Alþingi 1983

Sameinað þing, 1. fundur.

Mánudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1983, mánudaginn 10. okt., var hundraðasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það áttugasta og sjötta aðalþing í röðinni, en hundraðasta tuttugasta og fyrsta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Árni Pálsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv.
5. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl.
6. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
7. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
8. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm.
9. Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv.
10. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
11. Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl.
12. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
13. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
14. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
15. Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e.
16. Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm.
17. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
18. Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm.
19. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm.
20. Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn.
21. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
22. Halldór Blöndal, 5. þm. Norðurl. e.
23. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
24. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
25. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
26. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm.
27. Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv.
28. Jón Helgason, 5. þm. Suðurl.
29. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm.
30. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
31. Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn.
32. Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm.
33. Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.
34. Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm.
35. Lárus Jónsson, 2. þm. Norðurl. e.
36. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
37. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
38. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
39. Ólafur Jóhannesson, 9. þm. Reykv.
40. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
41. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
42. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
43. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
44. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
45. Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv.
46. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn.
47. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
48. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
49. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv.
50. Stefán Guðmundsson, 5. þm. Norðurl. v.
51. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
52. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
53. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
54. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv.
55. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
56. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
57. Valdimar Indriðason, 3. þm. Vesturl.
58. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
59. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til forsetastóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir): Hinn 20. september s. l. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh. að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. okt. 1983.

Um leið og ég birti þetta er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 20. september 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1983."

Samkvæmt bréfi því sem ég nú hef lesið lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Íslenska þjóðin lítur jafnan með nokkurri eftirvæntingu til setningar Alþingis og fylgist grannt með orðum og athöfnum þeirra oddvita sinna sem hún hefur valið til að fara með mál sín og hugðarefni. Það þing sem nú hefur verið sett brýtur enn blað í þjóðarsögu okkar. Auk fulltrúa hinna rótgrónu stjórnmálaflokka landsins taka nú til starfa málsvarar tveggja nýrra stjórnmálasamtaka og framboða og hlýtur það að bregða nýjum blæ á störf og umræður þess þings sem hér hefur göngu sína. Allir alþingismenn skulu boðnir velkomnir til starfa, nýir sem þeir sem hagvanir eru á þessum virðulega stað.

Stjórnmálaáhugi á Íslandi er mikill. Það verður okkur ætíð best ljóst þegar gengið er til kosninga. Ég hygg að í fáum löndum sé sá áhugi eins almennur og á Íslandi og er vísast að orsökin sé sú, að sakir fámennis lifum við í meira nábýli hvert við annað en víðast hvar á byggðu bóli. Orð og lífsafstaða manna, hvort sem um er að ræða stjórnmál eða önnur mál er varða þjóðarheill, berast inn á hvert heimili og hvern vinnustað og er þar veitt verðug athygli.

Það er tunga okkar sem geymir sannleikann um okkur sjálf, öll sem eitt, frá degi til dags. Hugsun okkar og framkvæmd er bundin í þau orð sem við látum falla á hverri stundu. Öllum verkum okkar eru fundin orð sem vitnað er til. Verkin kunna að vera heil eða brotin en að baki þeim öllum liggur skoðun á mannlegri tilveru eins og hún birtist okkur og tjáning einstaklinga og hópa á þeirri sömu tilveru. Sagan samanstendur fyrst og síðast af slíkri tjáningu manna sem uppi eru í samtíð hverju sinni, enda verður sagan aðeins tjáð með þeim orðum sem tunga okkar kann að mæla.

Lýðræði okkar Íslendinga hefur fram til þessa dags byggt á hugsun þeirra frumherja sem á 19. öld unnu að endurheimt lýðveldis og gáfu sig alla og líf sitt til að tjá okkur, þegnum þessa lands, hvernig þeir af reynslu genginna alda sáu málum okkar best borgið. Ég leyfi mér að minna enn einu sinni á fleyga alþingishugsjón Jóns Sigurðssonar, frelsishetju Íslendinga, sem felur í sér heilan sannleika þótt liðið sé á aðra öld síðan hann sendi hana löndum sínum til íhugunar:

„Alþingi er frækorn allrar framfarar og blómgunar lands vors — eins konar þjóðskóli landsmanna til að venja þá á að hugsa og tala með greind og þekkingu um málefni þau sem alla varðar. — Alþingi er engan veginn sett höfðingjum í vil, heldur fyrst og fremst alþýðu."

Okkur hefur verið gert ljóst, háttvirtu alþingismenn, að við lifum þessar stundir á erfiðari tímum en lengi hafa þekkst í landi okkar. Víst er að við Íslendingar hver og einn viljum allt af mörkum leggja til að þjóðarbú okkar standi með þeirri reisn sem við höfum viljað gefa því á undangengnum árum. Síðan lýðveldi var endurreist hefur enginn Íslendingur, það ég veit, gengið að verkum sínum með hangandi hendi, né talið ástæðu til að biðja afsökunar aðrar þjóðir á athöfnum okkar, þar sem við af auðæfum okkar, auð huga og handa, höfum sitthvað til mála að leggja og reyndar mikla gjöf að gefa.

Hlutverk Alþingis er alla daga að leiða þjóð okkar til farsældar. Stundum þarf leiðbeinandinn að tyfta, en það er aðalsmerki hvers uppalanda að beita aga af nokkurri mildi svo að sá sem lýtur forsjá finni hlýju og velvild sem veitt er til velfarnaðar.

Aldrei má draga myndina upp í svo dökkum litum að sköpunarkraftur og þróttur verði drepinn í dróma.

Ávani blindar fólk, slagorð blinda fólk, ekki síst séu þau einatt af neikvæðum toga. Fjárhagur, hvort sem hann er of rýr eða of rúmur, getur einnig slegið fólk blindu, í fyrra tilfellinu oft til uppgjafar.

Við Íslendingar erum sterk og starfsöm þjóð, auðug af kröftum og skapandi á öllum sviðum. Sé aftur á móti ekki annað brýnt fyrir okkur en að við séum komin á vonarvöl og ráðum ekki við okkar mál er hætta á að við villumst inn í vítahring óttans — ótta við framtíðina. Þá lokast öll sund. Því munum við horfast í augu við erfiðleikana og sigrast á þeim.

Hvenær sem harðnar á dalnum verður að veita hugarauðgi landsmanna verðugan byr — rækta hverja rót þjóðarjurtar okkar á þann veg að henni finnist að sér hlúð. Megi það jafnan reynast gæfa þjóðkjörinna fulltrúa á Alþingi Íslendinga. Þá þarf ekki að ugga um Ísland.

Ég bið yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Þingmenn tóku undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram. Bið ég aldursforseta, Ólaf Jóhannesson, 9. þm. Reykv., að ganga til forsetastóls.

Minnst látinna alþingismanna.

Aldursforseti (Ólafur Jóhannesson): Í dag minnumst við tveggja látinna manna, sem sæti áttu á síðasta Alþingi, þeirra Vilmundar Gylfasonar, sem var endurkjörinn alþm. á síðasta vori en andaðist 19. júní á 35. aldursári, og Gunnars Thoroddsens, fyrrv. forsrh. og alþm., sem andaðist 25. sept., 72ja ára að aldri. Einnig verður minnst tveggja fyrrv. alþm., sem sátu hér á árum áður og nú eru látnir, þeirra Eðvarðs Sigurðssonar verkalýðsforingja, sem andaðist 9. júlí, tæpra 73 ára, og Sigurðar Thoroddsens verkfræðings, sem andaðist 29. júlí, 81 árs að aldri.

Vilmundur Gylfason var fæddur í Reykjavík 7. ágúst 1948. Hann var sonur hjónanna Gylfa Þ. Gíslasonar prófessors, fyrrv. ráðh. og alþm., og Guðrúnar Vilmundardóttur. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík 1968 og stundaði síðan sagnfræðinám í Englandi, lauk B.A.-prófi í Manchester 1971 og M.A.-prófi í Exeter 1973. Frá 1973 var hann sagnfræðikennari í Menntaskólanum í Reykjavík, vann jafnframt fyrstu árin í fréttastofu útvarpsins og fékkst við blaðamennsku öðru hverju. Vorið 1978 var hann kjörinn alþm. Reykvíkinga og endurkjörinn 1979 og 1983, sat á 6 þingum alls. Hann var menntamála- og dóms- og kirkjumálaráðherra í minnihlutastjórn Alþfl. frá 15. okt. 1979 til 8. febr. 1980.

Vilmundur Gylfason var á skólaárum sínum áhugasamur þátttakandi í félagslífi og þótti til forustu fallinn. Hann var hugmyndaríkur, mælskur og baráttuglaður. Í kennarastóli var hann fræðari af lífi og sál og naut hylli nemenda. Í þjóðmálum barðist hann í fylkingu jafnað-

armanna, fyrst í Alþfl., síðar í Bandalagi jafnaðarmanna, þar sem hann hafði forustu. Með eldmóði og sóknarhug í ræðu og riti hreif hann marga til liðs við sig og sinn flokk. Hann ól með sér róttækar hugmyndir um bætt þjóðskipulag og var óvæginn gagnrýnandi þess sem hann taldi miður fara í ríkjandi stjórnkerfi. Hann unni listum og orti ljóð, var hrifnæmur og fljóthuga. Vilmundur Gylfason var skapheitur og örgeðja tilfinningamaður. Hann fór oft geyst, lifði hratt og birtist stundum á stjórnmálasviðinu sem stormsveipur. Í orrahríð þjóðmálanna brá hann stundum yfir sig kaldhamraðri brynju en undir þeim stakki bjó listamannseðli og viðkvæm lund. Á skammri ævi auðnaðist honum að marka spor sem lengi verður eftir tekið.

Gunnar Thoroddsen var fæddur í Reykjavík 29. desember 1910. Foreldrar hans voru Sigurður verkfræðingur og yfirkennari Thoroddsen og kona hans María Kristín Thoroddsen. Hann tók stúdentspróf í Menntaskólanum í Reykjavík 1929 og lauk lögfræðiprófi við Háskóla Íslands 1934. Framhaldsnám, aðallega í refsirétti, stundaði hann í Danmörku, Þýskalandi og Englandi frá apríl 1935 til júlí 1936. Doktorsprófi í lögum lauk hann 1968. Hann stundaði lögfræðistörf ásamt öðrum störfum 1936—1940. Hann var prófessor í lagadeild Háskóla Íslands 1940—1947 og borgarstjóri í Reykjavík 1947—1959 er hann var skipaður fjmrh. Ráðherrastörfum gegndi hann til vors 1965. Þá varð hann sendiherra í Danmörku og skömmu síðar jafnframt sendiherra í Tyrklandi. Hann fékk lausn frá sendiherrastörfum 31. des. 1969 og var skipaður hæstaréttardómari 1. jan. 1970. Að eigin ósk fékk hann lausn frá dómaraembætti í september á sama ári og var á næsta ári skipaður öðru sinni prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Frá 1974 til 1978 var hann félmrh. og iðnrh. og að lokum forsrh. frá 8. febr. 1980 til 26. maí s. l.

Gunnar Thoroddsen hóf ungur afskipti af stjórnmálum. Hann var kjörinn til setu á Alþingi 23 ára vorið 1934 og átti hér sæti sem landsk. þm. til 1937 og aftur á sumarþinginu 1942. Árin 1942—1949 var hann þm. Snæfellinga, 1949—1965 og 1971—1983 þm. Reykvíkinga. Sat hann á 43 þingum alls. Hann var formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík 1935—1939, framkvæmdastjóri Landsmálafélagsins Varðar í Reykjavík 1936—1937, erindreki Sjálfstfl. 1937—1939, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna 1940—1942, varaformaður Sjálfstfl. 1961—1965 og 1974—1981 og formaður þingflokks sjálfstæðismanna 1973—1979. Í borgarstjórn Reykjavíkur sat hann 1938—1962, var borgarráðsmaður 1946—1960 og forseti borgarstjórnar 1959—1960.

Auk þeirra fjölmörgu starfa sem nú hafa verið talin átti Gunnar Thoroddsen sæti í ýmsum nefndum og félagsstjórnum og verður fátt eitt af því talið hér. Hann var í skilnaðarnefnd 1944 og síðar í stjórnarskrárnefndum sem störfuðu frá 1945 með hléum fram á árið sem nú er að líða. Frá árinu 1978 var hann formaður nýrrar stjórnarskrárnefndar, sem auðnaðist að skila frv. að nýrri stjórnarskrá sem flutt var í lok síðasta Alþingis. Í bankaráði Landsbankans átti hann sæti 1961—1965. Hann var formaður Íslandsdeildar Þingmannasambands Norðurlanda 1945—1957, forseti sambandsins 1947 og 1957, formaður Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins 1951—1965, formaður Norræna félagsins á Íslandi 1954—1965 og 1970—1975.

Gunnar Thoroddsen átti sér langa og viðburðaríka sögu sem fléttast á marga vegu inn í þjóðarsöguna á starfsárum hans. Hann var um áratugi áhrifamaður í þjóðmálum og átti þátt í örlagaríkum ákvörðunum sem forustumaður í flokki og á Alþingi og frumkvöðull í borgarmálum Reykvíkinga, svo sem æviágrip hans bendir ljóslega til. Hann var traustur málflytjandi, háttprúður og rökfastur, snjallyrtur og gagnorður, vandaði málfar sitt í ræðu og riti. Menn, sem velja sér slíkt hlutskipti sem hann, sitja ekki á friðstóli öllum stundum, enda gustaði oft um hann á vettvangi stjórnmálanna, en hann kunni vel til verka í sókn og vörn. Hann sinnti lögfræðikennslu og fræðistörfum og samdi merkt fræðirit til doktorsprófs. Hann unni tónlist og iðkaði hana, lék á hljóðfæri og samdi lög. Hann var óvenjulega fjölhæfur maður. Eftir að hann lét af opinberum störfum hvarf hann að iðkun helstu hugðarefna sinna, en naut þeirra friðarstunda skamman tíma.

Eðvarð Sigurðsson var fæddur 18. júlí 1910 í Nýjabæ í Garði í Gullbringusýslu. Foreldrar hans voru hjónin Sigurður Eyjólfsson sjómaður, á Litlu-Brekku á Grímsstaðaholti í Reykjavík, og Ingibjörg Jónsdóttir frá Nýjabæ. Hann ólst upp í Reykjavík, stundaði framan af ævi verkamannsstörf, en frá árinu 1944 var hann starfsmaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Hann var í stjórn þess félags frá 1942, lengst af ritari, en síðar formaður frá 1961. Í miðstjórn Alþýðusambands Íslands var hann 1954—1980 og formaður Verkamannasambands Íslands 1964—1975. Hann var í nefnd sem undirbjó lög um atvinnuleysistryggingar 1956 og í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs frá stofnun hans sama ár. Hann átti sæti í verðlagsnefnd landbúnaðarvara 1959—1971. Hann var landsk. alþm. 1959—1971 og þm. Reykv. 1971—1978, sat á 23 þingum alls.

Eðvarð Sigurðsson kynntist ungur að árum lífi og starfi reykvíska verkamanna. Hann vann með þeim framan af ævi, en hlaut síðan þjónustu- og forustuhlutverk í félagsmálum þeirra. Hann naut trausts í störfum meðal umbjóðenda sinna, enda hélt hann með festu á málstað þeirra þegar þess þurfti með. Hann var lengi einn helsti málsvari verkalýðsins í samningum um kaup og kjör, dáður af félögum sínum og virtur af viðsemjendum. Á Alþingi beitti hann sér fyrst og fremst fyrir kjara- og réttarbótum til handa félögum sínum í verkalýðshreyfingunni. Hann var staðfastur maður og heilsteyptur.

Sigurður Thoroddsen var fæddur að Bessastöðum á Álftanesi 24. júlí 1902. Foreldrar hans voru hjónin Skúli Thoroddsen ritstjóri og alþm. og Theodóra Thoroddsen. Hann hóf ungur nám í Menntaskólanum í Reykjavík og lauk stúdentsprófi tæpra 17 ára vorið 1919. Síðan nam hann byggingarverkfræði í tækniháskólanum í Kaupmannahöfn og lauk þaðan prófi 1927. Hann var verkfræðingur við Reykjavíkurhöfn 1927 og hjá vita- og hafnamálastjóra 1928—1931, rak eigin verkfræðistofu 1932—1961, en stofnaði þá ásamt samstarfsmönnum sínum sameignarfélagið Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og var framkvæmdastjóri hennar til 1975.

Sigurður Thoroddsen var kennari við Iðnskólann, Menntaskólann í Reykjavík og Samvinnuskólann á árunum 1928–1934.

Í verkfræðistörfum sinnti hann fyrstu árin aðallega undirbúningi að gerð hafnarmannvirkja, en lengst af

var aðalstarf hans á sviði virkjunarmála. Hann átti sæti í milliþinganefnd í raforkumálum 1944–1945, í raforkuráði 1947–1949, í náttúruverndarráði 1956–1977, í stjórn Landsvirkjunar 1965–1969 og í raforkunefnd 1971–1975. Hann var formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga 1961–1966 og formaður Verkfræðingafélags Íslands 1962–1964. Hann var landsk. alþm. 1942–1946 og sat þá á fjórum þingum alls.

Sigurður Thoroddsen var einn af virtustu verkfræðingum þessa lands. Hann hafði snemma að eigin frumkvæði unnið að athugun á virkjunarmöguleikum í helstu stórám landsins og samið áætlun um möguleika á orkunýtingu þeirra. Sú þekking, sem hann öðlaðist á þennan hátt, kom að notum þegar honum var síðar falinn undirbúningur að vatnsaflsvirkjunum og umsjón með framkvæmd þeirra. Ásamt samstarfsmönnum sínum vann hann að hönnun fjölmargra orkuvera víða um land. Við undirbúning mannvirkja var honum jafnan mikið í mun að náttúru landsins yrði ekki spillt meira en nauðsyn bæri til. Á Alþingi hafði hann mest afskipti af orkumálum, sem þá voru til umræðu, og eftir hann liggja fræðigreinar um orkumál í blöðum og tímaritum. Hann var góður teiknari, málaði mikið í tómstundum og hélt nokkrar sýningar á teikningum og málverkum.

Ég vil biðja þingheim að minnast Vilmundar Gylfasonar, Gunnars Thoroddsens, Eðvarðs Sigurðssonar og Sigurðar Thoroddsens með því að rísa úr sætum.

Rannsókn kjörbréfa – varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., og Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl.

Aldursforseti (Ólafur Jóhannesson): Til þess að prófa kjörbréf og kosningu þm. ber nú að skipa þingmönnum eftir hlutkesti í þrjár jafnar deildir. Sá háttur mun hafður á að um leið og nafn þingmanns er lesið mun skrifari draga miða er segir til um kjördeild þingmannsins.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir og urðu í:

1. kjördeild:
ÁJ, EH, EBS, FrS, GB, GA, HÁ, HG, JBH, KP, KH, MB, ÓlJ, PJ, RH, SkA, SV, SvG, VI, ÞS.

2. kjördeild:
AS, DA, EG, FÞ, GeirG, GJG, GGS, HS, JS, KSG, KolJ, LJ, ÓE, PP, RA, SDK, StG, SJS, TÁ, ÞK.

3. kjördeild:
AG, BÍG, EgJ, EKJ, GSig, GE, GHelg, HBl, IG, JHelg, KJóh, KSK, MÁM, ÓÞÞ, PS, SalÞ, StB, StH, SvH, ÞP.

Aldursforseti (Ólafur Jóhannesson): Þingmönnum hefur nú verið skipað í kjördeildir og munu þær skipta með sér verkum í samræmi við ákvæði þingskapa, þannig að 1. deild fær 2. deild, 2. deild fær 3. deild og 3. deild fær 1. deild kjörbréf þeirra þm. sem eru í hverri þeirra fyrir sig.

Aldursforseti (Ólafur Jóhannesson): Áður en kjördeildirnar taka til starfa vil ég leyfa mér að lesa bréf sem borist hafa.

Það er fyrst bréf frá 23. sept. 1983:

„Herra forseti.

Hér með tilkynnist yður að ég mun af persónulegum ástæðum taka mér frí frá þingstörfum um óákveðinn tíma frá og með 1. okt. n. k. Óska ég þess að varamaður taki sæti mitt á Alþingi þar til annað verður ákveðið. Ég óska þess jafnframt að vera tekinn af launaskrá Alþingis frá og með sama tíma.

Virðingarfyllst.
Ellert B. Schram."

Þá er bréf dags. í dag, 10. okt. 1983.

„Þar sem Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., dvelst nú erlendis í opinberum erindum og verður fjarverandi næstu vikur leyfi ég mér samkv. beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Margrét Frímannsdóttir oddviti, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans, og fylgir með kjörbréf fyrir varamann.

Ragnar Arnalds,
formaður þingflokks Alþb."

Ennfremur er bréf líka dagsett í dag:

„Samkvæmt beiðni Halldórs Blöndals, 5. þm. Norðurl. e., sem er erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður hans, Björn Dagbjartsson matvælafræðingur, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Ólafur G. Einarsson,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna."

Ég vil biðja þær kjördeildir sem hafa fengið til meðferðar kjörbréf Ellerts B. Schram, Garðars Sigurðssonar og Halldórs Blöndals að taka um leið til athugunar kjörbréf þeirra varamanna sem óskað er eftir að taka sæti þeirra á Alþingi nú, Geirs Hallgrímssonar, hæstv. utanrrh., varaþm. Ellerts B. Schram, Margrétar Frímannsdóttur oddvita, sem óskað er eftir að taki sæti Garðars Sigurðssonar, og Björns Dagbjartssonar, sem óskað er eftir að taki sæti Halldórs Blöndals, og taka afstöðu til kjörbréfa varamannanna eins og til kjörbréfa aðalmanna.

Fundarstaðir fyrir kjördeildir verða sem hér segir: Fyrsta kjördeild hér í fundarsal Nd., önnur kjördeild í fundarsal Ed. og þriðja kjördeild í flokksherbergi Sjálfstfl.

Ég bið hv. 3. þm. Suðurl. Árna Johnsen að kalla saman fyrstu kjördeild, hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson að kalla saman aðra kjördeild og hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson að kalla saman þriðju kjördeild.

Nú verður gert hlé á þessum fundi á meðan kjördeildir starfa. — [Fundarhlé.]

Frsm. 1. kjördeildar (Árni Johnsen): Herra forseti. 1. kjördeild fékk til athugunar kjörbréf 3. kjördeildar og voru kjördeildarmenn samþykkir að mæla með samþykkt þeirra og að kosningin yrði tekin gild, en kjörbréfin eru:

1. Kjörbréf Alberts Guðmundssonar, 1. þm. Reykv.
2. Kjörbréf Birgis Ísl. Gunnarssonar, 4. þm. Reykv.
3. Kjörbréf Egils Jónssonar, 11. landsk. þm.
4. Kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v.
5. Kjörbréf Garðars Sigurðssonar, 4. þm. Suðurl.
6. Kjörbréf Guðmundar Einarssonar, 4. landsk. þm.
7. Kjörbréf Guðrúnar Helgadóttur, 10. landsk. þm.
8. Kjörbréf Halldórs Blöndals, 5. þm. Norðurl. e.
9. Kjörbréf Ingvars Gíslasonar, 1. þm. Norðurl. e.
10. Kjörbréf Jóns Helgasonar, 5. þm. Suðurl.
11. Kjörbréf Kjartans Jóhannssonar, 3. þm. Reykn.
12. Kjörbréf Kristínar S. Kvaran, 1. landsk. þm.
13. Kjörbréf Matthíasar Á. Mathiesens, 1. þm. Reykn.
14. Kjörbréf Ólafs Þ. Þórðarsonar, 5. þm. Vestf.
15. Kjörbréf Péturs Sigurðssonar, 12. þm. Reykv.
16. Kjörbréf Salome Þorkelsdóttur, 4. þm. Reykv.
17. Kjörbréf Stefáns Benediktssonar 8. þm. Reykv.
18. Kjörbréf Steingríms Hermannssonar, 2. þm. Vestf.
19. Kjörbréf Sverris Hermannssonar, 3. þm. Austurl.
20. Kjörbréf Þorsteins Pálssonar, 1. þm. Suðurl.

1. kjördeild fékk einnig til athugunar kjörbréf varamanna Halldórs Blöndals og Garðars Sigurðssonar, þeirra Björns Dagbjartssonar og Margrétar Frímannsdóttur. Kjördeildin gerir engar athugasemdir við umrædd kjörbréf og mælir með samþykkt þeirra. Það eru kjörbréf Björns Dagbjartssonar, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., og Margrétar Frímannsdóttur, 1. varaþm. Alþb. í Suðurl.

Frsm. 2. kjördeildar (Alexander Stefánsson félmrh.): Herra forseti. 2. kjördeild fékk til meðferðar kjörbréf 1. kjördeildar og niðurstaða 2. kjördeildar var sú, að við mælum með því að kjörbréfin verði samþykkt. Þau eru:

1. Kjörbréf Árna Johnsens, 3. þm. Suðurl.
2. Kjörbréf Eggerts Haukdals, 6. þm. Suðurl.
3. Kjörbréf Friðriks Sophussonar, 2. þm. Reykv.
4. Kjörbréf Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf.
5. Kjörbréf Halldórs Ásgrímssonar, 1. þm. Austurl.
6. Kjörbréf Ólafs Jóhannessonar, 9. þm. Reykv.
7. Kjörbréf Guðmundar Bjarnasonar, 6. þm. Norðurl.e.
8. Kjörbréf Hjörleifs Guttormssonar, 5. þm. Austurl.
9. Kjörbréf Karvels Pálmasonar, 3. þm. Vestf.
10. Kjörbréf Jóns Baldvins Hannibalssonar, 5. þm. Reykv.
11. Kjörbréf Guðrúnar Agnarsdóttur, 3. landsk. þm.
12. Kjörbréf Skúla Alexanderssonar, 4. þm. Vesturl.
13. Kjörbréf Pálma Jónssonar, 1. þm. Norðurl. v.
14. Kjörbréf Kristínar Halldórsdóttur, 7. landsk. þm.
15. Kjörbréf Ragnhildar Helgadóttur, 10. þm. Reykv.
16. Kjörbréf Stefáns Valgeirssonar, 3. þm. Norðurl. e.
17. Kjörbréf Svavars Gestssonar, 3. þm. Reykv.
18. Kjörbréf Valdimars Indriðasonar, 3. þm. Vesturl.
19. Kjörbréf Þórarins Sigurjónssonar, 2. þm. Suðurl.

Þá er hér kjörbréf Geirs Hallgrímssonar, sem kemur inn fyrir Ellert B. Schram. Það bárust kjördeildinni tvö bréf frá Ellert B. Schram. Fyrra bréfið, sem hæstv. forseti las hér, var dagsett 23. 9. s. l. og þar stendur, með leyfi forseta:

„Hér með tilkynnist yður að ég mun af persónulegum ástæðum taka mér frí frá þingstörfum um óákveðinn tíma frá og með 1. okt. n. k. Óska ég þess að varamaður taki sæti mitt á Alþingi þar til annað verður ákveðið. Ég óska þess jafnframt að vera tekinn af launaskrá Alþingis frá og með sama tíma.

Virðingarfyllst.
Ellert B. Schram."

Þá kemur hér annað bréf sem er dagsett 10. október s. l. og stílað til Alþingis.

„Með tilvísun til bréfs míns til herra forseta Sþ., dags. 23. september s. l., þar sem ég óska að varamaður taki sæti mitt á Alþingi, vil ég með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis taka fram að forföll mín munu vara a. m. k. fram yfir jólaleyfi Alþingis.

Ellert B. Schram."

Kjördeildin varð sammála um að taka þetta til greina og mæla með því að kjörbréf Geirs Hallgrímssonar sem 1. varaþm. í Reykjavíkurkjördæmi verði samþykkt. Ég endurtek: Kjördeildin varð sammála um að leggja til að öll þessi kjörbréf með þessari athugasemd verði tekin gild.

Frsm. 3. kjördeildar (Matthías Á. Mathiesen viðskrh.): Herra forseti. 3. kjördeild hefur haft til meðferðar kjörbréf þm. 2. kjördeildar, en kjörbréfin eru:

1. Kjörbréf Guðmundar J. Guðmundssonar, 7. þm. Reykv.
2. Kjörbréf Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, 11. þm. Reykv.
3. Kjörbréf Gunnars G. Schram, 2. þm. Reykn.
4. Kjörbréf Geirs Gunnarssonar, 5. þm. Reykn.
5. Kjörbréf Friðjóns Þórðarsonar, 1. þm. Vesturl.
6. Kjörbréf Alexanders Stefánssonar, 2. þm. Vesturl.
7. Kjörbréf Davíðs Aðalsteinssonar, 5. þm. Vesturl.
8. Kjörbréf Þorv. Garðars Kristjánssonar, 4. þm. Vestf.
9. Kjörbréf Páls Péturssonar, 2. þm. Norðurl. v.
10. Kjörbréf Ragnars Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
11. Kjörbréf Stefáns Guðmundssonar, 5. þm. Norðurl. v.
12. Kjörbréf Lárusar Jónssonar, 2. þm. Norðurl. e.
13. Kjörbréf Steingríms J. Sigfússonar, 4. þm. Norðurl. e.
14. Kjörbréf Helga Seljan, 2. þm. Austurl.
15. Kjörbréf Tómasar Árnasonar, 4. þm. Austurl.
16. Kjörbréf Jóhönnu Sigurðardóttur, 2. landsk. þm.
17. Kjörbréf Eiðs Guðnasonar, 5. landsk. þm.
18. Kjörbréf Karls Steinars Guðnasonar, 6. landsk. þm.
19. Kjörbréf Kolbrúnar Jónsdóttur, 8. landsk. þm.
20. Kjörbréf Ólafs G. Einarssonar, 9. landsk. þm.

Kjördeildin hafði ekkert við þessi kjörbréf að athuga. Leggur hún til að kosning þessara þingmanna verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt.

Aldursforseti (Ólafur Jóhannesson): Frsm. kjördeilda hafa hver fyrir hönd sinnar kjördeildar lagt til að þau kjörbréf sem deildirnar hafa haft með höndum verði samþykkt og kosning og kjörgengi þm. tekið gilt. Þetta gildir um 60 alþm. og auk þess um þá þrjá varamenn sem óskað er eftir að taki sæti nú á Alþingi, hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson, Björn Dagbjartsson og Margréti Frímannsdóttur. Þetta eru samhljóða tillögur og ég tel rétt að bera þetta upp í einu lagi ef enginn hreyfir mótmælum.

ATKVGR.

Till. kjördeildanna samþ. með 57 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Árni Johnsen, Björn Dagbjartsson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Gunnar G. Schram, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson, Steingrímur J. Sigfússon, Þorsteinn Pálsson.

Fundi frestað.

Þriðjudaginn 11. okt. 1983, kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Þorv. Garðar Kristjánsson,** 4. þm. Vestf., með 58 atkv. – Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv. og Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., 1 atkv.

Aldursforseti (Ólafur Jóhannesson): Réttkjörinn forseti Sþ. er því Þorv. Garðar Kristjánsson og mun hann nú taka við fundarstjórn. Ég óska honum allra heilla í starfi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hæstv. aldursforseta árnaðaróskir. Ég þakka hv. þm. það traust sem þeir hafa sýnt mér. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við þingheim allan.

Gengið var til kosningar fyrri varaforseta. Kosningu hlaut **Helgi Seljan,** 2. þm. Austurl., með 58 atkv. – Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 1 seðill var auður.

Gengið var til kosningar annars varaforseta. Kosningu hlaut **Ólafur Þ. Þórðarson,** 5. þm. Vestf., með 51 atkv. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl., og Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., hlutu 1 atkv. hver. 5 seðlar voru auðir, en einn ógildur.

Þessu næst voru kosnir skrifarar Sþ. að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÁJ, á B-lista ÞS. – Þar sem eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl., og
Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Skúli Alexandersson (C),
Ólafur Jóhannesson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Guðmundur Einarsson (C),
Þorsteinn Pálsson (A),
Eiður Guðnason (C).

Kosning til efri deildar.

Loks fór fram kosning 20 þingmanna til að skipa efri deild. Hlutfallskosning var viðhöfð og komu fram þrír listar. Á A-lista voru AG, ÁJ, EgJ, EKJ, LJ, SalÞ, VI, ÞGK; á B-lista voru ÓlJ, TÁ, JHelg, DA; á C-lista voru RA, HS, SkA, EG, KSG, StB, KolJ, SDK.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að ekki eru tilnefndir fleiri en kjósa á til efri deildar lýsi ég að rétt kjörnir eru til Ed.:

Albert Guðmundsson,
Árni Johnsen,
Egill Jónsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson,
Lárus Jónsson,
Salome Þorkelsdóttir,
Valdimar Indriðason,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Ólafur Jóhannesson,
Tómas Árnason,
Jón Helgason,
Davíð Aðalsteinsson,
Ragnar Arnalds,
Helgi Seljan,
Skúli Alexandersson,
Eiður Guðnason,
Karl Steinar Guðnason,
Stefán Benediktsson,
Kolbrún Jónsdóttir,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Efri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 11. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Ólafur Jóhannesson, 9. þm. Reykv., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
3. Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl.
4. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
5. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm.
6. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
7. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
8. Jón Helgason, 5. þm. Suðurl.
9. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm.
10. Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm.
11. Lárus Jónsson, 2. þm. Norðurl. e.
12. Ólafur Jóhannesson, 9. þm. Reykv.
13. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
14. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn.
15. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
16. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
17. Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv.
18. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
19. Valdimar Indriðason, 3. þm. Vesturl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Salome Þorkelsdóttir,** 4. þm. Reykn., með 18 atkv. 1 seðill var auður.

Aldursforseti (Ólafur Jóhannesson): Salome Þorkelsdóttir er rétt kjörinn forseti Ed. og tekur hún nú við fundarstjórn. Ég óska henni allra heilla í starfi. Það er ánægjulegt fyrir þessa deild að fá konu í forsæti, en það hefur held ég ekki verið á meðan ég hef setið hér í Ed.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég þakka hæstv. aldursforseta fyrir árnaðaróskir í minn garð. Ennfremur þakka ég hv. þdm. fyrir traustið sem þeir hafa sýnt mér. Ég vænti þess að eiga við þá gott samstarf.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut **Stefán Benediktsson,** 8. þm. Reykv., með 19 atkv., en 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn **Davíð Aðalsteinsson,** 5. þm. Vesturl., með 18 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var EgJ, á B-lista SkA. – Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Egill Jónsson, 11. landsk. þm., og
Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Tómas Árnason.
7. – – Eyjólfur Konráð Jónsson.
8. – – Valdimar Indriðason.
9. – – Helgi Seljan.
10. – – Ólafur Jóhannesson.
11. – – Eiður Guðnason.
12. – – Davíð Aðalsteinsson.
13. – – Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
14. – – Lárus Jónsson.
15. – – Karl Steinar Guðnason.
16. – – Ragnar Arnalds.
17. – – Árni Johnsen.
18. – – Kolbrún Jónsdóttir.
19. – – Stefán Benediktsson.
20. – – Þorv. Garðar Kristjánsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 11. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl.
2. Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv.
3. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
4. Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv.
5. Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl.
6. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
7. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
8. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
9. Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e.
10. Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm.
11. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
12. Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm.
13. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm.
14. Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn.
15. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
16. Halldór Blöndal, 5. þm. Norðurl. e.
17. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
18. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm.
20. Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv.
21. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
22. Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn.
23. Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm.
24. Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm.
25. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
26. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
27. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
28. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
29. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pálmi Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
31. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
32. Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv.
33. Stefán Guðmundsson, 5. þm. Norðurl. v.
34. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
35. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
36. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
37. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv.
38. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
39. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Ólaf Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., og Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til foretakosningar. Kosningu hlaut **Ingvar Gíslason,** 1. þm. Norðurl. e., með 32 atkv. – Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., hlaut eitt atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka þá sæmd sem hv. þdm. hafa sýnt mér. Ég vænti þess að milli mín og hv. þdm. ríki gott samstarf á þessu þingi.

Fyrri varaforseti var kosinn **Jóhanna Sigurðardóttir,** 2. landsk. þm., með 35 atkv. – Birgir Ísl. Gunnarsson, 4. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., hlaut 1 atkv.

Annar varaforseti var kosinn **Birgir Ísl. Gunnarsson,** 4. þm. Reykv., með 34 atkv. – Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., hlaut 1 atkv., Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., hlaut 1 atkv. 2 seðlar voru auðir og 1 ógildur.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég býð báða varaforsetana sérstaklega velkomna til starfa og vænti þess að milli okkar verði gott samstarf og milli okkar forseta og þd. verði yfirleitt gott og farsælt samstarf á þingtímanum.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var HBl, á B-lista var ÓÞÞ. – Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Halldór Blöndal, 5. þm. Norðurl. e., og
Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég býð þá skrifara sem kosnir hafa verið velkomna til starfa og vona að við forsetar eigum við þá jafnánægjulegt samstarf, því að samstarf við þá er mjög mikilvægt fyrir starfsemi deildarinnar, og veit ég einnig að hv. þdm. taka undir góðar óskir um farsælt starf og samstarf skrifara við forseta og við deildina.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

11. sæti hlaut Páll Pétursson.
12. – – Friðjón Þórðarson.
13. – – Pétur Sigurðsson.
14. – – Kristín Halldórsdóttir.
15. – – Stefán Guðmundsson.
16. – – Karvel Pálmason.
17. – – Guðmundur Einarsson.
18. – – Garðar Sigurðsson.
19. – – Jón Baldvin Hannibalsson.
20. – – Guðmundur Bjarnason.
21. – – Svavar Gestsson.
22. – – Geir Gunnarsson.
23. – – Guðrún Helgadóttir.
24. – – Jóhanna Sigurðardóttir.
25. – – Þorsteinn Pálsson.
26. – – Kristín S. Kvaran.
27. – – Pálmi Jónsson.
28. – – Stefán Valgeirsson.
29. – – Steingrímur J. Sigfússon.
30. – – Kjartan Jóhannsson.
31. – – Eggert Haukdal.
32. – – Gunnar G. Schram.
33. – – Guðmundur J. Guðmundsson.
34. – – Ellert B. Schram.
35. – – Ólafur G. Einarsson.
36. – – Friðrik Sophusson.
37. – – Þórarinn Sigurjónsson.
38. – – Guðrún Agnarsdóttir.
39. – – Hjörleifur Guttormsson.
40. – – Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sameinað þing, 2. fundur

Miðvikudaginn 12. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Afbrigði um frestun kosningar í fjvn. samþ. með 46 shlj. atkv.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Ólafur Jóhannesson (A),
Ólafur G. Einarsson (A),
Kjartan Jóhannsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

Varamenn:
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Tómas Árnason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Þorsteinn Pálsson (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

3. Atvinnumálanefnd.

Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Egill Jónsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Eggert Haukdal (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

4. Allsherjarnefnd.
Þorsteinn Pálsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Ellert B. Schram (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Eggert Haukdal (A),
Stefán Benediktsson (B).

Efri deild, 3. fundur.

Miðvikudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Tómas Árnason (A),
Lárus Jónsson (A),
Eiður Guðnason (B),
Valdimar Indriðason (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

2. Samgöngunefnd.
Egill Jónsson (A),
Skúli Alexandersson (B),
Tómas Árnason (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Árni Johnsen (A),
Valdimar Indriðason (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Helgi Seljan (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Egill Jónsson (A),
Skúli Alexandersson (B),
Tómas Árnason (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Árni Johnsen (A),
Valdimar Indriðason (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Skúli Alexandersson (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Egill Jónsson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Lárus Jónsson (A),
Stefán Benediktsson (B).

6. Félagsmálanefnd.
Salome Þorkelsdóttir (A),
Helgi Seljan (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Stefán Benediktsson (B),
Valdimar Indriðason (A),
Egill Jónsson (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Salome Þorkelsdóttir (A),
Helgi Seljan (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Lárus Jónsson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Árni Johnsen (A),
Kolbrún Jónsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Salome Þorkelsdóttir (A),
Ragnar Arnalds (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Eiður Guðnason (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Árni Johnsen (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

9. Allsherjarnefnd.
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Eiður Guðnason (B),
Ólafur Jóhannesson (A),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Stefán Benediktsson (B),
Valdimar Indriðason (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

Neðri deild, 2. fundur.

Miðvikudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Friðrik Sophusson (A),

Svavar Gestsson (B),
Páll Pétursson (A),
Þorsteinn Pálsson (A),
Kjartan Jóhannsson (B),
Ellert B. Schram (A),
Guðmundur Einarsson (B).

2. Samgöngunefnd.
Friðjón Þórðarson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Karvel Pálmason (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Halldór Blöndal (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Þórarinn Sigurjónsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Friðrik Sophusson (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Halldór Blöndal (A),
Guðmundur Einarsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Stefán Guðmundsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Friðrik Sophusson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Gunnar G. Schram (A),
Páll Pétursson (A).

6. Félagsmálanefnd.
Halldór Blöndal (A),
Guðmundur J. Guðmundsson (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Eggert Haukdal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Þorsteinn Pálsson (A),
Stefán Guðmundsson (A).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Pétur Sigurðsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Ólafur G. Einarsson (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Ellert B. Schram (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Halldór Blöndal (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Kristín S. Kvaran (B).

9. Allsherjarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Ellert B. Schram (A),
Guðmundur Einarsson (B),
Gunnar G. Schram (A),
Stefán Guðmundsson (A).

Sameinað þing, 3. fundur.

Fimmtudaginn 13. okt. 1983, kl. 2 miðdegis.

Könnun á orsökum hins háa raforkuverðs, þáltill. 2. mál (þskj. 2). – Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Sala ríkisbanka, þáltill. 3. mál (þskj. 3). – Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Framkvæmd byggðastefnu, þáltill. 4. mál (þskj. 4). – Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Réttur heimavinnandi til lífeyris, þáltill. 5. mál (þskj. 5). – Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, þáltill. 6. mál (þskj. 6). – Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til að ræða mál sem brýnt er að Alþingi fjalli um nú strax í upphaf þinghalds, áður en hin eiginlegu þingstörf hefjast.

Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum hve megn óánægja, og er þá vægt til orða tekið, hefur ríkt meðal þingmanna í sumar vegna þess að þing var ekki kvatt saman fljótlega eftir kosningarnar 23. apríl s. l. Sú megna óánægja er ekki aðeins í röðum okkar stjórnarandstæðinga. Hún nær líka, fullyrði ég, langt inn í raðir stuðningsmanna þeirra hæstv. ríkisstj. sem nú situr.

Hér er um að ræða mál sem lúta að grundvallaratriðum í þeirri stjórnskipan sem við höfum kosið að búa við, lýðræði og þingræði. Hér er um að ræða mál sem lúta að reisn og virðingu löggjafarsamkomu íslensku þjóðarinnar og hér er líka um að ræða skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds.

Ýmsum kann að finnast að þetta séu léttvæg mál að vekja máls á um þessar mundir þegar hærra ber umræðu um lífskjör og launamál. En svo er alls ekki. Lýðræðið og þingræðið, vegur, virðing og völd Alþingis eru þær meginstoðir sem þjóðskipulag okkar hvílir á. Þar má ekkert bresta. Nú er það orðið deginum ljósara að Alþingi Íslendinga mun á þessu ári aðeins sinna löggjafarstörfum í u. þ. b. 4½ mánuð. Svo skammur hefur starfstími Alþingis ekki verið um áratugaskeið.

Ég hygg að öllum hv. þm. sé ljóst að svona getur þetta ekki gengið til. Hér verður að verða breyting á. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar að nú sé tímabært að binda það í stjórnarskrá lýðveldisins að starfstími Alþingis skuli eigi vera skemmri ár hvert en 8–9 mánuðir – eða jafnvel að Alþingi starfi allt árið, geri hlé á fundum yfir hásumarið – og jafnframt að binda það að Alþingi skuli koma saman skömmu eftir kosningar. Og í framhaldi af þessu hvort hæstv. forsrh. sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að slík breyting geti náð fram að ganga.

Ég vil nú leyfa mér að styðja þetta mál mitt nokkrum fleiri rökum sem ég held að hljóti að teljast verulega veigamikil þegar um þetta er fjallað. Þinglausnir fóru fram 14. mars. Nýtt þing var kjörið í almennum kosningum 23. apríl. Það þing, sem þá var kjörið, kom fyrst saman til funda s. l. mánudag, 10. okt., 210 dögum eftir að þinglausnir fóru fram og 170 dögum eftir að nýtt þing var kjörið. Þetta held ég að hefði hvergi getað gerst á Vesturlöndum þar sem lýðræði og þingræði er í hávegum haft. Hér hefur þetta hins vegar gerst og það hlýtur að vera okkur alvarlegt íhugunarefni, ekki aðeins okkur, sem eigum hér setu á Alþingi, heldur þjóðinni allri. Í ýmsum löndum eru um það ítarleg ákvæði í stjórnarskrá hvernig þing skuli starfa. Í sænsku stjórnarskránni segir t. d. að nýkjörið þing skuli koma saman eigi síðar en 15 dögum eftir kosningar. Í Finnlandi hagar þessu þannig til að þar fara kosningar venjulega fram um miðjan marsmánuð og samkvæmt venju kemur þingið saman í fyrstu viku apríl að öllu jöfnu. Það væri hægt að rekja um þetta fleiri dæmi, en þess gerist ekki þörf því að hvergi háttar til eins og hér hefur gerst að undanförnu.

Ég held að í þessum efnum eigum við ekki lengur val, heldur verðum við að fastsetja það með ákveðnum hætti hvernig starfstími Alþingis skuli vera. Á liðnu sumri óskaði stjórnarandstaðan tvívegis eftir því við hæstv. forsrh. og ríkisstjórn hans að þing yrði kvatt saman. Tvívegis var þessari beiðni hafnað. Þessari beiðni, sem fól í rauninni það eitt í sér, að hér skyldi vera þingræði og að þm. fengju að gegna þeim störfum með eðlilegum hætti sem þeir voru kosnir til. Þessu kaus ríkisstj. að hafna jafnvel þó vitað væri að þessi sanngjarna krafa ætti ríkan hljómgrunn einnig meðal stuðningsmanna ríkisstj. Lýðræði og þingræði var hér látið lönd og leið og svar ríkisstj. var bara nei.

Í gagnmerkri ræðu, sem þingskörungurinn Eysteinn Jónsson flutti hér úr þessum ræðustól þann 6. nóv. 1968, sagði hann m. a. með leyfi forseta:

„Ég geri ráð fyrir að það sé fáum ljósara en mér að ríkisstjórnir búa við allmiklar freistingar í sambúð sinni við Alþingi og ríkisstjórnir ráða hér mestu um þinghaldið. Ríkisstjórnir ráða hvenær Alþingi er kvatt saman og hvenær því er lokið. Ríkisstjórnum hættir til að finnast Alþingi þreyta sig og nánast stundum helst vera þröskuldur sem þær þurfi að leggja mikið á sig til að komast yfir með það sem þær telja sig þurfa að koma í lög. Stundum var ég spurður þegar ég átti sæti í ríkisstjórn: Ertu ekki feginn að vera laus við þingið? Og sjálfsagt hef ég oft þreyttur svarað þeirri spurningu játandi og svo munu margir ráðherrar hafa gert fyrr og síðar og meint það þegar orðin féllu. En þarna er samt freistarinn á ferð og þarna er veila í þingræðiskerfinu, sem getur reynst örlagarík þessu kerfi, ef menn hafa ekki opin augu fyrir þessari hættu og vanrækja að ræða þetta nógu hispurslaust og hreinskilnislega, hvort sem menn eru í stjórnarandstöðu eða stjórnaraðstöðu. Mótvægi gegn þessum háska, að ráðh. vilji yfirleitt – af mannlegum ástæðum – vera lausir við þingið, er harla léttvægt, því að gagnrýni stjórnarandstæðinga um þetta hafa ráðherrar æði mikla tilhneigingu til að láta sem vind um eyru þjóta, og sannast sagna er það oft fremur stjórnarandstaðan sem ráðherrar eru fegnir að vera lausir við, en Alþingi að öðru leyti."

Eysteinn Jónsson vissi um hvað hann var að tala. Hann átti sæti hér á hinu háa Alþingi í 41 ár og var löngum ráðherra, en einnig 11 ár samfleytt í stjórnarandstöðu.

Þessa 210 daga, sem liðu frá því að þinglausnir fóru fram og þar til þing kom nú saman, hefur verið stjórnað hér með tilskipunum að ofan, með einhliða valdboði. Þessa 210 daga hafa tvær ríkisstjórnir setið að völdum og stjórnað landinu með bráðabirgðalögum í krafti úreltra ákvæða sem löngu ætti að vera búið að nema úr stjórnarskrá. Ég hygg að Eysteinn Jónsson hafi m. a. átt við þetta er hann sagði í áður tilvitnaðri ræðu með leyfi forseta:

„Í starfsháttum Alþingis eru leifar frá þeim tíma er menn urðu að fara ríðandi til þings og urðu því að búa þannig í haginn um þinghaldið, að þeir þyrftu helst ekki að fara nema einu sinni á ári heiman frá sér til þingsetu."

Á borðum okkar þm. nú eru a. m. k. níu lagafrv. frá ríkisstjórnum – frá tveimur ríkisstjórnum, til staðfestingar brbl. sem út hafa verið gefin allar götur síðan 5. apríl s. l. og núna fyrst eru að koma til kasta Alþingis.

En á þessu máli eru auðvitað fleiri hliðar, sem eru íhugunar- og áhyggjuefni, vandi sem er til orðinn vegna þessa langa óeðlilega millibils- og óvissuástands sem skapast þegar langt líður frá því að kosningar fara fram og þar til þing kemur saman. Tveir af virðulegum forsetum Alþingis tóku við ráðherraembættum þegar núv. ríkisstj. var mynduð. Þeir hafa samkvæmt því verið bæði þingforsetar og ráðherrar frá mánaðamótum til 11. okt. Hvernig getur þetta farið saman? Þetta getur ekki farið saman, svo einfalt er það mál og ætti að vera deginum ljósara. Sú staða gæti hugsanlega komið upp að forseti Sþ. sem ráðh. stæði að útgáfu brbl. sem hann ætti síðan e. t. v. að undirrita sjálfur sem einn af handhöfum forsetavalds. Og hvert erum við þá komin?

En það skal skýrt koma fram hér að ég er ekki að deila á þá einstaklinga sem hér eiga hlut að máli, forseta

vora á síðasta þingi. Ég er aðeins að benda á og undirstrika í hverjar ógöngur í þingræðislegum efnum núverandi fyrirkomulag og núverandi losarabragur á þessu hefur leitt okkur.

Við getum líka vikið að öðru. Utanrmn. starfar samkv. 15. gr. þingskapa einnig milli þinga. Og þá er næst að spyrja: Hvaða þinglegt umboð hafði utanrmn. til starfa þessa 170 daga frá því að þing var kjörið og þar til þing kom saman? Enn erum við hér í ógöngum.

Nei, herra forseti, ég held að þingheimi öllum hljóti að vera ljóst að við verðum hér að gera bragarbót og það fyrr en seinna. Alþingi verður að reka af sér slyðruorðið.

Ég mun nú, herra forseti, fara að stytta mál mitt. Mig langar þó enn að vitna til þeirrar merku ræðu sem Eysteinn Jónsson flutti hér 6. nóv. 1968. Hann segir þar með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi vil ég benda á að samkvæmt þeirri venju sem skapast hefur undanfarið (þetta er mælt 1968) situr Alþingi að meðaltali u. þ. b. sex mánuði á ári svo að segja í einni lotu og er þá jólaleyfið talið með. Alþingi er því óvirk stofnun hálft árið, sex mánuði í senn, en þjóðlífið gengur sinn gang. Það stöðvast ekki þó að Alþingi haldi að sér höndum. Það þarf sífellt að taka stórar ákvarðanir, eins og hraðinn er nú orðinn í þjóðfélaginu, nýjar, stórar pólitískar ákvarðanir. Þessi starfstilhögun Alþingis, að gera sig óvirkt hálft árið í einni lotu, hlýtur að leiða til þess að fjöldi pólitískra ákvarðana, þ. á m. um löggjöfina, er tekinn án þess að Alþingi sé til kvatt. Alþingi lætur valdatauma sína liggja slaka í sex mánuði á ári og þar sem valdataumar liggja slakir tekur einhver í þá. Þróunina sjáum við í sívaxandi útgáfu brbl. um sífellt stærri málefni, og mörg af þessum brbl. eru um hin stærstu þjóðmál, og án þess að blanda nokkuð inn í þessar umræður deilum um efni einstakra brbl. þá tel ég líklegt að sum þessara brbl. hefðu tæpast hlotið lagagildi ef þau hefðu komið fyrir Alþingi sem frumvörp venjulega leið.

Alþingi hefur ekki nú öll þau áhrif í þjóðlífinu sem vera ber. Alþingi er æðsta stofnun landsins og hefur með höndum framkvæmd lýðræðisins, eins og ég sagði áðan, með þeirri starfsaðferð sem við köllum þingræði. Löggjafarvaldið á að vera hjá Alþingi bæði að formi og efni og ríkisstjórnir eiga að bera ábyrgð fyrir Alþingi og vera Alþingi háðar, en ekki stýra því. Í gegnum Alþingi eiga og verða áhrif fólksins á löggjöfina og stjórn landsins að njóta sín."

Undir þetta skal tekið. Ég veit, og það vita áreiðanlega fleiri hér, að þetta er mælt eftir mikla íhugun og eftir langa þingreynslu.

Að lokum þetta: Auðvitað mætti hafa mörg orð og þung um framferði hæstv. ríkisstj. í sumar og það sem hún hefur gert þingræðinu á Íslandi. En ég ætla ekki að gera það frekar en ég hef þegar gert. Stór orð leysa engan vanda í þessu máli. Við megum ekki slæva tilfinningu þjóðarinnar fyrir lýðræði og þingræði, en það mun gerast ef svo heldur fram sem horfir og það er hættulegt og raunar hættulegra en orð fá lýst. Ég held að við eigum aðeins einn kost nú. Við eigum þann kost að taka höndum saman, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, og leysa þennan vanda, sem okkur er á höndum, og efla þar mig og styrkja lýðræði og þingræði á Íslandi.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Forsrh. (Steingímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er vissulega orðið tímabært að endurskoða reglur um störf Alþingis og stjórnarskrárákvæði í því sambandi. En ég vek athygli á því, að stjórnarskrárnefnd er starfandi og var kjörin fyrir allmörgum árum einmitt í þessu skyni, og hv. þm. hafa allir fengið skýrslu stjskrn. um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá því í janúar 1983.

Það er athyglisvert að í 32. gr. þeirra laga sem nefndin sendir frá sér verða flokkar ekki sammála um það atriði sem hér er til umræðu, samkomudag Alþingis. Í núgildandi stjskr. segir reyndar: „Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar," en því var breytt með lögum nr. 3 frá 1967. Meiri hl. stjskrn. leggur til að þetta ákvæði verði svohljóðandi með leyfi forseta:

„Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 10. okt. eða næstan virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti að tillögu forsrh. ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu."

Það er m. ö. o. opið að kalla Alþingi saman fyrr, en meginreglan – að tillögu meiri hl. stjskrn. – er að 10 okt. verði hinn reglulegi samkomudagur Alþingis. Fulltrúar Alþfl. gera hins vegar aðra tillögu í þessari nefnd. Þeir leggja til að reglulegt Alþingi skuli koma saman ár hvert hinn 10. dag októbermánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, og skuli hvert þing standa þar til næsta reglulegt Alþingi kemur saman – þ. e. Alþingi sitji allt árið. Ekki varð samkomulag í stjskrn. um þetta atriði. Skal ég út af fyrir sig ekki fjalla um það mörgum orðum. Ég sætti mig vel við tillögu meiri hl. stjskrn., en tek það fram að þetta er allt til athugunar. Stjskrn. mun starfa áfram og ljúka því verkefni sem henni var með þál. falið.

Þetta tengist auðvitað – eins og kom fram í orðum hv. fyrirspyrjanda – útgáfu brbl. sem hafa verið töluvert mikið gagnrýnd. Fróðlegt er að rifja aðeins upp sögu brbl. Þá kemur t. d. í ljós að 374 sinnum hafa brbl. verið gefin út frá 1874. Þetta skiptist að vísu mjög á tímabil. Því mun hafa verið haldið fram að brbl.-heimild hafi sérstaklega verið nauðsynleg á meðan fara varð með lög til Danmerkur til undirskriftar, meðan danskur ráðherra fór með málefni Íslands. En það er athyglisvert að aðeins átta brbl. voru gefin út á þeim tíma. Fyrstu brbl., sem íslenskur ráðherra undirritar, eru frá 4. mars 1904. Frá 1874 og fram að stríðsbyrjun 1939 eru gefin út 90 brbl. Frá 1939 til 1955 eru gefin út 135 brbl. og frá 1955 til dagsins í dag 149 – eða alls, eins og ég sagði áðan, 374 brbl. Af þessu má sjá að þetta er mjög breytilegt eftir tímabilum og það er rétt hjá hv. þm. að þetta hefur heldur farið vaxandi á síðari árum, en virðist ekki tengt því út af fyrir sig hve lengi þing hefur ekki setið. Enda má það rétt vera, sem hann sagði, að það er meiri hraði og meiri þrýstingur á útgáfu ýmissa laga nú en áður var.

Allir stjórnmálaflokkar hafa að sjálfsögðu gripið til útgáfu brbl. þegar þeir hafa verið í ríkisstj. Sömu flokkar hafa yfirleitt gagnrýnt það þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu svo að það virðist nú vera dálítill tvískinnungur í þessu, ef ég má orða það svo. Það er líka athyglisvert að Alþingi hefur m. a. s. ályktað að ríkisstj. skuli gefa út brbl., eða gefið það til kynna. Svo mun hafa verið 1920 í lögum sem þá voru sett á Alþingi.

Og ég verð að segja það, að þegar ég leit yfir þetta yfirlit, þá þótti mér brbl.-útgáfa hins merka manns, Haralds Guðmundssonar Alþfl.-manns, um Síldarverksmiðju ríkisins einna athyglisverðust, því hann gefur lögin út 12. maí 1936, þremur dögum eftir að Alþingi fer heim, og þau brbl. eru ekki samþykkt fyrr en 8½ mánuði síðar. Jafnvel hinir merkustu menn, m. a. úr röðum Alþfl.-manna, hafa því talið ástæðu til þess að gefa út brbl. Og þarna hefur eflaust verið knýjandi nauðsyn, ekki er ég að draga það í efa.

En þetta er nú frekar sagt hér til fróðleiks um útgáfu brbl., sem ég fyrir mitt leyti tel ekki óeðlilega heimild, þó að ég fallist á og leggi á það áherslu að við útgáfu brbl. þarf að gæta þess vandlega að grundvallarákvæði, eða það sem liggur til grundvallar í stjórnarskrá, sé ekki brotið. T. d. lít ég svo á að tryggt þurfi að vera að nægur meiri hluti sé á Alþingi og ríkisstj. sannfæri sig um það. Að vísu eru um það nokkuð skiptar skoðanir hvort þetta sé nauðsynlegt. En ég tel persónulega að ríkisstj. beri siðferðisleg skylda til að ganga út frá slíku. Og við útgáfu þeirra brbl. sem núv. ríkisstj. hefur sett var dyggilega frá þessu gengið og gengið úr skugga um að svo væri.

Það er líka athyglisvert að eftir því sem ég fæ séð hefur Alþingi aldrei verið kvatt saman beinlínis til þess að afgreiða brbl. Ég finn þess hvergi nokkurs staðar dæmi. Og ekki sé ég þess heldur nokkurs staðar dæmi frá upphafi að Alþingi hafi verið kvatt saman til þess að kjósa embættismenn þingsins. Vitanlega hefur þó oft staðið svipað á og nú. Það má t. d. geta þess að um kosningu forseta Sþ. hefur ekki skapast nein ákveðin regla. T. d. gegndi Jón Sigurðsson samtímis störfum forseta Sþ. og Nd. 1875. Og það hefur oft komið fyrir að fyrrv. forseti hefur ekki átt sæti á þingi eftir alþingiskosningar og samt gegnt því starfi áfram og þá má kannske spyrja hvort það sé eitthvað eðlilegra en að ráðh., sem þó á sæti á þingi, gegni áfram slíku starfi.

Árið 1956 hætti Jörundur Brynjólfsson þingmennsku. Hann hafði verið forseti Sþ. og gegndi því áfram. Emil Jónsson var kjörinn forseti Sþ. um haustið. Sama er að segja um Birgi Finnsson. Hann sat ekki á þingi eftir kosningarnar 1971. Eysteinn Jónsson var kjörinn um haustið. Eysteinn hætti síðan í kosningunum 1974 og Gylfi Þ. Gíslason var kjörinn, en ekki fyrr en á aukaþingi hátíðahaldanna á Þingvöllum, og Eysteinn gegndi störfum forseta þangað til, en sat ekki á þingi. Árið 1974 hætti Ásgeir Bjarnason þingmennsku um vorið, en Gils Guðmundsson var ekki kjörinn forseti fyrr en um haustið. Sama á að sjálfsögðu við um formenn nefnda sem hafa starfað á milli þinga. Þing hefur ekki verið kvatt saman til þess að kjósa þá embættismenn.

En þó mér þætti rétt að gefa þetta yfirlit þá tek ég undir það með hv. þm. að nauðsynlegt er að skoða þessi ákvæði öll – og til þess var, eins og ég sagði í upphafi, stjskrn. skipuð. Ég vænti þess að hún ljúki fljótlega störfum og hið háa Alþingi fái tækifæri til að ræða um þessi atriði.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. upplýsti í sinni ræðu, að það hefur á ýmsu gengið varðandi útgáfu brbl. á síðari árum og áratugum. Í ritum þeirra Ólafs Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar er glögg grein gerð fyrir þessum málum og sýnt fram á hvaða vandi er hér á ferðinni og hvað reglur eru óljósar. Ég hygg að það hafi verið úr ritum þessara tveggja manna sem hæstv. forsrh. hafði sína vitneskju áðan, auk nýrri upplýsinga um útgáfu brbl. frá síðari árum eftir að þeir gáfu út sín rit. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, að þó að allavega hafi verið farið með þessi mál á síðustu árum og áratugum er brýn þörf á því að settar verði skýrar reglur um útgáfu brbl. og hvernig með þau skuli fara. Um það voru allir sammála sem áttu aðild að stjórnarskrárnefnd þeirri sem hæstv. forsrh. gat um áðan. Í þeim efnum varð stjórnarskrárnefnd í rauninni sammála um að leggja til að þessum hlutum yrði hagað með þeim hætti sem lýst er með tilvitnun í ræðu sem Gunnar Thoroddsen flutti 14. mars s. l. í hv. Ed., en hann sagði:

„26. gr. frv. fjallar um rétt til útgáfu brbl. Taldi nefndin rétt að gera þar ýmsar breytingar á og þrengja og takmarka þann rétt sem hingað til hefur verið um útgáfu brbl."

Það var m. ö. o. samstaða um að takmarka þennan rétt.

„Það er í fyrsta lagi", hélt Gunnar áfram, „nýmæli að brbl. skuli ætíð lögð fyrir næsta Alþingi í upphafi þings, en slík skylda er ekki samkvæmt núgildandi stjórnarskrá.

Í öðru lagi: Hafi Alþingi ekki samþykkt brbl. þrem mánuðum eftir þingsetningu falla þau úr gildi í stað þess að nú gildir sú regla að þau falla úr gildi við þinglausnir hafi þau ekki verið felld áður."

Hér er talað um þrjá mánuði, en nú er verið að tala um brbl. sem jafnvel voru sett fyrir sex mánuðum.

„Þá er það nýmæli", segir hér ennfremur, „að kynna skal viðkomandi þingnefnd efni brbl. áður en þau eru sett."

Hér er um að ræða mjög afgerandi brtt. sem fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna eru að gera tillögu um að fylgt verði við breytingar á stjórnarskránni, en Alþfl. vill þó ganga þarna mun lengra en fulltrúar Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl. með því að afnema algerlega heimildir til útgáfu brbl., sem ég segi fyrir mitt leyti að ég er ekki tilbúinn til þess að taka undir. Þess vegna skýtur það mjög skökku við, aðeins örfáum vikum, örfáum mánuðum eftir að nál. stjórnarskrárnefndar liggur fyrir með þessum vilja, sem á að vera staðfestur af þeim flokkum sem eiga fulltrúa í nefndinni, að þá skuli núverandi hæstv. ríkisstj. ganga svo nærri brbl.-valdinu með beitingu þess að fjöldi manna í landinu, sem til þessa hefur talið reglurnar viðunandi, kallar nú á það að þær verði þrengdar að miklum mun. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. gat hér um áðan, að í þessum efnum hafa ríkisstjórnir oft gengið býsna langt, en það er hins vegar ljóst, og það hefur greinilega komið fram í umræðum þessa sumars, að engin ríkisstjórn í sögunni hefur gengið eins langt gegn lýðræðislegum leikreglum í þessu landi og ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Það eru e. t. v. stór orð að halda þessu fram, svo að ég vitni í hv. þm. Eið Guðnason áðan, en ég tel að þessi stóru orð segi sannleikann í þessu máli og þess vegna eiga þau við. Ég teldi rangt að umgangast þessi mál nú án þess að lýsa þeim eins og þau raunverulega eru, jafnvel þó að það kunni að kosta stór orð.

Hæstv. forsrh. gat um það áðan að stjórnarskrárnefnd væri enn að störfum. Ég vil spyrja hann að því,

hver muni nú kalla stjórnarskrárnefndina saman. Mér þætti fróðlegt ef ritari stjórnarskrárnefndarinnar um árabil, hv. 2. þm. Reykn., legði hér orð í belg þannig að við gætum fengið um það vitneskju hvenær hugmyndir eru uppi um að kalla þessa stjórnarskrárnefnd saman og hvaða hugmyndir ríkisstj. hefur í sambandi við það frv. til l. um breyt. á stjórnskipunarlögunum sem lagt var fram í vor af fyrrv. hæstv forsrh.

Ég get tekið undir það, sem fram kom í ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar, 5. landsk. þm., að það hefði hvergi getað gerst á Vesturlöndum nema á Íslandi að þingið fengi ekki að koma saman jafnlangan tíma og hefur orðið núna í ár — það hefði hvergi getað gerst. Við gerðum þm. norska Stórþingsins, sem komu hér í sumar í heimsókn, grein fyrir vinnubrögðunum á Alþingi Íslendinga — nokkrir íslenskir þm. sem hittu að máli menn úr fjvn. norska Stórþingsins. Þeir voru gersamlega gáttaðir á því að svona nokkuð skyldi vera til. Og þegar við bættum því svo við að þessi þinglausa ríkisstjórn hefði svipt verkalýðshreyfinguna í landinu frelsi til að gera kjarasamninga áttu þeir ekki orð til að spyrja einu sinni, hvað þá heldur meira.

En menn hafa spurt þeirra spurninga í framhaldi af því í sumar, hvernig á því stendur að þeir flokkar sem að þessari ríkisstj. standa skuli ganga á þanþol lýðræðisins af slíkri ósvífni. Í þeim efnum hafa menn kannske litið alveg sérstaklega til Sjálfstfl., m. a. vegna þess að hann er stundum að tala um frelsi einstaklingsins — frelsi einstaklingsins til að taka ákvarðanir sjálfur á hverri stundu, frelsi einstaklingsins til þess að ráða örlögum sínum til lykta á hverju augnabliki. En hvað er Sjálfstfl. að gera með því að standa að þessum lögum, sem svipta menn rétti til frjálsra kjarasamninga? Hann er að lögbinda rétt fjármagnsins til að skammta einstaklingunum það frelsi sem fjármagnið vill hafa. Það er frelsi Sjálfstfl., frelsi fjármagnsins. Frelsi einstaklinganna lætur hann lönd og leið.

Auðvitað er það rétt, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði hér áðan, að það á að fastsetja reglur um þetta í stjórnarskrá. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sýnir það og sannar, hæstv. forsrh., að það er ekki hægt að treysta öllum stjórnmálaflokkum í landinu fyrir því að umgangast leikreglur lýðræðisins með fullum sóma, þannig að það verður að setja reglur í stjórnarskrá lýðveldisins um að fólkið geti reiknað með því að unnið sé eftir eðlilegum lýðræðislegum leikreglum. Það er grundvallaratriðið. Og þegar núverandi stjórnarandstaða fer fram á það af allri hógværð við hæstv. ríkisstj. að Alþingi Íslendinga fái að koma saman, réttkjörið þing fái að koma saman, þá er því hafnað í tvígang í bréfum frá hæstv. forsrh. Og ég varð ekki var við að hæstv. landbrh., sem líka var hæstv. forseti Sþ., tæki þá sérstaklega upp hanskann fyrir þingið í þessu efni. Nei, það gerði hann ekki, heldur skrifaði hann undir brbl. sem handhafi forsetavalds þó að hann sæti sjálfur í ráðherrastól á sama tíma. Ég segi: Aldrei nokkurn tíma hefur framkvæmdavaldi og löggjafarvaldi verið grautað saman á jafnherfilegan hátt og af núv. hæstv. ríkisstj.

Í sumar gerðist það, að hæstv. utanrrh. óskaði eftir því að utanrmn. þingsins yrði kölluð saman, fyrrv. utanrmn. Var þetta utanrmn. sem þar var að störfum? Ég spyr núv. hv. formann utanrmn.: Telur hann að það hafi verið utanrmn. sem kom saman til fundar í sumar — eða er það kannske bara starfshópur í vinnu hjá hæstv. utanrrh.? Það væri fróðlegt að fá skoðun hv. 9. þm. Reykv. á þessu, ekki bara vegna þess að hann þekkir þessi mál betur en flestir aðrir hér. Var þarna verið að kalla saman starfshóp, sem hafði í rauninni ekkert sérstakt með utanríkismál að gera, en var bara kallaður saman vegna þess að núv. hæstv. utanrrh. þóknaðist að hóa í menn? Þetta væri fróðlegt að fá upplýsingar um.

Í umr. um þessi mál á síðasta þingi, þann 14. mars s. l., bar margt á góma, einkum í umr. um frv. til l. um bann við ofbeldiskvikmyndum. Það frv. var flutt af hæstv. þáv. menntmrh. Ingvari Gíslasyni og í umr. um það mál kvöddu sér hljóðs þáv. hv. þm., núv. hæstv. ráðherrar, Matthías Bjarnason og Geir Hallgrímsson. Og þeir vildu undirstrika alveg sérstaklega að það ætti mjög vel við að ræða um vinnubrögð þáv. ríkisstj. þegar á dagskránni var frv. til l. um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Í þeim umr. bar það m. a. á góma að þrír flokkar í þinginu höfðu lagt til að Alþingi lýsti þeim vilja sínum að það ætti að koma saman eigi síðar en 18 dögum eftir síðustu kosningar. Það var meiri hl. þingsins á bak við þessa till., Alþfl., Alþb. og Sjálfstfl. Þessi till. var flutt í báðum deildum þingsins og átti greinilegan meiri hl. Og við litum svo á, bæði núv. hæstv. utanrrh. og ég, og það kom fram í umr. í þinginu, að í rauninni lægi þessi vilji þingsins þá þegar fyrir. Framsfl. var með moðreyk í þessu máli og múður, og það er ekkert nýtt þegar gerðar eru kröfur um að starfað sé eftir lýðræðislegum og þingræðislegum leikreglum, það kom engum á óvænt. Honum tókst að tefja málið og drepa því á dreif um skeið svo að það náði ekki afgreiðslu, en meiri hl. þingsins var alveg ótvírætt fyrir því að þingið ætti að koma saman aftur.

Alþfl., Alþb. og Sjálfstfl. höfðu gefið yfirlýsingar sem auðvitað átti að líta á sem skuldbindandi yfirlýsingar af hálfu þessara flokka. Og hvað gerist? Menn sjá hvað hefur gerst í þessu efni. Og hvernig voru orðaðar þessar skuldbindandi yfirlýsingar í umr. um bann við ofbeldiskvikmyndum? Þá var núv. hæstv. utanrrh. ekki að tala tæpitungu eða loðið. En hann sagði í þessum umr.:

„Það liggur fyrir að það er meirihlutavilji í báðum deildum Alþingis, það er meirihlutavilji í sameinuðu þingi að Alþingi verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir næstu kosningar. Svo kemur hæstv. samgrh., formaður Framsfl., og segist ekki vilja skuldbinda sig til þess að kveðja Alþingi saman, vegna þess að það þurfi að mynda sterka ríkisstjórn. En hvernig er sterk ríkisstjórn mynduð?“ spurði hæstv. utanrrh. „Hún er mynduð með því að tryggja henni meiri hluta á Alþingi Íslendinga og til þess að kanna fylgi væntanlegrar ríkisstjórnar þarf Alþingi að vera til staðar og kveða upp úr um það.“

Hér er talað skýrt. Hér er ekki töluð nein tæpitunga. Hér segir formaður Sjálfstfl. við kjósendur: Alþingi á að koma saman strax eftir næstu kosningar til þess að staðfesta það að mynduð hafi verið ný ríkisstjórn.

Hvað verður ofan á? Formaður Sjálfstfl. semur um það við Framsfl. að svíkja þetta kosningaloforð gersamlega. Það stendur ekki steinn yfir steini. Og þegar formaður þingflokks Sjálfstfl. amlar í blöðunum vegna þess að þetta sé nú ekki nógu gott og það þurfi að tryggja virðingu hins háa Alþingis, þá er ekki hlustað á

hann, það er skellt á. Og hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. eru staðráðnir í því um leið og þeir eru sestir í stólana að þeir hafi ekkert með þingið að gera þrátt fyrir þessar skýlausu yfirlýsingar. Þannig hefur Sjálfstfl. leikið afar ljótan leik. Hann hefur lýst því yfir fyrir kosningar að þingræði og lýðræði eigi að hafa hér í heiðri, að Alþingi eigi að koma saman. Eftir kosningar svíkst hann aftan að sínum eigin loforðum og þeim yfirlýsingum sem forustumenn hans hafa gefið og þeim kjósendum sem e. t. v. hafa treyst Sjálfstfl.

Matthías Bjarnason, núv. hæstv. heilbrrh., var ekki að skafa utan af því þegar hann var að ræða um bannið við ofbeldiskvikmyndum 14. mars s. l. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú á að afgreiða mál, eins og t. d. vegáætlun, með brbl. eða kannske að hafa enga vegagerð. Það er ekki einu sinni hægt að afgreiða þetta mál. Hæstv. samgrh. finnst þetta sennilega miklu betra en eiga við þetta árans Alþingi. Verður ekki langbest að leggja þing niður eða þá að fækka þm. niður í einn eða kannske þrjá?“ spurði Matthías. „Þeir geta verið hérna þrír, Gunnar Thoroddsen, Svavar og Steingrímur. Það verður þá þingræðið sem við höfum í framtíðinni. Þetta er siðlaust“, varð niðurstaða núv. hæstv. heilbrrh. Og hann bætti við: Það er siðlaust athæfi og það er furðulegt að þm. úr þessum flokkum skuli láta bjóða sér þetta. Það sýnir geðleysi þm. sem láta bjóða sér þetta.

Vonandi verður upprifjun þessara orða til þess að hitta þá sjálfstæðismenn fyrir sem þóttust vilja kalla þingið saman, voru að amla um það í blöðunum í sumar, og Matthías Bjarnason sagði við 14. mars, að vísu áður en hann varð ráðherra: Það er geðleysi af ykkur að sætta ykkur við svona vinnubrögð.

Alþb. lét það koma skýrt fram að það teldi að meirihlutavilji lægi fyrir á Alþingi í þessu efni. Í útvarpsumr. að kvöldi 14. mars s. l. komst ég þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig er ljóst að ný ríkisstjórn og nýtt þing verða að taka á vandanum og það strax. Það var þess vegna sem við fluttum tillögu að viljayfirlýsingu um að Alþingi skuli koma saman hið fyrsta eftir kosningar og eigi síðar en 18 dögum eftir þær. Það væri ábyrgðarleysi að kalla þingið ekki saman. Alþingi hefur fallist á þessa afstöðu okkar og tveggja annarra stjórnmálaflokka.“

Eftir að þessi yfirlýsing kom fram í útvarpsumr. töluðu fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. og enginn þeirra ræðumanna mótmælti þeim skilningi, sem ég hafði þarna látið koma fram, að meirihlutavilji lægi fyrir á Alþingi Íslendinga í þessu efni. En niðurstaðan varð sú, að Framsfl. og ráðherraflokkur Sjálfstfl. tóku um það ákvörðun að loka Alþingi Íslendinga. Ráðherrabandalag Sjálfstfl. gekk í bandalag við Framsfl. um að loka þinginu þangað til í haust. Alþingi hefur aldrei verið lokað eins langan tíma og núna. Hér er um að ræða árás á þingræðið og ekkert annað. Og það er sérstaklega alvarlegt þegar þetta gera þeir menn sem sögðust ætla að aðhafast allt annað fyrir kosningarnar, hv. þm. Sjálfstfl. Með þessum vinnubrögðum er ríkisstj. að ráðast að þinginu og formlegum réttindum þess, en þó ekki aðeins formlegum réttindum þingsins, heldur miklu frekar innihaldi þingræðisins og lýðræðisins í þessu landi, því að lýðræðið er ekki dauð formsatriði, heldur líf fyrst og fremst.

Ríkisstj. hefur ekki aðeins staðnæmst við það að ráðast þannig að þingræðinu. Hún hefur ráðist að samningsréttinum, eins og kunnugt er, að verkalýðshreyfingunni. Og hún hefur neitað að taka tillit til óska stjórnarandstöðunnar um að þingið verði kallað saman. Þannig er núv. hæstv. ríkisstj. að gera tilraun til þess að segja sundur friði í þessu landi. Þegar þjóðin stendur frammi fyrir alvarlegri vandamálum en löngum fyrr óskar ríkisstjórn hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar eftir því að menn fari í baráttuátök og stríð vegna þess hvernig ríkisstj. hefur hagað sér. Ríkisstj. er að reyna að efna til átaka í þessu landi. Ríkisstj. er að hvetja til átaka um grundvallarmannréttindi og lýðréttindi í þessu landi. Hér er ekki aðeins verið að takast á um einföld fyrirkomulagsatriði, um prósentuhækkun eða lækkun launa til eða frá. Hér er verið að takast á um grundvallaratriði stjórnskipunarinnar sjálfrar. Og þeir menn sem hafa á vörunum frelsi einstaklingsins, kröfuna um frjálsa samninga og að þing skuli koma saman strax eftir kosningar, en svíkjast svo aftan að þessu öllu strax og þeir fá tækifæri til, eru í rauninni að koma þannig fram að það kemur óorði á starfsemi þessarar stofnunar, því miður.

Því er svo bætt við af núv. hæstv. ríkisstj., að þegar stjórnarandstaðan fer fram á að fá að eiga forseta hér í þinginu, eins og var á síðasta kjörtímabili þegar við höfðum núv. hæstv. iðnrh. sem forseta í Nd., og það var ágætt að hafa hann sem forseta — (Gripið fram í.) Já, hann var nokkuð seigur, nokkuð góður forseti. En eftir þessa ágætu reynslu, sem fengin er af honum, er óskum stjórnarandstöðunnar um að hafa forseta í þinginu hafnað, skellt á stjórnarandstöðuna að því leytinu líka. Stjórnarandstaðan lætur sig engu að síður að sjálfsögðu hafa það að taka þátt í kjöri forseta þingsins og koma því þannig á laggirnar. En ég vona — ég endurtek það, ég vona að þessi neitun gagnvart stjórnarandstöðunni, þessi hroki gagnvart stjórnarandstöðunni muni ekki birtast í vinnubrögðum núv. hæstv. forseta þingsins í vetur. Ég vona að við eigum gott samstarf í stjórnarandstöðunni við núv. hæstv. forseta þingsins og ég vona að það verði tekið á málum stjórnarandstöðunnar af meiri skilningi og yfirvegun en gert var í sumar af hæstv. forsrh., sem með hurðarskellum afgreiddi allar sanngjarnar óskir stjórnarandstöðunnar um að þingið kæmi saman. Ég vona að núv. hæstv. forsetar þingsins fylgi ekki hinu vafasama fordæmi hæstv. forsrh. í þessu efni og núv. hæstv. forsetar þingsins gæti sóma Alþingis í einu og öllu og láti hæstv. forsrh. ekki beygja sig til þeirra vafasömu vinnubragða sem hann hefur tekið upp gagnvart stjórnarandstöðunni í sumar.

Það er stundum svo með núv. hæstv. ríkisstj. að það er eins og tillitsleysið gagnvart öllum almennum reglum, hefðum og sögu sé ofar á blaði en allt annað. Það væri fróðlegt fyrir núv. hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. að lesa samviskusamlega með opnum huga greinar Jóns Sigurðssonar forseta, sem hann nefndi á nafn hér áðan, frá 19. öldinni um þingið og tilgang þess. Jón Sigurðsson var þeirrar skoðunar, að Alþingi þyrfti að starfa og ætti að vera umræðuvettvangur fólksins sjálfs. Forseti Íslands vitnaði til greinar Jóns Sigurðssonar um Alþing frá árinu 1842, þegar hún setti þingið fyrir nokkrum dögum. Í þeirri grein sagði Jón Sigurðsson m. a.:

„En nú er Alþingi engan veginn sett höfðingjum í vil, heldur fyrst og fremst alþýðu, til að gefa henni tækifæri til að láta þá menn, sem hún helst vildi kjósa, tala máli

sínu og bera fram þarfir sínar. Höfðingjar þurfa ekki Alþing í þeim skilningi, því að þeir standa ofar í röð stéttanna og geta borið fram mál sín og vandkvæði sjálfir, en alþýðan þarf þess með, því að hún getur alls ekki borið fram óskir sínar og vandkvæði, nema það gangi gegnum hendur embættismanna, og verður að eiga undir þeim, hvernig þeim segist frá málavöxtum."

Það er langur vegur, herra forseti, frá þessum skilningi á störfum Alþingis árið 1842 til þess skilningsleysis í Stjórnarráði Íslands sem birtist í neitunum núv. hæstv. forsrh. við sanngjörnum óskum stjórnarandstöðunnar í sumar. Hins vegar er hæstv. forsrh. reiðubúinn að taka upp önnur vinnubrögð á öðrum sviðum, sem eru ákaflega athyglisverð og nýstárleg og ég ætla að nefna í þessari ræðu og spyrja hann um.

Það hefur verið frá því greint að hæstv. ríkisstj. telji sig nú svo aðþrengda í blaðakosti og áróðursmiðlun að hún þurfi að gefa út sérstakan bækling inn á hvert heimili í landinu til þess að rétta við hlut sinn, en ríkisstj. hefur ekki nema hátt í 100 þús. eintök á dag af málgögnum sínum á móti 10—15 þús. eintökum af Þjóðviljanum og Alþýðublaðinu. Hæstv. ríkisstj. mun ætla að gefa út bækling sem kostar 300—400 þús. kr., senda hann inn á hvert heimili í landinu, þó að hæstv. forsrh. hafi ekki fengið heimilisföngin, og þessi bæklingur á að verja stefnu stjórnarinnar. Það á að ganga í ríkissjóð til að kosta áróður fyrir Framsfl. og Sjálfstfl. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. af þessu tilefni, hvort þetta er rétt. Hvað kostar bæklingurinn og hvað kosta fundirnir sem hæstv. forsrh. hefur verið að halda í sumar, „Hvað er ríkisstj. að gera fyrir þig?" Hvað kostuðu auglýsingarnar sem varið var stórfé í í sumar? Hefur hæstv. fjmrh. samþykkt að greiða — við hina þröngu stöðu ríkissjóðs — þessa fjármuni? Hann kinkar kolli fús. Þetta bandalag lætur ekki að sér hæða. Þegar kemur að því að borga áróður fyrir þessa flokka er allt opið. Þegar lagt er fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1984 munar menn ekki um að skera samtök aldraðra niður um 285 þús. og Leigjendasamtökin um 35 þús. En þegar kemur að því að kosta áróður fyrir ríkisstj. er allt opið upp á gátt.

Af hvaða fjárlagalið verður þessi áróður borgaður, sú aukaútgáfa af Morgunblaðinu og Tímanum sem á að fara að koma hér út? Aukaútgáfa af Staksteinum sem á að henda í þjóðina eftir nokkra daga? Hvaða fjárlagaliður er það, hæstv. fjmrh., sem stendur undir þessu? Stendur einhvers staðar í fjárlögum ársins 1983 að það hafi verið ætluð ákveðin upphæð til að borga þetta sérstaklega — eða hefur hæstv. fjmrh. samþykkt aukafjárveitingu í þessu skyni? Liggur fyrir að fjmrh. hafi samþykkt aukafjárveitinguna? Ég spyr hann hér og nú: Hefur verið skrifað bréf úr fjmrn. til forsrn. þar sem samþykkt er aukafjárveiting í þessu skyni? Ég óska eftir því að afdráttarlaus svör liggi fyrir — og ég er að spyrja um það hvort þetta bréf hafi verið skrifað nú þegar þessi orð eru töluð kl. 3. 13. október. Ég óska eftir að fá þessar upplýsingar alveg skýlaust — eða er hæstv. forsrh. að eyða af einhverjum lið í forsrn., sem sérstaklega er ætlaður til að gefa út aukaútgáfu af Morgunblaðinu og Tímanum fyrir þjóðina og kasta staksteinum framan í landsmenn? Er hæstv. forsrh. með einhvern staksteinalið í forsrn.? Það hækkuðu grunsamlega mikið útgjöldin á forsrn. í fjárlagafrv. Eru það viðbótarútgjöld við bæklingaútgáfu hæstv. forsrh., aukaútgáfur af Morgunblaðinu og Tímanum og viðbótarútgáfur af Staksteinum Morgunblaðsins framan í þjóðina? Það væri fróðlegt að vita hvort það er svona útgáfustarfsemi sem á að fara að iðka þarna í forsrn. Hefur verið sett á stofn þar einhver deild til að annast blaðaútgáfu eða hefur kannske forsrn. fengið inni á Tímanum fyrir þessa starfsemi eða Morgunblaðinu? Fróðlegt væri að vita hvernig þessu er háttað — eða kannske hjá Framkvæmdastofnuninni?

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, þegar rætt er um störf þingsins hér á fyrstu dögum, að þessum spurningum verði líka svarað og það alveg skýlaust. Ég held að við eigum rétt á því að fá um það upplýsingar, þegar verið er að skera niður fé til félagslegrar þjónustu af tilfinningaleysi og hrottaskap, og fram komi hvaða fjármunir það eru sem á að nota til að dreifa áróðri fyrir ríkisstjórnina. Ég óska eftir upplýsingum um það, herra forseti.

Ég vil að lokum segja að ég tel að óhjákvæmilegt sé að fram fari ítarleg umræða hér á Alþingi Íslendinga nú og næstu daga um lýðræði og þingræði og grundvallarreglur þess. Ríkisstjórnin hefur í sumar ekki talið ástæðu til að ræða við stjórnarandstöðuna um eitt eða neitt og stjórnarandstaðan hlýtur að sjálfsögðu að taka þeirri framkomu eins og hún hefur birst og óska eftir því að öll mál verði rædd mjög ítarlega, vandlega, ofan í kjölinn, og það eigi ekki aðeins við um nefndarfundi, heldur einnig fundi í deildum og hv. Sþ., þannig að vandlega verði farið yfir hlutina. Þess hlýtur stjórnarandstaðan að óska og krefjast og vona að núverandi hæstv. forsetar þingsins taki tillit til óska stjórnarandstöðunnar eins og þær birtast á hverjum tíma innan allra sanngirnismarka, eins og ég er sannfærður um að stjórnarandstaðan mun leggja áherslu á fyrir sitt leyti á þessu þingi.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu að sinni.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hefur allt verið með svo kyrrum kjörum í íslensku þjóðfélagi þá 7 mánuði, 210 daga, sem vitnað var til hér áðan, frá því seinasta Alþingi var slitið að enga nauðsyn hafi borið til að vísa málum til umfjöllunar eða afgreiðslu á Alþingi Íslendinga? Samkv. skoðunum handhafa framkvæmdavaldsins, hæstv. ríkisstj., hefur þvert á móti borið mjög brýna nauðsyn, svo að notað sé orðalag stjórnarskrárinnar, til þess að hæstv. ríkisstj. sjálf tæki sér löggjafarvald á þessum tíma. Það gerir hún með vísan til 28. gr. hinnar gömlu dönsku stjórnarskrár og notfærir sér þar heimild einvaldskonunga Dana, sem enn er við lýði illu heilli í stjórnarskrá þrátt fyrir endurskoðun, til þess að gefa út brbl. í stórum stíl. Þessi brbl. eru þess eðlis að þau varða kjör hvers einasta manns í landinu og í þeim felst líka að lögvernduð mannréttindi, eins og samningsréttur aðila á vinnumarkaði, hafa verið afnumin, a. m. k. um skeið. Og þegar mál standa þannig, þá spyr maður óhjákvæmilega: Hvaða mál eru það yfirleitt sem eiga að koma til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi Íslendinga ef lagasetning sem varðar hag og lögvernduð mannréttindi hvers einasta manns í landinu þarf ekki að koma fyrir Alþingi fyrr en þá sem orðinn hlutur og eftir dúk og disk og aðeins til málamynda?

Þegar hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason hóf þessa umr. og beindi þessari ádrepu til hæstv. forsrh. var fróðlegt að heyra svör hans. Forsrh. minnti á að hér

hefði verið starfandi stjórnarskrárnefnd. Forsrh. minnti á að hér hefði verið lagt fram í þinglok frv. að nýrri stjórnarskrá. Hann minnti á að í því frv. birtist samkomulag allra þeirra flokka sem aðild áttu að nefndinni um það að þessi sjálftekna heimild til framkvæmdavaldsins gæti ekki staðist miklu lengur. Við Alþfl.-mennirnir lögðum til, eins og fram hefur komið, að heimildin til brbl.-útgáfu yrði algerlega afnumin og mun ég rökstyðja það nánar hér á eftir. En það þótti öðrum og minna róttækum aðilum of langt gengið og sættu sig við þá málamiðlun að a. m. k. skyldi þessu valdi ekki beitt freklegar en svo að brbl. skyldu kynnt fyrir fram starfandi þingnefndum. Og hvaða þingnefndum, þegar svo er bundið um hnúta að Alþingi sjálft er ekki starfandi og engar þingnefndir starfa þar með neinu lögmætu umboði?

Og annað vekur athygli. Það er vitnað til þessa starfs stjórnarskrárnefndar og samkomulags sem tekist hafi milli stjórnmálaflokka um breytingar á þessu. En hvað um framhald á því starfi? Samkv. framlögðu fjárlagafrv. er ekki annað sýnt en það sé gert ráð fyrir því að þessi nefnd verði lögð niður. A. m. k. er ekki veittur fimmeyringur til hennar starfa framvegis og liggur þó fyrir að hún hafði ekki lokið öllum þeim störfum sem henni voru falin samkv. erindisbréfi, m. a. að endurskoða þingskapalög og starfshætti Alþingis sem og að gera tillögur um aukið persónuvalfrelsi eða persónukjör í kosningum.

Af þessu tilefni leyfi ég mér að spyrja: Ber að skilja framlagt fjárlagafrv. svo, að það sé ákvörðun af hálfu ríkisstj. að stjórnarskrárnefnd verði lögð niður og þessu starfi hætt? Það er sérstök ástæða til að spyrja þar sem ríkisstj. gefur fyllilega til kynna að hún komist bærilega af án Alþingis, bærilega af án stjórnarandstöðu, bærilega af án starfandi þingnefnda og væntanlega bærilega af án svo lítilfjörlegrar nefndar sem stjórnarskrárnefndar og kannske án stjórnarskrár, ég veit það ekki. En ég spyr, og óska eftir svörum hér á eftir og beini því til hæstv. forsrh.: Hver er afstaða ríkisstj. til áframhaldandi starfs stjórnarskrárnefndar?

Önnur svör hæstv. forsrh. voru á þá leið, að hann hafði beðið embættismenn sína að leita fordæma fyrir hinu dæmalausa, að tína til öll þau fordæmi sem fundist gætu úr þingsögunni um misbeitingu valds og dugði ekki að ganga þar skemur en til ársins 1874 — og er þá væntanlega tekið undir með öðrum merkum lagasmið sem Bubbi heitir Morthens og nýtur mikillar virðingar í þessu þjóðfélagi réttilega, ekki síður en hæstv. forsrh., sem segir að svo skuli böl bæta að bæta við öðru verra. Upptalning á fordæmum í þessu efni er því miður fyrst og fremst til þess að minna okkur á að víst hefur það hent áður að framkvæmdavaldið hafi beitt Alþingi ofríki, en það er fyrst og fremst víti til að varast.

Hverjir eru það sem hafa tekið sér vald til þess að meina Alþingi að koma saman í sjö mánuði, 210 daga, og gegna sínu hlutverki gagnvart landslögum og stjórnarskrá? Það liggur fyrir að þingflokkar stjórnarandstöðunnar, fjórir að tölu, hafa ítrekað farið þess á leit að Alþingi verði kvatt saman til fundar. Talsmenn fjölmennasta þingflokksins hér á þingi, stærsta stuðningsflokks núv. ríkisstj., lýstu á sínum tíma stuðningi þingflokks sjálfstæðismanna við þá kröfu. Þannig liggur fyrir að 45 þm. af 60 hafa lýst sig samþykka þeirri sjálfsögðu kröfu — gerðu það á sínum tíma — að Alþingi fengi að starfa með eðlilegum hætti. Það er aðeins einn þingflokkur samkv. þessu, flokkur hæstv. forsrh., 15 manna þingflokkur af 60, sem í þessu máli hefur tekið sér það vald að hindra Alþingi í að starfa, þó því aðeins að stærsti stjórnarflokkurinn hefur samþykkt að beygja sig fyrir því ofríki. Það er ástæða til að spyrja talsmenn þingflokks Sjálfstfl.: Skiptir þingflokkur sjálfstæðismanna um skoðun eftir því hvort hann gegnir hlutverki stjórnar eða stjórnarandstöðu? Hefur hann eina skoðun fyrir kosningar en aðra eftir kosningar? Og fyrst stærsti þingflokkurinn beygir sig fyrir ofríki framsóknarmanna í máli sem varðar sjálfar leikreglur þingræðis og lýðræðis í landinu, hvers má þá vænta í þeim hinum minni málum síðar?

Það er líka ástæða til þess að spyrja: Ferst þeim mönnum, sem þannig hegða sér gagnvart Alþingi Íslendinga, að taka sér í munn stór orð til gagnrýni á stjórnarfari í þeim löndum þar sem þingræði sannanlega er fótum troðið og lögvernduð réttindi almannasamtaka, eins og verkalýðshreyfingar, vanvirt?

Hvernig á Alþingi að bera hönd fyrir höfuð sér þegar gengið er á hlut þess, þegar það er ekki starfandi og þegar trúnaðarmenn, sem Alþingi þó hafði kjörið til þess að gæta virðingar þess, standa ekki í stykkinu? Misbeiting framkvæmdavalds, sem felst í útgáfu brbl., er vissulega réttlætt með hinni gömlu 28. gr. stjskr. þar sem segir: „Þegar brýna nauðsyn ber til“ getur forseti gefið út brbl. milli þinga. Við vitum hvaðan þetta stjórnarskrárákvæði er ættað. Það er ættað frá hinni konunglegu dönsku einveldisstjórn frá öldinni sem leið. Þetta ákvæði er eins konar fornleifar til að minna á geðþótta einvaldsherra sem þóttust þiggja umboð sitt frá guði en ekki mönnum. Þetta stjórnarskrárákvæði, sem fram hefur komið í þessum umr., er gjörsamlega úrelt og sjálfir hafa Danir fyrir löngu numið þetta ákvæði brott úr sínum stjórnskipunarlögum. Það eru engin efnisleg rök fyrir því að viðhalda þessu stjórnarskrárákvæði. Það er miðað við þjóðfélag sem við vissum ekki betur en væri liðið undir lok. Það er miðað við tíma þegar Alþingi kom saman skamman tíma annað hvert ár. Það er vísað til þjóðfélags þar sem samgöngur voru svo torveldar að það gat verið ógjörningur í reynd að ná Alþingi saman til fundar með skömmum fyrirvara. Á því eru ekki lengur nein tormerki að kalla Alþingi saman. Þess vegna ber enga nauðsyn til að viðhalda þessu úrelta stjórnarskrárákvæði. Ríkisstjórn sem skákar í skjóli þessa ákvæðis til að réttlæta að hún taki sér löggjafarvald er raunverulega að skáka í skálkaskjóli. Hún er að misbeita valdi, en enginn vefengir að það er löglegt.

Vikið hefur verið að till. stjórnarskrárnefndar í þessu máli, þ. e. þeirri samkomulagsleið að þrengja þennan rétt og þá því aðeins skuli brbl. útgefin að efni þeirra sé kynnt fyrir fram viðkomandi þingnefnd ásamt með því að þau skuli lögð fram þegar í stað í upphafi næsta þings. Á seinasta þingi liðu vikur og mánuðir, sem kunnugt er, áður en brbl. voru birt á Alþingi og þau höfðu að öllu leyti komið til framkvæmda áður en Alþingi fékk um þau að fjalla formsins vegna. Og þá er spurningin: Jafnvel þótt menn vildu, hvernig á að leggja efni brbl. fyrir fram fyrir þingnefndir þegar þing er ekki starfandi og engar þingnefndir með lögmætu umboði?

Við urðum vitni að því s. l. mánudag að 13 nýir þm. undirrituðu eiðstaf að stjórnarskránni. Þar hétu þeir því

að viðlögðum drengskap og heiðri að halda stjórnarskrá landsins. Skyldi þeim hafa orðið hugsað til þess, þessum 13 nýju þm., þegar þeir undirrituðu eiðstafinn, hvernig oddvitum fyrra þings og handhöfum núverandi framkvæmdavalds hefur gengið að halda stjórnarskrána og virða leikreglur þingræðisins fyrir sitt leyti?

Ef þeim vinnubrögðum, sem hér hefur verið lýst, er ekki einarðlega mótmælt á Alþingi er hætt við að til þeirra verði framvegis vísað sem fordæmis, samanber málflutning hæstv. forsrh. hér áðan, um venjulegar hefðir, starfsreglur og framkvæmdavenjur. Verði þessari framkomu látið ómótmælt má fyllilega búast við því að handhafar framkvæmdavaldsins færi sig upp á skaftið og endurtaki þetta og gangi jafnvel ennþá lengra. Þess vegna hlýtur Alþingi Íslendinga að mótmæla þessu.

Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins fara þrír aðilar með vald forseta Íslands í fjarveru hans. Þeir heita handhafar forsetavalds og eru forseti Sþ., forsrh. og forseti Hæstaréttar. Mér er spurn: Hver hefur haft lögmætt umboð til að gegna starfi forseta sameinaðs Alþingis s. l. sjö mánuði, allt frá því að seinasta þing var rofið? Það er ekki nóg að segja að Alþingi hafi ekki starfað. Hverjir hafa tekið ákvarðanir frá degi til dags fyrir hönd Alþingis við ráðningu starfsmanna, samskipti við þjóðþing annarra ríkja, útgerð á sendinefndum, sem einhverjar hafa verið á ferðum? Hefur ekki verið stofnað til margvíslegs kostnaðar á vegum Alþingis? Hverjir hafa tekið þær ákvarðanir þegar enginn hefur til þess haft réttmætt umboð frá Alþingi? Sá sem gegndi embætti forseta sameinaðs þings á seinasta þingi missti það umboð sitt um leið og þingið sjálft. Sá hinn sami maður og þessu embætti gegndi er nú einn af handhöfum framkvæmdavaldsins, ráðh. landbúnaðar-, dóms- og kirkjumála. Sem slíkur ber hann sinn hlut af ábyrgðinni á því að Alþingi hefur verið meinað að starfa. Þó hefðu óbreyttir alþm. viljað mega vænta þess af fyrrverandi forseta Sþ. að hann tæki til varnar fyrir Alþingi þegar á hlut þess er gengið. Það gerði hann ekki, því miður, þegar hann tók þátt í þeirri ákvörðun að meina Alþingi að koma saman og kjósa sér embættismenn og þingnefndir þannig að það væri starfhæft. Það gerði hann ekki, því miður, þegar hann tók sér vald og umboð sem hann ekki hafði lengur til að gegna starfi forseta þings á sama tíma og hann var orðinn handhafi framkvæmdavaldsins.

Hvernig hefði verið brugðist við ef fyrrverandi forseti Sþ. og núverandi hæstv. ráðh. hefði ekki náð kjöri í kosningum? Hefðu þá varaforsetar síðasta þings tekið við? Gæti utanþingsmaður, sem væri fyrrverandi forseti Sþ., gegnt starfi handhafa forsetavalds? Svo er að skilja á svörum forsætisráðherra að það hafi gerst, um það séu dæmi. En eru það ekki dæmi sem ber að varast, eru það ekki víti til að varast? Það virðist ótvírætt að handhafar forsetavalds í fjarveru forseta Íslands hafi aðeins verið tveir undanfarna sjö mánuði. Ein afleiðing þess að meina þinginu að starfa er því sú, að 8. gr. stjskr., um handhafa forsetavalds, hefur verið brotin.

Sama máli gegnir um starfsemi þingnefnda. Ég hef áður vitnað til þeirrar till. stjórnarskrárnefndar að efni brbl. skuli kynnt fyrir þingnefnd fyrir fram. Þegar svo háttar til sem nú er, að Alþingi er ekki kallað saman, þá eru engar þingnefndir starfandi og jafnvel þótt góður vilji væri til ekki hægt að viðhafa þessi vinnubrögð.

Til þess hefur verið vitnað í þessum umr., að á þessu sumri hafa verið teknar ákvarðanir um byggingu nýrrar flugstöðvar sem skuldbindur íslenska skattborgara til mikilla fjárframlaga. Sagt var að um málið hefði verið fjallað í utanríkismálanefnd. Hér er spurt: Hvaða utanríkismálanefnd? Það er ljóst að utanríkismálanefnd seinasta þings hafði ekkert umboð til starfa eftir að þingi var slitið í vor og hvaðeina sem hún kann að hafa samþykkt eða mælt með hefur því ekkert gildi í þeim málum. Á það má minna að fyrrverandi formaður nefndarinnar náði ekki kjöri til Alþingis, þótt mál hafi svo skipast að hann hafi tekið sæti á Alþingi a. m. k. um skeið sem varamaður. Þessi fyrrverandi formaður utanríkismálanefndar er núverandi hæstv. utanrrh. Varla vilja menn skapa það fordæmi að utanrrh. og formaður utanríkismálanefndar séu ein og sama persónan. Spurt er samkvæmt hvaða umboði utanríkismálanefnd hafi komið saman. Á virkilega að skapa það fordæmi að menn sem ekki hafa náð kjöri til þings haldi áfram að starfa í þingnefndum eins og ekkert hafi í skorist og að þingnefndir haldi áfram að starfa án þess að hafa umboð? Afleiðingarnar af þessum fordæmum geta orðið dæmalausar. Með þessu er verið að búa til starfsreglur sem ekki eiga stoð í lögum:

Í fyrsta lagi hafa þingnefndir ekkert umboð þegar svona háttar til. Í öðru lagi er fullkomlega óeðlilegt að lítill hópur þingmanna, sem setið hefur áður á þingi, taki sér vald til að fjalla um mál, sem heyrir undir þingið sjálft, í skjóli þeirrar sérstöðu sinnar umfram nýja þm. að hafa setið þar áður. Hvað með aðrar þingnefndir? Hvað með fjárveitinganefnd, hvað með undirnefnd fjvn.? Hafa þær starfað í sumar? Og ef svo er, þá í umboði hverra? Spurningar af þessu tagi enda að lokum í einni spurningu: Til hvers er Alþingi Íslendinga? Er nokkur þörf fyrir Alþingi lengur í stjórnkerfi þar sem menn taka sér einfaldlega það vald sem þeim ekki ber og þeir hafa ekkert umboð til? Og ég spyr enn að gefnu tilefni: Hafa þeir menn, sem sjálfir hafa beitt þingið slíku gerræði, efni á að hneykslast á því að óbreyttir þm. taki sér frí frá störfum og spyrji: Hvaða störfum? — eða segi jafnvel af sér þingmennsku í mótmælaskyni? Það er ekki aðeins þingið sjálft sem hefur verið lítilsvirt og ekki heldur aðeins einstakir þm., þessi framkoma gagnvart Alþingi er móðgun við kjósendur sem í seinustu kosningum völdu sér fulltrúa á löggjafarsamkomu og gáfu þeim lögmætt umboð til starfa. Það er ekki við óbreytta þm. að sakast að þeir hafa ekki getað gegnt störfum sínum í sjö mánuði. Það er eingöngu á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar og stjórnarflokka.

Þau vinnubrögð sem hér hefur verið lýst rifja upp að það ber brýna nauðsyn til, svo notað sé orðfæri stjskr., að hraða afgreiðslu stjórnarskrármálsins. Það þarf að endurskoða að nýju öll ákvæði í frv. að nýrri stjskr., sem fjallar um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds, með það fyrir augum að styrkja stöðu þingsins og þingræðisins frammi fyrir framkvæmdavaldinu. Það ætti að vera fyrsta mál á dagskrá að afnema heimild framkvæmdavaldsins til útgáfu brbl. Sú heimild styðst ekki lengur við nein rök og hefur verið misnotuð einum of oft. Ennfremur ættu þm. að hafa í huga að efla mjög verulega starf þingnefnda og hlutverk þeirra til eftirlits með gagnrýni á handhöfum framkvæmdavaldsins. Reynslan bendir einnig til þess að setja þurfi ný

ákvæði um samkomudag Alþingis eftir kosningar og starfstíma Alþingis og þingnefnda.

Til þess var réttilega vitnað í umr. áðan af hæstv. forsrh., að Alþfl.-menn gerðu þá till. á sínum tíma í stjórnarskrárnefnd að starfstími Alþingis yrði samfelldur og þar með þingnefnda og þar með eru þessi vandamál leyst. Það er hins vegar meiri hluta Alþingis að taka ákvarðanir um hvenær þingið geri hlé á störfum sínum. Og vissulega eru rétt þau ummæli sem vitnað var til úr þingræðu Eysteins Jónssonar, þess merka þingskörungs, þegar hann sagði: „Þeir slöku valdataumar, sem skildir eru eftir, þeir verða teknir upp af einhverjum öðrum.“ Þess vegna verður þingið, ef það vill taka sig alvarlega, að taka þessi mál til endurskoðunar. Þess vegna er sú spurning líka brýn: Á að halda áfram starfi stjórnarskrárnefndar? Og ég endurtek þá spurningu. Hinir kjörnu fulltrúar þjóðarinnar, sem á þingi sitja, þurfa greinilega að snúa bökum saman til að verja rétt Alþingis og leikreglur þingræðis þegar að hvoru tveggja er sótt.

Núverandi ríkisstj. hefur því miður misnotað vald sitt með ótilhlýðilegum hætti. Hún hefur gert það með því að meina Alþingi að koma saman og gegna hlutverki sínu mánuðum saman. Hún hefur gert það með því að forsetar sameinaðs þings og deilda hafa starfað áfram sem slíkir án umboðs frá nýju þingi til þeirra starfa. Hún hefur gert það með því að þingnefndir hafa starfað án lögmæts umboðs til þess. Hún hefur gert það með því að fyrrverandi forseti Sþ. hefur tekið sér vald sem handhafi forsetavalds án heimildar til þess. Með þessari framkomu gagnvart Alþingi er verið að ganga á snið við lög og reglur og skapa fordæmi og framkvæmdavenjur sem allar stefna í eina átt, að lítilsvirða Alþingi og gera því ókleift að gegna sínu stjórnarskrárbundna hlutverki sem handhafi löggjafarvalds. Þessu eiga þingmenn, hvar í flokki sem þeir eru, að mótmæla og þess vegna mótmælum við því í nafni Alþingis og kjósenda.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég tel mjög eðlilegt að þessar umr. fari hér fram. Sú ákvörðun að Alþingi skyldi ekki koma saman í sumar hefur verið mikið gagnrýnd og ég skil þá gagnrýni vel. Ég ætla hins vegar ekki að ræða sérstaklega um liðna tíð, ekki um það sem málið hefur mest snúist um í þessum umr. eða svara neinu af því sem fram hefur komið þó af mörgu sé að taka. Ég tel gömlu stjórnarskrána býsna góða og það sé mikið vandaverk að breyta henni til hins betra. Hins vegar er auðvitað vandalaust að breyta henni til hins verra.

Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs er tilvitnun í ræðu Eysteins Jónssonar frá 6. nóv. 1968. Ég hlustaði á þá ræðu og það er að sjálfsögðu góð ræða í þeim skilningi að hún var vel samin og vel flutt og rökstudd ágætlega, en engu að síður var ég henni ósammála í grundvallaratriðum og er enn í dag og miklu meira ósammála henni í dag en ég var þá. Þessari ræðu svaraði Bjarni Benediktsson þegar í stað og benti á hve háskasamlegt það væri ef allir alþm. Íslendinga, 60 talsins, yrðu opinberir embættismenn á fastalaunum og sætu á þingi meira og minna árið um kring og gæfist ekkert tækifæri til að vera í lifandi starfi úti í þjóðfélaginu.

Ég held að það hafi sannast að þingstörf gangi ekki betur nú en þau gerðu áður, þingið sé ekki afkastameira eða það sé ekki betri löggjöf sem nú komi en áður. Hún er stundum lengri og þar með verri, — langir lagabálkar, sumir meira og minna óskiljanlegir og eiga ekkert erindi. En aðalatriðið er að fólkið þarf — þm. alveg eins og aðrir — að vera í lifandi störfum einhverjum öðrum en stjórnmálum, a. m. k. í okkar litla þjóðfélagi. Ég get ekki hugsað mér að t. d. hv. þm. Geir Gunnarsson mætti aldrei fara út á trillunni sinni eða hv. þm. Guðrún Helgadóttir mætti ekki semja barnabækur eða þm. mættu yfirleitt ekki stunda læknisstörf eða arkitektúr, sjómennsku, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson eða Pálmi Jónsson mættu ekki vera bændur. Ég held að það væri mjög mikil afturför.

Mín skoðun er sú, og ég hef sannfærst um hana því meir sem á hefur liðið, og hef ég fylgst með þingstörfum alllengi, fyrst sem ritstjóri og varaþm. og síðan sem þm., að störf Alþingis hafi ekki batnað við það að starfstíminn lengist og ekki batnað við það að þm. eru nú orðnir fastlaunamenn í staðinn fyrir að áður fengu þeir þingfararkaup. — Það er víst kallað það enn í dag. Áður hét það auðvitað þingfararkaup af því að menn fóru til þings og höfðu kaup þann tíma sem þeir voru á þinginu en annars ekki og unnu fyrir sér með öðrum hætti, allir nema þá ráðherrar og kannske flokksforingjar eða einhverjir slíkir. — Ég mundi leggja til að þing stæði í 2½ mánuð að hausti, eins og nú er, og síðan kæmi það ekkert saman aftur fyrr en kannske í marsmánuði og stæði þá síðari hluta vetrar og á vori svona þrjá mánuði eða eitthvað þvíumlíkt. Hins vegar væri ég alveg sammála því að þing yrði kallað saman alltaf ef eitthvert stórmál bæri upp á, það þyrfti að afgreiða einhverja löggjöf, við stjórnarskipti o. s. frv. Þá er ég auðvitað sammála því að þing væri kallað saman og sæti þá kannske tvær, þrjár vikur. Eins og samgöngur eru, þá geta menn auðvitað alltaf komið til þings.

En ég vildi ekki láta ómótmælt þessum skoðunum Eysteins Jónssonar og nú skoðunum, að mér virðist, hv. þm. Eiðs Guðnasonar og fleiri sem hér hafa talað. Ég held að við verðum að reyna að hugsa þetta mál. Ég get t. d. ekki hugsað mér annað en þetta nýja fólk, sem hér kemur inn núna, unga fólkið, verði orðið þreytt á í vor að geta ekkert gert annað en að sitja hér. Það er vafalaust spennandi að koma hér inn fyrst, en þó að við þm. séum yfirleitt mjög góðir, greindir og skemmtilegir menn, þá er mönnum nú farið að leiðast þegar komið er fram í apríl og maí og sólin skín að mega ekki gera neitt annað. Og sem betur fer gera menn yfirleitt ýmislegt annað. Ég get ósköp vel sagt það fyrir mína parta: Mér mundi ekki detta í hug að vera hér í þinginu ef ég mætti ekki t. d. stunda laxaræktartilraunir og reyna að koma upp laxarækt. Mér dytti það ekki í hug. Ég tel það vera miklu merkilegra að reyna það og ég tel að þessi störf, sem menn vinna — hver og einn þm. — og vonandi halda áfram að vinna, séu alveg eins merkileg og þingmennskan, kannske miklu merkilegri.

En ég leyfi mér, herra forseti, til þess að ég sé ekki að tefja hér tímann og lengja þessar umr., að lesa upp örlítinn kafla úr ræðu Bjarna Benediktssonar frá 6. nóv. 1968, því að að sjálfsögðu get ég ekki orðað þessa hugsun eins vel og hann gerði þegar hann óviðbúinn flutti þessa merku ræðu — miklu, miklu merkari að mínu mati en ræðu Eysteins Jónssonar. Þessi kafli hljóðar svo:

„Ef þessi háttur“ — þ. e. að þing sæti meiri hl. ársins — „ef þessi háttur væri upp tekinn, yrði sannarlega

gerbreyting á aðstöðu þm. og aðstöðu Alþingis í íslensku þjóðlífi. Það má vel vera, að ætíð hafi nokkur hópur þm. verið, sem hafi mjög stuðst við þingmannslaun um sína afkomu. En þó hygg ég, að það hafi ætíð talist til undantekninga, og það er að vísu svo nú, að *þingmannslaun eru orðin þannig, að menn geta dregið* fram lífið á þeim launum. Það skal viðurkennt. En þá verður einnig að hafa í huga, að margfaldur kostnaður er þingmennsku samfara, sem þar kemur til frádráttar. En hv. þm. lætur sér þetta ekki nægja, heldur telur, að launakjör og starfsaðstaða þm. þurfi að breytast, svo að það verði meginregla, að þm. sinni ekki öðrum störfum, þ. e. þá á ekki að nægja að halda uppi hinu fasta embættiskerfi, stjórnkerfinu, ríkisstj., heldur ættum við til viðbótar að fá 60 manna hóp, sem sæti hér á Alþingi og hefði yfirleitt ekki öðrum störfum að sinna. Ég hygg, að hvað sem líður kostnaðarhliðinni á þessu máli, — og stundum hafa menn þó talið hana ekki vera einskis virði, og vitanlega yrði mjög að hækka laun þm. frá því sem er, ef menn ættu að fást til þess að sitja hér á þingi og sinna ekki öðrum störfum, — en hvað sem kostnaðarhliðinni líður, og ég álít að hún sé aukaatriði, þá sé hér um mjög varhugaverða breytingu að ræða. Ég hygg, að það sé nánast sagt lífsskilyrði fyrir Alþingi, að það sé í sem nánustum tengslum við hið almenna starfslíf í landinu, að það skapist ekki sérstök stétt stjórnmálamanna. Látum vera að tala um stétt stjórnmálamanna, þeirra sem hafa atvinnu af að skrifa í blöð sem stjórnmálamenn, þeirra sem starfa fyrir flokka, e. t. v. okkur hv. 1. þm. Austf., sem lengi höfum verið í ríkisstj., þó að við höfum sinnt öðrum störfum inn á milli, en ef til viðbótar slíkum undantekningum ætti að koma, að hér væri 60 manna hópur eða fast að því, sem fyrst og fremst stundaði stjórnmál sem sitt lífsuppihald og hefði sínar tekjur af því, þá mundi það verða til að veikja mjög Alþingi frá því sem er, bæði í skoðun almennings og á möguleika þm. til þess að sinna sínum störfum," hvorki meira né minna.

Það mundi — og ég hygg að þetta sé alveg rétt — líka *minnka okkar möguleika, sem hér erum*, til að sinna okkar þingstörfum, ef við værum ekki líka í einhverjum öðrum störfum. Og ég vona að sérstaklega þeir sem yngri eru og eru að byrja sín þingstörf núna hugleiði þetta, að það verði ekki örlög þeirra og ekki örlög Alþingis að einangrast frá þjóðlífinu. Það er öllum mönnum lífsnauðsynlegt að vera úti í þjóðlífinu og sinna þar störfum, og við eigum ekki að einangrast hér og vera talandi hvert við annað árið um kring og eingöngu um stjórnmál. Það er svo margt annað merkilegra til en þessi venjulegu þingstörf, bæði í menningarefnum og í hinu daglega lífi, atvinnulífinu öllu saman.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Það er nú ekkert nýtt að fyrrv. hæstv. félmrh. láti gamminn geysa hér á Alþingi. Hann er kannske ósáttur við að vera allt í einu orðinn óbreyttur hv. þm. Mig minnir að *hann hafi orðið ráðh. svo til strax* og hann var kosinn til þingsetu, þannig að það kemur fram viss beiskja að þurfa að tala sem óbreyttur. Sú beiskja hefur komið fram í flestum ef ekki öllum hans gjörðum frá því að síðustu kosningar fóru fram þar til að Alþingi kemur nú saman og ræðustóllinn opnast loksins. Já, honum var orðið mikið mál.

Á dagskrá er samkomudagur Alþingis. Inn í þessar umræður hefur ýmislegt annað, sem ekki er á dagskrá, slæðst. Það hefur verið talað um brot ríkisstj. á lýðræðislegum hefðum og að lýðræðið væri í hættu. En hvað segir stjórnarskráin um þetta atriði? Það var kosið í apríl, ríkisstj. kemur saman í maí. 24. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en tveir mánuðir séu liðnir, frá því að það var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en átta mánuðum eftir að það var rofið."

Þannig er það sem hér hefur gerst fullkomlega í samræmi við þær reglur sem settar eru samkv. stjórnarskrá lýðveldisins. Og þetta svarar allri þeirri munnræpu um þetta mál sem komið hefur frá fyrrv. hæstv. félmrh.

En það var annað sem hann gerði að umræðuefni, sem var utan við dagskrárefnið, og, herra forseti, ég sé fulla ástæðu til að fá að dvelja svolítið við það sem þar kom fram.

Ríkisstjórnin er að segja sundur friði — líklega við þjóðina. Nú vill svo til að hér er átt við að heimilisfriðnum hér á landi sé stofnað í hættu vegna brbl. ríkisstj. Það vill nú svo til að þessi brbl. ríkisstj. eru mildari en brbl. þau sem sett voru af fyrrv. ríkisstj. að því leytinu til að báðar ríkisstjórnirnar hafa skert vísitölu launa, báðar ríkisstjórnirnar voru með gengislækkun, báðar ríkisstjórnirnar notuðu hluta af gengislækkuninni til að hlaupa undir bagga með útgerðinni. En síðan koma mildandi aðgerðir hjá þessari ríkisstj. með hækkandi barnabótum, með persónufrádrætti og ýmsu öðru sem kostaði um 400 millj. kr. og léttir á fólkinu í landinu.

Eitt er það atriði sem er þó þyrnir í augum margra, bæði stjórnar og stjórnarandstæðinga, og það er skerðing á samningsrétti. Þar er rangtúlkað frá upphafi til enda í málflutningi Alþb. — og ég vil segja kommúnistadeildar Alþb. því ég lít ekki á Alþb. sem kommúnistaflokk, heldur þann hluta sem kom úr Kommúnistaflokknum. Það er kommúnistadeild og hættulega deildin í Alþb.

Þar er talað um að verið sé að fella niður samningsréttinn. Það er verið að fresta samningsrétti til janúarloka til að ríkisstj. hafi svigrúm til að gera þær hreinsunarráðstafanir sem engan furðar á eftir stjórnarþátttöku Alþb. Og þær eru sko ekki litlar, eins og kemur fram í þeim aðgerðum sem hafa verið gerðar, og engin málefnaleg rök hafa komið fram frá neinum þeim sem tekið *hafa til máls um þetta mál á opinberum* vettvangi, nema um þessa svokölluðu skerðingu á samningsrétti hagsmunaaðila.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég þekki þá illa verkalýðshreyfinguna ef verkalýðshreyfingin, óáreitt af áróðursaðilum Kommúnistaflokks Íslands sem er falin innan Alþb., vill ekki leggja það á sig að bíða í nokkra mánuði með að fá frjálsan samningsrétt aftur svo að hægt verði að koma þeirri skikkan á efnahagsmál sem gæti dugað þjóðinni — og er þó ekkert víst að það dugi vegna þess að ástand og horfur eftir að Alþb. loksins var flæmt í burtu úr ríkisstj. eru þannig.

Það hljómar illa í mínum eyrum þegar menn sem koma úr þessum armi Alþb. tala um frelsi einstaklingsins og að þeir sem hafi þau orð hvað mest á vörum séu að koma óorði á starfsemi Alþingis — ég hef skrifað orðrétt hér eftir hv. þm. — og að ríkisstj. sýni almenn*ingi tillitsleysi með því að reyna að taka á málum af*

kjarki og dugnaði en ekki af ótta við guð má vita hvað. — Líklega það að missa þingsæti, sem er þá kannske eina lifibrauð þeirra sem svona tala. Á ég þá náttúrlega við menningardeild Alþb. Því að verkamaðurinn í Alþb. kemur hvergi nærri stjórnmálum nema þá helst forustumaðurinn, og það er sá eini held ég, Guðmundur J. Guðmundsson, og hann sést nú ekki oft í andstöðu við forustuna í þingsölum.

Það er ekkert tillitsleysi við almenning sem hér á rétt á sér í umræðum. Það er þveröfugt. Það er verið að reyna að koma ríkisfjármálum og ríkismálum almennt á réttan grunn á fullkomlega löglegan hátt samkvæmt þeirri stjskrgr. sem ég sem ég las hér upp. Ef menn þurfa, í hvaða verkefni sem er, að hafa ákveðinn aðlögunartíma til að taka á nýjum verkefnum. Það veit fyrrv. hæstv. félmrh. Það tók hann miklu lengri tíma að komast inn í það starf en það hefur tekið þessa ríkisstj. eða einstaka ráðh. að gera.

Og það er langur vegur og hálfgert blótsyrði af vörum þessara manna þegar þeir bera saman hugsjónir Jóns Sigurðssonar og stefnuskrá kommanna innan Alþb. og ætti alls ekki að gera, og sýnir það nú hvað miklu meira málfrelsi er hér en þar sem hugsjónir þeirra eiga sér fæðingarstað.

Ég vil aðeins benda á, að þegar fyrrv. ríkisstj. var að gera sínar ráðstafanir með brbl. heyrðust engin mótmæli frá almennum félagsfundum innan verkalýðshreyfingarinnar. Það voru kallaðir saman stjórnarfundir og þaðan komu veik mótmæli. Þegar þessi ríkisstj. gerir sínar efnahagsráðstafanir, sem eru þó mildari en hinar, — við skulum segja að frátekinni þessari samningsréttarskerðingu — er kallaður saman almennur félagsfundur í öllum verkalýðsfélögum, allt reynt til þess að gera starfsemi ríkisstj. sem erfiðasta. En ekkert af þessu kemur fram — og ég vil biðja fólk um að hlusta vel — ekkert af þessu kemur fram fyrr en Alþb. kallar saman fund. Ég held að það hafi verið miðstjórnarfundur. Það kom mynd frá þeim fundi af formanni kommúnistadeildar Alþb., sem er einnig formaður Alþb., og formanni ASÍ, þar sem þeir voru, samkvæmt upplýsingum í Þjóðviljanum sem fylgdu þessari mynd í grein, að ræða um aðgerðir verkalýðshreyfingarinnar gegn þessari ríkisstj. og gegn þessum skerðingarákvæðum. Það var sem sagt búið að taka í Alþb. og á miðstjórnarfundi hjá Alþb. ákvarðanir um aðgerðir til að fella þessa ríkisstj. áður en hún hafði séð dagsins ljós, má segja, orðin þriggja mánaða gömul eða svo.

Eftir þær ákvarðanir, sem þar eru teknar, fara af stað aðgerðir með krafti, þó árangurinn sé lítill, undirskriftasöfnun og fleira, undir forustu Alþb. með fundi hér og fundi þar, eins og mátti sjá í fjölmiðlunum. Það var meira sýnt frá þeim í sjónvarpi en frá fundum forsætisráðherra landsins hingað og þangað. Fram kemur hjá einum stærsta atvinnurekanda og útgerðarmanni í þeim landshluta þar sem einn fundurinn var að nú skuli fella ríkisstjórnina sem fyrst. Skiljið þið ekki af hverju? — Sem atvinnurekanda er mér ekki nokkur leið að skilja það, því að batnandi tíð með minnkandi verðbólgu, lækkandi vöxtum og lækkandi útgerðarkostnaði og vinnslukostnaði hlýtur að vera honum í hag.

En þá vil ég segja: Hvað á það að þýða að Alþýðusambandið, þó forustumaður þess sé meðlimur Alþb., sé að sækja svona ákvarðanir um aðgerðir gegn ríkisstjórnarmönnum á fund til Alþb.? Vill fólk í verkalýðshreyfingunni virkilega sem ein heild lúta slíkri forustu Alþb., kommúnistadeildar Alþb., almennt? Í verkalýðshreyfingunni eru sjálfstæðismenn, Alþfl.-menn, framsóknarmenn og kannske óflokksbundnir sem hafa engar taugar til Alþb. eða annarra stjórnmálaflokka. Vill þetta fólk virkilega lúta forustu Alþb. á þjóðmálasviðinu? Ég segi nei. Og það vita forustumenn verkalýðssamtakanna allra. Og þess vegna er það sem ég sagði: Hafið þið leynilegar atkvæðagreiðslur meðal meðlima almennt, en ekki skriflegar atkvæðagreiðslur þar sem fólk er hrætt við að skrifa ekki undir af ótta við að vera talið óstéttvíst eða að það verði sagt frá því í forustusveit viðkomandi stéttarfélags. Ég fékk tólf upphringingar frá aðilum sem eru meðlimir í BSRB og sögðu þeir mér að þeir þyrðu ekki annað en skrifa undir af ótta við ummæli sem trúnaðarmenn höfðu haft á vinnustað.

Segjum að þetta sé allt gott eitt og blessað. Það getur vel verið að fólk vilji þetta. Mér þykir það ótrúlegt. En það sem kemur á eftir er áróðurinn, það er áróðurinn í fjölmiðlum hér og fjölmiðlum þar, á dýrustu stöðum, í sjónvarpi, í útvarpi, sem dynur allan daginn, í fréttatímum og öllum auglýsingatímum. Hver borgar þennan kostnað? Kom fyrirskipun frá miðstýringu í Reykjavík um að verkalýðsfélög út um land allt skyldu auglýsa í sjónvarpi og auglýsa í útvarpi og öllum dagblöðum? Og hver borgar þennan kostnað? Það skyldi þó aldrei vera að þetta komi af styrk sem Alþingi samþykkir á fjárlögum til starfsemi stjórnmálaflokkanna. Það skyldi þó aldrei vera af þessum svokallaða blaðastyrk. (**SvG:** Er fjmrh. lítið um að kjósandinn borgi starfsemi verkalýðsfélaganna?) Forseti. Hvor okkar hefur orðið, ég í ræðustól eða ...? (**Forseti:** Ræðumaður hefur orðið.) Hver borgar þetta? Það er kannske hægt að fá orðið aftur og svara því. Það væri gaman að fá að vita það. Hver borgar slíkar auglýsingar? Og hver borgar þá fundahöldin út um allt? Það er sagt að blöðin séu alveg að deyja út vegna fjárhagsörðugleika. Ég er búinn að gera tillögur á Alþingi um að leggja þessa styrki niður allt frá því að þeir fyrst komu á dagskrá hér sem tillaga. Það hefur aldrei fengist samstaða um það af ótta við blað sem ekki er flokksblað Sjálfstfl. þó að þeir menn sem reki það hafi sömu hugsjónir, þ. e. Morgunblaðið. Það hefur engan blaðastyrk, en fær greitt fyrir þau blöð sem það afgreiðir.

Svo er spurt: Hver borgar kostnaðinn við að koma á framfæri til fólksins skýringum á þeim aðgerðum sem réttkjörin ríkisstj. þarf að gera hverju sinni? Það skyldi þó aldrei vera að það fylgi kvöðum ráðh. að borga það af eigin launum? Ég held að það sé alveg augljóst, að ef ríkisstjórn þarf að koma einhverju á framfæri, hvort sem það er í sérprenti eða á annan hátt, yrði ríkissjóður að borga það. Það verður að gera ráð fyrir því. Og það veit hv. þm., sem hefur verið hæstv. ráðh. þó það sé fyrrverandi, að samþykktir innan ríkisstj. hljóta að vera bornar uppi af sameiginlegum sjóði. Hann veit því svarið áður en hann spyr.

Ég harma að það var farið út í umræður um þessi mál núna, en það er oft á Alþingi að mönnum liggur á að koma því á framfæri sem liggur þeim mest á hjarta undir öðrum dagskrárliðum en vera ber. Hér er á dagskrá umræða um samkomudag Alþingis. Það hefur verið fullyrt hér. — Með leyfi forseta, er það ekki málið á dagskrá, samkomudagur Alþingis? (**SvG:** Eru ekki

utandagskrárumræður?) (**Forseti:** Hv. 5. landsk. þm. hélt framsöguræðu í þessum umræðum og gerði grein fyrir því.) Já, að dagskrárliðurinn væri samkomudagur Alþingis? (**Forseti:** Það er miklu víðtækara.) (**EG:** Ég baðst hljóðs utan dagskrár, hæstv. fjmrh.) Já, það er ágætt. Ég stóð í þeirri meiningu, mér var sagt það fyrir þennan fund, að það hefði verið beðið um orðið út af samkomudegi Alþingis. Ég vissi ekki að önnur mál væru á dagskrá, en það var mér sagt og ég tek það sem heilagan sannleika. (**Forseti:** Ég vil taka fram til þess að það valdi engum misskilningi, að hv. 5. landsk. þm. batt ekki fyrirspurn sína við samkomudag Alþingis. En meginkjarninn í því sem hann sagði varðaði þá staðreynd að Alþingi hefði ekki komið saman í sumar.)

Ég var að svara hv. 3. þm. Reykv., sem taldi það brot á lýðræðinu að Alþingi skyldi ekki hafa verið kallað saman, og ég vil svara honum með því að vitna í stjórnarskrá lýðveldisins og eins svara þeim fullyrðingum sem hann hefur verið með um brbl. og skerðingu á kjarasamningum. Ég vona að hann gefi sér tíma til svara aftur. — Það er ólíkt honum ef hann langar ekki til að taka til máls aftur. Ég ætla ekki að fara að mana hann hingað upp eins og hann var að mana ýmsa aðra þm. upp í ræðustólinn. Það er taktík sem hann hefur tamið sér. En ég vil þá gjarnan, ef hann kemur upp aftur, spyrja hann: Hver greiðir kostnað við alla þá miklu herferð sem farin var til að fella ríkisstj.?, eins og kom fram í sjónvarpsþætti sem sjónvarpað var frá Akranesi og á röngum forsendum að mínu mati, — og ætla að reyna að bíða eftir svari frá honum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti, virðulegi þingheimur. Þessi sjálfskoðun þingheims, þótt hún sé kannske ekki beinlínis skemmtileg, sem fer hérna fram, er líklega eitthvað það nytsamlegasta sem hann hefur lengi tekið sér fyrir hendur. Það er greinilega sú tvíhyggja sem kemur fram eftir því hvort menn hafa setið eða sitja í hefðarsæti ráðherradómsins. Svona togstreitu eiga menn að tala úr sér eða leita lækninga. Lækninganna er náttúrlega leitað í tillögum sem liggja þarna á borðum, þar sem er lagt til að þessi beiski brbl.-kaleikur verði tekinn frá mönnum og að ráðherrann og þingmaðurinn séu helst ekki í sömu fötum.

En það þarf ekki að rifja upp fyrir neinum hérna inni hver eru höfuðatriðin í stefnuskrá Bandalags jafnaðarmanna í sambandi við þessa umræðu. Þar er það grundvallaratriði að breytingar á stjórnarháttum og starfsaðferðum ríkisvaldsins séu algjör forsenda fyrir því að þjóðfélag okkar færist áfram til nokkurs þroska, bæði hvað varðar efnahag og menningu. Á báðum þessum sviðum ríkir nú umtalsverð kreppa. Hin efnahagslega kreppa lýsir sér m. a. í nýframlögðu fjárlagafrv. En skeytingarleysi um grundvallarreglur lýðréttinda, sem við höfum orðið vitni að í sumar, er hættulegt merki um hina kreppuna, sem er kreppa hugans og hugarfarsins. Kjarni þessa stjórnkerfis, sem BJ vill bæta, er auðvitað Alþingi sjálft og að því hefur umbótaviðleitnin beinst. Hún hefur birst í óvæginni gagnrýni á störf og starfshætti þingsins um leið og talað hefur verið fyrir nýjum hugmyndum. Viðbrögðin við málflutningnum hafa verið á ýmsa lund, og þrátt fyrir að rauði þráðurinn í öllum okkar tillögum hafi raunar verið að styrkja starfsemi Alþingis og auka sjálfstæði þess voru Bandalagsmenn sakaðir um hinar verstu tilhneigingar til þingsins á sínum tíma.

Ég held að menn hljóti að skilja að það er dálítið undarleg líðan hjá okkur þessa dagana, því ýmislegt hefur gerst. Í fyrsta lagi er náttúrlega framfylgt stjórnarstefnu sem menn kannske ekki beinlínis kusu um. Í öðru lagi var þing ekki kallað saman þrátt fyrir yfirlýstan vilja meiri hluta þess og fimm þingsflokksformanna af sex. Þar til viðbótar hefðu náttúrlega yfirlýsingar stjórnmálamanna og embættismanna um bágan efnahag landsins átt að vera næg ástæða til að kalla þing saman frekar en hitt. Í þriðja lagi hefur verið stjórnað með brbl., eins og hér hefur komið fram, bæði um fíkjur og fiskverð. Í fjórða lagi voru þm., a. m. k. þeim sem eru í stjórnarandstöðu, ekki kynntar aðgerðir stjórnarinnar eða nokkrar þeirra forsendur. Þetta lýsir fyrir okkur framferði þingbundinnar ríkisstjórnar, sem þó álítur Alþingi flækjast fyrir sér og kemur í veg fyrir að óskir meiri hluta þess nái fram að ganga.

Það var spurt hérna áðan: Hvert er þá hlutverk þingsins? Og ég spyr aftur: Hvert er orðið hlutverk þessa þings? Þar hefur raunar hver sína skoðun. Einn hv. þm. hefur nýlega lýst sinni skoðun í fjölmiðlum, þar sem kemur fram að þingmennska sé skotsilfur til að öðlast upphefð á öðrum vettvangi. Þá voru einnig fróðlegar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um tómar skúffur og vasa í sínu ráðuneyti og ekki þýddi að flytja tillögur sem hefðu í för með sér kostnað. Mér er spurn hvort eggið sé ekki farið að kenna hænunni.

Morgunblaðið hafði líka nýverið í leiðara áhyggjur af fjölgun þingflokka og að fjórskipt stjórnarandstaða yrði til þess að umr. lengdust á þingi og afgreiðsla mála yrði því tafsamari. Það hefur svo sem heyrst áður að lýðræðið sé seinvirkt. Í sumum löndum hefur stjórnlyndum ráðherrum svo ofboðið seinagangurinn að þeir senda þingið heim um lengri eða skemmri tíma. Þær stjórnir köllum við síðan á forsíðum okkar einræðisstjórnir. Rökstuðningur þeirra er gjarnan eitthvað á þá leið, að hrun efnahagslífsins hafi blasað við, að þjóðlífið hafi verið í upplausn og þess fornu dyggðir, að verðbólgan hafi verið komin á þjóðhættulegt stig og taka hafi þurft hlutina föstum tökum. Ég held við höfum raunar heyrt þessi rök á heimaslóðum.

Nú er ég ekki að segja að hæstv. ríkisstj. hafi vísvitandi vondar tilhneigingar til lýðræðisins. En ráðherrarnir eru börn síns tíma og þess stjórnarfars sem mótar þá. Og veikleiki íslenskra stjórnarfarshugmynda kemur einmitt skýrast fram í því að ríkisstj., sem stendur frammi fyrir stórkostlegum erfiðleikum að því er hún sjálf og aðrir segja, telur vænlegra að sundra þinginu og sundra þjóðinni frekar en að sameina og leita samvinnu. Og þessi veikleiki lýsir sér einnig í því, að stjórnarskrá, þing og þjóð skuli hafa liðið þetta þó svo lengi sem raun ber vitni. Ef óskað er styrkrar stjórnar vegna aðstæðna í lífi þjóðar sem af einhverjum hlutum skapast hlýtur að vera að samráð og samvinna séu lykillinn að árangri. Stjórn verður aldrei styrk með því að setja andstæðinga sína í stofufangelsi.

Þetta undarlega andrúmsloft, sem ríkir í kringum okkur, sem í raun og veru, ef vel er að gáð, afneitar lýðræðislegum aðferðum, krefst þess að við hugsum á nýjan leik hvernig við viljum skipa störfum og ábyrgð í þessu þjóðfélagi. Og við skulum byrja á Alþingi. Aðferðirnar – við skulum byrja að taka þar til – aðferðirnar í sumar byggðust á meira en aldargömlum

ákvæðum um brbl. og raunar líka þingrof. Þessi ákvæði bera merki þess umhverfis sem þau eru sprottin úr. Brbl.-heimildin er svar við samgöngu- og sambandsleysi milli landa og landshluta á síðustu öld. Það er algjörlega ósamboðið ríkisstj. að nota þessa heimild núna. Þingrofsheimildin er arfur frá einræðisherrum fyrri alda og fer hreint ekki saman við lýðræðislega hugsun dagsins í dag.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég skal ekki gerast langorður. Þessi umræða hefur óneitanlega beinst inn á nokkuð aðrar brautir en hún var á hér í upphafi og er sjálfsagt ekkert við því að segja.

Það mætti margt segja um þá dæmalausu ræðu sem hæstv. fjmrh. flutti hér áðan. Ég ætla að geyma mér það, það getur ákaflega vel beðið betri tíma. Þar var margt sem er við að athuga, að ekki sé meira sagt. En einni spurningu vildi ég þó beina til hæstv. fjmrh., sem ég sé að hefur nú að vísu yfirgefið þennan virðulega sal, væntanlega haft öðrum hnöppum að hneppa einhvers staðar annars staðar. Einni spurningu vildi ég beina til hans og mætti ég mælast til þess við forseta að hann kveddi hæstv. fjmrh. í salinn. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. tjáði mér að hann væri í brýnum erindum og þyrfti þess vegna að yfirgefa Alþingishúsið. Hann hefur gert það þegar.) Hann er kannske að lesa prófarkir að pésa einhvers staðar. (**Forseti:** Það var ekki tekið fram).

Sú spurning sem ég vildi til hans beina og fæst kannske svar við á síðara stigi þessarar umræðu, sem mér segir svo hugur um að ljúki ekki alveg strax, tengist því að hann hafði mörg orð um frammistöðu og hlutverk Alþb. í síðustu ríkisstj., mörg orð og býsna hörð. En hvaða maður bar ábyrgð á því umfram alla aðra menn að Alþb. átti sæti í síðustu ríkisstj.? Ég veit ekki betur en það hafi verið hæstv. fjmrh. núv. ríkisstj. sem var í rauninni guðfaðir fyrri ríkisstj. Hann getur trútt um talað nú. En rismikill er þessi málflutningur ekki.

Ég vildi aðeins víkja örfáum orðum að því sem hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson, sagði áðan og vitnaði til ágætrar ræðu eftir Bjarna Benediktsson forsrh., sem hann flutti hér. Ég vil segja það strax að ég er ekki sammála þeim sjónarmiðum sem þar komu fram, en þau er auðvitað hægt að styðja rökum. Mér þykir miður að þessi hv. þm., Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur líka vikið út úr salnum núna. Það verður ekki við öllu gert. En ég spyr: Eiga það að vera einhvers konar forréttindi þeirra sem stunda atvinnurekstur eða aðra slíka starfsemi að taka sæti á Alþingi? Ég held ekki. Um þetta sérstaka atriði segir í þeirri ræðu sem ég vitnaði áðan til, ræðu Eysteins Jónssonar, orðrétt með leyfi forseta:

„Sumir eru að reyna að hafa atvinnurekstur með höndum og má nærri geta hvernig þau vinnubrögð verða miðað við það sem þeir þurfa að sinna af öðrum störfum. Aðrir eru að reyna að sinna föstum störfum, þó einkum á vegum ríkisins, því að það mun vera leitun á einkaatvinnurekanda, sem telur sér fært að hafa alþm. í sinni þjónustu, eins og nærri má geta þegar miðað er við það sem þeir þurfa að standa í."

Ég held að hér sé um býsna mikið grundvallaratriði að ræða. Eiga það að vera forréttindi manna, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, að sitja hér á Alþingi? Alls ekki. Ég held, og það hefur raunar verið gert, að það eigi að búa þannig að þeim sem sitja hér á þingi að þeir geti sinnt þessum störfum. Það er ekki skemmtilegt fyrir þm. að lesa það í blöðum, haft eftir einum af hv. þm. Sjálfstfl., að hann geti ekki sinnt nefndarstörfum á Alþingi vegna anna utan þings. Til hvers eru menn að gefa kost á sér til starfa á Alþingi ef þeir mega ekkert vera að því?

Þetta var nú kannske örlítill útúrdúr, en engu að síður mál sem líka þarf að ræða.

Að lokum vil ég þakka hæstv. forsrh. svör hans, sem ég get því miður ekki sagt að hafi verið mjög greinargóð. Mér er satt að segja ekki alveg ljóst hver skoðun hans er á því sem ég spurði um, hvort við ættum ekki að sameinast um að breyta því sem ég lagði áherslu á að breyta þyrfti. Hann vísaði til stjórnarskrárnefndar. Hann las okkur sögulegt yfirlit um útgáfu brbl. Það kemur þessu máli bara ekkert við. Það **var** – en við eigum að hugsa um það sem **er** – og þó fyrst og fremst það sem **verður.** Mér finnst ég fá harla lítil svör um það. Og ég er satt best að segja hálfuggandi um að hæstv. forsrh. hafi hreint ekki skilið hvað ég var að fara. Ég var að tala um að það færi ekki vel á því að menn sem hafa misst umboð kjósenda héldu áfram að gegna störfum. Það er nauðsynlegt að skoða þetta, sagði hæstv. forsrh. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera miklu meira. Ég held það sé nauðsynlegt að breyta þessu. Og ég held að við séum komin hér á hættulegt stig. Ég geri ráð fyrir að við höfum allmörg horft á viðræðuþátt, alveg dæmalausan viðræðuþátt í sjónvarpi hér um daginn, þegar fulltrúar stjórnarandstöðunnar svöruðu spurningum. Það er kannske ekki alveg rétt að segja: svöruðu spurningum, því það voru ekki svo margar spurningar sem fram komu í þessum þætti, það voru miklu frekar skot og skætingur, ef ég má nota slíkt orð, frá þeim sem þar áttu að vera spyrlar.

Er það ekki íhugunarefni þegar blaðamaður við stærsta blað þjóðarinnar segir við fulltrúa stjórnarandstöðunnar: Þarf þing svo að heyrist í ykkur? Hvert erum við þá að fara ef svona hugsunarháttur fyrirfinnst hjá þeim sem hafa það hlutverk að greina þjóðinni frá því sem gerist hér á Alþingi? Þetta finnst mér alvarlegt íhugunarefni. Ég held satt að segja, og endurtek það, að í þessu efni eigum við ekki neinna kosta völ annarra en að breyta. Og ég vonast til að heyra frá hæstv. forsrh. skýrari svör um skoðanir hans á þessum grundvallaratriðum þess þjóðskipulags sem við búum við.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal gjarnan gera aðra tilraun til að svara spurningum hv. þm. Ég hélt satt að segja að það hefði komið skýrt fram hjá mér áðan að ég er fylgjandi tillögum meiri hluta stjórnarskrárnefndar. Ég sagði það. Ég er fylgjandi þeirri tillögu stjskrn. að þing verði kvatt saman 10. okt. eins og þar er gert ráð fyrir. Ég er ekki fylgjandi tillögu Alþfl. um að þing sitji allt árið.

Ég er einnig fylgjandi 26. gr. hjá stjskrn. um brbl. Og af því að sérstaklega var komið inn á það og fullyrt af hv. þm. Svavari Gestssyni að þær tillögur sem þar eru lagðar fram væru freklega brotnar, þá vil ég taka fram nokkur atriði um það. Reyndar get ég vísað að nokkru til þess sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði hér áðan. Í þeirri nýskipan sem er gert ráð fyrir og er vissulega eingöngu í tillöguformi segir um 26. gr. með leyfi forseta:

„Þegar brýna nauðsyn ber til getur forseti að tillögu ráðh. gefið út brbl. milli þinga, en efni þeirra skal áður kynnt fyrir viðkomandi þingnefnd. Ekki mega þau þó brjóta í bága við stjskr. Ætlð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi í upphafi þings. Nú hefur Alþingi ekki samþykkt brbl. þremur mánuðum eftir að þing er sett og falla þau þá úr gildi.“

Ég tel að við höfum framfylgt þessu eins og við frekast gátum, því eins og greinilega kom fram hjá hv. þm. Jóni Baldvin, þá verður að spyrja: Hvaða þingnefndir átti að kveðja saman til að líta á brbl. eftir kosningar? Þess hefur verið gætt að leggja þessi brbl. fram í upphafi þings. Kannske mætti einnig fara í gegnum söguna, t. d. í stjórnartíð hv. þm. Svavars Gestssonar, og athuga hvort það hafi í öllum tilfellum verið gert. Það er gert nú. Brbl. eru öll lögð fram í upphafi þings. Og hér er ekki um það að ræða að þau falli úr gildi þremur mánuðum eftir að þau eru sett, eins og skilja mátti á ræðu hv. þm. Svavars Geststssonar, heldur: Hafi þau ekki verið samþykkt þremur mánuðum eftir að þing kemur saman. Ég vænti þess sannarlega að þau verði afgreidd fyrir þann tíma. Að því er einnig stefnt.

Mig skal ekki undra þó að norskir þm. hafi orðið orðlausir ef þeir hafa orðið að hlusta á ræðu eins og hv. þm. Svavar Gestsson flutti hér áðan. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um það, þó að það mætti vel gera og kannske rifja upp ýmislegt úr okkar samstarfi í ríkisstj. sem væri líklega fróðlegt fyrir alþjóð að heyra. (Gripið fram í.) Mér þykir satt að segja svolítið furðulegt þegar menn skipta svo skjótt um lit eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerir. Við fáum eflaust tækifæri til að rekja það nánar síðar.

Hv. þm. telur að nú hafi þverlega verið brotið gegn lýðræðinu. Ég held að við höfum komist einna næst því þegar við létum kyrrt liggja að það voru gefin út brbl. 21. ágúst í fyrra og það lá fyrir að ekki var fyrir því meiri hluti á Alþingi. Ég verð að viðurkenna að maður veltir dálítið vöngum yfir því, en ekki þegar gefin eru út brbl. í fullu samræmi við stjskr. og fyrir liggur að 37 þm. fylgja þeim.

Hv. þm. spurði um nokkur atriði sem ég skal svara. Ég mun gera ráðstafanir til þess að tilnefndur verði maður í stað dr. Gunnars heitins Thoroddsens, sem var form. stjskrn. og verður þar farið eftir þeirri þáltill. sem samþykkt var á Alþingi. Störfum stjskrn. er að verulegu leyti lokið, en þó mun hún eiga eftir að fjalla um starfshætti Alþingis og persónukjör. Ég geri ráð fyrir því að það þurfi ekki að taka langan tíma.

Hæstv. fjmrh. hefur rætt nokkuð um rit og fundi sem hv. þm. spurði um. Þessi ríkisstj. hefur litið á það sem skyldu sína að upplýsa almenning um það sem hún er að gera og mun gera það áfram. Ég get upplýst það að útgáfukostnaður þessa rits er áætlaður 95 þús. kr. Dreifingarkostnaður liggur ekki endanlega fyrir, en þar mun að sjálfsögðu verða farið eftir þeim taxta sem póstur hefur.

Ég vil leggja áherslu á það að hvorki í þessu riti né á fundum hefur í nokkru orði verið hallað á hv. stjórnarandstöðu. Meira að segja hef ég gætt þess að minnast ekki á hv. þm. Svavar Gestsson einu orði. Mér skilst að öðru máli gegni um hv. þm. á hans fundum, að hann minnist ekki á mig. Sem betur fer, það er gott að manns er minnst. En ég hef ekki séð ástæðu til að minnast á hv. þm. né aðra stjórnarandstæðinga.

Ég sé ekki ástæðu til að fara orðum um ýmislegt fróðlegt sem hér hefur komið fram og ég tek undir að þarf að ræða. Væntanlega gefst tækifæri til þess þegar stjórnarskrárbreytingar verða ræddar. Stjórnarskránni þarf að breyta og ég vona að tillögur um það liggi fljótlega fyrir á hinu háa Alþingi.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þeir sem fylgdust með umræðunni á s. l. vori um það hvort Alþingi skyldi koma saman sem fyrst eftir kosningar eða ekki — og það gerðu vissulega allir hv. alþm. — vita mætavel hver mín afstaða var til þess máls. Hún var í stuttu máli sú, að Alþingi skyldi koma saman hið allra fyrsta eftir kosningar. Ég hef flutt fyrir því ýmis rök. Sum þeirra hafa verið tíundað hér þegar í dag af sumum ræðumönnum og undir þau get ég tekið. Ég legg aðeins áherslu á þessi meginatriði: Mér þótti forsetadæmið á Alþingi vera óeðlilega skipað þegar svo fór að tveir af forsetum þingsins urðu ráðherrar. Mér þótti líka óeðlilegt að ekki væri formlega starfandi fjvn. og það sama gilti um utanrmn. Síðast en ekki síst þótti mér nokkuð nærri löggjafarvaldinu gengið með því að hafa Alþingi svo lengi frá störfum.

Ekki síst var það í mínum huga óheppilegt að draga svo lengi að kalla þing saman vegna þess að búast mætti við því að umræðan á haustþinginu yrði fremur ófrjó. Og það er að sýna sig einmitt núna, þennan fyrsta dag sem umræður standa á þinginu, að við eyðum tíma okkar í að tala um það sem ekki varð. Og við eigum eftir að sjá það ennþá betur þegar verður farið að ræða um brbl. Sú umræða um það sem var gert á s. l. vori kemur sjálfsagt til með að taka upp tíma þm. fram undir jól ef ég þekki stjórnarandstöðuna rétt.

Allt þetta þótti mér nægja til þess að sú ákvörðun yrði tekin að þingið yrði kallað saman. Þetta var líka skoðun meginhluta þingflokks sjálfstæðismanna og sú skoðun hefur ekkert breyst. En ég ætla að taka það skýrt fram að það er ekki mitt álit að hér hafi neitt lögbrot verið framið. Þetta vald er formlega í höndum forsrh., um það var ekkert deilt og á ekki að þurfa að deila.

Þá kem ég að því sem er meginástæða þess að ég kvaddi mér hér hljóðs. Það er ræða hv. þm. Svavars Geststsonar, sem mér þótti satt að segja með eindæmum og endemum, svo ekki sé meira sagt. Hann er að gera hér að umtalsefni yfirlýsingar þingmanna, þ. á m. þm. Sjálfstfl. frá s. l. vori — áður en þingi var slitið — þess efnis að nýkjörið þing skyldi koma saman eigi síðar en 18 dögum eftir kosningar. Um það voru þá þm. þriggja flokka sammála. Þar var Framsfl. einn fyrir utan. En munurinn á Sjálfstfl. og Alþb. er sá, að við vildum standa við þessa yfirlýsingu og fylgja þáltill. sem flutt var. Hverjir voru það sem komu í veg fyrir að sú till. yrði afgreidd með þinglegum hætti áður en þinginu var slitið? Það var Alþb. með hv. þm. Svavar Gestsson í broddi fylkingar. Hann kom í veg fyrir að þessi till. fengi þinglega meðferð. Hann samdi um það við Framsfl. að koma í veg fyrir það að till. yrði samþykkt gegn því að vantraustið, hið raunverulega vantraust á kollega hans, hv. þm. Hjörleif Guttormsson, yrði ekki samþykkt. Þetta var ástin á lýðræðinu hjá hv. þm. Svavari Geststsyni þá. Nú er hann að blaðra hér um lýðræðisást. Ja, honum ferst, ég segi ekki annað.

Mér þykir líka óviðurkvæmilegt af hv. þm. Svavari Geststssyni að vera að tala hér um að stjórnarflokkarnir sýni stjórnarandstöðunni hroka. Þetta er rangt. Við höfum átt marga fundi nú síðustu daga, formenn þingflokkanna, og þar hefur verið, fullyrði ég, hið besta samkomulag. Það fólst ekki í því neinn hroki þótt stjórnarflokkarnir höfnuðu þeirri tillögu stjórnarandstöðunnar að stjórnarandstaðan fengi einn af aðalforsetunum. Það er út í hött að líkja því saman sem var á síðasta kjörtímabili, þegar hæstv. núv. iðnrh. Sverrir Hermannsson gegndi forsetastörfum í Nd. Það var ekki af neinni sérstakri tillitssemi við stjórnarandstöðuna sem Alþb. studdi það að hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson gegndi þá forsetastörfum á Alþingi. Það veit ég að hv. þm. Svavar Gestsson veit þó hann vilji kannske segja annað í dag.

Þetta samstarf, sem hefur tekist nú í upphafi þings, fullyrði ég að er til fyrirmyndar. Ég held að þeir fundir sem við höfum átt, formenn þingflokka, hafi einmitt leitt það af sér að meiri samstaða varð um forsetakjör og skipan í önnur trúnaðarstörf hér í upphafi þings en nokkru sinni hefur orðið. Það er illt verk af hv. þm. að vera að tala núna um að stjórnarliðar sýni stjórnarandstöðunni hroka.

Mér þykir það líka sæma illa hv. þm. Svavari Geststssyni að vera að gera hér mál úr útgáfu brbl. á s. l. vori. Þar gekk sú ríkisstj. sem hann sat í lengra en sæmilegt gat talist eins og hæstv. forsrh. hefur nú alveg nýlega staðfest. Ég get bætt við öðrum brbl. sem sú ríkisstj. gaf út og sýndi Alþingi með því dæmalausa lítilsvirðingu. Það voru brbl. í jan. 1981. Það var fullt tækifæri til þess að ræða þau mál. Það voru brbl. um efnahagsmál. Það var full ástæða til að ræða þau mál á þinginu í des. 1980, en það þótti ekki hlýða vegna þess að ríkisstj. vissi að hennar meiri hl. var þá tæpur. Þar var gengið á svig við þingræðið undir forustu hv. þm. Svavars Geststssonar og þeirra sem þá sátu með honum í ríkisstj. En nóg um þetta.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson spurði hvort þingflokkur sjálfstæðismanna hefði skipt um skoðun. Ég hef svarað því nú þegar að þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ekki skipt um skoðun í þessu efni. Meiri hl. hans taldi að þingið ætti að koma saman. Við teljum enn að svo hefði átt að vera, en teljum tilgangslaust að eyða tíma í að ræða það frekar nú.

Aðeins að lokum, af því að hann spurði líka hvaða utanrmn. hefði verið að störfum í sumar: Mér finnst að hann ætti að ræða það við formann sinn, Kjartan Jóhannsson, sem gekkst að ég held töluvert upp við það að verða formaður þessarar svokölluðu utanrmn. í sumar, nema hann vilji þá niðurlægja hann sérstaklega hér í þingsölum með því að gera lítið úr því starfi sem hann vann sem formaður þessarar nefndar, sem ég vil nú ætla að hafi ekkert verið annað en starfshópur sem hæstv. utanrrh. kallaði til, og nota ég þá orð sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson viðhafði á fyrsta fundi nýkjörinnar utanrmn. í gær. (**JBH:** M. ö. o., engin utanrmn.) Starfshópur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það hefur mjög margt komið fram í þessum umr. sem ástæða væri til að tala ítarlega um. Einkum er það ræða hæstv. fjmrh. sem ástæða væri til að svara. Hann hefur úr þessum ræðustól viðhaft slíkar dylgjur og ásakanir á mig og minn flokk að það væri full þörf á því að fara um það ítarlegum orðum. Síðan hefur hann bætt gráu ofan á svart með því að hlaupa á dyr, þegar loksins er möguleiki á því fyrir mig að svara þessum spurningum og árásum, hlaupa á dyr norður í land til að halda fund á vegum Sjálfstfl. sem heitir: „Á réttri leið". Það var nauðsynin hin brýna sem hæstv. forseti gat um áðan. Þó að hæstv. fjmrh. væri ekki að lesa prófarkir að bæklingi, eins og hér var giskað á, þá lá hitt fyrir, að hann þurfti að fara norður í land að prédika á fundi Sjálfstfl. Eftir að hafa ausið hér svívirðingum yfir Alþb., ráðist persónulega m. a. að mér og dylgjað um afstöðu fjarstadds þm. með gersamlega ósæmilegum hætti, þá er hlaupið hér út. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að það lofi ekki góðu um þinghaldið í vetur ef hæstv. ráðherrar ætla að hafa þennan hátt á. Ég tel það alveg óhjákvæmilegt fyrir hæstv. forseta að reyna að kenna flokksbræðrum sínum vissar lágmarksreglur varðandi þinghaldið og flokksfélögin. Ég tel að framkoma hæstv. fjmrh. hér í dag sé fyrir neðan allar hellur, þó ekki sé minnst á munnsöfnuðinn sem hann hafði hér uppi.

Í þingsköpum er talað um að hæstv. forseti Sþ. geti sett ofan í við þm. fyrir ósæmilegan munnsöfnuð. Það hefði verið full ástæða til þess undir þeim undarlegu ræðuhöldum sem hæstv. fjmrh. hafði hér uppi áðan.

Það sem var hins vegar alvarlegast í máli hæstv. fjmrh. voru árásir hans á verkalýðssamtökin í landinu. Það var hvernig hann talaði um að verkalýðssamtökunum væri stjórnað af einhverri kommúnistadeild í Alþb., að hinn almenni launamaður á Íslandi væri svo ósjálfstæður að hann léti einhverja deild í Alþb. segja sér fyrir verkum. Átti hæstv. fjmrh. hér við Björn Þórhallsson, formann Landssambands ísl. verslunarmanna? Er hann í kommúnistadeild í Alþb.? Átti hann hér við Magnús L. Sveinsson, formann Verslunarmannafélags Reykjavíkur? Er hann í einhverri kommúnistadeild í Alþb.? Ég spyr um þessa menn vegna þess að þeir hafa sérstaklega gagnrýnt árásir fjmrh. á undirskriftasöfnun alþýðusamtakanna núna á dögunum.

Er hæstv. fjmrh. hér aðeins að lýsa ástandinu í eigin flokki? Er hann hér að veitast að þeim verkalýðsforingjum sem með veikum mætti eru að minna forustuna í Sjálfstfl. á það að Sjálfstfl. hefur til þessa talið að verkalýðshreyfingin ætti að hafa frjálsan samningsrétt? Er hæstv. fjmrh., þegar hann ræðst á þm. Alþb. hér, fyrst og fremst í rauninni að beina spjótum sínum að flokksfélögum sínum í Sjálfstfl.? Er hann að svara gagnrýni Guðmundar H. Garðarssonar á fundum í Sjálfstfl. síðustu dagana? Er hann að svara gagnrýni Magnúsar L. Sveinssonar eða Björns Þórhallssonar? Mig grunar að hann sé að því. Í stað þess að snúa sér beint að þessum mönnum ræðst hann að Alþb. og segir: Kommúnistadeildin í Alþb. er að skipuleggja átök á vinnumarkaði í landinu. Þannig þorir hæstv. fjmrh. ekki að beina spjótum sínum beint að þeim mönnum sem hann er í rauninni að ráðast að, heldur kýs að gera það með þessum sérkennilega millilið, sem eru þm. Alþb.

Það kann að verða verkalýðsforingjum, sem ennþá styðja Sjálfstfl., nokkurt umhugsunarefni að hæstv. fjmrh. og trúnaðarmaður þeirra hér á Alþingi hagar sér svona og viðhefur þann munnsöfnuð sem hér mátti heyra. Telur Sjálfstfl. virkilega að launamenn á Íslandi láti einn flokk, Alþb. eða einhvern annan flokk, segja sér fyrir verkum? Er hæstv. fjmrh. að tala fyrir hönd

Sjálfstfl. þegar hann gerir svo lítið úr sjálfstæði hins almenna launamanns í landinu að hann láti einhvern einn stjórnmálaflokk, hvað sem hann heitir, segja sér fyrir verkum?

Það var enginn stjórnmálaflokkur, sem ákvað aðgerðir verkalýðssamtakanna núna, heldur verkalýðssamtökin sjálf og einhuga, menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Það var engin kommúnistadeild í Alþb., sem ákvað það á sínum tíma að efnt yrði til útflutningsbanns eða tveggja daga verkfalls 1. og 2. mars 1978. Það voru verkalýðssamtökin öll, það voru menn úr öllum stjórnmálaflokkum sem stóðu að því.

Það má greinilega heyra á ummælum hæstv. fjmrh. að hann skilur ekki frekar en aðrir forustumenn Sjálfstfl. nú til dags að verkalýðshreyfingin er fjölþætt og breið hreyfing einstaklinga úr öllum stjórnmálaflokkum sem meta ákvarðanir verkalýðssamtakanna á hverjum tíma út frá hagsmunum launamannsins eins og þeir liggja fyrir.

Og auðvitað er það hárrétt líka, sem hv. þm. Eiður Guðnason benti á hér áðan — og vík ég þá aðeins að síðustu ríkisstj. sem hér hefur borið á góma — að auðvitað bar Albert Guðmundsson, hæstv. fjmrh., verulega ábyrgð á því að sú ríkisstj. varð til. Það þýðir ekkert fyrir hann að hlaupast undan því að bréf sem hann skrifaði þáv. forseta Íslands, um að hann teldi rétt að hann fæli Gunnari Thoroddsen stjórnarmyndunartilraun, réð úrslitum á sínum tíma. Það er hins vegar kannske ekki skrýtið að hæstv. fjmrh. skuli reyna að klóra yfir þetta, eins og hann hefur komið fram hér á undanförnum árum. En hitt verð ég að segja, að ég varð undrandi á ræðu hæstv. forsrh. hér áðan. Ég trúi því ekki að hann hafi í rauninni sagt hlutina nákvæmlega eins og hann telur að þeir hafi verið.

Vegna ummæla hans verð ég að fara nokkrum orðum um útgáfu brbl. ríkisstj. Gunnars Thoroddsens 22. ágúst í fyrra. Þau brbl. voru gefin út í þeirri góðu trú, af okkur eða a. m. k. af mér, að fyrir þeim væri meiri hluti í þinginu. Þáv. forsrh., dómsmrh. og landbrh. höfðu átt ítarlega fundi með þáv. og núv. hv. þm. Eggerti Haukdal um efni þessara laga og það kom ekkert fram á ríkisstjórnarfundum um þetta mál, sem benti til þess að þessi hv. þm. myndi snúast gegn setningu brbl., þannig að þeir sem stóðu að setningu laganna hlutu að vera í þeirri góðu trú að lögin hefðu meiri hl. í þinginu.

Daginn eftir að brbl. voru gefin út tilkynnti hins vegar þessi nefndi hv. þm., Eggert Haukdal, í Morgunblaðinu að hann væri andvígur lögunum, m. a. með skírskotun til þess, að ríkisstj. hafði staðið að því að ganga frá einhverjum efnhagssamvinnusamningi við Sovétstjórnina. Og hann sagðist vera snúinn frá þessari ríkisstj. Þar með var staðan sú, að allt benti til þess að ríkisstj. yrði í vanda með að koma lögunum í gegnum Nd. Alþingis. Einn af þm. Sjálfstfl. var þá spurður í blöðum, hver er þín afstaða? Og hann sagði: Ég mun láta hana koma fram þegar Alþingi kemur saman. Þessi maður, hæstv. núv. fjmrh., hafði sjálfur tekið ábyrgð á myndun ríkisstj. á sínum tíma, þannig að einnig eftir þessa yfirlýsingu hv. þm. Eggerts Haukdals var full ástæða til að ætla að mögulegt væri að koma þessum brbl. í gegnum þingið. Og hæstv. þáv. forsrh. gaf um það hverja yfirlýsinguna á fætur annarri, eftir að brbl. höfðu verið sett, m. a. í frægu viðtali sem tekið var við hann í Vestmannaeyjum, að hann væri þess fullviss að lögin héldu. Þess vegna var það ekki þannig að við teldum, og þá er ég a. m. k. að tala fyrir mig, að við værum á ystu nöf út frá þingræðislegu og lýðræðislegu sjónarmiði þegar þessi lög voru sett. Hins vegar var það skoðun mín, eftir að hv. þm. Eggert Haukdal og hæstv. núv. fjmrh. Albert Guðmundsson höfðu snúist gegn stjórninni eftir að þingið kom saman, að það ætti að leggja frv. um staðfestingu á brbl. fram strax. Og það var líka skoðun hæstv. núv. forsrh. En svo kemur hann hér núna og ræðst að Alþb. og mér fyrir það að við höfum í rauninni borið ábyrgð á því að frv. var ekki lagt fram fyrr en raun ber vitni um. Þetta er ekki heiðarleg gagnrýni því að þetta var ekki svona. Það veit hæstv. forsh. Hann veit nákvæmlega jafnvel og ég hvað olli því að frv. til l. um staðfestingu á þessum brbl. var ekki lagt fram. (**Gripið fram í:** Hvað var það?) Það var m. a. sú afstaða þáv. hæstv. forsrh. að það lægi ekki á að leggja þetta fram fyrr en síðar. Hann lét þá afstöðu koma fram hvað eftir annað. Það lá fyrir í fundarsamþykkt Alþb. og Framsfl. að við teldum að þetta frv. ætti að leggja fram strax. Hins vegar ræður ráðh. því hvar og hvenær hann leggur viðkomandi frv. fram. Ég veit að þetta eru hlutir sem er alveg óhjákvæmilegt að menn segi um sem svo: Þetta er ekki mál sem skiptir sköpum í augnablikinu. Þetta ræður ekki úrslitum um stjórnmálaþróunina í dag. Og það er alveg hárrétt. En ég segi við ykkur: Þegar menn eru að dylgja um það að ráðherrar hafi staðið að útgáfu brbl. svo að segja frammi á hengiflugi upp á von og óvon um það hvort þau stæðust reglur lýðræðis og þingræðis, þá verða menn að svara fyrir sig. Þetta vildi ég láta koma hér fram, hæstv. forseti.

Ég tel að það sé í rauninni margt fleira í umr. í dag sem þarfnast nánari athugunar og umr., einkum úr ræðu hæstv. fjmrh. Það verður gert síðar í umr. þegar tækifæri gefst til. En ég ætla aðeins að svara einni spurningu hæstv. fjmrh. og vona að svarinu verði skilað til hans. Hún var um það hver hefði kostað fundi Alþb., sem við höfum haldið víðs vegar um land núna að undanförnu, á Akranesi, í Reykjavík, á Húsavík, á Akureyri, í Stapa í Keflavík og víðar. Svarið er: Það er Alþb. sem hefur kostað þessa fundi. Ég spurði hins vegar að því og fékk ekki svör við því áðan frá hæstv. forsrh., hver kostar fundi forsrh., sem hann hefur haldið að undanförnu, og í umr. um bæklinginn, sem ríkisstj. er að gefa út máli sínu til stuðnings og styrktar, kom það fram að ríkisstj. telur það sjálfsagðan hlut að hún taki fé úr almannasjóðum til þess að kosta sinn áróður.

Það er nýlunda að ríkisstjórnir geri slíkt. Hins vegar geta menn velt því fyrir sér hvort þetta gildi þá yfirleitt um alla aðila hér á Alþingi. Ef ríkisstj. er staðráðin í því að eyða þessu fé, mundi hún þá fallast á það að stjórnarandstöðuflokkarnir gætu á sama hátt gengið í almannasjóði til þess að kosta sinn áróður ef þeir vildu? Um það veit ég ekki neitt. Það væri fróðlegt að vita hvort þessi regla um upplýsingaskyldu stjórnvalda gildi bara um þann áróður sem ríkisstj. þóknast að koma á framfæri — eða hvort það gildir líka um stjórnarandstöðuna, því að stjórnarandstaðan hefur lýðræðislegu hlutverki að gegna. Stjórnarandstaðan hefur lýðræðislegu hlutverki að gegna, eins og margoft hefur verið undirstrikað, en virðist hafa komið mönnum á óvart, einkum tíðindamönnum Morgunblaðsins, sem spyrja í almennum útvarpsþáttum og sjónvarpsþáttum um þess-

ar mundir: Þarf þing? Það er kannske að gefnu tilefni vegna þeirrar innrætingar sem viðkomandi hafi orðið fyrir.

Hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. ræddi hér um þinghaldið og taldi það ástæðulaust af stjórnarandstöðunni að gagnrýna vinnubrögð stjórnarflokkanna. Það er rangt hjá honum. Það er full ástæða til þess og alveg sérstaklega framkomu hæstv. forsrh. í sumar. Hins vegar er ljóst að hv. 9. landsk. þm. Ólafur G. Einarsson hefur beittt sér fyrir eðlilegum vinnubrögðum hér í þinginu allt frá því að kosningar fóru fram. Það get ég vottað og staðfest. En hann hefur oft mátt sín lítils andspænis ofríki hæstv. forsrh.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. þm. Reykv. vék að tveim atriðum sem ég vil minnast á. Í fyrsta lagi lét hann að því liggja að forseta hefði borið að víta hæstv. fjmrh. í þessum umr. fyrir tiltekin ummæli. Samkv. þingsköpum hefur forseti vald samkv. 60. gr. þingskapa til að víta ræðumenn. Það kann að sjálfsögðu oft að vera svo að það orki tvímælis hvort forseti á að nota þetta vald eða ekki. Mér þótti það ekki orka tvímælis að forseti léti ógert að víta ráðh. Það byggist á þeirri skoðun að það eigi að fara mjög varlega með þetta vald og það sé betra að það sé of lítið notað heldur en of mikið. Ég hygg að þessi niðurstaða sé í samræmi við venjur í þessu efni og styðst ég þar við Alþingistíðindi þegar ég segi það.

Hitt atriðið, sem hv. 3. þm. Reykv. vék að, var að hann fann að því að hæstv. fjmrh. hefði vikið af fundi í þessum umr. og ætlaðist til þess að forseti sæi um að slíkt henti ekki. Það hefur áður komið hér fram að hæstv. fjmrh. hafði störfum að gegna og þess vegna varð hann að víkja af fundi. Hins vegar er það eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði mjög hvimleitt og óviðurkvæmilegt að þm. fari af fundi þegar þeir hafa hafið þátttöku í umr. En þess er að gæta að það gildir nokkuð sérstakt þegar um er að ræða umr. utan dagskrár eins og hér eru í dag. Þá er það svo, bæði með ráðh. og aðra þm., að þeir vita ekki fyrirfram að þeir kynnu að þurfa að vera bundnir við þessar umr.

Ég vil svo af þessu gefna tilefni taka fram að ég mun snúa mér til allra þingflokkanna og óska þess að þeir leggi áherslu á það hver fyrir sig að þm. þeirra sæki sem best þingfundi og sitji sem best þingfundi.

Þetta hef ég sagt hér að gefnu tilefni.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég get sjálfsagt borið vitni um það hvernig forsetum hverju sinni helst á ráðherrum að sitja fyrir svörum í almennum umr., að ég tali nú ekki um óvæntum umr. utan dagskrár. Ég get borið vitni um þetta af alllangri reynslu sem fyrrv. forseti Nd. Það er vandalaust fyrir mig að rifja upp hvernig ég með öllum ráðum reyndi að halda aftur af þeim og hvernig menn notuðu sér rétt sinn að kallað yrði á ráðh. með því að standa hér tímum saman í ræðustól til lítillar skemmtunar fyrir okkur hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, skilvísan ritara minn á sinni tíð, þannig að mér er ekki nýtt fyrirbrigði þótt menn vilji nota sér það nú að þannig stóð á fyrir hæstv. fjmrh. að hann hafði fyrir margt löngu lofað að mæta á fundi norður í landi. Erindi eiga menn út á landsbyggðina, einnig mikill vinur hans, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson á stundum. Ég er ekki að segja, eins og sagt var um hæstv. fjmrh., að hann hafi hlaupið á dyr og þangað. Það má vera að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi verið rekinn á dyr og þangað vestur í Stykkishólm á sínum tíma, þegar stóð sérstaklega á um atkvæðagreiðslur á hinu háa Alþingi.

En því kemur mér það í hug varðandi hv. 7. þm. Reykv. Guðmund J. Guðmundsson, að hér var farið hörðum orðum um ádeilur hæstv. fjmrh. í garð verkalýðshreyfingarinnar og hneykslast á því, að hann hafi kennt hana við pólitískar tilhneigingar.

Árið 1977—1978 var verkalýðshreyfingunni eða hluta hennar misbeitt í pólitískum tilgangi með hastarlegum hætti, með ólöglegum aðgerðum, sem með þeim hætti var settur fótur fyrir að næðist sá árangur sem unnið hafði verið hörðum höndum að í efnahagsmálum. Menn uppskáru eins og þeir sáðu. Og í framhaldi af því tóku þeir við sem galdurinn höfðu seitt. Og þeir uppskáru eins og þeir sáðu, með þeim hætti að nú á vordögum stóðu menn frammi fyrir meiri vandamálum og ósköpum en menn höfðu áður haft kynni af. Því var það að ég var einn þeirra, sem álitu að Alþingi ætti að koma saman til þess sérstaklega að takast á við vandamálin, sem höfðu hrúgast upp fyrir aðgerðarleysi eða rangar aðgerðir þeirra manna sem setið höfðu að stjórnvöldum þá um langt árabil, og Alþb. var ein meginstoð þeirrar ríkisstj. En um þetta náðist ekki samkomulag eins og raun ber vitni um. Formaður þingflokks Sjálfstfl. minnti á ástæðurnar fyrir því að Alþingi var ekki skyldað að koma saman. Ef samþykkt hefði verið ályktunin, sem borin var fram hér á síðustu dögum Alþingis í fyrra, þá lá það alveg ljóst fyrir að Alþingi hefði komið saman. En þessi ályktun var versluð út úr afgreiðslu á hinu háa Alþingi af Alþb., eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson rakti hér skilvíslega.

Herra forseti. Ég hef litið þannig á að umr. utan dagskrár væri einnig bundin við ákveðið málefni. Ég kannast ekki við annað en að þm., sem óska að taka til máls utan dagskrár, verði að kynna það viðkomandi ráðh. þegar svo stendur á, sem oftast er, að menn eiga erindi við ráðh. þegar þeir biðja um orðið og taka til máls utan dagskrár. Ég kannast ekki við annað en að menn verði — og geri það að jafnaði — að kynna dagskrárefnið. Hér hafa verið kynnt dagskrárefni eftir því sem ég best veit. Það var dagskrárefni um samkomudag Alþingis, umræða um af hvaða ástæðum Alþingi var ekki kvatt saman, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur stjórnarandstöðunnar, á vori miðju eða sumri. Að öðru jöfnu eigi hins vegar ekki að hefja almennan eldhúsdag um stjórnmálaviðhorfið þótt gefið sé færi á að ræða einstaka þætti utan dagskrár — sem sjálfsagt er og ég fylgi ákaflega fast eftir að mönnum sé gefinn kostur á því sem oftast, því málfrelsið er það sem við viljum hafa í heiðri. En úr því hæstv. forseti vor hefur ekki litið þannig á í þetta skipti, og mönnum er mikið mál í upphafi þings, þá hef ég svo sem ekkert á móti því að notfæra mér að sviðið er vítt.

Ef ég vík fyrst að þessu langa hléi á störfum Alþingis þá er ýmislegt fróðlegt, sem ég hef hvergi séð koma fram, ef maður athugar fortíðina og ekkert langt aftur í tímann. Ég endurtek þó að ég var þeirrar skoðunar og er enn að það hefði átt að kalla Alþingi saman á vordögum, ný ríkisstj. hefði átt að kynna málefni sín og stefnu og gefa stjórnarandstöðunni færi á því að koma sínum sjónarmiðum að. Og ég er staðráðinn í því að

fylgja miklu fastar fram vilja Alþingis en ég hef orðið að þola af hálfu framkvæmdavaldsins á undanförnum árum frá því ég kom á þetta háa Alþingi. Ég er staðráðinn í því að fylgja því miklu fastar fram. Við höfum orðið þess vör lengi að það hafa miklir misbrestir orðið á því og það er ekki að fylgja fram þingræði sem vera ber. Ég gæti enda nefnt ýmis dæmi um það, ekki síst í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., og er þó margt óviðfelldið að ræða nánar af hennar athöfnum af auðskildum ástæðum, einnig fyrir mig.

Það er kannske of langt aftur í tímann farið að nefna þing 1947—1948, en því lauk og var slitið 24. mars það ár og kemur ekki saman fyrr en 11. okt. um haustið. Nú eru menn að tala um 210 daga og miða þá við þingrofsdag, en varla telja menn í alvöru að hægt hefði verið að kalla saman þing fyrr en eins og viku eftir að kosningar fóru fram. Við hljótum því að miða við 30. apríl eða 1. maí þegar verið er að tala um hið langa þinghlé. En förum skemmra. Hér koma afar athyglisverðar upplýsingar t. a. m. fyrir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og fyrir arftaka Einars Olgeirssonar. Það er þingið 1955—1956. Því er nefnilega slitið 28. mars og það kemur ekki saman fyrr en 10. okt. Hvernig stóð nú á þessu? Þegar þetta skeður hafði hvorki meira né minna en Hræðslubandalag verið sett á stofn. Ef ég man rétt, sem ég man, þá hafði verið mynduð ríkisstjórn eftir kosningar þetta ár, en það er ekkert Alþingi kallað saman. Það var ekki að störfum frá því í endaðan mars og fram til 10. okt. Þarna voru feiknalegir lýðræðissinnar á ferðinni, ég nefni sem dæmi Hannibal Valdimarsson og Einar Olgeirsson, þingræðissinnar fram úr öllu hófi, sem maður skyldi halda að hefðu séð fyrir því að lýðræðinu og þingræðinu væri fylgt eftir sem vera ber. Og forsrh. hét þá Hermann Jónasson.

Tökum fleiri dæmi. Þinginu 1960—1961 er slitið 29. mars og það kemur saman 10. okt., þinginu 1963 er slitið 20. apríl og það kemur saman 10. okt., þinginu 1967 er slitið 19. apríl og það kemur saman 10. okt. Árið 1971 er þinginu slitið 7. apríl, og enn eru þar áreiðanlega athyglisverðir atburðir, því er slitið 7. apríl og það kemur saman 11. okt. Og ef ég man rétt þá mun það hafa verið á þessu örlagaári sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var mynduð. **(Gripið fram í:** 14. júní.) 14. júní, já. Hún hafði að vísu ekki alvarleg viðfangsefni við að fást, eins og sú sem tók við nú, það var öðru nær. Þá voru ástæðurnar í þjóðfélaginu ekki með þeim hætti sem við höfum horft upp á og kynnst nú að undanförnu. Þá var tekið við góðu búi, sest í eitt besta bú sem nokkur ríkisstj. hefur sest í. En allt að einu, þingræðið verður að hafa sinn gang og menn eiga að fá tækifæri til þess, þm. og stjórnarandstaða, að koma sínum skoðunum að. Það hefði kannske verið betra að stjórnarandstaðan hefði komið þeim skoðunum sínum að að ekki væri haldið slíkt uppboðsþing sem þá var gert af þáv. ríkisstj. 1971 sem ásamt síðustu hæstv. ríkisstj. ber höfuðábyrgðina á því ófremdarástandi sem við höfum búið við í efnahagsmálum þegar menn tilkynntu um stórkostlega kaupmáttaraukningu, þegar öllu var sleppt lausu. Og við höfum ekki bitið úr nálinni enn þann dag í dag, þótt menn hafi að vísu haldið þeim mun verr á málum sem lengra hefur liðið frá. Ég get nefnt enn eitt dæmi. Árið 1973 er þingi slitið 18. apríl og það kemur saman 10. okt. Ég minnist þess ekki, a. m. k. í minni tíð, að svo háværar umr. hafi farið fram um langt þinghlé fyrr en nú. Og ég get nefnt, án þess að það skipti höfuðmáli, að 1977 og 1978 er þingi slitið í byrjun maí og ekki kallað saman fyrr en á reglulegum samkomudegi. En eins og ég segi, auðvitað voru ástæður okkar með alvarlegasta móti og alvarlegri tvímælalaust en nokkru sinni áður, og fyrir því var ég þeirrar skoðunar að þing skyldi kallað saman.

En hvaða orð hafði hv. 3. þm. Reykv. um kröfur fyrrv. stjórnarandstöðu um að þing yrði kallað saman í ársbyrjun 1981 og í ágúst 1982? Vilja menn fletta upp í Þjóðviljanum eða í þingtíðindum um það orðalag árið 1980? Allan desembermánuð stóðu menn hér uppi málþola og spurðust fyrir um hvaða ráðstafanir ríkisstj. þáv. ætlaði að gera í hinum bráðháskalegu efnahagsmálum sem blöstu við öllum mönnum. Hinn 20. og 21. des. stóðu menn hér á öskrunum og kröfðust svara. Hvernig var þingræði fylgt eftir þá? Engin svör gáfust. Stjórnarandstaðan bauðst til þess að sitja milli jóla og nýárs, stjórnarandstaðan bauðst til að koma til þings 2. jan. Hvernig var við því vikist af hálfu þáv. ríkisstj., þingræðisstjórnarinnar frægu? Hvaða orð hafði hv. 3. þm. Reykv. um þetta? Fletti menn því upp. Eða kröfuna um að þing kæmi saman í ágúst 1982 þegar lá fyrir að ríkisstj. hafði misst þingmeirihluta sinn eða starfhæfan þingmeirihluta, það lá fyrir? Þær yfirlýsingar lágu fyrir frá tveimur af fyrrv. stuðningsmönnum ríkisstj. þáv. í Nd. Alþingis, bréf höfðu verið skrifuð og það kom einnig í ljós að hæstv. forsrh. var kunnugt um það þá. Og hann var meir en lítið hugsandi yfir setningu þeirra brbl. Allt þetta er fyrirsláttur — og yfirhylming þó — að segja það núna að mönnum hafi ekki verið kunnugt um þessar ástæður. Fullyrðingar af því sem að sú stjórn kom aldrei til dyra eins og hún var klædd, aldrei nokkru sinni í einu einasta máli, engu, aldrei, yfirhylmingar og hvít lýgi þegar best lét.

Orðin sem hv. 3. þm. Reykv. hafði um þetta var að stjórnarandstaðan væri í kaffi. Og allar þessar umr. og kröfur um samkomu Alþingis þá væru ómálefnalegar. Fletti menn þessu upp í þingtíðindum sem og í Þjóðviljanum, í kasti. En nú þegar hann er kominn í stjórnarandstöðu þá bregður heldur betur við, hann er ekki í kasti, heldur æðiskasti út af þessu. Já, auðvitað, ég vil vera þingræðissinni og ég hlusta grannt á þegar menn krefjast þess að þingræði sé í heiðri haft. Ég ætla þess vegna að vona að ég eigi aldrei eftir aftur að heyra hv. þm. Reykv. boða til Alþingis götunnar. Það er nefnilega ekkert mjög langt síðan ég heyrði það orðalag til hans.

Hér veittist hv. 3. þm. Reykv. harkalega að hæstv. fjmrh. fjarstöddum. Auðvitað gefast honum tækifæri til að ræða öll þau atriði sem fram komu í hans máli síðar, þannig að mér þótti nokkuð stungin tólg að manninum fjarstöddum. En hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason varpaði fram spurningu: Hvaða maður bar ábyrgð á því umfram alla aðra menn að Alþb. var í síðustu ríkisstj.? Auðvitað bar Alþb. sjálft fyrst og fremst ábyrgð á því að vera í ríkisstj., af því þetta er valdataflsflokkur, af því að það er Alþb. eðlislægt að komast yfir völd þó það sé með óheiðarlegum hætti. Ég er ekki að segja þar fyrir að einstaka maður hafi ekki greitt fyrir því að sú ríkisstj. komst á laggirnar. Það er svo annað mál sem þeir verða að vera til andsvara við. En ég mun ekki ræða frekar tildrög þeirrar óstjórnar og tilurð á sínum tíma.

Hér var vikið að kostnaði sem ríkisstj. hygðist stofna til og spurt á hvaða lið á fjárlögum sá kostnaður væri sem menn ætla að verja til útgáfu á upplýsingum um störf og stefnu núv. ríkisstj. Auðvitað verður gerð nákvæm grein fyrir hvernig fjármunum ríkisins er varið. Ef ástæða þykir til að greiða ferðalög eða kostnað vegna funda hæstv. forsrh. af opinberu fé þá verður það vitanlega upplýst. En það þarf að upplýsa miklu fleira. Það verður vafalaust spurt hvaða fjármálaliðum tilheyri stórar greiðslur, sem ég hef kynnst að hafi verið inntar af hendi úr ríkiskassanum, með hvaða heimildum og á hvaða fjárlagaliðum þær hafi verið á fjárlögum fyrir 1983. Það verður allt saman gert upp og allt saman upplýst. Áreiðanlega verður líka spurt um ýmsa fjárlagaliði í hæstv. félmrn., eigum við ekki að fá það allt fram? (Gripið fram í.) Upplýsa alla fjármálaliði og hvaða heimildir hafi verið og til hvers varið var, við skulum verða sammála um þetta. Það verður áreiðanlega gert af hálfu iðnrn. Það er fjarri því að ég sé með þessum orðum að víkja að því að neinn óheiðarlegur máti hafi verið á því, alls ekki, hvorki að víkja að því né dylgja um það. En við skulum fá þetta allt fram, vegna þess að hér er hv. 3. þm. Reykv. að tala um mál sem honum er vel kunnugt um, að ríkisstj. getur stofnað til kostnaðar án þess að fara með það fyrir hið háa Alþingi. Dettur einhverjum í hug að það sé óheiðarlegast af minni hálfu eða forvera míns að stofna til kostnaðar vegna samningagerðar við Alusuisse, eins og hann gerði og eins og ég hef orðið að gera? Auðvitað er þetta allt saman með eðlilegum hætti, en það var hv. 3. þm. Reykv. sem var að dylgja um þessa hluti, sem hann þekkir betur en ég, hvernig er háttað í ríkiskerfinu.

Það er fróðlegt að fylgjast með þessum fyrsta eldhúsdegi. Þeir eiga eftir að verða fleiri. Og víst er um það að menn munu væntanlega geta dregið ýmsa lærdóma af þeim. Færi þó betur að menn tækju fljótlega til þeirra ráða sem þeir eiga undir rifjum til að rétta við hag þessarar þjóðar, efnahag hennar, og að við fækkuðum orðum um formsatriði sem í raun og veru verður að telja megininntak þessara umræðna utan dagskrár. Og þá bíðum við eftir að rifjuð verði t. a. m. upp neyðarúrræði til fjögurra ára, sem Alþb. vildi grípa til, eftir að hafa setið í ríkisstj. uppstyttulítið frá 1978. Þá fáum við væntanlega ráðleggingar um það hvernig eigi að fara að halda í hemilinn á verðbólgunni, með því t. a. m. — eins og þeir stóðu að einum 14 sinnum — að krukka í kaupið. Eftir þessu bíðum við öllu saman. Ekki veitir núv. hæstv. ríkisstj. af góðum ráðum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Til þessarar umr. var stofnað til að ræða samskipti framkvæmdavalds og þings. Það var tilefnið. Menn geta haft sínar skoðanir á því hvort umræðan hafi þjónað einhverjum tilgangi. Eitt hefur þó verið upplýst og það er það, að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að ekki skuli að hans undirlagi hætt störfum stjórnarskrárnefndar. Hann hefur lýst því yfir að hann muni tilnefna fyrir sitt leyti nýjan formann þeirrar nefndar þannig að endurskoðun stjórnarskrárinnar verði haldið áfram. Það er alla vega nokkur árangur og ég fagna því út af fyrir sig vegna þess að þar er verki ólokið.

Annað atriði. Þegar gagnrýnt hefur verið, þrátt fyrir öll fordæmi allt aftur til ársins 1874, að ríkisstj. sniðgangi Alþingi og hafi gert það áður, að ríkisstj., jafnvel einn þingflokkur, beiti valdi sínu til þess að hindra Alþingi í því að koma saman og það leiðir síðan af sér að þingnefndir eru ólögmætar og taka jafnvel þá upp á því að taka sér þann valdastarfa að forsetar þings starfa áfram án umboðs, sem getur jafnvel leitt til hinna fráleitustu fordæma um að menn sem jafnvel sitja ekki á þingi starfi enn með einhverjum hætti í umboði þings, þá eru svörin öll á sömu lund. Þau eru að gluggað er í skræður og sagt er: Ja, það er nú hægt að finna fordæmi fyrir þessu. Það er hægt að finna ýmis dæmi fyrir þessu. Og það er einmitt kjarni málsins.

Hæstv. iðnrh. sagði að hann gæti nefnt mörg dæmi þess að vegið hefði verið með óhæfilegum hætti að þingræðinu, kannske ekki hvað síst í tíð síðustu ríkisstj., og ef þessi umr. er forsmekkur að því uppgjöri sem ólokið er milli annars vegar hinna fornu fóstbræðraflokka, tvíburaflokka Framsóknar- og verðbólguáratugarins, þ. e. Framsfl. og Alþb., þá eigum við vissulega væntanlega von á að heyra ýmislegt fróðlegt í vetur.

En fordæmin afsaka ekki neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut, allra síst þegar málum er á þann veg farið að á undanförnum árum hefur farið fram mikil umræða í stjórnarskrárnefnd og hér á Alþingi um veilur í þessu stjórnarkerfi og flokkar hafa jafnvel náð samkomulagi um tillögugerð í frv. að nýrri stjórnarskrá, sem hér hefur verið lagt fram, þar sem menn viðurkenna hreinskilnislega, fulltrúar allra flokka, að þessi fordæmi afsaki ekki neitt. Þau eru víti til að varast. Það liggja fyrir till. um að breyta þessu til bóta, m. a. á þann veg að Alþingi verði kvatt saman þegar kosningum er lokið. Mér þykir vænt um að þeir sjálfstæðismenn standa enn við þá skoðun sína þótt þeir verði að játa að þeir hafa orðið að beygja sig fyrir ofríki Framsfl. í því máli, eins og fram kom bæði í máli hæstv. iðnrh. og í máli formanns þingflokks sjálfstæðismanna, Ólafs G. Einarssonar.

Ég vil ekki hafa um þetta fleiri orð, en þarf þó að leiðrétta það sem fram kom í máli forsrh. Hann eignaði okkur Alþfl.-mönnum þá skoðun að við vildum að Alþingi sæti allt árið. Það er misskilningur. Við höfum lagt fram till. um að starfstími Alþingis verði samfelldur, þannig að þingnefndir, sem við teljum að séu mikilvægur þáttur í starfi þingsins, og þeirra hlut eigi að efla verulega, að þingnefndir t. d. starfi jafnvel þótt Alþingi ekki sitji. Samkv. þessari skoðun er það hægur vandinn fyrir meiri hl. Alþingis að samþykkja með sínu meirihlutavaldi þinghlé, en formlega verði þannig litið á að Alþingi starfi allt árið þó þingið sitji ekki á fundum lon og don allan ársins hring.

Fyrir mitt leyti vil ég líka leiðrétta það, því að mér var eignuð sú skoðun, að ég teldi það æskilega skipan að á Alþingi sitji eingöngu þeir menn sem stunda þann starfa allan ársins hring, atvinnustjórnmálamenn sem ekki hafi önnur störf með höndum úti í þjóðlífinu. Þarna var vitnað til ræðu Eysteins Jónssonar og andsvara Bjarna heitins Benediktssonar í því máli. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar. Ég hallast fremur að skoðun fyrrv. forsrh. Bjarna Benediktssonar í því máli. En það er engin þversögn í þessu. Þótt Alþingi hafi samkv. lögum sinn samfellda starfstíma og þingnefndir geti starfað allan tímann, þing eigi að kveðja saman t. d. eftir kosningar, þegar ríkisstj. er mynduð o. s. frv., þá þarf það ekki að sitja allan ársins hring. Guð forði oss reyndar frá því.

Að lokum aðeins eitt. Hv. formaður þingflokks

Sjálfstæðisflokksins vildi með einhverjum hætti ætla að ég hefði verið að veitast að formanni í mínum flokki þar sem ég gagnrýndi þá afleiðingu af þingleysi að það er verið að kalla saman nefndir sem ekki hafa formlegt umboð til starfa. Ég tel þetta ósmekklega athugasemd t. d. vegna þess að hann veit að formaður þingflokks Alþfl., eins og allir þingflokkar stjórnarandstöðunnar, krafðist þess ítrekað að þing kæmi saman. Ef þeir sem höfðu vald á því hefðu orðið við þeirri kröfu var hægt að endurkjósa embættismenn þingsins og kjósa í nefndir með eðlilegum hætti. Það var ekki formaður Alþfl. sem kom í veg fyrir það, þvert á móti. Formaður Alþfl. óskaði eftir því að Alþingi yrði kvatt saman og hægt yrði að koma þingnefndum á laggirnar með lögmætum hætti. Það er ekki mín skoðun og felst ekki í þessu máli að það sé verið að banna stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum að tala saman. Ekki er ég að amast við því þótt áhugamenn um flugstöð komi saman. En það er ekki utanrmn., eins og þessum vinnubrögðum hefur verið háttað, og formaður Alþfl. hefur væntanlega aldrei haldið því fram, enda sagði viðkomandi formaður þingflokks að þetta hefði verið starfshópur. Það kemur þessari umr. þá væntanlega ekkert við.

(**Forseti:** Hv. 3. þm. Reykv. hefur þegar talað tvisvar. Þess vegna gerir hann nú aðeins stutta athugasemd.)
(**SvH:** Eins og ég sagði.)

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það var nú svo með hæstv. iðnrh. að meðan hann var forseti í Nd. gætti hann þess jafnan að hafa almennar þingreglur í heiðri og stóð sig iðulega mjög vel í þeim efnum, eins og ég gat um áðan. Hins vegar hefur honum bersýnilega farið aftur í sumar og m. a. hefur hann gleymt þessari setningu í 36. gr. þingskapa Alþingis:

„Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvgr., um gæslu þingskapa og til þess að bera af sér sakir."

Ég hafði talað tvisvar áður en hæstv. ráðh. sté hér í stólinn og hann veittist mjög freklega að mér í orðum sínum áðan. Ég tel það ekki sæmilegt, en ég hef ekki leyfi til þess að svara því núna. Mér gefast vafalaust tækifæri til þess síðar.

Það sem liggur fyrir eftir þessa umr. hér í dag er ósköp einfaldlega það, að Framsfl. hefur ákveðið að þing mætti ekki koma saman og Sjálfstfl. hefur selt sína sannfæringu fyrir sex ráðherrastóla.

Efri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Afnám laga um álag á ferðagjaldeyri, frv. 23. mál (þskj. 23). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja hér fram frv. til l. um afnám laga nr. 81 frá 23. des. 1980, um álag á ferðagjaldeyri. Hér er um brbl. að ræða.

Hinn 29. júlí s. l. voru sett brbl. um afnám laga um skatt á ferðagjaldeyri. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á þeim, sbr. 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Upphaflega var skatturinn, sem var 10% álag á söluverð gjaldeyris, lagður á með 17. gr. brbl. nr. 96 frá 1978, sem síðan voru staðfest með lögum nr. 121 frá 1978 og var þeim ætlað að gilda í eitt ár. Gjaldið var síðan framlengt tímabundið með lögum nr. 100 frá 1979 til ársloka 1980 og með lögum nr. 81 frá 1980 var gjaldið gert að ótímabundnum tekjustofni ríkissjóðs.

Að mörgu leyti var þessi skattlagning hæpin á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga Íslands varðandi gjaldeyrismál. Með aðild sinni að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum skuldbundu Íslendingar sig til að taka ekki upp tvöfalda gengisskráningu. Veitti sjóðurinn þó tímabundna undanþágu fyrir þessari skattlagningu, en lagði jafnframt áherslu á að gjaldið yrði afnumið við fyrsta tækifæri.

Gjaldið var upphaflega réttlætt á þessum vettvangi sem tímabundin bráðabirgðaráðstöfun, en sú réttlæting varð að sjálfsögðu æ veikari því lengur sem skatturinn var í gildi auk þess sem gjaldið var formlega séð orðið ótímabundinn skattur. Auk þess skapaði gjaldið erfiðleika í framkvæmd og hættu á óeðlilegum gjaldeyrisviðskiptum, sem út af fyrir sig gáfu fullt tilefni til afnáms gjaldsins. Þarf ekki að fara mörgum orðum um þá augljósu hættu á svartamarkaðsbraski með erlendan gjaldeyri sem yfirverð á ferðamannagjaldeyri skapar. Þeir sem vegna starfsemi sinnar eða aðstöðu höfðu undir höndum erlendan gjaldeyri höfðu vegna gjaldsins möguleika á að selja þann gjaldeyri þeim sem hugðu á ferðalög til útlanda á hærra verði en fékkst fyrir gjaldeyrinn við lögskyld gjaldeyrisskil. Er ástæða til að ætla að þó nokkuð hafi verið um slík gjaldeyrisviðskipti vegna álagsins.

Þá skapaði gjaldið einnig mismunun milli þeirra sem höfðu tekjur í erlendum gjaldeyri, sem þeir gátu notað til að sinna viðskiptavinum sínum erlendis, og hinna sem ekki höfðu slíka aðstöðu. Loks var gjaldið erfitt í framkvæmd, þar eð það lagðist aðeins á gjaldeyri sem var seldur til að standa undir dvalarkostnaði erlendis en ekki á gjaldeyri vegna eiginlegs ferðakostnaðar. Var oft mjótt á munum milli þess hvað skyldi teljast til dvalarkostnaðar og hvað til ferðakostnaðar. Einnig sköpuðu undanþáguákvæði laganna um gjaldfrelsi vegna dvalarkostnaðar námsmanna og sjúklinga ýmis vandamál vegna takmarkatilvika.

Samkv. framansögðu er ljóst að álag á ferðagjaldeyri er mjög vafasamur skattur og því augljóst að full ástæða var til að afnema þessa gjaldheimtu.

Til upplýsinga vil ég geta um að tekjur af 10% álagi á ferðagjaldeyri voru 1981 37 millj. 307 þús., 1982 65 millj. 408 þús. og á fjárl. 1983 má gera ráð fyrir 75 millj. Innheimtar á árinu 1983 samkv. ágústyfirliti bókhalds voru 58 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Frv. það sem hér um ræðir er til staðfestingar brbl. Ég vil aðeins vekja athygli á því við þessa umr., að undir þessi brbl. rita handhafar forsetavalds, þ. e. forsrh., forseti Sþ. og forseti Hæstaréttar, en nú háttar svo til við útgáfu þessara brbl., að þar skrifar undir hæstv. landbrh., sem einnig var forseti Sþ. um það leyti. Ég vil vekja sérstaka athygli á þeirri gloppu, sem er í þessu kerfi okkar. Þetta hlýtur auðvitað að teljast gersamlega óviðunandi og ekki í samræmi við þá þingræðisreglu sem við viljum starfa eftir. Ég held að það sé mjög brýnt að við, sem eigum sæti á hinu háa Alþingi, gerum ráðstafanir til að svona tilvik komi ekki upp aftur. Það er til vansa fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar að svona tilvik skuli geta komið upp og á ekki að láta óátalið.

Það mætti segja sitt af hverju um það, hæstv. fjmrh., hvort niðurfelling þessa skatts er þess eðlis að til hefði þurft að koma útgáfa brbl. Hvers vegna mátti þetta ekki bíða og hljóta rétta og eðlilega umfjöllun á Alþingi? Ég held að þarna hafi menn, svo sem oft áður, teygt sig býsna langt í notkun brbl.-heimildar stjórnarskrár og fullkomlega hefði verið eðlilegt að afnám þessa skatts og frv. um það hefði verið látið bíða þar til Alþingi kom saman.

Nú er auðvitað líka umræðuefni að þessi skattur var ekki hugsaður til langs tíma. Hann var hugsaður tímabundið, og ég geri ráð fyrir að ýmsir þeirra sem stóðu að því að samþykkja þetta álag á ferðamannagjaldeyri á sínum tíma hafi ekki gert það með glöðu geði, en var ill nauðsyn eins og þá stóð á. Hins vegar er spurning hvort nú er nákvæmlega rétti tíminn til að afnema þetta gjald af ferðagjaldeyri. Ég held að svo hafi ekki verið. Ég held að þetta hafi verið rétt ákvörðun á röngum tíma. Ég held að að skaðlausu hefði mátt bíða með að fella þennan skatt niður þar til betur áraði í okkar þjóðarbúi og þar til betur áraði hjá ríkissjóði.

Það er svo líka umræðuefni, sem fara mætti um nokkrum orðum, að þegar lokið var fundi gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka í Washington birti Ríkisútvarpið viðtal við hæstv. viðskrh. — einhverra hluta vegna ekki hæstv. fjmrh., má vera að það hafi verið samkomulag þeirra í milli hvor kynnti þetta mál, — og þar var þjóðinni sagt að nú væru gjaldeyrisviðskipti á Íslandi frjáls. Þessi yfirlýsing hæstv. viðskrh. í fréttum Ríkisútvarpsins var auðvitað alröng vegna þess að gjaldeyrisviðskipti á Íslandi, eins og þau horfa við íslenskum almenningi, voru ekkert frjálsari eftir en áður. Það hafði nákvæmlega engin breyting orðið á reglum um ferðamannagjaldeyri. Það hafði engin breyting orðið á því sem sneri að almenningi varðandi gjaldeyrisviðskipti, þannig að yfirlýsing hæstv. viðskrh. í Ríkisútvarpinu um að nú væru gjaldeyrisviðskipti frjáls var ekki efnislega rétt og til þess eins fallin að blekkja þá sem á hlýddu — allavega að gefa mjög ranga mynd af því sem þarna hafði gerst. Það hafði engin breyting orðið gagnvart íslenskum almenningi önnur en sú, að þessi 10% voru felld niður.

Ég held sem sagt að þetta hafi verið rétt ákvörðun á röngum tíma, eins og nú árar í fjármálabúskap íslenska ríkisins og hjá ríkissjóði. Þess vegna hefði þetta að skaðlausu mátt bíða um sinn. Ég er sammála því að þennan skatt átti að fella niður, en ég held hins vegar að það hafi ekki verið rétti tíminn að gera það nákvæmlega núna og ég held í öðru lagi að það hafi verið ástæðulaust að gera það með brbl., heldur hefði Alþingi átt að fá að fjalla um þetta mál með eðlilegum hætti.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Það er aðeins vegna ummæla hv. 5. landsk. þm. um undirskrift handhafa forsetavalds undir þessi brbl. sem ég vildi gefa stutta skýringu. Ég er ekki að hafa á móti því að á Alþingi komi fram tillögur um breytingar á þeirri skipan sem þar er og þær verði samþykktar. Hins vegar býst ég við að öllum sé ljóst að það er ákvæði í stjórnarskránni um handhafa forsetavalds, og það ákvæði leggur þær skyldur á herðar þeim sem kosinn er forseti Sþ., að gegna þeirri skyldu sinni þangað til nýr forseti hefur verið kosinn. Og það mun hafa verið alloft, jafnvel þó að sá sem hefur verið forseti Sþ. hafi ekki verið í framboði til Alþingis eða ekki náð þar kjöri, að hann hefur gegnt starfinu þar til nýr hefur verið kosinn. Þarna er því um að ræða ótvíræða venju samkvæmt þessu ákvæði.

Það er líka ljóst að í stjórnarskrá eða þingsköpum er ekki neitt ákvæði um það að þm. missi sín réttindi þó að hann gegni störfum ráðh. Þar er því ekki heldur um brot að ræða á neinum lagaákvæðum.

Ég vildi láta þetta koma fram til að undirstrika það að þarna er aðeins um að ræða skyldur sem lagðar eru á herðar þeim sem kosinn er forseti Sþ. Ég er hins vegar ekki að andmæla því að fram komi tillögur um breytingar og að þær verði samþykktar ef hv. þm. sýnist að betur fari á því.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir undirtektir hans við ráðstöfun þá sem hér um ræðir. Hann telur ákvörðun um að fella niður gjaldeyrisskatt hafa verið rétta, en tekna á röngum tíma. Ég veit ekki hvort mér tekst að sannfæra virðulegan 5. landsk. þm. um að þessi ákvörðun hafi bæði verið rétt og tekin á réttum tíma líka.

Þannig stóð nú á að Ísland reyndist vera eina landið sem var með tvöfaldan gjaldeyri. Þær upplýsingar fékk ég þó seinna, við komu mína til Bandaríkjanna á fund Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nokkru fyrir fundinn í Bandaríkjunum komu hingað fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Samkvæmt venju ferðast þeir um heiminn og kynna sér efnahagsaðstæður hinna ýmsu þjóða sem eru í þessum samtökum. Þeir báru ótta í brjósti um það, að Ísland mundi ennþá einu sinni óska eftir framlengingu á þessum skatti, en hann hefði komið til umræðu á þeim fundi sem haldinn var í sjóðnum og bankanum í síðasta mánuði. Það var því mikilvægt fyrir okkur að fella þennan aukaskatt niður áður en til fundarins kæmi, enda var þeirri ákvörðun okkar mikið fagnað og tekið fram sérstaklega að nú væru allar þjóðir orðnar eins. Sem sagt, Ísland væri ekki lengur neitt sérfyrirbæri í Sameinuðu þjóðunum, heldur stæði við þær skuldbindingar sem það hefði tekið á sig samkv. lögum og reglum um þennan sjóð.

Ég vona að þetta nægi til að fullvissa hv. 5. landsk. þm. um það að umrædd ákvörðun hafi af þessari einni ástæðu verið tímabær og rétt tímasett. Það hefði ekki verið skemmtilegt fyrir fulltrúa Íslands að koma ennþá einu sinni á hnjánum til alþjóðasamtaka og biðja um einhverja sérstöðu. Við þurfum alltaf að vera eitthvað öðruvísi en allir aðrir. Í þessu tilfelli gilti allt í einu það sama um alla. Á þessum vettvangi urðum við eins og allir aðrir sem undirskrifað höfðu sama samninginn.

Þar fyrir utan leggjum við mikla áherslu á að ná hingað erlendum gestum til að geta stundað hér þjónustu við erlenda ferðamenn, eins og allar aðrar þjóðir gera, og hafa af þeim tekjur. Þegar erlendir ferðamenn komu í peningastofnanir hér og sáu skráð tvö gengi en fengu lága gengið við skipti á sínum ferðatékkum, ekki hið svokallaða ferðamannagengi, þá var erfitt fyrir íslenska bankamenn, sem leitað var upplýsinga hjá, að útskýra það að hér er sérstakt ferðamannagengi sem þeir fengu ekki aðgang að. Svo komu þeir aftur til peningastofnana, þegar þeir voru á heimleið, til að skipta sínum gjaldeyri og fengu þá ekki heldur þennan ferðamannagjaldeyri. Það var ýmislegt af þessu tagi sem þurfti að leiðrétta og gerði það að verkum, að þessi skattur var ranglátur allan tímann, þó svo að tekjulindin hafi verið nauðsynleg — eða einhver önnur tekjulind vegna þess að innanlandsástæður leyfa ekki miklar skattniðurfellingar.

Þessar skýringar vildi ég gefa, en að öðru leyti held ég að hæstv. dómsmrh. hafi svarað fyrir sig og ég vona að hæstv. viðskrh. svari því sem honum ber að svara. En ég vil upplýsa að okkar fyrirkomulag er nú þannig, hvort sem menn vilja eða vilja ekki, að það er viðskrh. sem er aðalfulltrúi Íslands á fundum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Vegna þess sem hér kom fram hjá hv. 5. landsk. þm. — ég hafði reyndar heyrt og lesið í blöðum um þá yfirlýsingu sem Seðlabanki Íslands, sem fer með viðskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, gaf út skömmu eftir ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans — og ummæla minna í útvarpi vildi ég gjarnan koma því á framfæri hér, að viðskipti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafa á undanförnum árum verið á undanþágureglum sem sjóðurinn hefur haft. Við vorum orðin eina ríkið í hinum vestræna heimi sem þurfti að nýta sér þessar undanþágureglur. Eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. var tekin um það ákvörðun að frá því skyldi horfið, sem þá þyddi m. a. niðurfellingu á sérstökum skatti á gjaldeyri og fjallar einmitt það frv. sem hér er til umr. um það. Til þess að sýna það sem að var stefnt var þetta m. a. gert, að fella niður þennan skatt með þeim brbl. sem leitað er nú staðfestingar Alþingis á.

Þegar því var lokið bar ég fram við Seðlabanka Íslands þá ósk að leitað yrði eftir því að við hyrfum frá þessari undanþágureglu. Og einmitt þegar við vorum staddir á ársfundinum staðfesti stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins það og gaf út yfirlýsingu, sem nánast var þýdd af Seðlabankanum og gefin út á íslensku, um frelsi í gjaldeyrisviðskiptum, eins og það er þar orðað. Hv. þm. taldi að um blekkingar hefði verið að ræða í því sem fram kom hjá mér í útvarpsviðtali. Hér var um að ræða viðtal en ekki einhverja sérstaka yfirlýsingu. Frétta-

maður spurði hvað hefði gerst á þessum fundi varðandi Ísland sérstaklega og gat ég að sjálfsögðu um þá yfirlýsingu sem þar hefði verið gefin út og hvað hún raunverulega þýddi og gat þess, að ég hefði fljótlega eftir að ég tók við störfum viðskrh. ákveðið að stefna að því að við hyrfum frá þeirri undanþágureglu sem við hefðum notið hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og nú væri það orðið.

Það, hvernig við skiptum íslenskum peningum á milli okkar þegna, er allt annað en frjáls gjaldeyrisviðskipti. Áttar hv. þm. sig ekki á því, að um leið og við hverfum frá þessum undanþágureglum er ekki tækifæri fyrir okkur að viðhalda slíkri skattheimtu sem hér er verið að ræða um? Það er heldur ekki hægt að skylda menn til innborgana og annars slíks, auk þess sem íslenska krónan verður að vera til yfirfærslu samkv. þeim reglum sem gilda varðandi viðskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Ég held að það hafi ekkert verið rangt sagt í þessu viðtali. Það má vel vera að hv. þm. hafi ekki fundist að í þessari yfirlýsingu væri nægjanlega mikið af einhverju sem hann vildi tala um frelsi í gjaldeyrismálum. En vissulega er það þýðingarmikið atriði fyrir okkur, eins og fram kom hér hjá hæstv. fjmrh. áðan, að við erum reiðubúnir að starfa eftir þeim reglum sem þær alþjóðastofnanir hafa sett sem við erum aðilar að, en þurfum ekki ævinlega að koma til þeirra eins og bónbjargamenn og fá að vera þar á undanþágureglum. Þess vegna var stefnt að þeirri breytingu sem ég hef hér vikið að. Ég vísa því algerlega á bug að í því sem ég sagði hafi verið rangt með farið.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að andmæla þeim orðum sem fram komu hér áðan hjá hæstv. fjmrh., þar sem hann var eiginlega að gefa í skyn að fyrirrennari okkar beggja, fyrrv. fjmrh. Tómas Árnason, hefði gerst brotlegur við alþjóðlegar reglur með því að beita sér fyrir því á sínum tíma að þetta gjald var á lagt. Auðvitað var það alls ekki. Auðvitað er það ekki rétt að Íslendingar séu eitthvert sérfyrirbæri í heimi alþjóðaviðskipta með því að hafa lagt á þetta gjald. Það er vitað að tugir þjóða, sem eru aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hafa fengið ýmiss konar undanþágur í sambandi við skattlagningu og gjaldeyrisviðskipti og slíkar undanþágur hafa gjarnan tengst erfiðleikum sem verið hafa í þjóðarbúskap viðkomandi ríkja. Og satt best að segja hefur samþykki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við slíkum undanþágum verið ákaflega auðsótt. Það hefur ekki verið neitt mál, sem heitið getur, af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að veita slíkar undanþágur. Þetta þekki ég allra manna best vegna þess að ég ræddi við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins haustið 1982 þegar spurningin var hvort ekki mætti halda þessu gjaldi árið 1983. Þeir sögðu að það væri alveg sjálfsagt mál, sáu ekki neitt athugavert við það. Ef þess væri óskað að framlengja gjaldið um eitt ár í viðbót, þá væri það sjálfsagður hlutur og yrði þá að freista þess að taka málið upp á síðara stigi, t. d. þegar fyrirhuguð endurskoðun tollskrár færi fram og innflutningsgjöld yrðu tekin til uppstokkunar og endurskoðunar, því að þeim datt auðvitað ekki annað í hug en að sá fjmrh. sem yrði í starfi þegar gjaldið yrði lagt niður mundi gera ráðstafanir til að tryggja einhverjar aðrar tekjur í staðinn. Að menn mundu bara spila þessu út alveg fríhendis án þess að fá nokkuð á móti, það datt þeim að sjálfsögðu ekki í hug. Þeir töldu því eðlilegt og fullkomlega skiljanlegt að við værum ekki reiðubúnir að leggja niður þetta gjald fyrr en búið væri að fjalla um ný tollskrárlög og tryggja tekjur á móti.

Ég er ekki í neinum minnsta vafa um það, að ef minnst hefði verið á það við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að við þyrftum að framlengja þetta gjald eitt eða tvö ár í viðbót, þá hefði það verið auðsótt mál og ekki nokkur minnsta athugasemd við það gerð. Vissulega hafa þeir borið fram tilmæli um, eins og þeir gera gjarnan, að slíkar undanþágur séu afnumdar, en þeir eru ekkert óbilgjarnari gagnvart Íslendingum en öllum öðrum þjóðum sem hafa verið með einhverjar undanþágur af þessu tagi. Þær eru fjöldamargar og það er mesti misskilningur, sem hæstv. fjmrh. var að reyna að gefa í skyn hér áðan, að Íslendingar hefðu verið eitthvert sérfyrirbæri í heimi alþjóðaviðskipta vegna þessa gjalds. Vissulega er þetta undanþága, þetta er undantekning, en alls ekki einasta undantekningin sem sjóðurinn hefur orðið að samþykkja. Þær eru fjöldamargar, gagnvart fjöldamörgum þjóðum. Ég tel alveg víst að framlenging hefði fengist á þessu gjaldi, ef um það hefði verið sótt, á næsta ári. Að gjaldið væri allt í einu fellt niður á miðju fjárlagaári, það er auðvitað hlutur sem þeim datt aldrei í hug að gæti gerst, og að menn gerðu þá ekki neinar ráðstafanir til að aðrar tekjur kæmu í staðinn, það held ég að engan hafi grunað.

Auðvitað er það laukrétt, sem hér kom fram áðan hjá hv. 5. landsk. þm. Eiði Guðnasyni, að það lá ekkert á að fella niður þetta gjald. Síst af öllu lá á því þegar að kreppir í okkar þjóðarbúskap og þörf er á fjármunum til ýmissa hluta. Kannske sýnir þessi niðurfelling gjaldsins fyrst og fremst að núv. ríkisstj. hefur tekið við betra búi hvað ríkisfjármálin snertir en hún vill vera láta.

Það kom fram áðan í máli hæstv. fjmrh. að gjaldið hefði gefið tæpar 60 millj. kr. Ég man ekki nákvæmlega hvenær það var fellt niður, ætli það hafi ekki verið um miðjan júlímánuð eða um mánaðamótin júní—júlí. Það hefur því gefið um 60 millj. á fyrstu 5½—6 mánuðunum og má því heita víst að gjaldið hefði gefið um 80 millj. á síðari hluta ársins. Það fella menn niður eins og ekkert sé.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég vil bara bæta því við að þegar gjaldið var lagt á á sínum tíma var það gert með skýrum rökum. Það var gert með þeim rökum að ferðamenn, sem ferðuðust um Ísland, yrðu að greiða söluskatt af allri þjónustu sem þeir fengju hér á Íslandi, m. a. ferðalögum, að vísu ekki af matvörum og með hliðsjón af þessu þótti það jafnræði milli þeirra sem ferðast til útlanda annars vegar og þeirra sem ferðast hér innanlands að þeir sem færu í skemmtiferðir utanlands greiddu 10% gjald. Vel má vera að það hefði ekki gengið til lengdar að vera með þessa undanþágu. Þó að ég hafi sagt hér að við hefðum vafalaust á þessum erfiðleikatímum getað fengið þetta framlengt um eitt eða tvö ár, þá má vel vera að við hefðum þurft að endurskipuleggja innheimtu þessa gjalds og haga álagningu þess með eitthvað öðrum hætti til þess að það samrýmdist fyllilega reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. En sanngjarnt er gjaldið að þessu leyti, að það stuðlar að því að íslenskur ferðamannaiðnaður sitji við sama borð og erlendur ferðamannaiðnað-

ur. Það er hins vegar alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. hefur stundum verið að benda á, að vissulega hafa einhverjir sloppið við að greiða þetta gjald vegna þess að þeir hafa farið utan á kostnað fyrirtækja sinna eða á kostnað ríkisins. En auðvitað verður ekki fyrir öll nes róið yfirleitt og ég held að hvað samkeppnisaðstöðu íslensks ferðamannaiðnaðar snertir hafi álagning þessa gjalds verið fullkomlega réttlætanleg.

En sem sagt, það virðist vera talsvert í kassanum, það var ekki talin þörf á að halda þessu gjaldi út árið og þar við situr.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Að gefnu tilefni vil ég aðeins rifja upp í örfáum orðum sögu þessa gjalds.

Á árinu 1979 hagaði svo til að það voru veruleg vandkvæði á því að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. Ég var þá fjmrh. og var mjög óánægður með hallarekstur-inn vegna þess að ég álít að það sé grundvallaratriði í þjóðarbúskap að halda jafnvægi í ríkisfjármálunum. T. d. í glímunni við verðbólguna er ég þeirrar skoðunar, að það sé í sjálfu sér ekki lausn að breyta verðbólgu-vanda í ríkisfjármálavanda, og er alveg sömu skoðunar nú og ég var þá. Ég beitti mér því í samráði við þáv. forsrh., hv. þm. Ólaf Jóhannesson, fyrir fjáröflun til ríkissjóðs, talsvert verulegri fjáröflun, sem var nú ekki vinsæl þá frekar en oft áður. Liður í þeirri fjáröflun var einmitt þetta gjald. Það var að sjálfsögðu sótt um heimild til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að leggja á gjaldið á sínum tíma og sú heimild var veitt til eins árs. Þannig varð gjaldið til með fullu samþykki sjóðsins.

Ég hef síðan verið þeirrar skoðunar að þetta ætti ekki að vera varanlegt gjald og er þess vegna samþykkur því að gjaldið verði nú afnumið. Það má auðvitað deila um hvort það ætti að gera á miðju ári eða um áramót, það er annað mál, en í prinsippinu er ég þeirrar skoðunar að rétt sé að fella gjaldið niður.

Um álagningu gjaldsins og brbl. má auðvitað deila. Það er ærið teygjanlegt hvað menn telja vera brýna nauðsyn samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar og eflaust fjöldamörg fordæmi fyrir svipuðum aðgerðum og þess-ari, þó að það geti vel verið að ekki sé ástæða til að beita brbl. um svona mál. — En ég vildi láta þetta koma fram um forsögu málsins og jafnframt svo hitt, að ég er sammála því og mun styðja að þetta gjald verði fellt niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. 22. mál (þskj. 22). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um þingsköp Alþingis, sem er flutt eftir að orðið hefur samkomulag með öllum flokkum á Alþingi um að fjölga í fjvn. í tíu. Með því móti geta allir þingflokkar á Alþingi átt fulltrúa í fjvn.

Þetta mál þarf að sjálfsögðu að fá skjótan framgang og geri ég ekki tillögu um n. þar sem hér er um samkomulagsmál að ræða.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég er ekki að segja að það sé óþinglegt með öllu að mál gangi ekki til n., en ég er þeirrar skoðunar samt, þótt lagafrv. séu einföld í sniðum, að undantekningarlaust eigi sú regla að vera að mál gangi til n. og legg þess vegna til að svo verði gert einnig í þessu falli.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það hefur komið fram till. um að málið gangi til n. og er sjálfsagt að verða við því úr því að svo er. En ég vil hins vegar taka það fram að svipað mál var hér til umr. fyrir nokkrum árum, ég man nú ekki hversu langt er síðan, og þá var sá háttur á hafður að málið var kynnt með þeim hætti sem hæstv. forsrh. gerði nú og þar með að málið gengi ekki til n. á þeirri forsendu að það væri almennt samkomulagsmál milli þingflokkanna. En úr því að fram kemur till. um n. er sjálfsagt að verða við því. En ég vil þá spyrja hæstv. iðnrh. upp á hvaða n. hann stingur, hvort það sé ekki allshn., hæstv. iðnrh.? (**Iðnrh.:** Já.)

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, PS, RH, StG, SvG, SvH, ÞP, ÞS, AS, FÞ, MF, GeirG, GHelg, HG, JS, KP, KJóh.

nei: ÓE, ÓÞÞ, StH, SJS, FrS, GGS, BD, JBH, MB, MÁM, IG.

EH, GeirH, GE, GA, KH, KSK greiddu ekki atkv.

6 þm. (SV, BÍG, GB, GJG, HÁ, PJ) fjarstaddir.

Forseti (Ingvar Gíslason): Er það þá ósk mín að allshn. komi saman og taki málið til meðferðar, en þess er jafnframt farið á leit að allshn. hraði þeim störfum eins og verða má. Vona ég að nægi að gefa kortérs fundarhlé á meðan allshn. starfar. — [Fundarhlé.]

Forseti (Ingvar Gíslason): Þessum fundi var frestað að forminu til áðan og er nú fram haldið. Fundi er slitið.

Neðri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 17. okt., að loknum 3. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. 22. mál (þskj. 22). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það hefur unnist mjög skammur tími fyrir allshn. að ganga frá sínum málum. Hún hefur komið saman til fundar og hér er tilkynning um að allshn. hafi kosið sér formann, Gunnar G. Schram, varaformann, Ólaf Þ. Þórðarson, og funda-skrifara, Guðrúnu Helgadóttur. Þá er mér kunnugt um að n. hefur tekið fyrir það dagskrármál sem hér er til

umr. og frsm. fyrir allshn. er hv. þm. Ólafur Þórðarson. Tekur hann nú til máls og gerir grein fyrir störfum allshn. í þessu máli. Hann hefur tjáð mér að ekki hafi unnist tími til að láta prenta né heldur útbýta áliti n., en ég vona að hv. þdm. hafi biðlund um þetta og mun ég þá gefa frsm. allshn. Nd. orðið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er farið fram á ansi mikinn vinnuhraða í þinginu og starfsmenn eru á fullu við að prenta nál. allshn. þar sem hún mælir með því að 22. mál Nd. á þskj. 22 verði samþykkt af deildinni. Nefndin varð sammála um þessa afgreiðslu, en fjarverandi var Pálmi Jónsson.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hv. frsm. hefur gert grein fyrir málinu. Eru fleiri sem vildu taka til máls? Svo virðist ekki vera og er þá umr. lokið og verður gengið til atkv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 17. okt., að loknum 4. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. 22. mál (þskj. 22). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. 30. mál (þskj. 30). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar nr. 71 frá 1971, með síðari breytingum, eða nánar tiltekið frv. til l. um breyt. á l. um fæðingarorlof.

Þetta litla frv. felur það eitt í sér að lagt er til að komið verði frekar til móts við foreldra fleirbura og fæðingarorlof lengt þegar um fleiri en tvö börn er að ræða. Það má ljóst vera að fleirburafæðingu fylgir verulegur kostnaðarauki fyrir fjölskyldu og að sjálfsögðu þeim mun meiri sem börnin eru fleiri. Reynslan hefur því sýnt að nauðsynlegt er að lengja fæðingarorlof nokkuð þegar börnin eru fleiri en tvö, líka vegna þess að því fleiri sem börnin eru því minni eru þau að jafnaði við fæðingu og þurfa gjarnan meiri umönnunar við.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta. Í núgildandi lögum er einungis ákvæði um að fæðingarorlof skuli lengjast um einn mánuð séu börnin fleiri en eitt. En hér er lagt til að það lengist um mánuð fyrir hvert barn sem fæðist umfram eitt. Kostnaðarauki fyrir ríkissjóð mun vera mjög lítill í þessum tilvikum, en lenging fæðingarorlofs í þessum tilvikum er vafalaust til hagsbóta fyrir þær fjölskyldur sem fá svo óvæntan viðauka við fjölskyldur sínar.

Ég vil leggja til, herra forseti, að þetta má fari til hv. heilbr.- og trn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessu frv., sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur mælt fyrir, spyrja að því hvaða áform hæstv. ríkisstj. hefur varðandi breytingar á lögum um almannatryggingar, sem snerta fæðingarorlof almennt.

Á síðasta þingi greindi núv. hæstv. félmrh. frá því, að hann hefði á því brennandi áhuga að bæta mjög úr í þessu efni og á kosningafundum í Vesturlandskjördæmi mun hann hafa greint frá því, að þeir sem helst stæðu fyrir í þessum málum væru þeir sem þá fóru með málaflokkinn, þáv. heilbrrh. og flokksfélagar hans.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Hefur hann flutt í ríkisstj. till. um að lagfæra reglur um fæðingarorlof, þannig að sérstaklega verði komið til móts við heimavinnandi húsmæður? Ef hann hefur ekki gert það, hverju sætir það þá?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég fullvissa hv. 3. þm. Reykv. og fyrrv. félmrh. um að núv. félmrh. mun áður en langt um líður vinna að því að þeirri sjálfsögðu leiðréttingu, sem þarf að gera á því máli sem hann minntist á, fæðingarorlofi, verði sinnt á yfirstandandi þingi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann hefur hér flutt, og lít svo á að hann muni fylgja þessu kappsmáli eftir í ríkisstj. Það vekur hins vegar athygli mína, miðað við áhuga hans á síðasta þingi, að hann skuli ekki þegar hafa komið málinu á framfæri í ríkisstj. En í tilefni af þessari fsp., sem ég hef hér lagt fyrir hæstv. ráðh., er greinilegt að hann ætlar að bregðast hart og skjótt við því sem ég hef spurt hann um.

Hins vegar greindi hann ekki frá því hvert væri viðhorf hæstv. heilbr.- og trmrh. í þessum málaflokki, en þetta mál heyrir undir hann eins og kunnugt er vegna þess að fæðingarorlofið er inni í lögum um almannatryggingar.

Vegna þess að ríkisstj. hefur engu að síður gefið hér fyrirheit um að flutt verði á þinginu frv. til l. um breyt. á lögum um fæðingarorlof, þar sem réttur heimavinnandi kvenna verði sérstaklega tekinn inn, geri ég ráð fyrir að tækifæri verði til frekari umr. síðar á þinginu og ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en tel að fsp. hafi skilað þegar nokkrum árangri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Efri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 17. okt., að loknum 3. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. 22. mál (þskj. 22). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á þingsköpum Alþingis. Samkomulag hefur orðið með öllum flokkum á Alþingi um að fjölga í fjvn. í tíu þannig að allir þingflokkar geti átt þar fulltrúa. Svipað var gert 1974.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg orð. Ég geri ekki tillögu um nefnd þar sem um samkomulagsmál er ræða, þannig var það einnig 1974, en tel þó rétt að láta þess getið, að við meðferð málsins í Nd. kom fram till. um allshn. þótt ég gerði hana ekki. En ég geri að till. minni að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 17. okt., að loknum 4. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. 22. mál (þskj. 22). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 17. okt., að loknum 5. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. 22. mál (þskj. 22). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 44).

Sameinað þing, 4. fundur.

Mánudaginn 17. okt., kl. 4 síðdegis.

Kosning fjárveitinganefndar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa og voru kosnir án atkvgr.:

1. Lárus Jónsson (A),
2. Geir Gunnarsson (B),
3. Guðmundur Bjarnason (A),
4. Árni Johnsen (A),
5. Karvel Pálmason (B),
6. Pálmi Jónsson (A),
7. Kristín S. Kvaran (B),
8. Þórarinn Sigurjónsson (A),
9. Friðjón Þórðarson (A),
10. Kristín Halldórsdóttir (B).

Sameinað þing, 5. fundur.

Þriðjudaginn 18. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Umræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða.

Röðin verður þessi í fyrri umferð: Forsrh., Sjálfstfl., Alþfl., SK, Alþb. og BJ. Í síðari umferð: Sjálfstfl., BJ, Alþfl., Framsfl., SK og Alþb.

Ræðumaður auk forsrh. verður af hálfu Framsfl. Halldór Ásgrímsson sjútvrh. í síðari umferð. Af hálfu Sjálfstfl. talar Geir Hallgrímsson utanrrh. í fyrri umferð og Ragnhildur Helgadóttir menntmrh. í þeirri síðari. Af hálfu Alþfl. tala Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn., og Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., í fyrri umferð og Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm., í þeirri síðari. Af hálfu SK tala Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., og Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm., í fyrri umferð og Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., í þeirri síðari. Af hálfu Alþb. tala Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., og Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., í fyrri umferð og Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., í þeirri síðari. Af hálfu BJ tala Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm., og Kristín S. Kvaran, 1. landsk. þm., í fyrri umferð og Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., í þeirri síðari.

Hefst nú umr. og tekur hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, til máls.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fyrri hluta þessa árs kom smám saman í ljós að ástand og horfur í efnahagsmálum var

enn lakara en ráð hafði verið fyrir gert í þjóðhagsspám í upphafi ársins. Afli á vetrarvertíð var afar tregur og verðbólga hafði færst mjög í aukana. Reyndist hún frá mars til maí á ársgrundvelli 131%. Erlendar skuldir höfðu einnig vaxið umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Við þessar aðstæður var mjög brýnt að ríkisstj. yrði mynduð hið fyrsta og róttækar aðgerðir ákveðnar til þess að koma í veg fyrir enn vaxandi verðbólgu, stöðvun atvinnuvega, atvinnuleysi og enn frekari skuldasöfnun erlendis.

Eftir endurteknar viðræður allra stjórnmálaflokka, sem fulltrúa eiga á Alþingi, var mynduð ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. 26. maí s. l. Sú ríkisstj. var ekki síst mynduð til þess að koma þjóðinni út úr þeim gífurlega efnahagsvanda sem við blasti.

Ríkisstj. hefur sett fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum eftirtalin markmið: Atvinnuöryggi, hjöðnun verðbólgu, *viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur* lönd og verndun kaupmáttar lægstu launa og lífskjara þeirra sem þyngst framfæri hafa. Aðgerðum í efnahagsmálum er ítarlega lýst í stefnuyfirlýsingu sem dreift hefur verið með ræðu þessari.

Fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum komu til framkvæmda með útgáfu fimm brbl. 27. maí s. l. Megininntak þeirra aðgerða er: Ákveðið var að verðbætur yrðu ekki greiddar á laun á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985. Hins vegar voru laun hækkuð um 8% 1. júní 1983, nema lágmarkstekjur samkv. kjarasamningum, sem hækkuðu um 10%, og öll laun um 4% 1. okt. s. l. Sömu hækkanir voru með lögum ákveðnar á launum bænda og á fiskverði svo og á bótum lífeyristrygginga. Frekari hækkun launa eða annarra greiðslna er óheimil á tímabilinu frá 25. maí 1983 til 31. jan. 1984. Með lögum er jafnframt aðeins leyfð óhjákvæmileg hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu til 31. jan. 1984.

Ákveðin var sérstök kostnaðarhlutdeild í útgerð, sem nemur 29% fiskverðs og kemur ekki til skipta, nema á fiskiskipum sem eru 240 brúttórúmlestir eða minni, þar sem 25% koma ekki til skipta. Lög um Olíusjóð fiskiskipa og olíugjald voru um leið felld úr gildi. Af útfluttum sjávarafurðum var tekinn 10% gengismunur og ráðstafað til útgerðar samkv. ákvörðun ríkisstj.

Ýmsar ráðstafanir voru jafnframt ákveðnar til verndar lífskjörum. Ákveðinn var sérstakur persónuafsláttur frá skatti, 1400 kr. fyrir hvern mann, og sérstakar barnabætur að upphæð 3000 kr. fyrir hvert barn sem er yngra en 7 ára. Uppbætur á lífeyri, tekjutrygging og heimilisuppbætur voru hækkaðar um 5% umfram hinar almennu launahækkanir. Mæðralaun voru tvöfölduð með einu barni og hækkuð um 30% með tveimur börnum og fleiri. 150 millj. kr. umfram fjárveitingar á fjárlögum var varið til jöfnunar og lækkunar á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Heimilað var að fresta greiðslum á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingarþátta og vaxta verðtryggðra húsnæðislána. Þessar aðgerðir til verndar lífskjörum voru þegar framkvæmdar.

Til þess að skapa atvinnuvegunum starfsgrundvöll og svigrúm til að halda gengi stöðugu, þannig að festa gæti skapast í efnahagslífinu, var gengi íslensku krónunnar jafnframt fellt um 14,6%.

Fyrstu aðgerðir ríkisstj. einkenndust þannig annars vegar af róttækum ráðstöfunum til þess að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir stöðvun atvinnuvega og atvinnuleysi og erlenda skuldasöfnun, en hins vegar af viðleitni til þess að draga úr áhrifum aðgerðanna á afkomu þeirra einstaklinga og heimila sem ætla má að síst þoli skerðingu kaupmáttar.

Áhrif þessara aðgerða hafa þegar orðið mikil. Eftir lok júlímánaðar hefur verðbólga farið ört hjaðnandi. Framfærsluvísitala, sem nú er reiknuð mánaðarlega, hækkaði um 3.8% á tímabilinu 1. ágúst til 1. okt., sem er nálægt 25% umreiknað til árshraða og bera má saman við 131 frá 1. febr. til 1. maí, einnig reiknað í árshraða, og 118% 1. maí til 1. ágúst. Sýnir þetta glöggt að mjög hefur dregið úr verðbólgu. Vísitala byggingarkostnaðar hefur nú þrjá mánuði í röð hækkað um 2—2.5% á mánuði, í júlí til september, eða um 30% miðað við heilt ár. Áætlað er að viðskiptahalli verði 2.5% í ár, en var 10% s. l. ár.

Hlutfall erlendra skulda Íslendinga af þjóðartekjum hefur aukist mikið á liðnu ári og á þessu ári. Þetta stafar m. a. af miklum viðskiptahalla 1982, meiri erlendri lántöku en gert var ráð fyrir á því ári og minnkandi þjóðarframleiðslu. Gengislækkun krónunnar og sérstök hækkun á gengi dollarans, en stærsti hluti erlendra skulda þjóðarinnar er skráður í dollurum, valda hér einnig miklu. Áætlað er að erlendar skuldir verði orðnar um 60% vergrar þjóðarframleiðslu í lok þessa árs, en voru um 48% í lok s. l. árs. Erlendar skuldir eru taldar verða 32 milljarðar kr. í árslok 1983 miðað við áætlað meðalgengi þess árs. Greiðslubyrðin, þ. e. hlutfall vaxta og afborgana af útflutningstekjum, er þó enn innan við 22% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar og lánstraust er enn viðunandi á erlendum lánamörkuðum. Afar mikilvægt er að erlendar skuldir í hlutfalli við þjóðartekjur aukist ekki frá því sem nú er.

Jafnskjótt og árangur efnahagsaðgerða fór að koma fram í mikilli hjöðnun verðbólgu voru vextir lækkaðir frá 1. sept. s. l. að telja, að meðaltali því sem næst um 7%. Hinn 21. okt. n. k. munu vextir lækka enn og þá sem næst um 3%. Lækkun afurðalánavaxta hefur ekki enn verið ákveðin. Lánskjaravísitala hækkaði 1. okt. s. l. um aðeins 1.4%. Ríkisstj. ákvað ennfremur, að höfðu samráði við forsvarsmenn útflutningsatvinnuveganna, að afurðalán vegna útflutnings verði að nýju bundin við gengi erlends gjaldeyris og með 9.5% vöxtum frá 21. sept. s. l. Með þessum vaxtalækkunum léttist mjög greiðslubyrði atvinnuvega og einstaklinga.

Við þessar nauðsynlegu aðgerðir gegn verðbólgu og erlendri skuldasöfnun hefur kaupmáttur tekna almennings óhjákvæmilega dregist saman. Þjóðhagsstofnun áætlar að kaupmáttur kauptaxta verði að meðaltali 18% lægri 1983 en 1982 og 22% lægri á síðasta fjórðungi þessa árs en á sama tíma í fyrra. Hins vegar er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi skerst minna, eða að meðaltali um tæplega 13% á mann frá meðaltali s. l. árs.

Í sambandi við skerðingu kaupmáttar er rétt að hafa eftirgreind atriði í huga:

1. Þjóðarframleiðsla á hvern mann verður 9—10% minni 1983 en 1981.

2. Viðskiptahalli hefur verið mjög mikill undanfarin ár, eða 10% af þjóðarframleiðslu 1982 og 5% 1981. Lífskjörin verða að miðast við það að jafnvægi náist á

þessu sviði.

3. Í hjöðnun verðbólgu felst veruleg kjarabót, ekki síst þar sem hún felur í sér öruggari atvinnu.

Hinn 1. okt. s. l. hækkuðu laun og fiskverð um 4%. Með samstilltum aðgerðum tókst jafnframt að halda hækkun búvöruverðs innan þeirra marka, nema hækkun á nýju kjöti, sem varð 14—15% vegna árshækkunar á kostnaði við slátrun. Staða atvinnuvega er almennt talin viðunandi, ef frá eru taldar nokkrar greinar innan sjávarútvegs, en þar er við sérstök vandamál að etja.

Ríkisstj. hefur ákveðið að gengi íslensku krónunnar verði fyrst um sinn haldið stöðugu. Gjaldskrár opinberra fyrirtækja verða óbreyttar a. m. k. fram til 31. jan. n. k. Með vísan til þess árangurs, sem þegar hefur náðst, má telja öruggt að verðbólga á síðasta fjórðungi þessa árs verði komin niður í eða niður fyrir 30% þegar verðbreytingar síðustu þriggja mánaða eru umreiknaðar til 12 mánaða.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983 var stefnt að jafnvægi í ríkisfjármálum. Óhjákvæmilegur samdráttur í innflutningi og veltu hefur hins vegar skert tekjur ríkissjóðs á sama tíma og útgjöld hafa aukist með verðbólgu. Útgjöld vegna þeirra mildandi aðgerða, sem ég hef lýst, námu um 450 millj. kr.

Horfur eru á því, að rekstrarhalli ríkissjóðs í árslok geti numið 800—900 millj. kr. og greiðsluhalli verði um 1000—1200 millj. kr. Þessi vandi verður ekki leystur á annan hátt en með lántöku.

Því miður virðist stefna í töluverða lánsfjárþörf ríkissjóðs á næsta ári. Þetta stafar m. a. af því sem þegar hefur verið rakið, en jafnframt hafa útgjöld ríkisins á undanförnum árum aukist verulega vegna nýrra verkefna, m. a. félagslegrar þjónustu. Stefnt verður að því að leysa þennan vanda með innlendri fjáröflun og verða reyndar ýmsar nýjar leiðir í því sambandi. M. a. er í undirbúningi ný útgáfa af gengistengdum skuldabréfum, sem verða boðin til sölu innanlands ásamt venjubundnum spariskírteinum. Auk þess verða gefin út sérstök skuldabréf, sem tengjast tilteknum verkefnum, eins og væntanlegt skuldabréfaútboð vegna húsnæðislána. Með þessum hætti og fleiri ráðstöfunum verður stuðlað að því, að þau markmið náist sem ríkisstj. hefur sett sér varðandi erlendar lántökur á næsta ári. Tilhögun innlendrar fjáröflunar verður skýrð nánar í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Í fjárlagafrv. er stefnt að því, að skattbyrði heimilanna af tekju- og eignarskatti verði að tiltölu ekki þyngri en á árinu 1983.

Vegna hinnar erfiðu stöðu ríkissjóðs og til þess að draga úr viðskiptahalla verður ekki hjá því komist, að umsvif hins opinbera dragist allmikið saman á árinu 1984. Þannig er ráðgert að draga úr opinberum framkvæmdum um 8—9%. Framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða eru ýmist alveg lögð niður eða þau takmörkuð. Byggingaráformum á ýmsum sviðum er slegið á frest og dregið úr byggingarhraða annars staðar. Verður ekki undan þessu vikist eigi ríkisstj. að geta staðið við loforð í húsnæðismálum, sem njóta forgangs.

Samneysluútgjöld á vegum ríkisins eru talin dragast saman um 3% árið 1984 miðað við áætlun 1983. Þannig er reynt að gæta ráðdeildar og aðhalds í ríkisrekstrinum.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 mun fljótlega verða lögð fyrir Alþingi. Í henni verður lögð rík áhersla á aukna innlenda fjáröflun og bætt jafnvægi á lánamarkaði innanlands, þannig að stöðva megi söfnun skulda erlendis. Síðustu áætlanir Seðlabankans benda til þess að erlend lántaka í ár verði um 5600 millj. kr. Til þess að skuldirnar aukist ekki sem hluti af þjóðarframleiðslu á næsta ári má erlend lántaka þá ekki verða yfir 4000 millj. kr., sé miðað við áætlað meðalgengi ársins í ár. Á áætluðu gengi 1984 verður samsvarandi upphæð 4500 millj. kr. Þar sem framboði fjármagns á innlendum lánamarkaði eru takmörk sett má af þessu ljóst vera að svigrúm ríkissjóðs, opinberra fyrirtækja og atvinnuveganna til lántöku verður mjög takmarkað.

Verðbólga undanfarandi ára hefur leikið atvinnuvegina grátt. Áætlanir hafa farið úr skorðum, rekstrarfé hefur skerst og greiðslubyrði vegna fjármagnskostnaðar verið gífurleg. Aflabrestur hefur haft mikil áhrif á þjóðarhag, en útgerðinni og sjómönnum hefur hann að sjálfsögðu orðið þyngstur í skauti. Áætlaður samdráttur afla árin 1982 og 1983 nemur um 16% frá árinu 1981.

Afkoma atvinnuveganna var orðin mjög ótrygg á s. l. vori og horfur í atvinnumálum því iskyggilegar. Ríkisstj. hefur atvinnuöryggi efst á stefnuskrá sinni. Því voru samhliða aðgerðum gegn verðbólgu gerðar ráðstafanir til að treysta rekstrargrundvöll atvinnuveganna eins og rakið hefur verið.

Um einstakar atvinnugreinar skal eftirfarandi tekið fram: Áhersla verður lögð á að ná hámarksafrakstri fiskistofna með hagkvæmum hætti. Í því skyni verða hafrannsóknir bættar með markvissri nýtingu þess fjár sem til þeirra er varið og með endurskoðun á rekstri hafrannsóknaskipa.

Stefnt verður að aukinni hagkvæmni við fiskveiðar. Fjárfesting verður takmörkuð, en aðgerðir til orkusparnaðar á fiskiskipum verða auknar. Sérstök áhersla verður lögð á gæði sjávarafurða á öllum sviðum veiða og vinnslu. Í nánu samráði við aðila atvinnugreinarinnar mun sjútvrn. áfram beita sér fyrir víðtækri kynningar- og fræðslustarfsemi um gæði sjávarafurða. Lög og reglur um Framleiðslueftirlit ríkisins verða endurskoðuð, m. a. með það í huga að ábyrgð framleiðenda og útflytjenda á framleiðslunni verði aukin. Verðlagning sjávarafurða fari eftir gæðum.

Erfitt árferði og markaðsaðstæður hafa haft slæm áhrif á afkomu í landbúnaði. Því var m. a. veitt aðstoð úr ríkissjóði vegna harðindanna á norðanverðu landinu s. l. vor.

Söluskattur af vélum og tækjum til landbúnaðar var felldur niður og nokkru af niðurgreiðslufé varið til lækkunar á áburðarverði til bænda í ár. Þessar aðgerðir leiddu jafnframt til þess, að búvöruverð til neytenda hækkaði minna en annars hefði orðið.

Aðlögun landbúnaðarframleiðslunnar að markaðsaðstæðum verður haldið áfram. Í því skyni verður leitast við að efla greinar eins og iðnaðarframleiðslu úr landbúnaðarafurðum, loðdýrarækt og fiskeldi, sem telja má víst að geti orðið mjög arðbærar og öflugar útflutningsgreinar. Slíkur rekstur getur orðið og á að verða til þess að styrkja byggð og auka atvinnutækifæri í dreifbýlinu en draga jafnframt úr framleiðslu þar sem markaðserfiðleikar eru.

Eftir aðgerðirnar í efnahagsmálum hefur fjárhagsafkoma iðnfyrirtækja farið batnandi. Í heild er gert ráð fyrir að iðnaðarframleiðsla standi sem næst í stað á þessu ári, en útflutningsframleiðsla iðnaðarvöru aukist

um 5%.

Þau opinberu framkvæmdaáform sem fyrir liggja á sviði iðnaðar verða endurskoðuð vandlega og gengið úr skugga um að um arðbærar framkvæmdir sé að ræða.

Til þess að tryggja sem best samræmi milli markaðar fyrir orku og virkjunarframkvæmda fer fram endurmat á öllum áætlunum um orkuöflun.

Framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði geta hafist á miðju ári 1984, ef Alþingi samþykkir. Framkvæmdir við byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki munu væntanlega hefjast í byrjun næsta árs.

Þótt búast megi við eftirspurnarsamdrætti í vissum greinum iðnaðar, einkum þeim er tengjast byggingariðnaði, er gert ráð fyrir nokkurri aukningu iðnaðarframleiðslu árið 1984 og sömuleiðis nokkurri aukningu útflutnings.

Tekist hefur, eins og kunnugt er, að ná samkomulagi við svissneska álfélagið um endurskoðun á aðalsamningi þess og íslenska ríkisins um álbræðsluna í Straumsvík. Til bráðabirgða hefur náðst samkomulag um hækkun raforkuverðs í $^{10}/_{1000}$ úr Bandaríkjadal eða 10 mills á kwst. Að því er stefnt að endurskoðun samningsins ljúki fyrir 1. apríl n. k., þannig að unnt verði að afgreiða á því Alþingi sem nú situr frv. til l. um breytingar á aðalsamningnum.

Eins og fram kemur í brbl. um verðlagsmál er aðeins heimiluð sú hækkun á vörum og þjónustu til 31. jan. n. k. sem nauðsynleg er til að standa undir óhjákvæmilegum kostnaðarhækkunum. Eftir það er gert ráð fyrir að draga úr opinberum afskiptum, þannig að neytendur og atvinnulífið njóti hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar þar sem samkeppni er næg. Jafnframt er að því stefnt að sveitarfélög ákveði sjálf gjaldskrá þjónustufyrirtækja sinna. Áfram verður þó fylgst með verðlagningu opinberra fyrirtækja, sem og annarra. Einnig verður verðkönnunum beitt í ríkara mæli og upplýsingastarfsemi Verðlagsstofnunar um verðlag aukin.

Haldið verður áfram að tryggja sem hagstæðasta markaði erlendis fyrir íslenskar framleiðsluvörur, m. a. með virkri þátttöku í samstarfi Evrópuþjóða um fríverslun og sérstökum samningum við þær markaðsþjóðir sem ekki eru aðilar að því samstarfi. Vegna þýðingar utanríkisviðskipta fyrir Ísland er áríðandi að alþjóðaviðskipti séu frjáls og staðið sé gegn hvers konar óeðlilegum hömlum og verndarráðstöfunum sem torvelda þau.

Ég mun nú víkja að málefnum annarra ráðuneyta en ráðuneyta atvinnuveganna.

Gert er ráð fyrir því, að vegaframkvæmdir á næsta ári verði u. þ. b. 2.2% þjóðarframleiðslu eða svipað og í ár. Þetta er heldur lægra en ráðgert er í langtímaáætlun um vegamál. Hins vegar er þess vænst, að með auknum útboðum við nýbyggingu vega reynist unnt að framkvæma að mestu þau verk sem langtímaáætlunin gerir ráð fyrir.

Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs og viðleitni til að takmarka lántökur erlendis hlýtur óhjákvæmilega að verða nokkur samdráttur á næsta ári í framkvæmdum á ýmsum sviðum samgöngumála.

Frá því að þessi ríkisstj. var mynduð hefur verið lagt kapp á að finna leiðir til lausnar á vandamálum húsbyggjenda. Gert er ráð fyrir því, að Byggingarsjóður verkamanna og Byggingarsjóður ríkisins fái á fjárl. árið 1984 og á lánsfjáráætlun samtals 16 hundruð milljónir kr. til útlána á næsta ári. Í ár er samsvarandi upphæð 718 millj. kr. Hér er því um að ræða nokkru meira en tvöföldun á framlagi hins opinbera til húsnæðismála. Með þessu hækka öll lán frá og með næstu áramótum um 50%. Verða lánin þá nálægt helmingur af verði vísitöluíbúðar.

Ýmsar aðrar aðgerðir til hagsbóta fyrir húsbyggjendur hafa einnig verið ákveðnar, eins og t. d. að flýta afgreiðslu lána og lengja þau. Hið sama gildir um þá sem kaupa eldri íbúðir.

Auk þess ákvað ríkisstj. að afla fjármagns til þess að aðstoða þá sem hafa verið að byggja undanfarin 2–3 ár. Verða lán til þeirra hækkuð um 50%. Er ráðgert að verja í þessu skyni 250 millj. kr. Þá hefur ríkisstj. samið við viðskiptabanka um sameiningu lána og lengingu í átta ár fyrir þessa sömu aðila, auk þeirrar frestunar á greiðslu vaxta og afborgana sem fyrr er getið.

Til þess að fylgjast sem best með atvinnuþróun hefur verið ákveðið að efla vinnumáladeild félmrn. Auk þess sem upplýsingasöfnun um skráð atvinnuleysi verður aukin og bætt er gert ráð fyrir því að stjórnvöld og aðrir, sem á slíku þurfa að halda, fái í tæka tíð vísbendingu um framboð og eftirspurn á vinnumarkaði.

Unnið verður að því að heilsugæsla samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu komist sem allra fyrst á um allt land. Vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í fjárveitingum verður þó sérstök áhersla lögð á að ljúka þeim framkvæmdum sem þegar hafa verið hafnar, en nýjum framkvæmdum frestað um hríð.

Áhersla verður lögð á að lög um málefni aldraðra, sem gildi tóku í ársbyrjun 1983, komi, eftir því sem tök eru á, til framkvæmda á næsta ári.

Í því skyni að auka aðhald í sjúkrahúsarekstri mun verða ítarlega kannað fyrir endanlega gerð fjárlaga ársins 1984 hvaða sjúkrahús verða tekin beint inn á fjárlög á næsta ári.

Leitað er leiða til þess að veita sömu þjónustu í heilbrigðiskerfinu með minni tilkostnaði. Á næstu mánuðum munu niðurstöður þessara athugana koma fram.

Í athugun er hvort draga megi úr útgjöldum ríkissjóðs vegna lífeyris- og sjúkratrygginga með skipulagsbreytingu á Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasamlögum landsins. Þetta tengist sérstaklega þeirri viðleitni að færa meginhluta sjúkrastofnana beint inn á fjárlög. Umsvif sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins minnka þá að sama skapi og fyrirkomulag sjúkrasamlaga þarf því að endurskoðast.

Með hliðsjón af mikilvægi fjölskyldunnar sem grunneiningar í þjóðfélaginu verður í skólastarfi lögð áhersla á að auka tengslin við fjölskyldulíf og á samheldni og samveru foreldra og barna. Einnig verður lögð áhersla á virkari tengsl skóla og atvinnulífs. Í því sambandi má nefna aukna fræðslu um tölvunotkun.

Áformuð er breytt og skýrari verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga í skólamálum, m. a. þannig að ýmis afmörkuð verkefni í fræðslumálum verði færð til sveitarfélaga. Jafnframt er unnið að frv. um skólakostnað.

Í menningarmálum vill ríkisstj. örva frjálsa og sjálfstæða listsköpun og annað menningarstarf og efla höfuðmenningarstofnanir þjóðarinnar.

Í fjölmiðlamálum verður unnið að auknu frjálsræði á sviði útvarps og sjónvarps.

Vegna hins þrönga fjárhags ríkissjóðs er í samstarfi

við skóla og aðrar menningarstofnanir stefnt að aðhaldi í rekstri og framkvæmdum, en þó þannig, að ekki skerði fræðslu- og menningarstarf eða rannsóknir sem eru nauðsynlegir þættir fyrir lífvænlega byggð í landinu.

Að dóms- og kirkjumálum verður unnið með hefðbundnum hætti.

Gert er ráð fyrir breytingu á lögum um dómvexti, þannig að ákvæðin verði skýlaus.

Áformað er að lögfesta skýrari reglur um skyldur, ábyrgð og vinnubrögð fasteignasala, enda eru hagsmunir almennings í viðskiptum á þessu sviði geysimiklir.

Breyting á umferðarlögum varðandi skráningu bifreiða er ráðgerð svo og endurskoðun á reglum um skoðun bifreiða til sparnaðar og hagræðis. Endurskoðun á umferðarlögunum er jafnframt í undirbúningi.

Unnið er að heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála, sem er orðin mjög tímabær, og tillagna er einnig að vænta um breyt. á lögum um meðferð einkamála í héraði.

Á sviði kirkjumála er gert ráð fyrir að endurflytja frv. til l. um kirkjusókn, safnaðarfundi o. fl.

*Í utanríkismálum leggur ríkisstj. höfuðáherslu á varð*veislu sjálfstæðis landsins og hvers kyns gæslu hagsmuna okkar gagnvart öðrum ríkjum. Hún vill m. a. taka þátt í að efla norræna samvinnu svo og starf Sameinuðu þjóðanna til eflingar friði, mannúð og mannréttindum.

Því miður er ástand alþjóðamála enn ótryggt. Það er skoðun ríkisstj., að öryggi og sjálfstæði Íslands verði best tryggt með aðild að Atlantshafsbandalaginu og samstarfi við Bandaríkin á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og viðbótarsamkomulags frá 1974. Jafnframt vill ríkisstj. leggja lið raunsærri viðleitni til gagnkvæmrar alhliða afvopnunar undir öruggu eftirliti. Brýnt er að árangur náist á því sviði í næstu framtíð.

Fullgildingu Íslands á hafréttarsáttmálanum verður hraðað og hvatt til þess að hann taki gildi sem fyrst. Í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj. og vilja Alþingis verður einnig áfram unnið að því að tryggja frekar hafsbotnsréttindi Íslands í suðri og á Reykjaneshrygg og sporna gegn laxveiðum í hafinu sem andstæðar eru hagsmunum okkar.

Jarðvegsframkvæmdir í sambandi við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli eru hafnar á grundvelli 10 millj. kr. lántökuheimildar Alþingis svo og samnings við Bandaríkin frá 5. júlí s. l. Stefnt er að því að framkvæmdir við 2. áfanga, sem er fokheld bygging, hefjist næsta vor, að fenginni lánsfjárheimild Alþingis.

Stjórn landsmála felst ekki eingöngu í því að beita þeim tækjum sem stjórnvöld ráða yfir á líðandi stundu, heldur einnig í því að bæta sjálft stjórn- og hagkerfið. Því ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir umtalsverðum breytingum á stjórnkerfinu.

Markmiðið er að einfalda opinbera stjórnsýslu, bæta hagstjórn og samræma ákvarðanir í opinberri fjárfestingu, draga úr ríkisumsvifum og efla eftirlit löggjafarvalds með framkvæmdavaldi.

Skipulag peninga- og lánastofnana er mikilvægur þáttur efnahagsmála. Brýnt er að tryggja aukna arðgjöf framkvæmdafjár.

Ríkisstj. hefur skipað nefndir til að vinna að athugun á tillögugerð um þessi málefni og er ráðgert að þegar á þessu þingi komi fram lagafrv. um sum þeirra.

Ég mun nú gera grein fyrir horfum 1984 og þeim markmiðum sem ríkisstj. telur rétt að setja sér fyrir næsta ár. Er jafnframt vísað til Þjóðhagsáætlunar, sem dreift hefur verið til þm.

Botnfiskafli er áætlaður sá sami á árinu 1984 og spáð er 1983 eða frá 300–320 þús. lestir af þorski og svipað af öðrum botnfiski. Gert er ráð fyrir því að loðnuafli geti orðið 400 þúsund lestir 1984. Þetta er vitaskuld spá sem háð er verulegri óvissu, því að fiskifræðingar hafa ekki enn getað aflað nauðsynlegra gagna. Þó er vitað að loðnustofninn er vaxandi.

Líklegt virðist að viðskiptakjör batni á þessu ári um 3.5%. Vegna erfiðleika á fiskmörkuðum er gert ráð fyrir því að viðskiptakjör batni ekki frekar á næsta ári. Nauðsynlegur samdráttur þjóðarútgjalda mun valda því, að þjóðarframleiðsla kann að dragast saman um 2–2.5%. Landsframleiðslan minnkar þó væntanlega minna eða um 1.5%. Flest bendir til þess, að þar með verði botni náð í þeim öldudal sem þjóðarbúið hefur verið í um tveggja ára skeið og grundvöllur myndist að nýju bataskeiði. Á þessum meginforsendum byggir ríkisstj. ákvörðun um markmið í efnahagsmálum á *næsta ári.* Þau eru þessi:

1. Ríkisstj. telur mikilvægt að verðbólga í lok næsta árs verði orðin sem næst því sem er í viðskiptalöndum okkar. Því hefur verið ákveðið sem markmið, að verðbólga í lok ársins 1984 verði undir 10% á ársgrundvelli.

2. Áhersla er jafnframt á það lögð að erlendar skuldir þjóðarinnar aukist ekki í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, en lækki fremur á þann mælikvarða.

3. Ríkisstj. mun áfram leggja áherslu á aðhald og sparnað í ríkisrekstri. Þess verður þó gætt að ekki verði skert sú félagslega þjónusta sem nauðsynleg er til þess að tryggja jöfnuð og öryggi þegnanna í landinu.

4. Í peningamálum verður jafnframt gætt aðhalds, en þó þannig, að ekki leiði til stöðvunar atvinnuvega og atvinnuleysis.

5. Vextir verða lækkaðir eins hratt og hjöðnun verðbólgu leyfir og ættu því miðað við ofangreint markmið að verða komnir niður undir 10% í lok næsta árs. Að því er stefnt að raunvextir verði jákvæðir og þannig verði stuðlað að auknum sparnaði.

Í fyrsta lið um efnahagsmál í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. segir:

„Festa verði sköpuð með raunhæfri gengisstefnu, sem ásamt aðhaldssamri fjármála- og peningastefnu myndi umgjörð ákvarðana í efnahagslífinu."

Í samræmi við þetta stefnir ríkisstj. að sem mestri festu í gengismálunum á næsta ári. Seðlabankinn mun því halda gengi krónunnar sem stöðugustu á næsta ári, innan markanna 5% til hvorrar áttar, eftir því sem nánar verður ákveðið. Slík gengisstefna er að sjálfsögðu háð ýmiss konar óvissu, sérstaklega vegna breytinga á gengi gjaldmiðla erlendis og annarra breytinga á ytri skilyrðum þjóðarbúsins. En frá viðnámi við innlendri verðbólgu verður ekki hvikað og verður sú stefna einnig studd með aðhaldi á öðrum sviðum hagstjórnar.

Ég vil nota tækifærið og vísa algjörlega á bug fullyrðingu þess efnis, að gengisfelling sé á næsta ári. Það er alrangt.

Innan þessa ramma, sem nú hefur verið lýst, er gert ráð fyrir að efnahagslíf landsins þróist, m. a. samningar vinnuveitenda og launþega um kaup og kjör. Ekki er þess að vænta að gengið verði fellt til þess að koma til

móts við óraunhæfa samninga eða samningum breytt með opinberum aðgerðum.

Í þessu sambandi er jafnframt nauðsynlegt að hafa í huga að svigrúm til þess að takast á við erfiðleika eða skakkaföll er mjög lítið vegna mikilla erlendra skulda. Það einstigi, sem fara verður út úr efnahagserfiðleikum þjóðarinnar, verður því að feta með varúð.

Miðað við þann góða árangur sem þegar hefur náðst í hjöðnun verðbólgu telur ríkisstj. ofangreind markmið raunhæf. Ef forsendur þjóðhagsáætlunar 1984 standast er hvorki nauðsynlegt né eðlilegt að skerða kaupmátt frekar en orðið er á síðustu mánuðum þessa árs. Nú er viðfangsefnið að leggja grundvöll að framförum. Launahlutföll hljóta hins vegar að ráðast í kjarasamningum. Ég vona að jöfnun kjara verði höfð að leiðarljósi í væntanlegum samningum.

Ríkisstj. mun áfram leggja áherslu á gott samráð við aðila vinnumarkaðarins um þróun efnahags- og þjóðmála. Samráðsfundir hafa verið haldnir í sumar og haust og m. a. hefur verið tekið upp það nýmæli að kveðja saman til fundar efnahagssérfræðinga allra aðila ásamt sérfræðingum ríkisstj. og Þjóðhagsstofnunar. Hefur sú nýbreytni mælst vel fyrir. Þessu mun fram haldið og áhersla á það lögð að aðilar vinnumarkaðarins geti fylgst náið með allri þróun mála.

Góðir Íslendingar. Við stöndum frammi fyrir miklum erfiðleikum og út úr þeim erfiðleikum verðum við að vinna okkur fyrst og fremst með aukinni framleiðslu og hagvexti, en án þess að til verðbólgu komi að nýju. Í því skyni mun ríkisstj. leggja áherslu á hagkvæma fjárfestingu og hagræðingu á öllum sviðum, bæði hins opinbera og atvinnuveganna. Ríkisstj. mun kappkosta að styðja nýjar og álitlegar framleiðslugreinar, bæði stórar og smáar.

Í þessu sambandi verður að sjálfsögðu fyrst og fremst byggt á framtaki einstaklinganna, sem við eðlilegar aðstæður í efnahagslífi eiga að geta gert öruggari áætlanir en verið hefur. Lögð verður áhersla á að virkja rannsókna- og þjónustustofnanir hins opinbera til þess að veita þá þjónustu sem þær mega í þessu skyni.

Þegar ríkisstj. tók við völdum blasti við stöðvun atvinnuvega og atvinnuleysi og reyndar var sjálft efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar í mikilli hættu vegna hraðvaxandi verðbólgu og erlendrar skuldasöfnunar. Með róttækum og samstilltum aðgerðum hefur tekist að bjarga þjóðinni frá þessum voða. Vegna mjög erfiðrar stöðu atvinnuveganna eftir verðbólgu undanfarinna ára hafa launþegar orðið að bera miklar byrðar af þessu átaki, enda má segja að þeir hafi ekki síst átt til nokkurs að vinna, atvinnuöryggis.

Mikill árangur hefur náðst. Verðbólga mun í lok ársins verða komin niður fyrir 30%, fjármagnskostnaður fer ört lækkandi, atvinnuvegirnir eru alltraustir og atvinna næg. Þannig hefur verið brotið í blað í íslensku efnahagslífi.

Með staðfestu og aðgæslu á næsta ári má tryggja þann mikla árangur, sem hefur náðst, og koma verðbólgunni niður undir það sem er í helstu viðskiptalöndum okkar. Til þess að það megi takast hefur ríkisstj. mótað nýja stefnu í efnahagsmálum með því að ákveða umgjörð sem aðilum vinnumarkaðarins og atvinnuvegunum og einstaklingunum er ætlað að starfa innan án íhlutunar ríkisvaldsins.

Því verður aldrei neitað, að fyrir þjóð sem svo mjög er háð óviðráðanlegum duttlungum náttúrunnar og þróun efnahagsmála í umheiminum sem við Íslendingar geta ætíð verið hættur á næsta leiti. Til þess að geta brugðist við slíku og tryggt lífskjörin er nauðsynlegt að efnahagslífið sé heilbrigt og markvisst að því unnið að auka framleiðsluna og hagvöxtinn. Þannig verða lífskjörin og mannlífið sjálft bætt, því að auður þessa lands og hugvit einstaklinganna er næsta óþrjótandi og ber ríkulegan ávöxt ef rétt skilyrði eru sköpuð.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á komandi vori munum við Íslendingar minnast þess, að 40 ár eru liðin frá því að lýðveldi var stofnað á Íslandi. Þá sögðu vitrir menn að lýðveldisstofnunin væri tilraun. Og enn eftir 40 ár er lýðveldi á Íslandi í raun og veru tilraun – tilraun fámennrar þjóðar til að lifa og starfa í eigin landi, sjá sjálfri sér farborða og hafa með höndum forsjá sinna mála. Ef þessi tilraun á að takast skiptir mestu máli að við Íslendingar styrkjum þær þrjár höfuðstoðir sem lýðveldið byggist á: efnahagslegt sjálfstæði, menningarlegt sjálfstæði og stjórnarfarslegt sjálfstæði.

Auðvitað værum við vanþakklát ef við gerðum okkur ekki grein fyrir því, að mikið hefur áunnist á þessum 40 árum, sem eru að líða. Ég held samt sem áður, að sjaldan höfum við verið jafnnálægt því og á s. l. vori að tefla þessum árangri í hættu og stefna efnahagslegu sjálfstæði okkar í voða. Í kosningabaráttunni á s. l. vori var mönnum að vísu ljóst að mikill vandi var okkur á höndum, en þó reyndust vandamálin enn geigvænlegri þegar að stjórnarmyndun kom eftir kosningar en menn höfðu jafnvel álitið í hita baráttunnar fyrir kosningar.

Sú vinstri stjórnarstefna sem ríkt hafði í nærfellt fimm ár hafði leitt til þess, að enginn afrakstur sást eftir eitt mesta góðæri sem við Íslendingar höfum notið, árin 1980 og 1981, og þegar ytri skilyrðin versnuðu á árinu 1982 og áfram á þessu ári fór í raun og veru flest úr böndum.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum sjálfum gætti samt sem áður ekki þess raunsæis sem nauðsynlegt var til þess að ráðast gegn erfiðleikunum og ráða við vandamálin.

Ljóst var að Alþb. hafði í raun gefist upp, vildi ekki viðurkenna staðreyndir og flúið vandamálin sem það hafði átt mestan þátt í að skapa. Alþfl. sýndi þó viðleitni, en skorti kjark þegar að úrslitastundu var komið vegna þess klofnings sem varð í liði hans eftir stofnun Bandalags jafnaðarmanna. Bandalagið og Kvennalistinn létu hvorki mikið til sín taka né höfðu frumkvæði, sem e. t. v. var ekki heldur von að gerðist eins og í pottinn var búið.

Eins og kunnugt er slitnaði tvívegis upp úr stjórnarmyndunarviðræðum Sjálfstfl. og Framsfl. Ágreiningurinn snerist ekki um hvort taka ætti kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi, heldur um hitt, hvort samningsrétturinn skyldi afnuminn um tíma eða ekki. Við sjálfstæðismenn töldum óhætt að samningsrétturinn yrði frjáls og að framkvæma bæri aðgerðir ríkisstj. í trausti þess að aðilar vinnumarkaðarins tækju fullt tillit til ríkjandi aðstæðna. Framsfl. taldi óhjákvæmilegt að lögbinda samninga um skeið og sú málamiðlun varð milli þessara flokka að lögbinding skyldi standa í sjö mánuði.

Nú virðast launþegasamtökin ætla að gera þetta að meginmáli gegn ríkisstj. Ég vil í þessu sambandi minna

á í fyrsta lagi, að verkalýðsfélög sögðu samningum ekki upp fyrr en frá og með 1. sept. svo hér er aðeins í raun um fimm mánaða tímabil að ræða. Nú eru rúmir þrír mánuðir eftir af því. Oft hafa kjarasamningar tekið lengri tíma og því tímabært að hefja þá. Í öðru lagi hafa verkalýðsfélög og vinnuveitendur fulla heimild til þess að semja um öll önnur atriði kjarasamninga en kaupgjaldsliðina.

Í umræðum um kjaramálin að undanförnu hefur heyrst sú röksemd, að skerðing samningsréttar hér í nokkra mánuði væri sambærileg við afnám mannréttinda í Póllandi. Ég vil ekki leggja nafn Guðs við hégóma, en Guð hjálpi því fólki sem þannig talar. Og hvílíkt skilningsleysi á högum og kjörum verkamanna í Póllandi, sem hafa verið rændir öllum mannréttindum. Þeir sem þannig tala ættu að bregða sér til Póllands og kynnast ástandinu þar af eigin raun.

Hvað vísitölubindingu launa snertir, sem óheimil er um tveggja ára skeið, hefur reynslan sýnt að hún hefur ekki orðið launþegum sá bjarghringur sem ætlast var til í upphafi, heldur til skaða þeim jafnt og þjóðinni í heild.

Ég held að það hafi verið Lúðvík Jósepsson sem sagði eitt sinn að það væri auðvitað ekkert vit í því að laun hækkuðu á Íslandi vegna þess að kaffiverð hefði hækkað á heimsmarkaði í kjölfar uppskerubrests í Brasilíu. Það sjá auðvitað allir hversu fáránlegt það er. Með sama hætti er auðvitað ekki hægt að hækka fiskverð hér heima nema fiskverð hækki á mörkuðum okkar erlendis eða aukin framleiðni verði í vinnslu. Ef við annars vegar hækkum laun hér innanlands vegna þess að innfluttar vörur hækka og hins vegar án þess að útflutningsvörur okkar hækki í verði eða aukin framleiðni eigi sér stað, þá erum við einungis að blekkja okkur. Afleiðingin verður gengislækkun og óstöðvandi verðbólga í landinu, en uppi standa slyppir og snauðir launþegar almennt og þá ekki síst hinir lægst launuðu.

Nú er sagt að aðgerðir ríkisstj. hafi leitt til þess að kjaraskerðing hafi verið mikil á þessu ári. Við skulum vissulega gera okkur grein fyrir því, að veruleg kjaraskerðing hefur átt sér stað. Menn nefna 13—18% kjaraskerðingu, allt eftir því hvort um rauntekjur eða kauptaxta er að ræða. En þá skulum við líka átta okkur á því, að þjóðartekjur á mann hafa lækkað um 11% frá árinu 1981. Það ár blés byrlega í öllum okkar þjóðarbúskap vegna hagkvæmra ytri aðstæðna, en samt sem áður eyddum við um efni fram svo að viðskiptahallinn nam 5% af þjóðarframleiðslu og þessi halli óx á s. l. ári upp í 10% af þjóðarframleiðslu.

Þegar svo var komið að erlendar skuldir, sem við höfðum hleypt okkur í, voru komnar upp í 60% af þjóðarframleiðslu og gerðu kröfu til þess að nær fjórða hver króna okkar færi í greiðslu afborgana og vaxta, — þegar svo var komið að verðbólgan í landinu var orðin 130%, — þegar svo var komið að húsbyggjendur voru að verða gjaldþrota — þegar svo var komið að stöðvun atvinnufyrirtækja víða um land var fyrirsjáanleg og atvinnuleysi blasti við fleiri heimilum á Íslandi en nokkur dæmi eru um, — þá varð eitthvað til bragðs að taka.

Nauðsynlegt var auðvitað að draga úr þjóðarútgjöldunum. Launakostnaður er einn stærsti þáttur þjóðarútgjaldanna. Úr þeim kostnaði varð því að draga. Þeir stjórnmálamenn eða stjórnmálaflokkar sem segja kjósendum sínum annað eru að skrökva að þeim vísvitandi og verðskulda ekki traust landsmanna.

Það er gjarnan sagt að í raun og veru hafi ekkert annað verið gert af hálfu þessarar ríkisstj. en að ráðast á launin. En þetta er ekki rétt. Ég minni á það, að samkv. framlögðu fjárlagafrv. er í fyrsta sinn í mörg ár ætlunin að draga úr samneyslu um 2—3%. Það getur að vísu orðið til þess, að við fáum ekki alveg þá sömu þjónustu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, og við helst viljum, en það er þó stefna og markmið núv. ríkisstj. að draga þannig úr útgjöldum að haldið sé uppi nauðsynlegri þjónustu og tryggingu gagnvart þeim sem minna mega sín í lífinu.

Ég minni einnig á það að draga skal úr fjárfestingu um 10—15% á þessu og næsta ári og þar á meðal og ekki síst úr opinberri fjárfestingu. Auðvitað vildum við að ýmsar nytsamar framkvæmdir sjái dagsins ljós. Auðvitað er það ákveðið hættuspil að draga úr fjárfestingu atvinnuveganna vegna þess að fjárfesting í atvinnurekstri á vissulega að skila arði og vera undirstaða þess að unnt sé að greiða hærra kaup og bæta lífskjörin. En það er ekki unnt að borga þá peninga sem ekki eru til. Og við getum hvorki né viljum auka enn erlenda skuldabyrði. Við gerum okkur sömuleiðis grein fyrir að fjárfesting bæði af opinberri hálfu og atvinnuvega og atvinnufyrirtækja hefur ekki verið byggð á þeirri forsjálni sem nauðsynleg er. Skýringin er fyrst og fremst óðaverðbólgan, sú staðreynd að okkur Íslendinga hefur skort viðmiðun og mælikvarða á hvað er hagkvæmt í framkvæmdum og fjárfestingu. Þess vegna hefur fjárfestingin ekki verið svo arðbær sem skyldi og oft og tíðum orðið til þess að skerða lífskjörin í stað þess að bæta þau. Þess vegna skiptir líka öllu máli að þessu leyti að sigrast á verðbólgunni.

Samræmdar aðgerðir í ríkisfjármálunum og peningamálunum eru nauðsynlegar, ef það á að takast.

Þannig hefur verið unnt að lækka vexti verulega nú tvívegis í kjölfar lækkaðrar verðbólgu. Lánstími húsnæðislána hefur verið lengdur og lán hækkuð um 50%, sem er áfangi á þeirri leið að lánuð verði allt að 80% af byggingarkostnaði til þeirra sem byggja sína fyrstu íbúð.

Dregið hefur verið úr tekjusköttum einstaklinga, með hækkun persónuafsláttar og barnabóta, sem er áfangi á þeirri leið að fella niður tekjuskatt á almennum launatekjum.

Felldur hefur verið niður skattur á ferðamannagjaldeyri. Fleira mætti nefna, ef tíminn leyfði.

Marghátt aðar ráðstafanir hafa þannig verið gerðar af stjórnvöldum aðrar en í launamálum, en kjarni málsins er sá, að ekkert skerðir lífskjörin meira en verðbólgan sjálf. Sú röksemd var einu sinni höfð uppi af hálfu Alþýðusambands Íslands — fyrir nokkrum misserum — að lækkun verðbólgu úr 80% í 60% jafngilti 4% kjarabót vegna þess að verðbætur á laun kæmu ávallt seinna en verðhækkanirnar. Ef við beitum álíka röksemdafærslu við núverandi aðstæður, þegar verðbólgan hefur á skömmum tíma minnkað úr 130% í 30%, jafngildir það 20% kjarabót. En þetta var röksemdafærsla annarra, ekki nauðsynlega mín.

Sumir tala um að ríkisstj. hafi farið of geyst í sakirnar, ætlað að ná of miklum árangri á of skömmum tíma. Ég er algerlega ósammála þessari skoðun og tala þar af nokkurri reynslu.

Vorið 1978 hafði þáverandi ríkisstjórn tekist að ná verðbólgunni úr 60% í 26%, en þá var langlundargeð

fólks þrotið. Mönnum fannst þetta of lítill árangur á of löngum tíma.

Ég er sannfærður um það að launþegahreyfingin mun ekki ganga gegn núverandi ríkisstj. með krepptan hnefann, eins og hún gerði vorið 1978. Ef aðgerðirnar veturinn og vorið 1978 hefðu fengið að sýna sig í verki hefðum við ekki þurft að ganga í gegnum fimm ára vinstristjórnartímabil í kjölfar þeirra.

Ég bið ykkur að hugleiða hvernig staðan væri í dag ef aðgerðirnar 1978 hefðu náð fram að ganga. Þeir sem hugleiða það munu að mínum dómi ekki taka þátt í neinum aðgerðum nú til þess að hrinda þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir.

Allir stjórnmálaflokkar hafa á orði í umr. sem þessum að þeir vilji bæta hag hinna lægst launuðu. Ég er sammála því að það á að bæta hag hinna lægst launuðu, en ég leyfi mér að segja að engin röksemd í kjaramálum hefur verið jafnmikið misnotuð og einmitt þessi. Sannleikurinn er sá, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að þeir sem hærri launin hafa og hinir sem meðallaun vilja gjarnan skríða upp eftir bakinu á hinum lægst launuðu og bera þá fyrir sig til þess að ná fram betri kjörum fyrir sjálfa sig. Það hefur yfirleitt mistekist að bæta kjör hinna lægst launuðu umfram aðra vegna þess að hinir hafa aldrei sætt sig við það. Það þarf ekki annað en að vísa til viðbragða verkalýðsforustu Alþb. 1978 þessu til staðfestingar. Og staðreynd er að þeir sem hafa lægstu launin sýna oft meiri þolinmæði og skilning á nauðsyn þess að atvinnufyrirtækin fái tækifæri til að rétta við en hinir sem við betri kjör búa.

Raunar er það mín skoðun, að ákveðinn launamunur sé ekki af hinu illa, heldur hvati fyrir fólk til að leggja sig meira fram, og slíkur launamunur kemur hinum lægst launuðu til góða vegna þess að hann eykur verðmætasköpunina og bætir því lífskjörin í landinu. Ég held að hinir lægst launuðu hafi fengið nóg af lýðskrumi, þegar haft er stöðugt á orði nauðsyn þess að bæta kjör þeirra, en athafnir fylgja ekki orðum eins og verkalýðsforusta Alþb. gerir sig seka um.

Spurningin er nú sú, hvort við getum sýnt ofurlítið meira langlundargeð og þrautseigju og með því tryggt sigur yfir verðbólgunni. En skortir okkur kannske þessa þolinmæði og þessa þrautseigju? Það er ósköp auðvelt að krefjast 30—40% kauphækkunar í krónutölu, en hver er nokkru bættari? Það er í það minnsta rétt að við gerum okkur grein fyrir því, að áframhaldandi verðbólguþróun hefði stefnt öllu í voða og þess vegna er það algerlega út í loftið að vera að tala um kjararýrnun vegna þess að spurningin vaknar um leið í huga manns: Við hvað er þá miðað? Hvernig hefðu íslenskir launþegar staðið hefði ekkert verið gert? 130% verðbólga í vor án aðgerða stjórnvalda hefði leitt til mun hærri verðbólgu nú í haust svo að hjól atvinnulífsins hefðu örugglega stöðvast og atvinnuleysi, eymd og volæði haldið innreið sína meðal landsmanna.

Það eru þess vegna orð að sönnu þegar við sjálfstæðismenn segjum að við séum nú á réttri leið. Íslendingar eiga um það að velja hvort þeir vilja nú tryggja sigur yfir verðbólgu, tryggja það að traustur grundvöllur sé byggður undir atvinnuvegi landsmanna, sem síðan geti orðið til þess að unnt sé að bæta þjóðarhag og kjör heimilanna og atvinnufyrirtækjanna í landinu, eða hleypa 100—200% verðbólgu aftur af stað.

En við skulum líka gera þá kröfu til stjórnvalda og okkar sjálfra, að þeim aðgerðum sem beitt hefur verið í baráttunni gegn verðbólgu og svo mikinn og góðan árangur hafa borið verði fylgt fram með nýrri atvinnustefnu, með því að ríkið dragi úr umsvifum sínum og skattheimtu, en veiti einstaklingum og atvinnufyrirtækjum, hvort sem þau eru rekin sem einkafyrirtæki eða á félagsgrundvelli, svigrúm, enda beri menn ábyrgð á gerðum sínum.

Herra forseti. Þótt þáttaskil í efnahagsmálum hafi hér aðallega verið gerð að umræðuefni vil ég ekki ljúka máli mínu án þess að geta þáttaskila á tveim öðrum sviðum.

Á sviði orkumála og stóriðju er ný sókn hafin eftir stöðnun undanfarinna ára og brotist er út úr sjálfheldu fyrrverandi iðnrh. og Alþb. með bráðabirgðasamkomulagi í álmálinu.

Á sviði öryggis- og varnarmála hefur núverandi ríkisstj. eytt margra ára óvissu. Það er ekki lengur til staðar neitunarvald sem kemur í veg fyrir framgang nauðsynlegra framkvæmda í þágu öryggis og friðar.

Við Íslendingar verðum að halda vöku okkar á mörgum sviðum. Tilraunin sem hófst með lýðveldisstofnuninni tekst ekki nema við kunnum fótum okkar forráð heima fyrir og getum tryggt efnahagslegt sjálfstæði okkar. Stjórnarfarslegu sjálfstæði höldum við ekki án efnahagslegs sjálfstæðis. Menningarlegt sjálfstæði okkar tekst okkur ekki heldur að vernda nema efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði sé til staðar. Allt er þetta samofið.

Ég vonast til þess að vori, þegar haldið verður hátíðlegt 40 ára afmæli lýðveldisstofnunar á Íslandi, að þá hafi Íslendingar sýnt það og sannað að veturinn hafi verið vel nýttur og sigur unnist á verðbólgunni og þeim upplausnaröflum sem við höfum stundum átt við að glíma þegar mikið hefur legið við. Nú ætti öllum að vera ljóst, reynslunni ríkari, að við höfum ekki nema eina leið að fara — þá réttu leið sem við erum loks byrjuð að rata.

Ég þakka áheyrnina.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við höfum hlýtt á forsrh. lýsa ógnvænlegu ástandi þjóðmála þegar núverandi ríkisstj. tók til starfa. Hann hefur lýst mikilli verðbólgu og stórfelldri erlendri skuldasöfnun. Þessi lýsing forsrh. er vissulega rétt, en hún gefur ástæðu til að spyrja: Hver bar ábyrgð á því að svona fór og á því ástandi sem ráðh. lýsir? Málatilbúnaður ráðh. gefur tilefni til að spyrja: Hvar var núverandi forsrh. seinustu árin, meðan verðbólga óx stig af stigi og erlendu skuldirnar hlóðust upp? Svarið er reyndar einfalt, en vissulega hefur verið gefin ástæða til að rifja það upp. Hann sat í ríkisstjórn. Hann stóð að lántökunum. Hann bað um þær og greiddi þeim atkvæði sitt. Og enn má spyrja: Hvar var núverandi forsrh. meðan ofveiðin á miðunum var sem mest — sú ofveiði sem veldur nú aflatregðu? Jú, hann stjórnaði þá veiðinni. Hann réð þessari ofveiði. Hann var einmitt sjútvrh. En hann gerði meira. Hann hafði forgöngu um að hvert viðbótarfiskiskipið á fætur öðru var keypt til landsins á erlendum lánum. Það var m. a. þannig sem erlendu skuldirnar hlóðust upp sem hann kvartar nú undan og varar við.

Hvar var þá Alþb., sem nú gagnrýnir þessi ósköp? Jú, það stóð að þessari óráðsíu fullum fetum og ber fulla

ábyrgð á því hvernig fór.

Núv. fjmrh. Albert Guðmundsson fer líka ófögrum orðum um viðskilnað fyrri ríkisstj. Það er þá líka ástæða til að rifja upp hver hlutur hans var á fyrra stjórnartímabili. Hann var hvorki meira né minna en höfundur þeirrar fyrrv. ríkisstjórnar sem hann nú úthúðar. Hún var mynduð á hans ábyrgð samkv. sérstöku bréfi frá honum. Ríkisstj. fyrrv., sem núv. fjmrh. gagnrýnir ótæpilega þessa dagana, var mynduð að sérstakri ósk hans. Hann ber því ábyrgð á henni og hennar gerðum. Þetta var óskastjórn hans!

Af málflutningi Steingríms Hermannssonar og Alberts Guðmundssonar mætti ráða að þeir hafi dottið niður af himnum í það ófremdarástand sem þeir lýsa, en það er nú aldeilis ekki. Þeir komu þessu ástandi á með dyggilegri aðstoð og í góðri samvinnu við Alþýðubandalagið, svo hvergi gekk hnífurinn á milli. Þeir eru því að kvarta undan sjálfum sér núna, þeir eru að lýsa eigin skipbroti. En lýsingarnar eru réttar. Verðbólgan var ógnvekjandi. Erlenda skuldasöfnunin var komin yfir hættumörk. Þessa braut mátti ekki fara fetinu lengra. Það varð að grípa í taumana og hefði auðvitað átt að gera það langtum fyrr.

Við höfum nú séð og reynt framgöngu ríkisstj. Vísitölukerfi launa var lagt til hliðar, enda hafði það gengið sér til húðar. En þar við situr. Í stað alhliða aðgerða er árangur í verðbólgumálum einhliða á kostnað launafólks og kaupmáttarskerðingin er mikil. Kaupmáttur launa er a. m. k. fjórðungi minni núna en að jafnaði á fyrra ári. Þetta er mikil fórn hjá launafólki — fórn sem erfitt er að færa til langframa mánuð eftir mánuð, fórn sem verður óbærileg þegar misrétti blasir við.

Það er erfitt að sjá réttlætið í því að launafólk verði að bera þungar byrðar þegar til eru nógir peningar til að reisa seðlabankahöll, til að reisa nýja mjólkurstöð hér í Reykjavík upp á heilan hektara að flatarmáli, til að hefja byggingu nýrrar kjötvinnslustöðvar í Reykjavík álíka stórrar, til að reisa fjárhús upp á 3 millj. til að skenkja góðbónda í Húnavatnssýslu, nógir peningar til að hafa fimm af sex ráðherrum Sjálfstfl. í útlöndum samtímis, nógir peningar til að kaupa bíla undir ráðh.

Áformin fyrir næsta ár, eins og þau birtast í fjárlagafrv., bera ekki heldur vott um jöfnuð. Tilkostnaðurinn við skrifstofuhald ráðherranna á yfirleitt að aukast um 70—110% á næsta ári á sama tíma og launafólki er ætluð 6% launahækkun. Við heyrum líka í fréttum að einmitt nú beri brýna nauðsyn til að skipadeild SÍS smíði erlendis nýtt kaupskip á erlendum lánum — og þá væntanlega með uppáskrift og blessun viðskrh. og félmrh. sem tæpast gátu kreist nema hungurlús út úr bankakerfinu til bjargar því unga fólki sem er að reyna að eignast húsnæði. Skýtur hér ekki skökku við? Þetta er þeirra réttlæti.

Um markmið á næsta ári vil ég segja þetta:

Það er staðreynd, sem við verðum að lifa við eins og nú er komið, að erlendu skuldirnar mega ekki aukast. Þess vegna verður að halda lántökum erlendis í lágmarki, þannig að þær mæti einungis þeim afborgunum sem koma til greiðslu. Það þýðir að erlendar lántökur á næsta ári verða að vera innan við 4 þús. millj. kr., eins og forsrh. sagði hér áðan, og ég ítreka að lántökurnar verða að vera það í reynd, en ekki bara á pappírnum, því að á þessu ári munu hin erlendu lán hafa farið um 2 þús. millj. kr. fram úr áætlun. Það er því eins gott fyrir ríkisstj. að hafa borð fyrir báru í lánsfjáráætlun þegar hún birtist.

Í annan stað verður ríkisstj., miðað við þær geysilegu fórnir sem launafólk hefur þegar fært, að efna það loforð sitt að koma verðbólgunni á næsta ári niður fyrir 10%. Fórnirnar hafa verið færðar. Ríkisstj. verður að standa við sinn hluta og það má ekki bresta.

Í þriðja lagi verða kjörin að byrja að batna á næsta ári og þegar í stað verður að gera ráðstafanir til að bæta kjör hinna lakast settu. Það er hörmulegt að menn skuli þurfa að þola það öllu lengur að hafa mánaðartekjur sem eru innan við 14—15 þús. kr. á mánuði. Samfélagið verður að leggja sitt af mörkum til að jafna þetta óréttlæti. Þessum markmiðum má ná. Það á að gera með því að stöðva ranga fjárfestingu og fresta óþarfri fjárfestingu. Það á að gera með því að deila byrðum réttlátlega og láta vera að setja fé í óþarfa.

Ríkisstj. á að ganga á undan á sínu eigin heimili. Það má frysta framkvæmdir sem geta beðið, hvort heldur í Seðlabanka, mjólkurstöðvum, stórhýsum Aðalverktaka eða bensínafgreiðslustöðvum og ýmsu fleira, og verja því fé, sem áformað er í þessar framkvæmdir, til að jafna kjörin, t. d. til að lána til húsnæðismála.

Hitt er þó ekki síður mikilvægt að grípa á meginþáttum atvinnulífsins. Nú viðurkenna t. d. nær allir að fiskiskipastóllinn, einkum togaraflotinn, sé of stór. Við skulum þá hætta að kýta um það, en sameinast um leiðir til þess að draga úr starfi hans og leita hugsanlegra verkefna á nýjum veiðislóðum.

Og það er staðreynd, að hefðbundin landbúnaðarframleiðsla er of mikil og of dýr. Hún er ekki of dýr vegna þess að bóndinn fái of mikið, heldur fyrst og fremst vegna þess að vinnslu- og dreifingaraðilarnir taka of mikið í sinn hlut og fjárfesta ótæpilega án nokkurs aðhalds. Við skulum stöðva þessa þróun, stokka upp verðmyndunarkerfið, stöðva röngu fjárfestinguna, stíga fyrstu skrefin í afnámi útflutningsbóta, draga úr niðurgreiðslufarganinu.

Það er líka staðreynd, að raforkuframleiðslan er of dýr á Íslandi og þegar er búið að virkja langt umfram orkusölu. Við skulum því einbeita okkur að því að leita kaupenda að því sem ónotað er af framleiðslugetu virkjana. Við skulum miða virkjanir við örugga og arðbæra sölu og endurskoða raforkukerfið og yfirstjórn þess og ákvarðanatöku til að lækka kostnaðarverð orkunnar.

Verði tekið á þessum grundvallaratriðum atvinnulífsins og sköpuð skilyrði til heilbrigðrar atvinnuuppbyggingar getum við komist úr vandræðafarinu og búið okkur góða framtíð. Ef það verður ekki gert mun verðbólga vaxa fyrr eða síðar á ný og lífskjörin ekki batna. Það er einmitt í þessu sem núv. ríkisstj. eins og hin fyrri hefur gjörsamlega brugðist.

Sú kaupmáttarrýrnun, sem almennt launafólk má nú þola, er þung og miskunnarlaus á mörgu heimilinu. Þingmenn stjórnarflokkanna ættu að hyggja að því, að þessi kjaraskerðing er ekki bara peningar, hún er líka álag og raunverulegar þjáningar hjá þeim sem ekki sjá hvernig þeir eiga að láta tekjurnar duga fyrir lífsframfæri sínu og hún er kvíði og ótti hjá þeim sem geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Ríkisstj. á að vera fyrir alla. Við jafnaðarmenn teljum að hinir verst settu þurfi sérstaklega á skilningi ríkisstj. að halda, en einmitt á

það skortir mest. Miskunnarleysi prósentureikningsins má ekki bitna á hinum lakast settu. Ýmislegt bendir líka til þess, að misrétti sé að aukast í þjóðfélaginu og byrðum sé misjafnlega skipt. Það er óbærilegt. Sú efnahagsstefna sem felur það í sér er ekki einungis ranglát, hún er líka röng og mun bresta.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Krafa okkar Alþýðuflokksmanna er sú, að byrðum sé réttlátlega dreift, að dregið sé úr misrétti, að láglaunahópum sé hlíft, að launafólk endurheimti strax þau mannréttindi að semja um kaup sitt og kjör. Krafa okkar er sú, að breytt verði um stefnu í atvinnu- og fjárfestingarmálum til að treysta og bæta lífskjörin. Stjórnmálin verða einmitt að snúast um það að bæta og treysta og jafna lífskjörin. Á það hefur skort hörmulega hjá Íslendingum.

Við Alþýðuflokksmenn ítrekum enn og aftur, að einungis með gerbreyttri stefnu, sem nær til allra þátta atvinnu- og efnahagslífs, næst raunhæfur og varanlegur árangur. Þeim árangri verðum við að ná. Það getum við ef menn taka saman höndum og ef horfið verður frá núverandi stjórnarstefnu. – Góðar stundir.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ætli það rynnu ekki tvær grímur á þann áheyranda sem hefði ekki heyrt til hæstv. forsrh. síðan fyrir kosningar 1979 þar til nú? Mundi hann ekki spyrja sjálfan sig hvort þetta væri sami Steingrímur eða hvort hann hefði e. t. v. gripið með sér vitlaust ræðuhandrit? Þess vegna segi ég þetta, að haustið 1979 lýsti formaður Framsfl. yfir stríði á hendur leiftursókn Sjálfstfl. Aðalatriði hennar voru afnám vísitölukerfis og niðurskurður ríkisútgjalda. Gefum Steingrími árgerð '79 orðið með leyfi forseta:

„Þeir sjálfstæðismenn reyna að telja fólki trú um að þeir geti náð verðbólgunni niður á það stig, sem er í nágrannalöndum okkar, á 100 dögum. Þessi boðskapur einn boðar ekkert annað en kreppu.“ Tilvitnun lýkur. Steingrímur árgerð '79.

Og áfram: „Þessum tillögum lætur Sjálfstfl. fylgja mikinn samdrátt í framkvæmdum. Þeir vilja skera, skera, skera. Þessu mun fylgja atvinnuleysi, en við framsóknarmenn vísum því algerlega á bug, að komið verði á atvinnuleysi til þess að ná einhverjum áfanga í stríðinu við verðbólguna.“ Tilvitnun lýkur. Steingrímur árgerð '79. Heimild: Dagblaðið Tíminn 13. nóv. 1979.

Árið 1979 hafnaði hæstv. forsrh. hvoru tveggja, stefnu núv. ríkisstj. og stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl. „Það sem að helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann,“ eins og sálmaskáldið sagði.

Hvað hefur breyst? Ekkert. Það var ekki heil brú í stefnu Framsfl. og það hefur ekkert breyst.

Ásamt með Steingrími er formaður Alþb. ómissandi við vitnaleiðslur um gjaldþrotaskipti síðustu ríkisstjórnar. Hann mun hér á eftir bíta í skjaldarrendur og láta ófriðlega út af þeirri lífskjarafórn sem nú bitnar á launþegum. Skyldu ekki vakna óþægilegar spurningar í hugskoti áheyrenda? Í fimm ár hefur Alþb. að eigin sögn, málsvari sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis, verið Framsókn eins og Síamstvíburi í stjórn landsins. Hver er dómur reynslunnar? Hinir þjóðlegu atvinnuvegir okkar voru sokknir í skuldir. Efnahagslegt sjálfstæði okkar var veðsett erlendum lánadrottnum, lífskjarafórn alþýðu var orðinn hlutur. Og þótt félagi Svavar bíti nú í skjaldarrendur verður hann að bíta í það súra epli í leiðinni, að lífskjarafórnin nú er að ⅔ hlutum gjaldfallnar vanskilaskuldir úr sameiginlegu þrotabúi hans og hæstv. forsrh.

Báðir eru þessir flokkar því siðferðilega dæmdir úr leik af verkum sínum. Þeir fóstbræður geta nú tekið undir með Vatnsenda-Rósu þegar hún kvað:

Man ég okkar fyrri fund,
forn þótt ástin réni,
nú er líkt og hundur hund
hitti á tófugreni.

Því aðeins rifjum við upp fortíðina, að við viljum læra af mistökunum. Úr því sem komið er þurfum við að leita svara við fjórum spurningum: Er lífskjarafórnin óhjákvæmileg? Tekur ríkisstj. tillit til greiðslugetu þegar hún framvísar bakreikningum Framsóknaráratugarins? Er hún á réttri leið? Er stefna hennar líkleg til að skila árangri til frambúðar?

1. spurning: Er lífskjarafórnin óhjákvæmileg? Já, því miður. Ríkisstjórn, sem stendur á rústum Framsóknaráratugarins, á engra góðra kosta völ. Hvaða ríkisstj. sem var hefði orðið að stíga á bremsur, rétta af viðskiptahalla, stöðva erlenda skuldasöfnun með því að draga úr neyslu, fjárfestingu og ríkisútgjöldum.

2. spurning: Hvað um greiðslugetuna og réttlætið? Það er að vísu hálfsannleikur þegar hæstv. forsrh. segir að þjóðin hafi lifað um efni fram. Um það bil fjórðungur fjölskyldna í landinu hefur ekki haft efni á því að lifa um efni fram. Þessar fjölskyldur hafa ekki haft efni á því að byggja. Þær eyddu ekki gjaldeyri í siglingar. Þær fá ekki niðurfelld aðflutningsgjöld á bifreiðum. Þær hafa ekki efni á að reka bifreið. Samt er þeim ætlað að borga mun meira en hinum sem stjórnvöld hafa selt sjálfdæmi um kaup og kjör og standa utan við skattakerfið. Og svipt samningsrétti í kaupbæti. Um þetta má segja að vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti.

3. spurning: Hefur afnám vísitölukerfisins og lögboðin kauplækkun borið árangur í lægri verðbólgu? Já, tvímælalaust. Verðbólguhraðinn var í tíð fyrrv. ríkisstj. á þriggja mánaða tímabili til 1. maí í vor 130%. Verðbólguhraðinn miðað við framfærsluvísitölu í septembermánuði, reiknað til árshraða, er 45% og fer lækkandi.

4. Er þá ríkisstj. á réttri leið? Reynslan mun skera úr um það. En reynslan kennir okkur líka að ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar 1974–1978 og meira að segja fyrrv. þrotabúsríkisstjórn tókst að lækka verðbólgu tímabundið með því að binda gengi og skerða verðbætur á laun við hagstæð ytri skilyrði. Hvorug ríkisstjórnin náði þó neinum árangri til frambúðar, eins og hæstv. utanrrh. viðurkenndi hér áðan.

Hvað má læra af þessari reynslu? M. a. að of há laun eru ekki undirrót verðbólgu. Spyrjið atvinnurekendur. Þeir munu viðurkenna að hlutfall launa hefur farið lækkandi í framleiðslukostnaði undanfarin ár, enda eru launin lægri hluti þjóðartekna hjá okkur en öðrum.

Verðhækkunaröldur sigla jafnan í kjölfar nýrra gengisfellinga og gengissigs. Ég spyr: Hvað veldur látlausum þrýstingi á gengið? Launin í frystihúsunum, launin hjá iðnverkafólkinu eða hlutur sjómanna, sem hefur farið síminnkandi þrátt fyrir óbreytt strit? Atvinnurekendur munu viðurkenna að svo er ekki.

Hver er þá skýringin? Það er offjárfesting. Fjárfesting er miklu hærra hlutfall þjóðartekna hjá okkur Íslendingum en annarra. Þessi fjárfesting eða allt of stór hluti hennar hefur hvorki skilað okkur auknum gjaldeyristekjum né sparað okkur gjaldeyri, heldur þvert á móti kallað yfir okkur meiri skuldir, meiri fjármagnskostnað. Það er allt of hátt hlutfall fjárfestingar – og uppsafnaður skulda- og fjármagnskostnaður af þeim sökum, sem sprengir upp framleiðslukostnað útflutningsgreina, gerir þær ósamkeppnisfærar. Það er þessi offjárfesting sem knýr áfram stöðugar gengisfellingar og verðhækkanir. Það er þarna, sem sprengirými verðbólgunnar er að finna. Hvað þýðir þetta á mæltu máli? Þetta þýðir að þegar fyrrv. sjútvrh. tók erlend lán og úthlutaði skjólstæðingum sínum æ fleiri togurum, þá var hann að gefa út víxil á þjóðina sem nú er gjaldfallinn og greiðist á næstu árum með skertum lífskjörum.

Sömu sögu er að segja um offramleiðslu í landbúnaði, í orkumannvirkjum, í verslun, í bankahöllum, í opinberri þjónustu. Hvað voru þeir að hugsa, Steingrímur, Svavar og Albert, meðan þessu fór fram? Ég veit það ekki. En ég veit allavega að þeir hugsuðu ekki um afleiðingar gerða sinna; að stefna þeirra í reynd var langtímaáætlun gegn lífskjörum, sem við nú súpum seyðið af.

Menn spyrja: Er ríkisstj. á réttri leið? Svarið er að meðan hún er ófáanleg til þess að hrófla við hinum heilögu kúm Framsóknaráratugarins, offjárfestingunni, sem er undirriót óðaverðbólgunnar, þá fer hún vill vegar. Þá verða fórnirnar færðar til einskis, því miður. Þá mun aftur sækja í sama farið.

Það er ekkert launungarmál að útgerðin er nú rekin með dúndrandi tapi. Steingrímstogararnir, sem aldrei var rekstrargrundvöllur fyrir, hafa verið gerðir út á banka, lánasjóði og að lokum á skattgreiðendur. Falli gengið munu öll verðbólgumarkmið hæstv. ríkisstj. rjúka út í veður og vind. Þá er borin von um árangur til frambúðar.

Hvað viljum við jafnaðarmenn gera? er spurt. Svarið er: Við viljum gera það sem gera þarf til að tryggja árangur til frambúðar.

Í fyrsta lagi sögðum við fyrir kosningar að gamla vísitölukerfið hefði gengið sér til húðar. Rökin fyrir því eru nákvæmlega hin sömu og Þröstur Ólafsson, núverandi aðstoðarmaður hjá Dagsbrún, tilfærði í blaðagrein, þegar hann segir: Verðbótakerfið tryggir viðgang verðbólgunnar. En við viljum ekki láta launþega eina færa fórnir. Sjálfvirka verðbólguhringekju er víða að finna.

Þess vegna viljum við í öðru lagi afnema sjálfvirka viðmiðun búvöruverðs við laun. Bændur eru atvinnurekendur og afkoma atvinnurekenda ræðst af öðrum þáttum, eftirspurn á markaði og hagkvæmni í rekstri.

Við viljum í þriðja lagi afnema lögbundna og sjálfvirka tryggingu skattgreiðenda fyrir offramleiðslu í landbúnaði.

Í fjórða lagi viljum við verja hluta af því fé, nú 1.5 milljarði kr., sem fer í styrki, niðurgreiðslur og útflutningsbætur, til þess að lækka tekjuskatt á láglaunafólki.

Við viljum í fimmta lagi, til að létta af linnulausum þrýstingi á fiskverð og gengi, taka verstu skuldakóngana í útgerð út úr gengisákvörðunardæminu og finna Steingrímstogurunum önnur verkefni. Þetta kallar á sérstakar aðgerðir til að samræma veiðar og vinnslu.

Við viljum í sjötta lagi leggja niður Framkvæmdastofnun ríkisins, sameina fjárfestingarlánasjóði, fela þá umsjá bankakerfisins, og stjórna fjárveitingum út frá venjulegum arðsemissjónarmiðum.

Þetta allt viljum við gera til þess að koma í veg fyrir að áframhaldandi mistök í fjármagnsstýringu eyðileggi jafnóðum tímabundinn árangur í hjöðnun verðbólgu eftir öðrum leiðum.

Verði þessi leið farin hygg ég að enginn gæti haldið því fram að launþegum einum væri ætlað að greiða herkostnað verðbólgunnar. Á móti kæmi að skattpíningu almennings vegna milliliðakerfis í landbúnaði væri aflétt, fjáraustri til skuldakónga væri hætt og það væri létt á þrýstingi á linnulausar gengisfellingar. Þar með væri bundinn endir á aðstöðu fyrirgreiðslupólitíkusa til að úthluta skjólstæðingum sínum niðurgreiddum lánum og styrkjum. Þar með hefði styrjaldartilefnum milli verkalýðshreyfingar og ríkisvalds fækkað. Það hefði skapast friður um nauðsynlegar viðreisnarráðstafanir, vegna þess að launþegum hefði ekki verið ætlað einum að bera byrðarnar. Þar með hefðu vonir manna um varanlegan árangur í viðureign við verðbólgu styrkst.

Og eitt er víst, að lokum, herra forseti. Alþfl. hefði aldrei fallist á afnám samningsréttarins við þessi skilyrði. Það var þarflaus aðgerð og frámunalega heimskuleg. Í okkar augum er frjáls samningsréttur grundvallarregla sem halda ber í heiðri í lýðræðisþjóðfélagi. Þegar þjóðartekjur fara minnkandi verður að breyta tekjuskiptingunni innbyrðis ef ekki er unnt að auka hlut launþega í heild. Þá er einmitt sérstök ástæða til að láta reyna á félagsþroska verkalýðshreyfingarinnar í frjálsum samningum. Það er réttlætismál, sem nú finnur djúpan hljómgrunn um allt þjóðfélagið, að hækkun lægstu launa hafi algeran forgang í næstu samningum. Hvers vegna þá að svipta verkalýðshreyfinguna ábyrgð og efna til ófriðar um sjálfar leikreglur lýðræðisins? Þau orð eru enn í fullu gildi, að ef menn slíta í sundur lögin, þá slíta þeir og í sundur friðinn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú er sú stund loksins upp runnin að hæstv. forsrh. hefur gert Alþingi Íslendinga grein fyrir stefnu ríkisstjórnar sinnar og nú loksins fá réttkjörnir fulltrúar þjóðarinnar tækifæri til að fjalla um þessa stefnu, sem ríkisstj. hefur verið að framkvæma undanfarna mánuði.

Eins og hæstv. forsrh. kynnti okkur hér áðan er það eitt meginmarkmið núv. ríkisstj. að ná niður verðbólgunni. Í þeim tilgangi hefur ríkisstj. tekið harkalega á launaþætti efnahagslífsins, en látið aðra þætti þess liggja milli hluta. Í því efni sýnist mér að ríkisstj. vinni út frá þeirri grundvallarreglu að tilgangurinn helgi meðölin. Til þess að markmiðið náist skal engu eirt. Gerðir samningar launafólks eru að engu hafðir, réttur manna til að semja um laun sín er felldur niður og þyngstu byrðarnar eru lagðar á þá sem verst voru settir fyrir.

Hér er á ferðinni stefna sem brýtur á einum helgasta rétti mannsins – rétti hans til að hafa áhrif á aðstæður sínar og þar með á líf sitt, stefna sem ekkert mið tekur af þeim verðmætum sem liggja til grundvallar mannlífinu hvar sem er, hinum mannlegu verðmætum. Í þessari stefnu er manninum sjálfum ýtt til hliðar og sæti hans tekur reiknistokkurinn. Það mikilvægasta er að fá ákveðnar tölur út úr reikningsdæminu. Manneskjan

sjálf og líf hennar eru aukaatriði.

Hvernig er svo þessi kaldranalega og karlmannlega stefna rökfærð og réttlætt? Jú, hjöðnun verðbólgunnar er kjarabót, segir hæstv. forsrh. En til þess að ná fram þeirri kjarabót, sem hann telur lækkun verðbólgunnar vera, þarf hann fyrst að skerða kjörin. Hér er m. ö. o. á ferðinni röksemdafærsla sem bítur í halann á sjálfri sér. Til þess að skaffa þjóðinni kjarabót þarf fyrst að skerða kjör hennar.

Einnig er í þessari röksemdafærslu að finna þá skoðun, að hjöðnun verðbólgunnar sé í sjálfu sér kjarabót og því sé það réttlætanlegt að launafólk leggi mikið á sig í þessum efnum. En hjöðnun verðbólgunnar er ekki endilega bein kjarabót í sjálfu sér. Hún er vissulega mikilvæg fyrir alla hagsýslu í landinu, viðskipti okkar við útlönd og afstöðu manna til verðmæta almennt, en minni verðbólgu fylgir ekki sjálfgefin kaupmáttaraukning við núverandi aðstæður. Lægra verðbólgustig eitt og sér færir launafólki ekki kaupið sitt óskert aftur. Hér er því verið að slá ryki í augu fólks. Það þarf fleira að koma til en hjöðnun verðbólgunnar til þess að kaupmáttur launa aukist á ný. En um það er ekkert að finna í stefnuræðu hæstv. forsrh.

Á sama tíma og núv. ríkisstj. beitir launafólki fyrir sig í stríðinu við verðbólguna segist hún hafa hug á því að vernda kaupmátt lægstu launa og lífskjör þeirra sem verst eru settir í þessu þjóðfélagi. Ef svo er, hvers vegna í ósköpunum skerti þá ríkisstj. verðbætur á laun samkv. prósentuhlutfalli þannig að þeir sem lægstu launin höfðu fengu minnstu launahækkunina í krónum talið 1. júní og 1. okt. s. l.? Hefði þá ekki verið nær, eins og við kvennalistakonur höfðum ítrekað bent á, að reikna út krónutölu verðbóta á meðallaun, greiða þá krónutölu út á meðallaun og öll laun þar fyrir neðan og skerða verðbætur til helminga eða meira á öll laun þar fyrir ofan? Með þessu hefðu kjör þeirra lægst launuðu batnað þó nokkuð. Kjör þeirra, sem meðallaunin höfðu, hefðu staðið í stað, en byrðarnar lagst á þá sem hæstu launin höfðu og þar með sterkasta bakið í burðinn.

Samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar frá því í maí s. l. hefði þessi tilhögun komið eins út fyrir þjóðarbúið í heild og þær aðgerðir sem ríkisstj. lét gera. Verðbólgan hefði þess vegna hjaðnað nákvæmlega jafnmikið. Hvers vegna beitti ríkisstj. ekki þessari reikningsaðferð, ef henni var í mun að vernda lífskjör þeirra lægst launuðu? Hvaða réttlæti er í því að þeir sem minnst hafa fái fæstar krónurnar í sinn hlut og verði því að bera hlutfallslega þyngstu byrðarnar?

Ríkisstj. vill spara og draga úr umframneyslu og það er gott og gilt. Við þurfum að spara. En við hverja þarf að spara? Við þá sem velta hverri krónu á milli handa sér? Er það umframneysla Sóknarkonunnar sem þarf að draga úr? Nei og aftur nei. Það er ekkert sem réttlætir þær byrðar sem lagðar hafa verið á þær verst settu í þessu landi. Það hefði verið hægt að gera þetta allt öðruvísi og miklu réttlátar. Það hefði verið hægt að spara við þá sem einhvern sparnað þoldu. Ríkisstj. hefði meira að segja getað sparað ríkissjóði þessar 450 millj. sem varið var til svokallaðra mildandi en vægast sagt ómarkvissra aðgerða, því verðbótadreifingin samkv. tillögum okkar hefði séð til þess að þeir lægst launuðu væru betur settir en þeir áður voru. Ríkisstj. hefði þannig verið í lófa lagið að vernda lífskjör láglaunafólks í þessum aðgerðum sínum og ná samt sama árangri í baráttunni við verðbólguna. En hún gerði það ekki. Og hvers vegna gerði hún það ekki, fyrst hún segist vilja það?

Er það e. t. v. vegna þess að þeir lægst launuðu í þessu þjóðfélagi eru að miklum meiri hluta konur? Samkvæmt könnun Jafnréttisnefndar Reykjavíkur frá 1981 voru konur rúm 72% þeirra sem unnu ófaglært og þar með lægst launuðu störfin á vinnumarkaðnum. Treystir ríkisstj. því að þessar konur, sem bæði mynda undirstöðu atvinnulífsins í landinu og vinna húsmóðurstörfin heima fyrir umbunarlaust, – treystir hún því að þær þegi eins og endranær fullar umburðarlyndis og fórnfýsi eins og okkur konum er einlægt innrætt að gera frá blautu barnsbeini? Og ef umburðarlyndið þrýtur og þeim er loksins ofboðið, treystir ríkisstj. þá því, að þessar dauðþreyttu konur hvorki hafi orku til þess að hugsa sér möguleika á því að komast frá börnum og basli til að láta í sér heyra á fundum um kjaramál? Og þótt þær nú af útsjónarsemi komist á fund um kjaramál, er þá treyst á það í síðustu lög að þar heyrist ekki í þeim vegna þess að þær kunni ekki að tala það karlamál sem er notað á slíkum fundum?

Ég veit að ríkisstj. getur treyst á þetta allt saman hvað varðar hana jafnöldru mína, sem er ein með tvö börn, vinnur fulla vinnu á saumastofu fyrir 12 þús. á mánuði, borgar tæplega 6 þús. kr. á mánuði í pössun fyrir börnin sín og saumar heima öll kvöld og allar helgar fyrir fólk úti í bæ til að eiga fyrir mat handa sér og börnunum sínum. Ég veit að ríkisstj. getur treyst því að það heyrist ekkert í þessari konu. Hún á fullt í fangi með að standa á fótunum. Og það veit heilög hamingjan að þessi kona og fjöldi annarra sem býr við sömu aðstæður og hún hefur ekkert við niðurfellingu skatts á ferðamannagjaldeyri að gera. Hún lætur sig hvort sem er ekki dreyma um að komast í ferðalag til útlanda. Aðgerðir ríkisstj. í húsnæðismálum ganga ekki nærri nógu langt til þess að hún eigi nokkra von til þess að geta komið upp þaki yfir sig og börnin sín. Mæðralaunin, sem ríkisstj. af rausn sinni hækkaði við hana í júní, skiluðu sér öll aftur beint í ríkiskassann í júlí þegar dagvistargjöld á barnaheimilum voru hækkuð. Og hún hefur ekki ýkjamikið við aukinn persónuafslátt að gera, þar sem tekjur hennar eru hvort sem er svo lágar.

Ég vil biðja þing og þjóð að íhuga aðstæður hinna fjölmörgu sem búa við sömu aðstæður og þessi kona, þegar menn móta afstöðu sína til stefnu þessarar ríkisstj., ég vil biðja menn um að íhuga siðferðilegar forsendur aðgerða, sem bitna harðast á þeim sem enga rönd fá við reist, og ég vil biðja menn að íhuga hvernig mannlífi þeir vilja hlúa að í þessu landi.

Út frá því langar mig að víkja fáeinum orðum að stefnu þessarar ríkisstj. í menntamálum. Hæstv. menntmrh. vill auka tengsl fjölskyldu og skólastarfs og samheldni og samveru foreldra og barna. Hér virðist mér vera góð stefna á ferðinni — stefna sem tekur mið af hinum mannlegu verðmætum. En ég fæ einfaldlega alls ekki séð hvernig hæstv. menntmrh. á að geta komið þessu stefnumiði í framkvæmd á meðan stefna ríkisstj. í launamálum gerir það að verkum að foreldrar verða að vinna meira en nokkru sinni fyrr fyrir lífsnauðsynjum og hafa þar af leiðandi ennþá minni tíma til að sinna börnum sínum. Hafa menn hugsað út í það hvaða afleiðingar þetta kann að hafa fyrir börn þessa lands,

fyrir framtíð þessarar þjóðar? Þetta vil ég að lokum biðja menn um að íhuga. – Ég þakka áheyrnina.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Siðmenning þjóðar er ekki síst metin eftir þeirri mannúð sem hún sýnir lítilmögnum sínum, jafnt á velgengnistímum og eins þegar á móti blæs. Þó er oft lítið til skiptanna hjá sumum þjóðum og margar bera skarðan hlut frá borði þegar úthlutað er matvælum, heilbrigði, lífslengd og möguleikum til að nýta hæfileika sína. En við Íslendingar erum heppin þjóð, þó í harðbýlu landi sé. Við erum efnuð fjölskylda í ættbálki þjóðanna og höfum nógan mat, heilbrigði okkar er góð og langlífi okkar er meira en með öðrum þjóðum. Við höfum á margvíslegan hátt mátt rækta með okkur og reyna það sem í okkur býr og vinnusemi okkar og auðna hefur leitt til þess að þjóðartekjur okkar hafa verið með þeim hæstu í heimi.

Á s. l. árum hefur þó verið teflt djarft með sveiflukenndan aðalatvinnuveg að bakhjarli og stærstu fjárfestingar okkar hafa ekki reynst arðbærar. Í metnaði okkar hefur gætt óhófs og í vímu hinnar nýríku þjóðar, þar sem afi og amma eða jafnvel foreldrar höfðu e. t. v. ekki alltaf til hnífs og skeiðar, hefur verið bruðlað og aðstæður vanmetnar. Því erum við nú stödd í öldudal og horfumst með kvíða í augu við það að á eftir hinum feitu árum fylgja hin mögru. En þó að engan hafi dreymt feitar kýr eða magrar, þá erum við vel í stakk búin til að styðja hvert við annað þegar nú harðnar á dalnum.

Það er álitamál hvort er vandasamara að stjórna á gnægtarárum eða hallæris. En eitt er víst, að meiri mannúðar og samhjálpar er þörf þegar í harðbakkann slær. Andstreymið veldur öryggisleysi og stjórnmálamenn sækjast þá einkum eftir festu. Festunni er oft beitt til að hemja tölur, því að í velmegunarþjóðfélögum eru tölugildi orðin að mælikvarða á mannlegt líf. Þá er ekki spurt um gleði, gæsku, starfsmetnað og hugarró né heldur einmanakennd, ótta, brostnar vonir eða gremju. Heilir hópar af fólki verða að tölum á blaði, sem trufla æskilega útkomu á dæmi, og tölunum er þá breytt til að dæmið komi rétt út. Það er samt undarlegt hvað sumar tölur virðast varnarlausari en aðrar og gjarnari á að breytast, því að til eru tölur sem eru nánast friðhelgar og eru aldrei snertar. Þessar tölur fara oft margar saman og eru háar og kannske þess vegna verri viðureignar. Sumar þeirra fela sig í bönkum og þangað er erfitt að ná til þeirra. En festa stjórnmálamannanna verður að hörku og bitrum raunveruleika fyrir fólkið á bak við tölurnar, sem var fórnað fyrir dæmin.

Íslenska fjölskyldan í samfélagi þjóðanna hefur kosið sér fulltrúa til að ráða málum sínum. Sumir þeirra hafa tekið að sér að vera sú áhöfn sem stýrir fleyi okkar út úr vandanum – og hvernig hefur þeim tekist til? Stefnumarkmið þeirra gefa til kynna að efnahagsvandinn ógnar þeim, en jafnframt segjast þeir vilja sýna skilning á kjörum þeirra sem þyngst framfæri hafa. Og þeir taka á málunum með festu. En festan verður að hörku sem beinist að þeim sem síst skyldi og mannúðin, hún er ekki með. Kannske vita þeir þetta og hafa slæma samvisku og e. t. v. þess vegna vildu þeir ekki leyfa öðrum kjörnum fulltrúum að ræða áformin eða hafa áhrif á stefnu sína, en komu henni í framkvæmd í krafti brbl. án þinghalds.

Flestir eru sammála um að efnahagsvandinn hafi verið þannig vaxinn að það þyrfti að grípa í taumana. Það var ljóst að þau áföll sem þjóðarbúið hafði orðið fyrir kröfðust leiðréttingar á þeirri skiptingu þjóðarteknanna sem verið hafði. En það er bæði ástæðulaust og ómannúðlegt að þeir sem veikastir eru skuli þurfa að bera hlutfallslega langstærstu byrðarnar. Hvers vegna þurfti að ögra fólki með því að leggja á það ófrelsi, svipta það samningsrétti? Ekki örvar það samvinnu og samhjálp. Það má ekki vanmeta velvilja þjóðarinnar og það hve reiðubúin hún er til samstöðu til að leysa vandann, en fara verður með sanngirni og sérhver verður að bera sinn skerf af byrðunum.

Hver hefur svo forgangsröðin verið og á hvað hafa megináherslur verið lagðar?

Hugsið ykkur húsbónda á bágstöddu heimili, þar sem matur er naumur. Hvernig litist ykkur á að vera í forsjá hans ef hann veldi stærstu bitana handa sjálfum sér, en skammtaði lítilræði ofan í börnin og aðra lítilmagna? Hvernig litist ykkur á hann á þrengingartímum, þegar fjölskyldan berðist í bökkum og ætti ekki fyrir nauðþurftum handa öllum, ef hann þá tæki stórlán á næsta bæ til að snyrta hlaðvarpann og byggja þar gríðarstóra flugstöð til að aðkoman að bænum hans væri glæsilegri? Þegar enn er sjóðþurrð til framkvæmda og eyðsla á heimilinu tæki hann aftur stórlán á næsta bæ, þar sem þegar er skuldað frá fyrri árum sem nemur 60% af allri framleiðslu býlisins þetta árið. Hvernig haldið þið að heimilismönnum væri innanbrjósts ef það kæmi í ljós að einn úr fjölskyldunni varðveitti stóran seðlabankakistil fullan af peningum sem hann vildi ekki nýta til að hlaupa undir bagga á neyðartímum — nei, hann ætlaði að nota skerf úr honum til að byggja stórt og myndarlegt peningahús til að geyma þessa peninga og aðra sem kynnu að bætast við? Hvernig litist ykkur á húsbóndann ef hann léti það viðgangast að heimilisfénu væri eytt í að kaupa stóra og skrautlega peningakassa til að geyma þær fáu krónur sem fólkið hefði undir höndum?

Á þessum bæ væri lítið fé eftir til mannræktar og menntunar eða til að sinna þeim sjúku og öldruðu, fötluðu og vanmáttugu eða til að styrkja framleiðsluhætti heimilisins. Þarna væri ekki gott að búa. Þá væri betra að flytja á annan bæ. Þar er húsmóðirin vökul og meðvituð um þarfir og getu heimilismanna. Hún leggur á þá byrðar eftir þoli þeirra og þegar að þrengir tekur hún ekki meira en aðrir. Hún hugar að innri þörfum heimilisins, því að hjá henni sitja mannúð og mannrækt í fyrirrúmi. Þess vegna finnst henni miklu meira um vert að nota fé til að tryggja börnum sínum samfelldan skóladag með fjölbreyttu viðeigandi námsefni til að búa þau undir lífið heldur en að reisa stórhýsi á heimreiðinni. Hún sýnir hófsemi í fjölda og búnaði peningakassa á heimili sínu og reynir að telja heimilismanninn sem gætir seðlabankakistilsins á að hætta nú við húsbygginguna, en nýta sjóðinn í þágu heimilisins. Ef það gengur ekki þá má vera að hún grípi til örþrifaráða eins og brbl. Hún beitir þeim ekki til að skerða rétt vinnandi fólks, heldur setur þau um kistilinn og kemur í veg fyrir að féð fari í byggingu peningahúss, en renni heldur til framkvæmda á heimilinu svo að hún þurfi ekki að taka fleiri lán á næsta bæ.

Festa hennar verður ekki að hörku því að hin nánu tengsl hennar við lífið hafa gefið henni lífssýn og

gildismat sem setur mannleg verðmæti ofar efnislegum, manngildi ofar auðgildi. Hún veit hve mikilvægt það er að varðveita tengslin milli huga og hjarta, þannig að hinir mannlegu þættir gleymist ekki í ákafri sókn að markmiði og hinir tæknilegu efniskenndu þættir verði allsráðandi. Hún veit að þessi tengsl eru nauðsynleg til að meta lífið og manninn og þegar þau rofna er hætta á því að brotið verði gegn lífinu. Hún veit að þegar þessi tengsl milli huga og hjarta hafa rofnað, þá geta menn farið í vinnuna sína og fundið upp ennþá afkastameiri kjarnorkusprengjur í dag en í gær án þess að það trufli tilfinningar eða siðgæðisvitund þeirra.

Hún veit að skylda hennar er að hlúa að og rækta börn sín og hún byggir yfir þau skóla og vistheimili, en ekki yfir peninga. Eldri börn sín styður hún með námslánum og ágóðann af fríhöfninni sinni lætur hún renna til skólamála. Hún metur framlag heimilismanna að verðleikum og hjá henni finnast ekki láglaunakonur, því að hún hefur fyrir löngu orðið fyrir hugarfarsbreytingu sem leiddi til þess að á hennar bæ eru allir jafnréttháir án tillits til kyns, aldurs, húðlitar eða trúarbragða.

Hún greiðir ekki minna þeim sem annast lífið en þeim sem annast vélarnar. Þegar konurnar á heimili hennar eignast börn sín, þá tryggir hún afkomu þeirra fyrstu mánuðina til að næði gefist til þeirra samskipta sem nauðsynleg eru þroska barnanna og öryggi og ánægju móðurinnar, því að hún veit að börnin eru mesti auður fjölskyldunnar.

Hún er hófsöm í lántökum og fjárfestingum, reisir sér ekki hurðarás um öxl og veit að verðbólgan stafar ekki aðallega af því að launin séu of há, heldur miklu fremur af rangri fjárfestingu. Þegar hún hugsar um sparnað og hagræðingu á heimilinu, þá byrjar hún ekki á því að hræða þá sem einna lengst hafa unnið hjá henni í þvottahúsi og eldhúsi og stefna atvinnuöryggi þeirra í hættu.

Henni er annt um landið sitt og hún vill verja það uppblæstri og illri umgengni, en nýta það með forsjá. Hún er trú sinni lífssýn og stendur við sitt þó að rödd hennar sé ólík hinum.

Íslenska þjóðarheimilið þarf á fleiri slíkum einstaklingum að halda, sem aðhyllast viðhorf hennar, því að hér hefur lengi ríkt blinda á forgangsröð. Og til að vísa blindum veginn eru margir hvítir stafir, sem gerðir eru af lífsgildum og verðmætamati kvenna, og þá má nota til að rata á farsælli forgangsröð en áður.

Ég þakka áheyrnina.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Með myndun núv. ríkisstj. urðu harkalegri umskipti í íslenskum stjórnmálum en nokkru sinni fyrr. Þrátt fyrir vordagana lagðist ískaldur hægri vindur yfir allt mannlíf á Íslandi og næddi í gegnum merg og bein, sérstaklega þó þeirra sem við lökust kjörin búa. Þjónustan við aldraða, fatlaða og sjúka og nemendur í framhaldsnámi er skorin niður svo nemur mörg hundruð millj. kr. á ári. Á sama tíma rjúka upp verslunarhallirnar. Formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur telur nú að hækka mætti laun í verslun um 60% ef miðað er við áformin um stórfellda lengingu á verslunartíma hér í höfuðborginni og verslunarfjárfestingu sem á engan sinn líka.

Eftir fimm ára varðstöðu Alþb. um lífskjörin, félagslegar framfarir á mörgum sviðum, trygga atvinnu á Íslandi einu landa Vestur-Evrópu og varnarbaráttu fyrir sjálfstæði þjóðarinnar hafa orðið kaflaskipti. Nú er ekki lögð áhersla á að vernda lífskjörin. Nú eru almenn laun lágtekjufólks skorin niður um 30%, þrisvar sinnum meira en nemur falli þjóðartekna. Nú eru ekki uppi áform um félagslegar úrbætur. Nú hæðist forsrh. Framsfl. að félagslegri þjónustu og ráðherrar hans hafa aðeins áhuga á því að skera niður og skerða réttindi m. a. aldraðra og öryrkja. Nú er ekki lengur rætt um fulla atvinnu, nú hafa hin manneskjulegu sjónarmið verið hrakin til hliðar, flæmd úr stjórnarráðinu eins og fjmrh. lýðveldisins komst að orði úr þessum ræðustól á fimmtudaginn var.

Nú er ekki gert ráð fyrir að draga úr eða stöðva hernámsframkvæmdir. Nú er ljóst að þær verða meiri á næstu árum en um áratugaskeið. Nú er ekki lögð áhersla á uppbyggingu íslensks atvinnulífs í iðnaði og sjávarútvegi. Nú eru gerðir uppgjafarsamningar við Alusuisse og sendimenn iðnrh. hendast út um allan heim til að falbjóða orkulindir Íslendinga. Þannig eru kaflaskiptin alger og í raun hrikalegri en nokkur gat gert sér í hugarlund því stjórnarflokkarnir gerðu kjósendum sínum ekki grein fyrir þessum áformum fyrir síðustu kosningar. Þvert á móti báru öll fyrirheit stjórnarflokkanna merki þess að þeir mundu fylgja allt annarri stefnu en þeirri sem nú hefur verið framkvæmd. Þannig hafa stjórnarflokkarnir báðir svikist aftan að kjósendum sínum.

Gleggsta dæmið í þessu efni, góðir hlustendur, eru húsnæðismálin. Þar lofaði Geir Hallgrímsson 80% fyrir kosningar. Þegar félmrh. tók við lofaði hann 50%, en þegar leið á sumarið lækkaði hann loforðið niður í 30%. Nú um miðjan október liggur fyrir að ríkisstj. hefur ekkert gert í húsnæðismálum nema að lofa. Ríkisstj. hefur lofað útborgun um 300 millj. kr. viðbótarlána í næsta mánuði. Engin fjáröflun hefur verið ákveðin í þessu skyni og engir peningar eru enn til. Félmrh. lofar 1 000 millj. kr. á lánsfjáráætlun næsta árs til Byggingarsjóðs ríkisins en aðrir ráðamenn vilja skera áformin niður um 400 millj. kr. Allt húsnæðismálakerfið er í uppnámi og í hers höndum vegna loforðablaðurs forsrh. og félmrh. Þeir hafa ekki hikað við að notfæra sér örvæntingu skuldugra húsbyggjenda til áróðursframleiðslu á liðnu sumri sem á engan sinn líka.

Góðir hlustendur. Við spáðum því að ríkisstjórn hægri aflanna yrði fjandsamleg launafólki. Við báðum fólk um að taka þátt í að verja kjörin. En því miður voru þeir of fáir sem gerðu sér grein fyrir því, að kosningar eru kjarabarátta. Því miður eru vinstri menn og verkalýðssinnar á Íslandi of tvístraðir. Afleiðingarnar voru myndun ríkisstjórnar kerfis- og kaupránsflokkanna og stefna hennar liggur fyrir í verki. Það er ekki eftir neinu að bíða með að dæma um afleiðingarnar. Kaupið er nú lægra en verið hefur um áratuga skeið, eða allt frá 1953. Og ríkisstj. ætlar að halda kaupskerðingunni út næsta ár. Ríkisstj. hefur svipt launafólk samningsrétti, hún hefur troðið á frelsi einstaklingsins þrátt fyrir yfirlýsingar Sjálfstfl. um annað. Forustulið Sjálfstfl. virðast skipa valdabraskarar sem eru tilbúnir í hvað eina fyrir sex ráðherrastóla.

Sjálfstfl. kveðst þó vera á móti samningabanninu. Á það verður látið reyna á næstunni hvort Sjálfstfl. selur Framsfl. sannfæringu sína öðru sinni eða stendur við orð sín. Framsfl. hefur beitt sér af hörku fyrir samninga-

banninu. Þar með hafa þau sögulegu tíðindi gerst á Íslandi að Framsfl. hefur skipað sér yst til hægri í íslenskum stjórnmálum, því vinstri menn og samvinnumenn banna ekki frjálsa kjarasamninga. Það gera aðeins hægri menn og herforingjastjórnir. Framsfl. hefur gengið svo langt að nauðsynlegt er að sett verði í stjórnarskrána ákvæði sem hindra að gripið verði til svona gerræðis aftur.

Ríkisstj. hefur lokað þinginu lengur en nokkru sinni áður nú í sumar og þar með afnumið þingræðið einnig um skeið. Sjálfstfl. lofaði að kalla þingið saman 18 dögum eftir kosningar og fyrir því var meiri hluti á Alþingi. Þetta fyrirheit sveik Sjálfstfl. Framkoma hans og ríkisstj. í heild gagnvart stjórnarandstöðunni er einsdæmi, og það er lágkúrulegt af Steingrími Hermannssyni þegar hann reynir að verja sig með ósannindum um ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens í þessu sambandi.

Þessi þrjú dæmi, um kauplækkun, samningabann og lokun Alþingis Íslendinga, eiga að vera nægileg til að sýna að hér er að störfum hægri stjórn undir forustu Framsfl., en Steingrímur Hermannsson hefur tekið að sér að verða eins konar forfallaformaður í Sjálfstfl. þar til á landsfundi íhaldsins eftir nokkrar vikur. Þessi þrjú dæmi eiga líka að nægja til að ljóst verði að ríkisstj. hefur sagt þjóðinni stríð á hendur. Hún hefur sagt í sundur friðinn á Íslandi þegar mest á ríður að skapa samstöðu um erfið úrlausnarefni.

Þjóðin stendur nú frammi fyrir miklum efnahagslegum erfiðleikum, sem eiga rætur að rekja til erfiðra ytri aðstæðna, auk þess sem mörg verkefni voru óleyst þegar fráfarandi ríkisstj. fór frá, vegna sjálfheldunnar á Alþingi s. l. vetur. Þessi vandamál verða ekki leyst með sjónhverfingum eins og ríkisstj. Steingríms Hermannssonar beitir gagnvart verðbólgunni. Áður en varir kemur blekkingin í ljós, því að ríkisstj. hefur hvergi snert á raunverulegum ástæðum verðbólgunnar, hún hefur aðeins ráðist að kaupinu.

Alþb. lagði áherslu á þjóðarsamstöðu í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor. Sjálfstfl. hafnaði þeim möguleika. Framsfl. fylgdi í kjölfarið og steig þó feti framar með því að heimta samningabann. Forsrh. hótaði launafólki hegningarlögunum. Þar með náðu kaupráns- og kerfisflokkarnir saman.

Alþb. taldi í vor og telur að grípa verði til víðtækra alhliða efnahagsráðstafana. Við vorum og erum reiðubúin til að mæta erfiðleikum þjóðarbúsins með jöfnunaraðgerðum. Við viljum standa að niðurskurði á milliliðakerfinu og sparnaði í níðþungri yfirbyggingunni, en við höfnum árásum á kjör fatlaðra og aldraðra. Við erum reiðubúin að taka þátt í því að ganga á sjálfvirkni efnahagskerfisins, en við erum andvíg því að sjúklingar greiði matarkostnað á spítölum. Við teljum að brýnasta verkefnið nú sé að afnema brbl. svo að launamenn geti með fullum myndugleika tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi í samfélagi okkar. Við viljum að strax hefjist samningar um dýrtíðaruppbætur á laun og tafarlausar launabætur. Við viljum leggja grundvöll að traustara atvinnulífi, jafnframt því sem yfirbyggingin verður skorin niður og milliliðakerfið grisjað.

Verðbólguvaldurinn á Íslandi er fólginn í þeirri staðreynd að reynt er að skipta meiru en til er. Þegar verslunin hrifsar margfaldan hlut á við það sem verið hefur, þá veldur það verðbólgu. Þegar skipulagsleysið einkennir sjávarútveginn, undirstöðuatvinnuveg landsmanna, þá veldur það verðbólgu. Þegar milliliðirnir í landbúnaði eyða hundruðum milljóna í fjárfestingu, sem er að mestu óþörf, þá veldur það verðbólgu. Þegar ríkissjóður er rekinn með stórfelldum halla, þá veldur það verðbólgu. Þarna er dýrtíðarvaldurinn á Íslandi. Þeir aðilar sem þarna voru nefndir eru að reyna að knýja fram skipti á því sem ekki er til. Verðmætasköpunin stendur ekki undir hinu þunga bákni sóunarinnar. Þeir sem ekki þora að ráðast á þetta kerfi munu áfram búa við dýrtíð. Og enginn getur ætlast til þess, að kerfisflokkarnir tveir hrófli við tilverugrundvelli sínum, seinvirku, ranglátu og siðspilltu bákni fjármagnsaflanna.

Ríkisstjórnin ætlar þjóðinni að búa við kaupránið allt næsta ár, sama kaupmátt verkalauna og 1953. Það munu launamenn ekki þola, það geta þeir ekki liðið. Það er ekki spurning um vilja, heldur um getu. Rekstrargrundvöllur alþýðuheimilanna er brostinn. Ríkisstj. gumar af því með aðgerðum sínum að hún tryggi fulla atvinnu. Staðreyndin er sú, að ríkisstj. hefir magnað hættuna á atvinnuleysi með tillitslausum aðgerðum á öllum sviðum.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, herra forseti, hefur þá stefnu í innanríkismálum að lækka kaupið og skera niður félagslega þjónustu, í atvinnumálum að hefja til vegs erlenda auðhringa og í utanríkismálum að gera eins og Bandaríkjastjórn fyrirskipar. Þessi stefna stríðir gegn sjálfstæðisvitund landsmanna, réttlætiskröfum þeirra og jafnréttisviðhorfum. Þess vegna mun ríkisstj. þessi fá sömu útreið í næstu kosningum og samstjórn kerfisflokkanna fékk árið 1978. Þess vegna þurfa allir andstæðingar ríkisstj. að hefja undirbúning að traustu samstarfi sem leiðir þjóðina út úr því myrkri skammdegisins sem Steingrímur og Albert hafa lagt yfir borg og bæ. Vegvísirinn út úr myrkrinu er samstaða vinstri manna um félagsleg úrræði jafnréttis og lýðræðis. Því það má aldrei aftur gerast að afturhaldsöflin komist til valda í skjóli sundrungarinnar.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Margrét Frímannsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þeim sem fylgst hafa með framvindu þjóðmála undanfarna mánuði og hlustuðu á stefnuræðu forsrh. hér í kvöld er það væntanlega ljósara en áður að mikil og slæm umskipti hafa orðið í stjórnmálum á Íslandi. Strax á síðasta vetri voru skýr teikn á lofti um það að hægri öflin ætluðu sér að ná saman um ríkisstj. að kosningum loknum og segja verkalýðshreyfingunni og öðrum vinnustéttum í landinu stríð á hendur.

Alþb. varaði þá eindregið við þeirri hættu sem samstjórn þessara flokka hefði í för með sér, en þeir voru allt of fáir sem tóku þá aðvörun alvarlega þegar í kjörklefann kom. Umskiptin í þjóðmálum við stjórnarskiptin urðu hins vegar meiri en nokkurn óraði fyrir, einnig stuðningsmenn þeirra flokka sem nú standa að ríkisstj. Þessi umskipti birtast ekki aðeins í afnámi samningsréttar og herför gegn lífskjörum almennings, sem hver og einn launamaður finnur á eigin pyngju. Þau koma ekki síður fram í því hvernig byrðunum er skipt á þegnana. Herjir eru það sem nú eru látnir axla þyngstu byrðarnar og hverjum er sleppt? Jú, byrðarnar eru lagðar á þá sem síst skyldi, þ. e. láglaunafólk, ellilífeyrisþega og öryrkja. Á sama tíma er varla hreyft

við þeim sem nóg hafa fyrir sig að leggja og skammta sér sjálfir sinn hlut. Það er sannarlega ráðgáta hvernig tekjulægsta fólkið á að ná endum saman nú, hvað þá þegar nálgast áramót, því að kjaraskerðingin fer vaxandi.

Ég hef aðgang að heimilisreikningi ungrar einstæðrar móður með tvö börn á framfæri. Tekjur hennar á mánuði eru alls 15 500 kr. og útgjöldin fyrir brýnustu nauðsynjum eru 13 500. Eftir eru þá aðeins um 2 000 kr., sem hún hefur til ráðstöfunar, m. a. til að kaupa föt á börnin og sjálfa sig. Inni í heimilisreikningi þessarar konu er ekki rekstur á bíl, ekki einu sinni á sparneytnum bíl, né heldur neitt annað það sem núv. ríkisstj. er búin að dæma sem bruðl hjá almenningi, miðað við þær tekjur sem fólki eru skammtaðar. Hæstv. forsrh., sem sagði nýverið á fundi að hann tæki sjálfur á sig ábyrgðina á aðgerðum ríkisstj. í kjaramálum, þykir þetta dæmi e. t. v. ótrúlegt. En hann gæti vissulega fengið nafn þessarar konu, og auðvitað heimilisfangið, svo og margra fleiri sem svipað er ástatt um. En ansi er ég hrædd um að persónulegt bréf frá hæstv. forsrh. reynist þessu fólki lítil huggun og stæði ekki undir póstburðargjaldinu frá ríkissjóði.

Til viðbótar við lækkandi kaup og skerta samneyslu kemur svo kúvending í fjárfestingar- og atvinnumálum, sem æ betur er að koma í ljós. Þannig er bygging flugstöðvar í Keflavík orðin forgangsverkefni, á kostnað brýnna úrbóta í flugvallarmálum landsbyggðarinnar. Til þessa stórhýsis má taka erlend lán upp á meira en 100 millj. kr. á sama tíma og samtals er aðeins varið um 50 millj. til almennra flugvallarframkvæmda hér á landi. Undirbúningur annarra framkvæmda á Keflavíkurflugvelli og í Helguvík brunar áfram, enda stendur orðrétt í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár að tekjur af varnarliði muni væntanlega aukast talsvert vegna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli. Á sama tíma er að því unnið að stækkun álversins í Straumsvík verði forgangsverkefni í iðnaðarmálum.

Nú er við margháttaða erfiðleika að etja í frumvinnslugreinum í landbúnaði og sjávarútvegi, sem eru undirstaða atvinnulífsins í hinum dreifðu byggðum. Þar kreppir að sökum óhagstæðs árferðis og samdráttar í afla. Við þeim aðstæðum þurfti að bregðast m. a. með því að ýta undir vaxtarsprota í þessum greinum með því að auka úrvinnslu afurða, hlúa að fjölþættum iðnaði sem víðast á landinu. Í þeim efnum var búið að undirbúa jarðveginn af fyrrv. ríkisstj., m. a. með starfsemi iðnráðgjafa og stuðningi við iðnþróun úti í landshlutunum. Sjóðir iðnaðarins voru jafnframt stórefldir, t. d. Iðnrekstrarsjóður, sem ætlað er að styðja við innlendan nýiðnað. Það er vissulega táknrænt fyrir stefnu núv. ríkisstj. að framlag til þessa sjóðs og annarra sjóða atvinnuveganna er saxað niður eða þurrkað út samkvæmt fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Á sama tíma er stóriðjunefnd ríkisstj. á þönum eftir erlendum auðhringum til að bjóða orkulindir okkar Íslendinga falar á útsöluverði, orkulindir sem við Íslendingar eigum að nýta sjálfir og hafa full yfirráð yfir.

Og svo er það samneyslan. Blessaður hjartahlýi forsrh. sagði í ræðu sinni hér í kvöld að í skólastarfi verði lögð áhersla á að auka tengslin við fjölskyldulíf og á samheldni og samveru foreldra og barna. Þessi orð Steingríms Hermannssonar eru í fullu samræmi við splunkunýtt fjárlagafrv. ríkisstj. hans, þar sem allt bendir til að á nokkrum stöðum á landinu verði foreldrar á næstunni að sjá um kennslu barna sinna sjálfir. Má í því sambandi benda á áætlað fjárframlag ríkis til byggingar fjölbrautaskóla á Selfossi, sem jafngildir því að framkvæmdir við hann stöðvist. Og eins horfir með rekstur margra skóla. Með því að draga þannig saman fjárveitingar til menntamála stuðlar hæstv. ríkisstj. vissulega að aukinni samveru fjölskyldunnar. En væntanlega á annan og harðneskjulegri hátt en almenningur kysi.

Sama markmiði virðist ríkisstj. einnig ætla að ná með niðurskurði á fjárveitingu til dagvistarstofnana og stórfelldum samdrætti á sviði heilbrigðis- og tryggingamála. Sparnaður í opinberum rekstri getur átt fullan rétt á sér. En á þessum dæmum má sjá hverjir það eru sem ríkisstj. telur að mestu valdi um verðbólgu og þenslu í landinu. Það eru ekki þeir sem mest hafa fyrir sig að leggja, ekki óráðsían í fjárfestingu og milliliðastarfsemi, heldur almenningur, verkamaðurinn, öryrkinn, einstæðir foreldrar og aldraðir. Aðgerðum ríkisstj. var beint að þessum hópum og öðru láglaunafólki í landinu. Þar eru konur í meiri hluta. Skerðing launa og niðurskurður til félagsmála bitnar harðar á þeim en öðrum og lokar leiðum í jafnréttisbaráttunni.

Herra forseti. Erfiðleikar hafa oft steðjað að í íslensku efnahagslífi. Enga greindi á um það fyrir síðustu kosningar, né heldur að grípa þyrfti til aðgerða gegn verðbólgunni. Alþb. lagði fram sínar tillögur og var reiðubúið að axla ábyrgð og eiga hlut að því að hver og einn tæki nokkuð á sig eftir efnum og ástæðum. Alþb. hvatti til samfylkingar vinstri aflanna í þjóðfélaginu og hafnaði alfarið leiftursókn gegn lífskjörum. Framsfl. gerðist hins vegar umskiptingur eina ferðina enn og tók höndum saman við íhaldið um ómengaða hægri stefnu. Þess vegna búum við í dag við ríkisstj. sem virðir að engu rétt almennings í landinu til frjálsra samninga og mannsæmandi lífs. Verkefnið nú á komandi vetrarmánuðum er að hrinda þessari stjórnarstefnu. Til þess þarf órofa samstöðu manna til sjávar og sveita. Samfylking vinstri manna um lýðræði og jafnrétti í landi okkar má ekki aðeins vera hugsjón, heldur þurfum við að gera hana að veruleika hins daglega lífs.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ég ætla mér ekki að fara hér mörgum orðum um verkefnalista hæstv. ríkisstj. eins og hann birtist í kvöld í stefnuræðu hæstv. forsrh. Reynslan hefur nefnilega kennt okkur að sitt er hvað, orð og athafnir. Hæstv. ríkisstj. vantar vafalaust ekki viljann til góðra verka. En að mörgum okkar læðist sá ískaldi ótti að hún sé því miður ekki til stórvirkja. Ég segi því miður, vegna þess að fólkið í þessu landi hefur möglunarlítið lagt fjórðung launa sinna og dýrmæt lýðréttindi að fótstalli hæstv. ráðh., og því er miður ef þessi fórn reynist til einskis.

Lítum á verkin þeirra hingað til. Hæstv. ríkisstj. taldi þau tvö verkefni mikilvægust að lækka verðbólgu og gera breytingar á efnahagskerfinu og stjórn þess. Það fyrra, þ. e. verðbólgulækkunin, hefur fengist fram með því að taka burt ¼ hluta launa landsmanna og færa til atvinnurekstrarins. Verkalýðsfélögum voru bönnuð raunveruleg afskipti af málinu. Launþegar tóku þessu eins og áður segir af furðulegri rósemi og settu traust sitt á hæstv. ráðh. Slíkt lýsti þjóðhollri afstöðu og

trúnaðartrausti til ráðamanna, sem sómi er að.

Það er þess virði að velta fyrir sér hver hefðu orðið viðbrögð ýmissa fjölmiðla og félagasamtaka ef öðruvísi ríkisstj. hefði með lögum nauðbeygt atvinnurekendur í landinu til að greiða fjórðungs launahækkun og fyrirskipað að fjármagna hana með aðhaldi í rekstri. Það hefði líklega heyrst hljóð úr horni.

En nú er fólk að vakna til vitundar um blekkinguna. Það er nú að vakna til vitundar um hina dólgslegu sviptingu réttinda og lífskjara. Það er að vakna til vitundar um að ekki örlar á seinna verkefninu, þ. e. að gera breytingar á efnahagskerfinu og stjórn þess. Nýsköpunarhugmyndir hæstv. ríkisstj. voru nefnilega eins og nýju fötin keisarans.

En hvað lagði Bandalag jafnaðarmanna til málanna í vor? Bandalag jafnaðarmanna lagði á það þunga áherslu að gagnkvæmt traust og samráð frjálsra samningsaðila væri eina leiðin til að tryggja varanlegar efnahagsúrbætur. Við lögðum til að strax yrði sett á fót samráðsstofnun þar sem aðilar vinnumarkaðarins ynnu saman úr öllum gögnum um þróun efnahags- og kjaramála. Við lögðum til að við lok þágildandi kjarasamninga skyldu samningsaðilar látnir um að gera eigin samninga án íhlutunar eða ábyrgðar ríkisvaldsins. Þannig mundu menn semja frjálsir um þau verðmæti sem til skiptanna eru og taka mið af stöðu þjóðarbúsins, atvinnustefnu og verðlagsþróun. Við lögðum til að starfsmannafélögum yrði heimilað að gera viðbótarsamninga við vinnuveitendur sína um kaup og kjör á vinnustað. Þetta er mikið réttlætismál fyrir launþega, því að það er augljóst að afkoma margra atvinnufyrirtækja getur verið með ágætum þótt almennt harðni á dalnum. Við lögðum líka til umfangsmiklar breytingar á starfsemi ríkiskerfisins, fjárfestingarsjóða, banka og Framkvæmdastofnunar. Við lögðum til breytingar á starfssviði þm. til að beina kröftum þeirra frá beinni íhlutun um einstakar framkvæmdir og greiðslur. Við vildum beina kröftum þeirra að löggjafarstarfseminni og því eftirliti sem þar er nauðsynlegt. Menn ættu að bera þessar tillögur, sem byggja á lýðræði, frelsi og samvinnu, saman við aðferðir hæstv. ríkisstj., sem spilar sóló upp annan vallarhelminginn, gefur engum boltann og hefur sett flesta leikmennina í fótjárn.

Hæstv. ríkisstj. hefur ekkert gert sem endurreisir efnahagskerfi landsins. Það þurfti enga stjórnlist, enga nýsköpun til að lækka verðbólguna með aðferðunum sem hún beitti í sumar. En nú spyrja menn sig: Erum við búin að færa þessa fórn til einskis? Átti ekki að nota þetta lag, þessa verðbólgulækkun til að hrinda af stað úrbótum? Þá segir hæstv. ríkisstj.: Þetta tekur tíma, slíkar kerfisbreytingar taka tíma. Ég spyr: Hvað hefur fólkið í landinu langan tíma? Á það að láta sér nægja að hv. alþm. Tómas Árnason sé kosinn í nefnd til að endurskoða störf nafna síns í Framkvæmdastofnun? Ég segi nei. Á það að láta sér nægja að endurbætur í landbúnaði séu þær einar að fella niður gjöld af heyvinnuvélum? Ég segi nei. Á það að láta sér nægja að endurbætur í húsnæðislánakerfi séu tilfærslur úr einum vasa í annan — og svo niðurfelling stimpilgjalda? Ég segi nei.

En ég segi líka að það stórkostlegasta við þennan blekkingarleik allan saman er að þessi stjórn mun aldrei geta gert þær umbætur sem eru nauðsynlegar á stjórn íslenskra efnahagsmála. Til þess þyrfti hún nefnilega að saga í sundur greinina sem hún situr á sjálf. Halda menn að þessi ríkisstj. Framsóknar muni losa um þau kverkatök sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur á verðlagi landbúnaðarins og íslenskri bændastétt? Ég segi nei. Halda menn að þessi ríkisstj. Sjálfstfl. muni senda útgerðarauðvaldið heim af gjörgæsludeild ríkisforsjárinnar? Ég segi nei. Þar stendur nefnilega hnífurinn í kúnni.

Þessi ríkisstj. mun ekki leysa neinn vanda frekar en aðrar ríkisstj. sem þessir flokkar hafa staðið að. Þessir flokkar hafa í raun haldið um stjórnvölinn hér frá lýðveldisstofnun og bera því vænstan skammt ábyrgðarinnar. Flokkarnir segja að breyta þurfi stjórnkerfinu. Ég segi: Þeir þurfa sjálfir að fara út úr stjórnkerfinu. Þegar fjórflokkamenn tala um að breyta stjórnkerfinu eiga þeir í mesta lagi við að þeir færi til nafnspjöldin á hurðunum.

Nú segir einhver: En það voru kjósendur sem réðu þessu sjálfir í vor með því að krossa við lista þessara flokka. Er þetta ekki lýðræði? Þá vildi ég gjarnan geta spurt kjósendur Sjálfstfl. eftirfarandi spurninga: Kusuð þið ekki flokkinn sem stendur vörð um frelsi einstaklingsins? Kusuð þið ekki víðsýnan, frjálslyndan flokk allra stétta? Kusuð þið ekki flokk sem stendur vörð um sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins? Hvernig þykja ykkur svo efndirnar? Hvernig hefur Sjálfstfl. staðið vörð um lýðréttindin í sumar?

Þegar taldar eru upp sakir núv. ríkisstj. standa hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. upp og svara á athyglisverðan hátt. Séu þeir spurðir um sumarþing segja þeir: Við vildum gjarnan að þing kæmi saman í sumar. En í samstarfi fær ekki einn öllu ráðið. Séu þeir spurðir um kjaraskerðinguna segja þeir: Okkur fannst nú kaupmáttarlækkunin kannske full hröð. En í samstarfi fær aldrei einn öllu ráðið. Séu þeir spurðir um samningana segja þeir: Okkur fannst rangt að taka samningsréttinn af fólki því við aðhyllumst frjálsa samninga. En í samstarfi fær aldrei einn öllu ráðið. Mér er spurn: Hverju fá þeir ráðið? Þeir eru stórir og þeir segjast vera sterkir, en þeir fengu hvorki forsrh. né stefnumálin. Sjálfstfl. hefur látið litla bróður teyma sig og óhelga sín helgustu vé, lýðræði, þingræði, einstaklingsfrelsi og félagafrelsi.

Mig langar líka til að spyrja kjósendur Framsfl. spurninga: Kusuð þið ekki flokk sem byggir á hugsjónum samvinnuhreyfingarinnar um lýðræðislegt samstarf og samvinnu? Það voru a. m. k. hugsjónir Þingeyinganna sem hrundu þessari félagsmálahreyfingu úr vör. Þeir voru betur að sér um lýðréttindi en núv. forsvarsmenn Framsóknar, sem telja fámennisstjórnir og einræði vænlegast til árangurs. Hvernig skyldi Þingeyingunum gömlu líða núna ef þeir mættu sjá þessa sjálfkjörnu málsvara samvinnuhugsjónarinnar fleygja þinginu út í horn, svipta landsmenn rétti til að semja um mál sín og stjórna svo í krafti einræðis?

Nú stöndum við hér haustið 1983 og ræðum efnahagsmál. Við höfum getað staðið í þessum sömu sporum s. l. haust, haustið 1978 eða 1974. Að slepptri umræðunni um samningsréttinn hefðu orð vafalaust fallið á líkan hátt. Vandræðin eru nefnilega þau, að það er harla lítill eðlismunur á ríkisstjórnum. Hagsmunaklíkurnar innan stjórnmálaflokkanna koma í veg fyrir að nokkrar verulegar úrbætur séu gerðar á stjórnarháttum. Sérhver gagnrýni eða tillaga til úrbóta stígur ofan á rófuna á einhverjum flokkseigandanum. Nýjasta dæmið

má lesa í dagblöðunum í dag þegar kvartað er undan ummælum hæstv. iðnrh. um sölusamtök í fiskiðnaði.

Bandalag jafnaðarmanna var stofnað til að brjóta niður þessa varðturna flokksræðisins og hleypa lýðræði og frelsi inn í íslenskt þjóðlíf. Við munum halda þeirri baráttu áfram og bjóðum alla velkomna til samstarfs innan þings og utan. – Góða nótt.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það var um margt athyglisverð stefnuræða, sem hæstv. forsrh. flutti hér fyrr í kvöld, athyglisverð bæði hvað snertir innihald og ekki síður fyrir það hvenær hún er flutt. Það er athyglisvert að heyra ræðu flutta nú þann 18. okt. sem stefnuræðu. Henni er ætlað að skýra þá stefnu sem þessi ríkisstj. hefur hugsað sér að framfylgja næsta árið. Stingur þetta ekki hrapallega í stúf við það sem við heyrðum fyrir kosningar? Heyrði einhver hæstv. forsrh. eða einhvern annan úr hv. stjórnarliði flytja þennan boðskap fyrir kosningar? Hvað var það sem þeir sögðu þá? Minnist einhver þess að hafa heyrt einhvern þeirra segja eitthvað sem gaf vísbendingu um að samningsréttur yrði afnuminn? Eða að kaupmáttur launa yrði svo skertur sem nú er orðið. Að ekki yrði svigrúm til almennra kjarabóta. Nei, ég leyfi mér að efast stórlega um það, að nokkur þeirra hafi látið orð falla í þá átt. Ég efast, vegna þess að ég heyrði ekki þessa stefnu boðaða í útvarps- og sjónvarpsþáttum fyrir kosningar, og ég ætla að það sama gildi um kosningafundi þeirra.

Þá er mér spurn: Hver kaus yfir sig þá stjórnarstefnu sem hæstv. forsrh. mælti fyrir hér áðan? Svarið er einfalt og skýrt. Enginn. Vegna þess að enginn heyrði stjórnarliðana segja frá því á kosningafundum að þeir hygðust, fengju þeir til þess aðstöðu, beita þeim gerræðislegu vinnubrögðum og aðferðum sem dunið hafa yfir frá valdatöku þessarar stjórnar. Ég reikna aftur á móti með því að almenningur hafi kosið þessa menn í góðri trú, trú á það að þeir ætluðu sér að framfylgja þeirri stefnu sem þeir lofuðu fyrir kosningar. Það er lykilatriði, að fólk fái að vita um það fyrir fram, hvaða stefna og hvaða stjórn það er sem það er að kjósa sér til handa. Það að einhver svokölluð stefna nýmyndaðrar ríkisstj. skjóti upp kollinum eftir dúk og disk, eftir að stjórnin hefur verið mynduð, getur ekki samræmst vinnubrögðum og hugsanagangi í lýðræðislandi. Þjóðin á að fá að kjósa um það sjálf hvaða stefnu og hvaða aðgerðum hún treystir sér til að standa undir.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 kemur það fram að lífskjör þjóðarinnar hlutu að skerðast, og að um væri að ræða tímabundna en ekki síður nauðsynlega kaupmáttarfórn, ásamt því að ekki er svigrúm til almennra kjarabóta. Þess er einnig getið að ríkisstj. kunngeri tímanlega með afdráttarlausum og ákveðnum hætti stefnu sína að því er varðar gengi, ríkisfjármál, lánskjör og peningamál til þess að aðrir aðilar geti tekið sínar eigin ákvarðanir í því ljósi. Þetta undirstrikar bara enn betur þau ummæli, sem ég viðhafði fyrr, að þjóðin verður að fá að kjósa sér sjálf hvaða stefnu og hvaða aðgerðum hún treystir sér til að standa undir.

Í þjóðhagsáætluninni er þess getið að ríkisstj. vill láta fólk vita tímanlega um stefnuna. Er það kallað tímanlega að láta stefnuna uppi eftir hálft ár? Í þjóðhagsáætlun segir ennfremur að með því geti aðrir aðilar tekið ákvarðanir í peningamálum. Hvaða ákvarðanir? Hver á að taka ákvarðanir? Eru það hjónin með þrjú börn, sem standa uppi með 5 þús. kr. eftir að hafa reitt af hendi skatta og skyldur, afborganir og vexti og eiga þá eftir að greiða rafmagns- og hitareikninga ásamt fæðiskostnaði, að ekki sé minnst á lúxus eins og fatnað. Er ákvörðunarrétturinn, sem ríkisstj. færir fólkinu, í því fólginn að það megi sjálft ákveða hvort það eigi að borga svimandi háa orkureikninga, sem hafa hækkað um 140% á einu ári á meðan laun hafa einungis hækkað um 40% á sama tíma, eða hvort það eigi að kaupa sér mat? Ég segi nú bara, sér er hver ákvörðunarrétturinn.

Bandalag jafnaðarmanna vill að fólk fái að kjósa um það hvaða og hvernig ríkisstj. og stefnu það fellir sig við. Ríkisstj. sem það getur treyst, ríkisstj. sem hefur opinberað stefnu sína fyrir fram og kemur ekki aftan að fólki eftir á. Þá hefur ríkisstj. fengið vald sitt beint frá þjóðinni og getur þannig í krafti þess valds, sem það veitir henni, beitt þeim efnahagsaðgerðum sem hún fyrir kosningar áleit nauðsynlegar til að tryggja hag þjóðarinnar svo sem best verði á kosið.

Bandalag jafnaðarmanna er andvígt afnámi samningsréttar. Slíkt afnám er alrangt mat á aðstæðum og leiðir ekki til góðs. Slíkt afnám er misbeiting valds, rétt eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði réttilega þann 22. okt. 1981, þá stjórnarandstæðingur, þegar hann var að mæla til Svavars Gestssonar páv. félmrh. En við hann sagði hv. þm. Pétur Sigurðsson, með leyfi forseta:

„Hann á nokkra skoðanabræður í Póllandi sem eru þar við völd. Þeir halda verkafólki í járngreipum ófrelsis og þeir hafa herlið sér til stuðnings: Sovétherlið grátt fyrir járnum á landamærum Póllands til þess að hindra frjálsa verkalýðshreyfingu í að ná mannsæmandi kjörum."

Þetta er rétt og þetta er voðalegt. En hvaða aðgerðum stendur hv. þm. Pétur Sigurðsson nú fyrir ásamt skoðanabræðrum sínum hér á Íslandi? Það vantar sjálfsagt ekkert nema hervaldið. Bandalag jafnaðarmanna telur að betri og varanlegri árangri verði náð með því að gefa samninga frjálsa, þar sem fólk semur um þau verðmæti sem eru til, og að einstaklingar og samtök þeirra beri fulla ábyrgð á þeim samningum sem samið hefur verið um. Eftirleikurinn verður mun auðveldari og raunhæfari þegar fólki eru búnir möguleikar til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt. Það næst raunhæfari árangur með því að hafa samvinnu við fólk í stað þess að fótumtroða grundvallarmannréttindi þess.

Það var mikið rætt um erfiðleika í þessari stefnuræðu, og að allir almennir launþegar þurfi að leggja sinn skerf af mörkum svo að hægt verði að vinna bug á þessum erfiðleikum. Staðreyndin er bara sú, að erfiðleikana er nú þegar að finna á heimilum hins almenna launþega. Það ríkir kreppa í heimilisbókhaldi flestra heimila. Þar ná endarnir engan veginn saman. Samt sem áður vill hæstv. forsrh. að launþeginn taki enn meira en orðið er á sig af því litla sem hann hefur til umráða, svo að unnt reynist að lagfæra ríkisbókhaldið þannig að ríkisvaldið með helstu skjólstæðinga sína, atvinnurekendur, undir verndarvæng sínum geti vel við unað. Þetta sannfærir okkur enn betur en áður um það, að inngrip ríkisvaldsins í gerða samninga er gersamlega ábyrgðarlaus aðgerð. Víðtækar samstiltar aðgerðir er vinsælt hugtak hjá ríkisstj. um þessar mundir. En hvaða víðtæku samstilltu aðgerðir eru þeir að tala um? Jú, það er komið upp á yfirborðið. Það eru launþegarnir, sem að mati ríkisstj.

hafa lifað um efni fram og eiga nú að hafa með sér víðtæka, samstillta samstöðu um að borga upp verðbólgubrúsann á svo skömmum tíma sem verða má, svo að ríkisstj. geti fengið sér rós í barminn og hreykt sér að því loknu. En það gengur bara ekki upp að hægt sé að láta heimilisbókhaldið borga brúsann einhliða. Ríkisbókhaldið verður að taka sinn skerf af því á sig. Jú, jú, mikil ósköp, það hafa fallið mörg orð í þá átt hvernig ríkisvaldið ætlar að spara og draga saman seglin. En þau orð stemma bara ekki við fjárlagafrv. sem var lagt fram hér á Alþingi fyrir helgina. Þar ætla allflest ráðuneytin sér t. d. mjög auknar tekjur til sinna umsvifa á meðan launþeginn verður að herða sultarólina. Það hefur líka mikið verið rætt um það að ríkið ætli ekki að ráða í þær stöður sem losna. Það sannast best hve mikið er að marka þessi orð þegar lesnar eru auglýsingar helgarblaðanna þar sem fjmrn. auglýsir eftir fulltrúa. Ekki á að láta þá stöðu óráðna.

Svona væri lengi hægt að telja. Þetta eru því miður bara orðin tóm. Það hefði verið gott að geta trúað því að undir þessum orðum fælist sannur ásetningur um það að gera vel, en dæmin sanna því miður að svo er ekki.

Annað er og uppáhaldsorðatiltæki hæstv. ríkisstj.: að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar sé teflt í tvísýnu. Er hægt að trúa því að þessir menn geri sér ekki grein fyrir því, að með þessum einhliða aðgerðum tefla þeir efnahagslegu sjálfstæði hins almenna launþega í tvísýnu? Þegar sjálfstæði einstaklingsins er brotið niður, þá tekur við niðurlægingin – niðurlægingin yfir því að geta ekki með nokkru móti staðið við skuldbindingar sínar, niðurlægingin yfir því að þurfa að ganga eins og bónbjargamenn milli lánastofnana til þess að bæta gráu ofan á svart með enn einu láninu, niðurlægingin yfir því að geta ekki séð sér og sínum farborða þrátt fyrir gífurlegt vinnuálag. Þegar svo er komið, að einstaklingum þessa þjóðfélags er stillt þannig upp við vegg, fer maður að spyrja sig að því, hvort það geti verið réttlætanlegt og hvort það geti verið að tilgangurinn helgi meðalið.

Ég þakka áheyrnina.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Góðir hlustendur. Stundum hefur verið sagt og það með nokkrum sanni, að útvarpsumræður gefi ekki alltaf rétta mynd af önn dagsins á Alþingi. Umræður í heyranda hljóði eru þó hluti af lýðræðinu í hefð þingsins. Þetta atriði var þungt á metum strax fyrir 150 árum, er Fjölnismenn börðust fyrir sérstöku þingi fyrir Íslendinga. Höfundar bænaskránna um þetta efni voru ekki í neinum vafa um það, að innlent þinghald mundi vekja þjóðina, umræður í heyranda hljóði og þingtíðindi prentuð á íslensku hefðu víðtæk og vekjandi áhrif. Einn þeirra sagði árið 1835:

„Um nytsemi þvílíkrar stjórnarlögunar sýnist mér þó mannkynssagan bera ljóst vitni og þá ætla ég þjóðirnar hafa komist hæst þegar þær hafa fengið að taka þátt í löggjöfinni. Svo virðast mér bændur hjá oss upplýstir, að brátt muni þeim skiljast hvað um er að vera ef til þeirra kasta kæmi. Fár er svo ókænn að ekki kunni skyn á hvað honum er helst til óhæginda og hvernig ráða megi bót á því með nokkru móti."

Ljóst er af þessu að Fjölnismenn höfðu mikla trú á skynsemi þings og þjóðar. E. t. v. eru þingtíðindi okkar tíma ekki jafnvinsæl og vekjandi lesning og þeir töldu að vera mundi þá, en hitt er víst, að í skynsemi almennings er traustasti liðstyrkurinn til nauðsynlegra verka við stjórn landsins nú sem þá.

Núv. ríkisstj. tók við sameiginlegu búi okkar allra Íslendinga er efnahagur þess stóð andspænis hættum sem voru stórfelldari en nokkru sinni hafa blasað við frá stofnun lýðveldisins. Þetta er ekki umdeilt. Engar raunverulegar úrbætur gátu verið sársaukalausar. Það var ekki heldur umdeilt.

Hv. þm. Svavar Gestsson átti ekki orð til að lýsa hneykslun sinni nú á því hvernig núv. ríkisstj. tæki á efnahagsmálum. Hann hélt því fram að kauplækkun hafi nú orðið 30%. En hið rétta er samkv. útreikningum Alþýðusambands Íslands, að lækkun verðbólgu um 100 prósentustig jafngildir 20% kjarabót. Eða man nú enginn eftir því, fyrr á þessu ári, er Alþb. bauð upp á samkomulag um neyðaráætlun til fjögurra ára þegar það sjálft hafði setið í ríkisstj. í fjögur ár? Ég hygg að láglaunafólk hafi að fenginni reynslu frábeðið sér forsjá Alþb. Þess vegna brýst nú beiskja þess fram.

Almenningur var orðinn langþreyttur á sýndarkjörum, sem byggðust á blekkingum, er fólust í hækkandi erlendum lánum í stað nægilegrar verðmætaframleiðslu í landinu. Lánunum er velt á herðar næstu kynslóðar. Þessi þróun var komin í það horf, að aðeins tvö lönd í veröldinni, Argentína og Brasilía, eru með meiri skuldabyrði en við sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Hin skynsamari hluti þessarar þjóðar vill auðvitað taka þátt í því að snúa rekstri þjóðarbúsins til betri vegar. Öllum sæmilegum mönnum er það áskapað að vilja búa í haginn fyrir næstu kynslóð og leggja nokkuð að sér til þess að svo megi verða. Þess vegna er það sem almenningur sýnir stefnu stjórnarinnar skilning og fylgi stjórnarinnar fer vaxandi samkv. skoðanakönnunum, sem nú nýlega hafa birst.

Kjarasamningar hafa vissulega verið skertir um skeið samfara stöðugu gengi, minni verðhækkunum og aðhaldi í fjármálum, í þeim tilgangi að kjarasamningar geti raunverulega orðið frjálsir til frambúðar, að menn geti samið frjálst um kjör sín og borið ábyrgð á samningum sínum á grundvelli raunverulegra verðmæta. Spurning dagsins í dag er hvort almenningur í landinu er tilbúinn til þess með skynsemi sinni að ljá ríkisstj. atfylgi til þess að sá árangur í efnahagsmálum, sem þegar er farinn að koma í ljós, fái að batna og verða til frambúðar.

Ýmislegt hefur það verið í aðgerðum ríkisstj. sem mótast af því viðhorfi að fjölskyldan er grunneining þjóðfélagsins og eftir því beri að styðja hana og vernda. Svo var um sérstakar ráðstafanir vegna barnmargra fjölskyldna, vegna húsnæðislána og niðurfellingar aðflutningsgjalda af ýmsum nauðsynjavörum til heimilis. Það var ekki síst núv. forseti Ed., Salome Þorkelsdóttir, sem átti hlut að því máli. Marga fulltrúa stjórnarandstöðunnar hefur því miður skort stórhug til að viðurkenna að þarna var vel að verki staðið og hafa þeir gert lítið úr. Er þó mála sannast að verð ýmissa þessara vara hefur staðið í stað og jafnvel lækkað. Má þar nefna ýmiss konar búvöru, búsáhöld, borðbúnað og heimilisvélar, allt nauðsynlega hluti á nútíma heimilum.

Í ýmsum málaflokkum setur þetta viðhorf til heimilis og fjölskyldu svip sinn á stefnu ríkisstj. Á vegum menntmrn. er nú unnið að því að gera úttekt á og tillögur um fjölmörg atriði, er öll miða að því að tengja

betur skólastarf og fjölskyldulíf, í þeim tilgangi að styrkja fjölskylduna í uppeldishlutverki sínu á grundvelli jafnréttis kynjanna. Aðalviðfangsefni þessa verks eru tvö: *Annars vegar hvernig má samræma betur vinnutíma foreldra og barna og hins vegar hvað er unnt að gera í skólastarfi, m. a. í námsgreinum og kennsluefni, til þess að styrkja samband foreldra og barna og stuðla þar með að samheldni fjölskyldna, efla fjölskylduna sem bakhjarl barnanna.*

Ríkisstj. bindur miklar vonir við þetta verk sem getur orðið til þess að styrkja eina meginstoðina í þjóðlífinu. Allt hvílir þetta á þeirri hugsun að jafnrétti karla og kvenna sé og eigi að vera bæði á heimili, í skóla og á vinnumarkaði. Í starfi skólanna þarf að leggja megináherslu á þekkingu, þekkingu huga og handar, þekkingu sem myndar grundvöll undir sjálfstæði í hugsun, hvetur til sannleiksleitar, þjálfar menn í samstarfi við annað fólk. Bæta þarf upplýsingaflæði milli skóla og atvinnulífs og auka bein tengsl milli þessara þátta. Unnið er að sérstökum ráðstöfunum til að koma á skynsamlegri tölvunotkun í skólum til þess að undirbúa menn undir þátttöku í fjölbreyttara og arðvænlegra atvinnulífi.

Ekki fer hjá því að sparnaður í ríkisrekstri bitni um sinn á ýmsum þörfum framkvæmdum. Þetta á við um öll ráðuneyti. Á vegum menntmrn. hefur verið unnið að aðhaldi í rekstri og framkvæmdum í samstarfi við skóla og aðrar menningarstofnanir. Miðað er við að þessar aðhaldsaðgerðir skerði hvorki fræðslu, menningarstarf eða íþróttir né heldur rannsóknir. Allt eru þetta nauðsynlegir þættir fyrir lífvænlega byggð í landinu. Ríkisstj. vill efla sjálfstæða menningu og listir í landinu. Helstu menningarstofnanir þessarar fámennu þjóðar eru í augum sumra útlendinga kraftaverk. En þær eru nauðsynjar fyrir fámenna þjóð sem vill bera virðingu fyrir sjálfri sér og láta virða sjálfstæði sitt.

Í fjölmiðlum er unnið að auknu frelsi og væntanlega verður nýtt útvarpslagafrv. lagt fyrir Alþingi innan skamms. Ríkisstj. vill efla skilning æskulýðs og fullorðinna á nauðsyn þess að efla og bæta landið sjálft, náttúru þess og auðlindir. Þessu tengist nú atvinnuuppbygging til að skapa atvinnu fyrir sívaxandi fjölda ungra Íslendinga *sem á vinnumarkaðinn koma á næstu árum.* Á þessu sviði verður auðlindasókn framtíðarinnar eins og hún hefur lengi verið á hafinu. Ég hef leyft mér að líta aðeins smástund til framtíðarinnar og þeirra björtu vona, sem hún vekur. *Þegar erfiðleikar sækja að og vetur gengur í garð er vert að minnast þess að eftir vetur kemur vor. Við skulum búa okkur undir það.*

Ég þakka fyrir áheyrnina.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Góðir hlustendur. Forsrh. hefur kynnt þjóðhagsáætlun, umgjörð um íslenskt efnahagslíf, til næstu 12 mánaða. Það vantar tilfinnanlega mynd í þessa umgjörð. Fyrir utan 10% gengishopp og 6% kauphækkun kemur hvergi fram hvenær á að gera hvað og hversu mikið á að gera af hverju. 12 mánuðirnir eru þegar hafnir, umhugsunartíminn er búinn. Ráðherrarnir hafa reyndar lýst því yfir að þeir hafi ekki haft hugmynd um hvað ástandið var slæmt þegar þeir tóku við. Það hafa engar hugmyndir sýnilega fæðst enn, ekkert skipulag til 12 mánaða, engir áfangar á leiðinni.

Hvar er uppgjörið við fortíðina? Hvar er tekist á við tekjutap, skuldir og óreiðu? Hæstv. forsrh. hefur setið í ríkisstj. s. l. fimm ár. Allan þann tíma talar hann nákvæmlega eins og áðan, þegar hann þurfti að sannfæra landsmenn. Hann heldur nú áfram sömu *Framsóknarstefnunni og fylgt hefur verið síðustu 10* árin, lengst af fyrir tilstilli sjálfstæðismanna. Enn á ný eru þessir kerfisflokkar komnir í stjórn saman. Gengisfelling, launaskerðing og verðhækkanir eru gamalkunn vinnubrögð sem ekkert leysa. Hvar eru lausnir og hvað á fólkið að bíða lengi eftir þeim? Skerðing mannréttinda með afnámi samningsréttar er eina nýjungin sem þessi stjórn býður upp á. Kerfið heldur velli og vel það. Um leið og framlög til aldraðra og barnaheimila eru skorin niður er margföldu fjármagni spýtt inn í yfirstjórn ríkisbáknsins, báknsins sem einu sinni átti að fara burt. Hæstv. forsrh. segir að fyrstu aðgerðir ríkisstj. hafi verið róttækar. Það er alrangt. Margnotuð úrræði eru ekki róttæk, þó að framkvæmd þeirra sé gerræðisleg.

Þegar ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. hóf göngu sína í vor hugsuðu eflaust margir: Ef eitt er látið yfir alla ganga, þá get ég ekki kvartað. Ríkisstj. fór í vasa launafólks, tók einn milljarð og afhenti fyrirtækjunum. *Í leiðinni tók stjórnin af þessu sama fólki sjálfsögð* mannréttindi. Stór hluti þessa fólks tilheyrir þeim hópi sem hæstv. fjmrh. hefur svo smekklega kallað „manninn með bogna bakið." Síðan hófst biðin eftir hinum aðgerðunum. Ekkert gerðist nema fundahöld og ferðalög ráðherra og nú þessi lognmolla hérna í kvöld.

Þeim sjálfstæðismönnum hefði verið hollara að hlusta á gagnrýni Ólafs Björnssonar prófessors í Morgunblaðinu á dögunum. Ólafur er talsmaður þeirra sjónarmiða að ríkisvaldið komi hvergi nærri samningagerð, mönnum beri einfaldlega að taka sjálfir ábyrgð á eigin samningum. Ólafur benti á að í raun fari fram tvenns konar samningar í þessu landi: annars vegar þeir heföbundnu samningar sem allir þekkja og hins vegar baktjaldamakk ríkisvalds og atvinnurekenda. Á þessi tengsl telur prófessor Ólafur að eigi að skera. Á þessi tengsl vill Bandalag jafnaðarmanna skera. En á þessi tengsl þorir Sjálfstfl. ekki að skera. Þvert á móti hlaða þeir undir ríkisrekið slysavarnakerfi fyrirtækjanna og þá gildir einu hvort fyrirtækin eru vel stöndug eða ósjálfbjarga. Sannleikurinn er sá, að aðgerðir þessarar ríkisstjórnar miðast við það eitt að millifæra milljónir frá fólkinu til forstjóranna. Það er ekki ráðist að orsök *vandans heldur afleiðingum.*

Við vitum það vel, að með þrælalögum er hægt að lækka verðbólgu, þegar til skemmri tíma er litið. Um það hefur aldrei verið ágreiningur, enda byggist slíkt gerræði hvorki á stjórnlist né hagspeki. *Við vitum líka* mætavel að á meðan engar róttækar breytingar eru gerðar á sjálfu efnahagskerfinu, þá er ekki spurningin hvort, heldur hvenær verðbólgan fer vaxandi á ný. Það verður kannske eftir 10 mánuði, kannske 20. Þá mun Framsókn kenna íhaldinu, íhaldið mun kenna Framsókn um og báðir munu þeir kenna verkalýðshreyfingunni um. Þetta eru hin heföbundnu endalok síðari tíma samsteypustjórna, þar sem enginn ber ábyrgð á neinu gagnvart kjósendum.

Forsrh. segir að þess verði ekki að vænta, að gengið verði fellt til að koma til móts við óraunhæfa samninga eða samningum breytt með opinberum aðgerðum. Við skulum vona að hann sé maður til að standa við þetta og hafi nú loksins kjark til að standast kröfur þrýstihóp-

anna. En reynslan hefur því miður kennt okkur að taka hóflega mark á þessum hæstv. ráðh. þegar hann tjáir sig á opinberum vettvangi.

Þessi fyrrv. sjútvrh. segir nú að fjárfesting í sjávarútvegi verði takmörkuð. Staðreyndin er sú, að í dag væri hægt að bjóða upp 20 togara fyrir 2.5 milljarða skuldum. Það er u. þ. b. sama upphæð og vantar í ríkissjóð.

Þá segir hann að að því sé stefnt að raunvextir verði yfirleitt jákvæðir. Ég endurtek: yfirleitt jákvæðir. Ég hélt að þessir tveir stjórnarflokkar væru búnir að braska nóg með sparifé yngstu og elstu kynslóðar þessa lands.

Eftir þetta kvöld í kvöld má fólkinu í landinu vera ljóst að það verður að bíða minnst eitt ár enn eftir lausn efnahagsvandans. Þeim óræðu orðum sem stefnuræðan er fylgja engar athafnir.

Í byrjun stjórnartíma síns töluðu framsóknarmenn og sjálfstæðismenn um væntanlegar kerfisbreytingar, sem fylgja mundu í kjölfar fyrstu aðgerða. Hafi einhver trúað þeim, þá þarf hann ekki annað en taka sér framlagt fjárlagafrv. í hönd. Í þessu fjárlagafrv. eru allir sömu gjalda- og tekjuliðir og í því seinasta. Sjóðþurrð er ekki kerfisbreyting, því að þó að sleppt sé framlögum til nokkurra sjóða, þá eru þeir ennþá starfandi og geta tekið botnlaus lán þegar þrýst verður á.

Þegar þetta fjárlagafrv. verður samþykkt hefur líf núv. sóunarkerfis verið framlengt um eitt ár. Ríkisstj. gekk ekki á hólm við vandann. Þessir stjórnarflokkar geta talað um kerfisbreytingar, en þeir eru ófærir um að framkvæma þær. Þeir eru kerfið. Þessir gömlu flokkar voru árangursríkt tæki í baráttu við einveldi, en eftir að einveldin hurfu úr sögunni hafa flokkarnir með sínum harðskeyttu valdaklíkum orðið að hindrunum á leið til frelsis. Sumir þeirra hafa meira að segja orðið að nokkurs konar goðheimum. Það er auglýst eftir Súpermann til forustu í Sjálfstfl. Hvaða vit er í því að kerfisflokkar og kerfiskarlar ráði atvinnufyrirtækjum, ráði bankastjórnum, ráði verkalýðsfélögum, ráði lánasjóðum, ráði fjölmiðlum og ráði launum frjálsra manna? Fólk á að ráða sínum málum í frjálsum samningum sjálft. Fólk er lifandi og í því er kraftur til nýsköpunar. Kerfisflokkar eru dauð fyrirbæri og draga þrótt úr áhuga fólks. Framsfl. er getulaus, hann er kolflæktur í viðamesta millilíðakerfi landsins og menn tala opinskátt um að Samband ísl. samvinnufélaga eigi orðið Framsfl.

Sjálfstfl. hefur alltaf talað hátt um frelsi og lýðréttindi, en síðan þvælst fyrir flestu því er til frjálslyndis horfði, sbr. jafnlítilfjörlegt málefni eins og opnunartíma sölubúða.

Í sjónvarpsviðtali nú á dögunum hélt hæstv. forsrh. því fram, að þjóðin hefði kosið þessa ríkisstj. Það er mikill misskilningur. Ríkisstj. er málamiðlun, tilraunastarfsemi, eins og hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson lýsti hér áðan. Stefna hennar er samsuða úr því versta í stefnu Framsfl. og Sjálfstfl. og skiptir þar mestu máli að hvor flokkurinn haldi sínu. Þjóðin kaus þing, en flokkarnir kusu ráðherrana. Ef skoðað er kjörfylgi ráðh., þá kemur í ljós að í þessari ríkisstj. er bara einn ráðh. sem hefur færri atkv. á bak við sig en hæstv. forsrh. Vita menn hve mörg atkv. Steingrímur Hermannsson hefur á bak við sig? Jú, Steingrímur Hermannsson varð forsrh. í krafti 1510 atkv. almennra kjósenda ásamt 23 atkv. úr þingflokki sjálfstæðismanna. Alls eru þetta 1533 atkv. Það er engin furða þótt hann sé hógvær í bílamálum.

Þeir ráðherrar sem hérna sitja — hér sitja nú strangt tekið ekki nema tveir — geta ekki snert á neinni alvörulausn. Þeir geta tekið milljarða af launafólki, en þeir geta ekki gefið neitt til baka sem máli skiptir, því að þá er flokksvaldinu að mæta, hagsmunaklíkunum. Það má ekki hreyfa við verðmyndunarkerfi sjávarútvegsins, það má ekki hreyfa við verðmyndunarkerfi landbúnaðarins, við megum enn greiða 1 milljarð í niðurgreiðslur, sem hvorki koma bændum né neytendum til góða. Nei, öll þessi atriði eru hluti af því samtryggingarkerfi sem núv. stjórnarflokkar hafa byggt utan um sig. Hins vegar hika þessir flokkar ekki við að fótumtroða grundvallarmannréttindi til þess eins að ráðherrar þeirra geti stáð af tímabundinni lækkun verðbólgu. Þess vegna, góðir hlustendur, verðum við að bíða enn drjúga stund þar til lag gefst fyrir lifandi hugmyndir og varanlegar lausnir.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Því er stundum haldið fram að allt sé eins í pólitíkinni. Stjórnmálaflokkarnir séu hver öðrum líkir. Pólitíkin sé spurning um menn, en ekki málefni. Þar skipti engu máli hvaða skoðanir menn hafi. Á þetta er síðan spilað og ekki er mér grunlaust um að slíkur áróður hafi fest rætur hjá fólki.

Á síðustu áratugum hafa hreyfingar jafnaðarmanna hvarvetna um heim beitt sér fyrir uppbyggingu velferðarþjóðfélaga, hvar hver einstaklingur er tryggður frá vöggu til grafar, hvar einstaklingurinn þarf ekki að óttast um afkomu sína, hvar heilbrigðir hjálpa þeim sjúku, hvar hinir ungu hjálpa þeim öldnu. Þessar skoðanir hafa átt það mikið fylgi að andstæðingarnir hafa ekki vogað sér að láta andstöðu sína í ljós. Þeir hafa þagað þunnu hljóði. Jú, þeir hafa talað um verðbólgu og almenn efnahagsmál, en að öðru leyti breitt yfir miðaldahugsanagang með þögninni. Maður hefði haldið að verkalýðshreyfing og jafnaðarmenn þyrftu ekki lengur að kljást við andstæðinga velferðarkerfisins. Nú hefur komið í ljós að þeir eru í fullu fjöri. Þar eru þeir í gervi umskiptinga — manna sem segja eitt en gera annað.

Það hefur berlega komið í ljós að nú hyggst ríkisstj. skera niður hvers konar félagslegar framkvæmdir, skera niður heilbrigðisþjónustuna, skera niður framlög til aldraðra samborgara okkar. Á sama tíma og þetta er útgefið fer forsrh. í nokkurs konar helreið um landið og minnir fólk á að tólf ára stjórnarferill Framsóknar hafi verið botnlaus mistök og plat. Þar hafði allt verið rangt gert, verðbólga aukist risaskrefum, erlendar lántökur tröllaskrefum og stefnan í sjávarútvegsmálum mistekist.

Það vill svo til að hæstv. forsrh. var ráðh. í síðustu ríkisstjórn- þeirri ríkisstjórn sem hann deilir nú hvað ákafast á. Hvernig er hægt að trúa svona fólki? Hvernig er mögulegt að taka svona fólk alvarlega? Og hæstv. forsrh. lætur líta svo út að það hafi verið einhver ágreiningur um það, hvort gera ætti eitthvað í efnahagsmálum. Slík framsetning er í hæsta máta óvönduð og óheiðarleg.

Í raun var öllum ljóst hverjar voru afleiðingar stjórnarsetu Framsfl. og reyndar Sjálfstfl. líka, sem átti þrjá fulltrúa í þeirri ríkisstjórn-, ríkisstjórn sem skildi eftir sig 130% verðbólgu, rýrnandi kaupmátt og minnkandi

lánstraust erlendis. Öllum var ljóst að það þurfti á stórfelldum uppskurði á þjóðfélaginu að halda.

Alþfl. lýsti því yfir fyrir kosningar að hann vildi gjarnan taka þátt í slíku viðreisnarsamstarfi. Hann hafði allt síðasta kjörtímabil varað við stjórnarstefnunni. Alþfl. sá það fyrir að stjórnleysi og kjarkleysi mundi hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér, lífskjör þjóðarinnar voru í hættu og atvinnuvegirnir staddir á hengiflugi.

Hins vegar var verulegur ágreiningur um hvað ætti að gera. Framsfl. hafði enga skoðun á því hvað ætti að gera. Hann átti sér aðeins eina hugsjón — þá hugsjón að vera í ríkisstjórn. Það var þess vegna sem Sjálfstfl. gat matað framsóknarmenn á sínum skoðunum, beygt þá í duftið og leyft þeim að hafa forystu um framkvæmd leifturstríðs, leiftursókn gegn lífskjörunum, gegn öldruðum, gegn öryrkjum og fötluðum samborgurum okkar.

Og nú er fjárlfrv. komið fram. Þar birtist það svart á hvítu hvað á að gera. Þeir ætla að taka upp þá reglu að láta sjúklinga greiða vistgjöld á sjúkrahúsum, þeir ætla að draga stórlega úr elli- og örorkulífeyri og þeir ætla að draga úr lyfjagjöf á sjúkrahúsum. Á sama tíma er gert ráð fyrir hækkun tekjuskatta um 26.5% og hækkun eignarskatta um 25.9%. Á sama tíma ætla þeir að kúga verkalýðshreyfinguna til að una aðeins við 15% launahækkun. Ja, það er ekki furða þó þessir kallar boði skattalækkanir fyrir kosningar.

Þessi ríkisstj. hefur einnig boðað undarlegan sparnað. Hvernig er það gert? Ég hvet alla þá landsmenn sem mögulega geta komist yfir fjárlagafrv. til að lesa boðskapinn. Þar segir að önnur rekstrargjöld, eins og það er kallað, eigi að hækka hvorki meira né minna en um 564%. Framlag til skrifstofu hæstv. utanrrh. hækkar um 113% og til skrifstofu hæstv. landbrh. um lítil 225% til viðbótar. Svo má lengi telja. Frv. er allt í þessum dúr.

Því er lýst yfir að 2.2% af þjóðarframleiðslu eigi að renna til vegagerðar, en hvergi sést hvar á að afla nema þá hluta þess fjár. Þar vantar 500 millj. Auðvitað er það með ráðum gert. Þess verður aflað með lántökum. Þá verður þjóðarbúið skuldugra en nokkru sinni fyrr.

Í frv. er gert ráð fyrir 9 millj. kr. afgangi. Það er létt að sýna afgang á pappírnum þegar stórum fjárhæðum er sleppt. Sannleikurinn er sá, að rekstrarhalli verður upp á 490 millj. a. m. k.

Það væri rangt af mér að halda því fram að hvergi eigi að spara. Eitthvað verða blessaðir mennirnir að hafa til að fjármagna ráðherrabílana, jafnvel þá sem eyða ekki baun. Til dæmis er framlag til fræðslusýninga um fötluð börn strikað út. Framlag til að styðja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga strikað út. Efnahagsstefnan er ein allsherjar árás á velferðarkerfið í landinu. Þetta er atlaga að þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Allt er þetta gert í nafni verðbólgunnar — þess verðbólgubáls sem núverandi forustuflokkur ríkisstj. á mestan þátt í að kynda.

Það hefur fleira verið gert. Velferðarkerfið er ekki aðeins skert peningalega, heldur troðið á mannréttindum. Samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar er afnuminn um tíma og kaupgreiðsluvísitalan er afnumin næstu tvö árin.

Það er mikill misskilningur að ætla að þetta gerræði leysi nokkurn vanda. Það skapar meira ósætti og sundurlyndi með þjóðinni en þekkst hefur áður. Við Íslendingar þurfum að vinna saman að uppbyggingu landsins. Við erum ekki fleiri en það að mögulegt ætti að vera að lifa sem ein fjölskylda — fjölskylda sem hefði skilning á þörfum þeirra sem verst eru settir, þeirra sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér.

Fyrir síðustu kosningar var mikið rætt um vísitölu. Slík umræða var vissulega eðlileg því fyrri ríkisstjórn hafði skert þessa vísitölu 14 sinnum. Allar ríkisstjórnir hafa skert vísitöluna. Samt hafa þessar skerðingar ekki forðað þjóðfélaginu frá óðaverðbólgu.

Guðfræðingar miðalda deildu ákaft um það hvort hafði verið á undan eggið eða hænan. Eins er deilt um vísitöluna. Verkafólk hefur samið um vísitölu til að vernda kaupmáttinn. Ekki verður með neinum rökum haldið fram að kjarasamningar verkalýðshreyfingarinnar hafi gert síðustu ríkisstjórn erfitt fyrir. Sannleikurinn er sá, að há kaupgreiðsluvísitala skapaðist af of mikilli dýrtíð. Hún var afleiðing stjórnleysis og kjarkleysis þeirra er sátu á valdastólum, ekki öfugt.

Alþfl. sagðist skýrt og skorinort fyrir kosningar vilja ræða nýja vísitölu. Við vildum taka upp kerfi sem gæti í raun varið kaupmáttinn. Það var og er skoðun okkar að það sé niðurlægjandi fyrir verkalýðshreyfinguna að hafa vísitölu sem öllum stjórnmálamönnum þætti eðlilegt að skerða. Við erum hins vegar ekki þeirrar skoðunar að vísitöluskerðing ein eða afnám hennar gæti bjargað efnahagsástandinu.

Alþfl. átti þess kost að gerast aðili að þessari ríkisstj. Við höfnuðum því þegar við sáum upp á hvaða býti var boðið. Við viljum taka á öllum þáttum efnahagslífsins. Það þarf uppstokkun á kerfinu. Við búum við úrelta landbúnaðarstefnu sem er í engu breytt. Sjávarútvegurinn er að fara í sama far. Þar má vissulega stokka upp. Bankakerfið leikur lausum hala og fjárfestingarmál eru eitt kviksyndi. Að ekki sé talað um húsnæðislánakerfið sem er beinlínis villimannlegt. Meðan ekki er tekið á þessum málum er ekki von á góðu.

Árásir á velferðarkerfið, árásir á samningsréttinn og þau vinnubrögð sem bera keim af einræðisherrunum í Póllandi og Suður-Ameríku munu ekki koma að liði við lausn á íslenskum vanda. Við verðum að ná sáttum. Við verðum að vinna okkur út úr vandanum. Þá tekst okkur að komast alla leið.

Verkalýðshreyfingin hefur sýnt biðlund. Hún hefur boðið fram útrétta hönd. Þar er vilji til að leysa vandann, komast að niðurstöðu án ruddalegra vinnubragða þeirra sem valdið hafa.

Á fundi Verkamannasambands Íslands, sem haldið var í Vestmannaeyjum um síðustu helgi, var samþykkt ályktun sem bendir á nýjar leiðir — leiðir sem boða betri tíð fyrir hinn fátæka verkamann og verkakonu sem nú eru að sligast vegna þess kaupráns sem framið hefur verið og vegna þeirra dýrtíðar sem yfir dynur. Ekki er vafi á því að verði kalli Verkamannasambandsins sinnt verður sýnd meiri biðlund en ella. Árásir á velferðarkerfið sýna að það skiptir máli hvaða skoðanir menn hafa. Það skiptir máli hvort beitt er úrræðum jafnaðarmanna eða stefnumörkun frjálshyggjupostulanna í Sjálfstfl. Það skiptir máli fyrrir hinn vinnandi mann, fyrir þá öldruðu, þá sjúku, fyrir öryrkja og fatlað fólk í þjóðfélaginu. Það skiptir líka máli fyrir þig, sem nú hlustar.

Nú þurfa allir frjálshuga Íslendingar að sameinast í baráttunni gegn árásum á velferðarkerfið, sameinast í

baráttunni fyrir betra þjóðfélagi, réttlátara og traustara. Við eigum samleið í þeim efnum. — Góða nótt.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Á Alþingi fer nú fram umræða um stefnu ríkisstj. Þegar störf og stefna stjórnarinnar eru metin þarf fyrst og fremst að hafa þrennt í huga. Hvar stóðum við í vor, hvar stöndum við í dag og hvert stefnum við í næstu framtíð?

Sérhvert þjóðfélag hvílir á ákveðnum meginstoðum. Stólpar okkar þjóðfélags eru að sjálfsögðu auðlindirnar; hafið, landið, orkan og atgervi og þekking þjóðarinnar sjálfrar. Á þessum meginstoðum hvíla atvinnuvegir þjóðarinnar og frá atvinnulífinu kemur uppspretta lífskjara okkar. Til að þjóðfélagið geti dafnað og framfarir orðið þarf undirstaðan að vera sterk.

Hver var staðan þegar ríkisstj. tók við völdum? Vegna langrar sjálfheldu í stjórnmálum og óraunsæis Alþb. í fyrri ríkisstjórn blasti við stöðvun atvinnuveganna. Afli hafði dregist saman, verðbólgan geisaði með meiri eyðileggingarmætti en nokkru sinni fyrr. Í þessari stöðu var ekkert annað að gera en horfa framan í kaldar staðreyndir og grípa til þeirra aðgerða sem illnauðsynlegar voru. Þetta hefur ríkisstj. gert og þar með forðað því að við lentum út í botnlaust skuldafen og hringiðu verðbólgu, sem aðeins er kunn í stríðshrjáðum ríkjum eins og Ísrael eða vanþróuðum ríkjum herforingjastjórna.

En hvar stöndum við í dag? Þótt atvinnuvegirnir hvíli enn á fremur veikum fótum, þá ríkir þar sókn í stað vonleysis. Vissulega hefur almenningur einnig þurft að færa fórnir. En minnumst þess að atvinnuleysi hefur verið forðað og framtíðin er bjartari en áður.

Enn er staða sjávarútvegsins þó mjög erfið. Útgerðin býr við verulegan taprekstur vegna aflaleysis og hækkandi kostnaðar. Fiskvinnslan á við mikla markaðserfiðleika að etja og aukna birgðasöfnun. Þessir aðilar skilja hins vegar jafnt og allur almenningur í landinu að eina leiðin til að byggja upp lífskjör þjóðarinnar er að draga úr gegndarlausri verðbólgu og erlendri skuldasöfnun.

Enginn mælir á móti því að ríkisstj. hefur þegar náð verulegum árangri í að tryggja undirstöður efnahagslífsins og þar með lífskjara til framtíðar, en þrátt fyrir allt er aðalatriðið hvert við stefnum. Við höfum heyrt hér hvert stjórnarandstaðan stefnir. Málflutningur hennar, sérstaklega Alþb., er því miður, eins og oft áður, í litlu samræmi við raunveruleikann. Þeir segja: Við viljum bæta hag fólksins með stórhækkuðum launum. Þeir segja í reynd: Okkur varðar ekkert um afkomu atvinnuveganna og mögulega nýtingu auðlindanna. Þeir segja: Við viljum auka fjárveitingar og framlög á vegum hins opinbera. Hvernig peninganna er aflað skiptir þá ekki máli. Þeir krefjast eyðslu án tekna. Með því að krefjast framlaga og aukins eyðslufjár án tillits til þess hvað þjóðfélagið aflar setja þessir menn í reynd fram kröfur um stórkostlega erlenda skuldasöfnun. Krafan er því ný íslensk flotkróna. Slík kröfugerð er að sjálfsögðu gegn hagsmunum launþega, enda hefur Alþb. í reynd aldrei varið kjör þessa fólks. Þeir hafa látið slagorðin nægja eins og glöggt kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar.

Einn af foringjum Alþb. sagði í sjónvarpinu í gær að í undirbúningi væri gengisbreyting. Ég fullvissa ykkur um að sá undirbúningur á sér ekki stað hjá ríkisstj. Stjórnin telur að forsenda stöðugs efnahagslífs sé stöðugt gengi. Þessi undirbúningur á sér hins vegar stað hjá stjórnarandstöðunni, sem krefst þess að ráðstafað verði peningum sem ekki eru til. Við verðum öll að sýna þá staðfestu að standast slík innantóm gylliboð. Við skulum því ekki láta blekkjast af fagurgala stjórnarandstöðunnar, sem þýðir í reynd verðbólgu og rýrnun þjóðartekna. Við skulum frekar láta raunsætt mat ráða viðhorfum okkar og stefna jafnt og þétt að auknum þjóðartekjum. Það eitt getur bætt hag okkar sem heildar og tryggt félagslegan jöfnuð.

Sjávarútvegurinn er sú atvinnugrein sem mestu skilar í gjaldeyrisöfluninni, eða um 77% á næsta ári. Þar fer nú fram verulegt starf til að bæta meðferð sjávaraflans og auka verðmæti, þannig að sjávarútvegurinn geti lagt enn meir af mörkum. Það er einnig unnið að því að endurbæta þann flota sem fyrir er í landinu og leitað leiða til þess, þannig að hann geti komið með betri afla að landi, í stað þess að byggja sífellt dýrari og dýrari skip sem enginn fær séð hvernig skuli greidd.

Við gerum okkur að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að arðbær fjárfesting er það sem meginmáli skiptir um kjör þjóðarinnar í framtíðinni. En fjárfestingin skilar sér ekki í auknum tekjum fyrr en síðar. Góð fjárfestingarstjórn byggist á framsýni, en það að bíða eftir árangri krefst þolinmæði. Sjávarútvegurinn væntir skilnings í þjóðfélaginu, þannig að hann geti nú sem fyrr verið undirstaða þjóðfélagsins og haldið áfram að fjárfesta þjóðinni til heilla.

Hér í umr. hafa verið settar fram kröfur um að kjarasamningar væru frjálsir. Slíkt er sjálfsagt og eðlilegt. En við verðum jafnframt að vera þess minnug undir hvaða kringumstæðum var gripið inn í og að lýðræðislega kjörinn meiri hluti verður að hafa svigrúm til að grípa til neyðaraðgerða séu aðstæður með þeim hætti. Annars verður þjóðfélaginu ekki stjórnað.

Á næstunni þurfa að fara fram kjarasamningar. Þeir samningar verða að sjálfsögðu að taka tillit til þeirrar stöðu sem við nú stöndum frammi fyrir. Þar þarf fyrst og fremst að stefna að því að innbyrðis samkomulag geti orðið um skiptingu raunverulegra þjóðartekna. Þar þarf að taka tillit til þess að hinir lægst launuðu verða að bera meira úr býtum þegar illa árar. Það er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins beini sjónum sínum að þessari staðreynd í stað þess að hrópa sífellt á skiptingu einhvers sem ekki er til. Þetta leiðir til þess að hinir verr settu verða alltaf undir, eins og reynslan sannar ótæpilega.

Við Íslendingar stöndum vissulega á tímamótum — tímamótum sem geta orðið örlagarík. Þar mun framtíð þjóðarinnar ráðast og þá er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að menn afneiti lýðskrumi og upphrópunum, eins og við höfum orðið að nokkru leyti vitni að í kvöld. Hvernig tekst til er undir okkur sjálfum komið. Ég bið þig, hlustandi góður, að íhuga í fullri alvöru: Hvar stóðum við í vor og hvar stöndum við í dag? Íhugir þú svörin við þeim spurningum gaumgæfilega, þá veit ég að þú kemst að þeirri niðurstöðu að ríkisstj. stefnir í rétta átt, fram á veg. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur.

Mikið hlýtur að vera gott að búa á Íslandi, sagði frönsk blaðakona við mig í sumar. — Þetta var einn af fáum góðviðrisdögum sumarsins á Suðvesturlandi og við Kvennalistakonur notuðum hann til að selja rabarbarasultu og harðfisk, gömul föt, bækur og blóm á Lækjartorgi til að hafa upp í skuldahalann eftir kosningarnar.

Þessari frönsku blaðakonu fannst íslenskt þjóðfélag heillandi. Henni fannst t. d. stórkostlegt að þingmenn gætu leyft sér að afgreiða á flóamarkaði á Lækjartorgi. Og henni fannst ennþá stórkostlegra að fylgjast með móttöku varaforseta Bandaríkjanna, þegar hann kom í stjórnarráðshúsið þennan sama góðviðrisdag. Íslenskir lögreglumenn sáust varla og fólk fylgdist með af hlutlausri og kurteislegri forvitni. Umstangið í lífvarðarsveit varaforsetans verkaði hlægilega og framandi í þessu friðsamlega andrúmslofti.

Já, það er gott að búa á Íslandi, svaraði ég, og hafði þá í huga samanburð við ýmis önnur lönd.

Í rauninni eru vandamál okkar fá og smá, borin saman við atvinnuleysi og hungursneyð, styrjaldir, hryðjuverk, ofsóknir og mannréttindabrot sem ýmsar aðrar þjóðir mega þola. En þeim mun auðveldara ætti okkur að vera að leysa vandamál okkar á friðsamlegan og viðunandi hátt og búa svo í haginn að allir geti verið sammála um að það sé gott að búa á Íslandi.

Hæstv. ráðherrar okkar eru áreiðanlega velviljaðir og áhugasamir um bættan þjóðarhag. Þeir segjast hafa tekið við þrotabúi og allt frá því þeir fengu lyklavöld í ráðuneytunum hafa þeir kallað landsmenn til sameiginlegrar ábyrgðar, beðið þá um skilning og þolinmæði, brýnt fyrir börnum landsins með föðurlegum þunga að allir verði að axla auknar byrðar, allir verði að leggja sitt af mörkum til að bæta þjóðarhag, allir verði að leggjast á eitt með að ná niður verðbólgu. Stefnuræða forsrh. er tilbrigði við sama stef.

En er þetta sanngjörn krafa? Erum við öll jafnfær um að axla byrðar vegna minnkandi þjóðartekna? Er raunhæft að ætlast til þess að ellilífeyrisþegar og námsmenn, öryrkjar og lágtekjufólk taki á sig jafnmikla skerðingu hlutfallslega og fullvinnandi, heilsuhraust fólk með meðaltekjur og þaðan af meira? Er jafnauðvelt fyrir einstæða móður með lágmarkstekjur að þola rýrnun kaupmáttar og ráðherra eða framkvæmdastjóra með 70—100 þús. kr. tekjur á mánuði?

Því fer sannarlega víðs fjarri, og það hljóta ráðh. í ríkisstj. Steingríms Hermannssonar að vita — eða vita þeir það ekki? Það verður að segjast eins og er, að þegar litið er á aðgerðir þeirra í launamálunum, þá er ég ekki viss. Ég er alls ekki viss um að þeir skilji aðstæður þessa fólks, hafi reynt að setja sig í spor þess. Þeir hefðu kannske gott af því að taka sér far með strætisvagni öðru hverju til að minna sig á að ekki hafa allir efni á að eiga bíl, jafnvel ekki af minnstu og sparneytnustu gerð. Kannske yrðu þeir samferða ungu konunni sem ég sá koma upp í vagninn einu sinni að morgunlagi í sumar. Hún var í vinnufötum og þreytuleg á svip þar sem hún veifaði til tveggja lítilla stúlkna sem stóðu eftir á gangstéttinni hönd í hönd — tvær litlar systur, á að giska 5 og 9 ára, sem væntanlega hafa átt að reyna að sjá um sig sjálfar meðan mamma þeirra ynni fyrir matnum þeirra. Því miður er enginn gerðardómur sem metur það að mamma þeirra þurfi hærri laun þegar framfærslukostnaðurinn hækkar á sama hátt og gerðardómur fjallar um kostnaðarhækkanir alþm.

En það er ekki bara ríkisstj. sem villist á breiðu bökunum í þjóðfélaginu. Ótrúlega margir loka augunum fyrir aðstæðum þeirra verst settu. Víst eru lágmarkstekjur skammarlega lágar, segja menn, en það eru bara svo fáir sem þurfa að sætta sig við slík kjör. Flestir eru yfirborgaðir, drýgja tekjurnar með eftirvinnu eða stunda aukastörf, og í flestum tilfellum vinna bæði hjónin fyrir tekjum heimilisins. Og þar með er málið afgreitt.

Þetta er náttúrlega mikill misskilningur. Í fyrsta lagi ættu alls ekki að þekkjast svo lág laun hér að ekki sé hægt að lifa sæmilegu lífi af dagvinnutekjum einum saman. Það er þjóðarskömm. Í öðru lagi eru alls ekki allir í hjónabandi. Fyrsta des. s. l. voru skráð 8050 börn undir 15 ára aldri í umsjá einstæðra foreldra, eða 12% barna á öllu landinu. Einstæðir feður voru þá skráðir 361, en einstæðar mæður 5710. Að minnsta kosti konurnar eru fáar í hópi þeirra yfirborguðu og áreiðanlega hafa þær litla möguleika á að drýgja tekjur sínar með eftirvinnu og aukastörfum því einhvern tíma þarf að sinna börnunum — eða erum við ekki öll sammála um það? Nógu fallega er talað um gildi barnauppeldis og heimilisstarfa á hátíðlegum stundum.

Við verðum að opna augu allra fyrir kjörum lágtekjufólks. Fyrsta skrefið á þeirri leið væri að lögfesta frv. okkar kvennanna í Nd. um endurmat á störfum láglaunahópa. Markmið þeirra laga er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Aum erum við og illa sett ef við teljumst ekki hafa efni á framkvæmd slíkra laga.

Eins og vænta mátti hafa umr. hér í kvöld að mestu snúist um efnahagsmál. Stefnuræða forsrh. gaf naumast tilefni til annars. Í stefnuyfirlýsingunni, sem birt var eftir myndun ríkisstj. í vor, fór lítið fyrir öðrum málum. Efnahagsmálin höfðu forgang. Hvenær hafa þau annars ekki haft forgang? Félagsmál og menntamál, heilbrigðis- og tryggingamál voru afgreidd í einni stuttri setningu. Mörgum blöskraði, en kenndu um tímaskorti. Því miður er stefnan í þessum málaflokkum litlu skýrar mörkuð í stefnuræðu forsrh. þó setningarnar séu ögn fleiri. Helst er einhverja stefnumörkun að finna í húsnæðismálum, enda komst ríkisstj. ekki hjá því þegar húsbyggjendur og húsnæðiskaupendur risu upp í sumar og kröfðust þess að staðið yrði við kosningaloforðin. En ég sakna þess að ekki eru í sjónmáli nein áform um aukinn stuðning við byggingu íbúðarhúsnæðis á félagslegum grunni. Okkur er brýn nauðsyn á breyttri stefnu í húsnæðismálum. Séreignastefnan er ekki öllum fær. Fólk verður að geta valið um það í reynd hvort það leigir, kaupir notað húsnæði eða byggir sjálft. Við verðum að afnema þá ómannúðlegu kvöð að menn séu neyddir til að eyða bestu árum ævinnar við að koma þaki yfir höfuðið. Við höfum séð allt of mörg dæmi þess hver áhrif sú stefna getur haft á einstaklinga og fjölskyldulíf.

Og það er fleira sem ég sakna úr stefnuræðu forsrh. Jafnréttismál kynjanna voru þar ekki til umfjöllunar. Erlendir blaðamenn hafa meiri áhuga á framgangi þeirra mála hér á landi en hæstv. ríkisstj. Hvergi er fjallað um réttindi heimavinnandi húsmæðra. Þær eru bara til fyrir kosningar. Dagvistarmál virðast ekki minnsta áhyggjuefni þessarar ríkisstj. á sama tíma og

foreldrum er gert ókleift að vera heima hjá börnum sínum. Á umhverfismál er ekki minnst. Breytt verðmætamat er ekki í sjónmáli hjá þessari ríkisstj. Forgangsröðin er enn sú sama.

En við skulum ekki láta vonleysið ná tökum á okkur. Þetta nýbyrjaða þing er um margt merkilegt og þá ekki síst vegna tilkomu tveggja nýrra stjórnmálaafla og fjölgunar kvenna í þessu samkunduhúsi. Við skulum vona að hinum nýju fulltrúum takist að veita ferskum straumum inn í þessa virðulegu stofnun, sem umfram allt má aldrei slitna út tengslum við þjóðlífið. — Ég þakka þeim sem hlýddu og býð góða gótt.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. var hneykslaður á því að ég skyldi geta um gengislækkun eða gengisbreytingar, sem fyrirhugaðar væru eða hætta væri á, og aftók með öllu að svo væri. Færi betur að sjútvrh. stæði við þessi orð sín, þó hann sé ekki alveg eins ákveðinn í orðum þegar hann talar við útgerðarmenn og þegar hann talar hér. En við skulum vona að hann standi við þessi orð sín, og hann verði ekki jafnundrandi og hans formaður hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. er einn undarlegasti maður sem ég heyri í. Hann er alltaf undrandi. Hann var stórkostlega undrandi á, þegar hann kom úr vinstri stjórninni, hvernig ástandið væri. Og nú er hann að lýsa því yfir að það hafi verið byggð þetta og þetta mörg sláturhús, að mér skilst í tómri vitleysu. Hann var þá landbrh. Þegar hann kom úr síðustu ríkisstjórn var hann forundrandi á því hvað var búið að kaupa marga togara. Hann var sjútvrh. Og meira að segja sagði hann: Jú, það var rétt, ég pantaði nú tvo togara, en ég var bara búinn að gleyma því. — Fyrir utan hina.

Það má náttúrlega leika þessa plötu ár eftir ár að láta alltaf alla hluti koma sér á óvart og tala svo af hjartans sannfæringu um að það sé verið að koma öllu í lag. Þessi maður, hæstv. ráðh., hefur alltaf verið að koma öllu í lag og þegar hann er búinn að koma öllu í lag, þá er hann svo forundrandi á að allt skuli vera komið í algjöra hönk. M. a. s. er hann mest undrandi á þeim togurum sem hann keypti sjálfur og það þarf að minna hann á, því hann er búinn að gleyma hverja hann keypti.

Ég er orðinn leiður á þessum málflutningi. Og ég held að þjóðin sé búin að fá nóg af þessu hjá hæstv. forsrh. Ég held að hann ætti að fara að taka upp aðrar áróðursaðferðir en þessa forundran á eigin verkum. **(Gripið fram í:** Hver skaut undir hann stólnum?) — Það er ekki til sóma fyrir neinn sem skaut undir hann stólnum.

En það sem ég ætlaði að koma inn á var það, góðir hlustendur, að nýlokið er þingum Verkamannasambands Íslands og Landssambands verslunarmanna. Ályktanir þessara sambanda eru í meginatriðum þær sömu. Verkamannasambandið leggur áherslu á að gert verði bráðabirgðasamkomulag sem hækkar lægstu laun. Það mótmælir þeim höfuðósannindum, þó ýmsir erfiðleikar steðji að þessari þjóð, að það sé ekki hægt að borga nema tæp 11. þús. kr. í kaup á mánuði. Vonlaust er með öllu fyrir eina fyrirvinnu að sjá fyrir heimili og vinna kvenna með börn held ég að sé komin í mörgum tilfellum út í hreinar öfgar, enda í mörgum tilfellum hreint neyðarúrræði.

Það sem við erum að gera er að við erum að bjóða upp á skammtímasamninga til úrbóta fyrir þetta fólk. Ef ríkisstj. er svona hrædd um að slíkar kjarabætur lendi hjá öðrum en þessu láglaunafólki, þá er sjálfsagt að ræða við hana um hvernig eigi að halda á þessum samningum, hvernig hún vilji tryggja að kjarabætur komi til þessa láglaunafólks og jafnframt hvernig verðbætur eigi að vera. Það er enginn að heimta gamla vísitölu eða gamalt vísitöluform. En reyndin hefur bara verið sú, að Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið hafa alltaf tryggt að þeir sem væru á hæstu launum fengju alltaf fullkomlega það sem þeir fengju sem væru á lægri launum. Það eru ekki kröfur verkalýðsfélaganna. Það hefur samt alltaf verið gulltryggt að hjá báðum þessum samböndum hefur verið léttara að semja fyrir þau félög sem hafa mun hærri laun.

Sannleikurinn er sá, að Vinnuveitendasambandið hefur nú svarað beiðni, kröfu Verkamannasambandsins um bráðabirgðasamkomulag fyrir þá sem eru á lægstu launum. Þeir mega ræða við okkur fullkomlega frjálst og það er enginn að krefjast þess að þetta gangi yfir allan launastigann og við biðjum um að það fari ekki út í allt verðlag eða yfir allt þjóðfélagið, — að ef einhver ákveðin kauphækkun kemur, þá komi hún ekki í prósentum til ráðh. og annarra slíkra. Það er þetta sem boðið er upp á. Vinnuveitendasambandið var fljótt að neita í kvöld. Og sjálfur bannpostulinn, hæstv. forsrh., hefur boðið upp á að það mætti semja, ræðast við, ef það væri bara gulltryggt að það yrðu engir samningar. Ja, þvílíkt boð!

Það er kaldhæðni örlaganna að Framsfl., sem kallar sig flokk samvinnumanna, frjálslyndan milliflokk, gerði þá kröfu við myndun ríkisstj. að það væri bann við samningsfrelsi og samningsrétti verkalýðsfélaga í eitt og helst í tvö ár. Og kaldhæðnin var svo mikil að það var sjálft íhaldið sem neitaði því og gat þvingað Framsfl. niður í átta mánuði, en vísitalan var bönnuð í tvö ár.

Kom á eftir þessu verðstöðvun? Þeir eru að líkja þessu við Noreg. Það kom sú hrikalegasta verðhækkunarskriða sem komið hefur um árabil, sem hefur gengið yfir landsfólkið í sumar, sem hefur skert hlut launafólks, jafnt þeirra sem eru á lægstu launum og þola það verst, um a. m. k. 25% og það á eftir að fara upp í 30% fyrir 1. febr. Og síðan á að koma gullöld á næsta ári!

Ef kaupmátturinn hefur verið 100 árið 1982, þá verður hann 74 í lok þessa árs. Og þó svo að við tökum hæstv. sjútvrh. alvarlega og engin gengislækkun verði, þá verður kaupmátturinn um 63—64% í lok ársins 1984. Sem sagt: kauplækkunin, kaupmáttarrýrnunin, heldur áfram. Og m. a. s. skattarnir hækka líka. Það er eftir kröfu Framsfl. sem þetta gerist. Og ég endurtek: Kaldhæðnin er svo mikil að það verður að vera sjálft íhaldið sem aðeins reynir að hamla þarna á móti.

Tími minn leyfir ekki að ítarlega sé farið út í þessi mál, þó að það væri ósköp freistandi. Framsfl. hefur rekið landbúnaðarpólitík á Íslandi. Bændur eru ekki of sælir í þessu landi. En SÍS hefur náð undirtökunum á vinnslustöðvunum. Sláturhús eru byggð villt og brjálað og það er lítil hagsýni í þeim vinnubrögðum. Mjólkurstöðvar og dreifing er í höndum SÍS og sala á landbúnaðarafurðum til útlanda. Þetta er kerfi sem er sjálfvirkt, bundið inn í verðlag landbúnaðarafurða og bundið hjá SÍS. Og það að þeir vilja hafa sjávarútvegsmálin er vegna þess að þeir vilja binda þetta fasta kerfi við sjávarútveg líka, SÍS-kerfið. Sjálfstfl. beygir sig að sjálfsögðu: Það verður að vera samstarf og það þarf á

einhvern hátt að ná saman, segja þeir.

En ég vil aðeins segja: Í hvað hefur gengishagnaði verið varið að undanförnu? Honum hefur fyrst og fremst verið varið í það að bjarga gjaldþroti ýmissa framsóknarfyrirtækja — fyrirtækja eins og togaraútgerðarinnar á Hólmavík. Fólk á Hólmavík á allt gott skilið, en þessi vinnubrögð voru algjört ráðleysi, enda var hæstv. forsrh. aðeins að reyna að bjarga sínu kjördæmi eða styrkja sig eitthvað í því. — Hann bjargar reyndar ekki kjördæminu. Það er vafi hvaða greiða hann hefur gert fólki þarna.

Svona eru vinnubrögðin og þessu eru þeir að reyna að ná: Þeir eru að reyna að ná samkomulagi við Sjálfstfl., 50% af embættum, 50% af bankastjórum, 50% af bankaráðsmönnum, 50% af innflutningi. — Og ég sé að hæstv. sjútvrh. er hinn kátasti. Þetta virðist ganga vel.

Ég vil aðeins segja það við almennt verkafólk: Látið ekki segja ykkur þá höfuðlygi, þó ýmsir erfiðleikar steðji að þessu þjóðfélagi, að það sé ekki hægt að borga meira en 11 þús. í kaup fyrir fulla dagvinnu á mánuði. Það er hægt. Og við skulum hvorki láta forsrh. né kröfuna um helmingaskipti Framsóknar hræða okkur þar frá einu eða neinu. Íslenskt atvinnulíf, íslenskt þjóðfélag, íslenskt réttlæti krefst þess bókstaflega að hlutur þessa fólks verði réttur. Og það er hægt að rétta hann við ef fólk bara lætur ekki hræða sig og sé þess minnugt að þó menn séu kokhraustir hér á Alþingi, þá eru ráðherrastólar býsna brothættir. Það skyldi nú aldrei vera að samtök hins almenna verkafólks eigi eftir að reynast býsna drjúg í þessari baráttu.

En hitt vil ég segja að lokum og munið þið það og munið þið það vel: Við skulum fylkja okkur öll saman. Það er hægt að bæta kjör láglaunafólks. Ef ríkisstj. er svona hrædd um að þær kjarabætur fari til hálaunamanna skulum við semja um að þær verði bundnar við fólk á þessum lágu launum. Og sannið þið til, að ríkisstj. mun neita eins og forsrh. hefur neitað. En það er hægt að snúa þessum köllum við. Það hef ég trú á að íslenskur almenningur eigi eftir að gera.

Efri deild, 7. fundur.

Miðvikudaginn 19. okt., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. 24. mál (þskj. 24). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja hér fram stjfrv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frv. það, sem hér er tekið til 1. umr., er lagt fram til staðfestingar á brbl. þeim sem sett voru 28. júní s. l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá 26. maí var ákveðið að hrinda í framkvæmd ýmsum aðgerðum til að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir víxlgengi launa og verðlags, sem leiddi af þágildandi tilhögun launa- og verðlagsákvarðana. Til þess að ná því markmiði var nauðsynlegt að nema úr gildi ákvæði laga og samninga um verðbætur á laun frá 1. júní 1983 til 1. júní 1985. Voru því sett brbl. þar að lútandi, m. a. um launabreytingar 1. júní og 1. okt. s. l. Samhliða var hafinn undirbúningur að ýmsum beinum aðgerðum til að draga úr röskun þeirri sem í fyrstu hlaut að fylgja afnámi verðbóta á laun, þ. e. til verndar kaupmætti, einkum til þess að bæta hag þeirra sem við lökust kjör búa. Var í því sambandi m. a. ákveðið að lækka skatta og tolla á ýmsum nauðsynjavörum til heimilanna. Voru því þegar í lok júní sett brbl. til að koma tollalækkunum til framkvæmda.

Tollalækkanir þær, sem felast í brbl., taka einkum til búsáhalda og heimilistækja ýmiss konar, en á vörum þessum voru tollar almennt lækkaðir um helming eða úr 80% í 40%. Þessi stórfellda tollalækkun, sem leiddi jafnframt óbeint til lækkunar söluskatts, hafði í för með sér lækkun smásöluverðs um nær fjórðung eða 22%. Ekki þarf að hafa mörg orð um lækkun sem þessa á gjöldum af heimilistækjum, en ljóst er að hún felur í sér verulegar hagsbætur fyrir heimilin í landinu, en er þó ekki hvað síst búbót fyrir yngri kynslóðina, sem í framtíðinni hyggur á stofnun heimilis og þarf að verja stórum hluta launa sinna til kaupa á nauðsynlegum heimilismunum.

Jafnframt tollalækkunum á heimilistækjum og búsáhöldum voru tollar lækkaðir úr allt að 70% í 40% á ýmsum matvörum. Lækkun þessi leiddi til lækkunar smásöluverðs á bilinu 6—22%.

Auk nefndra vara var tollur almennt felldur niður af gleraugum og heyrnartækjum, en fyrir setningu brbl. var aðeins heimilt í undantekningartilvikum að fella niður toll af þessum mikilvægu hjálpargögnum.

Samkv. útreikningi Þjóðhagsstofnunar er áætlað að tekjutap ríkissjóðs vegna nefndra tollalækkana á síðari helmingi þessa árs verði um 20 millj. kr. Auk þess má gera ráð fyrir að tekjur af sérstöku vörugjaldi og söluskatti skerðist um 10 millj. kr.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál og legg því til að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Um þetta mál má auðvitað ýmislegt gott segja. Þarna voru lækkaðir tollar á ýmsum vörum til heimilishalds. Hins vegar vaknar sú spurning, hvort óhjákvæmilegt og nauðsynlegt hafi verið og hvort brýna nauðsyn hafi borið til að notfæra sér ákvæði stjórnarskrár og heimildir um útgáfu brbl. til þess að lækka toll á þurrkuðum döðlum og nýjum og þurrkuðum fíkjum og makkarónum, spaghetti o. fl. Ég held að þessar vörur vegi nú ekki ýkjaþungt í heimilishaldi hjá öllum þorra fólks. Það væri satt að segja fróðlegt að fá skýringar hæstv. fjmrh. á því hvers vegna þetta var sérstaklega valið. Nú fullyrði ég það, að þetta vegur ekki þungt í útgjöldum venjulegra fjölskyldna. Einhverjar ástæður hljóta að hafa legið því að baki að þetta var sérstaklega tekið út úr.

Ég fagna því hins vegar, að hér hefur verið lækkaður tollur á ýmiss konar áhöldum, búsáhöldum, borðbúnaði og ýmsu þvílíku. Það vorum við Alþfl.-menn búnir að gera till. um á síðasta þingi.

Þó að þetta sé auðvitað góðra gjalda vert og það beri hreint ekkert að vanmeta vekur þetta samt athygli á því að að þessum málum er unnið af hreinu handahófi í stað þess að taka þessi tollskrármál til heildarendurskoðunar og þannig að það gæti nokkurs samræmis þegar við

þessum málum er hreyft í stað þess að velja úr af handahófi hluti sem sumir hverjir skipta heimilin verulegu máli og þá einkanlega, eins og hæstv. fjmrh. réttilega sagði, ungt fólk sem er að stofna heimili og er að kaupa þessa búshluti fyrsta sinni. Ég viðurkenni fúslega að þetta skiptir máli fyrir þann hóp fólks. En um annað er það svo, að menn kaupa ekki hnífapör einu sinni á ári að jafnaði og eins og ég sagði áðan skipta þessar matvörur, sem þarna eru tilteknar, rauninni ákaflega litlu flestar hverjar fyrir útgjöld venjulegra heimila. Það skiptir sem sagt meginmáli að hér sé haft samræmi og samræmd vinnubrögð, en ekki sé valið af handahófi.

Annað vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. um. Hann gaf fyrir skömmu frá sér yfirlýsingar um mál þessu skyld. Vörugjald af hljómplötum og snældum var fellt niður, sem samkv. blaðafregnum á að lækka hljómplötuverð um allt að fjórðung. Ég fagna þessari ákvörðun og vona að fleira fylgi í kjölfarið. Þarna er í flestum tilvikum um hátollavara. Kannske vilja ekki allir flokka allar hljómplötur sem menningarefni, en ég hygg þó að þeir séu til sem telja allt efni af þessu tagi heyra undir menningu af einhverju tagi, og ég er þeirrar skoðunar, að þó að þar sé kannske í sumum tilvikum um tónlist að ræða sem sumir telja léttvæga, þá sé hún kannske þungvæg í annarra eyrum og augum.

En ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. vegna furðulegra ummæla sem Morgunblaðið hafði eftir honum í sambandi við þetta mál. Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Það er vitað að það hefur verið svipað með hljómplöturnar og nylonsokkana á sínum tíma," sagði Albert Guðmundsson í samtali við Morgunblaðið í gærkvöldi. „Miklu er smyglað inn í landið."

Og nú vildi ég biðja hæstv. fjmrh. að svara því, hvort hann á við að hér hafi verið stundað í stórum stíl smygl á hljómplötum til landsins, þá er það vissulega alvarlegt mál og hlýtur tollgæslan að láta þar til sín taka, eða hvort hæstv. fjmrh. á við að ef ferðamenn kaupa sér eina eða tvær hljómplötur í útlöndum, annaðhvort til eigin nota eða til að gefa vinum og kunningjum, þá séu þeir að smygla þeim plötum inn í landið. Það er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. skýri þessi ummæli sín vegna þess að hér er um töluvert alvarlega ásökun að ræða. Á hæstv. ráðh. við að ferðafólk smygli þessum plötum inn í landið eða á hann við að hér sé stundað stórfellt smygl á hljómplötum? Þá hlýtur hæstv. ráðh. jafnframt að hafa einhverjar hugmyndir um hverjir það eru sem að því standa.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðh. að því, fyrst nú hafa verið lækkuð vörugjöld á hljómplötum, hvort hins sama sé að vænta að því er varðar hljóðbönd, kassettur og myndbönd, sem ég geri ráð fyrir að töluvert sé um að ferðamenn kaupi erlendis. Þeir eru ekki að smygla neinu. Þeir eru að kaupa samkv. heimildum sem þeir hafa þegar þeir fá ferðamannagjaldeyri, vegna þess að þessi vara er tvöfalt eða þrefalt dýrari hér en erlendis. — Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann ætli sér að lækka gjöld á þessum vörum eða hvort það sé kannske hugsun ríkisstj. að leggja á þessar vörur, hljóðbönd og myndbönd, sérstaka skatta, eins og gert hefur verið í flestum grannlöndum okkar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 5. landsk. þm. spyr: Var brýn nauðsyn að lækka toll á makkarónum, fíkjum og döðlum? Ég vil benda á að í þessum vöruflokki, sem lækkaður var tollur á, eru fleiri ávextir og matvæli en bara það sem tínt hefur verið til í frekar ómerkilegum dagblöðum og er nú tínt til sem rök virðulegs 5. landsk. þm. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp, með leyfi forseta, það sem lækkað var: Það voru þurrkaðar döðlur úr 70% í 40%, nýjar og þurrkaðar fíkjur úr 70% í 40%, makkarónur, spaghetti o. fl. úr 60% í 40%, ýmsar kornvörur, t. d. Corn flakes, 50% í 40%, spergill úr 60% í 40%, ávextir almennt úr 80% í 40%, kaffiduft úr 70% í 40%, hálftilreidd kornvara úr 50% í 40%, maís, niðursoðinn, niðurlagður eða frystur, 60% í 40%. Ég held að þetta séu yfirleitt allt vörur sem heimilin nota nokkuð jöfnum höndum, og svara ég þannig þeirri spurningu.

Í öðru lagi var því fagnað að tollur skyldi lækkaður á búsáhöldum o. fl. Ég skil það. Alþfl. hefur haft hagsmuni fólksins í landinu í huga undanfarið. Ég veit ekki hve lengi það varir, en það er fullkomlega tímabært. En það þarf að halda áfram að lækka tolla. Það er heildarendurskoðun á tollskránni í gangi og fleiri vörutegundir nú í skoðun, þó að það hafi verið talið af mörgum þm. — til viðbótar við þrýsting annars staðar frá — að tollar á vörum skyldu lækkaðir sem fyrst og áður en heildarendurskoðun tollskrárinnar lýkur.

Hljómplötur og snældur lækkuðu í tolli nýlega og það stendur til að halda áfram að lækka fleira á þeirri línu, hljóðbönd eða myndbönd. Það sem knúði nú á var að fram undan er jólamarkaður og að fullyrt er að mikið sé flutt inn í landið á óeðlilegan hátt — með smygli eins og það er orðað.

En hitt er annað mál, að ég reikna ekki með að ferðamenn sem slíkir, sem halda sig innan þess ramma sem þeim er sniðinn, séu taldir smyglarar, þannig að ég tel óheiðarlegt að blanda þeim í tal um smygl. Það segir sig sjálft að ferðamenn, sem kaupa fyrir þann gjaldeyri sem þeir fá og koma með það magn sem þeir mega koma með til baka, eru ekki smyglarar. Ef þeir koma aftur á móti með meira en þeir mega og kaupa fyrir hærri upphæðir en þeir hafa heimild til að nota erlendis, þá er hægt að gefa þeim ýmis nöfn.

Og hverjir standa að smygli? Það hef ég ekki minnstu hugmynd um. Hvernig í ósköpunum á ég eða einhver annar þm. að vita það? Ef tollgæslan sjálf vissi það, þá þyrfti hún ekki að hafa mikið fyrir að ná þeim og stöðva smygl.

En þetta eru sem sagt svörin við þeim spurningum sem til mín var beint, og ég get fullvissað hv. þm. um að það er unnið mjög kappsamlega í tolladeild fjmrn. að því að endurskoða tollskrána og það verða fleiri vörutegundir lækkaðar í tolli og tollskráin í heild verður vonandi kynnt innan tíðar fyrir þingflokkunum.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Þar sem hér er á dagskrá mál, sem ég ásamt fleiri átti nokkurn þátt í undirbúningi að, þykir mér rétt að láta nokkur orð falla við þessa umr., þ. e. um lækkun tolla á ýmsum nauðsynjavörum til heimilanna.

Það kom fram hjá hv. 5. landsk. þm. að þarna hefðu verið viðhöfð handahófskennd vinnubrögð. Ég neita þessu sem ein af þeim sem tóku þátt í að skoða tollskrána, þegar verið var að athuga hvað hægt væri að gera til að koma til móts við heimilin í landinu, þegar þessi brbl. voru sett. Þetta er einn liðurinn í mildandi

aðgerðum ríkisstj. eins og kunnugt er.

Það má segja að tollskráin sé heill frumskógur að fikra sig í gegnum og það vænti ég að hv. 5. landsk. þm. þekki eins vel og ég. Þegar ég fór fyrir löngu, eftir að ég kom á hv. Alþingi, að skoða tollskrána, þá komst ég fljótt upp á lagið með að nota nokkurs konar þumalputtareglu til þess að átta mig á því hvað væru nauðsynjavörur heimilanna. Og hún er mjög einföld. Ef maður rennir fingri niður eftir dálkunum með tollaprósentunni, sem er lögð á vörur, og staldrar við töluna 80—90%, þá er það örugglega eitthvað sem tilheyrir nauðsynjum heimilanna. Það gerðist einnig þegar verið var að vinna í þessu máli varðandi þær matvörur sem hér hafa verið til umr. og lítið hefur verið gert úr á þessu sumri að tollar hafi verið lækkaðir á, eins og döðlur og fíkjur, sykraðir ávextir, spaghetti, Corn flakes o. s. frv. Nú er ég handviss um að hv. 5. landsk. þm. þekkir það eins vel og ég að þetta eru einmitt vörur sem eru notaðar næstum daglega á hverju einasta heimili, a. m. k. hjá ungu fólki þó í litlum mæli sé. Þarna var eingöngu verið að hreinsa út úr tollskránni þær vörur sem sátu eftir í háum tollaflokki þegar verið er að tala um matvörur, því að sem betur fer hafa fyrri ríkisstjórnir einnig fundið hvöt hjá sér til að reyna að koma til móts við fólk með því að lækka tolla á matvörum. Það má segja að þarna hafi verið um nokkurs konar hreinsun að ræða, sem þótti eðlilegt og sjálfsagt að láta fylgja með. Það vegur kannske ekki þungt hjá ríkissjóði, en áreiðanlega munar hvern mann um ef lækkaðir eru tollar einnig á þessum vörum.

Það hefur undrað mig á þessu sumri, hversu litla umfjöllun þessi ráðstöfun ríkisstj. hefur fengið hjá almenningi í landinu og jafnvel hjá fjölmiðlum, fréttamönnum, sjónvarpi og öðrum. Þarna hefði verið kærkomið tækifæri til að kynna fyrir almenningi, fyrir heimilunum, fjölskyldunum, hvað hefði verið gert til að koma til móts við þær. Það má segja að öll búsáhöld eða nauðsynjavörur heimilanna, sem hér hafa verið taldar upp, hafi lækkað um 20—22%. Við getum nefnt eina pönnu. Ef hún kostaði 1500 kr., þá lækkaði hún um a. m. k. 300. Mér er kunnugt um verslun í Reykjavík sem selur slíkar vörur eingöngu. Eftir að þessi brbl. voru sett voru allar vörur í þeirri verslun lækkaðar um 20%.

Ég get ekki séð að það sé hægt að gagnrýna svona aðgerðir hjá hæstv. ríkisstj. Það er sjálfsagt að gagnrýna þegar ástæða er til, en mér finnst einnig sjálfsagt að þakka það sem vel er gert. Og ég er sannfærð um að heimilin í landinu, það fólk sem fer í verslanir og þarf að víða að sér einhverjum vörum til heimilanna, kunna vel að meta þetta.

Ég er hér með lista og ég gæti talið upp þær verðlækkanir sem áætlað var að yrðu á útsöluverði varanna sem hér eru nefndar og hæstv. ráðh. taldi upp. Ef við tökum vörur eins og þurrkaðar döðlur og nýjar þurrkaðar fíkjur, sem hv. 5. landsk. þm, ef ég man rétt, gerði heldur lítið úr í blaðagrein í Dagblaðinu og Vísi í sumar að væri nú lítil ástæða til að vera að lækka, þá er það 17% lækkun. Það munar um þetta eins og hvað annað. Það er alveg óhætt að segja það.

Borðbúnaðurinn og aðrar slíkar vörur hafa lækkað í útsöluverði um 21—22%. Ég held að allir hljóti að gera sér grein fyrir að þetta er virkilega þess virði að það sé metið þegar svo stendur á í þjóðfélaginu eins og nú er.

Við skulum ekki heldur gleyma því hvernig málin hefðu staðið ef ekkert hefði verið að gert, verðbólgan hefði fengið að blómstra áfram — ef við getum talað um það að hún blómstri, við skulum heldur segja bólgna. Þá getum við rétt hugsað okkur hve margir dagar hefðu liðið þangað til öll sú kauphækkun, sem átti að koma 1. júní og mikið hefur nú verið talað um að hafi ekki komið, hefði verið uppurin.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég verð að gera stutta aths. við ræðuna sem hv. 4. þm. Reykn. flutti hér. Í fyrsta lagi: Ég minnist þess ekki að hafa skrifað neina blaðagrein um þessi efni í sumar. Það getur þó verið að eitthvað hafi verið vikið að því í einni setningu. En það var allavega ekkert meginatriði máls. Og hitt er það, að hv. 4. þm. Reykn. hefur ekki hlustað nægilega vel á mína ræðu áðan. Ég hrósaði því sem gert var í sambandi við niðurfellingu tolla af búsáhöldum. Ég verð að endurtaka það hér, hafi hv. 4. þm. Reykn. ekki heyrt það. Annars hefur hún þá valið þann kost að rangtúlka mín orð.

Hins vegar spurði ég: Hvað olli því að þurrkaðar döðlur og fíkjur voru sérstaklega teknar út úr umfram ýmis önnur matvæli? Ég fékk ekkert svar við því. Og hér er fullyrt að þetta sé verulegur þáttur í daglegri neyslu heimilanna í landinu. Ég vil biðja hv. þm. að kynna sér neyslukönnun Hagstofunnar og sjá hvað gráfíkjur og döðlur vega þar þungt í útgjöldum venjulegrar fjölskyldu. Hvers vegna kynna hv. þm. sér ekki þessi mál? Ég fullyrði að þetta eru ekki stærstu útgjaldaliðirnir hjá venjulegum fjölskyldum í þessu landi í dag.

En hv. þm. hefur rétt mér grein úr Dagblaðinu frá því 15. júlí og það er rétt hjá henni að ég hef vikið að þessu í þremur línum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrir nokkru var frá því skýrt að lækka ætti tolla á ávöxtum. Þegar að var gætt kom í ljós að þar var einkum um að ræða þurrkaðar fíkjur, sem ekki vega mjög þungt í ávaxtaneyslu Íslendinga."

Ég held að þetta sé alveg rétt. Ég stend við þau ummæli, að þurrkaðar fíkjur vegi ekki mjög þungt í ávaxtaneyslu Íslendinga. Ég held að því verði ekki móti mælt. En ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að tollskráin skuli öll vera í endurskoðun og ég vona að það verði mjög til einföldunar frá því sem verið hefur.

En nokkur orð varðandi yfirlýsingu hæstv. fjmrh., sem ég vitnaði til og birt var í Morgunblaðinu 14. þ. m. og ég vil endurtaka með leyfi forseta:

„Það er vitað að það hefur verið svipað með hljómplötur og nylonsokkana á sínum tíma," sagði Albert Guðmundsson í samtali við Morgunblaðið í gærkvöldi. „Miklu er smyglað inn í landið."

Fjmrh. í ríkisstjórn Íslands getur ekki leyft sér að viðhafa slík ummæli án þess að finna þeim stað eða skýra þau nánar. Það er mergur þessa máls. Ummæli ráðh. vega þungt og þegar ráðherrar láta hafa slíkt eftir sér verða þeir að finna sínum ummælum stað og skýra þau nánar. Þá kröfu verður að gera til hæstv. ráðh. í virðulegri ríkisstjórn Íslands.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frv. 25. mál (þskj. 25). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. til l. um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins, sem er á þskj. 25, er flutt til að leita staðfestingar á brbl. sem sett voru 30. mars s. l. í tíð forvera míns í embætti fjmrh.

Í fjárlögum fyrir 1983 var svo ráð fyrir gert, að aflað yrði 80 millj. kr. innlends láns til Áburðarverksmiðju ríkisins. Sú leið mun þó ekki hafa þótt fær og var því heimildar til töku erlends láns aflað með brbl. Var lánið tekið s. l. vor. Í brbl. er að finna heimild til að greiða helming hverrar afborgunar og vaxta af láni þessu og segir þar að greiðslur þessar skuli metnar sem stofnframlag ríkissjóðs í Áburðarverksmiðju ríkisins vegna byggingar saltpéturssýruverksmiðju.

Fyrrv. fjmrh. ákvað að nýta þessa heimild. Hér er á ferðinni glöggt dæmi þess, hvernig fyrrv. ríkisstj. flúði undan vanda líðandi stundar og velti honum yfir á framtíðina.

Ég bið virðulegan forseta afsökunar, en ég legg til að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Niðurfelling stimpilgjalda af íbúðalánum, frv. 27. mál (þskj. 27). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég legg hér fram frv. til l. um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánum, sem eru brbl. Í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. fóru á s. l. sumri fram viðræður við banka og sparisjóði um skuldbreytingalán fyrir þá sem stofnað höfðu til skuldar vegna byggingar eða kaupa á eigin húsnæði í fyrsta sinn undanfarin 2—3 ár. Leiddu þessar viðræður til þess, að lánastofnanirnar féllust á að taka að sér slíkar skuldbindingar af lánum sem þær höfðu veitt. Lánstími þessara skuldbreytingalána var allt að fimm árum og þau voru bundin lánskjaravísitölu með 3% vöxtum og veitt gegn fasteignaveði.

Samkv. lögum um stimpilgjald hefði átt að leggja 1.5% stimpilgjald á fjárhæð skuldbreytingalánanna. Ljóst er að stimpilgjald hafði þegar verið greitt af flestum þeirra skammtímalána sem breyta skyldi í lán til lengri tíma á grundvelli ofangreinds samkomulags. Hefði slík gjaldtaka því í mörgum tilfellum leitt til tvísköttunar á þessum lánum. Með þessum rökum og til að draga sem allra mest úr kostnaði húsbyggjenda við skuldbreytinguna voru hinn 6. sept. s. l. sett brbl. um heimild til handa fjmrh. til niðurfellingar eða endurgreiðslu á stimpilgjaldi af þeim skuldbreytingalánum er undir samkomulagið féllu. Er frv. þetta flutt til staðfestingar á þeim brbl.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. til staðfestingar á brbl. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum sem sett voru í tengslum við efnahagsráðstafanir ríkisstj. 27. maí s. l. Brbl. þessi voru sett til að milda áhrif efnahagsaðgerða stjórnarinnar á hina lakast settu í þjóðfélaginu. Í þeim er að finna ívilnandi ákvæði til hagsbóta fyrir barnafólk og lífeyrisþega auk þess sem persónuafsláttur til skatts var hækkaður.

Í 1. gr. frv. koma fram ákvæði um hækkun persónuafsláttar og barnabóta. Hækkun persónuafsláttarins svaraði tekjuskattslækkun að fjárhæð 135 millj. kr. og hækkun barnabóta nam 90 millj. kr.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um hækkun lífeyristrygginga og 100% hækkun mæðralauna með einu barni og 30% með tveimur börnum og fleiri. Ákvæði þessarar gr. leiddu til 30 millj. kr. útgjalda fyrir ríkissjóð. En í greininni er gert ráð fyrir að ýmsar lífeyrisgreiðslur hækki um 5% umfram þær launahækkanir sem urðu 1. júní s. l.

Í 3. gr. er ríkisstj. veitt heimild til stóraukinna fjárveitinga til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis. Er í þessu skyni heimilað að verja allt að 150 millj. kr., en á fjárlögum þessa árs var fjárveiting til þessa þáttar 35 millj. kr. Hér er því um verulega hækkun að ræða og í fjárlagafrv. 1984 er raunar gert ráð fyrir enn frekari hækkun fjárveitingar til þess að jafna og lækka hitunarkostnað eða samtals 230 millj. kr.

Í 4. gr. er fjmrh. heimilað að lækka ríkisútgjöld í ár um allt að 300 millj. kr. frá fjárlögum. Ástæðulaust er að hafa um þetta frv. mörg fleiri orð. Þær ráðstafanir sem í því felast eru mjög mikilvægur liður í viðleitni ríkisstj. til að milda áhrif af þeim óhjákvæmilegu ráðstöfunum sem gripið var til í maí og verja þar með hag hinna verst settu.

Þau brbl. sem þetta frv. tengist verður að skoða sem einn hluta þeirra heildarráðstafana sem gripið var til á s. l. vori og gerð hefur verið rækileg grein fyrir í stefnuræðu forsrh. og umr. um hana.

Ég vil að svo mæltu, hæstv. forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta mál mörg orð. Ég hygg að réttara sé að taka það mál í víðara samhengi þegar verðlagsmálin koma hér á dagskrá og hæstv. forsrh. verður hér einnig til andsvara ásamt hæstv. fjmrh. En óneitanlega vakna nokkrar spurningar í tengslum við þetta mál sem gott væri að fá svör við.

Við heyrðum það um daginn í umr. utan dagskrár á Alþingi að hæstv. fjmrh. taldi að hin mildandi hönd ríkisstj. hefði verið með eindæmum þegar þetta hefði verið gert. Hefði það verið ólíkt vinnubrögðum annarra ríkisstjórna, sem hefðu í raun og veru eingögu refsað fólki og tyftað, en í þessu tilfelli væri hin mildandi hönd

allsráðandi. Eitthvað á þessa leið mæltist hæstv. fjmrh. og klökknaði við . Ég spyr þá, vegna þess að ég veit að hæstv. fjmrh. hefur haft sérstakar áhyggjur af og borið umhyggju fyrir ákveðnum þjóðfélagshóp, sem eru lífeyrisþegarnir, öryrkjarnir okkar og aldraða fólkið, hvort honum þyki, með hliðsjón af þeirri grein þessara laga sem þar að lýtur, 2. gr. hin mildandi hönd ríkisstj. hafi fært þessu fólki nægilega mikið á móti því sem af því var tekið. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að hæstv. fjmrh. er mjög ljúft að svara því hvort honum hafi ekki þótt eðlilegt að sá allt of lági grunnur, sem þessar greiðslur eru byggðar á, fengi að vera nokkurn veginn óskertur fyrir refsingunni sem ríkisstj. lagði á launþega þessa lands og hvort honum þyki hin smávægilega mildun í vor fullnægjandi fyrir það fólk sem af engu öðru hefur sitt lifibrauð. Öryrkjunum, sem segja manni óhikað að aldrei hafi verið eins þröngt í búi hjá þeim og nú, aldrei hafi þeir átt eins erfitt með að láta enda ná saman, þeir nái í raun og veru engan veginn saman. Þessu veit ég að hæstv. fjmrh. er mjög annt um að svara, af því að ég veit — og mæli þar ekki af neinni hræsni, að hann hefur haft miklar áhyggjur af kjörum þessara þjóðfélagshópa, m. a. í tíð síðustu ríkisstj. Það heyrði ég þá oft. En ef við berum saman kjör þeirra þá og kjör þeirra nú, þá fullyrði ég að þar er vægast sagt ólíku saman að jafna.

3. gr. var nú kannske helsta skrautfjöðrin, sem maður reiknaði með að yrði hæstv. ríkisstj. til framdráttar, þ. e. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Vissulega ber að meta það að tekin var myndarleg fjárhæð og varið í þessu skyni. En sú fjárhæð kom hins vegar ekki nema að takmörkuðu leyti til góða fyrir heimili þessa lands. Það voru nefnilega aðrar ráðstafanir gerðar jafnhliða í sumar, þar sem hið opinbera gekk á undan með hinu góða fordæmi þess að hækka ekki opinbera þjónustu eða vöru með því að hækka svo stórkostlega raforkuverðið í landinu, hækka til Landsvirkjunar svo ríflega, að allar þessar niðurgreiðslur hurfu og vel það.

Ég hef það fyrir satt og hef það beint frá Rafmagnsveitum ríkisins, að þrátt fyrir niðurgreiðslurnar hafi orkukostnaður hækkað í júní til ágúst 1983 um 17.4%. Það er hér, skjalfest á blaði. Þetta þýðir í raun og veru það, að hækkun á raforkukostnaði meðalstórrar fjölskyldu í 400 rúmmetra íbúð, sem var vel einangruð í þokkabót, hefur orðið í kringum 4200 kr. á ári vegna hækkana gjaldskrár frá stjórnarskiptum og þrátt fyrir þessa niðurgreiðslu. Hér er um stærsta vanda þeirra að ræða sem búa á köldu svæðunum, og menn eru orðnir býsna langeygir eftir því að sjá einhvern áfanga í þessa átt, sem skilar sér inn til heimilanna en ekki bara í Landsvirkjunarhítina.

Þó að margt fleira mætti ræða í þessu sambandi skal ég ekki lengja þessar umr., þetta mál á eftir að verða hér aftur á dagskrá beint og óbeint í tengslum við annað frv., eins og ég sagði áðan, en fróðlegt væri að vita um þær ráðagerðir sem hæstv. ríkisstj. er með varðandi 4. gr. frv., hvaða útgjöld það eru í stærstu dráttum sem lækkuð verða í þeirri heimild sem þar er ákveðið um. Um þetta vildi ég gjarnan fá einhverjar upplýsingar. Ég þykist að vísu vita að það sé engan veginn hægt að gera það tæmandi, en helstu útlínurnar í því væri a. m. k. gott að fá að vita um við þessa umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar sé ég ekki ástæðu til að tala mjög langt mál í þessari hv. deild við 1. umr. málsins, en örfáum atriðum vildi ég þó vekja athygli á.

Í fyrsta lagi er það, að þær svokölluðu mildandi ráðstafanir, sem hér er gert ráð fyrir, náðu og ná að mati og dómi okkar Alþfl.-manna allt of skammt. Það er eitt af þeim atriðum sem við gerðum að ágreiningi í sambandi við þær stjórnarmyndunarviðræður sem áttu sér stað á s. l. vori. Það vita raunar allir að tekjuskatturinn í núverandi mynd er ekkert annað en launamannaskattur og það er löngu tímabært að samþykkja þær tillögur, sem við höfum flutt hér á Alþingi oftar en einu sinni og oftar en tvisvar að ég hygg, að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum.

Annað er það um þessar svokölluðu mildandi ráðstafanir, sem kom raunar ágætlega fram í máli síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Austurl., að þær eru allar auðvitað löngu uppétnar í þeim hækkunum sem dunið hafa yfir frá því að þessi stjórn tók við völdum.

Ég skal bara nefna eitt dæmi varðandi orkukostnaðinn, sem hér hefur borið á góma og fjallað er um í þessu frv. Ég kom á heimili vestur á landi fyrir fáeinum dögum, þar sem húsráðendur sýndu mér orkureikninga. Þetta var ákaflega venjulegt einbýlishús, um 130 fermetrar að stærð, hitað með raforku. Orkureikningur þessarar fjölskyldu verður á þessu ári í kringum 47 þús. kr. Það lætur nærri að það séu hátt í þriggja mánaða laun húsbóndans. Hér er svo komið, — og gefst nú betra tækifæri til að ræða það undir öðrum dagskrárlið í Sþ., þar sem fsp. hefur verið borin fram um raforkuverðið, — og það sér auðvitað hver maður, að við svo búið er ekki hægt að una. Menn verða að gera sér það ljóst, að þessi mismunur og þetta háa orkuverð mun hafa í för með sér búseturöskun í landinu sem verður okkur langtum dýrari og margfalt dýrari en skynsamleg jöfnun orkukostnaðar.

Kjör og staða láglaunahópanna, sem þetta frv. átti sérstaklega að milda, hafa verið mikið til umræðu þessa daga á hinu háa Alþingi þótt ekki sé langt liðið þings. Fyrir fáeinum dögum ræddi ég við starfsmann á vinnustað hjá Reykjavíkurborg í lágum launaflokki. Hann vinnur 50 stundir á viku og þau laun sem hann fær til sinnar ráðstöfunar, þegar búið er að draga af honum tekjuskattinn, launamannaskattinn, og fleiri útgjöld, eru á bilinu 12—13 þús. kr. Nú væri fróðlegt ef hæstv. fjmrh. gæti í stórum dráttum lýst fyrir okkur hér, hvernig hann hugsar sér að þriggja manna fjölskylda eigi að skipta 12 þús. kr. þannig að dugi til framfæris í 30 daga. Ég held að það sé ekki hægt. Þess vegna sýnir það með öðru hvernig með ráðstöfunum þessarar hæstv. ríkisstj. hefur verið vegið að fólki sem lægst hefur launin. Og nú er ekki annað að sjá á fjárlagafrv. ríkisstj. en að enn eigi að ganga hart fram og kannske harðar en áður í skattheimtu að því er varðar bæði tekjuskatt og eignarskatt.

Við Alþfl.-menn lögðum fram aðrar tillögur um aðra tilhögun mála varðandi tekjuskattinn og skattafslátt, að þetta gæti orðið útborganlegt í þeim tilvikum þar sem um mjög lágar tekjur er að ræða. Sú till. verður endurflutt við síðari umr. þessa máls og látið á það reyna hvort þessi hæstv. ríkisstj. vill raunverulega gera

eitthvað til stuðnings þeim sem lægst hafa launin í þessu þjóðfélagi.

Ég mun ekki, virðulegi forseti, hafa um þetta fleiri orð að sinni, því að eins og ég sagði í upphafi máls míns gefst tækifæri til að fjalla ítarlegar um þetta þegar fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar fær þetta mál til meðferðar.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð, því að það er nánast eins og að berja hausnum við steininn að vera að deila um lög sem þegar er farið að brúka.

Það er sagt um þessa stjórn, sem nú situr, að hún sé sterk, og ef maður horfir á þingstyrk hennar virðist hún hafa krafta í kögglum. En það virðist oft vera þannig, að ekki fara í raun saman kraftar og skynsemi. Það kemur mjög greinilega fram á þeim úrræðum sem þessi stjórn greip til í vor að þau eru flestöll glundroðakennd og í raun og veru engar lausnir á neinu. Maður hefði haldið að á því alvarlega augnabliki, sem menn álitu allavega að vorið í vor væri, þegar holskefla efnahagslífsins skal yfir fólk, hefðu menn talið nauðsynlegt að taka til í íslensku efnahagslífi.

Það að rétta launþegum rúmlega 100 kr. á mánuði sem persónuafslátt til uppbótar vegna þeirra kjaraskerðinga, sem þeir höfðu orðið fyrir, verka nánast eins og brandari á fólk. Svo eru sett einhver undarleg aldursmörk fyrir því hvernig barnabótum skuli skipt milli manna. Það er hægt að nefna einhverjar skýringar til þess að reyna að verja það, en þær skiljast aldrei. Maður teldi t. d. eðlilegra að það væri þá frekar miðað við einhver tekjumörk, því að alveg má sjá það fyrir sér, þó að ekki sé horft lengra í kringum sig en bara á þannan þingheim, að hér eru nokkrir aðilar innandyra sem fá þennan barna- og bótaauka og þurfa lítið sem ekkert á honum að halda.

Í framhjáhlaupi hefði mig reyndar gjarnan langað til að fá svör hjá fjmrh., en nú veit ég ekki alveg hvort hann er þess megnugur á þessum stað og þessari stundu að svara þeim spurningum. Mér skildist fyrir nokkrum árum, þegar barnabótagreiðslum var breytt, í sama skipti og þegar framtöl hjóna voru aðskilin, að það væri ætlunin að barnabætur rynnu að helmingi til karls og helmingi til konu og óskertar, en ég hef t. d. sjálfur orðið var við það á undanförnum mánuðum að barnabætur sem áttu að fara til kvenna hafa einfaldlega verið teknar upp í opinber gjöld karlmanns þegar hann er eina fyrirvinnan.

Lífeyrisbótum lífeyristrygginga til ellilífeyrisþega hefur hv. 2. þm. Austurl. þegar gert skil og ég get ekki bætt þar um betur. Þar er aðeins eitt atriði til viðbótar: Mæðralaun hækka með einu barni um 100%, með tveimur börnum og fleiri um 30%. Maður hefði haldið að hækkunin hlyti í raun og veru að verða meiri eftir því sem börnunum fjölgaði. Þörfin hlýtur að aukast.

Síðan er það 3. gr. þessara laga, sem er í raun og veru dæmigerð fyrir það framhald sem vænta má af þessari ríkisstjórn, að enn þá detta menn ofan á þá einu gamalkunnu lausn að halda áfram álíka vitleysu og niðurgreiðslu. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að leggja fram sæmilega skynsamlegar tillögur um að styrkja menn í því að auka og bæta sinn húsakost með tilliti til aukinnar orkunýtingar, þannig að þessara niðurgreiðslna verði ekki þörf eða allavega sem minnst þörf?

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, því eins og ég sagði áðan er kannske ekki tilefni til að ræða lengi um þessa hluti, sem þegar eru orðnir.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er nú ekki gamalt, þetta þing, en mikið vorum við búnir að bíða lengi hér á Alþingi eftir að fá slíka snillinga sem þeir eru Bandalagsmenn, eftir því sem fram er komið í málflutningi þeirra og nú síðast hjá hv. 8. þm. Reykv. Ég er alveg viss um að hér eftir fáum við tillögur úr hugmyndabanka þeirra sem leysa öll okkar vandamál.

Ég lít ekki svo á, og svara hv. 8. þm. Reykv. fyrst, að launauppbæturnar verði skoðaðar sem brandarar. Ég held að fólk taki þær mjög alvarlega og að allar launauppbætur sem koma, hvað mikil sem hækkunin er hverju sinni, séu vel þegnar. En hvað í ósköpunum hafa þá vinstri flokkarnir verið að gera nýkomnir úr stjórnarsetu, sem þjóðin veit að sjálfsögðu að var alltof löng? Af hverju voru þeir ekki búnir að hækka launin? Af hverju voru þeir ekki búnir að hækka persónufrádrættí? (Gripið fram í.) Nei, nei, ég er bara að tala almennt. Það er talað um að þetta þurfi að gera. Af hverju var þetta ekki gert þegar vinstri flokkarnir fóru með fjármálin og stjórnina almennt í landinu? (Gripið fram í).

Stjórnin er sterk. Hún er einnig viljasterk og stendur af sér allar þær hríðir sem geta komið frá nýsköpuðum þm. hér. Það er óhætt að undirstrika það, því að tillögur Bandalagsmanna eru í einum pakka það sama og var. Málflutningurinn er ekkert annað, með breyttum orðum, en var og ég sé ekki að það komi til með að breyta þessu þjóðfélagi nokkurn skapaðan hlut. — Og það er ekki að berja hausnum við steininn að tala á þingi. Það er yfirleitt tekið nokkuð mikið mark á því sem sagt er. Nál. eru almennt einnig rædd í nefndum og hef ég orðið var við þar að tekið hefur verið tillit til minni hl., hvort sem þeir hafa náð öllu sínu fram eða ekki. Það er ekki alltaf tekið til greina sem þeir segja, en það er þó vissulega tekið mark á því sem sagt er og oft hafa frv. komið breytt fyrir tilstilli minni hl. Við skulum því ekki gera þingræðið að slíkum samastað sem þessir ágætu hv. þm. virðast halda að hann sé. Þeir eiga eftir að læra að fólk vinnur hér vel saman. En það vil ég undirstrika, að þessi stjórn er sterk og hún stendur af sér þau skynsemisköst sem koma frá þessum ágætu nýju þm. Hér er ekki um neina glundroðastefnu að ræða. Hér er verið að taka til í efnahagslífinu. Þeir bara gera sér ekki grein fyrir því. Það er ekki nema eðlilegt. Menn sem koma með það veganesti inn á Alþingi á fyrstu dögum Alþingis að þeir viti allt og hafi ráð við öllu eiga eftir að reka sig illþyrmilega á að það eru margir aðrir sem hafa hugmyndir, og oft kemur fram að aðrir hafa betri hugmyndir en sá sem fullyrðir hvað mest.

Virðulegur 2. þm. Austurl. talaði um mildandi aðgerðir. Eigum við að bera saman ennþá einu sinni? Þá skal ég gera það. Með leyfi forseta, þá hef ég verið að tala um og bera brbl. fyrrv. ríkisstj. og þessarar ríkisstj. Og þegar ég ber þau saman ber ég saman það eina skipti sem þessi ríkisstj. hefur skert vísitölu launa og tek fjórtándu skerðingu síðustu ríkisstj.

Þessi ríkisstj. skerti vísitölu launa. Það gerði hin líka með brbl. Við lækkuðum gengið í þessari ríkisstj. Það

gerði síðasta ríkisstjórn líka. Við notuðum gengismun á sama hátt og síðasta ríkisstj. Svo kemur hin mildandi aðgerð hjá okkur, sem er hækkandi persónufrádráttur, mæðralaun og barnabætur. Á móti kom svo aftur hjá síðustu ríkisstj. lækkandi vörugjald á vörur og nýir vörugjaldsflokkar. Það kalla ég harðari aðgerðir en aðgerðir okkar. Það fer því ekkert á milli mála að aðgerðirnar eru mildandi hjá okkur miðað við það sem síðasta ríkisstjórn gerði.

Að sjálfsögðu segir sig sjálft að þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar og hafa lækkað verðbólguna í landinu um og yfir 100% frá því í maí niður í 30%, eins og hún var síðast þegar hún var mæld, hljóta að koma fólkinu í landinu til góða. Annað getur ekki verið. Og ef fólk á erfitt með að búa við 11 eða 12 þús. kr. í dag, sem ég efa ekkert í 30% verðbólgu, hvernig hefði þá verið ástandið hér ef verðbólgan væri komin yfir 150 eða dansaði milli 150 og 200%? Nú heyrum við og sjáum, þegar síðustu hækkanir á landbúnaðarafurðum voru kynntar og launahækkanir, að í fjölmiðlum er talað um, eftir að verðhækkanir hafa verið kynntar, að hefði vísitala launa ekki verið skert hefði fólkið í landinu fengið svona og svona miklu meira í krónutölu í laun. En það er ekkert talað um hvað vöruverðið hefði hækkað mikið ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar. Hvað hefði fólkið þá haft í ónýtum krónum í staðinn fyrir að vera með verðmeiri krónur í vasanum?

Það er furðulegt að Alþb.-menn skuli voga sér út í að tala um ástandið eins og það er núna, nokkrum mánuðum eftir að ríkisstj. tekur við af þeim, því að ástandið í þeim ráðuneytum sem þeir höfðu með höndum var þannig — og ekki bara í þeim rn. sem þeir höfðu með höndum heldur í öllum ráðuneytum — að gersamlega allt fé til reksturs ráðuneyta og allra stofnana var þurrausið um miðjan apríl. Alþb. gefur í skyn í sjónvarpsviðtali að það hafi verið 800 millj. kr. í sjóði eða rúmlega það um áramótin 1982—1983 og vitnað í ríkisreikninga til að villa um fyrir fólki. Hvað skeður þá, þegar það er hátt á annað þús. millj. í apríl — maí í yfirdrætti Seðlabanka? Það er skýring á því að Alþb., þessi sjálfskipaði talsmaður verkamanna á Íslandi, hækkaði ekki launin. En þeir skuli svo koma, meðan aðrir eru að reyna að hreinsa til eftir þennan virðulega flokk eða hitt þó heldur, og voga sér í umr. um þessi mál, — svo maður ekki tali um á annan milljarð dollara í yfirdrætti erlendis, sem þýðir það, eins og allir vita og hefur margkomið fram í umr. og fréttum, að heildarskuldir þjóðarinnar eru komnar langt yfir þau hættumörk sem hvaða þjóðfélag sem er er talið þola.

Það er alveg rétt, að bæturnar sem hafa verið hækkaðar, bæði mæðralaunin og barnabætur, mættu vera hærri. En það var aldrei áður hugsað um að hækka þetta. Það voru engir tilburðir til að hækka þessa liði meðan síðasta ríkisstjórn sat við völd. Þá var ekkert hugsað í þessa átt. Það er margbúið að gera ráðstafanir í efnahagsmálum. Ef þessar bætur eru lágar nú með 100% hækkun hljóta þær að hafa verið lágar áður en þær voru hækkaðar. Menn hafa bara ekkert hugsað út í að fólkinu líði vel.

Í sambandi við 3. gr. Ég get vel svarað því, af því að ég skrifaði það niður eftir hv 2. þm. Austurl. Auðvitað hef ég áhyggjur af því fólki sem þar um ræðir. Ég hef miklar áhyggjur af því. Í öllu mínu starfi hef ég haft áhyggjur af þessu fólki, bæði sem sveitarstjórnarmaður og á Alþingi, og það bera þær tillögur með sér sem við Guðmundur J. Guðmundsson höfum hvað mest flutt saman á Alþingi síðan við urðum þm. saman. En það er eitt hvað maður vill gera og annað hvað er hægt að gera. Ég hefði treyst mér til að gera miklu meira fyrir þetta fólk hefði ástandið verið, þegar ég kom að störfum í fjmrn., eins og var þegar Alþb. tók við fjmrn. — Og ég verð að segja alveg eins og er: Ef hv. þm. hafa ekki tekið eftir því, þá skal þess getið að engar nýjar álögur hafa verið lagðar á síðan ég kom í rn. Meira að segja neitaði ég að leggja kílóagjald á bifreiðir og umferðina. Það hefur ekkert verið gert annað en lækka þetta og lækka hitt þrátt fyrir vandann. En þetta kemur allt fólkinu til góða og hlýtur að auka verðgildi krónunnar í innkaupum , þannig að það er þó verið að gera eitthvað þó að það sé ekki með beinum fjárframlögum, eins og ég veit að Alþb. er með í huga þegar aðrir stjórna, en hugsa ekkert um þegar þeir stjórna sjálfir.

Í sambandi við 3. gr. Ríkisstj. bætti við í maí 150 millj. kr. til jöfnunar og lækkunar á húshitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis, þegar Alþb. gerði ráð fyrir 5 mánuðum fyrr við gerð fjárl. aðeins 35 millj. kr. Í hvaða stöðu er Alþb. til að deila á þessa 150 millj. kr. viðbót? Það getur verið að hún sé ekki nóg, það þurfi að gera meira, en hún er þó nokkru hærri upphæð en Alþb. gerði ráð fyrir á fjárlögum. Það er alveg sama hvar á er litið. Það var hrein óstjórn hjá Alþb. miðað við þann málflutning sem þeir hafa uppi nú.

Annars er það athyglisvert, og það er kannske umhugsunarefni fyrir nýja þm. Reykv., kannske eldri þm. annars staðar frá líka, að húshitunarkostnaði er ekkert jafnað meðan hitaveitum eins og t. d. Hitaveitu Reykjavíkur er haldið niðri í um 6,40 kr. pr. tonn á seldu vatni á sama tíma sem hitaveitur úti á landi, eins og á Akureyri, eru að fá í hækkun eingöngu 8 kr. Ef verðið á heita vatninu í Reykjavík væri það sem það þarf að vera og það kæmi inn í húshitunarkostnaðinn væri kannske minna miðað við þá upphæð sem þá væri ætluð til dreifingar úti á landi.

Það eru ýmsir aðrir liðir sem snerta búsetu sem ættu að koma inn í líka og reikna ætti út búsetukostnað á öðrum sviðum og vita hvort það er ekki að einhverju leyti dýrara að búa í Reykjavík en úti á landi og taka það þá inn í heildarbúsetukostnaðinn en ekki þennan eina lið eingöngu.

Hv. 2. þm. Austurl. spyr hvaða útgjöld verði lækkuð samkv. 4. gr. Ég vil fá að bíða með að svara því þangað til ég flyt mína fjármálaræðu, með leyfi hv. þm., ég held að það sé ekki ósanngjörn ósk.

Það er undarlegt hvernig hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason virðist taka með annarri hendi um hálsinn á mér og reyna að hengja mig, en klappar mér svo með hinni. „Ráðstafanirnar ná alltof skammt og við í Alþfl. viljum gera miklu meira". Þetta er alveg rétt. Alþfl. hefur alltaf viljað gera miklu meira en tillögur sem koma fram. Það er alveg sama hvaðan þær koma. Það er af því að Alþfl. hefur aldrei þurft að vera ábyrgur fyrir sínum stóru tillögum. En það var lítið sem kom fram af þessum stóru tillögum þegar þeir voru um skammma stund í ríkisstjórn, afskaplega lítið. Þetta kemur mér ekkert á óvart. Þetta á eftir að halda áfram að vera svona og ég býst við að ég þurfi að margsvara þessari sömu spurningu. Alþfl. vildi þetta og Alþfl. vildi hitt. Hann vill allt frá öllum, nema þegar hann sjálfur er

ábyrgur fyrir einhverju.

En ég veit ekki hvar þessar tillögur Alþfl. komu fram. Þær komu svo sannarlega ekki fram við stjórnarmyndunarviðræðurnar — ekki á þeim fundinum sem ég sat í stjórnarmyndunarviðræðum með Alþfl. Það getur verið að það hafi komið fram á einhverjum leynifundum utan við þá nefnd sem sat í og reyndi að ná saman ríkisstjórn innan Sjálfstæðisflokksins, en það komu svo sannarlega ekki fram í þeirri nefnd sem ég sat í neinar aths. við neitt af því sem hafði verið rætt þar og endanlega varð svo stefnuyfirlýsing ríkisstj.

Eitt var það þó sem kom fram og enginn gat samþykkt, fyrst frá formanni og síðar frá varaformanni. Það var að Alþfl. vildi fá forsrh. Það var það einasta eina. Það var slíkur úrslitakostur að hann gekk út frá öllu saman, en þó ekki fyrr en hann var búinn að samþykkja áður en hann gekk út frá okkar viðræðum að slíta viðræðunum. Þetta er Alþfl. Við skulum ekki vera með neinn leikaraskap. Við skulum bara tala hreint út.

Ég verð að segja alveg eins og er, að mér er ekki nokkur leið að skilja hvernig fólk lifir af 11—12 þús. kr. Mér er ekki nokkur leið að skilja það. Það hlýtur að vera mjög sparsamt fólk sem gerir það og ég er ekki í nokkrum vafa um að það er í miklum vanda. En því miður er þjóðfélagið orðið þannig, að það er ekkert svigrúm til. Það er það furðulegasta við það. Ég held að við getum öll verið sammála um að þetta eru lág laun og öll getum við verið sammála um að við verðum að finna leiðir til að bæta úr þessu þegar þar að kemur. En hvernig, það er galdurinn. Það er verið að leita að leiðinni. Til þess þurftum við að fá ákveðið svigrúm og það kalla Alþb.-menn og kannske einhverjir fleiri að samningarnir hafi endanlega verið rofnir og aldrei fái nokkur maður að semja um sín launakjör aftur. Þetta var nú bara frestun í 4,5 eða 6 mánuði — svigrúm sem ríkisstj. þurfti að hafa til að finna leiðir. Ég tek undir að ná þarf þarna árangri í áföngum. En hvernig á að gera það? Á að halda áfram erlendri skuldasöfnun? (**Gripið fram í:** Er ekki meiningin að gera það?) Að halda áfram erlendri skuldasöfnun? Nei, það er ekki meiningin að halda áfram erlendri skuldasöfnun. — Á að halda áfram að safna skuldum í Seðlabankanum? Á að leggja meira á fólkið eða á að skera niður ríkisbáknið og reyna að spara og draga saman þá helst það sem helst má leggja niður?

Það er ágætt að fá ádeilu. Það er ekkert að því. En eins og við höfum hlustað á núna síðustu dagana og má segja síðan að kosningum loknum, þá hefur ekki komið neitt annað en ádeilan. Einhverjar hugmyndir um hvað stjórnarandstaðan vill, hvað hún telur mögulegt og hvenig hún ætlar að standa undir sínum tillögum, hafa ekki komið fram. Það er ausið út tillögum og krítík á það sem verið er að gera. Ef einhvern tíma koma fram tillögur segja þeir bara: Það er ykkar að finna lausn. Þið hafið gefið kost á ykkur til að stjórna. — Og það sem við gerum svo er einskis virði. Um leið og menn eru komnir í trúnaðarstöðu eru þeir orðnir vondir menn og vilja öllum illt gera.

Til þess að svara hvað þessi ráðstöfun ríkisstj. þýddi þó skattalega séð. Hækkun persónufrádráttarins og barnabóta fól það í sér að tekjuskattar einstaklinga hækkuðu á milli áranna 1982 og 1983 um aðeins 39.8%, en hefðu án þessara aðgerða hækkað um rúm 55%. Hér er því á ferðinni allveruleg skattalækkun, eins og kemur glöggt fram í því að tekjur landsmanna milli áranna 1982 og 1983 hækkuðu um 59% að því er áætlað er, en tekjuskattur aðeins um 40%. Hlutfall beinna skatta til ríkis og sveitarfélaga af bruttótekjum greiðsluársins lækkaði þannig úr 12.9% niður í 12.5%.

Af því að við erum búnir að vera það lengi saman á Alþingi, mennirnir sem ég er nú að svara, hv. 5. landsk. þm. og hv. 2. þm. Austurl. verð ég að ætlast til þess að þeir sýni mér a. m. k. sama samstarfsvilja og sömu sanngirni og ég hef sýnt þeim frá því að samstarf okkar hófst hérna, séu ekki með neitt fleipur, heldur haldi sig að þeim staðreyndum, þó að þær séu sárar, sem komu út úr því stjórnarsamstarfi sem þessi ríkisstj. er nú að taka við af. Þann samanburð þolum við allavega ennþá, því að hingað til höfum við ekki haft tíma til neins annars en að gera okkur ljóst í hvaða ófremdarástand ríkisstjórn og land og þjóð stefndu, sem undirstrikast af þeim staðreyndum að Alþb. sá ekkert annað og enga aðra leið út úr þessum vanda, sem þeir þekktu en þáverandi stjórnarandstaða ekki, en að gera tillögur um þjóðstjórn til þes að vinna eftir neyðarplani til fjögurra ára. Þessi staðreynd er þó raunverulega rétt. Ég reikna ekki með að Alþb.-menn mótmæli henni.

En þetta lagast nú allt. Við erum búnir að fá nýja og góða menn sem mér skilst á fáum og stuttum ræðum sem þeir hafa flutt hér að hafi lausn við öllum vanda sem þjóðin kann að eiga eftir að glíma við.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. kvartaði undan því að ég væri í senn að klappa honum og hengja hann eins og hann tók til orða. Ég vil nú ekki kannast við neitt slíkt að mín orð hafi svo hert að hans hálsi að um slíkt megi tala. Hins vegar verður hæstv. fjmrh. að una því að við óbreyttir þm. hrósum því sem við teljum að sé vel eða bærilega gert og það hef ég talið mig gera. En á hinn bóginn að við gagnrýnum líka það sem miður fer og það er okkar hlutverk.

Hann hefur ágætan hæfileika til að koma þm. á óvart, hæstv. ráðh., og gerir það með ýmsu móti. Það kom mér t. d. mjög á óvart í umr. hér í Sþ. í síðustu viku þegar hæstv. fjmrh. flutti þar hvassa áreitniræðu og hvarf síðan að vörmu spori úr þingsalnum þannig að það var ekki hægt að eiga neinn orðastað við hann frekar. Mér finnst þetta ekki mjög þingleg framkoma af hæstv. fjmrh. sem ég veit að er vandur að virðingu sinni. Mér fannst það heldur ekki þingleg framkoma hjá hæstv. forsrh. í gær að víkja úr sal Sþ. skömmu eftir að hann hafði flutt sína stefnuræðu þegar ljóst var að umr. um hana áttu eftir að standa til kl. 23.30 um kvöldið. Ég á nú ekki langa setu hér á þingi en ég minnist þess ekki að neinn þeirra forsrh., sem hér hafa starfað síðan 1978, hafi sýnt þingheimi svona framkomu svo að ekki sé sterkar til orða tekið.

Hæstv. fjmrh. vék hér að þeim till. sem Alþfl. lagði fram í stjórnarmyndunarviðræðunum og ég minntist á hér áðan. Ég veit nú ekki hversu heppilegt það er upp á framtíðina að gera smáatriði úr stjórnarmyndunarviðræðum, hverjir voru á hvaða fundum, að umræðuefni í þingsölum. Ég vék að þessari till. okkar vegna þess að hún snertir meginmál og hún var mörgum kunn. En hversu heppilegt það er að gera þær viðræður að ítarlegu umræðuefni hér í þingsölum sem eiga sér stað í trúnaði þegar er verið að freista þess að mynda ríkisstj.

hef ég vissar efasemdir um. En hæstv. fjmrh. sagðist ekki hafa séð þessa till. Það er sjálfsagt alveg rétt og ég efast ekkert um það. Hins vegar er ég þess fullviss að hv. þm. Lárus Jónsson sá þessa till. og ýmsir af þeim öðrum sem tóku þátt í viðræðufundum um myndun ríkisstj. sem áttu sér stað í kringum hvítasunnu og næstu dagana þar á undan. En það var svo undarlegt að það voru ekki sömu mennirnir — t. d. af hálfu Sjálfstfl. og raunar Framsfl. líka sem mestan þátt áttu í stjórnarmyndunarviðræðunum og mestan þátt áttu í að koma þessari ríkisstj. á laggirnar og mest unnu þessa síðustu daga — sem svo settust í ráðherrastóla. Það voru allt aðrir menn í flestum tilvikum. Og ég hygg að hv. þm. fjölmargir geti vottað tilvist þessara tillagna Alþfl. í skattamálum og um tekjuskattinn þó að hæstv. núv. fjmrh. hafi ekki verið kunnugt um þær en hann mun þá væntanlega fá tækifæri til að kynna sér þær við 2. umr. málsins þegar þær verða fluttar.

Ég satt að segja verð alltaf jafn hissa þegar hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstj. koma hér og segja: Hvernig væri ástandið ef ekkert hefði verið gert? Þá væri hérna 150—200% verðbólga. Ég held að það hafi verið alger samstaða um það að við svo búið mátti ekki standa. Sú ríkisstj., sem hæstv. fjmrh. kom á laggirnar á sínum tíma, var búin að leika þjóðarbúið þannig að það voru allir sammála um að það yrði að grípa til ráðstafana — róttækra ráðstafana. Hins vegar var ágreiningur um það hvernig átti að jafna þeim byrðum niður sem hlaut að þurfa að jafna niður. Átti að jafna þeim eftir efnum og ástæðum eða átti að jafna þeim eftir einhverjum handahófskenndari aðferðum? Um þetta var ágreiningurinn, hæstv. fjmrh. Það var ekki ágreiningur um að það þyrfti að grípa til aðgerða sem mundu koma við ýmsa. Spurningin var bara við hverja.

Hér sagði líka hæstv. ráðh.: Það hafa engar nýjar álögur verið lagðar á í minu rn. síðan ég kom þar til starfa. Vel má það rétt vera. Ekki dettur mér í hug að andmæla því. En allar þær álögur sem þessi ríkisstj. hefur samþykkt, allar þær verðhækkanir sem hún hefur látið átölulaust fram ganga, þær hafa vissulega komið við fólk. Það gefst nú betra tækifæri til að ræða þau mál þegar önnur brbl.-frv. koma hér fram til staðfestingar. En mér er það ríkt í minni að ekki var við þá gengisfellingu, sem ríkisstj. framkvæmdi þegar hún kom til valda, haggað við álagningarprósentunni eins og ævinlega hefur verið gert og fleiri atriði í því sambandi mætti nefna.

Ég hjó eftir því hér áðan að hæstv. fjmrh. talaði um — að vísu heyrði ég ekki alveg fyrri hluta setningarinnar, en ég hrökk við — á 2. milljarð dollara. (Gripið fram í.) Nú skil ég ekki hæstv. ráðh. Nú held ég að eitthvað hafi skolast til hjá honum og væri nú gott ef það væru aðeins hinir minni hlutir sem skoluðust til en ekki þessir stóru. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að skýra þessi ummæli sín hér nánar. Við tölum um milljarð á íslensku en mér heyrðist hann segja billjarð. Ég verð að játa það að ég skil það ekki. Hins vegar er til orðið billjón sem er nú ekki notað í íslensku en notað annars staðar. Ég held að hæstv. fjmrh. verði að skýra þessar tölur nánar fyrir okkur þm. (**Gripið fram í:** Billjard). Nei, ég held að hann hafi ekki verið að tala um billjard og þó má það vel vera.

En varðandi þau ummæli sem hæstv. ráðh. lét falla um Alfl. að hann væri aldrei ábyrgur flokkur þá vil ég nú minna hann á að flokkar okkar áttu mjög langt og farsælt stjórnarsamstarf á sínum tíma og ég held að það stjórnarsamstarf hafi gefist vel og kannske betur en samstarf flestra annarra ríkisstjórna. (**Fjmrh.:** Það var annað fólk.) Já, að sumu leyti var það annað fólk og þá í báðum flokkum. En ég held að þessi ummæli, sem hann lét hér falla, hafi nú ekki verið makleg og raunar er ég viss um að hæstv. fjmrh. hefur ekki meint þetta eins og það var sagt.

En hann fór hér um það mörgum orðum að þessi ríkisstj. væri sterk. Hún er sterk; ég efast ekkert um það. Hún hefur sterkan þingmeirihl. og hún hefur líka hugrekki. Hún hefur vissa tegund af hugrekki, hæstv. fjmrh. En hvort hún hefur hjarta; það hef ég aftur svolítið meiri efasemdir um.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég vil nú byrja á því að biðjast afsökunar á því að ég mun hafa sagt hér herra forseti í fyrri ræðu minni og þykir mér það mjög leitt en sterkur er vaninn.

Já, undarleg þótti mér ræða hæstv. fjmrh. Ég hygg t. d. að hann hefði nú ekki talað svona um hv. þm. Ragnar Arnalds, fyrrv. fjmrh., ef hann hefði verið hér inni því að síðan hann tók við embætti fjmrh. hefur hann ekki gert annað en hæla honum og það að makleikum að sjálfsögðu. En nú taldi hann allt ófært og í raun og veru svo illa að staðið í lokin að ógerningur var að hugsa sér hvernig ríkisbúskapurinn hefði verið rekinn frá aprílllokum og til þessa dags því að þar var ekkert eftir. Allar tekjur þess árs voru þá uppurnar, að mér skildist, hjá hæstv. fjmrh., allt búið, en síðan hefur þetta nú einhvern veginn rambað og þó hefur hann ekki einu sinni selt eitt einasta ríkisfyrirtæki upp í þetta.

Hins vegar þótti mér þessi dagfarsprúði og indæli maður, sem hæstv. fjmrh. er nú, vera kominn í þennan sama tón og hæstv. ráðherrar eru og hafa verið frá því að þeir tóku við völdum, þennan hrokatón. Nú þegar þing er loksins komið saman eftir að þeir hafa haldið óbreyttum þm. utan við allar umr. og alla ákvarðanatöku þá segir hæstv. fjmrh.: Og svo skulu þeir voga sér í umr. Ja, það er ekki nema von þó að honum blöskri. Umr. á þingi. Auðvitað reiknuðu þeir með því að í framhaldi af þeirri þögn sem þeir hafa þó fengið í sumar þá héldu menn sjálfsagt áfram að þegja hér. Þvílík ósvinna. Nú voga menn sér hér í umr. Og það sem mér þótti enn leiðara — ég kunni ekki við þennan tón sem hann sendi nýjum þm. hér sem eru að flytja sitt mál. Mér fannst það lítilsvirðandi tónn og ólíkur þeim tóni sem þessi hæstv. ráðh. er vanur að gefa. Og svo talaði hann fagurlega í lokin um sanngirni. Það var svo sem til að kóróna allt saman að biðja um sanngirni, biðja um vægð eftir þá dóma sem hann hafði sjálfur fellt í sinni ræðu.

Já, hv. 5. landsk. þm. benti á það hér áðan að það væri alltaf talað um að ef ekkert hefði verið að gert þá hefði þetta nú farið svona og svona. Og auðvitað er það rétt sem hann kom að að auðvitað datt engum í hug annað en eitthvað yrði að gera. Spurningin var að eins um það, á hvern hátt átti að framkvæma þær aðgerðir sem gerðar voru. Heildarniðurstaðan í raun og veru af ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan var sú að þegar allt væri lagt saman, kaupskerðing og miðandi aðgerðir, þá kæmi plús út. Þá væri í raun og veru, þegar öll kurl væru til grafar komin, um mildandi aðgerðir gagnvart fólkinu

í landinu að ræða. En það sem við vorum að tala um hér áðan varðar þessar tillögur í þessu frv. Þær eru vitanlega í órofa tengslum við þá stórkostlegu kjaraskerðingu sem varð í vor vegna þess að ríkisstj. varð ljóst að þrátt fyrir steinhjarta hennar, sem hv. 5. landsk. þm. kom hér inn á áðan, þá yrði hún þó í einhverju að sýna lit. Hún yrði að sýna lit í einhverju og það hefur hún verið að gera með þessu sem hér er til umr. sérstaklega núna.

Já, ég treysti mér alveg, hæstv. fjmrh., í það að fara í nákvæmt yfirlit varðandi kaupmátt lífeyrisþega, öryrkja og aldraðra á tíma síðustu ríkisstj. og kaupmátt þeirra í dag. Ég treysti mér til þess fyllilega og stend þar fyllilega uppréttur og það veit hæstv. fjmrh. að hér er ólíku saman að jafna. Kaupmáttur þessara aðila sem og annarra hefur stórkostlega farið niður. Og þegar hann er að bera saman kjaraskerðingu sem orðið hafði á tímum fyrri stjórnar og þá kjaraskerðingu sem varð í vor þá auðvitað er kaupmátturinn — hin raunverulegu kjör — vitanlega ólygnastur hér um. Og ég las það fyrir stuttu í ágætu riti sem Vísbending heitir og mun vera gefið út af hagfræðingum nokkrum sem ekki eru nú sérstaklega hliðhollir stjórnarandstöðunni að það þyrfti sko heldur betur að hækka kaupið á næsta ári ef ætti að ná kaupmætti síðasta árs. Og ég efast ekkert um að þessa vísbendingu, þessa sönnu vísbendingu, tekur hæstv. fjmrh. svo sannarlega til greina.

Vitanlega er hér verið að tala um það hvað fólkinu í landinu var rétt til baka eftir þá hrikalegu árás sem gerð var á lífskjör þess og ég segi: Það var smáræði eitt þegar litið er til þeirrar skerðingar. Það var smáræði eitt og það sanna kaupmáttartölurnar í dag. Hæstv. fjmrh. rengdi mig vitanlega ekkert um það að þrátt fyrir niðurgreiðslurnar í 3. gr. hefði hitunarkostnaður heimilanna á köldu svæðunum hækkað. Það er aðalatriði málsins að hér er um að ræða meira að segja enn þyngri byrði en áður var, miðað við hin skertu launakjör, enn þyngra hlutfall sem þetta fólk þarf að borga þrátt fyrir niðurgreiðslurnar vegna kjaraskerðingarinnar einnig. Þetta er auðvitað meginmálið því að fólkið spyr um það: Hvað þarf ég að borga mikinn hluta af launum mínum í hitunarkostnað húss míns? Um það spyr það og það hlutfall hefur hækkað en ekki lækkað þrátt fyrir það sem gert hefur verið vegna þess að Landsvirkjun hefur fengið nákvæmlega allar þær hækkanir sem hún hefur viljað — þetta óráðsíufyrirtæki, sem greinilega hefur undir þeirri styrku fjármálastjórn sem maður hélt nú að þar væri, hefur greinilega borið og ber ábyrgð á meginhluta þeirra skulda sem mönnum verður svo tíðrætt um hér af hálfu ríkisstj.

Ég skal ekki efna hér til almenns eldhúsdags um þessi mál en ég segi aðeins það varðandi kaupmátt lífeyrisþeganna, varðandi kaupmátt og kaupgetu aldraðra og öryrkja, varðandi kaupgetu láglaunafólksins í landinu þá skulum við hæstv. fjmrh. koma hér með okkar tölur um það hver þau kjör voru á dögum síðustu ríkisstj. og hver þau kjör eru í dag. Ég þori fyllilega í þann samanburð. Og sá samanburður er þessari ríkisstj. til minnkunar, til minnkunar segi ég vegna þess að ég trúi ekki enn að það hafi verið ætlunin að ganga svo hart til verks, sem þeir hafa í raun og veru gert. Ég held sem sé að í sumu, þó þeir eigi sér fáar afsakanir, viti þeir ekki einu sinni hvað þeir eru að gera.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér hér smáskynsemiskast og er hérna með fjórar spurningar til hæstv. fjmrh. Ef við reiknum með því að sú upphæð, sem átti að verja þarna til þessara mildandi aðgerða hafi verið upp á einhverja ákveðna krónutölu, og göngum út frá henni, ég er ekki að tala um yfirboð eða annað slíkt, hvers vegna var þá ekki einfaldlega sleppt þessum litla persónuafslætti og hann nýttur frekar til annarra aðgerða í hinum liðunum sem í lögunum er um rætt? Hvers vegna var ekki tekjumark vegna barnabóta notað í staðinn fyrir aldursmark, þar sem við vitum eins og ég sagði áðan að það eru mjög margir sem fá þessar barnabætur sem ekkert þurfa á þeim að halda, sérstaklega ef maður miðar við fólk eins og hæstv. fjmrh. nefndi áðan, sem er með 8 þús. kr. laun á mánuði.

Í sambandi við mæðralaunin má spyrja hvers vegna var ekki jöfn hækkun pr. barn, hvers vegna lækka mæðralaunin eftir því sem börnunum fjölgar eða gætum við kannske ímyndað okkur að persónuafslátturinn, sem nefndur er í 1. gr., hefði hugsanlega mátt nýtast þarna, og í fjórða lagi hvers vegna var ekki gert átak til betri nýtingar orku til húshitunar frekar heldur en að halda þessari niðurgreiðsluaðferð áfram sem við vitum að er nokkurs konar eilífðarvél sem verður að stoppa, því ef við tökum t. d. dæmi af nágrönnum okkar hér í nágrannalöndunum, miðum í fyrsta lagi við það að 20% landsmanna nýta hérna 80% af þeirri orku sem seld er til almenningsnota og horfum svo til þeirra aðgerða, sem nágrannar okkar hafa gert til sparnaðar og nýtingar orku, þar sem þeir hafa hreint náð sem sé allt að því 20% betri nýtingu orku fram sem þýddi t. d. á okkar mælikvarða svona ca. 1 stk. Blöndu eða meira? Hvers vegna var ekki gert frekar átak í þessum málum heldur en að halda áfram svona — ja, ég kalla það óráðsíu. Ég hef lokið máli mínu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta ef um misskilning var að ræða, þ. e. upphæðina í erlendum skuldum. Hún er 1 milljarður — 1200 millj. dollara, 1.2 milljarðar. Það var mitt framískot og er áreiðanlega áhyggjuefni þjóðarinnar allrar, ekki bara þm.

Ég vil svara hv. 8. þm. Reykv. nokkrum orðum. Það var mikið um það rætt í stjórnarmyndunarviðræðunum hvaða mörk ætti að setja og eftir mikla útreikninga bæði Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka og sérfræðinga sem Alþingi og ríkisstj. hafa til umráða skulum við segja eða geta nýtt sér, varð niðurstaðan að þessi aðferð var talin heppilegust og koma best út fyrir fólkið. Það var bæði talað um það, hvort kostnaðurinn væri meiri við börnin ung eða á skólaaldri. Þetta var allt vegið og metið og þetta var niðurstaðan. Ég er ekki með þau skriflegu plögg sem við fengum um mismundandi nöfn á þessu svo að ég get ekki svarað því nú öðru en því að þetta var allt tekið til greina. Ég gæti kannske grafið upp það plagg til þess að við a. m. k. gætum skýrt málin okkar á milli.

En í sambandi við húshitunina, þá er þessi upphæð ætluð til þess að einangra hús og ná árangri á því sviði, en ekki bara til þess að greiða peninga og borga hitunarkostnað. Hún er líka til að koma í veg fyrir eyðslu á orku, þannig að það er í grg. með þessum 150 millj. og núna þessum 230 sem verða á fjárlögum. Ég vona að þetta svari þeim spurningum sem hv. þm.

beindi til mín.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Enn er einn hv. þm. á mælendaskrá, en eins og ég hafði tilkynnt áðan, þá gerði ég ráð fyrir að slíta fundi kl. 3.45 og þar með að fresta þessu máli. Mér virðist að menn hafi áhuga á að halda umr. jafnvel áfram og ég vil gjarnan gefa hv. þd. kost á því. Ég mun því fresta þessum umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Er það rétt skilið hjá mér að þingfundi sé nú slitið fyrir venjulegan fundartíma sem lýkur kl. 4, vegna þess að ætlunin sé að halda nefndarfund? Það finnast mér ekki eðlileg vinnubrögð, nú í upphafi þings. Nefndum þingsins er ætlaður starfstími á morgnana og þær halda þá gjarnan fundi og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnast það ekki eðlileg vinnubrögð að stytta fundartíma þessarar hv. d. þó ekki sé það langur tími að vísu. Og ég spyr: Hugsa stjórnarflokkarnir sér einhverja breytingu á vinnutilhögun í nefndum þannig að þær ætli sér að halda fundi í auknum mæli eða einhverjum mæli á þeim tíma sem fram til þessa hefur verið ætlaður til starfa í sameinuðu þingi og deildum? Mér finnast þetta ekki rétt vinnubrögð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég mun taka ábendingu hv. 5. landsk. þm. til greina við seinni ákvarðanir í þessum efnum. En þar sem ég taldi að ástæða væri til að halda þessum umr. áfram og þær myndu jafnvel dragast fram yfir þann tíma sem við höfum, til kl. 4 þá taldi ég ástæðu til að slíta fundi núna svo að aðeins gæfist svigrúm til þess að sinna formsatriðum við nefndarfund sem óskað hafði verið hér eftir við forseta. Málinu er því frestað til næsta fundar og tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Neðri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 19. okt. kl. 2 miðdegis.

Fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 36. mál (þskj. 37). — 1. umr.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Frv. þetta er flutt til þess að opna möguleika fyrir smærri fiskiskip á Suðurlandi til þess að geta stundað dragnótaveiðar yfir sumar- og haustmánuði. Nú á seinni árum hefur það orðið æ algengara að fiskiskip í verstöðum sunnanlands, sem eru um og yfir 20 metra að lengd eru verkefnalaus eða verkefnalítil eftir að humarvertíð lýkur og fram að áramótum. Helst hefur verið reynt að gera þessi skip út á fiskitroll eða netaveiðar. Það hefur reynst óarðbær útgerð, fiskitrollin vegna þess hve olíukostnaður er gífurlega mikill og afli langoftast lítill og lélegur. Það sama má segja um afla netaveiðibáta á þessum tíma. Netaveiðar hafa þó verið stundaðar af nokkrum smærri fiskiskipum, en eins og áður er sagt hefur afli þeirra, nær eingöngu ýsa, verið lélegur og lítill. Eðlilegast væri að dregið væri úr þessum netaveiðum yfir haustmánuði en dragnótin leyfð í staðinn, þar sem hún gefur miklu betra hráefni til vinnslu í landi. Þau stærðarmörk, sem sett eru í frv. þessu, að leyfa þessar veiðar fiskiskipum allt að 23 metrum að lengd, eru til komin vegna þess að fiskiskip, lengri en 23 metrar, eiga hægara með að stunda veiðar á fjarlægari miðum.

Í frv. er tekið fram að þessar veiðar skuli heimilaðar tvö ár, þ. e. 1984 og 1985. Þarna er um tilraunaveiðar að ræða og þess vegna heppilegt að ekki verði um of mikinn skipafjölda að ræða. Ef hins vegar reynslan verður sú að veiðarnar gefist vel er ekkert sem mælir á móti því að heimila þær stærri skipum að þessum tíma loknum.

Eins og segir í frv. hefur það ítrekað komið fram að skarkolastofninn er ekki nærri því fullnýttur, en koli er sá fiskur sem helst veiðist í dragnót. Skarkoli og sólkoli hafa veiðst töluvert úti fyrir Suðurlandi, en þær veiðar mætti auka til muna. Bolfiskafli hefur dregist saman á undanförnum árum og horfur eru á að á komandi ári verði um enn frekari samdrátt að ræða. Nauðsyn þess að auka veiðar og vinnslu annarra fiskstofna er því augljós. Á árum áður var það dragnótaveiðin sem hélt uppi atvinnu í fiskvinnslunni yfir haustmánuðina. Þær veiðar voru síðan stöðvaðar og veiðarfærið fordæmt vegna þess að möskvastærð þess var talin mjög óheppileg, möskvarnir allt of smáir, og ennþá eru til menn sem halda þessu fram þó svo að búið sé að stækka möskvana og margsanna að dragnótin gefur mun betra og verðmætara hráefni heldur en þau veiðarfæri sem nú eru leyfð. Sem dæmi má nefna að koli, sólkoli eða skarkoli, sem veiðist í dragnót, er þrisvar sinnum verðmeiri en koli veiddur í fiskitroll. Samt eru menn enn að þrjóskast við og viðurkenna ekki staðreyndir.

Staða fiskvinnslunnar og útgerðar er mjög slæm. Þar verður að leita leiða til úrbóta. Ég tel að með því að leyfa dragnótaveiðar í auknum mæli sé stigið stórt skref í rétta átt.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vístað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 11). — 1. umr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Mig langar til að geta þess í upphafi að ljóst er að þetta mál verður talsvert mikið rætt. Það eru þegar komnir margir á mælendaskrá. En það væri ákaflega æskilegt að hægt væri að haga störfum svo, án þess að ég sé nokkuð að pressa á einn eða neinn, að fulltrúar allra þingflokka hafi tjáð sig um málið, eins og sagt er, fyrir kl. 4, því að þá hlýtur þingfundartíma að ljúka að öllu eðlilegu. En ef það tekst ekki geri ég allt eins ráð fyrir að halda yrði fundinum eitthvað lengur áfram.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að verða við þeim tilmælum forseta að hafa mál mitt sem styst, enda hefur mikið verið um

þetta mál rætt, m. a. í útvarpsumræðum á Alþingi í gærkvöld. Einnig má vísa til þjóðhagsáætlunar um grundvallarupplýsingar um stöðu mála. Skal ég því aðeins minnast á það örfáum orðum.

Í maí kom í ljós að staða efnahagsmála hér á landi var töluvert erfiðari en gert hafði verið ráð fyrir. Verðbólga var orðin stórum meiri en þjóðhagsspár höfðu talið fyrr á árinu og í lok þess síðasta. Framfærsluvísutala hækkaði 1. júní um 23.5%, sem þýðir verðbólgu á ársgrundvelli frá mars til maí 131%. Verðbólgan var því orðin miklu meiri en við Íslendingar höfum kynnst til þessa og erum þó á því sviði ýmsu vanir.

Einnig kom í ljós að erlend skuldasöfnun var meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Um síðustu áramót voru erlendar skuldir þjóðarinnar taldar vera 48% af þjóðarframleiðslu. Þótt ekki lægju fyrir öruggar tölur á vormánuðum var ljóst að þær voru komnar töluvert þar yfir og síðan hefur sýnt sig að þær eru nú í kringum 60% þjóðarframleiðslu. Ég hygg að allir hv. þm., sem hafa setið á undanförnum þingum a. m. k., hafi mjög tekið undir það að erlendar skuldir sem nema um 50% þjóðarframleiðslu eru mikið hættumerki og eitt það alvarlegasta sem þessi þjóð hefur staðið frammi fyrir.

Að sjálfsögðu eru ýmsar ástæður til þessarar erlendu skuldasöfnunar, m. a. þær að þjóðartekjur hafa dregist mjög saman eða u. þ. b. 9% á hvert mannsbarn á tveimur árum samkv. áætlun um samdrátt þjóðartekna í ár, en um 11% á hvern vinnandi mann. Vitanlega hefur þetta leitt til þess að erlendar skuldir hafa aukist sem hundraðshluti af þjóðarframleiðslu. Einnig er það rétt að erlendar skuldir þjóðarinnar eru að verulegum hluta í dollurum og dollarinn hefur hækkað mjög á undanförnum árum. En það er jafnframt ljóst að viðskiptahalli hefur verið mjög mikill, og ljóst var á vormánuðum að viðskiptahalli á þessu ári yrði enn æði mikill. Hann var á síðasta ári 10% og á árinu þar áður 5% en árið 1980 2.5%. Viðskiptahalli hefur þannig farið vaxandi ár eftir ár og hefur átt stóran þátt í því að erlendar skuldir þjóðarinnar hafa vaxið.

Ég hygg að það sé óumdeilanlegt að við þessar aðstæður hefði reynst mjög erfitt að halda atvinnulífinu gangandi. Í mikilli verðbólgu brennur rekstrarfé atvinnuveganna upp og útvega verður meira, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Hins vegar var og er innlendur lánamarkaður í þessu sambandi mjög þröngur og ekki lengur um það að ræða að vísa á erlendan lánamarkað eins og erlendar skuldir þjóðarinnar eru orðnar. Í þessari stöðu var ekki um annað að ræða en að brjóta blað í efnahagsstjórn landsins. Má segja að þá hafi verið um tvær leiðir að ræða. Önnur var sú, að láta þá hækkun ganga yfir sem fólst í 23.5% hækkun framfærsluvísitölu, og þá m. a. 22% hækkun launa samkvæmt verðbótavísitölu, sams konar hækkun á fiskverði, enda hefðu sjómenn að sjálfsögðu átt rétt á slíkri launahækkun, ef við getum talað um rétt í þessu sambandi, og hækkun á búvöruverði. Þessu hefði svo orðið að fylgja eftir með gengisfellingu, eins og gert hefur verið á undanförnum árum, og að sjálfsögðu hækkun verðlags og enn vaxandi verðbólgu, sem þá var spáð að færi töluvert upp fyrir þau 131% sem hún reyndist frá mars til maímánaðar.

Ég hygg að enginn hafi út af fyrir sig mælt með slíkri leið og þegar hún er afskrifuð er vart um nema tvennt **að ræða. Annars vegar að fella ekki gengi og bæta ekki** atvinnuvegunum upp þá kostnaðarhækkun sem fólst í þeirri miklu skriðu sem hlaut að fylgja þessari hækkun framfærsluvísitölu og þá launa, fiskverðs og búvöruverðs, sem vitanlega hefði til þess eins leitt að atvinnuvegirnir hefðu stöðvast og hér hefði orðið fjöldaatvinnuleysi. Sú leið hefur víða verið farin og hefur verið nefnd peningamálaleiðin eða eitthvað í þá áttina. Fjármagn er þá dregið inn úr umferð og verðbólga minnkuð með því að draga úr þeirri þenslu sem fylgir fullri vísitölu og gengisfellingu í verðbólguástandi.

Ríkisstj. taldi ekki fært að fara þá leið, enda hefur hún á stefnuskrá sinni atvinnuöryggi og leitast við að halda fullri atvinnu í landinu. Ríkisstj. er þeirrar skoðunar að atvinnuleysi sé hið versta böl, og reyndar hafa fyrri ríkisstjórnir haft svipað markmið eða sama að leiðarljósi. Ríkissj. ákvað því að beita annarri aðferð, sem nefna mætti launamálastefnu, draga fremur úr þeim launahækkunum sem fylgt hefðu þessari hækkun framfærsluvísitölu og freista þess þannig að halda atvinnuvegunum gangandi og fullri atvinnu í landinu. Ég hygg jafnframt að því verði ekki á móti mælt að launahækkun eins og sú sem fylgt hefði 23.5% hækkun framfærsluvísitölu hefði reynst ákaflega lítil kjarabót í svo miklum sveiflum. Í hækkun launa og hækkun á verði er raunin sú, að sérstaklega þeir sem lægstu launin hafa bera mjög skarðan hlut frá borði, því að allt hækkar þegar á eftir og er launahækkun þá runnin út í sandinn á ótrúlega skömmum tíma.

Það var við þessar aðstæður sem brbl. voru sett sem nú er flutt frv. til staðfestingar á. Efni frv. felst fyrst og fremst í tveim greinum sem ég skal í örfáum orðum gera grein fyrir.

Í 1. gr. er svo ákveðið að vísitala svonefnd eða verðbætur á laun falli niður á tímabilinu frá 1. júní 1983 til 31. maí 1985, og jafnframt lagt bann við að samið verði um vísitölu á laun eða annað sem því er tengt. Hér er að sjálfsögðu um að ræða hina frægu vísitölubindingu sem um hefur verið rætt hér á undanförnum árum að leiðrétta þurfi og leitað eftir víðtæku samkomulagi um breytingar á. M. a. beitti síðasta ríkisstj. sér fyrir fundum í flest þau ár sem hún sat um þetta mál og leitaði eftir samkomulagi um breytingar. Svo varð því miður ekki. Ég segi því miður, því að ég er þeirrar skoðunar að æskilegt hefði verið fyrir löngu að draga mjög úr þessari vísitölubindingu, svo að hún verkaði ekki sem skrúfa á verðbólguna eins og verið hefur á undanförnum árum. Að mínu mati er það síður en svo til hagsbóta fyrir þá sem lægri launin hafa þegar verðbólga er orðin svo mikil sem hún var orðin um mitt ár eða í maímánuði. Hér er því brugðið á það ráð að afnema vísitöluna í tvö ár. Að þeim tíma loknum er að sjálfsögðu frjálst að taka upp vísitölu í einhverri mynd, ef um það näst samningar, og reyndar gert ráð fyrir því í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að það verði kannað. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni og þeirri persónulegu von minni að þá semjist um eitthvað sem viðráðanlegra er en það sem verið hefur upp á síðkastið.

Í 2. gr. er hins vegar ákveðið að í stað þeirrar vísitölubótar sem felld er niður komi ákveðnar hækkanir á laun 1. júní og 1. okt., 1. júní 8% á öll grunnlaun nema 10% á lægstu launin, en 4% 1. okt. Jafnframt er bannað að samið verði um frekari hækkun launa til 31. jan. 1984. Þessi grein hefur verið töluvert umdeild og vil ég gera grein fyrir því að hún var sett ekki síst vegna

þess að á tímabilinu höfðu vissir starfshópar samið um áfangahækkanir sem ég hygg að hefðu numið, með öllu sem þar til telst a. m. k., 10% hækkun launa. Þessar áfangahækkanir áttu að koma til framkvæmda 1. sept. og 1. des. Að mati ríkisstj. hefði þá vart verið gegn því staðið að slík hækkun hefði gengið í gegnum allt kerfið og megintilgangi með hjöðnun verðbólgu því ekki náð. Ég vil jafnframt láta þess getið að það er skilningur ríkisstj. að um slíkar áfangahækkanir verði að semja að nýju ef þær eiga að koma til framkvæmda.

Ríkisstj. setti sér í upphafi það markmið að koma verðbólgunni niður í 30% í lok ársins. Um það má lengi ræða hvort það sé stefnt að of hraðri hjöðnun verðbólgu. Mitt mat er það, að komið hafi verið fram á slíkt hengiflug um mitt árið að vart hafi verið um annað að ræða en að komast frá því sem fyrst, ef ekki átti að leiða til áframhaldandi erlendrar skuldasöfnunar og erfiðleika í atvinnulífi með atvinnuleysi og fleiru. Ég hygg að segja megi að þetta mat ríkisstj. á nauðsynlegum aðgerðum hafi reynst rétt. Við munum komast niður í 30% verðbólgu í lok þessa árs og það hefur sýnt sig að aðgerðir í þessa veru, sem voru ákveðnar og liggja hér fyrir til staðfestingar, hafi verið nauðsynlegar. Vitanlega má mikið ræða um aðra útfærslu á slíkum aðgerðum, t. d. meiri hækkun á lægri laun, sem ég vil leyfa mér að fullyrða að mikill skilningur sé á. Hins vegar sýndi sig, þegar þær leiðir voru skoðaðar, að þeim fylgja margir annmarkar, m. a. mikil hækkun á framleiðslukostnaði í grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar, fiskvinnslunni, þar sem ákvæðiskjör byggjast á þessum lægstu launum. Þótti því ekki fært að fara þá leið.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að við fyrri tilraunir til slíkra leiða hafa niðurstöður ætíð orðið þær að mjög fljótlega hefur slík hækkun gengið upp í gegnum allan launaskalann. Ég vil hins vegar lýsa þeirri persónulegu skoðun minni að enn eigi að gera tilraunir til að nota það svigrúm sem til er til þess að hækka fyrst og fremst, þegar að frjálsum samningum kemur í lok janúarmánaðar, þau launin em lægst eru. Samkvæmt þessum lögum, ef þau verða samþykkt, er það ekki unnt fyrr en 31. jan. n. k.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa fleiri orð um þetta frv., enda er, eins og ég sagði í upphafi, gerð ítarleg grein fyrir öllum grundvallaratriðum þess í þjóðhagsáætlun, sem þm. hefur borist, og sömuleiðis í umr. sem fram fóru hér á hinu háa Alþingi í gærkvöld. Ég vildi því að loknum þessum orðum gera að tillögu minni að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. er viðamikið, snertir marga þætti og raunar flesta í okkar stjórnkerfi og efnahagslífi. Það er því óhjákvæmilegt að umr. um það taki nokkuð langan tíma. Hins vegar höfum við rætt um það að við reynum að haga svo máli okkar hér í dag að sjónarmið sem flestra komist að á þeim stutta tíma sem þingfundur stendur, þ. e. fram um eða rétt yfir kl. 4. Hér verður því ekki kostur á því að taka fyrir af minni hálfu ítarlegar öll þau efnisatriði sem ég hefði viljað ræða. En ég áskil mér rétt til að kveðja mér á ný hljóðs á síðari stigum umr.

Ég get þó ekki látið hjá líða að víkja að nokkrum almennum forsendum hæstv. forsrh. fyrir þessu frv., sem hann greindi frá áðan. Það var þá fyrst að hann sagði að frv. þetta væri sprottið af nauðsyn, það hefði verið nauðsynlegt að grípa til efnahagsráðstafana í vor. Um það var enginn ágreiningur og er enginn ágreiningur, a. m. k. ekki við Alþb., við töldum nauðsynlegt að grípa til ráðstafana í efnahagsmálum í vor. Það voru heldur engar tillögur um það uppi í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor að laun ættu öll að hækka um 22—23% 1. júní s. l. Alþb. benti á þann möguleika að fresta þeirri hækkun til 1. júlí og vinna á meðan að því að ná samkomulagi, m. a. við samtök launafólks, um nýtt fyrirkomulag dýrtíðaruppbóa í landinu. Við fluttum þá tillögu í Alþb. að hin lægstu laun tækju á sig 22—23% dýrtíðaruppbætur, eða hvað sem það væri sem kæmi út úr niðurstöðum Hagstofu Íslands, en að hærri laun fengju á sig sömu krónutölu. Þetta var grundvallaratriðið í okkar tillögum í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor. Þess vegna var ekki um það að ræða að við legðum til að öll laun hækkuðu um þessa prósentutölu. Það var þess vegna enginn ágreiningur um það að grípa þyrfti til einhverra efnahagsráðstafana og um það hafði Alþb. forustu í stjórnarmyndunartilraun í vor að reyna að ná samkomulagi um þær. Framsfl. var hins vegar ekki reiðubúinn til slíks. Hann var svo bundinn orðinn íhaldinu strax eftir að stjórnarmyndunarviðræður hófust að þm. hans festust ekki augnablik inni í stjórnarmyndunarviðræðum með öðrum aðilum og því fór sem fór.

Við í Alþb. vildum og viljum leggja á það áherslu að þegar gripið er til aðgerða gegn verðbólgunni þá sé það gert með svipuðum hætti og varð 1981. Þá var fylgt okkar tillögum í efnahagsmálum í öllum meginatriðum. Það var farin leið hinna sléttu skipta, þannig að þó að felldar væru niður verðbætur á laun 1. mars 1981, þá var sú niðurfelling bætt upp með betra vísitölukerfi þegar leið á árið 1981. Niðurstaðan varð sú, að kaupmáttur launa á því ári hélst og batnaði frá því sem verið hafði, þó að verðbólgan færi mjög verulega niður, eða úr u. þ. b. 80%, eins og spáð hafði verið, niður í 40%. Þetta grundvallaratriði lá fyrir og liggur fyrir um okkar afstöðu, þó að óvandaðir talsmenn ríkisstj. reyni að láta líta svo út sem Alþb. hafi sérstaklega ekki verið reiðubúið til að glíma við þann mikla vanda sem um var og er að ræða í efnahagsmálum hér á landi.

Það er líka rétt, sem hæstv. forsrh. benti hér á, að hér var auðvitað ekki eingöngu um að ræða verðbólguvanda. Hér var um að ræða miklu víðtækara efnahagslegt vandamál sem stafaði af samdrætti í okkar þjóðarframleiðslu. Það var minna til skiptanna og er minna til skiptanna heldur en var þegar best áraði, og af ýmsum ástæðum standa málin þannig t. d. að hlutfall erlendra skulda af vergri þjóðarframleiðslu er hærra núna en það hefur verið um nokkurt skeið.

Það kann að vera fróðlegt fyrir menn að velta því fyrir sér hvernig á því stendur að erlendar skuldir eru miklu hærra hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu en áður var. Á því eru margar skýringar. Í raun og veru er um að ræða þrjár aðalskýringar á þessari staðreynd. Í fyrsta lagi hefur átt sér stað lækkun á raungengi íslensku krónunnar á síðustu tveimur árum og það mjög verulega, gengið hefur verið lækkað langt umfram kostnaðartilefnin í landinu sjálfu núna á síðustu árum, m. a. til að styrkja samkeppnisstöðu ýmissa greina svo sem iðnaðarins eins og gert var í tíð fráfarandi ríkisstj., en líka í því skyni að flytja stórfellda fjármuni frá launa-

fólki í landinu yfir til atvinnuveganna í heild, eins og gert var í tíð núv. ríkisstj. með þeirri miklu gengisfellingu sem hún ákvað í vor.

Önnur skýringin á þessum hækkandi hlutfallstölum erlendra skulda er sú, að verg þjóðarframleiðsla hefur fallið mjög verulega og þar af leiðandi verður hlutfall hinna erlendu skulda meira en ella hefði orðið af þjóðarframleiðslunni.

Þriðja skýringin á þessu hækkandi hlutfalli felst svo í hreinni skuldaaukningu. Hvar er sú skuldaaukning sem þar er um að ræða og af hverju stafar hún? Hún stafar auðvitað m. a. af því að við höfum verið að fjárfesta hér í virkjunum og hitaveitum og öðrum slíkum framkvæmdum á liðnum árum. En auðvitað stafar þessi erlenda skuldasöfnun líka af því að á árinu 1982 varð þjóðin fyrir miklu áfalli sem orsakaði viðskiptahalla á því ári. Það var þess vegna sem fráfarandi ríkisstj. beitti sér fyrir róttækum efnahagsaðgerðum sem höfðu í för með sér stórkostlega minnkandi viðskiptahalla. Þegar núv. ríkisstj. tók við var í rauninni búið að grípa til þeirra aðgerða sem dugðu til að draga viðskiptahallann niður og þar með tilefni til aukinnar erlendrar skuldasöfnunar. Það er þess vegna þannig, að þegar skoðaðar eru skýringarnar á hækkandi hlutfallstölum erlendra skulda, þá liggja þær þarna, en ekki í því að fráfarandi ríkisstj. hafi legið í einhverri óráðsíu í þessu efni.

Ég tel líka að meginvandinn í þessu liggi í erlendum skuldum einkaaðila. Það er um að ræða mjög stórfellda skuldasöfnun á vegum langlánanefndar og á ábyrgð viðskrn. umfram það sem heimilt var í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1983. Það væri fróðlegt fyrir Alþingi — og það verður óskað eftir því í umr. í hv. fjh.- og viðskn. — að gerð verði grein fyrir því hvaða skuldasöfnun þar er, hvaða látökur það eru sem hafa farið fram á vegum langlánanefndar og hafa farið langt fram úr því marki sem sett var af fráfarandi ríkisstjórn í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hennar. Þessi atriði þarf auðvitað að hafa í huga þegar þessir þættir eru allir skoðaðir.

Hæstv. forsrh. heldur því fram að meginrökin fyrir efnahagsaðgerðunum og þessum lögum liggi í þeim mikla verðbólguvanda sem hér hafi verið um að ræða um skeið. Það er alveg augljóst mál að hér var um að ræða mjög verulegan verðbólgavanda sem varð að taka á. Um það var enginn ágreiningur. Staðreyndin er hins vegar sú, að það er útilokað að gera sér vonir um að verðbólgan náist niður eingöngu með kauplækkunaraðgerðum. Við skulum átta okkur á því að verðbólgan hér á landi hefur á undanförnum árum stafað sérstaklega af því að menn hafa verið að reyna að skipta meiru en til var í þjóðarbúinu. Það er þess vegna sem verðbólgan hefur ætt áfram, eins og kunnugt er, á liðnum árum.

Þegar um er að ræða stórkostlega offjárfestingu í versluninni, þá hefur það í för með sér verðbólgu, vegna þess að þá verður minna til skiptanna til annarra hluta í landinu sjálfu. Þegar um er að ræða skipulagsleysi, mjög dýrt skipulagsleysi í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, þ. e. í sjávarútveginum, þá hefur það einnig í för með sér verðbólgu. Þegar um er að ræða stórkostlega umframfjárfestingu hjá milliliðunum í landbúnaðinum, þá hefur það í för með sér verðbólgu. Þegar um er að ræða mjög verulega fjárfestingu umfram nauðsyn og þarfir í bankakerfinu í landinu, svo mörg hundruð millj. kr. skiptir, þá er það verðbólga. Það er ávísun á verðbólgu og ríkisstj., sem ekki snertir á þessum grundvallarforsendum dýrtíðarinnar en lætur hinn almenna launamann borga dýrtíðina niður, hún er dæmd til þess að horfast í augu við það að dýrtíðin hlýtur að fara upp aftur, vegna þess að launamennirnir í landinu geta ekki lifað á þeim fjármunum sem nú eru skammtaðir, þeir geta það ekki. Það er ekki spurning um vilja heldur getu, vegna þess að hinn almenni launamaður hér á landi, sem hefur fyrir fjölskyldu að sjá, er þannig staddur um þessar mundir að það er útilokað fyrir þetta fólk að draga fram lífið af þeim kjörum sem lágtekjufólki eru skömmtuð um þessar mundir, það er algjörlega útilokað. Þessi launamaður er tilbúinn til þess að taka á sig skerðingu, að taka á sig álögur vegna hinnar miklu verðbólgu. Hann er tilbúinn til þess að leggja mikið af mörkum, þessi launamaður, og hann hefur lagt mikið af mörkum.

Þegar fráfarandi ríkisstj. fór frá hafði það gerst að kaupmáttur launa hafði lækkað sem nam falli þjóðarteknanna og þjóðarframleiðslunnar. En það er okkar skoðun að það hafi verið óþarfi og óeðlilegt að ganga þarna lengra og rífa kjörin niður tvisvar til þrisvar sinnum meira en nam falli þjóðarteknanna og þjóðarframleiðslunnar. Með því að skera kaupið meira niður, eins og núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert, er hún að flytja fjármuni til í þjóðfélaginu, frá þeim sem lifa á því einu að selja vinnuafl sitt yfir til milliliðanna og atvinnuveganna í landinu. Þessi atriði vildi ég nefna varðandi aðgerðir ríkisstj. almennt.

Það liggur fyrir að kaupmáttur launa hefur núna fallið svo mikið á hverja unna klukkustund að það er komið niður í árið 1953. Yfirgnæfandi meiri hluti íslenskra launamanna hefur því aldrei verið á eins lágu tímakaupi og nú, aldrei verið með eins lélegan kaupmátt tímakaups og núna. Jafnframt liggur það auðvitað fyrir að aðgerðir ríkisstj. eru ekki til þess fallnar að bjarga stöðu atvinnuveganna. Það er alveg ljóst að staða ýmissa atvinnugreina er enn mjög tæp, þrátt fyrir þær aðgerðir sem ríkisstj. hefur gripið til og þrátt fyrir það að núv. hæstv. iðnrh. heimtar í blöðum lækkun á freðfiski á Bandaríkjamarkaði. Það er ljóst að margar atvinnugreinar standa hér mjög tæpt um þessar mundir. Og niðurskurðurinn á kaupmætti hefur það í för með sér að það verður minni þjónusta sem fólk getur keypt, minni vöruframleiðsla sem fólk getur keypt, sem aftur þýðir færri atvinnutækifæri í þjónustu- og vöruiðnaðargreinum. Þess vegna er ríkisstj. í rauninni með stefnu sinni að skera niður eftirspurn í þjóðfélaginu, sem mun koma niður á atvinnugreinunum þegar fram í sækir, og hefur raunar þegar komið niður á þeim með stórfelldum samdrætti í ýmsum þjónustugreinum. Hættan er sú, að þessi stefna ríkisstj., sem hér hefur verið lagt inn á og er í grundvallaratriðum allt öðruvísi en sú stefna sem fylgt hefur verið á liðnum árum muni hafa í för með sér stórfellt atvinnuleysi þegar fram líða stundir. Þessi stefna tryggir ekki fulla atvinnu í landinu.

Herra forseti. Ég vík nú að nokkrum atriðum í brbl. sjálfum og ég segi fyrst: Þetta eru einstök lög. Ég spyr hæstv. forsrh.: Getur hann nefnt eitt einasta dæmi um að launamenn hafi verið sviptir samningsrétti með sama hætti og gert er ráð fyrir í þessum lögum? Getur hann nefnt eitt einasta dæmi? Ég hygg að hann geti það ekki, vegna þess að ég lagði þessa spurningu fyrir einn af talsmönnum Framsfl. í sumar, sem þekkir vel til, og

hann gat ekki nefnt eitt einasta dæmi um þetta. Það hefur að vísu verið reynt að fara þá leið sem hér er farið út á. Það var gert árið 1942, en íhaldið og Framsfl. hafa síðan ekki þorað að leggja inn á þá braut fyrr en nú á þessu ári að svipta menn frjálsum samningsrétti og troða þannig á frelsi einstaklingsins, eins og við stjórnarandstæðingar höfum lýst hér undanfarna sólarhringa.

Til viðbótar við þá staðreynd sem hér er drepið á liggur hitt og fyrir, að ýmsir af talsmönnum Sjálfstfl. hafa verið að reyna að þvo af sér þá smán sem felst í þessum brbl. Þeir vilja ekki kannast við að þeir hafi í raun og veru átt að þessu nokkra aðild, þeir hafi neyðst til að setja þessi brbl.

Hæstv. viðskrh. sagði á fundi í Hafnarfirði fyrir nokkrum dögum: „Það liggur ljóst fyrir að við vildum láta samningsréttinn óhreyfðan á ábyrgð samningsaðila og ég er sannfærður um að það hefði ekkert gerst fram að áramótum, það hefði staðið nákvæmlega eins og í raun og veru það kemur til með að standa". Hæstv. viðskrh. er m. ö. o. þeirrar skoðunar að það hafi verið óþarfi að setja þessi lög, þau hafi í raun og veru engu breytt vegna þess að launamenn hefðu unað kauplækkuninni án þess að grípa til aðgerða á árinu 1983.

Hæstv. viðskrh. og trúi ég einnig hæstv. iðnrh. hafa hagað orðum sínum þannig að ástæða er til að spyrja: Er sjálfstfl. reiðubúinn til að standa að því að fella þetta ákvæði brbl. niður hér í þinginu, eða ætlar hann að selja Framsfl. sannfæringu sína í annað sinn, rétt eins og gerðist á s. l. vori? Hér er auðvitað ekki um að ræða neitt slíkt atriði að menn togist á um það í samningum um ríkisstjórn hvort samingsréttur er afnuminn í tvö ár eða átta mánuði, að einn segi 24 mánuði og svo endi þeir í átta að lokum til samkomulags. Hér er um að ræða grundvallarmannréttindi, og flokkur sem kennir sig við frelsi einstaklingsins eða flokkur sem kennir sig við félagshyggju og vinstri stefnu samþykkir ekki nauðungarákvæði af þessu tagi eina einustu viku, ekki einn einasta dag. Þess vegna er það fráleitt þegar talsmenn Sjálfstfl. eru að orða þetta þannig, að þeir hafi gert þetta til samkomulags við Framsfl., það er algerlega fráleitt að orða þetta þannig, vegna þess að þar með eru þeir að gera lítið úr grundvallarmannréttindum, og þar með eru þeir í rauninni líka að gera lítið úr sinni eigin grundvallarafstöðu.

Þetta er meginspurning, sem ég vil hér bera fram við hæstv. ráðh. Sjálfstfl. og þá alveg sérstaklega hæstv. utanrrh., formann Sjálfstfl., hvort hann sé reiðubúinn að standa að því að þetta nauðungarákvæði verði fellt út hér í þinginu. Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh., vegna ummæla hans í útvarpsþætti í gærkvöld, hvort hann sé tilbúinn til þess líka, því að í þættinum lýsti hann því yfir að málið væri nú í höndum þingsins. En auðvitað er það svo, að niðurstaða í þinginu í stórmáli af þessu tagi fer eftir afstöðu ríkisstj. en ekki fyrst og fremst og eingöngu eftir því hvernig umræður ráðast hér í þinginu.

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh.: Getur hann nefnt eitt dæmi um það að bannað hafi verið að greiða vísitölubætur á laun í heil tvö ár og ákvörðunin um það bann hafi verið tekin með brbl? Getur hann nefnt eitt dæmi um þetta úr Íslendssögunni? Hann gæti reyndar gramsað í bókum viðreisnarstjórnarinnar en ég hygg að jafnvel þar finni hann ekkert dæmi þessa.

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh.: Hverju sætir það að ríkisstj. bannar útreikning verðbótavísitölu á þessum sama tíma? Eitt er það að banna greiðslu verðbót á laun en annað hitt, að banna útreikning verðbóta vísitölunnar. Hverju sætir það að ríkisstj. bannar mönnum að reikna út veruleikann, hverju sætir það? Og hvernig stendur á því að ríkisstj. setur slíkt bann inn í brbl.?

Ég vil einnig í tilefni af 3. málsgr. 2. gr. þessara makalausu laga, þar sem bannað er að gera kjarasamninga til 31. jan. spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé ekki alveg á hreinu að þessi lög hrófla á engan hátt við verkfallsrétti verkalýðssamtakanna í landinu. Ég vil fá afdráttarlaus svör í þessu efni. Í lögunum eins og þau eru er hvergi minnst á rétt verkafólks til vinnustöðvana. Það er hvergi á það minnst og hvergi vístað til laganna um stéttarfélög og vinnudeilur í þessum lögum. Er það ekki alveg ljóst að verkalýðsfélögin hafa fullan rétt til vinnustöðvana, ef þeim býður svo við að horfa, þrátt fyrir þau lög sem hér er verið að ræða um?

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh.: Hvernig hyggst ríkisstj. bregðast við ef einhver aðili á vinnumarkaði næði samningum um aðrar launahækkanir en þær sem hér eru ákveðnar? Hvað gerir ríkisstj. ef launamaður og atvinnurekandi ná samkomulagi núna fyrir 1. nóv. um einhverja launahækkun? Hvað gerir ríkisstj.? Hvernig bregst hún við því?

Á blaðamannafundi 27. maí var hæstv. forsrh. spurður þessarar spurningar. Hann svaraði henni ekki en vísaði á hegningarlögin. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvaða greinar eru það í hegningarlögunum sem hann mundi beita og telja viðeigandi ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu að einhver atvinnurekandi gæti hækkað kaupið á einhverjum launamanni örlítið núna næstu daga? Hvaða greinar eru það í hegningarlögunum sem ríkisstj. er þar að vitna til?

Í þessari gr., 2. gr. brbl., er með ótrúlega nákvæmum hætti farið út í það að ráðast að kjarasamningum. Þar eru í fyrsta lagi framlengdir allir þeir kjarasamningar sem voru í gildi þegar brbl. voru sett. Í öðru lagi eru framlengdir síðast gildandi kjarasamningar, þ. e. kjarasamningar sem sagt hafði verið upp en ekki höfðu verið endurnýjaðir þegar brbl. voru gefin út. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvaða kjarasamningar eru það sem þarna er fyrst og fremst verið að skírskota til? Er með þessu lagaákvæði verið að framlengja kjarasamninga sjómanna sem voru uppsagðir en óendurnýjaðir þegar lögin voru sett? Er með þessu lagaákvæði verið að framlengja kjarasamninga tannlækna sem sagt var upp á árinu 1981 af þáv. ríkisstj? Var ríkisstj. með þessu ákvæði að framlengja óbreytta þá kjarasamninga sem tannlæknar höfðu allt til ársins 1981 en þáv. ríkisstj. sagði upp? Það er óhjákvæmilegt að fá upplýsingar um þetta áður en þessari umr. lýkur.

Þessi meginatriði, herra forseti, sem ég hef hér nefnt eru þannig að það er mjög nauðsynlegt að fá svar við þeim áður en umr. lýkur, og þá sérstaklega þessu: Er ríkisstj. eða Sjálfstfl. reiðubúinn til þess að fella úr gildi ákvæði brbl. sem bannar frjálsa kjarasamninga, sem bannar mönnum að sýna sanngirni sína á milli í ákvörðun launa á næstu mánuðum? Ég óska eftir því að Sjálfstfl. sérstaklega og formaður hans svari þessari spurningu. En ég vil líka spyrja hér fleiri. Hvað segir formaður Bandalags háskólamanna í þessu efni? Vill hann, eftir að Bandalag háskólamanna hefur skipulagt undirskriftasöfnun, taka þátt í því að samþykkja þetta nauðungarákvæði hér í þinginu? Með því verður mjög

vandlega fylgst. Og það verður borin fram sú spurning m. a. til hv. þm. Péturs Sigurðssonar: Mun hann standa að samþykkt þessari? Það verður fróðlegt að vita hvaða þm. Sjálfstfl. það verða sem fylgja ráðherrabandalaginu og Framsfl. að lokum inn í herleiðinguna.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þegar þessi ríkisstj. tók við völdum í maí s. l. var allri þjóðinni ljóst að efnahagsvandinn var hrikalegur og grípa þyrfti hið skjótasta til aðgerða. Í stjórnarmyndunarviðræðunum s. l. vor var því ekki tekist á um hvort grípa þyrfti til aðgerða, heldur hvers konar aðgerða. Ég segi þetta hér vegna þess að í umfjöllun ríkisstj. um þessar aðgerðir og m. a. það frv. sem við fjöllum um, sem virðist eiga að vera burðarásinn í efnahagsstjórn þessarar ríkisstj., er ávallt látið í það skína að þessar aðgerðir ríkisstj. hafi verið eini valkosturinn í stöðunni til að forða 100 til 130% verðbólgu.

Hæstv. forsrh. hefur viðurkennt að það séu launþegarnir sem hafi verið látnir bera byrðarnar í efnahagsaðgerðum ríkisstj. og það er raunar ekkert nýtt. Það hefur hver ríkisstjórnin á fætur annarri velt vandanum yfir á launþegana, yfir á heimilin í landinu, og allar aðgerðir undanfarinna ára hafa að meira eða minna leyti verið einhliða aðgerðir sem beinast að launum fólksins í landinu.

Einstæð móðir ritaði í Dagblaðinu nýlega hæstv. fjmrh. Albert Guðmundssyni bréf þar sem þessi einstæða móðir sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Er ekki kominn tími til þess að þú hættir að ávarpa mig og aðra þegna þessa lands af fjálgleik og biðja um aðstoð og samstarf okkar? Við erum fyrir löngu búin að rétta þér höndina. Við finnum bara ekki þína".

Sú kennslustund sem fjmrh. landsins var tekinn í af þessari einstæðu móður var tímabær og rétt. Hún er í hnotskurn einnig lýsing á því hvers vegna við höfum ekki náð árangri í viðureigninni við verðbólguna. Hún er lýsing á því hvernig haldið hefur verið á málunum undanfarin ár og þess vegna er nú komið sem komið er. Lýsing þessarar einstæðu móður á því hvernig launþegar þessa lands hafa hvað eftir annað rétt stjórnarherrunum hönd sína til þjóðarsáttar, til að ná einingu og samstöðu sem skilar árangri, en samt aldrei fundið hönd stjórnarherranna, er táknræn og sönn. Það er einmitt þetta sem við Alþfl.-menn höfum gagnrýnt — þessar aðferðir að ráðast ávallt einhliða að launþegunum í landinu til þess að reyna að ná niður verðbólgunni. Það er þess vegna sem við Alþfl.-menn töldum okkur ekki eiga samleið lengur með ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar á sínum tíma né heldur þessari leiftursóknarríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, því reynslan sýnir að launaskerðing ein og sér skilar engum árangri.

Það var gagnrýnt hér í umr. fyrir helgi að þessi ríkisstj. hefði ekki kallað saman Alþingi í sumar. Hvað hefur ríkisstj. verið að gera í sumar sem hún taldi bæði réttara og gagnlegra að gera en að kalla saman Alþingi? Var hún að beita sér fyrir einhverjum aðgerðum sem brýna nauðsyn bar til að setja um brbl. sem ekki gæfist tími til að kalla Alþingi saman til þess að fjalla um? Ég fæ ekki séð það.

Hvað var ríkisstj. að glíma við í sumar sem var svo brýnt og knýjandi að ekki gafst tími til að kalla saman Alþingi? Jú, brbl. um kjaraskerðinguna sem við fjöllum nú um. Jú, ráðh. voru í tíðum utanferðum, ef marka má fregnir blaðanna, hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson stóð í bílakaupum og hæstv. fjmrh. í að fella niður söluskatt af aðgöngumiðum í tívolí, og brýna nauðsyn bar líka til að setja brbl. um að lækka tolla á þurrkuðum fíkjum, ávöxtum og aspas, makkarónum, kaffidufti og maís til þess að létta á láglaunaheimilunum í landinu. Þau brbl. voru líka um að lækka tolla af borðbúnaði, en ég spyr: Hvað gagnar það láglaunaheimilum í landinu að hæstv. fjmrh. lækki tolla af borðbúnaði, hnífum og göfflum, rafmagnskaffikönnum eða geymum í hitabrúsa, þegar fólk á ekki fyrir mat út mánuðinn?

Í sumar hafa ráðh. líka verið með yfirlýsingar um sitthvað í húsnæðismálum, sem vöktu vonir húsbyggjenda, sem nú er að koma í ljós að ekki verður staðið við.

Hæstv. fjmrh. taldi brýna nauðsyn bera til þess að létta róðurinn hjá þeim sem efni hafa á utanlandsferðum með því að fella niður skatt á ferðamannagjaldeyri. Varla kemur það láglaunaheimilunum til góða.

Til þess bar brýna nauðsyn að setja brbl. og svo upptekin var ríkisstj. við sína brbl.-setningu að ekki mátti hæstv. ríkisstj. vera að því að kalla saman Alþingi til að fjalla um þessa eða aðra mikilvægari hluti.

Herra forseti. Það er auðvitað brýnt að fjalla um aðra þætti efnahagsaðgerða ríkisstj. þegar við fjöllum um þessi brbl. um launamál, því allt tengist það því hvort launafólk megi vænta þess að þær fórnir sem á það eru lagðar með þessum brbl. skili árangri og það hlýtur að móta viðhorf hv. alþm. til þeirra aðgerða sem frv. þetta felur í sér. Tökum sem dæmi kerfisbreytingu: Hvað hefur þessi ríkisstj. gert í kerfisbreytingu? Jú, nefndir hafa verið skipaðar. Ég spyr: Búast menn við því að starfsemi Framkvæmdastofnunar eða Byggðasjóðs verði breytt þegar hv. alþm. Tómasi Árnasyni er falið að rannsaka Framkvæmdastofnun, sem er undir forustu Tómasar Árnasonar kommissars sömu stofnunar? Samkv. upplýsingum hv. þm. Ellerts Schram — og skipstjóra að eigin sögn — í Helgarpóstinum nýlega hefur nefnd kommissarsins ekki verið kölluð saman enn þá. Nei, hefði nú ekki verið nær að kalla alþm. til starfa í sumar í stað þessa yfirklórs hæstv. ríkisstj. í sumar í efnahagsmálum, sem svo til eingöngu hefur beinst að launum og launafólki í landinu? — Spyrja má líka að því, hvort það sé skynsemi í þeim afrekum ríkisstj. í sumar eða nokkur réttsýni að byrja sparnaðarviðleitni í ríkisrekstrinum með því að ráðast að Sóknarkonunum og skapa þeim óöryggi um atvinnu sína á næstu vikum.

Hér eru flest upptalin afrek ríkisstj. frá því í sumar. Hæstv. ríkisstj. er samt einstaklega ánægð með gjörðir sínar, bendir á að verðbólgan sé á dúndrandi niðurleið og vextir hafi lækkað, en þessar verðbólgutölur, sem hægt er að sýna fram á á pappírnum, standa örugglega ekki á traustum grunni ef uppistaðan á eingöngu að vera launaskerðingar eins og við fjöllum um í þessu frv. Það getur enginn byggt upp traust efnahagslíf með því að halda aðeins niðri launum. Slíkar verðbólgutölur, slíkar verðbólguspár munu hrynja líkt og spilaborg og fjúka út í veður og vind fyrr en varir ef launaskerðingar eiga að vera burðarásinn í efnahagsaðgerðunum. Og því miður er hvergi fast land undir fótum annars staðar hjá þessari ríkisstj.

Það er vissulega virðingarvert hjá hæstv. forsrh. að viðurkenna að kostnaðinn af þrotabúi hans og Alþb.

beri launþegar nær eingöngu. Ég á ekki von á því að launþegar eða heimilin í landinu hafi fundið fyrir því að sú lækkun verðbólgunnar, sem ríkisstj. talar um, hafi haft áhrif á og komi fram í lækkandi rekstrarkostnaði heimilanna. Þvert á móti! Og það þarf varla að rifja upp fyrir hv. þm. hvernig verðlag hefur fengið að leika lausum hala í sumar og æða upp úr öllu valdi, bæði verð á nauðsynjavörum og allri þjónustu, á meðan launafólk fékk 1. júní 8% í sinn hlut og síðan 4% núna 1. október. En hæstv. ríkisstj. hafði skýringar á reiðum höndum. Það er svo mikið í pípunum sem verður að leiðrétta til að fyrirtækin fari ekki á hausinn, sagði hæstv. ríkisstj. Og hvernig var dæmið leyst? Vandinn sem losa þurfti úr pípunum, eins og það var orðað, var að leyfa hækkun á opinberri þjónustu og á vöruverði um tugi prósenta. M. ö. o.: vandinn var fluttur yfir í pípur heimilanna sem nú eru að bresta með þeim afleiðingum að nú eru heimilin á hausnum og bág staða margra þeirra er hrikalegri en nokkru sinni fyrr.

Ég held að hæstv. ríkisstj. ætti að gera sér far um að skilja hvað það getur kostað ríkiskassann þegar búið er að setja heimilin á hausinn. Fyrir utan samdrátt á ýmsum sviðum atvinnulífsins getur það haft í för með sér margs konar félagslegar afleiðingar ef hart er sótt að láglaunaheimilunum og þau hafa varla fyrir brýnustu nauðsynjum í mat þegar nauðsynleg útgjöld, eins og húsaleiga, rafmagn og hiti, hafa verið af þeim tekin. Og það mun vissulega kosta ríkissjóð sitt ef upplausn heimila og félagslegar afleiðingar af ýmsum toga fylgja þessum aðgerðum ríkisstj. Það getur orðið þjóðfélaginu dýrt þegar upp er staðið.

En hæstv. forsrh. er hvergi smeykur og segir við launafólk að það verði hvergi gefið eftir. Við ætlum að stjórna af hörku, segir hæstv. forsrh. En hann hefur engu stjórnað af hörku nema halda niðri kjörum fólksins, og ég spyr: Finna láglaunaheimilin í landinu að aðhald hafi verið í hækkunum á vöru og þjónustu? Ég held varla. Á sama tíma og stórhýsi Rafmagnsveitu Reykjavíkur er að rísa er verðhækkun á rafmagni 92% á árinu. Hitaveita Reykjavíkur byggir líka, en taxti hitaveitunnar hefur hækkað um 125% í ár. Seðlabankinn hefur sitt á þurru og heldur áfram að byggja seðlabankahöll eins og ekkert hafi í skorist og bankaútibúin þjóta upp eins og gorkúlur. Engin kreppa virðist vera hjá milliliðunum í landbúnaði, hvorki hjá Osta- og smjörsölu eða Mjólkursamsölunni, sem stækkar við sig húsnæði á krepputímum.

Hvernig væri að hæstv. forsrh. stjórnaði þarna einnig af hörku?

Nei, allir hafa allt sitt á þurru nema launþegar. Þeim má blæða þó neyð þeirra sé mikil. Þessi ríkisstj. og reyndar hin fyrri líka hafa gengið svo hart að fjölda heimila í landinu að þau eiga ekki fyrir nauðþurftum þegar líða tekur á mánuðinn — eða hvaða sögu segir okkur stórfelld fjölgun nauðungaruppboða og vaxandi þungi á Félagsmálastofnun eða um 20% fjölgun þeirra sem aðstoðar þurfa þangað að leita?

Hverjar hafa hækkanir á nauðþurftum heimilanna orðið? Gerir hæstv. forsrh. eða ríkisstj. sér grein fyrir því? Frá 1. febr. til 1. ágúst hækkaði matarreikningur vísitölufjölskyldunnar um 57%, en laun um 8%. Opinber þjónusta hækkaði á sama tíma um 47%, en laun um 8%. Lánskjaravísitala hækkaði frá mars til sept. um 46%.

En hver eru mánaðarútgjöld vísitölufjölskyldunnar samkvæmt útreikningum Verðlagsstofnunar? Jú, í júlí 1983 voru þau 40 700 kr. Og hver voru þá lágmarkslaunin í landinu? Jú, 10 539 kr. Hvar var harka hæstv. forsrh. gagnvart aðhaldinu í verðlagsmálum? Ég spyr eins og sú einstæða móðir sem sendi hæstv. fjmrh. bréf í Dagblaðinu nýlega. Hafa láglaunaheimilin fundið styrk þar í hönd ríkisstj.? Ég held ekki. Þessi einstæða móðir fann hana ekki heldur.

Í þessu frv., sem við fjöllum um, er ekki einu sinni tíu þúsund króna laununum hlíft, jafnvel þó allir viti að þau duga ekki fyrir framfærslu heimilanna. Verðlagsstofnun hefur upplýst að einungis matur og hreinlætisvörur kosti meðalfjölskyldu um 118 þús. kr. á ári. Samkvæmt þessu á fólk á lágmarkslaunum einungis eftir þúsund kr. fyrir öðrum útgjöldum. Með þessum þúsund krónum er því ætlað að greiða húsaleigu, hita, rafmagn, síma, klæða fjölskylduna o. s.frv. Valkostirnir eru nánast engir hjá þessu fólki og því er hreinlega ætlað að sitja á götunni með þessa matarkörfu Verðlagsstofnunar.

Þegar laun margra hrökkva ekki einu sinni fyrir mat hlýtur það að vera umhugsunarefni, þegar svo er komið, hvort ekki eigi að lögfesta lágmarkslaun í landinu, og það hlýtur að koma til skoðunar við afgreiðslu þessa frv. nú á hv. Alþingi að það verði gert. Þetta hlýtur einnig að leiða hugann að tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu almennt og hve nauðsynlegt er að fá upp á borðið úttekt á hinni raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og að endurmat fari fram á störfum láglaunahópanna, eins og frv. liggur fyrir um hér á hv. Alþingi. Meðan margar stéttir í þjóðfélaginu eru í aðstöðu til að skammta sér laun sjálfar, meðan atvinnurekendur hafa tök á ekki einungis að skammta sér launin, heldur hvað þeir greiða í skatta, eins og skattaframtöl margra þeirra gefa tilefni til að ætla að þeir geri, á meðan atvinnurekendur ráða sífellt einhliða meira og meira hvernig tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er háttað með yfirborgunum og kaupaukum til hinna betur settu, þá verða láglaunahóparnir alltaf út undan — þeir hópar sem í raun verða að lifa af þeim hungurtöxtum sem samið er um við samningaborðið.

Óréttlætið í tekjuskiptingunni og aðstöðumunurinn er orðið svo gífurlegt að það þolir enga bið að þessi mál verði skoðuð ofan í kjölinn og tekjuskiptingunni verði komið í réttlátara horf. Þó efnahagsvandinn í þjóðfélaginu sé alvarlegur er ástandið á heimilunum sem framfleyta þurfa sér af þessum lægstu launum svo alvarlegt og svo bágborið að það er ekki hægt að leggja á þau heimili þær byrðar sem þetta frv. felur í sér.

Það þarf varla að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann treysti sér til að lifa af 10—12 þús. kr. launum, eins og margir verða að gera í dag, og það á sama tíma og upplýst er af Verðlagsstofnun að framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar hafi verið um 40 þús. kr. á mánuði.

Hæstv. forsrh. bliknar ekki einu sinni í sjónvarpinu þegar hann réttlætir bílakaup sín og segist bara fylgja lögum og reglum og gera það til hins ýtrasta. Hæstv. forsrh. datt ekki í hug að afnema þessar reglur, sem auðvitað væri liður í sparnaði og almennu siðgæði ráðh. sem brýna fyrir láglaunafólkinu sparnað og aðhald. Nei, fyrst notar hann reglurnar og segir síðan í sjónvarpi að allt í lagi sé að endurskoða þær.

En það voru önnur lög sem hæstv. forsrh. taldi sig

ekki þurfa að fylgja til hins ýtrasta eins og lögunum um ráðherrabílana. Það eru lög og reglur sem giltu um samningsrétt og samningsfrelsi launafólks sem ráðh. telur sig ekki þurfa að fylgja, hvað þá til hins ýtrasta. Þessar reglur, þessi mannréttindi hafa verið fótum troðin. Í 3. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur segir: „Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf." — Þessi mannréttindi hefur þessi ríkisstj. tekið af verkalýðsfélögunum í landinu. Hún hefur hneppt þau í fjötra, svo að þau ráða ekki málefnum sínum sjálf. Og þegar ráðh. er spurður um hvort það sé ekki vafasamt siðgæði að vera að auka sinn eigin hagnað og bæta sína lífsafkomu á sama tíma og hann krefur láglaunafólk um fórnir, þá segir ráðh. bara að hann fylgi lögum og reglum til hins ýtrasta. En þegar kemur að lögunum um að vernda eigi samningsrétt og frelsi launafólks og verkalýðsfélaga í landinu þarf ekki að fylgja neinum lögum.

En hefur launafólk ekki vanist því að það sé samræmi í orðum og gjörðum Framsfl. eða hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar — eða hvað segja yfirlýsingar forsrh. frá 1979, þegar Sjálfstfl. boðaði sína leiftursókn? Það er fróðlegt að rifja það upp því að leiftursóknin frá 1979 fölnar í samanburði við þá leiftursókn sem Framsfl. stendur nú í forsvari fyrir.

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að rifja upp nokkur þessara ummæla hæstv. forsrh. í tengslum við það frv. sem við nú fjöllum um, sem m. a. felur í sér afnám samningsréttar. Ekki síst, herra forseti, tel ég nauðsynlegt að upplýsa hér einnig hvílík stefnubreyting hefur átt sér stað í Framsfl. viðvíkjandi þeim þætti sem snýr að launamálum, kjaraskerðingu ríkisstj. sem gerð er í tengslum við efnahagsaðgerðir.

Framsfl. réðst nefnilega harkalega gegn áformum Sjálfstfl. um leiftursókn á sínum tíma, sem voru af svipuðum toga og þessar aðgerðir. En til viðbótar leiftursókn íhaldsins frá 1979 hafa nú mannréttindi launafólks og verkalýðshreyfingar, sem er samningsrétturinn, verið fótum troðin af ríkisvaldinu líkt og í Póllandi.

En hvað sagði Steingrímur Hermannsson 1979 um frelsi verkalýðshreyfingarinnar þegar leiftursókn íhaldsins var boðuð? Jú, hæstv. forsrh. sagði þá, með leyfi forseta:

„Framsóknarstjórn miðar störf sín við frjálsa einstaklinga, sem njóta frelsis til orða og athafna í lýðræðisþjóðfélagi. Við viljum að hinu sameiginlega átaki sé lyft á grundvelli samvinnu og samtaka fólksins í anda samvinnuhreyfingar og launþegasamtaka."

Þetta segir sá maður sem nú stendur í forsvari fyrir því að samningarétturinn, frelsi til að ráða málum sínum, er tekið af fólkinu í landinu.

Hæstv. forsrh. sagði einnig í nóv. 1979: „Framsóknarstjórn vinnur með alþýðu manna." — Og áfram, með leyfi forseta: „Ég hygg að það þurfi að stórbæta þær aðferðir sem við höfum verið að móta til að koma á náinni samvinnu ríkisvalds við almannasamtök og atvinnulífið", sagði hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson.

Og hvað hefur Steingrímur Hermannsson lært síðan þá? Ekkert. Nákvæmlega ekkert. Minna en ekkert. Hvernig hefur Steingrímur Hermannsson stórbætt aðferðina til að koma á náinni samvinnu ríkisvalds við almannasamtök, eins og hann sagði 1979? Jú, með því að afnema samningsréttinn. Hver á að trúa manni sem segir eitt í dag og annað á morgun, að ekki sé talað um þegar það er sjálfur forsrh.?

Leiftursókn íhaldsins lýsti hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson með þeim orðum að Sjálfstfl. ætlaði ekki að leita neinna sátta á vinnumarkaðinum, heldur vildi breiða upp fyrir haus og virkja vinnuveitendur til að herja á launafólkið í landinu. Og hæstv. forsrh. sagði einnig 1979:

„Þetta þýðir vitanlega alveg gífurleg átök á vinnumarkaðinum þegar í stað ef farið verður að framkvæma tillögurnar með því að taka vísitöluna einhliða úr sambandi. Af þessu munu hljótast fleiri vikna verkföll", sagði hæstv. forsrh.

En ég spyr hæstv. forsrh.: Hvað nú? Óttast hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson ekki verkföll? Þegar borin eru saman orð hæstv. forsrh. 1979 og gerðir nú á árinu 1983 verða menn að muna að á árinu 1979 var um að ræða að taka vísitöluna úr sambandi en ekki svipta fólk samningsrétti. Skyldi hæstv. forsrh. ekki hafa neinar áhyggjur af verkföllum eða kreppu nú eins og 1979, þegar hann hefur líka svipt fólk samningsrétti?

Og hæstv. forsrh. bætir við í nóv. 1979, með leyfi forseta:

„Þessum tillögum lætur Sjálfstfl. fylgja mikinn samdrátt í framkvæmdum. Þeir vilja skera og skera og skera, eins og þeir segja. Þessu mun fylgja atvinnuleysi, en við framsóknarmenn vísum því algjörlega á bug að komið verði á atvinnuleysi til þess að ná einhverjum áfanga í stríðinu við verðbólguna."

Af aðgerðum hæstv. forsrh. nú má sjá að hann er algjörlega ósammála þeim Steingrími sem þetta sagði 1979 því nú á að skera og skera og skera og svipta fólkið launum og samningsrétti til að ná verðbólgunni niður í heljarstökki. Auðvitað þýðir það samdrátt og atvinnuleysi þegar kaupmáttur fólksins er skorinn svo hrikalega niður sem raun ber vitni, enda er það svo að Verslunarráð Íslands hefur í ályktun tekið undir það að stefna ríkisstj. hafi leitt til samdráttar á vissum sviðum atvinnulífsins og kunni að leiða til atvinnuleysis. Það segir sig sjálft að þegar laun fólks eru skert um 30% í einni svipan, þá hlýtur það að koma fram í samdrætti einnig í atvinnulífinu, ef fólk getur ekki lengur keypt þær vörur og þá þjónustu sem þar eru á boðstólum. Að slá verðbólguna niður á þennan hátt með einhliða kaupskerðingu launafólks er bæði ósanngjarnt og hættulegt atvinnuöryggi. Öllu tali um að aðgerðir ríkisstj. forði atvinnuleysi verður því að taka með fullri varúð.

Hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson endar með því að segja að mikilvægt sé að Framsfl. fái við kosningar 1979 nægilegan styrk til að koma í veg fyrir þvílíka leiftursókn hægri aflanna. En nú á árinu 1983 stendur þessi sami Steingrímur, þótt ótrúlegt sé, í forsvari fyrir slíkri leiftursókn og í stafni þjóðarskútunnar stjórnar hann með harðri hendi og segist hvergi gefa eftir, leiftursóknarmennirnir frá 1979 eru nú aðeins hásetar um borð hjá hæstv. forsrh. Er nema von að stjórnmál séu ekki hátt skrifuð á Íslandi í augum almennings? Er nema von að fólki blöskri þessi tvískinningur, þessi hamskipti hæstv. forsrh. á þremur árum?

Og málgagn forsrh. stendur honum ekki að baki. Dag eftir dag í allt sumar og haust hafa launþegar mátt lesa í því málgagni hve skynsamlegar aðgerðir séu hér á

ferðinni, bæði afnám vísitölubóta, bann við grunnkaupshækkunum og svipting samningsréttar.

1979 sagði þetta málgagn forsrh.:

„Ein helsta rjómabollan í leiftursókn íhaldsins er skyndileg lækkun ríkisútgjalda um hvorki meira né minna en 35 milljarða gamalla króna þegar á næsta ári."

En nú er komið árið 1983 og hver er rjómabolla Framsfl. í þeirri leiftursókn sem Framsókn hefur forustu fyrir? Jú, niðurskurður á öllum sviðum, líka í heilbrigðis- og félagsmálum — ekki um 35 milljarða gamalla króna, nei, heldur um 200 milljarða gamalla króna.

Herra forseti. Ég mun nú fara að ljúka máli mínu.

Hæstv. forsrh. og ríkisstj. hafa réttlætt þessar aðgerðir sínar með því að verið sé að ná verðbólgunni niður og verðbólgan sé nú á dúndrandi niðurleið. En er þetta rétt? Er þetta varanlegur árangur sem launþegar geta treyst á? Í því sambandi vil ég, með leyfi forseta, vitna í grein Björns Björnssonar hagfræðings ASÍ í Dagblaðinu nýlega, en þar segir hann:

„Fram hefur komið að ríkisstj. telur að forsenda þess að verðbólgan haldi áfram að lækka sé að launafólk haldi áfram að greiða hana niður. Drög ríkisstj. að þjóðhagsáætlun fyrir 1984 sýna að ríkisstj. ætlar launafólki ekki kjarabætur á næsta ári. Hvað verður árið 1985 eða 1986? Það veit enginn. Ríkisstj. staðfestir með þessu að árangur hennar er ekki varanlegur. Hann stendur einungis á meðan launafólk er reiðubúið til þess að inna niðurgreiðslurnar af hendi. Dýrtíðin vex enn. Svo lengi sem einhver verðbólga er og laun hækka ekki mun kaupmáttur fara lækkandi. Dýrtíðin endurspeglar raunverulega vanda sem í bili hefur verið velt yfir á launafólk."

Ég tel að þessi orð Björns Björnssonar sýni vel fram á að launafólk getur ekki treyst á að fórnir þess muni skila nokkrum varanlegum árangri. Það greiðir verðbólgu einungis tímabundið niður með launum sínum og skertum kaupmætti. Hún mun blossa upp aftur verði ekkert annað að gert. Hér er enn um að ræða krukk í launin úr samhengi við allar nauðsynlegar efnahagsaðgerðir, úr samhengi við það að ríkisstj. taki með festu á þeim hagstjórnartækjum sem hún hefur yfir að ráða til að við getum treyst á bætt lífskjör, atvinnuöryggi og viðunandi búsetu í þessu landi.

Kristín Halldórsdóttir: Afstaða Kvennalistans til þessa frv. er eindregin og við hefðum fegnar viljað koma henni á framfæri fyrr á hinu háa Alþingi. Við erum andvígar skerðingu verðbóta á þann hátt sem hér er lagt til. Við erum tilbúnar að fallast á að nauðsyn hafi borið til að gera breytingar á verðbótakerfinu á s. l. vori samhliða öðrum aðgerðum í efnahagsmálum. Og við teljum að almenningur hafi ekki verið andvígur því sjónarmiði, en við vildum hafa annan hátt á þeim breytingum.

Við töldum það meginatriði í efnahagsaðgerðum að vernda kjör hinna lægst launuðu, en í þeim hópi eru konur fjölmennar. Í þeim tilgangi bárum við fram tillögu um verðbætur á laun, sem við álitum að mundi nýtast best þeim sem lægst eru launaðir. Við kynntum þessa tillögu rækilega á s. l. vori og höfum orðið varar við stuðning margra við þessa tillögu okkar. Þjóðhagsstofnun reiknaði út fyrir okkur töluleg gildi þessarar tillögu og vil ég nú aðeins fara orðum um þá útreikninga.

Þetta eru sem sagt útreikningar frá því í vor. Þá voru meðallaun allra launþega, í ASÍ, BSRB og BHM, samkvæmt taxta 12 230 kr. Við lögðum til að 20% af meðallaunum, þ. e. þá 2446 kr., kæmu sem föst krónutala í verðbætur ofan á meðallaun og öll laun þar fyrir neðan. Síðan kæmi helmingur þeirrar krónutölu ofan á næsta fjórðung launa þar fyrir ofan, en engar verðbætur í efsta fjórðungi launastigans.

Þessi tillaga felur í sér skerðingu verðbóta á hærri laun, en veitir meira en fullar verðbætur þeim sem standa í lægstu þrepum launastigans. Samkvæmt þessari tillögu hefðu um 80% félaga í ASÍ og rösklega 60% allra launþega þarna notið fullra verðbóta eða meira. Heildarupphæð þessara verðbóta í júnímánuði, ef þær hefðu verið greiddar, var áætluð um 170—260 millj. kr. Til samanburðar má nefna að verðbætur samkv. brbl. ríkisstj. eru taldar hafa numið 180 millj. kr. í júnímánuði. Ef okkar tillögu hefði verið fylgt hefði heildarupphæð greiddra verðbóta verið mjög sambærileg við ráðstöfun ríkisstj., en dreifing fjárins mun réttlátari.

Í stað þess valdi ríkisstj. að gefa 8% verðbætur upp allan launastigann, sem viðheldur og eykur enn á þann launamismun sem þegar er orðinn of mikill. Þannig fengu þeir sem við lökust kjör búa tæplega þúsund króna uppbót 1. júní til að mæta þeim hækkunum sem orðnar voru á nauðþurftum eins og búvöru, en þeir sem höfðu t. d. 35 þús. kr. laun fengu 2800 kr. uppbót.

Þó að enginn fagni launaskerðingu eru menn sannarlega misvel í stakk búnir að mæta henni, og er það furðu skammsýn ráðstöfun ríkisstj. að þjarma svo illa að launafólki. Launafólk er að okkar dómi almennt reiðubúið að taka á sig skerðingu kaupmáttar vegna minnkandi þjóðartekna, en um það voru og eru að sjálfsögðu ekki allir jafnfærir. Ég nefni ellilífeyrisþega, öryrkja, námsmenn og lágtekjufólk. Það er fráleitt að ætlast til þess að þetta fólk taki á sig hlutfallslega jafnmikla skerðingu og heilsuhraust fólk með meðaltekjur og þaðan af meira. Það er fráleitt að ætla t. d. einstæðri móður með lágmarkstekjur að þola rýrnun kaupmáttar til jafns við ráðherra eða aðra hátekjumenn með 70—100 þús. kr. tekjur á mánuði. Þetta fólk hefur ekki af neinu að taka. Það getur ekki sparað, því það hefur alltaf þurft að spara. Það er beinlínis ósæmilegt að ganga frekar að þeim sem lægstar tekjur hafa. Og ég *lýsi undrun minni á því að tillögum okkar í þessum* málum var ekki betur tekið af stjórnmálamönnum. Þá var enginn stjórnmálaflokkur betri en annar, þrátt fyrir margendurteknar yfirlýsingar um að vernda þyrfti kjör hinna lægst launuðu.

Forsrh. sagði áðan að þessi leið væri erfið. Slík hækkun á lægstu laun kæmi venjulega fljótlega fram í efri þrepum launastigans. Við urðum þess raunar ekki varar í vor að viðtökur launafólks væru kannaðar, en vel má það vera. Við fengum svo sem ekki allt að vita sem gerðist þessar vikur í vor. Hins vegar höfum við orðið þess varar að almenningur telur tillögur okkar í þessum efnum mun réttlátari en þær sem urðu ofan á og kynntar eru í því frv. sem hér er til umfjöllunar. Og samkvæmt fréttum t. d. af þingi Verkamannasambandsins virðast launþegar nú leggja áherslu á að lægstu laun séu leiðrétt, en hærri þrepin bíði.

Ég vil einnig lýsa andstöðu Kvennalistans við því að samningsaðilar á vinnumarkaði séu sviptir rétti til

samninga og þannig beinlínis vændir um að geta ekki borið ábyrgð á samningum. Ég vona að alþm. beri gæfu til að skila aðilum vinnumarkaðarins aftur samningsrétti sínum og fari þar að vilja alls þorra launþega, sem á margan hátt hefur komið fram, — nú síðast með undirskriftum þeim sem Alþingi geymir, vafalaust vandlega og af trúmennsku. Og ég vil lýsa hryggð minni yfir þeim viðtökum sem fulltrúar launþega fengu þegar þeir afhentu forsrh. og Alþingi þessa undirskriftalista. Athugasemd um vöntun heimilisfanga var ósmekkleg og bein móðgun við þá sem hlut áttu að máli. Þeir sem skrifuðu nöfn sín á þessa lista gerðu það til þess að mótmæla brbl. ríkisstj. en ekki til að fá einkabréf frá ráðh.

Ég lýsi samstöðu með þeim sem skrifuðu á þessa lista. Ég lýsi andstöðu við frv. sem hér er til umr. Ég hef lokið máli mínu.

Guðmundur Einarsson: Háttvirtur forseti. Nú hefur hæstv. forsrh. flutt okkur boðskap sinn. Þar kemur fram að það horfir ekki beinlínis björgulega um þjóðarbúskapinn og reyndar töldu flestir sig vita það. Það er raunar hörmulegt að íslenska þjóðin skuli lenda í því að meðtaka slíkan boðskap árið 1983, þegar nýliðin eru mestu fengsældarár okkar. Árið 1981 var líklega mesta aflaár Íslandssögunnar og síðasta áratug hafa öll aflamet verið slegin. Íslenska þjóðin er ein af 10—15 ríkustu þjóðum heims, ef dæmt væri eftir þjóðartekjum á mann og öðrum viðteknum mælikvörðum á almenna hagsæld.

En hvað hefur gerst? Hví eru nú þessi harmakvein og kreppugrátur? Hvers vegna er íslenska þjóðin nú beðin að herða sultarólarnar og kaupa sér litla sparneytna bíla? Hvar er auðlegð síðasta áratugs? Svarið er ekki að finna í lífsmáta íslenskrar alþýðu. Orsökin er ekki bílífi íslenskra alþýðuheimila þótt ríkisstjórnir, sama hvaða flokkar eiga í hlut, láti það gjarnan í veðri vaka. Hver kannast ekki við lýsingarnar á utanlandsferðunum og raftækjakaupunum? Þessi söngur um bílífi þjónar því hlutverki að draga athygli fólksins í landinu frá hinni raunverulegu sóun. Það eru m. a. skipakaupin, virkjanaæðið og járnblendið. Á þessum sviðum skipta glötuðu milljónirnar hundruðum. Og þótt allir Íslendingar væru saman komnir í allsherjar ölvímu á sólarströnd og keyptu raftæki hver um annan þveran, þá mundu þeir aldrei eyða öllu því fé sem alþingismennirnir þeirra sólunda í vanhugsaðar fjárfestingar. Hinn bitri sannleikur er sá, að innistæðum okkar hefur verið eytt og því stöndum við hér skuldunum vafin eins og maðurinn með hattinn forðum.

Og nú er komið að einni ríkisstjórninni enn að glíma við drauginn. Í þetta sinn eru það sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Hvernig skyldi nú ganga? Byrjunarstefin í sinfóníunni eru kunnugleg. Þjóðin lifði um efni fram. Mikil lifandis skelfing er þessi vesalings þjóð búin að lifa um efni fram. Aldrei hefur nokkur stjórn getað látið það hjá líða að minna hana á þessi góðu lífskjör, og nú er svo komið að menn eru að drepast úr samviskubiti ef þeir eiga til hnífs og skeiðar.

Aðferðirnar sem þessi stjórn notar eru raunar nýstárlegar að sumu leyti. Okkur er sagt að nauðsynlegt sé að ná verðbólgunni niður. Gott og vel. Það er rétt. Síðan er okkur sagt að gera eigi breytingar á efnahagskerfinu sem leiði til varanlegs bata á lífskjörum. Gott og vel. Það er líka rétt. En hvernig á að gera þetta? Þá syrtir í álinn. Í stað þess að leita sátta og samstarfs, stjórn með þingi, stétt með stétt, eru þm. sendir heim, launþegar rændir lýðréttindum sínum og svo er kaupmáttur launa lækkaður svo mikið að það verður fært á spjöld sögunnar. Til að kóróna svo dólgsháttinn eru mönnum boðnar smánarlegar uppbætur með skattabreytingum og almannatryggingum. En fólkið í landinu hefur tekið þessi ósköp á sig. Það hefur fært þessar gífurlegu fórnir því það vill af lífi og sál lækka verðbólgu og það vil stöðva þessa dauðans óvissu.

Hvað lagði BJ til málanna í vor þegar þessi ósköp litu dagsins ljós? Við sögðum að æskilegt væri að gildandi kjarasamningar væru virtir að fullu hinn 1. júní sem og á öðrum tíma, nema allir aðilar samninganna væru sáttir við hugsanlegar breytingar. Það var forsenda fyrir gagnkvæmu trausti og ábyrgð samningsaðila, sérstaklega á vinnumarkaði. Til greina kom að okkar mati frestun á greiðslu verðbóta 1. júní til að gefa rýmri tíma til sameiginlegrar ákvörðunar. Við lögðum til að strax yrði sett á fót samráðsstofnun þar sem aðilar vinnumarkaðarins ynnu saman úr öllum gögnum um þróun efnahags- og kjaramála og ryddu braut fyrir framkvæmd frjálsra kjarasamninga frá og með haustinu, sem tækju mið af afkomu þjóðarbúsins og atvinnustefnu stjórnvalda. Samráðsstofnun skyldi fjalla um nýjar leiðir í atvinnu- og efnahagsmálum og vera ríkisstj. til ráðuneytis um stefnumörkun á þessum sviðum. — Í þessu sambandi er athyglisvert að benda nú á tilraunir VSÍ og ASÍ til sambærilegra vinnubragða.

Við héldum því fram að þegar kjarasamningar ASÍ og VSÍ rynnu út skyldu lagaákvæði sem þeim tengdust, t. d. um vísitölubindingu launa, numin úr gildi, enda yrðu samningar frjálsir og á ábyrgð samningsaðila. Við sögðum líka að samningsaðilar gætu að sjálfsögðu samið um eitthvert form vísitölubindingar í frjálsum samningum ef þeir svo kysu, en ríkisstj. legði áherslu á að nýjar leiðir yrðu fundnar til að tryggja kaupmátt til lengri tíma. Við sögðum líka að í stað fastrar vísitölubindingar gætu t. d. komið endurskoðunarákvæði til skemmri tíma og þá yrði unnið að endurskoðun og frekari stefnumörkun á vettvangi framangreindrar samráðsstofnunar. Hins vegar sögðum við, að næðust ekki samningar milli aðila vinnumarkaðarins þannig að neyðarástand skapaðist áskildi ríkisstj. sér rétt til að höggva á hnútinn, t. d. með lagasetningu sem tryggði lálaunafólki fullar verðbætur á laun, en föst krónutala kæmi á hærri laun. Slík lagasetning mundi einungis eiga sér stað á tímabilinu september til áramóta.

Við fjölluðum líka um samninga á vinnustöðum. Við lögðum til að heimilað yrði að starfsmannafélög gerðu viðbótarsamning við sinn vinnuveitanda um kaup og kjör á vinnustað innan ákveðins tíma frá gerð heildarsamnings hagsmunasamtakanna. Við lögðum til að á meðan kerfisbreytingin í efnahagsmálum væri að ganga yfir yrði beitt strangu aðhaldi í verðlagsmálum, þannig að kostnaðarhækkunum yrði ekki veitt út í verðlagið. Að öðru leyti yrði dregið úr opinberum afskiptum af verðmyndun þar sem samkeppni yrði við komið.

Um fiskverð og sjávarútveg sögðum við: Verðlagsráð sjávarútvegsins verði endurskipulagt þannig að samningsaðilar um fiskverð beri meiri ábyrgð á verðákvörðunum sínum. Til að stuðla að þessu og draga úr ríkisforsjá og þörf á lækkun gengis yrði hlutverki

oddamanns breytt og hann hefði ekki lengur atkvæðisrétt við fiskverðsákvörðun. Við lögðum líka mikla áherslu á að samhliða þessu yrði jöfnunarsjóðakerfi sjávarútvegsins endurskipulagt, þannig að það starfaði einungis að jöfnuði sem rekja mætti til aflabragða og erlendra markaða.

Þessar tillögur BJ höfðu að leiðarljósi þessar staðreyndir:

Í fyrsta lagi, að þegar ná skal árangri eru samstarf og samráð það eina sem tryggt getur sigur. Með einræði og yfirgangi geta menn unnið sigra í einstaka orustum, en stríðið vinnst aldrei nema með samvinnu. Þetta vissu samvinnumennirnir gömlu og þetta vissu atvinnurekendur og verkalýður í löndunum í kringum okkur þar sem framfarir hafa orðið einna mestar í lífskjörum — þá á ég við Norðurlönd og Þýskaland — enda er það svo í þessum þjóðfélögum að þar er samningsréttur álitinn næsta helgur.

Önnur staðreynd er sú, að þeir samningar sem næst með þessum rétti verða að vera á ábyrgð samningsaðila. Í kjarasamningum hlýtur að gilda sama grundvallarregla og í öðrum samningum milli manna, að einungis á að semja um þau verðmæti sem menn hafa á hendi eða telja sig geta með öruggum hætti haft til umráða á samningstímabilinu. Vegna þessa er rétt að ríkisvaldið dragi sig út úr því hlutverki, sem það hefur undanfarið leikið í samningagerð hér á landi, sem er að lofa gengisfellingum eða öðrum millifærslum til að fá óþekktarangana til að skrifa undir.

Þessi tvö atriði, þ. e. um samráð og ábyrgð samningsaðila, eru lykilatriði í tillögugerð BJ.

Ég rengi hæstv. forsrh. ekki um að erfiðleikar hafi blasað við hæstv. ríkisstj. í maí, jafnvel þó ráðh. hafi ekki séð strax hversu alvarlegt ástandið var, að eigin sögn. Ég mótmæli hins vegar því, að samningsaðilar séu fjötraðir. Við verðum að taka upp lýðræðislegri vinnubrögð og tímabil frjálsra og ábyrgra samninga verður að renna upp nú þegar.

Skipting þjóðartekna er eitt af viðkvæmustu verkefnum allra þjóðfélaga. Deilur um lífskjör og tekjuskiptingu setja sífellt mark sitt á samskipti hagsmunahópa og á starfsemi ríkisstjórna. Þó er harkan í slíkum deilum mismikil eftir þjóðfélögum. Í sumum löndum hefur ríkt langvarandi stöðugleiki og friður á vinnumarkaði. Eitt besta dæmi um slíkt er að finna í Skandinavíu, sérstaklega í Noregi og Svíþjóð. Þar hafa launþegar, vinnuveitendur og ríkisstjórnir á athyglisverðan hátt tekið höndum saman um mótun þjóðfélagsins, þróun framleiðslunnar og lífskjaranna. Þessi samráð hafa skilað umtalsverðum árangri á fjölmörgum sviðum.

En ekki njóta allir dásemda friðarins og framfaranna á þessum sviðum. Pólland er líklega besta dæmið frá seinni tíð um nálægt þjóðfélag sem er nánast orðið óvirkt af lífskjara- og hugmyndadeilum. Bretland hefur einnig lengi þjáðst af umfangsmiklum kjaraátökum. Þar í landi kenna margir tíðum verkföllum um slaka frammistöðu Breta á alþjóðamarkaði og fremur lök lífskjör almennings. Mörg fleiri dæmi um slíka upplausn og átök má finna utan hins vestræna heims.

Flestum þykir það líklega sjálfsögð rekstrarhagfræði að ekki sé hægt að eyða meira en aflað er til hvers heimilis og þar með til þjóðarbúsins alls. Að sama skapi eru menn oft reiðubúnir að samþykkja að kjaraskerðing geti verið eðlileg við vissar aðstæður. En í ljósi hinna miklu sviptinga, sem hafa orðið í kjaraþróun hér á landi, og harðra átaka á vinnumarkaði og í stjórnmálum er eðlilegt að spurt sé hvort skerðing á kjörum launþega hafi verið óeðlilega mikil, hvort ríkisstj. hafi beitt kjararáninu óhóflega.

Það er fróðlegt að skoða nokkrar skýringar á því hvers vegna kauprán hafi verið svo afgerandi aðgerð í kjaramálum á Íslandi og hvers vegna lífskjör hafi batnað hægar hér en t. d. í Skandinavíu.

Fyrsta skýringin er áföll í þjóðarbúskapnum. Ein helsta réttlæting kaupskerðingar er sú að þjóðartekjur fari minnkandi eða standi í stað. Oftast hafa slík áföll verið undirrótin að stórtækum efnahagsráðstöfunum og kjaraskerðingum af hálfu ríkisvaldsins. Svo virðist þó sem laun hafi fylgt vexti þjóðarteknanna verr hér á landi en í nágrannalöndunum, og er því þessi fyrsta skýring eða réttlæting á kaupráni alls ekki tæmandi, þó hún gæti átt við að hluta.

Önnur skýringin á kaupráni er rekstrar- og skipulagserfiðleikar í sjávarútvegi. Skammtímakrepputal hérna tengist oftar sveiflum sem verða á afkomunni í sjávarútvegi, en þær virðast stundum vera álíka reglubundnar og gangur himintunglanna. Í málflutningi viðkomandi hagsmunaaðila er gjarnan látið að því liggja að gengisfellingar- og kjaraskerðingarúrræðin séu einu hugsanlegu viðbrögðin. Þannig eru skammtímaafkomusveiflur í einni atvinnugrein látnar réttlæta kjaraskerðingar hjá öllum launþegum. Svo vel hefur tekist að halda niðri almennum launum á þessari forsendu að atvinnurekendur í verslun, þjónustu, almennum iðnaði og byggingariðnaði hafa sjálfviljugir tekið upp nokkrar yfirborganir umfram grunntaxta.

Að sjálfsögðu gæti þessum málum verið öðruvísi háttað. Vafamál er t. d. hvort atvinnurekendur í sjávarútvegi hafi verið beittir nægilegu aðhaldi af hálfu ríkisvaldsins. Þeir hafa t. d. lítið lagt af mörkum sjálfir til sveiflujöfnunar í gegnum Jöfnunarsjóð sjávarútvegsins með því að leggja til hliðar af hagnaði góðu áranna til að nota á þeim mögru. Einnig hafa þeir fengið að ramba út í gegndarlausa offjárfestingu með dyggri fjárhagsaðstoð frá hinu opinbera. En hinn mikli fjárhagskostnaður sem af því hlýst er einmitt einn af þeim þáttum sem gera afkomuna og rekstrarfjárstöðuna erfiða sum árin. Loks eru efnahags- og kjaraskerðingarúrræði ríkisvaldsins miðuð við meðaltalsafkomu í sjávarútvegi eða jafnvel við afkomu verst settu eða verst reknu fyrirtækjanna. Þetta getur þýtt að þeim betur stæðu sé fært gull á silfurbakka með aðgerðum ríkisstjórna.

Þriðja skýringin á því hversu gjarnt mönnum er að nota kauprán í íslenskum efnahagsaðgerðum er hreinlega úrræðaleysi stjórnvalda. Það var einu sinni sagt að ekkert virtist vera til nema gömlu íhaldsúrræðin. Einhæfni í úrræðum og dugleysi gagnvart vanda efnahagslífsins ýtir vissulega undir þá trú að stjórnvöld ættu að geta fundið aðrar leiðir og varið kjörin betur en verið hefur.

Fjórða skýringin á notkun kjararáns sem efnahagsaðgerðar er að það virkar hraðar. Þetta atriði má líklega til sanns vegar færa, en er þó naumast afsökun á því að skipulagsbreytingar sé leitað. Auk þess fullnægir það varla réttlætiskennd landsmanna að skammtímaefnahagsvandi sé leystur á kostnað launamanna.

Með hliðsjón af framangreindu eru það mjög ákveðin

tilmæli BJ að Alþingi geri nú þær ráðstafanir sem geri aðilum vinnumarkaðarins kleift að leita samráðs og samninga um lausn efnahagsmála. Það eru einnig tilmæli okkar að Alþingi og stjórnmálaflokkar sýni nú loks þann manndóm og kjark að styðja þær umbætur á stjórn efnahagsmála sem gætu losað fólkið í landinu undan þeirri áþján að á reglubundinn hátt sé vegið að lífsafkomu þeirra með kaupránum. Þær óskaplegu sveiflur sem hafa orðið á lífskjörum hér s. l. tuttugu ár vegna kaupráns eru ósamrýmanlegar þeim kröfum sem nútímafólk gerir til öryggis og afkomu fyrir sig og börn sín. Látum tímabil samráðs renna upp í stað áratuga átaka og sviptinga í kjaramálum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 6. fundur.

Fimmtudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Afnám bílakaupafríðinda embættismanna, þáltill. 28. mál (þskj. 28). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Könnun á kostnaði við einsetningu skóla, þáltill. 33. mál (þskj. 33). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Könnun á orsökum hins háa raforkuverðs, þáltill. 2. mál (þskj. 2). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef ásamt fimm öðrum þm. Alþfl. leyft mér að flytja þáltill. sem er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega og skila sameinuðu Alþingi skýrslu um orsakir hins háa raforkuverðs til almennings hér á landi og tillögum til úrbóta."

Það er kunnara en frá þurfi að segja að að undanförnu hafa átt sér stað miklar umræður um hið háa raforkuverð sem hér á landi gildir til heimilisnota. Í sjónvarpsfréttum seint í sumar eða snemma á þessu hausti komu fram ýmsar mjög athyglisverðar upplýsingar sem bentu í meginatriðum til þess að raforkuverð til almennings hér á landi væri miklum mun hærra en í öðrum löndum í kringum okkur og raunar lengra frá okkur, þar sem skilyrði til raforkuframleiðslu eru hvergi nærri talin eins hagkvæm og fullyrt hefur verið að hér sé.

Það er skoðun okkar, flm. þessarar till., að það beri nauðsyn til að skipa nefnd óháðra sérfræðinga til að kanna þessi mál gaumgæfilega þannig að leitt verði í ljós, svo óyggjandi sé, hverjar séu hinar raunverulegu ástæður fyrir hinu háa raforkuverði hér á landi.

Vissulega er það mjög alvarlegt mál ef raforka framleidd með afli íslenskra fallvatna er nú ekki lengur samkeppnisfær við ýmsa innflutta orkugjafa, eins og sú staðreynd ber með sér að fjölmörg veitingahús í Reykjavík nota orðið innflutt gas til eldunar vegna þess að það, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, er miklu ódýrara en rafmagn. Þetta hlýtur að vera okkur ekki bara umhugsunarefni heldur verulegt áhyggjuefni.

Það er nauðsynlegt að komast að því og að það verði skráð skýrt, hverjar ástæður eru fyrir þessu háa raforkuverði. Er það svo að skattlagning orkunnar hér sé meiri en annars staðar? Er það svo að virkjunarkostnaður hjá okkur sé óeðlilega hár? Er yfirbygging orkufyrirtækjanna of mikil? Er þar gætt þess aðhalds og þeirrar hagsýni í rekstri sem nauðsynlegt er? Er dreifingarkostnaður raforku hér óeðlilega hátt hlutfall af því verði sem almenningur greiðir? Þetta eru nokkrar þeirra spurninga sem vakna.

En auðvitað er hér um mjög flókið og margslungið mál að ræða. Það má líka spyrja hvort umframorkan í raforkukerfinu hjá okkur sé of mikil, óþarflega mikil. Hversu mikil þarf umframorkan að vera, þannig að sæmilegt og viðunandi rekstraröryggi sé fyrir hendi? Og hvað kostar í fjárfestingu sú umframorka sem nú er í kerfinu?

Orkuframkvæmdum ýmsum hefur verið hraðað mjög og það án þess að nokkur nýr stórkaupandi orku væri til staðar. Raunar er langt síðan slíkur aðili hefur bæst við, ekki síðan Grundartangaverksmiðjan var reist. Höfum við rasað um ráð fram í þessum efnum?

Það er ekki fjarri lagi líka að vikið sé að orkufyrirtækjum okkar, eins og Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins, þar sem gífurlegt fjármagn fer um, og stundum finnst manni óneitanlega eins og ekki sé ævinlega kappkostað að gera hlutina á sem ódýrastan hátt, heldur hafi þessi fyrirtæki miklu frekar nóg að gera við að réttlæta hækkunarkröfur sínar og rökstyðja.

Það var t. d. greint frá því held ég bara í morgunútvarpinu í gærmorgun að á þessu ári mundi Landsvirkjun ekki kaupa nema 11 bíla, og var það fækkun um 6 frá fyrra ári. Þá hafa þeir verið 17. Auðvitað þarf þetta fyrirtæki bíla, en spurning er hvort þar sé haldið vel utan um alla hluti og það sama gildir auðvitað um Rafmagnsveitur ríkisins, sem óneitanlega fer það orð af að þar sé ekki gætt á öllum sviðum nauðsynlegs aðhalds í rekstri. Auðvitað má lengi um slíkt deila.

Það er kannske ekki óeðlilegt heldur að menn spyrji svona í leiðinni: Hvað kosta laxveiðidagar Landsvirkjun á ári? Töluverð fúlga mundi fara í slíkt, þó erfitt sé kannske að henda reiður á því svo fullgilt sé í þeim gögnum sem almenningi eru opin. Og hvernig skyldi vera háttað t. d. verkaskiptingu milli Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar? Er þar ekki á sumum sviðum um hreinan tvíverknað að ræða?

Nú síðustu vikurnar hefur líka verið mikið rætt um virkjunarkostnað væntanlegrar Blönduvirkjunar. Raunar hafði ég lagt fram sundurliðaða fsp. um þau mál á hinu háa Alþingi, sem ekki er komin hér til umr., en mér sýnist hins vegar á Morgunblaðinu í dag að hæstv. iðnrh. hafi verið að svara þessari fsp. minni á fundi suður í Hafnarfirði. Er sjálfsagt allt gott um það.

Það hefur verið rætt um hve mikill hluti virkjunarkostnaðarins sé vegna ýmiss konar hliðarframkvæmda, talað um tölur allt upp í 10%. Það vekur þá spurningu, hvort Blönduvirkjun sé þá yfirleitt hagkvæmasti kostur,

ef það fylgir að Landsvirkjun þarf að reisa svo og svo mikið af gangnamannakofum, fjárhúsum og kaupa jarðir, fyrir utan þá staðreynd að þar er ekki enn búið að semja um vatnsréttindi við þá sem telja sig ráða yfir þeim.

Ég held að óhætt sé að segja að nær allar virkjunarframkvæmdir undanfarin ár hafa farið langt fram úr öllum áætlunum. Að sumu leyti skýrir verðbólgan það sjálfsagt, en að öðru leyti skýrir verðbólgan það ekki. Og þá líka vaknar sú spurning: Þegar allt breytist svo mjög, hinar upphaflegu forsendur þegar hagkvæmnismat fór fram eru ekki lengur til staðar, hvað er þá verið að gera?

Það má líka velta því fyrir sér hvort hér sé lagt of mikið í, hvort ekki sé unnt að framkvæma á ódýrari veg. Nú er mikið lagt upp úr því að gera aðstöðu þess fólks, sem vinnur við verklegu framkvæmdirnar inni á hálendinu, sem besta. Ekki skal úr því dregið að fólk á það skilið að hafa góða vinnuaðstöðu. Hins vegar vaknar sú spurning, þegar þarna er unnið alla daga og fram á kvöld og farið heim um allan helgar, hvort þessi dýra aðstaða sé í rauninni alltaf nauðsynleg. Ég hef grun um að kostnaður vegna ýmiss konar aðstöðu af þessu tagi sé ekki óverulegur hluti þegar framkvæmdakostnaðurinn er gerður upp.

Okkur er orðið það tamt að tala um orkuna sem eina af okkar helstu auðlindum og auðvitað á hún að vera það. En hins vegar er staðreynd sú, að ef við getum ekki framleitt orku öðruvísi en svo dýra að hún er ekki samkeppnisfær við aðra orkugjafa, þá er hér ekki um neina auðlind að ræða, því miður. Til þess að svo sé verður orkan að vera á samkeppnisfæru verði.

Gagnvart almenningi kemur þetta auðvitað fyrst og fremst fram í háum orkureikningum. Ég hitti fyrir fáeinum dögum fjölskyldu sem býr í ákaflega venjulegu einbýlishúsi sem hitað er með raforku, 130 fermetra húsi. Raforkureikningur þeirrar fjölskyldu á þessu ári verður um 46 þús. kr. Það eru einhvers staðar á bilinu tvenn til þrenn mánaðarlaun húsbóndans. Þegar svo er komið eins og hér er, þá er vissulega tímabært að staldra við og reyna að gera sér grein fyrir því hvað hefur verið að gerast, hvers vegna þetta er svona og hvernig við getum úr því bætt. Það er auðvitað mergur málsins.

Ég ætla ekki, herra forseti, að sinni að hafa um þetta fleiri orð, en legg til að till. verði, er þessari umr. hefur verið frestað, vísað til hv. allshn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel rétt að koma inn í umr. um þáltill. sem hér var mælt fyrir, um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi.

Ég tek undir það með flm., að það er full nauðsyn á því að fara ofan í saumana á jafngildum þætti í þjóðarbúskap okkar og er orkuöflunin og verðlagningin á orku, bæði hinni innfluttu orku og þeirri orku sem við framleiðum í landinu sjálfu. Ég tel að það sé réttmætt að fela tilkvöddum aðilum að fara ofan í þessi efni til þess að draga fram sem gleggstar upplýsingar þar að lútandi — upplýsingar sem hv. Alþingi geti talið trúverðugar og notað við stefnumörkun í þessum málum.

Lagt er til samkvæmt þessari till. að ríkisstj. verði falið að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna þessi efni gaumgæfilega og skila skýrslu til Alþingis þar að lútandi og tillögum til úrbóta. Ég hef ekki mótað mér endanlega skoðun á því, til hverra sé eðlilegt að leita í sambandi við verkefni sem þetta. Ég minni á að við höfum stofnun í landinu, sem er lögum samkvæmt ráðgefandi fyrir stjórnvöld og Alþingi um orkumál, þar sem er Orkustofnun. Og hvort sem þeirri stofnun yrði falið að vinna að úttekt sem þessari eða ekki, þá er ljóst að hún hlýtur að koma þar við sögu með einum og öðrum hætti og býr yfir miklum upplýsingum um þessi mál. Það er hins vegar, eins og hér er tekið fram, mikil nauðsyn á því að þær upplýsingar, sem fram eru reiddar, séu það skipulega unnar að þeim megi treysta. Og ég tel eðlilegt að þetta atriði, til hverra verði leitað, hvernig verði staðið að slíkri athugun, verði til skoðunar í þeirri nefnd sem fær till. þessa til meðferðar.

Það er hins vegar ekki svo, að ofan í þessi efni hafi ekki verið farið á undanförnum árum og fram hafi ekki verið reiddar greinargerðir og skýrslur til almenningsnota og fyrir hv. Alþingi varðandi marga þætti sem snerta verðlagningu á raforku í landinu. Ég geri ráð fyrir að hv. alþm. hafi sitt hvað af slíku efni handa á milli. Ég minni t. d. á upplýsingar sem fram koma í skýrslu þeirri sem tekin var saman af starfshópi á vegum iðnrn. og dagsett er í júlí 1982, um athugun á verðlagningu raforku til Íslenska álfélagsins. Skýrslan var birt sem fskj. með frv. til l. sem flutt var í hv. Nd. Alþingis á síðasta þingi, þannig að hún er öllum aðgengileg.

Í þessari skýrslu er ekki aðeins að finna upplýsingar varðandi verðlagningu á raforku til Íslenska álfélagsins sérstaklega, heldur einnig mjög mikið af upplýsingum um verðlagningu á orku erlendis, sérstaklega til stóriðju. Þar er einnig að finna verðmætar upplýsingar um stofnkostnað orkumannvirkja, sérstaklega vatnsaflsvirkjana, í landinu á undanförnum áratugum, reiknað til sambærilegs verðlags. Slíkar upplýsingar lágu ekki fyrir áður en þessi starfshópur skilaði sínu verki, ekki þannig að aðgengilegt væri. En þarna er að finna mjög gilda þætti sem snerta raforkuverðið til almennings á Íslandi.

Það vakti óneitanlega nokkra athygli mína, þegar ég sá þessa þál., þegar hún var lögð fram á hv. Alþingi, og nú þegar hv. 1. flm. mælti fyrir henni, að í grg. með till. og í framsögunni var vikið að nokkrum þáttum sem áhrif hafa á verðlagningu raforkunnar. Nefnd var skattlagning, framleiðslukostnaður, dreifingarkostnaður orkunnar og yfirbygging orkufyrirtækjanna, Landsvirkjunar og fleiri. En einhverra hluta vegna sjá flm. ekki ástæðu til að vekja athygli á því í rituðu eða töluðu orði sem mest áhrif og augljósust hefur á raforkuverðið á Íslandi, sem er orkuverðið til stórnotenda, til stóriðjufyrirtækjanna í landinu. Ég vona að í þessu felist ekki neitt endanlegt mat hv. flm. á einstökum liðum sem snerta orkuverðið eða það að þeir telji að ofan í þennan þátt þurfi ekki að fara. Ég held að þar sé stærstu ástæðina að finna fyrir þeim raforkukostnaði sem almenningur á Íslandi, jafnt atvinnurekstur og heimili, brýr við. Við eigum áreiðanlega eftir að ræða þau efni oftar en í þessari umr. á hv. yfirstandandi þingi. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. Alþfl. vilji fremur hvetja til þess en letja að þessi þáttur verði tekinn til athugunar í þeirri úttekt sem þeir eru að leggja til að gerð verði.

Hv. 5. landsk. þm. vék í framsögu sinni áðan að

ýmsum þáttum sem hann teldi að þyrfti að líta á og því mati að verið gæti að íslensku orkulindirnar væru í rauninni ekki sú auðlind sem við höfum vænst og gert ráð fyrir við áætlanir og ákvarðanir á undanförnum árum. Hann tók þar sem dæmi að veitingastaðir í Reykjavík hefðu tekið það til bragðs að nýta innflutt gas í sínum rekstri í staðinn fyrir að nota innlenda orku. Ég kannast vel við þetta dæmi af viðræðum við hagsmunaaðila, en ég vara við að menn dragi víðtækar ályktanir af þessu dæmi, sem þarna er fram reitt, þó að eðlilegt sé að það veki nokkra athygli. Hér er að mínu mati fyrst og fremst um að ræða gjaldskrárákvörðun og hvernig haldið er á uppbyggingu taxta hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur fremur en að þetta endurspegli stöðu orkulinda okkar sem auðlindar á heildina litið, sem betur fer.

Hins vegar er það svo, að vafalaust eru margir þættir í sambandi við beislun orkunnar og dreifingu hennar allt til notenda, þar á meðal yfirstjórn og meðferð fjár opinberra aðila, þess eðlis að full ástæða er til þess á hverjum tíma að hafa vakandi auga á því hvar sé hægt að draga úr kostnaði, hvar megi lækka kostnaðinn á leiðinni frá orkulindinni til endanlegs notenda.

Vikið var að svokölluðum umframkostnaði vegna þeirrar virkjunar sem framkvæmdir eru nú að hefjast við á þessu ári, Blönduvirkjunar, og hv. 5. landsk. þm. hefur borið hér fram í Sþ. fsp. til hæstv. iðnrh. þar að lútandi. Ég ætla ekki að fara að ræða það mál í einstökum atriðum, aðeins nefna að í þeim efnum ættu hv. alþm. ekkert að koma á óvart þeir þættir sem inn í koma, sem rætt hefur verið um sem umframkostnað við þessa virkjun, því að sá samningur, sem gerður var milli iðnrn. og Rafmagnsveitnanna annars vegar og heimaaðila hins vegar, lá fyrir hv. Alþingi þegar afstaða var tekin til framkvæmda við Blönduvirkjun og kostnaðaráætlanir þar að lútandi. Þó að ég hafi ekki fengið sundurliðun í einstökum atriðum, þá hygg ég að þar sé ekki um að ræða þætti sem komi neitt sérstaklega á óvart eða séu óvæntir fyrir hv. alþm.

Mér kemur það hins vegar nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar jafnvel hæstv. iðnrh. er farinn að telja með inn í dæmið og henda á lofti tölur og kasta þeim fram fyrir þjóðina, að inn í umframkostnað við virkjun komi sköpun aðstöðu til þess að unnt sé að ráðast í hana, lagning vega inn á virkjunarsvæði, uppbygging flutningskerfis raforku til nota við virkjunarframkvæmdir, raflínulagnir og aðrir slíkir þættir. Mér finnst auðsætt að slíkt hljóti að teljast með framkvæmdakostnaði við viðkomandi virkjun, en flokkist ekki undir umframkostnað.

Ég tel það líka sérkennilegt ef það mat liggur að baki umræðunni sem endurspeglast hefur nokkuð í fjölmiðlum að undanförnu að það sé ekki eðlilegt að bæta hagsmunaaðilum tjón sem þeir sannanlega verða fyrir í sambandi við slíkar framkvæmdir í almannaþágu, m. a. tjón vegna spillingar eða eyðileggingar gróðurlenda, og að reynt sé að taka á því af samfélaginu með skynsamlegum hætti, eitthvað komi þar á móti. Ég held að það gæti orðið nokkuð torsótt að taka ákvarðanir í friði um mannvirkjagerð eins og vatnsaflsvirkjanir í landinu ef menn ekki ganga fram með opnum huga og því viðhorfi að bæta þeim sem fyrir tjóni verða og verða fyrir röskun heima fyrir eða hið næsta virkjunarstað fyrir það óhagræði sem þeir verða fyrir.

Hins vegar er jafneðlilegt að menn velti því fyrir sér í hvaða röð er ráðist í nýtingu orkulinda okkar með tilliti til umhverfissjónarmiða og þess kostnaðar sem leggja þarf í hverju sinni í sambandi við framkvæmdir og hvernig þeim er hagað, í hvaða röð málin eru tekin. Þar hef ég ákveðin sjónarmið, sem ýmsir hv. alþm. hafa heyrt sem sitja á þessu þingi og hafa setið á fyrri þingum, og ætla ekki að orðlengja það sérstaklega, aðeins undirstrika að umhverfissjónarmiðin og kostnað vegna bóta á spjöllum hljótum við að líta á sem eðlilegan þátt í virkjunarkostnaði og taka það inn í mat á slíkum framkvæmdum.

Í grg. með þessari þáltill. er vitnað til upplýsinga sem fram hafi komið í fjölmiðlum, m. a. í sjónvarpsfréttum fyrir skömmu, um kostnað raforku hérlendis í samanburði við það sem gerist í löndum, sem ekki er óeðlilegt að við berum okkur saman við, austan hafs og vestan. Ég vil vekja athygli hv. alþm. og þeirrar nefndar sérstaklega, sem fær þetta mál til athugunar, á grein sem birtist í fréttabréfi Orkustofnunar frá síðasta mánuði, sept., fréttabréfi nr. 2 á þessu ári. Þar er grein með yfirskriftinni „Innlegg í umræðu um raforkuverð á Íslandi", þar sem einn af starfsmönnum Orkustofnunar, Gunnlaugur Jónsson deildarstjóri, fjallar sérstaklega um þessa umræðu og þau dæmi, sem rakin höfðu verið í fjölmiðlum um þessi efni. Hann kemst að þeirri niðurstöðu í þeirri grein að sá samanburður sem fjölmiðlarnir, í þessu tilviki sjónvarpið, byggðu á í sínu dæmi hafi ekki verið á traustum grunni byggður. Hann bendir á að það sé mjög erfitt fyrir þá sem ekki eru þeim mun betur inni í uppbyggingu á töxtum og öllu sem að verðlagningu lýtur að fá skýra mynd af þessu og kemst sjálfur að verulega annarri niðurstöðu en sýnd hafi verið í dæminu sem fram var borið af sjónvarpinu í þessu sambandi. Alveg sérstaklega kemur þar fram, að kostnaðurinn við orkuöflunina er að mati Gunnlaugs Jónssonar til muna stærri þáttur að tiltölu en sýnt var í þessu tiltekna dæmi í fréttum sjónvarpsins, bæði hjá Rafmagnsveitum ríkisins og einnig hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins er kostnaðurinn við orkuöflunina yfir 60% að hans mati, milli 61 og 62%, og tæp 40% hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Það koma einnig fram í þessu yfirliti hans þær upplýsingar, að meðalraforkuverð til neytenda árið 1982 hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur umreiknað í mill á kwst., þ. e. þúsundasta úr dollar, hafi verið 77.3 mill á síðasta ári og 58.4 mill hjá Rafmagnsveitum ríkisins á sama ári, miðað við að meðalgengi dollars sé 12 kr. 56 aurar tæpir.

Það er vert að hafa þessa tölu í huga í því samhengi sem ég benti hér á, sem er orkuverðið til stórnotenda í landinu, annars vegar 77 mill, sem meðalverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem enga stórnotendur hefur sem kaupanda, og hins vegar þau 6.47 mill eða 6.5 tæplega sem álverið í Straumsvík hefur samning um, og breytist sá samanburður ekki ýkjamikið til batnaðar þó tekið sé mið af því bráðabirgðasamkomulagi til árs sem gert var um raforkuverðið af ríkisstj. 23. sept. s. l.

Ég held, herra forseti, að það sé fátt brýnna fyrir hv. Alþingi en að fjalla um orkumálin og verðlagningu á orku, jafnt til atvinnurekstrar og almennra notenda í landinu, og ekki síður þann geysilega mikla mun sem menn búa við í þessum efnum og mjög hefur verið til umr. sem eðlilegt er á undanförnum árum, þ. á m. varðandi húshitunarkostnað til einstakra notenda, hinn

stórkostlega mismunandi húshitunarkostnað eftir veitusvæðum. Og það er fyllilega réttmætt að við lítum til nágrannalanda um samanburð á þessum þáttum. Ég hef séð um það tölur alveg nýlega frá Orkustofnun, að hún meti meðalverð á raforku hérlendis til notenda miðað við síðasta ár, allra notenda, 41 mill um það bil, í Bandaríkjunum rösklega 60 mill og í Englandi 75 mill. Miðað við þessar tölur stendur Ísland ekkert sérlega illa að vígi í heildarsamanburði varðandi meðalverð. En þegar við lítum á hvernig kostnaðurinn skiptist á kaupendurna, á notendurna, verður annað uppi, einnig þegar litið er á kostnaðardreifingu í öðrum löndum. Þar kemur það fram, að til heimilisnota hérlendis borga menn ekki meðalverðið 41 mill sem kaupendur orkunnar, heldur greiða um 100 mill fyrir raforku til heimilisnota á sama tíma og þeir sem taka meira en helminginn af orkunni, stórnotendurnir, ÍSAL og Íslenska járnblendifélagið, borga innan við 10 mill fyrir sama orkumagn. Ég er ekki að segja með þessu að það sé sjálfgert að orkueiningin sé á nákvæmlega sama verði til þessara aðila, en ég fullyrði að sá munur sem þarna er á ferðinni er svo hrikalegur, fer svo langt út fyrir öll þau mörk sem nokkur skynsemi er í hvað þá sanngirni, að ekkert er brýnna fyrir okkur í sambandi við orkumálin í landinu en leiðrétta það dæmi sem þar blasir við.

Við kostum miklu til orkuöflunar á Íslandi og höfum gert það á undanförnum árum. Menn geta rætt það og eiga eflaust eftir að ræða, hversu réttmæt sé sú orkustefna sem Alþingi hefur mótað á síðustu árum, hvort það séu einstakir þættir sem endurskoðunar þurfi við, og ekki hef ég á móti því að yfir það sé farið. Ég tel hins vegar að margt af því sem við höfum gert í orkumálum okkar, Íslendingar, t. d. síðasta áratuginn horfi tvímælalaust til réttrar áttar, það stóra átak sem gert hefur verið til þess að útrýma innfluttri orku úr okkar orkubúskap, og það muni á heildina litið vera hægt að fullyrða að við höfum hagnast á því sem þar hefur verið framkvæmt. Það væri líka slæmt ef svo væri ekki miðað við þær stóru fjárhæðir sem varið hefur verið til þessara framkvæmda. Af um 1200 millj. dollara erlendum skuldum þjóðarinnar í lok síðasta árs var um helmingur eða um 600 millj. lántökur vegna orkuframkvæmda, og það er að sjálfsögðu miklu til kostað að standa undir þeim lántökum og þeirri fjárfestingu sem lánin hafa verið notuð til þess að ráðast í. Það hefur verið metið af Orkustofnun að sparnaðurinn miðaður við húshitunarþáttinn á síðustu 10 árum af þessum framkvæmdum, vel að merkja brúttósparnaðurinn, brúttóávinningurinn, sé um 120 millj. dala, sem hefði þurft til að greiða meira fyrir orkuna ef við ekki notuðum innlenda orku til húshitunar, og sparnaðurinn af framkvæmdum síðustu ára sé um 50 millj. Bandaríkjadala. Auðvitað mun þetta dæmi líta öðruvísi út ef farið er að reikna nettóhagnaðinn af þessu og það er eitt af því sem ástæða er til að gert verði í sambandi við þá greiningu á orkuverði, könnun á einstökum þáttum þess, sem þáltill. sem hér er til umr. gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að segja fleira hér að þessu sinni um þetta stóra mál, sem hér er til umr. Við eigum áreiðanlega eftir að ræða það oft á yfirstandandi þingi, svo sem verðugt er.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. velti því fyrir sér hvernig á því standi að hv. Alþfl.-þm. víkja hvorki í tillögugerð, grg. eða framsögu að verði orku til stóriðju. Ég geri nú ráð fyrir að það sé af hlíf við hv. þm. að þeir eru ekki að minnast á þetta lága verð, sem hann mátti búa við alla tíð, og reyndi þó að fást við hækkunaraðgerðir allar götur frá 1978.

En það mun ekki á skorta að umr. fari fram um þetta efni líka hér á hinu háa Alþingi. Ég hef í undirbúningi og vænti þess að geta dreift til hv. þm. í næstu viku skýrslu um samningsgerð við Alusuisse eins og hún hefur farið fram til þessa frá því að núv. ríkisstj. tók við þessum málum, og ég mun enda gefa skýrslu um þetta og umr. um málið verða alveg á næstunni, þar sem bráðabirgðasamkomulaginu um þetta efni verður dreift.

Ég hafði beðið um löngu áður en fsp. kom fram frá hv. 5. landsk. þm. skýrslu um umframkostnað vegna virkjunar við Blöndu og hún barst mér frá Landsvirkjun 6. okt. Innihald hennar er ekkert leyndarmál, hvorki fyrir hið háa Alþingi né fjölmiðla. Ég verð að segja, að þótt hv. 5. þm. Austurl. kæmi ekkert á óvart í þessari skýrslu, þá kom mér það. Af auðskildum ástæðum kann að vera að hann hafi þekkt betur til hvert stefndi með þá samninga sem gerðir voru við virkjunaraðila af Rafmagnsveitu ríkisins og iðnrn. og heimaaðilum. En að sá umframkostnaður stefndi í 237 millj. kr. kom mér a. m. k. á óvart og þegar hann talar um að ég hendi á lofti ýmis atriði í þessum umframkostnaði, eins og vegagerð o. s. frv., sem sé þáttur af virkjunarkostnaðinum, þá er það ekki mitt mat. Það er mat virkjunaraðila. Þessi vegagerð, sem þarna er tilgreind, er umfram það sem virkjunaraðili álítur að sé eðlileg vegagerð vegna virkjunarinnar sjálfrar. (Gripið fram í.) Öll þessi atriði eru eftir mati Landsvirkjunar, og hennar tæknimenn hafa áreiðanlega jafnmikið vit á þessu og hv. 5. þm. Austurl. þótt ég efist ekki um að hann hafi grúft sig yfir upplýsingar um þessi mál eins og önnur í sinni tíð sem iðnrh. Ekkert af því er búið til af mér eða lagt mat á af minni hálfu. Ég sagði hins vegar á þessum Hafnarfjarðarfundi, að ég gerði ráð fyrir því — það er bara mín ályktun — að eitthvað af því sem þarna er talinn umframkostnaður mundi hafa fallið til enda þótt ekki væri um það sérstaklega samið. Þetta verður allt saman rætt ítarlega þegar fsp. hv. 5. landsk. þm. verður svarað, sem ég vænti að verði á þriðjudaginn n. k., enda hef ég farið fram á það við hæstv. forseta að svo verði gert.

Auðvitað er rétt að það á að bæta tjón sem verður af völdum slíkra framkvæmda, og ég vil leyfa mér að fullyrða að ég mun áreiðanlega gæta þess að svo verði gert og kemur mér raunar á óvart ef það á eftir að verða niðurstaðan að hv. 5. þm. Austurl. reynist meiri eignarréttarsinni en ég. Og auðvitað er mikilvægt að ná fram slíkum framkvæmdum, svo nauðsynlegar sem þær eru, í friði og sátt. En ég veit ekki hvort Blöndumálið er alveg sérstaklega til þess tækt að hafa það sem fordæmi þar sem mönnum hefur tekist að ná fram áformum sínum í friði og sátt, nema þá kannske með þeim hætti sem við höfum nú upplýsingar um, en ég eyði ekki fleiri orðum að.

Ég vil vegna þessarar till., sem hér liggur fyrir til umr., upplýsa að Orkustofnun mun innan tíðar birta skýrslu og yfirlit yfir nýtingu innlendra orkugjafa og þýðingu þeirra fyrir þjóðarhag. Það er líka rétt, sem

fram kom í máli hv. 5. þm. Austurl., að margvíslegum upplýsingum hefur verið komið á framfæri við hið háa Alþingi á undanförnum misserum um þetta mál, þannig að menn eiga að vera allir upplýstir. Allt að einu eru þetta það mikilvæg mál að ég mun ekkert til spara að gefa mönnum sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra og hef út af fyrir sig ekkert á móti því ef það verður niðurstaða hins háa Alþingis að velja til þess sérstaka nefnd að gera úttekt á þessum málum. Ég mun senda hv. alþm. þær upplýsingar, sem um þetta berast, á næstunni, en eins og segir hér í grg. er varpað fram ýmsum spurningum varðandi þetta efni, hvort nægilegs aðhalds og hagsýnis sé gætt um yfirbyggingu orkufyrirtækjanna, þessara risa á íslenskan mælikvarða, Orkustofnunar og Landsvirkjunar. Í því sambandi má benda á að úttekt fer fram og athugun á starfsemi þeirra og rekstri, þannig að þegar það liggur fyrir, væntanlega upp úr áramótum, verður hinu háa Alþingi auðvitað gefin skýrsla um þær niðurstöður.

Þessi till. fer að sjálfsögðu til nefndar, eins og lög gera ráð fyrir. Ef mönnum, að því búnu að upplýsingar hafa verið gefnar eins og ég hef hér talað um, sýnist ástæða til að velja sérstaka nefnd til enn frekari gagnaöflunar um þetta mikilvæga efni skal ég að mínu leyti ekki hafa á móti því.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tel að hér sé um að ræða tímabært mál og hugmyndin sem að baki þessari till. liggur er að mínum dómi skynsamleg. Það er alveg óbúandi fyrir fólkið í landinu við það geysiháa raforkuverð sem neytendur verða að greiða nú og við megum einskis láta ófreistað til að reyna að ráða bót á því, finna hvar veilurnar liggja og hvað hægt er að gera til þess að bæta úr þessu ófremdarástandi.

Í till. er lagt til að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga. Þetta er ekki stór nefnd, en samt sem áður sé ég ekki hvar á Íslandi fyndust þrír óháðir sérfræðingar, hvað þá fleiri, því að flestir þeirra sem kallast geta sérfræðingar í þessum málum hafa með einum eða öðrum hætti komið að áætlunum, framkvæmdum eða ákvarðanatöku um einmitt þær framkvæmdir — eða fyrirtæki — sem hér er lagt til að skoða.

Flm. velta fyrir sér nokkrum atriðum sem gætu verið orsakir — og eru það vafalaust að einhverju leyti allar, kannske misjafnlega miklu, en að einhverju leyti eru þetta allt saman atriði sem rétt er að íhuga og sum þeirra þarf áreiðanlega að skoða mjög gaumgæfilega.

Ég skil ekkert í hv. flm. að líta ekki á þann þátt sem hv. fyrrv. iðnrh. benti á. Auðvitað verður að líta á stórnotendurna líka. Rafmagnsmálasaga okkar hefur á seinustu árum verið mikil sorgarsaga og þar hefur ríkt mikil óheillaþróun. Að sumu leyti hefur þetta verið okkur Íslendingum óviðráðanlegt, við höfum verið óheppnir með lán o. s. frv., en að sumu leyti hefur þetta verið sjálfskaparvíti vegna þess að við höfum tekið mislukkaðar ákvarðanir. Sú auðlind sem við héldum að við ættum í vatnsafli og í raforku hefur orðið með einum og öðrum hætti að klyfjum á þjóðina. Það hefur kostað of mikið að beisla orkuna og ráðstafa henni og orkunni hefur verið ráðstafað í sumum tilfellum óskynsamlega til fyrirtækja sem hafa keypt mikið af orku og ekki greitt nægilega fyrir. Sum af þessum fyrirtækjum hafa verið stofnuð beinlínis til að nýta orkuna sem síðan hefur þurft að gefa með til þess að þau gætu staðist.

Hér hefur lítillega borið á góma samninga um Blönduvirkjun og mér skilst að það eigi að vera einhver undanrás í umræðum um þá. Samningar um þessa virkjun eru að vissu leyti meistarastykki, að einu leyti a. m. k., því þeir voru bæði mjög óhagkvæmir fyrir landeigendur og eins fyrir virkjunaraðila. Ég hef áður hvað eftir annað bent mjög ítarlega úr þessum ræðustól á vankanta þessara samninga. Og ég lagði á sínum tíma til að farin yrði önnur leið við virkjunina. Sú leið var kveðin í kútinn af þeim aðilum sem töldu að hún væri of dýr og kusu heldur að verja peningum til skaðabóta og semja um þá virkjunartilhögun sem þeir töldu að væri ódýrust í útfærslu, en gjalda þeim mun meira í skaðabætur. Ég var þessu ósammála á sínum tíma og lagði til að farin yrði önnur leið. En það varð sem sagt ofan á að fara þessa leið og um hana er orðinn sæmilegur friður, a. m. k. í bili, meðan menn ekki fara eitthvað út af sporinu.

En mér þykir nú hæstv. iðnrh., eftir þeim blaðafregnum sem ég hef um hann séð eða frá þeim fundum sem hann hefur haldið, tala nokkuð glannalega um þetta mál. Og mér er nokkur forvitni á að fá að sjá þessa skýrslu, sem Landsvirkjun hefur látið honum í té, og mun fara fram á það við hann að fá hana í hendur, vegna þess að ég held að þarna sé nokkuð orðum aukið og umframkostnaður geti ekki verið orðinn svona mikill og álitamál hvað á að tilheyra bótum og hvað tilheyrir beinum virkjunarframkvæmdum, að umframkostnaðurinn sé eitthvað á skjön.

Ég óttast að ef áætlanir hafa verið svona rangar um þetta atriði, þetta litla atriði sem búið er að vinna við virkjunina, komi til með að verða svolítið kritískt víðar í áætlunum um verkið. Ég hef reyndar lengi haft grun um að framkvæmdin mundi verða dálítið dýrari en sérfræðingar sögðu okkur og lagt var til grundvallar þegar Alþingi tók sína ákvörðun.

Ég legg áherslu á að menn reyni að finna orsakir fyrir því af hverju svona illa er komið í rafmagnsmálum okkar og bæta þar úr eftir því sem þeir hafa vit og getu til. Þess vegna held ég að það sé ekkert of mikið í lagt þó að kosin væri þriggja manna nefnd, eins og hv. Alþfl.-þm. leggja til, eða skipuð, jafnvel þó að lagt yrði í þann kostnað að hafa í nefndinni fleiri aðila en þrjá.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við þessa þáltill. Ein af ástæðunum fyrir því er sú, að við lestur grg. sem hér fylgir virðist aðalástæðan fyrir hinu háa raforkuverði á Íslandi vera gjörsamlega hulin flm. Ég hygg þess vegna að það sé ekki seinna vænna að sérfræðingar fjalli um þetta mál og veiti þá nauðsynlegustu grunnfræðslu í málinu sem eðlilegt er að þm. hafi á þessu sviði, miðað við þá miklu umfjöllun og það mikla lestrarefni sem fyrrv. hæstv. iðnrh. afhenti þinginu til afnota.

Ég játa að staða þessara mála er vissulega það alvarleg að sennilega er ekkert eitt í þessu landi sem stuðlar meir að byggðaröskun í dag en hvernig er komið í raforkumálum. En ég hygg að hver sanngjarn maður geri sér grein fyrir því, hafi hann lesið þau gögn sem fram hafa verið lögð, að það eru fyrst og fremst sölumál raforkunnar sem hafa brugðist. Hitt er svo alvarlegt umhugsunarefni, að e. t. v. höfum við þm. með því að afhenda Landsvirkjun virkjunarréttinn yfir Blöndu og

yfir Fljótsdalsvirkjun verið að bjarga gjaldþrota fyrirtæki, ef það væri látið standa uppi með sína samninga.

Það er vissulega hægt að hugsa sér að hægt sé að fullnýta þá grein sem er í landsvirkjunarlögunum og heimila að velta yfir á almenning þeim hækkunum sem þarf til að standa undir öðrum óhagstæðum samningum. Það er vissulega hægt að hugsa sér að Landsvirkjun hefði getað haldið áfram á þessari braut. En það er mikil spurning hvort það hefði gengið upp hefði sjálfstætt virkjunarfélag verið látið virkja Blöndu og Fljótsdalsvirkjun og selja þá raforku á eðlilegu verði. Þá er hætt við að hefði orðið kurr í því liði sem hefði setið uppi með að greiða kostnaðinn af þeim misheppnuðu samningum sem við höfum gert.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess að það verði leitað vel þegar þeir sérfræðingar verða valdir sem hér er lagt til að séu óháðir.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það er ekki að furða þótt rætt sé um hátt raforkuverð, sem reyndar er að sliga almenning í landinu, og mig grunar að það séu margar ástæður fyrir því að raforkuverðið er svo hátt og *það megi rekja að einhverju leyti, jafnvel öllu leyti eða* mestu leyti, til þess hve yfirstjórnin er dýr og hversu illa hefur verið farið með fé og ráðist í vafasamar framkvæmdir.

Það mætti spyrja: Er orsakanna einkum að leita til seinni tíma framkvæmda Landsvirkjunar, þ. e. á eftir Búrfellsvirkjun, og óvenjumikils rekstrarkostnaðar? Og það mætti spyrja: Að teknu tilliti til orkuverðs vegna lekans úr Sigöldulóni og minna vatns en reiknað var með í upphafi, hlutdeildar Sigöldu í kostnaði við Þórisvatnsmiðlun og raunverulegs rekstrarkostnaðar virkjunarinnar, þar með taldar þéttingartilraunir á lekanum, hvað er þá raunverulegt orkuverð við stöðvarvegg Sigölduvirkjunar í dag? Er þetta orkuverð í einhverju samræmi við það sem gert var ráð fyrir í upphafi, er áætlanir voru gerðar fyrir virkjunina?

Það má spyrja líka: Hver var stofnkostnaður Hrauneyjafossvirkjunar á orkueiningu í hlutfalli við Búrfellsvirkjun? Hvert er orkuverð við stöðvarvegg að teknu tilliti til hlutdeildar í Þórisvatnsmiðlun og minna vatns en reiknað var með í upphafi? Og spyrja má líka: Var þriðja vélin þá fjárhagslega tímabær? Ef svo er, hver er áætlaður nýtingartími þeirrar vélar næstu tvö til þrjú ár?

Er eðlilegt að arðreikna Sultartangastíflu eins og um orkuver sé að ræða með tilliti til þess að hún er túrbínulaus? Er þetta fjárhagslega tímabær framkvæmd *að teknu tilliti til Hrauneyjafossvirkjunar, sem svo stutt* er síðan kom í gagnið, og frekari vatnsöflunar Kvíslaveitna, sem nú er einnig unnið að?

Það má spyrja: Hversu stór er byrðin af þessari framkvæmd í verði til almennings? Hver er áætlaður stofnkostnaður Suðurlínu ásamt aðveitustöðvum? Og það má spyrja: Verða enn frekari byggðalínuframkvæmdir á næstu 2—3 árum? Enn fremur má spyrja: Ef hálendislína, 220 kw, til Akureyrar eða Fljótsdals kæmi inn innan 6—8 ára verður þá þörf fyrir Suðurlínu?

Hver er rekstrarkostnaður Landsvirkjunar fyrir utan vexti og afborganir lána og hversu hátt hlutfall er hann af heildarorkusölu? Og menn spyrja almennt: Er verðhækkunarskriðu Landsvirkjunar umfram almennt verðlag lokið eða má búast við því að hækkanir verði svipaðar áfram endalaust? Og enn fremur mætti í þessari athugun gera samanburð á því: Hvað þarf verkamaður á Íslandi að vinna mörgum klst. meira en verkamaður í Noregi fyrir sömu orkueiningum?

Mig grunar að orkumálin hafi verið látin vaða á súðum, vaðið hafi verið í of miklar óarðbærar framkvæmdir — framkvæmdir sem hafa kostað fólkið í landinu ótrúlegar byrðar.

Raforkuverðið er afar mismunandi. Ég vil benda á að t. d. þurfa Suðurnesjabúar að greiða 17% hærra fyrir sína orku en fólk í Reykjavík og Hafnarfirði. Og ekki er að furða þó menn spyrji hvers vegna. Hvers vegna þarf þessi munur að vera svona mikill?

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég vil í fyrsta lagi þakka fyrir þær ágætu undirtektir, sem þessi tillaga hefur hlotið hjá þeim þm. sem hafa kvatt sér hljóðs, og vona ég að það muni tryggja henni greiðan gang í gegnum þingið til samþykktar.

Það hefur verið gerð við það athugasemd að í okkar till. og grg. skuli ekki vikið að stórnotendum raforku hér og þeirra hlut. Auðvitað eru það mál sem hljóta að *koma til nákvæmrar skoðunar í þessu sambandi.* Það fer ekkert hjá því. Og orkuverðið til ÍSALs — allt stendur það nú til bóta samkvæmt upplýsingum hæstv. iðnrh. og við skulum vissulega vona að svo verði.

En hinu mega menn ekki heldur gleyma, að Búrfellsvirkjun, sú hin fyrsta, hefði aldrei verið byggð í þeirri mynd sem hún var byggð ef ekki hefði til komið orkusölusamningurinn. Það er staðreynd sem menn verða að hafa í huga og verða að ganga út frá þegar um þessi mál er rætt.

En ég þakka sem sagt fyrir þær ágætu viðtökur sem þessi till. hefur hér hlotið.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sala ríkisbanka, þáltill. 3. mál (þskj. 3). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. þm. BJ til þál. um sölu ríkisbankanna, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, til almenningshlutafélaga með ákveðnum skilyrðum. Þetta er hluti af tillögum Bandalags jafnaðarmanna um að leggja áherslu á valddreifingu og lýðræði og berjast gegn miðstýringu og flokksræði.

Það er nú svo, að tengsl banka og stjórnmálaflokka hér á landi eiga sér langa sögu, sum eru eldri en orðið sósíalismi, og átök í stjórnmálum hafa tengst bönkunum og tengdust bönkunum á augljósan og opinberan hátt á fyrri áratugum. Á seinni árum hefur færst verð sátta yfir þetta svið, enda hefur samkomulag verið gott milli flokkanna um skiptingu innan þessa kerfis. Þessar sættir taka stundum á sig undarlegustu myndir. T. d. þegar flokksblöðin eru að gera sér mat úr veitingu bankastjóraembætta ríkisbankanna. Þá velta þau því fyrir sér hver úr hópi einhverra nafngreindra manna muni hreppa hnossið og blöðin fitna eins og fjóspúkinn yfir erfiðleikum andstæðinganna við að velja úr gæðingahópnum. Hins vegar líta þessi blöð á það með fullum

skilningi og gera engar athugasemdir við, að þeir sem koma til greina í þessi embætti eru allir úr sama flokki.

Þarna birtast angar flokksræðisins og þeir birtast víðar. Við höfum nýlegt dæmi úr Davíðsborg.

Það hafa fallið ýmis orð og mörg þeirra þung um ítök stjórnmálanna í bankakerfinu og alþm. skiptast afar lítið í tvö horn hvað þetta varðar. Þeir eru til sem líta á það sem sjálfsagða þjónustu við kjósendur að vera þeim innan handar við útvegun lánsfjár og segja sem svo, að í þessum hluta lífsbaráttunnar hljóti það að gilda eins og annars staðar að það svelti sú krákan sem situr en fái sú sem flýgur. Til eru líka alþm. sem segja að það sé ekki eðlileg framvinda lýðræðis að fulltrúar á löggjafarsamkundu hafi þannig hönd í bagga með peningagreiðslum — peningagreiðslum utan ramma fjárlaga. Þeir telja það raunar sumir áþján og ógæfu þingmennsku sinnar að vera í þeirri aðstöðu að til þess geti verið ætlast af Pétri og Páli að þeir útvegi peninga á þennan hátt, því að þá sé hætt við að þeir stígi kannske sín verstu víxlspor.

En þarna er ekki einungis um það að ræða að hætta sé á umdeilanlegri íhlutun stjórnmálaflokka hvað snertir fjármuni, bæði til einstaklinga og fyrirtækja og annarra stóraðila. Þarna er líka um að ræða grundvallarspurningu um samskipti valdþáttanna, löggjafarvalds og framkvæmdavalds, er BJ hefur löngum gert að umtalsefni. Þarna er líka um að ræða stærra mál en svo, að það verði leyst með setu annarra en alþm. í bankaráðum. Þessi beinu flokksítök verða að hverfa.

Það er raunar trú mín, að fáar einstakar aðgerðir á sviði efnahagsmála mundu hafa jafngagnger uppstokkunaráhrif og sala ríkisbanka mundi gera. Því mundi fylgja endurskoðun á sjóðakerfi, þessu mundi fylgja endurskoðun á fyrirkomulagi ríkisfjármála og svo mundi verða um mál á fleiri sviðum. Á þennan hátt yrði eignarhaldi og stjórnun bankanna beint til fólksins í landinu úr höndum flokkakerfisins, og það er valddreifing af besta tagi og aukið lýðræði.

Þetta er róttæk aðgerð og hún krefst vandlegs undirbúnings. Það þarf að búa svo um hnútana að hérna verði á ferðinni raunveruleg almenningshlutafélög og það þarf að tryggja að völd og eignarhald safnist ekki á fárra hendur, því að flokkseigendurnir munu vafalaust reyna að tryggja hagsmuni sína með einhverjum hætti ef svona breyting næði fram að ganga og yfirráðin mega ekki lenda í höndum þeirra í annan umgang.

Við álítum að tengsl bankanna og stjórnmálaflokkanna séu orðin svo rótgróin að það sé þörf svo róttækra aðgerða sem hér er mælt með.

Hin pólitísku umsvif bankanna vegna yfirráða stjórnmálamanna birtast okkur í sumum eignum þeirra, t. d. flugvélaflökum, húsatóftum og bryggjustúfum víðs vegar um land. Og í þessum grotnandi minnismerkjum um pólitíska misnotkun á bönkunum liggur sparifé fólksins í landinu. Það fólk þarf svo í ofanálag að greiða endurreisnarkostnaðinn við efnahagsaðgerðirnar í dag.

Beri Alþingi ekki gæfu til að leysa vandamálin á þennan hátt mun BJ flytja aðra till. til þál. Sú mun leggja til að bankaráð þessara sömu banka verði lögð niður, stjórn bankanna verði endurskipulögð og fleiri aðgerðir á því sviði verði gerðar.

Um einstakar greinar þessarar till. þarf lítið að fjalla og ég mun því ekki lengja mál mitt. Greinarnar skýrast með hliðsjón af þeim einarða ásetningi flm. að brjóta niður einokun stjórnmálaflokkanna á þessum bönkum og að færa stjórn þeirra og eignarhald til lýðræðislegri vegar. Ég verð að hryggja hæstv. fjmrh. og þá sölustjóra ríkisins með því að þetta er ekki af oftrú á einkaframtakinu, þetta er nauðvörn fólksins í landinu.

Að lokum legg ég til að till. verði vísað til allshn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég er nú ekki komin hér í ræðustól til að lýsa stuðningi við þessa þáltill. þeirra hv. þm. Bandalags jafnaðarmanna, en tel samt ástæðu til að gera hana að umræðuefni.

Ástæðan fyrir því að ég get ekki stutt þessa till. er einfaldlega sú, að ég held ekki að það leysi neinn vanda þó að bankar landsins, ríkisbankarnir, væru seldir. Ég held að pólitísk spilling, sem er greinilega hvatinn að þessari till., verði ekki upprætt á þann hátt. Maður gæti spurt: Hverjir eiga að reka þessa banka? Hverjir eiga að hafa eftirlit með þeim? Og í þriðja lagi og það er kannske aðalatriðið: Hvert verður hlutverk Seðlabanka Íslands? Ég held nefnilega að ýmislegt sem aflaga fer í bankakerfi landsins megi kenna næstum ónothæfum lögum um Seðlabanka Íslands. Skal ég fara nánar út í það, með leyfi forseta, og skal ég reyna að lengja ekki mál mitt mjög.

Sannleikurinn er sá: Það er afskaplega nauðsynlegt að taka af Seðlabankanum það pólitíska vald sem hann hefur og setja ný lög um Seðlabankann með það að meginmarkmiði að afnema það pólitíska vald sem hann nú hefur, því að hann beinlínis ríkir og ræður yfir hverri þeirri ríkisstjórn sem í landinu situr, og auk þess þarf að breyta ráðstöfun bankans á arði. Það nær ekki nokkurri átt að bankaráð Seðlabankans ráðskist með verulegar fjárhæðir, sem eru auðvitað peningar landsmanna og engra annarra, eins og hann gerir. — Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér einhverja verstu lagagrein sem ég held að sé að finna í lagasafni Íslands, sem er 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands frá 1961. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal" — og bið ég hv. þm. að hlýða nú vel á — „engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, ná tilgangi sínum."

Öðru eins og þessu held ég að sé nú aldeilis leitun að í nokkru lagasafni.

Það er brýnt að breyta lögum um Seðlabankann, því að sannleikurinn er sá, að bankarnir, sem hv. þm. Guðmundur Einarsson vill nú selja, verða líka undir fargi Seðlabanka Íslands, og það eru sparisjóðir landsins líka.

Ég er hjartanlega sammála þeim þm. Bandalags jafnaðarmanna þar sem þeir tala um í grg. að bankar landsmanna séu ekki sýnilega í þjónustuhlutverki við landsmenn. Það er svo sannarlega rétt, og kannast líklega allir íslenskir borgarar við þá píslargöngu sem það er að ganga inn í banka sem maður hefur kannske skipt við áratugum saman og biðja um smálán. Það er hreint eins og maður ætli að fara að fremja innbrot, enda fræg og fleyg setning sem hraut af munni seðla-

bankastjóra um nýju höllina sem verið er að byggja: Landsmenn skyldu ekki hafa áhyggjur af því. Það væri byggt fyrir eigið fé bankans. — Og landsmönnum brá hvergi. Bankarnir reka nefnilega sína þjónustu hér í landi eins og þeir séu að fara með eigið fé. Því þarf sannarlega að breyta, en ég er með miklar efasemdir um að leiðin til þess sé að selja bankana.

En svo að ég haldi lítið eitt áfram með þær nauðsynlegu breytingar, sem gera verður á lögum um Seðlabanka Íslands, þá er hægt að fara grein fyrir grein í núverandi lög. Í 11. gr. er talað um að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr. o. s. frv., svo og aðrar opinberar lánastofnanir og fjárfestingarsjóðir, skuli geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið. Síðan kemur hér mikið mál um innlánsbindingu, sem Seðlabankinn ákveður. Slíkar bindingar á að sjálfsögðu að ákveða af ráðherrum og ríkisstjórn, enda eru þetta bein hagstjórnartæki.

Í 13. gr. laganna segir, með leyfi forseta, og ég skal ekki lesa alla greinina:

„Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta."

Hvaða vit er í þessu? Vitaskuld eiga ráðherrar og ríkisstjórn að ákveða hámark og lágmark vaxta en ekki Seðlabankinn. Þetta þarf t. d. líka að skoða í sambandi við ýmis vandamál sem upp hafa komið. Það liggur t. d. fyrir að niðurstöður dóma stangast á við vaxtatilkynningar Seðlabanka Íslands og það verður ekki annað séð en að lög um Seðlabanka Íslands standist ekki fyrir dómstólum. Ég held líka að það þyrfti að líta á ýmsar ákvarðanir Seðlabankans í ljósi laga nr. 58 frá 1960, um bann við okri. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fara að taka þessa hluti alvarlega og gera á því könnun hvort þetta stangast ekki allt á.

Í 14. gr., minnir mig, er ákvæði um að Seðlabankanum sé heimilt að veita ríkissjóði lán. Ja, að heyra nú. Vitaskuld á arður af Seðlabankanum að renna beint í ríkissjóð, eins og gerist með öðrum þjóðum, t. d. í Danmörku og má segja Finnlandi. Nei, Seðlabankanum er heimilt að veita ríkissjóði lán.

Ýmislegt sem er í framkvæmd laga um Seðlabanka má líka lagfæra. Seðlabankinn á t. d. að starfrækja greiðslujöfnunarkerfi til að auðvelda ávísanaviðskipti og vinna á annan hátt að því að greiða fyrir peningagreiðslum innanlands. Það verkefni er í raun og veru ekki lengur hjá Seðlabankanum. Þetta er bara bókstafur. Það er Reiknistofnun bankanna sem gerir þetta núna og það er gersamlega óþarft að annast þetta á mörgum stöðum.

Seðlabanki einnar þjóðar á t. d. ekki að hafa eigin bankaviðskipti við einstaklinga. Það gerir þessi. Ég held að ég geti fullyrt að t. d. starfsfólk Seðlabanka Íslands gengur með ávísanahefti upp á vasann frá Seðlabankanum. Ég vil biðja menn að hugsa aðeins um þetta. Ekki veit ég hvort menn geta fengið einkalán hjá Seðlabankanum, en það getur allt eins verið. Ég vil taka það fram að ég er ekki að fullyrða um það. Ég veit það ekki.

Það er kannske of langt mál að fara í lögin grein fyrir grein, en ég vil þó ekki ljúka máli mínu óðruvísi en að minnast á ákvæði sem er í lögum um danska seðlabankann, sem ég hef hér í höndunum. Þar er t. d. fjallað skýrt og skorinort um þær skyldur sem seðlabankastjóri hefur sem starfsmaður. Þetta er örstutt grein, en ákaflega afgerandi. Ég legg ekki á hv. þingheim að lesa greinina á dönsku, þó skal ég gera það sé þess óskað, en hér segir:

„Bankastjórar mega ekki eiga sæti í stjórn neinna samtaka um atvinnumál eða neinna félaga um atvinnumál" — Sé ég ekki að þýða þetta rétt er hér sagt „erhvervsorganisationer eller erhvervsselskaber". — „né heldur reka eða vera þátttakendur í rekstri nokkurs einkafyrirtækis.".

Hér á Íslandi situr virðulegur seðlabankastjóri sem formaður stjórnar Landsvirkjunar og stýrir nú einhverjum afdrifaríkustu viðræðum í samningum við erlendan auðhring. Vel má vera að þessi duglegi embættismaður sitji á fleiri stöðum, en þetta er nú ærið nóg og þyrfti að koma í veg fyrir slíkt.

Ég vil minna hv. þingheim á að fyrir tveimur árum, minnir mig, gerði ég fsp. í þinginu vegna stofnunar, sem ég hafði fyrir einhverja tilviljun komist að að er rekin hér í Reykjavík, sem heitir „Bókasafn Seðlabanka Íslands". Ég gerði nokkra talningu, ég tók úrtak eins og Dagblaðið gerir, talaði við held ég 15 þm. og spurði þá hvar væri Bókasafn Seðlabanka Íslands. 4 af 15 vissu það. Hinir höfðu aldrei heyrt það nefnt og því síður haft hugmynd um að slík stofnun væri rekin. Þessi stofnun er til húsa í tiltölulega nýbyggðu stórhýsi að Einholti 4 og hafði svo mikinn bókakost á því ári sem um var rætt að það var meira en hálfdrættingur á við Háskólabókasafn, sem á að vera undirstaða mennta og menningar í landinu. (Gripið fram í.) Þar fyrir utan er þetta eitt fegursta bókasafn sem ég hef augum litið. Þar eru engar skruddur eða kiljur. Þar er allt bundið í hin fegurstu skinnbönd. Það skal enn og aftur sagt að það er til mikillar fyrirmyndar meðferð á þeim bókum, en í þetta safn kemur hins vegar ekki nokkur maður, nema kannske fáir útvaldir, eins og hv. þm. sem hér hefur kallað fram í. Tveim einstaklingum, sem reyndu að fá að skoða þetta safn, var sagt að það fengju þeir ekki. Blaðamanni frá Tímanum var hleypt inn eftir mikið japl og jaml og fuður.

Þegar litið var í ársreikninga Seðlabankans var þetta safn aldeilis ekki þar að finna, þó að keyptar hefðu verið á einu ári bækur í það fyrir 30 millj. Það skal þó sagt seðlabankastjórn og —stjóra til hróss, og má kannske líka þakka það hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem kom í gegn lögum í fyrra um reikningsskil banka, að í ársskýrslu Seðlabankans frá 1982, sem ég hef nýlega fengið í hendur, er þó hægt að sjá að til séu bækur í Seðlabanka Íslands, en töluvert af þeim bókum er keypt fyrir offjár á uppboðum erlendis, þangað sem starfsmenn fara og sækja eina og eina síðu í sjaldgæfa gripi. En þetta safn er ekki fyrir almenning í landinu á meðan almenningsbókasöfn landsins eru í hreinu fjársvelti.

Góðir þm. Ég skal ekki hafa þetta miklu lengra að sinni. Ég skal hvenær sem er ræða lengi um Seðlabankann og hans mál og mun eflaust gera það aftur í vetur. En ég vil að lokum líka minnast á, að ég held að tími væri til kominn að gjaldeyriseftirlit og svokallað bankaeftirlit flyttust inn í rn. Sama mætti e. t. v. segja um hagfræðideild Seðlabankans, sem nú vinnur að meira eða minna leyti að sömu verkefnum og Þjóðhagsstofnun.

Ég vildi nú skýra þessa punkta þar sem málefni bankanna komu hér á dagskrá, en varðandi till. hv. þm.

Bandalags jafnaðarmanna, þá er hún að því leyti góðra gjalda verð að hún vekur e. t. v. umr. um málefni bankanna, sem borgarar þessa lands verða að skríða inn í eins og beiningamenn ef þeir þurfa á einhverri þjónustu að halda.

Það er reyndar ákveðið í Seðlabankanum, að við skulum einir manna í heiminum kaupa okkur ávísanahefti til þess að fá að eyða peningunum okkar. Við erum sektuð um hundruð kr. ef við skrifum í ógáti hundraðkall til eða frá, þó launin okkar komi mánaðarlega inn í þessa banka, sem við stöndum að sjálfsögðu undir, launþegar þessa lands. Það er rétt hægt að ímynda sér upphringingar t. d. til lífeyrisþega, sem leggja milljónir og hundruð millj. inn í þessa banka, og ef þeim skyldi nú hafa fatast sjónin og skrifað einhverja tölu, sem ekki væri nákvæmlega innistæða fyrir, er hringt í þetta fólk og talað við það eins og það hafi framið meiri háttar afbrot. Og svo má lesa í blöðum bæjarins einn morgun að Landsbanka Íslands var sleginn á uppboði flugvélargarmur frá einu ágætu flugfélagi hér í bæ fyrir 120 þús. Á vélinni hvíldu skuldir upp á 4.5 millj. En gömlu lífeyrisþegarnir, sem skrifa 100 kr. umfram á tékkaheftinu sínu, þó vitað sé að svo komi inn næsta greiðsla, verða að borga það með líklega 60—70 kr. í sekt. Þetta eru þjónustustofnanir landsmanna í peningamálum, og skulum við þess vegna ekki segja neitt gott um þær.

En hitt er svo annað mál, að ég trúi ekki að hugmyndir BJ um lausn þessara mála séu réttar. Ég held nefnilega að það sé í raun og veru ekkert vænlegra til réttlætis og skynsamlegrar meðferðar peninga í þessu landi að ríkisbankarnir séu settir á uppboð. Ég vil í lengstu lög trúa því, að við getum rekið þjóðfélagið okkar á sæmilega sómasamlegan hátt og ég vil ekki heldur sitja undir því að hv. þm. þjóðarinnar sé ekki treystandi til að vera í bankaráðum, þótt ég viti það harla vel að sumum er það ekki. En við megum ekki öll sitja undir þeim dómi frekar en við verðum öll að sitja undir því að hv. þm. þjóðarinnar sé ekki treystandi til að vera í bankaráðum, þótt égg viti það harla vel að sumum er það ekki. En við megum ekki öll sitja undir þeim dómi frekar en við verðum öll að sitja undir þeim dómi að við venjulegir þm. gerum ekki neitt og séum messaguttar hér og til þess eins að hirða launin okkar. Það er ekki rétt heldur. En ég vil lýsa því yfir, að ég held að það séu áreiðanlega til þeir þm. í þessum sal sem væri treystandi til að hafa eftirlit og umsjón með störfum ríkisbankanna án þess að beita því lúalega bragði að hella peningum í kjördæmi sín til lítils gagns fyrir heimamenn, þegar öllu er á botninn hvolft, þannig að ég held að við læknum ekki þá spillingu, sem þar hefur átt sér stað, með þessari till. Þess vegna hlýt ég að vera henni ósammála.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það mál sem hér liggur fyrir, till. til þál. um að afla lagaheimilda til þess að selja ríkisbanka á almennum markaði, er hið athyglisverðasta mál og mikið meira en einnar messu virði. En ég hef nú samt ekki hugsað mér að gerast neitt sérstaklega langorður um það á þessu stigi málsins, aðeins koma á framfæri nokkrum aths. að gefnu tilefni.

Ég vil strax lýsa því yfir að ég ekki einasta skil mætavel heldur er algerlega samþykkur þeim markmiðum sem flm. hafa sett. Þau eru að gera rækilegan greinarmun á pólitískum störfum, almennum löggjafarstörfum, og hins vegar útdeilingu á takmörkuðum fjármunum. Ég er fyllilega sammála því sem hér segir í grg.: „Kjarni málsins er einmitt sá að virkni í stjórnmálasamtökum, að ekki sé talað um þingmennsku, samrýmist ekki eðli þess starfs sem ætlast er til að helstu menn bankanna inni af hendi."

Þetta er nú svo gamall sannleikur að hann hefur verið orðaður áður á þann veg í heilagri ritningu: „Eigi leið þú oss í freistni." Og það er eðli stjórnmálastarfa að stjórnmálamenn, sem leita eftir fylgi og reka mál, liggja undir stöðugum þrýstingi frá mjög öflugum hagsmunasamtökum í þjóðfélaginu, í kjördæmum sínum, frá einstaklingum, frá fyrirtækjum; og ef þeir starfa í kerfi þar sem þeirra helsta keppikefli er ekki endilega að taka þátt í löggjafarstarfi, setja almennar reglur, sem gilda almennt; þar sem menn eru allir jafnir fyrir þeim reglum um starfsskilyrði atvinnuvega, heldur fyrst og fremst að sitja í stofnunum, sem eru raunverulega pólitískar skömmtunarstofnanir á takmörkuðu fjármagni, þá erum við komnir á bólakaf í spillingu. Og við höfum hrikalega reynslu af því til hvers þetta kerfi leiðir. Þessi reynsla hefur verið tíunduð hér í almennum pólitískum umr., m. a. í umr. um stefnuræðu hæstv. forsrh., þar sem menn spurðu sig enn einu sinni þeirrar einföldu spurningar: Hver er helsta undirrót verðbólgu á Íslandi? Og mjög margir, þeirra á meðal sá sem hér stendur, lýstu þeirri skoðun sinni að ein helsta undirrót óðaverðbólgunnar á Íslandi sé röng fjárfestingarstefna, hrikaleg fjárfestingarmistök, sem rekja má beint eða óbeint til pólitískra ákvarðana, til ákvarðana stjórnmálamanna sem voru að úthluta fé og höfðu engar forsendur til þess að gera það með skynsamlegum hætti. Afleiðingarnar hafa verið hrikalegar.

Þetta nægir til þess að lýsa því yfir að ég er fyllilega sammála og hef lengi verið þeim markmiðum sem hér eru sett. Efasemdirnar eru kannske fremur um leiðirnar. Og það er á allan máta eðlilegt, vegna þess að þetta mál er nýstárlegt. Og það er hægt að hugsa sér ýmsar aðrar leiðir. Ég hjó eftir því að frsm. komst að orði eitthvað á þá leið að hann yrði að hryggja fjmrh. með því að sú leið sem þeir leggja til að farin verði byggist ekki á oftrú á einkaframtaki. Engu að síður eru þeir að leggja til að þessir ríkisbankar verði seldir og þeim breytt í almenningshlutafélög. Með hliðsjón af þeirri leið sem þeir hafa valið hefði verið eðlilegt að þeir hefðu leitað til hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem hátt á annan áratug hefur verið helsti boðberi þeirrar stefnu í íslenskri efnahagsmálaumræðu, að í stað ríkisforsjár, sem við höfum af vonda reynslu, reynum við að feta okkur áfram eftir þeirri leið að taka frekar upp í staðinn „pópulisma kapítalsins", þ. e. í stað ríkisforsjár komi í stærri stíl almenningshlutafélög, nýtt félagaform, sem hefði það markmið að örva almenning til þátttöku, beinnar virkrar þátttöku í atvinnulífinu, án milligöngu stjórnmálanna. Og ég hygg að það sé rétt — og það er kjarni þessa máls. Þessi till. er m. a. sprottin af dapurlegri reynslu okkar Íslendinga af misheppnaðri ríkisforsjá. Þeir menn sem hafa tamið sér að setja samasemmerki milli sósíalisma, áætlunarbúskapar og almannahagsmuna þurfa hér á landi út frá reynslunni að hugsa margt upp á nýtt, ekki síst út frá þeirri dapurlegu reynslu sem við höfum s. l. áratug af gagnsleysi og — raunverulega — böli misheppnaðrar ríkisforsjár á mjög

mörgum sviðum.

Það er rétt að ræða þetta mál í samhengi við fleira en ríkisbankana. Það er líka rétt að víkja talinu nokkuð að Seðlabanka Íslands. Ég er líka þeirrar skoðunar að það sé ástæða til að endurskoða hlutverk Seðlabankans í íslenskri fjármálastjórn. Ég er hins vegar ekki sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um það, að það vald sem Seðlabankinn fer með ætti í auknum mæli að færast yfir til *ríkisstj. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisvaldið ráði* raunverulega óeðlilega miklu um peningamálastjórnina og til álita kæmi að Seðlabankinn hefði að vísu takmarkaðra hlutverk, en hann hefði hins vegar sjálfstæðara vald í peningamálastjórn. Hvað á ég við með þessu? Ég á við það að ég tel óeðlilegt að Seðlabanki, sem á að vera banki viðskiptabankanna, sé um leið banki ríkisstj. Við höfum af því dapurlega reynslu að ríkisstjórnir misnota þetta vald sitt til þess að dylja hallabúskap ríkisrekstrarins með seðlaprentun í Seðlabanka og hafa til þess alveg óskorað vald. Þetta er ein helsta undirrót mikillar verðbólgu og vondrar fjármálastjórnar á liðnum áratug.

Annað dæmi. Sú regla viðgengst hér á landi að Seðlabankinn annast afurðalán til útflutningsgreina og reyndar fleiri greina en útflutningsgreina samkv. sjálfvirkum reglum. Til þess er notað það fé sem kallað er bundið fé, en á að þjóna allt öðrum tilgangi. Annars vegar er því lýst yfir að það sé verkefni Seðlabanka að annast peningamálastjórn, að hafa einhverja stjórn á því peningamagni, sem er í umferð, sem er mikilvægur þáttur í fjármálastjórninni. Stundum þarf að grípa til þess að setja hömlur á seðlaprentun og minnka peningamagnið í umferð m. a. með því að binda fé viðskiptabanka og sparisjóða. Þegar þessu fé hins vegar er varið jafnóðum til útlána á niðurgreiddum vöxtum samkv. sjálfvirkum reglum til atvinnuveganna, þá er augljóst að fyrra markmiðið er alveg út í bláinn. Þetta tvennt fer alls ekki saman. Seðlabanki, ef hann á að geta þjónað sínu hlutverki, þarf að beita bindiskylduákvæðum, en hann á alls ekki undir neinum kringumstæðum að vera viðskiptabanki atvinnuveganna og allra síst með þessum hætti. Þarna rekst hvað á annars horn. Bindiskyldan þjónar ekki sínum tilgangi, sem er að hafa stjórn á peningamagninu í umferð, og afurðalánasjálfvirknin er á allan máta óeðlileg.

Hvaða hlutverk á þá Seðlabanki að hafa gagnvart bankakerfi og fjármálastjórn? Ég tel eðlilegt að hann sé sjálfstæður og mestu ráðandi um vaxtaákvarðanir. Það eru ekki til nema tvær leiðir í því að mínu mati. Annars vegar er að Seðlabankinn hafi sjálfstæði til að ákvarða vaxtastig eða að vextir verði ekki lögbundnir; þeim ekki stýrt af slíkum miðstjórnarstofnunum, heldur fari það eftir framboði og eftirspurn á almennum markaði. Í reynd er það auðvitað ríkisvaldið á Íslandi, sem ræður lykilákvörðunum eins og gengi og vöxtum, og það hefur engin seðlabankastjórn gengið á móti stefnu ríkisstj. í þeim efnum.

Þá kem ég nú að kjarna þess sem ég vildi sagt hafa í þessari umr. um bankamálin. Ég held að það sé staðreynd að á s. l. áratug hefur verið framið stærsta bankarán Íslandssögunnar. Það bankarán var ekki framið af grímuklæddum mönnum sem réðust inn í banka til þess að ræna þar fé. Þetta stærsta bankarán Íslandssögunnar var framið af íslenskum stjórnmálamönnum, íslenskum ríkisstjórnum og valdhöfum íslenskrar fjármálastefnu. Ungur íslenskur fræðimaður hefur komist að þeirri niðurstöðu að þetta bankarán nemi um 20 milljörðum kr. á síðasta áratug, þ. e. talsvert hærri upphæð heldur en nemur samanlögðum ríkisbúskapnum sem við erum að ræða hér á næstunni, þ. e. fjárlögum ríkisins. Forsendur fyrir þessum útreikningi eru þær, að ef sama sparnaðarhlutfalli hefði verið haldið á s. l. áratug eins og áratugnum þar á *undan, þá værum við 20 milljörðum ríkari. Og hverjir* eru þessir við? Það eru viðskiptavinir bankanna. Það eru sparifjáreigendur í landinu sem hafa verið rændir 20 milljörðum kr. á þessum áratug. Sparifjáreigendur eru ekki stórkapítalistar. Sparifjáreigendur eru fólkið í landinu, sumir segja að þeir séu einkum og sér í lagi gamla fólkið í landinu og unga fólkið. Allavega er það svo að við þurfum ekki að tala um sparifjáreigendur sem stórfyrirtæki eða auðmagnseigendur, fjarri því.

Hvað hefur ráðið þessu bankaráni? Það er sú pólitíska ákvörðun stjórnmálamanna, sem hafa lagt undir sig allt fjármálalíf íslensku þjóðarinnar í sjóðakerfi, í bankakerfi, að útvega atvinnulífinu á Íslandi niðurgreitt lánsfé, sem er þá raunverulega orðið að styrkjum. Þetta er sú lágvaxtapólitík sem rekin hefur verið hér lengst af lýðveldissögunnar. Það er mínum flokki, flokki íslenskra jafnaðarmanna, til mikils hróss að hann fyrstur stjórnmálaflokka lagði til atlögu við þetta kerfi. Það er rauði þráðurinn í allri baráttu Alþfl. á s. l. áratug, baráttu sem snýst raunverulega um nýja atvinnustefnu í landbúnaði, nýja atvinnustefnu í sjávarútvegi undir merkjum auðlindanýtingar í stað rányrkjustefnu. Einn meginþáttur þessarar baráttu hefur verið á að berjast fyrir verðtryggingu sparifjár og raunvöxtum með mjög einföldum rökum. Í fyrsta lagi af því að það er siðferðilega rétt að þeir menn sem taka fé að láni greiði það til baka að raunverðmæti. Í öðru lagi vegna þess að þetta er grundvallarforsenda skynsamlegrar og arðbærrar fjármálastjórnar. Það er enginn mælikvarði til á arðsemi fjármagns, ef vextir eru niðurgreiddir, ef fé er útdeilt í formi lána, sem eru raunverulega styrkir. Eftirspurn eftir fjármagni er mikil og hefur verið mikil og ef verðið á fjármagninu er niðurgreitt af almenningi í landinu, skattgreiðendum, sparifjáreigendum, þá er eftirspurn mikil og það er ekki spurt út í það: Til hvers fer þetta fé? Og allra síst er spurt um arðsemi þegar þeir menn sem taka stærstu ákvarðanirnar um það í hvaða hluti þessu fé er varið eru stjórnmálamenn, sem fyrst og fremst hugsa til skamms tíma út frá pólitískum hagsmunum, en ekki út frá hlutlægum hagsmunum um það hvernig þetta fé muni skila bestum arði.

Þetta er kannske meginröksemdin fyrir því að við þurfum að endurskoða yfirstjórn banka og fjármálalífs í heild sinni og líta á þetta mál allt saman í heild. Ekki bara viðskiptabankana sjálfa heldur líka hlutverk Seðlabankans og það skipulag sem við nú búum við að því er varðar stjórn fjárfestingarlánasjóða og útdeilingu fjárfestingarlána.

Í framhaldi af þessu vil ég aðeins boða það, að þingflokkur Alþfl. er með í undirbúningi og á lokastigi frumvörp um tvo þætti þessa máls: Annars vegar um afnám Framkvæmdastofnunar ríkisins og um afnám þeirra tveggja sjóða sem hún fyrst og fremst hefur í sinni forvörslu, sem eru Framkvæmdasjóður ríkisins og Byggðasjóður. Og í öðru lagi frv. til l. um uppstokkun á sjóðakerfinu í heild sinni. Þar er meginhugsunin sú að

við eigum að víkja af þeirri leið að reka fjárfestingarlánasjóði með sérstökum lögum og sérstökum reglum fyrir hvern einstakan atvinnuveg, sem síðan lánar með hefðbundnum hætti, líkt ár frá ári aðeins til hagsmunaaðila í þessum viðkomandi atvinnuvegi. Þetta kerfi er að öllu leyti ósveigjanlegt, hefur reynst afar illa, það er óskynsamlegt. Okkar hugmynd er sú að það eigi að sameina sjóðakerfið í heild sinni, og fremur en að byggja upp nýjan fjárfestingarbanka í eigu ríkisins væri kannske eðlilegast að þessum sjóðum verði komið fyrir til stjórnunar innan bankakerfisins, sem ætti þá að vera trygging fyrir því að þeir væru reknir út frá grundvallarlögmálum venjulegs viðskiptalegs mats eða arðsemi frekar en pólitísks geðþótta. En þá komum við að því: Hvernig er best að þetta bankakerfi sé? Við höfum gengið út frá því, og það mun vera óhætt að gera það áfram, að bankakerfið verði með svipuðum hætti og nú er í eigu ríkisins. En jafnvel þó að svo verði áfram, þá ber að taka til greina þær ábendingar sem hér koma fram um það, að jafnvel þótt bankakerfið yrði áfram með einhverjum hætti ríkisrekið, þá verður að skera á tengsl milli stjórnmálamanna, þm. og stjórnenda bankanna, sem ráða og móta þar stefnuna og ráða daglegri stýringu fjármagns. Þess vegna endurtek ég það, þetta er þarft mál, það verðskuldar ítarlega umr. Markmiðin, sem sett eru fram, eru æskileg og efasemdir mínar um þær leiðir sem hér eru markaðar þurfa fyrst og fremst nánari umr. við.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég held að ég verði að leiðrétta þann misskilning, sem virðist koma fram hjá þm. nú eins og áður, að ákvarðanir um úthlutun lána til einstaklinga eða fyrirtækja eru ekki teknar af bankaráðsmönnum. Það er beinlínis tekið fram að það er hlutverk bankastjóranna. Ég held að það sé enginn bankastjóri sem er í pólitísku starfi í dag. Ég held að það sé almennt viðurkennt af öllum stjórnmálaflokkunum, þó að hvergi séu til um það lög að þeir hafa verið hnepptir í þá atvinnufjötra að mega ekki sitja á Alþingi Íslendinga. Ég veit ekki um aðra stétt sem verður að lúta því. Og ég trúi því ekki að það sé almennt skoðun þm. hvers á öðrum að þeir séu ekki nógu heiðarlegir til þess að gegna sínum skyldum annars staðar en á Alþingi þannig að trúverðugt sé og til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Ég á afskaplega erfitt með að trúa því. Ég hef sjálfur setið í bakaráði og kæri mig ekkert um að Alþingi, sem kaus mig til þeirra starfa, stimpli mig svo hálfgerðan óbótamann í starfi á eftir, sem gæti hagsmuna eins frekar en annars. Ég vil undirstrika það að bankaráðin fjalla ekki um einstök útlán.

Ég tek alveg undir það, sem komið hefur fram hér í umr., að það þarf að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands. Það hef ég margoft sagt hér, enda brjóta þeir að mínu mati lög þegar þeir ákveða sína eigin vexti. Þeim ber skylda til að ákveða vexti fyrir viðskiptabankana en það er hvergi í lögum um Seðlabanka Íslands heimild til þeirra að ákveða sína eigin vexti, svo að það hlýtur að vera í verkahring ríkisstj. eða Alþingis að gera það. Ég hef margoft deilt á þann vaxtamun sem er á bindifé í Seðlabankanum og á yfirdrætti viðskiptabankanna.

Ég tek alveg undir það, sem kom hér fram hjá hv. 10. landsk. þm., að það er ekkert óeðlilegt að Seðlabankinn skili sínum hagnaði til ríkissjóðs, það er víðast hvar gert þar sem ég þekki til, því að Seðlabankinn er að hluta ríkissjóðsdæmi. Og ég verð að segja alveg eins og er, síðan ég kom til starfa í fjmrn. hef ég deilt á það að ríkissjóði verði ekki stjórnað og fjármálum ríkisins verði ekki stjórnað með því kerfi sem fyrir er, vegna þess að ríkissjóði er deilt niður á fjóra eða fimm staði í bænum.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði hér um Framkvæmdastofnun og Byggðasjóð. Ég hef gert um það till. að þessar stofnanir kæmu inn á A-hluta ríkisreiknings eða fjárlaga. Það er vegna þess að þetta er ekkert annað en ríkissjóðsdæmi. Framlög til þessara stofnana eru fjárlögin úr ríkissjóði og lánsfjáráætlun, og það er víða sem ég gæti bent á slík dæmi, þannig að ríkissjóður verður að vera á einum stað ef ríkisstj. eða fjmrn. eða fjmrh. á að hafa heildaryfirlit yfir fjármál þjóðarinnar. Á sumum stöðum eru erlendar lántökur alls ekki í höndum bankanna né heldur fjmrh. Þær geta því sprengt þá ramma, skulum við segja því að við tölum um ramma við gerð laga nú, sem Alþingi samþykkir. Á ég þá við langlánanefnd, sem hefur farið gríðarlega mikið fram úr þeim áætlunum sem Alþingi hefur gert, og ég held ég megi segja oftar en einu sinni. Fjmrh. hefur ekki nokkur tök á að halda langlánanefnd innan þess ramma sem atvinnufyrirtækjum í landinu er skammtaður hverju sinni.

Ég kom hér upp til að lýsa stuðningi mínum við þessa till. til þál., enda hljóp ég til, til að vera alveg heiðarlegur, og kannaði hvort nokkurt tilboð hefði komið í ríkisbankana í sambandi við það umtal sem hefur verið um sölu ríkisfyrirtækja. Þð var nú ekki, svo að ég bætti þessu inn á þann lista eða það frv., sem kemur hér fram seinna meir, samþykki ríkisstj. þann lista sem ég mun leggja fram í ríkisstj. um þau fyrirtæki sem verða til sölu. Þessi þáltill. þeirra Bandalagsmanna hefur þegar borið þennan árangur, sem þýðir náttúrlega að ég kem til með að samþykkja hana.

Ég vil samt ekki að menn misskilji þetta, að ég samþykki till. eða hafi hlaupið til og sett bankana á sölulista vegna þeirrar grg. sem fylgir. Það er margt í henni sem ég er ákaflega ósammála, hún er full af fullyrðingum sem ég held að eigi ekki rétt á sér. En salan sem slík er mér mjög að geði.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins ábending til hæstv. fjmrh. sem veit ekki aðra atvinnustétt, sem ekki má sitja á þingi, en bankastjóra. Það eru t. d. hæstaréttardómarar.

Svo ég víki aðeins að þeim málflutningi sem þegar er hér kominn fram, þá staldra ég kannske fyrst við orð Guðrúnar Helgadóttur sem trúir því ekki að sala ríkisbanka leysi vandamál pólitískrar spillingar. Það verður líklega að taka það fram enn þá einu sinni, sem reyndar hefur nokkrum sinnum verið sagt, að Bandalag jafnaðarmanna ætlar sér ekki þann stóra hlut að uppræta spillingu yfir höfuð. Ekki vegna þess að við viðjum það ekki, heldur einfaldlega vegna þess að við getum það ekki og verðum víst að viðurkenna það. Reyndar höfum við mjög mikið brotið heilann um hlutverk Seðlabanka Íslands og nýskipan hans mála. En það er eins og einhvers staðar segir, kraftaverk taka aðeins lengri tíma en önnur verk, þannig að við höfum einfaldlega ekki komið neinum till. enn þá á blað um

það málefni. Varðandi starf og hlutverk seðlabankastjóra Íslands erum við líka með í gangi ákveðna málavinnslu á því sviði sem kallast árekstur hagsmuna hjá opinberum aðilum, og þar gildir náttúrlega í raun eitt og hið sama, hvort sem maður er seðlabankastjóri eða þingmaður, að í opinberu hlutverki verður einfaldlega að horfa til þess hvaða hlutverk menn geta tekið að sér önnur en þau sem þeir eru ráðnir eða kjörnir til.

Ég er í þeim atriðum sem hv. þm. Jón Baldvin nefndi um Seðlabanka Íslands samþykkur hvað hlutverk hans snertir, að það verði í raun og veru að takmarka það, þó að hann hljóti að halda að einhverju leyti sínu sjálfstæða hlutverki. Það hlýtur hverju mannsbarni að vera ljóst að það getur alls ekki flokkast undir stjórnun peningamála að taka fé inn um framdyrnar, í þeim yfirlýsta tilgangi að binda það til þess að stýra peningamagni í umferð, og rétta það svo aftur út um bakdyrnar og eyðileggja áhrif þeirra aðgerða sem í raun og veru eiga að vera þar í gangi. Ég er honum líka sammála í því að það verði framvegis sem hingað til hlutverk ríkisstj. að ráða málum gengis og vaxta. Og þá horfi ég náttúrlega ekki hvað síst til þeirrar sjálfsögðu kröfu að ríkisstjórn Íslands hlutist til um það að framfylgt verði lögum um raunvexti frá 1979, sem enn þá hefur ekki verið gert. Enn þá á fjöldi fólks hér fé á reikningum í bönkum sem ekki er tryggt með raunvöxtum. Því heldur áfram það bankarán sem hv. þm. Jón Baldvin minntist á. Ég vísa enn og aftur til þeirra greina sem ég vitnaði í í ræðu minni við umr. um stefnuræðu forsrh., tvær greinar prófessors Ólafs Björnssonar í Morgunblaðinu frá því í lok ágúst s. l. og byrjun september, þar sem hann lýsir því hvernig hagstjórn Íslands fer forgörðum við það að atvinnurekendur gera baktjaldasamninga við ríkisvaldið, lofa því að þeir skuli greiða fyrir samningum með þeim skilyrðum að þeim verði veitt í gegn um bankana aðstaða til að standa undir hinum gerðu samningum einfaldlega með lántöku.

Það mætti náttúrlega hafa mörg fleiri orð um þetta hvað það snertir að talað sé um spillingu. Ég skil vel að hæstv. fjmrh. skuli móðgast þegar talað er um slíkt. Það er eðlilegt. En þetta er — og þar tala ég af hjartans sannfæringu — ekki meint persónulega til eins eða neins, heldur erum við einfaldlega að tala um þá stóru freistingu sem þarna er á ferðinni og þá möguleika sem alltaf eru fyrir hendi, hvort sem það er fólgið í lögum eða starfsreglum bankanna. Við þekkjum lög bankanna mjög vel og gerum okkur grein fyrir því að þau gera ekki ráð fyrir íhlutun bankaráðs í útlánastarfsemi. En við vitum hitt, að persónuleg tengsl manna í millum geta oft á tíðum gert miklu, miklu meira en það sem lög nokkurn tíma geta kveðið á um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Réttur heimavinnandi til lífeyris, þáltill. 5. mál (þskj. 5). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 5 hef ég leyft mér ásamt öðrum þm. Alþfl. að flytja till. til þál. um rétt heimavinnandi til lífeyris, gagnkvæman makalífeyri og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða. Tillgr. orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að beita sér fyrir því í samráði við lífeyrissjóðina, að nú þegar verði komið á samræmdum ákvæðum allra lífeyrissjóða er kveði á um eftirfarandi þætti í starfsemi þeirra:

1. Makalífeyrir verði gagnkvæmur hjá lífeyrissjóðunum, þannig að bæði kynin njóti sambærilegra réttinda til makalífeyris eftir því sem reglur lífeyrissjóðanna kveða á um.
2. Áunnin stig hjóna eða sambúðarfólks verði lögð saman og skipt til helminga á sérreikningum þeirra fyrir þann tíma sem sambúð varir. Sérhver aðili fái þannig greiddan lífeyri í samræmi við áunnin stig. Þeir sem eru heimavinnandi og fráskildir fari ekki varhluta af áunnum lífeyri.
3. Upplýsingaskyldu lífeyrissjóða gagnvart sjóðsfélögum á þann hátt að sérhver sjóðfélagi fái árlega sent yfirlit yfir áunnin réttindi hjá lífeyrissjóðunum."

Um þessa þrjá þætti lífeyrisréttindakerfisins telja flm. þessarr þáltill. brýnt að þegar í stað verði sett skýr og samræmd ákvæði allra lífeyrissjóða. Tveim þessara ákvæða, þ. e. um gagnkvæman makalífeyri og ekki síst ákvæðið sem snýr að rétti heimavinnandi fólks til lífeyris, að réttur þess verði tryggður er stefnt gegn svo augljósum göllum á lífeyrisréttindakerfinu, eins og því er nú fyrir komið, að nauðsynlegt er að án tafar verði fundin viðeigandi lausn á því máli.

Fyrir réttum þremur árum fluttu þm. Alþfl. þáltill. um hvernig framtíðarskipan lífeyrisréttindamála skyldi háttað. Var sú till. útfærð í tíu töluliðum. Einn liður þeirrar þáltill. var að efni til sá hinn sami sem er í þeirri till. sem hér er til umfjöllunar, þ. e. um rétt heimavinnandi fólks til lífeyris og hvernig með þau réttindi skyldi farið. Þess er nú freistað að taka þann þáttinn er að því lýtur sérstaklega út úr þeirri till. sem flutt var á Alþingi fyrir þremur árum síðan, ásamt ákvæðum um gagnkvæman makalífeyri og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða. Flm. till. telja að um þau ætti að vera hægt að ná samstöðu hér á Alþingi jafnvel þótt deildar meiningar séu að öðru leyti um hvernig framtíðarskipan lífeyrismála skuli háttað.

Ég tel mig ekki, herra forseti, þurfa að hafa langa framsögu um þetta mál, þar sem nokkuð ítarleg grg. og rökstuðningur fylgir með þáltill. um nauðsyn þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Ég vil þó fara nokkrum orðum um hvern þessara þátta fyrir sig sérstaklega, en vísa að öðru leyti til þeirrar grg. sem með þál. fylgir.

Ég vil þá fyrst taka makalífeyrinn. Ég tel að það sé algert grundvallaratriði og sjálfsögð jafnréttiskrafa að karlmenn njóti sömu réttinda til makalífeyris og konur. Á það skal bent að þessi grundvallarregla er í heiðri höfð hjá allmörgum lífeyrissjóðum, eftir því sem ég kemst næst. Þó munu allir SAL-sjóðirnir að undanskildum lífeyrissjóði Sóknar mismuna körlum og konum að því er makalífeyrinn varðar. Þar eru ákvæðin um makalífeyri þannig að ef sjóðfélagi, sem naut elli- og örorkulífeyris eða hafði greitt í sjóðinn a. m. k. í 6 mánuði undanfarna 12 mánuði, lætur eftir sig ekkju á hún rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hún verið orðin 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjónabandið hafi staðið a. m. k. í 5 ár og verið stofnað áður en sjóðfélagi varð 60 ára að aldri. Ef um er að ræða að sjóðfélagi láti eftir sig barn innan 18 ára aldurs hefur lengd hjúskapartímans ekki áhrif.

Þegar um er að ræða rétt karlmanna til maklífeyris hjá SAL-sjóðunum þá er um aðrar reglur að ræða og

langt frá því að ekklarnir njóti sömu réttinda og ekkja undir sömu kringumstæðum. Við fráfall eiginkonu, hversu lengi sem hún hefur verið á vinnumarkaðnum og greitt sitt iðgjald, fær maki aðeins greiddan makalífeyri í tvö ár samkv. reglugerðarákvæðum SAL-sjóðanna. Heimilt er þó að greiða ekkli lífeyri um lengri tíma hafi hann skerta starfsorku eða hinn látni sjóðfélagi taldist aðalfyrirvinna heimilisins.

Það má vera að nokkur rök hafi legið að baki þessu fyrirkomulagi þegar konur voru að mestu inni á sínum heimilum og lítið útivinnandi. En þegar þróunin er orðin sú að báðir foreldrar þurfa að vera úti á vinnumarkaðnum til þess að standa undir framfærslu heimilanna, þá er ljóst að við fráfall annars makans leggst framfærsla heimilisins með tvöföldum þunga á eftirlifandi maka, hvort sem það er karl eða kona.

Ákvæði almannatryggingalaga um ekkju- og ekklalífeyri er auðvitað af sama toga. Þar er um að ræða ekkju- og ekklabætur í 6 mánuði eftir lát makans, en þegar þær bætur falla niður á hver sú kona sem orðin er 50 ára við lát mannsins rétt á ekkjulífeyri til 67 ára aldurs, en ekkillinn á eingöngu rétt á þessum 6 mánaða ekklabótum. Hér er auðvitað um ákvæði að ræða í almannatryggingalögunum sem huga þarf að breytingu á.

Á síðasta Alþýðusambandsþingi árið 1980 var samþykkt ályktun um að skora á alla lífeyrissjóði að breyta reglugerðum sínum á þann veg að réttur til makalífeyris væri gagnkvæmur og afnema það misrétti sem felst í núverandi löggjöf. Þetta hefur alls ekki náð fram að ganga í öllum lífeyrissjóðunum, eins og ég hef hér lýst, og tilgangur með flutningi þessa ákvæðis í þáltill. er að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að knýja á um að reglugerðarákvæðum allra þeirra lífeyrissjóða sem enn búa við kyngreindan makalífeyri verði breytt.

Það ákvæði tel ég þó mikilvægast í þessari þáltill. og legg mesta áherslu á, sem kveður á um rétt heimavinnandi fólks til lífeyris og að réttur þess í því efni sé tryggður. Hægt er að gefa af því nokkra mynd hvað margar konur það eru, sem standa utan við lífeyrisréttindakerfið, ef skoðuð er nafnaskrá fjmrn. sem gefin var út í ágúst 1982. Þar gefur að líta skrá yfir alla stærstu lífeyrissjóðina og má gera ráð fyrir að það sé skrá yfir um 90 til 95% þeirra sem einhverra réttinda njóta í lífeyrissjóðum. Samkv. þeirri skrá voru utan lífeyrissjóða rúmlega 38 þús. manns, sem þá voru 16 ára og eldri, eða fæddir 1965 eða fyrr. Þar af voru 24 432 konur, eða 65% þeirra sem voru utan lífeyrissjóða, en 13 721 karl eða 35% þeirra sem utan lífeyrissjóðs stóðu. Hægt er einnig að gefa mynd af því hvernig dæmið lítur út ef teknar eru konur sem voru á þjóðskrá 1981 og voru fæddar 1965 eða fyrr. Þar kemur fram að af 92 140 konum, sem voru á þjóðskrá og fæddar voru á tímabilinu 1882 — 1965, voru 24 432 utan lífeyrissjóða, eða um 27%, meðan rúmlega 14% karla, sem á þjóðskrá voru, voru utan lífeyrissjóða. Í þessari nafnaskrá kemur fram að utan lífeyrissjóða voru 7 057 ógiftar konur og 11 224 giftar konur. Af ekkjum voru 4 368 utan lífeyrissjóða og 802 fráskildar konur voru utan lífeyrissjóða.

Ég tel að þessi mynd, sem ég hef hér dregið upp úr nafnaskrá fjmrn., gefi okkur nokkuð glögga mynd af því hve brýnt er að leysa þetta mál svo að þeim sem eru heimavinnandi verði tryggð lífeyrisréttindi. Það er fráleitt að lífeyrisréttindi þeirra sem eru heimavinnandi, sem einkum eru konur og hafa kannske lítið sem ekkert verið á vinnumarkaðinum, skuli vera svo ótrygg sem raun ber vitni. Staðan er í raun þannig t. d. í skilnaðarmálum, að sá aðili sem ekki hefur verið á vinnumarkaðinum er í raun réttindalaus. Fráskilin kona hefur t. a. m. engan rétt og engar kröfur til lífeyris frá lífeyrissjóðunum við fráfall mannsins. Kona, sem þannig er ástatt um, á aðeins rétt á lífeyri almannatrygginga. Í þessu efni sem og mörgum öðrum þáttum er að lífeyrissjóðsmálum lúta er réttarstaðan tryggari hjá hinu opinbera. Réttarstaða þeirra þar er nokkuð tryggari, t. d. að því er makalífeyrinn varðar, því að ef sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, þá skiptist makalífeyririnn milli beggja kvennanna í beinu hlutfalli við þann tíma sem hvor þeirra fyrir sig hefur verið gift hinum látna þegar hann ávann sér lífeyrisréttindi. Í þessu efni liggur einnig fyrir ályktun ASÍ-þings, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þess verði gætt að jöfnuður sé á milli lífeyrisréttinda hjóna eða sambúðarfólks án tillits til þess hvort aflar réttindanna."

Hér er auðvitað um mjög eðlilega kröfu að ræða og svo sjálfsagða að löggjafarvaldið getur ekki komist hjá því að leggja sitt af mörkum og beita sér fyrir því eins og hægt er að umsvifalaust verði ráðin bót á þessu máli. Það er grundvallaratriði í lífeyrismálum hjóna og sambúðarfólks sem og öðrum réttindamálum í þjóðfélaginu, jafnt á vinnustað sem annars staðar, að þar njóti bæði kynin að öðru jöfnu sambærilegs réttar.

Þriðja ákvæði þessarar þáltill. kveður á um upplýsingaskyldu lífeyrissjóða gagnvart sjóðfélögum á þann hátt að sérhver sjóðfélagi fái árlega sent yfirlit yfir þegar áunnin réttindi hjá lífeyrissjóðunum. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er að með núverandi fyrirkomulagi í lífeyrissjóðunum, þegar starfandi eru nær 100 lífeyrissjóðir í landinu og fólk getur átt réttindi í mörgum sjóðum, er það erfitt og nánast útilokað að átta sig á réttindum sínum þegar um er að ræða réttindi hjá fleiri en einum sjóði. Ekki síst er þetta erfitt þar sem réttindagreiðslur eru mjög misjafnar hjá sjóðunum. Í nafnaskrá um lífeyrisréttindi, sem gefin var út af fjmrn. í ágúst 1982, kemur fram að sami sjóðfélagi getur átt réttindi í allt að 13 lífeyrissjóðum í einu. Sem dæmi má taka að í tveim sjóðum áttu 42 þús. manns lífeyrisréttindi, í þremur sjóðum rúmlega 23 þús. manns, í fjórum sjóðum rúmlega 11 þús. manns, í fimm sjóðum rúmlega 5 þús. manns og í sex sjóðum rúmlega 2 þús. manns. Þetta gefur nokkra vísbendingu um hve brýnt er að koma þeirri reglu á í starfsemi lífeyrissjóðanna að þeir séu skyldaðir til þess að senda árlega yfirlit til hvers sjóðfélaga til þess að hann geti betur áttað sig á sinni stöðu.

Herra forseti. Ég tel ekki nauðsynlegt að gera þessari þáltill. frekari skil, nema tilefni gefist til, því eins og ég sagði í mínum upphafsorðum þá fylgir með henni ítarleg grg. að því er þetta varðar. Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til að þáltill. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 8. fundur.

Mánudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frv. 31. mál (þskj. 31). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 31 er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru á síðasta vori eftir að þing hafði verið rofið og boðað til kosninga.

Eins og kunnugt er þótti tíðarfar svo ótryggt þegar nálgaðist kjördag að rétt þótti að kveða nánar á um fjölgun kjördaga, en heimildir kosningalaga fela það í sér. Voru brbl. þessi því sett til að tryggja sem best að kjósendur fengju notið kosningarréttar síns. Svo fór hins vegar, að veður breyttist til hins betra og reyndist unnt að ryðja þá vegi sem þörf var á, þannig að hvergi kom til þess að kjördagar yrðu tveir.

Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi til meðferðar í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar og tel ég ekki ástæðu til að víkja frekar að efni þess. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Ragnar Arnalds: Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni frv. sem ekki er ástæða til að fjölyrða mikið um, enda heyrir það liðinni tíð til og hefur engin áhrif á gang mála hér eftir. Hitt er annað mál, að veðurfarið sem var á vordögum, aðallega þó áður en kosningar fóru fram, minnir okkur á hversu erfitt er að standa fyrir kosningum víðs vegar um landið þegar enn er vetur og mátti svo sannarlega ekki miklu muna að illa tækist til í þetta sinn. En það fór nú svo að stytti upp — það má segja daginn fyrir kjördag — og allt fór því vel að lokum.

En í sambandi við mál sem varða kosningar til Alþingis er kannske rétt að minna á að þar er nokkurt verk óunnið enn. Í fyrsta lagi á Alþingi að sjálfsögðu eftir að ganga frá stjórnarskrárbreytingunni sem samþykkt var hér á s. l. vori og í því sambandi að fjalla um kosningalög, en í öðru lagi er starfi stjórnarskrárnefndar enn ólokið og þar voru vissir þættir enn óræddir og þá fyrst og fremst það sem lýtur að þingstörfum og þingsköpum Alþingis. Í því sambandi langar mig til að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. og hafði óskað eftir því að kallað yrði á hann, en hann er kannske ekki nærstaddur. (**Forseti:** Hann er því miður upptekinn í umr. í Nd. Eg hef gert ráðstafanir til að fá hann hingað, en hann hefur ekki tök á því eins og er.) Já, það væri þá kannske í lagi að umr. yrði frestað um skeið og ég fengi að bera fram fsp. þegar betur stendur á.

Umr. frestað.

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 8). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum til staðfestingar á brbl., sem sett voru í lok maí s. l., en ráðstafanir þessar voru gerðar samhliða gengisbreytingu íslensku krónunnar.

Það er kunnara en frá þarf að segja að hagur sjávarútvegsins var á s. l. vori mjög slæmur og var því nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja afkomu hans. Þessi staða kom fram í því, að tekjuaukning hans var ekki í neinu samræmi við kostnaðaraukningu. Því var nauðsynlegt að breyta gengi íslensku krónunnar til að auka tekjur þessa undirstöðuatvinnuvegar og gera ráðstafanir til þess að kostnaðarhækkanir kæmu ekki í kjölfar tekjuaukningarinnar.

Í 1. gr. þessa frv. eru gerðar ráðstafanir til að tryggja að hluti af tekjuaukningunni renni til útgerðar og reksturs fiskiskipa, en aflaminnkun var veruleg og því mikilvægt að auka tekjur útgerðarinnar til þess að hún gæti gengið áfram. Það var gert með þeim hætti að tekin var upp sérstök 29% kostnaðarhlutdeild til skipa stærri en 240 brúttórúmlestir, en 25% til minni skipa. Jafnframt þessu var lagt niður svokallað olíugjald og dregst það frá þessari prósentu í reynd, því að olíugjald var tekið áður í gegnum útflutningsgjöld. Þessar ráðstafanir urðu til þess að skiptaverð hækkaði á togurum eða stærri fiskiskipum um 8%, en um 12.3% á skipum minni en 240 lestir. Hlutur útgerðar hækkaði meira eða rúmlega um 18%, þ. e. um tæplega 16% hjá togurum og rúmlega 21% hjá bátum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mjög mörgum orðum um stöðu útgerðarinnar eins og hún var álitin vera á s. l. vori. Það sem komið hefur fram síðan þessar ráðstafanir voru gerðar bendir til þess að staðan hafi verið í reynd verri en gert var ráð fyrir. Þá gerðu menn sér vonir um að afli gæti orðið svipaður seinni hluta þessa árs og hann var á sama tíma í fyrra. Þetta hefur reynst ofmat, aflinn er minni, og þess vegna er staða sjávarútvegsins í reynd lakari nú en menn gerðu sér vonir um á s. l. vori, þannig að ef eitthvað má segja í gagnrýnisátt varðandi þessar ráðstafanir, þá er það svo að mínu mati að þær hafi ekki verið nægilega róttækar.

Það verður mikill vandi á næstunni að tryggja afkomu sjávarútvegsins svo vel verði. Aflasamdrátturinn er mikill og tilkostnaðurinn hefur farið vaxandi. Það verður hins vegar að mínu mati ekki leiðrétt með því að breyta gengi íslensku krónunnar, eins og var gert á s. l. vori. Það eru takmörk fyrir hvað hægt er að fara út í miklar tilfærslur í landinu, jafnvel þótt það megi sýna fram á að sjávarútvegurinn stendur ekki undir þeim tilkostnaði sem á hann er lagður. Sjávarútvegurinn verður hins vegar að leggja alla áherslu á að draga úr kostnaði og því sem hann þarf að láta af hendi við öflun hráefnis. Á næstunni munu menn leita allra leiða til að gera það, jafnframt því sem nauðsynlegt er að auka tekjurnar og þá sérstaklega með því að bæta meðferð sjávarafla.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þdm. með því að lesa upp tölur um afkomu sjávarútvegsins, hvorki á s. l. vori né

Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

nú. Ég get komið þeim á framfæri við viðkomandi n. eða svarað spurningum manna, ef menn telja ástæðu til, en þessar tölur hafa komið fram í fjölmiðlum að undanförnu og ég sé ekki ástæðu til að fara um þær mörgum orðum.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um ráðstöfun á gengismun af birgðum í sjávarútvegi, en eins og menn muna var talið nauðsynlegt að ráðstafa hluta af gengismun af útflutningsbirgðum sérstaklega til útgerðarinnar. Í þessari grein er ríkisstj. falið að kveða nánar um hvernig því fjármagni skuli ráðstafað. Það hefur verið gert og var áætlað að hér væri um 550 millj. kr. að ræða. Var þeim ráðstafað þannig: 60 millj. voru veittar sem lán til loðnuskipa, sem hafa átt við mikla rekstrarerfiðleika að etja vegna þess að engin loðnuveiði hefur verið. 15 millj. var ráðstafað sem lánum til loðnuvinnslustöðva. Hefur lánveiting samkv. báðum þessum liðum átt sér stað, 10 millj. var varið til orkusparandi aðgerða í útgerð og 10 millj. til að efla gæði og vöruvöndun í sjávarútvegi. Fjármagn þetta hefur verið veitt til Fiskimálasjóðs, sem skal annast greiðslur, en hins vegar hefur þessu fjármagni enn ekki verið ráðstafað hjá Fiskimálasjóði. Það hafa verið í gangi aðgerðir til að auka gæði og vöruvöndun í sjávarútvegi og nokkurt fjármagn var fyrir samkvæmt ráðstöfun á s. l. vetri þegar gengismun var ráðstafað. Því fjármagni hefur ekki enn öllu verið ráðstafað þannig að það hefur ekki verið nauðsynlegt að nota viðbótarfé enn þá. En það er af mörgu að taka og hefur verið unnið að því að meta með hvaða hætti þessir peningar yrðu notaðir með sem skynsamlegustum hætti.

37 millj. fara til sjómanna og sjómannasamtaka, þar af 30 millj. til Lífeyrissjóðs sjómanna og 7 millj. til annarra velferðarmála í þágu sjómanna. Verður skipting þess fjár ákveðin að höfðu samráði við sjómannasamtökin, en frá því hefur ekki enn verið endanlega gengið hvernig þeim peningum verður ráðstafað. Eins og menn vita að sjálfsögðu kemur þetta fjármagn inn smátt og smátt og hefur alls ekki komið inn enn nema að nokkru leyti, þannig að þótt í lögunum séu ákvæði um ráðstöfun getur ráðstöfunin að sjálfsögðu ekki farið fram nema samhliða því að fjármagnið kemur inn.

Þá er varið 4 millj. kr. í Styrktar- og lánasjóð fiskiskipa, en það er sjóður sem lánar tiltölulega lágar fjárhæðir til minni báta sem lenda í erfiðleikum. Hefur þessi sjóður verið mjög lengi til. Það hefur verið ráðstafað í hann eitt sinn áður af gengismunarfé, en nú var ekkert fjármagn í þessum sjóði og þótti nauðsynlegt að tryggja honum nokkurn hlut af gengismunarfé.

Þá var varið 1200 þús. kr. til sérstaks átaks í loðnuleit haustið 1983, en eins og vitað er var það svo á s. l. ári að aðeins eitt skip, Bjarni Sæmundsson, vann að loðnuleit. Það kom hins vegar upp veruleg gagnrýni á að skipið hefði ekki getað kannað allt svæðið, og þar sem ekki þótti fært að taka slíka áhættu var ákveðið að Árni Friðriksson færi einnig til loðnuleitar. Skipin komu í höfn í gær og er nú unnið að niðurstöðum úr þeim leiðangri. Það kom fram í þessum leiðangri að mjög nauðsynlegt reyndist að hafa bæði skipin og má fullyrða að ekki væri enn komin nein niðurstaða varðandi loðnuleitina ef bæði skipin hefðu ekki verið á miðunum. Hér var því vel ráðið, að mínu mati, og sennilega væri Bjarni Sæmundsson að öðrum kosti enn úti fyrir Norðurlandi í hinu versta veðri og ekki væri komin niðurstaða að því er varðar loðnustofninn. Ég er ekki með þessu að segja að ég geti á þessari stundu greint frá niðurstöðum. Það er verið að vinna úr gögnum og við væntum þess að geta greint frá niðurstöðum á næstu dögum.

Þá voru notaðar u. þ. b. 55 millj. til greiðslu eftirstöðva af Olíusjóði fiskiskipa, en Olíusjóður fiskiskipa var stofnaður með lögum 11. febrúar 1983. Þessi sjóður skuldaði mun meira en tekjumöguleikar hans námu og því var nauðsynlegt að ráðstafa fjármagni til greiðslu á þeim skuldum. Annar olíusjóður hafði verið stofnaður árið áður með ábyrgð ríkissjóðs og var fjármagni ekki varið af gengismun nú til að endurgreiða þá skuld, heldur gert ráð fyrir að hún falli í ríkissjóð, enda var við ráðstöfun gengismunar á s. l. vetri ekki tekin ákvörðun um að endurgreiða þá skuld, en þá lá fyrir að hér var um allverulega skuld að ræða og hvorki þáv. ríkisstj. né Alþingi sáu ástæðu til að verja fjármagni af gengismunarfé þá til að greiða þá skuld. Því var það skoðun rn., að þegar hefði verið tekin afstaða til þeirrar skuldar.

Í níunda lagi, og það sem mestu máli skiptir, er að 300 millj. er varið til greiðslu inn á Stofnfjársjóð fiskiskipa vegna skulda. Þeirri fjárhæð var varið með tvennum hætti:

Í fyrsta lagi er um að ræða 100 millj. í hlutfalli við aflaverðmæti skipanna frá 1. júlí 1982 til 30. júní 1983. Hér er um nýmæli að ræða. Áður hafði fjármagni samkv. þessum lið eingöngu verið ráðstafað í samræmi við skuldir skipanna, sem gerði það að verkum að mjög mörg skip urðu útundan, þá sérstaklega bátaflotinn. Hér er vikið frá þeirri reglu og ákveðið að 100 millj. skuli varið í hlutfalli við afla skipanna. Síðan er varið 200 millj. í hlutfalli við skuldir skipanna samkv. ákveðnum reglum sem rn. setti. Þar var í öllum meginatriðum farið eftir þeim reglum sem áður höfðu ríkt í þessu sambandi, en ég vil þó geta helstu breytinga. Þær eru eftirfarandi.

Viðmiðunartímabil var lengt frá því sem síðast var ákveðið frá 1. janúar 1978 aftur til 1. júlí 1975, en á árinu 1975 varð veruleg breyting á lánskjörum við Fiskveiðasjóð og því þótti eðlilegt að miða viðmiðunartímabilið við 1. júlí 1975, þegar Fiskveiðasjóður gerði breytingar á sínum reglum.

Í öðru lagi er nú í fyrsta sinn tekið tillit til erlendra lána vegna endurbóta á fiskiskipum, sem hafa verið tekin án milligöngu Fiskveiðasjóðs, svo og að lágmarksupphæð af ógjaldföllnum höfuðstól lánanna féll niður. Þessi ráðstöfun hefur í för með sér að mun fleiri skip utan Fiskveiðasjóðs fá hlutdeild í fjárhæðinni en áður.

Í þriðja lagi var sett þak á hlutdeild hvers skips þannig að ekkert skip fær yfir 2.5% af heildarfjárhæðinni eða meira en 5 millj. kr. Þessi ráðstöfun varð til þess að nokkuð takmarkaðist hlutdeild þeirra skipa sem mest skulduðu.

Í fjórða lagi hafði áður verið lágmarksupphæð á höfuðstól skuldar og hún var felld niður. Þessi ákvörðun leiddi til þess að mikill fjöldi skipa með lág lán, t. d. vegna tækjakaupa og endurbóta á undanförnum árum, kom inn í skiptinguna.

Ég sé ekki ástæðu til að gera þetta frv. að frekara umræðuefni hér. Ég vænti þess að hv. nefnd fjalli ítarlega um það. Það væri vissulega ástæða til að ræða almennt um afkomuhorfur í sjávarútveginum. Ég ætla ekki að gera það að þessu sinni, en vænti þess að

nefndin taki málið til gaumgæfilegrar athugunar.

Hæstv. forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn. og vænti þess að nefndin reyni eftir föngum að hraða afgreiðslu málsins. Það skiptir í sjálfu sér ekki meginmáli hvort það verður afgreitt næstu daga, en það er að mínu mati mikilvægt að afgreiða þetta frv. t. d. fyrir áramót og skapaði það meiri vissu um þessi mál ef það væri ekki lengi til meðferðar hér í þinginu.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum er á margan hátt tímamótafrv. að því leyti til hvað varðar 1. gr. því að þar er um hreingerningu að ræða að mínu mati. Ég tel að það hafi verið til bóta að leggja niður olíusjóð og olíugjald. Þessu var þannig fyrir komið að menn botnuðu lítið í því hvaða leiðir voru notaðar til að toga og teygja af sjómönnum og þess vegna tel ég það hafi verið hreingerning að koma málinu í hreinni farveg. Ég er hins vegar ósáttur við þá prósentu sem þarna er notuð. Ég tel hana of háa. Þetta sífellda krukk í samninga, það að sett eru lög um hvernig skuli fara framhjá skiptum, segir okkur að samningsaðilar, og þá á ég einkum við útvegsmenn, eigi ekki að semja á þeim nótum sem gert er. Það er vissulega óþolandi ástand sem viðgengist hefur í samningamálum — ástand sem markast af því að beðið er alltaf eftir því hvernig ríkisvaldið tekur á málunum, hvað gengisfellingin eigi að vera stór, hvað megi gera, en það er ekki verið að semja um svokölluð verðmæti. Ég tel að þarna sé verið að koma til móts við það sjónarmið. En eins og ég segi tel ég þessa prósentu of háa og óeðlilega.

Sjómenn hafa vissulega lýst yfir að þeir séu mjög andvígir þessu og sambandsstjórn Sjómannasambandsins sendi frá sér ályktun þar sem hún fordæmir hve langt er gengið og segir, með leyfi forseta:

„Fundurinn bendir á það, að á undanförnum árum hafi sjómenn tekið á sig kjaraskerðingu umfram aðra launþega, sem við síðustu fiskverðsákvarðanir hafi þó að nokkru verið leiðrétt. Sjómenn eru tilbúnir sem og aðrir launþegar að axla sínar byrðar vegna þess vanda sem nú er í þjóðfélaginu, en ekkert þar umfram.

Þá telur fundurinn að enn hafi stjórnvöld ekki sýnt á borði sinn tilgang með lagasetningu eða öðrum hætti þar sem tekið er á verðbólguhvetjandi þáttum þessa þjóðfélags. Fundurinn vekur athygli á að enn er höggvið í þann sama knérunn, að núv. ríkisstj. sem og aðrar ríkisstjórnir hafa gert sig sekar um og sett lög sem raska enn frekar hlutaskiptakerfi sjómanna. Þessum síendurteknu aðförum að kjarasamningum sjómanna mótmælir stjórn sambandsins harðlega."

Vissulega er eðlilegt að taka undir þessi mótmæli, enda eru þau til orðin að gefnu tilefni. Sjómenn hafa á undanförnum árum farið verr út úr tekjuskiptingu en aðrir.

Áfram segir í ályktuninni: „Með hliðsjón af ofangreindu skorar stjórn sambandsins á sambandsfélögin að taka nú þegar til rækilegrar athugunar breytingar á launakjörum sjómanna". Tel ég að það þurfi að taka upp umr. um hvort ekki er ástæða til að breyta því kerfi, sem viðgengist hefur í áraraðir — því skiptakerfi sem reyndar hefur að forminu til verið unað við í aldir, ef svo mætti segja, en hefur vissulega breyst í meðförum í samningum og á öðrum vettvangi.

Hvað varðar aðra þætti þessara laga, þá eru þau að mörgu leyti skringileg hvað varðar gengismunarsjóðinn og upptöku gengismunar. Vart hefur þá sem kusu Sjálfstfl. í vor grunað að með atkv. sínu væru þeir að fjölga húskörlum Framsfl. og SÍS, en nú blasir við að sú hafi raunin orðið á, svo sem dæmin sanna. Framsókn sýndi fyrst hver ræður á stjórnarheimilinu þegar þingflokkur sjálfstæðismanna samþykkti strax eftir útgáfu brbl. að kalla bæri Alþingi saman hið fyrsta. Hv. forsrh. sagði að Alþingi yrði ekki kallað saman fyrr en honum sýndist og þar við sat. Öll stjórnarandstaðan studdi tillögur sjálfstæðismanna og þar með yfirdrifinn meirihluti þm. Svona hefur þetta gengið.

Flestum er í minni álit Morgunblaðsins á því hvort minni hl. eigi að komast upp með að kúga meiri hl., eins og það talaði oft um áður fyrr. Margoft og lengi í sumar var deilt í ríkisstj. um upptöku gengismunar og skiptingu hans. Framan af gáfu sumir ráðh. og þingflokksformaður Sjálfstfl. út yfirlýsingar um að ekki yrðu farnar leiðir fyrrv. sjútvrh. í þessum málum, þar væri um algeran misskilning að ræða hjá arftaka hans. Nú liggur fyrir í þessu frv., að misskilningurinn var þeirra. Þeir hafa látið kúga sig til að samþykkja till. fyrri ríkisstj. með aðeins óverulegum breytingum. Millifærsluleiðin heldur áfram, eins og allar götur síðan Framsókn tók forustuna 1971.

Sjónvarpað var frá atkvgr. á Alþingi þegar brtt. Matthíasar Bjarnasonar um að taka ekki gengismun af skreið var samþykkt í vetur. Atkvgr. var mikill ósigur fyrir páv. hæstv. sjútvrh. Steingrím Hermannsson, sem hann hefur nú greinilega hefnt grimmilega. Og það eru engir smámunir sem núv. ráðherrar Sjálfstfl. hafa mátt kyngja. Ég ætla nú, með leyfi virðulegs forseta vors, að benda á lítið sýnishorn. Till. Matthíasar Bjarnasonar hljóðaði þannig:

„Útfluttar skreiðarafurðir skulu greiddar á því kaupgengi sem í gildi er þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil."

Í Alþingistíðindum segir frá rökstuðningi Matthíasar. Hann sagði:

„Ég þarf í raun og veru ekki að bæta miklu við þetta því að ég skýrði hér frá því í dag að ég teldi að sá gengishagnaður, sem reiknað væri með vegna skreiðarafurða, væri ekki fyrir hendi og ekkert útlit fyrir það að hann verði til í náinni framtíð. Ef skreið selst, sem eru slæmar horfur á, þurfa skreiðarframleiðendur fullkomlega á því að halda að afreikna á gildandi kaupgengi bankanna á hverjum tíma. Þess vegna er þessi till. flutt."

Fyrr í umr. um málið sagði Matthías Á. Mathiesen m. a.:

„Væri nú ekki skynsamlegra að falla frá því að greiða í gengismunarsjóð þessa upphæð af skreiðarbirgðum, sem í landinu eru frá 1982, og að þeir aðilar sem eiga skreiðina fái það fjármagn og ríkisstj. aðstoði þá og láni þeim út á skreiðarbirgðirnar á meðan þær fara ekki úr landi?"

Ekki vildi Albert Guðmundsson láta sitt eftir liggja. Hann sagði m. a.:

„Hann" — og þá átti hann við fyrrv. sjútvrh., en núv. hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson — „talaði um að það væru fleiri krónur sem fengjust væntanlega einhvern tíma þegar skreiðin seldist. Fleiri krónur, mikið

rétt, en það eru verðlausari krónur. Halda menn virkilega, heldur hæstv. sjútvrh. að fyrir þær krónur fáist sama magn af skreið til að selja aftur seinna? Þetta gengur á verðmæti eigenda sjávarútflutningsafurða að sjálfsögðu. Það þýðir ekki að tala hér eins og verið sé að tala við nýútskrifaða viðskiptafræðinga." Og áfram: „Þá er búið að draga frá gengismun og það er búinn að hlaðast á vöruna aukakostnaður í geymslu. Það er búinn að hlaðast á hana fjármögnunarkostnaður, þannig að jafnvel þótt dollarinn hafi hækkað um 100% á árinu, þá dugar það bara ekki til til að standa undir öllum kostnaði."

Enn fremur sagði Albert: „Það er hrein sjálfsblekking ef menn halda að einstaklingar fáist til að leggja nýtt fé í slíkan rekstur sem sjávarútvegurinn er orðinn... Að leggja skatt á styrkþegann og styrkþeginn er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Þetta er furðulegt fyrirtæki. Ég get ekki með nokkru móti skilið að blankur einstaklingur geti tekið lán hjá sjálfum sér til þess að halda áfram að fjármagna sínar þarfir."

Já, vissulega sögðu Albert og Matthías margt á Alþingi í fyrravetur um fávisku þess að taka upp gengismun af skreið og ekki hefur staða þeirra sem skreiðina eiga batnað síðan nema síður sé. Staðan er aðeins breytt að því leyti til að nú er Albert hæstv. fjmrh., Matthías Bjarnason hæstv. heilbrrh. og Matthías Á. Mathiesen hæstv. viðskrh., en titlarnir merkja ekkert annað en að þeir eru orðnir húskarlar hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar og þeir verða að hlýða.

Ekki fer milli mála að upptaka gengismunar er hæpin aðgerð og mestar líkur eru á að slíkt sé brot á stjórnarskránni. Það má líka spyrja: Hvers vegna er ekki tekinn gengismunur af álverinu t. d. til að bæta rekstrarhallann í járnblendiverksmiðjunni? Hvers vegna er ekki tekinn gengismunur af varnarliðinu, sem græðir milljónir dollara á fimleikum íslenskra stjórnvalda með gengið? Hvers vegna eru gróðafyrirtækin á Keflavíkurflugvelli, sem semja um framkvæmdir í dollurum, ekki látin greiða gengismun? Hvers vegna er sífellt gengið til þessara verka hjá sjávarútveginum einum?

Staða skreiðarverkunar, svo að maður taki hana sem dæmi, er afar slæm. Skreiðin selst illa og hafa skreiðarverkendur þurft að liggja með mestalla framleiðsluna svo mánuðum og árum skiptir. Ekki nóg með það, heldur þurfa skreiðarverkendur að sætta sig við greiðslufrest svo mánuðum skiptir og hefur jafnvel liðið meira en ár. Oft eru menn uggandi um að kaupendur standi ekki við skuldbindingar sínar og hefur komið fyrir að svo hafi ekki verið. Þessir erfiðleikar kosta þunga vaxtabyrði — byrði sem ekki allir rísa undir. Ég hef undir höndum upplýsingar um stöðu skreiðar fram til næstu áramóta. Þar kemur fram að tap á skreiðarverkun er nú 18.4%. Hverju þjónar það að taka gengismun af slíkum rekstri? Hvað eru menn að taka? Er ekki verið að taka eitthvað sem ekki er til? Er ekki verið að taka nýju fötin keisarans eða er þetta aðeins gert til að auka byrði þeirrar atvinnugreinar í fiskiðnaði sem hvað erfiðast á uppdráttar? Ég er andvígur þessum vinnubrögðum.

Ég minntist áðan á fjármagnskostnaðinn og þá staðreynd að þessi þáttur fiskvinnslunnar, skreiðarverkunin, er rekinn með 18.4% tapi, en það má og koma fram, að þrátt fyrir að síðustu dagana hafi verið nokkur hreyfing á útflutningi skreiðar, reyndar með þungbærum greiðslufresti, eru horfur á að samkeppni við Norðmenn gerist æ erfiðari. Norðmenn hafa oft verið Íslendingum erfiðir í samkeppni. Harka þeirra er nú meiri en nokkru sinni fyrr. Þeir eru erfiðari og geta reyndar leyft sér að ganga langt í þeim efnum af mörgum orsökum. Allar líkur eru á, að vegna harðnandi samkeppni Norðmanna á skreiðarmörkuðunum þurfi íslenskir skreiðarframleiðendur að lækka verð verulega á næstunni. Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Er ekki hægt að koma á samvinnu Norðmanna og Íslendinga um sölu skreiðar? Er ekki hægt í krafti norrænnar samvinnu að fá Norðmenn til að láta af óbilgirni sinni með einhverjum ráðum? Hafa þessi mál verið könnuð? Hefur eitthvað verið gert í þessum efnum?

Upptaka gengismunar hefur reyndar lengi tíðkast. Framan af hélt hver grein sínu að mestu gegnum Verðjöfnunarsjóð og þá einnig útgerð í heild ásamt sjómönnum. Nánast var þá um frestun afgreiðslu að ræða. Með árunum hafa stjórnvöld orðið grófari í millifærslum. Stærri og stærri fúlgur hafa farið til prívatúthlutunar fyrir sjútvrn. eða fyrir sjútvrh. hverju sinni. Þannig hefur í reynd átt sér stað mikil fjármagnstilfærsla milli landshluta. Þetta er mjög áberandi hvað varðar gengismun af skreið. Helstu framleiðendur skreiðar eru á Suðurnesjum eða Suðvesturlandinu, þó á stöku stað finnist einnig spyrðuband annars staðar. Það fjármagn, sem frá þessum útvegi er tekið, fer til ýmissa verkefna annars staðar á landinu, oft til að bjarga vitlausri fjárfestingu eða vonlausri fjárfestingu út um landið. T. d. þurfa þeir sem mótmælt hafa stækkun flotans að fjármagna stækkunina með góðu eða illu.

Að þessu sinni eru að vísu tekin upp nýmæli að tvennu leyti, í öðru tilfellinu réttlætanlegt en í hinu ósvinna. 100 millj. eiga að skiptast á allan flotann eftir aflamagni. Þar með er væntanlega stungið upp í Landssamband ísl. útvegsmanna, sem virðist geta gleypt hvað sem er þessa dagana. Hins vegar eru lánaðar, eins og það er oft nefnt, 60 millj. kr. til loðnuflotans, sem tvímælalaust á mest allra inni í millifærsluvitleysunni. Innheimta á lánin með öruggri leið og síðan hefur fé verið til prívatúthlutunar fyrir hæstv. sjútvrh. Gaman væri að vita hvort Landssamband ísl. útvegsmanna sé tilbúið að gleypa við þessu líka. Því trúi ég a. m. k. ekki enn.

Ég er andvígur upptöku á gengismun. Það verður að hverfa frá þessu millifærslusukki. Sjávarútvegurinn verður að búa við sömu skilyrði og aðrar atvinnugreinar í þessum efnum. Höfuðatriði er að skapa sjávarútveginum viðunandi rekstrargrundvöll og hætta þessu framsóknarkerfi. Þetta kerfi stefnir að því að koma öllum á hausinn, líka þeim sem best standa sig við rekstur sinna fyrirtækja.

Að síðustu spyr ég sjálfstæðismenn, sem áttu í fyrra samleið með okkur Alþfl.-mönnum um andstöðu við gengismunarupptöku: Ætlið þið virkilega að láta ganga svona yfir ykkur? Ætlið þið að samþykkja framsóknarleiðina eða ráðið þið bara engu?

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki taka langan tíma frá hv. d. til þess að ræða þetta mál við þessa umr. Ég fæ tækifæri til að skoða málið í sjútvn. og sjálfsagt koma þar fram ýmis atriði sem okkur eru ekki

alveg ljós nú og betra er að líta á við 2. umr.

Samkv. þessu frv. og brbl. verða 35—39% af fiskverði tekin fram hjá skiptum, þ. e. 10% sem renna í Stofnsjóð fiskiskipa svo sem áður var og 25—29% í sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.

Eftir að þessi lög höfðu verið gefin út gerðu sjómannasamtök og ýmsir forustumenn sjómanna aths. og mótmæltu þessum lögum. Ein dálítið sérstök yfirlýsing kom fram frá formanni Sjómannafélags Reykjavíkur og langar mig til að hafa hana eftir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Við súpugerð þessara þrælalaga hefur ríkisstj. misst piparstaukinn út í, enda er hið mesta óbragð af þessari lagasetningu, sem sjómenn og samtök þeirra mótmæla harðlega.“

Þetta sagði Guðmundur Hallvarðsson á sjómannadaginn síðasta.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan mótmælti þessu á þennan veg, með leyfi forseta:

„Ný ríkisstjórn Íslands hefur litið dagsins ljós og hefur sent landsmönnum sína fyrstu kveðju í formi brbl. Kveðjan er köld, en þó sýnu köldust til þeirra, sem við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar starfa, þ. e. sjómanna.“

Og enn segja þeir í þessari ályktun sinni: „Hlutaskiptaákvæði kjarasamnings hafa verið ógilt með stórhækkun á greiðslum til útgerðar utan skipta. Á meðan fiskvinnslunni er gert að greiða 27% hærra verð fyrir aflann fá sjómenn einungis 8% á fiskverð til sín.“

Af þessari upptalningu má öllum ljóst vera að ríkisstj. hefur nú þegar lagst á sveif með náttúruöflunum í að rýra tekjur sjómanna umfram tekjur annarra þegna í landinu. Ég held að þetta sé fyrst og fremst einkenni þessara laga, að þarna er verið að gera ráðstafanir til þess, eins og hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að styrkja stoðir útgerðar og fiskvinnslu í landinu og leiðin er sú að rýra hlut sjómanna. Þessi lög eru eins og önnur þau brbl. sem gefin voru út í upphafi starfsferils ríkisstj. og nefnd hafa verið „eitthvað-varð-að-gera-lög“. Það er eins og þeir sem settust í stjórnarstólana hafi verið knúðir til að gera eitthvað á mjög skömmum tíma og gera það án mjög mikillar yfirvegunar.

Hæstv. sjútvrh. sagði áðan, að staða sjávarútvegs hefði verið það vond þegar hann tók við að eitthvað þessu líkt hefði verið nauðsynlegt að gera. Þetta er merkileg yfirlýsing frá hæstv. sjútvrh., þ. e. framsóknarráðherra í þessari ríkisstj. Undanfarið hafði framsóknarráðherra farið með þessi mál, þ. e. undanfarin 3½ ár, og skilin hans til núv. sjútvrh. voru þá á þennan veg að það þurfti að gera þær miklu ráðstafanir sem koma fram í þessum lögum.

Þetta er orðinn hlutur og ekki eru miklar líkur á því að hv. Alþingi breyti þessum lögum mikið. En í sambandi við lög þessi er þó rétt að minnast þeirra umr. sem fóru fram í hv. Nd. þegar var verið að ræða um olíugjaldið og útflutningsgjaldið vegna ráðstafana í sjávarútvegi í febr. eða jan. s. l. Þá lýsti þáv. sjútvrh., núv. hæstv. forsrh., yfir að olíugjald skyldi óbreytt standa á árinu 1983. Hann lýsti því yfir að það hefði verið bókað hjá Verðlagsráði sjávarútvegsins og beint eftir beiðni ríkisstj. að olíugjald skyldi óbreytt standa árið 1983 og sama skyldi verða með niðurgreiðslu á olíu. Efndirnar voru þær, að um leið og búið var að skipta um sjútvrh. var þetta loforð svikið og gengið enn á hlut sjómanna í sambandi við rekstur útgerðar hér á Íslandi.

Það er kannske líka rétt að nefna það, að fyrrv. sjútvrh. hafði áður gefið undir fótinn með að olíugjald, þ. e. 7% olíugjaldið, skyldi fellt niður og jafnvel heyrðist þessi tónn í umr. á s. l. vetri í sambandi við útflutningsgjaldið. En á endanum er enn höggvið í sama knérunn. Þessi lagasetning er bein aðför gegn hlutaskiptareglunni, eins og kom fram í ræðu Karls Steinars áðan. Það er verið að gera tilraun til að kollvarpa hefðbundinni hlutaskiptingu við útgerð á Íslandi, og það eru ekki tekin þar nein smáskref.

Með þessum lögum átti að bæta hlut útgerðar með því að minnka hlut sjómanna, en hvað varðar bátaflotann er það hverfandi lítið sem rennur til útgerðar, vegna þess að meginhluta tímabils bátaútgerðar eru sjómenn á föstu kaupi. Breytt hlutaskipti bæta því lítið hag bátaútgerðar hjá okkur. Það er kannske í mars eða apríl sem þarna verður einhver breyting á. Mín skoðun er sú, og ég geri ráð fyrir að sú sé skoðun flestra útgerðarmanna á Íslandi, að það hafi verið ástæðulaust að rýra hlut bátasjómanna þennan stutta tíma, og flestir þeir sem gera út báta munu ekki hafa fagnað þessum aðgerðum og breytingum á hlutaskiptareglum.

Ég vil undirstrika að gagnvart bátaútgerðinni hefur þetta verið mjög vafasamur hagnaður og fyrir aðra útgerð hefur þetta einnig verið mjög vafasamur hagnaður. Einn útgerðarmaður á Snæfellsnesi sagðist hafa vaknað við það morguninn eftir að þessi brbl. voru gefin út, sem var að kvöldi, að hann hefði tapað 25 millj. Þetta er maður sem stjórnar togarafyrirtæki. Það þýðir að allur afli togarans á árinu dugar ekki til að standa undir þessari einu aðgerð ríkisstj. gagnvart þessari útgerð. Hvernig skyldi það vera gagnvart öðrum?

Gengisfellingin og svo þessi aðgerð hefur því verið til lítilla bóta fyrir íslenskan sjávarútveg, enda sýnir sá listi sem birtur hefur verið í blöðum að það er eitthvað sérstakt að ske í þjóðfélaginu. Birtur hefur verið á merkilegan hátt listi yfir 20 skip, bæði í dagblaði og svo vikublaði, sem gefið er út upp á síðkastið, sem sýnir hinar stórkostlegu skuldir togara- og bátaflotans. Þó nokkuð stór hluti af skuldunum er eingöngu vegna aðgerðanna frá því í sumar. En út frá þessum lista hef ég áhuga fyrir að spyrja hæstv. sjútvrh. — ég er að nefna þann lista sem mér er sagt að hafi komið í Dagblaðinu og svo í Sjávarfréttum, vikublaði sem hefur verið að koma út, — hvort Fiskveiðasjóði sé heimilt að birta viðskiptastöðu sinna lántakenda. Líkast til er ekki viðstaddur sá ráðh. sem fer með málefni Byggðasjóðs, en ég spyr hvort búið sé að rjúfa þagnarskyldu og menn geti ekki átt viðskipti við lánastofnun án þess að eiga það á hættu að viðskipti þeirra séu gerð opinber og ekki aðeins að það sé sagt frá þeim, heldur séu þau birt opinberlega í blöðum.

Mér er sagt að þessi listi hafi gert það að verkum að flest og kannske öll þessara skipa séu komin á svartan lista hjá viðskiptamönnum sínum í sambandi við hin breytilegu viðskipti. Er hægt að búast við, hvort sem þessi listi er kominn frá Fiskveiðasjóði eða öðrum trúnaðaraðilum sem Fiskveiðasjóður hefur sent listann, að eitthvað þvíumlíkt endurtaki sig eða megum við búast við að leynd bankastofnunar verði afnumin? Það má vel vera að það sé hið æskilega, en þegar hefur verið

leitað eftir upplýsingum á öðrum vettvangi hefur það ekki legið á lausu.

Ég sagði í upphafi að ég skyldi ekki eyða löngum tíma, en aðeins um gengismuninn. Þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum og ansi oft síðan hefur því verið lýst yfir að ríkisstj. mundi lækka skatta. Þeir hafa meira að segja hamast við að leggja niður hina og þessa skatta. Hvað er skattlagning ef það er ekki taka gengismunur? Það er ekkert annað en skattlagning. En svo merkileg er sú skattlagning, að þegar verið er að bjarga sjávarútveginum er hamast við að færa til á milli greina á hinn furðulegasta máta. Og svo er verið að segja þjóðinni að það sé verið að bjarga einhverju. Tekið er frá þeim aðila sem gengisfellingin á að bjarga, þ. e. fiskvinnslunni, 10% í gengismun, en jöfnum höndum er verið að segja að verið sé að bjarga henni. Þetta er grófasta skattlagning sem hægt er að hugsa sér. Hvaða skattar aðrir sem eru endurgreiddir, hvort sem það er flugvallagjöld eða hvað annað, eru hégómi miðað við þá skattlagningu sem hér á sér stað.

Eitt er það í viðbót sem mig langar til að nefna. Fyrir nokkrum dögum komu heilmiklar yfirlýsingar frá hæstv. iðnrh. um að Sambandið og Sölumiðstöðin stæðu sig illa í því að selja íslenskar sjávarafurðir. Ýmsir höfðu látið sér detta þetta í hug að slíkt gæti átt sér stað, en að yfirlýsingar kæmu frá hæstv. iðnrh. og krafan um að þessir hlutir væru skoðaðir kæmi þaðan, því höfðu menn ekki búist við. A. m. k. álitu stjórnarandstæðingar að slík krafa kæmi frekar frá hæstv. sjútvrh. En það getur verið að á vissum sviðum sé orðin verkaskipting og að hæstv. iðnrh. hafi tekið vissan þátt í erfiðleikum sjútvrh. við að byggja upp rekstur sjávarútvegsins eftir fyrirrennara hæstv. núv. forsrh.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það frv. til l. sem liggur hér fyrir um ráðstafanir í sjávarútvegi er búið að vera lengi á vörum manna, ef svo má segja frá því brbl. komu til framkvæmda. Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um það. Þetta er mikið stórmál sem mun fá síðari meðferð í n., og hvað kemur út úr því skal ósagt látið hér, en ég geri ráð fyrir að þetta frv. fari í gegn lítt eða óbreytt.

Hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 6. landsk. þm. hafa verið hér í ræðustól áður. Það virðist eins og þeir komi af fjöllum að ástandi í íslenskum sjávarútvegi í dag og það sem er að ske í þeim efnum sé að falla af himni ofan síðustu daga. Sannleikurinn er sá, að þetta er búið að hafa langan aðdraganda og ég ætla ekki að kenna þar um neinni sérstakri ríkisstjórn. Það er uppsafnaður margra ára vandi í íslenskum sjávarútvegi. Þó að ég muni fylgja þeirri afgreiðslu sem verður gerð hér á gengismun er það engin bót fyrir t. d. skuldugustu skipin við Fiskveiðasjóð að fá 5 millj. hámark til að stytta skuldahala sinn. Það breytir ekki öllu um stöðu þeirra, en þó er verið að koma þarna á móts við menn. Það breytir engu um að skip þessi eru jafnilla stödd hvað rekstur snertir.

Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að slíkur vandi er á ferðinni á næstu dögum eða vikum, ef svo má segja, að það verður að taka þessi mál upp á borðið, hvað á að gerast í útgerðarmálum þessara skipa. Hinir ýmsu staðir í landinu búa við óöruggt atvinnuástand, vægast sagt, og það þarf að takast alvarlega á við það mál áður en farið er að svipta t. d. minni byggðarlögin skipunum sem þau byggja nær eingöngu á. Ég veit að þetta gengur hæstv. fulltrúum Alþfl. illa að skilja, sem hafa yfirleitt verið á móti á s. l. árum öllu sem heitir uppbygging í sjávarútvegi, tala um ranga fjárfestingu. Ég segi það hér og nú að þeir hafa gert það án þess að nokkurri sanngirni væri þar beitt.

Ef ég ræði aðeins um brbl. í sambandi við gengismuninn, þá vonast ég til þess að kannske verði á næstunni minni gengismunur en fjallað er um að undanförnu og við getum hægt mikið á gengissiginu eða stöðvað það alveg að miklum hluta til. Auðvitað er þá hægt að deila endalaust um hvernig skipta á gengismun á milli hinna ýmsu vinnslugreina, en allir vita að sú þörfin er langsamlega brýnust að halda útgerðinni gangandi því að hún er frumgrein fyrir alla vinnsluna.

Það má deila um hvort við eigum að taka gengismuninn af skreið eða láta hann heldur vera kyrran á sínum stað vegna þess að skreiðin er óseld. Það er allt of mikil bjartsýni sem þar er uppi. Skreiðin liggur annaðhvort hér heima eða er seld til Nígeríu og er það á löngum gjaldfresti, svo við vitum ekki hvað út úr sölu kemur þó óskhyggja þar ráði.

Þessar 200 millj., sem ráðstafað er til skipanna, koma of seint inn, en 100 millj. sem eru handa útgerðinni sérstaklega er réttlætanlegt að láta af hendi og koma réttilega niður. En það er fjármagnskostnaður útgerðarinnar sem er með hana að fara. Við getum deilt um hvernig stendur á þessu, en hluti vandans er iðnaðarvandamál. Við verðum að gera okkur ljóst að það er iðnaðarvandamál þarna á ferðinni og það er fjármagnskostnaðurinn sem er með þetta að fara og menn hafa ekki undan þar. Þess vegna, þó það eigi ekki heima í þessari umr., þætti mér ekki óeðlilegt að um það væri spurt, t. d. hvað snertir vaxtalækkun sem nú hefur verið, hvernig stendur á því að ekki eru lækkaðir einnig dráttarvextir sem er mjög knýjandi hjá mörgum atvinnufyrirtækjum. Þeir hrúgast upp í viðbót við vanskilaskuldir og gerir það málið enn þá erfiðara.

Ég þarf ekki að taka upp hanskann fyrir ýmsa sjálfstæðismenn í þessum efnum, eins og hv. þm. Karl Steinar lét liggja að áðan. Þeir hafa sínar skoðanir á málunum og ég hef mínar í þessum efnum. Ég mun standa með því að gengismun verði ráðstafað á þann hátt sem hér er lagt til. Ýmsir liðir koma þar vel fram. En hvað varðar lán til loðnuveiðiskipanna sem útgerðin greiðir þegar þau fara að veiða, það eru 200 millj. — Hvað gagna þær 200 millj., sem fara eiga til vanskilanna? Það sér ekki högg á vatni. Það skulið þið vera mér sammála um. En hinu er ég algerlega sammála. Það stefnir rétta leið. Og að því skulum við standa saman.

Ég minni á við þetta tækifæri að staða útgerðarinnar er þannig í dag, að þetta er okkar undirstöðuatvinnuvegur og við getum ekki frestað því öllu lengur að takast alvarlega á við vandann. Það virðist vera þannig þegar minnst er á sjávarútveginn yfirleitt, að það vandamál verði að bíða, það sé ekki tími til að taka á því strax. En það getum við ekki beðið með lengur. Þarna bíða með óþreyju bæði þeir sem gera út skipin og þeir sem fyrst og fremst hafa vinnuna af því að vinna aflann úr þeim.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að vera langorður. Það er aðeins eitt atriði sem mig langar til að verði fært til bókar.

Hæstv. sjútvrh. kynnti hér aðgerðir til aðstoðar

sjávarútvegi og að markmið þessara aðgerða væri fyrst og fremst tekjuaukning, þ. e. að jafna bilið milli tekjuaukningar og kostnaðaraukningar þar sem kostnaðaraukning hafi verið meiri en tekjuaukning, og eigi þessar ráðstafanir að færa útgerðinni annars vegar auknar tekjur þrátt fyrir minnkandi afla og hins vegar hluti þeirra að minnka kostnað, sem þó fer vaxandi. En það sem maður þó endanlega heggur hvað helst eftir er það, að núna, tæpum fjórum mánuðum eftir að þessum aðgerðum var hleypt af stokkunum, fer að heyrast sami tónn sem heyrst hefur ansi oft áður og nokkuð óslitið undanfarin ár, þ. e. staðan var enn verri en menn gerðu sér grein fyrir og því miklu lakari nú en menn gat órað fyrir, þ. e. afli hefur minnkað og kostnaður hefur vaxið. Þetta segir okkur í sjálfu sér ekkert annað en það, að aðgerðir af því tagi sem hér er verið að ræða um, jafnvel þó skynsamlega sé með farið, — ég er sammála hv. 3. þm. Vesturl. um að ráðstöfun gengismunarins sem slík er líklega með því skynsamlegasta sem maður hefur séð á undanförnum árum, — eru bara hluti af aðgerð sem endar alltaf með því að vera gagnslaus. Hún kallar á endurtekningar sams konar aðgerða í sífellu með mismunandi löngum hléum á milli, en á meðan ekki er eitthvað annað að gert er þetta ein af þessum mörgu eilífðarvélum sem stillt hefur verið upp í okkar þjóðlífi og ekki virðist hægt að stöðva.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er ekki hér í salnum. Ég hafði reyndar spurningu til hans. Heldur þú að hann sé í húsinu? (**Gripið fram í:** Hann er að tefla.) Hann er að tefla. Mig langaði til þess að spyrja hæstv. fjmrh. spurningar. (**Forseti:** Ég skal athuga hvort hægt er að ná í hæstv. fjmrh.) Mér skilst nefnilega að hann hafi fyrir skömmu stungið upp á mjög einfaldri lausn á þessum heildarvanda öllum og ég ætlaði að fá svar við því hvort rétt er eftir haft.

Það er eitt í þessari umr. allri sem kannske hljómar svolítið kynlega í eyrum fólks. Menn hafa vanið sig á ákveðið orðalag, sem horfir svolítið fram hjá raunveruleikanum. Menn tala um álögur, sem lagðar séu á tiltekna atvinnugrein, rétt eins og þessir hlutir detti af himnum ofan. Auðvitað eru menn í þessu landi að vissu leyti frjálsir að vali á hlutskipti sínu, alla vega hvað innlend vandamál snertir.

Við erum að ræða, hæstv. fjmrh., um aðgerðir til hjálpar sjávarútvegi og mig langaði, með leyfi forseta, að spyrja hvort það er rétt eftir fjmrh. haft að hann hafi á fundi í Vestmannaeyjum um helgina hvatt til þess að menn byrjuðu á nýjum grunni, horfðu til framtíðar, og sagt sem svo, að skuldir sjávarútvegsins væru ekkert vandamál, það væri einfaldlega hægt að strika þær út.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Fjarvera mín héðan úr deildinni skýrist á því, að ég var beðinn um að vera viðstaddur í Nd. Ég bíðst afsökunar á því.

Það er rétt, að á fundi sem haldinn var í Vestmannaeyjum í gær voru vandamál sjávarútvegsins nokkuð rædd, en orð sem ég viðhafði þar var ekki hægt að skilja þannig, að skuldir sjávarútvegsins væru ekkert vandamál. Það er alveg þveröfugt. Ég talaði um að skuldir sjávarútvegsins væru mjög mikið vandamál, en þessi vandamál, ef ég endurtek nokkurn veginn orðrétt það sem ég sagði í Vestmannaeyjum, eru á þann veg, að ef við horfum til sjávar og ef við horfum til fiskimannanna á fiskimiðunum, sem bera undirstöðuauð að allri velmegun á Íslandi að landi, og ef við horfum á sama tíma á vinnslustöðvarnar verðum við þess fljótt áskynja við athugun á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og undirstöðunni undir velmegun þjóðarinnar að þessi fyrirtæki eru meira og minna í vandræðum. Skuldir hlaðast upp af stofnkostnaði og reksturinn stendur ekki undir útgerðinni.

Ef við aftur á móti snúum baki í það sem er verðmætaskapandi með þjóðinni og horfum til lands, þá sjáum við afraksturinn af þeim þjóðarauði sem hafið hefur gefið okkur. Við sjáum velmegunina, við sjáum land og þjóð rísa úr þeim rústum sem við þekktum sem vorum að koma á vinnumarkaðinn rétt fyrir síðari heimsstyrjöldina. Þar er sá auður falinn sem undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar hefur skapað okkur. Það er það furðulega að sjávarútvegurinn sjálfur skuli vera í vanda, þar sem stofnframlög í fyrirtækjum og uppbygging á þeim hleður á sig kostnaði af vöxtum og afborgunum á meðan þjóðin lifir við allsnægtir.

Þess vegna lét ég þau orð falla, að einhvern tíma hlyti að koma að því að djarfar ákvarðanir yrðu teknar, sem varða þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, sem er sjávarútvegurinn, og hvort ekki væri tímabært nú eða hvort það þyrfti að bíða eftir kjarkmeiri stjórnmálamönnum til að viðurkenna þessa staðreynd og gera upp við opinbera sjóði á þann veg, að það verði hægt að byrja á nýjum grunni í sjávarútveginum. Á ég þar við að strika út með einu pennastriki allar þær skuldir og kvaðir sem hvíla á sjávarútveginum í opinberum sjóðum en því sem hefur safnast upp í rekstrarskuldum yrði sjávarútvegurinn að sjá fyrir sjálfur.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég hef ekki ætlað mér að fara langt út í umr. um sjávarútvegsmál, enda margir sjávarútvegsmenn í þessari hv. deild. Ég geri fremur ráð fyrir að þetta frv. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, sem hér er til umr., muni fara óbreytt eða a. m. k. lítið breytt frá þinginu.

Það var aðeins vikið að því í umr. áðan, að hluti af þeim vandamálum sem við væri að búa í sjávarútvegsmálum væri e. t. v. ekki síst iðnaðarvandamál. Ég er þessu hjartanlega sammála. Það nægir að minna á loðnubrestinn, sem hefur orðið til verulegra búsifja hjá sumum iðnfyrirtækjum ekki síður en annar aflabrestur hefur leitt af sér búsifjar hjá fjölmörgum þjónustuaðilum við útgerðina.

Ég kom hér í ræðustól aðeins til þess að minna á eitt í þessu sambandi. Það eru fyrirtæki sem nefnd eru nótastöðvar. Ég veit að nokkrar nótastöðvar eiga í erfiðleikum og þá erfiðleika má rekja til loðnubrestsins, enda þótt það komi e. t. v. ekki beint við ráðstöfun þessa fjár, þ. e. gengismunar. Ég geri ráð fyrir því og veit raunar, að ráðstöfun gengismunarins er ákveðin. En mig langaði í þessu sambandi til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. um það, hvort tíundaðar hefðu verið eða ráðgerðar einhverjar ráðstafanir vegna nótastöðvanna. Ég vil taka fram að ég geri mér grein fyrir því að þetta verður e. t. v. ekki leyst á þessum vettvangi, en þá annars staðar og hvernig?

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinargóð svör hans.

Ég geri mér grein fyrir því, eins og hann, að auðvitað

er sjávarútvegur Íslendinga sú undirstaða sem við öll byggjum á, en geri mér enn fremur líka grein fyrir því, að drjúgan þátt í því ástandi sem við búum við í dag á að allt of margir aðilar hafa viljað verða þátttakendur í því auðspili sem sjávarútvegurinn er upphafið að og mikið til fyrir þá sök að stjórnvöld hafa í raun og veru gefið undir fótinn við land og þjóð, þ. e. byggðir þessa lands, að þær mættu verða þátttakandi í þessum mjög svo auðmyndandi atvinnuvegi.

Stór hluti skulda þessa lands er til kominn fyrir ráðstafanir í sjávarútvegi. Það er vissulega snöfurlega mælt þegar menn stinga upp á þeirri einföldu ráðstöfun að strika þessar skuldir út fyrir fullt og allt. Við vitum að skuldir við Fiskveiðasjóð munu vera í dag líklega eitthvað um 1 milljarður og þennan eina milljarð hafa landsmenn í heild lánað. Þá er lokaspurningin til hæstv. fjmrh.: Hver borgar Fiskveiðasjóði, því að Fiskveiðasjóður verður að standa skil á þessum skuldum að mestu leyti erlendis, þar sem lán hafa verið tekin til þess að lán mætti veita úr þeim sjóði?

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég skal ekki fara langt út í atriði þessa máls, en það voru þó fáein atriði sem hæstv. fjmrh. nefndi hér sem gerðu það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs.

Ég verð að segja það alveg eins og er: Ef sú einfalda lausn er til á vandamálum sjávarútvegsins að slá striki yfir allar hans skuldir, eins og hæstv. fjmrh. sagði hér, af hverju hefur það þá ekki verið gert fyrr? Á maður að trúa því að hæstv. fjmrh. í ríkisstjórn Íslands komi í ræðustól á Alþingi og boði þar sem einfalda lausn á öllum þeim vanda sem við er að glíma í sjávarútvegi að slá striki yfir allar þær skuldir sem þar eru komnar á blað? Hvað meinar hann? Og hvað segir hæstv. sjútvrh. um þessa patentlausn? Er þá ekki rétt að fara að athuga að slá striki yfir skuldir á fleiri stöðum? Hvað með þá sem efnahagsaðgerðir þessarar hv. ríkisstj. hafa leitt í ógöngur, hvað með þau heimili? Hvað með þá sem skulda í húsnæðislánakerfinu? Er ekki rétt að slá bara striki yfir þær skuldir líka? Og mætti ekki fara svo að á einhverjum fleiri sviðum? Ég held að það séu takmörk fyrir því hvað er hægt að bjóða mönnum hér í málflutningi.

Landið og þjóðin eru að rísa úr rústum, sagði hæstv. ráðh. Mér gengur stundum illa að skilja hann og mér gekk óvenjulega illa að skilja hann núna — líka þegar hæstv. ráðh. sagði að við ættum að snúa baki í það sem væri verðmætaskapandi. Ég held að við ættum fyrst og fremst að horfa á það sem er verðmætaskapandi og verðmætasköpunina. Ég átti svolítið erfitt með að átta mig á þessu.

Það er kannske svolítið léttúðarfullur málflutningur, en í póstkössum hv. þm. í dag liggur fundarboð frá Maharishi Mahesh jóga, sem býður til fundar á Hótel Borg mánudaginn 24 okt., kl. 17.30 núna á eftir, og fundarefnið er nú ekki lítilvægt þar. Þar mun hann m. a. skýra hjálagt boð til ríkisstjórna um að leysa vandamál þeirra. Ég held að sá maður geti ekki haft verri lausnir en þær sem hæstv. fjmrh. hefur verið að bjóða upp á, vegna þess að svo einföld eru þessi mál ekki að það sé hægt að segja fullum fetum: Við skulum bara strika út allar skuldirnar.

Við vitum að að hluta til eiga vandamál í íslenskum sjávarútvegi sér margþættar orsakir og það er ekkert einfalt mál að ræða það eða skýra. Hluti vandans er vitlaus fjárfesting. Hluti vandans er fólginn í því, að við notum núna að ég hygg 15—20% stærri skipastól til að sækja um það bil 18% verðminni afla en var 1981. Þetta er einn þáttur vandans. Til þess að gera kannske flókið mál mjög einfalt, þá er staðreyndin orðin sú, að það kostar okkur of mikið að ná hverju kg af fiski úr sjó og koma því á markað þannig að við getum vel við unað. Það er orðið allt of dýrt. Við þurfum að auka ekki aðeins framleiðslu, sem er háð þeim náttúruskilyrðum sem við búum við, heldur þurfum við að auka framleiðni og gera þetta hagkvæmara.

Hv. 3. þm. Vesturl. vék að stefnu Alþfl. í sjávarútvegsmálum og sagði að Alþfl. hefði barist gegn öllum endurbótum í sjávarútvegi. Þetta er einfaldlega ekki rétt. Þetta er alrangt. Alþfl. stöðvaði á sínum tíma, þegar hann átti sæti í ríkisstj., innflutning fiskiskipa, innflutning togara, en síðan voru þar allar gáttir opnaðar að nýju þangað til hæstv. núv. forsrh. og fyrrv. sjútvrh. sá að sér og sú ríkisstjórn sem hann sat í og stöðvaði þennan innflutning. Ég held að við stæðum ólíkt betur að vígi ef ekki hefði verið hleypt þeirri skriðu inn í landið sem þarna fór af stað. Auðvitað eru það þau skip og fyrirtækin sem fengu þau skip sem eiga í langmestum örðugleikum núna. Það gefur auga leið.

Hæstv. núv. sjútvrh. var ekki öfundsverður af að taka við því búi sem flokksformaður hans og fyrrv. sjútvrh. skilaði honum í hendur. Sennilega hefur hann fengið eitt erfiðasta hlutverkið í allri ríkisstj. og er ekki öfundsverður af því. — En það verður að gera þær kröfur til ráðh. í ríkisstjórn Íslands að þeir hafi ekki uppi málflutning af því tagi sem hæstv. fjmrh. hefur boðið okkur upp á hér í dag, og ég vona að hann taki þeirri ábendingu minni vinsamlega.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði, sem er að sjálfsögðu bakgrunnur alls sem ég sagði í Vestmannaeyjum og eins vandamála þjóðarinnar. Hann sagði að of margir hefðu viljað vera þátttakendur í auðspili sjávarútvegsins, sjóðir og peningastofnanir hafi hleypt þessum allt of mörgu aðilum af stað — og hver borgar skuldir Fiskveiðasjóðs?

Þetta er mergur málsins. Við skulum gera okkur grein fyrir því að sjávarútvegurinn stendur ekki undir þeim kvöðum sem á honum hvíla. Fjárfestingar hafa verið mjög miklar og á þessar skuldir hlaðast vextir og afborganir. Það kemur aldrei peningur inn í stofnanir til baka, hefur ekki gert í langan tíma. Það er verið að skuldbreyta frá einum tíma til annars, þannig að höfuðstóllinn stækkar og stækkar. Þetta getur ekki endað með öðru en því að sparifé landsmanna er komið í skuldabyrði sjávarútvegsins. Og það segir sig sjálft að einhvern tíma tæmast sjóðirnir. Og þegar komið er á það stig verður að fara að bjóða upp, fyrst hjá einum og einum aðila, og eftir sitja þeir framkvæmdaaðilar, sem hafa staðið að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og öll okkar velmegun byggist á, atvinnulausir og auralausir.

En ég var að tala um þann möguleika að gera einhverjar aðrar og djarfari ráðstafanir til að bjarga sjávarútveginum en að láta hvert fyrirtæki fara yfir um smátt og smátt, eitt og eitt í einu, sem leysir engan vanda á annan hátt en þann sem ég hef verið að halda fram. Þessir sjóðir, hvort sem þeir heita fiskveiðasjóðir,

bankarnir eða ríkisábyrgðarsjóðir, taka á sig tap. Þetta var nú talað um sem mögulega lausn á vandamáli sjávarútvegsins á einu bretti í staðinn fyrir að steypa sjávarútveginum í þann vanda sem hann verður í þegar að því kemur að ríkisstj. eða þjóðin getur ekki lengur staðið undir þeim fjárfestingum sem þegar hafa átt sér stað þar.

Ég vil biðja hv. 5. landsk. þm. að snúa ekki út úr orðum mínum. Ég var að reyna að fá menn til að horfa til sjávar og hafa þá fiskiðjuverin í landi fyrir framan sig í þeirri ímynduðu ferð og snúa sér svo við og horfa til lands og sjá hvað í upplandinu býr, hvað afkoma þjóðarinnar og þjóðfélagið hafa breyst frá þeim tíma sem ég gat um og til dagsins í dag. Öll þessi velmegun byggist á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sem situr eftir með stærsta og mesta vandann. Hvenær sem þetta sjávarútvegsdæmi verður gert upp verður það ekki gert upp með því að greiða peninga til baka í fjárfestingarsjóði þá sem hafa látið peninga í té, heldur verður þetta gert upp með uppboðum og miklu fjárhagslegu tjóni fyrir þá sjóði sem hafa þá hleypt of mörgum inn í þennan atvinnuveg. Og kannske að þar sé um offjárfestingu að ræða. Þetta sem ég minntist á er ein af tveimur leiðum og ég tel ekki nokkra ástæðu til að reyna að gera þá leið tortryggilega með því að fara að taka aðra inn í þessa mynd, sem hafa kannske byggt í kringum sig á þeim undirstöðuauðæfum sem sjávarútvegurinn hefur flutt frá sjávarsíðunni inn í landið. Það hefði kannske átt að hafa hemil á því fyrr, þannig að allur sá auður hefði ekki farið í uppbygginguna inni í landinu, heldur hefði hún orðið hægari inni í landinu meðan var verið að greiða niður uppbygginguna við sjávarsíðuna.

Ég tel að þessi málflutningur sé vel boðlegur, en hvort einstakir þm. eru reiðubúnir að hugsa á þeirri línu, sem er öðruvísi en hingað til hefur verið gert, og lyfta sér upp úr meðalmennskunni þegar um fjármál er að ræða, það veit ég ekki. En það er alveg augljóst að sjávarútvegurinn hleður á sig skuldum í dag, sem enda með því að hvíla það þungt á þjóðarbúinu að til stórtækra aðgerða verður að grípa.

Skúli Alexandersson: Hæstv. forseti. Það eru þó nokkuð mörg orð og ár liðin síðan setning eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan hefur verið sögð hér á þinginu, þ. e. að leysa megi íslensk fjárhagsmál með enn einu pennastriki, en þessi setning var nokkuð mikið á vörum manna og sögð af einum foringja Sjálfstfl. hér fyrir 35 eða 40 árum eða svo. (**Gripið fram í:** Um verðbólguna.) Ja, það var beint í sambandi við efnahagsmál, að það væri hægt að leysa vandann með einu pennastriki, eins og hæstv. fjmrh. segir nú.

Mér finnst um það sem fjmrh. hefur sagt hér nú, að hann rísi ansi langt upp úr meðalmennskunni. Og hann nefnir þarna atriði sem eru staðreynd í íslensku þjóðarbúi, þ. e. að fiskvinnsla og útgerð séu látin bera og hafi borið á undanförnum árum og áratugum allt of stóra yfirbyggingu og þessi yfirbygging sé komin með þá fjárhagsstöðu hjá útgerðinni eins og raun ber vitni. Nú heyrir maður að í bankakerfinu íslenska þurfi þrjú störf fyrir hvert eitt hliðstætt starf sem unnið er á Norðurlöndunum. Hvað er sóunin mikil ef það þarf þrefaldan mannskap til að sinna bankaþjónustu á Íslandi miðað við nágrannaþjóðir, hvað er sóunin mikil í sambandi við laun, hvað er sóunin mikil í sambandi við byggingar sem við sjáum nú allir og tæki og búnað fyrir allt þetta fólk? Ef við aftur á móti lítum til sjávarútvegsins, þá er því öfugt farið. Íslenskir sjómenn skila þreföldum afköstum á við kollega sína umhverfis okkur. Hver er munurinn? Og er nokkurt vit í því þjóðfélagi sem lætur sjávarútveg og útgerð tapa á meðan það lætur banka stórgræða, að reksturinn skuli vera á þann veg. Ég geri ráð fyrir því að svipaður samanburður sé í versluninni íslensku, þar séu þrír Íslendingar á móti hverjum einum á hinum Norðurlöndunum, og örugglega er það í olíubransanum.

Þessir tveir stóraðilar, bankarnir og olíufélögin, eru aðalviðskiptamenn íslenskrar útgerðar. Báðir eru ríkistryggðir í bak og fyrir, þar getur aldrei orðið tap og það má raða fjárfestingu ofan á fjárfestingu og fjölga fólki sí og æ í þessum stofnunum. Á meðan er útgerðin á Íslandi látin tapa. Það er þetta sem er að ske á Íslandi í dag og hefur verið að ske á Íslandi á undanförnum árum. Yfirbygging hefur verið búin til af kerfisflokkunum okkar, af Framsfl. og Sjálfstfl., til þess að halda uppi valdakerfinu á Íslandi og íslensk útgerð hefur verið mergsogin út á það. Framsfl. mundi sjálfsagt ekki lengi lifa ef þetta kerfi væri dautt. (**EG:** Er ekki Alþb. búið að vera í stjórn í fimm ár?) (**Gripið fram í:** Hverjir fóru með bankamál s. l. fimm ár?) Ætli það hafi ekki verið hv. þm. Tómas Árnason. Hann mun hafa verið stuttan tíma viðskrh. En við höfum verið í ríkisstjórnum Alþb., ég ætla ekki að skorast undan því, og við höfum gert þar stóra hluti. (**Gripið fram í:** Hvað?) Okkar flokkur beitti sér fyrir því að byggja upp íslenskan sjávarútveg með Sjálfstfl. í nýsköpunarstjórninni, Framsókn og Alþfl. í vinstri stjórninni 1956 til 1958 og síðan í ríkisstjórn með Framsókn og Samtökum vinstri manna 1971 til 1973. Þá voru gerðir stórir hlutir. Og einn ágætur sjálfstæðismaður, mikill iðnaðarmaður, Þorgeir Jósefsson frá Akranesi, lét hafa það eftir sér og hefur margoft sagt það, að í hvert skipti sem gert hefur verið stórt átak í uppbyggingu íslenskrar togaraútgerðar, einmitt þegar Alþb. hefur staðið að stjórn, hefur orðið góðæri á Íslandi, ekki aðeins til sjávar heldur líka um land allt.

Sú stefna sem hæstv. fjmrh. var að benda á áðan er alveg rétt. Það þarf að snúa hlutunum við. Það þarf að taka fjármagn úr yfirbyggingunni og færa það til grunnatvinnuveganna, hvort sem það heitir sjávarútvegur, iðnaður eða landbúnaður. Allir þessir atvinnuvegir eru meira og minna skattlagðir til stofnana sem flokkarnir sem nú stjórna og eru í ríkisstj. lifa á og stjórna landinu eftir. (**Fjmrh.:** Ég er í Sjálfstfl.)

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Gengismunur í sjávarútvegi er vissulega skattur, eins og hér hefur komið fram, en gengismunur í sjávarútvegi er gjald sem sjávarútvegurinn sjálfur hefur lagt til, sem hann hefur aflað á sinn hátt eins og fiskjar er aflað. Þetta skyldu menn hafa í huga þegar rætt er um að þarna sé um að ræða eitthvert óskilgetið afkvæmi í peningamálum þjóðarinnar.

Það er ánægjulegt að heyra hér raddir um að menn vilji gera upp við sjávarútveginn, vegna þess að sjávarútvegurinn hefur verið afskiptur um langa hríð, svo afskiptur að hann er með sanni hornreka í íslensku þjóðfélagi. Þeir sem stunda sjávarútveg, ef tekinn er jöfnuður þar á, geyma ekkert feitmeti í skyrtuerminni. Það eru aðrir sem gera það í þessu þjóðfélagi. Og það á

að hætta þeirri þjóðnýtingu, sem hefur verið á sjávarútvegi um allt of langt skeið, — þjóðnýtingu sem byggist á því að sjávarútvegurinn er látinn byggja upp í óeðlilegu hlutfalli miðað við getu.

Það er sagt að verðbólgan sé mikið vandamál, og hún er það vandamál sem hefur verið mest í sviðsljósinu hjá okkur um nokkurt árabil. Það er annað vandamál sem í raun er miklu djúpstæðara og alvarlegra og það er rekstrarvandi sjávarútvegsins. Það er þess vegna kominn tími til að menn hiki ekki við að taka til höndum í þessum efnum. Málið snýst einfaldlega um það, að við fáum ekki nægan afla á hvert skip í dag. Við fáum ekki nægan afla miðað við það verð sem við fáum fyrir hvert kíló. Þess vegna er eðlilegt að upp komi spurningar og hugmyndir um að taka þurfi tak markaðsöflun landsmanna á öllum sviðum, jafnt í sjávarútvegi sem landbúnaði. Það er eðlileg gagnrýni og ætti að vera opin öllum og aðgengileg.

Hv. 8. þm. Reykv. nefndi sjávarútveginn og starf að sjávarútvegi auðspil. Það má kalla það ýmsum nöfnum að sinna höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, en auðspil er fremur lítillækkandi orð en hitt. Það er ekki ástæða til að deila á hluti eins og þegar rætt er um að menntamannahjal og menntamannatal ráði ferðinni í umræðum í þjóðmálum landsins, en slíkt orð og slík orðnotkun hún minnir á það hjal.

Hv. 8. þm. Reykv. fjallaði um að stór hluti skulda í landinu væri fyrir aðgerðir í sjávarútvegi. Þetta er mergurinn málsins, en þarna var komið að máli úr rangri átt vegna þess að skuldirnar í sjávarútvegi landsins eru fyrir þá sök að sjávarútvegurinn hefur ekki haldið sinni stöðu, haldið því sem hann átti skilið.

Sami þm. kvað landsmenn hafa lánað í heild til sjávarútvegsins. Það er sjávarútvegurinn sjálfur sem hefur byggt upp þá lánastarfsemi sem hann grípur til. Það er orðin lenska í þjóðfélaginu í dag allvíða, og sérstaklega í plássum og byggðum þar sem sjávarútvegurinn er ekki stór og snar þáttur í hversdagslegu lífi, það hefur orðið snar þáttur í þessum byggðarlögum, að ræða ekki um sjávarútveginn — og menn vilja ekki ræða um hann, þeim finnst hann ekki koma þeim við. Þetta er hættulegt. Þetta er hættulegt fyrir framtíð Íslands vegna þess að við hljótum að þurfa að leggja ofurkapp á að ná áttum í íslenskum sjávarútvegi. Að ná áttum í því að nýta skipakost, byggja hann skynsamlega upp, nýta fiskimið í stað þess að ofnýta. Það er þarna sem við þurfum fyrst og fremst að setja hrygg í málin. Að setja hrygg í uppbyggingu íslensks sjávarútvegs er það stóra vandamál sem blasir við að leysa í náinni framtíð.

Hv. 5. þm. Vesturl. sneri á sinn hátt út úr fyrir fjmrh., en lagði áherslu á að við ættum að horfa á verðmætasköpunina. Auðvitað erum við sammála um það, en þá kemur líka að einum þætti, sem skiptir miklu máli í þessu efni, þ. e. grunnmenntun landsins og yfirbyggingin. Grunnmenntun landsins byggir á því að ljúka ákveðnu skyldunámi, en í stað þess að beina síðan námsbrautum landsins inn í atvinnulífið, inn í sjávarútveg, landbúnað, iðnað og þjónustugreinar, sem eru í beinum tengslum við þessar atvinnugreinar, þá beinum við menntuninni um þröngan stíg beint í Háskóla Íslands þar sem sú furðulega staða kemur upp að jafnvel háskólarektor lýsir því yfir að stór hluti af háskólaborgurum nýtist ekki í þessu landi. Háskóli Íslands sé nauðsynleg stofnun og á að búa við fulla reisn, en við höfum ekki sinnt því sem skyldi að rækta þarna upp millibrautir — rækta upp möguleika fyrir ungt fólk úti á landsbyggðinni sem í þéttbýlinu til þess að sinna arðvænlegum þáttum í íslensku þjóðfélagi.

Svo einföld eru málin ekki, sagði 5. þm. Vesturl. um lausnir í sjávarútvegi. Auðvitað er ekki um að ræða einföld mál, en það er um að ræða að taka einfalda ákvörðun, og hún er sú að vinna að þessu máli og taka því tak. Það hefur hins vegar fátt verið einfalt hjá blessuðum Alþfl. og talsmenn hafa átt erfitt með að ná áttum í hversdagslegustu málum. Hér er um að ræða mál sem við hljótum að taka alvarlega og sýna fulla virðingu. Menn í útvegi í landinu í dag eru þeir menn sem taka mesta áhættu. Margir sem eiga best reknu útgerðir landsins í dag eru bundnir á klafa. Þótt þeir vildu ganga út úr fyrirtækjum sínum geta þeir það ekki vegna þess að þeir eru þjóðnýttir, þeir eru bundir bönkunum, þeir eru bundnir kerfinu. Það á þess vegna að skapa grundvöll fyrir sjávarútveginn, þannig að hann fái að notið sín, þannig að þetta fjöregg þjóðarinnar verði ekki að leiksoppi afla sem gera sér ekki grein fyrir því hvað mikið er í húfi. Það er því ástæða til að fagna yfirlýsingum eins og komið hafa fram hjá hæstv. fjmrh. um að það sé komið að tímamótum.

Fjmrh. sagði á umræddum fundi í Vestmannaeyjum að það hlyti að koma að því, hvort sem það yrði á næstu 10 eða 20 árum, að tekin yrði djarfleg og stórtæk ákvörðun í málefnum sjávarútvegsins. Ég vona að hv. þm. bæti um betur og taki til hendinni talsvert fyrr.

Kerfisflokkarnir, sagði hv. þm. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl. Það kom vel á vondan að hv. þm. kallaði Sjálfstfl. kerfisflokk því það er einmitt hans flokkur, Alþb., sem mesta ábyrgð ber á miðstýringunni sem við búum við, hvort sem um er að ræða í atvinnulífi landsins eða menntakerfinu. Og þar er kannske hættulegast að einmitt inni í sjálfu menntakerfinu hefur þessi litli angi því miður haft allt of mikil áhrif. — Nei, Sjálfstfl. er ekki lítill angi og getur aldrei orðið lítill angi.

Ég minni á að ráðstöfun gengismunar í sjávarútvegi er meðferð á eigin fjármagni sjávarútvegsins þótt aðrir aðilar í þjóðfélaginu telji það réttmæta eign sína.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég get nú ekki svarað öllum þeim fsp., sem til mín hefur verið beint, á þeim stutta tíma sem nú er eftir. Ég vil þó aðeins segja það varðandi afkomumál sjávarútvegsins almennt, að það verður aldrei hægt að strika út skuldir í sjávarútvegi öðruvísi en gera sér um leið grein fyrir því hvernig þær skuli greiddar, því þessar skuldir eru því miður að allverulegu leyti erlendar skuldir og einnig skuldir í bönkum sem eru með innistæðufé á móti. Hitt er svo annað mál, að menn geta tekið þá ákvörðun að velta hluta af skuldum sjávarútvegsins yfir á ríkissjóð og yfir á hinn almenna skattborgara, en þá verða menn jafnframt að gera sér grein fyrir því hvernig tekna skuli aflað til að greiða þær skuldir eða hvað skuli víkja í stað skuldaskila í sjávarútvegi.

Ég er alveg sammála því að það er mjög mikilvægt að draga úr opinbera kerfinu, reyna að minnka það sem við höfum verið að byggja upp á undanförnum árum, en hef hins vegar ekki heyrt það hér á Alþingi, t. d. frá stjórnarandstöðunni, að menn telji að nauðsynlegt sé

vegna slæmrar stöðu út á við að draga úr opinberum útgjöldum. Það væri vissulega sársaukafullt að gera það. En eins og hér hefur komið fram þolir undirstaðan ekki þau opinberu útgjöld sem við höfum verið að byggja upp og því er nauðsynlegt að menn taki tillit til þess.

Menn benda gjarnan á banka í þessu sambandi, og ég skal gjarnan taka undir að það er orðin allt of mikil uppbygging í bankakerfinu, en það er ekki nóg að lýsa alltaf yfir á Alþingi að svo sé. Ég var í bankamálanefnd á síðasta ári og árinu þar á undan. Við skrifuðum bréf þar sem við báðum um að ekki yrði opnað nýtt bankaútibú þar til nefndin hefði skilað af sér. Það stóð ekki á hæstv. fyrrv. iðnrh., jafnvel þótt þetta bréf hefði komið. Hann opnaði eitt nýtt bankaútibú fyrir Iðnaðarbankann. Landbrh. opnaði annað fyrir Búnaðarbankann. Sjálfsagt hafa einhverjir fleiri opnað nýtt útibú.

Við heyrum hér á Alþingi menn lýsa því yfir að þetta gangi ekki lengur. Svo koma aðrir menn og framkvæma hlutina annars staðar. Það hefur heldur ekkert upp á sig að standa hér upp og kalla þennan og hinn flokkinn kerfisflokk og reikna með að málin verði leyst á þann einfalda hátt að þetta séu allt saman kerfisflokkarnir sem séu þarna að verki. Mér finnst það vera lítilmannlegt orðtæki að taka sér það orð í munn. Ég ætla ekki að fara að ræða þannig um andstæðinga mína í stjórnmálum. Við höfum mismunandi skoðanir og mismunandi afstöðu til þjóðmálanna, en að vera að koma hér í ræðustól hvað eftir annað og kalla þennan manninn kerfiskarl og hinn flokkinn kerfisflokk er lágkúra, finnst mér, og menn ættu að temja sér að ræða um stjórnmál með öðrum hætti.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið þeim tíma sem ég fékk til umráða hér og mun ekki hafa þessi orð fleiri, en mun svara þeim fsp., sem til mín hafa borist, við framhald þessarar umr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það liggur ekki fyrir hvort það muni vera mismæli að ávarpa forseta Ed. herra eða eitthvað annað. Það er ókannað mál hver víðasta merking þess orðs er. Forseti tekur því ekki nærri sér þó hv. þdm. verði slíkt á. En umr. um þetta mál er þá frestað og það er tekið út af dagskrá.

Neðri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 11). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að varla geti nokkur ágreiningur um það verið að innihald þess máls sem hér er nú til umr., sem eru brbl. frá því í maí, sé einhver harkalegasta árás á launafólk í landinu og samtök þess. Þá á ég fyrst og fremst við það ákvæði brbl. sem felur í sér að afnema samningsrétt launafólks og kippa þannig undan einu grundvallaratriði í lýðræðisþjóðfélagi, mannréttindamáli. Ég held að hvar sem menn eru í pólitískum flokki, hvaða skoðun sem menn hafa á stjórnmálum hljóti menn að geta verið sammála um það að í lýðfrjálsu landi sé aðgerð af þessum toga skoðuð sem algjör aðför að almenningi í landinu og þá fyrst og fremst samtökum launafólks, verkalýðshreyfingunni.

Menn segja hér að aðeins sé um að ræða ákvæði sem gildi stuttan tíma, þ. e. 8 mánuði. Og rétt er það að í þessu tilfelli er um að ræða 8 mánaða aðgerð. En sú aðgerð veitir eftirkomandi ríkisstjórnum, hvaða flokkar sem þar koma til með að eiga hlut að máli, slíkt fordæmi að vandséð er hvaða afleiðingar það kann að hafa í framtíðinni gagnvart launafólki í landinu.

Aðrir þættir þessa máls, þ. e. kjaraskerðingin sjálf, eru ekkert nýnæmi í augum almennings hér á landi. Það er ekkert nýtt að stjórnvöld grípi inn í með lagaboði og ógildi löglega gerða kjarasamninga launafólks og vinnuveitenda. Það hafa líklega flestar ef ekki allar ríkisstjórnir, hvaða flokkar sem að þeim hafa staðið, gert á undangengnum árum og áratugum. Rétt er að minna á í því sambandi að fyrrv. ríkisstj., sem svokallaðir vinir alþýðunnar voru viðriðnir að vissu leyti og höfðu þar forustu á mörgum sviðum, hún gerði slíkt 14 sinnum. 14 sinnum var gripið inn í gerða kjarasamninga og þeim breytt, að vísu með mismunandi miklum kjaraskerðingum. Hér er því ekkert nýtt á seyði.

Ég held að nauðsynlegt sé, í ljósi þeirra harkalegu aðgerða sem hér um ræðir, að hverfa aðeins til baka, til kosninganna í apríl og hugleiða hvernig ástandið var þá og hvaða afstöðu stjórnmálaflokkarnir í landinu og frambjóðendur þeirra höfðu þá til mála. Ég held að á því leiki enginn vafi að allir stjórnmálaflokkar voru sammála um að grípa þyrfti til róttækra aðgerða í efnahagsmálum að kosningum loknum. Menn voru orðnir sammála um það að óráðsía og óstjórn efnahagsmála undanfarin ár hafi verið slík að ekki yrði undan því vikist að grípa til aðgerða, og þá nokkuð harkalegra aðgerða, þó að enginn hafi líklega látið sig dreyma um að gripið yrði til aðgerða af þessu tagi, að banna launafólki í landinu að semja um kaup sitt og kjör.

Það er líka rétt að minna á í þessu sambandi að einum af fráfarandi stjórnarflokkum þótti ástandið vera með þeim hætti að ástæða væri til að semja fjögurra ára neyðaráætlun til að komast út úr vandanum. Ég hygg því að allir, hvar í flokki sem þeir voru, hafi verið sammála um að grípa þyrfti til nokkuð harkalegra aðgerða ef menn á annað borð vildu gera tilraun til að komast út úr vandanum.

Hæstv. forsrh. hefur flutt þann boðskap um landið að fyrrv. ríkisstj. hafi haldið atvinnuvegum landsmanna gangandi á erlendum lánum allan tímann sem hún var við völd. Svo er komið að skuldir erlendis eru um eða yfir 60% af þjóðarframleiðslu. Auðvitað sjá allir heilvita menn að við slíkt má ekki búa. En í þessu sambandi er ástæða til að rifja það upp hvort ekki hafi verið varað við slíkri þróun í stjórn efnahagsmála á undanförnum árum. Ég minni á að Alþfl. hefur varað margítrekað við að halda áfram á þeirri braut sem fyrrv. ríkisstj. hélt. Mér sýnast samt litlar sem engar breytingar sjáanlegar enn sem komið er í stjórnarfari núv. hæstv. ríkisstj. að því er þetta varðar. Svo trúr var Alþfl. þeirri stefnu sinni að benda á til hvers það leiddi ef haldið yrði áfram á sömu braut að hann taldi sig nauðbeygðan til að fara úr ríkisstj. 1979 til að leggja áherslu á það að stjórnmálamenn ættu ekki að halda svo á málum að þeir sætu í ríkisstj. og ráðherrastólum áfram þrátt fyrir það að þeir kæmu engu fram af því sem

þeir teldu nauðsynlegt að gera.

Talið er að það sem af er þessu ári hafi kaupmáttarrýrnun orðið a. m. k. 25—30%, mismunandi mikil eftir því hvaðan dæmi er tekið. Lágmarkslaun munu hafa skerst um ca. 33% á þesum tíma. Í þessu sambandi er rétt að minna á að það liggur fyrir samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun að af þessari kjaraskerðingu voru 11% komin til framkvæmda þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. Kjaraskerðing hefur því átt sér stað áður en núv. ríkisstj. tók við stjórnartaumunum hér á landi. En enginn vafi er á því að eins og núv. hæstv. ríkisstj. keyrir í þeim málum mun hún setja landsmet áður en langt um líður, ef hún er ekki þegar búin að því, í að þrýsta niður kjörum launafólks í landinu.

Þegar maður virðir fyrir sér ákvæði þessara brbl. um afnám samningsréttar í landinu fer ekki hjá því að manni verði hugsað til Póllands þar sem svipað hefur gerst. Allir Íslendingar hygg ég hafi verið sammála um að mótmæla því og fordæma. En í því ástandi lifum við Íslendingar nú í okkar lýðfrjálsa landi að líkja má við það ástand sem ríkir í Póllandi að því er varðar framkomu stjórnvalda við samtök launafólks í þessum löndum.

Hæstv. forsrh. — og raunar ráðh. allir upp til hópa undir mismunandi yfirskriftum halda því nú fram að verðbólga hafi minnkað verulega það sem af er þeirra stjórnartíð. Það er líka rétt, undir það skal tekið, verðbólgan hefur minnkað. En hvaða verði er sú verðbólgulækkun keypt og hvers vegna hefur sú lækkun orðið á verðbólgunni? Hún er einvörðungu til orðin vegna þess að skorið hefur verið niður kaup launafólks í landinu. Engar ráðstafanir eru enn sjáanlegar, sem leiða til þess að verðbólgulækkun eigi sér stað, aðrar en sú að kaupið hefur verið keyrt niður. Hér er því um að ræða svo til sömu stefnu í efnahags- og launamálum og boðuð var í leiftursóknaráformum Sjálfstfl. fyrir kosningarnar 1979, sem núv. formaður Framsfl., hæstv. forsrh. lýsti margítrekað yfir í umr. þá að mundi leiða til algjörs hruns, ekki bara alþýðuheimilanna í landinu heldur og þjóðarbúsins alls. Það hefur fallið í skaut þess manns, sem fyrst og fremst varaði við þessu, að vera nú verkstjóri í samskonar ráðstöfunum — og ekki skárri. Hæstv. forsrh., formaður Framsfl. er nú verkstjóri í þeim aðgerðum sem hann taldi að leiddu til hruns alls þjóðarbúsins á haustmánuðum 1979. Slík eru örlög hæstv. forsrh., formanns Framsfl. á þessum tímum.

Ég held að engum dyljist að almenningur í landinu, launafólk hefur verið og er reiðubúið að taka á sig tímabundnar byrðar til að komast út úr þeirri óstjórn efnahagsmálanna sem við höfum verið í ef það sér fram á tvennt: að byrðunum verði réttlátlega skipt og aðrir séu látnir bera byrðar en aðeins launafólkið og að eygja megi einhvern árangur af þeim aðgerðum sem verið er að gera hverju sinni. Þetta hygg ég að öllum sé ljóst, enda hefur það sannast að launafólkið hefur ekki skorast undan því að taka á sig byrðar til að komast út úr þessum vanda. En því þykir hart að það eitt skuli vera látið bera byrðarnar án þess að minnsta tilraun sé gerð til að dreifa þeim á aðra aðila í þjóðfélaginu.

Það er ástæða til að spyrja í þessu sambandi: Hafa aðrir aðilar í okkar þjóðfélagi tekið á sig byrðar eins og launafólk? Ég hygg að þeirri spurningu verði ekki svarað á annan hátt en neitandi. Ef við lítum á þær staðreyndir t. d. að frá 1. febr. til 1. sept. í ár hefur verðlag hækkað að meðaltali um eða yfir 50% þá hygg ég að enginn geti sagt að í þessu tilfelli hafi verslunaraðilinn tekið á sig byrðar á við það sem launafólk hefur gert. Á sama tíma og kaupmáttur er keyrður niður um 25 — 30% hækkar vöruverð í landinu almennt um eða yfir 50%.

Matarreikningur vísitölufjölskyldunnar hefur á þessu tímabili hækkað um 47—50%. Og enginn eftirbátur virðist ríkið vera í þessum efnum. Opinber þjónusta hefur hækkað um 47% á sama tíma. Ríkið ætlar því ekki að draga saman seglin á sama tíma og það skipar svo fyrir að launafólkið herði sultarólina. Það er ekki að sjá á fjárlagafrv., sem hæstv. fjmrh. hefur nú lagt fram, að þar ætli ríkið að draga í land. Það ætlar vinsamlegast að láta launafólki í landinu í té 14 — 16% launahækkun milli áranna 1983 og 1984 en hækkar eigin rekstur — þá á ég við yfirstjórn ráðuneytanna — frá 50% og upp í 114% á sama tíma og heimilin eiga að fá 14 — 16% til að standa undir sínum þörfum.

Ég held að hæstv. ríkisstj. og ráðh. ættu að gera sér ljóst að ýmsir hópar launafólks hafa þegar tekið á sig miklu meiri byrðar en þeir geta borið hver sem viljinn væri til þess að gera það. Það er ljóst að ef fram heldur sem horfir verða hundruð alþýðuheimila í landinu komin á vonarvöl áður en margar vikur líða. Ég sé ekki annað en að hæstv. forsrh. ætli sér, og að honum takist það verði ekki með öðrum hætti í veg fyrir það komið, að koma þjóðarbúinu og þar með heimilum í landinu í rúst á sama hátt og hann var að vara við undir leiftursóknninni 1979.

Það er líka rétt að minna á það hér að á sama tíma og þetta gerist hefur lánskjaravísitalan hækkað um 46%. Gera menn sér virkilega ekki grein fyrir hvað slíkt þýðir fyrir það fólk t. d. sem ber þungar byrðar vegna lána sem það hefur tekið til að byggja hús yfir höfuðið á sér. sem það hefur tekið til að byggja hús yfir höfuðið á sér.

Þegar ætlast er til að launafólk herði svo sultarólina að við liggur að það sé þegar komið á vonarvöl er líka ástæða til að spyrja fleiri spurninga í sambandi við ríkið sjálft, hvernig það hagar sínum málum á þessum tímum. Það liggur nú fyrir t. d., og þar mætti ábyggilega koma við sparnaði af hálfu ríkisins, að það voru 26—28 manns í útlöndum upp á hvern einasta dag allt árið 1982. Telja menn að það sé brýnasta nauðsynin núna á þessum þrengingartímum, sem hæstv. ráðherrar eru að útmála, að hafa 25 — 28 manns á vegum ríkisins í útlöndum upp á hvern einasta dag ársins? Ætli það mætti ekki spara þarna? Ég held að hæstv. ríkisstj. ætti að fara að líta í eigin barm á þeim tímum sem hún skikkar almenning í landinu, og þá fyrst og fremst kannske láglaunafólk, til að herða sultarólina, það fólk sem er bókstaflega útilokað að geti á nokkurn hátt tekið þessar byrðar á sig.

Nei, hér er eina ferðina enn farið út á nákvæmlega sömu braut og gert hefur verið af undanförnum ríkisstjórnum, að ætla sér að lagfæra efnahagsástandið og minnka verðbólgu eingöngu með því að skerða og skera niður laun launafólks. Þessa leið er margoft búið að reyna og það hefur sýnt sig að það er hægt um tiltölulega stuttan tíma að lækka verðbólgu í landinu með því að keyra niður laun en það er ekki hægt til lengdar. Ætli menn að komast út úr þessum vanda verður að taka á öðrum þáttum í fjármálastjórninni og efnahagsstjórninni heldur en einvörðungu alltaf að höggva í þennan sama knérunn, þ. e. laun fólks í landinu.

Á þetta hefur Alþfl. margoft bent en ekki verið á hlustað. Að þessu vill hann áfram vinna og bendir enn á að ef á að ná árangri í þessum efnum verður að snúa sér að því nú þegar að líta til annarra átta í niðurskurði og sparnaði en að keyra niður launin. En ef stefna hæstv. ríkisstj. hefur framgang á næsta ári er ekki annað að sjá, samkv. t. d. fjárlagafrv. hæstv. fjmrh., en það eigi að halda áfram á þeirri braut að skerða launin.

Nú væri ástæða til að spyrja hæstv. ráðh., t. d. hæstv. forsrh. sem ég hygg að sé sæmilega launaður miðað við ýmsa aðra, hvort hann treysti sér til að lifa af þeim lágmarkslaunum sem nú tíðkast í landinu, þ. e. í kringum 11 þús. kr. á mánuði. Treystir hæstv. forsrh. sér, nú eða hæstv. fjmrh., treysta þeir sér til að lifa af slíkum launum? Ég hygg að svo sé ekki. Það er raunar vansæmd að ætla launafólki í landinu að lifa af 11 þús. kr. á mánuði við þær kringumstæður sem við nú búum við. Ég hygg að hvorki hæstv. forsrh. né fjmrh. — og raunar enginn ráðh. mundi treysta sér til að lifa af þessari upphæð. Þó að við þræfölduðum hana mundu þeir ekki treysta sér til að lifa af henni. Það er engin röksemdafærsla, hverjir sem þar eiga hlut að máli, hvaða einstaklingar sem það eru eða flokkar, að ætla öðrum að gera það sem menn ekki treysta sér til sjálfir. Allra síst á það við í þessu tilfelli.

Þó að ég beri enga sérstaka umhyggju fyrir hæstv. ríkisstj. en óski henni eigi að síður alls velfarnaðar þjóðarinnar vegna, hygg ég að það væri affærasælast fyrir hana og þann meiri hluta sem nú ræður hér á Alþingi að leita samstarfs við verkalýðshreyfinguna í landinu og launþega og leita sameiginlega að leiðum til þess að komast út úr þeim vanda sem vissulega er fyrir hendi og skal ekki neitað eða lítið gert úr á nokkurn hátt. Ég held að það sé búið að sannreyna sig að hvaða ríkisstj. sem ætlar sér að koma efnahagslífinu í lag, í viðunandi horf skulum við segja, í stríði við verkalýðshreyfinguna, henni verður ekki mikið ágengt í þeim efnum. Stríð við fjölmennustu samtök í landinu, samtök launafólks, er ekki heppileg leið til að komast út úr þeirri efnahagskreppu sem við erum nú í. Fyrsta skrefið til þess að leita samráðs og samstarfs við verkalýðshreyfinguna á að vera það að afnema strax bannið, sem þessi brbl. innifela, við því að fólk megi semja um gjald fyrir sína vinnu.

Ég vil ekki trúa öðru fyrr en ég sé það en að launþegahreyfingin í landinu vilji leita leiða til að komast með skikkanlegum hætti út úr þeim vanda sem nú er við að etja. En það er til of mikils mælst af hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi að verkalýðshreyfingin gangi til slíks samstarfs bundin á höndum og fótum. Slíku samstarfi eða samráði verður ekki komið á nema því aðeins að böndin séu leyst af verkalýðshreyfingunni og vinnuveitendum svo að þeir geti á eðlilegan og ábyrgan hátt gengið til samstarfs við stjórnvöld um að komast út úr þessum vanda. Gerist það ekki — og innan ekki of langs tíma er hæstv. ríkisstj. að ganga svo hart fram í löggjöf í landinu að egna beinlínis til styrjaldarástands á vinnumarkaðnum ef hún ætlar að halda sig við þá stefnu og það ákvæði þessara laga sem bannar samningsréttinn. Það getur enginn ætlast til þess að verkalýðshreyfingin sitji lengi undir því að vera bannað að starfa á þeim grundvelli sem hún fékk þó samþykktan fyrir áratugum síðan, þ. e. að vera frjáls að því að semja við sína viðsemjendur um kaup og kjör.

En það verður líka að segjast að á sama hátt og það er blettur á löggjafarsamkomunni að ætlast til að launafólk lifi nú af 11 þús. kr. á mánuði ber verkalýðshreyfingin líka ábyrgð á því. Henni hefur því miður ekki tekist að hrinda í framkvæmd margyfirlýstum áformum sínum um að fyrst og fremst skuli rétta hlut þeirra sem verst eru settir. Þar hafa ýmsir þrándar verið í götu og eru enn. En eigi að síður, hreyfingin sem slík á líka sök á að ekki hefur betur til tekist.

Ég skora á hæstv. ríkisstj. að nýta nú þann vilja sem áþreifanlega hefur komið fram af hendi launafólks í landinu í ábyrgri afstöðu til vandamálanna, nýta þann vilja á skynsamlegan hátt en ekki ofbjóða þessu fólki enn frekar með offorsi og átroðslu. Það er full ástæða til að ítreka þetta nú. Enginn getur haldið því fram, a. m. k. ekki með neinum rétti, að launafólk í landinu hafi verið kröfuhart undangengin ár. Það var ekki í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. og það hefur enn síður verið það í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Launafólk hefur umborið það sem að því hefur verið rétt og því skammtað. En það fer að styttast í þann tíma að það segi: Hingað og ekki lengra, ef ekkert annað á að gera en að skerða launin. Ef það eitt á að vera bjargráðið til að bjarga íslensku efnahagslífi þá fara menn villir vegar, þeir sem það halda.

Ég held að stjórnvöld í landinu, hæstv. ríkisstj. ætti að fagna því að aðilar vinnumarkaðarins, og þar á ég bæði við verkalýðshreyfingu og vinnuveitendur, hafa marglýst því yfir að þeir telji það óráð af hálfu stjórnvalda að grípa svo freklega inn í með skerðingu á mannréttindum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, með því að afnema samningsrétt. Þessir aðilar hafa báðir tveir óskað eftir því að fá málið í sínar hendur. Og því ekki að lofa þeim að glíma við það og gera þá ábyrga? Því ekki að lofa þeim að sýna fram á hversu mikill hugur fylgir máli með það að leita sameiginlegra leiða út úr vandanum? Vill hæstv. ríkisstj. endilega halda áfram að egna launafólk í landinu upp á móti sér, beinlínis segja því stríð á hendur, þrátt fyrir þann vilja sem það hefur sýnt til að rétta fram hönd til þess að leysa málin?

Ég skora á hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi að fara að vilja þeirra tugþúsunda aðila í þessu landi sem óska eftir því að ríkisstj. aflétti samningsbanninu og veiti launafólki og vinnuveitendum þau sjálfsögðu mannréttindi að geta samið sín í milli um þá hluti sem þeim ber að semja um. Það yrði síðan að koma í ljós hvort þessir aðilar eru þess megnugir að leysa þau mál á skikkanlegan hátt. Yrði sú raunin á að þeir væru ekki til þess færir kæmi að sjálfsögðu til kasta stjórnvalda, ef þeim sýndist svo, að skerast í málið. En fyrr er þar um tómt mál að tala að mínu viti, að löggjafinn blandi sér svo freklega inn í þessi mál sem hér hefur verið gert.

Ég vænti þess því að hæstv. forsrh. taki tillit til þessara óska og beiðna sem ekki er hægt að segja að séu á nokkurn hátt með offorsi fram settar. Hæstv. ríkisstj. og meiri hlutinn hér yrðu menn að meiri ef þeir hyrfu af þeirri röngu braut sem þeir hafa verið á og virðast enn vera á, því miður.

Menn segja að vísu sem rétt er: 1. febr. geta þessir aðilar sest niður og samið um málið. Nú sýnist mér það liggja fyrir að strax hinn 1. febr., þ. e. þegar þessi lög falla úr gildi, fái hluti af launafólki í landinu líklega kringum 20% sjálfkrafa hækkun. Ég skal taka fram að ég þori ekki alveg að fullyrða um prósentutöluna en þar

er um að ræða ýmsa hópa innan ASÍ, sem mér sýnist að fái sjálfkrafa allverulega hækkun um leið og lögin falla úr gildi, þ. e. áfangahækkun sem þeir höfðu samið um áður. Ég heyrði hæstv. forsrh. tala um það hér, síðast þegar þetta mál var til umr., að hann teldi að engin slík hækkun kæmi til framkvæmda. En ég veit að þeir aðilar sem þarna eiga hlut að máli eru allt annarrar skoðunar. Þeir telja sig fá umsamdar áfangahækkanir um leið og lögin falla úr gildi. Þar er um að ræða aðila innan ASÍ sem eru miklu betur settir en láglaunafólkið. Og þá er eðlilegt að menn spyrji: Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. þá að gera ef það liggur fyrir strax 1. febr. að betur settir aðilar innan ASÍ fá verulega launahækkun á sama tíma og láglaunafólkið á að sitja eftir? Hvað skal þá gera? Er þá meiningin að framlengja lögin um bann við samningsgerð eða hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera?

Ég tek undir með hv. þm. Svavari Gestssyni, sem spurði hæstv. forsrh., síðast þegar málið var til umr., hvort það væri ekki á hreinu, muni ég þetta rétt, að þessir aðilar fengju sína hækkun um leið og lögin féllu úr gildi. Ég óska sérstaklega eftir að hæstv. forsrh. svari því hér hreinskilnislega af eða á: Er það skilningur hæstv. ríkisstj. að þessar áfangahækkanir komi ekki til framkvæmda þrátt fyrir það að lögin falla úr gildi?

Það er einnig ástæða til að spyrja í framhaldi af því: Fari nú svo að slík áfangahækkun til þessara aðila komi sjálfkrafa til framkvæmda, hvað vill hæstv. ríkisstj. þá gera fyrir þá sem verst eru settir og minnst bera úr býtum og lægst hafa launin? Við því þarf líka að fá svar. Ég spyr hæstv. forsrh., og vænti þess að hann svari því hér skýrt og skorinort, hvað hæstv. ríkisstj. ætli til bragðs að taka ef mál þróast með þeim hætti.

Ég skal ekki, herra forseti, að þessu sinni a. m. k., hafa um þetta öllu fleiri orð. En ég ítreka enn og aftur: Það væri ekki bara til hagsældar hæstv. ríkisstj., það væri fyrst og fremst til hægsældar þjóðfélaginu sem heild ef hún féllist á að aflétta þessum þrælalögum, a. m. k. þeim þætti þeirra sem bannar launafólki í landinu að semja um kaup sitt og kjör. Haldi hún fast við slíkt ákvæði er hún að kalla yfir sig meiri erfiðleika og meira stríð en hún er megnug að standast.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson óskaði eftir því að ég svaraði nú spurningum þeim sem hann hafði lagt fyrir. Skal ég gera það þótt ég hefði annars ætlað mér að bíða þar til aðrir hefðu talað. Mun ég þá jafnframt koma að ýmsum öðrum atriðum, sem hér hafa komið fram, þó ég skeyti ekki um að svara ýmsum persónulegum árásum á mig. Af þeim átta spurningum sem hv. þm. lagði fram hygg ég að einar fimm muni vera til mín.

Ég vil segja það í upphafi að ég geri ekki mun á því hvort ákveðið er með brbl. eða hér inni á hinu háa Alþingi þar sem brbl. fá að sjálfsögðu staðfestingu eins og vera ber. Meðan brbl. eru leyfð í okkar stjórnkerfi eru þau, eins og hv. þm. vel veit, oft notuð og ekki talið óeðlilegt út af fyrir sig þó að það hafi stundum verið gagnrýnt.

Hv. þm. spyr í fyrsta lagi hvort hægt sé að nefna eitt einasta dæmi um að launamenn hafi verið sviptir samningsrétti á sama hátt og hér hefur verið gert. Vitanlega má lengi um það ræða hvort það er á sama hátt. Í Noregi frá sept. 1978 til ársloka 1979 var mjög svipað að staðið, þ. e. allar launahækkanir voru bannaðar og einungis leyfðar óhjákvæmilegar kostnaðarhækkanir. Í Hollandi hefur þetta hvað eftir annað verið gert, a. m. k. þrisvar sinnum nýlega, m. a. sex mánuði síðari hluta ársins 1976 og vísitölubinding þá afnumin. Í Danmörku var launa- og verðstöðvun frá okt. 1982 til febr. 1983 og þannig mætti raunar lengur telja, m. a. í Frakklandi. Ég hygg því að það sé út af fyrir sig ekkert einsdæmi að gripið hafi verið til slíkra ráðstafana og þá að sjálfsögðu til þess að sporna gegn vaxandi verðbólgu. En ég leyfi mér þó að fullyrða að hvergi hafi verið eins rík ástæða til róttækra ráðstafana og hér á landi var um mitt sumar.

Hv. þm. spyr jafnframt hvort hægt sé að nefna eitt dæmi úr Íslandssögunni um að bannað hafi verið með brbl. að greiða vísitölubætur á laun í heil tvö ár. Ég skal ekki segja hvort það var gert með brbl., því ég geri ekki mikinn greinarmun á því, en vísitölubætur á laun voru bannaðar 1960—1964.

Þá segir í þriðju spurningu að í brbl. sé hvergi minnst á rétt verkafólks til vinnustöðvana. Er því ekki ljóst að verkalýðsfélögin hafi fullan rétt til vinnustöðvana ef þeim býður svo við að horfa?

Í brbl. er hvergi sett bann við vinnustöðvunum, eingöngu sett bann við hækkun á grunnkaupi og vísitölubindingu hvers konar á launum, þannig að ef vinnustöðvanir eru notaðar til þess að knýja slíkt fram þá er það ekki í anda laganna. Hins vegar geta að sjálfsögðu orðið vinnustöðvanir út af öðrum deilumálum vinnuveitenda og vinnuþega.

Í fjórða lagi: Hvað gerir ríkisstj. ef launamaður og atvinnurekandi ná samkomulagi um einhverja launahækkun? Mig minnir að í ræðu hv. þm. hafi verið sagt „fyrir 1. nóv.“, sem skiptir út af fyrir sig ekki máli, en hér mun vera átt við „á tímabilinu“. Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég geri því alls ekki skóna að vinnuveitendur og launþegar semji um launahækkun sem gengur gegn þessum lögum. Slíkt væri að sjálfsögðu lagabrot og yrði farið með það sem önnur lagabrot.

Þá segir í fimmta lagi: Hvað er átt við með ákvæðum laganna um framlengingu síðastgildandi kjarasamninga? Hér er að sjálfsögðu átt við að þeir samningar sem voru í gildi 26. maí eru framlengdir, eða, ef ekki eru samningar í gildi, þá eru þeir samningar framlengdir sem síðast voru í gildi. Og af því að samningar sjómanna voru sérstaklega nefndir, sem ekki voru í gildi en höfðu að vísu verið framlengdir eða eftir þeim var unnið, þá eru þeir samningar með lögunum að sjálfsögðu einnig framlengdir og vísar það sem þar segir um síðasttalda samninga t. d. til þess.

Hv. þm. kom að ýmsum öðrum atriðum í athyglisverðri ræðu sinni. Hann minntist m. a. á það að í tillögu þeirra Alþb.- manna hefði verið gert ráð fyrir 23—24% hækkun lægstu launa og síðan, að því er mér skildist, sömu krónutölu upp úr. Hv. þm. gat þess hins vegar ekki að slík hækkun t. d. hjá frystiiðnaðinum hefði þýtt u. þ. b. 6—7% gengisfellingu. Ég hygg að hv. þm. geti verið sammála því að frystiiðnaðurinn, í þeirri stöðu sem hann var í maí, hefði ekki getað tekið á sig slíka launahækkun án þess að gengisfelling fylgdi. Þeirri 8% hækkun sem ákveðin var af ríkisstj. fylgdi að sjálfsögðu gengisfelling. 2% af þeirri gengisfellingu sem ákveðin var til að bæta stöðu atvinnuveganna stafaði af þeirri 8% hækkun sem ákveðin var.

Hv. þm. taldi að 1981 hefði verið farin „leið hinna sléttu skipta". Það hljómar eins og „leið hins heilaga sannleika," í anda austantjalds- og Kóreu-orðbragðs. Mér þótti satt að segja svolítið undarlegt að heyra þetta og væri kannske fróðlegt að rekja einhvern tíma við betra tækifæri hvernig sú ákvörðun var tekin sem tekin var í lok ársins 1980. Má auðveldlega fletta upp í gögnum ríkisstj. til að fá upplýsingar um það og um margra vikna fundi og viðræður sem fóru fram á milli flokkanna áður en til þeirrar ákvörðunar kom. (**KP:** Megum við ekki fá að heyra?) Ef hv. þm. Svavar Gestsson vill leyfa að lesið verði upp úr fundargerðum ríkisstj. þá kemur það vel til greina. En þær eru trúnaðarmál og ég brýt það ekki án hans leyfis. (**KP:** Hann segir já.)

Hv. þm. talaði um viðskiptahallann og taldi að rekja mætti verulegan hluta hans til umframsamþykkta langlánanefndar. Mér hefur því miður ekki tekist að fá upplýsingar um samþykktir langlánanefndar á þessu ári. En þó vil ég geta þess að staða langra erlendra lána 1978—1983, eins og nú er áætlað, liggur fyrir og þar kemur m. a. fram að aukning á löngum erlendum lánum var mest 1982, eða um 21.8%, og næstmest 1981, 18%, en 1983 er talið að löng erlend lán aukist um 11.5%.

Hv. þm. taldi að hagnaður verslunarinnar væri óhóflega mikill. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um stöðu verslunarinnar og leitað til Verðlagsráðs í því sambandi. Verðlagsstjóri fullyrðir að farið hafi verið vandlega eftir ákvæðum brbl. um verðlagningu á vöru og þjónustu og eingöngu óhjákvæmilegar hækkanir leyfðar. Verðlagsstjóri telur einnig að mjög sé orðum aukið um hagnað verslunarinnar. Vafalaust er þetta misjafnt en hann vekur athygli á því að í flestum verslunum hefur velta mjög dregist saman og hagnaður því minnkað þótt ekki væri nema af þeim orsökum. En eins og ég sagði er þetta eflaust mismunandi og einhverjar verslanir hafa vafalaust töluverðan hagnað, einkum þær sem tekist hefur að halda uppi mikilli veltu.

Hv. þm. talaði mikið um kaupmáttarskerðinguna og taldi að kaupmáttur nú væri svipaður og hann var 1953, hvorki meira né minna. Hv. þm. ritaði Þjóðhagsstofnun 11. maí s. l. og óskaði þá eftir ýmsum upplýsingum sem hann fékk. Eru þær margar hverjar mjög athyglisverðar. (**SvG:** Voru þær sendar forsrn.?) Mér tókst að fá þær, já. Þetta eru vonandi ekki nein leyniplögg, er það? Þessi gögn komu til mín af því að ég óskaði eftir svipuðum upplýsingum. Þá var mér tjáð að hv. þm. hefði óskað eftir þessum upplýsingum. Ég sé ekkert rangt við það og vona að hv. þm. sjái það ekki heldur. En vel kann að vera að hann vilji halda þeim leyndum.

Hérna er um fjölmargar mjög athyglisverðar upplýsingar að ræða og er auðvitað of langt mál að lesa það allt en velkomið að hv. þm. fái aðgang að þeim. Hér kemur m. a. fram að einkaneyslan, sem að sjálfsögðu er mjög góður mælikvarði á kaupmáttinn, sýnir að kaupmáttur árið 1960 var 100 en 1953 89.2. Hins vegar er hann árið 1982 orðin 223.1 og áætlaður 1983, miðað við þá skerðingu sem verður, 201. Kaupmátturinn 1983, mældur á mælikvarða einkaneyslunnar, er því hvorki meira né minna en töluvert meira en tvöfaldur sá sem var 1953. Einnig má að sjálfsögðu meta þetta eftir kaupmætti ráðstöfunartekna og kemur þar ákaflega svipað fram. Þar kemur fram að miðað við 100 árið 1960 var kaupmáttur ráðstöfunartekna 1953 87.9 en 270 1982, og því spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna falli niður í 233 við þá skerðingu sem verður á þessu ári. Af þessu má sjá að fullyrðing hv. þm. um að kaupmáttur sé nú svipaður og hann var 1953 er úr lausu lofti gripin og vekur satt að segja furðu þar sem hv. þm. á að hafa þessi gögn.

Í þessum upplýsingum kemur líka fram, sem er verðugt að hugleiða, að kaupmáttur hér hefur ætíð skerst þegar aflabrestur hefur orðið, mismunandi mikið en ætíð mjög mikið. Á árunum 1948 til 1950 verður t. d. nálægt 20% skerðing á aflaverðmæti. Á sömu árum og næstu árum á eftir skerðist kaupmáttur ráðstöfunartekna um rúm 35%. Einnig kemur í ljós í þessum töflum að árin 1967 og 1968 verður u. þ. b. 28—29% aflasamdráttur. Og ráðstöfunartekjur skerðast á þessum sömu árum eða árunum strax á eftir um u. þ. b. 16—17%. Það er því svo sannarlega ekkert einsdæmi að ráðstöfunartekjur dragist saman þegar aflabrestur verður í hinu íslenska þjóðfélagi sem svo mjög byggir á afla.

Ég vil einnig vekja athygli á því að Þjóðhagsstofnun hefur gert mjög athyglisverðan samanburð á einkaneyslu og samneyslu áranna allt frá 1950. Kemur þar fram að Þjóðhagsstofnun telur að einkaneysla, sem reyndar kom fram í þeim tölum sem ég las, hafi aukist hátt í þrefalt og vekur athygli á því að að sjálfsögðu hefur þessi einkaneysla haft í för með sér langtum sterkari og öflugri grundvöll sem heimilin standa á nú en þau gerðu 1953. Mikið hefur orðið eftir af varanlegum eignum í betri heimilum, betri búnaði og svo mætti lengi telja. Allur samanburður við 1953 eða fullyrðingar um að kaupmáttarskerðingin sé svo mikil að kaupmátturinn sé svipaður og 1953 fær því alls ekki staðist.

Hv. þm. ræddi mikið um sviptingu samningsréttar og það hafa fleiri gert. M. a. hefur komið fram að Sjálfstfl. taldi ekki rétt að fara þessa leið. Það er alveg rétt, sjálfstæðismenn voru með aðrar hugmyndir að þessu leyti en við framsóknarmenn. Sjálfstæðismenn vildu síður banna samninga um hækkun grunnkaups en þeir vildu þá jafnframt ekki ákveða með lögum neinar áfangahækkanir eins og niðurstaðan varð. Við framsóknarmenn töldum betra að ákveða áfangahækkanir, þ. e. 8% 1. júní og 4% 1. okt., en banna hins vegar með lögum að frekari grunnkaupshækkanir yrðu. Ég fyrir mitt leyti tel að sú leið sem varð fyrir valinu sé töluvert mildari fyrir launafólk. Ég hygg að átök hefðu orðið ákaflega mikil á launamarkaðnum ef þegar í upphafi hefði átt að semja um þær grunnkaupshækkanir sem svigrúm var fyrir á næstu mánuðum.

Út af þessu máli vil ég hins vegar segja það, eins og ég hef reyndar sagt fyrr, að aðaltilgangurinn með þessum lögum er vitanlega það markmið að ná verðbólgunni niður í eða niður fyrir 30%. Sjálfsagt er að nefndir þær hér í hinu háa Alþingi, sem fá málið til meðferðar, hugleiði vandlega hvort ekki kemur til greina að fella niður þetta ákvæði, ef telja má að það markmið í verðbólgumálum sem sett hefur verið náist engu að síður. Ég set mig síður en svo upp á móti því að það verði gert ef — og ég undirstrika það — telja má að verðbólgumarkmiðið náist engu að síður.

Hér hefur einnig verið töluvert rætt um krónutöluhækkun á laun. Það er rétt að í viðræðum um stjórnar-

myndun komu þær tillögur fram, m. a. frá Alþb.-mönnum og frá fulltrúum Kvennalista. Sömuleiðis var Framsfl. með svipaðar tillögur um 1 200 kr. hækkun á laun og mér er kunnugt um að ýmsir í Sjálfstfl. voru fylgjandi þeirri framkvæmd. Við athugun á því máli komu hins vegar ýmsir annmarkar í ljós. Í fyrsta lagi hefur aldrei tekist, þegar slíkar hækkanir hafa verið ákveðnar, að skerða þannig hlutfallið sem um hefur verið samið á milli hinna ýmsu stétta. Þetta var m. a. reynt 1971 og þegar í næstu samningum var þessu breytt til fyrra horfs. Einnig vöknuðu í því sambandi spurningar um hvort slík krónutöluhækkun ætti að ná inn í ákvæðisvinnutaxta. Ef ég skildi rétt tillögur fulltrúa Kvennalistans þá var það ekki fyllilega ljóst. Kemur það reyndar fram í umsögn Þjóðhagsstofnunar um þær tillögur að kostnaðurinn fari eftir því hvort slík hækkun nái til allra grunntaxta eða ekki og þar með ákvæðisvinnu. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar frá 3. júní 1983 segir svo jafnframt, með leyfi forseta:

„Um áhrif þessara aðgerða á launabil milli flokka er það að segja að krónutölukerfið leiðir óhjákvæmilega til hlutfallslegrar launajöfnunar. Erfitt er að segja nákvæmlega til um það hvenær slíkt kerfi fer úr böndum en þó má fullyrða að þeim mun meiri sem verðbólgan er þeim mun minni líflíkur hefur kerfi af þessu tagi. Þannig er t. d. líklegt að slíkt kerfi leiði mjög fljótlega til árekstra í launastiga ASÍ sem er mjög saman þjappaður. Árekstrahættan verður þeim mun meiri sem krónutöluviðmiðunin er hærri hlutfallslega, miðað við meðallaun í viðkomandi stéttarfélagi."

Ég vil því láta það koma fram hér að ég hygg að í öllum flokkum hafi verið mjög ríkur stuðningur við krónutöluhækkun. En annmarkar, eins og sá sem ég hef nú getið og kemur fram í umsögn Þjóðhagsstofnunar, urðu til þess að menn treystu sér ekki inn á þá leið.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom að vísu ekki með margar spurningar en nokkrar fullyrðingar. M. a. ræddi hún um fjölgun nauðungaruppboða og taldi að aldrei hefði orðið svo mikil fjölgun sem orðið hefur nú. Ég held satt að segja að þetta sé á töluverðum misskilningi byggt hjá hv. þm. og má eflaust rekja til þeirra blaðaskrifa sem um þetta hafa orðið. Það eru ýmsar ástæður sem liggja til þess að nauðungaruppboðum hefur fjölgað, m. a. sú að í hæstaréttardómi, sem kveðinn var upp á fyrri hluta þessa árs, var fundið að ákveðinni framkvæmd sem tíðkast hefur í þessu sambandi. Því var talið nauðsynlegt hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík að afturkalla og auglýsa að nýju mjög mikinn fjölda nauðungaruppboða. Ég hygg að þau nauðungaruppboð, sem þannig voru auglýst að nýju, hafi verið 400—500. Ef til vill kemur þunginn á nauðungaruppboðin einna helst fram í fjölda seldra fasteigna, t. d. á nauðungaruppboðum í Reykjavík. Árið 1963 var fjöldi seldra fasteigna 10, 1964 18, 1965 8, 1968 21, 1971 var hann 13 og síðan fór hann mjög minnkandi, 1973 3 uppboð, 1974 8 fasteignir seldar, 1975 4, 1976 6. Árið 1977 fjölgaði þeim aftur í 15, árið 1978 í 13, árið 1979 fjölaði þeim í 19, árið 1980 í 11. En 1981 fækkaði þeim í 9, 1982 fækkaði þeim í 7 og á þessu ári hafa 5 fasteignir verið boðnar upp á nauðungaruppboði og þar af voru 4 íbúðarhúsnæði. Fjöldi nauðungaruppboða er því síður en svo meiri nú í ár og engar líkur til þess að hann nálgist það sem var a. m. k. á árunum 1977—1979. Þetta er því töluvert á misskilningi byggt.

Ekki ætla ég hér að ræða um sjávarútvegsmálin sérstaklega. Þó þykir mér við hæfi að víkja að þeim þar sem mjög hefur verið talað um of stóran flota sem meginorsök þess vanda sem við búum nú við og mér m. a. s. sýndur sá heiður að kenna mér togaraflotann — Steingrímsskipin held ég að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafi nefnt þau. (**Gripið fram í:** Það eru umframskipin.) Umframskipin já, er það? Ég var að vona að ég ætti þau öll. En þá vil ég vekja athygli á því að í Dagblaðinu 20. sept. 1982 birtist mjög ítarleg samantekt um fjölgun skipa. Og þar kemur fram að ég á satt að segja ekki nálægt því eins mikinn heiður af þessu og hv. þm. og þeir Alþfl.-menn hafa viljað tileinka mér. Þar kemur m. a. fram að togurum er talið fjölga í minni þriggja ára tíð sem sjútvrh. um 14 en í rúmlega árs starfi hv. þm. Kjartans Jóhannssonar er hér sagt að togurum fjölgi um 6. Og er þó tekið fram að þarna sé verið að ætla hverjum þá togara sem samþykktir hafa verið í tíð viðkomandi ráðh. en ekki sem komi í tíð viðkomandi ráðh.

Að sjálfsögðu eru sjútvrh. á undan okkur langtum stórtækari í þessu sambandi. T. d. er Matthías Bjarnason, hv. þm. og hæstv. ráðh., talinn hafa átt 30 og Lúðvík Jósepsson 41. Ég fæ því ekki betur séð en að þessi togaraalda, sem tvímælalaust var nauðsyn þegar hún hófst, hafi smám saman fjarað út. Mér sýnist allt of mikið gert úr þessu af hv. Alþfl.-mönnum.

Ég tel einnig að æðimargt hafi breyst sem ekki varð séð fyrir á þeim árum sem menn voru að kaupa sér skip. M. a. hef ég hér fyrir framan mig bréf frá Hafrannsóknastofnun frá 11. sept. 1980 þar sem stofnunin setur að minni ósk fram spá og tillögur um það hver hámarksveiði skuli vera á þorskafla næstu árin. Hér kemur fram að þótt 450 þús. lestir yrðu veiddar hvert ár telur Hafrannsóknastofnun samt að hrygningarstofninn muni fara vaxandi allt fram til 1984 og sömuleiðis muni heildarstofninn fara vaxandi en segir hins vegar að eftir þann tíma kunni nokkuð að þurfa að draga úr veiðisókn vegna veikra árganga sem þá eru að koma inn í veiðina. Ég veit að hv. fyrrv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, getur upplýst hér að þegar hann var sjútvrh. var mjög um það talað að óhætt væri að veiða jafnvel 1—1½ millj. lesta af loðnu. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég get ekki áfellst þá útgerðarmenn sem við slíkar spár bregðast við og fá sér t. d. loðnuskip, sem m. a. munu hafa komið í sjútvrh.-tíð Kjartans Jóhannssonar, ég get hvorki áfellst þá né hann eða aðra sem að sjálfsögðu byggja á því sem við best vitum hverju sinni.

Á þessu hefur því miður orðið gjörbreyting og ekki fengist skýringar á hvað því veldur. '76-árgangurinn hefur ekki komið í veiðarnar eins og talið var og hafa fiskifræðingar staðið nokkuð ráðþrota gagnvart því eins og hv. þm. vita. Við þessar aðstæður er flotinn að sjálfsögðu of stór. En ég efast um að hann væri talinn mikið of stór ef aflinn væri 450 þús. lestir af þorski og 700 þús. til 1 millj. lestir af loðnu. Og þó ég gerði þá tillögu að ekki yrði leyfður innflutningur á fiskiskipum í tvö ár miðað við þessar aðstæður, þá vara ég satt að segja við því að það bann verði látið standa til lengdar. Mjög mikið af togurum landsmanna er nú að verða gamall floti og kemur til endurnýjunar á næstu árum. Tólf ára klössun er hjá mjög mörgum skipum á næsta leiti. Það hefur sýnt sig að togararnir endast ekki mikið lengur en 14, 15, 16 ár og ég veit ekki á hverju þessi

þjóð ætlar að lifa ef hún ætlar ekki að hafa öflugan og góðan fiskiskipaflota.

Ég lét á s. l. vetri vinna að skýrslu um endurnýjunarþörf skipaflotans. Ég hafði fengið þá skýrslu skömmu áður en sú ríkisstj. sem þá sat fór frá. Sá sérfræðingur sem hana vann taldi að endurnýjunarþörf bátaflotans, sem var það eina sem hafði verið unnið, væri 10 nýir bátar á ári. Ég skal ekki segja hve nákvæmt það er en það var álit þess sérfræðings sem þetta vann.

Ég tel sömuleiðis að þegar því banni sem nú er verður létt af eigi að vera jafnræði með innlendri og erlendri skipasmíði, enda er það staðreynd að mjög er vafasamt að slíkt bann við innflutningi standist til lengdar vegna samninga okkar við Efnahagsbandalagið og Fríverslunarbandalagið. Þessi bandalög bæði mótmæltu því er bannið var sett en voru fullvissuð um að það væri eingöngu tímabundið. Var það þá látið gott heita. Íslenskar skipasmíðastöðvar þurfa að keppa við erlendar. Vonandi tekst þeim það vel svo að skipin verði smíðuð hér heima. En íslenskir útgerðarmenn þurfa einnig að fá skip á því hagstæðasta verði sem til er.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir — og reyndar hv. þm. Karvel Pálmason líka — talaði töluvert um hækkun á opinberri þjónustu. Ég skal taka undir það að hækkun á opinberri þjónustu hefur verið mikil og meiri en maður hefði kosið. En við þá hækkun var höfð nokkuð einföld viðmiðun. Lagt var til grundvallar að ekki yrðu tekin erlend lán til að standa undir rekstri opinberra fyrirtækja. Þess var stranglega gætt og hækkanirnar miðaðar við það. Ég vek einnig athygli á því að hjá hverju fyrirtæki var ákveðin ein hækkun fyrir sex mánaða tímabil en áður hafa slíkar hækkanir komið ársfjórðungslega. Ég vona að þetta takist, að fyrirtækin komist af þennan tíma án þess að safna þurfi erlendum skuldum, því enginn hygg ég vilji auka á þær.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir minntist á 20% hækkun meðallauna og krónutöluhækkun og hef ég þegar fjallað um það. Get ég tekið undir það eins og ég hef sagt. Ég vek hins vegar athygli á því að ríkisstj. varði 450 millj. kr. til ýmiss konar aðgerða til kjarabóta, eða mildandi aðgerða eins og gjarnan hefur verið nefnt. Og það er u. þ. b. tvöföld sú launahækkun sem um var talað. Ekki má gleyma þessari fjárhæð.

Hv. þm. minntist sérstaklega á ellilífeyrisþega og einstæðar mæður. Ég vek athygli á því að greiðslur til ellilífeyrisþega voru hækkaðar sérstaklega um 5% og bætur til einstæðra mæðra með fyrsta barni tvöfaldaðar og 30% hækkun ákveðin með öðru barni og fleirum. Því var út af fyrir sig ekki gleymt þótt ég vilji taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það eru fyrst og fremst þeir sem við lægstu launin búa og lökustu kjörin sem þarf að hafa í huga. Ég hef áður lýst, og geri enn, þeirri skoðun minni að í þeim samningum sem eru fram undan ber að gæta þess sérstaklega að þau laun njóti þess svigrúms sem er til launahækkana almennt.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson taldi að vinna ætti sig út úr þessum vanda með því að lagfæra fjárfestinguna sem hann taldi að hefði verið mjög vanhugsuð. Ég get tekið undir það að ýmislegt af fjárfestingu okkar Íslendinga hefur ekki reynst eins arðbært og ráð var fyrir gert. Ég hygg hins vegar að þeir sem að þessu hafa unnið hafi unnið sitt verk eins og þeir gátu. En það er ætíð mjög erfitt í óðaverðbólgu að áætla svo að standist. Hygg ég að ekki megi síður kenna verðbólgunni þar um en öðru.

Ég vil hins vegar leyfa mér að halda því fram að vel hugsuð fjárfesting hefði ekki ein sér fært okkur frá þeim mikla vanda sem við vorum í um mitt árið, þ. e. 130—140% verðbólgu og erlendri skuldasöfnun er nam um 60% þjóðarframleiðslunnar. Á góða fjárfestingu, vandaða fjárfestingu til framleiðsluaukningar og hagvaxtar ber hins vegar að leggja áherslu þegar við fetum okkur upp úr þeim öldudal sem við erum nú í.

Hv. þm. lagði áherslu á samráð og vildi þar ný vinnubrögð. Ég vil gjarnan stuðla að því að samráð geti orðið með sem bestum vinnubrögðum. Ég hef átt nokkra fundi með samráðsaðilum, sem til eru kvaddir samkvæmt efnahagslögum frá 1979, hef bæði átt sameiginlegan fund með þeim og fund með þeim sérstaklega hverjum fyrir sig. Einnig hefur verið bryddað upp á þeim nýmælum að hagfræðingum eða sérfræðingum samtakanna hefur verið boðið til fundar með sérfræðingum ríkisstj. og Þjóðhagsstofnunar á efnahagssviðinu. Á þessum fundum, sem hafa verið haldnir, hefur verið leitast við að ræða á sérfræðilegan máta, skulum við segja, um þær aðstæður sem eru og um þær áætlanir sem ríkisstj. hefur uppi. Ég vona að þessi tilraun hafi orðið til þess að tryggja aðilum vinnumarkaðarins betri aðgang að þeirri vinnu sem fer fram á vegum ríkisstj.

Hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson taldi að skerðingin hefði orðið óeðlilega mikil. Um þetta má að sjálfsögðu lengi deila. Það er rétt að geta þess, fyrst menn eru að tala hér um einstakar tillögur, að við framsóknarmenn vildum ákveða fleiri hækkanir fram í tímann og þannig draga eitthvað úr þessari skerðingu. En ég verð að viðurkenna að miðað við þann ógnvænlega vanda sem við vorum í kann að hafa verið rétt, og ég hygg að það hafi verið rétt, að nauðsynlegt væri að komast úr honum sem allra fyrst.

Hv. þm. Karvel Pálmason sagði hér áðan að ég hefði sagt að atvinnulífinu hefði verið haldið uppi allan tímann með erlendum lánum. Þetta er alrangt. Ríkisstj. gerði það svo sannarlega ekki. Það hef ég hins vegar sagt að í þeirri vaxandi verðbólgu sem var í byrjun þessa árs var gripið til erlendra lána sem runnu til atvinnuveganna til þess að koma í veg fyrir stöðvun. Þeim lánum var að vísu beint til aðgerða sem gætu haft varanleg áhrif, hagræðingar o. þ. h. En þar var um erlend lán að ræða.

Ekki skal ég fara út í það hér að bera saman leiftursóknina og það sem nú er gert. En ég held að hv. þm. hafi ekki skilið leiftursóknina rétt. Ég skildi hana a. m. k. svo að þar væri um það að ræða að draga úr því fjármagni sem er í umferð, gera fjármagnið dýrara og draga þannig úr þeirri þenslu sem fylgir miklu fjármagni í umferð. Það er sú leið sem hefur verið farin víða í löndum í kringum okkur. Hér er það hins vegar ekki gert.

Hv. þm. fullyrti að hundruð heimila kæmust á vonarvöl eða hvernig hann orðaði það, eftir þessar aðgerðir. Mér er fyllilega ljóst að margir munu eiga erfitt við þessar aðstæður og fyrst og fremst þarf til þeirra að líta. Það hefur verið reynt með fjölmörgum aðgerðum, m. a. 450 millj. kr. sem varið var í því skyni. Það hefur verið reynt einnig með þeim lagfæringum sem orðið hafa á húsnæðislánum, sem eru umtalsverðar satt að segja. Engu að síður veit ég að víða eru erfiðleikar. En ég spyr: Hvað ætli þau heimili hefðu lent

mörg á vonarvöl ef ekki hefði verið gripið til harðra aðgerða til að færa verðbólguna niður? Ég hygg að þau skiptu ekki hundruðum heldur þúsundum. Og það þótti mér athyglisvert í ræðu hv. þm. að hann gat þess hvergi, þótt hann viðurkenndi þann mikla vanda sem hefði verið, hvaða leiðir hefði átt að fara út úr þeim vanda.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér eru til umr. stór mál og stórar ákvarðanir, sem ríkisstj. fyrir sitt leyti tók strax við myndun hennar í maí s. l., en sem fyrst nú eru komin til kasta löggjafarsamkomunnar hvort eigi að staðfesta og framlengja með þeim hætti sem ríkisstj. ákvarðaði í brbl. frægu. Þau atriði sem mestu máli skipta í því sem hér er til umr. eru spurningin um mannréttindi í þessu landi, spurningin um vinnubrögð og samskipti þegnanna, hvernig framkvæmdavaldið í landinu kemur fram gagnvart almenningi, hvernig það beitir sínu valdi. Það er meginmálið sem tengist því frv. til l. um launamál sem hér er til umr.

Við erum hér að tala um spurninguna um það hvort hér eigi að ríkja mannréttindi, frelsi til frjálsra samninga, eða hvort ríkisvaldinu eigi að takast að skipa þeim málum með lagaboði einhliða eins og gert er með þessum brbl. Það er þetta sem er kjarni þeirrar umr. sem hér fer fram, þó að eðlilega blandist inn í hana afleiðingar af þessum ákvörðunum ríkisvaldsins, hvað það er sem skammtað er úr hnefa með ákvörðunum framkvæmdavaldsins, hvað það er sem alþýðuheimilum í landinu er ætlað til skipta af þjóðarframleiðslunni á gildistíma þessara laga ef staðfestingu hlytu.

Við stjórnarandstæðingar, talsmenn Alþb. þar á meðal, höfum staðhæft það að leita þurfi til einræðisríkja til þess að finna samanburð að viðlíka aðgerðum og hér hafa verið ákvarðaðar af ríkisstj. með þessum brbl. um launamál. Hæstv. forsrh. sem hér er að verja gerðir sínar, hvarf hins vegar til þess orðalags, sem ég held að hefði verið betra fyrir hann að láta ógert, að ræða um störf síðustu ríkisstj. í sambandi við viðleitni til að halda niðri verðbólgu með sléttum skiptum á árinu 1981 sem austantjalds- og Kóreu-slógön, eins og hann orðaði það, og skiptir þá kannske ekki máli hvort hann hefur verið að vitna til Kim Il Sungs eða þeirra sunnan við 38. breiddargráðuna. Ég held nefnilega að sú samlíking sem þarna er á ferðinni og upprifjun hæstv. forsrh. á samlíkingunni við austantjaldslöndin varðandi þær aðgerðir sem hann hefur staðið fyrir og þá lagasetningu sem hann hefur undirritað sé fyllilega réttmæt og — eins og það var orðað hér í umr. á Alþingi fyrir nokkrum dögum — að hér vanti ekki annað en hervaldið til að fylgja þessum aðgerðum eftir.

Við skulum ekki tala af léttúð um stefnumarkandi grundallaratriði eins og þau sem hér eru til umr. Ég held að það þurfi að vera íhugunarefni hér á löggjafarsamkomunni í tengslum við meðferð þessa máls hvort menn ætla að staðfesta þær gerðir framkvæmdavaldsins sem hér eru til umr. eða hvort menn ætla að taka upp þann stríðshanska sem ríkisstj. með forsrh. hæstv. í fararbroddi kastaði fram fyrir alþýðu þessa lands á vordögunum s. l.

Þeim spurningum hefur verið beint til hæstv. forsrh. hér í umr. af formanni Alþb. og fleirum hvort hann sé reiðubúinn að lýsa því yfir að þessi brbl.-setning verði dregin til baka, hvort hann sé reiðubúinn til þess að beygja sig undir eðlilegar lýðræðislegar leikreglur í landinu, þrátt fyrir það sem gerst hefur á síðustu mánuðum, sjá að sér í þeim efnum og hverfa frá því að reyna að knýja þessa lagasetningu í gegnum þingið. Hæstv. forsrh. hefur því miður ekki sýnt lit á því enn við þessa umr. að hann ætli að taka upp stríðshanskann af götu sinni, taka upp stríðshanskann af götu almennings í landinu, beygja sig úr hásætinu og taka hann upp og fallast á það að hér gildi á nýjan leik lýðræðislegar leikreglur í landinu í sambandi við hlutaskipti. Og það er eftir ummælum hans hér áðan úr ræðustóli að dæma ekki mikil von sem við höfum um það að hann ætli að sjá að sér, því að hann veifaði hér enn á ný hegningarlagasvipunni, hegningarsvipunni gagnvart hverjum þeim sem ætlaði sér að semja um kaup og kjör. Á það þá líklega við atvinnurekendur jafnt sem launamenn sem ættu hlut að slíkum samningum. Þá ætlar hæstv. forsrh., sem gegndi starfi dómsmrh. hér áður fyrr, að beita lagaboðinu, hegningarlögunum. Það gæti nú farið að þrengjast um í tugthúsum landsins ef hann ætlaði að smala þar inn aðilum að slíkum samningum. Og þyrfti ekki mjög mörg stéttarfélög til til að eiga þar hlut að máli.

Það þarf kannske ekki að koma svo geysilega mikið á óvart að Framsfl. leitaði eftir því við stjórnarmyndun í vor að taka upp vinnubrögð af þessu tagi. Hann hafði á flokkssamkomum fyrr á árinu í sambandi við kosningastefnuskrármótun sett fram það sjónarmið að svipta bæri aðila í þjóðfélaginu réttindum til frjálsra samninga. Hann boðaði það í baráttu sinni fyrir kosningar. Og hann vildi ganga lengra en gert er í þessum lögum sem kunnugt er, og skorða allt með lagaboði í full tvö ár. Svar kjósenda við þessu grundvallaratriði í stefnuskrá Framsfl. var ekki á þá leið að skynsamlegt væri fyrir flokkinn að gera það að skilyrði fyrir þátttöku í ríkisstjórn landsins að kosningum loknum að fallist væri á þetta grundvallaratriði. Mig minnir það hafi verið um 7 000 kjósendur í landinu sem sneru baki við Framsfl., væntanlega ekki síst með þetta stefnumið hans í huga, að taka hér upp einræðisvinnubrögð í sambandi við samningafrelsið í landinu og hóta tugthúsvist ef gengið væri þar gegn.

En Framsfl. tókst þetta. Honum tókst að fá þetta grundvallaratriði viðurkennt við stjórnarmyndunina. Og þeir sem gengu þar til liðs við hann voru þeir sem stundum berja sér á brjóst og telja sig vera málsvara frelsis og lýðræðis, málsvara frelsis einstaklingsins öðrum fremur í landinu, talsmenn stærsta stjórnmálaflokks landsins, Sjálfstfl., sem lögðust þarna á árar með Framsfl. og bera fulla ábyrgð á þeirri lagasetningu sem hér er til umr.

Við eigum væntanlega eftir að heyra það frá hv. talsmönnum Sjálfstfl. hér með hæstv. utanrrh., formann flokksins í fararbroddi hvort flokkur hans ætlar sér að fylgja þessu máli eftir á löggjafarsamkomunni. Ég vænti þess að það heyrist einnig í þeim sem hafa tekið að sér trúnaðarstörf fyrr og síðar í samtökum launafólks og sitja nú hér á hv. Alþingi, menn eins og hv. 12. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, sem einnig skipaði sæti í miðstjórn ASÍ og var framarlega í kjarasamtökum, stéttarfélögum sjómanna, í landinu. Og það verður fróðlegt að heyra sjónarmið hv. 2. þm. Reykn., hv. þm. Gunnars G. Schram, núverandi formanns Bandalags háskólamanna, hver hans viðhorf eru til þess frv. sem hér er til umr. Og það verður ekki síður

fróðlegt að heyra viðhorf hv. 1. þm. Suðurl., sem keppir nú um formennsku í þessum flokki og sem var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, þar sem sumir talsmenn þeirra samtaka hafa í orði látið að því liggja að þeir væru andvígir þeirri íhlutun um samningsréttinn í landinu sem hér er til umr. Það verður fróðlegt fyrir þá launamenn, sem hafa látið blekkjast með þeim hætti að ljá þessum hagsmunagæsluflokki einkafjármagnsins í landinu stuðning sinn, að heyra viðhorf formannskandidatsins í flokknum, eins af þremur, til þeirra ákvæða sem hér eru til umr.

Hæstv. forsrh. orðaði þetta nú svo smekklega — væntanlega að mati hv. þm. Sjálfstfl. — að þeir hafi svona „síður viljað banna". Það voru hans orð. Þeir voru alveg reiðubúnir að banna rétt eins og „við" en þeir vildu bara „heldur síður banna" og þess vegna styttum við þetta tímabil. Og hæstv. forsrh. var svo smekklegur hér áðan að storka þessum samstarfsmönnum sínum í ríkisstj. með því að staðhæfa að leiðin hans, leið Framsfl. í sambandi við kaup og kjör í landinu og samningsréttinn og þær ákvarðanir sem því tengdust, hafi verið „mildari" en þær hugmyndir sem Sjálfstfl. hafði í umr. um stjórnarmyndunina. Hann sparar ekkert að ylja þeim undir uggum, þessum samstarfsmönnum sínum í ríkisstj., hæstv. forsrh.

Hér verður enn og aftur borin fram sú spurning við hæstv. forsrh.: Er hann, í ljósi þeirrar umr. sem hér hefur farið fram, í ljósi undirskriftasöfnunar tugþúsunda manna, sem eru innan vébanda samtaka launafólks í landinu, í ljósi þeirrar almennu fordæmingar sem þessi lagasetning hefur fengið, er hann reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því hér og nú að ósk hans um að fá staðfest þessi gerræðislög hér á hv. Alþingi verði dregin til baka? Við biðjum hann um skýr svör um þetta grundvallaratriði. Það verður áreiðanlega eftir því hlustað í þjóðfélaginu hvert er afdráttarlaust svar hæstv. forsrh. um þetta mál.

Um þessi efni að öðru leyti má að sjálfsögðu mjög margt segja, sjónarmiðin sem búa að baki þeirri skömmtunarstefnu sem hér er ákvörðuð með lagaboði, þann hugsunarhátt, hagfræðilega hugsunarhátt, ef hægt er að kalla það því nafni, sem að baki býr því sjónarmiði að gera Ísland að láglaunalandi, að keyra lífskjörin á Íslandi hjá þeim sem síst mega við því niður á stig sem óþekkt er í Vestur-Evrópu nema ef vera kynni í vanþróuðu ríkjum Suður-Evrópu eða Miðjarðarhafslanda. Það er fróðlegt að skyggnast um í sambandi við þau rök sem fram eru borin og eiga að réttlæta þessa stefnu og þá höfuðréttlætingu sem fram er borin, að lækka og hægja á skrúfu verðbólgunnar með því einu að rýra kaupmátt hins breiða fjölda vinnandi fólks í landinu með þeim hætti að aldrei hefur slíkt gerst í Íslandssögunni fyrr, að rýra kaupmátt launafólks þannig að fara þarf fulla þrjá áratugi aftur í tímann til þess að finna kaupmátt af því tagi sem þegar er orðinn hér eða verður hér á allra næstu mánuðum, og á að öllum líkindum eftir að hrapa enn neðar ef ríkisstj. tekst það ætlunarverk sitt að knýja fram sultarstefnuna, þá skömmtunarstefnu sem mörkuð er með þessum lögum og þeim lögum sem tengjast þeim og sett voru við byrjun þessa vanhelga bandalags þessara tveggja stærstu stjórnmálaflokka þjóðarinnar, sem ástæða væri til, ef menn vildu ráða þeim heilt, að taka til endurskoðunar fyrr en síðar ef þeir ætla að skipa þann sess til frambúðar.

Ég held, herra forseti og hv. alþm., að sú lausn sem hæstv. forsrh. og samráðherrar hans virðast hafa á því hvernig hægt sé að rétta við efnahagslíf Íslendinga og ná niður óðaverðbólgu í landinu, sem vissulega er meinsemd sem full ástæða er til að allir leggist á árar til þess að færa niður, að læknisráðið, sem hér er gripið til, sé svo víðs fjarri því að skila árangri til lengri tíma, að það sé með ólíkindum ef sérfræðingar ríkisstj., sem hagfróðir mega teljast, hafa ráðið henni að leggja út á þá braut sem hún hefur markað.

Ein stærsta blekkingin í sambandi við markmið ríkisstj. um að ná niður verðbólgu í þessu landi með því að skrúfa fyrir kaupmáttinn harkalegar en þekkst hefur í sögu lýðveldisins er að það læknisráð sem þar er gripið til leysir ekki vanda dýrtíðar í landinu, þeirrar dýrtíðar sem blasir við almenningi, þeirrar dýrtíðar sem heimilin í landinu nú búa við og rokið hefur fram í formi hækkunar á verðlagi sem er fimmfalt eða svo umfram það sem fólki er skammtað í launabótum á þeim tíma sem þessum lögum er ætlað að gilda. Verðbólgan, reiknuð á útreikningsmælikvarðann sem hér er notaður, lækkar. Hún hjaðnar. En dýrtíðin, sem almenningi er ætlað að axla, æðir áfram með þeim hætti sem við blasir. Og ef launamenn ætla að gerast svo djarfir að skakka þennan leik, rétta eitthvað við hag heimila sinna, þá er þeim ætluð tugthúsvist. Þá er þeim hótað að hegningarlagasvipunni verði beitt, þeirri svipu sem hæstv. forsrh. hefur veifað hér. Og læknisráðið er þess eðlis að ef launamenn leita sér bjargar, leita viðreisnar á hag heimila sinna, þá fer verðbólguskrúfan og markmið forsrh. út í veður og vind. Því að læknisráðið eina er að taka á launanum, er að taka á þeim þætti sem vinnustéttirnar í landinu hafa fengið í sinn hlut.

Hæstv. forsrh. var hér áðan að vefengja það sem Alþýðusamband Íslands setti fram í útreikningum sínum eftir að þessi brbl. voru sett, sem hagfræðingar ASÍ settu fram í fréttabréfi sambandsins, sem gefið var út þann 6. júní s. l., þar sem fram kemur að ef litið er á þróun næstlægsta taxta verkamanna með fullri starfsaldurshækkun, þá reynist kaupmáttur árið 1942 og árin 1951 og 1952 lakari en horfurnar á fjórða ársfjórðungi 1983. Það eru sem sagt aðeins finnanleg þrjú dæmi frá árinu 1942 að telja um álíka rýran kaupmátt og hér er skammtaður. Í þessu fréttabréfi ASÍ fylgir yfirlit um það hver kaupmátturinn er miðað við næstlægsta taxta með fullri aldurshækkun. Það er fróðlegt að virða fyrir sér hvernig hlutaskiptin hafa verið hér innanlands á þessu tímabili með tilliti til þess hverjir hafa haldið um stjórnvölinn á þessum áratugum, hvaða ríkisstjórnir það hafa verið sem verið hafa við völd í landinu, því að þá kemur fram mynd sem sannarlega er íhugunarefni fyrir vinnandi stéttir í þessu landi, mynd sem sýnir okkur að saman fara vinstri stjórnir í landinu og kaupmáttur sem er hærri og sker sig úr frá því sem verið hefur á valdatíma hægri stjórna, svo að áberandi er og augljóst.

Hæstv. forsrh. ræddi um það hér áðan að ekki hefði verið hægt að ná þeim ágæta árangri sem hann vænti — og væntanlega nær í sambandi við hjöðnun verðbólgunnar en ekki dýrtíðarinnar í landinu — ef eftir gengur þessum lögum, þessu frv. sem hér er óskað staðfestingar á. Hann staðhæfði að það hefði ekki verið hægt að ná

þessum ágæta árangri með því að fara að grípa breitt á málunum, ætla sér að taka á mörgum þáttum og taka upp baráttu við verðbólgumeinsemdina með því að fara í kerfisbreytingar í þjóðfélaginu, með því að glíma við erlendu lántökurnar með samræmdum hætti og á lengri tíma að ná þeim niður. Nei, það var ekki að hans mati fært. Og hann tók alveg sérstaklega fram að það væri nú miklu minna að sækja í verslunina og verslunargróðann heldur en hugmyndir stæðu til af talsmönnum stjórnarandstöðunnar. Það er mjög athyglisvert að hæstv. forsrh. er sérstakur talsmaður þeirrar fjárfestingar, þeirrar sóunar sem á sér stað í verslunarstarfsemi í landinu, hjá innflytjendum og hjá millilíðastarfseminni. Ég held að ef við eigum að gera okkur vonir um að geta náð hér friði í landinu um skynsamlegar efnahagsráðstafanir, þá gerist það ekki nema það verði í senn sátt um það í landinu að allir taki á eftir efnum og ástæðum, taki á sig byrðar sem stafa af minnkandi þjóðartekjum, þeir mest sem mest geta lagt af mörkum, og tekið verði á meinsemdum í okkar efnahagsstarfsemi, þ. á m. rangri fjárfestingu sem hér hefur riðið húsum á mörgum sviðum um langan tíma.

Ég vil, herra forseti, víkja hér aðeins að hinum mildandi aðgerðum, sem hæstv. forsrh. vék að til réttlætingar skömmtunarstefnu sinni í sambandi við kaup og kjör, þeim 450 millj. kr. sem áttu að verða til þess að auðvelda hinum tekjulægstu alþýðuheimilum róðurinn. Ég ætla ekki að fara út í marga þætti þar þó ástæða væri til. Ég ætla ekki að fara að rekja það hversu miklu mæðralaunin með einu barni, hækkunin úr 247 kr. í 493 hefur munað alþýðuheimilin í landinu. En ég vil minnast hér aðeins á þátt sem miklu skiptir fyrir fjölmörg heimili. Það er orkukostnaðurinn í landinu sem ríkisstj. lofaði með brbl. að skyldi lækkaður og jafnaður svo að um munaði með því að teknar væru frá 150 millj. kr. í þessu skyni. Ég held að það sé fróðlegt fyrir menn að líta til þess hvað orðið hefur um þennan þriðjung af þessum 450 millj. til „mildandi aðgerða" sem ríkisstj. setti um heimildir í brbl. Ég held að það væri fróðlegt fyrir fólkið á Vestfjörðum, stuðningsfólk hæstv. forsrh., að fá um það upplýsingar hvernig skilað hefur verið þessum þætti, hverjar þessar mildandi aðgerðir hafa orðið í reynd. Ég inni hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega eftir því hverjar þær reglur eru sem hann hefur sett samkv. þessum brbl. um þetta atriði, útdeilingu á þessum 150 millj. kr. til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar. Í frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum og í þeim brbl. sem þar er leitað staðfestingar á segir í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að verja allt að 150 millj. kr. umfram fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 1983 til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis á því ári. Fjmrh. setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis."

Hverjar eru, hæstv. fjmrh., þær reglur sem þú og þitt hæstv. rn. hafa sett um þetta? Ég hef orðið var við það að orkukostnaður í landinu hefur hækkað ansi myndarlega á þeim mánuðum sem hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum — og ekki bara einu sinni, eins og hæstv. forsrh. vék hér að áðan þegar hann ræddi um opinberar gjaldskrár og sagði að aðeins ein hækkun gjaldskrár hefði verið heimiluð hverju opinberu fyrirtæki, aðeins ein hækkun hefði verið leyfð til sex mánaða. Það voru orð hæstv. forsrh. hér áðan. Hann er búinn að gleyma því, sem getur varla hafa farið fram hjá honum, hver var ein fyrsta aðgerð hæstv. núv. iðnrh. í þessari ríkisstj. í sambandi við verðlagsmál. Það var að lyfta gjaldskrá Landsvirkjunar þann 3. júní s. l. um 19% og bæta síðan við jái, skrifa undir beiðni Landsvirkjunar um hækkun á gjaldskrá hennar á heildsölu til almenningsrafveitna um 31% til viðbótar, hækkun nr. 2. Þetta er mál út af fyrir sig, að hæstv. ráðherrar hafa heimilað þessar hækkanir, en ef þeir hafa ætlað að ná sínum markmiðum um lækkun hitunarkostnaðar í landinu, þá er ég ansi hræddur um að þurft hefði að bæta einhverju við þessar 150 millj. kr. Og það má vel vera að hæstv. fjmrh. hafi gert ráðstafanir, þó að enginn hafi orðið var við það opinberlega enn þá, með þeim reglum sem hann ætlar sér að setja og skýrt er tekið fram í brbl. að hann setji um framkvæmd þessa ákvæðis, um þessa mildandi aðgerð.

Áhrifin af hækkunum hæstv. iðnrh. á gjaldskrám orkuveitna í landinu eru hins vegar ekki lækkanir heldur hækkun á orkuverði meðalheimilis í landinu, sem svarar til mánaðarlauna lágtekjumanns, sem svarar til 10 þús. kr., og er þá miðað við húsnæði í besta standi hvað snertir frágang allan, þ. e. húsnæði sem eyðir ekki nema sem svarar 13 lítrum olíu á rúmmetra á ári, þannig að í reynd er þessi kostnaður hjá fjölmörgum og sennilega meiri hluta heimila langtum, langtum meiri. Það er von að hæstv. ráðh. tali hér um hinar mildandi aðgerðir til að létta alþýðuheimilum róðurinn. Það upplýsist kannske þegar hæstv. fjmrh. greinir frá þeim reglum sem hann hafi sett — og ekki hefur farið mörgum sögum af opinberlega til þessa — til að milda höggið sem hann ásamt fleirum hefur greitt.

Hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh. í fararbroddi hefur reynt að staðhæfa — gert það glaðbeittur eins og hans er vandi — að það sé ekki annað en óráðshjal að vera að líkja þeirri lagasetningu sem hér er óskað eftir að Alþingi taki þátt í og staðfesti að meiri hl., líkja því við vinnubrögð einræðisríkja. Og hæstv. utanrrh. tók hið sama fram hér í útvarpsumr. í síðustu viku alveg sérstaklega.

Ég ætla að vitna hér, með leyfi hæstv. forseta, í stutt viðtal við formann Alþýðusambands Norðurlands í dagblaðinu Tímanum þann 20. okt. s. l. en þar hefur Þóra Hjaltadóttir þetta að segja að loknu 10. þingi Alþýðusambands Norðurlands:

„Við samþykktum mjög eindregna ályktun um kjaramál þar sem brbl. ríkisstj. eru harðlega fordæmd. Við teljum að með þeim hafi íslenskt launafólk verið svipt þeim mannréttindum að geta með samtökum sínum haft áhrif á það fyrir hvaða launum það vinnur og við hvaða aðstæður. Með þessum lögum hafi ríkisstj. stjórnarfarslega skipað Íslandi á bekk með ríkjum eins og Póllandi og Tyrklandi, þar sem starfsfrelsi og samningsréttur verkalýðsfélaga hefur verið afnuminn".

Ég veit ekki um stjórnmálaskoðanir þess ágæta talsmanns Alþýðusambands Norðurlands sem Tíminn vitnar hér til þann 20. okt. En ég ráðlegg mönnum að leggja hlustir við orð hennar, einnig hv. þm. Framsfl., sem eiga höfundarréttinn að þeim brbl. sem hér er óskað staðfestingar á.

Það væri líka hollt fyrir hv. þm. Framsfl. og hæstv. ráðh. flokksins að líta stöku sinnum í flokksmálgagnið sitt, Tímann, og lesa grein, sem birtist þar 7. ágúst s. l., ritaða af fyrrv. ritstjóra Tímans, Andrési Kristjánssyni,

þar sem hann fjallar um siglingu þessarar hæstv. ríkisstj. undir fyrirsögninni: „Þriðja atrennan í sókninni til íhalds-Íslands hafin.“

Ég vænti þess að þessi grein hafi ekki farið fram hjá hæstv. forsrh. En það er ekki víst að hann hafi lesið hana vandlega svo að ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér örstuttan kafla úr henni. Andrés Kristjánsson segir þar undir millifyrirsögninni „Þrjár atrennur“ eftirfarandi:

„Íhaldsstjórn á árunum 1924—1927 var of veik og skammvinn til þess að leggja hornsteina íhalds-Íslands. Glæsileg félagshyggjusókn braut þá íhaldsatrennu á bak aftur og félagshyggjustjórnirnar, sem á eftir komu, urðu langærri og drýgri við að móta þjóðfélagið í sinni gerð. Síðari íhaldsstjórnir — til að mynda „viðreisnarstjórnin“ — höfðu hug á því að snúa þróuninni við, og þá voru raddir háværar um fordæmingu ríkisafskipta, félagsframtaks og samvinnustarfs, og um tilfærslu efnahags- og atvinnuumsvifa í hendur einkaframtaks — siglingu í átt til íhalds-Íslands.

Nú virðist sami gunnfáninn dreginn að húni með gildri þátttöku íhaldsflokksins í ríkisstjórn.“

Og síðar í þessari grein segir Andrés Kristjánsson:

„Fregnir herma um þessar mundir, að skattbirting ársins 1983 og fleira sýni verulegt tekjufall fólks í héruðum utan suðvesturhornsins, einnig að þess sé farið að gæta að fólksflutningar þangað utan af landi séu farnir að aukast að nýju. Þetta eru vátíðindi. Enn muna menn öngþveitið sem myndaðist vegna fólksflutninga á fjórða áratugnum eftir stríðið, öngþveiti sem raskaði byggðinni úti á landi og stofnaði uppbyggingu þéttbýlisins við Faxaflóa í vanda. Á „viðreisnaráunum“ margfrægu hafði landsbyggðin verið vanrækt stórlega með hrikalegum afleiðingum fyrir þjóðina alla. Þá var ríkið ekki ófúst að hlaupa í félag með heimamönnum úti um hvippinn og hvappinn til þess að kaupa hluti í atvinnufyrirtækjum í því skyni að koma þeim á fót. Þá var róið í átt til íhalds-Íslands.“

Og síðar segir hann: „Þá var vábrestur í íslensku stjórnarfari þegar samstarfið um ríkisstjórnina 1971—1974 gliðnaði áður en árangurinn af stefnu hennar og störfum fékk að njóta sín nógu vel. Þá brustu líka allir varnargarðar í vegi síðustu og verstu verðbólguholskeflunnar sem kaffært hefur þjóðina á síðustu árum.“

Og enn segir Andrés Kristjánsson: „Þegar vígreifir riddarar íhalds-Íslands geysast fram í meginárás til þess að sundra þessu sambúðarkerfi sem þjóðin hefur myndað, eins og nú gerist í þriðja sinn eftir sjálfstæðisheimtina undir kjörorðinu að selja ríkiseignir og fyrirtæki — helst allar — er nauðsynlegt að félagshyggjufólkið sé á verði og þjappi sér saman til þess að verja þá þjóðfélagsgerð sem það hefur myndað, þótt auðvitað sé margur annmarki á henni enn.“

Þessi varnaðarorð Andrésar Kristjánssonar eru þess efnis að ástæða er til að rifja þau hér upp fyrir hv. þm. Framsfl., sem stöku sinnum vilja enn í dag vera að líkja sér og sinni stefnu við þá félagshyggjustefnu sem Andrés Kristjánsson var að minna á að Framsfl. eitt sinn var þátttakandi í, áður en flokkurinn lagði til skipstjóra á skútu sem rær í gagnstæða átt.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu. Ég vænti að hæstv. forsrh. veiti skýr svör við því hvort hann ætlar að reyna að knýja þetta lagafrv. hér í gegnum þingið. Og ég vænti þess að við heyrum m. a. í stuðningsmönnum núv. hæstv. ríkisstj., eins og hv. þm. Pétri Sigurðssyni og Gunnari G. Schram, hvort þeir ætla að hjálpa hæstv. forsrh. við þennan gjörning. Og ekki sakaði þó formannsframbjóðandinn í Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., greindi frá viðhorfum sínum til þessa máls hér í umr.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 7. fundur.

Þriðjudaginn 25. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Neðri deild, 25. okt. 1983.

Formaður þingflokks sjálfstæðismanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Ragnhildar Helgadóttur, 10. þm. Reykv., sem er erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður hennar, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki á meðan sæti hennar á Alþingi. Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt ásamt ósk um að fram fari í sameinuði þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd.“

Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að taka meðfylgjandi kjörbréf Guðmundar H. Garðarssonar til rannsóknar. Verður gefið á meðan fundarhlé í 5 mínútur. Fundinum er frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Guðmundar H. Garðarssonar, 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík. Kjörbréfanefnd hefur ekkert við kjörbréf hans né kosningu að athuga og leggur til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 45 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Guðmundur H. Garðarsson hefur áður setið á Alþingi. Býð ég hann velkominn til starfa.

Þessi fundur er fyrsti fundur á þessu þingi þar sem fsp. eru á dagskrá. Ég vil af því tilefni og með sérstöku tilliti til hinna mörgu nýju þm. sem nú sitja slíkan fund í fyrsta sinn vekja athygli á reglum þingskapa um umr. um fsp. Samkvæmt þingsköpum hefur ráðh., sem spurður er, heimild til að tala tvisvar, tíu mínútur í hvort sinn. Fyrirspyrjandi hefur heimild til að tala tvisvar, fimm mínútur í hvort sinn, en aðrir þm. tvær mínútur tvisvar sinnum.

Mikið er undir því komið að við getum haldið okkur við þessi ákvæði þingskapa. Með tilliti til þess hafa forsetar þingsins kvatt á sinn fund alla formenn þing-

flokka þar sem þetta mál hefur verið rætt. Þar hefur verið algjör samstaða um það að við leituðumst öll við að framfylgja sem best þessu ákvæði þingskapa svo að störf Alþingis megi fara sem best fram. Þess er vænst að framkvæmd þessi megi ganga snurðulaust en það verður barið í bjölluna undanbragðalaust ef ástæða er til að halda mönnum við þingsköp.

Virkjunarkostnaður við Blöndu, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Ég hef á þskj. 20 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi kostnað vegna ýmissa framkvæmda í tengslum við Blönduvirkjun. Tilefni þessarar fsp. eru fyrst og fremst fréttir í blöðum og umræður um það, að allur hafi þessi kostnaður farið mjög úr böndum og nemi nú allt að 10% af virkjunarkostnaði. En um þetta hafa fregnir verið nokkuð á reiki og því hef ég talið brýnt að bera fram fsp. til að fá skýr og greinargóð svör hæstv. iðnrh. varðandi það um hverjar fjárhæðir hér er að tefla. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hverju nemur kostnaður við framkvæmdir sem átt hafa sér stað í tengslum við virkjun Blöndu, en eru í raun fyrir og í þágu bænda og landeigenda á svæðinu? Til nánari skýringar skal getið að hér er átt við ræktun, jarðakaup, byggingar fjárhúsa og gangnamannakofa, vegagerð og annað af þeim toga sem framkvæmt hefur verið.

2. Hvaða aðilar hafa fengið greiðslur og hve mikið hefur komið í hlut hvers?

3. Hvaða aðilar munu fá greiðslur vegna sölu vatnsréttinda?“

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vísa til fsp. á þskj. 20 og þess sem hv. 5. landsk. þm. las upp og gef svohljóðandi svar:

Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun, sem er virkjunaraðili Blönduvirkjunar, hefur kostnaður samkv. lið 1 orðið sem hér segir — þetta er kostnaður samkv. samningi RARIK við hreppsnefndir á Blöndusvæðinu um virkjun Blöndu, dags. 15. mars 1982:

Á árinu 1981 fellur til kostnaður vegna uppgræðslu 617 þús. og vegna samningsgerðar og samráðsnefndar 459 þús. Árið 1982 fellur til kostnaður sem hér segir: Uppgræðsla 872 þús., girðingar 195 þús., heiðavegir 2.7 millj., gangnamannaskálar 50 þús., samningsgerð og samráðsnefnd 466 þús. Á árinu 1983 fram til sept. er kostnaður sem hér segir: Uppgræðsla 4 millj. 951 þús., girðingar 111 þús., heiðavegir 4 millj. 698 þús., gangnamannaskálar 130 þús. og samningsgerð 33 þús. Samtals er um að ræða á árinu 1981 1 millj. 76 þús., á árinu 1982 4 millj. 283 þús. og fram til sept. í ár 9 millj. 923 þús.

Annar kostnaður sem spurt er um og ekki telst til eiginlegs virkjunarkostnaðar, þ. e. kaup á Eiðsstöðum, bygging á fjárhúsi, hlöðu o. fl., svo og kostnaður við veiðimál, nam á árinu 1981 197 þús., á árinu 1982 1 millj. 539 þús. og í ár fram til sept. 5 millj. 948 þús. kr.

Samtals er framantalinn kostnaður þeirra liða sem tilheyra lið 1 í fsp. þessi: Árið 1981 1 millj. 273 þús., 1982 5 millj. 822 þús. og til sept. í ár 15 millj. 871 þús. eða samtals öll árin 22 millj. 966 þús., tæpar 23 millj.

Sem svar við lið 2 skal upplýst að RARIK hafði umsjón með öllum framkvæmdum við Blönduvirkjun til ársloka 1982. Sundurgreining á kostnaði RARIK árið 1981 og 1982 hefur ekki borist, en hér er um mjög lágar upphæðir að tefla. Sundurgreining kostnaðar frá Landsvirkjun, sem fallið hefur í jan. til sept. 1983, skiptist hins vegar á allmarga viðtakendur, þar sem þeir helstu eru: Áburðarverksmiðja ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, svo og nokkrir einstaklingar, verktakar, kaupfélög o. s. frv. Lista þennan hef ég undir höndum, ef fyrirspyrjandi eða aðrir vilja kynna sér hann, en að öðru leyti tel ég ekki rétt að lesa upp einstakar greiðslur, sem nema allt frá 2 þús. kr. og upp í hærri fjárhæðir.

Varðandi 3. lið fsp., um vatnsréttindin, liggur ekkert fyrir enn sem komið er um hverjir munu fá greiðslur vegna vatnsréttinda í Blöndu.

Þetta er hið beina svar eftir spurninganna hljóðan, en ég geri ráð fyrir að þetta svar þyki of magurt svar, miðað við aðrar upplýsingar sem í málinu hafa komið fram áður, og vil því bæta við nokkrum upplýsingum frekari.

Á áætlunum hönnuða um kostnað við virkjanir hérlendis er að sjálfsögðu talinn allur beinn kostnaður við framkvæmd verks, ásamt þeirri uppbyggingu sem nauðsynleg er á virkjunarstað, svo sem vegagerð, vinnusvæði og húsnæði alls konar með tilheyrandi þjónustubúnaði. Þá er og talinn með kostnaður af rannsóknum, hönnun og öðrum slíkum undirbúningi, umsjónar- og stjórnunarkostnaður eigenda og loks fjármagnskostnaður. Ótalinn er hins vegar ýmis kostnaður sem hönnuði skortir forsendur til að meta. Þar til má telja greiðslur eða aðrar bætur fyrir landspjöll, vatnsréttindi, efnistöku, röskun á veiði og kostnað við jarðakaup. Enn fremur má þar til telja kostnað við vegagerð að virkjunarsvæði. Eðlilegt er í flestum tilvikum að sá kostnaður greiðist af almennu vegafé, en virkjunaraðili neyðist oft og tíðum til að taka hann á sig. Hið sama gildir einnig um flutningslínur fyrir vinnuraf magn og símatengingu. Slíkur aukakostnaður fellur alltaf að einhverju leyti á hverja virkjun, en nokkur munur getur verið á hversu þungt hann vegur. Við Blönduvirkjun veldur miklu að bæta þarf gróið land, sem fer undir vatn í ofsetnum afréttum, og að vegir að virkjunarsvæðinu eru lélegir þótt í byggð sé.

Árið 1982 var undirritaður samningur milli virkjunaraðila og þeirra sex hreppa — ég trúi að þó að hér standi sex séu þeir fimm — sem teljast eigendur Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðaheiðar. Með þessum samningi fékkst heimild til að gera miðlunarlón og vatnsvegi virkjunar í þessum heiðalöndum. Á móti skyldu koma bætur með fernum hætti:

Í fyrsta lagi uppgræðsla í stað gróðurlands sem tapast og jafngildi þess að landkostum. Í öðru lagi vegagerð til þess að auðvelda umferð um afréttina og bæta röskun á hagagöngu búfjár. Í þriðja lagi girðingar til þess að forðast röskun á hagagöngu af völdum virkjunar. Í fjórða lagi gangnamannaskálar. Einn skála þarf að stækka vegna breyttrar notkunar afréttarins og færa eða endurbyggja tvo aðra.

Í nóv. 1981, meðan samningurinn var í undirbúningi, var reynt að meta kostnað við lið 1—3, uppgræðsluna, vegagerðina og girðingarnar, en hinn fjórði var þá ekki í samningsdrögum. Samtals nam áætlun þá nær 50 millj.

kr., en framreiknaður til verðlags í sumar með vísitölu byggingarkostnaðar 207 nemur sá kostnaður 127.4 millj.kr.

Um uppgræðsluna er það að segja, að framreiknaður til verðlags 1983 nemur áfallinn kostnaður alls 8.9 millj. kr. Með uppgræðslunni í sumar hefur fengist mun betri viðmiðun en áður um kostnaðinn. Samkvæmt því áætlast kostnaður við það sem á vantar, þrjú þúsund hektara, um 61 millj. kr. Til stofnkostnaðar reiknast enn fremur áburðargjöf í fjögur ár. Samtals verður þá kostnaður við uppgræðslu á verðlagi þessa árs 69.9 millj. kr. eða 2.3% af virkjunarkostnaði. Upphafleg áætlun, sem byggð var á minni athöfnum árið 1981, var mun hærri.

Um heiðavegi er það að segja, að árið 1982 voru lagðir 17 km af vegum auk smálagfæringa og byggð ein brú. Á þessu ári er nú lokið við tæplega 70 km, en áætluð viðbót á árinu er 10—15 km. Lokið er einni brú og önnur er í smíðum. Í upphaflegri áætlun var reiknað með 130 km af vegum, en sagt „líklegra að vantalið sé", en afmörkun í samningi er mjög óljós. Samkvæmt þeirri afmörkun sem þegar er orðin og þeim hugmyndum sem heimamenn hafa lýst um óunna vegi virðist heildarlengdin verða nálægt 200 km. Þar á móti kemur að kostnaður hefur í sumar reynst mun minni á hvern km en áætlað var í upphafi. Í fyrra var kostnaður 2.7 millj. kr., sem samsvarar um 4.9 millj. á verðlagi þessa árs. Á þessu ári er áfallinn kostnaður 11 millj., en verður væntanlega 15 millj. alls. Kostnaður við vegi og brýr, sem ólokið verður í haust, er áætlaður um 20 millj. kr., þannig að heildarkostnaður verður um 40 millj. á verðlagi þessa árs. Í hlutfalli við virkjunarkostnað er sú áætlun því nærri sama og sú er gerð var í nóv. 1981.

Um girðingar er þetta að segja, að mestur hluti umsaminnar girðingavinnu er óunninn enn, en mjög óljóst er hversu langar girðingar verða. Í byrjun voru þær áætlaðar allt að 150 km. Kostnaður við það sem komið er gefur ekki tilefni til annars en að framreikna fyrri áætlun óbreytta og er þá heildarkostnaður talinn 9.7 millj. kr. á verðlagi þessa árs.

Um gangnamannakofa segir: Búið er að reisa við Strönguklvísl skála sem þangað var fluttur frá Hrauneyjafossi. Húsið er gamalt og þarfnast verulegrar endurnýjunar, en það verk bíður næsta sumars. Síðan þarf að færa og endurbyggja skála við Galtará og Kólkukvísl. Heildarkostnaðaráætlun er 4 millj.

Um samningana er það að segja, að umfram það sem að framan er talið leiðir nokkurn kostnað af umræddum samningi. Þar er fyrst að nefna kostnað við samningsgerðina, síðan kostnað við samráðsnefnd, sem á að sjá um framkvæmd samningsins, og við matsnefnd sem á að fjalla um ágreining ef upp kemur. Erfitt er að áætla þennan kostnað, en hann er hér metinn á 5 millj. alls á verðlagi þessa árs.

Um veiðimálin segir: Virkjun mun breyta rennsli Blöndu. Engin tök eru á að vita það fyrir hvort eða hverjar breytingar verða af þeim sökum á farvegi árinnar eða veiði í henni. Vötn sem verða á nýrri veituleið munu breytast við það að jökulvatn fellur um þau. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á farvegi Blöndu. — Herra forseti. Ég er rétt að ljúka lestri mínum. Vil ég beina því til hæstv. forseta hvort hann vill ekki draga af síðari 10 mínútunum mínum. Ég held að það sé skynsamlegra að ég komi þessu öllu til skila í fyrstu atrennu og umræðan verði þá skipulegri. (**Forseti:** Það mun verða orðið við ósk hæstv. ráðh., en það verður dregið sleitulaust frá síðar.) — Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á farvegi Blöndu og veiði og uppeldisstöðvum í ánni. Til athugunar er hvort og að hve miklu leyti þarf að halda þessum rannsóknum áfram og jafnvel að endurtaka þær að virkjun lokinni til samanburðar, nema samið verði um annað. Áfallinn kostnaður framreiknaður nemur 3.9 millj. kr., en engin spá er gerð hér um framhaldið.

Um Eiðsstaði er það að segja, að unnið er að byggingu fjárhúss og hlöðu á jörðinni, svo sem skylt var samkvæmt samningi. Verkinu er senn lokið. Á næsta ári á að einangra íbúðarhúsið og klæða að utan. Kostnaður af þessu og kaupum á jörðinni er áætlaður samtals 9.1 millj. kr.

Vegir utan virkjunarsvæðis: Á árunum 1981—83 var byggður upp hluti af Svínvetningabraut og vegi um Blöndudal, samtals um 15 km. Enn þarf að byggja 13—19 km langa vegi svo að viðunandi vegasamband fáist. Kostnaður framreiknaður til verðlags í sumar er nú orðinn 55.8 millj., en viðbót áætluð 32.9 millj. Alls mun þessi kostnaður þá nema 88.7 millj. kr.

Heildarkostnaður vegna raflínu er reiknaður 10.7 millj. kr.

Annar kostnaður. Um vatnsréttindin er alveg ósamið og allsendis óvíst hvernig þau verða metin til fjár. Það skortir allar forsendur til þess að meta þann kostnað.

Ef ég gef svo í tveim setningum yfirlit um kostnaðinn, þá er það að segja, að á júníverðlagi þessa árs er virkjunarkostnaður talinn 3 milljarðar og 18 millj. kr. samkvæmt nýjustu áætlun hönnuða. Framantalinn aukakostnaður er talinn nema 237 millj. kr. og nemur því um 7.9% af virkjunarkostnaði.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessari umr. draga það fram, að hér hefur ekkert það komið í ljós í svörum hæstv. ráðh. sem bendir til þess að áætlanir um bætur vegna Blönduvirkjunar hafi farið eða fari fram úr því, eins og menn nú líta á málin, sem áætlað var þegar Alþingi tók afstöðu til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu. Það kom glöggt fram í máli og upplýsingum hæstv. ráðh. að svo er ekki, heldur er jafnvel frekar að liðir sem þar eru sundurliðaðir sýni lægri tölur. Þó að vissir þættir hafi ekki komið inn í upphaflega áætlun, eins og t. d. kaupverð Eiðsstaða, byggingar þar o. fl., þá er þarna ekki um hærri heildartölu að ræða.

Ég hef áður lýst viðhorfum mínum til þess að talað sé um aukakostnað varðandi þessar áætluðu 237 millj. Ég tel ekki rétt að tala um aukakostnað við virkjanir sé átt við vegalagningu að virkjunarsvæði svo og lögn á raflínum inn á virkjunarsvæði, hvort tveggja forsendur fyrir því að ráðast í virkjunarframkvæmdir. Hitt er svo annað mál hver greiðir það, hvaða opinber aðili greiðir það, hvort það er virkjunaraðili eða Vegagerð ríkisins og RARIK. Það er annað mál. (Forseti hringir.)

Ég vil svo benda hv. alþm. á að rifja upp, ef þeir vildu verða nokkru fróðari um sjónarmið hæstv. iðnrh. til þessa máls, orð hans hér í umr., þá sem 3. þm. Austurl., þann 4. maí, þegar hann mælti fyrir nál. um þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu. Kannske gefst mér færi á að koma aðeins að því síðar. (**Gripið fram í:** Það var 82.)

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. iðnrh. svör hans og mælast til þess að upplýsingar þessar geti þm. fengið skriflega, eins og hann gaf til kynna.

Mér þótti svar hans ekki magurt. Ég held að flestum þm. og ýmsum fleiri sjálfsagt hafi komið á óvart hversu háar tölur hér er um að tefla, þó að hæstv. fyrrv. iðnrh. kæmi það ekki á óvart. Ég held að það sé alveg leyfilegt að tala um aukakostnað í sambandi við virkjanir þegar um er að ræða byggingar fjárhúsa og gangnamannakofa. Ég held að slíkar byggingar séu ekki bein og sjálfsögð forsenda fyrir því að unnt sé að virkja, þó að svo hafi verið í þessu tilviki.

Vissulega eru þessar tölur háar. Mér sýnist t. d. kostnaður við samningagerð vera töluvert í hærri kantinum, þó megi sjálfsagt um það deila. En það er þó kannske kjarni þessa máls sem ég tók eftir að hæstv. ráðh. sagði: „Umræddir hreppar, sem teljast eigendur heiðalandanna". Spurningin er um það, hverjir eiga þessi heiðalönd. Er þetta ekki land sem á að vera í eigu þjóðarinnar allrar? Geta einhverjir ákveðnir hreppar eða ákveðnir bændur slegið eign sinni á þetta land með þeim hætti sem hér er ráð fyrir gert? Ég minni í því sambandi á frv. sem þm. Alþfl. hafa flutt hér um þjóðareign á landi, sem taka ekki hvað síst — og helst — til slíkra landsvæða.

En það eru ýmis fleiri atriði í þessum upplýsingum, sem hæstv. iðnrh. gaf, sem ég geri ráð fyrir að hafi komið mönnum töluvert á óvart. Víst eru ýmsir þessara vega nauðsynlegir vegna virkjunarframkvæmdanna, en ég hygg að þeir séu það alls ekki allir.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, herra forseti, en ég þakka hæstv. ráðh. svar hans. Ég held að það hafi verið nauðsynlegt að fá þessar upplýsingar fram.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram varðandi kostnað við virkjun Blöndu og undirbúning þess máls. Varðandi þetta vil ég taka fram örfá atriði.

Í fyrsta lagi eru þær tölur sem hér hafa verið nefndar framreiknaðar til verðlags í sumar, þrátt fyrir að greiðsla hafi farið fram á eldra verðlagi. Ég tel rangt að tala um umframkostnað í þágu bænda sem nemi 237 millj. kr. Réttara væri að tala um umframkostnað vegna aðalsamnings, sem gerður hefur verið við hreppana sex, sem nemur samkvæmt framreiknuðu verðlagi 128.5 millj. kr. eða 4—5% af virkjunarkostnaði, svo sem áætlað var meðan samningar stóðu yfir. Sumt af því sem þar er tilgreint var þó óhjákvæmilegt að virkjunaraðili ynni þótt enginn samningur hefði verið gerður. Svo er til að mynda um færslu á gangnamannakofum, sem eru gerðir að umtalsefni í fsp. og færu annars undir vatn. Það segir sig sjálft að virkjunaraðili verður að færa þá og endurbyggja. Sama gildir um hluta af vegalögnum og vörslu, sem breytist vegna breytingar á vatnsvegum og lónstæði. Þar verður að endurbyggja mannvirki þótt enginn samningur hefði verið gerður. Þennan kostnað er því einnig óréttmætt að kalla að fullu í þágu bænda.

Af öðrum atriðum í sambandi við þennan svokallaða umframkostnað eru langveigamestir vegir að virkjunarsvæði, sem hér hefur verið skýrt frá og eru áætlaðir kosta 88.7 millj. kr., og raflína, sem er áætluð kosta 10.7 millj. kr. Þetta eru tæpar 100 millj. kr., eða mjög veigamikill hluti af þessum þætti, og verður ekki kallað í þágu bænda.

Fasteignakaup virkjunaraðila eru nauðsynleg til þess að hafa full eignarráð á því landi sem aðalframkvæmdir fara fram á og það er mál virkjunaraðila hvort samið er um tilteknar framkvæmdir á þeirri jörð sem hér hefur verið keypt, þ. e. Eiðsstaðir í Blöndudal.

Ég tel þakkarverðar þær upplýsingar sem gefnar hafa verið og mjög nauðsynlegt að málið sé túlkað þannig og liggi svo skýrt fyrir að ekki komi fram misskilningur, svo svo sem birtist í máli hv. fyrirspyrjanda og hætt er við að unnt sé með óvandaðri frásögn fréttamanna að læða inn hjá fjölda fólks í sambandi við slík mál.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að nokkurs misskilnings gætir í tali manna um þetta mál vegna þess að nálægt helmingi af þeim aukakostnaði sem hér er verið að tala um kemur bótum ekkert við. Það er ekki hægt að kalla vegalögn frá höfn að virkjunarstað bætur fyrir virkjun. Það er ekki hægt að kalla það bætur þegar virkjunaraðili leggur vegi handa sjálfum sér um virkjunarsvæðið. Og það er ekki heldur hægt að kalla það bætur þegar Landsvirkjun kaupir fasteign norður í Húnavatnssýslu, þ. e. jörðina Eiðsstaði. Ekki buðu bændur á Eiðsstöðum jörð sína til sölu. Landsvirkjun eða RARIK óskuðu eftir að kaupa þessa jörð og guldu fyrir andvirði einbýlishúss í Reykjavík. Því fylgdu að vísu kvaðir um byggingar á jörðinni og framkvæmdir á jörðinni til þess að jörðin yrði betri bújörð og þar með meiri eign fyrir Landsvirkjun.

Það hefur verið margbent á það af mörgum aðilum að uppgræðslan er mjög dýr, og það var eitt af þeim deilumálum sem um var að tefla við undirbúning þessarar framkvæmdar, hvort hún væri yfirleitt framkvæmanleg eða hvort það borgaði sig að leggja í þann kostnað sem því fylgdi, hvort aðrar leiðir væru ekki hentugri. En þessi leið var farin vegna þess að menn tóku trúanlegar tölur sérfræðinga, sem vildu láta þetta vera ódýrast að því er þeir töldu.

Varðandi eignarhald á þessum heiðum, sem hv. þm. Eiður Guðnason var að draga í efa, þá liggja t. d. tvímælalaust bréf fyrir um eignarhald á Auðkúluheiði. Hún var hluti af prestssetrinu Auðkúlu og keypt af viðkomandi hreppum á sínum tíma, í ráðherratíð Jóns Magnússonar, og með skilmerkilegum bréfum. Það er alveg ástæðulaust að vera að gera því skóna að eignarhald á þessu landi sé ekki fullkomlega formlegt.

Niðurstaðan er sem sagt þessi, að helmingurinn af þessum aukakostnaði kemur bændum ekkert við og drjúgur hluti af hinum kostnaðinum er ónýtanlegur fyrir bændur.

Hjartaskurðlækningar á Landspítalanum, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi hjartaskurðlækningar á Landspítalanum. Fsp. er svohljóðandi: Hver eru áform ríkisstj. varðandi stofnun deildar fyrir hjartaskurðlækningar á Landspítalanum?

Mál þetta hefur verið lengi til umr., m. a. í heilbrrn. og á Landspítalanum. Þegar ég kom í heilbrrn. í febrúar 1980 lá fyrir bréf frá þáv. hæstv. heilbrrh. Magnúsi H. Magnússyni til Landspítalans um að hafist skyldi handa um undirbúning að hjartaskurðlækningum á spítalanum. Þar lá jafnframt fyrir að landlæknir, sem samkv. lögum er ráðgjafi heilbrrh., var andvígur því að þessi þjónusta yrði tekin upp á Landspítalanum. Ég leitaði þá eftir áliti landlæknis á nýjan leik í þessu efni og á árinu 1982 kom fram að landlæknir taldi að þá væru aðstæður aðrar en verið hafði þegar hann var beðinn um álit á þessu máli á árinu 1979.

Af þeim ástæðum lagði ég á það mikla áherslu á s. l. ári — og heilbrrn. og forráðamenn ríkisspítalanna — að þessi starfsemi yrði tekin upp þar og við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1983 var við það miðað að stigin yrðu fyrstu skrefin í þessu efni. Ég tel að fjárhagslegar röksemdir séu afdráttarlausar í þessu efni og það sé hagkvæmt að taka upp hjartaskurðlækningar hér á landi miðað við þann gífurlega kostnað sem Tryggingastofnun ríkisins verður að leggja í vegna þess mikla fjölda fólks sem leitar sér lækninga erlendis nú orðið og talið er að geti orðið 150—160 manns á þessu ári.

En það eru ekki aðeins fjárhagslegar röksemdir sem hér vega þungt vegna þess að þær geta ekki einar ráðið úrslitum í máli af þessu tagi. Hér koma einnig til mannlegar ástæður sem eru þær að það fólk sem verður að sækja lækningar utanlands á oft mjög erfitt með að sætta sig við þá tilhugsun, m. a. vegna þess að margir kunna ekki erlend tungumál og óttast framandi umhverfi. En í þriðja og síðasta lagi þá er ljóst að Íslendingar eiga þegar þjálfaða hjartaskurðlækna sem geta vel veitt slíkri starfsemi forustu hér á landi. Þannig er það mín skoðun að bæði fjárhagslegar, mannlegar og tæknilegar röksemdir mæli með því að þessi starfsemi verði tekin upp hér á landi.

Ég vil leyfa mér að fara fram á það að hæstv. núv. heilbrrh. tjái sjónarmið sín í þessu efni. Ég tel að hér sé um að ræða stórt og þýðingarmikið mál og áríðandi sé fyrir hv. Alþingi að vita um viðhorf heilbrrh. áður en fjárl. fyrir árið 1984 verða afgreidd.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi fsp. gefur tilefni til að minna á að það er meira en áratugur síðan umr. hófust um það hvort hefja ætti hjartaskurðlækningar hér á landi. Þannig var það 1971 að Seðlabankinn og Gjafasjóður Ásbjörns Ólafssonar stórkaupmanns gáfu fé til tækjakaupa í þessu skyni. Það var álit ráðgjafa heilbrrh. þá að ekki væri tímabært að hefja hjartaskurðlækningar enda ekki komin rannsóknaraðstaða svo fullnægjandi væri vegna þessara aðgerða.

Seint á fyrri ráðherratíð minni í heilbrrn. var þetta mál tekið til rækilegrar athugunar og annaðist nefnd lækna það mál. Tveir þeirra, Ólafur Ólafsson landlæknir og Björn Önundarson tryggingayfirlæknir, töldu að enn um sinn ætti að bíða með að hefja aðgerðir hér en tveir, Grétar Ólafsson og Árni Kristinsson, lögðu til að aðgerðirnar hæfust. Nær samtímis barst bréf frá fjórum læknum, tveim þeim sömu og áður getur, Gunnari H. Gunnarssyni og Þórði Harðarsyni, til ráðh. þar sem ráðlagt var að aðgerðir hæfust á Landspítalanum. Það má því segja að um það leyti, er ég hætti sem heilbrrh. á árinu 1978, hafi sérfræðingar við Landspítala og Borgarspítala talið að hjartaskurðlækningar gætu hafist hér á landi en ráðgjafi ríkisstj. eða landlæknir mælti ekki með því þá.

Á síðustu dögum ráðherratíðar Magnúsar H. Magnússonar var mál þetta tekið til meðferðar í rn. og með bréfi 31. jan. 1980 fól rn. forstjóra ríkisspítalanna að sjá um að undirbúningur færi fram og stefnt yrði að því að byrja hjartaskurðlækningar og opnar hjartaaðgerðir á Landspítala í ársbyrjun 1981.

Á Landspítala mun undirbúningur hafa farið fram eftir því sem hægt var án þess að heimild væri til að kaupa tækjabúnað og senda starfsfólk til menntunar. Stjórnarnefnd ríkisspítala hafði þetta verkefni sem forgangsverkefni sitt við gerð fjárlaga áranna 1981, 1982 og 1983 án þess að fjvn. Alþingis féllist á þetta verkefni sem nýtt verkefni ríkisspítalanna. Um allt þetta veit fyrirspyrjandi því að þetta gerðist í hans ráðherratíð.

31. ágúst 1982 ritaði þáv. heilbrrh. bréf til framkvæmdastjóra ríkisspítalanna þar sem skýrt var frá því að samkomulag hefði náðst milli heilbrrn. og fjmrn. um að í fjárlagafrv. ársins 1983 yrði gert ráð fyrir þeim möguleika að hefja undirbúning að hjartaskurðlækningum hér á landi ef Alþingi féllist á þá till. Niðurstaðan varð síðan sú að Alþingi féllst ekki á þessa till. og því stöndum við í þeim sporum sem við stöndum nú.

Þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt þá ritaði þáv. heilbrrh. bréf til stjórnarnefndar ríkisspítalanna 13. maí 1983 — eða tveimur vikum áður en hann fór úr embætti — þar sem heimilað var að í desembermánuði 1983 verði auglýstar þær stöður sem nauðsynlegar eru vegna hjartaskurðlækninga og ráðið í þær þannig að hjartaskurðlækningar geti hafist á árinu 1984. Þá heimilaði rn. einnig að útboð færi fram á tækjum vegna hjartaskurðlækninga þannig að hægt yrði að kaupa tækin fyrr og um næstu áramót; það eru áramótin 1983 og 1984. Þessi heimild rn. átti sér í rauninni ekki stoð í gildandi fjárlögum og hafði ekki hlotið samþykki fjvn. um nýtingu á nýjum stöðum fyrir ríkisspítalana. Það er því ekki heimild til þess að fara eftir þessu bréfi fyrrv. heilbrrh.

Ég hef rakið þessa sögu í eins stuttu máli og hægt er en það hlýtur að koma til kasta Alþingis, fjvn. fyrst og Alþingis síðar, að taka afstöðu til þess hvort hjartaskurðlækningar fari fram hér á landi og hvenær þær hefjast.

Í fjárlagatill. frá s. l. sumri var gert ráð fyrir því að till. stjórnarnefndar ríkisspítalanna að hjartaskurðlækningar yrðu forgangsverkefni ríkisspítalanna. Það hefur hvorki verið tekið tillit til þeirrar aukningar í starfsemi ríkisspítalanna eða neinnar annarrar í því fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fram.

Auk þess kostnaðar sem hlýtur að leiða af nýrri starfsemi eins og hjartaskurðlækningum þá hefur komið í ljós að gera þarf umtalsverðar breytingar á skurðstofum Landspítalans til þess að þær geti farið fram og þar að auki þarf að gera ráð fyrir því að nýr tækjabúnaður komi til rannsókna á kransæðum á röntgendeild Landspítalans. Allt þetta verkefni í heild er því stórt kostnaðarverkefni og það er nauðsynlegt að Alþingi og fjvn. taki það til gaumgæfilegrar athugunar áður en afstaða er tekin. Þó heimild kæmi inn í næstu fjárlög til að hefja þessa starfsemi mundi hún ekki geta tekið til starfa fyrr en í ársbyrjun 1985, svo langur er fresturinn til undir-

búnings.

Persónulega er ég jákvæður gagnvart því að hefja hjartaskurðlækningar á Landspítalanum sem allra fyrst. En ég tel eins og málum er háttað nú að brýnna sé að verja fjármunum til að gera rannsóknarstarfsemi í sambandi við kransæðaskoðanir öruggari og að næsti tækjabúnaður, sem keyptur verður til spítalans, verði vegna þeirra rannsókna og það tel ég að sé það brýnt verkefni að undan því verði ekki vikist að gera hið allra fyrsta.

Það hefur komið nýlega bréf til mín, að gefnu tilefni út af þessum umræðum, frá prófessor Ásmundi Brekkan. Þar ræðir hann um tækjabúnað vegna hjartarannsókna og sendir mér þar yfirlit um hvað hann telji að þurfi að kaupa og grófar kostnaðartölur um þau tæki. Hér er um að ræða röntgentæki, stjórnborðspenna, röntgenlampa ásamt fylgihlutum, skyggnimagnara sjónvarpsbúnaðar ásamt kvikmyndabúnaði, rannsóknarborð með skoðunararmi, vídeobúnað fyrir tengingar við skyggnimagnara og mælaútbúnað; þetta er áætlað á 510 þús. Bandaríkjadali eða í kringum 15 millj. íslenskra króna og er þá ekki reiknað með neinum aðflutningsgjöldum og tollum.

Ég tel að það sé forsenda þess að hægt sé að hefja skurðlækningar við Landspítalann að þessi tæki séu keypt.

Hjartaþræðing hefur ekki farið fram með eðlilegum hætti vegna þess að tækin eru úrelt; það eina sem hefur áunnist á þremur árum er að hlaðist hefur upp biðlisti. Fyrst og fremst verður að eyða þeim lista með því að kaupa þessi tæki. Ég legg á það höfuðkapp við afgreiðslu fjárlaga að þessi rannsóknartæki séu keypt og þetta komi inn í fjárlagafrv. áður en Alþingi gengur frá því. Ég mun ekki sem heilbrrh. sætta mig við að frá fjárlagafrv. verði gengið með þessum hætti. Þar vil ég flytja þá breytingartillögu sjálfur og auðvitað verð ég þá að standa frammi fyrir því hvort hún nær fram að ganga eða ekki. Í framhaldi af því mun ég skipa nefnd — ekki þrýstihóp heldur nefnd sem vill líta á málin frá öllum hliðum og athuga hvað sé skynsamlegt að gera, nefnd sérfræðinga og nefnd þeirra, sem um þessi mál hafa mest fjallað, til þess að ganga frá endanlegu áliti og samanburði á kostnaði við hjartaskurðlækningar — og leggja á það ríka áherslu að sú nefnd ljúki störfum fyrir vorið. Þannig að þessi mál verði tilbúin áður en farið er að vinna að gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1985. Þannig hef ég hugsað mér að halda þessu starfi áfram og legg höfuðáherslu á að koma rannsóknarstarfseminni á stað.

Ég vil að síðustu — það má ræða þessi mál miklu ítarlegar, það er ekki hægt að gera í fyrirspurnatíma — nefna að það eru nokkur önnur mál í starfsemi ríkisspítalanna sem er aðkallandi að sinna og ekki síður aðkallandi að mínum dómi en hjartaskurðlækningar og þar á ég fyrst og fremst við krabbameinslækningar, sem hefur dregist allt of lengi að huga að og hafa setið á hakanum og sömuleiðis á fjvn. eftir að standa frammi fyrir að heimila stöður til þess að stækka og víkka út starfsemi bæklunardeildarinnar.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hér er hreyft mjög mikilsverðu máli og ég vil fyrst lýsa þeirri skoðun minni að ég tel sjálfsagðan hlut að ýta á það svo sem kostur er að hjartaskurðlækningar verði upp teknar á landi hér. Það hefur þegar komið fram í umr. hvaða rök hníga að því að þetta skuli gert, fyrir utan þau fjármunalegu rök sem eru augljós. Það er gífurlegur kostnaður því samfara að senda sjúklinga utan vegna þessara aðgerða; þá er ekki síður læknisfræðilegi þátturinn. Og til viðbótar því sem kom fram hér í umr. áðan þá megum við ekki gleyma því að nú á tímum er verið að þróa nýjar lækningaraðferðir varðandi hjartasjúkdóma og ein af meginforsendunum fyrir því, að það sé hægt hér á landi, er sú að mögulegt verði að grípa til skurðlækninga ef þannig stendur á. Það er ein meginforsendan fyrir því að við getum þróað nýjar aðferðir og ekki síst varðandi kransæðasjúkdóma að til staðar sé aðstaða til hjartaskurðar. Ég vék að kostnaðinum sem er því samfara að senda sjúklinga utan. Hann hefur líklega verið milli 20 og 30 millj. vegna þeirra sjúklinga sem fóru utan á liðnu ári; það eru liðlega 100 sjúklingar.

Ég kom hér í ræðustól fyrst og fremst til þess að lýsa vilja mínum gagnvart þessu máli; ég er fylgjandi því að það verði ýtt hressilega á eftir málinu. Ég fagna því að hæstv. heilbrrh. mun gera allt sitt til þess og ég vænti þess að ég og minn flokkur a. m. k. liggi ekki á liði sínu í þessu efni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég veit að hv. þm. hafa borist margvíslegar upplýsingar um þetta mál hvernig það er vaxið og hvaða tölur það snýst um. Það er óþarfi að rekja það frekar. Það er alveg ljóst og hefur enginn dregið í efa að sú verkkunnátta, ef þannig má taka til orða og tækniþekking sem er forsenda aðgerða af þessu tagi, er fyrir hendi hér á landi; um það er ekkert að villast. En þetta mál snýst ekki bara um tölur þó að þær séu mikilsverður þáttur málsins þá megum við ekki gleyma hinni mannlegu hlið þessa máls.

Ég vil aðeins við þessa umr. hér koma þeirri skoðun þingflokks Alþfl. á framfæri að það sé tvímælalaust einhver skynsamlegasta fjárfesting á sviði heilbrigðisþjónustu hér á landi, sem hægt sé að ráðast í núna, að taka hér upp hjartaskurðlækningar. Það er hægt að sýna fram á það með tölum hversu fljótt sú fjárfesting skilar sér aftur og hinu megum við heldur ekki gleyma að mannlegur þáttur þessa máls er stór og verður ekki í tölum talinn. Það er sem sé skoðun þingflokks Alþfl. að kappkosta beri að gera það kleift sem allra fyrst að þessi tegund lækninga, hjartaskurðlækningar, geti átt sér stað hér á landi og því er í rauninni ekkert til fyrirstöðu ef menn ákveða að veita til þess því fjármagni sem þangað þarf að fara.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum á undanförnum dögum þá knýja hjartaskurðlæknar sjálfir mjög á um að þessari þjónustu verði komið á hér við Landspítalann og við megum nú trúlega vera þess fullviss að þeim gengur gott eitt til og hugsa þar líklega ekki síst einmitt til þess mannlega þáttar sem hér hefur verið á minnst.

Frá þessum mönnum hefur borist bréf til þm. og mig langar af þessu tilefni að spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hann lýsi þessa félagsmenn Hjartasjúkdómafélags íslenskra lækna ósannindamenn því að samkv. ályktun þess, framkominni í bréfi frá félagi þeirra dags. 24. okt. 1983, segir, með leyfi forseta: „Engin rök, hvorki efnahagsleg, læknisfræðileg né félagsleg mæla með því að kaupa lengur þjónustu á sviði kransæðaskurðlækninga í öðrum löndum.“ Annars staðar í þessu sama áliti

segir: „Aðeins herslumun og tiltölulega lágar fjárhæðir" — ég endurtek lágar fjárhæðir — „þarf til að hleypa kransæðaskurðlækningum af stokkunum hér á landi."

Bréf þetta er undirritað af Kristjáni Eyjólfssyni og Guðmundi Þorgeirssyni. Ég vildi gjarnan fá að heyra álit hæstv. heilbrrh. á ályktun þessara góðu manna.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir þau svör sem hann veitti hér áðan við fsp. minni og almennar undirtektir hans við þetta mál. Samkvæmt því fjárlagafrv. sem liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir neinni nýrri stöðu á ríkisspítölunum árið 1984 og ekki heldur í heilsugæslunni. Það er m. a. þess vegna sem þessi fsp. er tekin hér upp svo að hv. fjvn. geti fjallað um málið með tilliti til þess.

Í ræðu sinni kom hæstv. heilbrrh. inn á það að 31. ágúst 1982 hefðu þáverandi heilbrrh. og fjmrh. náð samkomulagi um að stefna að því að þessi starfsemi færi af stað á árinu 1983 og 1984. Það hefði hins vegar ekki hlotið náð fyrir augum fjvn. og bréf sem ég hefði skrifað fyrr á þessu ári styddist ekki við forsendu fjárlaga. Þetta er að mínu mati ekki rétt. Ég tel að þetta bréf, sem heilbrrn. skrifaði fyrr á þessu ári varðandi hjartaskurðlækningar, hafi í einu og öllu stuðst við forsendur fjárlaga. Hins vegar var fjvn. ekki þeirrar skoðunar að það væri rétt að taka upp þessa starfsemi strax á árinu 1983. Ég taldi það hins vegar og ég tel það vera verkefni heilbrrn. að hafa um það að segja hvernig þeim nýjum stöðum er ráðstafað, sem Alþingi heimilar ráðuneytinu að efna til á hverjum tíma. Þess vegna taldi ég að öll rök væru í raun og veru með því að heilbrrn. hefði sína skoðun á þessu máli og léti hana koma fram með þeim hætti sem ég gerði í bréfi í maí s. l. Ég tel því að það sé í raun og veru mjög eðlilegur hlutur að heilbrrn. skuli hafa knúið á um þetta mál, svo sem gert hefur verið, og ég vænti þess að það verði einnig gert í ráðherratíð hæstv. ráðh. Matthíasar Bjarnasonar.

Það er vafalaust svo að í meðferð þessara mála kunna einhverjir kostnaðarþættir að hafa verið vanmetnir. Það er reynslan að það gerist yfirleitt þegar verið er að taka upp nýja starfsemi að þá hættir þeim, sem eru að hvetja til hennar, til þess að vanmeta þann kostnað, sem stofnast þegar allt er uppgert. Og ég held að það sé nauðsynlegur hlutur að bæði fjvn. og heilbrrn. og aðrir aðilar horfist í augu við þann kostnaðarauka, sem af þessu getur hlotist, því hér er auðvitað ekki aðeins um að ræða kostnað á ríkisspítölunum sjálfum varðandi hjartaskurðlækningarnar sem slíkar, heldur er hér um að ræða kostnað við ýmiss konar þjónustu sem óhjákvæmilegt er að bæta frá því sem nú er, t. d. þjónustu blóðbankans við þessa starfsemi sem ég tel að eigi að taka inn í þessa mynd og hafi kannske ekki verið gert sem skyldi. Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. heilbrrh. fyrir hans svör. Ég tel að hér sé um að ræða stórt og þýðingarmikið mál og það sé ástæða til að ætla eftir undirtektum hér að Alþingi sé reiðubúið til að fylgja því eftir.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þinglokks BJ taka undir óskir að þessari læknisþjónustu verði komið á sem fyrst. Ég ætla ekki að gera mál mitt langt, það hafa komið fram flest þau rök sem hníga að þessari ósk. Hér er um að ræða fjárhagslega hagkvæma framkvæmd og undirbúningur er tiltölulega hægur. Hér eru mannleg sjónarmið, hér gefst okkur færi á að létta angist og þjáningar fólks sem hefur nóg af fyrir. Það er náttúrlega mælikvarði um siðmenningu þjóðar hversu fús hún er að létta þjáningar sjúkra og aldraða og ég held að hérna ættum við að leggjast á eitt.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Mig langar eindregið til þess að hvetja hæstv. heilbr.- og trmrh. að beita sér fyrir því að hjartaskurðlækningar megi sem fyrst hefja hér á landi. Afstaða mín mótast af tveim meginsjónarmiðum. Annað er mannúðarsjónarmið og hitt er sparnaðarsjónarmið sem er vinsælt um þessar mundir.

Ég vann um 12 ára skeið á sjúkrahúsi úti í London þar sem margir Íslendingar komu í hjartaskurðlækningar. Þess vegna get ég af eigin reynslu dæmt um það að því fylgir mikið aukaálag og áhyggjuefni, ekki bara fyrir sjúkling heldur líka fyrir aðstandendur, að þurfa að gangast undir stóra skurðaðgerð á erlendri grund þar sem um er að ræða öryggisleysi og framandi umhverfi og þar að auki erfiðleika við að tjá sig á erlendu tungumáli. Og þetta getur haft afdrifaríkar afleiðingar í sambandi við bata sjúklinganna.

Síðara sjónarmiðið er sparnaðarsjónarmið. Það er rétt að þessu fylgir stofnkostnaður og hann er nokkuð hár einmitt núna, þegar verið er að reyna að spara, en hann mun skila sér mjög fljótt aftur þannig að á stuttum tíma verður þarna um sparnaðarframkvæmd að ræða.

Ég hef enga ástæðu til þess að efa það að heilbrigðisstarfsfólk á Íslandi er fullkomlega hæft til þess að sinna þessu verkefni og lýsi hér með yfir stuðningi Samtaka um kvennalista við þessa hugmynd.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af fsp. hv. 8. þm. Reykv. varðandi samþykkt Hjartasjúkdómafélagsins, þá ætla ég ekki að lýsa hvorki þá né aðra neina ósannindamenn. Það liggja ekki fyrir neinar tæmandi upplýsingar um útreikninga á kostnaði við væntanlega deild eða ekki. Þess vegna vitaskuld lýsi ég ekki neinu yfir fyrr en það liggur fyrir og það er ekki minnst á sum atriðin sem skipta miklu máli í þessu og hafa í raun og veru áhrif á aðra starfsemi. Þegar nýjar lækningar eru teknar inn í landið inn á þennan spítala, þá þrengir það vitaskuld legupláss, sem eðlilegt er og allir skilja. Það er hvergi inni í þessari mynd frá þessum áhugamönnum. Þetta þarf líka að ræða og huga að.

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því þegar hjartaskurðlækningar verða teknar upp hér — vitaskuld verða þær teknar upp — að þá koma ekki allar hjartaskurðlækningar inn í landið á tiltölulega skömmum tíma. Ég geri ráð fyrir að það verði fyrst og fremst kransæðaskurðlækningar sem byrjað verði á og aðgerðir á börnum með meðfædda hjartagalla, en aðrar enn stærri aðgerðir verði vafalaust erlendis um hríð. Ég þekki líka af eigin reynd hvað það er að fara sjúkur til annarra landa. Það hefur sína vankanta. Það er líka búið að þróa þar upp deildir á löngum tíma. Í því felst ekkert vantraust á lækna eða sérfræðinga hér á landi. Þetta er erfitt mál, þetta er mál sem þarf að líta á frá svo mörgum hliðum og við getum ekki heldur ætt af stað í hjartaskurðlækningar, ef við getum svo ekki sinnt hjartaþræðingunni og rannsóknarstarfseminni. Eigum

við kannske að senda þá til útlanda í hjartaþræðingu en svo aftur heim í skurðaðgerð? Við verðum auðvitað að byrja á réttum enda og hér hefur orðið afturför hvað þetta snertir. Það var kvartað í sumar og haust mjög undan ástandi þessarar rannsóknarstarfsemi og hjartaþræðingar. Nú er horft alveg yfir það í öllum þessum bréfum og ég sé það og heyri, að hv. þm., sem hér hafa talað, horfa allir framhjá þessu stóra atriði. Þeir nefna það ekki, ekki einn einasti þeirra. Þetta er vitaskuld það sem á að verða nr. eitt og ég lýsti því yfir hér áðan, að ég legði auðvitað höfuðáherslu á jafnhliða að fylgja þessu máli eftir. En við þurfum að huga hér að og ég vil leiðrétta það sem hefur komið fram á nokkrum stöðum að það séu jafnvel erfiðleikar á því að fá hjartalækningar hjá öðrum þjóðum. Mér er alveg fullkomlega kunnugt um að það er sóst eftir því og við gætum gert samninga við aðrar þjóðir og það þarf líka að liggja nánar fyrir. Um það er ekki deilt hér að þessi deild kemur. Það er fyrst og fremst verið að tala um það í hvaða röð það verður og ég held að það sé ekkert áhorfsmál að röðin er sú að við erum að byggja upp rannsóknarstarfsemina og sinna henni fullkomlega hér innanlands. Síðan kemur hitt á eftir stig af stigi. Og eins og ég sagði hér í upphafi míns máls og hv. 3. þm. Reykv. tók undir þá deilum við ekki um þessi atriði. Við verðum að taka þau í réttri röð og láta liggja fyrir allar upplýsingar, en látum ekki óskhyggju eða tilfinningar ráða, heldur verður skynsemi og náin athugun einnig að fylgja þó að tilfinningin sé mikils virði og hinn mannlegi þáttur og það tek ég fullkomlega undir.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég ætla nú að vona að menn fari ekki að þjarka hér um fortíðina eða hver hafi skrifað hverjum bréf eins og mér fannst jafnvel gæta hér um tíma. En það vekur hins vegar furðu eftir allar þessar bréfaskriftir og allar þessar athuganir að allar götur frá 1979 skuli það enn ekki liggja fyrir samkv. því sem hæstv. ráðh. lýsti hér yfir um hvers konar kostnað sé að ræða. Og það finnst mér harla lítill gangur og lítil skilvirkni eins og menn segja stundum í athugunum á bréfaskriftum ef það liggur ekki fyrir eftir fjögurra ára starf.

Ég verð hins vegar að segja það að af þeim gögnum, sem ég hef séð, þá verður þetta að teljast tiltölulega lítill kostnaður sem skilar sér fljótt, þó að sjálfsagt sé úr því að það hefur ekki verið kannað nægilega vel áður að skoða allar kostnaðaráætlanir mjög vel. Auðvitað hlýtur okkur öllum að vera það ljóst að ef lagt er í kostnað af þessu tagi þá bitnar það að einhverju leyti á öðrum. En þetta sýnist vera skynsamleg framkvæmd sem skilar sér fljótt til ríkisins og á þess vegna að njóta mikils forgangs.

Menn hafa talað um það hér að það væru ekki bara peningamálin sem hér kæmu til skoðunar, heldur líka hinn mannlegi þáttur vegna tungumálaerfiðleika og þvíumlíks. En ég held að það geti líka verið, og sé ekki síður ástæða að hafa það í huga, að það geti verið að einhverjir fari ekki í aðgerð eða dragi það óþarflega lengi að fara í aðgerð við þær aðstæður sem menn búa við nú, en mundu fara og njóta þessarar þjónustu hér ef þjónustan væri veitt hér á landi. Þetta held ég að menn ættu líka að hafa í huga og það mælir enn frekar með því að framkvæmdum verði flýtt af því tagi, sem hér eru til umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það vekur athygli þegar þetta mál er athugað hversu tíðni hjartaaðgerða hefur aukist mjög hratt á undanförnum árum. Samkvæmt þeim tölum sem við þm. höfum fengið í hendur þá munu 29 Íslendingar hafa farið í slíkar aðgerðir 1973, en nú 10 árum síðar er reiknað með að 130 sjúklingar fari í slíka aðgerð og að fjöldi þeirra muni vaxa enn í 150—160 á næsta ári. Svo ör fjölgun hlýtur að vekja til umhugsunar um, hvort þeim mörkum sé ekki náð að það sé fjárhagslega orðið hagkvæmt að flytja slíkar aðgerðir inn í landið. Að auki koma önnur rök til sem hér hafa verið tilgreind, bæði hin mannlegu rök svo og að þekking íslenskra lækna og fólks, sem starfar að heilbrigðismálum, er þannig að slík deild gæti vafalaust verið rekin hér með miklum sóma eins og við höfum dæmi um á öðrum sviðum læknisfræðinnar.

Ég vil fagna yfirlýsingum hæstv. heilbrrh. í þessu máli og mér fannst stefna hans í þessu vera mjög skýr og ákveðin, þ. e. að tryggja það á næsta ári að rannsóknarþættinum verði komið í lag, er hann hefur dregist aftur úr eins og fram hefur komið. Rannsakað verði til hlítar það sem auðvitað hefði átt að vera búið að rannsaka fyrr, eins og hv. síðasti ræðumaður vakti athygli á, hversu mikill kostnaður er hér raunverulega á ferðinni og að stefnt verði að því að árið 1985 verði slík starfsemi tekin upp hér á landi. Mér finnst mikilvægt að fá slíka yfirlýsingu frá hæstv. heilbrrh. Það er ekki síst mikilvægt fyrir þá sem búa sig undir það að taka þessi störf að sér og ég þykist vita og finna af undirtektum hv. þm. sem hér hafa talað að hæstv. heilbrrh. fær Alþingi á bak við sig við framkvæmd þeirrar stefnu sem hann hér hefur boðað.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég held að það þurfi ekki að fara í grafgötur með það að þingheimur sé yfirleitt fylgjandi þeirri stefnu að hjartaskurðlækningar verði fluttar inn í landið. Skal ég ekki fara um það fleiri orðum. En í þessu efni sem öðru þegar um er að ræða þjónustu af hálfu þess opinbera þá fylgir því venjulega yfirleitt alltaf talsvert verulegur kostnaður þó að það borgi sig þegar til lengdar lætur að taka upp þessa þjónustu eins og í þessu tilfelli. Mér finnst ekki liggja nægilega skýrt fyrir enn þá sem kannske er varla von hve mikil fjárfesting er fólgin í því að taka upp rannsóknarstarfsemina sem hæstv. heilbr.- og trmrh. gerði að umtalsefni og heldur ekki hvað í raun og veru kostar að koma upp þessari starfsemi, bæði nauðsynlegum rannsóknum og sjálfum rekstrinum. Ég held að það væri mjög þýðingarmikið og nauðsynlegt fyrir þingheim að fá rækilega úttekt á hvað þetta allt saman kostar og þá verða menn að gera upp hug sinn um hversu fljótt menn vilja framkvæma þessa stefnu. Það er auðvitað hægt í sambandi við fjárfestingarkostnað að dreifa honum. Það er að vísu mikil gagnrýni á lántökum eins og kunnugt er, en auðvitað er hægt að dreifa fjárfestingarkostnaði ef hann leiðir til sparnaðar eins og hér hefur komið fram hjá sumum þm. sem þekkja þessi mál af eigin reynd, þannig að mér finnst að það þurfi að liggja fyrir og þurfi að afla upplýsinga um og koma þeim á framfæri hér á þingi áður en frekar er hafist handa í málinu, hvað þetta kostar, hvað fjárfestingin er mikil og hvað reksturinn kostar þegar við höfum flutt rannsóknir og hjartaskurðlækningar inn í landið.

Dýpkunarskip, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Á þskj. 20 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Er áætlað að láta smíða eða kaupa nýtt dýpkunarskip í stað Grettis?

2. Hve hárri fjárhæð nam vátrygging Grettis og hefur því fé verið ráðstafað?“

Ég vil, áður en ég fjalla frekar um þessar fsp., benda á það að á þessu ágæta þskj., 20. þskj. okkar, eru 10 mál. Er sparnaður nú farinn að koma greinilega í ljós. Mér finnst það dálítið langt gengið þegar farið er að hnoða 10 málum á eitt þskj. En í sambandi við fsp. vil ég þá halda áfram.

Þegar maður fer um og heimsækir hafnarstarfsmenn eða sveitarstjórnarmenn, eins og ég gerði á s. l. sumri, er það vanalega fyrsta spurning sem beint er að manni: Veistu nokkuð um það hvort keypt verður nýtt dýpkunarskip fyrir Gretti? En eins og hv. alþm. er kunnugt sökk Grettir hér á Faxaflóa í byrjun mars s. l. Með því að Grettir sökk og var ekki lengur til starfa við hafnargerðir stöðvuðust ýmsar hafnarframkvæmdir vítt um landið sem ekki urðu framkvæmdar með öðru móti en með dýpkunarskipi.

Við höfðum haft dýpkunarskip áður, á undan Gretti. Það var gamli Grettir. Hann var keyptur á 5. áratugnum. Við komu þess skips breyttust mjög aðstæður til hafnargerða hér á landi. Þá þurfti ekki lengur að hugsa fyrst og fremst um það að hafnir væru staðsettar við aðdýpi eða að til þess að stækka skip í byggðarlagi þyrfti að lengja bryggjurnar. Það var sem sagt horfið frá þessum háttum til þess að fara að dýpka umhverfis hafnarmannvirkið og nýta oft og tíðum þá aðstöðu sem var fyrir hendi. Það var gert margt gott með gamla Gretti en með því nýja skipi sem hér um ræðir varð raunverulega önnur bylting. Framkvæmdir urðu mun stórstígari og það var hægt að framkvæma ýmsa aðra hluti sem ekki var hægt að gera áður.

Með því að Grettir er nú horfinn af sjónarsviðinu og ekki hefur verið upplýst enn að nýtt skip komi í hans stað eru, eins og ég sagði áður, ýmsar framkvæmdir vítt um landið stöðvaðar. Ég spyr í 2. lið fsp.: Hve hárri fjárhæð nam vátrygging Grettis og hefur því fé verið ráðstafað? Ég er raunverulega að spyrja hvort það fé sem hefur fengist út á vátryggingu Grettis sé ekki hægt að nýta til kaupa á nýju skipi. Hvort uppi séu einhverjar áætlanir um það og hvort þetta fé sé ekki enn fyrir hendi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. síðasti ræðumaður lét þess getið að það væri helst til mikill sparnaður að hafa 10 mál á einu þskj. eins og hér liggur frammi. Ég vil láta þess getið að ég hygg að það sé ekkert óvenjulegt í þessu efni. En ég er fús að athuga hvort hafa mætti minni ráðsíu á þessum sparsemdartímum sem við nú annars lifum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 4. þm. Vesturl. vil ég upplýsa það að ekki liggur enn fyrir áætlun eða ákvörðun um að kaupa nýtt dýpkunarskip í stað Grettis. Ástæða þess er sú að uppi eru áform um það, eins og öllum er kunnugt, að reyna að draga sem mest úr framkvæmdum og fjárfestingu ríkisfyrirtækja og hyggja betur að því hvort verktakar almennt geti ekki frekar tekið að sér slík verkefni með útboðum. Alþingi hefur margoft lýst yfir vilja sínum í því efni. Af þessari ástæðu fyrst og fremst og einnig af fjárhagsástæðum hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um þetta. Hins vegar á Hafnamálastofnunin sambærileg skip sem hafa verið í notkun og eru það áfram. Þessi mál eru enn þá til athugunar í rn.

Ég get upplýst það varðandi seinni lið fsp. að Grettir var tryggður fyrir sem næst kaupverðið, 5 157 000 norskar kr. eða um 19.6 millj. ísl. kr. Af því hafa þegar verið greiddar til Hafnamálastofnunar tæpar 4 227 000 n.kr. Er það geymt á gjaldeyrisreikningi í Landsbankanum að frádregnum 3 millj. ísl. kr., sem ákveðið var að nota til að fullgera starfsmannahús við verkstæði stofnunarinnar í Kópavogi, sem var fullfrágengið í vor. Það sem á vantar er væntanlegt á næstunni frá endurtryggingum samkv. upplýsingum frá hafnamálastjóra.

Frá því að Grettir var keyptur hefur verðbólga í Evrópu yfirleitt verið 8—10% þannig að nálgast mun að tryggingin hafi jafngilt afskrifuðu verðmæti tækisins. Er þá reiknað með afskriftum 8—10% á ári en ekkert tillit tekið til endurbóta, sem gerðar hafa verið á skipinu síðan kaupin áttu sér stað, né heldur þó nokkurs af áhöldum sem voru um borð í skipinu. Þetta sýnir að skipið var vanvátryggt. Vantaði mikið á að það væri vátryggt á því verði sem nauðsynlegt var. Ég er þeirrar skoðunar að þó að ríkið eigi í hlut eigi að vátryggja fyrir alsköðum að fullu og öllu. En ég er aftur á móti mjög hlynntur því að í hlutatilfellum taki ríkið að sér stærri ábyrgð en yfirleitt gerist og gengur í vátryggingarstarfsemi. Það er nú sennilega of seint að tala um þetta núna því að eins og í auglýsingunni segir: Þú tryggir ekki eftir á.

Vita- og hafnamálastofnunin hefur gert lauslega áætlun um verð á nýju graftæki sem væri endurbætt og öflugri gerð Grettis. Stofnunin telur að slíkt tæki mundi kosta um 12 millj. n. kr. eða sem samsvaraði um 45.5 millj. ísl. kr. Tel ég þá að fsp. sé svarað.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Út af þessum seinustu upplýsingum hæstv. ráðh. verð ég að segja að það er náttúrlega mjög alvarlegt mál ef eigur af þessu tagi eru vantryggðar í svo ríkum mæli sem hæstv. ráðh. gaf til kynna. En úr því að það getur gerst á einum stað í ríkisgeiranum, gæti þá ekki verið að það gerist einhvers staðar annars staðar líka? Ég vil beina því til ríkisstj. að af þessu tilefni verði nú þegar kannað hvernig tryggingum sé háttað af hálfu ríkisins og ríkisstofnana á eigum sínum svo að við eigum ekki á hættu að sagan endurtaki sig í þessum efnum og menn verði fyrir stórfelldu tjóni af þeim sökum. Ríkið verður að hafa ákveðnar reglur um það að hve miklu leyti það tekur áhættu sjálft og að hve miklu leyti það vátryggir hjá öðrum. Síðan verður að gæta að því að þeim reglum sé fylgt og rétt sé að farið.

Annars undrar mig hver feiknadráttur hefur orðið á þessu máli vegna þess að sama daginn og Grettir sökk bar ég fram fsp. til hæstv. fyrrv. samgrh. um það hvort hann mundi ekki beita sér fyrir því að þegar í stað yrði keypt nýtt tæki í stað Grettis. Hann tók undir það heils

hugar og lofaði því að þegar yrði undinn bráður bugur að því að fá annað tæki í staðinn fyrir Gretti. Nú eru liðnir allmargir mánuðir síðan. Mér þykja því hafa orðið allmiklar vanefndir á þeim loforðum sem fyrrv. samgrh. gaf. Og það getur líka hafa orðið okkur nokkuð dýrt.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þegar þetta mál bar á góma í umr. utan dagskrár 7. mars í fyrra sagði þáv. samgrh., núv. hæstv. forsrh.: „Það verður allt gert til að komast yfir annað skip." Og hann sagði líka orðrétt, með leyfi forseta: „Þessi verkefni eru þar að auki takmörkuð að umfangi og ekki þörf fyrir nema eitt slíkt tæki í landinu. Við aðstæður sem þessar er ekki grundvöllur til heilbrigðs útboðs og því er að mínu mati eðlilegt, að ríkið eigi svona sérhæft tæki. Ég held að varla sé hægt að gera ráð fyrir því að verktakar, sem gjarnan þyrftu að vera fleiri en einn til að sem sanngjörnust tilboð fengjust, fái sér svona tæki og reyndar alls ekki æskilegt. Ég hygg að þetta sé eitt af þeim verkefnum sem eðlilegt er að Vita- og hafnamálaskrifstofan sjálf annist."

Nú hefur komið í ljós í þessum umr. að hæstv. núv. samgrh. er allt annarrar skoðunar. Hann telur að hér eigi að bjóða út og verktakar geti hugsanlega tekið þetta að sér. Á þingi Hafnamálasambandsins vestur í Stykkishólmi núna fyrir fáeinum dögum tjáði hæstv. félmrh. sig um þetta mál. Hann var sömu skoðunar og núv. hæstv. forsrh. Það er því ljóst að í þessu máli hefur ríkisstj. tvær skoðanir. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þingheimur fái að heyra hvaða skoðun það er sem á að ráða, hvaða stefna það er í þessu máli. Það er ljóst að skoðanir hæstv. samgrh. og hæstv. forsrh. og félmrh. stangast þarna á í meginatriðum. Þetta verður að fá hér á hreint.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka svar hæstv. samgrh. þó að mér falli það nú ekki, langt frá því. Ég tel það mjög miður að ekki skuli vera stefnt að því að kaupa nýtt skip í stað Grettis. Eins og fram kom hjá hv. 5. landsk. þm. þá lýsti núv. forsrh., fyrrv. samgrh. því yfir hér í fyrravetur að að því mundi verða stefnt að kaupa nýtt skip í staðinn. Hann benti einmitt á þá staðreynd að það er raunverulega ekki grundvöllur fyrir því að bjóða út verk eins og þau sem þetta sérhæfða skip vinnur. Það yrði raunverulega um einokunaraðstöðu að ræða hér á landi ef ætti að fara að bjóða slíkt út. Það gæti verið að einhver einn aðili, eitthvert sterkt verktakafyrirtæki hefði bolmagn til að kaupa slíkt tæki. En það þýddi að það fyrirtæki væri eini aðilinn sem gæti unnið það verk.

Ég lýsi líka undrun minni á að það skuli eiga sér stað að tæki eins og þetta, sem var að mörgu leyti mjög vanhæft til siglinga, skyldi ekki hafa verið vátryggt hærra en raun ber vitni um. Ég tek undir till. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar um það að tryggingamál ríkisins verði athuguð einmitt út frá þessu atriði, að við þurfum ekki að eiga það á hættu að ýmsar eignir ríkisins, ef þær fyrirfarast í tjónum, verði ekki betur bættar en hér varð raunin.

Ég vil að lokum segja það að mér finnst ástandið í hafnarmálum hjá okkur vera ósköp svipað því nú, ef við kæmum með dæmi ef við höfum ekki tæki eins og Gretti til að vinna framkvæmdir við hafnir — að við færum að senda loðnuflotann okkar núna til veiða, þegar við vitum að það er komin nóg loðna í sjóinn, við færum að senda loðnuflotann okkar til veiða með gamla snurpunót og snurpubáta. Það er verið að hoppa það langt aftur í tímann með því að vera ekki með grafskip líkt og Gretti, það er verið að hoppa álíka langt aftur í tímann og ef þetta væri gert í sambandi við loðnuflotann í dag.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil biðja hv. þm., sem hér hafa talað, að hafa það í huga að ég réð engu um vátryggingarfjárhæð þessa skips. Sumir hverjir þeirra voru aðstandendur þeirrar ríkisstj. sem þá sat og hefðu getað haft áhrif þar á ef þeir hefðu verið vakandi fyrir því. En mín skoðun er sú, eins og ég sagði hér áðan, að það eigi að tryggja eignir ríkisins að fullu og öllu fyrir alskaða. Og ríkisskipaflotinn, þá á ég við skip Skipaútgerðar, skip Landhelgisgæslu og skip Hafrannsóknastofnunar, hafa verið tryggð fyrir alskaða, eðlilegri tryggingu. Hins vegar hefur verið dregið mjög úr hlutatjónum á undanförnum árum, sem ég tel skynsamlegt að gera, en það hafa oft verið, eins og við segjum gjarnan, í kerfinu uppi raddir um það að ríkið tryggi jafnvel ekki. Það hafa einnig verið teknar ákvarðanir um að ríkið tryggi ekki ákveðnar eignir sínar vegna þess hvað iðgjöldin séu há af þessum eignum. Um þetta geta eðlilega verið skiptar skoðanir og ekkert athugavert við það. En ég held að það sé rangt með svona dýr og mikil tæki, þó að ríkið eigi hlut að máli, að hafa ekki eðlilega alskaðatryggingu á þeim.

Varðandi ágreining minn og hæstv. forsrh. vil ég taka fram að við höfum ekkert rætt um þetta mál. Það vill nú svo til að ég fer með samgöngumál og því eðlilegt að ég hafi mun meira um þetta að segja. Hann lauk því ekki að kaupa pramma í stað Grettis á meðan hann var samgrh. Ég lét í ljós þessa skoðun mína á fundi Hafnamálasambandsins í Stykkishólmi, sem hv. 5. landsk. þm. vitnaði til, og þessi skoðun mín er óbreytt. En hún þýðir ekki það, ef ekki er tryggt að hægt sé að halda áfram eðlilegum hafnarframkvæmdum þar sem ekki er hægt að koma við venjulegu sanddæluskipi, að þá eigi að hætta við þær framkvæmdir. Þá verðum við að fara út í það, neyðumst til þess, vil ég segja, að láta ríkið eiga eina gröfu. En ég segi: Það er neyð. Það fylgir böggull skammrifi að Hafnamálastofnunin eigi þessi tæki. Hún verður að halda uppi stóru og dýru verkstæði í Kópavogi og forsenda þess að halda því verkstæði áfram er að stofnunin eigi þessi tæki. Það er ekki ætlun okkar, sem erum í þessari ríkisstj., að viðhalda þessari starfsemi svona algjörlega, heldur draga frekar úr henni, þar sem starfsemi einstaklinga og félaga er víða með þeim hætti að þeir geta tekið að sér þessi verkefni. Um þetta er í raun og veru ekki mikill ágreiningur. Það er enginn ágreiningur um það að þetta verði athugað nánar. En þá komum við auðvitað að því að taka ákvörðun um nýja erlenda lántöku. Samkv. þeim tölum sem hafnamálastjóri nefnir er hér um að ræða fjárvöntun upp á u. þ. b. eða rúmlega 7 millj. norskra króna, sem þyrfti þá að taka erlent lán fyrir, því að sennilega eru þm. allir sammála um það að innlend fjáröflun verður alveg nýtt að fullu og öllu.

Aðgerðir til bættrar meðferðar á sjávarafla, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. sjútvrh. tveggja spurninga. Þær spurningar eru á þskj. 20 og eru svohljóðandi:

„1. Hverjar eru helstu aðgerðir á vegum sjútvrn. sem fyrirhugaðar eru til að koma á bættri meðferð sjávarafla?

2. Hvernig hefur það fé verið notað sem tekið var af gengismun sjávarafurða 1982 til aðgerða til að bæta meðferð sjávarafla, og hvernig á að nota það fé sem tekið hefur verið í sama skyni af gengismun 1983?“ — Ég óskaði eftir sundurliðuðu yfirliti um þetta.

Það hefur verið mikið talað um að bæta meðferð sjávarafla á undanförnum árum og m. a. s. svo mikið að það virðist oft í þeim umr. hafa komið fram að þar væri raunverulega eini vaxtarbroddurinn sem mætti eygja í íslenskum sjávarútvegi, það væri að bæta meðferð sjávaraflans. Sú umræða gefur vitaskuld til kynna að einhver óheillaþróun hafi átt sér stað í meðferð sjávaraflans, ef hægt er að ræða um þennan þátt á þann veg, að þarna sé um stórar fjárhæðir að ræða, og stundum hefur verið rætt um að þetta skipti jafnvel sköpum um að halda mörkuðum á vissum svæðum. Umræðan hefur a. m. k. beinst í þá átt að þarna væri um mjög alvarlegt mál að ræða. Þess vegna fannst mér ástæða til þess að spyrja og fá upplýsingar um það, hvað hefði verið gert í þessum málum á vegum sjútvrn. að undanförnu.

Það hefur einnig verið svo að undanförnu, að ef gengismunur hefur verið tekinn af sjávarafurðum við gengisfellingar hefur verið talað um að verja ákveðnum fjárhæðum til bættrar meðferðar afla. Ég taldi æskilegt að fá um það upplýsingar. Þess vegna er seinni liður fsp. minnar fram borinn.

Ég held að ég eyði ekki fleiri orðum um þetta að sinni, en mundi þá ræða frekar um þetta eftir að hafa heyrt svar ráðh.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningunni vil ég taka fram, þótt þar geti ekki verið um tæmandi svar að ræða, að það sem gert hefur verið í sjútvrn. er m. a. eftirfarandi:

Í fyrsta lagi: Lagt hefur verið fram frv. til. l. um ríkismat sjávarafurða, sem væntanlega mun koma fram á Alþingi næstu daga. Það felur í sér allmiklar breytingar á núverandi skipulagi fiskmatsmála í landinu.

Í öðru lagi: Ráðnir hafa verið til eins árs tveir forstöðumenn við Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem vinna nú ásamt fulltrúum hagsmunaaðila og þjónustustofnana sjávarútvegsins að endurskoðun á reglugerðum og fyrirmælum stofnunarinnar sem og starfsháttum.

Í þriðja lagi: Ráðgjafarþjónustan Hannar sf. vinnur að víðtækri úttekt á viðamestu þáttum í starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Lokaúttekt hefur farið fram á stöðu ferskfiskmatsins og áfangaskýrsla hefur verið lögð fram um ástand í afurðamati saltfisks og skreiðar. Tilgangurinn með þessari úttekt er að afla gagna og tillagna um endurskipulagningu á starfsemi Framleiðslueftirlitsins, þannig að hún komi á sem hagkvæmastan hátt að mestum notum, m. a. með því að tryggja vörugæði og að kröfum markaðsins sé fullnægt.

Í fjórða lagi: Auk þess er til umræðu fjárfestingarstefna, fiskveiðistefna, verðlagning o. fl. með það í huga að auka gæði og bæta meðferð sjávaraflans.

Sem svar við annarri spurningunni: Í árslok 1982 ákvað sjútvrn. að standa fyrir fræðslu- og kynningarstarfi svo bætt yrðu gæði íslenskra sjávarafurða og var Jóhann Briem ráðinn til þess að annast skipulag og stjórnun verkefnisins. Lagt var til grundvallar við kynningarstarfið að það yrði unnið í samstarfi við hina mörgu hagsmunaaðila í sjávarútveginum og lögð áhersla á þá þætti sem talið var að hefðu orðið útundan og útvegsmenn, framleiðendur og þjónustustofnanir í sjávarútveginum ekki haft aðstæður til að sinna.

Kynntar hafa verið helstu þjónustustofnanir í sjávarútveginum, stuðlað hefur verið að umfjöllun í fjölmiðlum um gæðamál og miðlun upplýsinga, framleitt hefur verið kynningar- og fræðsluefni á myndböndum til notkunar í fjölmiðlum og á vinnustöðum. Á s. l. vori tók rn. þátt í ráðstefnu um gæðamál með Fiskiðn, fagfélagi fiskiðnaðarins. Í undirbúningi er gerð fræðsluefnis í bæklingaformi ásamt gerð veggspjalda með leiðbeiningum um fiskmeðferð um borð í fiskiskipum og í vinnslustöðvum sjávarafla.

Til gæðamála hefur sjútvrn. nú varið 1 943 832 kr. af gengismunarfé 1982, sem skiptist þannig:

1. Ráðgjöf og umsjón 366 986.
2. Kynning og fræðsla, þ. e. myndbandagerð, upptaka, laun aðstoðarmanna og önnur aðstoð, 642 463.
3. Auglýsingar 440 684. — Það eru í fyrsta lagi blaða- og tímaritsauglýsingar upp á 150 684 og svo greiðsla til Sjómannasambands Íslands 290 þús. vegna myndbandadreifingar Sjómannasambandsins.
4. Tilraunamat á ferskum fiski 129 907.
5. Ráðstefna um gæðamál 100 000.
6. Styrkir til tilrauna o. fl. 178 792.
7. Handbók í fiskvinnslu 85 000. — Samtals 1 943 832.

Af þessu leiðir að af gengismunarfé 1983 hefur enn engu verið ráðstafað og er það fjármagn í vörslu Fiskimálasjóðs.

Í Fiskmatsráði hafa verið ræddar hugmyndir um gerð myndbanda er veittu fræðslu um vinnslu sjávarafla og veiðar um borð í togurum. Engin ákvörðun hefur verið tekin enn.

Vænti ég þess að ég hafi þá svarað þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég held að ég hafi ekkert ofsagt um það í fyrri ræðu minni, að þegar verið er að tala um stöðuna í íslenskum sjávarútvegi sé það fyrsti punkturinn sem bent sé á hvort ekki sé hægt að bæta meðferð sjávarafla og þetta sé allt að því eini vaxtarbroddurinn sem hægt sé að eygja. Mér finnst ekki að svar hæstv. sjútvrh. bendi til þess að svo sé, því að þær upplýsingar sem ráðh. gefur um hvað gert hafi verið eða verið sé að gera í rn. finnst mér vera frekar veigalitlar.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hefur umræða um þetta mál staðið yfir síðustu ár og ekki aðeins hefur núv. sjútvrh. bent á þessi vandamál, heldur einnig fyrrv. sjútvrh., sem næstum því í hverri ræðu sinni á hv. Alþingi undirstrikaði að þarna þyrfti mikið að gera. En þegar svar kemur við spurningu um hvað gert hafi verið í sjútvrn., þá kemur í fyrsta lagi fram að lagt hafi verið fram frv. um skipulagsbreytingar á mati á sjávarafurðum. Það frv. hefur reyndar ekki verið lagt fyrir hv.

Alþingi. Það var lagt fyrir blaðamannafund í vor fyrir kosningar, en er væntanlegt, eftir upplýsingum hæstv. ráðh. að dæma, hingað inn á þing bráðlega. Það er sjálfsagt að fagna því og má vel búast við að í því sé ýmislegt sem til bóta megi vera, en ég hef ekki mikla trú á að það skipti sköpum, enda eru um það frv. ansi miklar deilur meðal þeirra manna sem um þessi mál fjalla. Jafnvel telja þeir sem þarna hafa mesta reynslu, t. d. eins og fiskmatsnefnd, að þær tillögur sem í því frv. séu og þær brtt. séu ekki til þess fallnar að bæta meðferð eða búast megi við því að fiskmatið skili betri árangri eftir samþykkt þess frv. en nú er.

Í öðru lagi hafa verið ráðnir tveir forstjórar til starfa í Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Það má vel vera að þarna sé um framfaraspor að ræða, en ekki aðeins hafa verið ráðnir tveir forstjórar, heldur er þriðji forstjórinn enn til staðar, eftir því sem ég veit best, og er núna að kynna sér meðferð fiskjar í nágrannalöndum. Ég vil ekki gera mikið úr því að störf þessara tveggja forstjóra, sem komnir eru í Framleiðslueftirlitið, skipti sköpum eða þar breytist mikið við að tveir forstjórar komi í stað eins.

Í þriðja lagi fer fram víðtæk úttekt á Framleiðslueftirlitinu í beinu framhaldi af að ráðnir eru tveir forstjórar og var jafnvel byrjað á því fyrir fram. Ég undirstrika líka að það má vera að fara þurfi að gera úttekt á þessu fyrirtæki, en ég geri mjög lítið úr að það skipti sköpum í sambandi við meðferð sjávarafla.

Í fjórða lagi er verið að athuga fjárfestingarstefnu og fiskveiðistefnu í sambandi við þessi mál. Það má vel vera að það sé stór þáttur í þessum málum, en ég hef ekki orðið var við að þar séu neinar nýjar leiðir enn boðaðar. Mér er kunnugt um að aðili í sjávarútvegi á Vesturlandi hafði hug á því að fara í ákveðnar fjárfestingar til að bæta meðferð á sjávarafla. Hann ætlaði að endurvæða skip sitt, þannig að hann gæti sett afla í stóra kassa. Þetta væri vinnuhagræðing bæði um borð í skipi og þegar aflinn bærist á land. Mér skilst að hann hafi farið hring eftir hring, frá sjútvrn. upp í Framleiðslueftirlit, úr Framleiðslueftirliti niður í sjútvrn. og upp í Framleiðslueftirlit aftur. Ég vil ekki nefna þá menn sem hann þurfti að mæta, en þar hafði hvergi verið nein ákvörðun tekin um að liðka til um framkvæmd sem þessa. Í fjárfestingarstefnunni virðist því ekki vera búið að skapa neina markvissa stefnu.

Svo var einnig nefnt að til starfa í rn. hefði verið ráðinn Jóhann Briem til að vinna að þessum málum í samstarfi við aðila í sjávarútvegi. Vitaskuld er það af hinu góða og slík vinnubrögð eru upphafið að því að laga mál sem þessi. En í sambandi við þetta mál langar mig til að ítreka fsp. sem Jóhann J. E. Kúld, ritari Fiskmatsmannafélags Íslands, bar fram fyrir nokkrum dögum í Þjóðviljanum í sambandi við verk þess starfshóps sem mér skilst að Jóhann Briem stjórni. Það varðar þá kvikmynd sem flestir alþm. hafa vafalaust séð og var í sjónvarpi fyrir nokkrum vikum og er að dómi Jóhanns mjög mislukkuð og að dómi allra þeirra sjómanna sem ég hef talað við hálfgerð skrípamynd, ég ætla ekki að segja meira. Að mínu mati sýnir hún frekar hvernig vinnubrögð voru til sjós fyrir 20 árum en að hún sýni hvernig vinnubrögð eiga að vera til sjós í dag. — En fsp. Jóhanns Kúlds er þannig, með leyfi hæstv. forseta, og óska ég eftir því að hæstv. ráðh. svari nú fsp. Jóhanns. (Forseti hringir.) — Herra forseti. Ég var rétt að byrja á þessu, en þetta er mjög stutt hjá mér. (**Forseti:** Það er komið allnokkuð fram yfir.) — Þetta er þannig:

„Ég vil koma á framfæri fyrirspurn til sjútvrh. vegna fræðslukvikmyndar sem sjútvrn. lét gera um vinnubrögð við aðgerð um borð í fiskiskipum og sýnd var í sjónvarpi 30. sept. s. l. Í myndinni áttu sér stað forkastanleg mistök. Blóðgun og slæging eru þar sýnd samtímis, þ. e. fiskurinn er slægður lifandi.

Í gildandi reglugerð, sem útgefin er af sjútvrn., segir í 46. gr.: „Fisk skal ekki slægja fyrr en honum hefur blætt út.“ Þetta mikilvæga atriði reglugerðarinnar, sem er undirstaða allrar góðrar fiskverkunar, er í kvikmyndinni brotið af þeim mönnum sem myndina gerðu. Hins vegar verður sjútvrh., sem er æðsti maður sjávarútvegsmála í landinu, að standa vörð um það, að lög og gildandi reglugerðir um meðferð sjávarafla séu haldnar en ekki brotnar. Því spyr ég Halldór Ásgrímsson sjútvrh. eftirfarandi spurningar, sem ég óska eftir að hann svari opinberlega:

Hefur ráðh. gert ráðstafanir til þess að áðurnefnd fræðslukvikmynd, sem er brot á gildandi reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., verði tekin úr umferð og ekki sýnd?“

Ég geri þessa fsp. Jóhanns Kúlds að minni og bæti því við, að mér finnst það hálfsorglegt að eftir öll stóru orðin úr sjútvrn. skuli það sem hægt er að festa hendur á og sjá vera eins úr garði gert og kvikmyndin sem ég hef hér nefnt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mál sem hér er hreyft af hv. 4. þm. Vesturl. verður vafalaust rætt miklu meira í umr. í vetur á hinu háa Alþingi því það er eitt af stærri hagsmunamálum okkar þjóðar að vöruvöndun í sjávarútvegi sé öll eins og best verður á kosið, að þar sé jafnan staðið þannig að verkum að menn séu sannfærðir um að þeir hafi lagt sig fram.

Ég kvaddi mér hér hljóðs fyrst og fremst vegna þess að það hefur vakið athygli mína, eins og vafalaust fleiri manna, að hér virðist hafa verið staðið að málum með býsna sérkennilegum hætti. Þrátt fyrir ákvarðanir á s. l. ári um verulega fjármuni í þessu skyni hafa þau tíðindi gerst hafa á þessu sviði ekki verið með þeim hætti að menn hafi tilfinningu fyrir því að þarna séu mál að þokast verulega í rétta átt.

Það er a. m. k. ekki sannfæring mín að það sé rétt byrjun í þessu máli að leggja lagafrv. fyrir blaðamannafundi. En það var það sem fyrrv. hæstv. sjútvrh. gerði fyrir síðustu kosningar. Það skýtur einnig skökku við á þessum tímum aðhalds og sparnaðar í ríkisrekstri að ráðnir skuli vera tveir forstöðumenn að Framleiðslueftirliti sjávarafurða í stað eins sem starfað hefur þar um skeið. Engin rök hafa komið fram um það opinberlega hverju það ráðslag sætir.

Þá hefur það einnig vakið athygli að í einu dagblaðanna, Þjóðviljanum, hefur verið greint frá því að sjútvrh. og rn. hans hafi ráðið til starfa mann til að sinna þessum málum. Hann hafi hins vegar á sínum vegum, enda þótt hann sé opinber starfsmaður um þessar mundir, starfandi tvö einkafyrirtæki, ráðgjafarþjónustu svokallaða og Myndbæ, sem annist þau verkefni sem séu sérstaklega unnin í þeirri herferð sem hér er um að ræða. Hér er greinilega grautað saman hlutum með býsna sérkennilegum hætti. Niðurstaðan er svo sú

sem hv. þm. Skúli Alexandersson gat um hér áðan, rammgölluð mynd að mati þess ágæta manns, Jóhanns J. E. Kúld, sem hefur um áratugaskeið skrifað um fiskimál í Þjóðviljann og fleiri rit og þekkir þau mjög vel að allra mati. (Forseti hringir.)

Niðurstaðan í þessu máli er þess vegna sú að hér hafi verið unnið meira með þumalfingrunum en góðu hófi gegnir. Ég *vænti* þess að þegar frv. um *ríkismat* sjávarafurða loksins verður sýnt Alþingi gefist tækifæri til að ræða við hæstv. ráðh. og *ríkisstj.* um það háttalag sem hér hefur verið lýst.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég fagna því, sem kom fram í máli hæstv. ráðh., að það sé komið í frumvarpsform að taka fiskmatsmálin til endurskoðunar. Þetta starf var hafið 1979—80 en stíflaðist allt of lengi hjá fyrrv. sjútvrh. Ég vona að ráðh. og þing beri gæfu til þess að taka það mál föstum tökum þegar það berst *hingað*.

En það eru önnur atriði sem ég held að verði að hyggja sérstaklega að í sambandi við gæði fiskafurða okkar. Það er í fyrsta lagi verðlagningarkerfið. Það gætti mjög ríkrar tilhneigingar á síðasta kjörtímabili til þess að verðlagningin á aflanum væri þannig að það hvetti síst af öllu til þess að auka gæðin og fá sem verðmætastar afurðir. Það er grundvallarforsenda til þess að ná árangri að verðlagningarkerfið sé nýtt til þess að auka gæði, að gæðin séu verðlaunuð. Það er afleitt þegar öfugþróun verður í þeim efnum eins og var á *starfstíma seinustu ríkisstj.* Ég legg áherslu á það við hæstv. sjútvrh. að hann hafi þetta í huga.

Í annan stað er það hvatningin til þess að fjárfesta í atriðum sem verða til þess að auka gæði afla og afurða. Á árinu 1979 var reglugerð Fiskveiðasjóðs breytt í því skyni að auka tæknivæðingu í fiskvinnslunni og stuðla að því að menn nytu eðlilegrar lánafyrirgreiðslu einmitt í fjárfestingu af þessu tagi. Ég vil beina því til hæstv. ráðh. að hann gæti að því hvort ekki megi gera enn betur í þeim efnum en þá var gert, ég tala nú ekki um ef hæstv. fyrrv. sjútvrh. skyldi hafa spillt því í leiðinni. (Forseti hringir.)

Í þriðja lagi verður það sama að gilda að því er varðar fjárfestingar í fiskiskipum, að menn njóti möguleika á lánum til endurbóta sem stuðla að gæðum aflans. Á þessu hefur verið þverbrestur.

Í fjórða lagi er það spurningin um að tempra aflann þannig að fiskur skemmist ekki í aflahrotum. Það er mjög erfitt mál og ég ætla ekki að ræða það núna, það kemur inn á stjórnkerfið sjálft. En ég held að þetta séu grundvallaratriði sem menn verði að virða hvað sem öllu öðru líður.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna þeim umr. sem hér hafa orðið um þessi mál. Það er vissulega tímabært að ræða um vöruvöndun í sjávarútvegi og bætta nýtingu sjávarfangs. Ég er þess fullviss að um þau mál eiga eftir að verða hér miklar umr. í vetur og væri auðvitað æskilegra og eðlilegra að þær færu fremur fram þá heldur en nú undir þessum lið sem er í fyrirspurnarformi.

Fyrirspyrjandi var að finna að því hvað gert hefði verið í sjútvrn. í þessum efnum. Mér fannst hann tala um það allt í heldur svona leiðinlegum tón. Það finnst mér þó koma úr hörðustu átt frá manni sem ætti að gjörþekkja þessi mál eins og hv. þm. Skúli Alexandersson. Hann er að tala um hvaða kostnaður hljótist af því að breytingar hafi orðið hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Það væri gaman ef hv. þm. Skúli Alexandersson hefði velt því upp fyrir okkur hver kostnaðurinn hefði orðið af þeim hræðilegu mistökum sem urðu í meðferð sjávarafla á s. l. vetri. Ég held þess vegna að okkur beri að fagna því sem gert hefur verið. (**SkA:** Að það hafi verið forstjóraleysi?) Ég held að það megi orða það eins og þú gerir — að það hafi verið forstjóraleysi. Ég held því miður að það hafi jaðrað við að vera hálfgert forstjóraleysi. Það er a. m. k. óhætt að orða það svo að það hafi verið skortur á eftirliti.

Ég stend hér fyrst og fremst upp til að lýsa ánægju minni yfir því að menn skuli gefa sér tíma til að ræða um þessi mál. Ég er sammála því að það er einmitt hér sem auðurinn liggur, að við gerum sem best úr því sem við drögum að landi. Ég er sannfærður um að þar eru þeir peningar sem okkur vantar í dag. En ég fagna þessum umr. og ég vil líka undirstrika það rækilega að ég fagna því sem verið er að vinna að í sjútvrn. þessa dagana.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skildi fsp. hv. þm. Skúla Alexanderssonar þannig að hann ætti sérstaklega við það fjármagn sem hefði verið veitt til þessara hluta og svaraði fsp. með þeim hætti. Hitt er svo annað mál að ég gæti talað hér langt mál um gæði í sjávarútvegi almennt. En ég átti ekki von á því að menn væru tilbúnir að fara út í slíka umr. í fyrirspurnatíma. Ég harma það að menn skuli nota þetta tækifæri til þess að ræða í þeim tón sem hér hefur verið gert og hv. þm. Svavar Gestsson upphóf þegar hann fór að tala um blaðamannafundi. Ég veit ekki til þess að sá þm. hafi nokkurn tíma getað gert nokkurn skapaðan hlut nema með blaðamannafundum. Mér finnst það því koma úr hörðustu átt. Ég veit ekki hvenær þetta frv. var lagt fram eða kynnt blaðamönnum. Það hefur átt sér stað mikil umr. um þessi mál. Ég efndi ekki til blaðamannafundar um það. Hitt er svo annað mál að það er sjálfsagt að efna til umr. um mál í þjóðfélaginu, einnig við blaðamenn. Það er furðulegt að þm. skuli standa hér upp og tala um það í neikvæðum tón, maður sem aldrei getur gert nokkurn hlut öðruvísi en í gegnum blaðamenn.

Ég vildi aðeins bæta við það sem ég sagði hér áðan og harma í leiðinni þann neikvæða tón, sem kom fram hjá fyrirspyrjanda, að láta sem hér sé ekkert verið að gera. Það er full ástæða til að fara yfir og endurskoða allar reglugerðir varðandi meðferð sjávarafla. En það er mikið verk. Ég hef lagt á það áherslu að vinna að þessum verkum í samráði og samvinnu við *hagsmunaaðila* í sjávarútvegi. Þótt menn hafi mikla trú á einu rn. og einum ráðh. þá er það nú svo að þau eru ekki fá fyrirtækin sem vinna í landinu að meðferð sjávarafla. Þar er saman komin mikil reynsla. Og það er engin leið að vinna þessi mál með jákvæðum hætti nema hafa gott samstarf við þessa aðila. Ég hef lagt mig fram um það.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði hér áðan að fjárfestingarstefnan skiptir þarna miklu máli. Þess vegna hef ég lagt á það áherslu við Fiskveiðasjóð undanfarið að fjárfestingarstefnan á næsta ári miðaðist fyrst og fremst við það að bæta meðferð sjávarafla, ekki síst um borð í skipunum. Við þurfum að fá fjármagn til

að gera það. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá fyrirspyrjanda, að það er mikið hægt að gera í bátaflotanum, taka þar upp stóra kassa m. a. — það eru nú kallaðir gámar — og ýmislegt annað og blóðgunarker o. fl. þarf að koma um borð í togarana og aðgerðaraðstaða. Og út á þessa fjárfestingu þarf að lána. Það er ekki gert í nægilega ríkum mæli í dag. En ég vil a. m. k. gjarnan stuðla að því að beina fjármagninu að slíkum aðgerðum.

Eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson gat hér um þá skiptir fiskveiðistefnan einnig mjög miklu máli í þessu sambandi. Það er þegar farið að vinna að undirbúningi fiskveiðistefnu fyrir næsta ár. Það þarf einnig að gerast í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútveginum.

Verðlagningin skiptir einnig meginmáli. Ég gat um það að þar er verið að vinna að nýjum hugmyndum. Hins vegar er hér um viðkvæm mál að ræða og ég get ekki rætt þau sérstaklega á þessu stigi. Verðlagningin er samningsmál á milli aðila og þótt rn. hafi þar ýmsar hugmyndir tel ég ekki rétt að ræða þær á þessu stigi.

Herra forseti. Það var beint til mín nýrri fsp. og ég er út af fyrir sig tilbúinn að svara henni en ég veit ekki hvort ég hef tíma til þess. Það er alllangt mál og mikið. Ég hefði því viljað spyrja hæstv. forseta hvort ég geti svarað hinni nýju fsp. sem til mín var beint. Ef ég á að geta það verð ég að fara nokkuð yfir þau tímamörk sem mér eru hér skömmtuð.

(**Forseti:** Það er gert ráð fyrir því að fsp. séu um afmörkuð efni og menn viti fyrir fram um hvað á að ræða. Það er ekki hægt að taka nýjar fsp. inn innan þeirra marka sem okkur eru sett samkvæmt þingsköpum. Hins vegar koma oft fram fsp. varðandi aðalfyrirspurn málsins og oft er það svo að ráðh. telja sér fært innan venjulegra tímamarka að svara þeim einnig. En þegar þeim er það ekki fært verður að finna önnur ráð. Þá er eðlilegt að bera fram sérstakar fsp. á venjulegan hátt þess efnis.)

Ég þakka þessar upplýsingar, herra forseti. Ég vil ekki að orð mín séu skilin þannig að ég vilji á nokkurn hátt komast hjá því að svara fsp. um þessi mál. Ég tel það mjög mikilvægt að um gæðamálin sé rætt. Hins vegar er það mjög slæmt að menn skuli sjá þarna fjandann í hverju horni, eins og mér fannst koma fram í máli þeirra Alþb.-manna. Hér er mikið verk að vinna. Það á ekki að þurfa að vera ágreiningsmál í þjóðfélaginu hvernig að því er staðið. Það koma fyrir mistök og það má oft standa betur að málum, það er alveg rétt. En að leggja það út á þann hátt að hér sé ekkert að gerast, og vera að reyna að gera starf þeirra manna sem þarna eru að vinna að málum tortryggilegt, það tel ég ekki vera gott innlegg í þetta annars mjög svo mikilvæga mál.

Jafnréttislög, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. félmrh. um jafnréttislög. Fsp. hljóðar svo:

„Hyggst ríkisstj. leggja fram og fá afgreiðslu á þessu þingi á tillögum um breytingu á jafnréttislögum sem unnar voru í tíð ríkisstj. Gunnars Thoroddsens?“

Ég tek eftir því, herra forseti, að á málalista ríkisstj., þar sem greint er frá þeim málum sem hugmyndir eru uppi um að flytja á þessu þingi, er frv. um breytingu á jafnréttislögum. Á þessum lista eru í kringum 100 mál. Verður fróðlegt að sjá hvernig þingstörfin ganga við að koma þeim verkum öllum frá hér í vetur. Ekki er ljóst af þessum lista hæstv. ríkisstj., sem er undirbúinn af hæstv. félmrh., hvort hér er um að ræða það frv. um breytingu á jafnréttislögunum sem undirbúið var af nefnd sem skipuð var í apríl 1981 og skilaði áliti 12. apríl s. l. Að sjálfsögðu kemur ekki heldur fram á þessum lista hvort hæstv. núv. ríkisstj. hefur samþykkt það frv. sem af hálfu nefndarinnar var lagt fyrir þáv. ríkisstj. En það frv. felur í sér ákaflega miklar breytingar frá gildandi lögum um jafnréttismál. M. a. er gert ráð fyrir því að tekin verði inn ákvæði sem voru felld þegar Alþingi fjallaði um þetta mál á sínum tíma, þ. e. jafnréttislögin þegar þau voru sett 1975 og 1976. Þess vegna leikur mér hugur á að vita hvort núv. hæstv. ríkisstj. hefur samþykkt að flytja nákvæmlega það frv. sem lagt var fyrir ríkisstj. 12. apríl s. l. eða hvort hér er eingöngu um að ræða sjónarmið núv. hæstv. félmrh. Það skiptir miklu máli í þessu sambandi hvort er.

Frv., eins og það var kynnt, var sniðið eftir fyrri lögum að ýmsu leyti. Helstu nýmæli þess voru að tilgangurinn væri ekki aðeins sá að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla heldur beinlínis að bæta stöðu kvenna. Þetta var grundvallaratriði í þeim breytingum sem þarna var um að ræða og þetta ákvæði ætti að opna leið til tímabundinna aðgerða til að styrkja stöðu kvenna, aðgerða sem nauðsynlegar þættu.

Önnur mikilvæg breyting í þessum efnum var sú að gert var ráð fyrir að breyta skipan jafnréttisráðs á þá lund að félagasamtök, sem hafa jafnréttisbaráttu á stefnuskrá, tilnefni fulltrúa í ráðið. Hugmyndin með þessu var sú að tryggja að í ráðinu sitji ævinlega fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að þessum málum.

Fleiri nýmæli voru í frv. þessu, sem ég ætla ekki að rekja hér, herra forseti, en ég tel nauðsynlegt að það liggi skýrt fyrir hvaða frv. það er sem hæstv. ríkisstj. hyggst flytja í þessu efni, hvort það er það frv. sem tilbúið var 12. apríl s. l. eða hvort á því verði gerðar verulegar breytingar. Ég tel mjög brýnt að þetta mál komist fyrir þingið hið fyrsta svo að yfirstandandi þingi gefist tími til að fara rækilega yfir það. En það er greinilega mörg verk að vinna ef ríkisstj. ætlar að leggja fyrir hér þau hundrað mál sem voru á þeim lista sem kynntur var um leið og stefnuræða forsrh. var lögð fram.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil leitast við að svara hér fsp. frá hv. 3. þm. Reykv. varðandi jafnréttislög. Eins og fsp. hans ber með sér þá spyr hann um það hvað ríkisstj. ætli að gera í því að leggja fram tillögur um breytingu á jafnréttislögum sem unnar hafa verið á vegum fyrrv. ríkisstj.

Rétt er að taka það fram að frv. það sem um er rætt, þ. e. frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla samið af sérstakri nefnd, lá á borðum í félmrn. þegar ég tók þar við í vor. Þetta frv. var samið af sérstakri nefnd. Það var nefnd sem átti að fjalla um jafnréttismál karla og kvenna og var eitt af meginverkefnum hennar tillögugerð um breytingu á jafnréttislögum með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá því að núgildandi lög voru sett. Í tillögunum átti nefndin

að taka mið af jafnréttisályktun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um jafnréttismál. Enn fremur átti nefndin í starfi sínu að hafa samráð og samvinnu við Jafnréttisráð, Kvenréttindafélag Íslands, Rauðsokkahreyfinguna, Kvenfélagasamband Íslands og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Mér þykir rétt að geta hér höfunda að þessu frv. sem um er rætt. Þeir voru Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir formaður starfsmannafélagsins Sóknar, Arndís Björnsdóttir kaupmaður, Berglind Ásgeirsdóttir sendiráðsritari, Bergþóra Sigmundsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur og formaður Jafnréttisráðs, Ingibjörg Hafstað kennari, María Pétursdóttir formaður Kvenfélagasambands Íslands, Sigríður Thorlacius ritstjóri, sem nefndin kaus ritara, og Vilborg Harðardóttir útgáfustjóri sem var skipuð formaður nefndarinnar.

Hv. fyrirspyrjandi hefur þegar getið helstu nýmæla í þessu frv. Það er skemmst frá því að segja að ég tók þá ákvörðun að leggja þetta frv. óbreytt fyrir ríkisstj. og gerði það um mánaðamótin júlí-ágúst. Þar var ákveðið að leggja frv. til frekari umfjöllunar fyrir þingflokka þá er styðja ríkisstj. og þar er það enn, að mér skilst á lokastigi. Þetta frv. var í fullkomnu samkomulagi ákveðið á málaskrá ríkisstj. til að leggja fyrir Alþingi sem nú situr og ég geri því ráð fyrir því að strax þegar fyrir liggur stuðningur þingflokka ríkisstj. við málið verði það lagt fram hér á hv. þingi sem stjórnarfrv. Það er enginn ágreiningur um það meðal stjórnarflokkanna að leggja þetta mál fram á þessu þingi. Hins vegar var talið eðlilegt og er sjálfsagt að láta skoða það í þingflokkunum. Hér er vissulega um stórt og mikið mál að ræða og talsvert miklar breytingar frá gildandi lögum, sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi með þessu frv., ef að lögum verður. Það er þess vegna eðlilegt að menn vilji taka sér nokkurn tíma til að skoða það. En eftir nýjustu fréttum að dæma er mjög stutt í það að þingflokkarnir skili sínu áliti til ríkisstj. og þá mun ég strax hefjast handa um að láta setja frv. í þann búning sem samkomulag er um. Ég vænti þess að það verði mjög fljótlega.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil minna á að breytingar á jafnréttislögunum voru til umræðu hér á Alþingi fyrir þremur árum síðan. Þáv. félmrh. taldi þá nauðsynlegt að setja nefnd í málið, jafnvel þó breytingar á jafnréttislögunum væru til meðferðar á hv. Alþingi. Ég lýsi vonbrigðum mínum með hvað langan tíma þessi endurskoðun hefur tekið og tel reyndar að fyrrv. félmrh. og núv. hv. þm. Svavar Gestsson hefði haft öll tök á því í sinni ráðherratíð að greiða fyrir því að frv. um breytingu á jafnréttislögunum hefði fyrr verið lagt fram á hv. Alþingi.

Nú er hins vegar fyrsta verk hv. þm. Svavars Gestssonar, þegar hann sest í stól hins óbreytta þingmanns, að reka á eftir breytingum á lögunum sem hann sjálfur sem jafnréttisráðherra í fjögur ár hefði getað beitt sér fyrir að þegar hefðu verið komnar til framkvæmda. Jafnréttisráðherra núverandi hefur aðeins setið í stól ráðherra í sex mánuði svo hv. þm. Svavar Gestsson ætlar núverandi ráðh. greinilega að vera afkastameiri í stól jafnréttisráðherra en hann sjálfur var.

Erindi mitt hingað var fyrst og fremst að fagna því að hæstv. núv. jafnréttisráðherra ætlar að hafa snarari handtök í þessum málum en fyrirrennari hans. Ég vil jafnframt beina einni spurningu til hæstv. ráðh. Nefndinni, sem vann þetta verk, var jafnhliða því að semja umrætt frv. falið að gera tillögur um breytingar á jafnréttislöggjöfinni. Var annað meginverkefni nefndarinnar að gera könnun á jafnréttismálum í framkvæmd, einkum að því er varðar stöðu láglaunakvenna, laun þeirra og lífskjör. Ég vil beina þeirri fsp. til ráðh. hvort umrædd könnun hafi verið gerð því að brýnasta verkefnið á sviði jafnréttismála er að úrbætur verði gerðar á stöðu og lífskjörum láglaunakvenna, en þar er örugglega að finna stærsta láglaunahópinn í þjóðfélaginu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Það er greinilegt að þetta mál er nú til meðferðar í þingflokkum ríkisstj. og samkvæmt yfirlýsingum ráðh. er við því að búast að það komi hingað inn í þingið fljótlega mjög lítið breytt frá þeim búningi sem það var í þegar málið var afgreitt frá nefnd og lagt fyrir fyrrv. félmrh. 12. apríl s. l. Við gerum ráð fyrir því að það komi hér inn lítið eða óbreytt og höfum fyrir því orð hæstv. félmrh. Með því verður vandlega fylgst.

Þingflokkur Alþb. hefur að sjálfsögðu áhuga á því að fylgja þessu máli eftir. Auðvitað er það rétt að það hefði mátt kom miklu fyrr og hefði vafalaust verið auðveldara í síðustu hæstv. ríkisstj. að þoka þessu máli fram, eins og öðrum góðum málum, heldur en í núv. ríkisstj. þeirra hægri flokka sem sitja við stjórnvölinn um þessar mundir. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir það óvænta traust sem hún veitir fráfarandi ríkisstj. Hún hefði betur sýnt það fyrr. Ég þakka henni einnig fyrir drengilegan stuðning við málið sem hér hefur komið fram. Aðalatriðið er það að málinu þoki nokkuð fram og tilgangur okkar með fsp. var eingöngu sá að reka á eftir málinu. Núv. ráðh. þurfti í raun og veru ekki annað að gera en að taka við tilbúnu frv. til að leggja hér fyrir. Það verður vonandi gert og þm. taka því væntanlega vel.

Ég vænti þess að menn hafi tekið eftir því hins vegar að hæstv. ráðh. orðaði þetta þannig að þingflokkar stjórnarliðsins væru enn með þetta til meðferðar. Það verður því mjög fróðlegt að sjá hvaða breytingar hugsanlega yrðu gerðar á þessu máli í þingflokkum ríkisstj. Sérstaklega væri það fróðlegt þegar þess er gætt að það voru fulltrúar úr flestum stjórnmálaflokkum sem komu að gerð frv. á undirbúningsstigi svo að eðlilegt er að gera sér vonir um að það komi mjög lítið breytt fyrir þingið þegar þar að kemur.

Ég þakka hæstv. félmrh. aftur fyrir svörin og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttir fyrir góðan stuðning.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. félmrh. þá er von á að frv. þetta sjái fljótlega dagsins ljós. Það hefur tekið tvö ár að endurskoða og vinna þetta mál svo að það er greinilega vel undirbúið.

En það vekur athygli mína að í dag barst mér, eins og væntanlega öðrum konum sem sæti eiga á Alþingi nú, bréf frá Jafnréttisráði þar sem við erum boðaðar á fund 2. nóv. n. k. til að fjalla um það frv. sem hér er til umr. Það vekur athygli mína að á fundinn eru boðaðar allar

konur sem sitja á Alþingi, Svavar Gestsson, fyrrv. félmrh., sem skipaði nefnd þá sem endurskoðaði núgildandi jafnréttislög, nefndarmenn sem sáu um endurskoðunina og Jafnréttisráð. Mér er forvitni á að vita hvort hæstv. félmrh. er kunnugt um þennan væntanlega fund og hvort honum hafi þá einnig verið boðið að sitja hann sem núv. hæstv. félmrh. sem hlýtur að koma málið nokkuð við.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 4. þm. Reykn. get ég upplýst það að mér hefur ekki borist boð á þennan fund. Hins vegar vil ég geta þess að ég hef nú nýverið setið stjórnarfund hjá Jafnréttisráði og var mér tilkynnt þar hátíðlega að ég væri fyrsti félmrh. sem hefði hlotið þann heiður að sitja slíkan fund með stjórn ráðsins. Við áttum þar klukkustundar samræðufund sem ég tel að hafi verið mjög gagnlegur fyrir báða aðila.

Ég upplýsti á þeim fundi hvenær ég hefði lagt þetta frv. fram og að það væri í meðferð og að ákveðið væri að leggja það fram sem stjfrv. og fékk engar umræður um það. En að sjálfsögðu getur vel verið að eitthvað nýtt sé komið upp í málinu sem þessir aðilar telja sig þurfa að fjalla um m. a. við fyrrv. félmrh. og e. t. v. gæti það leitt til þess að búast mætti við einhverjum breytingum frá höfundum frv. eða aðstandendum öðrum. Það skal ég ekki segja um.

Ég verð að segja það að ég skil ekki hvaða ástæðu hv. 3. þm. Reykv. hefur til að ætla að þeir stjórnmálaflokkar sem standa að núv. ríkisstj. ætli að hafa einhverja sérstöðu í þessu máli. Ég veit ekki betur en þessu máli hafi verið vel tekið og það sé almennur áhugi fyrir því að setja nýja löggjöf eða endurbæta þá löggjöf sem í gildi er um jafnréttismál. Og ég vænti þess að umr. um þessi mál verði jákvæðar og skynsamlegar en fari ekki út í neina fordóma eða ásakanir á einn eða neinn í þessu máli fyrr en að staðreyndir um málið liggja fyrir.

Nú, í sambandi við störf þeirrar ágætu nefndar sem samdi þetta frv. veit ég ekki til að þau hafi gengið í aðra átt, ég hef enga tilkynningu um það fengið. Hins vegar er sérstök nefnd að störfum í sambandi við könnun á högum einstæðra foreldra. Sú könnun er í fullum gangi og það er búið að ákveða í sambandi við þá nefnd sem að þeim málum er að vinna að fá félagsvísindadeild Háskólans í lið með henni til þess að framkvæma ákveðna könnun, sem er þáttur í starfi nefndarinnar, til þess að reyna að flýta henni svo að hægt verði að flytja hér á Alþingi niðurstöður þeirrar könnunar. Ég vænti þess að það geti orðið áður en þingi lýkur í vetur.

Ég vil ekki ræða þetta meira. Ég vonast til, eins og ég sagði í upphafi, að það verði hægt að sýna þetta frv. um breytingar eða heilsteypt frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem allra fyrst. Að því er unnið.

Sameinað þing, 8. fundur.

Þriðjudaginn 25. okt., að loknum 7. fundi.

Stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka, þáltill. 48. mál (þskj. 51). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Sala ríkisbanka, þáltill. 3. mál (þskj. 3). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Réttur heimavinnandi til lífeyris, þáltill. 5. mál (þskj. 5). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framkvæmd byggðastefnu, þáltill. 4. mál (þskj. 4). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 4 um gerð frv. um framkvæmd byggðastefnu. Flm. eru auk mín Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir og Kristín S. Kvaran.

Byggðavandamál eiga sér orsakir í ójafnri þróun eða aðstöðu og þá sérstaklega ójafnri aðstöðu til framfara. Slík þróun hefur orðið í öllum iðnvæddum löndum, bæði stórum og litlum.

Byggðavandamál eiga sér mismunandi orsakir. Auðlindagrunnur héraða er mismunandi, en í dag er þetta ekki lengur alvarleg ástæða fyrir mismunandi þróun. Í mörgum löndum eru vandamál á þeim svæðum þar sem mikið er um gamlar iðngreinar sem áður voru stórar og mannaflafrekar, en hefur farið hnignandi.

Einkenni vandamálasvæða eru margs konar. Íbúaþróun staðnar eða fækkun er mikil. Mikið er um brottflutning, bæði innanlands og til annarra landa. Tekjur eru litlar, atvinnuþátttaka er lítil og atvinnuleysi er mikið. Lélegt ástand er í þjónustu, menntun lítil o. s. frv. Lítið er um framfarir, a. m. k. minna en fyrir landið allt.

Einkenni vandamálasvæða hafa verið að breytast. Dregið hefur almennt úr hagvexti og því hafa möguleikar fólks til að bæta stöðu sína með því að flytja milli staða minnkað. Nýjar tegundir vandamálasvæða hafa hlotið meiri athygli, t. d. í seinni tíð innri hlutar stórra borga, jafnvel borga sem ekki eru miklu stærri en Reykjavík.

Hér á landi hafa orðið til svæði, sem byggðavanda eiga við að etja, ekki síður en annars staðar.

Fram að fimmta áratug þessarar aldar var í gangi ör þéttbýlismyndun án þess að um verulegt misvægi væri að ræða. Reykjavík óx þá sýnu mest. Það var eðlilegt.

Eftir heimsstyrjöldina og fram til u. þ. b. 1970 varð veruleg byggðaröskun í landinu. Fólksfækkun varð á landsbyggðinni, jafnvel á þéttbýlisstöðum, en gífurlegur vöxtur og spenna á suðvesturhorni þessa lands. Tekjur

voru lágar úti á landi þrátt fyrir tímabundin uppgrip og atvinnuleysi víða, einkum árstíðabundið.

Engar almennar skýringar á byggðaþróun hafa verið settar fram sem einhlítar geta talist. Það sem byrjar að vaxa heldur áfram að vaxa og á það jafnt við um atvinnulíf og byggð. Við stækkun myndast ákveðið hagræði sem svo knýr áfram hjólin. Farvegir myndast fyrir fjármagn og ákvarðanatöku sem leiða til framhalds þróunar sem farin er af stað. Staðsetning framleiðslu vegna hráefna og markaðar var mikilvæg, en mikilvægi flutningskostnaðar hefur farið ört minnkandi. Líta má svo á að margir stórir bæir hafi enga slíka staðsetningarhagkvæmni, a. m. k. ekki lengur.

Í stað hins fyrra hagræðis af samþjöppun getur svo komið óhagræði vegna þrengsla og spennu. Þetta óhagræði skiptist í tvennt, ef hugsað er út frá sjónarmiði atvinnurekstrar, annars vegar er kostnaður sem leggst á fyrirtækið í formi hærri launa og annarra hærri kostnaðarliða. Hins vegar er svo hinn aukni félagslegi kostnaður í formi dýrra gatnaframkvæmda og þess háttar. Er þá ekki minnst á afleiðingar stórbæjarlífs á ýmsa einstaklinga sem undir verða. Samfélagsmunstur stórbæja er af mörgum talið hafa á sér neikvæðar hliðar, samanborið við dreifbýli.

Skilgreining byggðastefnu hefur vafist fyrir mörgum, einkum á þann veg að undir þann þátt er ýmislegt fellt sem þar á alls ekki heima. Þó er engin einhlít skýring eða skilgreining til. Í fáum orðum mætti reyna að orða markmið byggðastefnu á þann veg, að byggðastefnan sé viðleitni ríkisvaldsins til að jafna aðstöðu manna til búsetu á Íslandi. Aðgerðum ríkisvaldsins í þessu augnamiði er ætlað að stuðla að því að nýttir séu til fullnustu þeir möguleikar sem hvert hérað landsins og íbúar þess búa yfir til vaxtar arðbærri atvinnu og þjónustu, til mótunar heilbrigði samfélags og umhverfis, að ryðja burt hindrunum í vegi fyrir eðlilegri þróun byggðar, að gera sem flestum mögulega búsetu og starfssvið eftir óskum.

Erfitt er að gera upp á milli almennra og sérstakra aðgerða stjórnvalda sem hafa ábyrgð. Aðgerðir í samgöngumálum má taka sem dæmi um almennar aðgerðir sem mikil áhrif hafa á byggðaþróun, ásamt ýmissi annarri fjárfestingu í grunngerð. Ekki er þó venjan að telja slíkar framkvæmdir til aðgerða í byggðamálum. Hægt er að hugsa sér að ef búið er að setja ákveðin markmið, t. d. í samgöngumálum almennt, séu þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til að ná þeim, kallaðar almennar aðgerðir. Þær aðgerðir í samgöngumálum, sem ekki er hægt að réttlæta með tilliti til almennra markmiða, en nauðsynlegar teljast engu að síður, eru þá aðgerðir í byggðamálum. Þær ætti því að fjármagna sérstaklega sem slíkar.

Mikil áhersla er lögð á byggðastefnu í nágrannalöndum okkar, sérstaklega í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en eðlilega er nokkuð minna um aðgerðir í byggðamálum í jafnþéttbýlu landi og Danmörku. Í engu þessara landa er deilt um réttmæti þess að reka byggðastefnu. Aðgerðir þær sem beitt er eru af ýmsum toga.

Öllum löndunum er það sammerkt að þeim er skipt í svæði sem mismikillar aðstoðar njóta. Af aðgerðum sem beinast að fjárfestingu einkafyrirtækja má nefna viðbótarlán og styrki, veitingu ábyrgða og skattaívilnanir. Fyrirtæki sem flytja frá stórbæjum á landsbyggðina fá til þess styrki og einnig til að þjálfa starfslið eða flytja það. Mikil áhersla er lögð á ráðgjafarþjónustu við fyrirtæki og má þar sérstaklega nefna iðnráðgjafa úti í héruðunum. Til er jafnvel að flutningskostnaður á vörum frá framleiðslustað til markaða í stórbæjum sé niðurgreiddur. Það mál var á sínum tíma kannað hér á landi, en ákveðið að fara ekki út á þá braut.

Mikið hefur verið byggt af iðngörðum og iðnaðarmiðstöðvum. Í Noregi verða þau fyrirtæki sem ætla að ráðast í stórframkvæmdir að hlíta ráðgjöf um staðarval, þannig að tryggt sé að landsbyggðin njóti sannmælis. Í sumum nágrannalandanna eru laun niðurgreidd eða hafa verið. Í Stóra-Bretlandi var allur launakostnaður í vandamálahéruðunum niðurgreiddur þar til íhaldsstjórnin felldi þetta niður í upphafi valdatíma síns. Í Svíþjóð fæst töluverður hluti af launum nýliða sem ráðnir eru niðurgreiddur. — Þetta eru eingöngu fá dæmi um hvernig að byggðamálum er staðið í nágrannalöndum okkar.

Fjárhagslegar aðgerðir í byggðamálum hérlendis hafa verið mun einfaldari í sniðum en í nágrannalöndunum. Þær hafa nær eingöngu falist í viðbótarfjárfestingarlánum með lágum vöxtum og að litlu leyti í styrkveitingum. Svæðaskipting hefur ekki verið formleg. Aðgerðir höfðu þó veruleg áhrif á sínum tíma, ef marka má það að búsetuþróunin varð á áttunda áratugnum landsbyggðinni mjög í hag. Nú hefur þetta aftur á móti snúist við.

Í öllum nágrannalöndum okkar er stunduð áætlanagerð sem hluti af aðgerðum í byggðamálum. Hún er ekki einungis stunduð til að segja fyrir um hvað muni gerast, heldur til þess að fyrirsvarsmenn héraða geti gert sér betri grein fyrir stöðu sinni og möguleikum. Ýmsar aðgerðir eru einnig framkvæmdar til að efla framtak og nýsköpun í atvinnulífinu.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar hefur tekið sér þetta hlutverk í hinu íslenska stjórnsýslukerfi, enda lagaákvæði um starfsemi deildarinnar mjög almenn. Starfseminni má skipta í þrjú meginsvið:

Formleg áætlanagerð má segja að skiptist í tvennt. Annars vegar eru gerðar áætlanir fyrir héruð, sem fjalla um stöðu þeirra og möguleika, en að mestu án tillagna um útvegun fjármagns til einstakra aðgerða. Hins vegar gerir deildin áætlanir um jaðarbyggðir sem hætta er á að leggist í eyði. Þessar áætlanir eru um framkvæmdir og fjármögnun þeirra. Áætlanir eru unnar að beiðni og frumkvæði ýmissa aðila; Alþingis, heimamanna og deildarinnar sjálfrar.

Byggðadeild hefur mjög tengst þeirri vinnu sem undanfarin ár hefur tengst umræðum um iðnþróun og aðgerðir í þeim málum. Þetta varðar bæði stóriðju og smærri iðnað. Iðnráðgjafastarfsemi á landsbyggðinni er til að mynda runnin undan rótum deildarinnar.

Í þriðja lagi má svo telja hlutverk deildarinnar í upplýsingamiðlun, bæði hagtölur og flest annað milli himins og jarðar. Þetta er í dag ekki hvað síst mikilvægt hlutverk þessarar deildar.

Hvað er fram undan? Að mínu áliti munu aðgerðir í byggðamálum í framtíðinni mótast meira en áður af annars konar vinnuaðferðum en beitt hefur verið hingð til. Er þar átt við aukna samvinnu við forsvarsmenn fyrirtækja og sveitarfélaga við að byggja upp framtak og skapa umhverfi sem er jákvætt fyrir nýsköpun í atvinnulífi. Ljóst er að sú tegund útlánastarfsemi sem hingað til

hefur verið stunduð dugar alls ekki ein sér, þó að aðgerðir þurfi oftast að hafa stuðning af peningum. Iðnaður mun skipta miklu máli fyrir byggðaþróun næsta áratug. Skiptir miklu máli hvar slíkum fyrirtækjum verður valinn staður og hvernig þeim verður fyrir komið. Rafeindatækni, m. a. í fjarskiptum, gefur nýja möguleika sem nauðsynlegt er að nýta út í ystu æsar til að hafa jákvæð áhrif á byggðaþróun. Hægt verður að veita mjög mikið af þjónustu út um allt land með aðstoð þessarar nýju tækni. Margir vinnustaðir munu geta verið hvar sem er. Það verður mögulegt fyrir ákveðnar starfsstéttir að vinna í Reykjavík, en búa jafnvel á Þórshöfn.

Til að taka af allan vafa telur Bandalag jafnaðarmanna byggðastefnu nauðsynlega og eins og áður segir að verkefni hennar sé að stuðla að fullnýtingu þeirra möguleika sem hvert hérað landsins og íbúar þess búa yfir til arðbærs vaxtar í atvinnulífi og þjónustu. Aðgerðir yfirvalda eiga að ryðja úr vegi hindrunum sem hefta óeðlilega þróun byggðar og gera sem flestum einstaklingum mögulegt að velja búsetu og starf að óskum. Stefnumörkun í byggðamálum í þessa veru er í raun og veru engin nú. Í hugum flestra er byggðastefna í dag nánast samnefnari fyrir aðgerðir sem eru í mótsögn við skynsamleg þjóðfélagsmarkmið.

Við gerð byggðastefnu í framtíðinni verður að afmarka skýrt þrjá verkþætti, þ. e. áætlunargerð, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegun.

Hvað varðar áætlunargerðina telur BJ nauðsynlegt að byggðadeild verði gerð að sjálfstæðri stofnun, sem vegna hlutverks síns á heima undir stjórn félmrn. Því næst er nauðsynlegt að afmarka hlutverk deildarinnar með reglugerð, þannig að starfshættir hennar séu skýrt afmarkaðir.

Þegar talað er jafnmikið um áætlunargerð og ég hef gert hér er ekki verið að tala um framleiðsluskipulag, eins og við þekkjum úr öðrum löndum og sérstaklega austan tjalds. Það vill brenna við að íslenskir stjórnmálamenn líti gjarnan þannig á þær áætlanir sem þegar hafa verið gerðar af byggðadeild. Áætlanir eiga að vera vettvangur til að setja fram kosti um framtíðarþróun einstakrar byggðar og afleiðingu vals á milli leiða. Þær eru nauðsynlegar sem viðmiðun vegna þeirrar samræmingar sem vera á milli hinna ýmsu greina atvinnulífs og félagslegrar þjónustu. Þess vegna geta þær aldrei verið beinn grundvöllur til útlánastarfsemi. Semja verður ákveðna vinnu- og viðmiðunarreglur fyrir gerð byggðaáætlana. Áætlanir þessar verða að fá formlegt gildi með lögum eða reglugerð. Hlutverk byggðaáætlana er að vera rammi um nauðsynlega samræmingu aðgerða varðandi það hérað sem áætlunin nær til, með sérstakri áherslu á aðgerðir til eflingar atvinnulífs, og brýna nauðsyn ber til að þessar áætlanir verði tengdar byggingarskipulagi eins og það er framkvæmt í dag. Það er því líka nauðsynlegt að þessar áætlanir fái lögbundna stöðu í stjórnkerfinu. Hjá því verður ekki komist. Ákvörðun um val milli leiða er tekin af heimamönnum, þ. e. sveitarstjórnum á viðkomandi áætlanasvæði.

Þegar byggða- og áætlunardeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa verið settar undir umsjón félmrn. telur BJ eðlilegt að lánadeild og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hætti störfum. Bein tengsl milli byggðaáætlana og útlánastofnana af því tagi sem Framkvæmdastofnun ríkisins er eru beinlínis óeðlileg og óheilbrigð. Reynsla undanfarinna ára af Framkvæmdastofnun og kommissörum hennar hefur ekki sannað ágæti þessarar ráðstöfunar. Lánveitingar Framkvæmdastofnunar hafa tekið mið af pólitískum stundarhagsmunum, en ekki efnahagslegum langtímahagsmunum, eins og vera ætti. Samkvæmt stjórnarskrá Íslands fer Alþingi með fjárveitingavald og það hefur sýnt sig að það aukna fjárveitingavald sem Framkvæmdastofnun er, þar sem alþm. sitja á stólum útlánastjóra, hefur verið til hreinnar óþurftar fyrir þjóðarbúið.

Að mati BJ er ekki hægt að setja því ákveðnar skorður fyrir fram hvaða hlutdeild Alþingi á í því að fjármagna byggðaáætlanir. Byggðaáætlun er samræming aðgerða á mjög mörgum sviðum og því verður að ganga út frá því í upphafi að hægt sé að fjármagna mjög marga þætti hennar úr eigin sjóðum heimamanna eða með peningum fengnum að láni í bönkum. Það gefur auga leið að fjárveitingar ríkis eða Alþingis til byggðamála eru opinber viðurkenning á þjóðhagslegri hagkvæmni slíkra aðgerða og því teknar fram yfir aðgerðir á einhverjum öðrum sviðum samneyslu. Ef menn vilja halda því fram að eðlilegt sé að nota skattpeninga landsmanna til útlánastarfsemi líkt og gert hefur verið í Framkvæmdastofnun, þ. e. í Byggðasjóði og Framkvæmdasjóði, verða menn líka að hugleiða hvort ekki sé eðlilegt að skila landsmönnum aftur vöxtum af þessari útlánastarfsemi til þess að hún geti þannig haft áhrif til lækkunar á opinber gjöld þeirra.

Þar sem þessi till. varðar sveitarstjórnarmenn mjög miklu er gert ráð fyrir því, miðað við núverandi aðstæður á þingi, að þeir eigi þriðjung fulltrúa í nefnd þeirri sem fjalla mun um mál þetta.

Mikil umræða hefur farið fram á undanförnum árum um skipan sveitarstjórnarmála. Þrátt fyrir tillöguflutning af ýmsu tagi á undanförnum árum hefur ekki enn fengist nein endanleg niðurstaða í mál þessi og tel ég því ekki tímabært að blanda þeim inn í umr. um byggðastefnu. Forsendur byggðaáætlunar eru margvíslegar og hreppaskipting ekki nema ein þeirra. Aðalatriðið er að markmið byggðastefnunnar séu skýr og augljós. Þau varða fólk og þá skipta hreppamörk ekki öllu máli. Fjárveitingar Alþingis til byggðamála eiga að ráðast hverju sinni af þjóðarhagsmunum, hvort heldur er um að ræða fjárhagslega eða félagslega.

Herra forseti. Ég geri það að till. minni að þáltill. þessari verði vísað til atvmn. Sþ.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka frsm., hv. þm. Stefáni Benediktssyni, 8. þm. Reykv., fyrir yfirgripsmikla og fróðlega framsöguræðu, sem var mjög athyglisverð.

Eins og þingheimi er vafalaust kunnugt fara saman, a. m. k. í öllum megingreinum, þau atriði sem eru í þessari till. til þál. og þau atriði sem Alþfl. hefur lagt áherslu á í málflutningi sínum og tillögugerð á undanförnum árum. Á 104. löggjafarþingi fluttu þm. Alþfl. í Nd. frv. til l. um mörkun byggðastefnu og gerð byggðaþróunaráætlunar, sem þáverandi þm. flokksins, Sighvatur Björgvinsson, mælti fyrir í deild. Það eru í veigamiklum greinum sömu hugmyndir, kannske allar, og gert er ráð fyrir í till. þessari til þál., nefnilega að byggða- og áætlanadeild verði sjálfstæð stofnun og að hún heyri undir félmrn. og starfssvið þeirrar deildar verði afmarkað við gerð byggðaáætlana og að Alþingi

taki ákvarðanir um einstakar byggðaáætlanir.

Nýtt í þessari till. til þál. er að tengja þetta skipulagsstarfi á vegum Skipulags ríkisins og sveitarfélaga með löggjöf. Það má vel vera að það komi til álita, en það var ekki í því frv. til l. sem við Alþfl.-menn fluttum.

Ég held að öllum þm. sé ljóst, eins og kom skýrt fram í máli hv. þm. Stefáns Benediktssonar, að byggðastefna sé nauðsynleg. En það verður að gæta að því að hún þjóni þeim markmiðum sem við eiga á hverjum tíma. Ég held að það gildi um byggðastefnu á Íslandi og það tæki sem menn hafa sett upp til þess að stjórna henni eins og ýmislegt annað hjá okkur, að það sem var gott í upphafi hefur orðið slæmt. Það þjónar ekki með eðlilegum hætti þeim markmiðum sem við verðum að setja okkur í byggðastefnunni og reyndar í stjórn efnahagsmála.

Okkur í Alþfl. hefur virst alveg augljóst að Framkvæmdastofnunin, sem er nú heildarhattur yfir Byggðastofnun og því um líkt, hafi úrkynjast mjög í uppvexti sínum og sé nú orðin kóróna sköpunarverksins í fyrirgreiðslupólitík á Íslandi, og sannleikurinn sé sá, að það náist ekki raunverulegur árangur í skynsamlegri fjármálastjórn öðruvísi en það kerfi verði skorið upp. Við höfum sagt að Framkvæmdastofnun eigi að leggja niður. Ég held að menn verði að gæta að því, að hér er ekki einungis um að ræða að líta á þennan þátt einangrað, heldur er hér í raun og veru um efnahagsaðgerð að ræða. Þetta er orðinn svo ríkur þáttur í fjármálastjórninni hjá okkur, þarna fara svo miklir fjármunir um, að það er í sjálfu sér efnahagsaðgerð að stokka upp á þessu sviði, leggja Framkvæmdastofnunina niður í núverandi mynd og setja sér ný vinnubrögð um framkvæmd byggðastefnu.

Eins og kemur fram í þessum orðum mínum, herra forseti, tek ég undir þau markmið sem sett eru í þeirri till. til þál. sem hér er rædd. Við Alþfl.-menn ætlum okkur að endurflytja það frv. til l. um mörkun byggðastefnu og gerð byggðaþróunaráætlunar sem við höfum hér áður flutt. Þá gefst enn frekara tækifæri til að fjalla um þessi mál, þannig að ég ætla að geyma mér frekari umr. á þessu stigi. Við höfðum þá skoðun, að með því að setja þetta fram lið fyrir lið í frv. til l. gæfist kostur á því að fara í gegnum það lið fyrir lið hvernig við höfum hugsað okkur framkvæmdina á þessum þætti. Ég vænti þess, að þegar það frv. kemur hér til umr. geti orðið frjósamar umr. um framkvæmdina sjálfa til viðbótar þeim umr. sem ég geri ráð fyrir að muni fara fram um þau markmið sem birtast ekki bara í okkar frv. til l., eins og það var á sínum tíma og verður í þeirri gerð sem það verður lagt fram, heldur þau markmið sem sett eru fram í þeirri till. til þál. sem hér er til umr. og ég tek undir.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mig langar til að gera nokkrar aths. við þessa till. vegna þess að ég er mótfallinn því skipulagi sem till. gerir ráð fyrir, þ. e. ég er mótfallinn því að leggja lánadeild niður og ég tel að það sé ómaklega veist í till. að stjórn Framkvæmdastofnunar. Ég tel að í framsöguræðu og eins í grg. sé mikið ofmælt, t. d. þetta, herra forseti, svo að ég vitni til grg. orðrétt: „Í hugum flestra er byggðastefna í dag nánast samnefnari fyrir aðgerðir sem eru í mótsögn við skynsamleg þjóðfélagsmarkmið.“ Þessu neita ég alfarið. Ég neita einnig alfarið að rétt sé sem hér segir í grg.: „Reynsla undanfarinna ára af Framkvæmdastofnun og kommissörum hennar hefur ekki sannað ágæti þessarar ráðstöfunar. Lánveitingar Framkvæmdastofnunar hafa tekið mið af pólitískum stundarhagsmunum, en ekki efnahagslegum langtímahagsmunum.“ Og síðar segir að þetta hafi verið til hreinnar óþurftar fyrir þjóðarbúið. Þessu vil ég leyfa mér að mótmæla og því er ég hér kominn.

Það er að vísu víðar farið frjálslega með staðreyndir í þessari grg. og í ræðu frsm. En ég læt þetta nægja. Ég held að það sé hægt að bæta skipulag Framkvæmdastofnunar og að sumu leyti hefur Framkvæmdastofnun þróast allt öðruvísi en henni var ætlað í upphafi. Upphaflega tekur Byggðasjóður við af Atvinnujöfnunarsjóði sem komið var á fót þegar álverið var reist við Straumsvík og tekjur af álverinu að hluta til látnar ganga til Atvinnujöfnunarsjóðs til þess að vega upp á móti því ójafnvægi sem skapaðist í byggð landsins með þessu stórfyrirtæki hér á suðvesturhorninu. Upphaflega lánaði Byggðasjóður ekki til svæða þar sem atvinnulíf var í mestum blóma og það tel ég að hafi verið rétt stefna.

Ég tel að það hafi verið spor aftur á bak þegar breytt var til og það er rétt og má kannske finna stað þungum orðum síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Reykn., um að það hafi komið ódöngun í stofnunina. Ég held að það hafi ekki verið rétt þegar tekið var að lána til þéttbýlissvæðisins þar sem atvinnulíf var blómlegast.

Hv. 1. flm. gat um í ræðu sinni fyrirkomulag í nágrannalöndum á starfsemi í byggðamálum. Í Finnlandi er aðferðin sú að landinu var skipt í nokkur lánasvæði. Næst Helsingfors er krafist annarra lánskjara og eftir því sem lengra dregur frá höfuðborginni, eftir því eru lánskjörin rýmilegri og aðrar kröfur um veð o. s. frv. Þetta er aðferð sem ég er svo sem ekki hér og nú að mæla með að tekin verði upp en Finnar hafa búið við þetta í allmörg ár og þeir hafa ekki áhuga á, að því er ég best veit, að breyta þessu.

Ég tel enn fremur að það gildi nú of mikil sjálfvirkni í lánum Framkvæmdastofnunar. Mér finnst ekki eðlilegt að afgreiða sjálfvirkt viðbótarlán á færibandi. Þegar atvinnuvegasjóðirnir hafa ákveðið lánveitingu, t. d. þegar Fiskveiðasjóður hefur ákveðið lánveitingu, felst raunar í henni sjálfvirk viðbót úr Byggðasjóði. Þetta finnst mér ekki vera rétt. Ég held að það eigi að meta þetta í hverju tilfelli og þeir sem í stjórn sjóðsins sitja eigi að vera menn til að gera það með skynsamlegum og sæmilega réttlátum hætti.

Sjálfsagt má finna þess dæmi að stjórnarmönnum hafi einhvern tíma verið mislagðar hendur og ákvarðanir þeirra hafi ekki verið réttar. En þeir hafa staðið og fallið með sínum gerðum. Það er mjög til fyrirmyndar að þessi stofnun er ekkert að fela gerðir sínar. Lánveitingar eru allar prentaðar og landsmönnum aðgengilegar og þm. fengnar í hendur. Það tel ég mjög til fyrirmyndar og býsna mikil trygging fyrir því að menn fari varlega og af ráðdeild með fé. Og það held ég að hafi verið gert í langflestum tilfellum. Ég held að starfa Byggðasjóðs gæti með heillavænlegum hætti vítt um land og það væri mikill skaði að því að hætta því starfi. Ég vil þakka stjórn sjóðsins og starfsmönnum og kommissörum fyrir það sem ég tel að þeir hafi vel gert og það er langmestur hlutinn af verkinu.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Meginatriði þessarar till. til þál. um gerð frv. um framkvæmd byggðastefnu eru þessi:

Í fyrsta lagi að byggðaáætlanadeild núv. Framkvæmdastofnunar ríkisins verði sérstök stofnun undir umsjón félmrn. Þessi till. kom fyrst fram í frv. til l. um mörkun byggðastefnu og gerð byggðaþróunaráætlana sem flutt var af þingflokki Alþfl. á þingi árið 1981.

Annað meginatriðið er að starfssvið áætlanadeildar verði skýrt afmarkað sem og gerð byggðaáætlana, þ. e. þar verði kveðið á um forgangsröðun verkefna. Þetta atriði kom mjög skilmerkilega fram í lagafrv. Alþfl. um byggðastefnu sem ég vitnaði til áðan.

Þriðja meginatriðið er að lánadeild og stjórn Framkvæmdastofnunar hætti störfum og Byggðasjóður verði lagður niður. Það var ekki gert ráð fyrir þessu upphaflega í frv. Alþfl. Þar var gert ráð fyrir því að Byggðasjóður héldi áfram og lánadeild starfaði einnig áfram. Hins vegar er því við að bæta að í stjórnarmyndunarviðræðum á s. l. vori lagði Alþfl. fram mjög ítarlegar tillögur um fjárfestingarmál. Þar voru meginatriðin m. a. að Framkvæmdastofnun sem slík í núverandi mynd, og þar með Byggðasjóður og lánadeild, yrði lögð niður, byggðaáætlanir færðust inn í félmrn., sem líka er hér gert ráð fyrir, en fjárveitingar til byggðamála samkv. áætlunum til langs tíma yrðu lagðar fyrir Alþingi þannig að ákvarðanir um það yrðu teknar hér fyrir opnum tjöldum í samræmi við fyrir fram gerðar áætlanir, sem reyndar var einnig ráð fyrir gert í frv. Alþfl. frá árinu 1981. Þar var gert ráð fyrir að Byggðastofnunin starfaði undir yfirstjórn félmrn., þar væri unnið að sjálfri áætlanagerðinni. Fjármuna yrði síðan leitað með því að leggja það fyrir Alþingi við afgreiðslu fjárlaga á ári hverju með svipuðum hætti og vegáætlun er afgreidd. Það er þess vegna alveg ljóst af þessu að þessi þáltill. er í öllum meginatriðum samhljóða því frv. til l. um mörkun byggðastefnu sem Alþfl. lagði fram fyrir tveimur árum. Það er ánægjulegt fyrir okkur jafnaðarmenn alla þegar þýðingarmiklu máli eins og þessu bætast nýir liðsmenn. Vonandi verður það smám saman til þess að málið fái aukinn hljómgrunn.

Þótt ekki sé það nú aðalatriði þessa máls þá sakar ekki að geta þess í leiðinni að við erum ekkert óvanir þessu, jafnaðarmenn. Ég nefni aðeins nokkur dæmi. Það tók Alþfl. mörg ár að berjast fyrir því grundvallaratriði í allri efnahagsstjórnun og ekki síst fjárfestingarpólitík að fá meiri hluta á Alþingi til að fallast á verðtryggingu sparifjár; fallast á það markmið að stefnt skyldi að raunávöxtun sparifjár. Þetta er þýðingarmesta breyting sem varð á hagstjórn á s. l. áratug. Sú barátta var harðsótt en að lokum hafðist það og nú er fyrir löngu svo komið að flestir, jafnvel helstu postular lágvaxtastefnunnar og arðráns á sparifjáreigendum, hafa nú fallið frá þessum málflutningi sínum og séð að sér.

Annað dæmi. Það hefur tekið Alþfl. nokkuð langan tíma að koma til skila því grundvallaratriði í sambandi við auðlindanýtingu okkar í sjávarútvegi, að það verður að vera skynsamlegt hóf á fjárfestingu í sjávarútvegi, að fyrir löngu er svo komið miðað við ástand fiskistofna, að togaraflotinn er of stór, of afkastamikill og hefur það haft hrikalegar afleiðingar í för með sér eins og umr. hér á Alþingi í hv. Ed. staðfesti rækilega fyrir nokkrum dögum.

Það sakar ekki að nefna þriðja dæmið, sem einnig varðar fjárfestingarpólitík og auðlindanýtingu, sem er barátta Alþfl. fyrir því að hætta rányrkjustefnu í landbúnaði. Í 20 ár hefur verið á það bent með ærnum rökum að það verður að vera eitthvert samræmi milli framleiðslugetu og afkasta í landbúnaði, sem við verðum að miða við þarfir innanlandsmarkaðar. Einnig á því sviði höfum við lent í offjárfestingu með dapurlegum afleiðingum og neikvæðum fyrir skattgreiðendur í þessu landi. Það er því af nógu að taka þegar Alþfl.-menn rifja upp sum af lykilbaráttumálum sínum fyrir breyttri hagstjórn á Íslandi. Að sjálfsögðu er fagnaðarefni að í flestum greinum ber öllum skynsömum mönnum saman um það að þetta hafi verið tímabærar tillögur og í öllum meginatriðum réttar og ljóst orðið að þeim vex fylgi. Það vantar hins vegar herslumuninn í sumum tilvikum til þess að koma þeim fram. (**EgJ:** Kemur það fram í stærð Alþfl.?) Það er oft hlutskipti sumra stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka, hv. þm., að það er ekki alltaf vel fallið til vinsælda fyrst í stað að hafa rétt fyrir sér eða benda á óvinsælar en skynsamlegar og nauðsynlegar tillögur. En hverjir verða að lokum til þess að koma þeim fram, það er ekki aðalatriðið heldur hitt að þær komist fram þjóðinni allri til hagsbóta.

Að því er varðar þessa till. um mótun byggðastefnu, þá er kannske rétt að rifja upp að fyrr hafa verið fluttar tillögur hér á hv. Alþingi um mótun byggðastefnu. Árið 1972 var slík ályktun samþykkt og sett á laggirnar sérstök nefnd sem átti að hafa það verkefni að þrengja hugtakið, skilgreina hvað við eigum við með byggðastefnu, hver eru markmið hennar, hverjar eru þær aðferðir sem þjóðfélagið kýs að beita í því efni. Nefndin var sett á laggirnar árið 1972. Það er óþarfi að taka það fram að hún hefur ekki skilað áliti enn í dag árið 1983.

Sömu dapurlegu sögu er að segja um áætlanagerð í byggðamálum. Það er unnt að telja upp mörg dæmi um að lagðar hafi verið fram skýrslur, byggðaþróunaráætlanir fyrir einstök byggðarlög, en hlutverk þeirra hefur síðan orðið það að rykfalla í skúffum stofnunarinnar. Og lítið sem ekkert samræmi hefur verið milli annars vegar tillögugerðar og hins vegar fjárveitinga til þess að fylgja þeim eftir í framkvæmd. Ég held því að það skorti mikið á, með vísan til þessarar dapurlegu sögu um starf mþn. í byggðamálum, að menn séu almennt á eitt sáttir um það hvað byggðastefna er. Hvaða markmiðum þjónar hún? Hvaða aðferðum á að beita til þess að ná þessum markmiðum?

Mér dettur í hug að nefna eitt dæmi. Venjulega skilgreiningin er sú að það sé hlutverk byggðastefnu að koma í veg fyrir röskun búsetu. Ef maður spyr sjálfan sig hvað það er sem helst hefur stuðlað að framförum í íslensku efnahagslífi, íslensku þjóðlífi undanfarna áratugi, þá staðnæmist maður helst við það að það hefur verið stórkostleg röskun á því búsetumynstri sem ríkjandi var skulum við segja í upphafi þessarar aldar. Rauði þráðurinn í þeirri efnahagsþróun sem orðið hefur á undanförnum árum hefur verið t. d. að mannafla í landbúnaði hefur fækkað stórlega, að fólk hefur skipt um búsetu í takt við breytileg atvinnuskilyrði. Fólk hefur flust búferlum, fólk hefur hætt atvinnuþátttöku í einni atvinnugrein og tekið upp starf í annarri. Og ef maður spyr sjálfan sig: Ef okkur hefði nú tekist að koma í veg fyrir alla þessa röskun sem aðrir kalla

framfarir, hver væru lífskjör þjóðarinnar þá í dag, hvar værum við stödd? Ef stjórnvöldum þess tíma hefði t. d. tekist að koma í veg fyrir búferlaflutninga fólks frá sveitum til sjávarsíðu, hver væru lífskjör þjóðarinnar ef við byggjum enn í sjálfsþurftarlandbúnaðarsamfélagi? Þannig að það er ekkert augljóst mál að það sé ákaflega mikilvægt þjóðhagslegt, félagslegt markmið að koma í veg fyrir búseturöskun. Það segir sig engan veginn sjálft. Eðlilegasti hlutur í heimi er sá að fólk breyti um búsetu við breytilegar aðstæður, að vaxtargreinar þjóðfélagsins laði til sín fólk, að fólk hætti starfsemi í atvinnugreinum sem náð hafa endimörkum vaxtar. Það er ekkert skynsamlegt við það að binda miklu meiri mannafla við t. d. landbúnaðarstarfsemi heldur en þörf er á. Og það er auðvitað fráleitt að menn geti séð það fyrir hver þróunin verður. Að sjálfsögðu eru þeir sem stunda landbúnað nú miklum mun færri en fyrir nokkrum áratugum síðan og, hægt er að nefna ótal dæmi um að fólki fækkar enn í landbúnaði. Engu að síður hefur framleiðslan aukist og við þurfum ekki meiri mannafla til þess.

Ef við tengjum þessar umr. hugmyndum manna um áætlanagerð fram í tímann sem hlýtur að hafa megináhrif á allt sem við köllum byggðastefnu og áætlanagerð um þjóðfélagið fram í tímann, ef við spyrjum hverjar verði líklegustu breytingarnar í íslensku atvinnulífi, íslensku búsetumynstri fram til aldamótanna 2000, þá kannast menn við svarið: Við gerum ekki ráð fyrir því að hefðbundnar atvinnugreinar skapi í stórum stíl ný atvinnutækifæri. Við gerum ekki ráð fyrir mikilli fjölgun í fiskveiðum jafnvel þótt við gerðum ráð fyrir að aflamagn sem á land er borið aukist mjög verulega, m. ö. o. við gerum ráð fyrir því að framfarir og framleiðniaukning í sjávarútvegi verði með þeim hætti að það þurfi ekki endilega að binda meiri mannafla við sjálfar fiskveiðarnar.

Þannig að það er áreiðanlega gefinn hlutur að ef ekki á að stöðva framfarir í þessu þjóðfélagi þá verður áframhaldandi búseturöskun. Það verða áframhaldandi tilfærslur milli atvinnugreina. Og ef menn með byggðastefnu meina að það eigi að vera hlutverk stjórnvalda að koma í veg fyrir að þessar breytingar verði, að tefja þróun sem er æskileg, þá fer nú kannske að nálgast það að menn geti tekið undir með flm. þessarar till. þegar þeir segja: „Stefnumörkun í byggðamálum er nú í raun og veru engin. Í hugum flestra er byggðastefna í dag nánast samnefnari fyrir aðgerðir sem eru í mótsögn við skynsamlegt þjóðfélagsmarkmið."

Ég fyrir mína parta lýsi því yfir að ég er alveg sammála því að þetta sé niðurstaðan af þeirri pólitík sem rekin hefur verið á undanförnum árum. Ég held að það sé staðreynd, að það hefur engin byggðastefna verið rekin í þeim skilningi sem flm. leggja í hugtakið og það ætti að renna sterkari stoðum undir þá skoðun að það kunni að verða alvarlegur árekstur milli augljósra æskilegra markmiða í auðlindanýtingu og hins vegar framkvæmdar byggðastefnu sem svo er kölluð í dag.

Afkoma þessarar þjóðar byggir auðvitað fyrst og fremst á því að við nýtum takmarkaðar auðlindir skynsamlega. Við höfum, sérstaklega á árunum eftir 1975—1976, verið að læra okkar lexíu í sjávarútveginum. Með útfærslu landhelginnar sköpuðust breytt skilyrði við nýtingu á þessari meginauðlind okkar. Hafi það verið meginviðfangsefni byggðastefnu á árunum 1971 til dagsins í dag að fjárfesta í sívaxandi mæli í togaraútgerð og jafnframt í fiskvinnslu þá þjónaði það augljóstlega þjóðhagslegum markmiðum framan af. Auðvitað deilir enginn um það, að það þurfti að endurnýja togaraflotann á sínum tíma. En það er hins vegar ekkert sjálfvirkt við það alla tíð. Fyrir mörgum árum var svo komið að sérfróðir menn um sjávarútveg, sérfræðingar okkar í fiskirannsóknum og hafrannsóknum tóku að vara við því að við værum komnir yfir skynsamleg mörk í þessari fjárfestingu. Nú greinir yfirleitt fæsta á um það að það voru hrikaleg mistök að halda áfram stöðugt að fjölga og stækka skipastólinn, auka afkastagetu skipastólsins langt umfram afkastagetu fiskistofnanna. Ef þessi offjárfesting sem því miður varð í sjávarútvegi var fyrst og fremst réttlætt með vísan til byggðastefnu, að það hafi verið nauðsynlegar aðgerðir í nafni byggðastefnu að fjölga togurum umfram það sem skynsamlegt var með þeim afleiðingum að nú er talað um það í alvöru að þessi offjárfesting hvíli á sjávarútveginum eins og mara. Með þeim afleiðingum að sjávarútvegurinn og fyrirtæki í sjávaraútvegi hafa hlaðið upp skuldum sem þau fá ekki undir risið, með þeim afleiðingum að framleiðsluskostnaður okkar í sjávarútvegi hefur aukist langt umfram skynsamleg mörk, með þeim afleiðingum að sjávarútvegurinn sem slíkur hefur verið gerður síður samkeppnisfær en ella með þeim afleiðingum að við höfum verið að auka útgerðarkostnað, auka framleiðslukostnað, auka fjármagns- og vaxtakostnað langt umfram öll skynsamleg mörk. Þá er spurningin þessi: Var þetta raunverulega í þágu byggðastefnu, var þetta skynsamleg byggðastefna? Ætli margir menn séu ekki farnir að spyrja sig að því víða úti um landið? Mér dettur í hug t. d. að nefna stað eins og Patreksfjörð, hvort þar hafi verið skynsamlega að málum staðið. Ég vil m. ö. o. nota hér tækifærið til að benda á það að vel getur komið upp augljós og alvarlegur árekstur milli skynsamlegra markmiða í auðlindanýtinngu, sem er grundvallaratriði í allri efnahagsstjórnun á Íslandi, og hins vegar pólitískra skammtímahagsmuna og stundarhagsmuna sem hafa verið ákaflega virkir í því stjórnkerfi fjárfestingar sem oftast nær er réttlætt, að mínu mati ranglega, með vísan til byggðastefnu. Gagnrýnin á núverandi stjórnkerfi, tengt nafni Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem fram hefur verið sett á undanförnum árum, hún er margvísleg. Í fyrsta lagi er á það að benda að kommissarakerfið sjálft hefur verið harðlega gagnrýnt, þ. e. að stjórnmálamönnum, alþm. hefur verið fengið það hlutverk í kommissarakerfinu að vera helstu ábyrgðarmenn útdeilingar á fjármagni. Þetta eitt út af fyrir sig er gagnrýnisvert og óskynsamlegt.

Það hefur verið gagnrýnt t. d. að Sjálfstfl. hefur hvað eftir annað lýst sig andvígan þessu kerfi. Það gerði hann svo sannarlega í stjórnarandstöðu á tímabilinu 1971—1974. En efndirnar voru heldur betur í skötulíki því að hann var ekki fyrr tekinn við stjórn landsins 1974 en hann hélt kerfinu áfram. Og í stað réttmætrar gagnrýni á kommissarakerfið gerði hann helmingaskipti við Framsókn um það að skipa tvo hv. alþm. úr einu og sama kjördæminu sem yfirkommissara þessa kerfis. Þetta er þeim mun óeðlilegra sem Framkvæmdastofnun þróaðist í þá átt að vera ekki aðeins stofnun með takmarkað verkefni sem var gerð raunverulegra byggðaáætlana og þá veiting niðurgreiddra lána eða

styrkja eða framlaga til þess að fylgja eftir slíkum fyrirframgerðum áætlunum. Í raun og veru hefur þessi stofnun breyst í það að vera viðbótarlánasjóður stofnlánasjóða atvinnuveganna. Og í þeim lánveitingum hefur ekkert tillit verið tekið til neinnar langtímaáætlanagerðar í byggðamálum. Hér hefur einfaldlega það gerst að þessi sjóður hefur verið notaður, það hefur verið pólitískt hagkvæmt, til viðbótarlána til fyrirtækja út um land. Og ef maður spyr sjálfan sig: Er það eftir einhverri sérstakri byggðaáætlun? — þá fæ ég ekki séð að svo sé. Almenn lánastarfsemi til fyrirtækja í sjávarútvegi á ekki að heyra undir neina sérstaka stofnun í byggðamálum. Ef um er að ræða góð og skynsamleg fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi þá er ekkert eðlilegra en að þeir lánasjóðir sem hafa það hlutverk að lána til fyrirtækja, væntanlega venjuleg lán á viðskiptagrundvelli, lán sem eigi að endurgreiða að fullu, lán sem eiga að skila arði þótt geti verið áhættusöm, þá þarf engar sérstakar félagslegar ráðstafanir til þess að stýra því fjármagni þangað. Þegar vel gengur í sjávarútvegi þá eru þar uppgrip. Þá getur verið skynsamlegt að fjárfesta í sjávarútvegi út frá heildarsjónarmiðum og þá þarf engan sérstakan niðurgreiðslusjóð eða pólitískt kommissaríat til að stunda það. Það er hlutverk annarra aðila í þjóðfélaginu.

Byggðastefnan ætti að snúast um allt aðra hluti. Má ég nefna dæmi. Á sínum tíma var gerð áætlun, ein fyrsta áætlunin í byggðamálum, svokölluð Vestfjarðaáætlun, á sjöunda áratugnum, m. a. framkvæmd með tilstyrk norskra sérfræðinga. Menn hafa hér vísað til reynslu Norðmanna af gerð byggðaáætlana fyrir Norður-Noreg. Niðurstaðan af þeirri úttekt var ekki sú að brottflutningur fólks frá Vestfjörðum hefði t. d. stafað af atvinnuleysi. Og niðurstaða þeirra var ekki sú að brottflutningur fólks af Vestfjörðum stafaði af áberandi lægri tekjum en í öðrum landsfjórðungum. Þvert á móti komust menn að þeirri niðurstöðu að það væri tvennt sem ylli brottflutningi fólks á löngum tíma frá þessu svæði: Það var annars vegar fábreytni í atvinnulífi, þ. e. einhæfni sjávarútvegsins, og hins vegar vöntun á félagslegri þjónustu, félagslegri menningarlegri þjónutu sem önnur byggðarlög gátu betur fullnægt. (**Gripið fram í:** Hvaða skýrsla er þetta sem hv. þm. vitnar í?) Ég er að vitna til skýrslu sem var í framhaldi af gerð Vestfjarðaáætlunar og er eftir norska höfunda, sem voru aðstoðarmenn trúlega Efnahagsstofnunar, ég fullyrði það nú ekki — þegar Vestfjarðaáætlun var gerð. Og ef ég man rétt þá er hún útgefin á árinu 1966. (**Gripið fram í:** Og hefur hv. þm. aðgang að þessari skýrslu?) Það hafði ég. Og til þess að svara fsp. þm. þá hygg ég að ég hafi fengið þessa skýrslu úr fórum Framkvæmdabanka Íslands. (**Gripið fram í:** Upplaginu var að mestu brennt.) Var það svo? (**Gripið fram í:** Já.)

En kjarni málsins er þessi: Það hefur orðið mikil búseturöskun t. d. að því er Vestfirði varðar og það hafa verið á löngu tímabili miklir fólksflutningar frá Vestfjörðum. Ef það er rétt að leiðin til þess að snúa þessari þróun við, ef það er æskilegt, hafi fyrst og fremst verið sú að skapa aukna fjölbreytni í atvinnnulífi á Vestfjörðum, í sjávarútvegsplássunum á Vestfjörðum, hvert er þá framlag byggðastefnunnar til þess? Ef við vildum fara þá leið þá kallar það væntanlega á markvissa uppbyggingu byggðakjarna, forgangsröð opinberra framkvæmda, grunngerðar, eins og það er hér orðað, í þeim byggðarlögum sem gætu boðið íbúum sínum upp á betri möguleika, meiri félagslega þjónustu á öllum sviðum, Læknisþjónustu, skólagöngu, menningarlífs o. s. frv. Eða að jafna aðstöðumun byggðarlaga, sem eru auðvitað mjög misjafnlega fjárhagslega sterk, til þess að skapa forsendur fyrir slíkri þjónustu. Fjárfesting í sjávarútvegi sem slík virðist samkvæmt reynslunni ekki duga til þess að stöðva þennan flótta.

Ég spyr sjálfan mig spurninga eins og þessara: Hvernig vinnur þetta þjóðfélag? Annars vegar byggjum við upp skólakerfi, sem beinir fólki í sívaxandi mæli, gegnum þetta skólakerfi, í einhver störf utan þessara frumframleiðslugreina okkar. Það virðist vera eitt af lögmálum skólakerfisins að það er einhvers konar heilaveita frá frumframleiðsluatvinnugreinunum til ýmissa annarra greina, þjónustugreina o. s. frv. Þetta er byggt upp og þetta er kostað af ríkisvaldinu. Hver er afleiðingin? Afleiðingin er sú að fólk, sem notið hefur þessarar skólagögnu, flyst í sívaxandi mæli frá þeim byggðarlögum, þaðan sem það er skólað, og kemur ekki aftur til þessara byggðarlaga. Hitt atriðið er, ef við viljum setja okkur það markmið að draga úr brottflutningum fólks frá þessum stöðum, þá kallar það fyrst og fremst á fjárfestingu í grunngerð, aðstoð við sveitarfélög, sem eru illa stödd, og félagslega fjárfestingu í almennri þjónustu, sem er náttúrlega eitt af verkefnum ríkisvaldsins. Það er augljóst mál, ef við ræðum byggðastefnu út frá þessum forsendum, þá fæ ég ekki séð að útlánastarfsemi kommissaríatsins í Framkvæmdastofnun Íslands hafi á undanförnum árum starfað samkvæmt neinni fyrirframgerðri viti borinni áætlun um það hvað þeir væru að gera og hvaða markmiðum þeir væru að þjóna. Hitt er og gagnrýnisvert hvernig þessu fé hefur oft verið varið, hvernig pólitískir stundarhagsmunir hafa ráðið því að lagt hefur verið í fjárfestingu, sem ekki skilaði arði, með svo hrikalegum afleiðingum að nú situr hér fjmrh. hæstv. ríkisstj. og segir: „Eina leiðin til þess að losna út úr því öngþveiti sem þessi pólitík hefur leitt yfir okkur er að strika þessar skuldir út.“ Strika þær bara út, afskrifa þær. Og hér er ekki um að ræða nokkra tugi milljóna, ekki bara hundruð milljóna, ekki bara billjarða eins og hæstv. ráðh. komst að orði. Það er um að ræða mörg hundruð, mörg þúsund milljónir, marga milljarða króna samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið hér á þingi, hvað eftir annað.

Herra forseti. Ég viðurkenni það að ég er ekkert allt of bjartsýnn á það að þessi ágæta þáltill., svo langt sem hún nær, fái mikinn framgang hér á þingi. Ég hef vakið athygli á því að það hafa fyrr verið lagðar fram ekki aðeins till. til þál. heldur ítarleg lagafrv. sem ganga mjög í sömu átt. En ég vil að lokum aðeins árétta stuðning minn við till., ekki síst þau atriði sem ég tel meginatriði hennar, sem eru: Að kommissaríatið verði lagt af; að áætlanagerð á sviði byggðamála, sem ég tel að sé ekki hvað síst á vettvangi sveitarstjórnarmála, hún færist með eðlilegum hætti inn í félmrn.; að fjármagn til slíkrar byggðastefnu, ef hún hefur hlotið samþykki hér á Alþingi, verði veitt við fjárlagaafgreiðslu eins og þegar Alþingi ákvarðar sínar áætlanir um vegagerð. Þetta tel ég vera meginatriðin. Og annað meginatriði þessu til viðbótar, tel ég vera fyrst og fremst uppstokkun og breytingu á öllu stjórnkerfi fjárfestingar. Því að reynslan af því er vægast sagt slík að íslenska þjóðfélagið hefur ekki efni á því að halda áfram óbreyttu slíku

stjórnkerfi. Þar verða að koma til gersamlega ný vinnubrögð: Sameining helstu fjárfestingarlánasjóða og stjórnun þeirra, ekki út frá pólitískum stundarhagsmunum kommissara, heldur út frá venjulegu mati áhættu, viðskipta og arðsemi.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég fagna því út af fyrir sig að þetta mál er komið hér á dagskrá. Ég tel líka rétt að skoða allar leiðir til að skýa og einfalda þessi mál, finna þar betri leiðir og fá þeim betri farveg. Hér hefur verið leitast við það, í það minnsta af frsm. þessarar till., að leita nokkuð öfgalaust nýrra leiða, og mér finnst sjálfsagt að skoða þær leiðir vel, hverjar þar koma til athugunar og hverju má þar breyta, hvað má þar bæta. Ég held að hér sé hins vegar um það viðamikið mál að ræða að ég hætti mér ekki út í langa tölu um það. Það spannar alla okkar þjóðfélagsþróun vissulega, uppbygginga atvinnuveganna okkar, byggðina í landinu, búsetuna, hvernig hún á að vera.

Ég held að heilbrigð og víðsýn byggðastefna sé traustur grunnur almennrar velferðar í landinu, ekki bara úti um byggðir landsins heldur ekki síður fyrir þéttbýlið í landinu. Þetta tekur til hvers konar atvinnutækifæra, hvar þau er að finna, hvernig þau eru nýtt, til hvers konar þjónustu, hvernig hún er rækt á hinum einstöku stöðum, hvernig mennta- og menningarmöguleikar fólksins eru, og inn í þetta fléttast vitanlega allir samgönguþættirnir, bæði á sjó, og landi og í lofti.

Ég held hins vegar að hvað sem öðru líður sé nauðsyn byggðar sem víðast ótvíræð og hafi þjóðhagslegt gildi sem sé auðsætt. Þar kemur til í fyrsta lagi nýting landsgæðanna, þar sem vitanlega þarf að vinna að af skynsemi og fyrirhyggju, þannig að um ofnýtingu verði ekki að ræða, en skynsamleg nýting landsgæða í landbúnaði okkar hlýtur að vera ein meginforsenda þjóðfélagsins. Hið sama er að segja um miðin og nýtingu þeirra, þá sem hagstæðasta nýtingu þeirra. Þar kemur auðvitað nálægðin við þessi mið inn í myndina og veldur því að við þurfum svo sannarlega á því að halda að sjávarþorpin séu sem best í stakk búin til þess að íbúar þeirra geti sótt á þessi mið. Aðrar auðlindir koma vissulega inn í þessa mynd einnig, þar sem orkuþátturinn er kannske veigamestur. Þar hljótum við að stefna að því að orkan dreifist, orkunýtingin verði sem jöfnust um landið, að hún sé sem næst vettvangi í eigin þágu. Þetta stefnir sem sagt allt að því að byggð sem víðast eigi fyllsta rétt á sér.

Ekki ætla ég að fara út í neinn meting við þéttbýlið um verðmætasköpun okkar, en vissulega gefur ræða hv. síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Reykv., býsna mikið tilefni til þess, þar sem hann ræddi um þær fjárfestingar sem hefðu verið í landbúnaði okkar og sjávarútvegi. Vissulega hafa þær kannske verið um of. Ég get tekið undir það með honum. Mér þykir hins vegar býsna hvimleitt þegar menn ræða um offjárfestingarnar í þessum aðalatvinnuvegum okkar, þessum undirstöðuatvinnuvegum okkar, sem einhverja meinsemd á meðan þeir líta fram hjá þeim fjárfestingum sem engum arði skila, en vissulega eru meira áberandi í þessu þjóðfélagi en nokkuð annað, í verslun, í bönkum og í ýmiss konar gerviþjónustu hvarvetna. Það er býsna leiðinlegur og hvimleiður málflutningur að syngja þennan söng alltaf um offjárfestingu í aðalatvinnugreinum okkar, sem skilar sér þó býsna miklu betur til baka til þjóðfélags okkar en sú fjárfesting sem við horfum upp á og vitanlega er langmest hér í þéttbýlinu vegna þess að þar er stærstur markaður fyrir þessa gerviþjónustu og reyndar ýmsa aðra þjónustu sem er býsna nauðsynleg, en hefur þanist út langt yfir öll takmörk.

Hér hefur verið rætt mikið um hvaða leiðir skuli fara að því að taka upp sjálfstæða og markvissa byggðastefnu. Það er rétt að Alþingi sá ástæðu til að skipa nefnd í þetta mál. Það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. Og ég stóð heilshugar að því. Og af því að ég er líklega eini maðurinn hér inni sem sat í þessari nefnd ætla ég ekki að taka upp neina vörn fyrir þau vinnubrögð. Hins vegar var formaður þessarar nefndar, löngu látinnar nefndar, sjálfur hæstv. forsrh., svoleiðis að það er til hans að leita um vinnubrögð í þeirri nefnd og hvað þar var gert — og reyndar miklu frekar hvað þar var ekki gert, en ég harma það vissulega því full ástæða var til þess að allir þeir aðilar sem þá áttu aðild að íslenska stjórnkerfinu kæmu að þessu máli með opnum huga og jákvæðum og ynnu að því.

Ég get ekki stillt mig um það, af því að hv. 5. þm. Reykv. var hér í ræðustól, að minna hann einnig á aðra nefnd sem einu sinni var kölluð þúsund ára nefndin og við áttum báðir sæti í, hv. 5. þm. Reykv. og ég. Þúsundára nefndin var hún kölluð vegna þess að menn reiknuðu með því að verksvið hennar væri svo gífurlegt að engin leið væri að komast til botns í því. Þessi nefnd, sem var kölluð stofnananefnd öðru nafni, skilaði hins vegar áliti sem því miður ekkert hefur verið gert með, þó eftir hafi verið leitað. Og af því að hér var komið inn á það áðan hvernig Norðurlöndin hefðu hagað sinni byggðastefnu kynntum við okkur það einmitt mjög vel í þessari ágætu stofnananefnd, hvað Norðurlöndin hefðu gert mikið átak í því að dreifa hvers konar valdi, hvers konar þjónustu og hvers konar stofnunum sínum sem víðast um landið, þá auðvitað með full hagkvæmnisjónarmið að leiðarljósi. Í till. okkar, sem við stóðum báðir að, hv. 5. þm. Reykv. og ég, vorum við að reyna að gera tilraun eða leita leiða til slíkrar dreifingar, og hefði betur verið tekið meira tillit til þess. Þó óneitanlega hafi í sumum greinum verið gert nokkuð í því efni á vegum einstakra ríkisstofnana, þá hefur lítið orðið úr því, og engin veit nú hvað af sumum þeirra verður ef þær eru allar komnar á útsölulista hæstv. fjmrh.

Ég vil hins vegar taka það fram út af þeim umr. sem hafa verið um Framkvæmdastofnun ríkisins, að ég held að við megum þó ekki gleyma því í öllum þeim umr. að átakið sem gert var upp úr 1971 gegn þróun áranna þar á undan er í raun og veru skýrast dæmi um hversu unnt er skipulega að snúa öfugþróun við á skömmum tíma. Öfugþróun segi ég vegna þess að þá hafði mikill fólksflótti verið frá landsbyggðinni og margar byggðir þar stóðu vissulega höllum fæti. Ég er ekki þar með að segja að í einhverju af þessum aðgerðum hafi ekki verið farið offari, að það hafi verið staðið fyllilega að málum af hagkvæmni í öllum greinum. En hvar er það gert í okkar þjóðfélagi? Því miður hvergi. Þessi dæmi eru oft dregin fram — fyrst og fremst þau neikvæðu — til að skapa um leið neikvæða mynd, en meginmálið var auðvitað að þarna var sinnt gífurlega mikilli uppbyggingu atvinnu og þjónustu og því, sem ekki má gleyma, að í kjölfar þessa kom stóraukin og betri verðmætasköpun í þjóðfélagi okkar, sem hefur gert okkur það kleift á síðustu árum að komast það sem við höfum

komist. Í stað flótta og óvissu fyrir fólkið í þessum landshlutum kom blómlegt og vaxandi framfaraskeið. Mér dettur ekki í hug að segja annað en að í þessari mynd allri á Framkvæmdastofnun vissulega ríkan þátt og gerði margt vel. Og mér finnst aðalatriðið ekki mega gleymast, hversu Byggðasjóður og stofnunin sem heild átti stóran og virkan þátt í jákvæðri þróun byggðar þá, framförum í atvinnulífi fjölmargra byggðarlaga og auknu öryggi íbúanna í kjölfarið í mörgum greinum. Ég held að í allri hinni neikvæðu niðurrifskenndu umræðu, sem um sumt á rétt á sér, megi þetta ekki gleymast.

Það hefur hins vegar orðið þannig, að þróunin í yfirstjórn þessarar stofnunar og þróunin, sem að vísu má alveg eins kenna um stjórnvöldum og þá Alþingi um leið, í sjálfvirkninni án skipulags, þróunin í afgreiðslu án nægra athugana og handahófi í allt of mörgu, hefur auðvitað orðið til þess að þessi stofnun hefur orðið í allt of miklu almenn fyrirgreiðslustofnun án fullkominnar áætlanagerðar og framkvæmda í kjölfar þeirra. Þetta er vissulega rétt og það eru verulegra breytinga þar þörf í mörgu. Ég vil þó taka fram að margt sem þar er gert er enn til styrktar og eflingar ýmissi nauðsynlegri atvinnustarfsemi og ýmsum framkvæmdum sem ella næðu ekki fram. Ég tek því ekki undir alhliða gagnrýni á alla starfsemi þessarar stofnunar.

Uppstokkun er þó nauðsyn og hér er leitað leiða til nokkurrar uppstokkunar, því að ég held að allir viðurkenni að við þurfum að leita þarna nýrra leiða og stokka upp — ekki vegna þess að verkefni séu ekki næg, heldur vegna þess hversu nú er komið fyrir þessari stofnun, því vissulega eru næg verkefni í byggðamálum ef við viljum á annað borð halda byggð í landinu.

Ég vona að ekki hafi mátt skilja orð hv. 5. þm. Reykv. þannig, að hann væri með sínum spurningum áðan að varpa því fram, hvort ekki væri í raun og veru mjög til góðs ef byggð raskaðist enn meir í landinu en orðið er. (**JBH:** Hún mun halda áfram að breytast.) Já, hún heldur áfram að breytast, en hún þarf ekki að gera það á þann veg að þéttbýlið sogi að sér allt og byggðin úti á landi haldi áfram að tæmast, vissulega ekki. Ég vona bara hans vegna að ég megi ekki skilja þessi orð á þennan veg. (**JBH:** Nei.) Ég tók þau hins vegar á þann veg, að hann teldi að ýmis atriði í okkar þjóðfélagsmynd og þjóðfélagsmynstri hefðu orðið til þess að breyta allri samfélagsgerðinni og þar af leiðandi hefði það verið eðlilegt að nokkur röskun hefði átt sér stað og m. a. þyrfti með nýrri tækni minni mannafla á bak við ýmiss konar framleiðslu í þjóðfélagi okkar. En ég vona svo sannarlega að þeir hv. þm. sem hér sitja mér á hægri hönd — hægri mennirnir tveir hérna — hafi ekki skilið þetta rétt hjá hv. þm. því það væri hreint voðalegt fyrir okkur ef það væri rétt. (**EgJ:** Við skiljum það nákvæmlega eins og það var talað.) Já, ég skal ekki deila um það við hv. þm. Ég læt aðeins í ljós mínar vonir um þetta.

Ég tek það fram að ég vil taka undir ýmis atriði í þessari till., sérstaklega um betri áætlanagerð, um markvissari aðgerðir í kjölfarið og síðan ákvarðanir um fjármagn og útdeilingu þess. Vissulega er það rétt, að það ætti að vera svo, að hefði Alþingi meiri úrslitaáhrif þar á færðist það í þá átt sem betri mætti teljast. Ég bendi hins vegar á það, að þó að við séum 60 á Alþingi vilja afgreiðslur okkar til ýmissa framkvæmda verða býsna handahófskenndar, ekki síður en hinni ágætu Framkvæmdastofnun. Það er hins vegar rétt, að Alþingi ber þá ábyrgð á því sem slíku og verður að standa skil á þeim fjármunum. En leiðirnar þarf að skoða betur.

Ég segi það t. d., að þó að breytt skipulag og starfsaðferðir Framkvæmdastofnunar sé hér til umræðu og það sé talað um að leggja hana niður sem slíka, sem vel er athugandi, vil ég ekki taka undir það á þessu stigi að Byggðasjóður verði lagður niður, alls ekki. Honum verður þá að finna annan farveg og betri, ef menn eru svo á móti þessari skipan, því að ég held að á Byggðasjóði með þau markmið sem t. d. er hér talað um, — Byggðasjóður sem tekur við byggðaáætlunum, tekur við beinum umsóknum um afmörkuð verkefni, varðandi sérstakan byggðavanda þar sem hallast stendur t. d. til aðstoðar og til beins hvata þegar þess er þörf, — sé raunveruleg þörf, ekki til þeirra aðgerða að meiri hluta sem hann sinnir í dag, heldur til þeirra aðgerða sem geta bjargað einstökum byggðum þegar verst stendur og geta haft verulegan hvata í för með sér þegar vaxtarmerki eru á ferðinni. Ég held að slíkt sé ótvíræð nauðsyn, og menn verða þá að koma með annað form í stað þessa því að ég óttast að ef hlutverk sjóðsins verður fært alfarið hér inn á Alþingi inn í almenn fjárlög gleymist þessi þáttur meira og minna.

Varðandi það að misnotkun fjármagnsins hverfi úr sögunni ef Alþingi tekur þetta að sér alfarið, þá held ég að það sé mikill misskilningur. Ég held að við höfum séð allt of mörg dæmi þess, hvort sem við höfum verið í stjórn eða stjórnarandstöðu, að hér eru teknar ákvarðanir út frá þeim meiri hluta sem ræður hverju sinni, sem alveg eins má flokka undir pólitíska misnotkun á fjármagni og það sem þarna inn frá er framkvæmt. Hins vegar tek ég undir það, að rétt sé að leita allra leiða til að afmarka byggðastefnuna betur, skýra hana betur og færa hana í betri og markvissari farveg til að koma byggðinni verulega að gagni. Ég held nefnilega að aldrei hafi verið meiri þörf andófs í byggðamálum en einmitt núna, aldrei verið meiri þörf aðgerða en einmitt nú og aldrei verið meiri hætta á óheillaröskun.

Við sjáum það núna í þeim fjárlögum sem liggja fyrir, að samdráttur og niðurskurður einkennir alla framkvæmdaþætti. Það er eðlilegt um sumt og skal viðurkennt að við verðum að draga saman seglin þegar svo er komið okkar þjóðarbúskap sem nú er, en það er alveg ljóst að á sama tíma og þetta er að gerast verða stórframkvæmdir á suðvesturhorninu í algleymingi, flugstöðvarframkvæmd, Helguvíkurframkvæmd, væntanleg tvöföldun álversins og virkjanaframkvæmdir tengdar henni. Allt verður þetta á fullum hraða, allt verður þetta sett í gang og allt er þetta á einu og sama svæði. Samdrátturinn og niðurskurðurinn eru nefnilega ekki inni í þessari mynd. Þarna er um milljarðana að ræða — en ekki þá tugi milljóna eða hundruð — sem fara í alla aðra framkvæmdaþætti og sem landsbyggðin byggir að miklu leyti á.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég áskil mér allan rétt til að skoða einstaka liði þessarar till., tel að margt horfi þar til bóta, sérstaklega í þeirri grg. sem þarna er, en sums staðar sé kannske farið nokkuð offari í fullyrðingum. Varðandi 4. liðinn áskil ég mér hins vegar rétt til að vera andvígur því að Byggðasjóður verði lagður niður án þess að nokkuð annað komi í staðinn, sem við getum séð að geti þjónað sama tilgangi eða eigi sömu skyldur við landsbyggðina og Byggðasjóður.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég þarf ekki ýkjamiklu við þessa umr. að bæta. Ég mun reyna að takmarka mál mitt fremur og ekki fara jafnvítt um svið og hv. næstsíðasti ræðumaður, 5. þm. Reykv., og halda vaxtamálum og stærð togaraflotans að mestu utan við tölu mína.

Það væri margt hægt að segja um þá skilgreiningu hans á byggðastefnu sem hann flutti hér í löngu máli. Ég læt það nægja um mína afstöðu að í mínum huga felast í hugtakinu byggðastefna ekki síður menningarlegir og félagslegir þættir en hinir hagrænu.

Það er ástæða til að fagna því, að menn ræði nauðsyn þess að marka byggðastefnu og ég tek undir þann þátt í þessari tillögu. Þar með er ég þó ekki endilega að lýsa yfir stuðningi við allar þær hugmyndir sem hér eru settar fram.

Það hefur margoft komið fram, m. a. í fjölmiðlum undanfarið, að starfandi er um þessar mundir nefnd undir forustu hv. þm. Tómasar Árnasonar, 4. þm. Austurl., sem fæst við að endurskoða starfsemi Framkvæmdastofnunar. Áðurnefndur hv. þm. er sagður þaulkunnugur í þeirri stofnun og þess vegna er ástæða til að bíða með eftirvæntingu eftir þeim gagnmerku till. sem þaðan munu væntanlega koma um róttækar breytingar á starfsemi stofnunarinnar. Ég sé því ekki annað en að nokkru leyti væri verið með samþykkt þessarar þáltill. að setja á stofn aðra nefnd til að gera nokkurn veginn það sama a. m. k. hvað þetta varðar.

Ég er sem sagt sammála hv. flm. um að brýna nauðsyn ber til að móta heildarstefnu í byggðamálum, en hvort það sé endilega rétt aðferð að leggja Byggðasjóð og lánadeild niður án þess að nokkuð hliðstætt komi í staðinn, það leyfi ég mér að efast um. — Og ef út í einstaka efnisliði þessarar till. er farið sýnist mér að það sé helst verið að setja það á sem ekki er á vetur setjandi í þessari stofnun, en farga hinu, sem kannske helst mætti halda sér.

Herra forseti. Ég er efnislega sammála mörgu af því sem kemur fram í þessari þáltill., þó að ég áskilji mér rétt til að vera þar ósammála um einstök atriði.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það vill löngum verða svo, að ákveðin slagorð festast, menn nota þau aftur og aftur og hjá sumum verða þau nánast að trúaratriði. Þannig hefur það t. d. gerst, að hugtakið kommissar hefur orðið að trúaratriði hjá stórum hóp Íslendinga og kommissar er eitthvert það alversta sem hægt er að hugsa sér. Ég segi ekki að morðingjar séu ekki skráðir enn á Íslandi verri menn, en það er þá ef þeir hafa notað ósiðsamlegar aðferðir við verknaðinn.

Spurningin hlýtur að vera sú: Hvað hafa þessir menn brotið af sér og í hverju felst sá stóri glæpur? Jú, hann liggur fyrst og fremst í því, að þarna er ekki um æviráðna embættismenn að ræða. Þarna er ekki um embættismenn að ræða sem eru æviráðnir. Þá hlýtur sú spurning að vakna: Er það þá lausn hjá okkur að við notumst fyrst og fremst við æviráðna embættismenn í embættismannakerfinu?

Ég hygg að hver einasti maður sem tekur sig til og fær gömul fjárlög, t. d. fjárlögin í fyrra, og fær svo ríkisreikninginn fyrir sama ár átti sig á þeirri merkilegu staðreynd að tölunum ber ekki saman. Það er þó nokkuð annað sem stendur í fjárlögunum en það sem kemur fram í ríkisreikningnum. Og hvers vegna? Vegna þess að það æviráðna embættismannakerfi sem starfar í þessu landi hefur talið það rétt sinn að ráðstafa fjármagni eins og því sýnist án tillits til fjárlaga. Hins vegar hafa þeir litið svo á, að til þess að þeir yrðu nú ekki fyrir reiði lýðsins væri skynsamlegt að hafa þm. sem nokkurs konar stuðpúða á milli almennings í landinu og embættismannakerfisins. Og hver einasta vinstri ríkisstjórn í þessu landi sem hefur verið stofnuð til þessa hefur rekið sig á æviráðið embættismannakerfi, sem hefur viljað hana feiga frá fyrstu dögum.

Við höfum yfir okkur t. d. lög sem hafa veitt Seðlabanka Íslands völd, æviráðnum embættismönnum: Túlkun þeirra á þeim lögum hefur fyrst og fremst verið á þann veg, að það sem ekki er bannað í lögunum sé heimilt. Það er hvergi bannað í þeim lögum að Seðlabankinn megi eiga bókasafn. Þess vegna er litið svo á, að heimilt sé að hann eigi dýrt bókasafn. Það er hvergi bannað að hann eigi sumarbústaði. Þess vegna er litið á það sem heimilt að Seðlabankinn eigi sumarbústaði. Þannig starfar hið æviráðna embættismannakerfi.

Svo vorum við með þrjá komissara, menn sem ekki voru æviráðnir, menn sem hægt var að setja af við stjórnarskipti, en það er frá þeim sem stafar allt hið illa að dómi manna sem hér hafa talað og fengið ofsatrú á hinu æviráðna embættismannakerfi þessa lands. Ég segi nú bara: Mikil er þeirra trú. Hvor hópurinn skyldi nú hafa markað dýpri spor í þróun mála hér á landi, komissararnir eða hið æviráðna embættismannakerfi?

Það dynur á okkur þessa dagana sú kenning að sjávarútvegur og landbúnaður séu atvinnuvegir sem beri ábyrgðina á því að ekki sé hægt að fjölga ótakmarkað á þessum áratug í heilbrigðisstéttunum, í bankakerfinu og í þjónustugreinum, það sé búið að fjárfesta of mikið í sjávarútvegi og landbúnaði. Þessi kenning dynur núna daga og nætur á mönnum. Hæstv. fjmrh. vakti athygli á því, að ástæðan fyrir því að það væri illa komið fyrir sjávarútveginum væri að það væri búið að taka of mikið fjármagn frá honum og flytja til annarra verkefna. Seðlabankastjóri lýsti því aftur á móti, að það væri verið að byggja Seðlabanka fyrir eigið fé bankans, peninga sem ekki voru teknir frá neinum. Þeir höfðu nánast orðið til í Seðlabankanum.

Ég hallast að því, að menn mættu hugleiða af dálítið meiri alvöru en gert hefur verið hvort þeir telji að hægt sé að gera þær kröfur til íslenskrar sjómannastéttar að hún sæki sjóinn á jafnlélegum skipum og hún sótti fyrir kannske 40 árum. Er verið að gera kröfu um að vinnuaðstaða sjómanna standi í stað á sama tíma og vinnuaðstaða allra annarra þegna þjóðfélagsins batnar? Hver er krafan hjá þeim hóp sem svona talar?

Mér er það ljóst, þegar ég les þessa till. til þál., að hér er verið að tala um byggðastefnu. Og hv. 5. þm. Reykv. stendur hér upp og talar um hvað flutningarnir færi okkur mikla farsæld og hann sé sammála því, sem hér sé verið að leggja til, í öllum aðalatriðum. Hann metur það svo, að hér sé verið að bera á borð fyrir þm. góða till. um fólksflutninga í þessu landi, stuðning við þá og ágæti þess. En ég get ekki á mér setið að nefna hér dæmi sem ég tel að stuðli að óeðlilegri byggðaþróun í þessu landi. Ég ætla að taka dæmið úr höfuðborg Íslands, Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Við höfum mátt horfa á það, landsbyggðarmenn,

alllengi, að þegar tap hefur orðið á Bæjarútgerð Reykjavíkur eru peningar til að borga tapið sóttir í borgarsjóð. Sem sagt: útsvör embættismanna, sem landsbyggðin er að greiða laun með sköttum sínum, eru notuð til að halda hér uppi óarðbærri fjárfestingu til að rústa atvinnuvegina úti á landi. Er heiðarlegt að standa þannig að málum? Er það það sem 5. þm. Reykv. telur arðsama fjárfestingu? Hvað með kenningarnar um að það eigi að stuðla að því að alls staðar sé fjárfest þar sem arðbærast er? Er það stefnan að þvinga eigi útgerðarmenn utan af landi til að kaupa skip af innlendum skipasmíðastöðvum þéttbýlisins á uppsprengdu verði? Er það stefnan sem stuðlar að arðbærri fjárfestingu?

Ég hef saknað þess, þegar hæstv. fjmrh. hefur talað um sölu ríkisfyrirtækja, að hann sem forseti borgarstjórnar Reykjavíkur talar ekki um að selja Bæjarútgerðina. (**Fjmrh.**: Ég hef oft gert það. Það hefur oft komið til umr.) Það upplýsist hér að hann hefur oft komið með till. um að selja fyrirtækið, en talað fyrir daufum eyrum trúlega.

Ég held að þó að við reisum hér verslunarhallir og þó að við fjölgum bönkunum þannig að það fjölgi um einn bankastarfsmann á ári, hv. 5. þm. Reykv., bætum við ekkert hag þessarar þjóðar með því.

Það vekur aftur á móti undrun, þó ekki sé meira sagt, að menn telja það nú brýnast að gera lokaaðför að grunnatvinnuvegum landsins. En kannske segir það sína sögu um gæfuleysi þeirra manna sem tala hér um að í 20 ár hafi þeir haft rétt fyrir sér, en þjóðin ekki viljað hlusta. Kannske er það talandi dæmi um þeirra gæfuleysi, að meðan foringjarnir komu úr verkalýðsstétt byggðu þeir upp. Þeir byggðu upp sinn flokk og þeir byggðu upp eignir síns flokks og þeir voru menn til að gefa út blað. Svo komu hagfræðingar og seinast rekstrarhagfræðingar, sem mundu nú hafa hentað til að stjórna slíkum hlutum, og hvernig hefur gengið? Guð hjálpi þessari þjóð, ef þeir eiga að taka við rekstrarstjórninni á þjóðarbúi Íslendinga.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég hafði látið mér til hugar koma að við gætum lokið þessari umr., þó þannig að vera ekki lengur en fram undir kl. sjö, en mér sýnist að það séu litlar líkur á að slíkt takist vegna þess að umr. tekur þann tíma sem hv. þm. þóknast. Ég hygg að það væri þess vegna rétt að gera hlé núna og fresta umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 8). — Frh. 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég bið velvirðingar á því að ég var ekki viðlátinn þegar umr. hófust, en mun nú halda áfram þar sem frá var horfið s. l. mánudag, er til mín var beint nokkrum fsp. Vil ég byrja á að svara þeim.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason spurði hvort ekki væri ástæða til að hafa meiri samvinnu við Norðmenn varðandi sölu á skreið. Það hefur verið um það rætt, bæði nú og áður, hvort ekki sé rétt að taka upp meiri samvinnu við Norðmenn, og kemur það að sjálfsögðu til greina, en við megum hins vegar ekki gleyma því að Norðmenn eru mjög harðskeyttir samkeppnisaðilar á Nígeríumarkaði og í því sambandi er rétt að hafa í huga að mjög margir aðilar frá Noregi starfa á þessum markaði og opinber stjórnvöld geta ekki stýrt því eða gefið okkur tryggingu fyrir því hvað þeir gera á markaðinum, þannig að jafnvel þótt við höfum samvinnu við opinber stjórnvöld í Noregi er ég þeirrar skoðunar, að það sé alls ekki nægileg trygging fyrir því að um undirboð og aðra sem við getum kallað óeðlilega samkeppni geti ekki verið að ræða. Það sama má segja um okkur. Það eru allmargir íslenskir aðilar sem starfa á þessum markaði og opinber stjórnvöld á Ísandi geta ekki vitað um allt sem þeir aðhafast á þessum markaði frekar en öðrum. — En um það hefur sem sagt verið rætt að undanförnu, hvort við ættum að taka upp samvinnu við Norðmenn. Ég vil að öðru leyti ekki fjölyrða um það mál. Viðskiptamál á skreiðarmörkuðum eru eins og menn vita í höndum viðskrn. Þetta vildi ég aðeins segja að gefnu tilefni.

Hv. þm. Skúli Alexandersson spurði um afkomu skreiðarframleiðenda. Því er ekki að neita að þar er mjög alvarlegt ástand, fyrst og fremst vegna þess að ekki hefur tekist að selja skreiðina og einnig eru miklar líkur á því að það verð sem fæst fyrir hana verði ekki eins hátt og menn höfðu gert ráð fyrir, sem þýðir þá verulegt tap. Skreiðarframleiðendur hafa lagt fram útreikninga sem benda til þess að um rúmlega 18% tap geti orðið að ræða.

Ég skal ekki fullyrða um hvaða útreikningar eru réttir í þessu sambandi. Ég hef enga ástæðu til að draga útreikninga skreiðarframleiðenda í efa. En þess ber að geta, að í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, deild fyrir skreiðarafurðir, eru nú 220 millj. og í framhaldi af viðræðum, sem hafa átt sér stað milli ríkisstj. og Samtaka skreiðarframleiðenda, var óskað eftir því að fram færu umr. í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins um þessi mál. Þeir rituðu mér 24. okt. eftirfarandi bréf, sem ég vil lesa hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir skreiðarafurðir, þann 21. okt. s. l., var ræddur sá mikli vandi sem nú steðjar að framleiðslu skreiðar vegna mikilla söluerfiðleika og mjög tregra gjaldeyrisskila af hálfu kaupenda.

Samkv. fyrirliggjandi upplýsingum, sem sjóðurinn nú hefur frá framleiðendum ásamt öðrum aðilum sem málið snertir, er gert ráð fyrir verulegum greiðslum verðbóta á alla óselda og ógreidda skreið. Má ætla að þetta geti numið allt að 150 millj. Inneign skreiðarinnar er nú 220 millj. Með tilliti til þessa var rætt um hvernig hraða mætti greiðslum upp í væntanlegar verðbætur, en samkv. lögum sjóðsins er ekki heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi fyrr en gjaldeyrisskil liggja fyrir. Allir viðstaddir stjórnarmenn voru sammála um að fara þess á leit við yður, hr. sjútvrh., að gert yrði mögulegt með lagabreytingum að greiða upp í væntanlegar verðbætur og kæmi það til framkvæmda sem fyrst. Virðist vera um tvær leiðir að velja í þessu sambandi, annaðhvort með

því að bæta við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum ákvæði til bráðabirgða um þetta efni eða flytja sérstakt frv. til breytinga á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins með ákvæði til bráðabirgða, en í báðum tilvikum mætti orða breytinguna á sama hátt."

Ég vil í þessu sambandi skýra frá því, að ég tel rétt að flutt verði frv. hér um mál þetta og mun ég gera það á næstu dögum. Það er að sjálfsögðu álitamál hvernig frv. þetta skuli flutt, en ég held að best sé að það sé gert sérstaklega, þannig að þm. geti tekið afstöðu til þess út af fyrir sig og blandi því ekki saman við önnur mál sem gætu tekið lengri tíma hér í þinginu. Ég vil upplýsa þetta af þessu tilefni, en mál þetta var afgreitt í ríkisstj. s. l. þriðjudag.

Hv. þm. Skúli Alexandersson spurðist fyrir um lista yfir skip, sem hefði birst í fjölmiðlum að undanförnu, og hvort ekki ríkti lengur trúnaður. Ég er honum alveg sammála um að það er mjög óheppilegt að slíkt sé birt opinberlega með tölum. Það hefur verið gert og verður ekki aftur tekið. Hitt er svo annað mál, að reynst hefur erfitt í gegnum tíðina að halda því algerlega leyndu hvernig staðan væri við fjárfestingarlánasjóði landsins. Þá hefur einnig verið mjög mikil umr. um sjávarútveginn og látið í það skína að fjárfesting í sjávarútvegi væri helsta böl landsins. Manni hefur helst skilist að ef við ættum helmingi færri skip eða kannske ekki nema ¼ þeirra skipa sem við eigum mundum við lifa í landinu eins og blómi í eggi. Í kringum þetta hefur mikið gengið á og miklar kröfur verið uppi um upplýsingar. Það hefur svo sjálfsagt leitt til þess að erfitt hefur reynst að viðhafa leynd í viðkomandi sjóðum. En ég skal gjarnan taka undir að það er mjög óheppilegt að svona fari.

Hins vegar er eðlilegt að leitað sé leiða til að komast út úr þessum vanda. Það eiga sér stað nú viðræður hagsmunaaðila og Fiskveiðasjóðs og eftir að þær viðræður hafa átt sér stað munu verða teknar ákvarðanir í Fiskveiðasjóði um hvernig halda skuli á þessum málum.

Í fjórða lagi spurði hv. þm. Davíð Aðalsteinsson mig hvað væri með vanda netaverkstæðanna, þ. e. þeirra verkstæða sem hafa séð um loðnunæturnar. Það er rétt að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa leitað til sjútvrn. um það, hvort við gætum aðstoðað þá í þeim vanda sem þeir standa frammi fyrir, og spurt um það, hvort mögulegt væri að ráðstafa fé úr gengismunarsjóði til þeirra. Ég tjáði þeim að slíkt væri ekki hægt, ég sæi ekki fam á hvar það ætti að enda ef við byrjuðum að ráðstafa gengismunarfé til þjónustuaðila í sjávarútveginum. Ég fyrir mitt leyti gat því ekki tekið undir það, en tel hins vegar nauðsynlegt að aðstoða þá við að komast fram úr þeim vanda sem þeir eru í, sem er sá, að eigendur loðnunótanna hafa ekki getað greitt þeim vegna þess að enginn afli hefur verið hjá skipunum. Ég vænti þess að aðstoðin við loðnuskipin hafi létt undir í þessu sambandi, en einnig höfum við í sjútvrn. reynt að aðstoða eigendur netaverkstæða við að ræða við þá sjóði sem þarna eiga hlut að máli. Það eru veruleg vanskil hjá nokkrum aðilum við fjárfestingarlánasjóði og ég veit ekki betur en að þeir fjárfestingarlánasjóðir hafi tekið á þeim málum með skilningi miðað við það ástand sem þarna hefur ríkt. Hins vegar er það mikilvægast fyrir þá eins og aðra að loðnuveiðar geti hafist. Nú hefur verið ákveðið að þær hefjist og þá er vonandi að ástandið skáni hjá þessum þjónustuaðilum með því að skipin geti greitt þær skuldir sem þau hafa stofnað til, og að sjálfsögðu munu þessir aðilar þá fá meira traust hjá lánastofnunum þegar vitað er um að loðnuveiði á að hefjast.

Þetta voru þær fyrirspurnir sem til mín var beint. En varðandi það sem almennt kom fram í umr., þá var mikið talað um ráðstöfun á gengismun og upptöku á gengismun. Ég vil almennt segja um það, að aðalatriðið er að þar gildi hlutlægar reglur, bæði um innheimtu á gengismun og einnig um ráðstöfun. Það var tekin sú afstaða að gilda skyldi sama regla um allar afurðir, hvort sem það væri frystur fiskur, skreið eða saltfiskur, þannig að aðgerðin gengi jafnt yfir allar afurðir. Það er mjög erfitt að fara að undanskilja ákveðnar afurðir og það var reynt að forðast í þessu tilviki.

Ég vil hins vegar taka það fram, að ég tel að skipaflotinn eigi ekkert síður rétt á þessu fé en aðrir. Þegar ákvörðun um fiskverð er tekin er gengið út frá ákveðnum gengisforsendum. Ef það hefði verið vitað, þegar fiskverð var ákveðið, að svo mikil gengisbreyting yrði, þá hefði verið tilhneiging til að ákveða fiskverð hærra. Miðað við stöðu flotans og þau skiptingarvandamál sem eru í sjávarútveginum og ekki er hægt að líta fram hjá, þá var ekkert réttlæti í því að mínu mati að flotinn fengi ekki það fjármagn sem hann fékk við þessar aðstæður.

Það má síðan endalaust deila um hvernig fjármagninu skuli ráðstafað. Þar var haft samráð við aðila. Það er alveg rétt, að þeir sem vinnslu stunda vildu allir fá af þessu fé, bæði frystingarmenn og þeir sem verka saltfisk og skreið. Því var neitað með öllu, en hins vegar var fallist á að hluti af fjármagninu væri lagður í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, saltfiskdeild, til þess að tryggja að saltfiskverkun gæti haldið áfram. Að öðru leyti var ekki fallist á að fé rynni til vinnslunnar. Síðan var ráðstafað fé til flotans með þeim hætti sem kunnugt er, og ég er þeirrar skoðunar að það hafi aldrei áður gilt eins hlutlægar reglur og við þessa úthlutun. Það var lögð veruleg vinna í að koma reglunum saman. Það var bæði tekið mið af afla og skuldum og það var reynt að gæta þess að allir fengju án tillits til þess hvað þeir skulduðu mikið, sem sagt einnig þeir sem skulduðu tiltölulega lítið, en áður hafi verið tilhneiging til þess að útiloka þá við fyrri úthlutanir. — Þetta er ekkert nýmæli í íslenskum sjávarútvegi. Þetta hefur viðgengist svo lengi sem ég man a. m. k. og þegar gengisbreytingar hafa átt sér stað, þannig að ég vísa því algerlega á bug að hér sé um brot á stjórnarskrá að ræða.

Menn tala um millifærslur, það sé verið hér með millifærslur, og talað í niðrandi tón um það. Auðvitað er skiptingarvandamál í íslenskum sjávarútvegi og hefur alltaf verið. Hins vegar vitum við að fiskvinnslan getur ekki gengið án þess að hafa flota og flotinn getur ekki gengið án fiskvinnslu. Við þurfum að taka tillit til þess og reyna að hafa sem best samstarf þarna á milli. Ef menn vilja kalla það millifærslu — og í niðrandi merkingu — að það sé reynt að koma því þannig fyrir að bæði vinnslan og útgerðin geti gengið með eðlilegum hætti, þá verður að hafa það mín vegna, en ég tel þetta vera eðlilegt. Það má þá alveg eins kalla það millifærslu þegar bæjarútgerðir eru að reyna að halda stóru togurunum gangandi með aukalánum og aukaaðstoð. Samkv. þeim tölum sem við höfum um stóru togarana, þá hafa þeir verið reknir með gífurlegu tapi á undanförnum árum. Þar af leiðandi ættu þeir í reynd allir að

liggja við bryggju. En þeim hefur verið haldið gangandi með stuðningi vinnslunnar vegna þess að vinnslan hefur ekki getað án þeirra verið. Þannig eiga sér stað ýmsir verðmætaflutningar innan sjávarútvegsins fyrir utan svokallað skiptaverð, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, og það gerist ekki allt og ekki nema að litlu leyti með tilstuðlan opinberra stjórnvalda.

Hér kom einnig fram, bæði hjá hv. þm. Karli Steinari og hv. þm. Skúla Alexanderssyni, að sú leið sem væri farin rýrði hlut sjómanna. Ég get ekki tekið undir þetta sjónarmið. Það voru sett lög um að laun mættu ekki hækka nema um tiltekna prósentu. Jafnvel þótt menn vilji túlka það svo nú í umr. að samningsréttur væri algerlega afnuminn, þá tel ég það ekki rétta túlkun og í reynd útúrsnúning. Það kemur skýrt fram í lögunum að bannað er að hækka laun. Auðvitað taka samningar langan tíma. Ætli mönnum veiti nokkuð af nokkrum mánuðum við þessar aðstæður til að undirbúa þá samninga? Það hefur enginn bannað mönnum í þjóðfélaginu að tala saman og semja um sín kjör. Það stendur hins vegar í lögunum að laun megi ekki hækka nema um ákveðna prósentu fram til 1. febrúar. En aðilar vinnumarkaðarins virðast hafa tekið það þannig, að þeir mættu ekki tala saman fyrr en 1. febrúar og þar væri ríkisstj. um að kenna, það væri búið að taka af þeim málfrelsið. Þetta er ekkert annað en útúrsnúningur. Ég vil koma þessu á framfæri í tengslum við þá umr. sem hefur átt sér stað. Ég tel að mjög mikilvægt sé að aðilar vinnumarkaðarins vinni sem fastast að því nú á næstunni að undirbúa þá samninga sem þurfa að eiga sér stað í vetur. — Og mér heyrist nú á öllu að ekki veiti af að menn rýni vel ofan í dæmið til að átta sig á raunverulegri stöðu þjóðarbúsins. Það gera menn ekki með stanslausum upphrópunum.

Það varð að sjálfsögðu að hafa samræmi varðandi launakjör sjómanna og annarra stétta í landinu og það var gert í þessum lögum. Hins vegar var talið að kjör bátasjómanna væru mun rýrari en annarra og þess vegna var ákveðið að meira kæmi í þeirra hlut en annarra. Menn geta haldið því fram að verið sé að rýra hlut sjómanna. En hver hefði hlutur sjómanna verið ef áfram hefði verið haldið að óbreyttu eins og útlitið var? Ég vildi gjarnan fá svar við þeirri spurningu frá þessum hv. þm.

Ég heyri ekki betur en það hlakki í mönnum þessa dagana að nú sé flotinn að stöðvast við þessar aðstæður, nú sé allt að sigla í strand. Það er allt að því, leyfi ég mér að segja, að það hlakki í mönnum yfir því. Það er sorglegt. (**Gripið fram í:** Vill ráðh. nefna dæmi um það.) Ég var ekki að segja að hv. þm. hefði látið þau orð falla og ég ætla ekki að nefna nein nöfn úr þessum ræðustól því að hér eru réttir aðilar ekki til varnar. En ætli það væri ekki stöðvaður flotinn fyrir löngu ef þær ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar sem voru gerðar í vor — og hver væri þá hlutur sjómanna? Ég held að það væri gott að fá svör við þeim spurningum, svo að ég byrji nú að spyrja hv. þm. stjórnarandstöðu.

Ég vil ekki, virðulegur forseti, gera þessi mál að frekara umræðuefni. Það eru mikil vandamál í íslenskum sjávarútvegi og það verður erfitt að ráða fram úr þeim á næstunni. Ég hef sagt það og skal endurtaka það hér, að ég sé ekki betur en það verði að búa við það að útgerðin sé rekin með nokkru tapi vegna aflabrests og erfiðrar afkomu. Ég fæ ekki séð leiðir sem geti skapað góðan rekstrargrundvöll næstu mánuðina. Hins vegar er það svo, að þannig hefur það alltaf gengið í íslenskum þjóðarbúskap að þar eru sveiflur og menn hafa þurft að taka á sig tap og fjármagna tap um tíma. Það getur þó ekki gengið til lengdar og við hljótum á næstunni að leita allra leiða til að gera þessa útgerð hagkvæmari til langframa. Þar eru að sjálfsögðu til ýmsar leiðir. Það er hægt að auka verðmæti aflans. Að því er unnið. Það er hægt að draga úr tilkostnaði. Svo mætti lengi rekja. Ég skal ekki hafa um það fleiri orð hér, en vænti þess að ég hafi svarað þeim fsp. sem til mín hefur verið beint. Ef ekki, þá endurtaka menn þær í umr. á eftir.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. ágæt svör við þeim spurningum sem til hans var beint á síðasta fundi um þessi mál. Mig langaði þá til að ræða nokkur atriði sem þetta varða.

Hann minntist á það áðan að skert samningsfrelsi skipti litlu máli, mönnum veitti ekki af tímanum til að fara að semja og skyldu vinna sem fastast. Mótmæli verkalýðshreyfingarinnar gagnvart afnámi samningsréttar eru tilkomin vegna þess að annað eins og þetta hefur ekki skeð hér áður og menn vilja ógjarnan sjá á bak þeim mannréttindum sem tók verkalýðshreyfinguna áratugi að ná.

Verkalýðshreyfingin vill gjarnan semja. Það hefur verið óskað eftir samningum. En við getum ekki samið við þann sem ekki vill tala við okkur. Það er það sem að er. Vinnuveitendasambandið hefur neitað að setjast að samningaborði vegna þess að lögin frá því í sumar eru í gildi. Þess vegna nást ekki samningar. Ef á að semja, þá þarf tvo til.

Ég gagnrýndi það á síðasta fundi hvernig farið væri með gengismun og taldi og tel að við eigum að hverfa frá því kerfi að gera gengismun upptækan, en þegar það er gert finnst mér ástæða til þess að horft sé á hver staða hverrar einstakrar greinar er. Ég tel að skreiðin hafi verið hvað verst stödd á þeim tíma og sé það reyndar enn. Tap á skreiðarverkun er nú sannanlega 18.4% og getur jafnvel orðið verra.

Mér fannst umr. á síðasta fundi á margan hátt mjög aulalegar. Það kom fram hjá einum hv. þm. að menn væru á móti sjávarútvegi, meira að segja menn sem aldir eru upp í slori mestalla sína ævi. Svona málflutningur á ekki við í þessari deild allavega, þótt hann gæti viðgengist einhvers staðar annars staðar.

En auðvitað deila menn um hvað skuli gera til úrbóta í sjávarútveginum. Menn hafa áhyggjur af bágri stöðu sjávarútvegs. Við í Alþfl. höfum deilt á hversu fjárfestingin hefur verið gífurleg og talið að hún mætti vera minni, þetta sé til mikils tjóns fyrir sjómenn, útgerðarmenn og þjóðina alla. Þetta er miklu meira vandamál en svo að við séum að karpa um það hér hver upp í annan, ef svo mætti segja. Ég hygg að flestir séu orðnir sammála okkur Alþfl.-mönnum um að þetta sé stórkostlegt vandamál í þjóðfélaginu, í sjávarútvegi og hjá landsmönnum. Ég þykist líka alveg viss um að við leysum þetta mál ekki með þessu eilífa karpi.

Það er mikið viðkvæmnismál hvar eigi að skera niður og hverjum eigi að neita um skip. Auðvitað eru hinar ýmsu byggðir um allt land mjög viðkvæmar fyrir því hvort slíkt lendi á þeim eða öðrum. Þm. eru viðkvæmir fyrir því, hvort það er skorið niður í þeirra kjördæmi eða ekki. Ég tel að það verði að skapast þjóðarsátt um

þetta og stjórnmálaflokkarnir verði að leita leiða til að koma þessu máli í sama farveg og kjördæmamálinu. Menn voru þá ekki með tillöguflóð og gaspur nema í miklu hófi og komu sér saman um hvernig með þau mál var farið. Ég held að við leysum þetta ekki öðruvísi — og við verðum að gera það vegna þess að eftir því sem lengra verður haldið áfram verður vandamálið stærra og því berskjaldaðri verðum við. Ég er þess fullviss að Alþfl. mun gera sitt til þess að slíkt samkomulag geti átt sér stað, en það verður að vera samkomulag allra. Það er þjóðarnauðsyn að svo verði.

Ég vil frábiðja mig því að hlakka yfir stöðu útgerðar. Aftur á móti tel ég stöðuna mjög alvarlega. Ég hef með höndum tölur um afkomu sjávarútvegs frá 15. sept. s. l., sem eru vissulega orðnar gamlar tölur, en segja að stærri togarar tapi nú 15.1% og minni togarar 9.3%, en bátar 8.5%. Það er mjög alvarlegt hvernig útlitið er. Í þessum tölum er tekið tillit til verðhækkana og vaxtalækkunar í okt. Mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann hafi einhverjar nýjar tölur eða hugmyndir um hvernig staðan er. Mér býður í grun að staðan sé miklu verri, vegna þess að fiskveiðar hafa dregist enn saman.

Skuldir útgerðarinnar eru miklar og vissulega var athyglisverð sú hugmynd, sem kom hérna fram á síðasta fundi, að slá striki yfir þetta allt saman. Sjútvrh. var nú ekki hrifinn af því. Ég verð að játa að ég skil ekki hvernig það er hægt og hefði gaman af að heyra frekari útlistun hjá fjmrh. á því hverjir möguleikar eru á því, bæði í sjávarútvegi og á fleiri stöðum líka. Það er ekki vanþörf á því að strika út skuldir húsbyggjenda og skuldir alþýðuheimilanna í landinu. En það er svo margt furðulegt sem menn segja og hugsa, þannig að ekki er víst að allir fylgi því eftir. Hitt er annað, að undir venjulegum kringumstæðum reyna menn að bregðast við þessu dæmi og tala ekki í gríni eða fljótfærni, heldur reyna að leysa þann vanda sem fram undan er.

Eitt er það sem mér er tjáð varðandi skreið. Mér er skreiðin ansi hugleikin og það er nú kannske af því að það er mjög mikið um skreiðarverkun á því svæði þar sem ég bý. En mér er tjáð að það sé til stórtjóns fyrir skreiðarsölu hversu margir aðilar eru í því að selja skreið og valdi miklum erfiðleikum og verðlækkun, sem kemur þjóðarbúinu mjög illa. Ég veit að þetta heyrir að vísu undir viðskrh., en það væri gaman að vita hvaða hugmyndir sjútvrh. hefur í þessum efnum og hvort hann telur ekki ástæðu til þess að koma skreiðarsölunni í þann farveg að við þurfum ekki að vera að bítast við íbúa Nígeríu eða kaupmenn þar um það hversu með verði farið.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá að koma upp og skal lofa að verða stuttorður. Þetta verður frekar stutt fsp.

Þessi umr., sem nú á sér stað, fer fram í skugga þeirrar staðreyndar að vanda sjávarútvegsins hefur síst verið lýst með of dökkum litum. Nú er þegar komið að þeim kaflaskilum í íslenskri efnahagssögu sem hæstv. ríkisstj. lofaði í sumar. Spurningin er núna: Er þessi ríkisstj. nógu sterk til að standast þann þrýsting sem nú er að myndast? Í því tilefni vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, spyrja hæstv. fjmrh. eftirfarandi spurningar:

Víðs vegar um landið eiga fyrirtæki í sjávarútvegi í miklum erfiðleikum núna. Nægir þar að nefna Patreksfjörð, Eyrarbakka og Stokkseyri. Erfiðleikar þessir eru auk skulda alger rekstrarfjárþurrð. Hyggst hæstv. fjmrh. beita sér fyrir aðstoð við þessi fyrirtæki í formi fjárveitinga eða annarra ívilnandi aðgerða á vegum ríkissjóðs?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara hv. 8. þm. Reykv. Till. um fjárveitingar á árinu 1984 má lesa í fjárlagafrv. Í þeim er ekki gert ráð fyrir sérstakri aðstoð við sjávarútveg vegna rekstrarfjárvanda. Ég hef ekki í hyggju að flytja brtt. við frv. sem miði að því að auka útgjöld ríkissjóðs til styrktar sjávarútveginum. Ég tel að það sé ekki á mínu færi að grípa til neinna ívilnandi aðgerða á vegum ríkissjóðs umfram það sem Alþingi veitir mér umboð til að gera og ég tel að þjóni hagsmunum ríkissjóðs hverju sinni.

Ólafur Jóhannesson: Virðulegi forseti. Ég stend hér upp vegna þeirrar merkilegu yfirlýsingar sem fram kom frá fjmrh. fyrr í þessum umr. En áður en ég vík að því vil ég segja nokkur orð um þetta mál almennt. Að vísu er ekki miklu við að bæta það sem þegar hefur verið sagt um það frv. sem hér liggur fyrir. En ég vil láta í ljós ánægju með þá stefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur markað að því leyti til, að hún vill og ætlar að halda hér stöðugu gengi. Ég hef nefnilega lengi verið þeirrar skoðunar og reynt að koma henni á framfæri, að það væri erfitt að koma nokkru viti í efnahagsmál hér á landi ef gengi væri á eins konar rennibraut. Ég loka auðvitað ekki augunum fyrir því að þau atvik geta komið til að óhjákvæmilegt sé að breyta gengi. Slíkt getur komið fyrir vegna þess t. d. að aflabrestur verði eða verðfall og annað slíkt. En ég held að undir venjulegum kringumstæðum sé ákaflega mikilvægt að reyna að halda stöðugu gengi. Og ég er sérstaklega ánægður einmitt með yfirlýsingu ríkisstj. þar um. En þegar ríkisstj. hefur markað þá stefnu finnst mér fyrir mitt leyti alveg óþarfi að vera að gefa undir fótinn með það að gengi skuli þó hreyfst, aldrei þó nema innan ákveðinna marka. Ég álít að það eigi aldrei að gefa neitt undir fótinn fyrir fram um það að genginu verði breytt þó að ég neiti því ekki að slík atvik geta komið til, að það verði að snúast við þeim vandræðum sem að steðja með þeim hætti. Menn eru nú margfaldri reynslu ríkari um það að gengisfelling leysir aldrei vandann til neinnar frambúðar heldur er aðeins bráðabirgðaúrræði, sem hefur svo þær verkanir að vandinn verður stundum enn þá verri og meiri en hann var áður en til gengisbreytingar kom. Hæstv. sjútvrh. sagði að það hefði nú sannast að hún hefði síst verið of mikil, þessi gengisfelling sem ákveðin var og sem það frv. sem hér er til umr. er afleiðing af. Þetta má alveg rétt vera, miðað við aðstæður og miðað við það að ekki var hugsað til annars en gengisfellingar í því sambandi. En auðvitað hljóta menn að spyrja hvort ekki hefði verið kostur að finna úrræði til þess að lækka framleiðslukostnað og hafa gengislækkunina þá þeim mun minni. Þetta er búið og gert og þýðir ekki að tala um það. Eins er með þær ráðstafanir sem hér er verið að ræða um, að þó að auðvitað geti verið skiptar skoðanir um skiptingu í einstökum atriðum á ráðstöfun gengishagnaðar, þá er þetta, sem um er verið að ræða í því sambandi, búið og gert og verður ekki aftur tekið.

En ég verð að segja að það sem hefur komið fram

merkilegast í þessum umr. er yfirlýsing, hugmynd skulum við segja, hæstv. fjmrh. um hugsanlega leið til lausnar á vanda útgerðarfyrirtækja. Sem sé sú leið að slá striki yfir skuldir þeirra. Ég geri ráð fyrir því að ef svona hugmynd og svona yfirlýsingu hefði verið varpað fram af Pétri eða Páli hefði hún ekki vakið sérstaklega mikla athygli. En það gegnir allt öðru máli þegar ráðh., ekki hvað síst fjmrh. setur fram slíka hugmynd. Fyrir mér er það svo að ég hef ekki fyllilega áttað mig á því enn þá hvernig þessa hugmynd ætti að útfæra. Og ég geri ráð fyrir því að þm. sem sitja í þessari hv. deild fýsi alveg eins og mig að heyra nánari greinargerð um hana. Ég er alveg sannfærður um að hvað sem því líður þá vill fólkið í landinu gjarnan heyra nánari útlistun á þessu. Það er dálítið annað þegar svona hugmynd kemur fram frá hæstv. ráðh. eða, eins og ég sagði áðan, frá einhverjum Pétri eða Páli. Maður verður nefnilega að ganga út frá því að svona — ja, við skulum segja merkileg hugmynd, því að vissulega er þetta nýstárleg hugmynd og merkileg og athygli verð og sjálfsagt að skoða hana, en menn ganga út frá því að þegar ráðh. kemur fram með slíkt þá sé það þrauthugsað. Ráðherrar gefa ekki yfirlýsingar — eða eigum við kannske að segja: þeir eiga ekki að gefa yfirlýsingar nema þær séu þrauthugsaðar. Þeir eiga alveg að vita hvað þeir eru að segja. Mér finnst margt varðandi þessa merkilegu hugmynd vera þannig að óljóst sé hvernig á að útfæra hana. T. d. finnst mér ekki hafa komið nægilega glöggt fram hvers konar skuldir hér er átt við. Það kann að vera að það hafi verið nokkur bending í máli ráðh. um það hvernig hann vildi takmarka það við hverjar skuldir væri átt. En þetta verður að liggja alveg ljóst fyrir. Eru þetta eingöngu skuldir við stofnlánasjóði? Eru þetta fjárfestingarskuldir? Eru þetta rekstrarskuldir eða því um líkt? Til þess að geta tekið þátt í umr. um þetta og athugun á þessari hugmynd verður það að liggja alveg fyrir við hvers konar skuldir hér er átt. En við skulum segja að það skýrist nú alveg. Við skulum t. d. gera ráð fyrir því að þarna sé átt við þær skuldir sem á útgerðarfyrirtækjum hvíla við fjárfestingarlánasjóði.

Það liggur í augum uppi að það mundi vera mikið hagræði fyrir útgerðarfyrirtæki að sleppa við þessar skuldir, ef þær yrðu strikaðar út. En ég held að það sé ekki nema tvennt til í því sambandi. Annaðhvort verður þá tilsvarandi tjón og tap að lenda á lánardrottnum þeirra eða þá, eins og oft er, að það eru ábyrgðarmenn að þessum skuldum og þá verða þær að lenda á ábyrgðarmönnunum. Mér dettur ekki í hug að gera því skóna að ráðh. hafi ekki gert sér þetta ljóst. Ég veit náttúrlega að hann hefur ekki verið að tala um það að skuldirnar bara hyrfu. Þær lenda á einhverjum og þá sennilega á stofnlánasjóðunum eða þá, að ég ætla, í flestum tilfellum á ríkissjóði, vegna þess að ég hygg að hann sé ábyrgðarmaðurinn á mörgum þessum skuldum og lánum. Spurningin er sú hvort fjmrh. telur ríkissjóð þannig í stakk búinn að hann geti tekið á sig slíkar skuldbindingar, hvort hann telur það úrræði að þessir stofnlánasjóðir séu settir á höfuðið. Þetta eru atriði sem þörf er að fá vel upplýst. Mér dettur ekki í hug að halda að hæstv. fjmrh. hafi varpað fram þessari hugmynd — ég vil nú kalla það hugmynd en ekki tillögu — án þess að hugsa út í hvernig ætti að útfæra þetta nánar. Ég heyrði það held ég rétt í umr. hér að hv. 3. þm. Suðurl. tók mjög jákvætt undir þessa hugmund hæstv. fjmrh. Hann hlýtur þess vegna að hafa gert sér grein fyrir því hvernig ætti að útfæra hana því að varla geta menn tekið afstöðu til svona hugmyndar án þess að hafa gert sér grein fyrir því.

En það eru sjálfsagt til fleiri möguleikar í þessu sambandi. Ég geri ráð fyrir að það sé út af fyrir sig rétt hjá fjmrh. að eins og horfir nú geti svo farið að sum útgerðarfyrirtæki greiði aldrei þessar skuldir og þær lendi því á stofnlánasjóðum eða ríkinu. Þó veit maður aldrei hvað framtíðin ber í skauti sínu. Það hafa oft orðið sveiflur í sjávarútvegi og ef við erum bjartsýn þá getum við kannske látið okkur detta í hug að þessi fyrirtæki geti rétt sig af. En hitt er víst, að hagur útgerðarfyrirtækja er ákaflega misjafn. Það held ég að fari ekki milli mála. Um sum fyrirtæki er e. t. v. lítil von. Þá spyr ég: Á fjmrh. við það, þegar hann kemur fram með þessa hugmynd, að það sé gert nú eins konar uppgjör og eins konar uppskurður á útgerðarfyrirtækjunum og þau fyrirtæki sem eru það illa á vegi stödd að lítil von er um framtíð séu þá gerð upp og stofnlánasjóðir eða ríkið, eða hvaða sjóður það er, gangi í það að taka nú þegar á sig tapið, gera sem sagt hreint borð í þessu efni? Þetta getur vel verið hugmynd sem er allrar athygli verð. En ég skal ekkert segja um það hvort það hefur verið þetta sem fjmrh. hafði í huga. Hann talaði nú meir kannske á þeim nótum að þetta væri yfir alla línuna og ætti að koma öllum útgerðarfyrirtækjum til góða.

Já, virðulegi forseti. Ég hef talið nauðsynlegt að óska eftir nánari útlistun á þessu. Það getur oft verið mikil freisting fyrir ráðh., ég veit það, að gefa yfirlýsingar, einkanlega þegar fjölmiðlar sitja fyrir þeim hvar sem er og reyna að toga út úr þeim upplýsingar. Og þá er kannske afsakanlegt að eitthvað fljóti með vanhugsað. En í þessu tilfelli er því ekki til að dreifa vegna þess að hér er þessi hugmynd borin fram í þessari hv. deild. Það er mjög nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. taki af vafa í þessi efni. Hér eru svo margir aðilar sem þetta snertir að það verður að liggja alveg hreint fyrir hver hugmynd hans er. Það er ekki hægt að varpa slíku fram án þess að hafa hugsað það alveg til enda hvernig eigi að framkvæma þetta.

Þetta var það sem ég vildi koma hér á framfæri. Ég veit að hæstv. fjmrh. er ráðagóður maður og kjarkmaður mikill. En einhvern tíma var nú sagt: Er þetta hægt, Matthías? Og ég vil fá að heyra hvernig hann ætlar að framkvæma þessa hluti.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara einhverju af því sem til mín var beint. Matthías og Matthías — þetta er eins og séra Jón og svo bara venjulegur lítill manni. Það eru ekki allir menn sem sjá hlutina í sama ljósi. Sumir Matthíasar segja: Þetta er ekki hægt. Sumir Matthíasar segja: Það er bókstaflega ekkert hægt að gera. Það er langbest að vera á framfæri félagsmálastofnananna. Margir aðrir Matthíasar vinna vel fyrir sér. (**Gripið fram í:** Hvað segja Matthíasarnir í ríkisstj.?) Ég ætla að vona að fyrrv. hæstv. ráðh. viti að þeir vinna sæmilega fyrir daglegu brauði. Ég vona líka að hann fái svör þaðan.

En það er með menn eins og allt annað. Menn sjá hlutina í mismunandi ljósi. Ég hef eytt miklu af minni ævi í að reka fyrirtæki, mismunandi stór, stundum mörg í einu, svo að ég hef séð mismunandi möguleika. Ég hef

tekið við fyrirtækjum í mjög miklum vanda og þau ganga vel í dag. Ég lít ekki á eitt og eitt fyrirtæki í sjávarútvegi. Ég álít að við hér, kjörnir fulltrúar, séum eins konar landsfeður, svo ég tali nú ekki um ríkisstj., sem ber skylda til að líta á þjóðina og landið sem eitt fyrirtæki. Og ef við lítum á það frá þeim sjónarhóli þá vitum við að daglega er verið að bjarga fyrirtækjum í rekstri, fyrirtækjum sem hafa tapað í lengri tíma en eru stór vinnumarkaður. Bankarnir, sjóðir eða lánastofnanir aðrar hafa — af mistökum kannske — veitt þeim lán til of langs tíma, án þess að gera það upp, af ótta við að viðkomandi skuldbindingar falli á þessa sömu sjóði, að sjóðsstjórnirnar verði endanlega ábyrgar fyrir því sem þær hafa verið að gera í langan tíma. Og vandinn vex og vex. Það endar náttúrlega með því að viðkomandi sjóðir springa.

Og þannig er að verða ástatt um sjávarútveginn. Hann er að springa. Ekki vegna þess að upphaflegu lánin hafi kannske verið svo há eða að um erlend lán hafi verið að ræða, heldur vegna þess að erlendu lánin, sem eru yfirleitt tekin á miklu betri kjörum en innlend lán, eru færð yfir á innlenda vexti. Og þessum tilkostnaði, vöxtunum háu hér og verðbólgu, sem hefur hlaðist sem kostnaður á þessi fyrirtæki og á þessi lán, hefur svo verið skuldbreytt yfir á höfuðstólinn. Þannig er höfuðstóllinn alltaf að stækka og stækka og endar með því að reksturinn gengur ekki betur en það, þó hann standi kannske undir sér rekstrarlega, að hann hefur ekki fyrir afborgunum og vöxtum. Það þýðir svo að það verður að hlaupa inn í sömu sjóðina og biðja um fyrirgreiðslur, annaðhvort í formi framlengingar eða nýrrar erlendrar eða innlendrar lántöku.

Þessi snjóbolti heldur áfram að hlaða utan á sig. Við erum öll áhorfendur að því. Þess vegna sagði ég í Vestmannaeyjum að einn möguleikinn — sem ég er alveg sannfærður um að er fjarlægur möguleiki vegna þess að ég held að við séum ekki komnir á það stig enn þá að gera okkur grein fyrir því hvernig þarf að leysa þennan mikla vanda, við höfum ekki peninga til að borga upp okkar skuldir, fyrirtækin hafa þá ekki — væri að fara á hinn endann, sjá hvað við gætum gert án peninga. Það er margt hægt að gera í fyrirtækjum án þess að hafa peninga ef við lítum á þjóðfélagið sem eina fjölskyldu sem þarf að hlaupa undir bagga með hér og þar.

Þessi hugmynd, sem kom fram hjá mér í Vestmannaeyjum sem ein hugsanleg leið til að leysa vandann, kom inn í þessa hv. deild sem fsp. til mín frá hv. 8. þm. Reykv. Hér er því ekki um neina tillögu að ræða. En ég er afskaplega ánægður með og þakklátur fyrir það að fsp. skyldi koma hér inn. Það var bara spurt hvort ég hefði viðhaft þessi orð þarna — sem einn möguleika, en ég er feginn að hún skuli vekja svo miklar umr. með alþm. og þjóðinni að það er farið að hugsa í allar aðrar áttir: Hvernig er hægt að gera þessa hugmynd að veruleika? Það út af fyrir sig er ánægjuefni. Það getur verið, eins og oft vill verða þegar menn setjast niður og byrja að hugsa í alvöru um lausn á einhverjum vanda, að hugmyndin, sem upphaflega kemur á borðið, geti orðið til þess að aðrar hugmyndir fæðist og vandinn verði leystur.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, eins og við hljótum öll að vera sannfærð um, að þessi fyrirtæki eitt og eitt leysa aldrei sinn vanda. Þessi baggi fellur á sjóðina, hvort sem það heitir ríkissjóður, stofnlánasjóður, Fiskveiðasjóður eða bankarnir, Framkvæmdastofnun eða eitthvað annað. Þessi lán koma ekki til baka. Við vitum það. Og það þarf að finna lausn sem er eitthvað í þá átt sem ég er að tala um.

Við skulum bara taka sem dæmi þesi erlendu lán. Það er spurt: Hvernig á þá að borga erlendu lánin, á að strika þau út líka? Við skulum segja að þau séu ekki strikuð út. En hvað haldið þið að þessi erlendu lán séu í krónutölu mörgum sinnum hærri í dag en þau voru upphaflega? Og halda áfram að hlaða á sig kostnaði vegna verðbólgu og hárra vaxta hérlendis. Hvað haldið þið að gerðist ef við tækjum bara þann vaxtakostnað, þann innlenda kostnað vegna verðbólgunnar, sem hefur hlaðist á þessi lán, og eftir stæðu bara eðlilegir vextir, vextir af þessum lánum eins og þeir eru erlendis frá, uppreiknaðir til baka? Það mundi gjörbreyta stöðu sjávarútvegsins, bara það eitt að afskrifa það sem innlent er og verður aldrei borgað, en viðurkenna að það eru ekki peningar í þjóðfélaginu, það eru ekki peningar í þeim verðmætum sem eiga eftir að koma á land til að standa undir kvöðunum.

Við getum ekki ráðið því hvaða verð við fáum fyrir afurðir okkar erlendis. Það eru tiltölulega litlar sveiflur frá einum degi til annars eða frá einum mánuði til annars á mörkuðunum. Sveiflurnar sem við þurfum að fá eru ekki í gengislækkunum, þær eru í margfölu verði á erlendum mörkuðum, ef við eigum að geta staðið undir innlendum kostnaði sem við höfum sjálf búið til. Öll þessi umr. fullvissar mann bara um það að það er ekki tímabært enn þá fyrir íslenska þjóð að hugsa í þeirri stærðargráðu að koma sér upp úr aurunum og fara að hugsa í krónum. Við þurfum að leysa vandamál sem er komið í þá stærðargráðu þar sem fiskiðnaðurinn er.

Það er ekkert nýtt að ríkissjóður taki á sig skuldabagga. Við erum að reyna að leysa vanda fyrirtækis ríkisins í sjávarútvegi á Siglufirði. Hvar haldið þið að það lendi? Ríkissjóður er eigandi að 75% af fyrirtækinu, bæjarsjóður hér um bil að því sem eftir er þó einhver einkaaðili sér þar með. Á hvern haldið þið að það falli? Haldið þið að það falli á manninn á götunni? Það fellur á ríkissjóð og á þjóðina eða manninn á götunni í gegnum hann — í sköttum. Þetta eru engar nýjar aðgerðir, þetta er uppsafnaður vandi þjóðfélagsins um langan tíma.

Og hvað skeður — ef við getum verið sammála um að þessar skuldir haldi áfram að hlaðast upp næstu árin eins og þær hafa gert síðustu mörg ár — ef við strikum þetta út? Það skeður ekkert annað en að það kapítal sem er í veltunni heldur áfram að vera í veltunni. En það kapítal sem er skráð og gerir sjóðina ríka á pappírnum, það hverfur. Það er ekkert annað sem skeður. Og þetta skeður daglega í smærri stíl hjá litlum fyrirtækjum, að það er verið að gefa þeim eða einstaklingum eftir skuldir, vegna þess að það er ekki einu sinni hægt að gera þá gjaldþrota vegna eignaleysis. Það er ekkert annað en mannorðið sem er eftir.

Það getur vel verið að alþm. vilji bíða eftir því að það sama komi fyrir okkur og hefur komið fyrir aðrar þjóðir, að ekkert verði eftir annað en mannorðið til að bjóða upp og einhver önnur þjóð verði að taka við okkur. Það hefur skeð áður. Allir vita við hvað ég á.

Nei, ég er ekki að verja þessa hugmynd. Ég var að svara því hvort ég hefði tekið þannig til orða á fundi í

Vestmannaeyjum. En það var ekki tillaga, það var einn möguleiki sem ég talaði um. Og þetta er sá möguleiki sem ég sé, hvort sem ég er fjmrh. eða ekki fjmrh. Ég hef hugsað mér að halda áfram að tala frá hjartanu og af sannfæringu, ef ég álít að ég sjái leiðir, þó aðrir sjái þær ekki.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það hefði verið æskilegt að fá að tala svolítið langt mál í þessu máli. En eftir fundarsköpum er það víst ekki hægt. Þessi umr. bendir aðeins í eina átt. Svar við því hvað er að ske í íslenskum sjávarútvegi var okkur þm. Vesturl. gefið í viðtali við nokkra útvegsmenn á Akranesi nú fyrir stundu yfir í Þórshamri. Einn þeirra sagði þar: Verðtryggingin í sjávarútveginum hefur aldrei gengið upp. Það er raunverulega það sem er að ske að verðtryggingin í sjávarútveginum hefur aldrei gengið upp. Lánin hafa verið verðtryggð, það hafa verið lagðir á þau vextir, en það hefur ekki verið verðtryggt á móti. Aflinn, sem að landi hefur borist, hefur ekki verið verðtryggður. Ýmsir aðrir þættir hafa vitaskuld komið þarna inn en þetta er aðalatriðið. Til viðbótar er síðan Fiskveiðasjóður látinn leggja háa vexti ofan á sína verðtryggingu. Meginhluti þeirra lána sem íslenskur sjávarútvegur er með núna er dollaralán. Á síðasta ári hækkuðu þau lán í kringum100%. Ofan á þessi lán eru síðan lagðir 18—20% vextir, í sumum tilfellum a. m. k. Fyrst og fremst er það sú verðtrygging sem ríkið eða Alþingi hefur komið á í peningakerfinu sem er sökudólgurinn í því hvernig nú er orðið ástatt með íslenskan sjávarútveg.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég held að það sé öllum að verða afar vel ljóst, að í íslenskum sjávarútvegi blasir nú víða við neyðarástand. Án þess að ég ætli nokkuð að fara að rekja hér efnislega þann fund sem þm. Vesturl. áttu með fulltrúum útgerðarmanna á Akranesi er alveg ljóst að ástandið er, held ég, miklu alvarlegra en menn gerðu sér grein fyrir. Ég held að það eigi ekki bara við um þann stað — ég held að það eigi við um langtum fleiri staði, því miður. Og ég verð að segja eins og er, að ég hef ekki heyrt nokkurn mann hlakka yfir því, og vonandi gerir það ekki nokkur Íslendingur. En hitt er svo annað mál, að auðvitað leiða menn getum að því hvers vegna svona er komið og hvers vegna ástandið er svona alvarlegt. Þar hafa menn ýmsar skýringar. Ég ætla ekki að fara langt út á þær brautir í þessari umr. og það mál verður heldur ekkert skýrt í einni ræðu af einum manni. Það þarf miklu meira til.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan að hann mundi halda áfram að tala frá hjartanu. Það er gott. Og auðvitað eru tilfinningar, eins og ágætur maður sagði, staðreyndir sem verður að taka tillit til í pólitík. En þó að gott sé að láta hjartað ráða verður skynsemin að fá að vera með í ráðum líka. Annars miðar okkur ekki langt.

Hæstv. ráðh. hefur dregið verulega í land með sína yfirlýsingu og það var skynsamlegt hjá honum. Hann segir nú að þessi skuldaútstrikun sé aðeins einn möguleiki og einn fjarlægur möguleiki. Ég held hún sé afar fjarlægur möguleiki. Mér hefur verið á það bent, að ef ætti nú að fara að jafna skuldum Fiskveiðasjóðs niður á kjósendur, ef þeim væri jafnað niður á kjósendur hæstv. fjmrh., ætli það yrðu ekki 50 þús. á mann. Ég held að umr. á þessum brautum sýni okkur nákvæmlega ekki neitt. Hún er ekki til neins.

En það er svo aftur annar handleggur, sem er ekki síður alvarlegt mál og hæstv. ráðh. kom að, að ef við héldum áfram á sömu brautum ættum við kannske senn ekkert eftir nema mannorðið og það kannske ekki mjög gott mannorð. Það er alveg rétt, að svona hefur farið fyrir ýmsum. Og ég vil minna hæstv. ráðh. á það í fullri vinsemd, að sú ríkisstj. sem hann umfram aðra menn bar ábyrgð á, sú hin síðasta sem hér sat, var býsna dugleg við að safna erlendum skuldum til að fjármagna rekstrarhalla af ýmsu tagi. Við þm. Alþfl. vöruðum mjög eindregið við þessu öll þau ár sem sú hæstv. ríkisstj. sat. Það var ekki tekið tillit til þeirra aðvarana. Ég held að við getum verið sammála um það, hæstv. fjmrh., að það hefði betur verið hlustað og betur verið farið eftir tillögum okkar. En það er liðin tíð og við eigum auðvitað fyrst og fremst að horfa fram á við.

Auðvitað verðum við að gera einhverjar þær ráðstafanir sem tryggja að ekki komi til neyðarástands í öðru hverju eða næstum hverju sjávarplássi á Íslandi, vegna þess að þá ríkir neyðarástand um allt þjóðfélagið. Það er því miður þannig komið að þetta virðist blasa við. Og þá er ekki aðalatriðið að spyrja: hverjum var það að kenna? heldur spyrja: hvað eigum við að gera? Það er auðvitað númer eitt.

En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs hér var m. a. sú, að hæstv. fjmrh. vék að málefnum fyrirtækisins Þormóðs ramma á Siglufirði, sem er að ég hygg 70% í eigu ríkisins. Nú munu skuldir þessa fyrirtækis, ef mér ekki skjöplast, vera eitthvað töluvert á annað hundrað milljónir. Það voru mjög athyglisverð ummæli í útvarpi í morgun höfð eftir einum af forráðamönnum þess, að ég hygg, að þessi mál yrði að leysa fyrir sunnan, en þar fyrir utan ættu embættismenn fyrir sunnan ekkert að vera að skipta sér af svona fyrirtækjum. Mér fannst þetta nokkuð einkennandi fyrir það sem hefur verið að gerast í þessu þjóðfélagi á þessu sviði, að þegar vandamálin koma upp og búið er að hranna þeim upp er allt í lagi að vísa þeim eitthvað annað og þá skulu aðrir menn leysa þau, en þeir sem hafa séð um rekstur fyrirtækisins segja síðan: Nú get ég.

En ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. einfaldrar spurningar. Það hefur líka komið fram í fjölmiðlum að þetta fyrirtæki, Þormóður rammi, er að gera tilboð í eitt af hafrannsóknaskipunum sem verið er að selja. Ég heyrði ekki betur en það tilboð væri upp á tugi milljóna. Ég þori ekki að fara nákvæmlega með það, hvort það voru 65 millj., það voru nefndar tvær tölur þarna í sömu andránni, en það var annaðhvort 65 eða 48. Hvernig stendur á þessu þegar fyrirtæki er svona hrikalega skuldugt og er að sæta því núna, eftir því sem sagt er, að stjórn þess verði vikið frá og við taki önnur stjórn eða stjórnarnefnd? Er það með samþykki ráðh. og hans rn. að þetta fyrirtæki er að búa sig undir að stofna til stórra fjárskuldbindinga — fyrirtæki sem þegar skuldar hátt á annað hundrað millj. kr.? Mér leikur aðeins forvitni á að vita hvort þessi fjármálaráðstöfun, þetta boð, er með samþykki rn. Og ég verð satt að segja að lýsa furðu minni á þessu máli. Ég vona að svo sé ekki og hygg að hæstv. ráðh. hafi kannske komið þetta jafnmikið í opna skjöldu og öðrum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég

fullvissa hv. 5. landsk. þm. um að ég hef ekki dregið eitt hænufet í land með mínar hugmyndir. Ég hef alveg mótaðar, ákveðnar hugmyndir um í hvaða átt á að stefna. En ég skal viðurkenna að þær eru ekki útfærðar í smáatriðum.

Hitt er annað mál, að það virðist af málflutningi virðulegs þm. að hann hafi haft gott af því að hafa fund með sjávarútvegsmönnum og útgerðarmönnum úr sínu kjördæmi rétt fyrir þennan fund. Ef ég skil rétt munu þeir hafa verið þar saman hv. ritari þessarar deildar og hann. Hann gerir sér þá betri grein fyrir því, að vandinn í sjávarútveginum er jafnvel meiri en þær fréttir sem virðulegum þm. hafa borist hingað til gefa til kynna. Það er nefnilega staðreynd að hann er meiri en þm. virðast almennt gera sér grein fyrir. Því þarf djarfar ákvarðanir og það fljótt, ef það á að bjarga þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sem er undirstaðan að þeirri velmegun sem við höfum búið við um langa hríð.

Það gerir ekki neinn skaða að blanda saman tilfinningum og skynsemi. Ég harma ef einhver er þess ekki umkominn.

En ég skal svara þeirri spurningu sem hv. 5. landsk. þm. beindi til mín varðandi tilboð í togara, sem Þormóður rammi á Siglufirði hefur gert. Þormóður rammi hefur hvorki sótt um til fjmrn. né óskað eftir, ekki mér vitanlega, leyfi til að gera tilboð í það skip sem um var rætt né nokkurt annað.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Þær umr. sem hér fara fram eru af því sprottnar að miklir erfiðleikar eru nú í útgerð. Ástæður þeirra erfiðleika eru öllum kunnar. Það hefur orðið samdráttur í afla, einkum og sér í lagi hefur þorskafli brugðist og einnig bætist það við að hvorki er nú veidd loðna né síld. Ég held hins vegar að menn megi ekki ræða þessi mál í neinum örvæntingartón. Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því, að í útgerð á Íslandi hafa löngum verið miklar sveiflur. Það hefur gengið upp og niður í útgerð hér á landi og stundum hefur verið talað um að útgerðin stæði illa og gera yrði ráðstafanir henni til styrktar og menn hafa haft þungar áhyggjur um skeið. En svo líða nokkur misseri og þá er útgerðin allvel stæð og stendur vel fyrir sínu. Afli við Íslandsstrendur er breytilegur. Það er gamalkunn staðreynd. Þar af leiðandi er rekstrarafkoman breytileg. Og ég vil alveg sérstaklega vara við hvers konar örvæntingarfullum hugmyndum eða ákvörðunum vegna þess að í svipinn er staðan erfið, sem við getum þó öll verið sammála um.

Útgerðin hefur verið rekin með tapi löngum samkvæmt skýrslum Þjóðhagsstofnunar. Ég hygg að á seinustu tíu til fimmtán árum sé varla finnanlegt það ár að útgerð hafi ekki verið talin rekin með tapi samkvæmt skýrslum Þjóðhagsstofnunar. Þó er staðreyndin sú, að allan þennan tíma, og það m. a. s. ár frá ári, hefur átt sér stað aukning eigin fjár í útgerð. Það á sér ýmsar skýringar, bæði bókhaldslegar og efnahagslegar, að sú hefur raunin orðið á.

Ég held að við vanda útgerðar á Íslandi verði fyrst og fremst að bregðast með því að endurskipuleggja veiðar og vinnslu á sjávarafurðum, gera útgerðarmönnum kleift að fá þá rekstrarlánafyrirgreiðslu sem nauðsynleg er á hverjum tíma. Ég hef hins vegar sjálfur alltaf verið andvígur því að ríkið kæmi og greiddi í einu eða öðru formi rekstrarkostnað þessa atvinnuvegar. Raunar er ég sömu skoðunar hvað alla aðra atvinnuvegi snertir. Það verður að ganga út frá því sem meginstefnu að atvinnuvegirnir standi undir sínum rekstri og ekki sé komið til ríkisins og óskað eftir styrkjum eða annarri fyrirgreiðslu til að halda undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar gangandi.

Þess vegna hef ég, t. d. þegar ég hafði með fjármál ríkissjóðs að gera, alltaf verið andvígur því að ríkissjóður tæki á sig greiðslu ógreiddra reikninga útgerðar. Það komu vissulega upp hugmyndir í þá átt í tíð seinustu ríkisstj., t. d. að ríkissjóður greiddi olíukostnað útgerðarinnar að hluta til ellegar að mismunur á því sem loðnuseljendur og loðnukaupendur gætu annars vegar selt sína vöru á og keypt sína vöru á væri greiddur úr ríkissjóði með einum eða öðrum hætti. Ég hef verið andvígur hugmyndum af þessu tagi og tel að svo stórfelld millifærsla í þjóðfélaginu gagnvart undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar geti ekki staðist. Hitt er annað mál, að ég hef oft og tíðum verið opinn fyrir því að millifærsla gæti átt sér stað í einstökum undantekningartilvikum og þá fyrst og fremst ef þannig hefur staðið á að lítill hluti atvinnulífsins hefur hrópað á gengisbreytingu meðan aðrir þættir efnahagslífsins hafa ekki þurft á henni að halda. Til þess að koma í veg fyrir þá kollsteypu og þá verðbólgu sem fylgdi í kjölfar gengisbreytingar hef ég oft verið talsmaður þess, t. d. við stjórnarmyndanir, að einhvers konar lítilfjörleg millifærsla gæti átt sér stað, og þá yrði að sjálfsögðu að afla tekna til þess, fyrst og fremst þá í þeim tilgangi að halda niðri verðbólgu. En að ríkið taki að sér að greiða verulegan hluta af rekstrarkostnaði undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar, það tel ég að geti ekki komið til greina. Slík byrði verður auðvitað ekki lögð á skattgreiðendur.

Í þessum umr. hefur vandi útgerðarfyrirtækisins Þormóðs ramma verið dreginn inn í umr. og ég var satt að segja ekki mjög hrifinn af innleggi hv. 5. landsk. þm. Eiðs Guðnasonar hér áðan um það efni, því mér heyrðist að þar væru bornar á borð heldur villandi upplýsingar um það mál. Hver er fyrst og fremst vandi útgerðarfélagsins Þormóðs ramma á Siglufirði? Vandinn er auðvitað númer eitt sá, — og það er ágætt að hv. þm. Eiður Guðnason kemur nú í salinn af því að hann var greinilega að tala um mál sem hann hafði ekki hugmynd um hér áðan varðandi Þormóð ramma, — að aðalviðskiptabanki fyrirtækisins, Landsbankinn, hefur neitað áframhaldandi viðskiptum við fyrirtækið. Það er ekki, eins og gefið er í skyn í Morgunblaðinu í morgun, vegna þess að fyrirtækið hafi reynst svo miklu verri viðskiptavinur en önnur fyrirtæki sem Landsbankinn hefur viðskipti við, heldur einfaldlega vegna þess að Landsbankinn telur að þegar hann tók við viðskiptum ýmissa fyrirtækja sem voru hjá Útvegsbanka Íslands hafi það verið partur af þeim samningum að Útvegsbankinn tæki við þessu fyrirtæki og hefur þá flutt þau rök að það er útibú frá Útvegsbankanum á Siglufirði, en ekkert útibú frá Landsbankanum nema á Akureyri og á Skagaströnd og það væru því bankamálaleg rök fyrir því að Útvegsbankinn ætti að hafa þetta fyrirtæki í viðskiptum en ekki Landsbankinn og að þetta væri partur af uppstokkun þessara tveggja banka. Útvegsbankinn hefur aftur á móti sett mjög ströng skilyrði fyrir því að taka fyrirtækið í viðskipti. Það fór

svo að lokum að Landsbankinn sagði: Nú bíð ég ekki öllu lengur. — Ég held það hafi verið í júlímánuði s. l. að hann tilkynnti að nú væri fyrirtækið hætt viðskiptum hjá Landsbankanum og nú yrði Útvegsbankinn að taka við. En Útvegsbankinn tók alls ekki við viðskiptunum. Þannig hefur málið staðið fram á þennan dag og verið vandræði frá mánuði til mánaðar vegna þess að núna hefur hvorugur bankinn þessi viðskipti við fyrirtækið, sem öll önnur fyrirtæki landsins njóta.

Þetta er fyrsti vandi þessa fyrirtækis. Svo verður auðvitað að viðurkennast að fyrirtækið er, eins og mörg önnur fyrirtæki í landinu, í töluverðum rekstrarvanda, stendur frammi fyrir uppsöfnuðum rekstrarvanda. Þó vil ég leyfa mér að segja að sá vandi er í sjálfu sér ekkert annar og meiri en fjöldamörg önnur fyrirtæki standa frammi fyrir um þessar mundir. Fyrirtækið skortir bersýnilega aukið rekstrarfé, en ef farið er ofan í saumana á eignastöðu leynir sér ekki að þarna er um miklar eignir að ræða umfram skuldir. Þetta fyrirtæki er ekki á hausnum, eins og kallað er, það er ekki gjaldþrota í eignalegum skilningi, en það er hins vegar í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum vegna lausaskuldastöðu sinnar.

Ein leiðin til að auðvelda þessu fyrirtæki rekstur er að það fái unnið úr meiri afla en það gerir í dag. Það er viðurkennd staðreynd að frystihúsið gæti tekið við afla úr þriðja togaranum og að aukin umsvif frystihússins á staðnum, sem er nýtt og fullbúið tækjum, mundu auka tekjur fyrirtækisins langt umfram þann kostnað sem mundi fylgja því að nýtt skip væri fengið. Þar af leiðandi hefur sú hugmynd komið upp að fyrirtækið kaupi nýtt skip, t. d. Hafþór sem hefur verið á söluskrá. Auðvitað er ekkert óeðlilegt að stjórnendur fyrirtækisins velti fyrir sér þeim möguleikum að bæta rekstrarafkomu frystihússins á staðnum með því að auka aflann og hafa meira úr að vinna. Það eru eðlileg og heilbrigð viðbrögð. Ég er því mjög undrandi á þeirri vandlætingu sem kom fram í orðum hv. þm. Eiðs Guðnasonar vegna þessara áforma.

Eitt af því sem vissulega kemur líka til greina í sambandi við þetta fyrirtæki, sem er að 70% í eigu ríkissjóðs, er að eigendurnir leggi fram meira eigið fé í fyrirtækið en gert hefur verið. Þarna hefur verið reist stórt og mikið frystihús og ég hygg að það hljóti að verða að hugleiða hvort sú mikla fjárfesting, sem þarna hefur átt sér stað, kalli ekki á aukið eiginfjárframlag eigendanna, þ. á m. heimamanna sem eiga 30% í fyrirtækinu. Það er ekki annað en það sem hlýtur að eiga sér stað í öllum rekstri því að það verður að vera ákveðið eðlilegt hlutfall milli eigin fjár fyrirtækis og þeirra skulda sem á fyrirtækinu hvíla.

Það eru umr. uppi um þetta mál fyrst og fremst í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. fjmrh., sem var hér til umr. á seinasta fundi hv. Ed. Ég verð að taka undir það með öðrum, sem hér hafa rætt málið að yfirlýsing hæstv. fjmrh. var ákaflega athyglisverð og þar var varpað fram mjög nýstárlegri hugmynd. Hann varpaði fram hugmynd um að það ætti að aflétta skuldum útgerðarinnar með því einfaldlega að strika yfir þær, og átti þá að sjálfsögðu fyrst og fremst við þær skuldir sem við hér á Alþingi höfum vald á, en það eru þær skuldir sem eru hjá opinberum lánasjóðum og ríkissjóður er væntanlega ábyrgur fyrir. Hitt verð ég að taka undir líka með hv. þm. Ólafi Jóhannessyni 9. þm. Reykv., að ummæli þessi þarfnast nánari skýringa og hæstv. fjmrh. mundi gera okkur öllum nokkurn greiða ef hann gerði nánari grein fyrir því hvernig hann telur að unnt væri að framkvæma hugmynd af þessu tagi.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson segir, að auðvitað verðum við að velta því fyrir okkur hver á að borga brúsann ef þetta væri gert. Hver mundi þá borga brúsann? Ef Fiskveiðasjóður slægi striki yfir sína reikninga féllu þessar skuldir á ríkissjóð. Svarið blasir því auðvitað við okkur öllum, að það er enginn vafi á að það væri hinn almenni skattgreiðandi í landinu sem yrði látinn borga brúsann. Ég hygg að þessi athyglisverða hugmynd, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh., sé hugmynd um stærstu millifærslu í sögu þjóðarinnar. Ég hygg að ef þetta yrði gert væri þetta stærri færsla á fjármunum frá skattgreiðendum til atvinnurekstrar en nokkurt dæmi væri til um í allri sögu íslensku þjóðarinnar.

Ég tók það fram hér fyrr í ræðu minni, að ég hefði stundum gerst talsmaður millifærsluráðstafana, en þá einungis í undantekningartilvikum, vegna þess að ég tel að það eigi að vera meginreglan að atvinnuvegirnir standi undir sínum rekstri. Ég tel að það þurfi að vera þá fyrst og fremst við þær aðstæður að allur þorri atvinnurekstrar geti gengið með því gengi sem er í gildi á líðandi stund, en ef einhver einn atvinnurekstur standi óvenjulega illa geti sem sagt verið þörf á sérstökum ráðstöfunum ríkisins. En ekki þarf að taka það fram frekar að ég mundi að sjálfsögðu telja fráleita svo stórfellda millifærslu sem hæstv. fjmrh. var þarna að varpa fram sem hugmynd. Við erum kannske ekki að öllu leyti sammála um þetta atriði, en ég tel að hugmynd hans sé engu að síður athyglisverð, þó að við séum ekki sammála, og að hann þurfi að gera nánari grein fyrir því hvernig hann hugsar að slíkt geti átt sér stað.

Hann var spurður um það af hv. 9. þm. Reykv. Ólafi Jóhannessyni hér áðan, hvað hann ætti við með þessari yfirlýsingu, og við hlýddum hér á svar hans áðan. En ég hygg að ég mæli kannske fyrir munn fleiri en mín þegar ég segi að ég hafi ekki fyllilega áttað mig á hvað fólst í hugmyndum hans eftir að hafa hlýtt á hans ræðu. Hann sagði m. a. að hann væri ekki beinlínis að verja þessa leið, þetta væri einn möguleikinn sem til greina kæmi í vandamálum útgerðarinnar, en hann sagði líka, og ég skrifaði það hér niður, að hugmyndin yrði til þess að menn hugleiddu hvernig þessi hugmynd yrði gerð að veruleika og að hugmyndin yrði til þess að menn reyndu að finna lausn sem væri eitthvað í þessa áttina. Í síðari ræðu sinni tók hann svo mjög skýrt fram, að gefnu tilefni hv. þm. Eiðs Guðnasonar hér áðan, að hann hefði ekki dregið eitt hænufet í land með þessar hugmyndir sínar. Þar af leiðandi tek ég undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Jóhannessyni, að ég tel að hæstv. fjmrh. þurfi að gera okkur örlítið skýrari grein fyrir því í hverju hugmynd hans er fólgin, hvort við kunnum kannske að hafa misskilið orð hans eða hvort það er ekki rétt, sem ég skil á því sem hann hefur sagt um þessi efni, að það sé verið að tala um að slá striki yfir skuldir útgerðarinnar hjá opinberum sjóðum. Getur hann þá ekki verið sammála mér um þá túlkun á þeirri aðgerð, að ef þetta væri gert væri um að ræða einhverja stórfelldustu millifærslu sem átt hefði sér stað í íslensku efnahagslífi fyrr og síðar?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég kem nú ekki upp í ræðustólinn enn þá einu sinni til andsvara um þá hugmynd mína sem margrædd er og ég gat um í Vestmannaeyjum fyrst. Það er alls ekki á nokkurn hátt hártogun að menn skilja bara hreint ekki eða vilja ekki skilja hvað við er að etja. Mér er næst að halda að það sé skýringin, eða að menn geti ekki skilið það. Ég er nú að taka við stóru fyrirtæki sem hæstv. fyrrv. fjmrh. rak. Ég hef talað um að ég vonist til þess að verða vondur fjmrh. og ég hef hælt honum fyrir að vera góður fjmrh. Það út af fyrir sig skýrir kannske mikið. Ríkissjóður, sem er með á annan milljarð dollara í eyðslulánum, má segja, er að komast í sama vanda og sjávarútvegurinn, sem haldið hefur uppi ríkisrekstrinum, á sama hátt og endalaus lán til sjávarútvegs eru að koma honum í vanda og yfirdrætti í peningastofnunum, eins er það með ríkissjóð og Seðlabankann. Það er hægt að finna hliðstæðu þar.

Svo kemur hæstv. fyrrv. ráðh. og kveðst líta svo á, að útgerðin geti vel staðið undir sér rekstrarlega, það séu sveiflur í sjávarútvegi. Það er alveg rétt. Þó að ríkissjóður hafi oft hlaupið undir bagga með rekstrarlánunum tel ég rangt að gera það. En ég veit ekki betur en tveim dögum áður en virðulegur þm. fór úr embætti fjmrh. hafði hann einmitt veitt í gegnum Ríkisábyrgðasjóð lán, sem ríkissjóður verður að taka á sig, að upphæð 19 millj. kr. til þessa sama fyrirtækis, Þormóðs ramma. Það er ekkert spursmál um reksturinn. Ég er að tala um fjárfestingarlán og rekstur saman, ég er að tala um byrðina sem hvílir á fyrirtækinu. Fyrirtækið stendur ekki undir því. Það má segja að eignalega, ef það er gert upp, standi Þormóður rammi ekkert illa og alls ekki verr en mörg önnur fyrirtæki. En hver er kaupandinn? Það er ekki nóg að fá matsmann og láta þá reikna allt út miðað við byggingarkostnað og segja: Þetta mikið efni er komið inn, þetta er allt splunkunýtt, þetta eru vinnulaunin og þetta kostar fyrirtækið. Þetta hljótum við að fá fyrir það. Það er bara ekki svona einfalt, ef það er enginn kaupandi að því, að fá það verð fyrir.

Ég vil leiðrétta annan misskilning sem er mikill og rangur og ósanngjarn. Landsbanki Íslands fullyrðir að það hafi verið inni í uppgjöri milli Landsbankans og Útvegsbankans að Útvegsbankinn taki viðskipti af herðum Landsbankans á Siglufirði. (**RA:** Það segir Landsbankinn.) Það segir Landsbankinn. Ég vil hér með segja: Það er rangt. Það var gerður listi yfir þau fyrirtæki og þær bankastofnanir sem Landsbankinn átti að yfirtaka. Ég segi bankastofnanir, vegna þess að þeir settu það skilyrði að þeir fengju útibú Útvegsbankans á Seyðisfirði í kaupunum og þeir fengu það. Og þessir fundir, sem voru tveir með Seðlabankanum sem millilið milli Landsbankans og Útvegsbankans, voru bókaðir fundir, haldnir í Seðlabankanum og þar var birtur listi yfir þau fyrirtæki sem kom til álita að Landsbankinn tæki yfir. En Þormóður rammi eða Siglufjarðarfyrirtækin eru ekki þar. Það er best að upplýsa það í eitt skipti fyrir öll.

Aftur á móti voru það mín rök, þegar ég var kosinn af Alþingi sem bankaráðsmaður og síðan skipaður af fyrrv. hæstv. viðskrh. sem bankaráðsformaður, að Útvegsbanki Íslands, eins og hann stóð illa, gæti ekki haft viðskipti við þau sjávarpláss þar sem hann hefði ekki aðgang að sparifé fólksins en aðrir bankar og aðrar peningastofnanir voru með útibú. Þess vegna fór nú þessi uppstokkun af stað. En síðan hefur Landsbankinn notað þessi sömu rök mín sér til framdráttar. Þetta vildi ég að kæmi hér greinilega fram.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Hér skipta menn grimmt um skoðanir. Hv. 9. þm. Reykv. lýsir því yfir, að gengisfellingar séu misheppnuð vinnubrögð stjórnvalda. Hv. 3. þm. Norðurl. v. lýsir því yfir, að djarfar hugmyndir fjmrh. séu misskilningur. En ég minnist þess, að ekki eru mjög mörg ár liðin síðan hv. 3. þm. Norðurl. v. lýsti því yfir, að vandi sjávarútvegsins væri bókhaldsatriði. Ekki var það nú stórt og miðaði við að hægt væri að strika út með pennastriki.

Ég vil taka undir þau orð, sem hér hafa komið fram hjá 5. þm. Vesturl., að taka beri tillit til þeirra þjónustugreina í sjávarútvegi sem í landi eru. Er þar sérstaklega átt við netagerðirnar. Þær hafa tekið á sig ákveðinn vanda, ákveðna skuldbindingu með þjónustu, og þegar aflabrestur verður og breytingar í veiðimennsku, þá bitnar það á þessum þjónustustofnunum. Þess vegna er ástæða til að yfirvöld taki á þeirra málum af fullum skilningi.

Ég gat um skoðanabreytingu hjá hv. 9. þm. Reykv. varðandi gengisfellingar. Það segi ég vegna þess, að frá því að hans ríkisstj. hóf skriðu gengisfellinga árið 1972 hafa 15 gengisfellingar orðið hér á landi, 15 gengisfellingar, formlegar breytingar á gengi íslensku krónunnar. Það er liðlega ein gengisbreyting á ári og er þó hægt að bæta því við, að um var að ræða allt að því óteljandi gengisbreytingar í formi gengissigs, sem hv. þm. var höfundur að. Þó verður það að teljast umræddri ríkisstj. til ágætis að hún hækkaði gengið tvívegis 1973. En það reyndist skammgóður vermir.

Ég tek undir orð hv. 9. þm. Reykv., að gengisfellingar séu úrelt og óalandi aðferð við stjórn efnahagsmála landsins. Í kjölfar gengisfellinga hefur sjávarútveginum sífellt verið hrint fastar út í horn í atvinnulegu og rekstrarlegu sjónarmiði. Má þar líkja við hvernig bændum hefur sífellt verið hrint út í horn í því millilíðakerfi sem landbúnaðurinn býr við í þjóðfélaginu í dag.

Það er rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að ég fagnaði yfirlýsingu hæstv. fjmrh., þeirri yfirlýsingu að komið væri að tímamótum í afgreiðslu og þjónustu við sjávarútveg landsins, þeirri yfirlýsingu að æðstu ráðamenn þjóðarinnar vilji fast og ákveðið vinna að því að tekið verði til hendinni í málefnum sjávarútvegsins og spúlað út.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ekki fer á milli mála að hér verða miklar endurtekningar um sama málefni í ræðum manna, þegar rætt er um sjávarútveg. Ég fagna því samt að þessi mikla umr. skuli hafa farið fram. Það er einmitt vegna þess, hvaða ástand þar ríkir í dag, sem hér er búið mikið að ræða um, að þessi umr. er svo mikil, bæði hér og meðal þjóðarinnar allrar.

Vandi útgerðar í dag er misjafn, það skulum við viðurkenna, en það má segja að verkefnaskorturinn sé einkenni á öllum fyrirtækjum í sjávarútvegi. Það er það sem hefur farið hvað verst með þau og þau líða mest fyrir í þeirri óðaverðbólgu sem veður uppi, en einnig hinn mikli rekstrarkostnaður og að fá ekki fjármagn til þess að fjármagna. Það hefur verið erfiðast og er gegnumgangandi, vil ég segja, hjá öllum útgerðarfyrir-

tækjum á Íslandi í dag.

Þjónustugreinarnar sem þjóna þessum atvinnuvegi, smiðjur, slippar og aðrir slíkir, raftakaverkstæði og annað, geta ekki lánað útgerðinni meira. Þau eru öll af vilja gerð og hafa sýnt það, veitt mikla þjónustu, en þau hafa ekki meira bolmagn til þess að lána í þennan rekstur. Vandinn hrúgast því upp og ég bendi hv. þingdeild á að þarna duga ekki núna, eins og verið hefur undanfarin ár, vil ég segja, þær skammtímalausnir sem hafa birst í formi stuttra skuldbreytingalána. Ég veit ekki betur en að meginþorrinn af þeim skuldbreytingalánum hafi fallið og séu fallin í vanskil. Þetta er ekki til þess fallið að gera neinum gott. Það er haldið áfram því sukki sem þarna er á ferðinni. En þarna verður að snúa við. Ég er viss um að ef tekið er á þessum þætti og þessi lán höfð til lengri tíma væri hægt að skapa þann hæfilega aðlögunartíma í ört lækkandi verðbólgu sem mun gefa fyrirtækjunum möguleika á því að greiða sitt upp. Þessi fyrirtæki lifa ekki á bónbjörgum ef þau fá rekstrarskilyrði.

Þetta má segja að sé almenni vandinn. En hinn vandinn, það er stóri vandinn sem hefur verið rætt mikið um og einkum vegna ræðu hæstv. fjmrh., er hvernig með skuli fara. Menn hafa skiptar skoðanir á því, en ég vil meina að þeir hafi reynt að misskilja vandann á ýmsa vegu, sem er ekki sanngjarnt. Ég ætla ekki að blanda mér frekar í þá umr. En hinn almenni vandi liggur í þeim vöxtum og afborgunum sem útgerðin má sæta, einkum í tveimur stærstu sjóðunum, Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði.

Við skulum gera okkur ljóst að við erum að byggja upp innlenda skipasmíði, sem allir eru sammála um að þurfi að gera, en enginn hefur getað fundið lausn á hvernig skuli gera. Útgerðarmenn hafa mjög verið varaðir við því að láta byggja skip sín innanlands vegna þess að þeir gætu ekki rekið þau við þær aðstæður sem væru í þjóðfélaginu. Samt hafa þeir keyrt sín mál áfram af dugnaði, skulum við segja, fengið 75% lán í Fiskveiðasjóði og 15% lán í Byggðasjóði eða 90%. Og hvernig er komið? Þetta er allt komið í vanskil. Þau skip sem voru byggð erlendis eru mun betur sett, enda getum við sagt að erlendur skipasmíðaiðnaður sé niðurgreiddur, en ekki hjá okkur, og ég er ekki að mæla með því. Þarna blasir vandi við okkur og við verðum að takast á við hann.

Og í hinum fræga lista, sem talað var um og komst í blöðin um miðjan september, hvað stendur þar? Þar eru 20 skip talin upp. Ég tek undir það með öðrum, að það var til vansæmdar að láta slíkt leka í fjölmiðla. Það á ekki að vera að hampa slíku. Í ársbyrjun 1979 voru vanskilaskuldir við Fiskveiðasjóð 189 millj. kr., en í árslok 1982 eru skuldirnar komnar í 491 millj. Hvað er að ske? Sama og áðan var verið að tala um: Þessi hrikalega verðbólga veldur þessu og verðbótaþættir sem bæta þarf á öll lán og enginn sér út úr. Þegar komið er á það stig að þessi skip fiska ekki fyrir þeim dráttarvöxtum sem eru í sjóðunum, þá gengur málið ekki upp.

Ég lofaði að vera stuttorður, og þetta eru endurtekningar meira og minna. Ég er bara að undirstrika þessi atriði. En það sem núna blasir við okkur og þolir enga bið er að hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi, fiskvinnslufyrirtækjum, blasa við uppsagnir og einkum og sér í lagi hjá þeim fyrirtækjum sem eru að tapa skipunum sínum undir hamarinn vegna Fiskveiðasjóðs. Þau geta ekki og þora ekki að bíða með að segja upp sínum mannskap vegna þess að þar er ákveðinn uppsagnarfrestur. Þar er komin á sú regla, sem betur fer segi ég, að þar er vinnutrygging, þannig að fyrirtækin sjálf verða að greiða tekjutryggingu í umsaminn tíma.

Að lokum aðeins þetta: Ég vildi beina því, ég orða það ekki sterkara en það, til hæstv. sjútvrh. hvort ekki væri möguleiki á að fresta þeim uppboðum sem þegar hafa verið ákveðin á skipum á vegum Fiskveiðasjóðs á meðan þessi mál eru nánar könnuð og spyr hvað hæstv. ríkisstj. og Alþingi vilja gera í því að bæta hag útgerðarinnar.

Ólafur Jóhannesson: Virðulegi forseti. Út af þeim orðum, sem hv. 3. þm. Suðurl. beindi til mín, vil ég segja það, að ég tel mér það síst til vansæmdar að skipta um skoðun þegar það á við. En í gengisfellingarmálinu hef ég ekki skipt um skoðun. Ég hef alltaf verið andvígur gengisfellingum. Það geta þeir ráðh. sem setið hafa með mér í stjórn borið vitni um. Hitt er alveg rétt, að ég hef neyðst til þess, eins og aðrir, að taka þátt í að gera slíka aðgerð. Ég tók það líka fram í máli mínu áðan að það gætu þau atvik komið að nauðsynlegt væri að grípa til þess úrræðis. Það varð að gera 1972, en síðan, eins og hv. þm. tók fram, beitti ég mér fyrir því að gengið var hækkað 1973. Það hafði ekki verið gert síðan Jón Þorláksson hækkaði gengið á sínum tíma og það hefur ekki heldur verið gert síðan.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að ég sé höfundur gengissigs. Það er algjör misskilningur.

Að öðru leyti vil ég taka fram að ég bar fram skýrar spurningar til hæstv. fjmrh. og reyndar óbeint kannske til hv. 3. þm. Suðurl. og þeim spurningum hefur ekki verið svarað. Þeir hafa ekki gert sér grein fyrir því um hvað þeir voru að tala. Ég held að það sé góður siður að hugsa málin áður en talað er um þau.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til þess að beina fyrirspurn til fjmrh. í tilefni af grein sem birtist í Alþýðublaðinu í fyrradag, þriðjudaginn 25. okt. Aðdragandi þeirrar greinar er sá að Þorkell Bjarnason, hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, lét þau orð falla í Búnaðarriti 1983 að hæsta verð á pappírnum fyrir stóðhesta væri 150 þús. kr. Í tilefni af þessu er tekið viðtal við Þorkel Bjarnason í Alþýðublaðinu í fyrradag. Hann segir í því viðtali m. a. að töluvert sé um að hestar séu fram taldir á lægra verði en hið raunverulega verð sé, að þeir séu að töluverðu leyti borgaðir undir borðið. Og allt gerist þetta á bak við tjöldin. Með leyfi forseta vil ég lesa örfáar línur úr þessu viðtali svo að glöggt komi í ljós hvað hann hefur um málið að segja. Hann segir:

„Betri hestar eru á pappírnum sagðir hafa verið seldir á t. d. 100 þús. kr. meðan raunverulegt söluverð hefur verið 130—150 þús. Þetta á ekkert síður við um hryssur en stóðhesta, maður hefur komist í þá stöðu að sjá að uppgefið verð á hryssum sé kannske 30 þús. kr., en raunverulegt söluverð hefur verið 50—60 þús. kr. En þetta gerist á bak við tjöldin og erfitt að sanna fyrir víst."

Mönnum finnst þetta kannske ómerkileg frétt. En ef mönnum finnst það þá er það af því að við erum sokkin í spillingu. Það sem hér er að gerast er það, að sá aðili, sem á að hafa hvað bestar upplýsingar um markaðsverð á þeirri vöru sem hér er seld, heldur því fram á opinberum vettvangi að framtalið verð sé 30—100% lægra en raunverulegt verð.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi þegar gert eða muni gera ráðstafanir til að láta rannsaka þetta mál sérstaklega af því tilefni að hér liggur fyrir undir nafni frá þeim aðila, sem best á að þekkja, upplýsingar sem á að geta verið áreiðanleg þar sem hann heldur því fram að tekjur af ákveðinni atvinnustarfsemi séu stórlega vantaldar.

Við þykjumst hafa séð það í kringum okkur að það sé þó nokkuð um undandrátt frá skatti í þessu þjóðfélagi, skattsvik. Það mætti þess vegna spyrja enn frekar hvort fjmrh. hafi gert ráðstafanir til þess að láta rannsaka undandrátt eða skattsvik ákveðinna hópa í þjóðfélaginu, undandrátt af tekjum í framtölum til skatts. Sannleikurinn er nefnilega sá að það er rík ástæða til að fylgjast með í þessum efnum. En enn þá ríkari er ástæðan þegar fram koma upplýsingar, eins og þessar hér, á opinberum vettvangi þar sem þrýst er sérstaklega fingri á þetta. Og ég tek t. d. eftir að í skýrslu frá opinberum aðila, Framkvæmdastofnun ríkisins, yfir vinnumarkaðinn 1981 kemur fram önnur vísbending sem mér finnst að gæfi fjmrh. og ríkisstj. tilefni til sérstakra rannsókna. Þar er upp gefið hver séu meðallaun ýmissa starfsstétta í landinu, m. a. eftir því hvort menn eru faglærðir eða ófaglærðir, vinna skrifstofustörf eða eru eigendur fyrirtækja sinna. Og svo dregið sé á fáein atriði í þessari opinberu skýrslu þá kemur t. d. í ljós að í greininni Fiskveiðar eru fram taldar tekjur eigendanna að meðaltali 36% lægri en þeirra sem vinna ófaglærðir í greininni. Manni finnst þetta gefa vísbendingu um að ástæða væri til að kanna þetta sérstaklega þegar þar kemur fram í opinberu gagni.

Það má taka fleiri dæmi, svo sem byggingarstarfsemi, þar sem byggingar eru atvinnurekstur aðila, telst eigandinn vera með tekjur sem eru 17% lægri en tekjur iðnaðarmannanna sem vinna hjá honum. Í veitinga- og hótelrekstri er líka nokkurra prósenta munur á því hvað eigendurnir eru með lægri tekjur samkvæmt þessum gögnum heldur en þeir iðnaðarmenn sem hjá þeim vinna. En út yfir tekur þó í flutningastarfsemi, þar sem skrifstofumenn eru með 61% hærri tekjur en atvinnurekandinn, eigandinn, ófaglærðir menn eru taldir vera með 52% hærri tekjur en atvinnurekandinn, og faglærðir menn í flutningastarfsemi eru taldir vera með 140% hærri tekjur en eigandinn.

Það er náttúrlega eitt að hafa grun um að skattsvik séu fyrir hendi í þjóðfélaginu, en þegar fyrir liggja opinberar vísbendingar, hvort heldur er í þessari blaðagrein í fyrradag ellegar í opinberu gagni frá Framkvæmdastofnun, þá er enn þá ríkari ástæða til þess fyrir ríkið að grípa til aðgerða. Og það er tilefnið til þess að ég ber fram þessa fsp. nú til fjmrh. Það má að vísu segja að þetta sanni bara enn einu sinni hversu tekjuskatturinn sé óréttlátur og að það eigi að leggja hann niður, eins og við Alþfl.-menn höfum margoft flutt till. um, en hann er nú einu sinni hjá okkur. Og það verður að segjast eins og er að enn þá ríkari ástæða er til þess að grípa á þessum málum núna heldur en nokkru sinni fyrr þegar kjörin hafa skerst í landinu svo mjög sem allir viðurkenna, og hvað eina sem vantalið er fram til skatts bitnar einmitt á launafólkinu og á þeim sem telja rétt fram. Þessi skattsvik eru í rauninni þjófnaður frá launafólki, þar sem allt er gefið upp, og frá þeim sem telja rétt fram.

Að lokum, ef fjmrh. gæti eða hefði eitthvað hugboð um það, þá væri gaman að heyra hugmyndir hans um hvað skattsvik séu víðtæk á Íslandi, hvort það sé t. d. fjórðungur tekna á landinu, sem ekki komi fram til skatts eða hvort hann telji að það sé meira eða minna. Og hvað gæti það orðið til að létta skattbyrðina mikið ef allt kæmi nú fram á skattframtölunum. Ég er hræddur um að það gæti munað þó nokkru fyrir þá sem eru að kikna undir sköttum núna.

Spurningar mínar eru þannig þrjár. Í fyrsta lagi hvort hæstv. fjmrh. hafi þegar gert eða muni gera ráðstafanir til þess að láta rannsaka þetta mál sérstaklega, sem er tilefni þessarar fsp., varðandi uppgefið verð á hrossum í útflutningi. Í annan stað hvort hann hafi almennt gert ráðstafanir til þess að láta rannsaka undandrátt, t. d. af því tilefni sem mér virðist koma fram í þessu opinbera gagni, Vinnumarkaðurinn 1981. Og í þriðja lagi hvort hann gæti gefið okkur vísbendingu um hvert hans mat sé á því hversu víðtæk skattsvik séu, hversu stór hluti af tekjum sé dreginn undan skatti og hvað það mundi þá geta létt skattbyrðina mikið.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég er ekki undir það búinn nú með stuttum fyrirvara að svara því hvað skattsvik eru mikil með þjóðinni, heldur ekki hvað þau hafa verið mikil. Ég skal leita mér upplýsinga um það og það getur vel verið að ég finni einhver gögn um það frá því fyrir ekki svo löngu að Alþfl. fór með fjármálin og var í ríkisstj. í fleiri rn. En ég skal leita upplýsinga um það. Ég hef ekki gert neinar ráðstafanir á þessum fáu mánuðum, sem ég hef verið fjmrh., til þess að kanna þetta almennt, enda ekki neitt sérstakt komið upp síðan ég var fjmrh. sem gefur mér ástæðu til þess, þó að tilefni séu náttúrlega fyrir hendi alla tíð til að reyna að koma upp um svik í þjóðfélaginu almennt.

En hvað þessa sérstöku grein snertir í Alþýðublaðinu frá 25. okt. hef ég ekki enn gert neinar ráðstafanir. Þessi grein hefur farið fram hjá mér, ég sá ekki Alþýðublaðið þennan dag. Það furðar nú kannske engan á því. En nú þegar athygli minni hefur verið beint að þessari umræddu grein í Alþýðublaðinu frá 25. okt. mun ég að sjálfsögðu gera ráðstafanir til að kanna sannleiksgildi þeirra ummæla sem höfð eru eftir Þorkeli Bjarnasyni hrossaræktarráðunauti. Sem sagt, svar mitt er vonandi fullnægjandi fyrir hv. þm.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég verð að segja það að mér er ókunnugt um bæði þessa blaðagrein sem hv. þm. vitnaði til, og eins er mér ókunnugt um að menn gefi

ekki upp rétt söluverð hrossa. En ég tel að það sé réttmætt að kanna þetta og eðlilegt að fjmrh. leiti svara hjá Þorkeli Bjarnasyni um hvort hann hafi einhverjar sannanir fyrir þessu. Það er nú náttúrlega ekki alltaf allt rétt haft eftir manni í blöðunum og eitthvað hefði nú getað skolast til. En ég tek undir það að það er sjálfsagður hlutur að kanna þetta mál.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, sem menn kannske vita ekki, að ef menn reyndu nú að bralla þetta, að gefa ekki upp allt söluverðið, þá taka þeir dálitla áhættu þegar um kynbótagripi er að ræða — og mér skildist að Þorkell hefði einkum verið að tala þarna um stóðhesta. Það er til nokkuð sem heitir Stofnverndarsjóður íslenska hestsins. Hann er myndaður þannig að það er lagður skattur á alla sölu kynbótahesta til útlanda, og reyndar kynbótahrossa allra, 10% á hesta, lægri prósenta á hryssur af verðinu, sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu Búnaðarfélags Íslands. Þetta er mönnum gert að greiða og þessi fjáröflun er nú notuð til þess að ef úr landi eru að fara verðmætir kynbótagripir, þá er þarna sjóður sem hrossaræktarsambönd geta gripið til og fengið lán úr til þess að ganga inn í kaup á kynbótagrip. Ef Kjartan Jóhannsson, hv. þm., ætti kynbótahest, sem hann vildi selja og gæti selt útlendingum fyrir við skulum segja 300 þús. kr. og kæmist að samkomulagi við þennan útlending að gefa ekki upp nema 200 þús. kr., þá yrði að bjóða öllum hrossaræktarsamböndum á landinu formlega að ganga inn í þetta boð á 200 þús. kr. Og þá gæti hvaða hrossaræktarsamband sem er gengið inn í boðið og hv. þm. Kjartan Jóhannsson yrði að láta hestinn á þessu boði. Ég var einu sinni formaður hrossaræktarsambands, og reyndar lengi, og við notuðum okkur þessi réttindi. Ég sit einnig í stjórn þessa Stofnverndarsjóðs. Hann er að vísu ekki mjög gildur, en hann hefur ráðið úrslitum um að menn geta fengið þar lánsfé í hvelli ef úr landi eru að fara verðmætustu kynbótagripirnir. Það er töluverð hætta á að það gæti orðið og eru raunar dæmi þess að það hefur orðið hrossaræktinni til skaða að missa úr landi bestu kynbótagripina. Hestamenn, sem rækta íslenska hesta í öðrum löndum, eru mjög snjallir ræktunarmenn og íslenskir hrossaræktarmenn mega mjög gá að sér að tapa ekki út úr höndunum á sér bestu gripunum. Og þess vegna var Stofnverndarsjóðnum komið á fót. Þess vegna hefði ég tilhneigingu til að halda að hann ætti — Stofnverndarsjóðurinn sem slíkur ef um almennilega kynbótagripi er að ræða á annað borð, — að vera nokkur trygging fyrir að menn væru ekki með þennan undandrátt sem hugsanlega gæti verið freisting fyrir hrossakaupmenn að grípa til annars. Mér finnst það að þeir gætu orðið negldir á sitt undirverð, vera þess valdandi að menn mundu síður taka þá áhættu.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Út af ummælum seinasta ræðumanns, hv. þm. Páls Pétursonar, þá þótti mér það mjög einkennandi að í framhaldi þessa viðtals við Þorkel hrossaræktarráðunaut þá kemur það fram að hann hefur áhyggjur af þessum vantöldu upphæðum út af þessum Stofnverndarsjóði, ekki út af skattsvikunum. Það er tilefni þess að hann ritar í Búnaðarritið og segir að þetta sé svona á pappírnum. Það kemur greinilega fram í viðtalinu í Alþýðublaðinu að hann hefur áhyggjur af því að verið sé að snuða þennan Stofnverndarsjóð, en ekki að verið sé að snuða ríkissjóð, ekki að það sé verið að snuða skattborgarana yfirleitt í landinu, alla hina, sem borga skattinn sinn. Og þetta er náttúrlega sjónarmið sem er ótækt. Þetta bendir til þess að við séum orðin allt of sljó í þessum efnum, allt of sljó að því er varðar skattsvikin.

Mér fannst hv. síðasti þm. tala um það, — jú, jú, það væri sjálfsagt að skoða þetta, hvort þetta væri rétt hjá Þorkeli og þar fram eftir götunum. En í mínum huga er það skylt — ekki sjálfsagt. Ekki í einhverjum hálfkæringi. Ég tel að það sé skylda opinberra aðila, skylda fjmrh. og ríkisstj. hvenær sem kemur fram upplýsing af þessu tagi á opinberum vettvangi um undandrátt að þegar í stað sé farið í opinbera rannsókn. Hérna er þetta skýrt, það eru teknar fram tölur, það eru ekki bara stóðhestarnir heldur voru það líka hryssur og betri hestar, svo að teknir séu þeir þrír flokkar sem Þorkell getur um í grein sinni eða þessu viðtali.

Mér sýnist að augljóst sé af þessu að fremsti ráðunautur í þessum efnum, ráðunautur Búnaðarfélags Íslands, telji ekki þá tryggingu í þessum Stofnverndarsjóði sem kom fram í máli hv. síðasta þm.

En það er ekki meginmálið þó hér sé verið að tala um hross. Meginmálið er skattsvikin, meginmálið er það að fram komi opinber upplýsing um hvort eigi sér stað skattsvik, komi fram upplýsing á opinberum vettvangi eða vísbending eins og gerir í þeirri skýrslu sem ég var með hér áðan, að menn sitji þá ekki bara á rassinum og geri ekki neitt eða yppi öxlum og segi: Jú, það má skoða það. Þegar svo er komið þá eru menn orðnir sljóir, þá hafa menn brugðist skyldu sinni, þeir sem eru í forsvari fyrir þessari þjóð.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. En ég vil þakka fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér áðan, þau náðu að vísu mjög skammt. En þar kom líka fram að það höfðu engar ráðstafanir verið gerðar, hvorki í þessu máli né í öðrum málum sem varða vantaldar tekjur og skattsvik í landinu þó að vísbendingarnar hafi komið fram. Og ég vil eindregið hvetja fjmrh. til þess að taka nú á þessu af myndarskap vegna þess að hér getur legið möguleikinn og liggur möguleikinn á því að létta skattbyrðina í landinu. Því að ég er sannfærður um að það er a. m. k. fjórðungur af tekjum sem ekki kemst til skila í framtali til skatts. Og það bitnar á hinum.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kjartani Jóhannssyni fyrir að hefja hér umr. um það mál í okkar þjóðfélagi sem menn eru kannske hræddastir við að ræða hér á hinu háa Alþingi, hin víðtæku skattsvik sem viðgangast í þjóðfélaginu. Og það er alveg hárrétt sem hann sagði hér að svo er komið að það deplar enginn auga þó að svona grein birtist. En ég vil nú nota tækifærið til þess að benda hv. þm. á að lesa Alþýðublaðið eins og önnur blöð. Ég veit ekki annað en að þeir geti fengið það daglega. Kemur mér á óvart að enginn virðist hafa barið það augum.

Sannleikurinn er sá að það hefur verið reynt að tala um þessi mál hér í þinginu, en menn fara undan í flæmingi. Við minnumst þess að hv. þm. Vilmundur Gylfason hóf hér umr. á síðasta ári, minnir mig, um svokallaða „svarta atvinnu“, og ég hef sjaldan séð hv. alþm. eins vandræðalega eins og undir þeirri umr. Og einfaldlega vegna þess að enginn stjórnmálaflokkur hefur, ekki einn einasti fyrr eða síðar, reynt, viljað eða getað ráðist á þetta kannske stærsta óréttlætismál þessa

þjóðfélags. Það er gaman að því — og sumir hafa ástæðu til að vera stoltir — þegar árlega birtist listi yfir gjöld alþm. Og það er vissulega nokkuð til að vera stoltur af að vera ævinlega með þeim hæstu, nokkru hærri en eigendur grónustu fyrirtækja landsins. Sannleikurinn er sá að þetta er búið að ganga svo lengi að menn eru búnir að sætta sig við það. Og ég er alveg sannfærð um að það eru svo umtalsverðar tekjur þessa þjóðfélags sem eru sviknar undan skatti, sem við hin greiðum svo að sjálfsögðu eins og allt annað, að það er löngu komin ástæða til að taka á þessu máli, svo að landsmenn geti horft nokkurn veginn í augun hver á öðrum án þess að fyrirverða sig, því að það gera menn auðvitað innst inni.

Síðasta ríkisstjórn lofaði að taka upp staðgreiðslu skatta. Hún sveik það að sjálfsögðu. Ég veit ekki hverjar eru hugmyndir núv. ríkisstjórnar, ég satt að segja man ekki hvort þeir hafa lýst einhverju yfir í því efni. En það er auðvitað nauðsynjamál sem þarf að fara að vinna að. Þar með er ég ekki að segja að það eitt komi í veg fyrir skattsvik. En það er þó a. m. k. einhver möguleiki á að þjóðin viti hvaða peninga hún er með í höndunum hverju sinni.

Ég skal svo ekki tefja þessa umr. mikið. En þó vil ég minna á að ég gat þess í ræðu hér í fyrra, að samkvæmt viðtali við skattrannsóknastjóra ríkisins þá kom fram að auðvitað hefur hans embætti og hans starfsmenn fundið stórfelld skattsvik. Og talað var um eitt einstakt tilvik, þar sem um var að ræða 250 þús. Bandaríkjadollara. Hvað gerist svo? Málið er að sjálfsögðu sent til dómsvalda. Og þar stoppar það. Ég veit ekki af hverju. Þetta tekur svo langan tíma, segja menn. En það skyldi nú kannske aldrei vera svo að yfirvöld kæri sig ekkert endilega mjög mikið um að ljúka slíkum málum. Fyrirtækin halda áfram eins og ekkert hafi skeð. Ég held að hv. Alþingi ætti að hugsa þessi mál í nokkurri alvöru og ég vil skora á hæstv. fjmrh. að reynast nú ekki sama liðleskjan í þessum málum og forverar hans og taka á þessu máli, sem hér er verið að ræða um, og öðrum slíkum af alkunnum myndarskap.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 11). — Frh. 1. umr.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal leitast við að fara að tilmælum forseta og hafa mál mitt stutt við þessa umr. enda er mál það, sem hér er á dagskrá, þegar mjög mikið rætt bæði innan og utan Alþingis og m. a. gerði ég grein fyrir sjónarmiðum okkar sjálfstæðismanna til þessara brbl. og staðfestingar frv. við umr. um stefnuræðu forsrh.

Það er alveg rétt að þetta frv., sem er flutt til staðfestingar brbl., ber þess merki undir hvaða kringumstæðum það er flutt. Það var engum blöðum um að fletta s. l. vor eftir að búið var að mynda ríkisstjórn á Íslandi og raunar áður að um neyðarástand var að ræða í þjóðfélaginu. Ýmsum spurningum hefur verið varpað fram í þessum umr.

Og það má varpa spurningum fram eins og gert hefur verið. Hvenær áður í Íslandssögunni hefur verðbólgan náð því stigi sem raun bar vitni s. l. vor — eða 130—150% verðbólga.

Það má varpa fram spurningu eins og þeirri: Hvenær áður hefur það komið fyrir að erlendar skuldir Íslendinga hafa numið 60% af þjóðarframleiðslu og gjaldaþyrði afborgana og vaxta af þessum erlendu skuldum nálgist það að fjórða hver króna í gjaldeyristekjum þjóðarinnar fari í slíkar greiðslur?

Það má varpa fram spurningu eins og þessari: Hvenær hefur legið við borð að atvinnufyrirtæki landsmanna stöðvuðust og þúsundir Íslendinga gengju atvinnulausir án bjargar?

En allt þetta var staðreynd s. l. vor og ber vitni þeim viðskilnaði sem fráfarandi ríkisstjórn gerði sig seka um og Alþb. ber höfuðábyrgð á.

Það er þess vegna ekki að furða þótt með réttu megi lýsa efni þessa frv., sem við erum hér að ræða, sem neyðarúrræði.

Ég hef áður sagt það og ítreka það og endurtek um að ég tel það neyðarúrræði að grípa inn í gildandi kjarasamninga milli aðila vinnumarkaðarins eins og vissulega er gert með þessu frv., bæði því ákvæði þess að gildandi samningar skuli framlengjast til 1. febr. n. k. og enn fremur því ákvæði að bannað sé að tengja verðbætur við kaupgjald. Hvort tveggja er neyðarúrræði en þau réttlætast af því neyðarástandi sem ríkjandi var s. l. vor. Og ef einhver ber ábyrgð á neyðarúrræðum þá eru það þeir sem bera ábyrgð á neyðarástandinu sem komið var. En þar er helst til sakar að sækja Alþb. og formælendur þess.

Það hefur komið sérstaklega fram að fulltrúar launþega hafa sett fyrir sig að kjarasamningar eru framlengdir til 1. febr. n. k. og þar af leiðandi taka nýir kjarasamningar ekki gildi fyrr en eftir þann tíma.

Ég hef áður vakið athygli á því að það er unnt þegar í stað að semja um öll önnur ákvæði kjarasamninga en kaupliði. En jafnvel þótt um víðtækari samninga væri ekki að ræða þá er spurningin þessi: Er það of langur tími samkv. reynslu að ætla sér um þrjá mánuði til gerðar nýrra kjarasamninga? Ég held að reynslan sýni að það veiti ekkert af þeim þremur mánuðum sem nú eru til stefnu og kjarasamningum verði vart lokið fyrr en að þrem mánuðum loknum. Þess vegna má ef til vill segja að það saki ekki þótt þessi tímamörk séu ekki í lögum vegna þess að aðiiar vinnumarkaðarins munu hvort eð er ekki ganga frá nýjum kjarasamningum fyrr en eftir þennan tíma.

Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa gert ályktun um ýmsar úrbætur atvinnuvegum landsmanna til handa svo og ýmsar úrbætur í efnahagsmálum sem eru góðra gjalda verðar og Vinnuveitendasamband Íslands hefur óskað eftir viðræðum aðila vinnumarkaðarins varðandi þessar till. Hér er um grundvallartill. að ræða, að vísu færðar í búning almennra orða, og því hafa formælendur Alþýðusambands Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja verið spurðir um hvað vaki fyrir þeim og þeir beðnir um nákvæmari skýringu á þessum annars svo merkilegu till. Því miður hafa þær skýringar ekki komið enn.

Hér er um svo mikilvæg mál að ræða að ég tel ákaflega æskilegt að viðræður aðila vinnumarkaðarins og — ef æskilegt þykir — fulltrúa ríkisvaldsins um útfærslu þeirra eigi sér stað sem allra fyrst og gengið sé í það mál.

Að vísu eru þessar úrbætur, sem um er rætt í þessari tillögugerð, þess eðlis að árangur þeirra kemur ekki fram fyrr en á lengri tíma og skapar þess vegna ef til vill

ekki aukið svigrúm fyrir kjarasamninga fyrr en að nokkrum tíma liðnum. En orð eru til alls fyrst og það er alveg sjálfsagt að nota tímann til þess að unnt sé að leggja grundvöllinn að kjarasamningum sem hafi í för með sér raunverulega kjarabót launþegum til handa þótt síðar verði.

Annar er sá þáttur sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á og gerir það nauðsynlegt að hafist sé handa nú þegar við undirbúning kjarasamninga en það er viðleitni manna og samstaða manna í raun og veru um að höfuðáherslu beri að leggja á að bæta kjör hinna lægst launuðu. Ég hef að vísu áður sagt og ítreka það enn að ef til vill er þessi áhersla á bætt kjör hinum lægst launuðu til handa eitthvert mest misnotaða slagorð í kjaramálaumræðu undanfarinna ára og jafnvel þótt lengra aftur í tímann sé litið. Sannleikurinn er sá að það er eins og lítil alvara fylgi þeim orðum. Margir forustumenn í launþegasamtökunum, ekki síst úr hópi alþýðubandalagsmanna, nota þetta sem fyrirslátt en hafa ekki komið fram með raunhæfar till. sem tryggja hinum lægst launuðu bætt kjör.

Mörg eru þau dæmi sem nefna má um það að verkalýðsforusta Alþb. hafi beinlínis komið í veg fyrir að hinir lægst launuðu fengju bætt sín kjör umfram aðra launþega í þjóðfélaginu. Má í þeim efnum nefna dæmin frá febrúarlögunum 1978 og ekki síður maílögunum það sama ár. Þá var með verkföllum komið í veg fyrir að það, sem unnt var að skipta upp, kæmi hinum lægst launuðu til góða en hinir sem hærri hefðu tekjurnar yrðu að bíða og unna hinum lægst launuðu aukins hlutar án þess að fá bætt kjör sjálfum sér til handa. Þetta eru staðreyndir sem öllum þm. eru kunnugar og þarf ekki frekari orðum um að fara.

En þetta eru líka dæmi sem sýna það og sanna að það er ekki að ástæðulausu að ég segi að menn þurfi tíma til að koma sér saman um með hvaða hætti nýta megi það svigrúm — það litla svigrúm — sem vonandi er til einhverra kjarabóta til þess að beina þeim til hinna lægst launuðu. Í þeim umr. er það vissulega skylda forustumanna launþegasamtakanna að afmarka hóp hinna lægst launuðu og gera skýra grein fyrir því hvar þörfin er mest svo að unnt sé að beina því sem til skiptanna er á þá staði.

Það hefur áður verið gerð grein fyrir því í stjórnarmyndunarviðræðunum sjálfum og þegar þeim var lokið hver var skoðun Sjálfstfl. í launamálum. Ég sé enga ástæðu til þess að ítreka það en leyni því ekki að það var skoðanamunur á milli stjórnarflokkanna á því sviði — skoðanamunur sem leiddi m. a. til þess að tvívegis slitnaði upp úr stjórnarmyndunarviðræðum þessara tveggja flokka.

Miðað við það neyðarástand sem við blasti og nauðsyn þjóðarinnar fyrir myndun starfhæfrar meiri hluta stjórnar á Alþingi þá tókst málamiðlun. Og eftir að málamiðlun hefur tekist þá bera báðir stjórnarflokkarnir ábyrgð á niðurstöðunni. Við sjálfstæðismenn skjótum okkur ekki undan þeirri ábyrgð.

Og í tilefni þeirra fyrirspurna, sem hér hafa verið bornar fram, um afstöðu okkar sjálfstæðismanna til þessara brbl. og samningsréttarákvæðis þeirra þá vil ég enn á ný lýsa yfir afstöðu okkar sem þó hefur komið fram áður svo að óþarfi var að spyrja.

Afstaða okkar er í stuttu máli sú að við sjálfstæðismenn stöndum að ákvæðum brbl. og berum ábyrgð á þeim og munum þess vegna standa að samþykkt frv. þess sem flutt er til staðfestingar þeirra. En það liggur í augum uppi að við teljum eðlilegt og sjálfsagt að frv. fái þinglega meðferð og kannað sé hvort rétt er að falla frá eða breyta því ákvæði frv. að nýir samningar um kaupgjald taki ekki gildi fyrr en 1. febr. n. k. enda sé markmiði ríkisstjórnarinnar í baráttunni gegn verðbólgu engu síður náð.

Hæstv. forsrh. hefur áður gefið efnislega sams konar yfirlýsingu hér á Alþingi og við báðir raunar einnig á samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins. Á þeim samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins lögðum við áherslu á það sem ég hef sagt hér í þessum fáu orðum mínum að aðilar hæfu strax viðræður um gerð nýrra kjarasamninga svo að unnt væri að komast að niðurstöðu þar að lútandi — niðurstöðu sem einkum taki mið af tveim höfuðþáttum: Í fyrsta lagi, að grundvöllur verði lagður að framfarasókn atvinnuveganna sem til þess skapaði skilyrði að bætt yrðu launakjörin í landinu með raunhæfum hætti og í öðru lagi, að nýir kjarasamningar bæru fyrst og fremst merki þess að menn kæmu sér saman um að bæta kjör hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu.

Það fer ekki á milli mála að við þurfum að hyggja að mörgum úrbótum á ýmsum sviðum efnahagsmála og atvinnumála til þess að unnt sé að bæta kjör launþega í landinu. Hér hefur ekki verið dregið í efa að nauðsyn hafi verið róttækra ráðstafana til bjargar út úr því neyðarástandi sem við vorum komnir í en þau bjargræði hljóta að vera önnur en beitt hefur verið nú um nokkurn tíma. Það hefur ekki heyrst í þessum umr. núna að það væri unnt að taka eitthvað af atvinnuvegunum eða atvinnufyrirtækjunum til þess að hækka raunverulegt kaupgjald í landinu. Þvert á móti hefur verið bent á í umr. að atvinnufyrirtækin í landinu standa höllum fæti og því miður berast fréttir um það að sum þeirra séu í þeirri hættu að stöðvast.

Við höfum líka fengið fréttir um aflabrest sem einkum hefur komið fram á síðustu vikum og mánuðum — aflabrest sem leiðir líkur að því að þorskaflinn á yfirstandandi ári verði ef til vill innan við 300 þús. tonn gagnstætt 470 eða 480 þús. tonnum fyrir aðeins tveimur árum, á árinu 1981. Það er þess vegna ekki furða þótt erfiðleikarnir geri vart við sig og lífskjörin skerðist. Þetta hlýtur að finnast í afkomu þjóðarinnar, einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Og því fremur hvílir mikil ábyrgð á herðum alþm. og aðila vinnumarkaðarins að horfast í augu við þessar staðreyndir, mæta þeim af karlmennsku og koma sér saman um hvernig á að komast út úr erfiðleikunum.

Það er t. d. algjörlega út í hött nú að vera með einhvers konar tölur með kjararýrnun vegna þess að samanburðargrundvöllurinn er ekki fyrir hendi. Réttur samanburðargrundvöllur er annars vegar þau kjör sem menn búa við í dag — og enn sem komið er og vonandi framvegis full atvinna — og hins vegar atvinnuleysi og engar tekjur. Þetta er sá raunhæfi samanburður sem hefði gildi í umr. sem þessum. Það er auðvitað unnt að gera kröfur um 30—40—50% kauphækkun í krónum. En hver er nokkru bættari þótt slíkum kröfum yrði framfylgt?

Ég held að Íslendingar og ekki síst íslenskir launþegar hafi dýrkeypta reynslu af slíkum blekkingarleik þegar krónutalan er hækkuð en verðmætin fara

minnkandi. Það væri auðvitað unnt að lækka gengið eftir slíka kollsteypu en það væri ekki nema andartaksbjörg fyrir atvinnuvegina í landinu og raunar ekki einu sinni andartaksbjörg — nema afleiðingar lækkaðs gengis íslensku krónunnar yrðu ekki látnar hafa áhrif á kaupgjaldið í landinu. Þá þyrfti að ganga enn þá nær kjörum launþeganna. Og hver vill það, hver treystir sér til þess? Nei, við þurfum þess vegna að fóta okkur nú einmitt á þessu tímabili, sem við höfum, til þess að átta okkur á því hvað best verður gert í samningum milli aðila vinnumarkaðarins þannig að við getum að nýju byggt upp þróttmikið athafnalíf í landinu, sem fljótlega þegar fram líða stundir yrði til þess að bæta kjör launþeganna með hærra kaupi í verðmeiri krónum en ekki hærra kaupi í verðminni krónum eins og launþegar hafa orðið varir við undanfarin ár eins og kunnugt er.

Steingrímur J. Sigfússon: Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. flutti hér áðan alllangt mál að því er mér skildist um afstöðu sína og síns þingflokks til brbl. sem hér eru til umr. Og hvert leiddi svo allt þetta langa mál hæstv. utanrrh.? Jú, hann komst svona í stórum dráttum að því að það mundi sennilega ekki veita af þremur mánuðum til þess að gera kjarasamninga, þeir tækju oft langan tíma. Og síðan komst hann að þeirri niðurstöðu og lýsti því yfir að þingflokkur hans og hann sjálfur þar með mundu samþykkja þessi brbl. hér í þinginu en þeir væru þó að sjálfsögðu tilbúnir í að breyta þeim í einstökum atriðum ef þannig verkaðist. Ég held að til séu í íslensku máli tvö stutt og laggóð orð sem hefðu sagt miklu meira en þessi langa ræða um afstöðu hæstv. utanrrh. og þau eru já og nei. Eru þm. Sjálfstfl. hér á Alþingi tilbúnir til þess að fella út úr þessum brbl. þau ákvæði sem afnema samningsréttinn í landinu? Já eða nei, þessu á að vera hægt að svara svona.

Það er skoðun mín að með setningu þeirra brbl., sem hér eru til umr., hafi hæstv. ríkisstjórn, sem nú situr, rænt sjálfa sig því veganesti sem mikilvægast ætti að vera og nauðsynlegast hverri stjórn. Með því að taka af launþegum þegar á öðrum starfsdegi sínum samningsréttinn þá skapaði þessi ríkisstjórn sér megnustu tortryggni og andúð launþega þegar í upphafi starfsferils síns. Menn eiga því ekki að venjast hér í þessu landi að nýjar ríkisstjórnir kynni sig með þessum hætti. Þau vinnubrögð og þau viðhorf, sem þarna opinberast, ættu að heyra fortíðinni til. Með þessu eru þessir menn að stíga aftur í tímann — marga áratugi aftur í tímann til þess að atvinnurekendur og stjórnvöld skammti launþegum úr hnefa eftir því sem þeim þóknast. Ágreiningurinn snerist ekki um það eins og oft hefur verið haldið fram hér í þessum stóli hvort eitthvað þyrfti að gera eða ekki. Það voru allir sammála um það hér í vor að efnahagsráðstafanir þyrfti að gera. Það voru hins vegar deildar meiningar um það hverjar þær ættu að vera og hvernig ætti að þeim að standa og það er það sem þessi umr. hér hlýtur að snúast um að verulegu leyti.

Engri stjórnmálahreyfingu á Íslandi nema Framsfl. — ekki einu sinni Sjálfstfl. — datt í hug né hefur dottið í hug fram að þessu að fara þá leið að afnema samningsréttinn sem raun varð á og í þessum brbl. felst. Það hefur komið fram oftlega að undanförnu og þessi hugmynd er ættuð frá Framsfl. Þeir hafa gengist við króanum. Þetta eru endurbætur hugmyndafræðinga Framsfl. á leiftursóknarstefnu sjálfstæðismanna. Það hefur og komið fram að þessi tilhögun er málamiðlun, m. ö. o. skemmra en þetta gat Framsfl. ekki hugsað sér að ganga í því að afnema samningsréttinn. Ég tel að afnám samningsréttar og bann við vísitölubindingu á laun — já, jafnvel bann við því að reikna hana út — sé siðleysi og algjörlega óhæf framkoma gagnvart launþegasamtökunum í landinu.

Í gærdag gerðist sá atburður að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar gengu af fundi, sem hæstv. forsrh. boðaði til, til að ræða um þjóðhagsáætlun. Í bréfi, sem fulltrúar viðkomandi launþegahreyfinga sendu hæstv. forsrh. í framhaldi af þessum atburði, segir eftirfarandi, með leyfi forseta: „Á samráðsfundi ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins í dag var af okkar hálfu spurt um það hvort ríkisstjórnin hafi endurskoðað afstöðu sína til samningsréttar samtakanna. Afstaða ríkisstjórnarinnar reyndist óbreytt þó svörin væru ekki eins afdráttarlaus og áður. Varð því niðurstaðan sú að fulltrúar okkar samtaka ákváðu að tefja ekki lengur á þessum samráðsfundi en skoruðu á ríkisstjórnina að endurskoða afstöðu sína.

Það er ljóst að aðilar án samningsréttar hafa ekki eðlilega aðstöðu til efnislegra viðræðna og á það ekki síst við um þætti eins og forsendur þjóðhagsáætlunar sem óhjákvæmilega tengjast samningaviðræðum með beinum hætti. Samtök okkar hafa lýst sig fús til viðræðna við stjórnvöld fái þær viðræður að fara fram á jafnréttisgrundvelli. Með góðri þátttöku í undirskriftasöfnun samtakanna hafa félagsmenn okkar áréttað stuðning sinn við kröfuna um samningsrétt. Óski stjórnvöld eftir samráði við samtök launafólks hljóta þau því að koma til móts við þann eindregna vilja.

Við ítrekum því kröfu samtakanna og skorum á ríkisstjórnina að þæfa málið ekki frekar en beita sér fyrir því að samtökin fái samningsréttinn án tafar."

Og undir þetta rita fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Sambands íslenskra bankamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Ég held að þetta svari ágætlega þeim ummælum sem hæstv. utanrrh. hafði hér um tímaeyðslu í þessu sambandi. Það er alveg ljóst hver er að eyða tímanum þegar þetta bréf frá launþegahreyfingunni liggur fyrir. Hver urðu viðbrögð hæstv. forsrh.? Hann varð forundrandi og harmaði þetta ákaflega. Málgagn hæstv. forsrh., Tíminn, birtir í morgun hið mjög svo jákvæða svar sem hæstv. forsrh. að eigin sögn gaf fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar við spurningunni um það hvort ríkisstjórnin hefði endurskoðað afstöðu sína til samningsréttarins. Og lítum nánar á þetta jákvæða svar — á þetta mjög svo jákvæða svar. Dagblaðið Tíminn hefur það eflaust rétt eftir hæstv. forsrh. og með leyfi forseta:

„Steingrímur sagði" segir Tíminn „að þjóðhagsáætlun hefði verið skýrð í upphafi fundarins og þegar almennar umræður hefðu hafist þá hefði Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, krafist svars við þeirri spurningu hvort ríkisstjórnin væri reiðubúin til þess að fella niður ákvæðið um bann á samninga fram til 31. janúar og sagðist forsrh. hafa svarað þeirri spurningu á sama máta og hann hefði gert í þingræðu í fyrradag en þar sagðist hann telja sjálfsagt að þingið skoðaði þann möguleika og að ríkisstjórnin legði áherslu á meginmarkmiðið að

koma verðbólgunni niður í 30%. Ef það væri tryggt þá teldi ríkisstjórnin vel koma til greina athugun á breytingu sem þessari á lögunum. „Ég tel því að ég hafi verið mjög jákvæður í þessu svari mínu," sagði forsætisráðherra, „en það dugði ekki til..."

Og ég spyr nú bara hæstv. forsrh. Átti verkalýðshreyfingin og á hún að gangast í persónulega ábyrgð fyrir því að markmið hæstv. forsrh. í efnahagsmálum nái fram að ganga? Eiga þeir að veðsetja eignir sínar og hús sín og tryggja forsrh. það að þeir muni bæta honum skaðann ef þessi markmið nái ekki fram að ganga? Er það það sem verið er að fara fram á hér? Og með leyfi forseta langar mig til að vitna aftur í Tímann og áfram er það Steingrímur Hermannsson sem talar:

„Ég verð að segja það," sagði forsrh., „að ég harma þetta því ef mönnunum er alvara um að ná samningum sem fyrst. Þá veitir ekkert af að hefja viðræður." Og svo segir hann: „Það er ekkert sem bannar það að viðræður séu hafnar — og hér kemur nú rausnin. Það er sko ekkert í þessum brbl. sem bannar það að viðræður séu hafnar. Og áfram: „enda hef ég og reyndar fleiri ráðherrar lagt áherslu á að þær þyrftu að byrja. Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin tekið mjög jákvætt í tillögur ASÍ og BSRB og óskað eftir því hvað eftir annað að fá frá þeim tillögur um það hvernig viðræður um fjárfestingarmál, opinbera geirann og fleira gætu best farið fram en við höfum engar ábendingar fengið um það." Forsætisráðherra sagði jafnframt: „Ég lít á þennan atburð sem ákveðinn þátt í sýningu og vona að þegar sýningunni er lokið þá átti menn sig á því að það er alltaf réttast að ræðast við og reyna að leysa málin með samkomulagi." Og það var nú það.

Hæstv. forsrh. er aldeilis hlessa og hann harmar það að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar skuli ekki vilja sitja og rabba við hann svona í ró og næði í hugguleg heitum yfir kaffibolla sennilega þó að það vanti samningsrétt. (**Gripið fram í:** Hjá hinum.) Já, og hvað varðar hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson um það þó krafa verkalýðshreyfingarinnar um samningsrétt sé studd af tæplega 36 þús. undirskriftum launþega í landinu. Ekkert, ekki nokkurn skapaðan hlut. Úr því að hann fékk ekki heimilisföngin þá kemur honum þessi undirskriftasöfnun ekkert við. Og hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson talaði líkt og vefrétt á fundi suður í Hafnarfirði á dögunum sem segir að það sé ekki mark að draumum nema Sverrir Hermannsson, hæstv. iðnrh., sagði: Það er ekki mark að undirskriftum.

Nei, það virðist ekki valda þessum herramönnum ósköp miklu hugarangri þótt tplega 36 þús. launþegar í landinu krefjist samningsréttar. Og þegar fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar undirstrika mikilvægi þessarar kröfu sem þeir gerðu í gær þá heitir það „sýning" á máli hæstv. forsrh. Það er einhvers konar sýning. Hann ætlast til þess m. ö. o. maðurinn að fulltrúar launþega í landinu setjist niður og ræði forsendur þjóðhagsáætlunar, rabbi við hann um ástand og horfur í efnahgasmálum án þess að þeir hafi nokkurt vald, án þess að þeir hafi lagalegan rétt til þess að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og gera þar með skyldu sína. Það er búið að taka af verkalýðshreyfingunni með banninu við kjarasamningum réttinn til þess að gera skyldu sína og gæta hagsmuna launþega. Þeir hafa því í sjálfu sér um ósköp lítið að ræða við hæstv. ráðherrana og það hefur ósköp lítið upp á sig að þeir séu að rabba svona saman fyrr en og ef þeir fá samningsréttinn aftur. Þetta ættu hæstv. ráðherrar að fara að skilja.

Verkalýðshreyfingin er í fjötrum. Hún er handjárnuð á bak og hún er heft á fótum og það hefur aldrei þótt merki um gott réttarfar svo ekki sé nú minnst á lýðræðisleg vinnubrögð að annar aðilinn væri bundinn á pínubekk þegar setjast ætti við samninga. Svo er hæstv. forsrh. hissa og harmar og grætur það að verkalýðshreyfingin skuli ekki vera þægileg og góð þegar hann vill fá hana til að rabba við hana um samninga. En verkalýðshreyfingin hefur einmitt rétt fram hendurnar og sagt við hæstv. herra forsrh.: Viltu taka af okkur handjárnin? Og hverju hefur hæstv. forsrh. svarað? Jú, ég er svo sem til í það, segir hann, ef ég má binda ykkur með einhverju öðru, ef ég má t. d. binda ykkur með girni, svona grannri sterkri nælonlínu svipaðri þeirri sem er notuð á laxveiðum. Það er allt í lagi að taka af ykkur handjárnin og leysa af ykkur haftið ef ég má binda ykkur með einhverju öðru í staðinn. Þetta er auðvitað gamla svarið um það að það er allt í lagi að gefa ykkur samningsréttinn ef þið bara notið hann ekki.

Það vekur nokkra athygli manna sem hlusta á mál þeirra hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar og Geirs Hallgrímssonar að þeir vísa mikið í þinglega meðferð þessara brbl. Þeir segja að málið sé komið til kasta Alþingis og það sé sjálfsagt að þingið skoðaði þetta eða hitt. En hvers vegna er svona talað? Það er verið að spyrja um afstöðu hæstv. ríkisstj. Það er verið að spyrja hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson hvað honum finnist um þetta ákvæði samningsréttarins og hann skýtur sér á bak við þingið. Hvers vegna talar maðurinn svona? Því er ekki sagt já og nei þegar spurt er um þessi bláeinföldu atriði? Því er ekki notað skýrt orðafar? Er það kannske vegna þess að þessir menn eru í einhverjum vafa um að meiri hl. Alþingis standi að baki ríkisstj. hvað þetta varðar? Ég spyr. Eða leikur kannske einhver vafi á því að þetta ákvæði um bann við samningsréttinn komist í gegnum þingið? Er það þess vegna sem svona orðaleikur er hér við hafður?

Það var ljóst þegar í vor að launþegar á Íslandi höfðu tekið á sig kjaraskerðingu vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar höfðu verið í efnahagsmálum, um það bil sem nam falli þjóðartekna þá. Það var þar við þessa markalínu sem Alþb. vildi verjast a. m. k. hvað kjör hinna lægst launuðu varðaði. En kjaraskerðingarstefna núv. ríkisstj. gengur jafnt yfir alla og þar af leiðandi bitnar hún þyngst á þeim sem minnst hafa og þetta segi ég minnugur þeirra svokölluðu mildandi aðgerða sem hæstv. ríkisstj. gerði hér í vor. Ég segi þetta minnugur þeirra því að þær voru að mínum dómi þess eðlis að hefði mönnum á annað borð verið hlátur í huga á Íslandi í vor þá hefðu þeir hlegið að þessum svokölluðu mildandi aðgerðum og hækkun í krónutölu sem var auðvitað hægt að kalla 100%. Það var af því að krónurnar voru svo fáar.

Það sem að mínum dómi er næstverst við þessi lög, fyrir utan afnám samningsréttar og grófa kjaraskerðingu, er að þetta eru algerlega einhliða lög. Þetta er einhliða kaupmáttarskerðing og afnám á réttindum launþega. Þetta eru m. ö. o. ekki lög sem binda skyldur atvinnurekenda á erfiðleikatímum. Þetta eru ekki lög sem lögbinda skyldur eignanna. Þetta eru ekki lög sem draga úr umsvifum millilíða eða annarra í þjóðfélaginu. Nei, þetta eru einhliða lög á almenning þar sem honum

er gert að axla byrðarnar á erfiðleikatímum og honum einum.

Hæstv. utanrrh. sem hér talaði áðan, hefði að mínum dómi getað sparað bæði sjálfum sér og ríkiskassanum útgjöldin af ferð sinni til Madrid á dögunum. Hann fór að mínum dómi yfir lækinn til þess að sækja vatnið eða leita með öðrum orðum langt yfir skammt, þegar hann fór til Madrid til að halda þar ræðu um réttindaleysi launþegahreyfinga úti í heimi. Það var nógur efniviður í ræðu handa ráðh. hér heima á Íslandi og það voru líka nógir sem hefðu haft gott af því að hlusta á boðskapinn, m. a. hæstv. starfsbræður hans í ríkisstj. Og ég geri það að till. minni hér að hæstv.utanrrh., Geir Hallgrímsson, láti þýða þessa ræðu sína og lesi hana á næsta ríkisstjórnarfundi. Það væri þarfur boðskapur fyrir starfsbræður hans að hlýða á. (**ÓÞÞ:** Hví ekki hér í þinginu?) Ég vona að það komi í ljós við atkvgr. um þessi lög, sem verður sennilega bráðlega, að hæstv. utanrrh. sé trúr sinni sannfæringu um nauðsyn á frjálsri og óskertri starfsemi verkalýðshreyfinga sem hann talaði svo fagurlega fyrir úti í Madrid á dögunum. Hann hefur nú ágætis tækifæri til að undirstrika áhuga sinn á þessum málum og vera trúr sinni sannfæringu.

Það er skoðun mín, herra forseti, að lög þau, sem hér eru til umr., séu ranglát og óréttmæt og það beri að afnema þau hið fyrsta, þannig að aðilar vinnumarkaðarins geti aftur sest niður sem jafningjar og samið um kaup og kjör hér á landi. Annað er óhæfa að mínum dómi og engan veginn samrýmanlegt þeim lýðræðisháttum sem við viljum búa við og byggja á.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Þorsteinn Pálsson: Frú forseti. Það hefur verið um margt athyglisvert að hlusta á talsmenn stjórnarandstöðunnar í þessari umr. Þeir hafa ítrekað það að ekki sé ágreiningur um að gera hafi þurft alvarlegar efnahagsráðstafanir á þessu vori. Einmitt í ljósi þessarar fullyrðingar, að um þessa staðreynd hafi verið samstaða, er ástæða til að brjóta til mergjar málflutning þeirra í þessari umr. og í umr. í þjóðfélaginu almennt um þessar mundir. Orðaflaumurinn er mikill. En ef efnisatriði hans eru dregin út þá sýnist mér að gagnrýnin lúti einkum að fimm atriðum.

Í fyrsta lagi er það gagnrýnt að staðið hafi verið að framlengingu kjarasamninga með löggjöf. Ég þarf ekki að lýsa hér þeim neyðarréttaraðstæðum sem gerðu það að verkum að undan því varð ekki vikist að taka á þessum málum með þeim hætti sem gert var. Það var vakin athygli á því að ekki hefðu einungis talsmenn launþegahreyfingarinnar í landinu lýst efasemdum um það að afnema samningsrétt með þessum hætti tímabundið, heldur kæmu slíkar raddir jafnvel fram frá viðsemjendum þeirra á vinnumarkaðinum. Hvers vegna skyldi þetta nú vera óeðlilegt?

Við búum við það stjórnskipulag að við viljum að borgarar þessa lands og samtök þeirra geti leyst sín mál með frjálsum samningum þó að við með löggjöf á ýmsum sviðum takmörkum þá möguleika. Þegar nákvæmlega sams konar löggjöf var sett í Danmörku á s. l. ári, þar sem vísitalan var bönnuð um tveggja ára skeið og hvers konar launabreytingar í samningum bannaðar um fimm mánaða skeið, var þeim aðgerðum mótmælt af báðum aðilum vinnumarkaðarins í Danmörku. Ég hygg að ástæðan sé kannske svipuð og aðilar vinnumarkaðarins hér á Íslandi hafa upplifað, að sívaxandi íhlutun löggjafarvaldsins um kjaramál hafi takmarkað þann rétt sem menn vilja varðveita. Þess er vert að minnast í þessu sambandi að þessi íhlutun hefur verið um miklu fleiri svið kjarasamninga en bara launaþáttinn. Og ég geri ráð fyrir að þessi íhlutun hafi ekki síður gengið á hagsmuni vinnuveitendahliðarinnar en launþegahliðarinnar þegar heildarráðstafanir löggjafarvaldsins á þessu sviði eru metnar. Það er því mjög eðlilegt að þessir aðilar hafi uppi vissar efasemdir þegar aðgerðir af þessu tagi eru framkvæmdar. En við svo búið var nauðsynlegt að skapa skilyrði til þess að aðilar vinnumarkaðarins gætu endurnýjað kjarasamninga við nýjar aðstæður. Það þurfti m. ö. o. að koma í ljós að stefna ríkisstj. skilaði árangri svo að ekki væri verið að semja í ljósi þeirra staðreynda að við værum í hópi þeirra ríkja sem skulduðu mest í heiminum, hefðu mesta verðbólgu, heldur hefðum við náð þeim árangri að verðbólga hefði snarlækkað, vextir hefðu lækkað, gengi hefði verið stöðugt og það væri hægt að semja á þeim grundvelli í því skyni að tryggja áframhaldandi minnkun verðbólgu og jafnvægi í okkar þjóðarbúskap.

Það hefur komið fram í ræðum talsmanna stjórnarandstöðunnar að þeir hefðu viljað standa á annan veg að þess konar íhlutun. Þeir hefðu viljað breyta launahlutföllunum með íhlutun ríkisvaldsins. Hvað felur þetta í sér? Auðvitað segir þetta ekkert annað en það að þessir aðilar voru reiðubúnir að framlengja samninga með löggjöf. Ég geri ekki ráð fyrir að þeir meini það eitt með þessum orðum að þeir hefðu viljað með lögum breyta launahlutföllunum en leyfa það eigi að síður að þeir hópar á vinnumarkaðinum sem hafa sterkasta markaðsaðstöðu röskuðu þeirri lagasetningu þannig að launabilið ykist þrátt fyrir lagasetninguna. Það væri a. m. k. ekki mikið samræmi í málflutningnum ef þetta væri merking orðanna. En sú væri hugsunin á bak við þessar fullyrðingar þá má örugglega flokka þær í þann hóp sem meistarinn kallaði ruglandi.

Í annan stað hefur verið á það bent að kaupmáttur hafi minnkað í kjölfar þessara ráðstafana meira en sem nemur lækkun þjóðartekna á þessu ári. Það er ekki óeðlilegt að menn velti þessari viðmiðun fyrir sér því að þjóðartekjur eru sú viðmiðun sem menn allajafna taka, hvort heldur menn eru að ræða um launahækkanir vegna þess að þjóðartekjur aukast eða kaupmáttarminnkun vegna þess að þjóðartekjurnar í heild dragast saman. En ástæðan fyrir því að kaupmáttarskerðingin í heild er meiri en sem nemur þjóðartekjuminnkuninni er sú að við höfum á tveimur undangengnum árum stofnað til mikillar eyðsluskuldar með viðskiptahalla gagnvart útlöndum. Þannig eru búin til fölsk lífskjör. Það varð ekki við þessar aðgerðir horft fram hjá þessum augljósu staðreyndum. Ef það hefði verið gert hefðu aðgerðirnar að litlu haldi komið.

Í þriðja lagi er því haldið fram að kaupmáttarminnkunin leiði til minni eftirspurnar í þjóðfélaginu og þannig sé í raun og veru stefnt að atvinnuleysi í stað þess yfirlýsta markmiðs að tryggja fulla atvinnu. Hvernig horfir þetta mál við? Við höfum upplýsingar um að þær heildarráðstafanir sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og taka til miklu fleiri þátta en bara launamála fólust m. a. í því að veita nýju blóði inn í atvinnustarfsemina í landinu. Á fyrstu dögum þessa stjórnarsamstarfs hafa þær leitt til þess að innlendur iðnaður hefur verið að

styrkja stöðu sína. Hann hefur verið að auka framleiðsluna, hann hefur verið að auka sína markaðshlutdeild og það eru líkur til þess að á þeim vettvangi muni störfum fjölga, þ. e. það markmið hefur tekist sem að var stefnt: að styrkja innlenda framleiðslustarfsemi. Sú kaupmáttarminnkun sem leiðir til minni eftirspurnar kemur niður á innflutningi. Hún kemur niður á erlendum iðnaðarframleiðendum og hún kemur niður á innflutningsaðilum, en ekki innlendri framleiðslustarfsemi. Það er að vísu aðalsmerki hæstv. fráfarandi ríkisstj. að stunda útsölu á gjaldeyri og þjóna þannig erlendum framleiðsluaðilum og innflutningsaðilum. En þessu hefur nú verið snúið við. Þessi gagnrýni styðst því ekki við nein rök.

Í fjórða lagi er því haldið fram að aðgerðir skorti á öðrum sviðum, svo sem aðhaldsaðgerðir í opinberum rekstri. Lítum á þetta nánar. Á undanförnum mánuðum hefur verið gripið til margháttaðra ráðstafana til að endurskipuleggja opinberan rekstur og auka aðhald í honum. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að endurskipuleggja rekstur stærstu orkufyrirtækja landsins. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að auka sparnað og aðhald í heilbrigðiskerfinu og tryggingakerfinu. Það er verið að endurskoða kerfi fjárfestingarlánasjóða. Það er verið að endurskoða lög um stjórnarráðið og það er unnið að endurskoðun á lögum og skipulagi bankanna í landinu. Ég geri ráð fyrir að því starfi gæti lokið innan eins mánaðar. Og það er alveg ljóst að ekki verður skilist við það verk fyrr en fundinn hefur verið farvegur fyrir samruna í bankakerfinu. Ég held þess vegna að hægt sé að fullyrða að á þessum skamma tíma hafi verið gripið til mjög umfangsmikilla aðgerða í því skyni að stuðla að verulegum breytingum í opinbera kerfinu og fjármagnskerfinu í landinu. Allar þessar fullyrðingar fá því ekki staðist fremur en hinar fyrri.

Þá er í fimmta lagi sú gagnrýni borin fram að verðbólgan stafi ekki af háum launum heldur af rangri fjárfestingu, það sé röng fjárfesting sem sé ávísun á verðbólgu. Þessi fullyrðing hefur að sjálfsögðu margt til síns máls. Það er eðlileg krafa í okkar þjóðfélagi að fjárfestingin skili hámarksarði. Að vísu hefur það verið ríkjandi stefna — og sérstaklega hafa það verið talsmenn Alþb. á undanförnum árum sem hafa haldið því fram — að það ætti ekki að gera arðsemiskröfur þegar verið væri að ráðstafa fjármagni í atvinnuuppbyggingu. Þar ætti miklu fremur að leggja áherslu á félagsleg sjónarmið. Við erum kannske einmitt núna að uppskera ávexti þessarar stefnu, að það hafa ekki verið arðsemiskröfur sem á undanförnum árum hafa verið það meginsjónarmið sem hefur ráðið fjárfestingarstefnunni. En það er eðlilegt að launþegar í landinu horfi til þess hver sé arðurinn af fjárfestingunni. Og við getum ábyggilega verið sammála um það að hún hafi ekki skilað nægjanlegum arði.

En hvað eiga allar þessar löngu ræður að þýða, sem nú eru settar á, þar sem talinn er upp allur sá fjöldi bænda sem ekki skilar nægjanlegum arði, allur sá fjöldi fiskiskipa sem ekki skilar nægjanlegum arði? Er það raunverulega ætlun talsmanna stjórnarandstöðunnar að það eigi að flytja bændurna á mölina? Er það ætlun stjórnarandstöðunnar að það eigi að leggja stórum hluta fiskiskipastólsins? Er það ætlun stjórnarandstöðunnar að það eigi að loka jafnmörgum frystihúsum? Hvað eiga allar ræðurnar um stóru milliliðahallirnar og bankahallirnar að þýða? Ekki trúi ég því að stjórnarandstaðan ætli að brjóta þær niður. Er það ætlun hennar að það eigi að flytja fólkið, sem þar starfar, á atvinnuleysisskrifstofur? Ég trúi því tæpast að það sé raunveruleg meining á bak við allar þessar löngu ræður um fjárfestingarmistökin að það eigi að vinda ofan af fjárfestingunni með því að stofna til svo verulegs atvinnuleysis í landinu sem slík stefna hefði í för með sér. Ég trúi því ekki að það sé raunverulegur ásetningur stjórnarandstöðunnar að tryggja sumum launþegum í landinu fullan kaupmátt með því að dæma aðra til atvinnuleysis. Ég held að það væri röng leið, ranglát leið. Og hún mundi ekki skila okkur inn á þá braut að við gætum unnið okkur út úr þessum erfiðleikum. Mér sýnist þess vegna að í öllum meginatriðum þeirrar gagnrýni sem sett hefur verið fram af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar séu harla lítil rök á bak við efnisatriðin.

Því er haldið fram að það sé ekkert gert nema að lækka kaupmáttinn. Auðvitað er þetta rangt. Það er verið að vinna að aðhaldsaðgerðum á öllum sviðum efnahagskerfisins. Það sem þarf að gera við aðstæður sem þessar er að draga úr heildarútgjöldum í samræmi við heildartekjur. Það hefur verið gert á sviði launamála. Það er gert með því að skera niður ríkisútgjöld. Sú stefna mun sjá dagsins ljós á næsta ári. Það er gert með því að draga úr fjárfestingu. Þannig er unnið að aðhaldsaðgerðum á öllum sviðum efnahagslífsins. Þessar fullyrðingar um að ekkert sé gert nema krukka í kaupið, eins og það er kallað, eru því rangar. Það er talað um að verið sé að flytja fjármagn frá launafólkinu til atvinnufyrirtækjanna. En í sömu ræðum tala menn um að atvinnufyrirtækin séu svo illa stödd að þau séu á heljarþröm, þar sé ekkert fjármagn til að halda áfram rekstri. Þetta er nú allt samræmið í málflutningnum.

Það er einnig talað um það að nú sakni menn sárt þeirra gömlu tíma þegar ráðist var gegn verðbólgu á grundvelli hugsjónarinnar um slétt skipti. Það er ástæða til að líta til baka og skoða í hverju þessi svokölluðu „sléttu skipti" voru fólgin. Í fyrsta lagi fólust þau í því að skerða kaupmátt kauptaxta undir því yfirskyni að stuðla að aðhaldi í þjóðarbúskapnum, en á hinn veginn var sömu upphæð og launin voru skert um veitt út annars staðar í hagkerfinu, annaðhvort með því að auka annars konar kostnað atvinnufyrirtækjanna eða með því að auka kostnað ríkissjóðs án þess að skera niður útgjöld á móti. Þegar á heildina er litið höfðu þessar aðgerðir því engan raunhæfan tilgang í því að draga úr heildarútgjöldum og þenslu í þjóðfélaginu. Þær skiluðu þeim eina árangri að skerða kaupmátt kauptaxta. En launþegar voru dæmdir til að bera þær fórnir án þess að nokkur varanlegur árangur næðist í baráttunni við verðbólguna. Ég hygg því að betur færi nú á því að talsmenn stjórnarandstöðunnar gleymdu þessari gömlu hugsjón um slétt skipti.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Það er frv. sem flutt er til staðfestingar brbl. um launamál, sem verið er að fjalla um hér nú. Neyðarúrræði, segir hæstv. utanrrh., en engu að síður afnám samningsréttarins. Það er ljóst að það að svipta launþega samningsrétti sínum er alls ekki réttlætanleg aðgerð. Að fulltrúar ríkisvaldsins skuli geta komið eins og fellibylur fram á sjónarsviðið, rifið í tætlur gerða samninga og þjösnast um eins og naut í

flagi, syngjandi með, sér til afsökunar, verðbólgusönginn góðkunna. Þetta er vægast sagt ill aðgerð og andstæð ríkjandi lögmálum í lýðræðislandi.

Einn þáttur þeirrar valddreifingar sem við í Bandalagi jafnaðarmanna berjumst fyrir eru frjálsir samningar. Þá er átt við samninga um grundvallaratriði efnahagslífsins og samninga um kaup og kjör. Einstaklingar og samtök þeirra eiga auðvitað að bera fulla og algera ábyrgð á ákvörðunum sínum og þar með athöfnum sínum og á þeim samningum sem þeir kunna að gera. Það er nauðsynlegt að öllum afskiptum ríkisvaldsins af þessum samningum einstaklinga og samtaka þeirra ljúki. Samtök launafólks sem og samtök fyrirtækja eiga að vera frjáls og óháð öllu valdi, ríkisvaldi og flokksvaldi. Samtök launafólks eru einhver mikilvægustu félagasamtök samtímans, þó ekki væri nema vegna þess hversu fjölmenn þau eru. Það er þess vegna áríðandi að lýðræði innan þeirra sé virkt og að ákvarðanavaldið sé í höndum þeirra sem eru félagar í þessum samtökum, en það hefur oft á tíðum orðið alvarlegur misbrestur á því.

Vinnulöggjöfin þyrfti að vera þannig úr garði gerð að launafólki væri frjálst að taka samningsréttinn í sínar hendur t. d. í einstökum fyrirtækjum, ef það svo kýs, enda sé fyrirkomulagi samninga þá þannig háttað, sem og félagsuppbyggingu samtaka launamanna og samtaka fyrirtækjaeigenda, að hún sé alfarið frjáls og án nokkurrar utanaðkomandi þvingunar. Það þarf að heimila að stofnuð séu slík félög á vinnustöðum og ef launafólk kýs að notfæra sér slík réttindi, getur það þá vitaskuld í auknum mæli samið um félagsleg verðmæti sem og aðild að stjórnun og/eða eignaraðild fyrirtækjanna.

Fyrir kosningarnar í apríl lét ég gjarnan þau orð falla að það kerfi sem við byggjum við hér á landi væri þrátt fyrir allt ómetanlegt í samanburði við það einræðis- og alræðiskerfi sem víða er að finna í heiminum í dag. En ég bætti því þó við að oft á tíðum gætti allt of mikillar forsjárhyggju, forsjánni væri í stórauknum mæli beitt af ríkisvaldi, embættismönnum og hagsmunaöflum og alltaf — eða oftast án samráðs við almenning.

Nú er orðið ljóst að mér hefði verið óhætt að kveða mun sterkara að orði. Tökin hafa enn verið hert af ríkisvaldsins hálfu og samningar afnumdir, eins og kunnugt er, hvorki meira né minna. Það er með miklum semingi gert eins og til þess að sýna dyggðinni svip sinn að ríkisvaldið talar nú hástemmt um frjálsa samninga. Þetta verður til þess að þetta hugtak verður við þessar kringumstæður skrumskæld og afkáraleg stæling á hugmyndum, sem gripnar hafa verið á lofti, til þess eins notaðar að viðra sig upp við launamanninn, en ganga um leið fram hjá því sem raunverulegu máli skiptir.

Frelsi það sem BJ vill og við töluðum um í stjórnarmyndunarviðræðunum inniheldur raunverulegt frelsi allra, þar sem grundvallarlífskjör launamanna og þá sérstaklega þjóðfélagshópa, sem hafa sérþarfir og standa höllum fæti t. d. vegna heilsufars og örorku, eru tryggð. Vegna þess að frelsi án öruggrar afkomu og mannlegrar reisnar er ekki til.

Eins og nú er komið er hætt við því að ugg setji að brjósti launamannsins og hann óttist það að afnám samningsréttarins hafi fengið stimpil sem einhver óhjákvæmilegur dómur, hagstjórnartæki, sem beitt verði óspart á komandi árum sem skammtímaúrlausn efnahagsvandans.

Fjórflokkarnir eru allir undir sömu sökina seldir. Hv. þm. Karvel Pálmason komst svo ágætlega að orði í máli sínu s. l. mánudag þegar hann sagði eitthvað á þessa leið: Allir hafa þeir á einhvern hátt átt eitthvað við að skerða launin. Og hver er líka munurinn á að fresta hækkun launa, eins og Alþb. talaði um að vilja framkvæma, og því að afnema launahækkanir? Þetta leiðir allt til sömu áttar og hefur sömu áhrif. Ríkisvaldið ætti í rauninni að hyggja mun betur að þessum atriðum og sjá sóma sinn í því að leggja áherslu á þau fagurlegu ummæli, sem viðhöfð voru af ríkisstj. hálfu í stefnuræðu og umr. um hana 18. okt. s. l., þegar verið var að tala um að styrkja eina meginstoðina í þjóðlífinu, og fjölskyldan og samband hennar við börnin þá gjarnan nefnd sem dæmi.

Nú er aftur á móti svo komið að þessar meginstoðir eru illa staddar, það vantar mikið upp á það að endarnir nái saman, og það fer versnandi, að því er t. d. upplýsingar frá Félagsmálastofnun benda sterklega til, vegna þess að í ágústlok höfðu 20% fleiri einstaklingar fengið fjárhagsaðstoð en á sama tíma í fyrra. Hvaða aðgerðir ríkisvaldið hefur á prjónunum til að greiða úr kreppu þessara meginstoða þjóðlífsins, eins og það var orðað, væri fróðlegt að heyra, a. m. k. ef þessi heimili eiga að standa undir því að börnin þeirra, sú kynslóð sem er að vaxa úr grasi, eigi að verða eitthvað raunhæft til að byggja framtíðina á. Fögur orð um gildi fjölskyldunnar duga ekki, það þarf raunhæfar aðgerðir til. Þá á ég einfaldlega við það að fólk getur ekki fallist á það að sýna hófsemi í hvívetna ef spegill ríkisvaldsins segir fólkinu hvernig það sjálft bruðlar og ekkert er raunhæft gert til að stöðva fjárausturinn sem ekkert lát virðist vera á og engum arði skilar í þjóðarbúið. Og það sem verra er, þetta eykur enn meira á óyfirstíganlega skuldabyrði þjóðarinnar.

Afnám samningsréttarins er auðvitað hin mesta hneisa. Það er ótrúlegt og óhugnanlegt að fulltrúar ríkisvaldsins skuli ekki hafa dómgreind til þess að sjá að þegar þeir hafa tekið það til bragðs að svipta þegnana grundvallarmannréttindum, þ. e. verði brbl. samþykkt á Alþingi, þá jafngildir það því að Ísland er ekki lengur í hópi lýðræðisríkja. Þess vegna vona ég að hv. alþm. beri gæfu til að afneita þessu pólska ástandi, afneita þessum brbl. um launamál, sem fela í sér afnám samningsréttarins til 31. jan. 1984, og það sem verra er, að eftir það er búið að troða ákveðinni prósentuhækkun upp á samningsaðila, og því segir raunveruleikinn okkur að það er ekki um neitt verulegt svigrúm að ræða til samninga um launahækkanir í lok þessa tímabils og a. m. k. alls ekki til frjálsra kjarasamninga. Hugtakið „frjálsir kjarasamningar í janúarlok“ varð því eins og útskrúfuð setning í lélegum sjónleik í munni hæstv. forsrh. og nú síðast hér áðan einnig hv. þm. Þorsteins Pálssonar, þegar jafnframt stendur í fjárlagafrv. að svigrúm til launahækkana verði ekki meira en 4—6% að meðaltali á árinu 1984.

Í máli hæstv. utanrrh. hér áðan var einnig minnst á þetta litla svigrúm, sem vonandi er, þannig að ekki eru nú líkurnar á miklu svigrúmi fyrir hendi.

Enn fremur segir í fjárlagafrv.: „Með slíkri stefnumörkun er brotið blað í efnahagsstjórn hér á landi.“ Þetta er rétt og þetta er okkur ekki sæmandi, okkur sem litið höfum svo á að við séum þjóð sem búi í lýðræðislandi, því með þessu móti gerum við það ekki. Og mér er spurn: Hver var að tala um frjálsa kjarasamninga?

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mér þótti jómfrúrræða hv. 1. þm. Suðurl. athyglisverð. Samt verð ég að játa að mér finnst hann hafa beitt dálítið venjulegri ræðubrellu, sem er sú, að þegar hann gerir úttekt á málflutningi stjórnarandstöðunnar auðveldar hann sér leikinn með því að tína til málflutning Alþb. og gera síðan þann hluta af heildinni að málflutningi stjórnarandstöðunnar í heild. Lítum aðeins nánar á þessar röksemdafærslur.

Í fyrsta lagi segir hv. þm.: Stjórnarandstaðan andmælir tímabundinni sviptingu samningsréttar aðila vinnumarkaðar. Hvað vildi hún í raun og veru? Er hún ekki raunverulega að segja að hún hafi viljað beita lögum til þess að breyta launahlutföllum á vinnumarkaði?

Það er mikið rétt að þessi mál komu mjög til umr. í stjórnarmyndunarviðræðum. Og það er líka mjög athyglisvert að talsmenn launþegasamtakanna í e. t. v. öllum flokkum voru eindregið sammála fyrrv. framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins um að slíkt mætti ekki ske. Talsmenn bæði vinnuveitenda og talsmenn flestra verkalýðsfélaga voru m. ö. o. á þeirri skoðun, að launahlutföllin væru hlutur sem aðilar vinnumarkaðarins ættu að koma sér saman um og það væri ekki æskilegt að löggjafinn hlutaðist til um það.

Þá spyr maður: Ef við tökum góða og gilda þá röksemd að þjóðartekjur hafi farið lækkandi að undanförnu og muni e. t. v. fara það enn á næsta ári og það sé minna til skiptanna, er þá ekki einmitt kominn tími til að líta á tekjuskiptinguna innbyrðis? Og svara þeirri spurningu, hvort ekki sé æskilegt við slík skilyrði að breyta launahlutföllunum? Hverjir eiga að gera það? Á ríkisvaldið að gera það? Eiga aðilar vinnumarkaðarins að gera það?

Ég þykist fara með rétt mál þegar ég segi að það er yfirlýst stefna Sjálfstfl. að kjarasamningar eigi að fara fram með frjálsum hætti. Það var snar þáttur í kosningabaráttu sjálfstæðismanna fyrir kosningar að svo skyldi vera. Og ef menn eru sammála um að ytri skilyrði þjóðarbúsins séu slík að það kalli ekki á annað, ef menn vilja bæta kjör þeirra sem skarðastan hlut bera frá borði, en að breyta tekjuskiptingunni innbyrðis, er það ekki einmitt rökstuðningur fyrir því að standa nú við þessa sannfæringu og segja: Aðilar vinnumarkaðarins skulu víst frjálsir að því — og gerðir ábyrgir fyrir því — að breyta tekjuskiptingunni innbyrðis?

Ég hef ekki tekið undir þann áróður að lífskjarafórnin hafi ekki verið orðinn hlutur, þvert á móti. Minn flokkur hefur alla tíð haldið því fram með meiri rétti en flokkur hv. 1. þm. Suðurl., að afleiðingarnar af stjórnarfari síðustu ríkisstjórnar, sem m. a. komst á laggirnar á ábyrgð og með meiri hluta þm. þessa sama flokks, hafi verið slíkar að lífskjarafórnin var því miður orðinn hlutur. Einmitt þess vegna bar brýna nauðsyn til að líta ekki á þá tekjuskiptingu sem um var samið í seinustu kjarasamningum sem orðinn hlut og óumbreytanlegan. Einmitt þess vegna var ástæða, ef ríkisstjórn ætlaði að grípa til ráðstafana eins og afnáms vísitölukerfis, sem ég er sammála og minn flokkur var sammála í stjórnarmyndunarviðræðum, — einmitt þess vegna var ástæða til þess að segja: Aðilar vinnumarkaðarins skulu um leið frjálsir að því að gera kjarasamninga upp á nýtt, að breyta launahlutföllunum upp á nýtt, þannig að hlutur þeirra, sem sannanlega bera ekki úr býtum lengur mannsæmandi laun, skyldi leiðréttur. En þá á kostnað hverra? Á kostnað hinna sem ofar voru staddir í launastiganum. Það var einmitt kjörið tækifæri til þess fyrir þá menn sem halda því fram að verkalýðsforusta Alþb. hafi á undanförnum árum gert sig seka um — eigum við ekki að segja andlegan óheiðarleika, sem lýsti sér í því að þeir létu þá yfir sig ganga hverja kjaraskerðinguna á fætur annarri af hálfu Alb., létu sig hafa það að setja sína eigin flokkshagsmuni ofar hagsmunum umbjóðenda sinna í verkalýðshreyfingunni. Hvers vegna þá ekki, ef sjálfstæðismenn beina þessum orðum að Alþb.-forustunni í verkalýðshreyfingunni, að gera þessa aðila nú ábyrga fyrir því að breyta launahlutföllunum hinum verst settu í hag?

Þau rök sem hv. þm. nefndi, að óæskilegt hefði verið að ganga til kjarasamninga fyrr en tímabundinn árangur af afnámi vísitölukerfis hefði komið í ljós, reynast ekki vera mjög veigamikil. Sá árangur var kominn í ljós á haustmánuðum um það leyti sem kjarasamningar runnu út. Hafi það átt að vera meginröksemdin, að kjarasamningar mættu ekki fara fram fyrr en fyrsta vísbending um hjöðnun verðbólgu vegna pennastriksaðgerðarinnar um afnám vísitölukerfis, þá var það allt í lagi. Kjarasamningar runnu út nú í haust og hefðu þá farið fram við þau skilyrði að það var búið að sanna það, hafi menn ekki verið trúaðir á það fyrir fram, að unnt var að ná tímabundnum árangri á venjulega hefðbundna mælikvarða með því að afnema sjálfvirkt vísitölukerfi launa.

Röksemd númer tvö var sú að stjórnarandstaðan í heild héldi því fram að kjaraskerðingin væri nú orðin mun meiri en fall þjóðartekna. Þessu svarar hv. þm. á þá leið, að við höfum á undanförnum árum búið við fölsk lífskjör. Þetta má orða á annan veg. Það má orða á þann veg, að gjaldföllnum vanskilaskuldum fyrrv. ríkisstjórnar og ríkisstjórna átti eftir að framvísa. Hin erlenda skuldasöfnun var komin á það stig, viðskiptahallinn var kominn á það stig, hrun ríkisfjármála var komið á það stig, að almenningur þurfti að taka á sig ekki aðeins fall þjóðartekna, heldur afleiðingarnar af óstjórn margra undanfarinna ára.

Ekki hef ég gert ágreining um þetta. Ég held að þetta sé laukrétt lýsing á ástandinu. Þegar hv. ráðh. tíunda þar hins vegar á fundum sínum um landið, þar sem þeir reyna að sannfæra sig um að þeir séu á réttri leið, hversu slæm aðkoman var að ríkisstjórn þegar þeir tóku við, er ekki nema eðlilegt að þeir sem voru í stjórnarandstöðu allan tímann bendi hæstv. ráðh. á að þeir voru flestir hverjir að taka við af sjálfum sér. Að afleiðingar þeirra eigin óstjórnar bitna ekki á þeim, heldur á þjóðinni af fullum þunga. Og það er bara partur af pólitískum veruleika að ekki er við því að búast að þjóðin taki því sem sjálfsögðum hlut að menn sem sannanlega bera ábyrgð á því hvernig komið er komi nú fram, látist vera alsaklausir af öfórum okkar, en framvísi aðeins reikningunum.

Þriðja röksemdin var sú að annars vegar sé því haldið fram að með aðgerðum núv. ríkisstj. sé verið að færa atvinnurekendum í sjóð hluta af launum launþega; hins vegar sé verið að benda á að samdráttaráhrif af þessum aðgerðum séu slík að fyrirtækin kveinki sér undan. Hv. þm. svarar því með því að samkeppnisstaða íslensks iðnaðar hafi batnað. Það eru ekki ný tíðindi að samkeppnisstaða íslensks iðnaðar batnar við pennastriksað-

gerð sem heitir gengislækkun. Hún gerir það til skamms tíma. Eftir því sem innflutningsverðlag hækkar, ef það tekst um leið að halda verðlagi innanlands niðri, gerist þetta til skamms tíma. Þetta hefur hins vegar verið endurtekið mjög oft og reynslan sýnir að til lengri tíma er þessi aðgerð haldlaus.

Hvaða áhrif hefur gengislækkunin á afkomu annarra atvinnugreina, ekki síst útflutningsgreinanna sem við byggjum afkomu okkar á? Það þarf ekki að tíunda það í löngu máli. Fjölmiðlar eru nú fullir af hrollvekjandi lýsingum á stöðu útgerðar. Náinn pólitískur samstarfsmaður hv. þm., Kristján Ragnarsson, lýsir því yfir að flotinn sé að stöðvast af sjálfu sér. Framkvæmdastjóri útgerðarfyrirtækja austur í Neskaupstað skrifar skörulegar greinar um það í blöð hvernig komið er og vísar því til framkvæmdastjóra LÍÚ, hvernig á því standi að hann hegði sér nú í stéttarbaráttu atvinnurekenda með svipuðum hætti og Alþýðubandalagsforustan í verkalýðshreyfingunni gerði áður. Hann skorar á LÍÚ að beita sér fyrir því að flotinn komi í höfn. Framkvæmdastjórinn svarar því hins vegar til að þess þurfi ekki, honum verði lagt af sjálfu sér, svo hrikaleg sé skuldastaðan.

Hæstv. forsrh. fer um landið og lýsir því yfir að útgerðin búi nú þegar við fjögurra milljarða króna skuldasöfnun. Þegar kíkt er nánar í það dæmi sjá menn að sá hluti útgerðarinnar sem verst er settur, „hin algjör" gjörgæslufyrirtæki, sem varla er hægt að bjarga með nokkrum mannlegum ráðum, eru ekki hvað síst þau fyrirtæki sem hafa þegið bjarnargreiða hæstv. ráðh. að fá til afnota frá skattgreiðendum landsins ný og ný skip, nýja togara, á sama tíma og engar forsendur voru fyrir slíkri fjárfestingu í þessari atvinnugrein. Gengislækkun bætir í engu stöðu þessarar greinar, þvert á móti.

Fjórða röksemd hv. þm. var sú, að ríkisstjórnin hefði í undirbúningi margvíslegar aðrar aðgerðir um aðhald í opinberum rekstri og hún hefði í undirbúningi ýmiss konar aðgerðir til þess að breyta stjórnkerfi fjárfestingar. Við vitum að ríkisstjórnin hefur sett sér það mark að draga úr erlendri skuldasöfnun. Hún mun skera niður framlög til opinberra framkvæmda, bæði á fjárlögum og lánsfjáráætlun. Það er út af fyrir sig alveg rétt. En af þessu tilefni er líka rétt að rifja upp að þetta snýst ekki bara um að draga úr ríkisútgjöldum á fjárlögum og lánsfjáráætlun. Þessi spurning snýst fyrst og fremst um eitt: Hvað þarf að gera til þess að tryggja til frambúðar tímabundinn árangur í hjöðnun verðbólgu, sem náðst hefur bara með afnámi vísitölukerfis? Ég held að til þess þurfi mjög róttæka kerfisbreytingu á íslenskri efnahagsstjórnun og þá einkum og sér í lagi, eins og ég hef áður leitt rök að, allri stjórnun fjárfestingar í landinu. Ég rifja upp að það voru settar fram í stjórnarmyndunarviðræðum við núverandi stjórnarflokka mjög ítarlegar kröfur um þessar breytingar. Og ég rifja upp að þeim var yfirleitt öllum saman hafnað. Ég segi fyrir mína parta að ég hef ákaflega takmarkaða trú á að hv. þm. Þorsteini Pálssyni verði mikið ágengt í samstarfi við Framsfl. um að breyta því sem breyta þarf við uppstokkun á stjórnkerfi fjárfestingar eða atvinnustefnu til frambúðar í sjávarútvegi eða landbúnaði. Kannske átti að skilja orð hans þannig, að hann telji enga ástæðu til þess sem núverandi hv. 1. þm. Suðurl. að miklar breytingar verði í því stjórnkerfi sem nú er ríkjandi í landbúnaðinum.

Ég tók eftir því að fimmta röksemd hv. þm. átti að vera sú, að stjórnarandstæðingar teldu ranga fjárfestingu vera ávísun á óðaverðbólgu og notuðu mjög þau rök að ríkisstjórnin hefði ekki breytt því sem breyta þarf í fjárfestingarpólitík sinni, t. d. hvorki í landbúnaðarmálum né sjávarútvegsmálum. Þm. féllst á að þetta væri rétt. Hann sagði að vissulega væri rétt að röng fjárfesting væri ávísun á verðbólgu, en spurði síðan hvort stjórnarandstæðingar, þegar þeir gerðu kröfu til breytinga á landbúnaðarmálum, ætluðust til þess að bændur flyttu á mölina eða þegar stjórnarandstæðingar leggja fram till. um breytingar á stjórnkerfi fjárfestingar í sjávarútvegi, hvort þar með væri verið að kalla yfir okkur stórfellt atvinnuleysi við sjávarsíðuna, hvort þeir ætluðu að láta stöðva flotann, hvort þeir mundu láta loka frystihúsunum. Þetta er atvinnuleysisgrýlan. Í mörg mörg ár hafa alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn svarað öllum skynsamlegum till. um breytta atvinnustefnu, um hóf í fjárfestingu, um breytingar í málefnum landbúnaðarins, með klisjum af þessu tagi: Á nú að afnema landbúnað á Íslandi, á nú að flytja bændur á mölina? Þessar röksemdir eru ekki svaraverðar.

Rökin, sem við erum að fara með, eru einfaldlega þessi: Þessi ríkisstjórn kemur fram fyrir launþega í landinu og segir: Þið verðið nú að taka á ykkur tímabundna kjarafórn. Hún er að vísu afleiðing af rangri stjórnarstefnu og hvers kyns mistökum, sem gerð hafa verið á undanförnum árum, en engu að síður óhjákvæmileg. Þetta eru staðreyndir. Þá höfum við sagt sumir hverjir, stjórnarandstæðingar, a. m. k. við jafnaðarmenn, að á sama tíma og launþegum í þéttbýli sé ætlað að taka á sig þessar fórnir sé það lágmarkskrafa að öðrum sé ætlað að bera hinar sömu byrðar. Hvað eigum við við? Við teljum t. d. óforskammað og ósvífið að fulltrúum landbúnaðarkerfisins að ætlast til þess að á sama tíma og launþegar taka á sig þessar fórnir verði þeir áfram krafðir um hundruð millj. kr. í formi skattpeninga til að greiða áfram útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir. Við teljum það líka ósvífni að halda áfram að halda uppi tilbúinni eftirspurn og kynda undir of mikla framleiðslu í landbúnaði með niðurgreiðslum sem nema hátt á annan milljarð króna.

Á sama tíma og hæstv. fjmrh. kvartar undan því að hann nái ekki endum saman í ríkisbúskapnum, vegna þess að hann tók við ríkisbúskap að hruni komnum frá forvera sínum, tel ég það ósvífni að ekki megi orða það að þessu verði breytt. Þessar breytingar þurfa ekki að kalla á neitt atvinnuleysi. Í því efni held ég að við ættum allir að tala dálítið varlega. Ég held að ríkisstjórnin sjálf renni í raun og veru blint í sjóinn með hver verða að lokum samdráttaráhrifin og hvaða áhrif hefur það á atvinnustigið þegar fram í sækir á næsta ári.

Þeir hlutir gerast nokkuð hægt. Það er alveg ótvírætt að það var þensla ríkjandi í okkar þjóðarbúskap, það var umframeftirspurn eftir vinnuafli og það mátti talsvert slaka á áður en við nálgumst þau hættumörk að raunverulegt atvinnuleysi gerði vart við sig, nema þá tímabundið eða staðbundið. En þegar hnífnum er nú beitt, sem ég viðurkenni að er óhjákvæmilegt, þegar dregið er úr fjárfestingu og opinberum framkvæmdum, fer það ekki að hafa áhrif sem máli skipta fyrr en á næsta ári og að verulegu leyti ekki fyrr en á næsta

sumri.

Ég er ekki með neinar hrakspár í því efni. Auðvitað eru allir hér á Alþingi, hvaða stjórnmálaflokki sem þeir tilheyra, sammála um að þessar samdráttaraðgerðir mega ekki undir neinum kringumstæðum leiða til atvinnuleysis og til þess er auðvitað ákveðið svigrúm. En alveg eins og það er svigrúm til þess, þá er eins svigrúm til þess að gera nauðsynlegar breytingar á úreltri og heimskulegri landbúnaðarpólitík og líka svigrúm til þess að gera nauðsynlegar breytingar í stjórnunarkerfi sjávarútvegs, m. a. til að víkja frá sér þeim beiska kaleik að hinn kosturinn, að því er sjávarútveginn varðar, er aðeins einn: Hann er sá, að grípa aftur til gengisfellingar eina ferðina enn. Sú gengisfellingarþörf er hins vegar svo hrikaleg, ef það á að koma útgerð á réttan kjöl með gengislækkun einni saman, að það segir sig sjálft, og það hljóta allir að viðurkenna, að þar með væru öll markmið núverandi ríkisstjórnar um hjöðnun verðbólgu fokin út í veður og vind.

Herra forseti. Ég tel að þær röksemdir, sem hv. 1. þm. Suðurl. hér beitti og að stjórnarandstöðunni í heild sinni, fái að vísu prýðilega staðist ef hann er að ávarpa þann hluta stjórnarandstöðunnar sem borið hefur að mestu leyti ábyrgð á þrotabúi undanfarandi ríkisstjórnar. En ég vísa því algjörlega á bug að því er Alþfl. varðar og vísa því raunar heim til föðurhúsa. Alþfl. hefur verið sjálfum sér samkvæmur í stjórnarandstöðu á undanförnum árum, sem er meira en sagt verður um þann flokk sem hv. þm. tilheyrir.

Annars er það annað tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs í þessum umr. að hæstv. forsrh. hafði uppi nokkra viðleitni til að andmæla því fyrr í umr. að þau hrikalegu fjárfestingarmistök, sem hann sem fyrrverandi sjútvrh. og sem flokkur hans sem valdhafi á verðbólguáratugnum s. l. 12 ár bera höfuðábyrgð á, séu í raun og veru að verulegu leyti skýringin á þeirri lífskjarafórn sem almenningur í landinu hefur nú mátt þola. (**Gripið fram í:** Er áratugur 12 ár?) Í fyrsta lagi sagði hæstv. forsrh. eitthvað á þá leið að hann væri engan veginn sannfærður um að fiskveiðiflotinn væri of stór. Ef við gæfum okkur t. d. þær forsendur að aflinn væri mun meiri, þá væri flotinn ekkert of stór. Þetta er ámóta og að segja: Við erum ekkert viss um að landbúnaðarframleiðslan sé of mikil þótt það sé að vísu staðreynd að við greiðum nokkur hundruð millj. kr. með henni til að koma henni á markað til útlendinga. Bara ef Íslendingar væru svolítið fleiri eða ef Íslendingum mundi þóknast að éta svolítið meira af þessari vöru, þá yrði landbúnaðarframleiðslan ekkert of mikil. En nú vill svo til að ég þarf ekki að svara hæstv. forsrh. um þetta. Það er svo oft, það er eins í þessu efni og mörgum öðrum, að það er einfaldast að láta hæstv. forsrh. svara sér sjálfan. Það þarf ekki nema fletta upp í opinberum gögnum til þess að gera það.

Hæstv. forsrh. hefur lagt hér fram þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984. Þar stendur í kafla um málefni atvinnuveganna á bls. 11, með leyfi forseta:

„Afkoma útgerðar er mjög erfið. Í þessu efni veldur ekki síst að afkastageta flotans er miklu meiri en samsvarar aflabrögðum nú. Leitað er leiða til lausnar á þessum vanda."

M. ö. o.: það er viðurkennt hér sem meginvandamálið í höfuðatvinnuvegi okkar að afkastageta flotans er alltof mikil. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hver það er meðal íslenskra stjórnmálamanna sem fyrst og fremst ber ábyrgð á því að svo er komið.

Á öðrum stað í þessari sömu þjóðhagsáætlun, þar sem fjallað er um hag atvinnuvega á næsta ári, segir á bls. 22, með leyfi hæstv. forseta:

„Lakari afkomu árið 1982 má öðru fremur rekja til minni botnfiskafla, en hann dróst saman um tæp 5% á árinu. Enn fremur hefur stækkun fiskiskipastólsins átt sinn þátt í því, að minni afli kemur á hvert skip en ella."

Menn hafa verið að reyna að hártoga það eða deila um það hvað eftir annað í sambandi við umr. um offjárfestinguna í sjávarútvegi, hvort sami afli gæti virkilega náðst með mun færri skipum. Nú er ég ekkert að halda fram neinni sérstakri skoðun um það efni. Ég er aðeins að vitna til opinbers gagns, sem hæstv. forsrh. hefur sjálfur lagt fram, þar sem þessu er svarað. Þar er fullyrt að minni afli komi á hvert skip en ella væri af þessum sökum.

Hæstv. forsrh. vitnaði í Dagblaðið og Vísi frá því í sept. 1982, þar sem getið var afreka sjútvrh. fyrrv. ríkisstjórna við innflutning skipa og tíundað hvað hver og einn þeirra ætti í hinum alltof stóra flota. Þessar tölur ná að vísu ekki nema fram á haustmánuði 1982, ná t. d. ekki til skipa sem enn er eftir að flytja inn og hafa gleymst og vitnað hefur verið til. En hér er þó saman dregið, að í sjávarútvegsráðherratíð Eggerts G. Þorsteinssonar á viðreisnarárum var veitt samþykki fyrir innfluttningi 12 skuttogara. Í ríkisstjórnartíð Ólafs Jóhannessonar 1971—1974 var veitt samþykki fyrir innflutningi á 42 skuttogurum. Í ríkisstjórnartíð Geirs Hallgrímssonar, frá því í ágúst 1974 til sept. 1978, í sjávarútvegsráðherratíð hæstv. ráðh. Matthíasar Bjarnasonar, var veitt innflutningsleyfi fyrir 30 togurum. Í ríkisstjórnartíð Ólafs Jóhannessonar, frá því 1. sept. 1978 til okt. 1979, var veitt innflutningsleyfi fyrir 6 togurum.

Það mun hafa verið árið 1976 sem svarta skýrslan var fyrst birt. Hún var fyrsta viðvörunarhringingin um hættuástand fram undan að því er varðaði fiskveiðastefnu og hugsanlega ofveiði á okkar helstu nytjastofnum. Árið 1978 var mjög áréttað af fiskifræðingum að frekari fjárfestingu í togaraflotanum ætti að stöðva. Því verður ekki í móti mælt, að í sjávarútvegsráðherratíð Kjartans Jóhannssonar, árin 1978—79, var að lokum stigið á bremsurnar í þessum efnum. Áður en hann tók við embætti sjútvrh. hafði verið veitt leyfi fyrir innflutningi 84 nýrra togara. Það er enginn ágreiningur um það að fjárfesting í togaraflotanum var nauðsynleg, skynsamleg og skiladi arði upp að vissu marki, meðan við vorum að byggja upp þessi afkastamiklu tæki og meðan við vorum enn á þeirri leið að nýta skynsamlega þessa takmörkuðu auðlind. En eftir árið 1979 var alveg augljóst mál, og um það voru þá eiginlega flestir dómbærir menn orðnir sammála, að stíga þyrfti á bremsurnar. Það sem síðan hefur gerst er það, að þessu var haldið áfram, þannig að í tíð hæstv. fyrrv. sjútvrh., frá því 8. febr. 1980 og þar til þetta er tekið saman, sem er í sept. 1982, hafði verið veitt heimild fyrir 17 nýjum skipum. En sá listi er engan veginn tæmandi. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni?) Já, herra forseti, ég á allnokkuð mál eftir. (**Forseti:** Þingflokksfundir hafa verið auglýstir núna kl. 4. Ætlunin er að þessum fundi ljúki nú og síðan verður málið tekið fyrir á næsta fundi.) Ég mun þá gera hlé á

ræðu minni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 9. fundur.

Fimmtudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1984, frv. 1. mál (þskj. 1). — 1. umr.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Á þessum fundi fer fram umræða um fjárlagafrv., en um sexleytið verða umr. um fsp. utan dagskrár og er þannig umr. um fjárlagafrv. frestað þar til kl. 8.30, að loknu matarhléi.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Það fjárlagafrv., sem ég mæli hér fyrir, endurspeglar á margan hátt þær miklu efnahagsþrengingar sem ríkisstjórnin og þjóðin öll glímir nú við. Þetta frv. og sú lánsfjáráætlun sem lögð hefur verið fyrir Alþingi bera það glöggt með sér að ríkisfjármálunum í heild er mjög þröngur stakkur skorinn á næsta ári, eins og raunar einnig í ár. Þetta er því aðhaldsfrumvarp, frumvarp sem ber það mér sér að ríkið hefur orðið að taka á sig byrðar til jafns við landsins þegna.

Það er reyndar fátítt að hægt sé að ræða samtímis á Alþingi um fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun, þrátt fyrir lagafyrirmæli um að lánsfjáráætlun skuli fylgja fjárlagafrv. Núverandi ríkisstjórn einsetti sér hins vegar að ganga frá báðum þessum skjölum um svipað leyti, þannig að hægt væri að fjalla um þau samtímis á Alþingi, enda brýn nauðsyn að svo sé, jafnnáskyld og þessi plögg eru.

Ég vil taka það fram í upphafi, að út fyrir þann ramma sem útgjöldum ríkisins hefur verið settur með fjárlagafrv. fyrir 1984 og lánsfjáráætlun verður ekki farið. Þingmenn, sem hafa vafalaust margir uppi góðviljuð áform um útgjaldaaukningu, verða strax að gera sér grein fyrir því að hvorki er hægt að auka við erlendar skuldir né yfirdrátt í Seðlabankanum. Og það kemur ekki til greina að auka álögur á landsmenn við núverandi aðstæður. Eina færa leiðin er að draga saman seglin, eins og ráðgert er með þessu frv.

Ríkissjóður hefur nokkur undanfarin ár nærst á umframeyðslunni í þjóðarbúinu og fengið tolltekjur af innflutningi sem keyptur hefur verð fyrir lánsfé og söluskattstekjur af viðskiptum sem byggst hafa á lánum erlendis frá. Þetta getur ekki gengið lengur, eins og öllum má vera ljóst.

Segja má að við undirbúning þessa fjárlagafrv. hafi þrjú meginmarkmið verið höfð í huga.

Í fyrsta lagi að styðja við hina almennu efnahagsstefnu ríkisstj. og stuðla að því að sá veigamikli þáttur efnahagskerfisins sem ríkisbúskapurinn er sé samstiga öðrum þáttum í hagstjórninni. Ríkisfjármálin eru, eins og kunnugt er, alls staðar afar mikilvægur liður í almennri efnahagsstjórn og fjárlög ríkisins áhrifamikið hagstjórnartæki sé þeim rétt beitt. Í baráttunni við verðbólgu og viðskiptahalla á Íslandi á næsta ári skiptir ekki síst máli að taumhald sé haft á útgjöldum ríkisins og öflug stjórn verði á öllum ríkisbúskapnum með heildarjafnvægi í huga. Að því er stefnt með þessu frumvarpi.

Í öðru lagi hefur það verið meginmarkmið í fjárlagagerðinni að gera fjárlögin á ný að raunhæfu, marktæku plaggi gagnvart þeim aðilum sem fjárveitinga njóta samkvæmt fjárlögum. Á síðustu árum hefur því farið víðs fjarri að fjárlögin hafi verið raunhæf þótt í ár hafi tekið út yfir allan þjófabálk að þessu leyti þegar margar stofnanir og ráðuneyti voru búnar með fjárveitingu alls ársins löngu fyrir mitt ár.

Þess eru t. d. ýmis dæmi að fjárveiting til stofnana og ráðuneyta á fjárlögum ársins 1983 hafi verið lægri en raunverulegur kostnaður var 1982 samkvæmt ríkisreikningi, þrátt fyrir gríðarlegar verðhækkanir milli þessara tveggja ára. Þetta er auðvitað skrípaleikur og nær engri átt. Í fjárlagafrv. nú er gerð alvarleg hreingerning í þessu efni og reynt að áætla raunhæft fyrir þeim rekstri sem ráðgerður er.

Þetta ástand hefur ekki aðeins skapað óþægindi og óvissu fyrir alla hlutaðeigandi, heldur einnig grafið undan því fjárhagslega aðhaldi sem fjárlögin eiga að veita þeim sem fjárveitingar hljóta. Útilokað hefur verið að beita greiðsluáætlunum í alvöru í þessu skyni. Loks hefur þetta ástand leitt til þess, að hjá einum manni, fjmrh., hefur safnast mikið og óeðlilegt geðþóttavald. Þetta vald birtist í aukafjárveitingum sem fjmrh. hefur vald til að heimila. Með þessu valdi er Alþingi í raun svipt hluta fjárveitingavaldsins, þótt seint og um síðir sé flutt frv. til fjáraukalaga, sem í raun er ekki hægt að gera breytingar á. Í þessu efni er mál til komið að sporna við fótum og takmarka þetta óþingræðislega vald. Áhrifaríkasta leiðin til þess að setja ríkinu raunhæf fjárlög, eins og stefnt er að með þessu frv.

Ég vil vekja athygli alþingismanna á viðhorfum ríkisendurskoðunar í þessu efni. Í skýrslu hennar um framkvæmd fjárlaga árið 1982 segir m. a.:

„Ríkisendurskoðun telur mjög mikilvægt að fjárlög séu þannig afgreidd af Alþingi, að þau sýni raunverulegan vilja Alþingis um fjárveitingar til einstakra viðfangsefna og að fjárlög séu marktæk til stjórnunar á ríkisbúskapnum. Þá telur ríkisendurskoðun enn fremur að kveða verði fastar á um heimildir framkvæmdavalds til ákvarðana um aukafjárveitingar en gert er nú. Ríkisendurskoðun vill benda á, að lausn á þessu máli gæti verið að Alþingi tæki fjárlög til endurmats innan fjárlagaársins."

Þriðja meginmarkmiðið, sem haft hefur verið að leiðarljósi við samningu þessa fjárlagafrv., er að draga úr umfangi ríkisins í þjóðarbúskapnum, minnka ríkisumsvifin og takmarka hlutdeild ríkisins í þjóðartekjunum. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er þetta markmið orðað á eftirfarandi hátt:

„Gagnger endurskoðun fari fram á ríkisfjármálum við undirbúning og gerð fjárlaga framvegis með það fyrir augum að draga úr ríkisumsvifum og útgjöldum." Þetta þýðir einfaldlega að ríkið hyggst soga minna til sín af aflafé því sem atvinnuvegir og einstaklingar skapa. Þetta kemur glöggt fram í fjárlagafrv., eins og ég mun víkja nánar að síðar. Hitt er svo annað mál, að margra ára þróun í átt til aukinnar útþenslu ríkisbáknsins verður ekki snúið við á einni nóttu eða með einum fjárlögum. Þar verður að vera um að ræða skipulega áætlun til nokkurs tíma. M. a. verður í því sambandi að

huga að lagabreytingum vegna tilfærslu verkefna og tekjustofna til sveitarfélaga. Mun ríkisstjórnin væntanlega beita sér fyrir tillögum í þessu efni von bráðar.

Ljóst er að minnkun ríkisumsvifa kallar á verulegt sparnaðar- og hagræðingarátak af hálfu hins opinbera. Ég vil nota þetta tækifæri til að skýra frá því, að samstarf hefur tekist milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um sérstakt hagræðingarátak í opinberum rekstri á næsta ári. Í undirbúningi er sérstök herferð í þessu skyni, sem kynnt mun verða almenningi fljótlega. Ætlunin er m. a. að leita eftir hugmyndum hjá starfsmönnum opinberra fyrirtækja og stofnana og þeim sem njóta opinberrar þjónustu um aukna hagkvæmni í rekstri og bætta þjónustu. Markmiðið er að sjálfsögðu að leita leiða til að bæta þjónustuna og lækka tilkostnað.

Ég vil þakka Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir frumkvæði og gott framtak í þessu máli.

Þetta fjárlagafrumvarp ber merki þeirrar upplausnar og þess hættuástands er ríkti þegar ríkisstj. tók við völdum á síðastliðnu vori. Þegar hafist var handa um undirbúning frv. kom í ljós að ástandið í efnahags- og ríkisfjármálunum var enn verra en haldið hafði verið þegar stjórnin var mynduð.

Verðbólgan stefndi langt yrir 100%. Árshraði verðbólgunnar, miðað við verðbreytingar í febrúar-maí á þessu ári, var 132% og hefði orðið 168% í maí-ágúst samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar, ef ríkisstj. hefði ekki gripið í taumana. Árshraði verðbólgunnar, miðað við hækkun lánskjaravísitölu í maímánuði, var 159%. Sýnt var á s. l. vori að verðbólgan var að verða stjórnlaus og við svo búið mátti ekki sitja. Þessi þróun stefndi atvinnulífi landsmanna í stórkostlega hættu og hefði hún ekki verið stöðvuð hefði atvinnubrestur fylgt í kjölfarið. Því var sem betur fer afstýrt.

Meginástæða þess hvernig komið var var sú, að vegna innra ósamkomulags í hæstv. fyrrverandi ríkisstjórn og viljaleysis Alþb. til að taka á vandanum horfði sú ríkisstjórn aðgerðarlaus á það gerast að þjóðarframleiðslan og þjóðartekjurnar stórminnkuðu. Í stað þess að aðlaga útgjöld þjóðarbúsins lækkuðum tekjum þess sat stjórnin með hendur í skauti og lét reka á reiðanum, þrátt fyrir góðan vilja ýmissa sem í henni áttu sæti.

Afleiðingin varð vitaskuld mjög alvarlegur viðskiptahalli, eða 10 af hundraði miðað við þjóðarframleiðslu. Halli varð reyndar einnig á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd á metaflaárunum 1980 og 1981 eða um 2.3% 1980 og 5% 1981 miðað við þjóðarframleiðsluna.

Þetta hafði auðvitað það eitt í för með sér, að skuldir þjóðarbúsins erlendis stórjukust. Á tíma síðustu ríkisstj. voru tekin meiri erlend lán til að fjármagna eyðslu umfram efni en nokkru sinni fyrr. Það voru meira að segja tekin erlend lán til að greiða hluta af útflutningsuppbótum á landbúnaðarvörur og af þessum lánum verðum við að borga 40 millj. kr. á næsta ári, eins og fram kemur í fjárlagafrv.

Nú er svo komið, að því er spáð er að um næstu áramót muni heildarskuldir þjóðarbúsins út á við nema 32 milljörðum kr. eða sem svarar 60.3% af þjóðarframleiðslu. Þetta þýðir að erlendar skuldir á hvert mannsbarn í landinu verða orðnar sem næst 135 þús. kr. eða 540 þúsund á hverja fjögurra manna fjölskyldu.

Það er að vísu svo, að meginhluti hinna erlendu lána er til langs tíma, sem þýðir að greiðslubyrðin dreifist á allmörg ár. En engu að síður er það staðreynd, að í þessu efni er þjóðin komin á ystu nöf og ekkert má hér út af bregða eigi ekki að skapast hættuástand vegna erlendra skulda landsins.

Áður þegar syrt hefur í álinn í efnahagslífi Íslendinga með minnkandi þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum hefur verið hægt að mæta þeim áföllum að hluta til með tímabundnum erlendum lántökum. Þannig var t. d. 1966, þegar nettóskuldastaða þjóðarbúsins var aðeins 10% af þjóðarframleiðslu, og 1973, þegar sambærileg tala var 18%.

Þetta svigrúm er ekki fyrir hendi nú og raunar er ekki um annað að ræða en að draga verulega úr erlendum lántökum á næsta ári miðað við árið í ár og 1982, eins og fram kemur í lánsfjáráætlun. Þetta vænti ég að sé þingmönnum og þjóðinni allri fullkomlega ljóst.

Um önnur almenn atriði í efnahagsmálum 1983 leyfi ég mér að vísa til þjóðhagsáætlunar, sem þingmenn hafa undir höndum.

Ríkisstj. hóf feril sinn með því að lækka skatta. Má segja að það sé nokkurt nýmæli í seinni tíð, miðað við hve skattar hafa verið auknir stórkostlega hér á landi undanfarin ár.

Við myndun stjórnarinnar beitti hún sér fyrir því að beinir skattar voru lækkaðir um sem svaraði 225 millj. á þessu ári. Hér var um að ræða hækkun persónuafsláttar um 135 millj. kr. og barnabóta um 90 millj. kr. Ríkisstj. beitti sér einnig fyrir hækkun lífeyrisgreiðslna um 5% umfram launahækkanir 1. júní s. l. og verulegri hækkun mæðralauna. Samtals kostaði þetta tvennt ríkissjóð 30 millj. kr. Enn fremur var ákveðið að auka framlög ríkissjóðs til jöfnunar hitunarkostnaði um samtals 150 millj. kr. á þessu ári. Þessar mildandi aðgerðir kostuðu ríkissjóð því 405 millj. kr. miðað við það sem eftir var af þessu ári.

Hækkun persónuafsláttar og barnabóta fól það í sér að tekjuskattar einstaklinga hækkuðu á milli áranna 1982 og 1983 um aðeins 39.8%, en hefðu án þessara aðgerða hækkað um rúm 55%. Hér er því á ferðinni veruleg skattalækkun, eins og kemur glöggt fram af því að tekjur landsmanna milli áranna 1982 og 1983 hækkuðu um 59%, að því er áætlað er, en tekjuskatturinn hins vegar aðeins um tæp 40%, eins og áður sagði. Hlutfall beinna skatta til ríkis og sveitarfélaga af bruttótekjum greiðsluárs lækkaði einnig úr 12.9% 1982 í 12,5% 1983.

Segja má að með þessu hafi stefnan þegar verið mörkuð í skattamálum af hálfu ríkisstj., en þessar lækkanir munu að sjálfsögðu gilda áfram á næsta ári. Ríkisstj. hefur ákveðið að stefna að því, að greiðslubyrði heimilanna vegna tekju- og eignarskatta á næsta ári verði ekki meiri en í ár sem hlutfall af tekjum. Endurspeglast þessi stefna í fjárlagafrv., en ég mun fljótlega leggja fyrir Alþingi nánari tillögur um framkvæmd þessa atriðis, þ. á m. tillögu um skattvísitölu og skattstiga á næsta ári. Kem ég nánar að þessu atriði síðar í þessari ræðu.

Ríkisstj. ákvað í lok júní að lækka tolla af nokkrum algengum nauðsynjavörum, þ. á m. ýmsum matvælum og búsáhöldum. Voru þessir tollar lækkaðir almennt í 40%, en voru áður allt að 80%. Meðal þess sem lækkaði í verði voru ýmsar kornvörur og ýmis algeng heimilistæki. Að auki voru tollar felldir niður af gleraugum og heyrnartækjum. Sérstakt gjald af bifreiðum

var einnig lækkað um 8%. Samtals tók ríkissjóður þarna á sig tekjutap sem nam um 65 millj.kr., miðað við áætlanir fyrir síðari hluta þessa árs. Þá var nýlega fellt niður vörugjald af hljómplötum og hljóð- og myndböndum, sem olli verulegri lækkun á þeim vörum.

Í sumar voru sett bráðabirgðalög og felldur niður sérstakur skattur á ferðamannagjaldeyri, sem nam 10 af hundraði. Afnám þessa skatts var hin mesta hreingerning og nauðsynleg aðgerð, enda stríddi þessi skattur gegn réttlætisvitund almennings og var að auki í ósamræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga í gjaldeyrismálum. Frv. til staðfestingar þessum brbl. hefur nú verið lagt fyrir Alþingi, en þess má geta að skattur þessi var upphaflega lagður á sem tímabundið bráðabirgðagjald, en hefur í sífellu verið framlengdur og var síðast gerður að ótímabundnum skatti.

Það er eindreginn vilji og ásetningur ríkisstj. að halda áfram að koma til móts við heimilin og fyrirtækin í landinu með því að létta af álögum, eftir því sem frekast verður unnt. Ef eitthvert svigrúm skapast við endurskoðun tekjuáætlunar fjárlaga 1984 fyrir lokaafgreiðslu þessa frumvarps mælist ég til þess að það verði nýtt í þessu skyni. Kemur þá mjög til álita að slaka á hinum rangláta skatti sem nú er lagður á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Einnig stefnir ríkisstj. að áframhaldandi lækkun tekjuskatta í áföngum á kjörtímabilinu.

Ríkisreikningur fyrir árið 1982 hefur verið afhentur alþingismönnum. Ríkisreikningurinn hefur jafnframt verið afhentur yfirskoðunarmönnum Alþingis til meðferðar, en hann mun síðar verða lagður fram til endanlegrar afgreiðslu Alþingis með athugasemdum þeirra, ef einhverjar verða, svörum mínum og tillögum þeirra.

Áður en ég vík að helstu niðurstöðum er varða afkomu ríkissjóðs á árinu 1982 vil ég vekja athygli alþingismanna á þeim viðbótarupplýsingum sem nú birtast í fyrsta sinn í ríkisreikningi 1982 og fylgiriti hans, sem afhent verður þingmönnum einhvern næstu daga.

Í rekstrarreikningi og gjaldasundurliðun A-hluta ríkissjóðs eru nú birtar samhliða reikningstölum ársins, síðasta árs og fjárlögum fjárheimildir ársins, en þar er gerð grein fyrir aukafjárveitingum að viðbættum fjárlögum ársins. Hafa ber í huga við samanburð á reikningstölum og fjárheimildum að fjárheimildir eru byggðar á greiðslugrunni sem og fjárlög viðkomandi árs, en reikningstölur hins vegar á rekstrargrunni. Í sérstöku yfirliti með A-hluta ríkisreiknings er nú gerð grein fyrir stöðu og breytingum á efnislegum fjármunum aðila í A-hluta ríkisreiknings. Þá er enn fremur nýtt heildaryfirlit um veitt og tekin lán ásamt hlutabréfa- og stofnframlögum, skipt á lántakendur og lánveitendur.

Samkvæmt lögum nr. 31/1982 er kveðið á um að með ríkisreikningi skuli fylgja upplýsingar um heildarlaunagreiðslur einstakra stofnana ásamt yfirvinnugreiðslum og hlutfall þeirra af heildarlaunagreiðslum. Enn fremur risnu- og ferðakostnaður, fjöldi bifreiða í eigu ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja og rekstrar- og viðhaldskostnaður þeirra. Þá er enn fremur kveðið á um að fjárlaga- og hagsýslustofnun geri grein fyrir aukafjárveitingum, sem samþykktar hafa verið frá fjárlögum, ásamt greinargerð um breyttar verðlagsforsendur frá fjárlögum ársins. Í því fylgiriti sem ríkisbókhaldið hefur tekið saman er gerð grein fyrir þessum atriðum.

Afkoma A-hluta ríkissjóðs samkv. rekstrarreikningi fyrir árið 1982 var hagstæð um 850 millj. kr. Það er 675 millj. kr. betri afkoma en á árinu 1981. Gjöld reyndust 9 479 millj. kr., sem er hækkun frá fyrra ári um 54.6%. Tekjur urðu á árinu 1982 10 328 millj. kr. og hækka frá árinu 1981 um 63.8%.

Endurmatsjöfnuður varð óhagstæður á árinu 1982 sem nam 1 019 millj. kr. í samanburði við óhagstæðan jöfnuð á árinu 1981 um 479 millj. kr. Hallinn á endurmatsjöfnuði stafar einkum af hækkun á skuldum vegna breytinga á gengi og lánavísitölum frá upphafi til loka ársins 1982.

Rekstrar- og endurmatsjöfnuður sýndi því óhagstæða þróun að fjárhæð 169 millj. kr. eða skuldaaukningu ríkissjóðs nettó um þá fjárhæð á árinu. Sú breyting kom annars vegar fram í hagstæðum rekstrarjöfnuði að fjárhæð 850 millj. kr. og hins vegar í óhagstæðum endurmatsjöfnuði að fjárhæð 1 019 millj. kr.

Ný lán hjá A-hluta ríkissjóðs á árinu 1982 námu 975 millj. kr., en endurlánað var af þeirri fjárhæð 533 millj. kr. Þegar tekið hefur verið tillit til afborgana veittra og tekinna lána nemur nettóaukning lána 14 millj. kr. á því ári. Mismunur tekinna lána og veittra lána í árslok 1982 var 2 875 millj. kr., þegar tekið hefur verið tillit til endurmats á árinu sem nam 1 084 millj. kr. Hækkun lána frá fyrra ári nemur 107%.

Framlög ríkissjóðs til kaupa á hlutabréfum og stofnfjárframlög námu 53 millj. kr. Eignir ríkissjóðs í hlutabréfum og stofnframlögum eftir endurmat eru 198 millj. kr. í samanburði við 99 millj. kr. í byrjun árs 1982.

Gjöldin árið 1982 námu, eins og áður sagði, 9 479 millj. kr., sem er 1 570 millj. kr. umfram fjárlög ársins eða 19.8%. Sé hins vegar tekið tillit til aukafjárveitinga á árinu 1982 að fjárhæð 1 229 millj. kr. námu umframgjöldin 341 millj. kr. eða 3.6%.

Stærstu gjaldaliðirnir voru framlög til heilbrigðis- og tryggingamála að fjárhæð 3 489 millj. kr., sem er 605 millj. kr. umfram fjárlög ársins eða 21% hækkun. Niðurgreiðslur og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir námu 977 millj. kr. Sú fjárhæð er 351 millj. kr. hærri en fjárlög áformuðu eða 56.1%. Hækkun þessara framlaga frá árinu 1981 nemur 83.2%, en á árinu 1981 námu þessi framlög 534 millj. kr. Gjöld umfram fjárlög til dómgæslu og lögreglumála námu 223 millj. kr. eða 76.7%. Heildargjöld til þessara viðfangsefna námu á árinu 1982 514 millj. kr. og höfðu hækkað frá árinu 1981 um 64.2%.

Framangreind upptalning umframútgjalda að fjárhæð 1 180 millj. kr. alls skýrir um ¾ hluta umframútgjalda í heild, en til framangreindra viðfangsefna fer rúmlega helmingur útgjalda A-hluta ríkissjóðs á árinu 1982.

Heildartekjur A-hluta ríkissjóðs námu samkv. rekstrarreikningi 10 328 millj. kr. og eru þá tekjur gerðar upp á grundvelli álagningar. Innheimtar tekjur námu hins vegar 9 577 millj. kr., sem er 1 610 millj. kr. umfram fjárlög. Svarar það til 20.2% hækkunar. Tekjufærslan nam aftur á móti 2 361 millj. kr. umfram fjárlög eða 29.6%.

Álagðir beinir skattar námu á árinu 1982 1 800 millj. kr., sem er hækkun frá árinu 1981 um 83.0%. Innheimtir beinir skattar námu aftur á móti 1 485 millj. kr., sem er hækkun frá fjárlögum um 124 millj. kr. eða 9.1%. Hlutur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs nam á árinu 1982 17.4%, sem er 0.3% hærra en fjárlög

gerðu ráð fyrir.

Tekjufærsla óbeinna skatta nam 8 230 millj. kr., sem er hækkun frá árinu 1981 um 58.2%. Innheimta óbeinna skatta nam 7 904 millj. kr., sem er 1 422 millj. kr. umfram fjárlög. Hlutur óbeinna skatta í heildartekjum ársins 1982 var 79.7%, en hlutur óbeinna skatta í heildartekjum fjárl. var áætlaður 81.4%.

Stærsti tekjuliður ríkissjóðs er söluskattur og nam hann á árinu 1982 3 357 millj. kr., sem er hækkun frá fyrra ári um 60.4%. Innheimtur söluskattur varð aftur á móti 3 155 millj. kr., sem er 545 millj. kr. umfram fjárlög.

Þriðji stærsti tekjuliður ríkissjóðs á eftir söluskatti og beinum sköttum voru almenn aðflutningsgjöld. Námu þau ásamt innflutningsgjaldi af bensíni og innflutningsgjaldi af bifreiðum 1 613 millj. kr., sem er hækkun frá árinu 1981 um 44.5%.

Fjórði stærsti tekjuliður ríkissjóðs var hagnaður af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Nam hann 579 millj. kr. og hækkaði frá fyrra ári um 42.4%.

Tekjufærsla vegna arðgreiðslna og ýmissa tekna nam 299 millj. kr., sem er hækkun frá árinu 1981 um 150.9%. Munar þar mest um hækkun vaxta, en hækkun vegna þessa tekjuliðar nam 140 millj. kr. Fjárlög ársins 1982 gerðu ráð fyrir 125 millj. kr. tekjum af framangreindum tekjuliðum og nemur því hækkun frá áætlun fjárlaga 139.2%. Hlutur arðgreiðslu og ýmissa tekna í heildartekjum ríkissjóðs nam 2.9%, en fjárl. áætluðu að þessir tekjuliðir skiluðu 1.8% af heildartekjum fjárl.

Hin jákvæða rekstrarafkoma á árinu 1982 stafar af auknum tekjum ríkissjóðs umfram verðlagsbreytingar á árinu, sem aftur má rekja beint til viðskiptahalla þjóðarbúskaparins og aukinnar erlendrar lántöku.

Hlutur innheimtra skatttekna sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu var á árinu 1982 30.2% í samanburði við 28.8% 1981 og hækkaði því milli ára um 1.4 prósentustig.

Áður en ég læt lokið umfjöllun um afkomu ríkissjóðs á árinu 1982 mun ég gera stutta grein fyrir helstu niðurstöðum B-hluta ríkisreiknings svo og stöðu lánareikninga bæði er varðar A- og B-hluta ríkissjóðs.

Afkoma fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings sýnir að rekstrarjöfnuður var hagstæður um 638 millj. kr., sem er 153 millj. kr. verri afkoma en á árinu 1981. Heildartekjur námu 10 486 millj. kr., sem er hækkun frá fyrra ári um 56%. Gjöld námu 9 848 millj. kr. og hafa hækkað frá árinu 1981 um 66%.

Hækkun efnislegra fjármuna án endurmats nam á árinu 1982 2 132 millj. kr. og þá batnaði staða greiðslufjárreiknings um 71 millj. kr. eða samtals 2 203 millj. kr. Fjármögnun var með þeim hætti, að fyrirtæki og sjóðir í B-hluta tóku ný lán umfram afborganir sem námu 906 millj. kr. og fjármögnun frá rekstri nam 1 297 millj. kr.

Heildarskuldir ríkissjóðs í A- og B-hluta eftir endurmat voru í árslok 1982 18 129 millj. kr. og jukust á árinu um 9 721 millj. kr. Innlend lán námu 6 301 millj. kr. eða tæpum 35% af heildarskuldum ríkisins. Erlend lán voru 11 829 millj. kr. og hækkuðu á árinu um 143%. Af heildarskuldum hefur verið endurlánað 7 937 millj. kr. eða sem svarar 44% af heildarskuldum. Nettóstaða lána hjá A- og B-hluta aðilum nemur 10 192 millj. kr. og hefur hækkað á árinu 1982 um 5 651 millj. kr.

Verðlagsforsendur fjárlagafrv. ársins 1983 byggðust á svonefndri reiknitölu, en hún gerði ráð fyrir 42% verðlagshækkun milli áranna 1982 til 1983. Hins vegar er nú áætlað að verðbólga milli áranna verði 84%. Af þessu má sjá að fjárlög ársins 1983, sem Alþingi samþykkti í desembermánuði s. l., eru í miklu ósamræmi við þá verðbólguþróun sem í raun hefur verið hér á landi á þessu tímabili. Ljóst er því, að veruleg röskun mun verða á gjalda- og teknahlið ríkisfjármálanna á þessu ári, miðað við áætlun fjárlaga. Þessu til viðbótar hefur komið fram, að á gjaldahlið ríkissjóðs eru nokkrir veigamiklir útgjaldaliðir sem ekki hafði verið tekið tillit til við fjárlagagerð fyrir árið 1983.

Í því sambandi má nefna geymslu- og vaxtakostnað vegna niðurgreiðslna að fjárhæð 18 millj. kr. og fjárvöntun til vegaáætlunar að fjárhæð rúmlega 100 millj. kr. Vanáætlun löggæslukostnaðar umfram raunverulegar verðlagsforsendur gæti numið allt að 140 millj. kr. og 200—300 millj. kr. vantaði til heilbrigðis- og tryggingamála. Þá var áformað að A-hluti ríkissjóðs fengi 525 millj. kr. af innlendum lánsfjármarkaði, en vitað er að a. m. k. 120 millj. kr. muni vanta þar á.

Endurskoðaðar áætlanir, sem nú liggja fyrir um afkomu ríkissjóðs í árslok, gera ráð fyrir greiðsluhalla að fjárhæð 1 200 millj. kr. í stað 17 millj. kr. greiðsluafgangs samkvæmt fjárlögum 1983. Í þessum áætlunum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins aukist úr 12 973 millj. kr. samkv. fjárlögum í 15 843 millj. kr. eða um 2 870 millj. kr., sem svarar til 22% hækkunar, en tekjur úr 13 007 millj. kr. í 14 865 millj. kr. eða um 1 858 millj. kr., sem er 14% hækkun.

Þá er gert ráð fyrir að halli verði á lánahreyfingum sem nemur 213 millj. kr. í stað 2 millj. kr. halla samkvæmt fjárlögum, þannig að heildargreiðsluafkoman rýrnar um 1 217 millj. kr. frá áætlun fjárlaga.

Mun ég nú gera nánari grein fyrir þróun gjalda og tekna frá því fjárlög ársins voru afgreidd í desember s. l.

Af einstökum gjaldaflokkum hefur mest hækkun orðið á framlögum til almannatrygginga eða samtals 701 millj. kr. Hér er fyrst og fremst um að ræða hækkun bóta lífeyristrygginga til samræmis við launahækkanir og vanáætlun fjárlaga, auk sérstakra hækkana sem brbl. frá því í maímánuði s. l. ákvörðuðu um rýmkun tekjutryggingar, hækkun heimilisuppbótar og hækkun mæðralauna. Þá hafa til komið hækkanir á daggjöldum sjúkrahúsa, sem einnig ráðast að verulegu leyti af launaþróuninni. Enn fremur hafa komið til hækkanir á grunngjaldi flestra sjúkrahúsa um 4% frá 1. júní s. l., en þær urðu vegna verulegs hallareksturs húsanna á árinu 1982.

Hækkun annarra rekstrargjalda um 627 millj. kr. frá fjárlögum má að mestu rekja til breytts verðlags frá reiknitölu fjárlaga ásamt vanáætlun fjárlaga, sérstaklega vegna löggæslukostnaðar.

Gert er ráð fyrir að laun hækki um 511 millj. kr. frá fjárlögum 1983 umfram þær 482 millj. kr. sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins til að mæta launahækkunum innan ársins.

Eftirfarandi hækkanir hafa orðið á launatöxtum á árinu 1983: Grunnlaun opinberra starfsmanna hækkuðu um 2.1% 1. janúar 1983 og sérkjarasamningar sem gerðir voru 1982 leiddu til hækkunar sem metin er til 7—10% hækkunar grunnlauna. Nam kostnaður vegna þessara hækkana um 290 millj. kr. Verðbótavísitalan hækkaði 1. mars um 14.74% og olli sú hækkun 450

millj. kr. útgjöldum. Hinn 1. júní hækkuðu laun um 8% og kostaði sú hækkun tæplega 200 millj. kr. Að lokum varð 4% hækkun 1. október s. l., sem kostaði ríkissjóð um 50 millj. kr. Samtals hækkuðu laun því um 990 millj. kr.

Framlag til niðurgreiðslna á árinu 1983 mun nema allt að 1 033 millj. kr. sem er hækkun frá fjárlögum um194 millj. kr. Meginhluti hækkunarinnar stafar af þátttöku ríkissjóðs í vaxta- og geymslukostnaði sem talinn er verða um 178 millj. kr., en ekki var áætlað fyrir vaxta- og geymslugjaldi í fjárlögum 1983, eins og ég gat um hér að framan.

Útflutningsbætur á árinu 1983 eru nú áætlaðar 225 millj. kr., sem er 38 millj. kr. lægri fjárhæð en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Stafar það af samdrætti í framleiðslu og erfiðleikum í sölu þessara afurða á erlendum mörkuðum, þannig að fullur 10% útflutningsuppbótaréttur verður ekki nýttur á þessu ári.

Samkvæmt brbl. ríkisstj. frá því í maí s. l. var ákveðið að auka framlög ríkissjóðs til niðurgreiðslu á húshitun um 150 millj. kr., en í fjárlögum ársins var áætlað að verja til þessa verkefnis 35 millj. kr. Þannig munu heildargreiðslur ríkissjóðs á þessu ári nema alls 185 millj. kr. til þessa viðfangsefnis.

Þá er ljóst að vaxtagreiðslur munu fara verulega fram úr áætlun fjárlaga. Í fyrsta lagi er það vegna þess að afkoma ríkissjóðs verður miklu verri en fjárlög áformuðu. Í þeim áætlunum sem nú liggja fyrir um ríkisfjármálin 1983 er gert ráð fyrir að yfirdráttarvextir geti orðið allt að 300 millj. kr. Í öðru lagi hefur verðlagshækkun og gengissig leitt til aukinna greiðslna af verð- og gengistryggðum lánum ríkissjóðs. Má telja líklegt að af þessum sökum muni vaxtagreiðslur alls fara um 225 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga og nema samtals um 590 millj. kr. á árinu 1983.

Framkvæmdaframlög munu hækka um 237 millj. kr., mest vegna aukinna framlaga til vegamála, vegna þeirrar vegaáætlunar sem lögð var fram á síðasta Alþingi.

Auk þeirra þátta sem nú hafa verið raktir má vænta um 260 millj. kr. umframgreiðslu til ýmissa viðfangsefna, sem þegar hafa verið samþykkt og ekki verður komist hjá að greiða fyrir lok þessa árs.

Eins og áður er getið er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs á þessu ári muni nema 14 815 millj. kr., en það er 1 858 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 eru taldar munu aukast um 58.3% frá árinu 1982. Óbeinir skattar eru nú taldir nema 12 253 millj. kr., sem er hækkun frá fjárlögum um 1 892 millj. kr.

Í fjárlögum ársins 1983 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 1 496 millj. kr. Þessi áætlun var reist á ákveðnum reikniforsendum um verðlags- og gengisbreytingar. Enn fremur almennum þjóðhagsforsendum, sem gerðu ráð fyrir talsverðum samdrætti í almennum vöruinnflutningi svo og verulegum samdrætti í bílainnflutningi frá því sem var 1982. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að almennar tolltekjur verði talsvert hærri en reiknað var með í fjárlögum eða um 1 745 millj. kr. Verðlags- og gengisbreytingar hafa orðið mun meiri en reikniforsendur fjárlaga miðuðust við og hefur það haft hér áhrif.

Á móti vegur hins vegar að samdráttur í veltu hefur orðið meiri en þá var gert ráð fyrir. Þannig lætur nærri að fyrstu átta mánuði ársins hafi tolltekjur ríkissjóðs dregist saman að raungildi um meira en fimmtung frá sama tíma í fyrra miðað við almennar verðbreytingar á þessu tímabili. Þessu til viðbótar má nefna að á síðari hluta ársins hafa tollar á ýmsum vöruflokkum verið lækkaðir. Samdráttar gætir einkum í bílainnflutningi, og er nú talið að tolltekjur af bílum verði aðeins um 10% meiri á þessu ári en í fyrra, þrátt fyrir tæplega 90% hækkun meðalverðs á bílum í krónum talið milli 1982 og 1983. Í þessu felst um 45% samdráttur frá fyrra ári.

Hlutfall tolltekna af heildartekjum ríkissjóðs yrði á árinu 1983 samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun 11.7% í samanburði við 13.1% 1982 og 13.5% 1981.

Skattar af seldri vöru og þjónustu voru í fjárlögum áætlaðir 6 420 millj. kr. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að tekjur verði um 7 695 millj. kr. Hækkun þessa tekjuliðar má fyrst og fremst rekja til annarra verðlagsforsendna en fjárlög voru reist á. Af öðrum helstu tekjustofnum undir þessum lið má nefna, að launaskattur hækkar um 110 millj. kr. vegna meiri launahækkana á árinu en fjárl. gerðu ráð fyrir. Rekstrarhagnaður ÁTVR er nú áætlaður 915 millj. kr. í samanburði við 830 millj. kr. í áætlun fjárlaga.

Aðrir óbeinir skattar eru nú áætlaðir 929 millj. kr. á þessu ári. Helstu breytingar frá fjárlögum felast í meiri tekjum af stimpilgjaldi og bifreiðaskatti en áður var reiknað með, en á móti vegur hins vegar að sérstakt 10% álag á ferðamannagjaldeyri var fellt niður með brbl. nr. 62 29. júlí síðastliðinn. Áætlað tekjutap vegna niðurfellingarinnar er 25—30 millj. kr. á þessu ári.

Beinir skattar eru nú áætlaðir 2 368 millj. kr., sem er lækkun frá fjárlögum ársins um 54 millj. kr.

Álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1983 nemur tæplega 234 millj. kr., sem er meira en tvöföldun frá árinu áður. Álagning eignarskatts á félög hækkaði mun minna eða um tæplega 55%. Heildarálagning eignarskatta á árinu 1983 varð samkvæmt þessu um 82% hærri en 1982, en á fjárlögum 1983 var gert ráð fyrir um 74% hækkun milli áranna 1982 og 1983.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði um 50 millj. kr. eða óbreytt frá fjárlögum.

Álagður tekjuskattur á einstaklinga á árinu 1983, brúttó, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam 2 525 millj. kr. Hækkun frumálagningartölum fyrra árs nemur um 51%. Hækkun barnabóta var hins vegar um 80% og hækkun persónuafsláttar 88% og gætti þar áhrifa brbl. nr. 56 frá 27. maí 1983, þar sem kveðið var á um sérstaka hækkun barnabóta og persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts á árinu 1983.

Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga hækkaði af þessum sökum mun minna en brúttóálagningin eða um 40% miðað við frumálagningu 1982. Miðað við svipað innheimtuhlutfall á þessu ári og í fyrra er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga á þessu ári nemi um 1 475 millj. kr.

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1983 nemur 88 millj. kr., sem er tæplega 57% hækkun frá álagningu fyrra árs.

Álagður tekjuskattur á félög nemur rúmlega 460

millj. kr. á þessu ári, sem er um 55% hækkun frá fyrra ári. Hér er um frumálagningartölur að ræða og miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla að endanlegar álagningartölur verði talsvert lægri. Miðað við svipaðan mun á frumálagningu og endanlegri álagningu og í fyrra, en heldur slakari innheimtu, er áætlað að innheimta tekjuskatts félaga verði um 285 millj. kr. á þessu ári.

Hlutur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er áætlaður 15.9%, en í fjárlögum ársins var það hlutfall 18.6% og hefur því lækkað um 2.7% af heildartekjum ríkissjóðs.

Samkvæmt 1. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1984 er mismunur tekna og gjalda um 9 millj. kr. Samtals er gert ráð fyrir að heildartekjur nemi 17 435 millj. kr. Beinir skattar, þ. e. tekjuskattar og eignarskattar, eru þar af áætlaðir 2 992 millj. kr. eða sem svarar til um 17% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1984.

Óbeinir skattar eru áætlaðir 14 166 millj. kr. eða sem svarar til rúmlega 81% af heildartekjum. Aðrar tekjur ríkissjóðs eru samkvæmt frv. áætlaðar 277 millj. kr., sem eru tæplega 2% af heildartekjum ríkissjóðs.

Heildargjöld ríkissjóðs eru samtals áætluð 17 426 millj. kr. Af þeirri fjárhæð fara 7 943 millj. kr. til samneyslu eða sem svarar til 45.6% af heildarútgjöldum. Stofnkostnaður, fjárfesting og fjármagnstilfærslur eru samtals 2 384 millj. kr. og er það um 13.7% af heildargjöldum. Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar 7 635 millj. kr. og er það um 43.8% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs. Þá eru sértekjur stofnana áætlaðar 537 millj. kr.

Við gerð tekju- og gjaldaáætlunar þessa frv. var horfið frá þeim vinnubrögðum sem tíðkast hafa undanfarin ár, þ. e. að ganga út frá svonefndri reiknitölu sem síðan hefur verið notuð sem vinnuforsenda bæði við gerð tekju- og gjaldaáætlunar frv. Þess í stað var stuðst bæði við fjárlög ársins 1983 og ekki síður við endurskoðaða tekju- og gjaldáætlun 1983, sem gerð var þegar núverandi ríkisstjórn tók við. Þannig var reynt að gera áætlunina fyrir næsta ár sem raunhæfasta út frá bestu fáanlegum upplýsingum um raunverulegar tekjur og gjöld ríkissjóðs á þessu ári.

Í 1. gr. frv. kemur fram að heildarlánsfjáröflun nemur samtals 2 358 millj. kr. Þar af eru 2 188 millj. kr. til stofnana og fyrirtækja í A- og B-hluta og 170 millj. kr. verður ráðstafað til innlausnar spariskírteina.

Innlend lánsfjáröflun er samtals ráðgerð 836 millj. kr. og önnur lánsfjáröflun er 1 522 millj. kr.

Útstreymi á lánahreyfingum er samtals 1 217 millj. kr., þar af eru 75 millj. kr. vegna hlutafjárframlaga, 150 millj. kr. vegna afborgana af lánum tengdum byggðalínum, sem ríkissjóður hefur yfirtekið, og afborganir af öðrum lánum eru 992 millj. kr. Eins og frumvarpið liggur fyrir er gert ráð fyrir að lántökur A-hluta ríkissjóðs verði um 31 millj. kr. hærri en endurgreiðslur lána. Frv. gerir ráð fyrir greiðsluafgangi að fjárhæð 20 millj. kr.

Ég mun nú fjalla um helstu niðurstöður tekju- og gjaldahliða frv. svo og lánahreyfingar.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1984 er byggð á fjárlögum 1983 og endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á þessu ári. Þá er jafnframt gengið út frá ákveðnum þjóðhags- og verðlagsforsendum og ákveðnum forsendum um einstaka tekjuliði. Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1984 eru áætlaðar samtals 17 435 millj. kr. samanborið við 14 865 millj. kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1983 og 13 007 millj. kr. í fjárlögum ársins 1983. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1984 frá endurskoðaðri áætlun fyrir 1983 nemur 2 570 millj. kr. eða 17.3%, en hækkunin frá fjárlögum 1983 er hins vegar 34%. Til samanburðar má nefna að innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 eru taldar munu aukast um 58.3% frá 1982.

Verður nú vikið nánar að helstu tekjustofnum og þeim forsendum sem liggja að baki tekjuáætlun ríkissjóðs á næsta ári.

Áætlun um álagningu eignarskatta á árinu 1984 er miðuð við þá meginforsendu, að skattbyrði milli áranna 1983 og 1984 aukist ekki og verður skattvísitala og aðrir þættir, sem varða álagningu eignarskatts, ákveðnir í samræmi við það, m. a. með hliðsjón af hækkun fasteignamats milli ára. Á þessum forsendum er áætlað að innheimta eignarskatts einstaklinga nemi 260 millj. kr. og innheimta eignarskatts félaga verði 160 millj. kr. á árinu 1984.

Í tekjuáætlun 1984 er gert ráð fyrir að sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði lagður á áfram og innheimtur með svipuðum hætti og verið hefur. Jafnframt er áætlunin fyrir 1984 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin. Í þessu felst að innheimta skattsins er áætluð 65 millj. kr. 1984, að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára. Þessi skattur hefur lengi verið mér og skoðanabræðrum mínum mikill þyrnir í augum. Ég mun leita allra leiða til að útrýma þessum skatti við fyrsta tækifæri.

Áætlað er að tekjuskattur nemi samtals 2 467 millj. kr. á næsta ári. Tekjuskattur einstaklinga er við það miðaður að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum greiðsluárs og verða skattvísitala og skattstigar ákveðnir í samræmi við það, eins og áður hefur komið fram. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að innheimta tekjuskatts einstaklinga á árinu 1984 verði 1 885 millj. kr. eða rúmlega 28% hærri en á yfirstandandi ári. Hefur þá verið gengið út frá svipuðu innheimtuhlutfalli og á þessu ári að teknu tilliti til innheimtueftirstöðva frá fyrra ári.

Við áætlun á sjúkratryggingagjaldi er gengið út frá að gjaldið verði framlengt óbreytt og miðað við sömu forsendur og við áætlun tekjuskatts. Áætlað er að sjúkratryggingagjald nemi 100 millj. kr. á næsta ári. Tekjuskattur félaga er áætlað að verði 340 millj. kr. Er þá gengið út frá sömu forsendum og raktar hafa verið hér að framan.

Í áætlun fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í veltu frá því sem talið er að verði að meðaltali á þessu ári eða um 4—5%. Samkvæmt þessu, svo og með hliðsjón af þeim forsendum sem raktar eru hér að framan, er áætlað að almennar tolltekjur nemi 1 860 millj. kr. eða tæplega 7% meira en í áætlun fyrir árið 1983. Hlutfall tolltekna af heildartekjum ríkissjóðs yrði samkvæmt þessu um 10.7% á næsta ári, samanborið við 11.7% í áætlun fyrir þetta ár, 13.1% fyrir 1982 og 13.5% fyrir 1981.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 463 millj. kr. 1983 og er þá gengið út frá óbreyttri bensínsölu frá fyrra ári eða 127 millj. lítra. Í áætlun fyrir árið 1984 er reiknað með svipaðri bensínsölu og innflutningsgjöld samkvæmt því áætluð 605 millj. kr.

Innflutningsgjald af bifreiðum var í fjárlögum 1983 áætlað 110 millj. kr. Var þá miðað við gjaldhlutfallið eins og það var ákveðið með reglugerð nr. 466/1982, eða um 16—17% af cif-verðmæti, svo og með hliðsjón af forsendum um bílainnflutning á árinu 1983. Með reglugerð nr. 481/1983 var gjaldhlutfallið lækkað um 8 prósentustig frá 1. júlí síðastliðnum. Með hliðsjón af þessari lækkun má ætla að gjaldhlutfallið sé nú að meðaltali um 8—9% af cif-verðmæti. Þar sem nú er gert ráð fyrir meiri samdrætti í bílainnflutningi en talið var við fjárlagaáætlunina, svo og að teknu tilliti til gjaldhlutfallsins, er nú áætlað að innheimtar tekjur af innflutningsgjaldi af bílum verði um 74 millj. kr. á þessu ári. Miðað við óbreytt gjaldhlutfall á næsta ári og svipaðan bílainnflutning og á þessu ári er áætlað að tekjur af gjaldinu á næsta ári gætu numið um 52 millj. kr.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 2 472 millj. kr. á þessu ári, samanborið við 2 159 millj. kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1983 er um 41%, samanborið við tæplega 49% hækkun milli áranna 1981 og 1982. Í frv. er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 2 716 millj. kr. á árinu 1984 eða tæplega 10% meiri en á þessu ári. Samkvæmt þessu yrðu innflutningsgjöld um 15.6% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1984, samanborið við 16.6% í áætlun þessa árs, 18.7% 1982 og 19.6% 1981.

Heildartekjur af liðnum „Skattar af seldri vöru og þjónustu" voru í fjárlögum 1983 áætlaðar 6 420 millj. kr. Í endurskoðaðri áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að tekjurnar verði um 7 695 millj. kr. Fjárlagaáætlun 1984 gerir hins vegar ráð fyrir að tekjurnar verði um 9 271 millj. kr. eða um 20% hærri en endurskoðuð áætlun 1983 gerir ráð fyrir.

Áætlun um gjöld byggð á söluskattsgrunni fyrir árið 1984 er reist á þeim þjóðhagsforsendum sem raktar hafa verið hér á undan. Samkvæmt því er áætlað að innheimt sölugjald nemi um 6 880 millj. kr. á næsta ári eða um 21% meira en áætlun fyrir árið 1983. Skýringin á mun meiri hækkun söluskattstekna á næsta ári en tolltekna felst meðal annars í því að innlendar verðbreytingar frá meðaltali þessa árs til áætlaðs meðalverðs 1984 eru mun meiri en sem nemur breytingum á innflutningsverði í krónum talið, auk þess sem gert er ráð fyrir heldur minni samdrætti í söluskattsveltu en í innflutningi. Hlutur sölugjalds í heildartekjum ríkissjóðs 1984 yrði samkvæmt þessu rúmlega 39%, samanborið við 38% 1983 og 36% 1982.

Áætlun fjárlagafrv. er við það miðuð, að sú skattalækkun sem ákveðin var s. l. vor haldist við álagningu beinna skatta á árinu 1984. Á undanförnum árum hefur við ákvörðun skattvísitölu fyrst og fremst verið að því stefnt að álagðir skattar héldust sem óbreytt hlutfall af tekjum þess árs sem teknanna var aflað á. Í fjárlagafrv. nú er hins vegar við það miðað að skatttekjur ríkissjóðs af tekjuskatti verði óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári. Þessi viðmiðun leiðir við gildandi aðstæður til þess, að á árinu 1984 verða álagðir skattar mun lægra hlutfall af skattskyldum tekjum tekjuársins en verið hefur á undanförnum árum.

Til þess að ná því markmiði að tekjuskattar ríkisins verði óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári er nauðsynlegt vegna ört minnkandi verðbólgu að endurskoða álagningarkerfi tekjuskatts ríkisins.

Tekjuáætlun frv. er byggð á þeirri forsendu, að tekjur gjaldenda hækki um 20% milli áranna 1983 og 1984. Er við það miðað að álagður tekjuskattur hækki um sama hlutfall og sömuleiðis barnabætur og persónuafsláttur. Samkvæmt því hækkar álagður tekjuskattur nettó um 20% milli áranna 1983 og 1984 eða jafnmikið og tekjur. Vegna þess að álagning tekjuskatts mun hækka mun minna í krónutölu milli áranna 1983 og 1984 en verið hefur er ljóst að óinnheimtar eftirstöðvar gjalda frá fyrri árum munu fara vaxandi í hlutfalli við álagðan skatt á árinu, enda þótt miðað sé við óbreytt innheimtuhlutfall. Þetta, ásamt 1% fjölgun gjaldenda, veldur því að áætlaður tekjuskattur ríkisins á árinu 1984 hækkar heldur meira en nemur framangreindri 20% hækkun. Þessi hækkun kemur hins vegar aðeins fram hjá þeim sem skulda tekjuskatt frá fyrri árum, en hjá þeim sem eru í skilum mun innheimta vitanlega hækka jafnt og álagningin og þar með jafnt og tekjur greiðsluárs samkvæmt forsendum frv.

Í júlí s. l. var skipuð nefnd til að gera till. um breytingu á tekju- og eignarskattslögum þannig að ákvæði skattalaga örvuðu frekar eiginfjármyndun og fjárfestingu í atvinnulífinu. Er þess vænst að nefndin ljúki störfum á næstu vikum og í framhaldi af störfum hennar verði lagt fram frv. til breytinga á tekjuskattslögum. Meðal þeirra atriða sem nefndinni var falið að kanna og gera tillögur um var heimild atvinnufyrirtækja til stofnunar fjárfestingarsjóða er komi í stað núverandi heimildar til varasjóðsmyndunar. Framlög í fjárfestingarsjóði yrðu frádráttarbær frá tekjum og að hluta lögð inn á bundna bankareikninga. Sjóðnum væri síðan ráðstafað til fjárfestingar í atvinnufyrirtæki innan vissra tímamarka. Eru þetta hliðstæðar reglur og gilda um þetta efni víðast hvar í grannlöndum okkar. Þá var nefndinni falið að samræma skattalega meðferð arðs og hlutabréfa þeim reglum sem gilda um skattalega meðferð sparifjár og vaxta af því.

Á vegum ráðuneytisins hafa verið samin drög að frv. um virðisaukaskatt. Er þess vænst að frv. um þetta efni verði lagt fram á Alþingi nú á næstunni. Fullljóst er hins vegar, að upptaka virðisaukaskatts kostar mikinn undirbúning og þyrfti að líða a. m. k. eitt ár frá því að Alþingi samþykkti frv. um það efni þar til lögin gengju í gildi.

Með brbl. sem sett voru í sumar um breytingu á tollskrárlögunum var stigið skref í átt til lækkunar hæstu tolla á ýmsum búsáhöldum og heimilistækjum auk nokkurra matvara í samræmi við ákvörðun ríkisstj. um lækkun skatta og tolla á ýmsum nauðsynjavörum til heimilanna. Þessa ráðstöfun ber hins vegar að skoða í tengslum við áform ríkisstj. um að stefna almennt að lækkun tolla og aðflutningsgjalda og einfalda og samræma álagningu þessara gjalda og eyða uppsöfnunaráhrifum þeirra í innlendri framleiðslu.

Ríkisstj. telur óhjákvæmilegt að söðla um í tekjuöflun ríkissjóðs og að tollar verði almennt lækkaðir verulega, bæði fjáröflunar- og verndartollar, til þess að eyða þeim óæskilegu áhrifum sem núverandi skipan þessara mála hefur. Slíkt verður hins vegar ekki gert nema útgjöld ríkissjóðs verði skorin niður jafnhliða eða tekjuöflun verði komið fyrir með öðrum hætti.

Við endurskoðun tollskrárlaganna, sem nú er unnið að, er ráðgert, samhliða lækkun hæstu tolla og innbyrðis samræmingu, að einfalda tekjuöflunarkerfi ríkis-

sjóðs að öðru leyti.

Frá því að tollakerfið var einfaldað með lögum 1963 hafa ýmsir smáskattar, bæði í formi innflutningsgjalda og vörugjalda, verið teknir upp og eru þeir nú um 15 talsins. Tekjur af sumum þeirra, sem eru markaðir tekjustofnar, eru óverulegar og væri betur komið fyrir í almennara vörugjaldi, en gera mætti ráð fyrir tekjum á fjárlögum hvers árs til þeirra verkefna sem skattar þessir eru ætlaðir til.

Í samræmi við hugmyndir þessar um einföldun tollakerfisins er nú unnið að gerð frv. um tollskrá o. fl. svo og vörugjald. Er stefnt að því að frv. þessi verði lögð fram á þessu þingi, en æskilegt væri að þau gætu komið til framkvæmda um leið og virðisaukaskattur yrði tekinn upp.

Á þessu ári hófst undirbúningur að því að koma upp nýju tölvukerfi við embætti tollstjórans í Reykjavík, en gert er ráð fyrir að önnur embætti verði síðar tengd þessu kerfi. Þegar tölvukerfinu hefur verið komið fyrir ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að svonefnd tollkrít verði heimiluð vegna innflutnings á tollskyldum vörum, en tölvuvæðing tollafgreiðslu hefur verið talin forsenda fyrir upptöku tollkrítar.

Gert er ráð fyrir að heildargjöld ríkissjóðs 1984 verði 17 426 millj. kr., sem er hækkun um 34.3% frá fjárlögum 1983 og 10.0% hækkun frá endurskoðaðri útgjaldaáætlun, sem gerð var í júní s. l. Gerð er sú meginbreyting við áætlun launa, að felld er niður fjárveiting á lið fjmrn., Launa- og verðlagsmál, sem hingað til hefur verið ætluð til að mæta launahækkunum hjá einstökum stofnunum á yfirstandandi fjárhagsári. Þess í stað er nú áætlað fyrir launahækkunum á árinu 1984 á lið viðkomandi stofnana og verður að skoða launaáætlun hjá einstökum stofnunum á næsta ári í ljósi þessa.

Á árinu 1984 er reiknað með 6% veginni launahækkun frá desemberlaunum. Eins og áður hefur fram komið er gert ráð fyrir að náð verði sparnaði í heildarlaunagreiðslum er nemi 2.5% af launum. Lækka því launatölur allra stofnana um sem nemur 2.5% frá því sem annars hefði verið. Miðað við það sem hér hefur verið rakið lætur nærri að launaliður einstakra stofnana í A-hluta ríkissjóðs hækki um 47.5% frá fjárlögum 1983.

Önnur rekstrargjöld nema samtals 1 825 millj. kr., sem er hækkun um 882 millj. kr. eða 93.5% frá fjárlögum 1983. Hins vegar hækka önnur rekstrargjöld ekki nema um 255 millj. kr. eða 16.2% frá endurskoðaðri áætlun 1983. Skýring þessa mikla munar er sú, að önnur rekstrargjöld hjá stofnunum hafa að verulegu leyti verið vanáætluð á undanförnum árum þannig að til mikilla vandræða hefur horft bæði fyrir stjórnendur viðkomandi stofnana og þá sem fást við ríkisfjármálin í heild. Við áætlun á öðrum rekstrargjöldum hafa nú verið tekin upp ný og gjörbreytt vinnubrögð frá því sem áður hefur verið. Stofnunum og rn. var nú gert að áætla fyrir öðrum rekstrargjöldum á verðlagi sem gilti í maí/júní s. l. Rekstrargjöld voru síðan uppfærð með tilliti til verðlagsbreytinga fram til áramóta 1983/1984. Þá var bætt við 4% veginni hækkun á árinu 1984, en sú hækkun er í samræmi við meginforsendur frv. um verðlagsbreytingu á næsta ári.

Þessu til viðbótar var á kerfisbundinn hátt farið yfir niðurstöður ríkisreiknings árin 1981 og 1982 og athugað hve mikið fjárveitingar til annarra rekstrargjalda voru komnar úr takt við það sem útgjöldin raunverulega hafa verið.

Með þessu hefur verið leitast við að áætla raunverulegt rekstrarumfang stofnana á næsta ári út frá raunverulegum útgjöldum 1981 og 1982. Af þessu leiðir að rekstrargjöld hjá einstökum stofnunum hækka mjög mismikið og í mörgum tilfellum langt umfram áætlaða verðlagshækkun milli áranna 1983 og 1984.

Þessi breyttu vinnubrögð, sem lýst hefur verið hér að framan, leiða óhjákvæmilega til þess að krafist verður meira aðhalds í rekstri stofnana og rn. frá því sem verið hefur, þar sem ekki er nú lengur hægt að segja að önnur rekstrargjöld séu vanáætluð og úr takt við undangengna verðþróun.

Framlög til viðhalds nema samtals 404 millj. kr., sem er hækkun um 36 millj. kr. eða 11.9% frá fjárlögum 1983 og endurskoðaðri áætlun 1983. Þessi litla hækkun á viðhaldi skýrist af tvennu: Í fyrsta lagi var fjármögnun vegagerðar þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram, að öðru leyti en því er tekur til markaðra tekjustofna og ríkisframlags, enn þá óákveðin og hækkar vegaviðhald þannig aðeins um 13.5%. Í öðru lagi hefur nú verið áætlað fyrir viðhaldi sjúkrahúsa undir daggjöldum hjá Tryggingastofnun ríkisins, en var í fjárlögum 1983 áætlað sem sérstakur liður. Að þessum tveimur liðum undanskildum hækkar almennt viðhald í frv. um 136 millj. kr., sem er 47.6% hækkun frá fjárlögum 1983 og endurskoðaðri áætlun 1983.

Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs á árinu 1984 eru áætlaðar 840 millj. kr. eða 130.1% hækkun frá fjárlögum 1983 og 42.4% hærri fjárhæð en endurskoðuð áætlun fyrir árið 1983 gerir ráð fyrir. Áætlun um vaxtagreiðslur ríkissjóðs byggist á meginforsendum frv. um þróun verðlags og gengis. Mestur hluti vaxtahækkunarinnar á rót sína að rekja til þess, að á þessu ári var ákveðið að lán vegna byggðalínuframkvæmda teldust til ríkissjóðslána og gjaldfærðust þar af leiðandi í A-hluta ríkissjóðs, en hafa hingað til fallið undir B-hluta frv.

Framkvæmdaframlög nema samtals 2 450 millj. kr., sem er 19.9% hækkun frá fjárlögum 1983. Þar af eru verklegar framkvæmdir samtals 1 411 millj. kr. og hækka þær um 20.4% frá fjárl. 1983. Við ákvörðun framlaga til verklegra framkvæmda hafa eftirfarandi meginforsendur verið hafðar til grundvallar: Framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækka að jafnaði um 11.0% frá fjárlögum 1983. Á það m. a. við um framlög til grunnskóla, dagvistarheimila, sjúkrahúsa og hafnargerðar. Í raun þýða þessi framlög 9—10% samdrátt í framkvæmdum milli áranna 1983 og 1984. Fjárveitingar til þeirra framkvæmda, þar sem gerðir hafa verið bindandi verksamningar, eru við það miðaðir að unnt sé að uppfylla ákvæði þeirra.

Framlög til sjóða og lánagreiðslna eru samtals 951 millj. kr., sem er hækkun um 21.5% frá fjárlögum 1983. Varðandi framlög til sjóða hefur verið við það miðað að framlög til atvinnuvegasjóða féllu alveg niður, en framlög til annarra sjóða hækkuðu um 10 eða 20%. Framlög ríkissjóðs eru því verulega skert frá því sem gildandi lög um sjóðina kveða á um. Verður því eins og áður nauðsynlegt að leita sérstaks samþykkis Alþingis fyrir þeirri skerðingu á framlögum til sjóða sem frv. gerir ráð fyrir. Telja verður bæði nauðsynlegt og æskilegt að fram fari heildarendurskoðun á öllum

lögbundnum framlögum ríkissjóðs til sjóðakerfisins í ljósi þess, að útlán sjóðanna eru nú að miklu leyti orðin verðtryggð og því ekki sama nauðsyn á framlagi frá ríkissjóði nú og var þegar lög um viðkomandi sjóði voru sett.

Mun ég nú víkja nokkrum orðum að útgjöldum einstakra rn. og nefna helstu útgjaldaflokka þar sem útgjöld breytast að raungildi frá árinu 1983.

Fjárveiting vegna starfsemi menntmrn. hækkar um 959 millj. kr. og verður samtals 2 825 millj. kr.

Framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verður 400 millj. kr., sem er hækkun um 76.2% frá fjárlögum 1983. Til viðbótar beinu framlagi úr ríkissjóði er gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað lántökuheimildar að fjárhæð 258 millj. kr.

Við áætlun á ríkisumfangi til Lánasjóðsins er við það miðað að námsmenn taki á sig svipaðar kjaraskerðingar og aðrir landsmenn hafa mátt þola. Þá er enn fremur gengið út frá að úthlutunarreglum sjóðsins verði breytt á þann veg að tekjuumreikningur námsmanna verði aukinn frá því sem verið hefur og hvetji námsmenn til að afla tekna í ríkari mæli en áður.

Fróðlegt er að bera saman framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna í samanburði við framlög til ýmissa annarra liða í þessu frv. Þannig jafngildir 400 millj. kr. framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna jafnhárri fjárhæð og ríkissjóður áætlar að verja samtals á næsta ári til eftirtalinna þátta: Byggðasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Framkvæmdasjóðs aldraðra, Erfðafjársjóðs, Iðnrekstrarsjóðs, hafnargerðar, framkvæmda á vegum ríkisspítalanna og framkvæmda á flugvöllum.

Því má einnig bæta við til samanburðar, að Háskóli Íslands fær 250 millj. kr. fjárveitingu á meðan gert er ráð fyrir að Lánasjóðurinn fái 400 millj. kr. framlag og 258 millj. kr. að láni.

Til byggingar Þjóðarbókhlöðu er gert ráð fyrir að fari 2 millj. kr., en fjárveiting á þessu ári nam samtals 15 millj. kr. Ofangreind fjárveiting er fyrst og fremst við það miðuð að unnt verði að ljúka þeim verkefnum sem staðið hafa yfir á þessu ári.

Þá er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 300 þús. kr. til bókmenntaverðlauna tengdum minningu Jóns Sigurðssonar. Er máli þessu vísað til frekari meðferðar Alþingis.

Framlög vegna útgjalda utanrrn. verða 231 millj. kr., sem er hækkun um 100 millj. kr. frá fjárlögum 1983. Í samræmi við þá kjaraskerðingu sem landsmenn hafa orðið fyrir nú á síðustu mánuðum var ákveðið að lækka grunnlaun og staðaruppbót útsendra sendiráðsmanna um 9% frá því sem var í fjárlögum 1983. Er þetta m. a. gert til þess að sú rýrnun lífskjara sem þjóðin hefur mátt þola komi sem jafnast niður á alla Íslendinga, hvort sem þeir starfa hér á landi eða í þjónustu ríkisins erlendis.

Fjárveiting til málaflokka á vegum landbrn. hækkar um 57 millj. kr. og verður 630 millj. kr. Gert er ráð fyrir 40 stöðum allt árið 1984 á fjárlagaliðnum Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, en í fjárlögum 1983 var hins vegar áætlað fyrir 36 stöðum allt árið 1983 og 4 stöðum frá 1. júlí 1983. Nettóaukning á þessum fjárlagalið samsvarar því tveimur stöðugildum.

Framlög til Landgræðslu- og landverndaráætlunar hækka um 27.5% frá fjárlögum 1983. Framlög þessi eru í samræmi við þingsályktunartillögu um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—1986, þar sem kveðið er á um árlegar fjárveitingar úr ríkissjóði til þessa verkefnis. Með ofangreindu framlagi er gert ráð fyrir að verðbætur ársins 1983 séu að fullu greiddar og að verðbætur vegna ársins 1984 komi til greiðslu á árinu 1985.

Framlag til eiginlegrar starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins fellur niður og er það í samræmi við meginforsendur frv. um að fella niður framlög til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Hins vegar er gert ráð fyrir framlagi á þessum fjárlagalið að fjárhæð 12 millj. kr., sem er til Lífeyrissjóðs bænda til eftirlaunagreiðslna samkv. II. kafla laga um sjóðinn.

Liðurinn Jarðræktarlög, framlög verður 81 millj. kr. og er það hækkun um 10 millj. kr. frá fjárlögum 1983. Framlög á þessum fjárlagalið fylgja þeirri meginstefnu að framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækki um sem næst 11% milli ára. Alþingi þarf sem allra fyrst að taka til endurskoðunar gildandi lög um jarðrækt. Eins og nú háttar mun ríkissjóður greiða á næsta ári jarðræktarstyrki vegna þeirra framkvæmda sem áttu sér stað á þessu ári. Með þessu fyrirkomulagi er í raun verið að binda hendur fjárveitingavaldsins þar sem það getur lítil áhrif haft á það hverjar eru raunverulegar skuldbindingar sem ríkissjóður verður að bera vegna þessa verkefnis. Eðlilegasta fyrirkomulagið væri það, að Alþingi samþykkti tiltekna fjárhæð til þessarra verkefna og ákvæði þar með hvað mikið yrði gert í þessum málaflokki á viðkomandi fjárlagaári.

Tekinn er upp nýr fjárlagaliður, Jöfnunargjald, og eru áætlaðar fyrir því 12 millj. kr., sem fara til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts af útfluttum loðdýraafurðum.

Fjárveiting til verkefna sem falla undir starfsemi á vegum sjútvrn. verður 210 millj. kr. og er það hækkun um 41 millj. kr. frá fjárlögum 1983.

Hjá Hafrannsóknastofnun verður sú breyting, að ekki er gert ráð fyrir úthaldi á rannsóknaskipinu Hafþóri á næsta ári, en jafnframt er áætlað fyrir fimm mánaða úthaldi rannsóknaskips á liðnum Annar skiparekstur. Að öðru leyti er úthald hjá skipum stofnunarinnar það sama og var í fjárlögum 1983.

Svo sem verið hefur er gert ráð fyrir að fjvn. Alþingis verði gerð grein fyrir fyrirhuguðum rannsóknaferðum á árinu 1984 svo og væntanlegri ráðstöfun fjárveitingar til svokallaðra tímabundinna verkefna.

Framlag til Fiskveiðasjóðs fellur niður í frv., en fjárveiting til sjóðsins nam tæplega 27 millj. kr. í fjárlögum 1983. Niðurfelling framlagsins er í samræmi við meginforsendu frv. hvað varðar framlag til sjóða.

Framlög til verkefna á sviði dóms- og kirkjumálarn. hækka um 289 millj. kr. og verður fjárveiting til rn. þar með 518 millj.kr.

Niður fellur stofnunin Sjómælingar Íslands, en gert er ráð fyrir að verkefni þau sem stofnunin hefur haft með höndum verði framvegis á vegum Landhelgisgæslu Íslands.

Þá er fyrirhugað að fram verði látin fara sérstök athugun á skipulagi og verklagsaðstæðum hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins, sérstaklega með tilliti til breytts fyrirkomulags á bifreiðaskoðun.

Hækkun framlaga til málaflokka félmrn. nemur samtals 204 millj. kr. og verður fjárveiting þar með samtals 696 millj. kr.

Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna nemur samtals 400 millj. kr., sem er hækkun um 34% frá fjárlögum 1983. Tveir ofangreindir sjóðir eru einu sjóðirnir í þessu frv. þar sem gerð er undantekning frá meginstefnu frv. um framlög til sjóða. Nánari áætlun um útlán og fjármögnun þessara sjóða kemur fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984, endar ræðst útlánsgeta sjóðanna af því fjármagni sem þeim er þar ætlað. Til viðbótar ríkisframlaginu er, eins og kemur fram síðar, gert ráð fyrir lánsfjármagni.

Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga fellur niður í frv., en það nam tæpum 6 millj. kr. í fjárlögum 1983.

Fjárveiting til málefna fatlaðra verður 188 millj. kr. Framsetning þessa málaflokks er í frv. sem mest samræmd þeim verkefnum sem talin eru uppi í lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Tekin er inn fjárveiting til 15 nýrra heimila fyrir fatlaða, þar af eru fjögur sem hafa áður fengið rekstrarfé sitt greitt með daggjöldum. Reiknuð stöðugildi á þessum heimilum eru í frv. samtals 331 talsins og er það fjölgun um 84 stöður, þar af eru 45 stöður vegna nýrra heimila, 5 stöður vegna fjölgunar á starfsliði hjá svæðisstjórnum og 34 stöður á heimilum sem áður voru greidd með daggjöldum.

Framlag til Bjargráðasjóðs Íslands verður tæpar 22 millj. kr., sem er hækkun um 156% frá fjárlögum 1983. Af ofangreindri fjárveitingu eru rúmlega 16 millj. kr. veittar til að greiða Bjargráðasjóði mismun á fjármagnskostnaði sem sjóðurinn verður fyrir vegna endurgreiðslu svokallaðra harðæris- og óveðurslána sem tekin hafa verið á árunum 1980 til 1982.

Útgjöld til málaflokka heilbr.- og trmrn. hækka samtals um 1 788 millj. kr. og verður fjárveiting þar með 6 734 millj. kr. Er þetta langstærsti útgjaldaþáttur frv. eða sem svarar til 38.7% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga nema samtals 4 666 millj. kr., sem er hækkun um 1 185 millj. kr. frá fjárlögum 1983.

Helstu breytingar á framlögum til Tryggingastofnunar ríkisins umfram verðlagsforsendur frv. eru þessar: Gert er ráð fyrir 2% magnaukningu á næsta ári á lífeyristryggingum, sem stafar af fjölgun bótaþega. Hinn 1. janúar 1983 hækkaði tekjutrygging um 2.68% og heimilisuppbót um 4.5%. Grunngjöld flestra sjúkrahúsa hækkuðu um 4% 1. júní s. l., og var það gert vegna verulegs hallareksturs sjúkrahúsanna á árinu 1982. Með breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983 var ákveðið að viðhald sjúkrahúsa skuli framvegis greiða í hlutföllunum 85% af ríkissjóði og 15% af sveitarfélögum. Viðhald sjúkrahúsa er því í frv. áætlað sem hluti daggjalda á árinu 1984, en var áður á sérstökum lið heilbrrn.

Þá gerir þetta frv. ráð fyrir að náð verði 300 millj. kr. sparnaði í tryggingakerfinu og mun heilbr.- og trmrh. gera tillögur um með hvaða hætti sá sparnaður í útgjöldum næst. Þó er í megindráttum gert ráð fyrir að umræddur sparnaður náist fram á eftirtöldum liðum: Hjá lífeyristryggingum er ráðgerður sparnaður að fjárhæð 60 millj. kr. frá því sem felst í gildandi reglum. Leitað verður leiða til að ná fram sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna um allt að 150 millj. kr. Þá er að lokum gert ráð fyrir að ná fram sparnaði að upphæð 90 millj. kr. með því að endurskoða gjaldskrár fyrir lyf, læknishjálp o. fl.

Fjárveiting til verkefna á sviði fjmrn. verður samtals 753 millj. kr. og er það lækkun um 409 millj. kr. frá fjárlögum 1983. Skýring þessarar lækkunar er fyrst og fremst sú, að ekki er nú lengur áætlað fyrir launahækkunum ríkisstarfsmanna á næsta ári á lið fjmrn., heldur á fjárlagaliðum viðkomandi stofnana, eins og ég hef nefnt hér að framan.

Niður fellur liðurinn Efnahagsráðstafanir, en fjárveiting í fjárlögum 1983 nam samtals 130 millj. kr. Ekki er talin ástæða til að þessi fjárlagaliður sé í frv.

Á liðnum Ýmislegt fellur niður fjárveiting til blaðanna, en framlag nam 4 millj. kr. í gildandi fjárlögum. Því má bæta hér við að til viðbótar þeirri fjárveitingu sem ákveðin er í fjárlögum ákvað fyrrv. fjmrh. upp á sitt eindæmi í maí s. l. að veita blöðunum 3 millj. til viðbótar með aukafjárveitingu.

Þá er tekin upp nýr fjárlagaliður, sem er Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds, og er fjárveiting til þessa verkefnis tæplega 6 millj. kr. Megintilgangur með þessu verkefni er sá að fá upplýsingar um tekjuinnheimtu og tekjuálagningu fyrr en verið hefur og auka þar með aðhald og eftirlit með þessum mikilvæga þætti ríkisfjármálanna.

Framlag til málaflokka á vegum samgrn. hækkar um 185 millj. kr. og verður heildarfjárveiting til rn. þar með 1 397 millj. kr.

Framlag til vegamála nemur samtals 949 millj. kr. Eins og gengið var frá framlögum til vegamála í frv. miðast framlagið aðeins við tekjur af mörkuðum tekjustofnum til vegamála og beinu ríkisframlagi. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1984 kemur fram fyrirhuguð lánsfjáröflun til vegagerðar og er miðað við að útgjöld til vegamála á næsta ári nemi allt að 2.2% af þjóðarframleiðslu 1984.

Framlag til Skipaútgerðar ríkisins verður 25 millj. kr., sem er lækkun um tæpar 15 millj. kr. frá fjárlögum 1983. Málefni Skipaútgerðar ríkisins hafa nú að undanförnu verið í sérstakri athugun með það í huga að draga úr kostnaði landsmanna við strandferðaþjónustuna, þó þannig að haldið verði uppi jafngóðri þjónustu og verið hefur.

Framlag til rekstrardeildar Ríkisskipa fellur niður, þar sem reglur um stofnunina hafa formlega verið felldar úr gildi. Verkefni rekstrardeildarinnar færist yfir á þær stofnanir sem hún þjónaði áður, þ. e. Landhelgisgæslu, Hafrannsóknastofnun og Skipaútgerð ríkisins.

Fjárveiting til málaflokka iðnrn. hækkar um 461 millj. kr. og verður samtals 922 millj. kr.

Framlag á fjárlagalið rn. Iðnaðarrannsóknir hækkar um 6 millj. kr. og verður 10 millj. kr. Gert er ráð fyrir að fé þetta fari til athugunar og könnunar á ýmsum kostum í iðnaðaruppbyggingu landsmanna, m. a. í stóriðju.

Framlag til niðurgreiðslna vegna rafhitunar hækkar um 195 millj. kr. og verður 230 millj. kr. Er hér um rúmlega sexföldun framlags að ræða frá fjárlögum 1983.

Framlag til lánagreiðslna á vegum Orkusjóðs hækkar um 94 millj. kr. og verður 170 millj. kr. Meginskýringu þessarar miklu hækkunar er einkum að rekja til verulegrar hækkunar á erlendum gjaldmiðlum, en stór hluti lánagreiðslnanna er af gengisbundnum lánum.

Fjárveiting til viðskrn. hækkar um 214 millj. kr. og verður 1 099 millj. kr., sem er hækkun um 24.2% frá

fjárlögum 1983.

Niðurgreiðslur ríkissjóðs eru áætlaðar samtals að upphæð 1 010 millj. kr., sem er hækkun um 171 millj. kr. frá fjárlögum 1983, en lítils háttar lækkun miðað við spá um endanlega útkomu í ár. Af framlagi ríkissjóðs fara 46 millj. kr. til Lífeyrissjóðs bænda og 964 millj. kr. til beinna niðurgreiðslna á vöruverði.

Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar er í fjárlögum 1983 samtals 29 millj. kr. Í þessu frv. er fjárveiting til þessa verkefnis að fjárhæð 62 millj. kr. Hækkar framlag þannig um tæp 114% frá fjárlögum 1983.

Vaxtagjöld ríkissjóðs á árinu 1984 byggjast á þeim meginforsendum frv. um þróun viðkomandi vísitalna að því er tekur til verð- og gengistryggðra lána. Þó hefur nettóbreyting skuldastöðunnar að sjálfsögðu áhrif á vaxtaáætlunina. Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs eru áætlaðar samtals 840 millj. kr. á árinu 1984, sem er hækkun um 475 millj. kr. frá fjárlögum 1983. Áætlað er að vextir af öðrum lánum en í Seðlabankanum hækki um 430 millj. kr. og verði 701 millj. kr. Af þessari hækkun eru 267 millj. kr. vegna vaxta af byggðalínulánum, en á árinu 1982 var ákveðið að ríkissjóður yfirtæki greiðslur af þessum lánum frá Orkusjóði og var gengið frá yfirtökunni 1983.

Vextir af lánum í Seðlabankanum hækka um 45 millj. kr. og er öll hækkunin vegna vaxta af yfirdrætti ríkissjóðs á viðskiptareikningi hans í bankanum. Samtals verða vaxtagreiðslur til Seðlabankans 139 millj. kr. Eins og fram hefur komið varðandi horfur í ríkisfjármálum 1983 gæti halli ríkissjóðs numið allt að 1200 millj. kr. Á næstu dögum verður lagt fram frv. um viðbótarlánsfjáröflun ríkissjóðs á þessu ári. Þar sem óvíst er hve mikið lánsfé fæst á almennum markaði í ár er ekki ljóst hver endanleg yfirdráttarskuld í Seðlabankanum verður í árslok. Því er að svo stöddu ekki áætlað fyrir afborgunum eða vöxtum af þessari skuld.

Í því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu eru tekin upp ný og breytt vinnubrögð. Metið er á raunhæfan hátt umfang rekstrar miðað við haldbestu upplýsingar um hvað starfsemin raunverulega kostar. En jafnframt er beitt ströngu aðhaldi varðandi þá þætti sem lagt er til að haldi óbreyttu umfangi. Forstöðumenn ríkisstofnana og fyrirtækja verða með þessum fjárlögum gerðir ábyrgir fyrir því að halda starfsemi þeirra stofnana, sem þeir bera ábyrgð á, innan ramma fjárlaga. Forstöðumenn rn. og stofnana verða að gera sér grein fyrir að afgreiðsla Alþingis á fjárlögum segir til um það fé sem þeir hafa til ráðstöfunar og ekki mun á næsta ári þýða að koma í fjmrn. til að biðja um aukafjárveitingar.

Ríkisstj. hefur samþykkt að hjá stofnunum ríkisins verði sparað í launakostnaði um 2.5% að raungildi og í öðrum rekstrargjöldum um 5% á næsta ári. Þetta viðfangsefni verða rn. og stofnanir ríkisins að framkvæma á næsta ári. Af hálfu fjmrn. mun verða fylgst náið með framkvæmd þessara hluta, m. a. með ströngu eftirliti samfara gerð greiðsluáætlunar. Rn. mun enn fremur veita aðstoð og setja viðmiðunarreglur um starfsmannahald, sem m. a. tekur til endurráðningar og yfirvinnu. En mönnum verður að vera ljóst strax í upphafi að ábyrgðin er fyrst og fremst hjá þeim aðilum sem fara með rekstur rn. og stofnana.

Það er eitt af yfirlýstum markmiðum ríkisstj. að draga úr umsvifum ríkisvaldsins og flytja verkefni frá ríkinu til einstaklinga og sveitarfélaga. Með þessu móti er bæði hægt að draga úr skattheimtu ríkisins og jafnframt fá betri nýtingu út úr þeim fjármunum sem til þessara verkefna fara. Það hefur verið einkennandi fyrir ríkisbúskapinn undanfarin ár, að hlutfall þess sem ríkið tekur í þjóðarframleiðslunni hefur farið vaxandi.

Í ár verður í fyrsta sinn í nokkur ár breyting hér á fyrir atbeina ríkisstj. og á næsta ári er ætlunin að draga enn úr, eins og glöggt kemur fram í þessu frv. Samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkisins sem hlutfall af þjóðarframleiðslu verði 26.8% á næsta ári, en þetta hlutfall var á árinu 1982 30.2% og hefur sennilega aldrei verið hærra. Á árinu 1983 er áætlað að þetta hlutfall verði 27.6% og gætir þar áhrifa til lækkunar frá árinu á undan vegna breyttrar stefnu þessarar ríkisstj. Hér er átt við skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðarframleiðslunni, en það er góður mælikvarði á hvað ríkisgeirinn er í raun fyrirferðarmikill.

Þannig hefur verið unnið að því að takmarka fyrirferð ríkisins í þjóðarframleiðslunni, en það þýðir að sjálfsögðu að svigrúm annarra aðila eykst. Með öðrum orðum, það verða meiri skattpeningar eftir hjá þeim sem greiða skattinn, ríkið sjálft tekur minna til sín. Reiknað hefur verið út að þessi minnkum á ríkisumsvifum úr rúmlega 30% í tæplega 27% þýði hvorki meira né minna en að 2.2 milljarða kr. virði í sköttum verði á næsta ári létt af heimilunum og atvinnurekstrinum.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstj. er kveðið skýrt á um að draga beri úr umsvifum ríkisins og flytja verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga og/eða annarra aðila í þjóðfélaginu. Ég er þeirrar skoðunar, að ríkið hafi tekið að sér ýmis verkefni að óþörfu. Slíkt hefur m. a. gerst vegna pólitískra áhrifa þeirra afla í þjóðfélaginu sem vilja aukin afskipti hins opinbera á sem flestum sviðum mannlífsins. Enn fremur er jafnframt ljóst að slíkt hefur sumpart gerst fyrir tilviljun og án fyrir fram markaðrar stefnu.

Þátttaka ríkisins í atvinnurekstri landsmanna, ef hún er í beinni samkeppni við einkaaðila eða félög þeirra, á helst ekki að vera til staðar. Ríkið á ekki að grípa inn í atvinnustarfsemi með beinni þátttöku nema í algjörum undantekningartilfellum og þá aðeins að fyrir hendi séu þungvægir almenningshagsmunir. Þess hefur gætt í æ ríkara mæli á undanförnum árum að ríkið grípi inn í atvinnugreinar til að bjarga einstökum fyrirtækjum. Ég tel að slíkt sé mjög varhugavert. Slík afskipti ríkisins slæva ábyrgð þeirra aðila sem fara með atvinnustarfsemi og skapa mismunun.

Einn þáttur þess að draga úr ríkisumsvifum er að flytja verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga í landinu. Það er stefna núverandi ríkisstj. að breyta verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og fá fram skýrari skil á milli aðila, þannig að saman fari rekstrar- og fjárhagsábyrgð og að aðilar séu ekki að vasast í sömu verkefnum á sama tíma. Samtímis verður að flytja tekjustofna frá ríkinu til sveitarfélaganna í landinu. En mikilvægasti þáttur þess að ná fram þessari kerfisbreytingu er að sveitarfélögin geri upp við sig hvort þau í raun og veru vilja taka til sín aukin verkefni frá því sem er í dag.

Veigamikill þáttur þess að gera sér grein fyrir þróun ríkisumsvifa í þjóðarbúskapnum til lengri og skemmri tíma er m. a. að Alþingi geti metið á hverjum tíma áhrif nýrrar löggjafar og þróun útgjalda og tekna ríkissjóðs

samkvæmt gildandi lagaskuldbindingum. Því álít ég nauðsynlegt að vinna að gerð svonefndra langtímafjárlaga. Leggja verður ríka áherslu á að hér verði ekki um að ræða bindandi fyrirætlanir ríkisins, heldur viðmiðun sem veitir upplýsingar um stöðu ríkisins, tekjuþörf þess og útgjöld til nokkurra ára í senn. Hér er um að ræða nýtt viðfangsefni þótt hugmyndin sé þekkt og menn hafi áformað slíka áætlunargerð fyrr. Tel ég nauðsynlegt að nú verði stigið fyrsta skrefið við gerð langtímafjárlaga með það að markmiði að minnka hið opinbera umfang í þjóðarbúskapnum.

En ríkisstj. hefur hugsað sér að framfylgja stefnu sinni um minnkun ríkisumsvifa með ýmsum öðrum hætti. Þannig hafa verið kunngerð áform hennar um að selja ríkisfyrirtæki og losa ríkið við eignarhluta í ýmissi starfsemi, sem á betur heima í höndum einstaklinga eða sveitarfélaga.

Ríkisstj. hefur í undirbúningi að leggja fyrir Alþingi tillögur um þetta efni í frumvarpsformi og vænti ég þess að um það mál náist góð samstaða. Allir sanngjarnir menn hljóta að viðurkenna að á þessu sviði er full þörf umbóta. Menn mega ekki vera svo staðnaðir í afstöðu sinni til verkaskiptingar ríkis og einstaklinga, að fyrirtæki sem einhvern tíma hefur verið talið rétt að væri í eigu ríkisins eigi þar með að vera þar um alla framtíð.

En kjarni þessa máls er auðvitað sú skoðun mín og minna samherja, að ríkið eigi ekki að taka að sér verkefni sem einstaklingar, fyrirtækin eða sveitarfélögin geta sinnt, að dreifa eigi hinu efnahagslega valdi sem víðast og að betri hagnýting fjármuna fáist með þeim hætti.

Við viljum tengja saman efnahagslegar ákvarðanir og ábyrgðina á afleiðingum þeirra. Við teljum ófært að einstök fyrirtæki í eigu ríkisins geti leitað þangað í skjól og fái þar fyrirgreiðslu umfram önnur fyrirtæki í sömu starfsgrein. Við teljum óheppilegt að ríkið sé með puttana í atvinnustarfsemi sem einstaklingar eða aðrir aðilar geta sem hægast borið ábyrgð á.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir 1984 var dreift til þm. fyrr í þessari viku með ítarlegri grg. um þennan veigamikla þátt í þjóðarbúskapnum.

Við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar var tekið mið af þeim efnahagslegu markmiðum sem ríkisstj. hefur sett sér um atvinnuöryggi, minnkandi verðbólgu og jöfnuð í viðskiptum við útlönd. Höfuðvandinn við gerð áætlunarinnar að þessu sinni var að finna lausn á innlendri fjáröflun til húsbyggingarsjóða og fjármögnun vegagerðarframkvæmda, samhliða viðleitni til að sporna gegn frekari erlendri skuldasöfnun.

Við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar lá fyrir það markmið, að erlendar lántökur á árinu 1984 skyldu miðast við að hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu hækkaði ekki. Erlendar lántökur 1984 voru því takmarkaðar við 4000 millj., miðað við meðalgengi ársins 1983, og samsvarar það u. þ. b. 4500 millj. kr. á áætluðu verðlagi 1984. Hér er um verulegan samdrátt að ræða í erlendum lántökum eða 1 750 millj. kr. frá árinu í ár og 3 650 millj. kr. frá 1982, sé miðað við áætlað gengi á næsta ári.

Fjármunamyndun 1984 er talin dragast saman um 6.3% frá fyrra ári og nema 23.4% af þjóðarframleiðslunni og er það ívið meiri samdráttur en reiknað var með í þjóðhagsáætlun. Þetta hlutfall er talið verða 25.1% árið 1983, en var 30.2% 1982. Hinu háa fjárfestingarstigi síðustu ára hefur að stórum hluta verið haldið uppi með halla á viðskiptum gagnvart útlöndum. Innlendur sparnaður sem hlutfall af þjóðarframleiðslu til fjármögnunar á fjármunamyndun er áætlaður 22.9% árið 1983, en var 20.2% árið 1982. Útlit er fyrir nær hallalaus utanríkisviðskipti, nánar tiltekið að halli verði aðeins 0.2% af þjóðarframleiðslu. Næmi því innlendur sparnaður 23.2%.

Á árinu 1984 er fjárfesting atvinnuveganna talin dragast saman um 6.2%. Samdráttur er áætlaður í byggingum og mannvirkjum hins opinbera um sem nemur 9.8%. Gert er ráð fyrir að íbúðarhúsabyggingar verði óbreyttar frá fyrra ári. Enda þótt fjármunamyndunin á næsta ári sé talin dragast saman um 6.3% í heild verður nær allur samdrátturinn í stórframkvæmdum og innfluttum skipum og flugvélum.

Mikilvægt er að hvetja til innlends sparnaðar með fýsilegum kjörum skuldabréfa og annarra sparnaðarforma í þágu brýnustu þarfa. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. segir, að „áhersla verði lögð á fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning, t. d. samningsbundinn sparnað, tengdan rétti til húsnæðislána". Í samræmi við þetta hefur farið fram undirbúningur margháttaðra fjáröflunarleiða. Áformað er að afla ríkissjóði lánsfjár með sölu verðtryggðra spariskírteina í svipuðu formi og verið hefur, en með breyttum lánskjörum ásamt með sölu gengisbundinna verðbréfa og skammtímabréfa. Á sama hátt er fyrirhugað að afla Byggingarsjóði ríkisins 200 millj. kr. með nýju sparnaðarformi.

Við gerð fjárlagafrv. voru nokkrir málaflokkar sem ekki var tekin endanleg afstaða til og þeim vísað til fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar.

Þar ber fyrst að nefna fjáröflun til vegaframkvæmda, en útgjöld til vegamála eru áformuð 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu 1984. Þessi ráðstöfun felur í sér að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs eykst um 480 millj. kr. frá því sem fram kemur í fjárlagafrv. og verður alls 1 620 millj. kr. Í öðru lagi var fjáröflun til húsbyggingasjóðanna á árinu 1984 vegna ákvörðunar ríkisstj. um hækkun lána til húsbyggjenda. Framlag úr ríkissjóði er samkvæmt fjárlagafrv. 400 millj. kr. Lánsfjáröflun til sjóðanna er fyrirhuguð þannig, að 690 millj. verði aflað hjá lífeyrissjóðum og 200 millj. kr. verði aflað með sérstakri útgáfu skuldabréfa, eins og þegar hefur verið getið. Auk þess er gert ráð fyrir lánsfjáröflun eins og undanfarin ár, þ. e. 45 millj. kr. af skyldusparnaðarfé ungmenna og 115 millj. kr. lántöku hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Alls nemur því lántaka byggingarsjóðanna 1 050 millj. kr.

Loks var endanleg afstaða um lánsfjáröflun til ýmissa orkufyrirtækja, einkum Landsvirkjunar, ófrágengin við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1984 og vísað til fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar. Sá þröngi rammi sem erlendum lántökum er settur á árinu 1984 hefur óhjákvæmilega í för með sér verulegan samdrátt í orkuframkvæmdum. Lántökur Landsvirkjunar eru áætlaðar alls 900 millj. kr., þar af 200 millj. kr. til framkvæmda við Blöndu og 700 millj. kr. til annarra framkvæmda, m. a. við Kvíslaveitur.

Þess skal getið, að þrátt fyrir þann samdrátt sem útlit er fyrir í fjármunamyndun á næsta ári þykir ekki ástæða til að óttast atvinnuleysi, ef ekki kemur til óvæntra truflana í atvinnustarfseminni í landinu. Undanfarin ár hefur ríkt umframeftirspurn á vinnumarkaðinum og má

því ætla að nú stefni í átt til betra jafnvægis. Ríkisstj. leggur mikla áherslu á atvinnuöryggi og mun fylgjast vandlega með þróun vinnumarkaðarins um land allt, þannig að unnt verði að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða tímanlega ef þurfa þykir.

Herra forseti. Ég er nú kominn að lokum þessarar ræðu. Ég hef gert ítarlega grein fyrir því frv. til fjárlaga, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi, svo og lánsfjáráætlun. Eins og margoft hefur komið fram, bæði í þessari ræðu, stefnuræðu forsrh. og víðar, eru blikur á lofti í fjármálum þjóðarinnar um þessar mundir. Allir landsmenn verða að taka höndum saman um að leysa þann vanda. Með frv. því, sem ég hef hér kynnt, er lagður grundvöllur að því að ríkið skerist ekki úr leik í þeim átökum.

Þetta frv. er mikið aðhaldsfrumvarp og ýmsir verða vafalaust óánægðir með það. En við því er ekkert að segja. Ég lít ekki á það sem hlutverk mitt í embætti fjmrh. að gera öllum til hæfis.

En ég hvet þm. til að taka ábyrga afstöðu til þessa frv. og gera sér glögga grein fyrir því alvarlega ástandi sem blasir við íslenska þjóðarbúinu og fjármálum íslenska ríkisins. Þjóðin á mikið undir því komið, að þm. allir fjalli um þessi mál af alvöru og ábyrgð.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ekki hvarflar að neinum að neita því, að erfiðleikar hafa steðjað að vegna aflaleysis hér heima fyrir og vegna kreppuástands víða um heim. Rekstur ríkissjóðs hefur ekki farið varhluta af þessum erfiðleikum. En þrátt fyrir þessa erfiðleika og ekki síst með þá í huga er full þörf á því að rekstur ríkissjóðs sé áfram í góðu jafnvægi. Aðsteðjandi erfiðleika á og má ekki gera að tilefni til að hefja nú stórfelldan hallarekstur ríkissjóðs eins og gert var á seinasta áratug. Afgangur hjá ríkissjóði hefur verið það mikill undanfarin þrjú ár að þótt eitthvað harðni á dalnum nú í bili með samdrætti ríkistekna á ekki að vera þörf á að hopa lengra en svo, að tekjur og gjöld standist nokkurn veginn á. Miðað við allar aðstæður í ríkisbúskapnum er almennt þörf á því að einhver afgangur sé á hverju ári. Á sérstökum erfiðleikatímum verður hins vegar að láta sér lynda að reksturinn standi í járnum. Frekara undanhald en þetta, jafnvel stórfelldur halli, verður ekki skýrður með þeim breytingum einum sem stafa af breyttum aðstæðum. Þar kemur þá annað til eins og ég mun víkja að síðar.

Fjárlagafrv. er spegilmynd af stefnu ríkisstj. hverju sinni. Þessi stefnumótandi mynd hlýtur um leið að endurspegla álit ríkisstj. á því hvernig eðlilegt sé að verja sameiginlegum fjármunum þjóðarinnar. Fráfarandi ríkisstj. lagði þunga áherslu á hvers konar félagslegar umbætur, einkum í þágu aldraðra, öryrkja og þroskaheftra og annarra þeirra hópa sem minna mega sín. Reynt var, þrátt fyrir aðsteðjandi erfiðleika, að tryggja fólkinu í landinu óskerta félagslega þjónustu. Jafnframt var stöðugt leitast við að efla íslenska menningar- og listastarfsemi.

Sú spegilmynd af stefnu núv. ríkisstj. sem við horfum hér á sýnir verulega áherslubreytingu frá stefnu fráfarandi stjórnar. Segja má að einmitt þeir þættir sem fyrrv. stjórn lagði sérstaka áherslu á séu áberandi vanræktir í þessu frv. Á hinn bóginn koma nú til sögu mjög viðamiklir kostnaðarliðir sem verulega íþyngja. Munar þar mest um framlag til byggingar flugstöðvar að upphæð 104.5 millj. kr.

Til að átta sig betur á tölum eins og þeim sem ég nú nefndi væri kannske ekki úr vegi að velta því fyrir sér hvað mætti gera við 105 millj. kr., en það er upphæðin sem ég nefndi áðan og verja á í allt of stóra hernaðarflugstöð á Keflavíkurvelli. Þá vil ég fyrst draga það fram, að framlag til dagvistunarheimila er 30 millj. kr. og hefur aðeins hækkað um 3 millj. frá seinustu fjárlögum. Framlög til allra flugvalla á landinu, öryggistækja, slitlags og annarra nauðsynlegra þátta nemur 51 millj. kr. Hækkun er aðeins 5 millj. kr. Til allra grunnskólabygginga á landinu er varið 108 millj. kr. Hækkun er aðeins 11 millj. Til allra sjúkrahúsabygginga er varið 111 millj. kr. Hækkun er aðeins 11 millj. Til listastarfsemi í landinu, undir liðnum Listir, er varið 35 millj. kr. Hækkun er engin. Til Framkvæmdasjóðs aldraðra og þroskaheftra er varið 42 millj. kr. Hækkun er aðeins 2 millj. Og til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er varið 40 millj. kr., sem er óbreytt upphæð. Samtals gera þetta 417 millj. til þeirra þátta sem ég nefndi nú og meðaltalshækkunin er aðeins 8%.

Ef við hugsuðum okkur að allir þeir málaflokkar sem ég nú nefndi fengju eðlilega hækkun, nauðsynlega hækkun, 35% hækkun frá fjárlögum seinasta árs, sem ég tel vera þá hækkun sem raunhæf er miðað við sennilega þróun mála á komandi ári, mundi það kosta um 103 millj. kr. til viðbótar eða nokkurn veginn sömu upphæð og verja á til þessarar allt of stóru byggingar á Keflavíkurflugvelli.

Eins mætti velta því fyrir sér, hvað gera hefði mátt við áframhaldandi tekjur af skemmtiferðum til útlanda. Sennilega hefði álag á ferðagjaldeyri numið um 120 millj. kr. á næsta ári. Það hefði t. d. mátt nota það fjármagn til að leysa brýnan vanda íslenskra námsmanna heima og erlendis, sem nú verða fyrir þungum búsifjum.

Þetta fjárlagafrv. ber með sér með skýrum hætti að það er ætlun núv. ríkisstj. að sú kjaraskerðing sem dunið hefur yfir á liðnum vikum og mánuðum verði varanleg, að hún vari allt næsta ár. Í frv. virðist vera gert ráð fyrir að verðhækkun milli ára nemi að meðaltali um 26% og að laun hækki um 15%, en á árinu 1984 virðist vera gert ráð fyrir að verðlag hækki aðeins um 8% og laun um 11%. Tölur af þessu tagi eru vissulega varhugaverðar vegna þess að þær má nota í ýmiss konar samhengi. Ef talað er á máli frv. um þessa hluti er þar sagt að verðlag verði 4% hærra að meðaltali á árinu en í ársbyrjun 1984. Það túlka ég svo, að verðlagsbreyting frá upphafi til loka ársins sé hugsuð einhvers staðar í kringum 8%. Sama gildir um launaforsenduna. Hún er talin vera 6% hærri að meðaltali á árinu en í ársbyrjun. En vafalaust má þá gera ráð fyrir að launabreytingin innan ársins sé einhvers staðar í kringum 11% frá sjónarmiði höfunda frv. Af þessum tölum er ljóst að kaupskerðingin á að vera varanleg, að menn eru að tala um að verðlagsbreytingin milli ára sé 26%, en launabreytingin aðeins 15%. Það bætist að sjálfsögðu við þá kjaraskerðingu sem var orðin á miðju þessu ári.

Þegar litið er á skattahlið frv. verður ljóst að ráðgert er að tekjuskattur stórhækki sem hlutfall af tekjum líðandi árs. Að vísu er engin skattvísitala finnanleg í fjárlagafrv. og hæstv. fjmrh. upplýsti að hann mundi á

síðara stigi gera till. um skattvísitölu. Hann hefur raunar haft á orði að til greina komi að lækka beina skatta. En ef það er ætlun ríkisstj. að lækka beina skatta, þá er ljóst að tölur frv. um beina skatta eru villandi og alrangar. Laun eru í frv. áætluð að hækki um 15% milli ára, eins og ég tók fram áðan. Í fullu samræmi við það er gert ráð fyrir að óbeinir skattar hækki um 15.6% milli ára. Þetta er fullkomlega rökrétt vegna þess að af reynslunni vitum við að nokkurn veginn haldast í hendur tekjur af óbeinum sköttum annars vegar og breytingar á launum hins vegar. Þótt auðvitað geti þar nokkrir áhrifaþættir komið inn í sem einhverju skakka er meginreglan sú, að þarna er fullt samræmi á milli. En samkv. frv. virðist gert ráð fyrir að beinir skattar hækki um 26%, eignarskattur um 25.9% og tekjuskattur um 26.4%, og er þá ekki miðað við fjárlagafrv. fyrir árið 1983, heldur endurskoðaða áætlun um tekjur þessa árs.

Afkoma ríkissjóðs á árinu 1983 er vissulega of snemmt að segja nokkuð til um með vissu. Fjmrh. hefur verið að spá allverulegum halla á þessu ári og hafa verið nefndar tölur allt frá 800 millj. og upp í 1200 millj. Raunar er það svo, að við stjórnarskiptin nefndu stjórnarliðar miklu hærri upphæðir og áttu þó eftir að bæta við ýmist auknum útgjöldum eða minnkuðum tekjum um 800 millj. kr. Staðreyndin er sú, að staða ríkissjóðs í maílok á þessu ári var síst lakari en hún hefur oft áður verið, þó vissulega væri hún töluvert miklu lakari en á árinu 1982, sem er það ár sem best hefur komið út um áraraðir.

En þegar litið er á þennan halla, sem spáð er að verði á þessu ári, er rétt að velta því fyrir sér hvernig hann kynni að vera til komin. Ljóst er að þessi ríkisstj. hefur tekið býsna margar stórar ákvarðanir sem snerta afkomu ríkissjóðs. Hún ákvað að framkvæma vegáætlun óbreytta eins og fjvn. Alþingis hafði gengið frá henni og eins og fráfarandi ríkisstj. hafði einnig áformað, án þess að afla tekna til þess, eins og þó fyrri ríkisstj. vildi, en kom ekki fram hér í þinginu vegna þess að þing var rofið áður en hægt væri að afgreiða það mál. Þegar ríkisstj. lýsti því yfir, og þá á ég við fráfarandi ríkisstj., í apríl s. l., að ætlunin væri að framkvæma tölurnar sem voru niðurstaða fjvn. rétt við þinglokin, þá gekk hún einnig út frá því að aflað yrði tekna á móti, þótt hún hefði ekki haft þingmeirihluta til að koma því fram og vildi ekki af skiljanlegum ástæðum setja þá brbl. um það efni beint í kjölfar þess að málið hafði ekki náð fram að ganga í þinginu. Ný ríkisstjórn hlaut því að gera annað tveggja, annaðhvort að draga úr útgjöldum til vegamála sem nam þessum 120 millj. eða afla tekna í staðinn. En núv. ríkisstj. gerði hvorugt og þar með myndaðist halli upp á 120 millj. í greiðsluáætlun þessa árs.

Núv. ríkisstj. tók ákvörðun um svokallaðar mildandi aðgerðir, sem hæstv. fjmrh. var rétt að enda við að upplýsa að hefðu numið um 405 millj. kr. Núv. ríkisstj. tók ákvörðun um að fella niður skattgjald sem Alþingi hafði ákveðið að leggja á, svonefnt álag á ferðagjaldeyri, þótt enga nauðsyn bæri til þess, ekkert kallaði á það og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði m. a. s. samþykkt án þess að mögla á nokkurn hátt að þetta gjald mætti standa allt árið. Ég er þar til vitnis og margir aðrir. Það var ekki nokkur vandi að fá því gjaldi framlengt á sínum tíma. En núv. ríkisstj. ákvað að fella niður þetta gjald og það hefur að sjálfsögðu þýtt verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Þar hefur ekkert annað komið í staðinn. Ég hygg að tap ríkissjóðs á þessu ári af þessari ástæðu einni nemi ekki minni upphæð en 50 millj. kr., með tilliti til þess að tekjurnar það sem af var ársins voru um 58 millj. kr.

Auk þess hefur núv. ríkisstj. tekið ákvörðun um ýmiss konar tollalækkanir aðrar en þær sem fólust í hinum mildandi aðgerðum. Ég hef ekki upplýsingar um hversu stórum fjárhæðum þessar ákvarðanir nema, en kannske mætti áætla að þær næmu kringum 30 millj. kr.

Þessu til viðbótar hefur svo ríkisstj. tekið ákvörðun um að niðurgreiðslur á búvöru verði 194 millj. kr. hærri en núverandi fjárlög gera ráð fyrir. — Samanlagt gera þessar upphæðir um 799 millj. kr.

Ég hef alltaf dregið í efa að þegar upp yrði staðið í lok þessa árs yrði rekstrarafkoman neikvæðari um hærri upphæð en ég nefndi nú. Ég hef talið að í ríkisreikningi fyrir árið 1983 yrði halli ársins, miðað við útlitið eins og það er, minni en nemur þessari tölu, þegar haft er í huga að afgangur ársins 1982 var hvorki meira né minna en 850 millj. Því er ljóst að ef tekna hefði verið aflað í stað þeirra tekna og tekjupósta sem lagðir voru niður eða útgjöld lækkuð þar á móti, þá hefði ríkissjóður komið nokkuð örugglega út á sléttu á þessu ári, jafnvel skilað einhverjum afgangi. En allt kemur þetta í ljós síðar meir.

Hæstv. ríkisstj. tók sér heimild í brbl. til að skera niður ríkisútgjöld um 300 millj. kr. Ég veit ekki hvort einhverjir þm. hafa orðið varir við þennan niðurskurð. Ég hef ekki orðið var við hann og vil gera það að fyrstu spurningu minni til hæstv. fjmrh., hvort hann geti lesið hér upp fyrir þm. lista yfir niðurskurð ríkisútgjalda í samræmi við þetta heimildarákvæði — eða hvað varð um þennan áformaða 300 millj. kr. sparnað?

Ég minntist hér á afkomu ríkissjóðs á árinu 1982 í samræmi við ríkisreikning sem hefur verið lagður fram, og er þá kannske rétt að fara nokkrum orðum um afkomu ríkissjóðs á liðnum árum. Það er öllum kunnugt að á seinasta áratug var ríkissjóður rekinn með miklum halla öll árin. 1971—1979 var halli á ríkisreikningi nema árið 1976. Skuldasöfnun var því gífurleg á þessum árum. Þrjú seinustu ár, 1980—82, hafa skorið sig úr með talsverðum rekstrarafgangi, sem hefur gengið til lækkunar á skuldum. Það er því rangt, sem hæstv. fjmrh. var að segja hér áðan, að safnað hafi verið skuldum á liðnum árum af hálfu ríkissjóðs, jafnvel með erlendum lántökum. Rekstrarafgangur ríkissjóðs á árinu 1980 nam 139 millj. kr. eða um 3.7% af ríkisútgjöldum, rekstrarafgangur 1981 nam 175 millj. kr. eða um 2.9% af ríkisútgjöldum og rekstrarafgangur 1982 nam 850 millj. kr. eða sem næst 9% af ríkisútgjöldum. Það er vafalaust langhæsti afgangur sem verið hefur í ríkisrekstri um mjög langt árabil. Ég hygg að það þurfi jafnvel að fara nokkra áratugi aftur í tímann. (Gripið fram í.) — Ja, það skyldi ekki vera.

Um erlendar lántökur vil ég segja það, að fráfarandi stjórn var mjög sökuð um óhóflegar erlendar lántökur og enn má heyra talsmenn ríkisstj., og þá ekki síst hæstv. fjmrh., rökstyðja hverja sína sparnaðarákvörðun með því að ekki megi taka erlend lán. Staðreyndin er sú, að á undanförnum árum hafa ekki verið tekin erlend lán til ríkisrekstrarins í þrengri merkingu, þ. e. í A-hluta ríkissjóðs. Það hafa eingöngu verið notuð innlend lán í

A-hlutann. Það hefur hins vegar verið aflað erlendra lána vegna B-hlutans, en þar er um að ræða fyrirtæki sem flest hver standa undir sér sjálf eða eiga að standa undir sér sjálf á komandi árum. Fyrirtækin í A-hlutanum, sem taka við framlögum úr ríkissjóði án þess að skila neinum arði, skila sem sagt ekki arði í bókstaflegri merkingu, — vissulega í óeiginlegri merkingu með ýmsum hætti, en skila ekki arði í bókstaflegri merkinu, — hafa ekki notið erlendra lána. En þau hafa fengið nokkurt innlent fé og þó hefur A-hlutinn almennt gert meira af að greiða skuldir en taka lán, eins og auðvitað lýsir sér í því að rekstrarútkoman er jákvæð. En alltaf hafa B-hluta fyrirtæki fengið eitthvað af erlendum lánum.

Ef litið er á erlendar lántökur á komandi ári með hliðsjón af því sem ég hef nú rakið er ljóst að það er ekki nóg að allar lántökur til B-hluta fyrirtækja séu erlend lán, hvert einasta lán til B-hluta fyrirtækis erlent lán, sem líklega hefur aldrei áður verið, heldur eru nú í fyrsta sinn, í öllu falli um mjög langt skeið, kannske í fyrsta sinn í sögunni, tekin erlend lán í stórum stíl í A-hlutann, en það eru um 42% af lánsfjárþörf A-hlutans sem er fjármögnuð með erlendum lánum. Til nánari skýringar á þessu er rétt að upplýsa að erlendar lántökur í A-hluta eru ekki 1140 millj. kr., eins og stendur í fjárlagafrv. Það er alrangt sem þar stendur. Erlendar lántökur til A-hlutans eru 1620 millj. kr., eins og stendur í lánsfjáráætlun. Satt best að segja er það harla óvenjulegt að þegar fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun er lögð fram á sama tíma og hvort tveggja er rætt um svipað leyti skuli svo stórkostlegt ósamræmi milli fjárlaga annars vegar og lánsfjáráætlunar hins vegar, eins og lýsir sér í þessari staðreynd. Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvernig í ósköpunum standi á þessu. Er þetta vegna þess að ef þessar 480 millj., sem vantar inn í fjárlagafrv., en eru aftur í lánsfjáráætlun, allar í erlendum lánum, hefðu verið teknar inn í frv. hefði verið 470 millj. kr. rekstrarhalli á ríkissjóð og að fjmrh. hafi ekki treyst sér til þess að sýna frv. í þessum búningi? Er þetta skýringin á því að þessari stóru tölu er sleppt út úr fjárlagadæminu?

Ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um þennan þátt málsins. En það blasir sem sagt við að mennirnir, sem hafa verið næstum dag hvern og í mánuði hverjum í þrjú ár að ásaka fráfarandi stjórn fyrir óhóflegar erlendar lántökur og eru enn að kyrja þennan söng næstum dag hvern hér í þinginu, ætla sér á næsta ári að gera hluti sem teljast einsdæmi í íslenskri fjármálasögu, þ. e. að taka stórfelld erlend lán til að fjármagna þann hluta af rekstri ríkisins sem ekki er ætlað að borga þessi lán til baka.

Í fjárlagafrv. er dálítið kynleg athugasemd þess efnis — í grg. — að reiknitala fjárlaga þessa árs varðandi verðbólguaukningu milli ára hafi reynst verulega lægri en raunveruleg verðbólguþróun. Þetta er út af fyrir sig eðlileg athugasemd. En svo er því mjög hátíðlega heitið að nú verði breyting á og farið ýmsum orðum um hvílíkt hneyksli skuli vera að fjárlög passi ekki saman við raunverulega verðbólguþróun. Staðreyndin er sú, að um mjög langt skeið, eða allt síðan verðbólga tók að stefna í þær hæðir sem hún hefur verið í um 10 ára skeið, hefur verið mjög verulegur munur á verðbólguáætlun fjárlaga og raunverulegri þróun mála. Seinustu tíu árin hefur aldrei verið minni munur en 10% á fjárlögum annars vegar og raunverulegri þróun mála. Oftast hefur munurinn verið rétt um 20%. Mér virðist að munurinn á árinu 1983 ætli að verða í hærri kantinum, sennilega með því hæsta sem verið hefur, en þó ekkert einsdæmi. Það stefnir nú í það, að gjöldin hækki um 22% samkv. endurskoðaðri fjárlagaáætlun, en tekjurnar hækki um 14%. Ég hygg að þetta sé svipað og oft hefur áður gerst.

Í þessu nýjasta frv. er reiknað með að verðbólgan hér á landi verði 6—8% frá upphafi til loka næsta ár, eins og ég nefndi áðan. Auðvitað verður hver og einn að dæma um það út frá sinni persónulegu skynsemi, hvort honum finnst þessi verðbólguspá bera vott um tímamótamarkandi raunsæi. Persónulega tel ég miklu líklegra að verðbólgan verði svo sem eins og 10—20% hærri en þessari reiknitölu nemur.

Ég nefni eitt dæmi máli mínu til stuðnings. Samkv. frv. verða niðurgreiðslur á matvörum hlutfallslega miklu minni en greiðslur þessa árs, enda krónutalan í frv. lægri en nemur niðurgreiðslum í ár. Matvörur hljóta því að stórhækka í verði á næsta ári af þessari ástæðu einni. Ætli þessi eina ástæða slagi ekki hátt upp í alla þá verðbólguspá sem hæstv. fjmrh. reiknar með í þessu fjárlagafrv.?

Um útkomu ársins 1984 er vafalaust ekki rétt að hafa uppi miklar fullyrðingar, ekki síst þegar haft er í huga hversu mörg óljós atriði eru í þessu frv. Niðurstöðutala frv. um rekstrarafgang ársins er 9 millj., eins og ég hef nú nefnt. En augljóst er að þessi tala er meira eða minna út í bláinn og vil ég sérstaklega nefna þrjár ástæður. Ég hef þegar nefnt þá fyrstu, þ. e. eina tölu upp á hvorki meira né minna en 480 millj., sem vantar gjörsamlega inn í 1. gr. frv. Ég nefni í öðru lagi vexti af yfirdráttarskuld í Seðlabankanum, sem ekki eru meðreiknaðir, eins og hæstv. fjmrh. nefndi hér áðan og fram kemur á bls. 182 í frv., og ég nefni í þriðja lagi fyrirhugað sparnaðaráform hæstv. fjmrh.

Í grg. frv. kemur fram að ríkisstj. hefur í huga að skera launakostnað ríkisins niður um 2.5%, að önnur rekstrargjöld eigi að lækka um 5% frá eðlilegri áætlun og að skera á niður útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins um 300 millj. kr. Ég vil segja það um áformin að skera niður önnur rekstrargjöld um 5%, að slík áform eru alltaf fullkomlega raunsæ og ég treysti núv. fjmrh. og samráðherrum hans til að framkvæma þetta. Það eiga þeir að geta. Þeim er engin vorkunn að gera það á erfiðleikatímum. Þetta hefur oft áður verið gert og í þessu felst nauðsynlegt og sjálfsagt aðhald í ríkisrekstrinum.

En svo komum við aftur að launaliðnum, sem á að skerast niður um 2.5%. Því miður er fullkomlega óljóst hvernig þetta á að gerast. Á þetta að gerast með því að nokkur hundruð ríkisstarfsmönnum verði sagt upp á árinu? Og hverjum á þá að segja upp? Hvaða ráðh. ætla að taka það á sig? Eða á að lækka laun ríkisstarfsmanna sem þessari upphæð nemur? Svör við þessu hafa ekki fengist. Og meðan þau fást ekki verður að álykta að þetta sparnaðaráform sé algjörlega út í bláinn.

Hæstv. fjmrh. nefndi það í útvarpsviðtali að áformað væri að ráða ekki í stöður sem losnuðu. Jú, þetta er út af fyrir sig ágætt áform, sem oft hefur verið haft uppi og kannske að einhverju leyti framkvæmt. En bæði er að það er ákaflega erfitt í framkvæmd við okkar þröngu íslensku aðstæður og auk þess efast ég stórlega um að

það losni nema brot af þeim stöðufjölda sem þyrfti til þess að koma fram þessum sparnaði á næstu mánuðum. Meðan engar skýringar hafa fengist á þessum lið verður sem sagt að líta svo á, að þarna vanti hreinlega upphæð inn í frv.

Eitthvað svipað gildir um sparnaðinn hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það liggur ekkert fyrir um hvort sá sparnaður verður framkvæmdur með uppsögnum starfsfólks á spítölum og þar með minnkuðum kostnaði við sjúkratryggingar, að það verði meira aðhald að sjúkrahúsum sem rekin eru af daggjöldum en verið hefur, og hefur það þó verið talsvert. Verður um að ræða niðurskurð á framlögum til öryrkja og aldraðra eða verða sjúklingar látnir greiða fyrir sjúkrahúsvist? Allt eru þetta vissir möguleikar sem gætu verið fyrir hendi, en það liggur ekkert fyrir um að hverju ríkisstj. stefnir.

Auðvitað verður Alþingi að fá að vita það við umfjöllun um fjárlagafrv. hvort þessi áform eru algjörlega út í bláinn og ekkert er á bak við eða um er að ræða raunveruleg fyrirheit um raunveruleg áform. Ég vil ekki útiloka í þessu tilviki að þetta verði framkvæmt. Það má vel vera. En þá vil ég líka vita: Á hverjum á þessi niðurskurður að bitna? Það er alveg ljóst að hann verður sársaukafullur. — Og þjóðin á heimtingu á að vita það alveg eins og Alþingi hvað til stendur í þessum efnum.

Það vekur athygli að nú er í fyrsta sinn um alllangt skeið felld algjörlega niður greiðsla til Seðlabankans vegna skulda ríkissjóðs við bankann. Eins og kunnugt er safnaðist upp mikil óreiðuskuld ríkissjóðs við Seðlabankann í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Í árslok 1978 var skuld ríkissjóðs við bankann orðin 1406 millj. kr. á verðlagi í árslok 1982. Nota bene: Það hafa orðið peningaskipti í millitíð og auðvitað verður að reikna þetta allt á verðlagi sama árs, en í árslok 1978 var skuldin 1406 millj. kr. Hún var komin niður í 201 millj. kr. í árslok 1982, reiknað á sama verðlagi. Hér var því gjörbreyting til batnaðar. Skuldin 1975—78 svaraði til 4—5% af vergri þjóðarframleiðslu, en hún var í árslok 1982 komin niður í 0.6%. Heildarskuldir ríkissjóðs hafa einnig minnkað ótvírætt að raungildi ár frá ári, eins og ég drap á áðan, og læt ég nægja að vísa til skýrslu fjmrh. um afkomu ríkissjóðs á árinu 1982, sem gefin var Alþingi í skriflegu formi á s. l. ári, en þar koma fram töflur sem sýna það mjög glöggt að heildarskuldir ríkissjóðs fóru lækkandi. Í þessu sambandi er alveg sérstök ástæða til að minna á viðskiptaskuld ríkissjóðs við Tryggingastofnun ríkisins. Hún minnkaði á árinu 1982 um hvorki meira né minna en 110 millj. kr. Á undanförnum árum hefur sem sagt verið reynt að borga niður þessar skuldir ríkissjóðs. Og nú verður spurningin þessi: Þegar Sjálfstfl. fær aftur stjórn ríkisfjármála í sínar hendur, er þá greiðslunum hætt af þessari gömlu óreiðuskuld og tekur þá við ný skuldasöfnun? Það er sú spurning sem ekki fæst svar við fyrr en væntanlega á næsta ári.

Að lokum, herra forseti, vil ég leyfa mér að velta fyrir mér þeirri spurningu, hvers vegna flest bendir til að stefni í halla hjá ríkissjóði. Við þekkjum svar ríkisstj. og svar hæstv. fjmrh. Þessir aðilar benda á að það hafi orðið verulegur samdráttur í tekjum af sölugjaldi og af innfluttum vörum. Þetta er alveg hárrétt að hluta til. Þetta er slík staðreynd að engum dettur í hug að neita henni. En þá er auðvitað rétt að hafa það í huga, sem ég sagði hér í upphafi, að það var af miklu að taka. Rekstrarafgangurinn 1982 nam 850 millj. kr. eða um 9% af útgjöldum ríkissjóðs og samsvarandi afgangur á árinu 1984 mundi nema um 1570 millj. kr. Samdráttur í innflutningstekjum og tekjum af sölugjaldi má því verða býsna mikill áður en allur þessi afgangur, sem greinilega var í ríkiskerfinu, er upp urinn miðað við sams konar rekstur ríkissjóðs. Samdrátturinn í tekjum nægir að sjálfsögðu engan veginn til að skýra þann hallarekstur sem nú virðist stefna í.

Ég tel að skýringin á tvísýnni rekstrarafkomu ríkissjóðs sé í fyrsta lagi sú, að tekjustofnar hafa verið skertir án þess að tryggt væri að annarra tekna væri aflað í staðinn eða sérstök útgjöld felld niður þar á móti.

Skýring númer tvö er sú, að fjár til vegagerðar er nú aflað í stórum stíl með erlendum lántökum, ekki með innlendri fjáröflun eins og verið hefur. Erlendu lánin munu vissulega bjarga greiðslustöðu ríkissjóðs á næsta ári, en að taka svona stórar upphæðir inn sem lán og eyða þeim til beinna útgjalda hlýtur að koma fram í stórfelldum rekstrarhalla.

Þriðja skýringin er sú, að um leið og hvers konar menningarleg og félagsleg starfsemi er skorin niður í sparnaðarskyni koma inn geysistórir útgjaldaliðir sem nánast gera allan sparðatíninginn í félags- og menningarmálum að engu, sbr. dæmið um flugstöðina.

Þessar ástæður vega ekki síður þungt þegar menn velta því fyrir sér hvers vegna horfir illa í málefnum ríkissjóðs. Og svo mættu menn að lokum velta fyrir sér: Af hverju stafar þessi gífurlegi samdráttur í tekjum ríkisins af viðskiptum og innflutningi? Ástæðan er auðvitað sú, að kjör almennings hafa verið skert allheiftarlega. Það hefur dregist saman neysla allra þeirra, sem búa við lágar tekjur eða miðlungstekjur, sem nemur um 25—30%. Það er sultaról ríkisstj. sem þarna er að verki. Af þessu verður deginum ljósara að það er fyrst og fremst stefna ríkisstj., aðgerðir hennar og ákvarðanir sem valda því að nú er vísvitandi stefnt í verulegan hallarekstur ríkissjóðs.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það frv. til fjárlaga fyrir árið 1984 sem hér er nú til umr. er hið fyrsta frv. núv. hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. Ég hygg að ýmsir hafi vænst þess að í fjárlagafrv., hinu fyrsta núv. hæstv. fjmrh., væru ýmsir hlutir eftirtektarverðir, miðað við allt það sem á undan hefur gengið. Og vissulega eru ýmsir þættir í þessu fjárlagafrv. eftirtektarverðir, og fer það að sjálfsögðu eftir því hver á lítur hvort það telst til hins betra eða verra. En að því mun ég koma síðar.

Ég vil fyrst gera að umræðuefni í örfáum orðum það sem mér finnst að hafi gerst nýtt í sambandi við fjárlagafrv. af hálfu einstakra hæstv. ráðh.

Það hefur verið svo, það ég best veit, lengst af ef ekki alla tíð að Alþingi sjálft hefur fyrst fengið vitneskju um innihald fjárlagafrv., þ. e. að ekki hefur verið talað úti í bæ um einstaka þætti þess áður en Alþingi sjálft hefur fengið frv. í hendur. Hins vegar mun það nú hafa gerst að a. m. k. tveir hæstv. ráðh., báðir úr Framsfl. að ég hygg, hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh., hafa fjallað um einstaka þætti fjárlagafrv. á opinberum vettvangi áður en Alþingi fékk málið til meðferðar. Þetta eru vinnubrögð af hinu verra tagi. Hvað sem efnisinnihaldi frv.

líður ættu menn að halda sig við það, að Alþingi á að vera fyrsti aðilinn sem fær að sjá frv. — áður en aðrir aðilar úti í bæ fá vitneskju um innihald þess.

Ótal spurningar hljóta að vakna í sambandi við þetta fjárlagafrv. — eins og raunar önnur. Spurningar, sem hljóta að verða til þess að upplýsingar verður að fá, ef menn á annað borð eiga að geta gert sér grein fyrir hugsanlegum heildarniðurstöðum um fjármál ríkisins. Að því er tekur til frv. sjálfs er augljóst að mikilvægir þættir ýmsir eru bæði laushnýttir og sumir óhnýttir. Og meðan ekki fást skýringar á þeim mikilvægu þáttum, á hvern hátt með eigi að fara, er engan veginn raunhæft að hægt sé að gera sér grein fyrir til hverra áhrifa frv., yrði það að lögum í þeirri mynd sem það nú er, mundi leiða. Öll framlög til atvinnuvegasjóðanna eru t. d. felld niður. Án þess að ég ætli að fara að ræða lánsfjáráætlun hér sérstaklega, það mun annar gera af hálfu Alþfl. í þessum umr., þá mun þar að vísu vera gert ráð fyrir lántökum til handa þessum aðilum. Ekki verður séð með hvaða hætti á að ráða fram úr húsnæðismálaþættinum. Að vísu sé ég að í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að fjármagna hann annars vegar með — ja, líklega upptöku á flestum lífeyrissjóðum í landinu og síðan með afgangi af skyldusparnaðarpeningunum. Líklega hefur ræða hæstv. fjmrh. verið samin áður en fyrirsögnin í Tímanum birtist í dag, þar sem mér sýnist aðstoðarmaður hæstv. félmrh. leggja til að skyldusparnaðarkerfið verði hreinlega lagt niður. Ég sé nú ekki að það dæmi komi heim og saman, að ætla sér að taka fjármuni úr því kerfi sem að sögn aðstoðarmanns hæstv. félmrh. ekkert gefur, húsnæðismálakerfið verði fjármagnað með því. En hvað sem þessu líður þá er þarna enn gat sem ekki er séð fyrir með hvaða hætti á að stoppa í, ef svo má orða það, þ. e. að fjármagna húsnæðismálakerfið í landinu, sem er þó kannske einn veigamesti þátturinn sem snýr að almenningi í landinu og húsbyggjendum.

Það er ljóst að til vegagerðar vantar um 500 millj. kr. til þess að hægt sé að standa við þá langtímaáætlun í vegamálum sem allir voru sammála um á síðasta Alþingi að hrinda í framkvæmd, enginn flokkur undanskilinn af þeim sem þá áttu fulltrúa á Alþingi. Til þessa þáttar vantar a. m. k. 500 millj. kr. Það er því auðséð, þó að ekki séu nefndir fleiri þættir en hér hefur verið drepið á, að afgreiðsla þeirra hefur mikil áhrif á niðurstöður fjárlaga og framkvæmd þeirra á næsta ári.

En hverjar eru meginforsendurnar sem þetta frv. byggir á? Það byggir á því að gengi verði stöðugt á næsta ári. Ég hygg að flestir geti verið sammála um það að ekki er það traustvekjandi forsenda í fjárlagafrv. að gengið verði svo til óbreytt, eða stöðugt miðað við það sem nú er, á árinu 1984. Það er gert ráð fyrir að launahækkanir verði á bilinu 4—6% á næsta ári sem þýðir, ef á að halda við þá stefnu, að áframhaldandi kjaraskerðing er fyrirhuguð á öllu næsta ári umfram það sem nú þegar er komið til framkvæmda. Og það er gert ráð fyrir því sem einni af forsendum frv. að hækkun vöruverðs verði um 4% á næsta ári. Ég held að það hljóti að vera öllum umhugsunarefni hvort þessar þrjár meginforsendur fjárlagafrv. geti talist trúverðugar til að byggja á fjármál ríkisins á árinu 1984. Ég dreg a. m. k. mjög í efa að gengismálin verði með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Ég dreg einnig mjög í efa að launamálin verði með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Og ég dreg ekki síst í efa að þróun vöruverðs í landinu verði með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. (**Gripið fram í:** Viltu gengislækkun?) Það er ekki spurning um hvað ég vil. Ég hef ekki lagt þetta frv. fram. Ég hygg að hv. formaður fjvn. viti hver leggur frv. fram og það er verið að tala um það. Sé honum ekki um það kunnugt, þá veit hann það nú.

Á sama tíma og þetta á að gerast, þ. e. vöruverð að hækka um 4%, launafólk að fá tekjuaukningu sem nemur 4—6%, ætlar ríkið sjálft að taka til sín, í „hinn þrönga ríkisgeira“, eins og ég held að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi orðað það hér áðan, á bilinu frá yfir 50% og upp í 114% hækkun.

Það má að vísu segja að í sumum tilvikum er hér um tímamót að ræða. Ég hef sagt það áður og ég get sagt það enn. Það er að vissu leyti, sýnist mér, gerð tilraun til aðhalds. En það er auðvitað spurning hvort hver og einn einstaklingur telur þá tilraun gerða á réttum stöðum, hvort ekki hefði verið ástæða til að beita aðhaldinu og niðurskurðinum á öðrum stöðum en frv. gerir ráð fyrir.

Ég held að menn geti ekki dregið aðra ályktun af þessu fjárlagafrv. en að skattbyrði hljóti að aukast á árinu 1984. Það er gert ráð fyrir því að innheimta tekjuskatts einstaklinga aukist á árinu 1984 um 28% frá því sem hún er á árinu 1983. Á sama tíma er gert ráð fyrir launahækkun á bilinu 14—16%. Engum getur því blandast hugur um það að hér er um íþyngingu skatta að ræða. Og á sama hátt er um þyngingu t. d. sjúkratryggingagjaldsins að ræða. Þar er byggt á sömu forsendum og varðandi tekjuskattsþróunina á næsta ári. Einnig er ljóst að á sama tíma og laun eiga að hækka á bilinu 14—16% er gert ráð fyrir að byggingarvísitalan hækki um 22—23%. Í þeim þáttum sem ég hef gert hér að umtalsefni er því augljóst, að um er að ræða íþyngjandi byrðar á launþega umfram þá beinu kjaraskerðingu sem þegar hefur átt sér stað með aðgerðum hæstv. ríkisstj.

Það kemur líka á óvart, eins skeleggur talsmaður niðurfellingar skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og hæstv. fjmrh. hefur verið undangengin ár, að sá skattur skuli enn vera látinn standa í þessu fjárlagafrv. (**Fjmrh.:** Ill nauðsyn.) Nauðsyn brýtur lög, segir ráðh. En hann sagði að vísu hér áðan, hafi ég tekið rétt eftir, að hann muni leita allra ráða til að þessi skattur verði ekki viðloðandi öllu lengur.

Þá er ljóst að það á að skera niður í almannatryggingakerfinu um 300 millj. kr. Ekkert liggur fyrir um það með hvaða hætti á að framkvæma þennan niðurskurð. Það er afskaplega erfitt að tala um 300 millj. kr. niðurskurð af nokkru raunsæi á meðan engin vitneskja hefur um það fengist hvernig á að framkvæma hann. Verður að gera þá kröfu til hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild að tillögur þar að lútandi sjái dagsins ljós hið fyrsta, svo að menn geti þá talað um þann hlutann sem raunveruleika. Svona lagað hefur sést áður, að gert hefur verið ráð fyrir niðurskurði á tiltekinni fjárupphæð og sagt að frekari útlistanir á þættinum kæmu síðar fram. En þær hafa aldrei séð dagsins ljós.

Ég get ekki stillt mig um að vekja sérstaka athygli á því, að hrikalegur niðurskurður á sér stað á Framkvæmdasjóði fatlaðra. Með hliðsjón af lögum sem samþykkt voru hér á síðasta þingi og fjölluðu m. a. um fjárveitingar til hans sýnist mér vera um nær helmings

niðurskurð að ræða. Nú skal ég taka það fram að mér er fullljóst að ekki varð undan því vikist, miðað við ríkjandi ástand efnahags- og þjóðmála, að grípa til aðhalds og niðurskurðar. En mér sýnist að þeim niðurskurði, sem beitt er í frv. á ýmsum þáttum, hefði verið nær að beita annars staðar, hjá aðilum sem mega frekar við samdrætti en t. d. Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Það er líka eftirtektarvert að í frv. er gert ráð fyrir að tekjur Erfðafjársjóðs muni skila á næsta ári í kringum 40 millj. kr. En samkv. frv. sýnist mér aðeins gert ráð fyrir að greiða út úr Erfðafjársjóði 19 millj. af þessum 40. Hitt ætli ríkið sér að hirða.

Það hlýtur líka að vekja verulega eftirtekt, ekki síst í ljósi margítrekaðra yfirlýsinga margra hæstv. ráðh. um aðhald og sparnað í ríkisgeiranum þrönga, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds talaði um, að önnur rekstrargjöld hjá ríkissjóði eigi að hækka um 93.5% á sama tíma og heimilunum í landinu er ætlað að búa við 4—6% tekjuaukningu. Auðvitað fer þetta ekki saman. En þetta er eftirtektarvert í frv. sem hæstv. fjmrh. og ríkisstj. öll hefur boðað sem sérstakt aðhalds- og sparnaðarfrv. í ríkisgeiranum. (**LJ:** Þetta er þvættingur.) Hvað segir hv. formaður fjvn., er honum farið að líða illa undir umr. eða hvað? (**LJ:** Þetta er þvættingur.) Þú færð orðið hér væntanlega á eftir og þá tölum við betur saman. (**LJ:** Berðu saman réttar tölur.) Ég heyrði ekki betur, kannske hefur hv. formaður fjvn. ekki hlýtt á hæstv. fjmrh., ég heyrði ekki betur en hann læsi nákvæmlega það sama í sinni ræðu eins og ég er hér að fara með. Það er hægt að fletta upp á því fyrir hv. þm. Lárus Jónsson, sé honum ekki um þetta kunnugt, sem ætti þó að vera sem formanni fjvn.

Nei, hér stangast hlutir greinilega á, og eftir því verður tekið af launafólki, þegar svo herfilega er misboðið í aðhaldi og sparnaði, að á sama tíma og alþýðuheimilum í landinu er ætlað að búa við 4—6% tekjuaukningu á næsta ári skuli ríkið ætla að taka til sín svo gífurlega umfram það sem því var gert á árinu 1983. Það er vissulega athyglisvert.

Nú hafa menn hlýtt á bæði núv. hæstv. fjmrh., sem í raun og veru var guðfaðir fyrrv. hæstv. ríkisstj. að verulegu leyti, og hæstv. fyrrv. fjmrh., þ. e. samherjana úr fyrrv. hæstv. ríkisstj. Og beri menn nú saman túlkunina hjá þessum tveim hæstv. fyrrv. samstarfsmönnum í ríkisstj. á því ástandi sem sú ríkisstj. skapaði hér á landi í óstjórn efnahagsmála. Hæstv. fjmrh. lýsir þessu ástandi í aths. með sínu eigin frv. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta fjárlagafrv. ber merki þess hættulega ástands sem ríkti þegar ríkisstj. tók við á s. l. vori", af þeirri ríkisstj. sem Steingrímur Hermannsson var ráðh. í, núv. hæstv. forsrh., ríkisstj. sem núv. hæstv. fjmrh. var stuðningsmaður að og kom á laggirnar og ber fulla ábyrgð á. Áfram segir: „Þjóðarframleiðsla hefur dregist saman annað árið í röð og er því spáð, að þessi samdráttur muni nema um 10% á mann á árunum 1982 og 1983. Verðbólga stefndi langt yfir 100%, sem haft hefði í för með sér m. a. óbærilega greiðslubyrði atvinnuvega og einstaklinga. Atvinnubrestur hefði fylgt í kjölfarið ef ekki hefði verið að gert. Erlend skuldasöfnun var orðin stóralvarleg og langt umfram það sem hægt er að réttlæta með lántökum til arðbærra framkvæmda. Jafnvel á metaflaárunum 1980 og 1981 varð halli á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd miðað við þjóðarframleiðslu. Á árinu 1982 var þessi halli enn alvarlegri. Undanfarin ár hafa því verið tekin erlend lán til eyðslu umfram efni. Áætlaðar heildarskuldir þjóðarbúsins erlendis verða u. þ. b. 60% af þjóðarframleiðslu um næstu áramót. Slíkri eyðsluskuldasöfnun verður að linna svo að fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar verði ekki hætt."

Þetta segir núv. hæstv. fjmrh. í grg. með sínu fyrsta fjárlagafrv. eftir að hafa stutt hæstv. fyrrv. ríkisstj. allan hennar valdaferil og bera þar fulla ábyrgð á. (**Fjmrh.:** Það er rangt.) Það er ekki rangt, hæstv. ráðh. Sú ríkisstj. hefði ekki á laggir komist ef hæstv. núv. fjmrh. hefði ekki léð henni sinn stuðning. (**Fjmrh.:** Það er rétt.) Þá er þetta allt saman rétt. Enda hygg ég að hæstv. fjmrh. hefði ekki sett þetta í fjárlagafrv. eða grg. þess ef hann hefði ekki talið að það væri rétt.

Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á því ástandi sem hér er lýst. Þetta er eins og talað út úr brjósti Alþfl.-manna, lýsingin á ástandinu, því ástandi sem þeir hafa varað við undanfarin ár að mundi koma upp ef haldið yrði áfram á sömu braut óráðsíu í efnahagsstjórn landsins. Væri betur að þeir sem bera ábyrgð á þessu ástandi hefðu fyrr hlýtt á varnaðarorð Alþfl. um efnahagsmálastjórnina í landinu.

Samkv. fjárlagafrv. er ráð fyrir því gert að framlög til framkvæmda muni hækka að meðaltali um 11% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta á við um t. d. grunnskóla, dagvistunarheimili, sjúkrahús, flugvelli og hafnargerðir. Þetta á líklega ekki við um framkvæmdir við seðlabankabygginguna. (Gripið fram í.) Ég veit það, en eigi að síður mætti hæstv. fjmrh. líta til fleiri átta en þeirra sem beint snúa að fjárlagafrv. Til þess ætlumst við. (Gripið fram í.) Er ekki bankamálaráðherra í hæstv. ríkisstj. eða ber hann enga ábyrgð á þessu frv.? Er þetta persónulegt frv. hæstv. fjmrh.? Það er ástæða til að spyrja um það eftir svona aths. frá hæstv. ráðh. Eða ber að líta svo á, að hæstv. fjmrh. hafi gert tilraun til þess að halda í við seðlabankabygginguna en ekki tekist? Er þá ekki ástæða til fyrir hæstv. ráðh., eftir þetta svar, að koma með frv. að lagabreytingu um þá hluti hér á Alþingi, sem heimilar þá hæstv. ríkisstj. að stjórna í landinu í þeim þætti eins og öðrum? Ég a. m. k. hef talið upp á að skapgerð hæstv. fjmrh. stæði ekki upp á annað en hann fengi því ráðið sem hann vildi ráða. Sé svo ekki, þá er mér farið að förlast.

Nei, auðvitað þarf aðhald. Engum blandast hugur um það. En því aðhaldi verður að beita skynsamlega og því aðhaldi á að beita skipulega, ekki grípa niður hingað og þangað, meira og minna af handahófi, án þess að nokkrum raunverulegum tilgangi eða takmarki sé náð. Mér sýnist að það sé meira um þau vinnubrögð í þessu frv. þó að ég viðurkenni eins og ég áður hef sagt að það hefur líklega verið einhver vilji til þess að gæta aðhalds og sparnaðar, en hann kemur æði kynlega fyrir sjónir þegar málið birtist hér á hv. Alþingi.

Ég sagði hér áðan að það kæmi mér kynlega fyrir sjónir, ef menn á annað borð hafa í huga réttlæti, að sjá það í fjárlagafrv. að á sama tíma og fjölskyldunum, heimilunum í landinu er ætlað að búa við 4—6% tekjuaukningu skuli ríkið ætla að taka til sín talsvert á annað hundrað prósent í hækkunum til yfirstjórnar á ráðuneytunum. Eða hvernig fer það saman í réttarvitund almennings að á sama tíma og launafólk á að fá 4—6% tekjuaukningu skuli t. d. forsrh. sjálfur ætla að taka

til yfirstjórnar í sínu eigin rn. upphæð sem er 107% hærri en hann hafði til ráðstöfunar á árinu 1983? Í öllu sparnaðartalinu og þrengingarólatalinu til heimila þessa lands ætlar forsrh. sjálfur að hækka fjárveitingu til yfirstjórnar í sínu eigin rn. úr 8.6 millj. kr. í nærri 18 millj. Það hefði þótt gott hjá heimilunum að fá slíka hækkun. Svona má rekja í gegnum allt fjárlagafrv. hækkanir í yfirstjórn ráðuneytanna, sem eru á bilinu frá 50% upp í 114%, á sama tíma og öðrum aðilum er ætlað að bera mjög skarðan hlut frá borði, ef ekki strikaðir algerlega út úr frv. Ég sé ekkert sem réttlætir slíka málsmeðferð af hálfu hæstv. ríkisstj., að krefjast aðhalds og sparnaðar hjá öðrum en eyða og sóa sjálf út fyrir öll velsæmistakmörk miðað við ástandið sem ríkir í þjóðfélaginu. Ef það er rétt, sem hv. stjórnarliðar halda fram, að hér sé byggt á raunverulegri þörf ráðuneytanna til þessara fjármuna er a. m. k. ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. hverju aukafjárveitingar til ráðuneytanna nemi á árinu 1983, ef hér er byggt á raunverulegum grunni. Ég hygg að hann muni nærri lagi að hann hafi gert ráð fyrir 100% hækkun miðað við árið í ár. Það væri fullkomin ástæða til þess að Alþingi fengi slíkan lista. (Gripið fram í.) Já, ég ætlaði nú að koma að því síðar, hæstv. ráðh., en fyrst þú minnist á það er sjálfsagt að taka það til athugunar.

Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. ráðh. að hann orðaði það einhvern veginn svo, efnislega a. m. k. þó það sé ekki orðrétt, að ekki þýddi fyrir aðila að koma í fjmrn. á næsta ári til þess að biðja um aukafjárveitingar. Ég hygg að menn minnist þessara orða að hausti, þegar menn fara að ræða fjárlög fyrir árið 1985, hvort hæstv. ráðh. hefur alveg lokað kistunni fyrir aukafjárveitingum til allra aðila í ríkiskerfinu á næsta ári.

Fjvn. hefur ekki mér vitanlega verið spurð um aukafjárveitingar. Þær hafa ráðh., óeðlilega að mér finnst, leyft sér að afgreiða sjálfir. En vissulega ætti slíkt að fara til fjvn. (**Fjmrh.**: Sammála.) Ég efast ekki um það, skynsamur maður, hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Sammála.) En hann gleymdi að segja það. Það þurfti að minna hann á það.

Ekki verður hjá því komist að minnast örfáum orðum á þau sjónarmið og þá skoðun hæstv. fjmrh. sem hann hefur látið út ganga um sölu ríkisfyrirtækja. Í ljósi þeirrar skoðunar, án þess að ég ætli að úttala mig neitt um afstöðu til hennar fyrr en menn sjá eitthvað fyrir sér í þeim efnum, hefði verið fullkomin ástæða til að fá að sjá, t. d. sem fskj. eða upplýsingar með fjárlagafrv., hvaða ríkisfyrirtæki það eru sem hæstv. fjmrh. vill láta kanna sölu á. Það hefði verið ástæða til þess. Þess vegna skýtur það skökku við að á sama tíma og hæstv. fjmrh. talar um sölu ríkisfyrirtækja er í fjárlagafrv. boðuð aukning hlutafjár ríkisins um 25 millj. í Áburðarverksmiðjunni. (**Gripið fram í:** Lög.) Lög? Menn geta ekki alltaf skotið sér á bak við lög. Lögum er hægt að breyta ef menn vilja. Þetta er ekki gild ástæða. Ef hæstv. fjmrh. er þeirrar skoðunar að stefna eigi að sölu ríkisfyrirtækja í hendur einkaaðilum þá skýtur skökku við að sjá svona boðskap hæstv. ráðh. á Alþingi.

Það hefur verið vikið hér að þeirri hlið fjárlagafrv. sem varðar afborganir til Seðlabankans. Ég skal ekki gera það að umræðuefni. En á fjárlögum ársins í ár, muni ég rétt, er þó gert ráð fyrir að borga 100 millj. í afborganir af skuld til Seðlabankans. Ég sé ekki að gert sé ráð fyrir slíku í fjárlagafrv. En hafi mér missýnst þá hlýtur það að koma í ljós við afgreiðsluna. Um það skal ég ekki fara fleiri orðum.

Á sama hátt er, að því er ég best sé, ekki gert ráð fyrir greiðslu vaxta af yfirdrætti sem skapast hefur í Seðlabankanum. Það er um stórar fjárfúlgur að ræða, sem hlýtur með einhverjum hætti að verða að bjarga, og ég sé ekki með hvaða hætti hæstv. ríkisstj. ætlar sér að gera það. En að sjálfsögðu hlýtur það að koma í ljós við frekari skoðun og afgreiðslu málsins.

Einn er sá þáttur í þessu fjárlagafrv. sem ég held að menn þurfi að staldra við og skoða. Það er í sambandi við afgreiðslu til sýslumannsembætta í landinu. Það hefur lengi verið höfuðverkur og áhyggjuefni a. m. k. ýmissa fjvn.-manna hvernig mál í þeim þætti hafa þróast. Þar hefur svo að segja engu aðhaldi — eða hömlum kannske réttara sagt — verið hægt að koma á eitt eða neitt í útgjaldaaukningu. Og enn a. m. k. ekki sjáanlegt að neinu aðhaldi verði komið þar við eða hömlum.

Ég get ekki stillt mig um, af því að hæstv. fjmrh. situr hérna fyrir framan mig, að víkja með örfáum orðum að þeim þætti í ræðu hæstv. ráðh., sem hann flutti hér áðan, sem er á bls. 56. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við viljum tengja saman efnahagslegar ákvarðanir og ábyrgðina af afleiðingum þeirra.“ Það hefði bara mátt bæta við: með því að strika út allar skuldir útgerðarinnar. Það hefði mátt bæta því við, gera menn ábyrga með því að strika út allar skuldirnar. (**AG:** Það hefur gleymst.) Ég held að hæstv. ráðh. ætti að bæta þessu inn í ræðuna svo að það stæði í skjölum þingsins með hvaða hætti þetta skyldi fara saman, efnahagslega ábyrgðin og að strika út skuldirnar. En nóg um það.

Mér sýnist á ýmsu í þessu fjárlagafrv. að það þurfi verulegrar athugunar við. Þar eru ýmsir smáliðir, sem mönnum finnst kannske sjálfsagt að strika út og kasta fyrir róða, en geta þó verið þess eðlis að þeir koma viðkomandi aðilum mjög vel. Mig hryllir t. d. í raun og veru við því að sjá í fjárlagafrv. að það eigi að strika út 210 þús. kr. fjárveitingu til samtaka aldraðra, á sama tíma og mér sýnist að þau séu nægir peningar í ríkiskassanum til þess að auka fjárveitinguna til Hallgrímskirkju um 300% frá árinu í ár, án þess að ég ætli á nokkurn hátt að vera neikvæður í garð kirkjunnar í landinu, síður en svo. En ég veit að kirkjulega þenkjandi menn hefðu líka viljað sjá í frv. nokkurn stuðning við samtök aldraðra í landinu. Þess vegna endurtek ég það að mér sýnist mönnum hafa verið á ýmsan hátt mislagðar hendur, vægast sagt, þegar þeir ætluðu sér að gæta aðhalds og sparnaðar í ríkiskerfinu.

Mér kemur það líka einkennilega fyrir sjónir nú, þegar talað er hvað mest um að hlúa þurfi að fiskvinnslunni með tilliti til aukinnar framleiðni og gæðamats, að ekki skuli vera ætlaður eyrir til framkvæmda við Fiskvinnsluskólann á fjárlögum ársins 1984, ekki eyrir. Á sama tíma og allflestir eru um það sammála að auðvitað hljóti þjóðfélagið að byggja á því í framtíðinni, eins og raunar verið hefur í fortíðinni, hvernig fer með þennan grundvallaratvinnuveg þjóðarinnar, hvort hægt er með ýmsum samverkandi aðgerðum að halda þannig á málum að hann skili meiru til þjóðarbúsins, þá sýnir hæstv. ríkisstj. hug sinn með því að ætla ekki eyri til framkvæmda við Fiskvinnsluskólann á árinu 1984, sem ætti auðvitað að vera eitt af forgangsverkefnum miðað við stöðu okkar þjóðarbús. En þar er kannske miklu nauðsynlegra að auka fjárveitingar til varnarmála-

deildarinnar um 113% frá því sem er í ár og hækka fjárveitingar til Búnaðarfélagsins um yfir 60% frá því sem er í ár, en að líta til þessara og hinna átta sem ég hef verið hér aðeins að nefna. Mætti raunar nefna miklu fleiri þætti en ég hef gert.

Og það er best að það komi fram að ég sé ekki að það þurfi að hafa uppi neinn sérstakan harmagrát vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna, hvernig hann er meðhöndlaður í þessu frv., miðað við ýmsa aðra mikilvæga þætti innan okkar þjóðarbús. Ég held að menn hljóti að fara að skoða hug sinn á þeim tímum sem við nú lifum á um þær tölur sem hæstv. fjmrh. vitnaði hér til áðan, þegar Lánasjóður ísl. námsmanna er farinn að taka til sín á næsta ári meira fjármagn en velflestar hinar nauðsynlegustu framkvæmdir í landinu. Þetta er á engan hátt talað af illgirni í garð skólafólks, síður en svo, en auðvitað verður það að taka á sig byrðar eins og aðrir, og ekkert síður. Það verður ekki undan því vikist. Það hefur verið lagt á launþega landsins og það á að leggja það á alla.

Ég skal, herra forseti, fara að stytta mál mitt. Ég vil þó ekki skilja við þessa umr. án þess að gera með nokkrum orðum að umræðuefni orkujöfnunargjaldið margumtalaða. Hæstv. núv. fjmrh. virðist hafa fallið í sömu gröf og hæstv. fyrrv. fjmrh. Ragnar Arnalds að kippa þessu út úr fjárlagafrv. sem sérstökum fjárlagalið eins og hann var áður. Samkv. því frv. sem hér er um að ræða er gert ráð fyrir að orkujöfnunargjaldið muni gefa í tekjur á árinu 1984 420 millj. kr. Af því á að skila til þess verkefnis, sem þessu gjaldi er lögum samkv. ætlað að þjóna, aðeins tæpum 300 millj. kr. Það má því segja að núv. hæstv. ríkisstj. ætli að taka ófrjálsri hendi örlítið minna af þessu gjaldi en hæstv. fyrrv. fjmrh. og ríkisstj. gerði, taka ófrjálsri hendi örlítið minna til eigin þarfa en undanfari hennar gerði. Með tilliti til þess til hvers gjaldið var ætlað og að allir urðu sammála um að leggja það á, sem er 1.5% söluskatts, verður að gera kröfu til stjórnvalda, hver sem þau eru, um að þau skili öllu andvirði þessa gjaldstofns til þess verkefnis sem því var ætlað. Annað er að taka hlutina ófrjálsri hendi. Það má víst ekki orða það sterkar hér án þess að fá áminningu hæstv. forseta. En það mætti orða það á hreinni íslensku betur. (**ÓÞÞ:** Heldurðu að forseta klígi við hreinni íslensku?) Held ég að hann klígi? Ekki voru það mín orð. En ég veit að hæstv. forseti vill gæta alls velsæmis í umr. manna á meðal, þótt skrifari sé ekki þess þenkjandi. Það er svo annað mál. En ég skora á hæstv. fjmrh., því að ég treysti honum til margra góðra hluta, að sjá til þess að öllu andvirði þessa gjalds verði skilað til réttra aðila samkv. því sem ákvarðað var þegar gjaldið var á lagt með samþykki allra alþm. á sínum tíma. Annað er algert óréttlæti að því er þennan tekjustofn varðar.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. Það mætti margt fleira segja um það fjárlagafrv. sem hér er nú til umr. Frv. á örugglega eftir að taka breytingum, ég skal ekkert segja hversu miklum, en breytingum hlýtur það að eiga eftir að taka í meðförum fjvn. og þingsins. En sé það rétt, sem núv. hæstv. fjmrh., samherji fyrrv. hæstv. fjmrh. úr fyrrv. ríkisstj., heldur fram, að óstjórnin í efnahagsmálum í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafi verið orðin svo gegndarlaus þegar núv. ríkisstj. tók við að grípa þyrfti til slíkra aðgerða sem bæði þetta fjárlagafrv. og aðrar ráðstafanir ríkisstj. með brbl.-útgáfu hafi knúið hana til, þá er lýsingin ekki góð og afraksturinn ekki góður frá tíð fyrrv. hæstv. fjmrh. og full ástæða til að hvetja ekki bara þingheim heldur og þjóðina alla til að kynna sér í reynd, með eigin augum þá staðreynd, sem Alþfl. hefur haldið fram um mörg undanfarin ár, að stjórn efnahagsmála hafi verið með þeim hætti að hún hlyti fyrr en seinna að leiða til þess ófremdarástands sem efnahags- og fjármál þjóðarinnar virðast nú komin í eftir setu fyrrv. hæstv. ríkisstj.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Það er verið að fjalla hér um fjárlagafrv. fyrir árið 1984 og fyrir liggur einnig þjóðhagsáætlun og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Þessar upplýsingar og áætlanir eru allar mjög svo ítarlega og vel unnar, svo að úr nógu ætti nú að vera að moða. Niðurskurður til félagslegrar starfsemi er mikill. Á meðan ætlar ríkisstj. með hæstv. fjmrh. í fararbroddi — ég er nú víst ekki fyrst til að segja þetta hér í dag — að strika út skuldir sjávarútvegsins. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki heldur látið hjá líða í þessu frv. að styðja við bakið á atvinnurekendunum.

Aðalslagorðið varðandi frv. er að nú eigi að meta raunhæft hver staðan sé á næsta ári eða hver hún verði. Þetta er bara ekki rétt og það er ekki um neitt raunhæft mat að ræða. Það er auðvelt að segjast vera með raunhæft mat þegar þeir loka reikningum sínum áður en þörfin er að fullu komin fram, sbr. Lánasjóð ísl. námsmanna. Þar er þörfin 650 millj. kr., brýnasta þörf, en þeir fá 400 millj. kr. Þetta er vart hægt að kalla raunhæft mat.

Auðvitað er hægt að tína upp úr frv. ótal svipuð dæmi, en ég ætla ekki að eyða tímanum í það, heldur fara á hlaupum yfir nokkur annars lags dæmi og þá t. d. hvað fáránleiki fjárfestinga undangenginna ára kemur greinilega fram í frv. Þar er t. d. heildarfjármagnskostnaður vegna Kröflu 401.5 millj. kr., að frádregnu því sem hún annars gefur sjálf af sér, en það eru um 43.3 millj. kr. Heildarkostnaðurinn af eldri lánum við Kröflu er 358 millj. kr., sem er fram undir helmingur af framlögðu fé til allra annarra opinberra framkvæmda en vegagerðar.

Margir þættir eru mjög villandi í þessu frv. og nægir þar að benda á bls. 189. Þar segir um Byggðasjóð að vísað sé til greinargerðar um sjóðinn á eftir — „hér á eftir" stendur nú reyndar í frv. Greinargerð þessa er hins vegar hvergi að finna.

Í hvað er verið að eyða því fjármagni t. d. sem er verið að taka af laununum okkar? Fjármagnið er sogað til vafasamra framkvæmda. Það er sogað upp fjármagnið, segi ég, vegna þess að ótvírætt er til nægilegt fjármagn í landinu, en nær einungis til afmarkaðrar útdeilingar á milli hinna ýmsu stórframkvæmda, svo sem Seðlabanka, flugstöðvar, Helguvíkur og mjólkurstöðvar. Á meðan vantar milljónir í félagslegu þættina, svo að vel sé að þeim búið eða nokkurn veginn þolanlega.

Þegar einhverjir félagslegir liðir hækka í frv. er það oftast nær ekki vegna þess að það sé stefna núv. hæstv. ríkisstj. Þessir liðir voru bundnir til hækkunar frá árum áður. Einmitt er þvert á móti mjög kvartað yfir þessu, ef nánar er athugað, sbr. að það er tíundað aftur og aftur þegar um launaaukningu er að ræða vegna stytttingar vinnutíma kennara og vegna fækkunar barna í

bekkjardeildum. Þetta er margtekið fram og má teljast nokkuð merkilegt að þetta skuli vera tekið fram þegar um er að ræða stærri fjárhæðir og miklu meiri hækkanir á framlögum til opinberra stofnana t. d., en þá er hækkað alveg umyrðalaust og án þess að nokkur aths. sé gerð. En í þessu tilviki er það margtíundað og eins og hálfkvartað yfir hækkun. Auðvitað þarf ekki að benda á að þetta eru hvoru tveggja framkvæmdir sem verður að telja til mjög mikilla framfara á félagslegu sviði, að það sé styttur vinnutími kennara og að fækkun verði á börnum í hverri bekkjardeild.

Athyglisvert er að greinilega er gert ráð fyrir að þjónusta ríkisstofnana eigi eftir að hækka enn meira en það sem komið er fram nú þegar. Á bls. 180, í aths. vegna gjaldahliðar rekstrarreiknings, kemur í ljós að sértekjur ríkissjóðs hækka um 53.4% milli ára á meðan almenn verðlagsforsenda fjárlaga er sögð miða við 26% hækkun, enda segir í þjóðhagsáætlun að gjaldskrá muni ekki breytast, heldur haldast óbreytt frá því sem nú er a. m. k. fram til janúarloka 1984. Eins mánaðar óbreytt verðlag er mikil verðstöðvun, ekki satt? Ef verðlagsforsendur fjárlagafrv. breytast þannig að minna komi inn í ríkissjóð en áætlað er, þá er ástæða til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því: Hvar verður skorið? Munu launin þá kannske lækka enn meira en nú er orðið?

Það hefur af ríkisstj. hálfu verið gripið á lofti, því það gæti orðið líklegt til þess að afla ríkisstj. vinsælda, að tala um kerfisbreytingar. Mikið rétt. Það fer vel í fólk að heyra talað um kerfisbreytingar, að þær séu á döfinni. En hvar eru þær áætlaðar? Fjárlagafrv. festir stjórnkerfið einmitt í sessi fremur en hitt. Stjórnkerfisbreytingar munu því ábyggilega ekki sjá dagsins ljós fyrr en mun síðar, ef þá nokkurn tíma. Hækkanir sem gefnar eru milli ára eru einnig ansi brogaðar. Þær eru nefnilega allar miðaðar við einhverjar forsendur sem ríkisstj. gaf sér við útgáfu brbl.

Kjararannsóknanefnd hefur athugað meðalvinnutíma á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Meðalvinnutími dregst sífellt saman hjá verkafólki og iðnaðarmönnum að þeirra mati. Þegar ríkisstj. gerir ráð fyrir að kauptaxtarnir rýrni, en að kaupmáttur ráðstöfunartekna lækki ekki nema um sem nemur 14%, þá er ekkert sem réttlætir þann spádóm vegna þess að forsendurnar eru ekki komnar fram enn þá. Almennt virðist vera um vanmat að ræða á því hve mikill samdrátturinn í þjóðfélaginu verður, þó ekki sé nema af þeirri ástæðu hve öll ríkisumsvif dragast saman. Samdráttur í félagslegri þjónustu hlýtur því að verða mun meiri en gert er ráð fyrir. Þegar sértekjur stofnana eiga að hækka svo sem raun ber vitni er hætt við að þetta sé bara byrjunin á því að leggja niður meginhluta félagslegrar þjónustu. Við þurfum að skoða allar færar leiðir til að breyta og bæta forgangsröðun verkefna hvað þetta varðar.

Trúverðugleika þessa frv. fer stöðugt hrakandi eftir því sem lengra er lesið og oftar. Það sama gildir um fskj. Það ber allt of mikið á orðalagi og setningabyrjunum eins og „stefnt er að," „gert er ráð fyrir" o. s. frv. T. d. er að finna slíka setningu í lánskjaraáætlun: „Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til", og með leyfi forseta: „Ríkisstj. stefnir að því að ná samningum um að bankakerfið fjármagni svonefnd framkvæmdalán húsbyggingakerfisins að fjárhæð alls 115 millj. kr. án milligöngu húsnæðislánasjóða." Sigtúnshópurinn fékk fram átta ára skuldbreytingu fyrir þá sem byrjuðu að byggja eða kaupa húsnæði árið 1981. Þetta er mjög gallað vegna þess að afturvirknin nær mjög stutt eða til 1. okt. 1981. Hámarksviðbótarlán slær einnig mjög lítið á þá skuldasúpu sem íbúðabyggjendur og -kaupendur sitja í. Dæmi: Þeir sem skulduðu 800 þús. í ársbyrjun skulda nú 1200—1300 þús. og þá dugar sem sagt ekki einu sinni hámarksviðbótarlánið, sem einungis nemur 190—200 þús. Eitt af því sem er einnig, eins og margt annað hér, mjög svo athyglisvert við þetta fjárlagafrv. er öflun fjár á innlendum markaði m. a. til þess að koma til móts við viðbótarlán til húsbyggjenda. Það sýnir best hve grundvöllur þessa frv. er byggður á veikum forsendum, þegar á að selja spariskírteini og happdrættisskuldabréf fyrir um það bil 558 millj. kr. Það má nú segja að hér á enn að stóla á lífeyrissjóðina. Það verður þá að segjast, að ef einhverjir geta keypt þessi bréf er fólk ríkara en manni hefur verið sagt undanfarið. En e. t. v. reiknar hæstv. fjmrh. með því að útgerðarbændurnir geti keypt þessi bréf nú, þegar strika á út allar þeirra fyrri skuldir. Þeir eru e. t. v. í startholunum til þess að fá ný lán, ef ekki til togarakaupa, þá e. t. v. til kaupa á ríkisskuldabréfum með hagstæðum kjörum, sem almenningur hefur ekki efni á því að kaupa?

Augljóst er að lántökuþörf A-hluta ríkissjóðs er vanáætluð um 500 millj. kr., þar sem á vantar upphæð vegna lánsfjáröflunar til vegagerðar. Einnig má spyrja hvert yfirdráttarlán frá Seðlabanka með vöxtum á að hverfa. Það á e. t.v . að strika það út líka?

Ef yfirdráttarskuld þessi er tekin með í lántökuþörf A-hluta ríkissjóðs hækkar sú upphæð um 1 200 millj. Þá er lántökuþörfin alls orðin 2 600 millj., en það mun gera mum það bil 400% hækkun milli ára. Þetta er nú ríkisstj. sem ætlar að ná þjóðinni upp úr skuldafeninu. (**Fjmrh.:** Ríkisstj. sem er að taka við.)

Og svo er hér ein framhaldssaga af jeppakaupum. Í heimildakafla kemur ýmislegt í ljós sem verður til þess að menn geta gefið sínar afmælisgjafir eða hvað það nú er. Þar er t. d. heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af myndsegulbandstæki og skjá sem Menntaskólinn í Reykjavík fékk að gjöf frá stúdentsárgangi Steingríms Hermannssonar á 35 ára stúdentsafmælinu. Hvað ætli mundi ske ef allir skólar fengju Kiwanis-klúbba til að gefa sér þau tæki sem þeir þyrftu á að halda eða ef þeir bentu afmælisárgöngum á að aðstoða gamla skólann sinn nú vel og dyggilega með slíkum gjöfum? Hvað ætli mundi lækka mikið í ríkissjóði þá? Ég tel ástæðu til að benda á að ný leið er fundin eins og á mörgum öðrum sviðum. Sumir nota útstrikunaraðferð, en hér er hugsanlega um alveg pottþétta nýja leið að ræða til að losna við aðflutningsgjöld af ljósritunarvélum, myndsegulbandstækjum, snjóbílum — nú eða Blazer-jeppum.

Í fjárlagafrv. hefur ríkisstj. gefið sér þær forsendur, að kaupmáttur tímakaups rýrni um 26% og að kaupmáttur ráðstöfunartekna rýrni um 14%. Það er þess vegna augljóst að þar gefa áætlanir til kynna að fólk fái meiri tekjur en sem svarar 15—16%, sem þó er sú prósentutala sem gefin er upp sem almenn launaforsenda fjárlagafrumvarpsins. Ég vil aðeins snúa þessu dæmi við til nánari útskýringar. Almennar launaforsendur fjárlaga frv. miða við 15—16% hækkun milli ára, en meðaltalshækkun framfærslu er aftur á móti 26% eða enn meir, sem er miklu líklegra. Þetta þýðir

greinilega áframhaldandi minnkandi kaupmátt á næsta ári.

Í tekjuáætlun ríkissjóðs gætir ákveðins ósamræmis. Eins og áður sagði er launahækkun milli ára áætluð 15—16%. Eignarskattur hækkar aftur á móti um 25.9% og tekjuskattur um 26.5%. Tekið er fram að við innheimtu tekjuskatta sé gengið út frá svipuðu innheimtuhlutfalli á þessu fjárlagaári og áður, þannig að hér getur ekkert annað en skattahækkun verið á ferðinni. Meðalskatttekjur ríkissjóðs eiga að nema 12½% af bruttótekjum, sé miðað við greiðsluárið, þá reiknað samtals. Þetta er talið vera og skákað í því skjólinu að um sé að ræða sömu skattaprósentu og yfirstandandi árs. En einhvers staðar verður að vera borð fyrir báru til þess að launafólk eigi afgang af tekjum eftir að hafa greitt jafnháa upphæð hlutfallslega af mun lægri tekjum, þegar kauptaxtarýrnunin verður að meðaltali um 9—10% og verðlagshækkun a. m. k. 26%.

Um æðstu stjórn ríkisins segir að fjárveiting hækki um 102% milli ára, en útgjöld eru þó einungis sögð hækka um 57% í fjárlagafrv. En ef skoðaðir eru einstakir liðir er athyglisvert að þar hækkar einn liður, sem heitir „önnur rekstrargjöld", um sem nemur 3 millj. og 984 þús. kr. eða hækkun um 564%. Í framhaldi af því sakar ekki að geta þess að framlag til yfirstjórnar forsrn. hækkar um 107.6%, utanrrn. um 113.4% og framlag til alþjóðaráðstefna um 175%. Enn fremur að á meðan framlag til yfirstjórnar menntmrn. hækkar um 84.3% hækka framlög til allra fræðslumála um aðeins 53.4% og til safna, lista og annarrar menningarstarfsemi er aðeins reiknað með um 27.8% hækkun. Það er því greinilega ekki sama hvort um er að ræða Jón eða séra Jón í þessu frv.

Það sama á við um lífeyristryggingarnar. Þeir liðir sem mest á að spara við og skera niður á eru elli- og örorkubætur. Þær eru orðnar eins konar happdrætti fyrir forvera okkar kynslóðar. Vinningurinn felst sjálfsagt í því að ef þeir lifa til sjötugsaldurs fái þeir bætur, annars ekkert.

Barnalífeyrir á að koma sem staðgengill ef meðlagsgreiðandi fellur frá, en þessi lífeyrir hækkar aðeins um 12.5% og því er greinilega miðað að því að notfæra sér vanþekkingu almennings á því hvað til réttar hans heyrir.

Örorkustyrkur verður aðeins um 12.3% hærri, og virðast sömu markmið vera ríkjandi þar.

Útgjöld til lífeyristrygginga hafa því í raun verið lækkuð um 60 millj. kr. frá því sem felst í gildandi reglum. Einnig er tekið til að heilbr.- og trmrn. muni leita leiða til sparnaðar í rekstri sjúkrahúsanna um allt að 150 millj. kr. Enn fremur er tekið til að áætlun einstakra liða í útgjöldum sjúkratrygginga þarfnist ekki sérstakrar umfjöllunar. Hún er reist á því að gjaldskrár neytenda fyrir, lyf, læknishjálp o. fl. hækki í hátt við verðlagsbreytingar milli ára og að 90 millj. kr. sparist með einum eða öðrum hætti. — Athugið orðalagið „með einum eða öðrum hætti" — í útgjöldum ríkissjóðs vegna sömu útgjaldaþátta.

Mér er spurn: Þegar draga á úr framlagi ríkissjóðs til lyfjagjafa, hvaða lyf eru þá svona ónauðsynleg? Eru það kannske fúkkalyf eða insúlín? Það væri fróðlegt að fá svar við því.

Þessi leitun heilbr.- og trmrn. að leiðum til sparnaðar mun því nema um 300 millj. kr. Þessar 300 millj. leiða samt ekki af sér sparnað í rekstri, heldur virðist mér helst sem láta eigi sjúklinga greiða mun hærri eigin hlutdeild en nokkru sinni fyrr, svo sem eins og þar sem sýnt er að framlag til hjálpartækja hækkar aðeins um 9.3% eða um 5 millj. kr.

Í öllu þessu samdráttar- og þrengingatali, í það minnsta er varðar allt sem snertir heilbrigðis- og félagsmálageirann, er ef til vill ekki úr vegi að athuga það og leggja rækilega á minnið, að ef við leggjum aldrei peninga inn á bankabók getum við aldrei að sama skapi vænst þess að geta með réttu tekið út einhverja peninga úr bankanum. Sama staðreynd á við um óskhyggju varðandi happdrættisvinning. Fyrsta skilyrðið til þess að svo megi verða er að fjárfesta í happdrættismiðanum. Þetta er væntanlega flestum auðskilið. En sé nú framangreindu dæmi snúið upp á nýjan veg og persónugert þannig, að ef við látum okkur ekki fljótlega skiljast að við þurfum að leggja mun meiri fjárhæðir inn á bók uppeldis, aðbúnaðar og umönnunar barna okkar og upprennandi kynslóðar getum við ekki heldur að sama skapi ætlast til þess að fá arð frá þeim síðar meir í formi vinnuframlags til tekna fyrir þjóðarbúið. Ég er því miður hrædd um að þetta sé ekki jafnauðskilið hv. þingheimi og hin tvö fyrrtöldu dæmin, um bankabókina og happdrættismiðann, sem ég nefndi. En einhvern tíma þarf að byrja á því að ræða um þessi mál hér og það er ágætt að gera það nú í tengslum við fjárlagafrv.

Við þurfum aðeins að staldra við og átta okkur á því, að við höfum lifað óvenju ört breytingaskeið á þeirri þjóðfélagsgerð sem við búum við. Við verðum ekki síður að gera okkur grein fyrir því, að þó einhver vildi ef til vill gjarnan snúa þessari þróun við er það ekki mögulegt. Þessi öra breyting hefur haft í för með sér hvað mestar og afdrifaríkastar afleiðingar fyrir þau börn og unglinga sem eru að vaxa úr grasi.

Ör þróun samfélagsins og þær breytingar á fjölskylduháttum sem fylgdu í kjölfar iðn- og vélvæðingar hafa einnig á margan hátt rýrt uppvaxtarskilyrði komandi kynslóða. Það er sannleikur sem við þurfum að horfast í augu við óhikað og takast á við — takast á við þau nær óyfirstíganlegu vandamál sem hafa hrannast upp. Nú duga ekki lengur þau hátíðis- og tyllidagaslagorð um gildi fjölskyldunnar og þau verðmæti sem fólgin eru í börnum okkar sem framtíð Íslands. Nú er kominn tími til að afleggja slagorðin, sem notuð hafa verið fram að þessu, og fara að takast á við að það þarf raunhæfar aðgerðir í stað fagurgala.

Samfélagið hefur hingað til gert sáralitlar markvissar fyrirbyggjandi ráðstafanir til að gera fjölskyldunni kleift að aðlaga sig að breyttum umhverfisþáttum, sem snerta hana sem heild, og þeim mun síður til áhrifa á uppvaxtarskilyrði barna og unglinga í breyttri þjóðfélagsgerð.

Ríkisvaldið hefur ekki staðið sig á þessu sviði sem skyldi. Sé miðað við þær tölur sem fjárlagafrv. gefur upp um heilbrigðis-, tryggingа- og félagsmálaþáttinn, þá virðist ekki eiga að verða um neina bragarbót að ræða, nema síður sé, hjá þessari ríkisstj., því miður.

Máli mínu til stuðnings um hvað þörfin er brýn og á því að við áttum okkur á að við þurfum að breyta verðmæta- og gildismati hvað varðar fjárfestingu og arðsemissjónarmið er könnun sem lauk í vor og var

framkvæmd að tilhlutan Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur af Guðfinnu Eydal á um það bil 200 fjögurra ára börnum. Þessa könnun hefur því miður ekki enn verið hægt að fjölfalda vegna fjárskorts Heilsuverndarstöðvarinnar. Þar er manngildið enn einu sinni vegið á peningavoginni. Tíunda hvert barn reyndist þar eiga við minni eða meiri háttar sálrænar truflanir að etja og um helmingur þeirra barna var álitinn vera við slæma geðheilsu. Málþroska þessara barna var einnig mjög svo ábótavant og stóð í beinu sambandi við að þá var meiri tilhneiging til þess að um alvarlegri geðræna flokkun vandamála var að ræða. Fimmta hvert þessara barna hafði að auki við að stríða ýmiss konar talörðugleika.

Mér er spurn: Hvað er það sem við ætlum að byggja afkomu þjóðarbúsins á á næstu áratugum, ef við stöldrum ekki eilítið við og athugum stöðuna?

Niðurskurðurinn, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir hvað varðar beint framtíð þessara barna, er alvarlegur, og það má einnig benda á í þessu sambandi, að á barnadeild geðdeildarinnar, sem er svo að segja húsnæðislaus, ófullkomin og allt of lítil, koma 150—200 ný tilfelli á ári, en til samanburðar má geta þess að það fæðast um 1 500—1 600 börn á landinu á ári. Það er ekki arðsemissjónarmið sem ræður því að bregða hnífnum á loft og skera á tafarlausar aðgerðir til úrbóta, til fyrirbyggjandi starfs, á þessu sviði. Að öðrum kosti verður í mun ríkari mæli um félagslegan arf að ræða, sem mun ganga frá kynslóð til kynslóðar verði vítahringurinn ekki stöðvaður. Þetta á við um nær alla þætti frv. sem snúa að menningar-, mennta-, heilbrigðis- og félagslegum þáttum. Því er gegnumsneitt gleymt að arður verður af þessum þáttum, þó síðar verði, og hann ekki lítill ef vel er á haldið.

Virðulegi forseti. Ég bið háttsettan þingheim að vera minnugan málsháttarins, sem vel á við í þessu sambandi: Lengi býr að fyrstu gerð.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Til umr. er mikið og merkilegt plagg, áætlun um sameiginlegan heimilisrekstur okkar allra. Um svo merkilegt plagg ber auðvitað að fjalla af alvöru og ábyrgð. Ég get nú ekki að því gert að við lestur þessa frv. skaut upp í huga mér svipmynd úr einhverju áramótaskaupinu, þar sem ábúðarmikill hagfræðingur var spurður hvernig ástandið í fjármálum þjóðarinnar væri og hann svaraði, ef ég man rétt, eitthvað á þessa leið: Eigi veit ég það svo gjörla, en hitt veit ég, að af er hagfóturinn, og það um hné.

Annars ætlaði ég að byrja á því að óska okkur öllum til hamingju með að loðnuveiðar skuli vera að hefjast. Aflaforsendur þjóðhagsáætlunar miðast við 250 þús. tonna loðnuafla á þessu ári og 400 þús. tonn á næsta ári og væri óskandi að þær forsendur stæðust, því að, eins og segir í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984, bregðist loðnuveiðar er mikill vandi á höndum.

En það gæti fleira brugðist árið 1984 en loðnuveiðar. T. d. er erfitt að ímynda sér, að ekki sé meira sagt, að áætlun fjárlagafrv. um gjöld af innflutningi eða skatta af seldri vöru og þjónustu geti staðist, eins og búið er að fara með kaupgetu fólks, og enn þá erfiðara er að ímynda sér að áform um sölu skuldabréfa til almennings innanlands fái staðist.

Hverjir eiga að kaupa þessi bréf? Ég verð að játa að sú setning í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að „áhersla verði lögð á fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning“ verkar heldur kaldhæðnislega við núverandi aðstæður. Almenning skortir áreiðanlega annað frekar en fjölbreytt sparnaðarform. Mér líst illa á að þessi lánsfjáröflun sé fær leið.

Þá vil ég einnig láta í ljós áhyggjur vegna áforma um að sækja frekara lánsfé í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þörf fyrir fjárveitingar í samræmi við upprunalegt markmið þess sjóðs kynni að breytast þegar á næsta ári.

En snúum okkur að gjaldahlið þessa frv. Í stórum dráttum má segja að hér er verið að draga saman seglin. Þetta er vissulega aðhaldsfrv. Bæði fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunin sýna verulega tilraunir til sparnaðar, þótt svo sannarlega megi svo deila um einstaka liði sem undir hnífnum lenda og ekki síður um þá sem hafa sloppið við þann leiða kuta. Hins vegar kem ég ekki auga á neinar raunverulegar tilraunir til uppbyggingar atvinnulífsins, sem hlýtur þó að vera forsenda þess að við getum unnið okkur út úr vandanum, eins og það er orðað. Var ekki ætlunin að leggja nýjan grundvöll að bættum lífskjörum þjóðarinnar á næstu árum? Þess sér ekki stað í þessum plöggum. Göfugt markmið um atvinnuöryggi næst aldrei nema atvinnulífið sé treyst.

Megineinkenni þessa frv., svo og lánsfjáráætlunar, eru að mínum dómi þau, að hér er fyrst og femst verið að skera niður, en engar tilraunir gerðar til uppbyggingar. Það hefði t. d. mátt búast við myndarlegu framlagi til uppbyggingar fiskræktar og fiskeldis, sem flestir eru sammála um að sé verulega álitlegur atvinnuvegur. Framlag til Fiskræktarsjóðs hækkar um 150 þús. kr. og verður 600 þús. kr., slík er rausnin.

Eflaust verður nú einhverjum hugsað til iðnaðarins. Samkvæmt könnun Félags ísl. iðnrekenda í sept. s. l. er hagur íslensks iðnaðar í betra lagi en verið hefur um langt skeið. Það eru góð tíðindi og vonandi blómstra íslensk iðnfyrirtæki sem lengst og mest og best. Stærstu möguleikar okkar til atvinnuuppbyggingar eru einmitt í ýmiss konar iðnaði. Aðalorsök þessa blómaskeiðs er auðvitað gengisfellingin í vor, sem bætti stórlega samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar. Hins vegar geta aðrar aðgerðir ríkisstj. hæglega orðið til þess að eyðileggja áhrif gengisfellingarinnar. Það verður erfitt að auka hlutdeild iðnaðar á innanlandsmarkaði þegar áhrif minnkandi kaupgetu eru að fullu komin í ljós. Og í yfirliti yfir fjárfestingarlánasjóði sést að enn er ætlað minna fé til fjárfestingar í iðnaði en í þeim greinum sem þegar hefur verið fjárfest of mikið í, svo sem í fiskveiðum og landbúnaði.

Ef við lítum nú nánar á einstaka þætti, sem hér eru gerðar till. um, hlýt ég fyrst og fremst að benda á þann lið sem nefndur er yfirstjórn. Þann lið hefði ég viljað sjá lækkaðan til muna og ég vona að hann verði lækkaður í meðferð þingsins. Þegar skoðuð eru einstök rn. er ljóst að yfirstjórn þeirra hefur verið litin sérstökum náðaraugum. Ég bendi á forsrn., þar sem liðurinn Yfirstjórn fær 107.6% hækkun, og utanrrn. fær 113% hækkun á þeim lið. Yfirstjórn menntamála hækkar um 84.3% meðan fjárveiting til fræðslumála hækkar um 53.4% og söfn, listir og önnur menningarstarfsemi fá aðeins um 27.8% hækkun. Svona má taka fyrir hvert einasta rn. Alls staðar er sama sagan: yfirstjórn fær mestu hækkunina. Þar virðist þörfin mest. Þetta finnst mér afleitt og raunar eitt það versta sem lesa má út úr þessu frv.

Auðvitað átti að skera meira niður til yfirstjórnar og þá miða ég við einfalda reglu allra góðra húsmæðra og húsbænda. Þegar harðnar í ári byrja þau á sjálfum sér. Skyldu tilmælin til ráðuneytisstjóra og forstjóra ríkisstofnana hafa verið orðuð eitthvað líkt og tilmælin til námsmanna, að þeir yrðu að taka á sig kjaraskerðingu?

Hvað á svo að spara í yfirstjórninni? Það vantar raunar alla sundurliðun, svo að það er erfitt að taka út einstaka þætti. En það er margbúið að benda á nauðsyn aðhalds á þessu sviði, aðhalds í sambandi við bílakaup og önnur fríðindi, bílarekstur, aðhalds í sambandi við utanlandsferðir, aðhalds í mannaráðningum. Það er óneitanlega dálítið mótsagnakennt að um leið og ráðh. marka þá stefnu að ekki skuli ráða í stöður sem losna hjá ríkinu ráða þeir sér fleiri aðstoðarráðherra en áður hefur tíðkast og meira að segja fleiri en heimild er fyrir í fjárlagafrv. Það vita líka allir að á vegum rn. eru gjarna haldnar veislur, raunar við ótrúlegustu tækifæri, þar sem vel er veitt. Og þótt gestrisni hafi alltaf verið í hávegum höfð á Íslandi held ég að þarna sé liður sem hafa mætti gát á.

Svona mætti náttúrlega lengi telja, en áður en skilist er við yfirstjórnina vil ég benda á að sú aðferð sem einkum er notuð við gerð fjárlaga er meingölluð, því hún beinlínis refsar fyrir sparnað. Þegar ákvörðuð eru framlög til stofnana og rn. er vitanlega reynt að taka tillit til óska og þarfa viðkomandi, en þá gildir svipuð regla og hjá þeim sem slá í bönkum. Þeir biðja venjulega um helmingi meira en þeir þurfa því reynslan hefur kennt þeim að upphæðin verður skorin niður. Ef einhver stofnun eða rn. beitir ýtrasta sparnaði í rekstri er þeim refsað á næsta ári með því að fá svipaða framreiknun og sú stofnun sem eyddi um efni fram. Ekki hvetur þetta til ráðdeildar. Algengara er vafalaust að æðstu stjórnendur stofnana biðji um hæstu tölur sem þeir þora að nefna og reyni eftir megni að verja beiðnir sínar.

Þeir sem bera ábyrgð á þessu frv. segja að það sé verið að viðurkenna staðreyndir með því að taka meira tillit til niðurstaðna ríkisreikninga en áætlana á síðustu fjárlögum. Það má satt vera. En með því er einmitt verið að refsa þeim sem best tókst að standast áætlun. Ekki er stund til að ræða leiðir til úrbóta nú, en nefna má að meira þyrfti að gera af því að endurskoða fastar fjárveitingar og helst allan fjárlagagrunninn reglulega.

Það skal viðurkennt að gömul mistök hljóta að setja höfundum fjárlaga býsna þröngar skorður. Vegna verðbólgu, en þó fyrst og fremst vegna rangrar fjárfestingar undanfarinna ára og áratuga, sitjum við uppi með stórkostlega skuldabagga, sem vissulega þrengja leiðina út úr ógöngunum. Nægir þar að nefna gífurlegar skuldir okkar vegna virkjunarframkvæmda og stóriðju, að ekki sé minnst á skuldir vegna skipakaupa. Og ég hlýt að lýsa áhyggjum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við verkefni sem ekki skila neinum arði, eins og flugstöðina á Keflavíkurflugvelli, og annarra sem engan veginn er tryggt að skili arði í þjóðarbúið, svo sem steinullarverksmiðju, sem líklegt er að verði eitt af vandræðabörnum þessarar þjóðar, til orðin fyrir atbeina misviturra stjórnmálamanna. Þykir mér þar illa farið með forsenduna í þjóðhagsáætlun, sem er látin hljóða svo, „að beina fjárfestingu fyrst og fremst í arðbær verkefni".

Mér er einnig ljóst að föst lögbundin framlög eru stór hluti af fjárlögum, jafnvel allt að 70% af heildarútgjöldum ríkisins hefur heyrst nefnt, og má augljóst vera að ekki er svigrúmið mikið til nýjunganna, en þeim mun meira áríðandi að nota það vel. Þeim mun sárara er að sjá áform um að eyða því litla fé sem til skiptanna er í óskynsamlega framkvæmd eins og flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Í þá framkvæmd eina — og það er náttúrlega bara byrjunin — er á næsta ári áætlað meira fjármagn en til framkvæmda á öllum öðrum flugvöllum landsins. Í flugstöðina fer á næsta ári meira en þreföld sú upphæð sem ætluð er til byggingar dagvistarheimila. Og svo enn ein viðmiðunin sé nefnd: Framlagið til flugstöðvarinnar nemur á næsta ári þriðjungi af þeim niðurskurði, sem ætlaður er í heilbrigðismálunum.

Þá erum við náttúrlega komin enn einu sinni að áherslumuninum, hver forgangsröðin á að vera, hvaða verðmætamat við leggjum til grundvallar. Við athugun einstakra liða í þessu fjárlagafrv. vakna oft spurningar í þá veru. Ég nefni hér örfá dæmi: Þurfum við t. d. nauðsynlega að hækka framlag til skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs úr 2.3 millj. í 6.5 millj. eða nánar tiltekið um heilar 4 221 þús. kr.? Var einhver skyndileg brýn nauðsyn á að hækka framlag til byggingar Hallgrímskirkju um 3.3 millj. úr 1 millj. á fjárlögum yfirstandandi árs í 4.3 millj. á næsta ári? Hefur þessi kirkja ekki verið í byggingu í áratugi? Býður efnahagsástandið upp á þessa skyndilegu hækkun til hennar öðru fremur? Hvaða knýjandi þörf er á dreifingu sjónvarpsefnis undir liðnum Norræn samvinna fyrir rúmlega 1 millj.? Eru allir sammála um nauðsyn þess að eyða 50 þús. kr. í eyðingu vargfugls? Þetta eru smáar upphæðir, sumar hverjar, en það safnast þegar saman kemur.

Í landbrn. er mörg matarholan, þótt viðurkenna verði að þar var hnífnum óvenjuskarplega beitt í þetta sinn, enda af ýmsu að taka. Og meira er eftir. Ég nefni smáupphæð eins og 200 þús. kr. sem ætlaðar eru til frumathugunar á byggingu loðdýrahúsa á Hvanneyri. Frumathugun! Ja, dýr mundi Hafliði allur! Ég nefni stærri upphæð sem einnig vekur spurningar um ráðdeild: 2 900 þús. eru ætlaðar til að ljúka þjónustubyggingu við hesthús á Bændaskólanum á Hólum. Ekki einu sinni fyrrverandi landbrh. gat skýrt fyrir mér hverslags hús þetta væri. — Og ekki verður skilist svo við landbúnaðinn að ekki sé minnst á útflutningsuppbæturnar. Þær eru nú áætlaðar samtals 280 millj. kr.

Ég held ég tíni ekki til fleiri dæmi að sinni, en við getum endalaust spurt okkur spurninga um þessar og þvílíkar upphæðir og við eigum að spyrja okkur slíkra spurninga. Efalaust falla einhverjar þessara upphæða inn í rammann um föst lögbundin framlög, en samtals gera þessar upphæðir, sem ég hef nefnt hér, um 400 millj. kr., ef meðtalin er sú upphæð sem ætluð er í margnefnda flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Og ef við reiknum með að álitleg upphæð fengist með sparnaði í yfirstjórn allra rn. og stofnana ríkisins, rétt eins og landsmenn þurfa að sætta sig við á heimilum sínum, þá er nú ögn farin að lagast sú upphæð sem til skiptanna er.

Að lokum langar mig að benda á fáein atriði með sérstöku tilliti til hagsmuna kvenna.

Það er þá fyrst, hvort sú samdráttarstefna sem hér er fylgt leiði ekki til minnkandi atvinnu á ýmsum sviðum og hvort það muni ekki bitna fyrst og fremst á konum. Ég óttast það alvarlega — og meira en það: ég er sannfærð um það. Ein setning í framsöguræðu fjmrh.

vakti með mér meiri hroll en aðrar. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Undanfarin ár hefur ríkt umframeftirspurn á vinnumarkaðnum og má því ætla að nú stefni í átt til betra jafnvægis". Konur hafa alltaf verið notaðar og látið nota sig möglunarlítið sem eins konar sveiflujafnara í atvinnulífinu. Þær hafa tekið á sig þensluna, komið út af heimilunum þegar mikið hefur legið við, þegar umframeftirspurnin togar í þær, en verið sendar heim aftur á samdráttartímum. Ótrúlega mörgum finnst þetta hreinlega allt í lagi. En þetta gengur ekki lengur. Menn verða að skilja að þjóðfélagsgerðin hefur breyst. Konur eru ekki lengur neitt varavinnuafl. Þær eru fyrirvinnur engu síður en karlar, þótt illa gangi að fá það viðurkennt.

Nú má búast við samdrætti t. d. í verslun og þjónustu, þar sem vinnuaflið er að stórum hluta konur. Við vitum öll hver afleiðingin yrði af slíkum samdrætti.

Samdráttur í heilbrigðismálum bitnar án efa fyrst og fremst á konum, eins og sjá mátti þegar byrjað var á því að kanna hvort ekki mætti spara hjá lægst launaða fólkinu á ríkisspítölunum, í eldhúsi og þvottahúsi, en þar eru auðvitað konur í meiri hluta. — Reyndar er sama hvar borið er niður í heilbrigðisþjónustunni. Konur eru í miklum meiri hluta á næstum öllum sviðum hennar. Konur bera beinlínis uppi heilbrigðisþjónustuna. Þetta er nokkuð sem furðu fáir hafa gert sér grein fyrir.

Og samdráttur í byggingu dagvistarheimila bitnar náttúrlega fyrst og fremst á konum og börnum. Það þarf varla frekari skýringa við.

Það er ef til vill engin tilviljun að allir þeir liðir sem ég nefndi hér áðan til sparnaðar eru dálítið „karlalegir", ef svo má segja — eða hverjir eru fjölmennastir í yfirstjórnum rn. og stofnana?

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár til að ræða innrás Bandaríkjahers í eyríkið Grenada og beina fsp. til hæstv. utanrrh. af því tilefni.

Tæpir þrír sólarhringar eru liðnir frá því að risaveldið í vestri, Bandaríkin, réðust með hervaldi á Grenada, eyríki í karabíska hafinu, smáríki sem telur aðeins 110—115 þús. íbúa. Í morgun var þar enn barist og Bandaríkin sendu viðbótarliðstyrk til eyjarinnar. Fámennur her heimamanna og kúbanskir verkamenn við störf á eynni brugðust til varnar gegn ofureflinu. Þó spyr enginn að leikslokum í þeirri viðureign, en hún á eflaust eftir að draga dilk á eftir sér í Mið-Ameríku og á alþjóðavettvangi. Íhlutun stórvelda í málefni ríkja á svæðum þar sem þau telja sig eiga tilkall til áhrifa eru ekki ný af nálinni. Hernaðarleg íhlutun risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, um málefni annarra ríkja hefur gerst æ ofan í æ síðustu áratugi og magnað spennuna í alþjóðasamskiptum. Oft eru slík afskipti þessarar tvíhöfða heimslögreglu réttlætt með því að vilhallar ríkisstjórnir, oft hreinar leppstjórnir í reynd, hafi óskað eftir aðstoð. Þannig er m. a. háttað um hinn blóðuga og miskunnarlausa hernað Sovétríkjanna í Afganistan, sem réttilega hefur verið fordæmdur æ ofan í æ og þannig var háttað grimmdarstyrjöld Bandaríkjanna í Víetnam.

Nú ráðast Bandaríkin með hervaldi gegn smáþjóð sem fékk sjálfstæði fyrir tæpum áratug, einu minnsta ríkinu að landstærð og fólksfjölda í samfélagi þjóðanna. Engin beiðni hafði borist um bandarískar liðssveitir frá stjórnvöldum í Grenada og ekki frá neinum þarlendum aðila svo vitað sé. Landið er hluti af breska samveldinu og Bretadrottning telst vera þjóðhöfðingi þess. Fram hefur komið að innrás og hernám eyjarinnar er gerð í óþökk og andstöðu við bresku stjórnina og mundi afstaða Breta þó engu breyta um eðli þessarar árásar. Innrásin í Grenada er af talsmönnum margra vestrænna ríkja talin vera skýlaust brot á alþjóðalögum, einhver hin grófasta sem þekkt er frá síðustu árum og jafnframt brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um sjálfsákvörðunarrétt ríkja. Tilraunir Bandaríkjastjórnar til að réttlæta innrásina eru ekki einu sinni teknar gildar af nánustu bandamönnum þeirra. Sterkar líkur benda til að bandaríska leyniþjónustan hafi unnið að því að plægja akurinn fyrir innrásina með afskiptum af innanríkismálum á Grenada að undanförnu og átt þátt í að forsrh. landsins, Maurice Bishop, var steypt fyrir skömmu og herinn tók þar völdin. Slíkt er ekki nýmæli í rómönsku Ameríku. Haft er eftir sendiherra Bandaríkjanna í París að undirbúningur að innrásinni hafi hafist fyrir tveimur vikum, þ. e. áður en Bishop var steypt og hann tekinn af lífi. Hann komst til valda árið 1979 og var aldrei í náðinni hjá valdhöfum í Washington.

Reagan Bandaríkjaforseti telur markmið stjórnar sinnar að koma á því sem hann kallar: lögum og reglu í Grenada og lýðræði, sem hann kallar, þ. e. stjórn sem fúslega beygir sig undir veldissprota Bandaríkjanna. Slíkur skilningur á löggæsluhlutverki Bandaríkjanna og því stjórnarfari, sem þeir telja henta hagsmunum sínum í rómönsku Ameríku, er alþekktur, m. a. frá El Salvador og Guatemala og veldur því að í Mið-Ameríku er ekki síður ófriðlegt nú en fyrir botni Miðjarðarhafs. Nú er spurt austan hafs og vestan: Verður Nicaragua næsti viðkomustaður fallhlífasveita bandaríska flotans?

Herra forseti. Ríkisstjórnir margra landa hafa nú þegar fordæmt harðlega innrás Bandaríkjanna í Grenada, þ. á m. ríkisstjórnir Svíþjóðar og Frakklands. Flest dagblöð í Vestur-Evrópu gagnrýna framferði Bandaríkjanna harðlega og áhrifamenn eins og Willy Brandt, forseti Alþjóðasambands jafnaðarmanna, telur hana brjóta í bága við öll alþjóðalög. Frá íslensku ríkisstjórninni hefur enn engin yfirlýsing komið í þessu máli, en dagblaðið Þjóðviljinn hefur það eftir hæstv. forsrh. í dag að hann fordæmi persónulega innrásina. Ég tel að enginn vafi megi ríkja um afstöðu íslenskra stjórnvalda í máli sem þessu, ekki síst þar sem hér er vegið að smáþjóð, eyríki, sem hefur færri íbúa en Ísland. Við hljótum hér á Alþingi Íslendinga að fordæma afdráttarlaust þessa innrás og krefjast þess eftir réttum leiðum og þar sem rödd okkar heyrist á alþjóðavettvangi að bandaríska innrásarliðið og fylgisveitir þess frá öðum ríkjum í karabíska hafinu verði þegar á brott frá Grenada. Ég vænti þess að sú sé einnig afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá velvild að heimila mér að taka til máls hér utan dagskrár í dag, en ég taldi tilefnið mjög knýjandi. Ég leyfi mér að bera hér fram fsp. til hæstv. utanrrh. um afstöðu íslensku ríkisstjórn-

arinnar til innrásarinnar í Grenada og viðbrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Ég óska einnig eftir að fram komi afstaða hæstv. utanrrh. sjálfs til þessa framferðis Bandaríkjanna, stórveldis sem við erum tengdir í hernaðarbandalagi, svonefndu varnarbandalagi, og sem íslensk stjórnvöld hafa veitt hér aðstöðu fyrir herstöðvar í meira en tvo áratugi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir þetta tækifæri. Það var reyndar svo að ég hafði borið fram þessa ósk jafnhliða því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði gert það.

Ég skal ekki hafa mörg orð um það mál sem hér er tekið upp utan dagskrár. Hér er um að ræða innrás Bandaríkjanna og sex annarra ríkja í smáríkið Grenada. Þetta er innrás hvernig sem á málin er litið. Þetta er brot á alþjóðalögum, þetta er brot á samþykktum sem Bandaríkin og önnur ríki hafa undirritað t. d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Það má gjarnan finna sér réttlætingar. Það er oft gert þegar innrás er gerð, það er ekkert nýtt. En það er ekkert til sem réttlætir afskipti af innanlandsmálum smáríkisins Grenada, það er ekkert til sem réttlætir innrás af þessu tagi. Það skiptir engu máli í því sambandi hvort þeir sem tóku völdin í vopnaðri byltingu og með morðum séu skúrkar eins og gefið er í skyn. Mér þykir mjög fyrir því að Bandaríkin skuli hafa gripið til þessa óyndisúrræðis, því að fordæmið er hræðilegt.

Ég lýsi því yfir fyrir hönd Alþfl. að við mótmælum þessari innrás og fordæmum hana og við leggjum áherslu á að ríkisstjórn Íslands fordæmi hana og beri fram harðorð mótmæli við Bandaríkin og hin ríkin sex og það án tafar. Ég tek undir þá fsp. sem hér var borin fram af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Atburðirnir í Grenada s. l. mánuð vekja vissulega þungar áhyggjur. Ég ætla mér raunar ekki að fjölyrða um þessa atburði á þessu stigi, enda ekki öll kurl komin til grafar. Það er út af fyrir sig skiljanlegt að Bandaríkjamenn vilji vernda líf þeirra u. þ. b. þúsund Bandaríkjamanna sem dvöldu í Grenada, m. a. við nám í læknaskóla sem þar er rekinn. En hvort það er nægileg málsástæða fyrir athöfnum þeirra er annað mál.

Önnur skýring Bandaríkjamanna er sú að þeir vilja ásamt öðrum nágrannaríkjum Grenada koma á lögum og reglu og lýðræðislegu stjórnarfari í stað ógnarstjórnar. Það verður því fylgst vel með því hver framvindan verður og hve fljótt Bandaríkjamenn draga lið sitt til baka og Grenadabúar sjálfir fá að ráða málum sínum á lýðræðislegum grundvelli. Þeirri kröfu verður fylgt fast eftir.

Þá er rétt að upplýst sé hver séu réttindi og skuldbindingar þeirra sex aðildarríkja í samtökum austurkarabískra eyríkja, sem stóðu að landgöngunni ásamt Bandaríkjunum, Barbados og Jamaica. Athygli vekur að fleiri en 600 Kúbumenn og 60 Sovétmenn voru til staðar í Grenada, Kúbumennirnir taldir verkamenn að byggja flugvöll. Í ljós kom að byggingarverkamennirnir voru vopnaðir svo að ástæða er til að kanna hvort önnur innrás hafi í raun átt sé stað fyrr en sú bandaríska og austurkarabíska og hvort vopnað lið frá Kúbu hafi staðið fyrir fangelsun og síðar morði forsætisráðherra, þriggja ráðherra, tveggja verkalýðsleiðtoga og margra annarra borgara í Grenada fyrr í þessum mánuði sem og fangelsun landstjórans, fulltrúa þjóðhöfðingja.

Auðvitað vekja atburðirnir í Grenada áhyggjur vegna hættu á aukinni spennu í alþjóðamálum almennt og í Mið-Ameríku sérstaklega. Því verður fylgst náið með málum. Ríkisstjórnin mun gera það og undirstrika þá kröfu að landgönguliðið hverfi á brott og tryggt sé að Grenadabúar ráði sjálfir málum sínum og ríkisstjórn.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þingflokkur BJ harmar innrás Bandaríkjahers í grannríkið Grenada og lýsir samúð sinni með því fólki sem að ósekju verður fyrir hörmungum styrjaldar. Íslendingar tengjast því manndrápi sem þarna á sér stað vegna aðildar sinnar að Atlantshafsbandalaginu. BJ skorar á utanrrh. að mótmæla innrásinni í Grenada og afleiðingum hennar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Atburðir undanfarinna daga í eyríkinu Grenada eru enn eitt dæmi þess að stórveldi beiti afli sínu gagnvart minna ríki sem enga rönd fær við reist. Slíkir atburðir eru engan veginn nýlunda í mannkynssögunni, og það er heldur engan veginn nýlunda að innrásaraðilinn segist vera að hjálpa þeim sem hann ræðst á. Ég vil minna á að þetta sögðu Þjóðverjar í seinni heimsstyrjöldinni þegar þeir hertóku Danmörku t. d. Þetta sögðu Sovétmenn í Afganistan, Ísraelsmenn í Líbanon og Bandaríkjamenn í El Salvador og núna í Grenada. Þá sem nú er ekki verið að hjálpa heldur er verið að beita valdi til að tryggja hagsmuni innrásaraðilans.

Samtök um kvennalista taka afstöðu gegn valdbeitingu og misrétti í hvaða mynd sem er og hvar sem er í heiminum. Þess vegna skora SK á ríkisstjórn Íslands að taka afstöðu á alþjóðavettvangi gegn þeirri valdbeitingu sem nú á sér stað á Grenada. Íslendingar verða að taka afstöðu gegn valdbeitingu í samskiptum þjóða, hver sem í hlut á, eigi þeir að teljast ábyrgur aðili í samfélagi þjóðanna.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að heyra það af vörum hæstv. utanrrh. að ríkisstjórn Íslands ætli að fylgjast vel með framvindu mála. En ég legg áherslu á að það kemur ekki í staðinn fyrir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Innrás bandaríska hersins ásamt nokkrum leppríkjum þeirra á hið sjálfstæða smáríki Grenada sýnir manni og undirstrikar vel þann yfirgang og þá lítilsvirðingu sem stórveldið Bandaríkin sýnir öðrum þjóðum og sjálfstæði þeirra í þessum heimshluta. Það hefur komið fram í fréttum að innrásin er að undirlagi Bandaríkjamanna þó látið sé heita svo að nágrannar Grenada hafi beðið um aðstoð. Þáttur þeirra, þ. e. Bandaríkjamanna, í undirbúningi innrásarinnar og þá alveg sérstaklega þáttur leyniþjónustunnar, CIA, er enn óljós. Það er ljóst að sú umbótasinnaða vinstri stjórn undir forustu Maurice Bishop, sem steypti hinum gerspillta Eric Gairy af stóli var alla tíð á svörtum lista hjá Bandaríkjastjórn. Þó tók fyrst steininn úr þegar Ronald Reagan settist að í Hvíta húsinu og hóf með milligöngu leyniþjónustunnar skipulega baráttu gegn hverri þeirri ríkisstjórn í þessum heimshluta sem ekki þjónaði hagsmunum Bandaríkjamanna möglunarlaust.

Það er ljóst að þessi innrás þverbrýtur alþjóðalög. Og hún er að því leyti verri og siðlausari en innrás Rússa í Afganistan, sem hér var vitnað í, að enginn, ekki einu sinni leppstjórn, bað Bandaríkjamenn um aðstoð. Sagan geymir mér vitanlega fá dæmi þess að íhlutun einnar þjóðar í málefni annarrar, eins og hér á sér stað, færi heimamönnum einhverja blessun. Hin dæmin eru fjöldamörg að slíkt sé upphafið að stjórnmálalegum, efnahagslegum og ekki síst mannlegum hörmungum. Innrás og hernaðaríhlutun eins ríkis eða ríkja í málefni annarra sjálfstæðra þjóða hljótum við ávallt að mótmæla. Þar með er á engan hátt verið að réttlæta þá atburði, sem átt höfðu sér stað í viðkomandi landi, og það ástand sem þar ríkti. En væru þau ekki orðin ærið mörg ríkin sem ástæða væri þá til að ráðast inn í ef þetta væri einhver réttlæting í sjálfu sér? Það hefur víðar farið fram valdarán og það hafa víðar verið framin blóðug valdarán, en sem betur fer hafa utanaðkomandi aðilar yfirleitt ekki haft afskipti af slíkum innanríkismálum. Og sem betur fer, segi ég, vegna þess að það er samdóma skoðun flestra, sem til þessara hluta þekkja, að slíkt auki einungis á vandann.

Og við skulum minnast þess, við Íslendingar, að hér átti hlut að málum sjálfstæð þjóð, sjálfstætt en smátt ríki sem ekki hefur möguleika á að verja hendur sínar gegn stórveldinu svo nokkru nemi. Þeim mun ruddalegri er íhlutun Bandaríkjamanna í málefni viðkomandi lands sem það er smærra og á meira undir því að aðrar þjóðir virði sjálfstæði þess og fullveldi.

Og ég vil vekja athygli, herra forseti, þingheims á því hvernig fréttir voru matreiddar ofan í íslensku þjóðina af þessum atburðum. Á sjónvarpsskjánum breiddi Ronald Reagan Bandaríkjaforseti úr sér og talaði um ruddalega vinstri sinnaða glæpamenn á smáey sem væru að ógna lífi bandarískra borgara. Það var hvergi minnst á sjálfstæða þjóð. Og það sem heitir á máli annarra landa innrás og hernaðaríhlutun var kölluð landganga.

Ég skora á íslensku ríkisstjórnina að mótmæla fyrir hönd þjóðarinnar þessari óréttmætu og siðlausu hernaðaríhlutun í málefni sjálfstæðrar þjóðar. Við sem sjálfstæð þjóð á eylandi hljótum að finna til samúðar með íbúum Grenada, hverra unga sjálfstæði hefur nú verið freklega fótum troðið með hernaðaríhlutun. Herra forseti, ég hef lokið máli mínu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forsti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með að hæstv. utanrrh. skyldi hér ekki afdráttarlaust fordæma þann verknað sem hér hefur gerst, það brot á alþjóðalögum sem Bandaríkin hafa gert sig sek um með innrásinni í Grenada. Af hans orðum varð ekki ráðið neitt um slíka afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar og því erum við enn í óvissu um það hvort ríkisstjórnin ætlar sér yfirleitt að taka afstöðu til málsins, og ljóst er að hún hefur ekki gert það með þeim hætti sem sjálfsagður virðist. Hæstv. utanrrh. var að leita hér eftir skýringum á þessum verknaði Bandaríkjamanna. Ég ítreka það að innanlandsaðstæður í Grenada skipta hér raunverulega ekki máli um það grundvallaratriði, íhlutun og innrás gagnvart sjálfstæðri þjóð, sem hér er um að ræða.

Mér er hins vegar ókunnugt um að til hafi komið ógnun við bandaríska borgara á Grenada sem hæstv. utanrrh. var að vitna hér til að gerst hefði. Ég hef ekki heyrt það af fjölmiðlum að slík ógnun hafi átt sér stað. Og við hljótum að minnast þess þegar hæstv. utanrrh. Íslands talar um viðleitni Bandaríkjanna til að halda uppi lögum og reglu og vernda lýðræði, hvert er það lýðræði sem Bandaríkin búa þjóðum rómversku Ameríku, þeim þjóðum sem þau halda undir veldissprota sínum. Það hefur ekki farið mikið fyrir viðleitni til endurreisnar lýðræðisins í Guatemala eða El Salvador svo dæmi séu tekin.

Herra forseti. Ég ætla af minni hálfu ekki að lengja þessa umr. Það blasir við hvað gerst hefur. En afstöðuleysi íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu máli fram til þessa er áhyggjuefni og ég lýsi enn eftir því að þessi afstaða þarf að koma fram, eindregin fordæming af hálfu íslenskra stjórnvalda gagnvart þeirri innrás, þeim brotum á alþjóðalögum sem hér hefur farið fram. Það eitt er ekki nóg að innrásarliðið víki, það á að vera sjálfsögð krafa. Við hljótum að fordæma verknaðinn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Aðdragandi þeirra hörmulegu atburða sem verið hafa að gerast í smáríkinu Grenada nú að undanförnu er sá að bylting var gerð á þessari litlu eyju árið 1979 að ég hygg, marxísk bylting, vafalaust gegn spilltri ríkisstjórn, um það efast ég ekki. Þessir marxistar sem völdin tóku hófu uppbyggingu hins svokallaða sósíaliska þjóðskipulags og kölluðu til ráða m. a. kommúnistaforingjana á Kúbu og í Kreml. Smám saman varð þetta ríki að sjálfsögðu meira og minna sósíaliskt og þessir svokölluðu ráðgjafar, rússnesku og kúbönsku, streymdu inn í landið og beittu sínum áhrifum þar eins og þeir auðvitað alls staðar gera.

Svo var komið fyrir nokkrum mánuðum eða kannske einu ári eða svo að leiðtogi þessara byltingarmanna, þessara marxisku byltingarmanna, var farinn að óttast um hag ríkisins. Honum fannst hin erlendu áhrif orðin allmikil. Hann fór í för til Bandaríkjanna, reyndi að leita að einhverju leyti trausts og halds hjá lýðræðisþjóðum, því hann var áreiðanlega farinn að ugga um hag lands síns og þjóðar, að þjóð hans kynni að lenda í sömu örlögum og sú kúbanska, sú tékkneska, sú pólska o. s. frv. Marxisti var hann engu að síður.

Þegar hér er komið þá grípa samstarfsmenn hans, sem tóku þátt í byltingunni, til þeirra ráða að leiða hann á völl og slátra honum, ásamt með utanrrh. og fleiri ráðh. og áhrifamönnum. Ég held að allir Íslendingar, a. m. k. allir alþm., ættu að geta sameinast um að fordæma þessa stórglæpi, þessa morðingja, þessa blóðhunda, sem myrða félaga sína og baráttuvini bara vegna þess að þeir geta ekki komið einræðinu og ofbeldinu nógu fljótt á. Það átti að hraða því meira.

Þetta fordæmum við öll. Hitt er svo alveg rétt að það er ömurlegt til þess að hugsa að stórveldið Bandaríkin skuli vera kallað til, — ég hygg að svo hafi verið, af bandalagsríkjum Grenada sex, til þess að aðstoða við að hindra frekari ofbeldisverk í því ríki, og að hindra það að erlendir ásóknarmenn taki öll völd í þessu litla ríki. Það er vissulega ömurlegt líka. Hvort menn vilja fordæma það, það er smekksatriði. Og við getum bara sett okkur í spor þessa fólks á Grenada. Við erum að vísu helmingi fleiri. Það er smekksatriði og ég endurtek það.

Og nú skulum við athuga þennan smekk, en ég skil nú ekki smekk Alþb. að láta einmitt þennan hv. þm. Hjörleif Guttormsson vera málsvara lýðræðis og þjóð-

frelsis og nefna CIA á nafn. Var hann ekki einn af höfundum SIA-bókmenntanna? Er hann ekki einmitt skólaður í Austur-Þýskalandi? Hann kann þessar kúnstir. En sleppum því og honum. (**HG:** Við viljum gjarnan heyra meira um þetta.) Sleppum því. (**HG:** Þú ert vel lesinn, er það ekki, hv. þm.?) Jú, ég hef lesið rauðu bókina mjög vel. En hitt skal ég játa fúslega að ég hef jafnlitla þekkingu, eða svona hér um bil jafnlitla þekkingu á málum í þessari fjarlægu eyju eins og þeir aðrir sem hér þykjast allt um það vita. En ég þykist vita þó að hjörtum manna svipi saman í Súdan og Grímsnesinu.

Og þá erum við komin að þessu sem ég ætlaði að fara að tala um. Setjum okkur í spor þessa fólks. Segjum svo að vinstri stjórnin, sem mynduð var hér 1979, hefði verið mynduð af marxistum, hreinum marxistum. Ekkert valdarán eða neitt slíkt. Marxistar hefðu náð hér völdum. Segjum svo að hún hefði verið við völd fram á þetta ár, fram á þennan tíma, og hún hefði verið að þjóðnýta hér allt, hún hefði kallað til 100 rússneska sérfræðinga eða 200 miðað við hlutfallið og tvö þúsund kúbanska til þess að aðstoða við málefnin. Síðan hefði það gerst einn daginn að þeim sem fannst ekki nógu hratt ganga að koma sósíalismanum á, kommúnismanum á, þessari dýrðarhugsjón sem við sjáum nú fyrir okkur á miklum hluta jarðarkringlunnar, — þá hefðu menn gert sér lítið fyrir og dregið forsrh., utanrrh. og nokkra aðra ráðh. fram og gengið með þá út á Austurvöll og skotið þá. Ég held að jafnvel ekki hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði mælt því bót. Og ég held að jafnvel hann hefði getað látið sér detta það í hug að bandalagsríki okkar, Norðurlöndin hin, hefðu gert eitthvað til þess að reyna að koma aftur á lýðfrelsi á Íslandi og hindra þessa glæpamenn í störfum sínum, jafnvel að senda okkur eitthvert fallhlífarlið.

Við skulum segja að Norðurlandaráð sé ekki hernaðarbandalag. Það er móralskt bandalag. Ég veit ekki hvað mörg ákvæði eru í bandalagi þessara ríkja þarna suður frá um hernaðaraðstoð, en bandalagið er myndað til að verja sjálfstæði allra þessara ríkja, hvers um sig. Menn geta sagt að þetta sé óverjandi. Ég sagði því að það væri smekksatriði hvort menn vildu telja þetta stórglæp. Stórglæpurinn var fyrst framinn. Ég tel þetta ömurlegt eins og ég byrjaði mál mitt á að segja. Þetta eru ömurlegar staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir. Það er ljóst. En hitt er að mínu mati ekki höfuðglæpurinn, vegna þess að þetta er ekki ríki á þessari stundu. Það er engin ríkisstj. þar. Hálf ríkisstj. er búin að drepa hinn helminginn. Og menn vita ekki hvað hún ætlar að drepa marga. Og þetta er eitt af þessum bandalagsríkjum. Á ekki að stöðva þetta ofbeldi? — Ef það kostar ekki mannslíf, sem það kostar sárafá, að mér skilst. Eitt mannslíf er kannske jafnmikils virði og mörg.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hristir höfuðið. Og annar hv. þm. Alþb. sagði að þetta væri verra en þjóðarmorðið í Afganistan. Takið eftir því. En þessir menn eru alltaf að reyna að bera saman þar, sem við köllum réttargæslu lýðræðisríkja. (**SJS:** Reyndu að hafa rétt eftir úr því að þú ert að vitna í mann á annað borð.) Sagðirðu þetta ekki? Ég held að allur þingheimur hafi heyrt þetta. (**HBl:** Hann sagði það.)

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Auðvitað er þetta hörmulegt og við getum sameinast um að samþykkja það að svona atburðir eru hörmulegir, mannkynið er nú bara einu sinni ekki betra en þetta. Og ég tel fyrri atburðinn hörmulegri en hinn síðari. Og það finnst mér ekki vera smekksatriði, hvort er hörmulegra.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þessi umr. er komin út á svolítið hálar brautir, þegar farið er að ræða um hugsanlega íhlutun Norðurlandanna í málefni hér og farið að setja upp alls konar myndir af því sem hugsanlega kynni að geta gerst, ég held að þá sé umr. á röngum brautum. En það verður að segjast alveg eins og er að það ber að harma að hæstv. utanrrh. skyldi ekki treysta sér til þess að taka ákveðna afstöðu í þessu máli og fordæma það sem þarna hefur gerst. Telja þess í stað upp þær röksemdir sem við mörg hver höfum heyrt Bandaríkjaforseta fara með í sjónvarpinu, og voru nú sumar hverjar heldur léttvægar. T. d. hefur hvergi að ég hygg komið fram rökstutt að líf bandarískra borgara hafi verið í hættu í Grenada. Ég hygg að það hafi hvergi komið fram.

En það er ýmislegt annað sem er líka lærdómsríkt og eftirtektarvert við þessa umr. hér fram að þessu. Ég heyrði nú ekki að hv. þm. Steingrímur Sigfússon talaði mikið um Afganistan hér úr þessum ræðustóli, en það er athyglisvert og kannske líka lærdómsríkt að sjá menn með mynd af Marx í barmi koma í þennan ræðustól og halda ræður eins og þessi hv. þm. gerði. Það fannst mér eftirtektarvert og hin heilaga vandlæting sem var að finna í orðum hans. Og það er auðvitað líka í ljósi sögunnar eftirtektarvert að hlýða á þá Alþb.-menn, sem nú síðustu árin hafa leyft sér að gagnrýna Sovétríkin. Það þekktist ekki hér á árum áður. Það er líka lærdómsríkt.

Við erum í bandalagi með Bandaríkjamönnum. En það þýðir ekki að við eigum að segja já og amen við öllu sem þeir gera í utanríkismálum. Við eigum að gagnrýna það, sem er gagnrýni vert, við eigum að hafa þar sjálfstæðar skoðanir. Og það sem þeir hafa gert á Grenada er gagnrýni vert og það ber að fordæma. Það ber að fordæma hörðustu orðum. Þetta er brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, um það er enginn ágreiningur og þess vegna eigum við að fordæma það. Við eigum að hafa sjálfstæðar skoðanir í utanríkismálum. Það er satt að segja sorglegt til þess að hugsa, hvernig stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar, Sjálfstfl., hefur staðnað í þessum efnum og treystir sér ekki til að gagnrýna bandaríska utanríkisstefnu. Sömuleiðis málgagn hans, Morgunblaðið. Ég efast um að það finnist í Bandaríkjunum blað, sem styður stefnu Bandaríkjastjórnar í öllum utanríkismálum jafn hart, jafn ákveðið, jafn óhikað og Morgunblaðið gerir. Þar hefur þessi flokkur staðnað og þar hefur þetta blað staðnað og ég held að svona málflutningur finnist hvergi t. d. í Vestur-Evrópu. Það er líka umhugsunarefni fyrir þá sjálfstæðismenn, sem nú eru að sumu leyti varðandi sína stefnu í utanríkismálum, ég undirstrika að sumu leyti, eins og nátttröll sem hefur dagað uppi á heiði.

Við eigum að hafa sjálfstæða skoðun. Við eigum að gagnrýna það sem er gagnrýni vert enda þótt um bandalagsþjóð okkar sé að ræða. Vinur er sá er til vams segir, stendur einhvers staðar. Við eigum ekki að segja já og amen við öllu sem gert er. Við eigum að hafa sjálfstæðar skoðanir og þarna í þessu tilviki á ríkisstjórn Íslands hiklaust, hæstv. forsrh. hefur lýst persónulegri

skoðun sinni á því máli, — ríkisstj. á hiklaust að fordæma það sem þarna hefur gerst.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það var afar athyglisverð ræða sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti hér áðan. Sem betur fer er það sjaldgæft að slíkur málflutningur sé uppi hér á Alþingi. Þó er nauðsynlegt að fá það fram þó það sé ekki nema eins og eitt sýnishorn af sjónarmiðum Sjálfstfl. sem hér er flutt, þannig að alþjóð geti áttað sig á því af hvaða tagi sá stjórnmálaflokkur er sem enn þá hefur verulegan stuðning meðal kjósenda í þessu landi, því að utanríkisstefna Eyjólfs Konráðs Jónssonar er utanríkisstefna íslensku ríkisstj. um þessar mundir. Það er alger samhljómur á milli hæstv. utanrrh. og þeirrar stefnu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kynnti hér áðan. Vegna þess að ríkisstjórn Íslands er þeirrar skoðunar um þessar mundir að það sé smekksatriði hvort stórveldi fótumtreður sjálfstæði smáþjóðar, það sé nánast algert smekksatriði hvaða afstöðu menn taka til slíks.

Fyrir nokkrum árum birtist grein í Morgunblaðinu þar sem það var kynnt sem sjónarmið ákveðinna aðila sem stóðu að Sjálfstfl. og hafa ráðið utanríkisstefnu hans að í raun og veru væri eðlilegt að útlendingar tækju það að sér við ákveðnar kringumstæður að hafa vit fyrir Íslendingum í utanríkismálum. Það var sú stefna sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var að kynna hér áðan að útlendingar geti við ákveðnar kringumstæður tekið að sér að hafa vit fyrir Íslendingum í utanríkismálum. Þar með er hv. þm. í rauninni að segja að það hafi verið misskilningur og mistök, að Íslendingar treystu sjálfstæði sitt með ákvörðun 17. júní 1944. Hann er að segja að það sé ástæða til að sjá eftir þeirri ákvörðun, hún hafi verið röng, reynslan sýni það, vegna þess að aðrir eigi að taka ákvörðun fyrir Íslendinga. (**Gripið fram í:** Þetta var spaklega mælt.) Hér er um hrikalegt dæmi að ræða, um það hvílík lágkúra ríkir í Sjálfstfl., enn þá stærsta flokki landsins, varðandi utanríkismál, sem er tilbúinn til þess á hvaða stundu sem er að selja sig svo að segja í einu og öllu undir hin bandarísku viðhorf. Smekksatriði, sagði hv. þm. og þar með er hann í rauninni að segja að innrás geti verið réttlætanleg við ákveðnar aðstæður, — að innrás í smáríki geti verið réttlætanleg við ákveðnar aðstæður. Það er hrikaleg yfirlýsing í rauninni.

Hitt, og það vekur athygli að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli, því að hæstv. forsrh. gefur þá yfirlýsingu í einu dagblaðanna í dag, að hann gagnrýni harðlega eða fordæmi þessa innrás í eyríkið Grenada. Hæstv. utanrrh. virðist ekki taka undir þessi sjónarmið og neitar að fordæma innrásina og talar um hana með mjög mildum orðum hér áðan, talar um athöfn Bandaríkjanna, athöfn Bandaríkjamanna heitir það í munni hæstv. utanrrh. Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því hvort ríkisstj. fjallaði um þetta mál á fundi sínum í morgun og hvort hæstv. utanrrh. talar fyrir hönd ríkisstj. allrar. Og hvar er Framsfl. í þessari umr.? Það fer stundum mikið fyrir honum á málþingum um þessar mundir. Hann hefur ekki komið fram enn þá hér í þessari umr. utan dagskrár og þó er formaður utanrmn. Alþingis úr Framsfl. Væri fróðlegt að vita hvort þeir framsóknarmenn hafa einhverja skoðun á þessu máli eða hvort hæstv. utanrrh. talar fyrir þá í þessu máli hér í dag.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil nú byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau svör sem hann veitti hér áðan, þó mér þyki mjög miður að það skyldi ekki koma fram í þeim mótmæli og fordæming á innrásinni í Grenada. Það var fyllilega ástæða til þess og ég tel að nauðsynlegt sé að það komi fram af hálfu ríkisstj.

Ég verð að segja eins og er að mér líkar nú ekki að öllu leyti orðfæri þeirra Alþb.-manna hér í þessari umr. og ég tel ekki að við þurfum neinn samanburð út og suður til þess að lýsa skoðun okkar á þessu máli. Ég held að menn megi ekki flækja sig í aukaatriðum. Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. að það væru út af fyrir sig ýmsar ástæður af hálfu Bandaríkjanna til þess að grípa þarna til aðgerða, sem sagt að ráðast inn í landið. En það er ekki til réttlæting fyrir innrás af þessu tagi. Það er ekki til réttlæting fyrir vopnaðri innrás. Menn geta búið sér til ýmsar skýringar, en þær verða einungis til að flækja málin og ég held að það sé rangt að setja upp ímyndanir eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði hér áðan. Þetta er allt of alvarlegt mál til þess.

Menn eru að gefa í skyn að sumar innrásir séu góðar en aðrar séu slæmar. Það getur ekki verið það lögmál sem á að gilda af hálfu okkar Íslendinga. Innrás er brot á alþjóðalögum, innrás er brot á samþykktum Sameinuðu þjóðanna, innrás er aldrei réttlætanleg. Það mátti jafnvel heyra hér í málflutningi áðan, að það væri næg ástæða fyrir innrás ef til valda kæmust aðilar sem mönnum líkaði ekki við eða kannske að það stjórnkerfi, sem ríkti í landinu, væri mönnum ekki að skapi. Mér líkar ekki við stjórnkerfið í Ausur-Evrópu. Mér líkar ekki við það á Kúbu og ég get haldið áfram að telja. Ég hef verið þeirrar skoðunar að Bandaríkjamönnum og Bandaríkjastjórn líkaði heldur ekki við þetta stjórnkerfi, svo að ég vil benda mönnum á að ef menn ætla að vega málin eftir þessari mælistiku, þá lenda þeir á hálum ís.

Ég tel að sérstök ástæða sé til þess fyrir Íslendinga að mótmæla þessari innrás og fordæma hana vegna þess að Bandaríkjamenn eru bandamenn okkar og við gerum miklar kröfur til þeirra. Eins og ég sagði hér áðan, þykir mér mjög mikið fyrir því að Bandaríkjamenn skyldu grípa til þessa óyndisúrræðis. En ég tel líka enn ríkari ástæðu fyrir Íslendinga til að mótmæla þessu af því að við erum í bandalagi með þessari þjóð.

Ég vil því að lokum beina þeim eindregnu tilmælum til utanrrh. og ríkisstj. að hún mótmæli þessari innrás og fordæmi hana á opinberum vettvangi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Hér hefur umr. verið með ýmsum blæbrigðum og margir ósammála en þó virðast flestir sammála um það með nokkrum formerkjum þó að það sé óæskilegt að stórþjóð hlutist til um mál smáþjóðar. Og nú langar mig til að spyrja hvort e. t. v. sé hér um að ræða orðalag, það sé um að ræða að velja rétta orðið til að túlka þessa sameiginlegu skoðun eða tilfinningu. Og þá langar mig að spyrja: Gæti íslenska ríkisstj. harmað, e. t. v. ekki fordæmt eða mótmælt, en treystir hún sér til að harma að þarna hafi verið hlutast til um mál smáþjóðar? Mig langar til að spyrja utanrrh. að þessu.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Menn

hafa saknað þess að ég hafi ekki lýst yfir fordæmingu á landgöngu og innrás Bandaríkjamanna og 6 austur-karibískra þjóða í Grenada. Ég tel alls ekki rétt á þessu stigi málsins að fordæma einn þátt töluvert langrar atburðarásar. Ef ég á að fordæma einn þátt þá vil ég fordæma atburðarásina í heild sinni. Tilefni er til þess en ég hygg að enginn okkar sé í stakk búinn til þess nú að taka einn þáttinn úr mjög flókinni atburðarásakeðju út úr og ætla sér að gera hann að aðalatriði.

Ég harma — og svara þar með fsp. síðasta ræðumanns — landgöngu Bandaríkjanna og 6 austur-karibískra ríkja í Grenada. En ég harma líka þau morð sem á undan fóru. Ég harma valdatökuna 1979. Ég harma þau örlög sem smáþjóð, sem býr í Grenada, hefur búið við undanfarin ár undir marxískri ógnarstjórn og nú síðast án þess í raun að hafa nokkra ríkisstjórn og búa við þær aðstæður að herveldi í raun og veru er stjórnandi. Ég varpaði fram þeirri spurningu í minni fyrri ræðu hvort átt hefði sér stað innrás og landganga á undan þeirri sem hér hefur aðallega verið um fjallað. Ég tel það ekki fjarri lagi. Hvers vegna eru þarna 600 Kúbumenn eða fleiri? Og hvernig stendur á því að byggingaverkamenn eru vopnum búnir? Hver sér þeim fyrir þeim vopnum? Nú eru nágrannaríkin flest án hers. Þetta eru smáríki með íbúafjölda á milli 40—120 þús. manns og við þekkjum stöðu svo fámennra ríkja; þau hafa ekki efni á miklum herbúnaði. En fyrir þessu var að einhverju leyti séð í þessu tilviki og því er ekki rétt af okkur að fordæma einn þáttinn án þess að vita samhengi hinna margflóknu þátta innbyrðis og taka málið fyrir í einni heild.

Ég hlýt að láta það koma fram að þótt við séum í bandalagi með Bandaríkjamönnum þá höfum við ekki velþóknun, síður en svo, á öllum þeirra gerðum. Og við erum alveg tilbúnir til þess að segja þeim til syndanna. En við verðum þá að gera það á réttum forsendum og með réttum rökum og láta þá ekki gjalda þess að vera í bandalagi með okkur heldur fordæma einnig þá sem verr hafa komið fram og meira af sér sýnt sem vert er að fordæma en Bandaríkjamenn nokkurn tíma hafa gert.

Ég vil taka það fram að ríkisstjórnin hefur ekki fjallað um þetta mál og ég tel að það sé ekki rétt að ríkisstj. eða Alþingi fjalli um þetta mál fyrr en frekari gögn eru fram komin og alþm. og ráðherrar hafi tækifæri til þess að kynna sér þróun mála almennt. Við skulum líka hafa samræmi í gerðum okkar sem sjálfstæð þjóð hver sem fer með ríkisstjórn á hverjum tíma. Ég hygg að það séu færri dæmi um það að ríkisstjórn hafi gert sérstaka ályktun í slíkum málum en þau þar sem slík ályktun hefur verið gerð af hálfu ríkisstjórnar og sömuleiðis jafnvel af hálfu Alþingis.

Við Íslendingar höfum farið vel með okkar sjálfstæði og við höfum farið varlega í það að dæma aðrar þjóðir. Ég tel það út af fyrir sig góða lífsreglu — þó að við eigum að segja hug okkar fullum fetum ef okkur blöskrar eða ofbýður — til þess að hafa áhrif og þá fyrst og fremst á þróun mála í framtíðinni. Og hér er það merkilega við umr. sem fram hafa farið að menn hafa ekki fjallað um aðalatriði þessa máls sem ég þó undirstrikaði bæði í upphafi þeirra fáu orða sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni og í lok þeirra. Aðalatriði þessa máls er það að landgöngulið, hverju nafni sem nefnist, hverfi á brott frá Grenada og sjálfstæði eyjabúa sé tryggt, mannréttindi þeirra virt og lýðræði komið á svo að Grenadabúar geti sjálfir kosið sér ríkisstj. og ráðið málum sínum og örlögum. Það er aðalatriði málsins og um það ættu allir alþm. að geta sameinast.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég tel þennan atburð, innrás Bandaríkjamanna í eyríkið Grenada, vera hörmulegan atburð. E. t. v. vitum við ekki gjörla alla málavexti þar sem fréttaflutningur er óljós en atburður sem þessi hlýtur að vera og verður að teljast hörmulegur hvað sem öllu öðru líður. Mér er ekki kunnugt um það hvort hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, hefur eitthvað rætt við hæstv. utanrrh. um yfirlýsingu hans í Þjóðviljanum sem vitnað var til hér í upphafi þessara umr. en hæstv. utanrrh. hefur hins vegar lýst því hér að málið hafi ekki verið tekið fyrir í ríkisstjórninni en ég vil leyfa mér að taka undir orð hæstv. forsrh. sem höfð eru eftir honum í Þjóðviljanum í dag og fordæma persónulega þessa innrás eins og allar innrásir í sjálfstæð ríki hvar sem er í heiminum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði hér að við ættum að fordæma ef okkur ofbyði, ef okkur blöskraði. Það er greinilegt að mælirinn er ekki fullur hjá hæstv. utanrrh. varðandi framferði Bandaríkjamanna gagnvart Grenada. Ég harma ekki aðeins þessa afstöðu forsrh., ég hlýt að fordæma þessa niðurstöðu hans og ég lít á hana sem afar alvarlegan atburð.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér hefur því verið haldið fram að um ógnarstjórn hafi verið að ræða í þessu landi, e. t. v. frá 1979. Engu að síður eru um 100 Bandaríkjamenn við nám í landinu, í læknaskóla að því er upplýst er. Undarlegt má það vera hafi þeim verið haldið þar í haldi allan þennan tíma án þess að fjölmiðlar hefðu ekki fengið eitthvað um það að segja og því sýnist mér að það sé ansi fast að orði kveðið að þar hafi verið um ógnarstjórn að ræða þetta tímabil. Vissulega eru það hörmulegir atburðir þegar forseti landsins er drepinn ásamt sínum ráðherrum. Það eru hörmulegir atburðir. Það var einnig hörmulegur atburður þegar Kennedy heitinn forseti var myrtur. Engu að síður hefðu menn varla látið sér detta í hug að þá væri réttlætanlegt að hefja innrás í Bandaríkin til að koma þar á lögum og rétti.

Afleiðingin af morðinu á Kennedy varð engu að síður sú að keppinautur hans, sem hafði fallið fyrir honum í kosningum, Nixon, átti eftir að verða forseti Bandaríkjanna. Ég hygg að ef þjóð ætlar að taka að sér það hlutverk að hlutast til um innanríkismál annars ríkis í hvert skipti sem þar eiga sér stað ömurlegir atburðir og menn eru vegnir þá hljótum við að spyrja okkur þeirrar spurningar: Hvar eru landamerkin? Hvar eru stærðarmörkin? Hvenær eiga menn að hefja innrás? Er það þegar ríki er af stærð Grenada? Er það þegar land er á stærð við Íran? Er það þegar land er á stærð við Afganistan? Og spurningin hlýtur alltaf að leiða til sömu niðurstöðu: Það eykur á stríðshættu í heiminum meir en nokkuð annað ef þetta sjónarmið er ofan á. Þess vegna tel ég að þegar lög Sameinuðu þjóðanna eru brotin jafn skýlaust og hér er gert þá hljóti það að vera eðlileg viðbrögð hverrar þjóðar sem er aðili að samtökum Sameinuðu þjóðanna að gera það upp við sig hvort hún vill fordæma verknaðinn eða hvort hún vill

beita sér fyrir lagabreytingum á lögum Sameinuðu þjóðanna. Það er ekkert val þarna á milli. Þess vegna tek ég undir með forsrh. á þann veg að persónulega fordæmi ég þessa innrás og tel að utanrrh. verði að gera það upp við sig hvort hann er hlynntur því að beita sér fyrir lagabreytingu á lögum Sameinuðu þjóðanna eða hvort hann vill að þau lög séu virt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég get ekki orða bundist vegna tilrauna hv. alþm. til að skilgreina innanríkismál Grenada. Það, sem skiptir máli og það eina sem skiptir máli í þessari umr., er að það hefur ekkert ríki rétt til að setjast í dómarasæti, vega og meta kost og löst á innanlandsatburðum annars staðar og taka sér síðan lögregluvald til íhlutunar. Þetta er nú raunar mergurinn málsins. Við getum náttúrlega haft um það ákveðnar skoðanir hvert fyrir sig hversu þekkilegir atburðir eru á öðrum heimilum og menn geta verið ósammála um þá en það er langt í frá að andúð eða efasemdir um stjórnarfar geti nokkurn tíma réttlætt innrás í viðkomandi land.

Eins og kom fram hér áðan þá er þetta sú réttlæting sem ævinlega er höfð í frammi þegar stórveldi ráðast gegn smáþjóðum og það vill því miður oftast fara svo að þeim er einfalt að bjarga og það gerist raunar oftast að lækningin drepur sjúklinginn. Ég fagna því að ríkisstjórnin ætlar að kanna þetta mál vel og ég mun inna eftir gangi rannsóknarinnar eftir nokkrar vikur en þetta er því miður eitt tilfellið þegar þögn er sama og samþykki — [Fundarhlé.]

Fjárlög 1984, frv. 1. mál (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Á fundi fjvn. í morgun mættu til viðtals fulltrúar frá Bandalagi ísl. leikfélaga. Þeir rifjuðu það upp fyrir okkur á þeim fundi að í n. sæti einn ágætur leikari, hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason, og við auðvitað sannfærðumst um það hér á þingfundi í dag að þetta var rétt aths. hjá formanni bandalagsins. Karvel fór víða í sinni ræðu áðan eins og við var að búast og nefndi m. a. að hann drægi það mjög í efa að stefnan í verðlags- og launamálum, sem kemur fram í fjárlagafrv., mundi standast. Hann bætti síðan við að það skipti auðvitað ekki máli hvað hann vildi sjálfur — spurningin væri ekki hvað hann vildi — en ég held að málin séu raunverulega þannig að nú ríði á að við stöndum öll saman. Og ef menn standa ekki saman í þeim erfiðleikum sem fram undan eru heldur reyna að brjóta niður hver fyrir öðrum þá er að sjálfsögðu mjög óvíst að þessar forsendur fái staðist. Þess vegna segi ég það við hv. þm. að mér finnst það vera mikil spurning hvað hann vill og hvernig hann stendur að málum eins og við reyndar öll.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrrv. fjmrh. Ragnar Arnalds, kom einnig víða við í sinni ræðu og byrjaði á því að telja að það væri óhæft að hefja hallarekstur í ríkisbúskapnum. Um þetta getum við sjálfsagt öll verið sammála en mér fannst einhvern veginn á því sem síðast kom í ræðu hjá honum að þar fylgdi ekki alveg hugur máli vegna þess að yfirleitt fannst mér að margt þyrfti að hækka mikið umfram það sem fjárlögin gerðu ráð fyrir og fæ ég ekki séð hvernig það mundi gerast öðruvísi en halli yrði á búskapnum. Hann taldi t. d. eðlilega og nauðsynlega hækkun á öllum fjárfestingarliðum vera um það bil 35%. Sjálfsagt væri æskilegt að geta hækkað þessa liði eins og hann ræddi um en það kostar bara mikið fjármagn sem við teljum okkur ekki hafa úr að spila eins og er.

Hann nefndi einnig, að engar hækkanir væru til lista og menningarmála eða til menningarstarfsemi. Rétt er að þeir liðir, sem fjalla um slíka starfsemi í fjárlagafrv., hafa verið settir þar inn óbreyttir. Það er hins vegar alls ekki óvenjulegt. Það hefur oft gerst áður í fjárlagaafgreiðslunni að þegar frv. hefur verið lagt fram þá hafa þessir liðir verið settir inn óbreyttir og fjvn. síðan unnið að því að hækka þá og lagfæra þá eftir því sem kröfur eða beiðnir bærust til nefndarinnar hverju sinni.

Fjárlagafrv. það, sem hér er til meðferðar, er á ýmsan hátt sérstætt og frábrugðið í uppbyggingu þeim fjárlagafrumvörpum sem lögð hafa verið fyrir hv. Alþingi undanfarin ár. Í fyrsta lagi er það lagt fram við óvenjulegar og erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu. Mikill samdráttur hefur orðið í þjóðartekjum sem fyrst og fremst stafa af minnkandi sjávarafla. Þetta hefur leitt til verulegs samdráttar í þjóðfélaginu almennt sem síðan hefur sín áhrif á frumvarpsgerðina og setur sinn svip á uppbyggingu þess. Í öðru lagi má nefna að frv. tekur mið af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á næsta ári og viðleitni hennar til að draga úr ríkisumsvifum án þess þó að skerða mikilvæga félagslega þjónustu. Í þriðja lagi er gerð tilraun til þess að setja fram fjárlög sem taka mið af raunverulegum ríkisútgjöldum og geti á þann hátt orðið það stjórntæki sem þeim ber að sjálfsögðu að vera. Fleira mætti nefna en lítum aðeins nánar á þessa þrjá þætti.

Í fyrsta lagi eru það ríkjandi aðstæður. Það erfiða ástand sem nú er í þjóðfélaginu stafar fyrst og fremst af verulegum samdrætti þjóðartekna. Þjóðarbúskapurinn hefur hreppt mikinn andbyr og orðið fyrir áföllum. Munar þar að sjálfsögðu mest um stórlega minnkandi þorskafla á s. l. ári og enn þá meiri samdrátt afla það sem af er þessu. Vandséð er hvernig leyst verða þau stóru vandamál sem nú eru að skapast í sjávarútveginum. Þá brást loðnuvertíðin sem hefur að sjálfsögðu einnig stórkostleg áhrif á þjóðarhag. Á sama tíma og þetta gerðist óx allur innlendur kostnaður vegna mikillar verðbólgu. Verulegur halli varð á viðskiptum við útlönd þar sem þjóðartekjur drógust saman og útflutningstekjur minnkuðu. Ljóst var því að grundvöllur atvinnuveganna var mjög ótryggur við þessar erfiðu aðstæður og þar með atvinnan í landinu. Því gripu ný stjórnvöld til mjög róttækra efnahagsaðgerða til að sporna við vandanum, draga úr skuldasöfnuninni við útlönd, lækka verðbólguna og treysta grundvöll atvinnulífsins. Þetta hefur vissulega leitt til tímabundins samdráttar í þjóðfélaginu. Þensla hefur minnkað með minni verðbólgu og rýrnandi kaupmáttur hefur einnig haft það í för með sér að neysla hefur minnkað, dregið hefur úr innflutningi og þar með viðskiptahalla en þá að sjálfsögðu einnig úr tekjum ríkissjóðs. Áður en til þessara aðgerða var gripið var atvinnuörygginu veruleg hætta búin og erfitt að gera sér í hugarlund hvert ástandið væri nú ef t. d. laun hefðu hækkað um 22% í júní og verðbólgan þar með tekið nýtt stökk upp á við. Ljóst er þó að nú þegar hefði fjöldi fyrirtækja verið kominn í strand, sveitarfélög t. d., sem hafa fasta tekjustofna sem ekki hækka með aukinni verðbólgu,

hefðu einnig orðið að hætta við nánast allar sínar framkvæmdir og fjöldaatvinnuleysi með öllum sínum hörmungum væri skollið á. Ráðstafanir í maílok bættu hins vegar stöðu atvinnulífsins verulega. T. d. er ljóst að rekstrarstaða útflutnings- og samkeppnisiðnaðar hefur sjaldan verið betri en í kjölfar þessara aðgerða. Vissulega er hætt við að samdráttur tekna og eftirspurnar leiði til samdráttar í ýmsum þjónustugreinum sem starfa fyrir innlendan markað. Þó má geta þess og er full ástæða til að benda á það hér að samkvæmt nýlegri verðkönnun Verðlagsstofnunar, sem sagt var frá í fréttum útvarps í gær, eru íslenskar vörur, sem á boðstólum eru í verslunum, mikið ódýrari en innfluttur varningur. Munar þar yfirleitt um meira en helming, í mörgum tilfellum enn meira. Er því full ástæða til að þakka Verðlagsstofnuninni fyrir þessa upplýsingastarfsemi og nauðsynlegt að hvetja alla landsmenn til að gefa þessu gaum og hegða sér í samræmi við það því að ekki er víst að öllum hafi verið ljósar þessar staðreyndir. Má þá gera ráð fyrir að samdrátturinn beinist meira að innflutningnum en innlendri framleiðslu. Væri það vissulega af hinu góða og liður í því að gera atvinnuáhrif aðgerðanna jákvæðari.

Um stundarsakir eða þar til við höfum rétt úr kútnum og getum bætt lífskjörin með raunverulegri aukningu þjóðartekna hefur ástandið mikil áhrif á tekjur ríkissjóðs og þar með gerð og uppbyggingu fjárlagafrv. eins og ég nefndi í upphafi máls míns. Heildarskatttekjur ríkisins verða verulega lægri á næsta ári sem hlutfall af þjóðarframleiðslu en var t .d. á seinasta ári, jafnvel minni en áætlað er að verði nú í ár. Skýrist það m. a. af minni skatttekjum ríkisins af innflutningi og neyslu svo sem ég hef áður rakið og svo af þeim skattalækkunum sem ákveðnar voru í sumar sem liður í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar svo sem lækkun tekjuskatts, hækkun barnabóta, lækkun aðflutningsgjalda og fleira sem oft vill gleymast þegar rætt er um þessar aðgerðir og hrópað er um einhliða árás á launin í landinu. Gert er ráð fyrir því í frv. að skattalækkun sú, sem orðin er, haldist á næsta ári og skattbyrði þyngist ekki miðað við greiðsluár.

Til að geta gert sér sem gleggsta grein fyrir heildarfjármáladæmi ríkissjóðs og þjóðarbúsins alls var lögð rík áhersla á að leggja hér fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir komandi ár um leið og fjárlagafrv. væri til meðhöndlunar í þinginu. Þetta hefur því miður ekki alltaf tekist en ber að gera og ánægjulegt að það tókst að þessu sinni því að í því felst markvissari og samstilltari stjórnun efnahagsmála. Hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi um misræmi sem hann taldi vera á uppsetningu frv. annars vegar og fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni hins vegar. Mun það hafa trúlega átt við hvað varðar málefni vegagerðar en það er hins vegar greint frá því í grg. með fjárlagafrv. að málefnum vegagerðarinnar verði gerð skil í lánsfjáráætluninni þannig að það er ekkert falið og það er ekki misræmi að þessu leytinu en málið var ekki endanlega frágengið eða fullfrágengið þegar fjárlagafrv. var til meðferðar og var hér lagt fram en hins vegar vísað til þess að málið yrði tekið til umfjöllunar með fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni. Meginstefnan í fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni er að stilla saman viðunandi jafnvægi í viðskiptum við útlönd, áframhaldandi hjöðnun verðbólgunnar, viðleitni til að fjárfesta í arðbærum framkvæmdum sem best munu tryggja atvinnu til frambúðar og gæta þess jafnframt að margumræddur samdráttur tefli ekki atvinnuástandi í tvísýnu. Þetta er vandasamt verk og mikils um vert að ákvarðanir séu ábyrgar og teknar af fyllsta raunsæi.

Ríkisstj. leggur mikla áherslu á atvinnuöryggi og mun fylgjast vandlega með þróun atvinnumála um allt land, sagði hæstv. fjmrh. í ræðu sinni áðan. Það er ekki vafi á því að á undanförnum árum hefur ríkt töluverð umframeftirspurn á vinnumarkaði og enn mun nokkurrar spennu gæta, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu, umfram það sem er víða úti á landi en þar er fremur farið að gæta samdráttar sem þó einkum mun enn sem komið er koma fram í byggingariðnaðinum. Að þessu verður ríkisstj. að gæta vandlega og bregðast við í tæka tíð og á réttan hátt ef verulegra breytinga eða misræmis fer að gæta í atvinnuástandinu. Einnig þarf að hafa þessi atriði í huga þegar skipt verður því takmarkaða framkvæmdafjármagni sem frv. gerir ráð fyrir. Þá tel ég að þurfi mjög að gæta að því að atvinnulífið verði treyst eins og mögulegt er með þeim aðgerðum og fjárveitingum sem fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun gera ráð fyrir.

Ég hef nú gerst nokkuð langorður um almennt efnahagsástand þó umr. eigi að sjálfsögðu ekki að snúast — a. m. k. ekki eingöngu — um það og skal frekar ræða um nokkra liði fjárlagafrv. og gerð þess.

Ég sagði í upphafi, að í öðru lagi bæri frv. vott um þá stefnu að draga úr ríkisumsvifum. Í kjölfar efnahagsaðgerðanna í sumar heyrðist oft sagt að ríkið ætti líka að spara sem er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt og ekki bara þegar þrengist um heldur á alltaf að gæta aðhalds í meðferð opinbers fjár. En þessar raddir sem krefjast sparnaðar verða því miður æðioft hjáróma þegar nánar á að skilgreina sparnaðinn sjálfan, því að það er oft léttara um að tala en í að komast.

Í sumar hafa fulltrúar stjórnarflokkanna unnið með fjmrh. og fulltrúum hans í fjmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnuninni við að leita leiða sem leitt gætu til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Ég hef tekið þátt í þessari vinnu fyrir hönd þingflokks Framsfl. Hefur fjölmargt verið athugað og margt af því tekið til greina við uppsetningu frv. Reynt hefur verið af fremsta megni að gæta þess að sá samdráttur bitnaði ekki á nauðsynlegri félagslegri þjónustu. En á hitt verður að líta að þau ráðuneyti, sem helst þjóna þessu hlutverki, þ. e. heilbr.- og trmrn. og menntmrn., fara með 55% eða meira en helminginn af heildarútgjöldum frv. Það er því ljóst, að útilokað er að koma við verulegum sparnaði án þess að það komi að einhverju leyti einnig við þessi ráðuneyti. Meginatriðið er líka það að spara og auka hagkvæmni í rekstri án þess að það komi niður á félagslegri þjónustu, reyna að ná því fremur fram í hagræðingu og sparnaði í rekstrinum.

Mikið hefur verið básúnað um fyrirhugaðan sparnað í tryggingakerfinu — og m. a. í umr. hér í dag að sjálfsögðu — upp á um það bil 300 millj. kr. Til almannatrygginga er áætlað að verja tæplega 4.7 milljörðum, hefðu verið 5 milljarðar að viðbættum þessum 300 millj. sem áætlað er að spara eða 28.7% af heildarútgjöldum ríkisins. Þessir 5 milljarðar eru 28.7% af heildarútgjöldum ríkisins. 300 millj. eru 6% af þessum 5 milljörðum og verður því vart trúað að ekki megi koma við slíkum sparnaði í öllu því kerfi án þess að

leiði til stórvandræða eða að það þurfi að bitna á þeim sem síst skyldi. Því treysti ég að till. heilbr.- og trmrn. svo og meðferð fjvn. á þessu máli leiði til þess að við finnum leiðir sem við getum sætt okkur við í því að ná fram þessum sparnaði.

Í viðbót við margvíslegan sparnað á hinum ýmsu útgjaldaliðum er áætlað að ná fram heildarsparnaði sem nemi 2.5% á launaliðum frv. og 5% á almennum rekstrarútgjöldum. Um þetta hefur nokkuð verið rætt einnig í umr. í dag. Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi reyndar að það væri nokkuð auðvelt að spara í almennum rekstrarútgjöldum þessi 5%. Það ætti að vera hægt ef menn tækju á því máli en erfiðara yrði sjálfsagt að ná fram sparnaði í launaliðnum. Ég tel hins vegar að ef okkur ekki tekst að spara í launaliðnum þá verði erfitt að spara í almennum rekstrarútgjöldum. Það er til lítils að hafa starfsfólks sem kannske yrði ekki vinnandi ef það hefði engin rekstrarútgjöld til þess að greiða það sem þarf til þess að það geti unnið sitt starf, að hafa starfsfólk á skrifstofum, ef við höfum ekki fjármagn til að greiða rekstrarkostnaðinn sem þarf til, er einskis vert. Þess vegna verður þessi sparnaður að fara saman. Við verðum að geta náð utan um báða þessa liði og hv. 7. landsk. þm. orðaði það einnig í sinni ræðu að það þyrfti að lækka yfirstjórn í meðförum þingsins svo að ekki kvíði ég því að við eigum ekki gott samstarf við þann hv. þm. um það að ná fram þessum markmiðum.

Hugmyndir hafa verið uppi um sparnað í mannahaldi á þann hátt að t. d. verði ekki samstundis endurráðið í störf sem losna, dregið verði úr ráðningu vegna sumarafleysinga, reynt verði að flytja fólk milli starfa til hagræðingar og dregið verði úr yfirvinnu svo að eitthvað sé nefnt. Þá hefur rn. nú verið ritað bréf og þau beðin um að athuga hvort þessum sparnaði mætti koma við á þann hátt að flytja til milli stofnana ef ein gæti sparað meira en önnur og mundi þá fjvn. að sjálfsögðu flytja um slíkt brtt. Er þetta gert til að reyna að gera þessar sparnaðaraðgerðir léttbærari og raunhæfari.

Oft heyrist að ekkert sé gert til þess að spara í sambandi við útgjöld vegna landbúnaðar. Þennan söng syngja jafnvel þeir sem betur vita. Á undanförnum árum hefur verulega dregið úr ýmsum framlögum sem veitt hafa verið á fjárlögum til þess að efla og styrkja landbúnaðinn og gera hann sjálfstæðari og betur fallinn til að taka við ýmsum áföllum en eins og allir vita er hann einnig undirstaða þróttmikils iðnaðar. Bændur hafa sjálfir með samtökum sínum unnið að breytingum á framleiðsluháttum sem leitt hafa til þess að framleiðsla mjólkurafurða má nú ekki vera minni til að fullnægja innanlandsmarkaði og ekki er gert ráð fyrir því að í ár þurfi að fullnýta verðábyrgð ríkissjóðs vegna útflutnings sauðfjárafurða og ekki heldur útlit fyrir að svo verði á næsta ári eins og reyndar kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. áðan. Hins vegar hefur ríkissjóður ekki staðið við félagsmálapakka sem landbúnaðinum voru lofaðir 1979 til að mæta lækkun á afurðaverði sem um var samið á þeim tíma en líklegt að sumar aðrar starfsstéttir hefðu látið meira í sér heyra en bændastéttin hefur gert út af slíkum svikum í samningum. (**EgJ:** Hann hefur svikið miklu meira en það.) Það kann að vera, hv. þm. (**EgJ:** Miklu meira.) En ég er þess fullviss að heyrst hefði meira í einhverjum öðrum hópum heldur en bændum út af þessu ef þeir hefðu verið sviknir á hliðstæðan hátt.

Og örfá orð um niðurgreiðslur sem oft eru í máli manna taldar styrkir til landbúnaðar en eru auðvitað ekkert annað en hagstjórnartæki stjórnvalda og m. a. notaðar til að jafna lífskjörin. Í júní 1982 var niðurgreiðsla 37% af óniðurgreiddu smásöluverði á 1. flokks dilkakjöti en í júlí 1983 var hlutfall- niðurgreiðslu 20% af þessu sama kjöti eða sams konar kjöti. Hér hefur orðið gífurleg breyting enda ráðgert að niðurgreiðslur lækki á næsta ári í krónutölu um 23 millj. frá því sem áætlað er að þær verði á þessu ári og mismunurinn var frá því að vera 37% af verðinu í fyrra í það að vera 20% af verðinu nú. Um þetta er hvorki ritað né rætt, enda kjósa sumir að halda sig við þann málflutning sem líklegastur er til að valda æsingi og óánægju.

Sjálfsagt er að taka til endurskoðunar lög er varða málefni landbúnaðarins, eins og ýmsa aðra þætti ríkisfjármála, en sú umfjöllun þarf að vera sanngjörn og málefnaleg en ekki mótuð af einhverjum fordómum eins og oft virðist vera þegar rætt er um landbúnaðarmál.

Í þriðja lagi nefndi ég í upphafi máls míns að í þessu frv. væri gerð tilraun til að færa fjárlögin nær raunveruleikanum. Um þetta hafa einnig verið miklar umræður hér í dag einmitt um þetta atriði og túlkun þeirra sem standa að þessari fjárlagafrv.-gerð. Með þessum ummælum átti ég við að fjárlög undanfarinna ára hafa gert ráð fyrir ákveðinni verðlagsþróun og verið framreiknuð með ákveðinni reiknitölu. Við ákvörðun rekstrarútgjalda hefur verið stuðst við fyrri fjárlög en ekki tekið mið af ríkisreikningi, það er, því sem rekstrarkostnaðurinn varð í raun nema að mjög takmörkuðu leyti. Þessi aðferð var svo sem ekki verri en hver önnur, ef verðlagsþróun hefði orðið í samræmi við reiknitölur frv. en þegar verðbólgan varð á hinn bóginn miklu meiri kom að sjálfsögðu fram skekkja sem síðar var bætt með aukafjárveitingum til viðkomandi ráðuneytis eða stofnunar. Mun þetta reyndar vera aðferð, sem hefur verið viðhöfð lengi og jafnvel hér áður fyrr sem ég þekki reyndar ekki til, þá hafi ekki verið gert ráð fyrir neinum reiknitölum eða neinum hækkunum í frv., heldur því stillt upp á desemberverðlagi. Þetta vita að sjálfsögðu allir sem vilja vita og vilja fara með rétt mál. Því er hins vegar ekki til að dreifa í málflutningi stjórnarandstöðunnar eða málgögnum hennar, þegar slegið er upp fréttum um tuga og hundraða prósenta hækkun hjá einstökum ráðuneytum þá leyfa menn sér að líta framhjá, ég segi í áróðursskyni þeim staðreyndum að í mörgum tilfellum gera fjárlögin fyrir þetta ár, 1983, ráð fyrir minni upphæðum í krónum talið heldur en ríkisreikningur fyrir árið 1982 greinir frá að hafi í raun og veru verið eytt. Tvö rn. hafa oft verið nefnd hér í umr. í dag, forsrn. og utanrrn. Ég vil leyfa mér að lesa hér upp tölur sem fram koma í fjárlagafrv. og menn ættu þar að geta gengið að og séð þess vegna hvernig þetta dæmi lítur í raun út. Ef við tökum forsrn. fyrst, aðalskrifstofu, þar greinir ríkisreikningurinn fyrir 1982 frá því að útgjöld hafi verið 9 776 þús. Fjárlagafrv. fyrir árið í ár gerir hins vegar ráð fyrir því að þetta rn. eða aðalskrifstofa þess eyði 8 615 þús. eða nærri því 1 millj. lægri tölu en ríkisreikningurinn fyrir árið 1982 greinir frá. Frv. nú gerir hins vegar ráð fyrir, að þarna verði leiðrétting sem taki mið af raunveruleikanum og fjárveiting er nú upp á 17.8 millj.

Sömu sögu er að segja um utanrrn. en þar er

munurinn reyndar enn þá meiri. Þar sýnir ríkisreikningur fyrir 1982, að utanrrn. aðalskrifstofa hafi eytt 20 098 þús. Fjárlagafrv. fyrir 1983 gerir hins vegar aðeins ráð fyrir að þetta rn. eyði 16 369 eða nær 4 millj. lægri tölu heldur en ríkisreikningur segir að hafi verið eytt árið 1982. Síðan er það leiðrétt nú í fjárlagafrv. að þessu sinni og þá koma út þessar hækkunarprósentur sem menn hafa lesið hér margoft í dag, 107% hjá forsrn. og 113 hjá utanrrn. Svona uppsetning tel ég að sjálfsögðu hafi verið algerlega óraunhæf. Einhverjir kunna að segja og hafa reyndar bent á það hér í dag líka, að með því að taka tölur ríkisreiknings sé verið að verðlauna eyðsluseggginn, en e. t. v. að hegna þeim sem sparar og kann að felast í þessu nokkur sannleikur. Ríkisreikninginn á að sjálfsögðu að taka til gaumgæfilegrar athugunar og veita fullt aðhald við fjárlagagerðina eins og reyndar var gert að þessu sinni þar sem skoðað var sameiginlega ríkisreikningurinn, fjárlögin sjálf og endurskoðuð tekju- og gjaldaáætlun fjárlaga nú fyrir árið 1983. Og út úr því teljum við að við höfum unnið þessar tölur eins réttar og hægt væri. Á hinn bóginn hljóta allir að sjá hversu útilokuð og óraunhæf vinnubrögðin voru í raun orðin. Fjárlögin veittu ekki það aðhald og voru ekki það stjórntæki sem þau eiga að vera, þar sem tölurnar voru algjörlega óraunhæfar strax í upphafi og forráða- og forstöðumenn einstakra stofnana og rn. sögðu: Þetta er vonlaust, við getum ekki farið eftir því og þá þýðir ekkert um það að tala.

Þetta sáu menn reyndar fyrir ári síðan og í því sambandi má vitna í orð hæstv. félmrh., Alexanders Stefánssonar, en hann sagði við 1. umr. fjárlaga fyrir ári síðan, með leyfi forseta:

„Þegar ég les fjárlagafrv. og heyri forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana útskýra fjárlagabeiðnir verð ég að játa að ég tel sjálfvirkni í fjárlagatölum ýmissa stofnana allt of ríkjandi aðferð. Verðlagsforsendum er bætt við fjárlagatölur gildandi árs og þar með málið afgreitt."

Þetta sáu menn að sjálfsögðu fyrir ári en töldu þó rétt að reyna einu sinni enn afgreiðslu með þessu móti. Nú hefur hins vegar komið í ljós, ekki síst vegna rýrnandi tekna ríkissjóðs sem leiðir til þess að svigrúm til aukafjárveitinga er ekkert, að dæmið gengur ekki lengur upp á þennan hátt. Því var ákveðið að breyta nú til í vinnuaðferðum, reyna að finna raunhæfar tölur, en síðan verður að sjálfsögðu að standa á þeim. Þannig verða fjárlögin það stjórntæki sem þeim er ætlað að vera. Auk þess er eitt atriði enn sem gerir hækkun frá fjárlögum til frv. hærri en nokkrar verðlagsforsendur útskýra og vert er að gera grein fyrir. Á fjárlögum 1983 eru launaliðir tilgreindir á föstu verðlagi, en verðbótaliðurinn síðan tilgreindur í einu lagi á sérstökum lið undir fjmrn., Launa- og verðlagsmál, að upphæð 480 millj. rúmar. En nú er enginn slíkur liður heldur eru launin tilgreind á hverjum stað eins og áætlað er að þau verði á næsta ári og því eru launaliðirnir hærri sem þessu svarar í frv.

Af þessu öllu leiðir að þegar búið er að leiðrétta á þennan hátt rekstrarútgjöldin að lítið svigrúm er eftir til fjárfestingar, enda hækka fjárfestingarliðirnir lítið, lækka reyndar að raungildi og eru í sumum tilfellum alveg felldir niður, svo sem fjárveitingar til nokkurra fjárfestingarlánasjóða. Er þetta að sjálfsögðu óskemmtileg niðurstaða, en því miður óumflýjanleg og byggist auðvitað á þeirri staðreynd að sama krónan verður ekki notuð nema einu sinni.

Við höfum að undanförnu byggt nýjar og nýjar þjónustustofnanir, skóla, heilsugæslustöðvar, sjúkrahús o. fl. o. fl., sem stöðugt kalla á aukin rekstrarútgjöld sem að lokum leiðir okkur í þá stöðu sem nú er uppi. Að þessu leytinu verðum við að vera raunsæ og horfast í augu við vandann. Máli mínu til áréttingar langar mig til að lesa nokkrar línur úr ræðu hv. fyrrv. form. fjvn., hv. þm. Geirs Gunnarssonar, er hann mælti fyrir nál. við 2. umr. um fjárlög fyrir 1982, hinn 14. des. 1981 með leyfi forseta. Þar segir hv. þm.:

„Undirstaða allrar getu til að standa undir félagslegri þjónustu í landinu, hvort heldur er í skólamálum, heilbrigðismálum eða öðrum efnum, er verðmætasköpun í þjóðfélaginu, undirstöðuframleiðslan, og því aðeins er unnt að auka sífellt við þjónustuþættina að verðmætaöflunin aukist að sama skapi eða í einhverju sé dregið úr þeirri sóun sem kann að eiga sér stað á ákveðnum sviðum, t. d. í verslun hér á höfuðborgarsvæðinu. Ef við leggjum fjármagnið fyrst og fremst í þjónustustofnanir, án þess að efla grundvallarframleiðsluna, veltur þessi sístækkandi yfirbygging fyrr eða síðar, hversu nauðsynlega og óhjákvæmilega sem menn telja hana. Hún stendur ekki ein sér. Það nægir ekki að tryggja fjármagn í uppbyggingu þjónustuaðstöðu, svo báglega sem flestum finnst það takast við afgreiðslu hverra fjárlaga. Á hitt verður einnig að líta að þegar t. d. byggingu sjúkrahúss eða heilsugæslustöðvar er lokið, jafngildir árlegur rekstrarkostnaður, sem við tekur, að jafnaði þriðjungi byggingarkostnaðar. Það jafngildir því að slík stofnun væri reist þriðja hvert ár um alla framtíð."

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt. En í beinu framhaldi af þessum ágætu heilræðum sem fyrrv. formaður fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, sem stundum hefur nú verið talinn eini maðurinn í Alþb. sem hafi eitthvert vit á fjármálum, langar mig til þess að fara örfáum orðum um nokkra einstaka þætti frv. Framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er nokkuð skert miðað við það sem lög sjóðsins ráðgera. Hefur þetta að vonum orðið töluvert umfjöllunarefni, bæði í fjölmiðlum og hér í dag, og talið að ráðist væri á garðinn þar sem hann er lægstur. Skerðingin á þessum sjóði er í samræmi við framlög til annarra sjóða og ekki skal ég draga úr því að þörf hefði verið á að geta gert betur, en hinu er sleppt í gagnrýninni að skv. frv. eru fjárveitingar til „málefna fatlaðra" hækkaðar um 77 millj. eða 108%. Hér er einmitt verið að taka inn í fjárlagadæmið rekstrarkostnað þeirra heimila sem byggð hafa verið eða komið á fót fyrir tilstuðlan Framkvæmdasjóðsins að undanförnu. Er þetta gott dæmi til staðfestingar þeim ummælum hv. þm. Geirs Gunnarssonar sem ég vitnaði í áðan.

Ellefu ný heimili fyrir fatlaða taka til starfa og stöðugildum í þessum málaflokki til að reka þessi heimili fjölgar um 55. Krefst þessi aukning, 11 nýrra heimila, 55 stöðugilda, 77 millj. kr. í viðbótar- eða auknum rekstrarútgjöldum. Hér er ekki um litla aukningu að ræða og auðvitað lítill tilgangur í því að efla framkvæmdasjóð fatlaðra til fjárveitingar ef ekki er síðan kleift að reka stofnanirnar og þetta þurfum við að passa og geta ávallt stillt saman.

Með Framkvæmdasjóð aldraðra gegnir nokkuð öðru máli en með aðra fjárfestingarlánasjóði. Tekjur hans byggja á föstum nefskatti sem í ár var 300 kr. á hvern

skattgreiðanda, með þeim undantekningum sem lögin þó greina. Í frv. er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að sjóðurinn haldi þessum mörkuðu tekjum og að þessi skattur verði hækkaður í samræmi við aðra skattaálagningu. Hins vegar er ekki í frv. gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi sjóðnum til fjármagn umfram tekjustofninn, en í ár er slík viðbótarfjárveiting sem gæti numið 8—9 millj. kr. skv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun, en stofnunin gerir ráð fyrir því að innheimtur skattur verði á árinu rúmar 30 millj., kannske 31 eða 32, en fjárlögin í ár gera ráð fyrir 40 millj. kr. útgjöldum.

Um Lánasjóð námsmanna er það að segja að þar er gert ráð fyrir sömu skerðingu við úthlutun námslána á næsta ári og grípa varð til á þessu. Þá er gert ráð fyrir 8% fjölgun lána frá fyrra ári sem er nokkru lægri tala en tillögur sjóðsstjórnar gera ráð fyrir. Verði skerðing námslána á næsta ári ekki látin gilda, eins og á þessu, þýðir það u. þ. b. 150 millj. kr. í viðbótarfjárþörf sem því miður er ekki svigrúm til þess að veita eins og nú er háttað í þjóðfélaginu.

Tveir málaþættir hafa fengið þá sérstöku meðhöndlun að stefnt er að því að halda fullum framkvæmdum miðað við árið í ár. Er þar um að ræða húsnæðismál og vegaframkvæmdir. Svo sem kunnugt er hefur ríkisstj. samþykkt að hækka lán frá Byggingarsjóði ríkisins um 50% frá n. k. áramótum, svo og hjá þeim sem fengið hafa lán á árunum 1981—1983. Þetta þýðir að nú er gert ráð fyrir að íbúðabyggingar verði jafnmiklar á næsta ári sem þessu, en að öllu óbreyttu hefði mátt gera ráð fyrir samdrætti í samræmi við það sem þjóðartekjur og ráðstöfunartekjur einstaklinga hafa dregist saman.

Í vegamálum er einnig ráðgert að halda uppi öflugum framkvæmdum og stefnt að því að útgjöld til vegamála nemi 2.2% af þjóðarframleiðslu 1984.

1. landsk. þm. tilnefndi hér í sinni ræðu áðan sérstaka heimildargrein, eina sérstaka heimildargrein, sem fjallaði um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum af myndsegulbandstæki til MR, Menntaskólans í Reykjavík, sem skólinn fékk að gjöf, og gerði fremur lítið úr því að því er mér fannst. Ég hafði nú ekki séð þessa grein áður og vissi ekki af henni þarna, en fletti þessu upp og las. Og ég verð að segja þessum ágæta hv. þm. og öðrum að á undanförnum árum hafa sams konar eða svipaðar greinar oft verið inni í fjárlögum eða hliðstæðar þessari, sem að sjálfsögðu auðvelda ýmis tækjakaup til stofnana sem vinna að líknar- eða menningarmálum, og geta oft ráðið úrslitum um það hvort ráðist er í þessi tækjakaup. Er á þennan hátt oft nýttur kraftur einstakra félaga eða klúbba, jafnvel afmælisárganga, sem virðast nú í ræðu hv. þm. vera eitthvað sem væri mjög óviðeigandi. — Þetta kæmi samfélaginu ekki að gagni, ef þarna væri ekki svigrúm og sveigja af hálfu stjórnvalda til þess að nýta þetta fjármagn og nota það einmitt til þess að efla starfsemi þessara stofnana.

Fjölmargt annað mætti hér fjalla um, en ég hef nú þegar gerst allt of langorður, auk þess sem hæstv. fjmrh. gerði ítarlega grein fyrir einstökum liðum frv. hér í sinni ræðu áðan.

Ég vil því aðeins að lokum minna á að ýmsir smærri fjárveitingaliðir til einstaklinga og félagasamtaka hafa verið tilgreindir óbreyttir, eins og ég reyndar nefndi í upphafi ræðu minnar, óbreyttir í krónutölu í þessu frv. frá því sem greinir í fjárlögum fyrir árið í ár. Og einstaka liðir hafa jafnvel fallið út svo sem á hefur verið bent. Þessa þætti mun fjvn. að sjálfsögðu taka til sérstakrar athugunar og leiðréttingar þar sem þörf er á og ástæða til eftir því sem frekast eru tök á. Því verð ég að lýsa því yfir hér að þótt svigrúm kunni að skapast við endurskoðun tekjuáætlunar tel ég varla svigrúm til frekari skattalækkana en þegar eru ráðgerðar. Ólíklegt er að það svigrúm verði meira en svo að fjvn. veiti af því til að gera ýmsar smávægilegar og nauðsynlegar breytingar, eða breytingar sem hún telur nauðsynlegar á frv. í meðferð n. Vænti ég góðs samstarfs við nefndarmenn mína í því starfi sem fram undan er.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umr. mjög. Mig langar annars vegar til að fara fáeinum orðum um fjárlagafrv. og hins vegar um þá lánsfjáráætlun sem nú hefur verið lögð fram.

Ég vil segja það fyrst, að ég segi það fjmrh. til hróss að hann skuli hafa lagt fram lánsfjáráætlun strax við 1. umr. fjárlaga. Á þetta hefur skort á undanförnum árum og það hefur verið til mikils baga — reyndar til vansa. Það er því mikil framför að ráðh. skuli hafa séð til þess að við fengjum nú lánsfjáráætlun jafnframt því sem 1. umr. um fjárl. fer fram.

Það er ljóst að í þessu fjárlagafrv. er leitast við að gæta aðhalds á ýmsum sviðum, og ég held að allir séu meira og minna sammála um að eins og árar hjá okkur núna sé enn meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að sýna aðhald í ríkisrekstrinum. En það er ekki sama hvernig það er gert og ekki nema von að menn deili um hvort sá niðurskurður sem framkvæmdur er sé með réttum hætti eða ekki vegna þess einfaldlega að við höfum á því mismunandi skoðanir.

Þm. Alþfl. hafa látið koma fram þau sjónarmið, m. a. kom það fram hjá Karvel Pálmasyni fyrr í þessari umr., þm. Alþfl. af Vestf., að við værum ekki sammála því hvernig aðhaldinu væri beitt. Ég held að það sé nauðsynlegt að aðhaldið byrji að ofan og að stjórnarstofnanir ríkisins sýni fordæmi um það aðhald sem beita þarf. Það á þá auðvitað við um stjórnarskrifstofurnar, þær sem standa næst ráðherrunum, en þess sjáum við lítinn stað.

Í frv. eru ýmsar veilur. Þær hafa verið raktar — bæði að það sé í rauninni fjárvöntun þannig að dæmið gangi ekki upp, en líka held ég að það séu veilur að því er varðar sumar hugmyndir um aðhald og niðurskurð. Það eru gefnar ákveðnar prósentur sem eiga að vera til aðhalds, 2.5% á launum og 5% á öðru. Þetta hefur verið reynt áður og framkvæmdin hefur, held ég, ævinlega farið úr böndunum. En það er mikill vandi að framkvæma þetta og ráðh. og ríkisstj. er mikill vandi á höndum að standa við þetta markmið. Það dugar ekki að setja þetta niður á pappírnum. Það verður að sjá til þess að framkvæmdaaðilar séu fyrir hendi, sem sjá til þess á hverjum tíma að þetta gerist, og að ábyrgðin hvíli á ákveðnum aðila, ef menn ætla að framkvæma niðurskurð af þessu tagi. Ég veit ekki nema sumt af þessu gæti reynst óraunhæft. Hjá sumum stofnunum er annar kostnaður kannske fyrst og fremst rafmagn og hiti og það getur reynst erfitt að skrúfa fyrir hitann eða loka fyrir rafmagnið. En þetta er auðvitað mál hæstv. fjmrh. Hann hefur ákveðið að hafa þetta svona og það verður fylgst með því hvernig gengur að framkvæma sparnaðinn.

Annað atriði í fjárlagafrv. sem veldur mér sérstökum áhyggjum er sú áætlun sem þar birtist um tekjuskatt einstaklinga og að hann skuli hækka um 28% milli áranna meðan sagt er að meðaltalslaunahækkunin sé 14.5%. Þessi hækkun tekjuskatts hjá einstaklingum er langt umfram það sem gert er ráð fyrir hjá félögum. Ef menn eru inntir eftir því hvernig á þessu standi, hvort þetta muni ekki þýða aukna skattbyrði og þannig stangast á við það sem stendur í fjárlagafrv., þá segja menn m. a. að það séu svo miklar eftirstöðvar frá árinu 1983, sem muni koma til góða 1984. Ég held að við ættum að hyggja að því hvernig þær eftirstöðvar hafa orðið til. Þær hafa orðið til vegna þess að greiðslugeta hefur ekki verið fyrir hendi. Þær hafa orðið til m. a. vegna lagaákvæða sem voru samþykkt hér á síðasta þingi, ef ég man rétt, frekar heldur en næstsíðasta, samkv. till. frá núv. hæstv. fjmrh. um að ekki mætti taka nema 75% af launum upp í skatta. Þannig hefur myndast hali, en kannske hafa þessi 25% líka orðið til þess að menn gátu skrimt miðað við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu.

En úr því að þessar eftirstöðvar hafa orðið til með þessum hætti hljóta menn að spyrja: Verður auðveldara að greiða á næsta ári það sem menn gátu ekki greitt núna. Mun kaupmátturinn vaxa svo mikið á árinu 1984 að líklegt sé að menn geti borgað frekar þá? Það verður ekki lesið úr þeim gögnum sem fyrir okkur liggja, hvorki í þjóðhagsáætlun né öðrum þeim áætlunum eða ræðum sem hafa komið frá opinberum aðilum og ráðh. í þessu máli.

Það er líka sagt að þetta megi skýra að hluta til með launaskriði, það verði launaskrið. Ansi er ég hræddur um að það séu einmitt ekki þeir sem erfiðast eiga með að greiða skattana sem muni njóta þess launaskriðs. Ég held að það verði ekkert stórkostlegt launaskrið hjá ýmsum láglaunahópum. Það verður ekki launaskrið heldur hjá ýmsum opinberum starfsmönnum, sem hafa átt í vandræðum með þetta. Ég held að það sé sama hvernig litið er á málin, þetta dæmi gangi í rauninni ekki upp.

Ég veit að hæstv. fjmrh. vill standa við það heit sitt að auka ekki skattbyrði af tekjuskatti, auka ekki skattbyrði í landinu milli áranna, svo ég held að það væri ástæða til þess fyrir hann að líta sérstaklega vel á þetta. Það hefur áður komið fyrir ýmsa ágæta fjmrh. að þeir hafa reiknað vitlaust og þeirra embættismenn að því er varðaði skattálagningu, eins og sumir þm. hér vita.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um fjárlögin, en langar til að víkja eilítið að lánsfjáráætluninni, líta á lántökurnar og þá sérstaklega á erlend lán.

Í framsöguræðu sinni áðan sagði hæstv. fjmrh. að það kæmi ekki til greina við núverandi aðstæður að auka erlend lán. Í lánsfjáráætluninni er staðfest að endurgreiðslur af löngum lánum séu áætlaðar 3 160 millj. á árinu 1984. Ef við ætlum ekki að auka erlend lán tökum við ekki meira að láni en endurgreiðslum nemur af þeim lánum sem við erum með og þurfum að standa skil á. Á bls. 11 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 segir einmitt að endurgreiðslurnar séu 3 160 millj. kr. Við ættum þess vegna, til þess að halda það heit að auka ekki erlendar lántökur, að taka þessa sömu upphæð að láni. En upphæðin í lánsfjáráætlun er ekki 3 160 millj. Hún er 4 500 millj. Og hún hefur líklega hrokkið upp um 500 millj. einhvern síðustu dagana vegna þess að það var vitað — kom fram í ræðu hæstv. forsrh. og var áður komið fram með ýmsum hætti — að menn miðuðu við 4 000 millj. fyrir viku eða tveim vikum. Kannske eru þær þrjár. En það er ekki málið. Við gerðum svona lánsfjáráætlun í fyrra líka. Og þá var talað um að erlend lán ættu á þessu ári að verða 3 500 millj. Það er talið að þau fari 2 000 millj. fram úr áætlun, upp í 5 500 millj. Þessar lánsfjáráætlanir hafa yfirleitt ekki staðist nógu vel. Það skyldi þó ekki vera hætta á því að það yrðu örlög þeirrar lánsfjáráætlunar sem við erum nú með að hrökkva upp þó ekki væri nema um 500 millj.? Þá væru erlendu lántökurnar komnar í 5 000 millj. Þá værum við komin 1 800 millj. rúmar fram úr því sem við eigum að standa í skilum með í endurgreiðslum af lánum. Hér væri um að ræða aukningu á erlendum lánum á sama tíma og menn keppast við hver um annan þveran að segja að erlend lán megi ekki aukast.

Það er athyglisvert líka að skoða í hvað þessi erlendu lán fara og hvernig stendur á þessari aukningu. Ef litið er á hinn opinbera geira, sem svo er nefndur, opinberar framkvæmdir, kemur í ljós að þar er um verulega aukningu að ræða. Erlendar lántökur eiga að aukast vegna hins opinbera geira um 610 millj. á milli áranna. Það er nálega 30% aukning. Það er ekki vegna sveitarfélaganna. Erlendar lántökur vegna þeirra eiga að minnka um 240 millj. kr. Það er ekki vegna fyrirtækja með eignaraðild ríkisssjóðs. Þau eiga nánast að standa í stað. Það er vegna ríkissjóðs sjálfs, eins og fram kemur á bls. 12 í lánsfjáráætlun. Það er ríkissjóður sjálfur sem er að auka erlendar lántökur, ekki bara um 610 millj. heldur til viðbótar um þær 200 sem þær minnka hjá sveitarfélögunum.

Þetta er mjög alvarleg þróun. Menn hafa talað um að ekki væri rétt að halda áfram að reka atvinnuvegina á erlendum lánum. Þess vegna verði að hætta því. En eigum við þá að taka upp þann skikk í staðinn að reka ríkissjóð á erlendum lánum? Þá vísbendingu fá menn í þessari lánsfjáráætlun að stefnubreytingin sé í því fólgin. Í staðinn fyrir að halda áfram að reka atvinnuvegina á erlendum lánum skuli nú ríkissjóður rekinn á erlendum lánum í auknum mæli.

Þriðja atriðið varðandi lánsfjárlögin, sem ég vildi líta á, kemur fram í yfirliti yfir fyrirhugaðar erlendar lántökur á bls. 11 í lánsfjáráætlun. Þar er gert ráð fyrir að erlend lán vegna atvinnufyrirtækja séu 1 000 millj. kr. Einn undirliðurinn undir þessum 1 000 millj. er upp á 530 millj. Það eru innflutt skip og endurbætur erlendis. Þetta munu að vísu ekki vera fiskiskip, eins og við höfum nú vanist á undanförnum árum, heldur flutningaskip. Og ég hlýt að spyrja: Ber mjög brýna nauðsyn til þess núna, þegar svona árar hjá okkur, að við tökum á okkur erlendar lántökur upp á yfir 500 millj. kr. á árinu 1984 vegna flutningaskipa? Ég veit að það er freistandi að endurbæta flutningaskipakostinn og ég hef líka heyrt í fréttum að SÍS hafi hug á að byggja mjög myndarlegt og nýstárlegt skip. Ég geri ráð fyrir að það sé m. a. þarna inni í. En á sama tíma og kreppt er að á öllum öðrum sviðum, kreppt er að almenningi með þeim hætti sem gert hefur verið, sýnist mér að það sé mikið umhugsunarefni hvort svo brýna nauðsyn beri til að bæta við flutningaskipakostinn þetta árið, hvort það geti ekki verið að okkur væri óhætt að fresta því þannig að við hefðum svolítið rýmra um okkur í þessari

lánsfjáráætlun.

Sú áætlun sem hér er fyrir atvinnufyrirtæki er upp á 1 000 millj. kr., eins og ég gat um, fyrir árið 1984. Í fyrra ætluðu menn líka að vera nískir á þessari áætlun, og ég man eftir að ég gagnrýndi það í umr. um lánsfjárlögin á sínum tíma. Þá ætluðu menn að hafa það svo, á árinu 1983, að þessi upphæð yrði 590 millj. kr. En á miðju árinu 1983, þegar þetta áttu að vera 590 millj. kr., var upphæðin komin yfir milljarð og er enn á uppleið.

Það hefur að mínum dómi gætt mikillar tilhneigingar til að vanáætla einmitt þennan lið í lánsfjáráætlunum og ég óttast að svo sé enn. Þess vegna hafa þær m. a. farið úr böndunum. Sannleikurinn er sá, að ef menn ætla að beita aðhaldi í þessum efnum þurfa menn betri stjórntæki en þeir hafa núna. Þær reglur sem langlánanefnd t. d. hefur til þess að fara eftir um slíka lánaúthlutun eru þess eðlis að þær munu alls ekki veita það aðhald sem hér er gert ráð fyrir, þannig að þetta verði 1 000 millj. kr., frekar en að það markmið náðist á þessu ári að það yrði 590. Það dugar ekki að setja tölur á pappír ef menn hafa ekki stjórntækin til þess að framfylgja því markmiði sem sett er. Engu hefur verið breytt að því er varðar þetta stjórntæki hjá okkur enn þá. Kannske vilja menn ekki breyta þar, en þá þýðir ekki heldur að sýna tölur eins og þá sem hér er sýnd. En ef menn vilja breyta dugar ekki að breyta bara á pappírnum, heldur verður að breyta þeim reglum sem látnar eru gilda um erlendar lántökur.

Herra forseti. Það liggur við að mig langi til þess að halda sérstaka ræðu um síðasta liðinn sem ég vil gera hér að umræðuefni — ekki vegna þess að hún verði svo löng heldur vegna þess að efnispunkturinn sem slíkur verðskuldaði vel að verða gerður að sérstöku umræðuefni. Efnisatriðið er þetta: Það er ekki gagn að því að leggja fram lánsfjáráætlun ár eftir ár ef það fæst aldrei uppgjör eftir á á því hvernig áætlunin er haldin. Í þessu plaggi, sem er að mörgu leyti ágætt, finnst slíkt uppgjör ekki, frekar en það hefur verið fyrri ár. Það verður að vera mögulegt að fá samanburð á áætlun og raunveruleika jafnóðum. Ef lánsfjáráætlunin á að vera gagnlegt stjórnunarplagg dugar ekki að bera einungis saman við lánsfjáráætlun fyrra árs. Við verðum einhvern tíma að fá að sjá hvernig raunveruleikinn er.

Þær tölur sem ég hef nefnt hér varðandi raunveruleikann á árinu 1983 koma yfirleitt ekki fram í þessu plaggi. Þær hefur maður þurft að afla sér upplýsinga um annars staðar. Þess vegna beini ég því eindregið til hæstv. fjmrh., sem nú hefur stigið það spor sem hefði þurft að stíga fyrir löngu að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á sama tíma og fjárlögin koma til umr., að leggja nú fyrir okkur áður en 2. umr. fer fram uppgjör, samanburð á áætluninni fyrir árið 1983 og því sem varð raunveruleikinn 1983, og síðan væri það tekið upp sem verklagsregla fjmrh. og yfirleitt hér í þinginu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að lengja þessar umr. mjög. Hér hefur verið gerð ítarleg grein fyrir þeim málum sem eru á dagskrá, þ. e. fjárlagafrv. og raunar fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984.

Ég vil byrja á því að geta þess út frá því síðasta sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að ég get huggað hann með því og sagt honum að upplýsingarnar sem hann var að biðja um liggja fyrir og verða að sjálfsögðu lagðar fram í hv. fjh.- og viðskn. þeirrar deildar sem fær lánsfjárlagafrv. til meðferðar. Það er alveg hárrétt hjá honum að þessar upplýsingar hafa ekki legið fyrir áður, en á þessu sviði hafa verið tekin upp ný vinnubrögð eins og á ýmsum öðrum.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með því sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa talað um í sambandi við þetta fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir næsta ár. Það má í rauninni segja að þeim hafi meistaralega tekist að komast fram hjá því sem mér finnst kjarni málsins. Ég lít svo til, að það séu tvö meginatriði í stefnunni í ríkisfjármálum og fjárfestingar- og lánsfjármálum sem ber hæst.

Í fyrsta lagi: Það á að taka 2 200 millj. kr. minna í sköttum af þjóðarframleiðslunni á næsta ári en gert var á árinu 1982, ef miðað er við verðlag fjárlagafrv. Það samsvarar hvorki meira né minna en verðmæti 15 skuttogara. Þetta minna á að taka af fólkinu á næsta ári en gert var áður. Ef framfylgt væri þeirri stefnu, sem framfylgt var á árinu 1982, að taka 30.2% í sköttum af þjóðarframleiðslu á næsta ári, þá væri tekjutala fjárlagafrv. ekki 17.4 milljarðar, heldur 19.6 milljarðar. Þetta jafngildir því að hvorki meira né minna en 50 þús. kr. eru skildar eftir hjá almenningi, hjá heimilunum, og ríkið tekur þær ekki eins og ef framfylgt hefði verið sömu stefnu og 1982, sem er síðasta árið sem við höfum uppgjör yfir í ríkisfjármálum. Ríkið tekur ekki þessa peninga samkv. stefnu fjárlagafrv., heldur skilur þá eftir hjá almenningi, hjá fjölskyldum, hjá heimilum. Þetta gerist vegna þess að tekin hefur verið ákvörðun um tvennt: Í fyrsta lagi að lækka skatta og í öðru lagi að hætta umframeyðslu, að hætta innflutningi á varningi sem við höfum ekki efni á að flytja inn.

Þjóðarframleiðslan á næsta ári er metin á 64 milljarða 160 millj. kr. og tekjur fjárlagafrv. eru aðeins 26.8% af þessari tölu, en á árinu 1982 voru tekin 30.2% af þjóðarframleiðslunni í skatta. Þessa meginstaðreynd finnst mér — ég veit ekki hvort það er rétt hjá mér — að stjórnarandstaðan vilji sem allra best fela. En ég tel þetta meginatriði, og ekki síst að gera sér grein fyrir því að með þessu er að sjálfsögðu stefnt að því að ríkissjóður axli sínar byrðar, hann leggi nokkuð á sig í þeim slag, sem við stöndum nú öll í, viðureigninni við verðbólguna og að hætta eyðslu umfram efni.

Það er annað meginatriði, sem ber hæst í þessari stefnu, sem mér finnst að stjórnarandstöðunni hafi tekist meistaralega að forðast að minnast á. Það er að samkv. lánsfjáráætlun á að taka 3 650 millj. kr. minna að raungildi í nýjum erlendum lánum á næsta ári en gert var árið 1982.

Á árinu 1982 voru tekin gífurlega mikil erlend lán, m. a. vegna viðskiptahalla, vegna þess að við eyddum umfram efni. Viðskiptahallinn á því ári, metinn á meðalgengi ársins í ár, var hvorki meira né minna en 6 milljarðar kr.

Þessi tvö meginatriði, 2 200 millj. kr. minni skattaálögur og 3 650 millj. kr. minni lántökur, gera nálægt 6 milljarða. Hvað merkir það? Það merkir að til ráðstöfunar er til útgjalda á B-hluta ríkissjóðs, til útgjalda til orkumála, til þess að lána til húsnæðismála, til þess að sinna lánsfjárþörf atvinnuvegasjóða og svigrúm til að taka erlend lán til atvinnulífsins og einkaaðila, 5 850 millj. kr. minna en var 1982. Allt eru þetta raungildis-

tölur og metnar á verðlagi fjárlagafrv. Við höfum þetta minna til skipta ef við ætlum að ná þeim markmiðum að minnka skattbyrði fólksins í landinu og hætta að taka erlend lán í þeim mæli sem við höfum gert. Þetta er kjarni málsins í allri þessari umr., en því miður sýnist mér að stjórnarandstaðan vilji sem minnst um þetta tala.

Við höfum til ráðstöfunar í allar þessar þarfir samkv. fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun 23.4 milljarða, en við hefðum sem næst 30 milljarða ef við fylgdum sömu stefnu og 1982.

Það er annars nokkuð athyglisvert að gera sér grein fyrir því, hvernig skattastefna ríkisstjórna hefur verið á undanförnum árum. Það er oftast litið svo á, að skársti mælikvarðinn á það sé að gera sér grein fyrir því hvað viðkomandi ríkisstjórnir taki mikinn hluta til sín í sköttum af þjóðarframleiðslu. 1977 voru tekin í ríkiskassann 25% af þjóðarframleiðslu, 1978 26.3%, 1979 27.6%, 1980 27%, 1981 28.8% og 1982 30.2%. Á þessum árum voru þjóðartekjur okkar Íslendinga vaxandi. Þjóðarframleiðslan óx ár frá ári, enda voru einhver bestu aflaár í sögu þjóðarinnar meðal þessara ára. Samt sem áður var alltaf tekinn meiri hluti af því sem fólkið aflaði í landinu í ríkiskassann. Nú er þeirri stefnu breytt. Ég sakna þess að það skuli ekki hafa komið fram fleiri ánægjuraddir meðal stjórnarandstöðunnar um þessa stefnu, einfaldlega vegna þess að ég veit að meðal talsmanna stjórnarandstöðunnar eru menn sem ég held að beri hag alþýðu fyrir brjósti, fólksins í landinu, og ég hélt það færi ekki fram hjá þeim að það ætti að ganga svona skemmra í því að fara ofan í vasa á fólkinu í landinu í rekstri ríkisins, eins og nú er ætlunin að gera.

Ég gat ekki orða bundist, herra forseti, um þessi aðalatriði, fyrst ég tók hér á annað borð til máls, en ég ætlaði einnig að fara nokkrum orðum um nokkuð það sem hér hefur komið fram í umr.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að nokkrir, sem hér hafa talað, hafa hrósað því að lánsfjáráætlun liggur fyrir við þessa umr. Ég vil í sambandi við það sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði áðan, þegar hann var að tala um að í ár hefðum við verið að taka ákvörðun um að takmarka erlend lán með samþykkt lánsfjárlaga, benda honum og þingheimi á að það var þegar fjórir mánuðir voru liðnir af þessu ári og þá lá engin lánsfjáráætlun fyrir. Þm. vissu í rauninni ekki hvað þeir voru að gera. Hæstv. fyrrv. ríkisstj. gafst upp á að leggja lánsfjáráætlun fyrir þingið. Hún fylgdi ekki fjárlagafrv. Það var sagt í því að hún kæmi eftir nokkrar vikur. Svo liðu vikurnar og mánuðirnir. Fjárlög voru afgreidd. Lánsfjáráætlun kom aldrei fram. Og hv. þm. voru að baksa við það, vil ég segja, að afgreiða lánsfjárlög og takmarka erlendar lántökur þegar fjórir mánuðir voru liðnir af því ári sem þau lánsfjárlög áttu að gilda fyrir. Þá var búið að taka ósköpin öll af ákvörðunum um að taka hin og þessi lán og þar á meðal erlend lán. Halda menn nú að svona vinnubrögð geti staðist? Ég er þeim mönnum alveg sammála sem hafa gagnrýnt þetta.

Nú er talað um að það sé teflt á tæpasta vað, við þurfum kannske meira en 4 500 millj. kr. af erlendum lánum á næsta ári. En er ekki meiri möguleiki til þess að hv. alþm. — með lánsfjárlögum sem yrðu afgreidd á haustdögum eða fyrir jól — gætu fremur náð tökum á því að takmarka erlend lán en ef lánsfjáráætlun lægi ekki fyrir og kæmi ekki fyrir þingheim fyrr en einhvern tíma í vor? Þetta er eitt af því sem ég held að við hv. þm., og stjórnarandstaðan ekkert síður en stjórnarliðar, ættum að lýsa sérstakri ánægju yfir.

Hv. þm. hafa m. a. talað mikið um álagningu beinna skatta samkv. fjárlagafrv. Hv. þm. Ragnar Arnalds talaði um að þar væri um villandi og rangar upplýsingar að ræða, að mér skildist, í frv. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson taldi að skattar mundu hækka um, ef ég man rétt, 28%, en launahækkun ætti ekki að vera nema 14.5% og hér ætti auðsjáanlega að hækka skatta. Blað fyrrv. hæstv. fjmrh. orðaði þetta smekklega skömmu eftir að frv. kom fram. Þar stóð í flennifyrirsögn: Skattpíningunni á að halda áfram. Hæstv. fyrrv. fjmrh. var sem sagt skattpínandi samkv. hans eigin málgagni, Þjóðviljanum, píndi þjóðina með sköttum.

En við skulum svo athuga þetta mál aðeins. Fjvn. hefur beðið Þjóðhagsstofnun um frekari útlistun á þessu máli, þar sem það hefur orðið mönnum tilefni til umræðna. Og ég skal lesa úr grg. frá Þjóðhagsstofnun:

„Í þessari áætlun[þ. e. tekjuáætlun fjárlagafrv.] er gert ráð fyrir að álagning tekjuskatts hækki eins og tekjur milli áranna 1983 og 1984, þ. e. um 20% að viðbættri 1% fjölgun gjaldenda. Sömu forsendu er beitt um beitingu barnabóta og persónuafsláttar. Samkv. þessu hækkar álagður tekjuskattur nettó, þ. e. að frádregnum barnabótum og persónuafslætti, úr 1 milljarði 680 millj. kr. 1983 í 2 milljarða og 35 millj. kr. í frv. 1984, eða um 20% á mann. Á hinn bóginn er ljóst að eftirstöðvar frá fyrri árum fara vaxandi í hlutfalli við álagðan skatt á árinu og munu vega þyngra 1984 í þeirri heildarsummu sem er til innheimtu eða er kræf á árinu en á þessu ári. Þessi aukna þyngd eftirstöðvanna stafar eingöngu af því, að álagningin 1984 hækkar miklum mun minna samkv. frv. en undanfarin ár. Þetta veldur því jafnframt, að sé miðað við óbreytt innheimtuhlutfall milli áranna 1983 og 1984 hækkar innheimtur skattur meira en álagður skattur. Þetta kemur hins vegar aðeins fram hjá þeim sem skulda tekjuskatt frá fyrri árum, en hjá þeim sem eru í skilum hækkar innheimtan vitaskuld jafnt og álagningin og þar með jafnt og tekjur eftir forsendum frv."

Ég vil líka biðja hv. þm. um að athuga það, að ef maður hefur kannske ekki greitt skatt í eitt ár eða tvö (**GHelg:** Já, svona eins og 13 millj.) og það tekst að innheimta af honum þennan skatt á næsta ári, þá er óhjákvæmilegt að skattbyrðin hlýtur að þyngjast á manninum, jafnvel þó að á öðrum væri hún kannske að léttast. Það skiptir því verulegu máli hvernig til tekst um innheimtuna og eins þetta, sem hér er meginatriði, að það er miklu minni hækkun milli ára á skattálagningu en áður hefur verið. Þess vegna vega eftirstöðvarnar þyngra í þessu dæmi.

Þannig hefur þetta alltaf verið gert upp. Ég minnist þess að í tíð fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ragnars Arnalds, var jafnan svona komist að orði. Efndin var samt sem áður kannske önnur, og við skulum vona að hún verði ekki eins því hún var oftast þannig að skattbyrðin fór vaxandi milli ára, þrátt fyrir að í ýmsum frv. hans var talað svona um tekjuskattinn.

Hv. þm. Ragnar Arnalds talaði mikið um horfurnar á afkomu ríkissjóðs á árunum 1982 og 1983 og taldi að allur hallinn sem á árinu væri væri að kenna ráðstöfunum núv. hæstv. ríkisstj. Ég vil segja það, — ég hef oft

sagt það áður, en ég vil endurtaka það einu sinni enn, — að ég tel það afskaplega auðvelt verk hjá fjmrh. að ná saman endum í rekstri ríkisins, jafnvel þó hann þenji ríkisbáknið út eins mikið og fyrrv. hæstv. ráðh. gerði, þegar aðferðin er sú að hækka sífellt skatta og ekki síst taka eyðslulán, flytja inn gífurlega mikinn varning sem er hátollaður og auka þannig veltuna í þjóðfélaginu. Það er nefnilega svo, að ríkissjóður lifir alltaf bestu lífi þegar eyðslan er mest og þá er ekkert spurt um hvort það er umfram efni eða ekki. Ríkissjóður hefur yfir 80% af tekjum sínum af óbeinum sköttum, sem flestir fara fyrst og fremst eftir því hvað eyðslan er mikil. Á árinu 1982 var 6 milljarða kr. halli á viðskiptum okkar við útlönd, en ríkissjóður naut góðs af. Það má segja að ríkissjóður hafi lifað á aðalsjúkdómseinkenni efnahagslífsins á því ári. Það held ég að sé ekki búskapur til að hæla sér af.

Árið 1983 lítur út fyrir að verði gífurlegur halli á ríkissjóði. Þegar núv. ríkisstj. tók við voru menn sammála um það, sem reyndu að spá fram í tímann um ríkisbúskapinn á árinu 1983, að ef ekkert yrði að gert, verðbólgan æddi áfram eins og hún gerði á miðju sumri, yrði hallinn á ríkissjóði ekki milljarður og ekki 1500 millj., heldur kannske nálægt 2000 millj.kr. að öllu óbreyttu, óbreyttum sköttum, óbreyttum útgjöldum og jafnvel því að halda því í sömu krónutölu sem hægt var að halda í sömu krónutölu í fjárlögum. Það er því heldur billegur málflutningur, finnst mér, hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, fyrrv. hæstv. fjmrh., að tala hér um að ríkisreksturinn á þessu ári hallist á svig einvörðungu vegna ráðstafana núv. ríkisstj. og þá kannske fyrst og fremst vegna þeirra mildandi aðgerða sem ríkisstj. ákvað á sínum tíma.

Hv. þm. var annars afar úrillur út af þessum skattalækkunum og talaði um það — ég held ég hafi skrifað það orðrétt eftir honum — að skattur hefði verið afnuminn á skemmtiferðir til útlanda. (**RA:** Já.) Hv. þm. heldur sig við þetta. Út af fyrir sig má kannske líta svo á að allar ferðir Íslendinga séu skemmtiferðir. (**RA:** Nei.) Nei? Ekki það? En hvernig getur þá hæstv. ráðh. haldið því fram að þetta hafi verið skattur á skemmtiferðir til útlanda, ef allar ferðir Íslendinga til útlanda eru ekki skemmtiferðir? (**Gripið fram í:** Hann er nú hættur að vera ráðh.) — Fyrrv. *ráðh. ætlaði ég að segja.* Ég þakka þm. fyrir að minna mig á þetta.

Þarna er dæmi um að hv. þm. virðist vera mjög úrillur út af þesum skattalækkunum og talar um að ríkissjóður væri örugglega á sléttu ef ráðstafanir hefðu verið gerðar til að hækka skatta í staðinn fyrir þá sem hefðu verið lækkaðir eða útgjöld á móti strikuð út eða lækkuð. Það fór ekkert milli mála að honum fannst það alls ekki góður búskapur hjá hæstv. fjmrh. að lækka svona skattana á fólki. Mér finnst þetta út af fyrir sig nokkuð merkilegur málflutningur.

Hv. þm. talaði um að það væri raunverulegur 480 millj. kr. rekstrarhalli á ríkissjóði. Þar á hann við að útgjöld til vegamála eru ekki öll færð í 1. gr. frv. eða sem sagt 480 millj. kr. Þetta er skýrt tekið fram í fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun og er ekki ástæða til að draga neina fjöður yfir það. En ég vil benda á að hér er verið að tala um bókhaldsatriði. Það er rétt að þessi framlög hafa alltaf verið færð á A-hluta ríkissjóðs, en það eru líka önnur framlög færð á A-hluta ríkissjóðs núna sem ekki hafa verið það áður, þ. e. afborganir og vextir sem ríkissjóður stendur undir af byggðalínum. Þar er um að ræða 427 millj. kr., sem hefði verið í lófa lagið að færa á B-hluta, og þá hefði nú jöfnuðurinn orðið eitthvað svipaður og hann er núna — ég tala nú ekki um að það hefur verið venja í lánabreytingum að gera ráð fyrir að bankar keyptu skuldabréf af ríkissjóði. Það er ekki gert núna í þessu frv. og lánsfjáráætlun.

Fleira mætti tína til í þessu sambandi. En hér er sem sagt einvörðungu um bókhaldsatriði að ræða.

Hæstv. ráðh. talaði líka um að erlend lán væru í fyrsta skipti tekin til A-hluta ríkissjóðs. (**Gripið fram í:** Ég er enginn ráðh.) Hæstv. fyrrv. ráðh. (**Gripið fram í:** Já.) Ég var orðinn vanur að kalla hann hæstv. ráðh., en þetta fer að lagast.

Sama skýringin er á þessu, að í A-hluta ríkissjóðs núna eru færðar byggðalínurnar sem fyrrv. hæstv. ráðh. *færði í B-hluta og voru þá lántökur til B-hluta.* Hann veit náttúrlega allra manna best að alltaf hafa verið tekin erlend lán til að greiða afborganir og vexti af þessum lánum. Þeim hafði verið ýtt á undan sér. Það er gert enn þá, því miður. Það er ekki árferði til annars núna. En þetta er búskapur sem hann þekkir mætavel. Þetta var í hans tíð fært B-hlutamegin, en núna er það A-hlutamegin.

Ég vil svo aðeins minnast á eitt atriði hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Hann hefur, og þeir hv. þm. Alþfl. og raunar fleiri, talað mikið um prósentuhækkun á yfirstjórn rn. milli ára. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason skýrði það mál raunar ágætlega vel. En hv. þm. Karvel Pálmason o. fl. hafa leyft sér að tala um að það sé 100% hækkun á yfirstjórn rn. á sama tíma sem fólk eigi að sætta sig við 4—6% kauphækkun. 4—6% kauphækkun er talað um frá því sem raunverulegt kaup verður nú um áramótin. Ef það ætti að bera þetta tvennt saman, hver launahækkunin verður og bera það saman á sanngjarnan hátt hver hækkunin verður á yfirstjórn rn. ætti að spanna sama tímabil og miða við sömu forsendur. Ég get fullvissað þessa ágætu þm. um að það er gert ráð fyrir minni kostnaðarhækkun á yfirstjórn rn., miðað við það sem þau kosta raunverulega nú í desember, samkv. frv. á næsta ári en verður launahækkunin hjá fólki. (**Gripið fram í:** Hvað með heimilin?) Ég er að tala um launahækkun hjá almenningi, hjá heimilunum. Hún er 4—6%, sagði hv. þm., *á sama tíma sem gert er ráð fyrir* 100% hækkun á rekstri á yfirstjórn rn. Það læðist sá grunur að mér að hv. þm. sé jafnvel ekki svo skyni skroppinn að hann viti ekki að hann er að fara þarna með óheiðarlegan málflutning og fullkomið fleipur.

Herra forseti. Ég get raunar lokið máli mínu. Ég vil þó aðeins segja nokkur orð að lokum um þá staðreynd sem við stöndum frammi fyrir að því er varðar erlendar lántökur og taka undir með þeim mönnum sem hér hafa talað um að það þurfi að spyrna við fótum.

Á árinu 1978 skulduðum við Íslendingar 33.8% af þjóðarframleiðslu í erlendum lánum. Það voru 15 milljarðar og 200 millj. kr. á árinu 1978. Árið 1979 hækkuðu þessi lán upp í 34.6%, eða lítillega, og svipað 1980. En eftir það, á árinu 1981, snarversnar þessi staða. Við skulduðum þá 36.6%, 1982 48.0% og nú er áætlað að við skuldum 60.3% af þjóðarframleiðslu eða 32 milljarða kr. á meðalgengi ársins í ár. Ef viðskiptahalli allra þessara ára er athugaður — áranna frá 1978 til 1983 — nemur hann á meðalgengi ársins í ár 12 300 millj. kr. Halli okkar á viðskiptum við útlönd, eyðslu-

skuldasöfnun, nemur á þessu tímabili 12 300 millj. kr. Ef við tökum hækkunina á skuldunum beint nemur hún á þessu tímabili 16 800 millj. kr. Skuldastaða okkar hefur versnað svo mikið vegna viðskiptahalla, vegna eyðslu umfram efni, enda sjáum við, ef við athugum hvað fjárfesting hefur verið mikil í landinu á þessum tíma, að hún hefur ekki aukist. Hún hefur verið tiltölulega jöfn. Þetta frá 26—27% af þjóðarframleiðslu á þessu tímabili. Það er því alveg ljóst að þessi skuldastaða, sem allir eru sammála um sem hafa kynnt sér þessi mál, er orðin stórhættuleg og getur í raun orðið til þess að erfitt sé að taka lán til arðbærra framkvæmda, þó að þar beri að skilja algerlega á milli. Að sjálfsögðu skiptir öllu máli að erlend lán séu tekin til arðbærra framkvæmda sem standa undir lánunum, en það er alveg ljóst að þessi skuldastaða er orðin slík vegna viðskiptahalla undanfarin ár, vegna þess að við höfum eytt umfram efni. Þeim mun nauðsynlegra er að gerbreyta um stefnu á þessu sviði.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að lengja þessar umr. um of. Það er auðvitað af mörgu að taka og væri kannske ástæða til að fara orðum um eitt og annað sem komið hefur fram hjá tveimur hv. stjórnarsinnum sem talað hafa hér seinast. En ég sé nú ekki ástæðu til að lengja þessar umr. nú. Hv. þm. Lárus Jónsson viðurkenndi að 1. gr. frv. væri mjög ranglega upp sett vegna þess að það vantaði þar inn í 480 millj. kr. Vissulega gat hann bætt því við til skýringar eða til réttlætingar að þess væri getið í athugasemdum með frv. að málefni Vegagerðarinnar yrðu til áframhaldandi skoðunar. En ég hygg nú að þeir sem lásu þá athugasemd hafi ekki haft neina ástæðu til að ætla að þar væri um að ræða upphæð af þessari stærðargráðu, næstum hálfan milljarð vantaði inn í frv.

Þegar á þetta var fyrst bent í blöðum, og það hefur fyrrv. fjmrh. Sighvatur Björgvinsson líklega gert, þá lá nú við að mér fyndist þetta ekki alveg sanngjarnt hjá honum vegna þess að við yrðum að gera ráð fyrir því að ríkisstj. myndi afla þess sem við bættist hjá Vegagerðinni að einhverju leyti með innlendri fjármögnun, hugsanlega einhverri gjaldtöku. Og ég vildi a. m. k. ekki trúa því að ríkisstj. fyndi ekkert annað ráð en þessa einföldu patentlausn, að taka alla upphæðina að láni erlendis og þar með skapa rekstrarhalla inn í fjárlagafrv. upp á samsvarandi upphæð, ég vildi bara ekki trúa því. En ég sá það hins vegar þegar frv. til lánsfjárlaga var lagt fram þar sem þetta kemur skýrt í ljós að hann hafði haft alveg rétt fyrir sér og að ábending hans var fullkomlega réttmæt, eða öllu heldur að ágiskun hans var fullkomlega réttmæt, því vissulega varð ekki vitað fyrirfram hvernig þessa fjár yrði aflað.

Hv. þm. Lárus Jónsson benti hins vegar á það að þarna kæmi annað á móti og að það mætti ekki taka þessa upphæð eina sem skekkju í 1. gr. frv. vegna þess að það væri annað sem skekkti dálítið myndina miðað við það sem verið hefði undanfarin ár, það væru í fyrsta lagi byggðalínurnar og önnur meðferð þeirra í þessu frv. en verið hefði og í öðru lagi kaup bankanna á verðbréfum. Um kaup bankanna á verðbréfum fyrr og nú er það að segja að það breytir að sjálfsögðu engu um rekstrarniðurstöðuna. Það lán sem ríkissjóður tekur breytir að vísu einhverju varðandi greiðslujöfnuðinn, en það breytir engu um rekstrarjöfnuðinn. Þar af leiðandi skiptir það ekki miklu máli í þessu sambandi. En hvað byggðalínurnar snertir þá er það út af fyrir sig alveg rétt að sem afleiðing af því að Landsvirkjun yfirtók byggðalínurnar á s. l. ári þá hefur verið gerð nokkur breyting á meðferð afborgana og vaxta af þessum byggðalínum í fjárlagafrv. Ég hef nú ekki haft aðstöðu til að kynna mér það til fulls hvernig þessi breyting er bókfærð og get ekki alveg fyllilega dæmt um það hvort þar er í raun og veru nákvæmlega rétt að staðið, en það er rétt hjá hv. þm. að þar kemur allverulega upphæð á móti. En það er hins vegar rangt hjá honum að það sé öll upphæðin sem hann nefndi, 410—20 milljónir, vegna þess að þarna er annars vegar um að ræða afborganir og hins vegar vexti og það eru bara vextirnir sem færast inn í A-hlutann, en afborganirnar koma aftur á móti inn í lánahreyfingarnar og breyta þeim. Ég hygg að upphæðin sem þarna er um að ræða sé einhvers staðar í kringum 267 millj. kr. sem eru vextirnir af byggðalánunum og koma sem sagt inn í rekstrarhlið frv., en það sem eftir er af upphæðinni kemur aftur inn í lánahliðina og breytir engu um rekstrarniðurstöðuna.

Ekki meira um þetta, við fáum vafalaust tækifæri til að átta okkur betur á þessum atriðum á síðara stigi. Eins og ég sagði hér í upphafi er auðvitað allt of snemmt að spá neinu um það hvort horfir í mikinn eða lítinn halla á næsta ári þó að þarna séu stórar tölur á ferðinni. Það er t. d. í fljótu bragði ekki svo auðvelt að átta sig á því hvort tekjur af innflutningi eru fremur ofáætlaðar, eins og einn hv. þm. fullyrti hér í dag, eða vanáætlaðar, eins og reynslan hefur svo sem oftast verið.

Ég vildi svo að lokum fara örfáum orðum um smá formsatriði sem er þó mál sem geysimikið hefur verið fjölyrt um, þ. e. hvenær frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun eru lögð fram. Hér hefur hver maðurinn af öðrum staðið upp og sagt að þau einstæðu tíðindi hafi gerst að lánsfjáráætlun og lánsfjárlög hafi verið lögð fram um líkt leyti og fjárlög og komið til umr. við 1. umr. fjárlaga. Mér hefur skilist á þessum ræðumönnum að slíkt hafi bara ekki gerst í manna minnum og nú eigum við allir að hoppa upp og fagna þeirri gerbreytingu sem orðið hefur. En það er gömul saga að menn eru fljótir að gleyma.

Ég vil nú til að byrja með viðurkenna að í fyrra stóð dálítið sérstaklega á. Þá lögðum við fram frv. til fjárlaga á réttum tíma og höfðum öruggan meirihluta til afgreiðslu þess, en ríkisstj. tapaði meiri hluta sínum í upphafi þings og hún hafði ekki öruggan meiri hluta til að afgreiða lánsfjárlögin. Þetta var meginástæða þess að verulegt hik var á mönnum með að leggja lánsfjárlögin fram. Auk þess var lengi vel óljóst hvort kosningar kynnu kannske að skella yfir á miðjum vetri, jafnvel fyrir áramót, og þá myndi ekki taka því að vera að reyna að afgreiða lánsfjárlög. Þetta var nú aðalástæðan til þess að svo lengi dróst að leggja fram lánsfjárlagafrv. í fyrra. Það er raunar rétt hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni að hin eiginlega lánsfjáráætlun var aldrei lögð fram. Það var mikið óvissuástand í íslenskum stjórnmálum á s. l. vetri og margt óvenjulegt sem þá gerðist.

Önnur ástæða þess að ekki var nú gengið frá lánsfjáráætluninni fyrr en nokkuð seint og frv. sjálft kom ekki fram fyrr en líklega í febrúarmánuði var sú að halda þurfti erlendum lántökum í algeru lágmarki. Hins vegar

var einn stór liður sem gat ráðið verulegum úrslitum um niðurstöðutölur lánsfjáráætlunar sem Alþingi hafði á sínu valdi og þurfti fyrst að taka ákvörðun um, en það var spurningin um hvort ætti að hefja byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þess hafði verið óskað að þingflokkarnir tækju afstöðu til þess máls og að fyrir lægi áður en lánsfjáráætlun væri endanlega frágengin hvort vilji væri fyrir hendi til að ráðast í þá framkvæmd eða ekki. Þarna var um mjög stóra upphæð að ræða og ef sú upphæð átti að koma inn var líklegt að einhverjar aðrar upphæðir þyrftu að dragast saman eða minnka. En því miður voru stjórnmálaflokkarnir að velkja þessu máli á milli sín mánuðum saman og svör bárust ekki. Það má kannske segja að þetta mál hafi tafið óþarflega mikið fyrir því að lánsfjáráætlun væri lögð fram samhliða hinni pólitísku óvissu að öðru leyti. En þetta var árið í fyrra og það var alveg óvenjulegt og sérstakt og á vafalaust ekki sinn líka.

Í hittifyrra, haustið 1981, var lánsfjáráætlun lögð fram 21. október. Ég hygg að það sé næstum að segja sömu dagana ef ekki sama daginn og sú lánsfjáráætlun var lögð fram sem hér er til umr. Frv. til lánsfjárlaga var lagt fram 27. október 1981. Hitt er önnur saga að ekki tókst að afgreiða lánsfjáráætlunina fyrir áramót og ég hygg nú að stjórnarandstaðan á þeim tíma hafi átt eigi lítinn þátt í því að svo fór. En þetta var sem sagt önnur missögnin sem kom hér fram áðan hjá hverjum ræðumanninum á fætur öðrum.

Hin missögnin kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni sem fullyrti að það gerðist aldrei, ekki nú og raunar aldrei áður, að gerð væri nein grein fyrir framkvæmd lánsfjáráætlunar á líðandi stund. Og þegar þing kæmi saman er lánsfjáráætlun fyrir næsta ár væri lögð fram lægju ekki fyrir neinar upplýsingar um það hvernig til hefði tekist með framkvæmd lánsfjáráætlunar á því ári sem væri að líða. Ég er hérna fyrir framan mig með þessi plögg sem lögð voru fram hér haustið 1981. Ég sé að í frv. til lánsfjárlaga í athugasemdum við 28. gr., þar sem leitað er eftir heimild til þess að taka lán vegna endurskoðunar lánsfjáráætlunar fyrir þetta sama ár upp á 42 millj., er gerð mjög ítarleg grein fyrir því að hvaða leyti hefur verið farið fram úr og að hvaða leyti staðið hefur verið við lánsfjáráætlun líðandi árs þannig að það er líka rangt að þannig hafi ævinlega verið staðið að málum að upplýsingar af þessu tagi hafi skort.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal leitast við að lengja þessar umr. ekki mikið þó full ástæða sé auðvitað til að fá a. m. k. þeim spurningum svarað sem á hugann leita við lestur ræðu hæstv. fjmrh. í dag. Ég mun stikla hér lauslega í gegnum þá ræðu. Það sem fyrst vekur athygli þegar hlustað er á slíka ræðu er að allan tímann er hér talað um fjárlög ríkisins sem bókhald með tveim dálkum, annars vegar tekjum, hins vegar útgjöldum. Þetta er auðvitað ágætt og sjálfsagt er bókhaldið í fullkomnu lagi hjá þeim sem að því hafa staðið og hér eru staddir í húsinu, en um það snýst málið ekki. — Það er vissulega verið að ræða hér um tekjur og útgjöld en það er auðvitað ekki sama hvernig þessum útgjöldum er varið. Hæstv. fjmrh. endaði ræðu sína í dag með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Þetta frv. er mikið aðhaldsfrv. og ýmsir verða vafalaust óánægðir með það, en við því er ekkert að gera. Ég lít ekki á það sem hlutverk mitt í embætti fjmrh. að gera öllum til hæfis."

Ég hlýt því að spyrja hæstv. fjmrh.: Hverjum ætlar hann að gera til hæfis, og hverjum ætlar hann ekki að gera til hæfis? Um það snýst þessi ræða. Málið er, að mér sýnist, að eiginlega sé varla verjandi að halda því fram hér í sölum Alþingis að einhverjum landsmönnum eigi alls ekki að gera til hæfis.

Það hefur komið fram að ráðh. segir þetta mikil aðhaldsfjárlög. Hann segir líka í miklum hneykslunartón í inngangi ræðu sinnar að mál sé til komið að sporna við fótum og takmarka hið óþingræðislega vald sem hæstv. fjmrh. hverju sinni er gefið. Það er þá ekki nema stundum sem hæstv. ráðh. hneykslast á óþingræðislegu valdi vegna þess að við höfum nú setið í sjö mánuði undir því að landinu hefur verið stjórnað án þingræðis, ég vil aðeins benda honum á það.

Síðan segir seinna í inngangsræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann er að tala um þriðja meginmarkmiðið með þessum fjárlögum, með leyfi forseta:

„Þetta þýðir einfaldlega að ríkið hyggst soga minna til sín af aflafé því sem atvinnuvegir og einstaklingar skapa."

Um það snúast líka þessi fjárlög og þessi umr. um þau, en við Alþb.-menn lítum ekki þannig á að ríkið sé eitthvað sem sogar til sín fé landsmanna. Við höfum hingað til litið svo á að það sé okkar sameiginlegi sjóður sem hæstv. ráðh. Albert Guðmundsson að þessu sinni stýrir, en við höfnum auðvitað þessari skilgreiningu á nýtingu á þjóðartekjum. Það sem mér sýnist að verið sé að segja þarna er einfaldlega þetta: Við ætlum að færa þjóðartekjurnar úr fleiri höndum í færri hendur. Og ég bið þá hæstv. ráðh. að leiðrétta mig ef ég skil þetta rangt.

Í þriðja kafla sem heitir Efnahagsaðstæður á þessu ári er talað um hvert verðbólgan stefndi. Í allt sumar hafa verið lesnar yfir okkur svimandi tölur um hvert verðbólgan hefði verið komin, en alltaf láist að segja eitt, halda aðeins áfram með einni aukasetningu, — ef ekkert hefði verið að gert. En ég held nú að þeir sérfræðingar hæstv. núv. fjmrh. hljóti að hafa haft einhvern grun um það innst inni að hver sú ríkisstj. sem að völdum sat hefði nú kannske líka gert till. um einhverjar aðgerðir og vissulega höfum við Alþb.-menn þær till. tilbúnar fyrir löngu síðan. En allan tímann hefur verið talað um að með því að hætta að stjórna þjóðinni hefði verðbólgan farið hingað og þangað, upp í 130 eða ég veit ekki hvað. Þetta er auðvitað enn ein fölsun í málflutningi sem við sitjum hér undir endalaust vegna þess að sjaldnast er fólk hér að tala saman um staðreyndir heldur að pexa um meiningarlausa hluti. Það er vandi, við vitum það líka Alþb.-menn, að það er töluverð kúnst að stjórna löndum. Eins og Lao Tse segir: Að stjórna ríki er eins og að sjóða litla fiska. Þetta kunnum við allt saman, og við höfum líka gert okkar ráðstafanir.

En lítillega skal áfram haldið. Hv. þm. Lárus Jónsson sagði hér áðan að nú ætlaði ríkisstj. að skilja 2 milljarða af þjóðartekjum eftir hjá landsmönnum. Við það hef ég tvennt að athuga. Það hefur komið fram að þjóðartekjur hafa lækkað um 10%. Það er þess vegna ekki af eins miklu að taka, við skiljum það áreiðanlega bæði rétt, er það ekki? Jafnframt því hafa laun landsmanna verið lækkuð svo að ég hygg að það verði líka af minna að

taka, þannig að ég hef töluverðar efasemdir um hvort þetta dæmi er alveg heiðarlega uppsett. Ég hef aðra athugasemd við þetta að gera. Ég er nefnilega ekkert alveg sammála því að þessir 2 milljarðar séu skildir eftir hjá öllum landsmönnum. Ég vil gjarnan að þeir fari til sumra en ég vil aldeilis ekki að þeir fari til allra. Ég vil ekki að þeir fari til þeirra sem nær enga skatta greiða, og það eru ævinlega þeir sem mest fé hafa milli handa. Það væri afskaplega ánægjulegt ef þeir héldu áfram að borga skatta eða tækju jafnvel upp á því, þeir sem hingað til hafa ekki gert það. Síðan tala menn hér um mikil erlend lán hjá fyrrv. ríkisstj. Um þetta snýst náttúrlega alltaf umr., hvað þessi ríkisstj. er vitur og hin, sú sem síðast var, var misvitur. Svona einfalt er nú málið ekki. Það skiptir nefnilega töluverðu máli í hvað þessi erlendu lán voru notuð. Og ef þau voru notuð, sem þau voru m. a., til að koma um 80% íslenskra húsa á hitaveitu eða í virkjanir til þess að menn gætu sparað sér olíukaup, þá er þetta arðbært verkefni eins og segir í þjóðhagsáætlun. Þess vegna skiptir dálitlu máli í hvað þessi erlendu lán voru notuð. Öllum ber saman um að slíkar framkvæmdir geti borgað sig á einum fjórum árum. Þau eru auðvitað dýr til að byrja með, en þau eru mjög fljót að borga sig. Verkefni sem ríkisstj. taka að sér eru mislengi að borga sig og afskaplega misjafnlega arðbær. Við Alþb.-menn höfum t. d. afskaplega sterka tilhneigingu til að telja að bygging seðlabankahúss og bygging flugstöðvar séu tiltölulega lítið arðbær verkefni.

Eina athugasemd enn vil ég gera eða öllu heldur bera fram eina spurningu. Það hefur komið fram að til stendur að spara um 300 millj. í almannatryggingakerfinu. Ég hef ekki enn þá heyrt nein svör um hvernig á að finna þær 300 millj. Ég er kannske ekki að biðja um svör akkúrat nú, ég býst ekki við því að ríkisstj. hafi hugmynd um hvernig hún ætlar að finna þessar 300 millj., en ég vil þá biðja hana um að komast að því áður en fjárlög koma til baka úr n.

Á bls. 25 og 26 er atriði sem vekur vissulega athygli. Þar er talað um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1983 og 1984 og þar er talað um að hækkun á tekjuskatti einstaklinga sé um 51%. Það sem vekur hins vegar athygli mína er á bls. 26 þar sem talað er um tekjuskatt á félögum. Þar segir, og ég held ég hljóti að lesa, með leyfi forseta:

„Álagður tekjuskattur á félög nemur rúmlega 460 millj. kr. á þessu ári sem er um 55% hækkun frá fyrra ári."

Sá sem ekki læsi lengra kæmist að þeirri niðurstöðu að tekjuskattur á félög væri hærri en tekjuskattur á einstaklinga, þ. e. um meiri hækkun væri að ræða. Nú bið ég enn um að ég verði leiðrétt ef ég skil rangt því svo er áfram haldið:

„Hér er um frumálagningartölur að ræða og miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla, að endanlegar álagningartölur verði talsvert lægri. Miðað við svipaðan mun á frumálagningu og endanlegri álagningu og í fyrra, en heldur slakari innheimtu er áætlað að innheimta tekjuskatts félaga verði um 285 millj. kr."

Það er ekki 55% hækkun frá fyrra ári. Ég vil benda á að frá því að talað er um 460 millj., sem er frumáætlun álagningar, er reiknað með að hún verði ekki nema 285, en slíkur kostur er ekki gefinn einstaklingum. Minnast menn nú að lesa mátti í blöðum bæjarins fyrir stuttu síðan að einn virtur og duglegur atvinnurekandi sat á fundum með hæstv. fjmrh. til þess að ræða við hann um slaka innheimtu gjalda hjá honum því hann skuldaði litlar 13 millj. sem nú var rætt um hvernig ætti að gera honum þægilegt að greiða. Ekki veit ég hvort það verður strikað út eins og annað, en við einstaklingar höfum hingað til ekki fengið slík kostaboð. Og ég óska sem sé að því sé svarað hvort ég skil rétt að þarna sé orðinn gífurlegur munur á tekjuskatti einstaklinga og félaga.

Á bls. 27 í ræðu hæstv. fjmrh. er talað um heildargjöld ríkissjóðs og hversu mikið af þeirri fjárhæð fari til samneyslu, en það er nú sem samsvarar 45.6%. Ég sé ekki að það komi fram hér og hafði ekki tækifæri til þess að kanna það vegna þess að við sáum og heyrðum ekki ræðu hæstv. ráðh. fyrr en í dag. Mig langar að spyrja: Hver er mismunur á samneysluhlutfallinu frá síðustu fjárlögum? Ég vænti að hæstv. fjmrh. skrifi það hjá sér.

Þá er ég nú eiginlega næstum komin í gegnum þessar athugasemdir mínar. Mig langar að minnast aðeins á Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég veit ekki betur en að við höfum þm. allra flokka samið lög sem tóku gildi fyrir einu eða tveimur árum og áttu að fara að fullu í gildi 1. jan. n. k., þar sem fjárþörf námsmanna yrði fullnægt að 100%. Ég vil óska eftir endanlegu svari við því hvort ekki þarf að gera lagabreytingu til þess að víkja frá ákvæðum þeirra laga.

Það mætti auðvitað margt og miklu fleira um þetta segja eða a. m. k. spyrja. Ég ætla mér ekki þá dul að vera alvitur um hvernig skuli semja fjárlög í þessu landi, en þykist hafa einhverjar meginhugmyndir um forsendur sem auðvitað stangast mjög á við þær forsendur sem hér er gengið út frá. Hér er t. d. hikstalaust sagt að nú eigi að verða samdráttur, 9—10%, í uppbyggingu dagvistarheimila, skólamála, grunnskóla, sjúkrahúsa og raunar hafnargerðar. Það er varla ástæða til að segja það einu sinni enn að slíkum samdrætti erum við auðvitað gjörsamlega ósammála vegna þess að við teljum að eitthvað það arðbærasta sem hægt sé að gera í þessu landi sé að sinna börnum og reyna að gera þau að góðum og nýtum borgurum. Þess vegna er allur samdráttur í þeim efnum auðvitað stórhættulegur.

Að lokum vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., varðandi frv. til laga um lánsfjáröflun ríkissjóðs og þá einkum um 2. gr., hvort hugsanlegt sé að 2. gr. frv. kynni að stangast á við lög um Seðlabanka Íslands. Ég er ekkert að halda því fram. Ég hef reynt að líta lauslega í gegnum lögin um Seðlabankann sem ég reyndar er nokkuð vel kunnug, enda höfum við hæstv. fjmrh. oftlega í umr. um Seðlabanka Íslands verið sammála um ákveðna hluti og mjög sammála um ákveðnar breytingar. Ég hef sjálf oft gagnrýnt það mikla pólitíska vald sem mér þykir Seðlabankinn hafa og ég er andvíg því, en það breytir því ekki að lög höfum við í landinu um Seðlabanka Íslands og á meðan þau eru í gildi hljótum við að fara að þeim. Og þá verður fyrir mér 12. gr., sem segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankanum er heimilt að ákveða að innlánsstofnanir sem um ræðir í 10. gr. skuli eiga ríkistryggð bréf og önnur trygg verðbréf" o. s. frv.

Og síðan segir í 13. gr.: „Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta" o. s. frv. En hér í 2. gr., þar sem talað er um að út megi gefa ríkisskulda-

bréf og spariskírteini miðað við vísitölu sem fjmrh. ákveður o. s. frv., segir síðan orðrétt:

„Fjmrh. er heimilt að ákveða lánskjör þessara bréfa og er ekki bundinn við almennar vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands við þá ákvörðun".

Ég vil aðeins varpa fram þeirri spurningu og biðja hæstv. fjmrh. að ganga úr skugga um það, áður en þetta frv. kemur sem sérstakt mál fyrir hv. Sþ., hvort í raun og veru hefði þá ekki verið eðlilegra að gera breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands stangist þetta á við lög um hann. Mér hefði þá fundist eðlilegra lagalega séð að breyta lögum um Seðlabankann.

Ég vona að hæstv. fjmrh. hafi tekið niður þessar athugasemdir. Ég ætla ekki að eyða hér tímanum í að pexa um hver hefur verið bestur fjmrh. á síðustu áratugum né annað slíkt, en óska eftir að þessar athugasemdir verði teknar til greina og þeim svarað.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Hv. þm. Ragnar Arnalds sagði hér áðan að gert væri ráð fyrir í lánsfjáráætlun að taka erlend lán fyrir allri lánsfjárþörf til vegagerðar upp á 480 millj. kr. (**RA:** Ekki alveg allri.) Það er ekki rétt og þarf kannske ekki að eyða löngu máli í að leiðrétta það, en eins og ég gat um hér áðan, þá er það tvennt sem hefur breyst bókhaldslega í uppsetningu fjárlagafrv. að þessu sinni. Það er í fyrsta lagi það að byggðalínur eru nú færðar undir A-hluta. Til byggðalína hafa alltaf verið tekin erlend lán til þess að framlengja erlend lán og þess vegna skýrist erlend lántaka A-hluta að verulegu leyti af þessari tilfærslu.

Í annan stað hefur innlendri fjáröflun til A-hluta alltaf verið þannig háttað að hluta til að bankarnir hafa keypt bréf af ríkissjóði. Það var það sem ég átti við áðan, þegar ég var að benda á þetta atriði, að bankarnir hafa alltaf keypt bréf af ríkissjóði. Samkv. lánsfjárlögum í ár nemur þessi upphæð rúmum 100 millj. kr. Þetta er ekki gert núna heldur er gert ráð fyrir að bankarnir kaupi einungis beint af Framkvæmdasjóði. Ef þetta hefði verið fært bókhaldslega eins núna eins og er í lánsfjárlögum í ár, þá skýrir þetta tvennt nokkurn veginn alveg erlendar lántökur til A-hluta sem, eins og hér kemur fram í lánsfjáráætlun, eru 675 millj. kr.

Það er því ekki rétt að þessa fjár eigi að afla erlendis, 480 millj. kr. til vegagerðar. Það er kannske rétt að geta þess í leiðinni að í frv. er gert ráð fyrir sjöföldun á beinu framlagi ríkissjóðs til vegagerðar frá því sem það er í ár. Það má kannske til sanns vegar færa að einhver hluti af þessu sé til vegagerðar, en ég held að út af fyrir sig sé þetta deila um keisarans skegg. Aðalatriðið er það, að heildarlánsfjárþörf til A-hluta er 1620 millj. kr. og er allmiklu meiri en verið hefur, af ástæðum sem eru skýrðar hér í lánsfjáráætlun, m. a. vegna þess að þá þarf að greiða skyldusparnað frá árinu 1978, að ég hygg. Það þjónar í rauninni engum tilgangi að eyrnamerkja innlendar og erlendar lántökur á einhverjar ákveðnar framkvæmdir eða til einhverra ákveðinna þarfa. Aðalatriðið er það, að heildardæmið er erfiðara en það hefur verið og niðurstaðan er þessi, sem kemur fram í lánsfjáráætlun. Hana má alveg eins skýra með lánsfjárþörf til byggðalínu, til þess að framlengja byggðalínulán, eins og til einhverra annarra þarfa A-hlutans.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég skal nú reyna að svara hv. 10. landsk. þm. nokkrum orðum. Spurningarnar sem hún bar til mín voru stuttar og hnitmiðaðar og ég skal reyna að svara í sama dúr. Ég tel ekki ástæðu til að svara því hvort það er gott eða vont að halda tvöfalt bókhald eða bókhald í tveimur dálkum. Ég held að það sé gott.

Önnur spurning. Það er ekki sama hvernig tekjum er varið. Ég er sammála henni með það. Ég tel að tekjum sé betur varið á fjárlögum 1984 heldur en á fjárlögum 1983.

Hverjum ætlar hann að gera til hæfis, þ. e. fjmrh. Ég reikna ekki með að fjmrh. í ár geri nokkrum manni til hæfis. Ég held að allir þeir sem hafa rætt við fjmrh. hingað til um gerð þessara fjárlaga hafi verið meira og minna óánægðir.

Þá er það fjórði liðurinn. Aukafjárveitingavald fjmrh. er óþingræðislegt. Ég held mig við þá fullyrðingu. Ég var ekki búinn að vera lengi í embætti fjmrh. þegar mér fannst það óþægilegt að vera að gera ný fjárlög frá degi til dags, má segja, vegna þess að fjárlög ársins voru óraunhæf, eins og komið hefur fram hér í þingræðum. Ég tel að aukafjárveiting eigi ekki að ganga þannig fyrir sig, þó að aldrei sé hægt að fullyrða að ekki komi til aukafjárveitingar, heldur eigi þá að leggja það fyrir fjvn. Fjmrh. eigi að leggja það fyrir fjvn., eða þá starfsnefnd sem starfar á milli þinga, ef fjvn. er í fríi. Annars er það ætlun mín að leggja fram endurskoðaða áætlun á þriggja mánaða fresti, svo að alþm. geti fylgst með hvað er að ske í fjármálum þjóðarinnar með skömmu millibili. Ég hef áður boðað — og því mun ég reyna að koma í verk, að það eigi að gera fjárlög út kjörtímabilið og taka inn í þau fjárlög þau kosningaloforð sem viðkomandi flokkar, sem við völd eru hverju sinni, hafa lofað fólkinu, og tímamarka hvenær þessi kosningaloforð eru efnd, vegna þess að það getur enginn, hvorki stjórnarandstaðan né aðrir, ætlast til þess að kosningaloforð séu efnd um leið og nýir aðilar koma til valda, en að þeir standi við sín heit.

5. liður. Ríkið hyggst soga minna til sín og Alþb. lítur svo á, að í þessu tilfelli færist tekjur manna úr fleiri höndum í færri. Það er álit Alþb. Það er öfugt. Við erum að færa úr einum höndum, skulum við segja, sem er ríkið, yfir til fleiri. Við erum að skilja meira eftir hjá fólkinu. Ég skil vel að það er hugsjón sem Alþb. ekki skilur og hefur aldrei skilið. Það skal vera miðstýring á sem flestum sviðum.

6. liðurinn var að með því að hætta að stjórna þjóðinni hefði verðbólgan verið látin geysast áfram. Ég efast ekkert um að Alþb.-menn hafa forskrift um það hvernig á að stjórna þjóðinni. En þeir hættu að stjórna einfaldlega vegna þess, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að þeir höfðu ekki meiri hl. Þeir gátu ekki lagt fram fjárlagafrv. eða lánsfjáráætlun vegna þess að þeir höfðu ekki meiri hl. til að koma því í gegn. Og þá voru þeir hættir að stjórna þjóðinni og hefðu átt að segja af sér. Þeir hefðu átt að hætta að sitja auðum höndum. Þetta er alveg rétt hjá hv. 10. landsk. þm.

Laun landsmanna hafa verið lækkuð, segir í 7. lið. Ég veit ekki hvað hægt er að segja um það. En ef málflutningur allra, bæði stjórnarliða og stjórnarandstæðinga, einstaklinga sem þm. og þjóðarinnar allrar, ef sá málflutningur er réttur að verðbólgan hafi verið hinn mesti bölvaldur og að allar leiðir til lækningar lágu í því að lækka hana, þá kemur það ekki heim og saman við

málflutning hv. 10. landsk. þm., vegna þess að verðbólgan hefur lækkað og lánskjaravísitala er vonandi að deyja út en vextirnir eru komnir í 30%. Og mér hefur sagt fólk að það finni mikinn mun á því að hafa verðlag nokkuð stöðugt í búðum við matarinnkaup. Við tölum mikið um heimilin. Og heimili sem þurfa að standa undir afborgunum og greiðslum af lánum, t. d. húsnæðismálastjórnarlánum, finna mikið fyrir því hvað verðbólgan er minni og vextir hafa lækkað mikið undanfarna mánuði. Ég átti von á að fá hér útreikning máli mínu til staðfestingar, til þess að geta farið með tölur, en því miður hef ég ekki fengið hann. Ég átti von á honum í kvöld, en það getur vel verið að ég geti lagt hann fyrir við 2. umr. fjárlaga.

8. liður var erlend lán. Ég vil draga það í efa að hv. 10. landsk. þm. meini það, að 60% af þjóðarframleiðslunni, sem erlendar lántökur nú eru, að það hafi allt farið í arðbærar framkvæmdir. Það mátti skilja það svo. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að verulegur hluti, ég skal ekki segja hvort það er meiri hluti, hafi farið í eyðslulán sem við erum nú að sligast undan. Það er nú það sem gerir tilveruna hvað óskemmtilegasta á þessu augnabliki því að eyðslulánin voru ekki bara erlendis frá, heldur líka innlendis frá. Það þekkja allir yfirdráttinn í Seðlabankanum, eins og hann var 26. maí, og það er reiknað út af sömu trúnaðaraðilum, sem ég veit að hæstv. fyrrv. fjmrh. og ég höfum mjög góða reynslu af, þetta eru trúverðugir menn.

10. liðurinn var um samneyslu og mismun á samneyslu á milli ára. Það er talið að samneyslan dragist saman um 3% á næsta ári.

11. liðurinn var um lagabreytingu vegna námslána. Það er í höndum menntmrh. og hún hefur boðað þær breytingar sem þarf til þess að það sem gert er verði að sjálfsögðu gert samkv. lögum. Sama er að segja um ýmsar aðrar ráðstafanir sem ríkisstj. hefur gert.

12. liður. Ég held að það stangist ekkert í þessu frv. á við lög um Seðlabanka Íslands, 2. gr. þeirra laga, sem hv. þm. vitnaði í. Ég reikna með að þarna eigi hún við vexti af væntanlegum ríkissjóðsvíxlum sem fjmrh. kemur til með að ráða vaxtakjörum á.

Ég vona, hv. 10. landsk. þm., að ég hafi svarað öllum þeim 12 liðum sem ég skrifaði niður. (**GHelg:** Það vantar aðeins eitt svar. Það varðar tekjuskatt einstaklinga annars vegar og félaga hins vegar.) Já. (**GHelg:** Á bls. 25 og 26 ef ég man rétt.) Ég verð að fá tíma til að svara því, vegna þess að ég er ekki með þau gögn hérna í ræðustól, en ég held að það sé enginn skaði skeður þó að ég fái að geyma það svar.

Hv. 3. þm. Reykn. er nú víst horfinn af vettvangi svo að ég mun ekki dvelja lengi við svör til hans, en hann ruglaði saman erlendum lánum og hlutfalli erlendra lána af þjóðarframleiðslu. Við höfum sagt að þetta hlutfall megi ekki fara fram úr 60% af þjóðarframleiðslunni, eins og það er nú, og við það verður staðið. Ef sá rammi springur af einhverjum ástæðum tel ég alveg sjálfsagt að það komi ekki upp í þessari ríkisstj. eins og í þeirri síðustu, að hún sitji deginum lengur. Þá er hennar stefna sprungin og þá á hún að fara frá.

Þá vil ég leiðrétta það að umrætt Sambandsskip, sem hann gerði að umræðuefni, væri inni í þeirri tölu, sem er 1 000 millj. og er ætlað til atvinnuveganna. Það er ekki inni í þeirri tölu.

Hv. þm. talaði um að það þyrfti að vera betra aðhald til þess að kerfið, eins og hann orðaði það, væri betra stjórntæki. Þar var hann einmitt að ræða um langlánanefnd og lántökur sem færu þar mikið fram úr áætlunum. Ég er alveg sammála. Þetta er einmitt það sem ég hef verið að segja. Ég hef sagt það hér í þessum ræðustól, það gengur ekki, það er alveg sama hver fer með fjármálin, hver er fjmrh. frá einum degi til annars, það gengur alls ekki að ríkissjóður sé rekinn í 4—5 pörtum víðs vegar um bæinn. Það gengur bara ekki. Og langlánanefnd er eitt af þeim dæmum sem ég tók um það hvað ríkissjóður væri rekinn víða. Komi eitthvað upp, bregðist eitthvað, skuldir falla — endanlega á ríkissjóð — án þess að fjmrh. eða ríkissjóður hafi haft nokkuð með það að gera í upphafi ákvarðana, sem brugðust. Þetta á að hluta til við um Seðlabankann, þetta á svo sannarlega við um Framkvæmdastofnun og Byggðasjóð, þetta á við langlánanefnd og víðar mætti kannske telja. Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Reykn. hvað þetta snertir.

Hv. þm. segir að ekkert gagn sé að því að leggja fram lánsfjáráætlun nema uppgjör liggi fyrir. Ég vil þá lýsa því hér yfir að ég mun dreifa þessu uppgjöri strax eftir helgina til allra þm. svo að menn sjái að embættismenn rn. hafa staðið vel að verki við undirbúning þessara fjárlaga og lánsfjáráætlunar. Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. þm. frekar þar sem hann er fjarverandi.

Ég vil þá, herra forseti, geta þess svona í framhjáhlaupi, og þá svara ég hv. fyrrv. fjmrh., 3. þm. Norðurl. v., að það voru ekki mín orð eða gort í minni ræðu að lánsfjáráætlun skyldi lögð fram nú. Ég sagði ekki að það væri einsdæmi, það er langt frá því. (**RA:** Það voru aðrir sem sögðu það.) Ég bið afsökunar, ég hélt að það væri verið að tala til mín þegar þetta var sagt. Ég leiði þetta hjá mér.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa langt mál um þær umr. sem fram hafa farið í kjölfar fjárlagaræðu minnar. Flestu af því, sem um var spurt, er svarað í ræðu minni og í grg. fjárlagafrv., eins og ég vænti að hv. þm. verði ljóst þegar þeir hafa haft tíma til að kynna sér efni ræðunnar betur.

Ég vil þó gera athugasemdir við nokkur atriði sem hafa komið fram. Nokkrir hv. stjórnarandstæðingar héldu því fram að fyrirhugað væri að hækka skattbyrði á næsta ári þrátt fyrir yfirlýsingar mínar um hið gagnstæða. Hér er auðvitað einhver misskilningur á ferðinni. Tekjuáætlun frv. gerir ráð fyrir 20% hækkun tekna hjá gjaldendum frá árinu 1983 til 1984 eða um sama hlutfall og álagður tekjuskattur nettó. Óinnheimtar eftirstöðvar skatta frá fyrri árum munu hins vegar verða þungvægari miðað við álögð gjöld en áður og þess vegna hækka áætlaðar tekjur af beinum sköttum um meira en 20%. Við bætist að auki 1% fjölgun gjaldenda. Þetta vona ég að skýri málið, en ég vil ítreka að það er stefna ríkisstj. að lækka frekar skatta en hækka og þetta kom ágætlega fram í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. áðan.

Varðandi þá staðhæfingu að gert sé ráð fyrir umtalsverðri viðbótarkjaraskerðingu á næsta ári vil ég segja að forsendur fjárlagafrv. að þessu leyti eru hinar sömu og þjóðhagsáætlunar, sem sé þær, að ekki verði frekari kjararýrnun á næsta ári frá því sem er á síðustu mánuðum þessa árs.

Ýmsum þm. varð tíðrætt um fyrirhugaða flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Nú er það að vísu svo, eins og fram

kemur í lánsfjáráætlun, að utanrrh. hefur látið endurmeta þörfina til þessa mannvirkis á næsta ári og hún lækkuð um tæplega 15 millj. kr. Fjárþörfin til flugstöðvarinnar verður því tæplega 89 millj. kr. í stað 104 millj. og er gert ráð fyrir því að það fé verði allt fengið að láni. Bandaríkjamenn munu leggja til þessarar framkvæmdar mun hærri fjárhæð á næsta ári svo sem kunnugt er.

Ég vil aðeins segja um þetta að ný flugstöð á Keflavíkurflugvelli væri þegar risin ef ekki hefði komið til neitunarvald Alþb. í síðustu ríkisstj. Það er því ekki seinna vænna að bæta fyrir þau mistök sem gerð hafa verið í þessu máli á ábyrgð Alþb.

Nokkrir þm. hafa haft orð á því að rekstrarkostnaður ráðuneyta hækkaði óeðlilega mikið í fjárlagafrv. Ég svara þessu með því að vísa til ræðu minnar og þess sem þar er sagt um viðleitni ríkisstj. til að koma á raunhæfum fjárlögum og jafnframt benda á að prósentuhækkanir frá áætlaðri niðurstöðu í ár eru mun lægri eins og fram kemur í frv. Þannig hækka önnur rekstrargjöld um aðeins 16.2% frá endurskoðaðri áætlun 1983, þótt hækkun sé 93% frá hinum marklausu fjárlögum ársins í ár.

Mig langar að spyrja hæstv. fyrrv. fjmrh., Ragnar Arnalds, að því hvort hann telji að álagðar og gjaldfallnar tekjur, en óinnheimtar í árslok 1982 muni innheimtast á næsta ári og hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir því í fjárlögum 1983. Af 850 millj. kr. rekstrarafgangi ríkissjóðs af árinu 1982 eru rúmlega 300 millj. vegna aukningar á útistandandi beinum sköttum á árinu 1982 og rúmlega 200 millj. vegna sölu og orkujöfnunargjalds.

Hv. þm. Ragnar Arnalds geymdi ekki þessar 500 millj. kr. fyrir mig til greiðslu á þeim mikla halla sem verður á ríkissjóði í ár. Hann geymdi mér í reynd ekki neitt. Þegar ég tók við nam yfirdráttur á hlaupareikningi í Seðlabankanum 1.4 milljarði kr. Ef fyrrv. hæstv. fjmrh. hefur haft 850 millj. kr. í kassanum um áramót, þá er eitthvað, ef ég má orða þannig á góðri íslensku, „rotten in the state of Denmark".

Greiðsluhalli ríkissjóðs í árslok 1983, sem nú er áætlað að geti numið allt að 1 milljarði 200 millj. kr. má fyrst og fremst rekja til verulega minnkandi tekna ríkissjóðs sem geta numið allt að 800—1000 millj. kr. á þessu ári.

Í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. kom glögglega fram að stefna hans í ríkisfjármálum er aðeins ein, þ. e. að auka skatta á þjóðinni. Ég er alfarið á móti þeirri stefnu. Ég vil og mun mæta tekjulækkun ríkissjóðs með lækkun útgjalda en ekki auknum sköttum eins og ég gat um í ræðu minni hér fyrr. En það er eitt af meginatriðum fjárlagafrv. fyrir árið 1984.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi að ríkisstj. hefði aukið útgjöld ríkissjóðs árið 1983 um 799 millj. kr. og ef slíkar ákvarðanir hefðu ekki verið teknar yrði ríkissjóður sem næst í jafnvægi við lok þessa árs. Um þessi ummæli hef ég eftirfarandi að segja:

Rétt er að ekki var séð fyrir 100 millj. kr. fjáröflun til vegagerðar. Hins vegar er rétt að hafa það í huga að fyrrv. ríkisstj. ákvað að framkvæmdir skyldu vera í samræmi við drög að vegáætlun. Þessi ákvörðun var tekin þótt engin vegáætlun hefði verið samþykkt og því síður hefði verið tryggt hvernig afla skyldi fjár til fyrirhugaðra framkvæmda.

Hv. þm. gagnrýnir einnig að ríkisstj. skyldi hafa beitt sér fyrir mildandi aðgerðum sem kostuðu 405 millj. kr. Þetta er rétt. En hefði ríkisstj. ekki gripið til þessara ráðstafana og verðbólgan geyst áfram óheft hefðu útgjöld ríkissjóðs orðið um 200 millj. kr. hærri. Efnahagsaðgerðir frá því í maí s. l. veittu viðnám gegn verðbólgunni. Enn fremur er rétt hjá fyrrv. fjmrh. að greiðslur ríkissjóðs vegna vaxta og geymslukostnaðar hafi hækkað frá fjárlögum um 178 millj. kr. En hæstv. fyrrv. fjmrh. virðist búinn að gleyma því að þegar hann lét af embætti höfðu verið greiddar 100 millj. kr. í vaxta- og geymslukostnað án þess að til þess hefði verið aflað tekna.

Niðurskurður 1983 um 300 millj. kr. kom ekki til framkvæmda því að fljótlega var ljóst að fjárhagur flestra stofnana ríkisins var slíkur að það var allsendis óraunhæft að beita niðurskurðarheimildinni. Þegar fyrrv. fjmrh. lét af embætti á miðju þessu ári hafði hann samþykkt aukafjárveitingar yfir 500 millj. kr.

Það er rétt ábending hjá fyrrv. fjmrh. að ekki er ráðgert að greiða vexti til Seðlabankans á næsti ári af þeirri skuld er verður á hlaupareikningum ríkissjóðs í lok þessa árs. Hér verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Það bú er þessi ríkisstj. tók við var erfitt og rangar forsendur fjárlaga þessa árs hafa leitt til þess að skuldastaðan við Seðlabankann er nú 1.8 milljarður kr. Um skuldina í lok þessa árs eða vexti af henni á næsta ári hefur ekki enn verið samið við Seðlabankann, en málið hefur þó verið rætt. Ég vona að samningar takist á þann veg að vextir og afborganir þurfi ekki að reyna meira á greiðsluþol ríkissjóðs á árinu 1984 en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. fyrrv. fjmrh. benti réttilega á að fyrirhugaðar lántökur vegna vegagerðarinnar, sem fram komu í lánsfjáráætlun að fjárhæð 480 millj. kr., komu ekki fram í A-hluta fjárlaga. Rekstrarhalli mun að sjálfsögðu verða á fjárlagadæminu ef þessi upphæð eða þessi fjárhæð yrði tekin inn án frekari aðgerða. Ég vil benda á að í A-hluta fjárlaga fyrir árið 1984 eru nú teknar inn vaxtagreiðslur vegna byggðalínu, eins og komið hefur fram hér í umr., að fjárhæð 267 millj. kr., sem hæstv. fyrrv. fjmrh. kaus að fjármagna með lántöku í B-hluta fjárlaga áður. Alþm. verða nú að taka afstöðu til þess hvort eigi að reka ríkissjóð á næsta ári með rekstrarhalla eða gera þær breytingar á fjárlagafrv. sem hér er til umræðu þannig að rekstrarafgangur verði á næsta ári. Eigi halli að verða á ríkissjóði vil ég að hann sé öllum ljós en ekki sé verið að fela gjöldin á millifærslum í B-hluta ríkisreiknings.

Stefna ríkisstj. í launamálum á næsta ári er alveg ljós. Frá heildarlaunagreiðslum á verðlagi des.-mánaðar á næsta ári á að draga saman ársútgjöld launa um 2.5% á árinu 1984, m. a. með því að endurráða ekki í störf sem losna ef hægt er að komast hjá því. Kannske væri hægt að komast hjá því með tilfærslum á milli starfa eða stofnana, ráða ekki í sumarafleysingar og draga úr yfirvinnu. Ráða ekki í sumarafleysingar þýðir einfaldlega það að minnka þjónustu á meðan á sumarleyfum stendur.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að þakka virðulegri stjórnarandstöðu málefnalegar umr. við þessa fyrstu umr. um fjárlagafrv. í dag. Vonandi megum við eiga góða samvinnu við fjárlagagerðina fyrir

árið 1984 hafandi í huga þau vandamál sem blasa nú við íslensku þjóðinni. Ég vil að lokum, herra forseti, þakka samstarfsfólki mínu í fjmrn. fyrir frábærlega vel unnin störf við gerð þessa fjárlagafrv. Þar er hinn hæfasti starfskraftur í hverri stöðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 10. fundur.

Mánudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. okt. 1983.

Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson félagsmálafulltrúi á Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf Jóns Kristjánssonar til athugunar. Verður gefið fundarhlé á meðan í 5 mínútur. Fundinum er frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og kannað kjörbréf fyrir Jón Kristjánsson félagsmálafullrúa á Egilsstöðum, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, en það er óskað eftir að hann taki sæti nú á Alþingi. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kosningu Jóns Kristjánssonar né við kjörbréf hans. Leggur hún því einróma til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Jón Kristjánsson hefur setið áður á Alþingi. Býð ég hann velkominn til starfa.

Fjárlög 1984, frv. 1. mál (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 40 shlj. atkv.

Efri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 31. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 8). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Orkulög, frv. 42. mál (þskj. 45). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir, en ekki með, frv. til l. um staðfestingu á brbl. frá 8. apríl s. l., sem er að finna á þskj. 45. Ekki skal um það dæmt nú hverja nauðsyn bar til setningar þessara brbl. á sínum tíma. Hitt má öllum ljóst vera, að það er ekki stefna núv. ríkisstj. að hafa þann hátt á um ákvörðun orkuverðs sem í þeim lögum segir. Er þess vegna lagt til að frv. verði fellt.

Í stjórnaryfirlýsingu segir að sveitarfélög skuli ákveða sjálf verð á þjónustu sinni. Á það auðvitað ekki síst við um sölu á orku, sem þau hafa velflest með höndum. Á hitt ber auðvitað að líta, að alls ekkert svigrúm er til hækkunar orkuverðs á þeim svæðum og í þeim greinum þar sem það nú er hæst. Á það sérstaklega við um raforkusölu til húshitunar og orku nýjustu og dýrustu hitaveitna. Þvert á móti ber brýna nauðsyn til að lækka húshitunarkostnað þar sem þannig stendur á.

Á vegum iðnrn. fara nú fram ítarlegar kannanir í þessum efnum, t. d. hvernig bæta megi einangrun húsa, en þann veg hyggja sérfróðir menn að spara megi stórfé. Komi það þeim enda best sem verst eru settir og þyngstar byrðarnar bera af hitun húsa sinna. Á það ber að leggja áherslu að hverfa frá niðurgreiðslum og skattlagningu til þeirra og til orkusparandi aðgerða og lækkunar orkuverðs. Fast verður knúið á um að skattar verði felldir niður af orkusölu til húshitunar svo fljótt sem unnt er.

Meiri hluti þjóðarinnar býr nú orðið sem betur fer við ódýra orku til húshitunar frá hitaveitum. En fimmtungur þjóðarinnar býr enn við óbærilegar aðstæður í þessum efnum, þar sem húshitunarkostnaðurinn er að sliga heimilin. Allt kapp ber að leggja á að leysa þann háskalega vanda.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er augljóst að hæstv. iðnrh. leggur til að þetta frv. nái ekki fram að ganga. Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því, enda þótt þess gerist ekki þörf vegna þeirra sem áður sátu í þessari deild, að á liðnum vetri var lagt hér fram frv. sem hljóðaði efnislega eins og þessi brbl. sem út voru gefin af fyrrv. hæstv. ríkisstj. Þegar umr. um það frv. átti sér stað lýsti ég því yfir að meðan héraðsrafmagnsveitur, hitaveitur — og Rafmagnsveitur ríkisins raunar líka þyrftu að fá samþykki ráðh. fyrir sínum gjaldskrám, þá væri ekki óeðlilegt að Landsvirkjun þyrfti einnig að fá staðfestingu ráðh. á sinni gjaldskrá. Umr. lauk og málinu var vísað til nefndar og þar var haldið áfram að fjalla um það.

Ýmislegt kom fram við umfjöllun í nefndinni frá þeim aðilum sem staðið höfðu að samningum um nýja

Landsvirkjun. Þeir samningar voru, eins og hv. alþm. er kunnugt, að hluta til samþykktir á liðnu vori og það í formi nýrra laga um Landsvirkjun. Ein af meginforsendum þess samkomulags sem tókst um Landsvirkjun á endanum var sú, að áfram væri inni í landsvirkjunarlögum ákvæði þess efnis, að stjórn Landsvirkjunar gæti sett fyrirtækinu gjaldskrá hverju sinni, að fengnum tillögum, eins og áður var, Efnahagsstofnunar, nú að sjálfsögðu Þjóðhagsstofnunar.

Eins og kunnugt er fór það svo, að málið komst ekki út úr nefndinni. Það var mitt álit sem formanns þessarar hv. nefndar, að alls ekki væri þingmeirihluti fyrir því að ganga með þessum hætti á bak orða sinna, eins og þau höfðu verið sögð og lágu til grundvallar þeim samningi um nýja Landsvirkjun sem nú hefur verið lögfestur. Viðhorf geta að sjálfsögðu breyst. Nú tekur iðnn. þetta mál til umfjöllunar. Ég skal ekkert segja um það, hvað kemur út úr þeirri umfjöllun. En ég spyr hæstv. iðnrh. hvort eindrægni sé innan ríkisstj. um þetta mál, hvort full samstaða sé um þá málsmeðferð sem fram kom í máli hæstv. ráðh.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Um þetta mál mætti vissulega hafa mörg orð. Ég skal ekki fara út í það hér nánar. Mér þótti hins vegar býsna forvitnilegt að heyra spurningu hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar um eindrægni innan ríkisstj. varðandi þetta mál, því að ég heyrði ekki betur en hæstv. iðnrh. legði það til, að sjálfsögðu fyrir hönd ríkisstj., að þetta frv. yrði fellt. Ég heyrði engar persónulegar óskir hans í því efni, heldur talaði hann auðvitað í umboði allrar ríkisstj. sem slíkur þegar hann lagði til að þetta frv. yrði fellt.

Ég ætla ekki að fara náið út í þetta mál en mér skilst að þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh. megi túlka á þann veg, að áfram eigi Landsvirkjun ein að vera undanþegin öllu eftirliti varðandi sína gjaldskrá og fái að hafa sjálfdæmi þar um. Það hlýtur að vera.

Maður hefði nú kannske haldið, miðað við það frv. sem hér liggur líka fyrir deildinni til staðfestingar á brbl. um verðlagsmál, að hæstv. ríkisstj. þætti ágætt að hafa þessi ákvæði um Landsvirkjun inni, sér til styrktar í því að halda niðri verðlagi, því að þar er sagt að verðlagsyfirvöld og aðrir opinberir aðilar, sem fara með verðlagsákvarðanir, skuli aðeins leyfa óhjákvæmilega hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu, og það væri þá ekki amalegt fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa þetta ákvæði sér til enn frekari tryggingar. Því spyr ég: Hyggst ríkisstj. þá í krafti þessara brbl., sem væntanlega verða staðfest hér um verðlagsmál, hindra það að Landsvirkjun fái hækkanir umfram það sem segir í þeim lögum?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. velti fyrir sér hvert framhald yrði á meðferð þessa máls í hv. nefnd. Með vísun til þess sem segir í stjórnaryfirlýsingu, til að mynda þetta berum orðum, að sveitarfélögin skuli sjálf ákveða verð á þjónustu sinni, þ. á m. rekstri hitaveitu o. s. frv. er auðvitað lagt til að þetta frv. til staðfestingar á brbl., um vald iðnrh. til að taka ákvörðun um orkuverð, verði fellt. Ég á helst ekki von á því að framhaldið verði með öðru móti. Um þetta var enginn ágreiningur í hæstv. ríkisstj., sem af líkum leiðir.

Varðandi orð hv. 2. þm. Austurl., þá get ég haft skammar signingar yfir svari til hans þeirra vegna. Eins og fram kom í framsögu minni er það ekki stefna núv. ríkisstj. að haga málum með þessum hætti, en að sjálfsögðu, ef allt ætlar úr skorðum að ganga, verðlag orkunnar í landinu eins og nú standa sakir, þá gæti auðvitað komið til þess að ríkisstj. yrði að grípa í taumana. Ég tók það fram að það er skoðun mín og hæstv. ríkisstj. að það sé ekkert, alls ekkert svigrúm til að hækka orkuverð frá því sem það nú er, t. d. til rafhitunar húsa og hjá hitaveitum, sem hæst orkuverð hafa, alls ekkert.

Hitt kann að vera, að það finnist hitaveitur, ég skal ekki um það dæma, sem selja orku sína svo ódýrt að þær teldu fært þess vegna að taka ákvörðun um hækkun á hitaveitugjöldum til að mynda. Um það skal ég ekki dæma. En það verður þá að vera á þeirra ábyrgð. Auðvitað mun ríkisstj. fylgjast með að þessi mál gangi ekki úr skorðum og, eins og ég tók fram, það er brýnasta nauðsyn að finna ráð til að létta þessum ofurþunga gjalda af fimmtungi þjóðarinnar, þar sem þessi gjöld, húshitunarkostnaðurinn, eru sannanlega að sliga heimilin. En sá háttur sem á var hafður við setningu þessara brbl. og fylgt eftir með því að synja um orkuverðshækkanir, enda þótt það hefði leitt til ótrúlegrar skuldasöfnunar hjá Landsvirkjun, það er ekki sá háttur sem núv. ríkisstj. ætlar að hafa á þessum málum. En ég fullvissa hv. deild um það, að vandlega verður fylgst með framgangi þeirra og að sjálfsögðu mun ríkisstj. framkvæma þau lög sem hún setur um verðlagsákvæði að öllu leyti.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Virðulegi forseti. Komið hefur fram að það mál sem hér er til umr. var rætt á síðasta þingi, þegar til 1. umr. var frv. til l. um breytingar á orkulögunum. Það frv., sem var stjfrv., var ekki einungis efnislega eins og frv. það sem nú liggur fyrir til staðfestingar á brbl., það var nákvæmlega eins orðað.

Ég tók þátt í þeim umr. og varaði við því frv. þá og það var nokkuð í sama anda eins og mér skildist á hv. 5. þm. Vesturl. sem hér talaði áðan. Ég taldi hann líka vara við frv. þá og það virtist ekki hafa meiri hl. í þinginu. Því var vísað með eðlilegum hætti til iðnn. þessarar deildar og þar fékk það enga afgreiðslu. Með tilliti til þessa vil ég lýsa því yfir, að ég er samþykkur því sem hæstv. iðnrh. sagði um það frv. sem nú liggur fyrir. Ég hef ekki breytt um skoðun frá því í fyrra á síðasta þingi og tel að þessi brbl., sem frv. þetta sem við nú ræðum fjallar um, verði ekki samþykkt, tel að það eigi ekki að samþykkja.

Þetta mál bar að með nokkuð einkennilegum hætti á síðasta þingi og var í eðli sínu harla einkennilegt miðað við stöðu mála þá og sérstaklega það sem gerst hafði í málum Landsvirkjunar. Það eru í gildandi orkulögum ákvæði um gjaldskrá orkufyrirtækja. Þau ákvæði er að finna í 25. gr. orkulaganna og varðar rafveitur og í 29. gr. orkulaganna og varðar hitaveitur. Þar er gert ráð fyrir að staðfestingu ráðherra þurfi á gjaldskrám sem veiturnar setja sér. En meðan verðstöðvunarlög giltu, 1970—1981, hafði ríkisstj. með stoð í þeim lögum víðtækara vald heldur en er í orkulögum. Þegar þeim lögum sleppti 1981, þá hafði ríkisstj. í raun og veru ekki við að styðjast önnur lagaákvæði í þessu efni en eru í orkulögum. Að mínu viti fór þá ríkisstj. fram úr þeim

heimildum sem hún hafði til þess að ákveða gjaldskrá fyrirtækja eftir að verðstöðvunarlögunum linnti.

En ég sagði áðan að málið hefði borið að með nokkuð einkennilegum hætti með tilliti til Landsvirkjunar. Í grg. með frv., sem lagt var fram á síðasta þingi, kemur fram að frv. þetta er talið fyrst og fremst borið fram vegna Landsvirkjunar, að það þurfi að setja ákvæði í lög um það að Landsvirkjun hafi ekki heimild til að ákveða sína gjaldskrá. En samkv. lögum um Landsvirkjun hafði Landsvirkjun þessa heimild. Nú var það að þegar þetta mál bar að á síðasta þingi, þá var nýlokið að ganga frá samningum milli Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar um sameiningu. Þar bar þetta mál mjög á góma og var sett sem skilyrði í þeirri samningagerð að ekki yrði hróflað við valdi Landsvirkjunar í þessu efni. Það var ekki heldur gert samkv. lögunum um Landsvirkjun, sem samþykkt voru á síðasta þingi eða 14. mars 1983. Í þeim lögum segir í 13. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Landsvirkjunar setur að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar gjaldskrá fyrir Landsvirkjun."

Ríkisstj. á ekki að koma þarna að málum. Þetta er í lögum sem sett voru á síðasta þingi og þetta er ákvæði sem sérstaklega var samið um. Þess vegna benti ég á það, þegar frv. ríkisstj. um breytingar í þessum efnum var lagt fram á síðasta þingi, að það stangaðist á við það sem samið hefði verið um við sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar og stangaðist á við stjfrv. að nýjum lögum um Landsvirkjun á þann veg sem ég hef nú þegar greint frá. Með tilliti til þessa þykir mér einsýnt að það eigi að fara um örlög þessara brbl. á þann veg sem hæstv. iðnrh. lagði til.

Um eitt er ég ekki sammála hæstv. iðnrh. Hann lagði til að þessu máli yrði vísað til fjh.- og viðskn. Það kemur stundum fyrir að það getur verið álitamál í hvaða nefnd eigi að vísa einstökum frumvörpum eða málum Alþingis. En það er mjög sjaldan, það eru hreinustu undantekningar. Venjulega liggur þetta alveg ljóst fyrir. Í þessu tilfelli getur það ekki legið ljósar fyrir að það ber að vísa þessu frv. til hv. iðnn. Hv. iðnn. hefur alltaf fjallað um og á að fjalla um mál sem varða orkuveiturnar, hvort sem það varðar gjaldskrár eða annað svo sem rafveiturnar eða orkuveiturnar. Þessum málum hefur alltaf verið vísað til iðnn. Að sjálfsögðu var það svo á síðasta þingi þegar frv. því sem þá lá fyrir um þetta efni var vísað til hv. iðnn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Brbl. sem hér eru til umr. voru sett á sínum tíma til þess að stjórnvöld gætu haft nokkurn hemil á takmarkalitlum hækkunum Landsvirkjunar á raforku. Þau voru sett af brýnni nauðsyn til þess að grípa inn í áformaða mikla hækkun á raforku frá Landsvirkjun.

Aðspurður eða að eigin frumkvæði, ég veit ekki hvort heldur var, mun hæstv. iðnrh. hafa lýst því yfir að hann legði til að frv. yrði fellt. En síðan var hann spurður hvort ríkisstj. teldi ekki óhjákvæmilegt að hafa nokkurn hemil á hækkunum á raforkuverði, og þá svaraði hann því hér rétt áðan, að það gæti verið óhjákvæmilegt að ríkisstj. gripi inn í og hefði hemil á og það væru ekki nein tök á frekari hækkunum um sinn á raforkuverði frá Landsvirkjun. Ég verð nú að segja alveg eins og er að mér heyrist nú stangast nokkuð hvað á annars horn í þessum málflutningi, því að brbl. eru sett einungis til þess að hæstv. iðnrh. geti gripið inn í þegar honum sjálfum finnst óhjákvæmilegt að gera það. Þau skylda hann ekki til þess. Hann getur samþykkt allar þær hækkanir Landsvirkjunar sem honum finnst eðlilegar og sjálfsagðar, en það veitir honum vald til að grípa inn í. Og hæstv. ráðh. var að enda við að lýsa því yfir, að það kynni að vera nauðsynlegt að grípa inn í. Samt sem áður vill hann láta fella þessi brbl., sem veita honum einmitt þá heimild sem hann bersýnilega telur nauðsynlegt að hann hafi.

Ég vil minna á að þessi brbl. voru sett í kjölfar þess að raforkuverð frá Landsvirkjun hafði hækkað um 119% á árinu 1982. Og á tímabilinu frá 1. apríl 1982 til 1. febr. 1983, ef það tæpa ár er tekið, nam hækkunin 147.7%, sem sagt á 9 mánaða tímabili, frá apríl 1982 til febrúarbyrjunar 1983. (**EG:** Hverjir voru nú aftur í stjórn þá?)

Jú, vissulega var þá ágæt stjórn við völd, sem ég heyri að hv. þm. minnist af nokkrum söknuði. Og ekki er hér verið að segja að þessar hækkanir hafi ekki verið óhjákvæmilegar á þessum tíma. Ég hygg að svo hafi verið. Hins vegar er þetta sagt hér fyrst og fremst til að minna á að einhvers staðar verður að stöðva sig. Og það var álit þessarar þáv. ágætu ríkisstj. að mál væri að linnti, að hækkanir sem orðnar voru 147.7% á 9 mánaða skeiði yrðu að duga um sinn og ekki væri efni til að bæta neinu við. Þess vegna voru lögin sett. Þau voru sett til að koma í veg fyrir það að Landsvirkjun hækkaði hér taxta um 30% til viðbótar við þau 147.7% sem komin voru.

Síðan þetta gerðist hefur Landsvirkjun komið fram þessari hækkun, m. a. með atbeina hæstv. núv. iðnrh., eftir að stjórnarskipti urðu. Þá er hækkunin greinilega komin yfir 180%, einhvers staðar milli 180 og 190% á liðlega einu ári. Byggingarvísitala hækkaði hins vegar á tímabilinu 1. apríl 1982 til 1. febrúar 1983 um 63%. Hún hefur vissulega hækkað eitthvað dálítið síðan, en það er greinilegt að byggingarvísitalan er ekki nema hálfdrættingur á við þessar gífurlegu hækkanir sem hafa skollið yfir af hálfu Landsvirkjunar. Það er því óhjákvæmilegt að ríkisvaldið hafi einhverja möguleika til að stemma stigu við takmarkalausum hækkunum. Og þess vegna þarf hæstv. iðnrh. að hafa þetta vald. Það hefur hann þegar viðurkennt sjálfur í þessum umr. og ætti því ekki að láta slíkt og annað eins út úr sér — að það sé best að fella þetta frv., sem veitir honum einmitt þetta vald.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en ég vildi að lokum benda hæstv. ráðh. á það, vegna þess að ég vona að um mistök hafi verið að ræða, að þegar um er að ræða brbl., sem sett eru af ráðh. í fráfarandi ríkisstj., þá á auðvitað að taka nokkurt tillit til þess í hvorri deildinni hann situr, sá sem stóð að þessari lagagerð. Auðvitað átti að flytja þetta frv. um staðfestingu á brbl. í Nd., þar sem fyrrv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson á sæti, því að það getur vel farið svo, að þetta frv. komi aldrei til Nd., að það dagi uppi í nefnd, sem vel gæti verið, því að það er ekkert sem beinlínis kallar á það að frv. sé staðfest og samþykkt, ef menn ætla sér að deyða það, eins og sumir virðast ætla. Og eins gæti hitt gerst, að frv. væri hreinlega fellt hérna í deildinni, og þá fer það ekki til Nd. Þar með mundi sá maður, sem stóð fyrir setningu laganna og þekkti allra manna best þau rök sem fyrir hendi voru, aldrei fá tækifæri til að segja álit sitt á lögunum. Það væri

vissulega ekki til fyrirmyndar. Ég vonast til að þetta hafi verið mistök hjá hæstv. ráðh., en engu að síður tel ég afleitt að slíkt skuli eiga sér stað.

Ég vil svo að lokum taka undir með hv. seinasta ræðumanni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, að eðlilegast virðist vera að frv. gangi til iðnn. Mun ég styðja þá tillögu.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að málið gangi til iðnn. Ég velti þessu máli ekki sérstaklega fyrir mér, heldur leit til þess að hér er um fjárhagsatriði fyrst og fremst að tefla, atriði fjárhagslegs eðlis, en að sjálfsögðu ber að hafa það sem venja segir til um í þessu falli.

Varðandi það hvar þetta mál var lagt fyrir er það að segja að ég hef þá skoðun að ráðh. þurfi að gá betur að dreifingu mála milli deilda en verið hefur um langa hríð. Af þessu hafði ég reynslu og nokkra raun stundum, því árátta hefur verið að leggja á stundum öll mál fram í Nd., og hefur orsakað misvægi í störfum. Það eru tvö mál á mínum vegum, sem hafa verið lögð fram, og ég bað um að þeim yrði skipt milli deilda. En að mér kæmi til hugar að ég væri með því móti að svipta fyrirrennara minn málfrelsi í þessu máli er fjarri öllu lagi. Og ef svo færi nú, sem líkur eru á auðvitað, að þetta mál gangi ekki lengra en e. t. v. til 2. umr. hér, þá er ég reiðubúinn til þess hvenær sem er að ræða þessi mál, t. a. m. utan dagskrár í Nd. eða í Sþ., með hvaða hætti svo sem menn kysu. Það er fjarri öllu lagi að með þessu móti hafi verið reynt að koma í veg fyrir að fyrirrennari minn fengi fullt málfrelsi eða aðstöðu til að ræða þessi máls eins og honum líst. Við erum alltaf að fá lýsingar hjá fyrrv. ríkisstj.-mönnum á ástandinu eins og það var í þeirra tíð og afleiðingum þeirrar ráðdeildar allrar. Og það er verið að rifja upp hvernig orkuverðið var ákveðið og hvaða ráða mönnum sýndist að til þyrfti að grípa undir lok þeirrar stjórnarsetu, með því að iðnrh. var fengið alræðisvald í ákvörðunum um orkuverð.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. rifjaði upp gífurlegar hækkanir á árinu 1982 hjá Landsvirkjun. En hvernig var rekstur fyrirtækisins? Ég hélt að það skipti höfuðmáli. Hann var 152 millj. kr. tap á árinu 1982. Hvernig hugðist fyrirrennari minn, hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson, ætla að beita þessu alræðisvaldi sínu sem honum var fengið í hendur? Með því að neita með öllu öllum hækkunum á orkuverði Landsvirkjunar. Það var áreiðanlega, ég veit með vissu að ég fer þar ekki með staðlausa stafi heldur staðreyndir, Framsfl. sem knúði fram í byrjun maí 10% hækkun á orkuverði Landsvirkjunar gegn andstöðu frá fyrirrennara mínum.

En hvert hefði stefnt í málefnum Landsvirkjunar, þessa stórfyrirtækis okkar í þessum mikilvæga málaflokki, ef þessi stefna hefði náð fram að ganga? Það hefði stefnt í yfir 400 millj. kr. halla, tap á rekstri Landsvirkjunar. Hvaða sköpuð ráð ætluðu menn þá að hafa? Dettur einhverjum lifandi í hug að ég hafi gengið hlæjandi til sængur það kvöld sem ég þurfti að ákveða þessar ógnar verðhækkanir hjá Landsvirkjun sem dæmin sanna á liðnu sumri? Það er öðru nær. Ég þekki allt of vel til í þeim landshlutum þar sem húshitunarkostnaðurinn er gersamlega að ganga fram af heimilunum og leggja þau á hliðina fjárhagslega. En hvað var þá til ráða ef menn ætluðu að beita lögunum með þessum hætti, að banna Landsvirkjun hækkun á orkuverðinu? Þá blasti auðvitað bara ein leið við. Sú gamla leið að taka erlend lán til að reka þessi fyrirtæki okkar, eins og gert hefur verið við hin stærstu og þýðingarmestu fyrirtæki sem ríkið hefur rekið t. a. m. Sementsverksmiðju og Áburðarverksmiðju. Þessi 25 og 27 ára gömlu fyrirtæki eru með byrðar erlendra lána á herðunum og framleiðsluvörur þeirra þurfa að vera dýrar. Af hverju? Af því að vegna vísitöluleiksins hafa fyrirtækin aldrei fengið að verðleggja vöruna eins og til þurfti til að ná rekstrarhagkvæmni. Og mismunurinn — tapið — hefur verið bætt upp með erlendum lánum. Þetta blasir við öllum.

Nei, það er ekki stefna núv. ríkisstj. að slíkt allsherjarvald skuli vera í höndum hennar eða einstakra ráðh. Við treystum sveitarstjórnum og stjórnum fyrirtækja ríkisins fullvel og jafnvel til að taka þessar ákvarðanir með allra hag fyrir augum — og auðvitað fyrirtækjanna um leið. Og það þarf engan orðhengilshátt í þessu sambandi hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að ég hafi talað í hring, að ríkisstj. mundi grípa í taumana ef þess þyrfti. Ég sagði að ef þessi mál ætluðu að ganga úr böndunum, ég hef enga ástæðu til að ætla að svo verði, en ef þau gengju úr böndunum með kolröngum ákvörðunum, ákvörðunum um stórhækkað verð, sem ekki stenst, þá mundi ríkisstj. að sjálfsögðu neyðast til að grípa í taumana. En ég á ekki nokkra von á því að slíkt verði, öðru nær, og fyrir því leggjum við til að þessi brbl. verði numin úr gildi.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. sagði að það væri ekki stefna þessarar hæstv. ríkisstj. að taka sér vald. Það er hressilega mælt, því að engin ríkisstj. hefur tekið sér rækilegra vald en einmitt þessi, tekið sér vald til að skipa málum fólksins í landinu á þann hátt sem hún hefur gert. En auðvitað skil ég mætavel að ríkisstj. vill ekki taka sér hið sama vald og hún hefur tekið sér gagnvart fólkinu gagnvart jafngöfugu fyrirtæki og Landsvirkjun. Ég skil það mætavel.

Ófögur var lýsing á þessu fyrirtæki og rekstri þess, Landsvirkjunarfyrirtækinu, hjá hæstv. núv. iðnrh. Og ekki er mikil ráðdeild á þeim bæ greinilega, enda hefur okkur löngum verið það ljóst, þó að menn hafi haft þar ákveðna goðsögn í huga, að ýmislegt væri öðruvísi á þeim bæ en vera ætti, sem skýrist náttúrlega fyrst og síðast af því hvernig þar er staðið að orkusölunni til útlendinga, þar sem sami aðili á reyndar stóran þátt í þeim samningum sem þar hafa verið gerðir.

En það er rétt hjá hæstv. iðnrh., hann hefur komið hér með margendurteknar yfirlýsingar um þann ofurþunga hitunarkostnaðar sem hvílir á íbúum þessa lands. Og vissulega var það svo, þegar þessar hækkanir á gjaldskrá Landsvirkjunar flæddu út yfir alla bakka núna í vor, að hæstv. ríkisstj. sá sér ekki annað fært en að láta um leið nokkrar niðurgreiðslur á húshituninni af hendi til viðbótar. En auðvitað veit hæstv. iðnrh. betur en allir aðrir að þær niðurgreiðslur, sem áttu að heita mildandi aðgerðir m. a. s. og hafa verið talin ein helsta skrautfjöðrin í hinum mildandi aðgerðum, þær 150 millj. eru allar horfnar. Þær hurfu í Landsvirkjunarhítina allar eins og þær lögðu sig. Og það sem meira er, almenningur hefur þar bætt við, hann hefur bætt þar við í húshitunarkostnaði til að greiða í þessa sömu hít. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. iðnrh. um það hverju hann

teldi að þessar niðurgreiðslur, þessi mildandi aðgerð, hefði skilað í raunverulegri lækkun húshitunarkostnaðar fólksins í landinu. Hverju hefur hún skilað frá því að þessi ríkisstj. tók við, eftir öll þau stóru orð sem þar voru uppi höfð? Ég veit nokkurn veginn svarið en ég vildi gjarnan fá að heyra þessa lækkun, þessa mildandi aðgerð, af vörum hæstv. iðnrh. sjálfs.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Aðeins svar við þessari fsp. Okkur hefur með þessu tekist, þrátt fyrir hækkandi orkuverð, að halda rafhitunarkostnaðinum fyrir neðan þau 60% af óniðurgreiddri olíu sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. setti sér að markmiði að halda.

Ólafur Jóhannesson: Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja það að hæstv. iðnrh. kemur mér í heldur ljótan vanda. Ég hef að vísu ekki ritað undir þau brbl. sem hér liggja fyrir. En um þau var fjallað í fyrrv. ríkisstj. og þar samþykkti ég þau og útgáfu þeirra ásamt öðrum ráðh. Nú kemur hæstv. iðnrh. og mælist til þess við mig ásamt öðrum þdm. að fella þetta frv., að vísu ekki alveg strax heldur eftir nánari skoðun. Þetta er nú dálítið stór biti að kyngja. Og maður þarf helst að hafa eitthvað mjúkt til að renna honum niður með.

Ég féllst á þessi brbl. á sínum tíma, sem hafa aðeins það ákvæði að geyma að gjaldskrár séu háðar samþykki ráðh. af þeirri ástæðu að ég taldi þá og tel enn að svona ákvæði séu skynsamleg. Það er alvanalegt að slíkt ákvæði sé sett, að samþykki viðkomandi ráðh. sé áskilið til reglugerða, samþykkta og annarra þvílíkra ákvarðana sem lægra sett stjórnvald tekur og hefur heimild til að taka. Ég held að þetta sé eðlilegur þáttur í því að hafa heildarstjórn á hlutum. Það er engin ástæða til þess að gera því skóna að neinn ráðh. misnoti þetta vald. En rökin sem ég fékk nú frekast út úr máli hæstv. iðnrh. voru samt þau, að fyrrv. hæstv. iðnrh. hefði ekki verið treystandi og væri ekki treystandi til þess að fara með þetta vald. Nú er sá fyrrv. ráðh. á burtu og í stólinn er sestur núv. hæstv. iðnrh. Ekki getur það verið að hann vantreysti sjálfum sér til að fara með slíkt vald? Það getur ekki verið. Ég verð að segja það að ég vantreysti honum ekkert til að fara með þetta vald. En ég fæ eiginlega ekki séð hvernig ég ætti að rökstyðja mín sinnaskipti, nema þá helst með því að ég hefði treyst fyrrv. hæstv. iðnrh. til að fara með þetta vald en treysti ekki núv. hæstv. iðnrh. til að fara með þetta vald. Og það er dálítið, eins og ég sagði, stór biti fyrir mig, og ég býst við fyrir aðra, að kyngja því.

Ég vildi taka þetta fram því að líklega fer fyrir mér eins og hæstv. iðnrh., að ég geng ekki þetta kveldið hlæjandi til sængur, þegar ég þarf að bræða þetta með mér, hvort ég eigi að verða við þessum tilmælum núv. hæstv. iðnrh. að fella þetta frv. þegar þar að kemur. Ég vil alls ekki ræða neitt um Landsvirkjun og hennar rekstur í þessu sambandi. Þetta er almennt ákvæði, sem á almennt við, alveg óháð einstökum fyrirtækjum, og ég vil alls ekki blanda umr. um það neitt inn í þetta.

En ég verð náttúrlega að skoða þetta mál og kynna mér það hjá fyrrv. hæstv. kollega mínum, hvort þeir hafi fengið eitthvert meðlæti til að renna þessu niður. Ég ætla sem sagt að skoða málið, en er alls ekki reiðubúinn á þessari stund til að víkja frá þeirri ákvörðun sem ég tók á sínum tíma og átti þátt í að taka á sínum tíma. Og ég er af sannfæringu með því að hafa svona almenn ákvæði í lögum. Það er hættulaust, það er engin ástæða almennt til þess að halda að ráðh. fari að misbeita slíku valdi. En eins og ég sagði áðan og vil endurtaka, þá eru almenn ákvæði af þessu tagi alveg nauðsynleg til þess að tryggja ríkisstj. og ráðh. heildarstjórn á málum, og að það sé samræmi í hlutum. Til þess hefur ríkisstj. besta aðstöðu að fylgjast með í þeim efnum.

Og ég veit ekki betur en að það sé markmið hæstv. núv. ríkisstj., enda kom það alveg greinilega fram hjá hæstv. iðnrh., að hafa mjög fast — ég veit ekki hvort ég má segja eftirlit — en föst tök á verðlagsmálum og fylgjast ákaflega vel með í þeim málum. Enda liggur það í hlutarins eðli þar sem hennar meginmarkmið er það að koma verðbólgunni niður, þá verður hún að hafa tök á þessum þætti mála. Þess vegna er það að mínu mati nauðsynlegt að stjórnin hafi í höndunum nægilega stýristauma. En hún getur farið mjúklega með það stýri og tekið skynsamlega á þessum málum. En auðvitað verður aldrei stjórnað án þess að hafa vald, það er eins og hver önnur firra.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég tel það að vísu ekki mitt hlutverk að kenna framsóknarmönnum að kyngja, en þó virtist mér nú sem hæstv. forsrh. kæmi þessu niður án meðlætis, þegar ég lagði fyrir hæstv. ríkisstj. till. mína um að þessi brbl. yrðu numin úr gildi. Menn vilja ekki heldur ræða um Landsvirkjun og afkomu hennar í þessu sambandi. Látum það þá svo vera. En ég minnist þess, að hv. 9. þm. Reykv. hvatti menn á sínum tíma til að lesa kvölds og morgna páv. ríkisstjórnarsáttmála, Ólafskver, og ég held að einstaka maður hafi farið að þeim ráðleggingum. En nú er spurningin hvort hann vildi ekki bregða á það ráð og segja mér þá til, þessi lögspaki maður, hvað merkir ákvæði í núverandi stjórnarsáttmála um það að sveitarfélög skuli sjálf ákveða verð á þjónustu sinni? Það er með beinni vísan til þessa ákvæðis sem það er lagt til að þessi brbl. verði numin úr gildi. Það vill nefnilega þannig til að velflest þeirra hafa með höndum sölu á orku. Sérstaklega á þetta við um hitaveitur. Ég sé því ekki að þetta ákvæði stjórnarsáttmálans nái fram að ganga nema með því móti að nema slíkt alræðisvald úr gildi.

En ég nefni þetta alveg sérstaklega vegna þess að ég hygg að þegar rætt var um þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum, þó að ég væri þar hvergi nærri, hafi sérstaklega verið höfð á orði þessi atriði sem ég nú nefni.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég tel það ekki í mínum verkahring að blanda mér inn í það hversu kokvíðir menn eru í núv. stjórnarsamvinnu eða hversu glaðir þeir ganga til sængur á hverju kvöldi. En ég vildi vegna ummæla hæstv. ráðh. um hækkun á hitunarkostnaði fá að koma því að að áætlaður hitunarkostnaður 400 rúmmetra íbúðar var í maí s. l. talinn vera um 24 707 kr. á ári. Samsvarandi kostnaður var kominn upp í 28 898 kr. á ári í ágústmánuði. Hitunarkostnaðurinn hefur því hækkað um rúm 17%, nánar tiltekið um 17.4% frá maímánuði til ágústmánaðar, en á þessum sama tíma fékk almennt launafólk aðeins 8% hækkun launa. Það er því augljóst mál og getur ekki

farið fram hjá neinum að verulega hefur hallað á þá sem þurfa að hita hús sín með olíu og raforku, í þessu tilviki erum við kannske fyrst og fremst að ræða um hitunarkostnaðinn með raforku, frá því sem var í tíð seinustu stjórnar. Ég vildi að þetta kæmi mjög skýrt fram vegna ummæla hæstv. ráðh. hér áðan.

Um það, hvort þörf er á því að hafa hemil á hækkunum opinberra fyrirtækja eða ekki, vil ég segja það að mín reynsla er sú, að opinber fyrirtæki hafa alltaf næg rök fyrir því að verulega þurfi að hækka taxta þeirra og þjónustugjöld. Ég held að það sé líka reynsla flestra ríkisstjórna að opinberar stofnanir sækja fram með hækkunarbeiðnir af talsvert mikilli óbilgirni oft á tíðum og skeyta þá lítt um hvað er eðlilegt og nauðsynlegt miðað við ástand þjóðmála og efnahagsmála. Það er því þörf á því fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að halda aftur af opinberum fyrirtækjum, að hafa þau íströngu taumhaldi. Og mér þykir satt best að segja ótrúlegt að núv. hæstv. fjmrh. sé ekki innilega sammála mér um þetta atriði, að það sé þörf á aðhaldi gagnvart opinberum stofnunum og að ekki eigi að láta þær vaða fram með hækkanir rétt eins og þær sjálfar kjósa. Þess vegna er það eðlilegt og sjálfsagt að ríkisstj. á hverjum tíma geti stöðvað hækkanir sem eru óbilgjarnar eða óeðlilegar. Vissulega má velta því fyrir sér, eins og hæstv. ráðh. var að gera hér áðan, hvort fyrirtæki sveitarfélaga eiga að hafa þarna eitthvað rýmri möguleika og að sveitarstjórnirnar sjálfar eigi þá að hafa taumhald á þeim. En þetta á auðvitað alveg sérstaklega við um ríkisfyrirtækin, sem verður að hafa taumhald á, og Landsvirkjun er sannarlega eitt stærsta ríkisfyrirtækið sem við höfum hér á landi. Þar getur enginn annar haft taumhald á en ríkisstj.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Virðulegi forseti. Mér finnst í sumu af því sem fram hefur komið í þessum umr. gæta nokkurs misskilnings, eins og þegar menn tala svo að hér sé spurningin um það hvort stjórnvöld eigi engin áhrif að hafa á gjaldskrár orkufyrirtækja eða ráða þeim alfarið.

Hv. 9. þm. Reykv. skýrði í hverjum vanda hann væri staddur nú ef hann ætti að standa að því að fella brbl. sem hann bar ábyrgð á að sett væru. Jú, ég skil sjónarmið ráðh. En ég held að það þurfi að líta dálítið nánar á þetta mál. Ég held að þetta sé afleiðing af vanda sem hv. 9. þm. Reykv. stóð frammi fyrir áður og mætti ekki að mínu viti á réttan hátt. Þegar frv. sama efnis var lagt fram á síðasta þingi þá kom það í ljós, eins og bæði ég og flokksmaður hv. 9. þm. Reykv., hv. 5. þm. Vesturl., tókum fram hér í umr. áðan, að það var ekki þingmeirihluti fyrir þessu frv., það var ekki þingmeirihluti fyrir því. Undir slíkum kringumstæðum skeður það svo að þáv. hæstv. iðnrh. setur brbl. ekki einungis nákvæmlega eins efnislega heldur nákvæmlega eins orðuð eins og frv. sem ljóst var að hafði ekki þingmeirihluta. Og hv. 9. þm. Reykv., sem var þá í ríkisstj., bar ábyrgð á því að það yrði farið á þennan veg kringum vilja Alþingis og í raun og veru á móti vilja Alþingis. Og ég hygg, af því menn eru svo mikið núna að tala um að kyngja, að það hafi verið sýnu erfiðara fyrir hv. 9. þm. Reykv. að kyngja því að standa að slíkri afstöðu. Og ég hygg að það geti ekki verið að slíkum manni sem honum hafi verið það ljúft í sjálfu sér.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði að það væri alvanalegt og það væri mjög eðlilegt að það væri ákvæði í lögum sem gæfu ríkisstj. heimild til þess að ráða og grípa inn í hlutina í þýðingarmiklum málum eins og gjaldskrármálum orkufyrirtækja, sem hér er rætt um. Hv. þm. sagði að það væri eðlilegur þáttur í stjórnuninni að hafa heildarstjórn á þessum málum. Þetta er líka alveg rétt. Og hann sagði að almenn ákvæði um þetta væru alveg nauðsynleg. Ég tek líka undir það. Ég er m. ö. o. algjörlega sammála öllum þessum sjónarmiðum sem hv. 9. þm. Reykv. kom með.

En hv. 9. þm. Reykv. ræddi um þetta eins og það þyrfti að gera einhverja breytingu á lögum til þess að svona væri. Ég vék að því áðan að í lögum, í orkulögum, eru almenn ákvæði um þessi efni. Það eru ákvæði. Ég vitnaði m. a. s. í greinar í orkulögunum um þetta efni. Það er 25. gr., sem varðar rafmagnsveitur, og það er 29. gr. sem varðar hitaveitur. Þar er tekið fram að gjaldskrár þessara fyrirtækja verði ríkisstj. að staðfesta. Það er ekki hægt að setja gjaldskrár nema með samþykki ríkisstj. Þetta er í lögum, og það bið ég menn að hafa í huga, þetta er í lögum.

En eins og ég hef áður getið um, um Landsvirkjun voru sérákvæði. Og þess vegna féll Landsvirkjun ekki undir þessi almennu ákvæði orkulaga. En það kom ekki að sök, ef svo mætti komast að orði, meðan verðstöðvunarlögin voru við lýði eins og ég áður greindi frá. En frv. sem lagt var fram í fyrra um þetta efni, samhljóða brbl. sem við nú ræðum, það var fyrst og fremst sett fram til þess að ríkisstj. hefði heimild varðandi gjaldskrárnar þegar Landsvirkjun ætti í hlut. Nú sagði hv. 9. þm. Reykv. áðan að hann vildi ekkert ræða um Landsvirkjun í sambandi við þetta mál og svo var að skilja að það kæmi ekki málinu við. En í grg. með stjfrv., sem hann bar ábyrgð á og lagt var fram á síðasta þingi, kemur það fram að Landsvirkjun er aðalatriðið. Í upphafsorðum grg., sem er nú stutt, er einmitt þetta tekið fram. Með leyfi hæstv. forseta, þar segir:

„Opinber fyrirtæki í landinu eru nú öll háð opinberu eftirliti með verðlagningu á orku nema Landsvirkjun."

Frv. var ætlað að bæta úr þessu. Og ég geng út frá því að það hafi líka verið ætlun þeirra sem báru ábyrgð á brbl. þá að bæta úr þessu, ef hægt er að nota það orðalag.

En ég benti á það í fyrra og ég benti á það nú hér í minni fyrri ræðu, að samningurinn um sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar byggði á því að það væri óbreytt það ástand sem áður var, að Landsvirkjun lyti ekki hinum almennu ákvæðum um íhlutun ríkisstj. Þetta var skilyrði, eftir því sem mér er tjáð, og ég hygg að ég geti fengið nánari upplýsingar um það, skilyrði fyrir sameiningunni af hálfu Reykjavíkurborgar. Og þetta var eitt af þeim atriðum sem mest voru rædd í þessum samningaviðræðum. Það er því alls ekki rétt að orða það svo, eins og hv. 9. þm. Reykv. gerði, að Landsvirkjun komi þessu máli ekkert við.

Ég vildi nú benda á þetta og ef þetta mál verður lagt fram í hv. iðnn. þá mun ég eiga þess kost að ganga rækilega úr skugga um þessi efni og kannske enn betur en ég hef gert. Ég tel mig hafa fulla ástæðu til að segja það sem ég hef sagt um þetta hér nú á þessum fundi og þetta kom fram hjá okkur í fyrra á þinginu, þessi afstaða Reykjavíkurborgar.

Ég held, með tilliti til þess sem ég nú hef sagt, að

menn þurfi ekkert að óttast varðandi almennar heimildir ríkisstj. til afskipta af þessum málum, þó að þessi brbl. verði felld, vegna þess að ríkisstj. hefur eftir sem áður 25. og 29. gr. orkulaga við að styðjast. En þá má spyrja hvort það sé óeðlilegt að fella þessi brbl. með tilliti til Landsvirkjunar, sem þau áttu fyrst og fremst að varða, eins og ég hef skýrt. En við mat á því finnst mér ekki leika vafi á því að þar þurfi að koma til athugunar hvort ekki þurfi að taka eitthvert tillit til þeirra samninga sem gerðir voru við sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar.

Ég bendi líka á í þessu sambandi, eins og ég hef gert hér áður, að á síðasta þingi bar ríkisstj. fram frv. um ný landsvirkjunarlög. Hv. 9. þm. Reykv. bar ábyrgð á því. Og hvað segir um þetta atriði í hinum nýju lögum? Það segir einmitt það sama sem samið var um. Og það var engin tilviljun að þess var gætt, því að það var samið um það, að í lögum um Landsvirkjun væri það ljóst að Landsvirkjun væri ekki sett undir hin almennu ákvæði í orkulögunum um setningu gjaldskrár.

Þetta vildi ég nú að hér kæmi skýrt fram. Mér finnst að þegar menn ræða þessi mál þá verði menn að hafa þessa forsögu í huga, því að allir viljum við leitast við að komast að réttri niðurstöðu um afgreiðslu þessa máls.

Ólafur Jóhannesson: Virðulegi forseti. Það er ekki meining mín að tefja þetta mál með löngum umr. En það kom aðeins fram misskilningur í máli hv. þm. Þorv. Garðars. Ég sagði ekki að þetta mál varðaði ekki Landsvirkjun. Það sagði ég ekki. Ég sagðist ekkert ætla að tala hér um Landsvirkjun eða blanda einstökum fyrirtækjum inn í þessar umr.

Í öðru lagi mætti spyrja hann, af því að hann hefur sýnt fram á að það séu almenn ákvæði sem hann telur heppileg varðandi öll önnur fyrirtæki í þessum geira, að mér skilst, en Landsvirkjun, hvaða ástæður telur hann vera efnislegar fyrir því að allt aðrar reglur að þessu leyti gildi um Landsvirkjun en önnur fyrirtæki sömu gerðar? Í því sambandi tel ég það ekki gott og gilt að vísa til einhverra samninga. Ég veit að hann er mér hjartanlega sammála um það að einstakir aðilar geta ekki gert samninga sem binda á einhvern hátt hendur löggjafarvaldsins. Ég skal ekki segja frekar um þetta en vildi aðeins undirstrika það, að það var á misskilningi byggt að ég hefði haldið því fram að mál þetta varðaði ekkert Landsvirkjun. Það hef ég ekki sagt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. 9. þm. Reykv. sagði að hann ætlaði ekki að tala um Landsvirkjun í þessu sambandi. En mitt orðalag var ekki nákvæmt. Ég vil undirstrika það að í raun og veru var það sem ég var að ræða um Landsvirkjun sérstaklega byggt á því að hv. 9. þm. Reykv. vildi ekki eða ætlaði sér ekki að ræða það mál. En ég taldi hins vegar rétt að ræða það.

Hv. þm. talaði um að aðilar gætu ekki bundið löggjafarvaldið og samningar yrðu — ja mér skildist að þeir gætu orðið að víkja. Ég skal nú ekkert fara út í það. En ég hygg að við leggjum báðir mikið upp úr samningum, sem gerðir eru, og að samninga verði að virða og halda. En það vill svo til að það var ekki aðili sem stóð fjarri Alþingi sem var aðili að þessum samningum, þ. e. ríkið sjálft. Og ríkið sjálft er aðaleigandi Landsvirkjunar og það kann að vera að í því felist nokkur ástæða til þess að láta aðrar reglur gilda um Landsvirkjun en almennt um orkufyrirtæki, vegna þess að ríkið hefur alltaf aðstöðu sem stærsti eignaraðilinn til að ráða þessum málum á vegum Landsvirkjunar, þó að Landsvirkjun að þessu leyti heyri ekki undir almenn ákvæði sem veita ríkisstj. almenna heimild til þess að hafa íhlutun um ákvarðanir orkufyrirtækja almennt um gjaldskrár og það án tillits til þess hvort ríkið er nokkur eignaraðili eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 12. mál (þskj. 12). — 1. umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 6. landsk. þm. að flytja á þskj. 12 frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá o. fl. Þetta frv. er stutt og það er tiltölulega einfalt að gera grein fyrir því.

Það er alveg ljóst að þær reglur sem nú eru í gildi um hlunnindi ráðh. í sambandi við bifreiðakaup stangast í verulegum greinum á við réttarvitund almennings. Þess vegna teljum við flm. þessa frv. að brýna nauðsyn beri til að breyta þessum reglum.

Á 100. löggjafarþingi var flutt stjórnarfrv. til laga um breytingu á tollskrá sem miðaði að því að fella þessi fríðindi ráðh. niður, þ. e. að þeir gætu keypt bifreiðar án þess að greiða af þeim aðflutningsgjöld. Þá var þetta frv. samþykkt í Nd. og nál. fjh.- og viðskn. þeirrar hv. deildar er prentað hér með sem fskj. Undir það skrifa virðulegir þm. ýmsir, þeirra á meðal Lúðvík Jósepsson, Halldór E. Sigurðsson, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson og Kjartan Ólafsson, og Vilmundur Gylfason og Finnur Torfi Stefánsson með fyrirvara.

Hins vegar fór það svo, þó að þetta væri ríkisstjórnarfrv., að það dagaði uppi hjá hv. fjh.- og viðskn. Ed. og hlaut ekki afgreiðslu á þinginu. Það gerðist á vordögum 1979. Ég hygg að ég fari ekki rangt með er ég segi að formaður þeirrar n. muni þá hafa verið páv. formaður þingflokks Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Mér er hins vegar allsendis ókunnugt um hverjar orsakir lágu til þess að þetta frv. dagaði uppi í hans ágætu n.

Þegar þetta frv. var flutt hér á 100. löggjafarþinginu fylgdu því aths. sem ég vil leyfa mér að lesa hér, með leyfi virðulegs forseta. Þar segir:

„Í allmörg ár hafa verið í gildi sérstakar reglur um tollmeðferð bifreiða er ráðherrar hafa til afnota. Með lögum nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., var veitt heimild til þess að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda á bifreiðum ráðherra í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins.

Reglur þær, sem nú gilda um bifreiðamál ríkisins, er að finna í reglugerð nr. 6/1970. Í 10. gr. reglugerðar þessarar eru svofelld ákvæði:

„Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við

embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota."

Ríkisstjórnin telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar, er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu. Er því með frv. þessu lagt til að lagaheimild til veitingar slíkra fríðinda verði felld úr gildi."

Ég vil bæta því við að sá rökstuðningur, sem fylgdi þessu frv. á sínum tíma, á auðvitað ekki síður við nú en þegar frv. var upphaflega flutt. Við flm. teljum eðlilegt að þessar reglur um ráðherrafríðindi verði felldar úr gildi og því er þetta frv. flutt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að bílakaup ráðh. hafa verið mjög í fréttum í fjölmiðlum. Síðast í dag er í Dagblaðinu og Vísi frá því greint að hæstv. fjmrh. sé að leita sér að notuðum bíl til sinna afnota, og þykja nú sjálfsagt nokkur tíðindi, ef miðað er við hin fyrri bifreiðakaup ráðh., þar sem engu líkara er en efnt hafi verið til einhvers konar kapphlaups um það hver gæti keypt dýrasta bílinn. Sýnist mér þar hafa verið ansi langt gengið nú hina síðustu dagana og munu þó ekki öll kurl þar komin til grafar, ef þannig má til orða taka, því einhver bílakaup munu enn vera á döfinni. Það virðist t. d. vandséð hvers vegna ráðh. þarf að láta ríkið kaupa handa sér — þá er ráðh. að ég hygg ekki að kaupa sér bifreið sjálfur heldur láta ríkið kaupa handa sér — bifreið sem kostar 1 200—1 300 þús. kr. Á sama tíma er almenningi sagt að nú séu ekki til peningar til eins eða neins, allir verði að herða sultarólina margfrægu. Þá skyldi maður halda að hæstv. ráðherrar ættu að gefa þjóðinni fordæmi, ganga á undan með góðu eftirdæmi og sýna nokkurn sparnað, hvort sem þar er um að ræða bifreiðakaup á þeirra eigin vegum og endurgreiðslu aðflutningsgjalda eða bifreiðakaup sem ríkið ber allan kostnað af.

Nú skal ég taka það skýrt fram að mér finnst alveg sjálfsagt og eðlilegt að ráðherrar hafi ágæta bíla til sinna nota og sömuleiðis að þeir hafi bílstjóra. Þetta finnst mér ekki þurfi að ræða, það sé sjálfsagt. Hins vegar verður líka að ætlast til þess að þarna sé ekki gengið of langt, að þarna sé farið fram með hófsemi og skynsemi, sérstaklega á tímum þegar gerðar eru mjög strangar kröfur til almennings um aðhald og sparsemi. Eins og fram kom hér í umr. um daginn, er við ræddumst hér nokkuð við, hæstv. fjmrh., þá er ekki hægt að sjá eða skilja hvernig fólk getur lifað af þeim lágmarkslaunum sem nú eru skömmtuð. Hæstv. ráðh. var alveg sammála því, hann gat ekki skýrt það hvernig fólk ætti að fara að því að lifa af 12—13 þús. kr. mánaðarlaunum. Það er því engin furða þótt fólki ofbjóði þegar fram er gengið eins og nú hefur verið gert.

Ég tek það auðvitað skýrt fram að hér hafa engar reglur verið brotnar, alls ekki. Hæstv. forsrh. sagði, þegar hann var inntur frétta sem oftar um sín bílakaup í sjónvarpinu, að hann hefði farið eftir ýtrustu reglum. Allt er það rétt. Enginn ber brigður á það að hann hafi haft lagalegan rétt til að gera það sem hann gerði og frægt varð. Um það eru engar deilur. Hins vegar er önnur hlið á þessu máli sem skiptir ekki minna máli þegar svo háttar til í þjóðfélaginu sem nú.

Það mætti sjálfsagt hafa um þetta ýmis fleiri orð. Ég ætla ekki að gera það að svo stöddu. Hér er um að ræða endurflutning á stjfrv. sem flutt var af hálfu ríkisstj. sem hæstv. forsrh. átti á sínum tíma aðild að. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar að nú sé eðlilegt að samþykkja frv. af þessu tagi. Sömuleiðis vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann geti ekki fallist á að eðlilegt sé að samþykkja frv. af þessu tagi. Það er ekki til þess fallið að auka útgjöld ríkissjóðs heldur jafnvel tryggja honum nokkrar viðbótartekjur. Meginmarkmið frv. er að fella niður þessi fríðindi, sem verið hafa í gildi um langt árabil og margir ráðherrar úr öllum flokkum hafa notfært sér, en stangast nú alveg tvímælalaust á við réttarvitund almennings. Þess vegna ber að fella þau niður. Ég held að allir séu sammála um það að ef ráðh. vill kaupa sér bíl til sinna einkanota eigi hann að gera það með sömu kjörum og allt annað fólk í landinu. Ýmsir fleiri embættismenn munu hafa notið svipaðra fríðinda. Því höfum við lagt fram í Sþ. till. til þál. um að sams konar fríðindi, sem aðrir kunni að hafa notið, verði einnig afnumin.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 5. landsk. þm. beindi til mín spurningu varðandi það frv. sem hann flytur hér á þskj. 12, 12. mál, um niðurfellingu fríðinda ráðherra í sambandi við bílakaup. Eins og þetta mál er til komið nú sé ég ekki ástæðu til að lýsa yfir samstöðu minni með því, vegna þess að fríðindi ráðh. eru nú ekki mörg, og alls ekki umfram það sem þm. hafa, og ráðherralaun eru lægri en þingfararkaup en vinna talsvert miklu meiri. Þessi fríðindi í þjóðfélaginu sem ég skoða eins og eins konar félagsmálapakka, er að sjálfsögðu til umræðu að fella niður, ef almennt er farið í það að skerða þau fríðindi sem menn hafa í hinum ýmsu atvinnugreinum, samkv. samkomulagi eða ákvörðunum sem hafa verið löglega teknar. Ég verð að lýsa furðu minni á öllum þeim óeðlilegu umr., sem hafa orðið um kaup ráðh., sérstaklega forsrh., á nýjum bíl undanfarið. Það er einhver sú lágkúrulegasta umr. sem verið hefur í gangi í stjórnmálum síðan ég fór að fylgjast með þeim og sýnir hvað stjórnarandstaðan er gjörsamlega málefnasnauð að þurfa að lúta svo lágt að fiska í svo gruggugu vatni.

Ég verð að segja alveg eins og er, að ef ríkissjóður hefði staðið undir kaupum á bíl forsrh. hefði ríkið orðið fyrir fjárútlátum. En forsrh. varð fyrir fjárútlátum vegna þess að hann keypti sinn eigin bíl og notaði sér þau sjálfsögðu hlunnindi sem hann hefur sem slíkur og allir ráðh. hafa haft svo lengi sem ég man til. Ég tek því ekkert undir þessar tillögur og er ekki á neinum flótta undan þeim þrýstihópum sem hafa ekki annað að gera en að finna svona mál til að gera forráðamenn þjóðarinnar, ráðherrana, tortryggilega. Ég tek ekkert undir þetta frv. að einu eða neinu leyti. Og ég vil benda á það, að með því að afnema þessi fríðindi er ekki verið að skapa ríkissjóði neinar aukatekjur eða viðbótartekjur, eins og hv. 5. landsk. þm. gat um. Þvert á móti, aðferðin sem forsrh. notaði sparaði ríkissjóði, því að ríkissjóður hefur engar tekjur af þeim bílum sem fluttir eru inn til ráðherrabrúks eins og er og eins og hefur verið. Ég sé þess vegna enga ástæðu til að lýsa yfir samstöðu með þessu frv. Það fer sína leið og Alþingi

tekur sínar ákvarðanir. En ég tel eðlilegt og nauðsynlegt að fríðindi, alls konar fríðindi í þjóðfélaginu, sem komið hafa í gegnum kjarasamninga og fleira, verði tekin til endurskoðunar. Á þeim forsendum mundi ég gjarna vilja taka þátt í endurskoðun á þessum fríðindum ráðh.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég hafði satt að segja ekki hugsað mér að tala í þessu máli, því mér er ljóst að þetta mál er flutt vegna þeirrar ádeilu sem að mér hefur verið beint vegna bifreiðarkaupa. En ég stend upp þar sem beint er til mín ákveðinni spurningu.

Mér sýnist þó að ástæða væri til að rekja aðeins betur hvernig þessi réttindi eru ákveðin og hvenær. Magnús Jónsson fjmrh. mun hafa skipað bílanefnd til að skoða hvernig best yrði staðið að bifreiðarekstri ráðh. og þá alveg sérstaklega hvernig draga mætti úr kostnaði ríkissjóðs við rekstur slíkra bifreiða. Bílanefnd, sem svo var kölluð, lagði þá til að þessi regla yrði upp tekin, að ráðh. yrði gefinn kostur á að kaupa eigin bifreið en felld yrðu niður aðflutningsgjöld, og hefðu þeir rétt til að gera það á þriggja ára fresti. A Alþingi 1969 flutti fjh.- og viðskn. Nd. þessa till. Stóðu allir nefndarmenn að því og var Matthías Á. Mathiesen, núv. hæstv. viðskrh., talsmaður fyrir hönd n. Till. var samþykkt í Nd. með 31 shlj. atkv. Þá virðist a. m. k. ekki hafa verið um það deilt að þetta væri skynsamleg leið. Og ég fyrir mitt leyti efast ekki um að Magnús Jónsson fjmrh. hefur haft það í huga, eins og sagt var.

Síðan hygg ég að þessi leið hafi verið farin a. m. k. 40 sinnum, og reyndar líklega 5—6 sinnum oftar að meðtöldum ráðherrum síðustu ríkisstj., sem hafa að vísu notað sér þann rétt sem er eldri, að ráðh. gætu eignast slíka bifreið án aðflutningsgjalda eftir að þeir láta af störfum. En einnig hefur það tíðkast í ýmsum tilfellum að ríkið hefur keypt bifreið og rekið fyrir ráðh., og gerði það m. a. í síðustu ríkisstj. og ríkisstj. þar áður. Og ég verð að segja það, eftir að ég hef nú kynnt mér rekstur þessara bifreiða — og n. mun fá ítarlega skýrslu um það, að ég efast mjög um að rétt sé að hverfa frá þeirri reglu sem hér er lagt til að verði lögð niður.

Ríkið á dálítið af bifreiðum sem keyptar voru fyrir ráðh. fyrir 3—4 árum. Og hv. þm. geta fengið einhverjar af þeim keyptar fyrir lítið ef þeir óska. Það gengur ekkert vel að selja þær. Ég held satt að segja að reynslan sé sú að betur sé farið með svona bifreið heldur en hinar, þó að ég sé ekki að segja að það sé farið sérstaklega illa með þær, en ríkið heimtar a. m. k. ekki aftur það fé sem það lagði í bifreiðina tveimur, þremur, fjórum árum áður. Og það er náttúrlega ljóst, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., að með þessu móti sparast ríkinu að þurfa að leggja út nokkur hundruð þúsund krónur, mismunandi mikið að sjálfsögðu, svo að greiðslulega kemur ríkið þannig betur út.

Hins vegar er furðulegt allt það moldryk sem upp hefur verið þyrlað, skal ég ekkert tala um tilganginn, það vita allir. En jafnvel eru hlutirnir túlkaðir þannig að með þessu móti sé verið að afhenda ráðh. aðflutningsgjöldin og honum greidd þau. M. a. s. sá ég í einu blaði nýlega reiknuð inn í útgjöld ríkissjóðs aðflutningsgjöld sem gefið er í skyn að ráðh. séu greidd. Ég veit að hv. þm., sem flytur till., hefur aldrei sagt slíkt. En að sjálfsögðu heldur ráðh. ekki slíkum aðflutningsgjöldum ef hann selur bifreiðina innan tilskilins tíma. Ég vil nota tækifærið til að benda á hvernig málflutningurinn hefur verið í þessu sambandi, og er mjög ámælisvert.

En þrátt fyrir það að ég hef mínar efasemdir um afnám þessarar reglu nú, sem ég studdi fyrir nokkrum árum, er það alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. En við nánari skoðun hef ég mínar efasemdir, ég tel að öll bifreiðamál hins opinbera þurfi að endurskoða. Þess vegna flutti ég í ríkisstj. fyrir einum þremur vikum till. um að það yrði gert. Hún var samþykkt og ákveðið að skipa nefnd þriggja manna til þess að skoða bifreiðarekstur ríkisins, þar með bifreiðar ráðh., en einnig annan rekstur. Þessi nefnd er að vísu ekki skipuð en verður skipuð allra næstu daga. Ég vona að út úr því komi endurskoðun á ýmsum þáttum í bifreiðarekstri hins opinbera og vera kann að tillögur komi fram um breytingu á bifreiðarekstri ráðherra þó ég vilji ekki neitt segja um það nú. Svar mitt við spurningu hv. þm. verður því það að ég mun bíða með niðurstöðu mína þar til ég sé þessa úttekt á bæði kostum og göllum þessa kerfis sem og annars bifreiðareksturs hins opinbera.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég fagna þeim upplýsingum hæstv. forsrh. að nefnd skuli hafa verið sett til að endurskoða bifreiðarekstur ríkisins. Ég held að það sé sannarlega ekki vanþörf á því. Ég fagna því, mér finnst það gott frumkvæði og ég vona að það leiði til einhverra betrumbóta í þessu efni. Ég hef satt að segja aldrei skilið hvers vegna fylgt er þeim reglum sem fylgt er í sambandi við bifreiðakaup ráðh. Af hverju er ekki einfaldlega efnt til útboðs þegar þarf að endurnýja ráðherrabílana? Eins og ég sagði áðan finnst mér það sjálfsagt og ekki til umræðu annað en að ráðherrum sé séð fyrir bílum og bílstjóra. Af hverju er þetta bara ekki gert með útboði? Ég er alveg viss um að það væri hægt að gera þetta langtum hagkvæmar en gert hefur verið, vegna þess að eins og nú er gert þá sýnist mér menn ekkert sjást fyrir í kostnaði þegar keyptir eru dýrustu bílar sem völ er á hér á markaðinum, að því er manni sýnist.

Satt best að segja hélt ég að það væri í rauninni verið að gera hæstv. ráðh. greiða með því að flytja svona frv. Með því að samþykkja þær reglur sem þetta frv. gerir ráð fyrir er bara verið að firra menn vandræðum og leiðindum. Ef ráðh. vilja eiga sinn einkabíl eins og aðrir þá eiga þeir að eiga hann með sömu kjörum og aðrir. Síðan á ríkið að sjá þeim fyrir farartæki til embættiserinda. Slíkt er auðvitað langhreinlegast og langeðlilegast.

Ég er t. d. ekki frá því að það kæmi ýmislegt í ljós ef athugaðir eru, við skulum bara segja síðustu árin, bílaleigureikningar vegna ráðh., sem líka hafa haft ráðherrabíla. Ég hugsa að þetta sé meðal þess sem hljóti að koma í ljós þegar þessi mál verða könnuð nánar í nefnd. Ég tek það fram að ég er ekki að tala til þeirra ráðh. sem hér sitja um þetta. En ég þykist vita að það muni ýmislegt koma í ljós ef þetta er athugað.

Ræða sú sem hæstv. fjmrh. flutti hér áðan var býsna sérstök, að ekki sé meira sagt. Hann vill láta endurskoða öll fríðindi í kjarasamningum. Það getur vel verið að það eigi að endurskoða ýmis fríðindi í kjarasamningum. En það er ekki nema að takmörkuðu leyti mál hæstv. fjmrh. Hann hefur að vísu yfir vissum hluta

kjarasamninga að segja, þar sem eru opinberir starfsmenn, en hann hefur ekki yfir öðrum kjarasamningum að segja, nema að því leyti sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur svipt menn samningsrétti. Og ég verð nú að segja það að ég hygg að fleiri þm. en mér hafi ofboðið að heyra hæstv. fjmrh. í ríkisstjórn Íslands tala um þetta sem einhvers konar félagsmálapakka til hæstv. ráðh. Ég er alveg dolfallinn yfir slíkum málflutningi. Þetta orð hefur þá svei mér öðlast nýja merkingu. Og að koma hér og segja hv. þm. að ráðherralaunin séu lægri en þingfararkaupið. Það er sjálfsagt rétt. En ráðherrar hafa bara þingfararkaup ofan á ráðherralaunin. (**AG:** Tvöfalt starf.) Tvöfalt starf já, og tvöfalt kaup. Við skulum reyna að halda okkur við staðreyndirnar.

Ég held að þessar umr. séu alls ekkert óeðlilegar. Það fóru fram umr. um þetta í þinginu 1979 og það var verið að taka þær upp hér aftur. Ég held að þetta sé mál sem er nauðsynlegt að ræða. Það er ekki verið að gera eitt eða neitt tortryggilegt hér, eins og hæstv. ráðh. sagði. Það hefur aðeins verið á það bent að hér sé farið að lögum og reglum. Það hefur enginn maður dregið það í efa. Hins vegar hefur siðferðilega hliðin á málinu verið lítið rædd og þar sýnist mönnum auðvitað sitt hverjum. Mér sýnist það óeðlilegt að ráðh. geri slíkar ráðstafanir þegar þjóðin er beðin um að taka nú á honum stóra sínum og spara og draga saman á öllum sviðum. Mér sýnist það óeðlilegt, en um það eru auðvitað skiptar skoðanir. Öðrum finnst þetta allt í lagi. Þeir verða auðvitað að fá að hafa sína skoðun. En ég mótmæli því, hæstv. fjmrh., að þessar umr. séu óeðlilegar. Og ég verð líka að segja það að þegar hæstv. ráðh. segir: Ég styð ekki þetta mál vegna þess hvernig það er til komið — finnst mér það alveg furðuleg yfirlýsing hjá hæstv. fjmrh.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð fleiri að sinni. Það gefst væntanlega tími til að ræða og fjalla ítarlegar um þetta mál í þeirri n. sem málið fær til umfjöllunar og mér finnst eðlilegast að þar eigi umr. sér að mestu leyti stað, vegna þess að það þarf að afla ýmissa gagna og upplýsinga, eins og hæstv. forsrh. minntist hér á. Nefndin hlýtur auðvitað að taka tillit til þess við skoðun sína á málinu og mótun afstöðu.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég ætla sannarlega ekki að lengja þennan fund frekar með því sem ég segi. Ég vildi bara lýsa yfir stuðningi mínum við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég hef verið þeirrar skoðunar að þau fríðindi sem felast í þessu ákvæði tollalaganna heyri liðinni tíð til og eigi ekki lengur við, eigi að afnemast. Það er öllum kunnugt að ríkisstj. sú sem starfaði undir forsæti Ólafs Jóhannessonar samþykkti að nýta ekki þessi fríðindi. Jafnhliða því var flutt frv. um afnám þess tollalagaákvæðis sem heimilar endurgreiðslu tolls af bifreiðum sem ráðherrar flytja inn.

Þess misskilnings hefur gætt í fjölmiðlum að það hafi einungis verið þetta eina ár sem reglan var ekki notuð, þ. e. milli áranna 1978 og '79, og það hafi einungis verið ráðherrar Alþb. og Alþfl. sem stóðu að því. Þetta er á misskilningi byggt. Það voru ráðherrar allra þriggja flokkanna, sem áttu sæti í stjórn Ólafs Jóhannessonar á sínum tíma, sem stóðu að þessu. Og sama gilti um ráðherra í stjórn Gunnars Thoroddsens. Eftir að ráðherrar í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar höfðu hagnýtt sér þessi fríðindi, sumir eftir að sú stjórn hætti störfum, hagnýttu engir ráðherrar sér þessi fríðindi í stjórn Ólafs Jóhannessonar og stjórn Gunnars Thoroddsens. Það sem skeði svo aftur núna á þessu sumri er að reglan er endurvakin. Regla, sem hafði verið lögð til hliðar og ekki hagnýtt þó hún væri í lögum, var endurvakin. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um það. En hér liggur fyrir till. um það að heimildin sé tekin úr lögum í eitt skipti fyrir öll og ég styð þá till.

Umr. frestað.

Neðri deild, 9. fundur.

Mánudaginn 31. okt., að loknum fundi í Sþ.

Umræður utan dagskrár.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja hv. þingheim lengi.

Nú um helgina var svohljóðandi auglýsing lesin í útvarpi:

„Bændur. Ríkisstjórnin áformar að leggja fram frv. til l. um breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán. Þeir sem vilja notfæra sér þá heimild sem lögin kunna að veita, verði frv. samþykkt, sendi umsóknir til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, Laugavegi 120, Rvík, fyrir 15. nóv. Umsókninni fylgi veðbókarvottorð og afrit af síðasta skattframtali þeirra sem ekki hafa þegar sent það til Stéttarsambands bænda.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands."

Nú vil ég taka það fram að ég er alls ekki að efast um að lausafjárstaða bænda sé erfið. Aðrir þjóðfélagshópar hafa fengið eða munu fá hjálp vegna erfiðra kringumstæðna og bændur hljóta að eiga þar sama rétt og aðrir. Ég tek þetta fram til þess að tilgangur minn sé ljós.

En erindi mitt er hins vegar að spyrjast fyrir um framkvæmdina. Hérna tilkynnir veðdeild Búnaðarbankans í útvarpi þann ásetning ríkisstj. að leggja fram frv., og jafnvel þótt þessi ásetningur hafi komið fram áður og ýmsir vitað að þetta stæði til, þá kemur mér það svolítið spánskt fyrir sjónir. Mér finnst eiginlega einum of langt gengið að auglýsa eftir umsóknum áður en dregið hefur verið til stafs um sjálft frv.

Hérna vakna ýmsar spurningar, ekki síst þar sem nýlega eru afstaðnar umr. um þingræði, stöðu þingsins o. fl. Menn geta spurt hvort þetta sé í raun ekki bráðabirgðalagahegðunin frá í sumar. Nú situr þing að vísu, þannig að ekki er hægt að setja bráðabirgðalög, en í staðinn er hafist handa um fyrstu stig framkvæmdarinnar í þeirri vissu að lögin verði samþykkt þótt alþm. hafi ekki séð þau. Það má líka spyrja hvort þingflokkar stjórnarinnar hafi fjallað um þetta. Það má líka spyrja á grundvelli hvaða upplýsinga þessi lög verði ákveðin. Ég veit að flokkum utan stjórnar hefur alla vega ekki verið sýnt neitt um þessi mál. Kannske verða upplýsingarnar sem berast í umsóknum notaðar til að ganga frá þessu.

Ég lofaði að verða stuttorður og ég mun ekki æskja svara við þessum spurningum öllum. Mig langar einungis að fá svar við þessari spurningu: Telur hæstv. landbrh. eðlilegt að auglýst sé eftir umsóknum um lán sem eiga að byggjast á frv. sem ekki hefur verið samið,

lagt fram eða rætt á hinu háa Alþingi og í ofanálag eru forsendur þess líklega svo óljósar að niðurstöður úr umsóknunum sjálfum verða notaðar til að skrifa lögin?

Það hefur verið brýnt fyrir okkur ungum þm. að virða reglur þingsins um klæðaburð, ávarpsorð og annað sem á sér fornar rætur, og það er mér sönn gleði að verða við þeirri ósk, herra forseti, en um leið óska ég þess, jakkaklæddur og bindi skrýddur, að ríkisstj. og veðdeildir bankanna umgangist Alþingi með það í huga að samkvæmt hefð sem er eldri en Kórónaföt fer Alþingi með löggjafarvaldið.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég get strax svarað þeirri spurningu sem hv. 4. landsk. þm. beindi til *mín* um það, hvort *ég* teldi þetta þingræðislega auglýsingu. Ég sé ekkert athugavert við þessa auglýsingu með þeim fyrirvara sem í henni kemur fram um að Alþingi samþykki frv.

Ég vil benda á að hv. Alþingi var tilkynnt um að lagabreyting mundi fara fram á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, og kemur það fram í þeirri málaskrá sem fylgdi með í stefnuræðu forsrh. Hv. alþm. hafði því verið tilkynnt um þetta þegar í upphafi þings og nokkru áður en þessi auglýsing var birt. En til skýringar vil ég í örfáum orðum rekja aðdraganda hennar að öðru leyti.

Það var á s. l. vetri sem fyrrv. ríkisstj. skipaði nefnd til að athuga fjárhagsstöðu bænda og þörf á skuldbreytingu vegna lausaskulda. Þessi nefnd lauk ekki störfum fyrr en í sept., eða í síðasta mánuði, en við stjórnarmyndun í vor var þetta tekið til umræðu milli flokkanna sem mynduðu ríkisstj. og samkomulag varð hjá þeim um að það skyldi vera eitt þeirra mála sem unnið skyldi áfram að eins og fyrrv. ríkisstj. hafði mótað stefnuna um. Þegar niðurstöður nefndarinnar komu samþykkti ríkisstj. að skipa hóp fulltrúa frá nokkrum rn. til að vinna áfram að undirbúningi þess að hrinda því í framkvæmd. Hún hefur svo setið að störfum síðan. Hún telur að það þurfi betri upplýsingar, sem ekki muni fást nema á þann hátt sem kom fram í þessari auglýsingu, þannig að hægt sé að gera sér fyllilega grein fyrir umfangi þess. Þess vegna samþykkti ríkisstj. fyrir sitt leyti í síðustu viku að þessi auglýsing yrði birt. Ég tel því að þarna hafi á allan hátt verið eðlilega að málum staðið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér finnst hv. fyrirspyrjandi vera fullviðkvæmur í málflutningi sínum og fyrir virðingu Alþingis og misskilja raunar hlutverk Alþingis.

Það er nú svo, að löngum hefur verið lögð á það áhersla að með frv. fylgi sem nákvæmastar upplýsingar um hversu mikil útgjöld viðkomandi frv. hafi í för með sér eða hversu miklar fjárskuldbindingar. Ég sé ekki að hægt sé að gefa slíkar upplýsingar nema fyrir liggi hversu mikill vandi bænda er í sambandi við lausaskuldirnar. Ég vil jafnframt minna á að til kasta Alþingis hefur komið varðandi Bjargráðasjóð, og ég man aldrei eftir því að það hafi verið gagnrýnt að ríkisstj. hafi á hverjum tíma reynt að gera Alþingi grein fyrir þeim fjárhagsvanda sem Bjargráðasjóður hefur staðið frammi fyrir vegna erfiðleika t. d. í búskap.

Ég vil líka taka það fram sérstaklega út af þessu, að fyrir skömmu var mikið rætt um að breyta reglum um lánstíma húsnæðisstjórnarlána og jafnframt var unnið að því að lengja lán húsbyggjenda. Ég minnist þess ekki að það hljóð hafi komið úr horni í sambandi við lausn þess máls að það væri að byrja á öfugum enda að byrja á því að reyna að kanna hversu mikil þörfin væri.

Ég vil aðeins að þetta komi fram. Það er þýðingarlaust að leggja fram frv. hér án innihalds. Við afgreiðslu málsins á Alþingi verður að liggja fyrir um hversu miklar fjárhæðir er að tefla. Ég get ekki séð að það sé verra eða rýri á neinn hátt virðingu Alþingis þótt ríkisstj. reyni fyrir fram að auðvelda alþm. nauðsynlega gagnaöflun um efni þess máls sem fyrir liggur hverju sinni.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er orðið mikið álitamál hér á hv. Alþingi hver er orðinn bær til þess að kenna hverjum. Hv. formaður þingflokks Bandalags jafnaðarmanna kveður sér hljóðs utan dagskrár og vekur athygli á að veðdeild Búnaðarbanka Íslands auglýsir í útvarpi um áform ríkisstj. um frv.-flutning og óskar eftir því að umsækjendur um ákveðna fjárhagslega fyrirgreiðslu fari nú að láta til sín heyra. Hæstv. landbrh. svarar því til að hann sjái ekkert athugavert við þessa auglýsingu, með nokkrum fyrirvara þó. Hv. þm. Halldór Blöndal kveður fastar að orði og telur þetta á allan máta eðlilegt og notar tækifærið til að lýsa því yfir að aðrir hafi misskilið hlutverk Alþingis. Spurning er: Síðan hvenær hefur Alþingi Íslendinga framselt veðdeild Búnaðarbankans eða öðrum stofnunum úr því kerfi, hvaða lánasjóði sem manni þóknaðist nú að nefna, Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Sexmannanefnd, sem einhver hefur sagt að væri ellefti ráðherrann í hæstv. ríkisstj., sjálfvirkt umboð til að auglýsa í útvarpi eftir umsóknum samkv. áformum ríkisstj. um að setja lög á Alþingi Íslendinga, *sem ekki eru fram komin?* Svörin eru algjörlega út í hött. Eitt er að afla upplýsinga, sem þörf er á til að semja löggjöf, en að framselja þessum aðila fjárveitingavald og að þessi aðili skuli taka sér vald til að auglýsa frammi fyrir alþjóð með þessum hætti er auðvitað fyrir neðan allar hellur.

Ég verð að segja fyrir mína parta að mér þykir meira en nóg komið, rifjandi upp nýliðna umr. um samskipti framkvæmdavalds og löggjafarvalds, að hæstv. landbrh. sér ekkert athugavert við það þótt hann hafi í allt s. l. sumar tekið sér vald sem forseti löggjafarvaldsins, sem hann hafði ekkert umboð til, notað það vald sem enginn hafði fengið honum til að eiga hlut að því að koma í veg fyrir að löggjafarvaldið fái að koma saman og starfa, tekið sér það vald að gegna starfi forseta og þar af leiðandi sem handhafi forsetavalds sem enginn hafði falið honum og hann hafði ekkert umboð til frekar en einhver maður hér utan dyra. Þegar umr. um þetta fer fram er því svo að vísu svarað með þögninni, en væntanlega er hugarfarið hið sama og svörin eru í þessu tilfelli: Það er ekkert athugavert við þetta, með vissum ákveðnum fyrirvörum þó.

Herra forseti. Mér þykir þetta meira en lítið athugavert. Það er mikill misskilningur að þarna sé bara um formsatriði að ræða. Það er mikill misskilningur. Þó að það sé að vísu rétt að Framsfl., sem raunverulega er handhafi þessa kerfis alls saman og þ. á m. veðdeildar Búnaðarbankans, hafi valdið óbætanlegu tjóni á lífs-

kjörum fólks í þessu landi með þrálátri stjórnarsetu sinni í tólf, þrettán ár, þá er eiginlega meir en nóg komið ef það á að vera föst regla að aldrei skuli svo framsóknarmaður koma fæti milli stafs og hurðar í fyrirgreiðslukerfi þjóðarinnar að það skuli ekki mega opna þar upp á gátt og þar blasi við valdníðsla, pólitísk spilling og óþolandi ólýðræðisleg og gerræðisleg vinnubrögð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á þau vinnubrögð sem um er rætt. En mér finnst ástæða til þess að spyrjast fyrir um hvort það liggi fyrir samþykki allrar ríkisstj. við þessari málsmeðferð og við þessari auglýsingu. Við höfum heyrt að hæstv. landbrh. telur ekkert við hana að athuga, en hvað með hina hæstv. ráðh.? Hvað með okkar ágæta fyrrv. forseta deildarinnar t. d., hæstv. iðnrh.? Ég hef litla trú á öðru en að honum þyki hér ærið misfarið með valdið og að honum þyki að Alþingi hafi sett niður með vinnubrögðum af þessu tagi. Ég vildi því gjarnan fá um það vitneskju og líklega getur hæstv. landbrh. svarað því: Var þessi auglýsing frá veðdeild Búnaðarbankans sett í fjölmiðla með samþykki allrar ríkisstj. eða er það einvörðungu hæstv. landbrh. sem hefur haft hér hönd í bagga?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég hélt það hefði komið skýrt fram hjá mér í fyrri orðum mínum að auglýsingin eins og hún er orðuð hefði verið samþykkt á ríkisstjórnarfundi.

Ræðan sem hv. 5. þm. Reykv. flutti var kannske nokkuð utan við það mál sem hér er til umr., en hann vék þar að starfi mínu sem fyrrv. forseta Sþ. Ég vildi nota þetta tækifæri til að ítreka það, sem ég sagði í hv. Ed. við umr. fyrr á þessu þingi, að ég tel að ég hafi ekki brotið nein lög eða reglur með því að gegna því starfi sem stjórnarskráin lagði mér á herðar þegar ég var kosinn forseti Sþ. í upphafi s. l. þings. Það er ákvæði í stjórnarskránni um að sá sem kjörinn er forseti Sþ. skuli vera einn af handhöfum forsetavalds. Undan þeirri skyldu getur hann ekki skotið sér og þeirri skyldu ber honum að gegna þangað til kjörinn hefur verið nýr forseti Sþ. samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Ég vil benda á að 1971 var Birgir Finnsson forseti Sþ. og hann gegndi vitanlega starfi sem handhafi forsetavalds allt þar til nýr forseti hafði verið kjörinn þegar Alþingi kom saman á venjulegum tíma 10. okt., enda þótt hann næði ekki kjöri í kosningunum sem þá fóru fram í júnímánuði.

Hið sama gerðist 1979, er Oddur Ólafsson var kjörinn forseti sameinaðs þings, en hann var ekki í framboði í alþingiskosningunum 1979. Þá leið að vísu stuttur tími á milli þinga, en ég get ekki séð að lagalega skipti neinu máli hvort það líði ein vika eða fleiri.

Þetta er sem sagt sú skylda sem stjórnarskráin leggur þeim á herðar sem er kosinn forseti sameinaðs þings. Þeirri skyldu ber honum að gegna.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Umboð forseta þings til að gegna því virðulega embætti var nákvæmlega jafnlengi skenkt af kjósendum til hans og umboð annarra þm. Hann var forseti sameinaðs þings svo lengi sem það þing er hafði kjörið hann hafði umboð, en ekki lengur samkvæmt öllum ákvæðum stjórnarskrár. Fordæmi um að þessi ákvæði hafi verið brotin í reynd og jafnvel dæmalaus fordæmi, eins og þau að maður sem gegnt hafði þessu embætti og því næst fallið í kosningum hafi gegnt því áfram, samkvæmt upplýsingum forseta, eru víti til að varast en ekki dæmi til eftirbreytni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Vegna þeirrar umr. sem hér fer fram vildi ég að það sjónarmið mitt kæmi fram, að ég tel æskilegt að ekki sé verið að blanda saman málefnum framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins, það beri að varast eins og kostur er, og það sé út af fyrir sig óæskilegt að vera að gefa í skyn hver verða muni afstaða Alþingis í sambandi við afgreiðslu frv. eða fyrirhugaða lagasetningu. En varðandi þá umr. sem fram hefur farið um þá aðstöðu sem hæstv. landbrh. var í á s. l. sumri sem einn að handhöfum forsetavalds, þá finnst mér að ekki sé saman að jafna þegar ráðh. á í hlut og þegar menn sem verið hafa þm. og eru endurkjörnir gegna þeim skyldum áfram. Á því finnst mér nokkur munur.

Almennt séð er æskilegt að ekki þurfi að framlengja störf alþm. að kosningum loknum, en auðvitað getur það verið álitamál hvað fært þykir í þeim efnum. Ég er þeirrar skoðunar og var það á liðnu sumri, að þær aðstæður sem sköpuðust m. a. með því að hæstv. núverandi landbrh. hafði tekið við störfum sem slíkur og hafði verið forseti sameinaðs þings, sú staðreynd ásamt mjög mörgu öðru, væri nægilegt til að kalla þing saman strax á s. l. vori, ekki seinna en eftir að ríkisstj. hafði verið mynduð, og hefði þingið þó gjarnan mátt koma saman áður en það gerðist. — Þetta sjónarmið vildi ég að kæmi fram.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil fyrst segja við hv. síðasta ræðumann, að hann neytti færisins og gaf út brbl. fyrir síðustu kosningar, ef ég man rétt, eftir að þing hafði verið sent heim. Ég sé því ekki með hvaða siðferðilega rétti hann talar um það hér, að rétt hafi verið að kalla þing saman eftir kosningar. Þeir Alþb.-menn töfðu fyrir því að till. þess efnis næði fram að ganga s. l. vor og meðferð þessa hv. þm. á meðan hann var ráðh. á brbl.- valdinu var með þeim hætti að ég held að hann ætti sem minnst að tala um þau mál, satt að segja.

Ég vil einnig taka það fram og spyrja um það, fyrst þeim tveimur hv. þm. sem síðast töluðu er svo heitt í hamsi út af því hverjir skuli vera handhafar forsetavalds, hvers vegna þeir tóku þennan þráð ekki upp á s. l. vori, þegar stjórnarskráin var hér til umr. og lagðar voru fram breytingar á stjórnarskránni. Eðlilegt hefði verið að taka málið upp þá (**Gripið fram í:** Það var gert.) og láta Alþingi fjalla um það sérstaklega. — Ekki minnist ég þess varðandi handhöfn þingforseta á forsetavaldinu. (Gripið fram í.) Ég var að tala um handhafa forsetavalds. Ég minnist þess ekki, en ég get flett því upp. Ef mig misminnir get ég flett því upp og athugað hvort hv. þm. segir rétt og satt frá.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, út af því fjaðrafoki sem hv. 5. þm. Reykv. hefur hér blásið upp varðandi auglýsingu frá Búnaðarbanka, að Alþfl. beitti sér fyrir því á sínum tíma með Alþb. og Framsfl. að í lög

var sett ákvæði þessa efnis — svo nákvæmlega rétt sé haft eftir, með leyfi hæstv. forseta: Þegar frv. er lagt fram skal liggja fyrir kostnaðarmat á till. frv. sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma.

Hér er að vísu verið að tala um að breyta lausaskuldum í lengri lán, en andinn á bak við þessa lagasetningu er sá, að þingnefndir fái sem fyllstar upplýsingar um hvaðeina sem snertir frv. sem fyrir liggja. Ég hygg að viðleitni Búnaðarbankans og hæstv. landbrh. með auglýsingunni um lausaskuldir bænda sé af þeim toga spunnin að það sé verið að reyna að hraða málinu og auðvelda Alþingi störf.

Hins vegar kemur það ekki á óvart þó að Alþfl. leggist með ofurþunga gegn öllu því sem verða má til þess að gera rekstur búa hér á landi ódýrari og auðveldari, leggst með ofurþunga gegn hagsmunum bændastéttarinnar hvenær sem tækifæri gefst til.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er út af því sem hér hefur komið fram varðandi störf forseta Sþ. (**Gripið fram í:** Er það á dagskrá?) Það hefur verið á döfinni í utandagskrárumr. sem hér eru nú. Ef þm. hefur ekki áttað sig á því, þá eru utandagskrárumr. (Gripið fram í.) Það eru hér utandagskrárumr. Ef þm. vill fá orðið biður hann forseta um það og hann gefur honum það að sjálfsögðu, ella hefur sá orðið sem í ræðustólnum er.

Út af innleggi hv. 5. þm. Reykv. í þessari umr., vefengingu á störfum forseta Sþ. frá þeim tíma að Alþingi lýkur störfum og nýjar kosningar hafa farið fram, og hann vék að fordæmum í þeim efnum. Ég vil benda hv. þm. á það, eins og hann sagði, að hér hafa verið fordæmi eða víti til að varast. 1974 var Alþingi rofið hinn 9. maí. Þáv. forseti Sþ. gaf ekki kost á sér aftur. Ég ætla að varpa þeirri spurningu til þm., og veit að hann getur svarað sjálfum sér í sambandi við það: Hver átti fyrir hönd Alþingis að gegna störfum handhafa forsetavalds, ef eitthvað hefði komið fyrir forseta Íslands á tímabilinu frá 10. maí þar til nýr forseti Sþ. var kjörinn?

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Spurt er um umboð þm. og embættismanna þings til að gegna störfum lengur en þingið hefur umboð til, og menn svara, eins og hér hefur heyrst, ævinlega með því að leita fordæma í þeim efnum.

Nú vil ég vekja athygli á því, að það hafa verið lagðar fram till., bæði í umfjöllun stjórnarskrárnefndarinnar við breytingar á stjórnarskrá og hér á hv. Alþingi, sem svara þessum spurningum.

Í fyrsta lagi höfum við Alþfl.-menn lagt fram till. um að heimildin til útgáfu brbl. verði afnumin. Í öðru lagi höfum við um leið lagt fram till. um að starfstími Alþingis verði endurskoðaður, þannig að Alþingi starfi samfellt og nefndir þingsins starfi samfellt. Það sé hins vegar á valdi meiri hl. þings að ákveða, hvenær þingið geri hlé á störfum sínum. — Þetta svarar bæði fsp. hæstv. viðskrh. sem og athugasemd hv. þm. Halldórs Blöndals.

Því næst verð ég að gera eina aðra athugasemd. Hv. þm. Halldór Blöndal vitnaði í Ólafslög, þar sem kveðið er á um að kostnaðarmat skuli fylgja framlögðum frv. á Alþingi, og taldi þetta vera röksemd fyrir því að sjálfsagt væri að veðdeild Búnaðarbanka Íslands eða einhver önnur útlánastofnun úti í bæ auglýsti eftir umsóknum vegna vitaðra áforma um að ríkisstj. ætlaði hugsanlega að leggja fram lög á Alþingi. Þetta er endemis rugl og fyrir neðan virðingu hv. þm.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir ótvíræð svör við þeirri spurningu hvort ríkisstj. öll stæði á bak við þessa ákvörðun og hef enga ástæðu til annars en að trúa hæstv. ráðh. En mér sýnist eftirtektarvert, að til varnar þessu af hálfu hæstv. ríkisstj. er enginn hæstv. ráðh. Sjálfstfl. fram sendur, heldur núv. hv. skrifari, sem oft og tíðum hefur ekki þótt í þeim herbúðum neitt æskilegur málsvari þeirra ákvarðana sem þar hafa verið teknar. (**Gripið fram í:** Varaformaður þingfl.) Mér finnst augljóst að það er alveg með endemum hvað hæstv. ráðh. Framsfl. tekst að teyma — mér liggur við að segja á asnaeyrum — hæstv. ráðh. Sjálfstfl. og Sjálfstfl. sem heild, hafi þeir fengið sjálfstæðismenn til að samþykkja slíka málsmeðferð, eins og hér er um rætt.

Að því er það varðar sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði, þá sýnist mér augljóst, eigi að fara að hans röksemdafærslu, að hver einasti þm. yrði í hvert skipti sem hann hyggst flytja frv. til laga um aukna hlutdeild ríkisins, bankanna, Framkvæmdastofnunar ríkisins eða einhvers álíka fyrirtækis, að auglýsa í Ríkisútvarpinu eftir því hverjir vildu gjarnan eiga hlut að því máli sem væri um að ræða. Auðvitað er slík málsmeðferð hreint rugl og ekki sæmandi þó jafngreindum þm. og hv. þm. Halldór Blöndal ætti að vera.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. 44. mál (þskj. 47). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í frv. þessu er farið fram á heimild til að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 43.5 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 59.6 millj. Jafnframt er Seðlabanka Íslands falið að leggja fram það fé sem nauðsynlegt er til hækkunar kvótans.

Síðast þegar hækkun sem þessi var til meðferðar hér á Alþingi var hún samþykkt með lögum nr. 38 frá 26. maí 1979.

Samkv. frv. mun kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hækka um 16.1 millj. SDR, úr 43.5 í 59.6. Sérstök dráttarréttindi eru alþjóðlegur gjaldmiðill og ræðst verðgildi hans af verðgildi helstu viðskiptagjaldmiðla heims. Miðað við gengisskráningu hinn 20. sept. s. l. eru sérstök dráttarréttindi verðmeiri en Bandaríkjadalur, þannig að hækkun á kvóta Íslands samsvarar því 16.9 millj. dala eða 390 millj. kr. Er hér um að ræða hlut Islands í áttina til almennrar hækkunar kvóta í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Af hækkuninni er fjórðungur greiddur í sérstökum dráttarréttindum, en ¾ hlutar í íslenskum krónum. Seðlabanki Íslands greiðir þann hluta kvótaaukningar sem greiddur er í SDR og myndar hann sérstaka gjaldeyrisinnstæðu hjá sjóðnum

og telst áfram til gjaldeyrisforða Seðlabankans.

Þátttaka Íslands í þessari almennu reglubundnu kvótahækkun eykur möguleika Íslands á hagstæðum lántökum hjá sjóðnum um margfalt þá upphæð sem lögð er fram í SDR. Er að mati viðskrn. okkur í hag að Ísland taki þátt í þessari hækkun.

Að því er varðar samskipti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn vil ég nefna að Ísland var meðal annars aðili að stofnun sjóðsins og hefur ætíð haft gagnleg tengsl við hann. Það var þó ekki fyrr en árið 1960 að Ísland tók lán hjá sjóðnum, 6.8 millj. Bandaríkjadala, í tengslum við efnahagsaðgerðir þær sem gripið var til á því ári. Síðan hefur Ísland þrisvar tekið lán hjá sjóðnum vegna gjaldeyrisjafnaðarerfiðleika, fyrst á árinu 1967—1968 að upphæð 15 millj. dala, síðan á árunum 1974—1976 að upphæð 62.2 millj. SDR, eða sem svarar 65.2 millj. dala, og loks árið 1982 jöfnunarlán að fjárhæð 21.5 millj. SDR eða 22.6 millj. dala og jafnframt 9 millj. SDR eða 9.4 millj. dala af gjaldeyrisinnstæðu Seðlabankans hjá stofnuninni. Öll lán sem tekin voru til og með 1976 hafa verið að fullu greidd. Skuldir frá 1982, 30.5 millj. SDR eða 32 millj. Bandaríkjadala, skal endurgreiða á næstu 3—5 árum.

Í þessu sambandi má nefna að undanfarin ár hefur aðalstarfsemi sjóðsins verið fólgin í því að greiða úr greiðslujafnaðarerfiðleikum aðildarríkja hans.

Ég vil ekki hafa fleiri orð um þetta frv. og leyfi mér, herra forseti, að leggja til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vildi mega vekja athygli nefndarinnar á því, að hér er um að ræða staðfestingu og þyrfti málinu að vera lokið fyrir lok nóvembermánaðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingarbankinn, frv. 45. mál (þskj. 48). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum. Í frv. þessu er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 4 400 sérstök dráttarréttindi og leggja fram 10% þeirrar fjárhæðar eða 440 þús. SDR, sem samsvarar 13 millj. kr. miðað við gengisskráningu í lok septembermánaðar.

Gert er ráð fyrir að greiða þurfi 110 millj. kr. SDR á hverju ári 1984—1986 eða þessar þrjár greiðslur, sem nema samtals um 9.7 millj. kr. Auk þess kemur til greiðslu vegna Íslands úr varasjóði bankans að upphæð 110 millj. SDR.

Aukning hlutafjár í Norræna fjárfestingarbankanum er liður í tvöföldun hlutafjár bankans, sem tók til starfa á árinu 1976. Er aukning hlutafjárins talin nauðsynleg til að halda áfram hinni jákvæðu lánastarfsemi bankans, en hlutverk hans er sem kunnugt er að veita lán og ábyrgðir með það í huga að hrinda í framkvæmd fjárfestingaráformum og efla útflutning í þágu Norðurlandaþjóðanna.

Norðurlandaráð og ráðherranefnd Norðurlanda fjölluðu um mál þetta fyrr á þessu ári og á s. l. ári og samþykktu fyrir sitt leyti till. stjórnar bankans um aukningu hlutafjárins. Heimildir bankans til lánveitinga eru 2.5 sinnum hlutafé hans, þannig að við aukningu hlutafjárins fara þær úr 1000 millj. í 2000 millj. SDR, en sú hækkun samsvarar 29.4 milljörðum.

Hlutur Íslands í aukningu hlutafjár bankans er 1.1%, en það er hin almenna hlutdeild Íslands í kostnaði við norrænt samstarf. Til ársloka 1982 var hlutur Íslands í fjárfestingarlánum bankans hins vegar talinn 7% eða 42.1 millj. SDR. Auk þess hefur bankinn veitt byggðalán til Íslands, sem nemur 9.6 millj. SDR. Lánin til Íslands nema því samtals 51.7 millj. SDR eða 1525 millj. kr. Þyngst vega fjárfestingarlán til Landsvirkjunar vegna Hrauneyjafossvirkjunar og til Íslenska járnblendifélagsins hf., en af öðrum lánum má nefna fjárfestingarlán til Ísnó hf., sem rekur laxeldisstöð að Lóni í Kelduhverfi, og byggðalán til Iðnþróunarsjóðs.

Af því sem ég hef nú sagt má sjá að starf Norræna fjárfestingarbankans er dæmi um norrænt samstarf sem komið hefur að góðu gagni fyrir okkur Íslendinga.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frv. 13. mál (þskj. 13). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Kristínu S. Kvaran og Kristínu Halldórsdóttur að flytja frv. til laga um endurmat á störfum láglaunahópa. Meginmarkmið þessa frv., eins og fram kemur í 1. gr., er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu.

Áður en ég geri nánari grein fyrir efni þessa frv. langar mig að fara nokkrum orðum um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Þróun tekjuskiptingarinnar og sá frumskógur sem öll launa- og kjaramál eru í þjóðfélaginu er orðið alvarlegt umhugsunarefni, ekki aðeins fyrir verkalýðshreyfinguna heldur ekki síður fyrir stjórnvöld. Öll umr. um þessi mál, bæði við gerð kjarasamninga og í aðgerðum stjórnvalda til að bæta sérstaklega hag þeirra verst settu, fer út og suður því að allar forsendur, sem menn byggja ákvarðanatöku sína á, eru næsta marklitlar og handahófskenndar. Menn ganga ráðvilltir um í því völundarhúsi sem þróun kjaramála og tekjuskiptingar hafa leitt þá í þegar verið er að leita raunhæfra aðgerða til að bæta kjör þeirra verst settu, enda virðast útgöngudyrnar fáar þegar kemur að ákvarðanatöku um að bæta hag þeirra verst settu. Og hver er árangurinn? Við sjáum hann fyrir okkur í þjóðfélaginu, í hrikalegri misskiptingu lífskjara og aðstöðu manna í þjóðfélaginu. Við sjáum fyrir okkur að þúsundir heimila í landinu

geta ekki framfært sig og eiga ekki fyrir brýnustu nauðþurftum, jafnvel þótt tvær séu fyrirvinnurnar og unnið sé myrkranna á milli.

Við sjáum líka fyrir okkur á lífskjörum og lífsstíl margra, að hér getur ekki allt verið með felldu í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og ekki bara í tekjuskiptingunni, heldur spila hér inn í líka skattamálin og hvernig sumir sleppa alltaf undan að greiða sinn skerf til samfélagslegra þarfa. Skattamálin eru auðvitað kapítuli út af fyrir sig, sem full ástæða væri til að gera nánari skil þó ég fari ekki út í það nú, en við fengum smáumr. utan dagskrár um daginn varðandi skattamálin og hve nauðsynlegt er að taka á skattsvikum í þessu þjóðfélagi.

En varðandi tekjuskiptinguna sjálfa, þá er ekkert sem getur réttlætt svo mikinn mun á kjörum manna í þjóðfélaginu sem við sjáum endurspeglast í hinum geysilega mismun sem er á lífskjörum hinna ýmsu þjóðfélagshópa. Það er gjarnan talað um að það sé verðmætasköpunin sem skiptir máli, sem sé grundvöllur þess sem til skiptanna er í þjóðfélaginu. Jú, mikið rétt, en á hverjum hvílir þungi verðmætasköpunarinnar? Ég fullyrði að hann hvílir ekki síður á Iðjufólkinu, á konunum í Framsókn, og Sókn og verkamönnunum í Dagsbrún en atvinnurekendunum sjálfum eða þeim sem er uppi í píramídanum eða fílabeinsturninum í hverri atvinnugrein.

Við getum borið saman annars vegar lífskjör verkafólks almennt í þjóðfélaginu og stjórnenda atvinnurekstrar eða yfirmanna í hinum ýmsu starfsgreinum hins vegar. Hvað réttlætir þann mikla mismun sem er á kjörum þessa fólks? Ég fæ ekki séð það. Ég fæ ekki séð hvaða þjóðfélagslegt réttlæti er í því að fólk sem slítur sér út fyrir aldur fram með líkamlegri erfiðisvinnu og vinnuþrælkun við undirstöðuatvinnugreinarnar í þjóðfélaginu skuli samt ekki eiga fyrir nauðþurftum eða mat út mánuðinn meðan aðrir, sem ekki verður séð að leggi meira vinnuframlag til verðmætasköpunar í þjóðfélaginu, lifa við kjör sem svo mikill munur er á sem raun ber vitni. Í raun er hann svo mikill að það er nánast eins og svart og hvítt í samanburði.

Við höfum það fyrir okkur víðs vegar í þjóðfélaginu, hve hrikalegur munur er á lífskjörum og fjárhagslegum aðstöðumun manna. Ég get nefnt dæmi af Dagsbrúnarmanninum sem kom að máli við forustumenn Dagsbrúnar og spurði þá hvort þeir gerðu sér ekki grein fyrir því hvað væri að gerast í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og um leið hvernig þeir ætluðu Dagsbrúnarverkamanni að lifa af þessum 60 kr. á tímann sem þeir semdu um fyrir þá. Hann sagðist vinna myrkranna á milli til að eiga fyrir allra brýnustu framfærslu heimilisins, en það dygði hvergi til, og svo mikill væri vinnuþrældómurinn að allt eðlilegt fjölskyldulíf færi forgörðum. Hann átti enga orku til að sinna börnum og heimili að loknu dagsverki. Hann tók samanburð og sagðist vinna þessa dagana við að koma upp vestur á Seltjarnarnesi nuddpotti sem vantaði við hlið sundlaugar sem fyrir var úti í garði hjá einum af mörgum velmegunarpostulum þessa þjóðfélags. Hann svimaði hreinlega þegar hann kom inn í híbýli þessa manns, þar sem allt var í marmara, krystal og harðviði. Hvernig er tekjuskiptingu þessa þjóðfélags eiginlega háttað? spurði hann. Hvað ætlið þið okkur verkamönnunum eiginlega með þessum sultarlaunum, sem þið semjið um fyrir okkur, sem hvorki duga til þess að við getum klætt né brauðfætt okkar fjölskyldu, þrátt fyrir mikinn vinnuþrældóm við að koma upp nuddpottum í görðum þeirra sem leyft geta sér slíkan munað vegna þess aðstöðumunar og þess fyrirkomulags tekjuskiptingar sem þjóðfélagið hefur búið þeim? Þessi maður var ekki að biðja um nuddpott. Hann var aðeins að biðja um að eiga fyrir framfærslu og nauðþurftum sinnar fjölskyldu.

Ég skal taka annað dæmi. Í dagblaði fyrir skömmu lýsti einstæð móðir með tvö börn því, hvernig væri að framfleyta sér af kaupi sem hún hefur, en hún vinnur eitt af þessum hefðbundnu kvennastörfum. Hún lýsir því hvernig hún vann á spítala allan daginn. Hún lýsir því hvernig hún þurfti að neita sér um ýmislegt sem telja verður til nauðþurfta í mat í þjóðfélaginu, svo sem kjöt og grænmeti. Þessi einstæða móðir sagði: Svo segja menn að við verðum að spara. Og hún spyr réttilega: Spara hvað? „Þetta var of mikið fyrir mig", sagði hún, „taugarnar gáfu sig í vinnunni einn daginn. Það var trúlega heppni að ég vann á spítala því að ég var lögð beint inn og var þar í hálft ár." Hún lýsir kjörum sínum með eftirfarandi hætti: „Það sem ég verð að gera til að framfleyta börnunum er að standa í biðröð hjá Félagsmálastofnun og vera ein af þessum lýð sem rænir og ruplar fé af skattborgurunum. Maður getur ekki litið framan í fólk vitandi að maður sé að éta það út á gaddinn. Þessi biðröð er ekki skemmtileg og það eru margir sem brotna þar niður. Það gerði ég líka." Og hún heldur áfram og segir: „Þegar hið opinbera er komið með fólk á laun við það að benda konum eins og mér á að við verðum bara að gefa börnin því að við getum þetta ekki, þá er von að mann langi til að gubba þegar maður sér þessa karla sem lifa sældarlífi og segja manni að spara og spara. Ég var oft komin á fremsta hlunn með að fara heim til ókunnugs fólks, sem ég vissi að hafði nóg, og biðja það að selja t. d. einn af bílum sínum svo að ég þyrfti ekki að gefa börnin mín."

Við skulum taka aðra reynslusögu af einstæðri móður, sem sagði eftirfarandi á ráðstefnu Sambands Alþýðuflokkskvenna um launamálin nýlega: „Erfiðleikarnir hrönnuðust upp meðan ég gekk með seinna barnið. Ég hef góða menntun til skrifstofustarfa og vann hjá einu stærsta útgerðarfélagi hér í borginni. Svo vill til að við vorum þrjú sem unnum þarna og vorum einstæðir foreldrar, tvær konur og einn karlmaður. Ef við stúlkurnar þurftum að vera heima vegna veikinda barna okkar vorum við spurðar hvort við ætluðum að vinna það af okkur eða taka launalaust leyfi. Slíkar spurningar voru aldrei lagðar fyrir karlmanninn undir sömu kringumstæðum. Og þegar ég varð að taka frí til að eignast stúlkuna, þá óskaði skrifstofustjórinn eftir því að ég kæmi ekki aftur. Stúlka með tvö börn væri ekki æskilegur starfskrafur. Því hófst þriggja mánaða leit að atvinnu þegar ég kom af fæðingardeildinni. Niðurstaðan varð alls staðar sú sama. Kona með tvö ungbörn var ekki sá starfskraftur sem þeir leituðu að. Og við bættist einnig að á miðju sumri var mér sagt upp húsnæði og þegar allt um þraut fékk ég inni hjá Félagi einstæðra foreldra í Skerjafirði."

Þetta eru vissulega ekki fallegar sögur, en þetta eru reynslusögur úr hinu daglega lífi. Þetta er hinn blákaldi veruleiki, sem alltof margir verða að lifa við, enda hefur þunginn á Félagsmálastofnun Reykjavíkur til að mynda vaxið um 20% á þessu ári.

Það er talað um að þjóðartekjur okkar hafi vaxið

mun meira en flestra annarra OECD-ríkja síðustu 2—3 áratugi og við séum í hópi 10 ríkustu þjóða heims. Bágborin staða margra heimila í landinu endurspeglar alls ekki þá staðreynd. Hún endurspeglar þvert á móti að gæðum og þjóðartekjum þessa lands sé misskipt og að aðstöðumunur sé hrikalegur og sú velmegun, sem gæði þessa lands þó hafa skilað okkur, sé langt frá því að geta endurspeglað sanngjarna eða réttláta tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Ég sagði áðan að hægt væri að líkja frumskógi launakjara og tekjuskiptingar í þjóðfélaginu við völundarhús sem enginn fyndi útgöngudyr á. En af hverju er það? Það er vegna þess að stjórnvöld og verkalýðshreyfingin hafa verið sofandi fyrir þeirri þróun sem átt hefur sér stað. Og hver er sú þróun? Jú, að kauptaxtarnir, sem ávallt er um deilt í öllum kjarasamningum, eru næsta marklausir. Þeir gefa rétta mynd af kjörum láglaunafólksins í þjóðfélagnu, sem lifa þarf af hungurtöxtum sem samið er um við atvinnurekendur. En er skipt þar öllu sem til skiptanna er? Nei, aldeilis ekki.

Stórum hluta þess sem til skiptanna er er skipt fram hjá öllum kjarasamningum. Í raun er það svo, að atvinnurekendur ráða einhliða eftir eigin geðþótta verulegum hluta tekjuskiptingarinnar með yfirborgunum, kaupaukum og fríðindum sem að stærstum hluta renna til þeirra betur settu. En við samningaborðið er alltaf sami söngurinn, að það sé ekkert til skiptanna.

En er það svo? Er því ekki skipt fram hjá samningum eftir geðþótta atvinnurekenda? Gert er ráð fyrir ákveðnu launaskriði fram hjá kjarasamningum í útreikningum um kaupmátt á næsta ári. Varla gengur það til hinna lægst launuðu. Og á hverju bitnar þessi þróun, sem að mestu hefur verið látin afskiptalaus af stjórnvöldum og verkalýðshreyfingu? Jú, auðvitað láglaunafólki. Ég tel að þessi þróun hljóti að vera orðin æðimikið umhugsunarefni fyrir verkalýðshreyfinguna og launþega almennt. Það er staðreynd, sem ég tel að verkalýðshreyfingin gefi alltof lítinn gaum, að atvinnurekendur komast upp með án teljandi mótþróa að ráða einhliða stærri og stærri hluta af tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Staðreyndin er raunar sú, að kjarasamningar, sem árlega er um deilt í hverjum kjarasamningum, sýna aðeins hluta tekjuskiptingarinnar í þjóðfélaginu, þ. e. raunverulega kjör þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. Það er líka staðreynd, sem verkalýðshreyfingin verður að horfast í augu við, að hún er aðeins samningsaðili fyrir láglaunafólkið í þjóðfélaginu. Þeir sem við betri kjörin búa semja í raun um sín kjör sjálfir með duldum greiðslum, yfirborgunum eða á annan hátt. Aðeins sú staðreynd hlýtur að segja okkur að baráttuaðferðir verkalýðshreyfingarinnar eru orðnar fyrir löngu úreltar.

Lítum á það, að í einu samkrulli og samfloti setjast fulltrúar bæði hærra launuðu hópanna og þeirra tekjulægstu kannske árlega saman við samningaborðið, þar sem langur tími fer í að ræða um örfá prósentustig. Hin raunverulega tekjuskipting, hvað er raunverulega til skiptanna og hvað sé réttlát tekjuskipting með tilliti til hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar, er sjaldnast til umræðu. Tíminn fer í að semja um einhverja meðaltalsprósentu, sem allir fá og þegar upp er staðið skilar það í raun þeim tekjulægstu minnstu. Síðan eru það atvinnurekendurnir sem ákveða einhliða hvernig stórum hluta af kökunni er skipt til hinna betur launuðu í þjóðfélaginu. Tekjuskiptingin og öll kjarasamningagerð er orðinn einn skrípaleikur og komin í algera sjálfheldu, raunar á blindgötu sem ekki verður fundin leið út úr nema stjórnvöld grípi í taumana.

Ég er ekki með þessu að segja að stjórnvöld eigi að fara að skipta kökunni og skipta upp launakjörum í þjóðfélaginu, heldur tel ég að stjórnvöld geti höggvið á þann hnút og þá endaleysu sem kjaramálin eru komin í. Þessi þróun hefur fengið að viðgangast óáreitt, og ég vil leyfa mér að gagnrýna bæði stjórnvöld og verkalýðshreyfinguna fyrir sofandahátt í þessu máli. Afleiðing þessa er auðvitað sú, að aldrei hefur verið hægt að finna neinar vitrænar leiðir, hvorki í aðferðum stjórnvalda né við samningsborðið hjá aðilum vinnumarkaðarins, til að bæta sérstaklega og á raunhæfan hátt kjör þeirra verst settu í þjóðfélaginu. Ég tel að stjórnvöld geti höggvið á þann hnút sem fyrir hendi er með því að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu á launakjörum í þjóðfélaginu.

Ég geri mér grein fyrir að hér er ekkert einfalt mál á ferðinni, en undan því verður ekki vikist. Slík úttekt gæti síðan verið undirstaða til að einfalda frumskóg launataxta og ýmissa kjaraatriða, en á grundvelli slíkra upplýsinga er frekar hægt að ákvarða hvaða aðferðum sé hægt að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga eða hópa sem verst eru settir og jafna á þann hátt tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Verkalýðshreyfingin verður að grafast fyrir um hvað liggur til grundvallar því, að þeir sem hvað mest leggja á sig við vinnu í undirstöðuatvinnugreinum þjóðfélagsins bera minnst úr býtum og hvað liggur til grundvallar taxtauppbyggingunni og öðrum kjaraatriðum og duldum greiðslum og yfirborgunum sem þróað hafa óþolandi launamisrétti í þessu landi. Það er í raun orðið óþolandi hvernig ýmsir hópar hafa komist upp með að ná fram lífs- og launakjörum sem eru í engu samræmi við vinnuframlag þeirra eða eðli vinnunnar. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að það er þungur dómur á verkalýðshreyfinguna og stjórnvöld sem ég hef hér sett fram, en það verður að hafa það. Það er ekki lengur hægt að horfa upp á að ekkert sé gert í þessu máli. Það er ekki lengur hægt að horfa upp á hvernig teknar eru handahófskenndar ákvarðanir, sem í raun bitna á þeim lakast settu því að allar forsendur vantar og þekkingu og yfirsýn yfir þann frumskóg sem kjaramálin og launakjörin almennt eru.

Á Alþingi hefur verið flutt tillaga um að þessi úttekt fari fram á tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. Það vantar ekki og það vantaði ekki heldur að hv. alþm. væru tilbúnir að stuðla að og samþykkja hér á hv. Alþingi að úttekt færi fram á raunverulegri tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu. En það nægir bara ekki þegar ekkert er gert með slíka ályktun frá Alþingi.

Í apríl 1980 var samþykkt till. okkar Alþfl.-manna um að slík úttekt færi fram, en framkvæmdavaldið hefur ekkert gert með þá till. enn þá. Hún liggur sennilega í einhverri skúffu í rn., eins og margar tillögur sem samþykktar eru á hv. Alþingi. Það eru geðþóttaákvarðanir framkvæmdavaldsins sem ráða hvort vilji Alþingis, sem fram kemur í samþykktum tillögum héðan frá Alþingi, komist í framkvæmd eða ekki. Það er einnig umhugsunarefni þegar verið er að ræða stöðu löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdavaldinu og eftirlitshlut-

verk Alþingis með framkvæmdavaldi.

Í því frv. sem hér er til umr. felst að lögbundið verði að þessi úttekt fari fram á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Margir verða eflaust til að segja að þar sem gert er ráð fyrir tímabundinni skipan nefndar, sem hafi þetta verkefni með höndum ásamt endurmati á störfum láglaunahópa, þá væri eðlilegra að flytja um það þáltill. En sú leið dugar einfaldlega ekki. Hún hefur verið reynd. Alþingi verður að taka af skarið í þessu efni með því að skylda framkvæmdavaldið með lögum til að svo verði gert. Svo einfalt er málið.

Herra forseti. Ég mun nú snúa mér að því að gera grein fyrir efni einstakra greina í frv.

Ég hef þegar lýst markmiði þess, sem er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingunni. Í því skyni skal félmrh. skipa fimm manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati. Eins og fram kemur í 2. gr. frv. er ekki gert ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins eigi sæti í nefndinni, heldur skuli nefndin kveðja sér til ráðuneytis aðila vinnumarkaðarins eftir því sem þörf er á. Hér er ég sjálfsagt komin að viðkvæmum punkti, sem krefst nokkurrar umfjöllunar.

Fyrst er á það að líta, að eitt af meginverkefnum þessarar nefndar er að endurmeta störf láglaunahópanna og að skilgreina hvað er láglaunahópur og hverjir skipa slíka hópa. Í því sambandi er vert að benda á að áratugum saman hefur verið um það deilt hvaða hópar í þjóðfélaginu séu láglaunahópar og lágtekjuhópar. Hefði eining tekist um það milli aðila vinnumarkaðarins lægi sú skilgreining fyrir og þá væri auðveldara að ákveða hvaða aðferðum hægt væri að beita til að hækka laun og tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Með tilliti til þess að það hefur ekki tekist eining um það hjá aðilum vinnumarkaðarins enn og engin niðurstaða er fengin í því máli, þá tel ég ekki miklar vonir til þess að aðilar geti komið sér saman um slíka skilgreiningu. Því er það skoðun flm. að slík rannsókn verði bæði fljótvirkari og síður hlutdræg ef hún er í höndum sérfróðra aðila sem betri aðstöðu hafa til að leggja hlutlægt mat á verkið. Væri slík nefnd skipuð aðilum vinnumarkaðarins er viss hætta á að hver færi að toga í sinn spotta og ekki fengjust hlutlægar niðurstöður úr slíkri rannsókn, ef niðurstaða fengist þá yfirleitt.

Á það ber einnig að líta í þessu sambandi, að ekki er á neinn hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, því að ætlast er til að þeir séu kallaðir til ráðuneytis um málið án þess þó að eiga beina aðild að nefndinni. Auk þess má benda á að niðurstaða nefndarinnar er ekki bindandi fyrir aðila vinnumarkaðarins, heldur fremur leiðbeinandi og til þess gerð að auðvelda þeim alla ákvarðanatöku.

Í síðustu mgr. 2. gr. er lagt til að nefndin hafi heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir og nefndin hafi aðgang að gögnum opinberra stofnana sem nauðsynlegar eru að hennar mati. Vera má að einhver bendi á að eðlilegra sé að verkefni þessarar nefndar, eða a. m. k. hluti af verkefnum þessarar nefndar, skuli vera í höndum þeirra stofnana í þjóðfélaginu sem hafi með að gera kjararannsóknir. Í því sambandi má benda á verkefni sem láglaunanefnd er ætlað samkv. 3. gr. Þegar á þau er litið er ljóst að þau verkefni tengjast hvert öðru og nauðsynlegt að þetta sé allt á hendi þeirrar nefndar, sem hér er lagt til að verði sett á fót, og hún hafi heildaryfirsýn yfir allt verkið vegna þess að þetta tengist allt hvert öðru. Vissulega má benda á stofnanir, sem hafa ýmsar tölfræðilegar upplýsingar með höndum sem tengjast kjararannsóknum, eins og Þjóðhagsstofnun og Hagstofan og ekki síst kjararannsóknanefnd. Ég tel að miðað við verkefni þessarar nefndar sé ekki rétt eða eðlilegt að fela þessi verkefni slíkum stofnunum eða slíta verkefni nefndarinnar úr tengslum hvert við annað. Í því sambandi bendi ég á að meginverkefni þessarar nefndar er að hafa með höndum endurmat eða starfsmat á störfum láglaunahópanna, en slík verkefni hafa þessar stofnanir ekki haft með höndum. Auk þess má benda á að kjararannsóknanefnd er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins og starfsemi hennar ekki bundin í neinum lögum, en það er einmitt til þess ætlast, eins og ég benti á áðan í 2. gr., að aðilar vinnumarkaðarins hafi ekki þetta verkefni með höndum, sem hér er lagt til, af ástæðum sem ég greindi frá áðan.

Vissulega getur það verið svo, að hluti af þessum verkefnum gæti verið í höndum t. d. kjararannsóknanefndar, svo sem einhverjir upplýsingaþættir er snerta úttekt á tekjuskiptingu og launakjörum, enda er til þess ætlast að láglaunanefnd hafi samráð við þessa aðila, sem með einum eða öðrum hætti fjalla um það verkefni sem fela á nefndinni í frv., þ. e. kjararannsóknanefnd, Þjóðhagsstofnun, Hagstofan, Jafnréttisráð — og félagsvísindadeild Háskólans væri ekki óeðlilegt að nefna í þessu sambandi. Hins vegar er um það að ræða í 2. gr. frv. að nefndin hafi heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir og hafi aðgang að gögnum opinberra stofnana, sem nauðsynlegar eru að hennar mati, og þar gæti, eins og ég nefndi áðan, komið til að kjararannsóknanefnd hefði á hendi í samráði við nefndina ákveðna upplýsingaöflun í þessu sambandi, þó verkstjórn og öll samræming á störfum þeim sem í þessu frv. felast sé í höndum láglaunanefndar.

Eitt atriði vil ég einnig nefna, sem að kjararannsóknum lýtur. Ég tel að hægt væri að nota miklu meira til upplýsingaöflunar um raunverulega tekjuskiptingu en gert hefur verið, ef vilji væri fyrir hendi, upplýsingar sem hægt væri að fá fram um tekjur einstakra hópa og atvinnustétta í þjóðfélaginu í gegnum skattframtölin. Ég minni á að á tveim undanförnum þingum hef ég lagt fram frv. um breytingu á skattalögum þess efnis, að kjararannsóknanefnd fái aðgang að skattframtölum með sama hætti og Hagstofan og Þjóðhagsstofnun. Einnig var í því frv. lagt til að skattstjóri mundi í samráði við kjararannsóknanefnd ákveða með hvaða hætti sundurliðun launa á launamiðum skyldi skilað inn til skattstjóra, þannig að hægt væri að fá úr þeim ítarlegri upplýsingar um launakjör í þjóðfélaginu en nú er mögulegt.

Eins og nú er er einungis hægt að fá í skattframtölum upplýsingar um heildarlaunagreiðslur og vinnuvikur, sem er ófullnægjandi ef nota á þessi skattframtöl til kjararannsókna. Væri um að ræða að vinnutími yrði meira sundurliðaður, svo sem dagvinnutímar, eftir- og næturvinnutímar, þá opnuðust alveg nýir möguleikar á fljótvirkari leið til kjararannsókna en við höfum nú. Ég tel, herra forseti, rétt að benda á þessa leið nú þegar við fjöllum um þetta frv. sem felur í sér að framkvæmdar verði kjararannsóknir og úttekt á tekjuskiptingunni í

þjóðfélaginu, og tel að sú leið sem við höfum í upplýsingaöflun um kjaramál gegnum skattframtöl hafi ekki verið nýtt sem skyldi.

Ég vil nú snúa mér að 3. gr. þessa frv., en í þeirri grein kemur fram hvaða verkefni láglaunanefndin á að hafa með höndum.

Það er í fyrsta lagi að upplýsa hvernig raunveruleg tekjuskipting og launakjör eru innan starfsgreina og milli þeirra. — Ég tel ekki, herra forseti, nauðsynlegt að fara út í það frekar en ég hef hér gert hve nauðsynlegt er að fá fram upplýsingar um raunverulega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og þá um leið hlut láglaunahópanna í tekjuskiptingunni, en það er auðvitað undirstaða þess að hægt sé að meta hvort hlutdeild láglaunahópanna í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er óeðlilega lág miðað við vinnuframlag, eins og eitt af verkefnum þessarar nefndar er.

Í annan stað á nefndin að skilgreina hvað er láglaunahópur og hverjir skipa slíka hópa. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að hér er um viðkvæmt og vandasamt verkefni að ræða. Engu að síður tel ég óumflýjanlegt að reynt verði að skilgreina það af sérfróðum aðilum í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati, sem færir eru um að leggja hlutlægt mat á verkið, en það hefur ekki verið áður gert svo að ég viti til.

Í þriðja lagi er lagt til að gerð verði á því könnun og það metið, hvort láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, séu metin óeðlilega lágt til launa miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Samanburður skal annars vegar gerður á störfum faglærðra láglaunahópa og hins vegar ófaglærðra hópa. — Það er staðreynd, sem ég trúi ekki að nokkur mæli gegn, að flestöll hefðbundin kvennastörf eru metin til lægstu launa í þjóðfélaginu. Um það mætti nefna mörg dæmi. Ég get nefnt konurnar á Sóknartöxtunum inni á spítölunum, konurnar í þvottahúsinu, ég gæti nefnt konurnar í ræstingu, konur við barnagæslu, konur sem sinna uppeldismálum, konur á saumastofum og fleiri dæmi mætti taka. Þetta eru allt störf sem metin eru til lægstu launa í þjóðfélaginu.

Sama má reyndar segja um konurnar í frystihúsunum, en þær geta bætt sér upp sína taxta með miklum vinnuþrældóm í bónusvinnu. Kona í frystihúsi, sem fengin var til að lýsa störfum og kjörum kvenna í frystihúsi á ráðstefnu Sambands Alþýðuflokkskvenna nýlega, sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég er viss um að ég get með góðri samvisku, án þess að vanmeta störf annarra verkakvenna, sagt að það sé leitandi að þeirri stétt launþega sem þarf að hafa eins mikið fyrir launum sínum og konan í frystihúsinu. En hversu lengi endist hún?“ sagði þessi kona.

Þrátt fyrir það, eins og fram kemur hjá þessari konu, að hér sé um raunverulega vinnuþrælkun að ræða, þá hafa konur í fiskvinnu viljað viðhalda þessu bónuskerfi, en bónusinn er þeirra leið til að bæta sér upp þann hungurtaxta sem þær hafa í fiskvinnslunni.

Það má vafalaust leita ýmissa skýringa á því og menn hafa sjálfsagt á því misjafnar skoðanir, hvers vegna hin hefðbundnu kvennastörf eru svo lágt metin í þjóðfélaginu sem raun ber vitni. En hvaða skýringu sem menn hafa á því, þá er ekkert sem réttlætir að þessi störf skuli metin til lægstu launa í þessu þjóðfélagi. Það mætti auðvitað tilgreina hér mörg dæmi frá vinnumarkaðinum, sem viðkemur þessum hefðbundnu kvennastörfum, sem sýndu í raun fram á óréttlætið í þessum málum. Ég vil t. d., með leyfi forseta, vitna í Ásgarð frá mars 1980, sem er rit opinberra starfsmanna, en þar kemur eftirfarandi fram í grein eftir Helgu Ólafsdóttur bókavörð:

„Sé litið í síðustu kjarasamninga Reykjavíkurborgar kemur margt fróðlegt í ljós. Í 5. launaflokki eru til að mynda aðstoðarstúlkur, kennarar við Fossvogsskóla og afgreiðslumenn í birgðastöðvum. Þær fyrrnefndu bera ábyrgð á börnum, en þeir síðarnefndu á sópum, kústum og perum. Í 6. launaflokki eru t. d. sjúkraliðar, sem hafa að baki a. m. k. tveggja ára nám í framhaldsskóla og eins árs sérnám. Í sama flokki og fjölmörgum hærri launaflokkum eru karlastörf þar sem engrar menntunar umfram skyldunám er krafist, nema e. t. v. stuttra námskeiða. Matráðskonur nokkurra minni sjúkrastofnana, sem bera ábyrgð á fæði sjúkra, eru í 9. launaflokki. Í sama flokki er til að mynda aðstoðaráhaldavarsla. Deildarljósmæður, sem bera ábyrgð á lífi ungbarna, eru í 12. launaflokki. Í sama flokki er verkstjórn við meindýraeyðingu. Vandlega skal tekið fram að engir í ofangreindum viðmiðunarhópum karla eru tíndir til af því að ég álíti að þessir menn séu oflaunaðir, heldur er hér nánast um tilviljunarkennt val að ræða.

Augljóst er af þessum dæmum, að í starfsmati skýtur töluvert skökku við. Ábyrgð, menntun eða fyrri reynsla eru smánarlega lítils metnir þættir þegar um dæmigerð kvennastörf er að ræða. Dæmigerð karlastörf eru aftur á móti metin til jafns við fyrrgreind störf, enda þótt menntunarkröfur séu litlar eða engar og ábyrgð bundin við dauða hluti. Konur fjölmenna í heilbrigðisstéttirnar oft og tíðum vegna reynslu við t. d. uppeldis- og húsmóðurstörf, e. t. v. vegna meðfæddrar tilhneigingar. Afleiðingin er sú, að þessi störf ásamt störfum að fóstrun og uppeldi barna eru lægst metin allra starfa. Af þessu leiðir að fólk með löngun og hæfileika fælist launanna vegna frá störfum þar sem mannslíf eru í veði og grunnur er lagður að framtíð barnanna okkar. Streymið í þessi störf einskorðast svo til eingöngu við annað kynið, sbr. unglingspiltinn sem hafði gott lag á börnum, en sagði: „Heldurðu að ég ætli að fara að vera á þínu framfæri alla ævi, mamma mín,“ þegar móðirin stakk upp á því að hann legði fyrir sig fósturstörf.“

Og í Ásgarði í okt. 1981 kemur eftirfarandi fram hjá Helgu Ólafsdóttur bókaverði, með leyfi forseta:

„Skrifstofumenn og fulltrúar eru starfshópar sem stunda óskilgreind skrifstofustörf. Þegar ráðið er til þessara starfa er frekar krafist almennrar menntunar en sérhæfðrar þekkingar á einhverju sviði. Sannleikurinn er þó sá, að skrifstofumenn þurfa oft og tíðum að búa yfir góðri íslenskukunnáttu og jafnframt kunnáttu í öðrum tungumálum ásamt færni í vélritun og notkun annarra skrifstofuvéla. 65% kvenna í skrifstofustörfum eru skrifstofumenn og allur obbi þeirra er launaður í 10. launaflokk og lægra, en aðeins 13% karla eru skrifstofumenn. Aftur á móti eru aðeins 13% kvenna í störfum fulltrúa, en 39% karla. Þeir eru jafnframt yfirgnæfandi í enn þá æðri skrifstofustörfum, svo sem í stöðum deildarstjóra og skrifstofustjóra. Fulltrúar eru oftast næstu yfirmenn skrifstofumanna og sjálfsagt er töluvert almennt að skrifstofumenn hækki í fulltrúa, sérstaklega ef þeir eru karlar. Ekki þarf þó að vera mikill eðlismunur á þessum tveim störfum. Dæmi eru þess að skrifstofumaður, kona, og fulltrúi, karl, sitji

saman á skrifstofu og vinni sömu störf fyrir ójöfn laun. Enginn vafi leikur á því, að hjá því opinbera starfar fjöldi kvenna við vandasöm verk sem þarfnast mikillar færni undir því óskilgreinda og víðfeðma starfsheiti skrifstofumaður og er gróflega haldið niðri í launum."

Einnig má benda á annað atriði, sem fram kemur í sérkjarasamningum starfsmanna ríkisins, en þar má finna starfsheiti eins og aðstoðarmatráðskona, matráðskona, ráðskona í borðstofu, yfirsaumakona, aðstoðarkona. Spyrja má í því sambandi hvort virkilega sé ekki gert ráð fyrir að karlmenn stundi þessi störf eða hvort þeir gegni þeim undir öðrum starfsheitum.

Á ráðstefnu þeirri, sem ég vitnaði til áðan, sem Samband Alþýðuflokkskvenna hélt fyrir stuttu, þá gerði Kristinn Karlsson félagsfræðingur því nokkur skil hvers vegna hefðbundin kvennastörf væru metin til lægstu launa í þjóðfélaginu, en hann hefur staðið fyrir könnunum um jafnréttismál. Hann sagði að settar hefðu verið fram kenningar um tvöfaldan vinnumarkað og aðskilinn vinnumarkað. Kristinn sagði að sér vitanlega hefðu ekki farið fram rannsóknir á vinnumarkaðinum hér á landi þar sem aðskilnaður starfa eftir kyni hefði verið athugaður. Hann sagði þó óhætt að fullyrða að skipting starfa í karla- og kvennastörf væri almenn og skýr eins og í öðrum þróuðum iðnríkjum. Sagði hann m. a. að bandarískí hagfræðingurinn Mary Stevenson héldi því fram að í aðskilnaði starfa kynjanna á vinnumarkaðinum sé að leita stærstu skýringa á lágum launum kvenna. Stevenson beitir m. a., til þess að skýra hvernig þessi aðskilnaður starfa fer fram, tilgátu sem fram kom í Englandi á 3. áratug þessarar aldar. Samkv. henni er því haldið fram, að aðalástæðan fyrir lágum launum kvenna sé að þeim sé beint í mjög takmarkaðan fjölda starfa og þeim sé í raun meinaður aðgangur að öllum öðrum störfum. Vegna þess að konur séu í samkeppni um þessi fáu störf sem þær eru taldar hæfar til að gegna sé launum þeirra haldið niðri. Mun fjölbreyttara úrval starfa tilheyrir körlum. Þeir eru verndaðir fyrir samkeppni um störf við vinnandi konur. Kristinn Karlsson sagði á ráðstefnunni, að Mary Stevenson segði að krafan um sömu laun fyrir sömu vinnu, þó hún sé mikilvæg, snerti ekki nema lítinn flöt á miklu stærra máli, sem er launamisrétti kynja í milli. Kynjaaðskilnaðurinn á vinnumarkaðinum er raunverulega vandamálið að baki hinum lágu launum kvenna. Það virðist sem hvenær sem hægt sé að einangra konur innan takmarkaðs fjölda starfa og atvinnugreina sé afleiðingin lág laun þeirra.

Þessi skoðun Mary Stevenson fær mig til að hugsa um það frv. sem ég lagði fram um breyt. á lögum um jafnrétti kvenna og karla, þar sem ég lagði til að þar sem staðreynd væri að kynbundin starfsskipting væri ríkjandi í mörgum atvinnugreinum væri nauðsynlegt að lögbinda tímabundið að ef konur sæktu um störf þar sem karlmenn hefðu verið svo til einráðir í áður skyldi ráða konuna, ef hún hefði til að bera sömu hæfni, menntun og hæfileika og karlmenn sem sæktu um starfið.

Ég þarf varla að rifja upp fyrir hv. þdm. hér og nú fordómana og gagnrýnina sem fylgdi í kjölfar þess að ég lagði fram frv., en það er samt ýmislegt sem bendir til þess að allir þessir fordómar séu á undanhaldi. Nú er á döfinni í ríkisstj. að leggja fram ekki ósvipaðar hugmyndir. Margir virðast því hafa skipt um skoðun og séu orðnir sammála þeirri hugmynd sem ég lagði fram og sjái að þetta sé eina leiðin til að ná fram launajafnrétti kynjanna og til að breyta þeim aðskilnaði sem er milli kynja á vinnumarkaðinum nú.

Það er staðreynd að konur hafa of lengi látið bjóða sér að hin hefðbundu kvennastörf séu metin til lægstu launa í þessu þjóðfélagi. Það er kannske meginskýring þess hvað launin eru lág að karlmenn sækja ekki inn í hin hefðbundnu kvennastörf. Það er ein skýringin á hvers vegna vinnumarkaðurinn er kyngreindur í mörgum störfum.

Það er athyglisverð staðreynd, sem ég las líka nýlega, hvaða áhrif það hafði þegar sú þróun átti sér stað í Svíþjóð að karlmenn fóru að sækja meira inn í hin hefðbundnu kvennastörf. Þá breyttust launakjörin fljótlega til batnaðar. Talið var að skýringuna mætti rekja til þess að karlmenn hefðu fljótlega verið valdir inn í stjórnir félaganna og samninganefndir og hefðu þeir ekki látið bjóða sér þau kjör sem konur hefðu haft. Einnig sagði að þessu hefði verið þveröfugt farið í hefðbundnum karlastörfum, sem kvenfólk fór að sækja mikið inn í. Karlmenn hefðu þá í töluverðum mæli hætt störfum og um leið hefðu launakjörin versnað. Það rennir líka stoðum undir að konur séu alls staðar í heiminum notaðar sem ódýrt vinnuafl, þegar talið var á árinu 1980 að konur ynnu 75% allrar vinnu í heiminum, og þar er átt við launaða og ólaunaða vinnu, en þægju aðeins 10% allra launa og ættu aðeins 1% allra eigna.

Í c-lið 3. gr. þessa frv. er því sérstaklega lögð áhersla á, þegar láglaunastörfin eru metin, að sérstaklega verði athuguð þessi hefðbundnu kvennastörf, en lagt er til í 3. gr. að til grundvallar starfsmati verði lagðir þættir eins og ábyrgð á jafnt mannlegum sem efnislegum verðmætum, vinnuálag, áhætta (þar með talið vegna atvinnusjúkdóma), menntun, starfsþjálfun, starfsreynsla, hæfni, óþrifnaður, erfiði og aðrir þættir sem áhrif hafa á kaup og kjör. Yrði þessum þáttum gefið eðlilegt vægi við flokkaröðun er ég sannfærð um að verðmætamat í störfum mundi breytast og þar með tekjuskiptingin í þjóðfélaginu.

Í 3. gr. er einnig lögð áhersla á það í c-lið, að við mat á láglaunastörfum skuli sérstaklega athuga hvort starfsreynsla við heimilisstörf sé eðlilega metin við röðun í launaflokka, þegar um skyld störf á vinnumarkaðinum er að ræða, svo sem ýmis störf er snerta umönnun, uppeldismál, matargerð, þvotta, ræstingu, þjónustu, fatasaum og þess háttar. Það vita allir, sem það vilja vita, að heimilisstörfin eru lítið metin til réttinda í þjóðfélaginu og það er því sem við viljum breyta með ákvæðum þessa frv., að heimilisstörfin fái eðlilega viðurkenningu við skyld störf á vinnumarkaðinum.

Hjá hinu opinbera hafa heimilisstörfin fengið nokkra viðurkenningu og eru a. m. k. ákvæði um það í Sóknarsamningnum að heimilisstörf skuli metin til fjögurra ára starfsreynslu, en erfiðlega og treglega hefur gengið að fá þessi heimilisstörf viðurkennd á hinum almenna vinnumarkaði.

Svo ég vitni aftur til ráðstefnu Sambands Alþýðuflokkskvenna, þá var fulltrúi vinnuveitenda spurður að því hvort hann teldi ekki réttlætanlegt að meta húsmæðrastörfin meira á vinnumarkaðinum en gert væri. Ef svör þessa fulltrúa Vinnuveitendasambandsins endurspegla afstöðu vinnuveitenda almennt til heimilis-

starfanna þarf engan að undra hvers vegna þau eru ekki metin meira heldur en raun ber vitni á vinnumarkaðinum, því að fulltrúi vinnuveitenda taldi sig þurfa að vita, til þess að geta svarað spurningunni um hvort réttlætanlegt væri að meta heimilisstörfin meira á vinnumarkaðinum, hversu myndarleg húsmóðirin væri. Hann þyrfti að sjá heimilið og hvernig hún hefði skilað því af sér. Og hann bætti við: „Sú kona sem verið hefur heima, vil ég segja í iðjuleysi, ein kona sem er að væflast á heimili, e. t. v. með öldung eða eitthvað slíkt, ætli hún geri mikið", sagði þessi fulltrúi vinnuveitenda og hann taldi að ekki ætti að meta mikils starfsreynslu sem lítið álag fylgdi.

Ég veit ekki hvort þessi rödd úr röðum Vinnuveitendasambandsins er dæmigerð fyrir þau sjónarmið sem ríkja í þjóðfélaginu til heimilisstarfa. Ég vona ekki, þó e. t. v. megi ætla að svo sé þegar litið er til þess hve treglega gengur að fá viðurkennd réttindi heimavinnandi í þjóðfélaginu, ekki bara á þessu sviði, að fá það metið við skyld störf úti í þjóðfélaginu, heldur má benda á lífeyrismál heimavinnandi fólks og fleira í því sambandi. En á þetta atriði í frv. leggjum við flm. mikla áherslu og ekki síst að fá fram breytt mat og viðurkenningu í raun á störfum kvenna í þjóðfélaginu.

Ef sú rödd, sem heyrðist úr röðum vinnuveitenda á ráðstefnunni um launamál kvenna á Seltjarnarnesi, er bergmál af því að þetta sjónarmið ráði á vinnumarkaðnum er ljóst að atvinnurekendur virðast meta lítið heimilisstörfin og telja það hinn mesta óþarfa að við skyld störf á vinnumarkaðnum séu heimilisstörfin metin við röðun í launaflokka. Þetta hlýtur auðvitað að endurspegla viðhorf þeirra til hinna hefðbundnu kvennastarfa úti í þjóðfélaginu og kannske skýringar þar að leita á því hvers vegna hin svokölluðu kvennastörf eru eins lágt metin og raun ber vitni á vinnumarkaðinum.

Á eitt ber líka að líta að því er heimilisstörfum viðkemur. Á ráðstefnunni kom fram hjá Hannesi Sigurðssyni, sem gerði grein fyrir niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Framkvæmdastofnunar fyrir 1981, að skýring á rúmlega 50% hærri launum karla en kvenna á því ári væri að vinnutími karla væri mun lengri en kvenna. Sagði hann að 27% af þessum 50% mismun mætti rekja til lengri vinnutíma karla. Í þessu sambandi er fróðlegt að líta á upplýsingar Kristins Karlssonar félagsfræðings á þessari sömu ráðstefnu hvað vinnutíma karla og kvenna varðar. Þar kemur fram að samanlagður vinnutími á heimili og í atvinnulífi á viku væri að 33.8% karla ynnu 61 klst. eða meira, en 38.3% kvenna ynnu 61 klst. eða meira. Konur hafa því vinninginn í samanlögðum vinnutíma á vinnumarkaði og við heimilisstörfin. Þetta er vissulega nokkuð til umhugsunar þegar launamismunur karla og kvenna er rökstuddur með lengri vinnutíma karla.

Í d-lið segir, með leyfi forseta:

„Meta á sama hátt hvort hlutdeild láglaunahópa í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu sé óeðlilega lág miðað við vinnuframlag. — Sérstakt tillit skal taka til hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar í starfsmati og launakjörum á vinnumarkaðinum.

Við þennan samanburð skal taka með yfirborganir og alla aðra kaupauka og kjaraþætti sem áhrif hafa í hverri starfsgrein á dagvinnutekjur annars vegar og heildarlaunatekjur hins vegar. Skal hlutur kvenna í tekjuskiptingunni sérstaklega athugaður.

e) Gera sérstakan samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum vinnumarkaði hins vegar."

Í 4. gr. frv. kemur fram að láglaunanefnd skuli hraða störfum sínum eins og kostur er og skila skýrslu um niðurstöður nefndarinnar til félmrh. innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

Í 5. gr. er ákvæði um að félmrh. flytji á Alþingi skýrslu um niðurstöður láglaunanefndar og að lokinni umfjöllun Alþingis um niðurstöður nefndarinnar skuli Alþingi taka ákvörðun um hvort nefndin haldi áfram störfum eða verkefni á sviði kjararannsókna verði aukin á annan hátt.

Eins og fram kemur í þessari grein yrði hér einungis um tímabundið starf þessarar nefndar að ræða og gert ráð fyrir að að loknu starfi nefndarinnar muni Alþingi taka afstöðu til þess hvort auka beri rannsóknir af hálfu framkvæmdavaldsins á sviði vinnu- og kjararannsókna. Hér er því í raun gerð tilraun með skipulagðar vinnu- og kjararannsóknir af hálfu framkvæmdavaldsins, sem mér er ekki kunnugt um að hafi verið gerðar áður. Benda má á í því sambandi, að eitt af verksviðum félmrn., sem fer með vinnumarkaðsmál, er að hafa á hendi kjararannsóknir samkvæmt reglugerð um stjórnarráð nr. 96/1969. Það er skoðun mín að slíkar vinnu- og kjararannsóknir eigi að vera stöðugt í gangi af hálfu framkvæmdavaldsins og gætu störf þessarar nefndar vísað veginn í því efni í hvaða farveg kjararannsóknarstörfum af hálfu framkvæmdavaldsins skuli skipað í framtíðinni. Ákveði Alþingi að loknum störfum þessarar nefndar að hún skuli ekki halda áfram störfum, t. a. m. með auknum verkefnum á sviði kjararannsókna, er gert ráð fyrir að Alþingi nemi lög þessi úr gildi.

Í 6. gr. kemur fram að kostnaður við störf láglaunanefndar skuli greiðast úr ríkissjóði með þeim hætti að ríkissjóður greiði 60% af kostnaðinum, en 40% skuli greidd af aðilum vinnumarkaðarins samkv. nánari ákvörðun félmrn. Telja verður eðlilegt að ætla aðilum vinnumarkaðarins að bera nokkurn kostnað af þessari rannsókn, því að ætla verður að aðilum vinnumarkaðarins sé mikill fengur að aukinni vitneskju og öllum hagnýtum upplýsingum og staðreyndum sem stuðlað geta að sanngjarnri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Auðvitað er erfitt að áætla hve mikill kostnaður er samfara samþykkt þessa frv., en ég trúi því að hann sé óverulegur í samanburði við mikilvægi starfa þessarar láglaunanefndar og verður að vænta þess að þegar ákvæði þessa frv. eru að fullu komin til framkvæmda geti það að verulegu leyti grisjað þann frumskóg sem kjara- og launamálin eru og greitt að verulegu leyti fyrir því að fá fram sanngjarna tekjuskiptingu í þessu þjóðfélagi, sem bætt geti á raunhæfan hátt kjör hinna verst settu í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og óska eftir að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég tel ástæðu til að segja hér örfá orð. Í fyrsta lagi að ég vil lýsa stuðningi við þetta frv. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem er vert að fylgja eftir með raunhæfum aðgerðum. Það er mín skoðun að slík könnun og

niðurstöður hennar séu í raun og veru lykilatriði til að hægt sé að mæta vanda þeirra þjóðfélagsþegna sem verst eru settir hverju sinni í þjóðfélaginu.

Það má segja að það sé nokkurt undrunarefni eins og við höfum hér sterk samtök á vinnumarkaðnum, bæði atvinnurekenda og launþega og stofnanir á þeirra vegum, að það skuli vera svo í dag að slíkar upplýsingar, eða a. m. k. verulegur hluti af þeim upplýsingum sem hér eru nefndar, skuli ekki vera til staðar. Ég held að það sé alveg ljóst að það skortir mjög á upplýsingar um vinnumarkaðinn hér á landi og að við erum langt á eftir öðrum þjóðum hvað þetta snertir, bæði hvað varðar launakjör og eins þau atvinnutækifæri sem víðs vegar eru á okkar vinnumarkaði. Ég tel mjög brýnt að setja þessi mál í fastara form. Það er raunar eitt af því sem ég varð var við þegar ég kom í félmrn. að þar er fyrir hendi sérstök deild, vinnumáladeild, sem á samkv. reglugerð að hafa með þessi mál að gera, en hún hefur því miður frá því að hún varð til verið lítt skipuð starfsliði. Þar hefur aðeins verið einn starfsmaður sem hefur aðeins getað sinnt mjög einangruðu verkefni. Þessu þarf að breyta. Ég tel að það sé einn liðurinn í þessum málum almennt að svo verði gert og það er þegar byrjað að vinna að því verkefni.

Ég vil þó geta þess hér að ríkisstj. fór fram á það við Þjóðhagsstofnun s. l. sumar að láta gera slíka úttekt eða hluta af þeirri úttekt sem hér er til umfjöllunar og að því hefur verið unnið. Það er nýlega kominn fram fyrsti hluti þessarar úttektar, sem er unnin hjá ríkisskattstjóraembættinu. Þetta er fróðleg skýrsla og getur orðið verulega til bóta fyrir það verk sem slík nefnd, sem hér er verið að leggja til, mun vinna að, og ekki síst þar sem framhald verður á því. En það vantar ýmislegt í okkar skattkerfi, eins og réttilega kom fram hjá hv. frsm., sem gerir þessa skilgreiningu nægjanlega ljósa.

Ég hef velt því fyrir mér hvernig stendur á því að stofnun eins og kjararannsóknanefnd skuli ekki geta gefið út ákveðnar upplýsingar um vinnumarkaðinn að því er varðar sérstaklega láglaunahópa í þjóðfélaginu. Ég hef leitað eftir því formlega hvers vegna en ekki fengið viðhlítandi svör. Eins og ég sagði áður þá finnst mér ákaflega furðulegt að við skulum þurfa að búa við það, ef okkur vantar upplýsingar sem eru mikilvægar í því skyni að rétta kjör vinnandi fólks eða láglaunafólks í landinu, að þá skuli ekki vera hægt að fá þær á fljótvirkan hátt eða með auðveldum hætti. Þessu þarf að ráða bót á og ég tel sjálfsagðan hlut að allir hljóti að vera sammála um gildi þess. Það hefur ekki svo lítið að segja þegar menn eru sammála um að rétta hlut þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu eða verst settu, að hægt sé að ganga að ákveðnum staðreyndum sem hægt er að miða aðgerðir við.

Nú vil ég geta þess hér, fyrst ég er kominn hingað í ræðustól, að fyrrv. ríkisstj. skipaði sérstaka nefnd til að gera könnun á stöðu einstæðra foreldra í landinu. Þessi nefnd hefur unnið mikið starf og ég hef nýverið samið um það við félagsmáladeild Háskóla Íslands að taka að sér hluta af þessari könnun í samráði við nefndina þ. e. að safna ýmsum upplýsingum um stöðu þessa fólks. Síðan mun nefndin skila niðurstöðum, sem áætlað er að geti orðið síðla vetrar. Ég vænti þess að þær upplýsingar sem þar koma fram verði haldgóðar svo að hægt sé að draga af þeim réttar ályktanir þegar um verður að ræða að rétta hlut þessa fólks, sem ég geri ráð fyrir að flestir séu sammála um að hafi mjög slæma stöðu í þjóðfélaginu, svo ekki sé meira sagt.

Ég vil svo aðeins endurtaka það að ég tel að hér sé um mjög þarft mál að ræða og að ástæða sé fyrir Alþingi að taka undir með flm. og koma þessu máli á það stig sem ætlast er til með þessu frv.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Í því frv. sem hér liggur fyrir er komið inn á mjög stórt mál og viðkvæmt. Þess vegna er ekki alveg sama hvernig þetta mál er kynnt á Alþingi né fyrir þjóðinni. Ég verð því miður að segja það, að ég var ekki nægilega ánægður með það hvernig hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði þetta mál fyrir hv. Alþingi. En áður en ég vík máli mínu að því vil ég fara örfáum orðum um það sem hæstv. félmrh. sagði hér áðan.

Hann sagði að það væri undrunarefni að aðilar vinnumarkaðarins skuli ekki hafa upplýsingar um þetta efni, þ. e. um stöðu láglaunafólks í landinu. Ég held að þessi ummæli ráðh. séu á miklum misskilningi byggð eða hann hafi ekki fengið réttar upplýsingar þar sem hann leitaði þeirra, fyrir utan það að hér er um augljóst mál að ræða. Það skiptir ekki meginmáli eða ræður úrslitum um stöðu þessa fólks hvort meiri eða minni upplýsingar liggja fyrir á pappírum eða í skýrslum, vegna þess að þeir sem þekkja þessi mál til hlítar og hafa fjallað um þau í áratugi, þar á ég við aðila vinnumarkaðarins, annars vegar verkalýðsfélögin og hins vegar vinnuveitendur, vita hvar láglaunafólkið er að finna í landinu.

Það eru ekki upplýsingarnar sem vantar endilega, þótt ég út af fyrir sig geti mælt með því að þetta endurmat eigi sér stað sem frv. gerir ráð fyrir. Það eru ekki upplýsingarnar sem vantar. Það sem vantar er að það sé réttur skilningur í íslensku þjóðfélagi á stöðu láglaunafólks og einnig stöðu þeirra manna sem þurfa að semja um kaup og kjör þessa fólks. Það eru ekki aðeins foringjar eða forustumenn verkalýðshreyfingar eða vinnuveitenda sem fjalla um þessi mál heldur ríkið sjálft. Það þarf því ekki að fara langt til að komast að raun um það hvar láglaunafólkið er. Og það fer ekki eftir kyngreiningu hvort maður er láglaunamaður eða ekki. Ég vildi leyfa mér að orða þetta eitthvað á þessa leið: Leiðin frá þessu fólki til hæstv. Alþingis er of löng. Það mætti e. t. v. mæla þessa leið í árum. Og þegar ég tala um það að mæla þessa leið í árum þá mæli ég hana — ja, ég vil segja miðað við kosningar.

Þetta mál, umhyggjan fyrir láglaunafólki, er ofarlega á baugi yfirleitt alltaf hjá stjórnmálamönnum fyrir hverjar kosningar. Hér erum við því kannske að fjalla um mál sem stjórnmálamenn vilja taka þátt í að leysa fjórða hvert ár. Ég er þeirrar skoðunar að það séu litlar líkur fyrir því að stöðu og afkomu láglaunafólks á Íslandi verði bjargað úr sölum Alþingis. Nægir að benda á það að hér í hæstv. sölum Alþingis hafa kjör þessa fólks verið skert í gegnum árin og áratugi, og nægir núna t. d. að geta þess að afnám samningsréttar hjálpar ekki til að skapa mönnum stöðu til að bæta afkomu launafólks.

Það sem mér finnst skipta máli þegar verið er að ræða um stöðu þessa fólks er að reyna að gera sér grein fyrir hvers vegna fjöldi láglaunafólks er svona mikill, ekki aðeins á samningssviði verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda, þ. e. aðila vinnumarkaðarins, heldur

einnig hjá ríkinu. Og þar kemur margt fleira til greina en hv. þm. kom inn á í ræðu sinni. Ég vil, áður en ég fjalla um þau atriði, víkja örlítið að því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði í sambandi við verkalýðshreyfinguna.

Mér finnst það þungur dómur, eins og hún sagði sjálf, yfir íslenskri verkalýðshreyfingu með hvaða hætti hún kynnti þetta frv. og ómaklegur. Hv. þm. sagði m. a. að verkalýðshreyfingin hefði ekki látið sig þessi mál varða, þ. e. verkalýðshreyfingin hefði látið hagsmuni og afkomu láglaunafólks afskiptalaus. Hv. þm. talaði um að baráttuaðferðir verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við þetta mál væru úreltar. Hv. þm. talaði um sofandaháttt og ekki vitrænar leiðir. Ég veit nú ekki hvað vitrænar leiðir eru hjá hv. þm., það kemur örugglega næst. (**Iðnrh.:** Það eru hinar leiðirnar.) Það eru hinar leiðirnar, já. Við skulum þá láta það standa. En að tala um það að íslensk verkalýðshreyfing hafi verið afskiptalaus um stöðu láglaunafólks á Íslandi finnst mér svo furðuleg ummæli, að ég gat ekki setið á mér að standa upp. Ég mótmæli því fyrir hönd íslenskrar verkalýðshreyfingar að sú forusta sem þetta fólk hefur kosið yfir sig á liðnum áratugum hafi ekki dugað í baráttunni fyrir íslenskan verkalýð. En það eru mörg önnur atriði sem hafa ber í huga, sem hafa haft mikil áhrif á það að þróa upp þessa láglaunahópa, sem ég skal víkja núna að. Áður en ég geri það vil ég þó aðeins árétta það að mikið hefur áunnist fyrir íslenskan verkalýð fyrir tilstuðlan þeirra sem mynda verkalýðshreyfinguna, fyrir tilstuðlan þeirra sem semja fyrir verkalýðshreyfinguna og einnig fyrir tilstuðlan þeirra sem hafa haft forustuna í íslensku atvinnulífi.

Ég minni á það og dreg fram hvað gerst hefur á síðustu áratugum. Í fyrsta lagi vil ég geta þess og undirstrika, sem ekki er rætt oft hér í sölum Alþingis, að í íslenskum fiskiðnaði er komið algjörlega nýtt launakerfi. Það er komið nýtt launakerfi sem hefur gjörbreytt tekjumöguleikum fólks í fiskiðnaði. Þetta á við bæði um hraðfrystiiðnaðinn og vinnslu saltfisks. Ég vek einnig athygli á því að með tilkomu nýju skuttogaranna stórbatnaði hlutur íslenskra sjómanna þannig að þegar vel aflast og vel gengur má flokka íslenska sjómenn undir hátekjufólk.

Þá vil ég í þriðja lagi vekja athygli á því að í ýmsum nýjum starfsgreinum, sem hefur fjölgað mjög á síðustu árum, eru komin ný launakerfi sem gefa fólki möguleika til mjög góðra tekna. (Gripið fram í.) Ég spyr á móti: Hvaða maður á Íslandi þarf ekki að leggja hart að sér? Ég þekki ekki þá Íslendinga sem þurfa yfirleitt ekki að leggja hart að sér í vinnu, hvort sem það er láglaunafólk eða annað fólk. Í hvaða veröld lifir hv. þm.? (**Iðnrh.:** VR-veröld.) Ja, hún gekk nú úr stjórn félagsins og helgaði sig stjórnmálastörfum.

En svo vil ég einnig koma með nokkur önnur atriði sem skipta máli í þessu sambandi, því mér finnst það ósæmilegt að ráðist skuli á verkalýðshreyfinguna með þeim hætti sem gert var hérna áðan. (**KP:** Þú getur það.) Ég geri það af því þú hafðir ekki rænu á að standa upp. Verkalýðshreyfingin hefur t. d. gert samninga um stórbættar tryggingar. Árið 1970 varð bylting í lífeyrismálum íslenskrar verkalýðshreyfingar með þeim samningum sem þá voru gerðir á hinum frjálsa vinnumarkaði. Þá hafa verið samþykkt lög á Alþingi sem m. a. fela í sér stórbætta aðstöðu í sambandi við fæðingarorlof, auk samninga um aðrar tryggingar. Þá hefur orlof verið lengt stórlega á síðasta áratug, vinnutími styttur og sérhæfðir hópar, þ. e. nýir þjóðfélagshópar, ný þróun, sem hefur komið inn í, fengið stórbætta aðstöðu og mjög góð kjör. Ég nefni sem dæmi flugfólk, sem hv. þm. þekkja vel til, lækna, hundruð manna sem eru farin að vinna við tölvur o. s. frv.

En þá skulum við líta á hina hliðina, það sem hefur raunverulega verið að gerast þessu samfara. Það er tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur skipting þjóðartekna á Íslandi gjörbreyst á liðnum áratug. Dreifingin er orðin meiri. Það hefur átt sér stað áður óþekkt þjóðfélagsþróun, nýir tekjuhópar hafa komið til skjalanna, nýir árgangar sem krefjast síns hlutar af íslenskum þjóðartekjum. Þetta eru, ég vil segja fyrir mann á mínum aldri, börnin okkar. Þetta er fólkið sem hefur verið að koma inn á vinnumarkaðinn á síðustu tveim áratugum með nýjar og öðruvísi þarfir en fyrri kynslóðir. Aukning þjóðartekna á Íslandi hefur ekki verið jafnhröð og hinar auknu þarfir, þrátt fyrir aukna menntun og aukna tækni.

Þá má einnig bæta því við að vegna þeirra launatengdra atriða sem ég taldi upp áðan, orlof, tryggingar, styttri vinnutíma o. fl., hefur skipting launakostnaðar í þjóðfélaginu breyst. Og það hefur komið mjög hart niður á þeim sem eru með lægstu launin. Hlutfallið milli útborgaðra launa og launatengdra gjalda hefur gjörbreyst þannig að útborguð laun hafa hlutfallslega lækkað en launatengd gjöld hafa hækkað. Þetta hefur haft mjög skaðleg áhrif gagnvart láglaunafólki, sérstaklega í mikilli verðbólguþróun.

(**Forseti:** Mig langar að spyrja hv. ræðumann hvort hann geti lokið máli sínu á mjög stuttum tíma — eða hvort hann kysi heldur að halda áfram á framhaldsfundinum kl. 6?)

Nei, ég skal ljúka máli mínu. Mér finnst að þegar verið er að ræða um svona viðkvæm mál þá sé mjög þýðingarmikið að talsmenn þess, því þetta er gott mál sem vert er að kanna, geri það með jákvæðum hætti þannig að þeir eignist bandamenn en ekki andstæðinga og alla vega að málflutningurinn valdi ekki misskilningi. Mér finnst það einnig þýðingarmikið, þegar verið er að ræða um þessi atriði, að menn geri sér grein fyrir því að hér eru margþættar ástæður að verki. Að mínu mati hefur þessi neikvæða þróun gagnvart láglaunafólki fyrst og fremst orðið vegna mikillar sérhæfingar og auk þess, ef við lítum til stöðu konunnar, þá hafa þær því miður orðið undir í samkeppninni við karlmanninn í þessari þróun sem hefur átt sér stað á Íslandi á undanförnum árum.

Því verður auðvitað að breyta. Ástæður þess að konur eru komnar í meiri hluta í láglaunahópunum eru svo margþættar að það má ekki einblína á eitt eða tvö atriði. Það má ekki gera konur að einhverjum fórnardýrum út af fyrir sig. Við eigum að reyna að breyta þessu. Það sem við eigum að gera er að bæta stöðu konunnar, bæta samkeppnisaðstöðu hennar til þess að taka þátt í hinni nýju þróun sem á sér stað, færa konur upp úr láglaunahópunum inn í sérhæfðu hópana, gefa þeim aukna og betri möguleika. En ekki einblína á stöðuna eins og hún er í dag heldur horfa til framtíðarinnar. Og þar finnst mér að Alþingi geti komið til skjalanna m. a. með því að skapa konum betri skilyrði til aukinnar menntunar, sérstaklega á sérsviðum. Það þarf að auðvelda þeim konum sem þess óska að fara út

á vinnumarkaðinn, með öllum tiltækum ráðum, þannig að þær verði þátttakendur í hinni nýju atvinnuþróun en sitji ekki eftir.

Að lokum vil ég segja það, að það er eitt atriði sem tengist þessu mjög, sem ég held að eigi eftir að vera konunum mjög í hag. Það er sú fjarskipta- og tölvuþróun sem á sér stað í heiminum núna. Þessi þróun mun hafa það í för með sér að störfin færast aftur frá stóru vinnustöðunum til smærri eininga. Þar kemur inn í ný staða og betri möguleikar konunnar sem og annarra á heimilinu. Fjarskipta- og örtölvutæknin er það stórt mál í sniðum að það verður að bíða betri tíma til ítarlegrar umræðu.

Umr. frestað.

Lagmetisiðnaður, frv. 43. mál (þskj. 46). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 frá 1982, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Frv. þetta felur í sér að I. kafli umræddra laga verði framlengdur um tvö ár, þ. e. í stað orðanna „31. des. 1983" komi „31. des. 1985".

Stjórn Sölustofnunar lagmetis hefur óskað eftir því að framangreind lög verði framlengd og telur áríðandi að nú þegar verði framlengd núverandi starfsréttindi stofnunarinnar, sem felst í lögum þessum, en eins og fram kemur falla þau úr gildi um næstu áramót. Sölustofnunin telur sérstaklega mikilvægt að halda áfram einkarétti til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau að í löndum Austur-Evrópu er einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni kaupanda megin að ræða. Þessi einkakaupandi væri því í aðstöðu til þess að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað ef ekki væru ákvæði sem kæmu í veg fyrir slíkt háttalag. Einhliða samkeppni seljenda megin verður að teljast seljendum í óhag. Rétt er að bregðast við þessu með einkarétti seljenda megin og jafna þar með samningsaðstöðu seljenda og kaupanda, er álit stjórnar Sölustofnunar lagmetis.

Iðnrrn. hefur farið yfir málið og telur rétt, eins og nú standa sakir, að framlengja einkarétt Sölustofnunarinnar eins og fram kemur í frv. Ríkisstj. hefur fallist á þau sjónarmið sem fram eru borin með þessu frv. Ég vænti þess að það verði lögfest á þessu þingi fyrir áramót, enda um mjög einfalt mál að ræða í raun. Samstaða hefur náðst um að framlenging þessi yrði til tveggja ára að þessu sinni, en rétt er að taka fram að stjórn Sölustofnunar óskaði eftir framlengingu til fimm ára. Ég vil taka það fram að ég mun beita mér fyrir rækilegri endurskoðun á þessum lögum á gildistímanum ef hið háa Alþingi felst á þetta lagafrv.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 11). — Frh. 1. umr.

Jón Baldvin Hannibalsson (frh.): Herra forseti. Þess er varla að vænta að ég eða áheyrendur muni hvar var komið ræðu minni fyrir tæpri viku. (**Gripið fram í:** Það er bættur skaðinn.) Bættur er skaðinn, segir hv. skrifari, og má vel vera að honum þyki það og hann meini það.

Það er fljótsagt hver afstaða okkar jafnaðarmanna er til staðfestingar á þessum umræddu brbl. Þar eru tvö aðalatriði.

Í fyrsta lagi er spurningin: Vilja menn afnema með lögum vísitölukerfi launa, eins og hér er gert ráð fyrir, það vísitölukerfi sem við höfum búið við í rúma fjóra áratugi? Það er annað meginatriðið. Og svar okkar Alþfl.- manna er mjög skýrt og einfalt. Að fenginni reynslu erum við því fylgjandi að það verði afnumið og persónulega gæti ég bætt við: Og þótt fyrr hefði verið.

Hin spurningin er þessi: Geta menn jafnframt fallist á það, um leið og sjálfvirkt vísitölukerfi launa er afnumið, að samningsréttur aðila vinnumarkaðarins fari þá á sama veg og verði afnuminn með lögum? Svar okkar við þeirri spurningu er jafnskýrt og afdráttarlaust nei og sér í lagi við þessar kringumstæður. Hversu oft hafa menn ekki heyrt sagt: Ef vísitölukerfi launa verður afnumið mun það þýða að aðilar vinnumarkaðarins semji til skemmri tíma, það verði samið oftar en ella. Einmitt þess vegna er algerlega fráleitt, um leið og aukin pólitísk samstaða næst um að falla frá sjálfvirku vísitölukerfi launa, að beita lagasetningarvaldi til að svipta aðila vinnumarkaðarins samningsrétti.

Tilefni þess að þetta þarf að ræðast svolítið betur er í fyrsta lagi aths. hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteins Pálssonar, sem í jómfrúrræðu sinni hér á Alþingi fann að gagnrýni stjórnarandstöðunnar á þetta frv. til laga um launamál, einkum og sér í lagi út frá samningsréttarbanninu. Hv. þm. spurði sem svo: Er það krafa stjórnarandstöðunnar að Alþingi hlutist frekar til um málefni vinnumarkaðarins? Er það raunverulega krafa stjórnarandstöðunnar að Alþingi eða löggjafarvaldið líti jafnvel á það sem sitt hlutverk að breyta launahlutföllum á vinnumarkaðinum? Svar okkar er mjög einfalt. Við erum þeirrar skoðunar, að það sé algert neyðarúrræði að löggjafinn blandi sér í málefni aðila vinnumarkaðarins. Hlutverk þeirra á að vera undir öllum venjulegum kringumstæðum að ná samningum um kaup og kjör, ekki aðeins um launataxta heldur líka launabil, og ég hef takmarkaða trú á því að Alþingi bæti þar um betur undir öllum venjulegum kringumstæðum.

Það er algerlega út í hött að gagnrýni stjórnarandstöðunnar á afnám samningsréttarins feli í sér kröfu um íhlutun ríkisvaldsins í staðinn, þvert á móti. Við segjum sem svo: Afnám vísitölukerfisins var réttlætanlegt. Rök stjórnarsinna fyrir því að fylgja því eftir með afnámi samningsréttar voru að þeir óttuðust að hitt mundi ekki skila árangri í tæka tíð í hjöðnun verðbólgu. Um þessi rök þarf ekki að fara mörgum orðum, því að nú er það komið á daginn að einhliða afnám vísitölukerfis launa hefur þegar skilað mjög umtalsverðum árangri í lækkun framfærsluvísitölu, lækkun verðbólgu minni verðbólguhraða. Það lá fyrir strax þegar þessi brbl. voru sett að samningar opinberra starfsmanna og almennir kjarasamningar yrðu lausir nú í haust. Hafi menn óttast að menn settust að samningaborði áður en árangur væri kominn í ljós er alveg augljóst að sá ótti reyndist

ástæðulaus. Þessi meginröksemd fyrir því að beita lagasetningarvaldi til að fresta kjarasamningum er þess vegna fallin um sjálfa sig. Þess vegna er ástæða til að ræða það hér á hv. Alþingi og beina því til hæstv. ríkisstj., hvort ekki sé kominn tími til að hún endurskoði afstöðu sína í þessu máli.

Ég rifja upp að hæstv. forsrh. hefur breytt orðalagi sínu í þessum efnum nokkuð. Hann hefur sagt sem svo, að ef sýnilegt sé að svipaður eða sambærilegur árangur náist að því er varðar hjöðnun verðbólgu á þessu ári til loka þessa árs, þrátt fyrir að fallið verði frá afnámi samningsréttar, þá sé ekkert því til fyrirstöðu að svo verði gert. Ef ég tók rétt eftir viðhafði hæstv. utanrrh. eitthvað svipuð ummæli.

Nú er frá því skýrt að á samráðsfundi hæstv. forsrh. við aðila vinnumarkaðarins, þar sem forustumenn launþegasamtakanna reyndar gengu út af fundi, hafi talsmenn vinnuveitenda tekið eindregið undir þau sjónarmið launþegaforustunnar að ekki væri ástæða til að svipta þá samningsréttinum. M. ö. o.: Ég veit ekki betur en það sé rétt, og ég verð þá leiðréttur hér á eftir, að talsmenn vinnuveitenda hafi sjálfir tekið undir óskir og kröfur forustumanna verkalýðshreyfingarinnar um að samningsrétturinn verði fenginn aðilum vinnumarkaðarins á ný. Af því tilefni vil ég eindregið beina þeim spurningum til hæstv. ráðh., hvort þetta er rétt — og miðað við þeirra eigin ummæli um að þeir séu reiðubúnir að endurskoða afstöðu sína, ef ekkert bendir til þess að sú endurskoðun eyðileggi þann árangur sem þeir vænta um hjöðnun verðbólgu á þessu ári, eru þeir þá ekki reiðubúnir að falla frá umdeildasta atriði þeirra laga sem hér eru til staðfestingar á hv. Alþingi?

Því er yfirleitt slegið föstu, að jafnvel þótt samningaviðræður hæfust innan fárra daga væru sáralitlar líkur á því að þeir samningar yrðu leiddir til niðurstöðu á skemmri tíma en vikum og mánuðum. M. ö. o.: meginröksemdin fyrir því að svipta aðila vinnumarkaðarins samningsrétti er nú fallin um koll, hún stenst ekki lengur. Um það eru menn sammála. Í öðru lagi er ljóst, að jafnvel þótt samningaumleitanir hæfust nú þegar tæki sjálf samningagerðin slíkan tíma að engar líkur eru á því að niðurstöður kjarasamninga hefðu nein úrslitaáhrif á þróun verðbólgu, hver svo sem niðurstaðan yrði, það sem eftir lifir árs. Ég fæ því ekki betur séð en öll rök mæli með því að það ákvæði umræddra laga sem kveður á um bann við samningsrétti sé með öllu óþarft. Ég leyfi mér úr þessum ræðustól að skora á hæstv. ráðh. að fylgja nú eftir orðum sínum, taka tillit til einróma tilmæla aðila vinnumarkaðarins, ekki aðeins forustumanna verkalýðshreyfingarinnar heldur ýmissa fulltrúa vinnuveitenda einnig, og endurskoða þetta ákvæði og gera það heyrum kunnugt áður en lengra líður á þessar umræður.

Að því er varðar umræður um vísitölukerfi launa og afnám þess er margt hægt að segja. Rétt er að rifja upp að þau mál komu talsvert til umr. á seinasta þingi án þess þó að verða leidd til lykta. Gagnrýni manna á þetta vísitölukerfi beinist að mörgu. Ég segi fyrir mína parta að ég hef verið eindreginn andstæðingur þess um nokkurra ára skeið og minnist þess t. d., að fyrir kosningar 1979 heimsótti ég marga vinnustaði hér í Reykjavíkurborg og dró ekki dul á þá skoðun mína að ég teldi að launþegum væri engin kaupmáttarvörn í því vísitölukerfi eins og það var. Ég minnist þess, að í umr. á þessum vinnustöðum kom berlega í ljós að allur þorri launþega hér á þéttbýlissvæðunum hafði löngu gert sér grein fyrir því að í þessu kerfi var enginn kaupmáttarvernd fólgin.

Meginástæðan er sú, að þetta vísitölukerfi var byggt á fyrir fram gefnum forsendum um framfærslukostnað í staðinn fyrir að mun skynsamlegra væri að tengja slíkt vísitölukerfi fremur þjóðhagsvísitölu eða viðskiptakjaravísitölu, tengja hana m. ö. o. vexti þjóðarframleiðslu eða þjóðartekna á mann, þannig að um leið og ytri skilyrði þjóðarbúskapar bötnuðu fengju launþegar sjálfkrafa í sinn hlut hærri raunlaun vegna þess að forsendur væru fyrir því, en ef þjóðarbúið yrði fyrir áföllum bitnaði það jafnt á launum sem öðrum þáttum þjóðarframleiðslunnar. Þetta var að mínu mati sú viðmiðun sem verkalýðshreyfingin hefði átt að berjast fyrir sjálf, ef hún á annað borð vildi leggja traust sitt og hald á sjálfvirkt vísitölukerfi að því er varðaði kaupmátt, sem hins vegar er fullkomlega álitamál.

Hin fjarstæðukenndu dæmi um áhrif framfærslukostnaðar viðmiðunar vísitölu eru mörg. Úr því sem komið er er slíkt ekki meginatriði þessa máls. Við getum aðeins nefnt sem dæmi að opinberum þjónustufyrirtækjum hér í Reykjavík var árum og áratugum saman haldið niðri að því er varðaði verðlagningu á sinni þjónustu vegna vísitölukerfis. Vísitölukerfið virkaði nefnilega þannig, að ef strætisvagnaþjónusta í Reykjavík hækkaði hækkaði kaupgjald um land allt. Vísitölukerfið virkaði þannig, að ef þjónustufyrirtæki í Reykjavík, eins og Hitaveita Reykjavíkur, hefðu hækkað sín þjónustugjöld til að standa undir eigin rekstri og sínum eigin fjárfestingum — gott og gegnt fyrirtæki á gömlum og grónum merg sem það var — hefði það leitt til kauphækkunar um land allt. Vísitölukerfið virkaði þannig, að um leið og þjóðarbúið varð fyrir verulegum áföllum svo að nefnt sé dæmi um olíuverðsprengingar 1973 og 1979, um leið og reikningur þjóðarbúsins í heild og fyrirtækja, ekki síst fyrirtækja í sjávarútvegi og útflutningsgreinum, vegna olíu hækkaði — þá leiddi það til kauphækkana um land allt. M. ö. o.: þeim mun minni sem geta þjóðarbúsins og einstakra fyrirtækja varð til þess að greiða hærri laun, þeim mun hærri laun skyldu þau greiða. Það er þetta sem menn eiga við þegar sagt er að þetta vísitölukerfi tryggi á engan máta hagsmuni launþega, það tryggi ekki kaupmátt launþega, það tryggi ekki rekstrargrundvöll fyrirtækja, það tryggi raunverulega ekki neitt nema hringekju verðbólgunnar að sínum hluta, það tryggi sívaxandi útgjöld án tillits til þess hver var þróun raunstærða þjóðarbúsins. Og því fór fjarri að það tryggði kaupmátt launa, hvorki kauptaxta né raunverulegra ráðstöfunartekna, sbr. þá staðreynd að kaupmáttur kauptaxta hefur farið minnkandi á Íslandi allt frá árinu 1978.

Gallarnir á þessu vísitölukerfi voru margir fleiri. Ég ætla aðeins að nefna það, að ríkisstj. sem vildi hækka óbeina skatta til að draga úr eftirspurn og kaupmætti gat ekki gert það vegna þess að óbeinir skattar voru inni í vísitölukerfinu. Það þýddi að um leið og óbeinir skattar voru hækkaðir, annaðhvort til að draga úr eftirspurn eða til að auka samneyslu eða félagslega þjónustu þegnanna, sem raunverulega er kaupmáttaraukandi á sinn máta, fór kaupgjald í landinu hækkandi. M. ö. o.: þarna rak hvað sig á annars horn. Aðgerð til að draga úr kaupmætti einkaneyslu, draga úr eftir-

spurn, hafði þveröfug áhrif. Sama er að segja um þá hugmynd að beinir skattar voru ekki inni í vísitölukerfinu. Þannig var vísitölukerfið farið að ráða skattakerfinu. Það leiddi til þess að ríkisvaldið sóttist eftir því að hafa áhrif á kaupgjald, vísitölu og verðbólgu með niðurgreiðslu og eru fræg að endemum ýmis dæmi þeirra vísitölufalsana.

Enn eitt dæmi um skaðleg áhrif þessa vísitölukerfis eru áhrif þess á orkubúskap þjóðarinnar. Hæstv. iðnrh. vitnaði til þess í frægum sjónvarpsþætti um daginn, að á liðnum áratug hefði það gerst að verðlagning á þjónustu orkufyrirtækjanna hefði ekki nándar nærri því fylgt byggingarvísitölu, henni hefði verið haldið í skefjum. Afleiðingarnar voru þær, að ekki einasta ný fjárfesting í orkubúskapnum heldur rekstur orkufyrirtækjanna var fjármagnað með erlendum lánum. Allt var þetta réttlætt með því að ekki væri gerlegt að verðleggja þessa þjónustu réttilega vegna áhrifa á vísitölukerfið, það mundi hækka kaup, framleiðslukostnað og verðbólgu.

Þessi dæmi eiga að nægja til að sýna fram á hversu fáránlegt og vitlaust í alla staði þetta vísitölukerfi var. Og það er reyndar undrunarefni, eftir alla þá umræðu sem átt hefur sér stað um þessi mál, eftir allar þær atlögur sem gerðar hafa verið af hálfu ýmissa ríkisstjórna til að koma þessu kerfi fyrir kattarnef eða breyta því, *að ekkert skuli hafa gengið*. Það er því miður, hygg ég, verkalýðshreyfingunni til lítils sóma að hafa hvað eftir annað tekið þátt í tilraunum og umræðum, t. d. í sérstökum nefndum um þetta mál, þar sem tilgangurinn var að fá þessu kerfi breytt, fá helstu agnúana af því sniðna, fá það stokkað upp í grundvallaratriðum eða jafnvel afnumið, að fulltrúar launþegasamtakanna skyldu ekki sjálfir taka frumkvæði að því í tæka tíð í staðinn fyrir að þvælast fyrir, kveða ekki upp úr um *afstöðu sína, fá málunum slegið á frest með þeim* afleiðingum, sem óhjákvæmilegar voru, að loksins kom að því að kerfinu varð ekki lengur uppi haldið og það var afnumið með einu pennastriki.

Ef marka má yfirlýsingar einstakra talsmanna stjórnmálaflokka er nú svo komið að allflestir viðurkenna að rétt sé og skynsamlegt að afnema þetta vísitölukerfi. Ég vitnaði til þess, að við Alþfl.-menn sögðum fyrir seinustu kosningar að vísitölukerfið hefði gengið sér til húðar, það bæri að afnema. Stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., eru báðir þeirrar skoðunar að þetta kerfi beri að afnema, sbr. þetta frv. Ég minni á að hv. 7. þm. Reykv. Guðmundur J. Guðmundsson sagði í umr. um stefnuræðu forsrh. að krafa verkalýðshreyfingarinnar væri um samningsrétt, og undir það tökum við, en hún væri engan veginn endilega um að fá aftur gamla vitlausa vísitölukerfið.

Því má bæta við að aðstoðarmaður hv. 7. þm. Reykv., þ. e. aðstoðarmaður hans í stéttarfélaginu Dagsbrún, fyrrum aðstoðarmaður fjmrh. og einn af fáum mönnum í Alþb. sem sett hefur fram á undanförnum árum skynsamlegar skoðanir á efnahagsmálum, kvað upp úr um það strax á s. l. ári að vísitölukerfið hefði gengið sér til húðar. Hér á ég við Þröst Ólafsson fyrrum aðstoðarmann fjmrh., nú aðstoðarmann formanns Dagsbrúnar. Hann kvað upp úr um það strax á s. l. vetri að þetta kerfi hefði gengið sér til húðar, vísitölukerfi launa tryggði ekkert annað en viðgang verðbólgunnar, sagði hann. Hann kvað upp úr um það, að þetta kerfi væri verkalýðshreyfingunni, launþegum í landinu, ekki lengur í hag.

Ég hlýt því að komast að þeirri niðurstöðu að þeir séu orðnir ákaflega fáir sem mæla bót þessu gamla vísitölukerfi. Ég fæ ekki betur séð en að loksins sé svo komið, að allur þorri manna, jafnt meðal launþega, atvinnurekenda og forsvarsmanna stjórnmálaflokka, sé kominn að þeirri niðurstöðu að þetta gamla vísitölukerfi beri ekki að endurreisa. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar og hef verið lengi, að þetta væri fráleitt kerfi.

Ég bæti því að vísu gjarnan við, að það er ekki nóg og ekki einhlítt að afnema þennan þátt sjálfvirkninnar í okkar þjóðarbúskap. Það hefði átt að ganga lengra og afnema líka sjálfvirk tengsl milli meðaltalslauna launþega annars vegar og hins vegar búvöruverðlags. Það ætti líka um leið að afnema sjálfvirk tengsl milli landbúnaðarframleiðslu og niðurgreiðslna eða styrkja af almannafé til að greiða niður framleiðslukostnað við offramleiðslu landbúnaðarvara. Reyndar er þetta allt saman ein heild, þessi sjálfvirku tengsl sem finna má í ríkisbúskapnum. Það hefði auðvitað verið rétt, um leið og hæstv. ríkisstj. réðst til atlögu gegn sjálfvirku vísitölukerfi verðlags og launa, að stíga skrefið til fulls. Ef hún hefði gert það stæði hún betur að vígi gagnvart gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga þegar við segjum: Þessar aðgerðir bitna um of einhliða á launþegum. Hér er *raunverulega verið að framvísa reikningum vegna* óstjórnar s. l. áratugar — framvísa þeim reikningum til launþega. En það eru ákveðnir þættir í þjóðarbúskap okkar sem eru undanskildir. Það eru ákveðnir forréttindahópar sem ekki eru látnir borga sinn hlut af óhjákvæmilegum herkostnaði í stríðinu við verðbólguna eða af þeim gjaldföllnu reikningum sem fyrrv. ríkisstj. eru nú að framvísa.

En látum það útrætt. Meginkjarni málsins er sá, að *ég fæ ekki séð að úr þessu verði þær kröfur hafðar uppi* að hið gamla vísitölukerfi launa verði endurreist. Ég held að segja megi að það sé hér með grafið og huslað í eitt skipti fyrir öll og ég harma það lítt. Ágreiningsefnið er því ekki um vísitölukerfið.

Nú má vel vera að málsvarar verkalýðshreyfingarinnar eigi síðar meir eftir að setja fram kröfur um nýtt vísitölukerfi. Það eru uppi ýmsar hugmyndir um að hægt sé að taka upp aðrar aðferðir við að tryggja kaupmátt launa — aðrar aðferðir en nákvæmlega það vísitölukerfi sem við bjuggum við. Einfaldasta dæmið um það er ósköp einfaldlega ákvæði í samningum um það, að ef verðbólgan verður meiri en spáð er á samningstímabilinu séu samningar lausir og megi taka *þá til endurskoðunar*.

Þessa hluti þýðir ekki að ræða fyrir fram. Við skulum sjá hvaða kröfur þar eru fram settar. Sjálfur hef ég afar litla trú á slíkum kerfum. Ég bendi á reynslu annarra þjóða í því efni. Sér í lagi er athyglisverður sá árangur sem Vestur-Þjóðverjar hafa náð og reyndar þýski heimurinn, Vestur-Þjóðverjar, Austurríkismenn og Svisslendingar. Vestur-Þjóðverjar hafa tekið þann kost, minnugir reynslunnar frá Weimar og hruns þess lýðveldis á sinni tíð, að binda það í stjórnarskrá að vísitölukerfi af þessu tagi samrýmist ekki stjórnarskránni. Reynsla þeirra af því er góð. Þeim hefur óneitanlega gengið betur að bæta lífskjör þýskra þegna jafnt og pétt, auka kaupmátt, auka framleiðni o. s. frv. en okkur þrátt fyrir ákvæði að forminu til um verndun kaupmáttar með vísitölukerfi. Ég held við ættum að

læra lexíuna í eitt skipti fyrir öll og forðast slík kerfi. Við skulum aðeins rifja upp að af þeim rúmlega 40 árum sem við höfum búið við sjálfvirkt vísitölukerfi var þetta kerfi óskert einungis í tæplega þrjú ár á öllum þessum árafjölda, frá 1940 til 1982. Allan tímann voru ríkisstjórnir að basla við sjálfvirkar verðbólguafleiðingar af þessu kerfi. Ætti sú reynsla að nægja okkur, a. m. k. næstu árin ef ekki áratugina, til þess að læra rétta lexíu. M. ö. o.: vísitölukerfið var gagnslaust, það var skaðlegt. Það má kannske orða það í einni setningu á þann veg, að ef hagstjórn er skynsamleg í einu landi, þannig að sómasamlegt jafnvægi ríki, er vísitölukerfi af þessu tagi með öllu óþarft. Ef hagstjórn er vitlaus og galin, og þjóðarbúskapurinn rekinn frámunalega illa, jafnvægisleysið er mikið, óðaverðbólga er mikil, þá gerir vísitölukerfið ekkert gagn, þá gerir það aðeins illt verra.

En þá er það spurningin um samningsréttinn. Það er mjög einfalt mál, að meðan verið er að ná niður hrikalegri verðbólgu, eins og við höfum búið við allt of lengi, og það er gert með því að afnema sjálfvirkt vísitölukerfi, þá skyldi maður ætla að launþegar brygðust við á þann veg að þeir mundu reyna að ná samningum til skemmri tíma en ella hefði verið. Einmitt þess vegna er það fráleitt að ætla með lögum að svipta aðila vinnumarkaðarins samningsrétti mánuðum saman, meir en hálft ár, á sama tíma og vísitölukerfið er numið úr gildi. Ég hef áður sagt: Röksemdirnar fyrir þessari aðgerð eru fallnar um koll, þær standast ekki lengur. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa viðurkennt að þeir gætu fallist á að endurskoða þetta ákvæði. Ég held að það sé þarflaust að ræða það miklu frekar fyrr en það kemur á daginn hver alvara fylgir þeim orðum. Auðvitað væri æskilegt að þessi ummæli væru endurtekin hér og það kæmi skýrt og skilmerkilega fram við þinglega afgreiðslu málsins að ekkert er því til fyrirstöðu af hálfu stjórnarflokkanna eða hæstv. ríkisstj. að skila aftur samningsréttinum, enda engin rök fyrir því að beita lagaþvingunum lengur. Það gerir aðeins illt verra. Það er aðeins einn þáttur í því að efna að óþörfu til tortryggni, úlfúðar og stéttaátaka. Auðvitað er það meginatriðið út frá sjónarmiði einnar ríkisstjórnar að þau markmið sem ríkisstj. hefur sett sér náist. Og allir aðilar hafa lýst því yfir að úr því sem komið er sé sýnt að þau markmið náist á þessu ári, án þess að nauðsynlegt sé að lögbinda samningsrétt. Þess vegna væri það auðvitað stórpólitísk aðgerð og hefði verulegt gildi ef þessum orðum yrði fylgt eftir með því að í meðferð þingsins nú væri samningsréttinum skilað til aðila vinnumarkaðarins.

Herra forseti. Annað tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs var það, að fyrr við umr. kom enn einu sinni fram að hæstv. forsrh. vill enn ekki viðurkenna að fyrir löngu sé svo komið í okkar þjóðarbúskap að það sé orðið eitt af erfiðari efnahagsvandamálum þjóðarinnar að fiskveiðifloti okkar er of stór, að á undanförnum árum hefur verið fjárfest allt of mikið í nýjum veiðiskipum og að afleiðingar þess eru nú að flestra manna mati eitt erfiðasta efnahagsvandamál þjóðarinnar og reyndar hrikalegt viðfangs.

Það þýðir ekki að deila um það, enda er það ekki meginatriði málsins, hver beri hér stærsta sök. Það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir. Hæstv. forsrh. veifaði hér gömlu dagblaði og tíundaði hvað hver sjávarútvegsráðherra í seinustu ríkisstjórnum hafði veitt margar heimildir fyrir innflutningi á mörgum nýjum skipum. Það liggur allt saman ljóst fyrir. Það liggur ljóst fyrir að um það leyti sem hann tók við sem sjútvrh. í fyrrv. ríkisstj. höfðu verið veittar heimildir, af hálfu allra sjútvrh. þessara ríkisstjórna fyrir innflutningi og smíðum 90 togara. Það liggur alveg ljóst fyrir að í sjútvrh.-tíð Kjartans Jóhannssonar, en þá voru veittar heimildir fyrir sex nýjum togurum, var að lokum tekin sú ákvörðun að stöðva þennan innflutning. Ástæðurnar fyrir þessu voru augljósar. Framan af var þetta mjög eðlileg, arðvænleg og gagnleg fjárfesting, í rökréttu samhengi við stækkun okkar á landhelginni. En eftir 1975—1976 var hins vegar fyrstu viðvörunarbjöllum hringt um að afkastageta fiskistofna væri ekki slík sem menn höfðu ætlað og árið 1978—1979 voru flestir dómbærir menn á einu máli um að flotinn væri orðinn þá þegar nægilega stór, ef ekki of stór, og úr því mætti ekki bæta við hann. Um þetta þarf ekkert að deila og ætti ekki að þurfa að hafa um mörg orð, ef ekki vildi svo til að hæstv. forsrh. endurtæki það enn að hann er ósammála þessari skoðun.

Í ræðu minni, sem ég varð að gera hlé á seinast vitnaði ég til ummæla hans í þjóðhagsáætlun, þar sem hann svarar því sjálfur í tvígang að þessi skoðun er rétt. Ég vitnaði til þess, herra forseti, að í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 er staðfest í tvígang að flotinn er orðinn of stór og afkastageta flotans of mikil, hún er „meiri en samsvarar aflabrögðum nú", eins og hér segir. Og enn fremur er því slegið föstu að stækkun fiskiskipastólsins hafi „átt sinn þátt í því að minni afli kemur á hvert skip en ella". Ég skil því ekki nákvæmlega af hverju hæstv. forsrh. er enn við það heygarðshornið að vilja ekki viðurkenna staðreyndir í þessu efni, þrátt fyrir að hann geri það hér skriflega í þjóðhagsáætlun. Og þrátt fyrir að allir aðilar í núv. ríkisstj., sbr. t. d. forustugrein Morgunblaðsins nú nýverið, viðurkenna þetta og þrátt fyrir að samstarfsaðilar hans í fyrrv. ríkisstj. voru farnir að viðurkenna þetta. Um þetta var orðið hreinlega ekki deilt. Þess vegna sé ég ekki hvaða tilgangi það þjónar að halda því enn til streitu að hér sé ekki um vandamál að ræða. En hann vill ekki kannast við það, sem fyrrv. sjútvrh., að hann beri á þessu verulega ábyrgð.

Það er tvennt sem þarf að ræða hér í samhengi: Það er ekki einasta stærð flotans, heldur líka sú fiskveiðistefna sem rekin var. Þegar menn líta til baka þá eru þeir sammála um að frá og með árinu 1980 hefði átt að framfylgja stranglega innflutningsbanni á nýjum skipum, gæta þess stranglega að flotinn væri ekki stækkaður og jafnframt taka mark á ráðgjöf fiskifræðinga þegar þeir settu sín hámarksákvæði að því er varðaði veiðar. Það er ástæða til að minna á að árið 1980 voru niðurstöður Hafrannsóknastofnunar um leyfilegt aflahámark á þorski 300 þús. tonn. Þegar upp var staðið var veiðimagn á þorski á þessu ári hins vegar 428 þús. tonn eða rúmlega þriðjungi meira en aflahámarkið sem fiskifræðingar mæltu með. Þess er að geta að fiskifræðingar lögðu eindregið til á þessu ári að beitt yrði margvíslegum ráðstöfunum til að halda aflamagninu innan æskilegra marka, t. d. með því að vetrarvertíð yrði stöðvuð fyrr en ella, ef aflamagnið færi langt umfram það sem æskilegt var talið. Og enn fremur að skrapdagafjöldi yrði aukinn varðandi veiðar togaraflotans, ef sýnt yrði frá og með vori að aflinn væri langt umfram æskileg mörk. Fiskveiðistefnan var í því fólgin,

að þessum óskum var ekki sinnt. Þess vegna gerðist hvort tveggja í senn: Haldið var áfram ár eftir ár að stækka veiðiflotann umfram það sem æskilegt var og skynsamlegt, og um leið að fiskveiðistefnan, sem mótuð var, tók mið einungis af skammtímahagsmunum, en tók ekki mark á vísindalegri ráðgjöf með þeim afleiðingum að þetta hefur heldur betur komið okkur í koll. Nú viðurkenna allir aðrir en hæstv. forsrh. að við sitjum uppi með sjávarútveginn, okkar undirstöðuatvinnugrein, í lamalessi. Hann er að sligast undan þeim byrðum sem á hann voru lagðar á þessum árum. Það er upplýst að sjávarútvegurinn er kominn í skuld við hið opinbera sjóðakerfi eitt saman upp á 5 milljarða kr., og þessar tölur hækka reyndar frá viku til viku eftir því sem nýjar upplýsingar bætast við. Það er upplýst að allar greinar útgerðarinnar eru reknar með dúndrandi tapi. Allar eru þessar tölur hins vegar byggðar á meðaltölum. Það kemur hins vegar á daginn, þegar reynt er að skyggnast á bak við meðaltölin, að það er ekki hvað síst sá hluti útgerðarinnar sem fjárfest var í á þessum seinustu þremur árum sem verst er ástatt um, eftir að ljóst var að enginn rekstrargrundvöllur var fyrir nýjum skipum, eftir að ljóst var að ný skip, ég tala nú ekki um skip smíðuð hér innanlands, höfðu engar forsendur til að geta staðið undir rekstri sínum, eftir að ljóst var að hver sá útgerðaraðili sem raunverulega var að leggja út í þessa fjárfestingu var vitandi vits að segja sem svo: Það er enginn rekstrargrundvöllur fyrir þessu, ég á út af fyrir sig enga fjármuni til að leggja í þetta. Það lá alveg ljóst fyrir að þennan hluta flotans var frá upphafi verið að gera út á skattgreiðendur eða ríkissjóð. Hverjar eru afleiðingarnar? Afleiðingarnar eru þær, að sjávarútvegurinn sem slíkur rís ekki lengur undir þessum byrðum.

Það er ástæða til að spyrja: Ef stigið hefði verið á bremsurnar eins og skyldan hefði boðið árið 1980, ef stigið hefði verið á bremsurnar þá, ef þá hefðu verið stöðvaðar frekari viðbætur við flotann, ef framfylgt hefði verið skynsamlegri fiskveiðistefnu frá og með þessum tíma, hversu miklu betur staddur væri ekki sjávarútvegurinn nú? Þetta er ekki bara spurning um pólitíska ábyrgð aftur í tímann, vegna þess að við stöndum hér frammi fyrir einni lykilspurningu um efnahagsprógramm þessarar ríkisstj.: Verður einhver árangur til frambúðar af því einu saman að afnema vísitölukerfi launa? Verður einhver árangur af því til frambúðar að snúa sér til launþega og segja: Þið verðið að hafa biðlund, þið verðið að sætta ykkur við að vísitölukerfið er afnumið, þið verðið að sætta ykkur við skerðingu á umsömdum vísitölubótum. Verður nokkur árangur af þessu, þegar menn standa frammi fyrir því hins vegar að undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar er svo skuldugur upp fyrir haus að tölurnar úreldast frá einni viku til annarrar, að stór hluti af þessum flota er gjörgæslufyrirtæki. Ráðh. segja nú fullum fetum: Þessar skuldir verða aldrei greiddar. Hæstv. fjmrh. varpar fram þeirri hugmynd að þessar skuldir verði hreinlega að afskrifa, að almenningur í landinu verði að taka þessar skuldir á sig því að aðrir séu ekki borgunarmenn fyrir þeim.

Að vísu verður að játast að frásagnir blaða af þessum hugmyndum hæstv. fjmrh. eru næsta ónákvæmar. Hann hefur ekki haft fyrir því að gera nákvæma grein fyrir því enn hvað hann á við.

Hvaða skuldir á almenningur að greiða? Hvaða skuldir á að gefa eftir? Engu að síður stendur hæstv. ríkisstj. frammi fyrir vali: Annars vegar að framvísa þessum skuldum til viðbótar öllum hinum, sem hún þegar hefur framvísað til launþega í landinu, mörgum milljörðum króna til viðbótar allri þeirri kjaraskerðingu sem þegar hefur yfir launþega dunið, eða leysa vandamál sjávarútvegsins enn einu sinni með hefðbundinni aðferð, þ. e. með því að fella gengið og standa þá frammi fyrir þeirri staðreynd að allt hennar prógramm, allt prógramm hæstv. ríkisstj., öll yfirlýst markmið um hjöðnun verðbólgu og aukinn stöðugleika í efnahagslífi, fjúki út um gluggann.

Það er kaldhæðni örlaganna að hæstv. forsrh., sem í kosningabaráttu sinni árið 1979 fór hamförum gegn stefnu núv. ríkisstj., sem hann kallaði leiftursókn og fór mörgum orðum um að væri fyrir fram vonlaust mál og mundi ekki leiða til annars en styrjaldarátaka á vinnumarkaði, fjöldaatvinnuleysis og væri gagnslaus aðgerð gegn verðbólgu, situr nú í forsvari fyrir ríkisstj. sem framfylgir þeirri stefnu sem hann hefur fordæmt hvað harðast og stendur nú frammi fyrir því að spurningin um árangur ríkisstj., spurningin um hvort yfirlýst markmið hennar geti orðið að veruleika, sú spurning er fyrst og fremst komin undir því hvað menn ætla að gera í sjávarútveginum. Hvernig ætla menn að leysa vandamál sjávarútvegsins eftir að svo er komið að hann er að hruni kominn? Hvernig ætlar hæstv. forsrh. að taka á þeim vandamálum sem hann tók við úr hendi hæstv. fyrrv. sjútvrh.?

Hæstv. ráðh. fara yfirleitt mörgum orðum um það, þegar þeir reyna að sannfæra sjálfa sig og aðra um að þeir séu á réttri leið, hversu slæm afkoman var. Já, já, um það er enginn ágreiningur við okkur Alþfl.-menn. Við vitum að afkoman var mjög slæm. Það er jafnvel eitthvað til í því að hún hafi verið mun verri en við gerðum okkur grein fyrir fyrir kosningar og upplýst var fyrir kosningar. Hún var vissulega slæm að því er varðaði erlenda skuldasöfnun, hún var vissulega slæm að því er varðaði viðskiptahalla, hún var vissulega slæm að því er varðaði ríkisfjármál, hún var vissulega slæm að því er varðaði húsnæðismál. Hún var vissulega slæm líka að því er varðaði orkumál. Hún var slæm yfir alla línuna. Þó er mér til efs að hún hafi verið jafnhrikaleg í nokkrum einstökum málaflokki og í málefnum sjávarútvegsins. Spurningunni hvort þessari ríkisstj. tekst að ná nokkrum árangri í viðureign við verðbólguna verður ekki svarað fyrr en upplýst verður hvernig ríkisstj. hyggst taka á málefnum sjávarútvegsins.

Við því hafa engin svör fengist. Hæstv. fjmrh. hefur gefið út sína pennastrikslausn. Aðrir ráðh. hafa haft hana að háði og spotti. Engu að síður er því haldið fram að ríkisstj. muni hvergi falla frá þeirri stefnu sinni að hanga á föstu gengi. En um leið og það er sagt vakna spurningarnar um hvað þá á að gera að öðru leyti til þess að tryggja rekstrargrundvöll útgerðarinnar.

Því er yfir lýst af framkvæmdastjóra LÍÚ að flotinn muni stöðvast að sjálfu sér. Það er alveg augljóst mál að skuldakóngarnir, sem nutu hvað mest náðarinnar í tíð hæstv. fyrrv. sjútvrh., eru engir borgunarmenn fyrir sínum skuldum. Það er frumatriði áður en lengra verður haldið með þessa umr., hún snýst ekki orðið um annað, að hæstv. ráðh. upplýsi hvað vakir fyrir þeim að gera til að leysa þessi mál. Ef þeir hafna gengisfellingu verða þeir um leið að svara því af alvöru hvað þeir ætla að

gera í staðinn. Það þýðir ekki fyrir einn ráðh., hæstv. fjmrh., að koma með einfaldar hugmyndir sem menn ekki átta sig á, fá ekki skýringar á. Það liggur alveg ljóst fyrir að þessum spurningum verður að svara.

Ég læt það verða mín niðurlagsorð að þessar deilur um stjórnunaraðferðir og fjárfestingu í sjávarútvegi hafa staðið lengi. Það var formaður míns flokks sem kvað upp úr um það, þann skamma tíma sem hann var sjútvrh., að flotinn væri orðinn of stór og stöðvaði frekari stækkun flotans á þeim tíma. Hæstv. forsrh. hefur allan tímann hafnað þeirri skoðun og gerir enn.

Við höfum síðan lagt fram ýmsar till. til lausnar þessum vanda. Alþfl. hefur lagt fram till. um að nýjar stjórnunaraðferðir í sjávarútvegi verði kannaðar hleypidómalaust, og þá eigum við við veiðileyfastjórnun í sjávarútvegi, þar sem að grundvallaratriðið er að reynt sé að ná einhverju samræmi milli afkastagetu flotans og afkastagetu fiskistofna og reynt að haga því svo til að bestu og hagkvæmustu útgerðirnar, hagkvæmustu útgerðarstaðirnir, verði til þess að nýta fiskimiðin og þannig verði dregið úr tilhneigingu til offjárfestingar í útgerðinni. Þessar hugmyndir eru auðvitað mjög athyglisverðar, en þær hafa ekki hlotið stuðning. Kannske fer að verða mjög tímabært að taka afstöðu til þeirra.

Við höfum einnig flutt hér á þingi þáltill. þar sem skorað er á ríkisstj. að taka upp samninga við önnur ríki um að finna hluta af þessum allt of stóra flota ný verkefni. Þær hugmyndir fengu litlar undirtektir og voru mörgum aðhlátursefni. Engu að síður er svo komið, að nú lesum við blaðafréttir um að íslenskum skipum sé boðið að veiða við Bandaríkjastrendur, sbr. forsíðufrétt í Dagblaðinu 26. október s. l. Hugmynd eins og þessa ber að taka alvarlega. Það átti auðvitað að nota tímann til þess að vinna að því að koma henni í framkvæmd.

Þetta eru hugmyndir sem ber að skoða. En því miður er það svo, að meðan helsti forustumaður ríkisstj. fæst ekki einu sinni til að viðurkenna að hér sé um að ræða höfuðvandamál, ekki aðeins vandamál sem heyri fortíðinni til, heldur lykilvandamál sem sker úr um líf eða dauða þessarar ríkisstj., sker úr um hvort þessi ríkisstj. nær takmarki sínu eða ekki, þá er varla við miklu að búast.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Byggingarkostnaður við Seðlabankahúsið, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Aðhald og sparnaður í ríkiskerfinu vegna slæmrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs, stórkostlegur niðurskurður á fjárveitingum til hinna ýmsu og brýnu verkefna í uppbyggingu víðs vegar úti um land, er sá boðskapur sem út er látinn ganga frá hæstv. ríkisstj. og stjórnarliði.

Á engan hátt skal dregið úr því að við efnahagsvanda er að glíma og vissulega þörf aðhalds og sparnaðar. En eigi að síður hlýtur það að vekja eftirtekt almennings í landinu þegar ýmsar hallir eru reistar hér á höfuðborgarsvæðinu og ekki að sjá annað en að einhvers staðar í þjóðfélaginu séu nægir peningar til þess að framkvæma — og það að fullu — áform um byggingar af ýmsu tagi. Nægir þar að nefna Seðlabankahúsið sem ég tel að hefði mátt bíða frekar en ýmislegt annað sem nauðsynlegra er. Þar nægir að nefna Landsvirkjun sem er að byggja yfir sig. Ekki sýnist manni að þar sé mikið sparað. Rafmagnsveita Reykjavíkur byggir stórhýsi. Ekki virðast vera nein sparnaðaráform, a. m. k. ekki í útlitinu, þar. Ekki er minna um að vera á sviði bygginga að því er varðar landbúnaðarþáttinn með byggingum Osta- og smjörsölunnar í Reykjavík. Svo mætti lengi telja.

Ég hef því leyft mér að leggja fram á þskj. 20 fjórar fsp.

Hér er nú sú fyrsta til umr., sem er um Seðlabankabygginguna.

Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hve miklu fjármagni hefur verið varið til byggingar Seðlabankahússins?

2. Hve miklu fjármagni hefur verið varið til byggingar hússins á árinu 1983?

3. Hve miklu fjármagni er fyrirhugað að verja til byggingarinnar á árinu 1984?"

Ég er þeirrar skoðunar að það hljóti að hafa mátt — undir þeim kringumstæðum sem þjóðfélagið og efnahagslífið hefur verið í undangengið — bíða með þessa byggingu og sinna öðrum og brýnni verkefnum í uppbyggingu víðs vegar á landinu heldur en hér er um að ræða, þó að ég vilji á engan hátt draga úr nauðsyn á slíkri byggingu þegar vel áraði, en ekki á þeim tíma þegar skornar eru niður við trog fjárveitingar til annarra miklu brýnni verkefna en ég tel þessa byggingu vera.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, enda ekki ástæða til, herra forseti, en vænti þess að fá gagngert svar frá hæstv. ráðh.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki hefja umr. hér um réttmæti byggingar eins húss á vegum ríkisins eða ríkisstofnana frekar en að verja peningum til annarra verkefna. Hins vegar má vera ljóst að það hús sem hv. þm. spyr um hefur verið í byggingu um nokkurt skeið.

Það er spurt hve miklu fjármagni hafi verið varið til byggingar Seðlabankahússins. Svarið er: Fyrir utan lóðarverðmæti og bílastæðagjöld var heildarbyggingarkostnaður 15. okt. s. l. 67.7 millj. kr.

Það er spurt hve miklu fjármagni hafi verið varið til byggingar hússins á árinu 1983. Til framkvæmda á þessu ári hefur verið varið 50.1 millj.kr.

Það er spurt hve miklu fjármagni fyrirhugað sé að verja til byggingar árið 1984. Í framhaldi þess verkþáttar sem nú er unnið að, þ. e. uppsteypu kjallara og jarðhæðar, hefur þegar verið samið við verktaka um að ljúka á næsta ári uppsteypu hússins og smíði þaka að hluta. Nemur kostnaður við þann verkþátt 19.8 millj.kr. á verðlagi 1. okt. s. l. Um frekari framkvæmdir á næsta ári hefur ekki verið tekin nein ákvörðun. Ég vænti þess að það sem ég hér hef sagt séu fullnægjandi svör við því sem hv. þm. hefur spurt um.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. bankamálaráðh. óvenju glögg en þó stutt svör við þessari fsp. Það liggur þá fyrir að um 138 millj. muni það vera sem þegar er búið að ráðstafa til þessarar byggingar og fyrirhugað er að ráðstafa á næsta ári. Ég vil láta það koma sérstaklega fram hér að ég tel að þeim 138 millj. hefði verið betur varið á ýmsan annan hátt en þarna er um að ræða. Og þó að ég reikni varla með að hæstv. ráðh. svari því nú, þá er ástæða til að spyrja hvort fyrirhugaðar séu nokkrar stöðvunarframkvæmdir í þessa byggingu til þess að veita fjármagni til annarra miklu brýnni verkefna víðs vegar heldur en hér er um að ræða. Hér liggur fyrir þáltill. á þann veg og það væri vissulega fróðlegt, án þess að nokkur ástæða sé til að krefjast svara um það nú, að vita hver er hugur hæstv. bankamálaráðh. til þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir um að stöðva Seðlabankabygginguna eins og nú er.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og hv. þm. gat um hefur verið flutt á Alþingi till. um frestun þessarar byggingar og því eðlilegt að umr. um það eigi sér stað þegar sú till. verður tekin til umr.

En ég gat þess áðan í þessu stutta en greinargóða svari, eins og þm. orðaði það, að næsti verkþáttur nemur 19.8 millj. kr. á verðlagi 1. okt. og um aðra verkþætti hefur ekki verið samið.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Vegna þessara umr. finnst mér rétt að benda á að þær upplýsingar sem fram koma hér frá hæstv. ráðh. segja auðvitað ekki nærri alla söguna, vegna þess að þær tölur sem hér koma fram eru ekki færðar upp til núgildandi verðlags, heldur er hér um að ræða samtölu úr framkvæmdum liðinna ára. Talan segir því auðvitað ekki nema hálfa sögu í þessu efni.

En ég kvaddi mér hljóðs, herra forseti, vegna þess að fyrir nokkrum dögum var rætt um málefni Seðlabankans hér á Alþingi og þá fullyrti hæstv. fjmrh. að Seðlabankinn framkvæmdi svo að segja reglulega lögbrot. Hæstv. ráðh. orðaði þetta svo, með leyfi forseta:

„Það hef ég margoft sagt hér, enda brjóta þeir að mínu mati lög þegar þeir ákveða sína eigin vexti. Þeim ber skylda til að ákveða vexti fyrir viðskiptabankana en það er hvergi í lögum um Seðlabanka Íslands heimild til þeirra að ákveða sína eigin vexti, svo að það hlýtur að vera í verkahring Alþingis eða ríkisstj. að gera það," — eins og hæstv. fjmrh. komst að orði.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé þeirrar skoðunar einnig að Seðlabankinn brjóti lög með starfsemi sinni með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. lýsti á dögunum.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur varpað hér fram fsp., sem að vísu er ekki til umr. en hafði verið til umr. hér á Alþingi fyrr, um lögmæti Seðlabankans varðandi vaxtaákvörðun. Með leyfi forseta, þá vil ég mjög gjarnan mega lesa upp svarbréf viðskrn. til Seðlabankans varðandi þetta atriði. Með bréfi 26. þ. m. óskaði Seðlabankinn eftir afstöðu rn. til þess hvort Seðlabankanum sé heimilt að ákveða vexti af viðskiptum innlánsstofnana við bankann. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Rn. ítrekar þá afstöðu sína að umrædd vaxtataka sé Seðlabankanum heimil. Að vísu kemur ekki fram berum orðum í 13. gr. laga nr. 10 1961 um Seðlabankann að bankinn hafi rétt til að ákveða vexti af viðskiptum sínum við innlánsstofnanir. Á hinn bóginn segir í 1. tölul. 3. gr. laganna að Seðlabankinn eigi að vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt vegna tilgreindra markmiða. Jafnframt segir í 5. tölul. sömu gr., sbr. og 9. og 11. gr. laganna, að Seðlabankinn sé banki annarra banka og peningastofnana. Af þessum ákvæðum leiðir að 13. gr. verður ekki skýrð öðruvísi en svo, að Seðlabankinn fari að lögum þegar hann ákveður vexti af viðskiptum sínum við innlánsstofnanir, enda er hvergi að finna ákvæði í íslenskum lögum er felur öðrum aðila að ákveða þessa vexti.

Þá hefur því sérstaklega verið haldið fram að Seðlabankinn hafi ekki vald til að ákveða vexti af yfirdrætti innlánsstofnana í reikningum þeirra í bankanum, a. m. k. sé óheimilt að vextirnir séu hærri en hæstu leyfilegir dráttarvextir. Rn. telur þessa skoðun ekki eiga við rök að styðjast. Að mati rn. hafa þessir vextir, refsivextirnir, mikla sérstöðu. Á þá ber ekki að líta sem venjulega vanskilavexti. Þeir eru úrræði Seðlabankans gegn óhóflegum yfirdrætti innlánsstofnana. Af eðlilegum ástæðum hefur Seðlabankinn ekki talið sér fært að loka reikningum innlánsstofnana við bankann þótt stofnað hafi verið til mikils yfirdráttar. Þess í stað hefur bankinn leitast við að hindra óhóflegan yfirdrátt með ákvörðun refsivaxta. Samkv. 36. gr. laga nr. 10/1961 er heimilt að leggja á refsivexti ef ákvörðunum bankans er ekki hlítt. Með vísan til þess er segir um skýringu á 13. gr. og 36. gr. og sérstöðu refsivaxtanna telur rn. að lokamálsliður 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. lög nr. 71/1965, takmarki ekki vald Seðlabankans til ákvörðunar þessara vaxta."

Ég skal svo ekki frekar ræða þetta bréf en vildi leyfa mér að varpa fram þeirri fsp. til hv. 3. þm. Reykv., fyrrv. viðskrh., hvort þm. er ekki á sama máli.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Vegna síðustu orða hæstv. viðskrh. hlýt ég að taka það fram að það er augljóst að viðskiptabankarnir hafa á liðnum árum fallist á þau vinnubrögð Seðlabankans sem hér um ræðir og því eðlilegt að það hafi verið litið svo á að myndast hafi um þetta regla sem sé ótvíræð og eftir beri að fara. Þess vegna hefur þessari reglu verið fylgt á liðnum árum, ekki aðeins í viðskrh.-tíð minni heldur einnig á undanförnum árum öllum frá því að Seðlabankalögin voru sett.

Það er hins vegar ekki aðalatriðið í þessu máli heldur hitt, að fram hefur komið á hv. Alþingi að einn af ráðh., hæstv. fjmrh. dregur í efa að Seðlabankinn hafi þessa heimild. Og einn af þeim þm. sem áttu sæti á Alþingi á sínum tíma þegar Seðlabankalögin voru sett, Þórarinn Þórarinsson, hefur skrifað um það grein í dagblaðið Tímann hvernig þessi lög urðu til og kemst þar m. a. svo að orði:

„En hvað sem þessum skoðanamun líður er það ótvírætt að Seðlabankinn hefur skv. 13. gr. Seðlabankalaganna ekki vald til að ákveða eigin vexti."

M. ö. o. er ljóst af þessum ummælum og öðru því sem hér hefur farið fram, bæði ummælum hæstv. fjmrh. og úrskurði viðskrh., að það er ótvírætt nauðsynlegt að skýra Seðlabankalögin betur, svo að hér verði tekin af

öll tvímæli. Af þeim ástæðum var mín fsp. hér borin fram. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör sem hann gaf.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fjölyrða um það mál sem hér kom fyrst upp á dagskrána, þ. e. byggingu Seðlabankans, hvort það sé rétt eða rangt að halda þeirri byggingu áfram með þeim kostnaði sem því fylgir í þjóðfélagi sem er fjárhagslega statt eins og okkar er í dag. Þá er Seðlabankinn orðinn tákn um það að nóg sé til af peningum í landinu og þess vegna á að stöðva hana. Í hugum fólksins er Seðlabankabyggingin orðin tákn um það að nóg er til af peningum í landinu. (**Gripið fram í:** Heyr.) Þess vegna er erfitt fyrir okkur, sem sitjum í ríkisstj. og förum með fjármál, að telja fólkinu í landinu trú um það að peningar séu af skornum skammti á sama tíma sem framkvæmdir sem þessar geta haldið ótrauðar áfram. Ekki meira um það.

Svarbréf hæstv. viðskrh., dags. 26. okt., við bréfi sem er skrifað í Seðlabankanum 26. okt., segir mér ekkert annað en að fyrir fram hafi verið ákveðið hvernig svara skyldi þeirri fsp. ef hún kæmi.

Ég hef haldið því fram hér í gegnum árin og margir hafa verið mér sammála — hv. 3. þm. Reykv. vitnaði í greinar fyrrv. hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, ritstjóra Tímans, og annarra sem hafa verið mér sammála — um að 13. gr. í lögum um Seðlabanka Íslands vísar í 10. gr. og í 10. gr. eru taldar upp þær peningastofnanir sem Seðlabankanum er falið að ákveða vexti fyrir. Það er hvergi í lögum um Seðlabanka Íslands að hann hafi heimild til að setja sér sína eigin vexti.

En það hefur verið gefin út reglugerð af ráðh. og það er vitnað í þá reglugerð. Og ég efast um það núna þessa síðustu daga að sú reglugerð hafi stoð í lögunum, reglugerðin gangi lengra en lög leyfa. Það er því kominn tími til þess, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að láta úr því skera hvort Seðlabankinn hefur heimild til að ákveða sína eigin vexti, sem ég álít að séu að sliga bankakerfið og þannig þjónustuna við almenning í peningamálum, og þyrfti að gera það sem fyrst. (Forseti hringir.)

Ég skal ljúka þessu með þeim orðum að viðskiptabankarnir hafa ekki alltaf fallist á vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands. Þann tíma sem ég hef verið bankaráðsformaður Útvegsbanka Íslands, kjörinn af hv. Alþingi, hef ég mótmælt þeim vöxtum.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég fagna sérstaklega ummælum hæstv. fjmrh. og hefði gjarnan viljað heyra svipað álit frá hæstv. viðskrh. um þá stöðu sem Seðlabankinn og Seðlabankahúsið er í. Og ekki bara það hús, það liggur fyrir að bankarnir almennt talað — ég skal taka Landsbankann, stórhýsið hans, sem var verið að byggja í Breiðholtinu, það er ekki að sjá annað en að þar séu til nægir peningar. Það er svo til vonlaust verk að telja alþýðu þessa lands trú um það að hvergi sé að finna neina peninga í þjóðfélaginu meðan fyrirtæki á borð við Seðlabankann, Landsbankann og fleiri geta byggt hallir á borð við það sem menn geta gengið að og séð frá degi til dags. Það er ástæða til að fagna þessum ummælum hæstv. fjmrh. og vonandi hefur hann þau áhrif á sína meðráðherra í hæstv. ríkisstj. að hans sjónarmið nái fram að ganga, að það beri — a. m. k. um sinn, meðan ástandið í þjóðfélaginu er eins og það er — að stöðva þessa byggingu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kom hér og lýsti þeirri skoðun sinni að það ætti að stöðva byggingu Seðlabankahússins vegna þess að það væri orðið tákn í hugum þjóðarinnar fyrir það að meiri peningar væru til í landinu heldur en gefið er í skyn. Það ætti að stöðva byggingu þessa húss vegna þess að það væri erfitt að telja fólki trú um, sagði hæstv. fjmrh., að ekki séu til meiri peningar en látið er í veðri vaka á meðan það er í byggingu.

Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh.: Eru til meiri peningar í landinu en gefið er í skyn og lesa má út úr þessum svörum hæstv. ráðh.?

Byggingarkostnaður við Osta- og smjörsöluna og Mjólkursamsöluna, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég skal ekki hafa langan formála að þessari fsp. En ég hygg að almenning í landinu fýsi að heyra á hvern hátt bygging Osta- og smjörsölunnar t. d. er fjármögnuð, hvaðan þeir peningar koma sem til þess eru nýttir að byggja slíkt. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. landbrh., sem er svohljóðandi:

„1. Á hvern hátt eru byggingar Osta- og smjörsölunnar, sem nú eru að rísa, fjármagnaðar?

2. Hve miklu fjármagni hefur verið varið til þessara bygginga?

3. Hve miklu fjármagni hefur verið varið til byggingaanna á árinu 1983?

4. Hve miklu fjármagni er fyrirhugað að verja í framkvæmdir á árinu 1984?"

Ég hygg að margan fýsi að heyra hvaðan þeir peningar koma sem nýttir eru til að reisa þær byggingar sem þarna er um að ræða eða eru svipaðs eðlis, því að ég efast um að almennt hafi fólk í landinu gert sér grein fyrir því hvaðan þeir peningar eru teknir sem fjármagna slíkar byggingar.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 20 ber hv. 3. þm. Vestf. fram fjórar spurningar um byggingar Osta- og smjörsölunnar. Þessar spurningar voru sendar henni og eru svörin á þessa leið:

1. Osta- og smjörsalan sf. stendur ekki í neinum byggingarframkvæmdum og hefur engar áætlanir uppi í þeim efnum næstu árin a. m. k.

2. Árið 1978—1979 byggði Osta- og smjörsalan hús sitt við Bitruháls og flutti inn í það í ársbyrjun 1980. Húsið er að grunnfleti 4 106 m². Hluti þess er tvílyftur, þannig að samanlagður gólffletur er 5 026 m². Meginhluti hússins er hár til lofts vegna kæli- og frystigeymslna, þannig að rúmmál hússins undir þaki er talið 24 217 m³. Heildarbyggingarkostnaður þess nam 1 432 millj. gkr. og framreiknað samkv. skattalögum per 31.12.82 er þessi byggingarkostnaður 46.8 millj.

Byggingarnar voru fjármagnaðar m. a. með stofnfé frá aðildarfélögunum, en fyrirtækið er sameignarfélag allra mjólkurbúa landsins og SÍS.

Þessu til viðbótar eru hér fyllri upplýsingar:

Heildarverðmæti seldra vara á s. l. ári nam 411 millj. kr. hjá þessu fyrirtæki. Hið nýja húsnæði, sem eins og

áður greinir var tekið í notkun í ársbyrjun 1980, hefur reynst vel og bætti úr mjög brýnni þörf þar eð eldri aðstaða í gömlu mjólkurstöðinni við Snorrabraut var orðin alls ófullnægjandi og háði mjög starfseminni. Nýting hins nýja húsnæðis hefur verið mjög góð, enda stærð þess og gerð miðaðar við ákveðnar forsendur sem hafa staðist fyllilega, enda gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum síðar ef frekari umsvif gæfu tilefni til slíks.

Til viðbótar vil ég svo gefa örlítið nánari skýringar á þessu.

Osta- og smjörsalan var stofnuð 1958, en á árunum á undan hafði skapast mjög alvarlegt ástand í sölu mjólkurafurða, því sum mjólkurbúin urðu að selja afurðir sínar með afslætti og löngum gjaldfresti. Sölukostnaður búanna var mjög hár, t. d. 10% til heildsala, og gjaldfrestur allt að þrír mánuðir og í sumum tilfellum urðu búin að sætta sig við enn lengri tíma. Gæðaeftirlit var í lágmarki og vöruþróun lítil sem engin. Ávinningurinn af starfi Osta- og smjörsölunnar kom strax í ljós. Sölukostnaðurinn stórlækkaði, hefur verið flest árin 3—4%.

Fyrirtækinu er ætlað að inna af hendi þjónustu sína, umboðsstarfsemina, fyrir sannvirði að mati stjórnar þess og er því ekki gert ráð fyrir að það safni rekstrarágóða umfram það sem þarf til að standa undir rekstri þess og tryggja því æskilega rekstraraðstöðu, vöxt og viðgang. Umboðslaun er fyrirtækið fær eru 4% af verðmæti seldra vara á innanlandsmarkaði og 1% af útflutningi. Tekjuafgangi er síðan skipt upp í árslok milli mjólkurbúanna eftir viðskiptaveltu. Á árinu 1982 nam endurgreiðslan, tekjuafgangurinn, 14.9 millj.kr., sem dregst þá frá þessum 4%.

Starfsemi Osta- og smjörsölunnar var frá upphafi í gömlu mjólkurstöðinni við Snorrabraut, en hún varð fljótlega of lítil og óhentug til starfseminnar. Einnig skorti mjög geymslurými og voru því leigðar frysti- og kæligeymsur á einum þremur stöðum í borginni, sem vissulega var mjög óhagstætt.

Pökkun á ostum hófst 1970 og var þeirri starfsemi komið fyrir til bráðabirgða í bílskúrum við Snorrabraut. Það var því mjög brýnt verkefni að leysa húsnæðisvanda fyrirtækisins til frambúðar. Var þá ákveðið að leita eftir lóð, jafnframt því sem ákveðið var að leggja ½% af söluandvirði í framkvæmdasjóð til að standa undir væntanlegum byggingarkostnaði. Framkvæmdasjóður myndaði síðan stofnfé fyrirtækisins þegar eignaraðild og skipulagi þess var breytt 1978, en þá gerðust öll mjólkursamlögin beinir eignaraðilar að fyrirtækinu. Eignaraðild er í hlutfalli við viðskiptaveltu hvers samlags við Osta- og smjörsöluna. Samband ísl. samvinnufélaga og Mjólkursamsalan voru upphaflegir stofnendur og eigendur frá 1958—1978, að þessi breyting var gerð.

Við bætta aðstöðu hefur staða fyrirtækisins í markaðsmálum styrkst mjög verulega og hefur það skilað sér í aukinni sölu afurða, en undanfarin ár hefur magnaukning t. d. í ostum verið 10—12% árlega og er nú ostaneysla landsmanna hátt í 9 kg pr. íbúa, en var aðeins rúm 3 kg um 1970.

Niðurstöðurnar af þessu má draga saman í örfáum orðum: Sölukostnaður lækkaði úr 10% niður í 3—4% af innanlandssölu og 1% af útflutningi, auk þess að áður var dráttur á greiðslum til mjólkurbúanna og bættist sá kostnaður við 10% heildsölukostnaðinn. Byggingarkostnaðurinn er um 11% af eins árs heildarveltu miðað við verðlag 1982. Ef deilt er í með 22 árum er byggingarkostnaðurinn ½% af árlegri veltu á þeim tíma.

Þessar staðreyndir, hvað mikill ávinningur er fyrir neytendur og framleiðendur af þessari byggingu og því skipulagi sem stendur að baki henni, ættu því að vera augljósar. Það hefur verið vel á málum haldið og reksturinn verið til jafnmikillar fyrirmyndar og ytra útlit byggingarinnar, sem vekur athygli allra vegfarenda fyrir góða umgengni og snyrtimennsku og hefur verið verðlaunuð að maklegheitum af Reykjavíkurborg. Jafnframt benda þessar staðreyndir til þess að okkur sé mikill ávinningur að hafa slíkt fyrirmyndarskipulag á öðrum sviðum þar sem því er hægt við að koma.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir hans svör, þó að mér finnist á skorta nokkuð að fyllt sé út í þá mynd sem ég hygg að þarna sé um að ræða, og bið ég þá hæstv. ráðh. að leiðrétta á eftir ef það hefur farið fram hjá mér svar hans að því er varðaði Mjólkursamsöluna. Er það misskilningur hjá mér að Mjólkursamsalan sé með hús í byggingu? Um það er spurt. Hver er kostnaður af því og hvernig er það fjármagnað?

Ég segi enn og aftur að hafi svar hæstv. ráðh. farið fram hjá mér bið ég á því forláts, en hafi það ekki komið fram óska ég svars og þá ítrekaðs ef ég hef af því misst.

Að því er varðar Osta- og smjörsöluna sýnist mér ærið mikill peningur hafa farið í þá byggingu sem þar var byggð á sínum tíma, þ. e. hátt í 47 millj. miðað við verðlag í lok árs 1982. Ég er á engan hátt að draga úr því að það hafi verið þörf á byggingu slíks húsnæðis. En þörfin er miklu víðar en á þessum sviðum. Þarna er um að ræða ca. sex íbúða verðmæti. Miðað við verkamannaíbúð, eins og menn kalla, mætti byggja fyrir þessa upphæð a. m. k. sex íbúðir. (**EG:** Ráðh. fór ekki rétt með tölur áðan. Það ruglaðist eitthvað lítillega.) Ég var ekki alveg búinn. Ég held að það vanti ýmislegt til viðbótar því sem fram kom í svari hæstv. ráðh.

Að sjálfsögðu er tekið undir það að góð umgengni á að vera til fyrirmyndar og á engan hátt er ég að amast við þeim sem þarna ráða ríkjum, nema síður sé, því að ég hygg að þeir hafi verið til fyrirmyndar á sviði umgengni. En sem betur fer er líka hægt að finna ýmsa aðra sem eru til fyrirmyndar í umgengni og snyrtimennsku.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, en ég vænti þess að það hafi ekki farið fram hjá mér ef hæstv. ráðh. hefur svarað þeim hluta spurningarinnar sem snýr að Mjólkursamsölunni. (**Gripið fram í:** Það er bara í fyrirsögninni hjá þér.) Það er spurt um hvort tveggja og hv. þm. Egill Jónsson ætti að vita betur. Ekki hygg ég að það sé neitt feimnismál hjá honum að segja með hvaða hætti slíkar byggingar eru fjármagnaðar.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vona að það hafi ekki farið fram hjá hv. þm. sem ég sagði. Ég svaraði aðeins spurningunum sem eru á þskj., en fór ekki að búa til spurningar fyrir hv. þm. Ég skal lesa upp þessar spurningar og hvort ég hafi ekki svarað þeim eins skilmerkilega og hægt var. Fyrsta spurningin er svona:

„Á hvern hátt eru byggingar Osta- og smjörsölunnar, sem nú eru að rísa, fjármagnaðar?"

Svarið var: Hjá Osta- og smjörsölunni eru engar

byggingar að rísa. (**Gripið fram í:** Skiptir fyrirsögn ekki máli?) Það eru spurningarnar sem skipta máli.

„2. Hve miklu fjármagni hefur verið varið til þessara bygginga?"

Þarna er ekki um að ræða byggingar í miðjum klíðum, en samt sem áður tilgreindi ég það eins skýrt og ég gat hver byggingarkostnaður hefði verið af byggingum Osta- og smjörsölunnar.

3. og 4. spurning: „Hve miklu fjármagni hefur verið varið til bygginganna á árinu 1983 og hve miklu á að verja á árinu 1984?" Svarið er „ekkert" því að ekki er neitt í byggingu.

En ég er reiðubúinn að svara spurningum um Mjólkursamsöluna þegar þær koma fram og ég vænti þess að hv. þm. muni þá bera þær fram. Ég vænti þess að ég geti svarað þeim eins skýrt og ég tel mig hafa svarað þeim spurningum sem eru á þessu þskj.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Þær eru nú yfirleitt stuttar aths. mínar. Það þarf ekki að taka fram.

Að því er þetta mál varðar er fyrirsögn þessara spurninga til landbrh. um byggingarkostnað Osta- og smjörsölunnar og Mjólkursamsölunnar. Vel má vera að mér hafi orðið á að taka þetta ekki sérstaklega fram við nánari útlistun, en það er spurt um byggingarkostnað þessara tveggja fyrirtækja og það held ég að hafi ekki farið fram hjá hæstv. ráðh.

En ég fagna því að sjálfsögðu að hæstv. ráðh. er reiðubúinn að svara spurningum í þessu sambandi þegar þær hafa verið skýrar fram fyrir hann settar þannig að hann skilji og á engan hátt skal það dregið að úr því verði bætt þannig að þingheimur og almenningur fái einnig að vita um hvað liggur að baki kostnaði við þær byggingar sem hér um ræðir.

Ég ítreka að ég held að almennt þyrfti að upplýsa þjóðfélagsþegna betur um það, með hvaða hætti þeir fjármunir eru fengnir sem þessir aðilar, tveir í þessu tilfelli, svo og ýmsir aðrir aðilar sem standa í stórkostlegum byggingarframkvæmdum á þessum erfiðleikatímum, nota til slíkra hluta.

Gróðurvernd, fsp. 46. mál (þskj. 49). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. landbrh. svohljóðandi spurningar, með leyfi forseta:

„Hvernig miðar framkvæmd gróðurverndar samkv. lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, með áorðnum breytingum frá 24. apríl 1982?

1. Hafa gróðurverndarnefndir alls staðar verið kosnar í samræmi við þessi lög?
2. Hefur reynst þörf á að grípa til aðgerða samkv. 23. gr. áðurnefndra laga?
3. Hvernig gengur gerð gróðurkorta og hvenær má ætla að þeirri vinnu ljúki?"

Það er nú um eitt og hálft ár liðið síðan verulegar breytingar voru gerðar á lögum um landgræðslu, sem tryggja eiga framkvæmd gróðurverndar, m. a. með skipun gróðurverndarnefndar í hverri sýslu og hverjum kaupstað. Mér þykir því við hæfi að spyrja hæstv. landbrh. hvernig miði framkvæmd þessara laga eins og þau liggja nú fyrir.

Þá er eðlilegt að spurt sé í leiðinni, eins og gert er í 2. lið, hvort reynst hafi nauðsynlegt að grípa til skjótra verndaraðgerða á grundvelli 23. gr. áðurnefndra laga.

Í þriðja lagi er spurt um gerð gróðurkorta af landinu og hvernig þar gangi. Það er mín skoðun, að slík kortlagning ásamt með beitarþolsrannsóknum og alhliða upplýsingaöflun um ástand og þol gróðurlenda sé ein af forsendum fyrir bættu skipulagi í landbúnaði. Það er mikið í húfi að þessari vinnu verði hraðað svo að hefjast megi handa sem fyrst um brýna endurskipulagningu þessa atvinnuvegar á grundvelli staðgóðra upplýsinga.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 49 í II. tölul. eru þrjár spurningar sem beint er til mín um framkvæmd gróðurverndar og gerð gróðurkorta. Tvær þær fyrstu voru sendar til Landgræðslu ríkisins til að fá upplýsingar og vil ég lesa svörin sem mér bárust þaðan. Það er í fyrsta lagi:

1. „Hafa gróðurverndarnefndir alls staðar verið kosnar í samræmi við þessi lög?"

Svarið er: Gróðurverndarnefndir voru kosnar í öllum sýslum landsins fljótlega eftir setningu laga nr. 17/1965 og hafa þær starfað síðan. Endurskipað er í nefndirnar á fjögurra ára fresti. Þegar lögum var breytt 1982 var öllum viðkomandi aðilum skrifað og nú eru skipaðar gróðurverndarnefndir í öllum sýslum landsins og öllum kaupstöðum landsins nema á Seyðisfirði. Meðfylgjandi er listi yfir gróðurverndarnefndirnar. Starfsmenn Landgræðslunnar hafa samband við nefndirnar og halda fundi með þeim þar sem helst er þörf, og þær eru boðaðar á fundi þá sem starfsmenn stofnunarinnar halda á viðkomandi stöðum. — Ef óskað er eftir getur hv. fyrirspyrjandi fengið listann með nöfnum nm.

2. tölul.: „Hefur reynst þörf á að grípa til aðgerða samkv. 23. gr. áðurnefndra laga?"

Það hefur nokkrum sinnum reynt á lagagr. nr. 23, en það hefur ekki verið gripið til aðgerða í samræmi við breytingar eða viðbót við fyrrgreinda lagagr. frá 24. apríl 1982. Vandamálin hafa verið leyst með því að ná samkomulagi við bændur um nauðsynlegar úrbætur í gróðurverndaraðgerðum.

Ég get bætt því við af eigin kunnugleika af mínu umhverfi, að ég veit að alloft hefur verið leitað til gróðurverndarnefndar og landgræðsluráðunautar og þeir fengnir til aðstoðar, að ég tel með góðum árangri.

Þá er það þriðja spurningin, sem var send til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og hún er þannig: „Hvernig gengur gerð gróðurkorta og hvenær má ætla að þeirri vinnu ljúki?"

Svarið er þannig: Kortlögð hafa verið um 65% af landinu og eru jöklar þá ekki meðtaldir. Gefin hafa verið út kort af um helmingi þess svæðis. Lokið hefur verið við að kortleggja gróður á öllu miðhálendi Íslands og á hluta af öðru hálendi. Einnig hefur verið lokið við að kortleggja gróður og ræktunarskilyrði á láglendi í sex sýslum og allt að helmingur láglendis í átta sýslum hefur verið kortlagður. Gefin hafa verið út 64 kort af hálendi landsins í mælikvarðanum 1:40000 og 11 kort af láglendi í mælikvarða 1:20000. Hafin er endurkortlagning og endurskoðun korta á þeim svæðum sem fyrst voru kortlögð og þar sem gróðureyðing er örust. Vegna skorts á nákvæmum grunnkortum hefur ekki reynst unnt að ganga frá og gefa út gróður- og byggðakort

nema af litlum hluta þess svæðis á láglendi sem kortlagt hefur verið.

Nú er svo komið að þýðingarlaust er að halda áfram að kortleggja gróður og ræktunarskilyrði á láglendi fyrr en úr skorti á grunnkortum hefur verið bætt. Lausn þess máls ákvarðar því að verulegu leyti hvenær eða á hve löngum tíma er unnt að ljúka gróðurkortagerð af landinu öllu. Grunnkortagerð þessi er gagnleg og *nauðsynleg fyrir marga aðila og væri æskilegt að þeir* hefðu samtök um að reyna að þoka því máli áfram, en kostnaður við það er nokkuð mikill og fjármagn hefur skort til að hraðar mætti ganga.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin. Það er ánægjulegt að heyra að gróðurverndarnefndir hafa nú alls staðar verið kosnar og starfa sjálfsagt með mikum sóma, ekki er ég að draga það í efa. En því miður fannst mér nokkuð skorta á að svörin væru jafnskýr og ég hefði kosið hvað varðaði nákvæmlega stöðu mála um gróðurkortlagninguna og ekki heyrði ég í svari ráðh. hvenær menn hefðu áform um að ljúka þeirri vinnu. Ég veit að það mun rétt vera að grunnkortlagning landsins er ekki sem skyldi. Það hafa verið gerðar nokkrar atrennur að því verkefni, en skort hefur á samræmingu og alllangt er í land, að mér skilst. Það er auðvitað *nauðsynlegt að ljúka þeirri vinnu sem fyrst svo koma* megi þessari gróðurkortlagningu á endanlegt form og á framfæri til almennings. En það er þó engu að síður mikilvægt að þær upplýsingar, sem þegar liggja fyrir, verði nýttar. Samkv. því, sem hér var sagt, að kortlagningu sé lokið af miðhálendinu og verulegum hluta annars hálendis, sem þýðir m. ö. o. að flestallar afréttir landsmanna eru þegar kortlagðar, hefur þar með skapast grundvöllur til að nýta þær upplýsingar til að skipuleggja betur afnot af þessu gróðurlendi en hingað til hefur verið.

Það er ekkert leyndarmál að heilar afréttir og jafnvel heilir landshlutar eru fullnýttir — og ofnýttir á köflum. Þessu verður að breyta og það sem fyrst. Það er mín skoðun, að þegar eigi að hefjast handa um skipulagningu á þessum sviðum á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir. Og þó að ekki séu til grunnkort til að gefa þetta út í endanlegu formi til almennra nota, þá þykist ég vita að sérfræðingar í þessum efnum séu það læsir á þau gögn sem fyrir liggja að þeir geti nýtt sér þau til slíkrar vinnu.

Ég skora á hæstv. landbrh. að fylgja þessu fast eftir. Gaman væri að fá að heyra af því hér á Alþingi, þó að síðar verði, að hann hafi uppi um þetta einhver áform. Svo þakka ég svörin.

Geðheilbrigðismál, fsp. 53. mál (þskj. 56). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 56 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var til að endurskoða skipulag geðheilbrigðismála? Hefur hún skilað tillögum, og ef svo er, hver eru áform heilbr.- og trmrn. um framkvæmd þeirra?

2. Eru uppi áform í rn. um skipulega forvarnarvinnu í geðheilbrigðismálum?

3. Hver eru að dómi rn. forgangsverkefni í þessum *málaflokki og hvaða áform eru þar uppi?*“

Þessi fsp. er borin fram í samráði við félagsskapinn Geðhjálp, sem á sínum tíma fór þess á leit við nokkra hv. alþm., að þeir flyttu till. til þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur. Það voru þm. úr öllum flokkum sem fluttu þá till. Áhersluatriði í till. voru, svo að *dæmi séu tekin: Í fyrsta lagi varðandi geðdeild* Landspítalans, áhersluatriði varðandi hana sérstaklega. Í öðru lagi að aðstaða til skyndihjálpar og neyðarþjónustu yrði bætt. Að fjölgað yrði vernduðum heimilum fyrir geðsjúka. Sérstök áhersla lögð á aðstöðu fyrir unglinga með geðræn vandamál og atvinnumál geðsjúkra komu *mjög inn í þetta. Til viðbótar nefni ég* stóraukna fræðslu um vandamál geðsjúklinga og aðstandenda þeirra svo og um eðli geðrænna sjúkdóma og að ráðgjafarþjónusta verði sem allra best tryggð.

Hér var sú breyting gerð á í Sþ. að öll áhersluatriðin voru tekin út og till. aðeins samþykkt í því formi að taka *þessi mál til gagngerðrar endurskoðunar og að* heilbrmrh. skipi nefnd sem aðstandendur geðsjúkra eigi fulla aðild að.

Hér er um viðamikið verk að ræða. Það er því kannske fyrst og fremst spurning um áfangatillögur og áhersluatriði hjá hæstv. ráðh. og rn. hans til úrbóta í *þessum málum.*

Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta. Hér er um mikið þjóðfélagsvandamál að ræða sem snertir marga þætti okkar þjóðlífs og kemur við ótrúlega marga. Inn í þetta spinnast svo önnur vandamál í þjóðfélaginu, t. d. varðandi áfengi og fíkniefni, sem eru mjög rík inni í *þessari mynd líka. Því er það mjög brýnt að áliti allra,* sem að þessum málum hafa komið, að skipulag þessara mála allt verði tekið til endurskoðunar og að miklu meira verði gert, alveg sérstaklega í forvarnarvinnu, ef mögulegt er, bæði hvað snertir þetta mál og þau önnur vandamál sem ég nefndi hér áðan.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við 1. lið þessarar fsp.: Umrædd nefnd var skipuð hinn 15. júlí 1981 í samræmi við samþykkt Alþingis og þál. um geðheilbrigðismál hinn 7. maí 1981. Í nefndina voru skipuð Ingvar Kristjánsson læknir, *formaður, Högni Óskarsson læknir, ritari,* Hulda Guðmundsdóttir félagsráðgjafi, Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur, Oddur Bjarnason læknir og Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Upphaflega var gert ráð fyrir því að nefnd þessi gæti lokið störfum fyrir árslok 1981, en fljótlega kom í ljós að viðfangsefnið var viðameira en svo að það gæti orðið.

Fyrstu skýrslu sína sendi nefndin 1. júní 1982 til heilbrrh. Fjallar skýrsla sú um meðferð geðsjúkra afbrotamanna og geðveikra manna í öryggisgæslu. Í skýrslu þessari og tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að stofnuð verði sérstök réttargeðdeild ríkisins sem verði á vegum dómsmrn. Af þessum sökum ritaði heilbrrn. dómsmrh. bréf 21. júní 1982, þar sem segir svo m. a.:

„Ráðuneytið leyfir sér að senda dómsmrh. þessar tillögur, þar sem nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að hún leggur til að stofnuð verði réttargeðdeild ríkisins, og að hún heyri undir dómsmrh.

Þetta rn. telur að tillögur nefndarinnar séu í samræmi við gildandi lagaákvæði um meðferð geðsjúkra afbrotamanna og tekur því undir þær í öllum meginatriðum.

Svo sem tillögurnar bera með sér þá er gert ráð fyrir að enda þótt starfsemi réttargeðdeildar ríkisins, sem ráðgert er að stofnuð verði, sé sjálfstæð, þá hafi hún ákveðin tengsl við heilbrigðiskerfið að öðru leyti.

Þetta rn. er reiðubúið að ræða með hverju móti það geti orðið, ef til þess kæmi."

Af þessari skýrslu og meðferð á henni hefur heilbr.- og trmrn. ekki frekari fregnir.

Næsta skýrsla nefndarinnar er um bráðaþjónustu við geðsjúka og er dagsett í okt. 1982. Sú skýrsla var send öllum þáv. alþm. með bréfi rn. dags. 17. nóv. 1982. Í þessari áfangaskýrslu var gerð tillaga um það, að sett yrði á stofn bráðaþjónusta fyrir geðsjúka við Borgarspítalann í Reykjavík. Í niðurlagi bréfs rn. til alþm. frá 17. nóv. 1982 sagði svo:

„Ráðuneytið hefur fallist á tillögur nefndarinnar um að stofnað verði til viðræðna milli stjórnar ríkisspítalanna og Borgarspítalans í Reykjavík varðandi skipulag bráðaþjónustu fyrir geðsjúka í samræmi við þá fyrirmynd sem nefndin setur fram í áliti sínu. Hefur rn. þegar óskað eftir tilnefningu þessara aðila á fulltrúum til slíkra viðræðna."

Nokkru áður en skýrsla þessi barst rn. höfðu yfirlæknar geðdeilda Borgarspítalans og Landspítalans hafið viðræður um samvinnu á þessu sviði. Niðurstaða þeirra viðræðna birtist í bréfi 18. nóv. 1982 til heilbr.- og trmrh., stjórnarnefndar ríkisspítalanna og stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Í þessu bréfi segir m. a. svo:

„Hér með tilkynnist um samkomulag sem yfirlæknar geðdeildar ríkisspítalanna og geðdeildar Borgarspítalans hafa gert með sér um fyrirkomulag bráðaþjónustu við geðsjúka.

Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að þessi þjónusta hefjist 1. des. n. k. í samræmi við samkomulagið. Hefur m. a. verið rætt við yfirlækni slysavarðstofu Borgarspítalans og nokkra samstarfsmenn hans, sem mest hafa með dagleg störf að gera, og eru þessir aðilar fúsir til samstarfs á grundvelli samkomulagsins. Einnig hefur verið rætt við yfirlækna þeirra deilda Landspítalans sem þjónustan þarf frekast á að halda og hafa þeir tjáð sig fúsa til að láta í té aðstoð sinna deilda, eftir því sem þörf krefur. Þá hefur samkomulagið verið kynnt forstjóra ríkisspítalanna og framkvæmdastjóra Borgarspítalans."

Þar með taldi rn. að komin væri á sú bráðaþjónusta sem umrædd nefnd taldi einna mest aðkallandi úrbót í geðheilbrigðismálum í áfangaskýrslu sinni frá því í okt. 1982.

Í tilefni af fsp. á þskj. 275 í febr. s. l. frá sama fyrirspyrjanda til fyrrv. heilbrrh. um sama efni óskaði heilbr.- og trmrn. eftir upplýsingum frá yfirlæknum geðdeilda Borgarspítalans og Landspítalans um það, hvernig samkomulag þetta hefði reynst í raun og hvernig væri staðið að þeirri bráðaþjónustu sem þar var ákveðið að taka upp. Í svarbréfi Hannesar Pétursssonar, yfirlæknis geðdeildar Borgarspítalans, segir svo m. a.:

„Geðdeildirnar ásamt slysadeild Borgarspítalans hafa lagt sig fram um að þjónustan yrði sem best og að hún verði sambærileg við þá bráðaþjónustu sem veitt er sjúklingum með aðra sjúkdóma. Þessu markmiði verður best náð með aukinni verkaskiptingu milli geðdeildanna og tryggja þannig sem hagkvæmasta nýtingu mannafla og mannvirkja.

Að því er varðar geðdeild Borgarspítalans sérstaklega, þá hófst hér bráðaþjónusta með vaktinni 8. des. s. l. Á tímabilinu fram til 15. febr. s. l. hafa 51 einstaklingur komið í bráðamóttöku deildarinnar sem staðsett er við slysadeild Borgarspítalans. Enn fremur hafa læknar deildarinnar veitt sjúklingum og/eða aðstandendum ráðleggingar símleiðis og verið á annan hátt til aðstoðar þeim aðilum sem á einhvern hátt tengjast meðferð eða umönnun geðsjúkra."

Í bréfi Tómasar Helgasonar, yfirlæknis geðdeildar Landspítalans, segir svo m. a.:

„Samkomulagið var gert að undangengnum löngum og ítarlegum umræðum annars vegar innan geðdeilda ríkisspítalanna og hins vegar milli yfirlækna þeirra og yfirlæknis geðdeildar Borgarspítalans. Samkomulagið var sent heilbrmrh. með bréfi hinn 18. nóv. s. l. og vísast til þess.

Framkvæmd samkomulagsins hefur gengið eins og til var ætlast og hnökralaust. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir að það væri í stöðugri endurskoðun. Sérstaklega myndi fara fram athugun eftir sex mánuði frá því framkvæmdin hófst á hvernig gengið hefði og hverjir hefðu leitað bráðaþjónustunnar, hvað hefði verið að og hvaða úrlausnir hefðu verið veittar.

Vegna fyrirspurnar rn. var gerð lausleg talning á þeim sem leitað höfðu til bráðaþjónustunnar á geðdeildum ríkisspítalanna fram til 14. febr. Til þess tíma höfðu sjúklingar komið í bráðaþjónustu geðdeildar ríkisspítalanna í 101 skipti, en símaviðtöl voru 186. Af þeim sem komu í bráðaþjónustuna voru 25 sjúklingar lagðir inn á geðdeildir, en á sama tíma voru samtals 295 sjúklingar lagðir inn á geðdeildirnar, þar af helmingurinn á móttökudeild áfengissjúklinga.

Talsverður hluti af þeim innlögnum, sem átt hafa sér stað fyrir utan bráðaþjónustuna, eru bráðainnlagnir svarandi til þess sem alla tíð hefur verið, en geðdeildirnar hafa veitt mjög umfangsmikla bráðaþjónustu, þótt hún hafi ekki verið skipulögð með þeim hætti fyrr sem nú er."

Með þessum svörum taldi rn. sýnt að sú bráðaþjónusta sem upp var tekin af deildum Borgarspítala og Landspítala væri í réttum farvegi og væri því, að svo stöddu, ekki ástæða til frekari aðgerða í tilefni af skýrslu nefndarinnar um bráðaþjónustu við geðsjúka.

Samkv. upplýsingum formanns nefndarinnar í gær er næsta verkefni, sem unnið er að innan nefndarinnar, skýrsla um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga. Er sú skýrsla talin væntanleg innan nokkurra vikna. Ekki er hægt að fullyrða hver viðbrögð rn. geta orðið við þeirri skýrslu fyrr en hún liggur fyrir.

Önnur verkefni, sem formaður nefndarinnar taldi að hún væri að vinna að, er könnun á sjúklingaflæði og könnun á aðstöðu fyrir geðheilbrigðisþjónustu við gamalt fólk. En hér á landi er ekki starfrækt nein sérhæfð elligeðdeild og er þörfin á stofnun slíkrar deildar mjög knýjandi, eftir því sem yfirlæknar geðdeildar telja.

Svar við 2. lið fsp.: Í sambandi við vinnu umræddrar nefndar hafa komið fram ótal ábendingar og álitsgerðir fagfélaga um geðheilbrigðismál. Í þeim ábendingum hefur m. a. verið lögð áhersla á varnarstarf og er þá átt við þær aðgerðir sem ýti undir betra heilsufar og dragi

úr áhættuþáttum. Talið er að að þessu starfi megi vinna með rannsóknum á orsökum geðrænna truflana, með fræðslu og upplýsingum til almennings, með markvissri leit að áhættuhópum og áhættuaðstæðum (félagslegum og atvinnubundnum). Bent er á að hugmyndafræði um varnarstarf hafi ekki náð eyrum þeirra sem fjármagni stjórna og því renni fjármagn til félags- og heilbrigðismála einkum til annars og þriðja stigs þjónustunnar en lítið sem ekkert til fyrsta stigs, fyrirbyggingarinnar. Rn. á því von á tillögum frá nefndinni um aðgerðir í forvarnarstarfi. Að svo stöddu er því ekki hægt að skýra nánar frá því hver áform verða ofan á í þessum málum.

Svar við 3. lið fsp.: Eins og fram kemur í svörum við 1. og 2. lið hér að framan hefur eitt forgangsverkefni í þessum málaflokki nú þegar komist í framkvæmd, þ. e. bráðaþjónustan við geðsjúka. Að því er varðar önnur hugsanleg forgangsverkefni verður ekki undan því skotist að bíða tillagna umræddrar nefndar um það, þar sem hér á, samkv. ályktuninni frá 1981, að vera um heildarúttekt á geðheilbrigðismálum á Íslandi að ræða. Samkv. viðtali, sem fulltrúi rn. átti við formann nefndarinnar í gær, mun nefndin reikna með því að þurfa enn að starfa í 3—4 ár til að ljúka þessu verkefni sínu.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. skýr svör. Ég gerði grein fyrir því áðan og er það mjög ljóst að hér er um viðamikið starf að ræða, þó ég hefði kannske vænst þess að betur sæktist og fljótar ýmis vinna sem þessi nefnd hefur lagt hönd að og vissulega hefur verið til úrbóta.

Skýrslur hafa komið um tvö atriði sérstaklega, annars vegar bráðaþjónustuna. Þar hefur verið tekið á og ég fagna því og þakka það hvernig þar hefur verið unnið að málum í heilbr.- og trmrn. og af yfirmönnum þeirra deilda sem um þessi mál fjalla sérstaklega. Hins vegar vitum við það að bráðaþjónustan verður í raun og veru ekki veitt nægilega vel og markvisst fyrr en búið er að breyta lögum um sjálfræðissviptinguna. Hér er um miklu viðkvæmari hluti að ræða en varðandi önnur sjúkratilfelli og því hef ég einnig spurt um það í annarri fsp., sem síðar mun svarað, hvað líði lögum um sjálfræðissviptinguna og endurskoðun þeirra laga.

Varðandi réttargeðdeildina, en hæstv. heilbr.- og trmrh. upplýsti að sent hefði verið erindi til dómsmrn. um það mál en engar frekari fréttir væri þar af að hafa — vil ég skora á hæstv. núverandi dómsmrh., sem er einn af flm. þessarar till., að taka nú þar upp þráðinn og vinna að því máli, því eitt af áhersluatriðunum, sem ég nefndi ekki áðan, í þeirri till. sem við fluttum hér á sínum tíma varðaði einmitt geðsjúka afbrotamenn og þann mikla vanda sem af því hefur skapast, athvarfi þeirra og meðferð.

Ég vil svo segja það að lokum að hér eru viss forgangsverkefni sem þarf að afmarka og vinna sérstaklega að. Ég tek sem dæmi áfangastaðina svokölluðu, þ. e. milli sjúkrahússins og þess að fara beint út í daglega lífið. Þessir staðir eru álitnir hin mesta nauðsyn fyrir fjölmarga sjúklinga og ég veit að eftir þeim er vissulega beðið.

Atvinnumálin eru vissulega snar þáttur í lífi þessa fólks. Þegar sjúklingarnir koma aftur út í lífið reynist þeim oft býsna torsótt að fá atvinnu vegna þess sjúkdóms sem þeir hafa þó læknast af. Og síðast en ekki síst varðandi fræðsluþáttinn, svo enn megi linna þeim fordómum, sem vissulega eru á undanhaldi gagnvart þessu, en enn þá eru í allt of ríkum mæli í þessu þjóðfélagi.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 1. nóv., að loknum 11. fundi.

Gistiþjónusta á landsbyggðinni, þáltill. 51. mál (þskj. 54). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vistunarvandi öryrkja, þáltill. 52. mál (þskj. 55). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmd byggðastefnu, þáltill. 4. mál (þskj. 4). — Frh. einnar umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Það er kannske erfiðleikum bundið að vekja umr. sem svo langt er um liðið að síðast var á dagskrá, en þó held ég að ég megi til með að fara örfáum orðum um þá umr. sem hér fór fram.

Ég þakka almennt þá umr. sem þetta mál fékk. Ég þakka undirtektir undir flutning þessa máls, sem komu fram hjá ýmsum ræðumönnum. Þó vil ég benda á ákveðin atriði sem að einhverju leyti virtust fara fram hjá mönnum. Það var m. a. eitt af aðaláhersluatriðum þessarar till., sem ég tel mjög mikilvægt, en það er að tengja skuli byggðaáætlanir með lögum því skipulagsstarfi sem unnið er á vegum skipulags ríkisins og sveitarfélaga, þ. e. að gera byggðaáætlanir jafngildar í lögum og t. d. aðalskipulag. Einnig það atriði, að heimamenn á hverjum stað, þ. e. á hverju áætlanasvæði, verði sjálfir ábyrgir fyrir áætlanagerðinni og um leið ábyrgir fyrir vali milli þeirra leiða sem í boði eru eða til mats koma og standi ábyrgir að því að framkvæma þá áætlun.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson er lítið hrifinn af þeim að því er ég taldi frekar hógværu ummælum um Framkvæmdastofnun og störf hennar. Hann hrósar og þakkar Framkvæmdastofnun og kommissörum hennar fyrir störf undanfarinna ára. Hann segir, ef ég má vitna í orð hans með leyfi forseta:

„Ég tel að það sé ómaklega veist í till. að stjórn Framkvæmdastofnunar. Ég tel að í framsöguræðu og eins í greinargerð sé mikið ofmælt, t. d. þetta, herra forseti, svo að ég vitni í greinargerð orðrétt: „Í hugum flestra er byggðastefna í dag nánast samnefnari fyrir aðgerðir sem eru í mótsögn við skynsamleg þjóðfélagsmarkmið.“ Þessu neita ég alfarið“, segir hv. 2. þm. Norðurl. v.

Hann neitar einnig að reynsla undanfarinna ára af Framkvæmdastofnun og kommissörum hennar hafi

ekki sannað ágæti þessarar ráðstöfunar og að lánveitingar Framkvæmdastofnunar hafi tekið mið af pólitískum stundarhagsmunum, en ekki efnahagslegum langtímahagsmunum. Hann neitar einnig að starf Framkvæmdastofnunar hafi orðið til hreinnar óþurftar fyrir þjóðarbúið og fer hér upp í ræðustól til að mótmæla þessu orðalagi. Hann heldur því enn fremur fram, að það sé víða farið frjálslega með staðreyndir í greinargerðinni, en tínir reyndar ekki til nein einstök dæmi.

Síðan segir hv. 2. þm. Norðurl. v., með leyfi hæstv. forseta: „Það er mjög til fyrirmyndar að þessi stofnun er ekkert að fela gerðir sínar. Lánveitingar eru allar prentaðar og landsmönnum aðgengilegar og þm. fengnar í hendur. Það tel ég mjög til fyrirmyndar og býsna mikil trygging fyrir því að menn fari varlega og af ráðdeild með fé."

Nú geta menn bara, ef þeir vilja, tekið þessar skýrslur sér í hönd og lesið þær, og ég vil halda því fram að við þann lestur verði manni hægt og hægt ljóst að flest allar lánveitingar, sem farið hafa fram á vegum Byggðasjóðs, t. d. á liðnu ári, séu ekkert annað en það sem hver annar venjulegur banki hefði getað tekið að sér að annast og eigi ekki heima hjá þessari stofnun. T. d. allur sá aragrúi lána til endurskipulagningar rekstrar fyrirtækja víðs vegar úti um allt land, sem ég held að sé að verða ansi auðsýnt, allavega í dag, að hafa ekki skilað mönnum einu eða neinu. Að maður tali nú ekki um gamla brandara eins og að lána til uppbyggingar rakarastofu.

Ég er ekkert að horfa fram hjá því, að í ákveðnum tilvikum hefur Framkvæmdastofnun skilað árangri, en það er einhvern veginn þannig, að flest það gott sem kemur frá Framkvæmdastofnun þyrfti alls ekki sjö alþm. til að framkvæma. Seta alþm. í stjórn stofnunarinnar kemur hreint og beint í veg fyrir að Alþingi geti rækt sitt eftirlitshlutverk með stofnuninni með raunhæfum hætti.

Ég býst við að ummæli hv. þm. Páls Pétursonar séu viðhöfð í einlægni, þó að þau hljómi reyndar næstum því sem oflof til háðungar. En ummælin eru alveg í fullu samræmi við það sérstæða framsóknarsiðgæði, sem reyndar er orðið að siðgæði Sjálfstfl., þar sem það verður sjálfsagt og eðlilegt að ráða ákveðna ætt manna til að dæma um sín eigin verk. Það er einmitt þessi siðfræði sem hefur ráðið störfum Framkvæmdastofnunar frá upphafi nánast og þess vegna oft verið sorglegt að horfa upp á pátttöku flokka eins og t. d. Alþfl. í stjórn þessarar stofnunar, sem þeir þó oft hafa viljað leggja niður.

Að auki vil ég leggja áherslu á það atriði, sem reynt er að koma til skila í greinargerðinni, sem er það hlutverk yfirvalda, og þá á ég við í þessu tilviki byggða- og áætlanadeildar, að veita fræðslu og ráðgefandi hvatningu til að örva framtak einstaklinga og samtaka þeirra. Fyrsta skilyrði við framkvæmd byggðastefnu er og verður það, að landsmenn sjálfir geri sér grein fyrir því hvaða möguleika þeir hafa, þannig að aðgerðir Alþingis komi einungis til greina þegar aðrir möguleikar hafa verið fullnýttir eða tæmdir.

Hugmyndin um afnám Byggðasjóðs byggir á þeirri skoðun Bandalagsmanna, að ríkið eigi helst ekki að stunda útlánastarfsemi eins og þar hefur verið stunduð undanfarin ár. Þá á ég við hrein og bein styrktarlán til einstakra atvinnufyrirtækja til að halda rekstri þeirra á floti um skamman tíma, án þess að tekið hafi verið á þeim vanda sem viðkomandi atvinnuvegur átti í og reynt að skapa viðkomandi fyrirtækjum þannig einhver haldbær rekstrarskilyrði.

Í máli hv. 5. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar hjó ég sérstaklega eftir ummælum hans um tal mitt, þar sem hann heldur því fram að hugtakið kommissar sé orðið eitthvert það alversta sem hægt sé að hugsa sér og segir, með leyfi forseta: „Ég segi ekki að morðingjar séu ekki skráðir enn á Íslandi verri menn, en það er þá ef þeir hafa notað ósiðsamlegar aðferðir við verknaðinn". Ég neita ítrekað þeirri fullyrðingu að hér sé verið að líkja kommissörum eða öðrum við morðingja.

Ég hirði ekki um að fara nánar út í mál hv. 5. þm. Vestf., en þakka fyrir fram óvæntan stuðning hans við það stefnumál BJ að embættismenn verði ekki ráðnir nema til fjögurra ára í senn. — Ég verð að lokum að viðurkenna að ég geri mér ekki almennilega grein fyrir því út úr hvaða hól hv. 5. þm. Vestf. talar. Það kemur þó mjög glöggt fram á hans málflutningi að hann talar ekki út úr sama hól og núverandi stjórnarflokkar búa í, þessa stundina a. m. k.

Þetta mál, sem hér hefur verið lagt fram, er kannske nokkuð háleitt í sinni markmiðasetningu, en ég held að markmiðasetningar ættu að vera það almennt. Að sjálfsögðu verður að setja ákveðin undirmarkmið í kjölfar slíkra tillagna, þar sem hægt er að skilgreina miklu ítarlegar og nánar við hvað er átt. Þá komum við inn á margt sem hér kom fram við fyrri hluta umr. Það er t. d. ekkert markmið í sjálfu sér að öll héruð landsins vaxi jafnt að mannfjölda. Meðan fólkinu í landinu öllu fjölgar jafnt og þétt er samt sem áður óeðlilegt að mjög mikill munur sé á fjölgun landshluta innbyrðis, þegar til lengri tíma er litið. Allflest héruð landsins hafa að mínu mati einhverja möguleika til þess að þar sé starfrækt arðbær atvinnustarfsemi. Mikill fjöldi þess fólks sem frá landsbyggðinni hefur flutt hefur gert það vegna skorts á atvinnutækifærum og vildi gjarnan flytja til baka ef hægt væri. Reynslan hefur reyndar sýnt þetta, þar sem atvinnutækifæri bjóðast.

Byggðastefna er sett fram til höfuðs margs konar ójöfnuði. Í fæstum löndum hefur þó verið skilgreint hversu mikill sá ójöfnuður má verða þannig að hann sé talinn skipta máli. Í mörgum löndum mundi sá mismunur sem verið er að hafa áhyggjur af, t. d. á Norðurlöndum, ekki vera talinn skipta ýkjamiklu máli. Skilgreiningin á því í hverju jafnvægi eða mismunur er fólgið er því ekki einungis háð fræðilegum atriðum. Í raun og veru væri réttara að segja að mælingin sé fræðileg, en mælikvarðinn stjórnmálalegur. Þar með er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að mælikvarðinn á ójöfnuði geti breyst frá einu tímabili til annars. Þau markmið sem sett eru um byggðastefnu fjalla í flestum atriðum um efnisatriði sem hafa áhrif á ýmsa aðra málaflokka.

Margir þættir hins opinbera hafa hlutverkum að gegna sem áhrif hafa á byggðaþróun. Sem dæmi má nefna framleiðslu- og dreifingarfyrirtæki raforku, vegagerð, menntakerfi og heilbrigðisþjónustu. Í byggðastefnu verður m. a. að felast samræming á markmiðum þessara þátta hins opinbera. Samræmd byggðaþróun þarfnast samræmdra átaka allra þeirra aðila sem áhrif hafa á þessa þróun. Þess vegna er ekki hægt að stuðla að markvissri byggðaþróun af hálfu hins opinbera nema með því að gera áætlanir sem fjalla um markmið, þarfir

og möguleika áætlunarsvæðanna ásamt till. um þau framkvæmdaratriði sem nauðsynlegt er að samræma. Byggðastefna þarf að byggjast á bestu fáanlegum upplýsingum um núverandi ástand og framtíðarhorfur og framkvæmd hennar þarf á hverjum tíma að geta tekið tillit til breyttra aðstæðna jafnóðum og upplýsingar eru til.

Byggðastefnan þarf að vera innan ramma þjóðfélagsmarkmiða í heild. Þetta hefur viljað gleymast og margir halda því fram, eins og ég sagði hér áður, að byggðastefna eins og hún er stunduð í dag sé hið þveröfuga, þ. e. samnefnari fyrir aðgerðir sem eru í mótsögn við skynsamleg þjóðfélagsmarkmið.

Að lokum vildi ég aftur þakka þá umr. sem þetta mál hefur fengið. Ég verð að játa að orð hv. 2. þm. Austurl. vöktu í mér hroll. Það er ekki bærileg tilhugsun að verða að bíða í jafnvel 1000 ár eftir að þetta mál komi úr nefnd.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það kom ýmislegt fram í umr. um byggðastefnu um daginn og það er of langt mál að rifja það allt saman upp. Ég vil leggja ríka áherslu á að hér er alls ekki verið að mæla gegn byggðastefnu. Það hefur margoft komið fram og menn verða að minnast þess. Það er ekki verið að tala um að hætta viðleitni til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það er verið að leggja til breytingar sem miða að því að gera þessa viðleitni styrkari, auka þátttöku heimamanna og skilgreina vel öll markmið, eins og kom fram í máli flm.

Það er rétt, sem kom fram í máli hv. alþm. um daginn, að gefin er út skýrsla sem skýrir frá peningagreiðslum á vegum Framkvæmdastofnunar. Það er svo sjálfsagt að það er ekki sérstakrar þakkar vert. Þarna sjást ýmsar greiðslur stórar og smáar, og sumar svokallaðar greiðslur til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja vekja spurningar um hvernig þessum háu fjárhæðum, sem þar eru veittar, er varið innan þeirra fyrirtækja sem þær fá og hvernig er háttað af hálfu Framkvæmdastofnunar eftirliti með þeim fjárhæðum sem þannig er varið. Sé litið á ýmsar aðrar greiðslur smáar og stórar, t. d. til einstaklinga, vakna spurningar um hvort hér sé ekki um að ræða dæmigerða starfsemi sem ætti að vera í höndum banka.

Svo vildi ég nefna annað. Tengsl milli áætlana og fjárútlána eru afar laus eins og er. Þannig eru byggðaáætlanir í tómarúmi. Þær eru aðeins fjármagnaðar að mjög litlu leyti og þær eru því ófærar um að ná þeim markmiðum sem þær settu í upphafi og seinagangur í framkvæmd þeirra er í sumum tilfellum svipaður og seinagangurinn við nefndarstörfin, sem hv. þm. Stefán Benediktsson minntist á áðan. Gárungarnir segja að seinagangurinn við framkvæmd sumra áætlana um styrkingu byggða sé slíkur, að það verði að breyta þeim í till. um endurreisn eða jafnvel fornleifauppgröft á sömu svæðum.

Það eru einhverjir ræðumenn þykkjuþungir vegna efasemda um réttmæti kommissarakerfisins. Menn verða að geta rætt þetta án þykkju. Það sem skiptir máli t. d. er hugtakið um hugsanlega hagsmunaárekstra. Í stjórn og á framkvæmdastjórastólum Framkvæmdastofnunar sitja þm. BJ hefur gagnrýnt það og mörg önnur dæmi sama eðlis, eins og setu þm. í bankaráðum og þess háttar. Þetta verða menn að hafa nógu hreina samvisku og nógu sterk bein til að ræða faglega um. Í öðrum löndum eru settar um þetta strangar reglur til að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra. Það er ekki verið að gera neinum neitt upp. Það er einungis verið að viðurkenna að reynsla áranna og þekking á freistingum mannlífsins gerir þessar reglur nauðsynlegar. Þessar reglur hafa verið settar um þátttöku í stjórnmálum, í embættisstörfum og atvinnurekstri og þær kveða oft svo á að það sé ekki nóg að viðkomandi geti sýnt og sannað að hann hafi farið að lögum, það eru gerðar kröfur um að það sé yfir allan vafa hafið að hann hafi farið að lögum.

Ég tek undir þakklæti til hv. þm. Ólafs Þórðarsonar um fylgi hans við hugmyndir okkar um að embættismenn verða ekki ráðnir nema til fjögurra ára.

Ég vildi að lokum aðeins ítreka að ég tel að þm. ættu að taka upp umr. um hagsmunaárekstra sem grundvallaratriði í stjórnsýslu. Þetta mál er þess eðlis að það á rétt á því að vera tekið upp eitt sér og málefnalega.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessar umr., en hlustaði á þær bæði um daginn og einnig nú. Og ég hef einnig gert aðeins meira. Ég hef lesið frá orði til orðs þær umr. sem hér hafa verið um byggðamálin.

Mig langar til að spyrja flm. þessarar till., Stefán Benediktsson, sem setur sig hér í dómarasæti og gefur mönnum einkunnir úr þessum stól: Hvaða siðgæði er þm. að tala um? Hvaðan kemur honum umboð til þess að dæma okkur, sem sitjum þarna í stjórn, hvort sem við erum framsóknarmenn eða úr einhverjum öðrum flokkum, og gefa í skyn að við höfum eitthvað verra siðgæði en hann eða einhverjir aðrir? Mér er ekkert sama um það fyrir sjálfan mig.

Og ég vil halda áfram að spyrja þennan ágæta þm.: Af hverju er alltaf talað í hálfkveðnum vísum? Af hverju nefnir nú ekki þm. eitthvert mál sem getur þá undirstrikað allt siðleysið? Af hverju nefnir hann ekki eitt einasta dæmi af öllum þeim lánveitingum sem um er fjallað í Byggðasjóði til þess að undirstrika rækilega siðleysið og allt siðleysistalið? (Gripið fram í.) — Nei. Ég held að það væri ekkert of löng ræða, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, og ég held að þú mundir endast til að sitja og hlýða á þær umr., en ég held að það væri þarft að flm. gerði það. (Gripið fram í.) — Já, er það allt siðlaust?

Hér kom fram í ræðustól áðan að einn maður sagði: „Til dæmis rakarastofur.“ — Jú, t. d. rakarastofur. Dæmi eru til um það. En er endilega víst að það sé siðlaust?

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson — hann er nú ekki hér — sagði hér einmitt um daginn: „Það sem var gott í upphafi hefur orðið slæmt.“

Það var formaður Alþfl. sem sagði þessi orð, og á það við hans gamla og góða flokk.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þyrfti kannske aðeins lengri undirbúning til að fjalla mjög ítarlega um hvað siðgæði er, en að því var spurt. Það er einfaldlega vegna þess að þar verður að byrja á því að byggja mjög breiðan grunn í umfjöllun áður en hægt er að fullyrða eitthvað ákveðið um hvert siðgæðismat okkar þjóðfélags er.

Það sem ég talaði fyrst og fremst um var að vinnu-

brögð Byggðasjóðs og þá Framkvæmdastofnunar þjónuðu pólitískum skammtímahagsmunum, en ekki þjóðhagslegum langtímahagsmunum. Ef þm. nenna er náttúrlega hægt að tína upp úr „Samþykktum lánum og styrkjum úr Byggðasjóði 1982" á 16 blaðsíðum mjög mörg tilfelli um nákvæmlega þess háttar aðgerðir. Vegna þess að þessar aðgerðir eru orðnar eins árs gamlar núna sannar tíminn að þær hafa þjónað pólitískum stundarsjónarmiðum, en ekki þjóðhagslegum langtímahagsmunum. Það nægir þar að tína til öll þau lán sem nefnd voru hér áðan til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja, aðallega í sjávarútvegi. Mikið til sömu fyrirtæki eru núna nákvæmlega jafnmikið á vonarvölinni og þau voru þegar þau fengu þessa fyrirgreiðslu og biðja um hið sama eða eitthvað annað enn þá betra, eins og t. d. hugsanlega eftirgjöf á vangoldnum opinberum gjöldum til margra ára. Ég veit að það er reyndar ekki verkefni Byggðasjóðs að stuðla að slíku.

Ég tel t. d. að seinustu daga hafi einmitt orðið til enn eitt dæmi um það vald sem Byggðasjóður tekur sér. Hann er reyndar farinn að segja ríkisstj. fyrir verkum. Framkvæmdastofnun hugsaði lengi og vel um hvað mætti gera í málefnum útgerðarfyrirtækis á Norðurlandi, sem kennir sig við Þormóð ramma. — Nafnið er náttúrlega að verða háðung fyrir fyrirtækið vegna þess að það er ekkert rammt við það fyrirtæki. — En Framkvæmdastofnun komst að þeirri niðurstöðu, að ríkisstj. bæri að gera o. s. frv. Hún gaf ríkisstj. hreint og beint skipun um að bjarga þessu fyrirtæki með þeim ráðum sem ríkisstj. væru tiltæk. Að því er ég best veit er hún að því þessa dagana.

Ég verð að viðurkenna að mig brestur löngun til að fara út í að tína til þessa hluti, sem ég veit að hv. þingheimur getur kynnt sér með því að lesa það plagg sem hér er fyrir hendi og hefur verið nokkuð lengi á borðum þeirra — þá á ég við skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins ársins 1982 — og gera upp við sig í huga sínum hverjar af þeim aðgerðum sem hér eru taldar upp eru aðgerðir sem er eðlilegt að framkvæmdar séu í nafni byggðastefnu og hvað af þeim aðgerðum sem tíndar eru til er eðlilegast að menn leiti til síns viðskiptabanka með, en ekki til einhverrar stjórnar skipaðrar þm., sem geta einfaldlega stöðu sinnar vegna ekki brugðist öðruvísi við þeim þrýstingi sem þeir eru beittir en að reyna eftir bestu getu að leysa úr málefnum manna. Það kostar þjóðina smáaura hverju sinni, en safnast saman og verður að stórum upphæðum.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnám bílakaupafríðinda embættismanna, þáltill. 28. mál (þskj. 28). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt fimm öðrum þm. Alþfl. að flytja hér till. til þál. um afnám bílkaupafríðinda embættismanna. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsrh. að hlutast til um að felldar verði úr gildi þær reglur sem nú kunna að gilda um fríðindi hliðstæð þeim, er ráðherrar hafa notið varðandi bifreiðakaup, gagnvart yfirmönnum ríkisstofnana, svo sem ríkisbanka og Framkvæmdastofnunar."

Í grg. segir m. a. á þá leið að þau fríðindi sem ráðh. hafa notið, að geta keypt bifreiðar án þess að greiða af þeim aðflutningsgjöld til ríkissjóðs, eins og almenningur verður að gera, hafi verið mjög til umræðu að undanförnu í fjölmiðlum. Jafnframt segir að ljóst sé að þessi fríðindi stangist á við réttarvitund almennings á Íslandi og frá því er greint að flutt hefur verið frv. til l. um breytingu á tollskrá, sem gerir ráð fyrir að þessi fríðindi til ráðh., þ. e. að þeir geti flutt inn bíla án þess að greiða af þeim aðflutningsgjöld, skuli felld niður. Fyrir því frv. var mælt í hv. Ed. í gær. Frv. er í rauninni endurflutt stjfrv. frá árinu 1979, sem ríkisstj. stóð þá að, og var frv. afgreitt frá Nd. en dagaði einhverra hluta vegna uppi í fjh.- og viðskn. Ed. á allra síðustu dögum þings þá um vorið. En samhliða því sem gerðar eru ráðstafanir til að fella niður þessar reglur sem varða ráðh. er auðvitað eðlilegt að niður verði felldar hliðstæðar reglur sem kunna að vera í gildi varðandi aðra embættismenn.

Það þarf ekki, herra forseti, að fara um þetta mörgum orðum. Þessi mál hafa verið mjög til umr. með ýmsum hætti í fjölmiðlum undanfarnar vikur. Enginn hefur dregið í efa að ráðh. ættu að hafa bifreið og bílstjóra til umráða. Hins vegar held ég að menn þurfi ekki að fara í neinar grafgötur um það að þessi fríðindi, sem ráðh. hafa notið, að geta flutt inn bifreiðar til einkaeignar án þess að greiða af þeim aðflutningsgjöld, stangast á við réttarvitund alls þorra almennings á Íslandi og þess vegna eigi að fella þau niður.

Ég ætla ekki að svo stöddu, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð en legg til að þáltill. verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Könnun á kostnaði við einsetningu skóla, þáltill. 33. mál (þskj. 33). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram þáltill. þá sem hér liggur fyrir á þskj. nr. 33 og er 33. mál þingsins, ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Till. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að fyrir næsta skólaár verði komið á einsetningu í grunnskólum og samfelldum skóladegi þar sem húsnæði og aðrar aðstæður leyfa.

Alþingi ályktar jafnframt að beina því til ríkisstj. að hún beiti sér fyrir könnun á þeim kostnaðarauka sem hlytist af því að komið yrði á samfelldum skóladegi hjá grunnskólanemum. Í könnuninni skal miða við:

1) Að komið verði á einsetningu í skólum og samfelldum skóladegi.
2) Að nemendur eigi kost á máltíðum í skólum.
3) Að kannaður verði sá sparnaður sem hljótast

kann af minnkandi þörf fyrir skóladagheimili og skólaathvarf með tilkomu samfellds skóladags, sem og aðrir sparnaðarþættir.

Ríkisstj. skal leggja niðurstöður fyrir næsta löggjafarþing jafnframt tillögu að áætlun um hvernig ná megi einsetningu í skólum og samfelldum skóladegi."

Með grg. fyrir till. fylgir yfirlit yfir samþykktir kennaraþinga um samfelldan skóladag frá árunum 1972—1980.

Um langt árabil hafa samtök foreldra og kennara barist fyrir samfelldum skóladegi barna, einsetningu skóla og máltíðum í skólanum. Öll þjóðfélagsþróun hefur orðið á þann veg að þessar kröfur verða æ háværari. Foreldrar vinna nú í flestum tilvikum báðir utan heimilis og talið er sjálfsagt að vinnutími þeirra sé samfelldur þar til heim er komið. Skólatími barnanna hefur hins vegar ekki breyst til samræmis við vinnutíma annarra í fjölskyldunni, og algengt er að 4—5 tíma skólavist taki 7—8 stundir með hlaupum heim á milli eða bið í skólanum sem að sjálfsögðu veldur örðugleikum innan skólans. Og ekki síst er það börnunum sjálfum erfitt að fá ekki að vinna eðlilegan og samfelldan starfstíma þangað til þau hafa lokið vinnu hvers dags. Þekkja flestir foreldrar þær áhyggjur sem því fylgja að enginn er heima til að sjá um að börnin fari á réttum tíma í hina ýmsu kennslutíma, að þau fái ekki reglulegar máltíðir og að þau séu á ferðinni seint á daginn í umferðinni þegar vetrarmyrkrið er mest.

Í nútímaþjóðfélagi er skólakerfið sívaxandi þáttur í lífi barna og unglinga og segir sig sjálft að með því er lögð undirstaða að lífi og starfi þess fólks sem þar er að vaxa upp. Þarf tæplega að tíunda hér á hinu háa Alþingi hversu mikilvægt er að þetta starf takist sem best, hvort sem menn bera hag og hamingju þessa fólks fyrir brjósti eða skoða þessi mál frá hreinu hagfræðilegu sjónarmiði. Sérhvert þjóðfélag er jafngott eða jafnslæmt og þeir einstaklingar sem það byggja hverju sinni og það er því til lítils sóma að þeir sem annast þetta starf, kennarar landsins, eru bæði illa launaðir og búa við erfið starfsskilyrði. Mætti það vera okkur alþm. nokkurt íhugunarefni.

Í nágrannalöndum okkar eru einsettir skólar taldir sjálfsögð nauðsyn farsæls skólastarfs, en hér á landi eru þeir nær undantekning. Hér er gjarnan farið að tala um að leggja skóla niður eða sameina skólastofnanir ef svo fækkar í skólahverfi að einsetning er framkvæmanleg. Það er þó ljóst að mikil nauðsyn er á vistun yngstu barnanna að skólatíma loknum og þess vegna verður krafan um skóladagheimili æ sterkari. Það er tvímælalaust kominn tími til að líta á þetta tvennt í samhengi því að hversu æskilegur sem mikill fjöldi skóladagheimila kynni að vera er sú lausn án alls vafa ofviða okkur fjárhagslega ef fullnægja á þörfinni fyrir öryggi barnanna heilan vinnudag.

Margar glæsilegar skólabyggingar hafa risið á síðustu áratugum, en verulega skortir á að þeim sé lokið á viðunandi hátt með það markmið í huga að allt starf skólans geti farið þar fram. Nægir að nefna skólahús án aðstöðu til íþróttaiðkana, handmenntakennslu, tómstundastarfs o. fl. Og oft eru sundstaðir í órafjarlægð frá skólanum. Virðist stundum meira lagt upp úr þarflausum íburði en nauðsynlegri aðstöðu og námsgögnum. Þessu verðum við að breyta. Það er óþolandi að heilu kynslóðirnar vaxi upp í hálfbyggðum skólahúsum sem aldrei veittu nemendum þá aðstöðu sem alls staðar í nágrannalöndum okkar er talin sjálfsögð.

Sérstök ástæða er til þess að geta þess að fyrir þá foreldra, sem annast uppeldi barna sinna einir, er samfelldur skólatími og skólamáltíð fyrir börnin enn brýnni nauðsyn. Þau börn eru nú um sex þúsund talsins í landinu svo að hér er um að ræða stóran hóp. Einstætt foreldri á engra annarra kosta völ en að vinna allan daginn og oft rúmlega það, og vafalítið er að börn einstæðra foreldra búa þar af leiðandi við ósæmileg kjör í þessu landi. Það er sjálfsagt langt í land þar til sú hugarfarsbreyting á sér stað að báðir foreldrar taki á sig ábyrgð á uppeldi barna þó að þeir kjósi að búa ekki saman, þó að svo ætti vissulega að vera. En venjulega ber það foreldrið, þá langoftast mæðurnar, nær alla ábyrgð á uppeldi barnsins og umönnun þess og því verður skólinn að geta komið þar til hjálpar.

Það er engum til hróss sem skólamálum stýra að komið hefur í ljós við rannsóknir að skólabörn í Reykjavík búa í allt of miklum mæli við lélega næringu, í svo miklum mæli að það er talið koma niður á námsgetu barnanna. Sjoppufæði og sælgætiskaup koma í stað næringarríkrar fæðu í mörgum tilvikum. Hér í Reykjavík hefur vissulega verið reynt að bæta úr þessu en reynslan verið misjöfn. Kemur þar margt til. Skólahúsin eru ekki hönnuð fyrir matardreifingu, óljóst hverjir eigi að annast hana og e. t. v. skortir á um áhuga foreldra. Það er því alveg ljóst að á þessum málum verður að taka af mikilli festu á næstu árum. Skólamönnum er ljóst að skólinn er ekki eingöngu til þess ætlaður að troða í nemendur ákveðnu magni af staðreyndum. Í erindi sem Kári Arnórsson skólastjóri flutti á ráðstefnu Kvenréttindafélags Íslands fyrir nokkru segir hann svo með leyfi forseta:

„Það skólaform, sem við höfum lengst af notað, er hugsað og skipulagt fyrir fullorðna. Skipulagið færist síðan frá framhaldsskólanum niður í gagnfræðaskólann gamla og svo þaðan niður í barnaskólann. Það er um grundvallarmun að ræða hvort skóli er skipulagður sem framhald þess sem á undan er gengið eða hvort skipulagið kemur að ofan vegna þess sem eftir á að koma. Skólann þarf að skipuleggja miðað við þarfir barnanna frá því þau hefja skólagöngu og áfram upp. Börnum er eðlilegt að fá samfelldan starfstíma við verk sem þau hafa áhuga á. Þó að eðlilegar hvíldir séu nauðsynlegar þá hljóta þær í fyrsta lagi að verða breytilegar hjá einstaklingum og í öðru lagi mega þær ekki tæta sundur starfstímann. Fullorðnum þykir nógu slæmt þegar vinnutími þeirra er sundur slitinn, hvað þá börnum sem ekki hafa jafnmikla getu til að skipuleggja sinn tíma. Sú stranga námsgreinaskipting sem ríkt hefur í skólum á Íslandi hefur tilhneigingu til að drepa niður áhuga og forvitni sem er undirstaða fyrir náminu. Þessi mikla skipting hefur líka tilhneigingu til að hindra að nemendur skilji þau sameiginlegu undirstöðuatriði sem gilda við lausn hinna ýmsu vandamála. Það er enn svo í flestum þéttbýlisskólum að nemendur verða að koma oftar en einu sinni í skólann þó hádegishlé sé ekki talið með. Vissar greinar í kennslunni hafa minna vægi en aðrar," — og ég bið hv. þm. að taka eftir þessu — „sem sýnir sig best í því að þær ganga undir nafninu aukagreinar. Hér er um að ræða listgreinarnar, þ. e. myndmennt og tónmennt, einnig líkamsþjálfunina. Þessum greinum er iðulega raðað þannig á stundaskrá að þær

standa einar sér og ekki nema í óbeinum tengslum við bóklegar greinar. Þetta er m. a. afleiðing af því að skipulagið er komið ofan frá og hefur verið þrýst niður. Alvarlegast í þessu er þó það, að með þessu fyrirkomulagi er í raun ekki verið að hugsa um alhliða þroska einstaklingsins. Menntun er bundin nemandanum sem einstaklingi með ákveðnar meðfæddar tilhneigingar, möguleika og einkenni. Menntun hans er líka bundin við hann sem félagsveru sem hefur réttindi, skyldur og ábyrgð. Því ber okkur að veita alhliða þroska hans alla athygli, líkamlegum og andlegum vexti, tilfinningum hans, viðmóti og samskiptum, lunderni og persónuleika. Skólinn þarf því að vera skipulagður með þetta í huga. Nemandinn á fullan rétt á því að fá samfelldan starfstíma. Allar greinar sem snerta alhliða þroska hans eiga að hafa sama rétt."

Ég tel að hér sé betur að orði komist en ég mundi gera og ég held að Kári Arnórsson hafi þarna sagt það sem máli skiptir.

Herra forseti. Mér er fullljóst, svo og öðrum flm. þessarar till., að einhver kann að benda á að núv. menntmrh. hefur nýlega skipað nefnd á vegum ráðuneytis síns til þess að kanna hvernig auka megi tengsl fjölskyldu og skóla sem er vissulega tengt þessu máli. Hæstv. forseti Ed., Salome Þorkelsdóttir er form. þeirrar nefndar. En þá ætti ekki að vera minni ástæða til að styrkja störf þeirrar nefndar með samþykktri viljayfirlýsingu hins háa Alþingis um að á þessum málum barna og fjölskyldna verði tekið af alvöru. Hér kann auðvitað að verða um umtalsverðan kostnað að ræða. En þeim fjármunum, sem fara til úrbóta í málefnum barna þessa lands, er vel varið. Ég vil minna hv. þm. á að á árinu 1984 verður varið 390 millj. kr. í afborganir og vexti af Kröfluvirkjun og hefði verið hægt að nota þá fjármuni til þarfari mála. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. þessarar þjóðar, sem sagði hér fyrir nokkrum klst. eitthvað á þessa leið: Það er ekki fjárskortur sem angrar okkur, þessa eina af tíu ríkustu þjóðum heims, heldur ill meðferð á fjármunum. Þar erum við þó sammála ég og hæstv. fjmrh., Albert Guðmundsson.

Við skulum reyna að forðast slík mistök í framtíðinni en snúa okkur að því sem raunverulegt gildi hefur fyrir fólkið í þessu landi, fólkið sem framleiðir þessa fjármuni sem við höfum hingað til farið svo illa með.

Ég hef þessi orð ekki fleiri að sinni, herra forseti, en legg til að þáltill. þeirri sem ég hef hér mælt fyrir verði vísað til hv. allshn. Sþ.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er rétt sem hv. flm. þessarar till., 10. landsk. þm. sagði í sinni ræðu áðan að það mundi einhver finna hjá sér hvöt til að upplýsa það að nú væri verið að vinna í hliðstæðum málum á vegum núv. hæstv. menntmrh. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka flm., hv. 10. landsk. þm. fyrir að flytja þessa till. til þál. um skólamálin ásamt meðflm. hennar. Ég leyfi mér að líta svo á að till. sé góður stuðningur við það starf sem hæstv. menntmrh. setti í gang 12. júlí s. l. með skipun vinnuhóps til að vinna m. a. að þeim atriðum sem tilgreind eru í till. þeirri sem hér er til umr. Þar sem hæstv. menntmrh. hefur ekki tök á því að upplýsa þessi mál vegna fjarveru í opinberum erindum þá þykir mér rétt að gefa nokkrar upplýsingar um störf vinnuhópsins við þessa umr.

Vinnuhópurinn, sem var skipaður með bréfi menntmrh. 12. júlí s. l., hefur það verkefni að athuga sérstaklega tengsl fjölskyldu og skóla og gera till. um hvernig bæta megi þau tengsl. Honum er ætlað að athuga sérstaklega hvernig má samræma betur vinnutíma foreldra og skólabarna, hvað er unnt að gera í skólastarfi til að styrkja samband barna og foreldra og þar með stuðla að samheldni fjölskyldna. Og hvaða ráðstafanir í ofangreindu skyni væri hægt að gera án tilkostnaðar, eða með litlum tilkostnaði. Og inn í hvaða námsgreinar væri eðlilegast að flétta verkefni sem tengdust verkefninu. Sérstök áhersla er lögð á athugun á samfelldum skóladegi og skynsamlegu fyrirkomulagi á nestismálum í samráði við samtök foreldra- og kennarafélaga.

Við erum níu í þessum vinnuhópi, það eru 8 konur og 1 karl, í öfugu hlutfalli við hefðbundnar nefndarskipanir, og ég vil segja skemmtileg tilbreyting, e. t.v. ekki síst fyrir þennan eina.

Nú væntanlega eru allir sammála um að skólinn er til fyrir nemendurna, börnin, en ekki öfugt. Og vegna breyttra þjóðfélagshátta hefur uppeldishlutverkið í auknum mæli verið fært yfir á skólana. Það er því þýðingarmikið að þeir, skólarnir, geti aðlagað sig þessu hlutverki og gefur auga leið hversu miklu máli það skiptir að gott og náið samstarf sé milli heimila og skóla. Skólinn í dag gegnir því hlutverki að vera fræðslustofnun, uppeldisstofnun, mótunarstofnun og gæslustofnun. Það er því augljóst að þetta er viðamikið verkefni sem vinnuhópurinn hefur með höndum og verður ekki unnið á skömmum tíma ef eitthvað raunhæft á að koma út úr því. Reyndar höfum við sett okkur það markmið að geta látið eitthvað marktækt frá okkur fara í upphafi næsta árs og þá varðandi þá þætti sem mætti bæta án tilkostnaðar eða með litlum tilkostnaði.

Varðandi samstarf heimila og skóla er það ljóst að því er víða ábótavant og í lágmarki, og þar væri auðvelt að bæta úr, t. d. með upplýsingastreymi. Bent hefur verið á að ef hægt væri að senda skóladagatal inn á heimilin strax að vorinu fyrir næsta skólaár eða í upphafi skólaárs, þar sem fram kæmu frídagar, foreldrafundir og fleira þess háttar, þá mundi það vera til mikilla bóta þar sem foreldrar, og e. t.v. enn þá í flestum tilfellum mæður, sem vinna utan heimilis, hafa þá möguleika á að skipuleggja vinnutíma sinn með tilliti til stundaskrár barna sinna. Upplýsingabæklingur um skólastarfið væri einnig til mikilla bóta.

Inn í þetta fléttast sveigjanlegur vinnutími foreldra og kennara sem eru líka foreldrar, hlutastörf, kjaramál kennara og viðveruskylda þeirra í skólum og svigrúm til að sinna foreldrasamstarfi. Vinnuhópurinn hefur fengið á fund til sín formann og varaformann Sambands foreldra- og kennarafélaga í grunnskólum til að ræða um foreldrasamstarfið. Þeim voru reyndar sendir spurningalistar sem umræðugrundvöllur. Ég er að hugsa um með leyfi forseta að leyfa hv. þm. að heyra hvernig þessi spurningalisti hljóðar. Hann hefur núna verið sendur jafnframt til allra foreldra- og kennarafélaga hér í Reykjavík og á Reykjanesi. Og það er e. t. v. rétt að geta þess að þetta starf er tvíþætt að því leyti að annars vegar verður fjallað um það sem varðar þéttbýlið og hins vegar dreifbýlið. Og eins og ég sagði áðan er starfið það viðamikið að við erum ekki komin lengra en svo þrátt fyrir þessa 8 fundi sem við höfum nú þegar haldið að við erum enn að fjalla um málefni þéttbýlis-

ins. En spurningarnar eru svona:

Það virðist vera almenn skoðun foreldra að samstarf heimila og skóla þurfi að aukast og batna.

Á hverju er þessi skoðun byggð?

1. Er þörf á meira upplýsingastreymi frá skóla til heimila? Frá heimilum til skóla báðar leiðir?

2. Eru misfellur í skólastarfi sem foreldrar vilja laga? Óska foreldrar eftir meiri þátttöku í skólastarfinu, t. d. kennslu? Óska foreldrar eftir meiri áhrifum í stjórn skóla, skipulagi, ákvarðanatöku o. s. frv., eða telja foreldrar að þörf sé á auknu eftirliti með störfum skóla? Og enn er spurning: Eru foreldrar almennt tilbúnir að leggja fram þá vinnu og tíma sem aukið samstarf krefst?

3. Er starfsfólk skóla tilbúið að leggja fram þá vinnu og tíma sem aukið samstarf krefst?

4. Hvaða form á starfsemi foreldra- og kennarafélaga hefur reynst vel?

5. Í hvaða málum hafa foreldra- og kennarafélög fyrst og fremst beitt sér: upplýsingar, fræðsla fyrir félagsmenn, áhrif á stjórnun, námsumhverfi, félagsmál, nám og kennsla o. s. frv.

6. Liggja fyrir upplýsingar um hve almenn þátttaka foreldra er í starfsemi foreldra- og kennarafélaga?

Niðurstöður af þessum fundi með formanni og varaformanni Foreldra- og kennarasambands í grunnskólum Reykjavíkur voru þær að margt megi lagfæra við foreldrasamstarfið ef það á að vera markvisst samstarf um innra starf skólanna, en ekki aðeins föndur og skemmtistarf sem auðvitað er líka sjálfsagt og nauðsynlegt. Inn í þetta fléttast vinnutími foreldra og kennara og ótal margt fleira sem yrði of langt að fara út í hér. En við fengum fróðlegan samanburð á slíku samstarfi um innra starf skóla eins og það gerist erlendis, t. d. í Bretlandi. Við höfum fengið skólamenn á fund til að ræða þann þátt einnig. Þar mættu formaður skólamálaráðs, Kennarasambands Íslands og skólastjóri Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Þar kom einnig fram að allir eru hlynntir bættum tengslum og vilja taka þátt að einhverju leyti í því að skóli og heimili vinni saman um barnið sem einstaking.

Það væri ánægjulegt ef sú hugarfarsbreyting gæti komist á að skóli og heimili þurfi og eigi að vinna saman um barnið sem einstakling í stað þess að ábyrgðinni sé velt yfir á annan aðilann og hvor um sig viti lítið um aðstæður hins í þessu vandasama og ábyrgðarmikla hlutverki. Allir hafa verið sammála um að hægt sé að gera mikið til að bæta úr í þessum efnum ef viljinn er gagnkvæmur. Eitt af sameiginlegum baráttu- og hagsmunamálum skólamanna og foreldra er einsetinn skóli og samfelldur skóladagur. Gagnasöfnun er í gangi varðandi þessi atriði og það hefur nú þegar verið sendur út spurningalisti til skólastjóra í Reykjavík og Reykjanesumdæmi varðandi skilgreiningu á samfelldum skóladegi. Það er ekki sama hvernig þetta er skilgreint, það er jafnvel mismunandi hjá skólamönnum. Sumir álíta samfelldan skóladag ef stundaskrá er ekki sundurslitin. Aðrir álíta það sama ef nemendur fá verkefni í götunum, sem kallað er, eða hléum, jafnvel þótt um sé að ræða samfellda stundaskrá eru ekki tengsl á milli verkefna. Það skiptir máli að börnin séu í samfelldum náms- og viðverutíma og margir álíta að samfelldur skóladagur sé það þegar vinnutími barna og foreldra fellur saman.

Við höfum jafnframt hug á að skoða stundaskrár og fá upplýsingar um ástæður fyrir sundurslitinni stundatöflu og það er vitað að m. a. eru ástæður víða þær sem komu fram í máli hv. 10. landsk. þm. að nemendur verða að sækja sértíma eins og hún nefndi og eru kallaðar aukagreinar, þ. e. íþróttir, handmennt og tónmennt, og þurfa að sækja það oft um langan veg eða í aðra skóla. Það má upplýsa það að einnig hafa komið fram vandamál skólastjóra vegna kennararáðninga. Kennararáðningar leysast oft ekki fyrr en á síðustu stundu og ástæðan er oft sú að kennari sækir um fleiri en eina stöðu. Hann fær síðan betra tilboð rétt áður en skóli hefst að haustinu og tekur því jafnvel þó hann hafi verið búinn að ráða sig um vorið og þetta skapar skólastjóranum vandamál og gerir m. a. það að verkum að ekki er hægt að upplýsa foreldra um skólatíma barna með góðum fyrirvara næsta skólaár, t. d. til hagræðis vegna vinnutíma foreldra.

Á seinasta fundi — eða næstseinasta fundi var það reyndar — þá ræddum við um nestismál skólabarna og á þann fund kom sölustjóri Mjólkursamsölunnar og skólastjóri Seljaskóla en hann hefur reynslu í sölu nestispakka samsölunnar. Ég hef að sjálfsögðu ekki tíundað nema brot af því sem hópurinn hefur fjallað um enda viljum við nú meina að við séum rétt á byrjunarstigi og kannske ekki tímabært að gera slíkt og eins og ég sagði áðan þá erum við ekki farin að fjalla um dreifbýlissjónarmiðin eða hagsmuni dreifbýlisins, nemendanna, fjölskyldnanna eða skólanna þar. Ég hef kannske verið nokkuð langorð um þetta mál en mér þótti það sjálfsagt reyndar og sanngjarnt að upplýsa 1. flm. þessarar till., hv. 10. landsk. þm., um það að við erum að fjalla um þessi mál eins vel og okkur er mögulegt að gera og teljum að nokkur árangur sé að nást þó kannske lítill verði en ég vil sérstaklega taka það fram að samvinnan innan þessa hóps er sérstaklega góð. Það er mjög góð samstaða og ég held að það séu engin ágreiningsmál innan hópsins þannig að við erum einhuga öll um það að vilja lagfæra þessi mál eftir bestu getu. Ég vona að hv. þm., sem hér hafa lagt það á sig að sitja enn á fundi, hafi fengið nokkra innsýn í störf þessa vinnuhóps og ég vil einnig við þetta tækifæri láta þess getið að við höfum áhuga á samstarfi við sem flesta aðila og allar ábendingar eru mjög vel þegnar hvaðan sem þær koma sem mættu verða þessu máli til framdráttar.

Ég hef nú ekki talið upp nöfn þeirra sem eru í þessum starfshópi en mér er ljúft að gera það. Það eru líka upplýsingar út af fyrir sig. Vinnuhópinn skipa Salome Þorkelsdóttir alþm., Sólrún Jensdóttir sagnfræðingur, Guðrún Agnarsdóttir alþm., Helga Hannesdóttir læknir, Áslaug Friðriksdóttir skólastjóri, Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður, Þórunn Gestsdóttir blaðamaður, Hrólfur Kjartansson námsstjóri og Bryndís Steinþórsdóttir námsstjóri.

Mér þótti rétt, herra forseti, að gera nokkra grein fyrir störfum vinnuhópsins svo að það komi skýlaust fram að það er nú þegar verið að vinna að þeim málum sem um er fjallað í þessari ágætu till. til þál. sem hér er til umr. og ég vænti þess að hv. 10. landsk. þm. verði ánægður með þá staðreynd.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Mig langar til að benda á tvö atriði til stuðnings við þessa þáltill. sem ekki hafa komið fram í máli ræðumanna.

Annars vegar langar mig til að benda á þá gífurlegu slysahættu sem steðjar að börnum sem þurfa, þegar skóladagur er sundurslitinn, oft og tíðum að fara yfir hættulegar umferðargötur oft á dag. Þetta er vitaskuld ekki forsvaranlegt og ég tel að með því að vinnutími barna í skólum verði samfelldur þá megi draga mjög úr þeirri hættu sem börnum stafar af umferðinni.

Hins vegar langar mig til þess að benda á að það fyrirkomulag, sem hér er verið að mæla með í skólastarfi, gæti komið til með að leysa mörg innri vandamál í starfi skóla. Nú er það þannig að kennarar í grunnskólum hér á landi eru langflestir konur. Þær eru margar í hlutastarfi og eins þurfa þær að vinna sundurslitinn vinnudag vegna þess að þær þurfa að fara heim til þess að taka á móti börnum sínum úr skóla og þá úr sundurslitnum skóladegi. Þær þurfa að vera heima á öllum mögulegum og ómögulegum tímum til þess að taka á móti sínum eigin börnum. Hefðu þeirra börn samfelldan vinnutíma gætu mæðurnar, sem kenna, einnig haft samfelldan vinnutíma þannig að hér er, held ég, um stórt mál að ræða hvað varðar hagræðingu í skólastarfi og mundi leysa eitt af mörgum vandamálum í innra starfi skóla.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sagði hérna áðan. Ég hef átt sæti í forföllum Guðrúnar Agnarsdóttur í þessari skólanefnd sem hefur starfað undanfarnar vikur og mánuði og þar hefur samstarf verið með afbrigðum gott.

Það er ljóst að sú till., sem hér er lögð fram, miðast við að kanna hvernig við getum búið betur að börnum í skólastarfi og það er jafnframt ljóst að samfelldur skóladagur kemur að öllum líkindum til með að kosta töluvert í peningum en ég vil minna á að hér er um að ræða fjárfestingu í aðbúnaði barna og þar af leiðandi fjárfestingu í framtíðinni sem mun skila ómetanlegum arði að sínu leyti þegar fram líða stundir.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Mig langar aðeins að taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, hv. 11. þm. Reykv., og eins og ég sagði áðan þá tíundaði ég að sjálfsögðu ekki nema hluta af því sem hefur komið fram í umræðum innan vinnuhópsins en þessi atriði, sem hún minntist á, hafa öll verið á dagskrá hjá hópnum sem atriði sem skipta miklu máli. Það mætti þá í leiðinni jafnframt upplýsa það varðandi slysahættu meðal skólabarna — sem ég er henni alveg sammála um — að samfelldur skóladagur gæti þar verið að hluta til góð lausn. Þá hefur einnig verið rætt um svokallaða grenndarskóla fyrir yngstu börnin. Það voru allir innan hópsins sammála um að slíkir grenndarskólar — í nágrenni heimila yngstu aldurshópanna — gætu einmitt verið góð lausn á þeim málum, þ. e. að börnin þyrftu ekki að fara langt frá heimili sínu einmitt með tilliti til slysahættunnar.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir þeirra hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Gaman hefði nú verið að einhver fulltrúi feðra landsins hefði séð ástæðu til þess að taka til máls, en það gerist sjaldnast, þó að ekki sé vitað til að konur eignist fleiri börn en karlmenn.

En ég vil þakka hv. þm. Salome Þorkelsdóttur fyrir þær greinargóðu upplýsingar sem við fengum um störf umræddrar nefndar. Sú nefnd fékk það hlutverk að kanna tengsl fjölskyldu og skóla og það er auðvitað hárrétt hjá þm. að auðvitað koma öll þessi mál, sem þáltill. sem hér var talað fyrir gerir ráð fyrir, mjög þar við sögu. En ég vil hins vegar leggja á það áherslu að eitt er auðvitað störf nefndar, sem sérstaklega er til þess skipuð að kanna þessi mál, annað er viljayfirlýsing hins háa Alþingis um að gert verði verulegt raunhæft átak í þessum málum. Og þess vegna hlýtur að vera allur reginmunur á því hvert afl er á bak við samþykkta þáltill. eða niðurstöðu nefndar.

Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur — þau tvö atriði sem hún minntist á. Hið fyrra minntist ég reyndar á í minni framsöguræðu, sem sé umtalsverð slysahætta af því að börn eru að ferðast milli skóla og heimilis seint á daginn í misjöfnu veðri í svartasta skammdeginu. Hitt atriðið er auðvitað meginmál og það sem þessi till. fyrst og fremst gerir ráð fyrir. Það er sú hugsjón að fjölskyldan öll geti farið til vinnu sinnar hvort sem sú vinna er í skólum eða á öðrum vinnustöðum og hist að loknum eðlilegum vinnudegi til þess að eiga saman fjölskyldulíf og tómstundir sem ég hygg að vefjist ærið mikið fyrir íslenskum fjölskyldum í dag. Og þegar við tölum um þessi mál þá held ég að við hljótum öll að geta séð samhengið í þessu ástandi, í bæði allt of löngum vinnutíma, þar með litlum frístundum, sundurslitnum skólatíma og þar með allt of litlum samvistum barna við foreldra sína og þeim erfiðleikum sem við erum öll meira og minna að sjá í þjóðfélaginu og hér var minnst á fyrr í dag í stjórnmálayfirlýsingu Kvennalistans, en það er hinn mikli fíkniefnavandi sem nú blasir við og alveg er óraunhæft að loka augunum fyrir. Og ég held að það hljóti að vera nátengt hvernig við búum í haginn fyrir börnin strax frá byrjun og hvernig fer síðan fyrir þeim þegar kemur fram á erfiðari ár.

Ég vil þess vegna leggja mikla áherslu á aðbúð barnanna og treysti þar á stuðning m. a. hv. þm. Salome Þorkelsdóttur sem ég veit að er í meginatriðum alveg sammála um þau mál sem hér hafa verið rædd. Ég vænti þess að við eigum vísan stuðning hennar og hennar flokks og ég skora á Alþingi allt að vinna að því að þessi þáltill. nái fram að ganga. Ég tel að hún hljóti að vera stuðningur við þá nefnd sem er að vinna að svipuðum hlutum og þar styrki hvort annað.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það var skorað á feður landsins, eins og ég held að það hafi verið orðað hér, að segja hug sinn í þessu máli. Ég vildi nú gjarnan líka að landsfeðurnir segðu eitthvað um þetta mál en ég sé ekki að það sé neinn hæstv. ráðh. hér viðstaddur að sinni a. m. k. og má nú vera að þeir hafi talað í málinu hér áður. Ég var hér á fundi í hliðarherbergi og fylgdist kannske ekki nógu gjörla með því sem hér gerðist. (Gripið fram í.) En sem sagt, landsfeðurnir eiga þá eftir að tjá sig. En ég get verið í rauninni stuttorður um þetta mál. Ég lýsi stuðningi við efni þessarar till. í einu og öllu. Raunar finnst mér það ekki nægt tilefni hjá þm. að koma eingöngu upp til þess að lýsa stuðningi við góð mál eins og menn gera nú töluvert af. En vegna þess að hér var skorað á þm. karlkyns að segja hug sinn til þessa máls þá skal ég með ánægju verða við því og lýsa eindregnum stuðningi við þau markmið sem felast í þessari þáltill. Hér er um hið þarfasta mál að ræða sem

vissulega er allrar athygli vert.

Það segir hér í lok grg. með þessu frv., með leyfi forseta:

„Allt skólastarf, og þar með taldar úrbætur af því tagi sem till. fjallar um, ber að vinna í sem nánustu samstarfi við heimilin (eins og raunar er kveðið á um í grunnskólalögum) og samtök foreldra. Markmiðið með samfelldum skóladegi á ekki að vera að minnka hlut heimilisins í uppeldi barna heldur að styrkja þau með því að auðvelda allri fjölskyldunni að stunda vinnu sína á eðlilegum vinnutíma og njóta síðan samvista í sameiginlegum tómstundum."

Við allmarga skóla er það svo að þar eru starfandi foreldra- og kennarafélög. Nú er það svo, held ég líka, að þessi félög eru ákaflega misvirk og ég held að það sé kannske bara einn af göllunum á okkar skólakerfi að foreldrum og aðstandendum barna hefur oft ekki verið gert nægilega auðvelt að taka þátt í skólastarfinu og hafa áhrif á hvernig það mótast. Ég held að þennan þátt í íslensku skólastarfi, þ. e. samstarf kennara, foreldra og nemenda, eigi að efla mjög frá því sem verið hefur. Ég held að það sé mjög brýnt verkefni. Það er ekki aðeins að ýmiss konar óhagræði, sem e. t. v. má leiðrétta og laga með tiltölulega litlum tilkostnaði, sé við lýði í skólastarfinu heldur hlýtur það að vera foreldrum áhyggjuefni hversu illa er búið að skólunum á ýmsan hátt, t. d. að því er varðar tækjabúnað til kennslu. Á fundi í foreldra- og kennarafélagi eins af grunnskólum Reykjavíkur núna fyrir fáeinum vikum var það t. d. aðalumræðuefni fundarins hvernig foreldrar og kennarar gætu í sameiningu sníkt eða safnað peningum þannig að skólinn gæti eignast jafn einfaldan hlut eins og myndsegulbandstæki sem nú er til á öðru hverju heimili, að ekki sé talað um örtölvu sem sjálfsagt verður til á hverju heimili áður en mjög langt um líður og kostar um 9 þús. kr. Skólarnir eiga ekki þessi tæki og hafa ekki peninga til þess að kaupa þau þó að þessi tæki séu til á fjölmörgum heimilum og nánast á ferðinni flóðbylgja þeirra inn á heimilin. Þarna er gloppa í okkar kerfi.

Þetta snertir þetta mál kannske ekki alveg beint. Það er svona á jaðri þess. Það er um aðbúnað í skólunum og það viðurkenna allir að tölvulæsi nú orðið er nokkuð sem það unga fólk, sem er í skólunum núna, verður að kunna þegar það kemur til starfa og kemur út í lífið. Þarna hefur orðið brestur í kerfinu og þar verður að gera bragarbót. Ég held að þetta sé mjög alvarlegt mál, þetta aðstöðuleysi í skólunum og tækjaskortur. Við höfum þar dregist langt aftur úr þeim þjóðum sem byggja löndin hér næst okkur, t. d. Bretlandseyjar og Norðurlönd.

Um þetta var haldin ráðstefna hér í Reykjavík nú fyrir skömmu þar sem mikið af skólafólki, bæði íslensku og frá Norðurlöndunum, hlýddi á fyrirlesara víðs vegar að um það hvernig þessum málum nú væri háttað. Og einmitt núna á þessari stundu milli kl. 4 og 5 þá hafði Skýrslutæknifélag Íslands boðað til fundar með þeim íslensku fulltrúum, sem sátu þessa ráðstefnu, til að íhuga hvernig ætti að bregðast við þessum vanda. Það gefur alveg auga leið að á þessu sviði þarf að gera átak og það er í rauninni aldeilis furðulegt að grunnskólar skuli ekki geta eignast tæki sem kosta á bilinu frá 8—10 þús. kr. Ég held að þeir skólar séu færri sem ráða t. d. yfir þessum litlu tölvum sem nú eru hér í annarri hverri búð en hinir sem hafa komið upp slíkum tækjum. Það eru dæmi þess í skólunum hér í Reykjavík að nemendurnir bera sjónvarpstæki heiman frá sér í skólana ef á að sýna mynd af myndsegulbandi vegna þess að slíkt er ekki til í skólunum. Þetta er býsna algengt og þetta er auðvitað öllum til vansa. Og mér þykir miður að enginn hæstv. ráðh. skuli vera hér til að fylgjast með þessari umr. og þennan þátt aðbúnaðar í skólum er vissulega ástæða til að taka hér fyrir með öðrum hætti og knýja á um að þar verði bætt úr. Það þarf ekki að vera svo kostnaðarsamt en það er, held ég, forsenda þess að skólarnir geti skilað nemendunum út í lífið með nokkra þekkingu á því sem allir telja nú orðið nauðsynlegt. Vel má vera — þó að það sé kannske ekki þessa dagana — að tölvulæsi verði talið jafn sjálfsagt eins og nú er talið að lesa og skrifa; vel kann að vera að það líði skemmri tími þar til svo verður en okkur grunar.

En, herra forseti, ég lýsi eindregnum stuðningi við efni þessarar tillögu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að segja hér örfá orð utan dagskrár.

Síðdegis í gær varð sá hörmulegi atburður að bátur á heimleið úr róðri fékk á sig brotsjó og sökk rétt hjá Bjarneyjum á Breiðafirði. Af sex manna áhöfn komust þrír af en þriggja er saknað. Þó að hér væri um heimabát frá Stykkishólmi að ræða hittist svo á að nokkrir af allra nánustu vandamönnum þess fólks, sem leitað er, eru í fjarlægð, norðanlands og austan. Til þeirra náðist ekki fyrr en seint í gærkveldi, en þá höfðu fjölmiðlar, ríkisútvarp og sjónvarp, greint allnákvæmlega frá umræddu slysi og birt fréttamyndir. Af þeim fréttum mátti glöggt ráða hvaða bát var um að ræða og hverra var saknað. Eindregnum tilmælum sóknarprestsins í Stykkishólmi, séra Gísla Kolbeins, um frestun á lestri fréttarinnar í símtali við fréttastjóra Ríkisútvarpsins, — en það símtal átti sér stað milli kl. hálf sjö og sjö síðdegis í gær — var hafnað og fréttin af slysinu lesin með kvöldfréttum kl. sjö, þar sem nafn og númer bátsins var tilgreint.

Í reglum um fréttaflutning ríkisútvarpsins segir svo í 14. gr., með leyfi forseta:

„Fréttir af slysförum skulu ekki fluttar fyrr en ætla má að nánustu vandamenn þess eða þeirra, sem fyrir slysum hafa orðið, viti um atburðina. Ekki er þó skylt að bíða með birtingu lengur en sólarhring."

Í morgun hittust þm. Vesturlandskjördæmis og ræddu þetta mál. Allir urðu sammála um að í fréttaflutningi af svo viðkvæmum efnum væri bæði rétt og skylt að fylgja þeim reglum sem settar eru til verndar nánustu vandamönnum.

Það eru eindregin tilmæli okkar allra þm. Vesturlands til yfirmanna ríkisfjölmiðla, þ. á m. hæstv. menntmrh. — og raunar ríkisstj., að reynt verði til hins ýtrasta að lúta þeim reglum framvegis sem settar eru til

verndar svo viðkvæmum hagsmunum.

Ég þakka fyrir, herra forseti.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í fjarveru menntmrh. vil ég lýsa því yfir, að ég mun koma þessum ábendingum til hæstv. menntmrh. eða beint til Ríkisútvarpsins og leggja á það áherslu að ríkisfjölmiðlar fari að settum reglum. Ég hef engu við það að bæta sem hv. þm. sagði en vil nota tækifærið og votta aðstandendum samúð mína vegna þessa hörmulega slyss. Og mér finnst satt að segja ástæða til að biðjast afsökunar á slíkum fréttaflutningi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Við Íslendingar erum oft á tíðum sem ein fjölskylda og sjaldan er það augljósara en þegar slys og mannskaða ber að höndum. Við finnum þá til hver með öðrum og viljum bera hver annars byrðar. Um þessar mundir er skammt stórra högga á milli. Fyrir nokkrum dögum hvolfdi dæluskipinu Sandey á Engeyjarsundi og nú hefur farist báturinn Haförninn við Bjarneyjar á Breiðafirði. Fyrir hönd Alþingis vil ég votta öllum, sem um sárt eiga að binda vegna þessara slysfara, dýpstu samúð okkar alþm. allra.

Efri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, frv. 59. mál (þskj. 64). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 64 er að finna frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs. Ríkisstj. hefur eins og kunnugt er gripið til ýmissa aðgerða til stuðnings við húsbyggjendur. Meðal þessara aðgerða er 50% hækkun lána úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem slík lán hafa fengið á árinu 1981 eða síðar. Reiknað er með að þessi viðbótarlán muni auka fjármagnsþörf húsnæðislánakerfisins um 200—250 millj. kr. á þessu ári. Er nauðsynlegt að mæta þessum útgjöldum með auknum lántökum innanlands og er því lagt til að heimiluð verði 200 millj. kr. aukin lántaka innanlands á árinu.

Í fjárlögum fyrir árið 1983, 6. gr. lið 2.1, er fjmrh. heimilað að gefa út til sölu innanlands spariskírteini og/eða ríkisskuldabréf að fjárhæð allt að 200 millj. kr. Þá er til viðbótar heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1983 til lántöku á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 188 millj. kr., sem skiptist þannig að 85 millj. kr. var fyrirhuguð lántaka hjá lífeyrissjóðum og 103 millj. kr. var fyrirhuguð sala verðtryggðra bréfa til lánastofnana.

Þegar er búið að selja spariskírteini að nafnverði 64 millj. kr. Markaður fyrir spariskírteini ríkissjóðs hefur verið fremur erfiður. Kaup lánastofnana á verðtryggðum bréfum ríkissjóðs hafa heldur ekki skilað því sem vonast var til. Það sem af er árinu hafa aðeins selst slík verðbréf að andvirði 17 millj. kr. Samkvæmt framansögðu eru því ónýttar eldri heimildir til öflunar ríflega 200 millj. kr. innlends lánsfjár.

Í ljósi minnkandi eftirspurnar eftir þeim verðbréfum sem til sölu hafa verið og brýnnar lánsfjárþarfar, m. a. vegna aðgerða í húsnæðismálum, sýnist nauðsynlegt að örva markað fyrir þessi bréf með því að auka fjölbreytni í formi þeirra og kjörum.

Fyrirhugað er að bjóða til sölu þrjár tegundir skuldaviðurkenninga ríkissjóðs. Í fyrsta lagi spariskírteini verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu í svipuðu formi og verið hefur. Í öðru lagi verðbréf bundin gengisskráningu erlends gjaldeyris og myndi í því sambandi miðað við gildi þeirra gjaldmiðla og vægi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar við lánaákvarðanir sínar (SDR). Í þriðja lagi ríkisvíxlar til 2—12 mánaða sem héldu óbreyttu nafnverði allan lánstímann en bæru forvexti sem væru ívið hærri en almennir forvextir af víxlum eða yrðu boðnir til sölu og seldir þannig að forvextir réðust af markaðslögmálum.

Það er brýn nauðsyn að efla innlendan sparnað og tryggja að landsmenn geti komið þaki yfir höfuð sér fyrir innlent fé.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Ég kveð mér aðeins hljóðs til að fagna þessu frv. Það kemur væntanlega til n. sem ég á sæti í og þar verður um það fjallað. Skal ég þess vegna ekki hafa um þetta ýkja mörg orð en aðeins benda á að það hefur verið tíðkað hér, ekki síst á síðustu árum, að taka gífurlegar fjárhæðir að láni erlendis, venjulega í dollurum eða einhverri mjög harðri mynt, eins og það er kallað. Vextir hafa þá verið raunvextir, væntanlega svona á bilinu 10—15%. Við höfum sem sagt leyft Aröbum og Ameríkumönnum að fjármagna framkvæmdir á Íslandi með geysilega dýrum peningum. Hins vegar hefur engum Íslendingi verið gert kleift að ávaxta sitt fé með svipuðum hætti. Þetta er auðvitað búið að kosta okkur gífurlegar fórnir og við erum að súpa af því seyðið nú. Það er ekki vafi á því að ef Íslendingum hefðu boðist svipuð lánskjör og erlendum mönnum hefði mikið fé sparast í þessu þjóðfélagi og þá horfði margt til betri vegar hér en raun ber vitni.

Nú halda sumir því fram að ríkissjóður eigi ekki að keppa við atvinnuvegi og einstaklinga á lánamarkaði. En mín skoðun er sú, að það sé ekki um raunverulega samkeppni að ræða, því að ef hér verður verðbréfamarkaður, sem hlýtur að koma í kjölfar þess að svo og svo mikið er af spariskírteinum eða ríkisskuldabréfum á markaði, þá eru þessi bréf einmitt peningar, því að peningar eru, þegar allt kemur til alls, nákvæmlega ekki neitt annað en ávísanir á verðmæti. Það sem gerist er það að borgararnir fá örlitla ávísun á verðmæti ríkisins, þau gífurlegu auðæfi sem ríkið á þar sem eru allar opinberar byggingar, vegir, flugvellir, hafnir, hvers kyns mannvirki, öll orka landsins, hafið sjálft o. s. frv. Það eina sem gerist er það að borgararnir fá, þeir sem hafa til þess fjárráð, örlitla ávísun á þessi miklu auðæfi.

Það er nú einu sinni svo, að þau ríki sem lengst hafa náð í veraldlegum efnum upp á síðkastið, eins og Bandaríkin, Vestur-Þýskaland og einkum og sér í lagi Japan, gera þetta í mjög ríkum mæli. Ég hygg að í Japan sé gengið lengst í þessu. Þar eru fjárlög yfirleitt fjármögnuð með ríkisskuldabréfum í svo ríkum mæli að nemi í kringum 6% af þjóðartekjum á hverju ári, ekki 6% af fjárlögum, heldur af þjóðartekjum. Þetta er

undirstaða þeirrar gífurlegu velmegunar sem er nú orðin í þessu fjarlæga landi, sem var örsnautt, og því sem kallað hefur verið fjárstjórn fjöldans eða auðstjórn almennings, þ. e. borgararnir eiga ekki einungis sitt húsnæði, heldur eiga þeir líka hluti í almenningshlutafélögum og nokkra innistæðu hjá ríkinu sem verður undirstaða efnahagsöryggis.

Ég vænti þess að þetta frv. fái greiðan gang í gegnum þessa hv. deild.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. fjmrh. að það er ekki óeðlilegt að auka fjölbreytni að því er varðar lántökur ríkissjóðs hjá hinum almenna borgara í þessu landi. Það er vitað mál að það er þröng á okkar lánsfjármarkaði. Það hefur mikið verið rætt um að við þyrftum að draga úr erlendum lántökum svo sem kostur er. Vil ég taka undir það.

En ég stend hér upp ekki síst til þess að spyrja hæstv. fjmrh. hvað við er átt þar sem segir: „Í þriðja lagi ríkisvíxla til 2—12 mánaða sem héldu óbreyttu nafnverði allan lánstímann en bæru forvexti sem yrðu ívið hærri en almennir forvextir af víxlum eða yrðu boðnir til sölu og seldir þannig að forvextir réðust markaðslögmálum.“

Það er tvennt í þessu sem mig langaði til að spyrja hæstv. fjmrh. um og fá nánari útlistun á. Í fyrsta lagi: Hvað hugsa menn sér að þessir forvextir verði miklu hærri en hinir almennu forvextir sem hér er getið um? Og í öðru lagi, þar sem vikið er að markaðslögmálum: Með hvaða hætti á að taka mið af þeim við ákvörðun umræddra forvaxta?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil reyna að svara þeim tveimur spurningum sem hv. 5. þm. Vesturl. beindi til mín varðandi ríkissjóðsvíxla. Ríkissjóðsvíxlarnir eru ekki öðruvísi en venjulegir víxlar sem gefnir eru út að öðru leyti en því að það er fjmrh., ég reikna þá með í samráði við ríkisstj., sem tekur ákvarðanir um það hverju sinni hvaða vaxtakjör verða í boði. Og þá er miðað við samkv. þessu frv. að vextirnir verði alltaf ívið hærri en vextir almennt eru á hinum hefðbundna markaði.

Í öðru lagi er spurt um markaðslögmál. Markaðslögmál, það er bara framboð og eftirspurn. Og það getur verið að markaðslögmálið þýði það að vextirnir verði kannske að vera lægri, ég gæti hugsað mér að það verði um afföll að ræða, ég útiloka það ekki neitt, það eru markaðslögmálin, þannig að fólk geti tekið ákvarðanir um það hvort það hefur hag af því að kaupa þessa víxla á því verði sem þeir standa í, með þeim vöxtum sem ríkisstj. eða fjmrh. ákveður hverju sinni. Eða, ef það reynist ekki markaður fyrir þá, ekki kaupendur að þeim, þá ráði markaðslögmálið hvort þeir eru seldir eitthvað undir þeim vaxtakjörum sem ríkisstj. eða fjmrh. hefur ákveðið. Þetta eru nú helstu atriðin. Ég vona að ég hafi svarað spurningunni nokkurn veginn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Í þessu frv. er gerð tilraun til að afla innlends fjármagns til að hjálpa til við að leysa þann gífurlega húsnæðisvanda sem hluti þjóðarinnar býr nú við. Ég held að það sé ákaflega virðingarverð tilraun. En mig langar til þess að beina því til hv. þm. í þessari deild hvort hér gæti ekki verið um óhóflega bjartsýni að ræða, hvort það sé í raun og veru hægt að ætlast til þess að fólk hafi bolmagn til að kaupa þessi verðbréf við núverandi efnahagsástand. Mig langar í því sambandi einnig að minna á það að í dag, á tímum ört hjaðnandi verðbólgu, eru ríkisskuldabréf ekki eins álitleg fjárfestingarleið og þau áður voru.

Mig langar því til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi einhverjar aðrar lausnir á takteinum við að afla fjár fyrir húsbyggjendur, ef þessi reynist árangurslítil, eins og verið gæti við núverandi efnahagsaðstæður.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mun reyna að svara þeim tveim spurningum sem hv. 11. þm. Reykv. beindi til mín.

Fyrsta spurningin er um það hvort ekki sé óhæfileg bjartsýni að ætla að fólk kaupi þessi ríkisskuldabréf við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu. Ég skal viðurkenna að það er alveg rétt. Það er ákveðin bjartsýni sem felst í því, og bjartsýnin er réttlætanleg með því að einmitt á þessu komandi ári fellur í gjalddaga sá skyldusparnaður sem lagður var á 1978, kemur til útborgunar. Og það er von okkar að verulegur hluti af þessu fé, sem hefur hingað til verið sparifé bundið í ríkisskuldabréfum, verði áfram bundið af þeim sem ekki þurfa á því fé að halda til annarra hluta. Nú er það svo að fólk sem keypti bréf 1978 er kannske komið á eftirlaun eða ellilaun og þarf á þessum peningum að halda, svo að ætla má að það geti verulega dregið úr þeim vonum sem við bindum við þessa sölu. En þetta er það svar sem ég hef á takteinum við þessari spurningu.

Spurning númer tvö var um það hvort fjmrh. hefði aðrar lausnir til að afla fjár til húsbyggjenda ef þessar aðferðir bregðast. Það hef ég ekki. Ef samtakamáttur þjóðarinnar í skyldusparnaði bregst, ef þjóðin veit til hvers á að nota hann, þá eru engar aðrar lausnir vegna þess að ég mun ekki stuðla að því að frekar verði farið í erlendar lántökur. Ég mun ekki heldur stuðla að því að frekari yfirdráttur verði í Seðlabanka Íslands og ég mun ekki taka þátt í að auka skattbyrði á fólkinu í landinu. Þá er lítið annað eftir en samdráttur í ríkiskerfinu frekar en þegar er búið að gera tillögur um. Og í öðru lagi þá, ef sá samdráttur er ekki framkvæmanlegur í ríkisgeiranum sjálfum sem þarf til að hlaupa undir bagga með húsbyggjendum, þá er ekki um neitt annað að ræða en samdrátt við bygginguna sjálfa. Þetta svar er það eina sem ég get gefið. Ég vildi gjarnan hafa annað svar sem fellur betur inn í þann farveg sem ég veit að fyrirspyrjandi er með í huga, það eru áhyggjurnar af fjárhagsstöðu húsbyggjenda.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það, sem kom fram hér í máli hv. 11. þm. Reykv., að vissulega ber að fagna þeirri viðleitni sem í þá átt er að létta húsbyggjendum vandann. En ég man vel þær ræður sem voru fluttar í vor eða á síðasta vetri hér í hv. deild varðandi bjartsýni manna um innlenda lánsfjáröflun, þar sem stjórnarandstaðan hélt því fram — og það greinilega með réttu, eins og nú hefur komið fram og skýrist best í þessu plaggi — að við ríkjandi ástand mundi hér vera ofætlað og ekki tækist að afla þess fjár innanlands sem þar var gert ráð fyrir. Þetta hefur því miður reynst rétt. Og það hefur reynst rétt fyrst og fremst vegna þeirra aðgerða sem hæstv. núv. ríkisstj.

hefur gripið til varðandi kjaramál fólksins í landinu, því að hverjir eiga að kaupa þessi bréf og þessa víxla? Það er spurningin þegar svo er þrengt að hinum almenna launamanni sem raun ber vitni.

Hitt er auðvitað miklu lakara, þegar gefin eru ákveðin loforð af hálfu hæstv. ríkisstj. um verulegar úrbætur í húsnæðismálum, til þess fólks sem við þennan mikla vanda á að etja, að svo blint er rennt í sjóinn, sem hæstv. fjmrh. í raun viðurkenndi hér heiðarlega og réttilega áðan, um það hvernig tekst að afla fjár til að standa við þessi nýgefnu loforð. Og ef þessi lánsfjáröflun ríkissjóðs, sem þarna er gert ráð fyrir og máske miðar við breytt skilyrði, skilar einhverju er það vel — en ef hún bregst að einhverju leyti eða kannske að miklu leyti, hvað verður þá um þau loforð sem þegar hafa verið gefin í húsnæðismálum og sem fólk treystir nú á, þau loforð sem óneitanlega hafa vakið nokkra bjartsýni hjá fólki um að það réði frekar við þann vanda sem það á við að stríða?

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hygg að þetta frv. marki nokkur tímamót því að hér er gert ráð fyrir að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini með verðtryggingu sem miðast við gengi erlendra gjaldmiðla. Ég hygg að þetta hafi ekki verið gert hér áður. Og þá er kannske eðlilegt að íhuga það hvort verið er að hverfa frá hinni íslensku krónu sem alhliða viðmiðun í íslensku þjóðfélagi og taka upp allsherjar viðmiðun hér við erlent gengi eða erlendar myntir. Ég held að þetta hljóti að vera nokkurt umhugsunarefni.

Og annað langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. um. Mér heyrðust vera einhverjar vomur á honum eða hik um það hvernig ætti að fara með skyldusparnaðinn frá 1978. Nú spyr ég bara hreint út: Á ekki að borga þann skyldusparnað út eins og um mun hafa verið samið á sínum tíma? Mér heyrðist á hæstv. fjmrh. að hann vonaðist til að halda því fé eftir í ríkissjóði, halda því inni í ríkissjóði enn um sinn, nema þá kannske hjá þeim sem væru komnir á eftirlaunaaldur. En á ekki að standa við yfirlýsingar fyrri ríkisstjórnar, sem tók þennan skyldusparnað, um það að greiða þetta út á ákveðnum tíma? Ég man nú ekki nákvæmlega hvernig þær yfirlýsingar voru en ég hygg að þeim sem urðu að sæta þessum skyldusparnaði hafi verið lofað því að þetta yrði greitt út á ákveðnum tíma. Ég spyr bara til að taka af öll tvímæli, ekki að mér detti í hug að hæstv. ráðh. ætli að halda þessu eftir með neinum hætti eða ganga á gerða samninga, ég tel það af og frá. En til þess að þetta liggi alveg hreint og klárt fyrir held ég að nauðsynlegt sé að þetta komi fram.

Hæstv. fjmrh. hefur oftar en einu sinni sagt okkur að hann muni ekki beita sér fyrir neinum nýjum sköttum. Og hæstv. ráðh. sagði hér, með leyfi forseta, í umr. 19. okt. s. l.:

„Ef hv. þm. hafa ekki tekið eftir því, þá skal þess getið að engar nýjar álögur hafa verið lagðar á síðan ég kom í rn. M. a. s. neitaði ég að leggja kílóagjald á bifreiðir og umferðina."

Nú er það svo, að daginn áður en þessi orð voru sögð hér var bensín hækkað. Það telst ekki lengur til mikilla tíðinda í þessu þjóðfélagi þó að bensín hækki. En þá var bensín hækkað um 40 aura, ekki vegna gengisbreytingar, ekki vegna hækkana á bensíni erlendis, heldur til að auka skattheimtu ríkissjóðs af bensíni. Auðvitað er það ekkert annað en skattur á almenning.

Frá því að þessi ríkisstj. settist að völdum hafa þeir skattar sem almenningur borgar til ríkisstj. í bensínverði — bílaeign er jú ekki lengur talinn neinn lúxus hér og ég man að t. d. hv. 2. þm. Norðurl. e. og, ef mig ekki misminnir, hæstv. núv. fjmrh. og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson töluðu mjög um það hér á s. l. vori að skattheimta ríkisins af bensíni hefði farið úr öllu hófi í tíð þeirrar ríkisstj. sem þá var. Um þetta voru umr. hér í báðum deildum þegar átti að leggja svokallað kílógjald á bíla til að afla fjár til vegagerðar. (**EgJ:** Og Alþfl. studdi.) Og Alþfl. studdi, alveg hárrétt. Við höfum staðið að því að gera áætlun til langs tíma í vegamálum, eins og sjálfstæðismenn, og við studdum fjáröflun til hennar með þeim hætti sem þar var gert ráð fyrir. En það gerðu sjálfstæðismenn ekki. Þeir voru ekki einu sinni menn til þess. Þeir fóru undan í flæmingi og vildu enga ábyrgð á sig taka.

En ég ætlaði bara að geta þess að þegar þessi ríkisstj. tók við kostaði bensínið 16.20 kr. 7. júní hækkaði það í 19.30 kr. Rúmum mánuði seinna, 12. júlí, hækkaði það úr 19.30 kr. í 21.90 kr. Ekki nóg með það. 31. ágúst hækkaði það úr 21.90 kr. í 22.50 kr. Og 20. okt., núna fyrir tíu dögum, hækkaði bensínið úr 22.50 kr. í 22.90 kr. Við njótum þess vafasama heiðurs að hér er bensínverð hæst í allri Vestur-Evrópu. Hvergi í Vestur-Evrópu, sennilega hvergi á byggðu bóli er skattheimta af bensíni jafnmikil og hér. Svo er talað um að það eigi ekki að auka neinar álögur á almenning. En hvað eru þessar bensínhækkanir annað en auknar álögur á almenning? Að vísu mun eitthvað af þessu fé fara til vegamála. En það er alveg hægt að nota sömu röksemdir og hv. þm. Lárus Jónsson notaði hér á s. l. vori þegar var verið að ræða þetta: Að meginhluta til fer þetta í ríkishítina.

Bara frá því að þessi ríkisstj. tók við, bara síðan í júníbyrjun hefur bensínverðið hækkað um 41.4%. Hvað hefur kaupið hækkað á sama tíma? Það vita hæstv. fjmrh. og hans stuðningsmenn ákaflega vel. Það er auðvitað ekkert í líkingu við þessar hækkanir. En hvernig hefur skattheimta ríkissjóðs af bensíni breyst á þessum sama tíma? Núna þegar lítrinn kostar 22.90 kr. tekur ríkið í sinn hlut 13.20 kr. af hverjum lítra. Þarna höfum við enn eitt dæmi um það að ríkið fer yfir 100% í sinni skattheimtu. Gjöldin af bensíni eru meira en helmingur. Ég geri ekki ráð fyrir að þetta sé þeim ágætu hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni og Lárusi Jónssyni mikið að skapi, ef þeir hafa enn sömu skoðanir og þeir höfðu á s. l. vori, og ég ætla að vona að þeir hafi það. (**EKJ:** Ég hef það.) Já, ég ætla að vona að þeir hafi það. Og þá getur þetta ekki verið þeim mjög að skapi.

Skattheimta ríkisins á þessu ári af bensíni hefur aukist um 105%, ég held að ég fari þar ekki skakkt með. Hæstv. fjmrh. leiðréttir það þá. Og svo er talað um að það eigi ekki að auka álögur á almenning. Ég held að það sé ekki til mikils mælst að menn segi satt og rétt frá í öllum greinum og séu sjálfum sér samkvæmir. Það eru lágmarkskröfur. Ég held að það sé nauðsynlegt að vekja athygli á þessu, vegna þess að þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar um að ekki skuli auka skattheimtu og að skattheimta hafi með engum hætti verið aukin á almenning, þá er þessi hækkun bensínskattanna ekkert annað en skattur á almenning, það er ekki hægt að komast fram hjá því.

Ég hef hér borið fram fáeinar spurningar til hæstv. fjmrh. og ég vona að hann svari þeim. Og satt best að segja, ef þessi þróun á að halda áfram eins og hún hefur verið frá 7. júní s. l., að ríkið tekur til sín stærri og stærri hluta af verði hvers bensínlítra, hvar endar þetta þá? Og halda menn að það sé eitthvert stopp komið á þetta núna? Ég leyfi mér að hafa efasemdir um það — og það miklar efasemdir. Hins vegar er spurningin auðvitað líka: Hversu langt er hægt að ganga í þessum efnum? Ég held að þessi ríkisstj. hafi gengið allt of langt þarna með því að hækka bensínverðið úr 16.20 kr. í 22.90 á þessum örfáu mánuðum sem hún hefur verið hér við völd. Verða næstu sex mánuðir eins? Ég held að það sé von að almenningur spyrji og hafi nokkrar áhyggjur af því.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. benti mér á það hér á fyrstu dögum þingsins að ég ætti margt eftir ólært. Það er sjálfsagt alveg satt. Og ég vona að það sé líka hrós, hann geri ráð fyrir að ég geti það. En ég verð sannast sagna að lýsa dálítilli undran sem yfir mig koma núna við að hlusta á þá umr. sem fram hefur farið um þetta frv. Ég átti eiginlega ekki von á því að þetta mál væri jafnóundirbúið og það virðist koma hér inn í sali Alþingis.

Þegar stórfyrirtæki ætla sér að selja nýja vöru, þá er yfirleitt eitt það fyrsta sem þau gera að kanna hver markaðurinn er fyrir viðkomandi vöru. Ég trúi því ekki að óreyndu að ekki hafi verið kannað hvaða markaður var fyrir þau skuldabréf og spariskírteini sem hér er talað um að selja á frjálsum markaði, að ekki hafi verið gerð nein könnun á því fyrir fram hvaða árangurs mætti vænta af þeirri sölu. Tilgangurinn er tvímælalaust gagnlegur, í því er ég sammála öðrum sem hér hafa talað. En það er náttúrlega til lítils að vera að fjalla um svona mál í sölum Alþingis ef það er algerlega undir happa- og glappaaðferðinni komið hvort með þessu næst einhver árangur. Það væri vingjarnlegt af hæstv. fjmrh. ef hann vildi svara mér því hvað í raun og veru hafi verið kannað í þessum málum, hvað markað snertir, áður en þetta frv. var undirbúið.

Lárus Jónsson: Virðulegi forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., hefur vakið umr. um önnur mál sem raunar eru tengd en kannske laustengd þessu máli, og ég skal ekki finna sérstaklega að því. En ég vildi gjarnan leggja nokkur orð í belg um þá umr. sem hér hefur orðið um þetta mál.

Hv. þm. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm., gerði því skóna að ég hefði skipt um skoðun í skattamálum, alveg sérstaklega að því er varðaði skatt á bensín, frá síðasta þingi þegar ég var í stjórnarandstöðu. Ég vil segja honum og hv. dm. að ég er alveg sömu skoðunar og ég var þá í þeim efnum. Hann tíundaði að skattar á bensín og bensínverð sérstaklega hefði hækkað mikið í krónum talið undanfarið, en ég vil benda honum á það og hv. þdm., að hér er að því er varðar skatta á bensín algerlega farið eftir þeirri vegáætlun sem Alþingi átti að fjalla um en var ekki hægt að fjalla um til fullnustu á s.l. vori. Í forsendum vegáætlunar er gert ráð fyrir að bensíngjaldið, sá skattur sem rennur til Vegasjóðs af bensíni, hækki eftir byggingarvísitölu. Því miður hefur það orðið svo, að byggingarvísitala og verðlag hefur hækkað mikið á þessu ári. Hraði verðbólgunnar vegna aðgerða ríkisstj. er mikið að minnka. En það hefur orðið mjög mikil hækkun á verðlagi í landinu á þessu tímabili. Það kemur þá annað í ljós ef það er ekki rétt hjá mér að skattar á bensín hafi ekki hækkað að raungildi um einn einasta eyri á þessum tíma. Bensíngjaldið, sem er ákveðið samkv. vegáætlun sem hv. þm. Eiður Guðnason og við aðrir þm. tókum þátt í að ræða og hann gat hér réttilega um að við hefðum staðið að, á að hækka samkv. byggingarvísitölu.

Allt um það höfum við bent á það hér undanfarin ár að hinir háu bensínskattar sem við Íslendingar greiðum hafi runnið í vaxandi mæli í ríkissjóð. Hlutur ríkissjóðs af bensínskatti hefur hækkað ár eftir ár, en aftur á móti hefur hlutfall þess fjár sem gengur til framkvæmda á vegum minnkað. Þetta atriði hef ég gagnrýnt mjög á undanförnum árum. Ég reiknaði það út fyrir einu ári, ef ég man rétt, að það hefði orðið gífurleg hækkun að raungildi á bensínsköttum undanfarin ár og nánast hver einasta raungildiskróna hefur runnið í ríkissjóð en ekki til vegaframkvæmda. Það var fyrst og fremst þetta sem ég gagnrýndi.

Í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, eru framlög úr ríkissjóði, sem má alveg eins skilgreina að séu hluti af því sem ríkissjóður innheimtir í bensínsköttum, sjöfölduð frá því sem er í ár. Því er gert ráð fyrir að hlutur ríkissjóðs, sá hlutur sem tekinn er af almennum sköttum sem fara til vegamála, aukist verulega á næsta ári. Þetta tel ég rétta stefnu. Ég tel að það sé eðlilegt, fyrst við borgum á annað borð svo háa bensínskatta sem raun ber vitni, að miklu meira af þeim fari til að byggja upp vegi í landinu til að létta mönnum rekstur sinna bifreiða þegar vegir verða betri. Þetta er það sjónarmið sem ég hef haft og hef enn.

Hv. þm. hafa undanfarið mjög mikið talað um að það hafi skerst kjör manna í landinu undanfarið vegna aðgerða ríkisstj. og þeir hafa í umr. hérna spurt: Hvaðan á að taka peninga? Hvar tekur fólkið peninga til að kaupa þau bréf sem hér er verið að tala um að ríkissjóður ætli að selja? Ég vil spyrja þessa hv. þm.: Halda menn að þjóðartekjur Íslendinga hafi raunverulega skerst vegna aðgerða ríkisstj.? Halda menn að þjóðartekjur Íslendinga væru meiri ef ríkisstj. hefði ekki tekið í taumana og óðaverðbólgan hefði haldið áfram, atvinnuvegirnir stöðvast? Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að í kjarasamningum eða þótt Alþingi ákveði á morgun að laun manna í landinu hækkuðu um 100% í krónutölu breytast þjóðartekjurnar ekki neitt í raunveruleikanum. Það verða ekki til peningar. Raunveruleg verðmæti verða ekki til í kjarasamningum. Raunveruleg verðmæti verða ekki heldur til með lagasetningu frá Alþingi. Við erum að tala um að þessar aðgerðir hafi fremur en hitt aukið raunverulegar þjóðartekjur. Þess vegna finnst mér að menn ættu að tala um það: Ef menn álíta að ekki séu raunveruleg verðmæti til hjá almenningi til að spara í því formi sem hér er verið að tala um er það að sjálfsögðu vegna þess að þjóðartekjur okkar hafa minnkað vegna aflabrests o. s. frv., en ekki vegna aðgerða ríkisstj.

Ég man að það er alveg rétt, sem hv. þm. Helgi Seljan 2. þm. Austurl. sagði áðan, að í stjórnarandstöðu gagnrýndi ég það á sínum tíma að það væri bjartsýni hjá fyrrv. ríkisstj. að ætla að afla þess fjár sem gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Það er alveg hárrétt hjá honum að komið hefur í ljós að þetta var bjartsýni. Menn hafa líka á undanförnum

árum ætlað að afla meira innlends lánsfjár en þeir hafa getað gert í því formi sem hefur verið á boðstólum, þ. e. í formi spariskírteina. Spariskírteinasala hefur yfirleitt orðið allmiklu minni á undanförnum árum en menn hafa gert sér vonir um og ætlað að afla fjár af á innlendum markaði. Hér er nú verið að tala um aðferð til að auka framboð á sparnaðarformum á þann veg að Íslendingar hafi a. m. k. möguleika á því að lána sjálfum sér fé með sama hætti og ef þeir mundu taka að láni erlendis með sömu kjörum. Ég held að þetta sé, eins og hér hefur komið fram, merkileg tilraun. Það getur vel verið að hún reynist ekki eins og menn hafa gert sér vonir um, en það er í rauninni ekkert annað sem hér er verið að gera og skiptir meginmáli. Að vísu eru tvær nýjungar í þessu frv. Það eru í fyrsta lagi skammtímavíxlar, sem menn gætu keypt, þeir sem hafa fé milli handa og vilja losa það fljótt aftur, og svo er það þetta SDR-form. Það er í rauninni ekkert annað gert með því en að gefa okkur Íslendingum kost á því að lána sjálfum okkur fé með sömu kjörum og útlendingar hafa gert undanfarið. Útlendingar, sem hafa lánað okkur í dollurum, hafa fengið sína dollara til baka. Við höfum borgað þá aftur og ákveðna vaxtafjárhæð. Þetta hafa verið miklu betri kjör en við höfum boðið Íslendingum að lána á t. d. til atvinnuveganna hjá okkur. Og ég minnist þess, fyrst menn eru nú farnir að rifja það upp sem ég hef sagt hér á undanförnum árum, að ég hef oft vakið máls á hvort ekki væri rétt, til að efla innlendan lánsfjármarkað, að gefa mönnum a. m. k. kost á því og sjá hvaða áhrif það hefur að Íslendingar sem spara fái sömu kjör og þeir bjóða fólki í útlöndum. Ég held þess vegna, og vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, mér hefur skilist það á þeim sem hafa hér talað, að hér sé um athyglisverða nýjung að ræða. Reynslan verður að sýna hvort Íslendingar telja þetta sparnaðarform fýsilegt og hvort þessi tilraun, að gefa þeim kost á að spara með sama hætti og við gefum útlendingum kost á að spara hér á landi, tekst. Ég er bjartsýnn á að þetta geti orðið vinsælt sparnaðarform.

Það er alltaf álitamál, að mínu mati, hvað ríkið á að gera mikið af því á þessu sviði, eins og lagt er til í frv., að bjóða sérstök sparnaðarkjör fram yfir það sem boðið er í bankakerfinu. Þar held ég að menn þurfi að hafa á ákveðið hóf. Í þessu sambandi er það alveg hárrétt hjá hæstv. ráðh., að út úr ríkissjóði verður á næstunni greiddur skyldusparnaður sem ríkissjóður lagði á á sínum tíma, 1978. Það kemur glöggt fram í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Ég skil satt að segja ekki þá spurningu, sem hér var lögð fyrir hæstv. ráðh., hvort ekki ætti að greiða þennan sparnað út. Það kemur alveg ljóst fram í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að svo verður gert. En þar er um að ræða verulegt útstreymi fjármagns úr ríkissjóði, tæplega 300 millj. kr. Þótt ríkissjóður fengi þetta fé í annarri mynd að láni hefði það ekki áhrif á innlenda lánsfjármarkaðinn. Það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því í þessu sambandi.

Það eru í aðalatriðum þrjár leiðir til þess að afla fjár til húsnæðiskerfisins. Ein er sú að taka innlent lán, önnur er sú að taka erlent lán og sú þriðja er að leggja á skatta og veita í þetta kerfi. Það eru í rauninni ekki til nema þessar þrjár leiðir og hér er ein þeirra leiða valin, þ. e. að afla innlends lánsfjár, og í leiðinni er Íslendingum boðið upp á að fá sömu kjör, ef þeir vilja spara sitt fé á Íslandi, og útlendingum er gefinn kostur á þegar þeir lána okkur Íslendingum fé. Ég held að þetta sé mjög athyglisverð tilraun. Reynslan verður að sýna hvort hún tekst og hér verður að endurmeta hlutina, þegar reynslan hefur sýnt hvernig þetta verður í framkvæmd. Þess vegna vil ég fagna því að þetta frv. er komið fram.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Örfá atriði í sambandi við það sem fram hefur komið í umr.

Ég er sannfærður um að það er rétt sem hv. 2. þm. Norðurl. e. segir um bensíngjaldið og þess hlut í þeirri hækkun sem orðið hefur á bensínverði, því að sú regla er vissulega rétt sem hann nefndi um að það gjald fylgdi byggingarvísitölu og það rynni óskipt til vegagerðar. Um það er ekki deilt. Hins vegar finnst mér meginatriðið vera það, sem við höfum heyrt undanfarin þing, að bensínið, og ekkert skal úr því dregið, sé nauðsynjavara sem almenningur í landinu sé bundinn af að meira og minna leyti og þurfi að greiða. Og þegar við lítum á hækkun bensínverðsins frá í vor, er hæstv. ríkisstj. tók við, hljótum við líka að bera það saman við hver hefur verið hækkunin á kaupi fólksins í landinu á sama tíma. Þetta er hin eina rétta viðmiðun varðandi þessi mál. (**EgJ:** Alþb. hefur alltaf notað hana.) Já, sem betur fer hefur það tekist, hv. þm. Egill Jónsson. En þið hafið snúið hlutunum rækilega við. — Af því að hv. þm. greip fram í væri kannske ekki nema gustuk að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, örstutta tilvitnun úr vikuriti um erlend viðskipti og efnahagsmál, sem heitir Vísbending og ég hygg að sé óhætt að segja að sé gefið út af mönnum ekki mjög fjarskyldum honum í pólitískum efnum. Þar segir, með leyfi forseta. (Gripið fram í.) Nei. Ég vil ekki fara frekar út í nánari skilgreiningu á því. Þar segir:

„Launahækkanir á næsta ári þyrftu að verða 65—70% til að kaupmáttur kauptaxta á árinu 1984 nái sama meðaltali og í ár. Kaupmáttur kauptaxta í ár er að meðaltali um 82 miðað við 100 að meðaltali árið 1982." Og svo heldur áfram: „Til þess að ná þessum kaupmætti á næsta ári þyrfti að hækka kauptaxta um 18—20% í mars, í júní og í október á næsta ári."

Þetta segja þeir góðu menn og ég bið Egil Jónsson að lesa þetta og lesa áfram líka. (**LJ:** Sami kaupmáttur og hvenær?) Til þess að ná sama kaupmætti á næsta ári og var að meðaltali árið 1982.

Hv. þm. Lárus Jónsson ræddi um þjóðartekjurnar og aðgerðir ríkisstj. í því efni. Ég segi að það sem skiptir máli í þessu séu ráðstöfunartekjur fólksins í landinu. Það eru þær sem skipta máli þegar við tölum um hvort þetta fólk hafi ráð á að kaupa ríkisvíxla og skuldabréf. Þær tekjur hafa vitanlega minnkað umfram þjóðartekjurýrnunina. Það er það sem skiptir máli. Það hefur auðvitað verið tekið af launafólki miklu meira en sem nemur því falli þjóðartekna sem orðið hefur og enginn deilir um að orðið hefur.

En til viðbótar þessu, því að um þetta mætti vissulega hafa langt mál, segir hér í grg. með þessu frv., með leyfi hæstv. forseta, og hæstv. fjmrh. kom inn á það áðan:

„Samkv. framansögðu eru því ónýttar eldri heimildir til öflunar ríflega 200 millj. kr. innlends lánsfjár." Og hann fór um þetta nokkrum orðum.

Enn eru sem sagt óseld ríkisskuldabréf eða spariskírteini upp á 200 millj., sem ætlaðar voru þó til þess að fjármagna þær framkvæmdir sem í gangi eru og hafa

verið á þessu ári. Þegar nú á að bæta ofan á þessa vöntun með þeirri miklu bjartsýni sem hæstv. ráðh. leyfði sér hér áðan, þá spyr maður: Hvað verður þá eða hefur orðið um framkvæmdirnar sem átti að lánsfjármagna með þeim 200 millj. sem enn þá sér ekki fyrir endann á?

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Þetta litla frv., sem hæstv. fjmrh. flytur, hefur nú orðið tilefni viðamikilla umr. af ýmsu tagi. Hefur margt borið á góma, þ. á m. vegamál og fjáröflun til þeirra. Ég verð nú að segja alveg eins og er, að mér hefur löngum fundist að tal manna um fjáröflun til vegagerðar, sérstaklega þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu, hafi verið svo hræsnisfullt og yfirborðskennt oft og tíðum, og ekki síst á seinustu árum, að þar beri okkur sem nú hverfum í stjórnarandstöðu að varast að falla í sömu gryfju.

Staðreyndin er auðvitað sú, að álögur á umferð hafa verið fólgnar í álagningu sérstaks vegagjalds og þetta vegagjald hefur ósköp lítið breyst öðruvísi en í hlutfalli við byggingarvísitölu nema hvað snertir allra stærstu bifreiðarnar. Þar var gjaldið hækkað svolítið meira en á öðrum fyrir rúmu ári með tilliti til þess að stærri bifreiðar slitu vegum meira en minni bifreiðar. Að öðru leyti hefur gjaldið fylgt nokkurn veginn alveg í kjölfar hækkunar byggingarvísitölu, meira að segja oft verið töluvert mikið á eftir. En í hvert skipti sem vegagjaldið hefur verið hækkað vegna þess að byggingarvísitala hefur hækkað hafa menn rokið upp og talað um nýjar álögur á landsmenn, þó að þarna væri einungis verið að hækka krónutölu vegna verðrýrnunar krónunnar og þannig fá inn jafnmikil verðmæti svo að hægt væri að halda óbreyttum vegaframkvæmdum.

Vegagerð hér á landi jókst mjög verulega á árinu 1980 í kjölfar vegáætlunar, sem þá tók gildi og hafði verið undirbúin af stjórninni þar á undan, og með þessari vegáætlun varð mikil framför í vegaframkvæmdum víðs vegar um land, eins og sjá má á því hvað vegir víða um land hafa tekið miklum stakkaskiptum undanfarin þrjú ár. En eftir sem áður er óhætt að fullyrða að álögur á umferðina hafa ekki aukist. Það verður að viðurkennast að þessar miklu framkvæmdir hafa fyrst og fremst verið fjármagnaðar með lántökum. Ég vil þó taka fram að þar hefur fyrst og fremst verið um innlenda lánsfjáröflun að ræða og það hefur einungis í undantekningartilvikum, og þá fyrst og fremst þegar um hefur verið að ræða sérstaka fjármögnun til byggðavega, Hafísvegar eða útkjálkavega á vegum Framkvæmdasjóðs, verið um að ræða erlendar lántökur í þessu skyni.

Það sem nú er aftur á móti að gerast er það, að það er greinilegt á nýju fjárlagafrv. að taka á lán erlendis í stórauknum mæli til að halda vegagerð í fullum gangi áframhaldandi. Það er mál út af fyrir sig sem við ræddum lítillega þegar fjárlögin voru hér til umr. og er vissulega óheillaþróun, en skal ekki gert hér frekar að umræðuefni.

Auðvitað gerir núv. ríkisstj. sér fulla grein fyrir því, eins og fyrrv. ríkisstj., að það er mikil nauðsyn að efla innlenda sparifjármyndun og reyna að koma í veg fyrir miklar erlendar lántökur. Þess vegna er þetta frv. hér flutt. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að menn þreifi sig áfram og leiti nýrra leiða til að efla innlenda sparifjármyndun. Sú nýjung sem kemur hér fram er fólgin í því, að heimilt er að leyfa útgáfu skuldabréfa og víxla sem miðuð væru við gengi erlendra gjaldmiðla. Þetta er talsvert mikið nýmæli, sem ég tel þó alveg hættulaust í sjálfu sér, og ef það getur skilað ríkissjóði og opinberum aðilum auknu innlendu lánsfé umfram það sem verið hefur er það auðvitað af hinu góða. En spurningin er bara hvort þetta nýmæli örvar kaup á skuldabréfum eða ekki. Ég verð vissulega að draga mjög í efa að svo sé.

Það má vissulega til sanns vegar færa, sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði hérna áðan, að nú um stutt skeið hafa lán sem bundin hafa verið við dollara gefið lánveitanda meira í sinn hlut en verðtryggð lán, en það er bara vegna þess að við höfum búið við það óvenjulega og sérstaka ástand að dollarinn hefur verið að hækka í verði. Það er engin önnur skýring á því. Við vitum að það er mikil sveifla á erlendum myntum og þegar viðkomandi mynteining er að hækka verulega í verði skapast betri kjör meðan á því stendur. En það er skammgóður vermir og ég held að menn þurfi ekki að rannsaka lánamarkað og kjör á lánamarkaði lengi til þess að sannfærast um að gengistrygging er almennt miklu lakari lánskjör en verðtrygging. Gegnum árin sýnir reynslan það og það er enginn vafi á því að sá maður sem tekur lán með gengistryggingu er að taka á sig verulega áhættu því að hann getur kannske lent í því eitt árið að fá nánast ekkert í sinn hlut, ef viðkomandi gjaldmiðill er að falla í verði. (**LJ:** Það eru hærri vextir af þessum lánum.) Það eru að vísu miklu hærri vextir, en staðreyndin er sú, að það er líka veruleg alþjóðleg verðbólga í veröldinni og hún kemur þarna til frádráttar beint eða óbeint, að vísu stundum að litlu leyti, ef viðkomandi myntir eru að hækka í verði, en stundum í stórum mæli, ef þær eru að lækka, og í heildina tekið eru þetta heldur óhagstæð kjör.

Ég segi fyrir mig, að ég mundi ekki hika eitt andartak, ef ég ætti völ á þessu tvennu, að taka verðtryggðu kjörin vegna þeirrar reynslu sem fyrir hendi er á seinustu 10—20 árum. Það er ekki hægt að taka í þessu sambandi eitt ár út úr eða eitt misseri og velta því fyrir sér hvernig kjörin eru í það og það sinnið. Það eru lánskjörin að meðaltali, þegar til lengri tíma er litið, sem skipta máli og þá er enginn vafi á að verðtryggðu kjörin eru hér á landi miklu hagstæðari.

Hvort fólk gerir sér grein fyrir þessu eða ekki skal ég ekki um segja. Það má vel vera að sumir gíni við þessum nýju kjörum í gengistryggingu og vilji frekar festa fé sitt með þeim hætti. Þá er sjálfsagt að þeir geri það og að það sé fullkomið frjálsræði í þessum efnum. Ég vil sem sagt ekki álasa hæstv. fjmrh. fyrir að ætla að gefa út skuldabréf með þessum hætti, en ég dreg mjög í efa að mikill árangur verði af þessu skuldabréfaútboði, að það breyti miklu um innlenda lánsfjáröflun.

Hitt er annað mál, að í lok 2. gr. eru mjög óvenjuleg og sérstök ákvæði, sem ég skil nú ekki almennilega hvernig á að framkvæma, en þar segir, með leyfi forseta: „[Fjmrh.] getur einnig ákveðið í stað forvaxta að víxlar þessir verði seldir á almennum markaði, þar á meðal samkv. tilboðum.“ Maður gæti jafnvel ímyndað sér að það ætti að fara að selja þessa víxla á hálfgerðum uppboðum, menn fengju þessa víxla bara eftir því hver byði best. Ég er ansi hræddur um að útkoman á því yrði harla óhagstæð fyrir ríkissjóð, ef mikið yrði gert af þessu. En þetta er mál sem ekki skiptir ýkjamiklu.

Ég tók eftir því núna á haustmánuðum að hæstv. fjmrh. neitaði Seðlabankanum að gefa út spariskírteini og hafði ákveðin rök fyrir því, sem ég skildi aldrei almennilega, en ég vildi nú spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort einhver breyting hefði orðið á í þessum efnum og hvort spariskírteini eru ekki nú þegar á markaðnum eða hvort þau verða það ekki innan tíðar. Ég hef orðið var við það í haust að fólk hefur verið að leita að þessum bréfum í bönkum en ekki fundið, og mér hefur verið sagt að spariskírteini hafi alls ekki fengist gefin út, og þá hafa menn kannske gert eitthvað allt annað við sína fjármuni. Þetta tel ég að sé ekki mjög hyggilegt af ríkissjóði, sérstaklega þegar illa gengur um spariskírteinasölu, eins og verið hefur á þessu ári, og vildi spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig þessi mál standa nú.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulega frú forseti. Þessi umr. hefur farið nokkuð vítt og breitt, en mig langar aðeins til að halda áfram þeim þræði sem snertir mál húsbyggjenda.

Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin við spurningu minni hér áðan. Hann setti traust sitt á að það sparifé sem losnaði úr ríkissjóði á árinu mundi skila sér aftur í ríkissjóð vegna kaupa sparifjáreigenda á ríkisskuldabréfum. Hvaða ástæður hefur ráðh. til að ætla að þessir sparifjáreigendur þurfi ekki að nota féð í annað, t. d. í það að koma yfir sig þaki, því að þessir sparifjáreigendur eru einmitt að hluta til sama fólkið og nú þarf að byggja eða kaupa sér húsnæði í fyrsta skipti? Er ekki líklegt að þeir vilji nota sparifé sitt til að koma sér þaki yfir höfuðið beint frekar en lána það ríkissjóði svo að ríkissjóður geti lánað þeim það aftur? Ég er hrædd um að þetta dæmi hæstv. ráðh. gangi ekki upp.

Aðrar lausnir á fjáröflun til húsbyggjenda eru ekki á ferðinni. Hvar á að taka peninga? segir hæstv. ráðh. iðulega þegar fjár er vant til þjóðþrifa- og nauðsynjamála. (Gripið fram í.) Ég sagði ekki að þú hefðir sagt það núna, heldur iðulega. En það vitum við bæði, að auðvitað er hvergi peninga að taka. Við tínum ekki peninga eins og krækiber á hausti, heldur er þetta spurning um hvernig við notum þá peninga sem við höfum, hvernig við skiptum þeim á milli þeirra málaflokka sem við teljum nauðsynlega. Og þá kemur náttúrlega spurningin: Hvaða málaflokka teljum við nauðsynlega? Hvaða mál hafa forgang?

Ég lýsi áhyggjum mínum hér og nú yfir því að hæstv. ráðh. skuli ekki hafa slegið þann varnagla að hafa önnur ráð tiltæk til að leysa vanda húsbyggjenda, ef sú tilraun sem hér er sett fram og ég tel ákaflega virðingarverða eins og ég sagði í upphafi skyldi mistakast, eins og nokkrar líkur gætu verið á. Og þá vil ég að endingu spyrja hæstv. ráðh. að því: Mun hann hafa hug á að veita lánasjóðum húsbyggjenda forgang næst þegar hann leggur drög að skiptingu þeirra fjármuna sem við höfum sameiginlega yfir að ráða?

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv., sem markar að mínu mati viss tímamót í fjármálum okkar.

Auðvitað er von að við hikum nokkuð í þessum efnum. Þetta má segja að sé tiltölulega óþekkt og á þarf að reyna hvernig getur farið. En ég tel, eins og hér kemur fram, að gefa eigi fólki kost á því ef mögulegt er að ávaxta sína peninga á sem hagkvæmastan hátt. Það fer ekki milli mála og við erum öll sammála um að það eru verulega minnkandi peningar hjá öllum almenningi um þessar mundir og í umferð. En hinu má ekki gleyma, að það eru peningar til, eins og komið hefur fram, sem eru bundnir t. d. í verðtryggðum ríkisskuldabréfum og öðru slíku. Hvaða stefnu tekur fólk þegar þau bréf koma til innlausnar? Jú, auðvitað má kaupa ný bréf ef þau verða á markaðnum. En má ekki gefa kost á því að taka upp hina nýju einingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, SDR, sem talað er um, ef einhver vill velja þann kost, ef einhver á peninga, — við skulum segja: ef einhver á peninga, — að ávaxta sína peninga á þann hátt í stað þess að ríghinda sig við gamla formið? Ég man ekki hver upphæðin er, en ég held að það sé veruleg upphæð sem ríkissjóður á að inna af hendi er ríkistryggð skuldabréf verða innleyst eftir næstu áramót. Því ekki að reyna að halda í þá peninga? Fólkið getur keypt, eins og ég segi, ný skuldabréf af ríkinu, en ef það vill heldur fara hina leiðina, sem hér er lögð til, á að gefa því kost á því. Það er nákvæmlega sama með skyldusparnaðinn, þessar 300 millj. tæpar sem er gert ráð að verði að greiðast á næsta ári. Það má ætla að verulegur hluti af því fé gæti gengið til skuldabréfakaupa. Ég sé enga hættu felast í þessu, en ég sé vissa tryggingu. Við vitum ekkert hverjir eiga þessa peninga, það eru einstaklingar og sjálfsagt félög og ýmsir sjóðir, en fólk vill ávaxta sína peninga á sem bestan hátt og þetta stuðlar að sparnaði í þjóðfélaginu.

Ég vil aðeins benda á að mér finnst þetta leiða til aukins sparnaðar í þjóðfélaginu. Fólk vill fá þá ávöxtun á sínum peningum, ef þeir eru á annað borð til, sem hagkvæmasta er hægt að fá. Þess vegna er ég hlynntur því að þetta frv. fái jákvæða meðferð og við reynum að gera það að lögum.

Lárus Jónsson: Virðulegi forseti. Nokkur orð út af því sem hér hefur komið fram í umr. um þetta mál, sem hefur nú farið vítt og breitt, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði réttilega áðan.

Ég minntist þess þegar hv. þm. Ragnar Arnalds gekk hér í pontu, hv. 3. þm. Norðurl. v., að hluti af þessari bensínhækkun, sem menn hafa nú gert mikið veður út af í tíð núv. ríkisstj., stafar einfaldlega af því að hv. þm. framkvæmdi ekki forsendu vegáætlunar um að hækka bensín í samræmi við byggingarvísitölu rétt fyrir síðustu kosningar. Af einhverjum ástæðum var sú hækkun sem vegáætlun byggist á ekki framkvæmd. En ég ætlaði ekki að karpa út af því máli frekar.

Hann talaði um að við stefndum að því með fjárlagafrv. að taka erlend lán til vegagerðar. Um þetta ræddum við í Sþ. um daginn og ég skal vera stuttorður um það. Það er algert bókhaldsatriði til hvers erlend lán til A- og B-hluta séu tekin, eins og hv. þm. gerir sér held ég allra manna best ljóst. Á hinn bóginn er alveg ljóst, að í erlendum lántökum er markmiðið það, og fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun byggir á því, að á næsta ári verði teknar 4500 millj. kr. í erlendum lánum. Á sama verðlagi var tekið 3750 millj. kr meira af erlendum lánum 1982 en ætlunin er að taka á næsta ári. Það er kjarni málsins. Það er tekin breytt stefna í því að taka erlend lán.

Hv. 2. þm. Austurl. talaði um kaupmátt á árinu 1982 og að kaup þyrfti að hækka svo og svo mikið til þess að

kaupmáttur yrði sá sami og á árinu 1982. Ég vil ekki í því sambandi fara neitt að karpa um hve mikið kaupmáttur hafði rýrnað áður en núv. hæstv. ríkisstj. tók við á þessu ári miðað við það sem var 1982. En ég vil benda á eina staðreynd í því sambandi, sem er kjarni málsins.

Á árinu 1982 nam viðskiptahalli hjá okkur Íslendingum um það bil 6000 millj. kr. á verðlagi ársins í ár miðað við meðalgengi ársins í ár. Það voru 10% af okkar þjóðarframleiðslu sem við eyddum umfram efni. Er það heiðarlegur málflutningur í allri umr. um kaupmátt að sleppa því algerlega úr dæminu að við höfum á þessu viðmiðunarári, sem oft er vitnað til, á árinu 1982, sannanlega lifað svona mjög um efni fram sem raun ber vitni sé litið á viðskiptahallann við útlönd? Ég hika ekki við að halda því fram að sú aukning erlendra lána umfram það sem stefnt er að á næsta ári, sú gífurlega aukning erlendra lána á árinu 1982, stafi af hinum stórfellda viðskiptahalla. Og dettur þá engum í hug að í rauninni hafi kaupmáttur verið umfram getu þjóðarbúsins á árinu 1982? Þetta eru samviskuspurningar sem ég vildi gjarnan leggja fyrir menn í þessu sambandi.

Þá vil ég aftur víkja að raunverulegum verðmætum. Það er gert ráð fyrir að þjóðarframleiðsla okkar verði nokkuð yfir 64 milljarða á næsta ári. Af því á samkv. fjárlagafrv. að taka 26.8% til þarfa ríkisins. Á árinu 1982, þegar allt var á útopnuðu með innflutning og veltu í þjóðfélaginu vegna eyðsluskuldasöfnunar erlendis, þurfti hæstv. páv. fjmrh. að taka 30% í ríkissjóð af hinu raunverulega verðmæti, sem við erum að skipta á milli okkar, sem eru þjóðartekjurnar. Ef við tækjum 30% á næsta ári hefðum við í ríkistekjur, tækjum af fólkinu, 2200 millj. kr. meira. Af þjóðarkökunni, sem við erum að skipta, færi til ríkisins — ekki til heimilanna og atvinnuveganna — 2200 millj. kr. meira. Þetta er raunveruleikinn í málinu. Það er sem sagt verið að draga saman seglin, draga minna til ríkisins af þjóðartekjunum en áður, og þess vegna er von til þess að fólk geti haft milli handa raunveruleg verðmæti til að leggja í kaup á slíkum bréfum eins og hér er um að ræða. Það er nefnilega hárrétt, sem hv. þm. Sigríður Dúna sagði áðan, hv. 11. þm. Reykv. Það er hins vegar spurning hvernig við skiptum verðmætunum sem við höfum. Ef við skiptum þeim þannig að ríkið taki 30% til sín getum við ekki skilið þau 30% eftir hjá fólkinu og atvinnuvegunum. Ef við tökum aðeins 26% skiljum við þeim mun meira eftir hjá fólkinu og atvinnuvegunum. Þetta er sú stefna sem mér finnst að hv. þm. hafi gengið á snið við að ræða í stjórnarandstöðunni undanfarna daga.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta atriði. Ég bæti því þó við að ég veit að hv. þdm. í Ed. hafa viljað fá upplýsingar um hvernig þjóðarbúskap okkar er raunverulega háttað. Ef við gerum okkur grein fyrir því hvernig við höfum undanfarin ár velt á undan okkur ýmsum vandamálum í þjóðarbúskapnum og gerum það upp hvað viðskiptahalli er orðinn mikill á undanförnum 4 árum, þá nemur hann á verðlagi í ár 12 milljörðum 300 millj. kr. Viðskiptahalli síðan 1978 nemur 12 milljörðum 300 millj. kr. Erlendar skuldir okkar hafa hækkað um 16 milljarða og 800 millj. á þessum árum, þ. e. litlu meira en viðskiptahallanum nemur. Við höfum í rauninni verið að taka erlend lán til að fjármagna viðskiptahallann. Það er það sem við höfum fyrst og fremst verið að gera. Við höfum ekki aukið fjárfestingu og þaðan af síður skynsamlega fjárfestingu á þessum árum, heldur fyrst og fremst verið að taka erlend lán til að fjármagna viðskiptahalla. Mér sýnist að heiðarlegt sé að gera þá kröfu til manna, sem fjalla um hvernig kaupmáttur breytist frá einum tíma til annars, að þeir geri í leiðinni grein fyrir því á hverju sá kaupmáttur byggðist sem verið er að miða við.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta var ágæt ræða, sem hv. þm. Lárus Jónsson flutti okkur hér, eins og hans var von og vísa, og flest af því sem hann sagði var hverju orði sannara. Við getum verið alveg sammála um það, að auðvitað gat ekki haldið svo sem horfði, að við héldum áfram að lifa um efni fram. Auðvitað þurfti að grípa til ráðstafana. Um það var ekki nokkur minnsti ágreiningur.

Við Alþfl.-menn höfðum gagnrýnt allra manna harðast hvernig sú ríkisstjórn sem Sjálfstfl. átti aðild að að hluta til síðast tók hvert eyðslulánið á fætur öðru í óráðsíu og var þar „allt í sukki", eins og sagði um búskap Hallgerðar með Þorvaldi á sínum tíma: „og hafði allt í sukki". Það voru alveg hreinar línur. Um það var ekki nokkur minnsti ágreiningur milli okkar Alþfl.-manna og hv. þm. Lárusar Jónssonar. Það voru hins vegar aðrir úr hans flokki sem voru annarrar skoðunar. Og auðvitað þurfti þarna að taka á og draga úr erlendum lántökum. Um það er ekki nokkur minnsti ágreiningur, ekki við okkur, og við munum halda óbreyttri stefnu frá því sem var og tala fyrir því áfram að það verði dregið úr erlendum lántökum, það verði hætt hallærisfjárfestingunni hinni óskynsamlegu, m. a. hallærisfjárfestingu í landbúnaði. Og ég þykist vita að við eigum ágæta stuðningsmenn um þau efni í Sjálfstfl., þó að hallærisfjárfestingarstefnan eigi sér vissulega líka sína talsmenn þar.

En það sem ég vildi leggja áherslu á hér er að ekki skal dregið úr því að afla þurfi fjár til vegamála. Það er einhver hagkvæmasta fjárfesting sem við getum lagt í. Það er engin hallærisfjárfesting. Það er skynsamleg fjárfesting og að því skulum við standa. En menn eiga ekki að segja öðrum þræði: „Það er ekki verið að auka skattana á almenning" þegar er verið að gera það. Sú hækkun sem orðið hefur á bensínverðinu frá því að þessi hæstv. ríkisstj. tók við er langtum meiri en sú raunbreyting sem átt hefur sér stað á verðgildi peninga á þessum tíma. Eitt atriði þar, sem ég vil sérstaklega minnast á, er að olíufélögin hafa fengið hækkaða álagningu. Það er alveg sama hvaða þjóðveg við ökum út frá Reykjavík. Þar er verið að byggja nýjar bensínhallir/olíuhallir, og er stutt á milli þeirra og hvergi til sparað. Ég vildi þess vegna beina því til hæstv. fjmrh., hvort það væri nú ekki leið í þessum efnum og lag að lækka svolítið álagningu olíufélaganna, reyna að koma meiri skynsemi í þann rekstur. Þá mætti kannske lækka bensínverðið lítið eitt einu sinni til tilbreytingar — eða gildir hin eilífa samtrygging um allt á þessu sviði, að það megi ekki hrófla við olíufélögunum?

Flokkur hv. þm. Ragnars Arnalds, fyrrv. fjmrh., hefur jafnan haft það á stefnuskrá sinni að koma eitthvað við olíufélögin og gera þeirra hlut minni, minnka þeirra hlut og sameina þau og ég veit ekki hvað og hvað. Nú sat þessi flokkur í ríkisstjórn í 5 ár og það gerðist ekki nokkur skapaður hlutur varðandi olíufé-

lögin. Ég skal ekkert segja um á hverju strandaði. Við getum haft okkar hugmyndir um það hver fyrir sig, hv. þm. En allavega sat Alþb. í ríkisstjórn í 5 ár og það gerðist ekki nokkur skapaður hlutur í þessu máli.

En ég vil mælast til þess við hæstv. fjmrh. að hann láti nú sína embættismenn, sem eru margir og góðir sjálfsagt í hans rn., kanna þennan möguleika til hlítar, hvort þessi verðhækkun, hvort þessi álagningarhækkun, sem olíufélögin fengu, sé á nokkurn hátt réttlætanleg, hvort ekki mætti lækka bensínverð til almennings með því að draga aðeins úr hlut olíufélaganna og koma þar meiri skynsemi á. Það verður ekki séð að brýn þörf hafi verið á öllum þeim bensínhöllum sem eru að rísa í kringum höfuðborgina og víðs vegar út um land sjálfsagt líka. Ég endurtek að það virðist hvergi skorta fjármagn, enda borga neytendur brúsann og eru ekki spurðir hvort þeir vilji borga. Þar er bara skipað.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við erum lent í almennum stjórnmálaumr., þar sem margt ber á góma, og ber ekki að harma það, ef menn vilja hafa það svo. En ég verð að segja eins og er, að málflutningur af því tagi sem kom fram hjá hv. seinasta ræðumanni, Eiði Guðnasyni, er harla ódýr. (**Gripið fram í:** Það passar fyrir Alþfl.)

Við getum haldið lengi áfram að þrasa um málin og það með harla litlum árangri ef menn eyða miklum tíma í málflutning af því tagi að nefna að við Alþb.-menn viljum gera breytingar á rekstri olíufélaga, en svo höfum við setið í ríkisstjórn svo og svo lengi og ekkert gerst. Auðvitað veit hver einasti maður hér inni nákvæmlega hvernig á því stendur og í hverju það liggur og þarf ekkert að eyða frekari orðum að því. En ef umr. snýst lengi um hluti af þessu tagi er hætt við að menn eyði tíma sínum til lítils.

Eins fannst mér satt best að segja harla ódýrt að slá fram slettu eins og þeirri, að fyrrv. ríkisstj. hafi tekið hvert eyðslulánið af öðru o. s. frv. Þetta er eitt af því sem gerir stjórnmálaumræður á Íslandi svo afskaplega erfiðar, að menn eru að sletta svona löguðu fram án þess að skilgreina á nokkurn hátt hvað þeir eiga við og án þess að færa nokkur frekari rök máli sínu til stuðnings. Auðvitað er staðreyndin sú, ef menn athuga lántökur á undanförnum þremur árum, hvort heldur er um að ræða lántökur í þágu opinberra aðila eða einkaaðila, að yfirgnæfandi er um að ræða lántökur til fjárfestingar. Ég hygg að ef öll lánin væru talin saman og athugað hvernig þau skiptast, að hve miklu leyti þau voru til fjárfestingar og að hve miklu leyti vegna rekstrarerfiðleika eða rekstrarvanda, hafi lán til fjárfestingar vafalaust verið eitthvað milli 90 og 100% og lán vegna rekstrar verið örlítið brot af heildarlántökum. Lántökur vegna rekstrar eru sennilega aðallega vegna járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, en það er einmitt fyrirtæki sem hv. þm. Eiður Guðnason og hans flokkur og svo sjálfstæðismenn bera meiri ábyrgð á en kannske aðrir — ja, líklega að viðbættum framsóknarmönnunum, sem dröttuðust nú með á sínum tíma til stuðnings því fyrirtæki. (**Gripið fram í:** Sá veldur miklu sem upphafinu veldur.) Já, við getum orðað það svo, en það er hins vegar ekki rétt að Alþb. hafi stutt þetta mál. Við töldum þegar betur var að gáð að þetta væri fyrirtæki sem ekki væri á treystandi og snerumst því á móti málinu eftir að hafa kannað það.

En kjarni málsins er að það hefur ekki verið tekið hvert eyðslulánið af öðru á undanförnum árum. Það er að vísu hægt að nefna nokkur slík dæmi, eins og t. d. dæmið um Járnblendifélagið ellegar dæmi um lántökur vegna útgerðar á s. l. vetri ellegar dæmi vegna loðnuverksmiðja á árinu þar á undan, það eru til nokkur svona dæmi, en í heildina tekið er þarna um að ræða lántöku sem er aðeins örlítið brot af heildarlántökunni.

Hv. þm. Lárus Jónsson var með þá kenningu áðan að viðskiptahallinn undanfarin ár hefði numið 12 milljörðum kr. og erlend lántaka um 16 milljörðum kr., minnir mig að hann segði, og þetta sýndi að erlendu lánin hefðu einfaldlega verið tekin í eyðslu — þau eru bara til að dekka viðskiptahallann, eins og hann orðaði það. Eg skil satt að segja ekki svona röksemdafærslu. Þetta eru auðvitað ekkert annað en innantóm slagorð. Auðvitað segir það sig sjálft að þegar tekin eru mikil fjárfestingarlán, m. a. til að byggja dýrar virkjanir ellegar til að byggja hitaveitur víðs vegar um land, þá veldur það hvoru tveggja í senn að það verður að taka erlend lán og viðskiptahallinn verður meiri en ella væri. Ef enginn viðskiptahalli væri á því ári þegar við erum kannske að leggja gífurlega fjármuni í Hrauneyjafossvirkjun eða hitaveituframkvæmdir víðs vegar um land, þá jafngildir það því að þjóðin ætlaði sér að borga þessa fjárfestingu á því ári sem hún verður til, við ætluðum okkur að borga af eigin aflafé alla virkjunarframkvæmdina við Hrauneyjafoss, sem stundum hefur verið mjög fjárfrek, ellegar við ætluðum okkur á þessu sama ári að borga upp gífurlegar hitaveituframkvæmdir á Akranesi, á Akureyri, í Borgarnesi og á 10—20 öðrum stöðuum á landinu. Haldið þið, ágætu alþm., að það sé raunhæft markmið, ef þjóðin stendur í stórfelldum fjárfestingum, eins og hún hefur einmitt gert á árunum 1980 til 1982 sérstaklega og reyndar á árinu 1983 líka að nokkru? (**LJ:** Ég benti á að heildarfjárfesting hefði ekki aukist.) Jú, heildarfjárfesting er auðvitað mjög veruleg á þessum árum og sérstaklega er hún stórfellld á orkusviðinu. Við erum að byggja á þessum árum Búrfellsvirkjun og við erum að byggja hitaveitur víðs vegar um land. Það er gersamlega óraunhæft að við gætum á sama tíma staðið á sléttu með viðskipti okkar við útlönd, því það hefði þá þýtt að við værum að snara út öllu því fé sem til þarf til þessara miklu mannvirkja á sama ári og þau verða til. Það er gersamlega óraunhæf krafa og út í bláinn og því hefur auðvitað verið einhver viðskiptahalli, eins og raunar mjög oft þegar Íslendingar standa í miklum fjárfestingum. Þá er ekkert nýtt að viðskiptahalli verði til hér á landi. Það er fullkomlega raunsætt að gera ráð fyrir einhverjum viðskiptahalla þegar fjárfesting er mjög veruleg. Það er ekkert annað en það sem við verðum að reikna með. Allt tal í aðra átt og önnur röksemdafærsla er bara til að blekkja fólk og villa um fyrir fólki, því við vitum að þá eru menn að sletta einhverju fram sem er gersamlega óraunhæft.

Það er hins vegar alveg rétt, að stundum harðnar svo í ári, að viðskiptahallinn stefnir í óskyggilegar tölur, og það gerði hann á seinasta ári ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens. Þá brást, eins og menn þekkja, loðnuveiði, þorskafli dróst saman og skreið seldist ekki úr landi og fleira í þeim dúr, þannig að það stefndi í mjög verulegan viðskiptahalla. Sú ríkisstj. gerði einmitt með brbl. fyrir einu ári ráðstafanir til að draga neyslu þjóðarinnar saman til að spara í fjárfestingu hins

opinbera, spara hjá ríkinu. Allt var þetta gert, bæði með brbl. á s. l. hausti og með fjárl. og lánsfjáráætlun á s. l. vetri, enda þarf ég ekki annað en biðja hv. alþm. að fletta upp í lánsfjáráætlun og sjá hvaða breytingar hafa orðið á t. d. fjármunamyndun og fleiri stærðum til þess að sjá að það verður auðvitað í kjölfar brbl. fyrrv. ríkisstj. mjög veruleg breyting í neyslu þjóðarinnar og fjárfestingu vegna þess áfalls sem við urðum fyrir. Og ég hygg að sú breyting, sem fyrrv. ríkisstj. stóð fyrir í sambandi við að draga úr viðskiptahallanum, sé ekki minni en sú breyting sem núv. ríkisstj. stendur fyrir, en hún er bara gerð með öðrum hætti. Sá samdráttur í viðskiptahalla sem nú er stefnt að verður fyrst og fremst vegna minnkandi kaupmáttar. Ég held sem sagt að það sé hárrétt sem hv. þm. Helgi Seljan sagði áðan. Auðvitað er kjarni málsins sá, að það sem nú er að gerast er að það er verið að skerða kjörin miklu meira en nemur skerðingu þjóðartekna. Fyrri ríkisstj. hafði skert kjörin í hlutfalli við skerðingu þjóðartekna. En nú er hins vegar verið að bæta við kaupmáttarskerðingu sem gengur langtum lengra en hægt er að rökstyðja með samdrætti þjóðartekna.

Hitt er allt annað mál, að það er lítið frv. sem við erum hér að ræða og kannske varla að það veki tilefni til þessara almennu umr. um efnahagsmál. Það á að vera samstaða um eins mikla innlenda lánsfjármögnun og hugsast getur og þess vegna hlýtur að vera samstaða um að reyna þær leiðir sem gætu skilað einhverjum árangri í þeim efnum. En hitt er áreiðanlega rétt, sem margir hafa hér sagt, að það er ekkert sérstaklega líklegt að þessi bréf verði keypt, vegna þess hvernig búið er að ganga að kaupmættinum hjá fólki, og því miður er ekkert sérstaklega líklegt að vandi húsbyggjenda verði leystur með þessu, því að það er ekkert líklegt að þetta fé fáist.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um fjárlög né efnahagsmál, en ég hefði gjarnan viljað heyra frá hv. 3. þm. Norðurl. v. framhald upptalningar á erlendum lántökum til annars en fjárfestingar. Auðvitað segir það sig sjálft að ríkisstj. á hverjum tíma hlýtur að taka lán, erlend lán eða innlend lán, til arðbærra fjárfestinga. En hefði hann tekið upp lista yfir þær erlendar lántökur, sem eru nú að knésetja þjóðfélagið, sem eru vegna rekstrar á hinum ýmsu þjónustustofnunum þjóðfélagsins, eða erlend lán til að greiða gatnagerðargjöld Reykjavíkurborgar, fyrir lóðir til ríkisfyrirtækja og ýmislegt annað. Ég ætla ekki að gera þetta að neinu umræðuefni, en bendi á þetta til þess að menn séu ekki að kasta einhverju, sem aðrir geta meitt sig á, úr glerhúsi. En þetta eru umr. sem ekki eiga rétt á sér undir þessum dagskrárlið.

Ég skal reyna að svara þeim sem hafa talað samkv. því sem ég hef punktað niður. Ég vil þá rétt aðeins minnast á það, sem hv. 8. þm. Reykv. sagði, að það hefði átt að kanna markað fyrir þessi skuldabréf ríkissjóðs Íslands áður en til lagasetningar kæmi og frv. yrði lagt fram. Ég held að það sé afskaplega erfitt að kanna slíkt. Hann vitnaði til þeirra sem standa í viðskiptum almennt, að þeir hafi þann sið að kanna markað fyrir vöruna áður en hún er sett á markað. Það vill nú oft verða, að þær vörutegundir sem inn eru fluttar eftir slíka könnun sitja eftir á lager óseljanlegar. Það er ekkert nýtt. Nákvæmlega sama er með ríkisskuldabréf. Þau vilja stundum sitja eftir. Nýlega er búið að víta hæstv. dómsmrh. fyrir að kanna áður en frv. er lagt fram þörfina fyrir það. Ég sé nú að hæstv. dómsmrh. hefur fengið góðan samstarfsmann og samherja, í því máli a. m. k., því að þar er líklega rétt að farið sé þetta tvennt borið saman.

Hv. 2. þm. Austurl. talaði um hækkun á bensíni og hækkun launa, en hann talar ekkert um lækkun verðbólgu og kaupmáttarskerðingu. Þó að krónutalan standi í stað í launum, þó að hún hafi nú hækkað pínulítið, þá eykst kaupgetan með minnkandi verðbólgu. Eru menn algerlega blindir fyrir því að þeir sem greiða af t. d. húsnæðismálastjórnarlánum næst og bera þá afborgunina saman við síðustu afborgun munu finna mjög mikinn mun þar á? Það mundi ég kalla beina launahækkun. Þetta er staðreynd sem hefur verið reiknuð út og ég hef áður haldið fram úr þessum ræðustól.

Við höfum síðan þessi ríkisstj. tók við haldið þeirri stefnu sem fjárlagafrv. fyrir 1984 gerir ráð fyrir. Við höfum tekjur af umferðinni til að standa undir þeim vegalögum sem við förum eftir, en þar sem ekki var samþykkt tekjuöflun vegna framkvæmda, sem hér var til meðferðar s. l. vor, varð gat í vegalögum sem er vandamál. Það var kílóagjaldið sem ég hafnaði sem fjmrh. að leggja á þjóðina og ég hef ekki lagt nýtt gjald á í þess stað. Lögum hefur verið framfylgt. Bensíngjaldið hefur verið tekið á sama hátt og á að gera samkv. lögum um tekjuöflun til vegagerðar og það hefur hækkað eins og lög gera ráð fyrir á sama tíma og byggingarvísitalan. Það er ekki mín hækkun. Hitt er annað mál, að mín afstaða til þess gjalds er óbreytt frá því sem hún var áður en ég varð ráðh. Það þarf að finna einhverja aðra leið til að fjármagna vegagerð á Íslandi, og ég skal svo sannarlega reyna að finna leið til að lækka þennan skatt eins og aðra sem ég hef verið að vinna að að lækka. Það er unnið alveg sérstaklega að því í fjmrn. að finna út hvaða skatta er hægt að lækka og hvaða leið er hægt að fara til þess að svo megi verða.

Ég er ekki sammála fyrrv. hæstv. fjmrh. um að ríkisbréf hafi ekki selst vel. Þau eru enn þá til sölu. Ég veit ekki betur. Ég bannaði ekki sölu á þeim bréfum. Ég bannaði ekki sölu á neinum bréfum. Það eina sem ég bannaði var útgáfa á nýjum vísitölutryggðum skuldabréfum á þeim forsendum að við trúum að sú stefna sem ríkisstj. fylgir núna komi til með að lækka lánskjaravísitöluna verulega. Við trúum á það sem við erum að gera og vitum að lánskjaravísitalan á að detta niður í 1% eða 0% um áramótin. Hún er þegar komin verulega niður, eins og verðbólgan, sem er nú 30%. Þá get ég ekki samvisku minnar vegna sett vísitölutryggð bréf á markaðinn og platað fólk til að kaupa þau vísitölubréf í von um að það verði áfram sama ástand og áður var, að vísitalan gæfi einhvern ímyndaðan hagnað, vitandi það og trúandi því að ég sé að vinna að því að útrýma vísitölunni. Þess vegna setti ég það skilyrði að á markaðinn kæmu ný bréf sem væru bundin gengi, það var ákveðið að hafa það bundið við SDR og þá vaxtaákvæðin líklega í samræmi við það sem Alþjóðabankinn ákveður hverju sinni fyrir þann gjaldmiðil, til þess að fólk hefði valkost. Síðan koma ríkissjóðsvíxlarnir.

Ég heyrði að hv. 3. þm. Norðurl. v. tók undir og

sagði að þetta væri líklega góð ráðstöfun, ágætt að fólk hefði valfrelsi, en hann hefði enga trú á því að bréfin yrðu keypt, þannig að við erum nokkuð sammála. Og hann tekur undir það frv. sem hér liggur fyrir, enda þekkir hann manna best þörfina fyrir slíkt frv. En hér er eingöngu um þá breytingu að ræða að fólk hefur meira valfrelsi í ávöxtun peninga sinna.

Ég vil líka fagna því að hv. 5. landsk. þm. lítur á þetta sem tímamótafrv., en hann óttast að hér sé verið að hverfa frá íslensku krónunni. Mér er ekki nokkur leið að skilja hvað hann meinar með því. Hér er alls ekki verið að hverfa frá íslensku krónunni. Hér er hún í sínu gildi eins og ávallt áður. Sama má segja að skeði þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók upp verðtryggða sparireikninga, ekki sambærilegt að vísu, en sams konar spor er þetta fram á við og þá var stigið. — Og ég vil svara þeirri spurningu hv. 5. landsk. þm., ef hann er að hlusta, að það er ekkert hik á fjmrh. eða ríkisstj. um útborgun á skyldusparnaðinum frá 1978. Það var ekki nokkur leið að skilja orð mín áðan, síðast þegar ég stóð upp, á þann hátt að ekki yrði staðið við þær útborganir. Ég vil undirstrika það.

Ég vil þá svara hv. 11. þm. Reykv., sem spyr: Hvaða ástæðu hefur ráðh. til að ætla að skyldusparnaður skili sér til baka, þ. e. skyldusparnaður sem á að koma til útborgunar? Ég hef enga ástæðu til að ætla að hann skili sér til baka, en ég tók fram, að ég gerði frekar ráð fyrir því að þeir sem eru á þeim aldri og hafa komist vel af án þessa skyldusparnaðar mundu kaupa nýju bréfin. Þetta er betri sparnaður en sparifé í bönkum og bréfin eiga að vera með betri kjörum en önnur bréf, þannig að það væri kannske mestur hagur í fyrir þetta fólk að kaupa ríkissjóðsbréfin nýju frekar en gera eitthvað annað við féð. Ég get þess að ég gerði ekki ráð fyrir að þau skiluðu sér öll til baka. Það er langt frá því. Ýmsir sem þá voru kannske á besta aldri og unnu fyrir háum tekjum eru kannske komnir á eftirlaun, fá lágar tekjur núna og þurfa á þessum peningum að halda til daglegs brúks og til öryggis á annan hátt. En ég er að vona að til viðbótar við þann hefðbundna verðbréfamarkað sem hefur alltaf gilt hér komi nýir viðskiptavinir inn á þann markað vegna útborgananna á skyldusparnaðinum.

Hún spyr um skiptingu á milli málaflokka. Ég er ekki reiðubúinn að svara því hvaða forgangsflokka ég mundi helst vilja styðja, hefði ég frjálsar hendur um það. Þetta eru hefðbundnir málaflokkar og afskaplega erfitt að breyta, en ég er reiðubúinn að setjast niður með hverjum sem er úr stjórnarliði eða stjórnarandstöðuliði til að ræða um möguleika á frekari niðurskurði eða tilfærslu innan málaflokka. Mér er ekki neinn sérstakur málaflokkur öðrum kærari. Aðalatriðið fyrir mig er að reyna að ná niður ríkissjóðsútgjöldum á þessu stigi og vonandi tekst það þannig að við getum haft frjálsari hendur í framtíðinni til að leggja áherslu á mismunandi málaflokka. En hitt er svo annað mál, að eins og við erum 60 þm., þá eru 60 mismunandi áherslur á málaflokka. Það getur aldrei orðið samkomulag um alla.

Þm. spurði líka um þau önnur ráð er ég hefði ef sala þessara bréfa, sem nú eru hér á dagskrá, gengi ekki. Ég tók fram að ég hefði tvö önnur ráð. Það er annað að setjast niður — og ég vona þá að þm. taki vel undir — og skera enn frekar niður ríkisútgjöldin. Ef það bregst sé ég ekki önnur úrræði en að húsbyggjendur verði sjálfir að fresta sínum framkvæmdum. Ég hef enga ástæðu til að gefa neina von um bjartari tíma með öðrum ráðum, ef þetta bregst. Ég væri ekki að gera sjálfum mér né neinum öðrum greiða með því að gefa einhverjar falskar vonir umfram það sem ég get staðið við. Ég vona að ég hafi svarað þm.

Svo er þetta, sem alltaf er yfirvofandi yfir ríkisstj. og ráðherrum: Ef þessi stefna, þessi ákvörðun bregst, þá er sjálfsagt að lofa einhverjum öðrum, sem kunna betur, vita betur og geta betur, að taka við og glíma við vandann. En ég sé ekki tekjumöguleikana. Ég sé möguleikana á að skera niður og herða ólina hvað ríkisútgjöldin snertir og vonandi frekar það heldur en hitt að draga úr aðstoð við húsbyggjendur.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Ef ég svara þeim punktum öðrum sem ég hef tekið hér niður er ég kominn út í almennar stjórnmálaumr. eða þá umr. um fjárlögin sjálf. Ég get því látið máli mínu lokið.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég skal vissulega ekki vera langorður. Ég vil aðeins minna á það og ítreka það, sem ég sagði hér áðan, hversu skattheimta ríkissjóðs hefur aukist af bensíni, hvort sem menn kalla það nýjar álögur eða ekki. Það eru að vísu ekki ný gjöld, en vissulega eru það nýjar og hækkaðar álögur. En nú, þegar bensínlítrinn kostar 22,90, tekur ríkið 13,20 kr. Fyrir ári, þegar bensínlítrinn kostaði 12,20 kr., var hlutur ríkisins 6,44 kr. Ég veit ekki hvað menn kalla þetta ef ekki auknar álögur.

Ég vil, virðulegi forseti, aðeins vekja athygli á því, að ég spurði hæstv. fjmrh. að því áðan úr þessum ræðustól, hvort hann væri reiðubúinn að beita sér fyrir því að álagning olíufélaganna á bensíni yrði lækkuð, ef það mætti verða til að lækka bensínverð og draga þannig úr útgjöldum almennings. Þessari spurningu var ekki svarað og vonandi hefur hæstv. ráðh. bara gleymt að svara þessari spurningu. Hann var margspurður áðan og getur auðveldlega eitthvað hafa fallið þar niður. Ég vona að hann geti svarað þessari spurningu játandi, að hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að þessi álagningarprósenta verði lækkuð.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er endalaust hægt að halda áfram. Hver punktur er umræðuefni út af fyrir sig og kannske stórmál út af fyrir sig.

Lækkun á álagningu til olíufélaganna. Ég skal ekki segja um það. Þetta heyrir nú undir viðskrh. En ég skal ræða það við hann og sjá hvort við getum ekki komið af stað könnun á því.

Ég vil taka það fram, af því að spurnngin var tvíþætt, til þess að þurfa nú ekki að koma aftur og svara, að ég mun ekki standa að því að fækka olíufélögunum. Ég mundi standa að því að fjölga þeim, gera samkeppnina enn þá meiri og þau kæmu víðar við og íslenskir neytendur hefðu miklu meira úrval af brennsluefni á farartæki en þeir hafa núna. (**EG:** Hún er hörð, samkeppnin á milli olíufélaganna, hæstv. ráðh.) Þetta er mitt mat. Ég er spurður og ég svara. En ég vil bara benda á auknar kvaðir, ef hv. þm. er að hlusta, sem Alþingi samþykkti hér, ég held að það hafi verið á síðasta ári, á olíufélögin, þar sem samþykkt var að auka verulega eldsneytisbirgðir í landinu vegna þátttöku

okkar í alþjóðasamskiptum út af neyðarbirgðahaldi. Þær samþykktir hafa líka lagt auknar kvaðir á olíufélögin, sem kosta aukin útgjöld, bæði í vaxtagreiðslum og á margan annan hátt, þannig að ég efast um að öll þessi hækkun, sem olíufélögin hafa nú fengið, sé eingöngu vegna umferðarinnar. Olíufélögin eru með á sínum herðum sömu kvaðir og hjá stórþjóðum, olíubirgðahaldið í heild í landinu vegna öryggisástæðna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Neðri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lagmetisiðnaður, frv. 43. mál (þskj. 46). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár vegna frétta í fjölmiðlum í gær og í dag þess efnis að flugmálastjórn hafi ákveðið að stöðva snjómokstur utan dagvinnutíma á fjölmörgum flugvöllum landsins og ýmsar fleiri ráðstafanir sem leitt gætu til stöðvunar á flugsamgöngum. Af þessu tilefni sneri ég mér til hæstv. samgrh. í gærkveldi og óskaði eftir því að hann yrði hér viðstaddur umr. um þetta mál, ef leyfð yrði, og tók hann því vel. En þær fsp. sem ég ætla að bera hér fram ættu kannske ekki síður erindi við hæstv. fjmrh. þar eð fjárhagsvanda er hér við borið af hálfu flugmálastjórnar.

Ákvörðun flugmálastjórnar þýddi í reynd, ef framkvæmd yrði, að meiri hluti af flugvöllum landsins yrði ónothæfur, a. m. k. til áramóta, þ. e. í svartasta skammdeginu og alla jólaföstuna, þegar að jafnaði er meira um ferðir og flutninga hjá flugfélögum innanlands en á öðrum tímum að vetrarlagi.

Til að menn átti sig á tilefni þess að ég óskaði eftir þessari umr. held ég að rétt sé að ég vitni hér til þess er fram kom í dagskrá í fréttatíma sjónvarpsins í gærkveldi um þessi efni. Mun ég lesa það hér, með leyfi hæstv. forseta, en þar sagði:

„Búast má við verulegum erfiðleikum og töfum í innanlandsflugi til áramóta vegna fjárskorts flugmálastjórnar. Nú skortir 7 millj. kr. á að stofnunin geti haldið uppi þeirri þjónustu sem venja er til.

Allt starfsfólk heldur áfram störfum og vaktavinna heldur áfram en frá 15. nóv. fellur nær öll yfirvinna niður. Það hefur í för með sér að helgarþjónusta og kvöld- og næturþjónusta fellur niður á öllum flugvöllum nema þar sem unnið er á vöktum, í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og að hluta í Vestmannaeyjum.

Á þeim flugvöllum þar sem flugmálastjórn á snjóruðningstæki verður snjór ruddur á meðan eldsneyti endist en ekki keypt meira eldsneyti, þ. e. á öðrum flugvöllum en í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn, Vopnafirði, Borgarfirði eystri og Neskaupstað. Leigutæki verða ekki notuð og verður því ekki mokað á flugvöllum eins og á Patreksfirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Ólafsfirði og Höfn svo dæmi séu nefnd. Snjómokstur á flugvöllum nemur þó innan við 30% af því fé sem skortir en getur valdið miklu um flugumferð á landinu.

Pétur Einarsson flugmálastjóri lagði á það áherslu í dag að starfsmenn flugmálastjórnar væru reiðubúnir til að inna af hendi alla þessa þjónustu, ef einhver vildi greiða hana, og að öllum neyðartilvikum yrði sinnt.

Flugmálastjóri hefur skrifað starfsmönnum sínum víðs vegar um land og skýrt frá þessum ráðstöfunum og jafnframt flugrekstraraðilum. Þeir sem fyrstir verða fyrir barðinu á þessu eru Arnarflug og Flugfélag Norðurlands.

Flugmálastjóri sagði að haldið yrði áfram reglulegu eftirliti og flugprófunum á aðflugstækjum og leiðarflugstækjum, en ef þau biluðu yrði ekki hægt að kaupa í þau varahluti. Þessi vandi hefur ekki áhrif á starfsemi á Keflavíkurflugvelli."

Þetta var tilvitnun í frétt sjónvarpsins í gærkveldi um þessi mál, og ég taldi rétt að þetta kæmi hér fram, því að hvað sem um málið má almennt segja, þá mætti margt um þær fyrirhuguðu reglur segja sem hér eru dregnar upp af flugmálastjórn og kynntar voru. En ég ætla ekki að orðlengja það að sinni.

Ástæðurnar fyrir þessari ákvörðun sinni segir flugmálastjóri vera fjárskort, þar eð ekki hafi fengist aukafjárveitingar eins og oft hefur komið til á liðnum árum. Ástæða er til að spyrja hverjir það eru, hvort það er hæstv. ríkisstj. sem stendur að baki slíku fyrirhuguðu hafnbanni á landsbyggðina eða embættismenn sem taka sér það vald. Virðist þó áður nóg að gert af ríkisstj. hálfu til að draga úr ferðum manna, a. m. k. launafólks, með þeirri kjaraskerðingu sem leggst nú á vinnustéttirnar í landinu af vaxandi þunga og mæðir ekki síst á fólki í strjálbýli.

Í rauninni er hér svo fáheyrð aðgerð á döfinni, eins og frá henni var greint, að menn hljóta að spyrja sig hvar komið sé hugsun manna sem láta koma til tíðinda af þessu tagi. Það er ekki til að auka öryggiskennd fólks í byggðum landsins að eiga von á að skorið sé á helstu og jafnvel einu samgöngulífæð þess, eins og hér hefur verið gefið í skyn í tilkynningu flugmálastjórnar. Sumar þeirra byggða sem hnífi hennar skyldi brugðið á hafa ekki aðrar samgöngur en flugið svo vikum skiptir að vetrarlagi. Nægir þar að nefna byggðarlög á Norðausturlandi eins og Borgarfjörð og Vopnafjörð og mörg byggðarlög á Vestfjörðum.

Ég geri því ekki skóna að hæstv. samgrh., sem þekkir af eigin raun samgönguerfiðleika landsbyggðarinnar betur en margir aðrir hér á hv. Alþingi, standi að baki þessari fáránlegu og fáheyrðu tilskipan flugmálastjórnar. En ábyrgð þessara mála hvílir engu að síður á rn. hans, og í hádegisfréttum í dag heyrði ég viðbrögð hans við þessu máli. Ég taldi engu að síður rétt að óska eftir því að málið kæmi hér til umr. á hv. Alþingi og vil leyfa mér að bera fram við hæstv. samgrh. eftirfarandi fsp.

sem tengjast þessu máli:

Hvaða ástæður voru það sem leiddu til þeirrar tilkynningar sem flugmálastjóri sendi frá sér til starfsmanna sinna og hverjir undirbjuggu og mótuðu þær reglur sem þar voru settar?

Hefur ríkisstj. fjallað um fjárhagsvanda flugmálastjórnar og hversu háar upphæðir eru það sem á vantar til að unnt sé að halda uppi hliðstæðri þjónustu í sambandi við flugsamgöngur innanlands og undanfarin ár?

Hefur þessi fjárhagsvandi verið leystur og þá með hvaða hætti?

Getur hæstv. samgrh. lýst því hér yfir að ekki komi til skerðingar á þjónustu við flugsamgöngur innanlands á þessum vetri, þ. á m. þær aðgerðir sem flugmálastjórn hafði boðað og fjölmiðlar hafa greint frá?

Þetta eru þau atriði sem mér þætti vænt um að hæstv. samgrh. gæti vikið að hér á eftir. Það virðist sannarlega nóg að þrengt í þessu þjóðfélagi þó að ekki sé stofnað til vandræða af því tagi sem boðað hefur verið af flugmálastjórn og skapa óvissu og öryggisleysi víða um land.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru fjölmargar stofnanir í þjóðfélaginu sem eiga við fjárhagserfiðleika að stríða. Hefur þurft að grípa til margvíslegra framkvæmda til þess að halda starfsemi þeirra áfram. Í fyrsta lagi má segja að höfuðástæðan fyrir þessum erfiðleikum séu fjárlög, sem byggð voru á allt öðrum forsendum en reynd varð á, og síðan enn meiri verðbólga fram eftir þessu ári og margvíslegt vanmat á útgjöldum til hinna ýmsu stofnana. Flugmálastjórn hefur ekki farið varhluta af þessu frekar en aðrir og hefur því átt við mikla fjárhagserfiðleika að etja. Þrátt fyrir það hefur flugmálastjórn fengið aukafjárveitingar eins og aðrir, t. d. í sambandi við launabætur, þannig að verðbætur á laun hafa numið 11,8 millj. kr. á þessu ári.

Litlu eftir að ég kom í samgrn. fékk ég orðsendingu frá flugmálastjórn þar sem sagt var að það væri orðið mjög aðkallandi að fá aukafjárveitingu vegna aðkeypts snjómoksturs á flugvöllum landsins á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl. Það fylgdi með á þessu minnisblaði, sem dagsett er 2. júní, að aðkeyptur snjómokstur á flugvöllum á þessu tímabili hafi numið 2 millj. 486 þús. kr., en 50% af þessum fjárlagalið séu aðeins 915 þús. þannig að mismunur var 1 millj. 571 þús. Af þessum mismun höfðu verið greiddar, að mig minnir, í marsmánuði 600 þús. kr., en ógreiddar voru 971 þús. kr. rúmlega. Ég beitti mér fyrir því við fjmrh. að fá þessa aukafjárveitingu og hún fékkst nokkru síðar, ég man nú ekki alveg dagsetninguna. Þannig voru að mínum dómi inntar af hendi greiðslur fyrir allan kostnað við aðkeyptan snjómokstur á flugvöllum landsins.

Í ljós hefur svo komið að það er um kostnað að ræða sem ekki hefur verið greiddur þrátt fyrir þetta. Ég fékk rétt áðan yfirlit frá Vegagerðinni sem er gert í miklum flýti. Þar var skuld 0.5 millj. 1. maí og 1.2 millj. 1. okt. Fyrri hluta árs greiddi flugmálastjórnin upp í reikninga. Síðasta greiðsla var í júní, 0.3 millj. kr. Engar greiðslur hafa borist síðan. Kostnaður fyrri hluta árs er einkum vegna snjómoksturs en kostnaður síðari hluta árs einkum vegna framkvæmda á flugvöllum.

Mér kom á óvart, þegar ég kom heim til mín kl. rúmlega hálf átta í gærkveldi og kveikti á sjónvarpinu, sú frétt sem sjónvarpið birti. Mér var svo sagt síðar í gærkveldi að sú frétt hefði verið mjög lík því í Ríkisútvarpinu. Ég hafði ekki fengið þessa frétt, ég heyrði hana í sjónvarpi. Ég skal hins vegar upplýsa það hér að margar viðræður hafa átt sér stað milli mín, flugmálastjóra, fjmrh. og fjárlaga- og hagsýslustjóra um hinn almenna fjárhagsvanda flugmálastjórnar. Snjómokstursliðurinn er ekki nema lítill hluti af þeim vanda en mönnum er oft gjarnt að rugla saman óskyldum málum.

Ég hefði talið að það sé skylda hvaða embættismanns sem er áður en hann tekur viðamiklar ákvarðanir að bera það undir sína yfirmenn. Í fyrsta lagi átti hann í þessu tilfelli að bera þetta mál undir það rn. sem flugmálastjórn heyrir undir, samgrn., og samgrn. að bera það undir ráðh. En ég fæ þetta bréf kl. 9.15 nákvæmlega í morgun. Þá er bannið búið að vera í gildi á annan sólarhring. Ég fæ fregnir af því af tilviljun af því að ég horfi á sjónvarp. Nú er það kapítuli út af fyrir sig að ríkisfréttamiðlarnir hafa ekki fyrir því að spyrja viðkomandi ráðh. eða rn. um hvort fréttin sé rétt eða hvort þetta sé ákvörðun rn. Ráðuneytisstjórinn í samgrn. sagði mér að við sig hefði ekki verið talað og það var ekki talað við mig. Og margt má nú segja um íslenska fréttamenn annað en það að þegar einhver vandræði eru á ferðinni láti þeir hjá líða að spyrja næsta mann hvort hann sé ekki ósammála því sem hinn hafi sagt. En í þessu tilfelli láðist þeim ágætu mönnum þetta. Skal því hér komið á framfæri.

Ég tel furðulegt að einn embættismaður skuli leyfa sér að senda slíka tilskipun út sem flugmálastjóri gerði. Þar segir hann:

„Vegna rekstrarfjárskorts flugmálastjórnar er óhjákvæmilegt að gera eftirfarandi ráðstafanir þar til núverandi ástandi léttir:

Í fyrsta lagi: A. Frá 1. nóv. verður snjómokstur ekki framkvæmdur á flugvöllum landsins á kostnað flugmálastjórnar, nema á þeim flugvöllum þar sem flugmálastjórn hefur eigin tæki, þar verður snjóhreinsun framkvæmd á meðan eldsneytisbirgðir eru fyrir hendi og ekki bila vélar.

B. Viðhaldi á flugbrautarljósum, aðflugsbúnaði og leiðarflugsbúnaði verður ekki hægt að sinna. Flugprófunum verður þó haldið áfram.

C. Ekki er fé til að kaupa almenna varahluti né heldur nokkra vinnu eða þjónustu frá öðrum en reglulegum starfsmönnum flugmálastjórnar. Kaupum á þjónustu vegna rafmagns og síma verður þó haldið áfram.

D. Kaupum á almennum rekstrarvörum verður hætt og beiðnir ekki gefnar út.

Í öðru lagi: Frá og með þriðjudeginum 15. nóv. n. k. verður yfirvinnu á flugvöllum hætt, nema flugrekstraraðilar eða sveitarfélög eða aðrir greiði þann kostnað sem af því hlýst. Þjónustutími flugvalla verður því alls staðar innan almenns dagvinnutíma, þ. e. kl. 8—17 mánudaga til föstudaga að báðum meðtöldum, nema þar sem vaktavinna er á flugvöllum, þar verður þjónustutími óbreyttur, þ. e. Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir.

Í þriðja lagi: Neyðartilvik eru auðvitað ætíð undanþegin reglum af þessu tagi, enda helgast þau af neyðarrétti.

Á næsta ári má jafnframt gera ráð fyrir skertri þjónustu flugmálastjórnar.

Lögð er áhersla á að þessar aðgerðir eru *eingöngu* tilkomnar vegna þess að fjármagn er ekki fyrir hendi.

Brýnt er fyrir öllu starfsfólki flugmálastjórnar að sýna eins mikla lipurð og sveigjanleik í störfum sínum innan þess ramma sem að framan greinir til þess að milda hugsanleg óþægindi, sem gætu hlotist af þessu ástandi fyrir flugfarþega og flugrekstraraðila."

Þessi tilskipun er dagsett 31. okt. 1983, kemur seint í gærdag í samgrn. í umslagi, sem skrifað er utan á til mín, og eins og ég sagði áðan, ég fæ það í hendur kl. 9.15 í morgun ásamt þessu bréfi:

„Efni: Rekstrarfjárvandi flugmálastjórnar.

Með tilvísun til viðtala og bréfa í haust, þar sem alvarlegur rekstrarfjárvandi flugmálastjórnar var rækilega kynntur, hefur undirritaður ekki talið sér annað fært en að draga saman rekstur embættisins svo sem frekast er unnt og eru þær aðgerðir í meðfylgjandi bréfi til stjórnenda flugmálastjórnar.

Það er von mín, herra samgrh., að þér fallist á að það sé í samræmi við embættisskyldu mína.

Flugmálastjórinn.
Pétur Einarsson."

Nú, síminn þagnaði ekki í gærkveldi eftir fréttirnar. Það var eiginlega alveg hrein furða að hv. fyrirspyrjandi skyldi komast að, hann var alveg sérstaklega heppinn að ná sambandi, því það var aldrei hlé í hálfa mínútu. Ég gat ekkert gert fyrr en ég fékk í hendur bréfið, því yfirleitt hef ég þann hátt á að svara ekki bréfum fyrr en ég er búinn að lesa þau, og það ætla ég að biðja menn að virða mér til vorkunnar. Eftir að ég hafði lesið bréfið liðu ekki nema nokkrar mínútur þar til ég hringdi í skrifstofustjóra samgrn. og bað hann að skrifa bréf og koma með til mín. Því þannig hagar til að samgrh. á ekki einu sinni eldhúskoll í samgrn., hann hefur aðsetur inni á Laugavegi 116, og verður því að koma með bréfin þangað. Þar undirritaði ég bréfið og ráðuneytisstjórinn fór með það til flugmálastjóra. Það bréf er eðlilega dagsett í dag og er svohljóðandi:

„Með vísan til bréfs yðar, hr. flugmálastjóri, dags. 31. okt. s. l. og tilkynningar yðar um ráðstafanir vegna rekstrarfjárskorts flugmálastjórnar, útgefinnar sama dag, gefur ráðuneytið yður hér með fyrirmæli um að draga ofangreinda tilkynningu þegar í stað til baka.

Jafnframt sér ráðuneytið ástæðu til að veita yður alvarlega áminningu fyrir að gefa ofangreinda tilkynningu út og skapa þannig óviðunandi ástand í öllu áætlunarflugi innanlands."

Undir þetta bréf rita ég ásamt Ólafi S. Valdimarssyni ráðuneytisstjóra í samgrn.

Samkvæmt þessu er fyrra bréf, sem fyrirspyrjandi gerði að umræðuefni, tekið aftur. Fyrirspyrjandi spurði hvaða ástæður lægju að baki útgáfu þessa bréfs. Um þær veit ég ekki gjörla aðrar en þær að flugmálastjórn á í fjárhagserfiðleikum. Ég hafði trú á því að þeir erfiðleikar mundu leysast að verulegu leyti á næstu dögum, og ég hafði sagt flugmálastjóra það í gær síðast að að þessu væri unnið og fjárlaga- og hagsýslustofnun hefði fengið það mál í sínar hendur, og við höfum rætt ítarlega hvað eftir annað saman, ég og fjmrh.

Önnur fsp. hv. þm., hvort ríkisstj. hefði fjallað um þetta mál. Eðlilega ekki, því þetta hefur ekki komið til hennar kasta. Þá spurði hv. þm. hvort samgrh. gæti staðfest að ekki yrði skerðing á þessum samgöngum. Ég get staðfest það að ég mun vinna að því að haldið verði uppi eðlilegum samgöngum við landsbyggðina. Og ef grípa þarf til einhverrar skerðingar eða samdráttar í starfsemi flugmálastjórnar þá get ég leyft mér að benda flugmálastjórn á ýmsar aðrar leiðir handhægari og nærtækari en að loka velflestum flugvöllum úti á landi. Að beina verkefninu eingöngu í þá átt tel ég vægast sagt fyrir neðan allar hellur.

Mér koma þessi viðbrögð flugmálastjóra ákaflega á óvart. Ég hef átt við hann samstarf frá því að ég tók við ráðherraembætti samgrh. í lok maímánaðar og á milli okkar hefur verið ágæt samstaða og samvinna. Við höfum mjög oft rætt saman, þó ekki sé lengri tími liðinn, og náð góðri samvinnu. Þetta kemur mér svo á óvart að ég er miklu meira undrandi en reiður yfir þessum tiltektum. Ég vona að svona tiltektir verði ekki endurteknar, hvorki af þessum embættismanni eða öðrum. Menn verða að reyna að ræða saman um erfiðleika, sem við blasa á hverjum tíma, og reyna að finna lausn á þeim en ekki að búa til einhverja hasarmynd í sjónvarpi, útvarpi og fjölmiðlum. Það er ekki til þess fallið að leysa hin ýmsu vandræði sem að steðja í þjóðfélaginu hverju sinni.

Samgrn. hefur gefið út eftirfarandi fréttatilkynningu nú um hádegið:

„Vegna tilkynningar, sem flugmálastjóri gaf út 31. okt. s. l. um ráðstafanir vegna rekstrarfjárskorts flugmálastjórnarinnar, svo og fréttar um sama efni í sjónvarpinu í gærkveldi vill rn. taka eftirfarandi fram:

Í okt. s. l. átti flugmálastjóri viðræður við samgrh. og fjmrh. um rekstrarfjárvanda flugmálastjórnar. Í framhaldi af viðræðum var fjárlaga- og hagsýslustofnun falið að leita lausnar á þessum fjárhagsvanda og hefur hún unnið að því að undanförnu.

Aðgerðir flugmálastjóra koma því rn. algerlega í opna skjöldu og voru ekki tilkynntar því fyrr en eftir að þær tóku gildi. Barst þannig bréf um þær frá flugmálastjóra ekki til samgrh. fyrr en í morgun. Rn. gaf flugmálastjóra strax í morgun fyrirmæli um að draga aðgerðir sínar til baka, enda var þá þegar að skapast óviðunandi ástand í áætlunarflugi innanlands.

Í framhaldi af þeirri lausn, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin vinnur nú að samkv. framansögðu á fjárhagsvanda flugmálastjórnar á þessu ári, hefur orðið samkomulag um það milli samgrh. og fjmrh. að gerð verði úttekt á fjármálum og starfsemi stofnunarinnar."

Að síðustu vil ég taka fram að það mundi ég síðast gera sem samgrh. að standa að því að stöðva eðlilegar samgöngur til byggðarlaga úti um landið. Þá væri ég ekki trúr því byggðarlagi sem ég er fæddur og uppalinn í og hef lengst átt samleið með og öllum öðrum byggðarlögum sem líkt er ástatt um hvað samgöngur snertir.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir hans svör og yfirlýsingar hér, sem ég tel vera ótvíræðar og skilmerkilegar af hans hálfu, í sambandi við stöðu þessa máls og framhald. Ég tók eftir því að hann hét því að vinna að því að leysa þessi mál þannig að ekki þyrfti að koma til neinnar skerðingar á flugi innanlands nú og á næstunni. Það er auðvitað það sem mestu skiptir í þessu máli. Ég hlýt að taka undir það sem fram kom í hans máli, að lýsa undrun á þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð, eins og þau blasa við úr hans frásögn, af hálfu embættismanna. Ég skildi það svo að það hefði verið síðast í gær sem þeir

hefðu mælst við, hæstv. ráðh. og flugmálastjóri, án þess þó að þetta ástand, sem var að skapast og flugmálastjóri hafði gefið út fyrirmæli um, bæri þar á góma.

Varðandi þær reglur sem mótaðar höfðu verið af flugmálastjóra og ég nefndi hér aðeins í upphafi máls míns áðan er það að segja að þær bera ekki vott um mikinn skilning á hag landsbyggðarinnar og þeirra byggðarlaga sem erfiðast eiga samgöngulega og sum hver byggja samgöngur sínar og farþegaflutninga eingöngu á flugi. Sá árekstur sem hér hefur orðið milli flugmálastjórnar og rn. verður væntanlega víti til varnaðar og nokkur trygging fyrir því að menn eigi að bera sig saman um svo þýðingarmikil mál áður en gripið er til óyndisúrræða, þó ekki sé nema í tilkynningarformi, eins og hér var gert af hálfu flugmálastjórnar. Við hljótum að treysta því að þetta mál sé til lykta leitt með þeim yfirlýsingum hæstv. ráðh. sem hér hafa fram komið og eðlilegar flugsamgöngur innanlands á þessum vetri séu tryggðar, að svo miklu leyti sem menn fá við það ráðið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hugsa að oft hafi verið rædd mál hér utan dagskrár á Alþingi, sem hafa haft minni áhrif en sú tilkynning flugmálastjóra sem hér er til umr. hefur haft á þau landssvæði sem fyrst og fremst og raunar eingöngu byggja samgöngur á þessum tíma árs á flugvélum.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það er fáheyrður atburður að slík ákvörðun sem hér um ræðir, sem hefur í för með sér gífurlegar afleiðingar, skuli vera send út án þess að viðkomandi rn. eða ráðh. hafi um það vitneskju. Slíkt hygg ég vera fáheyrð vinnubrögð og vissulega ber að víta slíkt, að embættismaður skuli geta leyft sér að gefa út slíka tilkynningu án þess að hafa á nokkurn hátt samband við viðkomandi ráðh. yfir málaflokknum.

Það vill svo til að ég vissi nokkuð um þetta mál. Þannig var ástatt í gær, eftir að ekki hafði verið flogið til Vestfjarða í tvo daga að Arnarflugsvél flaug á Súgandafjörð og skilaði þar af sér farþegum. En þá hafði komið það mikil snjóföl á völlinn að hún treysti sér ekki til þess að fara í loftið nema tóm, án þess að ruddur yrði flugvöllur. Það var haft samband við hæstv. samgrh. og ég stóð í þeirri meiningu — hæstv. ráðh. leiðréttir það þá hér á eftir ef það er ekki rétt — en ég stóð í þeirri meiningu eftir það samtal við flugmálastjóra að málið væri leyst, og lítillega grunar mig að flugmálastjóri hafi ekki tekið mark á munnlegri fyrirskipan hæstv. ráðh. Ég vildi gjarnan fá það upplýst hvort hæstv. samgrh. hefur ekki í þessu símtali við flugmálastjóra í gær gefið fyrirskipun um það að afturkallað yrði þetta bann sem um var rætt. Ég hygg svo vera en vil ekki um það fullyrða. Hæstv. ráðh. getur að sjálfsögðu upplýst það.

Ekki síst varðandi landshluta eins og t. d. Vestfirði, sem einvörðungu byggja á flugsamgöngum á þessum tíma árs, er full ástæða til að mótmæla slíkum vinnubrögðum af hálfu embættismanna ríkisins. Því að auk þess sem slík ákvörðun hefur truflandi áhrif á samgöngur hefur hún sálræn áhrif á það fólk sem hér á hlut að máli. Og ekki bæta blaðamenn eða fjölmiðlar þar úr. Í Dagblaðinu í dag er á öftustu síðu frásögn þar sem um þetta mál er fjallað, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Innanlandsflug mun lamast næstu daga og hugsanlega alveg stöðvast á næstu vikum vegna stórfellds niðurskurðar sem flugmálastjóri hefur boðað vegna fjárskorts flugmálastjórnar.

Þegar í morgun höfðu skapast vandræði. Ekki var hægt að fljúga til Patreksfjarðar, þrátt fyrir gott flugveður, þar sem snjó hafði ekki verið rutt af flugbrautinni. Ef ekkert verður gert mun Patreksfjarðarflugvöllur ekki opnast fyrr en með vorinu.

Svipað mun verða uppi á tengingnum með aðra flugvelli landsins, nema þá sem flugmálastjórn hefur eigin snjóruðningstæki á.“

Hér er því sem sagt slegið fram að líklegt sé að sú tilkynning sem út var gefin af hálfu flugmálastjórnar í gær standi til vors. (**JHB:** Var þetta ekki rétt frétt?) Nei, þetta er röng frétt, því það var vitað, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að slíkt mundi auðvitað aldrei líðast þó að þessi embættismaður ætti í hlut. En kannske er hv. þm. búinn að gleyma samgöngumálum vestra. Ég treysti mér enn til að taka þm. í tíma og leiðbeina honum þar um. Nóg um það. En það er ástæða til að spyrja í þessu sambandi og það skulu vera mín lokaorð: Er það flugmálastjóri einn sem stendur að þessari ákvörðun eða er það flugmálastjórn sem heild? Mér finnst það skipta nokkru máli hvort hér er um að ræða ákvörðun flugmálastjóra eins eða hvort hér er um að ræða ákvörðun allrar flugmálastjórnar, þannig að hún standi á bak við slíka tilkynningu flugmálastjóra.

Ef hæstv. ráðh. veit um það, þá vildi ég gjarnan fá upplýst með hvaða hætti það er.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 3. þm. Vestf. Ég hafði ekki hugmynd um það í gær að þetta bréf hefði verið skrifað. Ég hélt að um væri að ræða þetta eina afmarkaða dæmi eða atvik, stöðvun flugvélar á Súgandafirði, þegar ég ræddi við flugmálastjóra hér í síma úr þinghúsinu. Þá minnti hann aftur á fjármálavandann og ég sagði honum að það mál væri til afgreiðslu og hann sagði þá aftur að hann vildi fá það skriflegt að það væri að leysast. Ég sagðist ekki senda bréf héðan úr þinghúsinu, það mundi verða tekið fyrir í morgun, en þá lá þetta fyrir, svo að ég er búinn að svara því með öðrum hætti eins og fram hefur komið. Mér er ekki kunnugt um að flugmálastjórn, sem heitir flugráð, hafi fjallað neitt um þetta bréf flugmálastjóra. Hins vegar fullyrði ég ekkert um það fyrr en ég hef talað við formann flugráðs. En ég veit ekki til þess og finnst það mjög ólíklegt að flugráð hafi fjallað um þetta, enda kemur það fram í bréfinu að þetta er bréf og ákvörðun flugmálastjóra.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 11). — Frh. 1. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þetta mál hefur nú hlotið slíka umræðu að ræður okkar, sem höfðum þær undirbúnar, eru orðnar allgamlar þegar þær eru fluttar. En það verður að treysta því að þær haldi enn þá gildi sínu og því skal nú ræðan, sem átti að flytjast fyrir hálfum mánuði eða þrem vikum, haldin.

Herra forseti. Það hefur löngum verið leikur stjórnmálamanna, sem ráða ekki við rekstur þjóðfélagsins, að vefja staðreyndir um stöðu þjóðarbúsins í þéttan vef blekkinganna. Menn eru upplýstir um að staða þess sé góð eða slæm án þess að sú staða sé í nokkru samhengi

við stöðu heimilanna í landinu. Þessir menn ræða um þjóðarbúið eins og það sé fyrirtæki sem þeir reka án þess að það komi lífi almennings í landinu hið minnsta við. Sannleikurinn er auðvitað allur annar. Staða þjóðarbúsins er staða okkar, sem í landinu lifum, og sé um eitthvert réttlæti að ræða á að vera beint samhengi milli stöðu heimilanna og stöðu þjóðarbúsins.

Við höfum nú séð hvað hæstv. ríkisstj. Steingríms Hermannssonar hefur gert á þeirri tíð sem hún hefur verið við völd. Hún hóf feril sinn með því að afnema rétt verkafólks til að semja um kjör sín til 1. febr. 1984 og skerða hann verulega til maíloka 1985. Það hefur verið sagt hér oft, þó að full ástæða sé til að segja það enn, að slíkt afnám samningsréttar er gróf árás á þau mannréttindi sem talin eru meginforsenda lýðræðisþjóðfélags. Og mánuðum saman fékk Alþingi Íslendinga ekki tækifæri til að mótmæla þessari svívirðu. En menn hljóta að hugga sig við að þeir réttu hér upp hendur, 60 að tölu, til stuðnings við pólsku þjóðina, sem varð fyrir því hinu sama, að fá ekki að semja um kjör sín sjálf.

Það er nú sýnilegt að kaupmáttur launa hefur minnkað um rúmlega 30% þegar líður á haustið án þess að nokkuð annað komi í staðinn. Hver einasta launafjölskylda í landinu stendur nú frammi fyrir alvarlegum fjárhagserfiðleikum og vart annað í augsýn en að fjöldi fólks missi heimili sín. Stjórnvöld keppast við að lýsa efnahagsvandanum, sem allir verði að axla, en engin tilraun er gerð til þess að greina hann. Vissulega hafa þjóðartekjur rýrnað nokkuð, en sú rýrnun er í engu samhengi við þær grófu kjaraskerðingar sem gerðar hafa verið og skal það nú skýrt að nokkru.

Vestrænar þjóðir hafa um árabil orðið fyrir meiri efnahagsáföllum en um langt skeið, með stöðnun, verðbólgu og atvinnuleysi í kjölfar þeirra. Á sama tíma hækkaði útflutningsverð íslenskra afurða, þó að lítils háttar rýrnun yrði á viðskiptakjörum. Það var ekki fyrr en árið 1982, sem afli minnkaði og aflaverð rýrnaði verulega, svo að það ár verður að teljast hið versta um langt skeið. Íslendingar sluppu þannig nokkurn veginn við þá kreppu sem hefur verið í löndunum í kringum okkur í mörg ár. Nú eru horfur á að ástandið skáni í þessum löndum og þar með viðskiptakjör íslenskrar útflutningsverslunar. Ísland hefur því ekki farið verr út úr þessari kreppu vestrænna þjóða en svo, að það er eina landið þar sem full atvinna hefur haldist, en á sama tíma eru milljónir manna atvinnulausar allt í kringum okkur. Íslensk kreppa er þannig stórlega orðum aukin og það er þess vegna úr öllu samhengi að skerða kjör landsmanna nú um 30%, eða öllu heldur launamanna, því auðvitað bera þeir einir skerðinguna.

Fyrrverandi hæstv. ríkisstj. skildi ekki þannig við að til þessa þyrfti að koma. Staða markaðsmála gefur heldur ekki ástæðu til svo mikillar kjaraskerðingar og afli hefur ekki minnkað að þessu marki. Þessi skerðing er því úr öllu samhengi við þjóðartekjur. Þetta verða menn að skilja. Hin eiginlega ástæða fyrir efnahagsvanda Íslendinga er að okkur hefur ekki tekist að komast frá hráefnasölu til þess að framleiða fullunna vöru. Við seljum fiskinn beint upp úr sjónum og dýrmæta íslenska orku gefum við út úr höndunum á okkur. Hráefnasala er ævinlega lítt arðbær þegar til lengdar lætur og það er enginn vafi á því að fullvinnsla sjávarafurða er forsenda fyrir stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Á sama tíma og fyrirtækin selja afurðirnar í formi hráefnis er fjárfesting hömlulaus og vanhugsuð. Nú er svo komið að launakostnaður fyrirtækjanna er orðinn lægri en kostnaður vegna framkvæmda, þ. e. fjármagnskostnaðurinn. Enda hafa laun verið skert meira hér en í nokkru öðru Vesturlandanna á sama tíma. Þetta bið ég hv. þm. að hlusta vel á.

Fyrirtækin lenda í greiðsluþroti með þessar vanhugsuðu og stjórnlausu framkvæmdir og nægi sjóðir landsmanna ekki til þess að borga brúsann er auðvitað gengið á launin þeirra. Ég vil í þessu sambandi minna menn aðeins á umr., sem hér fór fram á síðasta þingi, þegar rætt var um skiptingu gengismunar, sem í ljós kom að enginn vissi nákvæmlega hver yrði, því að hann hoppaði á nokkrum dögum úr 80 millj. upp í 230 millj., enda: Á hverju voru þær upplýsingar byggðar? Af 200 fyrirtækjum, sem hæstv. þáverandi sjútvrh. hafði beðið að segja sannleikann um stöðu fyrirtækjanna, af þeim 200 sem voru sendir spurningalistar þóknaðist 50 að svara. Þess vegna hlaut ég að spyrja héðan úr ræðustól: Hvaðan eru þessar upplýsingar fengnar um óseldar birgðir í landinu? Nægja svör 50 fyrirtækja af 200? Ég held nefnilega að margumrædd staða fyrirtækjanna og afkoma sé stundum meira en vafasöm og ill til að byggja á efnahagsaðgerðir. Við þekkjum öll fyrirtæki sem hafa langan lista af gagnslausum ættingjum á launaskrá sem aldrei líta inn í fyrirtækið. Þetta er svo fólkið í landinu látið borga.

En láglaunasvæði heimins, eins og Ísland er að verða, er auðvitað draumur auðhringanna. Það er engin tilviljun að þau líta landið hýru auga. Ódýr vinnukraftur og ódýr orka gefa mikinn gróða í þeirra vasa, sem síðan er fluttur úr landi og svikinn undan skatti. Jafnvel þó að Alusuisse væri staðið að verki við að meðhöndla íslensku þjóðina eins og heimsvaldasinnar meðhöndla vanþróaðar þjóðir þriðja heimsins er stjórnvöldum nú meira í mun að ná sér niðri á Hjörleifi Guttormssyni, gera góðlátlegt grín að honum og skensa hann í sjónvarpsþáttum, en að reisa við heiður þjóðar og þings. Og þetta þarf engum að koma á óvart. Þessi sömu stjórnvöld hafa alltaf verið reiðubúin að selja landið og auðlindir þess í hendur útlendinga, hvort sem er til atvinnureksturs eða hernaðar. Og vitanlega er það hugsuð stefna. Við, sem ekki kjósum þá leið, vitum jafnvel og þau að með því að lækka launin í landinu fyrir erlend fyrirtæki er hægt að ná stöðugra verðlagi og stöðugra gengi. Því minni sem tilkostnaður fyrirtækjanna er, því minni er þörf á gengisbreytingum vegna útflutningsins. Þetta vita allir.

Það er því vafalaust auðveldasta leiðin til lækkunar verðbólgu að selja ódýran vinnukraft, sem auk þess er betur menntaður en víðast hvar annars staðar, og ódýra orku erlendum auðhringum, til þess að svokölluð staða þjóðarbúsins batni. En við höfnum þeirri leið, Alþb.-menn, því að við vitum að hún er ekki til þess fallin að bæta kjör landsmanna. Hún er bara til að bæta kjör þjóðarbúsins þeirra. Staðreyndirnar blasa við. Stór hluti þeirra erlendu skulda sem við glímum nú við að greiða eru til komnar vegna orkuöflunar, sem erlendir auðhringar nýta langt undir framleiðslukostnaði, svo að virkjanir okkar eru með öllu óarðbærar og verða það um langan aldur. Og þið skuluð gera ykkur ljóst, góðir þm., — og landsmenn allir, að það eru þeir, lands-

menn, sem greiða mismuninn. Í hvert einasta skipti sem við greiðum rafmagnsreikninginn okkar er stór hluti af honum greiðsla fyrir Alusuisse en ekki okkar eigin notkun. Það er nefnilega ekki bara bankakerfið og skrifstofubáknið sem eru óarðbær. Í þessum tilvikum eru orkubúin það líka.

Á sama tíma og stjórnvöld tala um hættulega miklar erlendar skuldir hefur verið tekin skóflustunga að nýrri flugstöð á Keflavíkurflugvelli, þessu forgangsverkefni fyrir þjóðarbúið þeirra. Íslenska ríkið hikar ekki við að taka erlent lán á næsta ári að upphæð 100 millj. kr. Allt í allt sýnist mér að það verði að taka lán upp á 700 millj. kr. sem framlag Íslendinga í þessa flugstöð. Hafa menn hugsað um hvað sú upphæð felur í sér? Fyrir 700 millj. kr. mætti leggja varanlegt slitlag á allan hringveginn og alla aðalvegi til bæja og kauptúna landsins. En það liggur meira á flugstöð. Víst þarf einhvern tíma að byggja hæfilega stóra flugstöð. En hingað til hafa menn komist leiðar sinnar án stórvandræða. Var þetta verkefni forgangsverkefni í samgöngumálum þjóðarinnar á meðan flestir flugvellir landsins eru lífshættulegir vegna lélegs frágangs? Og hér í dag er svo rætt um það að nú stendur til að moka þá bara alls ekki og fella meira eða minna niður flugsamgöngur út til byggða landsins. En það er mesti munur fyrir okkur sem þurfum að streyma í gegnum flugstöðina á Keflavíkurflugvelli að hún verði byggð!

Nei, þetta verkefni, flugstöðin á Keflavíkurflugvelli, var ekki forgangsverkefni og það vita stjórnvöld mætavel, enda var þessi ákvörðun ekki tekin af Íslendingum sjálfum heldur af Bandaríkjastjórn, ríkisstjórn erlends stórveldis. Það er nú svo komið fyrir okkur – og koma Pólverjar nú enn upp í hugann. Á sama tíma er framkvæmdafé til heilbrigðismála um 100 millj. kr. eða það sama og lagt verður á næsta ári í flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Og 700 millj. eru ámóta tala og 17 ára framlag til flugvallarmála í þessu landi, eins og það hefur verið. Í þetta fer kjaraskerðing landsmanna, í flugstöð á Keflavíkurflugvelli, í höll yfir Seðlabankann, höll fyrir hégómlega embættismenn sem fá að ráðskast með fé landsmanna eins og þeim sýnist. Og mætti nefna ótal viðlíka þarflegar framkvæmdir. Því að þörfina fyrir framkvæmdir á að meta á einungis einn hátt, að þær komi landsmönnum að gagni. Það gera þessar framkvæmdir ekki og þess vegna eru þær óarðbærar. En fyrir þetta eiga landsmenn að herða sultarólina. Hvers vegna una menn þessu svo? Hvers vegna mótmælir ekki hver einasti launþegi í landinu þessum aðgerðum? Skýringin er vafalítið sú að það hefur tekist að rugla dómgreind launþega með þeim yfirburðum í fréttaflutningi sem valdhafar hafa. Menn verða að gera sér ljóst að í fréttum er staða þjóðarbúsins ævinlega rædd frá sjónarmiði atvinnurekenda og valdhafa en ekki frá sjónarmiði launþega eða heimila landsins. Verkalýðshreyfingin hefur ekki þau ítök í þessum stofnunum, blöðum, útvarpi og sjónvarpi sem atvinnurekendur og valdhafar hafa. Raunveruleikinn í þjóðfélaginu kemur alls ekki fram í fréttum.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson hélt hér jómfrúrræðu sína fyrir reyndar mörgum dögum, viku eða hálfum mánuði. Og hann ræddi auðvitað mjög um að fyrirtækin yrðu að vera arðbær. Ég er alveg sammála þm., nema að því leyti að ég er hrædd um að hann skilgreini það að vera arðbær dálítið öðruvísi en ég geri. Ég er ansi hrædd um að hann telji að það fyrirtæki sé arðbært sem vegna lágra launa til þeirra manna sem auðinn framleiða græði. Spurningin snýst nefnilega um það — fyrir hvern eru atvinnuvegir landsmanna arðbærir? En ég sé nú að hv. þm. er ekki viðstaddur svo ég er ekkert að hella mér yfir hann. Auk þess er svo langt síðan hv. þm. talaði að ég er auðvitað búin að gleyma því sem hann sagði, en ég man að ég var mjög ósammála.

En svo er nú komið að þúsundir framfærenda landsins hafa hvorki í sig né á vegna þess að laun manna á Íslandi eru undir því lágmarki sem til þess þarf. Það ætti að vera sjálfsögð launastefna að hver einasti einstaklingur hafi þau laun sem hann getur lifað af. Því fer nú fjarri, m. a. vegna þess að beinlínis er gert ráð fyrir að tveir einstaklingar vinni fyrir fjölskyldu. Raunveruleikinn er hins vegar allur annar. Um 6000 íslensk börn búa hjá öðru foreldri, í langflestum tilvikum mæðrum sínum, sem vitanlega eru flestar láglaunakonur, og þessar fjölskyldur geta engan veginn dregið fram lífið af þessum launum. Biðraðir við félagsmálastofnanir landsins tala sínu máli um ástandið á þessum heimilum.

Það getur vel verið að Steingrími Hermannssyni og ráðherrum hans sé meira í mun að sjá fallegar verðbólgutölur í árslok en að þessi 6000 börn hafi sómasamlegt viðurværi og raunar mörg þúsund önnur börn láglaunafólks. En nokkuð er ég viss um að hvorki verða tölur hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar eins fallegar og hann heldur nú né afkoma þessara barna bærileg í árslok.

Það má vel vera að svo sé búið að heilaþvo menn og slæva vitund þeirra um eigið gildi með afflutningi staðreynda að menn láti sér þetta í léttu rúmi liggja. Það kom enda í ljós, þegar undirskriftir undir mótmæli verkalýðshreyfingarinnar lágu fyrir, að allt of fáir launþegar höfðu tekið þátt í undirskriftasöfnuninni.

Því hefur linnulaust verið haldið fram að síðasta ríkisstj. hafi stundað sams konar kjaraskerðingar. Og menn hafa gert gys að félagsmálapökkunum. Þeir hafa að vísu fengið nýja merkingu nú hina allra síðustu daga þegar í ljós kom að félagsmálapakki hefur sýnt sig frá hinni nýju ríkisstj. til ráðh. hennar. Slíkar yfirlýsingar eru vísvitandi ósannindi. En það er eins og vant er þegar stjórnmálamenn tala saman, það er enginn að hirða um sannleikann, menn eru að pexa í þessari kappræðu karlaveldisins sem er endalaust haldið hér uppi. Það er nefnilega stórhættulegt að trúa slíkum yfirlýsingum. Félagsmálapakkarnir — í hverju fólust þeir, hvað fólst í þeim? Fæðingarorlof og almannatryggingabætur verulega bættar, atvinnuleysisbætur fyrir alla launþega án tillits til tekna maka, úrbætur í málefnum fatlaðra, þroskaheftra, aldraðra, meðlagsgreiðslur strax við fæðingu barns, sem konur urðu áður að berjast fyrir kannske mánuðum saman — og árum saman jafnvel, lífeyrir sjómanna við 60 ára aldur, úrbætur í málefnum hinna öldruðu, fjöldi nýrra stofnana fyrir þá o. s. frv., o. s. frv. Allt eru þetta kjarabætur í beinhörðum peningum fyrir þúsundir fjölskyldna í landinu. Og víst er að menn kunna að finna fyrir því verði framlög til þessara mála skert eins og nú horfir.

Ég skal nú stytta mál mitt, herra forseti. En ég vil aðeins leggja áherslu á að það er ekkert eins hættulegt þjóðfélaginu í heild, sjálfu lýðræðinu í landinu eins og að launþegar verði sinnulausir um hvernig farið er með arðinn af vinnu þeirra og rétt þeirra til að semja um

það. Auðvitað er sjálfsvirðing og vitund hins vinnandi manns forsenda fyrir sjálfstæðu og fullvalda ríki. Að þessu sinnuleysi er markvisst unnið með því að halda staðreyndum frá fólki, en þess í stað er það matað á ósönnum áróðri. Þessar aðferðir eru kunnar í mannkynssögunni allri. Með þeim er alið á vanmetakennd hins almenna manns og ótrú hans á að hann eigi nokkurn möguleika á að hafa áhrif á eigið líf og lífsafkomu. Þegar svo er komið er hætta á að íslenskir launamenn verði fyrr en varir leiguliðar erlendra auðvaldsafla.

Góðir þm. Íslendingar eru rík þjóð. Ég vil enn taka undir það að ég er sammála hæstv. fjmrh. sem sagði svo hér í gær. Og hér er betur og meira unnið en víðast hvar annars staðar. Samt hefur orðið hér meiri kjaraskerðing en í nokkru öðru landi í Evrópu, þó að þar ríki raunverulegt kreppuástand. Menn ættu að hugleiða hvort þeir hafa skilið þetta samhengi milli þjóðartekna og þess sem þeir bera sjálfir úr býtum. Ég held að það ætti að vera hlutverk hv. alþm. að reyna að upplýsa fólk um það, fólkið í þessu landi, heldur en að halda áfram að jagast hér um hrein ósannindi eins og verulega hefur átt sér stað í þeirri umr. sem hér hefur farið fram.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Gunnar G. Schram: Hæstv. forseti. Hér í deild hefur undanfarna daga staðið löng umr. um brbl. ríkisstj. um launamál sem hér liggja nú fyrir til staðfestingar. Það er orðin löng umr. eins og ég sagði og ég ætla mér ekki að lengja hana úr hófi fram en vildi þó segja nokkur orð um þau atriði þessa máls sem ég tel að mestu máli skipti.

Þegar núv. ríkisstj. tók við stjórnartaumunum í maílok var öllum ljóst að gera varð róttækar ráðstafanir í íslensku efnahagslífi. Um það voru allir flokkar sammála og á það lögðu þeir allir megináherslu í kosningabaráttunni. Einn flokkurinn sem nú er í stjórnarandstöðu gekk m. a. s. svo langt að lýsa því yfir að gera þyrfti sérstaka neyðaráætlun til fjögurra ára til þess að koma þjóðarskútunni aftur á réttan kjöl. Sú till. olli nokkru fjaðrafoki og gagnrýni af hálfu stjórnarandstöðunnar sem þá var, þegar hún kom fram, en ég held að hún hafi falið í sér raunhæft mat á því hvernig ástandið var orðið, enda sett fram af þeim mönnum sem einna best var kunnugt um ástand þjóðmála þá eftir langa, áralanga setu í ríkisstj.

Um markmiðin voru á þeim tíma, í kosningabaráttunni hér í vor, allir flokkar sammála. Deilan stendur hins vegar um það hvort þær ráðstafanir sem gripið var til í sumarbyrjun hafi reynst líklegar til þess að ná árangri og hvort lagt hafi verið í of mikinn fórnarkostnað við framkvæmd þeirra. Hér er meginspurningin sú hvort unnt hefði verið að vinna bug á verðbólgunni án þess að taka vísitöluna úr sambandi og skerða kjör launþega í landinu í verulegum mæli um nokkurt skeið.

Við þessari spurningu gaf ríkisstj. sitt svar og það svar þekkja menn. Hún taldi ekki annarra kosta völ en að fara þá leið sem þetta frv. ber með sér. Þar er um að ræða leið sem aðrar þjóðir hafa farið og þar hefur borið góðan árangur þótt við mun minni erfiðleika væri að etja en hér á landi. Má þar minna sérstaklega á aðgerðir Dana á síðasta ári og þær ráðstafanir sem ríkisstjórn Noregs og Hollands hafa einnig gripið til við svipaðar kringumstæður.

Þegar þessi úrræði sæta nú harðri gagnrýni er ekki nema eðlilegt að spurt sé hvaða aðrar leiðir komu til greina sem árangri hefðu náð í sama mæli. Og þá er eðlilegt að spurt sé: Hvar voru úrræði og tillögur stjórnarandstöðunnar núv. um lausn þessa mikla vanda? Þau úrræði sáu aldrei dagsins ljós, engin samstaða var um lausn vandans, engar ábendingar um heildarlausn vanda íslensks efnahagslífs sem að gagni mættu koma. Ég vil taka það fram að það var ekki vegna þess að góðan vilja skorti, um hann held ég að þurfi ekki að efast, hann var fyrir hendi, en það var einfaldlega það að samstaða náðist ekki um aðgerðir. Og þar af leiðandi var það aðgerðaleysið sem uppi stóð.

Það er auðvelt verk að gagnrýna en sú gagnrýni verður ekki ýkja trúverðug þegar hún kemur frá þeim stjórnmálaflokkum sem sjálfir höfðu setið í þrjú ár við völd en enga lausn þó fundið út úr ógöngunum, eins og ég vék hér að. Þegar menn reyna að vega það og meta hvort ráðstafanir ríkisstj. nú í efnahagsmálum hafi verið skynsamlegar eða óskynsamlegar er óhjákvæmilegt í því sambandi að líta á það hvern árangur þær hafa borið. Að vísu eru ekki nema fimm mánuðir liðnir síðan þeim var fyrst ýtt úr vör og það er ekki langur tími til árangurs í jafnviðamiklum og erfiðum málum. Engu að síður er fróðlegt að sjá hverju hefur fengist áorkað á þessum stutta tíma sem liðinn er.

Lítið fyrst á verðbólguna sem er mál allra mála í þessum umr. og í stjórnmálaumræðu í þjóðfélaginu á liðnum mánuðum og reyndar misserum. Allir flokkar hafa lýst yfir því að meginmarkmið þeirra sé að koma verðbólgunni á kné þar sem hún sé óumdeilanlega mesti böl valdurinn í íslensku efnahagslífi. Í upphafi sumars var, eins og öllum er kunnugt, árshraði hennar rúmlega 130%. Nú er sambærileg tala 100 prósentustigum lægri. Hér er um svo mikil umskipti að ræða að jafnvel áköfustu fylgismenn stjórnarflokkanna, ríkisstj., hefðu látið segja sér þau tvisvar á liðnu vori. Nokkru áður höfðu verkalýðssamtökin sent frá sér ályktun þar sem áhersla var lögð á að meginverkefnið væri að draga úr verðbólgunni. Ég minni í því sambandi á ályktun sambandsstjórnar Verkamannasambands Íslands, sem gerð var hér á síðasta vetri, 22. febr. Með leyfi herra forseta stendur þar orðrétt:

„Sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands telur að sú mikla verðbólga sem geisar í íslensku þjóðfélagi ógni atvinnuöryggi allrar alþýðu í landinu og telur það augljósa hagsmuni alls verkafólks að með sameiginlegu átaki takist þjóðinni að færa verðbólguna niður þannig að hún verði ekki meiri en hjá öðrum nálægum þjóðum."

Hér er mjög skynsamlega mælt. Og ekki mundi ég vilja mæla gegn einu einasta orði í þessari ályktun. Hér er tekið karlmannlega og viturlega á kjarna málsins. Þessa ályktun Verkamannasambandsins frá því í febr. í vetur túlkaði síðan forseti ASÍ, Ásmundur Stefánsson, í fjölmiðlum, m. a. í sjónvarpsumræðum á þá lund að fyrir hver tíu stig sem verðbólgan lækkaði mætti meta þann áfanga sem tveggja vísitölustiga kjarabót. Það var hans mat og ég hygg að hér sé kannske ekkert of í lagt þó vitanlega geti menn alltaf haft mismunandi skoðanir á því hvernig eigi að meta árangurinn í baráttunni við verðbólguna í tölum. En tvö stig fyrir hverja tíu verðbólgustiga minnkun. Þetta er mjög athyglisverð

niðurstaða.

En mér hefur heyrst í þessum umr., sem eru nú orðnar langar og kannske dálítið leiðinlegar, um þetta mál hér í deild að menn hafi sumir hverjir gleymt þessari ályktun og þeim merka boðskap sem í henni fólst og felst, því hún hefur ekki verið höfð hér mjög á oddi. En vitanlega er inntak hennar jafnrétt nú eins og á nýbyrjuðu vori, um það þarf enginn að efast.

Í öðru lagi voru menn almennt sammála um það fyrir hálfu ári að stórfellt atvinnuleysi vofði yfir, ef ekki væri gripið til nýrra ráðstafana í efnahagsmálum, og slíkar ráðstafanir voru gerðar. Afleiðing efnahagsráðstafananna er sú að tekist hefur — a. m. k. enn sem komið er, hvað sem verða mun síðar á vetrinum — að halda fullri atvinnu í þjóðfélaginu þrátt fyrir verulegan aflabrest og samdrátt á ýmsum sviðum. Efnahagsráðstafanir hafa því ekki leitt til atvinnuleysis, svo sem haldið var fram, heldur þvert á móti komið í veg fyrir það. Þær hafa styrkt íslenskt atvinnulíf, svo sem glögglega hefur verið undirstrikað af forustumönnum atvinnuveganna, nú síðast íslensks iðnaðar í ræðu formanns Landssambands ísl. iðnaðarmanna, en ársþing þess var haldið nú fyrir rúmlega viku. Og þá kom þetta mat formannsins glöggt fram. Þáttur í því dæmi er að um gengisfellingar hefur ekki verið að ræða á tímabilinu, fyrir utan þá sem framkvæmd var í upphafi, svo að hækkanir á verði innfluttrar vöru, sem áður voru daglegt brauð, eru nú að mestu úr sögunni.

Í þriðja lagi skulum við líta á vextina. Þeir hafa nú lækkað um 10% á einum mánuði, eða u. þ. b. um fjórðung. Þetta er ekki aðeins meginmál fyrir alla húsbyggjendur í landinu, heldur einnig fyrir atvinnureksturinn almennt, eins og alkunna er, sem undan vaxtabyrðunum var að sligast. Því verður ekki með rökum mótt mælt að hér er um verulegan árangur að ræða á þessu stutta tímabili og í fyrsta sinn um langt árabil sem vextir lækka í stað þess að hækka óðfluga.

Í fjórða lagi eru það húsnæðismálin, sem nátengd eru vaxtamálunum, eins og öllum er ljóst. Allir flokkar landsins voru um það sammála að þar þyrfti að gera stórátak, eins og ástandið var þar orðið, svo grátt sem verðbólgan hafði leikið húsbyggjendur þessa lands og raunar alla þá, hvort sem þeir voru að byggja eða kaupa sér húsnæði. Það átak hefur nú þegar verið gert sem allir flokkar ræddu um fyrir kosningar. Það kemur til framkvæmda nú um áramótin þegar húsnæðislánin hækka um 50%. Og það er kannske rétt að undirstrika það hér að með því er framkvæmt meira í einum áfanga en Sjálfstfl. hafði lofað fyrir kosningar, og tala menn samt gjarnan um gylliboð og kosningaloforð. Sú hækkun lánanna auk vaxtalækkunarinnar gerir fjölmörgum húsbyggjendum nú loksins kleift að komast klakklaust út úr myrkviði húsnæðisskulda á sæmilega lygnan sjó.

Í fimmta lagi er rétt að líta á viðskiptahallann. Hann var 11% á síðasta ári og hafði þá aldrei verið slíkur í allri sögu þjóðarinnar. Nú liggur fyrir að á þessu ári mun hann ekki verða nema um fjórðungur af þeirri tölu, eða 2—2.5%. Hér hefur því blaðinu algjörlega verið snúið við, þótt efnahagsráðstafanirnar taki ekki gildi fyrr en á miðju ári.

Í sjötta lagi má nefna hina erlendu skuldasöfnun sem að hluta til átti sér stað vegna hins gífurlega viðskiptahalla. Þær skuldir jafngilda nú 60% af þjóðarframleiðslunni, sem margoft hefur verið tekið fram hér í þessum umr. og eins í umr. um fjárlögin og þarf ekki að hafa mörg orð um hve þar er teflt á tæpasta vaðið. Hluti af efnahagsráðstöfunum ríkisstj. er að stöðva þessar erlendu skuldaaukningar svo sem fjárlagafrv. ber glöggt með sér. Blandast nokkrum hugur um það að það er rétt ákvörðun hjá fjmrh. og mönnum hans og ríkisstj.-flokkunum og raunar óhjákvæmileg ef við eigum ekki að gerast bónbjargarþjóð? Ég held að sú stefna verði ekki gagnrýnd með nokkrum rökum þótt að kosti að hægja verður á fjárfestingarferðinni í bili.

Síðasta atriðið sem ég vildi hér nefna eru skattamálin. Ár frá ári hafa bæði beinir og óbeinir skattar hækkað hér á landi og ríkið tekið æ meira í sinn hlut úr vösum einstaklinga og fyrirtækja. Í fyrsta sinn um langt árabil er nú snúið við á þeirri braut. Á síðasta ári runnu 30.2% af þjóðartekjunum til ríkisins í formi skatta og annarra álaga, en á næsta ári lækkar sú tala og hún lækkar í fyrsta sinn um mjög langt árabil niður í 26.8%. Hér er því um mikil og tímabær umskipti að ræða. Þau umskipti eru í fullu samræmi við þá yfirlýsingu stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. að skattar og tollar, sem nú leggjast með miklum þunga á ýmsar nauðsynjavörur, verði lækkaðir. Á næsta ári munu því skatttekjur ríkisins lækka um 3.4% miðað við þjóðartekjur, en það er hlutfallslækkun sem svarar til 2.2 milljarða kr. frá fyrra ári, og er það engin smávegis upphæð eins og sjá má. Frá því að ríkisstj. tók við völdum hafa ýmsir skattar og tollar verið alls lækkaðir á því stutta tímabili um 600—700 millj. kr.

Af öllum sköttum fer það ekki milli mála að tekjuskatturinn er skatta ranglátastur. Hann er fyrst og fremst launamannaskattur. Tekjuskatturinn og aðrir beinir skattar voru í sumar lækkaðir með ráðstöfunum ríkisstj., m. a. með því að barnabætur og persónuafsláttur voru hækkuð. Þetta leiddi til þess að tekjuskattur einstaklinga hækkaði aðeins um 39.8% milli áranna 1982 og 1983, en á því tímabili hækkuðu laun hins vegar um 59%.

Svigrúm til algers afnáms tekjuskattsins á almennum launatekjum er hins vegar ekki fyrir hendi á þessu ári, en hann þarf að lækka verulega með auknum persónuafslætti. Jafnframt því er nú unnið að breytingum á skattstiganum sem tryggja eiga að verðbólguhjöðnunin, sem vonandi heldur áfram, leiði ekki sjálfkrafa til skattaukningar, og svipaðar breytingar þarf vitanlega að gera við álagningu útsvars. Þar dugar ekki lengur að beita 12% skalanum, það þarf að lækka það a. m. k. niður í 9% til þess að mæta minnkandi verðbólgu og verðmeiri krónum, og þá tiltölulega hærri skattaútgjöldum miðað við óbreytta krónutölu.

Herra forseti. Ég hef hér að framan reynt að draga saman hverjir hafi verið helstu ávinningarnir af þeim efnahagsráðstöfunum sem ríkisstj. framkvæmdi fyrir fimm mánuðum. Þótt tíminn sé ekki langur hafa þeir verið verulegir og batamerkin eru óræk. Á hinn bóginn væri fásinna að neita því að þessar ráðstafanir hafa haft í för með sér verulega kjaraskerðingu fyrir launþega þessa lands. Og það er sá vandi sem nú er við að glíma. Sú skerðing ráðstöfunartekna nemur nú 13—18%. Í því sambandi er þó rétt að hafa í huga að á síðustu tveimur árum minnkuðu þjóðartekjurnar um 11% á mann. Öllum er ljóst að á milli kaupmáttar ráðstöfunartekna og þjóðartekna verður ekki til lengdar skilið og sú er líka hér raunin á.

En þótt almenn kjaraskerðing hafi verið óhjákvæmileg eins og málum var komið verða menn á næstunni að reyna þó að ná samstöðu um tvennt. Í fyrsta lagi að í kjölfar þessarar kjaraskerðingar hefjist uppbygging íslensks atvinnulífs á nýjum grunni og eftir nýjum leiðum, því að ný verðmætasköpun er forsenda bættra lífskjara. Það er hlutverk ríkisstj. að leiða þennan þátt efnhagsaðgerðanna sem ekki síður er mikilvægur en sá fyrsti. Ný fjárfestingarstefna, aðhald, sparnaður hjá ríkinu og uppstokkun núverandi kerfis skipta þar miklu, en ekki þó síður fullt samráð og samvinna við verkalýðshreyfinguna í landinu og samtök vinnuveitenda um nýja atvinnustefnu.

Hitt atriðið sem leysa þarf úr á næstunni er á hvern hátt unnt er að bæta kjör þeirra sem lægst eru launaðir í þjóðfélaginu og harðast hafa því orðið fyrir barðinu á kaupmáttarminnkuninni sem hér hefur átt sér stað. Undan því verkefni verður ekki vikist. En vandinn er þá sá að tryggja slíka lífskjarabót án þess að aðrir hópar fylgi þegar í stað í kjölfarið og ný verðbólguholskefla ríði yfir eins og dæmin hafa sýnt að átt hefur sér stað fyrr á árum. Í því efni gæti lækkun og afnám beinna skatta algjörlega á lágtekjum verið þungt á metunum.

Herra forseti. Í þessum umr. hefur það ekki farið fram hjá neinum að meginbroddur gagnrýninnar á efnahagsaðgerðir ríkisstj. hefur beinst að afnámi samningsréttarins um fimm mánaða skeið, frá 1. sept., þegar samningar voru lausir, eftir að þeim hafði verið sagt upp af launþegahreyfingunni frá þeim tíma til 1. febr. n. k. Aðrir þættir aðgerðanna hafa lítilli gagnrýni sætt miðað við þetta atriði. Ég vil taka undir það sjónarmið að afnám samningsréttarins var óyndisúrræði þótt sú aðgerð væri talin óhjákvæmileg meðan fyrstu áhrif efnhagsaðgerðanna voru að koma fram. Eins og ég sagði áðan hafa þær aðgerðir leitt nú þegar til mikils árangurs. Þess vegna eru viðhorfin í launa- og kjaramálum nú allt önnur en þau voru í upphafi tímabilsins. Það er skoðun mín þess vegna að það komi fyllilega til greina að afnema bannið við samningum við afgreiðslu þessara brbl. frá Alþingi.

Grundvallarreglan á að vera og hlýtur að vera sú að aðilar vinnumarkaðarins búi við frjálsan samningsrétt sín á milli. Í ljósi þess sýnist fyllilega koma til greina nú að heimila frjálsa samninga um kaup og kjör svo vinnuveitendur og launþegar geti þegar í stað sest niður við samningaborðið og hafið umfjöllun um þessi mál. Forsenda þess og grundvöllur er vitanlega sá að slíkir samningar verði ekki nýir sólstöðusamningar sem leiði nýja verðbólguholskeflu yfir þjóðfélagið. Sú hætta er að sjálfsögðu alltaf fyrir hendi. En ég hygg að launþegahreyfingunni í landinu sé nú ljóst að slíkir samningar þjóna engum tilgangi og fela ekki í sér neina kjarabót nema um örskamman tíma. Þessi breyting á brbl. mundi skapa grundvöll sátta og samvinnu við samtök launafólks í landinu við lausn þess mikla efnahagsvanda sem enn steðjar að. Eftir slíkum sáttum hefur verkalýðshreyfingin þegar óskað. Fram hjá því mikilvæga atriði er ekki skynsamlegt að líta við endanlega afgreiðslu þessa máls hér í deildinni. Og eru það mín lokaorð.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það vekur enga undrun að það frv. til l. um launamál sem hér er á dagskrá hleypi miklu fjöri í umr. Hér er vissulega verið að setja lög sem skerða frelsi í landinu. Þau voru sett á þeim tíma þegar meiri verðbólga var orðin á Íslandi en við höfum áður lifað. Og þau voru sett m. a. með það að markmiði að hægt væri að skapa þann grundvöll að gjaldmiðill þjóðarinnar næði þeirri stöðu að hægt væri að semja um kaup og kjör og miða við gjaldmiðilinn en ekki við ákveðið vísitölukerfi.

Ég tel að til þess að hægt sé að semja um kaup og kjör, þar sem miðað er við gjaldmiðil en ekki vísitölukerfi, verði verðlag að vera orðið nokkuð kyrrstætt og verðbólga fremur lítil. Því hefur verið haldið fram að sú undirskriftasöfnun sem átt hefur sér stað í landinu sanni það að svo stórir hópar þessa þjóðfélags séu andvígir þessum lögum að það sé nánast brot á öllum leikreglum lýðræðisins að fella þau ekki úr gildi nú þegar. Í þessu sambandi langar mig til með leyfi forseta, að vitna hér í rit eftir Símon Jóh. Ágústsson sem heitir Sálarfræði. Og því vitna ég í þetta rit að þeir menn sem harðast hafa áróðurinn rekið og telja að hér sé verið að vega að lýðræðinu hafa að mínu viti velflestir lesið það sem hér stendur og einnig gert sér grein fyrir sannleiksgildi þess. Þá hef ég lesturinn:

„Því miður gefa ýmsir skoðanakönnuðir þessum atriðum ekki nægilegan gaum. Og þau heimta aukið undirbúningsstarf, en vanræksla þessara atriða gerir niðurstöðu könnunarinnar óvissari en vera þætti.“ Þarna er verið að fjalla um frávik frá eðlilegum niðurstöðum. „Ef lítt hæfir menn framkvæma skoðanakönnunina gefur hún ranga hugmynd um almenningsálitið. Hliðstætt dæmi að nokkru eru hinir frægu undirskriftalistar sem áhugamenn um eitthvert málefni ganga með manna á milli. Fá þeir, sakir áhrifa sinna á menn, oftast miklu fleiri til að skrifa undir slík skjöl en þá sem nokkra skoðun eða sannfæringu hafa um málið. Stjórnmálamenn eru því með réttu tortryggnir á slíkar undirskriftasafnanir, því að víst er, að þær veita meira eða minna ranga hugmynd um almenningsálitið eins og það er í raun.“

Þetta eru þær félagsfræðilegu staðreyndir sem liggja fyrir varðandi undirskriftasöfnun eins og þá sem framkvæmd var. Og þeir sem fylgdust með undirskriftasöfnunum á fjölda vísu, eins og t. d. þegar herstöðvaandstæðingar efndu til hennar eða stuðningsmenn Varins lands, hljóta að gera sér grein fyrir því hvílíkur skrípaleikur er á ferðinni.

Ég vænti þess að Íslendingar reyni að vera vandaðri að meðölum en þeir hafa verið þegar þeir takast á í áróðri um jafnalvarlega hluti eins og þá sem hér eru til umr. Og ég hygg að stjórnarandstaðan verði að gefa á því einhverjar skýringar hvað það var sem hún raunverulega vildi fyrst hún telur að brjóta þurfi niður það sem gert hefur verið.

Ég vil vekja á því athygli að fyrir þessu þingi liggur frv. til laga um endurmat á störfum láglaunahópa. Ég hyggst að sjálfsögðu ekki ræða það mál efnislega undir þessum lið. En því eins er það flutt og því eins er það á dagskrá að það kerfi sem við höfum búið við hefur ekki tryggt það réttlæti í launamálum sem við vildum að væri í þessu landi.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég get því miður ekki boðið þingheimi upp á lestur fræðirita, eins og hv. 5. þm. Vestf. (**ÓÞÞ:** Ég skal lána þér bókina, Guðmundur minn.) Já. Það er ekki alveg spánýtt að hann tekur að sér kennslu hér og les þá títt úr

bókmenntum ýmiss konar. Og þá er hann skástur í málflutningi þegar hann les upp úr bókmenntum eða fræðiritum. Aftur á móti versna mjög gæðin í ræðuflutningi ef hann fer út fyrir lestur innan gæsalappa úr bókmenntum.

Hér hafa farið fram ítarlegar umr. um brbl. ríkisstj. og er nú ástæða til að tala í ca. þrjá klukkutíma þar um. Það væri kannske athyglisvert að minna á ræðu hv. 2. þm. Reykn. Gunnars Schram, sem að vísu lýsti stuðningi sínum efnislega við ráðstafanir ríkisstj. og taldi þeim margt til gildis, en endaði ræðu sína á því að leggja áherslu á hvort ekki væri athugandi fyrir ríkisstj. að lögin um afnám samningsréttarins væru tekin til endurskoðunar og hvort ekki væri sérstök ástæða, miðað við allt ástand í þjóðfélaginu, að taka þann þátt laganna til endurskoðunar og aflétta því banni sem er á frjálsum samningum. Þarna heyrist a. m. k. rödd eins þm. úr röðum stjórnarflokkanna sem fer ekki dult með þær skoðanir sínar að hann er í meginatriðum fylgjandi þessum lögum og telur árangur á ýmsum sviðum býsna góðan, en varar ríkisstj. jafnframt við að halda fast í að þessi ákvæði standi áfram hvað varðar afnám samningsréttarins. Og mættu nú ráðh. á hlýða.

Í öllu þessu tali, öllu þessu gífurlega talnaflóði til réttlætingar þessum lögum öllum, hefur alltaf komið upp sú röksemd, — kom alltaf upp, ég tala nú ekki um, þegar þessi lög voru í undirbúningi og myndun ríkisstj. o. s. frv., — að vísitölukerfið væri óhæft m. a. af þeim sökum að þar fengju allir prósentur á laun, þannig að sá sem er á hæstu laununum fengi prósentuhækkun en ekki krónuhækkun, þó að þetta væru jafnvel verðhækkanir á landbúnaðarafurðum, og það gæti verið þrefaldar, fjórfaldar, fimmfaldar bætur í vísitölu til þeirra sem væru á hæstu launum miðað við þá sem væru á lægstu launum.

Þetta gekk eins og rauður þráður í gegnum þennan málflutning allan. En svo litu þessi lög dagsins ljós. Þá var skyndilega gleymd kenningin um að prósentan væri ranglát. Allir fengu 8% kauphækkun — 10% í tryggingabætur sem er rétt að geta — og það er alveg sama hvort það var hæstaréttardómari eða einhver annar í efstu stigum, og er ósanngjarnt að vera að tilgreina einhvern sérstakan hóp, eða hvort það væru þeir lægstu. 8% gengu yfir línuna 1. júní. Nákvæmlega sama gerðist 1. okt. Þá var kvartað mjög um að það alvarlega í þessu máli væru kjör láglaunamanna, en þá komu 4% líka yfir alla línuna. Samræmið í þessum málflutningi er því náttúrlega hvergi til staðar og reyndist áróður einn.

En ef við lítum á hvernig þessi lög hafa virkað og þegar menn eru að tala um þá geysilegu jákvæðu virkan sem þau hafi haft, þá er nú fyrst því til að svara, að þegar rætt er um verðbólgu má reikna á misjafnan hátt. Ég er ansi hræddur um að þó að vísitalan sé tekin úr sambandi segi það í sjálfu sér ekki nema lítið um verðbólgu. Ef t. d. eru tekin útgjöld vísitölufjölskyldu og tekinn er 1. ágúst 1982 og það eru bara teknar vörur og þjónusta, þá hefur maður með lágmarkstekjutryggingu verið 294 stundir að vinna fyrir þeim útgjöldum í vísitölunni sem falla undir vörur og þjónustu. Síðan má sundurliða þetta. En 1. ágúst 1983 er hann 405 stundir 36 mínútur að vinna fyrir þessum sama lið vísitölunnar. Hann þarf að vinna 111 stundum og 30 mínútum lengur en hann þurfti árið áður. Ósköp er nú hætt við að maður, sem þarf að lengja vinnu sína um 111 stundir fyrir einföldustu vörum og þjónustu samkv. vísitöluútreikningi eða bara svo tekinn sé grundvöllur vísitölunnar sjálfrar, telji að verðbólga hafi lítið minnkað hvað snertir útgjöld á hans heimili. Og það væri hægt að sundurliða þetta ef í það væri farið. 1. ágúst 1982 er þessi sami aðili t. d. að vinna fyrir kjöti og kjötvörum 24 stundir og 24 mínútur. 1. ágúst 1983 — og hefur það nú hækkað drjúgt síðan 1982 — er hann að 34 stundir 24 mínútur. Hann er 10 vinnustundum lengur að vinna fyrir þessum eina lið vísitölunnar, sem eru kjöt og kjötvörur. Þetta má sjálfsagt færa undir minnkandi verðbólgu, en það er slík kjaraskerðing að það er í reynd gífurlega aukin verðbólga fyrir þann sem í hlut á.

Til eru þeir sem trúa því að þarna sé bara um bráðabirgðaráðstafanir að ræða og síðan munum við rétta okkur við og kaupmáttur rétta sig við. Þetta var sagt 1. júní og margir voru þeirrar skoðunar að þetta mundi vara aðeins skamma stund. Það er hægt að reikna út tekjur og gjöld á mismunandi hátt, en svo að farið sé eftir einföldustu og viðurkenndustu reglum, sem ekki eru umdeildar, þá er kaupmátturinn 1981 — þetta er miðað við kaupmátt kauptaxta — 101 stig. 1982 er hann 100 stig, og var nú almennt launafólk ekki ofhaldið af því. Árið 1983 er áætlað að hann verði að meðaltali 81%. Fyrsta ársfjórðunginn — þetta byrjar að hrapa áður en núv. ríkisstj. tekur við — er kaupmátturinn 91 stig, annan ársfjórðunginn er hann 84 stig, þriðja ársfjórðunginn 1983 er hann 77 stig og fjórða ársfjórðunginn 1983 er hann 74 stig. Ef haldið er nú í að spá og leita t. d. álits hagdeildar Alþýðusambands Íslands — hennar spádómar hafa reynst standast og það kaupmáttarstig sem gefið hefur verið upp hefur staðist ótrúlega vel — þá er spáð að á árinu 1984 verði kaupmátturinn fyrsta ársfjórðung 70 stig, annan ársfjórðung 69 stig, þriðja 66 og fjórða 64 stig. Þarna er því ekki um neinar bráðabirgðaráðstafanir að ræða. Þarna er um að ræða aðgerðir sem eru varanlegar aðgerðir, nema veruleg breyting verði á um að negla niður varanlega skerðingu á launum.

Það eru engir tilburðir uppi í þá átt sem hv. 2. þm. Reykn. var að fjalla um í sambandi við skattalækkanir á tekjuskatti t. d. Ég hygg nú að menn séu sammála yfirleitt, hvar í flokki sem þeir standa, um að sveitarfélög séu þannig stæð að ekki sé að vænta lækkana þaðan. Hins vegar er það rétt hjá 2. þm. Reykn. að tekjuskattur hefur oft verið kynntur sem skattur launamanna og ég held að þetta sé rétt og sér í lagi að tekjuskattsstiginn er í reynd orðinn hreint út sagt fáránlegur því að 50% regluna er búið að færa svo langt niður á tekjuskalanum að hún nær til almenns launafólks, sem engum dettur til hugar að séu raunverulegt hálaunafólk. Það er rétt hjá hv. þm. 2. þm. Reykn., að lagfæring á tekjuskattsstiganum gæti verið þáttur í kjarabótum, og skal því á engan hátt mótmælt og ekki standa á stuðningi við það, en hins vegar er um 28% hækkun að ræða á tekjuskatti einstaklinga miðað við síðasta ár, en lögð áhersla á að laun megi helst ekki hækka yfir 6%, og ég held að það sé gert ráð fyrir af fjárlaga- og hagsýslustofnun að þau fari alls ekki yfir 12—15%, svo að það er engin skattalækkun á leiðinni. Menn hafa sjálfsagt sín rök fyrir því, ég skal ekki deila um það.

En hvað er það raunverulega sem er að ske? Það sem raunverulega er að ske er ósköp einfalt. Kjör almennra launþega verða skert um tæp 30% á þessu ári án þess að

nokkuð sé gert hjá þeim sem eru á lægstu launum. Fyrirsjáanleg er veruleg skerðing á árinu 1984. Menn eru hér að tala um einhverjar bráðabirgðaráðstafanir. Hér eru engar bráðabirgðaráðstafanir á ferðinni. Hér er um aðgerðir að ræða sem, ef ekki verður gripið inn í annaðhvort af einstökum þm. innan stjórnarliðsins eða þá að ríkisstj. snúi eitthvað við á sínum brautum eða þá að henni hreinlega takist ekki að halda þessu í horfi, stefna í varanlega skerðingu. Svo er lögð áhersla á það, það er alltaf boðskapurinn, að ef einhver launahækkun verði sé árangurinn af aðgerðum um að færa niður verðbólguna að engu orðinn. Í sjálfu sér er þetta alger viðurkenning á því, sem haldið hefur verið fram, að aðgerðir til þess að færa niður verðbólgu byggjast fyrst og fremst á skertum kaupmætti og ef eitthvað er hresst upp á hann kemur verðbólgan upp aftur.

Það kom fram hér í ræðu að grípa yrði þarna inn í með hressilegri uppbyggingarstefnu og það mætti ekki byggja eingöngu á launum. Það hefur ekkert komið fram frá hæstv. ríkisstj. — kannske ræða á einhverjum hátíðarfundi eða fundum úti á landsbyggðinni — um aðgerðir sem yrðu til þess að slá á verðbólgu annað en halda niðri launum, enda er þá af nægu að taka í máli manna.

Það er réttilega bent á að þjóðarbúið eigi við alls konar erfiðleika að etja. Við skulum ekki vera að þrefa um staðreyndir. Það er rétt. Það eru alls konar erfiðleikar sem við eigum við að etja. Það er af Þjóðhagsstofnun áætlað að þjóðartekjur á mann muni á árinu verða um 9%. Það var sagt hér áðan 11%. Það má vel vera að þetta sé einhvers staðar á bilinu milli 9 og 11% og Þjóðhagsstofnun hafi eitthvað breytt sinni spá, en spáin er um 9% minnkandi þjóðartekjur, en kaupmátturinn lækki um 28%. Það sem ber á milli hagdeildar Alþýðusambandsins og Þjóðhagsstofnunar um kaupmáttarrýrnun — þarna miða ég við kaupmátt kauptaxta — er að Þjóðhagsstofnun gerir í sinni spá ráð fyrir að launaskrið verði einhvers staðar milli 4 og 6%. Launaskrið eru greiðslur umfram samninga. Það má vel vera að svo verði einhvers staðar í þjóðfélaginu. Hitt fullyrði ég, að á almennum vinnumarkaði hjá verkafólki er þessu ekki til að dreifa. Það má vel vera að það gerist í einhverjum sérstökum stofnunum, en það hefur hvergi verið skilgreint hjá Þjóðhagsstofnun. Þetta er það eina sem ber á milli hagdeildar Alþýðusambandsins og Þjóðhagsstofnunar, þ. e. þetta dularfulla launaskrið. Ég býst við að slíkt geti átt sér stað hjá sérfræðingum og sérstökum sérhæfðum stéttum, en ég fullyrði að hjá öllu almennu verkafólki hafa yfirborganir ekki aukist.

Raunverulega held ég að við séum í mjög alvarlegri hættu út af fleiru en þeirri skerðingu sem ég hef tilgreint hér. Svo hagar til og hefur gert um árabil á Íslandi — að nokkru leyti má leita skýringa til atvinnuhátta, veðurfars o. s. frv. — að vinnutími hér er lengri en tíðkast annars staðar. Það hefur komið fram hjá kjararannsóknanefnd og í hvers konar könnunum að tekjur t. d. verkamanna eru þetta 30—40% af yfirvinnu. Nú fer það að vísu eftir starfsgreinum. En ég fullyrði það og þykist tala þar af töluverðum kunnugleika, að í fjölda starfsgreina er vinnutími nú styttri. Hann hefur dregist saman, mjög mismunandi eftir starfsgreinum, en síðan á miðju sumri eða síðsumars hefur vinnutími almennt dregist saman. Þetta á sér stað bæði í sambandi við innflutning og þetta á sér líka stað í sambandi við minnkandi framkvæmdir á vegum ríkis, á vegum bæjarfélaga og munar svo á næsta ári samkv. fjárlögum. Svo er annað að deila um hvaða framkvæmdum beri að fresta o. s. frv. En allt mun þetta hafa þau áhrif að það dregur úr heildartekjum þegar yfirvinna er 30—40% af tekjum. Ég veit um nokkra vinnustaði þar sem yfirvinna hefur að nokkru leyti eða að mestu fallið niður og þeir sem til viðbótar dagvinnu hafa haft svona 30—40% — þetta er árstíðabundið eftir atvinnugreinum o. s. frv. — verða kannske með 10—20%. Þegar er komið til vandkvæða í þjóðfélaginu, það fjölgar nauðungaruppboðum, það er samdráttur í viðskiptum o. s. frv. Þegar það er farið að segja svona til sín eftir 5 mánuði, hvernig halda menn að það verði þá eftir 12 mánuði?

Raunverulega er þessi helstefna ríkisstj. ekki komin fram nema að sáralitlu leyti. Hún er þegar komin fram í upp undir 30% skerðingu. Og hún er þegar komin fram í ýmsum atvinnugreinum ekki öllum. Það er ekki um atvinnuleysi að ræða, það vil ég taka fram, en það er um minnkandi yfirvinnu að ræða og sú hefur verið regla á landi hér, eins og við höfum margtekið fram, að það almenna er 30—40% yfirvinna. (**Forseti:** Á hv. þm. langt eftir af ræðu sinni?) Já, svona upp undir tvo tíma. (**Forseti:** Hann getur haldið áfram til kl. 4, en þá verður fundi frestað.) Já, þá mun ég eiga eftir 1 tíma og 55 mínútur, en ég mun hlíta þeirri ákvörðun forseta.

Ég held að ef menn íhuga hvernig launauppbygging er á landi hér komi í ljós að hún er svo gerólík því sem er t. d. í nágrannalöndum okkar. Ef við bregðum okkur til nágrannalanda okkar, förum t. d. til Danmerkur, þá er verkamannakaup þar mjög svipað í dönskum krónum og verkamannakaup á Íslandi er í íslenskum krónum. Að vísu eru skattar þar miklu hærri, en hins vegar er þarna gífurlegur munur á kaupmætti fyrir unna klukkustund. Það sem heldur uppi kaupmætti á Íslandi með þessu lága kaupi er fyrst og fremst yfirvinnugreiðslan. Það hefur oft verið talað um að hækka dagvinnukaup.

Ég held að ef kaupmáttarskerðing yrði 30% á þessu ári og það drægi úr yfirvinnu og heildartekjum manna þar af leiðandi, þá hljóti að koma að því að áfram verði haldið á næsta ári, kannske ekki með sama hraða, en allar líkur á því að yfirvinna dragist mun meira saman. Hvert stefnir þá? Ég held að það fari ekki fram hjá nokkrum manni, sem vill viðurkenna einföldustu hluti og einföldustu staðreyndir, að það stefnir í hreint óefni. Það má vera að sú ríkisstj. sem ætlar að halda í og rígbinda sig við þessa stefnu í launa- og verðlagsmálum álíti að hún geti verið við völd lengi. En ákaflega held ég að hún verði orðin rúin trausti almenns launafólks ef hún heldur áfram á þann hátt sem hún hefur gert fram að þessu og ætlar sér að gera á næsta ári.

Ég mun síðar í ræðu minni gera grein fyrir ýmsum fleiri þáttum, en ef t. d. teknar eru breytingar á launum og breytingar á verðlagi og við tökum 1. júlí 1982 og 1. ágúst 1983, þá hafa laun hækkað um 58%, en verðlag hefur hækkað um 109%. Nú ber hins vegar að tala hagfræðilega. Verðbólgan er á niðurleið, segja menn. Laun hækka um 58%, verðlag um 109%. Ég held að svona kenningar, þó að enginn sé að gera lítið úr afleiðingum verðbólgu, dæmi sig sjálfar. Rösklega helmingi hærri verðlagshækkanir en kauphækkanir hljóta að hafa sín áhrif og segja til sín.

Það er talað um að lánskjaravísitalan hafi lækkað að

undanförnu. Rétt er það. En lánskjaravísitala á árinu 1983 rauk ekki aðeins upp fyrri hluta ársins, heldur hefur hún ætt upp með miklu meiri hraða í allt sumar. Menn eru að hrósa sér af því að þeir hafi náð að nokkru niður lánskjaravísitölu, sem þeir með sínum eigin aðgerðum eru búnir að keyra upp úr öllu valdi.

Ég mun nú hlýða forseta og gera hlé á máli mínu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég skal draga mál mitt mjög saman, þó að ærin ástæða væri til að tala í tvo tíma til viðbótar eins og ég hafði uppi í tali mínu áðan.

Ég hef rakið það hér að framan, að kjaraskerðing mun liggja einhvers staðar á bilinu 28—30% um áramót. Ég hef fært að því mjög sterkar líkur að kjaraskerðing muni á árinu 1984 verða 10 til 20%. Ég hef fært að því ákaflega sterkar líkur líka, þó að þar geti að vísu ýmislegt óvænt spilað inn í á báðar hliðar, að það sé útlit á minnkandi vinnu og þar af leiðandi verulegum tekjumissi hjá almennu verkafólki. Ég hef líka fært rök að því, að engar ráðstafanir hafa verið gerðar sem rétta hlut þess fólks sem býr við hvað lægst laun í landinu. Og ég hef fært rök að því, að þegar sé ákveðin kreppa að skella á hjá því fólki og það sé verulega farið að þrengja að því, og þegar farið sé að þrengja að því á þann hátt að veruleg hætta er á að menn missi íbúðir sínar o. s. frv. og verulegur samdráttur verði eftir fimm mánaða veru hv. ríkisstj., þá verði ástandið orðið skuggalegt eftir 12 mánaða veru hennar að öllu óbreyttu.

Barátta hæstv. ríkisstj. gegn verðbólgunni hefur verið bann við kjarasamningum. Það hefur verið lagt bann við verðbótum og verkafólk hefur jafnframt verið aðvarað, ef því hefur ekki beinlínis verið hótað, að ef það semdi ekki eins og ríkisstj. væri þóknanlegt mundi hún gera sínar ráðstafanir. Verðhækkanir hafa verið hömlulausar og aldrei magnaðri en síðan ríkisstj. tók við, þó heldur sé farið að lægja þeim ósköpum öllum, á sama tíma og hún hrósar sér af að verðbólga hafi dottið niður. Hún hefur sennilega aldrei verið meiri en á fyrstu þremur valdamánuðum núv. ríkisstj. Ég held að það sé óþarfi að vera að ítreka þessar staðreyndir öllu meira. Ég vil hins vegar ítreka áskorun mína, sem fleiri hafa tekið hér undir, að ríkisstj. gefi nú samningsréttinn frjálsan að nýju og svipti ekki launþega svona hlutum sem hafa verið taldir til almennustu mannréttinda. Og ég vil líka ítreka fyrri ummæli mín hér, að ég tel að það séu möguleikar á bráðabirgðasamkomulagi þar sem fyrst og fremst væri tryggt að þeir sem væru með lægst laun fengju einhverjar úrbætur.

Ég skal vera fyrstur maður til að viðurkenna að þarna er við ákveðna erfiðleika að etja, ef það kemur einhver ákveðin kauphækkun að hún gangi ekki í prósentutölu upp allan stigann eins og var í lögum núv. ríkisstj. Ég held að innan verkalýðshreyfingarinnar, þó að ég geti ekki mælt fyrir hönd hennar allrar, sé ákaflega sterkur vilji til þess að ná bráðabirgðasamkomulagi um þetta fólk sem hefur tæplega 11 þús. kr. kauptryggingu og býr við minnkandi yfirvinnu, í sumum tilvikum enga, öðrum tilfellum einhvern kaupauka sem í ýmsum tilfellum fer líka minnkandi, — að það verði samið við þetta fólk um leiðréttingu mála.

Ef ríkisstj. ætlar sér af einhverjum metnaði að standa fast gegn þessum kröfum þá spái ég því að það sé verst fyrir hana sjálfa. Ég held að hún sé þar að stífla ákveðið fljót sem eigi eftir að sprengja sér farveg. Og ég held að það sé rétt hjá hv. 2. þm. Reykn. að sé einhver möguleiki á að taka höndum saman til að mæta ákveðnum erfiðleikum í þessu þjóðfélagi þá eigi að gera það í samvinnu og ákveðnu samkomulagi, en ekki með lögum og valdboði eða þeim þjösnaskap sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur sýnt. Ég held að öll hennar pólitík stefni á ógæfuhlið, kalli á ófrið í þjóðfélaginu og ég er hræddur um að í kjölfar þess ófriðar muni margt reynast brothætt í þessu þjóðfélagi, þ. á m. ráðherrastólar. Ég held að hæstv. ráðh. ættu nú að leggja það til í sínum þingflokkum til að byrja með að samningsrétturinn væri gefinn frjáls. Allt þetta tal þeirra um frelsi hefði þá einhverja undirstöðu.

Ég vil sem sagt ítreka þá kröfu að samningsrétturinn verði gefinn frjáls og ég vil ítreka þann möguleika að gert verði bráðabirgðasamkomulag sem tryggir þeim sem lægst laun hafa einhverjar úrbætur án þess að það næði yfir allan launastigann. Þráist ríkisstj. við þetta þá getur hún engan sakað um nema sjálfa sig.

Umr. frestað.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frv. 13. mál (þskj. 13). — Frh. 1. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., leiðir hugann að því kerfi sem við höfum búið við í launaákvarðanatöku. Það má segja sem svo að það hefur nánast verið bannað að ræða þau mál án þess að eiga á hættu að fá það yfir sig að hver og einn sem vildi deila á það kerfi ætti ekki á öðru von en að hann fengi yfir sig gusu — nánast af fúkyrðum — frá þeim aðilum sem hafa litið svo á að umr. um vinnumálalöggjöfina í landinu tilheyrðu þeim einum.

Það hafa komið fram hugmyndir hér í þinginu um að það þurfi að auka lýðræði í verkalýðsfélögunum með hlutfallskosningum. Við erum búnir að horfa á það alllengi að það hefur verið talið sjálfsagt í þessu landi að hafa hlutfallskosningar í sveitarstjórnunum og til Alþingis en þegar kemur að verkalýðsfélögunum þá skal 51% blífa og hinir settir út í kuldann algerlega. Hvað með kjörskrár áður en kosningar eiga sér stað? Er þá nóg að segja á elleftu stundu þegar búið er að stilla upp: Þessi maður er ekki búinn að borga sitt félagsgjald og hann er ekki hafður með? Hvar er lýðræðið í verkalýðsfélögunum? Það hlýtur að vera fyrsta spurningin sem vaknar. (**GJG:** Þeir gera það hjá samvinnufélögum líka.) Hv. 7. þm. Reykv. var að tala þegar fundi var slitið seinast og hóf umr. á þessum fundi en fyrir einhver mistök þá hefur hann ekki verið búinn að biðja um orðið nægilega tímanlega til að vera enn í pontunni þegar þetta mál er rætt og það eru að sjálfsögðu hans mistök. En ég vænti þess að þó hann vilji gjarnan komast að strax með fúkyrði þá bíði hann.

Það er nefnilega staðreynd að verkalýðshreyfingin hefur ekki tryggt þann launajöfnuð sem þarf að vera í þessu landi. Aðalárangrinum í raunverulegum launajöfnuði, þ. e. lífskjarajöfnuði, í landinu höfum við komið fram í gegnum Alþingi Íslendinga og tvímælalaust hefur húsnæðismálakerfið verið stærsti liðurinn í að koma á jöfnun lífskjara í landinu. Ýmsir liðir aðrir, eins og t. d. dagheimili, hljóta að vera grundvallaratriði

ef einstæðir foreldrar eiga að hafa möguleika á að taka þátt í atvinnustarfsemi í landinu; þetta sér hver heilvita maður. Ég verð að segja eins og er að ég er hlynntur þessu frv. sem hér liggur fyrir. Ég fagna því að það hefur verið borið fram og ég vona að það fái samþykki þannig að á grundvelli þess verði hægt að opna hér í þinginu umr. um skynsamlegri skipan þeirra mála sem hefur verið talað um fyrst og fremst undir slagorðunum frjálsir samningar.

Ég minnist þess að við lásum í gamla daga í enskubókinni hans Boga frásögnina af frelsinu. Það var maður sem labbaði eftir götunni og sveiflaði staf í kringum sig og með þessu tiltæki þá lamdi hann annan mann í höfuðið. Sá, sem varð fyrir högginu, gerði athugasemdir og ætlaðist til breyttra vinnubragða af þessum sem sveiflaði stafnum en sá, sem var með stafinn, svaraði:

Ég er frjáls maður og má gera það sem ég vil. Hinn kvað upp úr með það: Þar sem nefið á mér byrjar endar þitt frelsi.

Og við höfum horft á það að fámennir þrýstihópar þessa lands, mjög fámennir, hafa undir kjörorðinu frjálsir samningar haft aðstöðu til þess að hrifsa miklu meira til sín af gæðum þjóðfélagsins en verjandi er. Forusta Alþýðusambands Íslands hefur aldrei haft kjark til að raða niður gæðunum eftir eðlilegu hlutfalli á milli atvinnustétta í þjóðfélaginu; hún hefur aldrei haft kjark til þess. Hún hefur ekki talið að það væri í sínum verkahring. Hún hefur nánast haldið því fram að það gæti ekki átt sér stað að kauphækkun hjá einum væri kauplækkun hjá öðrum; samt er það svo í reynd. Og ef við höldum áfram að taka fyrir vald þrýstihópanna þá hefur það nýjasta sem við munum eftir, t. d. úr tíð seinustu ríkisstjórnar verið það þegar ungir læknar tóku sig til og skipulögðu fjöldauppsagnir og höfðu í hótunum við ráðherra ef hann auglýsti þessar stöður sem þeir vildu nú ekki gegna. (**Gripið fram í:** Hver lét þá undan?) Sá, sem átti að stjórna hernaðinum fyrir þáv. heilbrrh., er nú orðinn starfsmaður hjá 7. þm. Reykv. þannig að ég veit ekki hvort hann hefur litið svo á að hann hafi látið undan, öllu heldur að hann hafi stýrt málunum til þess sem hann vildi að niðurstaðan yrði. (**Gripið fram í:** Var það þá ekki ríkisstjórnin?) Ég hygg að þegar menn ræða hér um láglaunahópa þá blasi það við að við höfum ekki náð þeim jöfnuði í tekjuskiptingu á milli manna sem eðlilegt er og hver sanngjarn maður mundi skrifa undir; við höfum ekki náð þessu markmiði. Og það hlýtur að vera eðlilegt að samfélagið reyni með einhverju móti að koma í veg fyrir það að frelsið verði misnotað til þess að troða á þeim sem minnst mega sín.

Ég vil vekja athygli á því að þegar Alþýðusamband Íslands réð til sín starfsmann og það komu fregnir um það að hann hefði fimmföld verkamannalaun þá var sagt að þetta væri bara vitleysa en því var haldið sem algeru hernaðarleyndarmáli hvaða kaup væri greitt. (**KP:** Hver var sá?) Það er undarlegt hvað hv. 3. þm. Vestf. hefur gert lítið að því að lesa blöðin á þessu tímabili. (**KP:** Hver var maðurinn?) Ég tel að hann gæti gjarnan notað helgina til að kynna sér þetta ef það er ekki eins og mig grunar að hann viti hlutina þó hann spyrji. (**Gripið fram í:** Veit þm. það ekki?) Það er einnig undarlegt í þessu sambandi ... (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) .. að menn skuli láta sér detta það í hug að halda slíkum hlutum leyndum fyrir meðlimum félaganna. Það finnst mér alveg furðulegt. Þessi maður getur kannað launakjör allra félaganna í gegnum gögn sem hann hefur undir höndum en hinn almenni félagsmaður er ekki metinn þess að fá að vita um hvað var samið. Er þetta rétt? Er þetta hinn nýi tími eða er þetta dæmið um félaga Napóleon sem við sáum í snilldarlegri sjónvarpskvikmynd núna ekki alls fyrir löngu?

Mér er það ljóst að sumir menn telja að það sé allt í lagi á þessum vígstöðvum, þar verði engu breytt til betri vegar, þar sé fullkomleikinn uppmálaður. Og mér er það ljóst líka að þeir telja að það sé ákaflega þægilegt að viðhalda því kerfi, sem verið hefur, til að halda þar völdum. Ég hygg að það sé rétt metið að núverandi kerfi henti þeim ágætlega til að halda þar völdum. En það er staðreynd að það hefur leitt til þess að stórir hópar þjóðfélagsins hafa orðið undir og þeirra störf eru gersamlega vanmetin.

Ég hygg að það sé einnig rétt sem kom fram í ræðu framsögumanns að vissar starfsstéttir hafa fengið þann stimpil að þær séu kvennastéttir og þess vegna hafi laun þar orðið lægri en þau hefðu orðið ef um blandaðar stéttir hefði verið að ræða. Ég hygg að þetta sé rétt og í ljósi þess er það vafalaust eitt af því sem þarf að skoða mjög rækilega hvernig er hægt að opna lokuðustu stéttarfélögin — hvernig er hægt að opna þau. Og ég átta mig á því að þar hafa verið byggðir ansi myndarlegir múrar. Sumir eru menntamúrar, aðrir múrar hafa byggst á öðrum hlutum, aðstöðu til að ná fram lögum sem tryggja takmörkun í stéttunum.

En ég ætla ekki að halda hér uppi svo löngum málflutningi að það verði til að tefja það að þetta mál komist til n. Það eina, sem ég hefði talið að þyrfti að meta mjög ákveðið, er hvort ekki væri rétt að breyta því sem hér er lagt til, varðandi 6. gr. Ég hygg að það sé ekki óeðlilegt undir þessum kringumstæðum að þessi kostnaður greiðist úr ríkissjóði því mér sýnist að starfið allt sé jákvætt í þeim tilgangi að taka ákvörðun um nýja vinnumálalöggjöf sem tryggi meira réttlæti en er í dag í launakjörum í þessu landi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég harma það hvað það eru fáir hér til að hlusta á umr. um þetta mál en mig langar til þess að biðja þm. að íhuga vel erindi þessa frv. og langar að fylgja því úr hlaði með nokkrum athugasemdum.

Hér er um að ræða mannréttindamál sem barist hefur verið fyrir allt frá því að konur fóru að selja vinnu sína. En vitað er að konur eru langstærsti hluti láglaunahópa. Og ég spyr: Hvers vegna? Af þeim athugunum, sem gerðar hafa verið á vinnu kvenna og karla bæði hérlendis og á Norðurlöndum, kemur í ljós að síðan konur fóru að selja vinnu sína hafa þær allar götur frá miðöldum a. m. k. og til dagsins í dag fengið allt að helmingi lægri laun en karlar fyrir sömu vinnu. Og ég spyr aftur: Hvers vegna? Hverjar eru réttlætingarnar fyrir því og hver er rökfærslan? Og til að undirstrika að þetta er vandamál okkar tíma en ekki aðeins aftan úr forneskju eða miðöldum eins og ætla mætti vil ég geta þess að það var ekki fyrr en árið 1949 að Hannibal Valdimarsson flutti frv. á Alþingi um algert jafnrétti kvenna og karla. Þar er innifalin grein sem ég vitna til, með leyfi forseta:

„Konum skulu greidd sömu laun og körlum við hvers

konar embætti, störf og sýslanir, hvort sem er í þjónustu hins opinbera eða í þjónustu atvinnulífsins."

Árið 1949 var ég 8 ára gömul og ég vissi ekki að konur fengu ekki sömu laun og karlar fyrir sömu vinnu. Ég vissi ekki t. d. að dæmi um launamisrétti þá var að karlar fengu 50 kr. fyrir að syngja við jarðarfarir en konur bara 30 kr. Ég vissi ekki heldur að þetta frv. var ekki samþykkt. Það hvarflaði aldrei að mér þá að ég ætti ekki rétt á því að fá sömu laun og bróðir minn fyrir sömu vinnu. Og ég var að lesa umfjöllunina sem þetta frv. fékk á sínum tíma þegar ég var 8 ára gömul og ég dáðist að því hvað mér fannst Hannibal Valdimarsson framúrstefnulegur maður og nútímalegur. Og hann segir í sinni umr. ef ég má vitna til þess, með leyfi forseta:

„En þar sem skórinn kreppir allra mest að, er á hinu fjárhagslega sviði, en á því sviði hafa konur langt frá því jafnrétti við karla. Það kann sumum að finnast, að það sé ekki svo mikið. En það var ekki mikið annað, sem á skorti hjá Íslendingum í viðskiptunum við Dani en að okkur skorti fjárhagslegt sjálfstæði, og er þeir höfðu fengið það, var eins og allt leystist hér úr læðingi. Á sama hátt er ég sannfærður um, að mörg öfl mundu losna úr læðingi hjá konunum, ef þær fengju fullt fjárhagslegt sjálfstæði. Danir áttu erfitt með að skilja, að þetta stæði okkur fyrir þrifum, og nú eru til karlmenn, sem skilja ekki, að þetta er nauðsynlegt fyrir kvenfólkið."

Þetta var 1949.

En það voru nefnilega karlmenn sem skildu ekki eða þóttust ekki skilja að þetta væri nauðsynlegt fyrir kvenfólkið og þeir samþykktu ekki frv. eða felldu það reyndar vegna þess að það væri svo flókið að samþykkja það. Það væru svo mörg lög sem þyrfti að gá í og laga, það yrði að flytja svo mörg frumvörp til þess að það væri hægt að laga þetta og það væri betra að setja það í nefnd eða jafnvel senda það til stjórnarinnar. Og þá sagði flm., ef ég má vitna aftur til þess, með leyfi forseta, þegar þessi málalok urðu:

„Ég er þess vegna hræddur um, að þeir, sem leggja til, að þessu máli verði vísað til stj., búi því þar gröf í næstu þrjú eða fjögur ár, þó að þeir telji sig vini málsins. Ég verð að segja það, að hefði málið fjallað um hlutafélög, þá hefði hæstv. þm. Barð. ekki talið það svo óvíst og óljóst, að vísa yrði því til stj. Og mér er nær að halda, að ef það hefði fjallað um skuldir og innheimtu, þá hefði lögfræðingurinn í n., hv. þm. Seyðf. kunnað skil á því, og ef það hefði fjallað um kýr, hefði hv. þm. N-M. talið sig vita það mikið, að hann hefði ekki lagt til, að því væri vísað til stj. En þetta mál, sem fjallar um konur, er svo undarlegt, að jafnvel lögfræðingurinn stendur ráðþrota. Ég held, að þeir viti meira en þeir vilja vera láta, að minnsta kosti lögfræðingurinn." Og síðan stendur „... að frv. fer ekki fram á annað en að konur fái jafnan þegnrétt á við karlmenn."

Síðan er málið fellt. Og fjmrh. Jóhann Jósefsson segir og gerir grein fyrir sínu atkvæði, ef ég má vitna aftur til þessa, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Mér finnst nú, að þótt mörg mál hafi verið kölluð krypplingar, hafi ekkert verið það jafnmikið og þetta. Ég treysti mér ekki til að setja þennan kryppling á og segi því nei."

(Gripið fram í: Hver var þetta?) Jóhann Jósefsson hét hann.

Mig langaði bara til að lesa þetta vegna þess að þetta er raunverulega sama vandamálið í dag, bara með svolítið öðrum formerkjum. En þetta virkar eitthvað svo forneskjulegt þegar maður les það — þessi viðbrögð.

Árið 1973 þegar ég var orðin 32ja ára gömul þá eru loks samþykkt lög um Jafnlaunaráð þar sem farið er fram á sömu laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf. Þó höfðum við Íslendingar löngu áður gengist undir alþjóðasamþykkt um sama efni. En hvernig er farið að því að meta störf? Hvaða verðmæti eru lögð til grundvallar? Meginstarf kvenna hefur verið við uppeldi og umönnun inni á heimilum sínum. Það starf er ólaunað og ekki metið til starfsreynslu á hinum almenna vinnumarkaði, utan alveg nýlega til tveggja ára starfsreynslu eða þriggja hjá Sókn. En einungis við ræstingar eða störf sem eru beint framhald af heimilisstörfum. Og ég spyr enn: Hvers vegna?

Mig langar að segja ykkur litla sögu um roskna konu sem sótti um vinnu á hóteli við ræstingu og við það að búa um rúm. Hún byrjaði auðvitað á byrjunarlaunum en eftir þrjá mánuði bað hún hikandi og óframfærin um svolitla launahækkun. „Jú," svaraði ungi maðurinn sem var verkstjóri hennar, „þegar þú ert búin að fá meiri starfsreynslu." — „Já, en ég hef búið um rúm í 30 ár," sagði þá konan.

Undir hvaða högg var hún að sækja? Mundi smiður, sem unnið hefði heima hjá sér við smíðar fyrir sig og aðra í 30 ár, sætta sig við byrjunarlaun þegar hann kæmi út á hinn almenna vinnumarkað?

Og hvert er svo ástandið í dag 34 árum eftir að frv. fyrrv. þm. Hannibals Valdimarssonar var felldt? Og tíu árum eftir að lög um jafnlaunaráð voru samþykkt ? Samkvæmt könnun Jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar 1981 voru konur 72% þeirra sem vinna ófaglærð störf á vinnumarkaði. En karlar eru í þessum lægst launaða hópi þjóðfélagsins aðeins 28%. Hvernig stendur á því að konur eru hér í yfirgnæfandi meirihluta? Hvers vegna lenda konur áfram og ævinlega í láglaunahópum þrátt fyrir endurtekna launasamninga — og ég spyr: Hver gleymir þeim?

Og þetta er ekkert séríslenskt fyrirbæri því að í skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá 1980 kemur í ljós að konur eru um helmingur jarðarbúa og kemur það engum á óvart. En þær eru ⅓ hluti þeirra sem hafa á höndum launuð störf. Þó þær vinni í raun ⅔ hluta allra vinnustunda, sem unnar eru í heiminum, þá fá þær ekki nema 1/10 hluta af þeim launum sem greidd eru. Og þær eiga minna en 1% af eignum jarðarinnar. Þarna hafa margir gleymst!

Markmið þessa frv. er að fá svör við þessum spurningum. Markmið frv. er einnig að fá fram skilgreiningu á því hvað er láglaunahópur. Þetta er hugtak sem mönnum er mjög tamt og er beinlínis notað sem viðmiðun í stefnumótun í efnhagsmálum. Þetta var svo áberandi í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor. Samt virtist enginn vita nákvæmlega hvar slíkur hópur byrjaði og hvar hann endaði. Hvað þetta hugtak felur í sér nákvæmlega. Um hve stóran hóp er að ræða, hvernig hann er samansettur eða hver kjör hans raunverulega eru.

Getur nokkur þm. hér verið á móti því að fá úr því skorið um hvað er verið að tala þegar rætt er um láglaunahóp? Það væri skref í þá átt að bæta kjör hans.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka þær góðu undirtektir sem þetta frv. hefur fengið. Sérstaklega vil ég þakka hæstv. félmrh. góðar undirtektir við þetta mál. Ef marka má undirtektir við þetta mál leyfi ég mér að vona að þetta verði ekki eitt af þessum frv., sem verði svæfð í nefnd, og vænti stuðnings við að þetta mál verði samþykkt á þessu þingi.

Ég harma það að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson skuli ekki vera viðstaddur þessa umr. vegna þess að ég tel nauðsynlegt að leiðrétta það, sem ég vil nú kalla misskilning, sem kom fram í hans máli. Hann taldi mig, þegar ég hafði framsögu í þessu máli, vera með ómaklegar árásir á verkalýðshreyfinguna og að ég teldi að verkalýðshreyfingin hefði látið sig hagsmuni láglaunafólks litlu máli skipta. Þetta er auðvitað alrangt og ber að leiðrétta, því að það sem ég hélt fram í mínu máli og lagði mikla áherslu á var einfaldlega að atvinnurekendur réðu einhliða stórum hluta af tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu með yfirborgunum, kaupaukum og fríðindum sem að verulegum hluta rynni til þeirra betur settu. Að þessu leyti taldi ég að verkalýðshreyfingin, og reyndar stjórnvöld einnig, hefðu verið allt of mikið sofandi á verðinum og kannske látið sig þessa þróun mála of litlu máli skipta. Ég sagði í minni framsögu að kjarasamningar verkalýðshreyfingarinnar væru orðnir marklausir nema fyrir láglaunahópana því að þeir sem við betri kjörin búa semdu um kjör sín raunar sjálfir að miklu leyti við atvinnurekendur með ýmsum duldum greiðslum, yfirborgunum, bílastyrkjum og öðrum kaupaukum. Það var þetta atriði sem ég deildi á en ekki að verkalýðshreyfingin hefði látið sig hagsmuni láglaunafólks litlu máli skipta. Þetta er auðvitað tvennt ólíkt, nema að því leyti til að ég tel að verkalýðshreyfingin hefði betur getað gætt hagsmuna láglaunafólks og haft til þess betri forsendur ef hún hefði beitt sér af krafti fyrir því á undanförnum árum að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Ég get vitnað til þess máli mínu til stuðnings að allmargar kannanir hafa verið gerðar, ekki nægjanlega margar, um launakjör á vinnumarkaðnum hjá einstökum stéttum. Í vinnumarkaðskönnun Kjararannsóknanefndar, sem gerð var 1981, kemur fram að yfirborganir hjá verkafólki eru 12% umfram taxta, iðnverkafólki 16.4%, afgreiðslufólki 14.4% og skrifstofufólki um 22%, svo dæmi sé tekið. Og það er þetta sem ég gagnrýni, að því sem til skiptanna er í þjóðfélaginu í launum sé ekki skipt yfir samningaborðið, vegna þess að ef það er gert með þeim hætti sem gert hefur verið undanfarin ár, með yfirborgunum og því um líku, eins og hér kemur glögglega fram, þá tel ég að þeir lægst launuðu verði undir í þeirri þróun. Ég tel t. d. hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, fyrrv. formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur, að ef það er í raun til 22% meira til skiptanna til skrifstofufólks, ef það er til þetta miklu meira til skiptanna, þá á auðvitað að skipta því yfir samningaborðið til þess að koma í veg fyrir að þeir betur launuðu fái þarna meira, en þeir sem eru á lægstu töxtunum sitji eftir. Það er þetta sem ég er að gagnrýna, sem ég gagnrýndi í framsögu minni að því er verkalýðshreyfinguna varðar. Ég tel því að verkalýðshreyfingin eigi að gera meira af því að knýja á um þetta heldur en hún hefur gert hingað til, að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Á Alþýðusambandsþingi 1980 beitti ég mér fyrir að samþykkt var eftirfarandi ályktun sem ég vil fá að lesa með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið telur að samræma verði launakjör karla og kvenna þegar um sambærileg störf er að ræða. Nauðsynlegt er því að upplýsa hverjar séu raunverulegar launagreiðslur í landinu og að hve miklu leyti yfirborganir og aðrar skuldagreiðslur séu ákvarðandi þáttur í launamisrétti."

Þetta var samþykkt á Alþýðusambandsþingi 1980, en ég hef ekki orðið vör við að verkalýðshreyfingin eða forustumenn í verkalýðshreyfingunni beittu sér fyrir að framfylgja þessari ályktun sem kemur fram á Alþýðusambandsþingi. Forustumenn í verkalýðshreyfingunni hafa líka stuðning héðan frá Alþingi í því að fá fram úttekt af raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, vegna þess að á árinu 1981 var samþykkt héðan frá Alþingi þáltill. um að það skyldi gert. Verkalýðshreyfingin hefði getað með stuðningi þeirrar þáltill. knúið á við framkvæmdavaldið að fá þetta upp á borðið. En þeir hafa bara alls ekki beitt sér í þessu máli. Og það er það atriði sem ég gagnrýni.

Ég held að það reyni einmitt aldrei meira á en nú, við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu, að stokka upp tekjuskiptinguna, breyta innbyrðis launahlutafalli milli launahópa í þjóðfélaginu. Verkamannasambandið hefur gert ályktun um að lágmarkslaun skuli hækkuð upp í 15 þús. kr. á mánuði. Þá reynir auðvitað á hvort hinir betur settu hafi skilning á að það þurfi að hækka lágmarkslaunin sérstaklega, hvort það komi ekki öll skriðan á eftir. Það er þetta launabil sem verkalýðshreyfingin hefur samið um sem ekki má hrófla við. Við höfum það líka fyrir okkur að þegar hafa komið upp hugmyndir varðandi vísitölugreiðslur, að greiða samkv. ákveðinni krónutölureglu sömu upphæð til allra hópanna. Þá hafa heyrst raddir í röðum verkalýðshreyfingarinnar að það væri ekki rétt að gera slíkt vegna þess að það breytti launahlutföllunum. Í þessu máli og því sem ég hef hér gagnrýnt varðandi yfirborganir finnst mér verkalýðshreyfingin ekki hafa staðið sig. Hún hefur staðið sig vel á mörgum öðrum sviðum að því er varðar hagsmuni láglaunafólks, úr því skal ekki dregið. En ég taldi, herra forseti, að þessi leiðrétting kæmi hér fram, vegna þess að mér fannst hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson snúa út úr máli mínu.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar. Ég get tekið undir það með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það væri eðlilegt að ríkissjóður stæði undir þeim kostnaði sem af frv. þessu leiddi. En ég taldi þó ekki óraunhæft að áætla að verkalýðshreyfingin eða aðilar vinnumarkaðarins tækju einnig þátt í kostnaði við slíka könnun, úttekt og endurmat sem hér er lagt til, vegna þess að það er ekki síst fyrir verkalýðshreyfinguna sem nauðsynlegt er að fá þetta endurmat og þessa úttekt upp á borðið og hún hlýtur sérstaklega að njóta góðs af því fyrir sína umbjóðendur að fá þetta fram. En verði samstaða um það í nefnd hér á þinginu að ríkissjóður standi alfarið straum af þessu þá skal ekki standa á mér að samþykkja slíkt.

En ég vil, herra forseti, hér að lokum ítreka aftur þakkir fyrir góðar undirtektir við þetta frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki vera

langorður. Það vill svo til að ég á að heita einn af þeim sem taldir eru í forustu fyrir verkalýðshreyfingunni, en líklega er ég ekki eins hörundssár fyrir því sem menn kalla gagnrýni á verkalýðshreyfinguna eða forustu hennar og sumir aðrir hér inni virðast vera.

A. m. k. tveir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa sagt að þetta frv. væri þungur áfellisdómur yfir verkalýðshreyfingunni. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að þetta sé þungur áfellisdómur yfir verkalýðshreyfingunni. Ég held að það sé nokkuð ljóst að verkalýðshreyfingin hefur í mörg ár í mörgum samþykktum lýst yfir að það sé númer eitt við samningsgerðina, eins og mál hafa staðið nú nokkuð lengi, að rétta hlut þeirra lægst launuðu. Hitt er svo rétt, að henni hefur tekist það *misvel*. Og ég skal segja það hér og dreg enga dul á það, að oft hef ég orðið fyrir sárum vonbrigðum með útkomu úr samningum þar sem lagt hefur verið upp með það sem kjörorð að ná fram sem mestu fyrir þá verst settu, en síðan staðið upp með tiltölulega lítið betri — í sumum tilfellum skarðari — hlut þeirra sem fyrst og fremst átti að vinna fyrir.

Ég vil ekki kenna verkalýðshreyfingunni einvörðungu um þetta, þó að ég viðurkenni vissulega að hún á nokkra sök þarna á, að hafa ekki verið nógu hörð. En menn skulu ekki gleyma því að það eru tveir aðilar a. m. k. og raunar þrír, a. m. k. núna seinni árin, sem þarna standa að málum. Það eru hins vegar Vinnuveitendasambandið og ríkisvaldið, sem hefur í auknum mæli komið inn í samningsgerðina á undanförnum árum.

Ég get líka sagt það hér, því að ég er þeirrar skoðunar, að ef verkalýðshreyfingunni ekki tekst á tiltölulega skömmum tíma hér í frá að rétta verulega hlut þeirra innan hreyfingarinnar sem eru verst settir, þá fer a. m. k. að verða spurning um hvort það er vilji fyrir því á löggjafarsamkomunni að grípa þar inn í og rétta hlut þessa fólks, ef það ekki tekst með hinni leiðinni, sem er þó æskilegast að gera. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta frv. gæti orðið til hjálpar þeim aðilum a. m. k. innan verkalýðshreyfingarinnar sem vilja rétta hlut láglaunahópanna innan ASÍ og víðar. Þetta gæti verið stuðningur við þann málstað, fengju menn það á borðið hvernig sú staða væri, hverjir það væru sem verst eru settir og hversu stóran hópa þar væri um að ræða. Ég lít því ekki á þetta frv. sem þungan áfellisdóm yfir verkalýðshreyfingunni.

Ég fagna því sérstaklega að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir vitnaði hér í einn skeleggasta baráttu- og forustumann verkalýðshreyfingarinnar á liðnum áratugum. Það fer ekki alveg saman við það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði hér um að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar kærðu sig ekki um að breyta þarna til. Hannibal Valdimarsson, fyrrv. forseti ASÍ, ASV og forustumaður í verkalýðsfélögum um langt árabil, áratugaskeið, var einn skeleggasti málsvari þess að menn tækju upp baráttu fyrir launajafnrétti. Ég man ekki árið sem var samþykkt hér á Alþingi að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu. En það var miklu fyrr en 1973. Og það var einmitt Hannibal sem var skeleggasti baráttumaðurinn fyrir því að þau lög næðu fram að ganga. Ég held því að a. m. k. ekki Hannibal Valdimarsson, sem áratugaforustumaður í verkalýðshreyfingunni, verði sakaður um að hann hafi ekki viljað breyta um, rétta hlut þeirra sem verst voru settir. Hv. þm. Ólafur Þórðarson á þá við einhverja aðra.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði hér áðan að ASÍ hefði ráðið nýlega starfsmann á fimmföldum launum, sem ekki mætti vitnast um. Ég á nú að heita miðstjórnarmaður í ASÍ og mér er ekki kunnugt um þetta. Þess vegna margspurði ég: Hver var maðurinn? Og ekkert svar fékkst. Hins vegar verður oft að geta í eyðurnar hjá sumum hv. þm. sem ræða hér um mál. Ég get mér þess til að hér hafi hv. þm. átt við starfsmann Dagsbrúnar. Ég veit það ekki, en ég get mér þess til. Engin skýring hefur fengist á þessu. En ég fullyrði hér með, að það er rangt að ASÍ hafi nýlega ráðið starfsmann á fimmföldum launum, sem ekki hafi mátt vitnast um.

Því næst kom hv. þm. að læknasamningunum. Þar hjó hann nærri sjálfum sér, því að það var einmitt sú ríkisstjórn sem hann studdi hvað dyggilegast sem ruddi brautina fyrir þá þrýstihópa sem hann var sjálfur að gagnrýna hvað mest áðan. Hann studdi við bakið á þeirri aðgerð sem stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. Og það eru einmitt slíkir þrýstihópar sem hafa nánast sagt kverkatök á þjóðfélaginu undir vissum kringumstæðum, sem líðst að fara fram með slíku offorsi og kröfugerð, vitandi vits að það er óeðlilega stór hópur í þessu þjóðfélagi sem býr við sult og seyru miðað við þá. En þarna hefði hv. þm. átt að taka til hendinni sem stuðningsmaður ríkisstj. og stoppa slíkt. (**ÓÞÞ:** Ég var andvígur því allan tímann.) Hvergi kom það fram. Það þýðir ekki að segja seinna í umr. á Alþingi að menn hafi verið andvígir þessu eða hinu sem aldrei hefur komið fram meðan á málinu stóð og meðan það var í umfjöllun og til ákvörðunar.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni að fámennum þrýstihópum hefur allt of oft tekist að ná óeðlilega miklu á kostnað hinna, sem miklu ver eru settir.

Um kjörskrár verkalýðsfélaganna ætla ég ekki að fara að tala. Því sýndist mér hann vera að beina til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, a. m. k. horfði hann alltaf á hann meðan hann sagði þau orð. Ég veit ekki um neitt verkalýðsfélag í landinu sem ekki fer að lögum að því er þetta varðar. Og gott væri að fá það fram hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, geti hann lýst því hér yfir í ræðustól á Alþingi, hvaða verkalýðsfélag í landinu fer ekki að lögum í sambandi við kosningar á sínum vegum. Ég vil þá gjarnan fá að vita það, ef hann hefur það á reiðum höndum, hvar slíkt félag er að finna, ef það er einhvers staðar að finna.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu fleiri orðum um þetta. Ég segi enn og aftur: Ég tel að þetta frv., nái það samþykki hér í þinginu, geti orðið stuðningur við þau sjónarmið innan verkalýðshreyfingarinnar sem hafa viljað og vilja veg þeirra sem verst eru settir meiri en tekist hefur að ná fram, þó að fullur vilji hafi a. m. k. verið hjá æðimörgum forustumönnum og almenningi innan hreyfingarinnar, þó að það hafi ekki tekist að ná þeim vilja fram. Ég segi því: Þetta er gott mál. En ég biðst á engan hátt undan því að ræða hér um verkalýðshreyfinguna, starfsháttu hennar og störf. Ég er þeirrar skoðunar, að þar megi ýmsu breyta til hins betra, eins og auðvitað víðar í þjóðfélaginu. Það er af hinu góða ef menn ræða slík mál af þekkingu, vita hvað þeir eru um að tala — fyrst og fremst ætti það að vera af eigin reynslu, ekki af afspurn eða getgátum, — og gagnrýna með því hugarfari að ná betri árangri og bæta starfsemi

og númer eitt að rétta verulega hlut þeirra sem borið hafa skarðan hlut frá borði allt of lengi, og þá á ég við láglaunahópana innan ASÍ og raunar er þá að finna víðar. Það er ekki spurning um hvort slíkur er kona eða karl. Það á rétta hlut allra þeirra sem þarna er um að ræða, hvoru kyninu sem þeir tilheyra.

Ólafur Þ. Þórðarson: Hera forseti. Aðeins örfáar athugasemdir.

Hv. 3. þm. Vestf. hefur e. t. v. ekki hlýtt á þá ræðu sem Guðmundur H. Garðarsson flutti hér sem hv. 10. þm. Reykv., þar sem hann taldi að stuðningur til launajafnvægis hefði ekki komið frá Alþingi. (**KP:** Jú, ég hef hlýtt á það.) Ég var að undirstrika að það hefði einmitt verið í gegnum Alþingi sem árangur hefði náðst, en ekki við samningaborðið hjá ASÍ. E. t. v. má því um kenna að það hefur ekki náðst við samningaborðið hjá ASÍ að þar er samið um lágmarkslaun, en ekki samið um bæði hámarks- og lágmarkslaun. Svo er sagt eftir á, þegar menn borga 22% ofan á, að það komi hinum hópnum ekkert við. Auðvitað á að skipta við samningaborðið því sem ákveðið hefur verið að skipta, en menn hafa komið sér undan því að afgreiða málið þannig.

Ég var ekki að halda því fram að lög verkalýðshreyfingarinnar hefðu verið brotin í kosningum. Ég var að gagnrýna að þar eru ekki hlutfallskosningar. Ég tel einnig að kjörskrár þurfi að liggja frammi mjög tímanlega. (**KP:** Gera þær það ekki?) Ég tel hún þurfi að liggja frammi mjög tímanlega. Ég var ekki að segja að lögin hefðu verið brotin. Ég tel aftur á móti að það þurfi að endurskoða þau lög, og hv. 3. þm. Vestf. hlýtur að gera sér grein fyrir að það er ekki sama hvort viðhafðar eru hlutfallskosningar eða hvort meiri hlutinn ræður öllu. Hann hlýtur að gera sér grein fyrir þessu.

Hv. 3. þm. Vestf. bar á mig að ég hefði stutt það að gefið hefði verið eftir í læknadeilunni. Það er ekki rétt. Hann veit jafnvel og ég að ákvarðanataka á því sviði var fyrst og fremst á ráðherraplani, því að það er framkvæmdavald í þessu landi. Hins vegar vorum við að sumarlagi, þingflokkur Framsfl., í umr. um þessi mál, og mín skoðun var sú, að það hefði átt að auglýsa hvert einasta starf sem læknarnir sögðu lausu. Menn verða nefnilega að gera það upp við sig í eitt skipti fyrir öll, hvort þeir ætla að láta þrýstihópana ráða eða hvort þeir ætla að stjórna landinu þannig séð að þeir fari eftir sinni réttlætisvitund í málum eins og þessum. Og það athyglisverðasta við kaupkröfur læknanna var ekki það, að þeir segðu að þeir hefðu svo lítil laun. Þeir sögðu: Við höfum dregist aftur úr miðað við aðra. Það var slagorðið sem var notað. Og hvaða stétt getur ekki heimtað launahækkun ef láglaunahóparnir fá hækkun undir þessu kjörorði: Við höfum dregist aftur úr miðað við aðra. — Það geta nefnilega allar stéttirnar gert.

Hv. 7. þm. Reykv. hefur flutt ræður hér á Alþingi Íslendinga, þar sem hann hefur vikið að því að þó að Alþingi hafi ætlað að rétta hlut láglaunahópanna hafi það ekki tekist vegna þess að það hafi farið í gegnum allt kerfið. Hann flutti ræður um þetta þegar hann var að verja þá aðferð að miðað hefði verið við skattaframtöl, en ekki miðað við kauptaxta, þegar farið var í að greiða láglaunabætur. Hvers vegna var ekki miðað við kauptaxtana? Vegna þess að þá vissu menn að allt hitt kæmi á eftir. Og það er ekkert launungarmál, að í þeim átökum sem fóru fram núna um kjaraskerðinguna vildum við framsóknarmenn fara út í það að nota ekki prósentuhækkanir, heldur nota hækkanir í krónutölu og láta það ganga upp úr í ákveðnum þrepum. Sjálfstfl. var á móti því. Hann var á móti því vegna þess að hann vildi frjálsa kjarasamninga. Talað var um að verið væri að grípa inn í kjarasamninga ef það yrði gert.

Þetta er nefnilega það sem blasir við: Við sitjum uppi með þá staðreynd, að hvorki verkalýðshreyfingin né vinnuveitendur hafa treyst sér til að raða stéttunum niður með einhver viðmiðunarlaun, sem þeir væru svo sem heild reiðubúnir að standa að. Og það er athyglisverð staðreynd að það hefur alltaf verið samið um lágmarkslaun og litið á það sem sjálfsagðan hlut að bæta svo ofan á. Hefði verkalýðshreyfingin samið og sagt: „Þetta eru lágmarkslaun og hámarkslaun jafnframt", þá hefði verið komið í veg fyrir að hægt væri að borga misjafnt til manna sem sátu hlið við hlið á eftir eftir geðþóttaákvörðunum atvinnurekandans á viðkomandi stað. Og ég hygg að hver og einn sem skoðar söguna og metur það hvers vegna Hannibal Valdimarsson þurfti að fara að berjast fyrir þessum málum hér inni á Alþingi sjái að það er vegna þess að hann hefur ekki komið þeim í gegn hjá ASÍ. Svo einfalt er málið. Karlaveldið þar kom í veg fyrir það. (**GJG:** Dæmalaus misskilningur er þetta.) Dæmalaus misskilningur, segir hv. 7. þm. Reykv. Voru ekki frjálsir samningar? Gat hann ekki samið um að konur fengju sama kaup og karlar, ef málið var svona einfalt?

Það er söguleg staðreynd að það er á Alþingi sem árangurinn hefur fyrst og fremst náðst í launajöfnun, en ekki við samningaborðið.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 13. fundur.

Fimmtudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Nauðsyn afvopnunar, þáltill. 69. mál (þskj. 74). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka, þáltill. 48. mál (þskj. 51). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. sem liggur fyrir á þskj. 51 og er 48. mál þingsins og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita ákvæði 3.

mgr. 1. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, og stöðva nú þegar þær framkvæmdir við byggingu Seðlabanka Íslands sem ekki hefur þegar verið samið um við verktaka."

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að hafa afskipti af framkvæmdum við ríkisstofnanir sem hafa sjálfstæðan fjárhag og eru ekki háðar fjárveitingum Alþingis.

Málefni Seðlabankans hafa verið nokkuð til umr. hér á hinu háa Alþingi í vetur og raunar á síðustu þingum. Ekki síst hefur verið gagnrýnd fyrirhuguð bygging Seðlabankahúss við Arnarhól og minnast menn harðra mótmæla fjölmargra Reykvíkinga á árum áður gegn þessum byggingaráformum. Kom hvort tveggja til að mörgum fannst lítill fegurðarauki að byggingunni á þessum stað og ekki síst ofbauð mönnum íburðurinn við þessa skrauthöll. En bankastjórnin og bankaráð hafa skellt skollaeyrum við mótmælunum og áfram hefur verið haldið.

Við erum öll sammála um það hér, hv. þm., að fara verður með gát í fjárfestingar á næstu árum vegna efnahagsörðugleika þjóðarinnar og hefði raunar mátt gæta að sér fyrr. Núverandi ríkisstjórn hefur enda markað þá stefnu og segir í þjóðhagsáætlun hennar fyrir árið 1984, sem forsrh. lagði fram 17. okt. s. l., í 1. kafla sem ber yfirskriftina markmið, með leyfi forseta: — **„Beina fjárfestingu fyrst og fremst í arðbær verkefni."**

Þessi stefnumörkun lítur vel út á pappírnum en varla er hægt að ætlast til að almenningur í landinu, sem nú hefur orðið að sjá af nær þriðjungi launa sinna, taki slíka stefnumörkun alvarlega þegar horft er á framkvæmdir við þessa skrauthöll án þess að sýnt sé að þar sé fjár vant. Hafnarverkamennirnir, sem ganga fram hjá þessum ósköpum á hverjum morgni til vinnu sinnar, eiga erfitt með að skilja hvers vegna þessar milljónir voru ekki „skildar eftir", eins og það er svo fallega orðað í stefnuræðu hæstv. forsrh., í launaumslaginu þeirra. Þeir skilja hins vegar fullkomlega að yfirlýsing seðlabankastjóra í sjónvarpsviðtali 8. ágúst s. l. — um að hér sé um eigið fé bankans að ræða — er hreint bull og satt að segja yfirgengilegt að bankastjóri skuli láta annað eins og það út úr sér. Vitanlega er þetta fé landsmanna sem fámenn klíka valdamanna í þjóðfélaginu er að ráðskast með á meðan íslenskur almenningur hefur varla til hnífs og skeiðar. Og ef ríkisstj. er alvara með að beina fjárfestingum sínum í arðbær verkefni er hús Seðlabankans ekki eitt af þeim. Menn hljóta að spyrja: Hvað eru arðbær verkefni? Fyrir hvern eru þau arðbær? Þegar um er að ræða framkvæmdir sem fólkið í landinu greiðir hljóta þær framkvæmdir að eiga að koma þessum sömu landsmönnum að gagni.

Hverju breytir þessi nýja bygging í lífi landsmanna? Hvað verður betra eftir að byggingunni er lokið? Auðvitað breytir þessi bygging engu í lífi nokkurs Íslendings. Og ekki verður hagur Seðlabankans betri eftir nema síður sé. Og erum við þá ekki sammála um það að þetta sé ekki arðbært verkefni, háttv. þm.

Hæstv. fjmrh. er þetta sem betur fer ljóst. Í þingræðu hér í fyrradag sagði hann orðrétt þegar fsp. hv. þm. Karvels Pálmasonar var til umr., með leyfi forseta:

„Fjárhagslega statt þá er Seðlabankinn orðinn tákn um það að nóg sé til af peningum í landinu. Þess vegna er það erfitt fyrir okkur, sem sitjum í ríkisstj. og förum með fjármál, að telja fólkinu í landinu trú um það að peningar séu af skornum skammti á sama tíma og framkvæmdir sem þessar geta haldið ótrauðar áfram." Það er ástæða til að gleðjast yfir því að a. m. k. einn ráðh. ríkisstj. og það sjálfur fjmrh. hæstv. skuli horfast í augu við þetta.

Í svörum hæstv. viðskrh. kom fram í sömu umr. að á árinu 1983 — nánar tiltekið til 15. okt. — hafði verið varið 50.1 millj. kr. til byggingarinnar og víst er að miklu er hægt að eyða til áramóta. Alls hefur hingað til verið varið að sögn hæstv. ráðh. 67.7 millj. kr. til hennar. Hafa verður í huga að þetta segir auðvitað ekki alla söguna því að þessar upphæðir hafa ekki verið færðar upp til núgildandi verðlags.

Á árinu 1984 á að verja 20 millj. kr. til að steypa upp bygginguna. Öll vitum við að þessar áætlanir standast auðvitað hvergi og ljóst að í þetta hús fara hundruð millj. króna úr vösum landsmanna áður en yfir lýkur. En þó að við færum þessar upphæðir ekki til núgildandi verðlags er ástæða til að gera nokkurn samanburð við önnur verkefni í þjóðfélaginu.

Lítum á árið 1983. Þá eru veittar til framkvæmda í þágu þroskaheftra 37 millj. en til byggingar Seðlabankahúss 50.1 millj., til framkvæmda á flugvöllum landsins voru veittar 46 millj. 250 þús., til dagvistarheimila 27 millj., til sjóvarnargarða 4 millj., til Landsspítalans 40 millj., til íþróttamannvirkja 15 millj. og svona mætti lengi telja. Eyðsla við byggingu Seðlabankahúss er hærri en sérhvert framlag til þessara nauðsynjamála hvers um sig.

Í þeim fjárlögum, sem nú eru nýlögð fram, er verulega skorin niður fjárveiting til nær allra nauðsynlegra framkvæmda í landinu. Framkvæmdasjóður fatlaðra fær nú þriðjungi minna fé en áður. Áætlaður byggingarkostnaður við Seðlabankahúsið á árinu 1984 er um það bil þessi þriðjungur. Hafa menn samvisku til að horfa upp á þetta möglunarlaust? Menn kunna að spyrja: Hvernig getur svona lagað gerst? Og ég hef áður bent á það hér á hinu háa Alþingi hvers vegna það getur gerst. Í 33. gr. laga um Seðlabanka Íslands er bankaráði og bankastjórn fengið það vald að ráðstafa verulegum hluta af arði bankans að eigin geðþótta. Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta, og ég ætla að leyfa mér að lesa hana hér:

„Af tekjum ársins skal greiða allan rekstrarkostnað, svo og tap, sem bankinn hefur orðið fyrir ...

Af tekjuafgangi þeim, sem þá er eftir, skal greiða 5% arð af stofnfé bankans, enda nemi arðgreiðsla aldrei hærri upphæð en helmingi tekjuafgangsins. Bankaráð getur þó eftir tillögu bankastjórnar ákveðið hærri arðgreiðslu, ef aðstæður leyfa. Þeim hluta tekjuafgangsins, sem ekki er greiddur út sem arður, skal bankaráð ráðstafa til varasjóða bankans og deilda hans eftir tillögu bankastjórnarinnar."

Þetta nær auðvitað engri átt og þessu þarf að breyta. Arður af Seðlabankanum á að renna í ríkissjóð eins og gerist með nágrannaþjóðum okkar. Það nær engri átt að stjórnendur bankans reki fyrir þetta fé eitt glæsilegasta bókasafn landsins sem enginn fær að koma í nema þeir á sama tíma og almenningsbókasöfn eru nær óstarfhæf vegna fjárskorts og framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu eru að stöðvast. Ég vil benda hv. þm. á að Seðlabankinn kæmist auðveldlega fyrir í húsi sínu að Einholti 4 þegar bókasafnið hefur eðlilega verið flutt í þjóðarbókhlöðuna.

Það nær heldur ekki nokkurri átt að arði Seðlabanka Íslands sé þess utan — fyrir utan dýrmætar bækur — eytt í málverk og aðra skrautmuni, laxveiðar og lúxusbifreiðar og loks skrauthöll sem helst líkist höll olíufursta í Saudi-Arabíu. Það er ekkert sem bendir til þess að starfsaðstaða seðlabankastarfsfólksins sé slík að það hafi ekki getað sinnt verkefnum sínum. Og enn fáránlegra er að sjá þetta skrauthýsi rísa eins og háðsglott framan í ríkisstj. þar sem allir vita að stjórnarráð Íslands, ráðuneyti landsins, á ekkert hús fyrir sína starfsemi heldur eru ráðuneytin dreifð út um alla borg. Ráðherrar landsins hafa orðið að sæta þeim starfsskilyrðum að hafa skrifstofur sínar á mörgum stöðum í borginni þegar þeir hafa sinnt fleiri en einu rn.

Í till. minni er gert ráð fyrir að þær framkvæmdir verði stöðvaðar við byggingu Seðlabanka sem ekki hefur þegar verið samið um. Ég hef sjálf efasemdir um hvort hér er ekki of mildilega að farið og ekki hefði átt að sleppa þessum fyrirvara. Um það vil ég biðja þá nefnd, sem um málið fjallar, að ræða vandlega. Ég legg áherslu á að byggingarframkvæmdir þessar verði stöðvaðar en bendi á það til vara að komi hús þetta til með að rísa taki ríkisstj. það yfir og leigi Seðlabankanum hæfilegt horn fyrir starfsemi sína í því sama húsi.

Ég bið nefndina einnig um að kanna hvort samið hefur verið um framkvæmdir við bygginguna eftir að þáltill. mín var lögð fram en vera má að hæstv. viðskrh. geti svarað því hér og nú hvort svo sé. Ég skora á hv. alþm. að sýna íslenskum almenningi þann sóma að stöðva þessa taumlausu og þarflausu eyðslu í þjóðfélaginu með samþykkt þeirrar till. sem ég hef hér mælt fyrir.

Ég legg til, herra forseti, að henni verði vísað til hv. allshn. Sþ. og skora á n. að afgreiða hana fljótt og vel. Þá kynni svo að fara, að hið háa Alþingi ynni traust fólksins í landinu að nýju.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Mér finnst viðeigandi að segja hér nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 10. landsk. þm. og þeirri till. sem hér er flutt af þm.

Eins og segir í fyrirsögn till. fjallar hún um stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka Íslands. Hér er um að ræða byggingarframkvæmdir sem staðið hafa í 10 ár — og það sem meira er, á þessum tíma hafa fjölmargir samflokksmenn hv. þm. haft tækifæri til að beita sér fyrir breytingum á þeim áformum sem réttkjörinn aðili hefur haft í sambandi við byggingu bankahúss fyrir Seðlabankann, þ. e. bankaráðið. Fjölmargir aðilar hafa haft tækifæri til að beita áhrifum sínum til að fá þessum áformum breytt, auk þess sem sá flokkur, sem hv. 10. landsk. þm. tilheyrir, á sinn fulltrúa í bankaráði. Þar að auki er einn bankastjórinn skipaður af fyrrv. viðskrh. þess flokks svo að mér sýnist að viðkomandi aðilar hafi haft nóg tækifæri til þess að koma fram ýmsum þeim hugmyndum til breytinga sem hv. þm. vék hér að áðan. (**Gripið fram í:** Hvaða bankastjóri sér um bygginguna?) Ég held að það sé bankastjórnin í heild sem fer með byggingarmálin fyrir hönd bankaráðs. En ég orðaði það svo að fyrrv. hæstv. viðskrh. Lúðvík Jósepsson hefði skipað einn af þeim bankastjórum sem gegna störfum við Seðlabankann. Eins og ég vakti athygli á hafa því flokksmenn hv. 10. landsk. þm. haft öll nauðsynleg tækifæri til þess að koma hér fram einhverjum breytingum.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu því að svo lengi hefur þessi bygging verið á döfinni. Ég er ekki þar með að segja að það hefði ekki e. t. v. verið fyrir tveimur árum ástæða til að gera þar á breytingar. En staðreyndirnar eru þær sem við blasa: Það er verið að byggja bankahús Seðlabankans og það hafa ekki komið fram, þar sem átt hefðu að koma fram, athugasemdir frá einum eða öðrum. Ég kann ekki skil á að athugasemdum hafi verið hreyft í bankaráði, bankastjórn né heldur hjá þeim ráðherrum sem gegnt hafa embætti viðskrh. á þessum tíma. Þetta finnst mér að þurfi að liggja fyrir varðandi sögulegan aðdraganda málsins og að hv. alþm. geri sér þetta ljóst þegar við erum að ræða þessa till. hér og nú.

Hvað snertir þá samninga sem gerðir hafa verið og hv. þm. spurði um get ég líka upplýst að byggingin var boðin út í febrúarmánuði s. l., allir áfangarnir, og þá þegar var tekið tilboði frá þeim verktaka sem unnið hefur að byggingunni síðan, fyrsta og öðrum áfanga. Varðandi þriðja áfanga var frestur gefinn til 1. júlí, sem síðan fékkst framlengdur til 1. sept. Þá var undirritað vegna hagkvæmni, og talið að það tilboð, sem barst og tekið var, væri 16% undir þeirri áætlun sem gerð hafði verið. Enn kemur að því að hægt hefði verið í febrúarmánuði s. l. að gera breytingar eða stöðva það útboð sem þá var gert. Það gerðist ekki. Þetta tel ég líka að þurfi að liggja fyrir. Mér finnst satt að segja seint í rassinn gripið þegar nú er lagt til að stöðva framkvæmdir við þessa byggingu — ja, þegar búið er að ganga frá öllum þeim samningum sem nauðsynlegir eru til þess að slík bygging geti gengið fram.

Ég skal hins vegar ekki deila við hv. þm. um hvort það fjármagn, sem gert er ráð fyrir til þess arna á árinu 1984 og kom fram í svari mínu hér á þriðjudaginn og hv. þm. vék að hér áðan, 20 millj. kr., væri betur komið einhvers staðar annars staðar. Ég skal ekki deila neitt um það. En málið liggur ekki þannig fyrir og þess vegna er að mínum dómi ekki raunsætt, þegar verið er að bera saman hvort fjármagni til ákveðinna opinberra framkvæmda í fjárlagafrv., sem er kannske af skornum skammti hefði ekki verið betur varið á annan hátt. Ég get verið þm. sammála um að æskilegra hefði verið ef við hefðum haft þar meira fjármagn, en mér sýnist ekki að í þessu máli hefði orðið þar á nein breyting, a. m. k. hefði þurft að gera ráðstafanir í þeim efnum miklu, miklu fyrr. En sjálfsagt verður þetta allt skoðað af þeirri nefnd sem fær þessa till. til meðferðar. En ég vil, áður en til þess kemur, víkja í fyrsta lagi að orðalagi till. og í öðru lagi að þeim lögum sem flm. vitnar til og byggir tillöguflutning sinn á.

Ef ég má með leyfi hæstv. forseta lesa till. upp, þá hljóðar hún svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita ákvæði 3. málsgr. 1. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, og stöðva nú þegar þær framkvæmdir við byggingu Seðlabanka Íslands sem ekki hefur þegar verið samið um við verktaka."

Mér er ekki ljóst hvaða framkvæmdir hér er átt við. Framkvæmdir við byggingu Seðlabankahússins eru samkvæmt samningum sem gerðir hafa verið við verktaka. Og ég á ekki von á því að hér sé um að ræða neinar þær framkvæmdir sem ekki eru samkvæmt þeim samningum. Ef samþykkja á till. um að stöðva framkvæmdir við þetta hús, þá verður að breyta a. m. k.

texta till. Það liggur ljóst fyrir. Ef skoðuð er 3. málsgr. 1. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, í greinargerð með till. tekið þaðan upp, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til framkvæmda á vegum ríkisstofnana, er hafa sjálfstæðan fjárhag og því ekki háðar fjárveitingarákvörðun Alþingis."

Til þess að skyggnast nú örlítið dýpra í hlutina þar sem fjallað er um stefnumótun frv. og ákvæði þess, eða greina í frv., ætla ég að lesa upp, með leyfi forseta úr athugasemdum við frv. sem á sínum tíma lá hér frammi á Alþingi:

„Markmið með frv. þessu er að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu þess fjármagns, sem varið er til opinberra framkvæmda. Í því skyni eru í frv. ákvæði, sem eiga að tryggja að ákvörðun um að hefja verk verði ekki tekin fyrr en fullnaðarundirbúningi er lokið, þannig að unnt verði að gera greiðsluskuldbindingar fyrir verkið í heild og ekki þurfi til þess að koma að lausar skuldir safnist eða verk stöðvist af fjárhagsástæðum. Með þessu ætti að verða unnt að tryggja samfellt og hagkvæmt framhald verka og þar með sem stystan framkvæmdatíma."

Þetta segir í almennum athugasemdum við frv. til laga um skipan opinberra framkvæmda sem var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi 12. maí 1970. Og hvað segir svo í athugasemdum um 3. málsgr. 1. gr., sem um er getið í grg. og ég las hér upp áðan? Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkv. 3. málsgr. getur ríkisstj. ákveðið að málsmeðferð varðandi gerð eða breytingu mannvirkis, sem kostað er af ríkisstofnun er hefur sjálfstæðan fjárhag, skuli vera í samræmi við ákvæði lagafrv. þessa eftir því sem við getur átt. Er hér t. d. átt við ríkisbankana."

Víkjum þá aftur að almenna ákvæðinu sem ég las upp áðan. Ljóst er að þessi lög eiga að þessu leyti við í sambandi við ríkisstofnanir með sjálfstæðan fjárhag, að tryggja nýtingu og hagkvæmni. En að þar sé að finna heimild til þeirra hluta, sem hér er vikið að í till., það fæ ég ekki séð af lestri laganna né heldur grg.

Ég vildi vekja athygli á þessu fyrir þá n. sem fær till. til umfjöllunar, auk þess sem ég vil svo víkja að því að samkv. lögum um Seðlabanka Íslands er yfirstjórn Seðlabankans í höndum ráðh. þess sem fer með bankamál og bankaráðs. Síðan er nánar skilgreint í lögum og reglugerð hvert er hlutverk bankaráðs sem Alþingi kýs. Ég vek athygli á því að hér er ekki um að ræða bankaráð sem ráðh. skipa, heldur bankaráð sem Alþingi hefur kosið og Alþingi hefur sett ákveðið hlutverk með lagasetningu um Seðlabanka Íslands.

Spurningin er því sú hvort það gæti gerst með öðrum hætti en beinni lagasetningu að stöðva slíkar framkvæmdir. Og auðvitað þá undir hvaða kringumstæðum og á hvaða stigi viðkomandi framkvæmdir eru.

Þetta vildi ég líka að hér kæmi fram til þess að við áttum okkur á því hver er stjórnarfarslegur réttur eða stjórnarfarsleg skylda þess aðila sem fer með þessi mál, hver er stjórnlagalegur réttur þeirrar stjórnar sem Alþingi hefur kosið til þess að fara með málefni Seðlabankans. Þetta allt held ég að þurfi að skoða þegar sú n. sem þm. lagði til að fengi þetta mál til meðferðar, þ. e. allshn., fjallar um málið. Spurningin er fyrir mér hvort það ætti að vera fjvn., en það skiptir út af fyrir sig ekki höfuðmáli. Aðalatriðið er að menn geri sér grein fyrir því hvernig saga þessa máls er, hver er staða byggingar og byggingarframkvæmda í dag og svo með hvaða hætti lögformlega er hægt að standa að þeim aðgerðum sem þm. vék hér að og eru í huga þm., hefði kannske mátt verða miklu fyrr, til þess að ná árangri í þessu máli, þ. e. að stöðva þessa byggingu. Mér er ekki kunnugt um að aðrir samningar hafi verið gerðir en þeir að ljúka við uppsteypu þessarar byggingar, og eins og kom fram í svari mínu skv. upplýsingum frá Seðlabankanum, fyrir 20 millj. kr. á árinu 1984.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa till., sem hér er til umr., um stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka Íslands. Það er auðvitað fráleitt við þessar aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu að Seðlabankinn fái óhindrað að reisa áfram sitt peningamusteri. Auðvitað mætti nefna fleiri aðila sem standa í óarðbærum fjárfestingum sem full ástæða væri einnig til þess að skoða frekar og á ég þá bæði við milliliði í landbúnaði og aukningu sem átt hefur sér stað í sambandi við verslunarhúsnæði og áfram virðist eiga að halda á þeirri braut að auka við verslunarhúsnæði og verslunarhallir sem fyrir eru. Auðvitað mætti skoða það líka í þessu samhengi. En meðan nægir peningar eru til til slíkra framkvæmda, m. a. þessarar byggingar Seðlabanka Íslands, þá eru t. a. m. engir peningar til í húsnæðismálin og ekki virðist hægt að leysa gífurlegan vanda húsbyggjenda. Það kemur m. a. fram í dag í Þjóðviljanum hjá hæstv. fjmrh. að markaður fyrir spariskírteini ríkissjóðs hefði verið erfiður og kaup lánastofnana á verðtryggðum bréfum ríkissjóðs heldur ekki skilað því sem vonast var til. Og hæstv. fjmrh. segir að því sjái hann engar lausnir til þess að afla fjár til húsnæðismálanna.

Þetta er auðvitað mjög alvarlegt sem hér kemur fram hjá hæstv. ráðh. En hæstv. fjmrh. hefur — og gerði það hér um daginn — lýst yfir stuðningi við efni þessar till. um að stöðva beri framkvæmdir við byggingu Seðlabanka Íslands og því ber auðvitað að fagna, því þar er t. a. m. til nokkurt fjármagn sem hægt væri að láta renna til húsnæðiskerfisins.

Í þáltill. sjálfri kemur ekki glögglega fram hvað hv. flm. hyggst fyrir að því er stöðvun framkvæmdanna varðar. Er það meining flm. að þessar framkvæmdir verði stöðvaðar fyrir fullt og fast? Það er talað um bara að stöðva nú þegar þær framkvæmdir við byggingu Seðlabankans sem ekki hefur verið samið um við verktaka. Eða hve lengi hyggst flm. leggja til að þessar framkvæmdir verði stöðvaðar? Ég gæti ímyndað mér að það væri full ástæða til þess að leggja til að það yrði a. m. k. næstu þrjú árin. Og ég tel einnig fulla ástæðu til að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, skoði það hvort ekki eigi að bæta við þessa till. eins og hún liggur fyrir hér frammi og gæti sú brtt. hljóðað eitthvað í þá átt að við þessa gr. bættist að ríkisstj. beiti sér enn fremur fyrir því að fjármagn sem ætlað var til framkvæmda á næsta ári og árinu 85 renni til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég á sæti í þeirri n. sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar og ég mun hreyfa þessari brtt. þar og ef hún fær ekki undirtektir þar þá mun ég auðvitað skoða það að leggja fram brtt. í þessa veru þegar málið kemur aftur hér til meðferðar í Sþ.

En ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því úr því að ég sé að

hann er hér í hliðarsal — hann hefur þegar lýst því yfir að hann sé tilbúinn til þess að standa að stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka Íslands — hvort hann hafi hreyft þessu máli inni í ríkisstj. og hvort það hafi fengið þá einhverjar undirtektir í ríkisstj. Og ef hann hefur ekki gert það hvort hann hyggist þá hreyfa þessu máli í ríkisstj. og beita sér þar fyrir því að það fái stuðning til þess að þetta mál nái fram að ganga. Og um leið vil ég gjarnan spyrja ráðh. að því með tilliti til þeirrar yfirlýsingar sem fram kemur í Þjóðviljanum í dag hvort hann væri einnig tilbúinn að beita sér fyrir því að það fjármagn, sem renna á í byggingu Seðlabanka Íslands næstu tvö til þrjú árin, renni þá í Byggingarsjóð ríkisins.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð til að styðja þessa till. Það kemur dálítið spánskt fyrir sjónir þegar þeir litlu peningar sem virðast vera til eru notaðir til þess að byggja yfir peninga sem ekki eru til. Slíkt mundi tæpast réttlæta nokkuð annað heldur en að þetta væri gróðurhús þar sem ætti að rækta peninga. En þó að viðskrh. hafi verið að fjalla um lög þar sem er vikið að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, þá fannst mér ég samt ekki fá svar við því sem ég ætlaði einmitt að spyrja hann að. Hvers vegna heyrir ráðstöfun hagnaðar Seðlabankans til byggingarframkvæmda ekki undir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir samkvæmt þeirri skilgreiningu sem okkur var gefin áðan?

Og ég verð að segja það, að þegar ég las lög Seðlabankans kom mér það afskaplega mikið á óvart hversu laus ákvæðin eru um ráðstöfun hagnaðar. Það eina sem átti að fara í einhverjar þjóðþrifaframkvæmdir var örlítil hlutfallstala til Vísindasjóðs.

Svo er náttúrlega annað mál í sambandi við þessa byggingu: Hún þarf ekki endilega að hýsa Seðlabankann þó henni verði lokið.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mér fannst hæstv. viðskrh. gera nokkra tilraun til þess hér áðan að drepa málinu á dreif og forðast kjarna þess. Þetta mál er ósköp einfalt. Þegar verulegur samdráttur hefur orðið í þjóðartekjum, þegar verulegur samdráttur verður í neyslu almennings og hvers konar fjárfestingum og þegar fyrirhugað er að draga mjög verulega saman fjárfestingar ríkisins, m. a. stöðva byggingu Þjóðarbókhlöðu og draga úr byggingu sjúkrahúsa, skóla og annarra opinberra mannvirkja, þá er að sjálfsögðu ekki við hæfi að haldið sé áfram af fullum krafti þessari stórbyggingu Seðlabankans. Svo einfalt er þetta mál.

Og það er auðvitað ekki heldur neinn vafi á að ef Alþingi samþykkir að fresta skuli byggingarframkvæmdum á þessum stað þá verður það gert. Seðlabankinn og stjórn hans heyrir undir Alþingi og ríkisstj. og stjórn bankans mun að sjálfsögðu taka fullt tillit til þess sem ákveðið verður hér á Alþingi. Við skulum ekki vera að flækja það mál neitt frekar með vífilengjum og lagatilvitnunum. Auðvitað hlýtur stjórn Seðlabankans að beygja sig undir ákvörðun Alþingis.

Hæstv. ráðh. reyndi líka að flækja málið hér áðan með því að gefa það í skyn að seint væri í rassinn gripið. Mér var nú satt að segja alls ekki ljóst hvaða rass það var sem hann var að tala um, hvort hann átti þann rass sjálfur eða einhverjir aðrir. En hvað Alþb. snertir er það alveg ljóst að þetta er ekki í fyrsta sinn sem við erum að nefna þetta mál.

Þegar að þrengdi á s. l. sumri og grípa varð til efnahagsaðgerða með setningu brbl. og með marghátt-uðum öðrum ráðstöfunum, til þess að samræma annars vegar breytingu þá sem orðið hafði á þjóðartekjum og hins vegar neyslu þjóðarinnar til að draga verulega úr hinum mikla viðskiptahalla sem við blasti, þá var það ein af tillögum Alþb., og fór svo sannarlega ekki leynt, að stöðva skyldi byggingarframkvæmdir á þessum stað, byggingu Seðlabankans. Ég er því miður ekki með skjölin fyrir framan mig, fundargerðir ríkisstj. og aðrar skjallegar heimildir um ályktanir hennar, en ég hygg að ég fari með rétt mál þegar ég upplýsi hér að ríkisstj. samþykkti á sínum tíma að beita sér fyrir því að frestað yrði þessari stórbyggingu. Hins vegar var um það rætt að stórir og miklir verkáfangar hefðu verið boðnir út, verkið væri í fullum gangi, samningar hefðu verið gerðir við verktaka og af því mundu hljótast víðtækar og miklar skaðabótakröfur ef verkið væri stöðvað tafarlaust. Það var því alveg ljóst þegar fyrrv. ríkisstj. fjallaði um þetta í ágústmánuði, fyrir rúmu einu ári, að ekki yrði unnt að stöðva bygginguna tafarlaust. Það yrði að sæta lagi og reyna að ná fram frestun eftir að þeim verkáföngum lyki sem þá voru komnir í gang.

Málið var síðan ekki tekið aftur upp í þeirri ríkisstj. Það dró óðfluga að kosningum eins og menn muna, kosningabarátta hófst, síðan fóru fram kosningar og stjórnarskipti, og ég get ekki upplýst hér hvað fór á milli þáv. viðskrh. og bankastjórnarinnar um þetta mál eða hvaða umr. aðrar fóru fram um þetta mál. En ég held að það þurfi ekki að draga neitt í efa hver var afstaða Alþb. í þessu máli fyrir einu ári síðan og hver var afstaða ríkisstj.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ef þetta mál væri á byrjunarstigi nú væri alveg einsýnt að styðja það. Það lægi þá ljóst fyrir að meiri hluti í núv. ríkisstj. væri að reyna að beita ofríki hæstv. fjmrh., sem er einarðastur andstæðingur allra hv. þm. gegn sjálfræði og gerræði Seðlabankans í þessu þjóðfélagi. Þá væri það augljóslega svo að andstæðingar hans, samráðherrar hans í núv. ríkisstj. hefðu valið til þess óheppilegan dag að hreyfa þessu máli nú við upphaf landsfundar Sjálfstfl. Og augljóst að allir stuðningsmenn fjmrh. í þessu máli ættu að snúa bökum saman um að koma þeirri orðsendingu frá hv. Alþingi til landsfundar að hæstv. fjmrh. hefur mikinn stuðning í því að stöðva gerræði mandarína Seðlabankans í þessu máli.

En nú er málið ekki alveg svona einfalt. Málið á sér nokkurn undirbúning eins og hæstv. viðskrh. lýsti. Það hefur verið undirbúið árum saman náttúrlega af mandarínum Seðlabankans, af sérfræðingum þeirra; legið á teikniborðum, farið á borð margra sérfróðra manna og er nú, eftir því sem manni skilst en hæstv. viðskrh. þorir ekki alveg að upplýsa, framkvæmd málsins einkum og sér í lagi í höndum þess bankastjóra Seðlabankans sem áður fyrr var gullkistuvörður Alþb. en er nú einn af þremur bankastjórum Seðlabankans. Þess vegna er málið svolítið vandasamt.

Hæstv. viðskrh. yfjaði að því að það hefðu verið teknar örlagaríkar ákvarðanir um málið í tíð fyrrv. ríkisstj. og hann skildi ekki það orðalag till. þar sem segir „að stöðva nú þegar þær framkvæmdir ... sem ekki

hefur þegar verið samið um við verktaka.“ Ég veit ekki hvað er svona óskiljanlegt við þetta. Mér skilst að í tíð fyrrv. ríkisstj. hafi allar ákvarðanir verið teknar um það að þetta hús skuli byggt. Það hafi verið teknar ákvarðanir í tíð fyrrv. ríkisstj. um að bjóða verkið út. Það hafi gerst í febr. s. l. Og við höfum ekki orðið varir við það að t. d. sá burðarás seinustu ríkisstj. sem er flokkur 1. flm. hafi hreyft neinum mótmælum. Nú má vel vera að það hafi gerst innan ríkisstj. að þeir hafi lýst sig andvíga þessu. Nú má vel vera að það sé rétt, sem sumir Alþb.-menn segja, að ríkisstj. í heild hafi verið svona frekar á móti þessu.

Engu að síður gerðist það að verkið var boðið út, í verkið var boðið, framkvæmdir voru hafnar og það er það sem flm. á við, að því miður þá erum við bundin af verksamningum sem ákveðnir voru og staðfestir í tíð fyrrv. ríkisstj., þ. e. hæstv. fyrrv. fjmrh., Ragnars Arnalds, hæstv. formanns Alþb., málsvara sósíalisma, þjóðfrelsis og verkalýðshreyfingar, Svavars Gestssonar fyrrv. ráðh. og þeirra félaga. Það er þetta sem átt er við: Við erum bundnir við samninga sem gerðir voru í tíð þessara herramanna. Og að sjálfsögðu, þetta eru allt heiðvirðir menn, í þeim flokki sem öðrum. Og við viljum ekki níðast á þeim samningum heldur standa við þá.

Hins vegar, um leið og það hefur verið gert, þá tökum við eindregið undir með þeim forsvarsmönnum þjóðfrelsishreyfingarinnar, sem og hæstv. fjmrh. ef hann er þarna enn þá, að síðan verði ekki haldið lengra áfram á þessari braut. Og við tökum eindregið undir það líka, sem hér er sagt í grg., að sjálfsagt sé að fara að þeirri fyrirmynd sem algild er, þar sem sósíaldemókratar fara með völd, að arður af Seðlabanka verði ekki alfarið leikfang mandarína Seðlabankans, heldur komi til ráðstöfunar hæstv. fjmrh. og verði þar af leiðandi með það farið af ráðdeild og skynsemi.

Vandamálið er þetta: Er það rétt, sem fullyrt hefur verið, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafi verið í raun og veru andvíg þessari framkvæmd? Gert um það samþykktir jafnvel að hún væri á móti því? En hæstv. viðskrh. fyrrv. ríkisstj. hafi upp á sitt eindæmi með gerræði ekki farið eftir ákvörðunum ríkisstj.? Þetta er spurning sem ég óska eftir að fá svör við hér. Það er ekki einasta að Alþingi sé niðursetningur í þessu stjórnkerfi, eins og upplýst er fyrir löngu. Er þá svo komið líka að einstakir ráðh. fari eftir ordrum og fyrirmælum einhverra mandarína úti í bæ, Seðlabanka eða annars staðar, í blóra við einróma samþykktir ríkisstjórna? Þetta er mjög alvarlegt mál, þetta ber að fá upplýst. Ég óska eftir því að þetta mál verði upplýst.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég lýsi yfir stuðningi við till., ég lýsi yfir stuðningi við skoðanir hæstv. fjmrh. í þessu máli. Ég beini því til hans eindregið að hann taki þetta mál upp á landsfundi þess flokks sem settur verður hér síðar í dag og hefur starfað, sem kunnugt er, af miklum þrótti undir kjörorðinu: Báknið burt. Ég treysti því að þar muni málið verða tekið upp og ég efa ekki að þar verður mikinn stuðning við þennan málflutning að finna.

Að því er varðar síðan minni háttar spurningar um hvað eigi að gera við besta bókasafn landsins, sem er bókasafn Seðlabankans, þá vil ég persónulega eindregið mælast til þess að það verði látið í friði. Þetta er besta bókasafn landsins, þarna geta fræðimenn fengið grið. Þetta er frábærlega vel skipulagt bókasafn, mjög vel stjórnað og ég skil það vel að Seðlabankastjórar hafi fundið hjá sér hvöt til þess að gefa eitthvað fyrir sálu sinni. Þetta var eitthvað það besta sem þeir gátu gert.

En ef Alþingi gæti hins vegar orðið sammála um það að leggja niður Framkvæmdastofnun ríkisins, sem er líka mjög skynsamleg tillaga, og rýma hana úr glerhöllinni, þá mætti gera tvennt: þ. e. flytja Seðlabankann í glerhöll Framkvæmdastofnunar ríkisins, hún rúmar mjög vel þá starfsemi. Ef menn vilja ekki láta bókasafn Seðlabankans í friði, sem fræðimenn í landinu mundu mjög gjarnan óska eftir, þá væri að vísu hægt að flytja það hugsanlega inn í þjóðarbókhlöðu, þá að því tilskildu að þeir fjármunir, sem ella mundu fara í þetta peningamusteri, væru þá settir í Þjóðarbókhlöðuna, þar sem þeir væru vel geymdir og væru arðbær fjárfesting.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er nú af hreinni tilviljun sem ég er staddur hér á leið minni annað, því annars var ég með fjarvistarleyfi. En hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til mín spurningum, sem ég vil gjarnan svara. Annað snertir ummæli mín — líklega eftir mér höfð í Þjóðviljanum í dag, þó ég hafi ekki séð Þjóðviljann, því hún vitnar í það blað, — varðar húsnæðismál almennt og kom fram í umr. í Ed. í gær vegna fsp. Ég svaraði þeirri fsp. þannig, að ef ríkisskuldabréf seldust ekki að því marki sem þau þurfa að seljast til þess að við leysum húsnæðisvandann væru ekki mörg úrræði önnur en að skera frekar niður ríkisútgjöld þar sem ekki kæmi til greina að taka frekari erlend lán, ekki kæmi til greina að yfirdraga frekar í Seðlabankanum og ekki heldur að leggja frekari skatta á fólkið. Það eru því tvær leiðir eftir. Það er að skera frekar niður ríkisútgjöld, og ég er tilbúinn með góðri aðstoð allra þm. að ganga til þess verks ef með þarf, eða hreinlega að viðurkenna að eina úrræðið sem þá er eftir er að húsbyggjendur verða sjálfir að draga í land og fresta sínum framkvæmdum. Við skulum ekki vera að blekkja okkur með því að halda að fjmrh., Alþingi eða ríkissjóður geti á neinn annan hátt leyst þessi vandamál. Peningarnir verða ekki til af sjálfu sér, en vandamálið er mikið, því verður fólk að fara að trúa.

Þetta er svar við fyrri spurningunni sem hv. 2. landsk. þm. beindi til mín í sambandi við umr. um Seðlabanka Íslands og stöðvun á byggingu þess húss.

Ég er hér með Ólafslög fyrir framan mig, þótt ég fengi nú ekki höfundinn sjálfan til að gefa mér eitthvað bitastætt í nesti hér upp í ræðustólinn nú, en þar stendur í 13. gr. III. kafla, um ríkisfjármál, svohljóðandi:

„Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra mála.

Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. Mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis.“ — Síðan heldur þetta áfram. Það eru fjórir liðir undir þessari grein.

Þetta eru sem sagt verkefni fjárlaga- og hagsýslustofnunar og eru í 13. gr. í III. kafla.

Í IV. kafla segir, með leyfi forseta, svohljóðandi:

„Ríkisstj. skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og

lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og skulu þær fylgja fjárlagafrv. Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til. Markmið áætlananna er að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum."

Síðan heldur 15. gr. áfram:

„Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu m. a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárl., eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, enn fremur um framkvæmdir annarra aðila."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa úr 15. gr. frekar, en þá kemur hér XII. kafli, Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl., 65. gr. Þar er fyrst talað um heimildir forsrh. og síðan fjmrh. Þar segir:

„Fjmrh. er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og IV. kafla."

Ef þessum lögum og þessum reglugerðarheimildum samkv. XII. kafla hefur ekki verið breytt mun ég taka til alvarlegrar endurskoðunar hvort ég hef heimild til að breyta framkvæmdaröð Seðlabankabyggingarinnar, og ef samningur hefur verið gerður, eins og hæstv. bankamálaráðh. gat um í sinni ræðu, til lengri tíma en eins árs í senn, sem lög leyfa samkv. þessu, þá verður það skoðað sérstaklega.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Varðandi fsp. hv. 3. landsk. þm., þá liggur ljóst fyrir að lögin um opinberar framkvæmdir gilda um framkvæmdir sem eru fjármagnaðar af fjárlögum alfarið og ríkisframkvæmdir sem eru fjármagnaðar að hluta til af ríkissjóði og að hluta til af sveitarfélögum eða öðrum þeim aðilum sem lög segja til um að skuli taka þátt í þeim framkvæmdum sem þar eru. Hins vegar er í þeirri grein, sem hv. 10. landsk. þm. vitnaði til, getið um framkvæmdir á vegum þeirra stofnana sem hafa sjálfstæða stjórn og það sem samkv. lögum og þeirra fjárhagsáætlun er ekki að finna í fjárlögum. — Vonast ég til þess að ég hafi getað svarað því sem þm. spurði um.

Varðandi það, sem hv. 5. þm. Reykv. vék að, hvort það geti verið að fyrrv. hæstv. viðskrh. hafi ekki farð að samþykktum ríkisstj. í þessum efnum. Það get ég ekki dæmt um. Ég veit að þegar hann kemur aftur til þings mun hann svara því. (**Gripið fram í:** Hvar ætli hann sé núna?) Ég veit ekki, hv. þm., hvar hann er staddur núna. Ég held að þegar hann fékk fjarvistarleyfi frá þingsetu hafi það verið vegna þess að hann hafi farið í opinberum erindum erlendis. Ég ímynda mér að hv. þm. kannist við það og það komi stundum fyrir þm. að þeir geri eitthvað slíkt. En þetta kemur þá í ljós.

En hæstv. fyrrv. fjmrh. sagði að í ágústmánuði á s. l. ári hefði ríkisstj. haft þetta mál til meðferðar, þ. e. byggingu Seðlabankahúss, og gert þar um samþykkt. En þá hefur hæstv. ráðh. verið búinn að gleyma að þegar kom fram í febrúarmánuði á þessu ári var útboð gert í sambandi við byggingu Seðlabankans. Ég trúi ekki öðru en hæstv. fyrrv. ráðh. hafi lesið blöðin svo vel að hann hafi áttað sig á því, þegar útboðið fór fram, að þar hafi verið um að ræða byggingu Seðlabankans. En ríkisstj. hafði samkv. því sem hann sagði verið búin að taka afstöðu gegn því að það yrði haldið áfram með þessa framkvæmd. Það kemur þá í ljós og hægt að skoða það, því að samkv. bókun ætti það að liggja fyrir. (**JBH:** Getur hafa verið erlendis.) Getur hafa verið erlendis, sagði hv. þm. Við skulum reyna að finna afsökun fyrir slíku. En einhverjir hafa þó verið heima. Það eru ekki bara ráðh. úr mínum flokki sem fara erlendis. Það hefur þó einhver verið heima af flokksmönnum fyrrv. ráðh. og þeir hefðu þess vegna mátt átta sig á því að hér var verið að gera eitthvað sem ríkisstj. hafði samþykkt að ekki skyldi gert.

Hann vissi ekki hvað ég átti við þegar ég sagði að hér væri seint í rassinn gripið. Þetta er nú máltæki. (**Gripið fram í:** Það vantar aðeins á þetta máltæki.) Það vantar á máltækið, segir hann. En hv. þm. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., spurði: Í hvaða rass? Það sem einfaldlega er átt við með þessu máltæki er að sá sem hér kemur og vill fá að breyta er ansi seint á ferðinni því að vissulega hefur þm. haft möguleika á því að koma fram sínum skoðunum og hafa áhrif. Ég vék nú ekki að því áðan, en um tíma gegndi einn af flokksmönnum Alþb. formennsku í bankaráði Seðlabankans á þessu tímabili. Það hefði því verið mjög auðvelt að koma fram aths. og þá væntanlega breytingunum sem hér er verið að tala um.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það sem er aðalatriðið í þessu máli er það, að fyrir liggur að Seðlabankinn hefur ákveðið fyrir nokkru að verja hagnaði sínum til að byggja hús. Og það er samdóma álit manna í þessum sal, trúi ég, að ekki sé við hæfi að á sama tíma og fjölskyldurnar í landinu eru að skera niður útgjöld sín mjög verulega, á sama tíma og þjóðarbúið verður fyrir stórfelldum efnahagslegum áföllum skuli það vera að gerast að menn séu að byggja dýrindis höll, eins og sagt er að Seðlabankinn sé að byggja utan í Arnarhólnum, þar sem menn eru að saga gabbró þessa dagana samkv. fréttum Ríkisútvarpsins.

Menn eru sammála um að slíkt sé í rauninni ekki við hæfi. Það er enginn ágreiningur um það, að ég held, í þessum sal, ekki heldur af hálfu hæstv. viðskrh., sem heldur þó mjög fram þessum byggingarframkvæmdum Seðlabankans þó að hann beri aðallega fyrir sig rök úr fortíðinni. Þá er spurningin sú: Er rétt við þessar aðstæður að stöðva þessar framkvæmdir, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir leggur hér til? Ég er þeirrar skoðunar, að rétt sé og eðlilegt að stöðva þessar framkvæmdir eða a. m. k. að fresta þeim um sinn, meðan tekin er þá ákvörðun um hvernig þessi bygging verður notuð. Það er ljóst, að eftir að búið er að reisa húsið verður að ákveða hvernig á að nýta það. Og mér finnst að það sé ekkert sjálfgefið að það verði í þágu Seðlabankans, heldur séu margar aðrar þarfir hér í landinu sem þarf að sinna — margar aðrar en þarfir þeirra í Seðlabankanum til þess að byggja yfir peninga sem ekki eru til. Og af því að þm. eru sammála um þetta sjónarmið, ætli við getum þá ekki sameinast um að þingið taki afstöðu til þess hvernig á að nota húsið, að menn beiti nú allri sinni þekkingu og kunnáttu til þess að finna hvað er hentugast í þeim efnum?

Ég held að þar komi mjög margt til. Margvísleg starfsemi hér í landinu, m. a. menningarstarfsemi, býr við afskaplega þröngan húskost, að ekki sé meira sagt. Og það er hlálegt að á sama tíma og verið er að stöðva

þjóðarbókhlöðuna, eins og hæstv. ríkisstj. leggur hér til, stöðva þá byggingu sem á að reisa yfir handritin og þá starfsemi sem þar á að fara fram, þýtur Seðlabankabygging upp. Það er hlálegt að slíkt skuli gerast.

Ég held að við þurfum einfaldlega að átta okkur á hvernig við getum ákveðið að nýta þetta hús, en í öðru lagi er það mín skoðun, að þessi umr. leiði til þess að við veltum fyrir okkur hvernig stendur á því að Seðlabankinn og ríkisbankarnir yfirleitt eru ekki með sína fjárfestingu inni í yfirstjórn fjárfestingar ríkisins yfir höfuð. Fjárfesting bankanna er hvergi í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, hvergi nokkurs staðar. Ég teldi að eðlilegt væri í tilefni af þessari umr. að tekin yrði ákvörðun um að ríkisbankarnir verði teknir inn í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisins, þannig að hæstv. fjmrh. geti tekið afstöðu til þessarar fjárfestingar eins og annarrar fjárfestingar í landinu þegar hann er að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Ég býst við því, eftir undirtektum hér í þinginu að dæma, að meiri hluti hins háa Alþingis sé reiðubúinn að styðja fjmrh. í því efni að fjárfesting ríkisbankanna verði tekin inn í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun framvegis. Þetta finnst mér vera sú jákvæða niðurstaða sem maður getur fengið út úr umr. hér í dag.

Það má lengi pexa um það, hver á upphaf máls og hver hafi ekki staðið sig nógu vel á liðnum árum. Um það geta menn lengi deilt. En sú umr. leiðir menn ekkert áfram í þessu máli. Ég held að aðalatriði sé að við áttum okkur á því, hvert getum við komist með þessa framkvæmd, hvernig á að nýta hana og þá fjármuni sem þarna er um að ræða í þágu lands og þjóðar á næstu árum og hvað þarf að laga í þessu efni. Ég held að ég hafi bent hér á tvennt sem er býsna þýðingarmikið í þeim efnum.

Það er kostulegt til þess að vita, að hagnaður Seðlabankans er ósnertur með öllu af skattyfirvöldum þessa lands. Hagnaður Seðlabankans, sem nemur mörgum millj. kr. t. d. á árinu 1982, fyrst og fremst vegna gengisbreytinga á því ári, er þannig, að skattyfirvöld koma þar hvergi nálægt. Þess vegna hefur það alltaf verið okkar skoðun í Alþb. og fleiri þm. hér og þingflokka, að það væri rétt að taka hagnað Seðlabankans beint inn í ríkissjóð, það er einn möguleikinn, eða að taka hagnað Seðlabankans beint inn í stofnfjársjóði atvinnuveganna eða taka hagnað Seðlabankans t. d. inn í Byggingarsjóð ríkisins. Þetta held ég að við ættum að skoða og ákveða að gera. Um þetta þarf held ég ekki að vera ágreiningur, ef velviljaðir menn setjast niður og reyna að átta sig á hlutunum.

Þetta vildi ég nefna hér, herra forseti. En hitt er fróðlegt líka, sem fram hefur komið hér í þessari umr., það er þessi sjóðandi ágreiningur sem er hér á fyrsta degi landsfundar Sjálfstfl. í þessu seðlabankamáli. Það kemur hér fram að viðskrh. vill byggja, en hæstv. fjmrh. vill ekki byggja. Það kom fram hjá hæstv. fjmrh. hérna fyrir nokkrum dögum, að hann telur að Seðlabankinn framkvæmi lögbrot á hverjum degi, en hæstv. viðskrh. segir að Seðlabankinn sé ekki að fremja nein lögbrot af neinu tagi. Þannig koma þeir sér ekki saman um jafneinfaldan hlut og það, hvernig á að taka á þessum málum, þó að þeir séu úr sama flokknum, og segir það nokkuð um ástandið í Sjálfstfl. þegar mál eins og seðlabankamálið verður rifrildisefni þessara ráðh. úr þessum virðulega ræðustól. (Gripið fram í.)

Hitt er líka fróðlegt, herra forseti, að það skuli gerast hér og koma fram sem hæstv. fjmrh. upplýsti áðan varðandi húsnæðislánakerfið og hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um. Hæstv. fjmrh. segir: Ef ríkisskuldabréfin, sem nú er verið að tala um að bjóða út, seljast ekki, en þau eiga að gefa 200 eða 250 millj. kr. ef ég man rétt, þá verður ekki leitað á náðir Seðlabankans, það verður ekki dregið þar yfir frekar en orðið er, en yfirdráttur byggingarsjóðanna nemur þar mjög verulegum upphæðum um þessar mundir. Í annan stað segir hæstv. fjmrh.: Það verða ekki tekin erlend lán í þessu skyni. Og í þriðja lagi segir hann: Það verða ekki lagðir á skattar í þessu skyni. Og hann segir sem svo: Niðurstaðan er þá sú, að húsbyggjendur verða að draga saman seglin. — Þetta er út af fyrir sig sjónarmið sem hæstv. fjmrh. hefur kynnt áður og kemur engum á óvart. En það kann hins vegar að koma á óvart að hæstv. forsr. og hæstv. félmrh. hafa á hverju götuhorni um margra mánaða skeið lofað að það fólk sem fékk lán á síðustu árum geti fengið 50% hækkun á þeim sömu lánum útborguð í nóv. og í des. Hæstv. fjmrh. er að segja með orðum sínum, að hæstv. forsrh. og félmrh. séu ómerkir orða sinna í þessu efni, það sé ekki að marka yfirlýsingar þeirra og þeir um það bil 2000 húsbyggjendur, sem nú eiga gildar umsóknir hjá Byggingarsjóði ríkisins, geti búist við því að þeir fái ekki úrlausn sinna mála fyrr en einhvern tíma á næsta ári vegna þess að þessi skírteini seljast ekki.

Hér er stærsta fréttin að mínu mati í því máli sem hæstv. fjmrh. flutti áðan. Ég kannast við hans sjónarmið og þau rök sem hann hefur uppi í málinu. En það hefði kannske verið betra að hæstv. fjmrh. hefði kynnt þeim forsrh. og félmrh. sjónarmið sín og rök áður en þeir fóru að bera fyrir húsbyggjendur þau loforð sem þekkt eru og menn gera ráð fyrir að verði efnd á þeim skammdegisdögum sem eftir lifa af árinu 1983. Það er hrikalegt, þegar því hefur aftur og aftur verið lofað af hæstv. félmrh. og forsrh. að þessi lán verði hækkuð og að menn muni borga það út núna í nóv. og des., að koma núna fram, eftir að umsóknarfrestur er runninn út, eftir að Húsnæðisstofnunin hefur tekið þessar umsóknir til meðferðar og komist að þeirri niðurstöðu að þarna séu 2000 gildar umsóknir sem eigi rétt á lánum, og segja: Það verður ekki hægt að standa við þetta. — Þetta eru alvarleg tíðindi.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég taldi rétt að nota mér þann rétt minn sem ráðh. að taka til máls strax á eftir hv. 3. þm. Reykv., svo ranglega sem hann túlkar ummæli mín og eins tortryggileg og hann er að gera ummæli samráðherra minna, bæði forsrh. og félmrh.

Það hefur ekki komið hér á dagskrá, hvorki frá mér né neinum öðrum, að engir peningar séu til í þennan málaflokk, sem eru húsnæðismálin. Og að sjálfsögðu verða þeir peningar, sem við höfum aðgang að, fyrst og fremst notaðir til þess að standa fyllilega við þau loforð sem gefin hafa verið um fjárveitingar til þeirra aðila sem hv. 3. þm. Reykv. gat um. Það sem ég hef undirstrikað í umr. um húsnæðismálin og fjármálin og sölu ríkisskuldabréfa er að nýbyggingarnar verða að þola tafir hjá einstaklingum, náist ekki fram áform okkar um sölu ríkisskuldabréfa, á nákvæmlega sama hátt og það eru nýbyggingar, sem eru stöðvaðar á

vegum þess opinbera, en reynt að klára það sem er í byggingu.

En ég vil undirstrika það að ummæli hv. 3. þm. Reykv. eru rangtúlkun á því sem ég hef sagt. Og ég vil undirstrika það líka að loforð ríkisstj. eru loforð forsrh., eða túlkuð af forsrh. og félmrh., og við þau verður fyllilega staðið.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég var ekki fyllilega ánægð með svör hæstv. fjmrh. Hann er annars vanur að gefa skýr og afdráttarlaus svör við því sem hann er spurður um. En ég spurði hæstv. ráðh. hvort hann hefði ekki hreyft þessu máli í ríkisstj., að stöðva framkvæmdir við byggingu Seðlabankans, hvort hann hefði ekki hreyft því þar til þess að afla málinu stuðnings. Og eins spurði ég hann hvort hann gæti stutt till., ef fram kæmi, um að það framkvæmdafé sem væri áætlað til Seðlabankans á næstu einu eða tveimur árum rynni þá til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég varð ekki vör við að hann svaraði þeim spurningum. En það er auðvitað full ástæða til, þegar verið er að ræða hér um útþenslu bankakerfisins, að vekja athygli á fleiri atriðum er það varðar.

Í Tímanum 25. okt. kemur fram að bankamálanefnd hafi gert tillögur um að leyfisveitingar til nýrra bankaútibúa yrðu stöðvaðar þar til tillögur nefndarinnar liggja fyrir. Þessi tilmæli bankanefndarinnar komu fram í febrúar á síðasta ári, en þrátt fyrir það hafði verið veitt leyfi til að byggja 11 ný bankaútibú. Hér hlýtur að vera um geysilega mikið fjármagn að ræða, sem fer í það að byggja þessi ellefu nýju útibú, og þess vegna hlýtur hæstv. viðskrh. að hafa kynnt sér hvað framkvæmdir við þessi ellefu nýju útibú muni kosta. Og ef hann hefur ekki gert það þá vil ég beina því til hans hvort hann sé ekki tilbúinn til þess að gefa þingheimi upplýsingar um hvað þessi ellefu nýju útibú muni kosta. Og kannske ekki síður hvort hann sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þessi ellefu leyfi verði afturkölluð a. .m. k. þar til bankanefndin hefur skilað sínu áliti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðh. gefi okkur svör við þessu. Og hafi hann ekki upplýsingar um hvað þessi bankaútibú muni kosta, hvort hann muni þá gera ráðstafanir til þess að þingheimur fái upplýsingar um það.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær undirtektir sem þessi till. hefur fengið hér. Sýnist mér allir þeir sem hér hafa talað, nema ef vera kynni hæstv. viðskrh., vera málinu hlynntir. Og hann hef ég sterklega grunaðan um að vera hlynntari því en hann vildi vera láta.

Varðandi þau örfáu atriði sem ég sé ástæðu til að gera athugasemd við vil ég segja þetta: Þær lögskýringar sem hæstv. viðskrh. hafði hér í frammi í upphafi síns máls held ég að séu ekki sérlega sannfærandi. Allur andi laga um skipan opinberra framkvæmda er í þá veru að opinberar framkvæmdir verði sem hagkvæmastar fyrir þjóðina alla. Telji menn í n., sem fær þetta mál til meðferðar, að rétt sé að leita sérfræðilegs álits á því hvort ríkisstj. hafi vald til að stöðva framkvæmdir við Seðlabankahúsið, þá er það auðvitað alveg sjálfsagt. Ekki vil ég fara fram á það við hv. Alþingi að mál hljóti hér óþinglega meðferð. Þau rök sem hæstv. viðskrh. hafði í frammi, um að erfitt væri að hætta nú við byggingu Seðlabankans vegna þess hve langt hún væri komin, verka hins vegar dálítið hlægilega á fólk sem nýlega hefur gert sér grein fyrir að það á að stöðva byggingu Þjóðarbókhlöðu. Ég er hrædd um að hún sé þó nokkuð lengra komin en umrædd Seðlabankabygging. Þar stangast því allt hvað á annað.

Þriðja athugasemdin, sem hæstv. ráðh. gerði, var um orðalag till. og þá einkum orðin tvö: „þær framkvæmdir" við byggingu Seðlabanka Íslands sem ekki hefur þegar verið samið um við verktaka. Þetta þykir mér nú ekki vera sérlega óljóst, en meinlaust af minni hálfu þó að orðalagi yrði hnikað til í n. T. d. mætti í stað orðanna „þær framkvæmdir" standa „þá verkþætti". Það er mér útlátalaust og breytir ekki í neinu því sem till. snýst um.

Ég vil heilshugar taka undir það sem hér hefur fram komið, að ef ljóst er að ekki er hægt að stöðva þessa byggingu þá finnst mér sterklega koma til greina, eins og ég minntist á í minni framsöguræðu, að nýta þessa byggingu til einhvers annars, til einhverra annarra og þarfari hluta, því ég held að það hafi kannske ekki komið hér fram að hér er ekki um að ræða aðeins að byggja þetta hús. Þó að búið sé að steypa það upp hygg ég að mikið sé eftir enn af þarflausri og ónauðsynlegri eyðslu. Við skulum gera okkur fyllilega grein fyrir því að það verður dýrt að innrétta þetta hús. Þetta er æðimiklu stærra húsnæði heldur en bankinn hefur áður haft til afnota og halda menn virkilega að það vindi ekki upp á sig um aukið starfslið og allan rekstur, tækjabúnað og annað slíkt? Ef ég þekki þá rétt sem stýra Seðlabanka verður þar hvergi til sparað. Það er miklum peningum enn óeytt í þessa byggingu þó að hún sé uppsteypt.

Hvað varðar jag manna um fortíðina, hverjir bera ábyrgð á hverju, get ég ekki séð hvað í ósköpunum ég get gert að því þó að einhver Alþb.- maður hafi setið í bankaráði og ekki haft rænu á að stoppa þessa endaleysu, síst af öllu hafi hann verið gullkistuvörður Alþb. Ég held að það hafi nú verið lítið verk og löðurmannlegt og maðurinn þar með með litla reynslu í peningamálum. Löngum hefur mér sýnst og heyrst glamra í botninum á þeirri góðu kistu og oftlega til þingmanna og annarra leitað til þess að reka þann góða flokk, svo að lítil starfsreynsla er nú fólgin í því að fara af gullkistum Alþb. yfir í stjórn Seðlabankans, ég tala nú ekki um að gerast bankastjóri líka.

En það fer oft þannig fyrir mér þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talar að ég átta mig ekki alveg á hvort hann er að tala í alvöru eða gamni. Ég vona að hann hafi verið að tala í gamni þegar hann var að tala um nytsemi bókasafns Seðlabankans: Vel má vera að fræðimenn á borð við hann fái þar inngöngu, en það er ekki öllum leyft. Sauðsvartur almúginn fær ekki að stíga þar fæti sínum inn fyrir dyr, og hingað til hef ég aldrei séð það ákveðið í nokkrum lögum að Seðlabankinn skuli annast fræðimannabókasafn fyrir þjóðina. Ég hélt að það væru allt aðrar stofnanir sem ættu að sjá um það. Og ég hygg að Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður yrði mér nokkuð sammála um það svo og þjóðskjalavörður og háskólabókavörður. Eigum við ekki bara að láta þá um að sjá um þennan þátt þjóðfélagsins? Ég hygg að hv. þm. mundi fúslega fá að setjast í Þjóðarbókhlöðu, þegar þar að kemur, með fræðidoðranta sína. (Gripið fram í.) En ef þm. er það virkilega alvara að íslenskir embættismenn, — ég get ekki skilið það öðruvísi en svo — sem vita upp á sig skömm af

einhverju tagi, eigi svo að nota almannafé til að gefa fyrir sálu sinni, þá þykir mér nú skörin færast upp í bekkinn. Mættu nú margir taka til að gefa fyrir sálu sinni og yrði dýrt, trúi ég.

Ég skal ekki lengja þessa umr. mikið. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir og ég vil sér í lagi taka undir mál síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þar sem hún gerði að umtalsefni aðra útþenslu þessara galtómu banka. Ég held að þar væri í raun og veru efni í aðra umr. því eins og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir minntist á er það hálfhlægilegt að því minni peninga sem við finnum í þessu þjóðfélagi því fleiri hirslur þurfum við utan um þá. Þetta er ekki hægt að bjóða landsmönnum lengur upp á.

Ég vænti þess að lokum, herra forseti, að hv. allshn. Sþ. taki þetta mál til athugunar og vinni það vel og þinglega og skili því sem fljótast aftur, svo að þm. geti tekið hér af skarið og stöðvað það að embættismenn ráðskist með þjóðarbúið að eigin vild og fram hjá valdi Alþingis.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sjónarmið sem hér hefur komið fram og var svo faglega orðað, að það væri hlálegt að vera að byggja yfir peninga sem ekki væru til. En hitt er athyglisvert við þá þáltill. sem hér liggur frammi, að orðalag hennar er ekki í samræmi við það markmið sem kemur fram í nafni hennar. Og þó maður lesi grg. verður maður einskis vísari um það hvort við stöðvum byggingu Seðlabankans þó við samþykktum till., því að í lokaorðum ályktunarinnar er allt dregið til baka sem sagt er í upphafinu. Ef það er rétt, sem fram kom hjá viðskrh., að svo gott sem allt sé búið að bjóða út, til hvers er þá að stöðva útboð eftir á þegar búið er að bjóða út? Mér er þess vegna ekki ljóst hvort flm. hefur viljandi ekki kafað ofan í málið. Og hefði hann þó átt að geta fengið nægar upplýsingar um það hvort búið er að bjóða verkið út að öllu leyti eða hvort enn er eftir að bjóða út, sem hlýtur þó að vera aðalatriði þessa máls.

Ég vil einnig undirstrika það að Alþb.- menn geta ekki látið svo hér í þingsölum að þeir hafi viljað stöðva þetta mál en verið ofríki beittir í seinustu ríkisstj. Það vill nú svo til að formaður þeirra hélt því óspart á lofti að þeir hefðu neitunarvald, sem frægt er. (**Gripið fram í:** Það var ekki í Seðlabankabyggingunni.) Það var ekki í Seðlabankabyggingunni, heyri ég að hann tuldrar hér. (Gripið fram í.) Ef neitunarvaldið hefur ekki náð yfir Seðlabankabygginguna þá ber að skilja hv. 3. þm. Reykv. á þann veg að ríkisstj. hafi ekkert yfir Seðlabankanum að ráða. (**Gripið fram í:** Það verður þá að kalla á Tómas Árnason, hann var viðskrh.) Ég hygg nú að það dugi enginn útúrsnúningur í þessu máli. Hv. þm. er fullkomlega ljóst að þeir höfðu þetta neitunarvald. Þeir veifuðu því út um allt land sem klókindalega gerðum hlut á sínum tíma. En nú virðist vera svo komið að hv. þm. vildi gjarnan sverja það af sér í þessu máli.

Ef við lítum örlítið lengra þá fer það ekki á milli mála að einn af Seðlabankastjórunum var skipaður af Alþb. til þeirra starfa. Ég veit ekki hvort það er rétt, en sagan segir að byggingarframkvæmdirnar heyri undir hann. Það skyldi þó aldrei vera að það hafi líka á sínum tíma verið formaður í Seðlabankastjórninni, þingkjörinn, sem sá um hönnun byggingarinnar? Ekki veit ég það. En ég vildi gjarnan að það yrði upplýst hér og nú, annaðhvort af flm. þessarar þáltill. eða af viðskrh., hvað það er sem ekki er búið að bjóða út. Því ég hygg að það sé miklu styttra mál að gera grein fyrir því.

En ég vil taka undir það sjónarmið sem hér hefur komið fram að það er vissulega storkun við alþýðu þessa lands að það skuli geta gerst að á sama tíma og þrengingar ná inn á hvert einasta heimili skuli þetta fljóta sjálfvirkt áfram. Það má vel vera að fjmrh. hafi það vald sem hann ræddi um hér áðan, að hann gæti haft áhrif á þróun málsins. Og eitt vil ég líka taka sterkt undir sem hér hefur komið fram í þessum ræðustóli, að auðvitað er það eðlilegt að hagnaði af rekstri Seðlabankans sé skilað til ríkissjóðs, að eigandinn fái arð af sinni eign, ef um arð er að ræða.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég beindi fsp. bæði til hæstv. fjmrh. og einnig til hæstv. viðskrh. sem ég hef ekki fengið svör við. Þegar ég var að stíga hér úr ræðustól fékk ég einungis frá hæstv. fjmrh. orðsendingu þar sem á stóð: „Verð að fara. Er með fjarvistarleyfi. Bless elskan. "Þetta voru nú öll svör hæstv. fjmrh. Og hæstv. viðskrh. virðist ekki heldur ætla að svara minni spurningu, sem er varðandi bankaútibúin, og þegir þunnu hljóði í sínum ráðherrastól. En ég vil eindregið fara þess á leit við hann að hann svari þessari spurningu minni, hvort hann hafi hugmynd um hver kostnaður er við þessi 11 bankaútibú. Og ef hann hefur það ekki hvort hann ætli að kynna þingheimi það. Vegna þess að ef svo er ekki þá mun ég auðvitað þurfa að leggja hér fram með formlegum hætti fsp. til ráðh. um þetta efni. (**Gripið fram í:** Vill elskan svara?)

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka það fram að í upphafi fundar var þess látið getið að hæstv. fjmrh. hefði fjarvistarleyfi.

Viðskrh. (Matthías Á. Matthiesen): Herra forseti. Ég er hérna enn þá, enda þótt ég hafi ekki svarað fsp. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, 2. landsk. þm., einfaldlega vegna þess að þær upplýsingar hafði ég ekki hér með mér. Átti ekki von á því að um slíkt yrði spurt, e. t. v. ekki möguleiki á því að fá þær sem slíkar, en sjálfsagt að athuga það eins og annað í þessu máli. Í framhaldi af því sem hv. 5. þm. Vestf. sagði þá kom hér fram í fsp. á fundi í Sþ. s. l. þriðjudag að í framhaldi af þeim verkþáttum sem nú væri unnið að, uppsteypu kjallara og jarðhæðar, hefði verið samið við núverandi verktaka frá útboði í febrúar um að ljúka á næsta ári uppsteypu alls hússins og smíði þaka að hluta. Kostnaður við þetta, sem þar var frá skýrt, var 19.8 millj. á verðlagi 1. okt. s. l.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 14. fundur.

Mánudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„7. nóv. 1983.

Jón Helgason landbrh. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Guðmundur Búason kaupfélagsstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Tekið skal fram að Böðvar Bragason, 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, er nú fulltrúi Íslands á fundi Sameinuðu þjóðanna í New York."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Hér liggur fyrir svohljóðandi símskeyti:

„New York, 2. nóv. 1983.

Til forseta Sþ.

Þar sem ég dvelst erlendis um þessar mundir get ég ekki tekið sæti á Alþingi sem varamaður þm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi og óska því eftir að 2. varamaður taki sæti í minn stað.

Böðvar Bragason."

Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf Guðmundar Búasonar sem hér liggur fyrir. Verður gefið fundarhlé í 5 mínútur á meðan. Fundinum er frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf fyrir Guðmund Búason, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi. Þess er óskað að hann taki nú sæti á Alþingi í forföllum þm.

Fyrir liggur tilkynning frá 1. varaþm. flokksins í kjördæminu að hann geti ekki sest á þing nú vegna dvalar erlendis.

Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréf Guðmundar Búasonar og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 42 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Guðmundur Búason, 5. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Guðmundur Búason hefur undirritað eiðstaf. Býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Efri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 7. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Tollskrá o. fl., frv. 12. mál (þskj. 12). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. 19. mál (þskj. 19). — 1. umr.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Flm. er ásamt mér Stefán Benediktsson, hv. 8. þm. Reykv. Þetta er 19. mál 106. löggjafarþings og endurflutt óbreytt frá 105. löggjafarþingi.

Með grg. fylgja þrjú fskj.: grein eftir Jón Sigurðsson um starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins, grein eftir Friðrik Pálsson um starfshætti Verðlagsráðs sjávarútvegsins og grein eftir Vilmund Gylfason um frjálst fiskverð úr Nýju landi frá 1981. Vilmundur Gylfason lagði þetta frv. fyrir 105. löggjafarþing.

Þetta frv. um breyt. á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins felur í sér eina breytingu þess efnis, að 10. gr. laganna falli niður, en í stuttu máli fjallar 10. gr. laganna um sérstaka yfirnefnd Verðlagsráðs með oddamanni frá Þjóðhagsstofnun, en með slíku fyrirkomulagi hefur ríkið bein afskipti af ákvörðunum um fiskverð.

Þegar útflutningsbótakerfið var lagt niður í ársbyrjun 1960 var ákveðið að opinberum afskiptum af fiskverðsákvörðunum skyldi hætt og teknir upp frjálsir samningar um verð milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Þessi tilhögun reyndi á þolrif samningsaðila, því komið var nær vertíðarlokum áður en samningar tókust um fiskverð, en ekki kom samt til verkfalla.

Í upphafi ársins 1961 voru gerðir nýir kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna. Meginefni hinna nýju samninga var gagnger breyting á hlutaskiptareglum, sem miðaðist við það m. a. að sjómenn tækju sinn hlut af sama verði og útgerðarmenn fengju fyrir fiskinn, en það hafði ekki áður verið. Framvegis skyldi því hvorki samið um sérstakt skiptaverð, eins og áður hafði verið gert, né um frádrag frá fiskverðinu áður en til hlutar væri reiknað. Með þessari breytingu urðu hagsmunir sjómanna við fiskverðsákvörðun enn skýrari en áður og sjómenn gerðu vitaskuld þá kröfu að eiga beina hlutdeild að öllum fiskverðsákvörðunum.

Árið 1961 lá nærri að til verkfalla kæmi á síldveiðiflotanum vegna þess að ekki hafði tekist að ákveða verð á síld. Skipaði þá páv. sjútvrh. Emil Jónsson nefnd átta manna, einn frá hverju hagsmunasambandi. Á vegum þessarar nefndar var samið frv. til l. sem varð stofn að lögum nr. 97 18. des. 1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Með þessum lögum var gert ráð fyrir að hagsmunaaðilar semdu um verð á sjávarafurðum óháðir

ríkisafskiptum.

Breyting var gerð á þessum lögum í des. 1964 á skipun yfirnefndar, sem fól í sér að forstöðumaður Efnahagsstofnunar eða fulltrúi hans varð sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar. Þetta ákvæði er enn óbreytt nema hvað Þjóðhagsstofnun er komin í stað Efnahagsstofnunar. Þar með tekur ríkisvaldið sér stöðu á milli samningsaðila. Þessi tilhögun hefur leitt það af sér að ójafnvægi hefur skapast á milli fiskkaupenda og fiskseljenda. Vil ég í framhaldi af því fá að lesa hér upp smákafla úr ræðu Kristjáns Ragnarssonar, formanns LÍÚ, sem birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 3. nóv. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar haft er í huga, að Verðlagsráði sjávarútvegsins ber að taka jafnt tillit til veiða og vinnslu við ákvarðanir sínar veldur það undrun að heyra og sjá, hve mikill mismunur er á afkomu þessara greina. Svo virðist, að oddamaður yfirnefndar ráðsins hafi ekki gengið þann gullna meðalveg sem honum er ætlað að ganga," m. ö. o. að það eru ákvarðanir oddamanns sem vega þyngst um skiptingu á milli útgerðarmanna og sjómanna.

Þessi tilhögun hefur leitt það af sér að ójafnvægi hefur skapast á milli fiskkaupenda og fiskseljenda, eins og ég áður nefndi. Hefur því ríkisvaldið vegna afskipta sinna af fiskverðssamningum gripið til ýmissa hliðarráðstafana, svo sem gengisfellinga eða uppbóta úr verðjöfnunarsjóðum. Þessar ráðstafanir hafa sjaldnast dugað lengur en þrjá mánuði með tilsvarandi verðbólguhækkun og þörf á endurtekningu vegna hækkunar á rekstrarkostnaði.

Í fskj. II. með þessu frv. segir í grein eftir Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóra Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem birt var í tímaritinu Ægi 1978, með leyfi hæstv. forseta:

„Á því er enginn vafi, að stofnun Verðlagsráðs sjávarútvegsins á sínum tíma og svo stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins voru spor í rétta átt, en því miður er svo komið, að hvorug þessara stofnana stendur lengur undir nafni. Það gerist æ algengara í störfum beggja þessara stofnana, að forstjóri Þjóðhagsstofnunar og aðrir embættismenn í krafti ríkisstjórnar ákveða bæði fiskverð í yfirnend Verðlagsráðs og viðmiðunarverð í Verðjöfnunarsjóði. Þær ákvarðanir eru sjálfsagt ekkert verri fyrir það. En við erum komin langt frá upphaflegum tilgangi með stofnun Verðlagsráðs, sem var að koma á frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda án beinna afskipta ríkisstjórnar."

Við könnumst öll mætavel við aðgerðir ríkisstjórna til þess að leysa vanda sjávarútvegs eða fiskvinnslu. Gengisfellingar, gengissig, erlendar lántökur til að styrkja fjárfestingarsjóði sjávarútvegsins o. fl. Allar þessar aðgerðir hafa miðað að því að velta vandanum á undan sér líkt og snjóbolta sem hleður stanslaust utan á sig þar til hann er orðinn svo stór að enginn fær við ráðið. Slíkum boltum verður ekki endalaust velt yfir á samfélagið. Ef tap er á sjávarútvegi er tap á öllu þjóðfélaginu. Þetta er undirstöðuatvinnugrein Íslendinga með um 70% af útflutningsverðmætum landsins. Það verður því að teljast réttlát krafa að þeir menn sem þessum starfsgreinum stjórna beri ábyrgð á fjárfestingu og rekstri þessara fyrirtækja. Án ábyrgðar hlutaðeigandi aðila verður ekki hagkvæmni náð.

Á árunum frá 1961—82 hafa verið teknar 273 ákvarðanir um fiskverð af yfirnefnd Verðlagsráðs. Þar af hefur samkomulag náðst 65 sinnum. Ákvarðanir um fiskverð þar sem atkvæði oddamanns var notað með seljendum gegn kaupendum voru 110, en með kaupendum gegn seljendum 71. 23 ákvarðanir um fiskverð hafa verið teknar með atkvæði oddamanns og annarra fulltrúa á víxl eða með hjásetu. Oddamaður hefur fjórum sinnum úrskurðað fiskverð einn.

S. l. ár er sýnishorn af aðgerðum af hálfu stjórnvalda, bæði hvað varðar fiskverð og inngrip í gerða samninga. Eins og kemur fram í skýrslu frá Verðlagsráði sjávarútvegsins fyrir árið 1982—83 voru ákvarðanir um almennt fiskverð fjórum sinnum til umræðu. Verðlagsákvörðun 1. des. var bundin við hámarksverðlagshækkun samkv. ákvæði 3. mgr. 1. gr. brbl. nr. 79 frá 21. ágúst 1982, sem ekki mátti nema meira en hækkun verðbóta á laun eftir 1. sept. 1982. Samkomulag var um að fiskverð skyldi hækka að meðaltali um 7.72%, sem var það sama og hækkun verðbóta á laun þann 1. des. Ákveðið var að hækkun kæmi jafnt á allar tegundir. Gildistími var ákveðinn einn mánuður, þar til 31. des. 1982. Ákvörðun um almennt fiskverð frá 1. jan. til 31. maí var vísað til yfirnefndar.

2. gr. brbl. nr. 58 27. maí 1983 hljóðar svo:

„Almennt fiskverð samkv. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 4/1983, annað en verð á skarkola, skal hækka um 8% 1. júní 1983 og það verð síðan um 4% 1. okt. 1983, og skal það verð, sem er ákveðið, gilda til 31. jan. 1984."

Í samræmi við þessar ákvarðanir var samþykkt á fundi deildarinnar þann 30. maí að 8% hækkun kæmi jafnt á allar fisktegundir. Á fundi deildarinnar þann 15. sept. 1983 var samþykkt að 4% hækkun kæmi einnig jafnt á allar tegundir. Af þessu er því ljóst að fiskverð hefur verið bundið með lögum mestallt s. l. ár.

Verðlagningu á tímabilinu 1/1 til 28/2 lauk þann 31. des. Tillaga oddamanns fól í sér 14% meðalfiskverðshækkun. Var till. samþykkt með atkvæði oddamanns og fulltrúa útgerðarmanna gegn atkvæðum fulltrúa sjómanna, en fulltrúar kaupenda sátu hjá.

Almennt fiskverð frá 1/3—31/5 var ákveðið þann 27. febr. Ákveðin var 14.74% hækkun, jafnt á allar fisktegundir, en hækkun þessi er sú sama og verðbætur á laun frá 1. mars. Verðið var ákveðið af oddamanni og fulltrúum seljenda gegn atkvæðum annars fulltrúa kaupenda og hinn fulltrúi kaupenda sat hjá.

Fiskverð hefur því tekið mið af almennum verðhækkunum í landinu og vísitölubindingu launa, og er því ekki óeðlilegt að ætla að samfara afnámi vísitölubindingar á almenn laun í landinu verði gerð gagngerð breyting á Verðlagsráði sjávarútvegsins til samræmis við frjálsa kjarasamninga. Máli mínu til stuðnings nægir að nefna ákvörðun um fiskverð frá 1. jan. s. l. Tillaga oddamanns fól í sér 14% fiskverðshækkun og náði fram að ganga. En þessi 14% fiskverðshækkun þýddi í reynd að 4% af óskiptum afla runnu beint í olíusjóð og gengisfellingu um tæp 10%. Þetta er bara ein af þeim mörgu björgunaraðgerðum ríkisstjórna sem leysa engan vanda, aðeins fresta þær vandanum um skamman tíma. Vandi útgerðarinnar virðist vera sífellt meiri. Ef marka má ummæli útgerðarmanna í dagblöðum undanfarið stöðvast flotinn ef ekkert verður að gert.

Ef tekið er mið af ástandi í sjávarútvegi eins og það blasir við í dag með tilliti til þess að afskipti ríkisvalds af

fiskverðsákvörðunum í 19 ár hafa ekki dregið úr vandanum, heldur þvert á móti aukið vandann með miðstýringu og þeirri núllreglu sem er hvað mest í tísku í dag verður að telja það rökrétta áskorun til hæstv. ríkisstj. að hún hætti afskiptum af fiskverðssamningum, enda verði samningsaðilum frjálst að velja sér oddamann eða leita til sáttasemjara náist ekki samningar. Með þessu fyrirkomulagi er gerð sú krafa til útgerðar- og fiskvinnslumanna að þeir sníði sér stakk eftir vexti, enda er það í samræmi við þá kröfu sem gerð er til annarra landsmanna.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja til að frv. verði afgreitt til 2. umr. og sjútvn.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til l. um breyt. á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Í þessu frv. er lagt til að meginbreytingin verði sú, að lágmarksverð á sjávarafla verði ákveðið í frjálsum samningum á milli fiskseljenda og fiskkaupenda í Verðlagsráðinu, en deilum sé ekki vísað til yfirnefndar og oddamanns frá Þjóðhagsstofnun eins og nú tíðkast. Með þessari breyt. telja flm. að samningsaðilar verði ábyrgari í samningsgerðinni og þeir geti ekki vísað vandanum af óraunhæfum samningum á ríkiskassann, eins og dæmi séu til um. Með þessari breytingu yrði horfið aftur að hinum upphaflega tilgangi laganna um Verðlagsráð sjávarútvegsins frá árinu 1961, þar sem segir að verðlag sjávarafla skuli ákveðið í frjálsum samningum hagsmunaaðila án íhlutunar ríkisvaldsins.

Öll erum við fylgjandi sem frjálsustum samningum í þessum efnum sem öðrum, en lítum nokkuð nánar á staðreyndir er við blasa í þessum efnum.

Fiskverðsákvarðanir gegna stærri hlutverki í þjóðarbúskap okkar en flest annað. Þær ráða ekki aðeins miklu um rekstrarskilyrði fiskveiða og fiskvinnslu, heldur ráða þær verulega þróun í launamálum sjómanna þar sem aflahlutur er svo veigamikill þáttur í launum þeirra. Fyrr á árum voru þessi verðlagsmál oft í miklu öngþveiti, og t. d. á sjötta áratugnum, eins og kom fram hjá flm., valt oft á ýmsu hvernig ferskur fiskur var verðlagður. Þá ríkti oft megn óánægja hjá sjómönnum með fiskverð og voru þá oft margþættir samningar í gangi, sem voru engum til góðs.

Árið 1960 voru teknir upp frjálsir samningar um fiskverð milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Þessi tilhögun gafst ekki heldur vel, því á því ári var komið nærri vertíðarlokum, eins og kom fram að mig minnir í framsögu hv. flm., þegar samningarnir loksins tókust um fiskverð fyrir þá vertíð. Ekki er til bóta að taka upp slíka stefnu aftur.

Eftir þá reynslu sem menn höfðu fengið af hinum ýmsu erfiðleikum við verðlagningu og verðlagsákvarðanir á ferskum fiski var Verðlagsráð sjávarútvegsins sett á stofn 18. des. 1961. Þar tel ég hafa verið stigið rétt spor í rétta átt. Og þó að öllu megi finna sé ég ekki að annað kerfi bjóði upp á betri eða réttlátari möguleika í dag. Að sjálfsögðu fær þetta frv. rækilega umfjöllun í þingnefndum og leitað verður vafalaust umsagnar hagsmunaaðila, og ef fram koma í þeirri umræðu veigamiklir þættir, sem yrðu á einhvern hátt til bóta á núverandi kerfi, þá tel ég víst að allir verði sammála um að gera breytingar þar á.

En við skulum ekki gleyma því, að hjá okkur Íslendingum ríkir sérstaða í verðlagsmálum sjávarafurða. Hjá hinum stærri fiskveiðiþjóðum ríkir hinn frjálsi uppboðsmarkaður, sem byggir á nálægð stórra neytendamarkaða, en við hér á Íslandi verðum að taka mið af neytendamörkuðum erlendis fyrir unninn fisk. Þeim markaðssveiflum sem þar myndast erum við því miður háð. Þetta ástand gerir okkur alltaf erfiðara fyrir í öllum verðákvörðunum á ferskum fiski. Ég dreg því — ég segi það aftur — mjög í efa að breyting á núverandi kerfi verði til bóta fyrir þá aðila sem þarna eiga hlut að máli, og sennilega yrði það hvað síst til bóta fyrir sjómenn og útgerðarmenn.

Virðulegi forseti, hv. þd. Nú þegar við ræðum hér hvernig best verði staðið að að verðleggja ferskan fisk upp úr sjó, þá berast okkur þau illu tíðindi síðustu daga að búast megi við verulegri aflaminnkun á Íslandsmiðum. Þetta eru váleg tíðindi og munu ef rétt eru snerta hvert einasta heimili í landinu. Nú þegar er brostið á atvinnuleysi hjá fjölda verkafólks sem unnið hefur að okkar aðalútflutningsframleiðslu. Þannig eru nú 150 atvinnulausir á Akranesi vegna lokunar á tveim af fjórum frystihúsum í bænum. Þetta skeður á meðan deilt er um hvernig fara skuli með skuldir eins togara, er þessi fyrirtæki eiga og var smíðaður innanlands fyrir nokkrum árum. Skuldir þessa skips, sem ég fullyrði að hefur verið vel rekið, hafa hrannast upp hjá opinberum sjóðum vegna óhóflegs fjármagnskostnaðar, verðtryggingar lána og gengisbreytinga þannig að eigendur hafa ekkert fengið við ráðið. Uppboðshamrinum hefur verið lyft og nú bíður verkafólk á Akranesi eftir því hvort hann verður látinn falla eða ekki. Verði hann felldur verður þar um varanlegt atvinnuleysi að ræða.

Þó ég minnist hér á Akranes er það því miður ekki eini staðurinn á landinu sem slíkt ástand vofir yfir. Það er því miður víðar. Þess vegna skora ég á hæstv. sjútvrh., sem ekki er hér viðstaddur, og hæstv. ríkisstj. að leita allra ráða til að leysa þessi mál sem allra fyrst. Það er engin lausn að fara að bjóða upp hluta af flotanum vegna vanskila í opinberum sjóðum og svipta þannig mörg hinna minni byggðarlaga undirstöðu atvinnuöryggis.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tel þarft að taka þetta mál til umfjöllunar og þakka hv. flm. frumkvæðið. Það er mjög þarft að taka til umfjöllunar hvernig verðlagningu fiskjar er háttað hjá okkur og það mætti einnig ræða hver er afkoma útgerðar og sjómanna um þessar mundir.

Ég sé þó nokkurn galla á þessu frv. Það er sagt í 1. gr. að 10. gr. laganna skuli falla niður. Síðan er ekki gerð grein fyrir því hvað eigi að koma í staðinn. Ég átta mig ekki á því hvað er meiningin að komi í staðinn. Við höfum nefnilega reynt þá leið að Verðlagsráð komi ekki nálægt ákvörðunum fiskverðs, en frá þeirri leið var horfið vegna þess að hún gafst mjög illa. Menn upplifðu það, og þekki ég þá sérstaklega til hvað varðar sjómennina, að standa í deilu um fiskverð ekki vikum saman heldur jafnvel mánuðum saman, flotinn gat ekki leyst festar vegna þessa og allir töpuðu. Þar ríkti það lögmál frumskógarins sem mér sýnist að sé verið að gera tillögu um að framkalla hér — lögmál sem að mínu mati yrði til mikils tjóns fyrir sjómannastéttina í landinu og útgerðina einnig. Ég held nefnilega að það kerfi sem nú er notast við, sem vissulega má bæta, það er ekkert

kerfi algilt og algott, hafi farið í þann farveg sem lýst var í framsöguræðu hv. 8. landsk. þm. vegna þess að óábyrgir stjórnmálamenn eða ríkisstjórnir hafa beint því í það far. Ég held að Verðlagsráð sem slíkt geti starfað og tekið sínar sjálfstæðu ákvarðanir ef það er ekki alltof háð ríkisstjórnum hverju sinni.

Hins vegar tel ég að það skapi mikla erfiðleika við ákvörðun á fiskverði í dag, hversu feikilega stór hluti af flotanum er í eigu fiskvinnslustöðvanna. Ætli það sé ekki um 85%. Og hvaða hagsmuni hafa fiskvinnslustöðvarnar af því að hækka fiskverð til sjómanna? Enga. Þarna er gagnstæðum hagsmunum steypt í eitt, sem veldur því að útgerðin fær ekki sitt og sjómennirnir fá ekki sitt.

Ég vil endurtaka það, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, að þetta kerfi var tekið upp vegna biturrar reynslu sjómanna og útvegsmanna á sínum tíma og hefur það leyst mörg vandamál til þessa dags, en því hafa líka fylgt ýmis vandamál. En það er ekki bara á þetta að líta. Menn halda því fram að samningar landverkafólks séu óábyrgir, menn halda því fram að samningar sjómanna séu óábyrgir, menn halda því fram að allir samningar séu óábyrgir, menn flýja í þessa átt til að afsaka ranga efnahagsstefnu í landinu og kenna þeim aðferðum sem notaðar eru til að ákveða eða semja um allt saman.

Ég vil að síðustu spyrja hvað menn ætla að komi í staðinn fyrir það kerfi sem nú er notað, hvort það á að hverfa beint til þess sem áður var, lögmáls frumskógarins, sem horfið var frá, sem sjómenn töldu mjög gallað, sem útvegsmenn töldu mjög gallað, og ég spyr hvort það hefur verið leitað eftir því hjá sjómönnum hvort þeir vildu fara leið þessa. Ég verð að játa að ég hef ekki heyrt einn einasta sjómann, sem man þá tíð að standa í deilu svo vikum og mánuðum skipti hér áður fyrr, mæla því bót að horfið yrði til gamla fyrirkomulagsins.

En ég er sammála því að við eigum að láta af óábyrgum gerðum, ákvörðunum sem ég tel að séu ekki kerfinu að kenna, heldur stjórnarfari eða óábyrgum stjórnmálamönnum sem misnota það kerfi sem nú er í gildi.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég fagna því að það frv., sem hér er til umr., skuli hafa verið lagt fram, ekki vegna þess að ég taki undir aðaltill. frv. heldur vegna þess að verði þetta mál skoðað í n. þingsins er tækifæri til að kalla fulltrúa sjómannasamtaka og þeirra aðila sem standa að Verðlagsráði sjávarútvegsins til skrafs og ráðagerða um þessi mál. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., en legg áherslu á að þetta mál verði skoðað vel í nefnd.

En ég kom hér fyrst og fremst upp vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. um það ástand sem nú er að skapast á Akranesi og hann lýsti. Ég kom hér upp til að taka undir áskorun hans um að hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. taki þessi mál til mjög alvarlegrar athugunar og lausnar á næstu dögum. Það er víðar en á Akranesi, þó að þar sé kannske komið í mest óefni, að við blasir að verði stórkostlegt atvinnuleysi, og það virðist vera víðast hvar sama sagan: það stafar af því að nýju togararnir okkar eru hver af öðrum að stöðvast vegna þess að ekki er hægt að halda rekstri þeirra áfram — ekki kannske eingöngu vegna þess að það sé að minnka aflinn, heldur hafi fjármagnskostnaður þeirra verið svo mikill.

Ég lít svo á að þetta sé dómur um ranga stefnu undanfarinna ára í uppbyggingu íslenska fiskiskipaflotans, um ranga stefnu í fjármögnun hans og einnig um ranga stefnu — og það snertir það mál sem við erum að ræða hér — í verðlagningu á íslenskum fiski. Það er greinilegt að á undanförnum árum hefur þróunin verið sú, að íslenska útgerðin hefur orðið að standa undir því að greiða niður skuldir af skipunum sem eru miklu hærri en verðið sem fengist hefur fyrir þann afla sem flotinn hefur skilað í þjóðarbúið og íslenskur gjaldeyrir hefur fengist fyrir. Þarna hefur átt sér stað geysilega mikil tekjutilfærsla í þjóðfélaginu frá fiskiskipaflotanum okkar íslenska í hendur hinna ýmsu eyðsluaðila í þjóðfélaginu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessi mál, það verður sjálfsagt tími til þess síðar, en ég vil endurtaka undirtektir mínar við áskorun hv. 3. þm. Vesturl. og skora á ríkisstj. að taka mál fiskiskipaflotans okkar til rækilegrar athugunar og leita lausnar.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka þeim mönnum sem hér hafa rætt um frv., a. m. k. fyrir góðan vilja til að ræða þetta í n. og að við getum farið ofan í saumana á þessu. En út af þeirri fsp. sem 6. landsk. þm. kom með um hvað við vildum hafa í staðinn, þá vil ég benda honum eindregið á að við erum ekki að leggja til að lögin frá því 1961 verði lögð niður, heldur sú breyting sem var gerð á lögunum í desember 1964, þegar oddamanni yfirnefndar var bætt inn í verðlagsráð. Það var ekki verið að leggja til að verðlagsráðið sjálft yrði lagt niður. Samningsaðilarnir geta náttúrlega sem frjálsir menn samið hvernig sem þeir velja sér. Ég kom einmitt inn á það áðan, að vegna þess hve illa gekk að ná samningum þegar þetta var gefið algerlega frjálst var tekin sú ákvörðun að setja átta menn í að semja frv. til laga 1961. En lögunum var breytt 1964. Það er sú breyting sem við ræðum hér um.

Raunveruleg verðmæti verða ekki til í samningum um fiskverð frekar en í öðrum samningum. Það er því skipting á verðmætum sem um er verið að tala. Þó flotinn sé illa staddur í dag verður það ekki leyst með því að oddamaður eða neinn af þeim toganum geri það. Bæði kemur þar iðnaðarvandamál og fleira inn í, því þetta eru allt nýleg skip sem eru í vandræðum. En það er allt annað mál sem við þyrftum að ræða miklu frekar, held ég, og kannske kynna okkur mun betur.

Ég hef einmitt litið yfir listann yfir þá togara sem eru núna mjög illa staddir eða í vanskilum. Það er alveg greinilegt að þessi skip eru smíðuð á árunum frá 1976 til dagsins í dag og mörg þeirra eru íslensk smíði. Það er því ýmislegt sem á þarf að líta í því sambandi.

Ég held að ég sé ekki að orðlengja þetta frekar og þakka fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. 18. mál (þskj. 18). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. sem er 18. málið á þessu 106. löggjafarþingi. Þetta er frv. til l. um breytingu á lögum nr. 80, útgefnum 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Flm. ásamt mér er hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir.

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur frv. í þessa veru verið flutt á 103. löggjafarþingi og hinu 104., en á 105. löggjafarþingi var frv. flutt í nokkuð annarri mynd en áður. Það er nú í svipaðri mynd og á síðasta þingi.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að á eftir 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur komi ný gr., sem orðist svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna geta launþegar (vinnuseljendur), sem taka laun hjá sama atvinnurekanda (vinnukaupanda) stofnað félag á vinnustað sem hafi með samninga að gera og taki í einu og öllu við réttindum og skyldum stéttarfélaga. Þetta getur gerst að undangenginni skriflegri og leynilegri atkvgr., þar sem ⅔ hlutar þátttakenda hafa lýst sig samþykka þessu fyrirkomulagi, enda starfi fleiri en 25 launþegar á vinnustaðnum.

Félmrn. skal setja reglugerð um framkvæmd atkvgr.

2. gr. Þar sem í lögum þessum eru nefnd stéttarfélög komi: stéttarfélög og vinnustaðafélög.

Þegar lög þessi hafa verið staðfest skulu lög nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur með áorðnum breytingum, gefin út með fyrirsögninni: Lög um stéttarfélög, vinnustaðafélög og vinnudeilur."

Virðulegi forseti. Á þingum undanfarinna ára hafa farið fram um þetta mál miklar umr. og á það hefur verið varpað nokkuð skýru ljósi bæði af andstæðingum þess og fylgjendum. Ég ætla því að takmarka mína umfjöllun hér við þau efnisatriði sem ég tel nauðsynlegt að minna á og eru að mati okkar flm. aðalefnisatriði þeirrar umr. sem þetta frv. hugsanlega vekur.

Þá er fyrst til að taka að við 1. gr. frv. er talað um fjölda launþega á vinnustað þar sem til greina kæmi að stofnað yrði vinnustaðafélag. Nefnd er talan 25 en vitanlega er sú tala ekki fengin með neinum vísindalegum hætti, enda er hún eingöngu orðuð þarna sem tala sem tengist meðalfjölda starfsmanna á vinnustöðum vítt og breitt um landið. Ekkert er því til fyrirstöðu að mati flm. að sú tala sé annaðhvort lægri eða hærri, allt eftir því hvað mönnum sýnist. Við viljum aðeins biðja um það að þessi tala verði ekki látin standa í vegi fyrir því að menn skoði þetta frv. með það fyrir augum að það geti náð fram að ganga þótt á því verði einhverjar breytingar hvað tölulegar viðmiðanir snertir.

Þegar lög eru sett sprettur eðlilega upp sú umr. hvort lögin hefti eða rýmki athafnafrelsi fólks. Eitt af því sem þetta frv. hefur sætt gagnrýni fyrir er að menn hafa talið í því felast lögþvingun. Nú er ég ekki lögfróður maður, en ég álít að ekki þurfi mikla lagaþekkingu til að geta fullyrt að þetta frv. þvingar ekki fólk heldur rýmkar það frekar athafnafrelsi þess og vald yfir eigin athöfnum.

Það má líka með réttu spyrja: Hvers vegna að vera að setja lög um hluti sem rýmka frelsi fólks? Getur fólk ekki látið sér nægja að taka sér þann rétt sem lög ekki banna? Þá stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að þau lög sem sett voru um stéttarfélög og vinnudeilur 11. júní 1938 hafa verið túlkuð þannig, að það sem hér er áformað að breyta er talið fyrirmunað samkv. þeim lögum.

Auðvitað þarf ég ekki að segja þeim mönnum sem hérna sitja inni að þegar lögin um stéttarfélög og vinnudeilur voru samin og sett árið 1938 var ástandið í þjóðfélaginu allnokkuð annað en það sem við búum við í dag. Það var nýafstaðin kreppa, menn voru endanlega að melta til fullnustu kenningar um stéttir og stéttaskiptingu, og þar af leiðandi var það nokkuð eðlilegt miðað við þeirra tíma aðstæður að menn skylduðu launþegafólk til að flokka sín félög samkv. stéttaskilgreiningu. Staðreynd er að það eru líklega ekki mörg lönd vestan járntjalds þar sem hugtakið stétt er lögbundið og í raun lögverndað með svipuðum hætti og á Íslandi. Hugmyndir manna um skipan verkalýðshreyfingar tóku eðlilega líka nokkurt mið af þeim aðstæðum sem þegar höfðu skapast í skipulagsmálum félaga iðnaðarmanna, þar sem hagsmunavarsla var bundin við ákveðna stétt iðnaðarmanna, og innan ramma sveitarfélagaskiptingar.

Því hefur verið haldið fram að þetta frv. gangi gegn hagsmunum verkalýðshreyfingarinnar. Þegar menn fullyrða slíkt þá hefur sú hin sama fullyrðing í raun tvöfalda merkingu. Verkalýðshreyfingin berst fyrir það fólk sem að henni stendur og þegar menn segja: Þetta gengur gegn hagsmunum verkalýðshreyfingarinnar, þá eru þeir að gefa í skyn að það gangi gegn hagsmunum þess fólks sem verkalýðshreyfingin samanstendur af. Það vil ég fullyrða að er alrangt. Það að rýmka rétt fólks til að hafa áhrif á kjör sín getur ekki gengið gegn hagsmunum þess. Aftur á móti er hugsanlegt að þetta gangi að einhverju leyti gegn hagsmunum verkalýðshreyfingarinnar sem stofnunar, ekki vegna þess að frv. sé ætlað það í sjálfu sér, heldur vegna þess að frv. gerir ráð fyrir ákveðnum breytingum.

Við urðum vitni að því áðan að hér kom í stólinn verkalýðsforingi og talaði svo sem það væri virkilega af hinu illa að fólk þyrfti að berjast fyrir kaupi sínu og kjörum. Og það versta sem fyrir gæti komið væri að fólk yrði að fara í verkfall til þess að ná fram kröfum sínum. (**Gripið fram í:** Það sagði ég ekki.) Það fólst náttúrlega í orðum hans þegar hann leggur blessun sína yfir aðgerðir þar sem sjómenn eru tengdir verðlagsákvörðunum beint og það er hægt að rúlla yfir þá fram og til baka allt eftir því hvernig vindurinn blæs. Og að halda því fram að það sé af hinu góða vegna þess að þá losni menn við að fara í verkföll, það tel ég mjög undarlega skoðun hjá manni sem stendur í forustu verkalýðsfélags.

Þetta frv. gerir ráð fyrir ákveðnum breytingum eða nýjum leiðum í kjarabaráttu og verkalýðshreyfingin þyrfti þá hugsanlega að taka aðra afstöðu, endurskoða að einhverju leyti starfshætti sína og skipulag með tilliti til þessara nýja möguleika. Ef þetta gengur gegn hagsmunum verkalýðshreyfingarinnar sem stofnunar, það að gera ráð fyrir því að hún taki breytingum með tilliti til aðstæðna, þá vil ég halda því fram að slíkt væri af hinu góða, því að hlutir sem ekki geta tekið breytingum staðna, tréna og verða endanlega að steingervingum. En ég endurtek: það er ekki ætlan þessa frv. að skipta sér af skipulagi launþegasamtakanna sjálfra, heldur aðeins að opna nýja leið, bæta við einu baráttutæki fyrir launþega.

Á árunum 1960—1962 var fjallað mjög ítarlega í Alþýðusambandi Íslands um tillögur sem þá komu fram um starfsgreinasambönd þ. e. sambönd launþega í skyldum atvinnugreinum, svo sem allra þeirra er störfuðu í fataiðnaði eða matvælaiðnaði svo að dæmi séu tekin. Þetta frv. gengur í raun skrefi lengra. Það gerir ráð fyrir því að minnsta eining í kjarabaráttu sé vinnustaðurinn. Síðan er ekkert sem bannar að vinnustaður eða vinnustaðafélög myndi með sér sambönd innan skyldra starfsgreina eða einhvers annars, sem menn telja eðlilegt að miða við, og þannig verði til samtök sem í raun ganga þversum á núverandi skipulagshugmynd ASÍ.

Hér er ég ekki að tala um eitthvað sem er gripið algerlega úr lausu lofti. Ég vil minna á útvarpsviðtal við Guðmund J. Guðmundsson á fyrsta degi þings Verkamannasambandsins í Vestmannaeyjum núna fyrir skömmu. Þar lagði hann mjög mikla áherslu á nýja skipulagningu í baráttu fyrir kjörum launafólks og talaði um starfsgreinaskipta baráttu. Þegar blaðamaður beindi því svo til hans hvort hugsanlegt væri að menn færu að berjast fyrir kjörum sínum hver á sínum vinnustað, þá svaraði Guðmundur því til að það væri allt til í því. S. l. laugardag hafði ég tækifæri til að spyrja forseta ASÍ þessarar sömu spurningar og hann staðfesti að það væri ekki óeðlilegt að hans mati að þessi leið yrði reynd í komandi kjarabaráttu.

Einnig segja menn að það sé óeðlilegt að breyta einhverju á þessu vettvangi nema sú breyting eða hugmyndir að henni komi frá verkalýðshreyfingunni sjálfri. Því tel ég mjög einfalt að svara. Lögin um stéttarfélög og vinnudeilur, sett af Alþingi Íslendinga 1938, eru sá grundvöllur sem núverandi verkalýðsbaráttа byggist á. Með þeirri löggjöf var skapaður starfsvettvangur fyrir núverandi verkalýðssamtök og við sem hér sitjum, fulltrúar þess fólks sem hefur falið verkalýðshreyfingunni ákveðin verkefni í kjaramálum, erum þess fullkomlega umkomnir að setja önnur lög um aðstöðu þessa fólks eða réttindi til að berjast fyrir sínum kjörum. Launþegasamtökin eru ekki frjáls félagasamtök í þeim skilningi orðsins að um þau hafi verið sett lög. Fólki er alls ekki heimilt að vinna að samningum um laun og kjör öðruvísi en í gegnum þessi lögformlega skipuðu verkalýðsfélög.

Ef horft er til þeirrar umræðu sem nú fer fram í landinu um kjör láglaunafólks held ég að því verði ekki á móti mælt að það skipulag í verkalýðsbaráttunni sem þetta fólk býr við hefur ekki dugað. Ég ætla mér ekki það hlutverk að leggja hér fram þá einu og algildu lausn sem fáanleg er í málefnum verkalýðsbaráttunnar. Aftur á móti held ég að ég geti fullyrt ómótmælanlega að það sem hér er lagt fram verður ekki til þess að draga úr möguleikum fólks til að semja um sín launakjör heldur hið gagnstæða.

Annað atriði, sem kannske er hægt að halda fram að sé frekar tilfinningalegs eðlis, er að áliti okkar flm. ætti þetta frv. að geta orðið brú yfir þær gjár sem í dag hafa myndast milli mismunandi atvinnustétta, þ. e. verkafólks, skrifstofufólks, faglærðra og hvaða nafni sem nefnast hinar ýmsu atvinnustéttir. Þessi breyting á lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur gæti orðið til að draga úr áhrifum þess ástands sem þessi gömlu lög hafa í raun og veru skapað. þ. e. stéttaskiptingu fólks eftir vinnugreinum. Það getur ekki verið eðlilegt lengur að ganga út frá aðskilnaði fólks, sem vinnur hlið við hlið í mismunandi atvinnugreinum, t. d. framleiðslu, skrifstofustörfum, stjórnunarstörfum o. s. frv., heldur hlýtur að vera eðlilegt að taka mið af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég aðeins draga saman í fáum orðum aðalinnihald míns máls. Í fyrsta lagi: Þessu frv. er ætlað að rýmka aðstöðu fólks en ekki þrengja, því er ætlað að sameina fólk í smáum einingum en ekki sundra, og því er ætlað að taka mið af ástandi nútíðar en ekki fortíðar. Í frv. eru ákveðnar tölulegar viðmiðanir eins og lágmarksfjöldi vinnandi fólks á vinnustað þar sem stofnun vinnustaðafélaga kemur til greina. Það er spurning um hlutfall þátttakenda í atkvgr. og það er spurning um reglugerð sem sett yrði um framkvæmd atkvgr. Allt þetta eru atriði sem móta þarf og breyta síðan ef þurfa þykir, en hafa ekki nein úrslitaáhrif á eðli og markmið frv. sjálfs.

Að lokum, virðulegi forseti, geri ég till. um að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ekki er vafi á því að þörf er á að breyta skipulagi verkalýðssamtakanna og það er reyndar unnið að því. Einmitt í dag stendur yfir sérstök ráðstefna hjá ASÍ um skipulagsmál, ráðstefna sem byggð er á vinnu nefndar sem mjög hefur farið ofan í skipulagsmál sambandsins. Á þessari ráðstefnu verður væntanlega mótuð sú stefna sem verkalýðssamtökin sjálf vilja taka upp varðandi skipulag sitt.

Ég tel að þetta frv., sem Vilmundur heitinn Gylfason flutti fyrst inn í þingið, hafi orðið til þess að skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar komu á ný til umr., og menn vöknuðu til vitundar um það að ekki var hægt að bíða lengur með að breyta því sem aflaga hefur farið. Verkalýðssamtök eins og önnur samtök hafa staðnað, þau þurfa að laga sig að breyttum tímum, breyttu þjóðfélagi. Það er skoðun mín og það er skoðun, tel ég, flestra sem í verkalýðshreyfingunni eru að þær breytingar eigi að ske innan frá, ekki með lagaboði. Það verður að freista þess að félagafrelsið sé svo víðtækt að menn geti mótað sitt skipulag sjálfir.

Það er í tísku nú að gagnrýna verkalýðssamtökin og skipulag þeirra og yfirleitt allt sem að verkalýðshreyfingunni lýtur. Mönnum verður tíðrætt um að svokallað lýðræði sé ekki eins virkt og það þyrfti að vera. Menn gleyma því gjarnan að það kerfi sem notast er við, hið svokallaða fulltrúalýðræði, verkar afskaplega illa alls staðar, í öllum félögum. Það er ekki bara í verkalýðshreyfingunni, það er líka í kaupfélögum, í öllum hugsanlegum félögum í landinu að fundasókn er með alminnsta móti. Menn sækja ekki þann rétt sem þeir eiga með því að mæta á fundum og hafa áhrif á gerðir þeirra sem til forustu hafa verið valdir. Það er eins og menn sækist ekki eftir því um þessar mundir að sækja sinn rétt eftir þeim leiðum. Mér virðist sem það félagslíf sem helst blómgast í landinu séu matarklúbbar, fínir matarklúbbar. Þá sækja menn, en almenna félagsfundi í hvers konar samtökum sækja menn ekki sem skyldi. Þó sýnir það sig að þegar verkalýðssamtökin eiga í sérstökum átökum eða erfiðleikum þekkir fólk sinn vitjunartíma og fjölmennir til funda. En því miður er það ekki yfirleitt.

Ég ætla nú ekki að ræða þetta frv. mikið efnislega.

En mér sýnist það ekki til þess fallið að sameina eitt eða neitt heldur miklu frekar til þess að sundra og skera þau félög sem fyrir eru niður við trog. Þegar menn gera skipulagsbreytingar verða menn vissulega að þola ýmsan sársauka, það er augljóst. En ég tel rétt að félagsmennirnir sjálfir, fólkið sjálft, sem í þessum félögum er, fái að ráða því hvernig skipulagi þeirra samtaka er háttað.

Ég minni á að enda þótt formlegar skipulagsbreytingar hafi ekki orðið miklar í verkalýðsfélögunum þá hefur átt sér stað þróun, sem er mjög í þá átt sem talað er um hér í frv., þróun sem hefur átt sér stað í mínu félagi, þar sem það tíðkast innan félagsins að gerðir eru starfsgreinasamningar. Hefur það gefist vel innan þessa ramma og ég hygg að þeir vinnustaðir sem þannig er farið með vildu ógjarnan að löggjafinn kæmi nú og fyrirskipaði að þessir vinnustaðir yrðu sérstök félög. Ég held að sú þróun sem átti sér stað með því að gera svona vinnustaðasamninga og hafa vinnustaðafundi hafi orðið til þess að félögin ná miklu betur til fólksins og starfið *verður virkara. En að gera þetta að allsherjarlausn* — ég er ekki kominn til með að sjá hvernig það gefst. Ég neita að trúa því að það sé til bóta að löggjafinn fari ofan í það. En ég treysti því að samtökin sjálf geti ráðið fram úr þessum málum og þau muni gera það.

Hv. síðasti ræðumaður var að velta því fyrir sér hvort ég teldi verkföll af hinu illa. Ég vil segja það hiklaust að verkafólk í landinu telur verkföll neyðarúrræði. Og verkalýðshreyfingin leggur ekki út í verkföll nema sem neyðarúrræði. Það er ekkert gamanspil að vera í verkföllum. Það er ekkert gamanspil að sitja heima peningalaus og allslaus. En það var það sem skeði hér áður fyrr þegar menn voru að semja um fiskverð, ekki vikum saman heldur jafnvel mánuðum. Og menn sömdu um verðlagsráð til þess að forðast slíkt. Eitt er víst: Þó það kerfi sem nú er notað kunni að vera gallað þá hefur það leyst menn frá þeirri kvöð að standa í erfiðum vinnudeilum. Og það kunna sjómenn að meta og sjómannafjölskyldurnar þó einhverjir aðrir kunni það ekki. Og ég vil benda á það að ef oddamaður er tekinn út úr verðlagsráði þá þýðir það bara að lögmál frumskógarins tekur gildi á ný með tilheyrandi erfiðleikum fyrir sjómenn. Kannske er það það sem menn vilja.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Við erum greinilega dálítið þreyttir í dag.

Örstutt svar til hv. 6. landsk. þm., bara til að leggja enn og aftur áherslu á mín fyrri orð. Það frv. sem hér er fjallað um er ekki fyrirskipun heldur rýmkun eða heimild. Það getur vel verið að menn geti haft skiptar skoðanir um ágæti slíkrar aðgerðar út af fyrir sig og telji að hún komi kannske ekki að miklu gagni fyrir einn eða neinn. En hún vekur þó ákveðnar spurningar. Hvers vegna eru menn, alþm. eða aðrir, á móti lagaákvæði sem gerir einfaldlega ekkert annað en að rýmka örlítið rétt manna í þessu landi?

Hvað hinu atriðinu viðvíkur, um verkföllin, þá var ég náttúrlega ekki að gera lítið úr þeim nauðum og þeim þrengingum sem ganga yfir fólk þegar það þarf að fara í verkföll. En ég get aftur á móti ekki séð að það sé nokkur lausn, hvorki fyrir verkafólk né verkalýðsforustuna, að velta einfaldlega vandanum af þeirri ákvörðun til einhvers oddamanns í einhverju ráði, sem tekur ákvarðanir í raun og veru án minnsta tillits til annarra hagsmuna en þeirra sem hann er sjálfur að verja, sem sé ríkisins í heild. Ég bendi aðeins á þá verðlagsákvörðun sem átti sér stað í gær þegar loðnuskipin sigldu úr höfn. Þar tók oddamaður afstöðu með kaupendum á móti seljendum.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Hér er talað um að rýmka eigi rétt manna til að semja um launakjör sín. Ég efast ekki um að það sé tilgangurinn með þessu frv., það sé það sem menn ætlast fyrir með því. Ég legg hins vegar áherslu á það, að þegar á hefur reynt í átökum launafólks og atvinnurekenda hefur það fyrst og síðast verið samtakamátturinn, samtakamáttur hins breiða fjölda, sem hefur ráðið úrslitum. Og ég óttast það að ef þetta fyrirkomulag yrði allsráðandi, vegna þess að menn sæju einhvern stundargróða í því að stofna slík vinnustaðafélög, þá yrði það ekki lengi til góða fyrir þá sem þar ættu hlut að máli. Ég held *nefnilega að fyrirtækin sem í hlut ættu, mundu mörg* hver og þeirra forstjórar nýta sér þá veikleika, þær sprungur sem þarna mundu myndast, og treysta á það að samtakamátturinn væri ekki sá sami og hann var áður. Þetta er ótti minn aðeins. Hitt kann þó vel að vera að menn geti í gegnum harða baráttu félaga, sem eru þar virkir, náð vissum árangri. Ég efast ekki um að menn geti það. Ég man m. a. s. þá tíð, þegar ég var í forsvari fyrir verkalýðsfélagi, að þá var í raun og veru ekki nema eitt fyrirtæki á staðnum og það réð í raun öllu um atvinnulífið þar. Ef samtakamátturinn hefði þar ekki verið hjá félagi, sem var aðili að ASÍ og Alþýðusambandi Austurlands reyndar líka, þá hygg ég nú að það gamla lögmál hefði ráðið, sem þar réð eitt sinn, að fyrirtækið skammtaði sínum starfsmönnum ansi smátt, svo ekki sé meira sagt. Þó sjálfsagt sé að skoða allar leiðir til að reyna að jafna frekar lífskjör manna í þjóðfélaginu, m. a. í gegnum samninga, þá óttast ég að einmitt með þessu frv., sem stefnir að vísu í þveröfuga átt, sé fjármagninu í þjóðfélaginu innan einstakra fyrirtækja auðvelduð leið til þess að deila og drottna. Við það er minn ótti bundinn.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Hv. flm. ræddi um það hér áðan að hér væri um þá einu breytingu að ræða að samkv. frv. fengi fólk heimild til að stofna svokölluð vinnustaðafélög og spurði hvers vegna verkalýðsforustan væri á móti því að auka rétt fólksins. Ég tel nú að með þessu séu hlutirnir afskaplega einfaldaðir og ég vil ekki liggja undir því að ég eða svokölluð verkalýðsforusta vilji á nokkurn hátt þrengja rétt verkafólks. Það hefur aldrei komið til greina og að því munum við ekki stuðla.

Hitt er annað mál, að skipulagið sem við höfum valið okkur er það að samstaðan geti gert betur en sundrung og með samstöðu nái menn betri árangri. Það eru til bæði í Evrópu og Ameríku þess konar fyrirtækjafélög, svokölluð gul verkalýðsfélög, þar sem forstjórar fyrirtækjanna ráða meira og minna um það hvernig þessi verkalýðsfélög haga sér. Og þessi verkalýðsfélög eru notuð oft á tíðum til þess að keyra niður eða berja á verkalýðshreyfingunni sem slíkri, draga sig undan, huga bara að sínu og brjóta niður. Þetta er reynslan sem menn hafa fyrir sér, jafnvel úti í Danmörku, einkum í

Ameríku. (**Gripið fram í:** Og er það mikið öðruvísi hér?) Já, sem betur fer er það öðruvísi. Hér eiga eigendur fyrirtækja ekki hlutabréf í verkalýðsfélögum sem betur fer. Það getur skapað stundargróða að hafa slík félög, svokölluð vinnustaðafélög, en þegar á heildina er litið og þegar litið er til framtíðarinnar þá held ég að það yrði til tjóns fyrir fólkið sjálft sem í þessum félögum er. Ég óttast það að yrði þessi regla tekin upp þá yrðu það grimmir sérhagsmunahópar sem gætu skarað eld að sinni köku, en hinir, sem minna mættu sín hvað samtakamátt snertir, yrðu út undan. Þessi breyting yrði til þess að fyrrnefndu aðilunum yrði gert mun auðveldara í kerfinu en áður.

Ástandið er þannig í dag að hinar ýmsu starfsgreinar, sem ekki eru innan ASÍ, mynda félög og ríða á vaðið til þess að skara eld að sinni köku. Það er ekki af hinu góða. Ég held að það væri hyggilegra að festa þetta í fastara skipulag heldur en að hver og einn hlaupi út undan sér, eins og því miður hefur gerst undir núverandi skipulagi. En ég vil taka það fram að skipulag ASÍ gildir ekki alls staðar. Það eru fleiri stéttasambönd til í landinu heldur en sú hreyfing. Sambönd eða félög sem mundu nýta sér þessa möguleika sem yrðu opnaðir upp á gátt með samþykkt þessa frv.

Ég ætla ekki að ræða þetta mikið efnislega nú en ég vil taka það fram að það þarf að ræða þetta frv. vel í n. Ég tel að framlagning þess á sínum tíma hafi orðið til þess að vekja menn af Þyrnirósarsvefni hvað varðar skipulagsmál verkalýðssamtakanna, ég er sannfærður um það. En hvort sú leið sem hér er boðuð er rétt, það er aftur annað mál.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Hér er til umr. skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Eða inn á það er a. m. k. komið í þessu frv.

Ég vil nú fyrst segja það, að ég tek raunar undir með hv. þm. Helga Seljan, að ég er svolítið smeykur við það sem hér er lagt til. Menn geta staðið andspænis því að hjá tilteknu fyrirtæki sé samið um kaup og kjör. Viðkomandi fyrirtæki getur haft yfirburði að ýmsu leyti. Það getur verið betur rekið, þess aðstaða getur verið af ýmsum ástæðum betri en sambærilegra fyrirtækja, hugsanlega á sama stað. Viðkomandi fyrirtæki ríður á vaðið, ef ég má svo að orði komast, og semur um kaup og kjör, sem eru hugsanlega langt yfir þeirri greiðslugetu sem önnur sams konar fyrirtæki hafa. Við þetta er ég smeykur. Ég held fyrir mitt leyti að þarna sé ekki lausnin, enda þótt ég hafi ekki á takteinum með hvaða hætti sé hyggilegast að gera vinnubrögð innan verkalýðshreyfingarinnar lýðræðislegri en þau eru í dag.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason minntist á það fulltrúalýðræði sem ríkti innan verkalýðshreyfingarinnar og þau vandkvæði sem óneitanlega eru á því að það fulltrúalýðræði skili sér. Þau vandkvæði er við að stríða mjög víða annars staðar, það viðurkenni ég, sem á sér margvíslegar orsakir. Ég ætla ekki að fara að ræða þær fjölþættu orsakir hér. Okkur hv. þm. er meira og minna kunnugt um þau efni.

Í tilefni þess sem hér hefur komið fram vil ég taka undir það að ákvarðanir innan verkalýðshreyfingarinnar hafa verið teknar að mínum dómi allt of oft af of fáum aðilum. (**KSG:** En í kaupfélögunum?) Kaupfélögin eru ekki sérstaklega hér á dagskrá. Það væri ekkert því til fyrirstöðu að víkja að þeim en ég ætla ekki að eyða tíma hv. þd. vegna þess.

Það sem lagt er til í því frv. sem hér er til umr., um stéttarfélög og vinnudeilur, tel ég hæpið og ég mundi alls ekki mæla með því að þau atriði sem eru hér í lagagreinum yrðu lögfest. En ég væri tilbúinn til þess að taka virkan þátt í umr. og umfjöllun um það með hvaða hætti væri hægt að gera hið svokallaða fulltrúalýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar virkara. Hvernig væri hægt að tryggja það að ákvarðanataka innan verkalýðsfélaganna styddist við þátttöku fleiri félagsmanna en ég hef grun um að sé í dag.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Hv. þm. Stefán Benediktsson hefur vakið hér máls á málefnum verkalýðshreyfingar. Okkur er skylt að ræða þau málefni en ég get ekki mælt með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 49. mál (þskj. 52). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. það sem hér hefur verið lagt fram um breyt. á tollskrárlögum felur í sér framlengingu á svonefndu jöfnunarálagi, sem lagt er á innflutt hús og húshluta.

Jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta var fyrst lagt á árið 1982 samkv. heimild í lögum nr. 83 frá 1981. Gjaldtaka þessi var ákveðin til að rétta hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá, sem til var komin fyrst og fremst vegna tollfrjáls innflutnings á vörum frá EFTA og EBE. Í innlendri framleiðslu þessara vara á sér stað uppsöfnun ýmissa gjalda sem lögð eru enn á ýmsar vörur til bygginga, en þessar sömu byggingarvörur njóta hins vegar tollfrelsis við innflutning þegar þær eru fluttar inn sem hluti fullbúins húss eða húshluta.

Til að eyða þessum uppsöfnunaráhrifum á innlenda framleiðslu hefur 12% jöfnunarálag almennt verið lagt á innflutt hús og húshluta með þeirri undantekningu að 6% jöfnunarálag hefur verið lagt á innflutt stálgrindahús. Við endurskoðun tollskrárlaganna er ljóst að reyna verður eftir föngum að leysa þetta vandamál innlends iðnaðar þannig að helst sé ekki þörf á slíkri gjaldtöku, en á meðan unnið er að lausn þessa máls er óhjákvæmilegt annað en að leggja gjald þetta á nefndan innflutning. Er því lagt til með frv. að gjaldtakan verði framlengd um eitt ár eða til loka ársins 1984.

Ég mun ekki orðlengja þetta frekar og vonast til þess að menn fallist á þetta réttlætismál, en legg jafnframt til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa stuðningi við þetta frv. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að sú aðgerð sem það gerir ráð fyrir var réttlætanleg á sínum tíma og er það enn nú. Sá iðnaður sem risið hefur á þessum vettvangi hér á landi, þ. e. sem framleiðir hús og húshluta, hefur spjarað sig mjög vel og hefur sýnt að hann er fyllilega samkeppnisfær, en bjó hins vegar við óafsakanlegt

misrétti í tollamálum.

Það er auðvitað rétt, sem hæstv. ráðh. hefur hér sagt, að ákjósanlegt væri ef hægt væri að finna aðrar leiðir en þetta jöfnunargjald. En eins og nú háttar held ég sé rétt að framlengja það og við Alþfl.-menn munum styðja það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. 50. mál (þskj. 53). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Með frv. því sem hér hefur verið lagt fram um breyt. á lögum nr. 107 frá 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, er lagt til að gildistími innheimtu sérstaks vörugjalds verði framlengdur og gjaldið innheimt í eitt ár til viðbótar, þ. e. á árinu 1984.

Samkv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir gjaldtöku þessari og eru áætlaðar tekjur af innheimtu þess um 1 140 millj. kr. Gjaldið er bæði lagt á innfluttar vörur og innlenda framleiðslu, sem falla undir þá vöruflokka sem taldir eru upp í nefndum lögum, og er gert ráð fyrir að af innfluttum gjaldskyldum vörum verði vörugjaldstekjur um 990 millj. kr., en 150 millj. kr. af innlendri framleiðslu. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á þeim vöruflokkum sem gjald þetta nær til og verður gjaldið því eftir sem áður innheimt í tveimur gjaldflokkum, þ. e. 24% af vörum í lægri gjaldflokki, en 30% í þeim hærri.

Ég tel ekki ástæðu til á þessu stigi að hafa um þetta frekari orð og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. 55. mál (þskj. 58). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit. Frv. þetta er nánast efnislega samhljóða frv. því sem fyrrv. ríkisstj. lagði fram á síðasta Alþingi og hlaut þá eigi afgreiðslu. Þetta er í raun í þriðja sinn sem efnisákvæði þau sem í frv. þessu eru koma fyrir augu þm., en þau komu fyrst fyrir í frv. til breytinga á fyrrnefndum lögum 1981. Vonast ég til þess, að hv. þm. greiði framgang þessa frv. svo hægt verði að koma ákvæðum þess sem fyrst til framkvæmda.

Í frv. eru þau ákvæði hin helstu, að lagt er til að tolllögsagan verði færð út í 12 mílur, tollhöfnum fjölgað úr 20 í 26, eftirlit með flutningum með gámum auðveldað, einfölduð tollafgreiðsla á ótolluðum skipsforða og varningi áhafna og heimildir tollyfirvalda til lúkningar smærri tollalagabrota verði rýmkaðar.

Landhelgi Íslands var árið 1979 færð út í 12 sjómílur eins og kunnugt er. Þegar það var gert var fyrirhugað að gera breytingar á nokkrum lögum til samræmis, þar á meðal á tollalögum. Samkv. 2. gr. laga nr. 41 frá 1979 er kveðið svo á að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmis yfir henni. Tollandhelgi er hins vegar í dag fjórar sjómílur samkv. 6. gr. tollheimtulaganna. Þetta er að sjálfsögðu ósamræmi, sem ber að leiðrétta, og felur 1. gr. frv. í sér, að tollögsagan fylgi landhelgi Íslands eins og hún er ákveðin samkv. fyrrnefndum lögum.

Samkv. núgildandi lögum eru tollhafnir, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar, nú 20 að tölu. Lagt er til að þeim verði fjölgað um sex og bætist þá við hafnirnar á Grundartanga, Rifi, Grundarfirði, Skagaströnd, Dalvík og Þórshöfn. Á þessum höfnum hefur fram til þessa farið fram nokkur tollafgreiðsla með sérstöku leyfi viðkomandi tollyfirvalda, enda er ytri aðbúnaður og hafnaraðstaða á engan hátt síðri en í sumum þeirra hafna sem nú teljast til tollhafna lögum samkv. Þessi breyting mun hafa einhvern kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð, þar sem kostnaður vegna tollafgreiðslna, sem heimilaðar eru utan tollhafna, er greiddur af þeim sem óskar eftir slíku leyfi.

Í 2. mgr. 2. gr. frv. er nýmæli. Samkv. því er lagt til að fjmrh. geti að fenginni umsögn frá viðkomandi tollyfirvaldi breytt fjölda tollhafna. Ekki er gert ráð fyrir að heimild þessi verði notuð nema athugun leiði í ljós að vöruflutningar um viðkomandi höfn hafi breyst verulega með tilliti til magns, skilyrða til tolleftirlits, vörslu varanna eða af öðrum ástæðum.

Við mat á því hvort fjölga eigi tollhöfnum eða fækka þeim er auk fyrrnefndra atriða óhjákvæmilegt annað en gætt verði sérstaklega hagsmuna ríkissjóðs vegna fjölgunar tollhafna, sem kynni að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð og mætt yrði með viðeigandi hætti á fjárlögum. Sýnist mér reyndar orðið tímabært að skipulag þessara mála verði kannað í heild með það fyrir augum að draga í heild úr kostnaði við tollafgreiðslu á vörum. Er ekki ósennilegt að ná mætti fram einhverjum sparnaði í þessum efnum til hagsbóta fyrir ríkissjóð, en ekki síður neytendur, sem njóta mundu þess í lækkuðu vöruverði. Er reyndar þegar hafinn undirbúningur að heildarendurskoðun tollheimtulaganna í fjmrn., þar sem m. a. verður fjallað um þennan þátt tollheimtu og tolleftirlits.

Á undanförnum árum hafa flutningar með gámum stóraukist. Þessi flutningsmáti var varla þekktur þegar lög nr. 59 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, voru sett og því ekki um hann fjallað sérstaklega. En reynslan sýnir okkur hins vegar, að breyting á flutningum kallar á ný vinnubrögð við tolleftirlit, sem rétt þykir að mælt sé fyrir um í tollheimtulögunum. Er því lagt til að í 8. tölul. 1. mgr. 21. gr. laganna verði tekið upp sérstakt ákvæði um afhendingu skrár yfir þá gáma sem far flytur, þannig að unnt sé að staðreyna fjölda þeirra, auðkenni svo og innihald hvers um sig.

Í 4. og 5. gr. frv. er lagt til að teknir verði upp nýir siðir við eftirlit með ótolluðum varningi áhafna og forða og birgðum skipa og flugvéla. Breytingar þær sem hér um ræðir munu væntanlega verða til einföldunar og vinnusparnaðar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða nánar um efni þessara breytinga, enda ítarlega fjallað um þær í grg. með frv.

Aðrar breytingar, sem í frv. felast, eins og að hætta að krefjast sérstakrar fjártryggingar fyrir aðflutningsgjöldum af vörum sem eru ótollafgreiddar í vörslu farmflytjenda eða tollvörugeymslu, rýmkun á heimild til endursendingar á gölluðum vélum og upptaka nýs heimildarákvæðis um niðurfellingu aðflutningsgjalda vegna endursölu á innlendum óseljanlegum vörum hér innanlands, eru svo sjálfsögð skipan í nútímaþjóðfélagi að ekki þarf að ræða um þær brtt.

Að lokum er að finna nokkrar breytingar á sektarmörkum í einstökum ákvæðum tollheimtulaganna og ákvörðun sektarhámarks almennt vegna brota á tollheimtulögum. Breytingar þessar fela fyrst og fremst í sér hækkun sekta til samræmis við verðlagsþróun hér á landi undanfarin ár, sem leitt hefur til þess að stöðugt hefur orðið að vísa smávægilegri tollalagabrotum til ríkissaksóknara til umfjöllunar og þaðan til sakadómsmeðferðar. Með rýmkun sektarheimilda tollyfirvalda ætti nokkuð að léttast álag á dómstólum, sem hafa efalaust mikilvægari og brýnni úrlausnarefnum að sinna en smávægilegum brotum, sem að öllu leyti eru upplýst og óskað er sáttargerðar í af hálfu hins opinbera.

Ég hef hér farið nokkrum orðum um meginefni þess máls sem hér hefur verið tekið til umr. Það er von mín, að þm. séu mér sammála um að breytingar þær sem frv. felur í sér horfi til bóta á tollheimtukerfinu og séu í raun nauðsynlegar, ef taka eigi upp einfaldari aðferðir við tolleftirlit og auðvelda innflytjendum að koma frá sér vörum sem af einhverjum ástæðum henta ekki íslenskum markaði. Brýnt er annars að ekki dragist úr hömlu að afgreiða mál þetta til þess að sektarheimildir tollyfirvalda komi sem fyrst til framkvæmda og létt verði, eins og áður sagði, af sakadómi.

Ég skal ekki þreyta þm. frekar með fleiri orðum, en legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur sést hér áður, eins og fram kemur í athugasemdum, og ég hygg að svo sé um flest þau atriði, sem þar er ráðgert að breyta, að um þau sé ekki verulegur ágreiningur og kannske enginn ágreiningur og samstaða raunar, svo sem er t. d. um fjölgun tollhafna, sem er að langmestu leyti viðurkenning á staðreyndum og nauðsyn þess vegna.

Það er aðeins eitt sem ég vildi vekja máls á í sambandi við þetta frv. og að gefnu tilefni. Ég skal þó ekki hefja langar umr. um það hér eða setja á umr. um það hér, því að mér gefst tækifæri til að fylgja þessu máli eftir í þeirri nefnd sem fær það til meðferðar.

Mér hefur verið á það bent, að þær breytingar sem hér er gert ráð fyrir, einkum í 4. og 5. gr. frv., kunni hugsanlega að fela í sér nokkra slökun á tolleftirliti, einkum varðandi skip og skipakomur hingað til landsins, frá því sem verið hefur. Ef sú ábending, sem mér hefur borist frá aðilum sem til þekkja, er rétt, þá held ég að við séum á röngum brautum, m. a. með tilliti til þess að nú tvisvar sinnum með afar stuttu millibili hefur orðið uppvíst um verulegt fíkniefnasmygl með skipum til landsins með mjög stuttu millibili, tekið mikið magn af fíkniefnum, og ef þessar ábendingar til mín hafa við rök að styðjast, um að hér sé a. m. k. gefið tilefni til þess að unnt sé að slaka á, þá held ég að við séum á röngum brautum. Ég mun leggja það til í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, að þessi mál verði könnuð ítarlega og jafnframt að nefndarmenn fái upplýsingar um hverjar þær reglur eru sem upp verða teknar núna og eru breyting frá því sem áður hefur verið.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, orðlengja þetta frekar, en mun fylgja þessu eftir í hv. fjh.- og viðskn. vegna þess að ég tel að hér sé um afar mikilvægt mál að ræða að því er varðar tolleftirlit.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég þarf ekki að setja á langa tölu út af þessu máli, enda kemur málið til nefndar sem ég á sæti í og málið er líka mér skylt að því leyti að ég flutti frv. þessa efnis af hálfu ríkisstj. fyrir einu ári. Gildir raunar sama um þetta mál og mál sem hafa verið hér fyrr til umr. í dag og flutt eru af ríkisstj., að það eru mál sem fyrri ríkisstj. bar ábyrgð á og er því ekki ástæða fyrir mig til að bæta mörgu við.

Ég hefði líklega ekki kvatt mér hljóðs nú nema vegna þess að ég verð erlendis á næstu vikum og það gæti verið að málið yrði tekið fyrir í nefnd að mér fjarstöddum. Þess vegna vildi ég aðeins láta í ljós þá ósk mína, að Tollvarðafélagið fái tækifæri til að fjalla um það mál sem hér er til umr. og þá sérstaklega þær breytingar sem verið er að gera till. um varðandi tollgæslu.

Ég hef litið svo á, að ein meginbreytingin sem fólgin væri í þessu frv. væri fjölgun tollhafna. Það er sanngirnismál, réttlætismál, og mér þótti afar leitt að málið skyldi ekki fá brautargengi hér í þinginu í fyrra. Ástæðan mun fyrst og fremst hafa verið sú, að menn flæktu það saman við afgreiðslu annars og alveg óskylds máls, þar sem var spurningin um tollkrít, og því fékkst það ekki afgreitt.

Ég ætla að vonast til þess að þessi mál verði tekin nú til málefnalegrar meðferðar og afgreidd, en ég hef orðið var við það, rétt eins og seinasti ræðumaður, hv. þm. Eiður Guðnason, að Tollvarðafélagið hefur nú vissar athugasemdir að gera við ákveðin ákvæði í þessu frv., og ég mundi því mjög eindregið mælast til þess að þau atriði frv. yrðu skoðuð sérstaklega og Tollvarðafélagið fengi að senda menn á fund nefndarinnar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að verða við tilmælum hv. þm. Ragnars Arnalds, og ég sem formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar lýsi því hér með yfir að það verður haft samband við Tollvarðafélagið og málið skoðað gaumgæfilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 7. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 11). — Frh. 1. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Sú umr. sem hér fer nú fram hefur staðið í nokkra daga. Margir hafa tekið þátt í umr. en mörgu er þó ósvarað og margt ónefnt af því sem nauðsynlegt er að ræða í sambandi við þessi einstöku brbl. um launamál sem hæstv. núv. ríkisstj. setti á fyrsta sólarhring tilveru sinnar.

Það sem skiptir þó mestu máli núna er að átta sig á því hvort ríkisstj. hefur meiri hl. fyrir þessum lögum hér á hv. Alþingi. Ummæli ýmissa talsmanna Sjálfstfl. síðustu dagana, nú síðast hv. 2. þm. Reykv. á landsfundi Sjálfstfl. sem greint var frá í fjölmiðlum nú um helgina, benda til þess að innan Sjálfstfl. séu menn með innantökur miklar yfir því að þurfa nú að greiða atkv. með þessum Framsóknarlögum sem Framsfl. knúði fram undir forustu þeirra hæstv. ráðh. Halldórs Ásgrímssonar og Steingríms Hermannssonar þegar ríkisstj. var mynduð.

Það er auðvitað eðlilegt að þeir séu ræfilslegir sumir, sérstaklega þeir sem eru minna sjóaðir, af þm. Sjálfstfl. við að gleypa Framsóknarstefnuna í þessu efni, en eins og kunnugt er gat Framsfl. ekki hugsað sér að ganga skemmra en að skerða þessi mannréttindi, réttindi fólks til frjálsra kjarasamninga í sjö mánuði. Þeir talsmenn Sjálfstfl. hafa einn af öðrum að undanförnu gefið í skyn að þeir vildu gjarnan fella bann við kjarasamningum út úr lögunum og nú er svo komið að þessir þm. eru það margir að áhöld eru um það fyrir okkur stjórnarandstæðinga hvort þessi lög hafa meiri hl. hér á Alþingi. Hæstv. utanrrh., fyrrv. formaður Sjálfstfl., gaf að vísu tiltölulega eindregnar yfirlýsingar í þessu efni fyrir nokkrum vikum þegar þetta mál var á dagskrá og hagaði þannig orðum sínum ásamt hæstv. forsrh., þegar þeir félagar ræddu við verkalýðshreyfinguna núna nýlega, að forustumenn verkalýðssamtakanna töldu að ráðherrarnir hefðu algerlega neitað því að til greina kæmi að fella bann við kjarasamningum út úr brbl. Eftir að hæstv. utanrrh., fyrrv. formaður Sjálfstfl., talaði hér á dögunum hafa komið aðrir talsmenn Sjálfstfl. og gefið allt annað í skyn en hann vildi vera láta. Þess vegna er ástæða til þess númer eitt, tvö og þrjú í þessari umferð og umr. að spyrja: Hvernig er þessi staða núna innan Sjálfstfl.? Hafa brbl. enn þá meiri hl. eða eru þeir sjálfstæðismenn einn af öðrum að týna tölunni í þessari Framsóknarlest sem hæstv. forsrh. lagði af stað með 27. maí s. l.? Er hv. þm. Pétur Sigurðsson hlynntur því, greiddi hann atkv. með banni við frjálsum kjarasamningum t. d.? Er hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hlynntur því að styðja bann við frjálsum kjarasamningum? Það væri a. m. k. í andstöðu við yfirlýsingu allra verkalýðssamtakanna og sú yfirlýsing frá verkalýðssamtökunum er studd af mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum sem þar á annað borð eiga einhverja talsmenn. Það er þess vegna meginspurningin: Hafa brbl. ríkisstj. misst meiri hl. sinn hér á hinu háa Alþingi? Það er sú spurning sem stendur upp úr í þessari umr. í dag og hér er borin fram. Verður vonandi unnt að láta reyna á það fljótlega hvaða afstöðu menn hafa í þessu efni.

Það er ljóst, herra forseti, að íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir mjög miklum og alvarlegum vandamálum. Þau vandamál birtast okkur m. a. í áætlunum fiskifræðinga um miklu minni afla á næsta ári en á þessu ári og hafði þó aflinn á árinu 1983 fallið mjög tilfinnanlega frá árinu 1981. Þegar íslenska þjóðin stendur frammi fyrir svona miklum erfiðleikum, svona stórum og hrikalegum vandamálum, þá væri auðvitað eðlilegast að í landinu væri ríkisstj. sem beitti sér fyrir því að þjóðin í sameiningu tæki á þessu vandamáli, ríkisstj. sem laðaði meginfylkingar þjóðfélagsins til samstarfs um vandamálin en ekki ríkisstj. sem svo að segja kerfisbundið og miskunnarlaust virðist helst vilja efna til stórfelldra átaka í þjóðfélaginu við meginfylkingu launamanna í landinu, en þeir eru um og yfir 80 þús. innan hinna skipulögðu samtaka launafólks á Íslandi. Ég fullyrði að ríkisstj. sem ræðst gegn þessari meginfylkingu í landinu getur ekki leyst nein efnahagsleg vandamál. Ríkisstj. sem efnir til stríðs við þessa stóru fylkingu hins vinnandi fjölda í landinu er að dæma sjálfa sig til þess að henni misheppnist þau verk sem hún ætlar sér.

Núv. ríkisstj. hefur kosið að fara þessa leið: að efna til almennra átaka í landinu og það hefur verið fróðlegt að fylgjast með umr. einmitt um þessi brbl. með hliðsjón af því nú að undanförnu. Ég tel þess vegna óhjákvæmilegt, herra forseti, að víkja nokkuð ítarlega að þeirri ræðu sem hæstv. forsrh. hélt 24. okt. s. l. þegar þessi mál voru hér á dagskrá.

Ég innti hæstv. forsrh. eftir því í fyrsta lagi í þeirri ræðu sem ég flutti á fyrsta degi þessarar umr. hvort hann gæti nefnt eitt einasta dæmi úr sögunni um að launamenn hafi verið sviptir samningsrétti með þeim hætti sem hér er um að ræða. Og ég var að sjálfsögðu að tala um okkar sögu, sögu okkar lands og sögu verkalýðssamtakanna á Íslandi. Hæstv. forsrh. vitnaði til Noregs í þessu efni, hann vitnaði til Hollands og kannske leitaði hann víðar fanga. En niðurstaðan sem eftir stendur varð sú, að hann gat að sjálfsögðu ekki bent á eitt einasta dæmi um það að ráðist hefði verið að verkalýðssamtökunum með þeim hætti sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert. Að því leytinu til er núv. hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. brautryðjandi, fer nýjar og áður ógengnar brautir í íslenskum stjórnmálum. Og það hefur verið fróðlegt að fylgjast með því hverjir hafa kosið að fylgja hæstv. forsrh. úr því þýfi sem ríkisstj. kaus að leggja í í þessu efni.

Í öðru lagi spurði ég hæstv. forsrh. um eitt dæmi um það að bannað hefði verið að greiða vísitölubætur á laun í tvö ár eins og hér er gert með brbl. Forsrh. gat ekki nefnt eitt einasta dæmi þessa, en hann vísaði til viðreisnarstjórnarinnar sem einna næst kæmist þessu. Og það er býsna táknrænt fyrir Framsfl. á árinu 1983, sem barðist gegn viðreisnarstjórninni af mikilli hörku á sínum tíma, að hann skuli nú þurfa að sækja fordæmi þangað til að réttlæta gjörðir sínar á þessu ári.

Ég spurði hæstv. forsrh. um það í þriðja lagi hver væri réttur verkafólks til vinnustöðvana og ég fullyrti í minni ræðu að réttur verkafólks til vinnustöðvana hefði í engu verið skertur með brbl. sem kveða á um samningsbann. Hæstv. forsrh. svaraði spurningu minni þannig:

„Í brbl. er hvergi sett bann við vinnustöðvunum, eingöngu sett bann við hækkun á grunnkaupi og vísitölubindingu hvers konar á launum, þannig að ef vinnustöðvanir eru notaðar til að knýja slíkt fram þá er það ekki í anda laganna. Hins vegar geta að sjálfsögðu orðið vinnustöðvanir út af öðrum deilumálum vinnuveitenda og vinnuþega."

Forsrh. telur sem sagt að lögin banni verkföll til að knýja fram kaupbreytingar, hvort heldur er með grunnkaupshækkunum eða vísitölubótum vegna verð-

hækkana, og að samningar um slíkt, af hvaða tagi sem eru, væru lögbrot. Í framhaldi af þessu hlýtur maður að spyrja: Gildir bann við verkföllum eftir 31. jan. n. k. ef reynt verður þá að knýja fram vísitölubætur á laun? Er bannað að mati forsrh. að efna til verkfalla eftir 31. jan. ef þau verkföll eru boðuð til þess að knýja fram vísitölubætur á laun? Það er mjög áríðandi að fá afdráttarlaust svar í þessu efni frá ríkisstj. vegna þess að samkv. orðanna hljóðan í brbl. og með tilliti til ræðu forsrh. hér 24. okt. verður þetta ekki skilið öðruvísi en svo, að eftir 31. jan. sé um að ræða takmarkaðan samningsrétt. Nú eru bannaðir frjálsir kjarasamningar út janúar og eftir þann tíma eru bannaðir samningar um vísitölubætur á laun. Þar af leiðandi legg ég þá merkingu í orð forsrh. að hann hafi í rauninni verið að segja að bannað sé að beita verkföllum til að knýja fram vísitölubætur á laun þegar kemur fram á næsta ár. Ég tel mjög brýnt að hæstv. forsrh. svari þessu og þar með því, sem virðist vera, að verkfallsrétturinn sé þá ekki aðeins takmarkaður í nokkra mánuði heldur í tvö ár og samningsrétturinn takmarkaður í tvö ár eða fram á árið 1985, sem þýðir m. ö. o. að Framsfl. hefur haft sitt fram í samningunum við Sjálfstfl. í vor. Framsfl. hefur knúið Sjálfstfl. til að samþykkja takmörkun samnings- og verkfallsréttar í tvö ár. Það er afar mikilvægt að þetta mál skýrist hér nánar í umr., annaðhvort í þessari umr. eða síðar í meðferð hins háa Alþingis á þessu máli.

Í fjórða lagi innti ég hæstv. forsrh. eftir því hvað gerðist ef launamaður og atvinnurekandi ná samkomulagi um aðra launabreytingu en gert er ráð fyrir í brbl. Hæstv. forsrh. sagði: „Slíkt væri að sjálfsögðu lagabrot og yrði farið með það sem önnur lagabrot.“ Hvað þýðir þessi setning? Er hún tilvísun til hinna almennu hegningarlaga, vegna þess að í brbl. eru engin refsiákvæði af neinu tagi? Er forsrh. með þessu að vitna til hinna almennu hegningarlaga sem launamenn verði beittir ef þeir knýi fram hækkanir á sínu kaupi? Nú orðaði ég spurningu mína þannig á dögunum: Hvað gerist ef launamaður og atvinnurekandi ná samkomulagi um hærra kaup? Hæstv. forsrh. svarar spurningunni eins og hann geri engan greinarmun annars vegar á kjarasamningum og hins vegar á ráðningarsamningum einstaklinga. En á því er grundvallarmunur. Og það væri fróðlegt að hæstv. forsrh. gerði grein fyrir því hvort hann telur að lögin nái til almennra ráðningarsamninga, sem er allt annað en almennur kjarasamningur. Kjarasamningar binda launamenn eftir verkalýðsfélögum en ráðningarsamningar eru einstaklingsbundnir. Það væri mjög fróðlegt ef ráðh. vildi fara um þetta nokkrum orðum vegna þess að mér skildist á orðum hans að brbl. banni í raun og veru persónubundna ráðningarsamninga. Slíkt hlýtur auðvitað að vera alger fjarstæða. Ef ég hef misskilið hann í þessu efni þá væri gott að fá þær upplýsingar hér. En ég held að það verði að vera honum og öðrum ljóst að það er með öllu óhugsandi að brbl. af því tagi sem ríkisstj. setti í vor geti rift ráðningarsamningum einstaklinga.

Í fimmta lagi vil ég víkja að því sem fram kom í máli hæstv. forsrh. þegar hann ræddi um efnahagsaðgerðirnar á árinu 1981. Ég hafði tekið þannig til orða að þá hefði verið fylgt efnahagsstefnu Alþb. í veigamiklum atriðum, þá hefði tekist að tryggja kaupmátt launa á því ári og verðbólgan hefði minnkað á sama tíma. Í umr. um þetta mál hafði hæstv. forsrh. í ræðu sinni uppi hótanir um það að birta kafla úr fundargerðum þáv. ríkisstj., þ. e. frá þeim umr. sem fram fóru í þáv. ríkisstj. í des. 1980. Hann sagðist vera tilbúinn til að birta þessa kafla. „Ef hv. þm. Svavar Gestsson vill leyfa að lesið verði upp úr fundargerðum ríkisstj. þá kemur það vel til greina. En þær eru trúnaðarmál og ég brýt það ekki án hans leyfis,“ sagði hæstv. forsrh.

Nú geta allir séð það og skilið að það er ekki mitt hlutverk að gefa heimildir til þess að lesið sé upp úr fundargerð ríkisstj., sem ég hef átt sæti í, heldur þarf til þess að koma samþykki þeirra ráðh. allra sem í ríkisstj. voru. Hitt vekur hins vegar athygli, að hæstv. núv. forsrh. skuli hafa í hótunum við fyrrv. samstarfsmenn sína í þeim tón sem hann gerði hér á dögunum. Það má a. m. k. verða núv. samstarfsmönnum hans nokkurt varnaðarefni að forusta Framsfl. skuli haga sér með þessum hætti gagnvart fyrrv. samstarfsmönnum sínum. Um leið tek ég það fram að honum er frjálst mín vegna að birta þær fundargerðir frá árinu 1980 sem hann var að tala hér um. En svona vinnubrögð og hótanir og dylgjur af hálfu forsrh. landsins eru að mínu mati ósæmilegar með öllu. Og þær ýta undir það, sem oft hefur verið rætt hér áður í þingsölum og ég vil taka hér upp sérstaklega og áskil mér rétt til að ræða nánar síðar og þá undir öðrum dagskrárlið, að það verði settar reglur hér í landinu um birtingu og notkun svona gagna. Ef ráðherrar — eins og hæstv. forsrh. — ætla að fara að brúka þetta sem pólitísk þrýstitæki eins og hann var með hótanir um hér á sínum tíma, þá er alveg óhjákvæmilegt að settar verði um þetta reglur. Og það er öllum fyrir bestu að svo verði gert.

Ég vil hins vegar í tilefni af þessum orðum hæstv. forsrh. rifja það upp í mjög stuttu máli sem gerðist á árinu 1981. Þá voru í fyrsta lagi felldar niður vísitölubætur þann 1. mars. En á móti gerðist það að skerðing samkv. Ólafslögum svokölluðum var afnumin þrisvar sinnum það ár. Þetta skilaði skerðingunni aftur að verulegu leyti. Kaupmáttur launa var þar með svipaður og orðið hefði að óbreyttu, samkv. gögnum sem núna liggja fyrir um þróun kaupmáttar á því ári, um leið og verðbólga minnkaði um helming. En hvernig gerðust samningarnir um þetta mál á milli þáverandi stjórnarflokka? Um það veit hæstv. núv. forsrh. minna en flestir aðrir. (**JBH:** Á skíðum.) Hann reyndist hafa verið á skíðum eins og hv. 5. þm. Reykv. bendir hér á.

Hæstv. þáv. viðskrh. var aðalsamningamaður Framsfl. í þeim viðræðum og hæstv. þáv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson. Úrslitaatriðið í þessum samningum af hálfu Alþb. var það, að þeir framsóknarmenn voru tilbúnir að fallast á að afnema skerðingarákvæði Ólafslaga tvisvar eða þrisvar sinnum á árinu 1981. Og þetta gerðist undir forustu þáv. utanrrh. Ólafs Jóhannessonar. Núv. forsrh. kom þar hvergi nokkurs staðar að verki. Þetta finnst mér nauðsynlegt að taka fram vegna þess hvernig þessum málum er hagað í málflutningi hæstv. forsrh. Ég tel það ekki heiðarlegt að setja mál svona upp eins og hann gerði og þess vegna hafi verið óhjákvæmilegt að víkja nokkuð að því — og mætti gera það enn frekar, ef tækifæri gefst til.

Í ræðu sinni vék ráðh. einnig að því að erlend lán hefðu aukist mjög á undanförnum árum um 21.8% 1982, um 18% 1981 og um 11.5% 1983. Og auðvitað ræða menn það mikið að erlend lán eru hér allt of há og skuldabyrðin af erlendum lánum er orðin mjög erfið

fyrir þjóðarbúið allt. Hins vegar finnst mér að menn geti ekki, þegar þeir ræða um erlend lán, talað um þetta rétt eins og hér hafi verið um að ræða vanda sem varð til svo að segja á síðasta ári fráfarandi ríkisstj. Staðreyndin er auðvitað sú, að hér er um að ræða vanda sem er margþættur og þeir sem komið hafa nálægt stjórn landsins á liðnum árum bera allir meiri og minni ábyrgð á. Það er ómerkilegur málflutningur að mínu mati af stjórnmálamanni, hvort sem hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu, að ætla að hrista þessa hluti af sér rétt eins og hann hafi aldrei komið nálægt þessum málum. Sérstaklega er það ómerkilegt af þeim talsmönnum Framsfl. sem hafa verið hér í ríkisstjórnum síðustu 10 — 12 árin.

Ég held að það sé rétt að minna á í þessu sambandi að innkomin erlend lán vegna sjávarútvegsins á síðustu þremur árum minnkuðu ekkert í tíð fráfarandi hæstv. sjútvrh. Hann var ekki með neinar sérstakar tillögur um að skera þau lán niður í tíð fráfarandi ríkisstj. Hann var ekki með neinar sérstakar tillögur um það. Ég minnist þess að í ágúst í fyrra féllst ríkisstj. á tillögu Alþb. um að banna innflutning fiskiskipa í tvö ár. En frumkvæðið var ekki komið þar frá fagráðherra eða þeim sem helst áttu að standa á bremsunum.

Ég held að við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því að hækkunin á hlutfalli erlendra skulda á liðnum árum stafar auðvitað af mörgum ástæðum en fyrst og fremst er hér um að ræða þríþætta ástæðu. Fyrsta ástæðan er sú, að hér hefur orðið verulegur samdráttur í þjóðarframleiðslu þannig að hlutfall erlendra skulda af vergri þjóðarframleiðslu er hærra en það hefði annars orðið. Til þessarar ástæðu má rekja um það bil ⅙ þeirrar skuldaaukningar í krónutölu sem orðið hefur frá 1981. Í öðru lagi er hér um það að ræða að á árunum 1982 og fyrri hluta ársins 1983 hefur orðið mikil raungengisbreyting, þ. e. gengið hefur lækkað verulega umfram það sem nemur kostnaðartilefnum innanlands. Þetta hefur haft það m. a. í för með sér á fyrri hluta þessa árs að samkeppnisstaða okkar iðnaðar hefur verið betri en áður, en aðeins þessi raungengisbreyting nemur um 5/12 af því sem kallað er skuldaaukning á síðustu tveimur árum. Þriðja ástæðan er svo hrein skuldaaukning sem á sér stað fyrst og fremst vegna hins mikla viðskiptahalla sem varð á árinu 1982.

Það hefur verið fróðlegt í þessu efni að fylgjast með því hvernig menn hafa lagt á það áherslu að gera sem allra mest úr skuldastöðu þjóðarinnar út á við. Hæstv. fjmrh. hefur úthrópað landsmenn sem alveg sérstaka vanskilamenn í þessu efni. En hann er þó sá maður sem á að bera ábyrgð á samningum við erlenda lánardrottna varðandi lántökur og framlengingu lána Íslendinga erlendis. Þessi málflutningur er mjög sérkennilegur, þegar ráðamenn þjóðarinnr keppast við að úthrópa Íslendinga sem vanskilamenn á alþjóðlegum lánamörkuðum. Ég vil vara við slíkum málflutningi. Ég hvet menn til raunsæis þegar við metum erlendar skuldir. En ég vara menn við þeim málflutningi að úthrópa landsmenn sem vanskilamenn á erlendum vettvangi með tilliti til þess að við þurfum vafalaust oft og iðulega að sækja þangað lán á næstu árum til ýmissa þarfra verkefna. Þess vegna hefur þessi málflutningur hæstv. ráðh. að mínu mati skaðað þjóðina og vafalaust orðið til þess að veikja möguleika hennar til að ná sér í hagstæð lán á lánamörkuðum erlendis um þessar mundir.

Í máli sínu hafa hæstv. ráðh. einnig minnt á að í sumar hafi hér verið í gildi sérstök lög til þess að halda aftur af verðlagi í landinu og þeir hrósa sér mjög af því að þar hafi verið haldið þannig á málum að ekkert hafi verið leyft nema óhjákvæmilegustu verðhækkanir. Ég ætla aðeins að víkja að orðum hæstv. forsrh. um það efni. Hann sagði orðrétt: „Verðlagsstjóri telur einnig að mjög sé orðum aukið um hagnað verslunarinnar." Hérna er verið að vitna í ummæli sem ég hafði uppi um það að verslunin fengi að hafa allt sitt á þurru á þessu sumri meðan ráðist er af hörku á launamenn í landinu. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvar hefur verðlagsstjóri látið þessi ummæli falla, að ég hafi haft uppi ýkjur varðandi hag verslunarinnar? Ég ræddi við verðlagsstjóra á dögunum og spurði hann hvar hann hefði greint frá því að mín ummæli væru mjög orðum aukin í þessu efni um hagnað verslunarinnar. Verðlagsstjóri kannaðist ekki við að hafa látið slík ummæli falla. Ég held að það sé mjög alvarlegur hlutur og ábyrgðarmikill að ráðherrar hafi það rétt eftir embættismönnum sem embættismenn eru að vinna fyrir þá. Það er ekki hlutverk verðlagsstjóra að tjá sig um hagnað verslunarinnar almennt, fyrst og fremst. Þar koma til aðilar eins og t. d. Þjóðhagsstofnun sem hefur iðulega látið uppi fróðlegar skýrslur um hagnað verslunarinnar út af fyrir sig.

En það sem ég vil leggja áherslu á er það, að þegar gengislækkunin var gerð á s. l. vori, hin stóra gengislækkun ríkisstj., þá var ekki beitt svokallaðri 30% reglu til skerðingar á verslunarálagningu. Og ég fullyrði að þessari reglu um skerðingu verslunarálagningar hefur alltaf verið beitt í svo stórum gegnislækkunum nema í þetta eina skipti, alltaf. Rökin fyrir 30% reglunni eru auðvitað þau, að það sé óeðlilegt að álagningargrunnur verslunarinnar rjúki upp úr öllu valdi þegar gengislækkun á sér stað og verslunin græði í rauninni aukalega vegna þess að grunnurinn undir álagningunni hækkar sérstaklega við gengislækkunina. Þess vegna hefur þessari 30% reglu alltaf verið beitt nema núna í vor þegar um meiri háttar gengislækkanir hefur verið að ræða. Fyrsta stjórnin sem beitti þessari reglu um 30% skerðinguna hygg ég að hafi verið viðreisnarstjórnin, sem beitti henni jafnan þegar hún ákvað að fella gengið þetta mikið, bæði 1961 og svo 1967 og 1968. Rökin sem þá voru notuð voru þá líka þau að kaupið stóð fast á sama tíma. Verslunin sem slík varð ekki fyrir auknum launaútgjöldum strax í kjölfar gengislækkunarinnar og þess vegna þótti eðlilegt að skerða álagningargrunninn um þessi 30%. Núv. ríkisstj. skerðir álagningargrunninn ekki en bannar kaupbreytingarnar á sama tíma. Hér er því um að ræða algerlega óvenjuleg vinnubrögð og ríkisstj. að gefa versluninni kost á því að hirða aukalega úr gengislækkuninni stórfé á sama tíma og fjárhagur hins almenna manns er beinskorinn, svo að notuð séu orð eins af hæstv. núv. ráðherrum.

Ég kem þá næst, herra forseti, að þeim ummælum í þessum ræðum sem lúta að því að kaupmáttur launa hafi í rauninni ekki verið skorinn eins mikið niður og ég vildi vera láta. Ég tók þannig til orða að tímakaup hefði verið lækkað svo að kaupmáttur tímakaups væri nú orðinn svipaður og 1953. Hæstv. forsrh. fullyrti að staðhæfingar mínar um að kaupmáttur nú sé svipaður og 1953 væru úr lausu lofti gripnar og vekur það satt að segja furðu þar sem hv. þm. hafði gögn í þessu máli,

eins og hæstv. forsrh. sagði. Ég vil í þessu sambandi láta það koma fram að 11. maí s. l. skrifaði ég Þjóðhagsstofnun og bað hana um upplýsingar varðandi ákveðnar þjóðhagsstærðir nokkra áratugi aftur í tímann. Ég bað um þetta gagn með tilliti til þeirra stjórnarmyndunarviðræðna sem þá voru að hefjast og til þess að unnt væri að glöggva sig á samhengi hlutanna betur en annars var hægt. Þjóðhagsstofnun gat því miður ekki svarað þessu fyrr en miklu seinna. Mér barst svar frá henni 10. ágúst s. l.

Margt fróðlegt kom fram í þessu yfirliti, m. a. það að kaupmáttur kauptaxta launþega verður nú í lok þessa árs, í lok ársins 1983, lægri en hann var 1953. Ef við setjum vísitöluna á 100 árið 1960, þá er kaupmáttur kauptaxta í lok ársins 1983 108.2, en á árinu 1953 var þessi kaupmáttur 115.6. Ef við leitum vandlega í þessari löngu töflu 40 ára kaupmáttarþróunar, þá kemur það í ljós að kaupmáttur var lægri á hverja unna stund allra launþega í landinu árið 1961 og hefur aldrei farið lægra en það ár. En eftir stendur hitt, sem fram kemur hér í yfirliti ASÍ frá því í sumar, að það þarf að fara allt aftur fyrir árið 1953 til þess að finna lægri kaupmátt en í lok þessa árs.

Ef við tökum hins vegar ekki kaupmátt kauptaxta allra launþega, heldur tökum bara næstlægsta taxta Verkamannasambands Íslands með fullri aldurshækkun og gerum ráð fyrir því að kaupmátturinn 1982 hafi verið 100, þá er kaupmátturinn í lok þess árs 74. Og það þarf að fara allt aftur til ársins 1952 til þess að finna lægri kaupmátt verkamannataxtanna en núna í nóv. og des. Það er því margt fleira sögulegt við þessi einstöku brbl. en samningamálin. Það þarf að fara 30 ár aftur í tímann til að finna dæmi þess að mönnum hafi verið gert að vinna fyrir kaupi sínu með jafnlitlum kaupmætti á unna stund eins og nú er um að ræða. Ég skil ekki, herra forseti, hvernig á því stendur að núv. hæstv. ríkisstj. vill ekki kannast við þessar tölur og reynir að vefengja þær með yfirlýsingum eins og hæstv. ráðh. gerði hér fyrir nokkrum dögum.

Þegar maður lítur yfir þessar töflur allt frá árinu 1952, þá er alveg greinilegt að í þeim eru vissar skýrar pólitískar línur. Það er í fyrsta lagi auðvitað rétt að kaupmáttur launa verður fyrir áfalli um leið og þjóðarbúið verður fyrir áfalli. Kaupmáttur launa skerðist yfirleitt um leið og þjóðarframleiðslan minnkar og dregur úr þjóðartekjum. En jafnljóst er hitt, að kaupmáttur launa er að jafnaði skárri þegar um það er að ræða að Alþb. og aðrir aðilar tengdir verkalýðshreyfingunni hafa áhrif þar á. Það er líka ljóst að í þeim stjórnum þar sem Framsókn og íhaldið hafa náð saman er kaupmáttur yfirleitt lægri en ella. Það er alveg greinileg fylgni þarna á milli. Þegar þessir gömlu kerfisflokkar tveir ná saman er kaupmáttur launanna keyrður niður. Það er mjög fróðlegt að líta á þessa töflu með tilliti til þessara staðreynda.

Ég hef hér, herra forseti, farið nokkuð yfir það sem fram hefur komið í umr., einkum máli hæstv. forsrh., frá því þann 24. okt. s. l. þegar umr. fóru fram um þetta mál hér. Ég ætla síðan að leyfa mér að víkja nokkuð að öðrum ræðum og ummælum sem hér komu fram.

Í umr. um þetta mál kom það fram frá hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteini Pálssyni, að hann taldi að það væru neyðarréttaraðstæður á bak við það að ríkisstj. svipti menn frjálsum samningsrétti. Nú vil ég spyrja: Hversu langt treysta menn sér til að ganga í skjóli neyðarréttaraðstæðna í þessu landi? Hvaða mannréttindi eru það sem fá örugglega að vera í friði ef þessari neyðarréttarástæðu er beitt? Er það prentfrelsi, fundafrelsi eða málfrelsi eða hvað? Ég hef látið það koma fram hér áður í ummælum mínum úr þessum ræðustól að ég telji að ekki sé til nein millileið varðandi þessi grundvallarmannréttindi. Annaðhvort vilji flokkar og menn hafa þessi mannréttindi í heiðri og standa með þeim gegnum þykkt og þunnt og samþykkja ekki neina skerðingu á þeim eða þá að menn gera lítið úr þessum grundvallarmannréttindum. Ég tel að hv. 1. þm. Suðurl. sé á mjög hálum ís þegar hann reynir að bera fyrir sig neyðarréttarástæður í þessum efnum. Og ég bið hann að hugleiða hvert sú röksemdafærsla getur leitt hann ef hann heldur mikið lengur áfram með þessum hætti. Ég held að við þurfum að átta okkur vel á því, að hér er um að ræða grundvallarmannréttindi, hvort má semja um kaup og kjör. Og flokkur sem stendur við hliðina á verkafólki, flokkur eins og Alþb. getur undir engum kringumstæðum fallist á það að svipta verkalýðshreyfinguna í landinu þessum réttindum. Flokkur eins og Framsfl. hefur haft minni tengsl við verkalýðshreyfinguna en flestir aðrir flokkar sem hér eiga fulltrúa. Mér kemur fátt á óvart úr þeirri átt út af fyrir sig. Hitt er aftur ljóst að Sjálfstfl., sem er meginafl fjármagnseigenda hér á landi, hefur átt stuðning fjölmargra manna úr verkalýðssamtökunum, m. a. forustumanna sem hafa verið hér inni á hv. Alþingi. Og það er mikið umhugsunarefni fyrir landsmenn og launamenn alla að það skuli geta gerst að flokkur af þessum toga, sem þykist þó berjast fyrir frelsi einstaklingsins, skuli skipa sér þannig við hlið fjármagnsins þegar kemur að því að ákveða verð á vinnuaflinu, að hann reynist reiðubúinn til að svipta menn þessum grundvallarmannréttindum.

Sjálfstfl. hefur að mínu mati með þessari afstöðu sinni sett í rauninni mjög ofan og hlýtur að verða dæmdur af verkum sínum, þó síðar verði, því að svona flokki er ekki treystandi af hálfu launamanna. Flokkur sem gefur sig inn á þá braut að nota neyðarréttarástæður til þess að svipta menn mannréttindum er kominn út á svo hálan ís að honum er ekki treystandi. Ég held að þetta sé ákaflega mikilvægt atriði, sem fróðlegt væri að heyra frekari umr. um, vegna þess að hér er komið að grundvallaratriði í okkar stjórnskipun. Mér finnst að í ljósi reynslunnar nú í sumar komi vel til greina að setja í stjórnarskrá lýðveldisins ákvæði sem hindrar ríkisstjórnir og stjórnmálaflokka í því að banna frelsi til kjarasamninga. Ég tel að hér sé um að ræða mannréttindaákvæði sem er álíka stórt og mörg önnur ákvæði sem er að finna í okkar stjórnarskrá. Hér er um að ræða atriði, sem ekki var rætt í stjórnarskrárumræðum á liðnum árum, hvort það ætti að setja þar inn ákvæði um að ekki mætti svipta menn rétti til frjálsra samninga. Þetta hefur ekki verið rætt á liðnum árum. En umræðan núna í sumar hvetur til þess að þessi mál verði tekin upp aftur og kannað verði í sambandi við stjórnarskrána hvort á að banna það að flokkar geti beitt verkalýðssamtökin gerræði af þeim toga sem hér hefur verið gert. Hér er um svo hrikalega mannréttindasviptingu að ræða að ég tel alveg óhjákvæmilegt að íhuga þetta grundvallaratriði núna í vetur þegar við förum að ræða um stjórnarskrána og þau réttindi sem þar eiga að vera bundin föst.

Í ræðu sinni núna á dögunum komst hæstv. utanrrh. þannig að orði þegar hann ræddi um verkalýðsforustu Alþb., en það er það sem hæstv. fjmrh. er stundum að tala um úr þessum ræðustól, að þess væru mörg dæmi að svokölluð verkalýðsforusta Alþb. hefði komið í veg fyrir að láglaunafólk fengi þær kauphækkanir sem því hafa staðið til boða hér í landinu. Ráðh. sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Mörg eru þau dæmi sem nefna má um það að verkalýðsforusta Alþb. hafi beinlínis komið í veg fyrir að hinir lægst launuðu fengju bætt sín kjör umfram aðra launþega í þjóðfélaginu."

Ég skora á hæstv. utanrrh. eða aðra forustumenn Sjálfstfl. að nefna eitt einasta dæmi um það að Alþb.-menn í verkalýðshreyfingunni hafi beitt sér til þess að koma í veg fyrir að láglaunafólkið í landinu fengi sínar kaupbreytingar. Hér tala menn nefnilega stundum úr þessum ræðustól svipað og hæstv. fjmrh. á landsfundi Sjálfstfl. eins og það sé verkalýðsforustan og verkalýðshreyfingin sem ákveður launin hér á landi. Síðasta ræðan, sem um það var haldin hér, var ræða hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér fyrir nokkrum dögum. Auðvitað verður verkalýðshreyfingin að eiga í þessum efnum við atvinnurekendavaldið í landinu og niðurstöður í kjarasamningum fara eftir því hvert er afl hinna almennu samtaka launafólks annars vegar og hvert er afl atvinnurekendasamtakanna hins vegar. Kjarasamningar og kjaramál eru niðurstaðan af átökum þessara meginfylkinga stéttaandstæðnanna í landinu. Þess vegna er það ekki þannig, eins og stundum er látið í veðri vaka, að þessi mál séu í raun og veru á ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar einnar. Kjarasamningur er niðurstaða eftir langvinn átök þar sem aðilar vinnumarkaðarins eigast við.

Mér finnst óhjákvæmilegt að taka þetta fram vegna þeirra ummæla sem hæstv. utanrrh. lét hér falla um það að verkalýðsforusta Alþb. hafi komið í veg fyrir kauphækkanir á liðnum árum. Þessi málflutningur er alveg yfirgengilegur, ekki síst þegar það er svo fullyrt að viðkomandi ráðh. geti nefnt mörg dæmi um þetta. Hér er um að ræða þvílíka fjarstæðu að um hana þarf ekki að fara mörgum fleiri orðum. En þetta er alvarlegur áburður, vegna þess að það er verið að bera það á forustumenn okkar í verkalýðshreyfingunni, forustumenn launafólks í landinu að þeir hafi ekki staðið sig og þeir hafi ekki tekið þær kauphækkanir sem voru í boði, heldur hafi þeir komið í veg fyrir að umbjóðendur þeirra, láglaunafólkið í landinu, fengi þær hækkanir sem krafist var og í boði voru.

Hæstv. utanrrh. taldi einnig mjög fráleitt og út í hött að vera að bera saman kaup fólks eins og það er núna og eins og það var. Það væri ekki réttur samanburðargrundvöllur, eins og hann orðaði það. Hæstv. ráðh. sagði, með leyfi forseta:

„Réttur samanburðargrundvöllur er annars vegar þau kjör sem menn búa við í dag — og enn sem komið er og vonandi framvegis full atvinna — og hins vegar atvinnuleysi og engar tekjur. Þetta er sá raunhæfi samanburður sem hefði gildi í umr. sem þessum."

Ég tel að í þessum orðum hæstv. utanrrh. felist í fyrsta lagi hótun um atvinnuleysi og ábending um að það sé jafnvel yfirvofandi, vegna þess að kaupið í dag er ekki hægt að bera saman við neitt annað en atvinnuleysisbæturnar.

Í öðru lagi tel ég að með þessum ummælum hæstv. utanrrh. komi fram að launamenn fái yfir sig atvinnuleysi ef þeir gera kröfur um sanngjarnar launabætur vegna þeirrar kjaraskerðingar sem orðið hefur á liðnum mánuðum umfram það fall sem orðið hefur í þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu milli áranna 1981 og 1983.

Og í þriðja lagi felst í þessum orðum það sem alvarlegast er, yfirlýsing um að ríkisstj. ætli að nota atvinnuleysisvofuna til þess að halda kjörum launafólksins í landinu niðri. Þetta eru mjög alvarleg tíðindi og ummæli sem hér eru höfð eftir einum af hæstv. núv. ráðh. Þau eru engu að síður sönn og þau sýna m. a. þann mikla vanda sem verkalýðshreyfingin í landinu nú stendur frammi fyrir.

Ég vil að lokum í máli mínu nú, herra forseti, ítreka það, að það er öllum ljóst, talsmönnum og fulltrúum allra stjórnmálaflokka, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, að íslenska þjóðin hefur orðið fyrir miklu efnahagslegu áfalli nú þegar og því er spáð að svo verði jafnvel einnig á næsta ári. Við þurfum að taka á móti því áfalli og við þurfum að deila þeim byrðum niður með sanngjörnum og eðlilegum og lýðræðislegum hætti. Ég tel að núv. ríkisstj. hafi brugðist þeirri kröfu sem gera verður til hennar í þessu efni. Í stað þess að leita samstöðu og samninga og samstarfs um að taka á vandanum hefur ríkisstj. efnt til átaka í landinu, heiftarlegra átaka. Hún hefur ráðist að starfsréttindum 80 þús. íslenskra launamanna og bannað þeim að beita réttindum sínum til þess að semja um kaup og kjör. Ég tel að ríkisstj. hafi þannig í rauninni ákveðið að keyra efnahagsaðgerðir sínar í gegn með offorsi hvað sem tautar og raular. Hún hafi ákveðið að knýja þessar aðgerðir fram á móti hinum stóru samtökum launafólks í landinu. Hún hafi ákveðið að hafa ráð þeirra að engu sem þar eru í fyrirsvari. Hún hafi ákveðið að vinna að þessum málum með þeim hætti sem ég lýsti hér í upphafi. Ég sagði þá og segi enn: Það er útilokað fyrir þessa ríkisstjórn eða aðrar ríkisstjórnir að ná ætlunarverki sínu fram í stríði við yfirgnæfandi meiri hluta vinnandi fólks í landinu. Það er útilokað. Og þar er ekki verið að spyrja um það, hvort menn eru úr Alþb., Sjálfstfl., Framsfl. eða hvaða öðrum flokki sem er. Hér er verið að tala um heildarhagsmuni launamanna. Og það eru þeir sem ráða viðbrögðum þeirra en ekki flokksskírteini — og hafa aldrei gert. Hitt er svo að lokum fróðlegt til umhugsunar, að eftir því sem liðið hefur á þessa umr. hafa fleiri hv. þm. og talsmenn Sjálfstfl. runnið af hólminum þegar að því hefur komið hvort þeir ætli að styðja þessi endemis brbl. og bannið við kjarasamningum eða ekki. Þess vegna er sú spurning á dagskrá í fullri alvöru: Hefur ríkisstj. meiri hl. fyrir þessum lögum? Ummæli manna að undanförnu leyfa fyllilega að það sé dregið í efa.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en verð þó að koma að fáeinum atriðum sem hér hafa verið nefnd.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ítrekaði það hér í ræðu sem hann flutti tvisvar að ég viðurkenndi ekki að skipastóllinn væri of stór. Það er alrangt. Ég hef hvað eftir annað viðurkennt að fiskiskipastóllinn er of stór eins og nú er ástatt. Hins vegar rakti ég í ræðu minni hvernig tillögur hafa verið um veiðar og lagði áherslu á þá skoðun mína, að ef loðnuveiðar væru hér í kringum

milljón lestir eins og spáð var fyrir 4—5 árum og þorskaflinn í kringum 450 þús. lestir eins og einnig var lagt til bæði að hausti 1980 og aftur 1981, þá hygg ég að skipastóllinn væri ekki of stór. Og ég lagði áherslu á mikilvægi þess að við sækjum fiskinn á fullkomnum bátum og fiskiskipum með þeirri bestu tækni sem fáanleg er.

Hitt er svo annað mál, að þeir hlutir hafa gerst að grundvöllur fyrir rekstri þessa fiskiskipastóls er ekki lengur fyrir hendi og því nauðsynlegt að grípa til ráðstafana í samræmi við það. Ég vil einnig leiðrétta það sem kom fram í ræðu hv. þm. að upplýsingar þær sem við fórum báðir með úr Dagblaðinu/Vísi frá 20. sept. 1982, næðu eingöngu til þess hausts. Að sjálfsögðu er það rétt. En ég vil vekja athygli á að 26. ágúst sama ár var sett bann við innflutningi fiskiskipa svo að ekki var um neinar slíkar heimildir að ræða eftir þann tíma. En af því að hv. þm. Svavar Gestsson minntist einnig á það atriði þá get ég upplýst að eftir fund sem ég átti með fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna haustið eða sumarið 1982 lagði ég til að ekki yrði aðeins bannaður innflutningur á fiskiskipum, heldur einnig smíði hér á landi. Því að sjálfsögðu skiptir engu máli fyrir fiskistofnana hvort þeir eru veiddir á of mörgum skipum smíðuðum innanlands eða erlendum skipum. En á þetta var ekki fallist af ástæðum sem út af fyrir sig eru skiljanlegar. Íslenskar skipasmíðastöðvar þurftu verkefni. Um þetta náðist því ekki samkomulag. En þetta var m. a. skoðun fulltrúa þessara samtaka sem á umræddum fundi mættu, að banna ætti allar viðbætur við fiskiskipastólinn. Og það er fróðlegt og kapítuli út af fyrir sig að því miður hafa íslenskar skipasmíðastöðvar ekki getað staðist samkeppni í verði við erlendar af ýmsum ástæðum, m. a. mikilli niðurgreiðslu á erlendar skipasmíðar. En þetta hefur orðið til þess að íslensk skip eru því miður ekki samkeppnisfær þótt að gæðum séu þau fullkomlega eins góð og skip smíðuð erlendis. Þetta hefur vitanlega orðið til að eigendur íslenskra fiskiskipa eru margir hverjir í stórum meiri fjárhagserfiðleikum með rekstur sinna skipa en þeir sem fengið hafa ódýrari erlend skip. En um þetta ætla ég út af fyrir sig ekki að fara fleiri orðum.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom að nokkrum þeim atriðum sem ég svaraði í fyrri ræðu minni og krafðist viðbótarupplýsinga. Hv. þm. gerði m. a. að umræðuefni þær upplýsingar sem ég kom með um að ágóði verslunarinnar væri ekki eins mikill og af væri látið vegna þess að samdráttur hefði orðið í veltu. Þessara upplýsinga var aflað af mínum efnahagsráðunaut frá verðlagsstjóra án þess, svo að ég viti til, að nafn hv. þm. hafi verið nefnt í því sambandi. En þessar fullyrðingar hafa hvað eftir annað komið fram og ég hef hér á minnisblaði með mér það sem haft er eftir verðlagsstjóra, að of mikið sé gert úr hagnaði verslunarinnar að hans dómi vegna þess að veltan hefur dregist saman. Annars er það athyglisvert að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði hér að töluverðu umræðuefni og hneykslaðist mjög á því að ég væri nú orðinn talsmaður þessarar voðalegu verslunarstéttar, að því er manni skildist, þessara millilliða í þjóðfélaginu. Það er satt að segja undarlegt að heyra slíka fordóma nú 1983. Ég hélt að þetta væri áratuga gamalt. Verslunarstéttin er að sjálfsögðu nauðsynleg í nútíma þjóðfélagi og er þar um að ræða atvinnugrein sem m. a. þeir Alþb.- menn hafa farið með í sinni ráðherratíð og verið mjög vel af látið. Mér hefur stundum verið sagt að enginn viðskrh. hafi verið betri við verslunina en einn fyrrv. Alþb.-ráðh., enda er þarna um ákaflega mikilvæga atvinnugrein að ræða sem alls ekki er verðugt að gera lítið úr. En ég var alls ekki að gerast málsvari hennar út af fyrir sig. Ég var aðeins að flytja svar við spurningu sem fyrir mig var lögð.

Hv. þm. Svavar Gestsson taldi að ég hefði verið með hótanir í sinn garð þegar ég stakk upp á því að við skoðuðum fundargerðir ríkisstj. Ég skil það svo að hann telji að þar komi eitthvað fram sem telja megi hótun í hans garð eða hans flokks, eitthvað illt hlýtur það að vera. Það var alls ekki meining mín, heldur eingöngu það að eftir ýmsum leiðum mætti vitanlega upplýsa hið rétta í því máli sem var til umr. Það er rétt hjá hv. þm. að ég var ekki við í lokaumr. um efnahagsráðstafanirnar fyrir 1981, en þær fóru fram í margar vikur áður en til þeirra kom eins og hv. þm. veit. Og reyndar voru slíkar umr. svo að segja allt árið 1981 og leiddu því miður ekki til meira en þess sem varð í lok ágúst það ár.

Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann telur mig vera að skorast undan ábyrgð á því sem hefur gerst, langt frá því. Vissulega á ég og Framsfl. þátt í því sem hefur gerst og það á Alþb. líka. Og það væri kannske verðugt fyrir hv. þm. að skoða það og viðurkenna einu sinni að verðbólgan var í lok síðasta stjórntímabils orðin 130%. Aðgerðir og aðgerðaleysi eru vitanlega þáttur í því. Það var hægt að koma í veg fyrir þetta, en því miður var það ekki gert.

Hv. þm. gerði kaupmáttarskerðinguna að umræðuefni og las upp úr töflum frá Þjóðhagsstofnun sem hann bað um með bréfi frá 11. maí ef ég man rétt. Ég fékk þær töflur einnig og las einnig upp úr þeim. En ég bað einnig Þjóðhagsstofnun um viðbótarupplýsingar og fékk þær 9. júní. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa það sem þar kemur fram um kaupmáttar- eða lífskjaraskerðingu. Þar segir:

„Í tilefni af staðhæfingum í fjölmiðlum að undanförnu um að kaupmáttur launa undir lok þessa árs verði hinn sami og fyrir 30 árum, og lífskjörin þannig færð 30 ár aftur í tímann, á sama tíma og þjóðartekur á mann hafi tvöfaldast, sjá t. d. fréttabréf ASÍ frá 6. júní 1983 og Þjóðviljann í dag, 9. júní 1983, er rétt að benda á eftirfarandi atriði:

1. Kaupmáttarmælingar sem byggja á einum kauptaxta yfir svo langt tímabil hljóta ætíð að vera hæpnar. Þannig kann mikilvægi eins taxta í launamyndun að hafa breyst. Auk þess getur þessi eini taxti hafa breyst með öðrum hætti en aðrir kauptaxtar og loks, sem e. t. v. skiptir ekki minnstu máli, getur taxtinn hafa breyst með öðrum hætti en aðrir þættir tekjumyndunar.

2. Kaupmáttarreikningar á grundvelli verðvísitölu sem byggist á föstum grunni, þar sem mikilvægi einstakra útgjaldaflokka stendur óbreytt árum saman, orkar tvímælis þegar bornar eru saman tölur yfir áratuga bil.

3. Almennasti og líklega raunhæfasti mælikvarði á lífskjör einstaklinga og heimila sem völ er á er þróun einkaneysluútgjalda á mann. Samkv. síðustu áætlunum er talið að einkaneysla á mann verði á árinu 1983 2.6 sinnum meiri en á árinu 1952, þ. e. 160% meiri. En 125% meiri en á árinu 1953. Einkaneysla er þá reiknuð til fasts verðs með neðjuvísitölu sem tekur tillit til

breytinga á samsetningu neysluútgjalda. Annar raunhæfur mælikvarði á lífskjör eru ráðstöfunartekjur heimilanna eftir skatta og tilfærslur hins opinbera. Fullnægjandi tölur um þessa stærð ná aðeins aftur til ársins 1960, en skeyta má framan við þær tölur tölum um breytingar ráðstöfunartekna alþýðustétta á 6. áratugnum samkv. athugun sem birtist í tímariti Framkvæmdabankans, Úr þjóðarbúskapnum, 13. hefti 1964. Þá fæst sú niðurstaða að ætla megi að á árinu 1983 verði raungildi ráðstöfunartekna á mann um þrefalt hærri en 1952 miðað við verðbreytingar einkaneyslu. Þjóðartekjur á mann á föstu verðlagi á þessu tímabili hafa aukist um 170%, þ. e. 2.7-faldast. Lífskjör og ráðstöfunartekjur heimilanna hafa því fylgt breytingu þjóðartekna í stórum dráttum yfir þessi 30 ár. Hér eru einungis borin saman tvö ár, en þessi niðurstaða stæði óhögguð þótt tekin yrðu önnur ár eða nokkurra ára meðaltöl við upphaf 6. og 9. áratugar.

4. Enn er þess að geta að verulegur hluti einkaneysluútgjalda í hátekjuríkjum eins og Íslandi fer til kaupa á varanlegum neyslugæðum sem safnast upp í eigu heimilanna. Gagnsemi þeirra varir yfirleitt mun lengur en árið sem þau eru keypt og færð til einkaneysluútgjalda. Stofn heimilanna af slíkum munum er nú án alls efa miklu meiri en var fyrir 30 árum og lífskjörin væntanlega þeim mun betri.

5. Loks er þess að gæta, þegar gerður er samanburður á lífskjörum manna yfir svo langt árabil, að á þessum þremur áratugum hefur samneysla aukist og opinberri þjónustu fleygt fram, t. d. á sviði menntamála og heilbrigðismála, og lífskjör almennings batnað enn frekar af þeim sökum."

Hér er sem sagt af fræðimönnum dregin saman niðurstaða úr þeim töflum sem hér hefur verið lesið upp úr og niðurstaðan er einhlít. Það eru u. þ. b. hátt í þrefalt betri lífskjör nú en voru fyrir 30 árum.

Hv. þm. vildi fá að vita hvort verkföll væru enn takmörkuð eftir 31. jan. n. k. Verkföll í okkar þjóðfélagi eins og öllum þjóðfélögum eru takmörkuð að ýmsu leyti. Að sjálfsögðu er ekki heimilt að stofna til verkfalla til að knýja fram samninga um hluti sem bannaðir eru með lögum og vitanlega mætti nefna fjölmargt sem ekki er heimilt að semja um og lög banna. Ef það frv. sem hér liggur fyrir verður samþykkt er ekki heimilt að binda laun með vísitölu í tvö ár, þ. e. til loka maí 1985. Þar er að sjálfsögðu ekki heimilt að stofna til verkfalla til að semja um vísitölubindingu frekar en, eins og ég hef sagt, um ýmsa aðra þætti sem bannaðir eru með lögum. Það er út af fyrir sig ekkert einsdæmi að bannað sé að binda launagreiðslur við vísitölu. Svo er í ýmsum öðrum löndum, t. d. í Vestur-Þýskalandi og ég hygg í Finnlandi eftir að samkomulag var um að afnema slíkt 1967 eða 1968.

Hér hefur verið mikið rætt um samningsréttinn og talið að þetta væru hin gerræðislegustu lög að því leyti. Út af fyrir sig mætti lengi velta vöngum yfir samningsréttinum. T. d. mætti spyrja hvers virði sá samningsréttur sé sem að nafninu til er hafður í heiðri, en síðan taka stjórnvöld sig til aftur og aftur og breyta þeim samningum sem gerðir eru. Tölfróðir menn segja að samningum hafi verið breytt 14 sinnum á undanförnum 4 árum. Sá samningsréttur sem leiðir til slíks er satt að segja að ýmsu leyti vafasamur og virðist þá ekki vera nýttur eins og skyldi ef stjórnvöld finna sig knúin til að breyta slíkum samningum með lögum. Er það ekki líka brot á samningsrétti að breyta samningum með lögum eftir á? Hér var og er um neyðartilfelli að ræða. Íslenskt þjóðarbú var komið fram á bjargbrún með verðbólgu sem var yfir 130% og reyndar nálgaðist 140—150% og því var aðeins mjög tímabundið ákveðið að festa grunnkaup eins og lög þessi sem hér eru til umr. gera ráð fyrir. Þessi ríkisstj. hefur hins vegar lýst því yfir að hún ætlar ekki að fylgja fyrra fordæmi og breyta þeim samningum sem vafalaust verða gerðir eftir að þetta ákvæði laganna fellur úr gildi og ætlast til þess að aðilar vinnumarkaðarins nýti þá samningsréttinn af fullri ábyrgð og semji um kaup og kjör innan þess ramma sem þjóðarbúið þolir eða atvinnuvegirnir geta staðið undir.

Hv. þm. taldi að vafasamt væri hvort meiri hl. væri fyrir þessum lögum hér í hinu háa Alþingi. Ég tel nauðsynlegt að á það reyni og því ætla ég ekki að lengja þessar umr. Rétt er að koma málinu til nefndar. Ég hef hvað eftir annað lýst því yfir að í meðferð í nefnd kemur vel til greina að endurskoða þetta ákvæði. Ég hef lýst því yfir að megintilgangur ríkisstj. er að ná verðbólgu niður í um það bil 30% í árslok. Betri upplýsingar um það munu liggja fyrir eftir örfáa daga og fær nefnd að sjálfsögðu aðgang að þeim og þá getum við metið hvort ástæða er til að halda umræddu ákvæði.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa ánægju minni yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. forsrh. þar sem hann segir að hann sé reiðubúinn að vinna að því að ákvæðið um skerðingu á samningsrétti verði endurskoðað. Það gerist því kannske óþarft fyrir mig að fjölyrða mikið um þetta mál umfram það sem kom fram í yfirlýsingu ráðh., vegna þess að það hnígur í sömu átt og afstaða mín og nokkurra annarra hv. þm.

Ég er einn af þeim sem hafa frá upphafi talið ákvæðið um skerðingu á samningsrétti afar óæskilegt og hef verið á móti því. Slíkt brýtur í bága við mína grundvallarlífsskoðun um frelsi einstaklinganna til að semja um eigin mál. En því miður er það rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að hv. Alþingi hefur allt of oft gripið inn í gerða samninga með ýmsum hætti með þeim árangri eða afleiðingum, sem fram kom í máli hans að gerðir samningar hafa verið skertir með alls konar kúnstum. Ég treysti því að fólkið, bæði í verkalýðshreyfingunni og annars staðar, hafi þann þroska og dómgreind að geta gert sér grein fyrir því hver var ástæða þess að núv. ríkisstj. taldi sig þurfa í upphafi þeirra aðgerða sem hún greip til með brbl. að grípa einnig til þess að takmarka samningsréttinn. Sú var raunverulega ástæðan, eins og margrætt hefur verið hér, að ástand var að verða það slæmt s. l. vor að það horfði til upplausnar og atvinnuleysis. Minnist ég þess, að hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson mun hafa fjallað um það á s. l. vetri að nú blasti við neyðarástand í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. En það breytir ekki því, að ég hef verið á móti þessu atriði í brbl., þ. e. að skerða samningsréttinn með þeim hætti sem kemur þar fram.

Ég vil undirstrika að við erum nokkrir þm. og höfum verið að vinna að því að þetta ákvæði væri fellt út úr frv. í meðferð þingsins. Undirstrikar það það, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan, að fullur hugur er á að endurskoða þetta ákvæði.

Mér finnst nokkuð einkennilegt, vegna þess að hér erum við að ræða um erfiðleika fortíðarinnar, hve lítið hefur verið rætt um það sem fram undan er. Það er rétt og skylt að undirstrika það hér á þingi, að almenningur hafði mjög ríkan skilning á nauðsyn þess að mæta þeim ákveðnu og tímabundnu erfiðleikum, sem við bjuggumst við að væru fram undan s. l. vor og sumar, með þeim hætti að færa ákveðnar og tímabundnar fórnir. Staðreyndin er sú, að hvað sem líður ræðum stjórnmálamanna og fullyrðingum fann almenningur fyrir því s. l. vor og s. l. vetur að verðbólgan af stærðargráðunni 140, 150, 160% eða guð veit hvað var farin að skerða kjör fólksins mjög mikið. Það fann fyrir afleiðingum óðaverðbólgu. Það fann fyrir því að óðaverðbólgan breytti öllu gildismati, öllum verðviðmiðunum, bæði hvað áhrærði verð, kaup, vexti o. s. frv., það mikið að það vildi ekki lifa í þeirri óvissu og við þá áhættu og afkomuskerðingu sem greinilega var fram undan ef ekki yrði breyting á. Það er óumdeilt, að þegar gengið var til kosninga s. l. vor í apríl blasti við neyðarástand. Krafa fólksins í kosningunum var að hér yrði breyting á.

Núv. ríkisstj. gerði ákveðnar ráðstafanir sem voru mjög harkalegar. Fram hjá því verður ekki gengið. Og því miður verður það að segjast eins og er, að þrátt fyrir ákveðin batamerki um hjaðnandi verðbólgu erum við ekki enn komin út úr þeim vanda og þeim erfiðleikum sem þjóðin var komin í s. l. vor. En nú blasir við annað og miklu alvarlegra vandamál en það sem fram undan var s. l. vor. Ég tel það svo alvarlegt, að ekki sé sæmilegt að forustumenn þjóðarinnar á Alþingi skuli vera að þrasa um fortíðina með þeim hætti sem hér er gert. Auðvitað er söguleg skýring á því sem gert hefur verið nauðsynleg og auðvitað er nauðsynlegt að mótmæla því sem maður telur að brjóti í bága við gundvallarskoðanir um frelsi einstaklinganna. En það sem mér finnst skipta meira máli er að menn láti af þrasi og deilum um fortíðina og líti til framtíðarinnar, en því miður er hún ekki allt of björt fyrir okkur.

Sú skoðun fiskifræðinga þar sem þeir mæla með því að hámarksafli þorsks verði aðeins 200 þús. smálestir á næsta ári er svo alvarleg að það væri verðugra verkefni fyrir hv. og hæfa þm. og forustumenn einstakra flokka að ræða hér og nú og sem fyrst til hvaða ráðstafana þurfi að grípa til að forða þjóðinni frá þeirri ógæfu og þeim afleiðingum sem hlytust af því ef Íslendingar mættu ekki afla nema 200 þús. smálesta af þorski á næsta ári. Hvað þýðir þetta raunverulega fyrir afkomu þjóðarinnar? Í stuttu máli, sem er augljóst öllum sem til þekkja, mundi þetta þýða grundvallarhrun í helstu atvinnugreinum í sjávarútvegi og fiskiðnaði og algert hrun í þjóðarbúinu. Ofan á það hrun sem hefur verið í síldveiðum og loðnuveiðum mundi þetta bætast og þá er fátt til bjargar og þá er mikill vandi fram undan, sem mikið ríður á að allir góðir menn stuðli að að leysa.

Sjávarútvegur og fiskiðnaður hefur verið meginuppspretta þess þjóðarauðs sem Íslendingar hafa byggt á í áratugi. Þaðan hefur komið síðustu árin 70% af gjaldeyrisöfluninni, en hér áður fyrr um 90%. Meginþorri starfa allt í kringum landið, úti í strjálbýlinu, byggist á sjávarútvegi og fiskiðnaði. Hvernig ætlum við hv. þm. að mæta þeim samdrætti sem yrði ef aflinn yrði aðeins 200 þús. tonn af þorski?

Nú kann einhver að segja: Fiskifræðingar eru nú búnir að spá svo mörgu í gegnum árin að ekki er mikið takandi mark á þeim. — En þá verð ég því miður að segja sem einn af þeim sem starfa í þessari atvinnugrein, að þróun síðustu tveggja ára varðandi stærð og þyngd fisks bendir til þess að sú spá og sú skoðun fiskifræðinga, sem þeir hafa fram sett, sé á sterkum rökum reist. Auk þess mun vera staðreynd að hitastig sjávar í kringum landið hefur tekið þeim breytingum að vaxtarskilyrði fisks eru ekki sem þau voru áður fyrr.

Mér finnst þess vegna, og nota nú tækifærið í þessari umr. og segi það, auk þess sem ég setti fram það sjónarmið mitt í upphafi, að það sé mál til komið að ágætir og hæfir alþm. og forustumenn snúi bökum saman og skoði það sem fram undan er. Því miður verður vandinn ekki leystur nema með miklu þjóðarátaki. Ég met það mikils sem núv. ríkisstj. er að reyna að gera til að leysa vanda fortíðarinnar. En það sem skiptir meira máli fyrir okkur öll er að ríkisstj. og hv. alþm. sem kunna að vera stjórnarandstæðingar horfi nú yfir flokka og hagsmunaríg og finni lausnir fyrir íslenska þjóð í þeim vanda sem fram undan er með þeim hætti að Íslendingar geti sæmilega við unað í vondri stöðu. Við skulum leggja til hliðar þetta þras fortíðarinnar og líta heldur til framtíðarinnar, líta til þess sem skiptir máli, líta á þau vandamál sem núv. ríkisstj. er að leysa, hvað fortíðina áhrærir. Við skulum saman reyna að leysa sameiginlega þann mikla vanda, sem þjóðin stendur frammi fyrir á næstu árum, og sleppa flokkaríg.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera hér smáathugasemd. Það kom fram í máli hv. 10. þm. Reykv., sem ég hafði reyndar spurt um í fyrri ræðu minni í dag, að það er ekki aðeins hann heldur hann og nokkrir aðrir hv. þm. Sjálfstfl. sem hafa einsett sér að beygja Framsfl. í þessu máli og koma í veg fyrir það að þessi lög, brbl., um að svipta verkalýðshreyfinguna rétti til frjálsra kjarasamninga, verði staðfest á hv. Alþingi. Ég fagna því og ég vona að þeir standi við þessa yfirlýsingu sína.

Það er þá líka rétt, sem ég hélt hér fram fyrr í dag, að þessi lög hafa ekki meiri hluta á hv. Alþingi. Það er íhugunarefni núna á sjöunda mánuði laganna að þá fyrst skuli þessi niðurstaða liggja fyrir. Ég vona að hv. 10. þm. Reykv. skilji það að okkur þm. stjórnarandstöðunnar hefur ekki verið gefinn kostur á því fyrr en núna í nóv. að ræða um þetta mál og þessi lög, sem voru sett með því að beita brbl.-valdinu í maí í vor. Þessi lög eru búin að vera hér í gildi með stjórnskipulegum hætti síðan 26. og 27. maí í vor. Þegar málin eru rædd núna í byrjun nóv. kemur það í ljós að þau hafa líklega ekki og höfðu þá ekki meiri hluta á Alþingi.

Það er athyglisvert fyrir hv. Alþingi að velta því nú fyrir sér hvernig hefur verið komið fram við löggjafarvaldið í þessu efni, því að það hefur aftur og aftur verið fullyrt af hæstv. ríkisstj. að hún hefði meiri hluta í málinu. Hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. hafa hvað eftir annað sagt að það væri hafið yfir allan efa að þeir hefðu meiri hluta á bak við sig í þessu máli. Nú kemur það í ljós að hv. 10. þm. Reykv. og nokkrir aðrir hv. þm., eins og hann orðaði það, eru að undirbúa það að snúa Framsókn niður í þessu máli, beygja Framsókn og koma í veg fyrir það að þessi gerræðislög, sem Framsfl. knúði fram s. l. vor, nái fram að ganga. Spurningin er þá um tvennt: Tekst þeim að beygja Framsókn og lætur Framsókn beygja sig í þessu máli? Eða hangir hún eins

og hundur á roði á þessu kappsmáli sínu áfram, að svipta verkalýðshreyfinguna í landinu mannréttindum eins og gert var hér s. l. vor? Er Framsókn það svo heilagt mál að hún leggi allt undir í þessu efni eða lætur hún sér segjast, þannig að hv. 10. þm. Reykv. og nokkrir aðrir þm. Sjálfstfl. geti fengið ríkisstj. ofan af þessari gerræðislegu lagasetningu.

Þetta er auðvitað geysilega þýðingarmikið atriði að fá fram og það sýnir hvað umr. eru gagnlegar, þó þær hafi tekið sinn tíma, að þessi niðurstaða skuli nú liggja fyrir, þannig að alþjóð veit og sér hvernig á þessum málum hefur verið tekið. Því hér er í verkum sama ríkisstj. og neitaði stjórnarandstöðinni um það að kalla þingið saman í sumar. Nú skilur maður betur en áður hvað það var sem olli því að ríkisstj. var ekki tilbúin til þess að kalla þingið saman. Það var vegna þess að hún var ekki viss um að hún hefði meiri hluta á bak við sig í þessari lagasetningu sem Framsfl. teymdi íhaldið út í framan af þessu sumri.

Þetta skiptir miklu máli. Þetta er ekki þras um fortíðina eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson benti á hér áðan. Hér er verið að tala um stjórnskipun lýðveldisins, hér er verið að tala um grundvallaratriði. Hitt er svo alveg rétt, að vandamál þjóðarinnar og efnahagslífsins um þessar mundir eru auðvitað svo stór að við þyrftum að geta sameinast um að taka á þeim. Og á það á ríkisstj. að leggja höfuðáherslu en ekki að efna til stríðs. Eins og formaður Landssambands ísl. verslunarmanna hefur bent á þá er verkalýðshreyfingin í landinu reiðubúin til þess að taka þátt í því að glíma við þau vandamál sem uppi eru í landinu núna. En hún er í fjötrum þessara brbl. sem nú eru að falla hér á Alþingi vegna þess að þau virðast ekki hafa meiri hluta.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég hef áður skýrt afstöðu mína til þeirra brbl. sem hér eru til umr. í svo ítarlegu máli að ég þarf þar engu við að bæta. **(Gripið fram í:** Það er nú gott.) Ég þakka hv. skrifara fyrir það að hann hefur meðtekið boðskapinn og ekkert farið þar milli mála.

En örfá orð í tilefni af ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar. Það er oft rætt um hlutverk stjórnarandstöðu og stjórnarandstaðan atyrt fyrir það að hún sé neikvæð í sinni afstöðu. Hún fáist ekki til að unna ríkisstj. sannmælis og taki ævinlega neikvæða afstöðu til allra hluta sem frá ríkisstj. koma. Nú er það svo að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson skoraði á stjórnarandstöðuna að taka upp jákvæða afstöðu einmitt vegna þess að nú eru þau tíðindi uppi í þjóðfélaginu að nú þurfi allir góðir menn og þjóðhollir að snúa bökum saman, og á þá við hinar svartsýnu spár fiskifræðinga um ástand fiskistofna, einkum þorskstofnsins.

Það er ástæða til að taka þessa áskorun hv. þm. alvarlega. Um leið kallar það á að rifja upp eftirfarandi. Hæstv. ríkisstj. mótaði sínar efnahagsaðgerðir með brbl. Hún kaus þá leið að koma í veg fyrir að stjórnarandstaðan fengi um þetta að fjalla mánuðum saman. Það var ekki fyrr en Alþingi var sett rúmum fimm mánuðum eftir kosningar sem stjórnarandstöðunni gafst kostur á umr. um málið. Spurning: Hefur afstaða stjórnarandstöðunnar í heild verið mjög neikvæð til þessara aðgerða? Ég segi nei. Burtséð frá því hver heildarmynd er af fréttaflutningi fjölmiðla, sem er venjulega undir hælinn lagt, þá er það staðreynd að minn flokkur t. d. hefur lýst því yfir að hann er samþykkur því grundvallaratriði í aðgerðum ríkisstj. sem felst í lögbundnu afnámi vísitölukerfisins. Það er ekkert smávægilegt atriði. Við höfum ekki lýst andstöðu við það. Við lýstum því yfir fyrir kosningar að við teldum vísitölukerfið hafa gengið sér til húðar, við tókum þá afstöðu í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka að við vildum að það kerfi yrði lagt niður. Og það er meginatriðið í aðgerðum ríkisstj. Það er fyrst og fremst það sem máli skiptir að því er varðar von ríkisstj. um einhvern tímabundinn árangur í viðureigninni við verðbólgu, þó að það eitt dugi hvergi nærri til. En stjórnarandstaðan, a. m. k. minn flokkur, við höfum ekki tekið neikvæða afstöðu til þessa grundvallaratriðis. Þvert á móti, við höfum lýst yfir stuðningi við það.

En við höfum gert annað. Við höfum sagt: Sú aðferð ríkisstj. einmitt við þessi skilyrði að svipta aðila vinnumarkaðarins samningsrétti, það höfum við sagt að væri ekki aðeins óskynsamleg aðferð, hún væri beinlínis heimskuleg og trúlega mjög skaðleg. Þess vegna er okkur það mikið gleðiefni að hv. þm. og fleiri hv. þm., ég minnist þess t. d. að hv. 2. þm. Reykn., Gunnar G. Schram, lýsti því hér yfir í þessum ræðustól að hann væri þessum málflutningi stjórnarandstöðunnar fylgjandi. Og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur lýst því yfir að hann sé þessum málflutningi stjórnarandstöðunnar fylgjandi. Hv. þm. Friðrik Sophusson, ef fjölmiðlar skýra rétt frá, lýsti því yfir sem einu meginatriði í ræðu sinni til formannskjörs á landsfundi Sjálfstfl., að hann teldi meira en tímabært að aðilum vinnumarkaðarins væri aftur skilað samningsréttinum. M. ö. o. hér hefur myndast samstaða. Stjórnarandstaðan hefur frá upphafi vega sagt: Þessi aðgerð ríkisstj., stjórnarflokkanna, var óskynsamleg. Hún var röng, hún var skaðleg. Hún breytir engu að því leyti, hún færir ekki stjórnarflokkana að neinu marki nær markmiðum sínum að því er varðar hjöðnun verðbólgu, en hún veldur hins vegar úlfúð, tortryggni, illindum, kyndir undir stéttastríði, er óþörf.

Það er ekkert lítið mál ef málflutningur stjórnarandstöðunnar leiðir til þess að hinir skynsamari og hófsamari menn í stjórnarliðinu taka nú undir þennan málflutning. Og ef það kynni þrátt fyrir allt að sannast í meðförum þingsins á þessu mikla máli að þar næðist samstaða um þetta, þá hressist maður nú aðeins í óneitanlega veikri trú á getu Alþingis og stjórnarandstöðu til þess að hafa einhver áhrif á gang mála. Ég vil m. ö. o. eindregið taka undir þann málflutning sem hér hefur komið fram og láta í ljós þá ósk mína að í meðförum þingsins verði þessi breyting framkvæmd. Og um leið vil ég árétta það að gagnrýni á stjórnarandstöðuna af þessu tilefni er ekki á rökum reist. A. m. k. á þar stjórnarandstaðan ekki öll óskiptan hlut.

Að því er varðar áminningu hv. þm. um það, þau válegu tíðindi, sem er spá fiskifræðinga um 200 þús. tonna hámarksafla þorsks á næsta ári, hvað það feli í sér fyrir afkomu þjóðarinnar, stefnu ríkisstj., þróun kaupmáttar, þróun lífskjara á næsta ári, þá er það allt saman hverju orði sannara. En ég vil vekja athygli hv. þm. á einum hlut. Og hann er þessi: Það er áreiðanlega þó nokkuð langt síðan fiskifræðingar komust að sínum niðurstöðum. Þær voru ekki settar fram á einum degi, þær áttu sinn aðdraganda. Það eru áreiðanlega nokkrar

vikur sem líða meðan fiskifræðingar eru að vinna úr sínum heimildum, sínum rannsóknum og komast að þessum niðurstöðum. Vitneskjan um niðurstöður þeirra kemur mönnum misjafnlega á óvart, en það er alveg áreiðanlegt að það eru þó nokkuð margir menn í þessu þjóðfélagi sem höfðu vitneskju um hverjar niðurstöður þeirra yrðu.

Þá er á það að líta að eftir að skýrsla þeirra var birt í einu af dagblöðum þjóðarinnar hefur hún verið birt og hún verið tekin til umræðu víðs vegar í þjóðfélaginu. Þessi kolsvarta skýrsla fiskifræðinga hefur t. d. verið til umræðu á landsfundi íslenskra útgerðarmanna, aðalfundi í LÍÚ, og hún hefur verið til umræðu hjá landsfundarmönnum á þingi farmanna og fiskimanna. En það er einn staður, það er ein stofnun í þessu þjóðfélagi sem hefur ekki fengið neitt tækifæri til að fjalla um eða ræða þessi válegu tíðindi. Hún heitir Alþingi Íslendinga. Plaggið hefur ekki verið birt hér. Það hefur ekki verið lagt hér fram. Hæstv. forsrh. hefur t. d. ekki séð ástæðu til að kynna þessi tíðindi, leggja þau fyrir, þó ekki væri nema fyrir formenn þingflokkanna, þannig að þetta yrði rætt í þingflokkunum, kannske á undan eða samtímis því að hinir og þessir hagsmunaaðilar úti í bæ eru að taka málið til umræðu. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki séð ástæðu til að birta Alþingi Íslendinga sérstaka skýrslu um þetta mál. M. ö. o., það eru fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu sem fá þessi gögn upp í hendurnar, ræða þau, hagsmunaaðilar, já, já. En Alþingi Íslendinga hefur ekki verið virt svo mikils að þessi skýrsla yrði birt hér. Þess vegna spyr ég: Hvernig á Alþingi Íslendinga að ræða málið, komast að sameiginlegum niðurstöðum, ef það er ekki einu sinni virt þess að upplýsingarnar séu lagðar hér fram. Ég held að áminning hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar snúist ekki hvað síst um það. Það er ókannað mál hvaða áhrif þetta kann að hafa á málflutning stjórnarandstöðu, vilja manna til þess að snúa bökum saman, hugsanlega til þess að skapa sterkari pólitískan bakhjarl nauðsynlegum aðgerðum. En frumskilyrði þess að það geti orðið er að hæstv. ráðh. og ríkisstj. virði Alþingi þess að leggja upplýsingarnar fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Erfðalög, frv. 38. mál (þskj. 39). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hefði nú kosið að fleiri væru viðstaddir. Satt að segja er dálítið þreytandi að mæla hér fyrir málum sem varða töluvert fólkið í landinu þegar svo fáir eru viðstaddir. En það eru kannske ekki fleiri í húsinu. Hvað um það, ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á erfðalögum nr. 8 frá 1963, sem lagt hefur verið fram á þskj. 39 og er 38. mál þingsins. Meðflm. mínir eru hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir og Jón Baldvin Hannibalsson.

Hinn 1. mars 1956 fól þáv. dómsmrh. Bjarni Benediktsson þeim Ármanni Snævarr prófessor og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að semja frv. til nýrra erfðalaga, en áður hafði nefnd um norræna lagasamvinnu skorað á dómsmálaráðherra Norðurlandanna að beita sér fyrir endurskoðun á norrænum erfðalögum. Samningu hins íslenska frv. var lokið árið 1960 og varð það að lögum árið 1962. Engar breytingar hafa verið gerðar á lögunum síðan, enda var í hvívetna vandað til þessarar lagasetningar.

Tilgangurinn með þeirri norrænu samvinnu sem fram fór við undirbúning erfðalaga á Norðurlöndum var sá að leitast við að samræma sem unnt væri lög þessara landa. Það tókst í verulegum mæli, en eins og eðlilegt hlýtur að teljast er þó margvíslegur munur á eftir afgreiðslu frumvarpanna í hinum ýmsu þjóðþingum. Kemur þar m. a. til að ýmis önnur lög, sem fyrir voru í hverju landi, hljóta að hafa áhrif á stefnumörkun löggjafans. Sem dæmi má taka að í engu landanna nema Íslandi eru lög, þ. e. framfærslulögin nr. 80 frá 1947, sem gera börnum skylt að framfæra foreldra sína ef þau eru til þess fær.

Ef litið er á þróun erfðalaga má sjá að stöðugt hefur verið unnið að því að tryggja rétt maka. Liggja vafalaust til þess þær ástæður að litið er á hjúskap sem sterkasta band sem menn tengjast. Hvoru hjóna er skylt að framfæra hitt og annast, og því er það vilji löggjafans að eftirlifandi maki verði ekki verr settur en efni standa til við andlát hins skammlífari maka. Við gerð núgildandi erfðalaga var enda réttur eftirlifandi maka aukinn þannig, að erfðahlutur hans var færður úr ¼ eigna í ⅓ hluta ef um eftirlifandi niðja er að ræða. Sé ekki um niðja að ræða, renna ⅔ hlutar eigna til eftirlifandi maka en ⅓ hluti til foreldra séu þeir á lífi. Í dönsku lögunum t. d. erfir hins vegar eftirlifandi maki allar eignir óskiptar, en foreldrar hafa ekki erfðarétt.

Í því frv. sem hér er mælt fyrir er lagt til að réttur eftirlifandi maka sé enn rýmkaður að því er tekur til réttar til setu í óskiptu búi. Ekki er þó lagt til að rétturinn sé rýmkaður eins og dönsku lögin kveða á um, þ. e. að eftirlifandi maki eigi ævinlega rétt til setu í óskiptu búi eins og það er við lát maka með niðjum beggja, hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Hér er einungis lagt til að heimili eftirlifandi maka sé undanskilið samþykki barna svo og húsmunir þeir sem þar eru, en eins og lögin eru nú er seta í óskiptu búi háð samþykki fjárráða barna og stjúpbarna.

Athygli hv. þm. er vakin á að með þessu frv. er lagt til að í öllum tilvikum, bæði þegar eftirlifandi maki fær ekki leyfi til setu í óskiptu búi vegna þess að fyrirmæli hins látna eru á annan veg eða að samþykki fjárráða niðja er ekki fyrir hendi, og í þeim tilvikum sem greinir í 14. og 16. gr., hafi eftirlifandi maki þrátt fyrir skipti afnotarétt íbúðarhúsnæðis og húsmuna, nema hann óski sérstaklega eftir að öllu búinu verði skipt, enda uppfylli hann skilyrði 8. og 13. gr. laganna, þ. e. að ekki sé um gjaldþrot að ræða eða að maki hafi gengið í hjúskap að nýju. Sérstök athygli er hins vegar vakin á að afnotarétti eftirlifandi maka fylgja þess vegna ekki eignarráð eða ráðstöfunarréttur eins og um óskipt bú væri að ræða.

Í ítarlegri grein um erfðarétt maka og óskipt bú, sem Guðrún Erlendsdóttir dósent skrifaði í tímaritið Úlfljót 4. tbl. 21. árg. 1978, segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt dönskum rétti á eftirlifandi maki jafnan rétt til setu í óskiptu búi með sameiginlegum niðjum beggja, jafnt fjárráða sem ófjárráða. Hér á landi hefur aftur á móti um langan tíma gilt sú regla að seta í

óskiptu búi með fjárráða börnum er háð samþykki barnanna. Það getur oft á tíðum bitnað illa á eftirlifandi maka þegar fjárráða börn neita að samþykkja setu í óskiptu búi og jafnvel verið ósanngjarnt þegar tillit er tekið til þess að uppeldi barns er að mestu lokið um tvítugsaldur. Það er e. t. v. hægt að segja að fjárráða börn eigi ekki réttmæta kröfu til þess að sundra búi foreldranna við andlát annars þeirra. Foreldrarnir eru búnir að fullnægja skyldum sínum við þau og hin félagslega aðstaða barna í dag er öll önnur en hér var áður fyrr. Það eru dæmi til þess að fjárráða börn neiti um samþykki til setu í óskiptu búi af ýmiss konar annarlegum hvötum og hefur það bitnað harkalega á eftirlifandi maka sem þarf að selja eignir búsins og verður að gerbreyta lífnaðarháttum sínum. Sýnist þetta varla vera í samræmi við þann hugsunarhátt að styrkja stöðu eftirlifandi maka sem haldið hefur verið svo mjög á lofti hin síðari ár."

Undir þessi orð er auðvelt að taka og ég vil hvetja þá hv. þm. sem áhuga kunna að hafa á að gera hér á breytingu að kynna sér umrædda grein Guðrúnar Erlendsdóttur sem er afar skýr og ítarleg. Einkum vil ég leyfa mér að benda þeirri n. sem fær málið til umfjöllunar á að lesa greinina vandlega. Hana má fá hér í bókasafni Alþingis.

Það er ekki að ófyrirsynju að óvenjulega margir hafa sýnt þessu þingmáli áhuga utan hins háa Alþingis og ófáar frásagnir hef ég heyrt um hörmuleg málalok við búskipti sem krafist hefur verið og svo hart verið gengið að eftirlifandi maka að hann hefur staðið uppi heimilislaus. Við persónulegan missi hefur bæst fjárhagslegt öryggisleysi sem ekki síst verður þungbært þeim sem eru nokkuð við aldur.

Með tilliti til þess að lífaldur manna lengist sífellt samfara betra heilbrigðisástandi í landinu verður að telja það þjóðfélaginu fyrir bestu að fólk geti sem lengst búið á eigin heimilum í stað þess að verða að flytjast á heimili eða stofnanir fyrir aldraða þegar maki fellur frá. En sú er stundum raunin vegna eindreginnar kröfu um búskipti.

Íslendingar hafa þá sérstöðu í heimi atvinnuleysis og kreppu að aldrað fólk fær mun lengur tækifæri til að taka þátt í atvinnulífi þjóðarinnar, og löggjafinn hefur unnið markvisst að því að sú sérstaða haldist. Öllum þeim sem að málefnum aldraðra vinna kemur saman um að því lengur sem menn séu virkir þátttakendur í samfélaginu þeim mun lengur endist þeim líf og heilsa. Og búseta á eigin heimili ætti að vera frumréttur hins aldraða svo lengi sem hann er fær um að annast það með þeirri þjónustu sem völ er á. Þarf vart að benda á þann sparnað sem fólginn er í því að aldrað fólk sé virkir þátttakendur í atvinnulífinu og búi á eigin heimilum í stað þess að gista opinberar stofnanir. Enginn vafi er á að konur eiga frekar undir högg að sækja þegar búskipta er krafist við lát maka. Enn þá er það svo að mun stærri hópur þeirra hefur verið fyrir utan atvinnulífið, og því eiga þær erfiðara með að breyta lífsháttum sínum og byggja upp nýtt heimili. Enda er það svo að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem á biðlistum eru á stofnunum fyrir aldraða eru einmitt konur. Meðallífaldur karla á Íslandi er auk þess nokkru styttri en kvenna.

Að lokum skal þess getið að nefnd sú sem hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. skipaði árið 1981 til þess að gera tillögur um samræmingu í skipulagi heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða og annast undirbúning ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg sumarið 1982, en formaður þeirrar nefndar var Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, nefndi breytingu á erfðalögum, í þá veru sem hér er ráð fyrir gert, sem tillögu til úrbóta í málefnum aldraðra. Í síbreytilegu þjóðfélagi hlýtur að verða að hyggja að breytingu á lögum, ekki síst þeim er varða frumþarfir þegnanna eins og réttinn til eigin heimilis. Með sívaxandi eignarhaldi á húsnæði er um sífellt meiri fjármuni að ræða sem látnir láta eftir sig til skipta. Og þá er tæpast að undra þó að áhugi erfingja aukist á skiptunum.

Frá árinu 1962 hefur aukist mjög fjöldi þeirra eftirlifandi maka sem búa í eigin húsnæði, svo að um verulega fjármuni getur verið að ræða fyrir erfingja. Samkv. upplýsingum sem aflað hefur verið vegna könnunar á vegum Húsnæðismálastofnunar ríkisins bjuggu árið 1979 85,5% Reykvíkinga í eigin húsnæði, en aðeins um 63% í kringum 1960. Er hér því um að ræða 22% aukningu á eigin húsnæði í Reykjavík á umræddu tímabili, eða frá því að lögin voru sett. Og enginn vafi er á því að hlutfall eigin húsnæðis fer vaxandi.

Við flm. teljum flest mæla með því að sú breyting sem frv., sem mælt er hér fyrir, gerir ráð fyrir verði talin sanngirnismál. Hér er tæplega um að ræða mál sem valdið getur pólitískum ágreiningi, enda eru flm. fulltrúar fimm stjórnmálaflokka. Ég bið því hv. þm. að veita þessu máli brautargengi hér á hinu háa Alþingi og vísa því að öðru leyti, herra forseti, til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frv. 15. mál (þskj. 15). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir 15. máli á þskj. 15, frv. til stjórnarskipunarlaga. Flm. eru Guðmundur Einarsson og Kristín S. Kvaran.

Bandalag jafnaðarmanna telur að ýmis vandræði þjóðarinnar megi rekja til skerðingar á löggjafarvaldi Alþingis og óeðlilegra tengsla hinna ólíku valdþátta þjóðfélagsins. Þetta höfum við oftlega sagt af ýmsu tilefni. Till. sú til breyt. á stjórnarskipunarlögum, sem hér er flutt, tekur til starfshátta og tilhögunar á þingi. Þessar breytingar mundu að okkar mati styrkja löggjafarstarfsemi þingsins, gera það virkt í eftirliti með framkvæmd og auka sjálfstæði þess.

Ef við snúum okkur að einstökum greinum, þá er í 1. gr. kveðið á um hlutverk Alþingis við eftirlit með framkvæmd laga. Slíku eftirlitshlutverki hefur lítið verið sinnt hérlendis, en er ríkur þáttur í starfi þingnefnda hjá ýmsum öðrum þjóðum.

Það eru öllum kunnar eftirlitsnefndir Bandaríkjaþings, sem gegna mjög veigamiklu hlutverki í stjórnkerfi Bandaríkjanna. Í breska þinginu hafa verið starfandi þingmannanefndir til eftirlits með sex rn. frá 1966 og til eftirlits með öllum rn. frá 1979. Þessar n. hafa ekki eins marga starfsmenn, eru ekki eins stór fyrirbæri og hliðstæður þeirra í Bandaríkjunum. Bretarnir láta sér nægja hálfa til eina tylft starfsmanna við hverja n. Þær hafa hins vegar reynst mjög starfsamar og ákveðnar í hlutverkum sínum. Þær hafa kallað til vitni og krafist upplýsinga um málarekstur rn. Þær hafa oft

gengið nærri landlægu leynimakki embættismannakerfisins í „Hvítu höll" og átt í ýmsum átökum við það.

Þetta hefur leitt af sér ýmislegt: Eftirlit með embættismannakerfi og framkvæmdavaldi hefur aukist. Starfsamir þm. hafa fundið sér vettvang til að vinna á. Þm. ólíkra stjórnmálaflokka hafa náð mjög góðri samvinnu og fundið sameiginlegan starfsgrundvöll. Það hefur byggst upp traust á þingræðislegri framvindu, sem ekki veitti af því að hin minnkandi áhrif venjulegra þingræðna og þinglegrar umr. fyrir stundum tómum sölum höfðu fyllt þm., ekki síst þá yngri og óróasamari, ýmsum efasemdum um raunverulega gagnsemi starfa þeirra. Og það hefur fleira gerst. Ýmis ópólitísk samtök, sem oft búa yfir vel grundaðri þekkingu og gagnrýni í ýmsum málaflokkum, hafa reynst mjög fús til að taka þátt í starfsemi þessara nefnda við eftirlitsvinnuna. Slík samtök eru hins vegar oft treg til að ganga til samvinnu við einstaka stjórnmálaflokka um málarekstur af ótta við að fá á sig flokkspólitískan stimpil. Þetta aukna eftirlit frá löggjafanum verkar síðan niður valdpíramídann því Einbjörn togar í Tvíbjörn og Tvíbjörn í Þríbjörn o. s. frv.

Hérlendis hefur þess konar eftirlitshlutverki verið lítið sinnt, enda ekki góður vettvangur til. Þó ber að minnast á fsp. til ráðh. og umr. utan dagskrár, sem í mörgum tilfellum gegna svipuðu hlutverki. Þar kemur í rauninni fram vilji þm. til að rækja þetta hlutverk. En aðstæðurnar á þeim vettvangi eru ekki sem bestar. Þar er iðulega grunnt farið í hlutina og fsp. ná sjaldan að gera meira en að vekja athygli á góðum málum.

Þótt þetta þing hafi ekki starfað lengi í vetur eru mörg mál komin þess efnis að áhugavert væri fyrir þm., hugsanlega starfandi í svona þn., að kynna sér nánar. Ég ætla að nefna eitt dæmi sem mér er skylt vegna þess það tengist nýlegri fsp. minni vegna auglýsingar veðdeildar Búnaðarbanka um lánsumsóknir frá bændum. Í niðurlagi auglýsingarinnar var tekið þannig til orða að umsækjendur væru beðnir að senda veðdeildinni afrit af skattskýrslum sínum ef þeir hefðu ekki þegar sent þau til Stéttarsambands bænda. Þetta vekur ýmsar spurningar. Það væri fróðlegt að kynna sér hvernig háttaði meðferð slíkra trúnaðarupplýsinga sem skattframtöl eru. Hefur Stéttarsamband bænda beðið bændur um leyfi til að framselja afrit af skattframtölum þeirra til veðdeildar Búnaðarbanka eða til þeirrar nefndar sem kannaði lausafjárstöðu bænda? Athuganir á þessu kynnu að vekja ýmsar frekari spurningar um meðferð einkaupplýsinga og gætu leitt til umr. um slík mál. Hversu vel er upplýsinga um sjúklinga gætt á sjúkrahúsum? Eru lögreglumenn nægilega þagmælskir? Ég ætla ekki að fjalla um þetta nánar, en ég nefni þetta sem dæmi um hugsanlega vinnu sem n., t. d. allshn., gæti litið á í atvinnuleysinu, þegar hún fær engin mál.

Hin hlédrægu vinnubrögð þn. okkar eru náttúrlega margra orða verð, en þau mótast af þeirri hefð að þær hafa sjaldnast frumkvæði til vinnu, en taka við málum frá deild. Ég sit í sjútvn. Nd. Á hverjum degi falla nú í kringum okkur ýmis orð um útveginn. Það er talað um pennastrik, stórkostlegar skuldir, það er talað um hver loðnuaflinn verði, hvernig kvótaskipting verður o. fl. o. fl. Samt hefur enginn fundur verið haldinn í sjútvn. Svo mun hún væntanlega halda sinn fyrsta fund einhvern tíma í miðri sjávarútvegsumr. og þá er ólíklegt að það verði fundur um neitt af þeim málum sem efst eru á baugi í dag. Ég vil taka það fram að hv. formaður n. má ekki taka þetta til sín. Ég leit í gerðabók n. og sá að hún hélt átta fundi á síðasta þingi og tíu fundi á þinginu þar áður. Það eru 18 fundir á tveimur árum. Ég held að ef menn líta til margumtalaðra vandamála sjávarútvegsins á Íslandi undanfarin ár hljóti það að vera meira en 18 funda virði. Menn geta spurt sig hvort ekki hefði verið verklegra að n. hefði að eigin vilja og frumkvæði til gagnaöflunar og umfjöllunar tekið á ákveðnum málum, því að tilefnin eru vissulega næg þessa dagana.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson minntist á nýjustu svörtu skýrsluna. Henni hefur ekki verið dreift til þm. Landssamband ísl. útvegsmanna fékk hana á miðvikudag og hv. sjútvrh. skýrði frá efni hennar á þingi Farmanna- og fiskimannasambands á fimmtudagsmorgun. Hv. alþm. heyrðu um hana í útvarpsfréttum það kvöld. Hérna eru menn svo að tala um fjárlög og tekjuáætlanir. Hvaða áhrif hefur þessi stórkostlega minnkun á þorskafla? Kemur þetta þinginu ekkert við? Hérna eru menn að vinna að fjárlögum og tekjuáætlun. Kemur þetta ekki við sjútvn. þingsins vegna afkomu útvegsins? Svona mætti spyrja margra spurninga. Mér dettur í hug að spyrja hvort LÍÚ gæti ekki lánað Alþingi sitt eintak þegar það er búið að nota það. Ég held að alþm. gætu haft gaman af að glugga í það.

Hérna hefur bara verið rætt um breytingar á nefndarstörfum á þann veg, að þær störfuðu m. a. að eigin frumkvæði við upptöku einstakra mála eða eftirliti með framkvæmdavaldi. Þetta almenna eftirlit er að mínu mati og okkar jafnsjálfsagt og endurskoðun og eftirlit með bókhaldi. Lög um bókhaldsskyldu og endurskoðun í fyrirtækjum eru ekki sett neinum til höfuðs. Þau eru sett vegna reynslu og þekkingar á mannlegum störfum og auðvitað til að auka traust á rekstrinum sem þar fer fram. En til þess að þm. geti rækt þetta eftirlitshlutverk með framkvæmdavaldinu eða tekið upp önnur mál er nauðsynlegt að þeir séu því óháðir.

Og þá kem ég að 2. gr. þessa frv. Þar er kveðið á um að alþm. skuli vera óheimilt að vinna umboðsstörf í þágu framkvæmdavalds eða stofnana þess. Þetta er mikilvægt ákvæði, bæði vegna eftirlitshlutverksins og svo vegna almennrar hættu á hagsmunaárekstri. Ef við tökum eftirlitshlutverkið fyrst er einfaldast að segja sem svo, að maður geti ekki haft eftirlit með sjálfum sér. Bankastjóri lánar ekki sjálfum sér. Endurskoðunarskrifstofa fær aðra slíka til að endurskoða reikninga sína. Ef alþm. situr í stjórn ríkisfyrirtækis, kísilmálmverksmiðju e. þ. h., þá er hann báðum megin við borðið og seta hans þar gerir kollegum hans á þingi, a. m. k. samflokksmönnum hans, erfiðara fyrir um eðlilegt eftirlit og gagnrýni. Þannig er augljóst að virkt eftirlitshlutverk Alþingis samrýmist því ekki að alþm. sitji sjálfir í stjórnum eða séu við önnur umboðsstörf í rekstri fyrirtækja og stofnana framkvæmdavaldsins.

Um hættuna á hagsmunaárekstri í víðasta skilningi er það að segja, að á Íslandi eru hugmyndir um slíkt heldur ómótaðar. Í ýmsum löndum eru gerðar miklar kröfur til alþm., ráðh., sveitarstjórnarmanna, embættismanna og stjórnsýslunnar yfirleitt um að ekki verði árekstrar milli opinberra hagsmuna heildarinnar og þeirra einkahagsmuna eða fyrirtækja sem þeir tengjast. Þessar kröfur eru gjarnan svo strangar að það er ekki nóg að sýna að menn fari að lögum í starfi sínu. Menn verða að sýna að það sé ekki minnsta hætta eða

möguleiki á að hagsmunir geti rekist á. Þannig verða menn að segja af sér störfum, setja hlutabréf sín í ósnertanlega sjóði, jafnvel selja fyrirtæki sín, ef þeir ganga í opinbera þjónustu annaðhvort sem stjórnmálamenn eða embættismenn. Þessar kröfur eru ýmist bókfærðar í reglugerðum eða útfærðar í siðgæðisvitund viðkomandi þjóðar. Þær eru ekki settar neinum til höfuðs persónulega frekar en hinar almennu bókhaldsreglur fyrirtækja sem ég vék að áðan. Þær eru hins vegar settar af þeirri fullvissu að stjórnkerfi og lýðræðisleg framvinda stjórnarathafna verða að vera hafin yfir allan vafa. Ég endurtek: Löggjafarstarfsemi og stjórnsýsla þjóðar verða að vera yfir allan vafa hafin hvað varðar fagleg vinnubrögð. Alþm. verða að vera lausir við hagsmunaþrýsting, hvort sem þeir gegna störfum sínum við löggjöf eða eftirlit með framkvæmd laga.

Nú bið ég hv. alþm. að taka þessum orðum eins og þau eru sögð. Þau eru innlegg — ég vil að þau séu innlegg — í málefnalega umr. um hagsmunaárekstra. Þetta hugtak var ekki fundið upp af BJ. Þetta er skilgreint ýmist í bókum eða réttlætiskennd þeirra þjóða sem vilja veg sinna þinga og stjórnsýslu sem mestan.

Svo legg ég til að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. 32. mál (þskj. 32). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 32 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, Guðmundi Einarssyni og Kristínu S. Kvaran að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Með þessu frv. eru ákvæði tveggja frv. frá síðasta þingi, sem fjölluðu um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, felld saman í eina lagagr. Frv. frá síðasta þingi eru þannig breytt lögð fyrir Alþingi á nýjan leik í von um að í breyttum búningi geti um þau tekist samkomulag hér á hv. Alþingi.

Ég vil, með leyfi forseta, gera nokkra grein fyrir þessum tveim frv., sem lögð voru fram á síðasta þingi og þinginu þar áður, sem nú hafa verið lögð fram í breyttri mynd að teknu tilliti til þeirra umsagna og umfjöllunar sem þau frv. fengu.

Í fyrsta lagi var um að ræða frv. sem fól í sér að gjaldskrár og verðtaxtar sem sett voru einhliða af einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum og öðrum einkaaðilum skyldu vera undir sérstöku eftirliti. Sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skyldu sérhæfa sig í uppbyggingu slíkra gjaldskráa og verðtaxta og hafa reglulegt eftirlit með þeim. Með þeim átti að senda rökstudda grg., þar sem á fullnægjandi hátt væri gerð grein fyrir einstökum kostnaðarliðum. Enn fremur að tilgreina sérstaklega þóknunar- eða álagningarhluta hverrar einstakrar verðlagningar og að lokum að gjaldskrárnar og verðtaxtarnir þyrftu að hljóta samþykki verðlagsráðs að fenginni umsögn Verðlagsstofnunar.

Ástæða þess að þetta ákvæði var lagt til sem breyting á verðlagslöggjöfinni er sú, að nokkrir þjónustuaðilar sem selja þjónustu sína samkvæmt sérstökum gjaldskrám og verðtöxtum, að þeirra gjaldskrár hafa ekki verið undir eftirliti Verðlagsstofnunar eða þurft að hljóta staðfestingu stofnunarinnar. Og það sem meira er: Verðlagsstofnun er ekki kunnugt um og hefur aldrei rannsakað hvernig uppbyggingu þessara gjaldskráa er háttað.

Í umsögn um þetta frv., sem Verðlagsstofnun sendi fjh.- og viðskn. Nd. 14. des. 1981, segir m. a., með leyfi forseta:

„Eftirlit með verðtöxtum þessara aðila hefur að undanförnu falist í að fylgjast með að breytingar á töxtum séu í samræmi við almennar kostnaðarhækkanir, en að öðru leyti hafa verðlagsyfirvöld lítil afskipti haft af þeim. Taxtagrunnurinn hefur því ekki verið kannaður og er ástæðan sú, að verðlagsyfirvöld hafa ekki haft sérhæfðan mannafla til að sinna því verkefni. Í frv. er réttilega bent á að þarna hefði verið um vissa mismunun að ræða, sumir þessara aðila hafi getað skammtað sér hærri laun en e. t. v. getur eðlilegt talist, og það hefur sýnt sig í nágrannalöndum að lagfæring á þessum málum er ekki einföld viðureignar."

Benti Verðlagsstofnun einnig á, að ef fjárveitingavaldið væri reiðubúið að auka fjárveitingu til Verðlagsstofnunar frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1982 yrði því fjármagni vel varið til að sinna því eftirliti með verðtöxtum sem frv. gerir ráð fyrir.

Þegar þetta frv. var til meðferðar á Alþingi kom eftirfarandi fram í máli þáv. viðskrh. Tómasar Árnasonar, með leyfi forseta, en þáv. viðskrh. sagði:

„Þetta frv. veitir verðlagsyfirvöldum í raun og veru ekki rýmri heimildir til eftirlits með gjaldskrám og verðtöxtum, sem settir eru einhliða af einstökum stéttum eða þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, en þegar er að finna í 1. málsgr. 2. gr. og 8. gr. núgildandi verðlagslaga. Þess vegna er e. t. v. óþarfi að setja nýja grein í lögin, eins og frv. felur í sér. Að vísu er í frv. talað um sérstakt eftirlit með þessum aðilum og allt nákvæmlega útskýrt, en sennilegt er að þetta gangi í berhögg við uppbyggingu laganna. Þá er ég að tala um lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en þau eru hugsuð sem rammalöggjöf með heimildum til að grípa inn í verðmyndunina eftir því sem verðlagsyfirvöld telja þörf á hverju sinni. Í frv. er verið að kveða á um bein verðlagsákvæði, en það samrýmist vart þeirri þróun sem að hefur verið stefnt í verðlagskerfinu að undanförnu."

Fram kom einnig í máli þáv. viðskrh. að verðlagsyfirvöld hefðu lítil afskipti haft af þessum töxtum og að taxtagrunnurinn hefði ekki verið kannaður, en ástæðan væri sú, að verðlagsyfirvöld hefðu ekki haft sérhæfðan mannafla til að sinna því verkefni. Þáv. viðskrh. benti einnig á, að Verðlagsstofnunin hefði í hyggju að hefja athugun á verðmyndun hjá tannlæknum og kanna jafnframt samkeppni í greininni. Og þáv. viðskrh. Tómas Árnason sagði einnig, með leyfi forseta:

„Ég er hv. flm. algjörlega sammála um að verðtaxtar t. d. hjá tannlæknum eru óhæfilega háir í sumum tilfellum. Ég skal ekki alhæfa þetta, ég treysti mér ekki til þess, það er sjálfsagt nokkuð misjafnt, en þeir eru óhæfilega háir og ástæða er til að samfélagið láti athuga það í miklu ríkari mæli heldur en gert hefur verið."

Í framhaldi af framlagningu þessa frv. og ummælum ráðh. fékk Verðlagsstofnun sérstaka fjárveitingu til að

standa fyrir umræddri könnun á töxtum tannlækna. Það er skemmst frá því að segja að vegna fjárskorts gat Verðlagsstofnun ekki lokið þessu brýna verkefni og enn er allt í óvissu um hvenær eða hvort henni verður að óbreyttu hrundið í framkvæmd á nýjan leik.

Með frv. frá síðasta þingi fylgdi ítarleg grg., en þar sagði m. a., með leyfi forseta:

„Reynslan er þó sú, að mjög er misjafnt hvað gjaldskrár og verðtaxtar, sem sett eru af ýmsum þjónustuaðilum öðrum en hinu opinbera, eru undir virku eftirliti hjá Verðlagsstofnun, og því er það mat flm. að bein ákvæði um það í lögum séu óhjákvæmileg.

Þannig má t. d. benda á að hækkanir á útseldri vinnu, svo sem byggingarmeistara, rafverktaka og málm- og skipasmiða, þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs.

Þjónustuaðilar eins og hárgreiðslu- og hárskerameistarar þurfa einnig að sækja um hækkanir á sínum gjaldskrám og fá þær samþykktar af verðlagsráði áður en hægt er að gefa þær út. Sama gildir um fyrirtæki í einkaeign sem selja þjónustu sína, eins og efnalaugar og þvottahús. Einnig má benda á að gjaldskrá leigubifreiðastjóra er háð ákvörðun verðlagsráðs.

Hér eru taldir upp nokkrir aðilar sem selja þjónustu sem mikið er notuð af öllum almenningi. Eðlilegt er að gjaldskrár þeirra séu undir virku verðlagseftirliti þannig að fylgst sé með að eðlileg verðlagning sé á þessari þjónustu.

Hins vegar eru svo aðrir þjónustuaðilar sem eru undir litlu sem engu eftirliti hjá Verðlagsstofnun.

Má þar nefna lögfræðinga, endurskoðendur, arkitekta, verkfræðinga og tannlækna. Erfitt er að sjá hvað réttlætir það, að gjaldskrár og verðtaxtar þessara aðila séu ekki undir svipuðu eftirliti og þurfi að hljóta samþykki verðlagsráðs.

Megintilgangurinn með starfsemi Verðlagsstofnunar hlýtur að vera að vernda hag neytenda og tryggja þeim sanngjarnt og eðlilegt verð fyrir vöru og þjónustu.

Til að ná því markmiði getur þurft að velja mismunandi leiðir, eins og raunar kemur fram í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, enda ekki algilt að sama fyrirkomulag henti í öllum tilfellum til að tryggja sem hagstæðasta verðlagningu á vöru og þjónustu.

Það er skoðun flm., að sá skortur, sem er á eftirliti með gjaldskrám og verðtöxtum þeirra aðila sem hér hafa verið tilgreindir, tryggi lítt þann grundvallarþátt í starfsemi Verðlagsstofnunar sem er að vernda hag neytenda.

Segja má að þeir aðilar, sem þessa þjónustu veita, fái yfirleitt óhindrað að ráðskast með hvaða verð þeir setja upp fyrir sína þjónustu. Neytendavernd er þar engin eða a. m. k. mjög takmörkuð.

Stundum er líka gefin út gjaldskrá, svo sem hjá tannlæknum, sem notuð er sem nokkurs konar viðmiðunargjaldskrá og er í raun lágmarksgjaldskrá. Gefur auga leið að það fyrirkomulag verndar lítt hag neytenda um sanngjarna og eðlilega verðlagningu fyrir þessa þjónustu.

Nauðsynlegt er að líta á þetta fyrirkomulag út frá ákveðinni staðreynd, þegar til þess er litið að um einhliða ákvörðun um gjaldskrá er að ræða, án íhlutunar eða eftirlits opinberra aðila um eðlilega verðmyndun.

Í 1. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti kemur fram sem eitt af markmiðum laganna að stuðla að sanngjarnri skiptingu þjóðartekna. Þó um það megi deila, hvernig til hafi tekist um framkvæmd á skiptingu þjóðartekna, sem í geti falist ákveðið þjóðfélagslegt réttlæti, þá má segja að varðandi veigamikinn þátt þess gildi ákveðnar leikreglur sem flestir verði að hlíta.

Bæði vinnukaupendur og vinnuþiggjendur þurfa að hlíta ákveðnum leikreglum. Þeir þurfa að komast að ákveðnu samkomulagi um verð fyrir vinnuframlag sem báðir aðilar sætta sig við. Hvorugur aðili hefur einhliða ákvörðunarvald í þessu efni. Auðvitað eiga sömu leikreglur að gilda um þjónustuaðila sem selja vinnu sína samkvæmt gjaldskrá.

Það fyrirkomulag er vægast sagt óþolandi, að nokkrir aðilar fái að ráðskast með það sjálfir hvaða verð þeir setja upp fyrir sína þjónustu. M. ö. o. eru þeir undanþegnir leikreglunum. Ákvörðunin er einhliða á þeirra valdi, hvaða verð þeir setja upp fyrir sitt vinnuframlag.“

Eins og ég lýsti áðan kom fram í máli þáv. viðskrh. að þar sem verðlagslöggjöfin væri hugsuð sem rammalöggjöf með heimild til að grípa inn í verðmyndun eftir því sem verðlagsyfirvöld teldu þörf á hverju sinni, þá teldi hann hugsanlegt að ákvæðið eins og það var lagt fram á síðasta þingi gengi í berhögg við uppbyggingu laganna. Með frv. eins og það er lagt fram nú hefur verið tekið tillit til þessara aths. og í stað þess að í frv. felist allítarlegt ákvæði um hvernig með þessar gjaldskrár og verðtaxta skuli farið, þá hefur með því frv. sem nú er lagt fram því ákvæði verið breytt. Með leyfi forseta hljóðar það ákvæði sem að gjaldskránni lýtur svo:

„Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld samkvæmt samræmdri, leiðbeinandi verðskrá.“

Reynslan sýnir að það er orðið mjög knýjandi að rannsaka sérstaklega uppbyggingu þeirra gjaldskráa og verðtaxta sem hér um ræðir, en til þess hefur Verðlagsstofnunin ekki haft bolmagn hingað til. Flm. þessa frv. telja að löggjafarvaldið verði að taka af skarið í því efni og svo skuli gert með því ákvæði sem fram er lagt en með því hefur verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem uppi voru á síðasta löggjafarþingi og þinginu þar áður varðandi þetta ákvæði.

Hitt ákvæði þessa frv. felur í sér að lögfest verði skipulögð og markviss rannsókn á upplýsingastarfsemi hjá Verðlagsstofnun um verðþróun vöru og þjónustu til að örva verðskyn neytenda og efla verðsamkeppni sem stuðlað gæti að lægra verði á vöru og þjónustu.

Um þetta mál var á síðasta þingi flutt frv. sem kvað á um að Verðlagsstofnun skyldi mánaðarlega gefa út verðkynningarrit þar sem fram kæmu verð og verðlagsbreytingar á öllum helstu þáttum vöru og þjónustu sem Verðlagsstofnun fjallaði um eða fær til staðfestingar. Ef um væri að ræða verðlagsbreytingar á vöru og þjónustu umfram almenna verðlagsþróun skyldi gefa á því sérstakar skýringar. Auk þess skyldi í verðkynningarritinu fjalla um breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.

Eins og fram kemur í fskj. með þessu frv. sendi Verðlagsstofnun fjh.- og viðskn. Nd. 28. jan. s. l. umsögn um þetta frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Verðlagsstofnun telur útgáfu verðkynningarrita

vera mjög þýðingarmikinn þátt í framkvæmd verðgæslu. Verðgæsla getur aldrei orðið verulega árangursrík ef hún er einvörðungu byggð á opinberum verðlagsákvæðum. Á tímum spennu í efnahagslífinu verður ekki hjá því komist að ríkisvaldið hafi, í ríkari mæli en ella, hönd í bagga með verðlagsþróuninni, en opinbert verðlagseftirlit getur hins vegar aldrei komið í staðinn fyrir vakandi eftirlit og dómgreind hins almenna neytanda.

Þess vegna hefur starfsemi Verðlagsstofnunar á undanförnum árum meira beinst inn á þá braut að örva verðskyn neytenda, m. a. með birtingu verðkannana. Að mati stofnunarinnar hafa þessar kannanir haft tilætluð áhrif og hafa kaupmenn orðið áþreifanlega varir við að fólk kaupir hagkvæmar inn en áður.

Til þess að standa undir þessari útgáfu og kynningarstarfsemi fékk Verðlagsstofnun á árinu 1981 og 1982 sérstakar aukafjárveitingar. Enn sem komið er hefur stofnunin engin vilyrði fengið um fjárveitingu til að halda þessari starfsemi áfram á yfirstandandi ári og þess vegna er allsendis óljóst nú, hvort unnt verður að halda henni í horfinu miðað við undanfarin ár.

Af framansögðu má ljóst vera, að Verðlagsstofnun telur lagabreytingu á borð við þá sem frv. felur í sér mjög jákvæða og veigamikinn lið í að styrkja kynningarstarfsemi stofnunarinnar, sem vaxandi áherslu þarf að leggja á í framtíðinni."

Ástæður þess að ákvæði frv. frá síðasta þingi eru nú lögð fram í nokkuð breyttri mynd eru þær, að sú upplýsingastarfsemi sem Verðlagsstofnunin hefur haldið uppi allt frá árinu 1981 með útgáfu verðkynningar frá Verðlagsstofnun hefur gefið nokkuð góða raun og því ástæða til að ætla að réttara sé að gefa Verðlagsstofnuninni meira svigrúm til að ákveða með hvaða hætti verðkynningu og upplýsingaöflun til neytenda skuli háttað heldur en fram kom í frv. frá síðasta þingi. En með þeim ákvæðum hefðu Verðlagsstofnun verið settar nokkuð þröngar skorður um það, á hvern hátt þessum málum skuli skipað. Það er auðvitað ljóst, að nú þegar stefnt er að því að koma á frjálsara verðlagningarkerfi, þar sem því verði við komið, með það að markmiði að skapa meiri samkeppni um verðmyndun og verðlagningu, sem stuðlað gæti að lægra vöruverði, verður Verðlagsstofnun að beina starfsemi sinni í miklu ríkara mæli inn á þær brautir að halda uppi virkri og skipulegri upplýsingastarfsemi til að örva verðskyn neytenda og verðsamkeppni seljenda. Það er því full ástæða til að þessi þáttur í starfsemi Verðlagsstofnunar fái aukna vigt í öllu starfi stofnunarinnar, en þau ákvæði sem kveða á um upplýsingaöflun til neytenda eru í núverandi verðlagslöggjöf mjög rýr um þennan mikilsverða og nauðsynlega þátt í starfsemi stofnunarinnar.

Er það mat flm. að það sé full ástæða til þess að löggjafinn geri þau ákvæði markvissari og stuðli að því að hér verði um virkan og öflugan þátt í starfsemi stofnunarinnar að ræða og að kveðið verði á um það í verðlagslöggjöfinni að Verðlagsstofnun skuli árlega tryggðir í fjárlögum fjármunir til þessarar rannsóknar og útgáfustarfsemi, sem er undirstaða þess að örva verðskyn neytenda og efla verðsamkeppni milli seljenda.

Undir þetta sjónarmið er í raun tekið í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 og einnig í stefnuræðu forsrh., sem flutt var hér á Alþingi fyrir nokkru. En hæstv. forsrh. komst svo að orði um þennan þátt, með leyfi forseta:

„Áfram verður þó að fylgjast með verðlagningu opinberra fyrirtækja sem og annarra. Einnig verður verðkönnunum beitt í ríkara mæli og upplýsingastarfsemi Verðlagsstofnunar um verðlag aukin."

Og í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. mun láta almennar reglur laga og viðskiptalífs ráða verðmyndun framvegis. Í þessu felst ekki afskiptaleysi af verðlagsþróun... Hins vegar verður hér eftir meira treyst á það aðhald sem samkeppni og verðkannanir og eftirlit með samkeppnishömlum af opinberri hálfu veitir, en beina íhlutun ríkisins í einstakar verðákvarðanir."

Þrátt fyrir þessi orð í stefnuræðu forsrh. og í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 verður þó ekki séð í fjárlagafrv. að Verðlagsstofnun geti haldið uppi nauðsynlegri upplýsingastarfsemi fyrir neytendur. Frá febr. 1981 hefur Verðlagsstofnun reynt að örva þennan þátt í starfsemi sinni með því að gefa út verðkynningar- og upplýsingarit til neytenda, aðallega um vöruverð og að einhverju leyti um þjónustu. En Verðlagsstofnun hefur ekki getað haldið uppi þessari starfsemi með því fjárframlagi sem henni var ætlað á fjárlögum 1982 og 1983, heldur hefur verið um að ræða aukafjárveitingar í þessu skyni. Auðvitað er mjög óeðlilegt að slíkur háttur skuli vera hafður á að ekki skuli vera ætlaðar í fjárlögum beinar fjárveitingar í þessu skyni, heldur sé það framkvæmdavaldið hverju sinni sem ákveður hvaða upphæðir á að veita í slíkt með aukafjárveitingu.

Í fjárlögum fyrir árið 1983 fær Verðlagsstofnun áætlað í rekstrarkostnað 1 682 þús. kr. Verðlagsstofnun fékk aukafjárveitingu á yfirstandandi ári sem nam 755 þús.

Þar af voru 250 þús. ætluð til þeirrar verðkynningar sem Verðlagsstofnun hefur haldið uppi. Hér er því um að ræða fyrir árið 1983 2 437 þús. í rekstrarkostnað Verðlagsstofnunar samtals með aukafjárveitingu og þar af áætluð 250 þús. til verðkynningar hjá Verðlagsstofnun.

Í fjárlagafrv. nú er gert ráð fyrir 2 863 þús. í stað 2 437 þús. sem Verðlagsstofnun hafði yfir að ráða á yfirstandandi ári. Samkv. upplýsingum Verðlagsstofnunar, sem ég hef aflað mér, mun Verðlagsstofnun ekki treysta sér að halda áfram þessari upplýsingastarfsemi til neytenda nema fá sérstaka fjárveitingu í því skyni og liggur því fyrir að stöðva verður þessa þjónustu við neytendur nema sérstakt framlag komi til útgáfustarfsemi.

Þegar svo er, að þessum mikilvæga þætti í starfsemi Verðlagsstofnunar er haldið uppi á aukafjárveitingu og reyndar óvíst hvort það verði gert á næsta ári eða hvort aukið verði fjármagn til Verðlagsstofnunar við afgreiðslu fjárlaga nú, þá er mikilvægt að hafa inni skýr ákvæði í verðlagslöggjöfinni um að Verðlagsstofnun skuli árlega tryggðir fjármunir til rannsókna- og útgáfustarfsemi, eins og hér er lagt til að gert verði, auk þess sem skýrari og markvissari ákvæði komi fram í verðlagslöggjöfinni um þessa þætti starfseminnar. En í núverandi 13. gr. verðlagslöggjafarinnar segir einungis um þennan þátt í starfsemi stofnunarinnar, með leyfi forseta:

„Verðlagsstofnun skal, í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sann-

gjarna verðlagsþróun rannsaka verð- og álagningarþætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta grg. og fréttatilkynningar þar um."

Sú breyting sem lögð er til í þessu frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Verðlagsstofnun skal, í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð, verðmyndun og verðþróun á einstökum vöru- og þjónustuflokkum og gera samanburðarkannanir á verði milli seljenda.

Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld samkv. samræmdri leiðbeinandi verðskrá.

Verðlagsstofnun skal birta opinberlega grg. og fréttatilkynningar um framangreindar kannanir á þann veg að þær séu öllum aðgengilegar, svo og að upplýsa helstu breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.

Verðlagsstofnun skulu árlega tryggðir í fjárlögum fjármunir til þeirra rannsóknar- og útgáfustarfsemi sem hér um ræðir í þessari grein."

Sú breyting sem hér er lögð til er að gera ákvæðið markvissara, auk þess sem það á að ná til fleiri þátta í upplýsingastarfsemi Verðlagsstofnunar. Rannsókn Verðlagsstofnunar verður þannig beint bæði að verðmyndun á vörum og í þjónustugreinum. Lögð er áhersla á að samanburðarkannanir séu stöðugt í gangi á verði og verðþróun milli seljenda vöru svo og í einstökum þjónustugreinum, en hingað til hafa athuganir Verðlagsstofnunar einkum beinst að vöruverði.

Einnig er það nýmæli í þessari grein, að Verðlagsstofnun upplýsi neytendur á aðgengilegan hátt um vörur og þjónustugreinar sem felldar hafa verið undan verðlagsákvæðum og hver verðlagsþróun verður sérstaklega við slíka breytingu. Þannig geta neytendur sjálfir betur glöggvað sig á því hver þróunin verður þegar vörur eru felldar undan verðlagsákvæðum, en slíkt veitir frjálsri samkeppni nauðsynlegt aðhald. Að auki er það nýmæli, sem ég hef hér ítarlega lýst, að Verðlagsstofnun rannsaki sérstaklega verðmyndun og verðþróun hjá einstökum stéttum og þjónustuaðilum, fyrirtækjum og öðrum einkaaðilum sem selja þjónustu sína samkvæmt sérstakri gjaldskrá eða verðtöxtum. Ég held að reynslan sýni ótvírætt að slíkt ákvæði er orðið brýnt að setja inn í verðlagslöggjöfina, þannig að uppbygging gjaldskráa og verðtaxta, sem sett eru einhliða án afskipta verðlagsyfirvalda, verði sérstaklega könnuð, þannig að vitneskja liggi fyrir um vægi hvers kostnaðarþáttar í slíkum gjaldskrám og verðtöxtum.

Ég hef beðið Verðlagsstofnun að áætla fyrir mig hvað þetta ákvæði frv. mundi kosta á næstu árum. Verðlagsstofnun telur sig þurfa 500 þús. kr. til að halda uppi verðkynningu og upplýsingastarfsemi til neytenda á næsta ári, auk þess sem Verðlagsstofnun telur sig þurfa 500 þús. kr. til að rannsaka þær gjaldskrár og verðtaxta sem ákvæði þessa frv. kveða á um. Þ. e.: Verðlagsstofnun telur sig þurfa 500 þús. fyrsta árið til að rannsaka þessa verðtaxta, annað árið 400 þús., þriðja, fjórða og fimmta árið um 300—350 þús. kr. Þennan tíma telur Verðlagsstofnun sig þurfa til að fara ofan í kjölinn á þessum verðskrám og gjaldtöxtum og til þess þurfi að kalla til sérfræðilega aðstoð. Að liðnum fimm árum, þegar þeirri rannsókn er lokið, telur Verðlagsstofnun að þetta gæti að mestu fallið inn í eðlilega starfsemi Verðlagsstofnunar, þó að sjálfsögðu þurfi eftirlit og rannsókn með þessum töxtum stöðugt að vera í gangi. Aðalkostnaðurinn mun liggja í því fyrstu árin að rannsaka þessa taxta frá grunni. Þess vegna verður um nokkurt fjármagn að ræða til þess fyrstu árin.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Með því frv. sem hér er lagt til að lögfest verði er meginefni tveggja frv. frá síðasta þingi fellt saman í eitt frv. í nokkuð breyttri mynd með hliðsjón af þeim athugasemdum og umsögnum sem mál þessi hafa fengið frá því að þau voru síðast til umr. á Alþingi. Það er von flm. að í þessum breytta búningi fái málið hljómgrunn á Alþingi og lögfest verði markviss skipan þessara mála, en Verðlagsstofnun verði með ákvæðum frv. og með því að árlega verði tryggðir fjármunir í þessu skyni gert kleift að halda uppi eðlilegri upplýsingastarfsemi og þjónustu við neytendur á þennan hátt.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Þriðjudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Byggingarkostnaður við Þjóðarbókhlöðuna, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 20 fsp. til hæstv. menntmrh. um byggingarkostnað við Þjóðarbókhlöðuna. Fsp. hljóðar svo:

„1. Hve miklu fjármagni hefur verið varið til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar?

2. Hve miklu nemur framkvæmdakostnaður á árinu 1983?

3. Hve miklu er reiknað með að verja til framkvæmda við bygginguna á árinu 1984?"

Síðan þessi fsp. var lögð fram er ljóst varðandi 3. liðinn að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 2 millj. kr. fjárveitingu á árinu 1984, þannig að það er þá vitað, en að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um fsp.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Um leið og ég þakka hv. þm. Karvel Pálmasyni, 3. þm. Vestf., fyrir áhuga hans á þessu mikilvæga máli vil ég svara þessu.

Fyrstu spurningunni, hve miklu fjármagni hefur verið varið til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar, svara ég svo: Til byggingar Þjóðarbókhlöðu hefur verið varið 40 millj. 864 þús. kr. þegar framkvæmdum þessa árs við bókhlöðuna lýkur á næstu dögum. Þessi upphæð framreiknuð til verðlags á miðju ári nú er um 90 millj. kr.

Svar við annarri spurningunni: Framkvæmdakostnaður á árinu 1983 nam 19 millj. 237 þús. kr.

Í þriðja lagi er spurt: Hve miklu er reiknað með að verja til framkvæmda við bygginguna á árinu 1984? Svarið við því er í höndum Alþingis. Fjárlagafrv. liggur nú fyrir og þar er till. um 2 millj.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. stutt og greinargóð svör og sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þau, en vil aðeins bæta því við, að þó að fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir geri ráð fyrir 2 millj. kr. fjárveitingu til framkvæmda er hugsanlegt að eitthvað meira verði gert. Til er þáttur sem nefndur er aukafjárveitingar. Það sést af aukafjárveitingalista yfirstandandi árs, þó að það eigi ekki við Þjóðarbókhlöðuna, að þar er ærinn peningur umfram það sem fjárveitingavaldið ákvað í des. s. l. varðandi fjárlög 1983.

Byggingarkostnaður við Útvarpshúsið, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 20 hef ég einnig leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi byggingarkostnað við Útvarpshúsið. Fsp. hljóðar svo:

„1. Hve miklu fjármagni hefur verið varið til byggingar Útvarpshússins?

2. Hver er fjárhæð framkvæmdakostnaðar á árinu 1983?

3. Hvað er fyrirhugað í fjárhæðum til framkvæmda á árinu 1984?"

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Svarið við 1. spurningunni er þetta: Til byggingar Útvarpshúss hefur verið varið fram til þessa 144 millj. kr. Svarið við 2. spurningunni er: Fjárhæð framkvæmdakostnaðar á árinu 1983 er 65 millj. kr. Og svarið við 3. spurningunni: Fyrirhuguð fjárhæð til framkvæmda á árinu 1984 er 87 millj. kr. Allar þessar tölur eru á verðlagi 1. okt. 1983.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör og hef raunar ekki miklu við þau að bæta annað en það að mér sýnist að unnið verði fyrir allverulega upphæð á árinu 1984, ef reikna má með að það standi sem nú er gert ráð fyrir, eða um 87 millj. kr. á næsta ári. Það er allmikil upphæð miðað við það sem við sjáum í ýmsum öðrum framkvæmdaflokkum. Ég skal ekki gera það að frekara umræðuefni hér, en ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir greinargóð og stutt svör.

Fræðsla varðandi kynlíf og barneignir, fsp. 41. mál (þskj. 43). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Í maí 1975 voru afgreidd frá Alþingi lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Síðan hafa öðru hverju orðið umr. hér í þinginu um þessi lög, sérstaklega þann hluta þeirra sem varðar fóstureyðingar. Það er hins vegar I. kafli þessara laga, kaflinn um ráðgjöf og fræðslu, sem ég geri hér að umtalsefni. Í þeim kafla segir m. a. svo í 2. gr., með leyfi forseta:

„Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.

2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.

3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.

4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð."

Kaflinn er alls sjö greinar, en ég les ekki fleiri tímans vegna. Það er væntanlega flestum kunnugt, en e. t. v. misjafnlega mikið áhyggjuefni, að nú, rúmlega 8 árum eftir gildistöku þessara laga skortir verulega á að sú fræðsla, sem þau kveða á um, sé framkvæmd. Afleiðingin af þessari vanrækslu er m. a. mikill fjöldi þungana meðal stúlkna á aldrinum 15 — 19 ára. Það er verulegt umhugsunarefni að fjöldi barnsfæðinga meðal stúlkna á þessum aldri er miklu meiri hér á landi en meðal jafnaldra þeirra á Norðurlöndunum. Reynsla félagsráðgjafa, sem um þessi mál fjalla, bendir til þess að verulegur hluti stúlkna í þessum aldurshópi hafi mjög takmarkaða þekkingu á kynlífi og getnaðarvörnum, sem tæpast er undrunarefni í ljósi þess hve illa hefur verið staðið að upplýsingamiðlun í þessum málum. Á Norðurlöndum hafa stjórnvöld hins vegar unnið markvisst að fræðslustörfum um þessi efni og telja sig hafa náð verulegum árangri í þá átt að fækka þungunum, fóstureyðingum og fæðingum meðal stúlkna á aldrinum 15 — 19 ára.

57 konur úr öllum stjórnmálaflokkum og mörgum starfsstéttum tóku sig saman um það á s. l. vori að vekja athygli á þessu ófremdarástandi og gera tillögur til úrbóta. Fulltrúar þeirra gengu síðan á fund heilbrrh. og menntmrh. og afhentu þeim bréf, þar sem hvatt var til fræðsluherferðar um kynferðismál í skólum landsins og meðal almennings. Tillögur þeirra um hvernig standa mætti að slíkri fræðsluherferð eru í stuttu máli þessar:

Að gerð verði fræðsluþáttaröð fyrir sjónvarp í nokkrum hlutum, sem fjalli um æxlun, getnaðarvarnir, kynlíf, kynsjúkdóma, rétt til fóstureyðinga og foreldraábyrgð. Þessir þættir verði varðveittir á myndböndum til afnota fyrir Námsgagnastofnun, kynfræðsludeildir o. fl.

Að landlæknir beiti sér fyrir samstarfi við útvarp og sjónvarp með því markmiði að hvetja unglinga til að nota getnaðarvarnir.

Að hönnuð verði veggspjöld í sama skyni og þeim dreift sem víðast þar sem unglingar koma, í framhaldsskóla, æskulýðsmiðstöðvar, íþróttahús svo og í apótek og á læknastofur.

Að gerður verði upplýsingabæklingur til dreifingar á sömu stöðum, sem m. a. hvetji unglinga til að leita sér fræðslu hjá kynfræðsludeildum þar sem þær eru starfræktar.

Að birt sé auglýsing á áberandi stað í símaskrá með símanúmeri kynfræðsludeilda og hvatningu til almennings um að leita til þeirra.

Að aðgangur unglinga að getnaðarvörnum verði auðveldaður, t. d. með sjálfsölum á almannafæri.

Ég er sannfærð um að með stóraukinni fræðslustarfsemi má koma í veg fyrir umtalsverðan fjölda ótímabærra þungana og þar með fóstureyðinga og barnsfæðinga hjá kornungum stúlkum. Það er mikill ábyrgðarhluti að láta hjá líða að framkvæma ákvæði þessara laga

um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Því spyr ég hæstv. heilbrrh. og menntmrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hvað líður framkvæmd I. kafla laga nr. 25 frá 1975, 1. — 7. gr., um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir?

2. Hyggjast ráðherrar notfæra sér tillögur um fræðsluherferð í skólum og meðal almennings, sem samstarfshópur 57 kvenna úr öllum stjórnmálaflokkum og mörgum starfsstéttum vann að og afhenti viðkomandi ráðherrum 4. júlí s. l.?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hvað fyrri spurningunni viðvíkur er hér um að ræða I. kafla laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Í þessari grein er gert ráð fyrir að landlæknir hafi með höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu ráðgjafar um fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir að aðstoð sé veitt svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.

2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.

3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.

4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð.

Af þeim þáttum sem þarna er rætt um hefur farið fram á heilsugæslustöðvum og á þeim sjúkrahúsum þar sem kvensjúkdómadeildir eru sérstaklega ráðgjöf og fræðsla um notkun getnaðarvarna. Sömuleiðis hefur á þessum stöðum farið fram ráðgjöf í sambandi við fóstureyðingu og ófrjósemisaðgerðir. Einkum hefur þetta verið tengt við kvennadeild Landspítalans þar sem félagsráðgjafar hafa starfað sérstaklega að þessum verkefnum. Á sömu stöðum hafa verið gefnar ráðleggingar varðandi kynlífsfræðslu, en sérstök ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks hefur að mjög litlu leyti verið í verkahring þessara starfsmanna. Upplýsingar um hvaða aðstoð stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð tel ég að hafi komist til skila til allra kvenna frá heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og öðrum stofnunum heilbrigðisþjónustunnar. Það hefur ekki reynst auðið að uppfylla þá kröfu laganna að viðurkenndar getnaðarvarnir fáist hjá þeim aðilum sem ráðgjöfina veita. Pillan er lyfseðlalyf og lykkjunni hefur nær eingöngu verið komið fyrir á sínum stað af læknum. Smokkar eru aðallega seldir í lyfjabúðum en í litlum mæli í sjálfsölum, en þó í vaxandi mæli. Það hefur ekki verið lagt í að gera getnaðarvarnir greiðsluskyldar í sjúkrasamlagi og það eru ekki áform um það hjá núv. heilbrrh.

Fræðslustarfsemi varðandi kynlíf og barneignir hefur á undanförnum árum einkum verið bundin við heilbrigðisstofnanir og skóla. Árið 1976 var á vegum landlæknisembættisins ráðist í að þýða og staðfæra þrjú sænsk fræðslurit um getnaðarvarnir, þ. e. pilluna, lykkjuna og smokkinn. Þessi rit voru fyrst prentuð árið 1977 og hafa síðan verið endurprentuð á hverju ári. Árið 1978 voru tekin saman tvö rit um kynsjúkdóma og voru þau fyrst gefin út á árinu 1979. Öllum þessum ritum hefur árlega verið dreift í stórum upplögum á heilsugæslustöðvar, heilsuverndarstöðvar, fæðingarstofnanir og ýmsar aðrar heilbrigðisstofnanir.

Menntmrn. var þegar í upphafi boðið að notfæra sér þessa bæklinga og frá árinu 1980 hefur Námsgagnastofnun ríkisins séð um að dreifa þeim í skóla. Það er samt ekki fyrr en á þessu ári að komið er á reglubundið samstarf heilbrigðisyfirvalda og menntmrn. um framkvæmd kynfræðslu í skólum. Meginmarkmið þess starfs er að vinna að því að heilbrigðisfræðsla verði samofin annarri fræðslu skólanna. Læknanemar við Háskóla Íslands hafa farið á vegum landlæknisembættisins í framhaldsskóla á stór-Reykjavíkursvæðinu á hverjum vetri frá árinu 1980 og veitt fræðslu um kynsjúkdóma og getnaðarvarnir. Enn fremur fóru læknanemar á nokkra staði utan Reykjavíkur á s. l. vori. Fyrr á þessu ári fóru hjúkrunarfræðinemar við Háskóla Íslands í grunnskóla í Reykjavík og fluttu fræðsluerindi um getnaðarvarnir fyrir nemendur 9. bekkjar. Þessi starfsemi hefur mælst vel fyrir og er gert ráð fyrir að framhald verði á henni á þessu skólaári.

Erfitt er að fullyrða nokkuð um beinan árangur af kynfræðslu hérlendis á undanförnum árum. Tölur sýna hins vegar að fæðingum fækkar í aldurshópnum yngri en 20 ára, fjöldi fóstureyðinga í þessum hóp hefur nánast staðið í stað frá árinu 1979 og dregið hefur úr tíðni skráðra kynsjúkdóma á sama tíma. Fram undan eru samt mörg brýn verkefni á sviði ráðgjafar og fræðslu um kynlíf og barneignir. Heilbrigðisyfirvöld fagna því þeim ábendingum og tillögum sem fram koma í bréfi samstarfshóps kvenna um kynfræðslumál.

Ég geri ráð fyrir að samráðherra minn í menntmrn. svari því sem að honum snýr, en vil minna á að ekki hefur fengist að ráða í embætti skólayfirlæknis svo að enginn slíkur embættismaður er nú starfandi til að sinna þeim verkefnum sem hann átti að sinna lögum samkv.

Síðari spurningin: Tillögur samstarfshópsins um upplýsingaherferð í kynfræðslumálum hafa að undanförnu verið til sérstakrar athugunar hjá landlæknisembættinu. Margt af því sem þar kemur fram hefur áður verið til umræðu í tengslum við fræðslustarfsemina. Fjárveitingar hafa hins vegar ekki nægt til þess að hrinda öllum áformum embættisins í framkvæmd. Með hliðsjón af þeirri upphæð sem áætlað er að verja til þessara mála á árinu 1984 er ljóst að ekki er mögulegt að efla kynfræðslustarfsemina frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir 452 þús. kr. vegna laganna frá 1975, en fjárveitingin á þessu ári var alls 328 þús. kr. Hér er því gert ráð fyrir 38% hækkun á milli ára.

Á s. l. vetri voru sýndir nokkrir fræðsluþættir um heilbrigðismál í sjónvarpinu. Í vetur mun vera áformað að taka upp þráðinn að nýju og verða þá væntanlega sýndir þættir um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma. Landlæknir hefur lagt áherslu á að fræðsluefni fyrir sjónvarp og útvarp verði sniðið eftir tillögum samstarfshóps kvenna um kynfræðslumál. Hefur hann í umboði heilbrrh. falið samstarfsnefnd landlæknisembættisins og menntmrn. um kynfræðslumál að gera nánari tillögur og m. a. ræða við sjónvarpið um gerð fræðsluþátta. Jafnframt hefur fulltrúa úr samstarfshópi kvenna um þessi mál verið boðin aðild að nefndinni. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir í lok nóvember og verður

þá sótt um sérstaka fjárveitingu vegna þessa verkefnis.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fyrri spurningunni, um hvað líði framkvæmd laganna, svara ég svona: Í lögunum um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25 frá 1975 er sérstaklega kveðið á um fræðslu varðandi kynferðismál. Gert var ráð fyrir að auka almenna ráðgjöf og fræðslu í skólum. Til að tryggja að allir njóti einhverrar fræðslu um þessi mál, án tillits til áframhaldandi skólagöngu, var gert ráð fyrir kynfræðslu á skyldunámsstigi.

Við undirbúning lagasetningarinnar var m. a. gerð úttekt á kynfræðslu í skyldunámsskólum á þeim tíma. Í námsskránni, sem þá var í gildi og var útgefin 1960, var ekki gert ráð fyrir almennri kynfræðslu. Lítillega var fjallað um þessi mál í námsefni og þá einna helst í heilsufræði en langt í frá að það væri talið fullnægjandi. Dæmi voru um það að kennarar skipulegðu ítarlega fræðslu að eigin frumkvæði.

Formlega séð var kynfræðsla mál skólayfirlæknis í samráði og samvinnu við fræðsluyfirvöld. Að þessu leyti var skólayfirlæknir eins konar tengiliður milli heilbrigðisyfirvalda og fræðsluyfirvalda. Á vegum þess embættis önnuðust skólahjúkrunarkonur allvíða kynfræðslu en hún var gjarnan takmörkuð við stúlkur einar og þá þætti sem snerta tíðahringinn og hreinlæti. Örstutt grg. verður nú gefin um kynfræðslu eftir aldri nemenda.

Hinir ýmsu þættir kynfræðslu í grunnskólum dreifast á námsárin og megináherslan er lögð á upphaf og lok kynþroskaskeiðsins. Varðandi nemendur á ýmsum aldri er staðan svona:

7 ára nemendur: Í samfélagsfræði er tekinn fyrir námsþátturinn „Barn verður til" í tengslum við umfjöllun um fjölskylduna.

11—12 ára nemendur: Í líffræði er fjallað um mannslíkamann. Um það bil þriðjungur námsefnisins er kynfræðsla.

13—14 ára nemendur: Í samfélagsfræði er í undirbúningi námsefni um fjölskylduna, skólann og atvinnulífið. Málefni unglingsins verða þar í brennidepli og þá fjallað um kynlíf. Í líffræði er stór hluti námsefnisins bein kynfræðsla. Í kristinfræði er fjallað um siðfræði og þar með siðfræði kynlífs.

15 ára nemendur: Í heimilisfræði er ráðgert að taka fyrir námsþáttinn „Barnið í fjölskyldu og samfélagi". Í öðrum námsgreinum gefast tilefni til að fara inn á kynfræðslu á ýmsum aldursstigum, en það fer eftir kennurum hvort það er gert og á hvern hátt.

Um náms- og kennslugögn er þetta að segja:

Námsgagnastofnun hefur gefið út það námsefni sem samið hefur verið á vegum skólarannsóknadeildar, en auk þess hefur stofnunin á boðstólum ýmis önnur náms- og kennslugögn sem nýtast við kynfræðslu.

Ef upp er talið útgefið námsefni, þá er það þetta:

„Barn verður til", samfélagsfræði fyrir 7 ára börn, og verkefnablöð fyrir nemendur, litskyggnuflokkur með skýringum og kennsluleiðbeiningar.

„Maðurinn", þ. e. fyrsti hluti þess efnis, líffræði fyrir 11—12 ára börn, textahefti með vinnublöðum fyrir nemendur, litskyggnuflokkar með skýringum, kennsluleiðbeiningar.

„Æxlun lífvera", það er líffræði fyrir 14 ára nemendur, textahefti og vinnublöð fyrir nemendur.

„Æxlun mannsins", það er líffræði fyrir 14 ára nemendur, textahefti, vinnublöð fyrir nemendur og litskyggnuflokkar með skýringum.

„Siðfræði", það er í kristinfræði fyrir 14 ára nemendur, textahefti með verkefnum, spurningum og umræðuefnum ásamt kennsluleiðbeiningum.

Síðan eru það fræðslurit landlæknisembættis, 7.—9. bekkur, bæklingur um kynsjúkdóma og helstu getnaðarvarnir.

Margs konar annað efni stendur kennurum til boða, svo sem kvikmyndir á Fræðslumyndasafni, glærur og lesefni á skólasöfnum auk efnis á frjálsum markaði. Í undirbúningi er nokkurt efni. Ólokið er samningu kennsluleiðbeininga með líffræðiefni fyrir 14 ára nemendur. Efni innan heimilisfræði, „Barnið í fjölskyldu og samfélagi", er til í tilraunaútgáfu og eftir um það bil mánuð er væntanleg úr prentun vönduð bók um fósturþroska. Hún verður hluti af námsefni í líffræði. Komin er grind að námsefni um unglinginn, en það verður hluti samfélagsfræðiefnisins um fjölskylduna, skólann og atvinnulífið.

Ef ég vík að kennaranum og kennslunni, þá eru kennarar misjafnlega vel í stakk búnir til að annast kynfræðslu. Þar kemur tvennt til. Annars vegar eru skiptar skoðanir á því hvernig standa skuli að kennslunni og á hvaða þátt skuli leggja áherslu. Hins vegar er ókunnugleiki á nýju efni. Á undanförnum árum hefur nýtt námsefni í kynfræðslu sem öðru verið sýnt rækilega á námskeiðum og fundum með kennurum auk þess sem umfjöllun um kynfræðslu er fastur liður í kennaranámi við Kennaraháskóla Íslands. Full þörf virðist vera á námskeiðum um kynfræðslu fyrir kennara og leiðbeiningum um kennslu og auk þess á samstarfi við foreldra um þessi efni.

Það er erfitt að segja nákvæmlega hve mikill tími fer í kynfræðslu í grunnskóla. Þó er óhætt að fullyrða að sá tími hefur margfaldast á síðustu árum. Fyrir endurskoðun námsefnis má áætla að kynfræðsla hafi numið að meðaltali um 10 kennslustundum á skyldunámsferli hvers nemanda. Ef gert er ráð fyrir notkun þess nýja efnis sem nú er á boðstólum má ætla að lágmarki 80 kennslustundir á skyldunámsferli nemenda. Efni sem beinlínis er ætlað til kynfræðslu hefur margfaldast og vantar í raun lítið á að tekist hafi til fulls að hrinda áætlun skólarannsóknadeildar í framkvæmd um þetta efni. Hins vegar þarf að gera átak í að fylgja nýju efni eftir í skólum með námskeiðum fyrir kennara og leiðbeiningu og aðstoð. Gert er ráð fyrir að kennarar þurfi nokkurn aðlögunartíma til að taka upp nýtt námsefni og kennsluhætti. Hið nýja kynfræðsluefni er því ekki komið í alla skóla enn þá. Veturinn 1980—1981 var gerð könnun á útbreiðslu nýs námsefnis í líffræði. Samkvæmt henni nær sá hluti efnisins sem lýtur að kynfræðslu til um það bil 60% nemenda á aldrinum 11—12 ára og 80% 14 ára nemenda. Mörg dæmi eru um það að skólar sem ekki hafa alfarið tekið upp nýtt námsefni hafa nýtt sér ýmsa hluta þess, t. d. kynfræðsluefni. Síðan könnunin var gerð hafa nokkrir stórir skólar bæst við og má því segja að kynfræðslan í líffræði nái til velflestra nemenda á landinu.

Vík ég þá að helstu annmörkum, sem komið hafa í ljós, og er þá ekki úr vegi að geta einnig um kostina. Það er augljós kostur að fella kynfræðslu að námsefni í einstökum greinum. Ókostirnir við slíkt fyrirkomulag

eru hins vegar þeir, að erfitt er að tryggja það að nemendur fái heildstæða umfjöllun um þessi efni og þau margvíslegu atriði sem óhjákvæmilega tengjast þeim. Þá hefur greinabindingin þá hættu í för með sér að um óþarfa endurtekningu verði að ræða eða að mikilvægar hliðar kynferðismála verði út undan. Líkt og umhverfisfræðsla og heilbrigðisfræði er kynfræðsla í eðli sínu ógreinabundin og að því leyti betur komin sem heilsteypt námskeið í umsjá fleiri en eins kennara, eða svo þykir ýmsum í það minnsta. Komið hefur til tals að æskilegra væri að haga útgáfu námsefnis í 7.—9. bekk á þann veg að kennurum gefist kostur á hvoru tveggja, til að tryggja betur að félagslegum, siðfræðilegum og líffræðilegum þáttum verði gerð skil í samhengi.

Frá kennslufræðilegu sjónarmiði eru kynfræðslumál oft vandmeðfarin. Um líffæra- og lífeðlisfræðileg atriði er tiltölulega einfalt að fjalla. En þegar kemur að siðrænum þáttum, tilfinningamálum og félagslegum atriðum er engan veginn auðséð hvernig best er að skipuleggja nám og kennslu svo að vel fari. Þá má bæta því við, að skiptar skoðanir eru meðal kennara um það á hvaða aldri heppilegast sé að taka fyrir atriði eins og getnaðarvarnir, kynsjúkdóma, fóstureyðingar og kynlíf. Loks skal bent á tengsl kynfræðslu og heilbrigðisfræðslu. Vaxandi áhersla er nú lögð á fyrirbyggjandi fræðslu, sem hvetur einstaklinga til að taka ábyrga afstöðu til eigin lífernis og heilsu, og svo er vitanlega um báða þessa þætti. Í gegnum heilbrigðisfræðslu er unnt að tengja saman heilsufræði, kynfræðslu og umhverfisfræðslu, fíkniefnafræðslu o. fl. sem brýnt þykir að sinna bæði í skólum og utan þeirra.

Síðari spurningin er um það, hvort ráðh. hyggist notfæra sér tillögur um fræðsluherferð í skólum og meðal almennings er samstarfshópur 57 kvenna úr öllum stjórnmálaflokkum og mörgum starfsstéttum vann að og afhenti ráðherrum í júlí s. l. Um hana er það að segja, sem ég fjallaði um núna í því sem ég hef þegar sagt, að kynfræðsla og fræðsla um kynlíf og barneignir hefur margfaldast í grunnskólum á síðustu árum. Þess vegna tel ég ofmælt í bréfi samstarfshópsins þar sem sagt er að undirstöðuþáttur löggjafarinnar, fræðslumálin, hafi að mestu verið sniðgenginn öll þessi ár. Enda þótt margt hafi áunnist má vissulega margt enn gera betur, en það vantar herslumun á að áætlanir um kynfræðslu, sem unnið hefur verið eftir í skólarannsóknadeild menntmrn., komist að fullu til framkvæmda.

Ég vil aðeins bæta við í þessu svari, herra forseti, að áherslan hefur verið á því að tengja kynfræðslu einstökum námsgreinum. Að þessu vék ég áðan, en þetta atriði er einmitt eitt af því sem samstarfshópurinn, sem um er fjallað í fsp. nr. 2, lagði hvað mesta áherslu á að nauðsynlegt væri að haga með þeim hætti sem gert er.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda þarfa fsp. og tímabæra. Ég hlýt að fagna vaxandi starfsemi að þessum málum eins og fram kom eða fyrirheit voru gefin um í svörum hæstv. ráðh. Hér er um stórt mál og viðkvæmt að ræða. Það hefur verið hér til umr., eins og hv. fyrirspyrjandi rakti, á liðnum þingum og er óþarft að endurtaka nokkuð af eigin sjónarmiðum hér í því máli. En ég vil ítreka að það sem hér er spurt um er í raun og veru grundvöllur lagasetningarinnar á sínum tíma. Það var lögð megináhersla á fræðslu og ekki síður ráðgjöf sem forsendur þeirrar rýmkunar sem þá var gerð og ég studdi heils hugar og var bæði réttmæt og eðlileg.

Ég ítreka það líka að þegar að þessum lögum er sótt víða að og óskað eftir að þrengdar verði heimildir til fóstureyðinga vegna félagslegra aðstæðna t. d., þá er eina andsvarið að auka þessa fræðslu, gera hana að eðlilegum þætti í skólakerfinu og ekki síður að efla þá sjálfsögðu ráðgjöf til hlutaðeigandi, sem alltaf þarf að vera til staðar, svo að þessi neyðarréttur konunnar, sem ég vil kalla svo, verði ekki af henni tekinn eða skertur stórlega. Sá réttur er dýrmætur, sem ég treysti konum fyllilega til að fara með, ef að er staðið af hálfu ráðgjafaraðila svo sem ætlunin var og sjálfsögð skylda er lögum samkvæmt.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka greinargóð svör og þann skilning og áhuga sem viðkomandi ráðherrar og þm. sýna þessum málum. Ég vil ítreka nauðsyn þess að margnefndum lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir sé framfylgt út í æsar. Reynslan af ráðgjöf og fræðslu sýnir að slík fræðsla ber góðan árangur og ég er sannfærð um að stóraukin fræðsla á þessu sviði er það eina sem dugar til þess að fækka ótímabærum þungunum hjá kornungum stúlkum.

Móttökuskilyrði sjónvarps í Norður-Þingeyjarsýslu, fsp. 46. mál (þskj. 49). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurninga, sem birtast á þskj. 49 í I. tölul., með leyfi forseta:

„1. Hvað er fyrirhugað að gera til að bæta óviðunandi móttökuskilyrði sjónvarps víða í Norður-Þingeyjarsýslu?

2. Hver er stefna núverandi stjórnvalda hvað varðar uppbyggingu sjónvarpsendurvarpsstöðva til að bæta móttökuskilyrði á miðunum umhverfis landið?"

Það má vel vera ljóst að þegar yfir 120 manns undirrita yfirlýsingu, þar sem þeir lýsa því yfir að þeir neiti að greiða afnotagjöld sjónvarps þangað til einhverrar úrlausnar sé að vænta, þá er alvara á ferðum. Löghlýðnir borgarar eins og við Norður-Þingeyingar erum, og ég leyfi mér að fullyrða: með afbrigðum, grípa ekki til slíkra örþrifaráða að gamni sínu. En nú hefur einmitt þetta gerst: að yfir 120 greiðendur afnotagjalda sjónvarps, sem er nær undantekningarlaus þátttaka notenda á viðkomandi svæði, þ. e. í byggðunum við Öxarfjörð, hafa neitað að greiða afnotagjöld sín og eru liðnir síðan tæpir tveir mánuðir. Enn hafa þessu fólki engin svör borist og því tel ég eðlilegt að spyrja hæstv. menntmrh. hvernig þessum málum líði.

Það er að sjálfsögðu réttlætismál að sem allra flestir hafi án tillits til búsetu aðgang að sameiginlegum fjölmiðlum þjóðarinnar, enda greiði þeir þá keisaranum það sem hans er í því sambandi. En það er á hinn bóginn jafnmikið réttlætismál og ekki síður að mönnum sé ekki ætlað að greiða verulegar upphæðir til þjónustu sem þeir hafa engin tök á að nota og hafa alls engan aðgang að, eins og hér um ræðir. Menn hafa jafnvel haft það á orði á Kópaskeri, svo að dæmi sé tekið, að þá

væri nær að þeir greiddu afnotagjöld til norskra sjónvarpsstöðva heldur en hinnar íslensku.

Ég vona að svör þau sem hæstv. menntmrh. gefur hér á eftir feli í sér fyrirheit um úrlausn í þessu máli, svo að fólkið í viðkomandi byggðarlagi geti aftur greitt sín afnotagjöld, sem ég veit að það mun gera með glöðu geði fái það notið þeirrar þjónustu sem gjaldtökunni á að fylgja.

Um síðari lið fsp. til hæstv. menntmrh. þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Hér er að sjálfsögðu um stórt verkefni að ræða, sem verður ekki hespað af á einni nóttu, en engu að síður finnst mér rétt að lýsa eftir stefnu núverandi stjórnvalda í þessum efnum, m. a. vegna eindreginna óska frá sjómönnum þar um.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Um fyrri fsp. er það að segja, að miklar athuganir hafa farið fram á því hvað vænlegast sé til að bæta móttöku útvarps og sjónvarps á Norðurlandi eystra. Tvær leiðir hafa helst verið kannaðar.

Önnur leiðin er sú að fara inn á örbylgjukerfið á Viðarfjalli í Þistilfirði, setja þar upp 1000 watta sendi og mundi hann sjá endurvarpsstöðinni á Auðbjargarstaðabrekku og á Heiðarfjalli fyrir sjónvarpsmerki. Þessi leið mundi útiloka erlendar truflanir, sem hafa verið hvimleiðar á þjónustusvæðum áðurnefndra endurvarpsstöðva. Lauslega áætlaður kostnaður er um 3 millj. kr.

Hin leiðin er sú að tengja áðurnefndar stöðvar við örbylgjukerfið og má þá sendir á Viðarfjalli vera mun orkuminni en í fyrri hugmyndinni. Kostnaður við þá lausn er áætlaður nokkru meiri, en tölur um kostnað liggja ekki fyrir enn þá.

Nú liggur fyrir, að nauðsynlegt er að endurnýja gamlan sendi á Heiðarfjalli, enda hafa orðið í honum tíðar bilanir að undanförnu. Endurnýjunarkostnaður er áætlaður um 1680 þús. kr.

Samkvæmt mælingum radíódeildar Landssímans er dreifing yfirleitt góð á þessu svæði og sendar nógu stórir. Truflanir verða þó stundum af tveimur utanaðkomandi ástæðum: Í fyrsta lagi valda erlendar stöðvar truflunum sem áður er getið og í öðru lagi leikur grunur á að truflanir frá rafmagni valdi tíðum lélegri móttöku á Kópaskeri.

Um síðari lið fsp. er þetta að segja, að ólíklegt er að ráðist verði í uppbyggingu sjónvarpsstöðva í landi til að dreifa um miðin umhverfis landið vegna þess að slík framkvæmd yrði gífurlega kostnaðarsöm. Skal bent í því sambandi á mikla skýrslu sem gefin var út í menntmrn. 1974. Í þessu sambandi má benda á, að Norðmenn kostuðu miklu fé í tilraunir til að koma sjónvarpi frá landi út á olíusvæðin, en urðu að hætta við vegna truflana. Sennilegasta lausnin og sú skynsamlegasta að öllum líkindum, en er því miður ekki algerlega á næsta leiti, er að fjarskiptahnettir verði notaðir til þessarar dreifingar í framtíðinni.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin.

Ég vil beina því til hæstv. menntmrh. að hann skrifi því fólki sem hér á í hlut og þá alveg sérstaklega íbúunum við Öxarfjörð. Þeir fá nú daglega inn um bréfalúgurnar ítrekanir og kröfur með tilheyrandi innheimtuaðgerðum og viðurlögum, ef ekki verði við brugðist. Ég held að menntmrn. hljóti að kosta öðru eins til í bréfaskriftum, og þó að það hægi nú hug þessa fólks nokkuð með því að láta það vita um stöðu mála.

Að öðru leyti þakka ég fyrir svörin.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil undir umr. um þetta efni vekja athygli hæstv. menntmrh. og þeirra sem málum ráða að því er þessa þætti varðar á að það er víðar en á Norðurl. e. sem slæm móttökuskilyrði eru, ekki bara að því er varðar sjónvarpið heldur — og ekki síður — útvarpið. Það er daglegur viðburður t. d. á Vestfjörðum, að FM-bylgjan er úti svo tímunum skiptir. Vildi ég beina því vinsamlegast til hæstv. menntmrh., að um leið og hann hægir hug Norðlendinga eystri líti hann í aðra átt, til Vestfjarða, og geri slíkt hið sama.

Endurhæfingarráð, fsp. 53. mál (þskj. 56). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 56 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„Hvað hyggst félmrn. gera, þegar lög um fatlaða taka gildi, varðandi þá starfsemi er nú fer fram á vegum endurhæfingarráðs?"

Spurt er vegna þess að samkv. nýjum lögum um fatlaða, sem gildi taka um áramót, lætur endurhæfingarráð af störfum og stjórnarnefnd um málefni fatlaðra tekur við starfi því sem þar hefur verið innt af hendi.

Á vegum endurhæfingarráðs hefur um langt skeið verið starfrækt skrifstofa sem sinnt hefur ýmsum verkefnum fyrir fatlaða. Þau verkefni hafa aðallega lotið að atvinnumálum, atvinnuleit og ráðgjöf ýmiss konar, bæði félagslegri og læknisfræðilegri. Þessi starfsemi hefur verið mörgum mikils virði og er óhætt að segja að þar hafi margir fengið farsæla úrlausn sinna mála eða mikilvæga aðstoð á ýmsan hátt, þótt eflaust hafi enn betur mátt gera. Starfsfólk skrifstofunnar er með reynslu og þekkingu á þessu sviði, en mér er tjáð að nokkur óvissa hafi ríkt og ríki um framhaldsstörf þess.

Það er ljóst að ný stjórnarnefnd verður að leggja mikla áherslu á starf hliðstætt því sem á skrifstofu endurhæfingarráðs hefur verið unnið og raunar í enn ríkari mæli eftir að komin eru inn í lög skýrari og ákveðnari ákvæði um atvinnumiðlun og ráðgjafaþjónustu alveg sérstaklega til fatlaðra.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil í sambandi við þessa fsp. rifja upp að starfsemi endurhæfingarráðs, sem skipað er sjö mönnum, hefur í meginatriðum verið tvenns konar: annars vegar að fjalla um beiðnir um fjármagn úr Erfðafjársjóði og gera tillögur um úthlutun og hins vegar að hafa með höndum atvinnuleit og vinnumiðlun fyrir fatlaða.

Starfsmaður endurhæfingarráðs, Karl Brand, hefur aðallega sinnt vinnumiðlunarstarfinu og unnið í nánum tengslum við Múlalund, sem er verndaður vinnustaður. Auk hans vinna hjá endurhæfingarráði félagsráðgjafi í hálfu starfi og skrifstofumaður í hálfu starfi.

Varðandi þau verkefni sem endurhæfingarráð hefur haft með höndum mun úthlutun á fjármagni verða í höndum stjórnarnefndar um málefni fatlaðra, sbr. 36.

gr. laga um úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Varðandi atvinnuleit og vinnumiðlun ber svæðisstjórnum samkv. 22. gr. laga um málefni fatlaðra að sinna þeim þætti, en þar segir:

„Atvinnuleitin skal starfa í nánum tengslum við félmrn., vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila."

Samkv. lögum um málefni fatlaðra munu því svæðisstjórnir taka þennan vinnumiðlunarþátt, sem endurhæfingarráð hefur sinnt. Hér er fyrst og fremst um Reykjavíkursvæðið að ræða eins og framkvæmdin hefur verið. Með þessar breytingar í huga gerði félmrn. till. um að fjölga stöðugildum svæðisstjórnar Reykjavíkur úr einu upp í 3.5 frá næstu áramótum að telja, sbr. frv. til fjárl., eins og hv. alþm. geta séð á bls. 221.

Þá má geta þess, að félmrn. hefur haldið marga fundi, m. a. með formanni endurhæfingarráðs, um þessar breytingar, einnig með formanni ráðsins og formanni svæðisstjórnar Reykjavíkurborgar varðandi húsnæðismál, starfsmannahald o. fl. Enn fremur hefur nýverið verið haldinn fundur með formanni og fulltrúum úr ráðinu um framhald þess starfs sem endurhæfingarráð hefur haft með að gera.

Þá hafa verið haldnir fundir um þessi mál bæði hjá svæðisstjórn Reykjavíkur og Ráðningarskrifstofu Reykjavíkurborgar svo og með forstöðumönnum verndaðra vinnustaða í Reykjavík. Ég legg áherslu á að samstarf takist meðal þessara aðila um framkvæmd nýrra laga um málefni fatlaðra að því er þetta varðar og að ekki verði röskun á því starfi, sem fram hefur farið hjá endurhæfingarráði í þágu fatlaðra, sem fram undan er með breytingu laganna.

Ég hef hvergi orðið var við annað í umræðum en allir væru tilbúnir að leysa þessi mál farsællega, og ég geri ráð fyrir því að sú starfsemi, sem fer fram á skrifstofunni í dag, muni halda áfram þar til nýtt skipulag hefur þróast á næstu vikum eða fyrstu vikum nýs árs, eftir að lögin taka gildi.

Ég vil geta þess hér, að farið hefur fram mjög ítarleg könnun á húsnæðisaðstöðu fyrir þessa starfsemi og verið er að ganga frá samningum um leiguhúsnæði í Hátúni 10 til að tengja þessu verkefni. Því er mér óhætt að fullyrða, að af hálfu félmrn. og annarra aðila er skipulega unnið að farsælli lausn þessa máls. Það er núna unnið við reglugerðir um framkvæmd laganna ásamt ýmsum skipulagsþáttum, sem þarf að fjalla um með tilkomu nýrra laga.

Ég tel mig geta fullvissað hv. fyrirspyrjanda um að það verði gengið þannig frá þessum málum að ekki verði röskun á þeirri starfsemi sem nú fer fram, heldur verði tryggt að hún verði aukin með tilkomu nýrra laga.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans og alveg sérstaklega yfirlýsingu hans í lokin, að þessi þáttur verði, eins og lögin reyndar segja til um, stóraukinn.

Það er rétt, eins og kom fram í hans máli, að svæðisstjórnir eiga nú að taka þennan þátt að sér. Ég efast ekki um að hér á Reykjavíkursvæðinu verður bolmagn til þess og ég fagna því að fyrir því er sérstaklega séð í fjárlögum nú að þessum þætti verður þar sinnt enn betur en verið hefur. Ég veit hins vegar, að á landsbyggðinni er þetta meira vandamál og hefur auðvitað verið. Það er ekkert nýtt. Þar þarf svo í framhaldi af því sem gert er hér að reyna enn frekar að útvega fötluðum vinnu við sitt hæfi. Mér er ljóst, að þótt endurhæfingarráð hafi unnið nokkuð að slíkri atvinnumiðlun hefur hún hvergi nærri verið sú sem vera hefði átt og þurft hefði. Það hefur hins vegar komið mörgum til góða, en hér eru ótrúlega margir að koma eftir slys og eftir veikindi ýmiss konar út í atvinnulífið á nýjan leik og þarf að hjálpa.

Ég treysti því að hæstv. ráðh. og rn. hans sjái til þess að þessi lög verði sem fyrst sem virkust og að þau nái til landsins alls. Því miður höfum við af því slæma reynslu varðandi lög af þessu tagi, að ef ekki er alveg sérstakur áhugi fyrir þeim í byggðarlögunum heima fyrir situr oft hlutur landsbyggðarinnar mjög eftir.

Lokun járnblendiverksmiðjunnar, fsp. 56. mál (þskj. 61). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Á þskj. sem merkt er 56. mál hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. hvað varðar athugun á lokun Járnblendiverksmiðjunnar í tilefni af blaðaskrifum sem urðu í sumar og viðtölum við hæstv. forsrh. á þeim tíma. Spurningin er mjög einföld:

„Hvað líður könnun á því að loka Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga samkv. yfirlýsingum forsrh.?"

Iðnrrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 3. þm. Reykn. vil ég í upphafi gera örstutta grein fyrir stöðu félagsins og horfum um afkomu.

Frá því að Íslenska járnblendifélagið hf. hóf framleiðslu hefur verið stórfelldur rekstrarhalli hjá félaginu á hverju ári. Tæknilega séð hefur rekstur verksmiðjunnar gengið mjög vel og jafnvel betur en nokkur þorði að vona í upphafi. Samkv. upplýsingum hinna norsku meðeigenda í fyrirtækinu stenst verksmiðjan fyllilega samanburð við norskar verksmiðjur hvað rekstrarhagkvæmni snertir. Ástæðnanna fyrir þeim miklu erfiðleikum sem verið hafa hjá fyrirtækinu er að leita annars staðar og orsakast fyrst og fremst af því verðfalli sem orðið hefur á kísiljárnmarkaðinum.

Ekki er ástæða til að fjölyrða um orsakir þessa verðfalls hér, en endurteknar olíukreppur og almennur samdráttur í efnahagsstarfsemi heimsins nú hin síðustu árin hefur valdið því, að stálframleiðsla á yfirstandandi ári verður ekki nema um 650 millj. tonna samanborið við rúmlega 700 millj. tonna árið 1974. Þessi stöðnun á helsta markaði kísiljárniðnaðarins hefur valdið því, að mun meiri framleiðslugeta er fyrir hendi í kísiljárni en markaður er fyrir, enda hafði verið almennt gert ráð fyrir að stálframleiðsla mundi aukast á s. l. áratug en ekki dragast saman eins og reyndin hefur orðið.

Verksmiðjan að Grundartanga er ein nýjasta og fullkomnasta kísiljárnverksmiðja í heimi. Þar af leiðir að afskriftir og eiginfjármagnskostnaður er mjög verulegt á Grundartanga, sem hefur gert verksmiðjunni mjög erfitt fyrir samanborið við eldri verksmiðjur sem margar hverjar eru þegar alveg afskrifaðar.

Þeir erfiðleikar sem hér hefur verið lýst hafa einnig orðið til þess að uppsetningu mengunarvarna í eldri

verksmiðjum hefur verið frestað ár frá ári, t. d. í Noregi, en Grundartangaverksmiðjan er búin fullkomnasta mengunarvarnabúnaði sem völ er á.

Um s. l. áramót var rekstrarhalli fyrirtækisins orðinn 207 millj. n. kr. og í ár er gert ráð fyrir að tap fyrirtækisins verði um 43 millj. n. kr., þannig að uppsafnaður rekstrarhalli verði um n. k. áramót orðinn rétt rúmlega 250 millj. n. kr., sem samsvarar u. þ. b. 950 millj. ísl. kr. miðað við núverandi gengi. Rekstrarhorfur hafa farið batnandi í ár og skal á það bent að ef rekstrarskilyrði fjórða ársfjórðungs hefðu gilt fyrir allt árið er áætlað að tapið hefði orðið 24 millj. n. kr. í stað áætlaðra 43 millj. n. kr.

Greiðsluhalla fyrirtækisins hefur fram að þessu fyrst og fremst verið mætt með víkjandi lánum frá eigendum og eru þau nú 136.4 millj. n. kr. miðað við gengi 30. júní 1983, og eru þá reiknaðir vextir til 31. des. 1982. Auk þess hafa hluthafar ábyrgst bankalán til fyrirtækisins, sem er áætlað að upphæð 52.8 millj. n. kr. um næstu áramót, að meðtöldum vöxtum til þess tíma. Önnur langtímalán fyrirtækisins hjá Norræna fjárfestingarbankanum og Exportfinans í Noregi eru einungis tryggð með veði í eignum fyrirtækisins. Hlutur íslenska ríkisins í hinum víkjandi eigendalánum og ábyrgð eru 102.5 millj. n. kr., sem samsvarar u. þ. b. 390 millj. ísl. kr. á gengi dagsins í dag.

Í áætluðum efnahagsreikningi félagsins fyrir næstu áramót er gert ráð fyrir að ójafnað tap fyrirtækisins verði þá 251.4 millj. n. kr., þannig að segja má að eigið fé fyrirtækisins, 117.7 millj. n. kr., og eigendalánin séu nánast töpuð. Hér er um upphæð að ræða sem er u. þ. b. 950 millj. ísl. kr. á núgildandi gengi og hlutur íslenska ríkisins er rúmlega 520 millj. ísl. kr. þar af.

Samkvæmt upplýsingum forráðamanna fyrirtækisins er rekstrarfé tryggt þar til í apríl á næsta ári en þá mun félagið þurfa á verulegri fyrirgreiðslu að halda vegna afborgana af langtímalánum. Með reynslu undanfarinna ára að baki fara menn sér eðlilega hægt í spádómum um næstu framtíð kísiljárniðnaðar. Áður hefur komið fram að mun meiri framleiðslugeta er í kísiljárni en markaður er fyrir við núverandi aðstæður, en mjög erfitt er að meta hver þessi framleiðslugeta raunverulega er. Bæði kemur til að frést hefur að kísiljárnofnum hafi verið breyttt þannig að þeir eru nú notaðir við framleiðslu hreins kísilmálms, en einnig er raforka víða orðin svo dýr að ofnum hefur verið lokað til frambúðar, tækjabúnaður er úreltur og gamall og kröfur um mengunarvarnir hafa verið að aukast. Þannig ríkir óvissa um það hversu margir af hinum eldri ofnum, sem vitað er um í heiminum, mundu verða teknir í notkun að nýju við hækkandi verðlag á kísiljárni. Það sem af er þessu ári virðist markaðurinn nokkuð hafa snúist til hins betra. Verðhækkanir hafa orðið og eftirspurn hefur aukist verulega, þannig að birgðir eru hættar að safnast fyrir hjá framleiðendum. Hefur t. d. Íslenska járnblendifélagið hf. þegar selt framleiðslu sína fram til áramóta.

Að því er rekstrarafkomu fyrirtækisins varðar er rétt að benda sérstaklega á að auk verðlags á kísiljárni er afkoma fyrirtækisins næmust fyrir nýtingu á afkastagetu, þ. e. framleiðslumagni á áli. Breytilegur framleiðslukostnaður verksmiðjunnar, laun í framleiðslu, hráefni og orka, er nú 2 650 n. kr. á tonn. Miðað við núverandi rekstrarskilyrði skilar hvert viðbótartonn, sem hægt er að framleiða og selja, tæplega 1 100 n. kr. upp í fastakostnað, afskriftir og fjármagnskostnað og hagnað. Þetta framlag eykst að sjálfsögðu með hækkandi verðlagi framleiðslunnar og hefur úrslitaáhrif um afkomu fyrirtækisins.

Eins og fram kom hér að ofan hefur Íslenska járnblendifélagið hf. nægilegt rekstrarfé til eðlilegs rekstrar fram í apríl á næsta ári. Segja má að þá verði komið að tímamótum. Nauðsynlegt er að fyrir þann tíma hafi eigendur fyrirtækisins gert upp hug sinn um hvernig leysa skuli vanda fyrirtækisins til frambúðar eða leggja það niður ella. Viðræður eigenda um lausn hófust þegar á síðasta ári.

Af hálfu Elkem í Noregi hefur verið leitað leiða til að tryggja framtíð Járnblendifélagsins sem fullnægi tveimur markmiðum. Annars vegar að verksmiðjan geti alltaf framleitt með fullum afköstum og hins vegar að Elkem þurfi ekki að leggja þeim til meira nýtt eigið fé. Síðari ástæðan er til komin vegna þess að Elkem hefur sjálft mátt þola stórfelldan hallarekstur undanfarin ár eins og önnur fyrirtæki í járnblendi- og stálframleiðslu og mun ákvörðun þar að lútandi hafa verið tekin á síðari hluta ársins 1982. Eins og kunnugt er hefur Elkem talið hagkvæmast að leysa vandamál fyrirtækisins með sölusamningi við japanska fyrirtækið Sumitomo Corporation og jafnframt eignaraðild þess fyrirtækis að Járnblendifélaginu, samningnum til tryggingar.

Eins og nú er komið málum virðast í grundvallaratriðum þrjár leiðir koma til greina fyrir íslenska ríkið sem meirihlutaaðila að fyrirtækinu til að afgreiða málefni fyrirtækisins. Þessar leiðir eru:

1. Að halda áfram óbreyttri samvinnu við Elkem um rekstur Járnblendifélagsins innan ramma þeirra samninga sem nú eru í gildi. Ljóst er að í þessu tilviki yrði íslenska ríkið að fjármagna reksturinn eitt, þar sem hinir norsku samstarfsaðilar hafa lýst því yfir að þeir treysti sér ekki til að beina meira fjármagni til fyrirtækisins.

2. Að ganga til samninga við Elkem og Sumitomo um eignaraðild þess síðarnefnda með þeim kjörum sem þar eru fáanleg. Í þessu tilviki mundu væntanlega felast að hluthafar þyrftu að leggja fram um 100 millj. n. kr. í nýju hlutafé, sölusamningur yrði gerður við Sumitomo, sem tryggja mundi fulla nýtingu framleiðslugetu, og afskrifa yrði eldri hluthafalán.

3. Rekstur fyrirtækisins verði stöðvaður um mitt ár 1984. Í þessu mundi væntanlega felast að íslenska ríkið yrði að taka yfir greiðslur afborgana og vaxta af lánum Norræna fjárfestingarbankans og Exportfinans í Noregi eftir því sem þær falla til, en Elkem yrði að greiða sinn hluta af bankaláninu sem tekið var á síðasta ári. Forsenda fyrir þessu væri sú, að íslenska ríkið gæti ekki leyft sér vegna lánstrausts út á við að fyrirtæki, sem væri að meiri hluta í eigu ríkisins, stæði ekki við gerða lánssamninga.

Að vísu gætu fleiri leiðir hugsanlega komið til greina en fjárútlát vegna þeirra mundu væntanlega liggja einhvers staðar innan þeirra þriggja grundvallarleiða sem nefndar hafa verið hér að ofan. Miðað við ástand það sem nú er í þjóðarbúinu og getu ríkissjóðs til að taka á sig frekari fjárhagsskuldbindingar vegna fyrirtækisins skiptir mestu máli hver kostnaður íslenska ríkisins yrði af rekstri Járnblendifélagsins á næstu árum miðað við mismunandi grundvallarleiðir.

Til að fá hugmyndir um þennan kostnað hafa starfsmenn Íslenska járnblendifélagsins hf. reiknað hann út miðað við ofangreindar grundvallarforsendur og mismunandi forsendur um markaðsþróun. Er skemmst frá því að segja að sá kostur að ganga til samninga við Elkem og Sumitomo um eignaraðild hins síðarnefnda er sá vænlegasti út frá sjónarmiði ríkisins. Nauðsynlegt verður að endurfjármagna fyrirtækið og er því ljóst að íslenska ríkið mun ekki komast hjá fjárútlátum í því sambandi. Gera verður ráð fyrir að framlag sem þegar hefur verið lagt til fyrirtækisins verði að afskrifast og nýtt fé frá íslenska ríkinu að upphæð um 50—70 millj. n. kr. að koma til. Líklegt er að hið nýja fé, sem ríkið mundi leggja fram, þurfi ekki að greiðast í reiðufé heldur væri hægt að yfirtaka hluta af langtímalánum fyrirtækisins. Hér væri því ekki um nýja skuldasöfnun þjóðarbúsins út á við að ræða. Meðeignaraðilar fyrirtækisins mundu einnig leggja fram sinn hlut þannig að erlendar nettóskuldir landsins mundu að öllum líkindum lækka eitthvað. Við hina fjárhagslegu endurskipulagningu ætti afkoma og greiðsluleg framtíð fyrirtækisins að vera eins trygg og vænta má í rekstri af þessu tagi og jafnframt mundi vegna bættrar eiginfjárstöðu losna um lánasamninga fyrirtækisins og greiðsluvandræði, sem nú blasa við, þar með vera úr sögunni. (Forseti hringir.) Ég á, herra forseti, örstutt eftir og mælist til þess að hæstv. forseti hafi fyrri hátt á um sleitulausan frádrátt af síðari ræðutíma mínum. **(Forseti:** Það verður gert.)

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. segir að „í tengslum við fjármálalega endurskipulagningu Járnblendifélagsins verði kannaðir möguleikar á þriðja eignaraðila.“ Fulltrúar Elkem lögðu hugmyndir sínar um lausn á vandamálum Íslenska járnblendifélagsins með samningum við japanska fyrirtækið Sumitomo Corporation fyrir fyrrv. iðnrh., sem féllst á að teknir yrðu upp samningar um hugsanlega eignaraðild og sölusamning á kísiljárni til Japan. Undanfarið hefur stóriðjunefnd ásamt starfsmönnum Járnblendifélagsins rannsakað þessa möguleika nánar og eins og fram hefur komið er þetta talinn vænlegasti kosturinn til lausnar á vanda félagsins. Verður því haldið áfram tilraunum til samninga á þessum grundvelli. Það eru engin áform uppi um að loka Járnblendiverksmiðjunni, þvert á móti er unnið fullum fetum að viðreisn hennar.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forsetti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir mikla skýrslu af þessu tilefni, en hitt var þó kannske mikilvægast að fá yfirlýsingu af hálfu ríkisstj. og þess ráðh. sem um þessi mál fjallar og með þau fer sem var gagnstæð þeirri opinberu yfirlýsingu sem seinast var uppi um þetta efni, nefnilega af hálfu hæstv. forsrh., þar sem gagngert var talað um könnun þess að loka verksmiðjunni. Mér er reyndar ekki grunlaust um að sú yfirlýsing hafi komið á mjög óheppilegum tíma því að einmitt stóðu þá yfir samningaumleitanir við hið japanska fyrirtæki um það samkomulag sem hæstv. iðnrh. upplýsti nú að væri að líkindum vænlegasti kosturinn og hefði væntanlega legið fyrir þegar til þeirra samningaumleitana var gengið að líklega væri mjög vænlegt.

En ég vænti að þessi nýja yfirlýsing af hálfu talsmanns ríkisstj., í þetta skipti hæstv. iðnrh., verði til þess að á þessum málum verði tekið í þeim anda sem hann talaði í áðan og það gert sem skynsamlegast er til að halda þessari atvinnustarfsemi gangandi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þær upplýsingar sem hér hafa komið fram varðandi rekstrarafkomu og horfur Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga eru ekki sérstakt nýmæli fyrir menn hér í þingsölum, þar sem áður hefur komið skýrt fram hver afkoman hefur verið á undanförnum árum og verið leitað til þingsins um fyrirgreiðslu við fyrirtækið til að halda því gangandi. Hitt kom meira á óvart, eins og hv. fyrirspyrjandi hefur minnst á, þegar hæstv. forsrh. lýsti því yfir að þetta fyrirtæki væri verðlaust með öllu á sama tíma og hafnir voru samningar við hugsanlegan nýjan meðeiganda í fyrirtækinu.

Ég bað hins vegar um orðið til að vekja athygli á því, að í sambandi við þá samninga sem þar eru hafnir og standa yfir, að ég best veit, hljóta íslensk stjórnvöld að líta á möguleika á endurskoðun ýmissa þátta í samningum um þetta fyrirtæki, Íslenska járnblendifélagið, gagnvart báðum þeim eignaraðilum sem þarna eru inni í myndinni, núverandi samstarfsaðila Elkem og einnig hinum japanska aðila. Það er nefnilega vert að minna á það og vekja á því athygli, sem öllum er auðvitað í fersku minni sem tóku þátt í þessari umr. á sínum tíma, að þeir samningar sem gerðir voru við Elkem voru Íslendingum afar óhagstæðir um mörg atriði. Þ. á m. er sú þóknun sem Elkem fær fyrir svonefnda tækniþjónustu og er víðs fjarri öllu hófi og allri skynsemi. Það liggur m. a. fyrir vegna undirbúnings að kísilmálmverksmiðju, ef borið er saman það sem þar hefur verið gert og hins vegar það sem var gert á sínum tíma, og ekki síður hitt, að við skulum ekki hafa neitt að gera með sölu afurðanna. Við höfum ekki haft neitt að segja um þá hluti, heldur er það alfarið hjá þessum minnihlutaeignaraðila. Það er auðvitað óeðlileg aðstaða sem íslenska ríkið er þannig í sem forsvarsaðili og ábyrgðaraðili þessa fyrirtækis sem meirihlutaeigandi.

Staðgreiðslukerfi skatta, fsp. 66. mál (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég hef á þskj. 71 leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. um staðgreiðslukerfi skatta:

„1. Hvað líður áformum um staðgreiðslukerfi skatta?

2. Af hvaða orsökum hefur þetta mál tafist?

3. Hve miklum fjármunum hefur verið varið til undirbúnings þessa máls?“

Það eru liðin allmörg ár síðan fyrst var farið að ræða um að koma á staðgreiðslukerfi skatta, en lítið hefur frést af hvar í stjórnkerfinu það mál er nú statt. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í að ræða um réttlæti eða ranglæti þess að koma slíku kerfi á, en fýsir að vita hvar það er statt og hver áform eru um framhald þess.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt, hvað líði áformum um staðgreiðslukerfi skatta.

Eins og kunnugt er hafa áform um upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda verið til umræðu um

áratuga skeið hér á landi, en fyrst var bryddað opinberlega á að taka upp slíkt kerfi 1947. Árið 1965 kemst skriður á málið, er þáv. ríkisstj. lýsti yfir að hún vildi beita sér fyrir að taka upp slíkt kerfi. Var ríkisskattstjóra falið að sjá um undirbúning málsins. Skilaði hann grg. um staðgreiðslukerfi grannlanda okkar í sept. 1966 og skýrslu um málið í heild í okt. 1966. Í október 1966 var síðan skipuð sjö manna nefnd til að undirbúa staðgreiðslu. Skilaði hún áliti 14. mars 1967. Í apríl 1967 var samþykkt þáltill. um kosningu sjö manna milliþinganefndar til að halda könnun málsins áfram. Skilaði sú nefnd áliti í jan. 1970.

Snemma árs 1975 var ríkisskattstjóra því næst falið að gera tillögur og grg. um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skilaði hann skýrslu um málið í maí 1975. Veturinn 1977—1978 var síðan undirbúið frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda í tengslum við almenna endurskoðun á skattalögum er þá stóð yfir. Var frv. lagt fram samhliða tekju- og eignaskattsfrv. 1978, en dagaði uppi. Aftur er flutt frv. um þetta efni 1981. Það var ekki heldur útrætt á þinginu.

Á þeim árum sem fyrrnefndur undirbúningur hefur staðið hafa margar ríkisstjórnir haft það á stefnuskrá sinni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, en þau áform ætíð runnið út í sandinn. Staðgreiðslukerfi opinberra gjalda er hins vegar ekki á stefnuskrá núv. ríkisstj. Verður að telja að það hafi haft ótvírætt neikvæð áhrif á þróun núgildandi innheimtukerfis, þ. á m. frekari samvinnu ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum, að ætíð var búist við gjörbyltingu á þessu sviði innan skamms.

Í öðru lagi er spurt af hvaða orsökum mál þetta hafi tafist. Staðgreiðslukerfi opinberra gjalda hefur, eins og að framan er lýst, verið til umræðu um áratugaskeið. Hefur mikil vinna verið innt af hendi til undirbúnings slíks kerfis. Verður ekki betur séð en ástæða þess að slíkt kerfi hefur ekki verið lögleitt nú sé sú, að þegar á hólminn er komið hefur ætíð reynst skorta pólitískan vilja til að taka það upp.

Í þriðja lagi er spurt hve miklum fjármunum hafi verið varið til undirbúnings þessa máls. Síðasta áratuginn a. m. k. hefur undirbúningur málsins verið í höndum embættismanna og þá einkum ríkisskattstjóra. Á þetta bæði við um skýrslu Sigurbjörns Þorbjörnssonar um efnið á árinu 1975 og undirbúning þeirra lagafrv. sem flutt voru 1978 og 1981. Hefur þessi undirbúningur að mestu verið unninn samhliða öðrum embættisstörfum og er ekki um að ræða að lagt hafi verið á þessu tímabili í kostnað vegna þessa málefnis sem neinu nemur og sérgreinanlegur er frá öðrum kostnaðarliðum í embættiskerfinu.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinargóð svör, en harma að engin áform skuli vera uppi í hæstv. ríkisstj. um að taka þetta mál upp að nýju eða ræða það frekar því að ég tel að enginn vandi sé að koma slíku kerfi á hér á Íslandi, eins og er í okkar nágrannalöndum, og held að það vanti aðeins herslumuninn og pólitískan vilja vanti líka, eins og hæstv. ráðh. reyndar kom að að væri ekki fyrir hendi. — En ég vil endurtaka þakkir til hæstv. fjmrh.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mér þykir rétt að vekja athygli á því að það var á stefnuskrá fráfarandi stjórnar, stjórnar dr. Gunnars Thoroddsens, að komið yrði á staðgreiðslukerfi skatta. Ég var þeirrar skoðunar meðan ég starfaði í fjmrn. að mjög brýnt væri að koma á samtímasköttun og það gilti jafnt um hagsmuni ríkisvaldsins og hagsmuni almennings, það væri sem sagt mikil bót til hins betra að koma slíku skipulagi á. Þess vegna stóð fráfarandi stjórn fyrir flutningi frv. um þetta efni hér í þinginu fyrir tveimur árum, haustið 1981, og lagði talsverða áherslu á að frv. yrði afgreitt á þeim vetri, en frv. dagaði uppi hér í þinginu. Ég lét í ljós óánægju mína með að svo skyldi fara og kallaði sérstaklega saman fulltrúa frá öllum þingflokkum til viðræðna í rn. til að freista þess að skapa samstöðu um að málinu yrði komið fram, hugsanlega þá í eitthvað breyttu formi ef menn vildu það frekar, enda höfðu komið fram raddir um að frv. sem lagt var fram haustið 1981 hefði ekki verið gallalaust og er það nú raunar sjaldnast að frumvörp sem lögð eru fram séu gallalaus og oft þörf á að færa þau til eitthvað betri vegar. En því miður virtist vera takmarkaður áhugi fyrir því hjá talsmönnum þingflokkanna að koma þessu máli fram. Ég lýsti þá yfir óánægju minni með það og ég lýsi enn yfir óánægju minni með þann litla vilja og þann litla skilning sem virðist vera á þessu máli. Ég hefði kosið að heyra þau svör nú, þegar spurst er fyrir um þetta mál, að til stæði að flytja frv. um það efni. Ég er sannfærður um að þegar miklar tekjusveiflur verða í þjóðfélaginu, eins og við erum t. d. nú vitni að, er það stórkostlegur hagur fyrir launafólkið í landinu að búa við samtímasköttun. Raunar gildir nákvæmlega það sama um ríkisvaldið, að það er mikill hagur fyrir það að koma slíku kerfi á. Ég verð því að láta mér nægja að ljúka þessum fáu orðum mínum hér með því að skora á hæstv. fjmrh. og á hæstv. ríkisstj. að taka til athugunar hvort ekki sé rétt að stefna að því að koma hér á staðgreiðslukerfi skatta.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Mér er kunnugt um að fyrrv. hæstv. fjmrh. hefur lagt mikla vinnu í frv. um staðgreiðslu skatta, og þó það mál sé ekki á stefnuskrá ríkisstj. að þessu sinni mun ég kanna áhuga fyrir því í ríkisstj. og hvort hún er mér sammála um að það verði tekið upp og lagt fram að nýju.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi minna á að það sem þetta mál hefur stöðvast á er í reynd það, að gert er ráð fyrir að bæta þurfi við nokkuð á annað hundrað starfsmönnum hjá skatteftirlitinu í landinu til að anna þessu verkefni. Þess vegna hefur þetta mál að mínum dómi í reynd stöðvast. Það er að sjálfsögðu ekki mjög glæsilegt að fara nú að bæta við milli 100 og 200 starfsmönnum í skattkerfið á sama tíma og öðrum þáttum í skattkerfinu er á engan hátt fullnægt. T. d. vantar fleiri menn í skatteftirlit og skattstofurnar hafa ekki búið við þann mannafla sem á hefur þurft að halda. Það er alveg tilgangslaust að mínu mati að vera að taka upp staðgreiðslukerfi fyrr en þessir þættir eru í lagi, því að það kostar mikið að ráða mili 100 og 200 manns í þjónustu ríkisins.

Lækkun tolla af tækjabúnaði til sjúkrahúsa, fsp. 66. mál (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 71 leyfi ég mér að spyrja hæstv. fjmrh. um lækkun tolla af tækjabúnaði til sjúkrahúsa o. fl.:

„Hyggst fjmrh. beita sér fyrir því að lækka eða afnema tolla, vörugjald og söluskatt af:

a) tækjabúnaði til sjúkrahúsa og dvalarheimila, þar með talið sjúkrarúma,

b) nauðsynlegum rekstrarvörum til lækningar- og hjúkrunarstarfa?"

Það vekur mann til umhugsunar þegar verið er að fella niður aðflutningsgjöld af t. d. gervigrasi á knattspyrnuvelli og söluskatt af aðgöngumiðum að fjölleikasýningum erlendra aðila sem ferðuðust hér um landið s. l. sumar og sama má segja um aðgöngumiða að tækjum í tívolí sem var sett upp í Reykjavík s. l. sumar, hvort ekki sé rétt að endurskoða álögur á tækjabúnað til sjúkrahúsa og dvalarheimila og nauðsynlegra rekstrarvara til lækningar- og hjúkrunarstarfa. Nægir að nefna að sjúkrarúm hækka um 100% frá hafnarbakka að sjúkrahúsi eða dvalarheimili. En flestar af þessum stofnunum eru reknar að stærstum hluta af ríkissjóði. Er því ekki lítið að marka þær tölur sem upp eru gefnar um framlög ríkissjóðs til tækjakaupa, ef helmingurinn rennur til baka í ríkissjóð? Ég vil endilega undirstrika þessi atriði, þar sem núna er verið að skerða framlög til heilbrigðismála í landinu með nýju fjárlagafrv., og vísa því þessari spurningu til hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Fyrirspyrjandi spyr, eins og kom fram, hvort fjmrh. muni beita sér fyrir því að lækka eða afnema tolla, vörugjald og sölugjald af: a) tækjabúnaði til sjúkrahúsa og dvalarheimila, þar með talið sjúkrarúma, b) nauðsynlegum rekstrarvörum til lækningar- og hjúkrunarstarfa.

Eins og fyrirspyrjanda er kunnugt og fram kom í framsöguræðu minni þegar frv. til fjárl. var tekið til 1. umr. er nú unnið að heildarendurskoðun tollskrárlaga, svo og annarra laga er varða tekjuöflun ríkissjóðs af innfluttum vörum. Ég hef lagt áherslu á að heildarendurskoðuninni verði hraðað og hún miði að því að koma skattlagningu á hinum ýmsu vörum í það horf að gjaldbyrðin verði sem jöfnust og einstakir vöruflokkar séu ekki óhóflega skattlagðir, eins og nú má víða finna dæmi um í tollskránni. Hins vegar er ekki svigrúm umfram það sem ríkisstj. hefur þegar ákveðið að taka einstöku vöruflokka út úr og lækka gjöld af þeim. Gildir það jafnt um þær vörur sem fsp. tekur til sem aðrar vörur sem aðflutningsgjöld eru lögð á. Verður skattlagning þessara vara því tekin til athugunar með heildarendurskoðun tollskrárlaganna.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans, sem ég tel alls ekki nægjanleg því að það er hægt að teygja þessa endurskoðun í fjöldamörg ár í viðbót. Ég tel ekki koma nógu skýrt fram hvort hann telji að rétt væri að endurskoða a. m. k. nauðsynlegustu vörur til sjúkrahúsa. T. d. má nefna sjúkrarúm. Við vitum að á dvalarheimilum víða um land liggja gamalmenni á venjulegum svefnbekkjum, svo að erfitt er um hjúkrun.

Ég hvet hæstv. fjmrh. og ríkisstj. til að endurskoða þessi málefni.

Okkur ber virkilega að þakka öllum þeim mörgu félögum sem staðið hafa að söfnunum til hjálpar öldruðum og sjúkum, og það er víða. Ef þeirrar hjálpar hefði ekki notið við væri illa komið fyrir slíkum stofnunum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég ítreka að endurskoðun tollskrár er í gangi og er frágangur á lokastigi. Má segja að hann sé kominn á það stig að málið verði tilbúið senn hvað líður undir prentun. Það tekur hvorki hér né annars staðar mörg ár að framkvæma það sem ég hef tekið að mér.

Þau tæki, sem gefin hafa verið eða keypt til landsins af líknarstofnunum eða góðgerðarfélögum og gefin sjúkrastofnunum, hafa yfirleitt notið þeirra fríðinda sem fyrirspyrjandi gat um.

Gjaldheimta á Suðurnesjum, fsp. 72. mál (þskj. 77). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Á Suðurnesjum hafa sveitarfélögin samstarfsvettvang sem nefndur er Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Samtökin hafa náð miklum árangri. Þau hafa beitt sér fyrir margvíslegum verkefnuum og komið þeim í höfn. T. d. hafa sveitarfélögin sameinast um byggingu og rekstur sorpeyðingarstöðvar, heilsugæslu, sjúkrahúss, slökkvistöðvar o. fl. Þá er frumkvæði að stofnun Hitaveitu Suðurnesja í höndum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, en hitaveitan er nú sjálfstætt fyrirtæki.

Á þessu svæði er mikill áhugi fyrir enn meira samstarfi og hafa þeir sem lengst vilja ganga viljað sameina öll þessi sex byggðarlög í eitt sveitarfélag. Meðal hugmynda sem upp hafa komið um frekara samstarf er hugmynd um stofnun sameiginlegrar gjaldheimtu fyrir Suðurnes. Alllangt er síðan þessi hugmynd kom upp og um tíma var hún mikið rædd. Að sögn sveitarstjórnarmanna varð ekkert úr framkvæmdum, þar sem ekki var ljóst hvort bæjarfógetaembættið eða fjmrn. fyrir þess hönd yrði aðili að slíkri gjaldheimtu.

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem haldinn var í Vogum á Vatnsleysuströnd í lok okt. s. l., kom fram í umr. að sveitarstjórnarmenn telja tímabært að stofna til sameiginlegrar gjaldheimtu. Stjórn sambandsins hefur þegar leitað eftir áliti sveitarstjórnanna og hafa þegar borist jákvæðar umsagnir. Í umsögn Keflavíkurbæjar kemur fram að ekki sé hagkvæmt að stofna til slíks samstarfs, ef hugsanleg gjaldheimta innheimti ekki gjöld fyrir ríkissjóð einnig og er það afar eðlilegt sjónarmið. Verði af sameiginlegri gjaldheimtu á Suðurnesjum mundi það hafa í för með sér hagræði og sparnað og einkum fyrir skattgreiðendur, sem nú þurfa að greiða sín gjöld á tveimur stöðum, sem kostar oft og tíðum vinnutap og ómælt óhagræði.

Af þessu tilefni hef ég leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. svofelldrar spurninga:

„1. Hver er afstaða fjmrn. til sameiginlegrar gjaldheimtu sveitarfélaganna á Suðurnesjum?

2. Er ráðuneytið reiðubúið að fela slíkri stofnun innheimtu á skatttekjum ríkisins á þessu svæði?"

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fsp. hans. Og ég veit að

hann hefur áður beitt sér fyrir mörgum framfaramálum í kjördæmi sínu og mér er því ljúft að svara fsp. um þetta áhugamál hans.

Spurt er í fyrsta lagi hver sé afstaða fjmrn. til sameiginlegrar gjaldheimtu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og í öðru lagi hvort rn. sé reiðubúið að fela slíkri stofnun innheimtu á skatttekjum ríkisins á þessu svæði. Tel ég rétt að svara þessu í einu lagi.

Af hálfu rn. er verulegur áhugi fyrir því að samstarf náist við sveitarfélög á Suðurnesjum um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda á svæðinu. Er rn. fyrir sitt leyti reiðubúið að hefja nú þegar viðræður við sveitarfélögin um nánara fyrirkomulag slíkrar innheimtu, en eins og kunnugt er gera lög ráð fyrir fleiri en einum möguleika í þeim efnum. Engar formlegar viðræður hafa enn átt sér stað um þetta efni milli rn. og sveitarfélaga, en rn. er kunnugt um að yfir stendur könnun meðal sveitarfélaganna um hver áhugi sé þeirra á meðal um slíka sameiginlega innheimtu. Ég hef þegar rætt þetta við ráðuneytisstjórann og ég veit ekki betur en undirtektir séu yfirleitt mjög jákvæðar.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka skýr og greið svör og er viss um að afstaða ráðh. verður til að flýta því að þessi þáttur samstarfs sveitarfélaganna geti hafist sem allra fyrst.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil að það komi hér fram, að mín afstaða í rn. var sú að til slíkrar innheimtustofnunar ætti að stofna þegar um næstu áramót.

Sameinað þing, 16. fundur.

Þriðjudaginn 8. nóv., að loknum 15. fundi.

Fordæming á innrásinni í Grenada, þáltill. 74. mál (þskj. 79). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Flugbraut á Egilsstöðum, þáltill. 75. mál (þskj. 80). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Orkusparnaður, þáltill. 76. mál (þskj. 81). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stjórn á fiskveiðum, þáltill. 29. mál (þskj. 29). — Fyrri umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Sú þáltill. sem ég mæli hér fyrir er flutt af öllum þm. Alþfl. Hún er á þá leið að Alþingi álykti að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera í samráði við sjómenn, útvegsmenn og vinnsluaðila tillögur um veiðileyfastjórn á fiskveiðum, þannig að full og hagkvæm nýting fáist á íslenskum fiskimiðum og hagstæðustu útgerðarstaðir fái að njóta sín. Það eigi þá að vera hlutverk nefndarinnar að gera ítarlega athugun á mismunandi fyrirkomulagi veiðileyfastjórnar og meta líklega valkosti í samráði við ofangreinda hagsmunaaðila í sjávarútvegi og aðra þá aðila sem nefndin telur rétt að kveðja til ráðuneytis. Nefndin skal síðan skila tillögum sínum og greinargerðum til Alþingis og samtaka sjómanna og útvegsmanna og fiskvinnsluaðila. Það er gert ráð fyrir að nefndinni sé heimilt að ráða til sín sérfræðiaðila eftir því sem þörf er talin á. Kostnaður við störf nefndarinnr greiðist úr ríkissjóði.

Það er megintilgangur þessarar till. að þegar verði hafist handa um ítarlega könnun á stjórnarfyrirkomulagi fiskveiða og þá einkum á kostum og göllum svonefndrar veiðileyfastjórnar með það að markmiði að ná sem hagkvæmastri nýtingu á íslenskum fiskimiðum.

Þessi till. var áður flutt á 105. löggjafarþingi, en komst þá ekki til umr.

Við höfðum það náttúrlega fyrir augunum hvernig til hefði tekist um fiskveiðistjórn hjá okkur á Íslandi og það blasir við með gleggri hætti nú einmitt þessa dagana heldur en kannske löngum áður. Við stöndum frammi fyrir miklum vanda að því er varðar stjórn fiskveiðanna, meiri vanda að líkindum en við höfum gert á undanförnum árum eða áratugum. Við hljótum að spyrja okkur að því, hvort hluti þess vanda liggi ekki í því hvernig til hafi tekist um stjórnun veiðanna og ég held að svarið sé tvímælalaust rétt.

Við Alþfl.-menn höfum oft flutt það mál hér á þingi og fluttum um það lagafrv., að nauðsyn bæri til að stefna að hagkvæmri stærð skipastólsins. Miðað við þær aðstæður sem verið höfðu að undanförnu, þá hefði átt að spyrna við fótum. T. d. bar þetta frv. okkar í sér að bannaður yrði innflutningur skipa um hríð og að endurnýjun magnviðbótar við skipastólinn væri minni en það sem brott félli á hverjum tíma.

Þessi till. hlaut ekki nægilega snemma náð fyrir augum annarra stjórnmálamanna, þeirra sem réðu landinu. Það var ekki fyrr en seint og um síðir að ákveðið var að stöðva innflutning á fiskiskipum og þá hafði fiskiskipastóllinn stækkað mjög verulega. Það sem var sérkennilegt í þeim efnum var þó það, að menn voru einmitt að þessu á sama tíma og það var að koma í ljós, að loðnuveiðiflotinn hafði ekki verkefni til loðnuveiða heldur þurfti þess vegna að sækja verkefni í botnfiskveiðar. Engu að síður fór það svo, að það litla svigrúm sem menn höfðu í rauninni til að beina þessum hluta skipastólsins í botnfiskveiðarnar var enn þrengt með frekari skipakaupum. Og það var farið fram af svo miklum krafti í þessu máli, að meira að segja sá hæstv. ráðh. sem með þennan málaflokk fór átti það til að gleyma því að hann hefði úthlutað 2—3 skipum, eins og kunnugt er af blaðafregnum.

Ég held að það hafi verið mikil ógæfa að svo langt var gengið í stækkun skipastólsins og ekki spyrnt við fótum fyrr. Núna er okkur sagt að það séu uppi tillögur um að veiða ekki nema 200 þús. tonn af þorski. Þetta er mjög lág tala. Til þess að menn átti sig aðeins á hvers konar viðfangsefni Alþingi og ríkisstj., og þá fyrst og fremst sjútvrh., standa frammi fyrir í þessum efnum ætla ég að minna á að þorskaflinn skiptist gjarnan til helminga

milli bátaflotans og togaraflotans. Það eru þá 100 þús. tonn á bátaflotann og 100 þús. tonn á togaraflotann. Við erum líklega með um 100 togara, ég hugsa að það láti nokkuð nærri. Við getum a. m. k. notað það sem reiknitölu svo að auðvelt verði að deila. 100 þús. tonn á 100 togara eru 1000 tonn af þorski á togara. Veiðigeta þeirra er sjálfsagt um 4 þús. tonn og veitir ekki af til þess að standa undir rekstrinum. Þarna hafa menn að mínum dómi vandamálið í hnotskurn.

Við stöndum frammi fyrir því að þurfa e. t. v. að skera þetta niður svona smátt, að það verði einungis um 1000 tonn af þorski á hvern togara. Þetta vandamál mátti í rauninni sjá fyrir vegna þess að það hafa iðulega verið sveiflur í aflabrögðum við Ísland. Hverju sinni sem afli hefur farið um eða yfir 450 þús. tonn hafa menn upplifað það á eftir að lægð kæmi í aflann. Menn hafa oftekið sig í góðri trú, skulum við vona, síðan hafa menn þurft að upplifa það á eftir að þeir fengju aflabrest. Nú hjálpast sjálfsagt margt að, eins og nú árar hjá okkur. Sjórinn er orðinn langtum kaldari en áður og það er mikið áhyggjuefni. Dregið hefur svo úr vaxtarhraða fisks að með ólíkindum er, eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið, og hlýtur það að valda miklum búsifjum, vegna þess að bæði nýtist stofninn verr og eins nýtist fiskurinn verr, þegar hann kemur á land til nýtingar.

En hvað sem því líður, þá höfum við búið við það kerfi, að leitast við að skammta veiðarnar með ýmiss konar aðgerðum. Ýmiss konar friðunaraðgerðir hafa verið gerðar, sem hafa í sjálfu sér verið mjög góðar. Það getur varðað friðun á einstökum svæðum, skyndilokunarsvæðum, það varðar möskvastærðir og þar fram eftir götunum. Allt var þetta gert til að reyna að bæta uppeldisskilyrði smáfisks eða réttara sagt að stuðla að því að fiskurinn fengi að ná hagkvæmri stærð. Það er hins vegar nýrra í okkar sögu að við leitumst við að takmarka aflamagnið í heild. Þessar aðgerðir miðuðu fyrst og fremst að því, alveg fram undir síðustu ár, að vernda ungviðið. Það er einungis á síðustu árum sem menn hafa gripið til takmarkana til að takmarka heildaraflamagnið. Það var gert í loðnuveiðunum fyrst haustið 1978, það var byrjað á svonefndu skrapdagakerfi og páskastoppum og þvíumlíku, líklega árinu fyrr, og síðan var þetta að smáaukast í höndunum á okkur, þessar takmarkanir urðu meiri og meiri.

Þetta hefur verið sú stjórnunaraðferð sem við höfum beitt til að takmarka heildaraflamagnið, til að sjá til þess að ekki einungis fengi ungviðið að vaxa, heldur líka að ekki væri gengið of nærri stofninum í heild. Allar þjóðir heims eru nú að vakna upp við það, hversu mikilvægt er að heildaraflamagninu sé haldið í skefjum, vegna þess að afrakstur stofnanna er takmarkaður og ef menn fara fram úr ákveðnum mörkum lenda menn í erfiðleikum.

Við höfum dæmin um það, hvernig Kanadamenn hafa verið að byggja upp sína fiskistofna og gjarnan haft það sem markmið, að hrygningarstofninn ætti að vera milljón tonn þegar þeir væru að taka úr honum 200—300 þús. tonn. Þessu er alveg öfugt farið hjá okkur. Hrygningarstofninn hefur því miður verið í hættu hjá okkur og hann hefur náttúrlega alls ekki verið af þessari stærð, miðað við það sem úr honum er tekið, heldur gjarnan helmingur af því sem menn tóku mest úr honum — og þaðan af minna.

Það er auðvitað eðlilegt að hver og einn útgerðaraðili og hver og einn sjómaður leitist við að taka eins mikið úr sjó og hann mögulega getur. Hver og einn leitast við að ná sem bestri afkomu hjá sér í sinni útgerð. En í þessu liggur vandinn við stjórn fiskveiðanna í heild sinni, vegna þess að þegar um takmarkað aflamagn í heild sinni er að ræða, hvort sem menn takmarka það sjálfviljugir eða það takmarkast af líffræðilegum mörkum, þá þýðir viðbót umfram eitthvað tiltekið, umfram það sem stofnarnir bera, bara það að verið er að taka frá öðrum, annaðhvort í bráð eða í lengd — eða bæði í bráð og lengd. Þegar menn eru komnir yfir þessi ákveðnu mörk, þá er viðbótin einungis tekin frá öðrum, vegna þess að líffræðilega standa stofnarnir ekki undir því. Fyrir bragðið, vegna þess að þessi hvati er til þess að reyna að fá sem mest í sinn hlut, þá hefur sjávarútvegurinn tilhneigingu til að rýra sína eigin afkomu með því að leggja í of mikla veiðigetu, of mikla fjárfestingu miðað við þá stofna sem verið er að sækja í. Þetta er í rauninni það vandamál sem við höfum verið að finna fyrir núna á seinustu árum. Við fundum ekki fyrir því fyrst eftir að við stækkuðum landhelgina, á meðan við gátum einbeitt okkur að því að vernda ungfiskinn, við vorum ekki að taka of mikið úr stofnunum. Það er þetta vandamál sem við erum að finna fyrir núna og þetta er stjórnunarvandamál sem Alþingi og ríkisstj. verða að taka á. Það verður ekki komist fram hjá því að þessir aðilar taki á því, vegna þess að aðrir aðilar geta það í rauninni ekki. Það er eðlilegt og sjálfsagt að sérhver einstakur útgerðaraðili leitist við að ná sem mestu í sinn hlut, það liggur í eðli hlutanna, en heildaraflamagnið og hvernig því er varið hlýtur að vera hlutverk stjórnvalda að ákveða, m. a. til þess að vernda greinina í rauninni fyrir sjálfri sér, til þess að treysta afkomu greinarinnar. Annars standa menn sí og æ frammi fyrir dæmum eins og þeim sem þeir hafa í dag, þar sem tilkostnaðurinn við veiðarnar, miðað við það sem menn geta veitt, er orðinn óheyrilega mikill. Hann er orðinn óheyrilega mikill vegna þess að við erum að reka mjög stóran skipastól til að sækja mjög lítið af fiski. Þar liggur aðalvandinn.

Út frá þeim forsendum sem ég hef nú rakið töldum við þm. Alþfl. nauðsynlegt að Alþingi ákvæði nú — töldum það reyndar í fyrra, því þetta er endurflutt nú — að láta fara fram könnun á annars konar stjórnunarfyrirkomulagi fiskveiðanna en hér hefur verið við lýði, fyrirkomulagi sem miðaðist við veiðiheimildir, sumir vilja kenna það við kvóta. Þetta er ákaflega viðkvæmt mál. Það eru margir sem hafa ekki getað hugsað sér kvótaheimildir í sambandi við veiðar. En við skulum líka gæta að því, að þessar veiðiheimildir geta verið með margvíslegum hætti, og þótt um kvótafyrirkomulag sé að ræða geta afbrigðin verið margvísleg bæði að því er varðar heildaraflamagn á einstökum stofnum eða bundið við verstöðvar eða bundið við skip. Þess vegna teljum við nauðsynlegt að þetta mál sé kannað mjög ítarlega áður en tíminn hefur runnið frá okkur.

Ég sé það á grein, sem birtist í Tímanum í dag, að hæstv. sjútvrh. hefur mikið velt þessum málum fyrir sér. Hann lætur þar orð falla í þá átt að ekki sé auðvelt að komast fram hjá því, eins og sakir standa nú, að breyta um stjórnkerfi. Hann hefur einnig rætt þessi mál mjög opið á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég vil benda öllum hv. þm. á að lesa grein ráðh., þar sem

hann fer yfir það í mörgum greinum í hverju vandamálið sé fólgið, nefnilega í því að þeir fiskstofnar sem við höfum í að sækja, eins og sakir standa a. m. k., skila ekki afrakstri miðað við þann flota sem við erum með og að tilkostnaðurinn sé of mikill, m. a. vegna þeirrar flotastærðar sem við erum með.

Mér sýnist nauðsynlegt að sem víðtækust samstaða náist um stjórnunaraðgerðir af þessu tagi. Það virðist vera ljóst að allar slíkar stjórnunaraðgerðir eru mjög erfiðar og kannske tekst ekki að framkvæma mjög ítarlega könnun áður en hæstv. sjútvrh. þarf að grípa til aðgerða fyrir næsta ár. En hvað eina sem gert er í þessum efnum til að stuðla að sem skynsamlegastri stjórn á fiskveiðunum og uppbyggingu fiskiskipastólsins skilar okkar auðvitað í betri stöðu seinna.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fjölyrða miklu meira um þetta. En ég vísa til þeirrar grg. sem fylgir þessari þáltill. og enn fremur til fskj. með þeirri grg. sem er hluti úr erindi eftir dr. Gylfa Þ. Gíslason frá því í des. 1982 og nefnist Hugleiðingar um efnahagsstefnu stjórnvalda 1983. Í þessu erindi fjallaði dr. Gylfi m. a. um þróun sjávarútvegs og veiðileyfastjórn, þar sem gert er ráð fyrir sölu veiðileyfa, sem er einungis ein hugmyndanna. En sá punktur sem dr. Gylfi gengur út frá í grein sinni er athugun hans á hagsögu liðinna ára og sú staðreynd, að fjárfestingin í sjávarútvegi hafi ekki skilað þeim afrakstri sem hefði mátt vænta. Hún hefði skilað miklum afrakstri framan af, en síðan hefði átt sér stað stöðnun í þeim efnum á seinni árum.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til atvmn. til frekari athugunar og til síðari umr. hér í deildinni. En ég hefði gjarnan viljað, einmitt á þessu stigi og út frá því hver staða okkar er einmitt nú, heyra nánar álit hæstv. sjútvrh. um stjórnun fiskveiðanna um þessar mundir og um þróunina í þeim efnum, vegna þess að ég þykist sjá að hann hafi hugleitt þau mál mjög rækilega. Það sem skiptir mestu máli núna er auðvitað ekki að við lítum til fortíðarinnar og mistaka okkar, hversu þau hafa verið stór, heldur að okkur takist að ná saman höndum um það verkefni sem við stöndum frammi fyrir og virðist vera æði svart ef marka má þau gögn sem hafa verið birt frá fiskifræðingum um þessar mundir.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að þau vandamál, sem felast í því að stjórna veiðum við landið, séu rædd hér á Alþingi. Þetta eru mál sem er nauðsynlegt að ræða með opnum huga. Þar eru mörg ljón á veginum, það eru margvíslegir hagsmunaárekstrar milli landshluta, milli veiðiskipa, milli tegunda veiðarfæra o. s. frv., o. s. frv.

Það verður að sjálfsögðu alltaf erfitt að koma sér niður á reglur sem allir verða ánægðir með í þessu efni og mun sennilega aldrei takast en á þessum vandamálum verður að sjálfsögðu að taka og hefur verið tekið á undanförnum árum, jafnvel þótt allt hafi ekki verið þar sem skyldi.

Þessi till. til þál. gerir ráð fyrir veiðileyfastjórnun. Eins og kunnugt er þá eru gefin út veiðileyfi fyrir mjög miklu af þeim veiðum sem nú eru stundaðar við landið og í því frv., sem hefur verið unnið á vegum sjútvrn. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ég gerði að umræðuefni í þeirri ræðu sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson vitnaði hér í, er gert ráð fyrir því að það séu tekin af öll tvímæli um að allar veiðar séu háðar leyfum. En það er að sjálfsögðu ekki nægilegt því að það þarf að skipta þessum leyfum og skipta aflakvóta á milli báta og skipa með einhverjum hætti hvort sem það er sameiginlegur kvóti eða kvóti á hvert skip. Við höfum slíka skipan í mörgum af veiðunum, t. d. nefni ég loðnuveiðarnar; þar hefur verið takmarkaður sá fjöldi skipa sem veiðarnar stunda og einnig takmarkað það aflamagn sem hvert skip má veiða.

Að því er varðar skelveiði og t. d. rækjuveiði innan fjarðar og dragnótaveiði í Faxaflóa þá hafa það fyrst og fremst verið vinnsluaðilarnir sem hafa fengið þessi leyfi og í reynd haft nokkuð um það að segja hvaða veiðiskip hafa notið þess. Þetta hefur oft orðið til þess að erfitt hefur orðið um vik, t. d. má nefna dæmi við Breiðafjörð, þar sem þau skip sem geta stundað skelveiði búa við góðan kost en önnur skip, sem ekki hafa heimild til að taka þátt í skelveiðinni, búa við afarrýran kost.

Að því er varðar t. d. humarveiðina þá er það sameiginlegur aflakvóti sem hætt er að veiða úr þegar hámarksaflamagni er náð.

Spurningin er fyrst og fremst sú hvernig við höldum þessari þróun áfram, að hve miklu leyti við eigum að víkka út þau kerfi — ef það má nota það ljóta orð — sem hafa verið þróuð í þessu sambandi. Við höfum alls staðar í öllum veiðum einhverja aflakvóta. Það er aðeins spurningin um það að í sumum tilfellum er aflakvótanum skipt niður á skip en í öðrum tilfellum er heildarkvóti fyrir öll skipin sem taka þátt í veiðunum. Þetta eru mjög erfið mál sem er búið að setja nefnd eftir nefnd í að fjalla um og verður enn fjallað um á næstunni.

En ég vil aðeins segja það varðandi þá spurningu, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson beindi til mín, um hvernig þessum málum verði háttað á næstunni að einmitt er verið að vinna að undirbúningi fiskveiðistefnunnar fyrir næsta ár. Hún hefur að sjálfsögðu ekki enn verið mörkuð vegna þess að við erum fyrst nú að fá fyrstu upplýsingar um hugsanlegt aflamagn á næsta ári og sú skýrsla, sem kom frá Hafrannsóknastofnun fyrir nokkrum dögum, er aðeins að því er þorskstofninn varðar uppkast að kaflanum um þorskstofninn en eins og hv. þm. vita þá skilar Hafrannsóknastofnunin að hausti til — venjulega í lok nóvember eða í byrjun desember — heildarskýrslu um ástand og horfur að því er varðar fiskistofnana við landið.

En í stuttu máli þá hef ég varpað fram mínum hugmyndum um það hvernig hugsanlegt væri að koma málum fyrir, m. a. til þess að gefa mönnum nokkra vísbendingu um það hvernig ég lít á þessi mál, en ég tek það skýrt fram að ég er á engan hátt að koma með neinar endanlegar till. af minni hálfu.

Ég tel það t. d. vera alveg skýrt að það er ekki hugsanlegt að heimila loðnubátunum að taka þátt í netaveiðinni á næstu vertíð. Það verður að athuga það betur hvort og að hvaða leyti þeir gætu tekið þátt í þorskveiðinni. Þar er eins og allir vita í reynd ekkert svigrúm og mikilvægt að það væri hægt að útiloka þá algjörlega frá þorskveiðinni. Þess ber hins vegar að geta að það liggur ekki fyrir hver gæti orðið loðnuafli á n. k. hausti og enn þá hafa ekki farið fram fullnægjandi rannsóknir sem geta gefið vísbendingu um það.

Að því er netaveiðina varðar þá er mjög mikilvægt að stytta það úthald og almennt að stytta úthöldin. Við

ákváðum það t. d. að síldveiðin hæfist mun seinna heldur en áður hefur verið. Að sjálfsögðu kom fram margvísleg gagnrýni vegna þeirrar ákvörðunar frá aðilum sem töldu að sér vegið í því sambandi. Síldveiðin gekk mjög illa framan af þannig að það kom í ljós að það var rétt ákvörðun að byrja síðar.

Á sama hátt hefur netaveiðin venjulega verið mjög rýr framan af vertíð og sá fiskur, sem einkum veiðist, er ufsi sem mjög slæmar markaðshorfur eru fyrir. Það liggja miklar birgðir af ufsa í frystigeymslum frá síðustu vertíð og einnig liggja miklar birgðir af ufsa í salthúsum víðs vegar um landið og það er að sjálfsögðu ekki skynsamlegt við núverandi aðstæður að safna miklu af birgðum í frystigeymslur og salthús. Það er betra að hafa fiskinn í sjónum og lofa honum að vaxa í stað þess að geyma hann á dýru fjármagni í geymslum hvort sem það er innanlands eða utan.

Af þessu tilefni sýnist mér að það sé ekki ástæða til að netaveiðin hefjist fyrr en í fyrsta lagi 15. febr. og mætti e. t. v. byrja síðar t. d. 1. mars.

Það er að sjálfsögðu mikilvægt að jafnhliða geti dragnótaveiði aukist og heimildir orðið rýmri að því er dragnótaveiðina varðar til þess m. a. að veiða meira af kola og ná fiskinum á land í betra ásigkomulagi. Kolastofninn hefur verið vannýttur. Fiskifræðingar hafa mælt með því að veiða 10 þús. tonn á hverju ári og það hefur svona um það bil helmingurinn af því verið nýttur. Þó hefur það farið vaxandi í ár. Mér finnst ekkert vera því til fyrirstöðu að auka þessa veiði verulega vegna þess að þessi tillaga um kolaveiði er ekki byggð á nákvæmum upplýsingum. Kolinn er mjög víða við landið og á mörgum svæðum hefur hann ekkert verið nýttur og það er spurning hvort ekki væri réttlætanlegt við núverandi aðstæður að auka þessa veiði í 20—25 þús. tonn svo að eitthvað sé nefnt. Þessi stofn er tiltölulega sterkur, verð á kola er gott og markaðsaðstæður ágætar og vinnsla á honum skapar mikla vinnu. T. d. var mér sagt að vinnsla og veiðar á þeim 1500 tonnum, sem veidd eru hér í Faxaflóa, skapi 240 manns atvinnu meðan á veiðunum stendur þannig að það er ekki lítið mál að auka þessa veiði ef stofninn er talinn þola það.

Það vandamál, sem er langerfiðast að leysa, er varðandi skipulag veiða togaranna; það verður mjög vandasamt að finna skipulag á þeim veiðum fyrir næsta ár. Ég tel fyrir mitt leyti mjög mikilvægt að það væri hægt að koma á kvótakerfi. Hins vegar er mjög erfitt að finna grundvöll til að ákveða þennan kvóta eftir. Það er t. d. spurning við hvað skuli miða. Á að miða við veiði undanfarinna ára? Hvað skal gera við skip sem nýlega hafa hafið veiði? o. s. frv., o. s. frv.

Um þetta hafa komið fram margvíslegar hugmyndir en ég kastaði því fram í mínu máli að ég teldi mikilvægt að menn gætu haft val, þ. e. þeir sem teldu sér í hag að veiða samkv. kvóta sem ákveðinn yrði gætu gert það og skipulagt þá sína veiði samkvæmt því. Þeir, sem vildu ekki una þeirri niðurstöðu og teldu sig vera órétti beitta, gætu þá áfram veitt úr sameiginlegum aflakvóta með svipuðum hætti og gert hefur verið og allir eru óánægðir með.

Síðan gæti e. t. v. einn möguleikinn verið sá ef menn treysta sé ekki til að veiða samkvæmt því skipulagi að þeir mundu einfaldlega leggja sínum skipum og reynt yrði að aðstoða þá til að slíkt yrði kleift. Hitt er svo annað mál að það er ekkert einfalt mál að leggja fiskiskipum. Þar stendur að baki atvinna fólksins í landi og rekstur frystihúsa, síðan allt okkar markaðskerfi og í reynd allt þjóðfélagið — þannig að hér er að sjálfsögðu við mjög erfið mál að etja.

Það er þegar hafin vinna til að undirbúa fiskveiðistefnuna fyrir næsta ár og að sjálfsögðu þarf að hafa þar náið samráð við hagsmunaaðila. Ég skal ekki á nokkurn hátt fullyrða hvernig því starfi lýkur en það eru ekki aðeins vandamál á þessu sviði heldur eru ekkert síður vandamál þar sem veiðileyfastjórnun fer fram, t. d. nefni ég skelina og ég nefni rækjuna. Það eru miklu fleiri sem vilja — og ég nefni einnig dragnótaveiðarnar hér á Faxaflóa — fá þessi leyfi heldur en komast að og það er ekkert heppilegt og ekkert skemmtilegt fyrir ráðuneyti og ráðh. að vera að skera úr um það að þessi skuli fá leyfi en ekki hinn. Það er mjög vandasamt að skera úr um það og finna þar hlutlægar reglur þannig að allt þetta hefur sína galla. (Gripið fram í.) Það er mikil óánægja í kringum þessa stjórnun og það verður vandasamt að halda á því í framtíðinni.

Það er sjálfsagt, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, hugsanlegt að selja leyfi. Þá kemur nú upp vandamálið með verðlagningu og hvernig fjármagn skuli nýtt. Mér sýnist nú að fiskiskipaflotinn í heild sinni hafi ekki þá afkomu í dag að hann geti undir því staðið að bæta við einum nýjum kostnaðarlið sem er kaup á veiðileyfum þannig að það yrði nú að koma inn í heildartekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Þegar þessari hugmynd hefur verið kastað fram þá hefur henni verið kastað fram með þeim hætti, að þetta varði eingöngu útgerðina og fiskvinnsluna en það er langt því frá. Slík skipan varðar alla tekjuskiptingu í landinu og verður að koma við alla jafnt — ekkert síður opinbera starfsmenn og ýmsa aðra — og síðan náttúrlega kemur spurningin hvernig þessir peningar skuli nýttir.

Ég hef aldrei haft mikla trú á því að selja veiðileyfi. Hitt er svo annað mál að ég sé það einnig í hendi mér að það er erfitt að úthluta verðmætum leyfum til nokkurra aðila og síðan eru aðrir sem engin leyfi fá. Það kemur því oft upp í hugann hvort þá væri ekki mun einfaldara að selja þessi leyfi en þá gæti nú verið að mun fleiri vildu kaupa heldur en fengju keypt þannig að ég er nú ekki farinn að sjá að það leysi heldur vandann algjörlega. Það færi að vísu eftir verðlagningunni. Það er eins og með...(**Gripið fram í:** Í sambandi við kaup.) Já, það er nú eins og með ýmislegt sem selt er og menn hafa nú reynt að selja, t. d. brennivín, mismunandi dýrt í gegnum tíðina en alltaf eru nú einhverjir kaupendur jafnvel þótt að verðið verði afskaplega hátt og illviðráðanlegt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér er þá einu sinni tekið til við að ræða sjávarútveg, sem betur fer, og er ekki of mikið að því gert. Ég geri hins vegar ráð fyrir að nú á næstunni átti sig fleiri og fleiri á því í þjóðfélaginu að allir Íslendingar lifa á fiski með einum eða öðrum hætti.

Hitt er svo annað mál að þegar maður les þessa þáltill. frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, fyrrv. hæstv. sjútvrh., er maður ekki miklu nær og raunar erfitt að skilja tillgr. sjálfa. Þarna er í rauninni ekki verið að benda á neinar leiðir heldur einungis verið að óska eftir hugmyndum. Það er það eina sem ég sé út úr þessari

till.- grein. Auk þess eru ýmis hugtök í henni hvergi skýrð og alls ekki í grg. Hvað er átt við með veiðileyfastjórn? Er átt við að selja eigi hverjum útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki veiðileyfi? Ég veit það ekki, það stendur hvergi.

Ég er ansi hræddur um að ef farið verður út í það að selja veiðileyfi, þá eigi einstaklingar afar erfitt um vik að bjóða í slíkt. Það eru þá ekki nema mjög miklar samsteypur eins og Sambandið eða stærstu útgerðarfyrirtækin sem geta leyft sér að kaupa veiðileyfi einhverju verði. Það er afar óæskilegt ef hinn almenni útgerðarmaður á að kaupa veiðileyfi, ég tala nú ekki um ef sjávarútveginum verður boðið upp á þau skilyrði sem honum hefur verið boðið upp á til margra ára, þar sem sjávarútvegsmálunum hefur verið illa stjórnað og þessir atvinnuvegir hafa verið látnir líða mörg undanfarin ár, og undanfarnar ríkisstj. virðast ekkert hafa skilið í þessum hlutum. Það er hin hörmulega staðreynd. Þess vegna er ástandið þannig hjá útgerðinni í landinu.

En hvernig haldið þið að það sé þá með einstaka útgerðarmenn sem eiga að kaupa veiðileyfi? Hvaðan eiga þeir að taka þessa peninga? Það þýðir í rauninni ekkert annað en að þeir fjármunir sem fara í veiðileyfi bætast við útgerðarkostnaðinn. Þá er auðvitað dregið fyrst og fremst af mannskapnum. Þið þurfið ekkert að ímynda ykkur annað, það er auðvitað alveg ljóst, en þar er nóg komið.

Í þessari till. er auðvitað ekki margt bitastætt en ýmislegt af alls konar fullyrðingum og eðlilega nokkrum skömmum um aðra, sem farið hafa með þessa hluti. En ég er sammála núv. hæstv. sjútvrh. um að við eigum ekki að beina kröftum okkar að því að finna sökudólga, eins og hann orðaði það í ræðu sinni á Akureyri um daginn, heldur verðum við að horfast í augu við ákaflega erfið vandamál í sjávarútvegi nú á næstu mánuðum og jafnvel árum. Ég kann hins vegar afar illa við óvandaða fullyrðingasemi eins og kemur fram í grg. þar sem ein mgr. er ósköp einfaldlega fjögur orð, þar sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson og hans félagar segja að „erfiðleikarnir í íslenskum sjávarútvegi séu sjálfskapaðir." Þetta er býsna mikil og gróf fullyrðing.

Auðvitað höfum við kallað yfir okkur vandræði með ýmsum hætti, með offjárfestingu í fiskiskipum. En menn skyldu bara ekki halda að offjárfestingin sé eingöngu í fiskiskipum. Hún er auðvitað miklu meiri og verri í atvinnuvegum sem ekkert af sér gefa, svo að þessir herramenn ættu ekki að hafa hátt um þessa hluti og gleyma allri yfirfjárfestingunni í landinu í atvinnugreinum sem lítið gefa af sér og þjóðin lifir ekki á. (**JBH:** Sjálfskaparvíti — já eða nei?)

Ég sagði, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, sem virðist ekki heyra neitt nema í sjálfum sér, að hluti af þessu væri auðvitað sjálfskaparvíti, og ég var byrjaður að telja það upp og ég nenni ekki að halda því áfram. En þessi vandamál eru ekki öll sjálfskaparvíti. Það er ekki nema að hluta til því að þetta eru auðvitað lifandi dýr sem verið er að veiða og ástand þeirra stofna, sem við sækjum í, hefur versnað, ekki einungis vegna ofveiði heldur vegna ástandsins í sjónum, vegna ætisskorts, vegna lægra hitastigs o. s. frv., o. s. frv. Þetta er auðvitað ekki sjálfskaparvíti og þýðir ekki að nudda þessari ríkisstj. sem nú er nýsest að völdum, upp úr þessu. Hún á auðvitað enga sök á því. Og vonandi tekst henni að leysa þessi mál, og vonandi betur heldur en fyrrv. ríkisstjórnum því þar var hugsað um allt aðra hluti.

Herra forseti. Mér finnst líka afar slæmt ef menn fullyrða að gæðum framleiðslu okkar í sjávarútvegi hafi hrakað. Sumt hefur farið miður og hægt að benda á ýmsa galla. En ég tel að á mörgum mjög mikilvægum sviðum okkar framleiðslu hafi hún batnað og m. a. s. stórkostlega, sem betur fer. Ég veit ekki hvar við værum staddir annars. Við höfum átt í mjög miklum erfiðleikum í sjávarútvegi, það hefur verið erfitt að selja afurðir okkar, greiðslur komið seint þó allur peningurinn sé borgaður strax út, og mánuðum og árum saman legið með birgðir í landinu með allt of háum afurðalánavöxtum. Við höfum átt í erfiðleikum með að selja allan þann karfa sem við veiðum nú allt of grimmt. Karfastofninn hefur verið ofveiddur talsvert á annan áratug. Og það er mjög hættulegt mál, þó menn hafi skýrsluna um þorskstofninn nú skulu menn huga að karfanum. Það er ekki hægt að sækja í hann endalaust. Og hann er að því leytinu til öðruvísi en þorskurinn að hann fæðir lifandi unga og eignast þar með auðvitað miklu færri afkvæmi í raun. Og hann verður ekki kynþroska 6—7 ára eins og þorskurinn, ekki fyrr en 14—15 ára. Og ef við göngum of nálægt svo hægvöxnum fiski, þá getur það kostað það að við getum ekki veitt hér karfa kannske áratugum saman. Þetta er mjög vandmeðfarið í þessari stöðu, og ég veit satt að segja ekki hvernig á að leysa öll þessi hrikalegu mál. Ég vona hins vegar að hæstv. sjútvrh. takist með annarra manna aðstoð, að reyna að finna þær lausnir sem hægt er að brúka. En þar er ekki um auðugan garð að gresja, það er ljóst.

Ég hef verið talsmaður þess í mörg ár að við ættum að taka upp kvóta á skip. Á það hefur ekki verið hlustað. Við höfum haft hér hvern ráðh. á fætur öðrum í sjávarútvegsmálum sem er kominn að vestan þar sem eru hörðustu andstæðingar kvótaskiptingar á skip sem fyrirfinnast í þessu landi. Hins vegar eru það mjög margir aflamenn allt í kringum landið sem sjá auðvitað skynsemina í því að skipta aflanum á skip. Það má auðvitað gera með ýmsum hætti, og það er síður en svo auðvelt. Það er ákaflega erfitt eins og hæstv. ráðh. sagði. Það er ekkert auðhlaupið að því. En það er bara nauðsynlegt, og menn verða að horfast í augu við það. Og jafnvel þó að skammta þurfi þessum þetta og annar fái ekki neitt þá eru bara engir aðrir kostir til. Til þess eru stjórnmálamenn að taka ákvarðanir þó óþægilegar séu. Ekki væri ég mikið hræddur við það.

Við höfum nefnilega reynslu af því að veiða ýmsar fisktegundir með þessari aðferð, að skipta kvóta á skip. Við gerðum það á nótaveiðinni á síld. Það hefur tekist vel og allir eru ánægðir. Menn vita fyrirfram hvað þeir fá. Þeir geta farið á sjó þegar veðrið er sæmilegt og þurfa ekkert að hreyfa sín skip fyrr en göngurnar eru komnar á æskilega staði. Ef menn nota skynsemina geta þeir sparað gífurlega í útgerðarkostnaði og ekki þurft að láta mannskapinn hanga yfir því að veiða þessi 500 tonn á einum eða tveimur mánuðum, heldur bara taka það þegar það er best. Varla er hægt að telja upp allt það hagræði sem er fólgið í því að hafa kvóta á skip: Sparnaður í veiðarfærum, sparnaður í olíu o. s. frv., o. s.frv. Það má telja mjög marga þætti. Þetta gerum við líka í loðnunni. Þar völdu menn þann kostinn að skipta takmörkuðum heildarafla með kvóta á skip. Og það var mjög sanngjarnt og sanngjarnlega að því staðið

að því leyti til að stærstu skipin fengu leyfi til þess að veiða meira en hin með hliðsjón af rekstrarkostnaði þeirra og útgerðarkostnaði. Loðnukvótanum var skipt þannig að helmingurinn af loðnuaflanum skiptist jafnt á hvert einasta skip smátt og stórt, 50 skip. Hinum helmingnum var skipt eftir burðargetu, og fór þar nokkurn veginn saman að þeir fengu heldur meira sem þurftu að fá heldur meira. Þetta var einnig gert nú, að vísu er mismunurinn minnkaður, og ég get ekki lagt neinn dóm á það, en hefur auðvitað heyrst býsna mikið í mönnum sem hafa orðið að láta sér nægja heldur minna. Þetta er réttmæt tilraun. Ég segi fyrir mig að ég tel rétt að gera það svona, a. m. k. nú og sjá hvernig það kemur út.

Við höfum haft heildarkvóta á humarveiðum og rækjuveiðum. Og menn hafa þurft að sækja um veiðileyfi, til þess að fá að stunda loðnuveiðar, og leyfi til þess að fá að veiða síld og leyfi til þess að fá að veiða humar og rækju og skel. Menn hafa líka þurft að sækja um leyfi til þess að stunda þorskanetaveiðar sem var mjög skynsamlegt. Eins og við vitum þá hefur verið mikið rætt um að setja leyfi á togveiðar. Það hefur ekki fengist fram. Menn voru að tala um að einhverjir og einhverjir sjútvrh. mundu misnota það. Ég er ekkert hræddur um það. En ég tel nauðsynlegt að menn þurfi einnig að sækja um leyfi til þess að veiða með botnvörpu, þó ekki væri nema til þess að í veiðileyfin verði sett ákveðin skilyrði, sem menn þurfa að fara eftir. Í sambandi við þorskanetaveiðarnar þá mega menn ekki vera með nema svo og svo mörg net og haga sér á þennan veginn eða hinn. Ef menn brjóta það má hirða af þeim veiðileyfin, sem hefði átt að gera fyrir löngu við marga báta og láta þá bara hafa það. (**Gripið fram í:** Og af hverju er það ekki gert?) Það veit ég ekki. Linkindin er mikil.

Það verður nefnilega að stjórna hlutunum. Það þýðir ekkert að vera að láta einhvern kunningsskap eða einhver allt önnur sjónarmið ráða í þeim efnum. Það á bara að setja þarna reglur og fara eftir þeim og ganga eftir því, svo ég noti orðbragð Jóns Baldvins, hv. þm., að þessi skilyrði séu haldin.

Á sama hátt held ég að það væri mjög heppilegt að setja inn í veiðileyfi togveiðiskipa ýmislegt sem varðar ýmiss konar svindlaðferðir í sambandi við togveiðar. (**JBH:** Hvað er það helst?) Það er nú ýmislegt. Menn leyfa sér að vera með kannske heldur smáa möskva sums staðar, sem gengið er frá með ýmsum hætti, og slíkt ætti auðvitað algjörlega að útiloka með stífu eftirliti. Ef við hefðum einhverja stofnun sem hefði einhvern mannsbrag á sér til þess að sinna þessu verkefni hefði það ekki komið fyrir að menn væru með klædda poka o. s. frv.

Því þorskurinn sem veiðist er meir en nægilega smár. Það hefur komið fyrir hér á vertíðum að togararnir hafa komið með þorsk í land heilu mánuðina og heilu vertíðarnar þar sem meðalþyngdin á hverju þorskkvikindi var 1200 grömm. Þetta er auðvitað alveg ofboðsleg rányrkja. Hvað þyngist þessi fiskur ef hann fær að lifa eitt ár í viðbót? Hann meira en tvöfaldar sína þyngd, 100% vextir eða hvað á að kalla það — í raunverulegum gjaldmiðli, því að eins og menn vita þá eru peningaseðlar auðvitað einskis virði. Þeir eru aðeins þess virði hversu mörg grömm af fiski standa á móti hverri krónu.

Ég er auðvitað alveg sammála hæstv. sjútvrh. í fleiri atriðum og óþarfi að tína það til út af fyrir sig. En ég hef einnig í mörg ár talað um það hér úr þessum ræðustóli og annars staðar að við þyrftum að nýta kolastofnana. Það eru ýmsar tegundir af kola, sem eru vel ætar, hér í kringum landið. Og það er m. a. s. ein tegund af kola sem hreint fæst ekki í neitt veiðarfæri sem leyfilegt er að brúka, því að þannig er nú með þykkvalúruna okkar að hún hefur þá hæfileika að geta lagt sig saman og smeygt sér í gegnum 155 mm möskvana sem leyft er að nota til veiða á togveiðum. Ég tel að einnig ætti að leyfa að veiða sólkolann eða þykkvalúruna, í troll. Troll er besta veiðarfærið sem til er. Og þegar menn hafa leyfi til þess að veiða þar sem nóg er af kola á þeim tíma sem hann er í bestu ástandi og verðmestu, þá er hægt að gefa mönnum leyfi til þess undir beinu eftirliti. Og þá á ég hreinlega við að maður sé um borð í þessum skipum, og þá á launum hjá útgerðinni að sjálfsögðu, ekki ríkinu. Það mundu flestir þiggja það því að þetta er geysilega verðmætt hráefni, en er nú verðlagt einkennilega lágt hér á Íslandi þegar það kemur hér á land. Og því miður hefur það verið svo að mismunandi verð hefur verið á kola, ekki eftir því hvort hann hefur verið góður eða vondur, heldur eftir því í hvaða veiðarfæri hann fékkst. Það er margt skrýtið í þessum efnum og rétt að benda hæstv. sjútvrh. á þetta ef hann veit það ekki. Auðvitað á að kaupa kolann við því verði, sem hann er réttilega metinn á, eftir gæðum, en ekki eftir því hvort hann er drepinn með einum sérstökum hætti fremur en öðrum. Það er mikið af þessum kola til og öðrum kola við landið. Og hingað til hefur því miður ekki verið nægilega mikil áhugi á að stunda dragnótaveiðar.

En þegar að þrengir þarf að leggja sig eftir fleiri tegundum sem geta gefið einhverja peninga, því ekki veitir okkur af. Við vitum það að fáum við ekki að veiða nema 200 þús. tonn af þorski, þá er það auðvitað skelfilegt ástand. Þorskafli minnkar um 50% frá því á síðasta ári. Á árinu 1981 veiddum við 470 þús. tonn, en 200 þús. á næsta ári. Það þýðir það að 60 fiskar af hverjum 100 eru horfnir. Það munar um minna. Og ekki bætum við það upp með landbúnaðarframleiðslunni sem er þeim mun dýrari sem framleitt er meira af henni. Því miður. (**EgJ:** Þú skalt nú ekki rugla þessu saman.) Það þarf að greiða með henni, búfræðingur góður, hv. þm. Egill Jónsson. (Gripið fram í.) Ég ræði þetta ekki hérna, ég nefni ekki þessa hluti í sama orðinu, það er ekki hægt að líkja því neitt saman.

Undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, sem hún lifir öll á, er nú illa á sig kominn og ekki von til þess að mínum dómi að það sé hægt að bæta kjör landsmanna mikið meðan þannig stendur á. Menn geta haldið um það miklar ræður, en þær eru einskis virði.

Herra forseti. Auðvitað væri það gott að fá tækifæri til þess að ræða þessa hluti og þá ekki einungis hér úr ræðustóli, það hefur yfirleitt lítið áunnist fyrir það að menn hafi haldið hér ræðu úr stólnum. Þetta eru verkefni, sem margir menn þurfa að leggjast á eitt um að leysa og þá ekki í þessum rifrildistóni eða skamma eða með óhæfilegri fullyrðingasemi, heldur einungis til þess að eiga kost á því að geta leyst þessi mál á sem bestan hátt. Ég vil, herra forseti, með leyfi lesa hér og gera þau orð að mínum, úr ræðu hæstv. sjútvrh. sem hann flutti á Akureyri, þar sem hann segir:

„Eitt er þó víst, að það eina rétta í þeim sporum sem við nú stöndum, er að leita allra leiða til að veiða þann fisk sem við teljum skynsamlegt að veiða með sem minnstum tilkostnaði og meðhöndla hann þannig að hæsta mögulegt verð fáist fyrir á markaði.“

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er hreyft mjög stóru máli og má segja sem svo, að það er ekki um stefnumörkun í því að ræða á annan veg en þann að leggja til að kosin verði sjö manna nefnd sem fái það hlutverk að leita eftir samráði við sjómenn, útvegsmenn og fiskvinnsluaðila. Einhverra hluta vegna hefur það nú fallið niður að taka þar með verkafólk í landi, sem hlýtur náttúrlega að vera einn af þeim hagsmunahópum sem verður að ræða við ef þessi mál eru tekin fyrir. (Gripið fram í.) Það má vera að það sé þannig hugsað hjá flm. að það falli undir það hugtak. Hins vegar er ekki rétt að deila um það.

En ég vil vekja athygli á þeirri sérstæðu stöðu sem þessar umr. eru í. Það er búið að dreifa til einhverra þm., e. t. v. allra, mér er ekki kunnugt um það, skýrslu sem merkt er trúnaðarmál. Það er skýrsla um hafrannsóknir, um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1983. Nú hefur það gerst að hér í ræðustól hefur flm. þessarar þáltill. tekið niðurstöðu úr skýrslunni og flutt hana inn á Alþingi á sama tíma og okkur hefur ekki verið gerð grein fyrir því af þeim sem afhenti þessa skýrslu hvort það að hún sé trúnaðarmál sé niður fellt eða hvort heimilt sé að ræða efni skýrslunnar. (**KJóh:** Ég var að fá skýrsluna núna. Heimildirnar voru úr Morgunblaðinu.)

Spurningin er ekki sú hvaðan hv. flm. hefur fengið heimildirnar, heldur hitt, hvort mér sem þm. sé heimilt að taka hér fyrir til umr. efni úr þessari skýrslu meðan hún er merkt sem trúnaðarmál. (**HÁ:** Þér er það heimilt.) Mér er það heimilt, segir sjútvrh. Það var vel að málfrelsi á þessu sviði er tekið upp.

Það kemur nefnilega í ljós að Hafrannsóknastofnun setur mjög stóra fyrirvara fyrir sínum tillöguflutningi. Þar er fyrst til að taka að þeir gagnrýna þá aðferð sem þeir sjálfir hafa notað á undanförnum árum, svokallaða VP-greiningu, og telja að einn aðalgalli hennar sé sá að hún geri engan greinarmun á því hvort um þorsk frá Grænlandi sé að ræða eða þorsk af Íslandsmiðum. Þeir setja þetta fram sem galla á þessari greiningaraðferð þegar stofnmat á þorskstofninum við landið er tekið fyrir. Þeir tala aftur á móti um að það séu fyrst og fremst tvær aðferðir sem mælt sé með að séu notaðar. Önnur aðferðin eru svokallaðar bergmálsmælingar, sem ekki eru viðhafðar hér á landi, og stofnmælingar með botnvörpu, sem mér skilst að hafi verið reyndar í fyrsta skipti á þessu ári.

Það vekur fyrst spurningu hvort það séu eðlileg vinnubrögð, þegar skipt er um vísindalega rannsóknaraðferð, að skipta yfir án þess að fyrri aðferðin sé notuð til samanburðar visst árabil í leit að misvísun milli þessara tveggja aðferða. Ég vil til gamans geta þess, að þegar ég var vestur á fjörðum núna um helgina, þá spurði ég skipstjóra hvað hann teldi um veiðimöguleika á þorski á Halamiðum. Hann svaraði því til: Við vitum ekki í dag hvernig ástandið er vegna þess að veður hefur verið þannig að menn hafa ekki getað athafnað sig að neinu gagni á þessum miðum. Þess vegna vekur það undrun mína og vildi ég gjarnan fá það upplýst, hvernig þeim sem tóku þessar stofnmælingar með botnvörpu gekk að athafna sig á þessum tíma, og hverjar voru þá veiðar íslenska togaraflotans sem var á veiðum á e. t. v. svipuðum slóðum.

Ég vil geta þess að í þessari skýrslu kemur það fram að á vetrarvertíð við Suðvesturland hafi göngur frá Grænlandi yfirleitt haft mjög mikil áhrif á það hversu vel veiddist. Þegar verið er að tala um 200 þús. tonn, þá er gengið út frá því að það komi ekki ein einasta branda frá Grænlandi. Nú veit ég ekki til að varnargarður hafi verið hlaðinn á milli landanna og vekur því undrun á hvaða forsendum þessu er slegið föstu. Jú, það kemur fram hjá þeim að þeir vilja fá að skoða það raunverulega á miðju ári, eftir vetrarvertíð, hvort þetta er rétt eða rangt, hvort það eigi að veiða meira eða minna.

En í skýrslunni kemur fram að hér við land var stofninn frá 1976 mikil uppistaða á seinustu vetrarvertíð. Það kemur einnig fram að árgangurinn frá 1977 er talinn mjög öflugur við Grænland og fiskifræðingar telja að annaðhvort komi hann á Íslandsmið á vertíðinni í vetur eða næsta vetur. Ég hygg þess vegna að það sé ákaflega hæpið að slíta úr samhengi umræðuna á þann veg sem fjölmiðlar hafa gert. Þeir hafa aðeins varpað fram hugmyndinni: 200 þús. tonn æskilegur afli, en ekki gert neina grein fyrir þeim fyrirvörum sem eru í skýrslunni. Og ég vil leyfa mér með leyfi forseta að lesa hér upp ákveðin atriði, þar sem beinlínis er minnst á þessa hluti á bls. 8. Annars má segja að þetta sé tekið mjög víða úr skýrslunni:

„Þær niðurstöður sem nú liggja fyrir um ástand stofnsins benda til þess að þessu markmiði verði ekki náð nema með því að takmarka þorskafla á næsta ári við um 200 þús. tonn.“ þ. e. markmiðinu að auka afrakstur þorskstofnsins í náinni framtíð. Svo kemur hér strax á eftir: „Það skal tekið fram að tölur um stærð hrygningarstofns og afla hrygningarfisks á vetrarvertíð suðvestanlands eru háðar göngum frá Grænlandi. Í þessum dæmum er ekki gert ráð fyrir neinum göngum þaðan. Hins vegar er vitað að við Vestur-Grænland er nú að verða kynþroska stór árgangur, sem e. t. v. mun leita að hluta til á Íslandsmið, jafnvel á næstu vetrarvertíð. Þetta er árgangurinn 1977. Sýndu seiðarannsóknir á sínum tíma að brot af klakinu hér við land það ár barst yfir til Grænlands. Með tilliti til þessa og niðurstaðna úr rannsóknarleiðangri stofnunarinnar í mars og apríl á næsta ári, svo og gangi veiðanna á næstu vetrarvertíð, mun Hafrannsóknastofnunin gera nýja úttekt á stofninum í vertíðarlok og taka tillöguna um aflahámark 1984 til endurskoðunar þá“, sem sagt á miðju ári.

Ég vil vissulega að við hlustum og virðum öll sjónarmið sem frá fiskifræðingum koma sem vísindalegar tillögur af þeirra hálfu. Hitt hlýtur að vera ákaflega vafasamt, hvort það sé réttlætanlegt að koma hér upp í ræðustól og halda því fram að við megum veiða 200 þús. tonn af þorski á næsta ári, skipta því svo jafnt á milli togara og báta og segja að afkastageta hvers togara, veiðigetan sé um 4 þús. tonn og ef við reiknum svo dæmið áfram, þá þýðir það að 25 togarar ættu að klára sig af því að veiða þessi 100. Ef við höldum svo áfram með kenninguna, þá blasir það við að við hljótum að spyrja: Er þá verið að leggja til að það eigi

að binda þessa 75 sem eru þá eftir? Og spurningin, ef við höldum áfram: Á hagnaðurinn af veiðileyfunum að vera nægilegur til að borga kostnaðinn af því að geyma þá bundna við bryggju? En þetta er út af fyrir sig ekki það sem hlýtur að vera hin eðlilega umfjöllun um þessa hluti.

Ég tel að í allri umr. um fiskveiðar á Íslandi hljótum við að horfa á það mjög ákveðið, hvort aflinn berst á land svo jafnt yfir alla mánuði ársins að verkafólk í landi geti unnið aflann eðlilega og atvinnuöryggi þess sé tryggt. Það verður því eins gert, ef menn hugleiða að setja upp einhvern vísi að kvótakerfi, að slíkt sé bundið við ákveðin byggðarlög, aflamagnið sé bundið við ákveðið byggðarlag, að þessi staður eigi rétt til hafsins hringinn í kringum landið til að fá ákveðið magn af þessum fiski á land til vinnslu. Allar hugmyndir um að hægt sé eftir öðrum leiðum að tryggja atvinnuöryggi í landinu, eigi að taka upp kvótakerfi, fá ekki staðist að mínu viti.

Ég er enginn sérstakur stuðningsmaður þess, að kvótakerfi leysi vanda okkar á sviði sjávarútvegs. Mér sýnist aftur á móti að gera þurfi mjög mikið átak til að bæta gæði þess afla sem kemur á land. Og mér er til efs að það verði gert nema því eins að með veiðileyfum sé hægt að stíga það örlagaskref að svipta menn rétti til veiða dálítinn tíma, ef þeir gerast brotlegir, margbrotlegir á því sviði að koma með óhæfan fisk að landi. Og það verður að segjast eins og er, að því eins er einhver vitræn stjórn á veiðum hér við land að við náum því markmiði, sem óneitanlega var höfuðtilgangurinn með því að auka togaraflota landsmanna, að atvinnuöryggi fólksins í landi, sem vinnur í þessari grein, sé hliðstætt og hjá öðrum þegnum þessa lands.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa undrun minni á því að þessi þáltill., sem felur í sér skipun nefndar til að kanna rækilega nýstárlegar hugmyndir um veiðileyfastjórn, skuli ekki fá betri undirtektir hér á hv. Alþingi en raun ber vitni. Það var orðið meira en lítið tímabært að málefni sjávarútvegsins yrðu rædd hér í alvöru. Að því var vikið hér í umr. í gær, að hin kolsvarta skýrsla fiskifræðinga hefur vakið ugg í þessu þjóðfélagi. Menn geta haft sínar skoðanir á henni, en um það er ekki deilt, að ef niðurstöður fiskifræðinga eru þetta alvarlegar og ef niðurstöður pólitískra ákvarðana væru þær að eftir þeim væri farið, þá gerbreytir það öllu því sem hefur verið til umr. á hv. Alþingi, — öllu sem varðar þjóðhagsáætlun, spá manna fram í tímann um þjóðarframleiðslu, þjóðartekjur, afkomu þjóðarbúsins, um þróun launa, kaupmátt launa, um afkomu atvinnuvega o. s. frv. Allar þær áætlanir sem hér liggja fyrir, hvort sem þær heita fjárlög eða þjóðhagsáætlun, eru hreint og klárt út í bláinn, krefjast algerlega uppstokkunar og endurskoðunar, ef niðurstaða stjórnmálamanna og stjórnvalda væri sú að fara bæri eftir hinum svartsýnu niðurstöðum fiskifræðinga um hámark veiða á næsta ári úr þorskstofninum. Við slíkar kringumstæður skyldi maður ætla að alþm. þeir sem sérstakan áhuga hafa, reynslu af eða þekkingu á málefnum sjávarútvegsins væru reiðubúnir að ræða það sem ég segi nýstárlegar hugmyndir um stjórnun fiskveiða.

Víst var athyglisvert að heyra hæstv. sjútvrh. reifa, að vísu býsna óljóst, sínar hugmyndir. Það er þakkarvert að fá að heyra frá honum eitthvað um hvernig hann a. m. k. hugsar um málin, þó að hann tæki það skilmerkilega fram að því færi fjarri að hann væri kominn að ákveðnum niðurstöðum.

Það er út af fyrir sig fróðlegt að heyra hans hugmyndir að því er varðar togaraflotann. Hann virðist vera fylgjandi kvótakerfi. Það er ekki ljóst hvort hann er fylgjandi kvóta á skip, veiðistað eða hvað, en hann vill að útgerðaraðilum verði gefinn fleiri en einn kostur. Jú, jú, það kann vel að vera skynsamlegt.

Flm. þessarar till., og það skal tekið fram að hún hefur verið flutt áður, gera sér ekki neinar gyllivonir um að hæstv. sjútvrh. eða ráðgjafar hans komist að niðurstöðum um róttækar breytingar á fiskveiðistjórn og fiskveiðistefnu nú fyrir áramót. Það hefði hins vegar kannske verið hægt að gera sér vonir um það ef þessi till. hefði verið tekin til viti borinnar umr. í alvöru fyrr, þannig að nefndin hefði verið skipuð og menn hefðu fjallað um þetta út frá sjálfskaparvítum og hörmulegri reynslu fyrri ára. Þá værum við kannske komnir nær þeim áfanga að geta lagt niðurstöður slíkrar úttektar til grundvallar þegar við vildum móta fiskveiðistefnu, taka ákvarðanir um aðferðir við fiskveiðistjórnun á næsta ári.

Það er laukrétt, sem fram hefur komið, að það hefur enga þýðingu að ræða hér fortíðarsyndir sem slíkar. En hitt er jafnrétt, að partur af þessum ferli er að meta mistökin sem við höfum gert, læra af þeim mistökum og leggja lærdómana af þeim mistökum til grundvallar við mótun stefnu fram í tímann, þannig að þetta verður óaðskiljanlegt. Mig langar til að vekja athygli hv. þm. á því, að mistökin í fortíðinni eiga kannske verulegan þátt í því hvernig fyrir okkur er komið. Má ég rifja það upp, að því fer víðs fjarri að niðurstöður fiskifræðinga hafi áður verið teknar alvarlega. Mig langar til þess að renna nokkrum stoðum undir það og nefna nokkrar tölur um það.

Samkv. upplýsingum Hafrannsóknastofnunar í árlegum skýrslum hennar á undanförnum árum hefur aldrei verið farið eftir þeim hámörkum sem fiskifræðingar mæltu með að því er varðar veiðar á þorski. Ég nefni sem dæmi, að árið 1978 var það hámark sem fiskifræðingar mæltu með að yrði tekið úr stofninum 270 þús. tonn. Aflinn reyndist hins vegar vera 320 þús. tonn. Munurinn var 50 þús. tonn. Á árinu 1979 mæltu fiskifræðingar með því að ekki yrðu veidd meira en 250 þús. tonn. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að aflinn varð 360 þús. tonn. Munurinn var 110 þús. tonn, rúmlega helmingur af því sem talið er áhættulaust að við veiðum á næsta ári. Á árinu 1980 töldu fiskifræðingar óráðlegt að veidd yrðu meira en 300 þús. tonn. Aflinn reyndist vera 428 þús. tonn. Það voru veidd 128 þús. tonn umfram það sem fiskifræðingar mæltu með. Á árinu 1981 voru veidd 61 þús. tonn umfram það sem fiskifræðingar mæltu með. Á árinu 1982, þriðja mesta aflaári Íslandssögunnar þrátt fyrir allt, voru veidd 70 þús. tonn umfram það sem fiskifræðingar mæltu með. Á þessum fimm árum var sá afli sem barst á land af þorski á milli 400 og 500 þús. tonn umfram það sem fiskifræðingar töldu að skynsamlegt væri að hámarki að veiða úr stofninum.

Nú ætla ég alls ekki að halda því fram að fiskifræðingar séu óskeikulir, fjarri fer því. Þvert á móti sýnist margt benda til þess að þeirra þekking sé í molum eins

og flestra annarra. Sérstaklega virðist alveg augljóst að þeir hafi gert sig seka um allt of mikla bjartsýni. Mér finnst a. m. k. athyglisvert, að á árunum 1981 og 1982 hækka þeir mjög það aflamagn sem þeir telja óhætt að taka úr stofninum og byggja það greinilega á mjög ótraustum forsendum. Ég endurtek: Það er engin ástæða til að ætla út af fyrir sig að þeir séu óskeikulir, en er það hins vegar ekki svo, að sú staðreynd að við höfum á undanförnum árum talið okkur óhætt að skella skollaeyrunum við því sem þeir hafa þó mælt með, sú staðreynd að við höfum leyft okkur að taka miklu meiri afla úr þessum fiskistofnum en þeir þó treystu sér til þess að mæla með, er í og með partur af þeirri hörmulegu niðurstöðu sem við stöndum frammi fyrir nú?

Ég geri ekki ráð fyrir að hér inni sé einn né neinn sem geti sagt eitthvað óyggjandi um hver sé hlutur ofveiði undangenginna ára í þessari niðurstöðu og hver sé hlutur breytilegra lífsskilyrða í sjónum, meiri sjávarkulda o. s. frv. En ég leyfi mér t. d. að minna á, að sérfróður maður í þessum efnum, Björn Dagbjartsson, fyrrv. aðstoðarmaður sjútvrh. og núv. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., sem tók hér sæti í upphafi þings um tveggja vikna skeið og hefur mikið um þessi mál fjallað, hefur haldið því skilmerkilega fram í skrifum sínum um fiskveiðistefnu að minnkandi afrakstur fiskistofna ætti rætur að rekja til óskynsamlegrar ofveiði á undanförnum árum.

Hann vakti athygli á því t. d., að á árinu 1980, þegar í fyrsta lagi var mælt með því að strangar hömlur yrðu settar á stækkun togaraflotans umfram það sem þá var orðið, en þá voru togararnir þegar orðnir tæplega 90 talsins, var enn haldið áfram að fjölga togurum og hefur verið haldið áfram til dagsins í dag, þannig að afkastageta flotans hefur stóraukist og stóraukist langt umfram fjölgun skipanna sjálfra.

Í öðru lagi hefur hann rifjað upp, að jafnframt því sem skipastólinn hefur verið stækkaður verulega var það fyrsta verk fyrrv. sjútvrh., þrátt fyrir allar viðvaranir fiskifræðinga, að breyta í grundvallaratriðum þeirri fiskveiðipólitík sem þá hafði verið mótuð. Fyrsta verk hans var að slaka á veiðitakmörkunum. Fiskveiðistefnan, sem mótuð hafði verið fyrir árið 1980, byggðist á ákveðnum fyrirvörum um að stytta vertíð, eins og hæstv. sjútvrh. telur nú mjög æskilegt, ef það kæmi á daginn að aflinn tekinn yfir vetrarvertíð 1980 færi verulega umfram það sem mælt hafði verið með. Enn fremur að auka við skrapdaga togaraflotans, ef það kæmi á daginn upp úr maí að togaraflotinn sækti mun meiri afla en mælt hafði verið með. Ekkert af þessu var gert með þeim afleiðingum að strax á árinu 1980 var tekinn miklu meiri afli, fjórðungi meiri afli og rúmlega það, milli fjórðungi og þriðjungi meiri afli en fiskifræðingar mæltu með. Og þessari stefnu hefur verið haldið áfram. Allt hefur verið gert í senn, að ásóknin á takmarkaða fiskistofna hefur verið aukin, fjárfestingin hefur verið aukin, skipum fjölgað, afkastagetan aukin og slakað á þeim takmörkunum sem þó var byrjað að koma á.

Þannig er alveg ljóst að ráðgjöf fiskifræðinga á þessum tíma hefur nánast verið einskis metin. Og það getur enginn fullyrt að það sé ekki einmitt önnur meginástæðan fyrir því að nú er svo komið að við erum með lífið í lúkunum um það, hvort ekki sé um alvarlegan brest að ræða að því er varðar hrygningarstofninn sjálfan. Og ef menn segja: „Það þýðir ekkert að vera að fást um framtíðina", þá er það rangt að því leyti að þessar ákvarðanir eiga sinn stóra þátt í því hvernig komið er. Spurningin er þessi: Ætla menn að læra eitthvað af þessu? Lærdómurinn er ekki sá, að menn eigi allir að taka trú á óyggjandi fræði fiskifræðinga. En menn eiga a. m. k. að læra það af reynslunni að óvarlegt er ár eftir ár eftir ár að halda áfram á þeirri braut sem gert var á undanförnum árum.

Ég held að þjóð eins og við, sem lifir á fiskveiðum, sem hefur fyrir fáum árum fengið ein umráðarétt yfir þeirri takmörkuðu auðlind sem hún byggir afkomu sína á, en hefur ekki tekist betur til en svo að nánast hefur tekist að murka lífið úr einum síldarstofni, valda hruni loðnustofns og er nú dregin til ábyrgðar fyrir að vera völd að því að hafa keyrt með ofveiði m. a. þorskstofninn niður í slík mörk sem hér er um að ræða, — við verðum að taka þessi mál mjög alvarlega og hlusta opnum huga á allar tillögur og allar hugmyndir sem fram eru lagðar um breytingar á stjórnunaraðferðum í fiskveiðum okkar. Ágreiningurinn er ekki um að við skulum reka fiskveiðistefnu. Ágreiningurinn er ekki um það að halda beri uppi stjórn í fiskveiðum. Spurningin er um það, hvaða aðferðir skili mestum árangri. Ég leyfi mér t. d. að efast um að hv. þm. Garðar Sigurðsson hafi haft fyrir því, áður en hann kom upp í stólinn áðan, að lesa grg. sem fylgdi þessari þáltill. Ég tel þess vegna óhjákvæmilegt, með leyfi forseta, að ákveðinn kafli hennar, sem skýrir grunnhugmyndina í veiðileyfastýringu, komist hér til skila til hv. þm. sem mega ekki vera að því að lesa þskj.

Í grg. með málinu er vitnað til erindis dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, sem hann flutti á ráðstefnu Stjórnunarfélags Íslands í desembermánuði 1982, en dr. Gylfi er m. a. einn þeirra sem kenna fiskveiðihagfræði við viðskiptadeild Háskóla Íslands. Tilvitnunin er þessi, með leyfi forseta:

„Ef verðbólga og óhagkvæm fjárfesting eru aðalsök þess, að hagvöxtur á Íslandi hefur nú stöðvast, hlýtur meginviðfangsefni hagstjórnar á næsta ári og hinum næstu að verða það að draga úr verðbólgu, bæta hagkvæmni fjárfestingar og þá um leið að auka þjóðarframleiðslu. Ég er þeirrar skoðunar, að eitt brýnasta verkefni á þessu sviði sé að breyta þeirri stefnu, sem fylgt er við stjórnun fiskveiða. Rétturinn til fiskveiða er nú skammtaður. En hann er ókeypis. Hér er nú í raun og veru beitt nákvæmlega sömu aðferðum og á haftatímum í utanríkisviðskiptum, þegar innflutningur var takmarkaður með leyfum, en þeim úthlutað ókeypis. Til skamms tíma mátti telja flesta fiskstofna í hafinu óþrjótandi auðlind. Þeir minnkuðu ekki vegna veiða. Þá var veiði eins skips ekki á kostnað neins annars skips. Þá mátti með réttu segja, að enginn ætti að greiða neitt fyrir fiskinn, sem veiddur væri. Slíkt hefur átt sér stað við landnám nýrra landa, hagnýtingu skóga, fund nýrra náma. Að vissu marki hefur hagnýtingin getað verið ókeypis, af því að hún skerti ekki hagsmuni neins annars, rýrði auðlindina ekki. En vitum við ekki öll, að þetta á ekki lengur við um fjölda fiskstofna í sjónum. Af hverju skyldum við annars takmarka sókn í þá? Er það ekki einmitt af því, að öllum er ljóst að sókn umfram visst mark skerðir auðlind í sjónum, að þá tekur einn frá öðrum? En á einn að fá að hagnýta verðmæti, sem

annar gæti hagnýtt, án þess að greiða fyrir það? Ekki gildir sú regla á öðrum sviðum efnahagslífsins. Allir, sem hagnýta verðmæti, verða að greiða fyrir það. Munurinn er aðeins sá, að þau verðmæti, sem hagnýtt eru í öðrum atvinnugreinum, eru í eigu einhvers annars, sem þá auðvitað krefst greiðslu fyrir það. En í sjávarútveginum er verðmætið, sem er hagnýtt, sameign þjóðarheildarinnar, en á það þess vegna að vera ókeypis? Vitum við ekki öll, að allir fara betur með þau gæði, sem menn greiða fyrir, en hin, sem menn fá ókeypis?"

Þessi tilvitnun ætti að nægja til að sýna að hér er verið að reifa nýstárlega hugmynd við nýstárlegar kringumstæður. Frá alda öðli höfum við nýtt okkar meginauðlindir, gróðurmoldina og fiskimiðin, eins og um ótakmarkaðar auðlindir væri að ræða. Það er gerbylting í *þessum atvinnuvegum, gerbylting í lifnaðarháttum* okkar þjóðar þegar aðstæður breytast með þeim hætti að hér er ekki lengur um ótakmarkaðar auðlindir að ræða. Og þegar vandamálin eru orðin eins alvarleg og þau eru að mati sérfróðra manna, sem við höfum í okkar þjónustu til að ráðleggja okkur um það, ber okkur að leggja við hlustir og hugsa málin upp á nýtt, vera reiðubúnir að meta allar nýjar hugmyndir um hvernig við getum forðast þann þjóðarvoða sem það vissulega yrði ef við látum fordóma, venjulega tregðu, íhaldssemi, verða til þess að við höldum áfram leiðina til glötunar, sem væri í því fólgin að halda áfram offjárfestingu, ofveiði og lélegri nýtingu á þessari takmörkuðu auðlind okkar.

Það er ástæða til að vekja athygli á því um þessa nýstárlegu hugmynd, að hér er ekki endilega um að ræða skatt á útgerðina. Menn geta verið svartsýnir á það, hverjir það eru sem geti greitt veiðileyfin, ef farið væri út í þá aðferð. Tilgangurinn með þeirri aðferð er auðvitað sá að laga afkastagetu flotans að afkastagetu fiskistofna. Þessi aðferð væri fyrst og fremst í hag þeim sem náð hafa góðum árangri í greininni. Á góðum útgerðarstöðum, sem liggja vel við fiskimiðum, þar sem eru gróin fyrirtæki, þar sem aflaklærnar hafa sannað getu sína, þar sem fyrirtæki eru vel rekin, eru þau fyrirtæki fyrst og fremst sem yrðu best í stakk búin til að greiða þessi veiðileyfi og hefðu þá forgang til að bera þann afla, sem leyfilegt er að veiða, á land með sem minnstum tilkostnaði.

En meginvandinn sem við er að fást er sá, að útgerðarkostnaður á Íslandi er allt of mikill. Ef það er staðreynd að togararnir eru t. d. 40 of margir að sækja afla sem er takmarkaður og fer jafnvel minnkandi, þá er málið þannig, að útgerðarkostnaður er allt of mikill. Hann hefur síðan keðjuverkandi áhrif um allt hagkerfið, vegna þess að of hár útgerðarkostnaður þýðir að við verðum að halda uppi hærra fiskverði en ella hefði verið. Hærra fiskverð kallar óhjákvæmilega á tíðari gengisfellingar, meira hrun á gjaldmiðlinum og af því leiðir stjórnlausa óðaverðbólgu, sem við höfum búið við nógu lengi.

Hér er um að ræða slíkt grundvallaratriði að það ber að kanna allar leiðir til að koma í veg fyrir að verðbólguhringekjan, sem var að kollvarpa íslensku efnahagslegu sjálfstæði á liðnum 12 árum, endurtaki sig. Núv. ríkisstj. og núverandi stjórnarflokkar eiga mikið í húfi að það verði gert, vegna þess að það er alveg ljóst að sú stefna sem þeir hafa boðað, þau meginmarkmið sem þeir hafa sett sér, um að ná tökum á óðaverðbólgu, um það að keyra hana niður, um það að ná á ný einhverju jafnvægi í íslenskum þjóðarbúskap, eru vissulega gersamlega fyrirfram vonlaus, þau fjúka út í veður og vind ef þessi vandamál eru ekki leyst, vegna þess að undirrót þessarar óðaverðbólgu er, eins og allir vita þó að sumir þráist við að viðurkenna það, af pólitískum ástæðum. Það er fyrst og fremst hóflaus, stjórnlaus, skynsemdarlaus offjárfesting, — ekki bara í sjávarútvegi, vissulega ekki, heldur líka í landbúnaði, líka í verslun, líka í margvíslegri opinberri þjónustu.

En þetta þarf ekki að vera skattur á útgerðina einfaldlega vegna þess að því gjaldi sem þarna yrði tekið má beina öllu saman í þágu útgerðarinnar sjálfrar, láta það raunverulega vera innan þeirrar greinar, líta á *það sem hlut af fjármögnun þessarar atvinnugreinar í* heild sinni. Það gæti m. ö. o. orðið til þess að koma allri afkomu greinarinnar, þeim hluta hennar sem raunverulega hefur forsendur til að bera sig, á réttan kjöl.

Mig langar undir lokin að beina spurningu til hæstv. sjútvrh. í framhaldi af þeim orðum sem hann viðhafði áðan um það vandamál sem hann stendur frammi fyrir, sem er mótun fiskveiðistefnu við gerbreyttar aðstæður á næsta ári. Hæstv. ráðh. hefur lýst sínum hugmyndum. Hann er að velta fyrir sér kvótakerfi í einni eða annarri mynd. Hann viðurkennir að svo geti farið líka að leggja þurfi skipum í allnokkrum mæli og aðstoða útgerðaraðila þess vegna. Ég held að þetta sé hvort tveggja raunsætt. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, að ef hæstv. ráðh. ætlar ekki að taka þá áhættu, eins og forveri hans gerði hvað eftir annað, að sópa sjónarmiðum fiskifræðinga út í hafsauga og taka áhættu með fjöregg þjóðarinnar, sem hann reyndist ekki vera borgunarmaður fyrir, taka þá áhættu að veiða miklu meiri afla en hér er mælt með, þá stendur hann frammi fyrir því að hann verður trúlega að gera hvort tveggja: Taka upp einhvers konar kvótakerfi og um leið gefa mönnum kost á því að greiða fyrir því að skipum verði lagt. Auðvitað er þetta meiri háttar vandamál. Auðvitað er nauðsynlegt, þegar menn standa frammi fyrir slíku vandamáli, að skapist sem mest pólitísk samstaða um málið. Ég þykist þess alveg fullviss að hæstv. sjútvrh. veiti ekkert af öllum þeim pólitíska stuðningi sem hann á annað borð á kost á til að ráða fram úr slíkum vandamálum. Það er enginn vafi á því að þær ákvarðanir sem hann stendur frammi fyrir að verða að taka eru ekki pólitískt vinsælar. Þær koma við mjög sterka hagsmuni. En þær eru óhjákvæmilegar. Og það breytir engu að staðreyndin er sú, að þetta eru þau vandamál sem hann tók í arf frá þeim manni sem var forveri hans og leiðir nú þá ríkisstj. sem hæstv. ráðh. situr í.

En einmitt við þessar aðstæður hef ég talið mjög æskilegt að hæstv. ráðh. tæki betur máli eins og þessu. Ég vildi gjarnan heyra hvort hann er fyrir sitt leyti reiðubúinn að styðja það að skipuð verði vinnunefnd til að fara ofan í saumana á þessum málum, til að skapa forsendur fyrir því að innan ekki of langs tíma verði allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi þvingaðir til þess með þátttöku í slíku starfi að taka afstöðu til erfiðra ákvarðana sem taka verður. Það þýðir ekki að gera það með því að slá þeim á frest. Ég hef ekki trú á að þessi vandamál verði leyst með því móti að þeir sérfræðingar sem starfa í rn. eða ráðh. hefur í sinni þjónustu, hafi til

þess aðstöðu, kjark eða forsendur að taka þessar ákvarðanir einir sér. Ég tel að þetta mál sé þess eðlis að það sé æskilegt að það sé settur upp starfhæfur hópur sérfróðra manna og fulltrúa hagsmunaaðilanna sjálfra, útgerðarmanna, sjómanna, fiskvinnslu og starfsfólks í fiskiðnaði, til að setjast að þessu vandamáli. Við höfum engan tíma að missa. Við megum ekki slá neinu á frest. Og þm. eiga sannarlega ekki að gera lítið úr því að nú þurfum við á nýstárlegum hugmyndum að halda vegna þess að vandamálin framundan eru ný af nálinni.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir margt af því sem hér hefur komið fram, en ég er ekki sammála því öllu. Ég er heldur ekki sammála því, að þessi till. hafi ekki fengið æskilega umfjöllun. Hún hefur fengið það og hún hefur fengið meiri og betri umfjöllun en margar aðrar till., sem hér hafa verið til meðferðar, og er það vel.

Ég er ekki þar með að segja að þessi till. sé góð, það er langt frá því. Ég er heldur ekkert að dæma um það, hvort hún er góð eða slæm. En hún er góð að því leyti til, að hún er kveikjan hér að umr. um mikið mál sem virkilega er þörf á að ræða í þessu ágæta húsi. En því miður fer drjúgur tími þm. í að ræða aðra hluti, sem í mínum huga eru allmiklu léttvægari en þetta mál, sem hér er á dagskrá þennan seinni part dags.

Það er rétt, eins og kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Jóni Baldvin Hannibalssyni, að það er ansi margt sem mun ske ef sú áætlun sem nú liggur fyrir frá fiskifræðingum, þessi nýja spá um 200 þús. tonna afla, verður að veruleika. Ég er hræddur um að menn þurfi að horfa á þjóðhagsáætlun og miklu fleiri þætti ef svo verður.

Ég vil ræða hér á þessum ágæta stað um nýstárlegar leiðir til bættrar stjórnunar á fiskveiðum. Það stendur ekki á mér að ræða þær. Ég vil þess vegna að menn eyði drjúgum tíma til þeirra hluta. En mig langar til að spyrja hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson líka að því, þegar hann fullyrðir hér úr þessum ræðustól að togararnir séu 45 of margir. Er hann alveg viss um að þeir séu ekki 43 eða 44 of margir eða 46? Ég meina, hvaðan er talan 45 komin? (**JBH:** Ég sagði: ef þeir væru 40 of margir.) Það er einmitt þetta sem fer svolítið í taugarnar á mér. Eins og kom fram hér í ágætri ræðu hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni áðan, þá held ég að við eigum ekki að fullyrða mikið um þessa hluti. Ég held að við eigum að gefa okkur tíma til að ræða þá, skoða þá og reyna að komast að sameiginlegri og haldbærri niðurstöðu í málinu. (**JBH:** Þess vegna hv. þm., fullyrti ég ekki um það.) Menn tala hér um ýmsa þætti, um stjórnun veiða og menn tala hér mikið um kvótaskiptingu. Hún getur að mínu áliti fyllilega átt rétt á sér eins og ástandið er í dag. En hvers konar kvótaskiptingu eru menn þá að tala um? Eru menn að tala um það að kvótinn verði jafn á skip? (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei.) Nei, það veit ég að menn eru ekki að tala um. Eru menn að tala um svæðaskiptingu á kvóta? Eru menn jafnvel að tala um að við skiptum landinu upp og höfum ákveðna svæðaskiptingu á kvóta, miðað við það hvað ákveðin svæði hafa dregið mikið af þessum góðfiski sem við erum að tala um, þorskinum, fram að þessu? Ég gæti trúað að það stæði í hv. ræðumönnum hér að svara því. Eiga þeir sem hafa sótt í karfann í stórum stíl og aðra stofna en þorskstofna að fá stóraukið þorskmagn með kvótaskiptingu miðað við hina? (**JBH:** Eigum við ekki að skipa nefnd til að svara þessum spurningum?) Ég held að þeir menn sem standa að till. hefðu haft gott af því að vera búnir að veita þessu fyrir sér aðeins áður en þeir settu hana fram. Svo megum við heldur ekki gleyma því í sambandi við stjórn veiða að við verðum líka að tala um aðrar fisktegundir en þorsk. Við erum að því og við skulum taka mið af því þegar við erum að tala um stjórnun veiða.

Ég vil einnig spyrja um vertíðina, vetrarvertíðina. Ég er einn af þeim sem hafa talað allhávært um það að mér finnst verulega tímabært að við skoðum það mál, hvernig við höfum staðið að vertíðinni og veltum fyrir okkur þeirri spurningu að bátarnir eigi að hafa helminginn af aflanum og hann er tekinn á tiltölulega mjög stuttum tíma. Ég held að menn hafi aldrei áttað sig á því, eins og kom hér fram áðan, að við eigum orðið um 758 þús. ferkílómetra að landinu. Og spurningin er sú: Liggur okkur svo mjög á að drepa þennan fisk á svo ákaflega skömmum tíma eins og gerist í dag? Þá er ég að tala um vertíðina. Eigum við ekki aðeins að hugleiða þann möguleika að gefa fiskinum aðeins meira næði til að fá að ljúka sér af að hrygna og taka hann svo á eftir?

Ég kalla það nánast furðulegt að ég skuli hafa sloppið með að segja þetta án þess að einhver gripi fram í og segði: Þetta er Norðlendingunum líkt, sem hugsa ekki um annað en að drepa smáfisk. Þannig hafa viðkvæðin verið. (**Gripið fram í:** Við erum ekki í hreppapólitík hér.) Nei, það væri betur. Ég held að við eigum ekki að fara í hreppapólitík, málið er miklu stærra en það. En ég vil að menn skoði þetta í fullri alvöru í sambandi við vertíðina. Ég vil einnig taka undir það að það er vitaskuld hrein fásinna að bátar eða togarar liggi í smáfiski, það er alveg fráleitt í mínum huga. Og reyndar hefur margt verið gert til að sporna við slíku. Ég bendi á skyndilokanir veiðisvæða sem eru mjög virk stjórnun, ég minni á stækkun möskva, og ég minni á að heilu hafsvæðin úti fyrir Norðurlandi eru lokuð. En hvar eru mörkin dregin hér fyrir sunnan ef við tölum um það?

Ég vildi einnig spyrja: Þegar menn tala um kvótaskiptinguna eru menn þá að tala um að setja kvótaskiptinguna á bátana líka? Ég hefði gaman af að heyra það. Yrði þá þessum 100 þús. tonnum skipt jafnt upp á milli allra báta á Íslandi? Ég er hræddur um að þá heyrðist hljóð úr horni. Og ég er hræddur um að menn hafi ætlast til annars.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara mjög ítarlega yfir þetta. Sem betur fer sýnist mér allt benda til þess að hér muni verða á næstu dögum miklar umr. um þessi mál. Þess vegna skal ég ekki eyða mjög löngum tíma nú. Ég hefði haft gaman af að fjalla hér ítarlega um þessi mál.

Hér hefur verið minnst á gæðamálin. Það hefur orðið bylting í meðferð fisks. Og hvar þá fyrst og fremst? Fyrst og fremst í togurunum. Mér blöskrar að sjá hvernig gengið er um t. d. bátafiskinn í dag. Við þurfum ekki annað en að fara hérna suður með sjó og horfa á hvernig löndunin gengur fyrir sér, við þurfum ekki að horfa á annað. En vitaskuld má gera miklu betur.

Menn tala um úthald togaranna. Það er sjálfsagt að skoða það mál. En að tala um úthald togaranna eins og menn tala hér þegar menn segja: Það á að skipta úthaldstíma skipanna — það er raunverulega ekki kjarni málsins, og það er ekkert sniðugt ef það stæði

einhvers staðar. Það sem á að gera er að það á ekki að koma með nema þetta gamlan fisk að landi. Og það er ekki það sama. Ég vona að menn átti sig á því. Það sem á að beita í enn ríkari mæli en gert hefur verið er dagmerking þess fisks sem veiddur er og kemur um borð í veiðiskipin. Það á að beita henni og fylgja því frekar eftir en gert hefur verið og sjá til þess að það sé gert, því það er það sem skiptir máli, hvað fiskurinn er gamall þegar hann kemur að landi.

Ef við tölum um skip sem fer út frá, ja við skulum segja Vestmannaeyjum og fer vestur eða norður fyrir land, þá erum við ekkert að tala um sama tíma þar eða hjá skipi sem gert er út frá Norðurlandi. Þess vegna er það dagmerkingin sem gildir, hvað fiskurinn er gamall þegar hann kemur að landi en ekki úthaldstími skipsins.

Í sambandi við álit fiskifræðinganna ætla ég ekki að setja mig í dómarasæti, en ég hefði haft gaman af því að fá svar fiskifræðinga við einni spurningu. Er það staðreynd að fiskurinn sem veiddist jafnmikið af og raun bar vitni við Færeyjar nú í ár, er það staðreynd að það hafi verið Íslandsþorskurinn sem þar var veiddur? Hvernig má það vera að menn séu að velta þessu fyrir sér? Hvernig má það vera að um þetta liggi ekki fyrir óyggjandi upplýsingar? Þetta er eitt meginmálið í mínum huga. Eru það lífsskilyrðin í sjónum sem hafa orðið þess valdandi að fiskurinn hefur leitað frá Íslandi og þá jafnvel til Færeyja? Færeyingar hafa sótt og fengið mikinn afla nú eins og við vitum. Og við vitum að það er margt annað sem hefur verið að gerast í hafinu fyrir Vestur- og Norðurlandi. Við vitum að þar hefur verið undanfarið mjög mikið um veiðar á rækju t. d. Af hverju er svo mikið af rækju nú á þessu hafsvæði? Er það vegna lífsskilyrðanna í sjónum? Er rækja svona mikil einmitt þarna nú vegna þess að þorskurinn hefur farið eitthvað annað?

Mér finnst það raunverulega furðulegt að þetta skuli ekki liggja ljóst fyrir. Var þetta Íslandsþorskurinn, sem Færeyingar voru að veiða, eða ekki? (**Gripið fram í:** Þeir segja það.) Þeir segja það. En hvað segja okkar menn? Við áttum ekkert að þurfa að spyrja. Við áttum ekkert að þurfa að spyrja Færeyinga. Vegalengdin er ekki slík á milli að það var engin vorkunn að fá úr þessu skorið. Við gátum sent okkar menn til að fylgjast með því og fá það sanna og rétta fram í þessu máli. (**Gripið fram í:** Við hefðum átt að senda þeim fiskinn á Skúlagötuna.)

Ég skal fara að láta máli mínu lokið. Ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á það sem hér kemur fram í tali flm. þessarar till., þ. e. offjárfestingu í sjávarútvegi, að fjárfestingin í sjávarútvegi skili ekki þeim afrakstri sem til hafi verið ætlast. Þetta fer í taugarnar á mér og hefur gert lengi. Menn gleyma því að sjávarútvegurinn stendur undir öllu sem er að gerast hér í okkar ágæta landi, hann stendur undir öllu. En hvað er að gerast? Það sem er að gerast í þessum efnum er það, að allir aðrir en þeir sem afla til þessarar köku hafa hrifsað úr henni sinn bita áður en þeir hafa fengið sinn sem til hennar hafa aflað. Þetta er kjarni málsins. Því er svo komið fyrir íslenskum sjávarútvegi í dag sem raun ber vitni að það eru allir aðrir sem hafa hrifsað af kökunni áður en þeir sem til hennar hafa aflað hafa fengið sitt.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson, fyrrv. sjútvrh., talar mjög gjarnan um það og vill kenna fyrrv. sjútvrh. Steingrími Hermannssyni um allt sem miður hefur farið í þessum efnum, og þá fyrst og fremst um innflutning allra togaranna. Það er nú svo að frá árinu 1970 hafa **Alþfl.-menn, Alþb.-menn, sjálfstæðismenn** og framsóknarmenn átt sjútvrh., mislengi sem betur fer. Ef við tökum saman í dögum valdatíma þessara ágætu manna, hvað þeir hafa setið lengi við völd hver þessara flokka og hvað þeir hafa flutt inn mörg skip pr. dag, hvað kemur í ljós? Þeir sem hafa flutt inn flest skipin eru **Lúðvík eða Alþb., þeir sem eru næstir Alþfl., þeir þriðju** eru Sjálfstfl., þeir sem hafa flutt inn fæst skipin eru **ráðherrar Framsfl.** Nú er ég ekki að segja með þessu að þetta sé illt verk að flytja inn skip, alls ekki. Ég vil helst ekki hlusta á það að það sé illt og óþarft verk að hafa flutt inn fiskiskip til Íslands. Þess vegna segi ég það að Jón Baldvin hefur engin rök í því þegar hann segir að togaraflotinn sé 40 skipum of stór. Það eru engin rök. Þessir sömu menn eru að kveina yfir því að atvinnuleysi sé víða í dag og það sé verið að leggja skipum. Og maður skilur alveg hvað býr undir. En málflutningurinn gengur ekki upp. Þetta er áróðursbragð sem menn eiga ekki að vera að nota þegar við erum að fjalla um þessa undirstöðuatvinnugrein okkar Íslendinga. Ég fagna því að sjútvrh. er á réttri leið að leita skynsamlegra leiða til að nýta þann skipastól sem við Íslendingar eigum og það sem við drögum úr hafinu. Það er kjarni málsins í mínum huga.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég ætla að byrja á að þakka þann stuðning sem hefur í rauninni komið fram hjá flestum ræðumanna við þær hugmyndir sem liggja að baki þessum tillöguflutningi, þó að það hafi hent þá inn á milli að skvetta úr klaufunum, eins og sagt er og fara út fyrir efnið og tileinka sér ýmiss konar orðatiltæki sem hafa í rauninni ekkert með málið að gera.

Menn segja gjarnan, eins og hv. seinasti þm. sagði áðan, að það fari mikið í taugarnar á þeim þegar ég eða ýmsir aðrir þm. tali um offjárfestingu í sjávarútvegi, það fari í taugarnar á þeim af því að sjávarútvegurinn sé undirstaðan. En það er einmitt af því að sjávarútvegurinn er undirstaðan og af því að afkoma okkar á þessu landi í heild sinni byggist á því að sjávarútvegurinn sé sterkur sem t. d. till. eins og þessi, sem hér er til umr., er flutt. Það er líka á sömu forsendu sem gagnrýnin á fjárfestinguna, þegar hún fer fram úr því sem eðlilegt er, kemur fram og þegar ég held því fram að ef sjávarútvegurinn er ekki sterkur sé allt þjóðlífið veikt. Það sem við verðum fyrst og fremst að vinna að er það, að sjávarútvegurinn sé sterkur.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að það hafi átt sér stað óskynsamleg og of mikil fjárfesting í þessari grein á undanförnum árum. Ég er ekki einn um þá skoðun. Ég hef meira að segja eignast mjög góðan stuðningsmann í því í núv. sjútvrh. Hann segir mjög skýrt í sinni ræðu á LÍÚ-þingi að stærð skipastólsins skipti greinilega máli og talar um að eitt af vandamálunum sem við stöndum frammi fyrir sé of stór floti og efnahagsörðugleikar. Og hann segir, svo að ég vitni annars staðar í ræðuna, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskiskipaflotann verður að endurnýja, en það verður að gera með skynsamlegum hætti.

Það á ekki að endurnýja bátaflotann með því að smíða litla togara, svo að dæmi sé tekið. Flotinn er hér of stór og illa árar í sjávarútvegi."

Það kemur víðar fram að hæstv. sjútvrh. hefur áhyggjur af þessu máli. — Og ef menn eru að gagnrýna það að ég hafi gagnrýnt fortíðina, þá hef ég líka eignast liðsmann í hæstv. núv. sjútvrh. því að hann segir:

„Flotinn er áreiðanlega ekki sá hagkvæmasti sem við hefðum getað eignast."

Það er þetta sem er áhyggjuefni. Og eitt af þeim markmiðum sem ég hef lagt til grundvallar í umr. um þessi mál og stefnumörkun er það, að stærð fiskiskipastólsins væri í sem bestu samræmi við afrakstursgetu fiskstofnanna. Þetta tel ég að sé nákvæmlega það sama og hæstv. sjútvrh. er að segja þegar hann segir:

„Höfuðatriðið er að koma á sem mestu jafnvægi milli afrakstursgetu fiskstofna og afkastagetu fiskiskipastólsins."

En nú höfum við staðið í því undanfarið að vera með alls konar skömmtun í gangi. Hvenær lenda menn í skömmtun? Menn lenda í skömmtun þegar það sem þeir hafa til úthlutunar er minna en það sem þeir gjarnan vildu fá, minna en það sem þeir gjarnan gætu tekið. Það er þess vegna sem við höfum lent í skömmtun og í þessari skömmtun höfum við verið ekki bara seinustu árin. Þó að það verkefni, sem fram undan er, sé mjög efitt í þessum efnum á þessi skömmtun sér langtum lengri aðdraganda, a. m. k. 5—6 ára aðdraganda. Það er þetta sem er vandamálið. Ég held að það sé alveg óþarfi fyrir okkur að vera að deila um að þessari staðreynd stöndum við frammi fyrir. Það ætti líka að vera mjög augljóst, að þó að fiskiskipastóllinn væri ekki nema einu skipi stærri en skynsamlegt er er kostnaðurinn af því skipi óþarfur. Hann er aukalega. Hann er viðbótarbyrði.

En hvað um það. Menn hafa rætt hér annars vegar um mat fiskifræðinga og hins vegar um að taka hæfilegt aflamagn. Hér verða menn að gæta að því að þetta eru tveir mismunandi hlutir. Mat fiskifræðinga er hið líffræðilega mat. Það getur verið rétt eða rangt. Það eru að vísu skástu upplýsingar sem við höfum. En markmiðið með fiskveiðistjórnuninni sjálfri hlýtur að vera að taka hæfilegt magn með sem lægstum tilkostnaði og að ná sem mestum gæðum, sem er reyndar nákvæmlega það sama og hæstv. sjútvrh. sagði á LÍÚ-þingi. Það er það verkefni sem við stöndum frammi fyrir ef við ætlum að hafa sterkan sjávarútveg.

Ég held að það sé ákaflega ófrjó umræða að velta því fyrir sér hvort hæfileg stærð skipastólsins sé þetta og þetta margir togarar eða þetta og þetta margir bátar. Ég held að aðalatriðið sé að skapa það stjórnkerfi sem stefni að hæfilegu magni. Við stöndum greinilega frammi fyrir því núna að við erum með of stóran skipastól og þess vegna þurfum við að gera takmarkandi aðgerðir.

Menn velta því líka fyrir sér, og það kom fram í máli hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, hvers konar kvóti á að vera. Það er ekki nema von að menn spyrji sig þess. Það kemur fram í grg. með þáltill. að þetta geti ekki verið einfalt mál. Það er líka af þeim sökum sem við flm. till. töldum nauðsynlegt að það væri unnið í þessu máli og yrði settur á fót starfshópur eða nefnd til að vinna í málinu. Sjávarútvegsráðherrar standa frammi fyrir því annað veifið að móta fiskveiðistefnu. Þeir fá í hausinn skýrslur eins og frá Hafrannsóknastofnun núna og síðan reyna þeir að móta fiskveiðistefnu út frá því. En það veitir ekkert af að hafa samfellda vinnu í því að skoða þetta stjórnkerfi, vegna þess að málið er í rauninni aldrei rætt til hlítar.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði líka: Erum við að tala um aðrar fisktegundir en þorsk? Þessi till. er gjörsamlega opin að því er varðar allar fisktegundir. (**StG:** Ég sagði: Við verðum það.) Gott og vel. Við verðum það. Við verðum að vera opin fyrir stjórnkerfinu sem heild og auðvitað þá líka að því er varðar vetrarvertíð. Þetta tekur til allra veiða. Þetta er spurningin um hvernig við ætlum að hafa stjórn á veiðunum hjá okkur.

Ég hef stundum velt því fyrir mér, að ef stjórn fjárfestingarinnar hefði tekist betur hjá okkur hefðum við síður þurft að grípa til alls konar skömmtunaraðgerða eins og við höfum þurft að gera, þannig að eftir að menn hafa lent í þeim sporum sem þeir eru í núna þá verða slíkar skömmtunaraðgerðir eiginlega óumflýjanlegar. En sú till. sem hér er flutt er opin að þessu leytinu, að menn setji í gang raunverulega vinnu, fyrst og fremst með það að augnamiði að ná góðri stjórn á þessari atvinnugrein þannig að hún geti verið sterk.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson gerði hér nokkuð að umtalsefni innflutning skipa á undanförnum árum og vildi reikna fjölda skipa á ráðherradaga mismunandi ráðh. Ég er þeirrar skoðunar, að innflutningur á togurum og stórefling fiskiskipastólsins, t. d. í ráðherratíð Lúðvíks Jósepssonar og framan af í tíð Matthíasar Bjarnasonar, hafi verið nauðsynleg og rétt stefna. Ég held að síðan höfum við gjörsamlega misst tök á þessu. (**Gripið fram í:** Hvenær töpuðust tökin? Í ráðherratíð hvers?) *Ég held að allar götur frá því á seinni hluta* ráðherratíðar Matthíasar Bjarnasonar hafi menn ekki haft nægilega góð tök á þessu. (**Gripið fram í:** Þá er það í ráðherratíð Kjartans Jóhannssonar.) Hún er meðtalin að þessu leytinu, vegna þess að á fyrstu mánuðum í ráðherratíð minni leyfði ég innflutning á tveimur skipum sem gerir þetta fína hlutfall sem Stefán er að tala um. Þau voru bara tvö. (**Gripið fram í:** Hvert fóru þau?) Það fór annað á Suðurland, ef ég man rétt, og hitt á Reykjanes. Síðan komst ég að því að þetta gæti ekki gengið svona, þetta væri ótækt og, þegar maður kynntist því hvernig væri að stjórna þessari grein og stjórna þessum veiðum, þetta mundi leiða í ógöngur ef það yrði ekki sett stopp. Þess vegna var numið staðar. Og ég er alveg sannfærður um að við stæðum langtum betur nú ef því hefði verið haldið áfram.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem hafði í rauninni margt ágætt til málanna að leggja, hefði getað haldið langtum betri ræðu ef hann hefði ekki verið með óþarfar upphrópanir. Það var mikið atriði hjá honum að það stæði hér í grg. að þær ógöngur sem sjávarútvegurinn væri kominn í og þeir erfiðleikar sem við ættum við að stríða væri sjálfskapað. Ég tel að þetta sé alveg rétt. En við getum lesið áfram: Þeir eru sjálfskapaðir vegna þess að fiskimiðin eru fullnýtt eða ofnýtt. Það höfum við ákveðið sjálfir. Útgerðarkostnaður er of hár, ekki síst vegna óhóflegrar stækkunar fiskiskipastólsins í seinni tíð. Í aflahrotum hafa *mikil verðmæti farið í* súginn. Það höfum við öll haft fyrir augunum. Gæðum sjávarafurða hefur hrakað, eins og nýleg dæmi sanna. Þetta er úr grg. frá því í fyrra, þegar við fengum sendar til baka sendingar af saltfiski, af frystum fiski og m. a. s. komu fyrir slys í skreið. Þannig er ekki út í hött að tala um að gæðin hafi ekki tekist nægilega vel og að

gæðum hafi hrakað þegar við stöndum frammi fyrir því að fá sendingarnar til baka. Það hefur þó ekki verið það sem við höfum yfirleitt þurft að búa við hér á Íslandi. Þessi grg. stendur því að öllu leyti fyrir sínu að því er þessi atriði varðar.

Menn greinir á um það, ef það eigi að taka upp veiðileyfastjórn, hvort veiðileyfin eigi að vera til sölu eða ekki. Jón Baldvin Hannibalsson gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum sem geta legið til grundvallar því. Dr. Gylfi Þ. Gíslason hefur líka gert það og ýmsir hagfræðingar hafa gert það. En það er einungis ein leiðanna. Og með flutningi þessarar þáltill. er ekki tekin afstaða til hennar, vegna þess að meginatriðið í þessari þáltill. er að málin séu skoðuð ofan í kjölinn vegna þess að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða.

Við þurfum að finna stjórnkerfi sem stuðlar að því að við tökum hæfilegt magn af fiski með sem lægstum tilkostnaði. Okkur er ljóst að það er ekki auðvelt verk að finna slíkt stjórnkerfi. Á sama hátt er okkur vitaskuld ljóst að ekki hefur verið auðvelt verk að hafa hemil á stærð fiskiskipastólsins. Hver einstakur útgerðaraðili hlýtur að sækjast eftir að gera út sem best skip og hver einstakur staður vill gjarnan fá sem mest í sinn hlut. Og það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt. Það er ekki heldur auðvelt verk að ætla sér að úthluta afla. En staðreyndin er einu sinni sú, að við verðum að fara í þetta verkefni vegna þess að það liggur í eðli greinarinnar, sem býr við takmarkaða auðlind sem á að endurnýja sig sjálf, að það verður að hafa heildarstjórn á veiðinni og menn geta ekki vikið sér undan því ef menn ætla að hafa hér góða lífsafkomu sem byggist á því að vera með sterkan sjávarútveg.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal einskorða mál mitt við þær beinu fsp. sem til mín hafa komið. Ég vil taka það fram að í þessari þáltill. er fyrst og fremst verið að tala um veiðileyfastjórn sem er í miklum mæli. Og ég er viss um að það verður ákveðið að allar veiðar verði bundnar leyfum. Það er þó sameiginleg niðurstaða í því frv. sem nú liggur fyrir í rn. og sem var sett saman af nefnd sem til þess var skipuð. En menn mega ekki tala eins og í þessu hafi ekki verið unnið og þessi mál hafi ekki verið skoðuð niður í kjölinn. Það hefur nefnd eftir nefnd gert. Og það liggur fyrir ótrúlega mikið efni um það, sem er mikil lesning. Í þessu hafa hin ýmsu samtök unnið, Fiskifélagið, Sjómannasambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið, LÍÚ, nefndir skipaðar af rn. o. s. frv., o. s. frv.

Ég vildi aðeins víkja að því sem hv. þm. Jón Baldvin spurði beint um, þ. e. hvað ég hyggist gera varðandi kvótakerfið. Ég vil nú fyrst taka það fram að við núverandi lög hefur sjútvrh. ekki vald til að setja kvótakerfi á togarana. Það er talið að hann hafi haft vald — það hefur ekki verið vefengt — til að skipta loðnunni milli skipa, vegna þess að þar var um mjög jafna skiptingu að ræða. Það kom fram till. um að skipta síldarkvótanum milli reknetabáta á grundvelli veiði undanfarinna þriggja ára. Niðurstaða þeirra lögfræðinga sem ég leitaði til um það efni var sú, að ekki var talið að ég hefði vald samkv. lögum til að gera það. Þessi mál þurfa því að koma til meðhöndlunar hér á Alþingi ef slíkt skal upp tekið. Ég vil hins vegar taka það fram að ég legg á það áherslu núna á næstunni og mun skipa vinnunefnd.

Það sem ég legg áherslu á er að sameina kraftana, að fá tiltölulega fáa menn frá sjómönnum, frá vinnsluaðilum, frá útgerðarmönnum, frá Þjóðhagsstofnun og Fiskifélagi til að starfa saman, m. a. til að skapa vettvang fyrir það starf sem þeir eru að vinna hver á sínu sviði. Það eru nefndir starfandi hjá flestum þessara aðila, við þurfum að bera saman bækur okkar núna á næstunni, og ég mun leggja á það áherslu að skapa samstarfsvettvang fyrir alla þessa aðila. Og ég hef þegar undirbúið það.

Þessar upplýsingar um fiskstofnana voru rétt að koma fram. Þing LÍÚ er nýafstaðið, þing Farmanna- og fiskimannasambandsins er nýafstaðið, Fiskiþing er fram undan, og á öllum þessum stöðum og í öllum þessum ágætu samtökum eru þessi vandamál mjög mikið rædd þessa dagana. Það mun því ekki á skorta að reynt verði að skapa sem best samstarf á milli þessara aðila. Og ég er því algerlega sammála að ekki mun af veita að gera það. Og það mun ekki heldur af veita að skapa sem besta pólitíska samstöðu um þessi mál, því að hér er um mjög viðkvæm mál að ræða og skoðanir manna skiptast ekki eftir stjórnmálaflokkum, ég er sannfærður um það.

Við munum eftir því varðandi atkvgr. hér í þinginu t. d., þegar lagt var til að flottrollið yrði bannað, ætli það hafi ekki verið 1977, að sú till. féll með mjög naumum meiri hluta. Ýmislegt fleira í þessu efni hefur gerst í gegnum tíðina. Þegar fiskveiðilögin voru sett á sínum tíma 1976 voru mikil átök hér á Alþingi um það hvernig þau lög skyldu vera og mikið unnið í nefndum. Sjónarmið manna fóru ekki eftir pólitískum flokkum, kannske miklu fremur eftir landshlutum, og það er mjög miður í þessu efni. Að sjálfsögðu þurfum við að skapa bærilegar sættir milli aðila og landshluta. En ég geri mér fulla grein fyrir því að það er alls ekki við því að búast að allir geti verið ánægðir og allir verið sáttir. Þetta eru slík stórmál að það er ekki hægt að búast við því. Þar verður á að skera og Alþingi Íslendinga kemur áreiðanlega inn í þá mynd, hjá því verður ekki komist, enda eðlilegt að svo sé.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. 64. mál (þskj. 69). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 69 er frv. til l. um breyt. á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Þetta frv. kom til umr. er rætt var hér um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum svo að ég sé ekki ástæðu til, í ljósi þeirrar umr. sem þá varð, að hafa um frv. þetta mörg orð.

Eins og fram kemur í grg. er hér verið að óska eftir heimild til að greiða úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins upp í verðbætur vegna ógreidds skreiðarútflutnings og óseldrar skreiðar. Innstæða í sjóðnum eru 220 millj.

Eins og öllum er kunnugt hefur gengið mjög illa að selja þessa skreið og því er um verulega rekstrarerfiðleika að ræða. Samkomulag hefur orðið um það í stjórn sjóðsins að óska eftir þessari heimild.

Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til sjútvn. og vænti þess að hv. n. sjái sér fært að hraða afgreiðslu þessa máls eftir því sem kostur er vegna þess að aðilar í þessari grein bíða eftir því að niðurstaða fáist í mál þetta. (Gripið fram í.)

Jú, virðulegi forseti. Mér láðist að óska eftir því jafnframt að málið fari ekki aðeins til n. heldur einnig til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Verðlagsmál, frv. 10. mál (þskj. 10). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Frv. til l. um verðlagsmál er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru 27. maí s. l. og voru ein af fimm brbl. sem núv. ríkisstj. setti í viðureigninni við þá miklu verðbólgu sem þá blasti við og reyndist samkv. framfærsluvísitölu 1. júní 131%. Frv. þetta er fylgifrv. frv. um launamál sem flutt hefur verið í Nd. og rætt þar við 1. umr. og fór til n. s. l. mánudag.

Í frv. eru þrjár megingreinar. Í 1. gr. er gert ráð fyrir því að fram til 31. jan. 1984 skuli verðlagsyfirvöld og aðrir opinberir aðilar, sem fara með verðlagsákvarðanir, aðeins leyfa óhjákvæmilega hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu. Fram er tekið að þetta ákvæði breytir þó ekki verðmyndun á vöru og þjónustu sem heyrir undir Verðlagsstofnun og hefur verið undanþegin sérstakri meðferð Verðlagsráðs. Þá segir einnig í þessari grein að að því er launakostnað varðar sé óheimilt að miða verð eða gjaldskrá við hærri laun en ákveðin eru með brbl. nr. 54/1983 um launamál, þau sem ég hef þegar nefnt og verið hafa til meðferðar í Nd. Jafnframt segir að á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 31. jan. 1984 sé og óheimilt að breyta þeim álagningarreglum eða greiðslukjörum, er voru í gildi 25. maí 1983, ef slíkt er kaupendum eða neytendum í óhag. 1. gr. fjallar því um hert verðlagseftirlit þann tíma sem sérstökum ráðstöfunum ríkisstj. er ætlað að standa, þ. e. til 31. jan. 1984.

Í 2. gr. er ákveðið að almennt fiskverð skuli hækka um sömu hundraðshluta 1. júní og 1. okt. og ákveðið er um almenn laun, þ. e. 8% 1. júní og 4% 1. okt. 1983 og skuli gilda þannig til 31. jan. 1984.

Í 3. gr. er jafnframt ákveðið að launaliður í verðlagsgrundvelli búvöru skuli hækka um þessa sömu hundraðstölu, þ. e. 8% 1. júní og 4% 1. okt. og skuli það einnig gilda til 31. jan. 1984. Þó er gerð þar sú undantekning að heimilt er að ákveða sumarverð á kindakjöti og garðávöxtum frá 15. sept. 1983. Að öðru leyti gildi, eins og ég sagði, frá 1. okt. þær hækkanir sem ákveðnar eru í þessum lögum á launalið í verðlagsgrundvelli búvöru. Hér er því um alveg hliðstæðar ákvarðanir að ræða eins og ákveðnar voru viðvíkjandi launum á almennum launamarkaði 1. júní og 1. okt. Með þessu móti eru laun bænda og sjómanna hækkuð um sama hundraðshluta.

Frá því að brbl. þessi tóku gildi hafa að sjálfsögðu umræddar launahækkanir orðið eins og ákveðið er í lögunum. Jafnframt hefur Verðlagsstofnun farið eftir 1. gr. Ég hef fengið frá Verðlagsstofnun nokkra grg. um þær ákvarðanir sem þar hafa verið teknar og hvað hefur verið lagt til grundvallar. Eins og ég las áðan ber Verðlagsstofnun eingöngu að leyfa óhjákvæmilega hækkun. Óhjákvæmileg hækkun hefur hjá Verðlagsstofnun verið skilgreind eins og ég nú skal fara yfir.

Í fyrsta flokki hafa hráefnishækkanir verið teknar til greina og þær skilgreindar sem afleiðingar í fyrsta lagi af gengisbreytingunni sem varð í lok maímánaðar, 14.6%, og sömuleiðis því gengissigi sem hafði orðið eftir að verðlagshækkanir voru leyfðar þar áður. Í öðru lagi hafa verið viðurkenndar erlendar verðhækkanir á hrávöru. Má þar nefna t. d. sojabaunaolíu og aðrar olíur, sem hafa hækkað í verði, sykur og hveiti, vegna uppskerusveiflna erlendis, en almennt er um að ræða erlendar verðhækkanir á hrávöru. Í þriðja lagi hafa innlendar verðhækkanir á hrávöru, t. d. á landbúnaðarvörum og fiski, verið teknar til greina.

Í öðrum flokki má nefna launahækkanir. Er þar eingöngu um að ræða 8% launahækkun 1. júní og 4% 1. okt.

Í þriðja flokki eru hækkanir á föstum kostnaði, t. d. hækkanir sem hafa verið leyfðar á opinberum töxtum, á rafmagni, hita og síma og að lokum hafa nokkrar almennar kostnaðarvísitölur og áhrif þeirra á framleiðslukostnað innlendrar vöru verið teknar til greina eða a. m. k. metnar. Er þar um að ræða t. d. hækkun á framfærsluvísitölu, byggingarvísitölu o. s. frv.

Verðlagsstofnun telur að með þessum framkvæmdamáta hafi verið fylgt því ákvæði 1. gr. að leyfa aðeins óhjákvæmilega hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu á þessu tímabili.

Ég vil benda á að í 1. gr. þessa frv. og brbl. er ekkert viðurlagaákvæði. Hefur athygli mín verið vakin á því að rétt kunni að vera að setja slíkt í lögin. Vil ég því nota tækifærið og beina því til n. sem fær málið til meðferðar að það verði athugað.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengra mál að svo stöddu nema þess verði sérstaklega óskað, enda hefur það mál sem liggur til grundvallar þessum brbl. verið ítarlega rætt, m. a. í útvarpsumræðum frá hinu háa Alþingi í sambandi við stefnuræðu og við fleiri tækifæri. Læt ég því þessa framsögu nægja og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa um þetta langt mál því eins og hæstv. forsrh. tók fram áðan hefur þetta mál hlotið býsna mikla umr. hér á Alþingi. Ekki get ég þó stillt mig um að koma inn á fáein atriði. Hér er um að ræða, eins og hæstv. ráðh. gat réttilega um, hliðarfrv. við aðalfrv. um launamál sem hefur verið til umr. í Nd. Og auðvitað hlýtur hér að vera um að ræða eina aðalforsenduna fyrir því hvernig til hefur tekist um framkvæmd á þeim brbl. sem þar var um að ræða.

Ég saknaði þess að hæstv. forsrh. rakti ekki hér hvernig til hefði tekist um þessa þætti, og hef ég þá 1. liðinn alveg sérstaklega í huga, vegna þess að hann lýtur að ýmsu því sem fólk almennt er með sem óhjákvæmi-

lega þætti í sinni neyslu. Greinargerð Verðlagsstofnunar, sem hæstv. forsrh. vitnaði hér í áðan, bar þess vott að þar höfðu verið höfð nokkuð önnur vinnubrögð en gagnvart launaliðum. Þar hafði greinilega verið mjúklega á málum tekið gagnvart þeim aðilum sem fram á hækkanir fóru og hið óhjákvæmilega orðið býsna teygjanlegt, svo að ekki sé meira sagt.

Þegar svo strangar reglur eru settar um launamál sem raun ber vitni og þessi hæstv. ríkisstj. setti og þeim hefur verið fylgt jafn afdráttarlaust eftir og allir vita, þá hlýtur það að hafa verið keppikefli að fylgja 1. gr. þessara laga um hinar ýmsu vörur og þjónustu jafn afdráttarlaust eftir, svo að hún færi ekki fram úr og ekki yrði nein misvísun á framkvæmd laganna um laun fólks og kostnaðarþætti þess. Og að sjálfsögðu hefur hið opinbera í þessu tilfelli gefið fagurt fordæmi. Helstu þjónustuhækkanir hafa vitanlega ekki farið fram úr 8% fram að 1. okt. og síðan ekki nema 4% þar á eftir, eða er ekki svo? Með tilliti til hinna mildandi aðgerða í raforkumálum hlýtur auðvitað að vera augljóst að þar var ein meginstoðin niðurgreiðslurnar á raforku til húshitunar. Og þá skyldi maður ætla að sú orka sem menn nota á köldu svæðunum hefði a. m. k. ekki hækkað meira en nam launahækkuninni. En eins og rakið hefur verið hér áður hefur áætlaður hitunarkostnaður hækkað um 17.4% á þessum sama tíma þrátt fyrir — *það skal viðurkennt — hinar stórauknu niðurgreiðslur* á raforku til húshitunar. Hins vegar hefur hinn almenni rafmagnstaxti hækkað um tæp 40% á sama tíma. (**Eg.J:** Svona skilduð þið við þetta.) Svona skilduð þið við þetta, segir hv. þm. Egill Jónsson. Hann virðist hafa ráð við öllu í þessum efnum, m. a. að kenna þeim sem áður stjórnuðu um allt sem núverandi hæstv. ríkisstj. er að gera. Ég er að tala um það sem hefur verið framkvæmt eftir að þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum og hv. þm. Egill Jónsson ber alveg sérstaka ábyrgð á, vegna þess að enginn hafði, held ég, stærri orð um t. d. hitunarkostnaðinn á landsbyggðinni en hann í umr. fyrir kosningar í vor. Þetta eru efndirnar sem við sjáum nú þegar. Væri vert að rifja upp kannske fleiri þeirra stóru orða, sem þá voru látin falla, einmitt í ljósi þess sem síðan hefur gerst.

Ég ætla ekki að fara út í hina einstöku liði. En við vitum það að á þessum tíma hafa þjónustugjöld opinberra aðila hækkað margfalt á við það sem laun í landinu hafa hækkað. Ég get nefnt símagjöld og gjöld fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Þar hefur ekki verið fylgt neinni 8% reglu eða 4%, sem launin hafa fylgt á þessum tíma, heldur er hér um margfaldar hækkanir að ræða. Slík fordæmi, sem gefin eru, hafa vitanlega hleypt illu blóði í það fólk jafnvel sem hefur viljað lúta ákveðnum takmörkunum varðandi sínar launahækkanir.

Ég hef hér einmitt lista frá Verðlagsstofnun yfir verðbreytingar á ýmsum innlendum vörum og þjónustu, sem stofnunin hefur fjallað um á þessu tímabili, frá 27. maí til miðs október. Ég ætla ekki að rekja það náið. Ég nefni bara dæmi af handahófi um hækkanir sem sjálfsagt teljast allar, samkvæmt þeirri skilgreiningu sem hér var lesin upp áðan, óhjákvæmilegar hækkanir. En ég segi enn og aftur, þar hefur greinilega verið mildilega á tekið og mjúklegar höndum um farið en um launin til fólksins. Svo að matvörur séu teknar hefur borðsmjörlíkið hækkað um 60.3%, lyftiduft um 21.2, saltfiskurinn, sem verið var að tala um áðan, um 23%. Ég skal ekki segja hvað ríkur þáttur gosdrykkir eru í neyslu manna, þó er ljóst að þeir eru býsna ríkur þáttur. Þeir hafa hækkað um 26% rúm, uppþvottalögur um 45%, þvottaefni um 28.6%. Ýmsar fleiri vörur mætti nefna. Bensín hefur hækkað um 38.8, ullarvörur um 28.6%, þjónusta efnalauga um 21%, innanlandsflug um 22.7%, vinnuvélar um 38.4% og þjónustugjöld skipafélaganna um 25.2%. Ég skal ekki fara náið út í þessa upptalningu. Ég býst við, eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. hér áðan, að Verðlagsstofnun þykist hafa einhver rök fyrir hverju og einu, sem þarna er upp talið, en hún hefur um leið hlotið að skoða þessi mál í ljósi þeirra ströngu laga sem giltu um kaup og kjör fólksins í landinu. Ég sé að það er ekki margt á þessari skrá sem er innan við 10%. Þó rek ég augun í tvo liði. Það eru klór og álegg. Ég heyri að það gleður hv. 11. landsk. þm. að klór og álegg skuli þó vera undanskilið þessum prósentum. Ég heyri að það gleður hann mjög. En frá áleggi væri kannske rétt að víkja örstutt að álagningu. Það hefur reyndar verið gert í þessari hv. þd. áður.

Þegar til slíkra ráðstafana hefur verið gripið eins og nú hefur verið gert, þá hefur sú regla æðioft verið látin gilda að álagning hefur verið skert. En ég læt hæstv. forsrh. um það, ef hann kemur hér upp aftur, að skýra frá hvað valdið hafi því að þau ákvæði voru ekki látin gilda nú, hvaða sérstök ástæða var til að hlífa þeirri atvinnugrein alveg sérstaklega og þá *enn frekar miðað* við það hvað aðgerðirnar voru harkalegar og fortakslausar. Ég held nefnilega að þegar menn eru með slíkar samræmdar aðgerðir, eins og hæstv. ríkisstj. hefur hælt sér af, þá verði þeir að reyna að hafa samræmi í aðgerðum sínum. Það er því miður ekki í þessu tilfelli.

Á flestum þeirra þátta sem eru óhjákvæmilegir í neyslu fólks hefur verðlagsþróunin verið allt önnur en launaþróunin. Og það er þess vegna fyrst og fremst sem fólk unir ekki því ástandi sem nú er. Það vill ekki una því að svo einhliða sé tekið á málum varðandi kjör þess á meðan á öllu öðru virðist tekið mjúklega og mildilega. Þar er nefnilega hin mildandi hönd ríkisstj. svo sannarlega á ferðinni.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Mig langar til að gera aths. við orðalag í 1. gr. þessa frv. sem þegar hefur verið nokkuð til umr. Þar stendur, með leyfi forseta, að aðeins skuli leyfa „óhjákvæmilega" hækkun verðs eða endurgjalds fyrir vöru eða þjónustu. Af þessum lögum er ekkert að ráða hvað þetta orð „óhjákvæmilega" þýðir, enda kemur skilgreining þess ekki fram fyrr en í framkvæmd laganna, eins og kom fram í máli hæstv. forsrh. hér áðan.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að hér leyfa menn sér óneitanlega að taka ónákvæmt til orða, og það í jafnmikilvægu máli sem þessu, mikilvægu vegna þess að það snertir búreikninga hvers einasta heimilis í landinu. Ég geri, þar fyrir utan, ráð fyrir því að hér sé verið að vísa til hækkana, sem til muni koma vegna þess að ýmislegt sé eða hafi verið „í pípunum", eins og menn segja iðulega á þessum bæ. En þá vil ég minna á það, að launafólk í landinu hefur og hafði einnig ýmislegt í sínum pípum, en því eru samt ekki leyfðar neinar „óhjákvæmilegar" hækkanir á kaupi sínu. Það er vitaskuld ótækt og óverjanlegt að laun standi í stað á meðan verðlag hækkar. Að mínu mati hefðu ákvæði þessara laga þurft að vera miklu strangari og ákveðnari í þá átt

að koma í veg fyrir verðhækkanir.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins langaði mig að víkja nokkrum orðum að efni þessa frv. til l. um verðlagsmál, sem hér er til umr. til staðfestingar brbl. sem ríkisstj. gaf út í sumar. Það voru örfá atriði sem mig langaði til að drepa á.

Hæstv. forsrh. tók þannig til orða, að hér hefði nú verið hert verðlagseftirlit og að 1. gr. þessa frv. fæli það í rauninni í sér. Ég held að gagnvart almenningi sé þetta hálfgert öfugmæli, vegna þess að ekki verður annað séð en að flestar þær verðhækkanir sem t. d. hinar ýmsu opinberu stofnanir hafa farið fram á hafi náð fram að ganga næstum óheftar, eða lítt heftar, meðan kaup hefur verið fast. Ég gerði hér að nokkru umtalsefni um daginn þær hækkanir sem orðið hafa á bensíni t. d. og hv. 2. þm. Austf. kom hér að í sinni ræðu. Ég ætla ekki að endurtaka það, en það er t. d. ljóst að álagning olíufélaganna hefur verið hækkuð. Ég held að það sé ekki fjarri lagi, ef við lítum eitt ár aftur í tímann, til þessara daga í nóv. í fyrra, að bensínverð hér á landi muni hafa hækkað um allt að 100%. Og verulegur hluti þeirrar hækkunar er tilkominn í þremur, ef ekki fjórum bensínhækkunum frá því að núv. ríkisstj. tók til starfa.

Það var tvennt sem mig langaði til að beina til hæstv. forsrh. og biðja hann um að svara hér á eftir. Raunar bar hv. 2. þm. Austf. fram aðra mína spurningu, en ég ítreka hana bara og óska svara: Hver var hin raunverulega ástæða þess að í vor, þegar gengið var fellt, var álagningarprósentan ekki skert eins og ég hygg að venjan hafi verið. Ég fullyrði ekki að það hafi ævinlega verið gert, en venja hefur þó verið að þegar gripið hefur verið til gengisfellinga með þeim hætti og jafnstórra og gert var á s. l. vori, þá hefur þessi álagningarprósenta verið skert. Og annað í beinu framhaldi af þessu. Nú lýsti ríkisstj. yfir því, þegar hún tók við, að hér yrði óbreytt gengi til áramóta. Ég hygg að verslunin og innflytjendur hafi vegna gengissigs fengið nokkra ívilnun og aukna álagningu, þar sem um hefur verið að ræða vörur sem hafa verið keyptar með gjaldfresti til þriggja, fjögurra eða sex mánaða. Hér hefur verið gengissig og það hefur verið tekið tillit til þess við ákvörðun álagningar. En nú, þegar ríkisstj. ákvað að hér skyldi vera fast gengi allar götur frá því í maí og til áramóta, þá hafa menn áfram þessa ívilnun í álagningunni. Ég spyr því hæstv. forsrh.: Hvers vegna var þessu ekki breytt?

Ég minnist þess er þeir ræddust við í sjónvarpi hér fyrir nokkru, hæstv. forsrh. og forseti ASÍ. Þá spurði forseti ASÍ hæstv. forsrh. tvisvar sinnum þessara sömu spurninga sem hér eru nú fram bornar. Nú kann það að vera að það hafi farið fram hjá mér í þessum þætti, en ég heyrði ekki að hæstv. forsrh. svaraði þessum spurningum þar. Nóg er nú lagt á fólk í þessu landi með þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. hefur gert þó að ekki komi þetta til viðbótar. Mér sýnist að ríkisstj. hefði átt að fara aðrar leiðir og hefði getað dregið úr álagningarprósentunni.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta lengra mál að sinni. Það mætti auðvitað fara hér með langa tölu um allar þær verðhækkanir sem gengið hafa yfir og auðvitað er endalaust hægt að deila um þetta klassíska orðalag, sem hefur verið notað við svona tækifæri svo lengi sem elstu menn muna, að ekki skuli leyfa aðrar hækkanir en þær sem eru óhjákvæmilegar. Það verður ævinlega matsatriði og ekki alltaf auðvelt að ákvarða hvað í þessum efnum er óhjákvæmilegt og hjá hverju væri hægt að komast. En ég fer þess á leit við hæstv. forsrh. að hann svari þessum tveimur spurningum mínum.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til á þessu stigi málsins að fara að hefja sérstakar umr. um húshitunarkostnað. En það hraut gullkorn af munni hv. 2. þm. Austurl. áðan þegar hann sagði að það væri ekki vert að tala um fortíðina. Það er út af fyrir sig kannske alveg rétt, að í þessum efnum ættu menn ekki mikið að hyggja að henni. En þær verðhækkanir sem hafa orðið á þessu ári, a. m. k. sumar hverjar, verða nú að skoðast í ljósi þess sem einmitt gerðist í fortíðinni.

Ég held að það sé alveg augljóst mál, að þótt ríkisstj. hafi tekið víða nokkuð myndarlega á til að jafna kjör fólksins í landinu og bægja frá sárasta verðhækkunarbroddinum hafi hvergi verið gert myndarlegra átak í þeim efnum en einmitt í sambandi við niðurgreiðslur á raforkuverði, þar sem til þeirra verkefna var ráðstafað á síðari hluta þessa árs 150 millj. kr., sem er nálægt því þreföld sú upphæð sem var á fjárlögum 1983. Það er ekki nema eðlilegt að menn telji rétt að víkja frá fortíðinni þegar litið er til þessara tveggja talna. En það má minna á fleira í þessu sambandi og þá sérstaklega það, að Rafmagnsveitur ríkisins voru reknar með verulegum halla bæði árið 1981 og 1982 og m. a. á grundvelli þess gaf fyrrv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson út það bréf hinn 23. apríl árið 1982 að gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins skyldi háttað með tilliti til þess á þessu ári að vinna upp þann halla. Þannig var búið að gefa grænt ljós á að það skyldu vera stöðugar hækkanir á raforkutöxtum allt þetta ár, sem áttu að vera ofan við verðlagshækkanir til þess að vinna upp halla frá fyrri árum. Hér hafa að þessu leyti komið fram skýrari stefnumið en í flestum öðrum málum. Verðhækkanir voru stöðvaðar. Það var breytt frá fyrri ákvörðun um þessi efni og það kom inn í þennan rekstur mikið opinbert fjármagn. Það er svo annað mál að framhaldið er enn óráðið í þessum efnum.

Það verður fljótlega hér á Alþingi hægt að tala um þá stefnu sem núv. ríkisstj. kann að móta í jöfnunaraðgerðum hvað varðar húshitun í landinu. Þar kemur væntanlega fram sú stefna sem núv. ríkisstj. mótar og hennar stuðningslið. En það má líka minna á að að tilhlutan núv. iðnrh. hefur verið hafist handa um endurskoðun á því hvort það kerfi sem við búum við, m. a. í sambandi við dreifingu raforku um landið, kosti of mikið og hvort hægt sé að koma þeirri þjónustu við með hagkvæmari hætti. Ég legg áherslu á að þrátt fyrir að við verðum stundum að grípa til þess að færa á milli fjármagn í þessu þjóðfélagi með tilliti til þess hvar fólkið býr og hverrar þjónustu það nýtur, þá má það ekki verða til þess að menn missi sjónar á því að þeim fyrirtækjum, sem slíka þjónustu veita, sé veitt nokkur fyrirgreiðsla.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þennan þátt mála frekar, en ég get sagt hv. þm. Helga Seljan að ég er vel minnugur þess sem ég sagði fyrir síðustu alþingiskosningar og það er alveg öruggt mál að okkur gefst tími hér síðar, þegar búið verður að setja fram stefnumið núv. ríkisstj. í þessum málum, að bera saman fortíð og nútíð í þeim efnum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það hlýtur að liggja að einhverju leyti í húsnæðinu að menn detta hér alltaf í sagnfræði þegar þeir koma upp í ræðustól. Mér er sagt að það hafi verið kennt hér á stríðsárunum í menntaskólanum og prófað í Sameinuðu.

Ég er kominn hér upp til að taka undir orð hv. 11. þm. Reykv. um að 1. gr. þessara laga veldur því með orðalagi sínu að mönnum er í raun algerlega selt sjálfdæmi um það hvernig þeir beita henni. Hæstv. forsrh. sagði að Verðlagsstofnun miðaði sína ákvörðunartöku við eftirgreind atriði, sem hann las upp eða tíndi til: Þ. e. hækkun hráefniskostnaðar, henni mátti hleypa inn í verðlag eða samþykkja sem grundvöll að hærra vöruverði, hækkun launa innan marka þeirra launahækkana sem leyfðar voru og síðan hækkun þjónustu. Þar með eru allir kostnaðarliðirnir, sem til greina koma yfir höfuð, komnir inn í dæmið og sýnilega engin bönd önnur á hækkununum en þau sem felast í launaskerðingunni sjálfri. Þetta þýðir í reynd, að það eina sem á einhvern hátt temprar eða dregur úr verðhækkunum er einfaldlega launaskerðingin sjálf, en að öðru leyti er kostnaðarliðum hleypt að fullu inn í verðlagið.

Menn tala hér um að það hefði mátt skerða álagningarprósentu til að koma á móti þessu. Ég get ekki fyrir mitt leyti endilega mælt með slíku. Ég get ekki séð að það hefði ekki mátt fylgja með lögum sem þessum greinargerð þar sem einfaldlega var ákveðið fyrir fram hversu háu hundraðshlutfalli af hráefniskostnaði, erlendum kostnaði og þjónustu hefði mátt hleypa inn í vöruverð, þannig að menn vissu þessa hluti fyrir fram rétt eins og með launahækkanirnar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki fara náið út í að ræða við hv. þm. Egil Jónsson, við fáum svo oft tækifæri til þess. En það kom mér sannarlega á óvart þegar hann sagði að einhvern tíma í framtíðinni mundu birtast stefnumið ríkisstj. í orkumálum og í húshitunarmálum. Ég hélt að þegar stjórnin var mynduð hefðu þau stefnumið verið sett fram og vissi ekki annað, en nú kemur sem sé í ljós að þau hafa ekki verið til staðar og eru ekki enn til staðar að hverju á að stefna, en einhvern tíma í framtíðinni er meiningin að taka þau upp og reyna að birta þau landslýð.

Ég ætla ekki að fara náið út í hvað okkur fór á milli á framboðsfundunum í vor. Ég fagna því að hv. 11. landsk. þm. man það vel, því að þar var tekið skýrt á málum. Um húshitunina var rætt og talið sjálfsagt að lækka þann kostnað fólks og sagt þar að ef þeir sjálfstæðismenn kæmust til valda, ekki bara í framtíðinni þegar stefnumiðin væru orðin ljós heldur þegar í stað og þeir væru komnir til valda, yrði þessi mikli kostnaður lækkaður snarlega.

Hann nefndi tölur áðan. Hvert hafa þessar upphæðir farið? Hvert hafa 150 millj. farið, sem hann nefndi áðan? Þær hafa farið í það fyrirtæki sem mér hefur hingað til skilist á þeim talsmönnum Sjálfstfl. að væri sérstakt fyrirmyndarfyrirtæki og dálætisfyrirtæki þeirra, þ. e. Landsvirkjun. Í það fyrirtæki hafa þessar 150 millj. farið. Þess vegna hefur stærri hluti af tekjum fólks farið og fer nú til að hita húsin en var áður en hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Á sama tíma og laun hafa hækkað um 8% og síðar 4% hefur hækkunin í húshitun-inni, þrátt fyrir niðurgreiðslurnar, verið 17.4%. Þetta veit hv. þm. jafnvel og ég.

Þá verður auðvitað svarað eins og hæstv. iðnrh. svaraði hér um daginn: Landsvirkjun var svo illa stödd. Hún var skilin eftir á köldum klaka. — Þar rekur sig nú hvað á annars horn. Ég man ekki betur en komið hafi í ljós að slæm staða Landsvirkjunar stafaði af hinum mikla fjármagnskostnaði og vegna hinna miklu framkvæmda sem þar hafa verið í gangi á undanförnum árum og kostnaði við þær. Það passar ekki alveg við allar upphrópanir þeirra hv. þm. sjálfstæðismanna og annarra talsmanna þeirra sem hafa verið að tala um stöðnunartímabilið mikla á undanförnum árum í öllum þessum framkvæmdum. Hv. þm. Egill Jónsson var enginn eftirbátur þeirra í því að lýsa því, að í orkumálum t. d. hefði ríkt algert stöðnunartímabil á valdaferli hæstv. fyrrv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar, en síðan kemur í ljós hjá þeim núna, upplýsa þeir menn um það hér hver um annan þveran, að Landsvirkjun hafi vegna kostnaðar við hinar miklu framkvæmdir verið svo illa stödd að almenningur í landinu hafi orðið að hlaupa undir bagga og greiða 150 millj. þegar í stað til baka til þessa fyrirmyndarfyrirtækis.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Það kemur hv. 2. þm. Austurl. á óvart þegar talað er um að ríkisstj. muni skilgreina sína stefnu í húshitunarmálum. Nú er það svo, að frumvörp og lög túlka stefnu hverrar og einnar ríkisstj. og eru nánari skilgreining og útfærsla á því sem stendur í stjórnarsáttmála. Lögin um jöfnun húshitunarkostnaðar hafa verið til endurskoðunar og það er að sjálfsögðu niðurstaða þeirrar endurskoðunar sem skýrir hver sé hin raunverulega stefna í þeim málum. Ég held að óþarfi sé að vera að snúa út úr í þessum efnum.

Það er svo rétt til viðbótar við þetta, sem kannske ætti að vera óþarft á þessum stað, sem ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan, að Rafmagnsveitur ríkisins voru reknar með verulegum halla bæði árið 1981 og 1982. Og það var með tilvitnuðu bréfi sem fyrrv. iðnrh. tók ákvörðun um með hvaða hætti ætti að mæta þeim halla. Þar hygg ég að standi: svo að jöfnuður næðist á þessu ári. Það skyldi gert með þeim hætti að láta raforkuverðið hækka í takt við almennt verðlag í landinu og þó raunar meira til þess að hægt væri að vinna upp rekstrarhalla tveggja síðustu ára. Þetta liggur allt bréflega fyrir og er óþarft að hafa fleiri orð um það hér. Það er þetta sem skiptir máli sé rætt um verðlagsþróun á raforkuverði í landinu og svo hitt til viðbótar, með hvaða hætti var brugðist við. Það þótti ekki þörf á að láta verðlagshækkunina vera jafnmikla og búið var að stilla gjaldskrár inn á. Það er þetta sem skiptir máli í þessum efnum.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það þykir ekki vel að verki staðið í húshaldi að fara ekki í hornin þegar gólf eru þrifin, að ég nú ekki tali um að sópa undir mottuna. Það endar ekki nema á einn veg. Það kemur að skuldadögum. Ef sá sem húshaldinu ræður þrífur ekki sjálfur verður einhver annar að koma og hreinsa undan mottunni og úr hornunum. Það er nákvæmlega það sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að gera síðan hún tók við. (Gripið fram í.) Hún hefur verið að sópa upp eftir fyrrv. ríkisstj. og hreinsa úr hornunum.

Það er auðvitað hægt að gleyma því sem er óþægilegt,

en það er jafnframt hollt fyrir þá hv. þm., sem voru stuðningsmenn þeirra aðgerða sem voru stundaðar á síðasta kjörtímabili, þeirrar hæstv. ríkisstj. sem ríkti á undan þeirri sem nú situr, að sópa úr hornunum öllum þeim vandamálum sem áður var frestað. Þá var velt á undan sér rekstrarvandanum til að falsa vísitölur. Þetta þekkja og vita þeir sem vilja. Og hver var svo árangurinn þegar upp var staðið? Verðbólgan var komin í þriggja stafa tölu, 130—140%. Núv. ríkisstj. hefur tekið nokkuð vel til fram að þessu. Henni hefur tekist að koma verðbólgunni aftur í tveggja stafa tölu, 30—40%.

Mig langar við þetta tækifæri til að taka mér í munn orð fyrrv. hæstv. félmrh. Svavars Gestssonar, sem hann mælti í sjónvarpsviðtali þegar verið var að ræða kaupskerðingar eða kjaramál fyrir síðustu kosningar. Hann sagði nefnilega: „Það gerir enginn að gamni sínu að skerða kjör fólksins í landinu, en þetta voru nauðsynlegar aðgerðir."

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég held að það sé rétt að vekja alveg sérstaka athygli á þeim ummælum sem hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Reykn., viðhafði hér og beindi einkum og sér í lagi til hæstv. forsrh., sem átti líka sæti í síðustu ríkisstj. Hvernig lýsir hún hæstv. forsrh.? Að hann hafi ekki hreinsað úr hornunum og að hann hafi sópað öllu ruslinu undir teppið! Þetta var sannarlega ófögur lýsing, sem kemur frá samstarfsmanni hæstv. forsrh. og stuðningsmanni þessarar stjórnar.

Raunar var það svo, að flokkur 4. þm. Reykn. var ekki aldeilis ábyrgðarlaus af þessu sópi. Það eru þokkaleg ummæli sem hún velur sínum flokksbræðrum, að þeir hafi sópað öllu ruslinu undir teppið, ekkert gert og verið sem sagt hinir örgustu sóðar í landsstjórninni. Ég held að það sé sérstök ástæða til að vekja athygli á þessum ummælum. Mér þykir þetta nokkru varða. Þegar einn af stuðningsmönnum núv. ríkisstj. fer þessum orðum um hæstv. forsrh. og sína flokksbræður, sem studdu þá ríkisstj. og störfuðu í þeirri ríkisstj., held ég að vert sé að menn hugleiði það og taki eftir því.

Ég hef að vísu aldrei tekið svona sterkt til orða, held ég, um fyrrv. ríkisstj. Það mátti auðvitað margt misjafnt um hana segja og var gert, en hún var engan veginn alvond og ég held að þetta sé mjög ósanngjörn lýsing út af fyrir sig á því sem sú ríkisstj. gerði. Hún gerði ýmislegt fleira. En henni tókst líka ákaflega margt illa. Henni tókst margt miður. — En ég vildi vekja sérstaklega athygli á þessum einstöku ummælum, sem hér voru viðhöfð.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Nú fer að færast fjör í leikinn. Það var nú við því að búast að hv. 5. landsk. þm. mundi grípa tækifærið og reyna að snúa út úr. Hann hefur skipt um hlutverk, eins og fleiri, núna. Hann hefur aðra félaga með sér í stjórnarandstöðu. Hann notar að sjálfsögðu tækifærið þegar það gefst og reynir sérstaklega að gera tortryggilegt það samstarf sem fáeinir þm. úr þingflokki Sjálfstfl. áttu í síðustu ríkisstj. við Framsfl. og Alþb. Við erum ekkert óvön þessu. Þetta gerðist oft á s. l. kjörtímabili, að þm. Alþfl. stunduðu þá iðju að núa því um nasir Sjálfstfl. að hann væri ábyrgur fyrir ríkisstj. Þessi hv. þm. veit vel að Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili þrátt fyrir að fáeinir þm. Sjálfstfl. væru aðilar að þeirri ríkisstj. Við þurfum ekki að ræða þetta hér, þetta veit þjóðin öll.

En ég var ekki að veitast persónulega að núv. hæstv. forsrh. og það veit hv. 5. landsk. þm. einnig mætavel. Ég var að tala um fyrrv. hæstv. ríkisstj. og hennar stefnu sem slíka. Hún var með þeim hætti sem ég var að lýsa. Það sem núv. hæstv. forsrh. gerði í síðustu hæstv. ríkisstj. var ekki til umræðu. Það vissu líka allir, og ekki síst hv. 5. landsk. þm., hverjir réðu ferðinni í þeirri hæstv. ríkisstj. Það var Alþb.

Ég kom fyrst og fremst í ræðustól vegna ummæla hv. 2. þm. Austurl., sem mér þótti vera fljótur að gleyma. Eins og hv. 8. þm. Reykv. minntist hér á er mikið gert af því að rifja upp söguna. En það er kannske eðlilegt. Það þarf ekki langt að fara aftur í tímann, örfáa mánuði. Það er svo skammt liðið á líf þessarar ríkisstj. að auðvelt er að muna það sem gerðist hér á s. l. vori. Það var einmitt það sem ég var að rifja upp því að mér þótti hv. 2. þm. Austurl. vera nokkuð fljótur að gleyma.

En það sem hefur gerst nú er að það eru tveir flokkar í þessari ríkisstj. og þeir hafa sett fram aðra stefnu. Stefnan er fyrst og fremst sú, að ráðast að verðbólgunni og hæstv. ríkisstj. þarf ekki fjögur ár til að sanna að hún valdi verkefninu. Hún er ekki búin að sitja nema í fáeina mánuði þegar jákvæður árangur af stefnu hennar er strax farinn að koma í ljós. Það var þetta sem ég var að benda á og ekki síst á að afleiðingarnar af því sem gerðist á s. l. kjörtímabili voru í fægiskúffunni, undir mottunni og í hornunum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í „stóru orðin" þeirra Austfjarðaþm. Mér heyrðist hv. þm. Helgi Seljan nefna það „stóru orðin" þegar hann sneri sér að meðþm. sínum. Ég skal skal reyna að svara því nokkru sem hér hefur komið fram.

Í fyrsta lagi hefur verið spurt að því, hvers vegna óskert álagning var leyfð. Það er vissulega atriði sem mjög kom til umr. Nú er það svo, að álagning hefur ýmist verið skert eða ekki skert. Hún var t. d. skert í gengisfellingunni í lok ágúst í fyrra, en ekki skert í gengisfellingunni um áramótin.

Við umr. um þetta kom fram, að skert álagning hefur aldrei verið framkvæmd nema ákveðinn tíma, þannig að hún rennur út að þremur mánuðum liðnum eða svo og þá er álagningin orðin full og segja má að þegar um er að ræða skerta álagningu sé tekið visst tillit til þess í almennri heimild til verðhækkunar. Niðurstaðan varð sú eftir ítarlegar umr. við verðlagsyfirvöld og þá sem með þau mál fara, að miða álagningu við að tækist að halda gengi stöðugu nokkurn tíma og þá yrði hvort eð er orðin full álagning innan þriggja mánaða eða svo. Var lagt eindregið til af embættismönnum á þessu sviði að skert álagning yrði ekki tekin upp í þetta skipti, en heldur fylgt þeim anda laganna, sem ég leyfi mér að fullyrða að hafi verið gert, að heimila eingöngu óhjákvæmilegar hækkanir.

Ég viðurkenni fúslega að um þetta má deila. Það er alveg rétt að það voru ýmsir þeirrar skoðunar í báðum stjórnarflokkum að álagninguna ætti að skerða. En þessi varð niðurstaðan.

Einnig hefur verið fullyrt að gengissig hafi verið áfram áætlað við verðlagningu. Gengisfelling varð verulega í lok maí eða 14.6% og gengissig hafði orðið mjög

mikið áður. Ég ræddi enn einu sinni við verðlagsstjóra um þetta atriði. Einnig ræddi ég við formann verðlagsráðs. Báðir fullvissa þeir mig um að í upphafi hafi fyrst og fremst verið tekið tillit til þess fjárhagstjóns sem innflytjendur hefðu orðið fyrir vegna miklu meira gengissigs og miklu meiri gengisbreytingar á vikunum áður en verðlagt var en áætlað hafði verið fyrir og þess vegna gert ráð fyrir að það jafnaðist á næstu tveimur mánuðum.

Hins vegar segir verðlagsstjóri mér, að þessi regla hafi algjörlega horfið úr verðlagningunni eftir júníágúst og eftir það hafi verið talið að óhætt væri að gera ráð fyrir að menn sem hefðu stofnað til erlendra lána vegna innflutnings bæru ekki lengur skarðan hlut frá borði í fjármagnskostnaði vegna meira gengissigs, enda gengið verið stöðugt og ekki gengissigs að vænta fram undan.

Ég vil einnig taka fram að um þessa framkvæmd var nokkuð deilt og umdeilt á hve löngum tíma ætti að bæta það gengissig sem menn hefðu orðið fyrir á mánuðunum á undan, en bæði formaður verðlagsráðs og framkvæmdastjóri fullvissa mig enn um að þetta hafi að fullu runnið út í júní- og júlímánuði.

Að sjálfsögðu má lengi um það deila hvort þetta orðalag, óhjákvæmileg hækkun, er nógu ákveðið eða ákveðið ekki. Hvað er óhjákvæmileg hækkun, eins og ýmsir hv. þm. hafa komið inn á. 11. þm. Reykv. og 8. þm. Reykv. töldu að eingöngu hefði átt að leyfa ákveðinn hundraðshluta til hækkunar. Ég held að við getum verið nokkuð sammála um að breyting á hráefnisverði, hvort sem þar er um að ræða breytingu á innfluttu efni eða innfluttri vöru eða hráefni til framleiddrar vöru innanlands, hlýtur að koma fram í verðlagi. Ég held að varla sé unnt að gera ráð fyrir að menn flytji inn varning ef þeir fá gengisbreytingu ekki borna uppi í verði. Ég hygg að enginn gerði það, það liggur í hlutarins eðli. Þess vegna held ég að gengisbreytingu og erlendar verðhækkanir almennt sé óhjákvæmilegt að taka til greina í verðlagningu innanlands.

Hér hefur verið viðurkennt að 8% launahækkun 1. júní og 4% 1. okt. séu liðir sem rétt hafi verið að viðurkenna. Þetta eru meginliðir auk opinberra hækkana. Þetta eru allt saman kostnaðarliðir sem fara óumdeilanlega inn í kostnaðinn við framleiðslu eða sölu á ákveðinni vöru.

Ég tek fyllilega undir það, sem hér hefur verið sagt, að vissulega höfðu heimilin ýmislegt „í pípunum" og erfiðleikar hafa víða orðið á heimilum. Ég nota nú þetta orðalag, í pípunum, sem er að vísu ekki gott, en þýðir að heimilin hafi haft ýmsa bundna kostnaðarliði sem þeim var óhjákvæmilegt að mæta. Hins vegar held ég að það hafi verið ákaflega breytilegt og ekki síst orðið svo hjá mörgum heimilum sem stofnað höfðu til fjárfestingar og urðu að standa undir mjög miklum fjármagnskostnaði. Ríkisstj. mat það svo, að hjá slíkum fjölskyldum væri bagginn þyngstur og óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að ganga til móts við þær. Það var reynt að gera, eins og menn vita, með hækkun persónuafsláttar og barnabóta og sömuleiðis ýmsum ráðstöfunum í sambandi við húsnæðismál, sem hafa mikið verið ræddar og ég ætla ekki að tíunda hér.

Um leið og ég segi þetta viðurkenni ég að það eru áreiðanlega ýmis heimili sem hafa ekki notið aðgerða ríkisstj. eins og æskilegt hefði verið og að var stefnt, hafa lent á milli, ef ég má orða það svo. En hitt er svo staðreynd, að heimilin hafa nokkurt svigrúm til að draga saman kostnað, a. m. k. mörg hver, og geta þess vegna að sumu leyti betur mætt kostnaðarhækkunum en innflytjandinn, sem verður að greiða innflutta vöru á nýju gengi og við nýjan kostnað. Vitanlega getur hann hætt að flytja inn þá vöru og þá fæst hún ekki í verslunum. Að sjálfsögðu mundu menn frekar grípa til þess en flytja inn varning og þurfa að selja hann á undirverði. Ég vil því leyfa mér, þótt ég viðurkenni erfiðleikana hjá mörgum heimilum, að halda því fram að þar sé sveigjan nokkru meiri.

En ég vek einnig athygli á því, að við Íslendingar höfum undanfarin ár búið við viðskiptahalla og hann hefur verið mjög vaxandi. Árið 1979 var viðskiptahallinn aðeins 0.7%, árið 1980 var hann 2.5%, árið 1981 var hann 5%, en árið 1982 var viðskiptahallinn 10%, sem þýðir í hreinskilni sagt að ráðstöfunartekjur hafa verið meiri en þjóðarbúið hefur í raun og veru aflað tekna fyrir. Menn hafa varið meiri peningum í innkaup o. s. frv. en þjóðin hefur haft svigrúm til.

Ég tek það fram, að þessi viðskiptahalli og auknar erlendar skuldir eru alls ekki, langt frá því, að öllu leyti vegna of hárra launa. Það er ýmislegt annað sem þarna spilar inn í, en þó er augljóst og liggur fyrir í tölum, að almenn eyðsla okkar var meiri en við höfðum efni á. Er það eitt af því sem veldur óhjákvæmilegri skerðingu kaupmáttar um þessar mundir.

Ég gæti rætt allítarlega um opinberar hækkanir, þó að þær falli ekki undir þetta mál, en læt nægja að segja að opinberar hækkanir urðu miklar og meiri en margir vildu, en þó var sett það takmark við opinberar hækkanir að opinber fyrirtæki þyrftu ekki að taka erlend lán til að standa undir greiðslubyrði sinni. Við fyrstu áætlun sem gerð var fyrir Landsvirkjun, þar sem að því var stefnt að ekki yrði um erlenda lántöku að ræða, taldi fyrirtækið að hækkun til áramóta þyrfti að vera 60% eftir að viðbótarhækkunin kom í maímánuði.

Hins vegar var ákveðið að hækkunin yrði 31%, eins og mönnum er kunnugt. Þá var að vísu ljóst að halli yrði ef ekki fengist hækkað raforkuverðið til álversins. Sú hækkun fékkst og bendir allt til þess að rekstur Landsvirkjunar verði í járnum að þessu leyti og ekki þurfi að stofna til frekari erlendrar lántöku. Við þetta var miðað og bæði Þjóðhagsstofnun og sérstakir ráðgjafar, sem ríkisstj. fékk í því máli, skoðuðu málið frá þeim sjónarhóli. Hækkanirnar voru miklar, en við þetta var miðað.

Um niðurgreiðslu á raforku vísa ég til þess sem áðan var sagt. Þessi ríkisstj. jók verulega niðurgreiðslu á raforku, um 150 millj., en 64 millj. voru á fjárlögum þessa árs. Þetta var að sjálfsögðu einn þáttur í viðleitni ríkisstj. til að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum, eins og t. d. upphitunarkostnaði.

Ég minnist þess ekki, virðulegi forseti, að hér hafi komið fram fleiri spurningar. Ég ætla ekki heldur að blanda mér mikið í það, hverjum sé um að kenna. Það er staðreynd að síðasta ríkisstj. gerði margt gott, og gæti ég vel tíundað það og við hv. 2. þm. Austurl., en það er líka staðreynd að henni mistókst sumt. M. a. mistókst henni að halda verðbólgunni í skefjum. Verðbólgan rauk upp á fyrstu mánuðum þessa árs. Því var óhjákvæmilegt að brjóta í blað og grípa til langtum róttækari ráðstafana en nauðsynlegt hefði verið ef hægt og sígandi

hefði verið unnið gegn verðbólgunni, eins og að var stefnt. En það er önnur saga.

Afleiðingin er sú, að ráðstafanir eru núna að mörgu leyti róttækar og koma víða hörkulega við, en ég hygg þó að allir geti verið sammála um að ekki varð haldið áfram á þeirri braut að safna erlendum skuldum og búa við stöðugt hækkandi verðbólgu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. 71. mál (þskj. 76). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, Stefáni Benediktssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur að flytja hér frv. til l. um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Skal ég nú gera í stuttu máli grein fyrir efni þessa frv. Það felur í sér að verslun með matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði færð verulega í frjálsræðisátt frá því sem nú er. Það er skoðun þeirra sem standa að flutningi þessa frv. að slíkt mundi stuðla að aukinni og fjölbreyttari framleiðslu og nánara sambandi framleiðenda og neytenda. Eftir sem áður yrði þó innflutningur á kartöflum og grænmeti takmarkaður við þann tíma er innlend framleiðsla dugir ekki til að fullnægja eftirspurn.

Í frv. er ráð fyrir því gert, að það sem í lögum heitir einkaréttur ríkisstj. til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti verði afnumið, en auðvitað geti Grænmetisverslun landbúnaðarins starfað áfram, en þá á jafnréttis- og samkeppnisgrundvelli við aðra aðila.

Þá er í frv. gert ráð fyrir að landið verði allt eitt sölusvæði fyrir matjurtir og gróðurhúsaafurðir og veitt er heimild fyrir fleiri aðila en Sölufélag garðyrkjumanna, sem er samvinnufélag þeirra, til þess að fá viðurkenningu til heildsölu á innlendri framleiðslu að uppfylltum almennum skilyrðum.

Þá er í frv. lagt til að við opinbera verðákvörðun, sem varðar garðávexti, verði aðeins fjallað um „hámarksverð", ekki eins og verð er nú, þannig að leyfilegt verði að selja þessa vöru á lægra verði og kostir hinnar frjálsu samkeppni fái að njóta sín.

Mál svipuð þessu hafa komið fram áður hér á hinu háa Alþingi. Ég minni á að á 103. löggjafarþingi flutti Vilmundur Gylfason og fleiri þm. Alþfl. frv. sem gekk mjög í þessa sömu átt og á 104. löggjafarþingi flutti hv. þm. Friðrik Sophusson og fleiri frv. sem einnig gekk í þessa sömu átt. Sýnist mér því allar horfur á að unnt muni að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins á þessu þingi.

Ég hygg að leitun sé að sams konar fyrirkomulagi og hér ríkir um þessi mál hjá öðrum þjóðum, þ. e. að ríkið hafi með lögum áskilið sér einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og grænmeti.

Nú mun það hafa verið á kreppuárunum sem fyrst var stofnsett Grænmetisverslun landbúnaðarins. Má vera að slíkt hafi verið nauðsynlegt þá og síðan hafi það fyrirtæki á stríðsárunum annaðhvort verið stofnað að nýju eða vakið til lífsins. Ég kann ekki þá sögu til fyllstu hlítar. Það má líka vera að það hafi verið réttlætanlegt þá að hafa einkasölu og einokun á þessu sviði. En árið 1983 held ég að það sé gjörsamlega úr samhengi við allt annað í þjóðfélaginu að halda áfram einokunarverslun á þessu sviði. Raunar má segja að í kartöflurækt hér á landi ríki núna fullkomið skipulagsleysi.

S. l. vor voru settar niður um það bil 22 þús. tunnur af kartöflum. Í sæmilega góðu meðalári reikna menn með 10—12-faldri uppskeru. Þá hefði uppskeran orðið í kringum 220 þús. tunnur, þ. e. tvöföld ársneysla okkar hér á Íslandi á kartöflum. Ef sprottið hefði í sumar eins og í sæmilegu meðalári, þá væru núna til tveggja ára birgðir af kartöflum í landinu.

Svo eru auðvitað líka ýmis önnur vandamál í sambandi við þessa ræktun. Það lítur út fyrir að um þessar mundir sé tíðarfar að kólna hér á landi, veður sé að kólna, meðalhitastig fari nokkuð lækkandi. Í sumar varð eins og alkunna er nánast algjör uppskerubrestur í kartöflurækt. Það beinir huganum að því, hvort þarna hafi verið fylgst nægilega vel með, hvort menn hafi verið nægilega opnir til að taka upp nýjungar, hvort það hafi verið nægileg hvatning í kerfinu til að svo yrði gert. Ég held nefnilega að þetta einokunarkerfi hafi kannske komið í veg fyrir það.

Þegar ég er að tala um breytingar eða nýjungar á ég t. d. við það að leggja hitaleiðslur í jörð, sem er ekki aðeins vel framkvæmanlegt heldur mjög auðvelt tæknilega og áreiðanlega ekki svo tiltakanlega dýrt.

Í öðru lagi, hvort nægilega mikið er um það að bændur stundi svokallaða skiptirækt til þess að jarðvegurinn fái að jafna sig, svo að það fáist betri uppskera, kartöflur sem þola betur hnjask, þola betur geymslu, eru bragðmeiri. Hver er t. d. þáttur þess að nota lífrænan áburð í auknum mæli, sem er ekki gert nema í mjög litlum mæli, skilst mér, í kartöflurækt, en sérfræðingar segja að gefi tvímælalaust betri raun en notkun tilbúins áburðar. Ég held að þetta kerfi sem viðgengist hefur, þetta staðnaða, dauða einokunarkerfi hafi kannske átt þátt í því að koma í veg fyrir að hér yrðu breytingar. (**Gripið fram í:** Það voru 300 þús. tunnur í ár.)

Núna í haust voru settar á markað rauðar íslenskar kartöflur, þvegnar og í nýjum umbúðum. Þarna var um góða vöru að ræða. Neytendur tóku þessu vel og kartöflurnar seldust mjög vel. En ég held að í þessu kerfi sé ekki næg hvatning fyrir framleiðendur til að setja vandaða vöru á markaðinn og fá fyrir hana mjög gott verð. Ég hygg að kartöfluneysla hér hafi líka farið minnkandi núna allmörg undanfarin ár. Hins vegar hafi þær tvær verksmiðjur sem settar hafa verið á laggirnar til að framleiða svokallaðar franskar kartöflur eða Parísar-kartöflur, eða hvað þetta heitir nú allt saman, haft nokkur áhrif til að auka neysluna eða a. m. k. að koma í veg fyrir að hún minnkaði.

Þetta frv. gerir aðeins ráð fyrir þeirri breytingu að viðskrn. skuli veita leyfi til innflutnings á kartöflum og nýju grænmeti samkv. almennum reglum í reglugerð, er ráðuneytið mundi setja, en hér segir í 4. gr. frv., með leyfi forseta: „Í reglunum skal m. a. kveðið á um að leyfi til innflutnings skuli því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn." Því aðeins skulu leyfi veitt að innlend framleiðsla dugi ekki til. Og enn

fremur: „Viðskrn. skal ráðfæra sig við samtök innlendra ræktenda og við samtök kaupmanna áður en gildistími innflutningsleyfa samkv. framangreindu er ákveðinn". Hér er gert ráð fyrir því að haft sé samband við þessa hagsmunaaðila og að þetta geti gerst í samkomulagi. Ég hygg að í Noregi muni gilda mjög svipaðar reglur um þetta, að þar er ákveðin nefnd sem í samráði við innlenda framleiðendur heimilar innflutning á kartöflum og grænmeti.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að landbrn. hafi á hendi yfirstjórn innlendrar matjurtaframleiðslu og geri áætlanir um uppbyggingu þeirrar atvinnugreinar. Á þetta hefur hér skort. Einnig skuli það beita sér fyrir því að fjármagn fáist til framkvæmda í samræmi við slíkar áætlanir.

Þá er ráðuneytinu gert að setja reglur um mat og gæðaflokkun matjurta. Það getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að fjalla um sölumál framleiðslu innlendra matjurta, en Framleiðsluráðið skal stuðla að því að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda.

Ráðuneytinu er samkv. þessu frv. einnig gert að stuðla að eftirliti með meðferð matjurta og að jafnan séu notaðar bestu fáanlegar aðferðir við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu. Að því er kartöflurnar varðar virðist svo seinni árin sem þær þoli lakar geymslu, þoli lakar hnjask, þoli lakar þá auknu tækni sem beitt er við upptökuna, þessar stórvirku vélar. Mun það raunar ekki bundið við kartöfluræktina hér á landi heldur hefur það einnig gerst víðar.

Í 5. gr. frv. segir að Sölufélag garðyrkjumanna skuli njóta viðurkenningar sem sölufélag ylræktarbænda, en einnig skuli heimilt að viðurkenna aðra heildsöluaðila. Ég held að það fyrirkomulag sem verið hefur á grænmetissölunni hér hafi gefist tiltölulega vel. Þar er ekki beinlínis um neina einokun að ræða. Þar er um samvinnufélag framleiðenda að ræða og ég held að það hafi gefið nokkuð góða raun. Þeirra samtök hafa að vísu verið gagnrýnd fyrir stefnu í verðlagningarmálum á undanförnum árum, en þar hafa þau nokkuð komið til móts við óskir neytenda og hagað sinni verðlagningu eftir því hvernig framleiðslunni hefur verið háttað. Um hásumarið, þegar uppskera hefur verið mest af tómötum og öðru grænmeti, hefur verðið lækkað verulega, sem leitt hefur til söluaukningar.

Ég held að það sé kominn tími til að við hugum að því hvort ekki er rétt að breyta þessu staðnaða og afdankaða einokunarkerfi, sérstaklega varðandi kartöflurnar. Það hefur verið árviss viðburður, raunar gerst svo lengi sem ég man eftir, að kvartanir hafa komið frá neytendum vegna þess að þær kartöflur sem á boðstólum væru í verslunum væru ekki boðleg vara. Það kvað mikið að þessum kvörtunum á s. l. vori og fram eftir sumri, mjög mikið og nú hafa verið fluttar inn frá Hollandi kartöflur, sem eru seldar hér í verslunum á að ég held 21 kr. kg en eru algjörlega óflokkaðar og eru náttúrlega vara samkv. því, eins og ég hygg að þeir hv. þm. muni vita sem borða kartöflur, eða hafa gert sér far um að athuga þessi mál núna. Það eru bæði íslenskar og erlendar kartöflur á markaðnum og þær erlendu eru hreint ekki góðar. Þar er einokunarfyrirtækið að verki. Ég hef það fyrir satt að aðilar, sem stunda innflutning hér, treysti sér til að kaupa kartöflur erlendis frá á lægra verði en Grænmetisversluninni hefur tekist. Um þetta skal að vísu ekki fullyrt en þetta hefur mér verið tjáð. Enn aðrir hafa sagt að það mætti e. t. v. ná hagstæðari samningum um flutninga á þessum vörum hingað til landsins en tekist hefur hjá þessu fyrirtæki. Í þeirri grein ríkir hörð samkeppni.

Ég held, virðulegi forseti, að það ætti að geta náðst samstaða um þetta mál hér í þinginu. Ég veit að fulltrúar sjálfstæðismanna eru fylgjandi frjálsri verslun, frjálsum viðskiptum. Þeir munu því áreiðanlega styðja þetta frv. með ráðum og dáð og sjá um að það hljóti greiðan gang í gegnum þingið. Ég veit ekki um fulltrúa annarra flokka, en ég held satt að segja að við verðum að átta okkur á því að þessi Grænmetisverslun landbúnaðarins, sem framfylgir einkarétti ríkisstj. til að flytja inn kartöflur, er alger tímaskekkja í íslensku þjóðfélagi í dag. Ég held að því fyrr sem við breytum þessu því betra fyrir alla neytendur og því er þetta frv. flutt.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og væntanlega landbn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál nú. Það kemur til afgreiðslu í nefnd þar sem ég á sæti. Hér er hreyft, held ég, við mjög þörfu máli. Þessi mál þarf að skoða gaumgæfilega. En mig langar aðeins hér og nú til að varpa þeirri hugmynd fram til hv. þm. í þessari deild hvort ekki sé vænlegra að við reynum frekar að efla ylrækt hér á landi, reynum sjálf að framleiða sem mest af því grænmeti sem við þurfum, en að opna fyrir innflutning á því til landsins eins og hér er lagt til. Ég veit að þetta er vandamál með kartöflur, en veit nokkur hér hvort einhvern tíma hefur verið gerð könnun á því hversu mikið af kartöflum við getum í raun og veru ræktað hér? Ég tel að þessi atriði þurfi að athuga áður en við opnum fyrir frjálsan innflutning á grænmeti til landsins.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég get að því leyti tekið undir orð hv. síðasta ræðumanns, að þetta mál kemur til umfjöllunar í nefnd þar sem ég á sæti, og það er ekki nema sjálfsagður hlutur að málið fái sína eðlilegu og þinglegu afgreiðslu. Ég get hins vegar sagt það strax sem mína skoðun á þessu máli að það er ýmislegt í þessum efnum sem er eðlilegt að gaumgæfa og, eins og reyndar frsm. tók hér fram, ástæða til að athuga hvort hægt sé að færa til tækni okkar tíma. Við vitum það mætavel að aðstæður eru orðnar aðrar í sambandi við flutninga en áður voru og vera má að ýmislegt í þeim efnum sé hægt að hagnýta sér til betra skipulags.

Alveg með sama hætti má mjög á það líta að neytendur fái meira ráðrúm til að meta gæði vöru hinna einstöku framleiðenda, t. d. með því að kartöflunum sé pakkað á viðkomandi framleiðslustað og viðskiptaaðilar geti haft nokkurt ráðrúm um það hvaðan þeir kaupa sínar kartöflur. Í þessu sambandi má minna á að það er að sjálfsögðu ekki nærri því öll kartöfluframleiðsla á landinu sem gengur í gegnum Grænmetisverslun landbúnaðarins. Þannig er stórt framleiðslusvæði norður við Eyjafjörð þar sem framleiðendur og þeirra sölusamtök þar annast dreifingu þessarar vöru.

Í minni heimabyggð gerist þetta með sama hætti. Þar eru það aðrir aðilar en Grænmetisverslunin sem sjá um

þá sölu. Ég held að við ættum ekki að mæta ábendingum sem þessum með fyrir fram neikvæðu hugarfari. Það vil ég ekki gera, enda er bæði framsetning á þessu máli og raunar framsaga hv. flm. með nokkrum öðrum hætti en maður á að venjast frá þeim heiðursmönnum í Alþfl. Það er fjarri því að ég vilji taka við þessu máli með einhverjum fordómum, síður en svo.

Hv. flm. talaði nokkuð um einokun í þessum efnum og taldi að ýmis mistök í þessari búgrein mætti e. t. v. rekja til þessarar einokunar. Ég tel að hér sé seilst nokkuð langt, en þær ábendingar sem fram komu í ræðu hv. þm. verða að sjálfsögðu kannaðar og athugað mjög gaumgæfilega hvort hægt sé að finna þeim stað í því viðskiptafyrirkomulagi sem ríkir í þessari búgrein. Ég ætla hins vegar aðeins að minnast á tvennt.

Í fyrsta lagi þar sem hann talar um skipulagsleysi í sambandi við niðursetningu eða stærð garðlanda s. l. vor og talar þar um tiltekna margföldun á útsæði. Þannig er nefnilega mál með vexti að um langan tíma hefur verið sett það mikið niður af útsæði að ef alls staðar væri góð uppskera yrði um offramleiðslu að ræða. Það var ekki einungis á síðasta ári, það hefur átt sér stað um marga ára skeið. Okkar veðurfar og okkar ræktunarskilyrði eru með þeim hætti að við fáum ákaflega sjaldan góða uppskeru alls staðar á landinu. Það er að sjálfsögðu líka afar sjaldgæft að svo fari sem fór á þessu ári, að uppskeran brást langvíðast.

Annað sem ræðumaður minntist líka á í þessu sambandi var það sem ég vildi nú frekar rekja til leiðbeiningarstarfseminnar og rannsóknastarfseminnar í landinu sem er, eins og við vonandi öll vitum, alveg óháð sölukerfinu. Hafi eitthvað sérstaklega verið sofið á verðinum í þeim efnum er þar við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, tilraunastöðvarnar og leiðbeiningarþjónustuna að sakast, sem ég hef átt nokkra hlutdeild að um margra ára skeið, að koma ekki á framfæri þeirri vitneskju sem þannig hefur fengist. Ég ætla ekki að dæma það hér hvort þar hefur verið um að ræða þann árangur sem eðlilegt væri að gera kröfur til. Ég held að það sé ekki hægt að fá neinar stærðir til að byggja slíkt mat á. Það held ég að sé nokkuð augljóst mál að í rannsóknar- og leiðbeiningarstarfsemi sé mjög erfitt að finna einhvern árangur sem beinlínis sé hægt að leggja niður í tilteknar stærðir. En hitt vil ég aftur á móti fullyrða, að á vegum þessara aðila og bændaskólanna í landinu, og þá sérstaklega Bændaskólans á Hvanneyri, hefur verið mjög mikið unnið að rannsóknarmálum í sambandi við m. a. kartöflur.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa umr. af minni hendi lengri að þessu sinni. Þetta mál fær sína þinglegu meðferð og að sjálfsögðu kemur fram hver sé afstaða Alþingis í þessu máli.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það er ýmislegt sem skeður hér í deild í dag. Hv. 4. þm. Reykn. afneitar áðan sjálfstæðismönnum í síðustu ríkisstj. og átelur þá fyrir mikið hirðuleysi í stefnumörkum og efnahagsmálum, og nú skeður það að hv. 11. landsk. þm. efast mjög um að rétt sé að fara þá leið sem það frv. sem hér liggur fyrir bendir á. Oft hefur maður séð að Sjálfstfl. hefur lýst stuðningi við þá stefnu Alþfl. að berjast gegn einokum í hverri mynd sem verið hefur og þykir mér þetta skjóta skökku við.

Hv. síðasti ræðumaður minntist á að dreifingarsvæði væru fleiri en hjá Grænmetisversluninni og er það rétt. Það minnti mig á að á Svalbarðseyri er rekin kartöfluverksmiðja sem veitir allmörgum mönnum vinnu. Þeir eru nú í vandræðum með hráefni vegna þess að uppskerubrestur varð í sumar. Þeir geta fengið kartöflur hjá Grænmetisversluninni fyrir 12 kr. kg, en sjálfir hafa þeir tryggt sér samning að fá kartöflurnar á 9 kr. kg. En þeir mega ekki flytja inn kartöflurnar á þessu lága verði, sem þýðir það að verksmiðjan á Svalbarðseyri gæti lagt upp laupana, a. m. k. gerir það henni mjög erfitt fyrir. Vafalaust á sér stað fækkun starfsfólks í þessum rekstri ef ekki fæst leyfi til að flytja inn kartöflur sem þeir fá á miklu lægra verði.

Þetta er dæmi um það hvernig sú einokun sem á sér stað hjá Grænmetisversluninni virkar. Vafalaust eru til mörg fleiri dæmi og þau sýna okkur að kerfið sem við búum við er ótækt. Það veldur mér miklum vonbrigðum ef a. m. k. þm. Sjálfstfl. samþykkja ekki þetta frv. Ég tel að það sé spor fram á við, auki frelsi, auki möguleika neytenda til að fá ódýrari vöru, sem hefur það í för með sér að lífskjörin batna.

Ég bendi á að fram er komið annað frv., ég held að það sé 67. mál, sem fjallar um nákvæmlega það sama og 5. gr. þessa frv. Ef þdm. samþykkja þetta frv. getum við um leið ekki aðeins afnumið þá einokun sem þarna er heldur einnig samþykkt hitt frv., sem kveður á um að Sölufélag garðyrkjumanna njóti viðurkenningar sem sölufélag ylræktarbænda.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Athygli mín hefur verið vakin á því að í 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir eflingu innlendrar garðávaxtaræktar. Það er mjög vel. Mér finnst að þetta mætti e. t. v. vera heldur ákveðnara, en við ræðum það seinna í landbn. ef málinu er vísað þangað. Ég ítreka aðeins það sem ég sagði áðan að ég held að við ættum að leggja höfuðáherslu á þetta atriði áður en við breytum reglum um innflutning á garðávöxtum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þetta er greinilega mjög jákvæður dagur í sögu Ed. Allir strjúka öllum rétt og allir eru góðir við alla.

Í þessu máli vildi ég aðeins leggja áherslu á stuðning minn við þetta frv. því að ég viðurkenni að á seinni árum hafa árstíðir í mínu daglega lífi ekki hvað síst verið miðaðar við það þegar kartöflur fara að gerast óætar. Og þá bölvar maður því að vera neyddur til að neyta vöru sem vart er neysluhæf, eingöngu vegna þess að ekki má leyfa fólki að velja frjálst um hvað það kaupir. Hvers vegna þarf maður að standa hér í stól og biðja um það nánast að jafnsjálfsagðir hlutir og smárýmkun á löggjöf, alls ekki alger rýmkun heldur takmörkuð rýmkun, sé heimiluð þannig að menn fái að borða sæmilega góðan mat með kartöflum allan ársins hring?

Ég verð að játa að ég er ekki alveg eins bjartsýnn og hv. 5. landsk. þm. um velvilja vissra stjórnmálasamtaka í garð þessa frv. Ég verð að játa að mér fannst hálfgert 1000 ára hljóð í hv. 11. landsk. þm. þegar hann fór að ræða um væntanlega meðhöndlun sína á þessu máli í nefnd. Hann gaf þó aðeins eftir og taldi nú rétt að neytendur fengju aðeins meira ráðrúm til að velja og hafna. Það eru hálf ólíkindaleg hljóð frá manni sem telur sig vera í Sjálfstfl., þeim fræga flokki frelsis og frjálsra athafna.

Hv. 11. landsk. þm. hélt því reyndar fram að rannsóknir á þessum vettvangi væru gjörsamlega óháðar sölukerfi. Það er alls ekki alveg rétt því að við erum hérna að ræða um einokunarverslun, Grænmetisverslun ríkisins, sem er í eigu þess sama aðila og á rannsóknastofnanirnar sem vinna á þessum vettvangi.

Ég vil enn og aftur leggja áherslu á að hér er ekki verið að fara fram á þvingun. Það er verið að fara fram á rýmkun. Það er ekki verið að fara fram á algera rýmkun, heldur eingöngu takmarkaða. Ef menn ekki geta tekið undir það finnst mér menn vera farnir að setja næfellt allt fyrir sig, sem fyrir þá er lagt. Auðvitað kemur þetta ekki í veg fyrir að hægt sé að efla rannsóknir og starf í landbúnaðarmálum, efla ylrækt og hvað eina sem að slíku lýtur. Höfuðatriðið í þessu máli eru neytendurnir, að þeir fái góða vöru að neyta og að sú vara sem við framleiðum, Íslendingar, standist samkeppni og samanburð við þá vöru sem flutt er inn.

Jón Kristjánsson: Virðulegi forseti. Það eru örfá orð um frv. sem hér liggur fyrir.

Mér finnst þetta frv. mjög athugunarvert og ég legg til að það verði rækilega skoðað í landbn. Það er áreiðanlega þess vert að skoða rækilega hvort rétt sé að viðhalda einkarétti Grænmetisverslunar landbúnaðarins á innflutningi á kartöflum. Ég vil benda nefndinni á það, þegar þar að kemur, að það er í gildi frjáls innflutningur á ávöxtum. Það má fá þar áreiðanlega nokkurn samanburð, ef nefndin gæti látið vinna hann upp, á hvernig verðþróunin hefur verið á ávöxtum annars vegar og kartöflum hins vegar. Þar er í gildi að heildsöluaðilar flytja inn ávexti. — Ég legg sem sagt til að þetta mál verði skoðað mjög vel.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að nauðsynlegt er að efla innlenda kartöfluræktmeð öllu móti og styðja mjög að því að hún eflist. Ég sé að frv. gerir ekki ráð fyrir að það sé leyfður frjáls innflutningur á kartöflum meðan innlend framleiðsla er fyrir hendi. Nauðsynlegt er að innlenda framleiðslan sé sem best og sem fjölbreyttust. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram um þau mál.

Ég hef töluvert langa reynslu af því að versla með innfluttar kartöflur og ég verð að segja að úrvalið á því sviði hefur ekki verið nægjanlegt oft og tíðum. Þess vegna legg ég til að þetta mál verði mjög rækilega skoðað í nefndinni, hvort rétt er að breyta frá því fyrirkomulagi sem við byggjum á nú.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa hér mörg orð um, en mér virðist sem hv. þm., sem hér hafa talað, sérstaklega úr stjórnarandstöðunni, að undandkildum þó virðulegum þm. Sigríði Dúnu, 11. þm. Reykv., hafi haft fyrir fram nokkra fordóma um með hvaða hætti tekið yrði undir þetta mál. Hv. þm. Karl Steinar sagði t. d. hér um bil orðrétt, að ég hefði efast um leiðir þessa frv. Ég tók fram í minni ræðu að framsetningin hér væri með nokkuð öðrum hætti en menn ættu að venjast af Alþfl. Þetta vil ég líta á sem jákvæð viðbrögð frá minni hendi.

Annar hv. þm. — á meira að segja uppruna sinn í Austur-Skaftafellssýslu — var að tala um að ég hefði verið með — ég held að ég hafi tekið rétt eftir — 1000 ára fordóma. Hann talaði um að ég hefði notað orðið „aðeins" í þessum efnum. Það getur vel verið að ég hafi einhvern tíma nefnt orðið „aðeins", en áreiðanlega ekki sem neina sérstaka skilgreiningu á skoðunum mínum í þessum efnum. Sá heiðursmaður notaði nokkuð mikið annað orðalag, takmarkaðar breytingar. Ég sé nú ekki að það sé miklu skýrari umsögn um þetta frv. en þó að jafnvel ég hefði notað orðið „aðeins". Sannleikurinn er sá, að afstaða verður ekki skilgreind til þessa frv. með einu orði. Hún verður að sjálfsögðu skilgreind með afstöðu til frv. — En ég endurtek það, sem ég sagði í fyrri ræðu, að þetta mál er allrar athygli vert og ekki mun standa á mér að það fái þinglega afgreiðslu.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Það má mikið vera ef Björn heitinn Halldórsson í Sauðlauksdal vaknar ekki upp í gröf sinni vegna allra þessara umr. um kartöflur í dag. En ekki ætla ég að fara að ræða um Björn heitinn Halldórsson, heldur hitt, að eins og fram hefur komið í umr. virðast menn vera nokkuð fordómafullir hver gagnvart öðrum þegar landbúnaðarmálin ber á góma og í kartöfluumr., eins og hér hefur komið fram.

Ég vil segja frá því, að við hv. þm. Egill Jónsson erum saman í ágætri nefnd, að vísu er það óformlegur hópur enn þá, sem fjallar m. a. um endurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Ég geri fastlega ráð fyrir að sölumál matjurta, garðávaxta, komi til meðferðar, eins og önnur mál landbúnaðarins, í þeirri nefnd. Og ég þykist vita að þau atriði sem vikið er að í þessu frv. úr framleiðsluráðslögunum komi ekki síst til umr. í umræddum landbúnaðarhóp.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram. Auðvitað er það skylda okkar að standa að þessum málum á þann veg að reynt sé að sinna óskum neytenda eftir bestu getu. En við verðum í leiðinni að huga að þeirri framleiðslu sem fram fer í landinu sjálfu og gera það upp við okkur hverju sinni með hvaða hætti við viljum sem best stuðla að henni og á hvaða sviðum þjóðin eigi að vera matbjarga. Ég veit að um þetta eru menn í mörgum tilvikum alveg sammála.

Hvort þær breytingar sem hér eru lagðar til stíga hin æskilegu skref skal ég ekki leggja dóm á á þessu stigi. Þó er ég fremur á því að gengið sé til frjálsræðisáttar.

Hv. sjálfstæðismenn hafa verið brýndir í þessari umr. og hvattir til að vinna hratt og vel að umfjöllun málsins í landbn. Ég vil þá endurtaka það sem ég sagði áðan: Ég vonast til þess að þeir fari ekki að rasa um ráð fram og bíði gjarnan eftir því hvað út úr kemur því virðulega nefndarstarfi sem við hv. þm. Egill Jónsson eigum aðild að.

Umr. frestað.

Neðri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. 15. mál (þskj. 15). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. 32. mál (þskj. 32). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Erfðalög, frv. 38. mál (þskj. 39). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frv. 13. mál (þskj. 13). — Frh. 1. umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það mun vera nokkuð óvenjulegt að flytja frv. til l. um að skipa nefnd eins og hér er lagt til. En í grg. taka flm. fram hvers vegna það er. Ástæðan er sú að áður hefur hér verið flutt á hv. Alþingi till. til þál. um skipan nefndar til að gera sérstaka úttekt á kjörum láglaunahópa. Sú tillaga var samþykkt hér á hv. Alþingi. Þetta er eitt af baráttumálum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það náði samþykki hér á hv. Alþingi en eftirtekjan er heldur rýr — efndirnar nánast engar. Og það mun vera ástæðan fyrir því að sú leið er farin að flytja hér frv. til l. um að skipa nefnd. Og það, sem er athyglisvert við það að öðru leyti, er að nefndin skal skipuð hlutlausum sérfróðum aðilum til þess að skilgreina hugtakið „láglaunahópar" og gera úttekt á raunverulegum kjörum þeirra.

Það bar til tíðinda — og þótti fréttnæmt — í gær að hæstv. ríkisstj. hefði á fundi sínum ákveðið að gera nú leit að þessum láglaunahópum sem mörgum virðast vera týndir í þjóðfélaginu. Það er augljóst mál að flutningur þessa máls hefur stuggað við ráðherrum þannig að þeir hafa ákveðið að vera fyrri til í kapphlaupinu svo að vel má vera að flutningur þessa máls hafi þegar skilað nokkrum árangri. Nú skulum við að vísu ekki slá því föstu því að þó að ríkisstj. samþykki að leit skuli hafin er ekki víst að þeir komi í leitirnar.

Mig langar til að fara örfáum orðum um þetta mál frekar og þá m. a. með vísun til þess sem fram hefur komið í umr. áður.

Hér á hv. Alþingi hafa farið fram ítarlegar umr. um kjaramál að undanförnu í tilefni af bráðabirgðalögum ríkisstj., sem hér hafa legið fyrir til staðfestingar, um afnám vísitölukerfis, um afnám samningsréttar. Fjölmiðlar eru allir fullir af upplýsingum um gífurlega kjaraskerðingu sem launþegar hafi mátt þola og taka á sig og þjóðfélagið nánast snýst um fátt annað en það lífskjarahrun eða þá lífskjarafórn sem orðið hafi á undanförnum árum og misserum. Menn hafa misjafnar skoðanir á orsökum þess arna, en flestum ber saman um það að kjör þjóðarinnar hafi farið versnandi. Og menn spyrja óhjákvæmilega ýmissa spurninga um það hverjum er ætlað að bera byrðarnir. Er þar farið eftir eðlilegum sjónarmiðum sanngirni og réttlætis eða er hér um að ræða einhliða lífskjarafórn? Og allt snýst þetta tal að lokum um láglaunahópana, láglaunafólkið og hlut þess. Það má furðulegt heita að í allri þessari umr. skuli þykja alveg sérstök ástæða til þess að setja á laggirnar sérstaka nefnd til þess að rannsaka það hvað menn eiga við með þessu. Hvað eiga menn við þegar menn tala um láglaunafólk? Hvar er þetta fólk að finna? Í hvaða stéttarfélögum er það? Í hvaða atvinnuvegum er það? Hver eru kjör þess? Eigum við virkilega að trúa því að það liggi ekki fyrir sæmilegar upplýsingar í þessu hagspaka þjóðfélagi — þar sem hagfræðilegar upplýsingastofnanir spretta upp eins og gorkúlur á haug og eru að verða óteljandi — um það hver tekjuskiptingin í þjóðfélaginu er?

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vildi meina að það skorti ekki upplýsingar. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vísaði því algjörlega á bug að við verkalýðshreyfinguna væri að sakast um fátækt og bág kjör láglaunafólks. Hins vegar vildi hann meina að það skorti mikið á skilning ráðamanna — stjórnmálamanna — á kjörum þess. En meginspurningin er þessi: Er það virkilega svo að það vanti fyrst og fremst upplýsingar um hag þessa fólks? Ég skal ekki fullyrða um það, hvort svo er. Auðvitað liggja upplýsingarnar fyrir, en kannske skortir dálítið á úrvinnslu þeirra. Ég held að það skorti ekki upplýsingar um kaupgjaldstaxta verkalýðshreyfingarinnar og það vantar ekki upplýsingar um hvaða stéttir það eru sem raunverulega bera úr býtum kaup samkvæmt þessum töxtum. Þannig vitum við í stórum dráttum hvaða hópar þjóðfélagsins það eru sem ekki njóta annarra kjara en fram kemur í þessum kauptöxtum, þ. e. búa ekki við ákvæðisvinnukerfi, njóta ekki yfirborgana af einu eða neinu tagi. Engu að síður er það svo að ef það væri staðreynd að Íslendingar eða íslenskir launþegar lifðu af þessum töxtum þá væri ekki nokkur vafi á því að það væri hugnursneyð í þessu landi, það væri hrein og klár hungursneyð. Það er ekki nokkur vafi á því að það væru komnar hér fram harðar kröfur um það að rannsaka hvaða hópar það væru sem hér byggju raunverulega við hungur, hvaða hópur það væri sem væri fyrir neðan hungurmörk. Vegna þess að það er engin leið að halda því fram að hægt sé að framfleyta fjölskyldu af tekjum einnar fyrirvinnu á lægstu töxtum verkalýðshreyfingarinnar. Og reyndar liggur það ljóst fyrir að um 90% a. m. k. af meðlimum ASÍ eru láglaunafólk samkvæmt skilgreiningum sem notaðar hafa verið þar.

Ólafur Björnsson prófessor hefur nýlega vakið athygli á því að ef allt það væri satt og rétt sem sagt hefur verið um kjör fólks á Íslandi út frá þessum töxtum og ef allt það væri satt og rétt sem sagt hefur verið og samþykkt á ótal fjölmennum samkomum um þá skerðingu á umsömdum kjörum sem fólk hefur mátt þola, einkum og sér í lagi á rúmum s. l. áratug, þá væru þjóðartekjur Íslendinga áreiðanlega ekki einu sinni helmingur af því sem mönnum ber þó saman um að þær séu. M. ö. o. það virðist allt benda til þess að staðreyndir og „staðreyndir í umræðum" um kaup og kjör séu sitt hvað.

Ef við lítum í kringum okkur í þjóðfélaginu og spyrjum hver séu ytri tákn raunverulegra lífskjara íslenskra fjölskyldna — svona yfirleitt — ef við lítum á

híbýlakostinn, ef við lítum á fermetrafjölda íbúða og berum það saman við það sem gengur og gerist hjá launþegum annarra þjóða, ef við lítum á bifreiðaeign, ef við lítum á ferðalög til útlanda, ef við lítum á heimilistækjabúnað á venjulegu íslensku heimili, ef við lítum á vídeó-æðið — en því er m. a. haldið fram að Íslendingar séu lengra komnir í vídeó-vitleysu en nokkur önnur þjóð á byggðu bóli, sem sé mun meiri vídeótækjaeign á Íslandi en meðal Svía, sem er talin sæmilega efnuð þjóð — ef við lítum á þessar staðreyndir og spyrjum síðan: Lifir þetta fólk virkilega á Sóknartöxtum? Er þetta fólk virkilega með 11 þús. kr. á mánuði? Lifir þetta fólk á töxtum Dagsbrúnar eða Verkamannasambandsins? Er þetta láglaunafólkið á Íslandi? Og þá liggur náttúrlega í augum uppi að það er meira en lítið skrýtið.

Niðurstaðan virðist vera sú að Íslendingar lifa ekki af kauptöxtum sem verkalýðshreyfingin semur. Auðvitað er ein meginskýringin sú að raunverulegar atvinnutekjur heimila, raunverulegar ráðstöfunartekjur heimila, byggjast á tekjum fleiri en einnar fyrirvinnu. Ég hef ekki við höndina nákvæmar tölur um það hver atvinnuþátttaka giftra kvenna er eða sambúðarfólks en ég veit að hún hefur farið mjög ört vaxandi. (Gripið fram í.) 80% segir hv. þm. Guðrún Helgadóttir. 80% giftra kvenna eða sambúðarfólks eða 80% fjölskyldna sem hafa fleiri en eina fyrirvinnu. Og þá er náttúrulega komin skýringin á því að atvinnutekjurnar eða ráðstöfunartekjur heimilisins eru meiri. Það er ekki einhlít skýring. Jafnvel það mundi ekki duga til þess að útskýra „lífistandard" Íslendinga. Það er nefnilega mikið bil á milli raunverulegra taxta og hins vegar raunverulegra atvinnutekna, raunverulegra útborgaðra tekna og raunverulegra ráðstöfunartekna heimila. Heimilin komast ekki af á neinum töxtum. Fjölskyldumeðlimirnir væru löngu dauðir úr hungri ef þeir ættu að lifa á þeim. Það segir nú sína sögu um árangurinn af kjarabaráttu verkalýðshreyfingar á undanförnum árum.

Heimilin lifa á tekjum sem er yfirleitt aflað af tveimur fyrirvinnum eða fleirum. Þar við bætist að það er mjög algengt á því tímaskeiði ævinnar, þegar fjölskyldan er að vinna það óyfirstíganlega, þ. e. að koma sér upp þaki yfir höfuðið, þá vinna báðar fjölskyldufyrirvinnurnar aukavinnu, yfirvinnu, kvöldvinnu, helgarvinnu o. s. frv. Og jafnvel þessar tölur koma ekki fram í opinberri kórréttri „statistík" yfirvinnutíma á Íslandi af mjög skiljanlegum ástæðum. Það er vegna þess að ef allt væri fram talið í tekjum sem slík fjölskylda verður að afla ef hún á að standa undir þeim lífskjörum sem við Íslendingar gerum kröfur til, ef allar þær tekjur væru taldar fram þá væri þetta mesta hátekjustétt — mestu hátekjufjölskyldur þjóðfélagsins — og skattlögð svo grimmilega að þar með væri ávinningurinn af þessari tekjuöflun fyrir bí. M. ö. o. ég held að það verði að slá því föstu að kjaramálaumræða, sem tekur mið af töxtum verkalýðsfélaga, er yfirleitt út í bláinn og kjaramálaumræða, sem snýst um það að mæla kaupmátt launa út frá kauptöxtum, ja — hún getur verið skemmtileg út af fyrir sig, fróðleg um margt, en hún hefur ekkert að gera með raunveruleg lífskjör Íslendinga, kaupmátt ráðstöfunartekna eða raunveruleg lífskjör.

Hver er þá skýringin á því að umsamdir taxtar verkalýðshreyfingarinnar, verkalýðsfélaga og vinnuveitenda liggja svo lágt niðri að það deilir enginn um það lengur að það er ekki á færi nokkurrar fjölskyldu að lifa af þessu? Til hvers er verið að gera slíka samninga? Jú, eins og fram hefur komið þá er sagt: Ja, þetta eru lágmarkssamningar. Eru þá einhverjir hópar — það er kannske spurningin sem hér er verið að biðja um að fá svör við — eru þeir hópar fjölmennir í þessu þjóðfélagi, eru þær fjölskyldur margar sem þurfa að framfleyta sér og sínum af þeim hungurtaxtatekjum sem verkalýðshreyfingin hefur náð í kjarasamningum — þeim tekjum sem slíkir taxtar skila einni fyrirvinnu? Það er kjarni málsins. Það hefur nefnilega ekki fengist upplýst hversu margar þær fjölskyldur eru. Það hefur mörgum tölum verið hreyft en þrátt fyrir allt, þrátt fyrir allar umræður sem orðið hafa um vísitölukerfi t. d. hér á hv. Alþingi á s. l. vori, þrátt fyrir allar umræður um kjör láglaunahópa í seinustu kosningabaráttu og þrátt fyrir allar umræður sem urðu í stjórnarmyndunarviðræðum milli allra flokka um þessi mál þá vantar mikið á að það sé upplýst hverjar eru þær fjölskyldur í landinu þar sem fyrirvinnan er ein og þarf að framfleyta fjölskyldu — kannske fjögra manna fjölskyldu af þessum hungurtöxtum. Hvað eru þær margar? Hvar er þær helst að finna? Það er kjarni málsins. Það er þetta sem hér er verið að biðja um að fá upplýst.

Auðvitað má það furðulegt heita að þessar upplýsingar skuli ekki liggja fyrir. Hvernig stendur á því að verkalýðshreyfingin, sem líka hefur sínar hagstofnanir, hefur ekki getað unnið úr hinni almennu „launastatistík" þessar upplýsingar? Er ekki tiltölulega auðvelt að afla þessara upplýsinga á tölvuöld? Ég hefði haldið það. Það er fyrir lifandis löngu tímabært að þessar upplýsingar liggi skilmerkilega fyrir og með þeim hætti að hægt sé að vinna úr þeim upplýsingum aðrar upplýsingar um félagslegt ástand á Íslandi á verðbólguáratugnum.

Við spyrjum t. d.: Er það svo að launamismunur í reynd hafi farið vaxandi á óstjórnarárunum frá 1971 til dagsins í dag? Hefur félagslegt misrétti farið vaxandi á þessum óstjórnarárum? Sjáum við merki þess sem stundum er — t. d. að taka í húsnæðismálum — haldið fram að lánakerfið hafi raunverulega sprungið, raunverulega hrunið í rúst undir stjórn hæstv. fyrrv. húsnæðismálaráðherra, formanns Alþb., og nú sé komin til skjalanna heil ný kynslóð sem býr allt í einu við allt önnur kjör og verri en fyrri kynslóðir í landinu og á þess ekki lengur kost raunverulega með góðu móti að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Hvaða áhrif hefur t. d. hrun húsnæðislánakerfis á raunverulega lífsafkomu þeirra fjölskyldna sem verða að komast af á hungurtaxtakaupi einnar fyrirvinnu sem ég vitnaði til áðan? Það er auðvitað alveg augljóst mál að einstæð móðir eða einstætt foreldri með nokkur börn á framfæri sem vinnur í starfi þar sem ekki er um að ræða kaupauka af neinu tagi, þar sem ekki er um að ræða neins konar ákvæðisvinnukerfi, þar sem ekkert er um að ræða annað en tekjur fyrir 8 stunda vinnudag á þessum hungurtöxtum — þessi fjölskylda hlýtur raunverulega að búa á hungurstigi. Fjölskylda, með 11 þús. kr. á mánuði, getur ekki komist af í þessu þjóðfélagi. Slík fjölskylda getur ekki leigt íbúð á þeim kjörum sem eru hér á markaði, hún er dæmd alveg frá þátttöku í því íslenska þjóðfélagi sem gerir ráð fyrir því að allar fjölskyldur eigi að eignast þak yfir höfuðið; það er ógjörningur með öllu að hún geti það.

Í raun og veru er fyrirvinna þessarar fjölskyldu að verulegu leyti dæmd frá þátttöku í atvinnulífinu vegna þess að það er raunverulega kraftaverk sem heyrist talað um á hverjum degi ef einstæð móðir, sem á fyrir 3—4 börnum að sjá, eða einstætt foreldri — svo að farið sé nú eftir kyngreiningarformúlum dagsins í dag — skuli á hverjum degi geta farið frá þessari fjölskyldu sinni og unnið sína vinnu á vinnustað. Þær píslir, þær hörmungar og sú félagslega martröð, sem á þetta fólk er lögð, er ólýsanleg og ég lýsi furðu minni á því, miðað við þann mikla fjölda útskrifaðra akademískra manna sem eru félagsfræðingar og félagsráðgjafar af öllu tagi að ekki skuli hafa komið fram í almennri þjóðmálaumræðu skarpari lýsing eða raunverulega sönn lýsing á þeirri óskaplegu fátækt og því óskaplega vonleysi sem þetta fólk í raun hlýtur að búa við.

Það er út frá þessum staðreyndum fyrst og fremst sem þetta mál er brýnt þótt óvenjulegt sé. Það er mjög æskilegt að þessi nefnd verði skipuð og hún hefji störf. Það er rétt leið sem hérna er boðuð — sú að nefndin verði skipuð sérfróðum mönnum sem ekki eru fyrst og fremst talsmenn einstakra hagsmunahópa þó að sjálfsagt sé að þeir leiti sér upplýsinga og gagna alls staðar þar sem slíkar upplýsingar er að fá. Það er sjálfsagt ekki tímabært hér í tilefni af þessu frv. að ræða spurninguna um hvað er til ráða, hvað helst er hægt að gera á hvaða vettvangi og með hvaða aðferðum til þess að bæta kjör þessa fólks. Við skulum fá þessar upplýsingar á borðið og sá vandi hlýtur náttúrlega að brenna á forystumönnum verkalýðsfélaganna í landinu.

Menn greinir á um það hvort verkalýðshreyfingin hafi staðið í stykkinu í þessu efni eða ekki. Menn greinir á um það hvort löggjafarvaldið, ríkisvaldið, hafi gegnt skyldum sínum í þessum efnum. Það er kannske ástæða til þess að fara nokkrum orðum um það. Menn deila ekki um það að árangur verkalýðshreyfingarinnar í því að tryggja lífskjör þessara hópa er náttúrlega hörmulegur. En er við hana eina að sakast. Menn gætu haldið því fram að harðdrægni atvinnurekenda hefði reynst slík í kjarasamningum að þar væri ástæðuna að finna.

En ég held að — burtséð frá öllum umræðum um það hvort einstök verkalýðsfélög hafi staðið í stykkinu og einstakir verkalýðsforystumenn — meginskýringin á þessu sé önnur. Hana er að finna í gjörsamlega úreltu skipulagi og vinnubrögðum verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar. Hvað á ég við með því? Ég á við með því að verkalýðshreyfingin hefur látið undir höfuð leggjast núna í aldarfjórðung að standa við yfirlýsta stefnu sína, *margsamþykktar ályktanir ASÍ-þinga, um það* að breyta sjálf skipulagi sínu á þann veg að í staðinn fyrir að sundra launafólki á vinnustöðum — sameini hún fólkið í ein heildarsamtök innan hvers einstaks atvinnuvegar.

Kemur þetta þessu máli við sem við erum að ræða um núna? Ég segi: Já, alveg tvímælalaust. Við erum að ræða um launabil. Við erum t. d. að varpa fram þessari spurningu: Ef það er staðreynd að þjóðarframleiðsla okkar, þ. e. þjóðartekjur á mann, fer ekki vaxandi og það er staðreynd að hún muni fara minnkandi annað árið í röð, ef allt bendir til þess að ytri skilyrði þjóðarbúskaparins verði með þeim hætti að þjóðartekjurnar og hlutur launþega í þeim verði ekki aukinn hvað erum við þá að tala um ef við erum um leið að segja að það verði að koma í veg fyrir að fjölskyldur á Íslandi líði raunverulega skort og búi við hungurstig? Við erum að segja að það verði að breyta tekjuskiptingunni innbyrðis. Við erum að segja að í þeim kjarasamningum, sem næst verða gerðir, verði það að vera forgangsverkefni að það fólk, sem ekki á til hnífs og skeiðar, sem eru þessir raunverulegu láglaunahópar sem er ætlað að lifa af tekjum sem duga ekki til þess að framfleyta fjölskyldu, verði hækkaðir en sú kauphækkun verður ekki sótt til aukinnar þjóðarframleiðslu eða aukinna þjóðartekna að öllum líkindum; það verður að taka það af öðrum. Við erum m. ö. o. að ræða um að það verði að breyta launabilunum, launakerfunum, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um.

Við eigum að gera þá kröfu til verkalýðshreyfingarinnar ef við erum þeirrar skoðunar að kjarasamningar eigi að vera frjálsir að það sé hlutverk hennar við þessi skilyrði að breyta tekjuskiptingunni sjálfri. Hvernig er verkalýðshreyfingin í stakk búin til þess? Hefur henni tekist það á undanförnum árum og áratug? Nei, henni hefur ekki tekist það. Mun henni takast það? Ég er að segja að skipulag verkalýðshreyfingarinnar, ef við lítum á það vinnustað fyrir vinnustað, stuðlar ekki að því að þetta verði gert — einfaldlega vegna þess að á fjölmennustu vinnustöðunum er það svo að skipulag verkalýðshreyfingarinnar sundrar fólkinu. Á hverjum einstökum vinnustað eru dæmi þess að starfsfólkið skiptist mjög oft upp í 10—12—15 — jafnvel 20 verkalýðsfélög, dæmi eru um það að kjarasamningar eru gerðir svo nemi mörgum, mörgum tugum og hundruðum með margvíslegum launabilum og dæmi eru um það að fólk sé í allt að 40 stéttarfélögum. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það að hið ófaglærða fólk, sem er fjölmennt, gengur til kjarasamninga sem eru heildarsamningar og eru lágmarkssamningar. Síðan þýðir þetta skipulag verkalýðshreyfingarinnar það að þeir hópar, sem sterkari hafa markaðsaðstöðuna, sem eru fámennari, vinna sérhæfð störf, koma á eftir þegar hinum almennu kjarasamningum er lokið og segja: Ja, síðan er eftir okkar hlutur. M. ö. o., láglaunafólkið í þjóðfélaginu er því, samkvæmt því skipulagi sem verkalýðshreyfingin býr við, látið draga kerruna, það er látið draga plóginn, það raunverulega ber þessa stéttabaráttu, þessa kjarabaráttu, á herðum sér. En síðan koma allir hinir á eftir, sem gjarnan þurfa minna á sig að leggja, eða minna að fórna í sjálfri kaupgjaldsbaráttunni og hafa allt sitt á þurru og tryggja sér auðveldari og betri kjarabætur.

Meðan verkalýðshreyfingin býr við þetta skipulag þá er ég svartsýnn á að hún nái árangri í því að rétta hlut láglaunafólksins. Það er dapurlegt til þess að vita að slíkt ginnungagap skuli vera milli yfirlýstrar stefnu verkalýðshreyfingarinnar og raunverulegra efnda eins og fram kemur í þessu máli. Það er dapurlegt til þess að vita að verkalýðshreyfingin skuli viðurkenna vandamálið, lýsa því yfir í stefnusamþykktum en hafast síðan ekkert að til þess að fylgja því fram. Fyrir mörgum, mörgum áratugum hefur verkalýðshreyfingin í grannlöndum okkar tekið upp skipulag sem miðar að því að sameina fólkið á vinnustöðunum í eina hreyfingu. Það stuðlar að því með því kerfi og með þeim vinnubrögðum að taka upp „solídaritets"-pólitík í launamálum. Það er slíkt kerfi sem dregur úr tilhneigingunni til launamismunar þar sem kjarasamningar fara fram á sama tíma innan sama atvinnuvegar fyrir alla, hvort heldur þeir eru faglærðir eða ófaglærðir, hvort heldur þeir gegna

störfum við stjórnun eða framleiðslu. Þegar fólkið er sameinað í einu félagi, þegar upplýsingarnar liggja fyrir um launabilið innbyrðis milli fólks í þessum atvinnuvegi, þegar upplýsingar liggja fyrir um greiðslugetu í þessum atvinnuvegi, þá eru öll ytri skilyrði miklu hagstæðari til þess að reka þá „solidaritets"-pólitík, að draga úr þeirri tilhneigingu markaðsins til launamismununar sem alltaf er fyrir hendi. Og það er í þessum punkti sem verkalýðshreyfingin hefur brugðist, og þá á ég ekki við verkalýðshreyfinguna sem slíka, þá á ég fyrst og fremst við þá fámennu stjórn innan hennar sem hefur lagt hana undir sig og viðhaldið þar völdum sínum í skjóli ólýðræðislegra vinnubragða og fyrst og fremst hreiðrað þar um sig í skjóli flokksræðis. Það vita allir við hverja ég á og ég þarf ekki að hafa um það fleiri orð. M. ö. o. það er skipulag verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar sem á sinn þátt í því að kjör láglaunafólksins eru eins slæm og raun ber vitni.

En það er náttúrlega fleira sem heldur niðri launum og um það þarf ekki að hafa mörg orð. Það hefur komið fram í þeim umr. sem hér hafa orðið um launamálin. Það er staðreynd, og það varðar stjórnmálamennina, ríkisstjórnirnar og stjórnmálaflokkana, að efnahagsstefnan á Íslandi á s. l. rúmum áratug hefur m. a. borið það einkenni að sífellt hefur verið aukinn sá hluti þjóðarteknanna sem varið er til fjárfestingar, sá hlutinn er miklu hærri heldur en með öðrum þjóðum. Þetta háa hlutfall fjárfestingar hefur ekki skilað neinum arði eða mjög takmörkuðum arði og þetta er auðvitað meginástæðan fyrir því að hlutur launþega hefur farið versnandi. Oft er erfitt fyrir launþega að átta sig á þessu vegna þess að í fljótu bragði virðist þetta vera skrýtið. Fjárfestingin á að vera það sem keyrir áfram hagvöxtinn, það sem stuðlar að efnahagslegum framförum, en að vitlausar fjárfestingar, of miklar fjárfestingar, bitni raunverulega á kjörum þjóðarinnar í heild, það er ekki eins einfalt mál, en engu að síður einhver dapurlegasta staðreyndin eftir hörmungaróstjórnina á þessum liðnu tólf árum.

Það er ein spurning sem mig langar til þess að nefna líka í sambandi við þessi mál. Í launamálaumr. á s. l. sumri hefur því verið haldið fram að ein ástæðan fyrir slæmum kjörum hinna fjölmennari hópa ófaglærðra, láglaunahópanna, sé sú að þeir fái raunverulega ekki í sinn hlut í útborguðu kaupi nema lítinn hlut af raunverulegum umsömdum launum. M. ö. o. að hlutfall launatengdra gjalda sem samið er um í kjarasamningum til hinna og þessara félagslegra aðgerða og ekki aðeins félagslegra aðgerða, m. a. í þágu verkalýðshreyfingarinnar sem slíkrar, hafi orðið til þess að hlutfall útborgaðra launa samkvæmt þessum kjarasamningum hafa farið minnkandi. Í þessu efni sagði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson með leyfi forseta:

„Þá má einnig bæta því við að vegna þeirra launatengdra atriða sem ég taldi upp áðan, orlof, tryggingar, styttri vinnutími o. fl., þá hefur skipting launakostnaðar í þjóðfélaginu breyst. Og það hefur komið mjög hart niður á þeim sem eru með lægstu launin. Hlutfallið milli útborgaðra launa og launatengdra gjalda hefur gjörbreyst þannig að útborguð laun hafa hlutfallslega lækkað en launatengdu gjöldin hafa hækkað. Þetta hefur haft mjög skaðleg áhrif gagnvart láglaunafólki, sérstaklega í mikilli verðbólguþróun."

Þetta er eitt þeirra atriða sem ég tel að sú nefnd, sem hér er lagt til að verði sett á laggirnar, taki fyrir og rannsaki. Því hefur verið haldið fram að fyrir hverjar þúsund krónur í útborguðum launum sé raunverulegur launakostnaður 1 500 kr. Og þá vitna ég til greinar um þetta efni, Mælikvarðar á lífskjör, eftir dr. Vilhjálm Egilsson í Morgunblaðinu 28. sept. s. l. Nú er spurning: Ef það er staðreynd í væntanlegum kjarasamningum að hlutur launþega í þjóðarframleiðslu eða þjóðartekjum verði ekki aukinn í heild, ef næstu kjarasamningar eiga þar af leiðandi fyrst og fremst að snúast um breytta tekjuskiptingu innbyrðis, ef það er staðreynd að það þarf að taka af þeim sem betri hafa kjörin og raunverulega láta þá taka á sig auknar kjarafórnir, þeir hafa betur efni á því, ef við ætlum raunverulega að bæta hlut láglaunafólksins, þá er ein spurning enn: Er hægt við þessi skilyrði og er verkalýðshreyfingin reiðubúin til þess við þessi skilyrði að semja um það að draga úr þeim hlut launatengdra gjalda sem ekki rennur í vasa launþega, a. m. k. meðan efnahagskreppan varir? Er þetta ekki ein leið til þess að mæta þeirri kjaraskerðingu sem launþegar hafa orðið að taka á sig? Þetta er atriði sem ég beini til launþegaforingja sem hér eru inni og hér eiga sæti á þingi, þetta er þýðingarmikið mál og þarfnast svara. Verkalýðshreyfingin hefur samið um launaskatt og samdi um hann beinlínis í því skyni að þeir fjármunir rynnu til húsnæðismála, sem ríkisvaldið og forustumenn flokka, jafnvel þótt þeir kenni sig við verkalýðshreyfinguna, hafa síðan ekki staðið við. Er þá ástæða til þess að endurskoða það þannig að þessi hluti sem er raunverulega hluti af umsömdum launum, renni til launþega úr því að honum er hvort eð er ekki varið til félagslegra aðgerða.

Hvað um þann hluta af launatengdum gjöldum sem fer kannske fyrst og fremst til þess að byggja skrifstofuhallir handa verkalýðsrekendum? Má endurskoða það næstu tvö árin á sama tíma og kjaraskerðingin er hvað verst?

Ein spurning enn handa forustumönnum í verkalýðshreyfingunni: Er þess að vænta að þaðýti undir verkalýðsforingjana, þegar þeir standa frammi fyrir þeirri staðreynd að hér hefur á undanförnum árum myndast í þjóðfélaginu hópur fólks sem býr orðið við skort og hungur, að taka nú til alvarlegrar og hleypidómalausrar íhugunar breytingar á skipulagi og starfsháttum verkalýðshreyfingarinnar? Eru þeir nú reiðubúnir til þess að hætta að sundra fólkinu á vinnustöðunum samkvæmt úreltu skipulagi í allt of mörg sértæk verkalýðsfélög? Eru þeir reiðubúnir að standa við sínar eigin samþykktir í nafni „solidaritets" og launajöfnunar, víkja frá hagsmunum flokka sinna, sem hafa stjórnað verkalýðshreyfingunni í allt of ríkum mæli hingað til, og gera nú að veruleika eigin samþykktir í þessu efni einmitt til þess að draga úr því misrétti sem er orðið allt of mikið, óþolandi mikið?

Sumir segja að árangur aðila á vinnumarkaðinum í kjarasamningum sé slíkur að ríkisvaldið verði að grípa inn. Sumir halda því fram að það sé fyrst og fremst Alþingi. Alþingi sé líklegra til þess að geta það. Þetta eru spurningar sem voru þaulræddar í stjórnarmyndunarviðræðunum. Þar voru uppi tillögur, ég hugsa í öllum þingflokkum, um það — að því er varðar vísitölukerfið, að í stað þess að láta kerfið vera óbreytt, skyldi greiða fasta krónutölu til allra. Engu að síður var það óbreytt að þær vísitölubætur, sem greiddar voru, voru hlutfalls-

lega upp allan launaskalann. Ég segi að í öllum flokkum voru uppi tillögur um að þetta skyldi ekki gert, heldur skyldu dýrtíðarbætur greiddar sem föst upphæð, t. d. miðað við meðallaun og þannig fengju þeir, sem hærri hafa launin, minna í sinn hlut, en þetta gæti þýtt raunverulega kauphækkun til hinna lægst launuðu.

Það er ekkert launungarmál að einmitt þeir menn í öllum flokkum, sem gegna trúnaðarstörfum á vegum aðila vinnumarkaðarins, hvort heldur er í launþegafélögum eða á vegum vinnuveitenda, voru á einu máli um að þessi leið væri ófær, óframkvæmanleg. Auðvitað hefur hún verið reynd áður, ég viðurkenni það, og við vitum í stórum dráttum til hvers hún leiðir. Íhlutun Alþingis með lögum um launabilin er neyðarúrræði, segja menn. Ef menn eru á annað borð þeirrar skoðunar að þetta eigi að vera verkefni aðila vinnumarkaðarins er óæskilegt að ríkisvaldið geri það. Það hefur verið reynt og reynslan af því er slæm. En það er ekki hægt að horfa upp á þetta miklu lengur. En spurningin er um það hvort líklegt sé að Alþingi eða ríkisvaldið geri betur með beinni lagalegri íhlutun. Um það eru menn ekki sannfærðir. A. m. k. má á það benda að við erum að mótmæla því hér, stjórnarandstæðingar, og stjórnarliðar eru í vaxandi mæli að taka undir það með okkur, við erum að mótmæla því að verkalýðshreyfingin hafi verið svipt samningsrétti. Við erum m. ö. o. að segja: Látið þið aðila vinnumarkaðarins semja um kaup og kjör um leið og vísitölukerfi er afnumið og aðstæður í þjóðfélaginu eru þannig að kjarasamningar snúast fyrst og fremst um tekjuskiptingu launþega innbyrðis og endurúthlutun á því. Við teldum alveg sjálfsagt að segja einmitt við þær kringumstæður: Nú er komið að því að verkalýðshreyfingin sem slík neyti réttar síns til frjálsra kjarasamninga til þess að stokka upp úrelt launakerfi, draga úr launamismun og sýna í verki að hún sé til þess bær og fær að rétta hlut láglaunafólksins í frjálsum kjarasamningum. Þetta er auðvitað sú leið sem ríkisstj. átti að fara. Þetta er sú leið sem við mælum með. Það er margt sem bendir til þess að þessari skoðun vaxi fylgi á þingi. Við vitum það ekki enn þá.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég mæli eindregið með því að þetta mál fái skjóta og góða afgreiðslu hér á þingi, því að það verðskuldar það. Aðeins að lokum örlítið á persónulegum nótum. Ég tók eftir því við fyrri umr. um þetta mál að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir fór ákaflega hlýlegum orðum um hlut fyrrv. þm. Hannibals Valdimarssonar í baráttu fyrir jafnrétti kynja og jafnlaunum karla og kvenna. Hv. þm. vitnaði til þingræðu sem hér var flutt árið 1949 og baráttu hans fyrir þessum málum. Ef ég fer rétt með var það eitt með fyrstu þingmálum umrædds þm., till. hér á hv. Alþingi um launajöfnuð kynja. Nú, það kemur okkur Alþfl.-mönnum út af fyrir sig ekkert á óvart. Hv. þm. sagði að hér væri um að ræða mannréttindamál. Baráttan fyrir jöfnum launum og fyrir jafnri þjóðfélagsaðstöðu kynjanna er mannréttindamál.

Nú er það svo, ef við lítum ögn til baka yfir stjórnmálasöguna, að sá flokkur sem ég tala hér fyrir, Alþfl., flokkur íslenskra jafnaðarmanna, hefur verið eins konar mannréttindahreyfing í íslenskum stjórnmálum á sjöunda áratug. Öll stærstu mál þessa flokks hafa verið mannréttindamál í þessum skilningi, sem varðað hefur bæði kynin. Það hefur verið hlutskipti míns flokks að berjast fyrir sem brautryðjandi öllum stærstu mannréttindamálum sem komið hefur verið inn í löggjöf með þessari þjóð. Ég á t. d. við lagasetningu um takmörkun á vinnuþrælkun, ég á við lagasetningu sem skyldar atvinnurekendur til þess að greiða vinnuseljendum laun í peningum, ég á við mannréttindi eins og þau að fátækt fólk skuli eiga rétt til þess og hafa aðstöðu til þess af hálfu þjóðfélagsins að eignast þak yfir höfuðið, ég á við löggjöf um verkamannabústaði, ég á við afnám laga um mannréttindasviptingu fátæks fólks, afnám þeirra ákvæða að fólk missti kosningarrétt ef þannig var fyrir því komið að það þurfti að þiggja félagslega aðstoð, sem nú heyrir undir almannatryggingar, en þá varðaði við glæp.

Ég á við baráttu Alþfl. fyrir almannatryggingum sem er stærsta og þýðingarmesta umbótaaðgerð sem leidd hefur verið í lög á Íslandi sem mannréttindamál og varðaði að sjálfsögðu bæði kynin.

Ég á við baráttu Alþfl. áratugum saman innan verkalýðshreyfingarinnar um að rétta hlut kvenna á vinnumarkaðnum. Eg á við baráttu Alþfl. fyrir jöfnum launum, sömu launum karla og kvenna við sömu vinnu. Okkur kemur það því ekkert á óvart þó að hlýlega sé talað á góðum stundum um baráttu Alþfl. fyrir mannréttindum. En ég vil nota tækifærið til þess að vekja athygli á að Alþfl.-menn eru þeirrar skoðunar að sú mannréttindabarátta sé ekki kynbundin. Þessa mannréttindabaráttu á að heyja eins og við höfum háð hana, ekki undir merkjum „apartheids" kynjanna, ekki út frá aðskilnaði kynja, ekki með þeim rökum að karlmenn hafi ekki áður lagt baráttu kvenna lið sem eins af hinum undirokuðu hópum í þjóðfélaginu. Ég er alveg sammála þeim sem segja: Lýður, bíð ei lausnarans — leys þig sjálfur. Ég er auðvitað að sjálfsögðu eindregið meðmæltur því að konur eigi sjálfar að heyja þessa baráttu, ekki aðeins að taka þátt í henni — heldur leiða hana. En þær gera það ekki undir merkjum aðskilnaðarstefnunnar, ekki undir merkjum „apartheids". Ekki með því að kalla þá menn „karlrembusvín" sem lengi hafa barist slíkri mannréttindabaráttu, nota jafnvel þetta orð, sem ég er alveg sannfærður um að yrði notað um þennan ágæta baráttumann fyrir jafnrétti kynja á vinnumarkaðnum, fyrir jöfnun launa karla og kvenna. Ég er sannfærður um það að hv. þm., sem vitnað var til þarna árið 1949, sem var baráttumaður fyrir jöfnum kjörum kynjanna, var dæmigert „karlrembusvín" samkvæmt skilgreiningu kvennahreyfingar okkar daga á því hugtaki nú til dags. Ég held að það fari ekkert á milli mála. En jafnvel menn, sem þannig væri lýst í dag — ég held nú reyndar að það sé pólitískt merkingarlaust hugtak — hafa sýnt það í verki að þeir hafa getað lagt ýmislegt af mörkum í þessari mannréttindabaráttu, sem við ættum bæði að geta stutt.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég hef áður lýst við þessa umr. stuðningi við það frv. sem hér er til meðferðar. En það var út af orðum hv. síðasta ræðumanns sem ég taldi ástæðu til að koma hér með athugasemd til að fyrirbyggja misskilning. Hv. þm. taldi í upphafi máls síns að ekkert hefði verið gert í því að kanna þetta mál fyrr en frétt hefði birst nú um að ríkisstj. hefði gert samþykkt á síðasta fundi sínum um að taka þetta mál til meðferðar. Þetta er ekki rétt. Ég vildi aðeins skýra frá því, eins og ég vék raunar að í fyrri ræðu minni við þessa umr., að

s. l. sumar, nánar tiltekið í byrjun júní, kom bréf til ríkisstj. frá Starfsmannafélaginu Sókn. Efni bréfsins var samþykkt frá því félagi sem hljóðaði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Skorað er á ríkisstj. að hlutast til um að Þjóðhagsstofnun geri könnun á hvað margir launþegar taki laun samkvæmt lágmarkstekjutryggingu eða því sem næst og í hvaða starfsgreinum þetta fólk vinnur."

Í framhaldi af þessu fól ríkisstj. þá þegar Þjóðhagsstofnun að gera könnun á þessu máli, og eins og ég tók fram fyrr í máli mínu þá kom fyrsti árangur af þessari könnun á borð ríkisstj. í byrjun okt., sem byggðist á úrtaki sem ríkisskattstjóri hafði látið vinna en var hvergi nærri fullnægjandi miðað við þær upplýsingar sem eftir er leitað.

Ég lýsti yfir í þessari umr. furðu minni yfir því að í okkar tæknivædda þjóðfélagi skuli vera þannig ástatt að ekki skuli vera hægt að fá aðgengilegar upplýsingar um svona veigamikil atriði, ekki síst þegar um er að ræða að nota þær upplýsingar til að rétta hlut þeirra í þjóðfélaginu sem mest þurfa á stuðningi að halda. Til að útskýra þetta nánar vil ég aðeins vitna hér í hluta af þeim skýringum sem fylgdu þessum fyrstu upplýsingum sem bárust ríkisstj. úr þeirri úrvinnslu sem Þjóðhagsstofnun hefur verið að vinna að, með leyfi forseta:

„Ýmsar skilgreiningar eru mögulegar á lágtekjum heimilanna. M. a. mætti miða við meðaltekjur eða hluta meðaltekna einhverra ákveðinna atvinnustétta. En slíkar viðmiðunartölur liggja ekki á lausu. Þjóðhagsstofnun hefur ekki gert úttekt á tekjum eftir atvinnustéttum fyrir árið 1982.

Einnig mætti miða við tiltekna taxta, t. d. þann taxta sem Atvinnuleysistryggingasjóður miðar greiðslur atvinnuleysisbóta við, en sá taxti er 8. flokkur A, 5. starfsaldursþrep samkvæmt kjarasamningum Dagsbrúnar. Slíkur taxti gaf u. þ. b. 79 þús. kr. í árstekjur árið 1982.

Fjöldi heimila samkvæmt ofangreindri skilgreiningu, þ. e. með lægri tekjur en 79 þús. kr. var 741, sem er 1.7% miðað við heildarfjölda heimila samkv. sömu skilgreiningu í landinu. Jafnframt má þess geta að þetta er efsta teknabilið áður en tekjuskattur er lagður á tekjur heimilisins. Til hliðsjónar og frekari glöggvunar eru þessar tekjur, 79 þús. kr., tæplega helmingur af meðallaunum landsmanna samkvæmt athugun Framkvæmdastofnunar ríkisisns, en meðallaun samkv. þeirra útreikningi eru 172 þús. kr. árið 1982."

Þetta er aðeins sýnishorn af því hvar við stöndum í svona vinnu til að gera úttekt á því sem ætti raunverulega að vera hægt að fá á skermi með einföldum hætti.

Það sem síðan gerði það að verkum að umrædd samþykkt var gerð í ríkisstj. á síðasta fundi hennar var það, að þegar þetta lá fyrir eftir viðræður við kjararannsóknarnefnd, þar sem hún býðst til að gera á þessu ítarlegri könnun og leiða fram upplýsingar sem gætu legið fyrir fljótlega, þótti ástæða til að biggja það boð kjararannsóknarnefndar og fela henni að vinna þetta verk núna á næstu vikum og mánuðum. Þess vegna var sú samþykkt gerð á síðasta fundi ríkisstj. og til þess er ákveðin aukafjárveiting á þessu ári.

Ég vildi láta þetta koma hér fram til að fyrirbyggja misskilning, sem mér fannst gæta hjá hv. síðasta ræðumanni, en þetta rýrir þó ekki það álit og þá staðreynd sem einnig liggur fyrir, að það er mjög miður að ekki skuli hafa verið tekin upp sú verkregla fyrir löngu síðan, bæði af stjórnvöldum og launþegahreyfingu og atvinnurekendum í landinu, að byggja upp kerfi sem sjálfkrafa gefur öruggar upplýsingar hvað þetta varðar. Þessu þarf að breyta og að því þurfum við að vinna. En það er engin ástæða til að deila sérstaklega á verkalýðshreyfinguna í þessu efni eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mikið. Ég er meðflm. þessa frv. og þarf ekki að hafa mörg orð um stuðning minn við það. Ég stóð hér meira upp til þess að leggja nokkrar staðreyndir í langa ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar.

Hann minntist á einstæða foreldra og sagði réttilega að því fólki væri auðvitað nær ókleift að lifa af þeim launum sem það hefði í dag. Hann undraðist að ekki lægju fyrir upplýsingar um fjölda þeirra. Ég vil minna hv. þm. á að ég talaði hér í ræðu fyrir nokkrum dögum um 6 000 slíka foreldra sem verða einir að framfæra börn sín. Síðan hef ég fengið í hendur síðasta eintak Félagsmála, sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út, og þar kemur í ljós að ég hef síst ýkt það, því að í ljós kemur að árið 1981 eru tekin mæðra- og feðralaun með 6 422 íslenskum börnum. Það eru borguð meðlög með 8 783 börnum. Og ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði, að þessu fólki er auðvitað gjörsamlega ómögulegt að lifa af þeim launum sem það hefur.

Á 104. löggjafarþingi flutti ég till. til þál. þar sem farið var fram á að ríkisstj. gengist fyrir því að starfsmat fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbankanna yrði endurskoðað. Sú till. náði ekki fram að ganga, áreiðanlega af sömu ástæðu og menn hafa verið að amast við þessu frv., en ástæðan er sú, eins og hv. þm. Guðmundur Garðarsson minntist á, að þetta eru svo viðkvæm mál. Þau eru viðkvæm gagnvart forustu verkalýðshreyfingarinnar, þau eru viðkvæm gagnvart Alþingi.

Þetta er auðvitað mikill grundvallarmisskilningur á störfum beggja aðila. Þetta mál er ekkert viðkvæmt nema fyrir einn aðila, og hann er fólkið sem á að lifa af þeim launum sem því eru boðin. Það er viðkvæmt mál. Það er auðvitað ekkert viðkvæmnismál að hið háa Alþingi geri það sem það getur til að bæta kjör þegnanna í landinu, síst af öllu ef það hefur ekki tekist sem skyldi með frjálsum kjarasamningum, sem við höfum svo ekki einu sinni lengur.

Ég setti fram nokkrar upplýsingar í sambandi við þessa tillögugerð mína um stöðu starfsmanna ríkisins. Og vegna þess sem hv. þm. Jón Baldvin Hanibalsson tók fram að Alþfl. leggi áherslu á kjör **allra** láglaunamanna í landinu, þá er ég alveg hjartanlega sammála honum um það. Og aðskilnaðarstefnan — og nú skulum við reyna að halda okkur við gamla, góða íslensku hér — hún er auðvitað ekki æskileg, en hún er bara í fullum gangi. Ég tók t. d. saman upplýsingar, sem eru að vísu frá árinu 1980 þegar þessi till. var borin fram, en ég á ekki von á að þær hafi breyst mjög síðan, og ef við lítum á Starfsmannafélag ríkisstofnana, og það eru áreiðanlega fjölmargir einstæðir foreldar þar eins og annars staðar, þá kemur í ljós að í 5.—10. launaflokki eru konur 1476, karlar 522, eða nær þrisvar sinnum færri. Þar fyrir neðan eru sárafáir starfsmenn og lítill munur eftir kynjum. Í 11.—15. flokki er hlutfallið nokkuð

jafnt, 645 karlar, 660 konur. En þegar launaflokkar fara yfir 16. flokk breytist hlutfallið heldur betur. Í 16—20 flokki eru 128 konur, 327 karlar, og þegar komið er að 26. flokki er engin kona en 19 karlar. Skilnaðarstefnan er því í fullu gildi.

Ef við lítum á bankana, líka árið 1980, þá sjáum við að í 6. flokki, *ég nenni ekki* að fara neðar, eru 215 konur, 41 karl. Síðan fer þetta auðvitað stighækkandi eftir því sem flokkarnir hækka. Þegar komið er upp í 10. flokk eru karlarnir orðnir 138 en konurnar 46. Þegar komið er upp í 12. flokk eru karlarnir 134, 6 konur. Það er þess vegna ástæðulaust að vera að tala um óæskilega skilnaðarstefnu öðruvísi en að rætt sé um þá skilnaðarstefnu sem á sér stað í þjóðfélaginu.

Ég lofaði að halda ekki uppi löngu máli hér. En almennt vil ég segja þetta — og ég er ekki að álasa *einum eða neinum, ég held að verkalýðshreyfingin og* við ættum að geta unnið í sameiningu en ekki sundruð. En í allri umræðu um láglaunafólk held ég að menn ættu að endurskoða það orð yfirleitt. Er hann hálaunamaður, barnakennarinn sem á að ala upp börnin okkar af því við erum öll að vinna, ekki bara að kenna börnunum okkar staðreyndir, heldur meira og minna að gera þau að sómasamlegum einstaklingum, sem við höfum því miður öll allt of lítinn tíma til? Er hann hálaunamaður af því að hann fær fyrir það innan við 15. þús. kr. á mánuði? Eigum við að kalla hann hálaunamann? Eða fóstra, sem elur upp börnin okkar á dagheimilinu flesta daga vikunnar í 10 tíma og hefur fyrir það 13 þús. kr.? Er hún hálaunakona af því hún er ekki innan ASÍ? Nei, þetta er **láglaunafólk**, og við skulum bara viðurkenna það hér og nú. Ísland er láglaunasvæði. Fóstra í Noregi hefur sömu laun og ég í peningum. Hún er einfaldlega með sömu laun og alþm. á Íslandi. Við skulum bara horfast í augu við hvernig komið er fyrir okkur og reyna að tala um þessi mál af einhverju skynsamlegu viti. Ég held þess vegna að frv. okkar flm. hér sé nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr. Það fengist kannske fram hvernig kjör íslensks launafólks í raun og veru eru. Ég skal svo hins vegar taka undir það með hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, að ég hef oft undrast hið ótrúlega misræmi sem virðist vera í lífskjörum landsmanna. En ég hef áður getið mér til um að þar sé skattgreiðsla landsmanna ærin ástæða.

Ég vil ljúka þessari umr. og ekki tefja hana frekar. Ég vil biðja hv. deildarforseta lengstra orða að sjá um að þetta mál komist í n.

En ég tók með mér hér viðtal við hæstv. forsrh. úr norska blaðinu Verdens gang. Fyrir utan lýsingu á því hvað hann sé fallegur og unglegur er hann spurður: Hvernig *finnst forsrh. hið pólitíska andrúmsloft* eftir hálft ár í embætti? Gott, segir forsrh. Ég hef ferðast mikið um í landinu á þessum tíma. Það er náttúrlega óróa á vinnumarkaðnum og í efnahagslífinu almennt, en það er skilningur fyrir sterkum meðulum og ég held að ríkisstj. fái vinnufrið.

Ég er ekki eins viss um það. Ég held að a. m. k. þeim sem eru einir að vinna fyrir börnunum sínum á þessu láglaunasvæði hæstv. forsrh. líði ekki vel. Ég trúi því ekki að þeir gefi honum vinnufrið miklu lengur.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna jákvæðum undirtektum félmrh. og ýmissa þm. við þetta frv. Það vekur óneitanlega vonir um góðan framgang.

Mörgum finnst við konurnar setja of ákveðið jafnaðarmerki á milli láglaunahópa og kvenna. Mér hefur heyrst örla á þeim sjónarmiðum í þessari umr. og eiginlega meira en örlað, það er jafnvel talað um „apartheid". Það er rétt að okkur verður tíðrætt um kjör kvenna, enda er okkur kappsmál, mikið kappsmál að bæta kjör þeirra, rétta hlut þeirra hér í þessu þjóðfélagi. Við erum ekki í nokkrum vafa um að láglaunahóparnir eru að miklum meiri hluta skipaðir konum og við höfum ýmislegt fyrir okkur í því.

Þótt engin heilstæð könnun hafi verið gerð um launakjör í þjóðfélaginu þá gefa ýmsar minni kannanir til kynna hvert ástandið er. Til dæmis má nefna könnun Jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar 1981, en samkvæmt henni voru konur 72% þeirra sem vinna ófaglærð störf *á vinnumarkaðnum* en karlar aðeins 28% af þessum lægst launaða hópi þjóðfélagsins. Kjararannsóknarnefnd hefur um nokkurt árabil kannað vinnutíma og laun hjá ýmsum starfshópum og þær kannanir hafa leitt ótvírætt í ljós að konur raðast í lægstu launaflokkana. Þessar kannanir hafa enn fremur sýnt að yfirborganir eru áberandi miklu meiri til karla en kvenna. Vinnumarkaðskönnun Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir árið 1981 leiddi í ljós að meðallaun karla eru um 52% hærri en meðallaun kvenna. Það er einfaldlega þetta sem við erum að tala um.

Ástæður fyrir mismun á meðallaunum kvenna og karla eru vafalaust margvíslegar eins og hér hefur reyndar eitthvað komið fram. Við skulum þó vona að það finnist ekki ýkja mörg dæmi lengur um brot á lögunum, sem kveða á um að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, þótt allir viti reyndar að fram hjá þeirri lagagrein er reynt að komast með því að skýra sömu störf einfaldlega mismunandi nöfnum. Þar koma skýrast fram hin hefðbundnu sjónarmið í garð kynjanna. Yfirborganir, yfirvinna og mismunandi menntun skipta vafalaust einnig umtalsverðu máli, svo og það að konur eru í minna mæli yfirmenn og stjórnendur á vinnustöðum, en ástæður þess þáttar eru áreiðanlega margvíslegar. Ég nefni minni menntun kvenna, ójafna foreldraábyrgð, ósamfelldan skóladag barna, tvöfalt vinnuálag vegna heimilisstarfanna, hlutastörf kvenna o. s. frv. Þetta ástand endurspeglar e. t. v. fyrst og fremst staðlaða og úrelta skilgreiningu á fyrirvinnuhugtakinu. Flestar þeirra kvenna sem vinna utan heimilis nú til dags gera það ekki til að drepa tímann, heldur blátt áfram af lífsnauðsyn. Þær verða að gera það hvort sem þær vilja eða ekki, þær hafa ekkert val. Ég minni á að 1. des. s. l. voru einstæðar mæður með börn á framfæri 5 710 hér á landi. Þessar konur og aðrar eru orðnar langþreyttar af því að berjast í bökkum sem annars flokks þegnar. Þær láta ekki lengur bjóða sér þessi lágu laun. Nú í haust hafa verið haldnar tvær ráðstefnur um kjaramál kvenna. Þær hafa báðar verið fjölsóttar og það er greinilega hugur í konum að taka málin í eigin hendur, enda eru þær búnar að sjá að þetta hefst ekki með hógværðinni.

Einn ræðumanna í umr. um þetta frv., það mun hafa verið hv. 10. þm. Reykv., sagði að ekki ætti að gera konur að fórnardýrum út af fyrir sig. Það sem við ættum að gera væri að bæta stöðu konunnar, bæta samkeppnisaðstöðu hennar til að taka þátt í hinni nýju þróun sem ætti sér stað, færa konur upp úr láglauna-

hópunum inn í sérhæfðu hópana og gefa þeim aukna og betri möguleika. Og ég skildi hann eiginlega svo, og raunar fleiri sem hafa talað hér, að hann teldi bætt kjör láglaunahópanna ekki sérstakt kvennabaráttumál. Sem sagt, að okkur væri nær að vinna að bættri aðstöðu kvenna til menntunar svo þær ættu meiri möguleika á að komast í betur launuð störf.

Svo sannarlega er ekki vanþörf á að bæta aðstöðu kvenna til menntunar og aðstöðu þeirra á öllum sviðum. Og að því viljum við að sjálfsögðu vinna. En slík lausn ein og sér er ekki nógu góð. Slík lausn væri e. t. v. af ýmsum talin karlmannleg og viturleg, svo notað sé orðalag eins virðulegs þm. það var víst hv. 2. þm. Reykn. sem notaði þetta orðalag í umr. nýlega og átti þar við ályktun Verkamannasambands Íslands frá s. l. vetri um nauðsyn þess að draga úr verðbólgunni. Slík lausn væri e. t. v. karlmannleg en ekki viturleg.

Það sem við þurfum að gera er að endurmeta láglaunastörfin, virða þau til hærri launa. Vandinn er ekki fyrst og fremst sá að þeir sem skipa láglaunahópana þurfi greiðari aðgang að þeim störfum sem gefa meiri tekjur í aðra hönd. Vandinn er fyrst og fremst sá að láglaunastörfin eru ekki virt að verðleikum. Þessi störf þarf að vinna, þau eru nauðsynleg. Vandinn er fyrst og fremst fólginn í því verðmætamati sem lagt er til grundvallar þegar ákvörðuð eru laun fyrir hin ýmsu störf. Við þurfum nýtt verðmætamat. Ef þetta frv. verður að lögum, sem ég vona, tel ég það skref í rétta átt til þess að ná fram breyttu verðmætamati.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tóbaksvarnir, frv. 70. mál (þskj. 75). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir er að grunni til samið af stjórnskipaðri nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða lög nr. 27 frá 1977, um ráðstafanir til að draga úr tóbaksneyslu, með hliðsjón af fenginni reynslu. Nefndinni var falið að gera sérstakar tillögur um eftirfarandi:

1. Stefnumótun varðandi framkvæmd tóbaksvarnalaga og eftirlit með þeim.
2. Merkingar á tóbaksvarningi.
3. Auglýsingar á tóbaksvarningi.
4. Bann við reykingum í opinberum húsakynnum og almenningsfarartækjum.
5. Fræðslu um skaðsemi tóbaksreykinga.

Það er skoðun nefndarinnar að tilgangur lagasetningar um tóbaksvarnir hljóti að taka mið af því að draga úr neyslu tóbaks og þar með því heilsutjóni sem slík neysla veldur og jafnframt að vernda fólk fyrir því sem kallað hefur verið óbeinar reykingar. Nefndin er þeirrar skoðunar, að til að ná þessum markmiðum þurfi að kveða á um eftirfarandi þætti í löggjöf:

1. Aðvaranir á umbúðum tóbaksvarnings með hliðsjón af skaðsemi hans.
2. Fortakslaust auglýsingabann á tóbaki og tóbaksvörum.
3. Bann við sölu tóbaks til barna og á ákveðnum stöðum sem tengjast heilbrigðisþjónustu og uppeldi barna.
4. Takmarkanir á tóbaksreykingum í húsnæði, þar sem almenningur nýtur þjónustu eða afgreiðslu af ýmsu tagi, og bann við reykingum á ákveðnum stöðum sem sérstaklega eru ætlaðir börnum og unglingum og í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.
5. Ábyrgð hins opinbera hvað snertir fræðslu um skaðsemi reykinga.
6. Að litið verði á tóbaksvarnir sem eðlilegan þátt heilsugæslunnar, þannig að þeir sem njóta þurfa aðstoðar við að hætta að reykja geti leitað til heilsugæslustöðva.
7. Að starfandi verði ráð sérfróðra manna um tóbaksvarnir og skaðsemi tóbaks.
8. Að eftirlit með framkvæmd laganna verði í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna í samræmi við lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Tekur frv. fyrst og fremst mið af þessum þáttum, eins og kaflaskipting þess gefur glögglega til kynna.

Í sjálfu sér ætti að vera óþarfi að fjalla hér um skaðsemi tóbaksreykinga. Ég held að öllum séu ljósar þær hættur sem tóbaksreykingum, og þá sérstaklega sígarettureykingum, fylgja.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur látið sig reykingavarnir miklu skipta á undanförnum árum. Það er skoðun stofnunarinnar, að sígarettureykingar séu sannkölluð farsótt. Þannig telur stofnunin að ekki verði lengur á það fallist að reykingar komi einstaklingunum einum við og að hér sé um frjálst val að ræða, þar sem öllum sé kunnugt um þá sjúkdómshættu sem fylgir reykingum og viðurkennt sé að reykingar séu bæði læknisfræðilegt vandamál og félagslegt. Sjúkdómar af völdum reykinga, þ. e. hjarta-, æða- og lungnasjúkdómar, valda í dag gríðarlegum skaða í heiminum með ótímabærum dauðsföllum og örorku, svo ekki sé minnst á þann fjárhagsbagga sem þeir reisa heilbrigðisþjónustunni svo og almannatryggingakerfinu. Það liggur ljóst fyrir að hlutfall dauðsfalla, sjúkleika, fjarvista frá atvinnu og slysa er verulega hærra hjá þeim sem reykja en þeim sem ekki reykja. Þetta sanna skýrslur frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Sviss, Ástralíu og öðrum löndum.

Á þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vorið 1980 var samþykkt ályktun þar sem þess er farið á leit við allar ríkisstjórnir þátttökulanda að þær, með löggjöf um tóbaksvarnir, beiti sér af heilum hug og alefli gegn tóbaksvágestinum, sem stofnunin telur þann einstakan þáttinn sem heilsu manna stendur hvað mest hætta af í dag og það svo að líkja megi við farsóttir fyrri alda.

Á þessu ári var Norrænt umferðaröryggisár. Hafa verið haldnar margar ráðstefnur á árinu, sem allar miða að því að draga úr umferðarslysum. Í umferðarslysum látast hér á landi á milli 20 og 30 árlega og skal síst gert of lítið úr því. Fullyrða má að töluvert fleiri látist ár hvert beinlínis vegna afleiðinga reykinga eftir erfiða og kostnaðarsama sjúkralegu. Góð heilsa er dýrmætasta eign hvers einstaklings og hefur í reynd áhrif á alla aðra þætti þjóðlífsins og þá ekki eingöngu heilbrigðisþjónustuna í hefðbundnum skilningi þess orðs.

Við teljum nauðsynlegt að hafa slysavarnir vegna þeirra fórna sem umferðinni eru færðar og við teljum nauðsynlegt að kveða á um umferðarreglur í lögum og jafnframt hvernig taka skuli á vinnuslysum, svo dæmi séu nefnd. Allt kostar þetta sínar fórnir og fjármuni, því óneitanlega fylgja slys umferð og atvinnustarfsemi. — Lítum síðan á tóbaksvarnir og nauðsyn þeirra.

Það liggur ljóst fyrir að tóbaksreykingar taka verulegan toll og hafa margir bent á að það sé reginmisskilningur að hið opinbera hafi hagnað af tóbakssölu. Væri reyndar fróðlegt að meta þann kostnað sem hið opinbera hefur af þessu þótt það sem mestu skiptir verði aldrei til fjár metið. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því, að margt af því sem manninn hrjáir virðist óviðráðanlegt og óyfirstíganlegt. Þess vegna hljótum við að setja okkur það markmið að reyna að komast hjá þeim hörmungum sem maðurinn á að geta ráðið við. Undir það hljóta tóbaksreykingar að flokkast.

Nú skal það viðurkennt að slíku verður ekki komið við eingöngu með löggjöf og opinberum reglum, en til stefnumótunar verða að liggja lög. Um það eru allar þjóðir sammála í dag, eins og fyrr sagði um afskipti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar af þesssum málum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv. það sem hér liggur frammi, en bendi á að það er hér lagt fram í annað sinn. Glögglega má sjá að mjög vel er vandað til þessa frv. Vil ég benda hv. þm. á að kynna sér ítarlega þá grg. sem fylgir með frv., þar sem m. a. er fjallað um skaðsemi tóbaksneyslu.

Gerð er sérstök grein fyrir nýmælum frv. og vil ég sérstaklega benda á þann þátt og tel ekki ástæðu til að tíunda hann hér.

Á yfirstandandi ári er varið til tóbaksvarna 900 þús. Á fjárlagalið Hollustuverndar ríkisins eru 500 þús. og snemma árs var veitt aukafjárveiting að upphæð 400 þús., sem sérstaklega skal varið til gerðar kvikmyndar um skaðsemi reyktóbaks, sem þegar er vel á veg komin.

Á undanförnum árum hefur fé til tóbaksvarna sífellt farið minnkandi, að undanteknu yfirstandandi ári. Þegar lög nr. 27/1977, um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum, tóku gildi á miðju ári 1977 var ákveðið að veita 10 millj. kr. til tóbaksvarna. Þessi upphæð nam 20 millj. 1978, en eftir þetta átak fór að syrta í álinn. Árið 1980 var t. d. varið 27 millj. kr., en ef gamla reglan, sem lögfest var 1971 og afnumin var með lögum nr. 27/1977, hefði verið í gildi hefði 2‰ af brúttósölu verið varið til tóbaksvarna eða um 40 millj. kr.

Frv. til l. um tóbaksvarnir ætti ekki að hafa í för með sér útgjaldaaukningu nema Alþingi vilji svo við hafa, sbr. 15. gr. 1. tölul., en það er óbreytt frá því sem er í gildandi lögum.

Þótt þetta frv. sé miklu ítarlegra varðandi alla framkvæmd leggst framkvæmdin á heilbrigðisnefndir og þá sérstaklega á heilbrigðisfulltrúa, en nýtt kerfi hefur verið lögfest varðandi þá, þannig að þeir verða í reynd starfandi í öllum héruðum landsins á næsta ári eða næstu árum. Kemur því ekki til sérstaks kostnaðar þess vegna. Yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins ætti ekki heldur að leiða til kostnaðarauka nema ráðinn verði sérstakur tóbaksvarnaráðunautur að stofnuninni.

Að lokum vil ég sérstaklega benda á, að meðan unnið var að frv.- gerð var málið sent til umsagnar fjölda aðila og voru umsagnir yfirleitt á einn veg og eindregnar stuðningsyfirlýsingar við það eins og það birtist hér.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég styð þetta frv. eindregið og finnst gott að það skuli vera komið fram. En ég get ekki varist því að spyrja hvernig hið opinbera getur varið það að hafa tekjur af tóbakssölu um leið og heilbrrh. lýsir notkun þess sem farsótt. Ég veit ekki alveg hvert ég á að beina spurningunni. Ég held að ég beini henni til heilbrrh.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég ætla að lýsa eindreginni andstöðu minni við margt í þessu frv. og lýsa yfir undrun minni á því að jafnskemmtilegur og lífsglaður maður og hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli geta talað fyrir þessu máli hér án þess að stökkva bros.

Ég held að við verðum að fara að spyrja okkur á hinu háa Alþingi Íslendinga: Til hvers eru lög? Eru þau til þess að fólki líði betur eða eru þau til þess að fólki líði verr? Ég skal fúslega viðurkenna og fallast á að tóbaksnotkun sé óæskileg ef það er læknisfræðilega sannað að hún sé hættuleg, sem ég dreg raunar í efa, en mér finnst það ekki ólíklegt að reykingar séu ekki meinhollar. En það er voðalega margt annað sem er ósköp óhollt í þessu lífi. Það er áreiðanlegt að ekkert er óhollara en óhamingjan. Og að leggja þau bönd á atferli manna eins og þetta, að menn megi ekki lengur fá sér sígarettu, sem geti ekki neytt áfengis nema farið sé næstum því með leynd í þrjár verslanir í bænum, ég trúi ekki að þetta auki lífslíkur eða lífshamingju manna.

Ég get fallist á ákveðin atriði í þessu frv., svo sem eins og fræðslu um þá hættu sem talin er stafa af tóbaki, þannig að hver einasta manneskja sem kýs að taka upp reykingar viti að hverju hún gengur. Sama ætti auðvitað að gilda um, og er margsamþykkt hér á hinu háa Alþingi, að haldið sé uppi fræðslu um þá hættu sem kann að stafa af áfengi sé þess neytt í óhófi. En ákvæði eins og hér eru lögð til finnst mér satt að segja undrunarefni meira en nokkurt annað. Og ég ætla að leyfa mér að taka nokkur dæmi.

Hér segir í 10. gr.

„Tóbaksnotkun er óheimil: 1. Í grunnskólum, dagvistum barna og húsakynnum, sem eru fyrst og fremst ætluð börnum og unglingum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfs."

Þýðir þetta að barnakennurum, fóstrum, fólki sem vinnur með unglingum sé óheimilt að kveikja sér í sígarettu jafnvel heilan starfsdag? Hvernig ætla menn að framkvæma þetta? Á þetta vesalings starfsfólk, hafi það nú verið svo ólukkulegt að byrja að reykja sígarettur eða neyta tóbaks yfirleitt, að híma undir húsvegg eins og sakamenn? Þýðir þetta í raun og veru að fólk má t. d. ekki kveikja sér í sígarettu inni á sinni kaffistofu innan þessarar stofnunar? Ég hlýt að spyrja: Er þetta raunhæft?

Svo segir hér í 9. gr., með leyfi forseta:

„Tóbaksnotkun er óheimil í þeim hlutum af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra, þar sem almenningi er ætlaður aðgangur í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu, sem þessir aðilar veita." — Þetta er eiginlega bara lesið til gamans:

„Þetta gildir þó ekki um veitinga- og skemmtistaði."

Það ber svo sannarlega að þakka, hæstv. heilbrrh. Eg er hrædd um að það kæmu ekki margir á þá veitinga- og skemmtistaði sem svo væri komið fyrir.

Svo segir hér ennfremur í 10. gr.:

„2. Á opinberum samkomum innanhúss fyrir börn eða unglinga, hafi börn innan 16 ára aldurs aðgang að

þeim.“

Þetta hlýtur þá að eiga við starfsfólk líka skilst mér. — Og í sambandi við skóla. Skólamenn vinna t. d. mikið með foreldrum og haldnir eru foreldrafundir, sem standa oft heilt kvöld. Þýðir þetta heimildarleysi fyrir tóbaksnotkun líka að foreldrar barnanna mega ekki fá sér sígarettu með kaffinu sínu þegar þeir eru að ræða við kennara, eins og auðvitað er algengt í hverjum einasta skóla? Ég verð að segja alveg hreinskilnislega að ég sé ekki hvernig þetta skuli framkvæmt.

Hér er í 13. gr. — ég man ekki að lesa það orðrétt — talað um að draga mjög úr heimild til reykinga í flugvélum, meira en orðið er. Enn þá veit ég ekki annað en áfengi sé óspart selt í flugvélum. Er í raun og veru raunhæft að setja lög sem þessi um reykingar? Eg hygg að margir farþegar verði fyrir ónæði — ekki síst stjórnmálamenn! — af drukknu fólki sem þarf mjög að tala við það í flugvélum. Ég held að þeir verði fyrir miklu minna ónæði af fólki sem situr þar í rólegheitum og reykir sígarettuna sína.

Í 20. gr. finnst mér taka steininn úr. Þar er talað um að það varði sektum ef maður heldur áfram að reykja í húsakynnum þar sem það er bannað og jafnframt í almenningsfarartækjum. Svo segir hér, með leyfi forseta:

„Sömu aðilar“ — þ. e. þeir sem bannað hafa notkun tóbaks — „geta, með aðstoð lögreglu ef með þarf, vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum láti hann ekki segjast.“

Finnst engum dálítið broslegt að sjá einhvern vesalings samborgara okkar fyrir sér með hálfreykta sígarettu fluttan undir lögregluvernd úr opinberri stofnun? Og hvað ætla menn að gera í flugvélinni?

Hæstv. heilbr.- og trmrh. þetta verður erfitt. Ég sé að hann er farinn að brosa. Ég trúði heldur ekki öðru.

Ég skal nú ekki vera að skemmta þm. með upplestri úr frv. Þetta minnir mig ef nokkuð er, á frv. sem ég las upp á síðasta þingi, en það var frv. um dýralækna, og er sjaldgæft að menn hafi slíkt gaman af lestri frv.

En ég skal tala um þetta í nokkurri alvöru og lýsa yfir stuðningi mínum við það sem hér segir um aukna fræðslu um tóbak og notkun þess, en ég vil minna menn á að þegar menn mega ekki reykja lengur fara þeir e. t. v. að borða enn þá meira en nú er gert af alls kyns róandi töflum og þá þyrfti náttúrlega að setja lög um það líka. (**Gripið fram í:** Það á nú ekki við alla.) Auðvitað er sjálfsagt að halda uppi fræðslu um meinta skaðsemi tóbaks, en hún er — eins og önnur mannanna sannindi — kannske ekki alveg algild. Margar lærðar greinar hefur mátt lesa um að menn hafi kannske einblínt einhliða um of á tóbaksnotkun. Hún er samtvinnuð ýmsu öðru í almennri neyslu manna. En ég skal ekki láta uppi neinar skoðanir á því, á því hef ég ekkert vit.

Ég vil mælast til þess, að sú nefnd sem fær þetta frv. til umfjöllunar skoði vandlega hvað af þessu er hægt að framkvæma án þess að hálf þjóðin verði vitlaus.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að rífast við síðustu ræðukonu, en ég mátti til með að koma upp vegna þess að ég mundi eftir sögunni sem hv. þm. Ólafur Þórðarson hafði hér um daginn upp úr gamalli enskubók og var um frelsi einstaklingsins, en reyndar af öðru tilefni. Það var maður á gangi eftir götu og sveiflaði staf og stafurinn fór í meðbróður hans. Hann brást ókvæða við og skammaði þann með stafinn fyrir að reka hann í sig. Eigandi stafsins kvaðst vera frjáls maður í frjálsu landi og mega gera það sem hann vildi. Þá sagði hinn, sem fyrir stafnum varð: Frelsi þitt nær að nefi mínu. Þar sem nef mitt byrjar endar frelsi þitt, en það er einmitt innum nefið sem reykurinn fer hjá þeim sem ekki reykja.

Það sem mér finnst einmitt alvarlegast í þessu og hv. þm. minntist á er einmitt hvað varðar skóla og fóstrur. Það er svo með fræðslu, að hún dugar fjarskalega lítið ef fordæmið er annað. Það sem við segjum dugar miklu minna til fræðslu en það sem við gerum. Ef foreldrar, kennarar og fóstrur reykja meðan maðurinn er lítill og mótanlegur finnst hinum sama það allt í lagi þegar hann vex upp, jafnvel þó honum sé sagt að hann fái kannske lungnakrabbamein af því.

Ég vil líka geta þess, þó ég hafi engar tölulegar staðreyndir til að styðja mál mitt, að það er löngu sannað að notkun tóbaks er snar meðvirkur orsakaþáttur í mörgum sjúkdómum, bæði hjarta- og æðasjúkdómum og ýmsum öndunarfærasjúkdómum, og það hefur líka t. d. verið sýnt að börn þeirra foreldra sem reykja mikið, sérstaklega ef móðirin reykir, hafa mun hærri tíðni öndunarfærasjúkdóma. Þetta er því heilsuspillir líka fyrir þá sem ekki reykja. Það er enginn vafi á því.

Mér sýnist frv. einungis vera tilraun til að takmarka tóbaksreykingar. Þess vegna finnst mér það vel þess virði að styðja það, þó að eflaust megi eitthvað að því finna.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. spurði hvernig í ósköpunum stæði á því að ríkissjóður héldi uppi tóbakssölu. Það er ekki í mínum verkahring að svara því nema fyrir mig sem einstakling og þm.

Hér hefur nú verið tóbakseinkasala og einkasala á áfengi áratugum saman. Tóbak er selt í þessari einkasölu. Það þyrfti þá að öðrum kosti alhliða bann við tóbaksinnflutningi og tóbakssölu. Það bann er hvergi svo fortakslaust að ég viti til, ekki í hinum vestræna heimi og sennilega hvergi. Ég gat þess í minni framsögu, að þó að ríkið hefði á pappírunum hagnað af tóbakssölu væri talið að ríkið færi með stórskaða út úr tóbakssölunni. En þó að tóbakssala ríkisins væri lögð niður og alhliða bann væri lagt við tóbaksreykingum er því þannig farið með alhliða bönn að þau er ekki virt. Þá kemur oft til sögunnar ýmislegt annað, sem jafnvel er ekki betra. Það væri að mörgu leyti æskilegt, hvort sem menn bragða áfengi eða ekki, að það væri ekki til og hefði aldrei orðið til. En við skulum segja að áfengi væri bannað: Hvað tekur þá við? Eru ekki alltaf einhver ný fíkniefni að sjá dagsins ljós? Það sem var áður óþekkt í okkar landi er því miður að verða allt of algengt. Það er eins og það taki alltaf annað við og það ekki betra ef eitt er aflagt.

Þetta frv. er ávöxtur nefndar sem fyrrv. heilbrrh. skipaði á sínum tíma eða árið 1980 og fjallar um markmið, gildissvið og stjórn tóbaksvarna. Það fjallar um sölu og auglýsingar, takmörkun á reykingum, fræðslustarfsemi og almenn ákvæði og eftirlit og viðurlög.

Ég get nú ekki látið hjá líða að segja hér frá því, að á

mínum fyrri tíma sem heilbr.- og trmrh. kom einu sinni til mín kona sem kvartaði mjög undan því hvað ríkisvaldið væri örlátt í sambandi við að byggja sjúkrahús og láta í té dýra umönnun á fyllibyttum, eins og hún orðaði það. Ég sagði nú við hana að þetta væri viðurkenndur sjúkdómur og hún sagði að sér fyndist engin ástæða til að byggja sjúkrahús eða að samfélagið væri að kosta miklum peningum til þess fólks sem hefði lent út í þessu því þetta væri ekkert annað en sjálfskaparvíti. Það þurfti ekki neitt sérstaklega glöggan mann til að heyra að það var mikil hrygla í þessari konu, því að hún hafði reykt mjög og hafði útlit fyrir ofnautn tóbaks. Ég segi því við hana: Hvað finnst þér þá um fólk sem reykir og fær krabbamein í lungu? Finnst þér að það eigi þá að segja að það fái ekki spítalavist af því að það hafi byrjað á þessu af fikti og þetta sé sjálfskaparvíti? Þá kom töluvert á kerlu og hún sagði að það væri kannske nokkuð annað. En ég sagðist líta svo á að þetta væri nákvæmlega það sama. Það væri sama skylda samfélagsins að reyna að bjarga því fólki alveg eins og hinum, sem brennivínið hefði farið illa með, og það væri tilgangurinn með heilbrigðisþjónustu að allir fengju að njóta læknishjálpar eftir því sem unnt væri hverju sinni, án tillits til sjúkdóma sem hrjá fólk.

Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. 10. landsk. þm. að segja að þetta frv. gangi of langt í bönnum og boðum. Þetta frv. gengur þá leið, sem hefur verið farið eftir á undanförnum árum, að koma við meiri fræðslustarfsemi og vörnum við tóbaksreykingum.

Hv. þm. vitnaði í 10. gr. frv. Ég vil biðja þm. að lesa athugasemdina sem fylgir 10. gr., en þar segir í sambandi við bann við reykingum í grunnskólum, dagvistun barna og húsakynnum fyrir félags- og tómstundastarf: „Jafnframt er hér um að ræða staði þar sem sérstaklega er æskilegt að starfsfólk gefi það fordæmi að reykja ekki.“ — Ég held að við hljótum að vera öll sammála um að það er mjög æskilegt að fólk sé ekki að púðra sígarettur eða vindla framan í fólk sem verið er að vara við að fara út í að reykja.

Hér segir einnig: „Nefndinni er kunnugt um að samkomulag er um það hjá starfsfólki í allmörgum grunnskólum að þar sé ekki reykt, a. m. k. ekki í vinnutíma. Í nokkrum skólum hefur verið tekinn upp sá háttur að leyfa reykingar einungis í tilteknu herbergi eða skoti. Hér er lagt til með tilliti til þess starfsfólks sem sættir sig ekki við annað en að fá að reykja á þessum vinnustöðum, að forstöðumaður geti leyft reykingar í hluta þess húsnæðis sem er ætlað starfsfólkinu eingöngu. Ætlast er til að hann taki eins mikið tillit og mögulegt er til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki aðalreglunni.“

Hér er verið að fara meira út í það að létta á fólki sem ekki reykir, fólki sem t. d. þolir alls ekki tóbaksreyk, og það fólk er til. Á það að flýja vinnustað vegna þeirra sem reykja?

Ég held að við hljótum að vera sammála, hv. 10. landsk. þm. og ég, um að það ber nú minna á því, þó að vín sé haft um hönd í samgöngutækjum eða stöðum, að því fylgi reykur, því og það má segja að hver innbyrði fyrir sig, en þegar viðkomandi er farinn að verða óþægilega leiðinlegur við aðra er undir mörgum kringumstæðum brugðið á það ráð að fá löggæslumenn til þess að leiða viðkomandi út. Það er kannske illt í flugvélum, ég skal játa það.

Ég tel ekki ástæðu til að fara ítarlega út í efni frv., en ég geri ekki þá kröfu að engum stafkrók sé breytt eða orðalagi í frv. Ég tel fyrst og fremst að efni þessa frv. sé gott í öllum megintilgangi. Ég vonast til þess að sú hv. n. sem fær þetta frv. til meðferðar fari vel yfir efni og orðalag frv. og ég er mjög opinn fyrir því að hlusta á málefnalegar athugasemdir um það sem betur mætti fara í orðalagi og efni, en ekki tel ég rétt að breyta megintilgangi þessa frv.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd.

Ég vildi taka það fram að það hvarflar ekki að mér að það dugi að banna tóbaksinnflutning. Ég þekki vel lögmál hinna forboðnu ávaxta, en það sem ég var að ýja að er tvöfeldnin og hræsnin sem er í því fólgin að ríkissjóður skuli vilja hagnast á tóbakssölu til landsmannanna. Mér finnst að ríkissjóður sé ekki það langt leiddur að honum ætti að vera sama við hvað hann er bendlaður. Það er alls ekki sama af hverju maður hefur tekjur sínar. Þar að auki skil ég ekki hvers vegna ríkissjóður vill skapa sér þau vandræði, þann kostnað, og þau vandamál, sem hljótast af tóbaksreykingum, með því að selja tóbak.

Það var stuttlega það sem ég vildi sagt hafa.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að reynt skuli að koma skikkan á reykingavenjur þjóðarinnar, fyrir nú utan það að þessi umr. er öllu líflegri og áheyrilegri en margt annað, þó að umræðuefnið sé dapurlegt.

Ég held að það megi skipta þeim vanda sem reykjendur og þjóðin þar með standa frammi fyrir í tvennt. Það er í fyrsta lagi vandamál þeirra kynslóða sem eru þegar orðnar þrælar hinnar hörðu húsfreyju tóbaksfíknarinnar. Og með þeim hef ég fulla samúð. (**Gripið fram í:** Með þrælunum?) Báðum. Í öðru lagi er svo málefni uppvaxandi og komandi kynslóða og tóbaksnotkun eða vonandi — notkunarleysi þeirra. Ég styð eindregið þá þætti þessa frv. sem miða að því að leiðbeina og fræða komandi kynslóðir og uppvaxandi kynslóð þessa lands um skaðsemi tóbaksreykinga og reyna að hindra að fleiri verði húskarlar á því harðindakoti sem reykingarnar eru nú.

En í framhaldi af því vildi ég svo spyrja hæstv. heilbrrh., (**Forseti:** Hann hefur vikið sér frá.) ef hann nær að svara, hvort ekki beri að skilja 13. gr. þessara laga þannig, að þar sé gerð till. um að banna alfarið reykingar í innanlandsflugi. Ég tek það fram að ég er hlynntur slíkri tilhögun. Ég bendi á að hér eru yfirleitt litlar og þröngar vélar og erfitt að aðgreina þá sem reykja og hina sem ekki reykja. Hér innanlands eru stuttar flugleiðir og ég tel ástæðulaust með öllu að hafa svo mikla samúð með reykjendum að þeir geti ekki setið á sér í 45 til 50 mín. eða eina klukkustund, eins og lengstu flugleiðir hér innanlands eru, og í þriðja lagi er þetta svo mikilvægt öryggissjónarmið.

Ég mundi fagna því ef svo er að skilja beri 13. gr. sem tillögu um að banna tóbaksreykingar í innanlandsflugi alfarið.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Með orðalagi 13. gr. er lagt til að sú verði aðalreglan að

tóbaksreykingar verði bannaðar alfarið í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku, eins og segir. Það er veigamikið atriði varðandi rétt þeirra sem reykja ekki að þeir geti ferðast með farartækjum án þess að verða fyrir óþægindum. Kvartanir yfir reykingum í áætlunarbílum og innanlandsflugi eru mjög algengar. Eins og allir vita voru reykingar alfarið bannaðar í leigubifreiðum. Það bann hefur gefist nokkuð vel. En það má segja að það eru stuttar ferðir og ekki mjög gengið hart að fólki sem reykir þó það geti setið á sér í ferðum innanbæjar. Það eru í vissum sætum í sérleyfisbifreiðum sett þau skilyrði að ekki megi reykja samkv. ákveðnum reglum sem sett eru af samgrn. í sambandi við sérleyfi. Það er til líka að nokkrir sérleyfishafar hafa alfarið bannað reykingar í áætlunarbílum sínum. Almennt held ég að óhætt sé að segja að sérleyfishafar kjósi slíkt bann og treysti sér yfirleitt ekki til að framkvæma það nema með fullri lagaaðstoð. Það eru engin tormerki á því að banna reykingar í innanlandsflugi, með því að flugtíminn er aldrei lengri en rúmur klukkutími. Þetta ákvæði, eins og það er orðað, tel ég að sé alfarið bann á styttri leiðum. Hins vegar verður það svo að fara eftir því hvað n., sem fær málið til meðferðar, leggur endanlega til og þessi hv. deild.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar hlýtur að skipta okkur Íslendinga miklu máli. Það sér hver einasti maður sem skoðar fjárlögin og þær upphæðir sem við erum að verja til heilsugæslu og til tryggingastarfsemi í þessu landi.

Ég gruna hv. 10. landsk. þm. um að hafa ekki lesið þetta frv. Það bendir í það minnsta allt til þess að hún hafi ekki kynnt sér það sem stendur á bls. 8 og bls. 9 í grg. frv. Ég hygg að það væri engin von til þess að á Alþingi Íslendinga yrði samþykkt að banna reykingar, eins og hér er verið að leggja til á ákveðnum stöðum, ef reykingarnar snertu aðeins þá sem reykja. En samkvæmt athugunum sem gerðar hafa verið liggur það ljóst fyrir að svo er ekki.

Í þeirri skýrslu sem fylgir þessu frv. er getið um fleiri athuganir og rannsóknir sem gerðar hafa verið á því hvaða afleiðingar það hefur haft fyrir þá sem ekki reykja að umgangast fólk sem reykir. Ég ætla ekki að fara að lesa þessar skýrslur allar upp, en get ekki stillt mig um að lesa upp örstutta athugasemd sem er á bls. 11. Rannsóknir á um 91 þús. giftum konum, húsmæðrum í Japan, sýndu tvöfalda tíðni lungnakrabbameins hjá þeim konum sem höfðu verið giftar um 20 ára skeið mönnum sem reyktu 20 til 40 sígarettur á dag miðað við konur sem giftar voru mönnum sem ekki reyktu. Allt voru þetta konur sem ekki reyktu sjálfar.

Mér finnst það nánast skoplegt í þeirri umr. sem fer fram í þjóðfélaginu er menn fárast gegn kjarnorkuvopnum, gegn mengun og flestu því sem þeir geta hugsað sér að e. t. v. verði þeim nú að aldurtila, en sitji svo sjálfir reykjandi og eitra fyrir sitt umhverfi. Ég hygg að það hljóti líka að vera spurning um viðhorf, hvort mönnum finnst það sanngjarnt að frelsi einstaklingsins skuli vera á þann veg að hann megi rústa sína heilsu, en krefjast þess svo af samfélaginu að það greiði kostnaðinn.

Eitt er víst, að þetta frv. stígur aðeins örstutt skref á þeirri braut, sem þarf að ganga til enda, og það er að reykingar verði úrelt fyrirbrigði í íslensku þjóðlífi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kosningar til Alþingis, frv. 17. mál (þskj. 17). — 1. umr.

Flm. (Kristín S. Kvaran): Herra forseti. Frv. það um breyt. á l. nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, sem ég mæli hér fyrir er endurflutt frá 105. löggjafarþingi með smávægilegum breytingum. Þ. e., frv. var lagt fram en aldrei flutt.

Meginþáttur frv. er samt sjálfsagt flestum hér kunnugur og er svohljóðandi: Við kosningar til Alþingis skal kjósandi eiga þess kost að merkja við listabókstaf eða einstaklinga á listum allt upp í tölu kjörinna alþm. í viðkomandi kjördæmum.

Hvernig atkv. eru reiknuð út og skiptast milli lista eða manna og hvernig finna skal út hve margir frambjóðendur hafa náð kjördæmakosningu á hverjum framboðslista sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í, þar sem þessi atriði skýrast mjög vel í grg.

Þessar hugmyndir eru byggðar á grunnstefnumiðum BJ sem vill beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara, beinna lýðræði. Í hvaða mynd getur valddreifing og lýðræði birst skýrar en í því að fá tækifæri til þess að nýta atkv. sitt rétt eins og maður kýs helst sjálfur? Kosningaaðferð sú sem hér um ræðir er liður í því að rýmka sjálfsákvörðunarrétt kjósanda, rýmka valfrelsi kjósanda í þá átt að hann ákveði sjálfur hvort hann kýs lista í heilu lagi eða hvort hann kýs að kjósa einn ákveðinn einstakling af þeim lista sem kjósandinn gefur fylgi sitt. Sá einstaklingur hlýtur þá heilt atkv. og jafnframt hlýtur listinn atkvæði í heild sinni. Einnig getur kjósandinn ákveðið að skipta atkv. sínu milli einstaklinga á fleiri listum, en þá hljóta listarnir atkvæði í samræmi við það hlutfall sem kjósandinn hefur ákveðið að nota á hvern lista. Vart er hægt að hugsa sér meiri valddreifingu en þá sem fyrr er lýst. Kjósandinn ráðstafar þá atkv. sínu, sem hann væntanlega metur mikils, nákvæmlega á þann hátt sem hann álítur skynsamlegastan. Það samræmist vart lýðræðislegum hugsanagangi, ef betur er að gáð, að þess sé krafist af kjósendum að þeir nýti atkv. sitt allt heilt og óskipt á einn stjórnmálaflokk eða samtök, hafi þeir sjálfir hugmyndir um að þeir æski að skipta því á einhvern annan máta. En getur ekki einmitt hugsast að fólk kjósi að nota atkvæði sitt á annan veg en nú gefast tækifæri til? Að fólk hafi aðrar hugmyndir um þetta fyrirkomulag en núgildandi kosningalagaákvæði gefa tilefni til?

Það hljóta að felast mannréttindi í því að skipta atkv. sínu svo sem mann helst lystir. Vilji kjósandinn stuðla að því með atkv. sínu að talsmenn einhverra ákveðinna hugsjóna og/eða minnihlutahópa, sem setja málstað hans á oddinn, fái atkv. hans, þá ætti það að vera hans skýlausi réttur. Hann ætti að hafa leyfi til þess að fá að kjósa sína talsmenn þvert á lista, alveg eins og það á áfram að vera réttur kjósandans að fá að leggja atkv. sitt heilt og óskipt á einn ákveðinn lista eins og nú er, sé það að hans mati skynsamleg ráðstöfun.

Ég get ekki ímyndað mér annað en að þessi till. hljóti fylgi, því að hvernig má annað vera en að þeir sem hér eru inni, fyrir atbeina þessara sömu kjósenda, vilji nokkuð annað fremur en stuðla að því að rýmka lýðréttindi þeirra? Kjósendur hljóta að eiga til þess fullan

rétt að láta skoðanir sínar í ljósi og með þeim hætti sem þeir sjálfir ákveða. Þetta er þeirra réttur, sem er bæði sjálfsagður og eðlilegur. Það er sjálfsagt og eðlilegt að kjósandinn eigi valkosti um það að geta kosið einstaklinga þvert á lista eða af einum lista og þess að geta valið á milli lista, ef hann ákveður það. Þessi kosningaaðferð felur í sér félagsleg réttindi. Það sannaðist fyrir síðustu alþingiskosningar, þegar fjölda fólks þótti sem hlutur kvenna væri fyrir borð borinn innan fjórflokkakerfisins og þær ættu þar erfitt uppdráttar. Í slíkum tilvikum eða öðrum ámóta verður kjósendum frjálst að kjósa þvert á lista eftir þeim sjónarmiðum sem eru ríkjandi í það og það skiptið.

Við erum með þessu að brjóta upp í raun hið alvalda flokksræði, en í stað þess að bjóða til þjóðræðis þar sem kjósendur fá að nýta sér beint lýðræði og valfrelsi. Valfrelsi, þar sem það er ekki einhlítt flokkanna að hafa einkarétt á því að bjóða upp á valkosti, sem kjósendum beri að taka í heilu lagi eða hafna í heilu lagi. Valið er með þessu fyrirkomulagi, herra forseti, fært til fólksins, þar sem það á heima.

Ég vil að svo mæltum orðum leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 17. fundur.

Fimmtudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef í dag skrifað formanni fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis svohljóðandi bréf, sem ég les með leyfi forseta:

„Við mat á þeim árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum telur ríkisstj. nú öruggt að verðbólga verði um eða undir 30% í lok ársins. Með vísan til þess og jafnframt með tilliti til alvarlegra ástands í efnahags- og atvinnumálum á næsta ári en áður var talið, sem nauðsynlegt er að ríkisstj. og aðilar vinnumarkaðarins ræði, hefur ríkisstjórnin á fundi sínum í dag ákveðið að leggja til við hv. fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis að frv. til l. til staðfestingar á brbl. nr. 54/1983, um launamál, verði breytt í samræmi við meðfylgjandi till. Tillagan er svohljóðandi:

„Tillaga um breytingu á frv. til l. til staðfestingar á brbl. nr. 54/1983, um launamál.

3. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Frekari hækkun launa eða annarra greiðslna, sbr. 2. mgr. 1. gr., en greinir í 2. mgr. þessarar greinar á tímabilinu frá 25. maí 1983 til gildistökudags laga þessara, hvort sem um þær er samið fyrir eða eftir 25. maí 1983, falla niður. Ákvæði þetta tekur þó ekki til persónubundinna launabreytinga að gefnum launastiga samkv. reglum sem komnar eru í framkvæmd fyrir 25. maí 1983.

4. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Með þeim breytingum á verðbóta- og kaupgjaldsákvæðum, sem greinir í 1. gr. og 1.—3. mgr. þessarar greinar, skulu allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 1. gr., gilda til gildistökudags laga þessara, en verða þá lausir."

Ég lýsti yfir því 17. sept. s. l. opinberlega, að ég teldi koma til greina að endurskoða umrætt ákvæði í brbl. ef tryggt væri að meginmarkmið efnahagsaðgerðanna næðist. Svipaða yfirlýsingu hefur hæstv. utanrrh. einnig margsinnis gefið.

Nú er ljóst að árangur efnahagsaðgerðanna hefur skilað sér jafnvel fyrr en búist hafði verið við, sérstaklega að því er varðar hjöðnun verðbólgu, en einnig hefur aðlögun efnahagslífsins að breyttum aðstæðum í þjóðarbúinu gengið vel. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði 1. nóv. um 2.74%, sem jafngildir 38.3% verðbólgu miðað við heilt ár. Þess ber að geta að vísitala októbermánaðar hefur ætíð hækkað mikið því að inn í þá vísitölu koma ýmsar ársbundnar hækkanir, eins og t. d. sláturkostnaður og sömuleiðis útgáfukostnaður bóka. Á síðustu þremur mánuðum, þ. e. frá 1. ágúst s. l., hefur vísitalan hækkað um 6.9%, sem jafngildir rétt rúmlega 30% miðað við heilt ár. Á næstu mánuðum er fastlega búist við að mánaðarlegar hækkanir miðað við heilt ár verði um eða undir 30% og fari lækkandi. Hækkun byggingarvísitölu nú hefur enn ekki verið reiknuð. Gert er ráð fyrir því að hækkun hennar verði minni en hækkun framfærsluvísitölu. Þróun hennar á síðustu mánuðum staðfestir vel þann árangur sem vísitala framfærslukostnaðar gefur til kynna.

Í annan stað gefa nýlegar tillögur Hafrannsóknastofnunar glöggt til kynna, að mun alvarlegar horfir í sjávarútvegi en gert var ráð fyrir við mótun efnahagsstefnunnar fyrir næsta ár. Nauðsynlegt er því að endurskoða þýðingarmikil atriði í efnahagsstefnunni eins og hún var nýlega sett fram, m. a. í þjóðhagsáætlun. Í því sambandi er brýnt að góð samstaða og almennur skilningur skapist um leiðir út úr þeim háskalega vanda sem þjóðarbúskapurinn á nú við að stríða. M. a. er nauðsynlegt að aðilar vinnumarkaðarins leggi hönd á plóginn í því efni.

Í þriðja lagi telur ríkisstj. að sá árangur, sem nú þegar hefur náðst, og sá skilningur, sem skapast hefur á stöðu og horfum í efnahagslífinu, tryggi að fámennir hagsmunahópar, sem hafa lykilstöðu á vinnumarkaðnum, nýti ekki sérstöðu sína og knýi fram launahækkanir umfram þá sem verr eru settir. En nauðsynlegt var að tryggja með lagaboði að slíkt gerðist ekki.

Að lokum er gert ráð fyrir í breytingartillögum ríkisstj. að allir kjarasamningar falli úr gildi við gildistöku laganna, enda hafa forsendur kjarasamninga sem gerðir voru til lengri tíma breyst svo mikið að nauðsynlegt er að endurskoða þá með hliðsjón af stöðu og horfum í þjóðarbúskapnum nú.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það var fyrir rúmum 10 mín. að stjórnarandstaðan frétti af því að ríkisstj. hygðist gera breytingar á frv. til staðfestingar á brbl. um launamál, sem voru gefin út 27. maí í vor. Þessi afstaða ríkisstj. var kynnt á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. núna áðan, þannig að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa ekki haft ráðrúm til að fara yfir þann texta, sem hér liggur fyrir, í einstökum atriðum. M. a. tókst ekki að boða nefndarmann eins stjórnarandstöðuflokksins á þann fund fjh.- og viðskn. Nd. sem hér um ræðir. Síðan kýs hæstv. forsrh. að lesa upp hér þessa yfirlýsingu án

þess að greina stjórnarandstöðunni frá því hvað standi til. Engin boð höfðu komið um það til stjórnarandstöðunnar að fjalla ætti um þetta mál hér sérstaklega.

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, vegna þess að mér finnst hér furðulega að málum staðið. Ég tel hins vegar vonum seinna að ríkisstj. átti sig á staðreyndum í þessu máli að öðru leyti. Ég tel að sú yfirlýsing, sem hér liggur fyrir, bendi til þess að ríkisstj. hafi allan tímann verið í miklum vafa um að hún hefði meiri hluta fyrir þeim brbl. sem sett voru í vor.

Það er einstakt í sögu Alþingis að brbl. um að svipta verkalýðshreyfinguna frjálsum samningsrétti séu sett í maímánuði, eins og hér var gert á s. l. vori, og þegar kemur að því að Alþingi fái að fjalla um málið hrekkur ríkisstj. frá. Ályktunin, sem við drögum af þessu stjórnarandstæðingar og þjóðin öll, hlýtur að vera sú, að ríkisstj. hafi ekki ráðið við að koma málinu í gegnum þingið.

Það er býsna fróðleg saga að velta fyrir sér stöðu þingræðis og lýðræðis í þessu landi. Það er einnig fróðlegt að íhuga á þessari stundu hvaða aðdraganda þetta mál á að öðru leyti, hvernig þm. Sjálfstfl. einn af öðrum hafa lýst því yfir að þeir væru andvígir því að hefta samningsrétt, eins og frv. upphaflega gerði ráð fyrir, og hvernig svo það að lokum gerist að Framsfl., brautryðjandi mannréttindasviptingarinnar, virðist ætla að gefast upp, eins og þessi yfirlýsing bendir til.

Það er fagnaðarefni ef Íhaldinu hefur nú tekist að beygja Framsókn í þessu máli, en það má vera íhugunarefni einnig og það er fróðlegt til athugunar á komandi árum fyrir landsmenn alla.

Eftir stendur auðvitað það, herra forseti, að í frv. eru ákvæði sem takmarka samningsrétt verkalýðshreyfingarinnar í landinu í tvö ár. Samkvæmt 1. gr. laganna er bannað að semja um hvers konar dýrtíðaruppbætur á laun í heil tvö ár. Það er takmörkun samningsréttar og takmörkun verkfallsréttar sem því fylgir. Ég tel að hér sé um mjög alvarleg ákvæði að ræða og nauðsynlegt sé að fram komi hið fyrsta hver er afstaða Alþingis í þessu efni. Þess vegna mun ég fyrir mitt leyti og Alþb. beita okkur fyrir því að þetta mál fái hið fyrsta þinglega meðferð. En hitt verður engu að síður að láta koma hér fram, að barátta verkalýðshreyfingarinnar í þessu landi, milli 30 og 40 þúsund undirskriftir, hefur borið árangur. Það er ánægjuefni og bendir til þess að rétt sé að halda þeirri baráttu áfram og reka flóttann þar til fullur sigur er unninn.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í raun og veru þarf ég ekki miklu að bæta við það sem hæstv. forsrh. greindi frá í ræðu sinni áðan, en að gefnu tilefni í ræðu hv. 3. þm. Reykv. rétt áðan þykir mér óhjákvæmilegt að segja nokkur orð.

Það er fyrst varðandi þá málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð, þ. e. tilkynningu ríkisstj. á þessum fundi. Um það vildi ég segja að við töldum í ríkisstj. að verið væri að sýna Alþingi sjálfsagða virðingu með því að tilkynna fyrst á þeim vettvangi ákvörðun ríkisstj. Jafnframt fannst okkur rétt að viðtakandi bréfs ríkisstj., þ. e. fjh.- og viðskn., fengi bréfið í hendur áður en þessi tilkynning kæmi hér fram. Það gat alveg eins verið t. d. á dagskrá að þetta bréf væri sent og síðan tilkynnt af forsrh. eða eftir atvikum fulltrúa ríkisstj. ákvörðun ríkisstj. á blaðamannafundi í stað þess að tilkynna þingheimi um hana í heild fyrst.

Ég held þess vegna að hér sé sjálfsögð starfsregla viðhöfð, og hvað snertir umkvörtun hv. þm. um að enginn fyrirvari hafi verið hér á hafður vildi ég benda á að hér er ekki ætlast til að fram fari efnislegar umr. um þessa brtt., sem ríkisstj. hefur bent fjh.- og viðskn. á að nyti fylgis hennar, heldur kemur málið að sjálfsögðu hér fyrir eftir að fjh.- og viðskn. hefur fjallað um málið og þá til efnislegrar umræðu við 2. umr. málsins. Í þessu falli er því einnig að fullu tillit tekið til hv. stjórnarandstöðu og því er vísað á bug aðfinnslum og umkvörtunum hv. þm. um að þess hafi ekki verið gætt að taka tillit til stjórnarandstöðunnar að þessu leyti.

Það er líka svo, að hv. stjórnarandstaða hefur gert sitt til þess að umr. við 1. umr. hér á þingi varðandi frv. til staðfestingar brbl. margumræddu hefur farið hér fram á æðimörgum fundum og að því leyti má segja að stjórnarandstaðan hafi tafið meðferð málsins. En þó vil ég taka það fram að það er ekki gagnrýnisvert af minni hálfu. Ég finn ekki að því. Mér finnst sjálfsagt að stjórnarandstaðan og aðrir þm. ræði þetta mál við 1. umr. svo lengi sem hverjum og einum þykir ástæða til og legg það ekki stjórnarandstöðu til lasts. Hins vegar finnst mér skjóta skökku við ef menn eru annars vegar að fara fram á að afgreiðslu málsins sé flýtt og hins vegar að kvarta yfir því að reynt sé að koma ákvörðunum ríkisstj. á framfæri við þingheim við fyrsta tækifæri. Málið kom ekki til nefndar fyrr en í þessari viku og var fyrst tekið fyrir á fundi fjh.- og viðskn. í gær, svo að af hálfu ríkisstj. hefur hér allur sá hraði verið á hafður sem eðlilegt er að krefjast.

Þá vildi ég víkja að þeirri staðhæfingu hv. 3. þm. Reykv. að ákvörðun ríkisstj. byggist á því að hún hafi ekki meiri hluta á Alþingi fyrir brbl., eins og þau voru gefin út 27. maí s. l. Ég mótmæli harðlega þeirri staðhæfingu og fullvissa hv. 3. þm. Reykv. sem og aðra þm. um að það var fullfrágengið að ríkisstj. hafði meiri hluta þm. fyrir brbl. áður en þau voru gefin út. Brbl. voru einn þáttur af samningum sem lágu til grundvallar myndunar þeirrar ríkisstj. sem hóf störf 26. apríl s. l. Þótt skoðanir hafi e. t. v. verið skiptar fram að þeim tíma að ríkisstj. var mynduð milli einstakra þm. innan hvors stjórnarflokksins um sig og svo e. t. v. milli stjórnarflokkanna sem slíkra, þá var úr þeim ágreiningi leyst áður en ríkisstj. var mynduð og báðir stjórnarflokkarnir höfðu skuldbundið sig til að standa að samþykkt þessara brbl. Það var ófrávíkjanlegur þáttur af stjórnarsamningi þeirra.

Sú ákvörðun sem tekin var í morgun er tekin að breyttum forsendum og með reynslu liðinna vikna og mánaða í huga og með það útlit einnig í huga sem hæstv. forsrh. lýsti áðan. Það er þess vegna allt annað mál þótt einstakir þm. hafi lýst því yfir að þeir teldu æskilegt að breyta tilteknu ákvæði brbl. Það er allt annað mál en hitt, að þeir hefðu ekki staðið við brbl. óbreytt ef svo hefði borið við að þau yrðu þannig borin undir atkvæði í þinginu. En það hefur komið fram á síðustu vikum og mánuðum að það hefur gengið eftir, sem ríkisstj. stefndi að, snögg lækkun verðbólgunnar, og af þeim ástæðum er ekki þörf á því ákvæði sem hér um ræðir og talað er um að fella niður.

Ég vil í þessu sambandi rifja upp, eins og reyndar hæstv. forsrh. gerði, að bæði hæstv. forsrh. og ég fyrir hönd Sjálfstfl. höfum fyllilega tekið undir það sjónar-

mið að það ákvæði er varðar framlengingu samninga til 1. febr. n. k. bæri að endurmeta í ljósi þróunar mála.

Á Alþingi hinn 26. okt. s. l. komst ég svo að orði í umr. um þetta efni hér á Alþingi, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa það orðrétt upp:

„Afstaða okkar er í stuttu máli sú, að við sjálfstæðismenn stöndum að ákvæðum brbl. og berum ábyrgð á þeim og munum þess vegna standa að samþykkt frv. þess sem flutt er til staðfestingar þeirra. En það liggur í augum uppi að við teljum eðlilegt og sjálfsagt að frv. fái þinglega meðferð og kannað sé hvort rétt er að falla frá eða breyta því ákvæði frv. að nýir samningar um kaupgjald taki ekki gildi fyrr en 1. febr. n. k., enda sé markmiði ríkisstj. í baráttunni gegn verðbólgu engu síður náð."

Hæstv. forsrh. hefur áður gefið efnislega sams konar yfirlýsingu hér á Alþingi og við raunar báðir einnig á samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins. Á þeim samráðsfundi með aðilum vinnumarkaðarins lögðum við áherslu á það, sem ég hef sagt í þessum fáu orðum mínum nú, að aðilar hæfu strax viðræður um gerð nýrra kjarasamninga svo unnt væri að komast að niðurstöðu þar að lútandi — niðurstöðu sem einkum taki mið af tveim höfuðþáttum:

1. Að grundvöllur verði lagður að framfarasókn atvinnuveganna sem til þess skapaði skilyrði að bætt yrðu launakjörin í landinu með raunhæfum hætti.

2. Að nýir kjarasamningar bæru fyrst og fremst merki þess að menn kæmu sér saman um að bæta kjör hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu.

Ég skal svo leiða hjá mér efnislegar umr. að öðru leyti, en vil leggja áherslu á að allir þm. leggist nú á eitt og flýti afgreiðslu þessa frv. til staðfestingar brbl. svo að skýrar línur myndist og aðilar vinnumarkaðarins, eftir atvikum í samráði og samstarfi við ríkisstj., geti snúið sér að því að leysa málin með tilvísun til þess hve alvarlegt ástand blasir við þjóðinni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og komið hefur fram áður í þessum umr. barst stjórnarandstöðunni ekki vitneskja um að þessi tilkynning mundi hér verða gefin eða sú ákvörðun kynnt, sem hér hefur nýlega átt sér stað, fyrr en rétt fyrir kl. 2. Hæstv. utanrrh. taldi að þar hefði verið rétt að farið og sjálfsagt verður ekki að því fundið beinlínis, en það hefði verið frekar í samræmi við það sem tíðkast hefur hér í þinginu að stjórnarandstaðan hefði fengið af þessu að vita með nokkru meiri fyrirvara, það hefði verið heldur kurteislegra, sýnist mér, miðað við það sem hér hefur tíðkast. En við skulum ekki fást um það.

Ég held að það verði að segjast að mjög ánægjulegt er að ríkisstj. skuli hafa séð núna — loksins að vísu — að henni var ekki stætt á því að afnema mannréttindi með þeim hætti sem gert hafði verið ráð fyrir í þessum brbl., afnema samningsréttinn. Í rauninni spyr maður sjálfan sig, þó að hæstv. utanrrh. hafi tekið fram hér áðan að það hafi verið meiri hluti fyrir þessum ákvörðunum ríkisstj. á sínum tíma, hvort sá meiri hluti hafi ekki einmitt verið að hverfa, því við höfum fyrir okkur að þrír þm. ríkisstj. höfðu gefið yfirlýsingar þar að lútandi. En það er ekki heldur aðalatriðið. Ég tel að hér sé fyrst og fremst um það að ræða að fólkið í landinu, stjórnarandstaðan og verkalýðshreyfingin hafi unnið verulegan sigur. Það er sigur fyrir verkalýðshreyfinguna að þessu ákvæði skuli nú kippt burtu. Þetta er sigur fyrir stjórnarandstöðuna, sem hefur lagt á það ríka áherslu að þetta ákvæði væri ekki inni í lögunum, og sigur fyrir þá menn alla sem hafa lagt áherslu á að þetta ákvæði varðandi mannréttindin í landinu skyldi vera í gildi.

En þetta er líka sigur fyrir þingræðið, því að það er í rauninni ekki fyrr en þingið fer að fjalla um þessi mál sem hreyfing kemst á málin. Og ég vil minna á að stjórnarandstaðan gerði kröfu um það á liðnu sumri að þingið yrði kallað saman til að fjalla um málið. Við rökstuddum það m. a. með því að það væru ýmis atriði sem venjulega tækju breytingum í meðförum þingsins þegar stjórn og stjórnarandstaða færu að ræða málin. Það hefur sýnt sig að við höfðum rétt fyrir okkur í þessum efnum og að því leytinu hefur þingræðið í rauninni líka unnið hér sigur.

Ég tel að hér sé um verulegan áfanga að ræða hvað það varðar að sníða agnúa af þeim ákvörðunum sem ríkisstj. hafði boðað í efnahagsmálum og sett ýmiss konar bráðabirgðalög um. Ég óska þess að í framhaldsmeðferð þingsins á þessu máli og öðrum málum takist að sníða enn frekari agnúa af þeim frv. sem ríkisstj. hefur lagt fram, ýmist í formi brbl. eða með öðrum hætti, þannig að hér komist á betri efnahagsstefna en ríkisstj. hefur fylgt.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni þeirrar tilkynningar sem við urðum áheyrendur að hérna.

Ég fagna þeim sinnaskiptum sem átt hafa sér stað hjá ríkisstj. Ég fagna þeim sinnaskiptum sem Sjálfstfl. hefur tekið og orðið hafa þessa valdandi. Ég fagna sigri stjórnarandstöðunnar og launamanna í þessu landi og ég fagna sigri lýðræðisins. Ef einhver vafi leikur á um að þessi brbl. hafi verið sett án þess að fullkannað væri að stuðningur væri fyrir hendi, þá tel ég það rökstyðja enn betur till. sem BJ hefur lagt fram um afnám brbl.-réttar. Þessi niðurstaða hvetur okkur öll í þessum sal til áframhaldandi baráttu gegn takmörkun samningsréttar, sem þó er enn fyrir hendi, og fullri endurheimt mannréttinda.

Páll Pétursson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. 3. þm. Reykv. vil ég nota þetta tækifæri og taka fram, að strax eftir að mér sem formanni fjh.- og viðskn. Nd. barst bréf ríkisstj. boðaði ég til fundar, því ég taldi rétt að kynna nm. úr stjórnarandstöðunni, fulltrúum Alþb., hv. þm. Svavari Gestssyni, fulltrúa Alþfl., hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, og hv. þm. Guðmundi Einarssyni efni þessa bréfs og þeim stjórnarþm. sem í n. sitja. Því miður tókst ekki að ná í einn nm., hv. þm. Guðmund Einarsson, en í stað hans mætti Kristín S. Kvaran fyrir BJ. Á þessum nefndarfundi var málið kynnt. Hann var að vísu ekki haldinn rúmum tíu mínútum áður en hv. 3. þm. Reykv. fór hér í ræðustól, eins og hann sagði áðan, heldur hófst hann 19 mínútum áður en það varð. En þetta er lítið og léttvægt atriði.

Það lá fullkomlega fyrir, eins og hér hefur verið ítrekað, að það var meiri hluti fyrir þessum brbl. þegar þau voru sett og það er meiri hluti fyrir þeim enn. En málið er til meðferðar á Alþingi og Alþingi hefur að sjálfsögðu rétt til að breyta brbl. eins og öðrum lögum. Og ákvæði sem búin eru að gera sitt gagn og e. t. v. eru orðin úrelt er sjálfsagt að færa til framtíðarforms þegar

þau eru búin að þjóna sínum tilgangi. Verðbólgan hefur lækkað örar en við þorðum að vona og höfðum leyfi til að þora að vona við setningu brbl. Það er sjálfsagt að reyna að ganga svo frá þessari lagasetningu að hún sé í takt við tímann og sem best úr garði gerð. Ég mun fyrir mitt leyti sem formaður fjh.- og viðskn. Nd. stuðla að því, svo og minn flokkur, að hafa sem best samstarf við stjórnarandstöðuna um afgreiðslu málsins.

Ég get lýst því yfir að það hefur verið einhugur í þingflokki framsóknarmanna um að endurmeta þau ákvæði sem hér er um að ræða.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Samtök um kvennalista eiga ekki fulltrúa í fjh.- og viðskn. Nd. og okkur barst ekki vitneskja um þetta, a. m. k. ekki mér, fyrr en á þessum fundi. Við höfum því engar aðstæður til þess að orðlengja um þetta hér og nú. Ég vil lýsa því yfir að ég fagna þeim atburðum sem hér hafa orðið, en minni á það í leiðinni að betur má ef duga skal.

Kosningar.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Eitt aðalatriðið í málefnagrundvelli BJ er aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Í einföldum orðum felur það í sér að þm. eigi ekki að vera ráðh. eða sitja í bankaráðum, Framkvæmdastofnun eða öðrum skyldum stofnunum. BJ bendir á að seta alþm. í hinum ýmsu stofnunum framkvæmdavaldsins standi efnahagslífi okkar og þá um leið í ljósi nútíðar raunverulegum efnahagsaðgerðum fyrir þrifum. Seta alþm. í stofnunum framkvæmdavaldsins leiðir tvennt af sér. Annars vegar hefur hann ekki sama tíma og ella til að sinna störfum sínum sem löggjafi. Í öðru lagi verður hann að dómara í eigin störfum og að okkar mati þar með óhæfur til þessa verks vegna árekstrarhagsmuna. Seta þm. í fyrrnefndum stofnunum framkvæmdavaldsins leiðir til ákveðinnar samtryggingar andstæðinga á þingi, sem veikir enn meir eftirlitshlutverk Alþingis. Skipting valdsins í þessum stofnunum milli þm., sama hvort um stjórn eða stjórnarandstöðu er að ræða, leiðir til samtryggingar. Það er þar sem flokksræðið og flokksvaldið kemur inn í myndina. Aðstöðumunur þeirra flokka sem nú sitja á þingi er mjög mikill, það verður að viðurkenna. Núverandi stjórnarflokkar ríkja núna og eins og þeir hafa lengst af gert vegna umfangsmikilla tengsla sinna við stór og viðamikil fjármálaöfl í efnahagslífi okkar. Peningar eru jú vald. Hinir, sem eru í stjórnarandstöðu, hanga þarna nánast vegna fortíðar sem rekur þá til þess að gæta hagsmuna sinna umbjóðenda í þeim stofnunum sem hér um ræðir. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. ræðumann að stytta mál sitt. Ég hafði skilið að þetta væri stutt athugasemd.)

Þingflokkar hafa nú komið sér saman um framboð til þeirra ráða og stjórna sem hér á að kjósa til. BJ hefur tekið þátt í þeim viðræðum að svo miklu leyti sem um er að ræða störf er ekki brjóta í bága við málefnagrundvöll Bandalagsins. Þar sem samstaða hefur náðst milli þingflokka um framboð, þannig að kosningar munu fara fram án handaupplyftingar, tel ég nauðsynlegt að upplýsa að þm. BJ sitja hjá í atkvæðagreiðslum að því er varðar kosningu í atvinnuleysistryggingasjóð Húsnæðisstofnun ríkisins, Vísindasjóð, úrvarpsráð, tryggingaráð, stjórn kísilmálmverksmiðju og Framkvæmdastofnun ríkisins.

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga, nr. 82 1969, sbr. l. nr. 52 1978.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Páll V. Daníelsson viðskiptafræðingur (A),
Einar Björnsson skrifstofumaður (C),
Sigrún Sturludóttir skrifstofumaður (B),
Árni Helgason símstjóri (A).

Varamenn:
Jóhannes Bergsveinsson læknir (A),
Hörður Zóphaníasson skólastjóri (C),
Hafdís Sigurgeirsdóttir kennari (B),
Jóna Gróa Sigurðardóttir borgarfulltrúi (A).

Kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Árni Halldórsson hrl. (C),
Benedikt Blöndal hrl. (A),
Vilhjálmur Jónsson forstjóri (B),
Baldvin Jónsson hrl. (C),
Axel Einarsson hrl. (A).

Varamenn:
Arnmundur Backman lögfræðingur (C),
Guðrún Erlendsdóttir hrl. (A),
Gestur Jónsson hdl. (B),
Þorsteinn Eggertsson lögfræðingur (C),
Baldur Guðlaugsson lögmaður (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Matthías Johannessen ritstjóri (A),

Einar Laxness menntaskólakennari (C),
Áslaug Brynjólfsdóttir fræðslustjóri (B),
Sólrún Jensdóttir sagnfræðingur (A),
Gunnar Eyjólfsson leikari (C).

Varamenn:
Halldór Blöndal alþm. (A),
Vésteinn Ólason lektor (C),
Eysteinn Sigurðsson ritstjóri (B),
Eiríkur Hreinn Finnbogason cand. mag. (A),
Helga K. Möller kennari (C).

Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra alþingismanna til vara í rannsóknaráð, til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 64 24. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Með því að ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa átti lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Hjörleifur Guttormsson alþm. (C),
Gunnar G. Schram alþm. (A),
Guðmundur Bjarnason alþm. (B),
Jón Baldvin Hannibalsson alþm. (C),
Pálmi Jónsson alþm. (A),
Guðrún Agnarsdóttir alþm. (C),
Valdimar Indriðason alþm. (A).

Varamenn:
Steingrímur J. Sigfússon alþm. (C),
Salome Þorkelsdóttir alþm. (A),
Ólafur Þ. Þórðarson alþm. (B),
Karl Steinar Guðnason alþm. (C),
Árni Johnsen alþm. (A),
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir alþm. (C),
Eggert Haukdal alþm. (A).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 64 2. júní 1981, um atvinnuleysistryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Benedikt Davíðsson húsasmiður (C),
Daði Ólafsson húsgagnabólstrari (B),
Axel Jónsson fyrrv. alþm. (A).

Varamenn:
Valdimar Indriðason alþm. (A),
Guðmundur Hilmarsson bifvélavirki (C),
Hákon Hákonarson vélvirki (B),
Guðfinna Ólafsdóttir læknaritari (A).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Eggert Haukdal alþm. (A),
Geir Gunnarsson alþm. (C),
Stefán Guðmundsson alþm. (B),
Ólafur G. Einarsson alþm. (A),
Ólafur Björnsson útgerðarmaður (C),
Halldór Blöndal alþm. (A),
Ólafur Þ. Þórðarson alþm. (B).

Varamenn:
Pálmi Jónsson alþm. (A),
Helgi F. Seljan alþm. (C),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (B),
Sturla Böðvarsson sveitarstjóri (A),
Kristján Jónasson húsasmiður (C),
Engilbert Ingvarsson bóndi (A),
Davíð Aðalsteinsson alþm. (B).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings að afstöðnum almennum alþingiskosningum, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. laga nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Gunnar Helgason forstjóri (A),
Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur (C),
Þráinn Valdimarsson framkvæmdastjóri (B),
Jóhann Petersen skrifstofustjóri (A),
Jón H. Guðmundsson skólastjóri (C),
Gunnar S. Björnsson byggingarmeistari (A),
Kristín Blöndal (C).

Varamenn:
Ólafur Jensson framkvæmdastjóri (A),
Steingrímur J. Sigfússon alþm. (C),
Hákon Hákonarson vélvirki (B),
Salome Þorkelsdóttir alþm. (A),
Birgir Dýrfjörð rafvirkjameistari (C),
Óli Þ. Guðbjartsson bæjarfulltrúi (A),
Kristín Einarsdóttir (C).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Vísindasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 51 5. júní 1957, um Vísindasjóð.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Magnús Magnússon prófessor (A),
Þorsteinn Vilhjálmsson dósent (C),
Guðmundur Guðmundsson verkfræðingur (B),
Júlíus Sólnes prófessor (A).

Varamenn:
Sigríður Erlendsdóttir sagnfræðingur (A),
Eggert Briem prófessor (C),
Ólafur Dýrmundsson ráðunautur (B),
Sigurður Magnússon kjarneðlisfræðingur (A).

Kosning sjö manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 8 12. mars 1976, um breyt. á útvarpslögum nr. 19/1971.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Markús Örn Antonsson borgarfulltrúi (A),
Árni Björnsson þjóðháttafræðingur (C),
Markús Á. Einarsson veðurfræðingur (B),
Inga Jóna Þórðardóttir framkvæmdastjóri (A),
Eiður Guðnason alþm. (C),
Jón Þórarinsson tónskáld (A),
Elínborg Stefánsdóttir dagskrármaður (C).

Varamenn:
Magnús Erlendsson bæjarfulltrúi (A),
Tryggvi Þór Aðalsteinsson framkvæmdastjóri (C),
Haukur Ingibergsson framkvæmdastjóri (B),
Haraldur Blöndal lögmaður (A),
Guðni Guðmundsson rektor (C),
Gísli Baldvinsson kennari (A),
Ingibjörg Hafstað kennari (C).

Kosning yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Sigurður Guðbrandsson afgreiðslumaður (C),
Jón Magnússon fulltrúi (A),
Bjarni Arason ráðunautur (B),
Sveinn Kr. Guðmundsson fyrrv. bankastjóri (C),
Sverrir Sverrisson fyrrv. skólastjóri (A).

Varamenn:
Ársæll Valdimarsson skrifstofustjóri (C),
Björn Arason framkvæmdastjóri (A),
Björgvin Bjarnason bæjarfógeti (B),
Daníel Oddsson deildarstjóri (C),
Jóhann Sæmundsson bankafulltrúi (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Pétur Hafstein sýslumaður (A),
Birkir Friðbertsson bóndi (C),
Hreinn Sveinsson skattstjóri (B),
Guðmundur Kristjánsson bæjarstjóri (A),
Ágúst H. Pétursson (C).

Varamenn:
Guðmundur H. Ingólfsson bæjarfulltrúi (A),
Kristinn H. Gunnarsson verslunarmaður (C),
Björn Teitsson skólameistari (B),
Úlfar Ágústsson kaupmaður (A),
Sturla Halldórsson (C).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Hulda Sigurbjörnsdóttir húsfrú (C),
Egill Gunnlaugsson dýralæknir (A),
Guðm. Ó. Guðmundsson skrifstofumaður (B),
Gunnar Þ. Sveinsson bankamaður (C),
Halldór Þ. Jónsson sýslumaður (A).

Varamenn:
Vignir Einarsson kennari (C),
Erlingur Óskarsson bæjarfógeti (A),
Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri (B),
Stefán Gunnarsson smiður (C),
Torfi Jónsson bóndi (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14 ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Bogi Nilsson sýslumaður (A),
Aðalsteinn Halldórsson bóndi (C),
Hörður Hjartarson framkvæmdastjóri (B),
Sigurður Helgason sýslumaður (A),
Arnþór Jensen framkvæmdastjóri (C).

Varamenn:
Margeir Þórormsson verslunarstjóri (A),
Gísli Sigurðsson skrifstofumaður (C),
Friðjón Guðröðarson bæjarfógeti (B),
Árni Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Ari Bogason skrifstofumaður (C).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Hjörleifur Gunnarsson fulltrúi (C),
Guðjón Steingrímsson hrl. (A),
Björn Ingvarsson bæjarfógeti (B),
Vilhjálmur Þórhallsson lögmaður (C),
Páll Ólafsson bóndi (A).

Varamenn:
Gísli Ólafur Pétursson kennari (C),
Tómas Tómasson sparisjóðsstjóri (A),
Helga Jónsdóttir lögfræðingur (B),
Gunnlaugur Ó. Guðmundsson (C),
Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ragnar Steinbergsson hrl. (A),
Jóhannes Jósefsson verkamaður (C),
Jóhann Sigurjónsson kennari (B),
Guðmundur Þór Benediktsson fulltrúi (A),
Hreinn Pálsson lögfræðingur (C).

Varamenn:
Benedikt Ólafsson hdl. (A),
Páll Hlöðversson tæknifræðingur (C),
Haukur Logason fulltrúi (B),
Sig. Briem Jónsson fulltrúi (A),
Ólafur Erlendsson (C).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Magnús Aðalbjarnarson fulltrúi (C),
Kristján Torfason bæjarfógeti (A),
Pálmi Eyjólfsson fulltrúi (B),
Vigfús Jónsson fyrrv. oddviti (C),
Jakob Havsteen lögmaður (A).

Varamenn:
Lýður Brynjólfsson fyrrv. skólastjóri (C),
Ólafur Helgi Kjartansson sýslufulltrúi (A),
Páll Björnsson sýslufulltrúi (B),
Stefán J. Guðmundsson trésmíðameistari (C),
Sigursteinn Steindórsson aðalbókari (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón G. Tómasson hrl. (A),
Sigurður Baldursson hrl. (C),
Jón A. Ólafsson sakadómari (B),
Hjörtur Torfason hrl. (A),
Hrafn Bragason borgardómari (C).

Varamenn:
Guðmundur V. Jósefsson hrl. (A),
Sigurmar K. Albertsson lögfræðingur (C),
Skúli Pálmason hrl. (B),
Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. (A),

Lára Júlíusdóttir lögfræðingur (C).

Kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 47 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólafur G. Einarsson alþm. (A),
Stefán Jónsson fyrrv. alþm. (C),
Þóra Þorleifsdóttir skrifstofumaður (B),
Arinbjörn Kolbeinsson læknir (A),
Jóhanna Sigurðardóttir alþm. (C).

Varamenn:
Steinunn Margrét Lárusdóttir lögfr. (A),
Ólöf Ríkharðsdóttir fulltrúi (C),
Theódór A. Jónsson forstöðumaður (B),
Sigurður H. Guðmundsson sóknarprestur (A),
Regína Stefnisdóttir hjúkrunarfræðingur (C).

Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn kísilmálmverksmiðjunnar á Reyðarfirði til eins árs, frá 3. júní 1983, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 7. gr. laga nr. 70 1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde hagfræðingur (A),
Halldór Árnason tæknifræðingur (C),
Axel Gíslason framkvæmdastjóri (B),
Theodór Blöndal tæknifræðingur (A),
Sighvatur Björgvinsson fyrrv. alþm. (C),
Hörður Þórhallsson sveitarstjóri (A),
Sveinn Þórarinsson verkfræðingur (B).

Varamenn:
Bogi Nilsson sýslumaður (A),
Inger Jónsdóttir lögfræðingur (C),
Aðalsteinn Valdimarsson skipstjóri (B),
Hrafnkell A. Jónsson bæjarfulltrúi (A),
Sigfús Guðlaugsson rafveitustjóri (C),
Þráinn Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Þorsteinn Ólafsson fulltrúi (B).

Veiðar í erlendri fiskveiðilandhelgi, þáltill. 77. mál (þskj. 82). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stjórn á fiskveiðum, þáltill. 29. mál (þskj. 29). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samstarfssamningur Norðurlanda, þáltill. 86. mál (þskj. 91). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Till. sú til þál. um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda, sem hér er til umr., á sér þá forsögu að undanfarin ár hefur verið rætt um og kannaðar tillögur um aukna aðild Færeyja og Álandseyja að Norðurlandaráði og ráðherranefnd Norðurlandaráðs og um samsvarandi aðild Grænlands. Samkomulag varð í þessum efnum og var það undirritað í Reykjavík 15. júní s. l. á fundi samstarfsráðherra Norðurlanda. Matthías Á. Mathiesen viðskrh. undirritaði samkomulagið fyrir Íslands hönd og er það birt hér sem fskj. Samkomulagið er háð fullgildingu og með till. þessari er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda það fyrir Íslands hönd.

Meginbreytingar sem gerðar eru á Helsingforssamningnum eru þessar:

1. Í samningnum er tekið fram að í skólum í sérhverju Norðurlandanna skuli vera fræðsla í tungumálum og um menningu og þjóðfélagsástand á hinum Norðurlöndunum. Þessu ákvæði er breytt til að árétta að það taki til Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

2. Landsþing Grænlands kýs fulltrúa í Norðurlandaráðið.

3. Í stað 78 kjörinna fulltrúa í Norðurlandaráði verða nú 87 fulltrúar: frá Danmörku 16 (óbreytt), Finnlandi 18 (áður 17), Íslandi 7 (áður 6), Noregi og Svíþjóð 20 áður 18, Álandseyjum 2 (áður 1), Færeyjum 2 (óbreytt) og Grænlandi 2 (enginn áður). Deildir Færeyja og Grænlands starfa í deild danska ríkisins og deild Álandseyja í deild finnska ríkisins.

4. Stjórn Álandseyja og landstjórnir Færeyja og Grænlands taka þátt í starfi ráðherranefndarinnar. Ákvörðun ráðherranefndarinnar er bindandi fyrir Álandseyjar, Færeyjar og Grænland í þeim mæli sem löndin fallast á hana í samræmi við sjálfstjórnarreglur.

Þá hafa og verið gerðar breytingar á Helsingforssamningnum varðandi kostnaðarskiptingu svo og breytingar á menningarmálasamningi Norðurlanda og samkomulagi um samstarf á sviði flutninga og samgangna, en það er ekki óskað eftir sérstakri fullgildingu á þeim síðasttöldu breytingum þar sem þess er ekki talin þörf. Bæði er að samningur um þau atriði mun ekki hafa áður verið fullgiltur af Alþingis hálfu og talið er að um svo lítilvægar breytingar sé að ræða að eigi þarfnist sérstakrar fullgildingar.

Herra forseti. Ég geri það að tillögu minni að þessari till. til þál. verði vísað til utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Mér þykir leitt að það er nokkuð farið að fækka hérna í salnum. Ég hafði óskað eftir þessu tækifæri fyrir tveimur dögum en féllst á að draga það af tillitssemi við menn sem vildu gjarnan taka þátt í þessari umr., en síðan átti ég von á að hún yrði strax kl. 2 í dag. Engu að síður vil ég þakka fyrir það tækifæri sem mér er veitt til að hefja umr. utan dagskrár um efni sem varðar hvern einasta þegn þessa þjóðfélags, þ. e. niðurstöður rannsókna fiskifræðinga á ástandi þorskstofnsins, tillögur þeirra um aflamagn og ráðstafanir stjórnvalda í framhaldi af þeim uggvænlegu niðurstöðum.

Ég hlýt að lýsa undrun minni á því að skýrsla fiskifræðinganna, sem lögð var fram í síðustu viku, skyldi ekki vera birt alþm. þá þegar. En þar sem nú eru liðnir 8 dagar frá birtingu skýrslunnar má ætla að efni hennar hafi þegar verið rætt ítarlega í ríkisstj. og við hagsmunaaðila og því er þess að vænta að viðbrögð stjórnvalda séu farin að skýrast.

Um allt land bíður fólk í ofvæni eftir fréttum af aðgerðum ráðamanna, hvernig þeir hyggjast bregðast við þeim hrikalega vanda sem nú blasir við okkur öllum. Það er ekki bara togarasjómaðurinn, fiskverkunarkonan og útgerðarmaðurinn sem sjá nú fram á óvenjumagurt ár. Þorskstofninn og þjóðarbúið eru sameign okkar allra. Það er fyrst og fremst sjávarútvegurinn sem hefur staðið undir því þjóðfélagi sem við nú búum við. Það er hann sem er meginundirstaða efnahagslífs okkar. Því miður höfum við nú komist að raun um að þessi auðlind er ekki óþrjótandi. Við höfum ekki kunnað með hana að fara. Við getum ekki afsakað okkur með því að hafa enga viðvörun fengið. Fiskifræðingar hafa svo sannarlega margsinnins á undanförnum árum varað við ofveiði og lagt til að dregið væri úr sókn í þá fiskstofna sem í mestri hættu væru. Á það var ekki hlustað nóg og nú uppskerum við í samræmi við þá skelfilegu skammsýni.

Þær raddir hafa heyrst að fiskifræðingar hafi ekki tæknina nægilega á valdi sínu og spár þeirra hafi aldrei reynst réttar. Hér má ekki rugla saman spádómum um hvað hugsanlegt sé að veiða af þorski og tillögum um skynsamlega nýtingu stofnsins. Á árunum 1976—1980 lögðu fiskifræðingar árlega til að ekki yrði farið yfir ákveðið aflamagn til að stofninn næði að byggja sig upp. Þeir spáðu engu um það hverju hægt væri að ná með ótakmarkaðri sókn. Öll árin var veitt miklu meira en fiskifræðingar lögðu til. Af því erum við nú að súpa seyðið.

Aflaforsendur í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 miðast við 300—320 þús. tonna þorskafla á næsta ári. Augljóst er nú að þær forsendur fá ekki staðist, eins og ég hef reyndar áður lýst efasemdum um. Sá samdráttur sem nú blasir við er talinn geta þýtt 3.5% minnkun þjóðarframleiðslu og 12—13% samdrátt útflutningsframleiðslu. Og hvað er þá orðið um þann grunn sem fjárlagafrv. fyrir 1984 er reist á? Það er talað um allt að 1 000 ársverka samdrátt í fiskiðnaðinum ef þorskaflinn verður 200 þús. tonn en annar afli álíka og nú. Við hljótum þó að taka tillit til niðurstaðna rannsókna vísindamanna okkar. Þeir segja m. a. í skýrslu sinni, þar sem þeir fjalla um horfur og tillögur um aflahámark 1984, með leyfi forseta:

„Ef veidd verða 300 þús. tonn á árinu 1984 má ætla að heildarstofninn minnki um rúmlega 100 þús. tonn. Við 250 þús. tonna veiði minnkar heildarstofninn tímabundið um 50 þús. tonn en nær sömu stærð árið eftir. Við 200 þús. tonna veiði mun heildarstofnstærðin standa í stað en fara svo vaxandi er fram í sækir. Þróun hrygningarstofns er á svipaðan veg. Við 300 þús. tonna veiði minnkar hrygningarstofninn, við 250 þús. tonna veiði stendur hann nánast í stað og við 200 þús. tonna veiði fer hann vaxandi. Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að stuðla að vexti þorskstofnsins á komandi árum í þeim tilgangi að auka afrakstur stofnsins í náinni framtíð. Þær niðurstöður sem nú liggja fyrir um ástand stofnsins benda til þess að þessu markmiði verði ekki náð nema með því að takmarka þorskafla á næsta ári við um 200 þús. tonn."

Sjútvrh. sagði á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna fyrir síðustu helgi að menn yrðu að horfast í augu við vandann og taka nauðsynlegar ákvarðanir. Orðrétt sagði hann, með leyfi forseta: „Þær verða sumar sárar en sárast af öllu er að ganga allt of nærri eigin fjöreggi. Slíkt er skeytingarleysi við landið, sjálfstæði þess og sjálfsforræði."

En hann sagði einnig, með leyfi forseta: „200 þús. tonna þorskafli á árinu 1984 eru aflabrögð sem bjóða upp á hættu á verulegu atvinnuleysi og rýrari lífskjör en við búum við í dag og þykja þau þó nánast óbærileg þegar."

Þetta vil ég undirstrika. Við hljótum að taka tillit til niðurstaðna fiskifræðinga, en um leið verður að tryggja að þær aðgerðir sem grípa þarf til komi ekki niður á þeim sem verst eru settir. Og nú spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hvaða ákvarðanir koma til greina? Hvað hefur verið gert til að mæta þessum vanda? Hvað er verið að gera? Og hvað verður gert? Ætlar ríkisstj. að fara að tillögum fiskifræðinga um 200 þús. tonna þorskafla á næsta ári og hvað verður gert til að koma í veg fyrir atvinnuleysi meðal sjómanna og fiskverkafólks af þessum sökum?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að þessi mál eru rædd hér á Alþingi og er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera það. Hitt er svo annað mál að hér er um svo margslungið og mikilvægt mál að tefla að það verða hvorki teknar í því skjótar ákvarðanir að öllu leyti né gerð viðhlítandi grein fyrir því sem fram undan er nú á næstunni. Ég vil segja að það er ánægjulegt að heyra að háttvirtir þm. telja eins og kom fram í ræðu hv. 7. landsk. þm. hér áðan að sjávarútvegurinn væri sá grunnur sem við byggjum á. Að sjálfsögðu er það rétt. Það væri betur að á því væri almennur skilningur í þjóðfélaginu að svo væri, m. a. þegar teknar eru ákvarðanir hér á Alþingi um fjárlög, erlendar lántökur og annað sem mætti lengi telja. Ég hef nú ekki orðið var við það á undanförnum árum oft og tíðum að sá skilningur væri nægilega ríkur. Það væri betur að menn gerðu sér almennt betri grein fyrir því hvað sjávarútvegurinn er í reynd mikilvægur þjóðarbúinu í heild.

Þess vegna er það að sjálfsögðu mjög mikilvægt þegar þjóðhagsáætlun er gerð á hverjum tíma að það liggi fyrir sem bestar upplýsingar um það hvert aflamagn geti

orðið fyrir það ár sem þjóðhagsáætlunin er gerð fyrir. Það eru um það lagafyrirmæli hvenær þjóðhagsáætlun skuli lögð fram og þeim lagafyrirmælum er að sjálfsögðu reynt að hlíta. Hins vegar hafa aldrei legið fyrir fullnægjandi niðurstöður um ástand fiskstofna þegar þjóðhagsáætlun hefur verið lögð fram og er það að sjálfsögðu mjög alvarlegur veikleiki í þessari áætlun miðað við þá þýðingu sem sjávarútvegurinn hefur fyrir gerð hennar og afkomu þjóðarbúsins í heild.

Á s. l. vori stuttu eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum gengu fiskifræðingar á minn fund og tjáðu mér það að ástand þorskstofnsins væri verra en þeir höfðu gert ráð fyrir haustið áður þegar þeir mæltu með því að veidd yrðu 350 þús. tonn og sögðust nú vilja mæla með því að veidd yrðu 300 þús. tonn. Eftir samráð við hagsmunaaðila og nánari athugun á málinu kom í ljós að mjög ólíklegt væri að þorskaflinn færi svo neinu næmi yfir 300 þús. tonn miðað við það að aflabrögð væru þau sömu og árið áður. Það sem eftir væri ársins gæti hann mestur orðið 320 þús. tonn. Þannig að ekki þótti tilefni til neinna sérstakra aðgerða vegna þessarar viðvörunar enda hefur komið í ljós að aflinn mun vart verða meiri en 290 þús. tonn. Við gerð þjóðhagsáætlunar í sumar þá kallaði ég að sjálfsögðu fiskifræðinga á minn fund og einnig hafði Þjóðhagsstofnun náið samstarf við þá. Þá lágu ekki fyrir niðurstöður varðandi þorskrannsóknir — síðasti leiðangur var eftir það — og fyrstu upplýsingar komu ekki fyrr en þennan dag, þ. e. a. s. þriðjudaginn fyrir rúmri viku síðan. Það var seinni part dags sem haft var samband við mig og ég fékk þá þessar upplýsingar þennan nefndan þriðjudag. Þegar þjóðhagsáætlun var gerð lá sem sé ekki annað betra fyrir en að gera ráð fyrir svipuðum eða sama afla og árið áður.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að ég vil á engan hátt gera lítið úr rannsóknum sem þessum, langt frá. En reynslan segir okkur einnig mikið og við höfum upplýsingar 60 ár aftur í tímann um þorskafla á Íslandsmiðum og meðalafli síðustu 60 ára er 367 þús. tonn. Á árunum 1923—1932 er þorskaflinn að meðaltali 377 þús. tonn, 1933—1942 292 þús. tonn, 1943—1952 272 þús. tonn, fer síðan mjög vaxandi eftir 1953 eða á þeim áratug 1953—1962 í 472 þús. tonn, 1963—1972 í 404 þús. tonn, 1973—1982 381 þús. tonn. Þannig að aflabrögð sem eru 300 þús. tonn af þorski er veiði sem nánast aldrei hefur tíðkast á Íslandsmiðum og við þurfum að fara liðlega 30 ár aftur í tímann til þess að finna svipaðar tölur.

Það mundi því að sjálfsögðu enginn geta sett fram tölu eins og 200 þús. tonna afla í þjóðhagsáætlun eða aðrar áætlanir nema fyrir því liggi óyggjandi upplýsingar því eins og kom fram í máli hv. þm. þá er þessi afli svo nátengdur kjörum fólksins í landinu að það gerir það enginn að setja fram slíka hluti nema á grundvelli óyggjandi upplýsinga.

Varðandi þá spurningu — eða þá ábendingu — að þessar upplýsingar hafi ekki verið birtar alþm. þá þegar er það vissulega rétt að það er ástæða til þess að gera slíkt, að láta þm. fá almennt sem fyrst alvarlegar upplýsingar; ég tek undir það. Það má segja að það sé spurning um skipulag í stjórnkerfinu og skipulag stofnana hverjum slíkar upplýsingar eru sendar og hvenær.

Þessar upplýsingar bárust mér á þriðjudegi og þeir spurðu um það hvort ég heimilaði það að það yrði skýrt frá þessum niðurstöðum. Ég spurði þeirrar spurningar einnar: Hafið þið hugleitt þessi mál nægilega vel sjálfir og eruð þið nægilega vissir sjálfir til þess að vera tilbúnir að birta upplýsingar? Þeir sögðu það vera og í framhaldi af því voru þær sendar til þeirra aðila sem venja er að senda slíkar upplýsingar, þ. e. allra hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þá voru fram undan mikilvægir fundir þessara aðila og það var mjög mikilvægt að þetta lægi fyrir, bæði að því er varðaði þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og LÍÚ.

Þetta skiptir nú ekki meginmáli eins og nú er komið hvernig upplýsingastreymi er í þjóðfélaginu. Hér er um slæmar upplýsingar að ræða og ég á ekki von á því að nokkur hafi verið glaður við að fá þær og enginn hefur verið það en ég get tekið undir það að það er ástæða til þess að íhuga betur og endurskipuleggja slíkt upplýsingaflæði.

Þá er spurt um það hver séu viðbrögð stjórnvalda. Það er að sjálfsögðu allt of snemmt að fullyrða hver verða endanleg viðbrögð. En að sjálfsögðu var þegar sett af stað vinna til að athuga þessi mál betur og það sem skiptir meginmáli er hvernig við metum þessar upplýsingar og hvað við teljum mögulegt að veiða mikið. Í skýrslunni kemur fram eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

Þær niðurstöður, sem nú liggja fyrir um ástand stofnsins, benda til þess að þessum markmiðum verði ekki náð nema með því að takmarka þorskafla á næsta ári við um 200 þús. tonn.

Auðvitað eins og þessi orð benda til eru menn ekki vissir í sinni sök. En það, sem fiskifræðingar vilja fyrst og fremst benda á, er að hér megi ekki taka mikla áhættu. Það kemur einnig fram að tölur um stærð hrygningarstofns og afli hrygningarfisks á vetrarvertíð suðvestanlands er háður göngum frá Grænlandi. Það er ekki gert ráð fyrir slíkum göngum.

Ég vil aðeins víkja að þeirri fyrstu spurningu sem kom upp í mínum huga varðandi þessar upplýsingar: Hvað er það sem hefur í reynd gerst frá spánni 1982 og þangað til núna í þeirri spá sem við fáum í hendur 1983? Og við nánari athugun á þessum spám kemur í ljós að í skýrslunni 1982 er gert ráð fyrir því að í þeim árgöngum sem hér eru, þ. e. þorskur á aldrinum 3ja—11 ára, séu 576 millj. fiska en í skýrslunni nú 537 millj. fiska. Á þessu er að sjálfsögðu nokkur munur. En hér eru einnig skekkjumörk þannig að þessi munur er í reynd ekki mjög mikill. (GS: ...stærðin á hverjum fiski.) Það er nú það sem ég ætlaði að koma að, hv. þm. Garðar Sigurðsson, og ég veit að þú veist manna best að stærð þeirra skiptir að sjálfsögðu meginmáli. En þessar 576 millj. fiska voru 1 416 þús. tonn en nú eru 537 millj. fiska 1 130 tonn — meðalþyngd hefur farið úr 2.46 kílóum í 2.10 kíló. Þannig að það, sem er alvarlegast, er þyngdin og hvenær fiskurinn verður kynþroska en vegna þess hvað hann hefur minnkað þá verður hann síðar kynþroska.

Á morgun er fundur með öllum hagsmunaaðilum og Hafrannsóknastofnun til þess að fara betur yfir þessar niðurstöður, svo að fulltrúum sjómanna, útvegsmanna, fiskvinnslu, Fiskifélags og annarra gefist kostur á því að spyrja fiskifræðinga um þessar niðurstöður og ég vænti þess að í framhaldi af því getum við betur metið það hvað við getum í reynd leyft okkur varðandi veiði á næsta ári og ég get að sjálfsögðu ekki svarað því hér á þessari stundu. Það er mjög mikilvæg ákvörðun og

alvarleg ákvörðun og ég tel það ekki ráðlegt að taka hana fyrr en að mjög vandlega yfirveguðu ráði eftir að menn hafa fundað um það.

Eftir að sú ákvörðun er tekin liggur það fyrir að við þurfum að marka hér fiskveiðistefnu á næsta ári sem tekur mið af þeim niðurstöðum. Og það verður einnig erfitt mál. Ég hef látið koma fram ýmsar hugmyndir af minni hálfu og hef gert það á fundum hagsmunasamtakanna og ég skal ekki endurtaka það hér; það er alllangt mál. Á fundi LÍÚ komu fram hugmyndir og á fundi Farmanna- og fiskimannasambandsins en þeir töldu ráðlegt að það yrðu veidd um 300 þús. tonn og þar kom fram með hvaða hætti þeir vildu að sú veiði færi fram.

Það er sem sé í gangi mikil vinna í þessu sambandi eins og ávallt á haustdögum. Það eru stofnanir eins og Þjóðhagsstofnun, Hafrannsóknastofnun, Fiskifélag Íslands, það eru samtök eins og LÍÚ, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasambandið, samtök vinnsluaðila í landinu og það, sem ég hef lagt mikla áherslu á og hef verið að vinna að undanfarna daga, er að koma á samstarfi þessara aðila, föstu samstarfi, þannig að menn viti hvað aðrir eru að gera og geti komið saman reglulega til að bera saman ráð sín. Það verður því sett upp samstarfsnefnd þessara aðila þar sem verða fulltrúar frá sjútvrn., frá Þjóðhagsstofnun, Hafrannsóknastofnun, Fiskifélagi Íslands, LÍÚ, sjómannasamtökunum og frá vinnsluaðilum í landinu. Ég vænti þess að hér verði ekki um mjög fjölmenna nefnd að ræða og ég hef lagt á það áherslu að aðeins yrði einn frá hverjum aðila og vonandi tekst að koma þessu starfi á núna um eða upp úr helginni en ég tel það afar þýðingarmikið vegna þess að það eru starfandi nefndir á vegum allra þessara aðila um fiskveiðistefnuna fyrir næsta ár og mikilvægt er að reyna að samræma sjónarmiðin sem allra best.

Aðrar ákvarðanir, sem teknar hafa verið nú þegar, er m. a. sú að taka til endurskoðunar veiðiheimildir erlendra þjóða í fiskveiðilögsögu Íslands og fleira er að sjálfsögðu þýðingarmikið sem þarf að taka upp í þessu sambandi.

Ég vil svo að lokum leggja á það áherslu að það, sem verður erfiðast í þessu máli, er að aðlaga þjóðfélagið í heild að þeim viðhorfum sem þarna hafa skapast. Og það er e. t. v. það vandamál sem ávallt hefur verið erfiðast í íslensku þjóðfélagi því að við höfum ekki, Íslendingar, í reynd viljað taka mið af þeim aðstæðum sem hafa skapast í sjávarútvegi og á það oft og tíðum jafnt við um Alþingi Íslendinga og hina ýmsu hópa í þjóðfélaginu.

Það er alveg ljóst að sjávarútvegurinn þolir ekki aukna byrði á neinn hátt. Það þarf fremur að létta byrði af honum. Og það verður áreiðanlega sársaukafullt fyrir margan sem væntir þess að geta haldið áfram með opinberar framkvæmdir, með framkvæmdir á eigin vegum, með alls konar útgjöld, að sætta sig við þá staðreynd. Þannig að það getur enginn einn maður, hvorki ég né aðrir, svarað því á þessari stundu hvernig mál þetta endar.

Það skiptir þar höfuðmáli að almennur skilningur sé í þjóðfélaginu fyrir þessum aðstæðum og það er mjög mikilvægt að sá skilningur sé hvað ríkastur hér á hv. Alþingi. Og þess vegna tel ég það mikilvægt að umræður fari hér fram. Það getur að sjálfsögðu ekki orðið nein lokaumræða nú. Það er eðlilegt að þessi mál komi aftur til umr. síðar þegar meira liggur fyrir um það hvaða ákvarðanir verða teknar um veiði á næsta ári og þegar ákvarðanir liggja fyrir um hvernig veiðinni verður stjórnað þannig að settum aflahámörkum verði haldið.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það mun hafa verið haustið 1974 sem Hafrannsóknastofnun gaf út skýrslu um ástand fiskstofnanna. Sú skýrsla var kölluð Svarta skýrslan og samkvæmt henni var lagt til að leyft yrði að veiða 230 þús. lestir af þorski á næsta ári þar á eftir. Það má því segja þegar fljótt er á litið að þessi skýrsla sem nú er komin út og hæstv. sjútvrh. var að greina frá sé enn svartari. En þó er það nú ekki svo þegar litið er á það sem kom í hlut okkar Íslendinga því að við vorum á haustdögum 1974 með um 50% af veiðinni en útlendingar voru með hinn helminginn. Það náðist sá árangur á þessum árum — 1976, 1977 — að útlendingar hættu veiði hér innan fiskveiðilandhelginnar og að lokum náðust samningar við þessar þjóðir að undanskildum þremur þjóðum sem Íslendingar hafa nú samið við og sjútvrh. gerði lítillega að umræðuefni.

Þrátt fyrir þetta verður ekki á móti því mælt að ástandið er mjög alvarlegt. Menn spyrja: Á að fara algerlega eftir tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar? Og menn spyrja einnig: Hefur það verið gert og hvernig reyndist það? Eru þessar tillögur alveg óvefengjanlegar? Er það ekki óskaplega mikil áhætta að fara ekki að öllu leyti eftir þeim? Við vitum það að fiskifræðin er tiltölulega ung vísindagrein og þar er enn þá mörgum spurningum ósvarað. Ég minnist þess að eftir svörtu skýrsluna haustið 1974 þá var farið töluvert fram úr því sem fiskifræðingar lögðu til í veiði og samkvæmt eðli málsins hefði tillagan næsta ár á eftir átt að vera um enn minni veiði. En veiðin jókst jafnt og þétt í íslenskri fiskveiðilögsögu og eins og sjútvrh. greindi frá var farið allverulega fram úr þessum tillögum í veiði í fjöldamörg ár eða í mörg ár. En þrátt fyrir það þá hækkuðu fiskifræðingar sínar tillögur eða það magn sem þeir lögðu til að veitt yrði.

Ég minnist þess í sambandi við veiði á einni fisktegund, uppsjávarfiski — loðnu — að það var mikil bjartsýni ríkjandi hjá vísindamönnum okkar. Þeir töldu að það mundi jafnvel vera hægt að veiða 1—1.5 millj. lesta á ári. En það var aldrei farið upp í þá tölu, ekki einu sinni lægri töluna í veiði, en samt hrundi loðnustofninn eins og við þekkjum og ég ætla ekki að fara að tíunda hér.

Menn spyrja: Hvað er það sem veldur þesu. Er þetta ofveiði? Er þetta það sem hefur verið kölluð rányrkja. Höfum við gengið slakar fram en aðrar fiskveiðiþjóðir? Ég fullyrði að engin þjóð hefur gengið lengra í fiskvernd en Íslendingar. Við stækkuðum möskvann í botnvörpuveiðarfærum á tiltölulega skömmum tíma úr 120 mm í 135 og svo aftur litlu síðar úr 135 í 155. Flestar þjóðir eru ekki komnar lengra en í 120 mm núna. Ég fullyrði það að þessar aðgerðir, þær einar út af fyrir sig, komu mjög í veg fyrir hið gegndarlausa smáfiskadráp sem var hér á þessum árum og hafa orðið mjög að liði í því að byggja upp fiskstofna. Önnur mikilvægasta aðgerðin var það að losna við hinar afkastamiklu fiskveiðiþjóðir af Íslandsmiðum og þá á ég sérstaklega við Breta og Vestur-Þjóðverja. En samhliða þessu

höfum við aukið okkar eigin fiskiskipastól meira en góðu hófi gegnir; það skulum við viðurkenna og játa. Og því stöndum við frammi fyrir — m. a. þess vegna — jafnvel meiri vanda en ella.

Ég held að það sé um tómt mál að tala um að það sé hægt að fara í það að fara algjörlega eftir þessum tillögum hvað varðar botnfiskaflann. En okkur ber tvímælalaus skylda til þess sjálfra okkar vegna að taka mjög mikið mið af því sem hér er lagt til. En við verðum í þessu sambandi að líta á hlutina frá fleiri en einni hlið. Við verðum að líta á hlutina frá sjónarmiði atvinnugreinarinnar, sjávarútvegsins í heild, sem stendur núna og hefur staðið illa að vígi á þessu ári og raunar á síðustu árum með óhemjumiklar skuldir, miklar vanskilaskuldir, minnkandi afla og minnkandi tekjur þeirra sem að fiskveiðum vinna. Hagur sjávarútvegsins er hörmulegur og það er því mjög barnalegt að lesa og heyra þegar talað var um efnahagsaðgerðir að það hafi verið tekið fjármagn frá hinum almenna launþega til þess að færa yfir til atvinnuveganna. Ég held að atvinnuvegirnir séu ekkert betur settir en hinn almenni launþegi og hinn almenni borgari í landinu; gallinn er sá. Og eftir því sem atvinnuvegunum vegnar ver þeim mun ískyggilegar horfir hjá hinum almenna launþega eins og allir hljóta að skilja.

Það, sem ég tel að við verðum að gera núna, er að koma betra skipulagi á þessi mál. Þó að veiðar erlendra þjóða séu ekki ýkja miklar miðað við heildarveiði þá má segja að þær séu í bolfiski eða hafi verið á undanförnum árum svona milli 2 og 3%. Heildarveiði Færeyinga skiptir hér mestu máli, var í septemberlok tæp 14.300 tonn. Norðmenn eru með um 1400 tonn og þriðji samningurinn við erlent ríki er samningurinn við Belga, þeir eru nú komnir — í septemberlok — niður í 850 tonn en voru 1977 í tæpum 6000 tonnum. Sá er munurinn á samningnum við Belga og samningnum við Norðmenn og Færeyinga að samningurinn við Belga er miðaður við ákveðin skip sem hafa verið að falla út af skipaskrá og hætta veiðum svo að þessi samningur er að ganga sér til húðar.

Menn mega líka muna eftir því að Belgar voru sú þjóð sem við sömdum við, Íslendingar, þegar enginn möguleiki var á að semja við Breta og Þjóðverja. Þá gerði þáv. stjórn — stjórnin sem sat 1971—1974 — þennan samning við Belga. Og þetta var lykillinn að því að eiga málsvara innan Efnahagsbandalags Evrópu sem vann að því að tollasamningur okkar við Efnahagsbandalagið kæmi til framkvæmda sem hann ekki kom fyrr en við samning okkar og Breta í Osló 1976. Ég tel að forsenda þessa samnings hafi verið okkur afar mikils virði og sé okkur það ekki síður nú en þá enda njótum við mun betri tolla en t. d. Norðmenn. Því tel ég og tek undir með sjútvrh. að það eigi eðlilega að endurskoða og reyna að losa sig við þessa samninga. Þessi samningur er sér kapítuli eins og ég sagði, hann er út af fyrir sig og því ætti að kanna hvað er eftir af skipum því að við sjáum það að þeim hefur farið ört fækkandi. Á árinu 1981 var veiðin 3 900 tonn, 1982 fer hún niður í 1 300 tonn, og örugglega fer hún núna niður fyrir 1 000 tonn svo að þessi samningur er að renna út og þar af eru 85 tonn þorskur.

Við gerðum þennan samning við Færeyinga sem skiptir mestu máli í sambandi við veiðar þessara þriggja erlendu þjóða. Og þá tókum við tillit til nálægðar Færeyja og smæðar þjóðarinnar og við veittum þá einnig Færeyingum um tíma heimild til loðnuveiða að takmörkuðu leyti. En mér er það alveg ljóst að við getum ekki haldið áfram þessum samningum. Okkur munar um minna en það. Og því verðum við, þó að hér sé um frændur okkar og næstu nágranna að ræða, að líta fyrst og fremst í okkar eigin barm. Aftur tel ég þennan litla samning við Noreg engu máli skipta og síst af öllu fyrir þá. Þess vegna er mér það ekkert á móti skapi að þeim samningi sé sagt upp að öllu leyti.

Við þurfum að gera ýmsar takmarkanir núna. En áður en ég fer að ræða þær vil ég minnast á að það er mjög eftirtektarvert sem fram kemur að meðalþyngd fiskjar hefur lækkað verulega eða úr 2.46 kg í 2.10 kg meðalþyngdin. Þetta segir okkur sína sögu. Það er bæði ætið í sjónum og sennilega er samt meira um að kenna vaxandi kulda í sjónum sem gerir vöxt þeirra lífvera, sem í sjónum búa, hægari en ella hefði orðið og sennilega vegur það þyngst fyrir okkur.

Nú, þetta bendir okkur einnig á að það er kannske ekki hyggilegt þó að samtök víða úti um heim segi okkur að friða stórhveli, friða hvalinn, friða háhyrninga. Auðvitað eftir því sem þessum stórfiskum fjölgar hér í kringum landið þá borða þeir meira af þessum fiski, nytjafiski okkar. Það er mjög eftirtektarvert að þegar síldin gengur inn á firði eða flóa þá safnast háhyrningarnir utan um síldina. Þeir hafa mjög háþróaða veiðitækni, þeir króa síldartorfurnar af og einn og einn fer inn og étur nægju sína og kemur upp á yfirborðið til þess að hrista hausinn svo hann geti komið sem mestu niður í sig. Og vitaskuld er það svo að sé veiðiþjóðfélagi, sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi og 70% af útflutningnum er fiskur, hugsað þannig að við megum ekki drepa þessa blessaða skepnu af því að hún er svo gáfuð, við verðum að friða hana og lofa henni að fjölga alveg í friði fyrir mannskepnunni þá gengur það út yfir okkur sjálfa; þetta er afskaplega einföld skýring. Við verðum svo að banna okkar fiskimönnum að veiða og gera enn meiri takmarkanir á veiðunum. Þetta eru afskaplega augljós sannindi.

Mér finnst leitt að drepa jafngöfugar skepnur og hvali og háhyrninga. Bandaríkjamenn margir hverjir hafa gengið ansi langt í þessum efnum en þeir hafa aldrei talað um hinar gegndarlausu háhyrningaveiðar við Kyrrahafsströndina og Green Peace hefur aldrei ónáðað þá en það verður að ganga milli bols og höfuðs á þjóðum hér í Evrópu ef þær friða ekki með öllu eftir því sem einhverjir öfgamenn halda fram. Eigum við þá að takmarka bara fiskveiðarnar hérna hjá okkur og takmarka þar með lífskjörin? Ég held að við getum ekki haldið áfram á þessari braut; við verðum að gangast við staðreyndum. Það má segja að það er ljótt að drepa og sérstaklega getum við sagt það sem aldrei eiginlega drepum nokkra skepnu. En við erum nauðbeygð til þess ef við ætlum að lifa sjálf. Það verður að taka tillit til lífkeðjunnar og þetta verðum við að hafa í huga ekki síður en annað og jafnvel þetta fyrst og fremst.

Við þurfum jafnframt að gera ráðstafanir til að minnka okkar fiskiskipaflota og það er erfitt um vik að minnka hann eða takmarka. Ég hefði viljað gefa þeim á Grænhöfðaeyjum svona 10—15 báta í staðinn fyrir skipið sem var verið að byggja í Slippstöðinni og losa okkur þannig við nokkra. En við viljum ekki gefa neitt sem er gamalt heldur bara gefa þeim nýtt því að við

erum stórbrotin þjóð sem getum ekki vegna virðingar okkar annað en látið smíða glænýtt en reynt að halda áfram því, sem er orðið gamalt og sömuleiðis úrelt, sjálfir. Og það sýnir nú stærilætið sem mætti gjarnan fara aðeins að minnka.

Þá er kannske ekki úr vegi í sambandi við þann afla sem veiða má að það sé hugleitt betur að fara vel með aflann og að það sé ekki höfuðmarkmiðið að reyna að hrúga upp sem mestu í hverri veiðiferð en hugsa ekki að sama skapi vel um meðferðina. Og þegar í land er komið þá er líka ekki síður ástæða til með minnkandi afla og með minni veiði að vinna aflann í dýrari umbúðir og auðvitað verður að fara saman markaðsmöguleikarnir erlendis og það að auka verðmæti þess afla sem við fáum úr sjónum sem síðan ætti að vera hægt að nota til að koma í veg fyrir að tekjurýrnunin verði jafn mikil og raun ber vitni.

Svo komum við að því hvernig á að takmarka veiði skipanna. Það er afar erfið ákvörðun og enginn maður öfundsverður af því að taka slíka ákvörðun og það á heldur enginn einn maður að þurfa að taka slíka ákvörðun. Þess vegna er ég algerlega sammála sjútvrh. í því að leita sem víðtækasts samstarfs við aðila í sjávarútvegi og þá ekki eingöngu útgerðarmanna og vinnslustöðva heldur ekki síður sjómanna sem missa mest af öllum stéttum vegna þessa því að launakjör þeirra hrynja hreinlega við þesi slæmu tíðindi og þann árangur sem nú er af veiðum. Ég tel að það megi setja kvóta á hvert skip, kvóta á hvern fiskstofn við skrifborð en kvótinn verður ekki auðveldlega afgreiddur þegar komið er út í verstöðvarnar, út í lífið. Ef á að takmarka meira við þá sem hafa aflað vel á liðnum árum og þeirra takmörkun á að vera kannske tvisvar til þrisvar sinnum meiri en annarra þá held ég að það sé tryggt, að ófriður verði mikill í verstöðvum kringum allt landið.

Ég held að vísasti vegurinn til þess að ná einhverju samkomulagi sé að ná samkomulagi um að takmarka meira, stöðva lengur en nú er gert útgerðir skipa á hinum ýmsu stöðum. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur gert samþykkt um skiptinguna á milli togara og báta. Það er rétt að hafa þá samþykkt til hliðsjónar. En þegar við komum að því að skipta frekar þá hygg ég að skynsamlegasta leiðin sé sú að leita úrræðanna innan svæðafélaga Landssambands ísl. útvegsmanna og þá einnig hjá þeim sem ekki eru í landssamtökunum þannig að það nái til allrar útgerðar á þessum svæðum og sjómannasamtaka og leggja þá til grundvallar veiði viðkomandi báts eða togara síðustu þrjú árin og taka svo mið af því sem við teljum hægt að veiða þegar þessu er skipt á viðkomandi svæði. Ég held að þetta verði nú helsta leiðin til þess að komast hjá stórstyrjöldum í þessu en vitaskuld eru skoðanir margar og afar erfitt að mynda sér eina skoðun sem allir verða ánægðir með.

En þessi tíðindi öll og þessi fsp., sem hér kemur fram og sérstaklega þær spurningar sem fyrirspyrjandi kom með, er ekki við að búast að neinn einn maður geti svarað. Það er í raun og veru Alþingis alls og þjóðarinnar í heild að leita svara við þessum spurningum. Til þess að ná þessu, sem við erum að leita eftir og taka mið af þá verðum við líka að fylgja eftir. Það er samdráttur í ríkisfjármálum, það er samdráttur í framkvæmdum og ýmsu í þjóðfélaginu og það verðum við að muna þegar við förum að tala um að þetta og hitt hafi lækkað og þetta hafi ekki hækkað í samræmi við verðbólguna á milli ára o. s. frv.

Og þá er komið að þeim viðtæku skyldum sem hvíla á þm. og ekkert síður þm. stjórnarandstöðu en stjórnarflokka hverju sinni, þ. e. að við berum gæfu til þess að taka mið af því sem við horfum núna á, og við verðum að játa það að þjóðhagsáætlunin, sem fjárlagafrv. er að verulegu leyti byggt á, er byggð á mun meiri bjartsýni en við getum nú í dag leyft okkur að sýna. En við skulum vona það að með því að fara hér skynsamlega að og gera þessar takmarkanir þá sjáum við fram á að þetta séu takmarkanir og aðgerðir til ekki mjög langs tíma en við getum ekki neitað þeirri staðreynd að þetta er það sem blasir við á árinu 1984 og af því verðum við að taka mið og stefna að því að reyna að finna sameiginlegar leiðir til úrbóta.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þær umr. sem hér fara fram gefa vissulega tilefni til margvíslegra hugrenninga og ég vil þakka hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur fyrir að óska eftir þeim hér utan dagskrár. Það er sannarlega ástæða til þess að ræða þessi mál hér á hv. Alþingi og hefði ekki verið óeðlilegt að það hefði komið til umr. jafnvel fyrr. Ég held að fyrir utan það að líta á þann vanda, sem fyrir liggur eða fyrirsjáanlegur er ef við tökum mark á þeim spám sem fram hafa komið um minnkandi þorskafla á næsta ári og næstu árum, sé tilefni til þess að ræða um ýmsa þætti í sambandi við þróun okkar þjóðarbúskapar og ýmislegt sem horfir til lengri tíma. Sveifla af þessu tagi eins og hér er spáð er þess eðlis að hún dregur dilk á eftir sér á mörgum sviðum. Gamalt máltæki segir að vísu að fátt sé svo með öllu illt að ekki geti það boðað nokkuð gott, og ef þjóðin ber gæfu til að taka á málum sínum af raunsæi og í ljósi þess sem horfur eru á, gætum við kannske vænst þess að standa betur eftir á heldur en fyrir.

En ég vil ekki ræða þessi mál út frá því að þær spár sem fiskifræðingar hafa sett fram um aflahorfur séu óyggjandi, en vil þó taka fram strax að ég er síður en svo að gera lítið úr þeim eða vefengja þær miðað við þær forsendur sem að baki þeim liggja. Spár verða aldrei betri en forsendurnar og upplýsingarnar sem á er byggt og við vitum það úr fortíðinni, það sýnir reynslan okkur, að slíkar spár eru verulegri óvissu háðar.

Ég vek athygli á því, sem mér finnst ekki hafa verið dregið fram nægilega hér í umr. til þessa, að við höfum í rauninni nokkurn tíma til þess að átta okkur betur á hvaða takmarkanir er nauðsynlegt að setja á heildarafla á þorski á komandi ári með því að endurskoða málin í ljósi fyllri upplýsinga og reynslu. Það hefur verið gert á liðnum árum eftir því sem upplýsingar hafa komið fram og það hljótum við einnig að gera nú að þessu sinni. En almennt viðhorf til þessara mála hlýtur að vera það að vera varúðarmegin í sambandi við veiðar úr okkar þýðingarmesta fiskstofni og taka aðvaranir vísindamanna okkar, sem þeir setja fram af bestu samvisku og eftir fáanlegum upplýsingum, alvarlega á meðan annað kemur ekki í ljós. Allt annað væri í rauninni óráðlegt og óforsvaranlegt því að hér megum við ekki taka of mikla áhættu.

Sá óvissuþáttur, sem mér virðist vera mestur í þessum efnum eins og stendur, er hvort inn á Íslandsmið komi eitthvert verulegt magn af þorski á þessum vetri frá Grænlandi, frá Austur-Grænlandi, og bætist þar með

inn í aflamöguleika á komandi vetrarvertíð. Slíkt hefur gerst áður og orðið veruleg björg og breytt stöðunni í sambandi við veiðar hér og ég held að ég muni það rétt að björgin 1975—1976, aukinn afli þá umfram það, sem spáð var í svörtu skýrslunni, hafi að hluta til verið rakin til göngu frá Grænlandsmiðum, og ekki síður sú aflaaukning sem varð á allra síðustu árum, þ. e. 1980 og 1981 alveg sérstaklega. Það liggur fyrir nokkur vitneskja um að árgangur þorsks við Austur-Grænland frá árinu 1977 sé allstór miðað við það sem þar verið hefur, og því er ekki útilokað að göngur komi af þeim miðum yfir á Íslandsmið sem geti breytt þessari stöðu frá því sem nú horfir. En við hljótum hins vegar að ræða þessi mál út frá þeim möguleika að þetta gerist ekki og óráð sé að fara yfir eða stefna á meiri þorskafla en milli 200—250 þús. tonn eða kannske eitthvað á því bili. Þetta verða menn að skoða síðar. Seiðamælingar fara að jafnaði fram í marsmánuði og veita einnig upplýsingar um nýliðun í stofnum sem koma inn í veiðina síðar og auðvitað þurfa menn að hafa auga á því hvað er í uppvexti, hvað er það sem við getum átt von á á komandi árum inn í veiðarnar. Hver er staðan eins og fram kemur í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar sem flestir alþm. hafa væntanlega séð þó ekki hafi hún verið birt formlega eða henni dreift? Þar kemur fram að horfurnar eru mjög daprar varðandi þorskstofninn á heildina litið frá 1977. Meðaltalið er verulega undir því sem áður var og sumir árgangarnir mjög lélegir, með afbrigðum lélegir eins og árgangarnir frá 1979 og 1982 og stofnanir þar báðum megin við, 1978 og 1982 og árgangarnir 1977 og 1981 einnig slakir og aðeins einn árgangur á þessum árum, þ. e. 1980, nær meðaltali eða rösku meðaltali sem er 225 millj. miðað við þriggja ára fisk eins og fram hefur komið. Þetta held ég að sé rétt að við höfum í huga og málum þó ekki myndina svartari litum heldur en þörf er á og gerum okkur grein fyrir að við höfum visst svigrúm til þess að átta okkur á horfunum.

Það á ekki að mínu mati að ráðast að fiskifræðingum eða rannsóknaraðilum fyrir þær upplýsingar sem þeir hafa gefið á liðnum árum og sem ekki hafa staðist í mörgum tilvikum, frávikin verið mjög mikil eins og fyrir liggur. Við eigum þvert á móti að leitast við að taka á málum með þeim, skapa þeim aðstæður til þess að geta stundað sín fræði betur til að afla fyllri vitneskju um þennan geysilega þýðingarmikla þátt í okkar þjóðarbúskap, og ég vil inna hæstv. sjútvrh. eftir því, hvort hann hefur tekið til athugunar og hefur áform um að styrkja Hafrannsóknastofnun til þess að geta rækt sitt hlutverk betur heldur en hún hefur verið fær um með tilliti til fjárveitinga og búnaðar. Þar eru í þróun endurbættar aðferðir í sambandi við rannsóknir. Ég veit ekki hvort þær aðferðir krefjast aukins fjármagns frá því sem fyrirhugað hefur verið, en ég tel alveg nauðsynlegt að fara yfir þau efni af fyllsta raunsæi til þess að þessi rannsóknastofnun okkar líði ekki fyrir fjármagnsskort og geti endurbætt sínar vinnuaðferðir og rannsóknir af þeim sökum. Fyrir utan að sýna fyllstu varúð í sambandi við sókn í þorskstofninn og taka mark á ástandi og horfum hljótum við við þessar aðstæður að horfa til þess hvar er unnt að auka sókn í fiskstofna nú og á næstu árum. Þar hafa verið nefndir stofnar sem menn þykjast vita að þoli nokkuð aukna sókn, koli og rækja t. d. nú þegar, og væntanlega verða gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að unnt verði að nýta þessa stofna eftir því sem vogandi er talið.

En það eru fleiri stofnar sem við getum vænst að færi björg í bú í okkar sjávarútvegi og okkar þjóðarbúi á komandi árum. Við þurfum vegna þess hvernig horfir með þorskinn ekki aðeins nú heldur á næstu árum að búa okkur í dag undir að geta sótt í þessa stofna með arðbærum hætti. Þarna nefni ég sem dæmi kolmunnann, stofn, sem við höfum lítillega glímt við en með ekki eins markvissum hætti og skyldi. Ég held að það sé ástæða til að menn átti sig á að talið er að stór árgangur af kolmunna sé í uppvexti, árgangurinn frá 1982, og þessi fiskur getur komið í gagnið í veiði miðað við manneldisnot að tveimur árum liðnum. Þetta er mjög stór stofn, flökkustofn hér í Norður-Atlantshafi, sem ýmsar þjóðir hafa nýtt sér til hagsbóta, Færeyingar og ekki síður Rússar sem ausið hafa upp kolmunna í bræðslu norður af Færeyjum á liðnu sumri. Möguleikar eru á því að hann geti gengið inn á íslensk hafsvæði í auknum mæli. Hans hefur orðið vart í meira mæli en áður á svæðinu milli Íslands og Grænlands á liðnu sumri og ég tel að það sé einboðið að við reynum að búa okkur undir það að geta hagnýtt þennan stofn og gert okkur sem mest úr honum. Það verður ekki gert nema menn horfi fram fyrir sig og reyni að læra að búa sig undir viðfangsefni og taka á því skipulega og markvisst.

Annar stofn er það sem hleypti mörgum veiðimanninum kapp í kinn hér fyrr á árum sem ekki er ástæða til að útiloka að við eigum eftir að sjá aftur þó að hann hafi hrunið með eftirminnilegum hætti af völdum ofveiði eða náttúrulegra orsaka eða samblands af hvoru tveggja. Það er Norðurlandssíldin sæla, norsk-íslenski síldarstofninn, sem nú er í örum vexti eins og menn vita, og gæti farið að gera vart við sig, ef tekst að friða hann og veita honum næði til að vaxa upp. Þessi stofn gæti farið að gera vart við sig við Ísland kannske að þremur árum liðnum og í verulegum mæli eftir 6—10 ár. Ég nefni þetta hér þó að mönnum finnist það kannske vera horft nokkuð langt fram að vera að tala um síld sem hér geti fyrst farið að gera vart við sig eftir nokkur ár, vegna þess að við eigum að berjast fyrir að þessi stofn verði friðaður, honum verði ekki ofgert með veiðum. Þar hafa Íslendingar orð að mæla í Norður-Atlantshafsfiskveiðinefndinni sem fjallar um veiðar á síld á hafsvæðum sem liggja utan við lögsögu ríkja.

Það náðist í síðustu viku eða fyrir skömmu fram þýðingarmikið atriði í Alþjóðahafrannsóknaráðinu þar sem fulltrúi Íslands, Jakob Jakobsson, fékk samþykkta tillögu eða tilmæli til Norður-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar um að banna með öllu veiði á síld undir 27 cm lengd í Norður-Atlantshafi. Þetta eru einmitt þau stærðarmörk er síldin verður kynþroska en Norðmenn veiða þessa síld undir þessum mörkum. Norsku reglurnar eru við 25 cm lengd og það er nauðsynlegt að reyna að fá samstöðu og knýja fram bann við veiði á þessari síld undir þessum stærðarmörkum. Þar reynir á í þessari nefnd sem ég gat hér áðan um veiðar á hafsvæðinu norður af Færeyjum sem liggur utan við lögsögu ríkja.

Hér væri ástæða og tilefni til þess að víkja að mörgum öðrum þáttum. Ég vil nefna hér nokkur atriði til viðbótar því að sú umr., sem hér fer fram, þarf að leiða til þess að við endurskoðum frá grunni marga þætti í okkar sjávarútvegi í sambandi við sókn í stofnana, í sambandi við meðferð á aflanum og í sambandi við

úrvinnslu hans. Við þurfum að nota þessar þrengingar, sem við þykjumst sjá fyrir stafni, til þess að ná fram breytingum sem eru í rauninni löngu tímabærar í sambandi við sjávarútveginn. Við höfum gengið þar fram með hugarfari veiðimennskunnar, með magnið í huga en síður hirt um afraksturinn, arðsemina og gæðin.

Eitt er það atriði, sem hefur verið til umr. um langt skeið meðal þeirra, sem láta sig sjávarútvegsmálefni mestu skipta, hjá hagsmunaaðilum og nokkuð hjá stjórnmálamönnum, en ekki þó sem skyldi, og það er spurningin um stjórnun veiðanna. Hæstv. sjútvrh. er farinn að velta upp þeim möguleika þó að hann tali nú ekki mjög skýrt um þessi efni, og ég get út af fyrir sig skilið það að hann leggur áherslu á að reyna að laða hagsmunaaðila saman, áður en ákvarðanir eru teknar. Slíkt er út af fyrir sig ekki nema góðra gjalda vert en við höfum ekki nema takmarkaðan tíma ef við ætlum að ná fram breytingum við stjórnun veiðanna, breytingum sem hafi áhrif á veiðiskapinn hér á næsta ári. Hann hefur nefnt þann möguleika, sem fyllilega er til athugunar, að skipta þeim afla sem ákveðinn verður, þeim heildarafla á þorski niður á skip sem heimild hafa til þorskveiða, setja svokallaðan kvóta á skip með einhverjum hætti. Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. er farinn að taka á þessum málum. Ég heyrði það hins vegar hjá öðrum hæstv. ráðh., hæstv. heilbrrh. sem hélt á sjávarútvegsmálum á árum áður að hann var nú ekkert glaðbeittur þegar kom að spurningunni um kvótann í sambandi við þorskinn. Það er viðhorf sem við þekkjum frá honum og höfum heyrt og heyrum ekki síst úr röðum manna í hans kjördæmi á Vestfjörðum. Auðvitað hljótum við að hafa skilning á slíkjum sjónarmiðum. Spurningin verður hins vegar hversu lengi hefur íslenska þjóðin efni á að taka tillit til afmarkaðra landshlutasjónarmiða? Það er þekkt að Austfirðingar hafa um árabil barist fyrir því á vettvangi Fiskifélags Íslands, á Fiskiþingum og innan Landssambands ísl. útvegsmanna að tekin verði upp slík stjórn veiðanna með kvótaskiptingu og fyrir því hafa ekki mælt einhverjir undirmálsmenn í þeim hópi, heldur hafa þar verið framarlega aflakóngar sem menn gjarnan bera fyrir sig, þeir sem eru að andmæla þessari tilhögun á stjórnun veiðanna og segja að verið sé að verðlauna skussana og draga úr þeim nauðsynlega hvata sem menn hafa í sambandi við magnið, í sambandi við aflavonina.

Ég vil, hæstv. forseti, leyfa mér hér aðeins að vitna til eins þjóðkunns aflaskipstjóra sem hefur oft minnst á þessi mál og ritaði í Þjóðviljann 3. mars s. l. um þessi efni þar sem hann mælir sterklega með því að tekin verði upp stjórnun veiða með kvóta. Þar er um að ræða Magna Kristjánsson skipstjóra í Neskaupstað. Hann segir m. a. í þessari grein sinni:

„Til að byggja upp fiskstofnana dugir aðeins eitt ráð. Láta verður af gegndarlausri græðgi undanfarinna ára. Hættum að skamma í sífellu fiskifræðingana. Þeim verða auðvitað á mistök ekki síður en öðrum, en þeir drepa ekki fiskstofna. Aðhaldssemi í þessum efnum kann að verða sársaukafull um stundarsakir en mun áreiðanlega borga sig þegar til lengdar lætur. Þegar allt *kemur til alls er betra að veiða aðeins of lítið en aðeins* of mikið. Þetta kallar auðvitað á stjórnun veiðanna og henni er hægt að haga á margan hátt. Ég hallast að því að kvótaskipting sé besta leiðin, ekki síst til að ná hámarksgæðum og draga úr tilkostnaði." — Og síðan segir hann: „Því er stundum haldið fram, að kapp skipstjórans sé heft og viljinn lamaður með kvótaskiptingarfyrirkomulaginu. Hann fái engan veginn notið sín. Þetta er misskilningur. Kappinu er aðeins beint í annan farveg. Auðvitað verður hver og einn að ná sínum kvóta, en í stað þess að tonnafjöldinn verði meginatriði kemur annað til. Aukin gæði, stærri og þar með verðmeiri fiskur gefa tækifæri til aflaverðmætis umfram meðaltal. Að þessu mun kappið beinast. Auk þess mun olía og veiðarfæri sparast með kvótaskiptingu. Sá háttur kemur útgerð strax til góða og síðar einnig sjómönnum. Hafnarfrí munu aukast og útgerð skipanna mun á margan hátt verða hagkvæmari og ódýrari."

Hann víkur líka að vissum mótbárum við kvótanum og ræðir það en að lokum vitna ég í Magna þar sem hann einmitt kemur að því atriði að munurinn á milli skipa á þorskveiðum og sérstaklega togara er í reynd ekki eins mikill eins og úr er gert. Um það segir hann:

„Síðustu þrjú ár hafa 52—60% af öllum togaraflotanum verið með innan við 10% fráviki frá meðalaflaverðmæti pr. úthaldsdag. Á sama hátt hafa aðeins 15—22% verið með meira en 25% frávik. Aflinn er því í aðalatriðum tiltölulega jafn og mun jafnari en t. d. hjá loðnuflotanum fyrir breytingu hjá honum. Við lauslega athugun kemur í ljós, að aflahæstu skipin eru í flestum tilfellum eyðslusömust þó vissulega séu á þessu undantekningar. Í mögrum tilfellum má því mæta minnkuðum afla með lægri tilkostnaði. Í mörgum tilfellum eru aflalægstu skipin lítil og/eða vanbúin og því vanhæf til að ná meðalafla."

Ég held að full ástæða sé til þess að íhuga orð þessa fengsæla skipstjóra og margra fleiri sem gerst mega þekkja til þessara mála og hika ekki við í rauninni að ganga gegn því sem margir halda að séu þeirra hagsmunir en hafa ekki til þess hug og þor að draga fram sín sjónarmið út frá hagsmunum heildarinnar.

Það er vissulega svo, að kvótaskipting á skip kallar á ýmsar ráðstafanir sem ekki hefur þurft að grípa til með núverandi hætti á stjórnun veiðanna. T. d. þarf vafalaust meira eftirlit við löndun því það er þekkt að þar sem kvóti hefur verið settur á t. d. í síldveiðum er nokkur freisting til að gefa ekki upp landaðan afla, eða landa framhjá, eins og kallað er, og það er atriði og fleiri slík sem auðvitað verður að taka mið af.

Hér hefur verið rætt af hæstv. ráðherrum um ýmsa *þætti þessara mála, m. a. skipastólinn*, og það er vert að hugsa til þess að hér í þessum umr. talar fyrrv. hæstv. sjútvrh. frá árunum 1974—1978. Hann hafði sinn hátt á við meðferð þessara mála og má segja að hann hafi sloppið allvel frá þeirri happa- og glappaaðferð, sem byggt var á á þeim tíma og gilt hefur framundir þetta og gildir enn á allt of mörgum sviðum í sambandi við okkar sjávarútveg. (**Gripið fram í:** Ekki meðan hann var ráðh.) Jú, ekki síður meðan hann var ráðh. og mætti nú margt um það segja. Hér sat undir umr. áðan hæstv. forsrh., sem tók við, að vísu kom Alþfl. um eins árs bil inn í þessa mynd í stjórnun sjávarútvegsmála, en þá tók við núv. hæstv. forsrh., þannig að í núv. ríkisstj. sitja fyrir utan núv. hæstv. sjútvrh. tveir menn sem hafa borið ábyrgð á þessum málum á liðinni tíð. Þegar farið er yfir þá sögu, ef það er gert gagnrýnið, má auðvitað finna margt sem augljóslega hefði betur mátt fara.

Ég ætla ekki að hafa hér uppi neinn reiðilestur í þessum efnum og tel ekki ástæðu til þess. Það er meira virði að menn reyni að leggjast á eitt um úrræði sem horfa til framtíðarinnar. En við hljótum hins vegar að íhuga, hvað gerst hefur á liðinni tíð. Af því verðum við að læra í þeim brýnu aðgerðum varðandi aðlögun að breyttum aðstæðum sem nú eru horfur á að taka þurfi mið af. Og þegar ég kom inn í ríkisstj. fyrst 1978 minnist ég þess að eitt fyrsta verkefnið, sem sú ríkisstj. fékkst við þá um haustið, voru tveir stórir togarar sem fyrrv. ríkisstj. hafði látið þröngva upp á sig ef svo má segja, látið þröngva upp á Íslendinga og lofað að taka við. Það voru hinir svonefndu spænsku togarar sem síðan var ráðstafað eftir miklar umr. til Bæjarútgerðar Reykjavíkur öðrum, ef ég man rétt, og hinum til Snæfellsness. (**Gripið fram í:** Þeir voru portúgalskir.) Þeir voru portúgalskir, já, og þeir voru margir sem komu í kjölfarið. Og á þeim árum, fram hjá því verður ekki horft, hélt Framsfl. á þessum málum, hafði fullt forræði á þessum málum varðandi innflutning fiskiskipa þar sem hann hafði í síðustu ríkisstj. bæði viðskiptamálin og sjávarútvegsmálin og það er ekki allt of falleg mynd sem þar blasir við ef á hana væri nú litið.

Það var ekki hlustað á till. um að taka skip af frílista. Þannig var hér laumað inn í landið skipum án þess að stjórnvöld, ríkisstj. og ráðuneyti, fengju í rauninni nokkuð við það ráðið, vegna þess að hæstv. páv. viðskrh. mátti ekki heyra á það minnst að skip væru tekin af frílista. Og það var ekki fyrr en á liðnu sumri sem það loksins fékkst í gegn í ríkisstj., að setja bann við innflutningi fiskiskipa.

Það væri auðvitað þáttur út af fyrir sig að ræða um skipaiðnaðinn í þessu sambandi en ég ætla nú ekki að fara langt út í þá sálma. Ég vil aðeins segja, að einn sá lærdómur, sem við þurfum að draga af liðinni tíð, er það að ganga ekki af íslenskum skipaiðnaði dauðum, heldur þvert á móti, að stíga á stokk og vinna að því að innlendur skipaiðnaður geti leyst þau verkefni sem framundan eru við viðhald flotans og nýsmíði og endurnýjun, þegar að því kemur, eftir því sem þörf krefur í samræmi við þol fiskistofnanna, og gera þann iðnað samkeppnisfæran. Hann hefur aldrei fengið að spreyta sig við eðlileg skilyrði vegna þess m. a. að menn hafa ekki markað stefnu sem tæki til nokkurra ára í sambandi við þróun skipastólsins. Hann hefur verið endurnýjaður í stórum stökkum á liðnum áratugum sem hlaut að hafa það í för með sér að verkefnin fóru framhjá innlendum iðnaði. Þannig hafa mörg atvinnutækifæri flust úr landi og slík þróun má ekki halda áfram. Á því höfum við ekki efni.

Ég tek alveg undir það sjónarmið að ekki er eðlilegt að þeir sem eiga að gæta að hagsmunum eða telja sig með réttu vera að gæta hagsmuna sjávarútvegsins sem atvinnugreinar, vilji fara að skrifa upp á stóra styrki til iðnaðar. Auðvitað eigum við að leitast við að gera okkar skipaiðnað fyllilega samkeppnisfæran og það getur hann orðið ef rétt hefði verið að þessum málum staðið. Þá væri hann orðinn útflutningsgrein vegna þess að við erum hér með úrvalslið sem hefur sýnt það í mjög mörgum tilvikum að það ræður vel við sín verkefni.

Ég er hins vegar ekki að mæla með því að menn ráðist í ríkum mæli í nýsmíðar skipa nú eða alveg á næstunni. Það þarf að fara gagnrýnið yfir þá stöðu en þar ber einnig að horfa fram og kemur að því fyrr en varir að hér verða stórfelld viðhaldsverkefni í sambandi við flotann og endurnýjunarþörf hans.

Ég vil svo, herra forseti, aðeins minnast á að fyrir utan það að haga okkar fiskveiðum þannig í framtíðinni að við getum vænst þess að fá þar hámarksarð út úr okkar sjávarútvegi þurfum við að reyna að verða minna háðir hinum náttúrulegu sveiflum heldur en við erum í dag. Við þurfum að leita leiða til þess að hefja hér ræktunarbúskap í sjávarútvegi til hliðar við og til viðbótar við veiðiskapinn, það uppeldi sem fer fram við þær góðu aðstæður sem oft ríkja á Íslandsmiðum. Fiskeldið, ekki bara eldi vatnafiska heldur sjávarfiska, er stórt verkefni, sem Íslendingar verða að taka föstum tökum nú og á næstunni. Þar geta legið mjög miklir möguleikar fyrir okkar þjóðarbúskap ef þær vonir rætast, sem líkur benda til, að geti verið við bæjardyrnar.

Ég ætla ekki hér og nú að fara út í þá sálma, en minni hér á þetta því að þetta er stórt verkefni sem væntanlega kemur fljótlega til umr. hér í þinginu. Ég hef a. m. k. hug á að stuðla að því að svo verði.

Um einstaka þætti úr máli hæstv. ráðherra mætti ýmislegt fleira segja. Ég lagði þann skilning í orð hæstv. sjútvrh. að hann ætlaði að kynna till. sínar, sem liggja ekki enn fyrir, því að allt er það á hugmynda- og athugunarstigi, hér á Alþingi áður en ákvarðanir verða teknar. Ég bið hann að leiðrétta mig ef sá skilningur er ekki réttur.

Ég tel nauðsynlegt að þau stóru mál komi hér til umr. áður en fiskveiðistefnan verður endanlega mótuð fyrir næsta ár og jafnframt sé nauðsynlegt að reyna að marka stefnu til lengri tíma og ræða hana hér á hv. Alþingi.

Hæstv. heilbrrh. vék hér að málum sem gagnlegt gæti verið að ræða og hafa verið rædd hér. Hann vék hér að hvalamálum og fleira af því tagi. Það vakti ýmsar hugrenningar hjá mér. Ég gat nú ekki tekið undir margt af því sem hann sagði í þeim efnum og ég vara við því að menn fari að ýfa þau mál hér upp nú við þær aðstæður sem nú ríkja og eftir þá ákvörðun sem tekin var hér á hv. Alþingi í fyrra. Ég bind vonir við það að hæstv. sjútvrh. gæti þess að fara ekki að taka þau mál upp að nýju því ef ég man rétt þá vorum við á sama máli í því efni að mótmæla ekki banni við hvalveiðum. (Gripið fram í.)

En það eru hin stóru mál í þessu samhengi sem þurfa umræðu og úrlausnar við. Fjárfestingarmálin í þjóðfélaginu sem hæstv. sjútvrh. og enn frekar hæstv. heilbrrh. viku að og voru að brýna okkur stjórnarandstæðinga að taka á með sér í sambandi við niðurskurð í fjárfestingum opinberra framkvæmda. Ég vil nú vísa því til hæstv. ráðh. að þeir ættu að líta til ýmissa fleiri þátta þegar verið er að hvetja til endurskoðunar. Ég minni t. d. á það að samkv. þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir því að í verslunar- og viðskiptaþáttinn í íslenskum þjóðarbúskap eigi að verja hátt í milljarði kr. — ef ég man rétt — á komandi ári. Ég held að menn ættu nú að skoða það svið vel áður en farið er að beita hnífnum á bráðnauðsynlegar framkvæmdir á sviði félagsmála og heilsugæslu vítt um landið. Það er víða þar sem spara má og veita aðhald í íslensku þjóðfélagi, þar sem menn hafa getað gengið um garða óþarflega frjálst með aflafé þjóðarinnar og það er þar sem á að beita aðhaldinu fyrst af öllu, áður en farið er að horfa til þeirra þátta sem mestu skiptir að unnt sé að halda áfram í okkar þjóðfélagi.

Atvinnuöryggi kemur einnig inn í þessa mynd og ekki síst atvinnuöryggi fólksins víða um land. Hæstv. heilbrrh. vék að því að eitt af því, sem til athugunar þyrfti að vera, væri að stytta úthaldstíma skipa, stöðva skip í einstökum verstöðvum svo og svo lengi. Það kann að vera að það geti verið kleift sums staðar þar sem menn hafa mörg skip í takinu og hafa kannske dregið meiri afla að landi en stundum var viðráðanlegur. En ég vara mjög við því að menn fari að hampa slíkum lausnum fyrr en að vel athuguðu máli því að það háttar svo til víða í okkar landi að menn búa ekkert of vel að hráefnisöflun og ef fyrir hana er tekið og þess ekki gætt að jafna aflanum eins og frekast er kostur þá fer nú að verða lítið fyrir hendurnar að gera í frystihúsunum eins og ekki þarf að fara um mörgum orðum.

Það er þetta sem er kannske ekki minnsta áhyggjuefnið við þær aðstæður sem hér eru til umr. Og við hljótum hér á hv. Alþingi að leggja okkur fram, einnig stjórnarandstæðingar, við að ræða þessi mál og beina þeim í þann farveg sem verði þolanlegur og þolanlegastur fyrir þá hópa í þjóðfélaginu sem minnst hafa fyrir sig að leggja.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það ber að fagna þeim hátíðisdögum þegar menn brýna raust í þágu stöðu og þróunar í íslenskum sjávarútvegi. Það er ekki svo oft. Það hefur verið rætt hér um mikilvægi sjávarútvegs Íslendinga og menn eru sammála um það þegar grannt er skoðað. En það er eins og menn þurfi sí og æ að vakna af löngum dvala þegar komið er að krepputímum í sjávarútvegi. Það er kannske tímanna tákn að menn raska meðferð íslenskra orða og heita. En við köllum okkur gjarnan menningarþjóðfélag, menntamannaþjóðfélag, iðnaðarþjóðfélag, þannig keppir hver að sínu, en samt sem áður er aðeins til eitt rétt orð yfir okkar þjóðfélag, þ. e. veiðimannaþjóðfélag.

Við höfum verið lengi og verðum um sinn a. m. k. fyrst og síðast veiðimannaþjóðfélag. 75—80% af þjóðartekjum Íslendinga koma af fiskveiðum og fiskvinnslu. Það er þess vegna sem við erum veiðimannaþjóðfélag. Við getum ekki skipulagt nema að ákveðnum hluta og verðum sífellt að vera í stöðu spámannsins þegar við tökum ákvarðanir um okkar framkvæmdir og uppbyggingu þjóðfélagsins.

Sjávarútvegurinn hefur verið í fararbroddi þeirrar miklu efnahagsþróunar sem átt hefur sér stað á Íslandi, og það er kominn tími til að tekið sé tillit til þess þegar vigtuð er staða sjávarútvegsins.

Sú spá sem sett hefur verið fram um samdrátt í þorskveiðum, sem að vissu leyti að vísu er eingöngu spá, þýðir, ef hún stenst, a. m. k. 15% samdrátt í framleiðslu og útflutningi sjávarafurða á Íslandi. Ef þessi spá rætist kallar það á endurmat allra fyrri áætlana um framvindu efnahagsmála á næsta ári. En menn vona alltaf í lengstu lög að úr rætist. Og þótt taka verði fullt tillit til fiskifræðinga, þá verður að taka varlega öllum upplýsingum þar að lútandi vegna þess að fiskifræðingar og aðrir fræðingar eru hvorki alvitrir af sjálfum sér né þeim rannsóknum sem þeir stunda, sérstaklega þegar þeir hafa ekki fullkomna aðstöðu til að sinna sínum rannsóknum. Þar er kreppt að í sjávarútvegi, á rannsóknasviðinu, sem og öðrum greinum útvegsins.

Menn eru sammála um það að miða eigi við skynsamlega nýtingu þeirrar auðlindar sem felst í fiskstofnunum á Íslandsmiðum, vegna þess að þaðan kemur það hráefni sem ræður úrslitum um hvort meira eða minna er til skiptanna. En það er ekki nóg að útgerðin sé látin reka á reiðanum í þjóðfélaginu, heldur á það einnig við það fólk sem sinnir fiskvinnslustörfunum.

Það hefur verið rætt nokkuð um hlutfall í vinnslu í fiskveiðum og öðru í þjóðfélaginu hér í dag. Skyldu menn hafa gert sér grein fyrir því hverju munar að vera menntamaður í skóla á Íslandi eða verkamaður í frystihúsi á Íslandi? Ætli menn geri sér almennt grein fyrir því í því tímakapphlaupi sem nú er hver munur er þar á tekjum og lífsafkomumöguleikum?

Staða þjóðfélagsins fer einfaldlega að mestu leyti eftir því hvað fiskveiðifloti okkar veiðir, hvað við fáum fyrir hvert kg, hvern fisk.

Um langa tíð hefur stefnan í fiskveiðum hins vegar verið sú í of ríkum mæli að spáð hefur verið eins og kerlingin gerði sem taldi sig veðurgleggri en aðra menn. Hún rauk gjarnan fram í dyr á bæ sínum, hnusaði út í loftið og sagði: Ja, ég er illa svikin ef hann verður ekki suðaustan eða einhver önnur átt á morgun. Þetta er sú kjölfesta sem við höfum byggt á í okkar atvinnuuppbyggingu í sjávarútvegi. Við höfum lifað í voninni og það hefur allt komið til greina.

Ég spurði hvort menn hefðu gert sér grein fyrir því hver væri tekjumismunur verkafólks á Íslandi og menntafólks sem er við nám í Háskóla Íslands. Lægsta kaup verkafólks í fiskvinnslu er 10 961 kr. Meðalframfærslukostnaður fyrir einstakling í námskerfinu er 13 681 kr. Meðalgreiðsla er 95% af þeirri upphæð, sem þýðir að námsmaðurinn, sem hefur verið tvö ár eða lengur í háskóla eða iðnskóla, hann hefur rétt tæplega 13 þús. kr. á mánuði, 12 997 kr. í námslán á sama tíma og verkamaðurinn hefur 10 961 kr. Það þýðir að sambýlisfólk í menntakerfinu, sem stundar nám og nýtur þessara réttinda, hefur 25 994 kr. á mánuði en sambýlisfólk, sem vinnur við frumatvinnuveg landsins, í fiskvinnslu, hefur 21 922 kr. Þarna munar liðlega 4 þús. kr. á fólki sem býr í sambýli eða hjónum.

Það hefur löngum verið sagt að mennt sé máttur, en þarna munar miklu á þeim mætti sem menntunin er og því, sem fólk í sjávarplássum gjarnan tekur sér í munn, að það sé munur að hafa migið í saltan sjó. En þetta lýsir kannske okkar þjóðfélagi og þeirri tímaskekkju sem við búum við í allri uppbyggingu er lýtur að sjávarútveginum. Hvers á verkafólk, sem vinnur af fullri alvöru í sinni vinnu, að gjalda miðað við háskólaborgarann og menntamanninn? Þetta er umhugsunaratriði.

Sjómaður, hann hefur kauptryggingu. Hún miðast ekki við ákveðinn vinnutíma á dag og þar er því að sjálfsögðu að einhverju leyti tekið tillit til allrar þeirrar yfirvinnu sem sjómaðurinn þarf að inna af höndum árið um kring. Hann hefur 15 876 kr. í kauptryggingu, en það er furðulegt óréttlæti sem er við lýði í íslensku þjóðfélagi árið 1983, að þessi munur sé á milli almenns verkafólks og námsmanna. Námsmenn eiga ekki að hafa nein sérréttindi umfram verkafólk. Þetta er dæmi sem undirstrikar að launaskipting þjóðfélagsins er alvarlega bjöguð. Það vita allir að enginn er sæll af þeim launum sem hér hefur verið rætt um. Þess vegna er ástæða til að taka undir það að menn taki tak aðgerðum í sjávarútvegi á öllum sviðum. Við verðum að skipuleggja í réttri röð, stokka upp í sjávarútvegi, hrista til í

stöðu hans og í þjóðfélaginu og tryggja þannig grundvöll atvinnuveganna til að skapa svigrúm til hærra kaups fyrir fólkið í landinu. Það er þess vegna ástæða til að hvetja til þess að mörkuð sé skýr stefna í sjávarútvegi í stað þess að láta reka á reiðanum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Þessar umr. í Sþ. um síðustu svörtu skýrsluna, skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, eru þarfar. Ég þakka hv. 7. landsk. þm. fyrir að hafa hafið umr.

Það hefur ágerst mjög undanfarin misseri að umræðan um sjávarútvegsmál hefur orðið mun neikvæðari en áður. Þeir sem að sjávarútvegsmálum starfa hafa verið fordæmdir fyrir hina breytilegustu hluti. Fullyrðingar eru um of stóran fiskiskipaflota og hann illa rekinn. Minnkun eða samdráttur fiskstofna er sagður sjómönnum að kenna. Það liggur stundum í umtalinu að sjávarútvegurinn sé ómagi á þjóðinni.

Skóli eins og Fiskvinnsluskólinn, sem fyrir nokkrum árum átti að verða óskabarn fiskveiðiþjóðarinnar, veiðimannaþjóðarinnar, er enn í mjög ófullnægjandi leiguhúsnæði og ekkert bólar þar á myndarlegri uppbyggingu. Fiskmatsmenn og eftirlitsmenn hjá Framleiðslueftirliti ríkisins eru mjög illa launaðir. Úttektar- og eftirlitsmenn þeirrar stofnunar þurfa helst að ferðast á puttanum ef þeir þurfa að komast á milli byggða. Það er munur að sjá hvernig búið er að bankaeftirlitsmönnunum, þegar þeir þurfa að líta á fiskbirgðir, eða þá eftirlitsmönnum á vegum Rafmagnsveitna ríkisins.

Bankastjóri við aðalviðskiptabanka landsins segir það löngu kunn sannindi að allt of margir sjómenn séu á Íslandi. Það liggur við að maður búist næst við að fá þá yfirlýsingu að gjaldeyrir okkar verði til í bönkunum og það liggur við að sú yfirlýsing hafi verið gefin.

Þessi áróður og umr. eru þegar farin að skila árangri. Erfiðara og erfiðara reynist að manna fiskiskipaflotann. Ungt fólk forðast þessa atvinnugrein. Þeim fækkar ár frá ári sem sækja um skólavist í Stýrimannaskólanum. Ef fram heldur sem horfir að fjölmiðlar og forustumenn útþaninna þjónustustofnana, banka og verslunar halda áfram þeirri neikvæðu umfjöllun um sjávarútveginn verður þeim sjálfsagt að ósk sinni. Þá kemur fljótt að því, að sjómennirnir okkar fari í land, skipin verði bundin við bryggju eða seld úr landi. Þá munum við sjálfsagt geta notað þann gjaldeyri sem þeir búa til í Seðlabankanum og keypt fyrir hann hinar breytilegustu vörur. Svo getum við opnað nýjan vörumarkað í auðum húsakynnum Stýrimannaskólans.

Svarta skýrslan um þorskstofninn á fiskimiðum okkar er plagg sem við skulum taka alvarlega. Ég rengi ekki þær upplýsingar, sem þar koma fram, og okkur ber að taka mið af þeim. Tillögur um 200 þús. tonna þorskafla á næsta ári miðast við óbreytt ástand á Íslandsmiðum. Vitað er um nokkuð sterkan þorskstofn við Grænland og Færeyjar og Færeyingar hafa verið í óðum þorski, þannig að með nokkurri bjartsýni getum við búist við uppbót á þessum 200 þús. tonnum frá Grænlandi og jafnvel kannske úr suðurátt frá Færeyjamiðum. En það getur reyndar farið á annan veg og við náum því ekki að fiska þessi 200 þús. tn. Það getur aftur farið eins og í ár, að við náum ekki þeim afla sem við ætlum okkur eða teljum æskilegt að veiða. Þótt svo færi fengjum við að vísu skell, en það væri skellur sem við ættum að vera menn til að taka á okkur ef allt væri með felldu.

Í áratugi var Norðurlandssíldin aðalfiskstofninn og veiði hennar undirstaða bátaútgerðar á Íslandi. Ár eftir ár og áratímabil eftir tímabil hvarf þessi silfurfiskur af miðunum. Stundum gerðist þorskurinn okkur einnig tregur þessi sömu aflaleysisár. Þessi aflaleysisár stóð sjávarútvegurinn af sér og þjóðarbúið líka.

Útgerð á þessum árum var miklu einhæfari en nú. Nýtanlegar fisktegundir voru þá fyrst og fremst þorskur og síld. Þótt nú sé um stund nokkuð dökkt í álinn í sambandi við þorskstofninn og karfastofninn reyndar líka skulum við hafa það í huga og viðurkenna það, að við slíku má alltaf búast og slíkum lægðum í aflabrögðum eigum við að venjast. En sem betur fer höfum við nú í fleiri fiskstofna að sækja en áður. Síldin er nú vaxandi fiskstofn. Það er jafnvel gefið undir fótinn um að Norðurlandssíldin komi brátt á miðin aftur. Humar og hörpudiskur skila drjúgu í þjóðarbúið. Rækjan hefur komið af stað nýju ævintýri fyrir norðan, líku síldarævintýrinu í gamla daga. Sótt er í loðnuna á ný. Skip sem verið hafa stopp undanfarið eru nú komin á miðin á ný og verksmiðjur fara senn að snúast. Verð á fiskilýsi og mjöli er mjög hækkandi. Sú þróun getur gert kolmunnaveiðar í bræðslu vel arðbærar og einnig spærlingsveiðar.

En þetta er ekki nóg. Ástandið hjá íslenskum sjávarútveg er þannig í dag, að það er ekki nóg að koma með afla að landi þótt það sé metafli. Þrátt fyrir það er tap á að gera út fiskiskip á Íslandi.

Þeir sem tala um að sjávarútvegur sé styrkþegi á þjóðinni ráða allt of miklu hjá okkur. Það er ekki allt með felldu í sambandi við það hvernig búið er að þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar. Fjármagnskostnaður er það mikill, að þótt allt aflaverðmæti nýlegs skips sé notað til að greiða þann kostnað dugar það ekki.

Upplýsingar um þann þátt kom greinilega fram í sjónvarpsviðtali í fyrrakvöld, þegar rætt var við útgerðarmann togarans Óskars Magnússonar á Akranesi. Skipin hafa verið látin standa ábyrg fyrir greiðslu dollaralána með allt að 22% vöxtum og á meðan dollarinn hefur hækkað yfir 100% hefur fiskverð ekki hækkað nema um hluta þeirrar upphæðar. Með slíku fyrirkomulagi hefur verið skipulögð millifærsla frá sjávarútvegi til banka og milliliða. Sjávarútvegur og launþegar í landinu eru látnir standa undir óskapnaðareyðslukerfi banka og verslunar, allt of stórs skipaflota, sem ekki nýtir nema rúmlega helming flutningsgetu sinnar, þriggja olíufélaga, tryggingafélaga og annarra illa stjórnaðra milliliðaþátta.

Þótt svarta skýrslan sé ábending um aukna erfiðleika í íslenskum sjávarútveg eru þeir erfiðleikar sem þar blasa við yfirstíganlegir ef afætustofnunum þjóðfélagsins verður gert erfitt um vik að draga til sín allt of stóran hluta af aflahlut sjávarútvegsins og þeim um leið gert að skila aftur til þessa undirstöðuatvinnuvegar þeim fjármunum sem þessir aðilar hafa á undanförnum mánuðum og árum ranglega tekið til sinnar eyðslu frá sjávarútveginum. Í slíkri aðgerð felst „pennastrikið" sem hæstv. fjmrh. hefur boðað að koma skuli. Væntanlega heyrum við meira af því á næstu vikum.

Sjómönnum og fiskifræðingum er nú kennt um hvernig komið er fyrir þorskstofninum. Þessum aðilum var einnig kennt um minnkun loðnustofnsins, um hrun Norðurlandssíldarinnar. Í öllum þessum tilfellum bend-

ir flest til að um náttúrufræðilegar sveiflur hafi verið að ræða. Frávik frá áætlun fiskifræðinga hafi fyrst og fremst verið af slíkum toga. Við slíkum sveiflum megum við alltaf búast. En sem betur fer eru slíkar sveiflur ekki alltaf á verri veginn. Stundum eykst afli umfram það sem búist er við. Það er sjálfsagt að ræða um æskilega stærð fiskiskipaflotans, skipulagningu veiða og vinnslu og þó fyrst og fremst bætta meðferð og verðmætisaukningu á afla og gera þar eitthvað raunhæft. Sú umræða og aðgerðir henni tengdar breyta ekki því að sjávarútvegurinn er best rekna atvinnugreinin á Íslandi og íslenskur sjávarútvegur er trúlega best rekni sjávarútvegur í heimi. Íslenskir sjómenn skila margföldum afköstum á við starfsbræður þeirra í nálægum löndum og úthaldsdagar íslenskra fiskiskipa á ári eru miklu fleiri hjá okkur en hjá fiskiskipum nágrannaþjóða.

Hin neikvæða umræða um sjávarútveginn og sú afstaða og þau kjör sem sjávarútveginum eru nú búin af stjórnvöldum breyta ekki heldur því, að það er sjávarútvegurinn sem hefur búið okkur þau lífskjör sem við höfum og búum nú við. Þegar sjávarútvegurinn er rekinn með tapi í metaflaárum eins og 1981 og 1982 og enn hrikalegra tapi nú, þegar dregur úr afla, þá er það vegna þess að þeir sem eiga að verja hagsmuni hans hafa ekki staðið sig. Afætuöflunum í þjóðfélaginu hefur ekki verið haldið í skefjum. Ef undanhaldi fyrir þeim öflum verður snúið í sókn þurfum við ekki mjög að óttast afleiðingar svörtu skýrslunnar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það fer ekki milli mála að við lifum á mikilli tækniöld. Vísindamenn leysa ótrúlegustu afrek og framfarirnar eru það miklar að stundum er það orðið úrelt eftir örfá ár sem talið var fullkomin vísindi þegar það var sett fram. Því ræði ég þetta, að í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu byrja sérfræðingarnir á því að geta um að sú aðferð sem þeir hafi notað við að mæla stofnstærð þorsksins við Ísland hafi ekki reynst nægilega vel. Við minnumst þess öll, að ekki fyrir mjög löngu glímdu Svíar, sem eru nú taldir búa yfir þó nokkuð mikilli þekkingu, við að finna kafbát í skerjagarðinum hjá sér, sem þeir vissu að var þar. Þeir notuðu alla tækni sem sænska ríkið hafði yfir að ráða til að leita að kafbátnum. Engu að síður fundu þeir hann ekki. Hann slapp.

Það hvarflar að mér, þegar ég ber saman niðurstöður Svíanna og niðurstöður fiskifræðinganna, hvort það sé hugsanlegt að það vanti eitthvað á enn þann dag í dag að þeir sem búa yfir þeirri miklu þekkingu og starfa hjá Hafrannsóknastofnun Íslands séu færir um að telja svo óyggjandi sé þorskinn í sjónum. En kannske er þessi efi sprottinn af því að maður vill ekki trúa því sem fyrir mann er lagt eða sprottinn af hinu, að þessi skýrsla, ef hún er skoðuð með opnum augum, boðar okkur að fiskifræðingarnir beinlínis játa að þeir hafa ekki yfir þeirri þekkingu að ráða að þeir geti fullyrt um hversu mikið af þorski verði óhætt að veiða á Íslandsmiðum á næsta ári. Hvers vegna? Meðal annars vegna þess að þeir geta ekki svarað því hversu mikið kemur frá Grænlandi. Þeir geta ekki heldur svarað því hversu mikið af íslenska þorskstofninum fer út fyrir landhelgina og verður veitt af Færeyingum. Auðvitað vita þeir meira um þorskinn en aðrir Íslendingar. Það ætla ég aftur á móti ekki að draga í efa.

En í þessari stöðu hlýtur hver stjórnmálamaður að horfa á fleiri þætti. Við höfum 60 ára reynslu í þessu landi — 60 ára reynslu sem segir okkur hvað hafi verið óhætt að veiða mikið af þorski. Spurningin hlýtur að vera: Hefur sú aðferð sem nú hefur orðið ofan á við mat á þorskstærðinni, þ. e. að byggja á togtímum, sannað svo gildi sitt sem hin eina rétta að 60 ára reynsla sé einskis virði og henni beri að fleygja?

Það var sagt um Njál að hann væri misvitur. Og undarlegt má það vera ef það er staðreynd með blessaðan rjúpnastofninn í þessu landi að þar gildi einu hversu margar rjúpur séu skotnar, það sé algjörlega háð sveiflum hversu mikið er til af þeim, en með þorskstofninn sé það þannig, að við getum með veiðum, þó við friðum mjög stór hafsvæði, rústað hann gjörsamlega. Ég hygg að við þurfum að skoða það mjög gaumgæfilega hvað rétt er að gera í þeirri stöðu sem við erum í. Og vissulega þýðir ekki að loka augunum fyrir þessari skýrslu. Hitt er svo annað mál, að margt er þarfara en að boða hana sem slíka bókstafstrú að við, þegar skammdegið sækir að íslenskri þjóð, gerum allt sem við getum til að auka á svartsýni almennings. Ég hygg að sú svartsýni sé næg fyrir, miðað við þá erfiðu stöðu sem við erum í.

Hitt vil ég undirstrika, að um leið og þrengir að þeim möguleikum að nýta gæði hafsins hljótum við að spyrja okkur þeirrar spurningar: Hvernig er þá viturlegast að standa að því að skipta þeim þorskafla sem um er að ræða? Ég veit að mikill ágreiningur er um hvernig standa eigi að því. Ég er sannfærður um að það verði að skipta honum niður á byggðalögin, ekki niður á skipin. Og hvers vegna? Er það rökrétt eða skynsamleg stefna að aðalkapphlaupið í íslensku þjóðfélagi sé um að ná í sem flest skip og gera þau út frá ákveðnum stað, þannig að hægt sé að halda áfram með fulla vinnslu á vissum stöðum á landinu meðan aðrir staðir verða þá gjörsamlega sviptir hráefninu? Verður það til að tryggja atvinnuöryggi fólks í þessu landi? Ég segi nei. Það hlýtur að vera réttlætiskrafa þess fólks sem vinnur í landi, verkafólksins, að þessum afla sé skipt á veiðistöðvarnar, á landsvæðin, og þannig sé reynt að tryggja sem jöfnust lífskjör í sjávarþorpunum hringinn í kringum landið.

Mér er ljóst að þegar verið er að takast á um efnahagsleg gæði er harkan mikil. Ég veit ekki hvort þm. gera sér grein fyrir því, að útgerðaraðilar sem slíkir þrýsta auðvitað ekki á þessa lausn. Þeir munu þrýsta fremur á að settur verði kvóti á skip eða frjálsar veiðar. Ég vona að í þeirri umfjöllun, sem þetta á eftir að fá hjá ríkisstj., geri menn sér grein fyrir að vilji menn skapa fjöldaatvinnuleysi í landinu velja menn þann kost að miða fyrst og fremst við kvóta á skip og hefja slagsmál um að handsama sem flest skipin fyrir vissa veiðistaði.

Ég get ekki stillt mig um að víkja hér örlítið að ummælum sem féllu hjá fyrrv. sjútvrh., hv. 1. þm. Vestf., þegar hann talaði um að ekki væri það í samræmi við stöðu íslenskrar þjóðar að láta smíða skip handa þeim sem búa á Grænhöfðaeyjum og senda það á veiðar. Hann vildi gefa þeim tíu gömul, skildist mér. Ég hygg að þessi orð hafi verið sögð í miklu fljótræði. Við höfum reynslu af því að gera út gamalt skip við þessar eyjar. Þar sem viðgerðarþjónusta er nánast engin er afleiðing af slíku fyrst og fremst sú, að skipið fer ekkert á veiðar, heldur liggur við landfestar. Ég hygg að það væri hollt hjá hv. 1. þm. Vestf. að kynna sér hversu

marga daga umrætt skip var á veiðum. Ég vona að það tiltæki að byggja nýtt skip reynist þeirri þjóð sem býr á Grænhöfðaeyjum vel, því að vissulega eru hennar vandamál margföld á við okkar Íslendinga.

Ég gæti haldið áfram að ræða þessi mál fram og til baka, því hér er verið að tala um aðalatriðin í þeirri stöðu sem við erum í í efnahagsmálum. En vonandi gefst tækifæri til að ræða þessi mál þegar ákvarðanataka liggur fyrir um fiskveiðistefnu og þess vegna ætla ég ekki að hafa mín orð fleiri hér í kvöld.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þó að freistandi væri að ræða um allmikið af því sem fram hefur komið í þessari umr. skal ég ekki vera langorður, tel raunar að það sem við hér ræðum nú sé þess eðlis að það þurfi frekar eða kannske miklu frekar á öðru að halda en karpi og deilum manna á meðal hér í þinginu.

Hér erum við að ræða um þá spurningu hvort mannlíf verður á Íslandi á næstu árum eða ekki. Ég a. m. k. get ekki hugsað þá hugsun til enda, hvað upp úr því kann að koma ef ekki verður hægt að veiða nema 200 þús. tn. af þorski á næsta ári. Við erum hér að ræða grundvöllinn að öllu mannlífi á Íslandi. Við erum hér að ræða um fjöregg þjóðarinnar í náinni framtíð. Ég hygg að það yrði Alþingi hvorki til sóma né aukinnar virðingar meðal almennings í landinu ef menn stæðu á þessum tímamótum þráttandi um hvað hefði verið gert á liðnum tíma. Í mínum huga er það númer eitt að menn taki af fullum heilindum þátt í því að bjarga því sem bjargað verður úr því sem komið er.

Menn hafa hér spurt: Á að fara eftir tillögum fiskifræðinga? Nú hygg ég að þm. öllum sé ljóst að ég er enginn ofsatrúarmaður á vísindi eða fræðinga, alls ekki. Ég hygg raunar að reynslan hafi sýnt að ýmsar gloppur séu í vísindunum, bæði þessum sem og öðrum. En auðvitað verður að hafa hliðsjón af því sem vísindamenn, í þessu tilfelli fiskifræðingar, leggja á borð fyrir menn. Í þessu máli eru örugglega ýmsir óvissuþættir sem ekki verða fyrir séðir og frávik frá því sem við nú höfum frá fiskifræðinganna hendi.

Ég hef ekki heyrt í þessari umr. hvað menn telja að verði ef á árinu 1984 verður ekki leyft að veiða nema 200 þús. tn. af þorski. Menn hafa séð fyrir sér ástandið í þjóðfélaginu í ár með talsvert miklu meira aflamagn veiðanlegt en nú er útlit fyrir að leyft verði. Ef það verður svo, að staðnæmst verður við 200 þús. tn. veiði af þorski á árinu 1984 sé ég ekki betur en Íslendingar séu að sigla inn í einhverja mestu kreppu undangenginna áratuga og nokkuð margra. Og það er vissulega ástæða til þess, ekki síst fyrir þm., að leggja til hliðar alla áráttu til að kenna hinum eða þessum um það sem liðið er þegar menn standa frammi fyrir svo hrikalegu vandamáli sem hér er um að ræða, fari fram sem horfir. Við breytum ekki því sem liðið er, en við getum hugsanlega, ef menn á annað borð vilja það af heilindum, haft áhrif á það til hins betra hvernig framtíðin verður í þessu landi.

Ég held að ekki sé ástæða til á þessu stigi máls að halda uppi löngum umr. hér nú og skal ekki verða til þess. En ég vildi gjarnan vita, í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hæstv. sjútvrh. gaf hér um að setja á fót samstarfsnefnd til að skoða þetta mál, leiða saman hagsmunaaðila í landinu, sem um þetta kunna að fjalla, hvernig það verður með t. d. stjórnarandstöðuna hér á Alþingi, hvort eða með hvaða hætti hún fær að fylgjast með þróun þessa máls. Ég tel alls ekki nóg að stjórnarandstaðan fái um þetta vitneskju á lokastigi. Ef menn vilja á annað borð a. m. k. reyna að hnýta saman sem mesta samstöðu um þetta mál þarf stjórnarandstaðan a. m. k. að fá að vera inni í myndinni frá upphafi. Mér er ekki kunnugt um hvaða hugmyndir hæstv. ráðh. hefur í þessu, en vildi gjarnan fá um það vitneskju með hvaða hætti stjórnarandstöðunni verður gert kleift að fylgjast með framgangi þessa máls.

Ég verð að segja að mér finnst það alveg með eindæmum hvernig sumir hv. þm. Alþb. tala hér í þessum umr. Það er eins og og mennirnir hafi ekki komið nálægt stjórn þjóðmála á undanförnum árum, vitandi þó að ásamt öðrum hafa þeir haldið um stjórnvölinn undangengin ár. En ég ætla ekki að fara út í þær umr. vegna þess að ég tel að það þjóni ekki tilgangi að rifja slíkt upp — ekki á þessu stigi umr. a. m. k. Það kann að gefast og gefst ábyggilega til þess tækifæri síðar að rifja það upp.

Ég get þó ekki stillt mig um að vísa á bug því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lét í skína að því er varðaði Vestfirðinga í þessu máli. Hann spurði hvort þjóðin hefði efni á að taka tillit til hagsmuna einstakra landshluta í þessum efnum. (**ÓÞÞ:** Við ræðum það fyrir vestan, Karvel.) Við ræðum það ekki fyrir vestan við Hjörleifur Guttormsson, því hann er sjaldan vestra, nema þá að hv. þm. Ólafur Þórðarson ætli að taka upp hans málflutning þar. Þá get ég rætt það við hann fyrir vestan. (**ÓÞÞ:** Við málsvara hans fyrir vestan.) — En ég vísa því á bug að Vestfirðingar hafi einhver annarleg sjónarmið í þessu máli. Ég minni á að eina stóriðjan sem Vestfirðingar eygja að geti orðið í þeim landshluta er fiskveiðar og fiskvinnsla. Stjórnvöld, hver sem þau eru og á hvaða tíma sem er, verða að taka tillit til slíks þegar verið er að ræða um uppbyggingu og aukin atvinnutækifæri á hinum ýmsu stöðum.

Ég held sem sagt að menn ættu í þessu tilfelli að leggja til hliðar, a. m. k. að sinni, allt karp og deilur um hverjum það kunni að vera að kenna hvernig ástand er nú orðið, en ættu jafnframt að minnast þeirra aðvörunarorða sem Alþfl. hefur látið frá sér fara í nokkuð mörg ár um til hvers kynni að leiða ef haldið yrði á braut þeirrar stefnu í fiskveiðum og stjórn fiskveiða og fiskvinnslu sem því miður hefur verið haldið uppi. Ég er sannfærður um að hefði verið tekið tillit til þeirra varnaðarorða væri málum ekki komið eins og mér sýnist og raunar öllum ber saman um að sé orðið í dag, þ. e. í það horf að við horfum kannske fram á hrun íslensks þjóðfélags á næsta ári eða næstu árum ef myndin verður jafndökk og hún er nú dregin upp af fiskifræðingum. Ég vona svo sannarlega að þeim hafi missýnst í talningunni, eins og einhver hv. þm. orðaði það áðan, þeim hafi mistalist, og það séu í raun og veru miklu fleiri fiskar í sjónum en niðurstöður þeirra benda til að séu eftir því sem málin standa í dag. (**HG:** Hvað segja aflabrögðin okkur?) Hvað segja þau? Ég hygg að hv. þm. sé það kunnugt, verandi ráðh. á þeim tíma sem þau hafa verið að minnka, þannig að hann ætti ekki að þurfa að spyrja.

En að lokum þetta: Ég ítreka að nú er fyrst og fremst nauðsyn á samstöðu þm., þjóðarinnar allrar, um að vinna sig út úr þeim erfiðleikum sem eru þegar orðnir og kannske eru fyrir dyrum ef ástandið er á þann veg

sem því er lýst. Og númer eitt: Við ættum að sýna það, þm., hvar í flokki sem menn eru, að þegar á reynir og mikils þarf við ættum við a. m. k. að geta staðið saman og lagt til hliðar karp og deilur um liðna tíð.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 7. landsk. þm. fyrir það að hefja þessa umr. hér í dag um sjávarútvegsmálin og ég harma það mjög hvað fáir þm. hafa getað sýnt í verki hug sinn til sjávarútvegsins með því að vera hér viðstaddir við slíka umr. um þau mál sem nú ber hvað hæst í þjóðfélaginu.

Sjávarútvegurinn hefur oft verið óvægilega gagnrýndur af ýmsum í okkar þjóðfélagi. Það hefur viljað gleymast í umr. að hann hefur verið sú undirstaða sem byggt hefur verið á í efnahagslegri uppbyggingu á Íslandi. Þangað hefur fjármagnið verið sótt en atvinnugreinin hefur verið rekin samkvæmt hinni margumtöluðu núllstefnu — leiðinlegt orð, komið frá Þjóðhagsstofnun — en það merkir á mörkum gróða og taps, ef ég skýri það rétt, það hefur verið notað til viðmiðunar í þessum rekstri. En reynslan hefur verið sú að þessi grundvöllur hefur orðið mínus núll mörg undanfarin ár. Þannig hefur fjármagnsvandi atvinnugreinarinnar sífellt vaxið. Nú þegar er syrtir að vegna samdráttar í þorskafla verður minna og jafnvel ekki neitt flutt frá þessari atvinnugrein til annarra greina í okkar þjóðfélagi. Þetta mun koma niður á öllum þáttum þjóðfélagsins. Og það heyri ég á ræðum manna hér að sem betur fer gera menn sér ljóst að þar er vá fyrir dyrum, þaðan verður ekki tekið meira að sinni fyrr en þar bætist hagur. Það er búið að taka of mikið of lengi í millifærslum frá þessari atvinnugrein til að byggja upp aðra starfsemi í landinu, sem er mörg góð en mörg óþörf. En ég ætla ekki að fara nánar út í það hér. Þetta verður stutt ræða.

Við þurfum að takast á við og vinna okkur sameiginlega út úr þeim vanda sem hér blasir við. Ég heiti á hv. alþm. að sýna fulla samstöðu og ég efast ekki um að svo verður. Við getum lagt niður karp um einstök mál. Hér er slíkt stórmál á döfinni að við höfum ekki efni á öðru. Það er skylda okkar á hæstv. Alþingi að takast á við þetta mál og reyna að ná þar fullri samstöðu og samhug.

Það er rætt hér um skýrslu fiskifræðinga. Þær hafa margar komið. Ég tek ekki undir gagnrýni á fiskifræðinga sem slíka. Þetta er, má segja, ung rannsóknargrein hér á landi og þeir gera sitt besta. Þeim getur skjátlast en það er ekki allt þeim að kenna. Þetta getur stafað af ýmsu, eins og við vitum, af ástandi sjávar til fæðuöflunar ungviðis þorskstofna o. fl. Þetta höfum við orðið að búa við um aldaraðir hér á Íslandi, í hinu kalda umhverfi í kringum okkar land. Það var ekki ofveiði hér á Íslandsmiðum fyrir rúmri einni öld en það er stutt síðan ég las það í annálum frá Akranesi að algjör aflabrestur varð vertíðina 1882, það voru sagðir fáir fiskar á skipum. Þá voru ekki stórvirkir togarar eða önnur stórvirk veiðitæki sem tóku þann fisk sem þá var, og aflinn glæddist aftur, þannig að við megum ekki gleyma því hvað hin ytri skilyrði spila hér stórt inn í.

Fiskifræðingar gefa vissa von um að þetta geti batnað og þeir vilja endurskoða spá sína seinni partinn í vetur eða þegar vertíð lýkur, því að þeir eiga e. t. v. von á einhverjum göngum frá Grænlandi, ef samgöngur verða hagstæðar á þorskbrautinni, ef svo má segja. En þetta getum við ekki veðjað á í dag, við verðum að taka þessi mál alvarlega. Og það bitnar á öllu þjóðfélaginu, það skulum við gera okkur ljóst. Við verðum vafalaust að gera þær óvinsælu ráðstafanir að draga úr sókn flotans. Við skulum sleppa deilum um það hér hvort hann er of stór, hvernig hann er samsettur eða annað, það verða allir að takast á við þetta. Þetta verður viss skerðing.

Og eitt vil ég benda á, við skulum vera raunsæ. Ég tel enga ástæðu til að byrja t. d. netaveiðar allt of snemma í vetur. Það lá í orðum sjútvrh. hér í fyrradag að fresta þeim eitthvað, kannske til 1. febr. Ég teldi enga goðgá að líta á mánaðamótin febr.—mars í netaveiði. Ekki það að ég sé að ráðast á bátamenn, það má enginn skilja orð mín svo, heldur aðeins af raunsæi. Sumir okkar markaðir, þ. e. saltfiskmarkaðurinn og skreiðarmarkaðurinn, byggja mest á netaafla. Sú vara sem úr netunum kemur fer að mestu á þá markaði. Það er ekki nýtt í frystingu nema fiskur sem er næturgamall og dreginn á grunnu vatni. Ef litið er á aflatölur og mat á fiskafla fyrri hluta vertíðar sér maður því miður of margar tölur þar sem 60% fara í fyrsta flokk og annað er svo lakara. Það er ekki sá skreiðarmarkaður í dag að við höfum efni á því að ganga þannig í þessa gullkistu, að taka þessa vöru til að setja hana í ódýrustu vinnsluna. Þetta skulum við muna.

Á sama hátt getum við gengið betur um annars staðar og aukið afla annars staðar. Eins og kannske mörgum ykkar er kunnugt er ég ekki neinn sérstakur vinur dragnótaveiða. En það eru samt til svæði við landið sem er fullkomlega öruggt og óhætt, að fiskifræðingar segja, að ganga með dragnót á. Ég get nefnt Breiðafjörðinn, þar sem er bæði bolfiskur, ýsa og koli. Það er eins við Norðausturland, á Þistilfirðinum og víðar eru svæði sem mætti nýta miklu betur. Þetta verðum við allt að horfa á, það má engum dyrum loka, við megum ekki vera með of mikla svartsýni. Þorskurinn er hluti af okkar aflasamsetningu og auðvitað er hann langverðmætastur, en við eigum víðar möguleika. Það var minnst hér á skel og rækju og annað slíkt. Þetta er alveg rétt, þarna eigum við alls staðar möguleika. Þetta verðum við allt að líta á.

Og síðast en ekki síst: Við þá vini okkar sem hér hafa veitt í okkar landhelgi á vissum undanþágum, eins og Færeyinga frændur okkar og fleiri, verðum við að segja hiklaust að því miður getum við ekki leyft ykkur þetta lengur. Eins og ástandið er hjá okkur höfum við ekki efni á því. Því að þó það sé ekki mikið þá eru þessar þjóðir þó með a. m. k. fjögra til fimm togara ársafla af þeim fiski sem við þurfum á að halda. Þetta eru kannske ekki stórir hlutir en við verðum að athuga það mjög vel hvort þeir geta ekki skilið aðstöðu okkar, að þarna getum við ekki haft þá lengur fyrr en bætist við okkar afla.

Þessi umr. er orðin svo löng að ég ætla ekki að hafa orð mín hér fleiri. Ég minni aðeins á það að útlitið er dökkt eins og er, en við höfum oft séð dökkar hliðar í okkar atvinnumálum á Íslandi og okkur á ekki að bresta kjark til að takast á við það. En við verðum bara að vera sameinuð í því að vera ekki að gefa falskar vonir um ýmsa hluti sem gætu kannske skeð. Við verðum að horfa á raunveruleikann og takast á við málin af raunsæi eins og þau blasa við okkur.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Eins og vænta mátti hafa hér orðið miklar og vonandi gagnlegar umr. og ég skal ekki lengja þær miklu frekar. Ég vil aðeins

minna á orð Kristjáns Ragnarssonar, formanns LÍÚ, sem höfð eru eftir honum í Morgunblaðinu í gær, þar sem hann segir m. a., með leyfi forseta:

„Ég tel að taka beri fullt mark á áliti fiskifræðinga og mögulegum afrakstri fiskistofnanna. Þetta álit mitt styð ég í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum haft af þorskveiðunum á þessu ári. Það er eitthvað verulegt að þegar við getum á þessu ári ekki fiskað nema ⅔ af því sem veitt var árið 1981."

Og enn fremur segir hann: „Ég vara við óskhyggju um að við getum tekið meiri afla en fiskifræðingar leggja til."

Ég vil einnig minna á það sem haft er eftir Sigfúsi Schopka fiskifræðingi í Morgunblaðinu í gær, en hann segir þar að ef farið hefði verið að tillögum fiskifræðinga fyrir árið 1977 og síðan, á meðan fiskiskipaflotinn var minni, þá hefði væntanlega verið hamlað gegn stækkun flotans og þá væri vandamálið ekki eins stórt í dag.

Einhvers staðar sá ég líka haft eftir hæstv. núv. samgrh. og fyrrv. sjútvrh. að við gætum ekki staðið undir þeim samdrætti sem minnkun þorskaflans í 200 þús. tonn hefði í för með sér til viðbótar við þau áföll sem við hefðum orðið fyrir. Og orð hans í umr. hér áðan staðfestu þessa skoðun hans. En þá spyr ég: Geta afkomendur okkar staðið undir þeim samdrætti? Eigum við enn einu sinni að velta vandanum yfir á herðar þeirra? Eiga rányrkja og stundarhagsmunir enn einu sinni að sitja í fyrirrúmi? Það eru lítil búhyggindi að ganga svo á helstu auðsuppsprettur lands okkar að afkomendur okkar fái ekki annað en rođ og bein í sinn hlut.

Og vegna þess sem hv. 3. þm. Suðurl. sagði þá get ég nú ekki stillt mig um að segja að ég hefði heldur kosið að heyra hann bera saman kjör fiskvinnslufólks og alþingismanna heldur en agnúast út í námsmenn, sem hafa það nú ekki allt of gott.

Það ástand sem nú hefur skapast við minnkandi afla, yfirvofandi atvinnuleysi og samdrátt þjóðartekna minnir okkur á hversu varhugavert það er að bera öll eggin sín í einni og sömu körfunni. Nú sem aldrei fyrr þurfum við að styrkja fleiri stoðir efnahagslífs okkar.

Og að lokum og það er það mikilvægasta: Undir engum kringumstæðum mega þær ráðstafanir sem grípa þarf til þrengja hag þeirra verst stöddu í þessu þjóðfélagi. Þeirra hagur má alls ekki þrengri verða.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég dreg þá ályktun af þeim umr. sem hér hafa orðið að ríkur skilningur sé á því hér á Alþingi Íslendinga að það er alvarlegt ástand í þjóðfélaginu. Jafnvel þótt ég taki undir það þá er engin ástæða til að vera að ala á svartsýni. Og ég vænti þess að þá sé einnig sami skilningur á því að þær annars svo harkalegu ráðstafanir sem voru gerðar á s. l. vori eru til komnar vegna aflasamdráttar og minnkandi þjóðartekna. Ef sá skilningur er orðinn á Alþingi Íslendinga að slíkar ráðstafanir, ég vil leyfa mér að segja neyðarráðstafanir, séu nauðsynlegar þegar svona stendur á þá á ég von á því að skilningurinn verði einnig sá sami almennt í þjóðfélaginu.

Ég veit það líka að skilningurinn er almennur í þjóðfélaginu og mun meiri en ég hef fundið hjá hæstv. stjórnarandstöðu. Aflasamdrátturinn var orðinn mjög mikill á s. l. vori og það var dökkt útlit. Og það hefur komið mjög berlega í ljós nú að allt sem þá var gert var rétt að gera og í reynd ekki nægilega vel á málum tekið. En því hefur verið haldið fram hér á Alþingi að það hafi allt saman verið jafnvel ónauðsynlegt. Ekki síst hefur því verið haldið fram af Alþb., enda sé ég að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur kvatt sér hljóðs og ætlar trúlega að gera þessi orð mín að umtalsefni. Gæti þá verið að ég þyrfti eitthvað að segja meira. Annars ætlaði ég fyrst og fremst að svara hér beinum spurningum sem til mín hefur verið beint. Það er umfangsmikið að fara efnislega út á öll svið sjávarútvegsmála.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði mig hvort til stæði að styrkja Hafrannsóknastofnunina með auknum fjárveitingum. Hér á Alþingi liggur fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem fjallar um Hafrannsóknastofnun. Það frv. er flutt til að styrkja stofnunina, stjórn hennar og skipulag. Ég tel það vera mikilvægt mál vegna þess að öllum ber saman um það, sem vinna við þá stofnun, að skipulag hennar sé ekki nægilega gott og það hefur verið tekið til endurskoðunar og flutt um það frv. hér á Alþingi. Ég vænti þess að frv. fái hér góða meðhöndlun og þá gefst þinginu tækifæri til að fjalla meir um þá stofnun og spyrja spurninga varðandi hana. Ég tel það því gott tækifæri til að taka á því máli og ræða við Hafrannsóknastofnun um það.

Hitt er svo annað mál, að auðvitað vantar alltaf fjármagn og ekki síst þar. Við höfum þó verið að reyna að auka leit eftir því sem kostur er. Í sumar var fyrir forgöngu sjútvrn. aukin rækjuleit og leit að krabba. Við höfum lagt á það áherslu undanfarið að reyna að styrkja rannsóknir varðandi kúfisk. Við veittum sérstaklega fé til aukinnar loðnuleitar. Ávallt er því verið að reyna að gera nýja hluti og líta til framtíðarinnar. Þá voru framkvæmdar verulegar kolmunnarannsóknir og veittir voru styrkir til veiða. Því miður gengu þær fremur illa á s. l. sumri, þrátt fyrir stuðning opinberra aðila. Það var vegna óvæntra atburða, en kolmunninn gekk því miður inn í lögsögu Efnahagsbandalagsins og þar höfðum við ekki aðgang.

Það hefur einnig komið hér fram að ég tali ekki skýrt í þessu máli. Ég tel mig nú hafa talað nokkuð skýrt og í þeirri ræðu sem ég flutti á aðalfundi LÍÚ á ég von á að ég hafi talað eins skýrt og frekast er kostur á þessu stigi. En það verður að muna eftir því að hér er verið að tala um mál sem snertir hvert einasta byggðarlag í landinu og hvern einasta íbúa landsins. Og það er ekki ráðlegt af mér á þessu stigi að mæla það skýrt fram hvað það er — upp á hvern einasta punkt — sem ég vil gera í stöðunni. Ég tel að hún þurfi að skýrast betur.

En ég talaði allskýrt um það hvernig ég teldi að ætti að standa að takmörkun veiða. Og ég vil að menn taki einnig eftir því að það er verið að tala um takmörkun veiða. Og hvað þýðir það þegar veiðar eru takmarkaðar á ákveðin skip? Það þýðir að viðkomandi skip hafa e. t. v. engan rekstrargrundvöll. Það koma aðilar í mitt rn. og skýra frá því að með þeim takmörkunum sem þeir séu beittir sé búið að kippa fótunum undan þeim og þeirra rekstri og dæma þá til gjaldþrots. Hér er því að sjálfsögðu við mjög alvarleg mál að etja og það er að mínu mati nauðsynlegt að hafa sem best samráð um þau við hagsmunaaðila.

Spurt hefur verið hvernig stjórnarandstaðan gæti

komið inn í þessi mál. Ég er alveg sammála því að það er nauðsynlegt að hún sé sem best inni í þeim. Ég hafði hugsað mér að það gæti verið með þeim hætti að við héldum fundi með sjávarútvegsnefndum með svipuðum hætti og við gerðum tilraun til að gera í sumar við úthlutun á gengismunarfé. Þá kölluðum við saman þá aðila sem höfðu verið í sjávarútvegsnefndum. Ég tel nauðsynlegt að nefndarmenn sjútvn. eigi viðræður við fiskifræðinga. Það er fundur í fyrramálið með fiskifræðingum og hagsmunaaðilum. Ég tel sjálfsagt að halda áfram í næstu viku t. d., eftir því sem við teljum heppilegt að slíkur fundur verði, hvort sem það er fyrir forgöngu nefndanna eða fyrir forgöngu mína. Ég hafði sem sagt hugsað mér að sá háttur væri hafður á að samráð væru við sjávarútvegsnefndir þingsins því að ég er þeirrar skoðunar að það sé raunverulega besta formið, það sé mun betra form en aðeins umr. hér á Alþingi, þótt þær séu einnig nauðsynlegar. Þá þarf að kalla til sérfræðinga og ræða við þá svo að þeir þm. sem um þessi mál fjalla fyrst og fremst hér á Alþingi fái sem besta vitneskju.

Herra forseti. Ég vænti þess að ég hafi svarað þeim beinu spurningum sem til mín var beint. Ég hefði gjarnan viljað koma hér inn á ýmis efnisatriði sem hafa komið fram í þessum umr. en ekki eru tök á því nú. Ég vildi aðeins svara þeim spurningum sem komu til mín.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það fór nú svo fyrir hæstv. sjútvrh. að honum tókst í máli sínu áðan að opna aðeins hug sinn og hefur kannske mælt þar fyrir fleiri í ríkisstj., sem ætla að fara að draga fram upplýsingar úr rétt rúmlega viku gamalli skýrslu um ástand og horfur í þorskveiðum landsmanna sem réttlætingu fyrir þeirri árás á lífskjör manna í landinu sem þeir stóðu fyrir við myndun stjórnarinnar s. l. vor. *Þetta er málflutningur sem ég hafði vænst að hæstv.* ráðh. færi ekki að hafa uppi hér á hv. Alþingi á sama tíma og hann er að mælast til þess að leitað verði samstöðu í þeim horfum sem við blasa, ef við tökum mark á þeim spásögnum sem fyrir liggja. Og ég verð að lýsa yfir vonbrigðum með að hæstv. ráðh. skuli mæla þessi orð hér nú. En ástæðan er e. t. v. öðrum þræði sú, að þessi hæstv. ráðh. og aðrir ráðh. í ríkisstj. hafa í dag beygt sig svolítið og gefið hér yfirlýsingar um að létta fjötrum af verkalýðssamtökunum í landinu — fjötrum sem þeir smeygðu á fjöldasamtök í landinu á s. l. vori og ætluðu sér, ef gengið hefðu eftir áætlanir Framsfl. um það, að binda þá fjötra um tveggja ára tímabil. Það varð nú ekki. Þessir fjötrar eru fallnir um leið og gengið hefur verið frá lögum hér, samkvæmt yfirlýsingu ríkisstj. Ég hef trú á að samtök almennings noti þann rétt, sem þau endurheimta, til að taka á málum af ábyrgð, en það greiðir ekki fyrir meðferð mála ef menn ætla að fara að beita bolabrögðum af því tagi sem hæstv. ráðh. kom hér með til *réttlætingar gerða og ákvarðana* sem teknar voru við allt aðrar aðstæður en nú liggja fyrir og hafa verið tilefni þessara umr. hér á hv. Alþingi í dag.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég var aðeins að benda á að orðið hefur mikill aflasamdráttur í þjóðfélaginu nú þegar. Það sem við erum að tala um hér eru spár fyrir næsta ár. Ég var aðeins að segja að það sem hefur gerst í þjóðfélaginu er vegna þess aflasamdráttar sem þegar er orðinn. Ég var ekki á nokkurn hátt, eins og hv. þm. leyfir sér að nefna það, að beita bolabrögðum. Eru það bolabrögð að segja eins og rétt er í þessu máli? Það mega nú fleiri segja sína skoðun en hv. þm. Ég veit ekki betur en hann hafi stundum gert það þegar hann átti sæti í ríkisstj. og að sjálfsögðu átti hann að gera það. Það var mín skoðun og er enn og ég hef enn sannfærst í því nú, að það sem gert var í vor var rétt að gera. En það kemur ekki þessum tölum við, vegna þess að við erum hér að tala um næsta ár. Þær ráðstafanir voru gerðar fyrst og fremst vegna þessa árs til þess að koma í veg fyrir skuldasöfnun erlendis. Ég skil því ekki hv. þm., ég verð að segja það alveg eins og er. Og að vera að tala um að ég sé að opna huga minn. Að sjálfsögðu er ég að opna huga minn með því að tala hér. Svo segir hann að ég ætli að fara að nota þessar tölur sem einhverja sérstaka ástæðu. Auðvitað verða þessar tölur ástæða fyrir þjóðhagsafkomunni á næsta ári eins og aflabrögðin alltaf. En það hafa menn ekki verið tilbúnir að viðurkenna. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson viðurkenndi það ekki s. l. vor og vildi ekkert á það hlusta hvernig komið var í þjóðfélaginu. — En það kemur ekki þessum tölum við, sem eru fyrir næsta ár.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er mjög liðið á fundinn og mér eru næstum því skammtaðar fimm mínútur. Að vísu er rétt að taka það fram að forseti beitir mig engum þvingunum, en ég kýs nú fremur að segja hér örfá orð en að þegja.

Það væri fullkomin ástæða til að ræða þessi mál miklu lengur, ekki síst með tilliti til þess að hér hafa eins og fyrri daginn verið hafðar uppi alls kyns fullyrðingar sem ekki byggjast á nægilegri þekkingu og skilningi í þessum efnum. Það er enginn tími til að fara ofan í saumana á því.

En það var hálfleiðinlegt að heyra einn þm. Kvennasamtakanna vitna í skýrslur fiskifræðinga eins og þær væru staðreyndir eins og símaskráin. Það hefur því miður ekki reynst mjög ábyggilegt. Sannleikurinn er sá, að ef litið er til margra ára hafa ágiskanir þeirra, spár og tillögur í þessum efnum verið eins og byggðar á fálmi í myrkri. — Stundum hefur nú fálm í myrkri gefið góða raun að vísu, en einnig stundum haft slæmar afleiðingar eins og kunnugt er.

Hv. þm. hélt því fram að við hefðum ekki tekið tillit til tillagna fiskifræðinga og veitt og veitt án þess að hugsa um aðvaranir þeirra. Það er rangt. Það hafa verið gerðar margvíslegar ráðstafanir til að ganga síður í fiskistofnana og smáfisk eftir að „svarta skýrslan" kom út. Það hefur verið stækkaður möskvi, það var fundin upp aðferð til að loka svæðum o. s. frv.

Sannleikurinn er sá, að þegar hæstv. fyrrv. sjútvrh. Matthías Bjarnason leyfði að veiða meira en fiskifræðingar *lögðu til minnkaði afli ekki.* Hann jókst í *sífellu*, jafnvel þó að við hefðum farið fram yfir mörkin um 30—50%. Þeir vissu sem sagt ekkert um hvernig málin stóðu og lögðu til enn meiri afla á næsta ári. Þannig gekk þetta í allmörg ár.

Á þessu ári, svo að maður geri langt mál stutt, lögðu fiskifræðingar til að við mættum veiða á fjórða hundrað þúsund tonn af þorski og voru hinir gleiðustu. Það voru fiskimenn hins vegar ekki, því að þeir vissu betur en fræðingarnir eins og svo oft áður. Það verður líklega alls

ekki hægt að veiða þau 300 þús. tonn sem þeir töldu æskilegt að veiða, og hafa þeir ævinlega verið í lægri kantinum vegna þess að oft hefur verið bætt svolítið við. Þeir höfðu þarna fyrirvara. En veiðin varð ekki 300 þús. tonn, eins og þeir héldu að óhætt væri að veiða, vegna þess að ástand þorskstofnsins við Ísland var líklega alls ekki betra en 200 þús. tonna talan gefur tilefni til. Það óttast sjómenn. Hins vegar er ljóst að í þessu efni eru geysilega við skekkjumörk. Við getum vonast eftir að fá göngur frá Grænlandi og það gæti jafnvel þýtt að við gætum tvöfaldað okkar afla. Þær eru oft mjög öflugar. Það hefur sýnt sig um langt árabil.

Herra forseti. Ég neita því algerlega fyrir mína parta að skilningur stjórnarandstöðunnar hafi verið lítill í þessum vandamálum þjóðfélagsins. Ég hef fyllilega gert mér grein fyrir þeim og aldrei sagt annað. Ráðh. er kannske að vísa til einhverra annarra stjórnarandstæðinga en mín. (**Sjútvrh.:** Það er rétt.)

Það er auðvitað ljóst að grípa þurfti til mikilla aðgerða s. l. sumar. Það var svo augljóst að um það þarf ekki að tala. Ég veit ekki til þess að nokkur maður hafi t. d. lagt það til að greiða út 22% vísitöluuppbætur í júní. Það er nú eitthvað annað. Ég heyrði engan úr mínum flokki leggja það til. Hitt er svo annað mál, að okkur finnast þessar aðgerðir að sumu leyti heldur harkalegar og aðrar aðferðir notaðar en við höfum nokkurn tíma gripið til. Út í það get ég auðvitað ekki farið hér vegna þess að til þess þarf langtum lengri tíma. En auðvitað kemur að því að það verður rætt hér betur og ég vona einnig að við eigum eftir að ræða meira en gert hefur verið til þessa um sjávarútvegsmál.

Ég vil svo aðeins nefna það, áður en ég fer héðan úr stólnum, vegna þess að ég hef verið talsmaður kvóta í mörg ár og talaði um það núna síðast á þriðjudaginn, að ég undrast að merkir menn eins og hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason skuli enn ekki hafa áttað sig á því, að þegar um nauman heildarkvóta er að ræða sé hægt að komast hjá því að setja kvóta á skip. Það er einkennilegt þegar svo reyndur maður sem hæstv. ráðh. Matthías leyfir sér að segja hér úr stólnum að ekki megi takmarka þá sem mest hafa veitt. Þeir sem mest hafa veitt af þorski hafa veitt 3—4 þús. tonn, einstaka togarar meira. En það sem er til skiptanna, ef við lítum til 200 þús. tonna afla, er ekki nema sem svarar 1000 tonnum á togara, hvernig svo sem farið verður að að skipta því með misjöfnum kvóta. Það er engin leið að komast hjá því. Þá eru líklega flestar togaraútgerðir landsins komnar reikningslega á hausinn til hverra ráða sem við grípum. Þetta vandamál er ekki til þess að karpa um eins og smástrákar í þessum sal.

Það er einnig nauðsynlegt fyrir hæstv. sjútvrh. að gera sér grein fyrir því, að það verður að setja ákveðið kvótamark fyrir nokkurra mánaða tímabil á árinu, vegna þess að ef vel veiðist snemma ársins, fyrstu fjóra mánuðina eða svo, megum við ekki hafa sleppt hinum aflasælu mönnum hindrunarlaust í þennan stofn ósköp einfaldlega vegna þess að við værum þá búnir að veiða mikinn hluta aflans á stuttum tíma. Honum verður að dreifa yfir árið vegna atvinnusjónarmiða. Hjá því verður ekki komist.

Herra forseti. Það er full ástæða til að segja meira um þetta. En ég vil bæta við örfáum orðum í viðbót við það sem ég sagði áðan um að við hefðum ekki farið eftir fiskifræðingum. Við höfum kannske farið meira eftir þeim en góðu hófi gegnir ósköp einfaldlega vegna þess að forsendur reikningsdæma þeirra hljóta eftir eðli málsins að vera ákaflega veikar, vegna þess að rannsóknaskip þeirra hafa tiltölulega mjög litla yfirferð og hafsvæðið er geysistórt. En við fórum eftir því þegar þeir bentu okkur á, sem við vissum náttúrlega fyrir — eins og ævinlega þegar þeir benda á eitthvað er það komið í ljós — að síldarstofninn væri orðinn of lítill. Það var bönnuð veiði hér á síld og enginn sagði neitt við því. Menn hafa farið nákvæmlega eftir ráðlögðu magni á hverju ári og meira að segja mjög litlu nú í ár því að það er óhemju síldarmagn við strendur landsins. Það sá ég með eigin augum í sumar, þegar ég var á veiðum í kringum hálft land eða svo. Það leyna sér ekki síldarlóðningar. Þetta gerum við líka varðandi loðnu. Það er farið eftir kvótakerfi þar og öllum þykir gott og sama máli gegnir um humar og rækju o. fl.

Herra forseti. Nú eru aðeins fimm mínútur eftir og ég hef fengið að segja þessi örfáu orð, en ég vil mælast til þess að við fáum að tala meira um þessi mál og gefum okkur þá góðan tíma.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. S. l. vor tók ný ríkisstj. þannig á málum, að kjör fólks í landinu, láglaunafólksins í landinu, voru lækkuð um margfalt það sem svaraði falli þjóðartekna eins og það lá þá fyrir. Ef fara ætti eftir þeirri röksemdafærslu sem hér kom frá hæstv. sjútvrh. mætti vænta þess, þar sem hann telur nú að þessar aðgerðir hafi verið fullkomlega réttmætar, að menn ættu ekki von á neinum blíðuhótum miðað við það sem fyrir liggur í skýrslum frá Hafrannsóknastofnun. Ég vildi aðeins ráðleggja honum og öðrum hæstv. ráðh. og stuðningsmönnum ríkisstj. að gæta sín, að athuga sinn gang nú, eftir að þeir hafa í dag reynt að leiðrétta svolítið af þeim víxlsporum sem stigin voru s. l. vor, og alveg sérstaklega ef þeir ætla að laða til sátta og samstöðu með þjóðinni um þau vandamál sem við er að fást.

Flugbraut á Egilsstöðum, þáltill. 29. mál (þskj. 80). — Ein umr.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka það tækifæri sem ég fæ hér til að tala fyrir þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir, þrátt fyrir annasaman dag hér á Alþingi, því að ég mun hverfa af þingi eftir þennan dag.

Sú till. sem hér er til umr. fjallar um að Alþingi álykti að fela yfirvöldum flugmála að hefja uppbyggingu nýrrar flugbrautar á Egilsstöðum. Ég hef áður hér á hv. Alþingi flutt tillögu sem gekk í sömu átt en hún hlaut ekki afgreiðslu á sínum tíma.

Þýðing flugsins í samgöngukerfi okkar Íslendinga er meiri en menn gera sér grein fyrir daglega. Er það að vonum því að fjarlægðir eru hér miklar og landið strjálbýlt. Erfiðar flugsamgöngur á vetrum auka enn mikilvægi greiðra flugsamgangna. Það kom rækilega í ljós núna nýverið, þegar flugmálastjóri lét boð út ganga um að hætta snjómokstri á flugvöllum, að fljótt var að sverfa til stáls og skapast ástand sem menn vildu ekki una við. Allir vilja hafa samgöngunet flugsins í lagi, vilja að flugsamgöngur gangi greiðlega fyrir sig. Hins vegar eru fjárveitingar til þessara mála af skornum skammti, hvort sem miðað er við þau verkefni sem fyrir

liggja eða aðra þætti samgöngukerfisins. Uppbygging flugvalla og búnaðar þeirra hefur dregist aftur úr á undanförnum árum og ekki fylgt þeirri þróun sem orðið hefur í búnaði flugvéla. Hefur lélegt ástand flugvalla og skortur á búnaði valdið aðilum í flugrekstri ómældum fjárútlátum með truflun í flugi og sliti á flugvélum.

Flugvöllurinn á Egilsstöðum er sá flugvöllur á Austurlandi sem mesta umferð ber og má segja að hann sé þungamiðja flugs til landshlutans og innan hans. Að sjálfsögðu skal það undirstrikað hér að mörg verkefni þarfnast úrlausnar á öðrum flugvöllum á Austurlandi þótt till. fjalli eingöngu um Egilsstaðaflugvöll vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem þar eru og ég kem að nánar síðar. Austurland er sá landshluti sem ásamt Vestfjörðum er háðastur innanlandsfluginu vegna þeirra miklu fjarlægða sem eru til annarra landshluta og erfiðra landsamgangna á vetrum. Í grg. sem fylgir till. er skrá yfir umferð á Egilsstaðaflugvelli á 5 ára tímabili. Þar sést að á síðasta ári var farþegafjöldi um völlinn sá mesti á þessu tímabili og lendingarnar flestar. Umferðin um völlinn hefur vaxið jafnt og þétt og hann er einn af þeim fjórum flugvöllum landsins sem mesta umferð bera. Hins vegar hefur Egilsstaðaflugvöllur orðið mjög afskiptur með fjármagn á undanförnum árum og ástand hans er í algerri mótsögn við mikilvægi hans í samgöngukerfinu. Þetta stafar m. a. af því að alger óvissa hefur ríkt um hvaða leið skuli fara í uppbyggingu hans.

Alvarlegasta málið sem upp hefur komið um ástand vallarins er sú aurbleyta sem situr uppi á honum við ákveðin veðurskilyrði á veturna. Aurbleytan hefur lokað vellinum við hin bestu skilyrði að öðru leyti og hún hefur valdið truflunum á viðkvæmum lendingarbúnaði flugvéla. Það er fáheyrt að aðalsamgönguæð til heils landshluta sé lokuð af þessum orsökum og það á meðan hafist er handa við malbikun flugvalla annars staðar á landinu, þó vissulega skuli ekki lasta það sem vel er gert í þessum efnum.

Í vistarverum starfsmanna flugmálastjórnar og Flugleiða á Egilsstaðaflugvelli hanga uppi á veggjum myndir úr starfi þeirra. Það má sjá flugmenn Fokkervéla Flugleiða í fullum skrúða með vatnsslöngur að spúla aurbleytu af lendingarbúnaði véla sinna fyrir brottför. Þetta eru að sjálfsögðu mjög óvenjulegar myndir og hafa ekki sést opinberlega, en vonandi verða þær brátt að safngripum. Það er óviðunandi að það skuli þurfa að grípa til kostnaðarsamra viðhaldsaðgerða til að koma í veg fyrir þetta ástand, viðhaldsaðgerða sem koma ekki að gagni nema takmarkaðan tíma. Áreiðanlega mundu menn frekar þola þessar truflanir ef séð væri fram á varanlegar úrbætur í þessum greinum.

Í grg. með þeirri þáltill. sem hér um ræðir er drepið á þann samanburð sem gerður hefur verið á vegum flugmálastjórnar á þeim kostum sem fyrir hendi eru um uppbyggingu flugvallarins. Eins og fram kemur var skilað ítarlegri skýrslu um þau mál til flugráðs í apríl s. l. Í skýrslunni er metinn stofnkostnaður og flugmannvirki og flugleiðsögukerfi og blindaðflug. 1. júlí var efni skýrslunnar kynnt heimamönnum og hinn 7. júlí var gerð á fundi flugráðs sú bókun sem kemur fram í grg. Þar segir m. a.:

„Samkv. framlögðum skýrslum og miðað við þær forsendur sem þar eru tilgreindar er eftirfarandi samanburður á áætluðum kostnaði við hvern valkost:

Uppbygging núverandi brautar 1500 metrar 33.4 millj., 2000 metrar 49.1 millj.

Ný flugbraut 1500 metrar 45.8 millj., 2000 metrar 73.4 millj.

Flugráð telur að bygging nýrrar flugbrautar hafi í för með sér svo ótvíræða kosti varðandi allt aðflug og öryggi flugs að þá lausn beri fremur að velja þrátt fyrir nokkurn kostnaðarmun. Jafnframt bendir flugráð á að gera má ráð fyrir að 1500 metra flugbrautarlengd verði fullnægjandi á Egilsstöðum um langa framtíð og þurfi því hvorki að koma til flutningur þjóðvegar né lenging flugbrautar suður fyrir þjóðveginn.

Flugráð samþykkir því á fundi sínum í dag að mæla með þessari stefnumótun í uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar, þó að því tilskildu að viðunandi samkomulag náist við hlutaðeigandi landeigendur. Flugráð felur því flugmálastjóra að hefja þær viðræður hið fyrsta með það fyrir augum að unnt verði að mæla með fjárveitingu til byrjunarframkvæmda á Egilsstöðum strax á árinu 1984, og stefnt að því að taka hina nýju flugbraut í fulla notkun á árinu 1987."

Þeir kostir sem eru við það að byggja nýja flugbraut eru einkum þessir: 1. Beint aðflug að flugbraut sem skapar mun meira öryggi. 2. Lágmarkshæð í blindflugi fer úr 150 metrum í 60 metra með fullkomnum tækjum. 3. Truflanir á flugumferð á byggingartíma verða engar. 4. Flugvöllurinn færist eilítið fjær þorpinu á Egilsstöðum, sem þýðir hindrunarlausara og öruggara aðflug að honum.

Þannig standa þessi mál nú. Allar upplýsingar liggja fyrir utan hvað nauðsynlegt er að hefja samninga við landeigendur, sem hlut eiga að máli, svo að sú hlið málsins liggi einnig ljóst fyrir. Hins vegar mundi það styrkja framgang málsins að mun ef Alþingi gerði þá stefnumótun sem kemur fram í bókun flugráðs að sinni og mælti með því að völlurinn yrði byggður á árunum 1984—1987 með fjárveitingu til undirbúningsframkvæmda á næsta ári.

Ég hef rakið að nokkru mikilvægi þessara framkvæmda fyrir Austurland að því er varðar öryggi í samgöngum og í ljósi þeirrar staðreyndar, að það er nauðsynlegt að hafa þá miðstöð flugs á Austurlandi sem völlurinn er sem best búna. Það má einnig horfa til framtíðarinnar í þessu sambandi og benda á að ferðamál hafa verið og eru vaxandi atvinnugrein á Austurlandi og góður flugvöllur er eitt af grundvallaratriðum í uppbyggingu þeirrar atvinnugreinar, ekkert síður en t. d. flugstöð á Keflavíkurflugvelli, sem gjarnt er að vitna til um þessar mundir.

Flugbraut við Egilsstaði kann að þykja kostnaðarsamt mannvirki miðað við fjárveitingar til flugmála. En þó dýrasti kosturinn sé tekinn og reiknað með nýrri malbikaðri flugbraut 2000 metra að lengd með aðflugstækjum nær kostnaðurinn ekki þeirri lántöku sem ætluð er í hluta íslenska ríkisins í framkvæmdum í flugstöð á Keflavíkurflugvelli á þessu ári einu. Þar með er ég ekki að draga neitt úr mikilvægi þeirrar framkvæmdar, flugstöðvarinnar, eða leggja neinn dóm þar á. Ég var aðeins að gera samanburð á stærðum í þessu sambandi.

Ég vil ljúka þessari framsögu með því að lýsa þeirri skoðun minni að breyta verður áherslum og veita meira fé til uppbyggingar flugvalla og búnaðar á næstu árum. Mér er ljóst að nú árar ekki til aukningar opinnberra framkvæmda, en við hættum samt ekki að lifa og starfa í

landinu og gera áætlanir fyrir framtíðina. Við höfum tekið flugið í þjónustu okkar og ör þróun hefur verið á því sviði. Þróunin í uppbyggingu og búnaði flugvalla verður að fylgja tækniframförum í fluginu sjálfu.

Herra forseti. Að lokinni umr. óska ég að málinu verði vísað til allshn.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 18. fundur.

Mánudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. nóv. 1983.

Eiður Guðnason, 5. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Magnús H. Magnússon Vestmannaeyjum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. nóv. 1983.

Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess að 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Árni Gunnarsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Með þessum bréfum fylgja kjörbréf Magnúsar H. Magnússonar og Árna Gunnarssonar. Vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þeirra beggja til rannsóknar. Á meðan verður fundinum frestað um 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur kannað kjörbréf fyrir Magnús H. Magnússon sem er 1. varamaður landsk. þm. Alþfl. en eftir því er óskað að hann taki sæti Eiðs Guðnasonar á Alþingi.

Enn fremur hefur kjörbréfanefnd kannað kjörbréf Árna Gunnarssonar sem er 2. varamaður landsk. þm. Alþfl. en það er óskað eftir því að hann taki sæti á Alþingi í fjarveru Karls Steinars Guðnasonar.

Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við þessi kjörbréf og leggur því til að kjörbréf Magnúsar H. Magnússonar og Árna Gunnarssonar verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Magnúsar H. Magnússonar samþ. með 36 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Árna Gunnarssonar samþ. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Árni Gunnarsson og Magnús H. Magnússon hafa báðir setið áður á Alþingi og býð ég þá velkomna til starfa.

Efri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 14. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. 71. mál (þskj. 76). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. 67. mál (þskj. 72). — 1. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Þetta mál er einfalt í sniðum. Efnisgreinin fjallar einungis um það að breyta 36. gr. l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins og fella þar niður heimild framleiðsluráðsins til þess að löggilda Samband eggjaframleiðenda. Ég ætla ekki að hefja hér neinar miklar umr. um þetta mál því verður vísað til n. sem ég væntanlega á sæti í og sjálfsagt að það fái þar skoðun. Það hafa borist hér á borð þm. ýmiss konar plögg önnur sem rétt er að skoða í rólegheitum og til þess að spara tímann þá vil ég lesa hér upp örstutta grg., með leyfi forseta:

„Nýlega hafa borist af því fregnir að hugmyndir séu uppi um að nota heimild 36. gr. framleiðsluráðslaganna nr. 95/1981 til að veita Sambandi eggjaframleiðenda einkarétt til sölu og dreifingar eggja gegn andstöðu helstu eggjaframleiðenda. Þar sem flm. telja að slíkur háttur á sölu þessarar vöru brjóti í bága við hagsmuni neytenda og hamli eðlilegum framförum í framleiðslu landbúnaðarvara álíta þeir nauðsynlegt að numin sé úr lögum heimild til slíkrar einokunarstarfsemi. Auk þess verður hún að teljast í andstöðu við þær meginreglur um atvinnufrelsi sem hafa ber í heiðri.

Í samræmi við framangreind sjónarmið er lagt til að úr texta 36. gr. framleiðsluráðslaganna falli heimild ráðsins til að veita Sambandi eggjaframleiðenda einkarétt til sölu og dreifingar á eggjum til smásöluverslana."

Eins og ég sagði er þetta auðskilið mál og okkur fannst, flm., að einfaldast væri að flytja það í þessu formi, að breyta einungis þessari einu grein framleiðsluráðslaganna en málið fær vafalaust góða og ítarlega umfjöllun í hv. landbn. en ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 81. mál (þskj. 86). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 2. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Frv. þetta var samið að tilhlutan nefndar sem skipuð var 20. ágúst 1982 til að athuga rekstur og skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar. Var frv. samið af n. sem áfangaálit hennar. Í n. áttu sæti Jón Arnalds ráðuneytisstjóri, formaður, Geir Gunnarsson form. fjvn., Jón Jónsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Magnús Pétursson hagsýslustjóri, Már Elísson fiskimálastjóri og Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Frv. var lagt fram á síðasta Alþingi en náði ekki fram að ganga. Nefndin hefur endurskoðað frv. og fylgir það bréfi hennar til ráðh. dags. 26. sept. 1983 er það barst rn. Ég vil nú í stuttu máli víkja að þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir.

Það nýmæli er í frv. að við stofnunina skulu starfa tveir aðstoðarforstjórar en þetta ákvæði á sér nokkra sögu. Þegar á árinu 1975 var rætt um að gera breytingar á stofnuninni í þá átt að setja á stofn starf útgerðarstjóra sem hefði á hendi daglega stjórn fjármála vegna reksturs rannsókna- og leitarskipa. Átti starfslið stofnunarinnar sem vinnur að útgerð og rekstri skipanna, þ. á m. áhafnir skipanna, að heyra undir útgerðarstjóra. Þessi hugmynd var rædd m. a. af stofnuninni og gerð voru drög að frv. til l. í þessa átt. Ekkert varð þó meira úr þessari hugmynd en þegar á árinu 1975 var ráðinn sérstakur maður til að annast ráðningar skipshafna og hafa á hendi umsjón og varðveislu tækja og starfar hann enn að þessum viðfangsefnum.

Fyrir nokkrum árum voru svo ráðnir með ráðherrabréfum tveir aðstoðarmenn forstjóra sem jafnframt voru deildarstjórar ákveðinna rannsóknadeilda stofnunarinnar. Þessir aðstoðarmenn forstjóra hafa sjálfkrafa tekið við störfum forstjóra í fjarveru hans og annast rekstur og stjórn stofnunarinnar að svo miklu leyti sem forstjórinn hefur falið þeim. Þeir hafa að öðru leyti verið fulltrúar forstjóra við daglegan rekstur stofnunarinnar og almennt aðstoðað hann við rekstur hennar. Nú er talið nauðsynlegt að lögfesta þessar stöður, þó þannig að aðeins annar aðstoðarforstjórinn sé vísindamaður á sviði hafrannsókna en hinn aðstoðarforstjórinn verði fjármála- og rekstrarstjóri stofnunarinnar.

Ástæður þess, að talið er nauðsynlegt að ráða sérstakan mann með menntun og sérþekkingu á sviði stjórnunar og rekstrar, er sú að um er að ræða umfangsmikinn skiparekstur og mikla veltu fjármuna. Stofnunin gerir út mörg rannsóknarskip auk leiguskipa og er hér um mikla fjármuni að ræða þar sem meira en helmingur af fjármagni stofnunarinnar rennur til skiparekstursins. Þykir nauðsynlegt að sérstakur maður annist þennan rekstur. En honum er einnig ætlað að annast gerð fjárveitingabeiðna stofnunarinnar, útgjaldaáætlana, kostnaðaráætlana, rannsóknarleiðangra, í samvinnu við forstjóra og samræma starfsemi deilda útibúa með tilliti til sem bestrar hagkvæmni og nýtingar. Þá er eðlilegt að fjármálalegur forstjóri annist starfsmannahald, uppáskrift reikninga og reikningshald og fjárreiður sem ekki eru í verkahring skrifstofu Rannsóknastofnana atvinnuveganna. Allar beiðnir um meiri háttar útgjöld þurfa samt að samþykkjast fyrir fram af forstjóra. Það er mikill ábyrgðarhluti að ekki sé til staðar í stofnuninni maður sem alfarið helgar sig eingöngu þessum málum og hafi til þess þekkingu og menntun.

Með þessu er ekki verið að kasta rýrð á þau störf sem vísindamenn hafa unnið við rekstur þessara skipa, aðeins talið eðlilegra að vísindamenn beini kröftum sínum og helgi sig einvörðungu vísindastörfum og létti að sama skapi af sér fjármálarekstrarvafstri sem því hefur fylgt.

Haldnir hafa verið fundir með starfsfólki Hafrannsóknastofnunarinnar um þetta frv. og á þeim fundum hefur komið fram að margir eru mótfallnir þessari nýju stöðu. En í því sambandi er þó rétt að taka skýrt fram að gert er ráð fyrir að þessi staða aðstoðarforstjóra, sem annast skal fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þ. á m. skiparekstur og starfsmannahald, heyri alfarið undir aðalforstjórann og er fjármálastjóranum ætlað að aðstoða hann við daglegan rekstur stofnunarinnar.

Það er líka skýrt tekið fram í 14. gr. að forstjóri hafi á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs. Það er því ekki verið að taka ráðin af vísindamönnum heldur aðeins verið að tryggja að umsjón með fjármálum og rekstri stofnunarinnar sé með ábyrgum og forsvaranlegum hætti. Þá er tekið fram í lögum að forstjóri og aðstoðarforstjórar skuli skipaðir til fimm ára í senn sem er nýmæli.

Í samræmi við tillögur sjútvn. Ed. Alþingis á s. l. ári er fjölgað í stjórn stofnunarinnar um tvo menn. Gert er ráð fyrir að skipun núv. stjórnar falli úr gildi um næstu áramót. Sjómenn og útvegsmenn fá nú sinn fulltrúann hvorir í stjórn, auk þess sem starfsmenn stofnunarinnar tilnefna fulltrúa. Aftur á móti er af lögð aðferð við tilnefningu fulltrúa ráðgjafarnefndar en formaður hennar á þó rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Stjórninni er fengið aukið hlutverk og ætlað að taka ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi stofnunarinnar og gera tillögur um starfs- og fjárhagsáætlanir og tillögur til ráðh. um skipun ráðgjafarnefndar og deildaskiptingu stofnunarinnar.

Enn fremur er gert ráð fyrir að stjórnin staðfesti skipaáætlun svo og reikninga hennar. Stjórninni er þannig veitt aukin hlutdeild í mótun skipulagsins en að tilhlutan nefndarinnar eru þegar hafnar umræður meðal starfsfólks og innan stjórnar um framtíðardeildaskipulag og fyrirkomulag í Hafrannsóknastofnun.

Eins og áður kom fram er stjórninni ætlað að gera tillögur um skipan ráðgjafarnefndar en frv. gerir ráð fyrir að ekki verði bundið í lög hverjir skuli skipa nefndina heldur skuli stjórnin gera tillögur til ráðh. um skipun nefndarinnar hverju sinni. Birt eru sem fskj. með frv. drög að erindisbréfi fyrir ráðgjafarnefnd stofnunarinnar þar sem er að finna lista yfir þá er tilnefna skulu fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn. Komið gætu fram ábendingar um fleiri aðila í þessa nefnd og verður ákvörðun um skipun hennar tekin á sinni tíð ef frv. verður að lögum. Ráðgjafarnefndinni er með frv. falið mun víðtækara starfssvið, t. d. að fjalla

um starfsáætlanir og rannsóknaverkefni stofnunarinnar og gera tillögur um verkefnaval og starfshætti. Hún skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust, en oftar eftir þörfum. Að vori skal nefndin fjalla um starfsáætlun Hafrannsóknastofnunar og skulu einstök verkefni hennar lögð fyrir nefndina til umsagnar. Að hausti skulu helstu niðurstöður af starfi hennar skýrð og sagt frá verkefnum er lokið er. Lögð skulu fyrir drög að nýjum verkefnum og leitað ábendinga eða tillagna nefndarinnar um ný verkefni sem tekin verði upp í starfsáætlun og lögð fyrir til umsagnar að vori. Nefndin getur rætt og gert tillögur til stjórnar um allt er lýtur að stefnumótun, starfsháttum og verkefnavali Hafrannsóknastofnunar svo og samskiptum hennar út á við. Verkefni ráðgjafarnefndar skulu sett í erindisbréf en gert er ráð fyrir að skipunartími núv. ráðgjafarnefndar renni út í árslok 1983 þannig að í ársbyrjun 1984 verði skipuð ný ráðgjafarnefnd með nýju erindisbréfi svo sem hér hefur komið fram.

Þá er rétt að geta þess að markmið Hafrannsóknastofnunar eru í 17. gr. skilgreind á ný. Þau verkefni, sem lögin kveða á um að skuli vera á hendi stofnunarinnar, voru skilgreind fyrir tæpum tveimur áratugum þegar aðstæður voru aðrar en nú. Nauðsynlegt er því að endurskoða markmið hennar eins og þau eru skilgreind samkv. lögum. Þau markmið, sem gerð er till. um, eru byggð á skilgreiningu sem sett er fram í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins fyrir Hafrannsóknastofnun. Ekki eru þau þó orðrétt þau sömu en að baki skilgreiningunni liggur töluvert mikið starf starfsmanna Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknaráðs ríkisins. Þá er gert ráð fyrir með frv. í 16. gr. að sett verði ákvæði um heimild til starfrækslu útibúa og er það nýmæli. Stofnuninni er heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur samkv. ákvörðun ráðh. og Alþingis að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að útibúin geti nýst fleirum en Hafrannsóknastofnun, t. d. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, öðrum rannsóknar- og eftirlitsstofnunum o. fl. eftir því sem tækifæri gefast.

Í 18. gr. gildandi laga er kveðið á um að til að framkvæma verkefni stofnunarinnar skuli skipa starfseminni í fjögur verksvið. Í dag starfar stofnunin hins vegar í níu mismunandi deildum auk fjögurra útibúa, skipareksturs og skrifstofuhalds. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að sett skuli nýtt skipulag með ákvörðun ráðh. að fengnum tillögum stjórnar Hafrannsóknastofnunar.

Deildarstjórar skulu ráðnir. Með þessu er leitast við að tryggja frekari sveigjanleika í starfseminni, betri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármunum í stað þess að deildir myndist í tengslum við áhuga- og sérsvið einstakra vísindamanna. Að frumkvæði nefndarinnar hafa þegar farið fram umræður með sérfræðingum stofnunarinnar um núv. deildafyrirkomulag og framtíðarskipan þessara mála. Umræðurnar eru á byrjunarstigi en verði frv. að lögum má gera ráð fyrir nokkurri breytingu frá því sem nú er. Með frv. er gert ráð fyrir að núv. skipulag stofnunarinnar falli úr gildi frá næstu áramótum.

Ég vil einnig taka það fram að Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur að minni beiðni gert úttekt á hugsanlegum kostnaðarauka vegna þessa frv. en bréf lá ekki fyrir þegar frv. fór í prentun og mun ég gera ráðstafanir til að það berist sjútvn. í dag eða á morgun en það er nýkomið til mín.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja það til að frv. verði vísað til 2. umr. og hæstv. sjútvn.

Árni Gunnarsson: Virðulegi forseti. Mig langar í örfáum orðum að fjalla um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Í fyrsta lagi vil ég segja að frv. er mjög af hinu góða og ég tel nánast alla liði þess vera til mikilla bóta.

Það sem rekur mig í ræðustól er einfaldlega það að í 17. gr. þessa frv. eru tölul. 7 og 8 sem ég vil benda sérstaklega á, þar sem Hafrannsóknastofnun er ætlað að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera. Í 8. tölulið segir „að stunda rannsóknir sem miða að aukinni fjölbreytni í öflun sjávarfangs". Hér eru á ferðinni ákaflega mikilvægir þættir í starfsemi Hafrannsóknastofnunar og ég vildi beina til hæstv. sjútvrh. að hann beitti sér fyrir að þeir yrðu efldir til mikilla muna.

Það mun hafa verið árið 1980 eða '81 að ég og hv. þm. Magnús H. Magnússon fluttum frv. til l. um breyt. á lögum um Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, þar sem við vildum fá inn í lögin ákvæði um eflingu eldis sjávarfiska eða rannsókna á eldi sjávarfiska hjá Hafrannsóknastofnun. Þetta frv. var samþykkt hér á þingi að hluta til, fór að vísu að mínu mati ákaflega brenglað út úr þinginu að því leyti að aðalatriðin hurfu á brott. Engu að síður var gert ráð fyrir því að Hafrannsóknastofnun gæti fengið sérfræðing í sína þjónustu er fjallaði eingöngu um rannsóknir á eldi sjávarlífvera.

Nú höfum við hv. þm. Magnús H. Magnússon að undanförnu verið að spyrja eftir hvað liði framgangi þessa máls. Við höfum fengið þau svör að Hafrannsóknastofnun væri að bíða eftir íslenskum sérfræðingi sem starfað hefur í Kanada og unnið þar mjög merkilegt starf, m. a. við eldi skarkola og auk þess gert tilraunir með eldi þorsks sem Norðmenn hafa náð ótrúlegum árangri í á undanförnum árum.

Ég vil ekki láta hjá líða í umr. um þessa merkilegu stofnun, Hafrannsóknastofnun, að minna eindregið á þetta atriði. Við stöndum frammi fyrir því núna að sjávarafli fer mjög minnkandi og sérstaklega hvað varðar dýrustu og verðmætustu fisktegundir þjóðarinnar. Ég hef látið það álit mitt í ljós á hinu háa Alþingi að við ættum að leggja mun meiri áherslu á það heldur en við höfum gert að efla eldi sjávarfiska þar sem það væri heppilegt. Við þyrftum þannig í raun og veru að reyna að hafa ráð náttúrunnar sjálfrar nokkuð í hendi okkar svo að við gætum stuðlað að því á ýmsan hátt að fiskstofnar, sem eru þessari þjóð lífsnauðsynlegir, fengju að viðhaldast með þokkalegu móti.

Ég segi þetta núna sérstaklega vegna þess að Norðmenn hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga eins og fiskrækt almennt. Þeim hefur tekist að rækta þorsk sem er mjög merkilegt vísindalegt afrek og ég vildi gjarnan að við Íslendingar hefðum fetað í fótspor þeirra með það að efla rannsóknir af þessu tagi sem ég tel að gæti rennt stoðum undir framtíð þessa samfélags sem við búum í og við áttum okkur á þessa dagana að byggir á allt of einhæfum atvinnugreinum.

Virðulegi forseti — ég ætlaði nú að segja herra forseti — og mér verður að fyrirgefast þar sem ég er að þessu í fyrsta skipti í langan tíma. En ég vildi eingöngu leggja áherslu á þessi atriði og hvetja hæstv. sjútvrh. til þess að gera það sem í hans valdi stendur til þess að efla þennan

þátt í starfi Hafrannsóknastofnunar, sem ég tel kannske mikilvægara heldur en flest annað sem þessi stofnun hefur fengist við á undanförnum árum og áratugum.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. og fagna því að það skuli vera komið til umr. Þetta er kunningi frá fyrra ári. Það eru sjálfsagt ýmsir þættir sem við þyrftum að skoða og ræða í góðum hóp, fá sérfræðinga til þess að gefa okkur upplýsingar. Ég tel þess vegna ekki mikla ástæðu til þess að ræða þetta frv. nú, en vænti þess að við gefum okkur tíma til þess að fara vel yfir þetta mál í n. og leita þar upplýsinga og stuðnings. Ég sem sagt lýsi ánægju minni yfir því að þetta frv. skuli vera komið hingað.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég tel sjálfsagt að þetta frv. fái góða meðhöndlun í n. og mjög gott að nm. noti tækifærið til að kynnast starfsemi stofnunarinnar og skipulagi hennar, en hún hefur verið allmikið til umræðu upp á síðkastið, og full ástæða til að nm. í sjútvn. kynni sér viðhorf stofnunarinnar til hinna ýmsu mála er varða rannsóknir á hennar vegum.

Ég legg hins vegar áherslu á að frv. nái fram að ganga. Ég tel það mikilvægt og í reynd sjálfsagt að taka skipulag stofnana til endurskoðunar við og við. Það má vel vera að skipulag þeirra sé í mörgum tilfellum of bundið í lögum og þess vegna erfitt að breyta til með breyttum tímum, og það verður e. t. v. til þess oft á tíðum að stofnanir staðni meir en annars hefði orðið. Hins vegar þarf að sjálfsögðu að vera mikil festa í þeirra starfsemi og þar af leiðandi e. t. v. nauðsynlegt að binda starfsemina að verulegu leyti í lög.

Ég vildi aðeins segja varðandi orð hv. þm. Árna Gunnarssonar að það er að sjálfsögðu mikilvægt að rannsóknarstarfsemi á því sviði sem hann nefndi verði aukin, eldi sjávarlífvera. Strax á s. l. vori þegar ég tók að kynna mér þessi mál í mínu rn. og hugðist koma á fót starfi til að leiða í ljós hvernig skyldi á þessum málum haldið í framtíðinni kom í ljós að starfshópur eða nefnd er að störfum á vegum Rannsóknaráðs ríkisins um þessi mál. Var talið rétt að bíða eftir niðurstöðu þeirra varðandi áframhald málsins.

Það er allrar athygli vert sem hefur verið að gerast í Noregi. Við höfum lent aftur úr Norðmönnum á ýmsum sviðum, t. d. að því er varðar laxeldi, og það er í mínum huga allmikil spurning hvort þessi mál ættu ekki að vera meira á einni hendi en nú er, en eins og vitað er heyra þessi mál, þ. e. eldi í ám og vötnum og á landi, undir landbrn. Ég er ekki á nokkurn hátt að halda því fram að þau hafi beinlínis verið vanrækt, en þau hljóta þó á ýmsan hátt að koma saman, hvort sem er um laxeldi í sjó eða í ám og vötnum, og ég er þeirrar skoðunar að það væri mun betra að mál þessi væru sem mest á einum stað og undir einu ráðuneyti. Sú breyting var gerð í Noregi á sínum tíma að mál þessi voru færð undir sjávarútvegsráðuneytið norska og allir töldu það vera til mikilla bóta.

Að öðru leyti vil ég geta þess að þær rannsóknir sem hafa átt sér stað í Noregi í sambandi við þorskinn benda ekki til þess að hægt sé að ná vaxtarhraða sem lofar góðu. Hins vegar er mikilvægt að fylgjast vel með þessum rannsóknum og taka þær e. t. v. upp í einhverjum mæli hér eða í samvinnu við þá, en þær niðurstöður sem liggja nú fyrir benda ekki til þess enn sem komið er að þarna geti verið verulegir möguleikar. Hins vegar er það svo með allar rannsóknir að árangur getur breyst í einu vetfangi og nauðsynlegt fyrir okkur að hafa augun opin í þessum efnum ekki síður en Norðmenn. Þeir eru að sjálfsögðu mun minna háðir sjávarfangi en við. Það er mikilvægt að við stundum þessar rannsóknir af fullum krafti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Gleraugnafræðingar, frv. 63. mál (þskj. 68). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir er samið af stjórnskipaðri nefnd, sem fengið var það hlutverk að gera tillögur um starfsemi tengda sjónvernd. Nefnd þessi hefur þegar skilað inn til rn. viðamiklum tillögum í þessum efnum sem nú eru þar til athugunar.

Einn af þeim þáttum sem nefndinni var falið að gera tillögur um er skipan optik-verslunar í landinu og úthlutun gleraugna. Það er einróma álit nefndarinnar að setja þurfi sem fyrst lög um starfsemi gleraugnafræðinga, þar sem tryggja verði sem best hæfni þeirra aðila sem veljast til gleraugnastarfa. Almenningur eigi að geta treyst því að gleraugnafræðingar séu til þess hæfir og viðurkenndir. Nefndin er enn fremur á einu máli um að erfitt sé að henda reiður á störfum gleraugnafræðinga öðruvísi en að tekið verði á réttindum þeirra og skyldum í lögum, ekki síst þar sem hið opinbera standi undir hluta af kostnaði við öflun gleraugna fyrir ákveðna hópa. Og viðbúið sé að þessi kostnaður falli á hið opinbera í auknum mæli, ef miða megi við það sem gerst hefur á öðrum sviðum og snertir velferðarmálefni fatlaðra. Þá gefur það auga leið að vart komi til samninga við gleraugnafræðinga nema þeir hafi lögvarin starfsréttindi og skyldur. Í dag getur hver sem er gefið sig út fyrir að vera gleraugnafræðingur og starfað sem slíkur átölulaust. Það er enn fremur skoðun höfunda þessa frv. að takist að setja lög um réttindi og skyldur gleraugnafræðinga sé ástæðulaust að kveða á um stofnum optik-verslunar á vegum hins opinbera, eins og þeir voru beðnir um að kanna sérstaklega. Takist það hins vegar ekki komi slíkt til greina á vegum hins opinbera eða hagsmunaaðila.

Nú er því ekki að neita að rn. hefur tvisvar reynt að ná fram lögum á þessu sviði en árangurslaust. Styrrinn hefur fyrst og fremst staðið um hvort setja beri ákvæði inn í slík lög er taki á sjónfræðistörfum. Læknar hafa lagst gegn slíku, enda telja þeir sjónfræðina eina af greinum læknisfræðinnar og taka frv.-höfundar undir það sjónarmið. Hér skal ekki lagður dómur á þetta. Hins vegar er ótækt að láta löggildingu á störfum gleraugnafræðinga stranda á þessu, ekki síst með hliðsjón af því sem þegar er rakið. Í frv. eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir því að gleraugnafræðingar geti fullunnið og selt sjónhjálpartæki, þ. e. gleraugu og snertilinsur, liggi fyrir tilvísun og/eða forskrift læknis.

Ekki er ætlast til að þeir mæli sjálfir sjón, sama hversu lítil frávik eru.

Um frv. er það annars að segja að það líkist þeim frv. sem borin hafa verið fram af heilbr.- og trmrh. á undanförnum árum um starfsréttindi hinna einstöku heilbrigðisstétta og öll hafa náð fram að ganga nema þau tvö sem ég hef áður minnst á og snerta þá starfsstétt sem hér er um rætt. Að einu leyti er þó um undantekningu að ræða. Er þar átt við ákvæðin um íslenskt ríkisfang sem aðalreglu fyrir veitingu leyfis, sbr. 2. gr. frv., sem að vísu getur sætt verulegum undantekningum með tilvísun til 3. gr. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú, að enginn íslenskur skóli veitir nú eða mun í náinni framtíð veita þessa menntun, þannig að viðbúið er að útlendingar gætu í krafti menntunar yfirtekið markaðinn hér á landi. Er hér um sjálfsagða öryggisreglu að ræða, sem orðin er næsta fátíð, enda sífellt fleiri og fleiri greinar heilbrigðisfræðslunnar á færi okkar Íslendinga sjálfra.

Félag optikera hefur haft frv. til athugunar frá því í vor og hefur engar athugasemdir gert við það.

Að öðru leyti vísa ég til frv. sjálfs og athugasemda við það um leið og ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Starfsmannaráðningar ríkisins, frv. 88. mál (þskj. 95). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem ég flyt um starfsmannaráðningar ríkisins. Frv. þetta hefur tvíþættan tilgang.

1. Hér er verið að setja nýjar og skýrari reglur um starfsmannaráðningu ríkisins almennt, hvort heldur um er að ræða ráðningu, setningu eða skipun, en segja má að ákvæði um þetta efni í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna séu ófullnægjandi og alls ekki nægjanlega skýr eða sveigjanleg.

2. Frv. er flutt til þess að stuðla að hæfilegri endurnýjun og mannaskiptum í ríkiskerfinu. Það er tvímælalaust helsta nýmæli þessa frv., sem kemur fram í 3. og 4. gr., að ákveðið er að skipa skuli að jafnaði tímabundið í allar stöður forstöðumanna atvinnufyrirtækja ríkisins og ríkisstofnana, hugsanlega að undangenginni kosningu meðal samstarfsmanna. Gert er ráð fyrir því að starfstími sé hverju sinni 4—6 ár samkvæmt nánari ákvörðun ráðh. í reglugerð en endurskipun eða endurkosning heimil einu sinni. Sama gildi um aðrar mikilvægar stöður eftir nánari ákvörðun viðkomandi ráðh.

Forsaga þessa máls er sú, að veturinn 1977 flutti ég í Nd. frv. til l. um endurnýjun í stöður forstöðumanna ríkisstofnana. Þetta frv. náði ekki fram að ganga. Í frv. var gert ráð fyrir mjög hliðstæðum ákvæðum eins og eru í þessu frv., þ. e. að forstöðumenn ríkisstofnana væru skipaðir, settir eða ráðnir til 6 ára í senn og almennt yrði stuðlað að endurnýjun í þessum stöðum þegar sami maður hefði gegnt í 12 ár eða lengur.

Í ríkisstjórn þeirri sem sat á undan þeirri sem nú er við völd var mál þetta nokkrum sinnum rætt og þar kom að lokum að gerð var samþykkt um það í ágúst 1982, í tengslum við setningu brbl. um efnahagsmál nr. 79/1982. Þar var sérstakt ákvæði sem hljóðaði svo: „Undirbúin verði löggjöf um að stjórnendur ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkisbanka verði framvegis ráðnir til fimm ára í senn.“ Þá hafði einmitt verið unnið í fjmrn. um nokkurt skeið að frv. um þetta efni, og var stefnt að því, eins og gert er í þessu frv., að fella ný ákvæði um tímabundna ráðningu forstöðumanna ríkisstofnana inn í endurskoðuð ákvæði um starfsmannaráðningar almennt.

Frv. þessa efnis var lagt fram og kynnt í ríkisstj. nokkrum sinnum á s. l. vetri og naut þá óumdeilanlega mikils stuðnings, var m. a. formlega samþykkt í þingflokki Framsfl. og naut stuðnings ráðherra Sjálfstfl. auk ráðh. Alþb. Málið varð þó aldrei útrætt vegna nokkurra tæknilegra atriða, sem áframhaldandi voru til umr., hlaut ekki afgreiðslu í ríkisstj. og var því ekki lagt fram á Alþingi, þótt segja megi að fullur stuðningur hafi verið í ríkisstj. við meginefni frv. Það vannst m. ö. o. ekki tími til að ganga endanlega frá málinu í þeirri stjórn, enda að mörgu að hyggja á s. l. vetri eins og menn minnast.

Frv. er lagt fram nú nær óbreytt. Ég hef ekki beðið með það lengur með hliðsjón af því að hugsast gat að núverandi ríkisstj. vildi leggja frv. fram, eða núverandi fjmrh. mundi vilja beita sér fyrir samþykkt þess hér á Alþingi, en á lista ríkisstj. yfir mál, sem hún hyggst flytja á þessu þingi, er þetta mál ekki að finna. Ég geri mér hins vegar vonir um að núverandi ríkisstj. sé hugsanlega að efni til sammála því sem felst í þessu frv. og hæstv. fjmrh. sé það einnig. Á það þá vonandi eftir að koma fram hér í þinginu, en það lá sem sagt ekkert fyrir um það að ráðh. eða hæstv. ríkisstj. vildi hafa frumkvæði að þessu máli og því þótti mér einsýnt að hreyfa því hér.

Í frv. sem ég flutti veturinn 1977 var sagt að það væri flutt til þess að stuðla að hæfilegri endurnýjun og mannaskiptum í ríkiskerfinu og á það lögð áhersla að hvergi væri jafnbrýnt að forðast stöðnun og kyrrstöðu og einmitt í starfi forstöðumanns stofnunar. Þess vegna þyrfti sérstaklega að opna leið til að endurmeta skipan þessara embætta öðru hvoru. Ég tel að þessar röksemdir séu enn í fullu gildi. Mun ég nú víkja að einstökum greinum frv.

1. gr. er að meginefni í fullu samræmi við 1. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en ekki var talin ástæða til að fella þá grein úr gildi. Og sama gildir um 2. gr.

Um 3. og 4. gr. er það að segja að þar er því slegið föstu að tímabundið skuli skipað í allar stöður forstöðumanna atvinnufyrirtækja ríkisins og ríkisstofnana. Segja má að slíkt hafi verið heimilt að því er forstjóra atvinnufyrirtækja varðar, og áreiðanlega eru þess ýmis dæmi að þeir eru ráðnir með uppsagnarrétti, en þó hygg ég að þeirri heimild hafi ekki verið mikið beitt. Hér er það gert að aðalreglu að slíkir menn séu ávallt skipaðir til fyrirfram ákveðins tíma og er þetta nýmæli. Hér undir munu falla fjöldamargir starfsmenn sem nú hafa æviráðningu. Hér er gert ráð fyrir að það sé viðkomandi ráðuneyti og ráðherra sem taki að öðru leyti ákvörðun um hvaða embætti hjá viðkomandi ráðuneytum eigi að falla undir þessi lög. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir því að fjmrh. ákveði þetta. Þó að hér sé notað orðið ráðh. þá er að sjálfsögðu átt við ráðherra viðkomandi

ráðuneytis. Hins vegar er gert ráð fyrir, ef ágreiningur kemur upp um hvaða embætti eða embættismenn gætu fallið hér undir, að fjmrh. skeri úr, en að úrskurð hans megi bera undir almenna dómstóla.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi að ef mönnum finnst eðlilegra að forsrh. skeri úr í deilu af þessu tagi þá hefði ég svo sannarlega ekkert við það að athuga. En þeir sem sömdu frv. hafa haft þennan háttinn á vegna þess að almennt heyra kjör og ráðning starfsmanna ríkisins undir fjmrn. En þetta gæti hugsanlega verið á hinn veginn, að það væri forsrh. sem hefði með málið að gera.

Í 2. málsgr. 3. gr. er hverjum ráðh. heimilað á sínu starfssviði að ákveða að forstöðumaður ríkisstofnunar sé kosinn af starfsmönnum stofnunarinnar. Þetta væri algert nýmæli og áreiðanlega til mikilla bóta. Auðvitað getur komið til álita í vissum tilvikum að það væru tilteknir starfsmenn stofnunarinnar sem kysu forstöðumanninn, en hér er þetta orðað á þennan veg til þess að ráðh. geti haft frjálsar hendur í þeim efnum. Það verður hins vegar að setja um þetta reglugerð, þ. á m. um kosningarrétt, kjörgengi og kosningaframkvæmd.

Það er sérstaklega tekið fram í 3. málsgr. að reglur þessar gildi ekki um biskup og aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar, enda mun flestum kunnugt að um þá starfsmenn gilda sérreglur og þeir eru flestir kjörnir til starfa og þjóðkirkjan nýtur að ýmsu leyti sérstöðu í sínum málum.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir því að menn skuli kosnir eða skipaðir til 4—6 ára. Það er sem sagt ráðh. sem getur ákveðið það og geta þar ýmis sjónarmið komið til. Þetta er því dálítið sveigjanlegra en í frv. sem ég flutti hér fyrir sex árum, þar sem gert var ráð fyrir að um væri að ræða sex ára starfstíma að jafnaði. Í samþykkt ríkisstj. frá því í fyrra var gert ráð fyrir fimm ára starfstíma, en í þessu frv. er sveigja í þessu og talað um 4—6 ár.

Að skipunartíma liðnum má endurskipa eða endurkjósa mann einu sinni þannig að lengsti starfstími í sama embætti getur þá orðið 12 ár. En það skal tekið fram að ef maður hefur gegnt t. d. forstöðumannsembætti í 12 ár og síðan er annar maður skipaður í hans stað í eitt tímabil, þá má að sjálfsögðu skipa síðan þann sem áður gegndi því á nýjan leik. En hann má ekki hafa setið órofið í sama embættinu sem forstöðumaður lengur en 12 ár. Þetta er gert til að tryggja að um hæfilega endurnýjun sé að ræða í þessum störfum og að menn sem gegna svo ábyrgðarmiklum störfum taki sér þá a. m.k. nokkurra ára hvíld, áður en þeir hefja störf á nýjan leik, ef talið er skynsamlegt að þeir geri það.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi að í 20. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir því að forseti geti flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættisskiptin eða lausn frá embættum með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk.

Af þessu stjórnarskrárákvæði leiðir að sjálfsögðu að þeir menn sem nú eru skipaðir til starfa en mundu láta af starfinu vegna ákvæðisins til bráðabirgða, sem ég vík að á eftir, ættu rétt á öðru starfi með sömu launum og ættu einskis í að missa af embættistekjum sínum, eins og þar segir.

Ég ætla þá að víkja að ákvæði til bráðabirgða. Þar segir: „Á næstu 12 árum og eftir nánari ákvörðun viðkomandi ráðh. skal auglýsa að nýju allar stöður forstöðumanna stofnana þar sem svo stendur á að forstöðumaður hefur gegnt stöðunni samfleytt lengur en 12 ár.

Nú sækir sá um stöðu sem henni hefur gegnt og má þá skipa hann, setja eða ráða aftur í starfið einu sinni, þ. e. til sex ára að hámarki, ef sérstaklega stendur á.“

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að reynt sé að koma þessari skipan á á næstu árum eftir því sem ríkisstjórnir og einstakir ráðh. telja skynsamlegt, hæfilegt og mögulegt. Það er gefinn 12 ára frestur til að koma þessari skipan á og gert ráð fyrir að þeir sem gegna þessum stöðum nú geti að vísu sótt um aftur og verið skipaðir, settir eða ráðnir aftur í starfið og þá til sex ára ef sérstaklega stendur á, ef sérstök ástæða þykir til. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að þeir menn sem eru skipaðir í sínar stöður í dag og mundu láta af þeim vegna samþykktar þessara laga ættu með hliðsjón af 20. gr. stjórnarskrárinnar rétt til þess að halda embættistekjum sínum óskertum.

Vissulega má velta því fyrir sér hvort þessi réttur embættismanna samkv. stjórnarskránni sé ekki óþarflega fyrirferðarmikill, að ekki megi skerða laun þeirra hið minnsta ef þeir hverfa til annarra starfa. Má segja að eðlilegra væri að samhliða rétti til áframhaldandi starfa í þágu ríkisins ættu þeir rétt til ákveðinna hámarkslauna, t. d. launa, sem ekki væru lægri en sem svarar 3—4 launaflokkum neðar en starfið sem þeir áður gegndu. Ég skýt því að sem hugmynd að þannig væri hugsanlegt að skipa þessum málum að menn sem hyrfu frá störfum af þessu tagi héldu mestu af sínum launakjörum, en persónulega finnst mér ekki eðlilegt eða nauðsynlegt að þeir haldi nákvæmlega launum sínum um ókomin ár þó þeir hafi í eitt skipti verið skipaðir til þessara starfa. En þetta er stjórnarskrármál og á meðan stjórnarskránni hefur ekki verið breytt verður að sjálfsögðu að virða þetta ákvæði. Því legg ég áherslu á að að svo miklu leyti sem ákvæði til bráðabirgða kæmi til framkvæmda yrði að sjálfsögðu að gera ráð fyrir að þessir menn yrðu settir eða skipaðir til annarra starfa með sömu launum og giltu um forstöðumannsstarfið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég legg áherslu á að það er úrelt með öllu og ekki í neinu samræmi við þær reglur sem almennt gilda á vinnumarkaðinum að menn, sem ráðnir eru til svo þýðingarmikilla starfa að vera forstöðumenn stórra stofnana, séu látnir ríkja yfir þeim ævilangt ef þeir hafa verið til þess settir einu sinni. Þetta eru leifar frá liðinni tíð og ætti fyrir löngu að vera horfið úr lögum. Ég vænti þess fastlega að mikill meiri hl. alþm. sé mér sammála um þetta efni, að það geti ekki verið farsælt, hvorki fyrir ríkið eða ríkisstofnanir né fyrir einstaka starfsmenn, sem lýjast og eldast eins og aðrir menn, að slík ákvæði séu áframhaldandi í lögum. Þess vegna er nauðsynlegt að frv. þessa efnis verði samþykkt og reynt verði að tryggja eðlileg umskipti og endurnýjun í þessum embættum.

Ég vil leyfa mér að leggja til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. félmn.

Ólafur Jóhannesson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tala langt mál um þetta á þessu stigi og ég er ekki reiðubúinn til þess nú að taka afstöðu til þessa máls en

tel sjálfsagt að það verði athugað mjög gaumgæfilega og fái ítarlega athugun í n. Það er augljóst að mínu mati að því fylgja vissir kostir að tímabinda skipun eða ráðningu í störf. En á hinn bóginn þýðir ekki að loka augunum fyrir því að ókostir geta líka fylgt því. Og ég held að í því sambandi verði e. t. v. eitthvað að líta á eðli þess starfs sem um er að tefla. Ég fyrir mitt leyti tel það mjög eðlilegt — og ég býst við að flestir séu nú á því máli — að forstöðumenn atvinnufyrirtækja séu ráðnir eða skipaðir til ákveðins tíma. Aftur á móti er það kannske ekki alveg glöggt hér í frv. og kom kannske ekki heldur alveg ljóst fram í máli frsm. við hvað er átt með ríkisstofnun. Það getur átt við líka um ríkisstofnanir margar hverjar, að mínu mati, að menn séu skipaðir þar tímabundið. En þá nota ég ríkisstofnanir í ákveðinni merkingu og geri þá greinarmun á embættum og svo ríkisstofnun, og ég held að það sé venjulegt að gera það. En mér finnst ekki vera alveg ljóst við hvað er átt að þessu leyti til. Þó kom það fram hjá hv. flm. að hann gerir ráð fyrir að sjálfsögðu að tekið verði fullt tillit til stjórnarskrárinnar í þessu efni og hún fjallar einmitt um vissa tiltekna embættismenn.

En því segi ég þetta að mér finnst það dálítið skoplegt þegar í 3. málsgr. 3. gr. er farið að undanskilja biskup og presta þjóðkirkjunnar í þessu sambandi, þar sem áður er búið að tala um forstöðumenn atvinnufyrirtækja og ríkisstofnana. Mér hefði a. m. k. ekki dottið í hug að biskup og prestar féllu undir þetta. Ja, hvað er ríkisstofnun? Er átt við að söfnuður og kirkja sé ríkisstofnun? Má þá ekki eins tala um lækna og sýslumenn? Sýslur voru einu sinni reknar af sýslumönnum með vissum hætti. Það er nú ekki lengur. En þetta þarf að athugast í n. og þarf að liggja ljóst fyrir hvað menn meina í þessu efni.

Ég hef ekki mikið á móti ráðherrum yfirleitt, en kannske er það í fullmikið ráðist að fela ráðh. það vald sem honum er veitt þarna í 3. gr. Það gæti verið að ráðh. yrði tortryggður í sambandi við það hverjar ríkisstofnanir hann velur þegar hann ákveður hvort ráðinn skuli tímabundinn forstjóri fyrir þær eða ekki. Ég held að æskilegt væri, ef þessi skipan væri upp tekin, að það væru skýrari reglur og alveg ótvíræðar um það hverjir falla þar undir. En best væri fyrir alla aðila að það væri lagt sem minnst í vald ráðh.

En það er eins með þetta atriði og önnur sem ég minntist á að þetta þarf vitaskuld að athuga í n. og velta því fyrir sér.

Upphaf 5. gr. hljóðar dálítið ankannalega að mér finnst, fljótt á litið, en það kann að vera misskilningur. Þar segir með leyfi forseta: „Setja má mann í þau embætti sem jafnan skal skipa í.“ Ef ég skil þetta rétt er orðalagið „að jafnaði“ líklegra eða trúlega meint.

Ástæðan til þess að ég stóð upp var m. a. sú, að hv. flm. vísaði til samþykktar sem gerð hefði verið í fyrrv. ríkisstj. um þetta efni í ágústmánuði s. l. Ég vil aðeins taka það fram að ég hafði þá fyrirvara um þetta atriði og ég hef það að vissu leyti enn. Ég held að þetta sé talsvert flókið mál allt og þurfi að skoða það frá nokkuð mörgum hliðum. En mér skilst að hér sé byggt á þeirri skiptingu sem er í lögunum um réttindi og skyldur. Samkv. þeim lögum falla utan við þau lög t. d. allir bankastarfsmenn, peningastofnanir. Ég verð að segja það að ef á að taka upp tímabundna skipun eða ráðningu þá finnst mér eðlilegt að þar yrðu efstir á lista bankastjórar og forstöðumenn peningastofnana. Þetta þarf m. a. að athuga.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, ætla ég ekki á þessu stigi að tala langt mál um þetta. Og mínar athugasemdir eða öllu heldur kannske ábendingar má ekki taka svo að ég sé að meginstefnu til að andmæla þessu frv. og þeirri hugsun sem í því felst, því ég held að það geti í ýmsum tilfellum verið heilbrigt að taka upp nýja skipan í þessu efni. En menn mega ekki gera þetta mál of einfalt fyrir sér. Það er talsvert flókið og þarf að athugast vel og það veit ég að sú n. gerir sem fær frv. til meðferðar. E. t. v. er betra í þessu efni að flýta sér hægt og að málið fái betri athugun utan þings.

Það er ekki siður hér að gera miklar athugasemdir við það til hvaða n. mál fer, en mér finnst ákaflega einkennilegt, ég get ekki neitað því, ef þetta mál á að fara til félmn. Félagsmál held ég að þetta geti seint orðið. Samkv. tískunni hefði manni kannske dottið í hug að því yrði vísað til fjh.- og viðskn., en ég hefði talið eðlilegast að það færi til allshn.

Magnús H. Magnússon: Virðulegi forseti. Ég er í höfuðatriðum efnislega sammála því frv. sem hér er til umr. þó að auðvitað þurfi að skoða það vel í n. Ég er sammála hv. 9. þm. Reykv. um það að aðstæður geta verið mjög mismunandi frá einu fyrirtæki til annars þótt í báðum tilvikum sé um ríkisfyrirtæki að ræða.

En ég vil þó sérstaklega gagnrýna 5. gr. frv. Mér sýnist að hún þýði í reynd að ráðh. geti í svo til öllum tilvikum gengið fram hjá lögboðnum umsagnaraðilum. „Setja má mann í þau embætti sem jafnan skal skipa í,“ stendur þar, sem þýðir það að ráðh. geti sett mann án þess að leita umsagnar í svo til hvaða embætti sem er þó að það sé að vísu takmarkað við eitt ár. Auðvitað stendur sá maður mikið betur að vígi sem búið er að setja í embætti í eitt ár, ef síðan á að fara að auglýsa og skipa. Ég vil því gagnrýna 5. gr. og tel að það þurfi að breyta henni allverulega, þó að ég sé efnislega í höfuðatriðum sammála hugmyndinni sem liggur á bak við frv.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég held að hér sé hreyft við mjög þörfu máli og ég er í höfuðatriðum sammála þeim hugmyndum sem hér liggja að baki. En mig langar til að spyrja hv. flm. einnar spurningar, sérstaklega í sambandi við 3. gr.; reyndar kom hv. 9. þm. Reykv. inn á þetta hérna áðan. Þetta heitir frv. til l. um starfsmannaráðningar ríkisins en einu starfsmenn ríkisins sem eru tilteknir hérna eru forstöðumenn atvinnufyrirtækja annars vegar og biskupar og starfsmenn þjóðkirkjunnar hins vegar. Að hve miklu leyti nær þetta til allra hinna ríkisstarfsmannanna sem er afskaplega stór hópur? Mig langar þá í þessu tilviki líka til að spyrja: Hefur flm. hugsað sér t. d. að þetta nái til starfsmanna Háskóla Íslands?

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem hér hafa tekið til máls fyrir jákvæða afstöðu þeirra til málsins. Mér heyrðist á máli þeirra allra að þeir teldu það rétta stefnu sem í frv. felst þótt hv. 9. þm. Reykv. Ólafur Jóhannesson hefði nokkrar athugasemdir að gera og teldi að huga þyrfti vel að því að ekki yrðu gerð mistök í sambandi við samþykkt frv. af þessu tagi.

Það sem einkum hefur borið hér á góma er það til hverra þetta nær. Þá vil ég fyrst víkja að spurningu hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur sem spurði hvort þetta næði almennt til ríkisstarfsmanna og m. a. til starfsmanna Háskóla Íslands. Það er óhætt að svara þessari spurningu alveg hiklaust játandi. Þetta nær almennt til allra ríkisstarfsmana því að hér segir í 3. gr.: „Ráðh. ákveður í hverjar aðrar stöður, sem undir ráðuneyti hans heyra, skuli skipa tímabundið.“ Þetta er mjög víðtækt ákvæði og opnar ráðh. möguleika til að skipa tímabundið í allar þær stöður sem hann telur að eðlilegt sé að skipa tímabundið í. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að fyrir utan kennarastöðurnar er það langsamlega algengast að menn séu ekki með æviráðningu. Í dag er það þannig að það heyrir frekar til undantekninga, ef kennara- og skólastjórastöðurnar eru fráskildar, að menn séu skipaðir ævilangt til starfans. Það er ekki gert nema um sé að ræða meiri háttar stöður eða embætti og þá langoftast í samræmi við fyrirskipun í lögum. Það er líka t. d. algengt að deildarstjórar og jafnvel fulltrúar í ráðuneytum séu skipaðir ævilangt til starfa. (**ÓlJ:** Hvað um prófessora?) Um kennara gildir þetta almennt, að þeir eru langflestir skipaðir ævilangt til sinna starfa og að sjálfsögðu þá flestir starfsmenn Háskóla Íslands. (**ÓlJ:** Hvað um prófessorana?) Prófessorarnir já, já. Ég tel að það sé enginn vafi á því að með ákvörðun ráðh. geti frv. náð til allra þessara starfa ef það er talið eðlilegt. Frv. sjálft ákveður hins vegar einungis ótvírætt að þetta skuli gilda um forstöðumenn atvinnufyrirtækja og ríkisstofnana, en það opnar hins vegar ráðuneytum og ráðherrum leið til að ákveða þetta varðandi allar aðrar stöður hjá ríkinu.

Það má kannske vera að verið sé að fela ráðh. á hverjum tíma of mikið vald með þessu og löggjafinn eigi að taka af skarið í þessum efnum. Kannske vilja menn ganga lengra en gert er í þessu frv. og ákveða þetta varðandi allar stöður. Ég vil ekki útiloka þann möguleika, ég teldi það koma mjög vel til greina. En það væri miklu róttækari og stærri breyting en gerð er tillaga um í þessu frv. Í þessu frv. er athyglinni fyrst og fremst beint að forstöðumönnum fyrirtækjanna vegna þess að ég tel að þar kreppi skórinn mest og sé mest hætta á ferðum að afleiðingarnar geti orðið mjög slæmar ef vanhæfur maður eða illa hæfur maður gegnir slíkri stöðu um mjög langt skeið.

Í sambandi við það, sem er svo aftur önnur spurning og kom fram í máli hv. þm. Ólafs Jóhannessonar, hvort frv. nái til stofnana sem ráðið er til með öðrum hætti en greinir í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, vil ég lýsa því yfir sem minni skoðun að svo sé. Má vel vera að það þyrfti að taka það skýrar fram en gert er í frv. Ég álít að þetta eigi að ná til t. d. ríkisbankanna allra og til Framkvæmdastofnunar, svo nefnd séu dæmi. Og ég vil taka það fram að í frv. sem ég lagði fram hér í þinginu fyrir sex árum var beinlínis sagt í 3. gr.: „Lög þessi taka til ráðuneytisstjóra, bankastjóra, sendiherra, rektora, skólastjóra, sýslumanna, bæjarfógeta“ — það var einmitt það sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson spurði um hér áðan, um sýslumennina og bæjarfógetana — „og annarra yfirmanna dómsmálaembætta, forstjóra atvinnufyrirtækja í eigu ríkisins og annarra forstöðumanna ríkisstofnana.“

Kannske var þetta skýrara í fyrra frv. En þeir sem unnu að þessu máli í fjmrn. núna seinustu árin voru mjög mætir menn, m. a. skrifstofustjóri rn. og fyrrv. hæstaréttardómari, og þeir virðast ekki hafa séð ástæðu til að tiltaka einstök störf með þeim hætti sem ég gerði á sínum tíma og hafa talið það nokkuð ótvírætt að stöður þessar féllu undir þessi hugtök. En ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það er betra að taka af allan vafa í þessum efnum. Og í mínum huga er enginn vafi á því að t. d. sýslumenn, þó að þeir gegni fyrst og fremst embættum, þá eru þeir við ríkisstofnun sem heitir sýslumannsembættið á viðkomandi stað, sýsluskrifstofan á viðkomandi stað, þeir veita henni forstöðu og það þarf að láta þetta ná til þeirra eins og annarra. Og ég tala nú ekki um bankastjórana sem eiga að sjálfsögðu að falla undir þetta. Aftur á móti hygg ég að landamærin verði að draga þar sem um er að ræða hlutafélög þar sem ríkið er einungis einn af mörgum þátttakendum. Jafnvel þótt um meirihlutaaðild sé að ræða getur þetta auðvitað ekki átt þar við. En það skiptir heldur ekki máli því það dettur engum í hug að menn af því tagi séu skipaðir í sínar stöður og reynir ekki á það. Ég álít því að þetta nái til allra þeirra tilvika þar sem menn eru í dag skipaðir til sinna starfa, settir eða ráðnir.

Hv. þm. Ólafur Jóhannesson taldi óeðlilegt að biskup væri nefndur í þessu samhengi, en það stafar kannske af því að hann hefur misskilið tilgang minn með þessu frv. Ég tel sem sagt að biskup hefði ótvírætt fallið undir þessa skilgreiningu ef hann væri ekki sérstaklega undanþeginn. Ég tel hins vegar rétt að undanþiggja hann vegna þess að ég álít að það séu nú þegar sérreglur sem gilda um starf hans. Hann er kosinn af prestum landsins og síðan skipaður til síns starfa að lokinni þeirri kosningu. Ég held að það væri þá hyggilegra að breyta þeim ákvæðum sér á parti, í samráði við þau öfl og þá menn sem þar starfa og hef ekki viljað gera sérstaka tillögu um það. Og sama gildir um prestana. Þeir eru kosnir til sinna starfa, einu mennirnir sem eru kosnir beinni kosningu til sinna starfa fyrir utan forseta Íslands. Um forseta Íslands gildir að sjálfsögðu það að hann gegnir sinni stöðu tímabundið. Ég hygg því að það væri heppilegra að taka sérstaklega fyrir starfsmenn þjóðkirkjunnar í sérstöku frv. Þó vil ég ekkert útiloka það að mál þeirra yrðu tekin hér til meðferðar, en taldi ekki ástæðu til að draga þá inn í þetta til þess að valda ekki deilum um minni háttar atriði.

Það er rétt sem hér kom fram að ekki er alveg nógu vel orðaður fyrsti málsliður 5. gr.: „Setja má mann í þau embætti sem jafnan skal skipa í“. Hér er auðvitað átt við: „Setja má mann í þau embætti sem að jafnaði skal skipa í“. Kannske er þetta einhvers konar misprentun eða pennaglöp sem auðvelt er þá að leiðrétta. En sú er að sjálfsögðu hugsunin. Ég vil í þessu sambandi minna á að kennarar eru oftast skipaðir í sín störf. En þegar kennaraembætti losnar þá má eins setja í starfið, eins og menn þekkja, og þá hefur það verið hvort tveggja, að sett væri til eins árs eða til óákveðins tíma. Hér eru tekin af öll tvímæli um það að slíkt yrði óheimilt framvegis, að setja mann til óákveðins tíma. Samkv. þessu nýja ákvæði ber að setja mann til eigi lengri tíma en tveggja ára, og sé verið að setja manninn til starfa í lengri tíma en eitt ár þá ber að auglýsa stöðuna. Hér er sem sagt um að ræða þrengingu frá því sem nú er heimilt því að heimilt er nú að setja menn til starfa jafnvel án þess að staða sé auglýst, nema það sé

sérstaklega tekið fram í viðkomandi lögum, og er mjög oft gert, eins og menn þekkja, og þá venjulega til skamms tíma. Ég hygg að menn séu nú aldrei settir til starfa í óákveðinn tíma án auglýsingar, það held ég að tíðkist aldrei. En hér er líka verið að þrengja það að hægt sé að setja menn til starfa í óákveðinn tíma.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég gerði hér till. um að málið yrði sent til félmn. Ég viðurkenni að ég var dálítið hikandi þegar ég gerði þá till. Mér fannst dálítið óeðlilegt að málið færi til fjh.- og viðskn. en fannst að það lægi einna næst fyrir að það færi til félmn. sem fjallar um ýmiss konar félagsleg réttindi manna. Þegar ég velti því fyrir mér frekar þá hygg ég nú að frv. til l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafi oftast farið til fjh.- og viðskn. hér í þinginu, ég hygg það. Þess vegna gæti auðvitað komið til greina að senda málið til hennar. En ég skal alveg játa það að mér er heldur verr við að senda málið til hv. allshn., einfaldlega vegna þess að minn flokkur á ekki aðild að þeirri n. hér í d., svo einfalt er það nú. En ég mundi vilja draga til baka till. mína um félmn. með tilliti til þess sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði hér áðan og leggja til að málið færi til fjh.- og viðskn., eins og ég hygg að mál af þessu tagi hafi oft áður gert. Ég vildi þá áður en lengra er haldið átta mig á því hvort hv. þm. gæti ekki á það fallist.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég ætlaði nú ekki að blanda mér í umr. um þetta mál, en mig langaði þó aðeins til að varpa fram fsp. í sambandi við 6. gr., en 6. gr. kveður svo á að ráðning manns til starfa hjá ríkinu skal vera með tvennum hætti. Í fyrsta lagi ráðning til ákveðins tíma sem ekki skal vera lengri en tvö ár og í öðru lagi ráðning til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Það sem ég á við í þessu efni er þetta: Hver ræður þessu? Hver tekur ákvörðun um það hvor aðferðin skuli viðhöfð? Það er hægt að ráða menn til óákveðins tíma, t. d. eru bankastjórar ráðnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. (**RA:** Sá sem ræður í stöðurnar.) Allir bankastjórar hafa það ákvæði í sínum starfskjörum að vera ráðnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Það er hægt að segja bankastjórum upp störfum. Sama er að segja um forstjóra í Framkvæmdastofnun og fleiri stöður. Það hefur ekki verið gert mikið af þessu en það er eigi að síður staðreynd að hægt er að gera það.

En það sem mig langaði til að spyrjast fyrir um er þetta: Hver er meiningin með þessari 6. gr.? Það er æði mikill munur á því hvort maður er ráðinn til ákveðins tíma sem ekki skal vera lengri en tvö ár, eða hann er ráðinn til óákveðins tíma með uppsagnarfresti, að vísu. Og það er að mínu mati eiginlega nauðsynlegt að gera á þessu gleggri skil því ef um er að ræða að þetta sé laust og í hendi þess sem ræður þessu, er þá í raun og veru um verulega miklar breytingar að ræða í framkvæmdinni frá því sem verið hefur? Og þess vegna langaði mig til þess að spyrjast fyrir um það hvernig þetta væri raunverulega hugsað, hvort það væri ekki ráð að setja frekari leiðbeiningarreglur um það hvað mætti ganga langt í því að ráða menn til óákveðins tíma.

Nú er margt í þessu máli sem ég álít að þurfi að skoða, eins og t. d. það að við Íslendingar höfum náttúrlega ekki alveg ótakmarkaðan fjölda hæfra manna. Þannig að það kemur auðvitað til skoðunar þegar menn taka ákvarðanir um hvort æskilegt sé að skipta mikið um, gera róttækar breytingar í þá átt að láta menn hætta í stórum stíl og aðra menn taka við, hvað menn hafa mikið mannval í þessum efnum. Ég óttast það dálítið, einmitt í sambandi við þessa grein, að ef það er algerlega í hendi viðkomandi aðila hvort um ráðningu til ákveðins tíma eða ráðningu um óákveðinn tíma á að vera að ræða, að það verði æði mikill ruglingur í þessu öllu. Þarf ekki að hafa fastari reglur um þetta atriði? Þess vegna langar mig nú til að spyrja flm. að því hvort hann hafi hugsað þetta atriði sérstaklega og hvernig hann gæti hugsað sér að það yrði í raun og veru framkvæmt þegar til stykkisins kemur?

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Út af fsp. hv. 4. þm. Austurl. vil ég taka þetta fram: Ég lít svo á að þetta sé alveg ljóst. Í 6. gr. er gert ráð fyrir að ráðning geti verið með tvenns konar hætti, ráðning til ákveðins tíma sem ekki skal vera lengri en tvö ár og ráðning til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þetta tíðkast hvort tveggja í dag og er engin breyting frá því sem nú er. Það er auðvitað alveg ljóst hver ákveður þetta, það er sá sem ræður viðkomandi mann. Í rn. mundi það oftast vera ráðh., en þó hugsanlega ráðuneytisstjóri í ýmsum tilvikum. Í bönkum eru það væntanlega bankaráðin sem taka ákvörðun um hvernig þessu sé hagað. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði hérna áðan að ráðning til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti er mjög algengt form, m. a. eru bankastjórarnir ráðnir með þessum hætti í dag.

En þá er spurning hv. þm., hverju breytir þá frv. varðandi t. d. bankastjórana? Það bætir því við að þegar um er að ræða forstöðumenn ríkisstofnana eins og forstöðumenn banka þá bætist við þessa 6. gr. ákvæði 3. gr. að þá má ekki ráða til óákveðins tíma. Vegna þess að sérákvæði þessara laga nær þá alveg sérstaklega til þeirra má alls ekki ráða til óákveðins tíma. Annar liður 6. gr. gæti því alls ekki átt við bankastjóra svo nefnt sé dæmi, því það er alveg ljóst af 3. gr. að þá ber að ráða til ákveðins tíma. (**TÁ:** Að jafnaði í 3. gr.) Já, já, að jafnaði. Að jafnaði skal skipa tímabundið í allar stöður. Það er sem sagt hugsunin í þessum tilvikum að þegar um forstöðumenn atvinnufyrirtækja og ríkisstofnana er að ræða, þá sé um að ræða tímabundna ráðningu.

Það má vel vera að það þurfi að velta einstökum ákvæðum frv. betur fyrir sér. Kannske væri t. d. réttara að upphaf 3. gr. væri ekki bara með mjög skýrri upptalningu sem tæki af allan vafa um að bankarnir féllu undir þetta, heldur væri líka sagt hér: Að jafnaði skal skipa, setja eða ráða tímabundið í allar stöður forstöðumanna atvinnufyrirtækja ríkisins og ríkisstofnana. Ég hygg að greinin væri ótvíræðari og skýrari ef þannig væri til orða tekið og að það verði að flokkast undir pennaglöp að orða þetta ekki á þennan hátt vegna þess að í dag er ekki skipað í allar þessar stöður, það er í vissum tilvikum ráðið í þær og því væri miklu skýrara að orða þetta á þann veg. En þetta er nú svona minni háttar formsatriði sem auðvitað þarf að hyggja að við meðferð málsins í n. En ég hygg að þetta eigi hvorki að valda misskilningi né vandræðum.

Ég ítreka svo, virðulegi forseti, till. mína um að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v., flm. þess frv. sem hér er á dagskrá um starfsmannaráðningu ríkisins, beindi til mín spurningu um hvort fjmrh. mundi vilja beita sér fyrir framgangi þessa máls á Alþingi nú.

Ég svara því stuttlega: Nei, ég mun ekki gera það og vil það ekki. Það stendur hér í grg. á þriðju síðu að frv. þetta sé flutt í þeim tilgangi að stuðla að hæfilegri endurnýjun á mannaskipan í ríkiskerfinu. Það er ekkert í ríkiskerfinu sem kemur í veg fyrir þessa hæfilegu endurnýjun eða sem kemur í veg fyrir að ráðamenn geti komið í veg fyrir kyrrstöðu þannig að þetta frv. er óþarft þess vegna. Það fer eftir hverjum þeim sem stjórnar í það og það skiptið hvað hann fylgist vel með, hvernig starfið gengur, hvort hann er ánægður með það hvort það er komin kyrrstaða eða ekki. Og hann getur þá gert sínar ráðstafanir.

Síðan er sagt: „Hvergi er jafnbrýnt að forðast stöðnun og kyrrstöðu og í starfi forstöðumanns stofnunar". Í 4. gr. segir, með leyfi forseta:

„Sé sá háttur viðhafður sem mælt er fyrir í 3. gr. skal skipað eða kosið í stöðu til minnst þriggja ára en mest sex ára."

Þetta frv. kemur ekkert í veg fyrir kyrrstöðu eða stöðnun á þessu þriggja ára tímabili. Það skal skipa þessa aðila, þeir verða þá ekki hreyfðir á þessu fyrsta tímabili. Og það fer allt eftir manninum sjálfum hvort kyrrstaða myndast á þessu tímabili eða ekki í því starfi sem hann á að gegna. Þetta frv. gerir því ekki gagn að því leytinu til.

Ég sé margar hættur í þessu frv. T. d. hérna í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. getur ákveðið með reglugerð að forstöðumaður ríkisstofnunar skuli kosinn úr hópi tiltekinna starfsmanna stofnunarinnar."

Á ráðh. að fara að velja hvaða starfsmenn eigi að kjósa úr ákveðnum hópi annarra starfsmanna þá sem eiga að stjórna stofnuninni? Sömu menn og ráðh. velur og hafa þá heimild til að kjósa sér úr sínum hópi forstöðumann stofnunar, sömu menn skulu hafa kjörgengi og kosningarétt, ekki allir starfsmenn. Þetta fyrirkomulag er í Alþb., að kjósa menn í embætti til ákveðins tíma og láta þá svo hætta. Það er hægt að endurnýja stöður í Alþb. til ákveðins tíma en ekki lengur. Það er verið að yfirfæra hér hugsunina sem þeir Alþb.-menn, sem ég kalla nú kommúnista svona almennt, nota sjálfir heima fyrir. En ég er andstæðingur þess skipulags og mun þess vegna ekki, og það er svar mitt við spurningunni, ég mun ekki beita mér fyrir framgöngu þessa máls hér á Alþingi. Það þýðir ekki að ekki sé réttlætanlegt að endurskoða starfsmannahald og ráðningar hjá ríkinu. Annars held ég að það hafi verið gert ef ég man rétt, ef minni mitt bregst mér ekki, með lögunum um verkfallsrétt opinberra starfsmanna þar sem fastráðningar voru felldar niður og falla niður eftir því sem tíminn líður. Mig minnir að það hafi verið, en það getur vel verið að það sé rangt hjá mér.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég harma það að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera reiðubúinn til þess að styðja þetta frv., en undrast hins vegar að hann skuli ekki koma auga á þá vankanta sem eru á núverandi skipulagi. Það er ekki hægt að koma fram endurnýjun í störfum forstöðumanna ríkisstofnana í dag, þeir eru skipaðir mjög margir, líklega langflestir, ævilangt og verður ekki við þeim hróflað. Ég er mest undrandi á því að jafn ágætur maður og hæstv. fjmrh. sem kemur beint úr atvinnulífinu og er ekkert sérstaklega hrifinn af ríkisstofnunum þar sem stundum ríkir kannske viss doði eða drungi, að hann skuli ekki ganga í lið með mér til að reyna að tryggja að þessar stofnanir séu reknar í samræmi við það sem gildir á hinum almenna vinnumarkaði og að þeir sem eru forstöðumenn fyrir ríkisstofnanir hafi ekki sérréttindi fram yfir forstjóra einkafyrirtækja. Ætlar hæstv. fjmrh. virkilega að fara að verja þetta steinrunna kerfi ríkisins gagnvart alþjóð? Ég trúi því ekki, ég er viss um að þetta byggir á einhverjum misskilningi hjá hæstv. fjmrh. og hann á eftir að skoða hug sinn betur. Ég trúi því heldur ekki að þó að Alþb. hafi tekið upp þessa starfshætti hjá sér, að hafa endurnýjun í störfum helstu forustumanna flokksins sem meginreglu, að það þurfi að aftra hæstv. fjmrh. frá því að styðja þetta frumvarp. Vissulega er hann ekki samherji okkar í stjórnmálum, en hann getur hins vegar verið hlynntur góðum hugmyndum eftir sem áður og ég treysti honum til að endurskoða afstöðu sína í þessum efnum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég sé ekki af þeim kynnum mínum sem ég hef af opinberum rekstri neina hindrun í að skipta um þar sem menn annaðhvort standa sig ekki í embættum eða brjóta af sér, þannig að sá steinrunni sem hv. þm. talaði um er þá í forustunni sjálfri, hann er þá í mér sem ráðh. eða honum sem fyrrv. hæstv. ráðh.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 14. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Ingvar Gíslason): Áður en gengið verður til dagskrár er tvennt sem ég mun taka fyrir. Ég vil í fyrsta lagi geta þess, að það er hugmyndin, eins og tilkynnt var á síðasta fundi deildarinnar á miðvikudaginn, að halda hér aukafund eða að framhald þessa fundar verði fyrst og fremst milli kl. 6—7 í dag og síðar aftur í kvöld kl. 8.30, og ég vona að hv. þdm. veiti þessu athygli, að fundinum verður fram haldið eitthvað fram eftir kvöldi.

Þá vil ég einnig geta þess, að eins og menn sjá, þá er það mál sem margir hafa fylgst með og afgreitt hefur verið úr nefnd, þ. e. launamálið, brbl. sem við köllum svo, það mál hefur verið tekið fyrir í nefnd og afgreitt þaðan, hygg ég. Hins vegar hafa mér ekki enn þá borist nál. en þau munu nú væntanleg úr prentun. En m. a. vegna þess að hæstv. forsrh. hefur fjarvistarleyfi á þessum fundi er mér ekki unnt að taka málið fyrir í dag. En þetta mál verður tekið fyrir á miðvikudaginn og vona ég að hv. þdm. geti sætt sig við það.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ástæðan til þess að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár eru fréttir í sjónvarpinu í gærkvöld, þar sem var greint frá að á vegum hermálaráðuneytis Bandaríkjanna væri nú unnið að könnun á því hvort rétt væri að koma upp á Íslandi eldflaugakerfum í því skyni að loka svokölluðu GIUK-hliði. Í fréttum sjónvarpsins var komist svo að orði með leyfi hæstv. forseta:

„Í skýrslu sem unnin hefur verið á vegum bandarískra varnarmálaráðuneytisins um hvar æskilegt gæti verið að koma fyrir eldflaugakerfum án kjarnorkuvopna er Keflavík talin koma til álita. Fréttir um þetta hafa birst í fjölmiðlum erlendis, þar á meðal í breska blaðinu Sunday Times og í skoska blaðinu Scotsman. Í grein í Sunday Times, sem fyrst og fremst fjallar um hugmyndir Bandaríkjastjórnar um smíði skipa sem borið geti eldflaugar, er einnig vikið að því að athugun hafi verið gerð á því að loka hafsvæðinu á milli Grænlands, Íslands og Bretlands, svonefndu GIUK-hliði með eldflaugavopnum. Hafi tveir staðir verið nefndir sérstaklega í þessu sambandi, Stornoway í Skotlandi og svo Ísland. Í greininni í Scotsman segir að sá staður í Skotlandi sem hentugastur þætti fyrir eldflaugar sé Thurso eða, svo að vitnað sé orðrétt í fréttina í Scotsman: „Keflavík á Íslandi og Thurso í Skotlandi eru augljóslega þeir staðir sem hentugast væri að koma fyrir eldflaugum á til þess að loka svæðinu á milli Grænlands og Bretlands."

Upplýsingar þessara blaða og fleiri sem um þetta hafa fjallað, eru komnar úr skýrslu kjarnorkuvopnadeildar (Defense Nuclear Agency) sem gerð var á vegum bandarískra varnarmálaráðuneytisins. Í þessari rannsóknarskýrslu, sem var stytt „af öryggisástæðum" eins og það er kallað áður en hún var birt kemur það fram að athugunarefnið hefur verið tvíþætt. Hvort nýta mætti meðaldrægar eldflaugar án kjarnorkuvopna til hernaðar á hafsvæðum, þar sem sovéski flotinn fer um og þyrfti hugsanlega að fara um á ófriðartímum, svo sem á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Bretlands, við Japan, Kóreu, Hellusund við Svartahaf og víðar. Í öðru lagi átti að kanna hvort þessi eldflaugakerfi, sem svipaði til kjarnorkuvopnakerfa, væru líkleg til þess að rugla Sovétmenn í ríminu og torvelda þeim að átta sig á því hvar kjarnorkuvopn væri að finna og hvar ekki. Niðurstaða þessara rannsókna var m. a. sú, að eldflaugakerfi af þessu tagi gætu komið að góðum notum til þess að loka hafsvæðinu á milli Grænlands, Íslands og Bretlands, hinu margfræga GIUK-hliði. Og eins og sagði í Scotsman er komist að þeirri niðurstöðu að Keflavík væri sá staður á Islandi sem augljóslega yrði valinn fyrir slíkar eldflaugar ef af yrði.

Rétt er að leggja áherslu á, sagði í fréttum sjónvarpsins enn fremur, að hér er um að ræða athuganir og uppástungu sem ekkert bendir til að hafi komist á framkvæmdastig og einnig er rétt að hafa í huga að sífellt er verið að gera rannsóknir af þessu tagi sem aldrei koma til framkvæmda.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson, deildarstjóri varnarmáladeildar í utanrrn., sagði í samtali við fréttastofuna að þessi skýrsla hefði ekki komið til tals í varnarmáladeild, enda fjarri lagi að hugmyndum af þessu tagi yrði hrint í framkvæmd. Ég vek athygli á orðalagi embættismannsins, sem hér er viðhaft, þ. e. að þessar hugmyndir hafi ekki komið til tals í varnarmáladeild, enda fjarri lagi að hugmyndum af þessu tagi yrði hrint í framkvæmd. Afstaða íslenskra stjórnvalda væri og hefði verið sú, að varnarliðið gegndi tvíþættu hlutverki: annars vegar að annast beinar varnir landsins og hins vegar eftirlit umhverfis það. Svona hugmyndir eins og fram kæmu í skýrslunni mundu augljóslega — ég vek athygli á þessu orðalagi — brjóta í bág við þetta tvíþætta hlutverk. Í framhaldi af þessum ummælum má geta þess, að Scotsman leitaði álits á bandarísku skýrslunni hjá hernaðarsérfræðingi við háskólann í Aberdeen og kvaðst hann í sjálfu sér ekki vera undrandi á niðurstöðum skýrslunnar hvað hernaðarþáttinn varðar. Hins vegar taldi hann fjarri lagi að hægt væri að fá þessu framgengt, því að almenningur í Skotlandi væri líklegur til þess að verða því mjög andvígur að stýriflaugum yrði komið fyrir á skoskri grund. Fólk tengdi allar flaugar kjarnorkuvopnum sem það hefur ímugust á.

Þess má reyndar geta í þessu sambandi að í skýrslunni er varpað fram þeirri hugmynd að e. t. v. væri ekki úr vegi að koma fyrir kerfum af þessu tagi í löndum þar sem ekki væru kjarnorkuvopn og andstaða gegn slíkum vopnum, því að það gæti stuðlað að því að íbúarnir ættu auðveldara með að sætta sig við það síðar að svipuðum flaugum, búnum kjarnorkuvopnum, yrði komið fyrir í löndum þeirra. Hugmyndin er m. ö. o. sú að venja menn við tilhugsunina um kjarnorkuvopn með því að koma þessum flaugum fyrir, m. a. á Íslandi.

Í greininni í Sunday Times, segir enn fremur í fréttinni sem áður er vitnað til, er litið á þetta sama mál af öðrum sjónarhóli því fram kemur að það er mörgum hernaðarsérfræðingum áhyggjuefni að kerfi á borð við þessi muni gera það illmögulegt að fylgjast með kjarnorkuvígbúnaði því að erfitt geti reynst að ganga úr skugga um hvort kjarnorkusprengjur séu í eldflaugum eða annars konar sprengjur. Í niðurlagi skal þess getið að í bandarísku skýrslunni, sem hér hefur verið vitnað í, er hernaðarlegt mikilvægi Íslands ítrekað eða eins og segir orðrétt: „Ísland er kostagóð jarðeign til að athafna sig á og kunna Sovétmenn að hyggja gott til glóðarinnar að ná landinu á sitt vald með innrás." Í skýrslunni segir að stýriflaugar á Íslandi gætu hindrað slíka árás.

Herra forseti. Ég tel að þessi frétt, sem ég hef hér nú lesið, gefi tilefni til þess að velta upp mörgum spurningum. Og ég hef beðið hæstv. utanrrh. að svara þeim spurningum sem ég vil bera fram af þessu tilefni.

Sú skýrsla sem hér um ræðir hefur verið sýnd í fréttum íslenska sjónvarpsins. Á fundi utanrmn. í morgun kom það fram að utanrrn. hefur fengið þessa skýrslu hjá íslenska sjónvarpinu og ég aflaði mér hennar einnig á fréttastofu sjónvarpsins eftir að hafa haft samband við fréttastjóra þess. Í framhaldi af því hef ég gert ráðstafanir til þess að koma skýrslunni á framfæri við fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna í utanrmn., en hún hefur að geyma niðurstöður þeirra rannsókna sem unnar hafa verið á þessu máli fyrir bandarískra hermálaráðuneytið. Í henni kemur fram að skýrslan hefur verið stytt af öryggisástæðum og felld hafa verið út úr henni nokkur atriði sem ekki eru hér með og ekki hafa komið fyrir mín augu.

Ég vil biðja hæstv. utanrrh. að hugleiða það í framhaldi af þeirri umr. sem hér fer nú fram, hvort hann vildi ekki vera svo vinsamlegur að fara þess á leit

við bandaríska hermálaráðuneytið að þeir kaflar sem felldir hafa verið út úr skýrslunni í þessu birtingarformi hennar, sem ég hef hér fyrir framan mig og hæstv. utanrrh. hefur í höndum, verði einnig birtir svo að það komi alveg skýrt fram hvaða hlutir það eru og þættir, lið fyrir lið, sem bandaríska hermálaráðuneytið er að fjalla um varðandi Ísland, m. a. á bak við hæstv. utanrrh.

Það sem einkum skiptir þó máli að átta sig á í þessu efni, herra forseti, er það hver sé skoðun ríkisstj. á því hvort hægt sé að koma upp slíkum eldflaugum hér á landi að óbreyttum „varnarsamningnum", þar sem hér er bersýnilega um árásarvopn að ræða. Telur hæstv. utanrrh. að ríkisstj. gæti að óbreyttum „varnarsamningnum" samþykkt að setja upp slík tæki? Ef hann telur það og er þeirrar skoðunar er hann í rauninni að segja að utanrrh. landsins, hver sem hann er, geti samþykkt að hér verði komið fyrir kjarnorkuvopnum. Auðvitað vitum við að sá búnaður sem þegar er í herstöðinni gæti á marga lund tekið við kjarnorkuvopnum. En til þessa hefur það verið í orði kveðnu stefna íslenskra stjórnvalda að kjarnorkuvopn ættu ekki að vera á Íslandi. Ef utanrrh. hins vegar telur að ríkisstj. geti samþykkt eldflaugavopn á Keflavíkurflugvelli eða annars staðar í herstöðvum Bandaríkjamanna hér á landi er augljóst að brýnt er að setja hér lög sem banna utanrrh. að heimila staðsetningu slíkra vopna hér á landi. Það er athyglisvert að í frétt sjónvarpsins telur deildarstjóri varnarmáladeildar greinilega að uppsetning eldflauga hér á landi brjóti í bág við anda „varnarsamningsins". Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh.: Telur hann að uppsetning slíkra eldflauga hér á landi brjóti í bág við anda og eðli „varnarsamningsins"?

Annað atriði, sem hér vekur sérstaka athygli, er að kjarnorkuvarnadeild bandaríska hermálaráðuneytisins lætur kanna hvort koma eigi slíkum eldflaugum fyrir hér á landi án þess að utanrrn. á Íslandi hafi minnstu hugmynd um það. Ég teldi fulla ástæðu til þess að utanrrn. og utanrrh. mótmæltu slíkum vinnubrögðum bandaríska hermálaráðuneytisins mjög harðlega. Hér eru bandarísk stjórnvöld að fara á bak við utanrrh. fullvalda þjóðar. Þau eru að lítillækka íslenskan ráðh. í þessu efni. Svona framkomu á hann ekki að láta bjóða sér. Þess vegna er spurt: Ætlar hæstv. utanrrh. að mótmæla þessum vinnubrögðum bandaríska hermálaráðuneytisins?

Í þriðja lagi er fróðlegt að þessi skýrsla, sem fréttastofa sjónvarpsins lét mér í té í morgun, skuli unnin á vegum kjarnorkuvarnadeildar hermálaráðuneytis Bandaríkjanna. Það bendir til þess að bandarísk stjórnvöld telji rétt að undirbúa þann möguleika, að hér verði staðsett kjarnorkuvopn í framtíðinni. Í skýrslunni er raunar tekið fram að heppilegt geti verið að koma svona eldflaugum fyrir þar sem andstaða er við uppsetningu þeirra til þess að venja íbúa landsins við þá tilhugsun, því að í raun sé mjög erfitt að gera greinarmun á því hvort þessar eldflaugar eru búnar kjarnaoddum eða ekki og mjög einfalt sé að koma þeim fyrir. Þannig er augljóst að umræður um eldflaugar á Íslandi eru hluti af stærri heild og þáttur í þeirri stefnu hernámsins sem stundum hefur minnt á smáskammtalækningar.

Fyrst var Keflavíkursamningurinn gerður fyrir mörgum áratugum. Síðan var Ísland knúið inn í Atlantshafsbandalagið. Þá var þjóðin hernumin árið 1951. Síðan var rekið hér hermannasjónvarp um skeið. Þá hafa milljarðar kr. runnið til ákveðinna afla á Íslandi sem eru nátengd núverandi stjórnarflokkum.

Nú er ætlunin að gefa Íslendingum flugstöð og síðan höfn um leið í Helguvík og það er troðið upp á okkur margföldun olíugeymarýmis. Þá eru byggð flugskýli og nú eru radarstöðvar í undirbúningi með þeim rökum m. a. að Íslendingar geti ekki sinnt flugmálastjórn, fjarskiptum og landhelgisgæslu án þess að vera beiningamenn á þröskuldi bandarískra hervaldsins. Nýjasta hugmyndin er svo þessi eldflaugakerfi til þess að loka GIUK-hliðinu svonefnda. Vafalaust segir einhver að óvíst sé að þetta verði framkvæmt, en reynslan sýnir okkur því miður að svardagar duga aldrei í þessum efnum þegar komið er að herstöðvamálinu. Raunar þvert á móti. Því fleiri sem svardagarnir eru og háværari þeim mun meiri er hættan sem er yfirvofandi.

Ég ætla, herra forseti, ekki að orðlengja þetta frekar, en endurtek spurningar mínar til hæstv. utanrrh.:

Telur hann koma til greina að komið verði upp slíkum eldflaugum hér á landi?

Telur hann að stjórnvöld hafi heimild til þess að samþykkja uppsetningu þeirra?

Telur hann uppsetningu eldflauga hér á landi samrýmast óbreyttum „varnarsamningi"?

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hafði samband við mig á ellefta tímanum í gærkvöld, eftir að hafa fylgst með sjónvarpsfréttum, og tilkynnti mér að hann óskaði að taka efni sjónvarpsfréttanna til meðferðar utan dagskrár á fundi Nd. í dag. Ég hafði ekkert við það að athuga og skal fjalla um málið eins og hann hefur gefið tilefni til.

Mér var ekki kunnugt um þá skýrslu er greint var frá í sjónvarpsfréttum. Að vísu hafði fréttamaður sagt mér lauslega frá blaðafregnum um þessa skýrslu og að loknum sjónvarpsfréttunum var hann reiðubúinn að láta mér í té þá skýrslu sem hér er um að ræða.

Þetta er skýrsla sem gerð er af einkafyrirtæki, að því er virðist, að nafni Science Applications Inc., 1710 Goodridge Drive, McLean, Virginia. Segir svo á forsíðu þessarar skýrslu: Drög að lokaskýrslu fyrir tímabilið september 1982 til júlí 1983, vitnað í samning við og undirbúin fyrir forstjóra Defense Nuclear Agency í Washington D.C. Ég hef gert ráðstafanir til að sendiráð okkar í Washington afli sér upplýsinga um þessa skýrslugerð, hvernig hún er tilkomin og í hvaða tilgangi. Sömuleiðis hef ég látið spyrjast fyrir um það í sendiráði Bandaríkjanna hér á landi, hvernig á þessari skýrslu standi og í hvaða tilgangi hún sé gerð. Sendiherra Bandaríkjanna hefur tjáð ráðuneytisstjóra utanrrn. að það væru margir tugir eða hundruð slíkra skýrslna á ferðinni, m. a. í skrifstofunum í Pentagon, sem ekkert væri gert með í raun og veru og þessi skýrsla væri algerlega marklaus.

Nú skal ég ekki frekar fjalla um það, en leggja þó áherslu á það sem fréttamaður gerði sjálfur í sjónvarpinu, þar sem hann sagði: „Rétt er að leggja áherslu á að hér er um að ræða athuganir og uppástungur, sem ekkert bendir til að hafi komist á framkvæmdastig, og einnig er rétt að hafa í huga, að sífellt er verið að gera rannsóknir af þessu tagi, sem aldrei koma til framkvæmda."

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir að hér er um að ræða mál sem aldrei

hefur komið á dagskrá hjá íslenskum stjórnvöldum, að hér yrði komið fyrir landföstum eldflaugum, hvorki með kjarnaoddum né án kjarnaodda. Og ég er sömu skoðunar og fram kemur hjá deildarstjóra varnarmáladeildar í utanrrn., Sverri Hauki Gunnlaugssyni, en haft var eftir honum í umræddri sjónvarpsfrétt að þessi skýrsla hefði ekki komið til tals í varnarmáladeild, enda fjarri lagi að hugmyndum af þessu tagi yrði hrint í framkvæmd. Afstaða íslenskra stjórnvalda væri og hefði verið sú, að varnarliðið gegndi tvíþættu hlutverki, annars vegar að annast beinar varnir landsins og hins vegar eftirlit umhverfis það. Hugmyndir á borð við þær sem fram kæmu í skýrslunni mundu augljóslega brjóta í bág við þetta tvíþætta hlutverk. Ég svara því fsp. hv. þm. um það, hvort ég teldi til mála koma að setja slíkar eldflaugar upp á Íslandi, neitandi.

Ég er sömuleiðis þeirrar skoðunar, að uppsetning slíkra eldflauga mundi breyta eðli varnarstöðvarinnar og því sé ekki efni til þess á grundvelli varnarsamningsins að slíkt verði gert. Varnarsamningurinn hefur það hins vegar í för með sér — hann er alveg skýr og ótvíræður að því leyti — að hann felur Íslendingum algert og óskorað vald varðandi hvaða ráðstafanir eru hér á landi gerðar, hvaða vopn eru hér til staðar eða hvernig þau eru notuð. Það er á valdi Íslendinga fyrst og síðast að kveða á um það.

Ég get verið sammála hv. fyrirspyrjanda um að ég tel óviðurkvæmilegt að verið sé að gera skýrslur varðandi þátt Íslands í varnarsamvinnu vestrænna þjóða án þess að Íslendingar fylgist með því. Ég er þeirrar skoðunar að Íslendingar hafi verið of afskiptalitlir í þessum efnum, að okkur Íslendingum beri að fylgjast með umræðum um varnarviðbúnað mun betur en við höfum gert og við eigum sjálfir að vega og meta hvaða ráðstafanir eru gerðar hér á landi okkur til varnar, öryggi okkar til halds og trausts. Í því felst að við hljótum að byggja upp innan okkar eigin vébanda meiri og betri sérfræðiþekkingu en við höfum enn yfir að ráða eða höfum notfært okkur a. m. k.

Það fer ekki hjá því að innan Atlantshafsbandalagsins og í umræðum milli manna og fulltrúa landa og í stofnunum, er fjalla um utanríkis- og öryggismál, séu gerðar ýmiss konar skýrslur og varpað fram margs konar hugmyndum sem ætlað er að skýra viðhorfin í alþjóðamálum og stöðu einstakra landa hvað snertir öryggi þeirra ef til átaka kæmi eða til þess að koma í veg fyrir átök. Okkur Íslendingum ber skylda til að fylgjast mun betur en við höfum gert með öllum slíkum umræðum og gera okkar hug upp með tilvísun til eigin hagsmuna að þessu leyti. Það er ekki hægt í opnum þjóðfélögum vestrænna ríkja að koma í veg fyrir að einstakar stofnanir, félagssamtök, einstaklingar, fræðimenn eða jafnvel opinberar stofnanir, sem láta einkafyrirtæki fyrir sig vinna, fjalli um öryggismál á breiðum grundvelli og þar komi fram ábendingar um stöðu Íslands í einu eða öðru efni. En hitt er alveg ljóst, að samkvæmt varnarsamningnum höfum við Íslendingar fyrsta og síðasta orðið um allar ákvarðanir. Í þessu tilviki er þessi skýrsla ein af mörg hundruð, mörg þúsund skýrslum sem eru á sveimi og ber að líta á hana sem slíka. Hún er því ekki marktæk.

En að gefnu tilefni fsp., sem hér er um að ræða, svara ég því eindregið að ég tel ekki koma til greina eða vera á dagskrá uppsetningu eldflauga hér á Íslandi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Mig langar að tjá mig um þetta mál með nokkrum orðum og ég vil byrja á að þakka utanrrh. svör hans. En ég tel rétt að taka þessar hugmyndir strax föstum tökum því að ég tel að hugsunin að baki þeim sé mjög hættuleg og því megi þær ekki skjóta rótum.

Í fyrsta lagi, eins og áður hefur komið fram, er hér um að ræða meðaldrægar stýriflaugar, sem eru í eðli sínu árásarvopn. Það er afar mikilvægt að slík vopn verði aldrei skilgreind sem varnarvopn, og á það sérlega við um Ísland. Innan skamms verða sendar svipaðar stýriflaugar til Evrópu undir því yfirskini að þær séu varnarvopn.

Í öðru lagi er um að ræða vopn sem hægt er að búa og þegar hafa verið búin kjarnaoddum og því væri lítið mál að bæta þeim búnaði við ef þurfa þætti.

Í þriðja lagi er umframgeta stórveldanna til að eyða hvort öðru svo mikil í reynd að þau eiga erfitt með að finna ný áhugaverð skotmörk. Því er ekki um að ræða að villa fyrir með kjarnaoddalausum eldflaugum. Þær yrðu gerðar að skotmarki ef minnsti vafi léki á um eðli þeirra.

Ég vil jafnframt minna á að þeir sem taka ákvarðanir um smíði, staðsetningu og beitingu kjarnorkuvopna eru stjórnmálamenn. Langflestir þeirra eru ekki í stakk búnir til að skilja og meta eðli og áhrif slíkra vopna. Því er það í reynd að ráðgjafar stjórnmálamanna, hernaðarsérfræðingar, eru e. t. v. þeir sem taka ákvarðanir sem varða afkomu alls lífs á þessari jörð. Og hernaðarsérfræðingar eru ekki kjörnir fulltrúar fólksins. En túlka stjórnmálamenn hinn raunverulega vilja fólksins? 60—80% almennings í löndum Evrópu segjast ekki vilja kjarnorkuvopn og milljónir manna ganga til að mótmæla. Samt á að senda slík vopn til Evrópu innan skamms með vilja stjórnvalda.

Hafa stjórnmálamenn efni á því að láta andmæli og varnaðarorð sem vind um eyru þjóta frá þeim sem stuðluðu að uppfinningu kjarnorkuvopna og skilja eðli þeirra manna best, þ. e. 14 þús. eðlisfræðinga um allan heim, eða þá þeirra sem ætlast er til að sinni afleiðingum kjarnorkustyrjaldar og þekkja áhrif kjarnavopna best, milli 30 og 40 þúsund lækna um allan heim? Geta stjórnmálamenn leyft sér að leggja ekki við eyrun? Í þágu hvers eyða þeir um einni milljón dollara á mínútu í vígbúnað í heiminum á degi hverjum? Í þágu hvers tryggja þeir hverju mannsbarni um fjögur tonn af sprengiefni í vöggugjöf, þegar mannkynið vantar mat, heilbrigði og atvinnu? Það eru um 600 millj. manna í heiminum sem eru vannærðar eða líða hungur. Um 600 millj. manna eru atvinnulausar og um 900 millj. manna eru ólæsar. Á sama tíma er einn hermaður á hverja 250 íbúa þriðja heimsins, en aðeins einn læknir á hverja 3700 íbúa. Hernaðarútgjöld í hálfan dag mundu nægja til að útrýma malaríu úr heiminum og einn skriðdreki kostar jafnmikið og skóli fyrir 30 þús. börn. Við berjumst stöðugri og vonlítilli baráttu við þurrka, uppblástur og gróðureyðingu jarðarinnar. Væri okkur ekki nær að snúa við blaði? Við þurfum ekki vopn ef við eigum ekki óvini. Trúa menn því í raun og veru að samskiptavandamál stórveldanna verði leyst með ofbeldi eða vopnum? Væri ekki uppbygging friðsamlegra og jákvæðra samskipta vænlegri en reyna að halda friði með vopnaógn og ótta? Væri ekki nær að reyna að eyða þeim ótta og tortryggni sem næra þá óvinaímynd sem

stórveldin nota til að réttlæta vígbúnaðinn? Þar er framlag hvers og eins mikilvægt, líka okkar Íslendinga.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil gjarnan leggja nokkur orð í belg um þau alvarlegu tíðindi sem hér eru rædd.

Það eru vissulega alvarleg tíðindi ein sér að vestur í Bandaríkjunum skuli menn vera að ráðskast svona með landið okkar án þess að hæstv. utanrrh. viti af því. En þetta eru í mínum huga enn þá alvarlegri tíðindi ef við skoðum þau í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í vígvæðingarmálum hér í kringum okkur síðustu árin og áratuginn. Það er nefnilega þannig, að margt smátt gerir eitt stórt og safnast þegar saman kemur.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. utanrrh. að það komi að hans dómi ekki til greina að slíkar flaugar verði settar hér upp, en ég vil taka það fram sem mína skoðun að ég er ekki sammála þeirri greiningu, sem hann hélt hér fram, að tilkoma slíkra eldflauga hefði breytt eðli herstöðvarinnar í Keflavík. Ég hefði talið það enn eina staðfestingu á því árásarhlutverki sem sú stöð nú þegar gegnir. Ég vil fara um það nokkrum orðum.

Þegar hingað komu ratsjárflugvélarnar voldugu sem AWACS nefnast vissu menn að vonum næsta lítið um þau tækniundur sem þar voru á ferðinni, en síðan hefur margt orðið ljósara um möguleika og hlutverk þeirra flugvéla jafnt í vörn og sókn. Ég vil taka nokkur dæmi um mátt þessara flugvéla, sem hér eru nú staðsettar og fljúga gjarnan yfir höfuðborgina á góðviðrisdögum.

Ein AWACS-þota getur uppgötvað, þekkt og fylgt eftir flugvél í allt að 400 km fjarlægð. Svo að dæmi sé tekið um mátt ratsjárstöðvarinnar við jörðu niður getur hún þekkt og elt bíl í 300 km fjarlægð frá þeim stað sem hún er uppi við. Ein einasta AWACS-þota getur þakið 390 þús. ferkm landsvæði, þegar hún er í háflugi, sem er fast að fjórum sinnum flatarmál Íslands. Til samanburðar getur lítil jarðradarstöð þakið um 10 þús. ferkm svæði. Heimurinn fékk áhrifamikla sönnun fyrir mætti þessara véla nóttina góðu sem Bandaríkin gerðu misheppnaða tilraun til að bjarga gíslum sínum í Íran. Þá voru AWACS-vélar á lofti yfir Miðausturlöndum og trufluðu svo allt fjarskipta- og ratsjárkerfi Írana að þeir vissu ekki hvað var að ske þá nótt. Það má segja að þeir hafi varla náð í síma milli húsa, svo öflugt er truflunarkerfi þessara véla þegar þær eru á lofti. Aðalætlunin eins og hún kemur fyrir ætlar Bandaríkjamönnum 34 slíkar vélar. NATO-ríkin hafa fallist á að kaupa 18 stykki vegna mikils þrýstings frá Bandaríkjunum. Árið 1978 kostaði hver slík vél á annað hundrað millj. Bandaríkjadala.

Ég er þeirrar skoðunar að hlutverk AWACS-vélanna hér tengist áformum Bandaríkjamanna um vígbúnað, um sókn, um árásarstríð miklum mun fremur en einhverju sem heiti varnir Íslands. Það er alveg ljóst að það þarf ekki vél sem þekur 400 þús. ferkm svæði með radar sínum til þess að vakta hólmann okkar. Þar er eitthvað annað á ferðinni. Þess vegna segi ég það, að í mínum huga hefði það verið enn ein staðfestingin á því árásarhlutverki sem herstöðinni í Keflavík er ætlað hefði koma flauganna sem við ræðum nú verið boðuð. — Og ég minni á að slíkt er í raun ekki ný tíðindi fyrir þá sem með þessum málum fylgjast. Það hafa áður verið uppi áform um það og eru margar skýrslur á sveimi eins og hæstv. utanrrh. rakti hér. Eru á ferli úlfur og refur til að koma hér upp alls konar vígtólum.

Árið 1977 birtist í tímaritinu Aviation Week and Space Technology grein eftir C.A. Robinson jr., þar sem hann skýrir frá því að sérfræðingar bandaríska flotans hafi mjög hugleitt þann möguleika að koma fyrir árásarsveit F-14 árásarþotna á Keflavíkurflugvelli sem bera langdrægar Phoenix-eldflaugar og gætu grandað skipum í allt að 1000 km fjarlægð. Slík sveit hefði auðvitað átt að gegna sama hlutverki og þær eldflaugar sem hér er talað um, þ. e. að loka með eldflaugum sínum GIUK-hliðinu og jafnvel verja strendur Noregs allt norður undir norðurodda hans. Það er þess vegna ekkert nýtt að snillingarnir í Washington séu að gera sér mat úr kostalandinu Íslandi og bollaleggja möguleikana á að nota það í þessu gereyðingarstríði, óðs manns æði og mesta glæp mannkynssögunnar samanlagðrar. Eg held því að það sé nauðsynlegt að skoða þessa frétt, þó að því hafi hér verið neitað af hæstv. utanrrh. að til greina komi að setja slíkar flaugar upp. Ég held að það sé engu að síður rétt að skoða þessa frétt í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í herstöðinni í Keflavík og í öllum vígbúnaði í Norður-Atlantshafinu síðustu árin.

Ég vil fara hér með litla upptalningu á því hvað hefur skeð fyrir augunum á þjóðinni síðustu árin. Það hefur yfirleitt heitið eðlileg endurnýjun eða mengunarvarnir eða eitthvað þaðan af saklausara á máli þeirra manna sem ráðið hafa utanríkismálum þjóðarinnar. En hvað hefur verið að ske í reynd? Jú, það hefur verið endurnýjaður næstum því allur búnaður herstöðvanna í Keflavík og á Stokksnesi. Það hafa verið byggð sprengjuheld flugskýli fyrir endurnýjaðan flota árásarþotna, sem bera reyndar skammdrægar eldflaugar. Það hefur verið reist jarðstöð fyrir móttöku gervihnattasendinga. Síðan er það koma AWACS-vélanna, þessara fljúgandi stjórnstöðva í atómstríði. Voru það ekki nokkur tíðindi? Svo er það bygging olíubirgðastöðvar og flotahafnar í Helguvík. Það hét, eins og ég rakti áðan, mengunarvarnir á máli ráðamanna. Talað hefur verið um byggingu herflugvallar á Norðurlandi og við höfum frétt af ratsjárstöðvum, sem væntanlega verða ræddar í fsp.-tíma í Sþ. á morgun. Auk þessa eru áætlanir bandarískra sérfræðinga um að staðsetja hér orrustuflugvélasveit á vegum sjóhersins, sem bæri langdrægar Phoenix-eldflaugar, og fleira mætti tína til af þeirri gagngerðu endurnýjun sem hefur verið í vígbúnaðarmálum á Íslandi og í hafinu í kringum okkur. Þetta mætti einnig tengja endurnýjun stöðva Bandaríkjahers í Færeyjum og á Grænlandi. Það mætti tengja þetta vaxandi umferð kjarnorkukafbáta í kringum Ísland og það mætti tengja þetta vaxandi alhliða áherslu Bandaríkjastjórnar á að færa vígbúnaðinn úr eigin landi til annarra.

Evrópuríkin og Ísland meðtalið ættu held ég að hugleiða fyrst og fremst að það er verið að flytja stríðsvettvanginn frá Bandaríkjum Norður-Ameríku og öllu meginlandi Ameríku yfir í Evrópu og yfir á hafið umhverfis Ísland. Það eru váleg tíðindi fyrir eyþjóð eins og okkur Íslendinga.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau svör sem hann hefur hér gefið. Ég tel að þau séu út af fyrir sig skýr svo langt sem

þau ná í þessu efni.

Það svar sem mestu máli skiptir er það að mínu mati að hæstv. ráðh. komst þannig að orði að aldrei hefði komið á dagskrá að hér yrði komið fyrir eldflaugum. Það kemur ekki til mála, sagði hann, að setja slíkar eldflaugar upp á Íslandi, hvorki með né án kjarnorkuvopna. Þannig komst hæstv. utanrrh. að orði og hann bætti því líka við að það væri á valdi Íslendinga að ákveða hvort hér eru eldflaugar eða ekki.

Það sem skiptir máli í þessu efni er auðvitað að það er vilji núv. hæstv. utanrrh. að þannig verði á málum haldið að hér verði ekki opnað fyrir eldflaugar og ég tel að fagnaðarefni sé að slík yfirlýsing liggi fyrir. Hitt er hins vegar alveg ljóst, að þær umr. sem hér hafa farið fram benda til þess með óyggjandi hætti að hér er engin markleysa á ferðinni. Hermálaráðuneyti Bandaríkjanna og forstjóri þess hafa farið þess á leit við ákveðinn aðila að gerð verði könnun á því m. a. hvort heppilegt væri að loka svokölluðu GIUK-hliði með því að koma fyrir eldflaugum í Skotlandi og á Íslandi. Ég tel að þetta séu svo alvarleg tíðindi að það sé ekki hægt að strika yfir þetta þrátt fyrir þá afstöðu sem hæstv. núv. utanrrh. hefur í því efni. Ég tel að þessi tíðindi séu þannig, að við hljótum að íhuga mjög alvarlega hvort ekki er nauðsynlegt að setja hér lög sem taka af öll tvímæli í þeim efnum að ekki sé heimilt fyrir neina ríkisstjórn að láta staðsetja kjarnorkuvopn á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að láta á það reyna hvort hið háa Alþingi er tilbúið til að fallast á slíka lagasetningu. Ég tel að allir utanríkisráðherrar Íslands ættu að fagna því ef Alþingi tæki af tvímæli í þessum efnum, því að ég tel að utanrrh., hver sem hann væri, væri í miklum vanda ef honum væri stillt upp frammi fyrir því að það væri óhjákvæmilegt vegna öryggis landsins að staðsetja hér kjarnorkuvopn. Ég tel að sá utanrrh. væri betur settur sem þá gæti borið fyrir sig ótvíræðan vilja Alþingis í þessu efni. Ég vil sem sagt undirstrika í tilefni af þessari umr. að það verði rætt mjög alvarlega að sett verði slík löggjöf um að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorkuvopnum.

Ég vil einnig víkja aðeins að því sem hæstv. utanrrh. sagði hér um rannsóknir í öryggismálum og að við þyrftum að vera betur í stakk búnir í þeim efnum en verið hefur. Ég vil út af fyrir sig taka undir að það er nauðsynlegt fyrir okkur að vera betur að okkur um tækniþekkingu í þeim efnum en verið hefur. Ég vil hins vegar ekki stuðla að því fyrir mitt leyti að sá eða þeir sem í slíkt yrðu valdir yrðu eins konar próventukarlar hjá Atlantshafsbandalaginu og ameríska hernum að því er varðar þekkingaröflun. Ég tel að það sé alveg grundvallaratriði, ef sérfræðingar ættu að nýtast okkur til sjálfstæðrar skoðanamótunar í utanríkismálum, að þeir ættu að geta starfað með öðrum hætti en þeim að þeir þyrftu að sækja alla sína þekkingu til Bandaríkjastjórnar, bandaríska hersins og Atlantshafsbandalagsins. Í þessum efnum minni ég á að fyrir fimm árum rúmum var sett á laggirnar öryggismálanefnd af páv. ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Sú nefnd hefur verið að störfum núna í fimm ár og það hafa komið ýmis gögn frá þessari nefnd, sem ég tel að hafi öll verið til þess fallin að greiða fyrir skilningi á þessum málum og opna fyrir eðlilega málefnalega umræðu um þessi efni hér á landi. Ég held þess vegna að við ættum ekki að líta á sérfræðistörf í þessum efnum sem sérfræði í vígbúnaðarmálum fyrst og fremst, heldur ættum við fyrst og fremst að horfa á þetta þannig, að við værum að koma hér upp sérfræðingum í friðarrannsóknum — sérfræðingum sem hafa það hlutverk að kanna með hvaða hætti er best unnt að tryggja tilveru, líf, íslensku þjóðarinnar í þeim válega heimi sem við búum í núna.

Ég vil undirstrika þetta alveg sérstaklega, því að ég *tel að mjög miklu máli skipti að horfa á málið frá* þessum bæjardyrum. Mig minnir að á síðasta þingi eða næstsíðasta hafi legið hér fyrir till. frá hv. þm. Friðrik Sophussyni o. fl. um að stofnað verði embætti öryggismálaráðgjafa í utanrrn. Ég skildi það svo, að hv. þm. og aðrir flm. þessarar till. væru að ýta undir að Íslendingar stunduðu sjálfstæðar rannsóknir í þessum efnum. Ég get tekið undir það, að ég held að við ættum að reyna að finna leið til þess. En til að þessar sjálfstæðu rannsóknir geti orðið Alþingi og mér liggur við að segja þjóðinni að liði er nauðsynlegt að það sé ekki tortryggni af neinu tagi í kringum þá aðila sem slíkar rannsóknir stunda. Það er nauðsynlegt að þeir sem annast slíkar rannsóknir njóti trúnaðar fulltrúa allra helstu stjórnmálasjónarmiða hér í landinu. Þess vegna hef ég verið þeirrar skoðunar, að eðlilegt væri að velta því fyrir sér að þessi sérfræðiþekking yrði fyrst og fremst tengd starfsemi öryggismálanefndarinnar, vegna þess að ég held að góð samstaða sé um það í öllum flokkum að öryggismálanefndin hafi skilað allgóðu verki og hún eigi að starfa áfram, en öryggismálanefndin er eins og kunnugt er starfrækt á vegum forsrn. en ekki utanrrn.

Í ræðu minni áðan spurði ég hæstv. utanrrh. að því, hvort hann vildi beita sér fyrir því að bandarískra hermálaráðuneytið léti okkur í té, a. m. k. utanrmn. Alþingis og utanrrn., þá kafla úr skýrslunni sem ég vitnaði til áðan, sem hafa verið felldir út. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fara fram á það við hæstv. utanrrh. að hann reyni að útvega þessa skýrslu óstytta og hún verði lögð fyrir utanrmn. a. m. k. og utanrrn. þannig að það verði hægt að átta sig á hvað menn eru að bollaleggja um Ísland þarna úti í Pentagon og það komi fram hvaða hlutverk það er sem hermálaráðuneyti Bandaríkjanna ætlar þessari kostajörð, Íslandi, eins og það var orðað svo smekklega í þeirri skýrslu sem rætt var um hér áðan.

Herra forseti. Þau tíðindi hafa nú gerst í utanríkismálum, sem hæstv. utanrrh. hefur oftar undirstrikað en nokkur annar maður og frægast var það þó í Varðarferð s. l. sumar, þar sem hann lagði á það höfuðáherslu að nú hefðu þau kaflaskipti orðið í utanríkismálum á Íslandi, að neitunarvald Alþb. er þar úr sögunni. Þetta er mjög mikilvægt atriði, sem utanrrh. þarna viðurkennir, að Alþb. hafi með veru sinni í ríkisstj. og aðild sinni að stjórn landsins komið í veg fyrir að Bandaríkjamenn yrðu afgreiddir svo að segja eins og í sjálfsafgreiðslu með þær kröfur sem þeir gera varðandi útþenslu hernámsins hér á landi. Nú er svo komið, að á undanförnum vikum og mánuðum hafa kröfur Bandaríkjastjórnar í þessu efni náð fram ein af annarri á mörgum sviðum, eins og ég gat um hér áðan. Og nú er svo komið, að rætt er um það hér á Alþingi Íslendinga að gefnu tilefni vegna heimilda í ábyrgum gögnum að í hermálaráðuneyti Bandaríkjanna séu uppi ráðagerðir um að koma upp eldflaugakerfi á Íslandi. Og ég segi: Það dugir ekkert minna en mótmæli Alþingis Íslendinga í þessu efni, því að reynslan hefur sýnt okkur að þó að

Bandaríkjamenn láti segjast af ákveðinni neitun eins ráðh. í augnablikinu hamra þeir stein. Reynslan sýnir að þeir hafa iðulega komið fram hugmyndum sem hafa þótt fjarstæðukenndar í upphafi. Hver hefði fyrir tíu árum látið sér detta í hug að hér yrði farið að byggja flugstöð, margfalda olíugeyma og flotahöfn í Helguvík á árinu 1983? Það gat enginn maður séð fyrir á þeirri stundu. Af þeirri ástæðu, herra forseti, er brýnt að þessi umr. hefur farið fram með þeim hætti sem gerst hefur hér í dag og að Alþingi setji sér að mótmæla því og lýsa því yfir að það komi ekki til greina að hér verði komið upp eldflaugum af neinu tagi og þar með lýsi Alþingi Íslendinga yfir stuðningi við sjónarmið hæstv. utanrrh. í þessu máli.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu fróðlegt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með þeim áformum sem stórþjóðirnar í þessum heimi hafa um vígbúnað. Og það er að sjálfsögðu ekki hægt fyrir friðelskandi þjóð eins og okkur að sætta sig við slík sjónarmið, því þau samrýmast á engan hátt okkar vitund og okkar vilja í þessu landi. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast sem best með þessum málum og efla okkar eigin vitund um það hvernig slík áform gætu komið við okkur.

Það vekur vissulega nokkra furðu þegar frétt eins og sú sem birtist í gær kemur fram. Ég held að allir Íslendingar geti verið sammála um að fyrirætlanir eins og þar komu fram munu aldrei koma til greina. Ég veit ekki betur en full samstaða hafi verið um það á Alþingi og í þjóðfélaginu að hér yrðu aldrei geymd kjarnorkuvopn. Það kom fram áðan að setja þyrfti sérstök lög um að slíkt skyldi ekki gert. Ég tel að það sé óþarfi, vegna þess að ég hef þá trú á okkar þjóðfélagi og öllum lýðræðisöflum í þjóðfélaginu að slíkt mundi aldrei geta komið til greina. Það hefur og verið ótvíræður vilji Alþingis og ótvíræður vilji allra stjórnmálaflokka í landinu.

Það er hins vegar nokkuð merkilegt að heyra hvernig um þetta er rætt og hvernig um þetta er talað. Ég skal taka það fram að ég er lítill hernaðarsérfræðingur og almennt hef ég lítinn áhuga fyrir þeim málum. Þau koma tiltölulega sjaldan upp í minn huga sem betur fer. En hins vegar er það nokkuð undarlegt þegar menn tala um að loka svæðinu milli Grænlands og Íslands og loka svæðinu milli Íslands og Skotlands með einhverjum stýriflaugum. Ég býst við að því svæði verði seint lokað. Hins vegar hefur mér skilist að hér væri um að ræða hugmyndir um að setja upp vopn sem gætu tekið þátt í hugsanlegum hildarleik í heiminum, þ. á m. að skjóta á skip á þessu hafsvæði og trúlega að skjóta eitthvað annað út í þennan heim. Ég hef því ekki trú á að hægt sé að ræða þetta með þeim hætti að loka eigi þessu hafsvæði í eitt skipti fyrir öll og eftir það geti ekkert rússneskt skip og enginn rússneskur kafbátur komist inn á það. Slíkt er að sjálfsögðu ekki ætlunin þegar menn ræða um þetta. Sjálfsagt er þá verið að hugleiða hvort ekki sé hægt að hafa hér á landi eins og í Evrópu einhverjar slíkar stýriflaugar.

Um það skal ég ekki fara fleiri orðum. Ég vildi aðeins taka fram að slíkt kemur alls ekki til greina og ætti í reynd að vera óþarfi að taka það fram hér á Alþingi, en ekki sakar það. En ég vil láta í ljós efasemdir um að við treystum sjálfum okkur ekki betur en það að við þurfum að setja sérstök lög um slíka hluti. Ég hef fullt traust á stjórnmálaöflum í landinu að þau leyfi aldrei uppsetningu stýriflauga hér. Ég vil gjarnan treysta því og ég held að það sé nauðsynlegt okkur öllum. Þess vegna tel ég óþarfa að setja sérstök lög um slíkt.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á yfirlýsingar hæstv. utanrrh. og sjútvrh. af hálfu ríkisstj. Þess efnis, að ekki komi til greina og útilokað sé að eldflaugum slíkum sem þeim sem frá var greint í sjónvarpsfréttum í gærkvöld verði komið fyrir hér á landi. Það er ástæða til að fagna þessum yfirlýsingum ráðherranna. Það liggur þá ljóst fyrir að ekki er ágreiningur milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu um það mál sem er hér nú til umr. utan dagskrár.

Það liggur vitanlega einnig alveg ljóst fyrir að það erum við Íslendingar sem höfum lokaorðið um það, á hvern hátt varnarbúnaði er komið fyrir í okkar eigin landi. Við höfum neitunarvald m. ö. o. í því efni. Það kemur þegar ljóst og skýrt fram í 1. gr. varnarsamningsins, sem lögfestur var sama árið og varnarliðið kom hingað til lands 1951, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í þessu skyni [þ. e. varnarskyni] og með varnir á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, fyrir augum, lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg."

Hér kemur mjög skýrt og glöggt fram að allur slíkur varnarviðbúnaður er seldur undir jáyrði Íslendinga. En þessi ákvæði 1. gr. varnarsamningsins vekja hins vegar til umhugsunar um atriði og efni sem nokkuð hefur verið drepið á í þessum umr. og nær raunar mörg ár og jafnvel áratugi aftur í tímann, án þess að þau mál hafi nokkurn tíma fram gengið.

Eins og ég las í niðurlaginu er fjallað um varnir sem báðir aðilar eru ásáttir um að séu nauðsynlegar. Þess vegna vaknar sú spurning: Hvernig erum við Íslendingar í stakk búnir til að meta það á hverjum tíma hvers konar og hvaða varnir eru nauðsynlegar hér á landi? Það er þó ein meginforsendan í þessu efni og meginforsendan fyrir þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamvinnu við Bandaríkin að við séum sammála og ásáttir um nauðsyn varna landsins, í hvaða mynd þær birtast og í hvaða mynd þær eru. Við verðum að játa að við erum engan veginn í stakk til þess búnir, við höfum sáralitla og lélega aðstöðu til þess. Í utanrrn., varnarmáladeild, eftir því sem mér er best kunnugt, starfa engir sérfræðingar á sviði varnarmála, á sviði hermála eða á sviði friðarmála, eins og hv. þm. Svavar Gestsson nefndi þetta hér áðan. Þrátt fyrir að nú er komið á fjórða áratug síðan bandaríska varnarliðið kom hingað til lands, 35 ár síðan við gengum í Atlantshafsbandalagið, höfum við því miður ekki enn, þrátt fyrir þennan langa tíma, séð ástæðu til að koma okkur upp innlendri, íslenskri sérfræðikunnáttu, mönnum sem geta með ráðum sínum, ráðgjöf, veitt íslenskum stjórnvöldum hlutlausa, ef svo mætti að orði komast, ráðgjöf og álitsgerðir um nauðsyn varna Íslands á hverjum tíma, hverju beri þar að breyta, eða lagt hlutlaust mat á nýjar tillögur sem í þeim efnum koma frá Bandaríkjunum eða frá Atlantshafsbandalaginu.

Það dæmi sem hér er á dagskrá í dag er einmitt dæmi um hver nauðsyn er að geta tekið slík mál til skoðunar og athugunar út frá sérfræðikunnáttu en ekki aðeins

pólitískum ákvörðunum. Í því efni er ég ekki að segja að til greina hafi komi nokkur vafi varðandi þau áform sem hér eru til umr. Það hefur verið þegar tekinn af allur vafi í þeim efnum. En hitt er ljóst, að það er ekki sæmandi fullvalda og sjálfstæðri þjóð, sem sjálf rekur ekki varnir sínar heldur verður að byggja í þeim efnum á samvinnu við eitt af stórveldum veraldar, að búa svo fátæklega um hnútana að innan hennar vébanda, í hennar stjórnarstofnunum sem um þessi mál fjalla, sé ekki fyrir hendi sú tágmarkssérfræðiþekking að unnt sé að leggja innlent, íslenskt mat á þau áform, þann varnarviðbúnað sem er í landinu á hverjum tíma.

Á þessu hlýtur að verða breyting og verður að verða breyting. Um þetta hefur verið talað af hálfu forustumanna í utanríkismálum í langan tíma, af hálfu alþm. einnig, en ekkert hefur gerst. Þess vegna var ánægjuefni að hlýða á ummæli hv. utanrrh. hér í dag um þetta atriði og þá ekki síður ummæli hv. þm. Svavars Gestssonar. Í báðum þessum ummælum kom fram skilningur á brýnni nauðsyn athafna á þessu sviði þó svo á nokkuð mismunandi hátt væri.

Ekki skal ég leggjast gegn því að við komum okkur upp sérfræðingum á sviði friðarmála, og víst er það mikil nauðsyn, og það er alveg rétt að öryggismálanefndin hefur unnið að fræðilegum könnunum og útgáfu á merkum álitsgerðum almennt um stöðu Íslands í varnarsamstarfi vestrænna þjóða og horfum í því efni, en hér þarf í rauninni miklu meira til. Við þurfum hér bein sérfræðileg ráð, við þurfum að koma okkur upp einum eða fleiri sérfræðingum í varnar- og hermálum, sem starfi í varnarmáladeild utanrrn. og ráði okkur heilt í þeim efnum. Ég held að lengur ætti ekki að draga framkvæmdir í þessu efni. Það virðist vera vilji fyrir hendi bæði innan stjórnarliðsins og stjórnarandstöðunnar. Það mál sem hér er með réttu á dagskrá í dag ætti að verða tilefni til þess að menn létu af biðinni, en hæfu aðgerðir í þá átt sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Okkur bregður auðvitað nokkuð við þegar við verðum fyrir því að hlusta á sjónvarpsfréttir eins og þær í gær, þar sem reifuð eru áform í túninu hjá okkur heima án þess að við höfum með nokkrum hætti af því frétt áður. En svo mikið er víst varðandi þessi áform að hversu vel sem þessir ágætu menn eru að sér í hernaðarfræðum þá eru þeir mjög fátækir að vitneskju í pólitík, því að fyrir þessum áformum, held ég að sé óhætt að segja, eins og reyndar hefur komið hér fram í dag, eru auðvitað engar pólitískar forsendur til.

Mér þótti ágæt yfirlýsing hæstv. utanrrh. af þessu tilefni. Mér þótti hún ekki bara ágæt heldur sjálfsögð og ég átti auðvitað von á því að hún yrði einmitt þannig. Og í samræmi við það hefur málflutningur allra verið hér í dag, nefnilega að svona lagað komi ekki til mála, fyrir því séu engar forsendur. Og að sú varnarstöð sem hér er sé rekin á allt öðrum grundvelli en þarna sé verið að tala um.

En þá verð ég líka um leið að mótmæla þeim málflutningi, sem hér hefur komið fram t. d. hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni, að hér sé rekin árásarstöð. Ég held að það hafi einmitt verið sérstaklega að því gætt að stöðin hér í Keflavík væri eftirlits- og varnarstöð og að það fyrirkomulag sem við höfum haft í þeim efnum hafi gefist okkur nokkuð vel. Og við skulum halda okkur við það. Það hefur tryggt okkur frið fram að þessu og hefur gefist okkur vel og við skulum ekki rugga þeim báti.

En ég hjó eftir því að önnur þeirra blaðagreina sem í er vitnað hér sem frétt er nú ekki aldeilis ný. Hún mun vera síðan í mars s. l. Og hin er frá því einhvern tíma í október. Þetta vekur mann náttúrlega til umhugsunar um það að ekki fylgjumst við allt of vel með. Og ekki veit ég hversu gömul þessi skýrsla er sem í er vitnað. Af því litla sem ég hef séð um hana verður ekki einu sinni ráðið hvenær hún hafi verið skrifuð eða gefin út. (**Gripið fram í:** Í júlí.) Í júlí? Já. Og það minnir okkur á það að eins og umræðan er í heiminum og eins og menn geta tekið upp á öllum mögulegum og ómögulegum athugunum þá þurfum við að leggja okkur betur fram um að fylgjast með, hvort heldur við ráðum til þess sérstaka ráðgjafa eða nýtum sendiráð okkar og mannafla betur til að fylgjast með. Mér finnst nú að varnarmálaráðuneytið bandaríska, sem hefur þó látið vinna þessa skýrslu að því er virðist vera fyrir sig, gæti vel leyft sendiráði okkar í Washington að vita af því þegar væri verið að fjalla um mál sem varða einmitt okkar svæði á hnettinum, snerta varnir á þessum hluta jarðkringlunnar. Mér finnst að það gerði ekkert til og mætti beina því til þeirra

En aðalatriðið er það að við leggjum meira á okkur við að fylgjast með þeirri umr. sem í gangi er í þessum efnum og veljum til þess mannafla svo að við komum ekki af fjöllum þegar verið er að fjalla um þessi mál.

Að lokum tek ég undir yfirlýsingu hæstv. utanrrh. um þetta mál. Ég tel að hún hafi verið bæði ágæt og hárrétt.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Athygli mín var á því vakin í dag, eftir að sjónvarpsfréttin birtist á skjánum í gærkvöld, að fyrir rúmri viku hefði birst í Morgunblaðinu frásögn um þann möguleika að sovésk landgöngusveit hefði hoggið á kapal á Íslandi. Nánar tiltekið birtist þetta í frétt í Morgunblaðinu fimmtudaginn 3. nóv. 1983. Ég verð að játa það, jafnvel og ég les Morgunblaðið venjulega að þessi frétt hafði farið fram hjá mér vegna mikils annríkis þá dagana sem hún birtist. Athygli mín var sem sagt ekki vakin á þessari frétt fyrr en nú í dag. En í þessari frétt er vitnað í bandarískt tímarit, Science Digest, sem birtir grein eftir tilgreindan mann, þar sem talað er um að það hafi verið hoggið á kapal á Íslandi, sem hafi verið til þess að fylgjast með ferðum kafbáta umhverfis Ísland, og lægi sovésk landgöngusveit undir grun í þessu efni. Í greininni kemur einnig fram, „að 1980 hafi djúpsigldur og hraðskreiður sovéskur kafbátur af Alfa-gerð getað komist „óséður" í gegnum SOSUS-kerfið á milli Grænlands og Íslands."

Nú skyldi maður ætla að menn hefðu tekið eftir slíkri frétt sem þessari engu síður en sjónvarpsfréttinni í gær. En sannleikurinn er sá að þessar fréttir eru svo margar, svo fjöldamargar að það verður ekki fylgst með þeim öllum. Og það ber heldur engum að taka þessar fréttir allar alvarlega. Þær eru þúsundir talsins og það mundi æra óstöðugan að fylgjast með þeim öllum. En hitt tel ég almennt séð, og ítreka og endurtek þau ummæli mín í fyrri ræðu, að við Íslendingar eigum að fylgjast almennt betur með þessum málum, þ. á m. fréttaflutningi er okkur snertir.

Nú er það svo að ég hef ekki haft tíma til að lesa þá skýrslu sem sjónvarpið lét mér í té. En ég hlýt að vekja athygli á því að þar er ekki eingöngu eða aðallega rætt um Ísland, heldur er talað um Tyrkland, Japan, Danmörku, Eystrasalt og Vestur-Þýskaland, Ísland og Bretland, Noreg, Kóreu, Sikiley, Alaska, Filipseyjar, Taiwan o. s. frv., o. s. frv. Hér er engan veginn um tæmandi upptalningu að ræða. Þetta er almennt yfirlit að því er ég fæ séð með því að fletta þessari skýrslu. Og ég legg ekki mikið upp úr þessari skýrslu, eða réttara sagt, ég legg ekki neitt upp úr þessari skýrslu. En jafnvel það sem okkur finnst fjarlægt verðum við þó að hafa í huga og fylgjast með, vegna þess að inn á milli kann að leynast eitthvað það sem okkur skiptir miklu máli. Og í þeim anda ber okkur auðvitað að starfa.

Það væri út af fyrir sig fróðlegt að fjalla nokkuð um málflutning hv. alþm. hér í dag. En ég vænti þess að tækifæri gefist til þess næstu daga þegar till. til þál. um afvopnunarmál koma hér til umr. svo og í fsp.-tíma á morgun varðandi ratsjárstöðvarnar.

Ég hef ítrekað, bæði í ræðu sem ég flutti við lok Madrid-ráðstefnunnar og á þingi Sameinuðu þjóðanna nú í haust, bent á þau gífurlegu útgjöld sem varið er til vígbúnaðar miðað við þá fátækt sem ríkir í heiminum og get þess vegna tekið undir orð hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur að þessu leyti.

En við verðum, þrátt fyrir hve okkur renna til rifja hin háu útgjöld annars vegar til hernaðarviðbúnaðar og hin mikla fátækt sem ríkir í stórum hlutum heims hins vegar, að gera okkur grein fyrir því af raunsæi, að ef við viljum lifa frjáls og vernda friðinn þýðir ekki annað en að horfast í augu við að við verðum að vera viðbúin því að valdbeiting verði reynd í viðskiptum þjóða á milli. Við höfum reynslu frá seinni heimsstyrjöldinni í þeim efnum. Hefðum við verið viðbúin ofbeldi Hitlers hefði seinni heimsstyrjöldin væntanlega aldrei brotist út. Það er þess vegna vísasti vegurinn til að opna leið fyrir einræðisherrana og ofbeldisöflin í heiminum ef við látum af viðbúnaði og sinnum ekki vörnum hins lýðfrjálsa hluta heimsins.

Við verðum að hafa það í huga, þegar rætt er um eldflaugar Bandaríkjamanna sem setja skal niður á meginlandi Evrópu ef ekki takast samningar í Genfarviðræðum stórveldanna, að þær eldflaugar verða settar niður þar sem á að setja þær niður vegna beiðna Vestur-Evrópuþjóða. Frumkvöðull að þessu var fyrrverandi kanslari Vestur-Þýskalands, Helmut Schmidt, forustumaður jafnaðarmanna þar í landi. Við hljótum að gera okkur grein fyrir því að þessi ákvörðun var tekin af Atlantshafsbandalaginu í des. 1979, sem fólst í hinni tvíþættu samþykkt Atlantshafsbandalagsins, sem annars vegar fjallaði um að setja niður yfir 500 eldflaugar, en hins vegar að freista þess með öllu móti í viðræðum við Sovétríkin að fá þau til að taka niður þær eldflaugar sem þau höfðu þá þegar sett niður og voru á annað hundrað talsins í des. 1979. Þessar viðræður fóru seint af stað. Þær fóru ekki af stað fyrr en 1981. Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagsríkin buðust þá til að leysa málið með því að allar meðaldrægar eldflaugar á meginlandi Evrópu væru teknar niður, það væri svokölluð núlllausn. Sovétmenn höfnuðu þessari afvopnunartillögu Atlantshafsbandalagsríkjanna. Það hefði verið besta lausnin að vera laus við þessar eldflaugar úr allri Evrópu.

Þegar hin tvíþætta ákvörðun Atlantshafsbandalagsins var tekin tókum við Íslendingar fram að við vildum ekki hafa slíkar eldflaugar á okkar yfirráðasvæði. Og við skiljum þess vegna mjög vel fólk sem ekki vill hafa slíkar eldflaugar á sínu yfirráðasvæði. En þetta er nauðvörn fólksins — nauðvörn gegn því að Sovétríkin höfðu þá sett á annað hundrað eldflaugar niður og skotmörkin voru Vestur-Evrópa. Síðan þá, 1979, þegar Sovétríkin héldu því fram að jafnvægi ríkti í þess konar vopnum milli stórveldanna og austurs og vesturs, hafa Sovétríkin sett niður a. m. k. eina eldflaug á hverri viku. Það fer lítið fyrir mótmælagöngum gagnvart Sovétríkjunum. Því miður hafa lýðfrjálsir menn á Vesturlöndum verið of sofandi gagnvart þessari þróun. Nú hafa Sovétríkin um 350—400 slíkar eldflaugar og hver þeirra er búin þrem kjarnaoddum. Öllum þessum eldflaugum er beint gegn skotmörkum í Vestur-Evrópu.

Gagnráðstöfunin af hálfu vestrænna ríkja er að setja niður meðaldrægar eldflaugar og það eru ekki önnur úrræði til meðan einræðisöflin láta sér ekki segjast og halda áfram vígbúnaði sínum, vegna þess að með sama áframhaldi hafa einræðisöflin ráð frjálsra þjóða í hendi sér. Einræðisöflin gætu hvenær sem er beitt þrýstingi gagnvart frjálsum ríkjum heimsins. Þessu verðum við að gera okkur ljósa grein fyrir um leið og við skulum leggja áherslu á að gera það sem í okkar valdi stendur til að eyða tortryggni milli þjóða og skapa það andrúmsloft í alþjóðlegum samskiptum að unnt sé að afvopnast með þeim hætti að um gagnkvæmni sé að ræða og alþjóðlegt tryggt eftirlit sé til staðar. En viðurkenningu á alþjóðlegu tryggu eftirliti hefur skort af hálfu Sovétríkjanna og sú afstaða Sovétríkjanna hefur verið mesti farartálminn í afvopnunartilraunum til þessa. Við verðum þrátt fyrir allt að gera okkur grein fyrir í hvaða heimi við búum.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur Sigfússon taldi að Keflavíkurstöðin væri árásarstöð. Ég vara við slíkum málflutningi. Hann er ekki í samræmi við hagsmuni Íslands, ekki í samræmi við öryggishagsmuni Íslands. Í varnarstöðinni í Keflavík eru einungis þau vopn sem eru til varnar en ekki til árásar. Og það er aðeins til þess að gefa staðhæfingum Sovétríkjanna um hið gagnstæða byr undir báða vængi að halda öðru fram. Það er fyrir neðan virðingu hv. íslenskra alþm. Þau dæmi sem hv. þm. nefndi um AWACS-flugvélar, Helguvík og flugskýli eru ekki þess eðlis að breyti stöðinni í Keflavík úr varnarstöð eða eftirlitsstöð í árásarstöð, og þá allra síst ratsjárstöðvarnar, sem engin ákvörðun hefur enn verið tekin um að reisa en er nú verið að kanna hvort rétt sé að upp komi.

Ég skal ekki fjölyrða um þessi mál, en hlýt þó að segja að gefnu tilefni hv. 3. þm. Reykv. Svavars Gestssonar að neitunarvald Alþb. var í fyllsta máta óeðlilegt í varnar- og öryggismálum Íslendinga. En þó kom það ekki í veg fyrir að á þeim tíma sem Alþb. var í stjórn voru varnarliðsframkvæmdir með allra mesta móti. Þó — sem betur fer — kom neitunarvald Alþb. s. l. fimm ár, og einkum s. l. þrjú ár, ekki í veg fyrir að á þessum tíma hefur flest það gerst sem t. d. hv. þm. Steingrímur Sigfússon taldi breyta varnarstöðinni í Keflavík í árásarstöð. Þær framkvæmdir sem hann taldi upp voru leyfðar í tíð Alþb. í ríkisstjórn. Það varð auðvitað þrátt fyrir neitunarvald Alþb. vegna þess að forveri minn lét ekki segja sér fyrir verkum, þrátt fyrir

að Alþb. hefði áskilið sér í stjórnarsamningi neitunarvald. Það eina sem e. t. v. varð árangur af neitunarvaldinu frá sjónarmiði Alþb. var að ekki var byrjað að byggja flugstöð fyrir borgaralega flugfarþega til og frá landinu. Það var það afrek sem Alþb. vann og þó er þessi flugstöð forsenda þess að á milli verði skilið almennrar flugumferðar og hlutverks varnarstöðvarinnar. En Alþb. má ekki missa glæpinn sinn eins og kunnugt er og hefði væntanlega ekki fyrir neinu að berjast ef það gæti ekki tekið undir áróðurssöng herstöðvaandstæðinga svokallaðra.

Ég skal fara að ljúka máli mínu að sinni. Ég vil aðeins í lok þess leggja áherslu á að íslensk sérfræðiþekking á sviði öryggis-, varnar- og hermála verði efld og hún nýtt til að vega og meta þær öryggisráðstafanir sem við Íslendingar teljum í samræmi við okkar eigin hagsmuni. Okkur ber vissulega skylda til að hafa í huga öryggishagsmuni nágranna okkar og þeirra sem búa við sams konar lýðræðislegt stjórnarfar og við Íslendingar njótum, því að þegar hús nágrannans brennur er þínu hætt. En við þurfum þó fyrst og síðast ávallt að miða okkar gerðir og samstarf við önnur ríki út frá okkar eigin þjóðlegu hagsmunum til verndar sjálfstæði okkar og öryggi. Ég hef lýst því yfir að ég hef fullan hug á því, meðan ég gegni starfi utanrrh., að fá til starfa og nota þá íslenska starfskrafta sem til staðar eru og búa yfir slíkri sérfræðiþekkingu sem og að búa í haginn þannig að við eignumst fleiri slíka menn sem geti verið góðir ráðgjafar á þessu sviði í framtíðinni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hv. þdm. að þeir stytti heldur mál sitt. Við erum búin að ræða þetta mál eiginlega frá því að fundur hófst í deildinni og það liggja ákaflega mörg mál fyrir á dagskránni. Ég vona að hv. þdm., sem nú hafa kvatt sér hljóðs, taki tillit til þessara orða minna.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við eðlilegum tilmælum um að stytta mál mitt.

Ég vil bæta hér nokkru við. Það hefur komið fram sú skoðun hér, að við Íslendingar fylgjumst illa með í varnarmálum. Ég hygg að það megi til sanns vegar færa að nokkru leyti. T. d. vitnar hæstv. utanrrh. hér í frumkvæði Pýskalandskanslara um að setja upp eldflaugar í Evrópu. Nú hefur það komið fram og legið fyrir alllengi að þegar á árinu 1976 ræddu menn í bandaríska þinginu um kostnað af þeirri áætlun. Þetta liggur fyrir staðfest. Ræða Þýskalandskanslara árið 1979 er því nokkuð gömul lumma í þessum efnum, um frumkvæði Evrópumanna að þeirri áætlun. En við þekkjum auðvitað þessa aðferð að láta biðja um greiðann að heiman. Ætli við höfum nú ekki fengið dæmi um það hér á Íslandi s. l. vikur og mánuði.

Það virðist vera svo að ég lesi a. m. k. stundum Morgunblaðið betur en hæstv. utanrrh. Ég las fréttina um meint strandhögg Rússa á söndum austur þar og hafði gaman af. Ég veit ekki betur en þetta SOSUS-kaplakerfi sé að slitna næstum því daglega vegna þess að togarar togi í sundur strengina eða annað slíkt komi fyrir og þurfi að verja nokkru fé til að tjasla þeim saman. Þannig sé ég ekki ástæðu fyrir Rússa að vera að hætta sínu skinni og laumast upp undir sanda til að skera sundur kaplana og held það sé hægt að bollaleggja um ýmsar sennilegri skýringar á þessu óhappi, án þess að ég sé að harma það efnislega.

Ég er ekki sammála hæstv. sjútvrh. um að ekki sé þörf á lagasetningu til að banna hér veru kjarnorkuvopna, og að sjálfsögðu er ég þeirrar skoðunar að við eigum að friða íslensku efnahagslögsöguna alfarið fyrir kjarnorkuvopnum, umferð kjarnorkuknúinna farartækja um hana. Ég sé ekki betur en að með sömu rökum megi segja að öll lög séu óþörf og að öll lög séu vantraust á ríkjandi menn á hverjum tíma. Ef hæstv. sjútvrh. heldur því fram að það sé eitthvert vantraust við valdhafa framtíðarinnar að hér séu lög sem banni kjarnorkuvopn í landinu, þá er það málflutningur sem ég er einfaldlega ekki sammála. Og ég held að það megi, eins og ég segi, nota þá þá röksemd um öll lög að menn eigi að geta notað brjóstvitið eitt.

Vegna þeirra ummæla hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og reyndar hæstv. utanrrh. að AWACS-flugvélarnar svonefndu væru hér eingöngu eftirlitstæki eða varnartæki vil ég enn benda á að hér kann að vera sami gallinn á, að menn fylgist ekki mjög vel með. Strax árið 1975, þegar áætlun um smíði AWACS-vélanna var til umræðu á Bandaríkjaþingi, var fyrir nefnd, sem um þetta mál fjallaði þar í þinginu, hlutverk AWACS-flugvélanna í árásarstríði skilgreint svohljóðandi:

„Að leggja til nauðsynlegar upplýsingar til árangursríkrar stjórnar árásar flugflota inn í Varsjárríkin og að gefa fyrirskipanir og stjórnarupplýsingar til að árásarflugfloti geti athafnað sig í afgerandi ferðum innan fjandsamlegs landsvæðis."

Vilji hv. þm. og hæstv. ráðh. slá þessu upp, þá er þetta frá fundi sem U. S. Congress, Senate, hélt í Armed Services Committee, Hearings on Defense Authorization, árið 1977, hluti 9, bls. 4936.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt, en segja aðeins nokkur orð vegna ummæla hæstv. utanrrh.

Ég er alveg sammála því að við verðum að líta á heiminn eins og hann er. En ég er líka jafnsannfærð um að við getum breytt honum og betrumbætt hann ef við reynum og ef við erum nógu mörg.

Ég tel að afvopnunarviðræðurnar í Genf séu hluti af því valdatafli sem stórveldin leika. Ég held að vopnastyrkur stórveldanna sé mjög svipaður, en eðli hans er mismunandi. Hjá öðru stórveldinu eru eitthvað kraftmeiri vopn, en þau eru jarðbundin og mun ónákvæmari þó þau sé sterkari. Og það er e. t. v. ekki spurningin hversu djúpan gíg maður getur grafið ofan í jörðina, heldur hversu nákvæmlega má hitta skotmark sitt. Hitt stórveldið er sterkara að því leyti að vopn þess eru óvæntari og erfitt er fyrir andstæðinginn að staðsetja þau þar sem þau ferðast gjarnan um í kafbátum í hafinu. Þegar farið er fram á það við annað stórveldið að það fjarlægi flest sín sterkustu jarðbundin vopn, en hitt eigi sín sterkustu eftir hreyfanleg í hafinu, er kannske erfitt, án þess að ég ætli að verja eða styðja eitt stórveldið umfram annað í vígbúnaðarkapphlaupinu, að ganga að slíkum samningum.

Þegar hæstv. utanrrh. nefndi nauðvörn fólksins held ég ekki að það sé fólkið sem sé að biðja um vörn. Það er ekki um að ræða að það þurfi nauðvörn þegar umframgeta eyðileggingarmáttarins er slík að það þarf ekkert

að bæta við. Við getum ekki dáið nema einu sinni. Það þarf ekki að drepa okkur tíu sinnum. Þess vegna finnst mér mál eins og þrætur um mismunandi efnahagskerfi eða valdatafl þeirra stórvelda sem í dag leitast við að skipta heiminum á milli sín verða lítilfjörlegt dægurþras í allri sögu mannsins, hvað þá jarðarinnar sem við byggjum, þegar við stöndum andspænis því að geta hvenær sem er orðið fórnarlömb þeirrar eyðileggingartækni sem heimska og ótti hafa kosið að fjármagna á kostnað mannúðar og mannræktar. Ef mannkynið fremur sjálfsmorð deyjum við ekki ein, heldur látum við viðgangast að það verði jafnframt eytt öllu öðru lífi á jörðinni. Þess vegna tel ég að kjarnorkuvopnin geti aldrei verið varnarvopn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka þá þolinmæði sem hæstv. forseti deildarinnar hefur sýnt þessum umr. í dag.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls fyrr en hæstv. utanrrh. kom í síðari hluta ræðu sinnar, sem hann notaði til að ráðast að Alþb. og þeirri almennu afstöðu sem það hefur uppi í utanríkismálum. Það er málefni sem er sjálfsagt að ræða við hæstv. utanrrh., en það er kannske ekki hægt að ætlast til þess að ég svari þeirri gagnrýni lið fyrir lið þegar stuttur tími lifir af reglulegum fundartíma Nd. og þegar ljóst er að ég hef aðeins réttindi til að gera stutta aths.

Það er hins vegar nauðsynlegt að það komi fram, að það neitunarvald sem hæstv. utanrrh. taldi að Alþb. hefði haft á síðasta kjörtímabili skipti mjög miklu máli. Það hafði þau áhrif að hernaðarframkvæmdir við flugstöð voru stöðvaðar, það hafði þau áhrif að framkvæmdir við aukningu birgðarýmis í Helguvík og flotahöfn voru stöðvaðar og það hafði þau áhrif að ákveðið var af fyrrv. hæstv. utanrrh. að ekki yrði byrjað á flugskýlum í Keflavík með þeim hætti sem bandarískt herinn hafði ráðgert. Þetta eru dæmi sem skipta mjög miklu máli, en um leið og núv. hæstv. utanrrh. var sestur inn í húsið við Hverfisgötu í Reykjavík, utanrrn., var opnað fyrir þetta allt eins og flóðgátt. Það er auðvitað stefna og skoðun núv. hæstv. utanrrh. að hleypa þessum hlutum fram og hann hafði gert þjóðinni grein fyrir því. En okkar afstaða er sú, að það væri skynsamlegra til þess að tryggja og treysta líf íslensku þjóðarinnar til frambúðar að við festum hana ekki enn frekar í vígbúnaðarneti stórveldisins sem hér situr.

Auðvitað er það barnaskapur þegar hæstv. utanrrh. heldur því fram að óhugsandi sé að þau tæki sem hér eru staðsett verði notuð til að koma af stað árásum. Þekkja menn ekki þær skilgreiningar sem fram hafa komið á AWACS-vélunum, eins og hér voru raktar áðan af hv. 4. þm. Norðurl. e.? Þekkja menn það ekki sem fram hefur komið m. a. í riti öryggismálanefndar eftir Gunnar Gunnarsson, sem skrifar um GIUK-hliðið, þar sem hann kemst þannig að orði að meginhlutverk AWACS-vélanna sé stjórnun herafla á ófriðartímum? Hvað þýðir þetta annað en að þessum tækjum er unnt að beita í árásarskyni? Það er alveg augljóst mál. Og það er rangt af stjórnvöldum í landinu að stinga höfðinu í sandinn í þessu efni.

Ég held að við þurfum að hafa um þetta ítarlega umr., þó þess gefist ekki kostur núna, því að greinilegt er að margt er órætt í þessu máli þó svo hæstv. utanrrh. hafi lýst því yfir að ekki kæmi til greina að koma eldflaugunum upp hér á næstunni. En hv. 2. þm. Reykn., sem vitnaði hér í „varnarsamninginn", benti í rauninni á það grundvallaratriði sem verið er að ræða um hér í dag, en það er þetta: Vissulega hafa Íslendingar lokaorðið um það hvaða búnaður er í herstöðinni. En þeir aðilar málsins sem hér er um að ræða eru tveir. Það eru annars vegar Íslendingar og hins vegar bandaríska herstjórnin á hverjum tíma. Ef þessa tvo aðila greinir á um hvaða búnaður er nauðsynlegur í herstöðinni á Íslandi, hvor aðilinn er það sem þá ræður úrslitum? Við segjum: Að sjálfsögðu íslenska ríkisstjórnin. En ég segi: Íslenskur utanrrh., sem hefur ekki á bak við sig skýlausan vilja Alþingis í því efni að ekki komi til mála að setja hér upp kjarnorkuvopn, er í vanda við þessar aðstæður. Ég tel þess vegna að það sé óhjákvæmilegt að Alþingi lýsi því afdráttarlaust yfir að það sé sammála því að hér eigi ekki að vera kjarnorkuvopn og að hér eigi ekki að setja upp eldflaugar. Og ég tel að það sé óhjákvæmilegt í tilefni af þeirri umr. sem hér hefur farið fram í dag að það verði látið reyna á þennan vilja hv. Alþingis, þannig að það liggi fyrir hvaða skoðanir Alþingi hefur í þessum efnum, því að umr. í dag bendir til þess að yfirgnæfandi meiri hluti alþm. hv. sé þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að hér verði ekki staðsett kjarnorkuvopn og að slíkar eldflaugar verði aldrei heimilaðar á íslenskri grund. — [Fundarhlé.]

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 37. mál (þskj. 38). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Kjartani Jóhannssyni, Pétri Sigurðssyni og Kristínu Halldórsdóttur, að endurflytja frv. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt en frv. felur það í sér að létta undir með þeim sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga. Lagt er til að skattstjóri veiti sérstaka skattaívilnun þegar svo stendur á að gjaldþol skerðist verulega vegna mikilla útgjalda vegna tannviðgerða. Eins og fram kemur í greinargerð með þessu frv. var frv. fellt á 105. löggjafarþingi við 2. umr. málsins í fyrri deild, en heilbr.- og trn. Nd. sem fjallaði um málið mælti með samþykkt þess.

Þáverandi heilbr.- og trmrh. Svavar Gestsson upplýsti í umr. um þetta mál að hann hygðist breyta reglugerð almannatrygginga á þann hátt að greitt yrði 20% tannlæknakostnaðar fyrir alla þá sem almannatryggingar höfðu ekki greitt fyrir áður. Ljóst var af umr. að þessi fyrirætlan sem ákveðin hafði verið í ríkisstj. um breytingar á þessari reglugerð almannatrygginga hafði áhrif á afstöðu þm. við atkvæðagreiðslu um þetta frv. sem þá var fellt í Nd. Í Alþingistíðindum 17. hefti 1982—1983 gera nokkrir þm. grein fyrir atkvæði sínu um þetta frv. og hjá nokkrum þeirra, m. a. hæstv. núverandi heilbr.- og trmrh. og hæstv. núverandi viðskrh., kemur fram að þeir greiða atkvæði gegn frv. á þeirri forsendu að fyrir lægi að breyta ætti reglugerð sem heimilaði 20% þátttöku almannatrygginga í tannlækningum.

Ekki sakar að minna á að núverandi fjmrh. Albert Guðmundsson greiddi atkv. með því að sú leið yrði farin sem lögð er til í þessu frv. Þessi reglugerð var síðan gefin út 11. apríl 1983. Hún heimilaði 20% þátttöku

almannatrygginga í tannlækningakostnaði og átti hún að koma til framkvæmda 1. júní 1983. Sú reglugerð var síðan felld úr gildi 31. maí s. l. af núverandi hæstv. heilbr.- og trmrh. og komst þessi skipan mála því aldrei til framkvæmda.

Með tilliti til þess sem ég hef hér greint er það mat okkar flm. þessa frv. að full ástæða sé til að bera þetta frv. fram á nýjan leik hér á hv. Alþingi, sem heimilar skattaívilnun þegar sérstaklega stendur á vegna mikilla útgjalda vegna tannviðgerða og gjaldþol hjá viðkomandi skerðist verulega af þeim sökum. Enda er ekki í augsýn að sú skipan mála komist á að almannatryggingar greiði 20% af tannlæknakostnaði eins og margir hv. þm. héldu að stæði fyrir dyrum þegar frv. þetta sem nú er til umræðu á ný var fellt á hv. Alþingi. Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að fara einnig í örstuttu máli inn á ýmsar athugasemdir sem komu fram við umr. um þetta mál á síðasta þingi.

Í fyrsta lagi var gagnrýnt að erfitt væri í framkvæmd að meta hver skattaívilnun ætti að vera og hvar draga ætti mörkin þegar talað er um veruleg útgjöld vegna tannviðgerða. Í þessu sambandi skal á það bent að í 66. gr. skattalaganna eru talin upp ýmis ákvæði sem skylda skattstjóra til að veita skattaívilnun þegar svo stendur á sem þar er upp talið, svo sem ef ellihrörleiki, veikindi eða slys hafa skert gjaldþol manns verulega, ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómi eða er fatlað og veldur framfæranda verulegum útgjöldum og fleiri ákvæði sem þar eru talin upp. Þau koma fram í greinargerð með þessu frv. og ég sé ekki ástæðu til að telja þau hér upp. Með öll þessi ákvæði skal fara á þann veg að nánari ákvæði um skilyrði fyrir ívilnun skulu sett af ríkisskattstjóra. Svo er einnig um þann nýja lið sem hér er lagt til að bætist við 66. gr. skattalaganna.

Í máli form. heilbr.- og trn. á síðasta Alþingi, hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, kom fram eftirfarandi sem ég sé ástæðu til að lesa upp, með leyfi forseta:

„Ævar Ísberg sem sat fund með nefndinni svaraði því til vegna fyrirspurna frá okkur um hvort þetta ylli vandræðum í framkvæmd að þetta heimildarákvæði ylli ekki meiri vandkvæðum í framkvæmd en hin sjö. Framkvæmdavaldinu er falið að setja reglur um hvernig með þessar heimildir skuli farið. Hér eru því engin nýmæli á ferðinni, hér er ekki verið að gera neitt sem ekki hefur verið gert áður og það er alveg óþarfi að fara með þetta frv. um slíkt."

Af þessu sést að skattayfirvöld telja ekki að það ákvæði sem hér er lagt til verði neitt erfiðara í framkvæmd en önnur þau ákvæði sem þegar eru fyrir í skattalögunum. Í annan stað má benda á að þegar þm. telja, eins og fram kom á síðasta þingi, að eðlilegra væri að almannatryggingar tækju þátt í greiðslu tannlæknakostnaðar en að veita skattaafslátt, þá sé ég ekki annað en að þetta gæti farið saman jafnvel þótt sú skipan kæmist á síðar meir að almannatryggingar greiddu hluta af öllum tannlæknakostnaði í landinu.

Þar kemur fyrst til að útgjöld vegna mikilla tannviðgerða geta verið svo mikil undir sérstökum kringumstæðum að það réttlæti skattafrádrátt jafnvel þótt almannatryggingar greiddu hluta kostnaðar. Enda eru fyrir því fordæmi að jafnvel þótt greitt sé af sjúkratryggingum almannatrygginga vegna veikinda og slysa og lífeyri til aldraða þá eru engu að síður ákvæði sem skylda skattstjóra að veita skattaívilnun þegar ellihrörleiki, veikindi eða slys hafa skert gjaldþol manns verulega. Löggjafinn hefur í því tilfelli séð ástæðu til að veita skattaívilnun þegar sérstaklega stendur á, jafnvel þó einnig sé greitt af sama tilefni af sjúkra- og lífeyrisdeild almannatrygginga.

Í þriðja lagi vil ég benda á að gagnrýnt var á síðasta þingi að frv. næði ekki til þeirra, sem ekki greiða tekjuskatt og því ekki lægstlaunuðu hópanna. Úr þessu mætti bæta ef ónýttur persónuafsláttur yrði borgaður út líkt og á sér stað um barnabætur, en um þetta hafa þm. Alþfl. flutt frv.

Ég tel því, herra forseti, að þegar á allt þetta er litið sem ég hef hér tilgreint og einnig kemur fram í grg. frv. þá sé það fyllilega eðlilegt og réttmætt að freista þess á nýjan leik að bera þetta mál fram á hv. Alþingi og um það geti náðst samstaða nú þegar mál hafa skipast á þann veg sem ég hef hér lýst.

Herra forseti. Á síðasta þingi lagði ég til að frv. þessu yrði vísað til hv. heilbr.- og trn., sem ég taldi eðlilegt. Raunar má segja að mikið af þeirri umr. á hv. Alþingi um þetta mál á síðasta þingi hafi snúist um að vísa hefði átt málinu til fjh.- og viðskn. en ekki heilbr.- og trn. Þó að ég telji að málið eigi eins heima í heilbr.- og trn. eins og fjh.- og viðskn., mun ég til þess að forða því að umr. fari að snúast um hvaða n. eigi að fjalla um málið eins og gerðist á síðasta þingi ekki gera till. um heilbr.- og trn., en láta forseta það eftir að gera till. um hvert málinu verði vísað, í hvaða n. mál þetta fer og fær umfjöllun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Erfðafjárskattur, frv. 65. mál (þskj. 70). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir er gamall kunningi. Þetta er í þriðja skipti sem það er flutt. Ástæður fyrir flutningi þess eru einfaldar og auðskiljanlegar. Lögin um erfðafjárskatt eru síðan 1978 og eru þær upphæðir sem þar eru tilgreindar sem undanþegnar erfðafjárskatti allar óverðtryggðar svo að þær eru úr öllu samhengi við vilja löggjafans á þeim tíma. Þetta frv. felur einungis í sér að þessar upphæðir skuli færðar upp til þess horfs sem þá var hugsað, sem löggjafinn féllst á á þeim tíma, og tel ég það sanngirnismál og nánast leiðréttingu.

Það nýmæli er í lögum þessum að eftirlifandi maki skuli undanþeginn erfðafjárskatti. Á bak við það nýmæli eru þau einföldu rök að fráfall maka geti undir engum kringumstæðum verið tekjustofn fyrir ríkissjóð, hversu fallegur sem tilgangur slíkrar skattlagningar er sagður vera. Síðan ég flutti þetta mál hefur fjöldinn allur af bæði ekkjum og ekkjumönnum komið að máli við mig og skýrt mér frá sínum erfiðleikum og þeir hafa viðurkennt það mjög fúslega að þeir hafi einfaldlega ekki ráð á því að svara út sínum hluta af erfðafjárskattinum. Hér er því um mannúðarmál og réttlætismál að tefla.

Þá er það nýmæli í þessu frv. að skattprósenta er í hámarki á hverri tröppu ef um fyrirframgreiðslu er að ræða. Það er gert til að auðvelda framkvæmd laganna og gera hana skýrari í samráði við ýmsa skiptaráðendur, bæði hér í borg og úti á landi.

Í frv. er einnig sú breyting að því er slegið föstu að erfðafjárskattur verði aldrei hærri en 45% í stað 50% eins og nú er. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af því fé sem hverfur til kirkna og opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, en samkvæmt núgildandi l. er gert ráð fyrir 10% erfðafjárskatti þegar þannig stendur á.

Það er að vísu svo lögum samkvæmt að erfðafjárskattur á að renna óskiptur í sérstakan sjóð sem hefur það að markmiði að lána og veita styrki til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Reynslan hefur þó orðið sú að ríkissjóður hefur tekið til sín verulegan hluta erfðafjárskattsins svo að hann hefur ekki komist allur til skila í erfðafjársjóð. Ég tel á hinn bóginn að nauðsynlegt sé í tengslum við þetta frv. að bæta Erfðafjársjóði þann tekjumissi sem frv. kann að fela í sér.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að svo stöddu að hafa fleiri orð um þetta frv., þar sem það er kunnugt áður, og legg til að því verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tónskáldasjóður Íslands, frv. 73. mál (þskj. 78). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Þetta frv. er sömuleiðis gamall kunningi. Frv. sama efnis var lagt fram á tveim síðustu þingum en hlaut ekki afgreiðslu. Að vísu samþykkti Nd. frv. s. l. vor en það dagaði uppi í Ed.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um frv. né tilgang þess, sem gerð eru rækileg skil í grg., en vek aðeins athygli á því að tónskáld hafa sýnt málinu mikinn áhuga og jafnframt vil ég undirstrika að hér á landi hefur orðið mikil tónlistarvakning á undanförnum árum og enginn vafi er á því í mínum huga að tónskáldin hafa ekki búið við nógu góð skilyrði hér að undanförnu. Frv. er sniðið eftir lögum um launasjóð rithöfunda og auðskiljanlegt hverjum manni.

Ég legg til, herra forseti, að frv. sé vísað til 2. umr. og menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 7. mál (þskj. 7). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um viðauka við lög um Fiskveiðasjóð Íslands. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. frá 5. apríl 1983. Þá voru mjög veruleg vandamál í sjávarútvegi. Þáv. ríkisstj. tók um það ákvörðun að veita sjálfskuldarábyrgð á allt að 120 millj. kr. vegna vandamála sem þá voru uppi. Þessu fé — hagræðingarfé — var úthlutað af sérstakri nefnd, skipaðri af sjútvrh. Í þeirri n. voru Benedikt Bogason formaður, Bogi Þórðarson, Karl Bjarnason og Svavar Ármannsson. Úthlutunin var fyrst og fremst byggð á skýrslu annarrar nefndar um stöðu útgerðar og fiskvinnslu, en í þeirri nefnd voru Benedikt Bogason, Bogi Þórðarson, Helgi Bachmann, Svavar Ármannsson, Ólafur Helgason og Garðar Ingvarsson.

Þessu var síðan haldið áfram með reglugerð sem gefin var út 7. apríl 1983 og fjármagn þetta var lánað af Fiskveiðasjóði, en nauðsynlegt var að gefa út sérstök brbl. um þetta mál.

Herra forseti, ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frv. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og sjútvn., en þar munu nm. geta kynnt sér nánar hvernig að máli þessu hefur verið staðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil nú geta þess að ætlunin var að halda fund í kvöld, en þróunin hefur nú orðið sú að ýmsir frsm. nefnda og mála hafa óskað eftir að mál þeirra verði ekki tekin fyrir hér á þessum fundi. Þannig er nú aðeins eftir eitt mál sem hugsanlegt er að ræða samkvæmt þessu. Það er 10. mál á dagskrá, Landsvirkjun.

Landsvirkjun, frv. 39. mál (þskj. 40). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 frá 23. mars 1983, um Landsvirkjun. Frv. þetta er flutt af mér og hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Það er í tveimur greinum. 1. gr. er svohljóðandi:

„Við 13. gr. laganna bætist ný mgr., sem verði 4. mgr. og hljóði svo:

Verð á raforku samkvæmt orkusölusamningum til langs tíma við iðjuver þau, sem um er getið í 3. mgr. þessarar greinar, má ekki vera lægra en sem nemur 65% af verði á raforku til almenningsrafveitna samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar á hverjum tíma."

Þetta er efnislegt innihald frv. og kemur fram í 1. gr., en síðan fylgir ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

„Við endurskoðun gildandi samninga um orkusölu til langs tíma milli Landsvirkjunar og iðjufyrirtækja, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, skal tekið mið af ákvæðum laga þessara. Slíkri endurskoðun varðandi raforkuverð skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1984."

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. er vakin athygli á því, að miðað er við að nýtingartíminn hjá viðkomandi iðjuveri sé a. m. k. 8000 stundir á ári og afhendingarspenna 220 kv., en orkuverð til almenningsveitna samkvæmt frv. er miðað við 5000 stunda nýtingartíma á ári og 132 kv. afhendingarspennu.

Varðandi ákvæði til bráðabirgða segir í aths. þetta:

„Í endurskoðun eru nú samningar, m. a. varðandi orkuverð milli íslenskra stjórnvalda og Alusuisse vegna Íslenska álfélagsins hf. og við Elkem A/S og japanska fyrirtækið Sumitomo vegna Íslenska járnblendifélagsins hf. Orðalag málsgreinarinnar: „skal tekið mið af ákvæðum laga þessara" felur í sér þá stefnumörkun að við endurskoðun samninganna að því er raforkuverð varðar skuli að því stefnt að ná því lágmarkshlutfalli sem 1. gr. kveður á um.

Eðlilegt er að veita svigrúm til að ljúka þeim samn-

ingum eða til 1. júlí 1984. Er það talinn rúmur tími miðað við að samningaviðræður hafa staðið yfir um skeið, bæði vegna járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og álversins í Straumsvík. Samkv. bráðabirgðasamkomulagi íslenskra stjórnvalda og Alusuisse er stefnt að því að ljúka endurskoðun samninga vegna ÍSAL fyrir 1. apríl n. k.“

Ég vil bæta því við varðandi þetta bráðabirgðaákvæði, að samningaviðræður við Elkem vegna Íslenska járnblendifélagsins hófust fyrir um ári samkvæmt ósk hins erlenda samstarfsaðila, Elkem, sem óskaði eftir því að íslenska ríkið féllist á það fyrir sitt leyti að leitað yrði samninga við japanskt fyrirtæki um að það keypti hluta af eignarhlut Elkem í Íslenska járnblendifélaginu. Iðnrn. féllst á þessa beiðni með bréfi 1. nóvember 1982 með þeim fyrirvara að ekki yrði hróflað við meirihlutaeignaraðild íslenska ríkisins í þessu fyrirtæki svo og að jafnhliða þessum samningaumleitunum yrðu teknir upp samningar um endurskoðun á samningum við Elkem vegna félagsins, bæði varðandi markaðssamning, tæknisamning og orkusölusamning. Á þetta sjónarmið var fallist og þegar á síðasta vetri fóru fram byrjunarviðræður um þessi atriði. Ég sé ástæðu til að nefna þetta hér vegna þess að að undanförnu hafa komið um það fréttir að yfir stæðu áframhaldandi viðræður um þessi efni við Elkem og hinn japanska áhugaaðila eins og þar væri um nýmæli að ræða, þar á meðal varðandi endurskoðun á orkusölusamningi, en svo er ekki. Þessi mál voru komin á rekspöl í fyrravetur.

En varðandi það frv. sem hér er mælt fyrir er gert ráð fyrir að lagatextinn samkv. 1. gr. verði felldur að 13. gr. gildandi laga um Landsvirkjun, en hún fjallar um afhendingu rafmagns og er svohljóðandi í gildandi lögum:

„Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar.

Stjórn Landsvirkjunar setur, að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar, gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Í gjaldskrá skal raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við almenningsrafveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma, við iðjuver sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess er fer með orkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

Landsvirkjun gerir samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins.“

Þetta er 13. gr. í gildandi lögum og gert ráð fyrir að 1. gr. þessa frv. komi inn sem 4. málsgr. í 13. gr. laganna.

Ástæðan fyrir því að frv. þetta er flutt er sá gífurlegi munur sem nú er hérlendis á raforkuverði til stóriðju annars vegar og almenningsveitna hins vegar, en hann hefur farið hraðvaxandi á undanförnum árum. Núv. ríkisstj. áformar að gera nýja orkusölusamninga við erlenda aðila jafnframt því sem unnið er að endurskoðun eldri samninga.

Það er ljóst að gildandi lagaákvæði hafa ekki tryggt eðlilega kostnaðarskiptingu á raforkuframleiðslu milli stórnotenda og almenningsveitna. Það hefur leitt til þess að almennir raforkunotendur, bæði heimili og atvinnurekstur, bera óeðlilega mikinn hluta af framleiðslukostnaði raforkunnar í landskerfinu. Því er nauðsynlegt að löggjafinn marki um það almenna stefnu, hver vera megi hámarksmunur á verði milli þessara viðskiptavina Landsvirkjunar.

Við stefnumörkun þessa frv. er stuðst við sérfræðilegt mat innlendra aðila og einnig höfð hliðsjón af því sem tíðkast erlendis hjá raforkuframleiðendum sem að meginhluta vinna orku með vatnsafli.

Varðandi innlenda þáttinn var fjallað um verðlagningu á raforku í tengslum við undirbúning að endurskoðun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins hf. og var að því unnið af sérstökum starfshópi á vegum iðnrn. Hann skilaði skýrslu í júlí 1982, þar sem m. a. var fjallað um það atriði sem gerð er till. um með þessu frv. Í starfshópi þessum unnu sérfróðir aðilar: Frá iðnrn. Finnbogi Jónsson, deildarstjóri þá, en nú framkvæmdastjóri Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar, Gunnlaugur Jónsson deildarstjóri hjá Orkustofnun, Jóhann Már Maríusson yfirverkfræðingur hjá Landsvirkjun og nú aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins.

Meginniðurstaða þessara sérfræðinga og sameiginleg niðurstaða er sú, að „að öllu samanlögðu má reikna með því að stóriðjan (8000 stunda nýtingartími og 220 kv. afhendingarspenna) eigi að greiða orkuverð sem nemur a. m. k. 65% af heildsöluverði til almenningsveitna (5000 stunda nýtingartími og 132 kv. afhendingarspenna).“

Hér er þetta álit lagt til grundvallar varðandi það lágmarkshlutfall af verði til almenningsveitna sem stóriðjunotendum er ætlað að greiða, þó að vissulega megi færa rök fyrir því að sá munur eigi að vera minni í reynd.

Í áliti starfshópsins segir m. a. þetta:

„Þegar borið er saman raforkuverð til Ísal annars vegar og almenningsveitna hins vegar vekur athygli að mismunurinn á þessum verðum hefur farið stigvaxandi. Árið 1969 var heildsöluverð til almenningsveitna 81% hærra á kwst. en verðið til Ísal, en eins og fram kemur hér á eftir virðist eðlilegt að miða við að stóriðjan greiði verð sem er a. m. k. 65% af verði til almenningsveitna, þ. e. að almenningsveitur greiði um 50% hærra verð en stóriðjan. Árið 1981 greiddu almenningsveitur 313% hærra verð á kwst. en Ísal, og í maí 1982 greiddu almenningsveitur um 400% hærra verð.“

Þetta álit starfshópsins er rökstutt með tilvitnun í marga aðila, sem um þessi mál höfðu fjallað, og m. a. bent á að í gjaldskrá Landsvirkjunnar frá maí 1982 er verð á raforku til almenningsveitna miðað við 5000 stunda nýtingartíma og 132 kv. afhendingarspennu, sem svarar 30.4 mill á kwst., en miðað við 8000 stunda nýtingartíma og 220 kv. spennu væri verðið til þeirra aðila sem keyptu orkuna á þeim kjörum 20.2 mill á kwst. Hlutfall raforkuverðs til stóriðju miðað við raforkuverð til almenningsveitna ætti því samkv. gjaldskrá Landsvirkjunar eins og hún var í maí 1982 að vera 66%, en þá var þetta hlutfall u. þ. b. 21%.

Vikið er að stöðu þessara mála í Noregi og þar kemur

fram að í athugunum norska iðnrn., sem fram komu í sérstakri skýrslu á sínum tíma, var talið að kostnaðarverð til stóriðju væri um 85% af kostnaðarverði til almenningsveitna á þeim tíma.

Þá vekur það einnig athygli, að yfirverkfræðingur hjá Íslenska álfélaginu hf., Sigurður Briem, sem fjallaði um þessi efni á Orkuþingi 1981, komst að þeirri niðurstöðu miðað við ákveðnar forsendur að stóriðjan eigi að greiða um 60% af verði til almenningsveitna og þá gert ráð fyrir að raforkuverð til almennings verði hið sama hvort sem ráðist er í stóriðju eða ekki. Þetta var niðurstaða verkfræðings starfandi hjá ÍSAL og skeikar þar litlu í því hlutfalli sem hér er lagt til grundvallar sem lágmarkshlutfall.

Niðurstaða Orkustofnunar, sem farið hefur yfir þessi mál í tengslum við áætlanir um virkjunarframkvæmdir til aldamóta, var sú, að meðalkostnaðarverð til stóriðju var áætlað 68.5% af meðalkostnaðarverði til almenningsveitna miðað við 6% reiknivexti og litlu hærra eða 67.7% miðað við 8% reiknivexti.

Fyrir utan að fyrir liggja gild rök íslenskra sérfræðinga og sérfræðistofnana sem styðja þá stefnu sem hér er lagt til að upp verði tekin og lögfest eru rakin í grg. dæmi erlendis frá um hver sé talinn eðlilegur munur á raforkuverði annars vegar til almenningsveitna og hins vegar til stóriðju.

Það kemur fram ef litið er til Noregs að verðhlutfallið stóriðja: almenningsveitur hjá norsku ríkisrafveitunum á árinu 1982 samkv. gjaldskrá var um 88%. Miðað við orkusölusamninga til stóriðju, sem gerðir hafa verið frá árinu 1976 að telja og síðar, er þetta hlutfall um 82%. Þeir samningar gera ráð fyrir sem svarar 14.5 mill á kwst. til stóriðju og í ár hefur Stórþingið markað um það stefnu að framvegis skuli miða við grunnverð til stóriðju sem svari til 20 mill á kwst. með fullri verð- og kauptryggingu. Þá er meðtalinn orkuskattur og sérstakt orkuflutningsgjald.

Athyglisvert er að líta til þessara mála í Bandaríkjunum því hjá stórum orkuseljendum er þetta hlutfall yfir 100% hvorki meira né minna, en 147.6% hjá hinum stóra orkuframleiðenda BPA-veitunni sem byggir að meginhluta raforkuframleiðslu sína, eða 94% 1982, á vatnsafli og seldi um 82 teravattstundir af raforku á árinu 1982, þar af 18.5 teravattstundir til áliðnaðar. — Til samanburðar er rétt að nefna að heildarframleiðsla íslenska raforkukerfisins er tæpar 4 teravattstundir nú. — Þarna liggur fyrir að orkuverðið til stóriðju er mun hærra en verðið til almenningsveitna. Til áliðnaðar var það á þessum tíma, 1982, 19.3 mill á móti 13.1 mill til almenningsveitna. En í ár, 1983, hefur orkuverðið hækkað stórlega. Fyrst í 24.5 mill til áliðnaðar, en frá 1. nóv. að telja í 26.8 mill. — Það er aðeins lægra en sagt er í grg. Þá var ekki búið að taka lokaákvörðun um þessa verðhækkun hjá BPA-veitunni. — Verðið til áliðnaðarins var sem sagt hækkað í 26.8 mill frá 1. nóvember og fellur niður sérstakur afsláttur sem veittur var á sölu svokallaðrar umframorku tímabundið í sumar til álveranna á 11.2 mill. Frá honum var horfið og kaupskylda á raforkunni hert frá því sem áður hafði verið.

Nú hefði maður kannske getað reiknað með að álverin vildu ekki kaupa orkuna á þessu verði, því mörg þeirra höfðu dregið úr framleiðslu sinni í sölukreppunni og hætt henni tímabundið, en nú, eftir að álmarkaðurinn hefur tekið stórlega við sér á þessu ári, hefur nýtingin á álverum aukist stórlega og þau hafa verið gangsett sem stöðvuð höfðu verið, og hafa álver verið gangsett núna að undanförnu sem skipta við BPA-veituna, þrátt fyrir verðhækkun upp í tæp 27 mill á kwst. Hér á Íslandi erum við á sama tíma að selja raforku til áliðnaðar á verði sem er undir 10 mill og erum með samning sem aðeins gefur 6.5 mill tæp fyrir kwst.

BPA-veitan er sú veita í Bandaríkjunum sem byggir öðrum fremur á vatnsafli. Önnur veita, TVA-orkuveitan, byggir meira framleiðslu á eldsneyti, en þar greiddu stórnotendur að meðaltali um 37 mill á síðasta ári fyrir kwst. og almenningsveitur jafnmikið, þannig að hlutfallið var um 100%. Álverin greiddu lægra en aðrir stórnotendur eða 35 mill fyrir kwst.

Þetta er dæmi erlendis frá. Nefna mætti Kanada í þessu sambandi. En sá hængur er á þar, að þar er um mjög fáa óskylda aðila að ræða í sambandi við stóriðju. Langflestir aðilar þar eru skyldir, þeir sem reka iðjuverin eiga jafnframt orkuverin og á það við um t. d. Elkem, en dæmi um óskylda aðila benda til þess að hlutfallið þar milli stóriðju og almenningsveitna sé á bilinu 80—90%.

Herra forseti. Um þetta mál mætti margt segja með tilliti til reynslunnar af orkusölu til stóriðju hérlendis og þeirra samninga sem þar hafa verið gerðir. Reynslan af þeim samningum bendir til þess að brýna nauðsyn beri til að lögfesta almenna reglu með þeim hætti sem hér er lagt til, og það er meginefni frv., þó kveðið sé á um hvernig með skuli farið í sambandi við þá samninga sem í gildi eru um orkusölu til langs tíma, eru nú í endurskoðun, og kveðið á um það með þeim hætti sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða.

Ég tel einnig vegna áforma núv. ríkisstj. um að herða fremur á en hitt í sambandi við orkusölu til erlendra aðila, og raunar virðist það vera eitt helsta lausnarorð núv. ríkisstj., í sambandi við atvinnuuppbyggingu í landinu, að þeim mun meiri nauðsyn sé á að slá því föstu með lagasetningu að ekki megi semja um raforkusölu til stjóriðju undir ákveðnu lágmarkshlutfalli með tilliti til almenningsveitna. Því er um að ræða lágmarksneytendavernd með þeirri tillögu sem hér er lagt til að lögfest verði. Það er verið að vernda neytendurna í landinu og innlendan atvinnurekstur fyrir þróun af því tagi sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum.

Ég tel að íslenskum stjórnvöldum væri mikill stuðningur að því að hafa slíka lagasetningu til að ganga út frá, þó ég ítreki að hér er ekki verið að binda hlutfallið öðruvísi en sem lágmarkshlutfall. Æskilegt er að sjálfsögðu að bilið milli orkuverðsins til stóriðju og almenningsveitna sé minna en þetta lágmarkshlutfall gerir ráð fyrir og vænlegast í sambandi við þessi mál að fara þar eftir gjaldskrá, svo sem gert er í vaxandi mæli erlendis, í stað þess að vera að gera sérsamninga við stórnotendur.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þessa sérkennilega frv. til l., þar sem lagt er til að orkuverð til stóriðju verði nú ákveðið með lögum.

Ég hefði nú haldið að hv. fyrri flm. ætti að þekkja það vel til innandyra í þessum málum að hann ætti að sjá í hendi sinni, að eins og nú standa sakir a. m. k. er með öllu útilokað að setja um það lög í landinu hvaða

hlutfalli eigi þarna að ríkja. Og ég verð að segja það, að fátt hefur mér komið eins á óvart og slík till.-gerð nú. Þessi mál koma vafalaust til umr. undir betri skilyrðum alveg á næstunni, þegar ég mun flytja hér skýrslu um bráðabirgðasamningsgerð við Alusuisse vegna ÍSAL, þar sem þessi mál verða áreiðanlega rakin ítarlega.

Landsvirkjun hefur reiknað út að þessi ákvörðun þýddi nú milli 26 og 27 mill, ekki eins og hv. flm. reiknar hér út á öðrum stað minnir mig rúm 20 mill — 20.2 ef ég man rétt. Það er auðvitað æskileg þróun að geta náð slíkum orkusölusamningum, og við verðum að setja markið hátt í þessum efnum, það er rétt, en að slá því föstu með lögum að það skuli vera lágmark til stóriðju, slík till.-gerð er með ólíkindum, og það af hálfu fyrrv. hæstv. iðnrh. eftir þá reynslu sem hann hafði af því hversu létt var fyrir um að fá hækkað orkuverðið til þess arna. Og ef við hugsum nú til fyrirtækisins í meirihlutaeign okkar, Járnblendifélagsins, þá tekur nú fyrst í hnúkana að mínum dómi, án þess að ég hér og nú hafi tök á því að gefa yfirlýsingar um að hvaða orkuverði í þeim samningum né heldur öðrum ég fyrir mitt leyti stefni. Slíkt væri óforsjálni í mesta máta á þessu stigi málsins.

En hv. flm. veit miklu meira um stöðu samninga vegna Járnblendifélagsins en maður skyldi halda af slíkri og þvílíkri till.-gerð eins og hér gefur að líta. Honum er áreiðanlega fullkunnugt um það, að hinir nýju aðilar — hugsanlegu aðilar — að Járnblendifélaginu mundu aldrei við þessu líta ef fest yrði í lög slíkt orkuverð á Íslandi.

Ég vil geta þess hér, af því að hann lét í ljós að hér töluðu menn um samninga við Sumitomo og Elkem sem eitthvað nýtt fyrirbrigði, að ég tók það fram skýrum stöfum í svari mínu við fsp. hér á dögunum að hv. fyrrv. iðnrh. hefði vikist undir þessa málaleitan sameignaraðila okkar, Elkem, um samningaumleitanir við Sumitomo. Ég hef ekki falsað neitt í þessu falli. Samningar vegna Járnblendifélagsins eru ákaflega örðugir, það skal ég játa, og þeir mega ekki verða okkur fjötur um fót í samningunum við Alusuisse vegna ÍSAL. Ég skal ekkert um það dæma núna hvernig til tekst, það hafa farið fram undirbúningsviðræður vegna Járnblendifélagsins og formlegur samningafundur verður um málið í lok þessa mánaðar í Bandaríkjunum, þar sem fulltrúar Elkem, okkar og Sumitomo munu hittast til að ræða þessi mál.

Við eigum eftir mikið verk óunnið í skipulagi í orkumálum okkar og við eigum eftir að taka ákvörðun um á hvaða verði við í framtíðinni getum boðið orkuna okkar. Og það þurfum við að gera alveg á næstunni. Ég bind enn miklar vonir við að orka okkar sé samkeppnisfær á heimsmarkaði. Það er þó of snemmt að fullyrða neitt um það meðan öll þessi mál eru í deiglunni, eins og nú standa sakir. En það er sannfæring mín að slíkt uppátæki sem það að taka með lögum ákvörðun um orkuverð til stóriðju með þessum hætti mundi geta orðið okkur óyfirstíganlegur þröskuldur, til að mynda svo ég taki dæmið af fyrirtæki okkar Járnblendifélaginu í Hvalfirði. Þar eru gífurlegir hagsmunir í boði, og okkur er hin brýnasta nauðsyn á að finna lausn á þessu máli sé þess nokkur kostur, annars blasir við okkur að loka þessu fyrirtæki.

Auðvitað er þetta allt örðugt og átaksillt af því að við vorum á sínum tíma ekki forsjálli en það að takast þarna á herðar aðaláhættu af rekstri þess fyrirtækis. Það er allt of seint að fara að ræða tildrög þess nú. Þetta var stefna Alþb. á árunum 1971—1974 og hún var tekin upp af Sjálfstfl. sem settist að þessum málum í framhaldi af því, um yfir 50% eignaraðild Íslendinga að slíku fyrirtæki. Við berum ábyrgð á þessu. En ég þarf ekkert að taka það fram hér og nú, sem lesa má í gömlum þskj., að ekki var það að mínu geðslagi þegar þetta varð ofan á. En of seint er að iðrast eftir dauðann og nú er að reyna að finna bestu fangráðin til þess að rétta þetta fyrirtæki við. Ég er hreint ekki úrkula vonar um það. En við getum hætt strax ef við ætlum að taka upp á slíku og þvílíku sem hér er lagt til. Því hlýt ég að leggjast mjög eindregið gegn slíkri lagasetningu. Við skulum vona að framtíðin verði okkur hliðholl að þessu leyti og að við getum stefnt upp fyrir slík mörk, sem hér er verið að leggja til að binda í lögum, en það er áreiðanlega ekki komið að þeirri stundu nú, fjarri því.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Mér þótti leitt að heyra tóninn í hæstv. iðnrh. í sambandi við þetta mál. Í stað þess að taka fagnandi þeirri hjálparhönd sem honum er rétt með þessu frv., (**Iðnrh.:** Því ekki 100%?) — þá hefur hann allt á hornum sér í sambandi við þessa till.-gerð og lofar það því miður ekki góðu um þá samninga sem hann ber nú pólitíska ábyrgð á og eru til skoðunar varðandi þau stóriðjufyrirtæki sem fyrir eru í landinu. Hefði ég vænst þess að hann liti hlutlægar á þetta mál en fram kom í hans ræðu áðan.

Hann staðhæfði hér að Landsvirkjun hefði reiknað það út að ef farið yrði eftir ákvæðum þessara laga að fullu við endurskoðun núverandi orkusölusamninga til stóriðju, þá þyrftu þeir að gefa á bilinu 26 til 27 mill. Þessar upplýsingar hans vefengi ég og tel að þær séu rangar. Ég hef látið fara yfir þetta. Miðað við að Landsvirkjun haldi núverandi tekjum sínum, miðað við óbreyttar tekjur til Landsvirkjunar er um að ræða að stóriðjan greiddi miðað við núverandi aðstæður um 20 mill á kwst., en almenningsveiturnar tæp 30 eða nálægt því og væri þá því hlutfalli sem hér er lagt til fullnægt.

Ég vakti hins vegar athygli á því í minni framsögu fyrir þessu máli að ákvæði til bráðabirgða slægju ekki 100% fastri niðurstöðu, heldur segir að það skuli tekið mið af ákvæðum laga þessara. Ég eftirlæt að sjálfsögðu löglærðum mönnum að spá því hvaða orðalag skuli notað, en það er sett fram með þessum hætti hér.

Hið alvarlega í málflutningi hæstv. ráðh. er það, að hans orð endurspegla ekki mikla umhyggju fyrir hinum almenna raforkunotenda hér í landinu sem greiðir nú orkuverð sem er að verða einstakt í norðurálfu, er að verða einstakt hér við norðanvert Atlantshafið og er raunar orðið það, svo ekki sé nú talað um hlutfallið milli stórnotenda og almenningsveitna sem leitun mun að þó farið sé um víða veröld, og skal ég þó ekki fullyrða hvernig þeir afarkostir eru sem ríkisstjórn Ghana sætir vegna Valco-orkuversins og viðskipta við Kaiser-auðhringinn, en þar þrengdi mjög að síðast þegar ég frétti. Sá orkusölusamningur var að mörgu leyti með svipuðum eindæmum og sá samningur sem viðreisnarstjórnin svo kallaða, Sjálfstfl. og Alþfl., gerði hér á sjöunda áratugnum.

Það kom fram í máli hæstv. ráðh. að varðandi samningsstöðu að því að tekur til Íslenska járnblendifélagsins væri alveg sérstaklega illt ef lögfest yrði lág-

markshlutfall af þessu tagi. Ég minni á að raforkusölusamningurinn sem Íslenska járnblendifélagið fær orkuna samkvæmt gerir ráð fyrir ákveðnum skiptum á milli afgangsorku og forgangsorku. Forgangsorkan var fyrir u. þ. b. einu ári metin á um 14 mill, en afgangsorkan á sáralítið. Út úr þessu kom meðalverð sem ekki er öllu hærra en gildandi verð í samningum við ÍSAL vegna þessarar skilgreiningar á orkusölunni í afgangsorku og forgangsorku. Þessi skilgreining var frá upphafi fráleit og hefur sýnt það enn frekar. Nú geta menn spurt að því hvaða þýðingu það hefði fyrir Íslendinga að knýja fram breytingu á þessum orkusölusamningi miðað við að við þurfum að standa undir hallarekstri á þessu fyrirtæki. Ég tel að það eigi ekki að koma í veg fyrir að við komum á eðlilegri leiðréttingu á þessum samningi og látum hinn erlenda samstarfsaðila greiða eðlilegan hlut fyrir raforkuna, þó svo að við getum þurft að láta Landsvirkjun hafa einhverja meðgjöf vegna slíks samnings tímabundið.

Ég tel að núverandi staða raforkuverðs til innlendra notenda og innlends atvinnurekstrar, þar sem innlendur iðnaður greiðir um 100 mill og rösklega það, frystiiðnaðurinn okkar og annar matvælaiðnaður greiða um og yfir 100 mill fyrir kwst., sé slík að við það sé ekki búandi. Hún réttlætir að gengið sé fram með lagasetningu til leiðréttingar á raforkuverði gagnvart þeim stórnotanda sem hirðir hér allt að því helming af raforkuframleiðslu landsmanna. Slíkt er ekki annað en eðlileg nauðvarnaraðgerð og þarf þó ekki að ganga harðar að þessum viðskiptavini Íslendinga en svo að hann byggi eftir sem áður við góð kjör í raforkuverði, nálægt 20 mill fyrir kwst. fyrir þetta gamla fyrirtæki, og er þá ólíku saman að jafna við áliðnaðinn í Bandaríkjunum, — það er þriðjungur eða meira af álframleiðslu heimsins sem verður til þar vestra, — sem greiðir núna 27 mill fyrir kwst. og 35 mill. þeim tveim stærstu veitum sem sjá megninu af áliðnaðinum í Bandarkjunum fyrir raforku. Og svo ætlum við að sitja hér í þeim stellingum sem hæstv. ríkisstj. hefur hannað í samningaviðræðum við álrisann Alusuisse og velkjast í vafa um það, eins og ég heyri á hæstv. ráðh., — hvort við fáum út úr þeim viðskiptum framleiðslukostnaðarverð fyrir raforkuna.

Ég vænti að hann hafi slegið upp á því síðustu daga eða síðustu vikurnar hvert er framleiðslukostnaðarverð á raforku í núverandi kerfi. Landsvirkjun hefur metið það svo, að frá nýjum virkjunum þurfi að fá orkuverð a. m. k. á bilinu 18 til 22 mill með fullri verðtryggingu til þess að skila framleiðslukostnaðarverðinu einu saman. Ég spyr hæstv. ráðh.: Ætlar hann að standa að því að við þurfum að greiða áfram niður orkuna til álversins í Straumsvík og annarra erlendra fyrirtækja sem hann hefur mikinn áhuga á að ná samningum við?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann fresti þessari umr., af því að hér hafa verið vefengdar upplýsingar sem ég hef gefið, meðan ég nálgast þau gögn.

Hv. 5. þm. Austurl. telur að við búum nú orðið við orkuverð sem einstakt verði að teljast um alla Norðurálfu og jafnvel þó leitað sé um víða veröld. Já, ekki er ástandið gott. Þetta er nú arfleifðin mín, sem ég tók við fyrir rúmum fimm mánuðum. Og hvergi við þetta miðandi nema þá í Ghana eins og hann er að upplýsa.

Hann spyr hvort ég ætli ekki að reyna að hafa út úr samningum, út úr þeim viðskiptum eins og hann orðar það, við Alusuisse verð sem a. m. k. mundi greiða framleiðslukostnaðarverð raforku okkar. Að sjálfsögðu ætla ég að reyna að hafa sem allra, allra mest út úr þeim auðhring, en það er ekki skynsamleg leið til þess að ná því marki að setja lög um lágmarksorkuverð. Það er fráleit aðferð sem engum heilvita manni getur dottið í hug og verð ég að segja að mér ofbýður að hv. 5. þm. Austurl., samþingismaður minn á Austurlandi, skuli láta sér detta þessa firru í hug. (**JBH:** Getur verið að hann geri þetta í áróðursskyni?) Það getur ekki verið vegna þess að það er engin svo fáfróður í þessum sökum að hann taki þetta gilt. (**Gripið fram í:** Ekki fyrir austan.) (**Gripið fram í:** Og ekki fyrir vestan.)

Hann talar um að koma á eðlilegri leiðréttingu og láta hinn erlenda meðeigenda okkar að Járnblendifélaginu greiða sanngjarnt verð. Hann orðar þetta svo sem þarna séum við lausir flestra mála. Við erum meirihlutaeigandi í þessu fyrirtæki og ég hef rakið það í svörum við fsp. hér á hinu háa Alþingi við hverju við megum búast af þessum sameignaraðila okkar ef okkur tekst ekki að ráða þá gátu sem viðreisn félagsins er. Þá er fullkomin hætta á því að þessi minnihlutaaðili gangi frá þessu fyrirtæki og skilja það eftir í okkar umsjá. Að vísu mun hann vafalaust verða að greiða hluta af þeim skuldum sem safnast hafa, það skyldi maður ætla, en ég er sannfærður um að þá mundum við verða að loka þessu fyrirtæki. Okkur mundi bera upp á sker. Það er það sem við virðist blasa. En það er hægt sem sagt að setja þröskuld í veginn sem er óyfirstíganlegur, ég orðaði það ekki vægar en svo, þröskuld sem smíðaður yrði með því móti sem hér er lagt til.

Herra forseti. Ég ítreka beiðni mína um frestun þessarar umr. svo ég komi við upplýsingum mínum og fái þær staðfestar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 19. fundur.

Þriðjudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Hernaðarmannvirki á Norðausturlandi og Vestfjörðum, fsp. 20. mál (þskj. 20). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi: (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. þessa til hæstv. utanrrh., sem er á þskj. 20 í X. tölulið, vegna þess orðróms sem gengið hefur og fengið hefur byr undir báða vængi með loðnum svörum m. a. hæstv. utanrrh. í fjölmiðlum undanfarið um að til standi að reisa hernaðarmannvirki á Norðausturlandi og Vestfjörðum.

Ég tel brýnt að þing og þjóð fái skilyrðislaust og undanbragðalaust svör um það, hvaða áform eru uppi hjá bandarískra hernum og hjá hæstv. ríkisstj. varðandi þetta. Það er ljóst að hér er um stórmál að ræða sem varðað getur öryggi þjóðarinnar og þá alveg sérstaklega þess fólks sem er ætlað að búa í nábýli við væntanleg mannvirki. Það er því sanngjörn krafa að almenningi gefist kostur á að kynna sér hvers eðlis slík mannvirki

eiga að vera og hvaða hlutverki þau eiga að gegna í hernaðarneti Bandaríkjamanna áður en nokkrar ákvarðanir verða teknar.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé í hróplegu ósamræmi við vaxandi áhuga almennings á afvopnun og friði að fara nú að auka hér vígbúnað og flækja okkur Íslendinga enn frekar í hernaðarnet stórveldanna en orðið er. Því veit ég og að margir munu hlusta grannt eftir þeim svörum sem hér verða gefin. Og sökum vaxandi áhuga og vaxandi þekkingar almennings á þessum málum er ljóst að sakleysislegt yfirbragð og meinlaust nafn á mannvirkjum mun ekki villa mönnnum sýn, ef meira býr að baki. Af sömu ástæðu kann það og að reynast hernámsöflunum erfiðara en þau hafa ætlað að lauma nýjum hernaðarmannvirkjum inn í landið í skjóli aronskunnar.

Hæstv. utanrrh. hefur margoft látið hafa eftir sér í fjölmiðlum, að því er virðist að óathuguðu máli, að við Íslendingar gætum haft not af þessum ratsjám. Síðan kemur í ljós að fyrst nú er verið að skipa nefnd til að kanna málið og aðspurðir segjast starfsmenn Flugmálastjórnar og Landhelgisgæslu engar upplýsingar hafa um tæknilega útfærslu búnaðar í þessum stöðvum. Séu þó slíkar upplýsingar forsenda þess að segja af eða á um hugsanleg not okkar af þeim. Og ég spyr: Er þetta nú ekki að láta tilganginn helga meðalið? En það sem auðvitað skiptir öllu máli hér er að fá því svarað hvort eða hvernig þessar stöðvar eiga að tengjast kjarnorkuvígbúnaðarneti Bandaríkjamanna. Það er slíkt stórmál að allt annað hverfur í skuggann.

Hið virta tímarit Aviation Week & Space Technology skýrði frá því 11. maí 1981 að B-52 og arftaka hennar B-1b sprengjuþotunum sé ætlað að fljúga í árásarferðum sínum til Varsjárbandalagsríkjanna norður yfir Kanada og Grænland og svo ýmist í lágflugi rétt fyrir norðan Ísland niður yfir Skandinavíu eða í háflugi norðar. AWACS-ratsjárflugvélarnar gegna lykilhlutverki við leiðsögn vélanna og vörn þeirra og það er óhjákvæmilegt að spyrja, hvort það sé tilviljun að á sama tíma og verið er að þróa þessa áætlun vestan hafs ber hæstv. utanrrh. og þáverandi formaður Sjálfstfl. upp í Varðarferð kröfuna um nýjar ratsjárstöðvar.

Það er ljóst að meðaldrægar kjarnorkueldflaugar eins og þær sem almenningur í Evrópu mótmælir um þessar mundir og eldflaugar eins og þær sem við vorum öll sammála um í umr. hér á Alþingi í gær að aldrei kæmi til greina að hafa á Íslandi verða hér engu að síður í loftunum umhverfis okkur. Þær sprengjuflugvélar flotans sem hafa meðaldrægar Cruise-kjarnorkueldflaugar innanborðs þurfa að komast í um það bil 2 500 km fjarlægð frá skotmarki sínu áður en þær geta sleppt sínum flaugum. Nú vill svo til, að ef dreginn er hringur með miðpunkti á Kólaskaga og 2 500 km radíus liggur hann rétt um Ísland. Möguleikar Sovétmanna til varna eru sömuleiðis háðir langdrægi þeirra flugvéla sem væntanlega kæmu einnig frá Kólaskaga. Það vill svo til að þær komast lengst til móts við slíka innrás suður á móts við Ísland. Þetta þýðir m. ö. o. að átakasvæði þessara aðila getur orðið yfir eða í nánd við landið. Það er ljóst að í ljósi þessara upplýsinga eru umræður bandarískra hernaðarsérfræðinga þegar á árinu 1977 um nauðsyn þess að hafa hér AWACS-vélar og tengja þær endurnýjuðu neti ratsjárstöðva á jörðu niðri mjög athyglisverðar.

Í des. s. l. hóf B-52 sprengjuflugvélin að æfa flug frá Bandaríkjunum og út yfir Norður-Atlantshafið. Það er ljóst að tilkoma flugvéla sem geta borið meðaldrægar kjarnorkuflaugar og skotið þeim á loft í allt að 2 500 km fjarlægð frá skotmarki sínu er ný og voveifleg ógnun séð frá sjónarhóli Sovétmanna og þeir eiga þann einan kost á átakatímum að skjóta flugvélarnar niður og granda öllum búnaði sem þeim tengist áður en flugvélarnar sleppa skeytum sínum, þ. e. í loftinu yfir eða suður af Íslandi. Af þessum sökum er tilkoma B-52 og síðar B-1 b sprengjuflugvélanna og alls þess búnaðar sem þeim tengist sem án efa eru AWACS-flugvélarnar og að öllum líkindum ratsjárstöðvar á jörðu niðri ... (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég vil gjarnan fá að ljúka máli mínu nú og það dragist frá ræðutímanum síðar. Ég á stutt eftir. (**Forseti:** Það verður orðið við því, en ég vil benda hv. þm. á að það er varla til skiptanna sem eftir verður.) Ég þakka forseta velvild.

Við skulum hafa í huga í þessu sambandi að það þarf svo sem ekki ófriðartíma til. Þessar vélar hafa, eins og ég sagði áðan, þegar hafið æfingaflug, sem eykur taugaveiklun á spennutímum og býður heim mannlegum eða tæknilegum mistökum.

Herra forseti. Það skiptir því öllu máli að fá því svarað hvort þessar nýju ratsjárstöðvar, sem hér eru til umræðu, eigi að verða, eins og margt bendir til því miður, hlekkur í þessari nýju árásarkeðju Bandaríkjamanna og umræða um allt annað hlýtur að hverfa í skuggann. Eiga þessar stöðvar að tengjast svonefndu JTIDS-kerfi sem inniheldur m. a. AWACS-flugvélarnar bandarísku og Nimrod-þotur Breta? Ef ekki, eiga þær þá að tengjast t. d. DEW-línunni eða NADGE-línunni í Evrópu eða á að láta sér nægja að tengja þær við sjálfvirkan símsvara?

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Á þskj. því sem fsp. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar er tilgreind á er 1. spurningin: „Hvers eðlis eru þau mannvirki sem áform eru um að reisa á Norðausturlandi og Vestfjörðum á vegum bandarískra hersins?"

Svarið er: Engin formleg beiðni hefur komið fram, en fulltrúar varnarliðsins hafa sýnt áhuga á að reisa ratsjárstöðvar í stað þeirra sem lagðar voru niður á Vestfjörðum og Norðausturlandi fyrir rúmum 20 árum. Nýjar stöðvar yrðu þó mun einfaldari í rekstri en þær gömlu voru. Í stað á annað hundra manna starfsliðs væru 10—15 manns í starfi við nýjar stöðvar og starfræksla þeirra gæti verið í höndum Íslendinga, svipað og nú á sér stað við Lóranstöðina á Gufuskálum.

Samhliða ratsjárstöðvum á Vestfjörðum og Norðausturlandi er talin þörf á endurnýjun eða endurbyggingu stöðvarinnar á Suðausturlandi, á Stokksnesi, og fækkaði þá í starfsliði þeirrar stöðvar til muna og Íslendingar tækju við rekstri stöðvarinnar.

Frá því að ratsjárstöðvarnar á Langanesi og Straumnesfjalli voru lagðar niður hafa ratsjárflugvélar af mismunandi gerðum verið notaðar til að brúa að hluta það bil er skapaðist er stöðvarnar hættu að starfa. Þetta fyrirkomulag er langt frá því að vera fullnægjandi, enda megnar núverandi flugvélakostur engan veginn að halda uppi stöðugu eftirliti á umræddum slóðum. Til þess þyrfti bæði fjölgun flugvéla og starfsliðs svo um munar. Á sama tíma hefur aðflug í námunda við Ísland úr norðri frá Kólaskaga aukist stórlega.

Í öðru lagi er spurt: „Hafa farið fram einhverjar viðræður um slík mannvirki?“

Svarið er: Viðræður hafa átt sér stað milli mín og samstarfsmanna minna annars vegar og sendiherra Bandaríkjanna og yfirmanns varnarliðsins hins vegar um hvernig best yrði staðið að athugun málsins.

Utanrrn. hefur nýlega beðið Þorgeir Pálsson dósent og flugverkfræðing að annast þessa könnun af hálfu okkar Íslendinga í samráði við fulltrúa frá Landhelgisgæslu, Pósti og síma og Flugmálastjórn. Þessi athugun nær m. a. til tæknilegra þátta er kynnu að koma framangreindum stofnunum að góðu gagni ef stöðvar yrðu reistar, svo sem varðandi stjórn á umferð almennra flugvéla á innanlandsleiðum og í millilandaflugi og varðandi upplýsingaöflun fyrir landhelgisgæsluna.

Í þriðja lagi er spurt: „Hafa verið gerðar rannsóknir til undirbúnings staðarvali fyrir slík mannvirki, og ef svo er, hefur það þá verið með leyfi utanrrn?“

Svarið er: Utanrrn. heimilaði varnarliðinu svokallaðar sjónhornsmælingar eða langdrægismælingar, en þær voru gerðar í ágúst og sept. s. l. á ýmsum stöðum á landinu. Frekari athuganir eru nauðsynlegar og verða þær gerðar í samráði við ráðuneytið og tilkvadda tækniaðila. Haft verður samband við heimamenn, ef leyfis þeirra þyrfti að afla eða ef líkur væru á að einhver röskun yrði þessu samfara, sem ekki er búist við.

Engar niðurstöður liggja fyrir um staðarval á hugsanlegum stöðvum, en ýmislegt bendir til þess að gömlu staðsetningarnar á Vestfjörðum og Norðausturlandi gætu verið heppilegasti kosturinn, enda voru þeir staðir ekki valdir af handahófi á sínum tíma.

Að gefnu tilefni, herra forseti, þeirrar fyrirsagnar sem hv. fyrirspyrjandi velur fyrirspurnum sínum, þar sem hann segir að fyrirspurnirnar til utanrrh. fjalli um hernaðarmannvirki á Norðausturlandi og Vestfjörðum, vil ég láta það koma skýrt og greinilega fram að að mínu mati er hér alls ekki um hernaðarmannvirki að ræða. Hér er um að ræða ratsjárstöðvar sem til þess eru nýttar að fylgjast með umferð umhverfis og í nágrenni við Ísland. Það er skylda okkar Íslendinga sem sjálfstæðar þjóðir að fylgjast með umferð umhverfis landið. Við hljótum að gera okkur grein fyrir því að nær daglega koma hingað flugvélar óboðnar upp að lofthelgi Íslands. Það er ástæða til að láta þær vita að við höfum yfirráð yfir okkar landi og lofthelgi. Til þess þurfum við ratsjárstöðvar. Ástæðurnar til þess að ratsjárstöðvarnar voru lagðar niður fyrir 20 árum voru þær, að menn héldu að með stöðvunum hér sunnanlands svo og með flugvélum væri hægt að fylgjast með flugumferð umhverfis landið, en um svo vaxandi þunga flugvélaferða frá Kólaskaga til Íslands hefur verið að ræða á þessum tíma að þörf gerist fyrir frekara eftirlit á þessu sviði.

Hér hefur þá engin ákvörðun verið tekin. Málið er á undirbúnings- og athugunarstigi, en jafnvel á undirbúnings- og athugunarstigi hefur engin leynd hvílt yfir þessu máli að einu eða neinu leyti og það hafa ekki verið gefin nein loðin svör af hálfu utanrrh. varðandi þetta mál, heldur skýrt hreinskilnislega frá því hvað um er að ræða og hvað aðhafst hefur verið. Þessi mál hafa ekki komið til kasta ríkisstj. og það er ekki tímabært fyrr en athugun og undirbúningskönnun er lokið, en þó hefur verið skýrt frá efni málsins með líkum hætti og ég hef gert hér nú og raunar fyrr að gefnu tilefni á ýmsum mannamótum undanfarnar vikur og mánuði.

Það var fróðlegt að heyra hv. fyrirspyrjanda tala um hve langt flugvélar frá Kólaskaga gætu flogið og hvar átakapunkturinn mundi verða. Hann orðaði það svo, „að Sovétríkin ættu þess einan kost að skjóta niður þessar flugvélar í nágrenni Íslands.“ Mér þykir hernaðarhugur hv. fyrirspyrjanda vera óhugnanlegur. Við erum hér á Íslandi með varnarviðbúnað og eftirlit einmitt til þess að koma í veg fyrir að til styrjaldarátaka komi. Ég held að það sé vænlegasti vegurinn til að forða stríði að vera viðbúinn því að menn sæki á úr norðri og austri, þar sem eitthvert tómt rúm er til staðar. Ég vonast til að þessar ratsjárstöðvar verði okkur að góðu gagni á friðartímum og geti stuðlað að því að umferð í lofti og á legi geti verið hættuminnst og öruggust og verði síður en svo til þess að hvetja til styrjaldarátaka, heldur verði þvert á móti til þess að koma í veg fyrir að til styrjaldarátaka komi nokkurn tíma.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í tilefni af þessum umr. og þeim upplýsingum hæstv. utanrrh. að um þetta mál hafi lítið verið fjallað í ríkisstj. er nauðsynlegt að upplýsa hið háa Alþingi um það hver afstaða stjórnarflokkanna er í þessu efni, því að ég kannast ekki við að það liggi hér fyrir. Mér er kunnugt um að sveitarstjórnir á Norðurlandi og Vestfjörðum hafa lýst áhyggjum sínum yfir þeim áformum að reisa þessi hernaðarmannvirki radarstöðvanna. Prestafélag Vestfjarða hefur gert fræga ályktun um þetta mál. Það eru því margir aðilar sem hafa af því áhyggjur sem hér er á ferðinni, og það er nauðsynlegt að fá það fram, úr því að málið hefur ekki verið rætt í ríkisstj. og komist þar að niðurstöðu, hver er afstaða Framsfl., sem er annar stjórnarflokkanna, eins og kunnugt er.

Telur Framsfl. nauðsynlegt og brýnt að koma upp þessum hernaðarmannvirkjum á Norðurlandi, Norðausturlandi og Vestfjörðum sem hér hefur verið rætt um í dag? Og það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar með hvaða hætti sú afstaða framsóknarmanna, sem hér kann að verða lýst, hefur verið samræmd þeirri afstöðu sem áður hefur komið fram frá ýmsum framsóknarmönnum í þessu efni, sem hafa látið í ljós verulegar áhyggjur af þeim hugmyndum sem hér eru uppi.

Ég held að það fari ekkert á milli mála, herra forseti, að hér er um að ræða hernaðarmannvirki, hér er um að ræða hugmyndir að stöðvum til þess að þjóna hernaði Bandaríkjamanna hér á landi. Og ég held að það sé ekki skynsamlegt af hæstv. utanrrh. eða nokkrum manni hér að reyna að breiða yfir tilganginn með þessum stöðvum. Það er auðvitað verið að reyna að færa hernámið yfir landið allt þannig að Ísland breytist að stærri hluta en verið hefur í herstöð. Það eru ákaflega alvarleg tíðindi og það er nauðsynlegt að það sé rætt niður í kjölinn hér á landi. Af þeim ástæðum m. a. hef ég borið fram þá fyrirspurn um afstöðu annars stjórnarflokksins sem ég kynnti hér áðan.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. gat um áðan hefur mál þetta ekki verið rætt í ríkisstj. og ekki verið lagðar fram þær upplýsingar sem gera þingflokki framsóknarmanna kleift að taka afstöðu til málsins. Ég hef hins vegar fylgst nokkuð með málinu frá utanrrh.

Ég vil leggja áherslu á að Framsfl. hefur ekki áhuga á

að fjölga hernaðarmannvirkjum á Íslandi. Ég tel hins vegar sjálfsagt að kanna að hvaða notum slíkar radarstöðvar gætu komið okkur Íslendingum. Fullyrt er að þær mundu t. d. gera flugmálayfirvöldum kleift að fylgjast með flugi íslenskra véla um land allt, sem ekki er hægt nú með radar. Vélar eru búnar svonefndum radarsvara en hverfa af radarskjánum þegar þær koma yfir hálendið. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, og hef það frá mönnum sem eru vel að sér á þessu sviði, að radarstöðvar staðsettar fyrir vestan og norðan mundu gera kleift að fylgjast með vélum um land allt og hefðu þannig vafalaust forðað ýmsu slysi. Þetta tel ég sjálfsagt að athuga.

Ég tel einnig mikilvægt að unnt sé að fylgjast með ferðum skipa á íslensku hafsvæði. Getur það einnig varðað mjög öryggi sjófarenda á þessu svæði. T. d. er hægt að fylgjast með björgunarbátum með radarspeglum og fleiru þess háttar sem í þá væri sett.

Ég tel einnig mjög mikilvægt að svona stöðvar væru reknar af íslenskum aðilum, t. d. Pósti og síma, eins og lóranstöðin á Snæfellsnesi.

Þetta nefni ég fyrst og fremst af því að ég álít sjálfsagt að skoða þessa hluti og þeir munu vega þungt í mati framsóknarmanna á slíkum mannvirkjum, sem eins og ég segi hafa ekki komið til umræðu og ekki kom fram nægar upplýsingar um og ég get því ekki fullyrt að þau yrðu að þeim notum sem ég hef rakið.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin og þér, herra forseti, þolinmæði í minn garð. Það hefði verið fróðlegt fyrir framsóknarmenn á Norðurlandi eystra að heyra ræðu leiðtoga síns, hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar. Þeir héldu kjördæmisþing nýverið og mótmæltu þar harðlega öllum áformum um þetta, en ég fékk ekki betur heyrt hér áðan en maðurinn væri sokkinn upp í krika í aronskuna, eða hvað átti ræða hans annars að þýða?

Ég hef beðið þingverði, herra forseti, að dreifa ljósritum úr tveimur fræðigreinum, sem vonandi skýra það mál er ég vék hér að áðan. Þessi rit eru International Defence Review, 3. hefti frá 1980 og Aviaton Week & Space Technology frá 11. maí 1981.

Hæstv. utanrrh. talaði um það áðan að umferð flugvéla Varsjárbandalagsins hefði aukist hér í grennd við landið. Ég vil spyrja hann: Skyldi sú aukning standa í einhverju sambandi við æfingaflug B-52 sprengiflugvélanna sem ég minntist hér á áðan? Til viðbótar því sem ég nefndi og Svavar Gestsson, hv. 3. þm. Reykv., taldi upp hafa ýmis stjórnmálasamtök mótmælt uppbyggingu þessara radarstöðva, t. d. kjördæmisþing framsóknarmanna á Norðurlandi eystra og kjördæmisþing Alþb. í sama kjördæmi. En það sem ég held að menn verði að átta sig hér á er það að landradarstöðvar, og þó alveg sérstaklega ratsjárflugvélar eins og AWACS-vélarnar og þeir flugvellir og sá búnaður sem þeim tengist, eru og hljóta að verða alger forgangsskotmörk í átökum. Það vildi ég leiða menn í sannleikann um hér áðan með ræðu minni. Owen Wilkins, sem vinnur hjá SIPRI friðarrannsóknarstofnuninni í Stokkhólmi hefur orðað þetta svo, að NADGE ratsjárstöðvar og flugvellir fyrir AWACS-þotur væru svona u. þ. b. hættulegustu staðir í heimi á átakatímum — að Murmansk einni undanskilinni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjandi að fróðlegt var að hlýða hér á mál hæstv. forsrh. sem hampaði möguleikum á að nota mannvirki af því tagi sem hér um ræðir til þess að varna slysum. Það er orðið nokkuð langt gengið, ef á að fara nota málflutning af því tagi til þess að færa út hernaðarumsvif Bandaríkjamanna hérlendis. Mér þætti vænt um að heyra það frá fleiri framsóknarmönnum, hvort þeir styðja þennan málflutning og þá tvíhyggju sem kom fram í máli hæstv. forsrh. Ég hlýt einnig að lýsa undrun á því að svo mikilvægt mál, þó á athugunarstigi sé, skuli ekki hafa verið rætt í ríkisstj. og þá að frumkvæði framsóknarmanna ef hæstv. utanrrh. hefur ekki séð ástæðu til að taka það þar upp.

Ég vil einnig upplýsa að það er víðar en í nefndum landshlutum sem mótmæli hafa komið fram gegn þessum áformum. Á Austurlandi hefur verið um þetta ályktað, m. a. á kjördæmisþingi Alþb. þar, og á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi um mánaðarmótin ágúst-sept. s. l. kom fram tillaga frá einum af bæjarfulltrúum Sjálfstfl. þar í fjórðungi, nánar tiltekið frá Hrafnkeli A. Jónssyni bæjarfulltrúa Sjálfstfl. á Eskifirði, um að fordæmd yrðu harðlega öll áform um byggingu radarstöðva og útfærslu hernaðarmannvirkja hérlendis. Uppi varð fótur og fit á fundinum og af hálfu fundarstjóra, sem ég ætla ekki að tíunda úr hvaða flokki voru, var málinu vísað frá af verulegri hörku. Það er því ljóst að ekki einu sinni innan flokks utanrrh. er samstaða um þau áform sem birtast í þeim athugunum sem hér hefur verið stofnað til.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þótt í fsp.-tíma sé, þegar ræðumenn hafa ekki allt of langan tíma, vil ég samt fagna þessum umr. og þeim upplýsingum sem hæstv. utanrrh. hefur gefið. Það er rétt sem hér hefur verið bent á að ýmsar ályktanir hafa borist frá ýmsum félagasamtökum, m. a. í Norðurl. e., en ég tel að þær ályktanir byggist á miklum misskilningi, misskilningi sem nauðsynlegt sé að eyða, eins og hæstv. utanrrh. hefur gert hér í dag.

Ég var á ferðalagi nú síðla sumars á Þórshöfn og var þar m. a. á stjórnmálafundi. Þar stóðu upp menn sem voru uppfullir af hugmyndum um það að í næsta nágrenni við þann stað ætti að fara að byggja mikla herstöð, þar ætti að fara að byggja flugvöll og miklar og umfangsmiklar radarstöðvar og þar yrðu jafnvel fleiri hundruð manns áður en langt um liði. Ég reyndi að hrekja þennan áróður en spurði jafnframt: Hvaðan er þetta komið? Hvaðan eru svona fullyrðingar komnar? Svörin voru: Forsvarsmenn Alþb. í þessu kjördæmi ganga hér um og segja að þetta standi til hér hjá okkur. Er það nokkur furða, þegar menn sem litið er á sem ábyrga stjórnmálamenn haga sér þannig, að almenningur blekkist af slíkum áróðri?

Það er líka athyglisvert að taka eftir því að það orð sem ávallt er notað hér í þessum umr. er „árásarstöðvar". Hvaða tilgangi þjónar það að hafa uppi slíkt málfar þegar verið er að tala um varnarstöðvarnar hér á landi, að hér sé um árásarstöðvar að ræða? Er nokkuð líklegra til að skapa hættu hér í okkar landi en sá síbyljuáróður sem Alþb. rekur um að hér séu stórkostleg árásarhreiður í okkar varnarstöðvum?

Við skulum muna það að síðan 1945 hafa verið háðar

140 styrjaldir víðs vegar um heiminn og í þeim hafa látið lífið 10 milljónir manna og margfalt fleiri særst og mikið eignatjón orðið. Okkar svæði er eitt af fáum svæðum í heiminum sem hafa sloppið við styrjaldir. Og ástæðan er sú að varnarkeðja vestrænna þjóð hefur varnað því að styrjaldir væru háðar hér á okkar landsvæði. Þessa varnarkeðju vilja Alþb.-menn rjúfa umfram allt eins og þessar umr. sýna Af þeirri starfsemi þeirra og af þeim áróðri sem þeir halda hér uppi stafar okkur meiri hætta en af nokkru öðru í þessari viðsjárverðu veröld sem við lifum í.

Árni Johnsen: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að skjóta hér inn upplýsingum sem skýra nokkuð þá umr. sem hér hefur átt sér stað.

Það hefur orðið mikil breyting á ferðum rússneskra herflugvéla við Ísland á undanförnum árum, sem kemur til af því að þær vélar sem hafa flogið um lofthelgi Íslands eða við hana eru mun langfleygari nú en þær voru fyrir fáum árum. Hér er um að ræða herflugvélar sem hafa komið til landsins í tvennum tilgangi: til að fylgjast að einhverju leyti með í lofthelgi Íslands og njósna, í öðru lagi er um að ræða vélar á leið til Kúbu.

Herflugvélar frá Kólaskaga til Kúbu fóru fyrir nokkrum árum yfir hafið milli Íslands og Skotlands, en með langfleygari flugvélum beinist þessi umferð æ vestar og norðar og nú fljúga þessar vélar milli Íslands og Grænlands. Það er þess vegna sem nú er mun erfiðara fyrir eftirlitsstöðvar á Íslandi að fylgjast með þessari umferð — flugumferð rússneskra herflugvéla. Á s. l. ári voru varnarliðseftirlitsflugvélar á Keflavíkurflugvelli kallaðar út 150 sinnum til að fljúga á móti sovéskum herflugvélum við lofthelgi Íslands. Þetta er flugfloti sem skiptir hundruðum véla en útköllin eru 150 á s. l. ári. Það er þess vegna ástæða til að taka undir þegar stefnt er að því að Íslendingar sjálfir auki sinn hlut og sína vinnu við eftirlit í lofthelgi og landhelgi landsins. Þarna er um að ræða þróun sem hefur breyst og bregðast þarf við.

Það hefur verið lögð aukin áhersla á það að því er virðist af hálfu sovéskra yfirvalda að auka þátt herflugvéla um okkar landsvæði. Hefur þar orðið sú breyting á að fyrir nokkrum árum var meginþunginn lagður á hernaðarumsvif í sjó. Nú er við annað að kljást. Þetta skýrir nokkuð það sem um er að ræða í þessari stöðu, þennan aukna þunga í ferðum herflugvéla í og við lofthelgi Íslands, 150 útköll á einu ári.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þetta er að vísu víðtækt mál sem hér er byrjað að ræða og þarf náttúrlega lengri tíma en eina, tvær mínútur til að gera upp hug sinn gagnvart einstökum atriðum þess og í víðu samhengi. En ég er í hópi þeirra manna sem telja ráðlegt að fara hægt í því að auka umsvif hersins og hernaðarmannvirkja í landinu. Nú er ég stuðningsmaður þessarar ríkisstj. og vil henni allt hið besta og einmitt þess vegna mundi ég vilja leggja það til — og mun gera það innan míns hóps þegar þar að kemur — að farið verði með gát í sambandi við þetta mál. Því að ef það er hugmyndin og áform hersins að fara fram á það að Íslendingar heimili nýjar radarstöðvar, byggingu nýrra radarstöðva í landinu, þá er alveg ljóst að það verður til þess að vekja hér upp stórfelldar deilur, deilur sem munu m. a. vafalaust snerta stjórnarflokkana báða tvo. Og ég er ekki viss um að það verði til þess að auðvelda aðra landsstjórn ef svo þarf að fara.

Þess vegna vil ég að það komi skýrt hér fram að við framsóknarmenn í Norðurl. e. höfum hugleitt þetta mál, við höfum rætt það í okkar hópi, og þar hefur komið fram mjög mikil andstaða gegn því að leyft verði að byggja nýjar radarstöðvar í landinu, þ. á m. á Norðurlandi. Þess vegna tel ég, og segi það fyrst og fremst við samherja mína og samstarfsmenn í mínum flokki og innan ríkisstj., hyggilegra að fara með gát í þessu máli.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég hjó eftir því hér áðan að hæstv. utanrrh. taldi að ratsjárstöðvar þær sem hér eru til umr. kæmu að gagni á friðartímum. Þetta virtist mér vera meginröksemdin í máli ráðh. Út frá því langar mig til að spyrja hæstv. utanrrh. um hans skoðun á því að hvaða gagni þessar ratsjárstöðvar kæmu á ófriðartímum í Norðurálfu.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. bentu á það því til stuðnings að eðlilegt væri að byggja hér radarstöðvar að þær væru ekki ósvipaðar þeirri stöð sem væri á Gufuskálum á Snæfellsnesi.

Í fyrsta lagi er það nú svo að Gufuskálastöðin hefur ekki það til síns ágætis sem stuðningsmenn þessara stöðva tala um, þ. e. að hún sé eftirlitsstöð. Hún er staðsetningarstöð og beint hernaðarmannvirki í þeim skilningi að hún er fyrst og fremst til þess ætluð að auðvelda staðsetningu kafbáta og flugvéla sem eru hér á leiðinni umhverfis landið. Þannig að það ágæti þessara stöðva sem fjölyrt er um hér í umr., að þetta séu eftirlitsstöðvar, á ekki við um Gufuskálastöðina, sem er vitaskuld hernaðarmannvirki fyrst og fremst þótt hún sé um leið þjónustufyrirtæki við íslenska fiskiskipaflotann. En aðalhlutverk Gufuskálastöðvarinnar er náttúrlega fyrst og fremst það að geta staðsett hernaðartæki hér í kringum landið.

Á hinn veginn er það að stöðin á Gufuskálum er mönnuð íslensku starfsliði. Vitaskuld breytir það ekki neinu um eðli stöðvarinnar, ekki nokkurn skapaðan hlut, hvort þar eru 100 menn amerískir eða 10 menn íslenskir. Það breytir þar engu um. Eðli stöðvarinnar er hið sama eftir sem áður. Þessar stöðvar, jafnt Gufuskálastöðin og þær stöðvar aðrar sem við erum að ræða hér, eru allar fyrst og fremst hernaðarmannvirki og verða það hvort sem þær geta að einhverju leyti þjónað íslenskum aðstæðum og verið þjónustufyrirtæki fyrir íslenska aðila eða ekki.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. forseti. Hv. 11. þm. Reykv. varpaði fram þeirri fsp. til mín, hvaða gagn ég teldi verða af ratsjárstöðvunum í ófriði í norðurálfu. Mér finnst þetta að vísu merkileg fsp., því að hún sagði réttilega að ég hefði lagt megináhersluna á nytsemi ratsjárstöðvanna á friðartímum. Ég undirstrika enn á ný að ég tel nytsemi ratsjárstöðvanna á friðartímum afar mikilvæga bæði til þess sjálfsagða eftirlits sem sjálfstæðri þjóð ber að hafa með umferð umhverfis land sitt og enn fremur til þess að fylgjast með og stjórna umferð á láði og legi.

En ef við eigum að hugsa okkur að til ófriðar drægi hér í norðurálfu, sem ég vil helst ekki hugsa mér að til

komi, er auðvitað enn brýnni nauðsyn að við Íslendingar getum fylgst með umferð umhverfis landið og hvaða flugvélar séu að nálgast landið til þess að koma í veg fyrir að þær geti valdið hér eyðileggingu og dauða. En ég ítreka enn á ný að ég vil helst ekki hugsa mér þennan möguleika og því er afstaða mín til stöðu Íslands í varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna byggð á því að það varnarbandalag komi í veg fyrir að til ófriðar dragi. Og ég tel að ratsjárvernd á Íslandi, fyrir Ísland og Íslendinga, sé mjög mikilvægur þáttur í því ð koma í veg fyrir að til ófriðar dragi á norðurslóðum.

Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Norðurl. e. Við skulum fara með gát. Við skulum kanna allar aðstæður mjög vel. En ég hygg að menn verði sammála hv. 4. þm. Reykv., Birgi Ísl. Gunnarssyni, þegar þeir kynna sér málið, um að hér sé ekki um aukin hernaðarumsvif að ræða, heldur minnkandi hernaðarumsvif, þar sem stöðvar eins og t. d. á Stokksnesi, sem núna eru mannaðar á annað hundrað Bandaríkjamönnum, verða mannaðar tíu Íslendingum og stöðin í nágrenni Keflavíkur verður mönnuð að mestu leyti Íslendingum. Og hernaðarmannvirki kalla ég ekki tvær stöðvar, annars vegar á Vestfjörðum og hins vegar á Norð-austurlandi, sem mönnuð yrði hvor um sig tíu Íslendingum. Ég fæ því ekki séð annað en að við séum að draga úr umsvifum varnarliðsins hér á Íslandi með því raunar að við Íslendingar tökum við hlutverki því sem við höfum hingað til falið annarra þjóða mönnum að gegna — hlutverki sem ekki er hernaðarlegs eðlis þótt í því felist m. a. að fylgjast með því ef herflugvélar frá öðrum þjóðum gerast of nærgöngular við land okkar.

Það sem hér var sagt um Lóranstöðina á Snæfellsnesi er rétt að því leyti að til hennar var vitnað vegna þess að hún er mönnuð Íslendingum og undir íslenskri stjórn þar sem Póst- og símamálastjórnin er. Með sama hætti yrði um hinar nýju ratsjárstöðvar. Þeir Íslendingar sem hafa tilfinningu fyrir því að okkur beri sem sjálfstæðri þjóð að fylgjast með hverjir ferðast umhverfis landið okkar og gera okkur grein fyrir hverjir eru að færa sig alltaf meira og meira upp á skaftið til að nálgast land okkar að því er virðist eingöngu til að reyna á þolrifin í okkur og ganga úr skugga um hvort hér yrði eitthvað til varnar ef um raunverulega ásælni kynni í framtíðinni að vera að ræða ættu að óska eftir ratsjárvernd. Þeir Íslendingar sem ekki skilja þennan grundvallarþátt finnst mér því að ættu að hugsa sig betur um og átta sig á að hér er fyrst og fremst um ráðstafanir að ræða til verndar friði, daglegu friðsamlegu lífi á Íslandi, en lokaákvörðun er ekki tekin fyrr en öll gögn liggja fyrir og könnun málsins hefur farið fram.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég held að þetta mál liggi ekki nægilega ljóst fyrir til þess að ástæða sé fyrir menn að lýsa afstöðu sinni til þess. Ég vildi aðeins rifja það upp, að á árunum 1954—55 voru reistar hér á landi fjórar ratsjárstöðvar á vegum bandarískra hersins, ein í Sandgerði, sem hefur starfað alla tíð síðan, önnur á Vestfjörðum, sem var lögð niður fyrir nokkru, ég man ekki fyrir hvað löngu, á Norð-austurlandi, á Heiðarfjalli á Langanesi, var ein stöð og sú fjórða á Stokksnesi við Hornafjörð. Ég held ég fari rétt með það, að í þessum stöðvum hafi samtals starfað rúmlega 400 Bandaríkjamenn, líklega 4—500 Bandaríkjamenn samtals, eða 110 manns í hverri stöð. Það voru lagðar niður tvær stöðvar, á Vestfjörðum og á Langanesi, þannig að eftir eru þá líklega um 220 Bandaríkjamenn í þeim tveimur stöðvum sem eru starfræktar nú.

Ég hef skilið það svo, að þær stöðvar sem nú er verið að tala um að reisa séu liður í kerfi sem verði þannig að það verði fjórar stöðvar, ef af þessu yrði, og í hverri stöð væru um 10—15 Íslendingar, þ. e. 40—60 Íslendingar mundu starfrækja þessar stöðvar. Í dag eru tvær stöðvar reknar af Bandaríkjamönnum með 220 Bandaríkjamönnum. Ég fæ því ekki séð að það sé um að ræða útfærslu á hernaðarkerfi með þeim aðgerðum sem hér er verið að tala um, eftir breytinguna verða um 40—60 Íslendingar við störf í þessum stöðvum í stað 220 Bandaríkjamanna sem starfa í þeim tveimur stöðvum sem nú eru starfræktar. Mér sýnist því að ef þetta er rétt, sem ég hef verið að ræða nú, sé málið hugsað á þennan hátt, vafasamt að hér sé um að ræða útfærslu á því kerfi sem nú er við lýði, hvað þá sem áður var.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að lýsa því yfir að ég er stuðningsmaður aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það beri að gjalda varhug við því að reisa á Íslandi þau hernaðarmannvirki sem geta valdið ögrun. Þetta hefur verið mín skoðun í mörg ár og er það enn þá.

Ég vil hins vegar, ég hef verið að hugleiða það undir ræðu fyrrv. hæstv. félmrh. og núv. hv. þm. Svavars Gestssonar, spyrja hann að því hvort það geti ekki verið að þetta radarstöðvamál hafi komið inn á borð fyrrv. ríkisstj. þegar hann sat þar sem ráðh. og hvernig á því standi að allt í einu nú blossi upp þessi gífurlegi áhugi Alþb. á varnarmálunum á nýjan leik. Hér fór fram mikil umr. í gær um eldflaugar. Ég verð að segja að umr. og umr. hér í dag skjóta skökku við það umræðuleysi sem var af hálfu Alþb. meðan fyrrv. ríkisstj. var við völd. Hvað hefur breyst? Það gæti þó ekki verið að ástæðan fyrir allri þessari umr. væri sú að reyna að finna sameiningartákn fyrir þann fund sem nú er fram undan hjá Alþb. Er það hugsanlegur möguleiki? Ég efast ekki um að menn hér um slóðir kunna svör við þessari spurningu.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara út í tæknilega umr. um þau mál sem hér hafa verið á dagskrá undanfarnar mínútur. En það er hægt að segja býsna margt um þau. Sjálfur verð ég að segja að ég mundi hafa miklu meiri áhyggjur af hernaðarumsvifum á hafi umhverfis Ísland en ratsjárstöðvum sem m. a. munu aðstoða mjög landhelgisgæslu Íslands við staðsetningu og fleira af því tagi til að gæta hinnar íslensku landhelgi. Ég mundi spyrja þá hv. þm. Alþb. sem hingað hafa komið upp, hvort þeir hefðu nú ekki þessa stundina talsvert miklu meiri áhyggjur af stöðugt vaxandi umferð kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúinna skipa í nágrenni Íslands — eða hafa þeir leitað sér upplýsinga um hvað gæti gerst ef kjarnorkuknúið skip missti út geislavirkt kælivatn á hrygningarstöðvum íslenska fiskjarins umhverfis landið?

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að umr. af þessu tagi, sem hér hefur hafist nú, þjóni ekki þeim tilgangi sem sú umr. ætti að þjóna. Hér þyrfti að fara fram löng og miklu ítarlegri og vandaðri umr. um utanríkismál og varnarmál.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir orð síðasta ræðumanns, að umr. sem hér fer fram ætti að hafa farið af stað fyrir löngu og vera miklu ítarlegri en hún er.

Ég tel það nú fyrir það fyrsta, í því kreppuástandi sem við virðumst vera að sigla inn í, nærri því skort á ábyrgð að veifa slíkum framkvæmdum, sem hér er verið að ræða um, framan í fólk sem í vændum á hugsanlega atvinnuleysi og mjög erfitt ástand.

Í öðru lagi finnst mér sú röksemdafærsla, sem hér hefur farið fram, vera býsna undarleg og minni þá á orð hæstv. utanrrh. rétt áðan. Aðspurður að því, hvaða hlutverki þessar stöðvar eigi að gegna á ófriðartímum, þá byrjar hann á því enn á ný að leggja áherslu á friðarhlutverk þessara stöðva. Síðan viðurkennir hann hlutverk þessara stöðva í ófriði, sem hlýtur að blasa við öllum, þ. e. aukið öryggi eða eftirlit með umferð annarra þjóða. Því næst neitar hann hreint og beint að hugsa til styrjaldarástands. Það hefði einhvern tíma einhver talið það bera vott um mikið óraunsæi eða að vera ekki með báða fætur á jörðinni. Í lokin heldur hann fram að fjölgun stöðva, sem þýðir aukið öryggi, þýði að dregið sé úr hernaðarkerfum hér á Íslandi og undir það tók síðan hv. 4. þm. Austurl. Tómas Árnason.

Röksemdafærslan fer einhvern veginn fram og til baka í þessu máli án þess að tekið sé af alvöru á höfuðþáttum þess. Það er náttúrlega ekki nokkur leið að gera því skil hér með því að hver maður fái tvær mínútur til umráða í ræðustól. Þessa umr. verður að taka upp aftur og þá þannig að menn geti virkilega skoðað þetta mál og rætt það þannig að niðurstöður fáist í því.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er alkunna að valdhafar beita stundum útgöngubanni að næturlagi vilji þeir hafa aga á þegnunum. Svo virðist sem Rússar vilji hafa útsýnisbann á frjálsum þjóðum. Hvenær töpuðu Íslendingar réttindum til að fylgjast með því sem er að gerast í hafinu sem þeir hafa sjálfir ákveðið að telja til sinnar landhelgi eða loftinu yfir því? Ég fæ ekki annað séð en að landhelgisgæslan íslenska þyrfti að eiga ratsjárstöðvar. Mín spurning er því ákveðin til Alþb.-manna: Eruð þið reiðubúnir að leggja það til á fjárlögum íslenska ríkisins að við komum okkur upp ratsjárstöðvum á Vestfjörðum í eigu Íslendinga og undir umsjá Íslendinga til þess að koma í veg fyrir m. a. sjóslys á þessum svæðum — eða á það að vera allt annað flugöryggi sem gildir eftir að komið er yfir Snæfellsnes eða að því? Þessari spurningu þarf ég að fá svarað, því að þá fyrst eru menn reiðubúnir að hugleiða hitt: hvað við eigum að gera í samvinnu við aðra eða hvað við eigum ekki að gera í samvinnu við aðra.

Ég vara við þeim hugsunarhætti að það sé sjálfgefinn réttur erlendrar þjóðar að við megum ekki fylgjast með umferð í kringum landið. Mér er næsta óskiljanlegt á hvaða forsendum það geti verið ögrun. Eru sjónaukar yfir vissan styrkleika ögrun við útlendinga ef þeir eru notaðir af fjallatoppum hér við land? Hvar eru rökin fyrir þeim málflutningi að við megum ekki fylgjast með því sem er að gerast í kringum okkur? Við hljótum að vilja fá skýr svör við þessu. Það er allt annað mál hvort við erum að byggja upp herstöðvar í þessu landi með erlendum hermönnum, eldflaugum og fallbyssum eða hvort við höfum áhuga á að fylgjast með því sem er að gerast í okkar umhverfi.

Ég tel fyrir mína parta að við þurfum að fylgjast með öllum skipaferðum, m. a. vegna þess að það er vitað að erlendar borgir í Evrópu t. d. láta fylla skip af úrgangi til að sökkva urganginum í sjóinn alltaf lengra og lengra frá meginlandi Evrópu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það var greinilega ekki vanþörf á því að inna hv. talsmenn Framsóknarflokksins eftir afstöðu í þessu máli.

Það hefur komið fram að hv. 1. þm. Norðurl. e. biður menn að fara varlega varðandi þau hernaðarmannvirki sem hér er verið að ræða um. Ég held að það sé alveg rétt, sem hér hefur verið bent á, að þessi mannvirki eru auðvitað aðeins hluti af heildarviðbúnaði Bandaríkjamanna á Íslandi. Það er ekki ætlun Alþb. að slíta þetta úr neinu samhengi. Við erum hér hins vegar í fsp.-tíma — ég segi þetta í tilefni af orðum hv. þm. Árna Gunnarssonar — að spyrja um þetta tiltekna atriði. Við erum ekki að slíta það úr neinu samhengi við annað og undirstrikum að auðvitað verður að horfa á allt í heild, flotahöfn í Helguvík, ratsjárstöðvar og radarstöðvar. Allt eru þetta greinar á meiði hernaðarviðbúnaðar Bandaríkjamanna hér á landi.

En í tilefni af orðum hv. þm. Árna Gunnarssonar vil ég að það komi hér skýrt fram að umr. um radarstöðvar fór aldrei fram í fráfarandi ríkisstj. og það komu engir pappírar um þau mál inn á borð þeirrar ríkisstj. né heldur, trúi ég, til þess utanrrh. sem þá var. Ég hygg að þetta mál hafi í raun og veru fyrst borið að eftir að hæstv. núv. utanrrh. tók við störfum.

Í umr. um þetta mál hefur hæstv. utanrrh. borið því við að nauðsynlegt væri fyrir sjálfstæða þjóð að fylgjast með flugi og fjarskiptum og m. a. siglingum umhverfis landið. Það er rétt. En sjálfstæð þjóð kostar því til sem þarf til að halda uppi sjálfstæðu þjóðfélagi. Það felst m. a. í því að reka flugumferðareftirlit af hvaða tagi sem er, fjarskipti með þeim hætti sem talið er nauðsynlegt og landhelgisgæslu sem er fullburðug til að gæta okkar landhelgi. Þjóð sem vill heita sjálfstæð þjóð gætir þessara grundvallaratriða og hún leggur fram þá fjármuni sem þarf í því efni. Alþb. er að sjálfsögðu reiðubúið að leggja fram sína krafta í því efni að kosta fjármunum til á þessum sviðum. Þetta er spurning um pólitíska vilja og það hefur aldrei staðið á Alþb. að leggja fram sinn stuðning í þeim efnum.

Hins vegar hafa hér verið aðrir aðilar, herra forseti, sem hafa talið sæmandi fyrir þessa þjóð að leita til útlendinga með jafnsjálfsagða þætti nútímasamfélags og fjarskipti, flugumferðarstjórn og landhelgisgæslu. Það vill hæstv. núv. utanrrh. gera á sama tíma og hann hefur við orð nauðsyn þess að treysta sjálfstæði þessarar þjóðar.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar um að forustumenn Alþb. í Norðurl. e. hafi vísvitandi verið að blekkja fólk um þessar væntanlegu radarstöðvar, þá hafna ég slíku ósköp einfaldlega alfarið og vísa því til föðurhúsanna. Ég hvatti hins vegar fólk á Norðurlandi til þess að krefjast upplýsinga um þessar ratsjárstöðvar og gengst ég fúslega við því.

Herra forseti, hæstv. þm. og hæstv. ráðh. það má auðvitað kallað vígtól gælunöfnum, en þau breyta ekki

um eðli við það. Ég trúi að þeir hafi kallað Hiroshima-sprengjuna „litla feita manninn“ eða eitthvað svoleiðis. En hverju væri litla stúlkan með blómin nær þó hún hefði vitað það?

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Það var meira en lítið uggvænlegt að heyra utanrrh. landsins lýsa því yfir hér í ræðustól að hann vildi helst ekki hugsa um þann möguleika að ófriður geti brotist út í Norðurálfu. Telur ráðh. það virkilega ekki vera í verkahring sínum að hugsa fyrir þeim möguleika og fyrir stöðu Íslands í því samhengi? Er slík afstaða verjanleg í heimi sem inniheldur gjöreyðingarvopn á borð við kjarnorkuvopn? Ég bið þingheim að íhuga þetta.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er athyglisvert að hlusta á raddir fulltrúa varnarleysisins á hv. Alþingi Íslendinga, sem velta fyrir sér m. a. hvað séu hernaðarmannvirki. Vissulega má halda því fram að sjónaukar, hafnir og flugvellir séu hernaðarmannvirki samkvæmt þeirri skilgreiningu sem þeir vilja nota.

En við verðum að átta okkur á því, að það er hlutverk allra sjálfstæðra þjóða að fylgjast með því hvað er að gerast í kringum þær. Það sem hér er verið að kanna og skoða, eins og hæstv. utanrrh. hefur lýst, er auðvitað hvernig við getum leyst það varnarverkefni af höndum með sem bestum hætti.

Varðandi Lóranstöðina sem hv. þm. Skúli Alexandersson minntist á, þá bið ég hann um að hugsa um hvernig væri ástatt fyrir fiskiskipaflotanum, sem hann nefndi réttilega í sinni ræðu, ef Lóranstöðvarnar væru ekki hér á landi. Það hlutverk er auðvitað til viðbótar því sem kannske var upphaflegt hlutverk þeirra, en er dæmi um hverning nýta má þessa tækni á annan hátt en beinlínis til eftirlits.

Ég fagna því sérstaklega að hæstv. utanrrh. hefur látið íslenska aðila skoða þetta mál og ég fagna því íslenska frumkvæði sem kemur hér fram, eins og hann lýsti í sínum orðum.

Við hv. fyrirspyrjanda vil ég segja það, að hann ætti að snúa sér til sænskra stjórnvalda og spyrjast fyrir um Owen Wilkins. Við höfum heyrt nafn hans áður í þingsölum hv. Alþingis. Þessi maður hlaut miklar ákúrur af hendi sænskra stjórnvalda vegna starfa sinna hjá SIPRI-stofnuninni í Stokkhólmi. Ég efast hins vegar ekkert um að fyrirspyrjandi viti það betur en aðrir hv. alþm. hver séu forgangsskotmörk hér á Íslandi. Hann virðist hafa það góð sambönd annars staðar en hér á landi, og sjálfsagt hefur hann fulla dómgreind í þeim efnum. (Gripið fram í.) Ja, ég vísa hér til Steingríms J. Sigfússonar, hv. þm. og flokksbróður hv. þm. Svavar Gestssonar. Þetta voru hans ummæli. Hann virtist vita nákvæmlega hvar þessi skotmörk væru. (**SJS:** Þeir vita það líka á bandaríska þingingu.)

Það er hins vegar gott að fá þessar umr. hér á hv. Alþingi. Það kemur nefnilega í ljós að varnarandstæðingar, en ég kalla þessa menn varnarandstæðinga, vilja fara að eins og strúturinn. Þeir vilja heldur stinga höfðinu í sandinn til þess að sjá hvorki né heyra, því að þá er e. t. v. hægt að halda því fram að ekkert sé að gerast í kringum okkur. Sá er kannske tilgangurinn með því að vekja þessar umr.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að vekja athygli á útúrsnúningum hv. þm. sem hér hafa talað, hv. 8. þm. Reykv. Stefáns Benediktssonar, þm. BJ, og hv. 11. þm. Reykv. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, en þau lögðu þannig út af mínum orðum, þegar ég sagði að ég vildi helst ekki hugsa til þess að til styrjaldarátaka mundi koma, að ég hugsaði ekki fyrir þeim möguleika. Auðvitað geri ég það. Menn verða að gera ýmislegt sem þeir vilja helst ekki þurfa að gera.

Mér þykir sérstaklega vænt um að talsmenn BJ og Kvennalistans skuli þó sýna það raunsæi að ræða um hvernig við skuli bregðast ef til voðaatburðar kæmi eins og ófriðar. En umfram allt vonast ég til að talsmenn þessara tveggja þingflokka séu reiðubúnir að gera þær ráðstafanir á Íslandi sem til þess séu fallnar að koma í veg fyrir að til ófriðar dragi. Það er meginmarkmið varnarviðbúnaðar á Íslandi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vísa því á bug að orð mín áðan um hugsanlegt notagildi ratsjárstöðvar lýsi ákveðnum stuðningi við byggingu þeirra. Ég tók skýrt fram að afstaða hefði ekki verið tekin til þess í þingflokki framsóknarmanna, enda ekki legið fyrir nægar upplýsingar.

Ég vísa líka því á bug að í því felist aronska, eins og sagt var, að nota sér tilvist slíkra stöðva ef til kemur. Ég vek athygli á að ratsjárstöðin í Keflavík er notuð til að leiðbeina flugumferð um suðvesturhluta landsins. Vilja menn afþakka það og neita því? Og ég vek athygli á að ratsjárstöðin í Keflavík hefur frá því í fyrra verið notuð til að leiðbeina flugvélum inn á Reykjavíkurflugvöll. Vilja menn afþakka það? Ég er sannfærður um að afstýrt hefði verið alvarlegu slysi ef hún hefði verið notuð fyrr.

Út af stöðinni á Gufuskálum get ég upplýst að varnarliðið mun hafa haft áhuga á að leggja þá stöð niður. En því hefur verið harðlega mótmælt af íslenskum aðilum og fullyrt að þá væri íslenski fiskiskipaflotinn og skipaflotinn almennt í mjög erfiðri aðstöðu kringum Ísland. Því hafa, hygg ég, stjórnvöld lagst gegn því að þessi stöð yrði lögð niður. Ég leyfi mér að halda því fram að meðan við erum í Atlantshafsbandalaginu höfum við fullan rétt til að nota í okkar þágu þau mannvirki sem Atlantshafsbandalagið reisir hér á landi.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp út af umsögn hæstv. forsrh. um að það standi til að Gufuskálastöðin verði lögð niður og að íslenskir aðilar hafi mótmælt því. Ég hef áhuga fyrir því að vita hverjir þeir íslensku aðilar eru sem hafa mótmælt því. Það hefur verið vitað þó nokkuð lengi að Gufuskálastöðin mundi verða lögð niður, en þjónusta hennar mundi samt verða áfram. Við höfum séð það, Snæfellingar, að smátt og smátt hefur það verið að ske á Gufuskálum, sem stefnir að við Stokksnes og Keflavíkurflugvöll, að fólki í tengslum við stöðina hefur verið að fækka. Áður voru kannske 50 menn í tengslum við stöðina, en eru núna líkast til 20—30. Stöðin veitir þó enn þá sömu þjónustu. En ég hafði fréttir um að þetta hernaðarmannvirki muni verða flutt til Keflavíkur, þannig að lóranþjónustu hersins muni verða haldið áfram, og í framhaldi af því að þessi þjónusta ætti sér stað frá Keflavík yrðu notuð gervitungl.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði mig um áðan

hvernig ég vildi meta þjónustu Lóranstöðvarinnar á Gufuskálum gagnvart fiskiskipaflotanum á Íslandi og fannst ég gera lítið úr henni. Ég bendi á að um það leyti sem verið var að byggja upp Lóranstöðina á Gufuskálum höfðu fleiri aðilar áhuga fyrir því að koma upp svipuðu þjónustukerfi og lóraninn er hér við Ísland. Þá stóð Decca-kerfið til boða. Ég er ekki í neinum vafa um að ef Lóranstöðin hefði ekki komið hér upp á vegum hersins hefði annað hvort lóran komið upp á vegum okkar Íslendinga sjálfra eða Decca-kerfi. Við þurftum því ekkert að vera upp á það komnir að þiggja þessa þjónustu frá ameríska hernum.

Í sambandi við sem hv. 4. þm. Austurl. sagði hér áðan um fjölda manna á þessum stöðvum varð ég alveg hissa. Menn sem fylgjast gjörla með þessum málum ættu að gera sér grein fyrir því hvað raunverulega hefur verið að gerast. Vitaskuld hefur ekkert verið að gerast annað en það, að aukin sjálfvirkni hefur verið tekin í notkun. Hvort núna eru 10 menn við svona stöð eða 220 eða 110, eins og hv. þm. nefndi, breytir engu um eðli þeirra. Þetta eru nákvæmlega sömu hernaðarmannvirkin og þau voru þá. Að engu leyti hafa þau breyst.

Norrænt sjónvarpssamstarf, fsp. 56. mál (þskj. 61). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það eru 10—11 ár liðin síðan Norðurlandaráð fyrst gerði samþykkt um að kanna möguleikana á auknu samstarfi Norðurlanda á sviði hljóðvarps- og sjónvarpsmála. Á þeim tíma sem liðinn er hefur mikið verið rætt um þessi mál á samnorrænum vettvangi og margir hópar tæknimanna, embættismanna og ráðherra um þau fjallað. Nordsat-málið, eins og það er oftast kallað, hefur stundum verið haft í flimtingum og af ýmsum verið talið dæmigert um takmarkaðan áhuga af norrænni samvinnu. Ýmislegt kann að vera rétt í þeirri gagnrýni, þó að ég telji þar margt mælt af ókunnugleika. Hér er um stórmál að ræða fyrir Norðurlöndin, fyrst og fremst í menningarlegu tilliti, en það er jafnframt flókið mál tæknilega séð og allkostnaðarsamt. Inn í það fléttast margvíslegir hagsmunir, m. a. á iðnaðarsviði, því að eðlilegt er að þátttökulöndin, ekki síst þau sem ætlað er að axla meginhluta kostnaðar, hafi hug á að nýta Nordsat-áætlunina, ef af framkvæmd hennar verður, í þágu framleiðsluiðnaðar í heimalöndum sínum í stað þess að flytja megnið af búnaði inn frá öðrum löndum og jafnvel heimshlutum.

Sérstök athugun á þessum iðnaðarpólitíska þætti hófst síðla árs 1978 og segja má að hann sé enn mjög ríkjandi í athugunum og umræðum um Nordsat. Við þetta bætist að þróun á sviði gervihnatta og fjarskipta er afar hröð og menn eru hér að vinna að flóknu samstarfsverkefni í kapphlaupi við örar breytingar á tæknilegum forsendum og um leið varðandi áætlaðan kostnað. Nú stendur yfir tveggja ára athugunartímabil samkvæmt sérstakri samþykkt Norðurlandaráðs á þingi þess í mars 1982. Að henni standa fjögur Norðurlandanna en Danmörk stendur utan við og álengdar í bili. Íslenska ríkisstjórnin samþykkti 20. nóv. 1981 að standa að þessari athugun, sem talið var þá að kostaði okkur 500—600 þús. kr., og er það í samræmi við hlutdeild okkar í öðrum samnorrænum verkefnum á menningarmálasviðinu. Þingflokkur Alþb. samþykkti að styðja þá afstöðu sem ríkisstj. síðan tók og í ríkisstj. lagði ég fram sérstaka bókun í sambandi við afgreiðslu málsins 20. nóv. 1981, þar sem segir m. a.:

„Ég tel eðlilegt að ríkisstjórn Íslands samþykki fyrir sitt leyti þátttöku í ofangreindri athugun og tryggi sér þannig möguleika á að fylgjast með þróun málsins og hafa áhrif á hana eftir því sem föng eru á og talið verður samrýmast okkar hagsmunum í ljósi nánari athugana. Slíka þátttöku verður þó að binda því skilyrði að af hálfu íslenskra stjórnvalda verði strax ráðist í athuganir á áhrifum af hugsanlegri dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis og upplýsingamiðlunar frá samnorrænum gervihnöttum og öðrum hliðstæðum kerfum á útvarp og sjónvarp hérlendis, innlenda dagskrárgerð og kostnað við hana, höfundaréttarleg efni, sem og þá fjölmiðlun í heild sinni sem þessu fylgdi.

Einnig er brýnt að fyrr en seinna liggi fyrir grg. um tækniþróun á þessu sviði tengda við vídeómiðlun og eftirlit og umsjón af hálfu hins opinbera til að tryggja lágmarks neytendavernd. Þá er eðlilegt að kannaðir verði nánar framleiðslumöguleikar á sviði iðnaðar hér innanlands sem tengst gætu þessum málum. Sérstaklega verður þó í tengslum við þetta mál að taka ákvarðanir um að tryggja innlendu sjónvarpi og útvarpi hið fyrsta stórauknar tekjur til að bæta úr því ófremdarástandi sem þessar stofnanir nú búa við tæknilega og varðandi aðstöðu starfsmanna."

Þetta var tilvitnun í bókun sem lögð var fram í nóv. 1981 af minni hálfu í ríkisstj. Á þessi atriði legg ég enn ríka áherslu um leið og ég ber hér fram fsp. varðandi norrænt sjónvarpssamstarf til hæstv. menntmrh.

Fsp. er svohljóðandi:

Hver er núverandi staða mála varðandi norrænt sjónvarpssamstarf, einkum með tilliti til eftirfarandi:

1. Hafa íslensk stjórnvöld tekið afstöðu til hugmynda um aðild að Telex-þætti Nordsat-kerfisins eða til tilboðs Norðmanna um afnot af Eutelsat-sendingum (ECS) til bráðabirgða?
2. Hvernig er háttað aðild íslenskra stjórnvalda að þeim athugunum sem nú fara fram milli Norðurlandanna varðandi sjónvarpssamstarf?
3. Hvenær gæti þurft að taka skuldbindandi afstöðu um aðild að norrænu sjónvarpssamstarfi og á hvaða stigi yrði málið lagt fyrir Alþingi?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Á þingi Norðurlandaráðs í marsbyrjun 1982 var Nordsat-málið rætt í ljósi þess að Danir höfðu þá fyrir skömmu tilkynnt að þeir hefðu ekki hug á þátttöku í frekari athugun þess máls. Að tillögu menningarmálanefndar ráðsins samþykkti þingið ályktun þar sem því var beint til ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar að hefja viðræður í því skyni að gera samning um áframhaldandi þróun útvarps- og fjarskiptasamstarfs er styddist við gervitunglakerfi. Skyldi Norðurlandaráði gerð grein fyrir framvindu málsins og hugsanleg ákvörðun um að hrinda í framkvæmd hljóðvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasamstarfi með notkun gervitungla borin undir þing ráðsins.

Í framhaldi af þessum málalyktum á þingi Norðurlandaráðs samþykkti Ráðherranefnd Norðurlanda (menntamála-, samgöngu- og iðnaðarráðherrarnir) á fundi sínum í Stokkhólmi 27. mars 1982 að hefja með

þátttöku ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar rannsókna- og undirbúningsvinnu er gera mætti kleift að taka að tveimur árum liðnum ákvörðun um hvort gerður skuli samningur milli þessara þjóða um uppbyggingu gervitunglakerfis í áföngum til dreifingar á hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám og til annarrar fjarskiptaþjónustu sem kerfið kann að þykja hentugt til. Athugunin á að beinast að tæknilegum, fjárhagslegum, dagskrárlegum og lögfræðilegum atriðum.

Ríkisstjórn Íslands ákvað, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, að eiga aðild að þessari athugun. Starfið að könnuninni hófst sumarið 1982 og hefur verið fram haldið síðan. Enn er miðað við að niðurstöður liggi fyrir vorið 1984.

Í fyrsta lið fsp. er spurt hvort íslensk stjórnvöld hafi tekið afstöðu til hugmynda um aðild að Tele-x-þætti Nordsat-kerfisins eða tilboðs Norðmanna, eins og fyrirspyrjandi orðar það, um afnot af Eutelsat-sendingum til bráðabirgða.

Nú skal vikið að þessari spurningu og í leiðinni gerð stuttlega grein fyrir þeim fyrirbærum sem leynast að baki þessum torkennilegu heitum.

Tele-x er nafnið á gervitungli sem Svíar ákváðu fyrir nokkrum árum að láta smíða í tilraunaskyni til ýmiss konar fjarskiptanota, m. a. í þágu iðnaðar. Norðmenn hafa gerst aðilar að þeim áformum að litlu leyti og einhver aðild Finna hefur verið til umræðu. Í áætluninni um Tele-x er miðað við að tunglinu verði skotið á loft árið 1986. Gert er ráð fyrir að í því verði 2—3 rásir fyrir sjónvarpssendingar. Skýrt ber að taka fram að engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort og þá með hvaða hætti Tele-x áætlunin verði liður í framkvæmd hugsanlegs Nordsat-samstarfs. Í samþykkt Ráðherranefndar Norðurlanda um Nordsat-könnunina segir aðeins að vinnunni beri að haga þannig að hagnýtt verði sú reynsla og sú færni sem fengist hafi í starfi að þróun annarra gervitunglaáætlana, sérstaklega Tele-x, og enn fremur beri að leiða í ljós að hvaða marki kunni á byrjunarstigi að mega nýta Tele-x gervitunglið. Það er hins vegar ljóst að af sænskri hálfu er lögð nokkur áhersla á að hugsanlegt Nordsat-samstarf tengist Tele-x-áætluninni náið, m. a. tæknilega, en ekkert liggur enn fyrir um hvaða samstaða næst í því efni.

Áætlunin um Tele-x gerir, eins og fyrr segir, ráð fyrir að gervitungl komist í notkun á árinu 1986, en sérstakt gervitungl samkvæmt hugsanlegri Nordsat-áætlun gæti hins vegar komist á loft í fyrsta lagi árið 1988. Af þessum sökum mundu Íslendingar að óbreyttu þurfa að bíða samnorrænna sendinga a. m. k. tveimur árum lengur en þær þjóðir sem eru aðilar að Tele-x.

Eins og Tele-x hefur verið hannað ná sendingar frá því ekki til Íslands. Lengst af var og staðhæft að ekki væri raunhæfur möguleiki á því að breyta áætluninni á þann veg að Íslendingar gætu notið sendinganna. Fyrir atbeina þeirra norrænu aðila sem vinna að Nordsat-könnuninni var þó tekin sú ákvörðun nú í júní að sænska geimtæknistofnunin (Rymdbolaget) gerði athugun á hugsanlegum breytingum á Tele-x í þessu skyni. Skýrslu um þessa athugun var skilað í sept. s. l. Kemur þar fram að slíkar breytingar ætti að vera kleift að gera með öllu minni tilkostnaði en hingað til hefur verið látið í veðri vaka. Bent var á að það gæti orðið um 26 millj. sænskra kr. Jafnframt var þó talið nauðsynlegt að afstaða til þess hvort í breytingarnar yrði ráðist yrði tekin mjög skjótlega, eða fyrir 1. nóv., þar sem þær mundu ella hafa í för með sér meiri kostnað og framkvæmdatöf.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir nokkrum mismunandi kostum um breytingar á tækniforsendum Tele-x þannig að sendisvið gervitungls tæki til Íslands. Sá kostur sem raunhæfastur hefur verið talinn, m. a. að mati Nordsat-tækninefndarinnar, felur m. a. í sér eftirfarandi:

Möguleikar fengjust hér á landi á móttöku allra sjónvarpssendinga frá Tele-x, en að líkindum yrði um að ræða svonefnda „óbeina" móttöku. Ástæðan er sú að móttökustyrkur yrði það lélegur að talið er að þurfa mundi viðtökuloftnet er væru 1.5—1.8 m í þvermál, og svo viðamikinn búnað er hæpið að notendur setji upp hver hjá sér. Yrði því að gera ráð fyrir kapalkerfum með sameiginlegri móttöku eða þá dreifingu um endurvarpsstöðvar. Um gæti orðið að ræða 2—3 sjónvarpsdagskrár, þ. e. fleiri en líklegt er að í boði verði í geisla til Íslands á fyrsta stigi Nordsat-áætlunar ef til kemur.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir möguleika á beinum dagskrársendingum frá Íslandi um Tele-x. Kostnaður við breytingar samkv. þessu nefndi ég áðan að væri um 26 millj., eftir því sem hér segir í skráðum tölum hjá mér, miðað við núverandi verðlag. Um greiðslu yrði að semja við aðilana að Tele-x-áætluninni. Breytingarnar mundu hafa í för með sér nokkra rýrnun móttökugæða annars staðar á Norðurlöndum og valda minni háttar töf, tæpast þó meira en þriggja mánaða, á framkvæmd Tele-x-áætlunarinnar. Lögð var áhersla á að þetta mat á kostnaði og framkvæmdatöf væri háð því að ákvörðun yrði tekin ekki síðar en í nóvemberbyrjun. Nú hefur reyndar nýlega verið haft samband við okkur frá Svíþjóð og menn kveðast þar tilbúnir til að framlengja frestina og hafa óskað viðtals af Islands hálfu um þetta atriði. Ráðuneytisstjóri menntmrn., sem um þessar mundir sækir fund í Helsingfors, tók að sér að ræða óformlega við Svía samkvæmt þeirra ósk. Er skýrslu hans að vænta í vikulokin.

Það ber að leggja áherslu á að sá kostnaður sem hér hefur verið rætt um er einungis tengdur sjálfum breytingunum á Tele-x-áætluninni. Þá er ótalinn allur kostnaður við móttöku hér á landi svo og hugsanleg útgjöld vegna afnota af dagskrárefni, sem að vísu hefur ekki komið enn til umræðu. Niðurstaðan af athugun þessa máls á vegum þeirra rn. sem tengst hafa Nordsat-könnuninni varð sú, að hinn 8. þ. m. var send til viðkomandi aðila á Norðurlöndum tilkynning um afstöðu Íslands þessa efnis:

„Íslensk stjórnvöld hafa haft til athugunar skýrslu geimtæknistofnunarinnar sænsku (Rymdbolaget): Q 2/7 2 TV till Island via Tele-x, tekniska alternativ och deras kostnads- och tidplaneeffekter," eins og það heitir, dags. 14. sept. 1983. Af því tilefni skal eftirfarandi tekið fram:

Af Íslands hálfu er metið mikils að gerð hefur verið athugun á og lagðar fram tillögur um hvernig unnt væri að breyta tækniforsendum Tele-x-áætlunarinnar í því skyni að sjónvarpssendingar um gervitunglið Tele-x næðu til Íslands. Að athuguðu máli er það þó niðurstaða íslenskra stjórnvalda að ekki beri að fara fram á að ráðist skuli í þessar breytingar, sem mundu hafa í för með sér nokkurt óhagræði fyrir aðila Tele-x-áætlunarinnar, þ. e. lakari tæknigæði sendinga og framkvæmdatöf. Þær ástæður sem þessi afstaða er reist á eru einkum tvenns konar: Annars vegar sú óvissa sem hlýtur að

vera um kostnaðarhlið málsins, miðað við að stefnuákvörðun þurfi að taka nú þegar, áður en tök eru á að kanna frekar ýmsa kostnaðarþætti og fjármögnun. Hins vegar eru tæknilegar ástæður. Sá kostur sem talinn er raunhæfastur (2a) miðast við óbeina (semidirekt) móttöku fyrir kapalkerfi. Mjög mikið skortir á að kapalvæðing sé hér á landi komin á það stig að slík tilhögun kæmi að viðhlítandi notum. Jafnframt er nokkuð augljóst að tenging við Tele-x á þessum grundvelli mundi í raun merkja að þátttaka Íslands í hugsanlegu Nordsat-samstarfi yrði bundin til frambúðar við óbeina móttöku. Af íslenskri hálfu hefur jafnan verið talið að sú tilhögun væri ekki hentug fyrir landið allt vegna þess hvernig byggð þess er háttað."

Þar með er svarað fyrra atriðinu í þessum lið og nú skal vikið að síðara atriðinu.

ECS er fjarskiptagervitungl sem ráðgert er að taka í notkun á vegum Eutel-sat, samtaka símamálastofnana í Vestur-Evrópu. Meginhlutverk ECS verður á sviði símaþjónustu, en í gervitunglinu eru magnarar umfram þörf fyrir símarásir, og hefur aðildarlöndunum verið gefinn kostur á að leigja þá til annarrar notkunar. Norðmenn hafa tryggt sér möguleika á að leigja einn magnara sem nota mætti fyrir tvær sjónvarpsrásir. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég verið víst að hætta hér, án þess að hafa svarað síðasta lið fsp. Í raun og veru eru þetta þrjár fsp., bornar fram undir einum dagskrárlið. En ég skal lesa það sem ég á eftir með ýtrasta hraða, því að þetta er allt saman niður skrifað. (**Forseti:** Já, hæstv. ráðh. getur haft hvort heldur hann vill, halda áfram ræðunni og þá verður það sem er fram yfir dregið frá í síðari ræðutíma, eða skipta ræðunni.) Hve langur er síðari ræðutími? (**Forseti:** Tíu mínútur.) Ég kann þá betur við og mér þykir það þinglegra að svara þeirri fsp. sem hér er lögð fram þinglega. Það hefði e. t. v. farið í þetta lengri tími ef það hefði verið utan dagskrár, en hinni þinglegu fsp. verður svarað.

Hér segir að Norðmenn hafi tryggt sér möguleika á að leigja einn magnara sem nota mætti fyrir tvær sjónvarpsrásir. Raunar er það svo að samningar hafa ekki verið gerðir um þetta milli Norðmanna og eigenda gervihnattarins, þannig að ekki er fullráðið hvort úr þessu verður. En ef till kemur er líklegt að önnur rásin verði notuð til að senda dagskrá norska sjónvarpsins til Svalbarða og jafnvel til norskra olíuborpalla á Norðursjó. Komið hefur til athugunar hvort hugsanlegt væri að hin rásin verði notuð til sjónvarpssendinga á samnorrænum grundvelli, áður en eiginlegt Nordsat-samstarf hæfist, en sú hugmynd hefur hlotið dræmar undirtektir, einkum af hálfu Finna og Svía. Í fsp., sem hér er til umr., mun hins vegar væntanlega átt við hugsanleg afnot Íslendinga af sjónvarpssendingum Norðmanna á fyrrnefndu rásinni. Um það atriði er því til að svara, að formlegt tilboð Norðmanna liggur ekki fyrir, en hugmyndin hefur verið mjög lauslega rædd. Þess ber að gæta að ekki yrði um að ræða beina móttöku sjónvarpsnotenda á sendingum frá ECS-gervitunglinu, heldur þyrfti jarðstöð hér og síðan dreifingu annaðhvort um kapalkerfi eða um dreifinet íslenska sjónvarpsins utan dagskrártíma þess, en það mun koma að nokkrum notum vegna tímamismunar.

Ókannað er að mestu um kostnaðarhlið þessa máls, m. a. hvernig fara mundi um hækkun leigugjalds til Eutelsat ef norsku dagskránni yrði einnig dreift um Ísland. Ég tel fyrir mitt leyti vert að kanna áfram með viðræðum við Norðmenn þá samstarfsmöguleika sem hér kunna að bjóðast og að því er unnið.

Í 2. tölul. fsp. er spurt hvernig háttað sé aðild íslenskra stjórnvalda að þeim athugunum sem nú fara fram milli Norðurlandanna varðandi sjónvarpssamstarf. Hér á undan var gerð grein fyrir því með hvaða hætti var stofnað til þessarar athugunar og að hverju hún beinist. Jafnframt var tekið fram að páv. ríkisstjórn ákvæði að Íslands skyldi eiga aðild að henni. Í samræmi við það voru tilnefndir fulltrúar af Íslands hálfu í hinar helstu þeirra norrænu nefnda sem að könnuninni vinna.

Í embættismannanefnd þeirri sem hefur yfirstjórn könnunarinnar með höndum átti sæti Birgir Thorlacius fyrrv. ráðuneytisstjóri og síðan Knútur Hallsson núv. ráðuneytisstjóri frá menntmrn., Árni Þ. Árnason skrifstofustjóri frá iðnrn. og Sigurður Þorkelsson forstjóri af hálfu samgrn. Hann á einnig sæti í tækni- og fjármálanefnd ásamt Guðrúnu Hallgrímsdóttur deildarstjóra í iðnrn. Gústaf Arnar yfirverkfræðingur og Jón Þóroddur Jónsson verkfræðingur hafa starfað í samræmingarnefnd og tilteknum vinnuhópum um tæknimál. Pétur Guðfinnsson framkvæmdastjóri er fulltrúi í nefnd um dagskrármálefni og Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri á sæti í nefnd um lagaleg málefni.

Eins og hér kemur fram er um umfangsmikið nefnda- og starfshópakerfi að ræða sem viðriðið er þessa könnun. Af hálfu Íslands hefur verið reynt að tryggja að fylgst væri með framvindu starfsins með viðhlítandi hætti og sjónarmiðum okkar komið á framfæri þótt ekki hafi verið tök á að sækja alla fundi sem haldnir hafa verið.

Í 3. og síðasta lið fsp. er spurt: Hvenær gæti þurft að taka skuldbindandi afstöðu um aðild að norrænu sjónvarpssamstarfi og á hvaða stigi yrði málið lagt fyrir Alþingi? Eins og áður var getið var þessari athugun sett það tímamark í upphafi að niðurstöður hennar skyldu lagðar fram innan tveggja ára, nánar til tekið ekki síðar en 1. apríl 1984. Þeirri áætlun hefur ekki verið breytt. Hins vegar má ætla að þótt takast megi að leggja fram lokaskýrslu um athugunina á tilsettum tíma muni þurfa talsverðan aðdraganda að endanlegri ákvörðun um framhald málsins. M. a. hefur verið gert ráð fyrir að Norðurlandaráði gefist kostur á að fjalla um málið að nýju eftir að niðurstöður liggja fyrir. Fráleitt er að gera ráð fyrir öðru en að ákvörðun varðandi aðild Íslands að hugsanlegu Nordsat-samstarfi verði borin undir Alþingi með einhverjum hætti, en samkv. því sem nú var sagt verður að telja fremur ólíklegt að það geti orðið tímabært á því þingi sem nú situr.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir ríflegan ræðutíma.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Eins og ég tók áður fram, þá verður dregið frá í síðari ræðutíma. En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil gera það að tillögu minni að þegar þm. bera fram fsp. í mörgum liðum, þannig að þær fela í raun og veru í sér margar fsp., þá verði forminu á þskj. breytt á þann veg að hver fsp. sé sjálfstæð svo að nægilegur tími gefist til þess að svara með viðhlítandi hætti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Já, ég vil segja að þetta er skynsamleg aths. og þetta verður tekið til athugunar við framkvæmd þessara mála. Ég vil aðeins láta þess getið sem menn eiga að vita hér, að þegar við tókum núna fyrst á þessu þingi á dagskrá fsp., þá lét ég þess getið að við mundum leitast við, allir þm., að fyglja sem nákvæmast fyrirmælum þingskapa um ræðutíma varðandi fsp. En hæstv. menntmrh. mun þá ekki hafa verið hér til staðar. Það var fundur með öllum formönnum þingflokkanna um þetta mál og hefur verið mikil eindrægni og samstaða um þetta. Ég segi þetta ekki vegna þess að svo sé ekki af hálfu menntmrh., því að það er að sjálfsögðu. Auk þess er það þarft framlag sem hún setti fram hér til að auðvelda þessa framkvæmd.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Hér hefur verið hreyft hinu merkasta máli og ástæða er til að þakka hæstv. menntmrh. fyrir glögg og góð svör við fsp. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það sem um er að ræða hér er það að Ísland gangi inn á þjóðbraut í menningarlegum og tæknilegum samskiptum Evrópuþjóðanna í sjónvarpsefnum. Við þekkjum það þegar af hinum örstuttu fréttasendingum daglega, sem berast okkur beint, hve mikils virði og hve mikill ávinningur er af slíku beinu sjónvarpssambandi.

Hér er um að ræða spurninguna um þá möguleika sem fram undan eru á næstu árum í þessum efnum. Þeir eru fyrst og fremst þrír. Ráðh. gerði hér grein fyrir Nordsat-samstarfinu. Það er ljóst að Tele-x-sambandið hentar okkur tæpast, er ófullnægjandi, enda hefur það í raun verið afþakkað eins og fram kom hér í máli ráðh. Það er gert ráð fyrir að Nordsat-sjónvarpshnötturinn sjálfur komist á loft 1988—1989 en lokaákvörðun hefur ekki verið um það tekin. Kosturinn við þann sjónvarpshnött er að unnt er að nema frá honum beinar sendingar.

Annar kosturinn sem rétt er að nefna hér og ég held að sé ástæða til að gefa gaum að og undirstrika sérstaklega er breski sjónvarpshnötturinn. Að honum standa BBC, breska sjónvarpsstöðin, símamálastjórnin enska og nokkrir aðrir aðilar. Sá hnöttur mun koma hér á sporbaug 1986—1987. Það er skemmra í hann en Nordsat ef af Nordsat verður. Sendingar frá honum munu sjást á suðaustanverðu Íslandi en það þarf að byggja loftnet sem er 3—4 metrar í þvermál hér í Reykjavík og á þessu svæði þannig að móttökustöð þyrfti að reisa. Hún kostar samkv. upplýsingum frá símamálastjórn, sem ég hef aflað mér, í dag 2—3 millj. kr. Sjónvarpað verður á tveimur rásum, önnur úrval úr dagskrám BBC, hin úrval úr dagskrám þeirra sjónvarpsstöðva sem senda út efni gegn greiðslu. Leggja þyrfti kapalkerfi, ef slík stöð yrði byggð fyrir móttökur frá breska sjónvarpshnettinum.

Þriðji kosturinn, sem kannske er merkilegastur og sá sem telja mætti e. t. v. girnilegastan fyrir Íslendinga, er Eutelsat-hnötturinn sem menntmrh. vék að. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu. — Þar er um að ræða sendingar allra eða flestra Evrópuríkja sem mundu sjást hér. Byggja þyrfti móttökustöð sem aðeins kostar þó 6—8 millj. Ef byggð yrði stærri stöð svipuð og Skyggnir mundi sú stöð geta annast símaþjónustu Íslands við umheiminn til viðbótar við Skyggni. Samningurinn um sæstrenginn rennur út í lok ársins 1985 svo að hér er kannske um vænlegasta kostinn að ræða og jafnframt þann sem gefur möguleika á flestum dagskrám.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör við þessari fsp., sem borin var fram í þremur liðum, til þess að skýra málið. Svör hæstv. ráðh. hafa leitt í ljós að íslensk stjórnvöld hafa í raun afskrifað þátttöku í hugsanlegu samstarfi um Tele-x-sendingar til Íslands. Þó kom það fram í máli hæstv. ráðh. að boðinn hefði verið frestur til þess að athuga málið frekar og ef áformað er að nota þann frest til frekari athugunar málsins þá væri gott ef hæstv. ráðh. skæri úr um það. En ég tók orð hans svo, að þessu hefði í raun verið hafnað.

Afleiðingar af þessari ákvörðun eru þær m. a. að við komum ekki til með að njóta tilraunasendinga frá þessum sjónvarpshnetti, ef í verður ráðist, og er þó vissulega álitamál eins og hæstv. ráðh. nefndi, hvort taka eigi við slíkum kerfum, sem aðeins næðu til hluta landsmanna í upphafi a. m. k., en þarna er gert ráð fyrir óbeinni móttöku.

Þá hefur það komið fram í svari hæstv. ráðh. að enn séu möguleikar á athugun á samstarfi við Norðmenn og jafnvel víðtækara samstarfi Norðurlanda um Eutelsat-sendingar, sem norsk stjórnvöld hafa tryggt sér aðgang að með leigusamningi að ég best veit, og hv. þm. Gunnar Schram vék að þessu atriði sem athyglisverðum möguleika. Sá hnöttur kemur á braut einmitt um svipað leyti og möguleikar væru á að Tele-x-hnötturinn tæki til starfa. Ég vil almennt segja um þetta að við þurfum að vera mjög vel vakandi í þessum efnum. Ég hef verið hvetjandi þess að við værum jákvæðir í því samstarfi Norðurlanda sem lengi hefur verið á dagskrá og það alveg sérstaklega af menningarlegum ástæðum. Ég er áfram þeirrar skoðunar að við eigum öðru fremur að líta til þess. Það má segja að sá dráttur sem orðið hefur á Nordsat-áætluninni geti leitt til þess að við lentum hér í ákveðnar ógöngur, þ. e. að það verði mikill þrýstingur á það að komast í tengsl við gervitungl annars staðar frá, sem unnt væri að ná frá sjónvarpsefni fyrir utan Eutelsat-hnöttinn, þá t. d. Unisathnöttinn svokallaða sem einnig kemur inn í þessa mynd, og þá færu íslenskir sjónvarpsnotendur að koma sér upp búnaði, kannske kostnaðarsömum búnaði, til þess að geta notið slíkra sendinga og væri búið að leggja í þann kostnað áður en til samstarfs eða framkvæmda kæmi á Nordsat-áætluninni. Þetta er atriði sem vert er að hafa auga á og ég taldi, meðan ég fylgdist með þessum málum í ríkisstj., að það væri mikil ástæða til þess fyrir okkur að skoða þennan möguleika varðandi Tele-x, þrátt fyrir þá annmarka sem honum fylgja varðandi óbeina móttöku og hér hefur verið bent á.

Ég tel að íslensk stjórnvöld, sem um þessi mál fjalla, þurfi í rauninni að taka fastar á þessu en gert hefur verið á liðinni tíð. Nú vil ég ekki fullyrða hvernig að þessum málum er staðið af núv. hæstv. ríkisstj., en á meðan ég starfaði að þessum málum fannst mér sem erfitt væri að fá fram skilmerkilegar ákvarðanir á réttum tíma og fá í rauninni þær athuganir hér heima fyrir sem nauðsynlegar væru til þess að byggja á ákvarðanir af okkar hálfu. Það er sjálfsagt um fleiri þætti, þar sem margir eiga að koma við sögu, en þetta fannst mér agnúi á þessum athugunartíma, meðan ég fylgdist með, að

þarna væri í rauninni ekki lagt nóg af mörkum og menn legðu ekki nóg á sig til þess að komast að niðurstöðu.

Ég ítreka svo það viðhorf að lokum, herra forseti, að við þurfum í sambandi við sjónvarpssamstarf, væntanlega norrænt sjónvarpssamstarf, að gæta þess að Íslendingar verði þar ekki aðeins þiggjendur heldur líka veitendur. Þess vegna ber að leggja mjög ríka áherslu á að búa vel að íslenska sjónvarpinu og reyndar Ríkisútvarpinu almennt til þess að það verði í stakk búið til að mæta aukinni samkeppni eða tengslum við erlendar stöðvar og vera einnig veitendur á því sviði, svo sem íslensir sjónvarpsmenn og útvarpsmenn vissulega eru fullburða til.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spurði hvort nota ætti þann frest sem boðinn hefði verið til frekari athugunar málsins. Ég skýrði frá því í minni ræðu, að ráðuneytisstjóri menntmrn. mundi koma við í Stokkhólmi og ræða við aðila þar út af þessu máli. Sjálfsagt er að fylgjast með þróun þessa máls og hafna ekki möguleikum sem kunna að vera okkur hagstæðir. En ég vil undirstrika það að eins og málið hefur staðið og eins og það stendur nú, þá er ekki grundvöllur, þá eru ekki nægilegar upplýsingar til að taka ákvarðanir af skynsemi um það að taka þátt í þessu. Það liggur ekkert fyrir um það hvernig kostnaður muni skiptast og fjölmörg mikilvæg atriði eru alls ekki nógu ljós, þannig að það er ekki hægt að láta setja sér mjög skamman frest og taka ákvörðun um það af skyndingu. Það hljótum við að sjá þegar við athugum hve allt þetta mál hefur verið ótrúlega lengi í umfjöllun s. l. áratug.

Það lítur út fyrir nú að Norðmenn hefji sendingar til olíuborpallanna á næsta sumri, svo að ljóst er að það atriði kemur miklu, miklu fyrr til framkvæmda heldur en Tele-x áætlun Svía. Undirbúningsþátturinn í Tele-x kemur ekki til framkvæmda fyrr en 1986. Og ekki hefur verið tekin nein afstaða til hinnar endanlegu Nordsat-áætlunar, því að það liggur ekki einu sinni fyrir hvort Tele-x eða eitthvað annað verður lagt til grundvallar. Þannig stendur það mál. En ég vil einungis víkja aftur að ECS-hnettinum eða þeirri leið sem Norðmenn munu að lokum velja til þess að koma sendingum sínum norður fyrir olíuborpallana. Það gæti alveg eins verið önnur leið sem þeir veldu að lokum. Ef af því verður að Íslendingar taki sendingar frá þeirri rás hér niður þá er auðvitað alveg ljóst að ýmis kostnaðaratriði þarf að skilgreina þegar þar að kemur og áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Það eru þá í fyrsta lagi einhvers konar leigugjöld, sem ég vona að yrðu ekki mikil, til eigenda hnattarins. Í öðru lagi gjald til rétthafa efnisins, sem í því tilviki væri m. a. norska ríkisútvarpið, og svo til eigenda höfundarréttarins. Þetta eru atriði sem hafa áhrif á kostnað okkar af þessu. Ég hef fram undir þetta haldið að þarna kynni að vera hagstæð leið og nokkuð fljótleg fyrir okkur, en hún mundi vitanlega ekki fela í sér allt það sem Nordsat-kerfið fæli í sér.

Ég vil bæta aðeins við, af því að báðar þessar aðferðir eru á undirbúningsstigi, ECS á sumri komanda eða næsta ári og svo Tele-x hnötturinn, að hvort tveggja mundi útheimta einhves konar kapalkerfi ef við ætluðum að fá dagskrána í heild sinni. Og þá þykir mér eðlilegt að leiða hugann að því hvort við stöndum ekki andspænis því hvort sem er, innan ekki mjög langs tíma, að það hljóti að koma víðtækari kapalkerfi í landinu, ekki einungis vegna sjónvarps, heldur ýmiss konar annarrar þjónustu, annarrar upplýsingaþjónustu, tölvunotkunar, boðmiðlunar o. s. frv., sem þjóðir eru í vaxandi mæli að færa sér í nyt, bæði í fræðslu- og atvinnuskyni. Það kann því svo að fara að allir þeir hagsmunir haldist í hendur innan fárra ára. Þetta er atriði sem ég tel vert að hafa í huga.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka mjög ákveðið undir það sem kom síðast fram hjá hæstv. menntmrh., að það fari fram athugun á því hið allra fyrsta hver sé líkleg þróun í sambandi við sjónvarpssendingar hér innanlands og möguleika á kapalkerfum, æskilegri útbreiðslu þeirra og tæknilegum möguleikum í því sambandi þannig að það liggi í rauninni fyrir við athuganir þessara mála og að viðeigandi yfirvöld beiti sé fyrir slíkri úttekt.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Athugasemdin var einungis þessi: Það þarf líka að breyta lagalegum skilyrðum til að unnt sé að koma á kapalkerfum og ég vona að hv. Alþingi samþykki breytingu á útvarpslögum og fjarskiptalögum um það efni.

Málefni El Salvador á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, fsp. 56. mál (þskj. 61.) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Sú fsp. sem ég beini til hæstv. utanrrh. um málefni El Salvador hljóðar svo:

„Ef til afgreiðslu kemur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna till. varðandi málefni El Salvador sem í efnisatriðum er hliðstæð ályktun allsherjarþingsins á s. l ári, mun þá afstaða Íslands til slíkrar tillögu verða óbreytt frá því sem var á síðasta allsherjarþingi?"

Þar sem ríkisstjórnarskipti hafa orðið þótti mér rétt að bera fram þessa fsp., þannig að í ljós kæmi hvort afstaða Íslands hefði nokkuð breyst við stjórnarskiptin.

Ég ætla ekki nú að rekja allar þær hörmungar sem yfir hafa gengið í El Salvador, ég gerði það allítarlega á síðasta þingi, en vil aðeins benda á að sú ályktun, sem ég vísa til og var samþykkt 17. des. 1982 og fjallaði um þessi mál, innihélt m. a. áskorun til allra aðila í El Salvador um að binda enda á hvers kyns ofbeldisverk í því skyni að koma í veg fyrir frekari blóðböð og þjáningar íbúanna í El Salvador, áskorun í annan stað til ríkisstjórnar El Salvador og annarra pólitískra afla þar um að vinna saman að pólitískri lausn, sem næði til allra þátta þjóðlífsins í því skyni að ná fram friði, og í þriðja lagi, svo að ég velji aðeins fáeina punkta úr þessari ályktun, að endurtaka áskorun sína til allra þjóða um að blanda sér ekki í innri málefni í El Salvador og láta af öllum hernaðarsendingum og hernaðaraðstoð til þessa lands, þannig að hin pólitísku öfl geti unnið að því að endurheimta frið og öryggi og að komið yrði á lýðræðislegu stjórnarfari.

Sú ályktun sem ég vitna til inniheldur mörg önnur atriði, en ég sé ekki ástæðu til að rekja önnur. En þegar þessi ályktun var til umfjöllunar á allsherjarþingingu á s. l. ári, eða nánar tiltekið 17. des. 1982, greiddi Ísland atkv. með till. Fsp. er sem sagt varðandi það, hvort

Ísland muni hafa óbreytta afstöðu ef fram kemur þarna til afgreiðslu ályktun sem er hliðstæð um efnisatriði.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir fsp. sinni, en hún hljóðaði svo:

„Ef til afgreiðslu kemur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tillaga varðandi málefni El Salvador sem í efnisatriðum er hliðstæð ályktun allsherjarþingsins á s. l. ári, mun þá afstaða Íslands til slíkrar tillögu verða óbreytt frá því sem var á síðasta allsherjarþingi?"

Það er óhætt að segja að þetta er allóvenjuleg fsp., en ég skal samt leitast við að svara henni og get gert það með þeim hætti að segja, að ef forsendur eru þær sömu og þegar umrædd tillaga var til afgreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna mun Ísland nú aftur samþykkja hana. Hins vegar hefur engin hliðstæð tillaga enn komið fram á yfirstandandi allsherjarþingi og því ekki vitað um texta slíkrar tillögu ef fram kæmi.

Það ætti að vera óþarfi að láta þess getið, að kannað er í hverju einstöku tilviki hverjar eru forsendur tillögu og aðstæður á þeim tíma sem tillaga er flutt áður en afstaða er til hennar tekin.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að skilja svar hæstv. utanrrh. sem já. Við höfum áður rætt þessi mál hér á Alþingi og það hefur greinilega komið fram eindreginn vilji á þinginu, að ég tel, um að Ísland beiti áhrifum sínum í sömu átt og sú ályktun sem samþykkt var á þingi Sameinuðu þjóðanna í fyrra stefnir — beiti áhrifum sínum með þeim hætti að unnið verði að pólitískri lausn í El Salvador og unnið verði að því að utanaðkomandi afskiptum linni þar og að bandamenn okkar í Bandaríkjunum láti af hernaðaraðstoð við þá ríkisstjórn, ef svo skyldi kalla, sem þar situr.

Að því er aðstæður varðar bundu margir vonir við að þær kosningar sem fóru fram um kjör stjórnskipunarnefndar mundu marka straumhvörf í El Salvador, en allar fregnir sem þaðan hafa borist síðan, og það síðast í Morgunblaðinu í dag, benda til þess að það hafi ekkert lát orðið á hryðju- og ofbeldisverkum í þessu landi og að ýmsir þeir aðilar sem teljast styðja þá ríkisstjórn sem þar er eigi þar ekki minnstan hlut að máli.

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin og vænti þess að það verði unnið að málunum í þeim anda af hálfu Íslands á alþjóðavettvangi. Ég leyfi mér að skilja svar hans svo, að afstaða Íslands sé óbreytt að því er varðar tillögu af þessu tagi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kjartani Jóhannssyni fyrir að taka þetta mál hér upp og tel það jákvætt að hér hefur komið fram svar frá hæstv. utanrrh. sem hægt er að túlka sem já við stuðningi við hliðstæða tillögu, ef fram kæmi, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna varðandi málefni El Salvador. Það er ljóst að hætta er fyrir hendi ekki aðeins á óbreyttu hörmungarástandi í því landi og þessu svæði heldur vaxandi hætta á íhlutun af Bandaríkjanna hálfu í málefni El Salvador með stuðningi við þá einræðisstjórn sem þar hangir enn við völd. Það er full ástæða til þess fyrir íslensk stjórnvöld að taka þessi mál upp að eigin frumkvæði á alþjóðavettvangi og styðja viðleitni annarra til að koma í veg fyrir að ástandið á þessu svæði eigi enn eftir að versna. Hér er ekki aðeins El Salvador-málið inni í myndinni. Við höfum nýlega fjallað um innrásina í Grenada og eigum eftir að gera það enn frekar hér á hv. Alþingi. Nicaragua er einnig í skotmáli þeirrar íhlutunarstefnu sem Bandaríkin standa nú fyrir á Mið-Ameríkusvæðinu.

Frestun Suðurlínu, fsp. 66. mál. (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Nú vantar aðeins herslumun á að lokið sé hringtengingu byggðalína svokallaðra, það er 132 kw stofnlína, um landið. Vestfirðir eru að vísu undanskildir frá þeirri hringtengingu, en eru þó í tengslum við byggðalínukerfið.

Síðasti áfanginn í lagningu þessara lína, sem byrjað var á með ákvörðun um lagningu Norðurlínu fyrir 10 árum, er tenging Suðurlínu meilli Hafnar í Hornafirði og Sigöldu. Hún er eins og fyrri áfangar mikið mannvirki, 250 km löng og liggur um sanda og að fjallabaki. Mælingum vegna línunnar og hönnun hennar var lokið á árinu 1982 með það að markmiði að unnt yrði að tengja hana og loka byggðalínuhringnum haustið 1983 eða um þetta leyti núverandi árs. Í samræmi við það veittu stjórnvöld Rafmagnsveitum ríkisins sem framkvæmdaaðila heimild til þess á árinu 1982 að panta allt efni til línunnar.

Á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1983 var gert ráð fyrir 160 millj. kr. til verksins. Kostnaðaráætlun Landsvirkjunar nam mun hærri upphæð eða 285 millj. kr. Málið var rætt í ríkisstj. og við forsvarsmenn Landsvirkjunar í mars og apríl s. l., þar sem leitað var leiða til viðbótarfjármögnunar, þannig að unnt væri að ljúka tengingu Suðurlínu í ár. Niðurstaða þeirra athugana kom fram í bréfi fjmrn. til Landsvirkjunar, dags. 13. maí 1983, og ég ætla að vitna til þess herra forseti, en það bréf er svohljóðandi:

„Á fundi sínum 28. apríl s. l. samþykkti ríkisstjórnin að heimila Landsvirkjun að taka lán að upphæð 100 millj. kr. til að unnt sé að halda áfram lagningu Suðurlínu og ljúka sem fyrst hringtengingu raforkukerfisins. Um yrði að ræða skammtímalán sem breytt yrði í lán til lengri tíma með heimild í fjárlögum eða lánsfjárlögum næsta árs. Fjmrn. telur að til greina komi að Rafmagnsveitur ríkisins taki lán til ofannefndrar framkvæmdar sjái þær um línulögnina.

Fyrir hönd ráðh.

Höskuldur Jónsson."

Þannig lá fyrir heimild ríkisstj. og fjármálayfirvalda til nauðsynlegrar lántöku til að ljúka tengingu línunnar í ár.

Við stjórnarskipti var málið í athugun á þessum grundvelli hjá Landsvirkjun. Ríkisstj. sem mynduð var 26. maí s. l. hafði hins vegar ekki setið á stólum nema í fáa daga þegar Sverrir Hermannsson hæstv. iðnrh. ákvað að afturkalla heimild þá sem ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens hafði veitt til viðbótarlántöku til að ljúka Suðurlínu. Tilkynnti hann þetta á ríkisstjórnarfundi 31. maí s. l., að sögn Morgunblaðsins daginn eftir, og segir í viðtali hans við Morgunblaðið 1. júní s. l. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir að Alþingi ákvað að skera framkvæmdirnar við

Suðurlínu niður þetta mikið hófst fráfarandi ríkisstj. handa um að athuga með útvegun fjármagns og það lá fyrir í iðnrn. ákvörðun þess efnis að taka að láni allt að 100 millj. kr. í þessu skyni. Ég hef nú ekki hugsað mér að hefjast þannig handa. Það eru ekki heimildir fyrir þessu og Alþingi hefur tekið sínar ákvarðanir. Þess vegna er það ákvörðun mín að stöðva þetta, en Suðurlína verður forgangsverkefni til lúkningar á næsta ári. Auðvitað er öryggisatriði að tengja þetta, en ekki svo að það verði ekki að víkja í þessari fjárhagsstöðu okkar."

Ákvörðun ráðh. um frestun þessarar framkvæmdar í ár vakti furðu margra, en í ljósi skýlausrar yfirlýsingar ráðherrans um að lúkning línunnar yrði forgangsverkefni á árinu 1984 munu margir hafa dregið við sig að átelja opinberlega þessa ákvörðun ráðh. Nú liggur það hins vegar fyrir mót vonum að samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir 1984 er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum við Suðurlínu á næsta ári, þrátt fyrir svardaga hæstv. ráðh. um hið gagnstæða. Því spyr ég hæstv. iðnrh.:

„1. Hvaða ástæður liggja að baki áformum ríkisstj. um að fresta því að ljúka við Suðurlínu þar til á árinu 1985?

2. Hvaða fjárhagsleg rök mæla með þeirri frestun?

3. Hvert er öryggi í afhendingu á raforku til notenda á Austurlandi á árinu 1984 og 1985 að mati Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins ef tengingu Suðurlínu verður enn frestað?"

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. spyr um ástæðuna sem liggi að baki áformum ríkisstj. um að fresta því að ljúka við Suðurlínu þar til á árinu 1985. Sem svar við þessari fyrirspurn hv. þm. er frá því að segja, að það hefur engin ákvörðun verið tekin um að fresta því að ljúka við Suðurlínu þar til á árinu 1985.

Hann spyr í öðru lagi hvaða fjárhagsleg rök mæli með slíkri frestun og þarfnast þessi liður ekki svars þar sem forsendur hinnar fyrri fyrirspurnar voru ekki fyrir hendi.

Þá kemur í þriðja lagi þessi spurning hans: Hvert er öryggi í afhendingu á raforku til notenda á Austurlandi á árinu 1984 og 1985 að mati Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, ef tengingu Suðurlínu verður enn frestað?

Ég hef aflað upplýsinga frá Landsvirkjun og RARIK vegna þessarar fyrirspurnar og segir svo í svari Landsvirkjunar:

Frestun á lúkningu á Suðurlínu til ársins 1985 hefði það í för með sér að búast má við skertu öryggi á afhendingu raforku til notenda á Austurlandi veturinn 1984—1985. Þannig getur alvarleg bilun á Austurlínu frá Kröflu að Hryggstekk við verstu aðstæður þann vetur jafnvel leitt til nokkurs orkuskorts á Austurlandi meðan á viðgerð stendur og þá miðað við óbreytta aflgetu núverandi aflstöðva á Austurlandi frá því sem er í dag.

Um bilunarlíkur er vart hægt að spá, en við staurabrot og aðrar meiri háttar bilanir má reikna með að viðgerð geti tekið 2—6 sólarhringa, allt eftir aðstæðum. Áætlað er að mesta álag á Austurfjörðum veturinn 1984 til 1985 verði 40—45 mw., eftir því hvort loðnubræðslur eru starfræktar eða ekki, þegar rafskautakatlar sem hafa 100% varaafl eru ekki meðtaldir. Samanlögð hámarksaflgeta núverandi stöðva á Austurlandi er: Vatnsaflsstöðvar 13.6 mw. og dísilstöðvar 20.8, samtals 30.4 mw.

Ekki er þó ráðlegt að reikna með ekki meiri samanlagðri aflgetu en 30 mw. að vetri til og skortir því um 10—15 mw. til að hægt sé að anna eftirspurn við verstu aðstæður. Slíkum skorti yrði væntanlega að mæta með skömmtun, en hættu á skorti er að sjálfsögðu hægt að bægja frá með tímanlegri aukningu varaafls á Austurlandi.

Í svari Rafmagnsveitna ríkisins kemur þetta fram:

Veturinn 1984—1985 er búist við að hámarksálag á Austurlandi verði 45 mw., fyrir utan rafskautakatla veitnanna á Höfn í Hornafirði og á Seyðisfirði. Álag á þeim verður 6—7 mw. og fyrir þá er fullt varaafl í svartolíukötlum. Ef ekki er gert ráð fyrir loðnubræðslu þegar álag er mest lækkar hámarksálag í 41 mw. Vegna minni afltoppa í línum þegar orkan er framleidd með staðbundnum varaaflsvélum er varaaflsþörfin þó nokkru lægri en hámarksálagið, eða 39—43 mw. eftir því hvort reiknað er með bræðslu eða ekki.

Þar til Suðurlínu verður lokið verður að mæta bilun á byggðalínu með varaafli á Austurlandi. Með því að hafa ávallt lágmarksvatnsforða fyrir Lagarfossvirkjun og Smyrlabjargarárvirkjun má reikna með 9 mw. afköstum hjá þeim í nokkra daga. Tiltækt varaafl í olíustöðvum er um 20 mw. Ef engin afföll verða á vélum vegna bilana og vatn endist má því reikna með því að heildarvaraafl á Austurlandi sé um 29 mw.

Ef Suðurlínu verður ekki lokið fyrir veturinn 1984—1985 og bilun verður t. a. m. á Austurlínu þegar álag er mest verður varaaflsskortur á Austurlandi 10—14 mw., eftir því hvort reiknað er með bræðslu eða ekki. Ef til þess kemur að anna verði raforkuþörf á Austurlandi með þessu varaafli verður raunverulegur skortur þó enn meiri en sem nemur þessum 10—14 mw. Þetta stafar af því, að álag á þeim svæðum sem njóta rafmagns á hverjum tíma eftir að skömmtun er hafin verður hærra en án skömmtunar. Ástæðan er t. d. sú, að öll hitun kemur þá inn á fullum þunga meðan menn eru að reyna að hita upp hús sín, sem kólnað hafa niður meðan afhending var rofin. Slík hækkun á álagi getur valdið yfirálagi á strengjum og spennum og gerir því alla skömmtun mjög erfiða.

Þá er rétt að benda á það, að ef t. d. slæm bilun verður á Austurlínu og aðstæður til viðgerðar verða slæmar getur slík viðgerð tekið jafnvel tvær til þrjár vikur. Við slíkar aðstæður er óvarlegt að reikna með að vatnsforðinn nægi til að halda virkjunum uppi með 9 mw. afköstum. Getur því varaaflsskortur á Austurlandi orðið enn meiri en 10—14 mw. undir þessum kringumstæðum. Af þessum ástæðum og öðrum mjög veigamiklum er ákveðið að ljúka byggingu Suðurlínu á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hér kom frá hæstv. ráðh. um að ljúka skuli lagningu Suðurlínu á árinu 1984, en áður höfðu komið fram staðhæfingar um hið gagnstæða, uppi hafðar í málgögnum ríkisstj. um það leyti sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hafði verið fram lögð og ekkert það í þeirri áætlun sem sýndi að lagning línunnar væri ráðin á komandi ári.

Mér kom satt að segja mjög á óvart ef það hefði átt að verða niðurstaðan og hæstv. ráðh. hefði fallist á að ekki yrði lokið við þetta mannvirki hið fyrsta og hef ég þegar gagnrýnt þá ákvörðun hans að fresta tengingu línunnar á þessu ári.

Nú hefur það hins vegar gerst, og ég treysti því að þar standi ríkisstj. að baki þannig að ekki verði breyting á, að frá þessari frestun á komandi ári hefur verið horfið og lúkning línunnar ráðin. Þetta eru góð tíðindi fyrir Austfirðinga, en ekki eingöngu fyrir þá því að hér á allt landið í hlut. Lokun á byggðalínuhringnum er stórfellt öryggisatriði fyrir nánast landsmenn alla, þó að það komi nokkuð misjafnlega við sögu í einstökum landshlutum. Hefði verið hið mesta óráð að draga þessa framkvæmd, ekki aðeins út frá öryggissjónarmiði heldur einnig frá fjárhagssjónarmiði, og var óráð að ljúka ekki tengingu línunnar fyrir þennan vetur, eins og stefnt hafði verið að af fráfarandi ríkisstj.

Ég þakka hæstv. ráðh. yfirlýsingu hans og vænti að hún sé á þeim grunni reist að ekki verði frá þessu horfið.

Þormóður rammi, fsp. 66. mál (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég leyfi mér hér að beina fsp. til forsrh. vegna Þormóðs ramma og spyr hvort það sé ætlun forsrh. að láta undan þrýstingi í máli Þormóðs ramma og nota almenningsfé til að halda uppi rekstri fyrirtækis sem nú er komið á hausinn.

Tilefni þessarar fyrirspurnar er margítrekaðar yfirlýsingar hæstv. forsrh. um að hann og hans ríkisstj. muni ekki láta undan þrýstingi og því ekki kvika frá þeirri efnahagsstefnu, sem mörkuð er með þeim orðum, með leyfi hæstv. forseta, „að festa verði sköpuð með raunhæfri gengisstefnu, sem ásamt aðhaldssamri fjármála- og peningastjórn myndi umgerð ákvarðana í efnahagslífinu. Að loknum aðlögunartíma beri aðilar vinnumarkaðarins ábyrgð á samningum um kaup og kjör í ljósi hinnar opinberu stefnu í gengis- og kjaramálum".

Í þjóðhagsáætlun segir enn fremur, með leyfi forseta: „Mikil ábyrgð hvílir á öllum þeim fjölmörgu aðilum í hagkerfinu sem fara með ákvörðunarvald hver á sínu sviði að ekki verði farið út yfir þau mörk sem samrýmast jafnvægi í þjóðarbúskapnum og áframhaldandi hjöðnun verðbólgu".

Til að fyrirbyggja að þessi umr. fari út í umr. um bókhald vil ég taka fram að ég geri mér vel grein fyrir því að Þormóður rammi er ekki undir hamrinum. Ég geri mér einnig grein fyrir því að væri fyrirtækið boðið upp, segjum þegar skuldir þess falla í gjalddaga, sem verður ekki alveg á næstunni, stæðu eignir þess fyllilega undir skuldum.

Ég geri mér ljósa grein fyrir að vandamál þessa fyrirtækis er nákvæmlega sama vandamál og hvers einasta heimilis í landinu, þ. e. skortur á rekstrarfé.

Ríkisstj. getur auðvitað lýst því yfir að hún auki hlutafé sitt í fyrirtækinu og þannig greitt fyrir auknum lánamöguleikum þess í bönkum og þar með gert kleift að rekstur þess geti gengið áfram með sömu umsvifum og áður. Hér er einfaldlega um nokkurs konar verðbólgu í smáum mæli að ræða, sem eykur krónufjölda í umferð á þessum stað, en þær krónur eru ekki fengnar með tekjuaukningu fyrirtækisins.

Ef við yfirfærum þetta dæmi á heimilin í landinu hljóta rekstraraðilar heimila að skoða verk ríkisstj. á þessu sviði sem öðrum sem fordæmi að sinni kröfugerð á hendur ríkisstj., því rekstrarvandi Þormóðs ramma er fyrst og fremst spurning um kaup og kjör.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þessi spurning er um ýmislegt nokkuð óvenjuleg.

Í fyrsta lagi heyra málefni Þormóðs ramma undir fjmrn. en ekki forsrn.

Í öðru lagi kannast ég ekki við neinn þrýstihóp sem til mín hafi komið og óskað eftir því að sólundað yrði almannafé.

Í þriðja lagi, eins og reyndar kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, er fyrirtækið ekki á hausnum.

Þó skal ég gjarnan gera grein fyrir því sem í málinu hefur verið unnið. Hins vegar er þó rétt að spyrja hæstv. fjmrh. um það sem hann hann vinnur að nú.

Málið hefur komið fyrir ríkisstj. og þar var ákveðið að leita umsagnar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég leitaði þeirrar umsagnar af því að Framkvæmdastofnun heyrir undir forsrh. Framkvæmdastofnun kemst að þeirri niðurstöðu, að skuldir fyrirtækisins væru tæpar 253 millj. kr., en þegar dregin er frá veltufjáreign eru skuldir fyrirtækisins taldar vera 172 millj. kr. Stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu, að eignirnar séu meiri en skuldirnar, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Hins vegar kemur líka fram, að hlutafé í Þormóði ramma er ákaflega lítið, aðeins tæpar 9 millj. kr., sem er af fjármálastofnunum talið allt of lítið þegar um slíkt fyrirtæki er að ræða. Það er sem sagt ekki nema innan við 4% af heildarskuldum fyrirtækisins.

Framkvæmdastofnun leggur til að þeim skuldum fyrirtækisins sem eru með ríkisábyrgð verði breytt í hlutafé, 65 millj. kr. um það bil. Jafnframt verði leitað til annarra hluthafa um aukningu hlutafjár í Þormóði ramma. Samið verði við lánasjóði um lánveitingar vegna þeirra framkvæmda sem þarna hafa verið í gangi og ekki hafa notið fullrar lánafyrirgreiðslu. Og í þriðja lagi verði samið við lánardrottna um breytingu á lausa- og skammtímaskuldum í lengri lán.

Framkvæmdastofnun telur, ef þetta er gert, að Þormóður rammi eigi að geta staðið undir þeim skuldum sem eftir eru.

Þetta mál er nú til meðferðar hjá hæstv. fjmrh., sem hefur haldið fundi, veit ég, með þm. kjördæmisins og með heimamönnum og sömuleiðis með banka- og fjármálastofnunum, en hefur ekki lagt fyrir ríkisstj. till. sínar í þessu efni. Þar hefur því engin ákvörðun verið tekin.

Hins vegar mætti margt fleira um þetta mál segja. Ríkissjóður á 70% hlutafjárins í Þormóði ramma. Ég mæli alls ekki með slíkri hlutafjáreign ríkissjóðs í atvinnufyrirtækjum. Þarna er um undantekningu að ræða. Hún er orðin til vegna þess að þátttaka ríkissjóðs í atvinnulífi á Siglufirði hefur verið mjög mikil, eins og allir vita, í gegnum Síldarverksmiðjur ríkisins. Hygg ég að rekja megi mikla hlutafjáreign ríkissjóðs nokkuð til þess tíma. Þá vakna spurningar um það: Hverjar eru skyldur hluthafa? Hluthöfum í ýmsum fyrirtækjum sem eru í vandræðum hefur verið gert skylt að auka mjög hlutafé sitt í eigin fyrirtækjum. Ég gæti nefnt um það fjölmörg dæmi. Bankamenn tala gjarnan um að hluta-

fjáreign þurfi að vera a. m. k. 25% af heildarskuldum fyrirtækja. Hér fer því víðs fjarri að svo sé. Gilda þá ekki sömu reglur gagnvart ríkissjóði og öðrum hluthöfum? Er ekki ríkissjóður skyldugur til þess að sjá um að hlutafé í Þormóði ramma sé í eðlilegu hlutfalli við heildarskuldir fyrirtækisins?

Einnig vakna nú þær spurningar, af því að rætt var áðan um heimilin, hvort heimilin á Siglufirði séu ekki hér til umræðu. Væri heimilum á Siglufirði bætt afkoman með því að stöðva Þormóð ramma? Ber ekki ríkissjóði, sem á 70% í stærsta atvinnufyrirtækinu á Siglufirði, að skoða það líka?

Ríkissjóður er stærsti hluthafinn og ber ríka ábyrgð á því að þetta fyrirtæki sé vel rekið. Það hefur margt tekist miður á undanförnum árum. Fyrirtækið hefur verið með nýtt frystihús í byggingu í yfir 11 eða 12 ár og á sama tíma hafa fallið á fyrirtækið ómældir vextir vegna framkvæmdanna, og vissulega standa greiðsluerfiðleikar fyrirtækisins mjög í tengslum við það. Þessi stóri hluthafi, ríkissjóður, hefur satt að segja ekki staðið í stykkinu og ekki séð um að byggja hið nýja frystihús á sem stystum tíma, sem er nauðsynlegt þegar ráðist er í slíkar framkvæmdir.

Ég lít svo á, að ríkissjóður beri að verulegu leyti ábyrgð á því ástandi sem skapast hefur á Siglufirði. Það verður að gera sömu kröfur til ríkissjóðs í þessu sambandi og gerðar eru af hinum ýmsu fjármálastofnunum til hluthafa í fyrirtækjum. Það er á þessum grundvelli sem málið er nú í skoðun hjá fjmrh. Ég efast ekki um að hann gerir skynsamlegar till. til ríkisstj. um lausn þessa máls, þar sem bæði er tekið tillit til ábyrgðar ríkissjóðs og ábyrgðar ríkisins sem hluthafa í þessu stóra fyrirtæki og hvernig forðað verður almennu atvinnuleysi á staðnum og erfiðleikum fyrir heimilin þar, sem ég ber einnig fyrir brjósti.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Að vísu vék hann lítið að þeim atriðum í þjóðhagsáætlun sem ég minntist á, en það kom þó að nokkru leyti í ljós skoðun hans í svari þessu.

Ég hef spurt hæstv. fjmrh. nokkurn veginn samhljóða spurningar. Hann svaraði, ef ég fer efnislega rétt með, á þann hátt að hann mundi ekki beita sér fyrir ívilnandi aðgerðum í þágu viðkomandi fyrirtækis.

Ég bið hæstv. forsrh. líka að taka til greina að í mínu máli kom ekki fram neinn dómur um þá aðgerð sem hér er um að ræða. Ég er ekki að mæla því í mót að það geti verið gagnlegt og jafnvel rétt að ríkissjóður horfi til sinnar ábyrgðar sem hluthafi í þessu fyrirtæki og auki hlutafé sitt þar. Ég er bara að benda á að slík aðgerð hefur ákveðnar afleiðingar, sem ekki er hægt að horfa fram hjá, m. a. verður hún að ákveðnu fordæmi fyrir hugsanlegar og áframhaldandi aðgerðir á öðrum sviðum um landið allt. Ég geri mér líka alveg ljóst að heimilin á Siglufirði eru jafnviðkvæm fyrir öllum sveiflum efnahagslífsins og önnur heimili á landinu öllu og þegar þarna er um að ræða einn aðila, sem að mestu leyti heldur uppi atvinnulífi á staðnum og sem ríkissjóður er eigandi að, þá eykst ábyrgð hans öllu meira en ella.

Ég þakka hæstv. ráðh. aftur fyrir svörin og við sjáum svo hver framvinda málsins verður með till. hæstv. fjmrh.

Fundargerðir bankaráða, fsp. 66. mál (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. viðskrh. spurningar sem ekki þarfnast mikillar umfjöllunar. Mér var það í raun og veru ekki ljóst fyrr en að athuguðu máli að fundargerðir fyrirtækis, sem Alþingi í raun og veru skipar í, berast ekki hingað að öllu jöfnu. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja þeirrar spurningar hvort hæstv. viðskrh. mundi vilja beita sér fyrir því að fundargerðir bankaráða ríkisbankanna kæmu hér til þm. með einum eða öðrum hætti.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og hv. 8. þm. Reykv., fyrirspyrjanda má vera ljóst hvílir þagnarskylda á þeim einstaklingum er sitja í bankaráðum ríkisbankanna. Þagnarskyldan hefur í för með sér að ekki er unnt að veita almenningi aðgang að fundargerðum bankaráðanna í heild sinni.

Grundvöllur þagnarskyldu hjá bankaráðum ríkisviðskiptabankanna er tvíþættur. Annars vegar grundvallast skyldan á lögum, en í lögum allra banka er að finna samhljóða ákvæði um þagnarskyldu. Samkvæmt þessum ákvæðum eru bankaráðsmenn bundnir þagnarskyldu um allt er varðar hagi viðskiptamanna hlutaðeigandi banka. Hins vegar grundvallast þagnarskyldan á eðli máls eða meginreglum laga. Í þeim tilvikum ber að leggja áherslu á eðli bankastarfsemi og nauðsyn þess að viðskiptamenn, allur almenningur beri traust til bankakerfisins og geti treyst því að um trúnaðarmál sé að ræða. Erfitt er að draga mörk um það hvenær eðli máls krefst þagnarskyldu, en ljóst er að það er í fleiri tilvikum en þeim sem varða hagi einstakra viðskiptamanna. Mætti t. d. nefna umræður um samkeppnisstöðu bankans gagnvart öðrum bönkum. Í Seðlabankalögunum er þagnarskylduákvæðið nokkru víðtækara en ákvæði í lögum um ríkisviðskiptabanka.

Þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt um þagnarskyldu er vafalaust ýmislegt sem ber á góma á bankaráðsfundum sem ástæðulaust er að halda leyndu. Þeim atriðum má vitaskuld skýra frá. Hitt er eins víst, að mörg vafaatriði kæmu ætíð upp þegar meta ætti hvað í fundargerð væri háð þagnarskyldu og hvað ekki. Ég minni á að þingið kýs sérstaka trúnaðarmenn sína í bankaráð hvers ríkisbanka. Jafnframt kýs þingið tvo endurskoðendur fyrir hvern ríkisviðskiptabanka. Starf þeirra er m. a. falið í eftirliti með starfsemi hlutaðeigandi banka. Þær aðstæður geta skapast að það sé skylda þessara trúnaðarmanna að gera Alþingi grein fyrir athugasemdum sínum við starfsemi bankans, enda hafi þeir áður sett athugasemdir sínar fram á bankaráðsfundi og kynnt þær ráðh. Það er því forsenda að mínum dómi fyrir dreifingu fundargerða bankaráða, að óbreyttum lögum, að bankaráðin sjálf samþykki það og óski dreifingar.

Bankaútibú, fsp. 66. mál (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. viðskrh. eftirfarandi

spurningar.

„Hyggst viðskrh. beita sér fyrir endurskoðun á heimildum fyrrv. ríkisstj. til að opna 11 ný bankaútibú? Þessa er spurt í ljósi þess að bankamálanefnd lagðist gegn þessum leyfisveitingum á sínum tíma."

Mér er það ljóst að hér liggja fyrir fleiri fsp. í þessa veru, og það kann að vera að hæstv. viðskrh. vilji nota tækifærið og svara þeim í heild sinni. En ég sé að flm. þeirra fsp. eru reyndar ekki viðstaddir. Ég held ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð. Spurningin felur í raun og veru allt það í sér sem segja þarf.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þessi fsp. lýtur að afturköllun á leyfum til þeirra útibúaafgreiðslna sem ekki hafa hafið starfsemi. Þykir mér því rétt að gera grein fyrir hvernig þau mál standa nú.

Tvö þessara útibúa hófu starfsemi vegna yfirtöku banka á starfandi sparisjóðum. Starfsemi þeirra er því í fullum gangi eins og var áður en leyfið var veitt. Auk þess hafa fjórar aðrar afgreiðslur verið opnaðar. Áætlað er að tvær afgreiðslur opni á næstu vikum, en ein á fyrri hluta næsta árs, og um tvær afgreiðslur liggja engar áætlanir fyrir. Afturköllun á leyfum til þessara útibúa og afgreiðslna á sér ekki stoð í lögum. Skiptir engu þótt ekki liggi fyrir í tveimur tilvikum hvenær ráðgert er að starfsemi hefjist. Leyfisveitingar af því tagi sem hér um ræðir eru ívilnandi stjórnarathafnir, þ. e. stjórnarathafnir er veita leyfishafa réttindi sem hann hafði ekki áður. Í íslenskum rétti er það aðalreglan að stjórnvöldum sé það eigi í sjálfsvald sett hvort þau afturkalli að óbreyttum aðstæðum ívilnandi stjórnarathafnir nema slíkt sé sérstaklega heimilað í lögum. Hvorugt þeirra skilyrða sem heimila afturköllun, breyttar aðstæður eða lagaheimild, eru til staðar.

Svar mitt til hv. fyrirspyrjanda er því að mig sem ráðh. bankamála brestur lögum samkv. heimild til að afturkalla þau leyfi sem veitt voru í tíð fyrrv. ríkisstj. til að opna ný bankaútibú eða bankaafgreiðslur.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svör hans og vil þá leyfa mér að spyrja þeirrar spurningar sem ég veit ekki hvort hann er reiðubúinn til að svara á þessari stundu: Ef hann brestur heimild til að afturkalla heimildir til bygginga, sem mér virðist vera skýrt og ljóst, hver er þá afstaða hans til framhalds þessara mála hin næstkomandi ár? Mun hann beita sér fyrir aðhaldi í þessum málum? Hefur hann gert sér ljósa grein fyrir ákveðnum fyrirætlunum sínum á þessu sviði?

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem kom til umr. á þingi fyrir nokkrum dögum, þ. e. útþensla bankakerfisins. Ég vil nota þetta tækifæri vegna umr. sem nú er hafin til að þakka fyrirspyrjanda fyrir spurninguna af því að hún er mjög tímabær. Og ég vildi líka beina þeirri frómu ósk til hæstv. viðskrh. að hann gefi nú einhvers konar tryggingu fyrir því að þessi útþensla verði stöðvuð a. m. k. á sama tíma og fólki er gert að þrengja æ meir sultarólina.

Auðvitað er algerlega ólíðandi hvernig bankakerfið hefur fengið að þróast og stækka og teygja anga sína í allar áttir látlaust og stöðugt án þess að nokkur hafi reynt að spyrna við fótum. Og það nær ekki heldur nokkurri átt, ef við förum að hugleiða það, að hér skuli vera jafnmargir ríkisbankar og eru. Við höfum ekkert við alla þessa banka að gera. Það er alveg ljóst. Nákvæmlega sama gildir um þrjú olíufélög sem reka þrefalt skrifstofu- og dreifingarkerfi með þjóðinni. Hvaða vit er í þessu öllu í 240 þús. manna landi? Þetta er auðvitað hrein vitleysa.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. að því, hver afstaða hans yrði ef hér yrði lagt fram á morgun eða hinn daginn frv. til l. um stöðvun á smíði húss Seðlabanka Íslands og stöðvun á þessari útþenslu, þessari útibúastefnu bankanna. Ég vildi gjarnan heyra það, þannig að það færi inn í þingtíðindi, hvað hæstv. ráðh. segði við þessu, vegna þess að mér finnst þetta mál skipta mjög miklu. Og ef núv. ríkisstj. ætlast til þess að þjóðin taki raunverulegt mark á sér, þegar ríkisstj. er að biðja hana að leggja af mörkum svo og svo mikið til að reyna að hjálpa þjóðarskútunni út úr þessum þrengingum, þá geri ég líka þá kröfu til hæstv. ríkisstj. að hún fari fram með tiltölulega góðu fordæmi, þó ég taki ekki dýpra í árinni.

Þessi mál hafa komið hér upp á þingi oft og mörgum sinnum. Ég minnist þess t. d. að ég og hv. þm. Vilmundur heitinn Gylfason ræddum þetta hér oft og mörgum sinnum, gerðum ítrekaðar tilraunir til að flytja hér mál og till. um að dregið yrði úr þessari útþenslu, bæði í bankakerfinu, hjá olíufélögunum og þeim aðilum sem raunverulega hafa og þjóna þeim eina tilgangi að dreifa sama fjármagninu um landið, — og fyrir hverja? Fyrir sjálfa sig? Þeir lifa raunverulega á sjálfum sér, lifa á því sem vinnandi fólk í landinu leggur þeim til og þenjast síðan út af einhverjum óskiljanlegum ástæðum og lögmálum sem engin veit hvaðan eru runnin. Þetta er að verða eins konar skrímsli sem enginn virðist ráða við. Það teygir anga sína um allt í þjóðfélaginu — og fyrir utan þann siðferðilega þátt, sem væri kannske vert að skoða dálítið betur, hvernig bankakerfið hefur verið notað.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af því sem kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda og svo hv. varaþm. Árna Gunnarssonar, þá vil ég vekja athygli á því að það er starfandi nefnd sem endurskoðar nú bankalöggjöfina og ég á von á að hún ljúki störfum innan skamms tíma. Þá gefst þm. tækifæri á því að ræða með hvaða hætti þeir telja að þessum málum verði best komið í framtíðinni.

Ég get upplýst það hér, að ég hef ritað þeim bönkum bréf sem heyra til viðskrn., en það eru ekki allir bankarnir, eins og þm. er kunnugt, og óskað eftir því að frekari verksamningar verði ekki gerðir um byggingar á vegum þessara stofnana.

Hv. varaþm. Árni Gunnarsson vék sérstaklega að Seðlabankabyggingunni, en umr. fóru hér fram fyrir nokkru um þáltill. sem hér var flutt þess efnis að frekari framkvæmdir en verksamningar segðu til um yrðu stöðvaðar. Það eru að sjálfsögðu ekki í gangi neinar aðrar framkvæmdir en verksamningar segja til um. Mér vitanlega stendur ekki til að gera einhverja slíka viðbótarverksamninga.

Ég get tekið undir það sem þessi hv. þm. hafa sagt í sambandi við byggingar og fjárfestingar hjá peningastofnunum. Hitt liggur ljóst fyrir að það eru ekki aðeins stjórnendur þessara stofnana, heldur eru það ýmsir viðskiptamenn sem hafa gert kröfur til þeirra og sveit-

arstjórnir sent ályktanir. Það er t. d. ekki nema vika síðan mér barst beiðni um útibú og undirskriftir voru frá stórum hluta íbúa þess byggðarlags. Þannig hjálpast allt að í þessum efnum.

Ég hef ekkert farið dult með það sjálfur, að þessi útibúaskömmtun er mér ekki að skapi. Ég hef unnið að því að reyna að finna fyrirkomulag sem gerði kröfu til viðskiptastofnananna í sambandi við fjárfestingar, hvort heldur væri í sambandi við þær skrifstofur sem fyrir eru eða nýjar skrifstofur, þannig að hvort tveggja sé krafa um ákveðna eiginfjárstöðu miðað við niðurstöðu efnahagsreiknings, svo og hitt, hversu hátt hlutfall af eigin fé viðkomandi stofnunar sé heimilt að hafa í fjárfestingu. Ég held að þetta sé það skynsamlegasta sem hægt væri að gera.

En ég vík svo líka að því, að ég er sannfærður um að það vandamál sem við höfum verið að glíma við stafar e. t. v. að einhverju leyti af því að málefni bankanna heyra ekki undir eitt og sama rn., þannig að hér er um að ræða þrjá leyfisveitendur en ekki einn. Það er ljóst að með nýrri bankalöggjöf verður þessu breytt og þó menn treystist ekki til að finna skynsamlega reglu til að starfa eftir verði a. m. k. veiting útibúa í höndum eins og sama ráðh. Það held ég að sé það skynsamlegasta.

Ég vildi láta þessa getið út af þeim fsp. sem hér komu fram og ég vænti þess að þegar þessum umr. lýkur hér á Alþingi, — en mér sýnist í dagskránni að við eigum enn einn fsp.-tíma eftir í sambandi við þessa hluti — verði þessi mál a. m. k. komin þannig og þetta hafi leitt til þess að skynsamlegri vinnubrögð verði upp tekin.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það hefur verið rætt mikið um það að undanförnu hversu miklar fjárfestingar eru af hálfu bankanna í landinu, og sérstaklega hefur Seðlabankabyggingin farið í taugarnar á mönnum. Sumir hv. þm. töluðu jafnvel eins og Seðlabankinn þyrfti lítið sem ekkert húsnæði og einn þm. hélt því fram að honum dygði eins og eitt horn í bókasafninu í Þverholti þar sem þeir eru með myndarlegt bókasafn og listmuni.

Hins vegar hafa menn ekki haft eins miklar áhyggjur af því hversu margar og dýrar og flottar byggingar eru reistar hér um allt höfuðborgarsvæðið og út um alla landsbyggðina fyrir viðskiptabankana. Þeir peningar sem hafa farið til þess eru auðvitað miklu meiri að vöxtum heldur en nokkurn tíma á eftir að fara í Seðlabankann. Og athugasemdir af þessu tagi og langanir hinna ýmsu þm. til að stöðva Seðlabankabygginguna koma allt of seint. Af hverju gerðu þessir sömu aðilar ekki athugasemdir um þetta fyrir eins og fimm árum? Eða þegar hinir sömu aðilar höfðu viss tök á páv. ríkisstj.? Það er einkennilegt að þurfa alltaf að koma of seint, sleppa tækifærinu þegar þeir hafa það og byrja svo að veina til þess að skamma þá sem við völd sitja.

Herra forseti. S. l. liðlega tuttugu ár hefur sparifé landsmanna í viðskiptabönkunum dregist mjög saman. (Forseti hringir.) Herra forseti. Þetta er nú býsna stutt. (**Forseti:** Já, það eru aðeins tvær mín. og þær eru nú orðnar röskar.) Ég skal vera mjög fljótur með afganginn, en ég vonast til þess að ég megi samt taka til máls aftur. Sparifé landsmanna hefur dregist saman, kannske eitthvað nálægt helmingi síðan 1961, en á sama tíma hefur bankakerfið þanist út og sífellt er verið að smíða hér bankaútibú út um allt til þess að slást um það sparifé sem sífellt fer minnkandi.

Herra forseti. Tíminn er liðinn. Ég hefði gjarnan viljað ræða svolítið meira um þessa hluti við ykkur hér, en ég fagna því að það er þó komið í yfirlýsingu ráðh. að bankarnir verði settir undir eitt ráðuneyti, séu ekki í viðskrn., landbrn. og í iðnrn., en það var einmitt úr iðnrn. sem síðasta bankaútibúið kom.

Sameinað þing, 20. fundur.

Þriðjudaginn 15. nóv., að loknum 19. fundi.

Afsögn þingmennsku, þáltill. 9. mál (þskj. 9). — Hvernig ræða skuli.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Efni till. þessarar til þál. er að Alþingi álykti að skora á hv. 6. þm. Reykv. Ellert B. Schram að segja af sér þingmennsku.

Í grg. með till. þessari er svo komist að orði að hv. þm. hafi lýst þeirri ósk sinni að fá leyfi frá þingmennsku. Samhliða þeirri ósk hafi hann látið frá sér fara í blöðum og útvarpi yfirlýsingar um ástæður þessarar beiðni. Segir enn fremur að leyfisbeiðnin verði ekki að mati flm. slitin úr samhengi við þessar yfirlýsingar.

Forseti vill taka fram að Alþingi samþykkti 10. október s. l. að verða við beiðni hv. þm. Ellerts B. Schram um leyfi frá þingstörfum og að varamaður hans taki á meðan sæti hans á þingi. Alþingi hefur því þegar ákvarðað að fullnægt hafi verið ákvæðum 138. gr. laga um kosningar til Alþingis með því að verða við fjarvistarbeiðni viðkomandi þm. og þannig þegar tjáð sig um það efni sem varðar till. þessa til þál.

Þegar af þessari ástæðu þykir ekki rétt að Alþingi fjalli um þessa till. til þál., sem gengur í berhögg við það sem áður hefur verið samþykkt á því þingi sem nú situr.

Með tilvísun til þessa er þessari till. til þál. vísað frá.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Svo leiki ekki á því neinn vafi vil ég gera ljóst að ég mun að sjálfsögðu, eins og aðrir þm., hlíta úrskurði forseta. Ég er ekki ánægður með þennan úrskurð, en hlíti honum.

Ég vil þó leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvort ekki hefði verið eðlilegra að leggja þessa málsmeðferð til og bera hana undir atkv. eins og ákvarðanir um hvernig ræða skuli Enn fremur, með leyfi hæstv. forseta, vil ég gera hér örstutta athugasemd.

Samkv. gerðabókum Nd. og Sþ. á hv. 6. þm. Reykv. Ellert B. Schram sæti í Nd. Einnig á hann sæti í fjh.- og viðskn. Nd., heilbr.- og trn. Nd og allshn. Nd. Einnig á hann sæti í allshn. Sþ. Einnig hefur Sþ. samþykkt leyfi til handa hv. 6. þm. Reykv. frá störfum til áramóta. Þetta hefur allt saman gerst án þess að kjörbréf hv. 6. þm. Reykv. hafi verið samþ. í atkvgr. í Sþ. og því ekki seinna vænna að leiðrétta það.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. þm. spurði hvort það hefði verið eðlilegra að hafa annan hátt á afgreiðslu þeirri sem gerð hefur verið á fyrsta dagskrármálinu og bera það undir þm. Svarið við þessu er neitandi. Þetta er mál sem forseta ber að kveða úrskurð

upp um og úrskurðinn hefur verið kveðinn upp og því er hafnað beiðni um atkvgr.

Hitt atriðið sem hv. þm. vék að var að hv. 6. þm. Reykv. Ellert B. Schram hafi ekki setið í nefndum að undanförnu. (**StB:** Það var ekki um það að ræða. Kjörbréf hans hefur ekki verið afgreitt með atkvgr. hér á þingi.) Já, ég ætla að koma líka að því. Mér fannst að hv. þm. viki að nefndarstörfum í tali sínu.

Hv. þm. Ellert B. Schram hefur verið kosinn í nefndir og kjörbréf hans var samþykkt af Alþingi 10. október s. l., þannig að hér er um misskilning að ræða.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Með leyfi hæstv. forseta leyfi ég mér að lesa upp fundargerð Sþ. frá 10. okt., framsögu hæstv. félmrh., þá framsögumanns 2. kjördeildar:

„Herra forseti. 2. kjördeild fékk til meðferðar kjörbréf 1. kjördeildar og niðurstaða 2. kjördeildar var sú, að við mælum með því að kjörbréfin verði samþykkt. Þau eru: Kjörbréf Árna Johnsens, Eggerts Haukdals, Friðriks Sophussonar, Matthíasar Bjarnasonar, Halldórs Ásgrímssonar, Ólafs Jóhannessonar, Guðmundar Bjarnasonar, Hjörleifs Guttormssonar, Karvels Pálmasonar, Jóns Baldvins Hannibalssonar, Guðrúnar Agnarsdóttur, Skúla Alexanderssonar, Pálma Jónssonar, Kristínar Halldórsdóttur, Ragnhildar Helgadóttur, Stefáns Valgeirssonar, Svavars Gestssonar, Valdimars Indriðasonar og Þóararins Sigurjónssonar."

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er hér kjörbréf Geirs Hallgrímssonar, sem kemur inn fyrir Ellert B. Schram. Það bárust kjördeildinni tvö bréf frá Ellert B. Schram. Fyrra bréfið, sem hæstv. forseti las hér, var dagsett 23.9. og þar stendur, með leyfi forseta."

Ég hleyp yfir bréfið því að efni þess þekkja menn. — Að loknum lestri þessara bréfa segir frsm. enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjördeildin varð sammála um að taka þetta til greina og mæla með því að kjörbréf Geirs Hallgrímssonar sem 1. varaþm. í Reykjavíkurkjördæmi verði samþykkt." Ég endurtek: Kjördeildin varð sammála um að leggja til að öll þessi kjörbréf, með þessari athugasemd, væru tekin gild. Hér er ekki einu orði minnst á kjörbréf Ellerts B. Schram.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. þm. hefur lesið upp úr þingtíðindum og gert það rétt. Hann nefndi ekki nafn Ellerts B. Schram, en ég hygg að þó að svo sé komist að orði sem í þingtíðindum er gert hafi kjörbréf Ellerts B. Schram verið samþykkt samkv. venju um rannsókn kjörbréfa í upphafi þings. Og ég hygg að allir hv. þm. á þessum fundi, 10. okt., hafi litið svo á. Hins vegar skiptir það ekki máli í sambandi við þann úrskurð sem hér hefur verið kveðinn upp hvort búið sé að samþykkja kjörbréf Ellerts B. Schram, hv. 6. þm. Reykv., eða ekki. Það mun verða litið á þetta sjónarmið hv. þm. Komi það í ljós við gaumgæfilega athugun að kjörbréfið hafi ekki verið samþykkt, þá hlýtur að liggja fyrir að bera það undir Alþingi til samþykktar síðar.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég lít svo á að til að kjörbréf skoðist samþykkt þurfi að hafa verið greidd um það atkv. hér á þingi. Ég lít einnig svo á, að til þess að maður gerist kjörgengur í nefndir á þingi þurfi sú atkvgr. að vera á undan gengin og hann þar með samþykktur sem þm. — Þetta er mín aths.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka fram að ég hef heyrt aths. hv. þm. Það sem hv. þm. hefur sagt breytir í engu því sem hér hefur verið úrskurðað. En tekið verður til athugunar þetta tiltekna atriði, sem hann kemur hér fram með, að vefengja að kjörbréf hv. þm. Ellerts B. Schram hafi verið samþykkt.

Rekstrargrundvöllur sláturhúsa, þáltill. 89. mál (þskj. 98). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vistunarvandi öryrkja, þátill. 52. mál (þskj. 55). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 55 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur og Kristínu S. Kvaran að bera fram svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því að leysa vandamál þeirra öryrkja sem eiga sakir andlegrar og líkamlegrar fötlunar örðugt um vistun á þeim stofnunum sem fyrir eru. Helst yrði um að ræða að efla stuðning við hjúkrun í heimabyggð eða stofnun sérdeildar við ríkisspítala."

Þessari till. fylgir svohljóðandi grg.:

„Tillaga þessi er borin fram af brýnni þörf. Vissulega er erfitt að setja ákveðin mörk þegar vandi öryrkja er skoðaður og möguleikar þeirra til eðlilegrar og sjálfsagðrar aðstoðar samfélagsins. Nægir að minna á vanda fjölfatlaðra barna sem ráða verður svo skjóta bót á sem unnt er. Um það atriði verður flutt sérstakt þingmál.

Hins vegar segja þeir sem gerst þekkja til þessara mála að í dag séu nokkrir öryrkjar, u. þ. b. 10—15 einstaklingar, sem séu alls ekki vistaðir við eðlilegar aðstæður eftir slys eða önnur áföll og eigi í raun hvergi heima á stofnunum þeim sem fyrir eru eins og þær eru nú í stakk búnar. Þessir öryrkjar eru yfirleitt vistaðir á almennum sjúkrahúsum og endurhæfingarstöðvum og þá sem alger neyðarráðstöfun vegna skorts á mannafla til að liðsinna þeim. Hér er ekki um marga að ræða, en vandinn varðandi þá þeim mun meiri, og hefur m. a. komið í ljós í því að starfsfólk viðkomandi stofnana hefur allt að því hótað að ganga út ef þessari byrði yrði ekki af þeim létt.

Efling hjúkrunar á þeim stöðum þar sem þessir sjúklingar eru nú vistaðir eða stofnun sérdeildar við einhverja sjúkrastofnun sem sinnir svipuðum vanda mundi leysa brýnustu vandamálin sem eru hrikaleg. Með þeim einum hætti verður komið til móts við þessa einstaklinga sem auk líkamlegrar fötlunar sinnar eiga gjarnan við geðræn vandamál að stríða. Sömuleiðis þarf að létta á þeim almennu stofnunum sem leysa þessi mál við alls ófullnægjandi aðstæður og til mikils skaða fyrir aðra starfsemi sína."

Þessi stutta grg. segir í raun lítið um viðkvæmt og vandasamt mál. Þegar forystumaður í öryrkjasamtökunum heyrði nafn eða fyrirsögn tillögunnar kvað sá

hinn sami erfitt að skilgreina einangraðan vanda ákveðins hóps. Þrátt fyrir stórátak í þessum málum með endurhæfingaraðstöðu eða heimilisaðstöðu væri enn svo óralangt í land að unnt væri að telja vistunarvanda öryrkja leystan eða lausn þess vanda í sjónmáli. Á þetta sjónarmið fallast flm. raunar í grg. En afmörkun þessa viðfangsefnis, þessa sérstaka hóps, sem við ætlum hér að ná til er vissulega ekki einföld. Ágætur endurhæfingarlæknir sem kynnst hefur flestum þessara einstaklinga orðaði vanda þeirra og skilgreindi þá eitthvað á þessa leið: „Þetta eru einstaklingar sem hafa skaddast alvarlega líkamlega sem andlega, hafa mörg einkenni geðsjúkra og raunar einnig þroskaheftra, en eru að hluta til meðvitaðir um það ástand sem var áður en slysið henti þá og valda því ótrúlegum erfiðleikum og eiga sjálfir við enn meiri erfiðleika að etja.“ Hvergi nærri er hér um tæmandi lýsingu að ræða, enda býsna erfitt um vik. Öll nánari skilgreining er því vandasöm og ekki síður viðkvæm, því að ekki fer hjá því að spurningar vakni um það hverjir teljist til þess hóps. Ég þekki beint dæmi hér um býsna vel og hef komið að því máli og til annarra þekki ég nokkuð. Á almennu sjúkrahúsi dvelst t. d. einn þessara einstaklinga. Vistun hans er neyðarúrræði. Erfiðleikar hans eru ótrúlegir, erfiðleikar starfsfólksins eru miklir og samskipti við sjúklinga er sérvandamál. Ekki hefur verið unnt að veita sérstaka aðstoð sem fullnægjandi gæti talist og vistun sem varanleg gæti orðið hefur ekki tekist.

Hér er um mikla sorgarsögu að ræða og verður hún ekki rakin frekar. En slíkar sögur eða svipaðar væri unnt að fara nánar út í, en eflaust þekkja ýmsir til slíkra dæma. Sértæk aðstoð, varanleg vistun, hvort tveggja ekki fyrir hendi og einstaklingarnir, aðstandendur og aðrir sem málið snertir eygja fá ráð. Spurt er án efa hvort hér sé ekki um forgangsverkefni að ræða hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra ásamt því verkefni sem flm. víkja að sérstaklega og snertir fjölfötluð börn sem er enn stærra og viðameira og enn erfiðara viðfangs. Vissulega má benda á þennan sjóð og síst ætti ég að gera lítið úr því, enda átti ég aðild að stjórn hans á sínum tíma, en verkefni hans eru nær óþrjótandi og ekki blæs nú um stundir byrlega fyrir fjármögnun hans. Hins vegar telja flm. að æskilegast væri að athuga hvort nokkur leið fyndist til nægilegrar aðstoðar heima í héraði og þeirrar aðhlynningar sem þörf væri. Hvort tveggja er að þetta er án alls efa dýr leið og erfið í framkvæmd, en flm. leggja þó áherslu á að á þessa leið sé látið reyna í fyllstu alvöru. Einangrunarsjónarmið á hér ekki að gilda frekar en í öðrum málefnum fatlaðra. Hins vegar kann að vera að sérdeild við ríkisspítala sé eina færa leiðin og þá hlýtur það að vera beint verkefni heilbrigðisþjónustunnar utan og ofan við hin ótal mörgu verkefni sem Framkvæmdasjóður fatlaðra þarf að fjármagna. Frekari hugleiðingar mætti gjarnan hafa um þetta, leita leiða og skoða möguleika til úrlausnar. Ég treysti því að það verði gert vandlega í þeirri hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar.

Ég sem 1. flm. þessa máls gæti rakið hér dæmi um einstaklinga úr þessum hópi sem knúið hefur verið á um á þessu ári, þ. e. aðstandendur þeirra og aðrir aðilar fyrst og fremst hafa knúið á um að fá einhverja lausn. Hér er ýtt úr vör. Það er vakin ný athygli á þessu knýjandi máli, það er reynt að koma því í einhvern þann farveg sem er í átt til velferðar þeirra sem flm. bera hér fyrir brjósti. Um þá vanrækslu sem við öll berum vissa ábyrgð á skal ekki fjölyrt, en ljóst er að hér þarf samfélagið að taka á og að um ótvírætt forgangsverkefni er að ræða í velferðarsókn okkar einmitt á sviði heilbrigðismála.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að loknum þessum hluta umr. að leggja til að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil þakka flm. þessarar þáltill. fyrir að flytja þetta mál hér inn í þingsali og ég vil taka undir efni þessarar þáltill. og lýsa eindregnum stuðningi mínum við úrbætur í málefnum þessa gjörfatlaða fólks sem hér um ræðir og að þau verði tekin föstum tökum og leyst á viðunandi hátt úr vistunarvandamálum þeirra. Þeir einstaklingar sem hér eiga í hlut, en talað er um 10—15 einstaklinga í þáltill. eru flestir ungt fólk sem lent hefur í umferðarslysum og fatlast mjög mikið líkamlega og oft andlega einnig.

Það vandamál sem hér verður að leysa er að í heilbrigðiskerfinu er hvergi gert ráð fyrir frambúðarvistun þessa fólks. Aðstandendur þessara ungmenna reka sig alls staðar á vegg í kerfinu þegar það hugar að hvar hægt sé að vista þessi fötluðu ungmenni til frambúðar og veita þeim viðunandi aðbúnað eins og frekast er kostur og þá endurhæfingu sem þessir einstaklingar þurfa á að halda. Það eru hreinar píslargöngur sem aðstandendur þessara einstaklinga þurfa flestir hverjir að ganga í gegnum í þessu sambandi. Það er sorgarsaga hvernig foreldrar þessara ungmenna koma oft að lokuðum dyrum í heilbrigðiskerfinu þegar þeir leita frambúðarvistunar fyrir þessa fötluðu einstaklinga.

Það vill svo til að ég hef einmitt á undanförnum vikum haft nokkur afskipti af málum ungrar stúlku sem fatlaðist mjög mikið í umferðarslysi. Ég þekki vel píslargöngu foreldra þessarar stúlku og baráttu þeirra við þetta kerfi sem á ekkert viðunandi vistunarpláss fyrir hana. Foreldrar hennar hafa alls staðar komið að lokuðum dyrum. Við státum okkur af góðu heilbrigðiskerfi í okkar landi, en samt getum við ekki á viðunandi hátt leyst vistunarvandamál þessa fólks eða búið sómasamlega að þeim 10—15 mjög svo fötluðu einstaklingum sem hér um ræðir. Þegar þetta fólk á enga framtíð fyrir sér, er oftast nánast ósjálfbjarga og örkumla er lágmark að okkar heilbrigðiskerfi geti tekið á móti því og gert því lífið eins bærilegt og kostur er. Nóg er samt lagt á það og aðstandendur þess. Þegar læknavísindin gera okkur kleift að bjarga lífi þessa fólks hlýtur að fylgja því sú skylda að geta búið að og vistað það við viðunandi aðstæður.

Það er óviðunandi með öllu, eins og t. d. hefur verið gripið til, að vista þessa einstaklinga inni á heilsuverndarstöðinni með mjög sjúku öldruðu fólki sem oft er líka mikið andlega skert og nánast út úr heiminum. Það mikið fatlaða unga fólk sem hér um ræðir þarf að vera í stöðugri endurhæfingu. En til að einhver minnsti árangur náist þarf ekki síst að vera vilji fyrir hendi hjá þessu unga fatlaða fólki sjálfu og ég óttast að það geti haft alvarlegar andlegar afleiðingar fyrir það ef því er búin framtíðaraðstaða við þær aðstæður sem t. d. eru á Heilsuverndarstöðinni og endurhæfing skili því ekki þeim árangri sem hún annars gæti gert. En sem betur fer hafa sumir þessara einstaklinga fengið inni í Sjálfs-

bjargarhúsinu. Úti á landi eru 3—4 þeirra vistaðir á sjúkrahúsum.

Ég tek undir að huga á að þeim möguleikum sem bent er á í till. að efla stuðning við hjúkrun í heimabyggð. Ég vil líka benda á annan möguleika sem ég tel þess virði að verði kannaður gaumgæfilega, en það er að við Borgarspítalann er allgóð endurhæfing sem verður að vera fyrir hendi þar sem þetta fatlaða fólk vistast til frambúðar. Því tel ég að komð gæti til greina að athuga sérstaklega hvort ekki mætti búa þessu fólki stað, a. m. k. að því er höfuðborgarsvæðinu viðvíkur, í þeirri álmu sem nú er í byggingu við Borgarspítalann. Þegar hafa verið tekin í notkun um 30 rúm fyrir aldraða langlegusjúklinga, en þegar þessi álma er fullbúin verður þarna vistrými fyrir 200—300 manns. Ég vil því varpa því hér fram hvort ekki mætti gera þarna vistlega sérdeild með 8 eða 10 vistplássum fyrir þessa einstaklinga í líkingu við það sem nú er í Sjálfsbjargarhúsinu þar sem þessum fötluðu einstaklingum væri sköpuð eins bærileg aðstaða og kostur er í allri þjónustu og endurhæfingu.

Herra forseti. Ég vil ítreka stuðning minn við þetta brýna og mikilvæga málefni og vænti þess að þessi till. gangi greiðlega í gegnum Alþingi. Ég vænti þess að hún fari til umfjöllunar í þeirri nefnd sem ég á sæti í og vonast ég til að þar fái hún skjóta og greiða afgreiðslu. Það er von mín einng þegar þessu máli hefur núverið hreyft á Alþingi taki hæstv. heilbrrh. þegar af skarið og geri nauðsynlegar ráðstafanir til að vistunarvandi þessara öryrkja verði leystur. Á hann raunar ekki að þurfa að bíða eftir samþykkt þessarar till. til að hefjast nú þegar handa, svo brýnt er orðið að leysa þetta mál.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika mikilvægi þess sem fram kom í máli hv. 2. þm. Austurl. og 3. landsk. þm. um að vandamál öryrkja varðandi vistun verði leyst. Eins og fram kemur í grg. með þáltill. eiga þessir sjúklingar sem hér um ræðir gjarnan við geðræna sjúkdóma að stríða auk þeirrar miklu örorku sem þeir hafi hlotið eftir slys eða önnur áföll. Þegar svo er komið að geðræn sjúkdómseinkenni bætast við annars mikla fötlun má augljóst vera að það kallar á mun fjölþættari og víðtækari meðferð og aðhlynningu en ella væri. Aðstæður til hjúkrunar, umönnunar og endurhæfingar á hjúkrunar- og sjúkrastofnunum eru alls ófullnægjandi. Við það bætist yfirþyrmandi vinnuálag og þar á ofan vanmáttarkennd starfsfólks þegar það stendur frammi fyrir því að geta á engan veginn sinnt þessu mikilvæga og yfirgripsmikla hlutverki. Ég er þó ekkert í vafa um að það leggur ábyggilega allt af mörkum af þreki, kunnáttu og tíma sem í þess valdi stendur til að veita nauðsynlega umönnun þrátt fyrir að þetta fólk sé yfirleitt mjög fáliðað.

Það er skelfilegt til þess að vita, eins og fram kemur í grg., að svo langt skuli vera gengið á þrek þessa starfsfólks sem þó er vant mjög miklu vinnuálagi undir venjulegum kringumstæðum, að það finni svo mikið til þessarar byrði sem á það er lagt að það skuli hafa hótað að ganga út verði byrðinni ekki af því létt. Ég held að hér sé um mun mikilvægara atriði að ræða en nokkur gerir sér grein fyrir. Ég held að það hljóti að vera orðið langt gengið þegar starfsfólk þessara stofnana, sem annars er vant svo miklu vinnuálagi undir venjulegum kringumstæðum, hótar að ganga út.

Geðræn sjúkdómseinkenni eru ein sér þess eðlis að þau kalla á afar flóknar og sértækar aðgerðir. Umfang aðhlynningar geðsjúkra og endurhæfing þeirra er tímafrek og kostar mikla sérhæfingu starfsfólks. Þann þátt þarf að gaumgæfa og taka til rækilegrar athugunar. Þegar saman fara líkamleg örorka og geðræn einkenni þessara einstaklinga, þarf ekkert að fjölyrða um til hve mikils álags það leiðir á aðra starfsemi stofnananna og hugsanlega dregur úr umfangi þeirrar aðhlynningr sem þar þarf að veita.

Herra forseti. Ég held að skynsemin hljóti að ráða til þess að bætt verði úr hér og komið til móts við þá einstaklinga sem hlut eiga að máli, annaðhvort með eflingu hjúkrunar á núverandi vistunarstöðum, og þá helst í heimabyggð eins og fram kemur í till., eða að stofnuð verði sérdeild. Ég tek undir þessa till. sem kom frá 3. landsk. þm. hér áðan með sérdeildarstofnun á Borgarspítalanum. Þó fyndist mér að þessi sérdeildarstofnun, ef af yrði, þyrfti að vera í mjög nánum tengslum við geðdeild og gæti þá einmitt komið mjög vel heim og saman þar. Þetta er knýjandi mál og ég vonast til að málið fái skjóta og góða afgreiðslu í gegnum nefnd og áfram í gegnum þingið.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Mig langar til að fylgja þessari þáltill. úr hlaði með nokkrum orðum.

Sá hópur sjúklinga sem hér um ræðir er ekki stór, í mesta lagi 10—15 einstaklingar, og fer stærð hópsins að mestu eftir því hvaða forsendur eru notaðar til að skilgreina hann. Þó má segja að allir þessir einstaklingar eigi við mjög alvarlega líkamlega og andlega fötlun að stríða vegna slysa eða sjúkdóma. Andlegri fötlun þeirra má jafna við meðfædda þroskaskerðingu og eykur hún mjög á erfiða hjúkrun á líkamlegri fötlun þeirra. Í flestum ef ekki öllum tilvikum er ekki um neina batavon að ræða. Umönnun og þjálfun þessara sjúklinga miðar því fyrst og fremst að því að gera líðan þeirra og líf bærilegra á þeirri stofnun þar sem þeir dvelja, en er ekki sniðin til þess að koma þeim út í lífið á nýjan leik.

Hjúkrun þessara sjúklinga og umönnun er svo erfið að ekki er hægt að sinna slíku á venjulegu heimili þannig að þeim hlýtur að verða búin framtíð á hjúkrunar- eða vistunarstofnunum. Á þeim stofnunum þar sem þeir dvelja nú er engan veginn viðundandi aðstaða til að sinna þeim og er það bæði vegna skorts á starfsfólki og líka vegna sérstöðu sjúklinganna. Æskilegast væri að sjúklingar gætu dvalist í heimabyggð sinni svo lengi sem kostur er, ef það samræmist óskum þeirra sjálfra og jafnframt óskum og getu fjölskyldu þeirra. Aðstæður þyrfti að skoða hverju sinni og meta að hve miklu leyti má leysa vandann í heimabyggð, fyrst og fremst með því að auka mannafla við hjúkrun og þjálfun. Í þéttbýli má leysa vandann með því að stofna sérstaka sjúkradeild sem hafi aðstöðu til að sinna slíkum sjúklingum. Þeir eru eins og áður sagði orðnir svo andlega fatlaðir að jafna má við meðfædda þroskaskerðingu. Þeir þurfa því auk líkamlegrar hjúkrunar á mjög svipaðri umönnun að halda og þeir sjúklingar sem vistaðir eru á Kópavogshælinu. Þykir mér því eðlilegt að nýta þá aðstöðu sem fyrir er þar og auka við hana eftir þörfum. Í því tæknivædda hraðfleyga þjóðfélagi sem við byggjum verða æ fleiri fórnarlömb. Örlög þeirra einstaklinga

sem hér um ræðir hljótast oftast af völdum umferðarslysa en geta líka t. d. hlotist af ofneyslu fíkniefna. Báða þessa orsakaþætti mætti minnka verulega með fyrirbyggjandi aðgerðum. Meðan ekki er þar betur að gert en nú er finnst mér að við verðum a. m. k. að reyna að mæta afleiðingunum svo að mannsæmandi og mannúðlegt sé.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gistiþjónusta á landsbyggðinni, þáltill. 51. mál (þskj. 54). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 54 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Steingrími J. Sigfússyni að bera fram svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að leita allra tiltækra leiða til að tryggja þeim aðilum er veita þjónustu á landsbyggðinni með gistingu og greiðasölu sem bestan grundvöll til uppbyggingar og rekstrar.

Ríkisstj. skal í þessu efni leita samráðs við þá er helst eiga hagsmuna að gæta, svo sem Ferðamálaráð, sveitarfélög og rekstraraðila."

Þessi till. var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd. Henni fylgdi þá svohljóðandi grg. sem við flm. höfum ekki breytt:

„„Ísland sem ferðamannaland" hefur oft verið á orði haft. Vissulega hefur margt verið gert á því sviði, að gera það að staðreynd, en flest hefur þó miðast við einmitt það að búa erlendum ferðamönnum aðstöðu og þá að sjálfsögðu á ferðamannatímanum. Má nefna hina ágætu nýtingu heimavistarskóla okkar til þessa hlutverks og er þar um lofsverða starfsemi að ræða.

En hvað um okkur sjálf, hvað um þann tíma þegar veður og færð setja oft strik í ferðareikning okkar, hvað um ýmsa þéttbýlisstaði þar sem umferð er lítil um háveturinn, gestakomur stopular en staðreynd þó?

Á hverjum þéttbýlisstað er ákveðin þörf sem kallar á að þar sé viðunandi aðstaða allt árið um kring bæði til gistingar og matsölu. Mismikil er sú þörf eftir legu og aðstæðum, en knýjandi víðast hvar. Rekstraraðstaða er hins vegar vægast sagt takmörkuð og fáir einir hafa bolmagn til að byggja upp viðunandi aðstöðu í húsnæði og öðru sem til þarf. Oft eru fyrirtæki með annan rekstur, sem halda uppi lágmarksþjónustu, eða þá að sveitarfélögin grípa með einhverjum hætti inn í, af eðlilegum vanefnum þó. Sjálfstæður rekstur á þess litla von að skila öðru en tapinu á velflestum stöðum.

Tvímælalaust þarf að gera hér visst átak, sem eðlilegt er að hið opinbera stuðli að sem best, því vansalaust er það ekki að ekki sé unnt á hverjum stað að bjóða vetrargestum mat og húsaskjól.

Í öllum aðgerðum til þess að laða erlenda ferðamenn til ferðalaga hingað býður okkur flm. í grun að þessi þáttur hafi orðið býsna mikið útundan. Sannleikurinn er einnig sá, að málið er síður en svo auðleyst, og víða má segja að vart sé unnt að leysa þetta eftir hefðbundnum leiðum, en þá er að leita annarra.

Hugmyndir þar um verða reifaðar í framsögu, svo og rakin einstök dæmi þar sem ferðamannaþjónusta er óhjákvæmileg nauðsyn, rekstrargrundvöllur enginn, þó við árið allt sé miðað. Kanna þarf möguleika þeirra sjóða sem fyrir eru til sérátaks í þessu efni, möguleika sveitarfélaga og rekstraraðila að koma með nýjum hætti inn í þessa mynd og síðast en ekki síst með hvaða hætti hið opinbera gæti létt róðurinn, þó í engu yrði um beinar styrkveitingar eða gjafir að ræða.

Margt annað og heilbrigðara kemur til greina, sem fjallað verður um í framsögu, þó að allar ívilnanir séu vandmeðfarnar. En jafnhliða því sem við gerum Ísland að ferðamannalandi, svo sem réttlætanlegt er t. d. gagnvart náttúru landsins, skulum við ekki síður huga að sem eðlilegastri þjónustu við okkur sjálf og aðra hvarvetna þar sem þess telst þörf."

Fáein atriði til umhugsunar og áherðingar skulu svo tínd til. Hér var fyrir nokkru síðan rædd byggðastefna. Það er vítt svið og illt að afmarka. Gistiþjónusta landsbyggðarinnar, þjónusta við gesti og gangandi, ákveðin lágmarksaðstaða sem víðast, rúmast áreiðanlega innan marka skynsamlegrar byggðastefnu. Hér er ekki átt við ábatarekstur, því síður gróðasjónarmið sem verið sé að gæla við.

Víða háttar svo til vegna allra aðstæðna, vega, vinda og landshátta, að slík nauðsynleg þjónusta á fyllsta rétt á sér, en þar eru ótal ljón á veginum. Veturinn kann að vera án mikilla ferðalaga á þessum slóðum, án mikillar daglegrar þarfar, en ævinlega þarf þó þessi lágmarksaðstaða til fæðis og gistingar að vera fyrir hendi. Það leiðir svo af sjálfu að ábati er enginn en kostnaður mikill, fastir kostnaðarliðir varðandi húsrými og upphitun t. d. jafnt til staðar og jafnvel um sumt frekar en á sumartímanum. Ég nefni dæmi úr því kjördæmi þar sem ég er kunnugastur, stað eins og Vopnafjörð, þar sem slík aðstaða hefur sýnt sig að vera mikil nauðsyn, en þrátt fyrir aðstoð heima fyrir hefur ekki reynst unnt að halda í horfi fjárhagslega. Ég nefni annað dæmi frá Austurlandi einnig. Frá Breiðdalsvík til Reyðarfjarðar er engin gistiaðstaða, en á Fáskrúðsfirði er að vísu þjónustuaðstaða fyrir ferðamenn eða greiðasala. Þar var áður gistihús sem býsna mikið var nýtt og sýndi sig að kom í góðar þarfir. Nú er að vísu í könnun, veit ég, notkun heimavistarhúss sem þar er án allra nota. En sá aðili sem kannað hefur það að reka slíka starfsemi þar sér til þess fá ráð miðað við fyrirgreiðslu og aðstæður í dag.

Þetta eru aðeins tvö dæmi frá þeim slóðum þar sem ég er kunnugastur og þar sem vissulega þarf á því að halda að slík þjónusta sé fyrir hendi en er ekki í dag, eða rekin af vanefnum eins og á Vopnafirði.

Að sjálfsögðu telja flm. það réttmætt og skylt að heimaaðilar, sem hér eiga hagsmuna að gæta sérstaklega, sveitarfélög og fyrirtæki komi eðlilega inn í þessa mynd, en það nægir engan veginn þó vel sé að staðið sums staðar en misjafnt er það þó. Flm. vita að Ferðamálaráð hefur haft þetta sérstaklega í sínum athugunum og störfum og m. a. gert könnun á þessu máli og lagt til ákveðnar hjálparaðgerðir, en lítt hefur miðað til raunhæfra aðgerða. Þar af leiðandi leggja flm. áherslu á það að Ferðamálaráð sé inni í þessari mynd til samráðs og beinna tillagna um aðgerðir á grundvelli fyrri kannana og náinnar þekkingar á þeim vandamálum sem yfirstíga þarf. Vísa flm. mjög til þess að athuga þurfi hvort aflétta megi ýmsum gjöldum af þessari starfsemi, þar sem það er kleift og réttlætanlegt, því beinar styrkveitingar eða önnur ámóta aðstoð er ekki í huga þeirra nema þá þar sem annað er óhugsandi til aðstoðar. Viss fordæmi eru hins vegar fyrir styrkveiting-

um á fjárlögum til ýmissa gististaða, þó í litlum mæli sé, og vel mætti íhuga frekari útfærslu þess, þó innan skynsamlegra takmarkana, því vissulega er erfitt að setja þarna ákveðin mörk og lengi má misnota alla slíka fyrirgreiðslu, og okkar till. beinist allra síst í þá átt að þeir njóti þessa sem hafi ekki fulla þörf fyrir það.

Hins vegar ber að leggja áherslu á mikla þýðingu þessa fyrir ferðalanga vetrarins sem ekki eiga síður rétt en erlendir ferðamenn sumarsins sem aðaláhersla virðist oft lögð á.

Ég bendi í sambandi við þetta mál alveg sérstaklega á að sums staðar hefur það ráð verið tekið að bein matsala og reyndar gisting einnig hefur verið rekin í heimahúsum hreinlega. Við frambjóðendur á Austurlandi þekkjum það t. d. mætavel frá Borgarfirði, að þar er býsna gott að koma í heimahús og njóta góðrar aðhlynningar í mat og drykk, en hins vegar vantar þar aðstöðu til gistingar. Þetta, að styrkja aðila til þessa, m. a. þá aðila sem geta kannske ekki stundað hinn almenna vinnumarkað reglubundið, væri eitt af þeim ráðum sem mér koma í fljótu bragði í hug á þeim afskekktu stöðum þar sem þessi þjónusta er ekki fyrir hendi. Ég veit að það væri vel til fundið sums staðar að finna fólki þar nokkurn starfsvettvang ef að væri hlúð, fólki sem annars ætti þess ekki kost að ganga í venjulega vinnu eða hefði ekki möguleika til þess.

Ég ætla ekki að fara að tíunda ýmislegt af því sem kom fram hér í framsögu minni í fyrra um þá möguleika sem hér eru. Það er rétt að reyna að finna einhver ráð í þessu efni í samráði við þá aðila sem hafa verið með þessa þjónustu sérstaklega í athugun eins og Ferðamálaráð. Og ég tek það skýrt fram fyrir hönd okkar flm. að við erum hér ekki að tala um hina almennu þjónustu hvarvetna um landið. Við erum aðeins að tala um þá staði þar sem óhjákvæmilegt er að samfélagið grípi á einhvern hátt inn í til þess að halda uppi eðlilegri þjónustu varðandi þær samgöngur sem hljóta að vera um landið vítt og breitt á vetrartímanum. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál hér en legg til að að loknum þessum hluta umr. verði málinu vísað til hv. atvmn. Þetta er nú svona eins konar atvinnustarfsemi sem þarna er um að ræða svo ég hygg að það sé rétt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Starfsmannaráðningar ríkisins, frv. 88. mál (þskj. 95). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Afnám laga um álag á ferðagjaldeyri, frv. 23. mál (þskj. 23, n. 110 og 113). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um mál þetta og aflað upplýsinga m. a. frá fjmrn. og gjaldeyrisyfirvöldum. Eins og menn vita er þetta frv. um staðfestingu á brbl. frá í sumar um afnám álags á ferðagjaldeyri.

Nefndin ræddi mál þetta í bróðerni, eins og öll önnur mál, en varð þó ekki algerlega um það sammála, og minni hl. n. mun gera grein fyrir sinni afstöðu, sem byggist á því, að ég hygg, að minni hl. telji að ótímabært hafi verið að gefa þessi brbl. út á sínum tíma.

Málið var nokkuð rætt hér þegar það var til 1. umr. Það sem ríkisstj. og stuðningsmenn frv. leggja megináherslu á er það, að íslenska krónan þurfi að verða alvörukróna, hún þurfi að vera gjaldgengur peningur erlendis, og um það hygg ég að allir geti verið sammála, en hún verður það auðvitað ekki á meðan tvöfalt gengi er skráð og svartur markaður stundaður með peninga. Menn fá ekki fyrir þá þegar þeir leggja þá inn í banka hér það sama og þeir verða aftur að greiða þegar þeir taka peninga út til ferðalaga o. s. frv. Þetta verður auðvitað að uppræta. Um það má að sjálfsögðu deila hvort það átti að gerast mánuðinum fyrr eða seinna. Ég taldi best að aðhafast strax í því efni. Við þurftum að losna við tvöfalda gengið og svarta markaðinn.

En meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. formanni n., Eyjólfi Konráð Jónssyni, að mál þetta var rætt í bróðerni í nefndinni, en við nefndarsystkin sem skipum minni hl. n. teljum ótímabært að afnema þetta gjald, einkum þegar haft er í huga hvernig ástatt er í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar. Við bendum á að full heimild hafi verið til álagningar þessa gjalds a. m. k. til ársloka og ég minnti á það við 1. umr. málsins að ekki hefðu verið neinir erfiðleikar á því að fá gjaldið framlengt á sínum tíma, en vísað til þess að gjaldið yrði tekið til endurskoðunar samhliða því sem tollamál almennt væru tekin til endurskoðunar hér á Alþingi.

Að sjálfsögðu höfðu fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fullan skilning á því, þegar málið var rætt við þá, að ef gjaldið yrði fellt niður mundi ríkissjóður væntanlega þurfa að fá einhverjar aðrar tekjur í staðinn. Auðvitað hefði getað komið mjög sterklega til greina að þær tekjur hefðu verið innheimtar af ferðum Íslendinga til annarra landa með einhverjum öðrum hætti en þeim að leggja sérstakt álag á ferðagjaldeyri.

Ég rifjaði það líka upp við 1. umr. málsins, að gjaldið hefði verið lagt á með þeim þungu rökum, að ef ekkert gjald væri lagt á sölu erlends gjaldeyris í þágu ferðamanna nytu þeir sem færu til annarra landa í skemmtiferðir forgangs umfram þá sem færu í skemmtiferðir hér innanlands og yrðu að greiða 23.5% söluskatt af meiri hluta þeirrar þjónustu sem þeir nytu.

Ég hygg að í mjög mörgum löndum séu skemmtiferðir til útlanda skattlagðar með einum eða öðrum hætti. Ég held því að það hefði svo sannarlega ekki komið fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á óvart þótt raunin hefði orðið sú, þegar gjaldið var fellt niður, að einhver innheimta ríkissjóðs kæmi þar á móti. En staðreyndin er sú, að núverandi ríkisstj. virðist hirða lítt um hvernig útkoma ríkissjóðs verður á þessu ári og má nefna mörg dæmi því til sönnunar. Það virðist vera að

því stefnt að verulegur halli verði á ríkisfjármálum þessa árs. Tekjustofnum er fleygt til hliðar, sem Alþingi hafði samþykkt fyrir gildandi ár, útgjöld eru aukin, án þess að þar komi nokkur tekjuöflun eða sparnaður á móti, og þrátt fyrir fyrirmæli og heimildir í brbl. um 300 millj. kr. sparnað í fjárlögum er ekki gerð nein tilraun til að framkvæma það sem fólst í þeim lögum. Hér er sem sagt aðeins eitt dæmi af mörgum um að ákvörðun er tekin sem hlýtur að hafa í för með sér að ríkissjóður verði rekinn með tapi á þessu ári.

Þeir nm. sem skrifa undir nál. eru hins vegar ekki að segja með þessum orðum sínum að ekki hefði komið sterklega til greina að fella þetta gjald niður. Það er allt annað mál. Þeir eru hins vegar sammála um að ótímabært hafi verið að gera það á miðju þessu ári og ég tel að tvímælalaust hefði átt að hyggja að því þegar að því kom að gjaldið var fellt niður að eitthvert annað gjald kæmi í staðinn.

Í fjárlögum ársins er áætluð innheimta gjaldsins 75 millj. kr. Mér þykir með ólíkindum hvernig menn geta fengið það út að á fyrri hluta ársins skili gjaldið 45 millj. kr., en á seinni hluta ársins skili það aðeins 30 millj. kr. eins og fullyrt er. Það er að vísu svo að gjaldið var fellt niður þegar langt var liðið á júlímánuð og „seinni hluti ársins" er því eitthvað styttri en fyrri hlutinn og eins hygg ég að algengt sé að verulegur gjaldeyrir sé keyptur vegna sumarferða á vordögum, en á móti kemur hitt, að meðalgengi erlends gjaldeyris, sem seldur er, er verulega mikilu hærra á síðari hluta ársins en fyrri hluta ársins. Ég hygg því að taka verði tillit til breytinga gengis og miða við áætlunartölu Þjóðhagsstofnunar, sem gefin var upp á s. l. hausti, þegar vitað var um þær samdráttaraðgerðir á þessu ári sem í vændum voru vegna áhrifa brbl. á s. l. sumri og þegar vitað var um að kaupmáttur launa mundi af þeim sökum dragast saman um 8%. Þá var gjaldið áætlað 75 millj. kr. En síðan sú ákvörðun var tekin eru breyttar forsendur að því leyti að fjárlögin miðuðu við 42% hækkun á erlendum gjaldeyri milli ára, en allar líkur eru á því að meðalhækkun erlends gjaldeyris milli ára verði í kringum 107%. Sér þá hver maður að ekki er það ofáætlað að gjaldið hefði gefið rúmlega 100 millj. á árinu ef það hefði gefið í júnímánuði s. l. 58 millj. Þetta segi ég hér til að draga í efa það, sem ég hreinlega trúi ekki, að gjaldið hefði aðeins gefið 30 millj. á síðari hluta þessa árs. En um þetta er hægt að fá skýrar og glöggar upplýsingar á komandi vikum og mánuðum með því að fá uppgefið hve mikill erlendur gjaldeyrir var seldur ferðamönnum eftir að gjaldið var fellt niður, og er líklega til lítils að þræta frekar um hvort þessi upphæð á að vera 30 millj. eða 40—50 millj., eins og ég hygg að sé talsvert nær lagi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta mál, en það er till. minni hl. n. að frv. verði fellt.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en mótmælt því sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér, að það hefði verið ótímabært að fella niður þann skatt sem hér um ræðir og er aukaskattur á íslenska ferðamenn. Ég reikna með að það sé rétt hjá honum að eflaust hefðu ekki orðið neinir erfiðleikar á því fyrir fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. hæstv. fjmrh. að fá þetta gjald framlengt. En ég vil segja að það var ekki stefna þessarar ríkisstj. að framlengja þennan skatt. Það var tímabært að fella hann niður vegna þeirra tímamóta að það var ársþing Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og á þeim tímamótum var talið rétt að Ísland gengi í hóp þeirra þjóða sem undirrituðu þann sáttmála og ekki höfðu neinar undanþágur sérstaklega frá alþjóðastofnunum, þannig að Íslendingar gætu verið einu sinni eins og allir aðrir, en ekki alltaf sér á báti á þessum þingum og fundum. Þessi tímamót voru notuð, enda þessi skattur mjög ósanngjarn í alla staði. Ég tók það fram hér þegar ég lagði fram frv., en þetta er stjfrv., að ferðamenn sem hingað koma sæju tvöfaldan gjaldeyri. Annar heitir ferðamannagjaldeyrir, sem þeir fá ekki að nota, og hins vegar þegar þeir fara úr landi og skipta peningum skilja þeir ekki heldur hvers vegna þeirra hlutur er skertur miðað við þann skilning sem þeir leggja í það sem þeir lesa.

Í annan stað er það rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að ekki var tekinn upp annar skattur í staðinn. Það var farið í það að reyna að draga saman í ríkisútgjöldum. Ekki veit ég hver árangurinn verður þegar upp er staðið, en það verður allavega unnið að því. Ég vona að við getum mætt tekjutapi af þessum skatti með þeim samdrætti sem þegar í stað var hafinn.

Ég verð nú að segja alveg eins og er að rökin eða rökleysan sem fram koma í þeirri fullyrðingu að íslenskir ferðamenn skuli hundeltir alla leið til útlanda til að ná af þeim söluskatti meðan þeir eru í hvíldarfríi annars staðar er einhver sú furðulegasta fullyrðing sem ég hef nokkurn tíma heyrt, að íslenskir ferðamenn eigi að borga þennan aukaskatt vegna þess að þeir njóti forgangs í söluskatti meðan þeir dvelja í öðrum löndum, greiði ekki söluskattinn hér heima meðan þeir eru í öðrum löndum. Ég get þá huggað hv. 3. þm. Norðurl. v. hvað þetta varðar. Það er nokkurt jafnvægi í því hvað margir erlendir ferðamenn koma hingað og íslenskir ferðast til útlanda. Hinir erlendu ferðamenn borga þá söluskatt af því sem þeir njóta hér á meðan, ef það felst einhver huggun í því fyrir hv. þm.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. segir að líklega verði ríkissjóður rekinn með tapi út þetta ár. Sem fyrrv. hæstv. fjmrh. á hann að vita að það verður ekki hjá því komist að ríkissjóður verði rekinn með tapi út þetta ár þegar allir sjóðir, bókstaflega allir sjóðir, voru tómir í apríl/maí. Fjármagn sem átti að duga út allt árið 1983 var búið vegna þess að fjárlögin sjálf voru byggð á röngum forsendum. Það er því ekki vegna þess að ferðagjaldeyririnn sem slíkur væri felldur niður að ríkissjóður er rekinn með tapi. Það gæti hugsanlega orðið meira tap vegna þess að ríkissjóður er ekki lengur rekinn með síendurteknum erlendum lántökum til að standa undir venjulegum innflutningi til þess að ná ríkissjóðstekjum, gervitekjum. Fyrrv. hæstv. fjmrh. veit að það var komið hátt á annað þús. millj. kr. yfirdráttur í Seðlabanka Íslands 26. maí, þegar ríkissjóður er tekinn út. Þannig er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að ríkissjóður er rekinn með tapi. Annað væri óeðlilegt. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þegar ný ríkisstj. tekur við þvílíku búi sem þarna var tekið við komi hún því öllu í jafnvægi um leið og hún sest í stólana.

Hitt er annað mál, að ég er ekki að kenna fyrrv. hæstv. fjmrh. um nokkurn skapaðan hlut hvað þetta varðar. Þetta er það ástand í þjóðfélaginu sem hefur skapast og hvorki hann né aðrir ráðherrar réðu við. (**Gripið fram í:** Óstjórn.) Ég skal ekkert um það dæma,

en allavega er þetta vandi sem fyrrv. hæstv. fjmrh. var að glíma við og ég hef tekið að mér að glíma við tímabundið. Ég er alls ekki í minni vanda en hann var í á sínum tíma.

En ég vil samt sem áður efast um þá fullyrðingu, sem kemur fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að þessi ráðstöfun, að fella niður ferðagjaldeyri, verði til þess að verulega minni gjaldeyrir verði seldur á síðustu mánuðum ársins. Það getur verið ef hann á eingöngu við ferðagjaldeyri. Það segir sig sjálft að alltaf er minna selt af ferðagjaldeyri síðustu mánuði ársins en aðra mánuði vegna þess að fólk ferðast minna yfir jólamánuðina og það á minni peninga til að nota í ferðalög vegna jólainnkaupa og ýmislegs annars. En yfirleitt er miklu meiri gjaldeyrissala síðustu mánuði ársins en aðra mánuði vegna jólainnkaupa verslunarfyrirtækja.

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli.

Magnús H. Magnússon: Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. kemur auðvitað að því fyrr eða síðar að fella verði þetta gjald niður. Ég álít ekki að það sé ósanngjarnara en margir aðrir skattar, en það er leiðinlegt gjald, ég viðurkenni það. En eins og málin standa núna, eins og núna er ástatt í þjóðfélaginu, liggur miklu meira á öðrum skattalækkunum en þessum. Það liggur miklu meira á því að lækka skatta sem leggjast af fullum þunga á láglaunafólk — fólk sem lætur sig ekki einu sinni dreyma um utanlandsferðir og hefur því ekkert gagn af þessari skattalækkun.

Hæstv. fjmrh. sagði að það mætti ekki hundelta menn til útlanda með 10% skatti. Það er kannske rétt, en við erum hundeltir um allt land, hvort sem það er til Akureyrar, Kópaskers eða Vestfjarða eða hvert sem er, því að alls staðar borgum við söluskatt og við borgum alls konar aðflutningsgjöld og skatta. Ég sé ekki að það sé neitt skemmtilegra.

Ég tel að þessi skattur hafi átt að falla niður af ýmsum ástæðum, en eins og málin standa í dag hefði legið miklu meira á öðrum skattalækkunum.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka það fram hér, að ég er í sjálfu sér ekki meðmælt sérstöku gjaldi á ferðapeninga því að síst af öllu vil ég torvelda landsmönnum að leggjast í ferðalög, skoða heiminn og koma til baka reynslunni ríkari og fróðari um siðu og háttu annarra þjóða. Og þá, fyrst við erum að tala um ferðalög, er rétt að minna á að það er hefð fyrir því hér á landi að menn skoði sig um í heiminum, einkum og sér í lagi á sínum fyrstu fullorðinsárum. Í því sambandi má minna á að upprunaleg merking orðsins heimskur í íslensku er sá sem heima hefur setið. Þannig eru mýmörg rök fyrir því að gera mönnum mögulegt að ferðast til annarra landa.

Á hitt er hins vegar að líta, að þegar jafnilla árar í íslenskum þjóðarbúskap og nú er og margir landsmanna búa við svo kröpp kjör að menn eiga vart til hnífs eða skeiðar teljast ferðalög því miður munaður sem þjóðfélagið sem heild hefur ekki efni á að styrkja. Þjóðarbúskapurinn hefur ekki efni á að afnema þá tekjulind sem hér er um að ræða. Og ef út í það er farið, eins og hv. þm. Magnús H. Magnússon kom inn á hér áðan, að fella niður gjöld og skatta á annað borð, þá tel ég að það hefði verið nær að fella niður gjöld af einhverju því sem telst til lífsnauðsynja í þessu þjóðfélagi. Þeir verst settu hér á landi hafa lítið við niðurfellingu gjalds á ferðamannagjaldeyri að gera. Ég er því mótfallin þessu frv. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég ætla að geyma mér til síðari tíma að ræða við hæstv. fjmrh. um afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Ég hygg að það sé miklu skynsamlegra fyrir okkur að ræða þau mál þegar tölur liggja fyrir um hvernig útkoman hefur verið á þessu ári. En ég minni hann nú samt á það, að í grein sem ég ritaði um þessi mál í júnímánuði s. l. benti ég á að afkoma ríkissjóðs var í maílok, þegar stjórnin sem sat á undan þeirri sem nú situr fór frá, síst lakari, þótt um halla væri að ræða á skuldasöfnun hjá Seðlabankanum eins og svo oft áður, en meðaltaltalið undanfarin tíu ár. Það sem kannske villti mönnum sýn var að afkoman var sérstaklega góð á árunum 1980—1982. Þá var verulegur afgangur. Ef menn eru að miða við hallalausan rekstur eða rekstur sem stendur í járnum hefði ekki verið þörf á að hafa afkomuna jafnhagstæða í maílok og hún hafði verið þrjú undanfarin ár.

Afkoman á árinu 1982 var á þann veg, að afgangur nam um 850 millj. kr. þegar upp var staðið. Ég hygg að sú upphæð sé á verðgildi ársins 1983 töluvert mikið á annað þúsund millj. Ég hef þá tilfinningu fyrir þessum hlutum, þó að það eigi að sjálfsögðu eftir að koma í ljós, að ef frá eru dregnar ákvarðanir núv. ríkisstj., ýmist um minnkun tekna vegna þess að tekjustofnar hafa verið felldir niður eða aukningu útgjalda vegna þess að ákvarðanir hafa verið teknar t. d. um auknar niðurgreiðslur og annað það sem ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um á seinustu vikum og mánuðum frá því að hún tók við, sé ekki fjarri lagi að rekstur ríkissjóðs standi í járnum á þessu ári. En þetta er auðvitað atriði sem við getum betur rökrætt þegar tölur liggja fyrir.

Þegar menn tala um það, eins og hæstv. fjmrh. gerði hér áðan, að orðið hafi mjög verulegur samdráttur í innflutningstekjum og af því stafi vandi ríkissjóðs, þá er það auðvitað alveg hárrétt. Þetta er kjarni málsins. En auðvitað er rétt að hafa líka í huga að þegar við sömdum fjárlög haustið 1982 höfðum við þetta í huga. Við gerðum ráð fyrir mjög verulegum samdrætti í innflutningstekjum og raunar í söluskattstekjum miðað við annað. Það var miðað við forsendutöluna 42%, þegar fjárlögin voru gerð og samþykkt, en forsendutölur varðandi söluskatt og innflutning voru miklu lægri, sennilega einhvers staðar í kringum 30%. Þannig var þegar við gerð fjárlaganna tekið tillit til þessa.

Það er ekki tími nú og ekki eðlilegt að ræða frekar um afkomumál ríkissjóðs. Ég er ekki að segja að þessar 40—50 millj., sem ríkissjóður missir með afnámi þessa gjalds, séu sú stóra upphæð sem öllu veltir, en þetta er ein af upphæðunum sem veldur því, að ég hygg, að ríkissjóður kemur út með tapi á þessu ári.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Niðurfelling stimpilgjalda af íbúðalánum, frv. 27. mál (þskj. 27, n. 109). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur skoðað þetta mál og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Það þekkja þetta mál allir. Þarna er reynt að koma til móts við húsbyggjendur og þá sem goldið hafa þess að lenda í verðbólgunni og verðtryggingu lána. Þó í litlu sé er þetta þó til bóta og nefndin mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 49. mál (þskj. 52, n. 108). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Það er eins með þetta mál og hið síðasta, að hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur orðið sammála um að leggja til að þetta frv. verði samþykkt. Það er öllum ljóst að þessa tímabundnu heimild, sem þarna um ræðir, um að leggja toll á húshluta í ákveðnum tollskrárnúmerum, er nauðsynlegt að framlengja til þess að íslenskur iðnaður sitji við svipuð kjör og erlendur, en ýmis hátollavara ber lægri aðflutningsgjöld ef vörurnar eru fluttar inn sem húshlutar en ella. Þetta er eins árs framlenging á þessum — við getum kallað það smávægilegu — verndaraðgerðum fyrir íslenskan húsbyggingariðnað. Ég vænti þess að hv. Ed. sé sammála nm. um að þetta mál beri að afgreiða sem skjótast.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, frv. 59. mál (þskj. 64, n. 111 og 112). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Frv. þetta til l. um ýmsar nýjungar við lánsfjáröflun ríkissjóðs, einkum að verðtryggja lán og jafnvel gjaldeyristryggja, sem boðin yrðu út á innlendum markaði, var til umr. í þessari hv. deild fyrir fáum dögum og þá allmikið um það rætt og tóku þó nokkuð margir þm. til máls. Menn voru held ég á nokkuð einu máli um að þessa leið bæri að reyna og í n. kom ekki annað fram en að þetta væri merkileg tilraun. Hins vegar greindi menn nokkuð á um það, hvaða líkur væru til að þessi bréf seldust og það í skyndingu, eins og hér hefur komið fram, á einungis kannske sex vikum eða svo. Minni hl. n. vildi þar slá varnagla sem hann gerir grein fyrir. Við í meiri hl. töldum ekki á því þörf og kannske þýðingarlaust og óeðlilegt að Alþingi færi að ákveða eitthvað um hvernig fjár yrði aflað á næsta ári og að ákveða bráðabirgðalántöku í Seðlabankanum rétt fyrir áramót. Við töldum það ekki eðlilegan hátt þessa máls.

En eins og ég sagði leggjum við í meiri hl. áherslu á, og kannske allir nm., að málið fái skjóta afgreiðslu og við viljum að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. gerir grein fyrir sínum breytingum.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé sameiginlegt áhugamál allra flokka að efla innlenda sparifjármyndun og ég hygg að enginn geti haft neitt á móti því, eins og málum er nú háttað og vitað að erlend lántaka er mjög víðtæk, að reynt sé til hins ýtrasta að selja skuldabréf á innlendum markaði til þess að sem mest fé fáist innanlands til þeirra hluta sem afla þarf fjár til. Af þessu leiðir að afstaða manna hlýtur almennt að vera jákvæð til frv. af þessu tagi.

Afstaða okkar sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn. er að því leyti tvímælalaust jákvæð að við viljum ekki standa gegn því að hæstv. fjmrh. fái heimild til að selja nýjar tegundir ríkisskuldabréfa, ef það getur gott af sér leitt. Hitt er annað mál, að það eru nokkur óvissuatriði tengd þessu máli sem hafa kannske ekki fengið nægilega umræðu hér í þinginu.

Í fyrsta lagi eru áreiðanlega fleiri en ég sem átta sig ekki almennilega á því með hvaða hætti hæstv. fjmrh. ætlar að selja víxla samkv. tilboðum, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr., hvort hann hefur þá kannske hugsað sér að selja víxlana með mismunandi miklum afföllum, eins og stundum er gert, eða hvort hann getur jafnvel hugsað sér að tilboðin komi öll fram á sama tíma, eins og þegar um uppboð er að ræða, og menn bjóði til skiptis í ríkisvíxlana og sá hreppi hnossið sem hæst býður. Orðalagið á 2. mgr. 2. gr. býður upp á að menn velti fyrir sér þessum fyrirætlunum í þessum dúr, en kannske er það eitthvað allt annað sem hæstv. fjmrh. hefur í huga og væri þá gott ef hann upplýsti menn um það.

Vissulega er það von okkar allra að hæstv. fjmrh. geti selt skuldabréf án þess að þurfa að kosta of miklu til. Í því sambandi má vissulega minna á að ríkissjóður hefur stundum gefið út skuldabréf sem hafa verið með slíkum kjörum að jafna mætti til verulegra affalla, eins og t. d. þegar spariskírteinalán voru gefin út á sínum tíma með fullri verðtryggingu og 7% vöxtum. Það voru kjör sem mér þóttu á sínum tíma allt of girnileg og allt of glæsileg til að það næði nokkurri átt að bjóða slíkt á almennum markaði, enda runnu þessi bréf venjulegast út á nokkrum klukkutímum þegar þau voru til sölu.

Í þessu tilviki er svolítið annað uppi á teningnum, vegna þess að nú ætlar hæstv. fjmrh. að bjóða skuldabréf til sölu með þeim kjörum að þau verði gengistryggð. Mér hefur skilist að það ætti að reyna að telja almenningi trú um að ef hann keypti gengistryggð bréf væri verið að bjóða honum einhver alveg sérstök kjör, miklu betri kjör en áður hefðu verið í boði með sölu svokallaðra spariskírteina á almennum markaði. Ef einhver stendur enn í þeirri trú að gengistryggð bréf bjóði upp á betri kjör en verðtryggð bréf vildi ég mega koma hér með nokkrar upplýsingar sem sanna hið gagnstæða. Ég minntist á þetta við 1. umr. málsins og vakti þá athygli á því að almenna reynslan hér á landi

væri sú að gengistrygging væri að sjálfsögðu miklu smátækari en verðtrygging og reynslan hefði sýnt það um langt skeið og þess vegna skildi ég ekki almennilega hvernig á því stæði að mönnum dytti í hug að bjóða fólki skuldabréf með gengistryggingu þegar fólk gæti líka keypt bréf með verðtryggingu. Ég heyrði þá að ekki voru allir vissir um að ég færi með rétt mál. Mér þykir því hlýða nú við 2. umr. málsins að gefa frekari upplýsingar um þessa hlið þess.

Ef flett er upp í Hagtölum mánaðarins og athugað hvað gengisvísitala hefur hreyfst mikið á árabilinu 1972—1980 munu menn sjá að gengisvísitalan sem er miðuð við meðalverð gjaldeyris hefur hækkað 6.4 sinnum á þessu tímabili. Vísitalan 1980 var 6.4 sinnum hærri en 1972. En ef aftur á móti er litið á lánskjaravísitöluna á sama tímabili, þá var hún 14.3 sinnum hærri 1980 en 1972. Hún hafði hækkað miklu örar á þessu átta ára tímabili en gengi erlends gjaldeyris. Þetta kemur ekkert á óvart. Svona hefur þetta verið í marga áratugi hér á landi.

Nú kunna menn kannske að segja að ég hafi tekið ár þegar sérstaklega stendur á og nær hefði verið að taka tvö seinustu ár, þegar dollarinn hefur hækkað svo gríðarlega í verði sem raun ber vitni. Og það er alveg rétt, að þessi hlutföll eru önnur seinustu tvö árin, vegna þess að dollarinn hefur hækkað afbrigðilega mikið í verði á undanförnum tveimur árum. Sennilega verður að leita langt til jafnaðar um svo stórfelldar breytingar á helstu gjaldmiðlum þjóða heims, eins og orðið hafa nú á seinustu tveimur árum. En vegna þess að dollarinn er langmikilvægasta mynteiningin, sem við Íslendingar notfærum okkur, vegur hann mjög þungt í meðalgenginu. Þetta hefur auðvitað sín áhrif. Gengisbreytingar hafa orðið hlutfallslega miklu meiri seinustu tvö árin en áður var. En samt sem áður, jafnvel þó að við tökum þetta afbrigðilega tímabil, seinustu tvö árin, er staðreynd að lánskjaravísitalan hefur eftir sem áður vinninginn. Á tímabilinu 1980—1982 hækkaði gengisbreytingarvísitala úr 184.5 stigum í 407.3, en lánskjaravísitala hækkaði úr 164 stigum í 373 stig. Gengisbreytingarvísitalan var 2.21 stigi hærri við lok tímabilsins en við upphaf þess, en lánskjaravísitalan var 2.27 stigum hærri við lok tímabilsins en upphaf þess. Þarna skeikar ekki miklu, þessar tvær vísitölur eru nokkurn veginn alveg samhliða á þessu tveggja ára tímabili, en þó hefur lánskjaravísitalan vinninginn. Og ef við þá tækjum tímabilið frá 1972—1982, 10 ára tímabil, eins og er auðvitað eðlilegt að gera þegar verið er að ræða um langtímalán, þarf enginn að efast um að það er auðvitað verðtryggingin, þessi venjulega innlenda verðtrygging, lánskjaravísitalan, sem hefur margfaldlega vinninginn.

Þetta er ástæðan fyrir því að ég skildi satt að segja ekki og skil ekki enn, hvaða happadráttur það á að heita fyrir sparifjáreigendur í landinu eða væntanlega sparendur að geta nú keypt skuldabréf með gengistryggingu, því að þeir mega fylgjast illa með ef þeir gera sér ekki grein fyrir því að það eru miklu lakari kjör en í boði hafa verið.

En þetta er kannske ekki aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er það sem vikið er að í áliti minni hl. fjh.- og viðskn., sem ég vil hér gera nánari grein fyrir. Það hefur nefnilega komið í ljós við umr. um þetta mál, að fé það sem hér um ræðir á að ganga til Byggingarsjóðs ríkisins til þess að honum verði kleift að uppfylla gefin fyrirheit um viðbótarlán til húsbyggjenda. Hæstv. fjmrh. hefur endurtekið sagt, að takist ekki að selja þessi skuldabréf verði húsbyggjendur að bíta í það súra epli að það séu ekki fjármunir fyrir hendi og það verði því ekki veitt nein viðbótarlán eins og búið var að lofa. Ég er ansi hræddur um að það hafi hrislast heldur betur kalt vatn niður eftir bakinu á ýmsum húsbyggjandanum sem hafði treyst á að eitthvað væri að marka það sem hæstv. núv. ríkisstj. lét frá sér fara í þessum efnum og þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið mundu standast í raun og það væri ekki bara sölumennska hæstv. fjmrh. sem réð úrslitum um hvort mönnum yrði bjargað með fjármál sín nú fyrir jólin, heldur væri það klárt og kvitt að menn fengju þessi viðbótarlán, sem munu nema helmingi af áður veittum lánum. Ég hygg satt að segja, miðað við þær yfirlýsingar sem hæstv. félmrh. hefur gefið, að það sé ætlunin af hans hálfu að svo verði, en yfirlýsingar hæstv. fjmrh. hafa ekki verið samhljóða yfirlýsingum hæstv. félmrh. Þar hefur hvað rekist á annars horn. Því teljum við, sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn., óhjákvæmilegt að taka af allan vafa um að það eigi að greiða þetta fé út. Við höfum því flutt brtt. sem fram kemur í nál. á þskj. 112, þar sem segir skýrt og ákveðið:

„Það fé, sem fæst með sölu skuldabréfa, sbr. 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skal endurlánað húsbyggjendum sem viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins."

Það á sem sagt ekki að vera háð sölumennskuhæfileikum hæstv. fjmrh. hvort af þessu verður. Það skal gera þetta. Og við bendum á ráðið til þess:

„Seðlabanki Íslands skal lána Byggingarsjóði ríkisins þessa upphæð, 200 millj. kr., til bráðabirgða. Takist ekki að selja skuldabréf samkv. frv. þessu eins og ráðgert er, skal bráðabirgðalán Seðlabankans gert upp með innlendri fjáröflun ríkissjóðs á árinu 1984."

Auðvitað kemur það ekki í ljós fyrr en undir jól hvernig til tekst með þessa skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs, hvort hún gefur ríkissjóði verulegt fjármagn eða ekki, en lánin þarf að greiða út þegar á næstu dögum og vikum. Það má ekki lengur dragast og húsbyggjendur geta ekki lengur beðið eftir því. Því er augljóst mál að Alþingi verður að taka af skarið í þessum efnum. Það verður að slá því föstu hvers húgbyggjendur mega vænta.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess mjög fastlega að allir hv. þdm. geti stutt þessa brtt., sem gengur alls ekki í berhögg við stefnu núv. ríkisstj., er staðfesting á stefnu hennar og er alveg sérstakur stuðningur við margítrekuð ummæli hæstv. félmrh.

Árni Gunnarsson: Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur það færst talsvert í aukana að ríkissjóður gefi út ríkistryggð skuldabré og noti fjármagnið sem þannig hefur fengist til hinna margvíslegustu framkvæmda. Það fór nú einu sinni svo fyrir franska ríkinu að það hafði gengið svo langt á þessari braut að það þurfti að gefa út ríkistryggð skuldabréf til að greiða hin ríkistryggðu skuldabréfin. Ég tel þessa stefnu ríkissjóðs ekki rétta í grundvallaratriðum. Hún er á móti þeirri réttlætiskennd sem ég tel mig bera í brjósti gagnvart því hvernig fólk getur ávaxtað fjármuni sína.

Á undanförnum árum hefur það gerst, að ríkissjóður hefur verið í beinni samkeppni við bankakerfið með

útgáfu ríkistryggðra skuldabréfa. Fólk hefur haft mun meiri hagnað af því að kaupa þessi ríkistryggðu skuldabréf en að leggja fjármagn sitt í banka. Þetta er auðvitað öfugþróun. Ég er sannfærður um það, samkv. upplýsingum sem ég hef frá þeim mönnum sem m. a. selja þessi bréf, að hér hafi átt sér stað meiri fjármagnstilfærsla í þjóðfélaginu en dæmi eru til um. Þeir segja mér að það sé tiltölulega fámennur hópur sem kaupi mest af þessum bréfum. Það er verslað með þessi bréf á ýmsan hátt. Og þessi bréf hafa gert það að verkum, vegna þess hve góð kjör hafa verið á þeim, að hinir efnaðri hafa orðið efnameiri. Þ. e. það eru aðeins peningamennirnir sem hafa haft ráð á því að notfæra sér það að kaupa þessi bréf. (**Fjmrh.:** Bankarnir.) Bankarnir hafa keypt þau líka. Ég vil þess vegna eindregið vara við þessari aðferð sem fjáröflun fyrir ríkissjóð. Ég tel þetta ekki vera rétt.

Það væri mjög fróðlegt fyrir hv. dm. að fá um það eitthvert yfirlit frá fjmrn. og ef hæstv. fjmrh. gæti beitt sér fyrir því að fá yfirlit um upphæðir óinnleystra skuldabréfa ríkissjóðs, hvað þar eru á ferðinni miklar fjárhæðir sem ríkissjóður á eftir að innleysa og yfirleitt hvernig ríkissjóður ætlar sér að gera það á næstu árum. Það kæmi mér ekki á óvart þótt staðan væri slík, að ríkissjóður yrði að gefa út flokk ríkistryggðra skuldabréfa til að geta greitt þau skuldabréf sem ríkissjóður hefur þegar gefið út. Þá er þetta orðinn vítahringur sem ekki nokkur leið er að eiga þátt í.

Virðulegi forseti. Ég vildi koma þessu innskoti hér að þó að af tvennu illu sé skárra að taka lán á innlendum markaði, ef það er hægt, frekar en erlendum, þá tel ég þessa ríkisskuldabréfaútgáfu ranga stefnu í grundvallaratriðum. Nú er ég ekki að leggja mat á það í þessum orðum mínum hvert þeir peningar eiga að renna sem ríkissjóður ætlar nú að afla.

Magnús H. Magnússon: Hæstv. forseti. Brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. gengur út á það og það eitt að tryggja að staðið verði við hluta af þeim loforðum sem húsbyggjendum og húskaupendum hafa verið gefin. En mig langar við þetta tækifæri að beina orðum mínum til hæstv. fjmrh.

Nú taka Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna mjög mikið af lánum hjá lífeyrissjóðunum, reyndar fyrir mestum hluta af útlánum sínum, með 3.5% vöxtum til 15 ára, en lána þetta fé síðan út með 2¼% vöxtum til 26 ára. Samtímis, þ. e. hin síðari ár, hafa markaðir tekjustofnar þessara sjóða verið skertir í heild um fullan helming. Því miður virðist vera að núv. hæstv. ríkisstj. ætli að feta svipaða braut. Þó að ég viðurkenni að það er út af fyrir sig gott að fá 50% hækkun á lánunum, — ég er ánægður með það þó að hækkunin hefði auðvitað þurft að vera meiri, og reyndar hefur húsbyggjendum og húskaupendum verið lofað miklu meira, — er með þessu verið að binda þessum sjóðum þunga bagga, ekki bara fyrir næstu ár heldur áratugi fram í tímann. Það styttist óðfluga í að öll framlög ríkissjóðs, eins og þau hafa verið á undanförnum árum, fara í það eitt að borga vaxtamismun tekinna og veittra lána. Og þá erum við að reyna með þessu að lána í dag á kostnað morgundagsins. Við erum að reyna að lána þeim sem á þurfa að halda í dag, en við gleymum því, að við erum samtímis með þessum hætti að gera erfiðara að lána börnum okkar og barnabörnum þegar þau þurfa á lánum að halda. Við erum að leggja þunga bagga á þessa sjóði langt fram í tímann. Við erum ekki að byggja upp öflugt kerfi sem gæti sjálft innan tiltölulega fárra ára staðið undir nauðsynlegum útlánum án aðstoðar ríkissjóðs að mestu, eins og einu sinni var lagt frv. fyrir um, heldur erum við að eyðileggja þetta kerfi.

Nú langar mig að spyrja hæstv. fjmrh. Það er sagt að þessi bréf séu verðtryggð með einum eða öðrum hætti og beri 4.16% vexti. Á Byggingarsjóður ríkisins að greiða þessa vexti alla af þeim framlögum sem hann fær úr ríkissjóði á næstu árum eða verður þetta sett inn í lánapúlíu ríkissjóðs?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. er ekki staddur í deildinni svo erfitt er að svara honum, en ég vil þó reyna að gera það til að upplýsa aðra hv. nm. minni hl. sem skrifað hafa undir minnihlutaálitið.

En áður en ég geri það vil ég taka mjög eindregið undir margt af því sem kom fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni. Ég er ansi hræddur um að allt það sem hann sagði um gang mála í þessu sjóða- og lánakerfi sé rétt og varhugavert. Hv. þm. Magnús H. Magnússon sagði áðan, að við værum að yfirfæra vandamálin yfir á morgundaginn. Það er búið að gera það í mörg ár. Þetta er kerfi sem ég hélt að væri ekki fjarskyldur ættingi Alþfl., verkamannabústaðakerfið og fjármögnun til þess, þannig að hugarfarsbreyting hlýtur að hafa orðið í herbúðum Alþfl. og ég fagna því. Ég tek undir málflutninginn. Hann er réttur að mínu mati.

Varðandi það sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að það væri áhugamál allra flokka að efla sparifjármyndun: Það er rétt. Ég fagna því að með þeim orðum tekur hann undir stefnu þá sem kemur fram í þessu frv. og að afstaða minni hl. er jákvæð til frv. En það sem hann gerði eiginlega mesta athugasemdina við var það, að hér skuli vera ríkissjóðsvíxlar til viðbótar við hefðbundin lán. Hér er ekki verið að breyta frá því sem áður var. Fólk hefur þetta valfrelsi. Það er því eina athugasemdin sem hv. þm. gerir við þetta frv. að fólk skuli hafa valfrelsi milli þess sem verið hefur og er áfram, vísitölutryggðra bréfa og gengistryggðra bréfa, og svo aftur ríkissjóðsvíxla. Þarna eru þrír möguleikar í staðinn fyrir einn áður. Ég sé ekki annað en að það sé gott fyrir fólk. Fólkið verður að fara að meta hvað það vill kaupa, hvaða fjárfestingu það treystir best svo að peningar sem það getur notað til að fjárfesta í skuldabréfum séu í minnstri hættu með að rýrna. Það er staðreynd að vextir hafa lækkað, verðbólga hefur lækkað ansi mikið og að lánskjaravísitalan deyr út um áramót svo til. Ef svo heldur fram sem horfir verður fólk að meta það sjálft hvort peningum þess er betur komið í vísitölutryggðum bréfum með vísitölu sem fer sílækkandi — kannske deyr út — eða hvort þeir eru betur komnir í gengistryggðum bréfum, gengi sem hefur litla möguleika eins og horfir nú til þess að verða því óhagstætt. Þó að okkur takist að halda genginu föstu hef ég ekki trú á því að íslenska krónan fari að hækka miðað við dollara. Ég hef ekki trú á því í augnablikinu. Þannig er það bara valfrelsið sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerir athugasemd við. Og það eru ósköp billeg rök. (Gripið fram í.) Nei, en ræðan var þó öll á þeim nótunum.

Nokkur orð um þann ótta sem býr í brjósti virðulegra flm. minnihlutaálits og snýr að viðbótarlánunum. Ég tók það sérstaklega fram, og ég ætla að endurtaka það hér, að ríkisstj. mun standa við allt sem hún hefur sagt. Það eru hennar orð sem hæstv. félmrh. hefur flutt. Ríkisstj. mun standa við öll sín gefnu loforð í sambandi við viðbótarlánin. Það eru 6000 umsækjendur mögulegir. Mér skilst að umsóknarfresturinn sé útrunninn. Þegar ég síðast talaði við hæstv. félmrh. höfðu um 3000 umsóknir borist. Og til að létta á þeirri vinnu sem fellur á Húsnæðisstofnunina við afgreiðslu þessara mála, þá voru þegar í stað gerðar ráðstafanir með aukafjárveitingu til að standa í skilum við fyrstu 900 umsóknirnar sem þegar voru útreiknaðar þegar hæstv. félmrh. fór úr landi. — Hann kemur til baka núna um helgina. — Útborganir viðbótarlána hafa þegar tafist, eftir því sem ég best veit, en aukafjárveiting er frágengin í það sem tilbúið er að reikna út. Þetta er því ástæðulaus ótti.

En það sem ég sagði var um árið 1984 og fjárlög þess árs og lánsfjáráætlun. Ef sala ríkisskuldabréfa, gengistryggðra bréfa eða ríkissjóðsvíxla gengur illa hefur ríkissjóður ekki peninga til að fjármagna húsbyggjendur að því marki sem um hefur verið talað. Það væri óhreinskilni af mér að gefa einhverjar yfirlýsingar sem gæfu annað í skyn. Það vita allir hv. þm. hvernig staða ríkissjóðs er. Þess vegna segi ég: Bregðist þessi sparnaðartilraun er annað hægt að gera. Ég hef óskað þess í báðum hv. deildum þessarar virðulegu stofnunar að allir þm. kæmu með frekari tillögur um niðurskurð á ríkisútgjöldum til þess að mæta þessum vanda. Ég er tilbúinn hvenær sem er að setjast niður með hvaða þm. sem er eða hvaða þingflokki sem er uppi í fjmrn. og staðfesta þær tölur sem starfsmenn hafa fundið út um niðurskurð. Ég bið ykkur einnig um að hjálpa mér til að skera niður frekar ef á þarf að halda. En frekari lántaka í Seðlabankanum kemur ekki til greina og frekari erlend lánasöfnun kemur ekki heldur til greina. Ég hugsa að enginn hv. þm. mundi heldur samþykkja frekari skattlagningu á fólk í landinu. Það er nóg komið.

Ég hef sagt í fullri hreinskilni, og mér er hjartanlega sama hvernig því er tekið, að ef allt þetta bregst er ekki nema um eitt að ræða, að segja við húsbyggjendur: Fjárfestið ekki, notið ekki þá peninga sem þið eigið til að hefja framkvæmdir sem ekki komast lengra áfram vegna þess að lánin eru ekki fyrir hendi. — Það er betra að segja fólkinu strax að það verði ekki til peningar nema sala viðkomandi ríkisskuldabréfa gangi vel eða að frekari niðurskurður á ríkisútgjöldum geti átt sér stað. Við skulum halda áfram að vera hreinskilin við fólkið í landinu.

Ég þakka virðulegri fjh.- og viðskn. fyrir góða afgreiðslu á þessu og öðrum þeim málum sem frá henni hafa komið og snerta mitt rn. á þessum hv. fundi í dag.

ATKVGR.

Brtt. 112 felld með 12:7 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 16. nóv., að loknum 15. fundi.

Afnám laga um álag á ferðagjaldeyri, frv. 23. mál (þskj. 23). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:5 atkv. og afgr. til Nd.

Niðurfelling stimpilgjalda af íbúðalánum, frv. 27. mál (þskj. 27). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollskrá o. fl., frv. 49. mál (þskj. 52). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, frv. 59. mál (þskj. 64). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. frá því sem orðið er. En á ummælum hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls mátti skilja að það léki e. t. v. einhver vafi á hvort staðið yrði við greiðslu viðbótarlána vegna húsbyggjenda. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir hér og staðfest, svo að það verður ekki misskilið, að við greiðslu þessara viðbótarlána verður staðið.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta efni, en ég taldi rétt að það kæmi fram sem ég hef nú sagt. Ég vona að þetta sé réttur skilningur minn á málinu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kosningar til Alþingis, frv. 31. mál (þskj. 31). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Endurmat á störfum láglaunahópa, frv. 13. mál (þskj. 13). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. 17. mál (þskj. 17). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frv. 70. mál (þskj. 75). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 7. mál (þskj. 7). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 37. mál (þskj. 38). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. 65. mál (þskj. 70). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Tónskáldasjóður Íslands, frv. 73. mál. (þskj. 78). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingabankinn, frv. 45. mál (þskj. 48, n. 93). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 93 er nál. fjh.- og viðskn. Nd. þar sem hún leggur til að frv. um að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingabankanum verði samþykkt. Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri kom á fund n. og gerði grein fyrir starfsemi bankans. Enginn ágreiningur var í n.

Í frv. er gert ráð fyrir að hlutafé Norræna fjárfestingabankans verði tvöfaldað úr 400 millj. SDR í 800 millj. SDR. Þessi ákvörðun byggir á samþykkt sem gerð var 23. mars 1982. Gert er ráð fyrir því að hluti Íslands, sem er 1.1% í almennri hlutdeild, verði greiddur 2. jan. 1984, 1985 og 1986.

Ég ítreka það sem ég sagði fyrr að n. er öll samþykk því að málið fái jákvæða afgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. 43. mál (þskj. 46, n. 97). — 2. umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum. Frv. þetta er framlenging á tímafresti eldri laga. Það ákvæði sem hér um ræðir á að falla úr gildi núna 31. des. n. k. en með frv. er lagt til að ákvæði þess verði framlengd um tvö ár.

Það ákvæði sem hér um ræðir varðar Sölustofnun lagmetisins og gengur út á það að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Hér er fyrst og fremst um að ræða lönd Austur-Evrópu, sem eru mikilvæg markaðssvæði fyrir íslenskt lagmeti. Þar er um að ræða einn kaupanda, og því er talið óeðlilegt að margir söluaðilar keppi um sölu til þessa eina kaupanda í hverju þessara landa.

N. hefur fjallað um málið og varð sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það ætlar að verða lífseigt þetta ákvæði um einkarétt Sölustofnunar lagmetis til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. Við afgreiðslu á þessu máli og endurskoðun á lögum um Sölustofnun lagmetis fyrir tveimur árum líklega var það skoðun þeirrar n. sem hafði þetta mál til umfjöllunar, iðnn., að það væri að vísu kannske of snöggt í farið að afnema þennan einkarétt fyrirvaralaust. Þess vegna var gert ráð fyrir því að hann skyldi gilda áfram í eitt ár en þá skyldi hann niður falla. Síðan hefur þetta verið framlengt einu sinni um eitt ár og nú er hugmyndin að framlengja það aftur um tvö ár.

Þegar ákvörðunin var tekin á sínum tíma um að ekki væri fyrirvaralaust tekinn af þessi einkaréttur Sölustofnunar lagmetis var það m. a. með tilliti til þess að stofnunin fengi tækifæri til að aðlaga sig þeim breytingum sem hér væri verið að gera. En nú virðist þetta vera komið í þann farveg að það eigi sífelldlega að endurnýja til eins eða tveggja ára þetta einokunarákvæði sem er inni í þessum lögum. Ég tel að það sé með öllu óeðlilegt. Hér hefur átt sér stað einhver óeðlilegur þrýstingur á þingið þar sem verið er að ýta því til að fresta eigin ákvörðunum. Og þetta er ekki í fyrsta skipti sem það er gert, heldur er verið að gera það aftur og aftur og sífellt verið að lengja þann tíma sem ætlast er til að líði þangað til hin eiginlegu ákvæði laganna, eins og frá þeim var gengið, taki gildi.

Það hafa verið færð ýmis rök fyrir því að þessi einkaréttur væri nauðsynlegur. En í umfjöllun n. á sínum tíma urðu allir nm. í Ed., þar sem ég sat á þeim tíma, sammála um að þau rök fengju ekki staðist og það væri engin hætta í því fólgin að afnema þennan einkarétt og ekkert sem mælti með því að hafa hann áfram.

Ég mun ekki greiða atkvæði með þessari framlengingu núna. Mér þykir hér verið að seilast til þess að fá Alþingi til að hafa uppi aðra skoðun og aðra stefnu í þessu máli heldur en er hin raunverulega stefna Alþingis. Ég mæli gegn þessari breytingu og þessari till.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er að vísu töluvert undarlega orðað hjá hv. síðasta ræðumanni að halda því fram að hér sé verið að gera tilraun til þess að halda fram annarri stefnu en hið háa Alþingi hafi í málinu. Ég lýsti því yfir við 1. umr. um þetta mál að ég mundi beita mér fyrir því á gildistímanum að endurskoða þessi lög rækilega með sérstöku tilliti til þessa ákvæðis um einkasöluréttinn. Ég fékk ekki fangs á að leggja til breytingar á þessu efni eins og málið lá fyrir og ég tel að tveggja ára tímabilið sé ekki það langt að menn geti ekki við það unað. Ég er ekki formælandi einkaleyfis eða einokunar á sölu sjávarafurða, nema síður sé.

ATKVGR.

1. gr. frv. samþ. með 20:4 atkv.
2. gr. frv. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 11, n. 101, 104 og 107, 102, 105). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um launamál á þskj. 11. Meiri hl. n. hefur lagt til í nál. á þskj. 101 að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á þskj. 102. Þetta frv. um launamál er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 27. maí 1983. Meginefni þess kveður á um að fella niður verðbætur á laun, bæði að því er varðar ákvæði kjarasamninga og ákvæði laga er um þau efni giltu. Jafnframt er kveðið á um bann við verðbótatryggingu kjarasamninga í tvö ár.

Þá eru í 2. gr. frv. ákveðnar með lögum tilteknar launahækkanir sem komu til framkvæmda 1. júní og 1. okt. Loks er ákvæði þess efnis að kjarasamningar framlengist til 31. jan. 1984.

Hæstv. forsrh. ritaði n. bréf 10. nóv. 1983. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Við mat á þeim árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum telur ríkisstj. nú öruggt að verðbólga verði um eða undir 30% í lok ársins. Með vísan til þess og jafnframt með tilliti til alvarlegra ástands í efnahags- og atvinnumálum á næsta ári en áður var talið, sem nauðsynlegt er að ríkisstj. og aðilar vinnumarkaðarins ræði, hefur ríkisstj. á fundi sínum í dag ákveðið að leggja til við hv. fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis að frv. til l. til staðfestingar á brbl. nr. 54 1983, um launamál, verði breytt í samræmi við meðfylgjandi tillögu."

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að þær breytingar, sem fram koma á þskj. 102, verði samþykktar, en þær fela í sér þær breytingar á frv. að með skýrum og ótvíræðum hætti er tekið fram að frekari hækkanir sem koma áttu til framkvæmda á tímabilinu eftir 25. maí falla niður, hvort sem um þær var samið fyrir eða eftir þann dag.

Í raun og veru var frv. í upphaflegri mynd þess efnis að greiðslur af þessu tagi hefðu fallið niður. Það kom fram í framsögu hæstv. forsrh., er hann mælti fyrir frv., að slíkar greiðslur yrðu að koma til samninga að nýju ef aðilar ætluðu að halda þeim til streitu, en um þetta varð ágreiningur meðal aðila, hvort lögin með ótvíræðum hætti væru þessa efnis, og því er talið nauðsynlegt að taka af allan vafa um þetta efni. Jafnframt er með þessari breytingu lagt til að framlenging kjarasamninga nái aðeins fram til gildistökudags þessara laga en ekki til 31. jan. 1984 og þá verði allir kjarasamningar lausir.

Það hefur komið fram að Samband byggingarmanna er andvígt þessari breytingu vegna þess að með henni falla niður þær launahækkanir sem það samband hafði tryggt sér í samningum á þessu tímabili umfram önnur launþegafélög í landinu, þ. á m. þau félög sem eru í lægri hluta launastigans innan Alþýðusambandsins. Samband byggingarmanna taldi ekki að ákvæði brbl. gæfu tilefni til uppsagnar á kjarasamningum eins og þó var almennt meðal verkalýðsfélaga í landinu. Það er eðlilegt og rétt við þessar aðstæður, með tilliti til þess að þeir kjarasamningar sem hér eiga við voru gerðir við aðrar efnahagslegar aðstæður en við búum nú við, að kjarasamningarnir verði lausir fyrir alla aðila vinnumarkaðarins, og jafnframt vegna þess að það er eðlilegt

þegar svo háttar að öll launþegafélög búi við sömu aðstæður og einn hópur hafi ekki tryggt sér forréttindi fram yfir aðra, að þessar greiðslur falli niður og kjarasamningar verði lausir fyrir alla aðila.

Það þarf ekki að orðlengja það hér, eftir þær ítarlegu umr. sem þegar hafa farið fram um efni og tildrög þessara samninga, hvað brýna nauðsyn bar til í vor sem leið að setja þessi lög. Á þeim tíma var ekki ágreiningur milli stjórnmálaflokkanna í landinu um það að fyrstu aðgerðir þá í efnahagsmálum hlytu að lúta að aðgerðum í launamálum. Af hálfu Alþb. var lagt til í stjórnarmyndunarviðræðum að öllum verðbótagreiðslum á laun yrði frestað um einn mánuð og þess yrði síðan freistað að ná fram samningum um vísitölukerfi sem drægi úr víxlhækkunum kaupgjalds og launa. Þessar tilraunir höfðu þó staðið yfir frá því í janúarmánuði 1982 með nánast þrotlausum viðræðum við aðila vinnumarkaðarins af hálfu þáv. ríkisstj., en eftir 1½ ár höfðu þær ekki skilað árangri. Það var þess vegna alveg ljóst á þessu stigi málsins að mánaðarfrestur til viðbótar væri tilgangslaus í þessu efni. Af þeim sökum var óhjákvæmilegt að stjórnvöld tækju af skarið og mörkuðu þá stefnu sem nauðsynleg var til að koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi og jafna byrðunum réttilega niður á fólkið í landinu.

Það var jafnframt um það þó nokkuð víðtæk samstaða að æskilegt væri og nauðsynlegt að fella niður verðbætur á laun í tvö ár. Um það komu einnig fram till. frá Alþfl. þegar stjórnarmyndunarviðræður fóru fram. Það er alveg ljóst að hér er um að ræða brýnustu aðgerðir til þess að draga úr verðbólgu. Það eru mjög mikil og vandasöm verkefni óleyst ef við ætlum að höggva að rótum efnahagsmeinsemda í íslensku þjóðfélagi. Það hefur þegar verið unnið að verkefnum á því sviði. Það skiptir auðvitað höfuðmáli að tryggja það að fjárfestingarstefnan sé með þeim hætti að það fjármagn sem varið er til atvinnuuppbyggingar skili sem mestum arði. Fyrir þá sök er nú verið að vinna að endurskoðun laga um bankakerfið og um fjárfestingarlánasjóðakerfið til þess að tryggja sem best að við fáum hámarksarðsemi af fjárfestingarfjármagni. Það er jafnframt verið að vinna að endurskoðun laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins og verðmyndun í landbúnaði. Það er verið að vinna að áframhaldandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Þannig er verið að taka á flestum þeim grundvallarvandamálum í okkar efnahags- og atvinnulífi samhliða þeim ráðstöfunum sem hér hafa verið gerðar. Og eftir þær nýju upplýsingar sem fram hafa komið um minnkandi fiskafla á næsta ári er auðvitað nauðsynlegt að það takist mjög víðtæk samstaða með þjóðinni um aðgerðir á öllum þessum sviðum. Það er brýnt að þjóðin standi saman í þessum átökum og það væri æskilegt að einmitt við þessar aðstæður tækist samstarf milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins svo að þessir stærstu hagsmunaaðilar í þjóðfélaginu fengju með formlegum hætti að taka þátt í með ráðgjafarstarfi tillögugerð um atvinnuuppbyggingu og stjórn fjárfestingarmála. Þetta hygg ég að sé brýnt við þessar aðstæður til að tryggja sem víðtækasta samstöðu um þær heildaraðgerðir sem nú er unnið að.

Það er alveg ljóst að sú breyting sem gerð er á frv., að samningar verða ekki framlengdir til 31. jan. heldur fram til gildistökudags laganna, felur ekki í sér neinn undanslátt frá þeirri efnahags- og atvinnumálastefnu sem stjórnarflokkarnir hafa fylgt. Þvert á móti verður þeirri stefnu áfram haldið. Ástæðan var einfaldlega sú að sá árangur sem menn væntu af fyrstu aðgerðum ríkisstj. var kominn fram. Auðvitað var það svo að í vor sem leið sáu menn ekki fyrir hvort það gerðist á haustdögum eða undir áramót, en sem betur fer hafa allar áætlanir enn gengið eftir og því var þetta mögulegt. Til viðbótar koma svo ný áföll sem gera það að verkum að það er nauðsynlegt að stjórnvöld og hagsmunasamtök atvinnulífsins taki höndum saman um aðgerðir á öðrum sviðum í efnahags- og kjaramálum.

Það er ástæða til að taka það fram að það væri óraunhæft að blanda saman við þetta frv. skattheimtu og gjaldtöku. Og það væri einnig óraunhæft og óskynsamlegt við þessar aðstæður að lögákveða lágmarkslaunahækkun. Það væri í ósamræmi við þá meginskoðun sem ég hygg að hér sé ríkjandi á hv. Alþingi að aðilar vinnumarkaðarins eigi að semja um launahlutföll sín á milli. Það er einnig ljóst að veruleg hætta er á því að ef Alþingi gæfi slíka forgjöf í kjarasamningum mundi það valda almennri launahækkun í landinu og ekki leiða til launajöfnunar eins og tilgangurinn væri. Af þeim sökum er ástæða til að mæla gegn hugmyndum og tillögum af því tagi.

Ég ítreka, herra forseti, að meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem greinir á þskj. 102.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að skila nál. á þskj. 104 ásamt brtt. á þskj. 105.

Það er augljóst mál að brbl. eru þess eðlis að ákvæði þeirra eru meira og minna komin til framkvæmda áður en þau koma til umfjöllunar á Alþingi. Sumir telja þetta kannske kost brbl. en þetta er nú einu sinni ein aðalmissmíðin á brbl. að í gildi geta verið lög sem Alþingi hefur aldrei um fjallað. Við höfum náttúrlega fengið að sjá það í umfjöllun ríkisstj. um þau brbl. sem hér er óskað staðfestingar á með lögum, að ríkisstj. hefur skipt um skoðun frá því að brbl. voru sett og þangað til núna, og flytur nú sjálf brtt. við sín eigin brbl.

Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa allir gagnrýnt þau brbl. sem hér um ræðir, en á hinn bóginn teljum við Alþfl.-menn að það sé nauðsynlegt að leita eftir föngum eftir því að fá fram endurbætur á lögunum, endurbætur sem miða að því að gera þau sanngjarnari og draga úr því misrétti sem í þeim felst, þó að eðli málsins samkvæmt geti slík ákvæði einungis tekið til framtíðarinnar, en ekki til hins liðna tíma, og vísa ég þá til þess sem ég sagði hér áður um að brbl. eru þess eðlis að þau hafa gilt um þó nokkurn tíma, og þessi um margra mánaða hríð, áður en þau koma hér til umfjöllunar í þinginu.

Ríkisstj. hefur sagt að hún vildi jafnan fá sem almennastan stuðning við hugmyndir sínar. Nú reynir á, að því er varðar afstöðu til þessara brtt. sem ég mun hér gera grein fyrir, hvort ríkisstj. hefur áhuga á að sníða af þessum lögum tvo verulega vankanta, sem yrði til þess að gera þau eftir á sanngjarnari en ella. Með því móti væri ríkisstj. að koma til móts við fólkið í landinu, með því væri ríkisstj. að sýna vilja sinn í verki um að það næðist víðtækari samstaða, víðtækari stuðningur, við þessi lög heldur en verið hefur til þessa. Þær brtt., sem hér um ræðir, eru tvær eins og ég gat um, og ákaflega

einfaldar. Í fyrsta lagi er það svo í því lagafrv. sem hér er til umfjöllunar að bannað er að miða laun við vísitölu, eins og kunnugt er, en vísitölukerfið að öðru leyti er látið standa óhaggað. Þannig hefur t. d. ríkisvaldið sjálft nú sjálfvirkar heimildir til að hækka skatta og gjöld sem það leggur á fólkið í landinu, hefur sjálfvirkar heimildir til að hækka það með tilliti til vísitölu. Ríkið hefur þá heimildir til vísitöluhækkunar til þess að afla sér tekna, til að leggja gjöld á fólkið á sama tíma og það segir við launafólk: Nú megið þið ekki miða við vísitölu. Það er auðvitað sanngjarnt og rétt að ríkið sitji við sama borð og launþegar í þessum efnum. Gjöld, sem sérstaklega gildir um að það megi hækka með vísitölu samkvæmt þessu, eru t. d. bensíngjald, þungaskattur og flugvallaskattur. Það eru sérstök lagaákvæði um þetta. Og notkun ríkisins á þessum heimildum hefur m. a. birst í sífelldum hækkunum á bensíni að undanförnu sem hafa verið ákveðnar af fjmrh. með hliðsjón af vísitölu á sama tíma og launafólkinu leyfist ekki að miða kjör sín við vísitöluna.

Það er vitaskuld með öllu óeðlilegt og í fyllsta máta ósanngjarnt að þeir hlutar hins sjálfvirka vísitölukerfis, sem lúta að skattlagningu fólksins og tekjuöflun til ríkisins, séu í fullu sambandi en launafólki sé óheimilt að njóta dýrtíðarkvóta miðað við vísitölu. Þess vegna er lagt til á þskj. 105 að eitt skuli yfir alla ganga í þessum efnum og sjálfvirkar heimildir ríkisins til slíkra hækkana skuli verða afnumdar. Óski ríkisstj. engu að síður að breyta gjöldum af þessu tagi þá gæti hún gert það með því að flytja um það sérstök lagafrv. Þá heimild hefur ríkisstj. engu að síður en sjálfvirknin væri tekin úr sambandi.

Þetta kemur fram í brtt. sem er nr. 1 og hljóðar svo, fyrri hluti hennar: „Á sama hátt og á sama tíma er óheimilt að miða opinber gjöld af einu eða öðru tagi hvort sem er til ríkisins eða til sveitarfélaga, með einum eða öðrum hætti við vísitölu. Þrátt fyrir ákvæði í öðrum lögum um heimildir til hækkunar gjalda eða skatta með tilliti til breytinga á vísitölu skal slík hækkun óheimil frá og með gildistökudegi þessara laga.“

Þetta ákvæði er nú ekki lengra heldur en þetta, en í annan stað þá er ákvæði um fasteignagjald, fasteignaskatta og fasteignamat. Það er nefnilega svo að gjaldskrár, sem miðast við fasteignamat, eru í rauninni af sama toga. Fasteignamatið er hækkað samkv. ákvörðun Fasteignamatsnefndar ríkisins, og þá er heimil gjaldtaka samkv. lögum eins og þau eru núna miðað við hið nýja fasteignamat. Og þegar verðlag hækkar langt umfram launabreytingar felur þetta í sér óréttláta heimild til sjálfvirkrar gjaldtöku af þorra fólksins í landinu. Þessi sjálfvirkni er af sama toga og sú sjálfvirkni sem ég gat um hér áðan. Þetta er í rauninni þáttur af þessu vísitölukerfi sem við höfum búið við. Og eigi að ráðast að vísitölukerfinu þá er auðvitað nauðsynlegt að höggva einnig á þessa sjálfvirkni. Með hliðsjón af þessu er síðari hluti hinnar fyrri brtt. hér, sem er undir tölul. 1, svofelldur: „Hvarvetna þar sem í lögum segir, að gjöld eða skattar til ríkis og sveitarfélaga skuli reiknast sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamati fasteigna, þar með talið mat fasteigna til eignar vegna álagningar eignarskatts, skal lækka gjaldstofn álagningarinnar um 20% við álagningu 1984 fyrir gjöld, sem reiknast árlega, en frá og með 1. desember 1983 að því er önnur gjöld varðar. Jafnframt er óheimilt að hækka viðkomandi álagningarprósentur frá því sem í gildi var hinn 25. maí 1983.“

Hér er ekki lagt til að fasteignamatinu sjálfu sé breytt, heldur að sá gjaldstofn, sem verði notaður frá og með 1. des. n. k., verði lækkaður um 20%, og það gildir þá varðandi álagningu eignarskatts, það gildir varðandi álagningu á fasteignaskatti eða fasteignagjöldum til sveitarfélaga. Það mundi jafnframt gilda varðandi erfðafjárskatt og stimpilgjöld til ríkissjóðs.

Með því að samþykkja þessa brtt., sem felur í sér tvo efnisþætti, annars vegar afnám þessarar sjálfvirku heimildar ríkisins til að leggja á skatta og gjöld með tilliti til vísitölu, og hins vegar sérstakt ákvæði um með hvaða hætti skuli fara með álagningu gjalda sem lögð eru á fasteignir, þá sæti hið opinbera við sama eða svipað borð og launafólk að því er varðar afnám vísitöluviðmiðunar. Þetta bann við notkun vísitölu næði því ekki einungis til launamanna eins og frv. ríkisstj. gerir nú ráð fyrir.

Síðari brtt., sem er hér undir tölul. 2 á þskj. 105, fjallar um lágmarkstekjur. Það er svo að lágmarkstekjur nú samkvæmt gildandi lögum eru 10 961 kr. á mánuði. Ef hins vegar verðbætur hefðu verið reiknaðar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, væru þessar lágmarkstekjur, eins og kjarasamningarnir gerðu ráð fyrir því, um 15 þús. kr. á mánuði. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að fólk getur illa eða alls ekki framfleytt sjálfu sér hvað þá fjölskyldu af tekjum sem eru innan við 11 þús. kr. eins og þessar lágmarkstekjur eru núna. Það er talið að matarkaupin ein hjá vísitölufjölskyldu séu um 9 100 kr. á mánuði um þessar mundir og sjá þá allir hversu mikið er til skiptanna að þeim reikningi greiddum.

Okkur er auðvitað öllum ljóst að við mikla erfiðleika er að etja í þjóðfélaginu, en það hefur verið mikill skilningur á því á Íslandi að þegar gripið væri til efnahagsráðstafana bæri að hlífa þeim sem verst eru settir. Sá hópur, sem hefur 11, 12, 13 þús. kr. á mánuði, er mjög illa settur í okkar þjóðfélagi. Eins og staðið hefur verið að þessum efnahagsráðstöfunum hefur þessum hópi, sem hefur tekjur á bilinu 10 930 til 15 þús. kr., ekki verið hlíft við því að bera byrðar. Hann ber nú byrðar sem nemur þessari skerðingu þrátt fyrir margvíslegar yfirlýsingar um að vernda sérstaklega kjör þeirra sem verst eru settir.

Til þess að bæta hér úr er flutt hér till. um að lágmarksheildarlaun að meðtöldum hvers kyns álagsgreiðslum skuli vera 15 þús. kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu og tilsvarandi fyrir hlutastörf. Til heildarlauna teljast þá hvers kyns álögur aðrar en orlof sem á taxtalaunin koma. Það er sagt hér í gr. sjálfri að hvers kyns álögur skuli þar með reiknaðar. Þannig nytu einungis þeir, sem ekki hafa náð þessum tekjum, hér góðs af. Þessi ákvæði hefðu þannig þau áhrif að engum yrðu greidd lægri laun í heild að meðtöldum öllum álagsgreiðslum en 15 þús. kr., en það næði einungis til launafólks sem hefur lægri heildarlaun, en ekki til þeirra sem ná þessari upphæð eða hærri upphæð með álagsgreiðslum hverju nafni svo sem þær nefnast. Þetta er því sannarlega sá hópur launafólks sem hefur allægstar tekjurnar. Auðvitað er það neyðarúrræði að löggjafinn sé að skipta sér af samningum, eins og margoft hefur komið hér fram og m. a. hér áðan hjá hv. síðasta ræðumanni, 1. þm. Suðurl. En allur sá lagabálkur, sem

við erum hér með milli handanna, er náttúrlega ein allsherjar afskipti af samningum.

Nú hafa mál hins vegar breyst á þann veg að samningar eru lausir og við skulum vænta þess að fljótlega takist að gera skynsamlega samninga hér á landi. En með hliðsjón af því að hér hefur verið um veruleg afskipti af kjarasamningum að ræða og að svo illa er ástatt hjá þeim sem lægst hafa launin, er þessi till. flutt og þá með þeim hætti að hún gildi einungis þar til að um annað hafi verið samið, þ. e. að frá og með gildistökudegi þessara laga, og þar til öðruvísi um semst, þá séu lágmarksheildarlaunin 15 þús. kr., en ætlast er til að þetta sé jafnframt liður í þeim samningum sem fram undan eru, að semja um lægstu laun og lágmarkstekjur.

Ég skal ekki fjölyrða öllu meira um þetta, herra forseti. Þessar till. skýra sig að verulegu leyti sjálfar, en þær eru eins og ég gat um í upphafi fyrst og fremst tvíþættar. Í fyrsta lagi það að ríkið sitji nokkurn veginn við sama borð eins og launþegar að því er viðmiðun við vísitölu varðar, að ríkið geti ekki sjálft hækkað ýmis konar álögur á fólkið í landinu eins og hefur verið að undanförnu og höggvið sé á sams konar sjálfvirkni í álagningu gjalda sem miðast við fasteignamat. Í öðru lagin séu sérstök ákvæði til þess að tryggja að enginn þurfi hér að búa við á næstu mánuðum eða þar til um annað semst, lægri mánaðartekjur en 15 þús. kr.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. en undir það rita auk mín hv. 1. landsk. þm. Kristín S. Kvaran. Í nál. okkar segir svo:

„Fjh.- og viðskn. skiptist í afstöðu sinni til brbl. um launamál. Minni hl. n., fulltrúar Alþb., Alþfl. og BJ, er andvígur frv. og þeim ákvæðum um mannréttindaskerðingu og kauplækkanir sem í því felast. Kjartan Jóhannsson flytur brtt. á sérstöku þskj. og gerir grein fyrir afstöðu sinni í eigin nál. Svavar Gestsson og Kristín S. Kvaran standa að þessu minnihlutaáliti. Samtök um kvennalista eiga ekki fulla aðild að fjh.- og viðskn., en Guðrún Agnarsdóttir sat einn fund sem áheyrnaraðili. Hún og aðrir þm. Samtaka um kvennalista eru andvíg frv. um staðfestingu brbl. um launamál."

Þannig hljóðar nál. okkar og meginatriði þess er það að við erum andvíg þessu frv. til staðfestingar á brbl. um launamál frá í vor. Fyrir því eru margvíslegar ástæður og ég hef bæði hér á hv. Alþingi og eins á opinberum vettvangi annars staðar gert ítarlega grein fyrir afstöðu Alþbl. í þessu efni. Við teljum að með þessu frv. hafi verkalýðssamtökin í landinu verið svipt mannréttindum, við teljum að með þessu frv. og brbl. í vor hafi kaupgjald verið lækkað í landinu langt niður fyrir það sem samsvarar lækkun þjóðartekna á sama tíma og við teljum að með þessum lögum hafi verkalýðshreyfingin verið beitt harðari tökum en nokkur dæmi eru til um á síðari áratugum; þess vegna erum við ákveðið á móti þessu frv.

1. gr. þess fjallar um vísitölu og vísitölubætur. Í 1. málsgr. er bannað að greiða verðbætur á laun samkv. svokölluðum Ólafslögum og þar er einnig bannað að reikna út verðbótavísitölu og skýring hefur ekki fengist enn í þessum umr., hvorki frá hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. né frá hæstv. forsrh., á því hvernig á því stendur að ríkisstj. kýs að banna útreikning verðbótavísitölu. Fyrir því hafa engin rök heyrst enda held ég að þau geti í rauninni fá verið til.

Í 2. málsgr. 1. gr. er gert ráð fyrir því að frá gildistöku þessara laga til 31. maí 1985 sé óheimilt að miða kaup við verðlagshreyfingar, þ. e. sú málsgr. kveður á um það að hvers konar dýrtíðaruppbætur, sem taka mið að verðlagshreyfingum, séu bannaðar. Það hefur ekki komið fram að ríkisstj. eða hæstv. forsrh. líti svo á að þetta ákvæði banni að setja inn í kjarasamninga ákvæði um reglulegar grunnkaupshækkanir sem taka tillit til hugsanlegra verðlagshreyfinga á samningstímanum þannig að ég held að það verði að líta svo á að þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. 1. gr. þá hljóti að vera heimilt að semja um allt slíkt. Ef það er hins vegar ekki heimilt þá er ljóst að verkalýðshreyfingin getur ekki við þessar aðstæður gert samninga til lengri tíma, hún yrði að gera samninga aðeins til skemmri tíma í senn með svipuðum hætti og gerðist á viðreisnarárunum. Það auðvitað hefur veruleg vandkvæði í för með sér að ýmsu leyti eins og menn átta sig á. Það skapar óróleika og erfiðleika í þjóðfélaginu og þýðir það að það verða stöðugt í gangi kjarasamningar til skemmri tíma.

2. gr. frv. þessa fjallar svo um það að það er bannað að frjálsir kjarasamningar eru bannaðir. Það er meginákvæði 3. málsgr. 2. gr. og ríkisstj. sá sig nauðbeygða til þess að koma til móts við stjórnarandstöðuna og verkalýðshreyfinguna í þessu efni með því að leggja til að samningabannið yrði stytt úr 8 mánuðum í 6. Ástæðan til þess að ríkisstj. kaus að flytja þessa brtt. er vitaskuld fyrst og fremst sú að hún áttaði sig á því að hún hafði ekki öruggan meiri hl. fyrir því að samningabannið næði fram að ganga með þeim hætti sem það var upphaflega sett inn í lögin. Ríkisstj. gafst upp fyrir þessari staðreynd og kaus því að stytta samningabannið eins og hér hefur verið gerð brtt. um sem er flutt af hæstv. ríkisstj. og meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. hefur tekið undir.

Þessi brtt. er með þeim hætti að í henni eru í raun og veru þrjú efnisatriði þó að tvö skipti þar mestu máli, þ. e. að samningabannið er stytt þannig að það fellur niður um leið og brbl. hafa verið staðfest en í öðru lagi er í þessari sömu brtt. gert ráð fyrir því að hækkanir, sem samið var um fyrir 25. maí s. l., falli niður í kjarasamningum og að samningar, sem eru til lengri tíma en þess dags að brbl. taka gildi, skuli vera lausir. Þannig er í þessum brtt. ríkisstj. því miður grautað saman alveg óskyldum atriðum og þess vegna er ekki kostur á því að taka afstöðu til þess í einni atkvgr. hvort menn eru á því að stytta samningabannstímann eða ekki. Vitaskuld erum við þm. Alþb., á því að stytta þennan tíma en vegna þess að ríkisstj. kýs að draga þarna inn önnur atriði þá er ekki kostur á því að taka þátt í atkvgr. um þetta mál að mínu mati.

Eðlilegast hefði verið að fella alveg niður 3. mgr. 2. gr. sem bannar kjarasamninga þannig að bannið hefði algerlega verið tekið út. Í stað þess ákveður ríkisstj. að láta bannið gilda sem sé í 6 mánuði aftur í tímann eins og það hefur gert en stytta það úr 8 mánuðum í 6. Vegna þess hvernig þetta er í pottinn búið þá er, eins og ég sagði, ekki kostur á því að greiða atkv. um styttingu samningabannsins út af fyrir sig — því miður. Og í fjh.- og viðskn. Nd. bentum við á þann möguleika að stytting samningabannsins yrði tekin út úr og málefnið, sem snýr að lengri kjarasamningum, yrði afgreitt sérstaklega

en fulltrúar stjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn. voru ekki tilbúnir til þess að koma til móts við þetta sjónarmið stjórnarandstöðunnar.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, þá er það ljóst að Alþb. er á móti brbl. ríkisstj. um launamál og við munum greiða atkv. á móti 1. gr. frv. eins og hún kemur frá ríkisstj. Við munum hins vegar, að því er varðar síðari hluta frv. og sérstaklega þessar brtt., sitja hjá vegna þess hvernig í pottinn er búið að útilokað er að taka á hinu sjálfstæða efnisatriði sem lýtur að styttingu samningabannsins en við munum síðan að lokum greiða atkv. á móti frv. í heild þegar það verður borið upp til staðfestingar.

Herra forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. kaus að fara hér út í almennar umr. um forsendur þessa frv. þegar hann mælti fyrir nál. sínu. Ég tel enga ástæðu til þess að svara þeim efnisatriðum sem hann kom með í sínu máli vegna þess að þeim hefur þegar verið svarað í þessari umr. sem stóð hér í 6 daga í hv. Nd. og það er ekki þörf á því að hefja þá umr. á ný. Þess vegna læt ég máli mínu lokið eftir að hafa gert grein fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að kvennalistinn á ekki fulla aðild að fjh.- og viðskn. Nd. og getur því ekki staðið að nál. Ég mun því lýsa yfir afstöðu okkar hér. Ég vil ítreka eindregna afstöðu kvennalistans gegn þessu frv. um launamál. Við erum og höfum verið allt frá því í maí á þessu ári andvígar þeirri skerðingu verðbóta á laun sem boðuð var í brbl. og nú er enn lögð til í frv. því sem hér er til 2. umr. Við samþykkjum þó að það hafi verið nauðsynlegt að grípa til einhverra breytinga á verðbótakerfinu s. l. vor samhliða öðrum aðgerðum í efnahagsmálum en við vildum fara aðra leið en þá sem hér hefur verið valin.

Við töldum og teljum það enn meginatriði í slíkum efnahagsaðgerðum að vernda kjör hinna læstlaunuðu en í þeim hópi eru konur fjölmennar. Í þeim tilgangi bárum við fram tillögur um verðbætur á laun sem við álítum að nýtast mundu best þeim sem lægst eru launaðir. Hafi verið þörf fyrir slíkar tillögur s. l. vor þá er brýn nauðsyn fyrir þær nú þegar verulega er farið að þrengja að á mörgum heimilum og víða er komið í hreint óefni. Við heyrum iðulega talað um að það sé ekkert fé til skiptanna. Þess vegna þurfi að sækja fé til launþega til að fjármagna ríkisreksturinn. Þó held ég að allir viti að það eru víðar til peningar á Íslandi en í launaumslögum. Það þarf ekki annað en lesa fjárl. og líta í kringum sig í þjóðfélaginu til að sjá að víða leynast vænir sauðir og peningarennsli er greiðlegt til umdeilanlegra stofnana og framkvæmda. Þar má líka sjá að forgangsröðun miðast ekki við það að styðja lítilmagnann eða þá manngildið. Hún miðast fyrst og fremst við auðgildið og hinn sterka.

Ég held að almenningur hafi verið samþykkur því að brýna nauðsyn hafi borið til að ná tökum á verðbólgunni og sýnt ótvíræðan vilja til að sameinast um það að vinna sig út úr þeim efnahagslegu ógöngum sem við blöstu. En ég er jafnframt sannfærð um það að þótt goggunarröðin við vatnsból launanna sé í býsna föstum skorðum þá er hún ekki óhagganleg og réttlætiskennd manna er það sterk að það sjá flestir og viðurkenna að byrðunum verður að skipta þannig að hver beri sem hann þolir. Það var í þeim anda sem við gerðum okkar tillögur í vor og fengum Þjóðhagsstofnun til að reikna út töluleg gildi þeirra. Vil ég rekja þær hér til íhugunar fyrir þm.

Meðallaun allra launþega í maí s. l., þ. e. Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, voru samkv. taxta 12 230 kr. Við lögðum til að 20% af meðallaunum, þ. e. 2 446 kr., kæmu sem föst krónutala í verðbætur ofan á meðallaun og öll laun þar fyrir neðan. Síðan kæmi helmingur þeirrar krónutölu ofan á næsta fjórðung launa þar fyrir ofan en engar verðbætur í efsta fjórðungi launastigans. Þessi till. felur í sér skerðingu verðbóta á hærri laun en veitir meira en fullar verðbætur þeim sem standa í lægstu þrepum launastigans. Samkv. þessari till. hefðu og myndu 80% félaga í ASÍ og rösklega 60% allra launþega hafa notið fullra verðbóta. Heildarupphæð þessara verðbóta í júnímánuði s. l., ef þær hefðu verið greiddar, var áætluð um 170—260 millj. kr.

Til samanburðar má nefna að verðbætur samkv. brbl. ríkisstj. eru taldar hafa numið 180 millj. kr. í júnímánuði. Heildarupphæð greiddra verðbóta hefði því verið mjög sambærileg við ráðstöfun ríkisstj. en dreifing fjárins hefði verið mun réttlátari ef okkar tillögum hefði verið fylgt. Sú ráðstöfun, sem ríkisstj. valdi, þ. e. að greiða 8% verðbætur upp allan launastigann, hefur ekki bara viðhaldið heldur aukið verulega þann launamismun sem þegar er allt of mikill í okkar þjóðfélagi. Á sama tíma og launin hafa þannig næstum staðið í stað hafa orðið miklar verðhækkanir á nauðsynjavöru og er nú svo komið að lægstu launin rétt duga fyrir matvælum vísitölufjölskyldunnar til mánaðarins hvað þá öðrum kostnaði. Þarna eru rangir aðilar að borga brúsann okkur getur ekki verið sama hvað það kostar að varðveita atvinnuöryggi og ráða niðurlögum verðbólgunnar. Það er deginum ljósara að lágmarkslaunin verða að hækka með einhverjum hætti og hefðu líklega náð því einmitt að verða um 15 þús. kr. á mánuði ef okkar tillögum hefði verið fylgt. Því styður kvennalistinn þá brtt. Alþfl. að lögbinda lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu sem nemur a. m. k. 15 þús. kr. á mánuði þangað til öðruvísi er um samið.

Það er ekki bara ósanngjörn heldur líka óraunsæ og næstum óþekkt aðgerð að lögbinda svo vísitöluhækkanir á laun eins og hér hefur verið gert en leyfa jafnframt jafnmiklar og gegndarlausar verðhækkanir án nokkurrar bindingar. Ég vil enn fremur koma því hér á framfæri að Kvennalistinn var og er eindregið á móti þeirri mannréttindaskerðingu sem afnám samningsréttar er. Það var kominn tími til að þessum réttindum væri skilað. Þó er það hryggilegt, að þessi réttindi fela nú í sér svo takmarkað svigrúm til launahækkana sem raun ber vitni.

Það hryggir mig enn fremur að ég efast í hjarta mínu um það að umr. á þinginu og í þjóðfélaginu hafi í raun haft þau áhrif eða ráðið því að þessum rétti var skilað. Mig grunar að þarna sé miklu fremur um vísvitað stjórnbrögð að ræða. Svo vona ég að áframhaldandi ferð þessa frv. um þingið nái að milda það og gera það mannúðlegra en að öðrum kosti nái það ekki fram að ganga.

Ég hef lokið máli mínu.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem hér hefur komið fram.

Í fyrsta lagi vil ég efnislega taka undir ýmislegt af því sem hv. 3. þm. Reykn. sagði hér áðan. Ég er þeirrar skoðunar líka að endurskoða þurfi ýmiss konar vísitölubindingu í þjóðfélaginu og ekki bara á það sem hv. þm. nefndi, heldur einnig t. d. vísitölubindingu fjármagns o. fl. Ég tel hins vegar að það sé ekki tímabært á þessari stundu og málið sé töluvert flóknara en fram kemur í þeirri brtt. sem 1. minni hl. flytur. Ég vek athygli á því að ýmislegt af því sem þar er nefnt, eins og t. d. hækkun á bensínverði eða veggjaldi sem svo er nefnt og rennur til vegagerðar, er að vísu tengt byggingarvísitölu en þó háð ákvörðun stjórnvalda og breytist ekki sjálfkrafa. Þetta er þannig mjög viðtækt mál og þarf nánari skoðunar við.

Ég vil einnig taka undir það sem hér hefur komið fram um lægstu tekjur. Undir það hafa reyndar fjölmargir af stuðningsmönnum ríkisstj. tekið. Einmitt þarf að athuga hvernig unnt er að bæta lægstu tekjur, en vitanlega verður í því sambandi einnig að hafa í huga hvaða leiðir eru færar í því skyni. Hafa verður í huga hver greiðslugeta atvinnuveganna er. Ég geri fastlega ráð fyrir því að á vegum aðila vinnumarkaðarins, á vegum samtaka atvinnurekenda og í samtölum og viðræðum þeirra við launþega, muni einmitt slík athugun fara fram, því að undir þetta hefur verið tekið einnig af ýmsum talsmönnum þessara aðila. Ég tel því ekki rétt að *inn í þetta frv. verði tekið ákvæði um slíkar* lágmarkstekjur eins og hér er lagt til, þótt ég undirstriki það, að það er mikill vilji hjá ríkisstj. að stuðla einmitt að því að lágmarkstekjur verði hækkaðar.

Hér hefur enn verið fullyrt að þær breytingar sem ríkisstj. hefur lagt til að gerðar verði á frv. og meiri hl. n. mælir með séu vegna þess þrýstings sem fram hefur komið. Ég vísa því enn á bug. Rökstuðning flutti ég fyrir þessu þegar ég gerði grein fyrir þessum brtt. M. a. greindi ég þá frá því að stórum betur horfir með hjöðnun verðbólgu a. m. k. heldur en gert var ráð fyrir. Þetta hefur enn verið staðfest. Ég gerði þá grein fyrir því að framfærsluvísitala mundi hækka um um það bil 2.7% *við útreikning nú í fyrri hluta nóvembermánaðar*. Byggingarvísitala er nú í útreikningi og hún mun verða miklu lægri, jafnvel töluvert fyrir neðan 1%. Þetta mun verða til þess að hækkun lánskjaravísitölu verður töluvert minni en í síðasta mánuði, líklega undir 2%. Einnig hefur ríkisstj. látið athuga mjög vandlega hvaða hækkanir eru fram undan og allt bendir til þess að framfærsluvísitala og sömuleiðis byggingarvísitala hækki stórum minna næstu mánuðina en verið hefur þó upp á síðkastið. Allt staðfestir þetta að sjálfsögðu mjög verulega hjöðnun verðbólgu og að þau markmið muni nást jafnvel fyrr en gert var ráð fyrir. Það er meginforsendan fyrir því að ríkisstj. telur ekki nauðsynlegt að hafa slík ákvæði *sem hér er um að ræða í þessum lögum*. Þessu mun verða fylgt eftir með enn einni lækkun á vöxtum. Seðlabankinn mun gera slíka tillögu og mun koma til framkvæmda 21. þ. m. þriðja lækkun vaxta á þremur mánuðum. Þó munum við vera nær því nú eftir þessa vaxtalækkun að raunvextir séu jákvæðir en í mörg ár nema einu sinni hygg ég. Allt eru þetta batamerki sem að mati ríkisstj. réttlæta að þetta ákvæði sé niður fellt. Þetta er meginástæðan fyrir því að ríkisstj. hefur lagt fram umræddar brtt.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. hefur áður í þessum umr. gert grein fyrir þeim brtt. sem við jafnaðarmenn flytjum. Ég vil því aðeins nota tækifærið til að árétta það sem mér þykir vera aðalatriði þessa máls.

Tillöguflutningur Alþfl. kemur ekki þeim á óvart sem kynntu sér málflutning hans fyrir kosningar og þær tillögur sem hann lagði fram í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka að kosningum loknum á s. l. vori. Ég vil aðeins rifja það upp að í stefnuyfirlýsingu Alþfl. fyrir kosningar sagði að það vísitölukerfi sem við höfum búið við í höfuðdráttum óbreytt í rúma fjóra áratugi hefði gengið sér til húðar og væri úrelt. Í tillögum okkar í viðræðum við aðra flokka eftir kosningar áréttuðum við þessa stefnu. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Vísitölukerfið í sinni núverandi mynd verði afnumið. Í staðinn komi frjálsir kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins. Gætt verði sérstaklega hagsmuna láglaunafólks."

Í annan stað voru lagðar fram sérstakar tillögur um aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins til þess að rétta hlut þeirra sem við kröppust kjör búa. Þar sagði m. a. á þá leið að hækka skuli sérstaklega lægstu laun fyrir dagvinnu og um það lagðar fram ítarlegar tillögur.

Tillögugerð Alþfl. nú er nákvæmlega í samræmi við þennan málflutning. Við segjum nú það sama og við sögðum fyrir kosningar. Það gamla vísitölukerfi sem við höfum haft reynslu af á fimmta áratug var gengið sér til húðar og fjarri fór því að það tryggði hag launþega. Í umfjöllun hér á þingi hefur það rækilega komið fram í málflutningi annarra flokka að það sjónarmið er mjög útbreitt. Ég rifja upp að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands komst að orði á þá leið í umræðum um stefnuræðu forsrh. að það sem Verkamannasamband Íslands væri að fara fram á væri ekki að fá aftur óbreytt gamla vísitölukerfið heldur samningsréttinn. Aðalatriði þessa máls voru þannig frá upphafi þessi tvö: Afstaða til vísitölukerfisins gamla og afstaðan til frjálsra kjarasamninga.

Ég endurtek: Við lögðum þá stefnu fram strax í upphafi að vísitölukerfið bæri að afnema. Í öðru lagi að um leið væri alveg sjálfsagt og höfuðatriði að frjálsir kjarasamningar færu fram þá þegar, um leið og samningar rynnu út. Í þriðja lagi lögðum við til að um leið og vísitölutenging launa væri afnumin væri gengið hreint til verks og önnur sjálfvirk vísitöluviðmiðun annars staðar í efnahagskerfinu, hvort heldur varðaði skattaálögur, skattlagningu ríkisins eða verðmyndunarkerfið annars staðar eins og t. d. í landbúnaði, afnumin í leiðinni.

Þetta nægir til þess að sýna fram á í fyrsta lagi, að málflutningur Alþfl. hefur verið rökréttur og sjálfum sér samkvæmur frá því fyrir kosningar í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka í umfjöllun málsins hér. Þetta nægir til þess að sýna fram á í annan stað að sú stefna sem við boðuðum, afnám hins gamla vísitölukerfis en um leið að fram skyldu fara frjálsir samningar þá þegar, hún var rétt. Nú hafa aðrir aðilar, líka þeir sem fóru aðra leið, þ. e. meiri hl. hér á þingi, núv. stjórnarflokkar fallist á að nær hefði verið að fara að okkar tillögum strax frá upphafi.

Það er leiðinlegt til þess að vita að stjórnarflokkarnir hafa enn ekki skilið að um leið og hið gamla úrelta vísitölukerfi launa er afnumið, þá ber að fylgja því eftir,

stíga skrefið til fulls með því að afnema aðrar sjálfvirkar vísitöluviðmiðanir, hvort heldur varðar skattheimtu ríkisins, opinberra aðila eða annars staðar í verðmyndunarkerfinu. Það bíður enn síns tíma að stjórnarflokkarnir sjái að slík aðgerð er nauðsynleg í beinu rökréttu framhaldi af þeirri tillögu að afnema vísitölukerfið.

Að því er varðar síðan aðrar tillögur um kaupmáttartryggingu lægstu launa vil ég segja örfá orð. Í 2. mgr. 1. gr. frv. um launamál segir svo um sjálfvirka vísitölutengingu launa:

„Frá gildistöku þessara laga til 31. maí 1985 er óheimilt að ákveða að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf eða nokkrar starfstengdar greiðslur skuli fylgja breytingum vísitölu eða annars hliðstæðs mælikvarða á einn eða annan hátt."

Þetta orðalag, „annar hliðstæður mælikvarði á einn eða annan hátt", vekur ýmsar spurningar. Þótt menn séu því sammála að vísitölukerfið, eins og það var áður, var hluti af sjálfvirku verðbólgukerfi og hafði gengið sér til húðar, þá er ekki þar með sagt að menn fallist á að binda það með lögum fram í tímann að aðilar vinnumarkaðarins megi ekki undir neinum kringumstæðum semja um eitthvert annað fyrirkomulag kaupmáttartryggingar lægstu launa, ef mönnum sýnist við þá samningagerð að það sé ekki sjálfvirkur verðbólguvaldur. Þetta orðalag er þess eðlis, að það þarfnast nákvæmrar skoðunar. Ég hef orðið þess var að lögfróðir menn og samningavanir eru á engan hátt á einu máli um það, hvernig þetta beri að túlka. T. d. gæti þetta varðað ýmsar tilraunir til að setja ákveðnar tryggingar fyrir varðveislu kaupmáttar lægstu launa, sem ekki færu upp allan launaskalann.

Að lokum eitt varðandi tillögu okkar um lágmarkslaun. Ég vil vekja athygli á því að þessi till. hefur gildistíma þangað til samningar takast. Í öðru lagi nær hún til tiltölulega mjög lítils hluta launþega. Að okkar mati er hér kannske um að ræða 6—7% launþega í heild. Hvers vegna er þessi till. flutt? Jú, hún er flutt með vísan til þess neyðarréttar sem m. a. hv. 1. þm. Suðurl. hefur lagt til grundvallar allri afstöðu sinni í málinu. Við segjum: Úr því að ríkisstj. fór hina röngu leið í upphafi að heimila ekki frjálsa kjarasamninga, þá er nú svo komið að þessi hluti launþega, sem hefur orðið að taka á sig að fullu hinar þyngstu byrðar í viðureigninni við verðbólguna, býr nú við algert neyðarástand. Í krafti þess neyðarréttar teljum við nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að grípa til þessara ráða. Hér er ekki verið að leggja til að þessi kauphækkun fari upp allan launaskalann. Hér er einungis verið að reyna að rétta hlut þeirra sem kröppust kjörin hafa.

Hæstv. forsrh. spurði: Er þetta í samræmi við greiðslugetu atvinnuvega? Það kann að vera álitamál. En ég vil vekja athygli á því, að stjórnarliðar hafa ítrekað haldið því fram að efnahagsaðgerðir þeirra og þó einkum og sér í lagi gengisfellingin á s. l. vori hafi rétt hlut íslenskra samkeppnisaðila í samkeppni við innflutning. M. ö. o. að innlendur iðnaður, hlutdeild iðnaðar á innanlandsmarkaði hafi batnað og hagur fyrirtækja í íslenskum iðnaði hafi batnað. Mjög marga af þeim láglaunamönnum sem búa nú orðið við óþolandi bág kjör er að finna innan iðnaðarins.

Í annan stað er þá að finna líka innan verslunarinnar. En ég tók sérstaklega eftir að því hefur verið haldið fram að í tíð fyrrv. ríkisstj. hafi þannig verið haldið á málum að hlutur innflutningsverslunar og verslunarinnar í heild hafi batnað hugsanlega óeðlilega mikið. Ég tel því að meginatriðið sé þetta, að tillaga um lágmarkslaun nú þangað til kjarasamningar takast hafi stoð í þeim neyðarrétti sem stjórnarliðar sjálfir hafa lagt til grundvallar aðgerðum sínum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það er nýstárlegt tungumál Morgunblaðsins þessa dagana, sem nú skrifar leiðara sem eru nánast hugmyndafræðilega fullkomin endurtekning á kjallaragreinum okkar, sem ekki erum í stjórn, og Mogginn hefur marglýst því yfir að við segjum aldrei neitt af viti. Þar segir að talnaleikurinn með verðbólguna sé ekki takmark í sjálfu sér og aðalatriðin séu falin í raunverulegum aðgerðum þar sem ráðist sé að rótum vandans. Og þetta er sagt örfáum dögum eftir að Morgunblaðið hótar forustu og ráðherrum flokksins öllu illu ef þeir gefi sig í verðbóta- og samningsréttarmálinu, sem þó er undirstaðan að því sem Mogginn kallar gagnslausa talnaleiki. Það er svolítið erfitt að halda áttum þessa dagana.

Við sem leggjum áherslu á varðveislu borgaralegra lýðréttinda og frelsis fögnum því að stjórnarflokkarnir hafa snúið af einræðisbraut sinni. Ástæðurnar fyrir þessum sinnaskiptum eru vafalaust margar. Hæstv. forsrh. sagði að önnur aðalástæðan væri hörmulegar aflaspár og alvarlegar horfur í efnahagsmálum. Þetta er þó nánast sama ástæðan og hann gaf fyrir sviptingu lýðréttinda og lokun þingsala í vor. Ég vil hins vegar trúa því að raunverulegar ástæður sinnaskiptanna séu þær, að ný forusta Sjálfstfl. hafi samviskubit yfir aðförunum frá í sumar og óttist jafnvel að þingmeirihluti finnist ekki fyrir þessum aðgerðum. En það sem ég óttast og óttast mjög er að ríkisstj. og atvinnurekendur ætli nú með yfirgnæfandi fjölmiðlavaldi sínu, talnaflóði embættismanna sinna og ámóta skelfingaræði eins og gekk yfir landið í vor að gera enn eina tilraun til að aðlaga launakerfið í landinu gerónýtri stefnu í fjárfestingar- og atvinnumálum. Svipan sem var sveiflað yfir okkur í vor var verðbótahækkun 1. júní. Svipan nú gæti orðið þorskspáin og hörmulegar horfur í efnahagsmálum.

Með því að lækka laun enn þá meir en orðið er verður þess hugsanlega freistað að komast hjá því erfiða verkefni sem er endurskipulagning íslenskra atvinnuhátta. Nú verður þetta líklega reynt undir yfirskini frjálsra samninga. Líklega hefur íslensk verkalýðshreyfing sjaldan staðið frammi fyrir jafn afdrifaríkum og erfiðum samningum og leikurinn verið jafn ójafn. Menn verða að takast á við raunverulegar rætur að þessu ástandi. Ég fagna frjálsum samningum, ég fagna samráði og samvinnu, en andrúmsloftið sem þessir samningar munu fara fram í verður að gefa færi á heiðarlegum vinnubrögðum án þess ógnarþrýstings sem við urðum vitni að í vor. Það verður að gefa aðilum vinnumarkaðarins tækifæri til að semja í sæmilega óbrjáluðu andrúmslofti.

Um einstakar greinar og einstök atriði vil ég segja þetta: Verðbætur eru bannaðar til 1985. Þetta er röng aðferð að mínu mati. Aðilar vinnumarkaðarins eiga að fá að semja um verðbætur ef þeir svo kjósa. Það er einnig tekið fram að verðbótavísitala megi ekki reiknast á sama tíma. Það er álíka aðgerð eins og að hitamælar

væru bannaðir til að hefta útbreiðslu farsóttar og ég álít algjörlega óskiljanlega. Mælikvarðar á þróun verðlags hljóta alltaf að verða til og það er síðan ríkisstj. að ákveða hvort hún þorir að horfa á þá.

Við munum greiða atkv. gegn 1. gr.

Í 2. gr. er nú samningsréttur leyfður aftur og því fögnum við, eins og ég sagði áður, en um leið eru skertir samningar ýmissa aðila sem áður höfðu samið á lögformlegan hátt. Við munum ekki greiða atkv. um 2. gr. frv. Við munum greiða atkv. gegn frv. í heild vegna þeirrar takmörkunar og riftingar á samningsrétti sem það veldur.

Ég vona og trúi því að aðilar vinnumarkaðarins muni sérstaklega einbeita sér að því að bæta kjör hinna lægst launuðu. Þeir verða að reyna að finna færa leið til að ná þessu marki og reyndar hafa ASÍ og VSÍ lýst því yfir sem sérstöku forgangsverkefni. Því tel ég að ekki ætti að sinni að setja lög um lágmarkslaun. Þessir aðilar eru að komast undan lögbindingaráþjáninni og hafa lýst sig fúsa til að taka upp nýja siði, frjálsa samninga. Ef samningar hins vegar dragast úr hömlu er rétt að grípa inn í með svona ákvæðum.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með þær jákvæðu undirtektir sem hafa komið fram við þær brtt., sem ég flyt hér fyrir hönd okkar Alþfl.-manna, m. a. þær jákvæðu undirtektir sem þetta fékk í rauninni í máli hæstv. forsrh. Hann viðurkenndi að það væri ósanngjarnt og ekki rétt að hafa ákveðna hluta vísitölukerfisins áfram í sambandi, þá hluta sem vörðuðu t. d. tekjuöflun til ríkisins, heimild til þess.

Hann vakti athygli á að hér gæti verið um flókið mál að ræða, og ég efast ekkert um það, ef hann liti á alla þætti vísitölukerfisins, og í annan stað að hér væri einungis um að ræða heimildir til að hækka t. d. bensíngjald miðað við vísitölu. En nú er það svo að þær heimildir hafa verið notaðar að undanförnu, þær heimildir hafa verið notaðar til þess að hækka bensín hér aftur og aftur á sama tíma og kaupgjald hefur nánast staðið í stað.

Þó að hér kunni að vera um að ræða mál sem hafi fleiri þætti, ef við lítum á vísitölukerfið sem slíkt, er það þó verulegt spor að taka á þeim þáttum sem hér er gerð till. um. Og ég vil beina því til hæstv. forsrh. og stuðningsmanna ríkisstj., hvort ekki sé einmitt óhætt að stíga þá þetta spor núna og afnema það misrétti sem í þessu felst á þessu sviði, sýna þannig hug ríkisstj. í þessum efnum og koma með þeim hætti til móts við fólkið í landinu, og að ríkisstj. sitji að þessu leyti við sama borð og fólkið í landinu hefur gert. Þegar menn hafa lýst almennum skilningi á þessu sýnist mér ástæða til þess að þeir sem styðja ríkisstj. hugleiði það alvarlega að stíga þá skrefið til fulls og sýna sanngirni sína með því að stíga þetta takmarkaða skref.

Að því er hinn þáttinn varðar, lágmarkslaunin, kom líka fram skilningur hér í þessum umr. hjá ýmsum þeim sem töluðu á því að orðið væri algjört neyðarástand hjá þeim sem hafa lægst launin og að með framkvæmd brbl. hefðu verið lagðar verulegar byrðar á einmitt það fólk sem hefur allra lægstu tekjurnar, verulegar byrðar sem það getur tæpast eða alls ekki risið lengur undir. Það hefur gerst á sama tíma og menn hafa haft uppi þá stefnumörkun að einmitt þessu fólki yrði af eðlilegum ástæðum að hlífa.

Þess vegna vil ég beina því sérstaklega til þeirra sem styðja ríkisstj. og til ríkisstj. að íhuga nú stuðning við það ákvæði að hér verði þessar lágmarkstekjur hækkaðar, þar til um annað semst, eins og hér er gert ráð fyrir. Hér er verið að gera ráð fyrir því að frjálsir kjarasamningar móti stefnuna til frambúðar í þessum efnum, og sjálfsagt koma ýmsar aðrar leiðir líka til álita, er fram í sækir, til að tryggja hag þessa fólks. Vitna ég þar til ýmiss konar tillöguflutnings okkar í Alþfl. á undanförnum árum. En nú er orðið svo aðkreppt hjá þessu fólki að það er raunverulega brýn þörf á því að rétta því hönd, veita því eitthvert liðsinni nú um sinn yfir háveturinn, fram yfir jólamánuðinn, þannig að það geti komist af með skárri hætti en það getur núna og því sé ekki ætlað lengur að bera þessar byrðar með þeim hætti sem á það hefur verið lagt að undanförnu.

Ég þakka þær undirtektir sem þessar till. hafa fengið og vænti þess að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir taki nú alvarlega til yfirvegunar að stíga þetta skref til fulls og afnema annars vegar það misrétti sem hér á að vera í gildi í vísitölumálunum, afnema það með því að samþykkja brtt. þar að lútandi, sem ég hef hér mælt fyrir, og í annan stað að koma nú lítils háttar til móts við þá sem allra verst eru settir meðal launamanna með því að samþykkja þá brtt. sem hér hefur verið flutt um það efni.

ATKVGR.

Brtt. 105,1 felld með 20:5 atkv.

1. mgr. 1. gr. samþ. með 23:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJóh, MB, MAM, ÓÞÞ, PJ, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, GÍG, EH, GeirH, FÞ, FrS, GGS, HÁ, HBl, JS, JBH, IG.

nei: KH, KSK, SJS, SvG, GSig, GeirG, GE, GA, HG.

8 þm. (AS, GB, GJG, GHelg, KP, ÓE, PP, PS) fjarstaddir.

1 þm. gerð svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Sú 1. gr. sem hér er til afgreiðslu skiptist í tvo hluta. Annars vegar er 1. mgr. sem nú á að taka afstöðu til. Sú mgr. felur í sér að afnumið sé það vísitölukerfi sem var í gildi samkv. lögum nr. 13 1979 og hafði gengið sér til húðar.

2. mgr. fjallar hins vegar um það að í framtíðinni eða fram til 31. maí 1985 sé óheimilt með einum eða neinum hætti að miða nýja samninga við vísitölu eða annan hliðstæðan mælikvarða. Það er þannig mikill munur á því sem felst í 1. mgr. og því sem felst í 2. mgr. Við Alþfl.-menn teljum að gamla vísitölukerfið hafi verið orðið ónýtt og óréttlátt og hafi gengið sér til húðar og það eigi ekki að framlengja. Við erum þess vegna sammála því sem segir í 1. mgr. 1. gr.

Á hinn bóginn teljum við algjörlega rangt að hindra með lagasetningu að unnt sé í framtíðinni að semja um skynsamlegar leiðir til kaupmáttartryggingar t. d. hinna lægstu launa, sem virðist vera algjörlega hindrað samkv. 2. mgr. þessarar 1. gr.

Við munum því í atkvgr. hér á eftir greiða atkv. gegn 2. mgr. Við teljum hins vegar rétt að afnema það ákvæði í Ólafslögum sem hafði skapað okkur vísitölukerfi sem

gat ekki gengið lengur og með tilliti til þess og þess sem ég hef hér sagt að öðru leyti segi ég já við 1. mgr.

2. mgr. 1. gr. samþ. með 20:11 atkv.

Brtt. 105,2 felld með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: HG, JS, JBH, KJóh, KH, SJS, SvG, GeirG, GA.

nei: HBl, MB, MÁM, ÓÞÞ, PJ, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, BÍG, EH GeirH, FÞ, FrS, GGS, HÁ, IG.

GE, KSK greiddu ekki atkv.

9 þm. (AS, GSig, GB, GJG, GHelg, KP, ÓE, PP, PS) fjarstaddir.

Brtt. 102,1 samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞP, ÞS, BÍG, EH, GeirH, FÞ, FrS, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓÞÞ, PJ, RH, StG, SV, StH, SvH, IG.

GSig, GeirG, GE, GA, HG, JS, JBH, KJóh, KH, SJS, SvG greiddu ekki atkv.

9 þm. (AS, GB, GJG, GHelg, KP, KSK, ÓE, PP, PS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Alþb. er á móti brbl. ríkisstj. um launamál eins og þegar hefur komið fram í samþykktum flokksins og atkvgr. þessari í dag. Ríkisstj. hefur nú á síðustu stundu látið undan þeirri gagnrýni sem fram hefur komið með því að stytta samningsbannið úr 8 mánuðum í 6 mánuði.

Í brtt. *ríkisstj. um að stytta samningsbannið* eru önnur atriði sem snerta samninga þeirra stéttarfélaga sem höfðu kjarasamninga til lengri tíma. Það er því ekki kostur á því að greiða atkv. um samningsbannið eitt. Þess vegna mun þingflokkur Alþb. sitja hjá í þessari atkvgr. um launamál, en mun að lokum greiða atkv. gegn frv. í heild þegar það verður borið upp í heilu lagi.

Herra forseti. Ég greiði ekki atkv.

Brtt. 102,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓÞÞ, PJ, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, BÍG, EH, GeirH, FÞ, FrS, IG.

GSig, GeirG, GE, GA, HG, JS, JBH, KJóh, KH, KSK, SJS, SvG greiddu ekki atkv.

8 þm. (GB, GJG, GHelg, KP, ÓE, PP, PS, AS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 20:1 atkv.

4. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frv. 39. mál (þskj. 40). — Frh. 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Af óviðráðanlegum ástæðum var ég óviðbúin 1. umr. um þetta mál á mánudaginn var og hafði þess vegna ekki í fórum mínum upplýsingar sem ég hafði aflað mér og aths. sem ég hafði látið gera við þetta frv. En ég vil bæta úr því nú og alveg sérstaklega vegna þess að bornar voru brigður á útreikninga sem ég hafði látið gera um hvað þessi ákvæði, ef að lögum yrðu, um að raforka samkv. orkusölusamningum til langs tíma við iðjuver þau, sem um getur í 3. gr. o. s. frv., mætti ekki vera lægri en 65%, bæru í skauti sér.

Ég hef athugasemdir fram að færa við þetta frv.

Í fyrsta lagi vil ég víkja að orkuverðshlutfallinu. Frv. gerir ráð fyrir að orkuverð til stóriðju verði ekki lægra en sem nemur 65% af orkuverði til almenningsrafveitna samkv. gjaldskrá Landsvirkjunar á hverjum tíma. Varðandi þessa viðmiðun er vitnað til skýrslu um athugun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins hf., sem gerð var af starfshóp á vegum iðnrn. í júlí 1982, en þar var hlutfallið 65% nefnt. Samkv. skýrslunni er hér um að ræða það sem höfundar hennar töldu hæfilegt sem meðalhlutfall yfir langan tíma. Það er af þeim sökum vafasamt að lögfesta þetta hlutfall, þannig að það gildi á hverjum tíma óháð öllum verðsveiflum sem orkuverð til almenningsveitna kann að taka.

Það hefur verið stefna Landsvirkjunar hingað til að gera ekki samninga við stóriðjufyrirtæki nema ætla megi að hagnaður fylgi og fá ætíð það hæsta verð fyrir orkuna sem mögulegt er. Þetta er stefna sem fyrirtækinu er skylt að fylgja vegna ákvæða í lögum um Landsvirkjun, þar sem segir að samningar um orkusölu til stóriðju megi ekki valda hærra orkuverði til almenningsveitna en ella hefði orðið.

Orkustofnun hefur athugað áhrif Ísalssamninganna á heildsöluverð Landsvirkjunar með tilliti til framangreindra lagaákvæða. Niðurstaða stofnunarinnar er sú, *að áhrif Ísalssamninganna hafi, þegar á heildina er litið*, fremur verið til lækkunar á verðinu til almenningsrafveitna. Er sú niðurstaða enn ótvíræðari eftir nýgerðan bráðabirgðasamning við Alusuisse. Ótalinn er þó annar hagur almennings vegna þessara samninga, eins og t. a. m. gjaldeyristekjur, skattar, atvinnutekjur starfsmanna Ísals og tekjur ýmissa íslenskra þjónustuaðila við álverið í Straumsvík. Samningarnir við Alusuisse hafa því ótvírætt verið Íslendingum mjög hagstæðir.

Í öðru lagi vil ég víkja að heildsöluverði raforku til almenningsveitna. Núverandi meðalverð Landsvirkjunar til almenningsveitna, sem miðast við 5 300 stunda nýtingartíma, er 111.8 aurar á kwst., en ekki 117.1 eyrir á kwst. eins og stendur í grg. með frv., og er það villa eins og fleira í þeirri grg. Lágmarksorkuverð til stóriðju — og þetta er útreikningur Landsvirkjunar — yrði samkv. ákvæðum frv. um 26 mills. Þessu hélt ég fram í fyrri hluta 1. umr., en á það voru bornar brigður.

Ákvörðun orkuverðs til stóriðju með þessum hætti gefur óraunhæft verð við núverandi aðstæður vegna þess hvað meðalkostnaðarverð orku frá Landsvirkjun er hátt um þessar mundir. Ástæður hins háa orkuverðs Landsvirkjunar nú eru nokkrar, er hér skulu tilgreindar:

A. Orkuverði til Landsvirkjunar haldið of lágu 1972 til ársloka 1982, miðað við almenna verðlagsþróun hér á landi. Afleiðingarnar urðu þær, að skuldasöfnun fyrirtækisins varð óeðlilega mikil og vaxtabyrði óeðlilega þung. Á föstu verðlagi reiknað lækkaði orkuverð frá 1971 til 1978, en hækkaði þá aftur, og fyrst á síðari hluta árs 1982 náðist sama verð að raunvirði og var 1971. Ef orkuverði til almennings hefði verið haldið stöðugu, miðað við fast verðlag, frá 1971 til og með

1982 hefðu hækkanir umfram almennar verðlagshækkanir á árinu 1983 einnig verið óþarfar og Landsvirkjun samt haldið rekstrar- og greiðsluafgangi. Ástæðan er sú, að fyrirtækið hefði skuldað sem svarar 100 millj. dollurum minna í árslok 1982 en raun varð á og vextir og afborganir líðandi árs væru þá nálægt 450 millj. kr. lægri. Núverandi orkuverð væri þá 70.5 aurar á kwst., miðað við byggingarvísitöluna 149, og fæst þá með reglu frv. lágmarksverð til stóriðju sem nemur 16.5 mills.

Í þessu sambandi má geta þess, að á hinum Norðurlöndunum hefur þveröfug stefna verið tekin í gjaldskrármálum orkufyrirtækja, sem lýsir sér í því að sums staðar er þeim gert að miða gjaldskrár sínar við að fyrirtækið skili greiðsluafgangi til að geta fjármagnað framkvæmdir sínar að miklu leyti með eigin fé í stað lánsfjár. Þessi stefna hefur leitt til lægra orkuverðs en ella. Annars staðar, t. d. í Noregi, eru virkjunarframkvæmdir ríkisveitna fjármagnaðar á fjárlögum með mun lægri fjármagnskostnaði en gildandi lánakjör á lánamörkuðum heims.

B. Nýleg yfirtaka byggðalína er ekki enn farin að skila Landsvirkjun neinum arði, þó að því muni vissulega koma. Sama máli gegnir reyndar um rannsóknarkostnað vegna Blöndu- og Fljótsdalsvirkjana. Með yfirtöku þessara þátta hefur Landsvirkjun hins vegar létt af ríkinu tæpum 200 millj. kr. í ár í vöxtum, afborgunum og beinum rekstrarkostnaði og mun á sama hátt létta af ríkinu kostnaði sem nemur 250 millj. kr. á árinu 1984. Þessum kostnaði hefur hingað til verið mætt með fjárveitingum á fjárlögum eða lánsfjáráætlun, en nú leggst hann á Landsvirkjun og hefur veruleg áhrif til hækkunar á gjaldskrá hennar.

C. Fjárfestingar í virkjunum hafa óneitanlega verið miklar undanfarin ár og hefur stundum verið rætt um framkvæmdagleði. Rétt er að minna hér á tvær af ástæðum þessa, sem samanlagt valda því að hér sparast olía að verðmæti rúmur hálfur milljarður kr. á ári, en valda því einnig að þær framkvæmdir sem nú eru á döfinni þurfa að vera a. m. k. þremur árum fyrr á ferðinni en ella.

Með tengingu annarra landshluta við vatnsorkuverð Landsvirkjunar hefur raforkuframleiðslu með olíustöðvum verið útrýmt nema í neyðartilfellum. Hvalfjarðarlínu var t. a. m. flýtt um eitt ár í þessu skyni. Þær olíustöðvar sem fyrir voru hafa að sjálfsögðu ekki verið seldar til að fjármagna vatnsorkuverin, heldur eru þær látnar standa áfram í öryggisskyni. Olíusparnað vegna þessara tenginga má áætla 240 millj. kr. á ári á núverandi verðlagi. Þetta hefur að sjálfsögðu haft verulegan þjóðhagslegan sparnað í för með sér.

Í öðru lagi: Sérstakt átak hefur verið gert til að útrýma olíu til húshitunar. Ætla má að með þeirri rafhitun húsnæðis sem bæst hefur við síðan 1973, þegar byrjað var á þessu átaki, sparist olía að verðmæti rúmlega 310 millj. kr. á ári á núverandi verðlagi.

D. Um orsakir hins háa orkuverðs Landsvirkjunar: Afhendingaröryggi hefur verið aukið að mun í ýmsum landshlutum. Það er mun dýrara að uppfylla venjulegar kröfur um afhendingaröryggi hér á landi en erlendis, þar sem þéttbýlla er og mildari náttúra.

Eins og sést á framangreindri upptalningu er hér um að ræða meira og minna tímabundna kostnaðarþætti sem eru kostnaðarverði til stóriðju algjörlega óviðkomandi. Þessir þættir skýra hins vegar drjúgan hluta af núverandi rekstrar- og fjármagnskostnaði Landsvirkjunar.

Í þriðja lagi vil ég taka hér dæmi erlendis frá vegna þeirra upplýsinga sem gefnar eru í grg. með téðu frv.

Meðalorkuverð til álvera í heiminum er nú talið vera um 17 til 18 mill, ef ekki er tekið tillit til þeirra álvera sem hefur verið lokað vegna hás orkuverðs. Í grg. með frv. eru nefndar nokkrar tölur um orkuverð erlendis, sem þurfa nánari skýringar við.

Sagt er að í Noregi sé stefnt að því að stóriðja greiði sem svarar 20 mill. Engin orka hefur enn verið seld stóriðju í Noregi á þessu verði. En meðalverð seinni hluta árs 1983 er 9.5 mill. Árið 1982 greiddu norsk stóriðjufyrirtæki að meðaltali 53% af almennu gjaldskrárverði ríkisrafveitnanna fyrir raforku. Lægsta hlutfall gilti fyrir 1950-samningana, 33%, 53% fyrir 1960-samningana og upp í 81% fyrir 1976-samningana. Með talin í þessu dæmi eru orkuskattur og flutningsgjöld, en ekki er tekið tillit til þeirra stóriðjufyrirtækja sem reka eigin orkuver og hafa lægstan orkukostnað.

Gefið er upp í grg. verðið 27.3 mill á svæði orkuveitunnar BPA í Bandaríkjunum. Þetta orkuverð er ekki komið til framkvæmda enn og telja má sennilegt að það valdi samdrætti í áliðnaði á svæðinu ef ekki komi til mildandi aðgerðir. BPA hefur nokkur kjarnorkuver í byggingu, sem ekki nýtast vegna samdráttar í orkusölu. Fjárhagur fyrirtækisins er því þröngur að því er talið er um þessar mundir.

Sagt er að meðalverð TVA-orkuveitunnar í Bandaríkjunum sé 37 mill. Þetta er hæsta verð á þjónustusvæði TVA, en ekki meðalverð. TVA er reyndar ekki eini orkusalinn á svæðinu. Nýlega fengust upplýsingar um orkuverð til þriggja álvera á þessu svæði og var það 28—30 mill. Líklega má líta á þetta sem ráðandi verð á svæði TVA til þeirra álvera sem ekki hafa þegar hætt starfsemi, en talið er að áliðnaðurinn muni jafnvel leggjast niður þarna.

Tölur um orkuverð í Kanada eru ekki nefndar, en minna mætti á nýgerða samninga um 5 mill við erlent fyrirtæki, þ. e. samningana við hinn ríkisrekna franska auðhring PUK, en talið er að afslátturinn sem þar fæst frá opinberu orkuverði samsvari um 120 millj. dollara.

Í fjórða lagi vil ég minnast hér á stefnu Norðmanna. Í umr. um orkuverð til stóriðju hér á landi er oft tekið mið af orkuverði í Noregi og vitnað til stefnu Norðmanna. Rétt er að þeir vilja selja orku til nýs orkufreks iðnaðar nokkuð háu verði. En sé saga stefnumótunar þeirra rakin sést að þeir hafa aldrei viljað ganga lengra í verðlagningu orku en samkeppnisstaða iðnaðarins leyfir. Þetta hefur m. a. valdið því að norsku ríkisorkuverin selja töluvert magn orku fyrir u. þ. b. 6 mill. Og Norðmenn hafa fallið frá áformum um endurskoðun þessa samnings. Þeir hafa einnig fallið frá því að verðleggja orku eftir því sem upphaflega var nefnt langtíma jaðarkostnaður, en hafa nú skilgreint hugtakið upp á nýtt þannig að það merkir nánast það sama og við nefnum flýtingarkostnað og hefur verið notaður til þess að finna hæfilegt orkuverð fyrir stóriðju hér á landi.

Ég hef nú gert þessu máli rækilegri skil en ég í upphafi taldi ástæðu til, því að satt að segja, í þau rúm tólf ár sem ég hef setið á þingi, minnist ég ekki þess að hafa séð vitlausara frv. Við eigum kannske von á að fá eitthvað álíka á öðrum sviðum, að menn vilja lögfesta verð á afurðum okkar. Ef við tökum dæmi t. a. m. af

þorskflökum til Bandaríkjanna, þá er það svo að á októberverði kostaði kílóið af þorskflökum á Bandaríkjamarkaði hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna 92,8 kr. Eigum við ekki að setja lög um þetta verðlag? Eigum við t. d. kannske að hafa ákvæði í lögum um að verð þorskafla sé ákveðið hlutfall af verði t. a. m. smjörs? Nú kostaði kílóið af smjöri í smásölu í októbermánuði 200 kr. og 40 aura. Nú sýnist okkur þetta of lágt verð fyrir þorskflökin, 92 kr., svo við skulum hækka þau í 100 kr. Og þá stendur þannig á, að eðlilegt væri kannske að setja um það lög á hinu háa Alþingi að þorskflök á Bandaríkjamarkaði skyldu aldrei vera lægri í söluverði þar en 50% af smjörverði hérna heima. (**Gripið fram í:** Óniðurgreitt?) Nei, eins og það er núna í smásölu. — Og ef við teljum okkur svo þurfa þess með að hækka þorskflökin á Bandaríkjamarkaði, sem líklegt er, verðum við bara að axla þá byrði að hækka t. a. m. smjörkílóið í 300 kr. og fá þá út 150 kr. lágmarksverð á þorskflakakílóinu á Bandaríkjamarkaði. — Menn hlæja að þessu, en þetta er hin fúlasta alvara þegar menn hafa sig sona fyrir augum eins og þetta óbermi sem frv. það sem hér er til umr. er. (**ÓÞÞ:** Má gera ráð fyrir flutningi frv. um þetta af hálfu iðnrh.?) Nei, en ég spurði hvort maður gæti átt von á slíku frv. Satt best að segja stendur þannig á fyrir þessum skrifara að honum væri trúandi til þess.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. talaði hér áðan í umr. og hafði óskað eftir því að henni yrði frestað s. l. mánudag til þess að afla sér fyllri gagna. Og hann kom hér í ræðustólinn fyrr í dag til að flytja uppskeruna og koma á framfæri því sem hann taldi vera leiðréttingu eða áréttingu varðandi sitt mál s. l. mánudag og taldi sig hrekja með því staðhæfingu sem ég mat ranga úr hans máli í umr. s. l. mánudag.

Það er nú ástæða til að víkja nokkuð nánar að því og ýmsu fleira í máli hæstv. ráðh. Ég ætla ekki að reyna að feta í slóð hans í sambandi við gífuryrði eður útúrsnúninga í sambandi við það mikilsverða mál sem hér er, því að ég tel mig á engan hátt mann til þess að etja kappi við hann í þeirri íþrótt, og verða menn að verða af skemmtun í þá átt af minni hálfu. En ég tel nauðsynlegt að taka hér fyrir nokkra þætti úr máli hæstv. ráðh. Ég hlýt í upphafi að lýsa þungum áhyggjum yfir hugarástandi hans og upplýsingum eða öllu heldur skorti á upplýsingum í því brýna máli sem hér er til umr. og tengist því frv. sem hér er rætt um, breytingu á lögum um Landsvirkjun.

Hæstv. ráðh. vitnaði hér til umsagnar sem lesa mátti út úr hans máli að kæmi frá Landsvirkjun í sambandi við hvaða áhrif þetta frv. hefði á orkuverð til stóriðju, ef að lögum yrði. Og hann endurtók staðhæfingar af því tagi og bar Landsvirkjun fyrir, ef ég hef tekið rétt eftir, að orkuverð til stóriðju hérlendis yrði um 26 Bandaríkjamill ef frv. yrði lögfest. Þessi staðhæfing ráðh. ber vott um furðulegt skilningsleysi á eðli þess frv. sem hér er til umr., en markmiðið með því er að fá lögfesta ákveðna stefnu varðandi lágmarkshlutfall á verði til stóriðju með tilliti til verðlagningar til almenningsveitna. Ég endurtek því það, sem ég sagði við upphaf umr., að frv. felur í sér öðru fremur neytendavernd, verndun fyrir innlenda notendur gegn afarkostum í ætt við þá sem almenningsveitum og notendum þeirra hafa verið búnir með orkusölusamningum um stóriðju á liðnum árum. Frv. er ætlað að marka almenna stefnu í þessa veru og gilda um frambúðarsamninga sem gerðir yrðu um orkusölu til stórnotenda til viðbótar við þau ákvæði sem þegar er að finna í lögum um Landsvirkjun. Vegna þess hins vegar að við búum við ókjarasamninga í sambandi við slík viðskipti þótti okkur flm. eðlilegt að setja sérstakt ákvæði til bráðabirgða inn í frv. sem kvæði á um hversu með skyldi fara varðandi þá samninga sem nú eru til endurskoðunar. Þar er kveðið á um að taka skuli mið af ákvæðum laganna við endurskoðun þessara samninga. Svo virðist sem hæstv. ráðh. noti núverandi gjaldskrá Landsvirkjunar sem grundvöll þegar hann er að reikna út áhrif af frv. þessu ef að lögum verður.

Gjaldskrá Landsvirkjunar er nánast reglugerðarmál. Hún er yfirfarin og staðfest síðan af iðnrn. eftir gjaldskrárbreytingar hverju sinni og er því ekki neinn fastur punktur í mati á þessum málum, eins og halda mætti af málflutningi hæstv. ráðh. Ég vil reyna að upplýsa hann, lýsa inn í það myrkur skilningsleysis sem virðist vera, reyna að draga ögn frá hans sálarglugga ef mögulegt er, með því að greina honum og öðrum hv. þdm. frá því hvaða áhrif þetta frv. hefði haft á gjaldskrár Landsvirkjunar á síðasta ári og á þessu ári, ef farið hefði verið eftir ákvæði þessa frv. um 65% lágmarkshlutfall á verði stóriðjufyrirtækja í hlutfalli við verð til almenningsveitna. Þær upplýsingar hef ég fengið í dag frá Landsvirkjun og þær eru þessar:

Heildartekjur Landsvirkjunar á s. l. ári af sölu til almenningsveitna voru 382.7 millj. kr., en af íslenska álverinu voru innheimtar 108.2 millj. kr. á árinu 1982. Þetta eru megintekjur Landsvirkjunar á þessu ári. Auðvitað væri hægt að taka inn í þetta heildartekjurnar, Áburðarverksmiðjuna og Járnblendifélagið að auki, en hér er litið á þessa tvo stóru þætti, yfirgnæfandi þætti, almenningsveitur og ÍSAL. Ef lágmarkshlutfallið 65% hefði verið gildandi í þessari orkusölu hefðu almenningsveiturnar ekki átt að greiða 382.7 millj. kr., heldur 276.8 millj. og ÍSAL átti að greiða í staðinn fyrir 108.2 millj. kr. 214.1 millj. Þarna hefði orðið stórfelld tekjutilfærsla á milli almenningsveitna til lækkunar og til hækkunar hjá ÍSAL. Reiknað í aurum var meðalverðið til almenningsveitna á síðasta ári 34.6 aurar eða 25 Bandaríkjamill, umreiknað miðað við meðalgengi Bandaríkjadals á síðasta ári kr. 12,50. En miðað við þessa tekjutilfærslu hefði verðið lækkað til almenningsveitna niður í 25 aura eða um það bil slétt 20 Bandaríkjamill til almenningsveitna. Hjá ÍSAL var meðalverðið á síðasta ári 8.2 aurar eða 6.5 mill samningsbundið, en hefði orðið, ef þetta frv. hefði verið lög á liðnu ári, ekki 8.2 aurar heldur 16.3 aurar og 13 mill. Þetta er árið 1982, miðað við óbreyttar tekjur Landsvirkjunar, eins og þær urðu á því ári.

Á þessu ári, sem skammt lifir af, hefur Landsvirkjun áætlað sínar heildartekjur og gerir ráð fyrir að af almenningsveitum fáist 1176.3 millj. kr., en hefðu átt að lækka í 883.1 millj. kr. ef ákvæði frv. hefðu verið lög. ÍSAL er áætlað að greiði 244.7 millj., en hefði átt að greiða með þessari viðmiðun 537.9 millj. kr. Í aurum talið á kwst. greiða almenningsveitur að meðaltali í ár 86.11 aura fyrir kwst. eða 34.4 mill. En þetta hefði átt að lækka samkv. lágmarkshlutfallinu í 64.65 aura eða 25.9 mills. ÍSAL greiðir hins vegar áætlað á þessu ári 19.12 aura fyrir kwst. eða 7.6 mill. Vegna áhrifa af

bráðabirgðasamkomulaginu frá 23. sept. hækkar meðalverðið aðeins, eða úr 6.5 í 7.6 mill, en hefði átt samkvæmt tilfærslunni sem fylgt hefði 65% lágmarkshlutfallinu að hækka í 42 aura eða 16.8 mill. Þetta eru áætlanir Landsvirkjunar, niðurstaðan af mati á því hvernig tekjur Landsvirkjunar hefðu skipst í fyrra og skiptust í ár miðað við áætlaðar tekjur. Svo kemur hæstv. iðnrh. hér í stólinn til að árétta það sem hann kallar leiðréttingu á því sem ég vefengdi hér s. l. mánudag og segir við hv. þm.: Ef ákvæði þessa frv. hefðu lagagildi sætum við hér uppi með orkuverð til stóriðju upp á 26 mill, sem væri gersamlega ósamkeppnisfært. Þetta leyfir hæstv. ráðh. sér að bera á borð fyrir þm. til að hræða menn frá fylgi við frv. sem felur í sér neytendavernd fyrir íslenskan almenning og íslenskan atvinnurekstur, eins og fram er dregið hér í því máli sem ég hef flutt og reyndar má skýrt lesa út úr frv. sjálfu.

Það er einkennilegur hugur, sem býr að baki þvílíkum útúrsnúningi, og ætla ég ekki að fara að elta ólar við niðurlagið á ræðu ráðh. sem best er að menn lesi sér til skemmtunar í þingtíðindum, þegar það birtist þar. Þetta er sá þáttur sem snýr að efnislegu mati hæstv. ráðh. á þessu frv. og hann vitnar í álitsgerð sérfræðinganna, rafmagnsveitustjóra ríkisins, aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar og fleiri glöggra manna og segir: Jú, að vísu hafa þeir sett á blað að 65% hið minnsta megi teljast eðlilegt lágmarkshlutfall af verði stóriðju sem hluta af verði til almenningsveitna. En orðrétt segir ráðh.:

„Samkv. skýrslunni er hér um að ræða það sem höfundar hennar töldu hæfilegt sem meðalhlutfall yfir langan tíma. Það er af þeim sökum vafasamt að lögfesta þetta hlutfall, þannig að það gildi á hverjum tíma óháð öðrum verðsveiflum sem orkuverð til almenningsveitna kann að taka."

Hverjir eiga að bera þessar verðsveiflur, sem hæstv. ráðh. er að víkja hér að, verðsveiflur í orkuverði til almenningsveitna, eins og hæstv. ráðh. orðar það? Hann kveður í rauninni upp dóminn sjálfur. Það eru ekki stórnotendurnir sem eiga að taka á sig verðsveiflur, væntanlega óvæntar verðsveiflur, sem við vissulega höfum séð hér á liðnum áratug vegna stórhækkana á olíuverði tvívegis, það eru ekki stórnotendurnir sem eiga að bera það, heldur eru það almenningsveitur í landinu, almennir notendur og íslenskur atvinnurekstur. Það er viðhorfið sem fram kemur hjá hæstv. ráðh. Hann frábiður sér lagasetningu af þessu tagi, ég man nú ekki hvaða orð hann notaði um frv. í lokin. (**Iðnrh.:** Óbermi.) Óbermi segir hæstv. ráðh. Það er einkunnin sem hann gefur frv. sem ætlað er að vera vernd fyrir íslenskan almenning, fyrir íslenska notendur gegn samningum við stórnotendur, sem hafa í reynd þróast þannig að Íslendingar hafa mátt greiða í sívaxandi mæli niður orkuna til þessara notenda sem taka meira en helminginn af orkusölu Landsvirkjunar. Ég eftirlæt hv. þm. að dæma um málflutning af þessu tagi. En það er alveg greinilegt að hæstv. ráðh. vill umfram allt afstýra því að sett verði lög af þessu tagi og það er alveg greinilegt hvers vegna hann frábiður sér það. Vegna þess að þá séum við ekki lengur samkeppnisfærir um orkusölu til stóriðju í landinu. Hverjir eru það, hæstv. iðnrh., sem eiga að bera umframkostnaðinn af orkusölunni til stóriðjufyrirtækja? Hverjir eru það sem eiga að greiða niður orkuna til þeirra? Samningana sem hæstv. ráðh. telur að eigi að vera nánast allra meina bót í íslensku atvinnulífi og lesa má um í Morgunblaðinu, ég get vitnað til þess þótt síðar verði, að svona samninga eigi að gera nánast hvað sem það kosti, hversu lítið sem er að hafa upp úr orkusölunni, þá eigum við að gera slíka samninga. Þetta var ritað í Morgunblaðið fyrir nokkrum vikum í forustugrein.

Hæstv. ráðh. sá svo ástæðu til að fara ofan í saumana á mínu máli og reyndi að fara allt niður í smáatriði. Og af því að hann sá ástæðu til þess, þá skal ég gera það aðeins líka, bara til þess að menn átti sig á við hvað hæstv. ráðh. leggur sig niður í sínum málflutningi. Hann taldi sig þurfa að leiðrétta „að núverandi meðalverð Landsvirkjunar til almenningsveitna, sem miðast við 3500 stunda nýtingartíma, er 111.8 aurar á kwst. en ekki 117.1 eyrir á kwst. eins og stendur í grg. með frv., og er það villa eins og fleira í þeirri grg." Þetta staðhæfir hæstv. ráðh. Ég bið hann um að átta sig á því sem stendur í aths. við 1. gr. frv., að miðað er við 5000 stunda nýtingartíma en ekki 5300 stunda nýtingartíma, og í þeirri gjaldskrá Landsvirkjunar sem í gildi er og fylgir með sem fskj. má lesa hvert verðið er fyrir 5000 stunda nýtingartíma, ef hæstv. ráðh. fengist til að setja upp gleraugun og rýna aðeins í það fskj. Þetta er aðeins dæmi um það á hvaða stigi þessi málflutningur er.

Hæstv. ráðh. vék að verðlagsþróun hér á orku á liðnum áratug. Um það má margt segja og það er alveg greinilegt að hann taldi að verðið hefði verið almennt allt of lágt, hann tók undir þann málflutning Landsvirkjunar. Það er alveg rétt að á föstu verðlagi reiknað hefur verið mikil sveifla í þessu verði og það fór býsna langt niður fyrir það sem eftir á að hyggja a. m. k. sýndist skynsamlegt. En ég held að hæstv. ráðh. ætti að athuga á hvaða skeiði það var, hverjir fóru með völdin í landinu þegar verðið hjá Landsvirkjun almennt, sjálfsagt ekki aðeins til stóriðjunnar, heldur jafnvel til almenningsveitna, en þó alveg sérstaklega til stóriðjunnar að sjálfsögðu, hefur verið allt of lágt allan tímann. Það var á árunum 1974—1978. (**Iðnrh.:** Mér er fullkunnugt um það.) Já, það hefði nú kannske verið ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. að rifja það upp í sínu máli.

Hæstv. ráðh. stendur í því nú að láta endurskoða orkusölusamninga við Íslenska álfélagið og við Elkem vegna Íslenska járnblendifélagsins. Maður skyldi nú gera ráð fyrir að ráðh. legði sig fram um að byggja upp rök og málflutning til að geta sótt rétt okkar Íslendinga í slíkum samningum, til þess að hafa rök fyrir því að fá leiðréttingu á þessum samningum, sem skili Íslendingum a. m. k. framleiðslukostnaðarverði fyrir orkuna á núverandi samningi, svo að linna megi því ástandi að íslenskur almenningur, heimili og atvinnurekstur séu að greiða með þessum rekstri. En hvað gerist? Nei, hæstv. ráð. er ekki að bera fram rök fyrir íslenskan málstað. Hann er hér að safna í kistuna fyrir Alusuisse, kistuna sem verður opnuð á næstu samningafundum og reitt þar fram af hálfu gagnaðilans hver séu Íslendinga eigin orð og rök í þessu máli. Ég skal ekki þreyta hæstv. ráðh. á þessum degi eða ganga hér á tíma hv. d. mjög til þess að rekja dæmi úr málflutningi hæstv. ráðh., en þar væri af mörgu að taka úr hans tiltölulega stutta máli í umr. áðan. En ég tek hér eitt dæmi, eitt mjög lýsandi dæmi og bæti kannske öðru við, við skulum hafa þau tvö.

Hæstv. ráðh. segir í sínu máli að meðalverð til álvera í

heiminum muni vera nálægt 17 mill. Orðrétt tilvitnað: „Meðalorkuverð til álvera í heiminum er nú talið vera um 17—18 mill," segir ráðh., „ef ekki er tekið tillit til þeirra álvera sem hefur verið lokað vegna hás orkuverðs" og fer síðan að rekja dæmi. Þessar upplýsingar, sem hæstv. ráðh. er að bera hér fram, eru sóttar í a. m. k. hálfs árs gamla skýrslu frá CRU-fyrirtækinu, bresku ráðgjafarfyrirtæki sem tók það til athugunar á síðasta ári hver þróun hefði orðið á meðalorkuverði til álvera *í heiminum í kreppunni á undanförnum misserum*, og þeir komu með tölu á þessu bili, og er þá tekið tillit til samdráttar í áliðnaði, tímabundins samdráttar. Svo kemur hæstv. iðnrh. hér með þessar upplýsingar, sem eru gersamlega úreltar, og segir að nú sé staðan þessi.

Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar til að bera hér fram um það hvert sé meðalverð á þeim forsendum sem þarna eru lagðar fyrir þessu mati. Þetta meðalverð var í hinum vestræna heimi eða utan Austur-Evrópu og Kína 22.2 mill á árinu 1981. Ég hygg að nú, þegar áliðnaðurinn er blómstrandi og farnar eru af stað þær verksmiðjur sem lokað hafði verið og gert er ráð fyrir á annað borð að verði settar í rekstur, svo og aukin framleiðsla, sem dregið hafði verið úr hjá öðrum álverum, þá sé þetta meðalverð ekki mikið undir því sem það var á árinu 1981, þ. e. nálægt 22 mill. Og til þess að sýna hvernig hæstv. ráðh. byggir þetta upp, þá fer hann að vefengja og gagnrýna það sem sagt er um þróun álverðs í grg. með þessu frv. og vitnar þar til og segir:

„Gefið er upp í grg. verðið 27.3 mill á svæ orkuveitunnar BPA í Bandaríkjunum. Þetta orkuver er ekki komið til framkvæmda enn og telja má sennilegt að það valdi samdrætti í áliðnaði á svæðinu ef ekki komi til aðgerðir."

Þið heyrið tóninn í hæstv. ráðh. Í fyrsta lagi, þetta orkuverð sé ekki komið til framkvæmda á svæðinu, og það megi reikna með því að það verði samdráttur í áliðnaðinum á svæðinu ef ekki komi til mildandi aðgerðir. Ég heyri alveg greinilega hverjir það eru sem hvísla í eyra hæstv. ráðh. og ég verð að leitast við að ráða honum heilt, því að ég vil aðstoða hann við að ná íslenskum rétti í því stóra máli sem hann ber nú ábyrgð á. En þá verður hann að gá betur að sér en hér er gert. Og ég vil ekki trúa honum til þess að vera að koma hér fram fyrir Alþingi með rangar upplýsingar eins og hann þó viðhefur hér. Það hlýtur að vera að hann hafi slæman ráðgjafa. (**Gripið fram í:** Hverjir hvísla í eyru ráðh.?) Ja, það er best að hann upplýsi það sjálfur. En hann virðist ekki fylgjast með skrifum um þessi þýðingarmiklu mál, aðgengilegum skrifum um þessi mál og virðist ekki heldur hafa lagt eyra við máli mínu hér s. l. mánudag, þar sem ég gat um hvað gerst hefði hjá BPA-veitunni 1. nóv. s. l. Þar var ákveðið orkuverðið 26.8 mill. Talan 27.3 mill, sem hafði verið til umr., varð ekki niðurstaðan, heldur 26.8 mill, skeikar litlu og var hækkað formlega úr 24.5 mill og hafði í fyrra verið rösklega 19 mill. Þetta er veita sem selur 18.2 terawattstundir til áliðnaðar í Bandaríkjunum, 4—5 sinnum meira magn en Íslendingar framleiða í heild, sem renna frá þessari orkuveitu til álvera í Bandaríkjunum. Og áliðnaðurinn setti auðvitað á hinn mesta þrýsting til að hindra þessa hækkun, bar sig illa og aumlega og sagði: Ja, guð minn góður, við verðum bara að loka, við ráðum ekkert við þetta. Þeir höfðu knúið fram í byrjun ársins sérstakan samning tímabundinn um 6 mánaða skeið eða til 1. nóv. um kaup á afgangsorku, sem ekki hefði verið nýtt ella, yfir þennan stutta tíma á 11.2 mill og auðvitað vildu þeir reyna að fá slíkan samning áfram. En ekki var léð máls á því. Þvert á móti var orkuverðið hækkað þarna um nær 10%, öll afsláttarákvæðin numin úr gildi, hert á kaupskylduákvæðum og refsiákvæðum, ef ekki yrði um kaupskyldu að ræða. Lokuðu ekki álverin? Drógu þau ekki úr framleiðslu sinni? Nei, þau fóru af stað á fullu á þessu svæði, þau sem á annað borð stóð til að reka.

Ég get veitt hæstv. ráðh. aðgang að upplýsingum um þessi efni og ég hugsa raunar að ef hann má vera að því að staldra við í sínu ráðuneyti, þá geti hann e. t. v. fundið það einhvers staðar þar, því að ég trúi ekki öðru en það sé safnað gögnum í iðnrn. um þróun þessara mála, jafnbrennandi og þau eru fyrir okkur. Og svo kom hann með söguna frá Noregi, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hefur sérhæft sig í, og fór í alveg sérstakan leiðangur á þessu ári til að leita að rökum fyrir undanslætti í álmálinu vegna þess hvernig staðan sé í Noregi. En ég lofaði að fara ekki út í mjög mörg dæmi og ég ætla að geyma mér að fara ofan í það mál.

Hæstv. ráðh. vefengdi hins vegar ekki það sem stendur í þessari grg. um stefnumörkun Norðmanna um orkusölu til stóriðju, um verðlagningu á orku til stóriðju, 20 mill verðtryggt héðan í frá. Þeir hafa lært af reynslunni. Það væri ástæða til að óska þess að íslensk stjórnvöld og hæstv. iðnrh. reyndu að læra af reynslunni.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilu þeirra heiðursmanna sem hæst láta í þessari umr., en ætla að gera örstutta grein fyrir því hvers vegna ég er meðflm. þessa frv.

Hið háa orkuverð sem almenningur hérlendis þarf að greiða á sér vitanlega fleiri en eina orsök. Veigamesta orsökin er að mínu viti hraðari uppbygging virkjana en við réðum við með góðu móti. Flest orkuver okkar eru tiltölulega nýreist og hafa að öllu leyti verið reist fyrir lánsfé. Fjármagnskostnaður er því gífurlega mikill. En auk þess hafa orkuverin reynst dýrari í byggingu en reiknað var með í upphafi. Við þessum ástæðum og afleiðingum þeirra er lítið að gera annað en að skoða þær sem víti til varnaðar. Dreifingarkostnaður er svo af eðlilegum ástæðum mjög mikill.

En ein ástæðan fyrir of háu raforkuverði eru hinir misheppnuðu samningar um orkuverð til stóriðju. Stóriðjan er að vísu stór viðskiptavinur og á rétt á hagstæðum kjörum, en það eru almenningsrafveiturnar einnig, og fyrr má nú gagn gera. Sá aðstöðumunur, sem nú er í gildi, er fáránlegur. Gildandi lagaákvæði hafa ekki tryggt eðlilega kostnaðarskiptingu af raforkuframleiðslu milli stórnotenda og almenningsrafveitna.

Nú eru uppi áform um orkufrekan iðnað af ýmsu tagi. Stefna stjórnvalda er sú, að erlendir aðilar skuli koma þar til skjalanna. Kvennalistinn hefur marglýst yfir andstöðu sinni við áform af þessu tagi og mun berjast gegn þeim. En fari svo að Íslendingar velji sér það hlutskipti að þurfa að semja um frekari orkusölu til erlendra aðila ættu dæmin úr fortíðinni að hafa kennt okkur að þar er betra að hafa varan á. Því er nauðsynlegt að mörkuð sé stefna í því hver megi vera hámarksmunur á verði milli þessara viðskiptavina Landsvirkjun-

ar. Þetta er því að mínu mati þjóðþrifamál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 21. fundur.

Fimmtudaginn 17. nóvember, kl. 2 miðdegis.

Fiskeldi og klak sjávar- og vatnadýra, þáltill. 91. mál. (þskj. 100). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Húsnæðissamvinnufélög, þáltill. 95. mál (þskj. 116). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðgerðir gegn skattsvikum, þáltill. 98. mál (þskj. 119). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla, þáltill. 99. mál (þskj. 120). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefna í flugmálum, þáltill. 100. mál (þskj. 121). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Gistiþjónusta á landsbyggðinni, þáltill. 51. mál (þskj. 54). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vistunarvandi öryrkja, þáltill. 52. mál (þskj. 55). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samstarfssamningur Norðurlanda, þáltill. 86. mál (þskj. 91, n. 106). — Síðari umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hæstv. utanrrh. gerði grein fyrir þessu máli í framsöguræðu fyrir fáeinum dögum. Í grg. sem þáltill. fylgir er einnig að finna lýsingu á því um hvað er að ræða. Birt er sem fskj. með þáltill. það samkomulag sem ætlunin er að fullgilda að fengnu samþykki Alþingis.

Í stuttu máli má segja að í því samkomulagi felist þær breytingar á samstarfssamningi Norðurlanda sem nauðsynlegt er að gera vegna aðildar Færeyja, Grænlands og Álandseyja. Það samkomulag er byggt á málamiðlun. Um þá málamiðlun hefur náðst samstaða þó að sjálfsagt hefðu einhverjir kosið að þessi lönd fengju alveg strax sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði.

Utanrmn. hefur fjallað um þessa þáltill. og leggur einróma til að hún verði samþykkt eins og nál. á þskj. 106 ber með sér. Þar sem mál þetta liggur ljóst fyrir held ég, herra forseti, að ekki sé ástæða til þess að ég fjölyrði frekar um það.

ATKVGR.

Tillgr. samþykkt með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþykkt með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 131).

Skýrsla iðnrh. um bráðabirgðasamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. (þskj. 59).

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Um nærri þriggja ára skeið hafa staðið yfir alvarlegar deilur milli íslenskra stjórnvalda annars vegar og Swiss Aluminium Ltd. (Alusuisse) hins vegar um skattamál Íslenska álfélagsins hf. (Ísal). Hefur sú deila jafnframt tengst mjög kröfum Íslendinga um hærra orkuverð frá Ísal.

Hinn 31. júlí 1981 skipaði þáv. iðnrh. sérstaka nefnd, álviðræðunefnd, til að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstj. vegna samninga aðilanna um álbræðsluna í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum.

Á síðari hluta árs 1981 áttu fulltrúar Alusuisse tvo fundi með álviðræðunefndinni án þess að árangur næðist við lausn deilumálanna. Fyrrv. iðnrh. átti tvo fundi með fulltrúum Alusuisse á fyrri hluta árs 1982, sömuleiðis án árangurs. Það sem helst strandaði á í viðræðum þessum var að fulltrúar Alusuisse neituðu að taka upp viðræður um breytingar á aðalsamningi eða orkusölusamningi nema fyrst væri útkljáð deilumál varðandi fortíðina, sérstaklega hvað varðaði ásakanir um sviksamlegt athæfi af hálfu félagsins. Með bréfi, dags. 27. okt. 1982, staðfesti forsrn. við Alusuisse að af hálfu ríkisstj. hefðu ekki verið uppi ásakanir um sviksamlegt athæfi af hálfu Alusuisse varðandi verðlagningu á súráli og öðrum aðföngum. Í svarbréfi Alusuisse til forsrh., dags. 5. nóv. 1982, lýsir fyrirtækið yfir vilja sínum til að setjast að samningaborði og ræða samskiptamál fyrirtækisins og íslenskra stjórnvalda. Þessu bréfi var síðan fylgt eftir með öðru bréfi, dags. 10. nóv. 1982, þar sem Alusuisse setur fram tillögur um

málsmeðferð til lausnar á deilunni. Tillögurnar voru í tveimur meginköflum, annars vegar um lausn deilumála vegna skattgreiðslna Ísals og hins vegar um framtíðarsamskipti aðila, þar með talin endurskoðun raforkusamningsins.

Samkvæmt tillögunum var gengið út frá því, að ná mætti samkomulagi í aðalatriðum á fyrsta ársfjórðungi 1983. Þann 22. nóv. 1982 kom dr. Paul Müller, þáv. formaður framkvæmdastjórnar Alusuisse, á fund þáv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar. Lítið miðaði í samkomulagsátt á þeim fundi, en ákveðið var að aðilar hittust aftur í Reykjavík 6. og 7. des. 1982. Iðnrh. gerði álviðræðunefnd grein fyrir gangi viðræðnanna þar sem fram kom að samningshorfur væru að hans mati mjög neikvæðar.

Í viðræðum iðnrh. við forráðamenn Alusuisse 6. og 7. des. 1982 náðist enginn árangur. Í kjölfar þessa sagði Guðmundur G. Þórarinsson alþm., fulltrúi Framsfl., sig úr álviðræðunefnd. Guðmundur hafði skömmu áður lagt fram í álviðræðunefnd tillögur til málamiðlunar, sem hann taldi að hefðu getað orðið grundvöllur til lausnar deilunnar. En iðnrh. neitaði að gera þær að sínum.

Í byrjun mars s. l. sameinuðust allir meðlimir atvmn. Alþingis, nema fulltrúi Alþb., um till. til þál. um að skipa nýja viðræðunefnd við Alusuisse og um samningsgrundvöll. Þar með virtist orðin veruleg samstaða á Alþingi um að ganga til samninga við Alusuisse á ofangreindum grundvelli. Þingflokkur Alþb. lagðist gegn þessari þáltill. Hins vegar lögðu þm. Alþb. í Nd. fram frv. til l. um leiðréttingu orkuverðs til Ísals. Ekki vannst tími til að afgreiða ofangreinda till. atvmn. á síðasta löggjafarþingi.

Með bréfi, dags. 18. apríl 1983, ákvað fjmrn. að endurákvarða framleislugjald Ísals aftur í tímann (árin 1976—1980) enn frekar en gert var í sept. 1981 og des. 1982. Krafist var greiðslu á viðbótarsköttum, áföllnum vöxtum, ásamt viðurlögum, fyrir 1. maí að viðlögðum lögtaksaðgerðum. Í framhaldi af þessu vísaði Alusuisse málinu í alþjóðlegan gerðardóm með bréfi dags. 29. apríl 1983 (International Center for the Settlement of Investments Disputes). Féllst iðnrn. á það fyrir sitt leyti með bréfi dags. 9. maí 1983.

Fljótlega eftir myndun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar skipaði iðnrh., með bréfi dags. 14. júní 1983, sérstaka nefnd, samninganefnd um stóriðju, til þess að annast viðræður og samninga um orkufrekan iðnað, eftir nánari ákvörðun iðnrh. hverju sinni. Í nefndina voru skipaðir dr. Jóhannes Nordal, formaður stjórnar Landsvirkjunar, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur og dr. Gunnar G. Schram prófessor og alþm. Með nefndinni hefur starfað Páll Flygenring ráðuneytisstjóri. Ritari nefndarinnar hefur verið Garðar Ingvarsson hagfræðingur og lögfræðilegur ráðunautur Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður.

Fyrsta ætlunarverk nefndarinnar var að hefja viðræður við Alusuisse með það fyrir augum að komist yrði að samkomulagi um meðferð deilumála fyrirtækisins og íslenska ríkisins, að orkuverð yrði hækkað og viðræður hafnar milli aðila um endurskoðun gildandi samninga um rekstur álbræðslu Íslenska álfélagsins í Straumsvík.

Fyrsti fundur nefndarinnar með samninganefnd Alusuisse og Ísal var síðan haldinn í Reykjavík þann 24. júní 1983. Á þeim fundi voru til umræðu deiluefni aðila og leiðir til að leysa þau samtímis því að viðræður yrðu hafnar um endurskoðun núgildandi samninga um rekstur álbræðslunnar í Straumsvík. Á þessum fundi tókst samkomulag um að tvískipta samningaviðræðunum. Í fyrsta lagi mundu aðilar einbeita sér að því að gera bráðabirgðasamning þar sem m. a. yrði ákveðið um meðferð á deilumálum um skattgreiðslur Ísals og samið um byrjunarhækkun á orkuverði. Í öðru lagi að semja um hvernig staðið yrði að frekari viðræðum m. a. um endurskoðun orkusamnings og annarra þátta núgildandi samnings, auk viðræðna um stækkun álbræðslunnar o. fl.

Viðræðunefndir aðila hittust síðan fjórum sinnum: Í Reykjavík 24. júní og 21. og 22. júlí, 19. ágúst í London og 6. og 7. september í Zürich. Á fundinum í Zürich tókst samkomulag um bráðabirgðasamning, háðan samþykki ríkisstjórnar Íslands og stjórnar Alusuisse. Á fundi sínum 13. sept. s. l. staðfesti ríkisstj. bráðabirgðasamninginn fyrir sitt leyti. Samþykki stjórnar Alusuisse lá þegar fyrir. Samningurinn var undirritaður af iðnrh. hinn 23. sept. 1983.

Í skýrslu samninganefndar um stóriðju til iðnrh., dags. 11. sept. 1983, er m. a. gerð svofelld grein fyrir bráðabirgðasamningnum:

1. kafli bráðabirgðasamningsins fjallar um lausn deilu ríkisstj. og Alusuisse út af framleiðslugjaldi Ísals fyrir árin 1976—1980. Viðræður um þetta mál hafa ekki leitt til neinnar sameiginlegrar lausnar fram að þessu, og í vor vísaði Alusuisse deilunni um framleiðslugjaldið í alþjóðlegan gerðardóm (ICSID í Washington) í samræmi við mgr. 47.01 í aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, eftir að fjmrn. hafði hafið innheimtuaðgerðir á hendur Ísal. Í inngangsorðum fyrirliggjandi bráðabirgðasamnings segir, að þótt hvor aðili um sig sé reiðubúinn til að halda áfram málinu fyrir hinum alþjóðlega gerðardómi kjósi samningsaðilar fremur að leysa úr deilunni á vinsamlegri og skjótari hátt, og fjallar 1. kafli bráðabirgðasamningsins um fyrirkomulag þeirrar lausnar.

Aðilar munu setja á stofn þrjár dómnefndir, sem hver um sig skal fjalla um tiltekin atriði núverandi deilumála. Jafnframt er í þessum kafla að finna ákvæði um það, að gerðardómsmálinu fyrir hinum alþjóðlega gerðardómi í Washington skuli þegar í stað frestað og þegar dómnefndirnar þrjár hafa skilað áliti skuli málið endanlega fellt niður.

Í fyrsta kafla bráðabirgðasamningsins eru einnig ákvæði um að álitsgerðir og niðurstöður dómnefndanna skuli vera endanlegar og bindandi fyrir aðilana, eins og úrskurður gerðardóms samkvæmt 47.03 gr. aðalsamnings.

Dómnefndirnar verða allar skipaðar þremur sérfræðingum og mun hvor aðili tilnefna einn mann í hverja dómnefnd, en formaðurinn verður tilnefndur með samkomulagi milli hinna tveggja dómnefndarmanna sem aðilarnir hafa tilnefnt.

Fyrsta dómnefndin mun skila álitsgerð um grundvallaratriði ágreinings aðila, sem er beiting á ákvæðum mgr. 27.03 í aðalsamningnum, og um það atriði hvort túlka eigi og beita mgr. 2.03(a) í aðstoðarsamningi, um rekstur álversins, með tilliti til ofangreindrar mgr. í aðalsamningnum og þá að hvaða leyti. Í áliti nefndar-

innar skal einnig gefa til kynna þá aðferð sem viðhafa ber á árunum 1976 til og með 1980 til að ákveða verð á hráefnum með tilliti til skattskyldu og þá nógu greinilega til að unnt sé að framkvæma útreikning á framleiðslugjaldinu sem um er að ræða. Hér er um að ræða deilu um það, með hvaða hætti skuli reikna hið svokallaða verð milli óskyldra aðila. Þessari dómnefnd er enn fremur falið að skila álitsgerð um hvort ríkisstj. eigi rétt til þess eftir atvikum að endurskoða reikninga Ísals frá árunum 1976 til og með 1979 og leggja á framleiðslugjald aftur í tímann á grundvelli þeirrar endurskoðunar. Formaður þessarar dómnefndar skal vera af öðru þjóðerni en aðilar samningsins.

Samkvæmt mgr. 1.2 í bráðabirgðasamningnum munu aðilarnir á sama hátt skipa dómnefnd þriggja íslenskra skattasérfræðinga, sem skila mun áliti um þau bókhalds- og skattatæknilegu atriði sem deilt er um. Þessi dómnefnd mun fjalla um hvernig reikna skuli afskriftir af gengistöpum Ísals, afskriftatíma fjárfestinga Ísals í mengunarvarnabúnaði, rétt Ísals til að ákveða að leggja framlag í sérstakan varasjóð árin 1976 til og með 1980 ef til endurálagningar skatts kemur og rétt ríkisstj. til að leggja á eða gera kröfur um sektarálag vegna framleiðslugjalds áranna 1976 til og með 1980.

Ég vil geta um mannaráðningar og skipan í dómnefndir sem um hefur verið getið í framansögðu.

Þegar bráðabirgðasamningurinn við Alusuisse lá fyrir skipaði iðnrh. þrjá lögfræðinga til að reka skattamálið af Íslands hálfu, sbr. 1. kafla samningsins. Í þá nefnd voru skipaðir Ragnar Aðalsteinsson hrl., Eiríkur Tómasson hdl. og Halldór J. Kristjánsson deildarstjóri og lögmaður í iðnrn.

Þann 12. okt. 1983 áttu lögmennirnir fund með fulltrúum Alusuisse til að ræða málsmeðferðina við lausn skattadeilunnar og í framhaldi af þeim fundi skipuðu aðilar dómnefndarmenn í dómnefndir.

Í fyrsta lagi var skipuð dómnefnd lögfræðinga samkvæmt 1. kafla í bráðabirgðasamningnum, en sú dómnefnd á að úrskurða um túlkun á greinum aðalsamnings og aðstoðarsamnings er varða verðlagningu á aðföngum til Ísals 1976 til 1980 og um endurálagningu framleiðslugjaldsins þess vegna, eins og ég gat um áðan.

Alusuisse tilnefndi með bréfi, dags. 19. okt. 1983, Don Silverman lögmann í New York til að taka sæti í dómnefndinni. Með bréfi, dags. 24. okt. 1983, var prófessor Stanley Surrey við Harvard-lagaháskólann í Bandaríkjunum tilnefndur af Íslands hálfu í dómnefndina. Samkvæmt bráðabirgðasamningnum munu dómnefndarmenn tilnefndir af aðilum koma sér saman um oddamann. Er vonast til að þeir muni ná samkomulagi um oddamann innan fárra daga og kann það þegar að hafa náðst þó ég hafi ekki upplýsingar um það.

Með bréfi, dags. 17. okt. s. l., var Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi tilnefndur af Íslands hálfu til að taka sæti í dómnefnd íslenskra skattasérfræðinga samkvæmt gr. 1.2 í bráðabirgðasamningnum. En sú dómnefnd á að úrskurða um önnur afmörkuð skattaleg deilumál sem uppi eru milli aðila. Með bréfi, dags. 19. okt. s. l., tilnefndi Alusuisse Sigurð Stefánsson lögg. endurskoðanda í dómnefnd þessa. Dómnefndarmenn hafa komið sér saman um oddamann, Guðmund Skaftason hrl. og lögg. endurskoðanda, og hefur dómnefnd þessi þegar hafið störf.

Það meginsjónarmið hefur verið sett fram við rekstur málsins að fá úrskurð í málinu með sem fljótvirkustum hætti, þannig að fá megi lausn á deilu þessari innan þeirra tímamarka sem í samningnum greinir. Rík áhersla hefur jafnframt verið lögð á að málsmeðferðin verði vönduð og að réttlát niðurstaða fáist. Ljóst er að deilan um skattagreiðslur Ísals er flókin, sérstaklega hvað varðar ákvörðun um verðlagningu á súráli og rafskautum til Ísals. Því er hugsanlegt að úrlausn þessa máls taki eitthvað lengri tíma en gert er ráð fyrir í bráðabirgðasamningnum.

Þegar úrskurðir dómnefndanna samkvæmt grein 1.1 og 1.2 í bráðabirgðasamningnum liggja fyrir mun nefnd endurskoðenda framkvæma lokaútreikning á sköttum Ísals árin 1976—1980.

Þriðja dómnefndin, sem hér um ræddi, er skipuð verður samkvæmt mgr. 1.6 í bráðabirgðasamningnum, skal framkvæma þá endurútreikninga framleiðslugjalds Ísals sem nauðsynlegir kunna að verða vegna áranna 1976 til og með 1979 og vegna ársins 1980, eftir að fyrri dómnefndirnar hafa skilað álitsgerðum sínum.

Í samningnum er kveðið svo á, að aðilar skuli skipa fyrst töldu dómnefndirnar tvær innan fjögurra vikna frá undirskrift bráðabirgðasamningins og að þessar dómnefndir skuli skila áliti ekki síðar en sex mánuðum eftir að þær hafa verið skipaðar, og hefur verið að þessu vikið áður. Þriðja dómnefndin skal skipuð innan tveggja vikna eftir að álitsgerðir fyrri dómnefndanna liggja fyrir og skal hafa lokið verki sínu innan þriggja mánaða frá skipun hennar.

Það er álit samninganefndarinnar, að hér hafi verið samið um einfaldari og mun hraðvirkari leið en þá, að málinu verði haldið áfram fyrir ICSID-stofnuninni í Washington. Niðurstöður munu liggja fyrir innan eins árs, en hefðu ella sjálfsagt dregist í tvö til þrjú ár, og á þeim tíma hefði ekki verið hægt að semja um endurskoðun á gildandi samningum milli aðila. Nefndin vill einnig vekja athygli á því, að hér er gert ráð fyrir að íslenskir aðilar starfi að verulegu leyti í dómnefndunum. Þannig er dómnefndin sem kveða skal upp úrskurð um skatta- og bókhaldstæknileg atriði eingöngu skipuð Íslendingum. Einnig er það skoðun nefndarinnar, að bæði vegna styttri tíma og annarra ástæðna muni kostnaður vegna dómnefndanna verða mun lægri en orðið hefði ef málið hefði verið rekið fyrir ICSID-stofnuninni.

2. kafli bráðabirgðasamningsins fjallar um þá ákvörðun aðilanna að taka nú þegar upp samningaviðræður um endurskoðun á ýmsum þáttum og skilmálum gildandi samninga um rekstur álbræðslunnar í Straumsvík. Í samningnum eru talin upp eftirfarandi atriði, en sérstaklega er tekið fram að samningaviðræðurnar verði ekki einskorðaðar við þau:

1. Fram skulu fara viðræður um endurskoðun orkuverðs og annarra ákvæða orkusölusamningsins, og er tekið fram að til viðmiðunar skuli hafður orkukostnaður áliðnaðarins í Evrópu og Ameríku og samkeppnisaðstaða álframleiðslunnar á Íslandi.

2. Fram skulu fara viðræður um endurskoðun framleiðslugjaldsins í þeim tilgangi að gera ákvæðin skýrari og hentugri til notkunar á tímum verðbólgu, auk þess að reynt verði að gera ákvæðin þannig úr garði að í framtíðinni komi ekki að nýju til deilu um skattgreiðslur, sem kastað geti skugga á gott samband milli aðila.

Auk þess verður fjallað um stækkun álversins í tveimur áföngum og rétt ríkisins til þess að gerast hluthafi í Íslenska álfélaginu hf. Enn fremur er gert ráð fyrir samningum um rétt til handa Alusuisse að selja einum eða fleiri nýjum hluthöfum allt að 50% hlutafjár Ísals í stað 49% eins og nú er samkv. 22. gr. aðalsamnings. Slík sala yrði eftir sem áður háð samþykki íslenskra stjórnvalda.

Í samningnum er tekið fram, að það sé ætlun aðila að orkuverðið skuli háð vísitölu, sem nánar á eftir að semja um, og að endurskoðaður raforkusamningur skuli í upphafi gilda í 15 ár.

Samkvæmt bráðabirgðasamningnum mun Alusuisse gera hagkvæmniathugun varðandi byggingu rafskautaverksmiðju í Straumsvík og einnig hagkvæmniathugun um stækkun steypuskála verksmiðjunnar.

Samkvæmt samningnum munu aðilar reyna að ná samkomulagi um endurskoðun og breytingu núgildandi samninga ekki síðar en 1. apríl n. k. Það er álit samninganefndarinnar, að hér verði um flókna og vandasama samninga að ræða og að telja verði óvíst að takast megi að ljúka samningum á þeim tíma sem tiltekinn er, þótt einskis verði látið ófreistað í því efni. Að öðru leyti er ljóst að samkv. ákvæðum 2. kafla samkomulagsins verða öll atriði núgildandi samninga til umræðu og breytinga ef aðilar óska og geta náð saman um slíkar breytingar.

Til að greiða fyrir hinum eiginlegu viðræðum um endurskoðun samninga samkv. 2. kafla bráðabirgðasamningsins hafa aðilar komið sér saman um tilteknar bráðabirgðaaðgerðir, sem fjallað er um í 3. kafla samningsins. Þessar bráðabirgðaaðgerðir eru þríþættar. Fyrir Ísland skiptir þar mestu máli ákvæði málsgr. 3.1 um breytingu á orkuverði. Samkv. þessari málsgr. mun Ísal greiða afturvirkt frá 1. júlí s. l. álag á gildandi orkuverð sem nemur 1,025 US mill á hverja kwst. orku, þannig að heildarverð frá þeim tíma verður 7.5 US mill á hverja kwst., en 1 mill er eins og hv. alþm. vita 1/1000 úr Bandaríkjadal. Við undirskrift samningsins hækkar verðið um 2 US mill á kwst., þannig að heildarverð á hverja kwst. orku frá þeim tíma verður 9.5 US mill. Þessi hækkun er, miðað við núgildandi gengi, um 8.5 aurar á hverja kwst., er samsvarar 46.7% hækkun þannig að heildarverð á hverja kwst. verður nú 26.6 aurar. Miðað við mánaðarlega meðalnotkun álbræðslunnar, sem nemur um 115 gwst., verður árleg tekjuaukning Landsvirkjunar þá 4 millj. 174 þús. og 500 Bandaríkjadalir, sem samsvarar rúmlega 117 millj. kr. á núverandi gengi.

Auk ofangreindrar hækkunar á orkuverði, sem er föst og ekki bundin við neina viðmiðun, kemur fram, samkv. málsgr. 3.1.3, viðbótarhækkun sem nemur 0.5 US mill á hverja kwst. háð þróun álverðs á málmmarkaðnum í London. Þessi hækkun tekur gildi þegar þriggja mánaða verð á markaðnum hefur verið í 20 skráningardaga samfleytt 78 US cent á hvert enskt pund áls. Þetta verð hefur að undanförnu verið rétt um 77 cent hvert pund — að vísu er þetta dálítið breytt frá því að þessi skýrsla var gerð — og virðist ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að innan skamms verði verðið komið upp í 78 cent, þannig að hækkun orkuverðsins í 10 mill á hverja kwst. taki gildi á allra næstu mánuðum. Þessi viðbótarhækkun getur gengið til baka ef álverðið hefur, á sama hátt og lýst er hér að ofan, verið undir 78 centum á hvert enskt pund í 20 skráningardaga samfleytt. Viðbótartekjur Landsvirkjunar vegna þessarar hækkunar nema á ársgrundvelli 690 þús. dollurum eða 19.3 millj. kr. miðað við núverandi gengi. Fastlega er búist við, eins og hér segir, að þetta verð muni haldast á þeim tíma sem gert er ráð fyrir að þessi bráðabirgðasamningur verði í gildi, þegar því hefur einu sinni verið náð. Hefur þá hækkun orkuverðs frá núgildandi samningum orðið 54.5% og viðbótartekjur Landsvirkjunar af orkusölu til Ísals um 137 millj. kr. Til samanburðar skal þess getið, að meðalverð á orkusölu norsku ríkisrafveitnanna til álbræðslu í Noregi er nú 9.5 US mill á hverja kwst. og það verð (í norskum kr.) er bundið til 1. júlí 1987. Verðið sem Söral, dótturfyrirtæki Alusuisse í Noregi, greiðir í dag er 9.9 US mill á kwst. og er það verð á sama hátt bundið til 1. júlí 1987.

Þær hækkanir á orkuverði sem hér hefur verið lýst breyta ekki núgildandi orkusölusamningi Landsvirkjunar, þannig að ef svo færi að orkuverð samkv. verðhækkunarviðmiðun þess samnings færi upp fyrir þau 10 US mill sem hér eru til umr. á samningstímanum, þá mundi það verð hækka. Aftur á móti er fremur ólíklegt að slíkt gerist, því að til þess þarf skráð heimsmarkaðsverð á áli (Alcan-verð), sem er viðmiðunin, að hækka úr 79 centum í 150 cent á hvert enskt pund.

Annað bráðabirgðaákvæði samkv. samningnum er varðandi yfirlýsingu beggja aðila um áhuga þeirra á stækkun álbræðslunnar við fyrstu hentugleika um 80 megawött eða 50%. Í kaflanum er að finna yfirlýsingu aðila um að samningaviðræður hefjist nú þegar um slíka stækkun, en hún verður háð því að aðilar komist að samkomulagi um skilmála sem þeir telji hagstæða. Hér er nánast um ítrekun á ákvæðum 2. kafla um endurskoðun samninga að ræða.

Í þriðja lagi er í kaflanum um bráðabirgðaaðgerðir að finna ítrekun á yfirlýsingu í 2. kafla samningsins um rétt Alusuisse til að selja allt að helmingi hlutafjár í Ísal, háð samþykki ríkisstj. Einnig er þar að finna fyrirheit um að Alusuisse verði heimilað að flytja hlutabréf sín í Ísal að einhverju leyti eða öllu til eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sem séu beint eða óbeint að öllu leyti í eigu Alusuisse. Ríkisstj. heitir því að flytja á næsta Alþingi frv. til l. um nauðsynlega breytingu á aðalsamningi aðila til að þetta sé kleift. Jafnframt er að finna í 4. kafla samningsins ákvæði um að slík lagabreyting taki ekki gildi fyrr en heildarsamningar samkv. 2. kafla bráðabirgðasamningsins hafa tekist. Gengur þessi heimild því að öllu leyti til baka ef heildarsamkomulag næst ekki.

Eins og fram hefur komið hér að ofan er mikilvægust þeirra bráðabirgðaaðgerða sem taka gildi við undirskrift samningsins sú, að orkuverð, sem Ísal greiðir Landsvirkjun, hækkar nú þegar um tæplega 47% og líklega síðar á þessu ári um tæplega 55%. Önnur ákvæði þessa kafla eru nánast ítrekun á efnisatriðum sem tekin verða til meðferðar við heildarendurskoðun samningsaðilanna.

4. kafli samningsins fjallar um gildi samningsins, gildistíma og uppsagnarákvæði. Þar er tekið fram að bráðabirgðasamningurinn hafi þann megintilgang að auðvelda endurskoðun gildandi samninga milli aðila, en jafnframt eru nokkur atriði samningsins sem hafa gildi áfram þó að samningnum sé sagt upp. Á þetta einkum við um úrskurð deilumála aðila, sem nú eru fyrir ICSID-gerðardómnum í Washington og um laga-

breytingu þá sem fyrirhuguð er og lýst hefur verið hér að ofan, náist heildarsamkomulag.

Gildistími samningsins er ákveðinn í málsgr. 4.4. Samningurinn getur fallið úr gildi með tvennum hætti: Annars vegar við gildistöku endurskoðaðs aðalsamnings og viðbótarsamninga við hann og hins vegar með því að annar hvor aðilinn segi samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara, en þó í fyrsta lagi níu mánuðum eftir að samningurinn var undirritaður, sem þýðir að uppsögn gæti í fyrsta lagi komið til framkvæmda tólf mánuðum eftir gildistöku. Það er álit nefndarinnar að þrátt fyrir þessi ákvæði sé mjög ólíklegt að til uppsagnar komi af hálfu Alusuisse. Í uppsagnarréttinum hefur íslenska ríkið jafnframt þann varnagla, að það sem nú er um samið er aðeins áfangi og á ekki að gilda til frambúðar.

Hér að framan hefur bráðabirgðasamningi þeim, sem samninganefnd um stóriðju hefur náð við Alusuisse, verið lýst í megindráttum. Jafnframt hefur komið fram mat og álit samninganefndarinnar á einstökum liðum bráðabirgðasamningsins. Það er álit samninganefndarinnar, að bráðabirgðasamningur sá sem hér liggur fyrir sé vel viðunandi fyrir Íslendinga. Það er ljóst að með þessum samningi er einungis stigið fyrsta skrefið í samningaviðræðum við Alusuisse um framtíð álbræðslunnar í Straumsvík. Fram undan eru víðtækari og mun flóknari samningar um það mál, auk þess sem mikinn undirbúning þarf nú þegar vegna málarekstrar fyrir þeim dómnefndum sem gert er ráð fyrir að settar verði á stofn samkv. þessu samkomulagi. Um úrslit væntanlegra samninga verður á þessu stigi engu spáð, en svo virðist að Alusuisse hafi áhuga á samvinnu við íslensk stjórnvöld í framtíðinni. Fyrirtækið hefur aftur á móti greinilega ekki enn samstarfsaðila fyrir væntanlega stækkun á hendi og það treystir sér ekki eitt sér í stækkunina. Gert er ráð fyrir að fyrsti viðræðufundur aðila í annarri umferð verði, eins og hér stendur, seint í okt., sem og varð. Á þeim fundi voru gerðar áætlanir um framhald samningaviðræðnanna og áformað að einn samningafundur verði haldinn í mánuði hverjum, ýmist hér á landi, í Sviss eða miðja vegu, í London.

Frv. til l. í samræmi við kafla 4.2 í bráðabirgðasamningnum verður lagt fyrir Alþingi innan tíðar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er til umr. skýrsla hæstv. iðnrh. um bráðabirgðasamning, dags. 23. sept. 1983, milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. Þessum samningi lýsti hæstv. iðnrh. strax og hann hafði verið gerður sem ótrúlegu afreki og annar pólitískur fulltrúi í þessu máli, fyrrv. alþm. Guðmundur G. Þórarinsson, talaði um þetta bráðabirgðasamkomulag sem afar mikilvægt skref. Þessi orð, einkum orð hæstv. iðnrh., urðu allfleyg og ég geri ráð fyrir að þau eigi eftir að ganga með vissum hætti inn í Íslandssöguna, en ég óttast að eftir gangi í þessu máli með nokkuð öðrum hætti en hugur ráðh. hefur væntanlega staðið til og hann gerir sér vonir um.

Það er ljóst að í þessu stóra máli er nú sem fyrr afar ólíkt mat á stöðu þess og þróun milli núv. ríkisstj. og Alþb. í stjórnarandstöðu, og frá öðrum aðilum í stjórnarandstöðu hefur heyrst mat sem er á marga lund svipað og ég hef á stöðu þessa máls að gerðum þessum bráðabirgðasamningi.

Hér er um að ræða í raun miklu stærra mál en það sem birtist í orðum þessa samnings, því að að baki liggja áform sem eru svo stór í sniðum að ég held að hv. alþm. þurfi allir að hugsa sig vel um í þessari stöðu.

Ég vil aðeins víkja að því hér í upphafi, hvernig skilið var við þetta mál á hv. Alþingi á síðasta þingi, en það mun hafa verið að morgni 11. mars, nálægt kl. hálffimm, sem það var hér síðast til umr. og þá fjallað um sérstaka till. til þál. frá meiri hl. atvmn. undir forustu hv. þm. Eggerts Haukdals um viðræðunefnd við Alusuisse. Þetta mál var rætt hér í mikilli tímaþröng þingsins og þröngvað fram fyrir mörg önnur málefni, sem voru hér á dagskrá og sem mikilvægari hefðu mátt teljast og horft til betri vegar fyrir íslenskt þjóðfélag en það samkomulag sem nú hefur verið gert. Ég hef þar m. a. í huga till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem var til meðferðar hér innan þingsins á þeim tíma, innlent stórfyrirtæki sem undirbúningur hafði farið fram að og lög verið sett um, en eftir var að taka afstöðu til þess af hálfu þingsins. Þetta mál varð að þoka í önnum Alþingis á síðustu dögum þess fyrir umr. um till. meiri hl. atvmn. um viðræðunefnd við Alusuisse. Það var ekki mjög hresst yfirbragð frænda míns, hæstv. þáv. forseta Sþ., þar í morgunsárið, núv. hæstv. landbrh., þegar hann ákvað að fresta fundi. Með því var gefist upp við þau áform að knýja þetta mál í gegnum þingið, en það hafði verið túlkað af hálfu flm. sem sérstakt vantraust á mig sem iðnrh.

Till. frá meiri hl. atvmn. myndar í raun rammann að því sem síðar hefur gerst, en að henni stóðu, fyrir utan hv. þm. Eggert Haukdal, hv. þm. Friðrik Sophusson, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, varaformaður Framsfl., hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og svo síðast en kannske ekki síst hæstv. núv. iðnrh. Sverrir Hermannsson. Ég held að rétt sé að rifja upp efni þessarar þáltill. hér til þess að fá samhengi við það sem síðan hefur gerst. Hún er ekki löng og grg. raunar enn styttri. Hún var þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að óska án tafar eftir viðræðum við Alusuisse um endurskoðun á samningi íslenska ríkisins við fyrirtækið um rekstur Íslenska álfélagsins. Til að annast viðræðurnar skal ríkisstj. þegar skipa sex manna viðræðunefnd og skal hver þingflokkur tilnefna einn fulltrúa, forsrh. einn og Landsvirkjun einn. Nefndin kýs sér formann.

Við endurskoðun á samningnum verði lögð rík áhersla á verulega hækkun raforkuverðs. Jafnframt verði leitað eftir hækkun á raforkuverði sem gildi aftur í tímann.

Alþingi telur að stækkun álversins komi til greina í tengslum við viðunandi hækkun á raforkuverði, einnig komi til greina að nýr hluthafi gerist aðili að Íslenska álfélaginu.

Þá verði og leitað eftir samkomulagi um breytingar á skattaákvæðum samningsins.

Til að stuðla að því, að viðræður geti hafist án tafar, verði fallist á að setja deilumál um verð á súráli, rafskautum og skatta í gerðardóm sem aðilar koma sér saman við.

Viðræðunefndin skal hafa fullan aðgang að öllum þeim gögnum sem þegar liggja fyrir um mál þetta. Enn fremur er nefndinni heimilt að leita samstarfs við hvern þann aðila sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita

nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Grg. með till. var svofelld:

„Að undanförnu hefur komið í ljós að iðnrh. hefur ekki auðnast að ná viðtækri samstöðu um hagsmunamál þjóðarinnar gagnvart Alusuisse. Ekkert tillit hefur verið tekið til ábendinga annarra í máli þessu og ráðh. lagt fram þmfrv. í Nd. Alþingis um einhliða aðgerðir. Þar með hefur ráðh. siglt málinu inn á brautir sem enginn sér fram úr.

Að þessari till. standa allir nefndarmenn atvmn. nema fulltrúi Alþb., Garðar Sigurðsson. Nm. vilja með þessari till. leggja áherslu á viðtæka samstöðu til að ná fram mikilvægum hagsmunamálum og telja það best gert með þeim hætti sem fram kemur í till.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu."

Þessi nánari grein fyrir málinu, sem kom fram í framsögu að mig minnir hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, sem hljóp í skarðið fyrir hv. þm. Eggert Haukdal, sem var fyrstur manna á blaði í meiri hl. atvmn., varð ekki mjög upplýsandi til viðbótar við það sem kom fram í texta þessarar þáltill.

Hér kom fram sá ásetningur fulltrúa þeirra þriggja flokka sem að þessari till. stóðu að taka þetta mál úr höndum framkvæmdavaldsins, setja það í sex manna viðræðunefnd, þar sem tilnefndur verði fulltrúi frá hverjum þingflokki og lagður rammi um þann samning sem Alþingi gæti fallist á að gerður yrði. Hann átti m. a. samkvæmt þessu að felast í sameiginlegri gerð um deilumál og stækkun álversins í tengslum við viðunandi raforkuverð. Þetta voru meginatriði í þessari till. varðandi efnisinnihald í væntanlegum samningi. Og nú hefur það komið fram, að eftir þeim ramma sem þarna var dreginn hefur verið unnið, en þó munar í ýmsum atriðum, sem vert er að gefa gaum að, og þá ekki síst hvernig að málinu hefur verið staðið á undirbúningsstigi þess. Ég ætla hins vegar að minna hér á, að á sama tíma lá fyrir þinginu frv. til l. um leiðréttingu raforkuverðs til Íslenska álfélagsins hf. flutt af þm. Alþb. í Nd. Alþingis og sem gerði ráð fyrir leiðréttingu á raforkuverðinu einhliða, þar eð ekki hefur tekist samkomulag við Alusuisse þótt búið væri að leita eftir því og láta reyna á sanngirniskröfur okkar Íslendinga. Þessi till. okkar um leiðréttingu raforkuverðsins var byggð á traustum gögnum, þar á meðal lögfræðilegum álitsgerðum innlendra og erlendra lögfræðinga, sem töldu að réttmætt væri að leiðrétta raforkuverðið einhliða, enda teldust forsendur raforkusölusamningsins vera brostnar.

Þá gerðist það í þessu máli, eins og hæstv. ráðh. minnti hér á, að fjmrn. ákvað með bréfi þann 18. apríl að leggja á til viðbótar framleiðslugjald á Íslenska álfélagið fyrir tímabilið 1976—1979 og krefja fyrirtækið greiðslu á viðbótarsköttum umfram það sem þegar hafði verið skuldajafnað vegna skattinneignar Íslenska álfélagsins hjá íslenska ríkinu samkv. samkomulagi og endurskoðuðum samningi 1975. Þessi innheimta var sett fram að viðlögðum lögtaksaðgerðum, ef ekki hefði verið greitt þann 1. maí n. k. Heildarskattkrafan var samkv. þessu um 10 millj. Bandaríkjadala eða nálægt 1000 millj. ísl. kr. sem skattar vegna vantalins hagnaðar Ísals á tímabilinu 1976—1981. Alusuisse varð ekki við kröfu fjmrn. um greiðslu á þessum sköttum, heldur kaus að vísa málinu samkv. samningi í gerðardóm og stakk upp á því að það færi fyrir þann aðila sem tengdur er Alþjóðabankanum og fjallar um fjárfestingardeilur milli landa, hinn svokallaða ICSID, sem Ísland er aðili að og raunar Sviss einnig, þar sem er heimilisfang Alusuisse.

Iðnrn., sem þurfti að taka afstöðu til þessa máls, féllst á að því yrði beint í þennan farveg, sem Alusuisse hafði óskað eftir og hafði allan rétt til samkv. samkomulaginu, og svar um það var veitt og þar með staðfesting á þessu þann 9. maí. Deilumálið um skattana var þingfest fyrir þessum gerðardómi þann 16. júní s. l., en samkvæmt reglum dómsins ber aðilum að tilnefna aðila af sinni hálfu í þennan gerðardóm eigi síðar en 90 dögum eftir þingfestingu. Þessi 90 daga frestur var að renna út þann 13. sept. s. l. Það er væntanlega ekki tilviljun að einmitt þá, 13. sept. s. l., staðfestir ríkisstj. bráðabirgðasamkomulagið við Alusuisse og þar með að beina skattadeilunni í annan farveg, sem lýst er í þessu bráðabirgðasamkomulagi.

Það vekur sérstaka athygli, að þeir aðilar sem stóðu að gerð samningsins um álverið í Straumsvík á sínum tíma fallast nú á þá kröfu Alusuisse að taka málið út úr þeim farvegi sem samningurinn gerir ráð fyrir og setja hann með sérstöku sameiginlegu samkomulagi í aðra gerð, sem augsýnilega er miklu flóknari og meiri óvissa um, svo að ekki sé talað um ýmsa þá þætti sem festir eru á blað í sambandi við „panela", sem þýtt hefur verið dómnefndir sem fjalla eigi um mál og hæstv. ráðh. lýsti áðan og lesa má um í texta bráðabirgðasamkomulagsins.

Hér er sem sagt samið um sameiginlega gerð, að leitast við með vinsamlegum hætti að leysa þessa deilu milli aðila eftir að Alusuisse hafði óskað eftir að nota réttinn samkvæmt samningi til þess að verjast fyrir dómi ákvörðun íslenskra yfirvalda um álagningu skatts.

Ég held að menn ættu að hugleiða í hvaða stöðu íslensk stjórnvöld eru að setja sig með þessari aðferð og hafa jafnframt í huga að Alusuisse hafði harðneitað að leysa málið með viðtæku samkomulagi, sem tillögur höfðu komið fram um á fyrri stigum meðan leitað var samninga við fyrirtækið um endurskoðun samninga og hækkun raforkuverðs alveg sérstaklega. Ég kem nánar að þessu skattamáli síðar, en ég vildi alveg sérstaklega undirstrika að hér eru íslensk stjórnvöld að hverfa frá farvegi sem markaður er í samkomulagi og hafði verið sérstaklega lofaður af þeim aðilum sem stóðu fyrir álsamningnum á sínum tíma að væri hinn góði og rétti farvegur. Nú var hann sem sagt ekki nothæfur, heldur skyldi reynt í gegnum þetta þriggja nefnda kerfi að fá vinsamlega niðurstöðu á deilunni milli aðila.

Hæstv. iðnrh. vék alveg sérstaklega að því, réttilega, að Alusuisse hefði lagt á það mjög ríka áherslu að fá sig hreinsað af öllum áburði eða að uppi væru höfð þau sjónarmið af íslenskum stjórnvöldum að fyrirtækið hefði gerst brotlegt við aðalsamninginn með sviksamlegu athæfi. Þetta mál hefur oft verið rætt hér á hv. Alþingi, m. a. ef ég man rétt þegar þessi mál voru rædd utan dagskrár þann 6. maí 1982. Þá þóknaðist hæstv. núv. utanrrh., fyrstum manna að mig minnir, — kann þó að vera að hæstv. núv. forsrh. hafi riðið á vaðið, páv. sjútvrh., — að taka alveg sérstaklega fram að það væri ekki um neitt slíkt að ræða, ekki uppi neinar grunsemdir um svikamlegt athæfi að hálfu fyrirtækisins. — Fyrirtækið knúði mjög á um þetta. Hæstv. páv. forsrh. dr. Gunnar Thoroddsen sendi fyrirtækinu bréf, sem

nefnt var hér áðan af hæstv. iðnrh., en vék sér þar með réttu undan því að taka afstöðu til þess hvort um sviksamlegt athæfi væri að ræða af hálfu fyrirtækisins eða ekki. Hann sagði aðeins réttilega að ekki hefðu verið hafðar uppi ásakanir á fyrirtækið um sviksamlegt athæfi.

Menn kunna að líta svo á að hér sé um eitthvert smámál að ræða í sambandi við túlkun af þessu tagi. Ég held að æskilegt hefði verið að íslenskir ráðh., hæstv. utanrrh., hæstv. núv. forsrh. og hæstv. iðnrh., hefðu aðeins skoðað hug sinn og athugað stöðu mála áður en þeir færu að kyssa á vönd Alusuisse og gefa um það bindandi og ákvarðandi yfirlýsingar að fyrirtækið hafi með engum hætti gerst sekt um sviksamlegt athæfi.

Ég vil benda á að á bak við þetta karp Alusuisse, að fá yfirlýsingar af þessu tagi frá íslenskum stjórnvöldum, liggja stórfelldir hagsmunir, m. a. tengdir þeirri skattadeilu sem íslensk stjórnvöld eiga í við fyrirtækið. Samkvæmt svissneskum lögum geta aðilar utan Sviss-lands gert kröfu um að fá upplýsingar um fjárreiður fyrirtækja sem talið er að hafi gerst sek um sviksamlegt athæfi viðskiptalega séð. Svissnesk yfirvöld hafa þá heimild til að kanna eða láta kanna fjárreiður slíkra fyrirtækja. Það hefði m. ö. o. getað komið til þess af hálfu íslenskra stjórnvalda að leita eftir upplýsingum frá svissneskum stjórnvöldum um fjárreiður Alusuisse ef við teldum að fyrirtækið hefði gerst brotlegt með sviksamlegu athæfi í sambandi við fjárreiður dótturfyrirtækis þess, Ísals.

Það má benda á þessu til stuðnings, að einmitt nú að undanförnu hefur verið í gangi sérstakt mál þar sem um er að ræða viðskiptafyrirtæki að nafni Mark Ritz, bandarískt viðskiptafyrirtæki, sem tengist Svisslandi og sem reyndi að koma úr landi skjölum nýlega varðandi fjárreiður sínar. Bandarísk skattyfirvöld hafa tekið þetta mál upp vegna þess að þarna hafi verið um að ræða brot hjá þessu fyrirtæki, þarna hafi verið um sviksamlegt athæfi að ræða, og gert kröfu um það gagnvart svissneskum yfirvöldum að fá upplýsingar um fjárreiður fyrirtækisins í Svisslandi. Þarna er ekki um mjög háar upphæðir að ræða á alþjóðlega vísu, en upphæðir sem eru þó nálægt því sem um ræðir varðandi skattkröfuna á hendur Ísal, eitthvað nálægt 10 millj. dala. Þetta sýnir okkur ljóslega að hvíta skyrtan sem Alusuisse er að krefjast er fyrirtækinu nokkuð verðmæt — og það er nokkuð sérstakt að íslenskir ráðh. skuli einn af öðrum hafa staðið hér upp á þingi og afhent þeim yfirlýsingar af því tagi sem hér um ræðir. Það er ekki að gæta íslenskra hagsmuna með eðlilegum hætti.

Annað atriði, sem tengist spurningunni um skattadeiluna og hugsanlegt sviksamlegt athæfi af hálfu Alusuisse í því sambandi, er staða okkar í deilunni, hvort sem um er að ræða að um hana sé fjallað af ICSID eða af öðrum aðilum, eins og lagt er til hér með þessu bráðabirgðasamkomulagi. Það er að mínu mati verulega til stuðnings kröfu okkar m. a. um endurákvörðun skatta vegna vantalins hagnaðar Alusuisse á árunum 1976—1979, að við höldum til haga réttarstöðu okkar til hins fyllsta í þessu máli og afskrifum ekki atriði eins og að fyrirtækið hafi gerst brotlegt við aðalsamning. Ég vil hins vegar taka það fram í þessu sambandi, að af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar var málið ekki rekið á þeim grundvelli að fyrirtækið hefði gerst brotlegt við aðalsamning með sviksamlegu athæfi, en það voru heldur engar yfirlýsingar gefnar um að það hafi ekki gerst og engum rétti þar með afsalað.

Þá vil ég víkja aðeins að þeirri breytingu á málsmeðferð sem varð þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Þá var, eins og fram kemur í aðfaraorðum bráðabirgðasamkomulagsins, sett á fót sérstök viðræðunefnd til þess að fara með þetta mál, ekki nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka, eins og meiri hl. atvmn. hafði lagt til hér í till. sinni í fyrravetur í þinginu, heldur nefnd þriggja manna með engum tengslum við stjórnarandstöðuna tilnefnd af iðnrh. Þar er um að ræða dr. Jóhannes Nordal sem formann, Guðmund G. Þórarinsson verkfræðing og hv. þm. dr. Gunnar G. Schram prófessor. Þessir þrír menn annast nú fyrir hönd hæstv. iðnrh. viðræður og samninga við Alusuisse og undirbjuggu það bráðabirgðasamkomulag sem hér liggur fyrir. Þeim til aðstoðar er sem ritari nefndar Garðar Ingvarsson hagfræðingur og deildarstjóri í Seðlabanka Íslands og sem lögfræðilegur ráðunautur Hjörtur Torfason hrl.

Hér eru settir til verka að hluta til gamlir kunningjar Alusuisse og kunnugleg nöfn fyrir þá Íslendinga sem fylgst hafa með samskiptamálunum við Alusuisse allt frá upphafi. Þar hefur frá byrjun haldið á máli fyrir íslensk stjórnvöld, fyrir utan þann tíma sem ég starfaði í iðnrn., Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og Hjörtur Torfason hefur komið að þessu máli allt frá 7. áratugnum sem lögfræðilegur ráðunautur. Ritarinn er ekki heldur með öllu framandi á þessum velli.

Ég vil aðeins víkja að því, hvernig staðið er að þessu máli af hálfu núverandi stjórnvalda, hvernig hagað er vali manna til þessara viðræðna. Ég tek það fram í upphafi að það ber ekki að skoða sem persónulegar árásir á viðkomandi einstaklinga, heldur vara ég mjög sterklega við því hvernig þar er ruglað saman reitum og hversu afar lítið menn virðast ætla að læra af reynslunni af samkiptum við þenna stóra aðila.

Ég tel að með tilnefningu þessara manna og alveg sérstaklega formanns viðræðunefndarinnar dr. Jóhannesar Nordals í þetta verkefni, sé brotið með mjög grófum hætti gegn eðlilegum reglum um að setja menn ekki í tvöfalt hlutverk. Þess er ekki gætt að um geti verið að ræða hagsmunaárekstra. Þess er ekki gætt með eðlilegum hætti hverjir séu hæfir og hverjir vanhæfir til að gegna slíkum störfum.

Ég vek athygli á að formaður viðræðunefndarinnar, dr. Jóhannes Nordal, er seðlabankastjóri. Það eitt út af fyrir sig ætti að vera nægilegt fyrir einn mann að gegna því verkefni í þágu opinberra aðila hér á Íslandi. Að mínu mati ættu menn sem í slík störf veljast ekki að taka á öðrum málum fjármálalegs efnis fyrir íslenska ríkið — öðrum en sem tengjast starfi þeirra með eðlilegum hætti sem bankastjóra. En dr. Jóhannes Nordal er ekki aðeins seðlabankastjóri. Hann er stjórnarformaður Landsvirkjunar og hefur gegnt því verkefni síðan 1965, kosinn í það æ ofan í æ, næst síðast 1977 og síðan aftur á þessu ári af eignaraðilum, en að þessu sinni á liðnu sumri af þeim þremur flokkum sem stóðu að till. í meiri hl. atvmn. Sþ., þeim stjórnarmönnum þessara flokka sem sæti eiga í stjórn Landsvirkjunar, en Alþb. tók afstöðu gegn því. (**Gripið fram í:** Hvernig gekk þinni samninganefnd í 3 ár?)

Ég vek athygli á að þessir samningar eru um fjármálaleg efni, en ekki aðeins fjármálaleg efni. Hin

fjármálalegu efni varða fyrst og fremst tvenns konar hagsmuni. Þau varða hagsmuni ríkissjóðs í sambandi við skatta af Ísal og þau varða tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu. Hér er um að ræða tvíþætt mál fjármálalega séð og það er óviðunandi og óviðurkvæmilegt að setja mann sem er stjórnarformaður í fyrirtæki eins og Landsvirkjun í þá aðstöðu að eiga að fjalla um hagsmunina báða. Þetta á ekki síður við þegar það er haft í huga að árið 1975, þegar sami maður var formaður í nefnd til að endurskoða samninga við Alusuisse, varð niðurstaðan sú, að raforkuverðshækkunin, sem samið var um til Landsvirkjunar, var tekin með millifærslu úr ríkissjóði, með afslætti sem samið var um á sköttum og hallaði þá frekar á ríkissjóð en hitt í þeim samningum miðað við reynsluna af þeim fram á síðasta ár. Tekjuaukning Landsvirkjunar á tímabilinu frá 1975 nam rétt um 500 millj. kr., en tap ríkissjóðs vegna minnkaðra skatta nam um 510 eða 512 millj. kr., aðeins meira en tekjuaukningin af raforkusölunni. Það voru hin sléttu skipti í það sinn, en margt bættist við í þeirri endurskoðun, sem veldur því að augljóst er að Alusuisse fór með stóran ávinning út úr þeirri endurskoðun á heildina litið.

Ég vil líka nefna að lögfræðilegur ráðunautur samninganefndarinnar, Hjörtur Torfason, er því miður ekki í betri aðstöðu en formaður nefndarinnar, því að hann er jafnframt lögfræðilegur ráðunautur Landsvirkjunar og hann er stjórnarformaður stóriðjufyrirtækis hérlendis, Íslenska járnblendifélagsins. Það er alveg auðsætt að þau atriði sem koma til álita í þessum málum tengjast saman með einum og öðrum hætti, þannig að það er óráð hið mesta að setja einstakling í þá stöðu sem gert er í þessu tilviki við lögfræðilegan ráðgjafa nefndarinnar.

En ég sagði að það væru ekki bara fjárhagslegir þættir sem hér eru til skoðunar, sem kannske freista stjórnvalda til að setja bankamenn í þessi verk, heldur komu hér til skjalanna ýmsir fleiri mjög þýðingarmiklir hagsmunir Íslands. Þar á ég við m. a. lögsöguatriðið í skattamálum þegar kemur til endurskoðunar samninga, skattalögsöguna, sem hvergi er getið um í þessu bráðabirgðasamkomulagi. Og ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að því: Hvernig stendur á að ekki er fjallað um skattalögsöguna í þessu samkomulagi? Hvernig stendur á að ekki er sett fram krafan um að álsamningarnir, ef endurskoðun næst fram, falli að öllu leyti undir íslenska lögsögu? Það er nokkuð sérkennileg aðstaða, sem íslensk stjórnvöld eru í andspænis þessu stórfyrirtæki, að þurfa að vera að sækja álitaefni í skattamálum undir erlendan gerðardóm eða að leita samkomulags með þeim hætti sem hæstv. ríkisstj. hefur gert hér til að reyna að útkljá þessa skattadeilu.

Ég minni á það, sem ég hélt að væri staðreynd enn í dag, að t. d. Framsfl. — eða a. m. k. Framsfl. af núverandi stjórnarflokkum — hlyti að hafa áhuga á að færa skattalögsöguna til Íslands frá erlendum vettvangi. Ég minni á að hæstv. fyrrv. utanrrh., hv. þm. Ólafur Jóhannesson, fjallaði mjög ítarlega og skilmerkilega um þessi efni á sínum tíma, þegar álsamningarnir voru til umr. hér á Alþingi, og spurninguna um aðild Íslands að ICSID-gerðardómnum, en umr. um þessi efni munu hafa farið nokkuð saman á þinginu 1965—1966. Ég held að það væri fróðlegt fyrir ýmsa að lesa sér til í þeim umr. og lesa ummæli og ræður hv. þm. Ólafs Jóhannessonar á þessum tíma um þau efni. Það skyldi nú ekki vera að fjármálamennirnir í samninganefndinni, seðlabankastjórinn, hafi ekki haft svo mjög auga á atriðum sem þessum vegna þess, sem ekki er óeðlilegt, að honum eru fjármálin hvað skyldust.

Ég inni hæstv. iðnrh. eftir því: Hvað veldur því að ekki er reist krafan um þetta eða gekk hún ekki fram, að fá viðurkenningu á því að skattamálin varðandi Ísal færu með öllu undir íslenska lögsögu? Það er óeðlilegt að skattadeila af því tagi sem uppi hefur verið við Alusuisse nú um skeið skuli vera á borði einstakra íslenskra ráðherra, en ekki geta farið eftir eðlilegum íslenskum lagafarvegi í gegnum okkar kerfi og okkar skattadómstóla.

Ég vil nefna það hér, að í aðdraganda þessa bráðabirgðasamkomulags fóru fram fjórir viðræðufundir. Þótti nú ýmsum sem það drægist nokkuð að vinskapur vænkaðist milli aðila hinnar nýju íslensku ríkisstjórnar og Alusuisse miðað við hvaða orð voru höfð uppi fyrir kosningar og ásakanir í minn garð í sambandi við samningaumleitanir við fyrirtækið. Ég ætla ekki að fara að rifja það upp í einstökum atriðum nú, en ég nefni það, að af fjórum samningafundum fóru þrír fram á erlendri grund. Aðeins fyrsti fundurinn er haldinn í Reykjavík, tveir eru haldnir í London og sá síðasti í Zürich. Eru þetta eðlileg vinnubrögð, hæstv. iðnrh.? Á að standa þannig að samningaviðræðum við fyrirtækið á komandi mánuðum, að þeir samningar fari fram á erlendri grund? Ég óska eftir svörum um það atriði og þá skýringum á því, ef sá háttur á að vera á hafður.

Við undirbúning mála á liðnu sumri fengust ekki upplýsingar um gang viðræðna að neinu leyti þó eftir væri leitað. Þess var gætt mjög vandlega við undirbúning þessa bráðabirgðasamkomulags, að ekki fengist nein vitneskja um hvert stefndi. Það var ekki fyrr en samkomulagið lá fyrir sem ljóst var í hvert óefni var komið. Þess var gætt með alveg sérstökum hætti að halda leynd yfir þessum samningaviðræðum og það svo mjög að hæstv. iðnrh. afturkallaði fyrirmæli til stjórnarformanns Landsvirkjunar um að veita stjórn Landsvirkjunar færi á að fylgjast með gangi viðræðna. Þegar eftir því var gengið við stjórnarformann Landsvirkjunar innan stjórnar, hvernig þessar viðræður gengju og hvort ekki ætti að veita um þær upplýsingar á þeim vettvangi þar sem um verulega hagsmuni væri að ræða fyrir Landsvirkjun, þá var því svarað af stjórnarformanninum, eftir að gengið hafði verið ítrekað eftir, að hann mætti á þessum vettvangi engar upplýsingar veita, og hafði þó stjórn Landsvirkjunar borist frá hæstv. iðnrh. skömmu eftir að hann tók við störfum sérstakt bréf þar sem hann lýsti því yfir að þess yrði gætt að hafa alveg sérstaklega góð samskipti við stjórn Landsvirkjunar í þessu máli. En þegar leið á sumarið var komið það hljóð í strokkinn að hæstv. iðnrh. hafði bannað formanni stjórnar Landsvirkjunar að leita eftir upplýsingum um gang málsins hjá formanni viðræðunefndar íslenska ríkisins, sem að vísu er sami maður í þessu tilviki. Það verður að teljast einkennilega að málum staðið og er kannske nokkuð að vonum þegar litið er á innihaldið í því bráðabirgðasamkomulagi sem hér er til umr.

Samkomulagið sem var gert í Zürich var niðurstaða funda þann 6. og 7. sept. Það var staðfest af íslensku ríkisstjórninni 13. sept. Það var undirritað af hæstv.

iðnrh. úti í Genf, ef ég man rétt, þann 23. sept. Ég hef hér undir höndum skýrslu iðnrn. nr. 7 frá 1983 um þennan bráðabirgðasamning. Þar er að finna undirskriftir við hinn enska texta, undirskrift hæstv. iðnrh., og dr. Paul Müllers og dr. Dietrich Ernst. Þarna er líka birtur hinn íslenski texti, en af einhverjum ástæðum er hann ekki undirritaður. Vegna þess að mér finnst þýðingu ekki bera saman að öllu leyti í þessum textum, þá spyr ég hæstv. iðnrh. að því, hvort það sé tilviljun að ekki er undirskrift undir íslenska textann í þessari skýrslu rn. hans og þá jafnframt hvort ekki megi treysta því að þeir samningar sem hér eru kynntir á Alþingi í íslenskri og enskri útgáfu séu jafngildir. Þetta skiptir að sjálfsögðu miklu máli við skoðun málsins og túlkun, ekki síst þar sem mér sýnist að nokkuð beri á milli hins íslenska texta og hins enska. En það kemur ekki með sama hætti að sök ef báðir samningar eru jafngildir.

Ég nefni sem dæmi, og ætla ekki að fara út í neinar hártoganir í sambandi við þetta, að í íslensku þýðingunni er talað um dómnefndir í sambandi við skattadeiluna, þar sem í enskum texta er talað um „panel" eða nefndir. Hér er greinilega um að ræða mismunandi orðalag í mjög þýðingarmikilli grein. Og ég spyr: Hvort orðalagið gildir eða er hvort tveggja jafngilt? Hæstv. ráðh. svarar því eflaust.

En það er kannske ástæða til þess líka í leiðinni að spyrja um það, hvort það sé eitthvað fleira sem samið hefur verið um milli aðila með einum eða öðrum hætti varðandi það bráðabirgðasamkomulag sem hér liggur fyrir en það sem stendur hér í samningstexta. Ég nefndi þetta að gefnu tilefni. Ég nefni það sem dæmi, að í fréttatilkynningu sem send var út í nafni iðnrn. eftir að bráðabirgðasamningurinn hafði verið gerður úti í Zürich, líklega eftir að íslenska ríkisstjórnin hafði staðfest hann, er tímasett sú 50% stækkun á ÍSAL sem gert er ráð fyrir sem möguleika í þessu bráðabirgðasamkomulagi. Í fréttatilkynningu rn. er talað um árin 1987—1988, þó að það ártal sé hvergi að finna í texta þessa bráðabirgðasamkomulags. Hefur verið rætt um það milli aðila, hæstv. iðnrh., að þessi stækkun komi í gagnið 1987—1988? Raunar minnir mig að hæstv. ráðh. hafi látið þau orð falla mjög ákveðið að það væri sá tími sem um væri að ræða, þegar hann var spurður í fjölmiðlum um þetta atriði, en ég hef ekki séð að að því sé vikið í texta bráðabirgðasamkomulagsins.

Áður en ég kem hér að efnisatriðum þessa samnings vil ég aðeins líta hér á þá samningsstöðu sem íslensk stjórnvöld eru í þegar þau vinna að undirbúningi þessa samkomulags, til þess að við eigum auðveldara með að meta niðurstöðuna eins og hún liggur hér fyrir.

Ég tel að staða íslenskra stjórnvalda til að ná fram góðum samningi við Alusuisse, góðri endurskoðun af hálfu Íslands, hafi verið sterk á liðnum tíma og hafi verið batnandi á þessu ári frá því sem áður var. Það sem á skorti á síðustu árum til þess að unnt væri að nota þessa stöðu voru brestir hér innanlands, pólitískir brestir og samstöðuleysi hér innanlands varðandi málsmeðferð, þannig að Alusuisse hafði til þess aðstöðu að haga gangi mála af sinni hálfu nánast að vild vitandi það að hjá áhrifamiklum aðilum á Íslandi var uppi mat á þessu máli fyrirtækinu svo hagstætt að því datt ekki í hug að fara að ganga til samkomulags eftir þeim atriðum sem íslensk stjórnvöld þó höfðu sett formlega fram kröfu um. Þetta kom í ljós með mjög ákvarðandi og ljósum hætti við umr. um þetta mál, m. a. hér á hv. Alþingi á síðasta vetri, þannig að enginn þarf að fara í grafgötur um hver staðan raunverulega var, hvernig Alusuisse gat teflt inn í stöðuna gagnvart Íslandi og hver staða þess aðila, sem formlega fór með þessi mál af Íslands hálfu, raunverulega var vaxin. En eftir sem áður var staða okkar sterk í málinu, ef við hagnýttum okkur hana og hefðum borið gæfu til samstöðu. Krafan um endurmat á framleiðslugjaldinu, skattakrafan, styrkti stöðu okkar og ekki síður eftir að hún var komin inn í farveg að ósk Alusuisse og auðhringurinn þurfti að verja sig fyrir dómstóli fyrir orðnum hlut, álagningu íslenskra stjórnvalda á fyrirtækið reistri á traustum grunni.

Íslensk stjórnvöld höfðu einnig þá staðreynd fyrir sér á þessum tíma, að álverð fór ört hækkandi á þessu ári frá því sem verið hafði, en það hafði farið lækkandi mjög verulega frá því 1980, en var á nýjan leik einmitt á síðasta sumri að ná því sem það hefur farið einna hæst áður, komið upp í um 1700 dali á tonnið eða þar um bil og gert ráð fyrir áframhaldandi þróun í sömu átt. Þetta styrkti að sjálfsögðu stöðuna frá því sem verið hafði, t. d. fyrir einu ári. Þá ber einnig að geta um áhuga margra fyrirtækja á samskiptum við Ísland í sambandi við áliðnað, viðskipti við okkur, og það þrátt fyrir þá deilu sem hér hafði verið við Alusuisse. Gagnstætt því sem fram hafði verið haldið af talsmönnum þessa bráðabirgðasamkomulags varð deila okkar við Alusuisse á liðnum árum á engan hátt til þess að draga úr möguleikum okkar í að eiga samskipti við aðra aðila um rekstur álversins í Straumsvík, ef á þyrfti að halda. Síðast en ekki síst nefni ég í þessari stöðu það lögfræðilega mat sem fyrir lá á möguleikum okkar til einhliða aðgerða til hækkunar á raforkuverði á grundvelli brostinna forsendna samningsins. Þar liggja fyrir skýrar og ótvíræðar greinargerðir, m. a. unnar fyrir iðnrn. af Þorgeiri Örlygssyni, starfsmanni Hæstaréttar, og af Charles Lipton, hinum virta bandarísku prófessor, sem skilaði um þetta efni greinargerðum til íslenskra stjórnvalda. Þessari sterku stöðu hefur núv. ríkisstj. glutrað niður með því ótrúlega afreki sem hæstv. iðnrh. telur sig hafa unnið og liggur fyrir í þeim bráðabirgðasamningi sem hér er til umr.

Ég skal fara yfir þau efnisatriði í þessu samkomulagi sem ég tel að mestu máli skipti, en þar er af svo mörgu að taka að það mundi ganga mjög á tíma þessarar deildar á fundi í dag ef ég ætlaði að fara að gera því ítarleg skil, svo sem vert væri hér í hv. Sþ.

Samkv. þessu samkomulagi er gert ráð fyrir að Alusuisse fallist á að taka nú þegar upp samningaviðræður um endurskoðun á ýmsum þáttum og skilmálum samningstengsla sinna, eins og það er orðað, við íslensk stjórnvöld, svo sem rafmagnsverði og ákvörðun á framleiðslugjaldi og að greiða tímabundið viðbótarálag, eins og það er orðað, í eitt ár á núverandi orkuverð. Ég vek athygli á því, að hér er ekki um að ræða samningsbundna hækkun á orkuverði yfir samningstímabilið, heldur tímabundið viðbótarálag sem gildi í eitt ár. Þetta eru þau ákvæði í samkomulaginu sem ríkisstj. telur að réttlæti gerð þessa samkomulags öðru fremur, þ. e. endurskoðun á þessum úrelta samningi við Alusuisse og þetta viðbótarálag. Ég ætla ekkert að draga úr því, að hér er um að ræða eðlilega kröfu í sambandi við endurskoðun samninga — kröfu sem íslensk stjórnvöld

báru fram þegar á árinu 1980. En það að Alusuisse fellst á að taka upp endurskoðun samninganna er keypt dýru verði. Viðbótarálagið á raforkuverðið í eitt ár skiptir í þessu samhengi sáralitlu máli og eins og ég hef orðað það er því því miður þannig fyrir komið í þessu bráðabirgðasamkomulagi að það er fremur líklegt til að veikja samningsstöðu Íslands en styrkja hana. Það rætist nefnilega hér gamalt máltæki, að æ sér gjöf til gjalda. Það sannast í þessum samskiptum. Og hvað er það nú sem Alusuisse telur sig hafa á hendi eftir samkomulagið í Zürich? Hvaða verði kaupa Íslendingar þessar viðræður um endurskoðun samninga og viðbót við orkuverð í 12 mánuði, sem hæstv. ráðh. hefur reiknað út að gefi Íslendingum 137 millj. kr. í aðra hönd?

Í fyrsta lagi er það keypt því verði að taka skattadeiluna út úr þeim farvegi sem hún var komin í og beina henni í þann farveg sem Alusuisse gerði kröfu um, í þriggja nefnda farveg. Krafa Alusuisse um þessa sérstöku meðferð er að sjálfsögðu tilkomin vegna þess að fyrirtækið væntir þess að út úr þessum farvegi komi málið með öðrum og ódýrari hætti fyrir fyrirtækið en ef málið hefði verið rekið áfram fyrir ICSID-gerðardómnum. Það skyldi nú ekki vera að Alusuisse geri ráð fyrir að endurheimta viðbótarálagið á raforkuverðið í eitt ár margfaldlega með meðferð mála í þeirri sérstöku sameiginlegu meðferð nefnda sem hæstv. ríkisstj. hefur samið um. — Auðhringnum tókst með þessu að fá samþykktar óskir sínar um sérstakan farveg og það sem skiptir ekki minna máli, að Alusuisse hefur með þessu knúið fram sameiginlega gerð í stað þess að þurfa að standa í gerðardómi frammi fyrir ákvörðun íslenskra aðila um skattaálagningu.

Þetta er varðandi skattamálið þó að mjög margt fleira mætti um það segja. Ég vil þó, áður en ég kem að öðrum þáttum, spyrja hæstv. iðnrh. að því, af því að hann var að rekja það hér í máli sínu áðan, í hvaða stöðu skipun þeirra nefnda væri sem samkomulagið gerir ráð fyrir, og það kom fram hjá honum að þær væru ekki enn teknar til starfa vegna þess að ekki hafi enn verið gengið frá skipun í þýðingarmestu nefndina, þá sem fjalla á um yfirverðið á aðföngum til Ísals: Hvenær gerir ráðh. ráð fyrir að þessar nefndir taki til starfa og hvenær gerir hann ráð fyrir að þær hafi í síðasta lagi lokið sínum störfum? Ég spyr að þessu vegna þess að því er haldið fram hér til réttlætingar þessari tilslökun gagnvart Alusuisse að hér sé um að ræða miklu fljótvirkari meðferð og ódýrari meðferð á máli en ef það hefði áfram verið fyrir ICSID-gerðardómnum, og hafa þó engin rök komið fram, sem ég hef heyrt, sem styðji þá staðhæfingu að meðferð fyrir ICSID-gerðardómnum hefði þurft að taka 1—2 ár. Það væri ágætt ef hæstv. ráðh. greindi nánar frá því hér í umr., hvaða vissu hann hafi fyrir því að þessi sérstaka meðferð verði svo miklu skjótvirkari og ódýrari en meðferðin samkv. samningnum, þ. e. fyrir ICSID-gerðardómnum.

Það kemur fram í samkomulaginu með eftirfarandi hætti gagnkvæmur áhugi aðila á stækkun álversins. Þar segir í íslenskum texta:

„Aðilarnir staðfesta hér með gagnkvæman áhuga sinn á því að stækka bræðsluna svo fljótt sem við verður komið“ — það er vert að gefa gaum að enskum texta m. a. einmitt í þessu samhengi, en ég ætla ekki að fara út í það hér, en vek þó athygli á því, — „um 80 megawatta málraun, sem svarar til um 40 þús. árstonna afkastagetu (fyrri útfærslan), og að fylgja þessu eftir síðar meir með annarri stækkun í sama mæli...“ „Ríkisstj. er reiðubúin“, segir nokkru síðar í texta, „til að afla stuðnings Landsvirkjunar til þess að látið verði í té nægilegt rafmagn fyrir þessar stækkanir og að leita allra heimilda sem við þarf til að gera ÍSAL kleift að byggja og reka stækkunaráfangana.“

„Aðilarnir eru ásáttir um“, segir enn fremur, „að taka upp nú þegar nauðsynlegar viðræður um samninga er leggi grundvöllinn að kjörum þeim og skilmálum, er ráða skuli um afhendingu rafmagns og önnur málefni varðandi fyrri útfærsluna.“ — Og nokkru síðar: „Samningarnir verða að vera fullnægjandi bæði fyrir ríkisstj. og Alusuisse og einnig fyrir Landsvirkjun og ÍSAL.“

Þetta er kjarni þessa bráðabirgðasamkomulags að því er varðar gagnkvæman áhuga aðila samningsins á að tvöfalda umsvif Alusuisse hérlendis, án þess að nokkur trygging sé fyrir því að framleiðslukostnaðarverð fáist í Íslands hlut út úr orkusölunni, og ég spyr hæstv. iðnrh. í því samhengi: Hvernig stendur á því að ekki er að finna í þessu bráðabirgðasamkomulagi þann sjálfsagða varnagla, að sá orkusölusamningur sem gerður kann að verða um stækkun Ísals og um endurskoðaðan raforkusölusamning við núverandi fyrirtæki skuli ekki innihalda það sjálfsagða ákvæði, það nauðsynlega ákvæði, að orkusala undir framleiðslukostnaði komi ekki til álita eða sé a. m. k. ein meginviðmiðun þegar litið verður á og undirbúnir yrðu samningar um raforkuverðið? Hvað veldur því, hæstv. iðnrh.?

Þannig er um þessi mál búið varðandi orkuverðið, að samtímis á að fjalla um endurskoðun á rafmagnssamningi til núverandi bræðslu og raforkuverð til stækkunar álversins, eins og segir, að „höfð verði hliðsjón af orkukostnaði áliðnaðar í Evrópu og Ameríku sem og samkeppnisaðstöðu álframleiðslu á Íslandi.“ Ekkert orð er um framleiðslukostnaðarverð raforkunnar hérlendis.

Ég minni á að í áætlunum Landsvirkjunar, eins og það kemur fram í niðurstöðum skýrslu sem fyrirtækið gaf út í des. s. l., segir: „Áætlað er að raforkukostnaður til orkufreks iðnaðar verði á bilinu 18—22 mill á kwst. fyrir forgangsorku á verðlagi 1982.“ — Og ég spyr hæstv. iðnrh.: Ætlar hann að standa að raforkusölusamningi í sambandi við stækkun álversins í Straumsvík sem ekki uppfyllir það lágmarksskilyrði að skila a. m. k. framleiðslukostnaðarverði fyrir raforkuna í Íslands hlut, framleiðslukostnaðarverði eins og það er áætlað út úr íslenska raforkukerfinu á næstu árum og áratugum? Ætlar hann að ganga að samningum varðandi endurskoðun gagnvart núverandi fyrirtæki sem ekki mundi enda á niðurgreiðslu íslenskra raforkunotenda á orkusölu til Ísals? Ég óska eftir skýrum svörum um þessi efni.

Hæstv. ráðh. hefur að undanförnu ekki viljað kveða upp úr með það, hvað hann hafi í huga í sambandi við raforkuverð. Það hefur ekki verið unnt að toga upp úr honum nokkra tölu. Látum það nú vera. En ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðh. hafi á síðustu dögum a. m. k. reynt að afla sér upplýsinga um hvert er framleiðslukostnaðarverðið, og þó að hann segði ekki meira hér en koma með almenna yfirlýsingu um þetta efni, að ekki skuli samið undir framleiðslukostnaði, meðalframleiðslukostnaði, þá væri það þó alltjent til að skera úr

um óvissu í þessu efni, óvissu sem óviðunandi er að ríki í áframhaldandi samningum um þetta mál.

En við skulum þá aðeins víkja að því hvaðan raforkan á að koma til þeirrar stækkunar sem hér er látið liggja svo sterklega að að ráðist verði í. Ég minni á að virkjanir á Suðurlandi, Búrfellsvirkjun II og Sultartangavirkjun, sem gera má ráð fyrir að sótt verði eftir að hraðað verði uppbyggingu á vegna stækkunar álversins, eru samkv. stofnkostnaðaráætlunum Landsvirkjunar í efri kantinum varðandi framleiðslukostnaðarverð. Þær eru með mun dýrari raforku á orkueiningu en t. d. Blönduvirkjun. Og þá segir það sig sjálft að raforkuverðið, sem um yrði samið sérstaklega í tengslum við slíkar framkvæmdir, þyrfti að vera þeim mun hærra.

Ég tel í rauninni að samningar um orkusölu til stækkunar á álverinu, sem liggi undir því marki sem Landsvirkjun nefnir, séu raunar neðan við það sem skynsamlegt sé að standa að. Og ég bendi á að við ættum núna að vera reynslunni ríkari vegna þess hvernig framleiðslukostnaður út úr íslenska raforkukerfinu hefur orðið mun meiri en áætlað hefur verið, þannig að þarna verðum við að hafa vaðið fyrir neðan okkur ef ekki á illa að fara.

Ef þessi stóru áform, þessi ógnarlegu áform ná fram að ganga eins og báðir aðilar, Alusuisse og ríkisstj., stefna að og að I. áfanginn eigi að koma til framkvæmda á árunum 1987 og 1988, eins og sagði í fréttatilkynningu iðnrn., þá er jafnframt verið að loka leiðum fyrir íslenska atvinnuþróun á komandi árum, bæði á sviði orkuiðju og á sviði almenns iðnaðar, nema steypa eigi þjóðinni í raun í mun meiri erlendar skuldir en nú er. Tvöföldun álversins í Straumsvík kallar á 1200 til 1300 gwst. orkuframleiðslu frá nýjum virkjunum. Sultartangavirkjun, sem áætlað er að framleiði 660 gwst. á ári, og Búrfellsvirkjun II með aukinni miðlun úr Þórisvatni er talið að gefi 350 gwst., en samanlagt nægir orkan frá þessum virkjunum engan veginn til að fullnægja þeirri stækkun sem hér er um að ræða, þannig að taka þyrfti annars staðar frá úr íslenska orkukerfinu.

Nú er það svo, að gert hefur verið ráð fyrir og því slegið föstu af Alþingi að Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar virkjun í íslenska orkukerfinu, þannig að það er þá í raun orkan frá þeirri virkjun, sem gert er ráð fyrir að fari til stækkunar á Ísal, þeirrar 50% stækkunar sem hér er um að ræða, og mundi raunar gleypa hana að fullu eins og áætlanir Landsvirkjunar standa til, þar sem gert er ráð fyrir að í upphafi framleiði Blönduvirkjun ekki nema sem svarar tæpum 600 gwst. Ég spyr því hæstv. iðnrh.: Gerir hann ráð fyrir í sínum áætlunum og er gert ráð fyrir því í þeim viðræðum og athugunum sem fram fara vegna stækkunar álversins í Straumsvík í þessari samningagerð, þessari framhaldssamningagerð, að ráðist verði í virkjanaframkvæmdir hér sunnanlands til viðbótar við það, sem verið hefur í gangi? Er inni í þeirri mynd Sultartangavirkjun eða jafnvel Búrfellsvirkjun II? Getur það verið að hæstv. ráðh. ætli að standa að því að óska eftir breytingum á þeim áætlunum sem samþykktar hafa verið hér á hæstv. Alþingi í sambandi við virkjanir í íslenska raforkukerfinu til þess að mata hinn erlenda auðhring á orku og taka jafnframt fyrir möguleika á innlendri iðnþróun, uppbyggingu á íslenskum fyrirtækjum, sem njóti okkar innlendu orku, þ. á m. kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Ég spyr hæstv. ráðh. alveg sérstaklega að því: Hefur hann í hyggju að óska eftir því við hæstv. Alþingi þetta yfirstandandi þing eða síðar að fá heimild til þess að stækka Búrfellsvirkjun? Hefur hæstv. ráðh. í huga að biðja um slíka heimild hugsanlega í tengslum við stækkun álversins í Straumsvík? Ég óska eftir skýrum svörum frá hæstv. ráðh. um þetta efni.

Fjárfesting í stækkun álversins gæti numið um 210 millj. dollara miðað við 2 600 dollara á tonn í fjárfestingu á ári eða nálægt 6 000 millj. ísl. kr., þannig að samtals er um að ræða fjárfestingu upp á 450 millj. dollara, þegar tekið er tillit til virkjananna sem þyrftu að koma til, eða um 13 þús. milljarða ísl. kr. Tölur varðandi fyrri áfangann væru þá um helmingur af þessari upphæð, 13 000 millj. ísl. kr.

Til samanburðar má geta þess, að löng erlend lán á Íslandi námu alls í árslok 1982 um 1200 millj. dollara og framkvæmdir í stóriðju, í virkjunum og hitaveitum námu á síðasta ári röskum 50 millj. dollara, svo menn sjá af þessum samanburði um hvers konar risafjárfestingu hér er að ræða. Og hvort sem menn eru með henni eða á móti, þá ættu menn þó að geta sameinast um það og verið sammála um það, að það skiptir ekki litlu að Íslendingar misstígi sig ekki í slíkum málum.

Þessi mikla fjárfesting, sem hér er um að ræða, næmi því, ef miðað er við 50% stækkun Ísals, sem kæmi í gagnið 1987—1988, að fjárfest væri fyrir um 55 millj. dollara á ári, sem er hærri upphæð en varið var samtals í iðjuver, virkjanir og hitaveitur hérlendis á árinu 1982. Menn ættu af þessu að geta ráðið hvaða svigrúm líklegt sé að verði til annarra meiri háttar fjárfestinga í landinu ef hinar gagnkvæmu óskir Alusuisse og ríkisstj. um stækkun álversins í Straumsvík verða að veruleika. Ég spyr hæstv. iðnrh. að því: Hefur hann gert sér grein fyrir þessum horfum, ef í þessa stækkun yrði ráðist? Hefur hann gert sér grein fyrir því að við erum að taka fyrir þróunarmöguleika á öðrum sviðum atvinnulífs í landinu, þróunarmöguleika íslensks atvinnulífs, nema hæstv. ráðh. ætli sér að margfalda erlendar skuldir og skuldastöðu þjóðarinnar frá því sem nú er? En það er kannske það sem að er stefnt.

Og síðan kemur spurningin um það, hvert á arðurinn af þessum fjárfestingum að renna? Þar höfum við reynsluna af álverinu fram til þessa og ég minni á það, að jafnvel þó að gert væri ráð fyrir raforkuverði á bilinu 20—25 mill og núverandi verðlagi á áli, þá hefði auðhringurinn sem eigandi iðjuversins margfalt upp úr krafsinu miðað við Ísland sem seldi raforkuna. Og þennan arð flytti auðhringurinn þá sem hingað til rakleiðis úr landi.

Það er bágt til þess að vita, að uppi skuli vera áform af þessu tagi hér á Alþingi Íslendinga á sama tíma og ekki er hugað að því að koma fótum undir innlenda orkunýtingu, á meðan það stendur í íslenskum stjórnvöldum að fá hér fram samþykktir um innlenda orkunýtingu, sem undirbúin hefur verið, eins og t. d. kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Þá vil ég koma að þriðja þætti þessa máls, sem varðar heimild til Alusuisse til þess að selja þriðja aðila helminginn af hlutabréfum í Ísal og fyrirhugaða breytingu á lögum þar að lútandi.

Samkv. texta þessa bráðabirgðasamkomulags um þetta efni segir orðrétt með leyfi forseta: „Til þess að greiða fyrir stækkun ÍSAL samþykkir ríkisstj. hér með", takið eftir hv. alþm., „samþykkir ríkisstj. hér

með að veita Alusuisse rétt til að gera eftirfarandi ráðstafanir, að áskildu samþykki Alþingis:

a) Að framselja hlutabréf sín í ÍSAL í heild eða að hluta til eins eða fleiri dótturfélaga sem eru og verða í einkaeigu Alusuisse (beint eða gegnum önnur dótturfélög í einkaeign).

b) Að selja og framselja allt að 50% af hlutafjáreign sinni í ÍSAL til óskylds þriðja aðila, eins eða fleiri.

Ríkisstj. mun undirbúa lagafrv. þar sem farið verður fram á samþykki Alþingis við breytingu á aðalsamningnum til að gefa þeim ákvæðum gildi. Frv. þetta verður lagt fram þegar Alþingi kemur saman til reglulegs þinghalds í októbermánuði 1983, þannig að unnt verði að leita samþykkis á Alþingi meðan viðræður standa yfir um hið endanlega samkomulag samkv. grein 2.3 hér að framan" en það er að ljúka samningnum eigi síðar en 1. apríl 1984.

Og einnig segir: „Þessi breyting mun þó ekki koma endanlega til framkvæmda fyrr en endanlegt samkomulag hefur náðst milli aðilanna."

Samkv. þessu ákvæði í texta bráðabirgðasamkomulagsins er Alþingi Íslendinga ætlað að fjalla um það að afgreiða ofangreind stórfelld vilyrði handa Alusuisse, að afgreiða þau vilyrði sem skipta auðhringinn fjárhagslega gífurlegu máli, áður en sér í land um gerð heildarsamkomulags, og að ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti með gerð samkomulagsins eða „hér með", eins og þar segir, veitt Alusuisse rétt til að gera eftirfarandi ráðstafanir sem þar eru til greindar.

Þetta eru vægast sagt einkennileg vinnubrögð og það kemur mér satt að segja á óvart að hæstv. iðnrh. skuli ætla Alþingi Íslendinga að taka þannig á máli eins og hér er gert ráð fyrir. Ég spyr hann því: Hvað veldur því að gengið er að slíku ákvæði? Hvað veldur þeim firnum að íslensk stjórnvöld skuli ætla sér að knýja í gegnum Alþingi Íslendinga heimild til þess að fallast á stórfelld hagsmunaatriði fyrir auðhringinn áður en fyrir liggur hver verði niðurstaða þeirra samninga sem ríkisstj. stefnir að að gerðir verði við Alusuisse? Októbermánuður er að vísu liðinn og ekki sést enn þá framan í það frv. sem gert er ráð fyrir í samningnum. Hefur hæstv. iðnrh. náð öðru samkomulagi við Alusuisse um þessi efni? Hefur samningnum kannske verið breytt að tjaldabaki, sem óskandi væri, þannig að fallið væri frá þessu ákvæði, eða hvernig ber að skilja þetta?

Ég spyr hæstv. iðnrh. að því: Er þess að vænta að hér verði lagt fram frv. á Alþingi um þetta efni til að afla ríkisstj. þessarar heimildar? Og ef svo er hvenær má þá búast við því að það komi fram? Ég spyr hv. þm., stuðningsmenn ríkisstj.: Hafa þeir gert sér grein fyrir því hvað hér er á ferðinni? Halda menn að það sé eitthvert léttvægt atriði sem hér er um að ræða, eitthvert léttvægt atriði fyrir Alusuisse, þegar þeir eru að biðja um heimild til þess að fá lögum hér breytt til að geta selt fullan helming af hlutabréfum sínum í þessu fyrirtæki, sem veldur því, þetta eina prósent sem þarf að afla heimildar um — nú er heimild út af fyrir sig, ef ríkisstj. vildi nota hana eða verða við henni, til þess að heimila sölu á allt að 49% — en þarna er verið að biðja um 50%. Og hver er ástæðan? Jú, Alusuisse fengi með því möguleika til þess, ef það seldi þriðja aðila helminginn af hlutafé sínu, að taka þetta dótturfélag bókhaldslega algjörlega út fyrir alla samninga fyrirtækisins við banka og fjármálastofnanir. Ísal væri í reynd ekki lengur til sem hluti af samsteypunni Alusuisse gagnvart bönkum. Fyrirtæki, sem hefur talið sig vera í þrengingum varðandi reiðufé, eins og Alusuisse hefur sagt íslenskum stjórnvöldum á undanförnum misserum, það leggur nú ekkert lítið upp úr því að hafa slíka heimild handa á milli. Ætli það gæti ekki munað auðhringinn allstórum upphæðum að hafa á hendinni slíka heimild þegar það er að leita eftir kaupanda, fyrir nú utan það að geta veifað möguleikum um stækkun fyrirtækisins hér á landi með samningi, sem við eigum að vísu eftir að sjá framan í hvernig liti út?

Ég bið hæstv. iðnrh. um að svara hér í umr. skilmerkilega til um þetta atriði og hvenær við megum vænta að sjá þetta frv. Og ég spyr að því, hvort það sé kannske þegar tilbúið, því það er nú til siðs á ríkisstjórnarheimilinu að auglýsa það, ekki aðeins hvenær frv. megi vænta heldur þegar þau eru komin inn á borð ríkisstj., svo ég vænti þess að hæstv. ráðh. geti greint einnig frá því, ef slíkt frv. er komið til meðferðar hjá hæstv. ríkisstj.

Ég vara sterklega við þeim áformum sem hér eru uppi einnig varðandi þetta atriði. Ég vil ekki trúa því fyrir fram að hv. alþm. láti hafa sig til þess að samþykkja frv. af þessu tagi, að samþykkja heimild til ríkisstj. um þetta atriði áður en fyrir liggur um hvað ríkisstj. ætlar sér að semja við Alusuisse.

Það er ástæða til þess, herra forseti, að spyrja hvað geti fengið menn til að gera slíkt samkomulag eins og það sem hér liggur fyrir. Við höfum að vísu séð framan í margt í þessu máli hingað til. Það var vissulega ömurlegt að kynnast afstöðu núverandi forustumanna Framsfl. til álmálsins í síðustu ríkisstj., ekki síst á síðasta skeiði hennar. Þar kom það í ljós, að það sem einu sinni var minnihlutaviðhorf í þeim flokki, minnihlutaviðhorf Steingríms Hermannssonar, áður en hann kom inn á Alþingi, en sem nú er orðinn hæstv. forsrh. þjóðarinnar, það er nú orðið meirihlutaviðhorf í stjórn og þingflokki Framsfl. og það virðist vera orðið ráðandi viðhorf í þingflokki Framsfl. Það eru sannarlega ömurleg umskipti sem orðið hafa á þeim bæ. Og ekki þarf að ræða þau viðhorf sem enn ríkja í Sjálfstfl. um þessi efni og skýrt komu fram á meðan flokkurinn var í stjórnarandstöðu, þar sem hann gaf auðhringnum ótvírætt til kynna að unnt væri að semja um allt annað en þáverandi stjórnvöld höfðu gert formlega kröfu um.

Það má segja að það sé eðlileg, það sé skiljanleg sú leynd sem ríkti við undirbúning þessa samkomulags þegar litið er á innihaldið. Ég vil benda á það vegna þess að talsmenn þessa samkomulags benda gjarnan á viðbótarálagið á orkuverðið sem sérstaka réttlætingu fyrir þessum samningi, viðbótarálag sem gildir í eitt ár og sem gagnaðilanum er heimilt að fella niður og láta allt hverfa til fyrra horfs, ef honum býður svo við að horfa. Þetta viðbótarálag hefur tryggt það eitt hingað til að raforkuverðið á samningstímanum, sem eftir er af álsamningnum, þessum 30 árum, hækki um 0.1 mill, jafnað yfir tímabilið. Það er nú allt sem við höfum á hendi í sambandi við hækkun raforkuverðsins með þessu viðbótarálagi, 0.1 mill. Og það skyldi nú vera að Alusuisse hafi ekki tekist nánast fyrir fram að tryggja sér það að það fengi þessa greiðslu, sem það reiðir þarna fram, til baka eftir öðrum leiðum.

Ég bendi á að á þessu tímabili, sem þessi samningur, þetta viðbótarálag á að gilda, að á þessu tímabili lækkar

launakostnaður álversins í Straumsvík um upphæðir sem eru nálægt því sem gert er ráð fyrir að fá inn fyrir þetta viðbótarálag til Landsvirkjunar. Miðað við afkomu Landsvirkjunar á síðasta ári var hér um að ræða nánast sömu upphæð, sem auðhringurinn sparaði sér í lækkuðum launakostnaði vegna kjaraskerðingar núv. ríkisstj. á þessu tímabili, eins og hann hefði þurft að greiða samkv. þessum samningsákvæðum á árinu 1982 ef þau hefðu verið í gildi. Þessi hlutföll hafa eitthvað breyst á yfirstandandi ári, en það er ljóst að auðhringurinn fær í lægri launakostnaði til baka mjög verulega upphæð af þessari hýru, sem í raun skiptir sáralitlu inn í þetta heildarsamhengi og virkar auk þess sem snara um háls þeirra íslensku samningamanna sem ætlað er að ganga frá samkomulagi fyrir 1. apríl n. k. Þar hefur auðhringurinn möguleika á því að herða að, ef honum býður svo við að horfa, og segja: Herrar mínir, ef þið ekki gangið að mínum kröfum, sem við höfum verið að ræða hér, þá hverfur bara allt til fyrra horfs, líka þessi hækkun á raforkuverðinu og samningurinn sem við höfum gert við ykkur er þá ógreyttur og áfram í gildi sem slíkur. Hvað ætlar hæstv. iðnrh. að gera í þeirri stöðu? Ég spyr hann að því. Og vegna þess að hæstv. iðnrh. var hér að tíunda þessa hýru, sem fæst með þessu viðbótarálagi, og hefur notað það sem verulega réttlætingu fyrir þessum afarkostum, sem hann kallar ótrúlegt afrek, þá vil ég benda á það að einn þáttur sem tengist þessu viðbótarálagi hefur ekki gengið eftir. Það var gert ráð fyrir því við gerð þessa samkomulags, að um yrði að ræða yfir meginhluta tímabilsins 10 mill sem greiðslu fyrir raforkuna á þessu tímabili, en ekki aðeins 9.5. Strax og álverðið hefði náð 78 centum á pund, þá hækkaði þetta úr 9.5 millum í 10 mill. En hvernig er staðan? Hver hefur orðið reyndin? Hefur þetta skilað sér svo að segja strax eins og gert var ráð fyrir ? Nei, það hefur ekki gerst. Álverðið hefur í reynd lækkað og er núna, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, 69.4 cent á pund, hefur sem sagt lækkað á London Metal Exchange, þannig að það vantar allnokkuð á að það nái þeim 78 centum sem þarf að vera að meðaltali um nokkurt skeið til þess að það hækki í 10 mill. Þessi samningur hefur því, ef þetta ekki breytist, í raun rýrnað um 14% nú þegar, ef ekki verður um að ræða hækkun fyrr en seinna á álverðinu á London Metal Exchange.

Ég tel að þetta dæmi, þó ekki sé stórt, sýni hversu bláeygir þeir eru sem ganga til þessa ókjarasamnings og bera fram rökstuðning sem reynist ekki haldbetri en það sem hér er um að ræða.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Sá samningur sem við búum við við álverið í Straumsvík er þegar orðinn þjóðinni dýrkeyptur. Hann veldur því að innlendir raforkukaupendur, heimili og atvinnurekstur, greiða stórar upphæðir í meðgjöf til hins erlenda auðhrings. Miðað við það að auðhringurinn hefði greitt framleiðslukostnað raforkunnar með eðlilegum hætti á árinu 1982, þá vantar upp á 430 millj. ísl. kr. til þess að því sé skilað eða sem svarar 15 millj. Bandaríkjadala. Þrátt fyrir það viðbótarálag sem hér er til umr. er meðgjöfin litlu minni á þessu ári vegna þess að raforkusalan hefur aukist, vegna þess að álverið notar nú framleiðslugetu sína til fulls. Þetta er sá skattur sem við borgum fyrir samninginn frá 1966, sem reynt var að ná fram leiðréttingu á 1975 en ekki tókst betur en svo, að varð minna en ekkert í reynd, og þetta er samningur sem íslensk stjórnvöld stefna nú að að endurskoða með þeim hætti sem fyrir liggur hér í þessu bráðabirgðasamkomulagi, með þeim hætti að auka umsvif hins erlenda auðfélags hér í landinu og aðila sem því hentar að taka með sér inn í reksturinn, að tvöfalda umsvif þessara aðila. Það á að kaupa því verði að loka fyrir þróunarmöguleika í íslenskum atvinnurekstri og innlendri iðnþróun á þessu tímabili, ef hugmyndir hæstv. ríkisstj. ganga eftir. Þetta eru sannarlega afarkostir sem vert er að vara við. Hvað segja hv. þm. úr Norðurlandi við slíkum samningi, sem lokar augljóslega fyrir orkunýtingu í þeim landshluta á komandi árum, ef þessi áform ná fram að ganga? Eða gera menn ráð fyrir því að ráðist verði í einhver stórvirki þar nyrðra, uppbyggingu þar nyrðra, ef hlaðið verður undir álverið í Straumsvík og Alusuisse og þá sem með því kæmu inn í þann rekstur? Ég sé ekki með hvaða hætti það ætti að gerast. Hvað segja hv. þm. Austurl. aðrir en hæstv. iðnrh. í sambandi við þessar fyrirætlanir og þau áhrif sem það kann að hafa á eðlilega uppbyggingu á innlendum iðnaði og orkunýtingu þar í fjórðungi, þar sem er að finna þriðjung af hagkvæmasta vatnsaflinu, virkjanlegu vatnsafli hérlendis? Og hvað segja menn um það að ætla að fara að binda trúss sitt í svo auknum mæli sem hér er stefnt að við auðhring, sem ekki hefur komið fram við Íslendinga með öðrum og skárri hætti en raun ber vitni og liggur fyrir hv. Alþingi að gerst hefur með stórfelldum bókhaldsbrellum og með því að stinga hagnaði hér á liðnum árum undan skatti þannig að stórar upphæðir hafa verið hafðar úr sameiginlegum sjóði landsmanna á meðan auðhringurinn hefur fleytt rjómann af innlendum orkulindum og flutt hann úr landi? Þetta eru horfur sem eru þess eðlis að ég vænti þess að hv. alþm., þótt stuðningsmenn núv. ríkisstj. séu, staldri við áður en þeir greiða götu fyrir samkomulagi sem stefnir í þá átt sem hér horfir. Ég vænti þess að í framhaldi þessarar umr. eigi eftir að koma fram svör frá hæstv. iðnrh. við þeim atriðum sem ég hef spurt hér fyrir um. Ég vænti þess einnig að hv. þm. Gunnar G. Schram, sem sæti á í þeirri viðræðunefnd sem hæstv. iðnrh. lætur annast þessa samningagerð, upplýsi okkur um viðhorf sín í þessu máli og þær horfur sem hann telur þar vera í samningagerðinni. Og ég vænti þess að fá fram álit sem flestra hv. alþm. á því gífurlega stóra máli sem hér er til umr. og þeim áformum sem hæstv. ríkisstj. virðist ætla að knýja hér fram með þeim hætti sem jarðvegurinn er plægður fyrir með þessu bráðabirgðasamkomulagi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst að fara nokkrum orðum um aðdraganda þeirrar skýrslu sem hér liggur fyrir og þess bráðabirgðasamkomulags sem er verið að gera grein fyrir, en síðan að víkja að efnisatriðum þess.

Það hefur komið fram að þetta mál er mjög gamalt, a. m. k. þriggja ára gamalt eða því sem næst. Strax í upphafi lögðum við Alþfl.-menn áherslu á að haldið yrði á því af festu en á hinn bóginn, vegna þess að mikið væri í húfi, þyrfti að kappkosta að málatilbúnaður væri vandaður og vel rökstuddur. Okkur hefur ævinlega verið það ljóst að við værum að sækja mál á hendur aðila sem væri í viðskiptum við okkur og leitaðist auðvitað við að halda sem fastast fram sínum hagsmun-

um. Þess vegna yrði að fara fram af vitsmunum í þessu máli og leitast við að ná sem bestum árangri. Við töldum bæði þá og höfum oft minnt á það síðar og minntum fyrrv. hæstv. iðnrh. á það að menn yrðu að leggja sig fram um að ná samningum, það yrði að gera það sem unnt væri til að reyna að ná samningum í þessu máli. Bæði í upphafi og eins oft síðar lögðum við Alþfl.-menn í málflutningi okkar áherslu á það að raforkuverðið væri langmikilvægasti þátturinn, enda var smám saman að koma í ljós, eftir því sem leið á málið, að t. d. svonefndar hækkanir í hafi urðu sífellt léttvægari eftir því sem málið var athugað lengur. Upphæðirnar, sem menn gerðu ráð fyrir að geta gert kröfu um, þær fóru stiglækkandi.

Við leituðumst við að styðja við bakið á hæstv. þáv. iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni í þessum málatilbúnaði, en það verður að segjast eins og er að það olli okkur miklum vonbrigðum að hvorki gekk né rak hjá hæstv. þáv. iðnrh., það sat allt saman fast. Það var því ljóst að við svo búið varð ekki lengur unað. Við töldum þess vegna ekki annað unnt en að Alþingi tæki málið í sínar hendur til að leitast við að koma því úr þeirri sjálfheldu sem ekki varð annað séð en það væri komið í. Í þá veru *stóðum við að flutningi þáltill. um stefnumörkun í þessu* máli á s. l. vetri. Við töldum að við hefðum ekki efni á því öllu lengur að þetta mál stæði kyrrt, að ekkert gerðist, vegna þess að þær fjárhæðir sem um væri að tefla í raforkuverði væru mjög háar.

Þetta vildi ég segja um aðdraganda málsins. Í annan stað langar mig að víkja fáeinum orðum að tveimur atriðum sem varða sérstaklega Hafnarfjarðarbæ í sambandi við þetta mál.

Í fyrsta lagi hefur það ekki verið efnt enn þá að ganga frá samningum við Hafnarfjarðarbæ varðandi endurskoðun á hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í svonefndu framleiðslugjaldi. Þetta samkomulag var í rauninni gert 1975, *ef ég man rétt, á dögum* þáv. *iðnrh. Gunnars* Thoroddsens og hefur hvorki gengið né rekið þrátt fyrir ítrekuð loforð á undanförnum árum. Nú vil ég beina því til núv. hæstv. iðnrh. að hann gangist í þetta mál og gangi frá því, vegna þess að Hafnarfjarðarbær stóð að þessu samkomulagi og gat ekki vitað annað en að meiningin væri að ganga frá því með eðlilegum og réttum hætti og á kröfu á því að það verði gert.

Í annan stað bar það til tíðinda á síðasta kjörtímabili að þáv. fjmrh.- og iðnrh. væntanlega tóku saman ákvörðun um það, að draga af álgjaldinu fjárhæðir fyrir kostnaði sem ríkið hafði lagt í, samkvæmt ákvörðun iðnrh., við alls konar athuganir og rannsóknir í sambandi við þann málatilbúnað sem uppi var. Ég tel, og hef gert það áður að umræðuefni hér, að það sé ekki unnt að rukka þannig aðila út í bæ, eins og t. d. Hafnarfjarðarbæ, um kostnað af þessu tagi þegar hann hefur ekkert um það að segja í hversu mikinn kostnað er lagt í þessu sambandi, hvort þar sé skynsamlega að verið eða ekki, og þess vegna geti frádráttur af þessu tagi ekki verið eðlilegur. *Nú vil ég beina því til núv.* hæstv. iðnrh. og fjmrh. að þeir gangist í það að leiðrétta þessi mistök sem gerð voru á sínum tíma. (Gripið fram í.) Já, ég held að það væri nú skemmtilegra fyrir ráðh. að leiðrétta það heldur en að láta dæma sig í málinu. Og skemmtilegra væri það fyrir ríkið.

En víkjum þá að stöðu málsins nú eða þessari skýrslu iðnrh. og því bráðabirgðasamkomulagi sem hér er til kynningar og umr.

Ég vil segja það fyrst að það verður að teljast mjög jákvætt að skriður sé kominn á þetta mál sem staðið hefur fast svo lengi sem raun ber vitni. Eigi að meta þetta bráðabirgðasamkomulag, hversu viðunandi það sé, hlýtur það að fara fyrst og fremst eftir framhaldi málsins. Hér er um bráðabirgðasamkomulag að ræða þar sem gert er ráð fyrir frekari samningaumleitunum. Og niðurstaðan ræðst náttúrlega ekki endanlega fyrr en sést fyrir endann á samkomulaginu. Við Alþfl.-menn teljum að það hafi verið eftir atvikum skynsamlega staðið að því að fá niðurstöðu í þessu máli. Við teljum að það hafi eftir atvikum verið skynsamlegt að leita eftir niðurstöðu í skattamálunum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Þarf ekki að fjölyrða um það. Við teljum líka að það hafi verið rétt að taka möguleikana á stækkun og á breyttri eignaraðild á dagskrá. Með þessu bráðabirgðasamkomulagi er það tekið á dagskrá sem einn liðurinn sem sé til umfjöllunar, á dagskrá sem hluti af framhaldssamkomulagi eða sem hluti af endurskoðun samningsins hvort heldur sem er. Það var óviturlegt að halda þessu utan dagskrár, þetta kemur auðvitað inn í myndina, og hvort af verður fer eftir því hvernig kaupin gerast á eyrinni að öðru leyti.

Hitt verður auðvitað að segjast eins og er, að það veldur nokkrum vonbrigðum að ekki skyldi fást hærra bráðabirgðaverð en þessi 9.5 mill eða svo á raforkunni, þar til um annað semdist. Þetta er minni hækkun en maður hafði gert sér vonir um. En samningarnir sjálfir eru sem sagt eftir og ég vil leggja áherslu á að þeim verði hraðað eftir föngum og reynt eftir föngum að halda þá stundaskrá sem upp var sett í bráðabirgðasamkomulaginu. Ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni vegna þess að hæstv. iðnrh. var með svolítinn slökunartón í þessu í sinni kynningarræðu hér á skýrslunni, taldi að það gæti orðið erfitt að halda stundaskrána, en ég vænti þess að hann geri allt sem í hans valdi stendur til þess að hún verði haldin, því tíminn er peningar í þessu efni.

Síðan má spyrja: Á hvað á þá að leggja áherslu í þessum samningum? Ég tel að það sé eins og áður tvennt fyrir utan þessi hliðaratriði sem hafa verið nefnd. Það er fyrst og fremst raforkuverðið og einföldun á framleiðslugjaldinu, endurskoðun á framleiðslugjaldinu. En ákvæðin um þetta efni í bráðabirgðasamkomulaginu eru mjög óljós að mínum dómi, þau eru ekki stefnumarkandi. Það vantar í rauninni að hér fari fram stefnumarkandi umræður um það hvernig þessu verði best fyrir komið.

Að því er framleiðslugjaldið varðar standa menn í rauninni frammi fyrir tveimur meginvalkostum. Annars vegar að hafa framleiðslugjaldið óháð afkomu fyrirtækisins, eins og ég held að upprunalega hafi vakað fyrir Íslendingum þegar framleiðslugjaldið var ákveðið á sínum tíma. En síðan komu inn ákvæði á síðari stigum samninganna um að framleiðslugjaldið og skattlagning Ísals *væri háð afkomu fyrirtækisins.* Þetta dæmi verða menn að sjálfsögðu að gera upp, hvort þeir telja skynsamlegra að framleiðslugjaldið sé háð afkomunni eða sé óháð afkomunni. Varðandi stefnumörkun um þetta efni fyndist mér gott að fram kæmi af hálfu hæstv. iðnrh. hverjum augum hann lítur þetta mál, eða hvort hann telji ekki nauðsynlegt að um þetta fari fram sérstök umræða.

Sama má í rauninni segja um raforkuverðið. Í grundvallaratriðum má segja að menn standi frammi fyrir því að velja þar um tvo meginvalkosti. Annars vegar fast verð með öruggri afhendingu eða öruggri sölu, þ. e. nokkuð fastar tekjur, en það þýðir væntanlega að menn fái tiltölulega lægra verð fyrir raforkuna heldur en ef sá kostur væri valinn að verðið stæði í hlutfalli við afkomu í áliðnaði eða við álverð. Um þetta atriði hafa heldur ekki farið fram neinar verulegar umr. og ég hefði haft ánægju af því að heyra viðhorf hæstv. iðnrh. að því er þessi atriði varðar.

Það væri líka ástæða til að gera þriðja atriðið að sérstöku umræðuefni hér, en það varðar reyndar raforkuverðið líka. Við Íslendingar erum skuldbundnir til að selja þessum aðilum, Ísal og Grundartangaverksmiðjunni, svo og svo mikið af rafmagni. Lagt hefur verið í óheyrilega mikinn kostnað á undanförnum árum við að auka öryggi á afhendingu á rafmagni, m. a. til að leitast við að standa við skuldbindingar af þessu tagi. Það hlýtur að vera matsatriði hvernig gjaldskrá er upp byggð, hvort það geti ekki verið allt eins skynsamlegt að taka meiri áhættu í þessum efnum og vera þá frekar tilbúinn til að taka á sig einhverjar sektir þegar út af ber, að geta skorið niður raforkuafhendinguna til þessara aðila og taka þá frekar á sig sektir en að leggja í mjög miklar fjárfestingar til að auka öryggið. Ég vek athygli á þessu vegna þess að það eru áreiðanlega einhver mörk þarna sem þarf að velja, sem skynsamlegt er að velja. Um þetta held ég að væri hollt að færu fram umræður einmitt á þessu stigi meðan samningaumleitanir eru í gangi um þetta atriði.

Um verðlagningu orkunnar er sagt í þessu bráðabirgðasamkomulagi að ætlun aðilanna sé að verðið á samningsbundnu rafmagni verði verðtryggt með viðmiðun við tiltekinn grundvöll, þannig að verðið muni taka breytingum til hækkunar eða lækkunar með hliðsjón af viðmiðunargrundvellinum. Og einnig að upphaflegt samningstímabil í endurskoðuðum rafmagnssamningi verði 15 ár. Auðvitað verða að vera einhver verðtryggingarákvæði, en það er lítið gefið til kynna hvers konar verðtryggingu hér sé um að ræða. Og þau geta nú verið næsta aum þessi verðtryggingarákvæði, vegna þess að í rauninni hafa verið verðtryggingarákvæði í þessum samningi sem í gildi hefur verið frá 1975. En þau hafa bara ekki reynst okkur betur en þetta. Ég legg vitaskuld áherslu á að leitast verði við að finna sem einfaldastan og bestan verðtryggingargrundvöll eða viðmiðunargrundvöll varðandi verð, en ég held að það sé mjög hæpið að gera ekki ráð fyrir endurskoðunarákvæðum. Við höfum rekið okkur á það núna aftur og aftur, í tvígang á seinustu 12 til 15 árum, eftir því hvernig reiknað er, að þeir samningar sem við höfðum gert um raforkuverðið dugðu ekki. Jafnvel þó menn hafi sjálfsagt talið 1975 að þeir væru að gera góða samninga með nægilega góðum verðtryggingarákvæðum hefur það ekki reynst svo. Ég held að bara þetta eitt sýni okkar að það sé nauðsynlegt að hafa endurskoðunarákvæði að því er rafmagnsverðið varðar. Það geta komið upp margvísleg tilvik í veröldinni, það geta komið upp svo margvíslegar aðstæður í veröldinni, í viðskiptaheiminum að það er nauðsynlegt og eðlilegt að hafa endurskoðunarákvæði. Ég held að það verði menn að hafa í huga við þá vinnu sem fram undan er.

Það er oft verið að hnýta í þann samning sem gerður var á sínum tíma og það má kannske segja að ég hafi gert það með þeim ummælum sem ég hef hér viðhaft um nauðsyn þess að ná fram breytingum á raforkuverðinu og í íhugunum og hugleiðingum um hvers konar breytingar þar mættu eiga sér stað. En ég tel samt rangt að halda því fram að sá samningur sem gerður var á sínum tíma hafi verið lélegur eða slæmur. Ég vil ítreka það enn og aftur vegna þess að að allri grundvallargerð var þessi samningur og er mjög góður og á honum hafa Íslendingar getað byggt kröfugerð sína fram að þessu. Það sem menn sáu ekki fyrir þá var orkuverðsþróunin, það var verðbólgan í heiminum, það var staða dollarans gagnvart öðrum myntum og þar fram eftir götunum. Og það eru einmitt þessi atriði sem verður þess vegna að leggja megináherslu á að fá endurskoðuð.

Ég vil að lokum, herra forseti, hvetja hæstv. iðnrh. til að halda fast á þessu máli af okkar hálfu. Við vitum það að nú er málið í hans höndum og hann verður að halda á okkar málstað. Ég hef sagt það hér áður að mér finnst rangt þegar menn eru að kenna gagnaðilanum um að ekki náist nægilega góðir samningar. Ég tel að það sé fyrst og fremst undir málatilbúnaði okkar sjálfra komið. Við eigum við sjálfa okkur að fást um það að ná fram viðunandi samningum. Þess vegna hvet ég hæstv. iðnrh. til að standa sig nú vel í þessu máli, halda því fram af festu og skynsemi fyrir hönd okkar Íslendinga.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 22. fundur.

Mánudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 21. nóv. 1983.

Formaður þingflokks sjálfstæðismanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Halldórs Blöndals, 5. þm. Norðurl. e., er vegna utanfarar í opinberum erindum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., Björn Dagbjartsson matvælaverkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans. Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Björn Dagbjartsson hefur áður setið á þessu þingi. Býð ég hann velkominn til starfa.

Enn fremur hafa borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. nóv. 1983.

Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landskjörinna þm. BJ, Kristófer Már Kristinsson kennari í Reykholti, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

„Reykjavík, 17. nóv. 1983.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Þórður Skúlason sveitarstjóri, Hvammstanga, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

„Reykjavík, 21. nóv. 1983.

Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég mun ekki vegna veikinda geta sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Ólafur Ragnar Grímsson fyrrv. alþm., taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessum bréfum fylgja kjörbréf Kristófers Más Kristinssonar, Þórðar Skúlasonar og Ólafs Ragnars Grímssonar. Vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka þessi kjörbréf til rannsóknar. Á meðan verður fundinum frestað. Fundinum er frestað í tíu mínútur.

— [Fundarhlé.]

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og tekið fyrir þrjú kjörbréf, kjörbréf Kristófers Más Kristinssonar kennara í Reykholti, 1. varamanns landskjörinna þm. BJ, sem mun taka sæti Kolbrúnar Jónsdóttur, sem er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna, kjörbréf Þórðar Skúlasonar sveitarstjóra á Hvammstanga, sem mun taka sæti Ragnars Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., sem er farinn utan til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna, og kjörbréf Ólafs Ragnars Grímssonar, 1. varamanns Alþb. í Reykjavík, sem mun taka sæti Guðmundar J. Guðmundssonar, 7. þm. Reykv., sem hefur tilkynnt veikindaforföll.

Kjörbréfanefnd mælir með því að þessi kjörbréf öll verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Ólafs Ragnars Grímssonar samþ. með 39 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Þórðar Skúlasonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Kristófers Más Kristinssonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ólafur Ragnar Grímsson og Þórður Skúlason hafa áður setið á Alþingi en Kristófer Már Kristinsson mun nú undirrita eiðstafinn.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þingmaður, Kristófer Már Kristinsson, 8. landsk. þm., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég býð Kristófer Má Kristinsson, Þórð Skúlason og Ólaf Ragnar Grímsson velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 21. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Kosningar til Alþingis, frv. 93. mál (þskj. 114). — 1. umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Virðulegi forseti. Þetta frv., sem er flutt auk mín af hv. þm. Árna Gunnarssyni, var lagt fram í hv. Nd. seint á síðasta þingi en fékk þá ekki afgreiðslu sem eðlilegt var vegna þess hve seint það var lagt fram og hve stutt Alþingi var.

Meginmarkmið frv. er að veita kjósendum sem allra mest valfrelsi við kosningar til Alþingis, veita þeim kost á að ráða alfarið röðun frambjóðenda á viðkomandi framboðslista um leið og kosning fer fram. Samþykkt frv. mundi að öðru óbreyttu einnig gilda um sveitarstjórnarkosningar.

Á síðari árum hafa kröfur um persónuval í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna farið mjög vaxandi og er það af hinu góða að mati flm. Kjósendur una því ekki lengur að fáir menn ráði frambjóðendum á lista og þeir láta sér ekki lengur lynda að geta einungis valið á milli flokka. Þeir vilja einnig velja á milli frambjóðenda. Ýmsir stjórnmálaflokkar hafa reynt að koma til móts við þessar kröfur með prófkjörum í ýmsum myndum, opnum prófkjörum sem allir 18 ára og eldri, í sumum tilvikum er miðað við 16 ár, mega taka þátt í, í hálfopnum prófkjörum sem flokksbundið fólk og þeir sem skrifa sig á sérstakan stuðningsmannalista mega taka þátt í og lokuðum prófkjörum þar sem flokksbundnum einum er heimil þátttaka. Sumir flokkar notast við ýmiss konar forvöl og skoðanakannanir meðal flokksbundinna manna einna.

Allt er þetta til bóta frá því sem áður var þegar fáir einstaklingar réðu í raun hverjir komust á lista og í hvaða röð. Ýmsir gallar hafa þó komið í ljós við þessar aðferðir. Í fyrsta lagi eru í mörgum tilvikum of fáir í framboði í prófkjörum og í of fá sæti til að kjósendur fái umtalsvert valfrelsi. Í öðru lagi fylgir prófkjörunum gjarnan verulegt umstang og umtalsverður kostnaður sem betur væri varið á öðrum sviðum stjórnmálastarfseminnar. Í þriðja lagi geta og hafa mikil sárindi milli samherja hlotist af prófkjörunum og undirbúningi þeirra. Hafa slík sárindi jafnvel leitt til klofnings flokka í einstökum kjördæmum. Í fjórða lagi hafa ýmsir, sem alls ekki hafa ætlað að styðja viðkomandi flokk í kosningum og eru jafnvel flokksbundnir í öðrum stjórnmálaflokkum, í vaxandi mæli reynt að hafa áhrif á röðun frambjóðenda annarra flokka og í sumum tilvikum a. m. k. með það í huga að gera þeim flokki óleik.

Ýmsar þjóðir hafa tekið tillit til óska kjósenda að þessu leyti í kosningalögum sínum, t. d. Danir og Írar. Á Írlandi kjósa menn annars vegar lista og ræður sú kosning hve marga frambjóðendur hver flokkur fær kjörna í viðkomandi kjördæmi. Hins vegar raða kjósendur frambjóðendum upp að vissu marki, ef þeim svo sýnist, og ræður það röðun frambjóðenda á hverjum lista. Kjósendur mega einnig að vissu marki raða mönnum á listum sem þeir ekki kjósa. Margt er gott um þetta kerfi að segja, t. d. það að kjósendur geta stuðlað að kosningu góðra manna að þeirra mati, þótt þeir séu á öðrum framboðslista en þeim sem þeir annars kjósa. Menn finna írska kerfinu það helst til foráttu að það sé flókið í framkvæmd og að vafasamt sé að leyfa kjósendum að raða frambjóðendum flokka sem þeir alls ekki styðja. Það vald mætti allt eins nota til neikvæðra hluta eins og jákvæðra, allt eins til þess að spilla fyrir öðrum flokkum eins og til þess að styðja góða menn að mati viðkomandi kjósenda.

Í Danmörku er sá háttur á hafður að flokkarnir ráða því sjálfir hvort þeir bjóða fram raðaða eða óraðaða lista. Allir flokkar þar í landi að tveim smáflokkum undanskildum bjóða fram óraðaða lista og hafa ekki hug á að breyta því. Þó að flokkur bjóði fram óraðaðan lista í Danmörku má hann ákveða efsta mann listans sem nokkurs konar vísbendingu til kjósenda um það, hvern flokkurinn kýs að hafa í því sæti. Að öðru leyti breytir það engu um endanlega röð frambjóðenda. Kjósendur ráða því alfarið sjálfir hvort og þá að hve miklu leyti þeir vilja hafa áhrif á röðun listanna. Um það bil helmingur kjósenda í Danmörku nýtir sér þann rétt og ræður þar með röðun listanna.

Hæstv. forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að flokkarnir skuli leggja fram óraðaða lista. Þeir leggja listana fram í stafrófsröð en yfirkjörstjórn hlutast til um hvaða nafn í stafrófsröðinni verði efst á hverjum lista, á hvaða nafni verður byrjað, á sama hátt og gert er á hinu háa Alþingi þegar atkvgr. fer fram með nafnakalli. Vilji kjósandi raða frambjóðendum á lista þeim er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni o. s. frv., að svo miklu leyti sem hann vill ráða röð frambjóðenda. Kjósendur hafa sem sagt algerlega óbundnar hendur með það hvort og að hve miklu leyti þeir vilja ráða röð listans. Þeir þurfa ekki að gera það. Þeir mega velja efsta mann, efstu tvo o. s. frv. og þeir mega raða öllum nöfnum á listanum ef þeim svo sýnist.

Til að finna hverjir frambjóðenda hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkv. þannig: Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista til að ákveða hvort og þá hve marga þm. eða sveitarstjórnarmenn hver listi fær kjörna. Síðan raðar yfirkjörstjórn frambjóðendum á listann þannig, að efstur er sá sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1. sæti, annar sá sem flestir kjósendur hafa merkt við í 1. og 2. sæti (að atkvæðum efsta manns frátöldum) o. s. frv. Frv. gerir sem sagt ráð fyrir því að kjósendur viðkomandi framboðslista ráði einir röðun listans og prófkjör verða þá með öllu óþörf.

Ekki skal því haldið fram að sú leið sem frv. gerir ráð fyrir leysi allan vanda, en ókostir hennar eru smávægilegir í samanburði við þá galla sem prófkjörum eru samfara og þá annmarka sem fylgja því að hafa engin prófkjör.

Árið 1977 flutti Jón Skaftason frv. sem gekk í svipaða átt og það frv. sem hér er til umr. Það fékk mikla umræðu á þingi veturinn 1977—78 en hlaut ekki afgreiðslu.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 79. mál (þskj. 84). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 84 er frv. til l. um breyting á umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968. Frv. þetta felur í sér breytingar á þeim ákvæðum laganna er varða skráningu ökutækja.

Svo sem kunnugt er eru bifreiðir og önnur skráningarskyld ökutæki skráð áður en þau eru tekin í notkun. Skráningu annast lögum samkv. lögreglustjórar og fer skráningin fram hjá lögreglustjóra, þar sem eigandi er

búsettur. Við flutning milli umdæma ber eiganda að tilkynna lögreglustjóra flutninginn og ber að skrá ökutækið að nýju í umdæminu sem flutt er í. Við eigendaskiptin, þegar nýr eigandi er búsettur í öðru lögsagnarumdæmi, ber og að tilkynna eigendaskiptin og skrá ökutækið að nýju í umdæmi hins nýja eiganda. Auk þessara lögboðnu umskráninga vegna flutninga milli umdæma hefur tíðkast að umskrá ökutæki að ósk eigenda þótt eigi sé það lögskylt.

Samfara auknum bifreiðafjölda hefur umskráningum farið mjög fjölgandi og þau auknu umsvif sem af því stafa hafa leitt til fjölgunar starfsliðs og aukins rekstrarkostnaðar. Á undanförnum árum hafa því af eðlilegum ástæðum verið uppi hugmyndir og tillögur um það, með hverjum hætti mætti draga úr kostnaði vegna þessa. Þessar hugmyndir koma m. a. fram í lagafrv. á árinu 1975 og 1976, þar sem lagt var til að hætt yrði að umskrá ökutæki vegna flutninga milli umdæma og að Bifreiðaeftirlit ríkisins taki að sér bifreiðaskráninguna. Byggðu þessar tillögur á því, að tekið yrði upp fast númerakerfi fyrir allt landið, þar sem meginreglan yrði sú, að ökutæki haldi óbreyttum skráningarmerkjum frá því að það er fyrst skráð og þar til það er tekið af skrá sem ónýtt.

Eigi náðu tillögur þessar fram að ganga. Í maímánuði 1979 skipaði þáv. dómsmrh. starfshóp til þess m. a. að gera tillögur um skipan bifreiðaeftirlits hér á landi í næstu framtíð. Skilaði sá starfshópur skýrslu um verkefni sitt í okt. 1979 og lagði hann til að tekið yrði upp nýtt fyrirkomulag á bifreiðaskráningu í ætt við þær tillögur sem áður höfðu komið fram. Að tilhlutan dómsmrn. skilaði umferðarlaganefnd í ársbyrjun 1982 frv. til breytinga á umferðarlögum, er fól m. a. í sér breytingar þess efnis. Það frv. var þó eigi lagt fyrir Alþingi.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér þær sömu meginbreytingar á bifreiðaskráningunni og áður hafa komið fram, þ. e. að umskráningum verði hætt og byggt á föstu númerakerfi fyrir allt landið, þar sem meginreglan verði sú, að ökutæki haldi óbreyttu skráningarnúmeri þar til það verður afskráð sem ónýtt. Þá er gert ráð fyrir að Bifreiðaeftirlit ríkisins verði lögformlegur skráningaraðili í stað lögreglustjóra, en Bifreiðaeftirlitið hefur að mestu leyti annast verkefni í umboði lögreglustjóranna.

Breytingar þær sem hér um ræðir fela fyrst og fremst í sér sparnað í vinnu og aðstöðu þar sem hætt verður við umskráningar. Þá fellur jafnframt niður skoðun bifreiða sem nú fer fram samhliða umskráningu.

Í aths. við frv. kemur fram að á síðasta ári voru umskráningar á bifreiðum 26 100. Miðað við bifreiðafjölda í byrjun ársins má heita að fjórða hver bifreið á landinu hafi verið umskráð á árinu. Þessar umskráningar og skoðanir því samfara mundu falla niður og kemur sparnaður af þessu ekki aðeins fram hjá opinberum aðilum, eins og Bifreiðaeftirliti, lögreglustjórum og þinglýsingadómurum, heldur og hjá eigendum ökutækjanna og tryggingafélögum. Er áætlað að þessi breyting feli í sér sparnað sem samsvarar 8—10 stöðugildum hjá Bifreiðaeftirlitinu og er árlegur sparnaður í launum og rekstrargjöldum áætlaður um 6 millj. kr. miðað við verðlag í okt. þessa árs. Breytt skráningarkerfi auðveldar og alla gerð ökutækjaskrár og dregur úr hættu á mistökum við skráningu.

Bifreiðaeftirlitið hefur um nokkurt skeið haldið bifreiðaskrá fyrir allt landið og er hún tölvufærð. Er unnið að því að tengja starfsstöðvar Bifreiðaeftirlitsins utan Reykjavíkur við tölvuna, þannig að breytingar á skránni verði jafnóðum færðar beint inn í skrána þaðan í stað þess að senda breytingar á skránni til Bifreiðaeftirlitsins í Reykjavík, sem fæst við skrána þar. Auk þess sem starfsstöðvar Bifreiðaeftirlitsins hafa beinan aðgang að upplýsingum úr bifreiðaskránni á tölvuskjá hefur lögreglustjóraembættið í Reykjavík beinan aðgang að bifreiðaskránni og er þar hægt að afla upplýsinga úr skránni allan sólarhringinn. Þá hafa embætti sýslumanna og bæjarfógeta fengið beinan aðgang að bifreiðaskránni eftir því sem þau hafa tengst skýrsluvélum vegna bókhalds og innheimtuverkefna. Loks hefur borgarfógetaembættið í Reykjavík beinan aðgang að bifreiðaskránni vegna þinglýsingarverkefna.

Hin aukna tölvuvæðing í sambandi við bifreiðaskrána á því nú að tryggja að þar verði jafnan réttar upplýsingar um bifreiðir landsmanna og er öllum þeim sem réttmætra hagsmuna hafa að gæta í því sambandi jafnan fært að leita upplýsinga úr skránni. Upplýsingar um eignarhald bifreiða eru þó jafnan háðar því að eigendaskipti séu tilkynnt. Hafa mikil vanhöld verið á því að tilkynningarskyldu sé fullnægt. Með frv. er lagt til að tilkynningarskylda við eigendaskiptin hvíli eigi einungis á seljanda og kaupanda, heldur skuli bifreiðasalar, er annast sölu bifreiða, einnig ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti verði send til ökutækjaskrár.

Ég hef hér að framan greint frá þeim meginbreytingum sem felast í frv. því sem hér liggur fyrir og varðar skráningu ökutækja. Í þeim breytingum felst og að niður fellur skoðun bifreiða við umskráningar, svo sem þegar hefur verið nefnt. Þá leiðir af 6. gr. frv. að eigi verður að lögum skylt að skoða öll ný ökutæki. Þess í stað verði tekin upp svokölluð gerðarskoðun, þ. e. skoðun á fyrstu bifreið af hverri tegund og árgerð, en síðari skráningar byggist á yfirlýsingum innflytjenda á því að bifreið sé í samræmi við gerðarskoðun samkv. nánari reglum þar um.

Með þeirri breytingu, sem í frv. felst, falla niður þau auðkenni á ökutækjum sem leiða af umdæmaskiptingu. Þess í stað er gert ráð fyrir að hvert ökutæki verði auðkennt með tveimur bókstöfum og tveimur tölustöfum og er það kerfi nú þegar í notkun við bifreiðaskráningu ásamt núverandi númerakerfi. Við það hefur verið miðað að ný skráningarmerki verði með ljósum grunni og endurskini, en slík skráningarmerki eru skýrari og stuðla að bættu öryggi í umferð.

Það er rétt að taka fram, að þótt þessi breyting verði ákveðin er ekki þörf á að skipta á skráningarmerkjum á öllum ökutækjum samtímis, heldur má dreifa því á lengri tíma.

Verði þær breytingar á skráningu ökutækja sem felast í frv. lögfestar verður nauðsynlegt að aðlaga ákvæði þinglýsingarlaga þeim reglum. Mun frv. þar að lútandi verða lagt fyrir þingið. Vegna tölvuvæðingar bifreiðaeftirlits og embættis sýslumanna og bæjarfógeta verður unnt að koma upplýsingum um þinglýsingar, þ. e. hvort skjali hefur verið þinglýst, í bifreiðaskrána. Er nú verið að undirbúa færslu slíkra upplýsinga um þinglýsingar við borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Frv. þetta fjallar, eins og þegar hefur komið fram, fyrst og fremst um skráningu ökutækja. Ýmis atriði

önnur er varða starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins eru og hafa verið til athugunar og meðferðar. Þannig hefur fyrirkomulag og tíðni bifreiðaskoðunar verið til umræðu og í skýrslu áðurgreinds starfshóps um skipan bifreiðaeftirlits voru tillögur um breytt fyrirkomulag bifreiðaskoðunar. Var þar lagt til að bifreiðaskoðun verði að nokkru leyti framkvæmd á löggiltum bifreiðaverkstæðum. Um þetta atriði varð þó eigi samstaða í starfshópnum.

Fram hefur komið hér á Alþingi að dómsmrn. treystir sér ekki til að taka upp tillögur starfshópsins um breytt fyrirkomulag bifreiðaskoðunar. Hins vegar kæmi til athugunar að fækka nokkuð skoðunum nýrra og nýlegra bifreiða, þó ekki skoðunum atvinnubifreiða. Þessi sjónarmið hef ég fallist á. Tel ég ekki rétt að stofna til nýs kerfis við skoðun bifreiða og þess eftirlits sem með því þyrfti að koma á. Þótt ekki sé ástæða til að vantreysta bifreiðaverkstæðum eða faglærðum starfsmönnum þeirra fer ekki hjá því að upp kunna að koma hagsmunaárekstrar þegar skoðun fer fram á verkstæði og ákveða þarf hverrar viðgerðar sé þörf. Hins vegar tel ég fært, án þess að umferðaröryggi verði stofnað í hættu, að fækka skoðunum nokkuð og er fyrirhugað að reglur þar um komi til framkvæmda um næstu áramót. Verði þá ekki þörf á að færa almennar fólksbifreiðir til skoðunar fyrr en á þriðja ári frá því að þær voru skráðar nýjar fyrsta sinni. Búnaður bifreiða er nú yfirleitt traustari en áður og endurbætur á vegakerfinu valda því að slit á bifreiðum hefur verulega minnkað. Eftir sem áður þykir hins vegar rétt að stefna atvinnubifreiðum og stórum fólksbifreiðum til skoðunar árlega svo sem verið hefur. Miðað við árið 1982 fækkar skoðunum við þetta um 17 þúsund og er áætlað að við það sparist um 3.5 stöðugildi hjá Bifreiðaeftirlitinu, en launakostnaður og annar kostnaður vegna þessara skoðana er áætlaður 1.8 millj. kr. á verðlagi í okt.

Áður hefur verið vikið að niðurfellingu skoðana við umskráningu og nýskráningar, sem felast í frv. Þótt skylduskoðun verði þannig felld niður á nýlegum bifreiðum hvílir eftir sem áður rík ábyrgð á eiganda á því að bifreið sé í lagi. Verður hann að vera við því búinn að sæta eftirliti í umferðinni, en samhliða þessari breytingu er ætlunin að auka skyndiskoðanir.

Niðurfelling skoðana á bifreiðum fyrstu tvö árin eftir skráningu kallar m. a. á breytt eftirlit með því að ábyrgðartryggingar séu í gildi. Eru reglugerðir bifreiðatrygginga nú í endurskoðun og ætti ný reglugerð að geta tekið gildi um eða upp úr áramótum.

Einn þáttur í starfsemi Bifreiðaeftirlitsins varðar ökuprófin. Reglur um framkvæmd þeirra hafa verið til endurskoðunar og um næstu áramót mun taka gildi ný reglugerð um ökukennslu og próf ökumanna. Munu þá taka gildi ákvæði um námskeið fyrir þá sem öðlast vilja ökukennararéttindi og gefin verður út námsskrá til leiðbeiningar fyrir ökukennara til að tryggja samræmda ökukennslu. Þá verða tekin upp fræðileg próf fyrir almennt bifreiðarstjórapróf. Þessum nýmælum er ætlað að stuðla að bættri ökukennslu og markvissari og samræmdari prófum, en jafnframt nokkurri hagræðingu í starfsemi Bifreiðaeftirlitsins. Er áætlað að spara megi 1—2 stöðugildi hjá Bifreiðaeftirlitinu við það að taka upp skrifleg próf í stað munnlegra.

Ég hef nú greint frá nokkrum atriðum er varða starfsemi Bifreiðaeftirlitsins, og öll eru þau til þess fallin að draga nokkuð úr starfsemi þess og leiða til umtalsverðs sparnaðar. Fækkun umskráninga og skoðana leiðir hins vegar að óbreyttum reglum til tekjutaps fyrir ríkissjóð, en rétt er að það komi hér fram að tekjur ríkissjóðs af þeim verkum sem tengjast starfsemi Bifreiðaeftirlitsins, þ. e. skráningargjöld, skoðanagjöld og prófgjöld, hafa um árabil numið verulega hærri upphæð en nemur kostnaði við Bifreiðaeftirlitið. Þótt starfsemi Bifreiðaeftirlitsins hafi þannig staðið undir sér, ef svo má að orði komast, hefur ekki að sama skapi reynst unnt að tryggja fjárveitingar til rekstrarins, hvað þá heldur til nauðsynlegra endurbóta á aðstöðu, þar á meðal til skoðunar innanhúss þar sem beita megi tækjum við skoðun í ríkara mæli en nú er. Mundi þá og mega dreifa skoðun meira yfir allt árið og nýta starfslið betur. Er brýnt að bæta aðstöðuna, bæði hér í Reykjavík og víðar um landið. Er í samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun unnið að skipulagningu skoðunarstöðva í nýju húsnæði við Bíldshöfða í Reykjavík í næsta nágrenni við núverandi starfsstöð og er fyrirhugað að sú skoðunarstöð geti sinnt skoðun bifreiða af stærra svæði en nú er, þar á meðal úr Hafnarfirði og Mosfellssveit.

Nokkurt fé þarf þó til að innrétta þetta húsnæði, sem tekið var á leigu fyrr á árinu, svo og til að bæta aðstöðu Bifreiðaeftirlitsins víðar, svo sem í Hafnarfirði til bráðabirgða, þar til unnt verður að taka sameiginlega skoðunarstöð í notkun, og á Selfossi.

Ég hef hér einkum fjallað um þau atriði er varða efni frv. þess sem hér liggur fyrir til breytinga á umferðarlögunum og atriði varðandi starfsemi Bifreiðaeftirlitsins. Efni frv. takmarkast við þær breytingar einar sem þörf er á vegna breytinga á skráningu ökutækja og eru felldar inn í umferðarlögin eins og efni þeirra er nú skipað. Þau lög eru, eins og kunnugt er, í heildarendurskoðun og hefur verið vonast til að tillögur þar um komi fram og yrðu lagðar fyrir Alþingi á þessu ári, sem nefnt hefur verið norrænt umferðaröryggisár. Endurskoðun þessari er ekki enn lokið og hefur verkið gengið hægar en vonir stóðu til. Hef ég lagt áherslu á að því verki verði hraðað sem mest svo að Alþingi gefist góður tími til að fjalla um þau viðfangsefni sem umferðin og umferðaröryggi er.

Ég nefndi norrænt umferðaröryggisár. Því ári er senn að ljúka. Ég mun ekki hér fjalla nánar um það, en vil láta í ljós þakkir til umferðarráðs, framkvæmdastjóra þess og starfsliðs, sem haft hafa veg og vanda af undirbúningi og framkvæmd aðgerða á árinu. Hefur þeim þrátt fyrir takmörkuð fjárráð tekist að brydda upp á ýmsum nýjungum, oft til eftirbreytni og íhugunar.

Um árangur þessa starfs er að sjálfsögðu erfitt að dæma. Hvort sem það er því starfi að þakka eða öðru getum við fagnað því að skráð umferðarslys hafa orðið færri á árinu en á síðasta ári. Eftir sem áður er brýnt að vinna að fækkun slysa og draga úr afleiðingum þeirra. Að því þarf sífellt að vinna á ótal sviðum og það starf takmarkast ekki við eitt norrænt umferðaröryggisár.

Hæstv. forseti. Ég hef hér í stuttu máli gert grein fyrir frv. að lögum til breytingar á umferðarlögum. Ég leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn., og vildi ég beina þeim tilmælum til hennar að hún taki málið sem fyrst til athugunar, þannig að ef meiri hl. á Alþingi er fyrir þessu máli hlyti það afgreiðslu svo fljótt sem kostur er.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um stórt mál þó.

Ég lýsi því yfir að ég er samþykkur því frv. sem hér liggur fyrir. Það felur í sér, eins og hæstv. dómsmrh. tók fram, nauðsynlega samræmingu, nauðsynlega einföldun og um leið sparnað, eins og hann rakti hér áðan.

Ég ætla ekki að fara að ræða þessi mál eins og vera þyrfti um umferðarmál okkar almennt, þar sem um er að ræða eitt stærsta öryggismál okkar, eitt stærsta slysavandamál okkar, en tek undir það með hæstv. dómsmrh. sem hann sagði í lok ræðu sinnar um þau mál, um það mikla starf sem þar hefur verið unnið og vissulega ber að þakka, en enn betur þarf að gera.

Hann kom nokkuð inn á skoðunarmálin, skoðanir bifreiða, og ég fullyrði að ein af orsökunum fyrir þeim hörmulegu bifreiða- og umferðarslysum sem eru því miður allt of algeng er einmitt lélegur búnaður bifreiðanna og margs konar trassaskapur varðandi búnað þeirra. Geta þá vissulega allir horft í eigin barm, hvort þeir hafi ekki einhvern tíma sýnt trassaskap varðandi bifreiðar sínar, því að ég hygg að þrátt fyrir allar skoðanir á bifreiðum hafi komið í ljós við hinar svokölluðu skyndiskoðanir að ótrúlega mörgu er ábótavant í búnaði bifreiðanna, jafnvel hinum nauðsynlegasta búnaði, svo sem hemlabúnaði og öðru slíku, þegar þær skoðanir hafa farið fram. Ég ætla ekki að fara nánar út í það, en auðvitað kemur þessi spurning upp í hugann þegar um er talað að fækka skoðunum og framkvæma jafnvel ekki skoðanir á bifreiðum fyrr en þriggja ára gömlum, eftir þá nýskoðun sem talað var um áðan að yrði einungis gerðarskoðun eða skoðun tiltekinnar gerðar. Þetta held ég að þurfi verulegrar athugunar við.

Ég fagna því fyrirheiti sem gefið var af hæstv. ráðh. um að ökukennsla verði aukin að mun. Þar er ekki vanþörf á. Og ég held að það sé rétt, og ég veit að það var reyndar gert í þessum starfshópi, að taka sem mest tillit til þeirra sem gerst þekkja hér til, þ. e. ökukennara og annarra þeirra sem fást við þessi kennslumál. Ég veit að það er ekki síður þörf á að framkvæma viss hæfnispróf með vissu millibili. Það veitir ekki af því, gefur mönnum vissa aðvörun, heldur mönnum vakandi varðandi það að aðlaga sig að ýmsum breyttum aðstæðum. Ég tek bara sem dæmi sveitamann eins og mig, sem kem í umferðina í Reykjavík. Þar er um mikla breytingu að ræða. Eftir 12 ára akstur hér tel ég mig hreinlega ekki vera nógu góðan bifreiðarstjóra hér í borginni miðað við þann mikla umferðarþunga sem hér er á götum og það mikla tillitsleysi sem þar er sýnt og er kannske ein helsta orsökin fyrir því að svo mörg slys verða sem raun ber vitni.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð, en út af Bifreiðaeftirliti ríkisins vil ég koma því hér að að ég er alfarið gegn því að það verði lagt niður og að skoðun fari fram á svokölluðum löggiltum verkstæðum eins og kröfur hafa verið um. Það kann að verða talsverður sparnaður við slíkt hjá því opinbera, en ég held að alveg sé öruggt að ekki verður sparnaður hjá hinum almenna bifreiðareiganda. Ég hef enga trú á því. Og þó að margir ágætir menn annist bifreiðaviðgerðir verður viss hagsmunatogstreita á ferðinni, eins og kom fram í máli hæstv. dómsmrh., og ég treysti þeim miðlungi vel til þess að sinna því nauðsynlega aðhaldi sem Bifreiðaeftirlitið hefur þrátt fyrir allt ekki sinnt nógu mikið, en er aðhald þó. Ég skal ljúka þessu með því að segja að virkasta eftirlit sem við getum haft í þessu efni er aukning skyndiskoðananna og að hafa þær sem tíðastar og almennastar. Það kann að vera að þær séu nokkuð dýrar, en þær eru líka dýrmætar og þær geta áreiðanlega borgað sig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. 64. mál (þskj. 69, n. 96). — 2. umr.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Hér er til 2. umr. frv. til l. um breyt. á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og það nál. sem sjútvn. Ed. varð sammála um að skila af sér. Þetta er frv. vegna skreiðarframleiðslunnar, það eigi að greiða upp í verðbætur úr Verðjöfnunarsjóði út á ákveðinn hluta af óseldum birgðum af skreið sem eru í landinu og erlendis. Sjútvn. varð öll sammála um að mæla með þessu frv. og var því eindregið hlynnt að málið yrði afgreitt sem fyrst. Hef ég ekki fleiri orð þar um. Það voru allir sammála um að þetta mál fengi sem fyrst afgreiðslu hér í hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Dómvextir, frv. 84. mál (þskj. 89). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 89 er frv. til l. um breyt. á lögum um dómvexti.

Með lögum nr. 56/1979 voru settar reglur um dómvexti. Samkv. þeim skyldu vextir í dómsmáli ákveðnir að kröfu aðila fyrir tímabilið frá stefnubirtingardegi til greiðsludags jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru lögum samkvæmt, og tekið hið fyllsta tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns. Lög þessi hafa reynst erfið í framkvæmd og þótt þau án efa bættu hag kröfuhafa í dómsmálum risu upp mörg vafamál og framkvæmd þeirra varð ekki örugg.

Á það skal bent, að á tímabilinu 1. nóv. 1982 til 20. sept. 1983 taldi Hæstiréttur að réttir dómvextir væru 47% ársvextir. Athugast í þessu sambandi að í grg. með frv. er misprentað „1. okt. 1982“ það á að vera: 1. nóv. 1982.

Eitt var það vandamál sem lög nr. 56/1979 leystu ekki úr. Það var hvort reikna skyldi vaxtavexti af kröfum meðan þær voru í dómsmáli. Það er réttur hvers þegns, og er þá bæði átt við menn og forsvara lögaðila, að reglur um vexti séu ljósar og skiljanlegar hverjum manni. Af þeim sökum er lagt til að lögum nr. 56/1979 verði breytt verulega, ákvæði þeirra verði gerð skýrari og ákveðnari og ættu að vera hverjum manni skiljanleg.

Vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands eru hafðar til hliðsjónar. Þá er lagt til að fastar reglur verði settar um vaxtavexti af kröfum í dómsmálum.

Í frv. er gert ráð fyrir að krefjist aðili þess í stefnu skuli í dómi ákveða vexti frá birtingardegi stefnu til greiðsludags er séu 5% hærri en vextir af almennum sparisjóðsbókum hjá innlánsstofnunum. Þegar frv. þetta var samið voru vextir af almennum sparisjóðsbókum 32% á ári. Dómvextir hefðu því orðið 37% á ári. Þá voru vextir af sparisjóðsbókum með 12 mánaða bindingu 36%. Svokallaðir dráttarvextir voru þá 5% á mánuði, sem svarar til 60% ársvaxta. Síðar hafa vextir lækkað enn. Samkv. tilkynningu Seðlabankans frá 21. nóv. s. l. eru vextir af almennum sparisjóðsbókum 27% á ári. Dómvextir samkv. frv. væru því 32% á ári. Dráttarvextir voru lækkaðir í 4% á mánuði eða sem svarar til 48% vaxta á ári. Þarf að athuga í nefnd hvort þetta kalli á breytingu á dómvaxtahæð, t. d. með því að lækka viðbótina í 4% við hina almennu sparisjóðsvexti.

Þá er rétt að benda á þau ákvæði frv. sem gera ráð fyrir að samningsvextir og verðtrygging, þar með talin gengistrygging, falli niður ef dómvaxta er krafist.

Annað meginatriði frv. þessa er að kveða á um að vaxtavextir skuli reiknaðir af dómkröfum. Eru teknar upp reglur Seðlabankans um það efni. Vaxtavextir skulu því aðeins reiknaðir ef tímabil það sem um ræðir sé lengra en 12 mánuðir og aldrei skal reikna vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti. Ætti með þessu að vera fengin framtíðarlausn á þessu viðkvæma deilumáli.

Í sambandi við þetta er rétt að geta dóms Hæstaréttar frá 7. nóv. s. l. Þar koma fram ýmsar sérstæðar vaxtareglur er vaxtavextir eru dæmdir. Vafasamt er talið að dómur þessi hafi mikið fordæmisgildi af tæknilegum ástæðum.

Að lokum skal þess getið, að ákvæði er til bráðabirgða þar sem segir að ef stefna hafi verið birt fyrir gildistöku laganna og stefnandi þar eigi gert kröfu um dómvexti geti hann komið slíkri kröfu að á síðara stigi málsins.

Hæstv. forseti. Ég óska þess að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það, sem kom fram í máli hæstv. dómsmrh., að nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli um það sem hér er um að ræða. Það er staðreynd að ríkt hefur óvissa á sviði greiðslna dómvaxta undanfarin ár.

Hins vegar þykir mér sú prósenta sem hér er vafasöm þ. e. gert er ráð fyrir að greiða 5% hærri dómvexti en innlánsvexti. Raunar vék hæstv. ráðh. að því að hugsanlega þyrfti að lækka þessa prósentu. Ég held fyrir mitt leyti að það væri e. t. v. hyggilegra að miða þarna við ákveðið hlutfall af innlánsvöxtum, þ. e. að dómvextir yrðu hærri en næmi ákveðnu skýru hlutfalli af innlánsvöxtum. Við megum ekki gleyma því, að það hafa verið gerðar heitstrengingar og lagðar línur um hversu verðbólgan færi langt niður. Við getum hugsað okkur og við skulum vona að sú tíð komi að eðlilegir vextir verði 12—15%. Með tilliti til þessa frv. yrðu dómvextir þá hærri sem næmi æðiháu hlutfalli af þá gildandi innlánsvöxtum.

Eg vildi koma þessu að til umhugsunar fyrir viðkomandi nefnd.

Magnús H. Magnússon: Hæstv. forseti. Aðalatriðið að mínu mati er það, að kröfuhafi tapi ekki verðmætum á meðan beðið er dóms. Mér sýnist að þetta frv. tryggi það með allgóðum hætti. Auðvitað er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli og gera reglur skýrar og einfaldar. Ég styð því þetta frv. og þær vaxtatölur sem þar koma fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 21. nóv., að loknum 17. fundi.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. 64. mál (þskj. 69). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 21. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Landsvirkjun, frv. 39. mál (þskj. 40). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingabankinn, frv. 45. mál (þskj. 48). — 3. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mál sem hér um ræðir varðandi aukningu á framlögum Íslands til Norræna fjárfestingabankans hefur fengið samhljóða meðferð í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Hið sama gildir um frv. til l. um aukna hlutdeild Íslands í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þessi mál voru afgreidd samhljóða frá 2. umr. í hv. deild og án þess að kæmi til umr. um málið.

Nú hefur það hins vegar spurst inn í þingsalina, að einn af hæstv. núv. ráðh., þ. e. hæstv. fjmrh., sé ósamþykkur efni þessara frv. og áhöld séu um hvort hæstv. fjmrh. fellst á að tryggja í fjárlagafrv. og fjárlögum nægilega fjármuni til að staðfesta þær skuldbindingar Íslands sem gert er ráð fyrir í þessum tveimur

frv., um Norræna fjárfestingabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sem ég hygg að sé á dagskrá líka hér á eftir.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. viðskrh.: Er samstaða um það í ríkisstj. að tryggja þá fjármuni sem gert er ráð fyrir í þessum tveimur frv., sem ég leyfi mér að spyrja um í senn þó aðeins sé annað þeirra á dagskrá?

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ef hv. 3. þm. Reykv. flettir fjárlagafrv. sér hann að gert er ráð fyrir í því fjármagni til að standa að hlutafjáraukningu í Norræna fjárfestingabankanum. Hann spurði um frv. sem er hér síðar á dagskrá varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er Seðlabanki Íslands sem fer með þau mál og það fjármagn sem þar er um að ræða kemur úr Seðlabankanum og er þess vegna ekki tengt fjárlagafrv.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Reykv. beindi tveimur spurningum til mín, þeirri fyrri varðandi Norræna fjárfestingabankann, og hæstv. viðskrh. hefur svarað þeirri spurningu, og þeirri síðari um framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, ef ég tók rétt eftir — ég var nú inni í hliðarherbergi þegar spurningin kom fram. Hæstv. viðskrh. hefur líka svarað því. En til viðbótar vil ég segja að ég hef fengið bréflega staðfestingu frá Seðlabankastjórn um að enginn kostnaður mun falla á ríkissjóð, hvorki vegna framlags né á annan hátt, vegna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég bar fram fsp. mína til hæstv. ráðh. til að það væri alveg skýrt fyrir þd. hver væri afstaða hæstv. ríkisstj. í málinu áður en það fengi frekari meðferð. Ég vil hins vegar spyrja enn í tilefni af þeim svörum sem hér eru komin.

Báðir ráðh. fullyrða að Seðlabankinn muni greiða fyrir þessa hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem gerir ráð fyrir að hann hækki úr 43.5 millj. SDR í 59.6 millj. SDR. Ég hefði haldið að það væri venja að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur af þessum toga. Og vil spyrja að því, hvort það er ekki rétt hjá mér að í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. hafi beinlínis verið gert ráð fyrir því, þegar frá því var gengið á sínum tíma og þegar það var lagt fyrir þingið, að ríkissjóður greiddi þessa hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Það er nokkuð sérkennilegt ef Seðlabankinn á að annast greiðslur af þessum toga án ábyrgðar ríkisstj. við afgreiðslu fjárlaga. Ég held því að nauðsynlegt sé að fá hér fram hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir þessum greiðslum til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar frá fjárlagafrv. var gengið og hvort ekki er óvenjulegt að Seðlabankinn annist slíkar greiðslur fyrir Íslands hönd.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vona að hvatinn að þessari umr. sé ekki sá hjá hv. 3. þm. Reykv. að reyna að etja okkur saman, hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. Það læðist sú hugsun að mér.

En ég er búinn að athuga einmitt þann punkt sem virðulegur 3. þm. Reykv. gat um. Fyrirkomulagið var það, sem hann gat um, að ríkissjóður var ábyrgur og greiðsluaðili í þessa alþjóðasjóði, þ. á m. Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. En í lögum um Seðlabankann segir að Seðlabankinn sé nú lögum samkvæmt hinn fjárhagslegi aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þar í fólust mín mistök þegar ég gerði aths. við þetta framlag, því ég hélt í fyrstu að það yrði beint framlag úr ríkissjóði og hér væri Alþingi að binda ríkissjóði bagga umfram það sem fjmrh. gat sætt sig við. En svo er ekki og hér er ekki um nýtt framlag að ræða, heldur er þetta tilfærsla af hinum hefðbundna gjaldeyrisvarasjóði Seðlabankans yfir í geymslu annars staðar, þ. e. hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hér er því ekki um neina nýja peninga að ræða, heldur tilfærslu á sjóðum Seðlabankans, sem veitir svo aftur aukin yfirdráttarréttindi hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lagmetisiðnaður, frv. 43. mál (þskj. 46). — 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28:3 atkv. og afgr. til Ed.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 126). — 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, BD, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StG, SV, StH, ÞP, AS, BÍG, EH, IG.

nei: GSig, GeirG, GE, ÓRG, GHelg, HG, JS, KP, KJóh, KH, SJS, SvG.

7 þm. (GeirH, GA, JBH, KSK, MB, SvH, ÞS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. fluttum við þm. Alþfl. brtt. við ýmsar greinar til að sníða vankanta af þessum lögum í því skyni að gera þau réttlátari og sanngjarnari. Þessar till. voru m. a. um 15 þús. kr. lágmarkstekjur og um að felldar yrðu úr gildi heimildir ríkisstj. til sjálfvirkrar hækkunar á álögum á fólkið í landinu samkvæmt vísitölu, er m. a. hefur birst í sífelldum hækkunum á bensíni. Við atkvgr. við 2. umr. kom fram það viðhorf okkar Alþfl.-manna að við teldum rangt að hindra með lagasetningu hálft annað ár fram í tímann að aðilar vinnumarkaðarins geti samið um skynsamlegar kaupmáttartryggingar miðað við vísitölu, t. d. fyrir hina lægst launuðu, eins og 2. mgr. 1. gr. ber með sér að verði bannað með lögum, þótt við á hinn bóginn vildum ekki lýsa blessun okkar yfir því úrelta vísitölukerfi samkvæmt svonefndum Ólafslögum sem í gildi var til skamms tíma.

Þetta frv., eins og það stendur nú, að felldum brtt. okkar Alþfl.-manna og með banni við hvers kyns kaupmáttartryggingum miðað við vísitölu eitt og hálft ár fram í tímann, er bæði óréttlátt og óskynsamlegt. Við

Alþfl.-menn erum því mótfallnir frv. í heild sinni. Ég segi nei.

Frv. afgr. til Ed.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. 44. mál (þskj. 47, n. 92). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 92 er nál. frá fjh.- og viðskn. þar sem segir að málið hafi verið tekið til umfjöllunar hjá n., á fund hennar hafi komið Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri og að enginn ágreiningur sé innan n. um afgreiðslu málsins.

Eins og fram hefur komið fyrr á þessum fundi er gert ráð fyrir að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 43.5 millj. SDR í 59.6 millj. SDR og „skal Seðlabanki Íslands leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans", svo vitnað sé til 1. gr. frv. Sá hluti kvótaaukningarinnar sem greiddur yrði í SDR greiðist af Seðlabankanum og myndar sérstaka gjaldeyrisinnstæðu hjá sjóðnum og telst áfram til gjaldeyrisforða Seðlabankans, sem jafnframt hefur komið fram fyrr á þessum fundi hv. Nd. Þetta er hluti af almennri reglubundinni hækkun. Kvótaaukning þessi var samþykkt af yfirstjórn sjóðsins 31. mars 1983, en frestur til að staðfesta þessa aukningu rennur út hinn 30. nóv. 1983. Þess vegna er brýnt að afgreiða þetta mál sem allra fyrst.

Eins og fyrr sagði, herra forseti, er enginn ágreiningur í n. um þetta mál. Undir nál. rita sex hv. þm., sem sæti eiga í n. Geir Hallgrímsson var fjarstaddur umr. í n. og skrifar þar af leiðandi ekki undir nál. Við leggjum til að frv. verði samþykkt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er nú alveg óhjákvæmilegt að fá betri skýringar á þessu máli áður en það fer lengra. Það hefur komið fram hér í þessari umr. að hæstv. fjmrh. telur að ríkissjóður eigi ekki að taka á sig neinar ábyrgðir vegna hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 43.5 millj. SDR í 59.6 millj. SDR. En þó stendur í aths. með lagafrv. að þar sé leitað heimildar fyrir ríkisstj. til að taka þátt í áttundu almennu hækkun kvóta í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr samtals 61 milljarði SDR í 90 milljarða SDR. Við þetta hækkar kvóti Íslands eins og ég gat um áðan.

Ég vil inna eftir því og get ekki fyrir mitt leyti tekið þátt í afgreiðslu málsins frekar hér í deild öðruvísi en að það sé ljóst hvernig Seðlabankinn ætlar að greiða þessa sérstöku hækkun. Af hvaða fé? Hvaða uppspretta fjármuna er það sem Seðlabankinn hefur sérstaklega yfir að ráða til þess að rækja og sinna þannig alþjóðlegum skuldbindingum? Hvaða fjármunir eru það? Hvaða reikningur er það í Seðlabankanum sem allt í einu opnast núna síðustu daga með bréfaskriftum til hæstv. fjmrh.? Hvaðan kemur Seðlabankanum þetta fé? Er þetta kannske fé sem varð til í bankanum sjálfum — eins og Jóhannes Nordal greindi frá að væri notað til að byggja fyrir? Þeir væru að saga niður gabbró fyrir peninga sem verða til í bankanum án þess að nokkur maður eiginlega borgi þá. Það er dálítið sérkennileg peningaframleiðsla og verðmætasköpun sem á sér stað í þessari stofnun, að því er virðist, að mati forráðamanna hennar. Og eru þeir þá að ganga á þessa sömu fjármuni, þessa gabbrópeninga fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn? Er það byggingarsjóðurinn kannske sem á að standa undir þessari kvótaaukningu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Verður þá sparað í gabbróinu á meðan verið er að borga, eða hvað er hér á seyði? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að þeir Seðlabankamenn geri grein fyrir því hvaðan þessir peningar eru komnir. Hvaða fjármunir eru það sem hér er um að ræða?

Og hvernig stendur á því að Seðlabankinn ætlar að leggja þetta fram án þess að ríkisvaldið komi þar í raun og veru nokkurs staðar nærri eða ríkissjóður? Auðvitað getur Seðlabankinn ekki átt neina peninga í þessu skyni það segir sig alveg sjálft. Seðlabankinn hefur tekjur af sköttum, sem hann leggur á landsmenn, sína viðskiptamenn, m. a. atvinnuvegi í stórum stíl. Auðvitað tekur Seðlabankinn þessa peninga af viðskiptum sínum við landsmenn og sérstaklega atvinnuvegina. Á þá að fara að skattleggja atvinnuvegina hér sérstaklega fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn? Er hæstv. fjmrh. að leggja það til að atvinnuvegirnir verði skattlagðir alveg aukalega í þeim kröppu kringumstæðum sem nú eru í okkar efnahagslífi í þágu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Hvaða leikaraskapur er þetta? Hvaða feluleikur er þetta af hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. í þessu máli? Geta þeir kannske svarað fyrir þetta hv. 1. þm. Suðurl. og hv. 2. þm. Reykv., formaður og varaformaður Sjálfstfl.? Geta þeir greint frá því hvernig þeir ætla að leysa þetta innanflokksvandamál sem hér er bersýnilega uppi? Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar.

Hér er á ferðinni í raun og veru stóralvarlegt mál, vegna þess að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar var búin að afgreiða þetta mál samhljóða, gerandi ráð fyrir því að með það yrði farið eins og venja er til varðandi hækkanir á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og síðast var gert árið 1979 í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. En þegar kemur að afgreiðslu málsins hér í deild þá lýsir hæstv. fjmrh. því yfir að Seðlabankinn sé þarna með aukapeninga til þess að borga í Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég mun ekki greiða atkvæði á móti þessu máli. Ég treysti mér hins vegar ekki til að stuðla að frekari framgangi þess með atkvæði mínu fyrr en ég hef fengið betri skýringar frá hæstv. ráðherrum á þessu máli. Það er óhjákvæmilegt að þær fáist hér fram strax við þessa umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég undrast nokkuð ræðu hv. 3. þm. Reykv. sem nú lauk máli sínu. Það er ljóst að orðalag 1. gr. breytir í engu því, að Seðlabankinn leggur þessa fjármuni fram, reyndar aðeins hluta þeirra, sem myndar inneign hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Afgangurinn er síðan bundinn í gjaldeyrisvarasjóðnum. Seðlabankinn fer með þessi mál í umboði ríkisstj. samkv. 20. gr. Seðlabankalaganna.

Það sem er kannske enn merkilegra er það, að ákvarðanir um þetta mál voru teknar í mars s. l. þegar hv. 3. þm. Reykv. sat í ríkisstj. Og ég kannast ekki við að hafa heyrt að hann hafi gert aths. við málið á þeim tíma. Jafnframt situr hv. 3. þm. Reykv. í hv. fjh.- og viðskn. Nd. og hér hefur komið fram að afgreiðsla málsins var með þeim hætti að öll n., þar með talinn hv. 3. þm. Reykv., afgreiddi málið, mælti með að lagafrv. yrði samþykkt og gerði engan fyrirvara í málinu. Svo kemur hann nú hér í dag og lýsir því yfir að það komi til greina að hann ljái málinu ekki atkvæði sitt. Þetta eru

undarleg vinnubrögð. Hv. þm. gerir því síðan skóna að þessir peningar séu fengnir úr byggingarsjóði Seðlabankans. Hann kannast áreiðanlega við það frá þeirri tíð þegar hann var viðskrh., að hafa hleypt því máli af stað og hans flokkur. Það undrar mig satt að segja að hv. 3. þm. Reykv. skuli koma hér upp og haga þannig sínum málflutningi. Hann hafði tíma og tækifæri til þess í n. að kanna þetta mál og gerði engan fyrirvara. En það kunna að vera einhverjar skýringar á þessu. Kannske er það innanflokksmál Alþb., alla vega er það dálítið furðulegt að hv. 3. þm. Reykv. skuli koma eftir þessa helgi í svo vondu skapi hingað á þingfund.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Mig furðar á því að hv. 3. þm. Reykv. skuli koma hér og spyrjast fyrir um þessi mál, hafandi verið í ríkisstj. undanfarin næstum fimm ár og því þessum málum mjög vel kunnugur. Ég tala nú ekki um frv. eins og þetta sem hér er til umr., því að sjálfur lagði hann fram á Alþingi fyrir fjórum árum nákvæmlega eins frv. Það eru einmitt þau lög sem lagt er til að breyta í dag. Það eru lög nr. 38 29. maí 1979, um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þau lög hljóða svo með leyfi forseta:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:"

Og beri menn nú saman við það frv. sem hér er til umr. „1. gr. Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 29 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 43.5 milljónir" — en úr því er verið að hækka núna. — „Seðlabankinn skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

Svavar Gestsson."

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hvað átti nú þessi lestur hjá hæstv. viðskrh. að þýða? Hvað átti hann að þýða? Hvað sagði hann? Hann sagði það, að Ísland hefur einu sinni áður, og raunar oft, en m. a. í minni tíð samþykkt að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nú, að sjálfsögðu, enda var deilan ekki um það, heldur hitt — hver borgar þetta? Hæstv. viðskrh. er mát í því máli og les upp gamla lagatexta vegna þess að hann getur engu svarað, hann er í vandræðum.

Hann ætti að fletta upp í fjárlagafrv. hæstv. núv. ríkisstj., sem núv. hæstv. fjmrh. mætti líka gera, á bls. 188, en þar stendur með leyfi forseta:

„Útstreymi á lánahreyfingum ríkissjóðs er tvíþætt: Hlutafjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs og afborganir af áhvílandi lánum. Hlutafjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 75 millj. á árinu 1984. Hér er um að ræða eftirtalin framlög:

1. Í samræmi við lög nr. 13/1981 er ríkisstj. heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbankans í Seðlabanka Íslands. Föst árleg greiðsla að fjárhæð 7.5 millj. kr. skoðast sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankans. Er þetta þriðja greiðslan af tólf.

2. Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur alls 3 660 þús. kr., vegna væntanlegra ákvarðana aðildarríkjanna um sjöunda stofnfjárframlagið til stofnunarinnar. Á árinu 1983 runnu 3 660 þús. til IDA. Auk þess voru teknar 3 660 þús. kr. að láni hjá Seðlabanka Íslands til að ljúka greiðslu sjötta stofnfjárframlags Íslands til stofnunarinnar.

3. Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstj. falið að semja um aukningu á hlutafjáreign Íslands í Alþjóðabankanum. Á árunum 1984—1987 verður hlutafjárframlag Íslands 11 856 þús. kr., föst upphæð á hverju ári.

4. Á fundi Norðurlandaráðs 1983 var samþykkt að auka hlutafé Norræna fjárfestingabankans úr 400 millj. SDR í 800 millj. SDR. Framlag Íslands þarf að nema að jafngildi 110 þús. SDR á ári hverju á tímabilinu 1984—1986. Hlutafjárframlag Íslands 1984 er því áætlað 3 306 þús. kr."

Hér er m. ö. o. skrá yfir þær skuldbindingar sem ríkissjóður ætlar sér og á lögum samkv. að standa við á árinu 1984 og gera verður ráð fyrir í fjárlagafrv. Það sem ég var að spyrja um var þetta: Hvaðan koma Seðlabankanum fjármunir til þess að borga þessa upphæð óðruvísi en ríkissjóður standi á bak við það? Í frv. stendur auðvitað að Seðlabankinn eigi að greiða þetta fé. En venjan hefur verið sú að það hefur verið litið á þessa fjármuni sem lán Seðlabankans til ríkissjóðs. Nú er staðan hins vegar þannig að hæstv. fjmrh. neitar að greiða þessa fjármuni með þeim hætti sem gert hefur verið á undanförnum árum, eins og hann viðurkenndi hér áðan, og ætlar sér í staðinn að láta Seðlabankann um að greiða þessa upphæð. Það er þetta grundvallaratriði sem ég er hér að fara fram á upplýsingar um. Ég er að óska eftir upplýsingum. Það væri t. d. fróðlegt ef hæstv. fjmrh. læsi upp það bréf sem hann kveðst hafa í höndunum frá Seðlabankanum um þetta mál, þannig að fyrir þd. liggi afgerandi upplýsingar í þessu efni, vegna þess að þegar þingnefndin afgreiddi málið þá var gert ráð fyrir því að ríkissjóður stæði á bak við þessa greiðslu. Um það var talað í þingnefndinni, m. a. þegar Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri í viðskrn. kom á fund n. Þá var um það rætt að ríkissjóður stæði á bak við þessa greiðslu, þó að Seðlabankinn leggi þetta fram. (**Gripið fram í:** Þórhallur fjallaði ekkert um þetta mál.) Sigurgeir fjallaði um hitt málið — reyndar voru þau bæði rædd við Þórhall vegna þess að Þórhallur þekkir þau bæði mjög vel. Og í þessum efnum liggur þetta þannig að spurningin er þessi: Hvaðan á að taka fjármuni úr Seðlabankanum til að borga þessa hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum? Hæstv. ráðherrar hafa ekki getað svarað þeirri spurningu enn þá, lesið hér upp úr gömlum lagatextum, sem segir auðvitað ekki neitt í þessu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er býsna fróðlegt að koma hér í þingsalinn og sjá vandræðaganginn hjá hæstv. ráðherrum og hve aumingjalegir þeir eru í svörum varðandi þær einföldu spurningar sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur borið hér fram. Það er ekki von á góðu ef annað er eftir þessum fáeinu mínútum sem ég hef haft tækifæri til að fylgjast með landsstjórninni hér í verki í þingsalnum.

Það er greinilegt að aðalverkefni hæstv. viðskrh. er að bjarga andlitinu á hæstv. fjmrh. og hæstv. fjmrh. að

reyna að klóra sig fram úr ábyrgð sem hann ber þó engu að síður samkv. lögum.

Það stendur skýrt í lögum um Seðlabanka Íslands, í 20. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstj."

Í 22. gr. sömu laga um Seðlabanka Íslands segir: „Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum", fyrir ríkisins hönd. Hver er fjmrh. ríkisins? Hv. þm. Albert Guðmundsson er hæstv. fjmrh. og fyrir hönd þess ríkis, sem hann er fjmrh. yfir, annast Seðlabankinn þessar færslur og samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er þess vegna algjörlega ljóst að það er ríkisstj. sem er hinn ábyrgi aðili, samkv. lögum um Seðlabanka Íslands, gagnvart þessari greiðslu.

Nú væri æskilegt að hæstv. forsrh. upplýsti hvort ríkisstj. hefur gert samþykkt í þessu máli og þá hvort hæstv. fjmrh. hefur staðið að þeirri samþykkt eða hvort hann hefur verið í minni hluta. Ég sé að hæstv. viðskrh. er önnum kafinn við að kenna hæstv. fjmrh. hvað hann á að segja hérna í ræðustól. Það er greinilegt að þeir eru eitthvað illa lesnir heimastílarnir hjá hæstv. fjmrh. núna. Er hæstv. viðskrh. búinn að kenna honum lexíuna, svo að hægt sé að halda áfram að ræða málið? (**FrS:** Hann var á landsfundi Alþb.) Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur greinilega mikinn áhuga á landsfundum ýmissa stjórnmálaflokka. Það er skiljanlegt.

En um efnisþátt málsins væri nauðsynlegt að hæstv. forsrh. upplýsti á hvern hátt málið var afgreitt í ríkisstj. Hvort hæstv. fjmrh. hefur greitt málinu þar atkvæði eða ekki. Hefur hæstv. fjmrh. nú þegar greitt því atkvæði í ríkisstj. að Seðlabankinn, skv. 20. og 22. gr. laga um Seðlabanka Íslands, annist þetta fyrir ríkisins hönd eða var hæstv. fjmrh. andvígur því í ríkisstj.? Þetta er spurning um einfaldar staðreyndir og það er óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. upplýsi þær hér.

Það er einnig nauðsynlegt að hæstv. viðskrh. svari mjög skýrt þeirri spurningu sem hv. þm. Svavar Gestsson bar hér fram: Hver á að greiða þessa peninga? Eða er fjármálastjórn landsins e. t. v. orðin svo auðveld að það sé einfaldlega hægt að segja að ef Seðlabankinn sé fjárhagslegur aðili að einhverri stofnun fyrir hönd ríkisins þá sé málið ekkert vandamál. Þá þurfi ekkert að svara því hver eigi að borga? Þá gerir bara Seðlabankinn það. Hæstv. fjmrh. getur komið hér í stólinn og bara velt vöngum og sagt: Það er bara Seðlabankinn sem gerir þetta. Þetta mál kemur mér ekkert við. Þarna er kannske komið að hinu fræga pennastriki. Bara búa til lítil lög með lítilli grein þar sem stendur: Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að útgerðinni á Íslandi. Þar er m. a. s. hægt að nota sama orðalag og hæstv. fjmrh. ber fyrir sig þegar hann er að reyna að skjóta allri ábyrgð af sér í þessu máli yfir á Seðlabankann. Nota hans eigin orð, tilvitnun í 22. gr., og segja: Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að útgerðinni á Íslandi. Þar með ætti ráðh., með nákvæmlega sömu rökum og hann hefur beitt hér, að geta komið upp í ræðustól og sagt: Málið er leyst. Það er bara Seðlabankinn sem borgar þetta. Ríkissjóður þarf þar hvergi nærri að koma.

Herra forseti. Röksemdir af þessu tagi geta varla verið alvörumál af hálfu hæstv. ráðh. Þess vegna er nauðsynlegt, eins og hv. þm. Svavar Gestsson hefur óskað hér eftir, að í fyrsta lagi verði bréfið frá Seðlabankanum lagt fram, í öðru lagi svari hæstv. forsrh. því hvernig fjmrh. greiddi atkvæði í ríkisstj., því að samkv. lögum um Seðlabanka hefur Seðlabankinn ekki heimild til að gera þetta nema samþykkt ríkisstj. liggi fyrir. Í þriðja lagi er nauðsynlegt að upplýst sé af hvaða tekjueða gjaldalið hjá Seðlabanka Íslands þessi upphæð á að greiðast.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram, sem á að vera óþarfi, að aldrei hef ég saknað vinar míns, Guðmundar J. Guðmundssonar meira en í dag. En til að það fari ekkert á milli mála hvort ég er í læri hjá hæstv. viðskrh. eða ekki, þá vil ég segja að ég er það og hjá öllum ráðherrum sem hafa meiri reynslu en ég í ráðherrastól og skammast mín ekkert fyrir það. Það er vegna þess að ég er að reyna að komast eins fljótt og ég get inn í það starf sem mér hefur verið trúað fyrir og tel mig læra mikið af þeim sem hafa gengt ráðherraembættum áður. Þannig að þó að það hafi verið sagt í niðrandi merkingu, þá skammast ég mín ekki fyrir það.

En til þess að veita hv. þm. þær upplýsingar sem verið er að sækjast eftir, þá er þess að geta að bréf frá Seðlabankanum til mín hef ég ekki með mér, af því ég átti ekki von á því að þurfa að standa í þessum umr. hér og nú. Aftur á móti hafði hæstv. viðskrh. í sínum fórum afrit af þeim bréfum, og ég vitnaði í þau áðan og ætla að leyfa mér að lesa þau upp. En áður en ég geri það get ég upplýst virðulegan þm. Ólaf Ragnar Grímsson um það að það fór ekki fram atkvgr. í ríkisstj. og það er ekkert óvenjulegt. Hitt er annað mál að ég var andvígur þessu framlagi og ég gerði athugasemd við það í ríkisstj. Það var af vissum ókunnugleika því ég þekkti málið þá ekki eins vel og ég geri nú eftir að hafa kynnt mér það og lestið þessi sömu lög. Hefði hv. þm. lesið þau svolítið lengra hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að Seðlabankinn hefur yfirtekið stöðu ríkissjóðs, má segja, við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og er ábyrgur fyrir þeim framlögum sem þangað fara, en þau fara ekki beint úr ríkissjóði. En til þess að sannfæra mig um það að ég hafi myndað mér ranga skoðun, byggða á röngum upplýsingum, sem ég hafði, tel ég sjálfsagt og mannlegt, þegar maður fær betri upplýsingar, að menn breyti þá um skoðun en sitji ekki eins og tréhestur í villu. Og til þess að sýna fram á að ég hafi skipt um skoðun og að það væri rétt að ríkissjóður hefði engan kostnað af þessu framlagi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins það ég Seðlabankastjóra að staðfesta það bréflega. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þau upp. Þau eru dagsett 18. nóv. og eru tvö. Fyrra bréfið er svohljóðandi:

„Til Alberts Guðmundssonar fjármálaráðherra frá Jóhannesi Nordal.

Efni: Aukning á kvóta Íslands í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Í framhaldi af samtali okkar fyrr í dag get ég staðfest að ekki er þörf á neinu framlagi frá ríkissjóði vegna fyrirhugaðrar hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og jafnframt að ekki muni af henni leiða hækkun á erlendum skuldum landsins. Seðlabankinn, em er lögum samkv. hinn fjárhagslegi aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, mun eins og ætíð áður þegar kvótinn hefur verið hækkaður færa fé sem svarar ¼ af

aukningunni af öðrum innistæðureikningum sínum erlendis á innistæðureikning í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Tilfærsla þessi veldur því ekki rýrnun á gjaldeyrisstöðu landsins, enda er fé þetta til ráðstöfunar fyrir Seðlabankann fyrirvaralaust þegar á þarf að halda. Á móti ¾ hlutum kvótaaukningarinnar eignast gjaldeyrissjóðurinn innistæðu í íslenskum krónum í Seðlabankanum, án þess að nokkur greiðsla eigi sér stað. Með kvótaaukningunni aukast lántökumöguleikar Íslands verulega í hinum ýmsu lánaflokkum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en þar er um að ræða hagstæðustu gjaldeyrislán sem völ er á."

Ég bað um frekari skýringar frá Seðlabanka og seinni part sama dags, 18. nóv., fékk ég til viðbótar svohljóðandi bréf:

„Til Alberts Guðmundssonar fjármálaráðherra frá Jóhannesi Nordal.

Efni: Aukning á kvóta Íslands í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Í framhaldi af orðsendingu minni í dag vil ég taka fram að það fyrirkomulag sem er á greiðslu framlagsfjár til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tryggir að enginn kostnaður mun falla á ríkissjóð nú eða síðar af þeirri aukningu kvóta Íslands sem nú er fyrirhuguð. Ákvörðun um kvótaaukningu mun því engin áhrif hafa á útgjöld ríkissjóðs þegar kvótaaukningin fer fram né á komandi árum."

Ég held að þetta svari því sem virðulegir þm. Alþb., 3. þm. Reykv. og Ólafur Ragnar Grímsson, hafa komið hér fram með. Vona ég að þetta svari þeirra spurningum og rói þá, hjálpi þeim til að komast svolítið niður eftir þennan baráttufund sem þeir eru nýbúnir að hafa innan flokksins, innan bandalagsins. En ég verð að segja að það hlýtur að fara að verða skemmtilegra á þingi úr því að vinur minn ágætur, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn aftur, og ég ítreka það að ég sakna Guðmundar J. Guðmundssonar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þetta mál verður sífellt fróðlegra með hverri ræðu sem hæstv. ráðh. flytja. Þess vegna væri vel þess virði að halda þessari umr. áfram til að fá svo skýru ljósi varpað á ástand landsstjórnarinnar eins og gerist nú með hverri ræðunni sem hæstv. ráðh. flytja.

Hæstv. fjmrh. segist vera að læra margt í fjmrn. Ekki dreg ég það í efa að fyrrv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen hafi kennt honum margt og sé enn að kenna honum margt. Þessu hefur þjóðin tekið eftir vegna þess að hæstv. fjmrh. er hættur að koma með einfaldar patentlausnir, hvort sem það snertir sölu ríkisfyrirtækja eða vanda útgerðarinnar. Aðrir ráðh. eru smátt og smátt að benda honum á veruleika stjórnarfarsins og þjóðlífsins. En hæstv. fjmrh. upplýsti að hann hefði á ríkisstj.-fundi lýst andstöðu sinni við málið. Það er alveg greinilegt á þeirri frásögn sem hér var flutt, að á þessum fundi í ríkisstjórn landsins hefur ekki einn einasti ráðh. getað upplýst hæstv. fjmrh. um eðli málsins. Hann fór þess vegna af ríkisstj.-fundinum í fullri andstöðu við málið án þess að hæstv. viðskrh. né hæstv. forsrh. hefðu á fundinum getað veitt hæstv. fjmrh. þær upplýsingar sem honum dygðu. Hæstv. fjmrh. verður að grípa til þess ráðs að óska eftir bréfaskriftum frá Seðlabankanum vegna þess að samráðherrar hans, flm. málsins, hafa á engan hátt getað lagt það þannig fyrir í ríkisstj. að það nægði hæstv. fjmrh. Í öðrum kafla málsins fær hann bréf frá Seðlabankanum, en það dugir honum ekki heldur. Hann verður að biðja um annað bréf frá Seðlabankanum til þess að hafa enn frekar skrifað og bókfest það sem hann er að reyna að ná fram í málinu. Með öðrum orðum er ástandið þannig í ríkisstjórn Íslands að orð samráðherra eru ekki tekin gild sem skýringar eða tæmandi röksemdir með frv. sem lögð eru fram, heldur verður fjmrh. að krefjast ítarlegra bréfaskrifta Seðlabankans. En hvað segir svo þetta síðasta bréf Seðlabankans? Jú, það segir að það muni engin krafa falla á Ísland hvorki fyrr né síðar, ef ég heyrði rétt. Hæstv. fjmrh. játar því hér í hliðarsal að engin krafa muni falla á Ísland hvorki fyrr né síðar. Í fyrra bréfinu er það svo upplýst að þarna sé að fá hagstæðustu lán sem Ísland geti fengið, ef ég heyrði rétt. Þá er það ljóst að hér er komin alveg gullin leið, ef allt þetta mál er eins auðvelt og slétt og hæstv. fjmrh. upplýsti hér, fyrir Íslendinga til að sækja inn á algerlega nýjan lánamarkað. Spurning blasir þá við og væri æskilegt að hæstv. fjmrh. og viðskrh. svöruðu. Hvers vegna í ósköpunum er þessi hækkun þá ekki bara höfð enn meiri í frv.? Ef það er eðli málsins að það mun engin krafa falla á Ísland hvorki fyrr né síðar, en í krafti þessa frv. geti Ísland nú sótt um ný lán á hagstæðustu kjörum sem bjóðast í veröldinni. Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að hækka þetta allverulega, myndarlega, svo að við getum þá haft verulegan afgang af þessum hagstæðustu lánum, fellt niður ýmis önnur lán sem við erum með, breytt þeim yfir í þessi lán og sparað þjóðinni þannig stórfellda fjármuni?

Ef á að taka góðar og gildar þær röksemdafærslur og bréfaskriftir sem hér hafa verið lesnar upp, þá er það greinilega niðurstaðan að Alþingi ætti að stórhækka þennan kvóta í frv. og opna þannig möguleika samkv. röksemdafærslu Seðlabankans og hæstv. fjmrh. til þess að spara þjóðinni stórfé með því að geta sótt í þessi hagstæðustu lán. Það væri æskilegt að hæstv. viðskrh. svaraði því hér, ef lýsing hæstv. fjmrh. er rétt, hvers vegna í ósköpunum sækir viðskrh. þá ekki um að hækka kvótann enn frekar?

Það stendur enn þá eftir af þessum umr. að hæstv. fjmrh. hefur fengið bréf frá Seðlabanka Íslands þar sem það er upplýst að Íslendingar geti hækað hlut sinn hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, fært fé af reikningum, sem Seðlabanki Íslands á erlendis, yfir á þessa reikninga og það muni hvorki fyrr né síðar koma nein krafa í málinu til þjóðarinnar. Ég er ekki viss um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé sömu skoðunar því að slíkt kapp hafa forsvarsmenn þessarar stofnunar lagt á það að fá hækkanir frá öðrum ríkjum að þeir telja framtíðarhag sjóðsins vera undir því komin að slíkar hækkanir fáist.

Herra forseti. Það væri æskilegt, til þess að þetta mál geti haldið áfram að upplýsast, að hæstv. viðskrh. svaraði því hér, ef þau rök eru gild fyrir hæstv. fjmrh. sem Seðlabankinn hefur fært honum í bréfi sínu, hvers vegna í ósköpunum hæstv. viðskrh. sæki þá ekki um enn meiri hækkun svo að þjóðin geti þá gengið í þessa hagkvæmu lánalind sem seðlabankastjóri Jóhannes Nordal hefur reynt að telja hæstv. fjmrh. trú um að þarna sé fyrir hendi.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það var spurt hvers vegna ekki væri lögð til meiri hækkun á

kvóta Íslands en hér er gert ráð fyrir. Það er gert ráð fyrir því með þessu frv. að nýta það hlutfall af kvóta gjaldeyrissjóðsins sem Ísland hefur í dag og nýta hann að fullu. Þess vegna er þessi tala hér í þessu frv. Við óskum eftir að halda því hlutfalli af kvóta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem við höfum og leggjum því til þessa hækkun.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eftir þessa umr. liggur það fyrir að Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans hefur skrifað hæstv. fjmrh. Albert Guðmundssyni tvö bréf og sagt honum það að hann þurfi ekkert að borga. Hæstv. fjmrh. segir það hér í votta viðurvist fyrir alþjóð að hann trúi þessu og sé þar af leiðandi alveg sannfærður um að hann þurfi ekkert að borga og ríkissjóður þurfi aldrei að inna af hendi eina einustu krónu á móti þessari hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Ég held að það þurfi að athuga málið aðeins betur áður en menn festa trúnað á slíkt, vegna þess að auðvitað eru á bak við þetta ákvarðanir sem venjulega hafa verið teknar í ríkisstj. og hafa birst í fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. ríkisstj. fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir ákveðnum hlutaframlögum Íslands hjá ýmsum alþjóðastofnunum. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort hæstv. ráðh. beita sér fyrir því að fjvn. hækki eða lækki þá tölu sem er inni í fjárlagafrv. varðandi hlutaframlög Íslands í ákveðnum alþjóðastofnunum — og einnig hlutaframlög ríkisins t. d. að því er varðar Útvegsbankann, eins og ég gat um hér áðan, en þetta er allt á einum og sama stað, sett upp með mjög grautarlegum hætti reyndar, í fjárlagafrv. Ég vildi nú fara fram á það svona innan sviga við hæstv. fjmrh. að hann beitti sér fyrir því að þessir hlutir yrðu skýrari í fjárlagafrv. framvegis en þeir hafa verið á undanförnum árum. Það hefur ekkert versnað í hans tíð, þetta hefur yfirleitt verið óljóst og þyrfti að vera skýrara. En það sem hæstv. fjmrh. las hér upp úr bréfi Jóhannesar Nordals var þetta, að þessir fjármunir eru færðir af öðrum reikningum Seðlabankans erlendis, orðrétt, fært af öðrum reikningum bankans erlendis.

Ég spyr, og ég óska eftir því að svörin liggi fyrir áður en 3. umr. fer hér fram í deildinni: Hvaða reikningar eru það sem Seðlabankinn getur gengið í erlendis og notað í þessu skyni? Hvernig eru þeir fjármunir til komnir? Hvar eru þeir reikningar Seðlabankans geymdir sem Seðlabankinn notar í þessu skyni, til að bjarga svona uppáfallandi vandamálum í núv. hæstv. ríkisstj., eins konar Bjargráðasjóður Seðlabankans, pólitískur bjargráðasjóður, sem hann grípur til þegar ráðh. ber upp á sker? Hvar er þessi bjargráðasjóður Jóhannesar Nordals sem hann hefur erlendis til þess að hlaupa í þegar mikið liggur við að bjarga vandamálunum á stjórnarheimilinu?

Það liggur sem sagt fyrir að Seðlabankinn fullyrðir að það þurfi aldrei að greiða krónu af þessu. Hæstv. fjmrh. trúir því og Seðlabankinn segir að þetta sé fært af öðrum reikningum bankans erlendis. Ég spyr hæstv. viðskrh. og óska eftir svari í 3. umr. þessa máls: Hvar eru þessir reikningar Seðlabankans erlendis? Hvar er sá bjargráðasjóður sem Jóhannes Nordal ætlar að grípa til, til þess að telja hæstv. fjmrh. trú um að það sé allt í lagi að afgreiða málið eins og það liggur hér fyrir?

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Nákvæmlega eins og 1979, þegar hv. þm., páv. viðskrh. flutti frv. um nákvæmlega sömu hluti, hækkun á kvóta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, nákvæmlega eins og þá þarf ríkissjóður ekkert að greiða. Og eins og hæstv. fyrrv. viðskrh. gerði sér grein fyrir þessum hlutum þá og flutti frv. hlýtur hann að gera sér grein fyrir því nú að sama gildir í þeim efnum. Ég er hér með frv. sem lagt var fyrir Alþingi þegar hv. 3. þm. Reykv. gegndi embætti viðskrh. og þar eru nákvæmlega sömu rökin og í því frv. sem við erum að ræða hér um í dag, sagt nákvæmlega það sama. En þá víkur hv. þm. að fjárlagafrv. og les þar upp á bls. 188: Lánahreyfingar út. Þar er um að ræða að gerð er grein fyrir því sem ríkissjóður kemur til með að greiða og það er ekki vikið að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þar. Af hverju? Vegna þess að hann kemur ekki til með að greiða krónu, ekki eina krónu. Hér er verið að tala um Alþjóðabankann og ég vonast til þess að hv. þm. sé ekki að rugla því saman. Hér er verið að tala um Norræna fjárfestingabankann. Ég vonast til að hv. þm. sé ekki að rugla því saman. Svo vildi hann fá upplýst af hvaða reikningum Seðlabankinn ætlaði að millifæra þetta. Það skyldi þó ekki vera af sömu reikningum og 1979 þegar hv. 3. þm. Reykv. gegndi embætti viðskrh.? Að það væri verið að millifæra af gjaldeyrisreikningum Seðlabankans erlendis, nákvæmlega sömu reikningum og þá voru til, sjálfsagt aðrar tölur í dag, en hvaðan annars staðar skyldi millifærslan geta átt sér stað af þessum reikningum, þeim hinum sömu og 1979?

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka þolinmæði forseta. Fsp. er þessi: Af hvaða reikningum ætlar Seðlabankinn að greiða þá fjármuni sem hér um ræðir? Hæstv. viðskrh. er því miður á gati í þessu máli núna, en við getum gefið honum kost á því að bæta sig þangað til 3. umr. fer fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það hefur komið fram mjög ákveðin beiðni af hálfu hæstv. viðskrh. um að 3. umr. um þetta mál geti farið fram nú í dag og vænti ég þess að hv. þdm. hafi ekki á móti því. Þetta mál hefur lengi legið hér fyrir deildinni og hæstv. viðskrh. tjáði mér að það væri mikil nauðsyn á því að þessu máli yrði hraðað í meðförum Alþingis. Ég vænti þess að það verði ekki neinn sem finnur að þeirri málsmeðferð.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég get ekki fellt mig við þessi vinnubrögð. Ég bar fram ákveðna fsp. til hæstv. viðskrh. áðan. Það hefur verið venja ráðh. að verða við slíkum óskum þm. og það hefur verið venja forseta að sjá til þess að þm. fengju greitt úr slíkum spurningum. Ég tel þess vegna algerlega óeðlilegt að fara að drífa málið á dagskrá nú þegar. Það getur ekki greitt fyrir góðu samstarfi um þinghaldið að þræla málum í gegn

með slíkum hætti. Ég mótmæli þessu harðlega. Ég tel að hérna sé um óeðlileg vinnubrögð að ræða, sem séu í ósamræmi við það sem tíðkast hefur í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu á undanförnum þingum. Og það er sérkennilegt ef hæstv. viðskrh. ætlar að fara að þræla þessu máli áfram með þessum hætti þegar þess er gætt að nál. í þessu máli hefur lengi legið fyrir og það var vel hægt að ræða málið á síðasta fundi deildarinnar eða næstsíðasta. Það var ekki gert vegna þess að hæstv. ráðh. voru að kvelja bréf út úr Seðlabankanum til að geta komið málinu í gegn hér í þinginu. Svo þegar þeir eru búnir að nudda þessum bréfum út úr Seðlabankanum — tveimur frekar en einu — vilja þeir þræla hér í gegn tveimur umr. með afbrigðum á sama degi. Ég mun ekki greiða atkv. með afbrigðum um þetta, heldur á móti. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og ég mótmæli því að hæstv. viðskrh. skuli láta sér detta í hug að koma fram við stjórnarandstöðuna með þessum hætti.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég mótmæli því, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv., að hér sé um óvenjuleg vinnubrögð að ræða í sambandi við 3. umr. máls sem enginn ágreiningur er um, en samkv. því nál. sem fyrir liggur eru allir nm. sammála og mæla með þessu frv. Ég taldi mig hafa svarað þeirri fsp. sem hv. þm. kom fram með. En það hvarflar ekki að mér að þvinga einhverja hluti fram. Upplýsingar þær sem fyrrv. viðskrh. bað um, en hann vildi fá þær bréflega, er mjög auðvelt að tryggja að liggi fyrir nefndarfundi í Ed., þannig að það mál þarf ekki með einum eða öðrum hætti að tefja fyrir afgreiðslu þessa máls.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég hefði nú kosið að hæstv. viðskrh. hefði skýrt nánar fyrir þingheimi þörfina á því að þessu máli sé hraðað, og þar sem komið hefur mjög eindregin ósk fram um að þessu máli verði frestað og 3. umr. fari ekki hér fram með afbrigðum hefði ég kosið, vegna þess að hæstv. viðskrh. hefur sérstaklega óskað eftir því að sú málsmeðferð verði viðhöfð, að hann upplýsti nánar um hver þörfin er í því efni. — Þetta mál er tekið út af dagskrá.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér kost á að hefja hér máls á allalvarlegu máli, sem ég tel vera, en það er ástandið sem skapast hefur við Ísafjarðardjúp vegna stöðvunar á rækjuveiðum þar vestra. Það er, a. m. k. í mínum huga og þeirra sem þarna eiga hlut að máli, sem eru a. m. k. nokkuð á annað hundrað manns, æði alvarlegt mál þegar slíkt gerist og þarf e t. v. að gerast.

Ástæðan fyrir þessu er sú, að þann 14. nóvember s. l. voru rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi stöðvaðar með öllu eftir að hafa staðið í röskan hálfan mánuð. Þær hófust, ef ég man rétt, um 28. október. Þetta er ákveðið fyrirvaralaust og að því er mér er tjáð af hlutaðeigandi aðilum þar vestra, sem eru rækjusjómenn, án þess að nokkuð hafi verið við þá rætt um það ástand sem þarna var að skapast og kynni að skapast. Ný hygg ég að öllum hv. þm. sé ljóst að um viðkvæmnismál er að ræða þegar loka á heilum veiðisvæðum. Það er mikið viðkvæmnismál, auk þess að vera mikil spurning um fjárhagsstöðu, þegar til slíkra aðgerða er gripið og því æskilegast að það sé gert, eftir því sem hægt er, í sem nánustu samkomulagi og samstarfi við þá aðila sem hlut eiga að máli. Mér er tjáð að svo hafi ekki verið og ber að harma það. Auk þess fullyrða sjómenn þar vestra að aðgerðum af þessu tagi, lokun alls Djúpsins og allra veiðisvæða þar, hafi ekki áður verið beitt. Þeir halda því fram, sem ég mun víkja að á eftir, að innan þessa svæðis séu veiðisvæði þar sem seiðagengd sé undir leyfilegum mörkum.

Ég vek athygli á því að hér er um að ræða algera stöðvun hjá sjómönnum. Það eru 70 einstaklingar, sem þarna eiga hlut að máli, sem hafa stofnað til ærins kostnaðar við undirbúning vertíðar, upp á tugi eða hundruð þúsunda hver um sig, og hafa sagt upp vinnu þeirri sem þeir voru í vegna þess að gefin var heimild til veiða. Þegar hún var gefin tjá þeir mér að ekki hafi verið taldir neinir annmarkar á að veiðum yrði haldið áfram. Ekkert benti til þess, þegar leyfið var gefið, að til stöðvunar þyrfti að koma, allra síst að til þess þyrfti að koma að loka heildarsvæðinu. — Auk þess hafa á annað hundrað manns í landi misst atvinnu vegna þessarar lokunar. Það er vægast sagt alvarlegt ástand á ekki stærra svæði en þarna er um að ræða þegar hátt í 200 mannns missa atvinnu sína, ekki síst á þeim tímum sem nú ganga yfir íslenskt þjóðfélag og ég tala nú ekki um yfir launafólk í landinu.

Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér bréf sem ég hef fengið í hendur. Það er dagsett á Ísafirði 16/11 1983 og er svohljóðandi. Það er til hæstv. sjútvrh.:

„Þann 14. nóvember var Ísafjarðardjúpi lokað fyrir rækjuveiðum. Akvörðunin var byggð á rannsóknaleiðangri í Djúpinu vikuna á undan lokuninni. Tekin voru sýni um allt Djúpið. Samkv. meðaltalsútreikningum var seiðamagn meira en heimilt er til veiða. Við erum að sjálfsögðu hlynntir því að ekki sé veitt á þeim svæðum þar sem seiðamagn er of mikið. Nú er það aftur á móti ljóst samkvæmt áðurgreindum leiðangri að Djúpið undan Æðey og þar með allir Jökulfirðirnir var með mjög lítið seiðamagn, langt undir leyfðum mörkum. Það eru því eindregin tilmæli okkar að Djúpinu verði svæðisskipt og leyfðar veiðar í þeim hluta þess þar sem seiðamagn eru undir leyfðum mörkum. Jafnframt verði söknarþunginn minnkaður um helming þann tíma sem aðeins er heimilt að veiða í hluta af Djúpinu. Að sjálfsögðu fylgdist fiskifræðingurinn Guðmundur Skúli Bragason með veiðunum og gæti þá lagt fram tillögur um breytingar eða lokun eftir því sem seiðamagnið gæfi tilefni til.

Það er von okkar að tillögur þessar, sem brjóta ekki í bága við verndarsjónarmið en gætu tryggt lágmarksatvinnu fyrir sjómenn og það verkafólk sem á afkomu sína undir rækjuveiðum, njóti velvildar rn. og fáist staðfestar sem fyrst."

Hér er um það að ræða að rækjusjómenn sjálfir undirstrika að þeir hafa ekki uppi óskir — ég tala nú ekki um kröfur — um að veiða á þeim svæðum sem talið er varhugavert að veiða á vegna mikils seiðamagns, en óska eindregið eftir því að Djúpinu verði svæðisskipt og leyfðar verði veiðar á þeim svæðum þar sem seiðamagn er undir mörkum sem reglugerð leyfir og einnig verði dregið úr söknarþunga um helming frá því sem nú er meðan það ástand varir. Mér er tjáð að verði dregið úr söknarþunga um helming megi minnka

líkur á seiðadrápi, sem út úr þessum rannsóknaleiðangri kom, um 70 til 80%.

Ég skal ekki fara nánar út í það, en ég tel að hér sé um það alvarlegt mál að ræða að mig langar til að beina tveimur eða þremur spurningum til hæstv. sjútvrh., sem eru svohljóðandi:

1. Verður þeim tilmælum rækjusjómanna um að Djúpinu verði svæðisskipt og leyfðar veiðar þar sem seiðamagn er undir leyfðum mörkum neitað?

2. Á ekkert tillit að taka til þeirrar tillögu rækjusjómanna sjálfra að minnka sóknina um helming þann tíma sem heimilt yrði að veiða í hluta af Djúpinu, þrátt fyrir að talið sé að slík sóknarminnkun þýddi að líkur á seiðadrápi minnkuðu um 70 til 80%?

3. Hvernig er hugsað að standa að rannsóknum á næstunni í Djúpinu? Því hefur verið haldið fram í mín eyru að allar líkur bentu til þess að ekki yrði rannsakað í Djúpinu fyrr en eftir áramót. Ég tel það afskaplega óeðlilega ákvörðun, ef það yrði úr, og þess vegna er spurningin um hvernig rannsóknum verði hagað þarna á næstunni.

4. Finnst ekki hæstv. sjútvrh. eðlilegt að haga lokun svæða við rækjuveiðar með svipuðum hætti og varðandi togaraflotann við þorskveiðar, þ. e. að færa flotann til á svæðum eftir því sem tilefni gefst til og útkomur úr rannsóknaleiðöngrum sýna?

Ég skal ekki, herra forseti, taka lengri tíma í þetta að sinni, en ég taldi og tel að þetta mál sé svo alvarlegt fyrir þá aðila sem þarna eiga hlut að máli að það beri að gera allt sem hugsanlegt er til þess að komast hjá meiri vandræðum en þegar eru orðin. Ég undirstrika eigi að síður að engin krafa er gerð um að veiða í Djúpinu á þeim svæðum þar sem fyrir liggja rannsóknir að er mikið eða yfirgnæfandi seiðamagn miðað við það sem fiskifræðingar telja eðlilegt séu veiðar leyfðar. En þetta er það alvarlegt að ég tel að gera beri allar þær ráðstafanir og hliðra til með öllum þeim hætti sem hægt er bæði gagnvart veiðiskapnum og einnig taka tillit til þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli og hafa byggt sína afkomu á þessum veiðum, a. m. k. á þeim tíma árs sem nú er.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Áður en ég svara fsp. sem til mín hefur verið beint vil ég fyrst fara nokkrum orðum um mál þetta.

Á þessu hausti hafa rækjusvæðin í Ísafjarðardjúpi verið könnuð þrisvar sinnum með sérstöku tilliti til fiskseiða. Fyrsta könnunin var framkvæmd í ágústlok og sú næsta um mánaðamótin sept.—okt. Þessar athuganir sýndu að það var talsvert um seiði í Ísafjarðardjúpi, en þó í bæði skiptin undir þeim lokunarmörkum sem hafa verið sett og gilt hafa í mörg ár. Á þessum forsendum hófust rækjuveiðar og voru þær leyfðar 28. okt. Eftir að veiðarnar hófust kom í ljós að ekkert lát hafði orðið á seiðagöngum inn í Djúpið. Er mér tjáð að engin leið sé að segja fyrir um þær, heldur verði þær að athugast hverju sinni. Er þá komin skýringin á því hvers vegna lokun var ákveðin með svo skömmum fyrirvara.

Það er vissulega rétt að mjög óheppilegt er að slíkt sem þetta skuli þurfa að gerast svo snögglega. Hins vegar er skýringin sú, að ákveðið var að reyna allt til þess að koma þessum veiðum af stað, en á síðustu stundu kemur í ljós að ástandið er orðið eins slæmt og raun ber vitni. Könnunin átti sér stað í Ísafjarðardjúpi 30. okt. til 8. nóv. á einum rækjubátanna, en þá voru veiðarnar hafnar. Sú athugun gaf til kynna að í Ísafjarðardjúpi væru 20—30 millj. þorsk- og ýsuseiða og meira af smásíld og smáloðnu.

Einnig var vitað að rækjubátar hentu jafnvel heilum hölum, þar sem það var algjörlega óvinnandi fyrir þá að hreinsa fiskseiðin úr rækjuaflanum. Seiðamergð sem þessi hefur ekki verið í Ísafjarðardjúpi síðan haustið 1978, en þá voru rækjuveiðar bannaðar í Djúpinu fram til áramóta.

Samkv. þessari könnun, sem fór fram í Ísafjarðardjúpi, veiddi rækjubáturinn, sem ég gat um áðan, að jafnaði 2 500 þorsk- og ýsuseiði á rækjutonn. Vikuaflinn er 6 tonn af rækju og veiddust því á viku á einum bát að jafnaði 15 þús. þorsk- og ýsuseiði. 32 bátar granda þá á viku tæplega hálfri millj. þorsk- og ýsuseiða. Á þeim fjórum vikum sem lokunin gæti verið í gildi, ef hún þarf að vera alveg fram að 10. des., sem að vísu er ekki endanlega vitað, mundu bátarnir granda 2 millj. þorsk- og ýsuseiða. Ef helmingur af þessum seiðum nær fjögurra ára aldri, eins og mætti ætla, eða jafnvel meira, þá væru hér um 2 þús. tonn af þorski og ýsu við fjögurra ára aldur. Þar fyrir utan er mikið af smásíld og smáloðnu — í meira magni en þorsk- og ýsuseiðin. Það má þá gera ráð fyrir á sömu forsendum að það mundu tapast a. m. k. 4 þús. tonn af þorski, ýsu, síld og loðnu.

Ísafjarðardjúpinu var sem sagt einfaldlega lokað vegna þess að seiðamergðin var verulega yfir lokunarmörkum. Það voru sem sagt um 2 500 þorsk- og ýsuseiði og 2 900 síldarseiði á hvert rækjutonn. Ef þetta er yfirfært yfir í verðmætamat, þar sem síldarseiðin eru lægra metin en þorsk- og ýsuseiðin, eru þetta 3 475 seiði, en lokunarmörkin, sem eru að mínu mati allhá, eru 2 650. Þessi mörk hafa verið í gildi um nokkurn tíma, en eru að mínu mati allhá.

Það þótti ekki mögulegt að loka afmörkuðum svæðum, enda eru seiði á ferð og flugi og hefur margra ára reynsla sýnt fram á haldleysi svæðalokana í Ísafjarðardjúpi. Reynsla er hins vegar fyrir því, að seiði eru að mestu gengin úr Djúpinu um áramót og ekki er ástæða til að ætla annað en að svo verði einnig nú.

Það er alveg rétt, eins og kom fram hjá hv. þm., að það voru svæði sem voru nokkuð undir lokunarmörkum, eða um 2 200 til 2 300 seiði ef ég man rétt, lengra úti í Djúpinu, en það ber einnig að geta þess að seiðin munu að sjálfsögðu ganga um þetta svæði og þess vegna ekki talið að það sé rétt að svæðisskipta Djúpinu. Er ég þá einnig kominn að hans fyrstu spurningu, hvort Djúpinu yrði svæðisskipt. Svarið við þeirri spurningu er nei.

Hámarksveiði á rækju í Ísafjarðardjúpi hefur verið ákveðin 2 100 lestir á vetrarvertíðinni. Ég vil einnig geta þess, að ekkert sambærilegt innfjarðarsvæði á Íslandi gefur af sér önnur eins verðmæti. Seiðin munu að sjálfsögðu ganga úr Djúpinu, en rækjan verður eftir. Hér er fyrst og fremst spurningin um hvernig ber að skipuleggja rækjuveiðarnar þannig að sem minnst sé drepið af seiðum á veiðitímabilinu.

Það er sjálfsagt að athuga í ljósi reynslunnar hvort ekki sé rétt að hefja rækjuveiðina hreinlega um áramót vegna þessarar reynslu. Ég er þeirrar skoðunar, að rétt væri að athuga það og ræddi það m. a. við rækjusjómenn, því það sem er verst fyrir fólkið er að búa við óvissu, vita ekki fyrr en með nokkurra daga fyrirvara að

nú verði veiðin stöðvuð og atvinnan sé glötuð. Það er mun betra, að mínu mati, að draga úr þessari óvissu, þannig að fólkið viti nákvæmlega að hverju er gengið. Mér finnst sjálfsagt að athuga í framtíðinni að rækjuveiðin hefjist ekki fyrr en um áramót.

Önnur spurningin var sú, hvort kæmi til greina að minnka sóknina um helming. Svarið við því er nei.

Þriðja spurningin var: Hvernig á að standa að rannsóknum? Djúpið mun verða kannað upp úr næstu helgi eða í byrjun næstu viku og þá mun væntanlega koma í ljós hvort hugsanlegt er að hefja veiðarnar aftur. Ef það kemur í ljós og niðurstaðan verður sú að Hafrannsóknastofnunin mælir með því, þá verður að sjálfsögðu leyft að veiða rækju.

Það er algjörlega vonlaust að stjórna fiskveiðum við Ísland nema hlutlægar reglur séu hafðar þar að leiðarljósi. Þarna hafa verið skapaðar ákveðnar reglur, sem verður að fara eftir. Ef menn hætta að halda í slíkar reglur er engin leið að stjórna þessum hlutm. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir þeim vanda sem skapast af þessum sökum, en hins vegar megum við ekki líta á þetta eingöngu neikvætt, vegna þess að það er að sjálfsögðu mjög gott að það skuli vera svo mikið magn af seiðum í Dúpinu. Það bendir til þess að klakið í vor varðandi þorsk og ýsu hafi heppnast allsæmilega. Þótt það sé ekki nákvæm sönnun fyrir því, þá eru það að sjálfsögðu góðar fréttir að mikið skuli vera um seiði.

Hv. þm. spurði að lokum um hvort ekki væri rétt að hafa sams konar reglur varðandi rækjubátana og togarana. Ég tel að svo sé ekki. Þar er ekki um sams konar veiðar að ræða. Við erum annars vegar að tala um innfjarðarsvæði og hins vegar úthaf og þar geta ekki gilt sömu reglur.

Herra forseti. Ég vænti þess að svör þessi séu fullnægjandi. Ég vil endurtaka að ég hef fullan skilning á því, hvers konar vandamál skapast þegar slík lokun á sér stað, en það er hins vegar að mínu mati ekki verjanlegt að slíkt seiðadráp eigi sér stað eins og þarna hefði annars orðið. Í reynd getur ekkert réttlætt það, að mínu mati, við þau skilyrði sem nú eru komin upp í okkar sjávarútvegi. Það hefur oft komið fyrir áður að svæðum hefur verið lokað, t. d. var lokað í fjögur ár við Eldey og skapaði mjög mikinn vanda. Það var lokað á Breiðafirði, eftir því sem ég best man, um tveggja ára skeið. Þetta getur því miður alltaf komið upp og verður ekki hægt að ráða við. — En ég tel í ljósi reynslunnar að sjálfsagt sé að athuga það fyrir framtíðina að rækjuveiðar í Djúpinu hefjist ekki fyrr en um áramót. Þá veit fólkið nákvæmlega að hverju það gengur.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Við höfum slæmar fréttir af þorskstofninum, við höfum veitt of mikið af smáfiski um mörg undanfarin ár og ég tel mjög rangt að leyfa veiðar á rækju eða öðrum sjávardýrum ef það hefur í för með sér að drepa ungviðið í stórum stíl, eins og hér er um að tefla. Ég tel að það ætti frekar að herða þessar reglur en að slaka til og, herra forseti, ég leyfi mér að lýsa því yfir að ég styð hæstv. sjútvrh. í öllu sem hann sagði í síðustu ræðu.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég minni enn á, að fundartímanum er lokið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal taka tillit til orða hæstv. forseta, þó að mér finnist þetta mál ekki síður alvarlegt en ýmis þau mál sem hér er eytt æðilöngum tíma í, sbr. það sem hér gerðist á undan þessu.

Nóg um það. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf hér, þó að ég harmi að það skuli ekki vera hægt að verða við þeim að ég tel eðlilegu óskum sem þarna hafa komið fram. Hann undirstrikaði að það væri rétt, sem sjómenn vestra halda fram, að það eru svæði í Djúpinu sem að seiðamagni til eru undir þeim mörkum sem leyfð eru, en af einhverjum ástæðum — eðlilegum skulum við kannske segja — telja fiskifræðingar að svæðaskipting sé ekki framkvæmanleg.

Ég tel hins vegar að það hafi þó gerst í Ísafjarðardjúpi nokkuð oft áður að svæðum hefur verið lokað, en leyft að veiða á öðrum. Ekki skal ég þó deila um það. Ég hef ekki sérfræðihliðina í málinu og skal ekki fullyrða neitt, en ég hygg að þetta hafi verið gert.

Ég bið menn að taka þetta á engan hátt á þann veg að hér sé verið að mæla með að veiða á svæðum sem mikið seiðamagn er fyrir á. Ég hygg að mönnum detti það ekki í hug. Ástæðan fyrir óskum sjómanna vestra er sú, að það eru þarna svæði sem er hægt að veiða á.

Ég fagna því þó, að hæstv. ráðh. gaf þá yfirlýsingu hér að það yrði kannað í Djúpinu í byrjun næstu viku. Ég fagna því, að það skuli þó verða fylgst með hvort þarna eiga sér stað breytingar sem hugsanlega — og vonandi segi ég — verða í þá átt að þarna verði hægt að leyfa einhverja veiði áður en langt um líður.

Sjútvrh. sagði hér að þetta hefði verið gert á svipaðan hátt 1978. Um það skal ég ekki deila, ég hef ekki um það alveg upplýsingar, en mig minnir þó, að þegar ákveðin var lokun alls Djúpsins fyrir rækjuveiðum þá hafi páv. hæstv. sjútvrh., sem var Matthías Bjarnason, beitt sér fyrir því að það yrði þó létt undir með þeim einstaklingum sem þarna áttu hlut að máli, þ. e. eigendum rækjubáta sem búnir voru að leggja í mikinn kostnað við undirbúning. Aflatryggingasjóður létti að einhverju leyti undir með þeim þá. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh. hvort hann hafi í hyggju að beita sér fyrir einhverjum slíkum aðgerðum, ef það verður svo, sem ég vona að ekki þurfi til að koma, að Djúpið verði lokað alveg fram yfir áramót. Ég teldi það mikils virði fyrir þá menn, sem eru búnir að leggja í mikinn kostnað á þeirra mælikvarða, ef þeir mættu a. m. k. vænta velvildar hæstv. sjútvrh. og stjórnvalda hvað það varðar að létta þeim eitthvað byrðarnar. Einnig á það við aðra sem þarna eiga hlut að máli. Þá á ég kannske sérstaklega við þá sjómenn sem þarna voru búnir að ráða sig til starfa.

Ég ítreka þakkir til hæstv. ráðh., en harma að svör hans benda til þess, a. m. k. enn sem komið er, að Djúpið verði lokað algjörlegá fyrir rækjuveiðum þangað til leiðangur úr rannsókn gefur annað til kynna.

Sameinað þing, 23. fundur.

Þriðjudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 22. nóv. 1983.

Ólafur Jóhannesson, 9. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson dósent, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Haralds Ólafssonar og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þetta til rannsóknar. Á meðan er fundi frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Haralds Ólafssonar, 1. varaþm. B-listans í Reykjavíkurkjördæmi, en hann tekur sæti Ólafs Jóhannessonar, hv. 9. þm. Reykv., sem ekki getur sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda.

Kjörbréfanefnd gerir engar athugasemdir við kjörbréfið og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Haraldur Ólafsson hefur áður setið á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Endurskoðun laga um sjálfræðissviptingu, fsp. 53. mál (þskj. 56). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 56 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„Hefur nefnd sú, sem skipuð var til að endurskoða lög um sjálfræðissviptingu, lokið störfum? Ef svo er, hverjar eru tillögur nefndarinnar?"

Svar við þessari fsp. er að mestu komið í framlagningu hæstv. ráðh. á frv. til lögræðislaga þar sem einn kafli fjallar sér í lagi um þennan umspurða þátt. Helst væri þá á þessu stigi að spyrja hæstv. ráðh. hvort um það væri að ræða að breytingar hefðu orðið á tillögum nefndar að frv.-drögum miðað við fullbúið og framlagt frv. Að öðru leyti vísast til þess að ég mun í Ed. eiga þess kost að ræða frv. efnislega og betur og m. a. koma vissum ábendingum á framfæri.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda hefur frv. um þetta efni þegar verið lagt fram á þskj. 88, þar sem er frv. til lögræðislaga. Og þetta frv. er lagt fram eins og nefnd sú, sem skipuð var, skilaði því frá sér. En rn. hefur ekki gert þar breytingar á. Hins vegar hafa mér nú borist nokkrar aths. frá öðrum aðilum um málið sem sú nefnd, sem fær þetta til umfjöllunar í Ed., mun taka til athugunar.

Kostnaður af kynningu á efnahagsaðgerðum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, fsp. 80. mál (þskj. 85). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Í haust lagðist hæstv. forsrh. í ferðalög til þess að útlista fyrir launafólki þann árangur af efnahagsaðgerðum Sjálfstfl. og Framsfl. sem Morgunblaðið kallaði í leiðara á dögunum talnaleik og sjálfsblekkingu. Þrátt fyrir að hæstv. fjmrh. sýndi þeim, sem á hans náðir leituðu fyrir félagssamtök og aðra hópa landsmanna, ofan í tómar skúffur þar sem alls engir peningar fundust, er ekki annað vitað en þessi áróðursferðalög hæstv. forsrh. hafi verið greidd úr galtómum ríkissjóð og bætist við þann halla sem á honum verður í ár. Sama er að segja um kostnað af áróðursbæklingi, sem ríkisstj.-flokkarnir sendu inn á hvert heimili í landinu.

Stjórnarandstöðuflokkarnir, sem reyndu að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við almenning, kostuðu á hinn bóginn sjálfir ferðalög og húsnæði vegna þeirra fundahalda sem þeir efndu til í því skyni að stjórnarflokkarnir væru ekki einir um að fjalla um efnahagsaðgerðir sem jafnvel Morgunblaðið hefur nú léttvægar fundið sem lausn á efnahagsvandanum, svo harkalega sem þær bitna þó á launafólki í landinu. Það ætti að vera nóg á almenning lagt í þeim efnum þó að ekki bættust þar á ofan útgjöld til þess að kosta áróðursferðir þeirra sem stormað hafa um landið til að réttlæta kauprán og réttindasviptingu. Lágmark er a. m. k. að það sé upplýst hverju hefur verið kostað til af almannafé. Þess vegna hef ég lagt fram á þskj. 85 fsp. til hæstv. forsrh. um kostnað ríkissjóðs af kynningu á efnahagsaðgerðum Sjálfstfl. og Framsfl. Þær eru svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hver er kostnaður ríkissjóðs af fundahöldum forsrh. til kynningar á efnahagsaðgerðum Sjálfstfl. og Framsfl. a) vegna ferðalaga, b) vegna húsaleigu, c) vegna annarra útgjalda, þ. m. t. auglýsinga?

2. Hver er kostnaður ríkissjóðs vegna ritlings sem sendur hefur verið inn á hvert heimili í landinu til kynningar á efnahagsaðgerðum Sjálfstfl. og Framsfl. a) vegna hönnunar, b) vegna prentunar, c) vegna annarra útgjalda, þ. m. t. sendingarkostnaðar?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Svörin við þessum spurningum eru eins og ég skal nú rekja:

1. Vegna funda er enginn reikningur vegna ferðalaga. Annaðhvort ók ég í minni bifreið eða fór með landhelgisgæslu, þegar ferð féll til, og með flugmálastjórn einu sinni.

2. Þrír reikningar hafa borist vegna fundarsala, frá Hótel Borgarnesi, Hótel KEA og Hótel Sögu, samtals 5820 kr.

3. Auglýsingareikningar eru 45 760 kr. Samtals var kostnaður við fundaferðir því 51 580 kr.

Vegna þess rits sem ríkisstj. ákvað að gefa út var hönnunarkostnaður 39 600 kr., prentunarkostnaður var

samtals 104 802 kr. með söluskatti og önnur útgjöld, þ. e. sendingarkostnaður, annar kostnaður varð ekki, varð samkvæmt reikningi Póststofunnar í Reykjavík 197 610 kr. eða samtals 322 070 kr. auk söluskatts að upphæð 19 942 kr., sem ég gat um áðan og var inni í þeirri upphæð sem ég nefndi vegna prentunar.

Ríkisstj. varð eins og mönnum er kunnugt að grípa til mjög róttækra aðgerða í upphafi ferils síns til þess að bægja frá miklum voða í efnahagsmálum. Ríkisstj. taldi eðlilegt og skylt að kynna landsmönnum aðgerðir og árangur eins og frekast væri kostur. Um tvenns konar útgáfu var rætt. Annars vegar um ítarlegt rit eins og fyrr hafa verið gefin út — t. d. gaf viðreisnarstjórnin út slíkt rit í upphafi síns ferils — eða minna rit sem aðgengilegra væri fyrir almenning. Síðari kosturinn var valinn og þá m. a. með tilliti til þess að útgáfukostnaður og dreifingarkostnaður er miklu minni á slíku riti.

Ég vil vekja athygli á því að iðulega hafa verið gefin út upplýsingarit á vegum ráðuneyta. Svo að ég taki nærtækt dæmi gaf þáv. iðnrh. út í mars s. l. bæklinginn „Álmálið, ýmis gögn, samskipti við Alusuisse vegna ÍSAL“ og annan bækling sem hét „Þættir af samskiptum íslenskra stjórnvalda og Alusuisse.“ Mér er ekki kunnugt um að um þetta væri fjallað í þeirri ríkisstj. sem þá sat en skv. upplýsingum iðnrn. var kostnaður vegna bæklingsins, þ. e. „Álmálið, ýmis gögn um samskiptin við Alusuisse vegna ÍSAL“, sem gefin var út í 3000 eintökum, 77 136 kr., aðeins prentunarkostnaður. Enginn annar kostnaður er skráður í rn. Kostnaður við samningu og prentun síðarnefnda bæklingsins, sem gefinn var út í 500 eintökum var samtals 165 686 kr. Ég er ansi hræddur um að sumir ráðherrar í fyrrv. ríkisstj. hefðu getað gert ýmsar aths. við ýmislegt sem í þessum bæklingum stendur og kostað var af opinberu fé.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans, varðandi þann kostnað sem skattgreiðendur hafa haft af áróðursferðalögum hans og áróðursbæklingum þeim sem stjórnarflokkarnir hafa gefið út til varnar þeim kjaraskerðingarráðstöfunum sem gagnslausar eru sem lausn á efnahagsvanda þjóðarinnar. Og jafnframt legg ég á það áherslu að ég tel þessa greiðslu vera misnotkun á almannafé þar sem fjármunir úr ríkissjóði eru notaðir í heimildarleysi til þess að kosta einhliða túlkun tveggja stjórnmálaflokka á mjög svo umdeildum efnahagsráðstöfunum þessara sömu flokka.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. 5. þm. Reykn. og bæta því við, að að mínu mati er þessi ráðstöfun öll bæði óskammfeilin og bíræfin. Kjósendur kusu í vor um mismunandi stefnumál stjórnmálahreyfinga. Engum þessara kjósenda datt í hug að niðurstaða þessara kosninga yrði sú, að ekki væri lélegri stjórn fyrri ára um að kenna hvernig efnahag landsins væri komið, heldur væri þetta eingöngu landsmönnum sjálfum að kenna og þá sérstaklega þeim sem skömmtuð væru laun af öðrum og þess vegna bæri brýna nauðsyn til að svipta þá samningsrétti annars vegar og hins vegar hluta þeirra launa sem þeir höfðu fengið að mati stjórnvalda of mikið af í sín launaumslög. Að sama fólk þurfi síðan að greiða kostnaðinn af því að láta segja sér þennan stóra sannleik er bíræfið og óskammfeilið að mínu mati og fordæmi sem ekki kemur til greina að samþykkja.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég get ekki alveg tekið undir það sem hv. tveir þm., sem töluðu hér á undan, sögðu. Ég held nefnilega að ríkisstjórnir á hverjum tíma eigi að gegna vissri upplýsingaskyldu gagnvart fólkinu í landinu. Ég sé þess vegna ekkert því til fyrirstöðu þótt hæstv. forsrh. gerði það að reglu að fara um landið einu sinni á ári til að kynna stefnu ríkisstj. Það er ekkert á móti því, ekki neitt.

Hitt er svo önnur saga, hvernig þetta er gert. Það er spurningin um það hvort viðkomandi hæstv. ráðh. er að kynna flokk sinn sérstaklega og sjálfan sig eða hvort hann er að mæla fyrir stefnu hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma. Ég held að það sé í rauninni ekkert athugavert við þau fundahöld sem hæstv. forsrh. efndi til. Hins vegar þótti mér útgáfan á bæklingnum fyrir neðan allar hellur, og þeim fjármunum sem fóru til þess var illa varið, einfaldlega vegna þess að þessi bæklingur hafði nákvæmlega ekkert upplýsingagildi fyrir almenning í landinu og auk þess var hann forljótur.

Ég segi þetta vegna þess að ég held að ríkisstjórnir á undanförnum árum hafi gert allt of lítið af því að uppfræða landslýð um það á hvaða leið þær væru hverju sinni. Af þeim sökum þótti mér nákvæmlega ekkert athugavert við fundahöld hæstv. forsrh. Hafi hann hins vegar á þessum fundum eingöngu notað tímann til þess að reka áróður fyrir Framsfl., þá væri það ámælisvert. En það held ég að hæstv. forsrh. hafi ekki beinlínis gert, heldur var hann að verja mjög erfiðar aðgerðir ríkisstj. Og ég held að menn verði að horfa á þetta í talsvert öðru ljósi en því, að það hafi verið varið einhverjum peningum til þessara hluta. En ég óska jafnframt eftir því að hæstv. forsrh. komi nú hér í stólinn og lýsi því yfir að hann ætli að gera þetta á hverju ári. Þá væri orðinn dálítill bragur á þessu.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þessi ferðaskýrsla hæstv. forsrh. var mjög fróðleg, ekki síst í ljósi þess, að Þjóðhagsstofnun og ríkisfjölmiðlar hafa að mínum dómi staðið sig alveg þokkalega í að koma því á framfæri við þjóðina hvernig ríkisstj. miðaði í efnahagsmálunum. Auk þess býr þessi ríkisstj. yfir allnokkrum blaðakosti. Það munu vera á 2. hundrað þúsund eintaka sem fara á borð landsmanna á hverjum degi, sem beint eða óbeint mega teljast málgögn þessarar ríkisstj. í einum fjórum blöðum, þar sem eru Morgunblaðið, Tíminn, Dagblaðið og Lögbirtingablaðið.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort bensínið á flugvélar Landhelgisgæslu og flugmálastjórnar sé ókeypis. Og ég er ekki alveg viss um að þessir örfáu dropar, sem sparneytni jeppinn eyðir, séu heldur ókeypis fyrir þjóðarbúið. Einhvers staðar verður það gert upp í lokin. Það liggur því auðvitað beint við að spyrja í endann: Má stjórnarandstaðan senda hæstv. ríkisstj. reikning upp á 373 650 kr. eftir þann áróður sem hún hyggst kannske koma á framfæri við landsmenn hér á næstunni? Og fáum við ókeypis aðgang að flugvél Landhelgisgæslunnar og skrúfuþotu flugmálastjórnar ef við förum fram á það?

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Mig langar aðeins að leggja orð í belg um þennan bækling sem hér var nefndur. Mér finnst Upplýsingarit heldur einkenni-

legt heiti á slagorðabæklingi af þessu tagi. Bæklingurinn var framleiddur á auglýsingastofu og ber þess merki að umbúðirnar skipti meira máli en innihaldið. Þetta er slagorðabæklingur og engin tilraun gerð til þess að útskýra eða rökstyðja. Ég get nú ekki stillt mig um að fara hérna með eina laglega vísu, með leyfi forseta:

Allt er mælt á eina vog
í því svarta skýi.
Helmingurinn öfgar og
afgangurinn lygi.

Þetta kvað Jón Þorsteinsson skáldbóndi á Arnarvatni um pólitík og þó að þetta sé kannske ekki sönn lýsing á þessum slagorðabæklingi, þá kom mér þessi vísa í hug þegar ég sá hann. Þetta er ekki málefnalegt plagg og ekki nokkur ástæða til að ríkissjóður greiði þetta. Stjórnarflokkarnir geta greitt sinn áróður sjálfir og mér finnst sjálfsagt að senda þeim reikninginn. Ég bendi hæstv. fjmrh. á það, eða þá að draga þetta frá styrkjum til þingflokkanna. Ég vona að hann taki þetta til athugunar. En ef ríkisstj. kýs að láta skattborgarana greiða þetta, þá finnst mér fyllilega spurning hvort stjórnarandstaðan á ekki rétt á sams konar upplýsingabæklingi um sína hlið málanna útgefnum á kostnað ríkisins.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins út af spurningu hv. þm. Árna Gunnarssonar. Ég get ekki lofað honum því að ég fari á hverju ári í fundaferð en það eru miklar líkur til þess, því ég lít á það sem skyldu mína að uppfræða almenning um það sem ríkisstj. er að gera og gefa mönnum tækifæri til að spyrja. Það er töluvert annað en að skýra frá í fjölmiðlum þar sem almenningur hefur ekki aðgang að. Ég mun því taka ábendingu hv. þm. til athugunar. **(Gripið fram í:** Ætli árin verði svo mörg?) Það er ómögulegt að vita, hv. þm. Ég sé vonarsvip á hv. þm. en hann kann nú að þurfa að vera þar nokkuð lengi.

En um bæklinginn. Vitanlega má deila um efni hans og menn geta haft sína skoðun á því. Ég leyfi mér að fullyrða að þar sé ekkert ofsagt og engu logið, en það hefði svo sem vel komið til greina að gefa út miklu ítarlegri bækling, t. d. bækling eins og hv. þm., fyrrv. iðnrh., gaf út, sem sumir hafa kallað áróðursrit fyrir Alþb. og var ekki gefið út með samþykki þeirrar ríkisstj. sem þá sat, eins og ég sagði áðan.

Ég vil líka taka það fram að á þeim fundum sem ég mætti á og voru níu, þá hygg ég að ég hafi hvergi minnst á stefnu neins stjórnmálaflokks heldur aðeins stefnu ríkisstj. og jafnvel ekki hallað á Alþb. og ekki á hv. þm. Svavar Gestsson í því sambandi. Þess var áreiðanlega gætt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þau fáheyrðu undur hafa gerst að hv. 5. þm. Reykn. hefur kvatt sér hljóðs á Alþingi Íslendinga og boðar siðbót á ákveðnu sviði. Það leiðir hugann að því hvort hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að Alþýðusamband Íslands og launþegahreyfingar þessa lands, sem eru með um 1% af launatekjum landsmanna í sínum fórum, noti þá fjármuni ekki til pólitískra afskipta til að auka fylgi Alþb. í landinu og hvort sú ráðstöfun þeirra fjármuna sé hlutlaus að hans mati.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. svaraði því ekki hér, hvort flugvélar og skipakostur Landhelgisgæslunnar og flugmálastjórnar stæðu öðrum þm. opnar til fundahalda í áróðursskyni fyrir sína flokka. Það væri æskilegt að fá alveg skýr svör við því, hvort þessi flugvéla- og skipakostur þjóðarinnar er einhver einkafloti hjá ráðh. líkt og gjafa-Blazerinn er einkabifreið hjá ráðh. Er það kannske skilningur forsrh. að þjóðin hafi líka gefið honum afnotarétt af flugvélakosti landsmanna til þess að stunda áróðursfundi fyrir Framsfl.? Það er rangt hjá hæstv. ráðh. að hann hafi ekki minnst á Framsfl. á þeim fundum. Tíminn sá dyggilega um að koma því til skila að hann hefði minnst á Framsfl. Vegna fordæmisins væri óskandi að ráðh. kæmi hér upp og svaraði því skýrt og skorinort sem hann var spurður að hér áðan: Er það einhver einkaréttur forsrh., eins og allra alþm., að nota flugvélar Landhelgisgæslunnar og flugmálastjórnar og skipakost í þessu skyni og koma svo keikur hér í ræðustól og segja: Þetta kostaði ekki neitt, líkt og fjmrh. sagði hér í gær um framlagið til gjaldeyrissjóðsins. Það kostar heldur ekki neitt. Það er orðið ærið margt sem kostar ekki neitt hjá þessum hæstv. ráðh. Vill ekki hæstv. forsrh. hafa kjark til þess að koma hér upp og svara þessari spurningu?

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Vegna þess að inn í þessa umr. hafa verið dregnir bæklingar sem gefnir voru út í minni tíð sem iðnrh. varðandi Alusuissemálið þá vil ég geta þess hér að þar er nú ólíku saman að jafna í sambandi við þá útgáfu. Það, sem hér hefur verið vikið að, eru ýmis gögn um samskiptin við Alusuisse vegna ÍSALs, þ. á m. tillögur stjórnar og stjórnarandstöðu fram komnar í málinu, svo og sérfræðileg álit í sambandi við athugun á raforkuverðinu til ÍSAL. Þetta eru upplýsingar um stórt hagsmunamál fyrir Íslendinga sem hafa að geyma sjónarmið beggja aðila, þ. á m. ræður haldnar hér á Alþingi af mér og hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni í tengslum við þetta mál.

Hitt atriðið, sem að var vikið, eru þættir af samskiptum íslenskra stjórnvalda og Alusuisse, tekið saman að beiðni iðnrn. af Gísla Gunnarssyni sagnfræðingi og nú doktor. Og ég held að hæstv. forsrh. sé alveg velkomið að segja sitt álit á innihaldi þessa máls hér. Ef hann telur það ekki hlutlæga frásögn þá er rétt að hann komi fram með það.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Landhelgisgæsla og flugmálastjórn eru mikið á ferðinni. Ég hygg að gæslan fljúgi nokkurn veginn daglega víða yfir landið og um miðin. Ég tel sjálfsagt að stjórnvöld noti sér þær ferðir til sparnaðar ef þar fellur saman sú ferð sem ráðh. og fleiri þurfa að fara í á vegum opinberra aðila og ferðir slíkra eins og Landhelgisgæslu og flugmálastjórnar. Og svo var í þessu sambandi í nokkrum tilfellum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. bar það fram sér til varnar að stjórnvöld gætu notað þennan flugvélakost. Alþingi er hluti af þessum stjórnvöldum. Ber að skilja hæstv. ráðh. þannig að þingheimur allur geti, ef hann á leið um landið líkt og þm. eiga yfirleitt, hringt eins og forsrh. til flugmálastjórnar og Landhelgisgæslu og spurt að því hvort flugvélarnar séu á leiðinni á Selfoss eða einhverja aðra

staði og geti óskað eftir því að flugvélin lendi í leiðinni?

Það væri nauðsynlegt til þess að reyna í eitt skipti fyrir öll að koma í veg fyrir misnotkun stjórnmálamanna á almannafé að fá alveg hreint fram hvaða reglur gilda í þessum efnum. Þess vegna óska ég eftir því að ráðh. komi hér upp aftur og svari því skýrt og skorinort: Gildir þetta einnig um Alþingi eða eru þetta einhver forréttindi framkvæmdavaldsins í landinu?

Þessi flugvélakostur er ekki einkaeign framkvæmdavaldsins. Framkvæmdavaldið í landinu hefur engan sérstakan rétt á því að nota þessar flugvélar umfram aðra aðila að stjórn landsins. Fyrst forsrh. ver sig með þessum efnum þá væri rétt að fá alveg skýrt fram hvort e. t. v. þm. geta farið að spara Alþingi ferðakostnað. Hann er ærinn, menn vita það. Það er mikið talað um sparnað í þjóðfélaginu. Getum við kannske farið að grípa til þeirra sparnaðarráðstafana að nota þessar flugvélar?

Þögn Sjálfstfl. í þessari umr. hefur vakið athygli. Ber að skilja það sem svo að þingheimur Sjálfstfl. og ráðh. hafi lagt blessun sína yfir þetta ferðalag forsrh.? Þessi sóun á almannafé hafi verið gerð með bæði vitund og samþykki Sjálfstfl.? Það væri æskilegt að einhver ráðh. Sjálfstfl. eða hinn nýkjörni formaður flokksins svöruðu því hér svo að menn viti ljóst og greinilega hverjir bera ábyrgð á þessu máli öllu.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það var ekki vegna áskorunar hæstv. 7. þm. Reykv. að ég tek til máls. **(Gripið fram í:** Bara háttvirtur.) Nei, hann má heita hæstvirtur, hann langar svo mikið til þess. Hins vegar var það svo sem við að búast að hv. þm., sem allir vita að er eins konar farandbikar í íslenskri pólitík, þyrfti að létta á sér.

Það er undarlegt að menn skuli fjargviðrast annað eins vegna jafn sjálfsagðs máls eins og hér hefur verið rætt um að æðstu stjórnendur landsins fari og kynni fólki þau mál sem um er að ræða og mest á brennur. Það minnir á það sem svo oft kemur fram hjá þessum sömu mönnum sem hér hafa gagnrýnt það svo harkalega að þeir vilja einar reglur fyrir sig og aðrar fyrir aðra. Það á sem sé ekki að gilda sama réttlætið, það er þröngsýnin sem ræður ferðinni, sú þröngsýni að ekki eigi að skýra satt og rétt frá því sem kjörin stjórnvöld landsins eru að gera.

Það er kannske ástæða til að spyrja um ferðakostnað en það má velta fyrir sér hver greiði ferðir hingað og þangað á alls kyns ráðstefnur sem menn stunda víða um heiminn — bögglauppboðsráðstefnur, sem hv. 7. þm. Reykv. er kunnur fyrir. En það hefur alltaf verið kostur að ferðast um heiminn og kynna sér mál en þarna rekast á þröngsýnissjónarmið og minnir á það sem segir í einu af kvæðum Jónasar Hallgrímssonar að: „uni fleti hver sem getur/heimskum gærum á.“ — Þetta er lágkúruleg umr. og það er ástæða til að hvetja til þess og þakka fyrir það að menn fari um landið og kynni stefnu og stöðu stjórnvalda og séu ekkert feimnir við það að fara fram með þau mál þrátt fyrir það að eiga von á slíkri gagnrýni sem hér hefur komið fram.

Samstarfsnefnd um iðnráðgjöf, fsp. 97. mál (þskj. 115). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef ásamt með hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni leyft mér að leggja fram á þskj. 115 fsp. til iðnrh. um samstarfsnefnd um iðnráðgjöf í landshlutum.

1. liður þessarar fsp. er svohljóðandi:

Hvert er starfssvið samstarfsnefndar um iðnráðgjöf í landshlutum og að hvaða verkefnum hefur hún unnið?

2. Hverjir sitja í nefndinni og hverjir eru starfsmenn hennar?

3. Hver er kostnaður við störf nefndarinnar?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hvert er starfssvið samstarfsnefndar um iðnráðgjöf í landshlutum og að hvaða verkefnum hefur hún unnið?“

Samstarfsnefnd um iðnráðgjöf í landshlutum var skipuð með bréfi iðnrn. hinn 18. maí 1982. Nefndinni var falið að hafa með höndum tvö verkefni. Í fyrsta lagi samræmingu á störfum iðnráðgjafa í landshlutum og í öðru lagi stýringu á verkefni um stofnun og þróun smáfyrirtækja. Nefndin mun innan skamms senda frá sér áfangaskýrslu um störf sín. Þeirri skýrslu mun verða dreift hér á hinu háa Alþingi.

Skipun samstarfsnefndar um iðnráðgjöf er liður í því að tryggja framkvæmd 4. gr. laga nr. 86 1981 um iðnráðgjafa. Starfssvið nefndarinnar markast því að verulegu leyti af ákvæðum þessarar lagagreinar en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggð skulu tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir og samtök iðnaðarins og störf þeirra samræmd, undir forystu Iðntæknistofnunar, með hliðsjón af stefnumörkun um iðnþróun og þeim aðgerðum sem unnið er að á hverjum tíma.“

Fram fóru á sínum tíma viðræður milli iðnrn. og Iðntæknistofnunar um tilhögun þessa samræmingarstarfs. Mælti Iðntæknistofnun með því að sett yrði á laggirnar stjórnskipuð nefnd til að hafa umsjón með þessu starfi og koma á framfæri hugmyndum um skipan nefndarinnar. Framkvæmdastjóri þróunardeildar Iðntæknistofnunar er nú formaður samstarfsnefndar um iðnráðgjöf í landshlutum og starfsmaður nefndarinnar hefur aðsetur hjá Iðntæknistofnun. Óhætt er að fullyrða að reynslan hafi þegar staðfest hve mikilvægt það er fyrir framkvæmd laga um iðnráðgjafa að fyrir hendi sé sú aðstoð og þjónusta sem Iðntæknistofnun sér um. Samstarfsnefndin hefur beitt sér fyrir fundum með iðnráðgjöfum og hafa fimm slíkir fundir verið haldnir frá því að nefndin var skipuð.

Samstarfsnefndin hefur hvatt til umr. um myndun iðnþróunarfélaga í landshlutunum og veitt upplýsingar um aðstoð í því sambandi. Þá hafa fulltrúar úr nefndinni sótt fundi fjórðungssambanda sveitarfélaga þar sem rætt hefur verið um iðnráðgjöf og stofnun iðnþróunarfélaga og svæðisbundinna iðnþróunarsjóða.

Varðandi verkefnið um stofnun og þróun smáfyrirtækja er það að segja að þessu verkefni lauk nú í haust og hafði þá staðið yfir í rúmt ár. Hugmyndin um þetta verkefni var fyrr í tengslum við iðnráðgjafastarfsemina. Nefndinni var eins og áður er getið falið að hafa umsjón með verkefninu. Það var hennar fyrsta verk að kanna með hvaða hætti verkefnið gæti orðið til að efla iðnþróun í landshlutunum og iðnráðgjafastarfsemina. Þannig beitti nefndin sér fyrir því að iðnráðgjafarnir gætu fylgst með og tekið þátt í undirbúningi og fram-

kvæmd verkefnisins. Tveir iðnráðgjafar voru leiðbeinendur við verkefnið og starfsmaður verkefnisins var verkefnisstjóri. Markmið smáfyrirtækjaverkefnisins var að aðstoða einstaklinga sem bjuggu yfir hugmyndum um nýja atvinnustarfsemi eða úrbætur í starfandi fyrirtækjum við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Aðstoðin var fyrst og fremst hjálp til sjálfshjálpar og fólst í skipulegri fræðslu og vinnufundum sem dreift var á eitt ár. Mikill áhugi var fyrir verkefninu, um 80 manns sóttu eftir þátttöku en úr þeim hópi voru valdir 22 þátttakendur víðs vegar að af landinu. Stór hluti þessa hóps hefur farið af stað með nýja atvinnustarfsemi eða úrbætur í rekstri.

Samstarfsnefnd um iðnráðgjöf stóð fyrir norrænni ráðstefnu í Borgarnesi 28.—30. ágúst s. l. Ráðstefnuna sóttu u. þ. b. 45 manns, þar af um 20 erlendir fulltrúar frá stofnunum annars staðar á Norðurlöndum sem fást við iðnþróun og ráðgjöf í strjálbýli. Á ráðstefnunni var fjallað um iðnþróun í strjálbýli og skipst á skoðunum um hvernig staðið er að þessum málum á Norðurlöndum. Iðnráðgjafar í landshlutunum tóku þátt í ráðstefnunni svo og fulltrúar úr samstarfsnefndinni. Líkur eru á því að ráðstefnan muni leiða til áframhaldandi samvinnu Norðurlanda á þessu sviði.

Þá gekkst n. fyrir eins dags ráðstefnu á Þingvöllum 2. sept. s. l. með stjórnmála- og embættismönnum og fulltrúum nokkurra samtaka í atvinnulífi. Efni ráðstefnunnar var: Nýjar leiðir í atvinnu-, efnahags- og byggðaþróun.

Þá er spurt í öðru lagi: Hverjir sitja í nefndinni og hverjir eru starfsmenn hennar? Í samstarfsnefnd um iðnþróun í landshlutunum eiga eftirtaldir menn sæti: Frá Iðntæknistofnun Íslands Hörður Jónsson framkvæmdastjóri formaður n., frá Framkvæmdastofnun ríkisins Sigurður G. Þorsteinsson landfræðingur, frá iðnrn. Gunnar Guttormsson deildarstjóri, frá Rannsóknaráði ríkisins Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri. Starfsmaður n. er Halldór Árnason hagfræðingur. Verksvið hans er dagleg umsýsla vegna ákvæða 4. gr. l., þ. e. að sjá um tengsl við iðnráðgjafana.

Fyrirspyrjandi (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. greið svör. Ég tók ekki eftir því að hann svaraði 3. liðnum þó — (**Iðnrh.:** Ég á eftir að svara því.) — og það var nú eitt af því sem ég spurði um. Ég þakka fyrir að hæstv. iðnrh. ætlar að svara þessu vegna þess að grunur minn er sá að þetta hafi nú ekki verið eingöngu fórnarstarf. Og satt að segja þá er ég ekki viss um nauðsyn þessarar starfsemi samstarfsnefndar og leikur því forvitni á að sjá þá áfangaskýrslu um störf nefndarinnar sem hér var lofað.

Lög um iðnráðgjafa voru sett árið 1981, ef ég man rétt.

Í frv. til l. var skilgreint verksvið þeirra og vil ég úr athugasemdum lesa *eina mgr.*, með leyfi forseta:

„Gera verður ráð fyrir að það taki sinn tíma að kynna ráðgjafaþjónustuna. Því er líklegt að a. m. k. fyrst í stað verði eftirspurn eftir ráðgjöf ekki í samræmi við raunverulega þörf. — Með nokkrum rétti má segja að meðal verkefna iðnráðgjafanna verði að plægja akurinn og skapa þannig þörf fyrir eigin aðstoð."

Þetta er orðalag sem stingur mig dálítið — „og skapa þannig þörf fyrir eigin aðstoð." Nú hygg ég að þessi þörf hafi skapast. Og ég vil ekki gera lítið úr störfum iðnráðgjafa. A. m. k. hafa á Norðurlandi starfað, ja — tveir iðnráðgjafar, hver eftir annan — og ég held að þeir hafi skilað góðu starfi. Og ég held einmitt að þeim *peningum sem varið er til þessarar starfsemi sé betur* varið til þess að efla starfsemina úti á akrinum fremur en halda uppi sérstökum starfshóp hér í Reykjavík til þess að halda fimm fundi með þessum iðnráðgjöfum. Það er eitt kjördæmi sem ekki hefur enn þá haft tækifæri til þess að fá iðnráðgjafa til sín. Það eru iðnráðgjafar búsettir í öllum öðrum kjördæmum en Norðurl. v. Og ég legg á það áherslu að ég tel að ef peningar eru tiltækir til þess að starfa að þessu verkefni — og það held ég við megum nú til að vona — þá verði staðsettur iðnráðgjafi í Norðurl. v. strax og hentugleikar leyfa.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að hér mislagðist eitt blað, svar við þriðju spurningunni: Hver er kostnaður við störf nefndarinnar?

Og hann er sem hér greinir: Samkvæmt skipunarbréfi ákveður þóknananefnd fjmrn. greiðslur fyrir störf *nefndarinnar. Engin þóknun hefur enn verið greidd.*

Ég tel rétt að gera hér grein fyrir því hvernig kostnaður við framkvæmd laganna hefur skipst á árinu 1982 og það sem af er þessu ári. Framlög til landshlutasamtaka eða iðnþróunarfélaga voru á árinu 1982 843 þús., í ár 1 866 þús. Kostnaður við samræmingu og þjónustu hjá Iðntæknistofnun og stuðningsaðgerðir á vegum nefndarinnar árið 1982 117 þús., í ár 565 þús. Framlög ríkisins til ráðningaaðila iðnráðgjafanna nema aðeins hluta, líklega um helmingi, af heildarkostnaði við starfsemi iðnráðgjafanna. Það, sem á vantar, greiða landshlutasamtök eða iðnþróunarfélög á viðkomandi svæði. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar rætt er um hlutdeild kostnaðar við samræmingu í heildarframlagi ríkisins til iðnráðgjafastarfseminnar.

Varðandi mismunandi hlutfall þessa kostnaðar á þessu og síðasta *ári er þess að geta að starfsmaður* nefndarinnar var ekki ráðinn fyrr en í byrjun ágúst á árinu 1982. En hið beina svar við spurningunni um kostnað við störf sjálfrar nefndarinnar er að það hefur ekki verið ákveðin enn þóknun til handa þessari samstarfsnefnd.

Þórður Skúlason: Herra forseti. Mig langar aðeins til að koma inn í þessa umr.

Það er mikið rætt um iðnað í þessu þjóðfélagi og nauðsyn þess að efla hann, sérstaklega smáiðnaðinn og þá einkum úti á landi. Ég hygg að þessi aðgerð, að efna til starfs iðnráðgjafa og kosta þá starfsemi úr ríkissjóði, sé það raunhæfasta sem hefur verið gert í því að færa þá umræðu til raunverulegra athafna. Þess vegna held ég að það sé mikils um vert ef verði staðið vel og dyggilega að baki þeim tilgangi sem *lögin um iðnráðgjafa gera* raunverulega ráð fyrir.

Ég vil taka undir það, sem kom hérna fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni, að í hugum margra okkar eru töluverðar efasemdir um störf samstarfsnefndar um iðnráðgjöf í landshlutunum. Hún starfar aðallega hér syðra að þessu samræmingarverkefni. Við höfum efasemdir um þá starfsemi og teljum að hún geti orðið til að draga úr þeirri grasrótarstarfsemi sem raunverulega

þarf að fara fram úti í kjördæmunum sjálfum eða úti í héruðunum sjálfum, sem ég held að hljóti að vera undirstaðan að þessu leyti.

Ég vil líka taka undir það, sem hér hefur komið fram um það, að nauðsynlegt er að þessi starfsemi geti farið fram í öllum kjördæmum, en svo er ekki eins og háttar í dag.

Ég held að líka þurfi að gæta þess, sem hefur komið upp á núna á hverju hausti, að fjórðungssamböndin, sem standa undir þessari starfsemi að hluta til á móti ríkinu, hafa staðið frammi fyrir því að það fjármagn sem hefur verið ætlað til að greiða laun iðnráðgjafa hefur þrotið. Ég held að fjvn. þurfi að taka til athugunar að þessi liður, starfsemi iðnráðgjafanna, sé inni á launalið fjárlaganna og hækki samkvæmt breytingum á launum eins og önnur laun hjá því opinbera, en það þurfi ekki alltaf að grípa til einhverra neyðarráðstafana þegar kemur fram á haustið. Ég held að það sé atriði sem þarf að gæta vel að.

En aðalatriðið er að samstarfsnefndin taki ekki fjármagn frá því starfi sem þarf að fara fram og nauðsynlegt er að fari fram úti í landshlutunum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hjá hv. fyrirspyrjanda, Páli Pétursyni, gætti að mínu mati nokkurs misskilnings á hlutverki þeirrar samstarfsnefndar sem gert er ráð fyrir í lögum um iðnráðgjafa. Eins og fram kom hjá hæstv. iðnrh. hafa engar greiðslur farið fram til nefndarinnar sem slíkrar enn sem komið er. Ekki á ég von á að það verði háar fjárhæðir sem þar verði fram reiddar miðað við þær reglur sem settar hafa verið um þóknanir til nefnda.

En verkefni samstarfsnefndarinnar er að tryggja tengsl iðnráðgjafa, sem hafa aðsetur úti í landshlutunum og eru ráðnir af landshlutasamtökum eða iðnþróunarfélögum sem taka yfir starfssvæði viðkomandi landshlutasamtaka eða iðnþróunarfélags, við þær stofnanir og stjórnvöld hér í Reykjavík sem sinna iðnaðarmálefnum, þ. á m. iðnrn., Iðntæknistofnun, Framkvæmdastofnun, byggðadeild, að mig minnir, og einnig var skipaður í nefndina á sínum tíma formaður Samstarfsnefndar um iðnþróun, sem starfar á grundvelli þál. sem samþykkt var hér á hv. Alþingi um iðnaðarstefnu. Ég held að það sé mjög þýðingarmikið í raun að þeir starfsmenn, sem eru að ryðja brautina úti í landshlutunum, hafi tengsl við þá aðila sem fara með þessi mál hér syðra, þróunarstofnanir iðnaðarins og stjórnvöld. Það hafa orðið nokkur skipti á starfsmönnum í hinum einstöku umdæmum á þeim tíma sem iðnráðgjafar hafa starfað, þannig að það hafa nýir menn þar komið til starfa. Yfirleitt hefur vel tekist til, held ég, um ráðningu þeirra og starfsemi þeirra. Þeim mun þýðingarmeira er í rauninni fyrir þá sem koma þarna nýir á vettvang að hafa trygg tengsl við þá aðila sem eiga að styðja við starfsemi þeirra af stjórnvalda hálfu. Því treysti ég því að áfram verði skilningur á nauðsyn þessa samræmingarstarfs. Í rauninni var það valið fremur en að vera að hugsa til þess að stofnuð yrðu sérstök útibú úti í landshlutunum frá t. d. Iðntæknistofnun Íslands, sem vissulega gat verið til álita, en hefði orðið mun kostnaðarmeira að mínu mati en sú leið sem varð ofan á.

Fyrirspyrjandi (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég þakka fyrir tækifæri til þess að gera örstutta aths.

Ég tel að iðnþróunarráðgjafarnir geti sem hægast haft samstarf sín á milli og samstarf við stofnanir iðnaðar hjálparlaust. Þeir eru ekkert í vandræðum. Þeir kunna á símann, þeir eru sendibréfsfærir og hafa fullt ferðafrelsi.

Þjónustugjöld banka, fsp. 80. mál (þskj. 85). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Sjálfsforræði peningastofnana í þessu landi er mikið, bæði til að afla fjár og eins til að ráðstafa hagnaði að eigin geðþótta. Nú nýlega, um mánaðamót ágúst-sept., hækkaði gjaldskrá bankanna og jafnhliða var ýmsum nýjum þjónustugjöldum bætt við. Er nú svo komið að hvert viðvik bankaþjónustunnar er gjaldfært nema ef vera skyldi það að leggja peninga inn í banka. Það er eitt af því fáa sem enn þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir. Afleiðing þessara hækkana varð mikið misræmi í þjónustugjöldum í bankakerfinu og er túlkun gjaldskrárinnar frá því í maí með ýmsu móti.

Þessar hækkanir urðu án undanfarandi auglýsinga eða annarra tilkynninga til viðskiptavina. Hver hefur eftirlit með slíkum hækkunum og leyfir þær eða eru bankarnir þarna sjálfráðir? Það eru einmitt þessir sömu viðskiptavinir sem horft hafa á launin sín hækka aðeins um 12% síðan í mars meðan lánin þeirra hafa hækkað til frambúðar um a. m. k. 34% og nauðsynjavörur allt að 90%. Því var lofað í bráðabirgðalögum ríkisstj. að einungis yrðu leyfðar óhjákvæmilegar verðhækkanir. Tilheyrðu þessar hækkanir á þjónustugjöldum bankanna svokölluðum óhjákvæmilegum verðhækkunum eða ná ríkisáætlanir ekki til bankanna?

Þegar þurfalingar leita á náðir bankanna er viðkvæðið oft að engir peningar séu til. Samt liggur nú inni hjá Seðlabanka 31 umsókn um leyfi til að stofna bankaútibú. Fyrir hvaða fé á að reisa þau útibú? Er von til þess að hækkun á gjaldskrá bankanna fjármagni slíkt? Varla. Reynslan sýnir okkur að bankana virðist samt ekki hafa vantað fé fram að þessu til að reisa sér vegleg glæsihús yfir starfsemi sína — og fá hús byggjast hraðar en einmitt bankar. Oftlega hef ég óskað þess að skólabyggingar, dagvistarheimili og sjúkrastofnanir væru þeirri náttúru gæddar að geta risið jafnhratt og bankar.

En ég vil líka vekja athygli á því, að þó að bankahúsin hafi risið hratt hafa laun starfsmanna bankanna ekki fylgt á eftir því að meðaltekjur starfsmanna peningastofnana á ársverk árið 1981 voru um 10 þús. kr. lægri en meðaltekjur landsmanna í heild. Jafnframt er launamismunur kynja með mesta móti í peningastofnunum, þar sem karlar á öllu landinu höfðu um 51% hærri meðallaun fyrir hvert ársverk en konur árið 1981, en í bönkum var hlutfallið um 62%.

Sjálfsforræði bankanna er mikið, en á þeim að líðast á tímum aðhalds og sparnaðar að fjárfesta óhóflega í byggingum yfir fé sem óðum minnkar? Er sanngjarnt að þeir selji þjónustu sína æ dýrar og að því er virðist eftirlitslítið til að fjármagna slíkt? Því spyr ég hæstv. viðskrh.: Hvernig er háttað verðlagseftirliti með þjónustugjöldum bankanna? Og í öðru lagi: Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á því?

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. hefur á þskj. 85 beint þeim fsp. til mín sem þm. hefur gert hér grein fyrir.

Fyrri liðurinn hljóðar svo: „Hvernig er háttað verðlagseftirliti með þjónustugjöldum bankanna?“ Þessu eftirliti er á þann veg háttað, að samkvæmt 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands ákveður Seðlabanki hámark þóknana, sem eru ígildi vaxta og innlánsstofnanir áskilja sér. Seðlabankinn hefur skilið þetta ákvæði svo, að um sé að ræða þau þjónustugjöld sem ákveðin eru hlutfallslega. — Jafnframt segir í 11. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, að gjaldskrá bankanna um þóknanir fyrir gjaldeyrisviðskipti skuli samin og útgefin af Seðlabankanum í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana og birt í Lögbirtingablaðinu. Verðlagning á öðrum þjónustugjöldum, þ. e. gjöldum sem ákveðin eru sem föst krónutala og tekin í innlendum viðskiptum, er því frjáls. Verðlagningu þessara síðast töldu gjalda er á þann veg háttað nú, að gjöldin eru ákveðin af Sambandi ísl. viðskiptabanka og Sambandi ísl. sparisjóða að höfðu samráði við Seðlabankann.

Í síðari lið fyrirspurnarinnar er spurst fyrir um hvort fyrirhugaðar séu breytingar á verðlagseftirliti með þjónustugjöldum bankanna. Áður en þessu er svarað beint er rétt að víkja að þróun þjónustugalda undanfarin ár.

Grundvelli gjaldskráa fyrir innlánsstofnanir var breytt árið 1977. Var þá ákveðið að byggja á tvenns konar þjónustugjöldum. Annars vegar gjöldum sem væru hlutfallslega ákveðin og hins vegar gjöldum sem ákveðin væru sem föst krónutala. Fyrrnefndu gjöldin hækkuðu lítið sem ekkert fram í maímánuð á þessu ári, en flest hin síðast nefndu breyttust í samræmi við breytingar á almennum póstburðargjöldum Pósts og síma.

Í maímánuði s. l. fór fram endurskoðun á gjaldskrám innlánsstofnana og hækkuðu þá ýmis þjónustugjöld og einnig voru tekin upp ný. Hækkanir á ýmsum liðum sem eru ákveðnir sem föst krónutala vöktu sérstaka athygli, svo og ný gjöld sem ákveðin eru á þennan hátt. Til grundvallar þessum hækkunum voru lagðir útreikningar Sambands viðskiptabankanna og Sambands sparisjóða um kostnað við einstakar afgreiðslur sem þóknun er tekin fyrir eða áætlun um kostnað ef um ný gjöld var að ræða. Þrátt fyrir gagnrýni á þessar hækkanir er eftirtektarvert að á árinu 1977 var hlutfall þjónustugjalda að viðbættu vaxtabili milli inn- og útlána hjá innlánsstofnunum um það bil 18%, en var í lok árs 1982 komið niður í 10.5%. Það sýnir að tekjur innlánsstofnana af þjónustugjöldum hafa rýrnað töluvert hlutfallslega á undanförnum árum. Til að vega upp á móti þeirri rýrnun hefði þurft að auka vaxtabil milli inn- og útlánsvaxta. Sú leið getur hins vegar ekki talist sanngjörn. Kostnaðinum við að veita bankaþjónustu væri þá meira velt yfir á þá sem ekki njóta hennar. Með þeim hækkunum sem ákveðnar voru í maí var stefnt að því að greitt væri fyrir þá þjónustu sem innlánsstofnanirnar veita, þannig að kostnaðurinn sem þeirri þjónustu er samfara greiðist af þeim sem hennar njóta, en honum sé ekki velt á aðra sparifjáreigendur eða lántakendur. Þetta tel ég rétt að komi fram vegna þeirrar umræðu sem verið hefur um þjónustugjöld innlánsstofnana.

En svo að ég svari fsp., þá eru ekki fyrirhugaðar breytingar af hálfu rn. að því er varðar eftirlit með þjónustugjöldum sem Seðlabankinn ákveður. Hið sama er að segja um önnur þjónustugjöld. Hins vegar eðli máls og lögum samkvæmt á Verðlagsráð, sem fer með framkvæmd laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, að kanna vandlega hvort samráð viðskiptabankanna um hækkanir á þeim þjónustugjöldum þar sem verðlagning er frjáls brjóti gegn ýmsum ákvæðum í IV. kafla þessara laga, sem fjallar um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur. Þessi ágæti og mikilvægi kafli laganna hefur lítið komist í framkvæmd vegna víðtækra verðlagsafskipta stjórnvalda. Þar sem verðlagning er frjáls stuðla ákvæði hans hins vegar að heilbrigðri samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Eins og reyndar hefur áður fram komið hér í málflutningi álít ég að hluti af því vandamáli sem hér hefur verið lýst, bæði af hv. fyrirspyrjanda, Guðrúnu Agnarsdóttur hv. 3. landsk. þm., og hæstv. viðskrh., sé að bankarnir flestir, sem hér um ræðir, ráða sér ekki nema að hluta til sjálfir. Afskipti ríkisvalds af bankastarfsemi eru óhollur þáttur í íslensku efnahagslífi — óhollur vegna þess að þar fara fram að tjaldabaki ráðstafanir fyrir tilstilli ríkisstj. sem hún þarf ekki að standa reikningsskil á. Það er hægt að leyfa bönkunum að ráða sínum þjónustugjöldum til málamynda, en það er ekki hægt að leyfa þeim að stjórna sínu eigin fé. Fólk áttar sig almennt ekki á því, hver raunverulega ræður ríkjum í Landsbanka, Búnaðarbanka og Útvegsbanka. Ríkisstj. getur gefið bankastjórnum fyrirmæli, sem þær verða að standa við jafnvel þótt bankinn sé þess ekki megnugur. Þetta hefur gerst í tengslum við kjarasamninga, þar sem ríkisstj. heitir atvinnurekendum fyrirgreiðslu í bankakerfinu gegn því að þeir samþykki samningana. Þetta hefur líka gerst þegar skort hefur fé í bönkum til að standa undir lánafyrirgreiðslu t. d. vegna afurðalána. Aftur á móti hefur lítið borið á vilja ríkisstjórna til að hafa holl áhrif á bankastarfsemina, t. d. að framfylgja lögum frá 1979 um raunávöxtun sparifjár eða aðhald í rekstri. — En að lokum mætti kannske spyrja að því, hvort það sé raunverulega með vilja og vitund hæstv. viðskrh., þegar vextir eru almennt lækkaðir, að dráttarvextir eru enn 60—80% á ársgrundvelli.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil svara fsp. hv. 8. þm. Reykv. í lok ræðu hans. Það er Seðlabanki Íslands sem ákveður þá vexti. Hann gerir það með þeim hætti að gera ríkisstjórnum grein fyrir því. Hann hefur gert það og gerði það nú. Þar voru ekki viðhafðar aths.

Bankaútibú, fsp. 80. mál (þskj. 85). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina fsp. til viðskrh. um bankaútibú, sem fram kemur á þskj. 85.

1. og 2. tölul. fjalla um hver sé rekstrar- og stofnkostnaður 11 nýrra bankaútibúa. 3. tölul. fjallar um hvort viðskrh. sé reiðubúinn að beita sér fyrir að afturkölluð verði leyfi til þessara bankaútibúa, ef starfsemi þeirra er ekki hafin, og í b-lið að áætlað fjármagn,

sem renna á til stofnunar þessara útibúa, verði þess í stað varið til fyrirgreiðslu úr bankakerfinu til húsbyggjenda og íbúðarkaupenda.

Að hluta til svaraði hæstv. viðskrh. þeirri spurningu sem fram kemur í tölul. 3 um afturköllun leyfa, í síðustu viku vegna fsp. frá hv. þm. Stefáni Benediktssyni. Fsp. Stefáns Benediktssonar um hvort viðskrh. hygðist beita sér fyrir endurskoðun á heimildum fyrrv. ríkisstj. til að opna 11 ný bankaútibú svaraði hæstv. viðskrh. þá orðrétt eftir handriti, með leyfi forseta:

„Þessi útibú hófu starfsemi vegna yfirtöku banka á starfandi sparisjóðum. Starfsemi þeirra er því í fullum gangi eins og var áður en leyfið var veitt."

Hér tel ég að hallað sé réttu máli hjá hæstv. ráðh. því að það er aðeins í tveim tilfellum af þessum 11 sem um er að ræða yfirtöku banka á starfsemi sparisjóða. Í fyrsta lagi að Landsbankinn fékk heimild til að yfirtaka Sparisjóð Skagastrandar og í öðru lagi að Búnaðarbankinn fékk leyfi til að yfirtaka starfsemi Sparisjóðs Eyrarsveitar. Hinar níu heimildirnar eru vegna nýrra bankaútibúa og afgreiðslustofnana. Vænti ég að ráðh. leiðrétti mig, ef hann telur að ég fari ekki með rétt mál hér.

Ljóst virðist þó vera að mörg þessara 11 nýju bankaútibúa hafi hafið starfsemi sína og því erfitt um vik að afturkalla leyfin, enda lýtur fsp. mín aðeins að því að viðskrh. afturkalli leyfi til þeirra bankaútibúa, sem ekki hafa hafið starfsemi. Mér er kunnugt um að a. m. k. tvö, gætu verið fleiri, þessi útibú hafa ekki hafið framkvæmdir. Það eru Samvinnubankinn, sem fékk heimild til að byggja útibú á Ísafirði, og Sparisjóður Hafnarfjarðar sem fékk leyfi fyrir útibúi í suðurbæ Hafnarfjarðar.

Í svari hæstv. ráðh. í síðustu viku kom fram að ráðh. telur sig ekki hafa heimild til að afturkalla þessi leyfi þar sem stjórnvöldum sé það eigi í sjálfsvald sett hvort þau afturkalli að óbreyttum aðstæðum ívilnandi stjórnarathafnir nema slíkt sé heimilað í lögum. Því er nauðsynlegt að fá fram hjá ráðh., auk svara við því hver er stofn- og rekstrarkostnaður þessara 11 nýju bankaútibúa, hvort hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir lagasetningu, ef með þarf, um frestun eða afturköllun leyfa til þeirra bankaútibúa sem ekki hafa hafið starf, sem eru a. m. k. Samvinnubankinn á Ísafirði og Sparisjóður Hafnarfjarðar, en eins og fram kom í síðustu viku sagði ráðh. að hann gæti ekki afturkallað þessi leyfi nema slíkt væri sérstaklega heimilað í lögum. Því er spurning mín hvort ráðh. sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir slíkri lagasetningu eða styðja slíka lagasetningu.

Hæstv. ráðh. sagði líka í síðustu viku að hann færi ekki dult með það sjálfur að útibúaskömmtun væri sér ekki að skapi, en teldi rétt að gera kröfu um ákveðna eiginfjárstöðu miðað við niðurstöðu efnahagsreiknings og hve hátt hlutfall af eigin fé viðkomandi stofnun sé heimilt að hafa í fjárfestingu. Með þetta í huga hlýtur hæstv. ráðh. að hafa kynnt sér eiginfjárstöðu þeirra innlánsstofnana sem fengu leyfi til að byggja 11 ný bankaútibú, a. m. k. þeirra sem ekki hafa hafið starfsemi og unnt væri að stöðva eða afturkalla heimildir til, til að mynda með lagasetningu. Því vil ég spyrja ráðh. sérstaklega að því, hvort hann hafi kynnt sér til að mynda eiginfjárstöðu Samvinnubankans í árslok 1982 og vænti ég svara við því, en Samvinnubankinn fékk heimild á síðustu dögum fyrrv. ríkisstj. til að byggja útibú á Ísafirði.

Í viðtali við Þórð Ólafsson forstöðumann Bankaeftirlitsins kemur fram í Tímanum 18. okt. s. l., að erfitt sé að koma auga á að stofnun nýrra afgreiðslustaða hafi stuðst við brýna þörf fyrir aukna bankaþjónustu og nefnir sem dæmi fjölgun afgreiðslustaða á Akureyri, Hafnarfirði og Selfossi og nú nýlega á Patreksfirði og Ísafirði. Á öllum þessum stöðum segir hann vera starfandi eitt eða fleiri bankaútibú eða sparisjóði.

Einnig kemur fram í þessu sama viðtali við Þórð Ólafsson að á árinu 1982 var eignafærsla í efnahagsreikningi banka og sparisjóða liðlega 200 millj. kr. miðað við verðlag þá, sem var fjárfesting þeirra í varanlegum rekstrarfjármunum á því ári, 200 millj. kr. Það er fróðlegt til samanburðar að skoða hvað útlán banka og sparisjóða voru mikil á því ári til einstaklinga vegna íbúðakaupa og til húsbygginga. Í heild voru útlán allra banka og sparisjóða 1 milljarður 191 millj. kr. eða aðeins 10.4% af heildarútlánum bankanna. Ég sé ekki annað en þessar 200 millj., sem varið var í útþenslu bankakerfisins á síðasta ári, sé sama upphæð í krónum talið og ríkisstj. ætlar að ná inn með sölu skuldabréfa nú á þessu ári í húsnæðiskerfið. Því er ekki að ófyrirsynju að spurt er nú hvort ekki sé réttara og skynsamlegra að nota peninga, sem bankakerfið hefur yfir að ráða til að auka sínar fjárfestingar, að beina því fjármagni frekar til íbúðakaupenda og húsbyggjenda sem nú búa við neyðarástand.

Ég vænti skýrra svara frá hæstv. viðskrh. við þeim fsp. sem ég hef hér beint til hans.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal reyna að gefa eins skýr svör og ég mögulega get að fengnum þeim upplýsingum sem ég hef óskað eftir. Hv. þm. spyr um kostnað, stofnkostnað svo og áætlaðan rekstrarkostnað þeirra 11 nýju bankaútibúa sem veitt var leyfi fyrir á síðasta ári og fram á fyrri hluta þessa árs.

Ég leyfi mér að svara samtímis stofnkostnaði og rekstrarkostnaði hvers útibús eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið.

1. Stofnkostnaður við útibú Landsbankans á Skagaströnd nam 1 millj. 730 þús., árlegur rekstrarkostnaður 3 millj. 200 þús.

2. Stofnkostnaður við útibú Landsbankans á Patreksfirði nam 7 millj. 10 þús. Árlegur rekstrarkostnaður 2.2 millj.

3. Stofnkostnaður við afgreiðslu Landsbankans við Höfðabakka í Reykjavík er áætlaður 6 millj. 120 þús., en rekstrarkostnaður áætlaður 1.1 millj. á þessu ári.

4. Stofnkostnaður við útibú Útvegsbankans í Hólahverfi í Breiðholti liggur ekki fyrir, en útlagður kostnaður nú nemur 5 millj. 127 þús. kr. og áætlaður rekstrarkostnaður um það bil 2.5 millj. kr. á ári.

5. Stofnkostnaður við afgreiðslu Búnaðarbankans í Þykkvabæ nam 199 þús. kr. Áætlaður rekstrarkostnaður á þessu ári 131 þús.

6. Við stofnun útibús Búnaðarbankans í Grundarfirði greiddi bankinn fyrir fasteign, skrifstofu, áhöld og húsbúnað 1 millj. 156 þús. Áætlaður rekstrarkostnaður á þessu ári er 3 millj. 303 þús. kr.

7. Stofnkostnaður við útibú Búnaðarbankans í Kópavogi nam 5 millj. 391 þús. Áætlaður rekstrarkostnaður í þá þrjá mánuði sem útibúið er starfrækt á þessu ári 1 millj. 44 þús.

8. Hjá Samvinnubankanum fengust þær upplýsingar að engin kostnaðaráætlun hefði verið gerð um stofnkostnað eða rekstrarkostnað vegna útibús bankans á Ísafirði, en leyfi til stofnunar þess útibús var veitt, eins og fram kom hér, fyrr á þessu ári.

9. Stofnkostnaður við útibú Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á Seltjarnarnesi er áætlaður 4.6 millj. Áætlaður rekstrarkostnaður nemur 2.4 millj.

10. Í svari Sparisjóðs Hafnarfjarðar vegna afgreiðslu í suðurbænum segir að ákveðið hafi verið að fresta því um sinn en áætlaður stofnkostnaður vegna þessarar afgreiðslu nam 4.5 millj., ef hús væri keypt undir starfsemina, en 2 millj. 925 þús. ef húsnæðið væri tekið á leigu. Áætlaður rekstrarkostnaður var talinn 2 millj. 148 þús.

11. Í svari Iðnaðarbankans vegna afgreiðslu við Réttarholtsveg í Reykjavík kom fram að bankastjórnin taldi sér ekki skylt að gefa umbeðnar upplýsingar nema sem trúnaðarmál til Bankaeftirlitsins. (**Gripið fram í:** Má ég heyra þetta aftur?) Í svari Iðnaðarbankans, sem er Iðnaðarbankinn hf., vegna afgreiðslu við Réttarholtsveg í Reykjavík kom fram að bankastjórnin taldi sér ekki skylt að gefa umbeðnar upplýsingar nema sem trúnaðarmál. (**Gripið fram í:** Stenst þetta að mati ráðh.?)

Í 3. lið fsp. er spurt hvort viðskrh. vilji beita sér fyrir að afturköllun verði leyfi til framangreindra útbúa og afgreiðslna ef starfsemi þeirra er ekki hafin. Ég vísa til svars míns við fsp. hv. 8. þm. Reykv. í fyrri viku. Þar benti ég á að hvorki mér, sem ráðh. bankamála, þ. e. viðskrh., né þeim ráðherrum sem fara með málefni Iðnaðarbankans og Búnaðarbankans væri heimilt að lögum að afturkalla þau leyfi sem veitt hafa verið til stofnunar bankaútibúa eða afgreiðslna í tíð fyrrv. ríkisstj. Vegna spurningar, sem hv. þm. beindi hér til mín áðan sérstaklega, varðandi þau útibú sem ekki hafa hafið starfsemi sína, vek ég athygli á því að afturköllun á ívilnandi aðgerðum getur haft í för með sér hugsanlega skaðabótaskyldu og það hefur ekki verið í mínum huga að stofna til slíkra hluta. Í ljósi þess að mér og öðrum, sem með málefni banka fara, er óheimilt að afturkalla leyfi til þessara útibúa get ég ekki beitt mér fyrir ráðstöfun á því fjármagni sem hér hefur verið að vikið og hnígur í þá átt sem fyrirspyrjandi bendir á.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Mér hefur ekki gefist tóm til að leggja þessar upphæðir saman og mér kæmi ekki á óvart að þetta sé nálægt 50—60 millj. kr. Auðvitað væri þessum fjármunum betur varið til íbúðakaupenda heldur en að þenja út bankakerfið. Og það er furðulegt líka að Iðnaðarbankinn skuli ekki telja sér skylt að gefa löggjafarsamkomu þjóðarinnar upplýsingar um þennan stofnkostnað bankanna. Ég vil bara ítreka það við ráðh. að hann leiti eftir því að alþm. fái þessar upplýsingar.

Það er ekki að ástæðulausu að útþenslan í bankakerfinu hefur verið til umr. hér á Alþingi í vetur, því að útþenslan er orðin alveg gífurleg. Ég spurði ráðh. hér áðan varðandi Samvinnubankann hvort honum væri kunnugt um eiginfjárstöðu bankans. En hann kom ekkert inn á það í máli sínu. Ráðh. hefur sagt að hann telji ekki rétt að skammta útibú en hann hefur talað um að gera þurfi ákveðna kröfu um eiginfjárstöðu bankanna. En þegar svo er komið að nokkrir viðskiptabankar og sparisjóðir hafa allt sitt eigið fé bundið í fasteignum og hafa auk þess gengið á innlánsfé sparifjáreigenda til að fjármagna fasteignamyndun sína, þá tel ég að málin séu komin á svo alvarlegt stig að viðskrh. beri skylda til að grípa í taumana nú þegar og stöðva þessa útþenslu.

Í skýrslu um efnahag og rekstur bankanna fyrir árið 1982, sem útgefin er af Seðlabankanum, kemur fram að eigið fé Samvinnubankans að frádregnum fasteignum og áhöldum, sem ég spurði ráðh. um hér áðan, var ekkert í árslok 1982, var á núlli. Og það sem meira er — bankinn hefur fjárfest töluvert umfram eiginfjárstöðu. Eiginfjárstaða bankans var í árslok 1982 um 57 millj. kr. en varanleg rekstrarfjármyndun var rúmar 76 millj. kr. Varanleg fjármunamyndun var því 33% umfram eigið fé. Ef einungis eru teknar fasteignir en sleppt áhöldum og húsbúnaði kemur fram að 18% af fjárfestingum í fasteignum bankans virðast fengin af innlánsfé bankans eða um 12.5 millj. kr. auk þess sem allt eigið fé bankans er bundið í fjármunamyndun. Þessi banki fékk engu að síður leyfi til að byggja nýtt útibú á þessu ári. Það leyfi var veitt á síðustu dögum fyrrv. ríkisstj. Þar sem starfsemi þessa útibús Samvinnubankans er enn ekki hafin eða nokkrar framkvæmdir og eiginfjárstaða bankans er með þeim hætti sem ég hef hér lýst, þá ber hæstv. viðskrh. skilyrðislaus skylda til að stöðva þessa framkvæmd og ef nauðsyn krefur, þá með lögum.

Í þessu yfirliti um efnahag og rekstur bankanna frá 1982 kemur hið sama fram að því er varðar Verslunarbankann og Alþýðubankann, að eiginfjárstaða þeirra var á núlli í árslok 1982, þegar frá hafa verið dregnir varanlegir rekstrarfjármunir. Þeir virðast einnig hafa gengið á innlánsfé bankanna til að fjármagna sínar fasteignir.

Hjá Verslunarbankanum er allt eigið fé bankans, 47 millj. 856 þús., og meira til bundið í varanlegum rekstrarfjármunum eða tæpar 60 millj. kr., þar af í fasteignum 55 millj. 264 þús. kr. Hjá Alþýðubankanum er eigið fé bankans, 12 millj. rúmar, bundið í fasteignum og að auki tæpar 9 millj. kr. eða samtals 21 millj. 340 þús. kr. bundið í fasteignum. Í þessari skýrslu kemur fram að Iðnaðarbankinn stendur einnig tæpt varðandi eiginfjárstöðu þó ekki færi fjármunamyndun fram úr eigin fé bankans, en eigið fé bankans að frádregnum fasteignum og áhöldum sem prósenta af niðurstöðutölum efnahagsreiknings er 0.6%. Einnig er ljóst af þessari skýrslu að eiginfjárstaða nokkurra sparisjóða er mjög slæm, þó ekki skuli það rakið hér nánar.

Hæstv. viðskrh. lýsti því yfir í Frjálsri verslun nýlega að honum fyndist skömmtun útibúa ótæk, en jafnframt lýsti hann yfir hér á Alþingi í s. l. viku að gera verði kröfu um ákveðna eiginfjárstöðu bankanna og hversu hátt hlutfall af eigin fé viðkomandi stofnunar sé heimilt að hafa í fjárfestingu. Ég taldi því nauðsynlegt að vísa í þessa skýrslu hér því að í ljósi þess sem ég hef hér lýst, þá er málið orðið svo alvarlegt og brýnt að taka á, útþensla bankakerfisins miklu meiri en nokkurn tíma er stætt á, svo að viðskrh. ber skilyrðislaust að taka í taumana.

Ég vil líka ítreka að hafi bankarnir fjármagn til að þenja út bankakerfið, þá er þeim vorkunnarlaust að lána meira en 10% af sínu útlánafé til húsbyggjenda og íbúðakaupenda í stað þess að ausa í fjárfestingar í

bankakerfinu sem engin þörf er fyrir. Við getum líka skoðað þetta í öðru ljósi. Starfsfólki í bönkum hefur fjölgað um 60% á rúmum áratug samkv. því sem fram kom nýlega. Samanburður var tekinn við mannaflann sem vann við frumframleiðslugreinar í þjóðfélaginu. Á árinu 1970 voru 18.5% mannaflans starfandi við frumframleiðslugreinar þjóðfélagsins en sú tala var komin niður í 12.1% á árinu 1980. Á sama tíma þenjast út þjónustugreinar eins og bankakerfið. Ég held að við verðum að taka okkur taki í þessum fjárfestingarmálum ef von á að vera til að hægt sé að koma einhverri skikkan á efnahagsmálin. Aðhald í fjárfestingu í bankakerfinu er liður í því. Reynir þar ekki síst á bankamálaráðherra að taka málin föstum tökum á þeim vettvangi.

Ég vil hér í lokin vitna til þess sem kom fram í Tímanum 18. okt. hjá Þórði Ólafssyni. Hann segir — (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, forseti.

„M. a. hefur borið á því að bankar hafa fest kaup á eignum eða hafið byggingu á fyrirhuguðu útibúi án þess að hafa leyfi til að hefja þar starfrækslu, í trausti þess að leyfi muni fást þegar þar að komi."

Það liggja fyrir beiðnir um 32 ný bankaútibú til viðbótar þessum 11. Ég spyr ráðh.: Hafa einhverjir bankar hafið byggingar eða framkvæmdir vegna þessara 32 nýju útibúa sem beiðnir liggja fyrir um?

Svavar Gestsson: Herra forseti. Bankamál hafa mjög verið til umr. hér á þinginu það sem af er og það er eðlilegt, bæði gjaldtaka bankanna og fjárfesting þeirra. En ég held að það sé nauðsynlegt að við stöldrum aðeins við í þessari umr. og menn velti því fyrir sér hvernig á því stendur að hlutirnir eru með þeim hætti sem við sjáum m. a. í þeim tölum sem hæstv. viðskrh. hefur rakið hér.

Ég held að menn verði að átta sig á því hér á þessum stað — og reyndar hvergi frekar en á þessum stað, að löggjöf um málefni bankanna í þessu landi er ákaflega ófullkomin. M. a. eru engin heildarlög til um svokallaða innri endurskoðun og starfsemi bankanna. Það eru til sérlög um hvern banka fyrir sig, en það eru engin lög til um þær reglur sem fylgja á við uppgjör og reikningsfærslu að því er varðar bankana alla í sameiningu. Það eru engin heildarlög til um eiginfjárstöðu bankanna. Það eru engin heildarlög til um þessa þætti. Á undanförnum árum hafa þó verið gerðar margar tilraunir til að koma á löggjöf í þessum efnum. M. a. var fullbúið í minni tíð í viðskrn. frv. um starfsemi ríkisbankanna sem gerði m. a. ráð fyrir því að tveir þeirra yrðu sameinaðir. Það mál strandaði á því að Alþingi var ekki reiðubúið til að fallast á sameiningu þeirra tveggja banka sem þar var um að ræða, Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Ég held að hérna sé í rauninni um eitt brýnasta málið að ræða, sem Alþingi getur yfir höfuð tekið á, þ. e. að semja frv. að heildarlöggjöf um hvers konar starfsemi bankanna. Þar á ég bæði við fjárfestingu bankanna, rekstur þeirra og stjórn. Ég held að þetta mál sé svo brýnt að það megi ekki láta það stranda á ágreiningsatriðum um mál eins og hugsanlega sameiningu tveggja banka. Ég held að það verði að taka út úr þau tæknilegu atriði sem allir ættu að geta verið sammála um og reyna að sigla málinu þannig í gegnum þingið, því að það er auðvitað ólíðandi með öllu fyrir Alþingi að starfsemi bankanna haldi áfram án þess að þar hafi verið settar skýrar lagareglur.

Nú er mér kunnugt um að núv. hæstv. viðskrh. hefur framlengt líf nefndar sem skipuð var að ég held á síðasta kjörtímabili um málefni bankanna. Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. viðskrh. hvenær hann geri ráð fyrir því að þessi nefnd, sem endurskoðar starfsemi bankanna, ljúki störfum og láta það koma fram sem mína afstöðu í málinu að ég tel að þetta væri eitt af brýnustu verkefnum þingsins að fjalla um, að fá slíka heildarlöggjöf um bankana. Og ég þykist viss um að almennt væru alþm. reiðubúnir til að taka myndarlega á strax og frv. lægi fyrir um þetta efni.

Það er annars margt athyglisvert í þessu, m. a. það að Iðnaðarbankinn telur sig ekki þurfa að láta í té upplýsingar um þessi efni. Ég vil benda á það að auðvitað er til sá möguleiki að bera fram skriflega fsp. til hæstv. iðnrh. um þessi mál, en málefni Iðnaðarbankans heyra undir hann.

Að lokum vil ég fara fram á það við hæstv. viðskrh. að þær upplýsingar um stofn- og rekstrarkostnað bankanna, sem hér voru lesnar áðan, verði birtar og þeim verði dreift hér á borð alþm.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru athyglisverðar upplýsingar og tölur sem hér hafa komið fram í sambandi við útþenslu bankakerfisins. Ég held að bæði þingheimi og þjóðinni allri verði ljóst eftir svona upptalningu að það virðast vera til fjármunir í landinu. A. m. k. verður ekki betur séð eftir þessari upptalningu en að innan bankakerfisins séu nægir fjármunir til að þenja út þá starfsemi sem þar á sér stað því að í þessum 11 tilvikum er gert ráð fyrir stofnkostnaði upp á ca. 35 millj. sýnist mér og síðan reksturinn upp á 18—20 millj. Hér er um að ræða á einu ári upphæðir sem svara til rúmlega helmings þess fjármagns sem núv. hæstv. ríkisstj. ætlar á fjárlögum ársins 1984 til allra hafna á Íslandi. Þannig er ástandið í því þjóðfélagi þar sem stjórnvöld ætla að telja fólki trú um að þrýsta verði niður launum, meira að segja þeirra lægst launuðu í landinu niður úr öllu valdi.

Ég er ekki hissa þó að hv. 3. þm. Reykv. hafi verið jafnhógvær og hann var hér í ræðustól áðan þegar litið er til þess að leyfi fyrir öllum þessum 11 útibúum voru veitt í stjórnartíð hans í ríkisstj. Hv. 3. þm. Reykv. ber því ábyrgð að meginhluta, ásamt hinum hæstv. fyrrv. ráðherrunum og þeim meiri hl. sem hér réði ríkjum á þessum tíma, á því hvernig nú er komið. Ég er sammála hv. 3. þm. Reykv. um að auðvitað verður hér að spyrna við fótum og stöðva þessa þróun, a. m. k. meðan ástand þjóðfélagsins er með þeim hætti sem núv. hæstv. ráðherrar lýsa, og til þess er tækifærið.

Það er komið hér fram frv. til l. á Alþingi þar sem gert er ráð fyrir bæði að stöðva núverandi Seðlabankabyggingu og stöðva frekari útþenslu á bankakerfinu með því að gefa ekki leyfi til stofnunar útibúa. Það væri fróðlegt að vita afstöðu hæstv. viðskrh. til þessa máls þó að það sé ekki hér á dagskrá. Það tengist þessu. Það væri líka fróðlegt að vita um afstöðu t. d. fyrrv. hæstv. félmrh., 3. þm. Reykv., sem ber ábyrgð á þessari þróun allt til maí á þessu ári, hver hans afstaða er til þeirra hluta að stöðva nú með öllu þessa útþenslu, a. m. k. meðan verið er að koma málum í betra horf. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. En ég vil gjarnan óska eftir skýrum svörum hæstv. ráðh.

við því, hvaða hug hann ber til þess frv. sem hér er nú lagt fram á Alþingi til stöðvunar á þessu.

Ég vil einnig lýsa óánægju minni með og spyrja hæstv. ráðh. hvort hann telji það í raun og veru fært, eins og í þessu tilfelli með Iðnaðarbankann, að hann neiti að gefa upplýsingar um stöðu þessara mála hjá sér. Er hæstv. bankamálaráðherra í þessu tilfelli sammála því, að Iðnaðarbankanum sé ekki skylt að gefa Alþingi upplýsingar um þessi mál eins og ríkisbönkum og öðrum bönkum?

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Útþensla í bankakerfinu er miklu meiri en nokkur skynsemi mælir með. En það er bein afleiðing af þeirri verðbólgu sem verið hefur í landinu og það er vel ef stjórnarandstaðan sameinast gegn verðbólgunni, dregur þar með úr fjölgun bankaútibúanna. Ég vil gera hér að umræðuefni það sem kom fram hjá frsm. þegar hann vék að útibúi fyrir Samvinnubankann á Ísafirði. Ég tel að þar hafi ekki verið skýrt rétt frá.

Á Ísafirði hafa verið þrjár stofnanir sem hafa fengist við að taka á móti fjármunum. Tvær þeirra gátu lánað fjármuni út eftir eðlilegum leiðum bankakerfis en sú þriðja, innlánsdeild Kaupfélags Ísfirðinga, hafði ekki rétt til þess. Ég tel það mjög óeðlilegt að ekki sé virtur vilji heimamanna sem óskuðu eftir því að sú innlánsdeild yrði yfirtekin af Samvinnubankanum og tekin þar upp þjónusta eins og hjá bankastofnunum. Ég tel að hv. 2. landsk. þm. mætti minnast þess að á dögum viðreisnar veitti sú ríkisstjórn innlánsdeildunum sérstaklega þungt högg með því að banna þeim að ákveða hvaða vexti þær greiddu af því fé sem þær höfðu undir höndum. Ef það hefði aldrei verið gert og bankavaldið í landinu hefði sjálft mátt ákveða þá vexti sem það greiddi viðskiptamönnum sínum, þá hefði aldrei komið til þeirrar fjölgunar bankaútibúa sem orðið hefur í landinu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en vil undirstrika það, að ég tel að ekki sé verið að fjölga fjármálastofnunum á Ísafirði sem fást við bankarekstur þó að þetta sé gert.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þessi umr., sem hér fer nú fram, er nokkuð undarleg og kemur vel í ljós hve mikil vanþekking er á ýmsu í sambandi við þessi mál. Það má kannske rekja sumt af því til fréttar í Tímanum í síðasta mánuði. Ég skil raunar ekkert í að slík blaðamennska skuli eiga sér stað, en þannig er nú oft með blöð yfirleitt.

Ég ætla að taka dæmi af Búnaðarbankanum af því að ég þekki þar best til. Það er verið að tala um að útibúum fjölgi, peningastofnunum fjölgi en hvað hefur skeð?

Í fyrsta lagi hefur það skeð, að almenningur í Grundarfirði og sveitarstjórn biðja Búnaðarbankann að taka yfir sparisjóðinn þar. Það gerist þar ekkert annað en það, að Búnaðarbankinn kaupir húsið sem sparisjóðurinn starfaði í og það fólk sem var í sparisjóðnum heldur áfram störfum.

Í öðru lagi er talað um að það hafi verið sett upp afgreiðsla í Þykkvabæ. Hvað hefur skeð þar? Útibússtjóri Búnaðarbankans á Hellu fær leigt eitt herbergi í Þykkvabænum svo að hann geti talað þar við þá viðskiptamenn sem skipta þar við bankann og þess óska. Þetta er búið að viðgangast lengi, að útibússtjórinn á Hellu hefur farið niður í Þykkvabæ samkv. beiðni, en hefur orðið að sæta því að fá inni hjá hinum og þessum til að ræða við viðskiptamenn. Það er ekkert annað sem skeður. Þar er ekkert starfsfólk, enda sést það á þeim upplýsingum sem hæstv. viðskrh. gaf áðan að rekstrarkostnaðurinn er 131 þús. Það eru ferðalögin á milli Þykkvabæjar og Hellu og leiga á herbergi.

Eina fjölgunin sem um er að ræða er í Kópavogi. Þar er búið að standa til á annan áratug, að ósk bæjarstjórnar í Kópavogi, að Búnaðarbankinn fái betra útibú, vegna þess að bæði bæjarsjóður og ýmis fyrirtæki hafa verið með öll sín viðskipti frá fyrstu tíð við Búnaðarbankann.

Það væri hægt að ræða um þetta allt saman. Ég geri ráð fyrir að hægt væri að koma með upplýsingar um hina bankana og skýra þær með líkum hætti, en þegar er farið að athuga þessi mál held ég að sé yfirleitt verið að gera úlfalda úr mýflugunni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að vekja máls á þessum vandamálum banka þjóðarinnar. Ég hef áður hér í vetur vakið athygli á bankamálum og hef hvorki tíma né tel ástæðu til að endurtaka það hér. Ég held að við höfum öll séð hvernig komið er fyrir þessu kerfi. Bankarnir eyða sparifé landsmanna í alltof miklar fjárfestingar. Yfirbygging þeirra er óheyrileg, laun starfsmanna alltof lág og þjónustan eins vond og hún getur verið. Þá miða ég við þjónustu banka í nágrannalöndunum.

En þegar ég bað um orðið hér áðan ætlaði ég satt að segja að auglýsa eftir þeim hulduher hér í þingsölum sem situr í bankaráðum ríkisbankanna, vegna þess að enginn þeirra hafði tekið til máls. Ég vil þess vegna dást að hugrekki hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, sem þó hefur tekið hér til máls. Alþingi Íslendinga getur ekki verið að jagast í hæstv. viðskrh. einum (**Gripið fram í:** Hafa menn ekki hugrekki til þess?) Hér situr fjöldi hv. þm. sem ber fulla ábyrgð á öllum þessum gerðum.

Það er alkunna að þjónusta bankanna við viðskiptavini er undir öflugri gagnrýni. Það er svo sem ekkert undarlegt þó að bankarnir geti fjárfest með þeim ofursektum sem þeir leggja á viðskiptavini sína, hvað lítið sem er.

Bankarnir hver og einn — og ég er sammála þar hv. þm. Stefáni Benediktssyni — geta ekki snúið sér við fyrir Seðlabankanum. Mér er vel kunnugt um að einn banka landsins ætlaði að bjóða ellilífeyrisþegum betri þjónustu. Gamla fólkið leggur inn, eða öllu heldur Tryggingastofnun ríkisins, mánaðarlega alla fjármuni sína. Einn banki ætlaði að bjóða þessu gamla fólki og raunar öryrkjum líka hærri vexti til jafns við svokölluð bundin innlán, en þó án þess að þau væru raunverulega bundin, þessar innistæður væru uppsegjanlegar. Seðlabankinn einfaldlega bannaði þetta. Þannig er þetta. Þarna ríkir ein allsherjarsamtrygging í því að veita viðskiptavinum vonda þjónustu, en sóa svo fjármunum landsmanna í gersamlega þarflausa fjárfestingu. Og ég held að Alþingi ætti nú einu sinni að sameinast um að taka á þessum málum.

Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hér verði dreift bók, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði

mjög í í ræðu sinni, sem er yfirlit um efnahag og rekstur bankanna. Ég held að hv. þm. hefðu allir mjög gott af að lesa það rit.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það verður tekið til athugunar að framkvæma þá ósk sem hv. þm. bar fram um dreifingu á umræddu riti.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Örstutt athugasemd.

Á dagskrá þessa fundar er mál nr. 2, sem mun frestast. Vegna þess að fyrirspyrjandi er fjarverandi frestast það um allnokkurt skeið. Ég vil hvetja alla viðstadda til að kynna sér það mál mjög rækilega, vegna þess að þegar menn fara að skoða það kemur í ljós að sú hæstvirta stofnun, sem hér er oft og mikið vitnað til, Seðlabanki Íslands, er þess ekki megnug að gera mönnum grein fyrir því hvernig með einföldum hætti á að reikna út verðbætur. Með þau mál hefur því verið farið vitlaust um árabil. Og að þiggja ráð þessarar stofnunar gersamlega án gagnrýni, eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh. áðan, tel ég algera óhæfu.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það hefur margt komið fram í þeim umr. sem hér hafa átt sér stað út af þeim fsp. sem hv. 2. landsk. þm. og áður hv. 3. landsk. þm. báru fram í sambandi við bankamálin. Það er nú ekki eins og það sé fyrsti dagurinn sem við séum að ræða fyrirspurnir eða tillögur um þessi mál, en það er engu að síður ástæða til þess að þau mál séu mjög vandlega skoðuð og þm. láti í ljós skoðanir sínar á þeim.

Hér ræddi hv. 2. landsk. þm. um setningar, sem ég lét frá mér fara í þessum ræðustól fyrir viku varðandi skoðun mína á því hvaða kröfu á að gera til bankanna varðandi eiginfjárstöðu og varðandi fjárfestingar sem hlutfall af eiginfjárstöðu. Ég vek athygli á að ríkisbankarnir heyra undir viðskrh., að Búnaðarbankanum undanskildum. Banki sá sem sérstaklega var til umr. hjá hv. þm. er hins vegar ekki í ríkiseign, heldur eign samvinnuhreyfingarinnar. Bankamálaráðherra eða viðskrh. fer að vísu með þau málefni sem varða þennan banka, en ég teldi að til þess að aðhafast eitthvað í þá átt sem hv. þm. vék að áðan þyrfti ráðh. að fá aths. frá þeirri stofnun sem heitir bankaeftirlit og á að fjalla um þessi mál og gera athuganir og gefa aðvaranir ef ástæða þykir til.

Þm. spurði — ég held að ég fari með það rétt — hvort ég vissi um byggingar á vegum þeirra 32- (**JS:** Hvort það væru hafnar einhverjar byggingar.) Já, hvort það væru hafnar einhverjar byggingar hjá þeim bönkum sem hafa sótt um þessi 32 útibú. Það getur nú enginn, held ég, ekið um borgina öðruvísi en sjá það og allra síst sá ráðh. sem kemur akandi sunnan úr Hafnarfirði. Hann hlýtur að sjá það sem hefur verið að gerast á leiðinni inn í borgina í þessum efnum. Verslunarbankinn á stóran hluta í Húsi verslunarinnar, sem er að mér er tjáð nærri lokið, ef þá það húsnæði er ekki fullbyggt, þannig að ég væri að haga mér eins og strúturinn og stinga höfðinu í sandinn ef ég hefði komið hér upp og ekki sagst hafa séð það sem þarna væri á ferðinni.

Ég get líka upplýst að Hús verslunarinnar hefur verið í byggingu allt frá 1976 og það verið talið, og því ekki mótmælt af einum eða öðrum sem þar hefur átt hlut að máli, að Verslunarbankinn tæki þátt í þeirri byggingu, og að mér er tjáð reikna allir með því að þegar byggingunni er lokið hljóti hann leyfi til að starfa þar.

Hv. 3. þm. Reykv. vék hér að máli sem vonandi verður á dagskrá síðar á þessu þingi, þ. e. setning nýrra laga um Seðlabankann, um viðskiptabankana og um sparisjóðina. Ég átti sæti í nefnd sem fyrrv. ríkisstj. skipaði um þessi mál, en þegar ég tók við embætti ráðh. vék ég úr þeirri nefnd ásamt hæstv. sjútvrh., sem gegndi formennsku í nefndinni, en tveir aðrir voru skipaðir í staðinn. Þessi nefnd hefur verið að störfum og ég á von á að hún ljúki störfum skömmu eftir næstu mánaðamót. Þannig ætti ekki að líða mjög langur tími þar til hægt verður að flytja nýtt frv. um Seðlabankann. Þá fá allir tækifæri til að láta ljós sitt skína og koma á framfæri þeim hugmyndum sem þeir hafa um breytingu á starfsemi þeirrar stofnunar. Ennfremur er verið að ljúka við að semja frv. um viðskiptabanka og frv. um sparisjóði.

Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Reykv. um að við verðum að vanda mjög til þessarar löggjafar. Ég ætla einnig að vonast til þess að Alþingi fái mjög gott tækifæri til að ræða þessi mál þegar frv. verða lögð fram. Eins og ég sagði áðan vonast ég til þess að það líði ekki margar vikur þar til nefndin hefur lokið störfum. Hvort rétt þykir að leggja frv. fram fyrir jólaleyfi eða með hvaða öðrum hætti þm. fái tækifæri til þess að skoða frv., það skal ég ekki um segja. En ég mun að sjálfsögðu hafa samstarf við ekki aðeins stjórnarþm., heldur líka stjórnarandstöðu og ræða með hvaða hætti skynsamlegast væri að vinna að þessum málum.

Ég er sannfærður um að okkur greinir út af fyrir sig ekki mjög á um hvernig beri að haga þessum málum. En við þurfum að horfast í augu við staðreyndir og það þurfa ráðherrar stundum að gera þegar ríkisstjórnarskipti verða. Það hafa verið afgreiddir ákveðnir hlutir og þeir ganga fram eins og ég hef vikið að. Hins vegar taldi ég eðlilegt og rétt að rita, eins og ég sagði fyrir viku, öllum bönkunum bréf og óska eftir því að um frekari verksamninga verði ekki að ræða á árinu 1984 en um hefur verið samið og óska jafnframt eftir að rn. verði gerð grein fyrir þeirri fjárfestingu sem bankarnir nú standa í og að eins mikið verði dregið þar úr og mögulegt er.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég veit að hæstv. viðskrh. hefur gleymt að svara þeirri fsp. sem ég bar fram til hans um viðhorf hans til þess frv. sem hér liggur nú fyrir Alþingi um stöðvun bæði byggingar Seðlabankahússins og stöðvun á frekari útþenslu útibúa bankanna í kerfinu. Ég held að hyggilegt væri fyrir Alþingi að samþykkja slíkt meðan menn eru að ná áttum í þessu máli. Ég held að ef menn haldi áfram á sömu braut verði enn frekari útþensla og fjármagn verði nýtt til ónauðsynlegra verka en mörg önnur eru, sem er brýn nauðsyn á að hrinda í framkvæmd, á sama hátt og hér hefur verið lýst. Ég ítreka því mína fsp. til hæstv. viðskrh., hvort hann telji nú ekki rétt að samþykkja stöðvun á framkvæmdum og útþenslunni á bankakerfinu sem heild með því að stöðva allar frekari uppsetningar útibúa meðan menn ná áttum í því hvernig á að haga þessum málum með sem skynsamlegustum hætti, þannig að það komi þjóðinni að betra gagni en sú stefna sem ríkt hefur — og ekki ber þá að undanskilja fyrrv. ríkisstj. — í bankamálum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er ljóst af þessum umr. að hv. alþm. gera sér ljósa grein fyrir því að íslenska bankakerfið er í úlfakreppu. Það hafa menn raunar margir vitað um allmargra ára skeið og ættu kannske allir að hafa gert sér grein fyrir.

Ég ætla ekki að fara út í langar efnislegar umr., enda tíminn skammur, en mér finnst ekki að þessari umr. geti lokið þannig að menn geri sér ekki grein fyrir því að eðli bankakerfisins sjálfs, þ. e. hin opinbera eign á öllu peningakerfi landsins svo að segja, bæði í bönkunum, viðskiptabönkunum, ég tala nú ekki um Seðlabankann, öllu sjóðakerfinu o. s. frv., á sér hvergi hliðstæðu svo að ég viti annars staðar í lýðfrjálsu ríki, og er raunar ósamræmanlegt heilbrigðum lýðræðisþáttum að ríkisvald og stjórnmálaöfl ráði yfir öllu fjármagni þjóðfélagsins.

En svo ánægjulega vill til að tveir stjórnmálaflokkar a. m. k. hafa lýst því yfir að þeir stefni að því að gera alla viðskiptabankana íslensku að almenningshlutafélögum. Það er auðvitað þetta sem ber að gera. Þetta var samþykkt á landsfundi Sjálfstfl. nýverið einróma. Eitt af fyrstu málum þessa þings, ég hygg 3. mál, var einmitt tillaga BJ um hið sama. Lausnin í þessu máli er aðeins ein. Hún er sú að gefa fólkinu ávísanir á þetta vald og þann auð sem þarna er fyrir hendi, hinn gífurlega mikla ríkisauð sem hefur verið hrifsaður frá fólkinu.

Nú er baráttan um það eitt að safna sparifénu inn fyrir bankaveggina, að ná í sem mest sparifé. Baráttan um það kostar óhemjufjármagn. Hins vegar er minna um það hugsað hvernig þessum peningum er varið þegar viðkomandi banki hefur náð á þeim tangarhaldi. Þetta yrði auðvitað með allt öðrum hætti ef einstaklingar, borgararnir sjálfir, beint, án milligöngu stjórnmálamanna, stjórnuðu viðskiptabönkum, eins og er í öllum lýðfrjálsum löndum.

Mér er ekki kunnugt um að það þekkist að ríkisvaldið eigi svo mikið sem einn banka, viðskiptabanka, í vestrænum löndum. Það mun vera einhver hlutdeild í einum banka í Finnlandi. Mitterand í Frakklandi ætlaði að láta ríkið hefja einhver afskipti af bankastarfsemi þar í landi, en mun hafa horfið frá því. Alls staðar annars staðar eru viðskiptabankarnir í eigu fólksins en ekki ríkisvaldsins og þess vegna er þeim stjórnað af viti en ekki óráðsíu. (Gripið fram í.) Ég endurtek að ólánið er að íslenska ríkið fer með allt fjármálavald í þessu þjóðfélagi.

Það er ósamrýmanlegt eðlilegum, heilbrigðum lýðræðislegum háttum.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Það er aðeins ein spurning enn þá til hæstv. viðskrh., sem hann getur svarað með jái eða neii. Mig langar að beina til hans þeirri fsp., hvort hann telji að fjárfestingar í bankakerfinu séu ekki komnar á alvarlegt stig þegar fjárfestingar einstakra banka eru komnar langt umfram eiginfjárstöðu, eins og fram kemur í yfirliti um viðskiptabanka og sparisjóði, um efnahag og rekstur bankanna fyrir árið 1982. Eins langar mig að spyrja hann að því, við hvaða verðlag þær tölur sem hann gaf upp í upphafi um stofn- og rekstrarkostnað þessara 11 bankaútibúa eru miðaðar.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 2. landsk. þm. varðandi fjárfestingu bankanna tel ég ekki rétt né heldur skynsamlegt að kveða upp neinn dóm. Allt er þetta með þeim hætti að það þyrfti að skoðast nánar. Ég hef kynnt mér þessa bók og þær bækur sem gefnar hafa verið út á undan henni, þannig að mér er alveg ljóst hvernig staðan er í þessum málum. Hún er misjöfn. En ég tel mig ekki reiðubúinn til að kveða upp dóm í þessum efnum.

Þær tölur, sem ég las upp áðan, eru annars vegar staðreyndir um kostnað þegar hann var greiddur og hins vegar um rekstrarkostnaðinn áætlaðan á verðlagi dagsins í dag.

Hv. 3. þm. Vestf. minnti mig á að ég hefði gleymt að svara honum varðandi það frv. sem hann hefur hér flutt. Ég get svarað honum því til, að á meðan ég gegni störfum viðskrh. tel ég þessum málum best komið þar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér virðist hæstv. viðskrh. hafa farið mikið aftur frá því að hann var óbreyttur þm. og þorði að hafa skoðun. Nú virðist það vera breytt. Ég minnist þess a. m. k. að meðan núv. hæstv. viðskrh. var í stjórnarandstöðu undanliðið þing hafði hann skoðun á málum og lét hana í ljós úr ræðustól á Alþingi. Nú eru viðhorf breytt og hæstv. ráðh. kominn í þá aðstöðu að það er best að segja sem minnst, segir hann. Ég tek þó þögn hans á þann veg, að honum sé farið að verða um og ó um þá þróun sem hann var hér sjálfur að lýsa með upptalningu þeirri sem við heyrðum áðan. Ég hygg, og raunar veit það, að hæstv. viðskrh., svo greindur sem hann er, óar við þróun eins og hefur átt sér stað, — ég tala nú ekki um eins og stefnir í ef ekki verður spyrnt við fótum í þessum efnum. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. vaxi kjarkur eftir því sem á líður stjórnarsetuna og að hann geti tekið upp sömu vinnubrögð og hann hafði sem óbreyttur þm. og þori að segja þingheimi og þjóðinni sína skoðun, því hann hefur skoðun á málinu, annað dettur mér ekki í hug að halda.

Íslandssögukennsla í skólum, fsp. 102. mál (þskj. 123). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp.:

„Hefur menntmrh. lagt blessun sína yfir þá ákvörðun skólarannsóknadeildar að hætt verði að mestu leyti að kenna Íslandssögu í skólum landsins?"

Kveikjan að þessari fsp. er í Morgunblaðinu frá 13. nóv. þar sem annars vegar er birt grein sem ber heitið „Íslandssagan umrituð" og hins vegar birt viðtal við Erlu Kristjánsdóttur, námstjóra í samfélagsfræði, sem ber fyrirsögnina „Gömlu námsbækurnar eru hlutdræg túlkun á Íslandssögunni".

Mér er það ljóst að það er erfitt að skrifa námsbækur um söguna þannig að öllum líki. Og vafalaust er einnig erfitt að túlka hana. En spurningin hlýtur að vera sú hvort við erum að hverfa frá því að telja okkur skylt að fjalla um tímabilið allt, það ritaða tímabil sem við eigum sögu um, eða hvort við teljum að þetta námsefni tilheyri ekki samtíðinni vegna þess að tækni og vísindi hafi tekið við. Ég vil leyfa mér að lesa hér upp úr viðtalinu við Erlu:

„Sú nefnd, sem upphaflega gerði tillögu um þessa breytingu árið 1971, færði fram fjögur meginrök," segir Erla Kristjánsdóttir. „Í fyrsta lagi að hefðbundin mörk þessara greina væru miðuð við fræðilegar forsendur sem börn á grunnskólaaldri hefðu vart tök á að greina. Í öðru lagi yrði námið raunvirkara með þessum hætti og tengdist betur reynslu utan skólans. Í þriðja lagi að skipulögð skipuþætting gerði námið hnitmiðaðra og kæmi í veg fyrir óþarfa skörun og endurtekningu. Í fjórða lagi var því haldið fram að ef ná ætti öllum meginmarkmiðum námsins hentaði samþætting betur því betra væri að koma þar fyrir sjálfstæðum afmörkuðum viðfangsefnum en ef skipt væri í sjálfstæðar námsgreinar. Enn fremur hefur verið vísað til stórstígra framfara í tækni og vísindum og þeirra miklu breytinga sem þjóðfélagið hefur tekið á undanförnum áratugum."

Það er þetta með tækni og vísindi sem situr mest í mér. Sagan breytist ekkert hvort sem við finnum upp kjarnorkusprengjur eða nýja hluti í læknisfræði. Spurningin er aðeins hvort við teljum að hún sé þess virði að hún sé kynnt þegnum þessarar þjóðar. Sú Íslandssaga, sem kennd hefur verið, hefur lagt höfuðáherslu að mínu viti á tvo þætti, annars vegar mikilvægi samstöðu þjóðarinnar og það að sundrungin leiði yfir hana bölvun og afleiðingin af þessari sögutúlkun er vissulega þjóðernishyggja sem sumir hafa tekið á þann veg að við værum að kenna Danahatur í skólum. Hitt atriðið er að hún hefur lagt áherslu á mikilvægi einstaklingsins í þróun sögunnar. Það er boðskapur um það að vort lán búi í okkur sjálfum.

Sú saga, sem byggir á þessum grundvallaratriðum, boðar vissulega vissa túlkun; hún gerir það. En ég efa að það sé sanngjarn dómur sem upp er kveðinn af námstjóranum þegar sagt er: „Gömlu námsbækurnar eru hlutdræg túlkun á Íslandssögunni". Ég efa að þeir, sem sitja við að semja nýjar, sleppi undan þeim dómi að einhverjum finnist ekki að það sé einnig hlutdræg túlkun á Íslandssögunni. Mér sýnist að eitt af því, sem eigi að leggja áherslu á í samfélagsfræðinni sem kennd verður, sé að það sé stéttaskiptingin fyrst og fremst sem hafi verið bölvaldur í sögu þjóðarinnar. Það má vel vera að einhver telji að það sé aðalatriðið að koma því á framfæri. Ég er þó ekki viss um að allir Íslendingar telji að það sé minna atriði að undirstrika það að við erum lítil, fámenn þjóð sem þarf að standa saman og vegna þess að við deildum innbyrðis þá töpuðum við frelsinu og við munum tapa því aftur ef við deilum of hart innbyrðis.

Hetjudýrkun sem kemur fram í Íslandssögunni hefur og verið gagnrýnd. Grímur Thomsen taldi þó að hetjudýrkunin ætti vissan rétt á sér. (Forseti hringir.) Ég vil, með leyfi forseta, fara hér með örstutt brot úr vísu eftir hann og það er úr Hemings flokki Áslákssonar:

„Hemingur til fósturs þar er fenginn
fornum raum frá Ólafs helga dögum
bæði elskar hann og æfir drenginn
elur hann á gömlum hetjusögum."

Og ég efa að annað efni hafi verið betra til að efla hugrekki Íslendinga — það sem dugði okkur í sjálfstæðisbaráttunni.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka þann áhuga sem fram kemur í fsp. hv. þm. Svar mitt við spurningu hans er: Nei, öldungis ekki. Ég tel sögukennslu byggða á samfelldri rás atburða Íslandssögunnar mikilsverða undirstöðu sjálfsvitundar okkar sem þjóðar.

Í spurningunni felst að skólarannsóknadeild hafi tekið ákvörðun um þetta efni. Staðreynd er hins vegar sú að ákvörðun var tekin með námsskrá um samfélagsfræði árið 1977 og hún byggðist á nefndaráliti frá 1971. Í námsskránni segir m. a. á bls. 9 þar sem fjallað er um svonefnda samþættingu sögu og landafræði, með leyfi hæstv. forseta:

„Um leið og saga verður grein á meiði samfélagsfræði er brýnt að sjónarhorn hennar verði víkkað og efnismeðferð dýpkuð frá því sem verið hefur. Meginmarkmið hennar verður ekki lengur bundið við það að rekja atburðarás í réttri tímaröð, heldur að lýsa gerð þjóðfélaga á tilteknu tímaskeiði og leita skýringa á félagslegri og menningarlegri þróun þeirra."

Síðar á sömu bls. þar sem fjallað er um heimildaleit nemenda, segir:

„Til þess gefst hins vegar ekki svigrúm nema vikið verði frá þeirri kröfu að nemendur fái á þessu stigi" — sem er á síðustu námsárum í grunnskólanum — „eins konar yfirlit yfir helstu atburði sögunnar í heild. Val sögulegra viðfangsefna hlýtur vissulega að orka tvímælis og vera háð ríkjandi hefðum."

Ég vil taka það fram að þetta atriði er ekki að fullu komið til framkvæmda enda segir svo í grg. deildarstjóra skólarannsóknadeildar menntmrn. sem hann gerði fyrir mig í tilefni af þessari fsp., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil byrja á því að undirstrika að fsp. byggist á misskilningi þar sem **aldrei** hefur staðið til að hætta „að mestu leyti að kenna Íslandssögu í skólum landsins". Í þau ár, sem ég hef veitt skólarannsóknadeildinni forstöðu, hef ég aldrei heyrt um þetta talað og ég þekki engan sem ekki vill að Íslandssagan skipi þann sess í námsefni grunnskólans sem henni ber. Það er frekar unnið að því að efla kennslu í Íslandssögu í grunnskólum en að afnema hana."

Hér lýkur þessari tilvitnun. Og herra forseti, ég legg áherslu á það að þetta efni er vissulega umdeilt eins og sést af þessari tilvitnun í grg. deildarstjórans því að aftur á móti segir í námsskránni frá 1977, sem ekki er komin til framkvæmda, að sinna beri kennslu á tilteknum tímaskeiðum eins og fyrr er frá greint.

Enn fremur segir í grg. deildarstjóra skólarannsóknadeildar:

„Námsefni það, sem kennt var... hefur verið að mestu óbreytt hvað inntak varðar í marga áratugi og í nokkrum tilvikum hefur sama námsefni verið notað lítið breytt frá því á fyrstu áratugum þessarar aldar."

Og síðar: „Rétt er að benda á að aðeins lítill hluti þess námsefnis, sem áætlað hefur verið í Íslandssögu, er komið út og ekki hefur verið ákveðið nema í grófum dráttum um gerð þess efnis sem eftir er að semja og gefa út. Allar áætlanir um nýtt námsefni eru stöðugt til skoðunar og er lögð mikil áhersla á að fá fram athugasemdir kennara eða annarra sem áhuga kunna að hafa á viðkomandi námsgrein."

Hér verð ég enn að fella úr, herra forseti, þar eð grg. er mun lengri en rúmast innan þess ræðutíma sem forseti hefur ákveðið fyrir svar við fsp. Enn segir í grg. deildarstjórans:

„Það er því fjarri öllum sanni að dregið hafi verið vísvitandi úr kennslu í Íslandssögu fyrir tilverknað skólarannsóknadeildar. Sé Íslandssaga kennd í minni mæli nú en áður er það af öðrum orsökum og ég vil því stuttlega gera grein fyrir skiptingu kennslustunda milli námsgreina í grunnskólum og fleiri atriðum sem ráða því hvað einstakar greinar eru kenndar margar stundir á viku.“

Nú felli ég úr þar sem gerð er grein fyrir því sem stendur í 42. gr. grunnskólalaga en tek næsta atriði þar sem segir:

„Menntmrh. ákveður með auglýsingu — samkv. 42. gr. grunnskólalaga hvernig kennslustundum skuli skipt milli námsgreina. Þessi auglýsing var síðast gefin út árið 1979 og samkvæmt ósk núv. menntmrh. er hún nú í endurskoðun m. a. vegna áætlana um aukna kennslu í heimilisfræði. Samkvæmt núgildandi auglýsingu hafa einstakir skólar nokkurt frelsi um það hvað þeir verja mörgum stundum til kennslu í einstökum greinum þannig að nokkur munur er á milli skóla hvað hver grein fær marga tíma... Samkvæmt fyrrnefndri auglýsingu eru nemendastundir nú 266—270 á viku. Fyrir 1979 voru þessar stundir nokkru fleiri en var þá fækkað skv. ákvörðun þáv. menntmrh... vegna erfiðrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Þar sem fjárhagsstaðan virðist lítið hafa batnað enn sem komið er hefur ekki þótt fært að fjölga þeim aftur.“

Ég vík svo að lokakafla í þessari grg., herra forseti, og hann hljóðar svo:

„**Staða greinarinnar nú.**

Við gerð áætlunar um endurskoðun námsefnis og kennslu í samfélagsfræði árið 1971 var við það miðað að heildarendurskoðun efnisins yrði lokið árið 1978. Fjárskortur hefur mjög tafið framgang þessarar áætlunar en námsefnissamning er kostuð af ríkissjóði samkv. fjárlögum ár hvert. Miðað við það fé, sem fengist hefur á undanförnum árum, þykir það sýnt að heildarendurskoðun náms og kennslu í samfélagsfræði í íslenskum skyldunámsskólum muni ljúka á síðasta áratug þessarar aldar. Þessu fylgja margvíslegir skipulagsörðugleikar þar sem skólar verða að nota samhliða það nýja námsefni sem út er komið og eldra efni sem fyrir löngu er orðið úrelt.“

Þar lýkur tilvitnunum í grg. deildarstjóra skólarannsóknadeildar en ég mun fúslega láta hv. þm. grg. í heild í té. Vegna niðurlagsorða í grg. um heildarendurskoðunina og gang hennar vil ég láta þess getið að ég tel endurskoðun námsefnis vera tímabundið verkefni í sjálfu sér og takist ekki að ljúka því á tilsettum tíma getur vel verið tilefni til að endurskoða það að nýju. Svo stendur á um þetta efni sem hér er til umr. að það byggist á nefndaráliti sem út var gefið 1971 þar sem m. a. er vikið að því að þekkingarmarkmið og viðhorfa- og tilfinningamarkmið séu lögð að líku í samfélagsfræði. Ég vil láta þess getið að ég tel að þekkingarmarkmiðin eigi að sitja í fyrirrúmi. Ég tel það markmið kennslunnar að efla sjálfstæða hugsun nemenda, byggða á miðlun staðgóðrar þekkingar, þekkingar á staðreyndum. Ég tel að varast eigi að láta staðreyndakennslu víkja fyrir viðhorfakennslu. Þetta er meginatriði. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að staðreyndir, svo vel sögulegar sem aðrar staðreyndir, halda áfram að vera staðreyndir þótt þjóðfélagið breytist.

Ég hygg þá, herra forseti, að fsp. sé svarað.

Helgi Seljan: Herra forseti. Sem kennari í 18 ár þá get ég ekki stillt mig um að segja örfá orð hér. Fyrst þetta: Kennslubækur í sögu máttu sannarlega breytast og ekki síst þar. Sögukennslan sömuleiðis meðan páfagauksþulur voru lofsverðastar taldar. Ártöl og einstaklingar voru þar í fyrirrúmi. Ég man spurningar um fæðingarártöl einstakra manna, ævilýsingar einstakra manna, allt frá bernsku og til æviloka. Og því mátti sannarlega breyta.

Eflaust hefur um sumt verið farið offari í þessum efnum. En sumt af því nýja námsefni, sem ég hef séð, er af þeirri gerð að ég hefði sannarlega kunnað að meta það á árum áður sem kennari. Ég vil því vara við fordæmingu, þó að vel þurfi að gaumgæfa þetta og glata ekki þræðinum í almennri sögu þjóðarinnar. Ég legg jafnframt ríka áherslu á nauðsyn þess að gefa nemendum góða innsýn í þjóðarsöguna, sögu fólksins í þessu landi, kjörum þess og aðbúnaði, og þróun sjálfstæðismála, bæði fyrr og nú. Ártöl og einstaklingar koma þar vissulega inn í myndina, en þjóðarsagan er allt annað og meira. Líf fólksins og kjör í aldanna rás þurfa að vera aðalatriði. Þróun í þá átt að gera þá mynd sem sannasta og fyllsta er af hinu góða þó að aðgátar sé vissulega þörf og atburðir og einstaklingar, sem hæst rísa í sögunni, eiga áfram að hafa sinn sess.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svarið og þakka henni einnig fyrir hitt að leggja á það áherslu að þekkingarkennsla eigi að sitja í fyrirrúmi þegar sagan er lesin. Viðhorfin verða jafnmörg og kennararnir og námsbókarhöfundarnir. En þekkingargrundvöllurinn er sá sami. Hann er aðeins einn í þeim efnum.

Ég vil geta þess að þær námsbækur, sem samdar hafa verið eins og „Kjör fólks fyrr á öldum“ eftir Hauk Sigurðsson, eru þannig úr garði gerðar að stuðst er við heimildir, sögulegar heimildir og svo er búin til saga utan um heimildirnar. Hins vegar virðist í mörgum tilfellum gæta ansi mikils misskilnings þegar þessi saga er búin til, þannig að ég hygg að stundum verði nemandinn ekki fróðari á eftir. Þar virðist vera ruglað saman kúgildum og því að menn hafi búið með kýr. Þar virðist einnig vera gert ráð fyrir að karlmenn sinntu mjöltum. Og ég held að það gæti ansi mikils misskilnings hvernig staðið hafi verið að fráfærum. En þetta er frumraun og ég vona að reynt verði að betrumbæta þessa sögubók á þann veg að hún rangtúlki ekki söguna.

En hitt held ég að sé staðreynd, því miður, að ástæðan fyrir að farið var að blanda saman námsefninu hafi m. a. verið sú að með þeim hætti var talið handhægast að minnka sögukennsluna í skólum án þess að eftir því væri tekið.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir að flytja þetta mál hér inn í þingsalina. Því miður þá er það svo að umræðuefni af þessum toga eru allt of sjaldgæf hér í þingsölum. Ég segi allt of sjaldgæf vegna þess að þau snerta grundvallarþátt í uppeldi og öllum viðhorfum þjóðarinnar. Og ég er þeirrar skoðunar að við mættum gefa þessum málum miklu meiri gaum og ræða miklu ítarlegar hér í okkar hópi alþm. Hvernig háttað er kennslu og fræðslu um grundvallaratriði í sjálfri tilveru þessarar þjóðar.

Ég er sammála hv. 2. þm. Austurl. Helga Seljan um að hinar þurru staðreyndaupptalningar, sem voru notaðar um árabil, hafa mjög gengið sér til húðar. Spurningar eins og þessi sáust stundum á prófi hér forðum: Hver er myndarlegasti landshöfðinginn? — þar sem rétt svar var Magnús Stephensen, en rangt Hilmar Finsen. Slíkar spurningar og slík efnistök þjóna því auðvitað ekki að glæða áhuga fólks á þessum grundvallarþætti okkar þjóðar.

Ég held líka að það sé rétt sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan að hafa eigi þekkingarmarkmið í fyrirrúmi í allri kennslu. En ég er engu að síður þeirrar skoðunar að það beri að halda þannig á þessum málum að í skólum landsins og í Íslandssögu sé allt gert vísvitandi og markvisst til þess að stuðla að virðingu nemenda fyrir Íslandssögunni, fyrir tungu þjóðarinnar og menningararfi. Og ef hlutleysismarkmiðin eru orðin svo ríkjandi að þetta sé óheimilt, að leggja áherslu á að efla þessa virðingu fyrir þjóðarsögunni, þá hafa þau gengið of langt að mínu mati. Ég er þeirrar skoðunar að tekist hafi á liðnum árum að ná furðu langt í því að draga í rauninni úr áhuga fólks á þessum meginforsendum okkar þjóðfélags. Og það var ánægjuefni að sjá á s. l. sumri þegar minnst var 200 ára afmælis Skaftárelda hvernig hafði tekist til við að glæða áhuga og skilning nemenda í Kirkjubæjarklausturskóla á því sem hafði gerst fyrir 200 árum. Þá sást mjög vel að það er mögulegt að skapa áhuga og næman skilning nemenda, yngsta fólksins í dag, á tiltölulega mjög fjarlægum viðburðum í Íslandssögunni.

Ég held að þessi sýning sé til marks um að unnt sé að gæða söguna lífi sem dugir til þess að unga kynslóðin skynji nauðsyn þess að við höldum fast í þennan meginþátt í sögu, athöfnum og starfi íslensku þjóðarinnar.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil taka undir það að mjög æskilegt er að mál sem þessi séu rædd hér á Alþingi. Þetta eru mál sem varða ekki einungis nemendurna og kennarana heldur hvern einasta mann í landinu. Þetta er líka mál sem hver maður hefur rétt til að hafa skoðun á.

Nú er það svo að námsskráin, sem er ramminn utan um námsefnið, er til endurskoðunar og ákvörðunar á nokkurra ára fresti. Drög að aðalnámsskrá grunnskóla eru til meðferðar nú í menntmrn. og ég vil skýra frá því að ég ætla að útbýta þessum drögum meðal þm. nú næstu daga því að mér þykir ástæða til þess að þeir sjái hvað til stendur að kenna í grunnskólanum, hver er ætlunin að framkvæmdin verði á grunnskólalögunum sem þeir sjálfir settu. Ég yrði vitanlega þakklát fyrir að hv. þm. kæmu aths. sínum til mín fljótlega eftir að þeir hefðu haft þetta efni til skoðunar.

Það er meira en tímabært að umr. um þekkingarmiðlunina í skólunum fari fram hér á landi. Mikil umr. hefur verið um þessi efni í nágrannalöndum okkar og við erum ekki ein um að óttast að meðal þess marga, sem þarf að kenna í grunnskólanum, verði eitthvað sem ekki kemst að eða jafnvel fer forgörðum. Staðreynd er að nágrannaþjóðir okkar hafa af því þungar áhyggjur að margir skólanemendur séu ekki nægilega vel að sér um einföldustu staðreyndir sinnar eigin þjóðarsögu eða þá í landafræði, sinnar eigin eða nágranna sinna, en þeir hafi aftur á móti þekkingu af því tagi sem stundum er kallað að vita meira og meira um minna og minna. Það er sú hætta sem of mikil áhersla á svonefndri „temakennsluaðferð" hefur í för með sér. Hún getur gert námið mjög skemmtilegt en óneitanlega þarf að hafa í huga hver tími verður afgangs fyrir önnur atriði almenns eðlis. Þetta er sá vandi sem við stöndum andspænis. Það er mjög margt skemmtilegt í gerð námsefnis undanfarinna ára, sem vissulega er til þess fallið að vekja áhuga og spurningar nemenda. T. d. eru samfélagsfræðibækur fyrir yngstu nemendurna mjög skemmtilegt efni. Fyrst farið er að geta um einstök rit hér úr ræðustóli Alþingis langar mig sérstaklega að minnast á ritið um Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttuna sem ég tel mjög skemmtilega og fróðlega úr garði gert. Hins vegar gildir um það eins og mörg önnur atriði að vitanlega verður þetta að falla allt inn í eðlilegan tímaramma. Mjög gott er fyrir nemendur að eiga kost á slíku efni, hafa það undir höndum og vinna úr því eins og þeir geta.

Ég þakka fyrir orðið, herra forrseti.

Sameinað þing, 24. fundur.

Þriðjudaginn 22. nóv., að loknum 23. fundi.

Lækkun húshitunarkostnaðar, þáltill. 104. mál (þskj. 125). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Viðhald á skipastólnum, þáltill. 105. mál (þskj. 127). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landnýtingaráætlun, þáltill. 106. mál (þskj. 128). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar, þáltill. 107. mál (þskj. 129). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skýrsla iðnrh. um bráðabirgðasamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. (þskj. 59). — Frh. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hér fer fram framhald umr. sem hófst í síðustu viku um skýrslu hæstv. iðnrh. til Alþingis um bráðabirgðasamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium. Hæstv. iðnrh. rakti í framsöguræðu sinni gang deilunnar við Alusuisse, en gangur þessarar deilu kom oft til umr. á s. l. Alþingi. Það kom mjög glöggt fram í ræðu hæstv. iðnrh., sem reyndar var oft rifjað upp í umr. á síðasta þingi, að fyrrv. iðnrh., hv. 5. þm. Austurl., náði engum

árangri í því mikla hagsmunamáli Íslendinga að fá rafmagnsverð frá ÍSAL hækkað.

Ég ætla ekki að rifja upp þær miklu umr. sem fram fóru oft um þetta mál á síðasta þingi né endurtaka það sem þá var sagt, þingtíðindi bera vitni um það, en þó minni ég á að fyrrv. iðnrh., hv. 5. þm. Austurl., var oft mjög harðlega gagnrýndur fyrir alla málsmeðferð í þessu máli. Það lá ljóst fyrir á þingi s. l. vor, þegar því lauk, að hv. 5. þm. Austurl. mundi aldrei geta náð neinu samkomulagi við Alusuisse, enda vinnubrögð öll með þeim hætti. Það var t. d. á það bent, að í raun fóru aldrei fram neinar alvörusamningaviðræður milli íslensku ríkisstjórnarinnar eða fyrrv. iðnrh. og Alusuisse. Hér var meira um að ræða sviðsetningar í ljósi fjölmiðla, en öll sú þrotlausa vinna sem hlýtur að liggja að baki slíkum samningum var látin liggja á milli hluta. Það var líka bent á að í þessu máli öllu voru mjög rangar áherslur, þar sem deilan um skattana var látin sitja í algeru fyrirrúmi, en það sem mestu máli skiptir, hækkun rafmagnsverðs, hvarf í skuggann.

Það er mjög fróðlegt að lesa þær athyglisverðu yfirlýsingar sem fyrrv. hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson gaf hér á Alþingi fyrir tæpu ári, er hann sagði sig úr álviðræðunefndinni, og reyndar oft í umr. síðar, þegar hann lýsti vinnubrögðum þáv. ráðh. í þessu máli. Þetta vakti ekki síst athygli þegar haft er í huga að þessi fyrrv. þm. var stuðningsmaður þáv. ríkisstj. og bar því að vissu leyti ábyrgð á setu þáv. hæstv. iðnrh. í ráðherraembætti.

Þessu máli lauk hér á Alþingi rétt áður en því var slitið á þann veg að flutt var till., sem af hálfu þm. var túlkuð sem vantrauststill. á þáv. hæstv. iðnrh., og að henni stóðu allir flokkar nema Alþb. Ég hygg að slíkt sé einsdæmi í þingsögunni. Það segir auðvitað sína sögu um meðferð þessa máls og álit þingsins á málsmeðferðinni. Við þetta mál var skilið í fullkominni óreiðu. Það er alveg rangt, sem fram kom í máli hv. 5. þm. Austurl. í þingræðu í síðustu viku, að það hafi fyrst og fremst verið pólitískir þverbrestir hér innanlands sem hafi verið meginorsök þess að árangur náðist ekki. Ég held að ótvírætt sé að það voru vinnubrögð hæstv. fyrrv. iðnrh. sem voru þar aðalorsakavaldur. Sannleikurinn er sá, að aldrei var neinn grundvöllur fyrir þjóðarsamstöðu um þau axarsköft sem hv. fyrrv. iðnrh. gerði í þessu máli.

Þegar Alþingi lauk lágu tvær tillögur fyrir, annars vegar tillagan um að taka málið úr höndum þáv. hæstv. iðnrh. og hins vegar frv. til laga, sem þáv. hæstv. iðnrh. var 1. flm. að en flokksbræður hans í Alþb. voru meðflm. að, en það var um einhliða aðgerðir í málinu, — „frv. til laga um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins hf.“, eins og það hét. Þetta frv. kom aldrei til umr. hér, enda þingi slitið stuttu eftir að það kom fram.

Hv. 5. þm. Austurl. gerði þetta frv. nokkuð að umtalsefni í sinni ræðu í síðustu viku. Hann ræddi um mjög traustan grundvöll þess að unnt hefði verið að leiðrétta orkuverðið einhliða og taldi það fullkomlega raunhæfan kost, og raunar betri kost en að ganga til samninga við Alusuisse. Ég er mjög ósammála þessu áliti hv. þm. og tel þvert á móti að frv. og þær aðgerðir sem frv. fól í sér hafi hvílt á mjög veikum grunni, enda var ljóst að það naut ekki fylgis hér á Alþingi nema hjá þm. Alþb.

Hinn lagalegi grundvöllur þessara einhliða aðgerða var mjög ótraustur að mínu mati þó að legið hafi fyrir og fylgt með frv. tvær lögfræðilegar álitsgerðir. Það er ekki rétt, sem fram kom í grg. með þessu frv. og var síðan ítrekað af hv. þm., að þessar lögfræðilegu álitsgerðir bendi til þess að fullkominn lagagrundvöllur hafi verið fyrir hendi til að framkvæma einhliða aðgerðir, þ. e. að Alþingi gæti leiðrétt orkuverðið í samningi ÍSALs og Landsvirkjunar ef það væri mat löggjafans að forsendur verðákvæðisins væru brostnar. Ég ætla að gera þetta atriði nokkuð að umtalsefni, því að það skiptir verulegu máli þegar verið er að stilla upp annars vegar því að við höfum átt völ á slíkum einhliða aðgerðum og hins vegar því að ganga til þeirra samninga sem gengið var til og lauk með bráðabirgðasamningi sem að sjálfsögðu verður fylgt eftir með frekari samningaviðræðum.

Það lágu fyrir tvær lögfræðilegar álitsgerðir í þessu máli. Annars vegar álitsgerð frá Þorgeiri Örlygssyni, greinargerð um endurskoðun álbræðslusamninganna með lagasetningu, hins vegar grg. frá Charles Lipton um grundvöll þess að krefjast endurskoðunar á samningum um efnahagsþróun til langs tíma eða grípa til einhliða aðgerða. Ef þessar greinargerðir eru skoðaðar í þaula sést að í þeim eru miklir fyrirvarar. Báðar þessar greinargerðir hvetja reyndar til mikillar varfærni í þessu efni. Við skulum fyrst líta á greinargerð Þorgeirs Örlygssonar, en hún var prentuð sem fskj. með þessu lagafrv.

Ég vil fyrst segja það, að grg. Þorgeirs Örlygssonar er mjög góð lögfræðileg grg. um þær almennu lagareglur sem til greina koma þegar annar aðili að samningi vill breyta honum einhliða. Þetta er fræðileg úttekt á þessu álitaefni eins og það horfir við samkv. íslenskum rétti og ennfremur er litið til réttar Norðurlandaþjóða í þessu efni, einkum Noregs. Hins vegar koma strax fram í inngangskafla þessarar grg. miklir fyrirvarar, sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar þessi grg. er lesin. Ég vil, með leyfi forseta, lesa stuttan kafla úr inngangi greinargerðarinnar. Þar segir:

„Rétt er að taka fram, að þegar álitsgerð þessi er skrifuð er ekki vitað, hvort breytingar verði gerðar á samningunum um álbræðsluna í Straumsvík né heldur hvernig að slíkum breytingum verður staðið, ef í þær verður ráðist með lagasetningu. Umfjöllun og niðurstöðu álitsgerðarinnar verði því að skoða í ljósi þessa. Af þessu leiðir, að í álitsgerðinni er fremur lýst almennum viðhorfum íslensks réttar til þeirra álitaefna, sem til umfjöllunar eru tekin, en hliðsjón höfð af áður greindum samningum um álbræðsluna í Straumsvík og hugsanlegum breytingum á samningsákvæðunum með lagasetningu.

Þá er ennfremur rétt að taka fram, að álitsgerðin sem slík felur ekki í sér sjálfstætt mat á því, hvort forsendur samningsgerðar af hálfu Íslendinga séu brostnar eða hvort hin tilteknu samningsákvæði leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu í garð Íslands sem samningsaðila. Hins vegar er í álitsgerðinni leitast við að lýsa þeim réttarúrræðum, sem tiltæk eru íslenska ríkisvaldinu, ef niðurstöður kannana leiða í ljós, að forsendur samningsgerðar eru brostnar eða að samningsákvæðin leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu.“

Þessi fyrirvari strax í upphafi er mjög mikilvægur, því að þarna kemur fram að höfundur tekur ekki afstöðu til þess álitaefnis sem hér um ræðir og við fjöllum um.

Í grg. koma og fram frekari fyrirvarar. Það koma fram t. d. á bls. 12 mjög sterk aðvörunarorð um að nauðsynlegt sé að fara að með gát, en þar segir, með leyfi forseta:

„Hitt er jafnljóst, að heimild löggjafans til þess að grípa inn í gerða samninga með lagasetningu verður að setja þröngar skorður af réttaröryggissjónarmiðum. Rúm heimild í þessa átt er opinn vegur til misbeitingar löggjafarvaldsins og á það sérstaklega við, þegar ríkið sjálft er aðili að þeim samningum, sem lagasetningu er ætlað að taka til."

Þarna kemur glögglega fram, að greinarhöfundur bendir á hversu varhugavert sé að ríkið sjálft breyti samningum sem það er aðili að. Í þessum orðum er að sjálfsögðu fólgin hvatning til mikillar varfærni í þessu sérstaka máli eða þegar líkt stendur á og í þessu máli. Niðurstaða Þorgeirs Örlygssonar í greinargerð hans er á þá leið, með leyfi forseta. Hann er búinn að rekja nokkuð áður sjónarmið fræðimanna, sem ég skal ekki lesa upp hér, en segir síðan:

„Í ljósi þessa verður að ætla, að Alþingi geti leiðrétt orkuverðið samkv. rafmagnssamningi ÍSALs og Landsvirkjunar til samræmis við upphaflegt samningsmarkmið, ef það er mat löggjafans, að forsendur verðákvæðisins séu brostnar. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi, að dómstólar hafa vald til þess að meta það, hvort hinum efnislegu skilyrðum þess að bera fyrir sig brostnar forsendur hafa í raun verið fullnægt og þá jafnframt, hvort einhliða leiðrétting hafi verið lögmæt."

Það kemur sem sagt mjög glögglega fram að það er ekki Alþingi sem á síðasta orðið í þessum efnum. Jafnvel þótt Alþingi hefði komist að þeirri niðurstöðu að brostnar forsendur væru fyrir hendi kemur það glöggt fram í greinargerð Þorgeirs Örlygssonar að það eru dómstólar sem endanlega kveða á um þetta. Af því leiðir að sjálfsögðu að með einhliða ákvörðun í þessu efni af hálfu Alþingis hefði þessu máli verið stefnt í mikil, flókin og löng málaferli, sem ómögulegt er að segja fyrir um hver endir hefði orðið á. Þess vegna er það ekki rétt sem fram kemur í grg. með sjálfu frv., og það endurtók reyndar hv. 5. þm. Austurl. í sinni ræðu hér á dögunum, að niðurstaðan sé fortakslaust sú, að við höfum fullkominn rétt til þess að leiðrétta orkuverðið einhliða.

Í niðurstöðunni, sem ég las áðan, er rétt að vekja athygli á orðunum að breytingin þurfi að verða „til samræmis við upphaflegt samningsmarkmið ef það er mat löggjafans að forsendur verðákvæðisins séu brostnar". Það er sem sagt lögð áhersla á upphaflegt samningsmarkmið í þessu efni og brostnar forsendur. — En hvernig samræmist þessi niðurstaða lögfræðingsins málflutningi hv. 5. þm. Austurl. og Alþb. yfirleitt í þessu máli? Allur sá málflutningur gengur út á að reyna að sanna og halda því fram að samningurinn hafi upphaflega verið vitlaus og hin mestu mistök. Hvert tækifæri er notað til að kasta rýrð á samningana og þá menn sem að þeim stóðu. Með því er auðvitað verið að leggja spilin upp í hendur Alusuisse. Ég tel að fátt hafi spillt eins mikið samningsstöðu okkar í þessu máli og þessi síbyljumálflutningur Alþb. Sannleikurinn er sá, að grundvöllur þess að hægt sé að halda fram brostnum forsendum í þessu máli og að reynt sé að ná upphaflegum samningsmarkmiðum er að hinn upphaflegi orkusölusamningur með síðari endurskoðun hafi falið í sér eðlilega og sanngjarna skiptingu þess arðs sem vænta mátti að þessi framkvæmd í heild gæfi af sér eða m. ö. o. að upphaflega hafi verið hér um að ræða eðlilegan viðskiptasamning.

Í þessu sambandi er athyglisvert það sem segir í grg. á bls. 19. — Það er eins og það hafi skroppið út úr penna þess sem grg. ritaði, en þar segir:

„Raforkuverðið var ekki óeðlilegt árið 1966, þegar upphaflega var um það samið, hvort sem miðað var við raforkuverð, sem þá var algengt að álver greiddu, eða annan mælikvarða."

Þessi orð eru í andstöðu við málflutning hv. 5. þm. Austurl. og málflutning Alþb. í þessu máli, því að eins og ég sagði áðan hygg ég að okkar sterkasta vopn í þessari baráttu sé að forsendurnar hafi breyst það mikið að rétt og eðlilegt sé að taka þessa samninga upp.

Ég ítreka að grg. Þorgeirs Örlygssonar er mjög vönduð lögfræðileg grg. og mikill fengur að henni, en hana verður hins vegar að lesa með þeim fyrirvörum sem fram koma í henni sjálfri og þeim aths. sem höfundur gerir.

Varðandi lagarök hefur ennfremur verið vitnað í grg. Charles Lipton, sem ennfremur fylgdi með þessu frv. í heild, var fskj. 11 með frv., en hann hefur skrifað grg. um grundvöll þess að krefjast endurskoðunar á samningum um efnahagsþróun til langs tíma eða grípa til einhliða aðgerða. Eftirmáli grg. hans er athyglisverður. Það er eins konar niðurstaða af hans hálfu. Þar segir með leyfi forseta:

„Í minnisgrein minni frá 8. júní 1982 benti ég á að ákveðnar hagfræðilegar athuganir þyrftu fram að fara til þess að fyrir lægju upplýsingar sem hægt væri að reisa á lögfræðilegar grg.

Umfangsmikil skýrsla færustu sérfræðinga um sölu raforku til ÍSALs hefur nú verið gefin út af iðnrn. og mér borist niðurstöður hennar.

Til þess að unnt sé að rannsaka vandlega úrskurði, rit og venjur, sem hér skipta máli, þyrfti að skoða frekar efnahagslega þætti, sem skipta máli, kringumstæður við upphaflega samningsgerð við Alusuisse og samband aðila og aðgerðir eftir þá samningsgerð, til þess að frekari lögfræðileg grg. verði gerð."

Þetta er niðurstaðan sem Lipton komst að og fylgdi þessu frv. Hann kveður ekkert upp úr um það, hvort efni séu til þess að einhliða aðgerðir eigi sér stað. Ég vil að vísu gera þá aths. við hans grg. í heild, að mér finnst mjög vafasamt að flokka samninga milli Íslands og Alusuisse undir samninga um náttúruauðlindir. Mér finnst ekki sjálfgefið að telja slíkan rafmagnssamning til þessa flokks. Hér er fyrst og fremst um það að ræða samninga um námuréttindi og ýmislegt fleira þess háttar og vafamál að hægt sé að skipa samningum eins og okkar á bekk með þeim. En um það skal ég ekki fjalla frekar hér.

Aðalatriði í þessu er þó það, að það virðist hafa skort allmikið á að nægilega traustur lögfræðilegur grundvöllur væri fyrir hendi þegar hv. 5. þm. Austurl. lagði sitt frv. fram, þá sem hæstv. iðnrh. Þessar grg. eru ágætar svo langt sem þær ná. Þær fjalla hins vegar fyrst og fremst um almenn lagarök, en ekki er nægilega fjallað um þau ákveðnu tilvik sem frv. fjallar um.

Veikasti hlekkurinn í okkar málflutningi og í stöðu málsins eins og það var á s. l. vori, þegar þetta frv. var

lagt fram, er þó vafalaust sú staðreynd, að samningaleiðin hafði ekki verið reynd til þrautar. Það var mjög auðvelt að sýna fram á það af hálfu okkar gagnaðila, að samningaleiðin hafði ekki verið reynd til þrautar. Það var auðvitað veikasti hlekkurinn í þessu máli. Ég skal ekkert segja fyrir um hver hefðu orðið viðbrögð Alusuisse ef þetta frv. Alþb. hefði orðið að lögum hér, en það má að sjálfsögðu getum að því leiða að þeir hefðu gert annað hvort af tvennu, að leggja málið í gerðardóm, og slík málsmeðferð hefði tekið langan tíma og staða okkar þá mjög óljós á meðan, eða að þeir hefðu á sama hátt og við töldum okkur þá geta framkvæmt einhliða breytingar á samningnum talið sig ennfremur geta gert breytingar á samningnum einhliða og þá á ákvæðum sem þeim voru óhagstæð, eins og t. d. ákvæðunum um kaupskyldu rafmagns, en það er vitað að þeir þurfa að kaupa allt upp undir 90% af því rafmagni sem álverið er gert fyrir, hvort sem þeir nota það rafmagn eða ekki.

Ég taldi rétt að gera þetta nokkuð að umtalsefni hér, þó að segja megi að þetta frv. heyri e. t. v. sögunni til. En ég held að þarna séu þó víti til varnaðar og nauðsynlegt sé framtíðarinnar vegna í svipuðum málum að átta sig á því að hafa þarf allt önnur vinnubrögð en fyrrv. hæstv. iðnrh. notaði í þessu máli.

Það eru önnur atriði einnig, sem hafa komið fram í þessari umr., sem ég vildi örlítið ræða. Það er sú stöðuga áróðursplata Alþb., sem hv. 5. þm. Austurl. rifjaði upp hér eða gerði enn að umtalsefni í sinni ræðu, að samningurinn um álverið, rafmagnssala til ÍSALs og rekstur þess þyngi stórkostlega almenningi í landinu, að hið háa raforkuverð á Íslandi eigi rætur að rekja til þessara samninga og að íslensk heimili borgi stöðugt skatt til Alusuisse þegar heimilin fái sinn rafmagnsreikning.

Þessi áróður hefur oft verið gerður að umtalsefni. Hann er rangur og hann er ósannur. Til að styðja þessa fráleitu fullyrðingu fræðilegum rökum bað fyrrv. iðnrh., hv. 5. þm. Austurl., Orkustofnun um álit á því hver væru áhrif orkuverðsins til ÍSALs á verð til almenningsveitna í landinu. Öll vinnubrögð hv. 5. þm. Austurl. í sambandi við það mál eru raunar dæmigerð um vinnubrögð hans meðan hann var í ráðherrastól í ýmsum öðrum málum. Þess vegna er vel þess virði að rifja þau hér upp á Alþingi.

Skýrsla Orkustofnunar um þetta mál lá fyrir í marsmánuði s. l. og því fylgdi bréf til iðnrn. dagsett 10. mars 1983, þar sem komist er að ákveðinni niðurstöðu. Þar segir:

„Segja má að meginniðurstaða þessarar athugunar, miðað við þær forsendur sem hér eru notaðar, sé að á árunum 1969—1978 hefði orkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna þurft að vera hærra ef álverið í Straumsvík hefði ekki komið til. Aftur á móti hefði verið orðið lægra en raun varð árin 1979—1981. Eftir 1981 er erfitt að segja til um hver þróun orkuverðsins hefði orðið þar sem í tilvikinu „án ÍSALs“ hefði fljótlega upp úr því þurft að koma til ný virkjun sem hefði að líkindum orðið hlutfallslega miklu dýrari en Búrfellsvirkjun.“

Þetta er sem sagt meginniðurstaðan, að svo til allt þetta tímabil hafi orkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna þurft að vera hærra ef samningarnir við ÍSAL hefðu ekki verið gerðir. Hvað gerði nú hæstv. fyrrv. iðnrh. við þessa skýrslu? Þetta féll ekki í kramið. Þessi skýrsla var greinilega ekki í samræmi við þær niðurstöður sem ráðh. þáv. vildi fá. Hann stakk þessari skýrslu undir stól. Hann lét hvergi birta hana, heldur settist hann niður með sínum mönnum og bjó til nýjar forsendur — forsendur sem pössuðu betur við þær niðurstöður sem hann var fyrir fram búinn að halda fram á opinberum vettvangi — og bað Orkustofnun um að semja nýja skýrslu. Það gerði Orkustofnun og sú skýrsla var lögð fram og dagsett í júní 1983.

Þar eru raktar þær aðferðir sem notaðar hafa verið. Ég skal láta vera að rekja þær hér. En hins vegar kemur það glögglega fram af orðalagi Orkustofnunar í þeim bréfum og niðurstöðum hennar, að hún telur að forsendur þær sem notaðar voru í skýrslunni frá því í mars séu haldbetri en hinar nýju forsendur og birti því þær niðurstöður sínar jafnframt sem eitt tilvik af þremur sem stillt var upp. Það kemur fram á bls. 19 í skýrslu Orkustofnunar. Ef sú aðferð, sem Orkustofnun sjálf telur réttasta, er notuð og þetta framreiknað til núgildis kemur í ljós að samkvæmt þessari aðferð — það er mismunandi eftir því hvaða vexti menn reikna sér — hefði orkuverðið allt tímabilið, frá 1969 til 1982, án ÍSAL verið frá 7%—12% hærra til almennings en það þó var í raun.

Þessar niðurstöður Orkustofnunar eru að sjálfsögðu mjög athyglisverðar, þegar hafður er í huga sá áróður sem stöðugt er látinn dynja á landsmönnum frá Alþb. Þessi vinnubrögð eru líka mjög athyglisverð því að hv. fyrrv. iðnrh. iðkaði það í fleiri málum að búa til forsendur, fá síðan virtar stofnanir, eins og verkfræðideild Háskólans eða Orkustofnun, til þess að setja inn í tölvuna eða reikna niðurstöður samkvæmt forsendum sem þeim voru gefnar og halda því síðan fram að um væri að ræða óvilhalla virta aðila sem kæmust að þeirri niðurstöðu.

Í öllu þessu máli hefur umr. um orkuverðið verið mest áberandi og það er eðlilegt. Það fer hins vegar minna fyrir umr. um þjóðhagslegt gildi þessarar atvinnustarfsemi hér á landi. Það hafa oft verið rifjaðar upp ýmsar tölur í því sambandi. Ég skal ekki þreyta menn mikið á því, en ég held að þó sé rétt að benda á að heildargreiðslur ÍSALs til Íslendinga, og þá á ég við nettógjaldeyristekjur frá upphafi til ársloka 1982 framreiknaðar til verðlags í apríl 1983, hafa verið 8 200 millj. kr. Fyrir raforku hefur verið greitt 1 680, í skatta 510, vinnulaun 3 100, keypt þjónusta ýmiss konar er 1 820 og fjárfestingar hér innanlands 1 080. Þarna er sem sagt um að ræða 6 500 millj. kr. fyrir annað en raforku, þ. e. bæði laun og ýmiss konar þjónusta, og gefur auga leið að það hefur skipt miklu máli fyrir þjóðarbúið á þessu tímabili að fá þessar tekjur inn í landið. Ef við tökum aðeins árið 1982, en ég er með þær tölur í dollurum, var greitt fyrir orku 8.3 millj. dollara, í skatta 1.5 millj. dollara, laun 15.8 millj. dollara, fyrir ýmiss konar þjónustu 9.3 millj. dollara og vegna fjárfestingar 2 millj. dollara. Við fengum því á árinu 1982 í nettógjaldeyristekjur 36.9 millj. dollara frá þessu fyrirtæki. Þar af 8.3 vegna orku, en hitt er fjármagn sem komið hefur eftir öðrum leiðum og streymt út í æðar þjóðfélagsins. Við getum líka nálgast þetta frá öðru sjónarmiði og reynt að átta okkur á því, hver útflutningsverðmæti hafa hér verið á ferðinni. Ef við tökum Hagtölur mánaðarins, eins og síðasta hefti birtir útflutningstekjur í jan.-

ágúst 1983, þá eru útflutningstekjur vegna álversins 1 981 millj. kr. Það er ekkert ósvipað og t. d. saltfiskurinn og ísvarði fiskurinn til samans hafa gefið í útflutningstekjur, svo að dæmi sé nefnt. Að vísu er hér ekki um nettótölur að ræða, á móti kemur innflutningur, en það eru að sjálfsögðu miklar rekstrarvörur einnig fluttar inn í sambandi við sjávarútveginn, eins og við vitum, olía á fiskiskip og þar fram eftir götunum.

Það er einmitt þessi þjóðhagslegi ávinningur í heild sem verið er að sækjast eftir þegar við höfum leitast við að ná samningum við erlenda aðila um slíkan atvinnurekstur hér á landi. Við Íslendingar erum ekkert öðruvísi en aðrar þjóðir. Hjá okkur gilda ekki önnur lögmál í þessu efni en hjá öðrum þjóðum. Það er einmitt þetta sem aðrar þjóðir eru að sækjast eftir. Hvers vegna skyldu Kanadamenn núna t. d. vera að bjóða samninga upp á 6—7 mills fyrir rafmagnið til að hvetja til bygginga nýrra álvera hjá sér? Hvers vegna eru Írar að bjóða stórkostlegar skattaívilnanir og önnur vildarkjör þeim fyrirtækjum sem þangað vilja koma og setja upp atvinnurekstur? Hvers vegna eru Bretar, m. a. s. sjálf Margrét Thatcher, að bjóða erlendum fyrirtækjum miklar ívilnanir, t. d. í formi niðurgreiðslna í stofnkostnaði, ef fyrirtæki vilja koma til að hefja atvinnurekstur þar í landi, sérstaklega í norðurhéruðum Bretlands, Skotlandi og þar í kring? Svarið við þessum spurningum og mörgum fleiri er mjög einfalt. Menn gera sér grein fyrir því víða um lönd að slíkur atvinnurekstur hefur verulegt þjóðhagslegt gildi og sannar ótvírætt gildi sitt þegar til lengdar lætur.

Hv. 5. þm. Austurl. ræddi um innlenda orkunýtingu í þessu sambandi. Hann gagnrýndi mjög þann þátt í þessu bráðabirgðasamkomulagi þar sem látið er að því liggja að til greina komi að stækka álverið í Straumsvík. Nú liggur að vísu fyrir að um það verður ekki samið nema hagstætt raforkuverð náist og við teljum að þeir samningar verði okkur hagstæðir, en hann vildi stilla þessu upp gegn því sem hann kallaði „innlenda kosti við orkunýtingu". Í hans ráðherratíð var einkum tvennt undirbúið í þessu efni. Það er í fyrsta lagi kísilmálmverksmiðjan á Reyðarfirði. Ég tel ákaflega óvarlegt fyrir okkur Íslendinga eina sér að ætla að reisa kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ég er alveg sammála yfirlýsingum hæstv. iðnrh. um að það eigi að leitast við að fá erlenda aðila til samstarfs um rekstur þess fyrirtækis. Allar rekstraráætlanir sem fyrir liggja um þetta fyrirtæki benda til þess að stórkostlegt tap hefði orðið á rekstrinum undanfarin ár. Ég hélt að dæmið frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga hefði kennt mönnum sína lexíu. Það er óvarlegt fyrir okkur Íslendinga að ætla að taka of mikla áhættu einir í þessu efni. Við eigum að leitast við að fá eins mikinn hagnað út úr þessu og mögulegt er, án þess þó að þurfa að taka jafnmikla áhættu og við höfum gert varðandi járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga.

Hv. 5. þm. Austurl. gerði líka vissar ráðstafanir til að undirbúa það sem hann kallaði oft „íslenskt álver" og átti þá sérstaklega við álver í Eyjafirði. Ég tel það alveg fráleitt að við Íslendingar byggjum álver, hvort sem er í Eyjafirði eða annars staðar, og tökum þá áhættu sem því fylgir. Ráðherrann réði norskt fyrirtæki, Árdal Sundal, til að gera hagkvæmniáætlun um rekstur slíks álvers. Niðurstaðan varð sú, að með því að borga 17.5 mills fyrir rafmagnið væri þetta fýsilegur kostur sem gæti borið arð. Sú niðurstaða hvílir hins vegar á mjög veikum grunni. Ég ætla ekki að fara að útlista þá skýrslu eða þá hagkvæmniathugun nánar. Ég nefni þó sem dæmi, að hún gerir ráð fyrir að það sé 30% eigið fé í þessu fyrirtæki, en heildarfjárfesting er sennilega upp á einar 600 millj. dollara, og 70% sé fengið að láni með 2% raunvöxtum. Nú er það að sjálfsögðu vitað mál að 2% raunvextir fást ekki á markaðnum í dag. Hinir alþjóðlegu peningamarkaðir núna gefa og hafa gefið um tíma 6% raunvexti og jafnvel þaðan af hærra. Það er ekkert lát á því og ekkert útlit fyrir að það sé að breytast. Sem dæmi um hver áhrif það eitt mundi hafa á rekstur þessa álvers ef við reiknuðum með 70% lánum á 6% raunvöxtum í staðinn fyrir 2% raunvexti, þá mundi vera tap á hverju einasta ári á rekstri þessa fyrirtækis og eftir tíu ár yrði uppsafnað tap komið yfir 1 100 millj. dollara. Hvaða vit er nú í því að við Íslendingar tökum slíka áhættu á okkur? Ég tel ekkert vit í því. Þess vegna tel ég sjálfsagt að við leitumst við að ná samningum við erlenda aðila um samstarf á þessu sviði og að við reynum að ná hagnaði út úr slíkri starfsemi án þess að þurfa að taka of mikla áhættu sjálfir. Ég er þess vegna mjög sammála því ef hægt er að ná því fram, sem þessi samningur gerir ráð fyrir, að álverið í Straumsvík verði stækkað. Ég hef að sjálfsögðu þann fyrirvara á að samningar takist um raforkuverð sem hagstætt sé fyrir okkur og samið verði um önnur atriði, þannig að við getum fellt okkur við það, en ég tel að stækkun álversins í Straumsvík sé mikilvæg fyrir íslenskt efnahagslíf.

Við Íslendingar horfum nú fram á óvenjumikla erfiðleika í efnahagslífi okkar. Við horfum fram á að aflinn í sjónum fer stöðugt minnkandi. Það hefur að sjálfsögðu alvarlegar afleiðingar fyrir kjör hvers einasta manns sem í þessu landi býr. Þess vegna hljótum við að leita allra þeirra leiða sem við getum til að styrkja íslenskt atvinnulíf og íslenskt efnahagslíf. Ein þeirra leiða er sú að nýta þá orku sem í auðlindum okkar felst til að reisa stóriðjufyrirtæki. Ég tel hins vegar að við eigum ekki að einblína á þann kost. Ég tel að við eigum ýmsa aðra kosti. Þá er ég t. d. með almennan iðnað í huga. En ég held hins vegar að það mikla fjárstreymi út í þjóðfélagið sem fylgir stóriðjufyrirtækjunum hljóti að gera það að verkum að við höldum áfram á sömu braut.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það er stundum nokkuð hart að hlusta á þetta karp um fortíðina. Það er búið að þvæla Ísalmálinu lengi fram og aftur á þingi, í blöðum, í sjónvarpi, í útvarpi og yfirleitt hvar sem er án þess að nokkur botn virðist ætla að fást í það. Þetta karp leiðir líka hugann að því, hvað það yrði mikil guðsblessun ef Alþingi hefði vit á að fara að tillögum BJ og aðskilja efnislíkama ráðherra og alþm. Sannleikurinn er nefnilega sá, að fast að helmingur þingliðsins er eitthvað af þessu: núv. ráðh., fyrrv. ráðh. eða þm. sem ekki fengu að vera ráðherrar. Svo fer helmingur þingtímans í ólund þessara höfðingja, uppgjör þeirra og árásir, varnarræður þeirra eða þm. sem telja sig eiga eitthvað vantalað við þá. Þeir eru á kafi í ráðherratíð sinni eða annarra — fortíð sem oftast er tiltölulega lítið áhugavekjandi fyrir venjulegt fólk og drepur málefnalega umr. um nútíð og framtíð.

Gallinn við Ísalmálið svokallaða er að það hefur helriðið íslenskri orkumálapólitík um áraraðir. Á með-

an stjórnir og stjórnarandstöður hafa karpað um málið hafa grafið um sig meinsemdir í íslenskum orkumálum, svo sem offjárfesting og orkusóun, svo nú halda orkuskuldir þjóðarinnar henni með steinbítstaki og hryllingssögur um erlendu skuldirnar hræða launafólk til hlýðni. Staðreynd í þessu máli er sú, að Ísalsamningarnir svokallaðir munu ná fram því sem þeim var ætlað, þ. e. þeir munu greiða niður Búrfellsvirkjun á tilskildum tíma. Þeir bera merki af því að þeir eru gerðir á grundvelli ódýrasta virkjunarkostsins sem þá var til og söluverð orkunnar var ákveðið á þeim grundvelli. Það voru hins vegar hörmuleg mistök að uppsagnarákvæði skyldi vanta og að við skulum hafa klúðrað þeim tækifærum sem gefist hafa til endurskoðunar. Við verðum að neyta allra bragða við að ná hækkun á orkuverðinu fram. Núv. hæstv. iðnrh. kemur vafalaust að góðu búi þar því að forveri hans var búinn að vinna alla þá upplýsingasöfnun sem málið þarf. (**Gripið fram í:** Sagðirðu góðu búi?) Varðandi upplýsingasöfnun. Á grundvelli þeirra gagna ætti að vera hægt að ná fram góðum samningum. Ég hygg að hæstv. iðnrh. meti það starf að verðleikum og kunni forvera sínum miklar þakkir.

En við skulum ekki láta þessa Ísalumræðu drepa þann nýgræðing sem er að gera vart við sig í íslenskri orkupólitík, sem er umræða um hátt orkuverð, umræða um orkusóun og umræða um bætta orkunýtingu. Þar verður von bráðar farið að takast á við stórkostleg verkefni. Þar liggja fjárhæðir sem eru svo mörgum sinnum hærri en þær rúmu 100 millj. sem fást á ári fyrir hækkunina sem nú hefur fengist til ÍSALs. Á einu ári glatast fjárhæð sem er jafnvel hærri en Ísalviðbótin vegna þess eins að hús landsmanna eru með lélega einangruðum þökum. Og gróðurtilraunir, girðingar og ræktun við Blöndu kostar álíka og ein Ísalviðbót á ári.

Varðandi viðbótarsamninga um orkusölu til ÍSALs vil ég segja þetta: Þeir samningar verða að gera ráð fyrir að orkan sé seld á framleiðslukostnaðarverði miðað við eðlilegan afskriftartíma. Stjórnmálamenn verða að hugleiða hættuna við það ástand að einn einstakur orkukaupandi verði svo stór. Stækkað ÍSAL yrði sem eitt einstakt fyrirtæki mjög mikilvirkt í íslensku efnahagslífi, líklega svo að einsdæmi væri meðal þjóða sem ekki una því að kallast vanþróaðar.

Annað er, að þegar tugþúsundir ungmenna eiga eftir að koma út á atvinnumarkaðinn til aldamóta er óumflýjanlegt að fara að velta því fyrir sér, hvar það fólk eigi að fá atvinnu. Þetta er fólkið sem mun standa undir ellistyrknum okkar. Þetta er fólkið sem mun borga til dvalarheimilanna, þar sem við verðum. Fjárfesting í stóriðju, sem hér er til umr., er svo gífurleg að óhugsandi er að þessar þúsundir muni nokkurn tíma vinna fyrir sér sem hamingjusamir stóriðjuverkamenn. Það er óumflýjanlegt að hyggja að atvinnumöguleikum í einhvers konar öðrum iðnaði fyrir þetta fólk. Athuganir í Bandaríkjunum hafa sýnt að það er smáiðnaður ýmiss konar sem hefur lagt til þau ný störf sem þar hafa myndast á undanförnum 10—15 árum. Hins vegar hefur stóriðjan átt þar í verulegum vandræðum á síðustu árum, t. d. stáliðja, bílaiðnaður o. fl.

Að síðustu vil ég segja þetta: Það á skilyrðislaust að stöðva allar framkvæmdir við Blöndu þar til viðunandi orkusamningar hafa náðst. Við megum ekki koma okkur í þá klípu að vera með virkjun á stokkunum án þess að kaupendur séu til reiðu. Þá yrði samningsaðstaðan um orkuverð ekki góð. Þeirri aukningu sem verður á innlendri orkunotkun á næstunni má fullnægja með orkusparnaði.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Í þessum umr., sem nú standa hér á öðrum degi, hefur verið hart deilt á það bráðabirgðasamkomulag, sem nýlega hefur verið gert milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium en hér liggur fyrir skýrsla iðnrh. til Alþingis um þann bráðabirgðasamning.

Við höfum heyrt álit og niðurstöður hæstv. fyrrv. iðnrh., 5. þm. Austurl., í þessu efni. Ég, eins og fleiri ræðumenn í þessari umr., er algjörlega ósammála því mati og þeim skoðunum sem komu fram í ræðu hæstv. fyrrv. iðnrh. og tel að staðreyndir málsins, ef hlutlægt er á það litið, leiði óhjákvæmilega og tvímælalaust aðra niðurstöðu í ljós í þessu efni.

Það er mín skoðun að bráðabirgðasamkomulagið sem hér er til umr. sé viðunandi áfangi í álmálinu. Þau atriði sem samið var um í þessu bráðabirgðasamkomulagi eru mörg hver mjög til bóta og gefa vonir um að loksins fari að rofa til í álmálinu á Alþingi og í málinu í heild eftir það myrkur sem yfir því hefur hvílt síðustu árin. Ég held að sú niðurstaða sé alveg óhjákvæmileg, ef menn líta hlutlægt og með sanngirni á þetta mál en ekki í einhverju galdraljósi fortíðar. Jafnvel með þessu fyrsta bráðabirgðasamkomulagi hafa margir hlutir áunnist.

Í fyrsta lagi hefur hér verið brotist út úr þeirri sjálfheldu og þeirri herkví sem þessu máli hefur verið haldið í, kannske óviljandi um mörg undanfarin ár. Málið var í algjörri sjálfheldu. Það er það ekki lengur eftir þetta samkomulag.

Í öðru lagi hefur náðst samkomulag við Alusuisse um að fram skuli fara endurskoðun á aðalsamningnum um álverið. Ekkert slíkt endurskoðunarákvæði var í frumsamningnum, aðalsamningnum. Það er þess vegna stórkostlegur ávinningur að nú hefur mótaðilinn fallist á og samþykkt að samningurinn skuli allur tekinn til endurskoðunar, meira en tíu árum áður en hin samningsbundna endurskoðun á að fara fram, þannig að hér er vitanlega um mikinn ávinning að ræða.

Í þriðja lagi hefur í þeirri endurskoðun verið fallist á af hálfu Alusuisse að um verði að ræða fullverðtryggt nýtt orkuverð, ekki það orkuverð sem við ella hefðum orðið að una til 1994, heldur nýtt orkuverð fullverðtryggt.

Í fjórða lagi hafa menn rætt um og lýst vilja sínum til þess að fjalla um í framhaldsviðræðum helmingsstækkun álversins. Ég held að það fari ekki milli mála að allir þeir sem þessum málum eru kunnugir telja að langraunhæfasti og skynsamlegasti stóriðjukosturinn á Íslandi í dag er stækkun álversins.

Í fimmta lagi er það nýr eignaraðili. Nú er álverið að öllu leyti, 100%, í eigu hins svissneska félags. Nú liggur fyrir að það mun fallast á það, ef eftir verður leitað, ef Íslendingar hafa áhuga á, að þeir eignist hlutabréf í álverinu, þannig að um hina virku aðild Framsfl. gæti kannske orðið þar að ræða.

Ég er ekki úr þessum ræðustól að mæla með því að Íslendingar kaupi hlut í álverinu. En það liggur hins vegar fyrir að Alusuisse hefur gefið í skyn að ef Íslendingar kjósa komi það fyllilega til greina. Um er talað að Alusuisse selji nýjum aðila helminginn af hlutabréfunum. Þá gætu Íslendingar komið þar inn með oddaaðild ef svo ber undir.

Í sjötta lagi eru það skattarnir. Skattamálin voru aðalágreiningsefnið síðustu árin. Deilan um þær reglur sem giltu um skattana og skattlagninguna leiddi til þess að málið er nú komið í alþjóðlegan gerðardóm, skotið þangað af gagnaðilanum. Um það hefur verið samið að komið skuli á nýju fyrirkomulagi í skattamálum sem útiloki að mestu, vonandi með öllu, deilur á því sviði. Nýjar skattareglur eru okkur í hag, svo að málið þurfi ekki að fara í hnút á nýjan leik út af deilu um skattálagninguna.

Síðast en ekki síst hefur verið samið um 54% verðhækkun á orkunni sem við seljum og Alusuisse greiðir fyrir. Það má vel vera að menn telji þetta ósköp lítinn kepp í sláturtíðinni. En það er ástæða til að benda á að 137 millj. á ári eru í sjálfu sér enginn smápeningur. Það er mikil viðbót í þessum efnum, sem ekki þýðir að slá striki yfir og segja að ekki skipti neinu máli.

Þetta eru í hnotskurn þau atriði sem sýna hvern hag við höfum haft af þessu bráðabirgðasamkomulagi. Sumt er þegar í hendi, eins og mestöll hækkunin á orkuverðinu. Um hin atriðin, sem ég nefndi, hefur verið ákveðið að semja frekar á þessum grundvelli.

Lítum fyrst á þá ákvörðun að setja deilurnar fyrir sérstakar dómnefndir. Deilan um skattamálin var komin fyrir alþjóðlegan gerðardóm vestur í Bandaríkjunum. Um það hefur nú samist, eins og fram kemur í skýrslu iðnrh. í upphafinu, í lið 1, að leggja málin fyrir sérstakar þrjár dómnefndir. Það kom fram í ræðu hæstv. fyrrv. iðnrh. fyrir nokkrum dögum að taka bæri skattakröfuna út úr gerðardómnum og það væri óskynsamleg málsmeðferð að fela dómnefnd beggja aðila að fjalla um slíkt. Í því sambandi má minna á fréttatilkynningu iðnrn. 22. des. s. l., gefin út af páv. iðnrh. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnrh. hefur sent Alusuisse tillögu að samningsgrundvelli milli aðila í framhaldi af sáttatillögu þeirri sem hann lagði fram á fundi með dr. Müller, formanni framkvæmdastjórnar Alusuisse, 7. des. Tillaga þessi var kynnt og rædd á fundi ríkisstj. í gær og send Alusuisse að því búnu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að Ísland fallist í meginatriðum á óskir Alusuisse um að ágreiningsefni um skattamál liðinna ára verði sett í úrskurð þriggja manna gerðardóms og verði niðurstöður bindandi fyrir báða aðila og í samræmi við þær verði Coopers & Lybrand falið að endurákvarða skattagreiðslu ÍSALs."

Hér höfum við nákvæmlega sömu málsmeðferð og nú hefur verið samið um, rúmlega hálfu ári síðar, lögð til af hæstv. fyrrv. iðnrh. í fréttatilkynningu 22. des. og í samkomulagsgrundvelli sem sendur var til Alusuisse í Zürich með telexskeyti daginn áður eða 21. des.

Nú er það alveg ljóst, að það var skynsamleg ákvörðun að setja þær deilur, sem uppi hafa verið í þá gerðardómsmeðferð sem fyrrv. iðnrh. lagði til í orðsendingu sinni. Það var viturleg ákvörðun og viturleg niðurstaða. Hér hefur ekki verið annað gert en að framkvæma þá niðurstöðu sbr. kafla 1.1 í bráðabirgðasamkomulaginu, sem ber fyrirsögnina „Lausn deilumála varðandi skattgreiðslur". Það ber að fagna því, að ekki er að sjá annað en samstaða ætti þá að geta náðst um það atriði miðað við forsögu málsins.

Sama er að segja um önnur atriði. Þar eru dómnefndir tvær að störfum, önnur sem fjallar um ýmis lögfræðileg atriði og þar að auki einnig nefnd íslenskra skattasérfræðinga sem á að reikna út álögurnar eftir niðurstöðum annarrar dómnefndarinnar, sem ég var að víkja að áðan.

Í öðru lagi má undirstrika hér mikilvægi endurskoðunarinnar. Það er ákvæði 2.1 í samningnum. Endurskoðunarákvæðið var, eins og ég sagði, ekki fyrir hendi. Það er kannske ein mikilvægasta niðurstaðan í þessu bráðabirgðasamkomulagi að samningsaðilinn fellst á endurskoðun í þessum málum. Með leyfi forseta les ég lið 2.1:

„Aðilarnir samþykkja hér með að taka upp nú þegar samningsviðræður um endurskoðun á ýmsum þáttum og skilmálum samningstengsla sinna, og verði þar fjallað um eftirfarandi meginatriði" o. s. frv.

Eins og ég sagði var þessi endurskoðunarréttur ekki fyrir hendi. Hér hefur ákaflega mikið áunnist. Hér er unnt að taka upp mikilvæg atriði til endurskoðunar sem ekki var heimild fyrir áður.

Í því sambandi segir í lið 2.2, að það sé tilætlun aðilanna að verðið á samningsbundnu rafmagni verði verðtryggt, sem það ekki hefur verið. Það hefur verið bundið fast og óverðtryggt. Hér kemur í fyrsta skipti inn verðtrygging. Ég þarf ekki að skýra það frekar hvað í því hugtaki felst. Tekin er upp verðmiðun við tiltekinn grundvöll, þannig að verðið mun taka breytingum til hækkunar eða lækkunar með hliðsjón af viðmiðunargrundvellinum, og einnig að upphaflegt samningstímabil í endurskoðuðum rafmagnssamningi verði 15 ár.

Hér hefur vitanlega mjög mikið áunnist, þar sem ekki er aðeins um að ræða endurskoðunina og verðtryggt raforkuverð, heldur endurskoðun á ýmsum öðrum ákvæðum, þ. á m. sköttunum. Þeir voru ásteytingarsteinninn mikli sem olli því að málið fór allt í þann mikla rembihnút sem endaði að lokum fyrir alþjóðlegum gerðardómi, sem það hefur nú verið tekið úr.

Í bráðabirgðasamkomulaginu segir að ákvæði aðalsamningsins varðandi ákvörðun á framleiðslugjaldi ÍSALs skuli endurskoðuð í því skyni að gera þau skýrari og betur aðlögunarhæf að verðbólgukenndu efnahagsástandi í heiminum og til að stuðla að því að komast megi hjá deilum í framtíðinni er spillt geti góðri sambúð milli aðilanna.

Það er vitanlega eitt meginmálið og ég hygg að það dyljist engum, í hvaða flokki sem hann er, að það er nauðsyn á því að gera skattareglurnar miklu skýrari, ljósari og einfaldari, byggja þær ekki bæði á hagnaði og framleiðslu, eins og er, heldur finna þar miklu einfaldari aðferð, sem býður ekki heim þeim hvimleiðu deilum og vandkvæðum sem við þekkjum í meðferð málsins á liðnum misserum og árum.

Þá má nefna hér stækkun álversins. Ég hef vakið athygli á að um það er einnig fjallað í samkomulaginu. Einnig um eignaraðild Íslendinga sem ég held að margir muni telja mjög óæskilega, en alla vega má það vera

einhvers virði að sú heimild mun verða fyrir hendi.

Stækkun álversins er í sjálfu sér ekkert smámál. Ég veit ekki hvort menn hafa það að engu að geta skapað þar ný atvinnutækifæri fyrir 400—500 Íslendinga. Ég er alveg sammála Guðmundi Einarssyni í því að vitanlega ber ekki að gleyma almennum iðnaði í landinu, en ég held að ekki sé hægt að líta alveg fram hjá því að stóriðja er mikilvæg og þá ekki síst sú atvinna sem hún skapar. Það þekkjum við vitanlega frá því atvinnufyrirtæki í Straumsvík sem starfað hefur undanfarna áratugi þar.

Það má einnig minna á það, þó svo að næstsíðasti ræðumaður hafi gert það, að tekjurnar sem við höfum af álverinu eru vitanlega ekki raforkutekjurnar einar, þó að einblínt sé fyrst og fremst á það atriði. Það liggur fyrir, að af þeim rúma milljarði sem Ísland hefur í gjaldeyristekjur af álverinu á hverju ári eru tekjurnar af raforkunni 25%. Það liggur fyrir í reikningum. Aðrar tekjur eru vinnulaun, skattar, aðföng, þjónusta o. fl. Þannig þýðir ekki að einblína á orkuverðið. Þó svo að það sé vitanlega mikilvægur þáttur er það þó ekki nema fjórðungur af þeim tekjum sem íslenska þjóðin hefur af þessu stóriðjuveri.

Ég ætla að víkja undir lokin að raforkuverðinu. 54% hækkun hefur náðst fram á því. Ár eftir ár leið án þess að nokkur hækkun fengist fram á því, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þáverandi yfirvalda í iðnaðarmálum og stóriðjumálum. Ég er ekki að draga í efa að þar hafi góður vilji búið að baki og þar hafi menn reynt eftir bestu getu og af fremsta megni að ná fram hagstæðum samningum um hækkun á orkuverðinu. Staðreyndin er hins vegar sú, að slíkar hækkanir náðust aldrei fram. Málið fór í æ meiri og erfiðari hnút eftir því sem misserin liðu, en það er fyrst núna sem þetta hefur náðst fram. Þá kveður við sá söngur, að hér hafi menn samið af sér og raforkuverð til álvera annars staðar sé miklum mun hærra. Það er þess vegna fróðlegt að líta aðeins örstutta stund á svonefnda CRU-skýrslu frá því í janúar á þessu ári, hún er nú ekki eldri, og líta þar á staðreyndir um orkuverð til núverandi útflutningsálvera, en það eru þau álver sem bera verður saman við vegna þess að það eru álver á sama grundvelli og álverið í Straumsvík.

Ef við lítum á Noreg, þar sem framleiðslugetan er 705 þús. tonn, fær rúmur helmingur álverksmiðjanna í Noregi orku á verði sem að meðaltali, eins og hér stendur, virðist vera um 8 mill plús 3.5 mill í skatt, en að öðru leyti er um eigin orku að ræða og er kostnaðurinn af henni talinn um 7 mill. Við höfum upplýsingar, sem ekki hafa verið vefengdar, um að sú orka sem Alusuisse kaupir í Noregi kosti 9.9 mill. Lítum á Grikkland sem hefur eitt álver. Það greiddi 1981 um 8 mill fyrir orkuna. Lítum á Ghana. Þar er um eitt álver að ræða, 200 þús. tonn á ári. Þar eru greidd 6 mill fyrir orkuna. Nú er þar að vísu lokað vegna vatnsskorts í Volta-ánni. Í Egyptalandi var verðið 1981 2.5 mill, en hefur hækkað árið 1983 í 5 mill. Í Kamerún greiddi eitt álver 10 mill 1981. Í Mið-Austurlöndum er orkuverðið að jafnaði 9.8 mill. Í Venezúela er það 7 mill og í Súrinam 5 mill. Kanada þekkja menn. Þar er álver, Alcan, sem greiðir 2.5 mill. Það er kannske ekki sambærilegt þar sem um eigin orku að vissu leyti er að ræða. Í Nýja-Sjálandi voru greidd fyrir orkuna 10 mill 1981, sem eru nýjustu tölur sem liggja fyrir. Hér má renna yfir langan lista, lesa upp nöfn margra landa og nefna mörg álver, en allt ber að sama brunni. Verðið er yfirleitt lægra en það sem náðist fram í bráðabirgðasamkomulaginu við Alusuisse á haustdögum.

Það má einnig benda á það, og reyndar hefur hv. alþm. Birgir Ísl. Gunnarsson undirstrikað það mjög vel með tilvitnun í skýrslu Orkustofnunar, að vitanlega er algerlega úr lausu lofti gripið að salan á raforku til álversins hafi valdið hækkun á orkuverði til almennings á Íslandi. Það er þar bókfært og skjalfest og verður ekki með rökum við því haggað. Það vill svo til að fyrir nokkrum dögum aflaði ég mér álits hjá Landsvirkjun einmitt um þetta atriði. Álitsgerð Landsvirkjunar um það var nákvæmlega samhljóða áliti Orkustofnunar. Niðurstaða þeirrar álitsgerðar er sú, að sala á orku til stóriðju hafi ekki valdið hækkuðu orkuverði til almennings á þessu tímabili, heldur lækkuðu ef nokkuð er. Þá má einnig benda á það, úr því að þetta bráðabirgðasamkomulag er á dagskrá, að ef ekki er gert ráð fyrir meiri hækkun til almenningsveitna á næsta ári en samsvarar verðbólgu, um það veit á þessari stundu vitanlega enginn, áætlast rekstrarhalli Landsvirkjunar 1984 án bráðabirgðasamkomulagsins 180 millj. kr. Til að ná hallalausum rekstri þyrfti Landsvirkjun þá að hækka orkuverðið til almenningsveitna um 10.6%, ef ekkert bráðabirgðasamkomulag hefði verið gert. Með bráðabirgðasamkomulaginu aukast tekjur Landsvirkjunar af sölu til ÍSALs og Áburðarverksmiðjunnar út árið 1984 um nærri 160 millj. kr. Þörf fyrir hækkun heildsöluverðs til almenningsveitna umfram verðbólgu yrði því óverulega. Náist hins vegar samningar um enn frekari hækkanir á árinu 1984 gæti orðið um að ræða minni lántökur í erlendum gjaldeyri eða lækkun raungildis á orkuverði til almenningsveitna. M. ö. o.: bráðabirgðasamkomulagið við ÍSAL, 54% hækkun raforkuverðsins, gerir það líklegt að ekki þurfi að hækka orkuverð Landsvirkjunar á næsta ári til almenningsveitna, sem ella hefði verið óhjákvæmilegt um rúm 10% miðað við þann halla sem reiknað er með. Hér er þá um talsverðan ávinning að ræða, sem ég held að engum geti blandast hugur um og sumir mundu kannske vilja kalla mikilvægan.

Menn geta velt því fyrir sér hér í þessu sambandi hvernig á því stendur að á það er öll áhersla lögð hér í þingsölum og á síðum sumra blaða og málgagna stjórnarandstöðunnar að afflytja þetta bráðabirgðasamkomulag, sem er tvímælalaust verulegur ávinningur en aðeins skref í áttina til heildarendurskoðunar. Hver er ástæðan fyrir því að það er svo afflutt á þennan máta? Ég held að í sjálfu sér liggi svarið við því í augum uppi og sérstaklega þó ef menn hafa undir höndum stefnuskrá Alþb., sem út var gefin árið 1981. Með leyfi forseta stendur eftirfarandi á bls. 72:

„Alþb. er því andvígt að erlend auðfélög fái aðstöðu til atvinnurekstrar á Íslandi."

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum bárust okkur hér í þessum sal og öðrum Íslendingum uggvænlegar fregnir af ástandi helstu nytjafiskastofnanna við landið, sem varð tilefni til langrar umr. hér. Sú mikla auðlind mun þess vegna ekki skila þeim arði í þjóðarbúið á næstu misserum sem við hefði verið búist. Sú staðreynd

varpar enn skýrara ljósi en áður á það, hver nauðsyn það er okkur að skjóta sem flestum stoðum undir íslenskt atvinnulíf. Sú staðreynd sýnir jafnframt mikilvægi orkufreks iðnaðar hér á landi í framtíðarbúskap þjóðarinnar. Enn höfum við Íslendingar ekki beislað nema 1/10 hluta þeirrar orku sem felst í fallvötnum landsins og enn minni hluta jarðhitaorkunnar. Þar eigum við auðlind sem enn er að mestu leyti ónýtt og í henni felast miklir möguleikar, en aðeins ef rétt er á málum haldið. Mönnum hefur í þessum umr. hætt til að einblína á orkuverðið og þann hagnað sem við höfum af sölu þess til erlendra stóriðjufyrirtækja. Ég hef vakið athygli á því, að orkusalan er aðeins fjórðungur af þeim heildarhagnaði sem íslenskt þjóðarbú hefur af því stóriðjufyrirtæki, sem hér er til umr. Menn þurfa ekki lengur að fara í grafgötur um að það felast miklir möguleikar í stóriðjufyrirtækjum hér á landi. Menn þurfa hins vegar að ganga þar fram með gát. Stóriðjan er ekki nein allsherjarlausn á efnahagsvanda þjóðarinnar í bráð og lengd. Það er einnig rétt, að uppbygging stóriðju má ekki verða á kostnað annars iðnaðar, eins og hér hefur komið fram í umr., eða annarra atvinnugreina og þar verður að ganga fram með fullri gát, eins og sagan af járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði sýnir dæma gleggst. En ég held að það sé alveg ljóst, að ef á þessum málum er haldið af festu og skynsemi og ofstækislaust rætt við þá erlendu aðila sem hér vilja fjárfesta, og þeir bíða reyndar ekki í neinum biðröðum eins og á hefur verið bent stundum, höfum við Íslendingar alla burði til þess að nýta orkulindir landsins til hagsældar fyrir þjóðina um mörg ókomin ár. En það er eins og jafnan: — þar veldur hver á heldur.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að tala lengi að þessu sinni, því kannske hefur verið talað nægilega mikið í þessum álmálum undanfarin ár. Umr. hefur verið oft á dagskrá og margar ræður haldnar og miklar bókmenntir út gefnar, þannig að ég sé ekki ástæðu til að gera þingtíðindin miklu þykkari af þessu tilefni. En mér finnst ákaflega einkennilegt þegar góður og gegn hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson kemur hér í stólinn og flytur eins undarlega ræðu og hann flutti áðan. Þó ég hlustaði vandlega gat ég ekki heyrt nema þrennt í hans máli: Í fyrsta lagi heldur ómerkilegt skens um fyrrv. hæstv. iðnrh. og í öðru lagi lagði hann sig mjög fram um að finna einhver lögfræðileg rök í álmálinu fyrir Alusuisse og gegn íslenskum hagsmunum, gegn möguleikum Íslendinga til einhliða aðgerða, ef samningaleiðin reyndist óviðunandi fyrir okkur. Eins og hann hlýtur að vita eru fordæmi fyrir því í heiminum að þjóðir hafa gripið til einhliða aðgerða þegar forsendur hafa breyst mjög. Í þriðja lagi var það eitt aðalatriðið í ræðu hv. þm. að reyna að finna dæmi þess, hvar væri ódýrust orka til handa stóriðjufyrirtækjum og dæmi um það, (Gripið fram í.) hverjir byðu auðhringunum bestu kostina og lægst rafmagnsverð, eins og í Kanada þar sem hann nefndi 6—7 mills og það er auðvitað rétt munað. — Ég þarf ekkert aðstoð landbúnaðarsérfræðinga af Austurlandi til að koma þessu frá mér. Ég er alveg einfær um það.

Einnig benti hv. þm. á að ýmsir aðilar úti í löndum hefðu boðið auðhringunum ekki aðeins upp á mjög lágt rafmagnsverð, heldur einnig upp á alls kyns fríðindi, skattfríðindi og alls konar styrki og aðstoð við fjárfestingar. Ég spyr hv. þm.: Á þetta að verða okkar stefna, Íslendinga, að halda raforkuverðinu eins lágu og hann nefndi í sínum dæmum, og er þetta tal allt til stuðnings okkur í samningum við Alusuisse? Ég held að það sé þvert á móti. Svona ræður hjálpa þeim sem við eigum að fara að ganga til samninga við og gera okkar samningsstöðu verri, því miður. Ég tel að þessi ræða hefði betur verið látin liggja í handriti og flutningnum sleppt.

Hv. þm. Gunnar G. Schram flutti hér merkt erindi, en hann leiddist einnig út í þá villu að nefna einungis þá staði þar sem raforkuverðið væri lægst. Ég ætla að vona að það bætist ekki margir íhaldsþingmenn í þennan kór, því að hæstv. iðnrh. hefur lýst yfir því að hann stefni að því að reyna að ná sem hæstu raforkuverði út úr þeim Alusuisse-mönnum, og ég ætla að vona að það verði stefna Sjálfstfl. en ekki útlumannsins Birgis Ísl. Gunnarssonar. Við vitum nefnilega hversu hátt raforkuverð langflestar álverksmiðjur þurfa að greiða. Og þeir hefðu alls ekki átt að fara inn í frumskóginn í Ghana til að finna þar dæmi sem líktist okkar mest, því að villimennirnir þar sömdu af sér svo hroðalega fyrir mörgum árum, eins hroðalega og Jóhannesi Nordal tókst á sínum tíma. Samlíkingin er svo sem ekki skemmtileg fyrir þá herramenn.

Herra forseti. Það hefur ekki gengið vel á undanförnum árum að fá þetta raforkuverð hækkað og það skal viðurkennt að niðurstaða síðustu fimm ára í þessum efnum er ekkert of glæsileg, þar sem við höfum ekki fengið raforkuverð hækkað um eitt einasta mill og þar sem kwst. er nú aðeins seld á 1 cent þeim Alusuisse-mönnum, en var ekki nema 60% af þessu sama centi áður en núverandi hækkun varð með bráðabirgðasamkomulagi. En á síðasta kjörtímabili vannst þó heilmikið í þessum málum, þrátt fyrir að ekki næðist árangur, og verður að viðurkenna það, því að það var leitt í ljós á þessu tímabili með gagnmerkum könnunum, sem margir ágætir menn áttu þátt í að raforkuverðið sem við fengum frá Alusuisse væri mjög óeðlilegt og alltof lágt. Af einhverju er það sem allir vilja hækka nú. Það eru nefnilega allir farnir að átta sig á því að það var rétt að raforkuverðið væri alltof lágt, og það hefur þá áunnist. Ég er hræddur um að ef þessi vinna hefði ekki skilað þó þessum árangri væru menn ennþá þeirrar skoðunar að þetta væri bara þokkalegt raforkuverð og skilaði okkur hagnaði á öðrum sviðum, sem er auðvitað rétt. Við höfum gagn af því að hafa slík atvinnufyrirtæki starfandi hér. Það fer ekkert hjá því að þetta veitir vinnu o. s. frv. og kemur með peninga inn í landið, en við eigum ekki þrátt fyrir það að sætta okkur við að selja orku okkar á þriðjungi af framleiðslukostnaðarverði. Við eigum ekki að sætta okkur við það.

Það hefur einnig verið talað hér um þá till. sem gerð var af atvmn. Sþ. í fyrra. Ég átti sæti í þeirri nefnd og vissi auðvitað ósköp vel hvernig það gekk allt fyrir sig. Ég gat ekki skilið eða gat alls ekki lesið út úr þeirri till. að hún væri vantrauststillaga á hæstv. fyrrv. iðnrh. Það sem mátti lesa út úr þeirri till. var ósköp einfaldlega það, að þeir aðilar sem að henni stóðu voru tilbúnir að mynda stjórn í landinu. Þarna var verið að sýna fyrir fram hverjir ætluðu sér að taka völdin í landinu eftir kosningar, ósköp einfaldlega. Þarna lá hinn nýi meiri hluti fyrir.

Ég sé heldur ekkert óeðlilegt við það þó að þessir

aðilar flyttu till. Hún var auðvitað í rökréttu samhengi við þeirra skoðanir og ekkert við það að athuga að mínum dómi og gat varla og alls ekki komið ríkisstj. á neinn hátt illa, vegna þess að hún var að fara frá. Og það eina undarlega við þessa till. var e. t. v. að hún var sýnilega alltof seint fram komin, því að stjórnin var að lognast út af og gat auðvitað ekkert gert meira í þessum hlutum þegar komið var fram á síðari hluta vetrar í fyrra. Það var ósköp einfalt mál. Það er staðreynd og um það þarf ekki að rífast.

Nú hefur verið gerður bráðabirgðasamningur — og ég legg áherslu á að þarna er um bráðabirgðasamning að ræða. Ég trúi því ekki að þetta uppkast eða þessi bráðabirgðasamningur sé það sem eigi að gilda í framtíðinni, enda er það tekið fram. Þarna er aðeins um bráðabirgðasamkomulag að tefla og á þeim tíma sem það stendur eiga menn að glíma við að reyna að ná samningum. Ég tel að nauðsynlegt sé að reyna að ná þarna samningum og þess vegna ekki óeðlilegt að bráðabirgðasamningur sé gerður. Hitt er annað mál, að það eru í þessum samningi að mínum dómi nokkrir óæskilegir hlutir. Þar er að mínum dómi gefið alltof mikið undir fótinn með það að stækka þessa verksmiðju, jafnvel svo mikið að afkastageta hennar tvöfaldist. En á hinn bóginn finnst mér ekki óeðlilegt þó að það sé nefndur sá möguleiki í þessum bráðabirgðasamningi að verksmiðjuna megi stækka. Við vitum að verksmiðja af þessu tagi þarf auðvitað að hafa ákveðna stærð og ákveðna afkastagetu til þess að hún verði rekin með nægilegri hagkvæmni. Við getum ekki búist við því að fá mjög mikið út úr þessum rekstri meðan verksmiðjan er ekki rekin á nægilega hagkvæman hátt. En tvöföldun á stærð þessarar verksmiðju þýðir auðvitað að við verðum að leggja út í alltof miklar fjárfestingar í orkuverum til að geta skilað verksmiðjunni allri þeirri orku sem hún þarf. Og það er auðvitað ekki sama hversu mikið verður leyft að stækka þessa verksmiðju. Það er mikil spurning. En í samningnum finnst mér hins vegar heldur mikið sagt varðandi þessa stækkun. Þetta atriði á ásamt öðrum atriðum að vera samningsatriði en ekki á að lofa neinu um það fyrir fram eða segja of mikið til þess að hafa eitthvað upp í erminni þegar við setjumst við samningaborðið með þessum mönnum. En það er auðvitað ljóst að það þarf eitthvað að vera meira en raforkuverðið eitt ef um einhverja samninga á að vera að tefla. Það er ekki nægilegt að segja: Þið getið komið hér og gengið að okkar kröfum. Það eru ekki samningar. Þetta mál er að sjálfsögðu mjög vandmeðfarið og þar mega menn, þegar til stykkisins kemur og alvörunnar, meta alla þá þætti sem þar koma til greina.

Þetta bráðabirgðasamkomulag hefur þó þann kost að geyma að þar hefur verðið verið hækkað til bráðabirgða um liðlega 50%. Mér er engin leið að koma því inn í höfuðið á mér að almenningur þurfi að borga meira með þessum verksmiðjurekstri eftir hækkun en áður. Þvert á móti. Það er auðvitað kostur. Ég skil ekki heldur þær röksemdir þegar menn finna að því að þetta bráðabirgðasamkomulag sé uppsegjanlegt. Ekki hefði ég viljað binda mig þannig í báða skó að geta ekki sagt samningnum upp. Eðli málsins samkvæmt hefði það verið mjög rangt.

Aðrir þættir vega auðvitað mjög þungt í þessum efnum, en ég lofaðist til að tala hér stutt og verð því að sleppa mörgum efnisatriðum sem ástæða væri til þess að ræða. En ég tel að við bætum okkur ekkert á því að vera að rífast um þetta eins og einhverjir unglingsstrákar á þessari samkomu þjóðarinnar og vera sífellt að nudda hver öðrum upp úr því hvernig gengið hafi frá upphafi þessa máls fyrir allmörgum árum, heldur verðum við að mínum dómi að leggjast allir á eitt til að við getum fengið sem farsælasta lausn á þessu erfiða máli. Ég vil leyfa mér að trúa því að hæstv. iðnrh sé ekki búinn að beygja sig fyrir þessu stóra fyrirtæki og ég vona það og ég trúi því að hann geri allt sem hann getur til þess að við höfum sem mest út úr viðskiptum við þetta fyrirtæki í framtíðinni.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mun ekki í þessu máli mínu nú elta ólar við langloku hv. 5. þm. Austurl. frá því s. l. fimmtudag þegar fyrri hluti umr. um mál þetta fór fram.

Ég sé ástæðu til að þakka málflutning nokkurra hv. þm., eins og hv. 4. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykn. svo og ýmsar aths. skarplegar sem hv. 4. landsk. þm. flutti hér. Ég dreg reyndar þá ályktun af ræðu hv. 4. þm. Suðurl. að hv. 5. þm. Austurl. fari ekki með algert umboð fyrir Alþb. í þessu máli. Ýmislegt mátti merkja af hans máli sem gefur manni tilefni til að ályktа að svo sé ekki. En þráhyggjan rekur hann áfram og í þessu máli er hann haldinn árättu sem hann lítt ræður við ef dæma má eftir málflutningi hans.

Hann rifjaði það upp hvernig skilið var við þetta mál á vordögum, í marsmánuði s. l., þar sem hann skildi við þetta einhvern tíma um miðja nótt eftir maraþonumræður, og rifjaði upp að ýmislegt hefði setið á hakanum af þeim nauðsynlegu málum, sem þá hefðu þurft að ganga fram, vegna tillögugerðar sem beinlínis var auðvitað vantraust á hv. 5. þm. Austurl., þáv. hæstv. iðnrh. Það er rétt. Það var fleira en kísilmálmur á Reyðarfirði sem sat á hakanum. Það var engin vegáætlun afgreidd, það var engin lánsfjáráætlun afgreidd þótt komið væri langt fram undir vordaga. Auðvitað sat allt á hakanum hjá mestu vandræðastjórn sem setið hefur að völdum á Íslandi fyrr og síðar.

Ég mun nú víkja að einstaka spurningum sem hv. þm. beindi til mín. Hann virtist hafa miklar áhyggjur af því að skattamálið, deilan við Alusuisse hefði verið tekin út úr gerðardóminum í New York og talaði um að það hefði verið farið að kröfu Alusuisse, Sviss Aluminium í því efni. Hann skal þó upplýstur um það að ég lagði það eindregið til að reynt yrði að ná samningum um aðra málsmeðferð en rekstur málsins fyrir þessum alþjóðagerðardómi í New York. Og ég skal upplýsa hv. þm. og hið háa Alþingi um það, að ég naut í því sambandi ráðlegginga fyrirtækis, sem hv. fyrrv. iðnrh. réði til hlutanna, Coopers & Lybrand. Þeir lögðu eindregið til að reynd yrði önnur málsmeðferð en þessi. Og hvers vegna? Vegna þess að við höfum verið tjóðraðir við þennan hæl a. m. k. tvö ár án þess að komast lönd eða strönd í málinu. Það er kannske það sem hv. þm. vill og hefur alltaf viljað, að við kæmumst ekkert áfram, að okkur ræki ekki að samningum, fyrir utan óhemjulegan kostnað sem þessu hefði verið samfara. Það var eindregin málaleitan íslensku aðilanna að reynt yrði að fara annan veg til lausnar á þessum vandamálum, ódýrari og skjótvirkari. Og eins og ég segi, ráðgjafarfyrirtækið mælti eindregið með því. Þetta er frá því að segja. Enda vorum það ekki við sem vísuðum þessari

deilu til gerðardómsins í New York. Við vorum dregnir, okkur var stefnt fyrir þennan gerðardóm af gagnaðila okkar, auðhringnum í Sviss, svo er það orðið keppikefli að sækja málið og verja fyrir þeim dómi!

Þá vík ég að því atriði í málflutningi hans þar sem hann talaði um vanhæfni samninganefndarmanna og fleiri manna reyndar, sem að samningsgerð hafa unnið, og nefndi þar til Hjört Torfason hrl. Ég vísa því með öllu á bug að formaður Landsvirkjunar, aðalaðilans að orkusölusamningnum, sé vanhæfur til slíkra verka. Það er þvert á móti fullkomlega eðlilegt að hann sé í fyrirsvari fyrir slíkum samningum. Hvað varðar Hjört Torfason hrl. vil ég upplýsa það, sem mér var að vísu ekki kunnugt um fyrr en fyrir nokkrum vikum síðan, að þessi ágæti lögmaður hefur verið aðalráðunautur um slíka og þvílíka samningagerð og hann var það öll ár hv. þm. í ráðherraembætti. Eftir sem áður skipaði hv. þm., fyrrv. hæstv. iðnrh., viðkomandi mann í formennsku í Járnblendifélaginu, sem hann nú telur vafasama stöðu fyrir þennan ráðgjafa í lögfræðiatriðum. Ég hef hins vegar breytt til í þessu efni. Fyrir um mánuði síðan ræddi ég þetta mál við þennan ágæta lögmann, Hjört Torfason, og það er samkomulag okkar í milli að hann verði áfram lögfræðilegur ráðunautur en láti af formennsku í stjórn Járnblendifélagsins í Hvalfirði, enda er það af grundvallarástæðum af minni hálfu, að það eigi ekki við að ráðgjafi um orkusölusamninga sé þann veg tvöfaldur í roðinu, að hann gegni stjórnarformennsku, — formannsembætti í fyrirtæki sem við erum að semja um orkusölu til. (Gripið fram í.) Þetta mál hafði ég tekið til meðferðar fyrir allnokkru síðan þegar mér var þetta ljóst. En nú gagnrýnir þessi hv. þm. þessa málsmeðferð varðandi þennan hv. lögfræðing og talar um vanhæfni hans, enda þótt þannig hafi verið ástatt um hann alla hans tíð sem iðnrh.

Þá gagnrýndi hv. þm. að samningaviðræður hefðu farið fram á erlendri grund. Það gerðu þær líka svo til jafns við það nokkurn veginn sem hér var, nema þegar menn hittust á miðri leið. Svo mun þetta verða áfram. Og satt best að segja sé ég ekki neitt gagnrýnivert við þá aðferð að menn mætist á miðri leið, þegar svo ber undir um val á samningsstöðum, þannig að þessi aðfinnsla er auðvitað út í hött.

Hv. þm. varpaði fram þeirri spurningu hvort gilti, samningurinn á ensku eða þýðingin íslenska. Við skulum halda okkur við samninginn sem var undirskrifaður. Við skulum halda okkur við enska samninginn. (**HG:** Var hinn ekki undirritaður?) Hinn var ekki undirritaður, nei. Enski textinn var undirritaður. Það var hv. þm. kunnugt um á fimmtudaginn þegar hann flutti ræðu sína. Hann fullyrti það hér í stólnum, það er hægt að fletta því upp, að það hefði vakið athygli að aðeins enski textinn hefði verið undirritaður. Hann hefur þá sagt meira en hann vissi ef svo hefur ekki verið. (**Gripið fram í:** Var einhver einkafundur á sunnudaginn?) Í fyrradag eða var þetta á fimmtudaginn var? Það var á fimmtudaginn var sem þessi umr. hófst. Maður reynir að gleyma svona þvargi sem fyrst og hvenær það dynur yfir mann. En það var enski textinn sem var undirritaður. Mönnum getur e. t. v. sýnst sitt hverjum um þýðingu einstakra orða. Ég ætla samt að vona að það komi ekki að sök og af sjálfu leiðir að því er á þann veg háttað að okkar samninganefndarmenn eru allmiklu betur að sér í enskri tungu heldur en dr. Müller og hans lið í íslenskri. Og það er í fyrsta skipti sem ég heyri að það sé gagnrýni vert þótt menn noti annarra tungur til að setja saman samninga á. Veit hv. þm. — a. m. k. veit hið háa Alþingi það, sem á mín orð heyrir, að það var jafnan siður að hafa alla alþjóðasamninga á sinni tíð á franskri tungu af því sem franska var talin mál þann veg úr garði gert að hana væri síst hægt að misskilja. Ég vil a. m. k. fá ábendingu um það ef eitthvað er í þessum enska samningstexta, sem menn álíta að misskilja megi, eða með einhverjum hætti að túlka á annan veg en gert hefur verið með þeirri þýðingu sem með samningum hefur birst.

Svo spurði hv. þm.: Hefur verið samið um fleira en fram kemur í samningnum? Þessi spurning er ekki svaraverð að sjálfsögðu. Hv. þm. talaði um á dögunum, þegar hann flutti mál sitt fyrir vitlausu tillögunni um að ákvarða orkuverð til stóriðju sem ákveðið hlutfall af orkuverði Landsvirkjunar til almenningsveitna, gífuryrði mín. Síðan fór hann með runu af landráðabrigslum eins og þeim að ég væri að opna einhverjar kistur fyrir Alusuisse, að ég væri ekki að safna rökum fyrir íslenskan málstað heldur lægju þessir menn inni í hlust á mér. Þetta eru víst ekki gífuryrði sem þarna koma fram? Hann spyr hér hvort það hafi verið samið um fleira en birtist í þessum samningum. Ó nei, það var ekki gert: Og það veit ég að allir aðrir skilja, að aldrei kæmi mér til lifandi hugar að fara að semja á bak við við auðhringinn Sviss Aluminium. Og það ætla ég að vona að hendi aldrei nokkurn mann sem á mínum snærum verður. Úr þessum stól mun það verða svo um alla framtíð, meðan ég gegni þessu embætti, að ég mun geta sagt frá hverju einasta smáatriði sem fer fram í þeim samskiptum fyrr og síðar.

Menn hafa velt fyrir sér stækkun álversins og því sem fram kemur í þessu bráðabirgðasamkomulagi þar sem gefinn er ádráttur um umræður og viðræður um stækkun álversins. Og víst er það rétt. Það er nokkuð mikið í ráðist að tvöfalda álverið. Þó eru menn sammála um að það sé besti stóriðjukostur okkar nú. Menn eru að velta fyrir sér að þetta muni verða of stór biti fyrir okkur að ráða við og kyngja vegna orkuframkvæmda okkar.

Nú er frá því að segja að þetta eiga menn eftir að ræða. Og við getum ekki samið um tvöföldun á álverinu í Straumsvík nema fá það verð er henti fyrir framkvæmdir okkar í orkumálum og að framkvæmdirnar verði með þeim hætti að þær verði að öðru leyti viðráðanlegar fyrir okkur. Það er enginn vafi að stækkun álversins í Straumsvík er góður stóriðjukostur. Og það er enginn vafi að með því móti eigum við miklu meiri möguleika á hærra orkuverði en ella. Verksmiðjan sem nú er er auðvitað gömul og tæknilega að mörgu leyti úrelt. Ýmsar fjárfestingar þar mundu nýtast nýrri viðbót og þannig mætti lengi telja, þannig að ekki er minnsti vafi á því að þar ættum við miklu meiri möguleika á hærra orkuverði en ella, sem er meginatriði. Allt eru þetta útreikningar sem koma til þegar og ef mönnum líst að hægt verði að ganga til samninga um stækkun álversins í Straumsvík.

Ég legg áherslu á það að við höfum gert bráðabirgðasamning sem, eins og hv. 2. þm. Reykn. gat um, er kannske mikilvægastur að því leyti að fá samkomulag um endurskoðunarákvæði aðalsamnings, sem ekki var til. Þarna er drepið á ýmsa þætti, sem aðilar eru sammála um að ræða, en engar skuldbindingar enn

farið fram um.

Það er rétt, sem kom fram í ræðu hv. 4. landsk. þm., að auðvitað er stóriðjan ekki atvinnugreinin sem mun fá nýjum vinnandi höndum atvinnu í hendur í framtíðinni. Vissulega allmörgum, en ekki nema litlum hluta af þeim nýju vinnandi höndum sem koma á vinnumarkaðinn fram til aldamóta til að mynda, enda þótt við legðum undir tvöföldun áliðjuversins í Straumsvík, kísilmálm á Reyðarfirði og áliðjuver af minni gerð í Eyjafirði, en þettta eru áformin sem uppi eru og enginn hefur dregið neina dul á. Það er smáiðnaðurinn auðvitað sem við þurfum að byggja upp og sem mun þurfa að taka við þessum vinnandi höndum. Og hvernig skjótum við svo fótum undir smáiðnaðinn nema með því ef við getum virkjað hagkvæmt og stórt, selt verulegan hluta orkunnar á frambærilegu verði til stóriðju og átt afgangsorkuna til uppbyggingar smáiðnaðar? Og svo að ég skjóti því einnegin fram, þótt það sé annars eðlis, til húshitunar, sem er að sliga heimilin í landinu, a. m. k. ⅕ heimilanna í landinu sem búa við afarkosti í þeim efnum.

Hv. þm., talsmaður Alþb. sem verður víst að telja hann á þessu sviði, þótt brestir séu nú í þeim viðum líka, talaði um að það hefðu verið pólitískir brestir innanlands sem hefðu á undanförnum árum bjargað Alusuisse í þessu máli. Það getur vel verið að það hafi hjálpað þeim töluvert. Það voru óskaplegir brestir í stjórn íslenskra mála um árabil, það er alveg hárrétt. Ekki ætla ég að deila við hann um það. En hv. þm. harmar kannske glötuð tækifæri í þessu máli. Þess vegna talar hann nú að nokkru leyti að því er manni finnst stundum með sollnum sefa um þetta allt saman. Og hann minnir á þá möguleika sem við kunnum að eiga nú með stórhækkandi álverði. Má ég aðeins minna á það að álverðið í heiminum er ekki neitt nálægt því orðið jafnhátt og það var þegar þessi hv. þm. settist í þann stól sem ég nú sit í, ekki neitt nálægt því. Ekki neitt nálægt því, það vantar mikið á enn. Þannig að ef hátt álverð nú færir okkur samningsstöðu upp í hendurnar þá hefði það átt að sínu leyti að vera betra fyrir hann þá.

Við höfum auðvitað náð allt of skammt í orkuverðinu enn. Við lentum á þeim þröskuldi sem hefur verið nefndur hér, viðmiðun við t. a. m. Noreg sem var okkur áreiðanlega þyngst í skauti. Menn eru ekki að vitna til hins lága orkuverðs til áliðja í veröldinni til þess að halda því fram að við eigum að feta í þau fótspor, það er misskilningur hjá hv. 4. þm. Suðurl. Menn eru aðeins að nefna þetta af því sem að öðru er haldið fram, eins og af fulltrúum Alþb. þar sem því er haldið fram að algengt orkuverð til álframleiðslu í heiminum liggi einhvers staðar á milli 20 og 30 mill. Menn mega ekki misskilja þetta eða snúa út úr þessu á þessa vísu.

Spurt var vegna dómnefndanna um skipan manna í þær. Þá er frá því að segja að í aðalnefndina, nefndina sem við getum kallað nr. 1 eftir 1. kafla samningsins, sem hefur með úrskurði í aðalþrætumálunum að gera, skipan manna í þá nefnd er lokið og hún hefur hafið störf. Surrey heitir okkar lögfræðingur, skipaður og tilnefndur af okkur, Silverman af Alusuisse og þeir hafa komið sér saman um mjög þekktan mann, Weinberger, einn færasta skattamálasérfræðing Kanada, sem oddamann. Með því að setja á tölur um að við hefðum átt að halda áfram þrætu okkar við Alusuisse við gerðardóm í New York er greinilega fyrir fram verið að reyna að læða inn þeim hugmyndum að ekki verði að fullu hægt að treysta á niðurstöður sem t. a. m. þessi dómnefnd kemst að. Ég er ekki í nokkrum vafa um að til þess eru þeir refir skornir. En ég held líka að eins og í fleiru verði talað fyrir daufum eyrum þjóðarinnar ef menn ætla að halda því fram þegar á þessar tilnefningar verður litið í réttu ljósi. Mér dettur ekki í lifandi hug, eftir þeim meðmælum sem þessir aðilar allir saman hafa, að það verði dregið í efa að þar verði réttlátlega að málum unnið og úrskurðir felldir samkvæmt því. (**Gripið fram í:** Það þekkja allir hann Surrey okkar.) Jæja, það er gott að heyra, það verður þá kannske einhver lýsing flutt á honum hér? En menn sem ekki er frosið fyrir skilningarvitin á, þeir lýsa honum sem afbragðsmanni í sínu fagi. Við höfum þegar skipað okkar skattanefnd, og svo síðar kemur að skipan þriðju nefndarinnar þegar þar að kemur. Ég verð að segja það, að það er einkennilegur smekkur að gagnrýna skipan þessara dómnefnda þar sem að verulegum hluta, að verulegu leyti í ýmsum atriðum færast þó þessi viðfangsefni í íslenskar hendur.

Enn á ný er knúið á um það að ég gefi yfirlýsingar um hvaða orkuverð það er sem við munum setja fram í samningunum við Alusuisse. Hv. 4. þm. Suðurl. taldi réttilega að menn þyrftu að hafa svona, eins og hann nefndi það, „eitthvað uppi í erminni" þegar við settumst að slíku samningaborði. Það orðalag vekur að vísu aðrar grunsemdir. En það er auðvitað ekki ráð, þegar menn eru að hefja svo viðamikla og erfiða samninga eins og við auðhringinn, að leggja öll kort sín á borðið. Ég hef svarað áður þessum fsp. m. a. frá þessum hv. þm., 5. þm. Austurl., að ekki kæmi til mála á þessu stigi máls að nefna tölur í þessu sambandi. Við munum reyna til þrautar að fá það hæsta verð sem kostur er á, það er allt og sumt sem út úr mér verið dregið, þótt töngum verði beitt á þessu stigi máls. Og það er hátt verð sem við þurfum að fá.

Já, það voru af hálfu hv. þm. nefnd ógnarleg áform sem við hefðum á prjónunum um stækkun ÍSALs. Ég held að í þessu sem öðru — byggist veruleg framvinda efnahags- og atvinnumála okkar á að halda vel og af fyrirhyggju á þessum málum. Menn vara við að þjóðinni sé steypt í skuldir. Auðvitað er það reikningsdæmi. Auðvitað förum við ekkert út í þessar framkvæmdir og fjárfestingar nema við sjáum með öryggi að þær borga sig. Okkur er óhætt að taka erlendar skuldir til framkvæmda ef þær eru arðgefandi. Það á við í öllum atriðum. Það eru ekki neyslu- og eyðsluskuldir eins og hæstv. síðasta ríkisstj. efndi til einvörðungu að kalla má og lét þessi mál sem önnur sitja á hakanum.

Það var spurt um röð virkjana. Röð virkjana er ákveðin í lögum. Og ég bið hv. alþm. að minnast þess, margir þeirra eiga enn setu hér sem vita það, ég átti beina aðild að að það náðist fram lagasetning í því efni. Er enginn vandi að fletta upp í þskj. máli mínu til sönnunar. Fyrst er virkjun Blöndu og síðan Fljótsdalsvirkjun. Það er ekki nokkur minnsti vafi á að stækkun álversins í Straumsvík mun verða til þess að ýta hraðar á eftir Fljótsdalsvirkjun en nokkuð annað sem við nú höfum í takinu. Það er sannfæring mín. Ef við seljum enga frekari orku til stóriðju mega Austfirðingar lengi bíða eftir Fljótsdalsvirkjun sinni. Það þarf engan spámann til þess að segja fyrir um það.

Það fer nú að fækka þeim fyrirspurnabeiðnum sem

hv. 5. þm. Austurl. beindi til mín í fyrri hluta þessarar umr. Hann hneykslaðist mjög á því að við ætluðum að sækja eftir heimild Alþingis. Það mun verða gert með flutningi lagafrv. alveg á næstu dögum — heimild til Alþingis um að Alusuisse fengi rétt til að selja af hlutafé sínu og ennfremur að færa einhverjar eignir yfir á dótturfyrirtæki sín. Á því hneykslaðist hann að þetta yrði gert fyrir fram. Hvað segir — fyrir læsa menn — neðst á bls. 7 um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þriðja lagi er í kaflanum um bráðabirgðaaðgerðir að finna ítrekun á yfirlýsingu í 2. kafla samningsins um rétt Alusuisse til að selja allt að helming hlutafjár í ÍSAL, háð samþykki ríkisstj. Einnig er þar að finna fyrirheit um að Alusuisse verið heimilað að flytja hlutabréf sín í ÍSAL að einhverju leyti eða öllu til eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sem séu beint eða óbeint að öllu leyti í eigu Alusuisse. Ríkisstj. heitir því að flytja á næsta Alþingi frv. til l. um nauðsynlegar breytingu á aðalsamningi aðila til að þetta sé kleift."

Það er þetta sem hv. 5. þm. Austurl. deilir á.

„Jafnframt er að finna í 4. kafla samningsins ákvæði um" — og taki menn nú eftir — „að slík lagabreyting taki ekki gildi fyrr en heildarsamningar samkv. 2. kafla bráðabirgðasamningsins hafa tekist. Gengur þessi heimild því að öllu leyti til baka ef heildarsamkomulag næst ekki."

Er þetta nógu skýrt? Er það nógu skýrt að þessi heimild, sem Alþingi væntanlega veitir, muni ganga að öllu leyti til baka ef niðurstaða samninganna næst ekki?

Um uppsagnarákvæði get ég vísað til ummæla hv. þm. Garðars Sigurðssonar, 4. þm. Suðurl. Hann benti réttilega á að ekki hefði komið til greina að gera þetta bráðabirgðasamkomulag nema með uppsagnarákvæðum. Og ég veit að ef mönnum tekst að hugsa rökrétt sjá þeir auðvitað í hendi sinni að það kom ekki til mála annað en að við hefðum uppsagnarrétt á bráðabirgðasamkomulaginu. Auðvitað geta menn gert sér í hugarlund hvort slíku er hægt að ná einhliða. Auðvitað hlutu þau uppsagnarákvæði að vera tvíhliða. (**HG:** Rök fyrir þessu.) Rök fyrir því að við gátum ekki gert bindandi bráðabirgðasamkomulag? Það þarf ekki rök fyrir þá sem geta hugsað rökrétt í því efni. Ef við ekki náum fram því sem við erum að berjast fyrir í endurskoðun aðalsamnings getum við sagt þessu upp og lausu. Við erum ekki bundnir af neinum þessum ákvæðum ef til þess dregur að við náum ekki niðurstöðu sem við getum unað við. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu kemur ekki til mála annað en að við höfum uppsagnarákvæði. Hv. þm. getur farið í læri til félaga síns hv. þm. Garðars Sigurðssonar í þessu efni. Hann hafði skilning á þessu, enda ekki alveg frosið enn fyrir öll skilningavit hans í þessu máli.

Ég bind vonir við að það orkuverð sem um var samið muni ekki lækka, a. m. k. ekki á meðan við höfum gott ráðrúm og góðan tíma til að reyna til fullnustu á hvort við náum viðunandi samningum við auðhringinn. En þeir hafa rétt til þess að segja honum upp eftir níu mánuði og þá með þriggja mánaða fyrirvara.

Ég vil aðeins skjóta því hér inn í, herra forseti, að hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson flutti ágætt mál og af skilningi við fyrri hluta umr. Ég vil taka það fram að ég mun beita mér fyrir, og hef raunar umboð ríkisstj. til þess, að leysa þau þrætumál sem uppi hafa verið við Hafnarfjarðarbæ vegna skattgjalds til bæjarins að öðru leyti en því sem væntanlegt er á næstu dögum, að kveðinn verður upp úrskurður í dómsmáli þar sem Hafnarfjarðarbær stefndi ríkinu fyrir vangoldna skatta. Ég vil þess vegna svara því málskoti hv. 3. þm. Reykn. hér og nú.

Ég legg áherslu á að hér er um bráðabirgðasamkomulag að tefla, sem við höfum náð. Það inniheldur þrjú veigamikil atriði: Í fyrsta lagi eru þræturnar teknar til skjótvirkari meðferðar og eru meðhöndlaðar meira af íslenskum höndum en áður og með minni kostnaði, í öðru lagi eru endurskoðunarákvæði aðalsamnings, sem fengust fram, og í þriðja lagi er hækkun orkuverðsins til bráðabirgða.

Það hefur verið stigið mjög verðmætt skref í þá átt að komast út úr þeirri sjálfheldu sem hv. 2. þm. Reykn. nefndi réttilega hér. Það kann að vera langur vegur þar til við komumst á leiðarenda í þessu máli. Og það kann að vera að bregði til beggja vona. Það kann að vera að við verðum á nýjan leik að leita til gerðardómsins í New York, ef ekki fást niðurstöður í dómnefndunum, sem við höfum svo nefnt. En bráðabirgðasamkomulagið er vegvísir í rétta átt, á því er ekki nokkur minnsti vafi, og þeim mönnum sem leggjast gegn því og gagnrýna gengur eitthvað allt annað til.

Hv. 5. þm. Austurl. hefur reynsluna af liðnum árum. Ég er alveg sannfærður um að hann finnur til þess að þar má hann á bak sjá ýmsum glötuðum tækifærum. Þjóðin hefur reynslu af hans forustu í þessum málum. Það er kannske það sem hann er hræddastur við. Sú reynsla er alveg ólygin. Hún er reynsla af því, að hvorki gekk né rak. Má reyndar segja að sá grunur læðist að mönnum að menn hafi viljandi gildrað til þess að stefna þessu í sjálfheldu, minnugir til að mynda orða hv. þm. þegar hann sagði að besti orkukostur okkar væri að loka álverinu í Straumsvík í áföngum og minnugir þess sem hér var rifjað upp af fyrri ræðumanni, hv. 2. þm. Reykn., um ákvæði í stjórnmálaályktun Alþb.

Ég ætla ekki að rekja þau efni frekar. Það reynir á á næstu mánuðum hvernig til tekst. En eitt er víst, að af minni hálfu og þeirra sem með mér vinna að lausn þessa máls munu menn leggja sig í alla framkróka um, eftir því sem nokkur kostur er, að halda á málstað Íslands þannig að það færi okkur upp í hendur betri samning — samning sem við getum byggt á til frambúðar, samning sem við getum haft sem fyrirmynd af frekari orkusölu til stóriðju, sem eiga að vera þær aukastoðir sem við ætlum okkur að skjóta undir íslenskan efnahag.

Umr. frestað.

Efri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Norræni fjárfestingabankinn, frv. 45. mál (þskj. 48). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Á þskj. 48 er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingabankanum. Eins og fram kemur í grg. með frv. er hér um að ræða

samþykkt sem gerð var á fundi stjórnar Norræna fjárfestingabankans 23. mars 1982 um að leggja til við norrænu ráðherranefndina að hlutafé bankans yrði tvöfaldað úr 400 millj. SDR í 800 millj. SDR. Málið hlaut umfjöllun í Norðurlandaráði og var samþykkt af ráðherranefnd Norðurlandaráðs, síðan í Norðurlandaráði og þá gert með samþykki fyrrv. ríkisstj. og þeirra fulltrúa sem Ísland á í Norðurlandaráðinu. Þar er gert ráð fyrir því að Íslands haldi sínum hlut, 1.1%, og aukning á framlaginu verði 330 þús. SDR sem þarf að greiða og 110 þús. úr varasjóði bankans sjálfs. Innborgun vegna Íslands verði því samtals 440 þús. SDR. Um þetta mál hefur verið samstaða allra fulltrúa Alþingis, síðasta þings og ríkisstj. og ég vænti þess að það geti orðið hér í þessari hv. d., eins og í hv. Nd., samstaða um afgreiðslu þessa máls.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. 43. mál (þskj. 46). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 frá 1982, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Frv. þetta felur í sér að I. kafli umræddra laga verði framlengdur um tvö ár, þ. e. í stað orðanna „31. des. 1983" komi „31. des. 1985".

Stjórn Sölustofnunar lagmetis hefur óskað eftir því að framangreind lög verði framlengd og telur áríðandi að nú þegar verði framlengd núverandi starfsréttindi stofnunarinnar, sem felst í lögum þessum, en eins og fram kemur falla þau úr gildi um næstu áramót. Sölustofnunin telur sérstaklega mikilvægt að halda áfram einkarétti til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau að í löndum Austur-Evrópu er einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni kaupanda megin að ræða. Þessi einkakaupandi væri því í aðstöðu til þess að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað ef ekki væru ákvæði sem kæmu í veg fyrir slíkt háttalag. Einhliða samkeppni kaupenda megin verður að teljast seljendum í óhag. Rétt er að bregðast við þessu með einkarétti seljenda megin og jafna þar með samningsaðstöðu seljenda og kaupanda, er álit stjórnar Sölustofnunar lagmetis.

Iðnrrn. hefur farið yfir málið og telur rétt, eins og nú standa sakir, að framlengja einkarétt Sölustofnunarinnar eins og fram kemur í frv. Ríkisstj. hefur fallist á þau sjónarmið sem fram eru borin með þessu frv. og hv. Nd. hefur lokið við afgreiðslu frv. Ég vænti þess að það verði lögfest á þessu þingi fyrir áramót, enda um mjög einfalt mál að ræða í raun. Samstaða hefur náðst um að framlenging þessi yrði til tveggja ára að þessu sinni, en rétt er að taka fram að stjórn Sölustofnunar lagmetis óskaði eftir framlengingu til fimm ára. Ég vil taka það fram að ég mun beita mér fyrir rækilegri endurskoðun á þessum lögum á gildistímanum ef hið háa Alþingi felst á þetta lagafrv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að lýsa því yfir að ég er gersamlega andvígur þessu frv. og tel það í raun og veru óhæfu með öllu að íslensk ríkisstj. sé að flytja inn erlenda þjóðhætti, þ. e. að réttlæta einkasölu hér á landi með því að einkasala sé fyrir hendi í því — ja, illræmda — landi sem þessi verslun fer fram við. Ég legg miklu fremur til að menn reyni að beina markaðsöflun sinni að öðrum mörkuðum, mörkuðum sem reyndar krefjast yfirleitt meiri gæða og meiri fjölbreytni en reyna þá um leið meira á íslenskan iðnað. Í því sé ég miklu augljósari vaxtarbrodd en að mæla með þessari áframhaldandi einokun.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég er ekki formælandi einokunaraðferða og yfirlýsing mín um að lögin yrðu tekin til rækilegrar endurskoðunar á gildistímanum á við að einmitt þetta atriði verði endurskoðað. En ég vil taka það fram að það eru fullyrðingar sem ekki standast að þessi markaður, ef átt er við það, sé okkur ekki mikilvægur. Hann er gífurlega mikilvægur, Rússlandsmarkaðurinn og fiskmarkaðurinn við austantjaldslöndin. Við skulum ekki varpa rýrð á þá staðreynd þótt okkur séu ekki skapfellilegar aðferðir sem gilt hafa um sölu afurðanna.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að hafa langt mál um það frv. sem hér er á ferðinni. Mér er þetta mál nokkuð kunnugt vegna umfjöllunar þingsins undanfarin ár. Það hefur ætíð komið til kasta iðnaðarnefndar að fjalla um það. Í þessu sambandi vil ég minna á — en geri það ekki vegna þess að ég beri brigður á réttmæti þess að fram komi einn aðili gagnvart einum aðila þar eystra vegna sölu umræddra afurða — nál. iðnn. frá árinu 1982 þar sem kemur fram að meiri hl. iðnn. á þeirri tíð lagði áherslu á það að fyrirkomulag þessara sölumála verði endurskoðað að frumkvæði iðnrh. og sjútvrh. í samráði við þá aðila sem starfa í lagmetisiðnaði.

Nú geri ég ekki öðru skóna en því að þessi athugun hafi farið fram og að þeirri athugun lokinni hafi sú málsmeðferð, sem hér hefur verið greint frá, framlenging umræddra kafla laganna, að sjálfsögðu verið lögð til á grundvelli þessarar athugunar; ég geri ekki ráð fyrir öðru.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Þetta mál er nú ekki nýtt eins og hér hefur komið fram í umr. Við höfum fjallað um þetta árlega undanfarin ár. Munurinn er sá að í þessu frv. er gert ráð fyrir framlengingu í tvö ár í staðinn fyrir að venjulega hefur þetta verið framlengt, að því er mig minnir, í eitt ár.

Ég hafði mínar efasemdir um þetta mál á sínum tíma en ég held þó að athuguðu máli að ekki sé um annað að ræða en framlengja þetta og spurningin er hvort á að hafa það eitt eða tvö ár.

En ástæðan fyrir því, að ég bað um orðið, var sú að

það kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. að það væri ástæða til að íhuga þessi mál vegna þess að við ættum ekki að aðlaga okkur að stjórnkerfum landa eins og t. d. sósíalísku ríkjanna. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að blanda saman viðskiptum og pólitík. Við eigum að selja okkar afurðir þar sem við getum og þar sem hagkvæmast er að selja þær og það eigi ekki að blanda saman viðskiptum og pólitík, a. m. k. ekki of mikið.

Það urðu miklar umr. og blaðaskrif um þessi mál hér á sínum tíma þegar við stóðum fyrir því, við Ólafur Jóhannesson, að gera samning við Ráðstjórnarríkin um viðskiptamál og það hafði talsverð áhrif í stjórnmálunum því að það voru vissir þm. sem sögðu páv. stjórn upp hollustu. Þ. á m. var hv. þm. Eggert Haukdal eins og alþjóð veit og ég man ekki hvort hæstv. fjmrh. setti þarna amen á eftir efninu. (**Iðnrh.:** Jú, það er rétt.) Það mun hafa verið svo. Það er leitt að hann skuli ekki vera við en það gefst kannske tækifæri til að ræða þessi mál í betra tómi. (**EgJ:** Þú hefðir líka átt að segja upp hollustunni þá ... þá hefði betur staðið á.) Já, þú ert dálítið seinn að átta þig stundum. (**EgJ:** Ég sagði þú.) Um þessi mál mætti margt segja og það mætti t. d. upplýsa að svona samning eins og gerður var af okkar hálfu höfðu 46 þjóðir gert, allar þjóðir Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, sem eru aðilar að henni, höfðu gert samninga sem fólu í sér miklu, miklu meiri skuldbindingar en þessi samningur gerði á sínum tíma, margfalt meiri skuldbindingar, því að sannleikurinn er sá að þessi samningur er nauðaómerkilegur.

En það, sem ég vildi undirstrika í þessu efni, er þetta að ég álít að við þurfum að leggja áherslu á það að selja okkar afurðir. Það er ekkert auðvelt að selja allar okkar afurðir og ég tek undir það sem kom fram hér áður að vitanlega eigum við að leggja áherslu á markaði sem víðast og í rauninni er ekkert því til fyrirstöðu, þó að þetta fyrirkomulag sé haft gagnvart Austur-Evrópuríkjunum, að leggja áherslu á markaðssetningu í Vestur-Evrópu og í Bandaríkjunum; það er raunar ekkert því til fyrirstöðu. En sannleikurinn er sá að við höfum átt undir högg að sækja einmitt með lagmeti sem þó er að flestra dómi kannske sá vettvangur sem á að vera ör framtíð í en við höfum átt í verulegum erfiðleikum sem kannske sumir hverjir hafa verið byrjunarörðugleikar þó að við seljum úr landi verulega mikið af lagmetisframleiðslu.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins undirstrika að ég álít að menn eigi ekki að blanda um of saman stjórnmálum og viðskiptum heldur eigum við að leggja áherslu á að selja okkar vörur eiginlega alls staðar þar sem við getum en auðvitað eigum við ekki að gera það með öðrum kostum en þeim sem fylgja venjulegum viðskiptaháttum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Bara örstutt. Ég tek undir með hv. 4. þm. Austurl. að það eigi ekki að blanda öllu saman. Ég held reyndar að hann hafi kannske frekar átt við stjórnarfar en stjórnmál því að ég veit ekki hvað eru stjórnmál ef viðskipti eru ekki stjórnmál því að viðskipti eru einfaldlega það sem ræður og stjórnar okkar lífi að því er ég fæ best séð í dag.

Ég er heldur ekki að halda því fram að það eigi ekki að skipta við alla þá sem til greina koma og það á alveg eins við um austurblokkina eins og Vesturlönd. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að mikil viðskipti við Austurlönd séu m. a. ákveðin leið til þess hreint og beint að koma á friði í þessum heimi sem mjög ríður á núna þessa seinustu dagana.

Aftur á móti er ég þeirrar skoðunar sem ég lýsti áðan að það að binda sig svona eins og gert er með þessum hætti og þessum lögum, þ. e. að gera ekki meiri kröfur til þeirrar framleiðslugreinar sem hér um ræðir en að hún þurfi að aðlaga sig einum markaði, tel ég óhyggilegt og hreint og beint letjandi fyrir þá sömu iðngrein og ætti tvímælalaust með öðrum ráðum að hvetja til þess að auka gæði framleiðslunnar.

Hv. 4. þm. Austurl. kom inn á það að við hefðum átt í örðugleikum með að losna við þessa framleiðslu og allir þeir, sem hér eru inni og hafa opnað íslenska dós, vita í raun og veru hvers vegna það er. Það er einfaldlega vegna þess að gæði framleiðslunnar eru ekki nægileg. Það er það sem mest er um vert og það er með því sem hægt er að selja okkar varning: að gæði hans séu betri en hjá framleiðendum annarra þjóða; því verður ekki náð með þessari löggjöf.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa umr. en það er ákaflega erfitt að stilla sig þegar hún fer svona almennt úr böndunum — og fjarlægist hið eiginlega funda- eða umræðuefni sem verið er að fjalla um — og farið er að tala um sölumálin. Sölustofnun lagmetis hefur verið vandræðabarn í mörg ár og það vita þeir sem hafa þurft að hlaupa undir bagga með þeirri stofnun þegar fjármagn hefur skort og illa hefur árað innan veggja þeirrar stofnunar. Það hefur svolítið ræst úr henni að undanförnu sem betur fer. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við Íslendingar værum einhverjir mestu klaufar í sölumálum sem um getur á vesturhveli og okkar megintilgangur í framleiðslumálum hefur verið sá að framleiða vöruna sem einhæfasta og koma henni úr landi sem minnst unninni. Ég minnist þess einu sinni að hafa heyrt þann mæta mann, Lúðvík Jósepsson, halda hér langa ræðu á Alþingi um það hvernig við gætum raunverulega komið á fót stóriðju í vinnslu fiskafla þessarar þjóðar og hvert einasta orð, sem hann sagði þar, var alveg hárrétt.

Ég held að það hafi verið á síðasta ári að Danir náðu því marki að þeir selja varla lengur úr landi eitt einasta kg af freðnum fiski. Þeir selja hann ferskan og nýjan beint á markað eða niðurlagðan og niðursoðinn. Þetta er auðvitað stórkostlegt afrek. Hér hefur því sjaldan verið gefinn gaumur að sölumennska af þessu tagi er hrein vísindi og íslenska ríkið og íslenskir aðilar hafa ekki gaumgæft þennan þátt að neinu ráði. Þetta hefur verið algert olnbogabarn í þeirri framkvæmdasemi okkar að koma frá okkur því sem við öflum úr hafinu. Ég vildi þess vegna bara leggja það sem einhvers konar hlut inn í þessa umr. að það yrði farið að huga enn þá meira en gert hefur verið að þessum sölumálum. Við höfðum á tímabili fulltrúa í sendiráði Íslands í París sem sinnti þessu verkefni og ég veit ekki í sjálfu sér hvað kom út úr því og mér hefur sýnst yfirleitt að sölumennskan tækist best þegar í hlut hafa átt svona svolítið stöndug einkafyrirtæki. Ég hef ekki mjög mikla trú á því þegar ríkið fer að blanda sér í sölumál og þar af leiðandi er ég þeirrar skoðunar að við þurfum að huga mjög vel að þessum málaflokki og miklu betur en gert

hefur verið vegna þess að það er alveg ljóst að með minnkandi sjávarafla verðum við að fara að nýta hann mun betur og við gætum þess vegna notið leiðsagnar Dana í þeim málaflokki því að mikið má af þeim læra.

Mér fannst ég þurfa að koma þessu á framfæri, virðulegi forseti, og mun því ekki lengja umr. Ég tel mig vera búinn að segja það sem mér býr í huga en kjarni þess, sem ég er að koma hér á framfæri, er sá að ég tel að ríkisvaldið hefði fremur átt að reyna að styðja við bakið á einstaklingum og fyrirtækjum þeirra og stofnunum en blanda sér beint sjálft í sölumálin. Það tel ég óráðlegt og óskynsamlegt.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Samþykkt þessa frv. er auðvitað eingöngu bundin við viðskipti við austantjaldslöndin þannig að engin einokun er bundin við viðskipti við aðra svo að þetta er algerlega frjálst fyrir alla þá sem sinna sölumálum annars staðar; ekki er um að ræða einokun nema austan tjalds. Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér aftur hljóðs var sú yfirlýsing hv. þm. Árna Gunnarssonar að við værum klaufar í sölumálum. Ég er honum ekki sammála þar, alls ekki sammála. Ég álít að við höfum náð miklum árangri í sölu okkar sjávarafurða raunar um allan heim. Ég held t. d. að það hafi verið verulega mikið afrek hjá okkur svona fámennri þjóð að ná þeim ítökum á Bandaríkjamarkaðnum sem við höfum náð á undanförnum áratugum, verulegt afrek, og við höfum þar notið gífurlega góðra kjara um langan tíma sem hefur m. a. verið undirstaðan undir þeirri velmegun sem við höfum búið við. Ég held því að við höfum þar unnið verulegt afrek eða þeir sem að þeim málum hafa starfað. Það er ekki þar með sagt að það þurfi að vera þannig um alla eilífð; það er ekki þar með sagt. En ég held að við höfum unnið verulegt afrek.

Í sambandi við ýmis viðskipti, utanríkisviðskipti,þá er ekki svo auðvelt að komast hjá því að blanda ríkinu í þau eins og t. d. viðskiptunum við Sovétríkin svo að maður taki dæmi. En samkvæmt þeirra stjórnarfari er það ríkið og ríkisstofnanir sem þar eru í fyrirsvari og þess vegna fara viðskiptin við Sovétríkin geysilega mikið fram á milli ríkjanna. Það er ekki svo auðvelt að komast hjá því. Þarna held ég að við höfum einnig náð verulegum árangri í okkar sölumálum. Við skulum segja t. d. 1980 þegar gerður var viðskiptasamningur við Sovétríkin til 5 ára þá náðist sá árangur að okkur tókst að selja 150—200 þús. tunnur af síld á hverju ári í þessi 5 ár. Við höfðum áður haft samning um 20—45 þús. tunnur. Þessi samningur er í raun og veru undirstaðan fyrir haustsíldarvertíðina sem hefur gefið mjög góðan arð núna undanfarin ár því að ef við hefðum ekki haft þennan samning við Sovétríkin um kaup á saltsíldinni þá fæ ég ekki séð að við hefðum saltað nema brot af því sem við höfum gert. Við höfum saltað eitthvað um 200 þús. tunnur eða rúmlega það og af því hafa 150—160 þús. tunnur farið til Sovétríkjanna svo að þarna álít ég að við höfum náð verulegum árangri í sambandi við saltsíldina.

Ef við rekjum þetta áfram þá er okkar staða þannig á Evrópumörkuðum í dag að við höfum fengið samkomulag sem gert var 1971 á grundvelli EFTA-samningsins — einhliða eða tvíhliða samkomulag við Efnahagsbandalag Evrópu um niðurfellingu tolla af t. d. sjávarafurðum, gífurlega mikla niðurfellingu tolla. Þetta eru geysilegar fjárhæðir sem við losnum við að greiða í tollum vegna þessa samnings og við erum að sækja á í þessum efnum. Það má kannske segja það sama um viðskiptin við Portúgal og Spán. Viðskiptin við Portúgal og Spán hafa verið geysilega mikil og við höfum selt meira þangað en nokkur önnur þjóð, sérstaklega af saltfiski, t. d. höfum við skákað Norðmönnum þar, Kanadamönnum, Færeyingum og ýmsum fleiri þjóðum. Það má segja það sama um Nígeríu. Þó að það hafi verið kreppa í Nígeríuviðskiptunum núna í 2—3 ár þá höfum við í 30 ár selt til Nígeríu skreiðina og ég veit ekki til þess að við höfum nokkurn tíma tapað einum einasta eyri þegar upp er staðið á Nígeríuviðskiptunum, þótt það sé vissulega veruleg kreppa í þeim viðskiptum núna og hefur verið undanfarin tvö ár.

Ég vil hins vegar taka undir það með hv. þm. að við þurfum að halda áfram að vinna enn þá meiri verðmæti úr sjávaraflanum en við höfum gert og gerum nú. Það er alveg rétt. Og við þurfum áreiðanlega að halda áfram að leggja í auknum mæli áherslu á okkar sölumál. Það er aldrei gert of mikið í þeim efnum.

Varðandi vinnsluna hefur orðið bylting á síðustu örfáum árum, hrein bylting. Við skulum taka þorskinn sem er okkar langstærsti þáttur í þessu. Á árunum 1972—1982 þangað til fram á þennan dag hefur orðið svo mikil framför t. d. í fiskiðjuverunum, í vélvæðingu, í byggingum og fyrirkomulagi að það er hrein bylting hjá því sem áður var. Við skulum nefna t. d. um 1972 og á þeim tíma þá tíðkaðist það um allt land að þorskurinn væri tekinn úr bátunum eða togurunum upp á vörubíla. Síðan óku vörubílarnir inn í frystihúsin og aflanum var sturtað á gólfið og kösin var — ég veit ekki hvað hún var há — hún var kannske 1.5 m eða meira þegar mikið barst að.

Nú hefur orðið á sú breyting að menn ísa orðið aflann í togurunum sem eru lengur að veiðum og menn hafa byggt kæld móttökurými í frystihúsunum. Kassarnir eru fluttir inn í kældu móttökurýmin og síðan er unnið eftir hendinni; það hefur orðið alveg gífurleg framför í þessum efnum. Síðan er vélvæðingin í fiskiðjuverunum sem hefur átt sér stað á undanförnum árum. Þetta ásamt fleira er náttúrlega lykillinn að því að við bjuggum á árunum 1970—1980 við 4.7% hagvöxt á Íslandi í 10 ár sem var allmikið meira en meðaltalið hjá efnuðustu þjóðum heimsins, þ. e. meðaltal OECD-landanna sem eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni. Auðvitað búum við talsvert að þessu núna í þeirri kreppu sem nú er sérstaklega vegna aflatregðunnar. En um þetta mætti auðvitað margt segja fleira. En ég vildi aðeins varðandi viðskiptin segja það að það er ekki svo auðvelt að komast hjá því að ríkið komi inn í þau á vissum sviðum. Ég er hins vegar ekki talsmaður þess að þetta sé ríkisrekið, ég er það ekki, en það er ekki svo auðvelt að komast hjá því. Og svo hitt að ég álít að við höfum náð miklum árangri í okkar sölumálum og okkar útflutningsafurðum þó að ég geti vel tekið undir það að þar sé mikið verk óunnið og áreiðanlega hægt að bæta þar um.

Árni Gunnarsson: Virðulegi forseti. Ég hét því að lengja ekki þessa umr. en hv. síðasti ræðumaður gefur mér tilefni til að segja nokkur orð. Hann talar um það að hér hafi náðst mjög umtalsverður árangur í sölumálum og nefndi nokkur dæmi máli sínu til sönnunnar. Það

er einfalt að segja um markað okkar í Bandaríkjunum að við nutum þar um margra ára bil sérréttinda sem aðrar þjóðir höfðu ekki. Við höfðum líka mikinn tíma, sem aðrar þjóðir nýttu sér ekki, til að ná tökum á þeim markaði og við fengum ekki umtalsverða samkeppni á þeim markaði fyrr en á allra síðustu árum þegar Norðmenn og Kanadamenn komu inn á hann af fullum krafti þannig að það er ekki hægt að hrósa sér af því.

Ég vil bara í þessari umr., vegna þess að Sölustofnun lagmetis kemur hér inn í, minna á það að auðvitað erum við dæmigert veiðimannaþjóðfélag sem flytur úr landi raunverulegt hráefni sem aðrar þjóðir nýta og margfalda í verði. Það er nákvæmlega þetta sem hefur verið að gerast á undanförnum árum og ríkisvaldið íslenska hefur sáralítið gert til þess að styðja við bakið á mönnum sem hafa viljað breyta þessu. Það er þetta sem ég gagnrýni. Ég gagnrýni t. d. skreiðarútflutning vegna þess *einfaldlega að það er ekkert form á matvælaframleiðslu* í raun og veru. Og ég gagnrýni útflutning á grásleppuhrognum sem síðan eru flutt hingað til lands í túbum. Ég gagnrýni jafnframt útflutning á húðum sem hægt væri að nýta hér í iðnaði. Það er þetta sem ég er að gagnrýna og auðvitað eigum við í sambandi við mótun nýrrar atvinnustefnu í þessu landi að huga að öllu þessu hráefni sem við erum að láta útlendingum í té sem þeir eru að margfalda að verðmætum á okkar kostnað og engra annarra þannig að ég get ekki sé að við höfum í þessum sölumálum náð einhverjum sérstökum og stórfelldum árangri. Við framleiðum og búum til eða fiskum eitt besta hráefni sem til er í veröldinni og því skyldu menn ekki vilja kaupa það? Megnið af þessu hefur komið meira eða minna af sjálfu sér, þessi sala. Við búum við eitt mesta matarforðabúr veraldar. Það er ekkert undarlegt þó að við seljum eitthvað af þessu en við þyrftum að gæta þess miklu betur en við höfum gert að selja þetta ekki úr landi eins og t. d. er þekkt í Afríku þar sem fjölþjóðafyrirtæki koma inn og nýta hráefnin, sem þessar þjóðir framleiða, til þess að hafa af því milljarða hagnað.

Um samningana við Sovétríkin veit ég ekki hvort menn eiga að berja sér á brjóst og segja: Gott, gott, gott. Það er auðvitað ágætt ef Sovétmenn kaupa af okkur síld en mér finnst það nú ekki verulega mikið atriði og innlegg í þessa umr. þegar þess er gætt hvað við kaupum af þeim og ég held að það hafi heldur hallað á þá en okkur í þeim viðskiptum. Ég veit ekki betur. Þannig að þessi dæmi sem hér hafa verið tekin rökstyðja það ekki að við höfum verið góðir sölumenn fyrir okkar varning á erlendum markaði.

En ekki meira um það, virðulegi forseti. Ég vil bara segja það og spyrja kannske um leið hvort það sé raunverulega nauðsynlegt að halda hér upp heilu battaríi sem heitir Sölustofnun lagmetis? Getur ekki rn. séð um þetta? Getur ekki rn. gert samninga við Austur-Evrópuríkin — þá samninga sem Sölustofnun lagmetis hefur gert? Og er það eðlilegt að ríkisvaldið haldi uppi Sölustofnun lagmetis sem hefur gert það að fara í beina samkeppni við einstaklinga sem hafa verið að reyna að selja í hinum frjálsa heimi? Þetta eru spurningar sem mér finnst að hæstv. ráðh. verði t. d. að svara vegna þess að hann hefur ekki haft verulega mikið á móti hinni svokölluðu frjálshyggju. Ég hef ekki heyrt hann hafa það. Og það er spurning hvort hann telur eðlilegt að svona ríkisapparat sé í gangi þegar viðskrn. t. d. gæti gert þessa hina sömu samninga. Er ekki þarna ein af stofnununum sem mætti leggja niður og kannske bara með einu pennastriki?

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég þakka velvild auðsýnda. Út af síðustu orðum sem hér féllu um starfsemi lagmetis þá fannst mér ég mega til með að bæta við þó að ég hafi nú ekki ætlað mér að tala meira að *eitt er það fyrirtæki sem síðan gæti tekið* við nokkrum hluta þess starfs sem Sölustofnun að vissu leyti fer með, þ. e. undirbúningi og rannsókn á framleiðslumöguleikum og með tilliti til markaðar. Það er fyrirtæki sem heitir Fiskvinnsluskóli Íslands en til hans er litlu sem engu fé varið á þessu ári nema bara til daglegs rekstrar. Það væri náttúrlega, ef menn ætla að byrja á grunninum og byggja hann vel, nauðsynlegt að hugsa til þess strax í náinni framtíð að leggja þessum skóla *mjög verulegt fé til svo að í raun og veru megi* byggja á íslenskum grunni í framtíðinni.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. leyfði sér að líta svo á að frv. þetta væri nú borið fram í samræmi við meirihlutaálit iðnn. hinnar háu Ed. trúlega frá 1982, og sú athugun hefði farið fram sem þar var mælst til á þessu máli. Ég trúi að ég hafi skilið þetta rétt. Svo er ekki. Mér er ekki kunnugt um að það hafi í neinu verið farið að þessu *áliti nefndarinnar* á sínum tíma. A. m. k. hafa engar upplýsingar um það borist í mínar hendur. Ástæðan fyrir því að ég legg nú til tvö ár í stað eins áður, sem jafnan var, er að ég vil a. m. k. ekki að það verði kennt um tímaskorti þegar menn kvarta undan því að úttektir hafi ekki farið fram eins og álit manna er að nauðsynlegt sé í þessu máli. Það er hvenær sem er hægt að bera fram frv. sem slítur eldri lögum, þannig að þótt þetta frv. verði að lögum þurfa þau lög ekki að gilda í tvö ár þótt það sé svo afmarkað í frv.

Ég vissi ekki um þetta álit fyrr en ég heyrði um það í umr. í hv. Nd. og mér er ekki kunnugt um að neitt starf hafi verið innt af höndum til að gera úttekt á þessu máli. Ég tók fram að ég er ekki formælandi slíks fyrirkomulags, en margs er þó að gæta í þessu sambandi og til að leiðrétta misskilning skal það tekið fram að aðild að þessum samtökum er ekki lögþvinguð, heldur frjáls þótt þau þurfi að segja henni upp með eins árs fyrirvara, ef þau vilja bregða á það ráð. Og auðvitað keppa íslensk niðurlagningarfyrirtæki á mörgum öðrum mörkuðum.

Um sölumál hefur hér verið rætt og mætti ýmislegt um það segja. Margt var vel unnið á þeim vettvangi það er rétt. En ég veit ekki hversu lengi menn lifa á þeirri fornu frægð. Ég hef rætt þessi mál á opinberum vettvangi eigi alls fyrir löngu og undirtektir orðið allverulegar á ýmsa vísu, jafnvel tekið undir í fjöllunum. Sú umr. staðfesti fremur en hitt að ég hefi haft rétt fyrir mér þegar ég taldi að margs væri vant í þeim efnum og menn þyrftu að stórbæta ráð sitt. Það er óhagganleg skoðun mín og gæti ég, ef ástæða væri til undir þessari umr., rakið það í miklu ítarlegra máli.

Þegar menn gagnrýna fyrirkomulagið á sölu fiskafurða okkar í Bandaríkjunum þá er líka margs að gæta. Menn gera sér væntanlega grein fyrir því að eitt sem við eigum örðugast við að eiga í samkeppni, er fjarlægð okkar frá mörkuðum og sá mikli kostnaður sem fylgir

því að flytja vörur okkar á markaðinn. Það er mikill munur á að flytja síld niðurlagða í dósum eða í heilum tunnum, eða þorsk í blokkum eða í neytendaumbúðum og þess vegna er það aðallega sem menn hafa brugðið á þetta ráð að verka fiskinn frekar, stórauka verðmæti hans með erlendum vinnukrafti eftir að hann hefur verið fluttur á markaðinn í ásigkomulagi sem er miklu ódýrara að flytja hann í en ella. En það þarf auðvitað að vera keppikefli okkar að skilja eftir sem mest verðmæti af vörunni í landinu, framleiðsluverðmæti í vinnu og öðru sem að framleiðslunni lýtur.

Ég orðlengi ekki þetta, en ég ítreka yfirlýsingu mína um að ég muni þegar í stað hefja athugun á og úttekt á þessu fyrirkomulagi og ef að bestu manna yfirsýn sýnist rétt að bregða á það ráð að breyta þessu þá verður komið til hins háa Alþingis þegar í stað með slíkar breytingar.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins brýna menn til umhugsunar í þessari umr. varðandi okkar markaðsmál. Þegar við ræðum um stöðu og stefnu í íslenskum markaðsmálum eins og gert hefur verið í þessari umr., þá vekur það fyrst forvitni þegar grannt er skoðað að við höfum í landinu hundruð aðila sem stunda innflutningsverslun. En á hinn bóginn eru örfáir aðilar sem stunda útflutningsverslun. Þetta hlýtur að vera röng þróun og röng staða og undirstrika það að við höfum ekki sinnt okkar markaðsmálum sem skyldi. Við sitjum í rauninni uppi með nokkurra áratuga staðnað sölukerfi, hvort sem um er að ræða sjávarútveg eða landbúnað og afurðir á þeim vettvangi. Þetta vekur sem sagt þá spurningu hvort ekki sé ástæða til þess að taka okkur tak í þjálfun og menntun í sölumennsku, hreinni sölumennsku og sölukynningu, á okkar afurðum erlendis, og nýta þá möguleika sem nýjasta tækni býður upp á í fjölmiðlum og á annan hátt í stað þess að sitja í sama farinu eins og við höfum gert um áratuga skeið. Við þurfum að fá meira verð fyrir hvert kg. Við þurfum að stuðla að því fyrst og fremst eins og komið hefur fram í ræðu hæstv. iðnrh. að fullvinna sem mest af vörunni hér heima. Við flytjum hins vegar nú í dag stærstan hluta sjávarafurða hálfunninn úr landi. Auðvitað koma þá til tollamál og ýmis önnur mál sem eru þröskuldur í vegi þessarar þróunar innanlands, en þarna þarf að berjast. Ég vildi þess vegna varpa þeirri spurningu fram og biðja menn að velta því fyrir sér, hvort ekki sé tímabært að taka fast á í þessum efnum, varðandi menntun sölumanna, sem selja eiga íslenskar afurðir erlendis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, frv. 62. mál (þskj. 67). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Frv. það til l. um breyt. á lögum nr. 44 frá 1. júní 1979, um húsaleigusamninga, sem hér er lagt fram, er samið af nefnd er skipuð var af páv. félmrh. 28. sept. 1978 til að semja frv. til l. um húsaleigusamninga. Það frv. varð að lögum eins og áður segir í júní 1979. Eins og fram kemur í aths. við þetta frv. óskaði páv. félmrh. eftir því haustið 1980 við fyrrgreinda nefnd að hún gerði athugun á reynslunni af lögunum frá árinu 1979 og sendi síðan brtt. við þau ákvæði þeirra sem hún teldi að betur mætti fara.

Þegar nefndin hafði lokið störfum sínum lagði hún fyrir páv. félmrh. frv. til l. um breytingar á lögum um húsaleigusamninga nr. 44/1979. Nefndarmennirnir Ragnar Aðalsteinsson og Sigurður E. Guðmundsson voru sammála um brtt., en einn nefndarmaður, Páll S. Pálsson, skilaði séráliti.

Málið var síðan tekið til frekari úrvinnslu í félmrn. eins og það er orðað í aths. við lagafrv. og m. a. leitað til Leigjendasamtakanna um væntanlegar lagabreytingar. Niðurstaða þeirrar vinnu er frv. þetta um breyt. á lögum nr. 44/1979, um húsaleigusamninga. Nefndin hagaði störfum sínum að ofangreindu verkefni á þann veg að hún hafði samband við allar húsaleigunefndir í kaupstöðum landsins, sem kjörnar höfðu verið samkv. 76. gr. laganna og óskaði eftir áliti þeirra á efni laganna og reynslunni af framkvæmd þeirra. Enn fremur voru nefndunum sendar ýmsar brtt. nefndarmanna og óskað umsagnar um þær. Svör nokkurra nefnda bárust. Auk þess átti nefndin fund með húsaleigunefnd Reykjavíkurborgar og einnig með fulltrúum húsaleigunefnda í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi og Seltjarnarnesi. Á fundum þessum var fjallað um reynsluna af lögunum og það sem betur mætti fara. Beinar ábendingar komu fram frá ýmsum húsaleigunefndum um ágreiningsefni sem þær töldu að vert væri að taka til athugunar. Af hálfu margra húsaleigunefnda var einnig lagt sjálfstætt mat á brtt. þær sem nefndin hafði sent þeim.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að tefja umr. hér með því að fara yfir greinar frv. Það fylgja ítarlegar athugasemdir um allar greinar frv. sem eru lagðar fram. *Það er von mín að frv. þetta hljóti skjóta afgreiðslu hér í* hv. deild. Ég leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. deildar og 2. umr.

Magnús H. Magnússon: Virðulegi forseti. Ég stóð á sínum tíma fyrir setningu þeirra laga um húsaleigusamninga, sem hér er lagt til að verði breytt. Mér sýnist allar brtt. vera til bóta og styð því frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26, n. 130 og 132, 133). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. þm. þekkja þetta mál og þjóðin raunar öll. Þetta er eitt þeirra mála sem tengist efnahagsráðstöfunum á liðnu vori og brbl. sem sett voru 27. maí á þessu ári. Ég held að ástæðulaust sé að ég sé hér að upphefja nokkrar almennar pólitískar umr. um þetta mál. Við höfum rætt um það mjög mikið í hv. fjh.- og viðskn. og fengið fjölmarga aðila okkur til aðstoðar til þess að reikna út eitt og annað, og minni hl. n. flytur

sínar brtt. sem eðlilegt er. Þeir gera sjálfir grein fyrir þeim hér á eftir, en við í meiri hl. leggjum til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Þessar umr., sem fram hafa farið, hafa ekki einungis verið í fjölmiðlum, heldur líka verið almennar stjórnmálaumr. hér á Alþingi og menn þekkja þetta mál að svo miklu leyti sem almenningur getur komist til botns í því neti sem segja má að skattalög og allar slíkar tilfærslur milli manna séu. Það er meira og minna óskiljanlegt fyrir venjulegt fólk, en hins vegar meta menn auðvitað sína eigin pyngju og þá reikninga sem þeir fá í hendur og á því er auðvitað enginn efi að það hefur þrengst mjög um meðal alþýðu, og fólk þyrfti svo sannarlega á einhverjum kjarabótum að halda. Ég held að menn séu þó sammála um að nauðsynlegar hafi verið aðgerðir eitthvað í þá áttina sem gerðar voru á liðnu vori þó að auðvitað deili menn um hvort t. d. hinar svokölluðu mildandi aðgerðir hafi verið nákvæmlega þær einu réttu og hvað þá sé mikilvægast í þeim. Minni hl. mun hér leggja til og leggur raunar til í till., sem hann þegar hefur flutt, að á því verði nokkur breyting og sérstaklega að því er varðar persónuafslátt og barnabætur og er það allt saman skiljanlegt. En fyrsti liður í hinum svonefndu mildandi ráðstöfunum var einmitt á þann veg að reyna að lækka vöruverð beinlínis, verð á nauðsynjavöru. Nokkuð hefur verið af því gert og við ræðum nú einmitt í hv. fjh.- og viðskn. hugsanlegar aðgerðir til þess að reyna að draga enn úr hinu gífurlega háa verði sem er á ýmsum vörutegundum vegna aðgerða ríkisvaldsins í marga áratugi. Neysluskattar á sumar vörur hafa verið hækkaðir stanslaust, venjulega í kjölfar gengisbreytinga og þannig hefur ríkisvaldið sjálft að því stefnt að sprengja vöruverð upp. Svo er komið að þær vörur sem t. d. fellur á hið svokallaða sérstaka tímabundna vörugjald, tekur ríkið oft og tíðum 200% og jafnvel yfir 200% álag á vöruverðið, þannig að vörurnar, þegar álagning kemur til viðbótar, eru kannske allt að fjórum sinnum dýrari en þær eru á hafnarbakkanum. Þetta ræðum við allt saman núna í nefndunum, fjh.- og viðskn. þessa dagana, og kemur þá væntanlega til frekari umr. hér mjög bráðlega, hvort á því sviði verði eitthvað hægt að koma til móts við það fólk, sem áreiðanlega á erfitt með að láta enda ná saman til að kaupa brýnustu nauðsynjar.

Menn benda á það að síðustu dagana hafi í ríkum mæli verið tekin upp kreditkort svonefnd. Einhver sagði að þetta kynni að verka eins og magnyl í bili, að fólk hefði þá peninga til að kaupa einhverjar vörur á næstunni. Þó að ég sé eindreginn stuðningsmaður núv. stjórnar og þeirra aðgerða sem gerðar voru á s. l. vori, þá er mér auðvitað alveg ljóst eins og öðrum að nú er boginn mjög spenntur og með einhverjum hætti þarf að auðvelda því fólki, sem heyr erfiðustu lífsbaráttuna, að komast yfir þennan erfiða hjalla. En það eru fleiri ráð til þess en það sem minni hl. bendir hér á þó að ég skilji mjög vel að hann gerir þessar tillögur. Við í meiri hl. teljum engu að síður þar sem þetta ár er nú að líða að við þurfum fremur að hyggja að framtíðinni og grípa til annarra úrræða en þeirra sem hér eru fluttar tillögur um.

Ég skal ekki tefja þessa umr. Ég held að það sé rétt að afgreiða þetta mál annaðhvort á þessum fundi eða þá hinum næsta og legg á það áherslu.

Frsm. minni hl. (Magnús H. Magnússon): Virðulegi forseti. Í brbl. með fallega nafninu frá 27. maí s. l., sem nú á að staðfesta, um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum eins og þau heita, segir að þau séu sett til að vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa. Að því er varðar hækkun persónuafsláttar um 1400 kr. á mann, sbr. 1. mgr. 1. gr. frv., þá er um argasta öfugmæli að ræða. Hækkunin kemur flestum að fullu gagni nema þeim sem við lökust kjör búa. Þeir njóta hennar í engu.

Í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. eru tekin nokkur dæmi af því hve háar tekjur þurftu að vera á síðasta ári til að hafa fullt gagn af hækkun persónuafsláttar og við hvaða tekjumörk hækkunin gerði ekkert gagn. Einnig eru þessi mörk yfirfærð á tekjur þessa árs og skatta næsta árs eftir því sem næst er hægt að komast miðað við forsendur fjárlagafrv., þ. e. 28% hækkun tekjuskatts á milli ára. Tekin eru dæmi af hjónum með eitt barn undir 7 ára aldri, af einstæðu foreldri með barn undir 7 ára aldri, af einstæðum elli- og örorkulífeyrisþega og af hjónum sem bæði eru elli- eða örorkulífeyrisþegar. Þar kemur m. a. fram að einstætt foreldri með eitt barn undir 7 ára aldri þarf á þessu ári að hafa 156 200 kr. eða meira í tekjur til að hafa fullt gagn af hækkun persónuafsláttarins. Ef tekjurnar verða 151 300 kr. eða minni er gagnið alls ekkert. Þessar tölur hækka um nálægt 38 þús. kr. ef börnin eru tvö.

Einnig kemur fram í nál. að elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa að hafa umtalsverðar tekjur umfram bætur almannatrygginga til að hafa gagn af hækkun persónuafsláttarins og þegar þeim tekjum er náð þá skerðist tekjutryggingin verulega. Verulegur meiri hluti elli- og örörkulífeyrisþega hefur því alls ekkert gagn af hækkun persónuafsláttarins. Elli- og örorkulífeyrisþegi með fulla tekjutryggingu frá almannatryggingum en engar aðrar tekjur fær nú samtals 7018 kr. á mánuði. Af þessum manni er búið að taka með aðgerðum á þessu ári 2466 kr. á mánuði að meðaltali síðasta árs. Í staðinn fær hann 193 kr. á mánuði vegna 5% hækkunar tekjutryggingar. Hann fær 193 kr. á mánuði upp í 2 466 kr. kjaraskerðingu. Þetta tal um að vernda hag þeirra, sem við lökust kjör búa, er því argasta öfugmæli. Ekki kemur þessu fólki að gagni afnám skatts af ferðamannagjaldeyri. Það hefur einfaldlega ekki efni á að láta sig dreyma um ferðir til útlanda. Varla kemur þessu fólki að miklu gagni lækkun tolla á sykruðum fíkjum eða niðurfelling vörugjalds af hljómplötum eða lækkun innflutningsgjalda af bifreiðum. Svo til allar aðgerðir hæstv. ríkisstj. eiga það sammerkt að hvorki er tekið tillit til þeirra allra tekjulægstu né til elli- og örorkulífeyrisþega. Með sama áframhaldi er verið að búa til örbirgð hér á landi. Þá þróun verður að stöðva.

Þrátt fyrir þá staðreynd sem allir viðurkenna að þjóðartekjur hafi lækkað verulega og af því hafi óhjákvæmilega leitt almenna kjaraskerðingu þá má ekki skerða hlut þeirra allra verst settu, hvað þá að skerða hlut þeirra meira en annarra eins og nú er gert. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. breyti þessu.

Lagfæringar á skattalögum svo sjálfsagðar sem þær annars eru koma þeim tekjulægstu og þar með meiri hluta elli- og örorkulífeyrisþega að alls engu gagni meðan sá hluti persónuafsláttar, sem ekki nýtist til greiðslu annarra gjalda, svo sem útsvara, rennur til ríkissjóðs. Ef nota á skattalögin, sem sjálfsagt er að gera, til að bæta hag þeirra tekjulægstu verður að greiða

þann hluta persónuafsláttar út til skattaðila á sama hátt og nú er gert við þann hluta barnabóta sem ekki gengur til greiðslu annarra gjalda. Nú eftir að öll álagning skatta fer fram í tölvum er þetta mjög auðvelt í framkvæmd.

Á síðasta þingi flutti ég ásamt öðrum þm. Alþfl. frv. til l. um þetta efni, en áður hafa þm. Alþfl. flutt sams konar tillögur.

Fyrri brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. gengur út á það að greiða skattaðilum út ónýttan persónuafslátt — er m. ö. o. um neikvæðan tekjuskatt — ekki aðeins þann sérstaka persónuafslátt sem frv. gerir ráð fyrir, heldur allan ónýttan persónuafslátt. Það mundi draga verulega úr kjaraskerðingu þeirra allra tekjulægstu og annarra sem við verst kjör búa. Einstæð móðir með lágmarkstekjur, 10 961 kr. á mánuði fyrir fullan vinnudag, fengi greiddar út nálega 1000 kr. á mánuði í neikvæðan tekjuskatt auk þeirrar sérstöku 1400 kr. hækkunar á árinu sem um getur í 1. gr. frv. Og elli- og örorkulífeyrisþegi, sem ekkert hefur nema bætur almannatrygginga, samtals 7018 kr. á mánuði í grunnlífeyri og óskerta tekjutryggingu, fengi útborgaðan ónýttan persónuafslátt nálægt 2500 kr. á mánuði eða álíka mikið og búið er af honum að taka með ráðstöfunum á þessu ári. Ég hélt satt að segja að allir væru sammála um að kjör þessa fólks mætti ekki skerða, hvað þá að þau séu skert meira en annarra eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ekki er gert ráð fyrir í brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. að unglingar innan tvítugs á tekjuárinu njóti þess, enda margir þeirra í heimahúsum. Það er heldur ekki gert ráð fyrir að menn með sjálfstæðan atvinnurekstur af einu eða öðru tagi njóti þess. Seinni brtt. minni hl. n. gengur út á það að sömu barnabætur verði greiddar vegna allra barna því að alls engin rök hníga að því að barnabætur lækki um helming þegar barn verður 7 ára gamalt.

Fjmrn. hefur áætlað kostnað sem af samþykkt brtt. á þskj. 133 mundi leiða. Rn. segir að allur ónýttur persónuafsláttur á þessu ári nemi 311.8 millj. kr. og er þá bæði átt við sérstakan persónuafslátt samkv. 1. mgr. 1. gr. frv. og almenna persónuafsláttinn, þar af vegna hjóna 52.6 millj. kr. og vegna einstæðra foreldra 15.1 millj. kr. Í fyrri brtt. eru ýmsir hópar undanskildir eins og ég kom inn á áðan, sem vega mjög þungt í svona samanburði, allir milli 16 og 20 ára sem yfirleitt eru í skólum og fá því reiknaðan fullan persónuafslátt. Enn fremur eru allir undanskildir sem vinna við eigin atvinnurekstur í hvaða mynd sem er.

Rn. getur ekki nema með talsverðri fyrirhöfn reiknað út hve stór hluti ónýtta persónuafsláttarins félli samkv. þessu niður, en giskar á að brtt. kosti 200—300 millj. kr. Það er með öllu fráleitt að mínu mati að það nálgist 300 millj. kr. sem er næstum sama og allur ónýtti persónuafslátturinn. Mér finnst það ótrúlegt, að það nái 200 millj. kr. Ég tel að það geti varla verið meira en 150 millj. kr. ef það nær þeirri upphæð og ber ég þá saman við ónýttan persónuafslátt allra hjóna, sem nemur 52.6 millj. kr. og einstæðra foreldra með 15.1 millj. kr. eins og ég áður kom inn á. Hjón fá miklu fyrr ónýttan persónuafslátt heldur en einstaklingar, ég tala ekki um, ef annað hvort hjónanna vinnur ekki eða vinnur aðeins hlutastarf. Um þetta er þó ekki hægt að fullyrða nema með sérstakri tölvukeyrslu skattagagna.

2. brtt. kostar samkv. upplýsingum fjmrn. 112 millj. kr. Auðvitað er þetta mikið fé. En ekki má heldur gleyma því að hér er um flesta þá að ræða sem við allra lökust kjör búa og á það einkum við um fyrri brtt., það getur verið misjafnara að því er seinni brtt. varðar, þá tekjulægstu og elli- og örorkulífeyrisþega fyrst og fremst, og talsvert má á sig leggja til að bæta hag þeirra eða réttara sagt til að draga úr kjaraskerðingu þeirra.

Í þessu sambandi tel ég að mjög vel komi til greina að skoða tillögur framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins um að leggja af niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur innanlands, sem eru áætlaðar liðlega 1000 millj. kr. á næsta ári eða svipaðar og á yfirstandandi ári, og nota það fé til að bæta hag þeirra tekjulægstu. Erfitt er að gera þetta á einu bretti, en að mínu mati mætti lækka þessa upphæð sem nemur kostnaði við þær brtt. sem minni hl. leggur til á þskj. 133. Það þýðir auðvitað nokkuð aukna kjaraskerðingu hjá þeim, sem betur eða skár eru settir, til hagsbóta fyrir þá allra lakast settu.

Hæstv. forseti. Á síðasta landsfundi Sjálfstfl. var sérstaklega ályktað um að beita ætti skattalögum til að bæta hag þeirra verst settu og nýkjörinn formaður flokksins lýsti því yfir í sjónvarpi 15. þ. m. að það mundi aldrei ske að flokkurinn stæði að lagasetningu þar sem meira tillit væri tekið til hinna tekjuhærri en þeirra tekjulægstu. En það er einmitt það sem þetta frv. gerir.

Með hliðsjón af þessu hvoru tveggja hlýtur að vera auðvelt fyrir hv. þm. Sjálfstfl. að styðja brtt. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. a. m. k. fyrri brtt. Annað væri hróplega í mótsögn við ályktanir landsfundar og yfirlýsingar formanns flokksins. Ég sé reyndar ekki hvernig hv. þm. Sjálfstfl. geta annað en samþykkt fyrri brtt. ef þeir vilja að mark sé tekið á ályktunum landsfundarins og formanns flokksins. Og ég þykist líka vita að hv. þm. Framsfl. hafi svipaðar skoðanir og ég í þessum málum. Það gengur ekki, hæstv. forseti, að leggja hlutfallslega þyngstar byrðar á þá allra tekjulægstu og elli- og örorkulífeyrisþega.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörunum er að ýmsu leyti undarlega úr garði gert. Í fyrsta lagi kveður það á um aukinn persónuafslátt frá skatti á þann veg að þeim sem lægstar tekjurnar hafa í þessu þjóðfélagi og því mesta þörfin á verndun lífskjara sinna kemur þessi persónuafsláttur ekki til góða. Í öðru lagi kveður þetta frv. á um sérstakar barnabætur fyrir börn yngri en 7 ára. Þetta undarlega aldursákvæði virðist grundvallast á þeirri hugsun að aldur barna og efnahagur foreldra þeirra fari saman sem engan speking þarf til að sjá að er hreinasta firra. Annars vegar segir aldur barna ekkert til um efnahag foreldra þeirra. Ég á barn undir 7 ára aldri og þarf ekkert á þessum barnabótum að halda miðað við konuna sem hefur 12 þús. kr. í laun á mánuði, á 12 ára barn og fær ekki þessar bætur svo að dæmi sé tekið. Hins vegar virðist sem börn verði dýrari á framfæri eftir því sem þau eldast, sbr. könnun sem Félag einstæðra foreldra lét gera, en þar kemur fram að áætlaður framfærslukostnaður 6 ára barns er nú rúmar 79 þús. kr. á ári en framfærslukostnaður 12 ára barns t. d. rúmlega 109 þús. kr. á ári. Þetta 7 ára aldursákvæði er því hreinasta endileysa og eins og fram hefur komið hefur minni hl. fjh.- og viðskn. flutt brtt. hér um og um nýtingu persónuafsláttar, og fjölyrði ég ekki meira um

það.

Hins vegar langar mig til að minnast á það atriði í 2. gr. þessa frv. sem kveður á um hækkun mæðralauna. Í fyrsta lagi má það furðulegt teljast að þessi laun lækka eftir því sem börnin verða fleiri sem er heldur betur öfugsnúið, því að eftir því sem börnin eru fleiri því þyngra er framfærið og því meiri þörfin á aðstoð. Í öðru lagi kemur greinilegast í ljós hér sú sýndarmennska sem einkennir þetta frv. yfirleitt, því að hér er verið að tala um upphæð sem 27. maí s. l. var innan við 300 kr. Það er mjög glæsilegt að geta sagt: „Og svo hækka mæðralaun um 100%“ en það er afskaplega lítið glæsilegt að fá umslag með viðbótarávísun upp á tæpar 300 kr. og síðan innan við 100 kr. í viðbót fyrir hvert barn sem viðtakandi umslagsins á umfram fyrsta barn. Kjarni málsins er sá að hækkun mæðralauna skiptir sama og engu máli fyrir þá sem í hlut eiga. Og það er einmitt það sem er að þessu frv. yfirleitt. Það missir marks. Það nær ekki til þeirra sem raunverulega þarf að aðstoða og þar sem það nær að hjálpa til þar munar lítið um hjálpina.

Brtt. þær, sem hér hafa verið lagðar fram, miða að því að ráða hér nokkra bót á. En jafnvel þótt þær nái fram að ganga sem óskandi væri, [illegible] langur vegur í það að gerðar hafi verið fullnægjandi ráðstafanir til verndar lífskjörum þeirra sem við lökust kjör búa.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Mér gafst ekki kostur á að sitja fundi fjh.- og viðskn. svo að ég tel rétt að ég láti mína skoðun hér í ljós. Ég hef reyndar lýst minni afstöðu til þessa frv. áður hér og fór í taugarnar á einhverjum með því að kalla innihald laganna brandara. Ég styð brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. svo langt sem hún nær. Það er erfitt að bæta um betur þegar lög eru í raun jafn vitlaus og þessi lög eru.

Ég tek undir orð hv. 11. þm. Reykv. Ég þarf ekki á persónuafslætti upp á 1400 kr. að halda. Ég á barn undir 7 ára aldri og ég þarf ekki á barnabótum upp á 3000 kr. að halda og sama má segja um marga fleiri í þessu þjóðfélagi að þeir gætu vel lagt af mörkum til þess að hjálpa þeim sem bágust kjörin hafa. Ég leyfi mér, eins og ég sagði áðan, í upphafi þessarar umr. í byrjun vetrar að kalla þessi lög brandara og e. t. v. hefði meiri hl. fjh.- og viðskn. verið tilleiðanlegri til þess að endurskoða þessi lög ef hann hefði gert sér grein fyrir einstökum bröndurum í þessum lögum, eins og m. a. þeirri hjákátlegu staðreynd að 1400 kr. persónuafsláttur á ári er að krónutölu til nákvæmlega nægilega miklir peningar til þess að kaupa eina tankfyllingu á sparneytinn jeppa.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það skal vera stutt sem ég segi hér því að ég talaði hér um þetta við 1. umr. og ekki er ástæða til að orðlengja neitt frekar um það. Ég vil fagna því sem fram kom í máli hv. 5. landsk. þm. hér áðan, frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., um þröngan hag heimilanna í landinu. Hann hefur greinilega betri skilning á þessu en hæstv. ráðherrar sem telja að allt sé í himnalagi. Aðvaranir hv. þm. Eyjólfs Konráðs eða varnaðarorð um kreditkortin og þá vissu hættu, sem af þeim stafar, tek ég einnig undir. Það getur orðið býsna dýrt magnyl fyrir marga.

Menn spyrja eðlilega fyrst og fremst hverra lífskjör hafi átt að vernda og í hverra hlut hinar mildandi aðgerðir hafi átt að koma. Um það er búið að fjalla hér og ástæðulaust að eyða í það tíma. Það hefur verið spurt um skattaafsláttinn, fyrir þá skattlausu, ekki þá sem eru það vegna galla á skattalögum eða öðru, heldur þá sem eru skattlausir með réttu.

Brtt. sem minni hl. fjh.- og viðskn. flytur eru vissulega í rétta átt. En ég vildi kannske spyrja hér hæstv. forsrh. því að hann er genginn í salinn. Nú þrengir svo að mörgum öryrkjum og öldruðum að til neyðarástands má sums staðar telja. Hyggst ríkisstj. gera einhverjar ráðstafanir til þess að koma sérstaklega til móts við þetta fólk? Ég bendi alveg sérstaklega á það að tekjulausir öryrkjar og aldraðir á stofnunum fá nú í svokallaða vasapeninga 1430 kr. á mánuði. Samkv. lögum um fatlaða er gert ráð fyrir verulegri hækkun þessara vasapeninga. Fyrsti áfanginn að því marki hefur komist til framkvæmda, að vísu eftir dúk og disk. Ég hlýt að spyrja vegna þessara aðila, er meiningin hjá hæstv. ríkisstj., að 2. áfangi þeirrar hækkunar taki gildi nú á næstunni? Ég trúi ekki öðru en svo verði gert. Mig minnir að samkv. reglugerð frá í vor hafi þetta átt að gerast 1. okt. s. l. og hefði ekki af veitt, og ég hlýt því að spyrja hæstv. forsrh.: Er ætlunin, þó ekki sé í öðru en þessu, að bæta hér úr, eða á að halda þessum vasapeningum aldraðra og öryrkja í því lágmarki sem er í dag, sérstaklega miðað við þá þröngu og erfiðu stöðu sem ég veit og allir hér vita að þetta fólk er í?

ATKVGR.

Brtt. 133, 1. a felld með 11:7 atkv.
— 133, 1. b felld með 12:7 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 126). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um launamál sem er staðfesting á brbl. sem sett voru 27. maí s. l. og voru þáttur í víðtækum ráðstöfunum núv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Eins og hv. þm. er öllum kunnugt voru horfur í efnahagsmálum ákaflega alvarlegar í maí s. l., jafnvel á mælikvarða okkar Íslendinga. Eins og í ljós kom við útreikninga á framfæsluvísitölu 1. júní s. l. reyndist verðbólga frá mars til maí vera 131% og fór reyndar vaxandi og mun hafa nálgast 150% eða þar um bil reiknað á ársgrundvelli. Einnig kom í ljós að erlendar skuldir höfðu aukist umfram það sem gert var ráð fyrir. Við nánari athugun reyndust þær vera orðnar um 60% þjóðarframleiðslu. Við þessar aðstæður hygg ég að allir hafi verið sammála um að grípa varð til róttækra ráðstafana til að forða þjóðinni frá þeirri holskeflu verðbólgu, stöðvunar atvinnuvega og atvinnuleysis ásamt erlendri skuldasöfnun sem við blasti.

Það frv. sem hér er fjallað um og er flutt til staðfestingar á einum af fimm brbl. sem sett voru fjallar um launamál. Eru aðalgreinar frv. tvær. 1. gr. fjallar um verðbætur á laun. Samkv. henni er bannað með lögum að binda verðbætur á laun við vísitölu frá 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985 og ákveðið jafnframt að

engar slíkar tengingar skuli heimilaðar á þessu tímabili.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að fara mörgum orðum um vísitölubindingu launa. Vísitala hefur verið til umræðu m. a. hér á Alþingi mjög oft. Ég hygg að flestar eða allar ríkisstjórnir á undanförnum árum hafi sett sér að gera nokkrar breytingar á vísitölubindingu launa. M. a. starfaði á vegum síðustu ríkisstj. nefnd að þessum málum lengi og hélt mikinn fjölda funda. Samkomulag náðist þó því miður ekki og leiddi það til þess að hæstv. þáv. forsrh. flutti á eigin vegum frv. hér á Alþingi um þetta mál. Ég hygg jafnframt að flestir geti verið sammála um það að breytingu varð að gera á þessu vísitölukerfi. Ég fyrir mitt leyti harma að samstaða náðist ekki fyrr um nauðsynlegar breytingar til að draga úr þeirri víxlverkun sem varð og verður með svo víðtækri vísitölubindingu sem við höfum búið við.

Við þær mjög alvarlegu aðstæður sem sköpuðust taldi ríkisstj. ekki um annað að ræða en að afnema þessa vísitölubindingu að öllu leyti tímabundið eins og ég sagði til 31. maí 1985. Í stjórnarsáttmála er fram tekið að gert er ráð fyrir að viðræður hefjist á milli aðila vinnumarkaðarins um vísitölu á laun eftir þetta tímabil, eða hvort æskilegt er yfirleitt að hafa slíka vísitölubindingu.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um niðurstöður slíkra viðræðna, en ég vil þó lýsa þeirri persónulegu skoðun minni að vísitölubinding launa verði að vera með allt öðrum hætti en við höfum búið við undanfarin ár, ef slík vísitölubinding á að vera við lýði.

Í 2. gr. frv. er jafnframt ákveðið að hækkanir á grunnlaun skuli vera 8% 1. júní 1983, en þó 10% á lægstu laun, og 4% 1. okt. 1983. Í tveimur síðustu málsgreinum frv., eins og það var upphaflega lagt fram, var jafnframt gert ráð fyrir því að frekari hækkanir yrðu óheimilar frá 25. maí 1983 til 31. jan. 1984 og jafnframt voru allir samningar framlengdir, sem gildandi voru og síðast gildandi, til 31. jan. 1984.

Í meðferð málsins í Nd. hefur þessum tveimur síðustu málsgr. verið breytt að tillögu ríkisstj. þannig, að þetta bann við frekari hækkun grunnlauna er fellt niður. Hins vegar er jafnframt ákveðið að allir samningar skuli lausir frá og með gildistöku þessara laga og þær hækkanir sem um hafi verið samið og áttu að koma til framkvæmda á tímabilinu falli niður. Ástæðum fyrir þessari tillögu ríkisstj. gerði ég grein fyrir í tilkynningu í Sþ. og þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Í fáum orðum vil ég þó nefna að fyrst og fremst liggur til grundvallar betri árangur í hjöðnun verðbólgu en menn þorðu að vona. Við teljum okkur geta staðfest nú að verðbólga verði komin niður fyrir 30% í lok þessa árs. Er það reyndar orðið ef reiknað er á grundvelli framfærsluvísitölu þriggja síðastliðinna mánaða.

Þetta kemur einnig fram í miklu minni hækkun á byggingarvísitölu, sem er jafnvel töluvert fyrir neðan þessi 30% verðbólgumörk sem sett voru. Einnig kemur þetta að sjálfsögðu fram í lækkun vaxta. Vextir hafa nú verið lækkaðir þrisvar sinnum og eru þegar orðnir u. þ. b. 30%, að sjálfsögðu breytilegir eftir innlánum og útlánum og eftir tegundum lána. Ég get jafnframt upplýst að horfur eru góðar á næstu mánuðum og fastlega gert ráð fyrir að fjórða vaxtalækkun verði upp úr miðjum desembermánuði n. k.

Einnig gerði ég grein fyrir því í þessari tilkynningu til Alþingis að horfur í efnahagsmálum eru stórum verri en áður var gert ráð fyrir, fyrst og fremst vegna tillagna Hafrannsóknastofnunar um aðeins 200 þús. tonna þorskafla. Þetta krefst að mati ríkisstj. náins samráðs við aðila vinnumarkaðarins en umrætt ákvæði um bann við hækkun grunnlauna hefur staðið í vegi fyrir slíku. Ríkisstj. vildi því ryðja slíkum þröskuldi úr vegi. Ég get upplýst að ég hef þegar hafið viðræður við formenn launþegasamtaka og vinnuveitenda og munu formlegar viðræður við þessa aðila hefjast strax og frv. er orðið að lögum.

Loks telur ríkisstj. að við núverandi aðstæður sé minni hætta á því að einstakir hópar brjótist út úr og hækki laun langt umfram það sem þeir lægst launuðu hafa hlotið.

Ríkisstj. er fyllilega ljóst að þær aðgerðir sem hér um ræðir þýða verulega kjaraskerðingu. Þær tölur hafa verið birtar og hafa verið vandlega metnar af Þjóðhagsstofnun og aðilum vinnumarkaðarins. Þó að þar beri nokkuð á milli er það þó kannske minna en vænta mátti. Einkum virðist bera á milli í mati þessara aðila á skerðingu ráðstöfunartekna sem Þjóðhagsstofnun telur vera miklu minni en skerðing kauptaxta. Sjálfur er ég ekki í nokkrum vafa um að ráðstöfunartekjur endast stórum betur í minnkandi verðbólgu en í meiri verðbólgu, þ. e. af hlutfalli, sem kemur kannske gleggst fram í því að 15—20% verðbætur á laun voru yfirleitt horfnar út í veður og vind á 2—3 vikum í verðlagshækkunum. Sátu menn þá óbættir eftir í tvo mánuði eða meira af þremur mánuðum verðlagstímabilsins. Fleira slíkt mætti rekja sem reyndar hefur einnig verið rökstutt af forustumönnum launþegasamtaka.

Ég vil upplýsa hér að Hagvangur hf. hefur nýlega gert vandaða könnun á viðhorfum manna til þessarar kjaraskerðingar með tilliti til hjöðnunar verðbólgu. Í könnun Hagvangs, sem framkvæmd er fyrir ýmsa aðila, var jafnframt svohljóðandi spurning: „Ef kjaraskerðing getur haft áhrif til lækkunar á verðbólgu ertu þá sjálfur tilbúinn eða ekki tilbúinn að launahækkanir verði ekki umfram það sem ríkisstj. hefur boðað á næstu 12 mánuðum?“ Menn voru síðan beðnir að merkja við fjóra kosti: 1. Já. 2. Nei. 3. Ef allir gerðu það. 4. Veit ekki.

Meginniðurstöður voru eftirfarandi:

1. Yfirgnæfandi meiri hluti svaraði spurningunni játandi, eða 65.4%. Á móti voru einungis 16%. 11.4% svöruðu „ef allir gerðu það“ og óákveðnir, þ. e. svöruðu „veit ekki“, voru 7.2%.

2. Fólk úti á landi er ívið reiðubúnara til að taka á sig tímabundna kjaraskerðingu til að ná árangri í baráttunni við verðbólguna. Af íbúum höfuðborgarsvæðisins svöruðu 60.6% aðspurðra með jái. Í þéttbýli úti á landi var sama hlutfall 71.3% og í dreifbýli 74.4%.

Viðhorf fólks til þessarar spurningar var einungis að litlu leyti háð kyni, aldri, tekjum, húsnæði, menntun og fleiri þáttum sem athugaðir voru. Niðurstaða þessarar könnunar gefur því ótvírætt til kynna að allur þorri fólks styður ákveðnar aðgerðir, sem beinast gegn verðbólgunni, þó að það þurfi tímabundið að fórna nokkru í því skyni.

Fram kemur m. a. að brúttóúrtak var 1 300 manns, nettóúrtak var 1 167, þar sem náðist ekki í suma, sumir fjarverandi o. s. frv. Svarprósenta af brúttóúrtaki var 76.9% og 85.7% af nettóúrtaki.

Mér virðist að könnun þessi hafi verið mjög vel unnin

og vel að henni staðið og tölfræðilega marktæk, eftir því sem venjubundið mat segir til um í þeim efnum. (Gripið fram í.) Niðurstöður þessarar könnunar fékk ég í hendurnar núna fyrir tveimur dögum og fékk heimild Hagvangsmanna til að birta þessar tölur sem ekki hafa verið birtar áður. En ég get aflað þm. nánari upplýsingar um það. Ég er satt að segja með í töskunni tölvuútskrift og fleira sem kann að upplýsa það.

En þrátt fyrir þessar mjög jákvæðu undirtektir, sem svo sannarlega sýna að fólk gerði sér grein fyrir því að svo gat ekki fram haldið sem var með vaxandi verðbólgu og erlenda skuldasöfnun og bera vitanlega vott um mikinn þroska Íslendinga á þessu sviði sem vonandi öðru, þá er ríkisstj. fullkomlega ljóst að þessar aðgerðir hafa orðið þyngstar fyrir þá sem lægstu launin hafa. Skal ég þá víkja að þeim nokkrum orðum sérstaklega vegna spurningar hv. þm. Helga Seljans hér áðan.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því, að í því frv. sem var til meðferðar hér áðan er gert ráð fyrir viðbótarhækkun á uppbótum tekjutryggingar og ýmsum öðrum slíkum þáttum. Heimilistryggingar um 5% ef ég man rétt (**Gripið fram í:** 1. júní.) 1. júní eingöngu, það er rétt. Í öðru lagi hefur ríkisstj. átt viðræður, eins og fram hefur komið, við aðila vinnumarkaðarins og lýst þeirri skoðun sinni að það svigrúm sem er til kjarabóta eigi að nota fyrir þá sem lökust kjörin hafa. En ríkisstj. hefur gert meira en að lýsa því yfir. Ríkisstj. hefur jafnframt samþykkt að veita nokkru fjármagni til að kanna hve stór þessi hópur er og hvernig högum manna er háttað.

Ég hef því látið fara fram athugun á skattaframtölum. Ný forrit hafa verið útbúin og gerð tilraun til að einangra betur en áður hefur tekist í skattaframtölum þá sem undir þessa skilgreiningu mundu falla, þ. e. vera í hópi láglaunafólks. Jafnframt hefur verið samið við kjararannsóknarnefnd um — við getum sagt vettvangsathugun á þessu sviði. Ég get upplýst að ég átti í morgun fund með fulltrúum þeirra stéttarfélaga sem helst teljast í láglaunahópi þar sem ég kynnti þessar aðgerðir ríkisstj. og m. a. hvernig kjararannsóknarnefnd hyggst standa að þessum málum. Og mér er kunnugt um það að kjararannsóknarnefnd mun ræða við fulltrúa þessara hópa núna alveg næstu daga. Ég held að það byrji í fyrramálið.

Áhersla er lögð á að hraða þessari úttekt svo að hún geti orðið grundvöllur bæði fyrir aðila vinnumarkaðarins, sem hefja viðræður og samninga um kaup og kjör, og sömuleiðis fyrir hugsanlegar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins til þess að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Ég vil taka það fram að að sjálfsögðu er í þessum hópi fólk eins og öryrkjar, ellilífeyrisþegar, einstæðir foreldrar og fleiri. En það er einnig í þessum hópi fólk sem er í lægstu launaflokkum og kann, miðað við erfiðara ástand í þjóðfélaginu, ekki að eiga kost á eins mikilli aukavinnu og áður var.

Ég held því að það sé ákaflega mikilvægt jafnframt að reyna að halda atvinnuöryggi sem bestu og sem mestri atvinnu svo að allir þeir geti fengið atvinnu sem óska og jafnvel eitthvað meiri en lögbundna dagvinnu.

Frá þessu vildi ég skýra, að þetta er sem sagt núna í mjög ítarlegri athugun. Um niðurstöður get ég að sjálfsögðu ekki fjallað, en legg áherslu á að það er fullur vilji hjá ríkisstj. að nota það svigrúm sem er, bæði innan ríkissjóðs, hugsanlega með einhverjum tilfærslum, til lagfæringa á þessu sviði og stuðla að því að aðilar vinnumarkaðarins geti unnið eftir sömu vísbendingum.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið mikið rætt og fengið mikla umfjöllun í Nd. Alþingis og í raun hefur það verið rætt hér beint og óbeint í tengslum við öll þau hliðarfrv. sem hér hafa verið til umr. Ég læt því fáein orð nægja í þessari umr.

Hæstv. ríkisstj. trúir því að laun fólks í landinu séu rót alls ills, uppspretta og hreyfiafl verðbólgunnar liggi í launakjörum fólks, alveg sér í lagi þeim verðbótum á laun sem eru bein afleiðing af verðhækkunum sem þegar eru til staðar. Ríkisstj. hefur enn engan þátt fundið sem í alvöru þurfi á að taka til að koma efnahagsástandinu í viðunandi horf, til þess að hjól atvinnulífsins megi snúast eðlilega og fólk fái þar fyrir eðlilegan vinnudag viðunandi kjör. Eina áherslan hefur verið lögð á launin og allar verðbætur í hvers konar mynd verið afnumdar, utan þeirra prósenta sem ríkisstj. sjálf hefur skammtað sem hæfilega af alkunnri mildi og rausn. Inn í þetta blandast spurningin um vísitölukerfi og réttlæti þess og þar felur ríkisstj. sig bak við galla og annmarka þess vísitölukerfis sem gilt hefur, m. a. sér í lagi hvort eðlilegt hafi verið að mæla tvöfaldar eða þrefaldar verðbætur þeim sem þiggja tvöföld eða þreföld laun að grunni. Ég hef aldrei verið talsmaður þessa kerfis, að því mætti ekki breyta og finna ætti eðlilegri farveg fyrir ákveðnar dýrtíðarbætur sem bættu mönnum hag þeirra milli samninga. En ríkisstj. hefur sjálf í skömmtun sinni á hækkun launa um 8% 1. júní og 4% 1. okt. fylgt gömlu reglunni dyggilega. Prósentan hefur gengið upp allan launastigann eins og venjulega með þeim afleiðingum að ráðh. hefur sem fyrr fengið margfalda upphæð á við iðnverkakonuna, svo dæmi sé tekið. Láglaunafólkið hefur enga sérstaka uppbót fengið, utan aldraðir og öryrkjar, sem hæstv. forsrh. gerði hér grein fyrir áðan, en var eingöngu 1. júní s. l. og vart teljandi miðað við þann lága grunn sem þar er við miðað. Alvarlegasta ákvæði þessara laga, samningsbannið, hefur nú verið stytt. Þetta ótvíræða brot á mannréttindum hefur orðið til þess að þúsundum saman hafa launþegar og hreyfingar þeirra risið upp til svo öflugra mótmæla að ríkisstj. hefur hörfað, en aðeins hörfað. Og ástæðan er áreiðanlega allt önnur en vilji til að fara að kröfum fólksins í landinu, ekki heldur að forsendur hafi breyst. Þverbrestir í eigin liði hafa ráðið mestu og ótti við að ekki reyndist meiri hluti fyrir samningsbanninu hér á Alþingi hefur án efa verið það sem leiddi til þess sem varð. Það var því ekki að furða þó fast væri við það staðið að kalla Alþingi ekki saman. Þar var á ferðinni áhætta sem ríkisstj. þorði ekki að standa frammi fyrir. Hún sá því sitt óvænna þegar stjórnarþm. voru farnir að gefa ákveðnar yfirlýsingar gegn banninu og gaf eftir að hluta.

Áfram standa þó þau meginatriði, að alls engar dýrtíðarbætur eru leyfðar og rammi þeirra samninga sem aðilar kunna að gera er rammi þessarar ríkisstj., sem hlýtur að vera æðiþröngur, ef nokkur í raun, — þröngur sakir þess útlits sem óneitanlega er dökkt fyrir næsta ár, eins og allar spár benda nú til, þó vonandi sé að þær gangi ekki eftir, en ekki síður þröngur sakir þess að við engu öðru er hreyft í efnahagskeðju okkar. Á

meðan ráðist er á launin ein fá aðrir þættir að blómstra. Atvinnuvegirnir okkar stynja ekki undan launakostnaði, heldur fjármagnskostnaðinum og lánakjörunum fyrst og síðast og eins og mörg nýleg dæmi sanna undan óhæfilegum milliliðakostnaði, svo sem nýleg frétt í Morgunblaðinu um farskipafélögin og þeirra toll lýsir vel inn í. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, Gísli Jón Hermannsson framkvæmdastjóri Ögurvíkur um skipafélögin:

„Ég veit ekki á hverju þeir hafa lifað eða byggt sig upp, nema á því að flytja fiskinn frá okkur. Þeir geta endurnýjað skipaflota sinn þegar þeim sýnist. Þeir geta keypt fyrirtæki úti í löndum af því að þeir hafa getað flutt frá okkur fiskinn eins dýrt og sést á uppbyggingunni og umsvifunum á sama tíma og við erum að drepast."

Þetta eru orð Gísla Jóns Hermannssonar og hann segir einnig, með leyfi hæstv. forseta, í Morgunblaðinu í lokin:

„Við erum með allt of stóran kaupskipaflota og eitt það skásta sem við gætum gert er að leggja honum. Það er svo miklu ódýrara að láta útlendinga flytja þetta fyrir okkur. Okkur fiskimönnunum gengi þá kannske betur að skila arði, ef við fengjum útlendinga til að flytja þetta fyrir okkur. Ég tala nú ekki um frystu afurðirnar. Þar kastar nú fyrst tólfunum. Er það ekki á útgerðinni sem þeir græða svona mikið — útgerðinni sem skapar gjaldeyri til þess að menn geti verslað? Ekki geri ég ráð fyrir að kaupmennirnir skapi mikinn gjaldeyri og svo hafa þeir ekki vit á því að láta okkur í friði", sagði Gísli Jón Hermannsson. Ekki er ég að taka undir allt það sem hér er sagt, en ljót er lýsingin sem hefur þá fyrirsögn: „Skipafélögin blómstra á kostnað útgerðarinnar."

Og um hina fáránlegu skipan olíumála, dreifingar olíunnar og þess þrefalda kerfis sem þar er í gangi, sagði Kristján Ragnarsson formaður LÍÚ í ræðu, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er óþolandi að útgerðin standi undir olíudreifingu um allt landið, sem nú á sér stað. Þótt við öfundumst ekki yfir góðu gengi annarra er næsta furðulegt, meðan ríkisvaldið er að [illegible]ið verðákvarðanir á olíu, að sjá okkar aðalviðskiptavini, olíufélögin, búa við blóm í haga. Þar virðist takmarkaðs aðhalds gætt og litlu hagræði beitt, eins og að koma olíu til skipa í leiðslu í stað þess að aka henni nær allri á bifreiðum, svo ekki sé minnst á kaup eins olíufélags á útgerðarfyrirtækjum."

Þetta eru orð þeirra sem ég hef hingað til haldið að stæðu fast að baki þessari hæstv. ríkisstj.

Og sjálf sölufyrirtækin í sjávarútvegi hafa fengið harða og óvægna gagnrýni, m. a. frá hæstv. iðnrh. sem alkunnugt er, og var hún endurtekin hér áðan úr þessum ræðustól. Við engu er hróflað, enda hagsmunatengslin sterk og þau ná vel og rækilega inn í báða núverandi stjórnarflokka í öllum þessum greinum og miklu fleiri. Hér eru hinar heilögu kýr sem að sjálfsögðu verða að mjólka eigendum sínum eins og ekkert hafi í skorist meðan alþýða manna tekur á sig byrðarnar.

Baráttan við verðbólguna og varanlegur árangur þar helgast fyrst og fremst af því hvort ríkisstj. þorir að takast á við þá þætti þar sem fjármagnið er að finna, þar sem fjármagnið blómstrar í höllum milliliðanna, olíufélaganna og umsvifum skipafélaganna að ógleymdu sjálfu steintröllinu, Seðlabankanum, sem ekki síst hefur blóðmjólkað íslenskan atvinnurekstur.

Ríkisstj. dembdi gífurlegum hækkunum út í verðlagið og á nær alla þjónustuþætti á sínum fyrstu mánuðum. Þegar þær hækkanir eru í engu bættar almennu launafólki er von að hægt sé að sýna nokkuð laglegar prósentutölur nú. En þrátt fyrir harkalegar aðgerðir í launamálunum er ástandið nú alvarlegra en nokkru sinni í atvinnumálum okkar. Uppsagnir eru hafnar, atvinnuleysisvofan guðar á gluggann, fiskiskipaflotinn er að komast í algert þrot. Ekkert skal úr því dregið hversu aflaverðmæti hefur dregist saman í mörgum greinum. En þegar við stöndum andspænis erfiðleikum er líka samstaða nauðsyn, samráð við launafólk enn meir knýjandi. Aldrei er það hættulegra en þá að kasta stríðshanskanum framan í launamenn þessa lands. En það eitt hefur verið gert, enda gæti samvinna og samráð við launþegasamtökin leitt til þess að ríkisstj. þyrfti við fleirum að hrófla, draga burst úr nefi hinna best settu, þeirra sem blómstra í dag, þeirra sem hirða arðinn beint og milliliðalaust og skila honum aldrei til samfélagsins.

Ég vona að sá uggur sem nú er í launafólki vegna versnandi atvinnuástands verði ekki nýttur sem svipa, ef það fólk hyggst heimta sinn rétt að nokkru til baka, heimta þann kaupmátt að hluta til baka sem Morgunblaðið taldi á síðasta ári að væri ekki neinum bjóðandi, með gamla síbyljusönginn um kjaraskerðingarnar 14 að eilífri upphrópun. Nú segja vísir menn, nátengdir þessu stjórnarliði, svo sem ég hef áður rakið hér í ræðu, að kaupmáttur kauptaxta í ár sé að meðaltali 82 á móti 100 1982, það ár sem Morgunblaðið grét fegurstum krókódílstárum yfir aumum kaupmætti. Sömu aðilar telja að kaup yrði að hækka á næsta ári um 18—20% í mars, í júní og í október til þess að ná því marki sem var 1982. Ég vil ekki trúa því að svipa atvinnuleysishótana verði reidd á loft þegar launafólk heimtar eðlilega hlutdeild í þjóðararði sem aðrir hrifsa ómælt til sín í dag. Ég vil heldur ekki trúa því að þessi ríkisstj. sé svo djúpt sokkin í frjálshyggjukenningar þær sem nú ráða mestu í Sjálfstfl. að hún telji hæfilegt atvinnuleysi hollmeti hið besta, eðlilegt og sjálfsagt hagstjórnartæki til að halda launafólki niðri. Ýmis váleg tákn eru þar á lofti, en þó ég viti vel hverra hagsmuni þessi ríkisstj. ber fyrir brjósti, þá vil ég ekki ætla henni slíkt, ekki einu sinni átján frumvarpa föðurnum í álfheimum ríkisstjórnarinnar, hæstv. fjmrh. sem því miður er ekki hér.

Frv. þetta fer nú til n. þar mun fulltrúi Alþb., í þeirri n. og í 2. umr. þessa máls gera gleggri og ítarlegri grein fyrir afstöðu okkar. Eins og hér hefur verið marg sagt af mér áður hefur ekki staðið á okkur Alþb.-mönnum að eitthvað yrði að gert. Við viðurkenndum það í vor. Spurningin var um það hvað og hvernig. Ríkisstj. valdi vandarhöggin á íslenska alþýðu og gældi við braskara og milliliði í leiðinni. Hún valdi skipulagsleysið og offjárfestinguna í gerviþjónustu og alls kyns milliliðum. Hún valdi mannréttindabrot með samningsbanninu í stað samvinnu og samráðs. Hún hefur hörfað nokkuð og vonandi sér hún að sér svo a. m. k. lágmarksréttlæti verði náð fyrir launafólk á næsta ári og um leið verði ríkisstj. knúin til að taka á öllum þáttum þjóðlífsins og sækja fjármagnið þangað sem það er að finna til þarfa samfélagsins. Annars á hún engan tilverurétt í siðgæðisvitund fólks, hvað sem allar Hagvangskannanir sýna, og

þá stefnir hún í átök og stríð enn frekar. Enn er ekki of seint að iðrast.

Umr. frestað.

Neðri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fiskveiðasjóður, frv. 7. mál (þskj. 7, n. 134). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, á þskj. 134. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. frá því 5. apríl 1983.

Meginefni þessara laga er að veita sjálfskuldarábyrgð á allt að 120 millj. kr. vegna þeirra vandamála sem sjávarútvegurinn átti þá í.

Sjútvn. Nd. var sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að það verði samþykkt.

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Halldór Blöndal, Ingvar Gíslason, Friðrik Sophusson og Gunnar G. Schram. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Guðmundur Einarsson.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta er að ýmsu leyti merkilegt frv. til l. Hér er um að ræða brbl. frá því á þriðja í páskum. Þau eru sett hinn 5. apríl 1983. Þau eru orðin nokkuð gömul þegar þau koma hingað til umfjöllunar.

Maður veltir því fyrir sér hvað yrði nú ef Alþingi samþykkti ekki þessi brbl. Ábyrgðirnar hafa verið veittar samkv. þessum lögum og peningunum hefur verið úthlutað. Ég ber fram þessa spurningu vegna þess að ég minnist þess ekki að leitað hafi verið neitt til flokkanna á Alþingi um þetta leyti, flokkanna sem þá höfðu fulltrúa á Alþingi eða þeirra stjórnmálaflokka sem líklegt var að mundu fá þm. kjörna í komandi kosningum. Ég minnist þess heldur ekki að fram hafi farið nein verulega almenn umræða um þetta mál í þjóðfélaginu þegar sú ákvörðun er tekin í stjórnarráðinu að veitt skuli sjálfskuldarábyrgð af hálfu ríkisstj. upp á 120 millj. kr. Mér sýnist það vekja okkur til umhugsunar um hversu gallað það kerfi er sem við búum við þegar verið er að setja brbl. með þessum hætti.

Ég man ekki eftir að það bæri neitt að ráði á þessu máli í kosningabaráttunni. Hins vegar hefur það komið fram í ýmsum tilsvörum ráðh. nú, eftir að Alþingi kom saman síðsumars, að þeir hafa jafnvel tekið svo til orða, hvort þeir hefðu átt að halda áfram að taka erlend lán til þess að reka atvinnulífið. Þetta frv. er einmitt um það að taka erlend lán til þess að reka atvinnulífið. Hér höfum við einmitt dæmi um það að verið er að taka erlend lán til þess að reka atvinnulífið. Þetta var eins konar kosningavíxill og Alþingi stendur náttúrlega í hörmulegum sporum nú að eiga að fara að taka afstöðu til þessara brbl., sem voru sett, að ég tel, án þess að nokkuð hafi verið leitað eftir því á sínum tíma að það væri meirihlutastuðningur eða væntanlegur meirihlutastuðningur við lög eins og þessi.

Ég vil vekja athygli á þessu, herra forseti, og ég tel að ég a. m. k. fyrir mína parta geti ekki staðið að samþykkt þessa frv. til laga til staðfestingar á brbl. Í rauninni er búið að koma þm. öllum í þá aðstöðu að þeir geta tæpast greitt atkv. um það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. 44. mál (þskj. 47). — 3. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Á síðasta fundi hv. Nd. bar ég fram svofellda fsp. til hæstv. viðskrh.:

„Af hvaða reikningum ætlar Seðlabankinn að greiða þá fjármuni sem hér um ræðir?"

Hæstv. viðskrh. hefur afhent mér svar við þessari spurningu sem er á þessa leið:

„Þegar kvótahækkun hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum kemur til framkvæmda, sem væntanlega verður fljótlega, á Seðlabankinn að greiða ¼ kvótahækkunarinnar í sérstökum dráttarréttindum. Hér er um að ræða 4 millj. SDR sem jafngildir 4.23 millj. dollara. Gagnvart sjóðnum má inna greiðsluna af hendi í dollurum eða öðrum yfirfæranlegum gjaldmiðli.

Seðlabankinn mun inna þessa greiðslu af hendi með þeim hætti að yfirfæra ofangreinda fjárhæð í dollurum af reikningi sínum hjá Federal Reserve Bank í New York yfir á reikning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Eins og áður hefur komið fram er framlagsfé þetta til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til ráðstöfunar Seðlabankans hvenær sem nauðsynlegt er vegna gjaldeyrisþarfa landsins. Með tilliti til þess hvernig staðan er nú er því líklegt að Seðlabankinn muni þegar í stað taka þessa fjárhæð út af framlagsreikningi sínum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og flytja hana aftur á reikning sinn við Federal Reserve Bank í New York. Greiðsla framlagsins mun því engin áhrif hafa á greiðslugetu Seðlabankans erlendis."

Niðurstaðan af þessu er sú, að þegar þessi greiðsla á sér stað lækkar gjaldeyrisforði landsmanna sem því nemur. Ef menn fletta upp í Hagtölum mánaðarins, töflu 4 í 6. kafla, þá sést þar að í frjálsum gjaldeyri svokölluðum er talið að Íslendingar hafi átt í sept. 3 832 millj. kr. Vegna þeirrar ákvörðunar sem nú er verið að taka hér lækkar þessi tala um u. þ. b. 120 millj. kr.

Ég tel að hæstv. viðskrh. hafi nú svarað þessari spurningu þannig að viðunandi sé og sá ruglingur sem hæstv. fjmrh. olli í málinu hafi þannig verið skýrður og ástæðulaust sé að tefja málið frekar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. 64. mál (þskj. 69). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en hv. Ed. hefur afgreitt mál þetta. Það er flutt samkv. beiðni stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna þeirra erfiðleika sem nú eru varðandi sölu á skreið í landinu. Gert er ráð fyrir því að það komi til verulegra greiðslna á verðbótum vegna óseldrar skreiðar og ógreiddrar. Inneign skreiðarinnar í Verðjöfnunarsjóðnum er nú um 220 millj. kr. Það þykir rétt að reyna að hraða þessum greiðslum, þ. e. greiðslum upp í væntanlegar verðbætur vegna þessara sérstöku erfiðleika. Til þess hefur stjórn sjóðsins ekki heimild nema hún verði veitt sérstaklega í lögum. Því er þetta frv. flutt.

Ég vænti þess að hæstv. sjútvn. leiti frekari upplýsinga um mál þetta og hraði afgreiðslu eftir föngum, því að nokkuð er beðið eftir því af þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli að hægt verði að greiða fyrir þessari framleiðslu.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hæstv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 87). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. til l. um ríkismat sjávarafurða, sem ég mæli hér fyrir, á sér alllangan aðdraganda eins og kemur skýrt fram í grg. með frv. Ég tel ekki ástæðu til á þessu stigi máls að fara ítarlega í öll þau atriði er grg. fjallar um, heldur reyna að drepa á helstu nýjungar sem felast í frv.

Fiskmatsráð, sem að miklu leyti stóð að samningu frv., taldi eðlilegt að nafn þeirrar stofnunar er færi með stjórn fiskmatsmála í landinu bæri þess augljós merki að hér væri um að ræða eftirlit og mat hins opinbera með sjávarafurðum, þar sem nokkrir útflutningsaðilar sjávarafurða hafa um lengri eða skemmri tíma komið sér upp sérstöku framleiðslueftirliti með framleiðslu sinna umbjóðenda. Af framangreindum ástæðum hefur nafnið ríkismat sjávarafurða orðið fyrir valinu.

Frv. til l. um ríkismat sjávarafurða greinist í sjö kafla og verður nú gerð grein fyrir helstu breytingum í hverjum kafla fyrir sig.

I. kaflinn fjallar um almenn ákvæði og felur hann í sér litlar breytingar frá núgildandi lögum nr. 108/1974. Þó er þar að finna heimildarákvæði til að fela sérstökum aðilum með ákveðnum skilyrðum eftirlit með vinnslu og mati á afurðum. Með þessu er opnað fyrir þann möguleika að aðrir aðilar en opinberir geti annast bæði eftirlit og mat með sjávarafurðum. Í frv. er byggt á þeirri forsendu að allt yfirmat verði hins vegar á vegum ríkismats sjávarafurða.

Í II. kafla eru skilgreind verkefni fiskmatsráðs. Hér er um nýmæli að ræða. Fiskmatsráði er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að vera tengiliður milli hagsmunaaðila í sjávarútvegi og stjórnvalda varðandi fiskmat. Nokkuð hefur þótt bera á því að reglugerðir og matsreglur hins opinbera mats fylgdu ekki breytingum á markaðskröfum. T. d. eru gildandi reglugerðir um freðfisk og skreiðarmat 30 ára gamlar. Hagsmunaaðilar þekkja best óskir og þarfir erlendra viðskiptavina okkar. Það er því eðlilegt og nauðsynlegt að unnið sé að að koma nauðsynlegum breytingum varðandi fiskmat á framfæri án óeðlilegra tafa. Að öðru leyti leyfi ég mér að draga saman í sex atriðum helstu verkefni fiskmatsráðs eins og gert er ráð fyrir í frv.

Í fyrsta lagi skal það vera til aðstoðar ráðh. varðandi starfsemi og verkefni ríkismats sjávarafurða, í öðru lagi tillöguaðili varðandi setningu reglna er varða starfsemi ríkismats sjávarafurða, í þriðja lagi umsagnaraðili um ágreiningsmál er upp kunna að koma um fiskmat, í fjórða lagi skal það leitast við að koma á aukinni samvinnu ríkismats sjávarafurða, vinnsluaðila og útflytjenda sjávarafurða um gæðamat og sjávarafla, í fimmta lagi skal það gera tillögur um rannsóknir og tilraunir er miða að bættri meðferð sjávarafla og nýjungum í vinnslu hans, í sjötta lagi að vera umsagnaraðili um veitingu starfa hjá ríkismati sjávarafurða.

Í grg. með frv. segir svo um framkvæmdastjóra fiskmatsráðs, sem nefnist fiskmatsstjóri:

„Gert er ráð fyrir því, að ráðinn verði fiskmatsstjóri til fjögurra ára. Fiskmatsstjóri er framkvæmdastjóri fiskmatsráðs og hefur á hendi yfirumsjón með allri starfsemi ríkismats sjávarafurða. Hann hefur sér við hlið fiskmatsráð, sem annast víðtæk fagleg verkefni.

Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir því, að fiskmatsstjóri annist fyrst og fremst stefnumótandi málefni og tengsl út á við, en forstöðumenn deilda daglegan rekstur."

III. kaflinn fjallar um starfsmenn ríkismats sjávarafurða. Hér er um það nýmæli að ræða að forstöðumenn deilda eru skipaðir til fjögurra ára. Um þennan kafla er fjallað mjög ítarlega í grg. með frv. og vísast til hennar. En það sem hér mætti benda á sem breytingu frá gildandi lögum er að í stað fjögurra deildarstjóra, sem nú starfa við stofnunina, eru ráðnir tveir forstöðumenn deilda, sem hafa á að skipa sérhæfðum fulltrúum í helstu matsgreinar. Í grg. segir m. a. um þetta atriði:

„Talið er óhjákvæmilegt að skipa fulltrúa, sem sérhæfðir eru í helstu matsgreinum. Þeim er fyrst og fremst ætlað að stjórna og hafa eftirlit með störfum yfirmatsmanna í samráði við forstöðumann viðkomandi deildar.

Fulltrúarnir eiga að veita yfirmatsmönnum nauðsynlegar leiðbeiningar og samræma störf þeirra og starfsaðgerðir.

Leiðbeiningar- og samræmingarstörf eru afar mikilvæg, en hafa orðið útundan í of ríkum mæli."

IV. kafli fjallar um ferskfiskdeild, en þar eru skilgreind verkefni þeirrar deildar. Gert er ráð fyrir að verkefni núverandi hreinlætis- og búnaðardeildar framleiðslueftirlitsins varðandi fiskiskip og hráefnisgeymslur fiskvinnslustöðva verði samkv. frv. flutt undir ferskfiskdeildina. Helstu nýjungar eru þær að öðru leyti, að gert er ráð fyrir að eftirlitsmenn deildarinnar fylgist nánar en áður með ástandi landaðs afla og geymslu hans eða allt til þess að vinnsla hefst. Eftirlitsskyldan nær m. ö. o. inn í hráefnisgeymslur fiskvinnslustöðvanna, en ákvæði þess efnis munu vera í núgildandi reglugerð. Það er ennfremur nýmæli að lögbundið verði að starfsmenn ríkismats sjávarafurða stærðarmeti allan ferskan afla auk gæðamats. Að vísu annast matsmenn nú

stærðarmat og oft gegn sérstökum greiðslum frá fiskkaupendum. Að öðru leyti verða verkefni ferskfiskdeildar samkv. frv. þau sömu og eru nú hjá ferskfiskdeild og hreinlætis- og búnaðardeild framleiðslueftirlitsins.

V. kafli fjallar um afurðadeild og í grg. með frv., sem ég vil gjarnan vísa til, segir m. a. um 14. gr.:

„Sú nýjung felst einkum í þessari grein, að aðalreglan verður sú, að afurðadeild annast aðeins yfirmat. Gert er ráð fyrir, að eftirlit með vinnslu og gæðaflokkum færist á hendur samtaka framleiðenda eða sölusamtaka, eins og reyndin hefur orðið í hraðfrystiiðnaðinum. Meðan slíku hefur ekki verið komið á annast ríkismatið nauðsynlega starfsemi á þessu sviði."

Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um útflutningsvottorð. Útgáfu þeirra annast afurðadeild.

„Útgáfa vinnsluleyfa er í samræmi við núgildandi lög nr. 108/1974, en þau eru hugsuð hér til tryggingar því að hreinlætisbúnaður vinnslustöðva uppfylli sett skilyrði. Matsmenn og annað starfslið annast hreinlætiseftirlit."

Hér er gert ráð fyrir að afurðadeild yfirtaki hluta af þeim störfum eða verkefnum er samkvæmt núgildandi lögum falla undir hreinlætis- og búnaðardeild.

VI. kafli fjallar um framleiðsluleyfi og skyldur útflytjenda. Það nýmæli er í þessum kafla, að fiskvinnnsla til útflutnings verður háð leyfum sjútvrn. Leyfis er nú eingöngu krafist við skelfisk- og rækjuvinnslu, sbr. lög nr. 12/1975, en ýmsar veiðar hafa um árabil verið leyfisbundnar t. d. veiðar á rækju, síld, humri, þorski í net o. s. frv. Markmiðið með þessu er að auðvelda rn. að beita aðferðum til að stýra vinnslu og viðhalda gæðum á sama hátt og veiðileyfi hafa reynst árangursrík við fiskveiðistjórnun. Framleiðsluleyfið kemur ekki í stað vinnsluleyfis þess sem nú er gefið út af hreinlætis- og búnaðardeild framleiðslueftirlitsins.

Í þessum kafla er ennfremur nýtt ákvæði í 18. gr. frv., en það er samkv. gildandi reglugerð skylt að hafa fiskmatsmann í hverju hraðfrystihúsi. Hér er gert ráð fyrir að matsmenn verði löggiltir og jafnframt að öllum framleiðendum sjávarafurða til útflutnings verði skylt að hafa löggilta matsmenn í þjónustu sinni, enda órökrétt að mismuna vinnslugreinum á þennan hátt. Með þessu ákvæði er stigið skref til aukinnar verkaskiptingar milli fiskverkenda og hins opinbera fiskmats og áhrif framleiðenda aukin.

Önnur ný ákvæði eru í þessum kafla. Skal hér drepið á ákvæði 19. gr. frv., en þar segir í grg.:

„Stærstu útflytjendur sjávarafurða hafa um árabil haft víðtækt gæðaeftirlit á sínum vegum. Eftirlitsmenn samtakanna hafa verið á stöðugum ferðalögum milli þeirra fiskvinnslustöðva sem framleiða undir merkjum þeirra. Veigamikið er fyrir kaupendur að geta treyst því að vara, sem seld er undir sama vörumerki og sama gæðaflokki, sé sambærileg að gæðum. Einnig er mikilvægt að framleiðendur geti treyst því að þeim sé ekki mismunað.

Þar sem slíkt eftirlit er virkt ætti ekki að vera þörf á að ríkismatið sinni þessu sama hlutverki, og er gert ráð fyrir að ríkismatið feli útflytjendum þetta hlutverk, sbr. heimildir í 1. gr.

Lagagreinin heldur þeim möguleika opnum að útflytjendur geti keypt þessa þjónustu af viðurkenndum aðilum."

Til áréttingar því sem að framan hefur verið rakið vil ég aftur draga saman þau atriði sem kallast mega allverulegar og helstu breytingar frá núgildandi lögum um framleiðslueftirlit sjávarafurða, en þau eru þessi:

1. Stofnun fiskmatsráðs.
2. Stöðum deildarstjóra við stofnunina er fækkað úr fjórum í tvær.
3. Framleiðsla á sjávarafurðum til útflutnings verður leyfisbundin.
4. Gert er ráð fyrir aukinni ábyrgð framleiðenda sjávarafurða með því að þeir komi á fót eigin framleiðslueftirliti og þar með komið á nýrri verkaskiptingu milli framleiðenda og útflytjenda annars vegar og opinbers eftirlits hins vegar.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hæstv. sjútvn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér er æðimerkilegt mál á ferðinni. Fiskmatsmál í landinu eru auðvitað mjög mikilvæg og að rétt sé á þeim haldið og á þeim sé góð regla og gott skipulag. Hins vegar get ég ekki séð að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu til mikilla bóta eða leysi yfirleitt nokkurn vanda. Það gefur auga leið á þessum tímum, þegar við leggjum vaxandi áherslu á að sífellt sé betur farið með fisk til sjós og lands, að gæðamálin komi til meðferðar á sem flestum sviðum í sjávarútvegi.

Þetta frv. Framsfl. frá því í fyrra á að verða til þess að bæta meðferð afla og tryggja betur en nú er gert meðferð aflans og eftirlit. Ekki get ég séð hvar það birtist í þessu frv. Við 1. umr. er kannske ekki ástæða til að setja á langar tölur í þessum efnum, en ég treysti því að við meðferð málsins verði lögð mikil vinna í að kanna þessa hluti sem gaumgæfilegast.

Höfuðbreytingin frá gildandi lögum er ekki mikil, eins og ég nefndi áðan, og eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh. er þar um tiltölulega fá atriði að tefla. Það sem mestri breytingu veldur er hið nýja fiskmatsráð, sem þarna kemur sem yfirstjórnstofnun.

Því miður sýnist mér að ýmislegt sé óljóst, a. m. k. ekki sagt berum orðum, í frv. Strax í 3. gr., þ. e. fyrsta greinin sem er undir kaflaheitinu Um fiskmatsráð í II. kafla, er talað um að í fiskmatsráði eigi að vera sjö menn. Ráðh. skipar þá alla. Hér er einnig sagt að ekki skuli vera færri en fjórir af þeim sjö komnir frá helstu hagsmunasamtökum sjávarútvegsins, en það er ekki sagt frá hverjum hagsmunasamtökum þeir eiga að koma. Þess vegna hefði mér fundist að hæstv. ráðh. hefði átt að gefa sér tíma til að nefna hver þau hagsmunasamtök eru með tilliti til verksviðs fiskmatsráðs, sem er m. a. fólgið í því að það á að vera umsagnaraðili um marga hluti og auk þess á það að verða úrskurðaraðili um mat og framkvæmd þess. Eins og segir í 23. gr.: Ef ágreiningur rís vegna fiskmats skal fiskmatsráð úrskurða. — Það er sem sagt um leið dómstóll. Hagsmunaaðilar eiga að verða dómarar um mat á sinni eigin framleiðslu. Sýnist mér að sú hugsun sem þar liggur á bak við sé síst til bóta. Mér finnst að þessu leytinu til allt of fast að orði kveðið og fiskmatsráði falið of mikið vald í tilfellum eins og áðurnefndri grein.

Ráðh. virðist eiga að hafa þetta allt í hendi sinni, eins og margt annað í þessu frv., ef að lögum verður, og er þá gengið í þessum efnum eins og mörgum öðrum lengra til þeirrar áttar að fela ákveðnum ráðh. mikið

vald í hendur.

Það er nokkuð einkennilegt á þessum tímum, þegar við erum sífellt að gera meiri kröfur og þurfum að gera meiri kröfur um meðferð afla og vinnslu hans, að þá skuli verða gerðar minni menntunarkröfur til starfa en áður. Það er fróðlegt fyrir hv. alþm. að hafa við hendina þau lög sem nú eru í gildi um þessi málefni, þar sem kveðið er á um að yfirmaður þeirrar stofnunar sem nú er við lýði, Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skuli hafa háskólamenntun í matvælafræðum eða skyldri fræðigrein, sem fjallar um meðferð mestu matvælaframleiðslu meðal þjóðarinnar, en nú eru hins vegar engar menntunarkröfur gerðar til þessa manns. Ég gæti trúað því að það þætti við hæfi að hann væri úr Samvinnuskólanum. (Gripið fram í.) Og væri ekki verra þó hann hefði flokksskírteini Framsfl., sem hefur verið notadrjúgt plagg til að komast í embætti að undanförnu, því miður.

Í þessum efnum á auðvitað ekki að viðhafa slík vinnubrögð eða láta þann úrelta hugsanagang ráða, heldur ber okkur auðvitað skylda til þess að velja í öll störf af slíku tagi með tilliti til menntunar, reynslu og hæfni.

Æðsti prestur hins nýja fiskmatsráðs þarf sem sagt ekki að hafa neina menntun í þeim málaflokki sem hann á að vera æðstur og valdamestur í og dómari. Það tel ég rangt. Auðvitað er það rangt og þarf ekki um að tala.

Annað atriði finnst mér heldur vafasamt varðandi nefndan fiskmatsstjóra. Hann á aðeins að ráða til fjögurra ára í senn og stendur hvergi hér að það megi endurráða hann, þó skilja megi það á báða vegu. En ef maður er settur í slíkt embætti aðeins til fjögurra ára, sem er eins viðamikið og þarna kemur fram og fjallar um mörg afar sérgreind viðfangsefni, er varla hægt að ætlast til þess að menn komist inn í þessi málefni öll saman og hafi vald á þeim á mjög stuttum tíma. Jafnvel þó menn vilji ráða slíka starfsmenn til ákveðins tíma eru fjögur ár afar skammur tími. Sama er að segja um deildarstjórana væntanlegu, sem eiga hins vegar að hafa menntun. Sem betur fer er þeirra menntunarkröfum ekki sleppt, heldur er ætlast til þess að undirmennirnir hafi lært nokkuð til sinna starfa. En þá á einnig að ráða til fjögurra ára. Það er lítill reynslutími. Þó að það sé í tísku núna og baráttumál ýmissa manna í pólitík að binda ráðningartíma við mjög fá ár tel ég það heldur óskynsamlegt í sérgreindum verkefnum.

Með því að setja á laggirnar fiskmatsráð er verið að setja sérstaka stjórn yfir alla þessa stofnun. Ef hugsað er til þess hverjir koma til með að vera í þessu ráði benda allar líkur til þess að orðið „hagsmunasamtök", eins og nefnd eru þarna, gæti átt við t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sjávarafurðadeild Sambandsins, Samband ísl. fiskframleiðenda eða SÍF, Skreiðarsamlagið eða eitthvað ámóta. Ég vona að það verði ekki svo einlitur hópur, en þarna er sem sagt um aðila að ræða sem hafa hagsmuna að gæta og eiga að stýra þessu apparati. Annað eins hefur nú gerst í þessu landi, að menn hafa á mörgum sviðum reynt að hafa áhrif á smávægilegri hluti en það, hvort dæma eigi heilan farm óhæfan o. s. frv. Það er ekki eyðandi tíma í að ræða það.

Ég get ekki séð að þessar breytingar, setning þessa nýja ráðs, séu til nokkurra bóta, síður en svo, jafnvel þó að ráð þetta teljist eiga að vera ráðh. til aðstoðar og umsagnaraðili. Við skulum einnig athuga að þetta ráð á að vera umsagnaraðili um stöðuveitingar í stofnuninni, þannig að ef hæstv. ráðh. hverju sinni kemur til með að hafa viss tök á yfirstjórninni hefur hann um leið jafnmikil tök á því að ráða hverjir eru settir til hinna ýmsu starfa.

Hæstv. sjútvrh. greindi einnig frá hinni væntanlegu deildaskipan í þessari stofnun. Það á að fækka deildum í stofnuninni. Ég tel að deildirnar sem nú eru í Framleiðslueftirliti sjávarútvegsins eigi varla að vera miklu færri. Þarna held ég að sé gengið til rangrar áttar. Þetta gæti auðvitað gengið, en á núverandi skipan er komin góð reynsla og ég get ekki séð að breyting sé til bóta.

Í þeirri grein sem hæstv. ráðh. nefndi áðan, 19. gr., eiga að vinna saman að mati matsmenn framleiðenda og matsmenn ríkisvaldsins, en þó segir í grg. að það ætti ekki að vera þörf á því að ríkismatið sinnti þessu hlutverki. Ég tel að rangt sé að ríkismatið hafi ekki hendur á þessum hlutum alla leið því að þá væri farið í öfuga átt við það sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar og helstu samkeppnisaðilum, t. d. hjá Kanadamönnum því að þeir hafa verið að koma á laggirnar hjá sér ríkismati í allri framleiðslu, og ekki skynsamlegt hjá okkur að hafa ekki a. m. k. eins gott lag á matinu hér heima og þeir sem eru að keppa við okkur um markaðina.

Herra forseti. Eins og ég nefndi fyrst sé ég ekki að lagabreyting, raunar engin lagabreyting, verði til þess að leysa þau vandamál sem steðja að okkur í þessum málaflokki. Raunar hafa margar stjórnvaldsákvarðanir, sem birtar hafa verið í reglugerðum, verið með þeim hætti að fram hjá þeim hefur verið farið að meira eða minna leyti. Þessi lög mundu engu breyta um það ef þau yrðu að veruleika! Ég fæ ekki séð að helstu vandamálin, sem eru hjá okkur í þessum efnum bæði til sjós og lands, verði neitt betur leyst þó við komum á þessu skipulagi. Þau bæta að mínum dómi ekki þann misbrest sem er á meðferð sjávarafla, hvort sem er á veiðiskipunum eða í vinnslustöðvunum. Hins vegar er alveg ljóst að við þurfum að taka á í þeim efnum og koma í veg fyrir að illa sé farið með sjávarafla. Þar kemur margt til, ég hirði ekki um að nefna það allt.

Sjútvrn. hefur verið bent á margar leiðir til þess að farið sé betur með afla úr togurum. Ég minnist þess, að í maí fyrir tveimur og hálfu ári skilaði sérstök nefnd viðamiklu áliti til sjútvrn. um það, hvernig fara mætti betur með afla á togskipum. Við það var látið sitja. Sú nefnd var alveg sammála um til hverra ráða skyldi gripið, en mér er ekki kunnugt um að leiðbeiningum hennar eða ábendingum hafi verið sinnt að neinu leyti. Ábendingar hennar voru af mörgu tagi í einum 22 liðum. Það var talað um dagmerkingu fiskikassa, kælingu í lestum, kælingu á geymslurými í landi o. s. frv. Ég er að vísu með þetta plagg hér fyrir framan mig og ástæðulaust að rekja það allt saman, enda kannske ekki nema í óbeinu sambandi við það sem hér er verið að ræða. Ég leyfi mér þó að lesa ofurlítinn kafla úr lokaorðum þessarar skýrslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Grundvallarforsenda þess að nýjar reglur sem gamlar geti haft einhver áhrif er að mönnum séu ljósar þessar reglur, tilgangurinn með þeim og sú staðreynd, að ef þær geta orðið til þess að bæta gæði íslenskra fiskafurða, þá horfir það öllum til góðs og hagsbóta. Þess vegna telur nefndin það jafnvel enn brýnna en að

semja reglur að hrundið verði af stað áróðri, bæði í veiðum og vinnslu, að meðferð fisks á öllum stigum verði bætt. Þessi áróður þarf að ná til allra sem meðhöndla fisk, í þeirri löngu rás frá því að hann er veiddur og þar til að hann hefur verið unninn. Áróður af þessu tagi getur verið í því fólginn að semja upplýsingarit eða gera spjöld til dreifingar um borð í fiskiskipum og á vinnslustöðum og ennfremur í því að ráðnir verði menn gagngert í því skyni að fara á milli skipa og vinnslustöðva til þess að benda mönnum á hluti sem betur mega fara o. s. frv. Nefndin telur ekki á þessu stigi rétt að gera nákvæmar tillögur um áróðursherferð fyrir bættum gæðum fisks, en hún er sammála um að slíka herferð þurfi að undirbúa og hleypa af stokkunum sem fyrst."

Herra forseti. Þetta voru lokaatriði skýrslunnar sem fyrrv. hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson fékk á borðið til sín í maí 1981.

„Sem fyrst", sagði nefndin, en ekkert hefur verið gert enn. Ég vil leggja á það áherslu, að ekki aðeins verði tekið tillit til niðurstöðu þessarar nefndar, heldur verði einnig farið út í að taka til meðferðar fleiri veiðar en togveiðar, því þar er svo sannarlega þörf á að á sé tekið og það fast. Ekki síst gildir það um netaveiðar. Veiðar í þorskanet geta gefið og gefa mjög góðan fisk, ef rétt er að staðið. Hins vegar hefur ekki verið betur staðið að þeim veiðum nú til langs tíma en svo, að aðeins innan við tveir þriðju af aflanum, sem kemur upp úr sjó, eru fyrsta flokks, og þegar mikið berst að landi fellur það hlutfall mikið. Þar hafa verið settar og reglugerðir, en því miður hefur reyndin orðið sú, að þær hafa verið brotnar af allt of mörgum og allt of oft. Á þessum hlutum þarf að sjálfsögðu að taka öllum saman. Og það er auðvitað ekki vanþörf á því eins og reynslan sýnir að setja ákveðnar reglur og hafa eftirlit og reka áróður fyrir því að farið sé betur með síld, humar og fleiri fiskitegundir.

Þau vandamál sem steðja að okkur og hafa steðjað að okkur í þessum málum verða ekki leyst með þessu frv. og ég efast um að það geri þar hið minnsta gagn. Ég tel að þessum málum sé þokkalega fyrir komið eins og er og allra síst ástæða til að setja upp fyrirbæri eins og það fiskmatsráð sem er helsta nýjungin í þessu stjfrv. Ég er ekki með því að segja að matsmálin í landinu séu í því ástandi að ekki megi um bæta, því fer víðs fjarri, þar á eru margir gallar sem við þekkjum sem höfum komið mikið nálægt sjávarútvegi. Þar er auðvitað við marga vankanta að eiga og ærin ástæða til að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig unnt er að laga stærstu misfellurnar í sambandi við mat á fiski og meðferð hans. Í mörg undanfarin ár hafa samt þeir aðilar sem hafa haft með fiskmat og eftirlit að gera í landinu margsinnis bent á nauðsyn þess að auka þessa starfsemi og bæta hana, en talað fyrir daufum eyrum og ekki fengið nægilegt fjármagn til að sinna þessum verkefnum sem skyldi. En sannleikurinn er sá, að ég tel að þeim peningum sé vel varið sem fara til þessara hluta því líklega skila engir peningar sér eins vel og þeir sem fara til að bæta meðferð sjávarafla. Þar og kannske aðeins þar er um virkilega fjármuni að ræða. Kannske er þetta eini staðurinn þar sem við eigum von á að finna mjög mikið fé, kannske svo milljörðum skiptir. Ef hver fiskur og hvert sjávardýr sem dregið er úr hafinu kemur til lands í fyrsta flokks ástandi og fær fyrsta flokks meðferð verður útflutningsverðmæti aflans miklu meira en er og hefur verið hjá okkur undanfarin ár. Ég er ekki að saka neinn einstakan aðila um það, en ég harma að menn skyldu ekki taka við sér fyrr, ekki síst með tilliti til þess að á þetta hefur verið bent margsinnis og á margar leiðir til þess að nálgast þetta markmið, en því hefur ekki verið sinnt. Það hefur verið eytt fjármunum í þessu þjóðfélagi í alla skapaða hluti, en því miður hefur þeim ekki verið eytt í að bæta meðferð afla á öllum sviðum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð eftir ræðu síðasta hv. ræðumanns, Garðars Sigurðssonar. Ég vil sérstaklega draga fram þann ítarlega undirbúning sem þetta mál hefur fengið. Undirbúningur þess hófst með skipun nefndar sem páv. sjútvrh. Kjartan Jóhannsson skipaði 1979. Sú nefnd skilaði ítarlegu áliti sem sent var út til hagsmunaaðila og ítarlegar umsagnir bárust frá þrettán aðilum. Í þeim álitum kom m. a. fram sú tillaga að skipað yrði fiskmatsráð, sem reyndar var í tillögum fyrri nefndarinnar, en var stutt af þeim hagsmunaaðilum sem skiluðu áliti. Ég ákvað því að skipa slíkt fiskmatsráð og gerði það í jan. 1982 og fól þessu fiskmatsráði að taka málið allt enn til nýrrar skoðunar með tilliti til þeirra umsagna sem höfðu borist og hafa þá samráð við hagsmunaaðila. Þetta var gert og mikil vinna í það lögð. M. a. voru haldnir tveir fundir í nóv. 1982 með hagsmunaaðilum og þeim enn gefinn kostur á að skila inn umsögnum. Þetta gerðu þeir og bárust að nýju 13 umsagnir um þessar tillögur. Ég vil þess vegna leyfa mér að halda því fram að málið hafi fengið mjög ítarlegan undirbúning og þess verið sérstaklega gætt að hafa samráð við sem flesta aðila sem að þessum málum vinna. Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að ekki náist árangur í þessu mikilvæga máli nema samstaða sé um þær breytingar og þær aðgerðir sem til er gripið. Þess vegna var lögð svona rík áhersla á það bæði í tíð hv. þm. Kjartans Jóhannssonar sem sjútvrh. og í minni tíð að samráð væri haft við sem allra flesta menn á þessu sviði. Menn geta gert lítið úr þeim breytingum sem þarna eru lagðar til. Ég er því ósammála en skal ekki rekja það. Hæstv. sjútvrh. hefur fjallað um það.

Hv. þm. gat þess að ég fékk tillögur frá sérstakri nefnd sem ég skipaði og bað að gera tillögur um betri meðferð á afla í togskipum. Það er misskilningur að samstaða hafi verið með öllum nefndarmönnum. Sérálit komu fram og m. a. kom í ljós að sumt, sem lagt var til, var ákaflega erfitt í framkvæmd, eins og t. d. hugmyndir um að takmarka togtíma. Enginn sem ég kvaddi til gat bent mér á hvernig það ætti í raun og veru að gerast, nema hafa þá mann um borð í hverju skipi. Fleira þess háttar gæti ég nefnt. En í þessum tillögum voru margar mjög góðar ábendingar og þeim var að sjálfsögðu komið á framfæri við Framleiðslueftirlit ríkisins, því að margt af því er þegar í reglugerð. Hins vegar taldi ég réttast að fiskmatsráð fengi þessar tillögur til meðferðar með öðrum ábendingum fjölmörgum sem inn bárust og þannig var farið með málið. Það má því segja að það sé liður í því sem hér er nú lagt fram í dag um ríkismat sjávarafurða.

Ég vildi aðeins að þessar skýringar kæmu hér fram um leið og ég tek undir þau orð hv. þm. að fátt er mikilvægara fyrir okkur Íslendinga en að bæta meðferð sjávarafla. Því miður er þar mörgu ábótavant og því

miður hafa gerst þar mjög alvarleg slys, jafnvel svo að orðið hefur að taka heim að nýju sendingar sem úr landi hafa verið farnar. Slíkt má vitanlega ekki henda. Í því skyni að hafa betri tök á þessu er ábyrgð framleiðenda og útflytjenda gerð meiri og þá unnt jafnvel fyrir ítrekuð brot að svipta menn leyfi ef út af er brugðið. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að það er ekki of lítil hegning, þegar slíkt er framkvæmt að því er virðist stundum nánast að yfirlögðu ráði eða trassaskap og verður vitanlega að koma í veg fyrir slíkt.

Hins vegar vil ég taka það fram að mjög vaxandi skilningur hefur verið á þessu upp á síðkastið og ég tel að þegar gæti mjög í meðferð sjávarafla og vinnslu þess áróðurs, sem hv. þm. nefndi einnig hér áðan, sem hefur verið framkvæmdur á þessu sviði. Það er algjör misskilningur hjá hv. þm. að ekkert hafi verið gert í þeirri kynningu.

M. a. var eftir samþykki fyrrverandi ríkisstj. varið milljónum króna einmitt til kynningar á þessu sviði. Kynningarrit og kynningarefni hefur verið útbúið og teknar upp viðræður við framleiðendur sem hafa jafnframt fylgt því eftir hver á sínu sviði. Ég vil því leyfa mér að fullyrða að mikið hafi verið unnið á þessu sviði. En meira þarf að vinna því að hér er um gífurlega stór hagsmunamál þjóðarinnar að ræða.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mikilsvert mál út af fyrir sig, þar sem eru gæðamál sjávarafurða og hvernig haga skuli mati á þeim. Hv. 4. þm. Suðurl. Garðar Sigurðsson hefur lýst hér viðhorfum, sem ég get almennt tekið undir í sambandi við þessi efni, þá miklu þýðingu sem það hefur að við náum sem mestu út úr okkar sjávarfangi á öllum ferlinum frá veiðum til markaðar. Og auðvitað skiptir matið og eftirlit þar verulegu máli um hvernig til tekst. Spurningin er um það hversu gildur þáttur það er sem hér er til umræðu og þær breytingar sem hér er verið að leggja til.

Ég vil taka það strax fram að ég er síður en svo á móti því að yfir þessi mál sé farið og menn leiti leiða til þess að bæta það sem menn telja að aflaga fari og gæti horft til heilla í sambandi við það markmið að fá sem mest út úr okkar sjávarafla. Það getur auðvitað enginn haft á móti því. En ég hygg að menn líti nokkuð misjöfnum augum á þær aðferðir sem beita beri og þá stefnu einnig sem dregin er upp að hluta til í þessu frv. í sambandi við Fiskmatsráðið alveg sérstaklega og aukna hlutdeild hagsmunasamtaka í matinu. Ein stærsta breytingin sem hér er á ferðinni varðar að auka hlutdeild og ábyrgð hagsmunaaðila í sjávarútvegi á þessum málum eins og hv. 4. þm. Suðurl. vék að og fram kom einnig í máli hæstv. ráðh.

Ég er þeirrar skoðunar að meginvandinn í okkar gæðamálum sé ekki í matinu sem slíku, heldur kannske enn frekar og áreiðanlega enn frekar í því hvaða tilhögun er varðandi veiðarnar og hvernig fiskurinn er færður að landi. Auðvitað kemur inn í þetta síðan vinnsluþátturinn, en afurð verður aldrei betri en það hráefni sem á land er fært. Og þá kemur spurningin: Er með breyttum matsreglum hægt að tryggja að við fáum betri afla til úrvinnslu en verið hefur? Ég vil ekki fullyrða neitt um það að ekki sé hægt að ná einhverjum árangri eftir þeirri leið sem hér er um fjallað og sem hefur verið í verksviði Framleiðslueftirlits sjávarafurða og hjá ferskfiskmatinu, en þeir sem þar hafa starfað hafa talið að þeir byggju ekki við þann aðbúnað sem þyrfti til þess að geta rækt sitt hlutverk sem skyldi. Um þetta hafa staðið nokkrar deilur.

Ég held að menn þurfi að gefa verulegan gaum að tilhögun veiðanna og þeim þáttum sem snerta líkurnar á því að aflinn, sem menn færa að landi, sé í sæmilegu ástandi. Þar hefur skort verulega á á liðinni tíð og er nokkuð ríkur skilningur á því — og ég held vaxandi að þar þurfi að breyta til í ýmsum efnum. Þar nefni ég t. d. tilhögun netaveiðanna og þýðingu þess að virtar séu reglur um netafjölda og hversu lengi net eru í sjó, þannig að menn komi ekki með gallað hráefni að landi úr slíkum veiðiskap.

Sama gildir um úthaldstíma togaranna. Hér hafa ekki verið settar sambærilegar reglur og í Noregi t. d. um úthaldstíma togara, sem veldur því að aflinn er í mörgum tilvikum miklu lakari en skyldi, sem komið er með í land, kannske eftir 9—10 daga úthald. Ég held að Norðmenn miði við svona 6 sólarhringa úthald togara eða ekki miklu meira og hafa sett um það ákveðnar reglur. Við þyrftum að líta til þess að þarna verði á breytingar hið fyrsta.

Sama gildir í rauninni um hámarksafla sem færður er að landi. Við þurfum kannske ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því nú, því miður, eins og horfir með þorskveiðarnar, en þar gildir auðvitað það sama, að eðlilegt er að þar séu ákveðnar reglur settar.

Varðandi veiðibúnað gildir það einnig. Að því þurfa menn að gefa gaum. Nú er til umræðu að stöðva veiðar með flotvörpu og hafa verið gerðar um það tímabærar samþykktir, ég held á þingi LÍÚ, ekki vegna þess að flotvarpa þurfi endilega að skemma eða eyðileggja fisk, heldur vegna þess að hún hefur verið misnotuð og menn hafa tekið þar allt of stór köst og ekki nýtt það tæki sem skyldi. Það er út af fyrir sig ekki hægt að hafa á móti bættri tækni í sambandi við veiðar, en öllu skiptir þá að henni sé beitt þannig að ekki bitni á hráefninu.

Það er í þessa átt sem þarf að beina athyglinni jafnframt og alveg sérstaklega í sambandi við gæðamál í þeim afla sem að landi er færður. Auðvitað getur verðlagning og flokkun á fiski í verðflokka hjálpað til, ef þar er eðlilega á haldið, en það þarf engan veginn að vera samræmi á milli flokkunar fisks í mismunandi verðflokka og þess sem síðar kemur út úr vinnslunni. Það er engin trygging fyrir því.

Hins vegar held ég að það hafi verið mistök, sem gerð voru hér fyrir tveimur árum, að minnka verðbil milli flokka, það hafi horft til öfugrar áttar, og vissulega skiptir ferskfiskmatið og flokkunin þar einnig máli. En ferskfiskmatið hefur sérstaklega verið grundvöllur í sambandi við hlutaskipti, í sambandi við verðið til sjómanna, og meira þjónað þeim tilgangi en að vera bein trygging fyrir því að góð afurð fengist á lokavinnslustigi.

Ég ætla hér, herra forseti, ef leyft verður, að vitna til ummæla manns sem hefur látið sig þessi efni mikið skipta um langt skeið og skrifað öðrum mönnum meira um gæðamál í íslenskum sjávarútvegi. Það er Jóhann Kúld, sem allir þekkja, a. m. k. þeir sem um þessi mál eitthvað hugsa og þeir sem lesa Þjóðviljann, því að hann hefur skrifað þar um langt skeið greinar um fiskimál. Þann 16. ágúst s. l. birtist þar grein eftir Jóhann Kúld um gæði íslenskra fiskafurða og markaði.

Ég vil leyfa mér hér að vitna til orða hans og lesa hluta af þessari grein hans. Hann segir:

„Þrátt fyrir margs konar mistök við fiskveiðar og vinnslu, þá hefur okkur Íslendingum ennþá tekist að vera yfirleitt með gæðavöru á freðfiskmörkuðum. Þetta ber tvímælalaust að þakka sameiginlega Framleiðslueftirliti sjávarafurða og eftirlitsmönnum sölusamtaka frystihúsanna og góðri samvinnu þarna á milli. Verði slakað á hinu opinbera eftirliti þarna, þá veikist um leið aðstaða eftirlits sölusamtakanna. Þetta er lögmál sem ekki verður komist fram hjá. Því segi ég þetta, að í grg. með frv. sem Steingrímur Hermannsson lét semja á meðan hann var sjútvrh." — ég skýt því inn að ég held að þetta sé í öllum meginatriðum sama frv. sem hér er á ferðinni og það sem kynnt var fyrir takmörkuðum hópi manna á s. l. vori — „og leggja á fyrir næsta Alþingi, þar er gert ráð fyrir því að útgjöld við útflutningsmat verði skorin niður um helming. Yrði þetta frv. samþykkt, þá tel ég að verið væri að stofna fiskmörkuðum okkar í mikla tvísýnu hvað freðfiskinn áhrærir. Þau mistök sem gerð hafa verið á síðustu árum í saltfisk- og skreiðarmati hef ég áður rakið til þeirrar reglugerðarbreytingar þegar fiskeigendur fengu að stórum hluta húsbóndavald yfir matsmönnum sem hjá þeim vinna," en um þetta fjallar hann fyrr í sömu grein og fyrri þáttum.

„Umrætt frv. Steingríms Hermannssonar er ekki aðeins afturför frá núgildandi lögum, heldur líka hættulegt gagnvart okkar fiskmörkuðum að mínum dómi. En núverandi fiskmörkuðum er okkur ekki aðeins lífsnauðsynlegt að halda, heldur þurfum við að geta aukið söluna þar á allra næstu tímum. Aðalbreyting frá núgildandi lögum sem felst í frv. er sú að opinbert eftirlit á útflutningsmati sjávarafurða á að minnka frá því sem nú er, en í staðinn á að koma aukið eftirlit framleiðenda. Þeir eiga líka í raunveruleika að fá í sínar hendur yfirstjórn þessarar nýju stofnunar sem á að heita samkv. frv. „Ríkismat sjávarafurða". En þrátt fyrir nafnið, þá yrði hér ekki lengur um raunverulegt ríkismat að ræða, heldur framleiðendamat ef frv. yrði samþykkt. Nú er það svo, að sumir framleiðendur eru mjög vandaðir gagnvart sinni framleiðslu, en aðrir eru það ekki í jafnríkum mæli og markaðsþörfin krefur. Það er fyrst og fremst gagnvart þessum hluta framleiðenda sem ríkismatið hefur oft orðið að standa sem óháður dómari og kveða upp sinn úrskurð til þess að koma í veg fyrir að óhæfar afurðir færu á markað. Þetta segja „spekingarnir" sem sömdu frv. að hægt sé að gera með því að gera hvern framleiðanda ábyrgan fyrir sinni vöru. Þetta hljómar að vísu fallega, en reynslan af framleiðendamati þeirra þjóða, sem reynt hafa, er bara allt önnur en góð.

Norðmenn bjuggu í fjölda ára við svipað útflutningsmat og frv. Steingríms vill innleiða hér. Þetta leiddi til lélegri framleiðslu en markaðirnir vildu fá, og þar með til þjóðhagslegs skaða. Það var eftir þessa reynslu sem Norðmenn tóku upp óháð mjög strangt ríkismat á öllum útfluttum sjávarafurðum. Eftir breytinguna hafa gæði norskrar fiskútflutningsframleiðslu stórbatnað og njóta þeir nú góðs álits á fiskmörkuðum. Sá maður sem vildi færa norskt útflutningsmat í fyrra horf mundi tæpast vera talinn með öllum mjalla þar í landi. Svipaða sögu er hægt að segja frá Kanada. Þar hafa framleiðendur haft of mikil áhrif á útflutningsmat fiskafurða. Þetta hefur leitt til þess, að þeirra freðfiskur er lægra metinn á Bandaríkjamarkaði heldur en okkar fiskur eða fiskur frá öðrum löndum við Norðvestur-Atlantshaf, enda greitt fyrir fisk Kanadamanna mun lægra markaðsverð. Það er sagt að stjórnvöld í Kanada hafi nú hug á því að breyta þessu og þá helst að hafa Norðmenn sér til fyrirmyndar.

Það er því nauðsynlegt að bæði fiskframleiðendur og alþm.", segir Jóhann Kúld, „kynni sér vel þetta mál, áður en þetta vanhugsaða frv. verður lagt fyrir Alþingi á komandi hausti, en það hefur verið boðað. Hvers vegna er óháð ríkismat nauðsynlegt? Það hefur tvennan tilgang. Það á að vera óháður fulltrúi jafnt kaupenda sem seljanda vörunnar og tryggja að gæði hennar standist. Þá á slíkt óháð ríkismat fiskafurða einnig að hafa það hlutverk að tryggja sjálft þjóðfélagið gegn fjárhagslegum skaða sem verður ef fiskafurðir sem ekki uppfylla gæðakröfur markaðanna eru framleiddar og fluttar út. Fiskafurðir eru í flestu formi vandmeðfarin og viðkvæm verslunarvara. Þess vegna beita jafnt hægrisinnaðar sem vinstrisinnaðar ríkisstjórnir óháðu ríkismati við fiskútflutning til að verja þjóðfélagið fyrir skakkaföllum".

Ég taldi ómaksins vert, herra forseti, að kynna viðhorf þessa reynda manns, sem hefur látið sig gæðamál íslensks sjávarafla og íslenskra sjávarafurða meira máli skipta en flestir aðrir. Ég vek alveg sérstaklega athygli á því sem hann segir varðandi reynslu nágrannaþjóða og tilhögun t. d. Norðmanna í sambandi við mat á sjávarafurðum. Ég inni eftir því, ég held að það væri rétt að fá það fram hjá hæstv. ráðh., hvort litið hafi verið á reynslu nágrannaþjóða í þessum efnum, mér finnst að vísu mjög ósennilegt annað en að það hafi verið gert við undirbúning jafnþýðingarmikils máls og þessa, og hvaða ástæður liggi fyrir því að ætla að taka hér upp annan hátt á en gildir í Noregi, eftir því sem fram kemur hjá Jóhanni Kúld í því sem ég vitnaði til í hans máli.

Ég vil svo að endingu aðeins segja það, að mér finnst sjálfsagt að líta á mál af þessu tagi í nefnd og líta af velvilja á allt sem til betri vegar getur horft í svo þýðingarmiklu máli, og ekki vil ég útiloka að eitthvað leynist til bóta í því frv. sem hér er lagt fyrir, en ég dreg verulega í efa að það sé feitan gölt að flá í þeim breytingum sem þar er verið að leggja til í sambandi við að auka afrakstur okkar sjávarafurða, en á því er vissulega mikil þörf.

Fjárveitingar í þessu skyni þurfa auðvitað að vera þannig sniðnar, að það eftirlit sem lög bjóða sé framkvæmt og framkvæmanlegt og farið sé ofan í þær reglugerðir og þau fyrirmæli sem matsmönnum eru gefin og er ætlað að vinna eftir. Það skiptir vissulega máli. Ég hygg að þar mætti margt bæta frá því sem nú er en ætla ekki að orðlengja þetta frekar hér og nú.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu erfitt að koma upp í ræðustól eftir að hinn ókrýndi sjútvrh. þeirra Alþb.-manna hefur flutt hér alllanga ræðu. Ég á þó ekki við hv. síðasta ræðumann, heldur að sjálfsögðu hv. 4. þm. þeirra Sunnlendinga, sem almennt gengur undir nafninu „hinn ókrýndi sjútvrh. Alþb.-manna", og mátti heyra það á ýmsu í hans ræðu áðan, án þess að ég ætli að fara neitt að tíunda það.

Ég ætla ekki heldur að fara mikið í efnislega umr. um

þetta frv. Ég er þeirrar skoðunar að skoða beri alla þá hluti sem geta orðið til þess að bæta og það verulega, meðferð sjávarafla og þess útflutnings sem þjóðin fyrst og fremst byggir nú á.

Ég vil þó segja það um einn þátt þessa, að ég er þeirrar skoðunar að gjalda beri varhug við því að láta hagsmunaaðila, t. d. útflytjandann, hafa of mikil áhrif í þessu máli. Ég get fallist á það, og tel það raunar rétt, að matið eigi að vera sem mest óháð þeim aðilum sem þarna hafa verulegra hagsmuna að gæta og þá treysti ég á að hægt sé að finna á Íslandi einstaklinga sem eru þannig sinnaðir að þeir láti ekki annað en það sem þeir telja sjálfir rétt hafa áhrif á sig.

Ég ætlaði hins vegar að fara örfáum orðum almennt um þessi mál.

Það er hér sagt, og hv. 4. þm. Suðurl. sagði það, að þetta frv. geri ekki ráð fyrir miklum breytingum frá gildandi lögum. Vera má að það sé rétt, um það skal ég ekki fullyrða, og að sjálfsögðu verður að skoða þetta mál vel, en að mínu viti og að því leyti sem ég hef farið yfir þetta er of lítið hert að frá því sem verið hefur eða er. Nú er þarna auðvitað alltaf spurning um framkvæmd. Það skiptir ekki alltaf mestu máli hvað á blaðinu stendur, heldur skiptir máli hvernig framkvæmdin á því er sem á að gera.

Ég hygg að öllum hv. alþm. sé kunnugt að gífurlega mikil óánægja hefur verið meðal sjómanna a. m. k. með ríkjandi framkvæmd á ferskfiskmati. Menn hafa bent á það, og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að það sé rétt, að svo mikill mismunur á mati sé milli staða að menn telji borga sig að keyra jafnvel langar leiðir til að fá miklum mun betra og hagstæðara mat fyrir afurðirnar en þeir fá í sinni heimabyggð. Auðvitað er slíkt alveg ótækt. Það hlýtur að verða að gera ráð fyrir að sem samræmdastar reglur og samræmdust vinnubrögð séu við framkvæmd þessa þáttar. Ég tel að það verði skilyrðislaust að herða mjög kröfur til gæða að því er varðar þessa gullkistu þjóðarbúsins. Það er kunnara en frá þurfi að segja að það virðist vera æðimikill misbrestur þar á og er auðvitað engum til gagns, nema síður sé, að halda áfram á þeirri braut.

Ég er því þeirrar skoðunar, að það verði, og það frekar fyrr en seinna, að taka þessi mál til gagngerðrar skoðunar og breytingar verði gerðar til að herða eftirlit og mat, ekki bara á þeim þættinum sem snýr að sjómanninum, sem dregur fiskinn og kemur með hann að landi, heldur ekki síður í vinnslustöðvunum eftir að aflinn er kominn á land. Þar hygg ég að sé ekki síður að finna æðimikinn misbrest á því hvernig með þessar vörur er farið. Það kæmi mér ekki á óvart þó að í mörgum tilvikum væri svo til alltaf verið að vinna gamlan fisk.

Þetta þýðir auðvitað bæði hert eftirlit og svo líka bætta stjórnun veiðanna og meðferð þess afla sem að landi er komið með, þannig að það sé reynt að stilla strengi saman og það fáist sem allra mest verðmæti fyrir vöruna.

Ég er ekki sammála hv. síðasta ræðumanni, Hjörleifi Guttormssyni, um að það yrði til bóta að ákveða t. d. sérstakan úthaldstíma togara. Ég sé ekki að gæði aflans mundu aukast. Ég held að aldur fiskjarins eigi miklu frekar að ráða í þessum efnum en úthaldsdagar viðkomandi skips. Það fer ekki alltaf saman. Þarna talar maður sem er að mínu viti ekki nógu kunnugur því sem um er að ræða. Það fer ekki aldeilis saman úthaldsdagar togara eða aflinn sem hann kemur að landi með. Það er víðs fjarri. Og það er einmitt að þessu leytinu sem oft er afskaplega erfitt að átta sig á skoðunum og afstöðu sumra einstaklinga þegar verið er að fjalla um mál. Ég er ekki að segja það mönnum til hnjóðs, en þeir þyrftu bara að starfa í þessari atvinnugrein einhvern tíma til að kunna á henni skil. Það á við hv. þm. Hjörleif Guttormsson. Hann þyrfti að vera á togara nokkrar vikur eða nokkra mánuði til þess að komast að raun um að það er víðs fjarri að þessir tveir þættir fari saman. Svo er auðvitað hægt að tína fleira til, en ég skal ekki gera það hér. (Gripið fram í.) (**ÓRG:** Já, rétt hjá þér. Láta þá hafa það.) Já, ég heyri að hv. þm. Ólafur Ragnar er ánægður þegar hann fær hjálp utan þingsalar við túlkun mála á Alþingi. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu má hann það. Ég sagði ekkert um það. Ég sagði að hv. þm. væri greinilega ánægður með það. Það er svo hans mat, hvort hann túlkar það svo að maðurinn megi ekki tala. Hann má tala mín vegna eins mikið og eins lengi og hann vill. Það er forseta að sjá um að hér sé haldið upp þingreglum, ekki mitt.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu fleiri orðum um þetta. Þetta mál hlýtur að verða skoðað gaumgæfilega í nefnd. Ég treysti því að um það verði fjallað í ljósi þess ófremdarástands sem ég tel að hafi verið að því er varðar fiskmatið í landinu og að menn reyni að skoða þau mál ofan í kjölinn og finna leiðréttingar á því sem miður hefur farið. Að mínu viti er það mjög margt og þar er um að kenna æðimörgum aðilum sem að því hafa staðið. Það er á engan hátt réttlátt að kenna sjómannastéttinni einvörðungu um það, nema síður sé. Það á ekki minni þátt í þeim áföllum, sem í þessu hafa orðið, hvernig farið er með hráefnið eftir að í land er komið. Það er ekki síður þáttur í þessu máli.

En vonandi tekst mönnum að koma á bæði þeim lögum og reglugerðum sem til þurfa og ekki síst því hugarfari sem þarf til að breyta viðhorfum til þessa máls, sem ég tel að sé kannske stærsti þátturinn í því að við getum unnið bug á þeim áföllum sem orðið hafa og við megum vænta ef ekki verður hugarfarsbreyting í þessum efnum.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil taka fram að þetta frv., sem hér hefur verið flutt, er niðurstaða af mjög löngu starfi sem hófst 1979, á meðan hv. þm. Kjartan Jóhannsson var sjútvrh. Það er með þetta frv. eins og margt annað, að jafnvel þótt skipt sé um ríkisstjórnir halda störfin áfram og áfram er haldið að vinna að málum. Þetta frv. er eitt dæmið um það. Það er niðurstaða af starfi þeirra manna sem best þekkja til á þessu sviði og hafa langa reynslu. Ég tel mikilvægt að mál séu skoðuð í ljósi reynslunnar og lögum og reglugerðum breytt og tekið mið af því sem gerst hefur áður.

Það hefur komið mjög skýrt hér fram að menn óttast að hagsmunasamtökin fái hér óeðlileg áhrif. Ég tel enga ástæðu til að óttast það. Þau hagsmunasamtök sem hér er um að ræða eru vinnslan, útgerðin og sjómenn. Og það er að sjálfsögðu alveg ljóst að ekki verður skipað í fiskmatsráð með öðrum hætti en að fulltrúar þessara aðila komi þar inn. Hitt er svo annað mál, að hagsmunasamtökin í sjávarútveginum eru mjög mörg og það getur reynst erfitt að telja þau upp lið fyrir lið og

binda það, hvaða hagsmunasamtök skuli á hverjum tíma sitja í fiskmatsráði.

En það er eins og menn gleymi því oft að undirstaðan fyrir því að við fáum verðmæti úr okkar sjávarafla er ekki aðeins að fiskstofnarnir séu sterkir, heldur einnig að það séu góðir markaðir þar sem seld er gæðavara. Það er í reynd undirstaðan. Og það eru söluaðilarnir sem starfa á þessum markaði og þekkja kröfur neytendanna. Reynsla þeirra og þekking er hvað mikilvægust varðandi framleiðsluna. Síðan þarf að tryggja að allt annað starf, þ. e. veiðar og vinnslan, meðferðin í landinu, taki mið af þessum kröfum.

Reynslan er sú, að ekki er mögulegt að reka hér matstofnun án þess að hafa verulegt samstarf við þessa aðila. Sú hefur líka orðið reyndin á, að þeir sem starfa í freðfiskframleiðslu, bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og SÍS, hafa sína eigin eftirlitsmenn sem eiga að tryggja að kröfur markaðarins séu uppfylltar. Það var einnig svo, að gert var ráð fyrir að Framleiðslueftirlit sjávarafurða væri nægilega sterkt til að framfylgja gæðakröfum í saltfiskframleiðslu. Nú er reyndin orðin sú, að Samband ísl. fiskframleiðenda hefur komið sér upp eigin eftirlitsmönnum sem hafa eftirlit með framleiðslunni til að tryggja að kröfur markaðsins séu uppfylltar. Það verður ekki gengið fram hjá þessu.

Það sem er aðalhlutverk opinberra aðila í þessu sambandi er að setja á vöruna gæðastimpil sem neytandinn getur treyst, þ. e. að neytandinn í viðkomandi landi geti treyst því að haft sé opinbert eftirlit í viðkomandi landi sem tryggi að um gæðavöru sé að ræða. Svo er í reynd um alla matvælaframleiðslu. En það er ekki þar með sagt að hið opinbera eftirlit þurfi að ná inn á hvert einasta stig og allt skuli vera undir opinberri forsjá. Það er ekki endanleg trygging þess að um bestu framleiðslu sé að tefla. Það er af og frá. Þess vegna er nauðsynlegt, og það er mjög ríkt í þessu frv., að efla ábyrgð framleiðenda, efla ábyrgð þeirra sem selja á markaði, þannig að þeir geti ekki beitt því fyrir sig að hið opinbera eftirlit hafi brugðist, eins og oft hefur viljað brenna við.

Fiskmatsráð, sem hér hefur einkum verið gagnrýnt, er sett upp til að tryggja tengslin milli hagsmunaaðilanna og hins opinbera. Mér kemur mjög á óvart að heyra að menn telja að það sé óeðlilegt og hættulegt að slík tengsl séu fyrir hendi. Hvernig er hægt að koma á gæðaframleiðslu í landinu án þess að eiga um það samvinnu og tengsl við sjómenn, útgerðarmenn og þá sem selja á mörkuðum? Ég hefði einmitt haldið að það væri nauðsynlegt að menn vildu leggja ríka áherslu á það.

Það hefur verið mjög þýðingarmikið upp á síðkastið að hafa starfandi fiskmatsráð, jafnvel þótt það ætti sér ekki ákveðna stoð í lögum. Þar eru fulltrúar frá vinnsluaðilum, frá útgerðarmönnum og frá sjómönnum. Starfsemi þessara manna hefur verið mjög mikilvæg og það eru mjög margir aðilar að vinna að endurskoðun á reglugerðum og betri framkvæmd mála.

Ég tek undir það með hv. þm. Karvel Pálmasyni, að auðvitað skiptir framkvæmdin hér mestu máli. Við tryggjum þetta ekki eingöngu með lögum og reglugerðum. Það verður ekki framleidd hér hæsta gæðavara eingöngu með því að setja lög og reglugerðir. Hins vegar geta þessar reglur verið mjög mikilvægar til stuðnings og eftirlits, þannig að hér sé sem best aðhald.

Ég ætla ekki hér að fara að gera gæðamálin í heild að umtalsefni. Hér er aðeins um þátt þeirra að ræða. Hér er ekkert fjallað um veiðarnar eða vinnsluna sem slíka. Hér er fyrst og fremst rætt um eftirlitið. Ég er þeirrar skoðunar, að sú breyting sem hér er lögð til sé mjög til bóta og gerð í ljósi reynslunnar. Ég held að ég megi fullyrða að það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan, og vitnaði hann þá í reynslu Norðmanna og Kanadamanna, sé ekki alls kostar rétt eða það sem kom fram í þeirri grein sem hann vitnaði í. En við höfum reynt að kynna okkur sem best framkvæmd mála hjá nágrannaþjóðunum og maður á vegum ríkisins hefur að undanförnu lagt sérstaka rækt við að kynnast þessum málum sem best. Hins vegar ber að geta þess, að t. d. í Noregi eru mun fleiri aðilar í útflutningsstarfsemi en hér á landi. Hér eru tiltölulega fáir aðilar t. d. í freðfiski. Þannig er skipulag hér nokkuð með öðrum hætti en hjá þeim.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera þetta mál að lengra umtalsefni nú. Ég vænti þess að hv. n. kynni sér mál þetta sem best. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að hún fái allar upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að kynna sér mál þetta. Það liggur mjög mikil vinna hér að baki og mikið lesefni og margir hafa hér komið að verki.

En ég vil vara við því, eins og hér hefur komið fram í máli manna, að þetta frv. leysi ekkert, það sé ekki til nokkurs gagns. Ég vil ekki á nokkurn hátt fullyrða að þetta frv. leysi öll okkar vandamál. Það er ekki ætlunin. Þetta er aðeins eitt af þeim skrefum sem við þurfum að stíga. En ef öllu er tekið þannig að engu megi breyta og ekkert megi gera er ekki von á góðu.

Mér heyrðist helst á hv. þm. Garðari Sigurðssyni að þetta gerði ekkert gagn og væri til einskis. Ég vil biðja hv. þm. að skoða mál þetta betur, því að ég veit að hann vill gera það sem réttast er í þessum efnum. Það er þá náttúrlega nauðsynlegt fyrir hann og aðra nm. að ræða við þá aðila sem hafa unnið að undirbúningi þessa máls.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það er eðlilegt að þessi mál komi fyrir hér. Þau hafa verið svo mikið til umræðu í fjölmiðlum og í kringum okkur í þjóðfélaginu að allir sem bera hag sjávarútvegsins fyrir brjósti vilja hafa eitthvað um það að segja. Í harðnandi samkeppni á erlendum mörkuðum er auðvitað mikilvægt að gæði afurðanna séu sem best.

Í grg. með þessu frv. er vikið að ýmsum umkvörtunum vegna núverandi kerfis og sumar þessar umkvartanir eru býsna alvarlegar, t. d. þær sem eru teknar úr áfangaskýrslu nefndar frá 1980. Þar er talað um ófagleg vinnubrögð, stífni, stirðleika, hlutdrægni, misræmi, ókunnugleika á erlendum mörkuðum, innanhússósætti og fleira og fleira. Þetta eru svo alvarlegar ásakanir að augljóst er að eitthvað þarf að athuga þessi mál. Þá vakna spurningar og ein spurningin er þessi: Hvaða tryggingu höfum við fyrir því að nýtt kerfi og ný stofnun sæti ekki sams konar gagnrýni innan fárra ára? Það getur að vísu oft verið til gagns að breyta um kerfi því að breytingin sjálf og sú uppstokkun sem hún veldur hefur áhrif til aukinnar árvekni um einhvern tíma, en þegar til lengdar lætur getur ekkert kerfi og engin stofnun, löggiltir lestunarstjórar eða eitthvað þess háttar orðið það sem ræður endanlega úrslitum um gæði. Það sem mestu máli skiptir er að verðlagning afurðanna á öllum

stigum framleiðslunnar, allt frá öngli til dreifingar á mörkuðum, hvort sem er hérlendis eða erlendis, verði háð gæðum. Ef framleiðendurnir vita að verðmæti vörunnar verður stranglega háð gæðum hennar, að fiskverðið verður ekki ákveðið við skrifborðið í Reykjavík, heldur ræðst af gæðum og áhuga kaupendanna, þá kemur það virka eftirlit sem þörf er á. Það er eðlilegt og sjálfsagt að heilbrigðisyfirvöld setji reglur um umgengni við afurðirnar og meðferð til þess að tryggja lágmarksgæði og hafi með því einhverja umsjón, en slíkar reglur hafa verið til og stórkostleg slys hafa orðið, eins og hefur komið fram í þessari umr. Við skulum gera framleiðendurna raunverulega ábyrga fyrir gæðunum með því að gera þá ábyrga fyrir verðlagningunni. Og við skulum ekki leysa þá út með gjöfum þegar þeir verða uppvísir að mistökunum.

Ég vil ekki gera lítið úr aukinni fræðslu allra sem koma þarna nærri, þar hefur mikið átak verið gert og þar hefur gagnlegur áróður og umræða farið fram, en aukin ábyrgð er það sem á endanum skiptir sköpum. Því þarf að auka frjálsræði um sölu og verðmyndun þessara afurða, hvort sem þær eru niðursoðnar eða frystar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. spurði að því í ræðu áðan, hvers vegna ræðumenn í þessari umr. legðu áherslu á að þetta frv. leysti ekki neitt. Það er mjög einföld skýring á því, hæstv. sjútvrh. Þetta frv. leysir ekki neitt af þeim meginvandamálum sem hafa sett svip sinn á gæðamál íslenskra sjávarafurða. Ég fylgdist mjög nákvæmlega með því í framsöguræðu hæstv. ráðh. að hann gat ekki bent á að frv. mundi leysa eitt einasta atriði af þeim vandamálum sem sett hafa svip sinn á gæðaeftirlit í sjávarútvegi, enda kom það mjög skýrt fram hjá hæstv. ráðh. áðan að hann kom ábyrgðinni af þessu frv. á kurteislegan hátt af sér með því að benda rækilega á að málið ætti sér langan aðdraganda. Hér fyrr í umr. kom hinn raunverulegi faðir þessa frv., hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, upp í ræðustólinn og með orðavali og öllum stíl ræðu sinnar gaf hann greinilega til kynna að hann ætti þennan króa.

Það væri rétt, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. væri viðstaddur þessa umr., miðað við það tilkall sem hann gerði fyrr í umr. til að eigna sér þetta frv. og til þess að ræðumenn í þessum umr. geti átt orð við hæstv. forsrh. um gæðamál í sjávarútvegi á undanförnum árum, vegna þess að hann hefur farið með stjórn þeirra mála hér síðan 1980. Öll þörf á endurbótum á þessu sviði hlýtur þá að stafa af því að í hans ráðherratíð hafi ástandið ekki verið sem skyldi. — Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa gert ráðstafanir til þess að náð verði í hæstv. forsrh.

Það hefur þegar komið fram í þessum umr., að með þessu frv. er gerð sú meginbreyting á gæðamati sjávarafurða á Íslandi að framleiðendur eiga í senn að annast matið að verulegu leyti og hafa meiri hluta í þeim úrskurðardómstóli sem kveður upp úr með ágreiningsefni á þessu sviði. Sagt er að það sé niðurstaða langvinnrar umræðu að þetta sé talið æskilegt form og jafnvel gefið í skyn að þeir sem best þekkja til og mesta reynslu hafa í þessum málum telji að svo sé. Ég fullyrði að það er rangt. Það er til fjöldinn allur af fólki, og ég hef rætt við marga úr þeim röðum sem hafa mikla reynslu af gæðamálum í sjávarútvegi, sem telur það eitt hið versta sem gæti komið fyrir skipan þessara mála að framleiðendunum verði afhent það mikla vald sem hér er gert varðandi gæðamálin.

En svo er reyndar annað í þessu frv. sem ég tel ekki síður vera grundvallaratriði. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. hefur haft samband við mig og hann kveðst vera að mæla fyrir máli nákvæmlega á þessari stundu í Ed.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Við skulum sýna ráðh. umburðarlyndi og vonast til þess að hann komi hingað sem fyrst.

Ég get rætt aðeins um seinna atriðið á meðan, vegna þess að það snýr aðallega að Sjálfstfl. Ég get skilið að Framsfl. standi að því ákvæði í frv., en mér finnst öllu merkilegra að gjörvallur Sjálfstfl. hér á Alþingi og ráðherrar hans í ríkisstj. skuli standa að frv. sem leggur þetta til.

Þetta ákvæði er ósköp sakleysislegt í frv. Það er í raun og veru ekki nema ein lína í frv. og það fer ekki mikið fyrir útskýringum á því í grg. En afleiðingarnar af þessu ákvæði væru þær að færa meira pólitískt vald yfir hagkerfinu á Íslandi í hendur eins manns en nokkur önnur breyting sem hér hefur verið gerð hefur haft í för með sér. Og ég spyr: Er það stefna Sjálfstfl. að færa valdið yfir framleiðslunni í sjávarútveginum eins og hún leggur sig í hendur á pólitískum ráðh. úr Framsfl. eins og hann er núna? (**StG:** *Og vonandi verður.*) Og vonandi verður, segir hv. þm. Stefán Guðmundsson. Hann veit nefnilega alveg hvað þetta ákvæði þýðir. Hann veit til hvers Framsfl. ætlað að nota það. (**StG:** Það er í góðum höndum.) Hann veit til hvers forstjóravaldið í SÍS ætlar að beita þessu ákvæði. Hann segir að það sé í góðum höndum. Það ber að virða svona hreinskilna menn. Þeir eru ekkert að skafa utan af því, hvað þeir ætlast fyrir. Og hvernig er þetta ákvæði í 17. gr. frv.? Jú, þar segir: „Framleiðsla á sjávarafurðum til útflutnings er óheimil án sérstaks leyfis sjútvrh." Í grg. kemur skýrt fram að þetta á við alla framleiðslu í sjávarútvegi eins og hún leggur sig, stóra og smáa, í hvaða grein sem er, frystingu, saltfiski og á öðrum sviðum, hvort sem um er að ræða lítið fyrirtæki eða stórt, nýtísku frystihús eða skúrasöltun á saltfiski. Það þarf að sækja um leyfi til sjútvrh. til að fá að framleiða á þessu sviði.

Ég bið hv. þm. að hlusta vel, sérstaklega þm. Sjálfstfl., og sérstaklega sérstakan talsmann minnkandi ríkisafskipta, hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, vegna þess að þótt honum tækist nú að krukka í eitt og eitt ríkisfyrirtæki er þetta frv., sem hann hefur hér flutt, tillaga um meiri ríkisafskipti í íslensku hagkerfi en nokkru sinni hafa þekkst. Þetta ákvæði hefur í för með sér, að um leið og þessi lög taka gildi yrði sérhver af þeim hundruðum einstaklinga og fyrirtækja í sjávarútvegi á Íslandi, sem hann stunda í dag, að skrifa bréf til Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. sjútvrh., og Halldór Ásgrímsson, hæstv. sjútvrh., hefði þá í hendi sér að grisja þennan skóg. Ég er ekki að segja að hann ætli að gera það, en hann gæti t. d. samkv. þessum lögum lagt niður, svo ég noti orð hæstv. fjmrh., með einu pennastriki öll frystihús Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eins og þau leggja sig. Með þessu frv. er ráðh. veitt vald til að leggja niður öll frystihús Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna með einu pennastriki. Og hann getur líka tekið úr umferð alla einstaklinga sem fást við fiskverkun með einu pennastriki svo að Sambandið standi eitt

sér. Að þessu stendur Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Ert þú á móti því?) Já, ég er á móti þessu ákvæði. Og ef þið hafið ekki manndóm í ykkur til að flytja brtt. um þetta ákvæði mun ég gera það. Að þessu stendur sú ríkisstj. sem hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson er fulltrúi fyrir. Og svo er verið að sviðsetja einhvern grínleik um að selja Umferðarmiðstöðina á höfuðborgarsvæðinu eða Landssmiðjuna eða einhver minni háttar fyrirtæki, á meðan Framsfl. smyglar því inn í stjfrv. pent og rólega að nú þurfi vottorð frá hæstv. sjútvrh. Halldóri Ásgrímssyni til að mega reka frystihús á Íslandi!

Ég bið hv. þm. að taka eftir því, að í frv. eru engin ákvæði sett um hvernig ráðh. skal beita þessu valdi, ekki eitt einasta ákvæði. Hann hefur algjörlega í hendi sér hvernig hann beitir því. Og enginn annar aðili í þjóðfélaginu gæti gert neitt ef honum líkaði ekki hvernig ráðh. beitir þessu valdi. Ég fullyrði að ekki í einu einasta lagafrv. sem hér hefur sést í áratugi hefur verið lagt til að jafnmikið pólitískt vald yrði skapað yfir hagkerfinu á Íslandi, flokkspólitískt ráðherravald. Og að þessu standa frjálshyggjupostularnir sjálfir. (**Fjmrh.:** Fjármálaráðherrann.) Fjármálaráðherrann játar núna að hann stendur að þessu. Það er gott að eiga það í þingskjölunum að hæstv. fjmrh. hafi aldrei slíku vant vitað hvað hann var að gera þegar hann stóð að því að flytja þetta stjfrv., að hann þurfi ekki í þessu tilviki að skrifa bréf til sjútvrh. eins og hann þurfti að skrifa bréf til Seðlabankans til að fá að vita hvað væri í frv. Þannig liggur alveg skýrt fyrir að það er stefna Alberts Guðmundssonar, hæstv. fjmrh., eins og hann var að játa fyrir einni mínútu og kemur aftur til að endurtaka játninguna, að pólitískur ráðh. eigi að fá vald til að leggja niður Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eftir hádegi 2. jan., ef þessi lög taka gildi 1. jan., því varla verður hæstv. sjútvrh. svo bráðlátur að hann byrji á þessu 1. jan.

E. t. v. kalla menn þetta ýkjur, en þetta eru engu að síður ákvæði þessa frv. (**Gripið fram í:** Ekki úr þessari átt.) Frá ríkisstj.? (**Gripið fram í:** Nei, þeirri átt sem það kom úr.) Þetta er kannske líka stefna Alþfl. Það væri nú óskandi að formaður Alþfl. kæmi upp á eftir og upplýsti þm. um hvort það er líka pólitísk stefna Alþfl., og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerði það líka vegna þess að maður treystir því ekki nema báðir játi því, að færa slíkt vald yfir grundvallaratvinnuvegi landsmanna á eina hendi.

Ég verð að segja eins og er, að ég skil ekki hvaða tilgangi það á að þjóna í þessu frv. um ríkismat sjávarafurða að skjóta inn í það þessu ákvæði. Það hefur ekkert með þessi vandamál að gera, það hefur ekkert með gæðaumræðuna að gera og það geta ekki verið annað en einhverjar annarlegar pólitískar ástæður þarna að baki.

Herra forseti. Í raun og veru má segja að það séu nokkur höfuðatriði sem setji svip sinn á þetta frv. Og ég hef aðeins vikið að fyrstu tveimur.

Það er í fyrsta lagi varðandi hagsmunaaðilana í sjávarútvegi. Ég vek reyndar athygli á því að í frv. er hvergi að finna nákvæma skilgreiningu á því hverjir þessir hagsmunaaðilar eru, hún er ekki til í frv., heldur er líka lagt á vald ráðh. eins að skilgreina hverjir það eru. Hann á að velja fulltrúa hagsmunaaðilanna. Hagsmunaaðilarnir eiga ekki að gera það sjálfir, heldur á pólitískur fulltrúi flokks sem hefur fengið rn. til meðferðar í það og það sinn að velja úr hinum fjölmenna hópi hagsmunaaðila í sjávarútvegi þá sem hann telur góða og gilda og veita þennan mikla rétt. En þótt það sé mjög nákvæm skilgreining á því í 1. gr. frv. hvað sé fiskur, mjög nákvæm og skýr, er hvergi að finna skilgreiningu í frv. á því hvað sé hagsmunaaðili, þótt það sé samkv. frv. meginþáttur þess gæðaeftirlits sem þetta frv. á að lögleiða. — Ég sé að hv. þm. kann illa við sig í ráðherrastólnum og er raunar búinn að flytja sig aftarlega í salinn, og það er ágætt.

Annað atriðið, sem ég hef þegar vikið að, er hið mikla pólitíska vald yfir því hverjir fá að framleiða í sjávarútvegi á Íslandi, sem er gert algjört með þessu frv.

Þriðja atriðið er það, að hér er haldið í þveröfuga átt við það sem helstu keppinautar okkar eru að gera í sjávarútvegi. Kanadamenn og Norðmenn, sem eru helstu keppinautar okkar í sjávarútvegi, hafa yfirleitt unnið að því á undanförnum misserum að efla óháð mat opinberra aðila, þar sem framleiðsluaðilar fá ekki úrskurðarvald. Og þeir hafa, sérstaklega í Kanada, litið á Ísland, þar sem slíkt kerfi hefur verið ríkjandi, sem fyrirmynd í þessum efnum. Sú sterka staða sem Kanadamenn hafa smátt og smátt verið að fá á Bandaríkjamarkaðnum og ógnar nú mjög stöðu íslensks sjávarútvegs á þeim markaði, og það er nauðsynlegt að þingheimur geri sér grein fyrir því, er m. a. fengin með því að þeir hafa tekið að beita hliðstæðum aðferðum í mati á gæðum sjávarafurða og við höfum beitt hér. En þegar þeir eru að styrkja markaðsstöðu sína með því að fylgja okkar aðferðum ætlum við að fara að kollvarpa okkar kerfi og taka upp þær leiðir og aðferðir sem helstu keppinautar okkar hafa hafnað.

Í fjórða lagi er í þessu frv. lagt til að taka upp hliðstætt innra skipulag á starfsemi þeirrar stofnunar sem um þessi mál á að fjalla og tíðkaðist fyrir einum og hálfum áratug, en menn voru þá sammála um að leggja niður. (**Forseti:** Mig langar að spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi langan tíma eftir af ræðu sinni.) Herra forseti. Ég á alla vega eftir þann kafla sem var sérstaklega ætlaður hæstv. forsrh. og fyrrv. sjútvrh. (**Forseti:** En hugmyndin er sú að fresta þessum fundi þangað til kl. hálfníu í kvöld. Svo verður að vera, vegna þess að það er búið að boða þingflokksfundi, og því verður nú fundi frestað ef hv. ræðumaður vill fresta ræðu sinni þangað til.) Já, með ánægju fresta ég umr. þangað til. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar þingfundi var frestað fyrr í dag hafði ég vikið að nokkrum megingöllum á því frv. sem nefnt er frv. um ríkismat sjávarafurða en er í reynd rangnefni miðað við innihald frv. Væri nær að frv. bæri heitið: frv. til l. um framleiðendamat sjávarafurða, því innihald frv. felur í sér að afnema hið óháða ríkismat á afurðum sem hér hefur verið við lýði.

Ég ætla í upphafi ræðu minnar hér í kvöld að endurtaka með fáeinum orðum þau meginatriði sem ég hafði vikið að til að samhengi fáist í umfjöllun málsins.

Í fyrsta lagi hafði ég bent á að hvorki í grg. frv. né í framsöguræðu hæstv. sjútvrh. væri að finna greiningu á því hver væru meginvandamálin varðandi gæðaeftirlit sjávarafurða á Íslandi og þaðan af síður væri leitast við í grg. frv. né heldur í framsöguræðu hér að skýra á hvern hátt þetta frv. leysti þau meginvandamál sem þar væri við að glíma.

Í öðru lagi hafði ég vakið athygli á því, að bæði núv. hæstv. sjútvrh. og fyrrv. hæstv. sjútvrh., núv. forsrh., gáfu greinilega til kynna í ræðum sínum að í reynd væri hér um að ræða frv. frá fyrrv. sjútvrh. og núv. hæstv. forsrh. — Og skil ég reyndar ósköp vel, eins og ég mun koma að síðar, hvers vegna jafngreindur, raunsær og athugull maður og núv. sjútvrh. vill greinilega koma því að í umfjöllun um málið að hann eigi takmarkaðan höfundarrétt að þessu frv. Því ég efast ekki um að ef hann hefði haft jafnlangan tíma og fyrrv. hæstv. sjútvrh., rúm þrjú ár, til þess að skila af sér frv., þá hefði það verið öðruvísi en það sem hér liggur fyrir.

Í þriðja lagi hafði ég bent á að með þessu frv. er verið að veita hagsmunaaðilum í landinu verulegt vald yfir gæðamálum sjávarútvegsins með því að gera þá að meirihlutaaðila í stjórn og dómstól þessarar stofnunar — ég endurtek: í dómstól gæðamatsins sjálfs — og einnig með því að veita fulltrúum framleiðenda verulegan aðgang að matinu sjálfu hvað snertir störf yfirmatsmanna, ennfremur með því að gefa framleiðendum og hagsmunaaðilum verulegan íhlutunarrétt um ráðningu manna til að stjórna þessari stofnun.

Í fjórða lagi hafði ég vakið athygli á því, að með þessu frv. er verið að veita ráðh., pólitískum fulltrúa, meira vald en nokkru sinni fyrr í sögu íslenskra atvinnumála. Reyndar fullyrti ég, og bið hv. alþm. að reyna að afsanna það ef þeir geta, að það hefði ekki komið fram hér á þingi í áratugi tillaga eins og sú sem er að finna í einni setningu í 17. gr. frv., um að gera pólitískan aðila jafnallsráðandi í framleiðslu- og markaðskerfi landsins og hér er lagt til. Fingraleikfimi núv. hæstv. fjmrh. um breytingar á ríkisfyrirtækjum verður nánast eins og vasapóker í samanburði við (Gripið fram í.) þær stórfelldu breytingar sem hér eru lagðar til hvað snertir gífurlega aukningu á áhrifavaldi ríkisins í íslenska hagkerfinu.

Í fimmta lagi benti ég á að í þessu frv. er hvergi að finna skilgreiningu á þeim hagsmunaaðilum sem þó eiga samkv. frv. að vera aðalhreyfiafl gæðamatsins sjálfs. Er það sérkennilegt ef tillit er tekið til þess, að í 1. gr. frv. er að finna mjög nákvæma skilgreiningu á því hvað sé fiskur. Ráðh. á samkv. frv. að fá ótakmarkað vald til að velja úr og skilgreina þá hagsmunaaðila sem eiga skulu aðild að gæðamatinu. Bæði á ráðh. að geta skilgreint hvað sé hagsmunaaðili, í öðru lagi á hann að geta valið þau samtök sem þar koma til greina og í þriðja og síðasta lagi á hann að velja einstaklingana sem eiga að vera fulltrúar þessara samtaka. Og ég spyr: Er til nokkurt annað svið í þessu þjóðfélagi þar sem ráðh. er falið annað eins vald yfir starfsemi hagsmunasamtaka á Íslandi? Ég fullyrði að svo er ekki. Hér er verið að gera hagsmunasamtökin í landinu að þrælasviði sjútvrh. á hverjum tíma. Mig undrar, og ég endurtek það, að þm. Sjálfstfl. og ráðh. Sjálfstfl. skuli standa að slíku frv. Og ég spyr, vegna þess að það er nauðsynlegt að það komi hér fram: Er þetta stefna Sjálfstfl.? Er þetta stefna Matthíasar Bjarnasonar? (Gripið fram í.) — Ég heyri að hæstv. fjmrh. spyr í hliðarsal: Hvað er hér verið að tala um? Þetta er greinilega ekki eina málið sem hæstv. ráðh. veit ekki um hvað snýst. Hann gæti kannske fylgt fordæmi sínu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðsmálinu og sent hæstv. sjútvrh. bréf og óskað eftir nákvæmum svörum um hvað í þessu felst.

En ég spyr þm. Sjálfstfl. hér: Er það virkilega stefna Sjálfstfl. að fela pólitískum ráðh. svo þríþætt afgerandi vald yfir hagkerfinu á Íslandi? Sá ráðh. sem fær sjávarútveginn í greip sína með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir er orðinn slíkur kommissar yfir hagkerfinu í landinu að litlu kommissararnir við Rauðarárstíg eru hreinir dvergar samanborið við það.

Í sjötta lagi benti ég á að samkvæmt þessu frv. er gengið í þveröfuga átt við það sem helstu samkeppnisaðilar okkar hafa gert, Norðmenn og Kanadamenn. Þessar tvær þjóðir hafa á undanförnum árum kappkostað að skapa sér sterka markaðsstöðu og hafa nú náð slíkum árangri að markaðsstaða Íslendinga á dýrmætasta fiskmarkaði okkar er í verulegri hættu. Og hvernig hafa þeir gert það? Jú, þeir hafa gert það m. a. með því að taka til fyrirmyndar þær aðferðir og það kerfi við uppbyggingu gæðamats á sjávarafurðum sem við höfum beitt hér í landinu. Þegar samkeppnisaðilar okkar eru að ná slíkum árangri ætlum við allt í einu að umturna öllu. Með hvaða rökum? Með engum sjáanlegum rökum um það, á hvern hátt þetta kerfi kunni að leiða til bætts eftirlits.

Ég vil svo bæta við hvað þetta efni snertir, að það væri æskilegt ef höfundur þessa frv., núv. hæstv. forsrh., gæti skýrt frá því hvort helstu kaupendur okkar í Bandaríkjunum og Evrópu muni viðurkenna það matskerfi sem hér er verið að leggja til. Liggur eitthvað fyrir um að sterkustu kaupendur íslenskra sjávarafurða muni sætta sig við kerfi sem verður eins háð framleiðendum eins og hér er lagt til? Og það mætti spyrja: Ef á að fara inn á þá braut að taka ríkið út úr matinu sjálfu með jafnafgerandi hætti og hér er gert og veita framleiðendunum réttinn, væri þá ekki rökréttast að veita kaupendunum hann líka til þess að þeir teldu sig þá hafa sæmilegt eftirlit með því að rétt væri unnið? Það er ekki lagt til og ég er ekki heldur að leggja það til. En það sýnir hina sérkennilegu þversögn þessa frv. að það er eingöngu lagt til að framleiðendurnir sitji við þetta borð.

Í sjöunda lagi benti ég á að í innri stjórn þessarar stofnunar er nú lagt til að taka upp kerfi sem allir voru sammála að væri úrelt og úr sér gengið fyrir 15 árum. Í innri uppbyggingu og deildaskiptingu stofnunarinnar eru stigin spor 15 ár aftur í tímann án nokkurra sýnilegra raka, án nokkurrar greinargerðar um hvers vegna það kerfi eigi að gefast betur nú en það gerði fyrir 15 árum. Það er eins og hér séu litlir strákar að leika sér í kubbaleik og reyna jafnframt að blekkja þjóðina til að halda að þeir séu að gera eitthvað þegar þeir hafa ekki í 3—4 ár tekið á hinum raunverulegu vandamálum sem felast í gæðaeftirliti íslensks sjávarútvegs, eins og ég mun koma að á eftir. Þessi kubbaleikur núv. hæstv. forsrh. og fyrrv. sjútvrh. er stundaður í blekkingarskyni til að telja þjóðinni trú um að lagauppstokkun og valdsuppstokkun af því tagi sem hér er lögð til sé raunveruleg aðgerð til að bæta gæðamat í sjávarútvegi á Íslandi, til að fela það að núv. hæstv. forsrh. og fyrrv. sjútvrh. hrinti ekki í framkvæmd einni einustu af þeim þeim yfir 20 tillögum um úrbætur í gæðamálum sem hann fékk samhljóða frá þeirri nefnd sem hann skipaði sjálfur 1981.

Það er algjörlega rangt, sem ráðh. sagði fyrr í dag, að nefndin hefði verið ósammála. Það liggur fyrir skjalfest að hún skilaði af sér samhljóða og af einingu 22 tillögum. Ég skal lesa þær fyrir ráðh. á eftir, ef hann er

búinn að gleyma þeim, svo að hv. þm. geti séð hvað eru raunverulegar tillögur um úrbætur í gæðamálum og hæstv. fyrrv. sjútvrh. en núv. forsrh. geti svarað þingheimi því hér lið fyrir lið hvers vegna hann framkvæmdi þetta ekki.

Hér er mikið alvörumál á ferðinni, e. t. v. eitt stærsta alvörumál okkar Íslendinga, því ef við töpum gæðaforskotinu í sjávarútvegi töpum við sjálfum grunninum að efnahagslegu sjálfstæði okkar. Og þeir menn sem bera stjórnarfarslega ábyrgð á gæðamálum sjávarútvegsins og hafa vanrækt að hrinda í framkvæmd sameiginlegum tillögum þeirra sem best til þekkja bera mikla ábyrgð á því persónulega hvernig komið er fyrir efnahag Íslendinga og markaðsstöðu okkar erlendis.

Í áttunda lagi má svo benda á að það er eitt af sérkennum þessa frv., samanborið við núgildandi lög, að afnumið er það bann, sem er í gildi í núverandi lögum, að rekstraraðili í sjávarútvegi geti einnig verið matsaðili. Í núverandi lögum er þeim einstaklingum sem fást við útgerð og fiskvinnslu bannað að vera sjálfir starfandi á sviði gæðamats. Og í núverandi lögum er það talin óhjákvæmileg trygging fyrir því að ekki sé blandað saman hagsmunum. Í þessu frv. er það bann afnumið og samkv. því geta nú sömu einstaklingarnir farið að hræra því saman hjá sjálfum sér að vera í senn rekstrar-, framleiðslu- og matsaðilar í byggðarlaginu. Það getur sérhver sagt sér að slíkt kann ekki góðri lukku að stýra í okkar litla þjóðfélagi.

Í níunda lagi má færa að því sterk rök að með þessu frv. muni kostnaður ríkisins við gæðamatið stórlega aukast án þess að árangurinn eða gæðin aukist að sama skapi. Hæstv. núv. sjútvrh. var mikill áhugamaður um það meðan hann var formaður í fjh.- og viðskn. hv. Nd. á undanförnum árum að áður en stjfrv. væru lögð væri fylgt því ákvæði Ólafslaga að gera úttekt á því hvern aukinn tilkostnað frv. hefði í för með sér. Ég vænti þess að núv. hæstv. sjútvrh. hafi ekki skipt um skoðun í þessum efnum, þótt hann hafi skipt um stól í þingsalnum. Hann var mjög ötull talsmaður þess meðan hann var formaður fjh.- og viðskn. að fylgt væri þessu ákvæði, þó að illa gengi, og ég reyndi að leggja honum lið í þeirri baráttu frá deildinni hér efra. Þess vegna spyr ég nú: Getur hæstv. ráðh. lagt fram kostnaðaráætlun, sem samkv. lögum á að fylgja þessu frv., eða hefur það kannske gleymst í óðagotinu við að leggja fram þetta afkvæmi núv. forsrh. og þess vegna geri hvorki rn. né þingheimur sér grein fyrir því á hvern hátt er verið að auka við báknið án þess að ná auknum árangri?

Þetta eru aðeins nokkrir, herra forseti, af þeim megingöllum sem á þessu frv. eru. En til þess að hv. alþm. hafi grundvöll til að ræða þetta frv. og bera það saman við aðrar tillögur ætla ég að gera nokkra grein fyrir þeim tillögum sem fyrr var vikið að í umr. í dag og er að finna í skýrslu sem fyrrv. sjútvrh., Steingrími Hermannssyni, barst fyrir tveimur og hálfu ár. Hverjir skyldu hafa unnið þessa skýrslu? Voru það einhverjir viðvaningar í sjávarútvegi? Voru það einhverjir sem ekki þekkja til? Nei. Í þessari nefnd voru einstaklingar sem eru í allra fremstu röð forsvarsmanna í íslenskum sjávarútvegsmálum. Nefndina skipuðu: Árni Benediktsson, sem fyrrv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson hefur hvað eftir annað lýst yfir að hann treysti manna best í málefnum íslensks sjávarútvegs. Í nefndinni var einnig Hjalti Einarsson, einn traustasti og virtasti forstöðumaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Í nefndinni var einnig Jóhann Guðmundsson, sem veitt hefur forstöðu Fiskmatsstofnun ríkisins um árarаðir. Í nefndinni voru einnig Guðjón Kristjánsson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Guðmundur Vigfússon, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, og Þórarinn Guðbergsson, tilnefndur af LÍÚ. Allir eru þeir valinkunnir menn á þessu sviði. Og hver var formaður nefndarinnar? Ráðuneytisstjórinn sjálfur, Þórður Ásgeirsson. (**Gripið fram í:** Hvenær varð hann ráðuneytisstjóri? Hann hefur aldrei verið ráðuneytisstjóri.) Það má vel vera að Þórður Ásgeirsson hafi aldrei verið ráðuneytisstjóri og hafi gegnt skrifstofustjórastöðu í rn., og er sjálfsagt að leiðrétta það, en ég held þó að hann hafi ærið oft farið með störf ráðuneytisstjóra í rn. þegar ráðuneytisstjórinn var fjarverandi. Og ég er viss um að hann hefur meiri kunnugleika á þeim málum en sá maður sem núv. sjútvrh. hefur sótt yfir í fjmrn. af einhverjum sérkennilegum ástæðum, sem væri nú fróðlegt að fá upplýst einhvern tíma, til að gegna ráðuneytisstjórastöðu í sjútvrn. um skeið. (**Fjmrh.:** Fjölhæfur maður.) Þær eru nokkuð forvitnilegar allar þessar hreingerningar sem Framsfl. er alltaf að stunda í embættunum í kringum sig, en gaman að heyra þm. Sjálfstfl. ljá því lið eins og gert var áðan.

Þessi nefnd var skipuð mönnum sem hafa áratugareynslu af því að fjalla um vandamál íslensks sjávarútvegs. Þeir skiluðu ítarlegri skýrslu í allmörgum meginköflum. Ég vil mælast til þess við hæstv. núv. sjútvrh. að hann afhendi á morgun öllum alþm. þessa skýrslu, svo að þingheimur fái skýran og greiðan aðgang að þeim tillögum sem þáverandi starfshópur lagði til, en þáv. sjútvrh. fór ekki eftir.

Í fyrsta lagi var í þessari skýrslu fjallað um togtíma og sett fram sú skoðun, að langur togtími og stór höl væru aðalorsök skemmda á töluverðu magni af fiski. Meiri hluti nefndarinnar var þeirrar skoðunar — og telur reyndar að sú skoðun sé nokkuð almenn — að aldrei ætti að draga botnvörpu lengur en í u. þ. b. þrjár klst. og auðvitað miklu skemur eftir aðstæðum. Nm. telja æskilegt, og eru það allir nm., að botnvarpa sé við venjulegar aðstæður ekki dregin lengur en í 200 mínútur og leggja til að ákvæði þar að lúandi verði sett í reglugerð. Gerði fyrrv. sjútvrh. það? Fór hann að þessari tillögu, skýrri, nákvæmri, afgerandi tillögu, í gæðamálum íslensks sjávarútvegs? Nm. lögðu til að til að auðvelda eftirlit með þessu verði gert skylt að skrá upphaf og lok togsins í þar til gerðri skrá ásamt áætluðu aflamagni. Auk þess er á það bent að væntanlega sé tæknilega kleift að hanna tiltölulega ódýran búnað til sjálfvirkrar skráningar á því hvenær trollið er tekið inn, og mælir nefndin með því að það verði athugað nánar með það fyrir augum að slíkur búnaður verði gerður að skyldu síðar. Hæstv. fyrrv. sjútvrh. var að láta liggja að því fyrr í dag að sér hefði ekki verið bent á aðferðir til að framkvæma þessa tillögu. Ég leyfi mér að fullyrða að þeir menn sem skipuðu þessa nefnd hafi meira vit á því hvað sé framkvæmanlegt um borð í íslenska flotanum en fyrrv. hæstv. sjútvrh.

Í öðru lagi greinir frá því í áliti nefndarinnar að miklar umr. hafi orðið um blóðgun og slægingu afla um borð. Nefndin vitnar í skýrslu sem Kristján Kári Jakobsson samdi fyrir Fiskeri-háskólann í Tromsö í Noregi og byggðist á athugunum sem gerðar voru um borð í

íslenskum togurum sumarið 1980. Í þeirri skýrslu var fyrst og fremst leitast við að svara spurningunni um hvort gæðamunur væri á fiski sem blóðgaður væri og slægður um leið og á fiski sem blóðgaður væri fyrst og síðan ekki slægður fyrr en honum hefði blætt út, eins og 45. og 46. gr. reglugerðar nr. 55/1970 gera ráð fyrir. Er vitnað í það, að niðurstaða þessarar skýrslu hafi verið sú, að á gæðum fisks væri ekki sjáanlegur marktækur munur af þessum sökum, en hins vegar væri allt að því helmingsmunur á því hve afköst við að ganga frá fiski um borð væru meiri ef blóðgað væri og slægt í sama handtaki. Í þessu sambandi er þess að geta, að nm. þótti ástæða til að vefengja þá aðferð sem notuð var við mat á gæðum fisks í þessari tilraun.

Þá var einnig í nefndinni lögð fram lausleg könnun sem Framleiðslueftirlit sjávarafurða hafði látið gera á þessu sama og benti til þess að mismunandi aðferðir leiddu til mjög ólíkra gæða þótt það kæmi ekki endilega fram.

Niðurstaða af ítarlegum umr. í nefndinni var sú, að ekki var mælt með því að svo stöddu að reglugerðinni væri breytt í þessu efni. En nefndin lagði hins vegar til að sjútvrn. hlutaðist þá þegar til um að Framleiðslueftirlit sjávarafurða ásamt einum fulltrúa frá kaupendum og einum frá seljendum léti gera nákvæma sjálfstæða könnun um borð í skuttogurum við ferskfiskmat, við vinnslu og við útflutningsmat á fiski, hvort og þá hvaða gæðamunur væri á þeim fiski sem blóðgaður er og slægður um leið og þeim sem látið er blæða út fyrir slægingu. Það sýnir nú árangurinn af vinnubrögðunum, að þegar loksins er gerð fræðslumynd um þetta efni á vegum sjútvrn. upphefjast samstundis deilur um hvaða aðferðir séu sýndar í myndinni.

Í þriðja lagi var fjallað um hámark fisks í kassa. Var það álit nm. að almennt mundu það leiða til vandaðri meðferðar á fiski og betri gæða ef kaupendur fylgdu því allir fram að greiða ekki kassabætur í ákveðnum tilvikum. Lagði nefndin þess vegna til að bannað yrði með reglugerð að setja meira magn fisks í kassa en verðlagsráð gerði ráð fyrir, eða 60 kíló fisks í 90 lítra kassa og sama þungahlutfall miðað við rúmmál í kössum af öðrum stærðum. Ætti slíkt bann, segir nefndin, a. m. k. að leiða til þess að kaupendur hættu að greiða kassabætur ef út af þessu brygði og væntanlega verða til þess að sjómenn hættu alveg að setja of mikið í hvern kassa.

Í fjórða lagi fjallar nefndin um lágmark íss í kassa og gerir nákvæmar tillögur um breytingar á reglugerðarákvæðum hvað það snertir, rökstyður þær breytingar ítarlega og mælir einnig með því að gerðar verði breytingar á þvotti á fiski um borð í skipum, á vinnslurásum og búnaði.

Þau atriði sem ég hef hér vikið að sýna hvernig á raunsæjan, nákvæman og afdráttarlausan hátt eigi að taka á gæðavandamáli sjávarútvegs á Íslandi, ekki með því að vera að leika sér með skipurit í einhverjum nýjum stofnunum, stokka þær upp innbyrðis eftir deildum og velta því fyrir sér hver eigi að fá að ráða forstjórann, hvaða vald ráðh. eigi að hafa, hvaða vald hinn eigi að hafa og leika sér þannig með valdið fram og aftur í þessu kerfi. Kollegar mínir stjórnmálafræðingarnir hefðu örugglega gaman af slíkum leik, en hann hefur því miður ósköp lítið með gæðamálin á fiskinum að gera.

Þær till. sem hér voru lagðar til voru hins vegar kjarnatill. um breytingar hvað snertir gæðamál í sjávarútvegi og engin þeirra var framkvæmd af fyrrv. sjútvrh. Steingrími Hermannssyni. Því er spurt hér: Hvers vegna ekki? Hvers vegna framkvæmdi fyrrv. sjútvrh. í tvö ár ekki þessar till? Hann sagði hér fyrr í dag: Það var ágreiningur í nefndinni. Nál. sýnir skýrt og greinilega að um þessi atriði var ekki neinn ágreiningur. Ráðh. skuldar þinginu og þjóðinni skýringar á því hvers vegna hann hafnaði þessum till. Hann skuldar sjómönnum skýringar á því. Hann skuldar ... (**Gripið fram í:** Miklu fleira.) Já, það er alveg rétt. Hann skuldar þeim skýringar á miklu fleira. Ég vona að hv. þm. Pétri Sigurðssyni gangi betur en mér gekk, meðan ég studdi fyrrv. hæstv. sjútvrh. í embætti sjútvrh., að fá fram skýringar á því. Má í því sambandi minna á að það kostaði Alþb. töluvert átak í umr. um efnahagsmál sumarið 1982 að fá á þann efnahagsaðgerðalista, sem þáv. ríkisstj. var sammála um, sérstakt eftirrekstrarákvæði um gæðamál til þess að geta beitt því gagnvart þáv. hæstv. sjútvrh. Við töldum málið komið í svo illt efni um mitt ár 1982 að það var eitt meginatriðið sem við lögðum áherslu á í frágangi þeirra aðgerða að fá inn skýr og skorinorð ákvæði sem skylduðu þáv. hæstv. sjútvrh. til að framkvæma raunverulegar aðgerðir á þessu sviði. — Ég sé, herra forseti, að sjútvrh. fyrrv., núv. hæstv. forsrh., hefur gengið úr salnum. (**Gripið fram í:** Er það furða.) (**Forsrh.:** Ég heyri til hans.) Það er gott að heyra að ráðh. er þarna í hliðarherbergi.

En það var fleira sem þessi nefnd lagði til og það var fleira sem ráðh. framkvæmdi ekki. Fjallaði nefndin m. a. sérstaklega um dagmerkingar afla um borð í veiðiskipum. Vegna þess hvílíkt lykilatriði þetta er í gæðamálum sjávarútvegs ætla ég að lesa upp hvað nefndin sagði um þetta atriði og var öll sammála um, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og síðar verður gerð nánari grein fyrir í þessari skýrslu gerir nefndin ráð fyrir því að sett verði ný ákvæði í reglugerð um hámarkstíma sem líða má frá því að fiskur er veiddur og þar til að hann er unninn. Vegna þessa og raunar einnig annarra ákvæða þykir nefndinni nauðsynlegt að settar verði ákveðnar reglur um dagmerkingar. Nefndin hefur fengið upplýst að allur gangur sé á því hvort fiskur er dagmerktur t. d. um borð í skuttogurum. Hjá sumum útgerðarfélögum er mjög góð regla á dagmerkingum, og eru í þeim hópi bæði félög sem gera út eitt skip og stærstu útgerðarfélög landsins. Þeir sem dagmerkja ekki bera því við að merki þau sem á boðstólum eru séu óhentug og eigi það til að fjúka um alla lest og valda þannig ruglingi. Auk þess munu margir kaupendur ekki ætlast til þess að fá fiskinn dagmerktan. Víðast er föst regla á því hvernig fiski er raðað í skipin og síðan í móttökufrystihúsin, þannig að tryggt ætti að vera að elsti fiskurinn sé unninn fyrst og yngri fiskurinn síðast. Þetta segir þó auðvitað ekki til um aldur fisksins og leggur því nefndin til að eftirfarandi ákvæði verði sett í reglugerð."

Síðan er tilgreint nákvæmlega hvernig eigi að breyta reglugerðinni. En gerði fyrrv. sjútvrh., núv. hæstv. forsrh., það? Framkvæmdi hann þær till. sem allir þessir menn voru sammála um að væru höfuðatriði ef það ætti að bæta gæðamálin í sjávarútveginum? Nei, hann framkvæmdi þær ekki. Hvers vegna ekki? Það væri æskilegt að hæstv. ráðh. upplýsti það. Í staðinn hóf

hann þennan skipulagsleik, þennan kubbaleik með vald og deildir og stofnanir í því skyni að telja einhverjum sem lítt þekkja til trú um að það væri lausnin á vanda sjávarútvegsins.

Í nál. er einnig rætt mikið um geymslu og meðferð á fiski um borð í skipum og í vinnslustöðvum. Settar eru fram nákvæmar tillögur um kældar hráefnisgeymslur og breytingar í þessum efnum og gæðaskoðun afurðanna fyrir vinnslu. Þessar till. eru jafnítarlegar og jafnvel rökstuddar og þær sem ég hef áður vikið hér að, þó að ég ætli ekki að lengja tíma hv. deildar með því að lesa það nákvæmlega í trausti þess að núv. hæstv. sjútvrh. sjái til þess að öllum þm. verði afhent þessi skýrsla á morgun, og vænti ég þess að hæstv. fyrrv. sjútvrh. hafi engar athugasemdir við það að gera.

Það var einnig í þessu áliti að finna till. um hámarkstíma sem líða má frá því að fiskur er veiddur og þar til hann er unninn. Og ég veit að það þarf ekki að útskýra það með mörgum rökum fyrir hv. alþm. að þetta er höfuðatriði. En þessi tími er of langur. Það er alveg nákvæmlega sama hvaða stofnanaleikur er stundaður í Stjórnarráðinu, hvernig menn stokka upp deildir eða skipa valdinu, það hefur engin áhrif á gæði sjávarafurðanna. Í þessu efni lagði nefndin einnig til nákvæmar breytingar, skýrar og afdráttarlausar breytingar, sem ráðh. hefði getað framkvæmt með einu pennastriki svo notað sé þekkt orðalag, en hann gerði það ekki. Hvers vegna ekki? Það veit enginn. Þó hefði þessi breyting ein getað leitt af sér meiri umskipti í gæðamálum íslensks sjávarútvegs en nokkurt það ákvæði sem er að finna í því frv. sem hér er til umr.

Í lok þessa nál. eru settar fram till. um breytingar á reglugerðum. Nákvæmar, skýrar og afdráttarlausar breytingar sem hefðu á svipstundu skapað gjörbreytingu í gæðamálum íslensks sjávarútvegs ef þær hefðu verið framkvæmdar. En það voru þær ekki. Hvað eru þessar till. margar? Ekki tvær, ekki þrjár, ekki fjórar, ekki tíu, ekki fimmtán, þær eru 22. Hér eru 22 nákvæmar og skýrar till. um úrbætur sem Árni Benediktsson, Hjalti Einarsson, Jóhann Guðmundsson, Guðjón Kristjánsson, Guðmundur Vigfússon, Þórarinn Guðbergsson og Þórður Ásgeirsson leggja til í sameiningu. Og hvað gerði sjútvrh.? Ekki neitt. Hvaðan kom ráðh. það vald og sú viska að hafna þessum till.? Ég spyr. (**Gripið fram í:** Gerði hann það ekki í fyrrv. ríkisstj.?) Nei, hann gerði það ekki í fyrrv. ríkisstj., alveg hárrétt. Þess vegna sagði ég áðan að ég ætti hv. þm. vini mínum Pétri Sigurðssyni þá ósk að honum gengi betur að leiða ráðh. á réttan veg en mér gekk á sínum tíma, en Alþb. gekk þegar það var hvað eftir annað í viðræðum um efnahagsmál og atvinnumál í ríkisstj. að reyna að fá þennan hæstv. ráðh. til að gera eitthvað, til að gera eitthvað raunhæft, til að hætta kubbaleiknum, til að hætta spilverkinu með valdið, til að hætta þessum tilraunum til að skapa Framsfl. betri oddaaðstöðu í kerfinu.

Það er náttúrlega það sem þetta frv. snýst um í raun og veru, þegar öllu er á botninn hvolft, að skapa SÍS-forstjórunum betri aðstöðu í kerfinu. (Gripið fram í.) Það verður gaman að sjá þm. Sjálfstfl. greiða því atkv. Það verður gaman að sjá þá ganga inn í salinn að lokinni umfjöllun í n., ljúfa og þæga eins og lömb og samþykkja frv. sem veitir sjútvrh. Framsfl. meira vald til að styrkja forstjóraveldið í SÍS í sjávarútvegi en nokkru sinni hefur verið veitt nokkrum aðila í þessum grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar. Það eina sem þm. Sjálfstfl. hafa sér til afsökunar í þessu máli er að þeir hafi ekki haft hugmynd um hvað var í frv. Og það eina sem ráðh. Sjálfstfl. hafa sér til afsökunar er að þeir hafa ekki vitað það heldur, því ég trúi því ekki fyrr en hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason kemur hér upp í ræðustólinn og segir það ... (**ÓÞÞ:** Hann sér ekki um kirkjumál.) Um Kirkjumál? (**ÓÞÞ:** Varstu ekki að tala um trú?) Ég skil vel að hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni detti helst í hug guð almáttugur þegar hann heyrir Erlendar í SÍS getið. En í augum okkar hinna er Erlendur í SÍS ekki ennþá kominn í guða tölu. Og sambandsveldið á Íslandi, forstjóraveldið í SÍS, heyrir ekki undir dóms- og kirkjumálarn., ekki ennþá a. m. k. Það gæti gert það samkv. nýju stjórnarráðstillögunum, ég hef ekki kynnt mér þær, en það má vel vera. — En ég endurtek: Ég trúi því ekki fyrr en Matthías Bjarnason kemur upp í ræðustólinn og lýsir því yfir að hann sé sammála öllum þeim ákvæðum sem í frv. eru. (**KP:** Af hverju endilega Matthías?) Vegna þess að hann er sá maður í núv. ríkisstj., að öllum hinum ólöstuðum, sem mest vit hefur á sjávarútvegsmálum og það vitum við báðir, hv. þm. Karvel Pálmason. (Gripið fram í.) Hann gerði nú aðallega úr Fagranesið, en það fiskaði ekki mikið. (**Forseti:** Ekki samtal.) (**Gripið fram í:** Ekki iðnrh.? Það gera nú fleiri út.) Það er alveg rétt að hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson á mikið í útgerð, en þekking hans á útgerðarmálum hefur aðallega miðast við sjónarhornið úr forstjórastólnum við Rauðarárstíginn. Og það hefði ég haldið að Sjálfstfl. hefði hingað til ekki talið horfa best við atvinnulífinu í landinu, a. m. k. ekki hv. þm. Friðrik Sophusson.

Herra forseti. Ég hef vikið hér að ærið mörgum atriðum sem ættu að verða þeirri n. sem fær þetta frv. til *umfjöllunar ríkulegt tilefni til að fara rækilega ofan í* saumana á þessu frv. Og ég veit að núv. hæstv. sjútvrh. getur ekki, eftir því sem ég þekki til hans, ætlast til þess að þm. trúi því að hann haldi að þetta frv. bæti eitthvað ástandið í gæðamálum íslensks sjávarútvegs. Þess vegna þarf hv. sjútvn. þessarar deildar að sameinast um að finna aðrar leiðir, betri leiðir, raunhæfari leiðir, leiðir sem skila árangri strax, til að bæta gæðamál íslensks sjávarútvegs og hætta þeim skipulags- og valdsleik sem felst í þessu frv. Það væri gaman að vita hvaða valdapotarar það eru sem standa í raun og veru á bak við þetta frv. Vald hvers á það að styrkja? Hvers vegna er verið að setja ákvæði í frv. um að forstjórinn eigi ekki að hafa neina menntun? Hvers vegna? Hver eru rökin fyrir því að það þurfi enga menntun til að stjórna veigamestu stofnun í sjávarútvegi á Íslandi? Eru það kannske sömu rökin og Bjarni heitinn Benediktsson færði fyrir ráðherraembættinu. (**Gripið fram í:** Hvaða menntun ertu að tala um?) Einhverja menntun, sérmenntun, þekkingu, þjálfun. (**Gripið fram í:** Stjórnmálafræði?) Nei, ekki stjórnmálafræði og ekki heldur flokksskírteini í Framsfl. Ég er að tala um mælikvarða á hæfni manns. Allar aðrar stjórnunarstöður í þessari stofnun eru þeim skilyrðum háðar í frv. að þar eigi að vera slíkur mælikvarði. Hv. þm. ætti bara að lesa frv. til að kynna sér hvaða mælikvarði er þar lagður til.

Það mætti nefna fjölmörg önnur atriði í gæðavandamálum sjávarútvegs sem þetta frv. snertir ekki á. Það má spyrja t. d. um netaveiðarnar. Við vitum það allir hér, að sú staðreynd að aðeins 50 til 60% af neta-

fiskinum fer í 1. flokk er eitt meginvandamálið í gæðastjórnun sjávarútvegsins. Er einhver till. í frv. til að ráða bót á því vandamáli? Nei. Hefur núv. sjútvrh. einhverja till. í þeim efnum? Það væri fróðlegt að heyra það. Fyrrv. hæstv. sjútvrh. voru gefnar ýmsar till. um það efni, en hann fór ekki eftir þeim. Það er eitt af stóru vandamálunum í gæðamálum íslensks sjávarútvegs hvernig eigi að ráða bót á hinni lélegu flokkun ferskfisks sem kemur úr netum. Og það má nefna togaraflotann. Þær till. sem nefndin lagði til hefðu þegar á árinu 1981, ef þáv. hæstv. sjútvrh. hefði framkvæmt þær, gert það að verkum að nú byggjum við við allt annað ástand. Og ég endurtek: Þeir menn og sá ráðh. sem hafnaði þeim till., og reynir nú að skjóta sér á bak við einhvern ágreining sem hvergi er skjalfestur og hvergi er til, nema e. t. v. einhvers staðar í hans eigin huga, bera mikla ábyrgð á því ástandi sem hér hefur orðið.

Hæstv. sjútvrh. sagði áðan að þetta frv. væri niðurstaða af löngu starfi. Það var eiginlega það eina sem hann sagði, þegar hann kom upp í ræðustólinn í annað sinn til að biðja menn að samþykkja þetta frv., að þetta væri niðurstaðan af löngu starfi. En þetta er ekki niðurstaðan af hans starfi. Ég hef þá trú og ég hef það traust þrátt fyrir allt, að núv. hæstv. sjútvrh. geti gert betur en þetta frv. sýnir. Og þess vegna held ég að þingið eigi að gefa honum tíma, gefa honum tóm í samvinnu við sjútvn. þessarar hv. deildar og sjútvn. Ed. til að finna leiðir og koma með raunhæfar aðgerðir vegna þess að hvorki stjórnin né þingið, hvað sem líður ágreiningi milli stjórnar og stjórnarandstöðu, getur frían sig ábyrgð í þessum málaflokki. Hann er svo hátt yfir allan stjórnmálaágreining hafinn að menn verða í sameiningu að finna þær lausnir sem skynsamlegastar eru í þessum efnum.

Herra forseti. Ég vænti þess að núv. hæstv. sjútvrh. verði við þeirri ósk minni að afhenda þm. á morgun þá skýrslu sem ég hef gert hér að umræðuefni. Ég vænti þess að fyrrv. hæstv. sjútvrh. og núv. forsrh. komi og svari lið fyrir lið fyrir þau 22 atriði sem lögð voru til með nákvæmu orðalagi, en hann framkvæmdi ekki. Ég sé að hæstv. ráðh. er búinn að fá skýrsluna í hendur, svo ég þarf ekki að lána honum hana en það er óhjákvæmilegt að hann komi í ræðustólinn og geri grein fyrir því lið fyrir lið hvers vegna hann hafnaði hverri till. sem þarna er að finna og þó sérstaklega þeim sem ég hef vikið að í ræðu minni og allar snerta höfuðþætti í gæðamálum íslensks sjávarútvegs.

Svo að lokum, hæstv. forseti, ætla ég að vona að þm. Sjálfstfl. og ráðh. Sjálfstfl. fari að skoða þetta frv. og fari að átta sig á því hvað það er sem Framsfl. er að biðja þá að samþykkja. (**ÓÞÞ:** Þú þyrftir að stjórna Sjálfstæðisflokknum.) Það er alveg rétt. Það hefur verið visst ófremdarástand í stjórn Sjálfstfl. á undanförnum árum. En ég hef nú þá trú á Friðrik Sophussyni, varaformanni flokksins, sem starfaði fyrir Stjórnunarfélagið í mörg ár, og Þorsteini Pálssyni núv. formanni, sem gekk á mörg námskeið hjá sama félagi í stjórnun, að þeir geti í sameiningu a. m. k. ráðið við þann einfalda vanda að þm. og ráðh. Sjálfstfl. átti sig á því hvað er verið að leggja til hér í frv. og þeir taki þannig ákvörðun um að koma í veg fyrir að yfir höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar verið skapað stærra og afdrifaríkara pólitískt vald en nokkru sinni hefur verið rætt um fyrr í þessu landi. Þetta frv., þótt saklaust sé að ytra borði, felur einum ráðh. slíkt vald yfir höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, framleiðslukerfi hans og allri vinnslu, að kommissararnir við Rauðarárstíginn eru eins og pínulitlir dvergar hjá þeim risavaxna kommissar og yfirdrottnara efnahagslífsins á Íslandi sem sæti í sjútvrn. þegar búið væri að samþykkja þetta frv.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mikið hljótum við venjulegir þm. að öfunda Alþb. af þessum liðsauka sem það hefur fengið hér í þingsali, þessum hv. þm. sem veit meira en allir aðrir um alla hluti og talar í hverju máli. Ég þekki að vísu hv. þm. því að hann leitaði sér um árabil frama innan Framsfl. og fékk hann ekki og fór sem betur fer. En ég vil ráðleggja hv. þm. að láta hv. þm. Garðar Sigurðsson fjalla um þetta mál. Hann talar af miklu viti og þekkingu um málið, en ég heyrði hvergi brydda á því í langri ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. (**Gripið fram í:** Þú hafðir búist við því.) Nei, ég bjóst ekki við því, það er alveg rétt. Ég varð fyrir engum vonbrigðum, langt frá því.

Ég get skýrt frá því að þessar tillögur sem hann hefur gert hér sérstaklega að umræðuefni og nefndar eru „Skýrsla nefndar um bætt gæði afla togskipa“ eru vandlega og ítarlega yfirfarnar og ræddar við menn sem hafa mikla þekkingu á þessum málum. Það er ekki rétt að samstaða hafi verið um allar tillögurnar. Um mikilvægustu tillöguna e. t. v. eða hina róttækustu var ekki samstaða, fyrstu tillöguna. Á bls. 2 segir: „Meiri hluti nefndarmanna er þeirrar skoðunar“ o. s. frv. Og þar segir einnig: „Nefndarmenn gera sér grein fyrir því að erfitt er að setja ákveðnar reglur um togtíma og sérstaklega að hafa eftirlit með því að eftir þeim sé farið.“

Staðreyndin er sú að við nána og ítarlega athugun með þeim mönnum sem gerst þekkja framkvæmd á hinum ýmsu reglugerðum, sem gilda fyrir Framleiðslueftirlit ríkisins, varð niðurstaðan sú að nauðsynlegt væri að taka reglugerðirnar allar til meðferðar og endurskoða þær í heild sinni. Það væru miklu fleiri atriði en þau sem hér er bent á sem þyrfti að breyta. Að því starfa nú hinir færustu menn í nefnd undir forsæti Sigurðar Haraldssonar, skólastjóra Fiskvinnsluskólans, og ég er sannfærður um að þeir gera þetta af mikilli þekkingu og samviskusemi.

Það var einnig niðurstaða fiskmatsráðs, sem fékk þessa skýrslu strax til meðferðar, að þótt margt væri í henni mjög athyglisvert þá væri eðlilegt og æskilegt að skýrslan fengi meðferð með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til og þetta yrði tekið fyrir í heilu lagi en ekki smám saman og í kubbum, eins og hv. þm. orðaði það hér áðan.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þessi mál. Ég held að hv. þm. hafi nú nánast talað sig dauðan hér áðan. Óþarfi er að fara um það mörgum orðum. En ég bið menn að hugleiða það: Hvers vegna heldur hv. þm. af slíku ofstæki verndarhendi yfir núverandi Framleiðslueftirliti ríkisins?

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls, sérstaklega, í þessu efni, en ég sé mig tilneyddan til að gera hér nokkrar aths. Ég lofa því þó að vera ekki neitt nálægt því eins langorður

og hv. 7. þm. Reykv.

Það er rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði að þetta frv. hefur átt sér langan aðdraganda. Ráðh. gat um nefndina sem skipuð var árið 1979, skilaði af sér 1980 og var leyst frá störfum. Hún samdi ekki þetta frv. og hún á ekki annan þátt í því en getið er í grg. sem ráðh. gat réttilega um. Nefndin var skipuð af þáv. sjútvrh., hv. 3. þm. Reykn., vegna harðrar gagnrýni, m. a. frá fjvn. Alþingis undir forsæti 4. þm. Reykn., Geirs Gunnarssonar, vegna fjármála stofnunarinnar og auk þess gagnrýni, endurtekinnar gagnrýni, frá öllum hagsmunaaðilum, frá starfsmönnum, frá mönnum sem gerst þekktu og vísuðu til og skrifuðu bréf í rn. næstum daglega út af stjórn þessarar stofnunar.

Stofnun eins og Framleiðslueftirlit sjávarafurða, Ríkismat eða Fiskmat, eða hvað það á að kallast, þarf að vera í tíðri endurskoðun og taka breytingum. Reglur og aðhaldsaðgerðir verða máttlausar og þær mega ekki dofna svo að þær virki svæfandi á þá menn sem þær eiga að veita aðhald. Það þarf að hræra ærlega upp í þessum málum annað slagið og það hefur verið gert á 6—7 ára fresti allt frá stríðslokum að lögum um fiskmat og eftirlit með fiski hefur verið breytt. Það voru nú 9 ár síðan þetta var gert síðast og var sannarlega tími til kominn.

Ég þarf ekki að minna hv. þm. á það að þessi mál hafa verið mjög í fjölmiðlum undanfarið — og ekki að ástæðulausu því miður — vegna eftirlitsleysis með gæðum fiskafurða.

Ég vík þá að nokkrum atriðum í frv. en ég vil þó fyrst undirstrika það, að í heild er frv. að mínu mati mjög til bóta og fyllilega tímabært. Flest af því er að mínu mati mjög til bóta. Að sjálfsögðu taka svona stór frv. breytingum í meðferð þings og nefnda og svo verður eflaust í þessu tilfelli. Það vantar mikið kjöt á þessi bein sem hér eru, þar sem eru reglugerðir og önnur ákvæði sem ráðh. setur samkv. þessum lögum. Mér er kunnugt um, eins og hæstv. forsrh. vék að hér áðan, að reglugerðinni um ferskfiskmat er verið að breyta. Og mér er kunnugt um að þar er mikið starf þegar unnið og á eftir að verða meira. Ég játa það hins vegar, og þykir það þó fremur leitt eftir allt sem á undan er gengið hér, að ég hef vissar efasemdir um 17. gr. frv. Og hún var ekki í okkar tillögum. En það hvarflaði þó ekki að mér að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna ætti þvílíkan bakhjarl hér á Alþingi sem hv. 7. þm. Reykv. er. Þeim veitir víst ekki af þessum samfrosnu að eiga góða talsmenn nú á dögum.

Hinu verða menn svo að gera sér grein fyrir, að 17. gr. er hugsuð sem eftirlit, sem aðhald, sem refsivöndur fyrir þá framleiðendur sem ekki standa í stykkinu. Og þeir hinir sömu sem vilja fella hana út verða að hugsa sér hvað eigi að taka við í stað þessa ákvæðis, að svipta megi menn framleiðsluleyfi. Orðalagið eins og það er er mér ekki að skapi og þyrfti að taka breytingum. En ég vildi þó að hægt væri að stöðva útflutningsframleiðslu sumra aðila sem þá atvinnu stunda í dag. Ég tel að það séu alls ekki allir, hvorki andlega né veraldlega, færir um að stunda útflutningsframleiðslu sem þeir þó gera í dag.

Annað atriði, sem e. t. v. þarf að lagfæra í frv., eru menntunarkröfur til starfsmanna. Þetta er smávægilegt atriði en ég hefði getað svarið fyrir það að háskólamenn ættu þvílíkan talsmann eins og 4. þm. Suðurl. Garðar Sigurðsson er. Það getur vel verið að það sé fleira sem þarf að athuga, ýmis minni háttar atriði sem ég hefði kosið að sjá breytt eða sjá ekki eða ég sakna. En ég sakna þess þó töluvert mikið að sjá ekki lagðar til þær höfuðbreytingar sem við í fyrri nefndinni vildum gera, þ. e. að láta ferskfiskmatið vera að mestu á ábyrgð sjómanna og fiskkaupenda, láta þá aðila sem sitja í verðlagsráði ljúka verðlagningunni með því að verðleggja fiskinn eftir gæðum. Ríkismatið ætti ekki að þurfa að vera nema eins konar áfrýjunardómstóll í deilumálum um gæði landaðs afla. Þeir hv. þm. sem einungis lesa Þjóðviljann sér til trausts og halds í þessum efnum ættu að taka eftir því að þessu er einmitt þannig farið í Noregi. Þar er allur fiskur fyrsta flokks þegar hann kemur upp úr sjónum, eins og reyndar hér víðast hvar. Allur fiskur er fyrsta flokks þar til kaupandinn hefur fundið að honum. Þá er hann dæmdur niður. Kaupendur meta fiskinn þegar þeir kaupa hann — áður en þeir kaupa hann. Mat á ferskum fiski er eingöngu á ábyrgð kaupenda og seljenda með áfrýjunarrétti til ríkismats ef þarf. En það kostar peninga og það er ekkert mjög mikið um það. Og einmitt sama ferskfiskmatskerfi eru Kanadamenn að taka upp. Þeir láta kaupendur og seljendur um það að meta fiskinn. Þeir geta svo áfrýjað ef þeir vilja. En ég veit og viðurkenni það, að í atvinnugreininni hér eru ekki slíkar forsendur, menn eru ekki tilbúnir til að taka upp þessa starfshætti nú. Það bíður síns tíma og ég er sannfærður um að það verður endurskoðað síðar.

Ég verð að víkja nokkrum orðum að gagnrýni þeirra Alþb.-manna, sem einhverra hluta vegna, eins og hér var vikið að áður, virðast mjög verja óbreytt ástand á framleiðslueftirliti sjávarafurða. Ýmislegt af þeirra málflutningi hefur verið að mínu viti eingöngu til þess að tefja tímann, drepa málinu á dreif. Sumt af því hefur hins vegar verið með þeim hætti að það er ekki hægt að komast hjá því að gera við það nokkrar athugasemdir.

Fiskmatsráð var þeim þyrnir í augum. Hvers vegna? spyr ég. Er ekki sjálfsagt að þessi ríkisstofnun, eins og reyndar flestar eða allar aðrar, hafi stjórn til ráðuneytis framkvæmdastjóra? Ég get getið þess að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem fer með þó nokkuð af eftirlitskerfi sjávarafurða, t. d. eftirlit með útfluttu fiskmjöli, eftirlit með meðalalýsi, eftirlit með niðursoðnum og niðurlögðum fiskafurðum, hefur sína stjórn og enginn finnur neitt athugavert við það. Sú stjórn er líka skipuð hagsmunaaðilum. Hvers vegna ekki að láta hagsmunaaðila tengjast þessum stofnunum? Ég sé ekkert athugavert við þetta atriði. Ég held þvert á móti að það verði til góðs og skapi vissa ábyrgð hjá einmitt þessum sömu hagsmunaaðilum að hafa þarna tögl og hagldir í stjórn þessarar stofnunar og bera á henni vissa ábyrgð.

Hv. 3. þm. Vestf. talaði um þá hættu, að eftirlit sölusamtaka frystiiðnaðarins veiktist ef ekki væri sterkt óháð ríkismat, eins og hann kallaði það. Hvers konar virðingu heldur hann að útlendir kaupendur beri fyrir ríkismati eða ríkisstofnun, framleiðslueftirliti sem aldrei hefur í sögunni viðurkennt mistök af sinni hálfu og aldrei borið neina ábyrgð á þeim mistökum sem sannanlega hafa þó verið til og valdið tjóni? Þau hafa valdið tjóni útflutningsaðilunum sem borið hafa skaðann. Það þarf meira en litla blindu til þess að halda að útlendir kaupendur hafi einhverja tiltrú á þess háttar stofnun. Það er einmitt lykilatriði í þessu frv. að framleiðendur

og samtök þeirra eigi að bera meiri ábyrgð á gæðum. Þeir borga brúsann hvort sem er og þeim ber að standa að gæðaeftirliti og þeir eiga framvegis ekki að geta skotið sér á bak við eitthvert ríkistryggt gæðamat, afurðamat, sem hefur oft og tíðum verið platað, viljandi eða óviljandi. Ég bið hv. þm. að hugsa um það, sérstaklega þá sem hafa lýst ótta sínum við það að hagsmunaaðilar muni ekki valda þessu hlutverki, að okkar langþýðingarmesti útflutningur, frysti fiskurinn, er einmitt háður þessu eftirliti, nákvæmlega þessu eftirliti. Þetta eftirlit með hraðfrystum fiski, það er það sem hefur aflað okkar fiski viðurkenningar um allan heim.

Árið 1980 hafði Framleiðslueftirlit sjávarafurða fjóra og hálfan mann til að líta eftir útflutningi með frystum fiski. Sölusamtökin höfðu 30—40 manns við sömu störf. Framleiðslueftirlitið hafði þá samtals um 100 starfsmenn á sínum snærum, en í þessum langþýðingarmesta lið var eftirlitið fjórir og hálfur maður. Og samt hafa skaðar og tjón af völdum útflutnings á frystum fiski verið sáralitlir og vart teljandi — þeir hafa verið svo litlir að bankastjóri Landsbankans, Jónas Haralz, fann einu sinni ástæðu til þess að geta sérstaklega um það í ræðustóli hvað við hefðum sloppið vel við áföll af tjóni á útflutningi á frystum fiski. (**Gripið fram í:** Hefur það allt komið hingað heim?) Það má benda þessum hv. þm. á það að þegar keppinautar okkar eru að dást að eftirliti okkar Íslendinga eru þeir að hugsa um þetta eftirlit með freðfiski. Það er einmitt freðfiskmatið sem hefur viðgengist svona lengi óbreytt og það er svo þegar Kanadamenn eru nú að auglýsa gæði á kanadískum fiski, þá draga þeir Ísland vestur yfir Atlantshafið til að sýna að Nýfundnaland og vatnið þar sé í nágrenni við Ísland þaðan sem góði fiskurinn kemur. Þegar þessir Kanadamenn og reyndar Bandaríkjamenn eru að líta hingað í von um að finna fyrirmynd að góðu fiskeftirliti, þá eru þeir að horfa á eftirlit með freðfiski, ekki annað fiskmat.

Þá kem ég að þeirri staðlausu, hættulegu staðhæfingu, sem hér hefur komið fram hvað eftir annað í kvöld og dag, að Kanadamenn og Norðmenn, okkar helstu keppinautar, eins og orðað var, séu að breyta sínu eftirliti í átt að meira ríkismati. Þetta er rangt, þetta er bókstaflega rangt, staðlausir stafir og hættulegir og það er hreint furðulegt að menn skuli leyfa sér að lesa þetta hér upp úr Þjóðviljanum. Ég hef hér skýrslu frá ríkisstjórninni í Kanada, sjávarútvegsráðuneytinu, sem hefur verið kölluð Kirby Report eftir höfundinum og fjallar um nýskipan sjávarútvegsmála þar í landi. Þar á bls. 99 og 100 stendur í lauslegri þýðingu, með leyfi forseta:

„Til að framkvæma afurðamat er lagt til að útflytjendur fái útflutningsleyfi, ef þeir geta sýnt fram á möguleika á að sjá um afurðamatið“, og það er lagt til að það leyfi verði tekið af þeim ef þeir geti ekki sýnt fram á að þetta eftirlit sé í lagi.

I norsku lögunum segir í paragraffi 2 á þá leið að starfsmenn framleiðenda fari með sjálft matið, en eingöngu yfirmat sé á vegum ríkisins alveg eins og hér er lagt til.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka það, að það er ábyrgðarhluti að fara með svona staðlausa stafi hér í þessum ræðustóli. Mér finnst það sem nýkomnum þm. ábyrgðarhluti.

Ég hef lokið máli mínu.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Í mínum huga er það frv. sem hér er til umr. eitt veigamesta og þýðingarmesta mál sem þetta þing hefur fjallað um til þessa í frv.-formi. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að ræða við 1. umr. um málið jafnmálefnalega eins og gert hefur verið af sumum hv. þm. — og þá í nokkrum tilfellum farið alllangt út yfir það sem hér er til umr., heldur að benda á vissa vankanta eða taka undir ákveðin atriði í viðkomandi frv., ef mönnum sýnist svo, og að koma ábendingum til þeirrar hv. nefndar sem fær málið til meðferðar og leitast við að ná fram breytingum, ef breytinga er óskað.

Vegna spurningar, sem kom hér fram fyrr í dag frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, þá get ég upplýst hann þegar um það að margir okkar þm. Sjálfstfl. eru ekki bundnir þessu frv. óbreyttu. Við höfum áskilið okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma við frv. Og að sjálfsögðu hlýtur það að vera bæði honum og öðrum þm. ljóst, að eins og frv. kemur fram og er hér til 1. umr. málsins getur a. m. k. Pétur Sigurðsson ekki fylgt því óbreyttu. Ég vil aðeins benda hér á tvö atriði sem ég tel valda því m. a.

Annað þessara atriða hefur verið hér til ítarlegrar umr., þ. e. 17. gr., sem ég tel að þurfi að taka breytingum. Satt að segja fæ ég ekki séð að 1. mgr. þeirrar greinar eigi heima í frv. og ég hef ekki trú á því, þegar hæstv. sjútvrh. fer að skoða málið nánar, að hann kæri sig sjálfur um að hafa þetta gífurlega vald á sinni hendi. Ég tel að hitt eigi að vera nóg, sem kemur fram í 2. mgr. og reyndar 3. líka, að rn. og ráðh. hafi heimild til að svipta framleiðanda framleiðsluleyfi, sýni hann vítaverða meðferð hráefnis o. s. frv. eins og þar segir.

Hitt atriðið er að sjálfsögðu, hafandi það í huga sem kannske var meginástæða þess að þetta mál er hér komið fram eða a. m. k. í mínum huga, sú mikla gagnrýni sem hefur komið fram á liðnum árum bæði frá sjómönnum og útgerðarmönnum í sambandi við niðurstöður matsins víðs vegar um land. Við skulum ekki gleyma því að fyrir þessa aðila hefur niðurstaða úr mati hráefnisins úr skipi úrslitaþýðingu fyrir afkomu þeirra. Það er verið að fjalla t. d. um laun sjómannanna fyrir gífurlega mikið erfiði og áhættu í starfi áður en þeir koma með afla sinn að landi til mats og sölu. Hér er verið að fjalla um tekjur og afkomu þessara manna. Það er því algerlega út í hött að ætla fiskmatsráði að fjalla um slík atriði og hafa úrslitaáhrif á gang slíkra mála, án þess að það sé skýrt tekið fram í þessari grein að ákveðnir aðilar þar eigi skilyrðislausa fulltrúa í fiskmatsráði. Ég tel að hv. sjútvn. megi ekki láta þetta mál fara frá sér án þess að fundin sé lausn á þessu atriði og það komi fram í tillögum nefndarinnar, vonandi samhljóða, að fengnum umsögnum og ábendingum frá aðilum sem málið varðar.

Í 1. gr. frv. er getið um hvað mikið vald er fært undir ríkismat sjávarafurða. Það er eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu. Það er eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum o. s. frv., o. s. frv. Þetta þýðir m. a. ákvæði um gífurlega aukna vinnu mögulega, sem ég er ekkert að draga úr að eigi að hvetja menn og skylda þá til þess að framkvæma. En það getur bara þýtt, þegar nýir herrar og nýir sópar koma, að það verði stóraukið álag þeirra

manna sem við þetta vinna. Og að sjálfsögðu verða þeir að hafa einhverja vörn uppi einhvers staðar í málsmeðferðinni til þess að koma að sínum sjónarmiðum áður en þessi hæstiréttur sjútvrh. kveður upp sinn dóm.

Ég vildi sérstaklega nú við þessa umr. láta þetta koma fram. Ég vil líka undirstrika það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Birni Dagbjartssyni, að í raun er með þessu frv. verið að leggja til að öll okkar útflutningsframleiðsla sjávarafurða falli undir það sem nú er við lýði í ferskfiskútflutningnum og hefur gefið jafngóða raun og raun ber vitni um. Við megum gera ráð fyrir því að að meðaltali séu um 50% af okkar útflutningsafurðum freðfiskur, frosin vara. Og eins og hér kom fram áðan höfum við ekki orðið fyrir stóráföllum vegna þess að sú vara hafi ekki alltaf þótt fyrsta flokks. Við viljum bara fá hinar afurðirnar undir þetta kerfi líka til þess að við náum fram sömu gæðum þar.

Það hafa verið látin falla hér orð um þá sem að þessu hafa starfað sem ég ætla ekki að blanda mér í. Ég tók það fram í upphafi míns máls að það var mikil gagnrýni á niðurstöður mats frá stað til staðar og reyndar mátti þekkja þar handbrögð á, sem voru eðlilega gagnrýnd. En mér finnst samt sem áður að það megi láta liggja milli hluta og sé óþarft að vera með aðfinnslur við einstaka menn sem að þessu hafa unnið áður. Það megi liggja milli hluta. Við eigum að sjálfsögðu að leitast við að finna bestu leið í þessum málum.

En það er eftirtektarvert í sambandi við ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að það hefur komið hér fram að þetta frv. er að meginefni til samið af þeirri vinnunefnd sem fyrrv. ríkisstj., sem hann studdi manna best og drengilegast, kom á laggirnar. Enn eftirtektarverðara finnst mér, eins og hér var bent á að hafa í huga okkar og geyma í minningu þennan dag, þegar einkaframtakinu og frjálshyggjunni hefur bæst þessi góði liðsmaður, sem er hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Hann hefur lýst hér yfir margoft og margítrekað í sinni löngu og ítarlegu ræðu, að hann segi stríð á hendur öllu miðstýringar- og ráðherravaldi. Mér sýnist á öllu að það sem hv. þm. hefur ekki þorað að láta koma fram á landsfundi Alþb. fyrir nokkrum dögum þori hann þó að láta koma fram nú. Ég fæ ekki séð eða skilið annað af orðum hans en að hann sé svona að byggja sér nýjan veg, flóttamannaveg úr fyrri herbúðum kannske til nýrra. Ég get vel skilið það þegar ég heyri þetta ítrekaða hrós hv. þm. um viðurkennda sjálfstæðismenn eins og forstjóra Olíuverslunar Íslands og einn forstjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fleiri og fleiri sjálfstæðismenn, sem hv. þm margítrekað lýsir yfir að séu valinkunnir sæmdarmenn. (**ÓRG:** Að þm. sjálfum ógleymdum.) Að þm. sjálfum, 12. þm. Reykv., ógleymdum, sem ég þakka kærlega fyrir. Ég veit m. a. þess vegna að maðurinn er að mæla þetta af hjartans einlægni og þekkir vel til manna og málefna á mínum bæ. Veri hann velkominn ef hann breytir nokkuð um skoðanir, annars er best að hann verði þar sem hann er. (Gripið fram í.) Nei, hv. þm. heyrir það strax.

Ég skal nú ekki, hæstv. forseti, hafa þessi orð miklu fleiri. Ég taldi rétt strax við 1. umr. þessa máls að láta þessar skoðanir mínar koma hér fram. Og reyndar má ég segja það að ég er ekki einn um þær skoðanir í mínum flokki. En það er ekki þar með sagt að við séum ekki sammála því að þessi leið sé farin að meginefni til sem frv. leggur til. En eins og með önnur stór og veigamikil mál, þá verða þau að fá nákvæma og ítarlega skoðun í nefnd og ég treysti núv. hæstv. sjútvn. þessarar deildar til að gera það.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að gera eina aths. við þetta frv., sem ég er annars hlynnt en áskil mér þó allan rétt til að gera við það aths. ef mér svo sýnist seinna. En það er eitt atriði sem ég vil benda á.

Ef hér er um að ræða, sem ég geri ráð fyrir, frv. til einhverrar framtíðar, rammalöggjöf um bætt eftirlit með sjávarafurðum, þá held ég að vanti hugsanlega í það aðeins meiri breidd þar sem frv. virðist gera eingöngu ráð fyrir að um matvæli sé að ræða.

Ég vil leyfa mér að benda hv. deild á að á 104. löggjafarþingi var flutt till. til þál. um innlendan lífefnaiðnað — till. sem hlaut samþykki hér á hv. Alþingi. Mér er ekki kunnugt hvað um frekari framkvæmd hennar hefur orðið og vildi leyfa mér að spyrja um það. Flm. till. voru hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, Stefán Guðmundsson, Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Þórarinn Sigurjónsson og Alexander Stefánsson. Hún var samþykkt svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði.

Í því sambandi beiti ríkisstj. sér fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Með markvissri rannsóknaáætlun verði leitað svara við því, hvaða lyf, lyfjahráefni, hormóna og lífhvata geti verið hagkvæmt að vinna úr innyflum fiska, hvala og sláturdýra, sem til falla hérlendis.

2. Framleiðsla þeirra lyfja, lyfjahráefna, hormóna og lífhvata, sem rannsóknir sýna að hagkvæm sé, verði hafin jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir."

Ég vænti þess að hið háa Alþingi hafi meint eitthvað með því að samþykkja slíka þáltill. og vildi því í fyrsta lagi spyrja hæstv. sjútvrh. hvort eitthvað hafi verið gert til að kanna hvort slíkur iðnaður gæti hugsanlega verið hagkvæmur. Sé hinu háa Alþingi alvara með að leita einhverra slíkra leiða til nýtingar sjávarafla — og raunar gerir till. ráð fyrir vinnslu úr innyflum annarra dýra — þá held ég að þyrfti að opna þeim einhverja leið í þessu frv. til þess að ekki þurfi að koma til lagabreyting að stuttum tíma liðnum, og þessi rammalöggjöf geti rúmað aðra framleiðslu úr sjávardýrum en matvælaframleiðslu.

Ég vildi leyfa mér að koma þessari aths. á framfæri. Ég tel mig ekki hafa miklu við að bæta það sem gáfuðustu menn hafa sagt hér í dag, en taldi rétt að benda á þetta.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Það er liðið nokkuð langt á kvöld og menn farnir að þreytast, enda er hér um mjög stórt mál að ræða. Ég tek undir það og ég skal gjarnan viðurkenna það að eftir að ég hafði lesið allar þær skýrslur og öll þau gögn sem liggja fyrir um þessi mál þá varð ég á margan hátt býsna undrandi á því hve víða voru andstæð sjónarmið og hve hér væri í reynd um flókin mál að etja.

Það er alveg rétt að hér er ekki tekið á öllum gæðamálum sjávarútvegs. Menn mega ekki líta svo á að þetta frv. fjalli í einu og öllu um gæðamál í sjávarútvegi. Þar er svo margt annað sem kemur til. Hér er ekki fjallað um veiðar. Um það gilda allt önnur lög o. s. frv.

Ég vil nú taka fram strax í upphafi að ég tel af og frá að það þurfi að vera eitthvert pólitískt ósamkomulag um þetta mál. Þetta mál er að sjálfsögðu ekki hugsað þannig, eins og mátti heyra á hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að hér sé verið að sækjast eftir einhverjum sérstökum völdum. Ég vil gjarnan að það komi alveg skýrt fram. Ég taldi hins vegar heppilegt að þetta frv. væri flutt á þann hátt sem það kom frá viðkomandi nefnd. Af minni hálfu er það alveg sjálfsagt að taka frv. til einhverrar endurskoðunar í nefnd ef menn telja það betri leiðir til þess að ná bættum árangri.

T. d. að því er varðar 17. gr. um að öll vinnsla skuli háð leyfum rn. Ég tek alveg undir það að ýmsir gallar eru við slíka leið. Ég spurði einnig hvort það væri nauðsynlegt að fara slíka leið. En þá er því svarað til að það sé nauðsynlegt að hafa eftirlit með aðilum, að það sé hægt að svipta þá leyfi ef þeir fari ekki eftir settum lögum og settum reglum. Og það er í sjálfu sér alveg það sama með allar aðrar reglur.

Hér var mikið talað um togtíma og útivistartíma. Að sjálfsögðu skiptir það verulega máli hversu togtími er langur og hversu útivistartími er langur. En það er ekki nóg að hafa reglur um það. Það verður að vera heimilt að svipta menn veiðileyfum ef menn brjóta þessar reglur og togveiðar eru ekki bundnar veiðileyfum í dag. En allir sem ég hef talað við vilja gjarnan binda þessar veiðar leyfum og allir sem hafa hvað gleggst yfirlit í sjávarútvegi vilja setja sem mest vald varðandi stjórn veiðanna í hendur sjútvrn. Það eru einnig mjög margir gallar við það. Það setur mjög mikinn þrýsting á viðkomandi rn. og þar verður að sjálfsögðu að koma sér upp ákveðnum reglum til að starfa eftir því að hér er ekki hægt að stjórna af einhverju handahófi. Og ég held í reynd að enginn ráðh. eða rn. vilji liggja undir slíkum þrýstingi. En hitt er svo annað mál að það verður að taka á þessum málum, það verður að stjórna veiðunum þannig að þær nýtist sem best landinu og það verður að stjórna vinnslunni og hafa eftirlit með henni þannig að það séu sköpuð sem mest verðmæti. En hér hefur engum dottið í hug að verið væri að setja upp eitthvert vald til handa ráðh. til þess að svipta menn vinnsluleyfum eftir því, — að mér skildist á hv. þm., hvort menn væru í þessum samtökum eða öðrum. Ég verð nú að segja að ég er mjög undrandi á því að þm. skuli detta slíkt í hug. En það er athugasemdalaust af minni hálfu að þessi ákvæði verði tekin til endurskoðunar vegna þess að ég viðurkenni að það eru ákveðnir gallar þessu samfara. En hins vegar hafa menn e. t. v. ekki sömu möguleika á að ná árangri ef þessi atriði eru felld niður.

Hér hefur einnig verið allmikið fjallað um 3. gr., um hvernig fiskmatsráð skuli skipað. Og um það má vissulega deila eins og allt annað. Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Varðandi val manna í fiskmatsráð er æskilegt að ráðh. hafi svigrúm til að velja samstæðan hóp sem getur starfað saman að fagmálum. Ekki er talið ráðlegt að binda í lögum nöfn þeirra samtaka í sjávarútvegi sem tilnefna skulu fulltrúa í fiskmatsráð."

Ég vil nú upplýsa hv. þm. um það að ég hef skipað tvo menn í Fiskmatsráð sem starfar nú vegna þess að tveir af þeim mönnum sem þar voru áður komu til starfa við Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Í fiskmatsráði var enginn maður úr sjútvrn. og enginn maður frá útvegsmönnum. Í stað þessara manna var skipaður einn maður úr rn. því ég taldi eðlilegt að þaðan væri einn maður í ráðinu. Og í öðru lagi bað ég um ábendingu frá LÍÚ um mann í fiskmatsráð og hann var skipaður í það samkv. ábendingu þeirra. (**Gripið fram í:** Hverjir eru í ráðinu?) Í fiskmatsráði? Ég veit ekki hvort nauðsynlegt er að upplýsa það hér, en ég vona þó að ég muni það nokkurn veginn. Það er einn aðili sem er starfsmaður Sjómannasambands Íslands, það er einn aðili sem er starfandi innan samtaka LÍÚ, það er einn aðili sem er starfandi innan samtaka frystihúsasambandsins, það er einn aðili sem er starfandi innan frystihúsa Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og það er einn aðili úr rn. Og með fiskmatsráði starfa tveir forstjórar Framleiðslueftirlits sjávarafurða. En þetta er nú hægt að upplýsa í n. en þess hefur verið gætt að í fiskmatsráði starfi aðilar frá sjómönnum, frá útgerð og frá vinnslu. (**Gripið fram í:** Enginn frá SÍF?) Það er enginn af aðilum sem starfar hjá SÍF í dag, en áður var í fiskmatsráði einn af forstjórum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, Einar Jóhannsson, sem áður var starfsmaður hjá SÍF. En ég tel nú ekki rétt að gera þennan fund hér að svona hálfgerðum nefndarfundi því að margt af því sem hér hefur komið fram á nú betur heima í vinnu í n. og sjálfsagt að taka öll þessi atriði til athugunar þar.

Ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að æskilegt sé að tilgreina nákvæmlega hvað aðilar þarna skuli vera þá kemur það að sjálfsögðu vel til greina. En e. t. v. væri betra að taka það skýrt fram að hér skyldu vera menn frá samtökum sjómanna, útgerðar og vinnslu. Að mínu mati ætti það að vera fullnægjandi því að það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að það séu aðilar frá öllum þessum hagsmunahópum. Og þegar talað er um það hér að með þessu muni hagsmunaaðilarnir öðlast meirihluta og algjöra stjórnun á þessari stofnun þá er það að sjálfsögðu alrangt því að hagsmunir þessara aðila eru oft mismunandi. Hér eru mismunandi sjónarmið en aðalatriðið er að virkja reynslu þessara aðila og þekkingu, bæði að því er varðar veiðar, útgerð og markaði. Og ég er mjög undrandi á því að menn skuli hafa á móti því hér í d. að leiða aðila til samstarfs í sjávarútvegi. Það má segja að allt það starf sem hefur verið unnið á undanförnum árum og nú í dag miðar einmitt að því að reyna að leiða sem flesta til samstarfs. Hér hefur verið minnst á þá vinnu að reglugerðum, breytingar á reglugerðum sem nú eiga sér stað, en þar er starfandi ellefu manna hópur sérfræðinga úr sjávarútveginum. Það er engin leið að vinna þessi mál án þess að laða alla aðila til samstarfs. Það tekur að vísu lengri tíma, það er rétt, en það er eina vænlega leiðin til árangurs.

Það hefur verið talið að þetta frv. sé mjög mikilvægt til að varða þá leið að bættri starfsemi í þessu sambandi. Ég tel að það sé rétt. Og ég tel að það sé mikill ábyrgðarhluti að standa í vegi fyrir að frv. sem þetta geti orðið að lögum vegna þess að ég er sannfærður um að það muni verða mikilvægt í framtíðarstarfi.

Ég vil taka það fram hér að eftirlit Sölusamtakanna er mjög mikilvægt. Það eru nákvæmlega 34 menn sem starfa við eftirlitsstörf við frystan fisk á vegum SH og SÍS, menn sem ekkert gera annað en að sinna eftirliti með frystum fiski. Þetta eru aðilar sem eru í mjög nánu sambandi við aðila á markaðnum og þeirra störf eru mjög mikilvæg. Hjá Framleiðslueftirlitinu starfa alls 35 yfirfiskmatsmenn og deildarstjórar í öllum greinum og

gefur það nokkra vísbendingu í þessu sambandi. Einnig hefur Samband ísl. fiskframleiðenda ráðið allmarga eftirlitsmenn til starfa hjá samtökunum og ætlar sér að auka þessa starfsemi og sama er að segja um skreiðarframleiðendur. En áfram er hið opinbera mat, þ. e. yfirmat, og það er alls ekki hugmyndin að leggja það niður. Það er ekkert annað en útúrsnúningur þegar hér er verið að halda fram að slíkt sé ætlunin.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða hér um einstök atriði sem hafa komið fram. Að vísu vil ég taka undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni vegna þess að hann kom hér að því, að það er að sjálfsögðu mikilvægt að liggi fyrir mat Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um þetta frv. Ég man það nú ekki nákvæmlega, en komið er eitthvað á annan mánuð síðan ég ritaði Fjárlaga- og hagsýslustofnun bréf og bað um úttekt á þessu máli, bæði á þessu frv. og öðru frv. er ég flutti í Ed. Sú úttekt er komin á hinu frv., mér hefur ekki borist enn þá úttekt á þessu. Því hefur verið haldið fram af aðilum sem best þekkja til að þetta frv. leiði til sparnaðar fyrir hið opinbera og ég hef staðið í þeirri trú. Ég vænti þess að úttekt Fjárlaga- og hagsýslustofnunar leiði í ljós að svo sé. Og að sjálfsögðu þarf sú greinargerð að berast hið fyrsta til n. Ég er því mjög sammála og ég get fullvissað hv. þm. um að mín skoðun hefur ekki breyst í þeim efnum, að nauðsynlegt er að þetta sé gert varðandi öll frv. En því miður sáum við þetta nánast aldrei hjá ráðh. í fyrrv. ríkisstj. Og nú eru því miður að koma fram upplýsingar, sérstaklega frá ráðh. Alþb., um kostnað vegna frumvarpa sem við í reynd gerðum okkur enga grein fyrir. Og ég ætla ekki að fara að nefna það allt hér, en það er að sjálfsögðu alvarlegt mál að þessu ákvæði laga skyldi ekki hafa verið fylgt. Ég mun eftir því sem ég get reyna að stuðla að því að slíkt sé gert því ég er sammála því að það er nauðsynlegt og er í reynd miður að það skuli ekki hafa legið fyrir nú þegar mælt er fyrir frv. En ég vænti þess að hv. þm. geti verið mér sammála um að það muni nú e. t. v. vera í lagi ef það liggur fyrir þegar n. tekur til starfa.

Varðandi fsp. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur finnst mér sjálfsagt að taka það til athugunar sem hún nefndi hér. Ég hygg þó að þessi mál heyri mun fremur undir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eins og hér kom fram áður, þ. e. eftirlit með ýmsum atriðum heyrir undir þá stofnun og er e. t. v. fremur nauðsynlegt að athuga þau mál sem hún nefndi sem eru mikilvæg í því sambandi, en sjálfsagt er að taka það til athugunar í n.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að ég hafi svarað nokkrum þeim atriðum er hér hafa komið fram. Ég ætla mér ekki — eins og ég tók fram áður — að fara að ræða gæðamálin almennt í sjávarútveginum. Það er allt of yfirgripsmikið til að hægt sé að gera það nú. Ég hef reynt að halda mig við efni þessa frv. þó að full ástæða sé til að ræða önnur atriði, en ég vonast eftir að sem best samstarf geti orðið meðal þm. varðandi afgreiðslu á þessu máli því að það er af og frá að hér eigi að vera um mál að ræða sem eigi að þurfa að vera ágreiningsmál milli pólitískra flokka í landinu. Það ætti að vera ónauðsynlegt og ætti því að geta orðið um það full samstaða hér á Alþingi.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það er varla ástæða til að orðlengja þetta frekar, en skaðar kannske ekki að segja um þetta örfá orð. Ég vil leyfa mér að taka undir það sem einn hv. þm. lagði áherslu á núna fyrir stuttu að mjög nauðsynlegt væri að hefja framleiðslu á hollum hormónalyfjum til handa þeim sem á þeim þurfa að halda, og á það ekki síst við mig sjálfan sem er nú kominn á mjög háan aldur eins og kunnugt er.

Þetta er auðvitað ekkert gamanmál. hv. þm. var að hyggja að lífefnaiðnaði og úrvinnslu úr fiskafurðum til þeirra hluta. Það er mjög merkilegt mál flutt um þetta hér á síðasta þingi og full ástæða til að vekja athygli á því og leggja áherslu á það, þó ég hafi nú hafið mína ræðu í dálítið gamansömum tón sem ekki hefur farið vel í alla.

Ég er eins og fyrri daginn alltaf dálítið veikur fyrir því sem hæstv. sjútvrh. núv. segir og er það dálítið öðruvísi en var á síðasta kjörtímabili, því að hæstv. ráðh. talar skynsamlega og skynsamlegar en við erum vanir í þessum efnum. Og ég tek undir það að við þurfum að eiga gott samstarf í þessu máli eins og öllum öðrum sem skipta þjóðina svo miklu máli. Ég legg áherslu á að við þurfum að vinna faglega að þessum hlutum eins og öllum öðrum varðandi þann atvinnuveg sem stendur undir öllum þjóðarbúskap Íslendinga.

Ég spurði fyrr í umr. um það hver þau hagsmunasamtök væru sem ættu að eiga hlut að fiskmatsráði. Nú hefur hæstv. ráðh. upplýst hvernig það er skipað nú. Það er einn maður frá rn. og einn frá Sjómannasambandi, annar frá LÍÚ, einn frá Sambandinu og annar frá SH og tveir frá þessu apparati sem hæstv. ráðh. hefur full tök á að ráða. Og það þýðir ef maður leggur saman að af þessum sjö getur ráðh. Framsfl. ráðið fjórum. Og ég segi þetta ekki vegna þess að ég sé að dylgja um að hæstv. ráðh. sé að sækjast eftir völdum, en greinilegt er að hæstv. ráðh. vill nú hafa sæmileg tök í þessu efni.

Hitt er annað mál að það er rétt sem hæstv. ráðh. sagði að hér er ekki um öll gæðamálin að ræða að þessu sinni. Það er auðvitað mjög margt sem ekki hefur verið á tekið og ég hef lagt á það áherslu að um það verði bætt sem allra fyrst. Og í þeim efnum er um marga málaflokka að ræða í raun og veru og satt að segja mjög erfitt að eiga við þá marga hverja vegna þess að ekki duga einfaldar reglugerðarsetningar í þessum efnum eins og reynslan sýnir.

Ég var nú eiginlega dálítið undrandi á að hæstv. ráðh. kaus að flytja þetta mál eins og það kom fyrir frá síðustu ríkisstj., eins og það var undirbúið þaðan. En ég hefði í hans sporum lagt í það ofurlítið meiri vinnu til að komast hjá þeim ágreiningi sem sýnilega var fyrir hendi og lagt málið þannig fyrir að ekki yrði um eins miklar deilur að ræða og verða um þetta mál óbreytt. Og full ástæða er til að hæstv. ráðh. hugi að þessu máli eins og tvær, þrjár vikur í viðbót í samráði við þm. og þá aðallega sem hafa gert um alllangt skeið talsverðar aths. við mörg efnisatriði í þessu frv. Ég sé enga ástæðu til að hæstv. ráðh. láti hafa sig í að hundsa öll þau mótmæli sem fram hafa komið, þau hafa legið fyrir og þau hafa legið fyrir skriflega og þessar skriflegu aths. hafa verið sendar rn. og kynntar fyrrv. hæstv. sjútvrh. a. m. k. Ég er ekki að segja að þar sé að öllu leyti um að ræða hluti sem ástæða er að taka tillit til, en nægilega mörg samt til að við hefðum getað búist við að aðeins ofurlítið meiri tími hefði gefist til að fjalla um málið áður en stjfrv. var lagt fram. Ég held að það bæti engan að sækjast eftir

málsmeðferð sem kallar á allharðan ágreining í hlutum sem ættu að vera þess eðlis að hv. þm. allir gætu tekið faglega afstöðu til þeirra.

Sannleikurinn er sá að um marga hluti í þessum efnum, eins og t. d. með togtíma eins og hæstv. ráðh. var að nefna áðan, er erfitt að setja um reglur vegna þess að engin leið er að fylgjast með því jafnvel þó að menn hafi aflað sér mikillar tækni í þessum efnum. Það er augljóst að í mörgum þessara atriða dugar ekkert annað en hugarfarsbreyting, bæði hjá sjómönnum, útvegsmönnum og fiskvinnslufólki og raunar fiskverkendum og eigendum fiskverkunarstöðva, því að það er vitað mál að jafnvel þeir sem eru að framleiða til útflutnings og sjá um að þarna sé um sæmilegt hráefni að ræða hafa gert sig seka um — það er opinbert leyndarmál og alveg óhætt að segja það hér — að hafa reynt að tína lélegan fisk í gegnum vinnsluna. Þetta þekkjum við sem stöndum nálægt þessu og er auðvitað alveg ljóst og um það þarf ekki að deila.

Hv. þm. og vísindamaður Björn Dagbjartsson flutti ræðu áðan og út af fyrir sig ekkert við það að athuga þó að hann láti ljós sitt skína í þessum efnum þar sem hann er nú kunnugur þessu máli, að vísu frá dálítið annarri hlið og ekki eins praktískri eins og við margir aðrir hér. Hann hefur auðvitað ágæta menntun sem gerlateljari og ekkert við því að segja þó að hann láti í sér heyra í þessari umr.

Ég var dálítið undrandi á því að málsvari Sjálfstfl. skyldi hrósa því fyrirkomulagi í útlöndum þar sem kaupendur meta fiskinn. Ég er ekki viss um að fulltrúar sjómanna á Íslandi vildu sætta sig við það hér á landi og ég vona að það stefni ekki í það hérna. Og ég veit að hv. þm. Pétur Sigurðsson mundi ekki vera vel ánægður með það skipulag, jafnvel þó flokksbræður séu.

Hitt er svo annað mál að ég neita því algjörlega að ég a. m. k. og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, skv. því sem ég heyrði af ræðu hans, séum að drepa málinu á dreif, því fer víðs fjarri. Við höfum tekið efnislega á þessum hlutum og ég vona að við báðir höfum gert það af sæmilegri alvöru. Og það er einnig rangt að við höfum nokkuð lýst því yfir að við séum fullánægðir með núverandi ástand í þessum málum. Ég gerði það einmitt að umtalsefni í minni ræðu fyrr í umr. hvaða gallar væru á núverandi fyrirkomulagi. Það fer ekkert á milli mála að ástandið í þessum efnum er auðvitað ekki nálægt því nægilega gott og það þarf að bæta. Hins vegar nefndi ég í minni ræðu að þetta frv. til l. virðist ekki bæta neitt úr við breytingu á lögum. Málið er einfaldlega þannig vaxið að lagabreytingar og reglugerðarsetningar virðast ekki hafa nein áhrif til þess að bæta úr þeim göllum sem nú eru mest áberandi í okkar matskerfi.

Ég held að það sé ólíku saman að jafna sem hv. þm. Björn Dagbjartsson var að tala hér um þegar hann deildi á okkur Alþb.-menn vegna gagnrýni okkar á fiskmatsráð. Það er allt annars eðlis, stjórn stofnunar eins og Ríkismats sjávarafurða eða Framleiðslueftirlit sjávarafurða eða Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Þetta eru gjörólíkar stofnanir eins og hann veit sjálfur. Önnur stofnunin er rannsóknarstofnun sem vinnur mismunandi verkefni, bæði grunnrannsóknir og ýmsa þjónustustarfsemi fyrir sjávarútveginn af ýmsu tagi sem óþarfi er að telja upp og ég geri síður en svo lítið úr, því fer fjarri. En þessar stofnanir eru auðvitað gjörólíkar og þarf ekkert um það að tala, svo augljóst er það, og einkennilegt að hv. þm. skyldi eyða tíma í að ræða þá hluti.

Hitt er svo annað mál að þegar hann víkur að mistökum í framleiðslu okkar, það hafi verið seld út vara sem hafi þurft að flytja heim aftur o. s. frv., er auðvitað víðs fjarri að það sé Framleiðslueftirliti sjávarafurða að kenna í þessum tilfellum sem líklega er vísað til vegna þess að matsmenn framleiðenda lögðu blessun sína yfir það sem gert var. Gallinn á saltfiskinum sem lenti til Portúgals var aðallega sá að fiskurinn var ekki nægilega staðinn. Menn voru að vísu ákaflega nálægt mörkunum í þeim efnum, oft hefði það auðvitað sloppið, en Portúgalar hafa hert á sínum reglum af ýmsum ástæðum sem ástæðulaust er að rekja hér. (**Gripið fram í:** Hver gaf útflutningsvottorð?)

Útflutningsvottorð er gefið út af Framleiðslueftirlitinu og það er gert í trausti þess að það yrði í lagi þar sem allir aðilar og einnig eftirlitsmenn framleiðenda voru sammála í þessum efnum. Það dugar ekki eftir á að kenna einum aðilanum um. Það er alltaf gott að vera vitur eftir á. Nú auðvitað var þetta skyssa, en það á ekki að kenna einum aðila þegar aðrir hafa einnig fjallað um málið, það er engin ástæða til þess.

Skreiðin sem fór til Ítalíu, við vitum hvað varð af henni. Það hafði verið sandur eða mold eða eitthvað slíkt á skreiðinni eins og svo oft hefur komið fyrir áður. En slíkt á auðvitað ekki að eiga sér stað, ég er ekki að mæla því bót, því fer fjarri. En það er mjög billegt að kenna einum aðila um, það sem fleiri hafa um fjallað.

Ég held að þær staðhæfingar okkar um hvert stefnir varðandi mat í nálægum löndum og hjá samkeppnisaðilum okkar hafi ekki verið neitt hættulegar vegna þess að mér er kunnugt um að í Kanada stefna þeir í ríkismat. Og þó að hv. þm. Björn Dagbjartsson hafi lesið eina og hálfa línu upp úr einhverri norskri skýrslu þá trúi ég ekki að þar sé um allan sannleikann að ræða. Þeir eru þá knappari í texta en þeir vísindamenn okkar sem gefa hvað ríflegastar skýrslur í þessum efnum. Þar er um hundruð blaðsíðna að tefla en ekki um nokkra bókstafi.

Herra forseti. Það er ástæðulaust fyrir mig að halda um þetta langa ræðu. Ég vil hins vegar ekki vera með stóryrði í þessum efnum og ég mun að sjálfsögðu vinna að þessu máli í n. með venjulegum hætti. Ég vona að það verði ekki með því lagi að ég leggist gegn skynsamlegum leiðum. En hins vegar held ég að við hljótum að mega koma með okkar aths. og menn þurfa ekki að vera mjög typpilsinna út af þeim. En auðvitað hefur komið í ljós í kvöld og í dag að ekki er um pólitíska samstöðu að ræða í þessu máli. Það kom svo greinilega fram í ræðu hv. þm. Péturs Sigurðssonar sem er auðvitað merkur maður og þekkir vel til í sjávarútvegsmálum, enda setið þar lengi í nefnd mörg undanfarin ár. Hann gerði auðvitað alvarlegar aths. við 17. gr. eins og fleiri hafa gert og lagði áherslu á að það væri, eins og hann orðaði það sjálfur, algjörlega út í hött að fela fiskmatsráði slík völd um kaup og kjör sjómanna sem vinna við erfið og hættuleg störf eins og hv. þm. orðaði það.

Það sem kannske er alvarlegast í því efni, er að fiskmatsráð sem er skipað hagsmunaaðilum eigi að vera dómari ef ágreiningur rís um mat og meðferð afla. Það er athugandi fyrir lögfræðinga á hinu háa Alþingi og eru víst allmargir skilst mér, a. m. k. úr sumum flokkum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja

frekar um þetta mál, en ég vil samt vekja athygli á að í sambandi við þetta mál sem fjallar að hluta til um meðferð sjávarafla og hvernig bæta megi úr í þeim efnum skyldu menn minnast þess að í menntun sjómanna eða yfirmanna á íslenskum fiskiskipum er afar lítill tími ætlaður til að fjalla um meðferð á fiski og meðferð á matvælum. Miklu meiri tíma er eytt í að kenna ungum piltum að sigla eftir stjörnunum eða eftir gamaldags tækjum. Auðvitað þurfa menn að kunna að bjarga sér í strandsiglingum eins og hér við land og til Evrópulanda. Þeir hlutir eru nú ekki flóknari en það að þá má læra á tveimur, þremur dögum eða svo, það gerði ég a. m. k. á sínum tíma, að vísu klukkutímum, en ekki eru nú allir eins skarpir og ég eins og mönnum er kunnugt. (**FrS:** Það þarf nú skarpleika til að sigla strandsiglingu til Evrópu.) En í alvöru talað, þá er allt of miklum tíma eytt í hluti sem eru úr sér gengnir og ekki allir nauðsynlegir miðað við þau tæki og tækni sem við höfum ráð á nú til dags. Það væri miklu fremur að eyða lengri tíma í að kenna mönnum varfærni og aðgæslu og fyrirhyggju og forsjálni í þessum efnum. Því meira að segja hafa menn siglt skipum í strand sem hafa verið búin fullkomnustu siglingatækjum nútímans. En betra væri að eyða tímanum í þess stað í að kenna sjómönnum að fara sem best með fisk, hvernig eigi að fara að því og af hverju eigi að fara svona að því.

Kennsla íslenskra sjómanna hefur auðvitað verið alltof lítil. Þó að þeir læri þetta að sjálfsögðu með tímanum er auðvitað nauðsynlegt að yfirmenn á skipum sem eiga að sjá um að rétt og skynsamlega sé farið með afla fái hæfilegan tíma til að læra það af til þess hæfum mönnum. Þetta hefur verið vanrækt og áhersla lögð á atriði, sem miklu minna máli skipta. Og ég vil nefna það hér og óska eftir að hæstv. ráðh. sem skilur þetta vel auðvitað hafi það í huga í sínu starfi því að ég veit að að því kemur að úr þessum hlutum þurfi að bæta og hann er auðvitað einn af líklegustu mönnum til að taka skynsamlega á þeim hlutum eins og öðru sem hann hefur þurft að takast á hendur.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Þetta er nú búin að vera verulega fróðleg umræða og um ýmislegt eru menn sammála. Menn eru sammála um að málið er snúið og málið er flókið og í mörg horn er að líta og við erum að tala hérna um allskyns veiðar og allskyns vinnslu. En ég held að ég geti ekki orða bundist um þá skoðun mína að það er gjörsamlega ómögulegt að setja um þetta allt saman reglur. Menn eru að tala um að setja reglur um togtíma, það eru reglur um möskvastærð og kassastærð og kassadýpt væntanlega og svo fara menn að setja reglur um stærð ísmola, hitastig ísmola og lögun ísmola, ég held að þetta geti aldrei náð tilgangi sínum.

Það var í sjónvarpsfréttum í kvöld skýrt frá því að núna væru innan 200 mílna lögsögu hátt á þriðja hundrað tegundir fiska og þá eru ótaldir allir hryggleysingjarnir. Ég held að við kæmumst aldrei fyrir þetta. Þetta yrði að koma upp eins og hálfgerðu gjörgæsluefturliti þar sem hverri síld eða hverjum fiski væri fylgt frá vöggu til grafar. Ég held að menn ættu að taka eftir orðum þess sem mesta reynsluna hefur í þessum málum í þessum sal, hv. þm. Björns Dagbjartssonar. Fyrr en seinna kemur að því að sölukerfi og verðlagning þessara afurða færist til frjálslegri hátta. Þá ræðst verðlagning af gæðum og slysin hitta veikasta punktinn sem er pyngjan. Og þannig lítur kerfið eftir sér sjálft, kaupendur og seljendur á öllum framleiðslustigum munu gera sjálfir út um hlutina. Ríkisvaldið getur látið sér nægja að setja almennar reglur um hreinlæti og vöruvöndun og þá gæti ríkismatið sem verið er að fjalla um núna verið nokkurs konar áfrýjunardómstóll. Þetta hlýtur að vera það sem við stefnum að og þetta ríkismat sem verið er að fjalla um hér í dag er stofnun sem ekki verður til margra ára.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar hæstv. sjútvrh. mælti fyrir þessu frv. fyrr í dag og þegar hæstv. forsrh., hinn raunverulegi höfundur þessa frv., flutti aukaframsöguræðu snemma í þeim umr., túlkuðu báðir þetta frv. á þann veg að þetta væri nú einfalt og augljóst mál og hefði vandlega verið undirbúið og ætti þess vegna að geta átt greiðan aðgang í gegnum þingið. Það er nú komið í ljós, herra forseti, í þessum umr., sérstaklega hér í kvöld, að svo er víðs fjarri. Þetta frv. er meingallað og jafnvel stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa komið hér upp og efnislega gagnrýnt frv. á mjög ítarlegan hátt. Það fór eins og mig grunaði hér fyrr í kvöld að innan Sjálfstfl. er ekki að finna heilskiptan stuðning við þetta frv. og væri satt að segja fróðlegt að vita hvort nokkur þm. Sjálfstfl. styður þetta frv. óbreytt. Mér er það til efs.

Þessi umr. hér í kvöld hefur verið afar gagnleg vegna þess að hún hefur leitt í ljós stóra og mikla galla á þessu frv. og það sýnir á ánægjulegan hátt vit og vilja núverandi hæstv. sjútvrh. að hann skuli vera reiðubúinn til að frv. í nefnd fái að taka þeim breytingum sem þessi gagnrýna umr. hefur gefið til kynna og sé reyndar einnig reiðubúinn til að málið allt sé tekið til heillegrar skoðunar.

Og mikill var nú munurinn á þeirri efnislegu ræðu sem núverandi hæstv. sjútvrh. flutti og þessu ómerkilega blaðri sem hæstv. núverandi forsrh. og fyrrverandi sjútvrh. lét sér sæma að flytja hér úr ræðustól. Þegar á ítarlegan hátt hafði verið flutt hér inn í þingsalina lýsing á þeim efnislegu till. sem honum bárust og honum gefinn kostur á að gera þingheimi grein fyrir því hvað hann gerði í gæðamálum sjávarútvegs þegar hann var sjútvrh. og hvers vegna hann hafnaði þeim yfir 20 till. sem að honum voru réttar frá hinum vísustu mönnum fór hæstv. núverandi forsrh. að tala um það þegar ég var í Framsfl.

Í gegnum tíðina hef ég lært að þegar forusta Framsfl. er komin í rökþrot í einhverju máli fer hún að tala um það þegar ég var í Framsfl. Og því stærra sem rökþrotið er, því meiri ánægju lýsa þeir yfir því að ég skuli hafa farið úr Framsfl. Ræða hæstv. núverandi forsrh. sló mjög hátt högg á þennan mælikvarða, hvað rökþrot snertir. Um hana þarf ekki í sjálfu sér að hafa fleiri orð. Hún var einstæð og afgerandi uppgjafaryfirlýsing ráðh. sjálfs á sínum ráðherraferli í sjávarútvegsmálum. Hann hafði engin rök fram að færa, hann hafði enga skynsamlega þætti inn í umr. fram að færa. Hann gat ekki lagt þingheimi neitt efnislegt í té varðandi þessar umr. Og var mikill munur á þeirri ræðu og málflutningi núverandi hæstv. sjútvrh. Ég fer nú að skilja hvers vegna innan Framsfl. eru komnar í gang umr. um að núverandi varaformaður flokksins tæki hið fyrsta við af formanninum í forustunni.

Hæstv. forsrh. sagði það að hann hefði gripið til þess ráðs að vísa þessum yfir 20 till. frá og í stað þess hefði hann í tvö ár látið menn vinna að reglugerðum. Tvö ár, — vinna að reglugerðum. Hvar eru þær reglugerðir? Þær eru hvergi. Og hæstv. ráðh. sagði að þetta frv. sem hér væri lagt fram væri lagt fram á grundvelli þeirrar skýrslu sem ég gerði hér að umræðuefni, en hann vék ekki einu orði að þessari skýrslu fyrr í dag, né hafði forgöngu um það á sínum tíma að hv. alþm. væri afhent sú skýrsla. Og vona ég að núverandi hæstv. sjútvrh., þó að hann hafi ekki vikið að því í sinni ræðu, verði við þeirri ósk minni að gefa þm. kost á því að fá þessa skýrslu í hendur.

Það er alrangt, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson hefur reyndar rækilega bent á hjá hv. þm. Birni Dagbjartssyni, að við Alþýðubandalagsmenn viljum óbreytt ástand í þessum efnum, og ég verð nú satt að segja að spyrja hv. þm. á hvaða fjöllum hefur hann eiginlega dvalið? (**PS:** Hólsfjöllum.) Á Hólsfjöllum, segir hv. þm. Pétur Sigurðsson. Alþb. hefur hvað eftir annað á undanförnum árum knúið á um að gerðar væru úrbætur í gæðamálum. Það kom rækilega fram á árinu 1982, bæði í okkar blöðum og eins hér á Alþingi, að við gerðum það að meginþætti í því samkomulagi sem þá varð um efnahagsaðgerðir að rækilega yrði tekið til hendinni í gæðamálum sjávarútvegsins. Og það var að okkar kröfum sem ákveðnum fjármunum af Gengismunarsjóði var varið til að bæta gæðamálin í sjávarútvegi. Það var Alþb. sem gerði þá till. innan þeirrar ríkisstjórnar. Og ég gæti nefnt fjölmörg önnur dæmi þess efnis. Mig undrar það að maður sem ég hélt að hefði allgóða þekkingu á því hvað hefði verið að gerast í þessum málum á undanförnum árum skuli koma hér í ræðustól og segja annað eins. Ég vék hér í minni ræðu að yfir 20 brtt. sem ég benti á að væru allar mjög skynsamlegar og hefðu allar valdið þáttaskilum ef þær hefðu verið samþykktar, en fyrrv. hæstv. sjútvrh. sá ekki ástæðu til að framkvæma. En ég vona að hv. þm. Björn Dagbjartsson hafi nú rækilega áttað sig á að það er algerlega út í hött að telja að við séum hér einhverjir talsmenn óbreytts ástands. Ég held í raun og veru ef einhver ber stjórnarfarslega og pólitíska ábyrgð á óbreyttu ástandi þá er það núverandi hæstv. forsrh. og þeir menn sem hafa gefið honum ráð um að fara ekki að þeim till. Hann nefndi ekki þá menn hér, en hann gaf það rækilega í skyn að það væru ýmsir sem hefðu gefið honum þau ráð. Það væri fróðlegt að fá ráðh. til að nefna þá menn svo að menn fengju alveg fram í dagsljósið hverjir það eru sem hafa borið meginábyrgð á óbreyttu ástandi í þessum málum á undanförnum tveimur og hálfu ári.

Það er ánægjulegt að þingmenn Sjálfstfl., bæði hv. þm. Pétur Sigurðsson og hv. þm. Björn Dagbjartsson, hafa nú þegar lýst því yfir að þeir geti ekki stutt frv. óbreytt. Á því verði að gera bæði breytingar varðandi 17. gr. og eins aðra efnisþætti. Og hv. þm. Björn Dagbjartsson tók það skýrt fram að 17. gr. og kannske fleira í þeim kafla væri ekki frá þeim komið sem undirbjuggu frv. (**Gripið fram í:** Þetta sagði ég aldrei.) Þm. sagði eitthvað á þá leið að það væri ekki frá þeim komið og ég skildi hann á þann veg að það væru þeir sem hefðu undirbúið frv. en það væri þá æskilegt að þm. segði hvað hann átti við (**BD:** Ég undirbjó ekki frv.) Nei, ég veit það, ég var ekki að tala um þm. sjálfan þegar hann sagði að 17. gr. væri ekki frá þeim komin, — sem ég skrifaði hér eftir honum. (**BD:** Frá okkur komið.) Var það Sjálfstfl., hverjir voru þessir við? Ég er alveg reiðubúinn að gefa þm. tækifæri á að upplýsa það með einni setningu, sem innskot í ræðu mína. (**Gripið fram í:** Bíddu eftir Alþingistíðindunum, þá sérð þú hvað þú ert að segja.) Ég veit alveg nákvæmlega hvað ég sagði, en það getur vel verið að þm. finni nú að hann hafi kannske stigið á eitthvert jarðsprengjusvæði vegna þess að hann hafi upplýst að það eru einhverjir aðrir sem hafi lagt þetta til. Og það væri þá fróðlegt að vita hvaðan þessi till. er komin, hver lagði til þessa miklu breytingu. Væntanlega verður það upplýst í meðferð málsins í nefnd hvaðan þessar hugmyndir eru komnar.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson vék að því áðan að í Kanada og Noregi væri kerfi sem væri í áttina að því sem hér væri verið að leggja til. Ég dreg það mjög í efa og tel að sú skýrsla sem hann las hér örfáar setningar úr gefi ekki þá mynd. En það er ástæðulaust að deila um það hér í ræðustól. Það getur sú nefnd sem þetta fær til meðferðar skoðað allrækilega. Og það er reyndar óhjákvæmilegt í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram að nefndin fái ítarleg gögn og greinargerðir um það kerfi sem ríkir í Noregi og Kanada í þessum efnum. Og enn fremur játaði þm. því sem ég benti á hér áðan og fyrr í kvöld að þar væri kerfi þar sem kaupendur og seljendur saman mætu gæðin. Það er ekki lagt til hér. Það var að vísu sagt að við værum ekki orðnir það þroskaðir að geta tekið upp slíkt kerfi nú, þess vegna væri bara lagt til að framleiðendur ættu að annast þetta einir. Og þar með játaði þm. þann megingalla sem á þessu kerfi er ef menn á annað borð fara yfir í slíkt kerfi markaðsmats sem hér er stigið hálft skref í áttina að. Þá eiga menn að stíga það að fullu að mínum dómi því annars verður þetta aldrei annað en hálfkák með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að í 19. og 23. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að sérstakir eftirlitsmenn frá framleiðendunum skuli vinna að samræmingu mats og eftirlits ásamt yfirfiskmatsmönnum og taka þátt í yfirmati á afurðum áður en útskipun fer fram, eins og segir í 19. gr. Í frv. er ekki á nokkurn hátt útskýrt hvernig þessir tveir aðilar, annar frá framleiðendum og hinn frá því sem enn þá er haldið fram að eigi að vera óháð ríkismat, eigi að hafa jafna ábyrgð samtímis varðandi mat á söluafurðum. Annars vegar eftirlitsmaður frá framleiðendum og hins vegar yfirfiskmatsmaður og þeir eiga báðir að samræma og hafa eftirlit og taka þátt í matinu. Og ef þá greinir á á fiskmatsráðið að úrskurða sem dómstóll, skipað þeim fulltrúum og kontóristum sem hér voru raktir áðan. Og mér er til efs að þeir hafi til að bera nægilega þekkingu eða yfirsýn að þeim mönnum ólöstuðum vegna þess að engin trygging er fyrir því í frv. að þeir hafi slíkt til að bera til að geta framkvæmt réttan úrskurð.

Þannig má með mörgum rökum sýna fram á það að hér er ekki verið að innleiða það kerfi sem ríkir í freðfiskframleiðslu Íslendinga, það er mikil rangtúlkun stuðningsmanna þessa frv. Rétt er að nefndin ræði þetta kerfi mjög ítarlega og ræði við forsvarsmenn þessara fyrirtækja í trúnaði. Þá veit ég að nefndin fær upplýsingar um það sem þeir vita sem þetta hafa kynnt sér, það er því miður fjölmörg dæmi um gallaðar vörur hjá helstu

sölusamtökum okkar í freðfiskafurðum. En þau dæmi hafa ekki verið auglýst, þau dæmi hafa ekki farið á síður dagblaðanna eða á öldur ljósvakans. Þeim hefur einfaldlega verið haldið til hliðar og afurðirnar afskrifaðar og beint fjárhagslegt tap fyrirtækisins þannig bókfært án þess að neitt væri verið að blása það sérstaklega út og þess vegna vita menn opinberlega miklu minna um það sem þar hefur gerst. En það er mikill misskilningur ef menn halda að það kerfi sé eins pottþétt eins og ýmsir talsmenn þessa frv. vildu vera láta hér áðan. Og má í því sambandi þó benda á að slíkt merkingarkerfi gildir við freðfiskframleiðsluna að hver einasti launamaður í hverju einasta frystihúsi í landinu hefur sína einstöku merkingu persónulega. En það er mjög erfitt að koma slíkum persónulegum merkingum við í öðrum greinum.

Herra forseti. Ég get tekið undir alla þá gagnrýni sem hv. þm Pétur Sigurðsson flutti á þetta frv. Og það má vel vera að það komi honum á óvart að þm. Alþb. skuli ekki vera talsmenn þess mikla ríkisdrottnunarvalds í atvinnumálum Íslendinga sem þetta frv. felur í sér. Það er einfaldlega vegna þess að hv. þm. hefur ekki nægilega unnið með okkur að þessum málum og hefur ekki kynnst því nægilega af eigin raun, heldur hefur sífellt sótt í að sækja sér samstarfsmenn þar sem hin raunverulega ríkisforsjá og forstjórastyrkur Sambandsins hefur hvílt. En hv. þm. þarf þess vegna ekki, ef hv. þm. kynnir sér málið nánar þarf hann ekki að verða neitt undrandi á að ég eða aðrir talsmenn Alþb. munum berjast hatrammlega gegn því og fyrir þeirri frjálshyggju í þessu þjóðfélagi sem tryggir raunverulegt sjálfstæði einstaklinga og launafólks við framleiðslustörfin. Því það er sú frjálshygga sem þeir heimspekingar báðir Karl Marx og John Stuart Mills voru sammála um. (Gripið fram í.) Nei, Hayek er á öðrum báti. En eins og prófessor Ólafur Björnsson hefur ritað um er skemmra á milli Marx og Mills í þessum efnum en margir kunna að halda. Þess vegna getur samstaða um raunverulega varðstöðu — ég missti nú af þessu hjá hv. þm. (**Gripið fram í:** Þeir eru báðir hinum megin.) Það er rétt, þeir eru báðir hinum megin. En það er nú Jesús Kristur líka og trúir hv. þm. nú engu að síður á hann.

Ég vil að lokum, herra forseti, þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þær viðtökur sem sú efnislega gagnrýni hefur fengið hér á frv. Ég segi það af fullri hreinskilni að hann brást ekki því trausti sem ég hef borið til hans hér á undanförnum árum og allra síst þegar hann upplýsti að hann hafi sjálfur haft frumkvæðið að því að Fjárlaga- og hagsýslustofnun muni skila fjárhagslegu mati á þessu frv. Og ég treysti því að hann verði reiðubúinn til að skoða þá efnislegu gagnrýni sem hér hefur þegar komið fram og mun koma fram í nefndu máli. En hitt er svo eftir öðru og er nú því miður ekki einsdæmi að þau frv. sem hæstv. núverandi forsrh. og fyrrverandi sjútvrh. hefur aðallega undirbúið skuli koma jafn laus í reipum og jafn gölluð og illa undirbúin hér í þingsali eins og þetta frv. ber vitni um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 23. nóv., kl. 6 síðdegis.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 126). — Frh. 1. umr.

Árni Gunnarsson: Virðulegi forseti. Það er að bera í bakkafullan lækinn að halda áfram umr. um þessi mál svo mikið er búið að segja um þau. Ég vil þó segja strax að það væri auðvitað fásinna annað en að fagna, þó með semingi sé, þeim árangri sem náðst hefur í verðbólgumálum því þetta er sá árangur sem allir íslenskir stjórnmálaflokkar hafa lofað að reyna að ná ef þeir fengju til þess tækifæri.

Við stjórnarandstæðingar höfum hins vegar haft það að athuga við stefnu ríkisstj. að þessum árangri er náð að meiri hluta til með því að skerða laun, skerða kaupmátt launafólks í þessu landi.

Ég hef margoft lýst þeirri skoðun minni að þegar svona er gengið á hlut launamanna eins og hér hefur verið gert núna þá hafi þess ekki verið nógu vandlega gætt að líta til þeirra milliliða sem gætu lagt eitthvað af mörkum til baráttunnar gegn verðbólgunni.

Við höfum margoft lýst því yfir, Alþfl.-menn, og alveg frá árinu 1978 vöruðum við mjög alvarlega við þeirri efnahagsstefnu sem hafði verið tekin upp hér í landinu og rekin um nokkurt ára bil. Við sögðum þá að það yrði að taka upp gjörbreytta efnahagsstefnu ef ekki ætti að sigla þjóðarskútunni upp á sker.

Því miður var ekki hlustað á viðvaranir okkar, hvorki um þá ógnarlegu fjárfestingu sem þá átti sér stað í þjóðfélaginu í formi skipakaupa og annarra þátta né var heldur hlustað á okkur þegar við ræddum um að það þyrfti að stokka upp sjóðakerfið og draga úr sjálfvirkni þess. Það var ekki hlustað á okkur þegar við vöruðum við því að það yrði að stöðva eða draga úr erlendum lántökum og það var ekki hlustað á okkur yfirleitt þegar við töluðum um það að það yrði að gera mjög harkalegar aðgerðir til þess að vinna bug á verðbólguógnvaldinum. Að mörgu leyti fagnaði ég þeirri ákveðnu stefnu sem núv. hæstv. ríkisstj. beitti til að kveða verðbólguna niður. En ég endurtek það enn á ný að ég var hvergi nærri sammála þeim aðferðum sem við þetta var beitt vegna þess að þær voru of einhæfar. Ég taldi og tel enn að það hefði mátt m. a. draga úr ýmsum kostnaðarþáttum milliliða í þjóðfélaginu og langar að fara um það nokkrum orðum.

En áður en ég kem að því þá langar mig að segja það að í öllum umr. um vísitölu og vísitölubindingu launa þá hafa menn farið offari í þá veru að þeir, sem hafa varið óbreytt vísitölukerfi, hafa gert það að mínu mati á röngum forsendum en hinir, sem hafa mótmælt því, hafa gert það einnig á mjög veikum forsendum.

Ég vil m. a. skjóta því hér inn í þessa umr. að Alþfl.-menn hafa um langt árabil rætt um þjóðhagsvísitölu og m. a. skrifaði dr. Gylfi Þ. Gíslason, fyrrv. alþm. og ráðh., merka grein um hana og hvernig mætti nýta hana til þess að mæla betur en nú er gert þjóðartekjur og hvað ætti að koma í hlut hins vinnandi manns í þjóðfélaginu samkv. þeim.

Ef við virðum aðeins fyrir okkur hvað er að gerast í samfélaginu í kringum okkur þá er það einfaldlega það að geysilega stórir hópar þurfa ekki að bera neinar byrðar vegna þeirra aðgerða sem ríkisstj. hefur nú beitt sér fyrir. Það eru stórir hópar í þjóðfélaginu sem hafa allt sitt á þurru og þetta vita þm. jafnt í stjórn sem stjórnarandstöðu. Það er okkar að reyna að finna leiðir

til þess að láta þessa hópa bera byrðarnar með tekjulægsta fólkinu í þjóðfélaginu.

Ég vil benda á það að milliliðir, sem ég kalla svo eins og t. d. fyrirbæri sem heitir Íslenskir aðalverktakar, hafa allt sitt á þurri í árferði eins og nú er og ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann gæti látið þingheimi í té, sem aðili að Íslenskum aðalverktökum í gegnum eign ríkisins í fyrirtækinu, upplýsingar um það hvort rétt kunni að vera að Íslenskir aðalverktakar eigi á bankareikningum í Landsbanka Íslands um 400 millj. kr. á sama tíma og þetta fyrirtæki er að reisa þvílíka höll á Ártúnshöfða að annað eins hefur varla sést hér á landi, höll, sem að innan er klædd marmara og harðviði og íburðurinn slíkur að dæmafátt er.

Ég held að það væri hollt fyrir þjóðina að fá að vita hvað svona fyrirtæki eigi á bankareikningum. Og spurningin er, þegar hv. þm. Svavar Gestsson og félagar hans í Alþb. tala um sjóðakerfið, að það sé hægt að ganga í eitthvert sjóðakerfi og sækja þangað peninga, um hvaða sjóðakefi þeir eru að tala um. Ég held að þarna sé sjóðakerfi á ferðinni sem væri hægt að líta örlítið betur á og ég vildi bara skora á þá menn sem með stjórn landsmála fara að þeir upplýsi hvað svona fyrirtæki eiga af peningum í bönkunum. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að fyrirtæki, sem hefur verkefni út á samninga sem ísl. ríkið gerir og er helmingaskiptafyrirtæki Framsfl. og Sjálfstfl., skuli geta safnað þessum auði á meðan Sóknarkonan verður að láta sér lynda 12 þús. kr. á mánuði. Þetta eru þverstæðurnar og andstæðurnar í ísl. þjóðfélagi í hnotskurn og þetta er það sem mér gremst mest af öllu. Ég get ekki sagt orð við því að launamaðurinn taki á sig byrðar, ef hann er fús til þess sjálfur, til þess að draga úr verðbólgu en ég geri kröfu til þess á sama tíma að fyrirtæki á borð við Íslenska aðalverktaka beri sinn hlut af byrðunum líka.

Og ég vil segja það enn fremur að mér þykir það skjóta mjög skökku við að fyrirtæki, sem rekin eru beint eða óbeint í tengslum við samvinnuhreyfinguna, skuli fjárfesta jafn gífurlega á erfiðleikatímum og þau gera nú. Hér er búið að reisa á örskömmum tíma mjólkurbú sem geta unnið tíu sinnum úr allir þeirri mjólk sem framleidd er á Íslandi. Osta- og smjörsalan er búin að reisa höll. Það er nýbúið að reisa skrifstofu- og verslunarhúsnæði fyrir Kaupfélag Árnesinga á Selfossi, gífurlega byggingu. Þetta er allt verslunar- og skrifstofuhúsnæði og af hverju hefði ekki mátt segja við Kaupfélagið og samvinnuhreyfinguna: Herrar mínir, dragið þið nú aðeins úr ferðinni á meðan ástandið er eins og það er. Sparið okkur þessa peninga, setjið þá í eitthvað annað, eitthvað arðbært, atvinnuvegina, hjálpið einstaklingunum að byggja upp nýjar atvinnugreinar.

Það er svo komið í þessu landi að einstaklingar, sem vilja byggja upp nýjar atvinnugreinar, geta það ekki af fjármagnsskorti og það eitt sér er mjög alvarlegt því að eina aðferðin, sem við höfum í dag, til þess að renna stoðum undir bjartari framíð þessa þjóðfélags er að byggja upp nýja atvinnuvegi. Önnur aðferð er ekki til, aðrar leiðir eru ekki færar og þetta vitum við allir.

Ég held, virðulegi forseti, að þetta ásamt með botnlausum söluskattssvikum, sem eiga sér stað í þjóðfélaginu, sé eitt af því alvarlegasta sem við er að eiga. Og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að gera einhverjar ráðstafanir til þess að draga úr þessum söluskattssvikum sem eiga sér stað hér. Þau eru orðin svo geigvænleg að engu tali tekur.

Þessi svokallaði svarti atvinnurekstur nær sér ekki bara í söluskattslausar tekjur heldur gerir hann annað. Hann stelur ekki bara þessum tekjum frá ríkissjóði heldur verður þess valdandi að það verður að leggja hærri skatta á einstaklingana í þjóðfélaginu sem bera tekjuskattinn sem er orðinn algjör launamannaskattur og þjónar engum öðrum tilgangi. Það er ekki hægt að ná honum af nokkrum öðrum en launamanninum, þessum skatti, sem átti að vera launajafnandi skattur þegar hann var lagður á upphaflega.

Ég verð að segja það að ég hef haft mjög mikla samúð með tilraunum hæstv. núv. ríkistj. til að keyra niður verðbólguna. Ég hef haft umtalsverða samúð með henni og ég vil að henni takist það. Það er algjört grundvallaratriði til þess að þetta þjóðfélag, sem nú er komið að fótum fram í peningalegu og efnahagslegu tilliti, geti átt von á því að byggja upp aftur það sem eyðilagt hefur verið. En ég hef, eins og ég sagði, haft mjög alvarlegar þenkingar uppi um það að við höfum vegið í sama knérunn aftur og aftur. Það er launamaðurinn sem verður að taka þetta á sig og það er aðallega sá sem lægst launin hefur.

Hæstv. forsrh. nefndi hér áðan skoðanakönnun sem Hagvangur hefur gert og í sjálfu sér kom niðurstaða hennar mér ekkert á óvart: að fólkið í landinu sé tilbúið að taka á sig umtalsverðar byrðar til þess að kveða niður verðbólguna, til þess að lækka vexti. Það er ekkert undarlegt við það. En ég vil segja við hæstv. ríkisstj.: Hversu lengi endist þolinmæði þessa fólks? Og það, sem ég óttast mest af öllu, er að þegar næsta ár gengur í garð þá verði ekkert það fram undan sem geti boðað hinum vinnandi manni í þessu landi betri kjör — ekkert nema minnkandi verðbólga vegna þess einfaldlega að mér sýnist á öllu að ef fram heldur sem horfir og með þá aflaminnkun sem ég held að sé borðliggjandi þá verði að fara að tilkynna verkalýðshreyfingunni það að kaupmáttarrýrnun verður áfram ekki minni en nú er. Þetta held ég að þurfi að fara að segja fólkinu í landinu og þess vegna er það að ég tala um þessa milliliði. Það eru þessir milliliðir sem launafólkið í landinu sér að hafa allt sitt á þurru. Þeir verða ekki fyrir neinum skakkaföllum — ekki nokkrum. Það er byggt áfram, það er fjárfest áfram, þeir fara öllu sínu fram. Eðli málsins samkvæmt, þar sem um er að ræða helmingaskiptastjórn alveg dæmigerða sem verður að verja hagsmuni stórra þjóðfélagshópa, þá hlýtur þessi stjórn að halda uppi vörnum fyrir ákveðna milliliðahópa í þjóðfélaginu, verja þá gegn skakkaföllum eins og raun ber vitni um að hefur verið gert.

Ég vil líka segja það á þessari stundu að núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekkert verkefni verðugra en að reyna að byggja upp nýjar atvinnugreinar hér. Því verði það ekki gert — og ef við ætlum að sigla áfram sömu stefnu, sama kúrs og við höfum gert að undanförnu — þá er miklu, miklu erfiðara að ná sér upp úr því fari sem við höfum verið í.

Virðulegi forseti. Ég reyni að lengja ekki þessa umr. en verð að segja það að auðvitað á maður ekki að horfa allt of mikið til fortíðar og það kemur að því að menn verða að leggja til hliðar þau ágreiningsefni sem hafa skapast í fortíðinni og eru kannske enn þá til sem slík. Ég vil minna á það af því að frá 1978, eins og ég sagði, barðist Alþfl. fyrir því sem hann kallaði gjörbreytt

efnahagsstefnu. Það var ekki hlustað á okkur, því miður, og því er komið eins og komið er — nánast hvert einasta atriði. Ég var um daginn að líta yfir ræður sem ég flutti á kosningafundum 1978 og 1979, viðvaranir sem við bárum fram þá, nærri hvert einasta atriði hefur komið fram. Og það, sem er auðvitað sárgrætilegast að horfa upp á, er að ýmsir af þeim mönnum, sem áttu hlut að máli við að sigla skútunni í strand, eru að reyna að draga hana á flot núna, menn, sem báru bæði beint og óbeint ábyrgð á þeirri stefnu sem rekin var hjá hv. síðustu sálugu ríkissj.

En ég held að það sé orðið verulega tímabært að menn geri sér nokkra grein fyrir því að við bætum ekkert ástandið með því að standa í hnútukasti um það sem gert var í fortíð heldur hlýtur það að vera mikilvægasta atriðið núna að menn í raun og veru sameinist um það sem allir segja í orði en þurfa að framkvæma á borði að láglaunafólkinu í þessu landi, iðjukonuna í SÍS-verksmiðjunum á Akureyri, Sóknarkonunni hér í Reykjavík, sem hefur það þó nokkru skárra í flestum tilvikum, og láglaunahópunum í Verkamannasambandinu, verði tryggt nokkurt tekjulegt öryggi. Ég segi nokkurt tekjulegt öryggi vegna þess að öryggisleysi láglaunafólks núna er óskaplegt — ég tala nú ekki um hópa fólks, ungs fólks í þjóðfélaginu, sem skulda umtalsverða peninga í lánakerfinu. Þá erfiðleika þekkir hver og einn og það er þetta fólk sem við verðum, hver og einn hér á þessu þingi, að aðstoða. Annað væri hrein fásinna og ég vil ekki ætla hæstv. núv. ríkissj. svo illt að hún ætli sér ekki að reyna að létta undir með þessu fólki því verði það ekki gert með þau vandamál, sem nú við blasa, og það atvinnuleysi sem ég tel því miður að sé fram undan þá veit ég ekki hvar við stöndum. Það er nánast eins og að kveikja í tundurþræði sprengju ef hlutur þess fólks verður ekki bættur.

Og ég vil segja það við þá menn sem nú berja sér á brjóst í ráðherrastólum og segja að þjóðin verði að herða sultarólina gömlu: Herrar mínir, sýnið þið nú þjóðinni fram á að þið eruð sjálfir tilbúnir að herða sultarólina og gerið það með öllum þeim tiltæku ráðum sem þið hafið á hendinni, jafnvel persónulega. Því að ég er ansi hræddur um að á sama tíma og menn boða öðrum erfiðleika en sýna í framferði sínu eitthvað annað en það að þeir sjálfir þurfi að eiga von á að standa í fjárhagslegum erfiðleikum þá verði bara ekki tekið nógu mikið mark á þeim.

Virðulegi forseti. Það þjónar svo sem ekki miklum tilgangi að ræða þessi mál lengur. Eg vildi koma til skila þeirri skoðun minni að á sama tíma og gengið er nánast eingöngu á launaliðinn, á kjaraliðinn hjá launafólkinu í landinu og nánast er eingöngu um kaupmáttarrýrnum að ræða sem undirstaða þess að verðbólgan hefur verið keyrð niður þá krefst ég þess að það verði litið til þeirra millilliða sem ég nefndi hér áðan. Ég krefst þess að ríkisstj. komi fram með þær upplýsingar sem segja okkur hvort það er rétt eða rangt að Íslenskir aðalverktakar eigi 400 millj. í Landsbankanum og ég vil að ríkisstj. segi við samvinnuhreyfinguna og kaupfélögin að slappa nú af, draga úr byggingarframkvæmdum, draga úr fjárfestingum. Ég vil að ríkisstj. segi við ríkisbankana sem þeir ráða yfir: Dragið úr ykkar framkvæmdum og fjárfestingu. Þetta verður að gera alls staðar úti í þjóðfélaginu. Það er ekki að marka það ef menn segja í einu orðinu að það verði að leggja byrðar á fólkið en þeir leggja þær ekki nema á launafólkið.

Magnús H. Magnússon: Virðulegi forseti. Við Alþfl.-menn sögðum fyrir síðustu kosningar og segjum enn að gamla vísitölukerfið sé úrelt. Það hefur tryggt viðgang verðbólgunnar mun betur en laun láglaunafólks og komið hátekjufólki að meira gagni en láglaunafólki. Auk þess var vísitalan stórlega fölsuð og í mjög vaxandi mæli hin síðustu ár. Þess vegna erum við ekki mótfallnir því í sjálfu sér að gamla vísitölukerfið verði af lagt en það á ekki síður að taka það úr sambandi þegar það mælir útgjöld fólks en þegar það mælir tekjurnar. Á þetta við um bensínskatt, þungaskatt, flugvallagjald og öll gjöld sem miðast við fasteignamat og fleiri gjöld.

Við viðurkennum einnig að einhver kjaraskerðing, allveruleg kjaraskerðing, var óhjákvæmileg miðað við aðstæður í þjóðfélaginu. Og þó að við höfum talið og teljum að gamla kerfið sé úrelt þá höfum við líka sagt að það bæri að taka upp annan hátt á verðbótum, taka upp kaupmáttartryggingu lægri launa sem m. a. tæki mið af þjóðartekjum eins og kom fram hjá hv. 5. landsk. til lækkunar og ekki síður hækkunar þegar það á við. En við viðurkennum ekki að kjaraskerðingin eigi að koma jafnt niður á öllum og ég tala nú ekki um ef hún kemur meira niður á lágtekjufólki, en þeim sem betri hafa kjörin eins og ég sýndi fram á við umr. um 26. mál þingsins hér áðan. Og þó að við styðjum það út af fyrir sig að gamla vísitölukerfið verði tekið úr sambandi bæði að því er varðar mælingu á launum og gjöldum fólks þá erum við alfarið á móti því að aðilum vinnumarkaðarins sé bannað að semja um annan og skynsamlegri hátt á verðbótum.

Ég tel t. d. nauðsynlegt að næstu verðbætur verði eftir krónutölureglu, þ. e. að fundið verði út hvað kjaraskerðing launa í lægri flokkum hafi á hverju tímabili verið mikil og hún verði bætt með sömu krónutölu til allra, þeirra tekjulægstu jafnt sem þeirra tekjuhæstu. Sagt er að slík regla geti ekki gengið til lengdar. Það má vera rétt. En hún ætti í öllu fali að geta gilt einu sinni eða tvisvar. Miðað við aðstæður í þjóðfélaginu í dag þá verður að nota allra fyrsta tækifæri til að bæta kjör þeirra tekjulægstu og elli- og örorkulífeyrisþega, aðrir verða að bíða þar til þjóðfélagið réttir svolítið úr kútnum.

Um slíka reglu, krónutölueglurnar, og reyndar allar skynsamlegar reglur um verðbætur er bannað að semja samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frv. Það tel ég fráleitt. Hæstv. forsrh. kom inn á það hér áðan í sinni ræðu að verðbætur, ef upp verða teknar að nýju, þurfi að vera með allt öðrum hætti en áður. Þessu erum við sammála, algjörlega sammála, en samkvæmt þessu frv. þá er það bannað. Það er bannað að taka upp hvers konar skynsamlegar leiðir í þessum efnum samkv. frv. og það teljum við fráleitt. Ég sýndi fram á það við umr. um 26. málið um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum að fólki með lægstu tekjurnar og elli- og örorkulífeyrisþegum er ekki hlíft. Álögur á það eru hlutfallslega meiri en á aðra. Það nær auðvitað engri átt. Það hljóta allir skynsamir menn að sjá.

Virðulegi forseti. Við Alþfl.-menn munum freista þess að flytja brtt. við frv. til að sneiða af því allra verstu vankantana.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið — seinast í Nd. — þá er BJ á móti þeim lögum sem hér er verið að fjalla um. Þessi lög komu reyndar BJ ekkert á óvart frekar en öðrum en þrátt fyrir það þá var aldrei talað um þær ráðstafanir, sem hér eru á ferðinni, fyrir kosningar; það var kosið um allt aðra hluti. Sumir vöruðu reyndar við þeirri hættu að krukkað yrði í kaupið en reyndar grunaði engan að það krukk yrði *með jafngrófum hætti eins og fram kom.* Eftir kosningarnar var ekki fyrri ríkisstj. lengur um að kenna hvernig hlutum var komið hér í þessu landi. Það var bílífi launamanna sem orsakaði þetta allt saman. Og launamennirnir kiknuðu í hnjánum og tóku við þeim skelli sem þeir urðu fyrir. Að vísu hefur þetta frv. reyndar verið mildað að því leyti að nú mega menn setjast að samningaborði en menn mega ekki semja um hvað sem er. Menn mega sem sé ekki miða launaákvarðanir sínar við dýrtíðarbætur af nokkru tagi. Þessi grein laganna felur í sér beina viðurkenningu þessarar ríkisstjórnar á því að hún trúir sjálf ekki fyrir fram yfirlýstum markmiðum. Því að hvaða ógagn gæti verið að dýrtíðarbótum ef verðbólgan á annað borð væri orðin ekki neitt.?

Það má líka minna á það, þann undarlega misskilning, sem fellst líka í þessu frv. að íslenskt launafólk skammtar sér ekki laun sín sjálft; það eru atvinnurekendur og ríkisvaldið. Og eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. minntist á hér áðan þá eru það auðvitað ekki launþegarnir sem bera ábyrgð á því ástandi sem við búum nú við. Auðvitað er það rétt að það hefur ríkt hér óstjórn en þessar aðgerðir, sem hér er verið að fjalla um, eru bara ýkt mynd þeirra aðgerða sem beitt hefur verið undanfarin ár og flestallir, sem hér eru inni, hafa kallað óstjórn. Ég sagði áðan að kaupkrukkið hefði virkað á menn eins og rothögg. Ég tek líka undir með hv. 5. þm. Norðurl. e. að maður hefði gjarnan viljað sjá sama rothögg greitt í garð milliliðanna sem eiga að bera og bera náttúrlega miklu meiri ábyrgð á því ástandi sem hér er verið að fjalla um.

BJ lýsti því yfir fyrir tæpu ári síðan að það væri stofnað til höfuðs ísl. stjórnmálaflokkum, þ. e. flokkakerfinu. Við höfum lagt mjög ríka áherslu á það að stjórnkerfisbreytingar séu eina leiðin til þess að hægt sé að ráða við þau málefni sem hér er verið að fjalla um. Og í því tilefni þá er kannske ágætt að minna á það hvers vegna menn reiddu ekki til höggs gegn Íslenskum aðalverktökum, gegn bönkunum, gegn SÍS, gegn skipafélögum og svo gæti ég haldið lengi áfram að telja. Það er vegna þess að þeir flokkar, sem sitja hér við stjórn, eiga svo sterk ítök í þessum stóru og fjárfreku fyritækjum að þeim er ómögulegt að fikta við eða krukka í þeirra hag eða afkomu. Báðir eiga flokkarnir sterk ítök í Íslenskum aðalverktökum, báðir eiga flokkarnir sterk ítök í bönkunum, annar flokkurinn á sterk ítök í SÍS, hinn flokkurinn á mjög sterk ítök t. d. í Eimskip.

Það hlýtur að fara að renna upp fyrir fólki að íslensku efnahagslífi verður ekki bylt fyrr en búið er að bylta íslensku stjórnmálalífi.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að hafa örfá orð um þetta frv. nú við þessa umr. Afstaða Kvennalistans til þeirra aðgerða, sem þetta frv. boðar, hefur ítrekað komið fram hér á Alþingi og við munum ræða þetta frv. nánar hér í hv. d. þegar það kemur til 2. umr. Ég vil aðeins ítreka að Samtök um kvennalista eru eindregið á móti þeim aðgerðum sem þetta frv. felur í sér og telja að þótt það í núverandi mynd feli í sér að samningsréttinum sé skilað aftur þá er hér aðeins um málamyndaaðgerðir að ræða miðað við óbreytt ástand að öðru leyti.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Því miður hef ég ekki þær upplýsingar sem hv. þm. Árni Gunnarsson bað um, um inneign Aðalverktaka. Hlutur ríkissjóðs í því fyrirtæki, hygg ég, að sé í höndum utanrrh. og það má vel vera að hann geti útvegað þær upplýsingar. Það hefur verið fróðlegt að heyra hér um þessi miklu ítök sem við framsóknarmenn erum taldir eiga í hinum og þessum stórframkvæmdum. Ég kannast ekki við það. Við styðjum samvinnuhreyfinguna heils hugar, teljum hana heilbrigt rekstrarform, og viljum að hennar viðgangur sé mikill. En það erum ekki við sem ákveðum hvort hún byggi nýtt verslunarhús á Selfossi eða Osta- og smjörsölu o. s. frv., (Gripið fram í.) Ýmis samtök á hennar vegum ákveða það að sjálfsögðu algerlega án þess að við höfum þar nokkra hönd í bagga. Vitanlega má deila um slíkar fjárfestingar út af fyrir sig, eins og fjölmargar aðrar í þjóðfélaginu. Ég efa ekki að stjórnendur þessara fyrirtækja, sem eru yfirleitt fulltrúar þeirra sem eiga þar stærstra hagsmuna að gæta, fulltrúar bænda, hafi talið þetta nauðsynlegt. Ég get ekki upplýst það, ég á þar ekki aðild að. A. m. k. í sumum tilfellum hefur tekist ágætlega til. Ég fagna því t. d. mjög hvað ostaframleiðslunni hér hefur farið mikið fram og er orðin til fyrirmyndar. Ég veit hvergi í heiminum betri framleiðslu heldur en þá sem við fáum hér nú. En því miður þá er ég ekki fær um að ræða þá fjárfestingu í neinum smáatriðum. Hinu má svo vitanlega velta fyrir sér, að ef öll slík fjárfesting er með einhverjum ráðum bönnuð þá dregur mjög úr atvinnu byggingarmanna. Ég held að fara eigi dálítið varlega í það að miðstýra slíku, og fellur nú varla undir það frjálsræði sem ýmsir tala um.

Sam sagt, því miður hef ég ekki svar við þeirri einu spurningu, sem til mín var beint eg ég tók rétt eftir, en þeirra upplýsinga má eflaust afla.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. 44. mál (þskj. 47). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir að þessi hv. deild hefur tekið þetta mál til 1. umr. með afbrigðum. En það er með þetta mál, að fyrir 30. nóvember þarf það að verða að lögum ef Alþingi vill samþykkja.

Hér er til umr. frv. til l. um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Eins og fram kemur í grg. með frv. er lagt til að ríkisstj. sé

heimilt að hækka kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 43.5 millj. SDR í 59.6. Hér er um að ræða áttundu almennu hækkunina á kvóta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og gert ráð fyrir að hann hækki úr 61 milljarði SDR í 90 milljarða og einnig verði hækkun á kvóta Íslands, eins og ég gerði grein fyrir áðan. Af aukningunni er fjórðungur greiddur í SDR, en ¾ hlutar í ísl. kr. Sá hluti kvótaaukningar sem greiddur er í SDR greiðist af Seðlabankanum og myndar sérstaka gjaldeyrisinnstæðu hjá sjóðnum, en telst áfram til gjaldeyrisforða Seðlabankans. Það er tvímælalaust Íslandi í hag að taka þátt í þessari almennu reglubundnu hækkun þar eð hún eykur möguleika Íslands á hagstæðum lántökum hjá sjóðnum um margfalda þá upphæð sem lögð er fram í gjaldeyri og viðheldur atkvæðavægi landsins í stjórn sjóðsins.

Þessi kvótaaukning var samþykkt af yfirstjórn sjóðsins á þessu ári, 31. mars s. l. Eins og ég gat um áðan rennur sá frestur út, sem einstök aðildarríki hafa til þess að staðfesta aukninguna, hinn 30. nóvember n. k.

Við umr. málsins í hv. Nd. var gerð fsp. til mín þess efnis, með hvaða fjármagni Seðlabankinn greiddi þessa fjármuni. Ég svaraði því þá, að hér yrði tekið af gjaldeyrisreikningum Seðlabankans, en til staðfestingar óskaði ég eftir því að fá frá Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra skriflega grg. fyrir þessu og fékk hana í dag. Það var gerð grein fyrir henni í hv. Nd. og ég leyfi mér að gera það hér og nú til þess að það sé öllum ljóst, með leyfi forseta, en þar segir:

„Þegar kvótahækkun hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum kemur til framkvæmda, sem væntanlega verður fljótlega, á Seðlabankinn að greiða ¼ kvótahækkunar í sérstökum dráttarréttindum. Hér er um að ræða 4 millj. SDR, sem jafngilda 4.23 millj. dollara eða u. þ. b. 120 millj. ísl. kr. Gagnvart sjóðnum má inna greiðsluna af hendi í dollurum eða með öðrum yfirfæranlegum gjaldmiðli. Seðlabankinn mun inna þessa greiðslu af hendi með þeim hætti að yfirfæra ofangreinda fjárhæð í dollurum af reikningi sínum hjá Federal Reserve Bank í New York yfir á reikning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Eins og áður hefur komið fram er framlagsfé þetta til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til frjálsrar ráðstöfunar Seðlabankans hvenær sem nauðsynlegt er vegna gjaldeyrisþarfa landsins. Með tilliti til þess hvernig staðan er nú er því líklegt að Seðlabankinn muni þegar í stað eða mjög fljótlega taka þessa fjárhæð út af framlagsreikningi sínum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og flytja hana aftur á reikning sinn við sama banka í New York. Greiðsla framlagsins mun því engin áhrif hafa á greiðslugetu Seðlabankans erlendis".

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Hér er um að ræða frv. sem hefur verið til meðferðar og var fjallað um af hálfu síðustu ríkisstj. og það er skoðun núv. ríkisstj. að það skuli ganga fram. Er auðsjáanlegt af því sem ég hef hér sagt að um er að ræða hagsmuni fyrir Ísland.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. Og vísa til þess sem ég sagði áðan um lögfestingu ef virðuleg deild felst á að frv. verði að lögum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Líklega er þetta bara gott mál og lítið við það að athuga. Það voru reyndar einhvern tíma endur fyrir löngu, líklega um 1979, samþykkt lög í þessu landi um að ekki skyldi leggja fram neitt frv. öðruvísi en með því fylgdi kostnaðaráætlun og hefur því, alla vega í málflutningi hér, verið bætt um betur miðað við mörg þau frv. sem hér liggja frammi. Maður veit þó hvað þetta kostar. Þetta kostar ekki neitt. En það er eitt í þessu sambandi sem truflar mig dálítið og mig langar til að spyrja dálítið nánar út í.

Mér hefur skilist á hæstv. ríkisstj., að eitt af því sem hún ætli ekki að gera sé að auka erlend lán þess góða lands sem við búum í. Yfirdráttarréttindi eru náttúrlega ekkert annað en möguleiki til lántöku. Ég á ekki von á að hæstv. fjmrh. fari að nota þennan aukna lánsmöguleika til neins annars en að breyta þeim lánum sem eru útistandandi í eitthvað sem þolanlegra er að bera en mörg þeirra lána sem landsmenn eru nú að kikna undir. Þá langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. eða viðskrh., eftir því hvor á betra með að svara, hvort menn séu farnir að gera sér einhverjar hugmyndir um hvernig eigi að nota þessi yfirdráttarréttindi þegar þau eru fengin.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Þau réttindi sem skapast fyrir ríkissjóð og landið í heild til lántöku samkv. þessari kvótahækkun verða notuð innan ramma lánsfjáráætlunar og þeirra laga sem Alþingi kemur til með að samþykkja þegar frv. til lánsfjárlaga verður lagt fyrir þingið. Hér er um að ræða mjög hagstæð lán og ég geri ráð fyrir að þau verði nýtt eftir því sem talið verður rétt þegar að því kemur. Það hefur áður gerst að við höfum fengið lánafyrirgreiðslu í sambandi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það gerðist á árunum 1967—1968, aftur 1974—1976 og síðast 1982. En hér er um að ræða lánamöguleika sem koma til með að verða innan þess ramma sem Alþingi kveður á um þegar frv. til lánsfjárlaga hefur verið samþykkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Sameinað þing, 25. fundur.

Fimmtudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hér liggur fyrir svohljóðandi bréf:

„23. nóvember 1983.

Steingrímur Hermannsson forsrh. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Magnús Reynir Guðmundsson bæjarritari, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt ásamt ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs þings."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Magnúsar Reynis Guðmundssonar og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þetta til rannsóknar. Á meðan verður fundinum frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Magnúsar Guðmundssonar bæjarritara, sem er 1. varaþm. B-lista Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, en hann kemur í stað Steingríms Hermannssonar, hæstv. forsrh., sem er á förum til útlanda og mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni.

Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréfið og gerir engar aths. við það og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Magnús Reynir Guðmundsson, 2. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Magnús Reynir Guðmundsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum, þáltill. 109. mál (þskj. 136). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fullnýting fiskafla, þáltill. 110. mál (þskj. 137). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Áfengt öl, þáltill. 111. mál (þskj. 138). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. 112. mál (þskj. 139). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stöðvun uppsetningar kjarnaflugvopna, þáltill. 114. mál (þskj. 141). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Flugbraut á Egilsstöðum, þáltill. 75. mál (þskj. 80). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár af brýnu tilefni.

Í Dagblaðinu í dag er staðfest fregn, sem fór meðal manna í morgun, þess efnis að einn sjómaður af einu þeirra skipa sem stunda loðnuveiðar norður í höfum hafi látið líf sitt af slysförum síðast liðna nótt. Á þessu hafsvæði eru yfir 40 skip með á 6. hundrað manns að störfum. Eftir því sem ég hef fregnað frá flotanum, og ber því nú ekki saman við fregnir Dagblaðsins, munu hafa verið þarna 10—11 vindstig, stórsjór og flotinn í um það bil 70 sjómílna fjarlægð norður af Siglunesi. Loðnuskipin eru sem sagt að veiðum norður í Íshafi.

Ég minnist þess, að þegar síldveiðar voru stundaðar almennt á íslenska síldveiðiflotanum við Jan Mayen náðist það í gegn fyrir forgöngu sjómannasamtakanna og forustumanna slysavarna á Íslandi að skip Landhelgisgæslunnar væru látin fylgjast með flotanum. Þessi skip voru jafnvel betrumbætt og búin þannig, að sjúkraklefum var komið fyrir um borð í skipunum og þó nokkurn tíma voru læknar hafðir um borð í skipunum.

Mér hefur verið tjáð að aðeins eitt varðskip hafi verið á miðunum síðustu daga og það hafi verið við Vestfirði og væntanlega þá legið fyrir föstu jafnvel til að eyða ekki olíu. Ég tel þetta ekki geta staðist og til þess verði að gera kröfu að varðskip, eitt eða fleiri, fylgi þeim mikla flota sem er að störfum á þessum hættulegu hafsvæðum og séu til taks ef eitthvað bregður út af, annaðhvort meðal áhafna eða skipanna sjálfra. Þetta mun auka öryggi þeirra sem þar eru að störfum og það mun einnig auka öryggiskennd þeirra sem heima eru, eiginkvenna, barna og annarra aðstandenda.

Nú hef ég heyrt því fleygt, að hæstv. sjútvrh. hafi þegar gert ráðstafanir til að bæta úr þessu. Mitt erindi hingað í ræðustól er einmitt að fá svar við því hjá hæstv. sjútvrh. Ég get ekki beint máli mínu til hæstv. dómsmrh. vegna veikinda hans, en ég veit að hæstv. sjútvrh. bæði getur og vill svara þessu. Ég spyr hann um hvort þegar hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að varðskip fylgi flotanum meðan hann er á þessum slóðum á þessum tíma árs og hvort hægt er að koma því við að hafa lækni um borð í því skipi sem þar verður eða skipum.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að Landhelgisgæsla okkar er ekki aðeins mikilvæg vegna gæslu okkar fiskimiða, heldur einnig vegna öryggis sjómanna á hafinu og í strjálbýli landsins. Þannig háttar til nú eftir því sem ég hef fengið upplýst, að tvö skip munu vera á miðunum, annað fyrir Vestfjörðum og Vesturlandi, hitt fyrir Austurlandi og Suðurlandi. Skipin hafa verið undanfarið nokkuð upptekin vegna atburða sem öllum er

kunnugt um. Ég hafði í morgun samband við bæði forstjóra Landhelgisgæslunnar og dómsmrh. út af þessu máli, sérstaklega eftir að mér barst vitneskja um það í morgun frá sjóslysanefnd og formanni Sjómannasambandsins, og spurðist fyrir um það hjá Landhelgisgæslunni hvort ekki væri mögulegt að eitt varðskip væri í nálægð flotans vegna þess að í hönd fer erfiðasti tími ársins. Þarna eru válynd veður og mikilvægt að varðskip geti verið til taks ef slíkt er mögulegt til að auka öryggi, því að aldrei vita menn hvað getur gerst. Ég hafði einnig samband við hæstv. heilbrrh. og bað hann að athuga hjá landlækni hvort það gæti verið mögulegt að læknir væri um borð í varðskipi.

Herra forseti. Ég vissi ekki um það fyrr en ég gekk í salinn að hér ætti að verða umr. utan dagskrár, þannig að ég hef ekki getað haft aftur samband við þessa aðila, en það var ákveðið í morgun að athuga þessi mál þá þegar. En það er alveg rétt, eins og hér hefur áður komið fram, að það hefur oft verið svo að varðskip hefur verið með flotanum. T. d. var það svo þegar loðnuveiðar voru stundaðar við Jan Mayen og jafnvel þótt flotinn hafi verið nær landi hefur það einnig verið svo. Ég tel sjálfsagt, þegar eins stendur á og nú á haustdögum, að það sé reynt að verða við beiðnum eins og komu fram hjá hv. þm.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það var ekki ætlan mín að efna hér til neinna umr., enda sjálfsagt ekki ástæða til þess þótt ég hafi vakið máls á þessu. En ég sé ástæðu til að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að hafa þegar gert þær varúðarráðstafanir sem hann hefur nú skýrt þingheimi frá.

Skýrsla iðnrh. um bráðabirgðasamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. (þskj. 59). — Frh. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér hefur verið rætt um skýrslu iðnrh. um bráðabirgðasamning milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium Ltd. á tveimur fundum Sþ. og þetta er þriðji dagur þessarar umr. sem hér er að hefjast. Það er vissulega ekki óeðlilegt þó að umr. um þessi efni taki nokkurn tíma, jafn stórt mál og hér er á ferðinni. Ég talaði hér í þessu máli fyrir viku og síðan hafa allmargir hv. þm. auk hæstv. iðnrh. rætt þessi mál, þ. á m. tveir aðrir þm. Sjálfstfl., hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og hv. þm. Gunnar G. Schram. Í máli þeirra hefur margt komið fram sem ástæða er til að minnast á og gera hér athugasemdir við. En það hefur vakið nokkra athygli mína að í umr. um þessa skýrslu hefur til þessa ekki talað neinn af þm. eða ráðh. Framsfl. og hefði þó verið fróðlegt að heyra álit þeirra á því bráðabirgðasamkomulagi sem ríkisstj. er aðili að og hér er til umr.

Ég lagði fyrir viku nokkrar fsp. fyrir hæstv. ráðh. Sumum þeirra hefur hann svarað og þakka ég fyrir það en hann vék sér undan að svara nokkrum þeim spurningum sem ég beindi til hans og ég kem að því síðar. En ég vil strax beina hér einni fsp. til viðbótar til hæstv. ráðh. þannig að það falli ekki niður en hún varðar þá endurskoðun á ársreikningum Íslenska álfélagsins h. f. sem fram hefur farið fyrir árið 1982 — og að minni beiðni á sínum tíma sem iðnrh. — og sem endurskoðunarfyrirtækið Coopers & Lybrand tók að sér og skilaði, að ég best veit, niðurstöðum til iðnrn. fyrir 1. sept. í ár. Þær niðurstöður hafa ekki komið fram og hæstv. iðnrh. vék sér undan því að svara fsp. fjölmiðla um þetta í öndverðum sept. og kvaðst þá ekki hafa kynnt sér niðurstöðu skýrslu endurskoðendanna. Ég trúi ekki öðru en hann hafi lesið hana gaumgæfilega nú og tel óhjákvæmilegt að óska eftir því hér að hann greini Alþingi frá því hver sé niðurstaða þessarar endurskoðunar.

Það getur ekki talist annað en eðlileg og lýðræðisleg krafa að fá upplýsingar um þetta því að vissulega skiptir það máli hver þróun er varðandi fjárhald fyrirtækisins og kemur það væntanlega fram hér þegar hæstv. ráðh. greinir frá niðurstöðu. Þessi endurskoðun getur ekki verið neitt leyndarmál. Hún er gerð samkv. samningi. Hún er unnin samkv. aðalsamningi í samvinnu við íslensk stjórnvöld annars vegar og Alusuisse sem eigenda ÍSAL hins vegar.

Ég trúi því ekki að það sé hugmyndin að endurtaka það sem gerðist 1975 þegar samninganefnd, sem þá fjallaði um endurskoðun samninga við Alusuisse, fékk í hendur niðurstöður endurskoðunar á reikningum ÍSALs fyrir árið 1974 sem að mati endurskoðendanna fól í sér vantalinn hagnað upp á milli 3—4 millj. Bandaríkjadala sem leitt hefði til verulegrar hækkunar á skatti fyrir það ár. En þessi skattkrafa og þessi endurskoðun kom aldrei fram á þeim tíma og það var ekki fyrr en 17. des. 1980 sem ég upplýsti þetta mál hér á Alþingi í hv. Ed. við umr. utan dagskrár. Áður hafði þetta mál ekki komið fram opinberlega. Um þessa niðurstöðu var þagað á samningafundi á þeim tíma og engin krafa reist af hálfu íslenskra stjórnvalda þá vegna þessara skattsvika ÍSALs og málinu stungið undir stól.

Það getur ekki verið að neitt svipað eigi að endurtaka sig nú jafnmikið og menn hafa brennt sig á viðskiptum við þetta fyrirtæki og ég vænti þess að hæstv. iðnrh. greini hér frá tölulegri niðurstöðu þessarar endurskoðunar að mati Coopers & Lybrand, um hversu háar upphæðir er að ræða, ef eitthvað er aðfinnsluvert, og þá varðandi einstaka þætti rekstrar og bókhalds. Ekki meir um það að sinni.

Hv. talsmenn Sjálfstfl. hér í umr. hafa dvalið mikið við fortíðina. Ég nefni það hér vegna þess að það hefur stundum verið að því fundið við mig að ég hafi verið að lýsa inn í myrkvið fortíðarinnar í samskiptum við þetta fyrirtæki. Ég get vel skilið það út af fyrir sig að sumir hv. alþm. séu orðnir fullsaddir af því að fjalla um þau efni — kannske þeir ekki síst sem ekki hafa gefið þessu máli þann gaum sem þyrfti til þess að átta sig á einstökum þáttum þess. En það er athyglisvert að enn standa hér talsmenn Sjálfstfl. í þessari umr. til þess sérstaklega að verja álsamninginn frá 1966 og jafnframt ásaka þeir mig um það að ekki tókst að knýja Alusuisse til samninga í tíð ríkisstj. dr. Gunnars Thoroddsens.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson leiðir þar fram sem vitni fyrrv. hv. alþm. Guðmund G. Þórarinsson, manninn, sem hljóp út úr álviðræðunefnd stjórnvalda sem allir þingflokkar áttu fulltrúa í þann 6. des. 1982 vegna þess að ég féllst ekki á að gera tillögur hans um uppgjör gagnvart Alusuisse að mínum tillögum í viðræðum við fulltrúa fyrirtækisins. Það er raunar vert að rifja það upp hér að það voru fleiri en Guðmundur G. Þórarinsson sem takmarkað hald var í þegar fengist var við þetta

mál í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég ætla ekki að ræða hér um hlut hv. stjórnarandstæðinga í þeirri tíð; hann kom fram býsna oft. En þó má segja, að þessi fulltrúi Framsfl. hafi gengið skrefi lengra þegar hann hljóp út af sameiginlegum vettvangi þar sem um þessi mál var fjallað. Það hafa margir velt því fyrir sér hvers vegna þessi þáv. hv. alþm. rauf formlega samstöðu fyrstur manna í álviðræðunefnd. Ýmsir vonuðu að þ. á m. ýmsir fylgismenn Framsfl. að hann væri undantekning í forystuliði þess flokks. Svo var því miður ekki. Gjaldkeri flokksins var ekki einn á báti.

Ritari Framsfl., þáv. ritari, hv. þm. og hæstv. ráðh., viðskrh., Tómas Árnason sagðist raunar lítið vita um málið þegar það bar á góma. Hann hafi ekki fyrir því að setja sig inn í það. Hann taldi það svo flókið og gerði sér ekki það ómak að setja sig inn í málið og lýsti yfir því á opinberum vettvangi. Samt lét hann hafa sig í það að láta glósur og hálfkveðnar vísur fjúka um málsmeðferð af minni hálfu og Alþb. í þessu máli.

Varaformaður Framsfl., svo að farið sé yfir forystusveitina, hæstv. núv. sjútvrh., hafði skýrari meiningar áður en lauk því að hann skipaði sér í sveit með stjórnarandstöðunni hér á hv. Alþingi á s. l. vetri, með meiri hl. í atvmn. í till. sem hann og aðrir túlkuðu sem vantraust á mig sem ráðh. Ég hef þegar rætt um þá málsmeðferð fyrr í þessari umr. og ætla ekki að fjalla frekar um það. En hvar stóð form. Framsfl., hæstv. núv. forsrh., sem sérstaklega átti að fylgjast með málinu innan ríkisstj. fyrir hönd síns flokks? Var hann ekki óánægður með úthlaup gjaldkera flokksins úr álviðræðunefnd? Hann var raunar þá staddur erlendis og ég var að frétta það áðan að hann væri kominn á erlenda grund nú aftur. Ekki ætla ég að gagnrýna það. Menn þurfa að sinna erindum. En því miður var síst meira hald í form. Framsfl. í þessu máli en í minni spámönnum í hans flokki og í forystu hans flokks. Ég hlýt hér vegna þeirra ásakana, sem enn og aftur eru endurteknar í minn garð í sambandi við málsmeðferð, að nefna hér örfá dæmi til að varpa ljósi á þá samningsstöðu sem framkvæmdavaldinu og mér sem ábyrgðaraðila þess var búin í viðureigninni við harðvítugan samningsaðila, harðvítugan gagnaðila, þar sem var Alusuisse, í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég hef sagt það að brestir hér innanlands hafi verið þess valdandi öðru fremur, að ekki tókst að knýja Alusuisse til samninga, til sanngjarnra samninga, og það mætti kannske eitthvað af því máli læra varðandi framhaldið sem hér er til umr.

Ég vil rifja það hér upp, að í marsmánuði 1982 tókst að knýja Alusuisse að samningaborði til viðræðna eftir að auðhringurinn hafði með freklegum hætti reynt að sundra röðunum hér innanlands með sérstakri heimsókn dr. Müllers og dr. Weibels þann 1. febr. og einkaviðræðum þeirra þá við forystumenn annarra stjórnmálaflokka en Alþb. Þeir reyndu að sundra þeim vettvangi sem stofnað hafði verið til af þingflokkum, álviðræðunefndinni, en það tókst ekki í það skiptið. Ákveðinn var fundur þann 3. mars 1982 eftir að tekist hafi að ná saman innan ríkisstj. um samþykkt í þessu máli, um samþykkt um lágmarkskröfugerð af hálfu Íslendinga, íslenskra stjórnvalda. Dr. Müller tók í framhaldi af því áskorun minni um að hitta mig á fundi með sínum fulltrúum til þess að reynt yrði að finna samningsgrundvöll fyrir viðræðuaðila og koma af stað eðlilegum samningaviðræðum. Íslenski viðræðuhópurinn, sem hitti fulltrúa Alusuisse 25. og 26. mars 1982, setti fram þegar á fyrsta fundi ýmis gögn og kröfur af hálfu íslenskra stórnvalda. En frá Alusuisse kom ekkert á þeim fundi, engin viðbrögð, engar tillögur. Það var fyrst síðkveldis þann sama dag, þann 25. mars, sem Alusuisse sendi tillögu af sinni hálfu ekki til mín heldur til hæstv. þáv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. Ég frétti fyrst af þessari tillögu morguninn eftir en þá hafði verið ákveðið að dr. Müller hitti okkur þrjá ráðh. áður en formlegar viðræður héldu áfram milli mín og hans og okkar samstarfsmanna í þeim viðræðum. Við ráðherrarnir höfðum ekkert getað borið okkur saman en á þessum fjögurra manna fundi, sem ég greindi frá á liðnu sumri í grein í Tímanum í nokkrum atriðum, lýsti form. Framsfl. því yfir að hann teldi tillögu Alusuisse, sem sett var fram undir miðnætti nóttina áður, góðan grundvöll sem nota mætti með svona einhverjum orðalagsbreytingum sem samkomulagsgrundvöll. Þessi tillaga dags. þann 25. mars 1982 fól m. a. í sér eftirfarandi meginatriði sem kröfur af hálfu Alusuisse, sem setur hana fram:

1. Ásakanir, sem þeir kalla um yfirverð á aðföngum og um vantalinn hagnað hjá ÍSAL, væru dregnar til baka en skoðanir væru eftir sem áður skiptar um lagalega túlkun nokkurra atriða í aðalsamningi. Sá ágreiningur yrði jafnaður í vinsemd í viðræðum lögfræðinga eða í nefnd.

2. Viðræður héldu áfram um sameiginleg áhugamál varðandi ÍSAL. Endurskoðun á skattareglum. Hagkvæmniathugun varðandi framtíðarrekstur ÍSALs, yrði gerð af Alusuisse í samráði við fulltrúa ríkisstj. til að ákvarða eftirfarandi:

1. Hagkvæmni ÍSALs í núverandi stærð miðað við mismunandi afurðaverð, hráefnisverð og raforkuverð.

2. Hagkvæmni ÍSALs eftir stækkun um 40 þús. til 80 þús. tonn.

3. Hagkvæmni anóðuframleiðslu á Íslandi.

Síðan segir í þessum texta að hlutdeild íslenska ríkisins í ÍSAL komi til greina ef bræðslan yrði stækkuð og hlutdeild þriðja aðila í stækkun ÍSAL. Ríkisstj. setji á laggirnar ráðherranefnd til að leiða samningaviðræður við Alusuisse. Þetta er tillaga Alusuisse að sameiginlegri yfirlýsingu fyrirtækisins og íslenskra stjórnvalda.

Þetta eru meginatriði þeirrar tillögu sem form. Framsfl. leist vel á sem grundvöll að samningsviðræðum og gaf yfirlýsingu þar að lútandi við formann framkvæmdastjórnar Alusuisse án þess að hafa rætt málið við samráðh. sína. Hann fór meira að segja í það verk að breyta orðalagi á hnjám sér á þessu plaggi Alusuisse fyrir framan formann framkvæmdastjórnarinnar þann stutta tíma sem hann staldraði við á þessum fundi sem fallist hafði verið á fyrst og fremst til þess að dr. Müller gæfist kostur á að kynna íslenskum ráðh. fleirum en mér viðhorf sín.

Ég bið hv. alþm. að taka eftir því að í þessum texta var ekki orð um hækkun raforkuverðs eða önnur þýðingarmestu atriði sem ríkisstj. hafi áður samþykkt og gert kröfur um. Ég tel ástæðu til að rifja þetta upp hér en þetta hefur áður komið fram opinberlega í grein í Tímanum sem hæstv. forsrh. gerði sínar aths. við og fann það helst að að ég væri að greina frá einkaviðræðum — formlegum fundi með formanni framkvæmdastjórnar Alusuisse að viðstöddum tveimur öðrum íslenskum ráðh.; þetta væri einkafundur sem ég

væri að greina frá.

Ég hef greint frá því — og gerði það í flokksmálgagni Framsfl. — að mér brá heldur í brún við þessi vinnubrögð og mér leist satt að segja ekkert á það, að framhald yrði á fundum af þessu tagi. Það voru haldnir fleiri fundir þann 5. og 6. maí 1982 þar sem enn var gerð tilraun til þess að fá samningsgrundvöll og fá yfirlýsingu af hálfu Alusuisse um hækkun raforkuverðs án þess að teknar yrðu inn nokkrar skuldbindingar af Íslands hálfu gagnvart fyrirtækinu varðandi kröfur af þess hálfu. Upp úr þessum viðræðum slitnaði á öðrum fundardegi eftir sem sé tveggja daga fund hér í Reykjavík. Við skildum, íslensku aðilarnir, við fulltrúa Alusuisse í ráðherrabústaðnum upp úr hádegi þann dag. Þaðan hélt dr. Müller með fylgdarliði sínu rakleitt til leynifundar í Seðlabankanum með dr. Jóhannesi Nordal og Steingrími Hermannssyni, þáv. hæstv. sjútvrh. Ég frétti af þeim fundi fyrir tilviljun. Hæstv. þáv. sjútvrh. sá ekki ástæðu til þess að segja mér frá honum, þótt tækifæri gæfust nóg til þess.

Ég sá ástæðu til þess að nefna þessi dæmi hér í umr. til þess að styðja rökum og dæmum það sem ég hef sagt hér áður að brestir hér innanlands hafi valdið því á liðnum árum að ekki tókst að ná fram sanngirniskröfum gagnvart þessu stóra fyrirtæki sem við eigum hér í deilu við og eigum rétt okkar að sækja gagnvart. Til að varpa ljósi á það hvernig hin íslenska víglína í þessu máli var í reynd holgrafin og þurfti ekki stjórnarandstöðuna til í þeim efnum því að það var Framsfl. á þessum tíma sem öðrum fremur og fyrst og fremst bar ábyrgð á þessari stöðu innan ríkisstj. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, þáv. alþm., vissi vel að hann stóð ekki einn í sínum flokki og sinni flokksforystu, þegar hann kaus að hlaupa út úr álviðræðunefnd fyrir framan sjónvarpsvélarnar 7. des. 1982.

Þessi dæmi — og það mætti nefna mörg fleiri — eru lýsandi um það hvernig Alusuisse hefur hreiðrað hér um sig í landinu og hefur tekist að hlutast með óviðeigandi hætti til um íslensk innanlandsmál, íslensk stórnmál. Þannig hefur þetta auðfélag brotið gegn leiðbeinandi reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD-reglum, sem settar voru og samþykktar 1976 og sem Ísland er aðili að, reglum um fjölþjóðafyrirtæki þar sem segir í 9. lið að fjölþjóðafyrirtæki skuli ekki blanda sér með óviðeigandi hætti í nein staðbundin stjórnmálaleg efni eða á enskunni, að þau eigi að „abstain from any improper involvement in local political activities".

Samskiptin við þetta fjölþjóðafyrirtæki s. l. 20 ár minna því miður um margt á samskipti fjölþjóðafyrirtækja við lönd sem stundum eru kölluð bananalýðveldi. Það hefur viðgengist og þótt góður siður á þessu tímabili, lengst af a. m. k., að forsrh. Íslands héldu forstjórum þessa fyrirtækis sérstaka hátíðarmóttöku og málsverð árlega, oftast í tengslum við aðalfund ÍSALs. Þannig kom það í hlut hæstv. núv. forsrh. að standa fyrir slíkri veislu á liðnu sumri og það þarf engan að undra þó að talsmenn Alusuisse hafi mætt óvenju kampakátir til þess fagnaðar og dr. Müller, fráfarandi forstjóri framkvæmdastjórnar fyrirtækisins, og dr. Dietrich Ernst, sá sem við tók af honum, hafi mælt ljúflega í skálaræðum. Ég hef heyrt því fleygt að dr. Müller hafi komist svo að orði þegar hann fagnaði myndun þessarar nýju íslensku ríkisstj. undir forsæti Steingríms Hermannssonar, hæstv. forsrh., að hún væri Alusuisse mjög til hagsbóta: „Very much to the benefit of Alusuisse." Líklega hefur honum ratast satt orð á munn í það skiptið.

Hæstv. iðnrh. Sverri Hermannssyni til halds og trausts í samskiptamálum við Alusuisse eru nú af hálfu íslensku ríkisstj. þeir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., mennirnir sem sáu ástæðu til þess að afhenda Alusuisse „hvíta skyrtu", sem fyrirtækið kallar svo, í sambandi við skattadeiluna í umr. utan dagskrár hér á Alþingi þann 6. maí 1982.

Ég ætla þá að víkja að nokkrum atriðum úr ræðu hæstv. iðnrh. hér í umr. í fyrradag, svörum hans og þó frekar því sem ekki var svarað.

Hæstv. iðnrh. svaraði fsp. minni varðandi gildi þess texta, ensks og íslensks, sem hér liggur fyrir í skýrslu hans. Hann svaraði á þá leið efnislega að það væri enski textinn sem gilti. Sá íslenski hefði ekki verið undirritaður. Ég verð að segja það þó að mönnum finnist þetta kannske ekki stórt mál að ég varð afar undrandi á að heyra það að í þskj., sem hér er lagt fyrir — tveir textar, íslenskur og enskur — skuli vera látið líta svo út sem báðir textar séu jafngildir en tilefni þess að ég spurðist fyrir um þetta var ósamræmi sem ég tel gæta í nokkrum greinum milli ensks texta og hins íslenska. Þetta er þeim mun undarlegra að verki verið þegar litið er á aðalsamninginn milli ríkisstj. Íslands og Alusuisse, 52. gr. hans, sem hljóðar svo:

„Opinber tungumál samnings þessa eru íslenska og enska, og skulu bæði málin jafngild."

Í þessum bráðabirgðasamningi er horfið frá þessari meginreglu og aðeins enski textinn er frágenginn og undirritaður og hæstv. ráðh. sér ekki einu sinni ástæðu til þess að láta það koma fram í skýrslu sinni að um þýðingu sé að ræða á enskum texta og birting þeirra látin líta svo út sem báðir hafi verð undirritaðir. Ég tel að hér sé enn á ferðinni dæmi um þann fádæma undirlægjuhátt sem gætt hefur í samskiptum þeirra aðila sem nú sitja í ríkisstjórn Íslands og við þetta fyrirtæki á liðinni tíð. Það virðist vera framhald á slíku. Og í beinu samræmi við þetta upplýsti ráðh., að samningafundirnir fram undan verði haldnir ekki síður á erlendri grund en hér heima ef ég hef skilið það rétt.

Þá upplýsti hæstv. ráðh. þm. um það, að innan nokkurra daga væri von á frv. af hans hálfu, þar sem leitað verði heimildar Alþingis á að heimila Alusuisse að selja 50% af hlutafé sínu í ÍSAL, áður en endanlegur samningur, væntanlega endanlegur samningur, sem hér er látið liggja að að eigi að koma fyrir 1. apríl n. k., verði lagður fyrir þingið. Og hv. Alþingi er ætlað að samþykkja heimild til ríkisstj. áður en menn sjá framan í texta endanlegs samkomulags. Það er varnagli, segir ráðh., í þessum texta, sá varnagli að allt hverfi til fyrra horfs ef ekkert verði af samkomulagi. Ja, mikið var, — mikið var að það skyldi ekki vera algerlega óútfylltur víxill, en Alþingi á að skrifa upp á hann fyrir sitt leyti. Það er aðeins íslenska ríkisstj. sem á að halda í spottann. Hennar mat á því hvað er viðunandi samningur á þá að gilda og sú staðfesting sem lögð verður eða óskað verður eftir af hálfu Alþingis þegar allt er nánast klappað og klárt. Hafa hv. alþm. gert sé grein fyrir þessum ákvæðum í bráðabirgðasamkomulaginu almennt? Hafa hv. stuðningsmenn ríkisstj. gert sér grein fyrir því að eftir því verður óskað við þá hér á næstu

vikum og mánuðum að þeir afgreiði hér út úr þinginu heimild til ríkisstj. til þess að heimila Alusuisse að selja 50% hlutafjár í ÍSAL, sem er stórfellt hagsmunamál fyrir fyrirtækið sem ástæða væri nú til að varpa ljósi á og ég fór um nokkrum orðum hér í umr. fyrir viku síðan.

Ég spyr hv. alþm. að því og bið þá um að hugleiða það a. m. k., hvort þeir ætli að standa þannig að verki, hvort þeir ætli að ganga undir það jarðarmen, sem þeim er boðið upp á af hæstv. iðnrh. og ríkisstj. hans með þessu bráðabirgðasamkomulagi. Mig undrar það ef það gengur eftir. Ég segi ekki meira um það, mig undrar það sannarlega. Með slíkri heimild, sem verið er að veita Alusuisse, fær þetta erlenda fyrirtæki það hlutverk að verða aðgöngumiðasali að íslenskum auðlindum, að íslenskum orkulindum. Og aðgöngumiðinn og verðið fyrir hann, sem Alusuisse fær í vasann, verður þeim mun hærra sem orkuverðið verður lægra og líkurnar á því að ná í samningsaðilann aukast að sjálfsögðu, þegar svo ákveðið og sterkt er látið að því liggja af íslensku ríkisstj. að hún sæki slíka heimild inná Alþingi Íslendinga á yfirstandandi þingi.

Menn tóku eftir því hér í umr. um daginn að hæstv. iðnrh. var ófáanlegur til þess að nefna nú sem fyrr að hvaða raforkuverði eigi að keppa eða sé verið að keppa í þeim samningaumleitunum sem standa yfir. Hann er ekki einu sinni reiðubúinn til þess að slá því föstu að ekki verði samið um minna en framleiðslukostnaðarverð eins og það er núna út úr íslenska raforkukerfinu gagnvart núv. fyrirtæki. Af því að hann og flokksbræður hans eru svo miklir áhugamenn um tvöföldun þessa fyrirtækis og hafa gefið mjög sterkt undir fótinn með slíka stækkun um 100% á ÍSAL er hann eftir sem áður ekki reiðubúinn að gefa slíka yfirlýsingu varðandi raforkuverðið. Hann hefur ekki náð því inn í þetta bráðabirgðasamkomulag að framleiðslukostnaðarverð raforku hér á Íslandi sé einu sinni viðmiðun. Það er bara inni í heildarpottinum Evrópa og Ameríka samkv. þessum samningum. Hvernig í ósköpunum geta menn staðið að verki með slíkum hætti? Hvernig í ósköpunum getur hæstv. iðnrh. ætlað að fara að sækja heimildir hér inn á Alþingi í sambandi við þetta mál þegar fyrir liggur samkomulag sem þannig er vaxið að varðandi raforkuverðið er engin minnsta trygging að samið verði um eða reynt verði að semja um framleiðslukostnaðarverð hið minnsta að lágmarki. Það eru ekki menn í vígahug, það eru ekki menn í hug að berjast fyrir réttlátri niðurstöðu sem þora ekki hér á Alþingi Íslendinga að nefna svo sjálfsagðan hlut í sambandi við kröfugerð af okkar hálfu.

Hæstv. ráðh. sagði okkur frá því að varðandi virkjanir þær sem þyrfti nú að ráðast í, þegar kæmi til stækkunar á ÍSAL, þá mundi hann alls ekki standa á því að það yrði breytt um röð frá því sem ákveðið hefur verið í sambandi við virkjanir. Það gladdi mig að heyra að hæstv. ráðh. ætlar ekki að standa að því að farið verði að heimila nýjar virkjanir eða virkjanaviðbætur í sambandi við stækkun ÍSALs. Það er þó alltjent einhver viðspyrna hjá hæstv. ráðh. En ég vil nú spyrja hann aðeins aftur um það hvort hann hafi ekkert leitt hugann í þá áttina, af því að ég hef lesið eftir hann í blaðaviðtölum eitthvað sem mætti túlka svo, og hefur raunar verið gert, það hef ég orðið var við, túlka og tortryggja í þessu efni. Hann hefur orðað það eitthvað á þá leið að það þyrfti kannske að taka flöskuhálsinn úr við Sultartanga og stækkun Búrfells hefur aðeins flogið fyrir. Hefur ráðh. ekkert aðhafst í sambandi við það að undirbúa heimild varðandi stækkun Búrfellsvirkjunar eða Búrfellsvirkjun II. sem raunar er ný virkjun? Hefur ráðh. ekki látið draga sig út í neitt af því tagi? Ég inni hann eftir því hér sérstaklega því að það er gott, að ekki sé neinn orðrómur í gangi um þau efni.

En í sambandi við virkjanirnar og í sambandi við stækkunina, sem hæstv. ráðh. greindi frá í fréttatilkynningu líklega þann 13. sept., eða kannske var það fyrir viku fyrr — það var þegar greint var frá Zürichsamkomulaginu, þá kom fram ártalið 1987—88 fyrir 50% stækkun ÍSALs, sem mjög líklegur tími. Í enska textanum er, minnir mig, talað um „earliest possible time" í sambandi við þessa stækkun, sem þýdd er á íslenskunni að vísu „svo fljótt sem við verður komið". Ég læt nú málsnjalla menn um að bera það saman. En er þetta það sem gert er ráð fyrir, hæstv. ráðh. ef semst um raforkuverð sem fram hefur komið að væri þarna fyrirvari um? Er það þá þetta árabil, 1987—88, sem þessi 50% stækkun ÍSALs er ætlað að komast í gagnið.

Þá vil ég aðeins víkja hér að atriði sem hæstv. ráðh. kom ekki að í sinni ræðu þó að ég hafi spurst fyrir um það í mínu máli. Það er varðandi skattalögsöguna, kröfu um íslenska skattalögsögu, breytingu á aðalsamningi þannig að því ófremdarástandi linni, sem Sjálfstfl. og Alþfl. gengu frá við gerð álsamningsins að skattalögsagan er háð útlendum dómstól, erlendum gerðardómi. Það er ekkert að finna í þessu bráðabirgðasamkomulagi sem bendir til þess að tekist hafi að fá fram breytingar í þá átt eða vilyrði um slíkar breytingar. Ég spyr: Hefur sú krafa ekki verið reist með ákveðnum hætti af hálfu stjórnvalda á þeim fundum sem voru aðdragandi þessa samkomulags? Hvað skyldi t. d. fulltrúi Framsfl. hafa borið fram í þeim efnum? Ég trúi ekki öðru en hann hafi staðið býsna fast í ístaðinu í sambandi við lögsöguatriði í skattamálum, minnugur þess væntanlega sem menn sögðu á fyrri tíð þess flokks. Það var nú kannske á þeim tíma þegar Framsfl. var aðeins betur á sig kominn heldur en nú, þegar fyrir honum fór Eysteinn Jónsson og hv. núv. þm. Ólafur Jóhannesson var hér á sínum fyrstu árum inni á þingi. Þá voru álsamningarnir hér til umr. á Alþingi 1965 og 1966. Hvað ætli Eysteinn Jónsson hafi haft um þau mál að segja og Ólafur Jóhannesson? Ég held að hollt væri fyrir hv. þm. Framsfl. að leggja aðeins eyrað við því í dag þegar verið er að kljást við þennan auðhring enn á ný. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að vitna hér í Alþingistíðindi frá árinu 1966, þar sem til umr. var álbræðslan við Straumsvík. Þar mælti þáv. hv. þm. Eysteinn Jónsson:

„Þá er þýðingarmikið atriði sem hefur verið talað um og m. a. var rætt um í sambandi við ályktanir framsóknarmanna, miðstjórnarinnar, og það var að fyrirtækið, ef til kæmi,yrði að lúta algerlega íslenskum lögum. En því fer alls fjarri, að það sé gert ráð fyrir því í þessu sambandi, því miður, því að þetta á ekki að ganga undir íslenska lögsögu eða íslenska dómstóla og hér er um alvarlegt málefni að ræða. Ég held, að það sé einfaldast, að það komi hér inn í umr., 1. umr. máls í hv. d. álit hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafs Jóhannessonar prófessors, sem hann lét í ljós um þetta efni í vantraustsumr. á dögunum og a. m. k. vil ég leyfa mér að vitna til þess og ég mun telja, að hann væri af flestum talinn vel dómbær ekki síst um þennan þátt málsins. En hann segir með

leyfi hæstv. forseta:

„Það er og vitað, að gert er ráð fyrir sérstöku og alveg óvenjulegu réttarfari í ágreiningsmálum, sem rísa kunna út af stóriðjusamningunum eða í sambandi við þá. Í þeim málum eiga íslenskir dómstólar ekki að hafa lögsögu nema um það verði samkomulag á milli aðila. Þau ágreiningsmál eiga að fara fyrir eins konar alþjóðlegan gerðardóm, sem sitja skal í útlöndum og skipaður skal fulltrúum frá aðilum, en oddamaður tilnefndur af þeim í sameiningu. En ef samkomulag næst ekki, þá af forseta Alþjóðadómstólsins.

Segja má, að þetta væri ekki athugavert ef um væri að ræða venjulegan milliríkjasamning. En hér er ekki um milliríkjasamning að ræða. Hér er ekki um samning milli tveggja ríkisstjórna að tefla. Hér er um að ræða samninga ríkisstj.-, Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar við einkafyrirtæki. Eftir öllum venjulegum reglum heyra ágreiningsmál út af slíkum samningum undir almenna dómstóla, þar sem málið er hafið, þ. e. hér á landi undir venjulega dómstóla, alveg án tillits til þess, hvort samningsaðili er innlendur eða útlendur. Þetta er viðurkennd regla í öllum réttarríkjum. Ég efast um, að í nágrannalöndum okkar séu fordæmi fyrir því að ríkisstj. semji hliðstæð mál undan eigin dómstólum. Krafa einkafyrirtækis, erlends hlutafélags um að taka þessi ágreiningsmál undan lögsögu íslenzkra dómstóla hlýtur að byggjast á vantrausti á íslensku réttarfari og tortryggni í garð íslenskra dómstóla. Á bak við hlýtur í raun og veru að búa sú skoðun, að hér sé ekki fullkomið réttarríki.

Víst er þetta óvenjulegt og óviðunandi, þegar um er að ræða ágreining hins svissneska hlutafélags við stjórnvöld hér á landi. En þó ofbýður manni þó fyrst er gert er ráð fyrir, að sama regla gildi um ágreiningsmál út af samningum við hið Íslenska álfélag, sem svo er kallað. En það félag er látið heita íslenskt félag, á að skrásetjast hér sem slíkt, samkvæmt orðanna hljóðan að fara að íslenskum lögum og hafa stjórn sem að meiri hluta er skipuð íslenskum ríkisborgurum. Hérna á ríkið að semja svo um, að ágreiningsmál þess, Hafnarfjarðarkaupstaðar eða Landsvirkjunar við íslensk hlutafélög séu tekin undan íslenskum dómstólum og fengin alþjóðlegum gerðardómi til úrlausnar. Fyrr má nú rota en dauðrota. Og hvernig í ósköpunum er hægt að kalla það íslenskt félag, sem lýtur ekki lögsögu íslenskra dómstóla? Ég efast ekki um að ráðh. hafi lagt sig allan fram við þessa samningsgerð og ég efast ekki um, að ráðh. hafi ýmsu fengið breytt til batnaðar í þessum samningum. Ég tel víst, að hann hafi reynt að fá breytingu á þessum ákvæðum. En það hefur ekki tekist. Þá hefði hann að mínum dómi átt að setja hnefann í borðið og segja: Hingað og ekki lengra. — Undir svona nokkuð er ekki hægt að skrifa fyrir fullvalda ríki, sem vill telja sig í hópi réttaríkja. Það er niðurlægjandi og í því felst frekleg móðgun bæði gagnvart þjóðinni og íslenskum dómstólum. Og ég verð að segja það eins og það er, að ég vorkenni dómsmrh. að verða að ganga undir það jarðarmen að undirrita slíkt. Finnst mönnum nú vanþörf á að svona samningar séu bornir undir kjósendur áður en þeir eru undirskrifaðir.“ Tilvitnun í Ólaf Jóhannesson hér á Alþingi 1966 lýkur. Hún var inni í ræðu hv. þm. Eysteins Jónssonar, sem segir síðan:

„Þetta sagði hv. þm. um þessi efni og undir þetta vil ég leyfa mér að taka og til þess að vísa, og við þetta hef ég ekki neinu að bæta.“ Tilvitnun í Eystein Jónsson lýkur.

Hæstv. iðnrh. viðurkenndi, eins og ekki verður undan vikist, haldleysi þeirrar raforkuverðshækkunar sem felst í viðbótarálaginu sem gildir um eins árs skeið samkv. þessu bráðabirgðasamkomulagi, viðbótarálagi sem Alusuisse hefur stöðu til að nota sem snöru um háls ráðh. þegar kemur fram á vorið, snöru sem fyrirtækið getur hert að þegar því þóknast og ef því þóknast og hæstv. ráðh. og ríkisstj. eru ekki nógu þýð í viðskiptum um þau atriði sem menn hafa raunar gengist að hálfu leyti inn á með þessu bráðabirgðasamkomulagi um stækkun, um raforkuverð og annað af því tagi. En hæstv. ráðh. vonar að Alusuisse notfæri sér ekki þessa snöru og fari ekki að hóta því eða gera alvöru úr því að fella niður þetta viðbótarálag sem eingöngu gildir um eins árs skeið. Ég skil það afar vel að hæstv. ráðh. voni það. Það er ekki nema eðlilegt. Það er ekki nema mannlegt. En ég spyr hvað ætlar hæstv. ráðh. að gefa ef það fer á annan veg mót hans vonum og snörunni verði beitt? Hvað ætlar ráðh. að gera? Útilokar hann að beita stöðu okkar sem fullvalda ríkis? Útilokar hann einhliða aðgerðir ef ekki verður gengið að lágmarks sanngirniskröfum okkar? Ég vona sannarlega að svar ráðh. sé ekki nema á eina lund í því efni. En ég verð að segja að aðstoðarmenn hans hér í þessum umr., hv. alþm. Birgir Ísl. Gunnarsson og hv. þm. Gunnar G. Schram, hafa ekki beinlínis brýnt þau vopnin hér eða haldið til haga rétti okkar og röksemdum sem fullvalda ríkis í samskiptum við þetta einkafyrirtæki.

Herra forseti. Mér þætti nú vænt um ef hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson væri hér nærstaddur eða heyrði mál mitt því að ég ætla aðeins að víkja að hans máli hér í umr. um daginn. (**Forseti:** Það verður athugað hvort hægt verður að hafa samband við hv. þm.).

Í máli sínu — ég vænti að hv. þm. sé hér á leiðinni í þingsal — fór hann allvítt yfir sviðið og ræddi m. a. fortíðina sem ég ætla ekki að dvelja sérstaklega við, um málsmeðferð af minni hálfu og hann tók alveg sérstaklega fram að skattamálin sem hafa verið á dagskrá, skattadeilan væri aukaatriði í þessu máli sem ég hefði látið þvælast fyrir og hefðu orðið þess valdandi að menn hefðu ekki beitt sér að aðalatriðum málsins. Spurningin um 10 millj. dala skattaálagningu, viðbótarskattaálagningu fjmrn. gagnvart fyrirtækinu væri aukaatriði. Það væri nú munur eftir að ný ríkisstj. hefði tekið við, mátti lesa efnislega út úr hans máli, og þegar náð fram 54% hækkun sem svarar líklega til eitthvað nálægt 4 millj. dala, svona rúmt reiknað, á ári. Mér sýndist það nú ekki vera meira, eða 2.5 sinnum lægra og það eina sem menn hafa þar á hendi heldur en sú álgagning, sem rétt íslensk stjórnvöld hafa lagt á ÍSAL.

Hv. þm. gerði að uppistöðu í sínu máli að telja að lagalegur grundvöllur fyrir einhliða aðgerðum Íslands á grundvelli brostinna forsendna væri ótraustur og lögfræðingar, sem um þetta mál höfðu fjallað — að vísu taldi hann álitsgerðir þeirra góðra gjalda verðar — hefðu ekki nógsamlega fjallað um þetta einstaka tilvik ÍSALs og Alusuisse til þess að hann mæti það svo að það frv., sem við Alþb.-menn lögðum hér fram og lagt var fram í ríkisstj. áður á síðasta vetri, væri á traustum grunni reist. Og hann tíundaði alveg sérstaklega fyrirvara þessara ágætu lögfræðinga, Þorgeirs Örlygssonar starfsmanns Hæstaréttar og Charles Lipton, prófessors

við Háskólann í New York, eðlilega fyrirvara í þeirra álitsgerðum, til þess að finna þessum málflutningi sínum stað. En ég spyr nú: Er það nýtt og er það einkennilegt að lögfræðingar, sem beðnir eru um fræðilegar álitsgerðir, hafi fyrirvara í sínum álitum, setji fram fyrirvara og vísi til þess að fleira þurfi að koma til, að fleira þurfi að vera til álita heldur en lögfræðin ein, einnig hagfræðileg atriði og væntanlega líka pólitískt mat og pólitísk staða mála sem liggur utan við þeirra svið. Og hv. þm., sem er lögfræðingur að mennt, ef ég man rétt eins og hv. þm. Gunnar G. Schram, upplýsti okkur um, eins og hann væri að segja tíðindi, að það væri nú ekki alveg nóg að setja lög gagnvart þessu fyrirtæki því að það gæti bara leitað til dómstóla og málið væri áfram í flækju. Þetta voru nú aldeilis ný sannindi sem hv. þm. reiddi þar fram, að menn gætu leitað réttar síns, einnig Alusuisse, einnig ÍSAL, fyrir dómstólum. Ætli það sé nýtt.

En hvar eru þeir dómstólar sem til yrði leitað af fyrirtækinu ef það svo kysi? Eru það íslenskir dómstólar? Því er fljótsvarað. Um það hefur verið fjallað hér. Hv. þm. virðist ekkert muna eftir því eða gera úr því að um þessi efni var fjallað, ekki aðeins af þeim ágætu og viðurkenndu lögfræðingum, sem hér var vitnað til og lögðu fram vel grundaðar fræðilegar álitsgerðir í þessu máli,heldur var um þetta fjallað af mörgum öðrum löglærðum mönnum, virtum íslenskum mönnum, virtum íslenskum lögfræðingum, sem aðstoðuðu iðnrn. við undirbúning þessa máls og áttu hlut að samningu þeirrar greinargerðar sem fylgdi með frv. til l. um leiðréttingu á raforkuverði Íslenska álfélagsins hf., sem lagt var hér fyrir hv. Nd. í fyrra á síðasta þingi. Hann vill ekkert gera úr því, hann talaði um óvandaðan undirbúning, flaustur og annað af því tagi. Það eru ekki bein orð hans, en efnislega var það á þá leið. Það er ýmist í ökkla eða eyra hjá þessum hv. talsmönnum. Annars vegar óvandaður, ótraustur undirbúningur eða þá allt of mikið af álitsgerðum og skýrslum af hálfu iðnrn. á liðinni tíð. Ég man nú meira eftir ásökunum um hið síðartalda satt að segja. En nú hentar að koma með hina áhersluna. Það var fundið að því að of miklu væri kostað til í þessu máli og lagðar fram of margar álitsgerðir.

Ég vil segja hv. þm. það og hv. þm. Gunnari G. Schram líka, því að hann fjallaði með nokkuð svipuðum hætti um ýmsa þætti þessa máls, að vissulega voru teknir fleiri þættir en lögfræðin ein inn í það mat sem lá að baki framlagningu þess frv. sem hér var vísað til, t. d. hagfræðileg atriði, sem voru vel grunduð og vel rökstudd, pólitískt mat framkvæmdavaldsins, fulltrúa Íslands sem fullvalda ríkis. Það er eins og menn vilji gleyma því að hér er um að ræða átök á milli einkafyrirtækis, þar sem er þetta auðfélag, og Íslands sem fullvalda þjóðríkis. Menn vilja leggja þetta nokkuð að jöfnu í málflutningi sínum, vilja fjalla um þetta eins og um væri að ræða málarekstur milli tveggja einkaaðila, tveggja fyrirtækja, en átta sig ekki á að auðvitað er hér um styrkleikapróf að ræða milli Íslands sem þjóðríkis og þessa erlenda einkafyrirtækis. Sem betur fer hefur — og það sjá menn ef menn skyggnast um á alþjóðavettvangi á liðnum árum — staða þjóðríkjanna gagnvart fjölþjóðafyrirtækjunum verið að styrkjast á undanförnum árum, allan undanfarinn áratug, enda eru það nánast engir samningar um náttúruauðlindir sem ekki hafa verið endurskoðaðir á þessu tímabili.

En svo kemur hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og vefengir alveg sérstaklega að hér sé um að ræða samning sem varði náttúruauðlind eða geti fallið undir þá skilgreiningu. Þá hafa menn það. Að mati hv. þm. eru íslenskar orkulindir ekki náttúruauðlindir í lögfræðilegum skilningi þm. Náttúruauðlindir eru fyrst og fremst námur segir hv. þm. Lagaleg rök varðandi náttúruauðlindir, yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1962 um rétt þjóðríkja til að tryggja sér eðlilegan afrakstur af náttúruauðlindum sínum, eiga þá væntanlega ekki við að mati þessa hv. þm. um raforkusamninginn við Alusuisse. Ja, þetta eru hjálpamenn í lagi, hæstv. iðnrh., sem þú hefur sett til verka yfir stóriðjunefndinni til þess að ræða við erlent einkafjármagn, erlend auðfélög, til að reyna að lokka þau hingað til landsins, menn sem ganga hér fram á Alþingi Íslendinga og vefengja að samningar um sölu á orku til erlendra aðila séu samningar um afnot af náttúruauðlindum. Allt eðli slíkra samninga er þess eðlis að það fellur undir skilgreininguna að vera samningar um náttúruauðlindir, tímalengd þeirra, fjárfestingar og annað sem að baki þeim liggur. Það er furðulegt að löglærður maður og maður, sem trúað hefur verið fyrir því af hæstv. iðnrh. að leiða orkusölunefndina hans, skuli koma hér fram á Alþingi Íslendinga og vefengja alveg sérstaklega að það sé rétt hjá prófessor Charles Lipton sem aðstoðað hefur 36 ríkisstjórnir í vandasömum samningum að samningur af því tagi, raforkusamningurinn milli Landsvirkjunar og Alusuisse, falli undir samning um náttúruauðlindir. Hann sá alveg sérstaka ástæðu til þess að leiðrétta þennan virta og heimsþekkta prófessor, Charles Lipton, þekktan í þeim hópum sem fjalla um þessi efni, að setja nánast ofan í við hann.

Svo segir hv. þm. að eitt allra veikasta atriðið í mínum málflutningi hafi verið það að samningaleiðin hafi ekki verið reynd til þrautar — það hafi nú verið veikast af öllu — á sama tíma og ég lá hér undir stöðugum árásum frá honum, hér á þingi, flokksbræðrum hans og fleirum, fyrir það að vera allt of lengi að nudda í að reyna að ná þarna samkomulagi; mér mundi aldrei takast það. Það er rétt, hjálparhendurnar voru ekki margar úr þessum herbúðum til þess að það mætti takast. En mitt mat var það að samningaleiðin við fyrirtækið var þrautreynd og þess vegna átti að reyna á íslenskan fullveldisrétt og láta á það reyna hvort fyrirtækið virti löglega tekna ákvörðun Íslendinga varðandi afrakstur, lágmarksafrakstur af orkulindum sínum.

Ég get fullvissað hv. þm. um það mat mitt að samningaleiðin var reynd til þrautar miðað við þá stöðu sem ríkti hér á s. l. vetri og miðað við ítrekaðar neitanir af hálfu Alusuisse, skjalfærðar, um að ganga til móts við lágmarkssanngirniskröfur okkar Íslendinga.

Og síðan kom hann að því sem hann varpaði hér fram og túlkaði sem eitthvert stórtromp í þessu máli og átti að vera lýsandi um mín vinnubrögð fyrr og síðar ef ég hef skilið það rétt að ég hafi óskað eftir einni grg. enn frá Orkustofnun í þetta sinn til að láta kanna það hvaða áhrif orkusölusamningurinn við ÍSAL hugsanlega hefði haft á verð til almenningsveitna hérlendis á liðinni tíð, miðað við mismunandi forsendur, og að ég skuli hafa látið það undir höfuð leggjast að senda sér bráðabirgðaálit Orkustofnunar þar að lútandi sem fyrirtækið gaf út

um það leyti sem menn voru að ganga hér út af þingi og líklega gengnir út ef ég man rétt; það var í marsmánuði s. l., gengnir út til uppgjörs í íslenskri pólitík, til kosningabaráttu. Þetta segir hann mér sérstaklega til lasts. En það hefur nú verið bætt úr því — þeirri vöntun á skýrslu til hv. þm. — því að Orkustofnun lét mig hafa álitsgerð sína daginn áður en ríkisstj. stóð upp af stólunum þann 25. maí og gaf það út í skýrsluformi í júní 1983. Og um hvað er þessi skýrsla?

Hún er athugun á áhrifum orkusölusamningsins og heitir „Lausleg athugun á áhrifum raforkusamningsins við ISAL á raforkuverð Landsvirkjunar til almenningsveitna". Jón Vilhjálmsson, sérfræðingur á Orkustofnun, skrifaður fyrir, júní 1983.

Þarna var verið að fara ofan í einn þátt þessa máls, einn af mörgum þáttum, til að leiða í ljós áhrif þessa samnings, leiða líkur að því hvaða áhrif hann hefði haft. Og hv. þm. segir: „Skýrslan sannaði bara eitthvað allt annað heldur en ráðh. þóknaðist og reyndi hann þó að breyta forsendunum sem verið var að fara eftir." Ja, þetta er nú boðlegt, hv. þm. Ég á að hafa staðið í því, ekki bara þarna heldur í mörg skipti, að troða forsendum upp á sérfræðistofnanir og aðila og sömu aðilar eiga að hafa kokgleypt þau fyrirmæli af minni hálfu í sambandi við forsendur af þessu tagi. Það er velkomið að hafa slíkan málflutning uppi hér á hv. Alþingi en ég tel það ekki boðlegt.

Ég skal vitna hér í inngang orkumálastjóra sem hann lætur fylgja þessari skýrslu til þess aðeins að varpa ljósi á þá könnun sem þarna var unnið að en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkustofnun ítrekar það sem rakið er í bréfi hennar frá 1983 0309" — það les maður nú 9. mars 1983 á mæltu máli, það er íslenskur staðall víst — „og í inngangskafla meðfylgjandi greinargerðar, að niðurstöður athugana af þessu tagi, þar sem sögulegar staðreyndir eru bornar saman við eina aðra framkvæmdaröð af mörgum hugsanlegum, gefa aðeins vísbendingu, en ekki ótvíræða vitneskju, um hvað raforkuverð til almennings hefði orðið án samningsins við ÍSAL. Ber því að mati stofnunarinnar að fara varlega í öllum ályktunum um verðmun sem dregnar kunna að verða af þessum niðurstöðum. Þróun þessa verðmunareða verðhlutfalla — með tímanum er líklega marktækasta ályktunin sem dregin verður af þessum athugunum, og virðist hún mun marktækari en hlutföllin sjálf.

Að mati Orkustofnunar er markverðasta ábendingin af þessari athugun einmitt sú, að hlutfall raforkuverðs til almenningsveitna án ÍSALs og með því virðist fara lækkandi með tímanum. Verði raforkuverðið í samningnum við ÍSAL því ekki fljótlega hækkað bendir margt til að ávinningurinn af honum fyrir hinn almenna rafmagnsnotanda, sem virðist ótvírætt hafa verið til staðar fyrstu árin, þótt þessi athugun gefi ekki mjög góða vitneskju um hve mikill hann hefur verið, verði brátt uppurinn, ef hann er það ekki nú þegar."

Þetta segir orkumálastjóri í inngangi að þessu. Og í þeim tölulegu niðurstöðum, sem fylgja í skýrslunni, kemur það fram þar sem borin eru saman nánast 9 tilvik, 9 mismunandi atriði eða möguleikar, 3 meginmöguleikar með þremur tilbrigðum, að frá árinu 1978 að telja séum við farnir að borga með þessu samningi, sé rafmagnsverðið til almenningsveitna farið að hækka vegna þessa samnings, og það miðað við óbreytta virkjanaröð því að það er byggt á þeim virkjanaforsendum sem hafa orðið reyndin frá því að ráðist var í Búrfell og samningurinn var gerður. Ég bið menn um að hafa það í huga.

Og hv. þm. þóknaðist að sjálfsögðu að taka hér það tilvik sem sýnir skástu niðurstöðuna miðað við samninginn hans, álsamninginn hans, sem hann er að verja hér í rauðan dauðann og telja að það væri 9—12% hagur á þessu tímabili yfir heildina litið af þessum samningi, það vildi hv. þm. segja okkur og hafði hér yfir að væri útkoman. Áður hafði verið á því klifað að þetta væri upp undir 30% hagur sem Ísland hefði haft af þessum samningi svo eitthvað hefur nú þm. þó vitkast við lestur þessarar skýrslu þó með einkennilegum gleraugum sé hún lesin. Og hann hefði með sama hætti getað farið í annað tilvik sem sýnir það reikningslega miðað við hærri afkastavexti en gilt hafa á liðinni tíð, 4% afkastavexti, að á þessu tímabili til 1982 hafi raforkuverðið orðið 10% hærra á föstu verði á heildina litið til almenningsveitna með en án þessa samnings þó að við hefðum farið í sömu virkjanir og virkjanaröð, vel að merkja. Þó að farið hefði verið í stórvirkjun Búrfells 1966 og hún tekin í gagnið 1969 fyrir almennan markað þá hafi samt hallað á. Og þetta er meginvísbending þessarar skýrslu að nú þegar og fyrir nokkrum árum erum við farnir að borga þarna með enda þarf nú kannske ekki talnameistara til. Ætli íslenskur almenningur hafi nú ekki fundið fyrir því á síðustu árum hvaða áhrif meðgjöfin með ÍSAL hefur haft? Það er t. d. hægt að benda á það tölulega að ef miðað er við kostnaðarverð á raforku til stóriðju samkvæmt reikningum Landsvirkjunar árin 1975—1982 þá hefði ÍSAL átt að greiða, miðað við kostnaðarverð raforkunnar, 90 millj. dollara á þessu tímabili en greiddi aðeins 48 millj. dala yfir tímabilið. Þetta eru líka tölur, vísbendandi tölur og augljósar.

Og hvað las blaðamaður Tímans út úr þessari skýrslu þann 2.—3. júlí eftir að henni var dreift? Hann segir það sama eins og ég man að aðrir — sem ekki eru með gleraugun hans Birgis eða gleraugnalausir, ég veit ekki hvort hv. þm. hefur slík hjálpartæki — lásu út úr því: „Niðurstaða nýrrar skýrslu Orkustofnunar: Raforkuverð til almennings lægra án ÍSAL." Það er fyrirsögnin og innihaldið í fréttinni með sama hætti sem ekki þarf að undra.

Nei, hér eru menn í vörn, enn í vörn fyrir samning sem gerður var fyrir 18 árum — eru þau ekki að verða það — 1966. Samning sem enn þá nagar samvisku þeirra manna sem eru í þeim flokki sem bar meginábyrgð á þessum samningi. Og það er ekki ég sem hef verið að flytja hér ásökunarræður að fyrra bragði um þennan samning. Það eru þeir sem flytja hér eina varnarræðuna af annarri út af fortíðinni, út af þessum ágæta samningi sem þarna var gerður og reyna að halda því hér fram á Íslandi að þetta hafi bara verið til hagsbóta — fram á þennan dag — fyrir íslenskan almenning, að nánast gefa helminginn af framleiddri orku Íslendinga til þessa fyrirtækis, eins og verið hefur undanfarin ár. Ja, þetta er nú rökvísi!

Á sama hátt hefur verið endurtekin hér ár eftir ár á Alþingi, síðan þetta mál kom hér til umr., „klisjan" um það að þessi ágæti samningur sé svo góður að hann borgi upp Búrfellsvirkjun og öll tengivirki og vararaf-

stöðvar á 19 árum. Ég veit að m. a. s. hv. þm. Egill Jónsson kann þetta utan að, hugsa ég. Þetta er „klisjan" sem hefur verið farið svo oft með af hans flokksbræðrum.

Hvernig er þessi niðurstaða fengin? Hún er fengin með því að gera ráð fyrir því að fjármagnið skili ekki núllvöxtum heldur neikvæðum vöxtum yfir tímabilið, ÷3% vöxtum. Það er neikvæð ávöxtunarkrafa sem leiðir til þessarar niðurstöðu. En hvað gefur sú ávöxtunarkrafa — sem hv. þm. Birgir Ísleifur kom hér með er hann var að lesa upp úr skýrslu Orkustofnunar, 4 eða 6% krafan, sem hann taldi nú raunar heldur lága nú til dags — í þessu reikningsdæmi? Hvernig fer hún með þessa „klisju" Sjálfstfl. um ágæti álsamningsins? Hún segir okkur að það nægi ekki allt samningstímabilið, 45 ár, til þess að greiða þessi mannvirki upp. Það er hinn kaldi veruleiki. Og hv. þm. segir: Ja, þetta er nú bara ein af reikningsformúlunum, þetta er ein af forsendunum hans Hjörleifs sem hann hefur pínt inn í tölvurnar hjá virtum stofnunum til þess að fá út niðurstöðu. Ja, það er von að mönnum lítist ekki á blikuna, þegar fellur á fallegar glansmyndir og margendurteknar.

En svo er það stækkunin og trúin á erlendu stóriðjuna sem fram kemur hér í málflutningi allra þessara þriggja hv. talsmanna og endurspeglast í stefnuyfirlýsingu og stjórnarsáttmála núv. ríkisstj.

Herra forseti. Mér þætti nú vera prýði að því vegna þess sem ég ætla að segja hér ef hv. þm. Lárus Jónsson, hv. 2. þm. Norðurl. e., og hv. þm. Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e., gætu komið hér og verið smástund áhlýðandi þessa umr. (**Forseti:** Það skal tekið fram að það hefur verið haft samband við báða þessa þm. og þeim kynntar óskir hv. ræðumanns.) Mætti kannske ítreka það ef þeir eru í húsinu svo að þeir viti að ég óska eftir því að þeir hlýði á mitt mál? Ég get að sjálfsögðu ekki gert kröfu til þess. (**Forseti:** Það verður gert.) Þakka fyrir það.

Ég ætla nefnilega að víkja að því sem fram hefur komið hér frá hæstv. iðnrh., frá hv. formanni stóriðjunefndar ríkisstj., frá hv. samninganefndarmanni í samninganefnd um stóriðju, hv. þm. Gunnari G. Schram, að stækkun ÍSAL — sem er búið að skrifa langleiðina upp á, tvöföldun fyrirtækisins, a. m. k. 50%, og m. a. s. ársetja, ef ég hef skilið tilkynningar hæstv. iðnrh. rétt — sé langsamlega hagstæðasti stóriðjukosturinn, hagkvæmasta orkunýtingin sem um geti verið að ræða hér á Íslandi. Skrautlegasta orðalagið um þetta efni við hafði hv. þm. Gunnar G. Schram því að hann sagði varðandi stækkun ÍSAL sem fjallað er um í þessu bráðabirgðasamkomulagi að „langbesti og raunhæfasti og skynsamlegasti" — takið eftir, hv. alþm., það eru þrjú sterk lýsingarorð — „langbesti og raunhæfasti og skynsamlegasti stóriðjukosturinn á Íslandi í dag er stækkun álversins, ný atvinnutækifæri, 400—500 manns," sagði hv. þm.

Ég held að það sé ástæða til að staldra við þegar svona er á borð borið án rökstuðnings fyrir hv. alþm. og verið að tala hér máli auðhringsins með staðhæfingum af þessu tagi eins og hér liggi fyrir einhverjar borðleggjandi staðreyndir. Ég vil biðja hv. þm. Gunnar G. Schram um að greina okkur frá því: Hvar eru þær athuganir sem hann byggir á þessa skrautlegu lýsingu sína? Hvaða hagkvæmniathuganir eru það og hvaða samanburður við aðra orkunýtingarmöguleika á Íslandi sem renna stoðum undir þessar staðhæfingar hans? Og vegna þess að ég var að biðja um það að hv. þm. Lárus Jónsson og Guðmundur Bjarnason hlýddu hér á mál mitt þá vil ég greina frá því strax, að ég efast um þessa staðhæfingu og það meira en lítið.

Og ég vænti þess að hv. þm. hafi leitt hugann að þeim staðhæfingum sem hafa ómað hér undanfarna mánuði í þessum efnum, eins og fleiri aðilar sem hafa verið að leiða hugann að því, hvort það væri ekki hugsanlegt að ráðast í nýtingu innlendrar orku með skynsamlegum hætti annars staðar en við Faxaflóa, annars staðar en í þágu Alusuisse, kannske í þágu Íslendinga, íslensks þjóðfélags og með atorku þess og atbeina, íslenskra þegna. Ég ætla að koma aðeins að því frekar hér á eftir og vænti þess að hv. þm. doki við og segi hér kannske síðar í umr. álit sitt á staðhæfingum eins og enduróma hér varðandi stækkun ÍSAL. Þær staðlausu staðhæfingar hafa ekki hingað til a. m. k. verið rökstuddar af þessum talsmönnum skýlausrar hagkvæmni þess að stækka ÍSAL. A. m. k. hafa þeir ekki viljað ljóstra því upp hvaða raforkuverð þeir fá þar. Það þyrfti áreiðanlega að vera gott betra en framleiðslukostnaðarverðið sem þar fengist til þess að þessi staðhæfing fái staðist.

Það hefur verið aðeins yfir það farið af mönnum sem hafa litið á þessi efni hvernig það kæmi út að fjárfesta í álveri með stækkun í Straumsvík og hliðstæðu fyrirtæki annars staðar, t. d. við Eyjafjörð. Ég ætla ekki þar með að segja að álver við Eyjafjörð sé orkunýting eða fjárfesting sem við eigum að ráðast í. Ég vil ekki fullyrða það án þess að mun betur sé farið yfir það mál að við eigum að ráðast í það enda er það forsenda af minni hálfu að styðja slíkt að þar væri um meirihluta eign Íslendinga að ræða í slíku fyrirtæki. Þar er stór fjárfesting á ferðinni eins og hér hefur komið fram, allt að 600 millj. dala með rafskautaverksmiðju. Það hefur verið borið saman hvað 65 þús. tonna áfangi í Straumsvík annars vegar kostaði í stofnkostnaði og sams konar áfangi við Eyjafjörð, að orkuveri meðtöldu, og þá gert ráð fyrir því að orka til lengri tíma litið, a. m. k. til álvers í Straumsvík, kæmi frá virkjunum á Suðurlandi sem ráðast þurfi í en við Eyjafjörð frá virkjunum nyrðra og eystra. Og niðurstaðan úr þeim reikningum sem hafa verið birtir í blöðum, m. a. í Íslendingi að ég hygg nyrðra, er þessi: Stofnkostnaður við 65 þús. tonna álver í Eyjafirði er metinn á 5.5 milljarða íslenskra króna um það bil. Miðað við að orka kæmi frá Fljótsdalsvirkjun væri stofnkostnaðurinn 5.2 milljarðar kr. Samtals 10.7 milljarðar. Stækkun í Straumsvík, iðjuverið 4.8 milljarðar kr., orkumannvirkin 6 milljarðar kr. Og þá eru lagðar til grundvallar Sultartangavirkjun og Búrfellsvirkjun II, sem sé þær virkjanir sem næstar hafa verið á framkvæmdadagskrá hér á Suðurlandi þegar að slíkum virkjunum kæmi. Niðurstaðan 10.8 milljarðar kr. eða aðeins dýrara í Straumsvík, iðjuver/orkuver samanlagt, en nyrðra.

Þetta eru eflaust ekki óvefengjanlegar niðurstöður. Mér dettur ekki í hug að halda því fram. En þetta eru vísbendandi reikningar sem veikja mjög þann málflutning sem hér er við hafður fyrirvaralaust af talsmönnum þess bráðabirgðasamkomulags um skýlausa hagkvæmni þess að ráðast í stækkun álversins í Straumsvík samanborið við aðra orkunýtingarmöguleika hér innanlands.

Og síðan þegar kemur spurningin um það hvort Íslendingar eigi að ráðast í orkunýtinguna, iðjuverin, eigi að standa undir iðjuverunum, þá fer nú heldur að sortna fyrir augum hjá þessum hv. talsmönnum. Þá fara þeir að reikna út tapið. Þá fara að birtast stjarnháar tölur um tapið sem fram undan sé í þessum fyrirtækjum sem þeir ætla útlendingum að koma hér upp færandi hendi til þess að fjárfesta í. 1100 millj. Bandaríkjadala, sagði hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, eru taplíkurnar á 10 árum í álveri við Eyjafjörð, 1100 millj. Bandaríkjadala. Kísilmálmverksmiðja við Reyðarfjörð, hrein skelfing sem við blasir. Þetta eru rök manna sem eru að reyna að telja íslenskri þjóð trú um að hún eigi hér bara að virkja og virkja fyrir útlendinga og láta þá hirða arðinn og flytja hann úr landi eins og gert hefur verið í 14 ár frá Straumsvík.

Og er það nú líklegt að útlendingar komi hér til að fjárfesta í fyrirtækjum til þess að standa hér undir taprekstri svona í góðgerðarskyni? Að vísu þurfum við að gefa svolítið með náttúrlega, selja orkuna undir framleiðslukostnaðarverði til þess að hafa beitu til að þeir komi og bíti á en þetta er svo þýðingarmikið segja þessir ágætu hv. talsmenn, þessir hv. þm., þetta er svo þýðingarmikið atvinnutækifæri. Við erum að skapa hér atvinnutækifæri. Hvaða heilvita menn geta borið það fram að við eigum að ráðast í fjárfestingar af þessu tagi til þess að bjarga við atvinnumálum á Íslandi? Að við eigum að fara í 600 millj. dala fjárfestingu eða láta útlendinga fjárfesta og taka á okkur áhættuna af fjárfestingu í virkjununum sem að baki eiga að standa því að það eru Íslendingar sem eiga að standa undir þeirri áhættu og borga með eins og hingað til, til þess að fá atvinnu fyrir nokkur hundruð manns? Nei, í svona orkunýtingu og svona fjárfestingu eigum við auðvitað ekki að fara nema við teljum vissu fyrir því, a. m. k. mjög sterkar líkur, að á rekstrartíma fyrirtækis, eðlilegum rekstrartíma, skili það drjúgum hagnaði inn í íslenskan þjóðarbúskap vegna þess að orkulindirnar séu bakhjarl og upp úr iðjunni sé arð að hafa. Það er alveg borðleggjandi að það er fyrst og fremst upp úr úrvinnslunni, iðnaðinum, iðnaðarþættinum sem arðinn er að hafa. Líkurnar að geta reiknað sér arð út úr orkuverunum eru lakari jafnvel þó að við gerum ráð fyrir að fleyta okkur með framleiðslukostnaðarverðinu. Því hefur Alusuisse kynnst í sínum rekstri í Straumsvík gegnum árin.

Hv. þm. hafa haft um þetta mörg orð, en það er eitthvert ský yfir Norðlendingum sem eðlilegt er í þessu máli. Mér finnst einnig vera farið að draga upp blikur eystra líka. Ekki heyrist mikið um það fyrirtæki, sem Alþingi hefur samþykkt heimildarlög um, byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Hvar er orkan sem á að renna til hennar 1987 eða á kannske ekkert að reisa slíka verksmiðju? Á bara að veita henni til Straumsvíkur? Það var einn ágætur rithöfundur sem skrifar í Morgunblaðið, Stefán Friðbjarnarson sem skrifaði 9. júlí „af innlendum vettvangi" og spyr eðlilega: „Verður Blönduorku breytt í útflutningsverðmæti nyrðra?" Hann fjallar um þetta, hann er ættaður að norðan. Það er eðlilegt. Ýmsir fleiri hafa spurt. Á sú virkjun, sem verið er að ráðast í, að framleiða orku til þess að lenda í fjárhirslunum suður í Zürich og til þess að bæta við, ekki 400—500 manns eins og hv. þm. Gunnar G. Schram sagði hér í umr. um daginn. Hann hélt því fram, að starfslið sem kæmi að stækkuninni í Straumsvík væri 400—500 manns. Hvaðan hefur hv. þm. upplýsingar um það? Þetta er samningamaður íslenskra stjórnvalda og hann kemur hér og segir: Það eiga 400—500 manns að fá atvinnu við þessa stækkun, við þennan ágæta og vænlegasta stóriðjukost Íslendinga. Veit hv. þm. ekki að það eru 220 manns eða þar um bil sem líklegt er að komi til starfa til viðbótar vegna tvöföldunar álversins í Straumsvík? Veit hann þetta ekki? Eða er hann að fara hér vísvitandi með blekkingar?

Svo kom hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson að þætti, sem væri efni í nokkuð langa tölu ef út í það væri farið, en ég skal ekki eyða mjög mörgum orðum að því efni. En ekki er hægt að sniðganga það alveg, því að það voru svo stórkostleg fræði sem þar voru framreidd. Þá var nefnilega farið að víkja að því að þetta væri kannske ekki svo geysimikið sem við fengjum fyrir orkuna. Nei, það er nú ekki svo geysimikið eftir á að hyggja. En það er líka bara ¼ partur af því sem streymir inn í æðar íslensks þjóðfélags eða þjóðarlíkama — ég man nú ekki hvaða orð hann notaði, en það var í þessa áttina, frá þessu dásemdarfyrirtæki. Það var bara ¼. Hitt er þjónustan, sem við seljum því, og vinnan, sem skapast þarna og allt sem er í kringum þetta. Það er bara fjórum sinnum meira en það sem kemur frá raforkusölunni. Það er þetta fyrst og fremst sem réttlætir að við stöndum að svona fyrirtæki, sagði þm. Ja, þetta er nú mikill nægtabrunnur sem hv. þm. hefur fundið þar sem er álverið. Hann reiknar sem nettótekjur aðföngin í þessa þjónustu sem þarna er framreidd. Þau eru væntanlega lág. Hann fór að líkja þessu við saltfisk og freðfisk, ef ég man rétt, og var kannske aðeins efins um hvort kostnaðurinn í aðföngunum væri alveg jafn mikill í freðfiskinum, en það mátti skilja á honum að það væri ekkert víðs fjarri. Þetta væri mikill nægtabrunnur.

Ég vil segja hv. þm. að ég skil ekki þessa hagfræði og ég bið hann um að skrifa eina grein í Morgunblaðið við hentugleika, því að hann gerir þetta stundum og verður ekki mikið fyrir því, hygg ég, að bæta einni við til að skýra fyrir lesendum stærsta blaðs landsins þessa hagfræði, þennan hagnað íslenska þjóðfélagsins af þessari viðbót umfram það sem hægt er að hafa upp úr öðrum rekstri hérlendis, hvar sá verðmætisauki er, sem þarna hefur verið á liðnum árum, sem ekki hefði verið hægt að fá út úr öðrum rekstri hér á landi. Það væri gott að hv. þm. upplýsti okkur um það. Og hv. þm. Gunnar G. Schram mætti gjarnan bæta við annarri grein því að hann vék alveg sérstaklega að sama efni í máli sínu. Þetta á að verða haldreipið ef svo fer að hæstv. iðnrh. kemur ekki með dúndrandi góðan samning, og enn þá ótrúlegra afrek út úr samningaviðræðum sínum við Alusuisse heldur en orðið er, þá á þessi nægtabrunnur hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar að verða réttlætingin fyrir stóriðjusamningunum sem þessa heiðursmenn dreymir um að ná hér á meðan þeir sitja á valdastólum.

Ef litið er til samanburðar við aðra þætti þá er það eitt sem má leiða líkur að, að greitt sé eitthvað hærra verði t. d. í álverinu í Straumsvík heldur en almennt gerist hér. Það eru vinnulaunin. Það liggur fyrir að þau eru eitthvað hærri. Þó hafa svipuð laun verið greidd í innlendum fyrirtækjum, Áburðarverksmiðju og hjá Íslenska járnblendifélaginu, sem Ísland er meirihlutaeigandi að. En ég held að það sé ekki um aðra þætti, að við höfum fleytt þar einhvern þykkan rjóma. Svo kom

hv. þm., og fékk náttúrlega dyggan stuðning samninganefndarmannsins hv. þm. Gunnars G. Schram í sambandi við raforkuverðið. Hvað væri nú verið að tala hér um svona háar tölur í raforkuverði? Þetta væri bara bærilegur samningur sem búið væri að ná og menn ættu að vera ánægðir. 54% þrástagast þeir á. Hvað veldur því, hv. þm., að þið eruð að fara hér með rangar tölur, einnig um þetta atriði? Hvar er þessi 54% hækkun? Fá menn greitt 10 mill fyrir orkuna núna í Straumsvík. Fá menn 10 mill fyrir orkuna núna í Straumsvík. Fá menn 10 mill? Hefur álverið farið upp í 78 cent fyrir pundið? Mér er ekki kunnugt um það. Ég veit ekki betur en það liggi rétt undir 70 centum, hafi heldur lækkað síðan hið ótrúlega afrek var unnið hér í septembermánuði af hæstv. iðnrh., og hækkunin frá 6.475 millum sé ekki nema 46,7% eða þar um bil. Hækkunin nemur ekki 54%.

Hvers vegna eru menn alltaf að koma hér með rangar tölur? Er þetta ekki nógu góður samningur? Þarf að vera að smyrja svona falsrökum ofan á? Það getur komið að því að þessi hækkun náist á tímabilinu. Ég vil ekki fortaka það. Auðvitað hljótum við að vona það, ekki veitir af að eitthvað rakni úr. En það er ekki komið og á meðan eiga menn ekki að vera að tala um slíkt. Og svo leita þeir hv. þm. Birgir Ísl. og hv. þm. Gunnar G. Schram með logandi ljósi að dæmum um raforkusamninga sem séu jafnvel ennþá lægri en sá sem við búum við og jafnvel enn þá lægri en sá sem við bjuggum við í Straumsvík, til þess að réttlæta þennan bráðabirgðasamning. Þeim hlýtur að hlýna um hjartaræturnar, forstjórunum hjá Alusuisse, þegar þeir fara yfir þingræðurnar þeirra því að þær eru áreiðanlega trúverðuglega þýddar mjög fljótlega, og sjá hversu vel hefur tekist að koma þessum tölum inn í höfuðið á þeim svo að þeir fara með það sem sín rök hér á Alþingi Íslendinga fyrir því að þetta sé harla gott sem búið sé að semja þarna um þó að þeir viti að meðalverð til áliðnaðar í heiminum liggur nú um eða yfir 20 mill.

Það er farið að leita að dæmi vestur í Kanada, í Quebec hjá Hydro-Quebec í Pechiney, frönsku ríkisfyrirtæki og vitnað til samnings sem er af alveg sérstakri tegund sem ég gæti haft um allmörg orð, en skal ekki gera að sinni, þar sem greidd eru í fyrstu eitthvað 6—7 mills, en hækkun tryggð á nokkurra ára bili upp í 15 eða svo og ýmis skilyrði önnur sett, en kannske er ekki síst um að ræða þjóðernislegar ástæður Quebec-fylkis að binda trúss sitt við þetta franska ríkisfyrirtæki og selja núna umframorku sem raforkuframleiðandinn Hydro-Quebec hefur ekki losnað við en gerði ráð fyrir að geta selt til Bandaríkjanna á þessu ári og undanförnum árum. Og svo er farið að leita í Mið-Austurlöndum og farið suður í Afríku og þar eru fundin dæmi um samninga, sem eru undir 10 mills til þess að réttlæta þessa gjörð hér. Þetta er málflutningur í lagi sem hér er frammi hafður. Og hv. þm. Gunnar G. Schram sem er vel kunnur á alþjóðlegum vettvangi tekur Ghana þarna með sem lenti í sömu snörunni, lenti í sömu gildrunni og Íslendingar á sama áratugnum og álsamningurinn var gerður og eru kannske í enn þá alvarlegra kverkataki Kaiser-auðhringsins og Reynolds, sem náði þar álíka hörmulegum raforkusamningi, og hér var gerður. Ghanabúar hafa staðið í hörkudeilum við þetta fyrirtæki og leitað m. a. upplýsinga hér hjá okkur vegna þess að þeir vita að við erum að berjast við hliðstæðar aðstæður. En við höfum kannske að sumu leyti betri aðstæður heldur en þeir, því miður. (**Iðnrh.**: Því miður?) Já, því miður segi ég því að ég vildi svo sannarlega að Ghana hefði ekki lakari samningsstöðu en við.

En þegar auðhringurinn, Kaiser í þessu tilviki og Reynolds, neitar að verða við lágmarkskröfum Ghanabúa þá gripu þeir til þess á síðasta sumri að loka fyrir. Þeir stöðvuðu orkuafhendingu til fyrirtækisins á 6 mill eða þar um bil. Formlega hét það að um væri að ræða vatnsskort eins og hv. þm. Gunnar G. Schram nefndi hér, en gleymdi að geta um baksöguna. Ég ráðlegg honum að fara yfir frásögn Metal Bulletin í sumar um þessa deilu og um vatnsskortinn í Ghana. Ég held að við ættum að rétta þeim hjálparhönd í slíkum deilum, sem eru í svipaðri úlfakreppu og við hér gagnvart Alusuisse, en ekki að vera að gleðja dr. Müller og dr. Ernst með því að þylja hér yfir lexíur um útflutningsálverin upp úr skýrslum sem þeir létu taka saman og varð uppistaðan í málflutningi þriðjungs af samninganefnd hæstv. iðnrh., sem talaði hér í ræðustólnum um daginn. En hann sá svo margar bjartar hliðar hér á þessum samningi og þessu bráðabirgðasamkomulagi að ég veit ekki hvort þarf að gera nokkuð betur heldur en þegar er orðið. Svo bjart var þar yfir öllu. Fullverðtryggð raforka, nýtt orkuverð fullverðtryggt í 15 ár. Ég hefði nú viljað gera aths. við 15 ára samningstíma, bundið raforkuverð í 15 ár þótt fullverðtryggt verði, og hv. þm. ætti að upplýsa okkur hér um hver hún er, þessi verðtryggingarformúla sem um hefur verið samið. Það er hægt að verðtryggja með ýmsum hætti. Hver er hún? Er búið að ganga frá henni? Er hann á heldum ís í því efni og finnst honum skynsamlegt að binda orkuverðssamning í 15 ár þótt fullverðtryggður sé? Svo kemur hann hér og segir: Ja, við erum í sambandi við skattamál ekkert að gera annað heldur en fyrrv. iðnrh. gerði í des. 1982. Hann lagði þar til dómnefndir alveg á sama hátt og við. Nú á hann bara að vera kátur og allir eiga að vera glaðir því það hefur verið gert nákvæmlega það sama og hann lagði til.

Hann er hérna, þessi samkomulagsgrundvöllur sem Alusuisse var boðið upp á nálægt 20. des. 1982, um lausn deilumála, um áfangahækkun raforkuverðs, um tafarlausa byrjun á viðræðum, um samskipti aðila og um samningslok fyrir 31. mars 1983. Þar er boðið upp á dómnefndir, íslenskar dómnefndir um ágreiningsefni í skattamálum. En síðan þetta tilboð var lagt fram, hv. þm., er bráðum liðið ár og það hefur ýmislegt gerst á því ári. Mér þykir það nú ekki vænleg sigling hjá samninganefnd um stóriðju með hv. þm. Gunnar G. Schram innanborðs ef hann ætlar að nota sömu siglingaljósin frá ári til árs óháð því hvað gerist á tímanum á milli, hvernig veðurútlitið er og hvernig aðstæður eru. Þetta er nú ekki boðlegt að mínu mati. Veit ekki hv. þm. það, að síðan þetta var hafa íslensk yfirvöld fellt sinn úrskurð í skattamálum, gert sínar skattkröfur að viðlagðri aðför og málið farið í gerð samkv. samningi, sem hæstv. iðnrh. upplýsti hér í máli sínu um daginn að hefði verið honum sérstakt kappsmál að rífa þetta út úr gerðardómnum sem málið var komið í og sem klukkan var að falla á á miðnætti 13. sept. s. l., daginn sem íslenska ríkisstj. skrifaði undir þennan bráðabirgðasamning. Það getur verið að hæstv. iðnrh. hafi verið svo glámskyggn að gera það að sinni kröfu. Ég á nú satt að segja bágt með að trúa því, en hv. þm. Gunnar G. Schram er eflaust til vitnis um það. Var það

krafa hæstv. iðnrh. og frumkvæði, hv. þm. Gunnar G. Schram? Var það hans frumkvæði að óska eftir því að rífa skattadeiluna út úr ICSID-gerðardómnum, Alþjóðastofnuninni um lausn fjárfestingardeilna? Var það frumkvæði íslenskra stjórnvalda, hæstv. iðnrh. að gera það? Það væri nú gott að vitni yrðu leidd um það. Það fór ýmsum sögum af þessu á liðnu sumri í tengslum við fundina sem þá voru haldnir þrír talsins áður en gengið var að þessu bráðabirgðasamkomulagi. (**Iðnrh.**: Hvaða sögum?) Ýmsum sögum í blöðum, hæstv. iðnrh., þar á meðal þeim sögum að það hafi verið skilyrði af hálfu Alusuisse að færa þetta mál út úr gerð og koma því í dómnefndir, ja, dómnefndir eins og þýtt er í íslenskum texta, í panela eins og það er kallað í hinum undirritaða samningi á enskunni, og ég ætla sannarlega að vona að þeir panelar, þær nefndir, sem nú eru að verða til um þetta efni og hæstv. ráðh. upplýsti að meginnefndin væri fullskipuð, að það verði góðir aðilar og traustir sem þar fara með mál fyrir Íslands hönd. En ég tel ekki að það hafi verið skynsamlega að verki staðið að fallast á að taka þetta mál út úr Alþjóðastofnuninni um lausn fjárfestingardeilna, ICSID-gerðardómnum. Ég tel að þar hefði málið átt að fá sína meðferð, fá sinn úrskurð í þeim dómi sem er samningsbundinn. Það mátti ekki einu sinni reyna á þetta atriði sem var lofað og prísað hér á síðasta áratugnum af þeim sem mæltu með samþykkt álsamningsins á því tímabili. Nei, það varð að hanna alveg sérstakt nefndakerfi til þess að fá lausn á þessu máli og úrskurð um þetta mál.

Hv. þm. Gunnar G. Schram vék hér að ýmsum atriðum, þessum glæsilegu atriðum sem hann sér í þessu bráðabirgðasamkomulagi. En hann upplýsti okkur ekki um það atriði hvort þarna væri knúið á um að breyta fleiri atriðum í samningnum. Ég vil minna hann á það. Ég vona að hann hafi það bak við eyrað í meðferð mála að Alusuisse fær nú 3.7% af allri sölu álversins í þóknun fyrir tækni- og söluaðstoð og greiðir enga skatta af þessum tekjum hér, 3.7% bara tekin undan strax fyrir svokallaða söluþóknun. Hver annast söluna? Eigandinn, hann fær þóknun með þessum hætti, tækniþjónusta 3.7%. Og skattarnir, sem Íslendingar áttu að fá á þessu tímabili fyrir að veita aðgang að orkulindum landsins á undirverði nema á þessu tímabili 0.5—1.5% af sölu ÍSAL á þessu tímabili.

Herra forseti. Hér þyrfti að segja miklu meira um þetta stóra mál. En ég ætla að fara að stytta mál mitt svo að hér komist fleiri að í dag í þessari umr. svo sem vert er. Við stöndum hér frammi fyrir einhverju allra stærsta, ef ekki stærsta máli þessa áratugar fyrir Íslendinga, bæði hvað snertir núverandi ástand og þá framtíðardrauma sem dregnir hafa verið upp af þeim sem standa að þessum samningi í verðandi tvöföldun á álverinu í Straumsvík. Við erum hér með innlendar veitur sem greiða samkvæmt samningi 540% meira en álverið greiðir fyrir sömu orkueiningu og þrátt fyrir viðbótarálagið greiða innlendu veiturnar eftir sem áður 340% hærra sem er líklega heimsmet þrátt fyrir hið ótrúlega afrek hæstv. iðnrh. í þessu bráðabirgðasamkomulagi. 9.5 mill viðbótarálag í eitt ár, sem þýðir 0.1 mill að jafnaði yfir það sem eftir er af samningstímabilinu. Hvað greiða íslenskir notendur? Hvað greiðum við fyrir orkuna sem erum búsett á Austurlandi? Veit hæstv. iðnrh. það? Við greiðum 156 mill fyrir orkuna til ljósa og hita, 156 mill. Hvað skyldi vera greitt hér í Reykjavík fyrir þessi ljós og rafmagnið niðri í eldhúsi? 124 mill rösk. Hvað skyldu fiskimjölsverksmiðjurnar borga að meðaltali fyrir raforkuna? 138 mill. Hvað skyldu skipasmíðastöðvarnar í landinu borga þrátt fyrir hið ótrúlega afrek hæstv. iðnrh. í sept.? 124 mill eða svipað og reykvísk heimili. Hvað borga grasmjölsverksmiðjurnar? 117 mill. Gróðurhúsin? 106 mill. Mjólkurstöðvarnar? 110 mill. — Frystihúsin? 99 mill. Þetta eru dæmi sem hv. alþm. ættu að hafa á bak við eyrað þegar verið er að fjalla um þessi stóru mál hér á Alþingi. Og þeir ættu líka að festa sér í minni að sú fjárfesting sem hæstv. iðnrh. er að gefa undir fótinn með fyrir Alusuisse í orkuverum og umsvifum sem fylgja í stækkun álbræðslunnar í Straumsvík, svarar til 55 millj. dala á ári fram á árið 1988. Það er stærri upphæð en fór í allar orku- og iðjuframkvæmdir á Íslandi í fyrra og þetta á að gerast á hverju ári til 1988 ef þessi áform eiga að ganga upp. Hvar er svigrúmið fyrir innlendan iðnað? Hvar er svigrúmið fyrir innlenda orkunýtingu? Hvar er svigrúmið t. d. fyrir kísilmálmverksmiðju svo að dæmi sé tekið? Hvaða aðstæður eru gefnar í íslenskum þjóðarbúskap ef þessi áform eiga að ganga upp? Ef menn ætla að vinna hér enn þá ótrúlegri afrek en þegar er orðið?

Nei, það þarf vissulega að leita nokkuð djúpt í huga sér til að finna skýringar á framgöngu af því tagi sem hér er um að ræða, finna skýringar á áformum af þessu tagi. Ég hef velt þessu fyrir mér eins og aðrir. Mér finnst að meginskýringuna sé helst að finna í því viðhorfi sem gróf hér um sig í Sjálfstfl. og raunar í Alþfl. líka á viðreisnarárunum og leiddi þá til fyrstu samninganna um álverið. Þá tóku valdamiklir áhrifamenn á Íslandi þá trú að Íslendingar gætu ekki séð sér farborða án þess að leita samstarfs við stærri heildir, viðskiptabandalög og fjölþjóðahringa. Nauðungarsamningurinn við Breta og Þjóðverja um landhelgismálið var gerður 1961 með þessu sérkennilega hugarfari. Áþreifingarnar við Alusuisse hófust um svipað leyti og áttu aðeins að vera upphafið að öðru meira. Enn er forysta Sjálfstfl., lærisveinar mannanna, sem fóru með völdin á viðreisnarárunum, við sama heygarðshornið og alveg ótrúlega viðkvæm gagnvart öllu sem leiðir hið rétta í ljós um svikamyllu Alusuisse og haldleysi álsamningsins. Þau öfl, sem mæla með erlendri stóriðju sem vaxtarbroddi í atvinnulífið hérlendis, hafa sótt í sig veðrið og núv. hæstv. iðnrh. hefur gerst þar hávær og einn mikilvirkasti trúboðinn í þessum efnum. Það, sem skiptir hins vegar sköpum og mestri breytingu veldur frá fyrri tíð til hins verra, er sú kúvending og ístöðuleysi forystu Framsfl. sem kastað hefur sér í fang íhaldsins í núv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að elta ólar við allar þær firrur sem fram komu í ræðu hv. 5. þm. Austurl. Flestu af því hefur verið margsvarað, þannig að ekki er ástæða til að lengja þessa umr. þess vegna. En ég sé ástæðu til að víkja að örfáum atriðum og þá fyrst því sem fallið hafði óvart niður í svari mínu í fyrradag við framhaldsumr. málsins þá, en það var vegna fsp. hv. 5. þm. Austurl. um endurskoðun ársreikninga Íslenska álfélagsins fyrir árið 1982.

Það er rétt, sem fram kom hjá honum, að ég var inntur eftir þessu. Ég held að ég fari rétt með að það var

12. sept. Ég vék mér auðvitað undan því að svara þá, af því að ég hafði ekki fengið þessi gögn í hendur, en þau bárust rn. 14. sept. Enn hafði, trúi ég, blaðamaður innt eftir innihaldi þessarar endurskoðunar nokkru síðar, en ég vék mér undan að svara af því að gagnaðili, Swiss Aluminium, hafði fengið frest til að gera sínar aths. sem eðlilegt var.

En það var hinn 15. maí s. l. sem fyrrv. iðnrh. fól Coopers & Lybrand að endurskoða ársreikninga Íslenska álfélagsins fyrir árið 1982 samkv. 29. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium um álbræðslu í Straumsvík.

Coopers & Lybrand hófu störf í byrjun júnímánaðar. Fulltrúar iðnrn. voru Júlíus Sólnes prófessor, Stefán Svavarsson endurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi og Halldór Kristjánsson deildarstjóri. Með bréfi 30. ágúst tilkynnti endurskoðunarfyrirtækið rn. niðurstöður endurskoðunar, stendur hér, en það hefur áður komið fram að þessi skjöl bárust rn. ekki fyrr en 14. næsta mánaðar. Eins og segir hér síðar: Heildarskýrsla um endurskoðunina barst rn. 14. sept. 1983. En það skiptir ekki höfuðmáli.

Aðalniðurstöður Coopers & Lybrand eru í stystu máli sagt á sama veg og áður hafði verið í niðurstöðum fyrirtækisins vegna fyrri ára.

Þeir telja að álverð hafi átt að metast um 45 dollurum hærra milli óskyldra aðila en reiknað er með í uppgjöri ÍSALs. Þessi verðmunur nemur 3.9% að mati endurskoðunarfyrirtækisins og þess vegna er það niðurstaða Coopers & Lybrand að söluverð á áli frá ÍSAL hafi verið of lágt sem nemur samtals 2 millj. 682 þús. Bandaríkjadölum fyrir árið 1982.

Þá er í öðru lagi sú niðurstaða Coopers & Lybrand, að súrál — aðföngin — hafi verið verðlagt of hátt á árinu 1982 sem nemur 1 millj. 331 þús. Bandaríkjadölum.

Og í þriðja lagi er gamla mikla ágreiningsmálið á ferðinni um afskriftir. Coopers & Lybrand telja að gera þurfi þær breytingar á ársreikningi Íslenska álfélagsins vegna afskrifta sem nema 9 millj. 99 þús. Bandaríkjadölum. Er hér um að ræða framhald þess ágreinings um meðferð afskrifta sem úrskurðað verður um samkv. nýorðnu bráðabirgðasamkomulagi margumræddu við Alusuisse.

Heildarleiðrétting á ársreikningi ÍSALs fyrir 1982 er því 13 112 þús. Bandaríkjadollara. Samkvæmt því telja Coopers & Lybrand að tap ÍSALs 1982 beri að lækka í 18 259 þús. Bandaríkjadala úr 31 371 þús. samkvæmt ársreikningi Álfélagsins.

Í skýrslu Coopers & Lybrand er vakin athygli á vandkvæðum þess, hvað skuli telja rétt viðmiðunarverð í viðskiptum milli óskyldra aðila. Benda Coopers & Lybrand m. a. á að hækki eða lækki verð á súráli og rafskautum um 1% breytist tekjur ÍSALs samtals um 1 millj. 385 þús. Bandaríkjadala. Hér er um háar tölur að tefla, eins og menn heyra. En endurskoðendurnir og okkar menn þar taka fram að ofangreindar leiðréttingar, sem endurskoðunarfyrirtækið telur að gera beri á ársreikningi ÍSALs fyrir árið 1982, hafi ekki áhrif á skattgreiðslur fyrirtækisins fyrir það ár, þar sem um stórtap er að tefla eftir sem áður. Þetta er það sem ég hugðist skýra frá í fyrradag, en af mistökum mislagðist plaggið, þannig að nú er því komið til skila.

Þá eru nokkur orð um það atriði sem fram kom í máli hv. 5. þm. Austurl., um hina alþjóðlegu gerðardóma, sem hann vék mjög að í máli sínu og vitnaði til eldgamalla umræðna upp á heilu bindin í þingtíðindum, sem hann hefur greinilega lesið aftur á bak og áfram eins og annað í þessum fræðum. En ýmsu skýtur skökku við í málflutningi hans. Allt í einu virðist manni sem það sé orðið sáluhjálparatriði fyrir hann að halda deilumáli okkar inni í gerðardóminum í New York. Ræðir hann í löngu máli hver hafi haft frumkvæði að að þeim málum var vísað til annarrar og skjótvirkari meðferðar sem við höfum ekki ástæðu til að ætla annað en gefi jafnréttháta niðurstöðu.

Ég tók það fram í umr. í fyrradag að ég hefði lagt áherslu á að breyta þarna til, ef þess væri kostur að ná skjótvirkari og ódýrari leið til úrlausnar þessum deilumálum, og ég endurtek þá yfirlýsingu mína hér. Ég naut ráðleginga í þessu efni frá fyrirtækinu Coopers & Lybrand, sem ráðið var ráðgjafarfyrirtæki iðnrn. af hv. fyrirrennara mínum, og fær enda greitt stórfé fyrir þá ráðgjöf og vinnu sína í þessum efnum. Það var að berast reikningur nú á dögunum upp á 1 millj. kr.

Ég lagði áherslu á að ég hefði lagt þetta til sérstaklega vegna þess að reynsla af gerðardóminum í New York sýnir að deilumál fyrir honum ganga oft í 2—3 ár og að þetta deilumál yrði það viðamikið í meðförum hans að áliti sérfróðra manna að við gætum ekki gert okkur vonir um styttri málsmeðferð en tvö ár.

Mér virðist augljóst að hvorki mundi ganga né reka um lausn á deilumálunum við Alusuisse eða nýja samninga við fyrirtækið nema við næðum niðurstöðum í þessum deilumálum og ég held að menn geti verið sammála um það.

Hv. þm. fór mörgum orðum um þetta gamla ákvæði um alþjóðlegan gerðardóm um málefni íslenska ríkisins og einkafyrirtækis eins og Swiss Aluminium og lét sem svo að það væri eitthvert einsdæmi. Því fer fjarri. Það er alþekkt fyrirbrigði.

Það vill þannig til, og honum hlýtur að hafa verið kunnugt um það, hv. þm., að í ljós kemur í þessari umr. sem fram fór á Alþingi um álbræðsluna í Straumsvík árið 1966 og hann vitnaði sérstaklega til að ákvæðið um alþjóðagerðardóminn er að frumkvæði Íslands sett í samningana. Það kemur fram í svörum þáv. dómsmrh. Jóhanns Hafsteins, að af Íslands hálfu er sett fram þetta ákvæði um alþjóðlega gerðardóminn til úrskurðar í deilumálum sem upp kunna að koma. Þá vita menn að það hefur ekki verið að kröfu hins illræmda auðhrings sem þetta ákvæði kom inn í, heldur er það fram sett af hálfu Íslands.

Hér vil ég leyfa mér, herra forseti, að vitna til umr. á sínum tíma um lagafrv. um álbræðsluna í Straumsvík og til ræðu sem hæstv. þáv. forsrh., Bjarni Benediktsson, flutti og þar sem hann vék sérstaklega að gerðardómsmálinu. Ég geri þetta vegna þess að nú svo löngu síðar taka menn þetta upp og vilja gera úr því mikið mál.

Hann segir, herra forseti, svo:

„Annað atriði, sem að er fundið, er gerðardómurinn. Hæstv. iðnrh. hefur nú svo rækilega sýnt fram á, að það er síður en svo nokkur undantekning eða einsdæmi, að slíkir gerðardómssamningar séu gerðir, jafnvel á milli sjálfstæðra ríkja og einstakra fyrirtækja, — að um þetta eru óteljandi dæmi. Hv. 1. þm. Austf. Eysteinn Jónsson vitnaði mjög í orð Ólafs Jóhannessonar alþm. og

prófessors." — Það eru þau orð sem hv. 5. þm. Austurl. þuldi hér upp áðan. — „Ég er sammála hv. 1. þm. Austf. í því, að ég met prófessor Ólaf Jóhannesson mikils", segir þáv. forsrh. Bjarni Benediktsson. „Ég mundi þó meta hann mjög miklu meir varðandi þessi efni, ef hann væri ekki þegar búinn að hlaupa illilega á sig hér á Alþingi varðandi einmitt svipaðar umsagnir, eins og hann að þessu sinni hefur látið leiða sig til. Ég minni á það, að þessi hv. þm., Ólafur Jóhannesson, sagði hinn 14. nóv. 1960 hér á Alþingi, með leyfi hæstv. forseta:" — og það er innan hermimerkja sérstakra:

„Vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast það að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls" — heyri menn þetta, og áfram segir svo: „því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin. Og þess vegna hefði, að mínu viti, hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls". Hann er hér að tala um landhelgisdeiluna við Breta 1960, hv. þm. Ólafur Jóhannesson, þegar hann viðhefur þau orð sem hæstv. fyrrv. forsrh. Bjarni Benediktsson vitnar til hér.

Ég vitna, herra forseti, enn til þessarar ræðu, þar sem segir svo:

„En er það þá einstakt, að Íslendingar hafi afsalað sér dómsvaldi yfir íslenskum borgurum í deilum þeirra við íslenska ríkið, jafnvel í deilum, sem sjálfir íslensku dómstólarnir eru búnir að fjalla um? Nei, því fer fjarri, að svo sé. Ég minnti á það þá þegar, að við erum aðilar að mannréttindasamningi, sem gerður var á vegum Evrópuráðsins. Þessi samningur var fyrst undirritaður 1950 og gerður við hann viðbótarsamningur 1952. Hann var lagður fyrir Alþingi Íslendinga 1951, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Við vorum þá saman í ríkisstj., ég og hv. 1. þm. Vestf., Hermann Jónasson, og hann var mjög áhugasamur um störf Evrópuráðsins. Ég man það glögglega, að hann leitaði til mín og bað mig að hlutast til um það, að samningurinn yrði framlagður og fengi staðfestingu Alþingis. Fulltrúar Evrópuráðsins höfðu talað við hann og sagt, að treglega gengi að fá staðfestingu einstakra ríkisstjórna, en mikilsvert væri af ýmsum ástæðum, að samningurinn hlyti gildi. Að athuguðu máli þá varð ég við þeirri ósk. Málið var borið undir Alþingi aftur 1952 og samþykkt í einu hljóði hér á Alþingi, ekki neitt atkv. á móti, og síðan var samningurinn staðfestur". Tilvitnun lýkur hér, en ég vík að því sem segir síðar í ræðu þáv. forsrh.:

„Í 46. gr. samnings Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem Ísland er aðili að, eru ákvæði um mannréttindadómstól Evrópu, sem settur skal á stofn, þegar átta aðildarríki hafa viðurkennt lögsögu hans. Með því að dómsmrh. telur ekkert því til fyrirstöðu, að Ísland viðurkenni lögsögu dómstólsins leyfi ég mér hér með að leggja til að þér, herra forseti, samþykkið eða viðurkennið fyrir Íslands hönd lögsögu mannréttindadómstóls Evrópu til þriggja ára frá deginum í dag og að þér undirritið hjálagða yfirlýsingu þar að lútandi.

Utanríkisráðuneytið, 21. ágúst 1958.

Allra virðingarfyllst."

Það er ekki tekið fram í þessu skjali, hver var þá utanrrh. né hver var þá dómsmrh., en þingheimur veit þó ofur vel, að það var Guðmundur Í. Guðmundsson sem var utanrrh. og Hermann Jónasson sem var dómsmrh., þannig að það var Hermann Jónasson og vinstri stjórnin, sem lýsti því yfir, að Ísland skyldi vera bundið af lögsögu erlends dómstóls jafnvel í þrætumáli íslensks borgara, sem íslenskir dómstólar væru búnir að leiða til lykta, í deilu hans við íslenska ríkið".

Ég vitna til þess arna af því að þetta er afar upplýsandi um efni málsins og sýnir að það er lítt upp úr því moldviðri leggjandi sem nú er verið að reyna að þyrla upp vegna samningaákvæðanna um alþjóðlega gerðardóminn.

Hv. þm. spurði hvað ég ætlaði að gera ef allt um þryti í samningatilraunum við Alusuisse. Það er ekki hygginna manna háttur að hafa í frammi hótanir á meðan samningar eru reyndir til þrautar — samningar til að reyna að ná lausn á vanda í sameiginlegri og viðamikilli deilu, en ég vil svara honum því að ef um allt þrýtur mun ég ekkert útiloka.

Hv. þm. lýsti fyrir mönnum og fór með tölur, hvað orkuverðið er hátt hér á Íslandi. Það er alveg rétt. Það er næstum því óbærilegt t. a. m. fyrir þá sem hita híbýli sín með rafmagni. En hvernig hefur verið haldið á þessum málum og m. a. í hans tíð? Ætli ástandið væri ekki öðruvísi ef öðruvísi hefði verið staðið að málum, fjármálabúskapurinn í þessum efnum hefði verið öðruvísi, á árunum allt frá 1971 til 1982? Það liggur alveg ljóst fyrir, að ef orkuverðið frá 1971 hefði haldið raungildi sínu allan þennan tíma hefði Landsvirkjun skuldað 100 millj. dollara minna en hún gerir í dag og menn geta, sem eru í útreikningunum, fljótlega slegið upp á því hvað það hefði þýtt fyrir íslenska neytendur. Meðan orkuverð hækkar alls staðar í heiminum lækkaði allan þennan tíma raungildi orkuverðsins á Íslandi. (**HG:** Hver átti að borga þessar 100 millj.?) Hver átti að borga? Ég er að tala um búskapinn.

Það var auðvitað sama sagan, eins og áður, að fresta átti því til morguns sem þarf að gera í dag, borga ekki skuldir sínar, safna þeim upp, reka orkufyrirtæki okkar, stærstu og mikilvægustu orkufyrirtæki okkar, með halla og taka svo erlend dollaralán árlega til að jafna hallann. Það er víst mátinn sem menn vilja viðhafa. Um þetta eru mýmörg dæmi. Þessi fjármálabúskapur allur er þekktur þennan framsóknaráratug, sem svo hefur verið nefndur, og það er öðru nær en að það hafi verið leiðrétt á árunum 1974—1978, þegar Sjálfstfl. átti aðild að stjórn. Á þessu atriði var síst betur haldið þá en á öðrum tíma þessa tímabils. Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. (**Gripið fram í:** Öllu verr.) Ekki betur. Og það kemur auðvitað að skuldadögum. Þetta vita allir menn, sem eitthvert vit hafa á rekstri fyrirtækja. En það vildi svo til til að mynda um síðustu ríkisstj. að þar var varla nokkur maður sem hafði hið minnsta vit á rekstri fyrirtækja eða fjármála yfirleitt, bara ekki neitt! (**HG:** Þeir voru uppi í Framkvæmdastofnun.) Það örlaði þó á því þar, en ekki í þeirri ríkisstj. (Gripið fram í.) Það örlaði á þekkingu og viti í því einu sem þáv. viðskrh. hafði lært inni í Framkvæmdastofnun. Annað var það nú ekki. (Gripið fram í.) Og það er meira en lítil óhamingja fyrir eina þjóð þegar það hendir að 10 manns sem skipa ríkisstj. í einu landi skuli ekkert vit hafa á fjármálum eða neinum rekstri, alls

ekki neitt, eins og þarna var dæmi um. (**Gripið fram í:** Hvernig standa leikar í dag?) Leikar standa, eins og hv. þm. veit og styður ríkisstj. kappsamlega, allt öðruvísi og miklu betur. Ég vona að ég þurfi ekki að halda sérstakt seminar fyrir þennan hv. þm. til að lýsa því fyrir honum. Það er varla nokkur veikur hlekkur í þessari ríkisstj. að þessu leyti og það veit áreiðanlega hv. þm. Vestf. manna best.

En eins og ég segi: Það er ekki von á góðu þegar haldið er um stjórnvölinn með slíkum hætti. Og það er nú að koma æ betur í ljós, að það orðspor sem flokksbræðrum hæstv. fyrrv. fjmrh. tókst að koma á fót um vitsmuni Ragnars Arnalds í fjármálum reyndist hjóm eitt. Eins og menn sjá í dag hefur varla verið haldið fáviskulegar á fjármálum. En að honum fjarstöddum mun ég ekki eyða fleiri orðum að því. Það gefst tækifæri til þess síðar.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði kannske átt að gefa sér meiri og betri tíma en hann gerði, m. a. hefði hann átt að lýsa fyrir okkur þeim tilboðum sem gerð voru í samningaviðræðunum við Alusuisse. Hann hefði getað nefnt hér að skaðlausu hvaða tillögu Ingi R. Helgason átti í því máli á sinni tíð, hvaða orkuverð hann gerði að tillögu sinni á samningafundum og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson upplýsti á fundi á hinu háa Alþingi í vetur er leið. (**HG:** Er ekki rétt að endurtaka ósannindin?) Er ekki rétt að endurtaka ósannindin? Ég las gríðarlega langa grein frá forstjóra Brunabótafélagsins um þetta mál, þar sem hann var að reyna að skjóta skildi fyrir þessa tillögu sína með furðulegum hætti, að hann hefði verið með þessu að gera tilraun til að sjá hver viðbrögð yrðu. Menn ættu að kynna sér þessa Morgunblaðsgrein. Ég held að hún hafi birst í Morgunblaðinu. Er það ekki rétt munað hjá mér? — Það eiga allir greiða leið þar inn með greinar sínar og álit, hversu vitlausar sem þær eru. — En þetta þyrftu menn að kynna sér og þetta hefði hv. þm. vel getað upplýst okkur um.

Ég legg áherslu á það að lokum, að við höfum aðeins náð bráðabirgðasamkomulagi. Það er auðvitað mistúlkun að menn séu að hælast um yfir því að hafa náð háu orkuverði. Við höfum margtekið það fram, að í stöðunni tókst okkur ekki að ná hærra orkuverði en raun ber vitni um, og við höfum nefnt orsakirnar sem aðallega lágu til þess, eins og samningana sem Alusuisse hafði náð í Noregi um 9.9 mills til 1. júlí 1987. Menn geta svo sem haldið áfram að þylja á víxl dæmin um orkuverð hvaðanæva að úr heiminum. Þetta er mjög misjafnt, eins og menn þekkja. Þegar menn eru að nefna dæmi um lægsta orkuverðið er það til að sýna mönnum gagnstæða hlið við það sem hv. þm. og formælandi Alþb. heldur hér fram þegar hann er að þylja upp dæmi um að orkuverð til álframleiðslu sé milli 20 og 30 mills, eins og hann hefur gert. Það er enginn að halda því fram að hér höfum við náð því sem við þurfum. Við náðum aðeins áfanga. Mikilsverðast var kannske að við náðum samkomulagi um að aðalsamningur skyldi endurskoðaður. (**Gripið fram í:** Það var ótrúlegt afrek.) Það var ótrúlegt afrek að losa úr sjálfheldu Hjörleifs Guttormssonar, hv. þm., þetta mál með svo skjótum hætti sem raun bar vitni um. Það var hið ótrúlega afrek eftir það hvernig haldið hafði verið á málum af fulltrúa Alþb. í ríkisstjórn Íslands þá. Það var það sem ég átti við. Það var hið ótrúlega afrek eftir öll þau axarsköft sem smíðuð höfðu verið af þáv. hæstv. iðnrh.

Við eigum mjög erfiða samninga fram undan, og fyrir því er það líka sem ég dreg ýmsar yfirlýsingar við mig, sem ég ella kannske kynni að óska að gefa, eins og knúið er á um hér t. d. hvaða orkuverð ég ætli að leggja til grundvallar í tölum. Ég hef margsagt og endurtek, að ég tel það óskynsamlegt núna að tefla því fram. Ég hef hins vegar sagt: Við munum reyna til hins ýtrasta að ná hæsta orkuverði sem kostur er. Það liggur ekkert fyrir um að við komumst á neinn leiðarenda í samningsgerðinni við Alusuisse. Ég ætla að biðja menn að hafa opin augun fyrir því. Það liggur ekkert fyrir um að okkur takist að leysa þetta vandamál og ná fram samningum sem við getum unað við. Að vísu vísar þetta bráðabirgðasamkomulag veginn í þeim efnum, við náðum áfangasigri, en það er langur vegur enn að lokamarkinu. Og ég gerist ekki sá spámaður að segja fyrir um að okkur takist að ná viðunanlegri niðurstöðu, en að því komum við síðar. Á þetta reynir á næstu mánuðum. Ég vara við of mikilli bjartsýni um framgang málsins. Ég geri ekki ráð fyrir að við getum ætlað okkur minna en allt að ári, þótt allt gangi skaplega fram um samningagerðina.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til að elta ólar við fleira í málflutningi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, 5. þm. Austurl. Það væri að æra óstöðugan, eins og ég segi, að elta ólar við allar þær endaleysur sem hann setur þar saman og þann ótrúlega málflutning sem hann hefur í frammi. En ég efast ekkert um að við munum síðar eiga eftir að ræða ýmsa þætti þessa máls í enn meiri smáatriðum en ég treysti mér til að gera nú um stundir.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Þessi umr. hefur þegar farið vítt og breitt og út í helstu smáatriði þessa máls. Mig langar til að segja hér nokkur orð um það sem fyrir mér eru meginatriðin í þessu máli.

Ég vil byrja á að lýsa yfir andstöðu SK við þann bráðabirgðasamning milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse sem hér liggur fyrir til umr. Við kvennalistakonur höfum ítrekað hafnað þungaiðnaði, svonefndri stóriðju, sem valkosti í íslenskri atvinnuuppbyggingu og það á margvíslegum forsendum.

Það bráðabirgðasamkomulag sem hér liggur fyrir er enn eitt sýningardæmi þess, að á þessu sviði er ekki um raunhæfa möguleika að ræða í íslensku efnahagslífi. Þetta samkomulag sýnir glöggt að lítið þjóðríki á borð við Ísland hefur lítið að gera í samninga við fjölþjóðarisa á borð við Alusuisse — eða eigum við að trúa því að íslensku samningamennirnir hafi ekki verið vanda sínum vaxnir og svo fákunnandi að þeir hafi ekki getað samið betur eða hvers vegna glutra þeir niður samningsstöðu sem samkv. öllum skynsamlegum rökum virðist hafa verið með besta móti?

Þegar þetta samkomulag er gert er verð á áli á heimsmarkaði hækkandi og rannsókn Coopers & Lybrand á fjárreiðum ÍSALs hafði leitt ýmislegt miður gott í ljós. Sem sagt: betri samningsstaða en stundum áður. Auk þess var efnahagsástand heima fyrir afar slæmt og óvenjumikill þrýstingur þaðan, er mér nær að ætla, í þá átt að ná góðum samningum og fá t. d. raforkuverð til fyrirtækisins verulega hækkað. Það lá auk heldur ljóst fyrir að Íslendingar gætu ekki við þáverandi og núver-

andi efnahagsástæður aukið orkusölu til fyrirtækisins, því þá hefði þurft að leggja í nýjar stórvirkjanir og fjármagna þær með erlendum lánum.

Á Íslandi sat og situr ríkisstj. að völdum sem hefur þá yfirlýstu stefnu að auka ekki erlendar lántökur. Um hvað semja svo íslensku samningamennirnir við þessar aðstæður? Þeir semja um tímabundna orkuverðshækkun upp á lítil 3 mill, sem fellur úr gildi ef framhaldssamkomulag næst ekki m. a. um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Við höldum sem sagt áfram að selja Alusuisse raforku á verði sem er langt undir kostnaðarverði og það þótt íslenska þjóðin sé að kikna í hnjáliðunum undan efnahagsástandinu í landinu.

Samningamennirnir ganga síðan enn lengra og tengja alla frekari orkuverðshækkun til Alusuisse yfirleitt því skilyrði að fyrirtækið geti stækkað verksmiðjuna og nýtt orku sem nemur um það bil einni Blönduvirkjun — orku sem ekki er til í landinu í dag. Þetta er alvarlegasta atriðið í öllu samkomulaginu. Þeir láta tímabundna orkuverðshækkun upp á 3 mill í skiptum fyrir vilyrði um nýja stórvirkjun. Vissu þeir ekki að Íslendingar hafa ekki bolmagn í nýja stórvirkjun án stórfelldrar erlendrar lántöku og vissu þeir ekki að slík lántaka getur ekki verið á dagskrá við núverandi efnahagsástæður eða áttu þeir engra kosta völ?

Og enn er ekki sagan öll. Þeir semja auk heldur um það, að reynt verði á Alþingi að opna fyrir möguleika á því að ÍSAL geti tekið nýjan eignaraðila inn í fyrirtækið til að auðvelda fyrirtækinu að standa straum af fjármagnskostnaði við stækkun þess. Hvaða hagsmuna voru íslensku samningamennirnir að gæta hér? Varla íslenskra hagsmuna, því hér er fyrst og fremst um hagsmuni Alusuisse að ræða. Og síðan er okkur sagt að það sé okkur til mikilla hagsbóta að taka deilumálin margnefndu úr alþjóðlegum gerðardóm og setja þau í dómnefndir, vegna þess að þá fjalli íslenskir aðilar um deilumálin, en það getur varla verið úr því að íslenskir aðilar hafa ekki getað samið betur en reynslan sýnir um þessi mál hingað til.

Þetta bráðabirgðasamkomulag tekur af allan efa um það, að Íslendingar hafa ekkert með hagsmuni sína að gera í hendurnar á fjölþjóðarisafyrirtækjum. Lítið þjóðríki á borð við okkur hefur aldrei neina samningsstöðu gagnvart slíkum aðilum. Er ekki kominn tími til, hv. þingheimur, að við íhugum þessi mál gaumgæfilega og frá grunni, að við horfumst í augu við ófarir okkar í þessum efnum, reynum að læra af reynslunni og sameinumst um að snúa þessari óheillastefnu við eða finnst hv. þm. eitthvert vit vera í því, að enn seljum við raforku úr landi sem er langt undir framleiðslukostnaði, langt undir því verði sem þarf til að reka Landsvirkjun? Er eitthvert vit í því að hafa uppi áform um enn aukna sölu á niðurgreiddri raforku til erlendra aðila, eins og ákvæði um stækkun álbræðslunnar býður upp á?

Við það bætist að sama er uppi á teningnum varðandi járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Japanarnir sem voru hér á ferð í september s. l. sögðust hafa áhuga á að ganga inn í það tapfyrirtæki einungis vegna hins lága raforkuverðs til stóriðju hér á landi. En er nokkurt vit í því að íslenskur almenningur haldi áfram að greiða niður raforku til erlendra hagsmunaaðila? Er nokkurt vit í því að reka fyrirtæki sem enginn bókfærður arður er af? Er það haldbær lausn í íslensku atvinnulífi að leggja allt undir fyrir afskaplega fá en dýr atvinnutækifæri, að byggja upp atvinnurekstur sem óhjákvæmilega mengar náttúru landsins og hefur þar að auki í för með sér töluverða byggðaröskun og þar með ótöluleg félagsleg vandkvæði? Er ekki kominn tími til að staldra við og hyggja að því, að hvers konar þjóðfélagi við viljum stefna hér í landi?

Það er deginum ljósara, að sú stefna sem hingað til hefur verið rekin í stóriðju- og orkumálum leggur ekki grunninn að traustu framtíðarþjóðfélagi, og það er deginum ljósara, að það borgar sig ekki að skapa atvinnu og verðmæti á Íslandi með því að eiga viðskipti við erlend risafyrirtæki. Þau viðskipti sem fela í sér sölu á íslenskum verðmætum úr landi á gjafverði og frekari áform þar um eru í rauninni ekkert annað en að selja landið í erlenda fjötra, og af því höfum við Íslendingar miður góða reynslu í 1100 ára sögu okkar.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson hefur gert glögga og ítarlega grein fyrir afstöðu Alþb. í þessu máli, þannig að út af fyrir sig hef ég ekki þar miklu við að bæta. Það eru þó nokkur atriði sem ég tel engu að síður nauðsynlegt að koma hér á framfæri, ekki síst í framhaldi af þeim upplýsingum sem komu fram áðan hjá hæstv. iðnrh. varðandi vinnubrögð og yfirverð á vegum álhringsins á árinu 1982, sem hafa legið í iðnrn. síðan um miðjan sept., en eru upplýst fyrst núna með eftirgangsmunum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á Alþingi í þessum umr.

Það kemur sem sé fram í upplýsingum hæstv. iðnrh., sem hann hefur legið á í iðnrn. í tvo mánuði, að á árinu 1982 er um það að ræða að álhringurinn hefur í yfirverði og afskriftum og með öðrum hætti tekið sér umfram það sem Coopers & Lybrand telur eðlilegt 13 millj. dollara — 13 millj. dollara á einu ári eða 400 millj. ísl. kr. Þessar tölur mega menn gjarnan bera saman við þá tölu sem birt var í fréttatilkynningu iðnrn. og fjmrn. frá 11. febrúar s. l., þegar ákveðið var að skuldfæra Íslenska álfélagið um 127 millj. ísl. kr., en þá kom fram að um var að ræða yfirverð á árunum 1975 til 1981 sem nam 31.4 millj. dollara. Þegar allt var talið var hér um að ræða tölu sem nemur 35.8 millj. Bandaríkjadala, þannig að á árinu 1982 einu bættu þeir um betur og lögðu við afrekalistann handa hæstv. iðnrh. upp á 13.1 millj. dollara, og er þó ekki allt tínt til vegna þess að í yfirliti hæstv. iðnrh. áðan var ekki greint frá yfirverði á rafskautum, sem skiptir verulegu máli í þessu sambandi, en það nam á árunum 1975 til 1981 13.8 millj. Bandaríkjadala.

Hér er m. ö. o. enn þá einu sinni komið fram af hvaða purkunarleysi, tillitsleysi gagnvart Íslendingum, virðingarleysi, er komið fram af hálfu forráðamanna þessa erlenda auðhrings. Og þetta bætist svo við það, sem hv. 5. þm. Austurl. rakti áðan, hvernig forráðamenn auðhringsins lið fyrir lið, mann fyrir mann, tryggðu sér stuðning og áhrif hér á landi og hvernig það gerðist á viðræðufundum með forstjórum Alusuisse að hæstv. núv. forsrh. Íslands lét koma fram að hann teldi hugmyndir álhringsins, sem þar lágu fyrir 1. mars 1982, í rauninni ágætar, það þyrfti að gera þar smáorðalagsbreytingar, sem hann vildi gera á hnjám sér á staðnum, rétt eins og hann væri staddur á innanflokksfundi í Framsfl. Þó var í þeim texta ekki orð, ekki eitt

aukatekið orð, um hækkun á rafmagnsverðinu.

Þarna sá álhringurinn að hann átti möguleika á að hafa áhrif á tiltekna einstaklinga hér á Íslandi. Og það var ekki of mikið sagt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér áðan. Íslenska víglínan var holgrafin um skeið vegna þess að það var ekki um það að ræða að þeir menn sem áttu að standa á vaktinni fyrir íslenska hagsmuni stæðu sig þar sem skyldi. Þeir hlupu út með yfirlýsingum og árásum á þáv. iðnrh., eins og Guðmundur G. Þórarinsson, og þeir voru tilbúnir að taka með skilningi sneplum frá álfurstunum, þar sem ekki var einu sinni minnst á hækkanir á raforkuverði. (**EKJ:** Hverjir hafa verið iðnrh. síðasta áratuginn?) Hverjir hafa verið iðnrh.? (**EKJ:** Já). Ég er ekki að ræða um það núna, hv. þm., hverjir hafa verið iðnrh. Það gæti ég rakið fyrir hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, (**EKJ:** Já, gerðu það.) vegna þess að ég veit um þá alla og hef þekkt þá vel eins og hann veit. (*Gripið fram í.*)

Ég er að tala hér um þá baráttu sem stóð yfir í síðustu ríkisstj. gagnvart álhringnum. (**EKJ:** Þú nefndir árið 1975 áðan.) Ég er að tala um þá baráttu sem stóð yfir gagnvart álhringnum í síðustu ríkisstj. og ég er hér að rifja upp tölur frá árunum 1975 til 1981 úr fréttatilkynningu iðnrn. Ég skal rekja nákvæmlega fyrir hv. þm. hverjir voru iðnrh. á þessum tíma, en ég var að rekja það áðan hvernig þessi barátta stóð í síðustu ríkisstj., þegar víglínan var holgrafin fyrst og fremst vegna þess að forustumenn Framsfl. á þeim tíma voru ekki tilbúnir að standa þannig að málunum að Alusuisse fyndi að á bak við kröfur Íslands og Íslendinga væri þungi í þessu efni. (**EKJ:** Þú ert búinn að lofa tvisvar að rekja hverjir hafi ráðið.) Óskaplega er hv. þm. ákafur í að ég fari út í yfirlit um stjórnmálasögu Íslendinga. Ég vil minna hv. þm. á að ég flutti hérna þriggja tíma ræðu um þetta mál fyrir nokkrum mánuðum og ég get alveg farið yfir það aftur. En ég vildi gjarnan byrja aðeins fyrr en 1975. Ég gæti t. d. hugsað mér að byrja 1966 (**EKJ:** Byrjaðu 1971.) eða 1933 eða 1927, þegar rætt var um fossamálin. Ég gæti rifjað upp afrek Sjálfstfl. þá og hvernig hann þá stóð á vakt gagnvart erlendum auðhringum, en nú hagar Sjálfstfl. sér þannig, að í rauninni kemur aldrei fram neitt aukatekið orð frá talsmönnum hans um að íslenska þjóðin þurfi á einn eða annan hátt að gæta sín á hinum erlendum auðhringum og talsmönnum þeirra.

Iðnrh. á síðasta áratug voru sem hér segir: Magnús Kjartansson 1971 til 1974, Gunnar Thoroddsen 1974—1978, Hjörleifur Guttormsson 1978 til 1979, Bragi Sigurjónsson 1979 til 1980, Hjörleifur Guttormsson 1980 til 1983 og Sverrir Hermannsson frá 1983. (**EKJ:** Á þessum tíma gerðust öll ósköpin, segirðu.) Á þessum tíma gerðust þau tíðindi, hv. þm., að fyrirtækið Coopers & Lybrand var látið kanna viðskipti þessa aðila við Íslendinga og þá gerðist það m. a. að í ljós kom að um hafði verið að ræða yfirverð á aðföngum fyrirtækisins hér á Íslandi. Þeim málatilbúnaði og niðurstöðum var ekki fylgt eftir fyrr en Hjörleifur Guttormsson kom í iðnrn. Því var ekki fylgt eftir, því miður. Þess vegna er sú hreyfing sem komin er á þetta mál því að þakka að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. iðnrh., notaði þær upplýsingar sem komu fram til þess að knýja á um breytingar á þessum samningum. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var sá maður sem fremst gekk í þeim flokki sem krafðist þess að hér á Íslandi yrði ekki reist eitt álver, heldur tuttugu. Þessi hv. þm. er þess vegna viðkvæmari en allir aðrir menn þegar komið er að því að rekja viðskipti þessa óskabarns hans við íslensku þjóðina á síðustu árum. Það kemur manni þess vegna ekkert á óvart þó að hann geti helst aldrei setið kyrr, hvað þá heldur þegjandi, þegar verið er að fjalla um þessi mál.

Það var athyglisvert sem fram kom í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, hvernig hann sýndi fram á það þegar Alusuisse var að gera sér menn handgengna hér á Íslandi með mjög svipuðum hætti og Noregskonungur gerði fyrr á öldum. Það kom fram að haldnir voru leynifundir með Jóhannesi Nordal Seðlabankastjóra og Steingrími Hermannssyni hæstv. núv. forsrh. til að fjalla um stöðuna í þessu máli á bak við þáv. iðnrh. Þessar upplýsingar sýna okkur auðvitað að Alusuisse treysti því að þurfa aldrei að gera samninga við íslensku ríkisstjórnina vegna þess að Alusuisse átti sína menn, *sína flokka og sín blöð á Íslandi.* Þetta er grundvallaratriðið sem þingheimur þarf að gera sér grein fyrir. Og það var ekki auðvelt við þessar aðstæður að knýja fram hækkanir á raforkuverði, þegar þeir sem síst skyldi voru í svikaförum gegn þeim iðnrh. sem með málið fór fyrir hönd íslensku ríkisstj.

Það var þess vegna ekki undarlegt að það skyldi gerast í þeirri veislu sem haldin var á vegum forsrh. síðastliðið sumar þeim forráðamönnum álfélagsins, að þá skyldu þeir tjá sig um að myndun þessarar ríkisstj. hefði verið sérstaklega hagkvæm Alusuisse. Forráðamenn hringsins fögnuðu myndun þessarar ríkisstj., þeir töldu þetta góða stjórn, gott að vera lausir við að Alþb. færi með yfirstjórn þessara mála, vegna þess að forráðamenn auðhringsins treystu því að hér ættu þeir hauka í horni, þar sem væri auðveldara að koma við ótrúlegum afreksverkum en áður var um að ræða í stjórnarráði Íslands. (**ÓÞÞ:** Gerðist þetta í veislu í ráðherrabústaðnum?) Hv. þm. getur vafalaust leitað sér betri upplýsinga um þetta en ég er fær um að gefa á þessari stundu, en ég skal kanna það við betra tækifæri.

Hér er, herra forseti, komið að kjarna þessa máls að mínu mati. Það er sá kjarni málsins, sem var komið að áðan í ræðu hv. 11. þm. Reykv.: Hversu vegnar smáþjóð í viðskiptum við auðhring eins og Alusuisse? Ég hélt satt að segja að þeir sem hér eru saman komnir ættu allir að hafa það stolt fyrir hönd þjóðar sinnar að þeir létu ekki bjóða sér hvað sem er og m. a. létu þeir þennan auðhring ekki kljúfa þjóðarsamstöðu í herðar niður þegar síst skyldi. Ég held að af Alusuissemálinu getum við meira lært en mörgum öðrum málum sem hafa verið rædd í íslenskum stjórnmálum á undanförnum árum. Þetta mál sýnir í hnotskurn hvað það er sem sjálfstæð smáþjóð þarf að gæta sín á. Ég tel að þessi bráðabirgðasamningur, sem hér liggur fyrir, sé því miður ekkert annað en framhald af þeirri niðurlægingargöngu sem hófst þegar fyrst var undirritaður samningur við Alusuisse árið 1966.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Mig langar að víkja því til hæstv. forseta hvort honum þykir ekki ástæða til að fresta þessari umr. og ljúka henni ekki nú, með beinni vísun til þeirra svikabrigsla og landráðabrigsla sem hæstv. forsrh. hefur nú legið undir í fjarveru hans af hálfu hv. síðasta ræðumanns. (**Gripið fram í:** Og fleiri ráðh.) Og fleiri ráðh. að vísu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka strax fram að hæstv. iðnrh. ber ábyrgð á þeirri skýrslu sem hér er lögð fram og það er sjálfsagt að verða við ósk hans um frestun. Þá verður umr. frestað.

Umr. frestað.

Lagahreinsun og samræming gildandi laga, þáltill. 103. mál, (þskj. 124). — Fyrri umr.

Flm.: (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir að ég skuli fá að flytja þetta mál hér, vegna þess að þetta mun vera síðasti dagur minn að sinni á Alþingi, og ég vil færa forseta þakkir einkum og sér í lagi vegna þess að ég tel að hér sé á ferðinni býsna mikilvægt mál fyrir Alþingi Íslendinga.

Þetta mál er flutt af þm. allra flokka nema Alþb., og harma ég það mjög að Alþb. skyldi ekki sjá sér fært að hafa meðflutningsmann að þessari till., en það var af einhverjum sérkennilegum ástæðum sem ég hef ekki fengið skýringu á. Ég bað einn af hv. þm. Alþb. að kynna sér hvort flokkur hans væri ekki tilbúinn að standa líka að þessari till., en svarið sem ég fékk frá honum var neikvætt. (**Gripið fram í:** Það var ekki fyrir hönd allra þm. Alþb.) Það er gott að vita það. Ég hélt að þetta mál hefði verið tekið upp á þingflokksfundi hjá Alþb. og því hefði verið hafnað þar.

Engu að síður vil ég gera grein fyrir þessu máli. Ég vil minna á í sambandi við þetta mál, að á 103. löggjafarþingi fluttu þeir þm. Benedikt Gröndal og Sighvatur Björgvinsson till. til þál. um lagahreinsun og árlegt lagasafn. Það var gert ráð fyrir að Alþingi fæli ríkisstj. að skipa laganefnd samkv. lögum nr. 48/1929 og fela henni að gera skrá yfir öll lög sem þegar hafa gegnt hlutverki sínu og hafa ekki lengur raunhæfa þýðingu. Ríkisstj. skal síðan leggja fyrir Alþingi frv. um að nema þessi lög úr gildi, svo að það megi verða áður en næsta lagasafn verður gefið út. Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstj. að gefa framvegis út árlega skrá yfir ný lög, breytt lög og brottfallin og verði þeim skipað í flokka á sama hátt og í lagasafni með efnisyfirliti og skrá um atriðisorð. Þessa till. þeirra tvímenninganna dagaði því miður uppi og hún komst aldrei til framkvæmda.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að bæði lögmannastétt þessarar þjóðar, lagadeild Háskóla Íslands, Hæstiréttur, Dómarafélagið og þm. hafa lengi gert sér ljósa grein fyrir að hér þyrfti að fara fram mjög umtalsverð lagagrisjun. Talsverður hluti af þeim lögum og lagabálkum, sem í gildi eru enn þá, er löngu úr sér genginn og þjónar engum tilgangi og þarf þess vegna ekki að geymast í lagasafni. Í þessari þáltill., sem hér hefur verið flutt, segir m. a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd er undirbúi hreinsun úreltra ákvæða úr núgildandi lögum, geri till. um lagabálka sem engum tilgangi þjóna lengur og fella má úr gildi og um greinar gildandi laga sem eðlilegt er og nauðsynlegt að samræma. Í nefndinni eigi sæti einn fulltrúi frá Dómarafélagi Íslands, einn frá lagadeild Háskóla Íslands og einn frá Lögmannafélagi Íslands. Þá kjósi Alþingi tvo þingreynda menn til setu í nefndinni.“

Þetta orðalag er viðhaft svo kjósa megi menn sem hafa setið á Alþingi, en eru hættir setu þar eða sitja þar ekki lengur, en hafa mikla þingreynslu að baki. Ég vil taka það skýrt fram, að í sambandi við flutning þessarar till. var haft samband við mjög lögfróða menn, bæði í lagadeild Háskóla Íslands og hjá Lögmannafélagi Íslands, sem lögðu eindregið til að þessi till. yrði hér flutt. Í grg. með þessari þáltill. segir svo, með leyfi forseta:

„Nú er verið að undirbúa útgáfu nýs lagasafns sem verður mikið að vöxtum. Í safninu eiga að verða öll gildandi lög. Mörg þeirra þjóna vart nokkrum minnsta tilgangi. Formlega hafa þau ekki verið afnumin og útgáfa þeirra sóun á pappír og prentsvertu. Í mörgum lagabálkum eru einnig ákvæði sem verið hafa úrelt um lengri eða skemmri tíma. Þá eru mörg dæmi þess að greinar óskyldra laga reki sig hver á annarrar horn og skarist.

Alþingi hefur verið mjög atkvæðamikið við lagasetningu, og það svo að oft hefur keyrt úr hófi. Einföldustu hlutir eru bundnir í lög. Þá hefur Alþingi ekki hagnýtt sér svonefnda „sólarlagsaðferð“, sem bindur gildistíma laga við ákveðinn árafjölda. Séu þau ekki verð endurnýjunar að þeim tíma liðnum falla þau úr gildi og lagahreinsunin verður sjálfvirk að nokkru leyti.

Öllum þm., sem setið hafa á Alþingi einhvern árafjölda, er ljóst að frá þinginu eru lög oft afgreidd með óeðlilegum hraða. Þar með skapast sú hætta að þm. treysti um of á lagaþekkingu starfsmanna einstakra rn. þegar um stjfrv. er að ræða. Þmfrv. eru oftar en ekki mun lengur í meðförum þingsins og fá þá vandaðri meðferð. Það hefur heldur ekki farið fram hjá þingreyndum mönnum að alvarlegir gallar hafa komið fram í lagasetningu. Einnig er orðalagi oft mjög ábótavant, þ. e. að eðlilegt og lipurt íslenskt mál víkur fyrir klúðurslegu stofnanamáli.

Það er orðið mjög tímabært að hefja undirbúning lagahreinsunar, eða „lagagrisjunar“, eins og verkið hefur stundum verið nefnt. Nefnd sú, sem hér er gerð till. um, þyrfti að semja mjög ítarlegt lagafrv. er miðaði að því að nema úr gildi öll þau lagaákvæði sem eru úrelt, valda vafa og óvissu og stangast á.

Því fer fjarri að lög þurfi fremur að grisja þótt gömul séu. Þó kemur fáránleikinn oft skýrast fram í gömlum lögum sem eru komin úr öllu samhengi við samfélag nútímamannsins. Þessu til staðfestingar verður hér greint frá einu dæmi sem fram kemur í grg. dr. Páls Sigurðssonar dósents og fylgir þessari þáltill. sem fskj. Þar segir:

„Í 3. gr. tilskipunar um vald biskupa til að veita undanþágu frá fermingartilskipunum frá 23. mars 1827 segir: „Nú er barn, sem ferma á, krypplingur svo að það á bágt með að koma í kirkju til fermingar, eða það getur það eigi að hættulausu vegna stöðugra veikinda eða það hefur svo stórkostleg líkamslýti að koma þess og yfirheyrsla í kirkjunni gæti valdið hneyksli; og skal biskupi heimilt að leyfa að það sé fermt heima í votta viðurvist.““

Það er von flm. að þáltill. þessi fái góðar undirtektir og að afgreiðslu hennar verði hraðað, enda væri slíkt í góðu samræmi við útgáfu nýs lagasafns.

Herra forseti. Ég tel ekki mikla ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um þessa þáltill., en ég held að það væri til mikils sóma fyrir Alþingi Íslendinga að stuðla að því að þessi lagagrisjun gæti farið fram eins fljótt og unnt er. Í gildi eru núna lög sem eru bæði afkáraleg og eru þess eðlis að þau rugla alla lagatúlkun.

Það er líka orðið mjög erfitt á stundum fyrir þá menn er um lög fjalla að finna út hvaða lagagreinar það eru sem ber að fara eftir vegna þess, sem sagt er í grg., að greinarnar kunna að rekast hver á annarrar horn.

Ég vil að svo mæltu, herra forseti, óska eftir því að máli þessu verði vísað til allshn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að ræða efnislega um þetta mál, en vegna orða hv. þm. um leit hans að meðflutningsmönnum geta þess að hann bað mig að skrifa upp á þessa till. og ég sagði nei. Það segir ekkert um hvað Alþb. vildi. Ég hafði bara ekki áhuga. Það er enginn skyldugur til að skrifa upp á hvaða plagg sem er. Það væri líka þokkalegt. (**ÁG:** Orðum mínum var ekki beint til neins eins manns.) Það eru komin ein 100 þskj. og mig langaði ekki að vera meðflm. að þeim öllum. — Mér finnst þetta alveg eindæma frekja.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi mínum við þessa till. Skýringin á því að beiðni hefur ekki komið til mín um að vera meðflm., sem ég hefði hiklaust verið, er eflaust sú að ég var ekki heima í síðustu viku vegna starfa minna í Norðurlandaráði.

Þetta er tiltölulega ný till. Um efni hennar vil ég segja þetta. Ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt að fara í gegnum lagasafnið og grisja burtu lög sem enga þýðingu hafa lengur. Og ekki síður að fara faglega í gegnum það sama lagasafn og kanna hvort lög og lagagreinar kunna að skarast. Það jaðrar auðvitað við hneyksli að við skulum einungis hafa undir höndum lagasafn sem er gefið út 1973. Allir þm. kannast við hversu þægilegt verk það er að blaða í gegnum óteljandi eintök af Stjórnartíðindum í hvert skipti sem við þurfum að kanna hvort breytingar hafi orðið á gildandi lögum frá útgáfu lagasafns.

Ég vænti þess að í framtíðinni verði úr þessu bætt. Í sumum þjóðþingum er sú regla viðhöfð að lög eru gefin út í lok hvers árs, t. d. í Þýskalandi. Það er auðvitað dagljóst að á því verður að ráða bót, að lagasafn sé ekki gefið út um jafnlangt skeið og hér hefur verið gert. En vegna þessarar umr. finnst mér líka full ástæða til að minnast á þá vinnuaðstöðu sem alþm. hafa hér á hinu háa Alþingi. Aðstoð við þm., við t. d. könnun á því hvort mál sé í raun og veru þingtækt, hvort það skarar önnur lög og annað þess háttar tæknilegs eðlis við lagagerð, sú aðstoð er hér nær engin. Það er ekki hægt að ætlast til að einn maður ráði við það að sinna þingmönnum að þessu leyti. En það er síður í þessu landi að líta á störf þm. sem grínið eitt.

Við tölum í öðru orðinu um lýðræði þar sem hver fullorðinn Íslendingur, sem uppfyllir sett skilyrði, getur sest við löggjafarstörf á Alþingi Íslendinga, án tillits til menntunar, þjálfunar og annars slíks. Þetta er auðvitað nafnið tómt á meðan hinn kjörni fulltrúi á ekki nokkra möguleika á einföldustu tæknilegri aðstoð. Það er engin ástæða til að hver sá sem er kjörinn til löggjafarstarfa á Alþingi kunni í raun og veru nokkuð fyrir sér í lagagerð. Það þarf ekki að þýða að hann sé ekki fullfær um að hafa skoðanir á því hvernig reka skuli þjóðfélagið og hafi góðar hugmyndir um það. Tæknileg vinnubrögð eiga ekki að þurfa að vera honum neitt vandamál. Hitt er annað mál að þau eru það. Það er ekki vafi á því að það hefur stórháð mörgum manninum, sem hefur komið hér inn á hið háa Alþingi með góðum vilja og góðu viti. Það hefur háð honum að hann hefur fyllst vanmetakennd vegna þess að hann kunni ekki hina tæknilegu hlið málsins. Þetta á auðvitað ekki að gerast. Þetta má ekki gerast, því að þetta er ekki lýðræði. Þetta hindrar þm. í að sinna störfum sínum.

En það er eftir öðru að því hefur verið komið inn í þjóðarsálina að störf þau sem hér eru unnin séu svo sem ósköp lítils virði og hvorki þurfi þm. að þiggja fyrir þau laun né hafa vinnuaðstöðu sem venjulegu fólki er boðin í þjóðfélaginu. Við skulum ekki þvo okkur sjálf alveg af þessum hugmyndum því óneitanlega hefur Alþingi Íslendinga, a. m. k. virðist manni svo oft á tíðum, tvenns konar hlutverk. Annað, og það finnst mér vera verkefni hins háa Alþingis, er að setja landinu lög og gera það í einhverri alvöru, gera það vel og vanda til þess. Það er hins vegar sjálfsagt lögmál, já við skulum segja lýðræðisins að menn þurfa svo á hinn bóginn að stunda nánast skrípalæti hér til þess að vekja athygli þjóðarinnar á flokkum sínum og öðru pólitísku jagi sem virðist komast inn í öll mál. Vissulega skal ég ekkert hafa á móti því að menn heyi hér mælskulist og prátti hér klukkutímunum saman. En vitaskuld er það engum til gagns, síst af öllu umbjóðendum hv. þm. Lágmarkið er þá a. m. k. að það sé skemmtilegt, til þess að hægt sé að þola það og sitja undir því. Við erum nefnilega hér, hv. þm., til að setja þessu landi, lýðveldinu okkar lög. Það er okkar meginverkefni. Að baki þeirri vinnu liggur auðvitað viss þekking, hugmyndir, vilji, hugsjónir. Tæknilega hliðin á ekki að standa okkur fyrir þrifum, engum þm.

Ég vildi nota þetta tækifæri til að koma þessum sjónarmiðum mínum á framfæri. Ég er þeirrar skoðunar að hér séu unnin mjög alvarleg störf og þýðingarmikil. Til þess að þau séu vel unnin eigum við að hafa alla þá aðstoð sem við þurfum, og lágmarkskrafa hlýtur að vera að við höfum lagasafn landsins til að vinna við. Það eru nú liðin 10 ár síðan það kom út síðast, og loksins eygjum við það að fá það á borð okkar og þjóðin öll. Því að eitt er nú hvernig okkur gengur að finna lög í þessu landi, annað er hvernig vesalings þjóðin fer að því, eins og nú standa sakir. Ég vil því lýsa stuðningi mínum við þessa till. Ég held að það sé skynsamlegt að skipa nefnd kunnugra manna til að fara tæknilega í gegnum lagasafnið. Ég er ekki nógu vel að mér til að vita hvernig að þessu verki er staðið núna. Vissulega veit ég að fólk situr yfir því að taka lög úr lagasafni og fella inn í safnið þau lög sem hafa verið sett síðan 1973, en ég held að nefndin sem fær þessa till. til meðferðar geti kannað það og séð um að þar taki menn þá höndum saman, hvernig sem það nú verður. Aðalatriðið er að unnið verði að því, án þess að verkið tefjist mjög mikið, að grisja safnið svo það komi að sem bestum notum.

Ég held að við vinnum öll á því að löggjafarstörf þingsins verði tekin alvarlega, en við séum ekki talin hér stunda einhvers konar pólitískan trúðleik.

Ég vil aðeins að lokum nefna sem dæmi um litla virðingu fyrir löggjafarstörfum Alþingis að í tíð minni sem nefndarformaður hér í þinginu kom þó nokkrum sinnum fyrir að ég og samnefndarmenn mínir sendum lagadeild Háskóla Íslands mál til umsagnar og fengum ekki svo mikið sem svar. Það segir kannske dálítið um hversu alvarlega störf okkar eru tekin hér á hinu háa

Alþingi. Úr því skulum við bæta, hv. þm., og ég held að þessi till. sé spor í áttina til þess.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af því sem hér hefur fram komið. Hv. þm. Garðar Sigurðsson talaði hér af miklum þjósti og misskildi greinilega það sem ég sagði, viljandi eða óviljandi. Ég vil nú ekki gera honum upp þær sakir að hann hafi misskilið það viljandi, ég held að hann hafi gert það óviljandi og þá er best að segja hverja sögu eins og hún er. Það er ekki vani minn að óska eftir því við menn að þeir skrifi upp á þáltill. með skömmum fyrirvara. Yfirleitt hef ég fengið orð fyrir annað en að sýna frekju í þeim efnum. Ég fór til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar með þessa þáltill., talsvert löngu áður en ég lagði hana hér fram í þingi, og spurði hann hvort hann vildi líta á hana. Ég fór til hans daginn eftir. Þá hafði staðið þingflokksfundur hjá Alþb. og ég reiknaði með því að hann hefði borið þetta undir þingflokksfundinn. Hann sagði nei, kvaðst ekki hafa áhuga á að vera flm. Ég tók það svo að þetta væri afstaða Alþb. til till. Þar á eftir gekk ég til hv. þm. Garðars Sigurðssonar og spurði hann hvort hann vildi vera meðflm. Hann kvað nei við og ekkert við því að segja í sjálfu sér. Ég talaði auk þess við hv. þm. og fyrrv. hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds og spurði hann hvernig á þessu stæði. Hann sagði mér að fínu mennirnir í Alþb. hefðu talið að nafnið minnti of mikið á hundahreinsun. Ég skildi þetta nú ekki vel, ég taldi að hundahreinsun væri býsna nauðsynleg hreinsun líka, svo það væri engin skömm að því. Engu að síður læt ég mér þetta í léttu rúmi liggja. Hér er málið til umr. og ég mun halda mér við það, en úr því að hv. þm. Garðar Sigurðsson kom hér upp vildi ég gera grein fyrir þessu.

Ég vil, herra forseti, taka undir hvert orð sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði. Ég held að þm. geri allt of lítið af því að auka virðingu þessarar stofnunar. Hér fara fram umr. oft á tíðum af því tagi að eru fyrir neðan allar hellur, bæði ómerkilegar og oft á tíðum svo langar að þingstörf tefjast svo klukkustundum og jafnvel dögum skiptir. Ég ætla ekki að nefna nein dæmi í því sambandi.

Ég vil aðeins geta þess, herra forseti, vegna þess sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér áðan, að í gildi hafa verið lög um svokallaða laganefnd allt frá því í júnímánuði 1929. Þar er gert ráð fyrir því að forsrh. sé heimilt hverju sinni að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd, og nefndarmenn séu skipaðir til fjögurra ára í senn. Það er gert ráð fyrir því að þessari nefnd sé skylt að vera ríkisstj., alþm., þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrv., samræmingu laga, og annan lagaundirbúning löggjafarmála. Í lögum er því til heimild fyrir forsrh. að skipa laganefnd sem getur verið þm. til aðstoðar við gerð lagafrv. Og það væri kannske ástæða til að notfæra sér þessa grein í lögunum sem í gildi eru enn þá. Það gæti komið mörgum þm. mjög til góða þegar þeir eru að semja lagafrv.

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta að segja, en ítreka það að ég óska eftir því að málinu verði vísað til allshn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Örfá orð hér inn í þessa ágætu umr. Það hefur farið eitthvað fyrir brjóstið á flm. að við í Alþb. skulum ekki standa að því að flytja þetta með honum. Ég held að það sé óþarfi og sú staðreynd segir út af fyrir sig ekkert um afstöðu okkar til málsins. Það var einfaldlega mjög lítill tími til að skoða hvað í því fælist og þeir sem höfðu sérstaklega fengið það úr höndum flm. treystu sér ekki eða vildu ekki standa að flutningi og aðrir voru svo sem ekkert að bjóða sig fram. En þetta mál mun hafa borið á góma í þingflokknum og menn vissu af því að það var þarna á ferðinni, svo að það liggi nú ljóst fyrir.

Það er sjálfsagt rétt hjá þeim lögfróðu mönnum sem hér hafa um fjallað að það sé nauðsynlegt að fara yfir lagasafnið í þessum tilgangi. En ég vil segja fyrir mitt leyti að mér finnst það skipta miklu máli hvernig staðið er að þeirri yfirferð og undir hvaða merkjum hún er framkvæmd. Mér þykir vænt um margar gamlar lagagreinar, sem ég held að geri engum neitt mein þó þær standi þarna inni í, þannig að ég mundi biðja fyrir það, a. m. k. ef ég ætlaði að styðja þetta, sem ég út af fyrir sig get mjög líklega gert, að það yrði þá farið svona heldur mildum höndum um þetta í endurskoðuninni og hreinsunin færi ekki þannig fram að það væru gefnir allt of hroðalegir skammtar af hreinsunarlyfinu. Mér finnst hitt alvarlegra í sjálfu sér, ef mikið er um lagagreinar í nýlegum lögum sem eru beinlínis óvirkar eða jafnvel er gengið gegn og eru ekki í samræmi við lífsmáta og venjur í þjóðfélaginu. Það væri ekki síður ástæða til að athuga og hreinsa út á þeim vettvangi. Það er ákaflega óeðlilegt og óæskilegt að mikið sé um það í lögum, jafnvel nýlegum lögum að það stangist á, reki sig þar eitt á annars horn, almennar venjur í okkar þjóðfélagi og hitt sem stendur í lögum. Ég vildi gjarnan fá það upplýst af hálfu flm. hvaða viðhorf eru uppi af hans hálfu í þessum efnum.

Ég vil taka undir orð sem hér komu fram hjá einhverjum ræðumanni um nauðsyn á nýju lagasafni í aðgengilegu formi. Það er líka býsna stórt mál, bæði fyrir þingið og fyrir þjóðina. Það er auðvitað alveg óviðunandi að þurfa að eyða fleiri klukkustundum kannske í það að leita uppi sáraeinföld atriði sem ætti að vera hægt að slá upp í lagasafni á fimm mínútum ef vel væri. En þetta stendur vonandi allt til bóta. Ég er ekki viss um að það séu gömlu lagagreinarnar sem hái mönnum svo mjög í þessum efnum, þó þær séu úr sér gengnar og sumar óþarfar, jafnvel einhverjar særandi og skaðlegar, eins og þær sem vitnað er í í grg. með þessu frv. Ég held að það sé meira um það að nýsett lög tefji þar fyrir mönnum. Gömlu greinarnar er hægt að prenta upp aftur og aftur. Þeta er hliðstætt í mörgum lögreglusamþykktum. Þar eru margar ágætisgreinar sem ekki eru beint þarfar kannske nú til dags. Það er lítið um það að menn ríði eftir Austurstræti í dag og óþarfi að setja hraðatakmarkanir á hestaumferð. Sömuleiðis leiða menn lítið af tveggja ára nautum í gegnum aðalgötu Siglufjarðarkaupstaðar. En þetta gerir svo sem engum neitt mein þó það standi þarna og það má líta á þetta að nokkru leyti sem hluta af menningu.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég harma það að flm. skuli slá því svona upp að við þm. Alþb. stöndum ekki að þessum flutningi. Og ég tek eftir því að málgagn þm., sem mun vera Alþýðublaðið, það hefur gert þetta einnig. Ég held að þetta séu ekki alveg rétt vinnubrögð hjá blaðinu og hv. þm. Ef hann vildi tryggja sér stuðning okkar Alþb.-manna átti hann

auðvitað að líta þetta öðrum augum, ekki gera það hér að miklu máli að hann skyldi ekki hafa fengið nafn einhvers okkar á þetta blað sitt. (**Gripið fram í:** Það er eðlilegt að hann sækist eftir því.) Það er greinilegt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla, þáltill. 99. mál (þskj. 120). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Örstutt. Hér liggur fyrir till. sem er endurflutt, till. sem flutt var á síðasta löggjafarþingi. Flm. eru Árni Gunnarsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, en á till., þegar hún var flutt síðast, voru flm. tveir, Árni Gunnarsson og Stefán Jónsson fyrrv. hv. þm.

Gert er ráð fyrir því að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta hraða gerð jarðganga um Ólafsfjarðarmúla. Verði við það miðað að göngin verði tilbúin til umferðar eigi síðar en í árslok 1988.

Með þessari till. fylgir allítarleg grg., sem er ljót slysasaga sem tekin var saman vegna umferðarslysa á Múlavegi frá 1976 til og með okt. 1982. Þar hafa orðið mörg mjög alvarleg slys, fjöldi banaslysa. Flm. hafa talið mjög nauðsynlegt að reyna að hraða framgangi þessa máls og reyna að tryggja Ólafsfirðingum betri samgöngur en nú eru. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eftir að fyrstu snjóar falla á haustin lokast Lágheiði til Siglufjarðar þannig að öll umferð frá Ólafsfirði þeim megin er úr sögunni. Síðan er Ólafsfjarðarmúli fljótur að lokast í snjóum og þá er ekkert annað eftir en sjóleiðin, því að flugvöllurinn lokast fljótlega í snjóum og þar er aðflug aðeins nánast úr einni átt, þannig að lítið er á það treystandi.

Herra forseti. Ég vona að þessi till. fái meðferð hér í þinginu, en hana dagaði uppi á síðasta þingi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram, þótt ég sé þm. úr öðru kjördæmi en Norðurl. e., þm. fyrir Reykjavíkurkjördæmi, að ég vil gera það sem ég get til þess að styðja þá till. sem hér hefur verið mælt fyrir. Ég tel að hérna sé um að ræða byggðarlag sem býr við alveg óvenjulega erfiðar aðstæður og okkur sé öllum skylt, hvaðan svo sem við erum kjörin til Alþingis, að athuga þær aðstæður sem þarna er um að ræða og beita okkur fyrir því að þarna verði gripið til ráðstafana sem hafa í för með sér samgöngubætur. Hér er ekki aðeins verið að tala um samgöngubætur í venjulegum skilningi. Hér er verið að tala um lífsöryggi þess fólks sem þarna býr. Ég er þeirrar skoðunar að þetta mál sé svo stórt og alvarlegt fyrir þetta byggðarlag og þar með Íslendinga alla, að alþm. ættu að sameinast um að reyna að finna leið, sérstaka fjáröflunarleið varðandi Ólafsfjarðarmúlann, leið sem kannske er ekki inni á hinni venjulegu vegáætlun, heldur yrði kannað hvort ekki er unnt að finna þarna einhverja alveg sérstaka leið með svipuðum hætti og gripið var til ákveðinnar fjáröflunar vegna hringvegarins á sínum tíma, svo ég nefni dæmi, til þess að menn skilji hvað ég er að fara. Ég tel að það sé alveg úrslitaatriði að Alþingi taki á þessu máli og sýni því fólki sem þarna býr lágmarksvirðingu og þakklæti fyrir það framlag sem það hefur innt af hendi í okkar þjóðarbú.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil gera orð síðasta ræðumanns að mínum og undirstrika það að ég held að hér sé um mjög sérstakar aðstæður að ræða, sem rétt er og nauðsynlegt að menn hafi í huga, vegna þess að því er auðvitað ekki að leyna að hér er um stórt verkefni að ræða fyrir hlutfallslega fáa af þegnum þessa þjóðfélags, ef við lítum á þá sem koma til með að nota þetta mannvirki mest, sem eru íbúarnir í Ólafsfirði og við utanverðan Eyjafjörð að vestanverðu. Ég vil þó að menn gleymi því ekki að þetta mun koma til með í framtíðinni, vonandi að tengja og bæta samgöngukerfið á öllu mið-Norðurlandi því byggðirnar við Fljót, Siglufjörð og Skagafjörð fá þarna tengingu í framtíðinni, þegar lokið verður að byggja upp veginn yfir Lágheiði, sem ég er sannfærður um að verður einhvern tíma í framhaldi af þessu. Hér er því ekki eingöngu um staðbundið verkefni að ræða, þó það skipti auðvitað Ólafsfirðinga mestu. Ég bendi einnig á að það er svo sem ófyrirséð að hve miklu leyti nágrannabyggðarlög koma til með að nýta sér þetta og að hve miklu leyti aðstæður breytast þegar slík göng kæmu, því að í raun og veru hafa samgöngur verið ótrúlega erfiðar milli staða eins og Dalvíkur og Ólafsfjarðar þó ekki sé löng vegaleið á milli, en þetta mundi vonandi gerbreytast með tilkomu jarðganga.

Örfá orð um framkvæmdaatriði þessa mannvirkis. Það er alveg ljóst að jarðgangagerð af þessu tagi er mikið mannvirki og erfitt. Þó hefur tækni fleygt mjög fram til slíkra framkvæmda og nú þegar eru til í landinu stórvirkari tæki en áður voru notuð. Er það einkum og sér í lagi að þakka þeirri jarðgangagerð sem orðið hefur hér í tengslum við virkjanir. Nú liggur fyrir að Blönduvirkjun verður á dagskrá þau ár sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir að unnið yrði að göngum um Ólafsfjarðarmúla. Ég legg til að sérstaklega verði hugað að því hvort ekki megi nýta með einhverju móti þau tæki, sem þar koma til með að verða, við þessa jarðgangagerð. Blönduvirkjun er, eins og menn vita eflaust hér inni allir, fyrst og fremst jarðgangamannvirki. Hún er öll neðanjarðar og við framkvæmd hennar verða gerð ein þrenn meiri háttar jarðgöng. Það er því ljóst að þar hljóta að verða til staðar stórvirk tæki og hugsanlega verður enn bætt við þann tækjakost sem fyrir er í landinu til þess að ráðast í framkvæmd Blönduvirkjunar. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að þetta verði athugað.

Það er einnig til upplýsingar að jarðfræðirannsóknir eru nokkuð á veg komnar og þær gefa, má segja, heldur betri niðurstöðu en menn áttu von á svona með því að virða Múlann fyrir sér að utanverðu. Hann er eins og kunnugt er ekkert frýnilegur ásýndum, en grjótið virðist vera minna sprungið og skár til jarðgangagerðar fallið en menn áttu von á.

Að síðustu vil ég bara bæta því við að aftan við þá sorglegu og ófögru skýrslu sem hér fylgir með í grg. mætti bæta nokkrum liðum. Síðasta ár var með þeim verstu, ef ekki það versta, sem komið hefur í allri sögu Ólafsfjarðarmúlans. Það var með endemum erfitt að halda honum opnum, hann var oft á tíðum stórhættulegur yfirferðar. Sem dæmi um ástandið má nefna það að nú þegar hafa fallið snjóflóð í Ólafsfjarðarmúla á þessu hausti, til að sýna mönnum hvernig ástandið er. Þar lá fönn í Ófærugjá í allt sumar, og það var daglegur

viðburður að aka fram á grjót á veginum þó komið væri fram á haust. Það má því heita að þessi vegur sé hættulegur og óviðunandi yfirferðar allt árið um kring. Það eru vegasamgöngur sem við eigum auðvitað ekki að una til lengdar, að heil byggðarlög og kaupstaðir, eins og Ólafsfjörður er, hafi engar samgöngur á landi svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir. Það er ósköp einfaldlega óviðunandi ástand fyrir hvaða byggðarlag sem er.

Auðvitað er víðar um slæma vegi að ræða. Við þekkjum öll Ó-vegaáætlunina. Ég get endað á því að segja að það er mín skoðun að hana eigi að tengja saman á þann veg að náist sparnaður, t. d. eins og nú virðist hafa gert í veginum um Ólafsvíkurenni, þá eigi hann að nýtast Ó-vegaáætluninni og henni eigi þá að hraða sem því nemur. Það má segja að það líti nokkuð vel út með það að með útboðum og stórvirkum nýtísku vinnutækjum megi framkvæma þetta verk, sem er Ó-vegagerðin, fyrir minni fjármuni og hraðar en menn ætluðu þegar sú áætlun var samin. Þess vegna tel ég það einboðið að það nýtist þá þeim verkum sem aftar eða aftast lentu á listanum, eins og Ólafsfjarðarmúli gerði. Það er mjög erfitt fyrir hvern sem er að segja við heimafólk á Ólafsfirði: Þið verðið bara að sitja og bíða, og það svo árum eða jafnvel áratugum skiptir. Það er þess vegna skiljanlegt að allir sem til málsins þekkja leggi mikla áherslu á að reynt verði að hraða þessum framkvæmdum.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins fáein orð. Fyrst vil ég lýsa stuðningi við þessa till. — þessa áherslu sem hlýtur að vera eðlileg í ljósi þeirra aðstæðna sem þarna eru. Ég bendi á það, eins og kom fram í máli síðasta hv. ræðumanns, að hér er um að ræða eitt af hinum svokölluðu „óvegaverkefnum“ eða Ó-vega verkefnum sem ný vegáætlun hefur tekið inn, þó með öðrum hætti sé en menn höfðu vænst, þ. e. að verkefnið var tekið inn sem hluti af vegáætlun og greiðist af hinu almenna vegafé í staðinn fyrir það — og þar tek ég undir með hv. þm. Svavari Gestssyni — að hér þurfti sérstaka fjáröflun, hér þurfti sérstaka fjárútvegun, sem varð því miður ekki, bæði til að flýta þessum verkum og eins til að skerða ekki hið almenna vegafé. Ég segi það hins vegar, að mér þykir einboðið að slík átök hljóti að kalla á það, ef menn vilja flýta þeim, ef menn vilja koma í veg fyrir slysin, að til þeirra sé veitt sérstöku fjármagni. Það er útilokað annað. Annars leggja menn ekki þá áherslu sem þeir þykjast leggja á þessa sérstöku vegi.

Ég gæti auðvitað, án þess að fara út í nokkurn samjöfnuð, bent á ýmsa vegi sem vissulega eru slysagildrur, þar sem hættur eru á ferðinni og oft hefur tæpt staðið. Við eystra þekkjum t. d. Kambanesskriðurnar, þar sem maður næstum að segja óttast það hvern vetrardag, þegar vont er yfirferðar og gaddur yfir, að slys verði, og einnig í asahlákum sumarsins. Það hefur oft tæpt staðið, þó blessunarlega hafi þar ekkert orðið að. Við hljótum að treysta á að verkefnum eins og vegagerð í Kambanesskriðum verði sinnt þegar í kjölfar þess að lokið verði við Ó-vegina. En við viljum að sjálfsögðu ekki draga úr því að þangað verði veitt fjármagni.

En ég endurtek að verkefni af þessu tagi, verkefni þar sem á svo miklu veltur m. a. um mannslíf, verður að fjármagna alveg sérstaklega og það má ekki taka það fé af því takmarkaða vegafé sem til skiptanna er hverju sinni — einnig og alveg sérstaklega vegna þess að þegar það er gert ganga verkefnin einfaldlega síðar og verr fram en vera ætti.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir orð síðasta hv. ræðumanns nánast í einu og öllu og gert hans orð að mínum orðum. Ég get þar m. a. alveg fallist á þau sjónarmið, að auðvitað gengur það ekki að hafa uppi meting á milli kjördæma þegar mál sem þetta ber að. En ég vil þó minna á að þetta er eitt af þeim verkefnum sem hefur verið kennt við hina svokölluðu Ó-vegi og langtímaáætlun tekur til.

Það er sérstök ástæða til að minna á það, og ekki síst þegar það blandast inn í þessa umr., að eitthvert Ó-vegafé sé e. t. v. til staðar, sem m. a. hafi sparast vegna þess hversu verkum skilaði vel áfram vestur á Snæfellsnesi á s. l. sumri. Það ætti þá að hreyfa það fjármagn til á milli framkvæmda við Ó-vegina.

Ég hef nú ekki orðið þess var fyrr að Ó-vegirnir hafi verið fjármagnaðir sérstaklega, og hygg ég að það séu okkur mörgum hverjum mikil vonbrigði. Þess vegna get ég tekið undir og fagnað þeirri yfirlýsingu sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, að til verkefna sem þessara þyrfti sérstakt fjármagn. Það er alveg hárrétt, sem kom fram hjá honum, að þegar um einhver slík átök í vegamálum hefur verið að ræða, eins og t. d. þegar brúað var á Skeiðarársandi var ætlað til þess sérstakt vegafé. En með Ó-vegaframkvæmdirnar hefur fram að þessu verið farið með öðrum hætti, eins og fram kom hjá hv. þm. Helga Seljan, því að tekið var af hinu almenna vegafé, og hefur slíkt orðið mjög til að draga úr vegaframkvæmdum í sumum kjördæmunum. Eigum við Austfirðingar alveg sérstaklega um sárt að binda í þeim efnum. Það mundi þess vegna ekki standa á mér, m. a. með tilliti til þess hvernig þessi mál hafa þróast, að styðja einhverja tekjuöflun sem sérstaklega snerti þessi viðfangsefni.

Þetta vildi ég láta fram koma um leið og ég minni á það, sem var margyfirlýst af fyrrv. samgrh., núv. hæstv. forsrh., að ekki yrði öðruvísi gengið frá vegaáætlun en séð yrði fyrir tekjum til að byggja Ó-vegina upp fyrir. Þessar tekjur eru enn ekki til staðar og m. a. af þeirri ástæðu útilokað að hugsa sér að ná árangri fram yfir það sem a. m. k. er gert ráð fyrir í vegáætlun.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem till. hefur fengið og ég vonast eindregið eftir að henni verði fylgt eftir. Ég treysti á hv. þm. og meðflutningsmann Steingrím J. Sigfússon að hafa í frammi alla þá ýtni sem honum er lagin til að till. fáist tekin fyrir í nefndum og um hana fjallað á eðlilegan hátt hér í þinginu á meðan ég bregð mér frá — sem vonandi verður ekki í langan tíma.

Ég er mjög ánægður með þær hugmyndir sem hafa komið fram, bæði hjá hv. þm. Svavari Gestssyni um það að finna sérstaka fjáröflunarleið vegna þessa máls og eins þá hugmynd, sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að tengja þetta hugsanlega mannvirkjagerð við Blöndu. Sannleikurinn er sá, að hér á landi hefur verið allt of lítið af því gert að stunda rannsóknastarfsemi í sambandi við gerð jarðganga, eins og mikið er gert í nágrannalöndum okkar, t. d. í Noregi og Færeyjum, þar sem hefur náðst mikill og góður

árangur í því að bæta þjóðvegasamband með jarðgöngum.

Ég vona bara og treysti því, að þessi till. fái góða og vinsamlega meðferð hér á þinginu, því að mér er fullljóst, eins og öllum mönnum sem Ólafsfjörð heimsækja, að samgönguleysið við Ólafsfjörð hefur svo ótrúlega mikil áhrif á allt mannlíf á staðnum að með ólíkindum er. Ungt og djarft fólk, sem þangað kemur og ætlar sér að setjast að vegna þess að þar hefur atvinna verið mjög mikil, hefur oft og tíðum verið komið á fremsta hlunn með að gefast upp vegna samgönguerfiðleika. Þetta hvílir á fólkinu á Ólafsfirði eins og mara. Þeir sem fara um Ólafsfjarðarmúlann vita hvers konar ferðalag það er. Og það er alveg hárrétt, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að þarna er látlaust grjóthrun. Í fyrstu snjóum lokast Múlinn og það er ekki heiglum hent að fara um þennan múla, þar sem eru 120 metrar snarbratt í haf niður, á snjómokstursstækjum. Það gerir það enginn að gamni sínu. Og það gerir enginn að gamni sínu að fara um þennan veg. Ekki bara það að hann sé hátt uppi og bratt niður og þverhnípt, heldur er vegurinn svo mjór.

Ég vænti þess að till. fái áframhaldandi og í réttu hlutfalli þann stuðning sem hún hefur fengið á þessum fámenna fundi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stefna í flugmálum, þáltill. 100. mál (þskj. 121). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka enn á ný þá vinsemd sem mér er sýnd með því að fá að mæla fyrir þessum málum og vil taka skýrt fram að það hefur tekið mig u. þ. b. 1/10 af þeim tíma sem það tók einn hv. þm. hér í dag að gera grein fyrir öðru máli að mæla hér fyrir þrem. — Það er nú önnur saga.

Ég mæli hér, herra forseti, fyrir till. til þál. um mótun opinberrar stefnu í íslenskum flugmálum. Þessi till. var flutt í annað sinn á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Till. fylgir allítarleg grg.

Ég vil láta þess getið, að til allshn. bárust á síðasta þingi fjölmargar umsagnir um þessa till. og nær undantekningarlaust eru þær jákvæðar. Flugráð tekur mjög undir þessa till., og ég er sannfærður um að hv. þm. Skúli Alexandersson getur staðfest það og getur auðvitað lesið upp umsögn Flugráðs. Ég er hér einnig með ljósrit af þeim umr. sem fram fóru um þessa till., þar sem þáv. hæstv. samgrh. Steingrímur Hermannsson fer lofsamlegum orðum um flesta liði till. Þá er ég með umsögn Flugleiða um málið, þar sem farið er heldur jákvæðum orðum um það, og umsögn Arnarflugs sem er kannske hvað síst í þessu máli og af eðlilegum ástæðum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að rekja till., hún skýrir sig algjörlega sjálf. Hún er í átta meginatriðum. Ég vil eingöngu ítreka það, sem ég hef sagt áður við flutning þessarar till. og í framsögu, að það stefnuleysi sem ríkir hér á landi í flugmálum er orðið mjög alvarlegt mál. Það er engin stefna til í íslenskum flugmálum. Það er ekki stefnt að neinu meginmarki í íslenskum flugmálum. Það er ekkert markmið fram undan. Ég vil líka segja að mjög alvarlegt mál er hvernig það hefur verið látið viðgangast að fjármunir til flugmála hafa farið að raungildi stöðugt minnkandi með þeim afleiðingum að flugöryggi á flugvöllum víða úti á landi er langt fyrir neðan þau mörk sem sæmileg geta talist. Á þessum málum verðum við að taka. Það verða allt of mörg alvarleg flugslys á þessu landi. Við byggjum geysilega mikið á flugsamgöngum vegna þess að vegakerfi okkar er ekki nægilega gott. Við verðum að tryggja að það sé gætt mestu hugsanlegrar hagsýni í flugrekstri og í flugmálum almennt.

Herra forseti. Ég vona að þessi till. fái nú afgreiðslu á hinu háa Alþingi og einn og einn afturhaldssamur þm. komi ekki í veg fyrir að það verði mótuð stefna í flugmálum á Íslandi. Þetta er geysilega veigamikið mál og ég er sannfærður um að allir sem um það hugsa af raunsæi geti séð að það er nauðsynlegt að leggja þessa stefnu frá A til Z, ef Z væri til.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Flm. þessarar þáltill., um mótun opinberrar stefnu í íslenskum flugmálum, hefur flutt hér á undan tvær aðrar till. og í umr. um þær báðar lét hann í það skína að þm., ég held að hann hafi orðað það svo, gerðu allt of lítið af því að stuðla að virðingu þessarar stofnunar. Nú fyrir skömmu lýsti hann því einnig yfir að honum hefði tekist að koma þessum þrem till. sínum frá í umr. í hv. Sþ. á 1/10 þess tíma sem einhver annar hv. þm. hefði notað til að koma frá annarri ræðu.

Sjálfsagt er mismunandi mat lagt á virðingu Alþingis. En mér finnst, að þessi hv. þm. geri virðingu Alþfl. ekki neitt sérstaklega mikla með því að koma inn á þing og líta svo á að hann þurfi endilega að koma þeim málum sem þeir Alþfl.-menn voru með á síðasta þingi í gegnum umr. hér í hv. deild meðan hann situr á þingi. Það lítur þannig út, að hann treysti ekki flokksbræðrum sínum og öðrum til að flytja þau mál sem voru til umr. á þinginu í fyrra og hitteðfyrra. (Gripið fram í.) Þetta er ósköp svipaður tónn og tónninn í ræðu hv. þm. áðan. Þetta er alveg sami tónninn.

Þessi till., sem hér er til umr., er eins og sumar fleiri till. þeirra Alþfl.-manna óskatillaga um að gerðir verði ýmsir góðir hlutir. En oftast nær felast í slíkum till. ýmsir þeir punktar sem allir eru ekki sammála um.

Það urðu þó nokkrar umr. um þessa till. bæði hér í fyrra og eins í hitteðfyrra. Ég held því að ástæðulaust sé að fara að lengja umr. um till. nú. En ég vil benda á að mér virðist að hv. þm. hafi þurft að flýta sér við að koma þessari till. hér á framfæri, vegna þess að hann gerði sér ekki grein fyrir því að ýmsir hlutir höfðu breyst frá því í fyrra. Kannske sá punkturinn sem skiptir mestu máli í þessari till. hafi tekið ansi miklum breytingum, þ. e. 7. punkturinn, þar sem hv. þm. Alþfl. leggja til að þegar verði hafnar framkvæmdir við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Er ekki öllum hv. þm. kunnugt um að þegar eru hafnar framkvæmdir við flugstöð á Keflavíkurflugvelli? Ég geri ráð fyrir að þeir hv. þm. viti líka að til þeirra framkvæmda eru áætlaðar aðeins 104 millj., tvöföld sú upphæð sem er áætluð til flugvallafjárfestingar á fjárlögum í ár. Þarna hafa hv. þm. orðið á mistök. Hann hefði átt að óska eftir að þarna yrði haldið áfram framkvæmdum í staðinn fyrir að óska eftir að þær yrðu hafnar. Óskaframkvæmdin þessi er sem sagt þegar hafin.

Áðan flutti hv. þm. mjög góða till., sem ég vil af

heilhug taka undir. En þegar hann á næsta þskj. á eftir mælir með því að hafnar verði framkvæmdir og haldið áfram framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli á sama tíma og það lítur út fyrir að jafngóða till. og till. um að hraða jarðgöngum í Ólafsfjarðarmúla dagi uppi og framkvæmdir þar dragist um ófyrirsjáanlega framtíð, þá get ég því miður ekki annað sagt en að fyrir þann þátt einan er ég eindregið á móti till. um mótun opinberrar stefnu í íslenskum flugmálum. Ýmsir þættir aðrir í þessari till. væru vel athugandi, en alls ekki það sem segir um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Ég skil ekki í þeim landsbyggðarþingmanni, og síst af öllu þm. frá Norðurl. e., sem leggur til að slíkum framkvæmdum verði haldið áfram á Keflavíkurflugvelli, sem þarna er lagt til, síst af öllu þeim þm. sem áðan flutti ágætisræður og lýsti ágætlega ástandinu í samgöngumálum á því svæði. Ég held að við ættum frekar að sameinast um að hraða framkvæmdum við Ólafsfjarðarmúla og vítt um landið en leggja til að framkvæmdir við flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði auknar og þeim haldið áfram.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vissi alveg hvernig ræðu hv. þm. Skúli Alexandersson mundi flytja hér. Hann hefur ekkert breyst frá því að þetta mál var til umr. síðast. Ég ætla ekki að fara að deila við hann. Ég nenni því ekki.

Ég tel að þetta mál sé af þeim toga spunnið að það sé fullkomlega ástæðulaust að vera að blanda inn í það viðkvæmum tilfinningalegum varnarmálum. (Gripið fram í.) Þau eru svo mikil tilfinningamál fyrir hv. þm. að hann áttar sig ekki á því að þessi till. er unnin sem ein heild og 7. liður hennar er hluti af því sem á undan kemur og sem eftir fer. Mér þótti því alveg út í hött að slíta 7. lið úr samhengi, enda hefði það breytt till. með tilliti til grg. sem fylgir á eftir. Ég vona að hv. þm. skilji þetta.

Ég get sagt það við hv. þm., ef það léttir lund hans að einhverju leyti, að ég væri fullkomlega dús við að nota það fjármagn sem á að fara í flugstöðina á Keflavíkurflugvelli til að bæta vegasamgöngur hér á landi. (Gripið fram í.) Nei, nei, við vorum að tala um vegi í till. áðan. Ég hefði ekkert á móti því, nákvæmlega ekki neitt. Aldrei hef ég lýst annarri skoðun, aldrei nokkurn tíma. Ég vona að hv. þm. misskilji það ekki að ég tel vegaframkvæmdir og vegagerð hér á landi undirstöðu þess að við getum lifað hér þokkalegu lífi. Þetta vissi t. d. Hitler sálugi í Þýskalandi mjög vel og þetta vissu Rómverjar — og því skyldum við ekki átta okkur á þessu? Mér finnst það alveg furðulegt. Það þarf varla að taka þetta fram.

En ég vil benda á það í sambandi við orð hv. síðasta ræðumanns, að á fundi Flugráðs, þar sem fjallað var um þessa till., voru flugráðsmenn allir samþykkir því áliti sem Flugráð sendi frá sér um þessa till., en tveir flugráðsmenn, þeir hv. þm. Skúli Alexandersson og Guðmundur Guðmundsson, óskuðu eftir að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Ég veit ekki alveg af hverju hv. þm. Skúli Alexandersson hefur tekið þessa afstöðu til málsins. Og mér finnst einhverra hluta vegna hans málflutningur, bæði fyrr og nú, ekki styðjast við neina röksemdafærslu. Þetta er meira einhvers konar tilfinningamál, sem líklega á rætur að rekja í einhverjum deilum sem hafa átt sér stað innan Flugráðs. Ég hef lesið hans ræður þar sem hann hefur fjallað um þessa þáltill. og ég hef ekki fengið nokkurn einasta botn í það, af hverju hann hefur á móti því að hér verði mótuð stefna í flugmálum. Það er vitnað hér sérstaklega í það, að unnin var upp mjög merkileg till. í sambandi við öryggismál í fluginu, sem reynt hefur verið að fara eftir en erfitt hefur verið að framfylgja vegna peningaleysis. Það er nánast það eina vitræna, verð ég að segja, sem gert hefur verið til þess að tryggja öruggar og traustar flugsamgöngur í þessu landi.

Ég verð líka að segja það, að mér þótti alltaf afskaplega dapurlegt, þegar ég ræddi við vin minn Agnar Kofoed-Hansen heitinn flugmálastjóra, þegar hann var að segja mér frá því hvernig hann varð að fara til Bandaríkjanna hvað eftir annað með betlistaf í hendi til að sníkja tæki í flugturninn á Reykjavíkurflugvelli, til að sníkja flugleiðsögutæki sem voru lífsnauðsynleg. En svo má ekki setja og móta stefnu í flugmálum almennt. Andstæðurnar og þversagnirnar í málflutningi hv. þm. skil ég ekki, vegna þess að mér finnst það vera hluti af sjálfstæði þjóðarinnar að við getum haldið sjálf uppi nauðsynlegu flugi í fyrsta lagi til og frá landinu og í öðru lagi innanlands. Eyland án góðra flugsamgangna á erfitt.

Ég verð að segja það hæstv. núv. forsrh. til hróss, að þegar umr. um þetta mál fór fram á síðasta þingi hafði hann manndóm í sér til þess, þrátt fyrir miklar deilur sem ég var búinn að eiga við hann og hann við mig um ákveðna þætti íslenskra flugmála, að viðurkenna það sem jákvætt var í þessari till. Þetta geta menn lesið. Það er mjög einfalt.

Ég endurtek að það er mjög tímabært að móta stefnu í flugmálum. Við skulum átta okkur á því, og nú skal ég ekki lengja þessa umr., herra forseti, að t. d. flugfloti sá sem notaður er til að halda uppi samgöngum innanlands á Íslandi er að verða svo gamall og er að verða í eðli sínu svo úreltur að það er ekki lengur forsvaranlegt að mínu mati. Margar af þeim flugvélum, eða a. m. k. tvær, eru orðnar það gamlar að mín skoðun er sú, að þær ætti ekki lengur að nota til farþegaflutninga. Ég verð að segja það, að þegar ekki er hægt að endurnýja á eðlilegan hátt þann flugflota sem notaður er í innanlandsflugi og við treystum á og hefur haldið uppi þeim samgöngum sem nauðsynlegar hafa verið, þegar ófærð hefur m. a. tafið yfirleitt alla umferð í landinu, er illt í efni. Og menn mega ekki, hv. þm. Skúli Alexandersson, leyfa sér að taka neikvæða afstöðu til þáltill. af þessu tagi vegna þess að inni í henni er eitt tiltekið atriði sem þm. er á móti. Það er óheimilt — sérstaklega vegna þess að viðkomandi hv. þm. hefur setið í Flugráði og þekkir vandamál flugsins. Hann veit líka að mikill meiri hluti Flugráðs er hlynntur þessari till.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 17. fundur.

Föstudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 87). — Frh. 1. umr.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég þakka sérstaklega þá velvild að leyfa mér að koma hér upp. Eins og þú sagðir var ég hér á mælendaskrá en komst ekki að fyrr en svo seint um kvöldið að ég gat ekki verið við og vegna ókunnugleika fór ég ekki fram á frestun þá. En þetta er aðeins örstutt sem ég vildi koma að áður en málið verður tekið í n.

Þetta eru aths. við tvennt hérna í frv. Hið fyrra er hvort í þessu frv. felist nokkrar þær tillögur sem tryggja gæðaeftirlit á verksmiðjutogurum, þ. e. togurum sem verka aflann sjálfir. Þetta er raunar stórmál sem þyrfti rækilega umfjöllun, en ég vildi varpa þessu fram til athugunar í n.

Í öðru lagi þykir mér menntun gert lágt undir höfði í þessu frv. Það virðast t. d. engar menntunarkröfur vera gerðar til fiskmatsstjóra sem á þó að hafa yfirumsjón með allri starfsemi ríkismats sjávarafurða og m. a. gefa umsögn um hæfni matsmanna, fiskmatsmanna. Í 10. gr. sem er allt of loðin að mínu mati segir svo, með leyfi forseta:

„Sjútvrn. löggildir matsmenn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Þeir skulu hafa sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn en þeir sem lokið hafa prófi fiskiðnaðarmanna skulu að öðru jöfnu njóta forgangs til löggildingar."

Og í öðru lagi er sagt: „Fiskmatsstjóra er heimilt að veita mönnum án tilskilinna réttinda undanþágu til matsstarfa í allt að þrjá mánuði ef sérstakar aðstæður leyfa."

Nú höfum við Fiskvinnsluskóla hér á landi sem menntar fólk í fiskmati og ætla mætti að próf þaðan væri fullgilding á hæfni manna til þessara starfa. En hér er talað um námskeið og ekki einu sinni kveðið á um hver eigi að halda þau námskeið. Þetta vil ég biðja n. að athuga vel.

Og að lokum — svo að ég sé nú ekki að misnota mér frekar velvild forseta — vildi ég varpa því fram til umhugsunar hvort ekki er nær að leggja fram nægilegt fé til uppbyggingar Fiskvinnsluskólans heldur en að eyða því í stofnun af þessu tagi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afnám laga um álag á ferðagjaldeyri, frv. 23. mál (þskj. 23). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um afnám laga nr. 81 frá 23. des. 1980 um álag á ferðagjaldeyri. Frv. þetta hefur þegar farið í gegnum fyrri deild, þ. e. Ed., og hlotið þar afgreiðslu. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þá ræðu sem ég flutti þar en vona að þessi hv. deild veiti frv. það brautargengi sem það fékk — eða hliðstætt því sem það fékk í Ed.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Við meðferð þessa máls í hv. Ed. kom það fram að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, hv. þm. Ragnar Arnalds, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Magnús H. Magnússon lýstu andstöðu við niðurfellingu þessa gjalds á ferðamannagjaldeyri með rökum sem eru greind í nál., þskj. 113. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir nm. telja að ótímabært hafi verið að afnema gjald á ferðalög til útlanda eins og ástatt er í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar. Full heimild var til álagningar þessa gjalds, a. m. k. til ársloka og ekkert rak á eftir því að gjaldið væri fellt niður á miðju ári þvert ofan í áætlun gildandi fjárlaga. Í fjárlögum var áætlað að innheimta gjaldsins á árinu 1983 næmi um 75 millj. kr. Miðað við breyttar gengisforsendur má telja víst að upphæðin hefði numið rúmlega 100 millj. kr. á þessu ári. Þegar gjaldið var fellt niður í júlímánuði s. l. nam innheimta þess um 58 millj. kr. og má því ætla að tekjutap ríkissjóðs vegna niðurfellingar þessa gjalds á árinu 1983 nemi 40—50 millj. kr. Við teljum að fyrr hefði átt að afnema ýmsa skatta sem leggjast með miklum þunga á láglaunafólk en að afnema gjald á ferðalög til útlanda. Auk þess skortir ríkissjóð fjármuni til að halda uppi ýmiss konar bráðnauðsynlegri þjónustu með eðlilegum hætti."

Ég vil gera þau sjónarmið sem fram koma í nál. minni hl. í Ed. að mínum og mun gera nánari grein fyrir afstöðu minni þegar málið kemur til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Niðurfelling stimpilgjalda af íbúðarlánum, frv. 27. mál (þskj. 27). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég legg hér fram frv. til l. um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðarlánum. Það er eins með þetta frv. eins og það sem ég mælti fyrir hér á undan. Það var lagt fram í hv. Ed. og hefur hlotið þar afgreiðslu til þessarar hv. deildar og ég tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það sem ég sagði þá og skráð er í þingtíðindum, en vona að þessi hv. deild greiði fyrir frv. á sama hátt og Ed. hefur gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollskrá o. fl., frv. 49. mál (þskj. 52). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég legg hér fram frv. til l. um breytingu á lögum nr. 98 frá 31. des. 1982 um breytingu á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum. Þetta frv. hefur einnig eins og hin tvö fyrrnefndu frv. sem ég hef mælt fyrir í dag verið lagt fram í Ed. og hefur hlotið þar afgreiðslu og er nú til 1. umr. hér í þessari hv. deild. Ég leyfi mér að vona að þessi hv. deild greiði götu frv. á sama hátt og Ed. hefur þegar gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, frv. 59. mál (þskj. 64). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég legg hér fram frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs. Það er eins komið með þetta frv. eins og hin fyrrnefndu sem ég hef mælt hér fyrir í dag. Þetta frv. var lagt fram í Ed. og hefur hlotið afgreiðslu Ed. og vísa ég

til ræðu minnar þegar ég fylgdi því úr hlaði þar ásamt grg. eða aths. við þetta frv. hér. Ég vona að það hljóti sömu afgreiðslu hér í þessari hv. deild eins og það hefur þegar hlotið í Ed.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hæstv. fjmrh. mælti hér fyrir um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs hefur þegar fengið meðferð í hv. Ed. eins og hæstv. ráðh. gat um. Og þar urðu nokkrar deilur um málið þar sem stjórnarandstaðan flutti þar till. um breyt. á frv. sem gerði ráð fyrir að gengið væri frá því í lagatextanum með óyggjandi hætti að það fé sem aflaðist með sölu þeirra skírteina sem hér um ræðir færi örugglega í Byggingarsjóð ríkisins og það sem vantaði síðan á að þetta dygði á árinu 1983 yrði svo fengið að láni úr Seðlabankanum til að tryggt væri að staðið yrði við þau loforð sem gefin hafa verið húsbyggjendum um greiðslur þessara lána á árinu 1983.

Við umr. um málið í hv. Ed. greindi hæstv. fjmrh. frá því að hann teldi að ef ekki seldist nægilega mikið af þessum bréfum eða spariskírteinum þá væri í rauninni ekkert annað að gera fyrir húsbyggjendur en að bíða þar sem ekki væri kostur á að draga meira á Seðlabankann en þegar hefði verið gert. Ekki væri kostur á að taka frekari erlend lán og ríkissjóður hefði ekki möguleika til að bæta við greiðslur til Byggingarsjóðs ríkisins.

Nú liggja fyrir hjá Byggingarsjóði ríkisins umsóknir nokkuð á fjórða þúsund samkvæmt auglýsingum sem félmrn. hefur látið frá sér fara um helmingshækkun á þeim lánum sem veitt hafa verið á árunum 1981 og 80 til húsbyggjenda. Og það mun vera ljóst nú þegar kostnaðurinn við að standa við þessi loforð nemur þegar 250 millj. kr. og það er jafnljóst að fjármunir nást ekki fyrir áramót með sölu þessara spariskírteina til að standa við þau fyrirheit sem þarna hafa verið gefin húsbyggjendum. Vantar þar vafalaust mjög mikið á, vafalaust tugi millj. kr., kannske 100 millj. eða meira. Um það er að sjálfsögðu ekki hægt að segja á þessu stigi málsins.

En ég vil í tilefni af þessu frv. og umr. sem fram fer hér spyrja hæstv. fjmrh. að því: Ætlar ríkisstj. að standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið um greiðslu á þessum lánum til húsbyggjenda fyrir áramót? Og ef svo er, sem ég tel í rauninni algjörlega óhjákvæmilegt og ríkisstj. sé dæmd til að gera, vil ég spyrja: Hvernig á að standa við þessi lán? Verður það gert með þeim hætti sem fjmrh. hæstv. taldi alls ekki koma til greina þegar hann ræddi málið í Ed., þ. e. þeim hætti að dregið verði frekar á Seðlabankann, að greitt verði úr ríkissjóði meira en gert hafði verið ráð fyrir? Eða verður það gert með lántökum af einhverjum toga sem ekki hefur verið gerð hér grein fyrir?

Þetta frv. er fyrst og fremst flutt til að reyna að koma til móts við þær staðreyndir að loforð ráðherranna í húsnæðismálum kosta peninga, og ef sú aðferð sem hér er lögð til gefur ekki nægilega fjármuni verður auðvitað að leita annarra leiða. Þegar málið var til meðferðar í Ed. þá flutti stjórnarandstaðan svofellda brtt.:

„Það fé sem fæst með sölu skuldabréfa, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar gr., skal endurlánað húsbyggjendum sem viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins. Seðlabanki Íslands skal lána Byggingarsjóði ríkisins þessa upphæð, 200 millj. kr. til bráðabirgða."

Þessi till. var felld í Ed. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort svo háttar til að ríkisstj. hafi ákveðið þrátt fyrir að hún hafi fellt till. í Ed. að koma til móts við húsbyggjendur og Byggingarsjóð ríkisins með þeim hætti sem till. gerði ráð fyrir. Ég hef um það rökstuddar upplýsingar að ætlunin sé að koma til móts við Byggingarsjóð ríkisins með greiðslum úr Seðlabankanum á þann hátt sem till. stjórnarandstöðunnar gerir ráð fyrir, till. úr Ed., þó að stjórnarliðið hafi ákveðið að fella till. í Ed.

Herra forseti, ég ætla ekki að þreyta þingheim að sinni með löngum umr. um þetta mál þó að full ástæða væri til. Ég ætla að nefna hér nokkur atriði sem nauðsynlegt er að fá upplýst áður en lengra er haldið og ég mun gera ráðstafanir til þess í þeirri n. sem fær málið til meðferðar, fjh.- og viðskn., að óska eftir frekari upplýsingum. En ég vil spyrja og mun spyrja í fjh.- og viðskn. að því hvort þetta frv. er í samræmi við afstöðu Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn hefur að sjálfsögðu mjög mikilvægu hlutverki að gegna í málum af þessum toga. Hann hefur annast sölu spariskírteina á undanförnum árum og það er vitaskuld ákaflega þýðingarmikið að með þessi mál sé farið þannig að það sé tryggt að sem best samhengi sé á milli ákvarðana, bæði þeirra sem teknar hafa verið á liðnum árum og þeirra sem teknar eru nú.

Mér finnst sú ákvörðun að tengja sölu spariskírteina — eða spariskírteini — við gengisþróun orka tvímælis, ég segi það sem mína persónulegu skoðun. Ég tel að það ýti undir vantraust á öðrum sparnaðarformum. Ég tel að vísu að fjmrh. hafi verið mikill vandi á höndum í þessu efni vegna þess að búið var að rýra trú manna mjög á lánskjaravísitöluna með ótímabæru blaðri hér og þar á liðnum misserum. Þannig að það var út af fyrir sig eðlilegt að menn reyndu að finna aðra viðmiðun í þessu efni. En ég er alls ekki viss um að gengisviðmiðunin sé þarna sú heppilegasta til að leysa lánskjaravísitöluna af hólmi, þó ekki sé nema að hluta til. Og mér finnst orka mjög tvímælis, þó að hér sé mikill vandi á höndum, að fara út í að taka upp gengisviðmiðun.

Það væri fróðlegt að fá í öðru lagi yfirlit um hvernig gengisbundinn sparnaður hefði þróast síðustu tíu árin miðað við innlendan sparnað sem byggist á lánskjaravísitölu. Ég hef rökstuddan grun um að gengisbundinn sparnaður gefi miklu lakari ávöxtun á liðnum árum, miklu lakari ávöxtun en sá sparnaður sem bundinn er lánskjaravísitölu þannig að mjög verulegum upphæðum muni. Og ég held að nauðsynlegt sé að fá á hreint þegar þetta mál er til meðferðar hér í hv. deild hvernig þetta hefði gerst á liðnum árum, það á að vera einfalt að reikna það út.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að fjmrh. geti ákveðið að gefa út ríkisvíxla sem greiðast skuli eftir ákveðinn tíma frá útgáfudegi sem þó má ekki vera lengri en tólf mánuðir. Ég tel að það sé að mörgu leyti mjög eðlilegur hlutur að fjármagna vanda ríkissjóðs sérstaklega á fyrri hluta árs frekar með útgáfu ríkisvíxla en að ganga á Seðlabankann með þeim hætti sem yfirleitt hefur verið gert þannig að ég tel að hér sé farið inn á skynsamlega braut ef hægt er að selja slíka víxla. En síðan segir: „Fjmrh. getur ákveðið forvexti af víxlum þessum."

Nú er það svo í okkar stjórnkerfi að ráðherrum eru oft léð mikil völd og þetta er e. t. v. ekki brot á þeim venjum sem tíðkast hafa í þeim efnum. Þegar fjmrh. hæstv. var spurður í Ed. hvaða viðmiðun hann ætlaði að hafa í þessu efni sagði hann að markaðurinn yrði látinn ráða forvöxtunum. Og þegar hann var nánar spurður

hvaða markaður svaraði fjmrh. mjög óljóst í þeim efnum vegna þess eðlilega að engin reynsla er til af fjármagnsmarkaði hér á landi sem hægt er að vísa til í þessu efni. Og ég vil endurtaka spurningu mína til fjmrh.: Hvað segir hann við þá sem vilja kaupa þessa pappíra um hugsanlega ávöxtun þeirra? Á hvaða verðlagsþróun eða á hvaða mælikvarða verðlagsþróunar verður hugsanlega bent? Verður bent þar á framfærsluvísitölu plús einhver prósent í vöxtum, byggingarvísitölu, lánskjaravísitölu? Verður þar bent á erlenda gjaldmiðla eða hin sérstöku dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Þetta er mjög nauðsynlegt að fá að vita hér, kannske ekki endilega í umr. í dag, heldur áður en málið verður afgreitt héðan frá deild.

Síðan segir í þessu frv.: „Hann" — þ. e. fjmrh. — „getur einnig ákveðið í stað forvaxta að víxlar þessir verði seldir á almennum markaði." Nú er það út af fyrir sig þannig að víxlar eru iðulega seldir á almennum markaði. En það gildir hér hið sama og um vaxtaákvörðunina að lítil hefð og lítil reynsla er til í þeim efnum hér á landi. Og ef hann ætlar að opna fyrir það að selja víxlana á markaðsverði er hann auðvitað að opna fyrir það að undir ákveðnum kringumstæðum mundi hann selja víxlana með afföllum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki sé rétt skilið hjá mér að þarna sé í raun og veru opnað fyrir að víxlarnir séu seldir með afföllum. Og ég vil þá spyrja hann að því í framhaldi af því: Mundi slík iðja fjmrh. hæstv. og Seðlabankans ekki stríða gegn lögum um bann við okri sem setja fjármálastarfsemi af þessum toga, þ. e. sölu víxla með afföllum, alveg ákveðnar skorður?

Ef það nú er svo að hæstv. ríkisstj. ætli að afnema okurlögin sem væri náttúrlega eftir henni að gera væri auðvitað miklu hreinna að segja fullum fetum í þessu frv. að ríkisstj. ætlaði sér að afnema okurlögin. En ég fæ ekki betur séð en að sala víxla með afföllum eins og hér er hugsanlega verið að opna fyrir stríði að einhverju leyti gegn okurlögunum.

Ég vil loks spyrja fjmrh. að því áður en málið fer til 2. umr. hér í deild hvað þegar er selt af bréfum samkv. þeim heimildum sem liggja fyrir á árinu 1983 á innlendum lánamarkaði. Það eru mjög lágar upphæðir sem þar er í raun og veru um að ræða. Þannig að ég tel að í raun og veru sé alveg borin von að það seljist nema eitthvert brot af þeim pappírum sem hér er verið að afla lagaheimildar fyrir. En það er svo sem ekkert á móti því að reyna það og ég fyrir mitt leyti vil lýsa mig reiðubúinn til að greiða fyrir málinu í gegnum þingið ef svo færi að þarna væri hægt að greiða fyrir fjárhagsvanda Byggingarsjóðs ríkisins. Það er auðvitað sjálfsagt að gera slíkt vegna þess að frv. er auðvitað fyrst og fremst til komið af þeim ástæðum. En ég held að óhjákvæmilegt sé vegna þess að hér er sumpart lagt mjög inn á nýjar brautir, að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar og deildin sjálf afli sér ítarlegra upplýsinga um þetta mál, bæði frá Seðlabanka og fjmrn. og m. a. um það hvernig salan stendur á þeim spariskírteinum og bréfum sem þegar hefur verið aflað heimilda fyrir.

Ég endurtek það, herra forseti, að ég er ekki endilega að fara fram á að fjmrh. hæstv. svari þessum spurningum öllum núna, það getur verið að eins gott sé að fá við þeim svör til að byrja með í hv. n. En ég taldi óhjákvæmilegt að halda þessum atriðum til haga strax í upphafi umr.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að lýsa stuðningi við það minnihlutaálit sem er komið frá Ed. í þessu máli eða þá aðra sambærilega aðgerð sem tryggir þessa peninga hugsanlega á annan hátt. Ég held að það sé nauðsynlegt vegna þess að ástæða er til að hafa uppi efasemdir um að sala þessara skuldabréfa gangi vel. Það er þá eitthvað búið að segja manni rangt um ástand sparnaðar og efnahagsmála í þessu þjóðfélagi. Ég held að það sé mikið atriði að tryggja framgang húsnæðismála, þau verða að fá þann sess sem þeim hæfir. Þau eru forgangsverkefni, það á að líta á þau sem félagsmál af sama toga og menningar- eða menntamál, heilbrigðismál o. fl. Og því held ég að nauðsynlegt sé að tryggja þessa peninga. En mér sýnist að lagt sé til í þessu minnihlutaáliti að gera það á mjög skynsamlegan hátt með fjárveitingu frá Seðlabankanum vegna þess að við höfum verið að komast á síðustu vikum að ýmsu fróðlegu um Seðlabankann. Þar er hægt að útvega fé sem enga peninga kostar og þá held ég að það sé rétt að reyna það enn um sinn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hæstv. núv. fjmrh. var sem kunnugt er á sinni tíð guðfaðir fyrrv. ríkisstj. sem frægt er orðið. Með því er við það átt að hæstv. ráðh. ritaði bréf þar sem hann lýsti því yfir að hann mundi firra þá ríkisstj. vantrausti en það var forsenda fyrir myndun þeirrar ríkisstj. Undir lokin sá hæstv. ráðh. að sér og snérist til andstöðu við þá ríkisstj. að fenginni reynslu. Sem kunnugt er fóru efnahagsmál á Íslandi endanlega úr böndunum í tíð þeirrar ríkisstj., verðbólga komst hér á suður-amerískt stig, ríkisfjármál voru að hruni komin, staða atvinnuvega var botnlaus. En einn svartasti bletturinn á ferli fyrrv. ríkisstj. var einmitt í húsnæðismálum.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir er tilraun til að efna að hluta til gefin loforð stjórnarliða við húsbyggjendur og húskaupendur um að tryggja þeim hærri lán, þ. e. lán sem næmu hærra hlutfalli af byggingarkostnaði en verið hefur áður. Menn hafa uppi efasemdir um að þessi aðgerð skili árangri, að það verði nægileg eftirspurn eftir þessum bréfum. En það er sérstaklega ástæða til að minna á eitt atriði í sambandi við húsnæðisfjármálin sem þetta snýst um.

Ástæðan fyrir hruni hins félagslega kerfis í húsnæðismálum var fyrst og fremst sú að markaðir tekjustofnar til húsnæðismála sem áttu að tryggja sæmilega öruggan eigin fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins voru af þeim teknir og notaðir til annarra almennra þarfa. Í staðinn var húsnæðislánakerfinu vísað á lánamarkaðinn og þá sérstaklega til þess að taka lán hjá lífeyrissjóðum.

Nú er það svo að þau lán sem Byggingarsjóður ríkisins tók hjá lífeyrissjóðunum voru yfirleitt fengin með hærri vöxtum, 3.5% vöxtum og til 15 ára, en þetta sama fé síðan lánað út með lægri vöxtum 2¼% og til lengri tíma. Þetta þýddi að eiginfjárstaða Byggingarsjóðs ríkisins rýrnaði stöðugt og sjóðurinn var undir lokin rekinn á yfirdrætti hjá Seðlabanka. Afleiðingin varð síðan sú að ekki var unnt að halda uppi eðlilegu lánshlutfalli sem var undir lok ráðherraferils hæstv. fyrrv. húsnæðismálaráðherra sem hér talaði áðan komið niður í 12% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Við þau skilyrði mátti segja að heilli kynslóð ungs fólks

hefði verið úthýst af húsnæðismarkaðinum.

Það má kannske bæta því við að við þessi skilyrði styttist óðfluga í það að öll framlög ríkissjóðs til húsnæðislánakerfisins, Byggingarsjóðs ríkisins færu í það eitt að standa undir vaxtamun tekinna og veittra lána. Það er þessi aðferð við fjármögnun félagslegs kerfis í húsnæðismálum sem hrundi og sem getur ekki gengið lengur. Nú er það út af fyrir sig mjög skiljanlegt að ríkisstj. sem tekur við svona ástandi og hefur sett sér það mark að taka ekki frekari erlend lán láti á það reyna að afla lánsfjár á innlendum markaði. Það markmið er út af fyrir sig lofsvert. En það er ein spurning sem mig langar til að beina til hæstv. ráðh. sem vakið var máls á í umr. í Ed. en var þá ekki svarað. Hún er þessi: Er það ætlun ríkisstj. að Byggingarsjóði ríkisins verði ætlað að standa undir þeim vaxtamun sem væntanlega verður á þessum lánum nú teknum samkv. þessum heimildum á innlendum markaði? Er ætlun ríkisstj. að Byggingarsjóður ríkisins eigi að standa undir þeim vaxtamun, þannig að enn rýrni eiginfjárstaða Byggingarsjóðs, eða er það ætlun ríkisstj. að það komi í hlut ríkissjóðs sjálfs?

Hv. þm. Magnús H. Magnússon lét þess getið í umr. í Ed. að þessi bréf séu verðtryggð með einum eða öðrum hætti og beri vexti alls 4.16%. Ef húsbyggjendum eða Byggingarsjóði ríkisins er ætlað að standa undir þeim vaxtamun sem þá mun af þessu leiða miðað við á hvaða vöxtum þetta fé er síðan endurlánað, þá mun þetta verða til að rýra enn stöðu Byggingarsjóðsins sjálfs. Þess vegna vil ég fá þeirri spurningu svarað hvort það er ætlun fjmrh. að það verði ríkissjóður sem standi undir þessum vaxtamun eða Byggingarsjóður ríkisins.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil reyna að svara með nokkrum orðum virðulegum 3. þm. Reykv. Fyrst var spurt um hvort öruggt væri að þau bréf sem nú er verið að gefa út og sala hefur reyndar hafist á renni örugglega til húsbyggjenda eða húsnæðismála. Ég vil geta þess að bréfin eru sérstaklega merkt í þann málaflokk.

Í öðru lagi var spurt um viðbótarlánin, hvort staðið yrði við fyrirheit þau sem húsbyggjendum eða lánþiggjendum hafa verið gefin. Það verður staðið við þau fyrirheit og það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að það verður gert með aukafjárveitingu meðan beðið er eftir að peningar komi inn fyrir þau bréf eða víxla sem gefnir hafa verið út. Þannig að hugsanlega gæti farið svo að eitthvað af þessu félli á ríkissjóð ef bréfin seljast ekki. Það er ekki neinn hókus pókus í því. Ríkissjóður verður að leggja út fyrir þeim loforðum sem húsbyggjendur eða lánþiggjendur hafa fengið frá ríkisstj. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu standa við sín loforð, en við verðum að vona að eitthvað og helst allt komi til baka í gegnum söluna á skuldabréfunum eða víxlunum. Þetta er um viðbótarlánin.

Að sjálfsögðu var haft fullt samráð við Seðlabanka Íslands í vaxtaákvörðun og ríkisstj. þó að svo sé til orða tekið í frv. að fjmrh. ákveði þar um. Ég skil ekki hvers vegna virðulegur 3. þm. Reykv. gerir aths. við aðrar leiðir en þær hefðbundnu. Menn geta haft trú eða vantrú á ýmsum leiðum í fjárfestingu. Vísitölutryggð bréf eru til sölu eins og áður. Því til viðbótar eru ríkisvíxlarnir og gengistryggð bréf. Fólk hefur þá valfrelsi, það eru þá þrjár leiðir í staðinn fyrir eina og það er svo misjafnt hvað hver einstaklingur vill trúa á þegar um er að ræða varðveislu þess sparifjár sem hann á, og vill geyma, annaðhvort í sparisjóðum eða bönkum eða í slíkum bréfum sem hér eru í boði.

Ég skal ekki segja, ég er ekki nógu vel upplýstur um það hvort gengisbundinn sparnaður eða vísitölusparnaður hefði reynst sparifjáreigendum betri eða hagstæðari á undanförnum 10 árum. Það hygg ég ekki, en ég efast um að vísitölubundinn sparnaður sé miklu betri því að gengislækkanir og gengissveiflur hafa verið örar og miklar með annaðhvort gengisfellingum eða gengissigi gegnum árin. En þetta er hlutur sem ég get ekki svarað.

Í sambandi við væntanlega sölu ríkissjóðsvíxla og brask eins og orðað var, hvort það gæti ekki hugsanlega fallið undir okurlög, þá er svo nú ekki. Það stendur hér í aths. við frv. þar sem talað er um ríkissjóðsvíxlana og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„3. Ríkisvíxlar til þriggja eða 12 mánaða sem héldu óbreyttu nafnverði allan lánstímann, en bæði forvextir sem urðu ívið hærri en almennir forvextir af víxlum eða yrðu boðnir til sölu og seldir þannig að forvextir réðust af markaðslögmálum," — þannig að hér er aðeins um forvextina að ræða en ekki afföll af bréfunum sjálfum, sem er ekkert óeðlilegt í frjálsum viðskiptum.

Það er líka spurt um hvað selst hefði af ríkisskuldabréfum og það er líka í aths. á bls. 2. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í fjárlögum fyrir árið 1983, 6. gr. lið 2.1, er fjmrh. heimilað að gefa út til sölu innanlands spariskírteini og/eða ríkisskuldabréf að upphæð allt að 200 millj. kr. Þá er til viðbótar heimild í lánsfjárlögum fyrir árið 1983 til lántöku á innlendum lánsfjármarkaði að upphæð 188 millj. kr. og skiptast þannig að 85 millj. kr. var fyrirhuguð lántaka til lífeyrissjóða, en 103 millj. kr. var fyrirhuguð sala verðtryggðra bréfa til lánastofnana. Þegar er búið að selja spariskírteini að nafnvirði 64 millj. Markaður fyrir spariskírteini ríkissjóðs hefur verið fremur erfiður. Kaup lánastofnana á verðtryggðum bréfum ríkissjóðs hafa heldur ekki skilað sér sem vonast var til. Það sem af er árinu hafa aðeins selst slík verðbréf að andvirði 17 millj. kr. Samkv. framansögðu eru því ónýttar eldri heimildir til öflunar ríflega 200 millj. kr. innlends lánsfjár." — Og svarar það síðustu spurningunni.

Ég held að ég hafi þá svarað virðulegum 3. þm. Reykv., en er reiðubúinn til að gefa honum frekari upplýsingar ef óskað er eftir, munnlegar eða skriflegar, en vonast til að við meðferð í nefnd, fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, upplýsist það sem menn telja sig þurfa að vita áður en þeir vonandi veita þessu frv. brautargengi.

Það kom mér nú ekkert á óvart að hv. 4. landsk. þm. lýsti yfir stuðningi við minnihlutaálit n. Ég átti ekki von á öðru og það er svona yfirleitt orðin hefðbundin afstaða hans til mála.

Virðulegur 5. þm. Reykv., Jón Baldvin, undirstrikar enn einu sinni að ég hafi verið guðfaðir fyrrv. ríkisstj. Minni spor hafa nú margir skilið eftir sig í stjórnmálasögu landsins þó þeir hafi setið lengur á þingi en ég svo ég held að ég fagni því að slíkur minnisvarði skuli reistur af Alþfl.-mönnum um mig. Ekki voru þeir svo hrifnir af stjórninni, en þeir vilja þó halda nafni hennar lifandi og tengdu mér persónulega og ég fagna því. Ég skammast

mín nú ekki mikið fyrir það. (**JBH:** Og ánægður með aðkomuna að málefnum ríkissjóðs í húsnæðismálum?) Nei, ég var alls ekki ánægður með aðkomuna, mjög langt í frá. Og það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni. Og þó veit ég ekki, það getur verið að það hafi farið fram hjá einum. En hv. 5. þm. Reykv. spurði: Er það ætlun ríkisstj. að Byggingarsjóður standi undir vaxtamun? Ég get ekki svarað þessu. Það er ekki að mínu mati búið að ákveða vextina á þessum lánum út úr Byggingarsjóði. Ég bara veit það ekki. Hitt er annað mál að mér þætti ekkert ótrúlegt að Byggingarsjóður yrði að taka þá vexti sem það kostar að fá peningana að láni, annað væri bara hreint óeðlilegt. Það gefur enginn peninga nema viðskiptabankarnir Seðlabankanum í vaxtamun, neikvæðan vaxtamun.

Ég held að ég hafi ekki meira um þetta mál að segja. Ég hef svarað nokkurn veginn þeim spurningum, sem til mín var beint. Ég þakka sérstaklega hv. 3. þm. Reykv. fyrir tillitssemina. Hann veit að ég er illa fyrirkallaður í dag og á von á að hann tali meira í þessum málum þegar þau koma til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Byggingarframkvæmdir Seðlabanka Íslands, frv. 101. mál (þskj. 122). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það sem af er yfirstandandi þingi hafa átt sér stað miklar umr. um bankamál, starfsemi bankanna og ýmislegt sem að því lýtur. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, ekki síst á þeim tíma sem við nú upplifum þegar ríkisstj., hæstv. stjórnendur þessa lands, benda almenningi á að herða sultarólina í ljósi þeirrar uggvænlegu þróunar sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum, efnahagsstjórn og efnahagslífi og í ljósi þeirra nýju upplýsinga sem fram hafa komið varðandi minnkandi þorskstofn og að sjálfsögðu erfiðari lífskjör í ljósi þess.

Hér hefur m. a. verið flutt á Alþingi þáltill. um frestun eða stöðvun á byggingarframkvæmdum við Seðlabankahúsið. Hér hafa verið uppi margs konar fyrirspurnir um starfsháttu og starfsemi bankastofnana í landinu. Ekki alls fyrir löngu var upplýst hér af hæstv. viðskrh. að á síðasta ári, í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafi verið gefið leyfi til opnunar 11 nýrra bankaútibúa á landinu sem hafa í för með sér kostnað sem er rösklega helmingur þess fjármagns alls sem á að leggja samkv. fjárlagafrv. til allra hafnarframkvæmda í landinu á árinu 1984. Ég er á engan hátt hissa þó að mönnum hrjósi hugur við slíkri útþenslu bankakerfisins, ekki síst í ljósi þeirra staðreynda efnahagslífsins sem við nú stöndum frammi fyrir.

Ég hygg að hvað sem hv. alþm. segja upphátt séu menn almennt um það sammála, ekki síst hæstv. núv. fjmrh., að það þarf að koma tökum á bankakerfið í landinu. Vissulega þarf að beita þar miklu meira aðhaldi og meiri festu þannig að sá þáttur einn tröllríði ekki öllu efnahagslífinu í landinu eins og allt bendir til að hann geri ef fram heldur sem horfir.

Það er í ljósi þessarar þróunar og þeirrar stöðu sem þjóðmálin eru í, og þá ekki hvað síst efnahagsmálin, að ég ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóni Baldvin Hannibalssyni hef leyft mér að flytja frv. til l. sem er á þskj. 122, um frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun bankaútibúa ríkisbankanna. Í ljósi þessarar fyrirsagnar er rétt að rifja upp að hæstv. viðskrh. hefur ekki einu sinni, heldur oftar talið að engin löggjöf í landinu væri þannig að hann eða stjórnvöld almennt hefðu lagalegt vald til að fresta eða stöðva byggingu Seðlabankahússins eða takmarka með einum eða öðrum hætti þá útþenslu bankakerfisins sem gerð hefur verið að umræðuefni.

Það á ekki síður vel við að ræða þetta frv. hér í áframhaldi af því máli sem var á undan þessu á dagskrá, þ. e. um innlenda lánsfjáröflun til handa húsnæðiskerfinu í landinu. Það þarf ekki að rifja upp að það kerfi er meira og minna hrunið, hrunið vegna þess að fyrrv. hæstv. ríkisstj. tók ekki á því máli sem skyldi. Í raun og veru liggur ljóst fyrir að verði þar ekki alvarlega tekið til hendi er það kerfi tómt peningalega séð og þess ekki að vænta að íbúðaeigendur sem hvað erfiðast eiga nú uppdráttar fái þar hjálparhönd rétta á næstunni ef fram heldur sem horfir.

Það fer afskaplega lítið fyrir því frv. sem nú er til umr. Það er stutt, aðeins tvær greinar, en gæti þó, ef samþykkt yrði og að lögum gert, haft að minni hyggju æði mikil áhrif til a. m. k. að stöðva þá þróun sem átt hefur sér stað og á sér enn stað í útþenslu bankakerfisins, a. m. k. meðan Alþingi áttar sig á hvernig æskilegast er að skipa þessum málum þannig að Alþingi og stjórnvöld geti þar haft hönd í bagga og einhver ítök í.

Ég hygg að flestir hv. alþm. séu mér sammála um að sú þróun sem átt hefur sér stað í þessum málum er óeðlileg og óæskileg, ekki síst miðað við ríkjandi aðstæður. Það er vissulega tími til kominn að festa hönd á því mikla fjármagni sem allt bendir til að sé til staðar í landinu innan bankakerfisins og beina því fjármagni á aðrar arðvænlegri og betri brautir til hagsældar fyrir þjóðarbúið sem heild og einstaklingana þá um leið í stað þess að þenja út allt bankakerfið í landinu eins og nú standa sakir. Það væri vissulega ástæða til að beina því mikla fjármagni sem mönnum sýnist ekki óeðlilega vera til staðar í bankakerfinu í uppbyggingu til húsnæðismála til að létta byrðar þeirra sem núna eru að sligast undan fargi þeirrar kjaraskerðingar og kreppu að því er varðar fyrirgreiðslu í húsnæðislánakerfinu, beina þessu fjármagni inn á þær brautir fremur en að verja því til útþenslu í bankakerfinu víðs vegar um landið, ekki bara hér á þessu svæði þó að vissulega beri hvað mest á því.

Eins og ég sagði áðan er þetta frv. einungis tvær greinar. 1. gr. hljóðar svo:

„Framkvæmdir við hús Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti í Reykjavík skulu stöðvaðar frá og með gildistöku laga þessara. Sama gildir um aðrar byggingarframkvæmdir á vegum ríkisbanka og stofnun útibúa á þeirra vegum."

Hér er ljóst að ef þessi mgr. 1. gr. yrði samþykkt er hæstv. viðskrh. búinn að fá það vald sem hann hefur óbeint óskað eftir, en ekki talið sig hafa til að stöðva eða a. m. k. fresta um sinn meðan menn eru að ná áttum þeirri gífurlegu útþenslu sem bankakerfið hefur staðið að og virðist ætla að halda áfram því að það liggja fyrir a. m. k. 32 umsóknir um ný útibú víðs vegar um landið á vegum bankanna. Þessi 11 sem leyfi hefur verið veitt fyrir kosta á bilinu 50—60 millj. þannig að hér er um gífurlegar fjárupphæðir að ræða ef hæstv. ráðh. eða ráðherrum dytti nú í hug að verða við óskum þessara 32

og reisa eða bæta við öllum þeim útibúum til viðbótar því sem fyrir er í landinu. Það er auðvitað ótækt í alla staði að slíkt sé látið afskipta- og átölulaust þegar meiri hl. Alþingis og ríkisstj. beitir í fjárlagafrv. miskunnarlaust hnífnum til niðurskurðar á mörgum brýnum þjóðfélagslega nauðsynlegum framkvæmdum víðs vegar um landið, en ætla sér að halda áfram að láta bankakerfið í landinu þenjast út með þessum hætti.

Áfram með 1. gr.:

„Ríkisstjórnin getur þó heimilað framangreindum aðilum að halda áfram framkvæmdum samkvæmt þegar gerðum verksamningum, sé ótvírætt að riftun eða breyting verksamninga vegna laga þessara leiði til verulegra bótagreiðslna til verktaka."

Hér er auðvitað gert ráð fyrir að búið sé að semja um einhverjar framkvæmdir í framhaldi af því sem þegar hefur verið gert. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að stjórnvöld hafi til þess heimild sé það ótvírætt að stöðvun framkvæmdanna þýddi verulegar skaðabótagreiðslur til verktaka. Hér er því á engan hátt farið harkalega í málið. Eins og að sjálfsögðu er ljóst af nöfnum þeirra hv. þm. sem þetta mál flytja eru þeir hógværir, raunsæir og vilja taka tillit til staðreynda. Og það er einmitt þetta sem þarna fram kemur. Það er á engan hátt verið að stofna til neinna óeðlilegra útgjalda vegna stöðvunar þeirra verkframkvæmda sem þegar er búið að semja um og þannig gæti orðið til að gera viðkomandi aðila bótaskylda gagnvart verktaka. En auðvitað verður það að vera á valdi hæstv. ríkisstj. hvernig hún metur slíkt og fyrir því er ráð gert.

Ákvæði laga þessara gilda þar til annað verður ákveðið á Alþingi. Og 2. greinin: „Lög þessi öðlast þegar gildi." Það fer afskaplega lítið fyrir þessu frv. En ég hygg að ef eftir því yrði farið til að stöðva þetta, þó ekki væri nema um sinn meðan menn eygðu frekar ljós í því skammdegi efnahagskreppu sem nú ríður yfir, meðan menn reyndu að koma tökum á þetta kerfi í landinu, væri það búið að þjóna allverulega tilgangi sínum. Ég tala nú ekki um ef menn vildu fallast á þá meginforsendu sem er að baki þessa frv. að veita því fjármagni sem þarna er um að ræða og kann að verða til ráðstöfunar á vegum bankakerfisins til annarrar og nauðsynlegri uppbyggingar en að festa það í steinsteypu Seðlabankahússins eða annarra bygginga á vegum bankanna í landinu. Meira að segja mundi ég vilja ganga svo langt að taka ýmislegt af þeim kannske hálfköruðu eða nánast fullgerðu útibúum, t. d. hér á höfuðborgarsvæðinu, til annarra nytsamlegri hluta en að reka þar bankastarfsemi. Það eru nánast óþrjótandi verkefni og dæmi sem hægt væri að benda á sem væru hagstæðari þjóðfélagslega séð og væri nær að nýta þetta húsnæði til en til að útþenja bankakerfið frá því sem það nú þegar er.

Ýmsir tala um að ekki sé ýkja mikið fjármagn sem hér er á ferðinni. Samkvæmt beiðni frá fjvn. á haustinu 1982 þá var óskað eftir af hálfu Seðlabankans að fengnar yrðu upplýsingar um hugsanlegan fyrirhugaðan kostnað við þessa byggingu. Í ljós kom samkvæmt bréfi sem sjálfur seðlabankastjórinn undirritar eftir eftirgangsmuni 21. sept. 1982 að þar er gert ráð fyrir að heildarkostnaður á verðlagi þess árs mundi nema um 114,3 millj. kr. að því er varðar bygginguna sjálfa. Sé þetta framreiknað til núgildandi verðlags er hér um að ræða a. m. k. 230 millj. kr. sem þessi bygging kostar að óbreyttum aðstæðum. Það kom hér fram í umr. um daginn að um 67 millj., ef ég man rétt, sé búið að verja til byggingarframkvæmda við Seðlabankahúsið. Og um 18 eða 19 millj. ca. er gert ráð fyrir að verja á næsta ári, þ. e. sem búið er að binda í samningum. Þannig að hér er kannske um 80—90 millj. kr. að ræða sem búið er að byggja fyrir eða vinna fyrir og búið að taka bindandi ákvörðun um að unnið verði fyrir á næsta ári. Eftir eru þá a. m. k. 140—150 millj. sem enn á eftir að láta í þessa framkvæmd a. m. k., vægt í sakir farið. 140—150 millj. sem þarna er um að ræða og Seðlabankinn virðist eiga til og ég hygg því að nær væri að setja þessa fjármuni í aðrar og arðbærari, nauðsynlegri byggingarframkvæmdir á meðal landsmanna en þetta, a. m. k. meðan svo illa árar sem nú er. Því þetta eru ekki svo litlir fjármunir, 140—150 millj. sem væru betur komnir í ýmsum t. d. nauðsynlegum framkvæmdum heilbrigðisþjónustu, hafnarframkvæmdum, skólabyggingum, samgöngumálum almennt talað og svo mætti lengi telja víðs vegar úti á landsbyggðinni, í stað þess að setja þessa fjármuni til viðbótar í steinkassa hér í Reykjavík sem sjálfsagt kann að eiga rétt á sér við eðlilegar kringumstæður í þjóðfélaginu, en á engan hátt á rétt á sér að njóta forgangs í því ástandi sem við nú búum við.

Ég vek einnig athygli á því í sambandi við þetta mál og efnahagsstöðuna almennt að væntanlega hefur ekki farið fram hjá neinum hv. þm. hversu gífurleg kjaraskerðing hefur átt sér stað. Launafólk hefur fært fórnir, meira að segja það verst setta hefur fært gífurlegar fórnir í launaskerðingu og áfram er gert ráð fyrir því af hálfu hæstv. ríkisstj. að kjaraskerðing verði viðloðandi a. m. k. á næsta ári. Það er því ekki til of mikils mælst eftir að launafólk í landinu hefur tekið á sig gífurlegar byrðar vegna versnandi þjóðarafkomu en að þeir stjórnendur sem lagt hafa þessar byrðar á launafólk sjái svo um að aðrir þjóðfélagsþegnar, aðrir aðilar í landinu hagi málum sínum á þann veg að það sé a. m. k. reynt eftir því sem hægt er að létta þær byrðar sem um er að ræða, þeim sé dreift réttlátlega og það sé enginn og allra síst sá aðili í landinu sem hvað mest fjármagnið hefur handa í milli látinn sleppa.

Það á að taka þau ráð af bankakerfinu í landinu að ráðskast á þann hátt sem það hefur gert og gerir enn með þá fjármuni sem hér er um að ræða. Auðvitað eru þetta fjármunir allrar þjóðarinnar og fengnir frá henni og því á að taka í taumana hjá þessum aðilum þegar svo illa árar sem nú. Það er engin hemja að seðlabankastjóri, bankastjóri eða hver sem er í kerfinu hjá bönkum geti ráðskast með svo hundruðum eða jafnvel þúsundum milljóna skiptir án þess að ríkjandi stjórnvöld í landinu geti gripið þar í taumana. Það nær auðvitað engri átt.

Hafi neyðarrétturinn átt rétt á sér gagnvart launafólki vegna slæmrar stöðu efnahagsmála þá á neyðarrétturinn gagnvart bankavaldinu í landinu ekki síður rétt á sér undir þessum kringumstæðum. Og með þessu frv. er verið í raun og veru að verða við óskum hæstv. viðskrh. um að hann fái lagalega heimild til að grípa inn í, stöðva framkvæmdir við Seðlabankann, stöðva alla frekari útþenslu bankakerfisins með uppbyggingu útibúa hvar sem er meðan menn ná áttum í að koma á eðlilegri skipan og eðlilegri löggjöf þar sem stjórnvöld geta, að því er þennan þátt efnahagsmála varðar, gripið inn í til að beina fjármagni og sjónum manna oft á tíðum á

réttari brautir en a. m. k. mér og okkur sem að þessu frv. stöndum sýnist að gert hafi verið í þessum efnum á undangengnum árum.

Ég er sannfærður um að ef hv. þm. hér á Alþingi fylgdu sannfæringunni eins og menn hafa undirskrifað með eiðstaf mundu svo til flestir a. m. k. mikill meiri hluti hér á Alþingi vera samþykkir því undir þessum kringumstæðum að grípa inn í með þessum hætti. Hitt er svo alltaf spurningin hvað flokksfjötrarnir halda, hversu margir af hv. þm., sem skrifað hafa undir eiðstaf um að fylgja sannfæringu, láta handjárn flokksþrælanna halda hér um, þó að menn sjái yfirgnæfandi að hér beri brýna nauðsyn til að grípa inn í.

Ég get ekki stillt mig um að víkja aðeins að því sem hæstv. viðskrh. sagði hér í ræðu um daginn þegar verið var að ræða einmitt bankamál og kostnaðinn af þeim. Þegar hæstv. ráðh. vildi ekki tjá sig um það hvort hann væri hlynntur því frv. sem hér er nú til umr. og vildi stuðla að því að það næði fram að ganga, en svaraði eitthvað á þá leið efnislega að þessum málaþætti væri best borgið í þeim höndum sem hann er nú, þ. e. hans sjálfs. Ég er nú þeirrar skoðunar að málum sé best borgið í höndum einstaklings sem hefur skoðun á málinu, þorir að setja hana fram og segja hana og þorir að framkvæma hana þegar hann hefur aðstöðuna og valdið til þess. Með þessu frv. er valdið lagt upp í hendur hæstv. viðskrh. til að grípa inn í og stöðva alla þessa vitleysu sem átt hefur sér stað og heldur áfram að eiga sér stað í útþenslu bankakerfisins verði ekki að gert.

Auðvitað má segja að það á ekki að vera sérstakt verkefni okkar stjórnarandstæðinga eða Alþfl.-manna að leggja hæstv. ríkisstj. gögnin í hendurnar. En þrátt fyrir það leggjum við hæstv. viðskrh. hér málið upp í hendur, bjóðumst til að hafa frumkvæði í því að styðja hann til að ná þessum hugsjónum sínum, að ég vona, í framgang af því hann er ábyggilega um það sannfærður eins og fleiri hv. þm. hér inni að óbreytt ástand getur ekki haldið áfram við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum. Og hvað sem bankaráðsmenn úr hinni eða þessari áttinni segja um að hér hafi verið rétt gert á undanförnu ári með opnun 11 útibúa er a. m. k. almenningur í landinu þeirrar skoðunar að hér beri að grípa inn í og beina þeim fjármunum sem þarna eru til í aðrar og farsælli áttir, til annarra nauðsynlegri og jákvæðari þjóðhagslegri framkvæmda en byggingu Seðlabankahúss og fjölgun útibúa vítt og breitt um landið.

Ég vænti þess því að hv. Alþingi, bæði hv. þm. í þessari deild og hv. Ed. geti verið okkur flm. þessa frv. um það sammála að hér er virkilega réttlætis- og þjóðþrifamál á ferðinni sem ætti að eiga greiða göngu í gegnum þingið og ætti ekki að þurfa að taka langan tíma í ljósi þess sem gerst hefur, í ljósi allra þeirra upplýsinga sem fengist hafa í umr. um bankamál hér á Alþingi, ekki síst það sem af er yfirstandandi þingi. Málið liggur svo ljóst fyrir að allir ættu að geta svo að segja á stundinni tekið afstöðu til málsins. Þannig að allur dráttur, ég tala nú ekki um ef salta á málið í nefnd, er vísvitandi gerður vegna þess að þeir sem að því standa vita að fái málið eðlilega meðferð í gegnum þingið og komi þá úr nefnd þá óttast þeir sem ráða ferðinni í að salta það, ef það verður gert sem ég vona að ekki verði, að málið sé svo vinsælt að þeir treysti ekki á að láta málið fara til atkvgr.

Ég vona svo sannarlega að menn séu það víðsýnir og raunsæir að þeir sjái að hér er á ferðinni mál sem vissulega á að taka föstum tökum. Það á að stöðva þetta a. m. k. meðan menn eru að endurskipuleggja löggjöf um bankastarfsemi í landinu sem allir eru sammála um að verður að gerast. Ég, herra forseti, læt það í þitt vald til hvaða n. sem þú vilt vísa þessu máli. Það gæti að mínu viti farið hér áfram án þess að fara til n. svo augljóst er það. Á engan hátt þyrfti það skoðunar eftir allt það sem á undan hefur farið, en ég læt hæstv. forseta það í hendur að ákvarða til hvaða n. það fer, geri ekki till. um neina n., en fari það svo þá legg ég að sjálfsögðu til að það fari til 2. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að fara örfáum orðum um frv. það sem hér er til umr. og það sem komið hefur fram í ræðu hv. frsm., hv. 3. þm. Vestf., enda þótt nokkuð hafi nú verið rætt um bankamál, Seðlabankabyggingu, útibú, á Alþingi á undanförnum vikum. Það frv. sem hér er flutt er að mínum dómi skýrt. Því er ætlað að taka af allan vafa um hvernig þessum málum skuli háttað, þar til annað verður ákveðið og að því leyti — samanborið við þá þáltill. sem hér var til umr. um daginn, tekur það skýrt fram hvernig með þetta skuli farið. Fyrri málsl. 1. gr. er skýr og í 2. mgr. er gert ráð fyrir að af því sem fyrri mgr. segir og framkvæmd hennar þá verði þó ekki gerðar neinar þær ráðstafanir að til bótagreiðslna þurfi að koma.

Það er svo aftur allt annað mál hvort þm. eru sammála þeirri aðferð sem þessir hv. flm. leggja til eða hvort þeir telja að málið sé með þeim hætti á öðrum vettvangi að ástæða sé til slíkrar lagasetningar, svo og hitt hvort slík lagasetning, slík bönn sem hér er um að ræða séu til nokkurs í þessum efnum. Því að hér er verið að ræða um fjárfestingarákvarðanir sem gerðar hafa verið í sambandi við framkvæmdir á árinu 1984. Það eru settar fram tölur í þeim efnum og hins vegar rætt um efnahagsvanda og hvað hægt væri nú að gera ef þær milljónir sem nefndar hafa verið væru til ráðstöfunar um leið og það er tekið fram að þær séu í raun og veru ekki til ráðstöfunar og það viðurkennt.

Ég held að við deilum ekkert um það að óhófleg fjárfesting, hvar svo sem hún er, er okkur þm. ekki að skapi og við viljum því stemma stigu við henni. Hitt liggur ljóst fyrir eins og þetta frv. gerir ráð fyrir að aftur verður ekki snúið með ákvarðanatökur sem átt hafa sér stað kannske snemma á þessu ári og einmitt gert ráð fyrir að ekkert slíkt gerist ef um verði að ræða bótagreiðslur af hálfu hins opinbera.

Þessar umr. sem fram hafa farið hafa dregið fram í dagsljósið fjármuni bæði í sambandi við byggingarmál hjá Seðlabankanum, sem hér er vikið að, svo og byggingarkostnaði við útibú sem leyfð hafa verið og rekstrarkostnað. Ég held að hér sé verið að flíka tölum sem ekki eru raunhæfar til lausnar á því vandamáli sem við höfum við að glíma, enda þótt ég sé þeirrar skoðunar að það þurfi að gæta hófs í þessum efnum og ég hef beitt mér fyrir því að slíkt verður gert.

Hv. frsm. sagði að þeir Alþfl.-menn sem flytja þetta frv. gerðu þetta eiginlega til að létta mér leiðina í þessum málum og þetta væri gert sérstaklega fyrir viðskrh. Jafnvel látið liggja að því að hann hefði óskað eftir að frv. eins og þetta væri flutt, en gjarnan dregið til

baka í síðari setningu sem látið var í ljós ótvírætt þó í fyrri settningu.

Ég gat þess þegar ég ræddi um þá þáltill. sem liggur fyrir Sþ. um byggingarmál Seðlabankans að ef Alþingi ætlaði sér að hafa afskipti af málinu yrði það ekki gert með þeirri till., það yrði ekki gert öðruvísi en með lagasetningu. Það er hárrétt og ég vil svo gefa flm. þá einkunn með því frv. sem hér er flutt að það er út af fyrir sig að mínum dómi rétt ef menn eru inni á þeirri stefnu sem í því felst.

Ég er hins vegar ekki maður banna, ég vil gera þessa hluti og leysa þá með þeim hætti sem eðlilegast er að gera og það sé leitað samstarfs við þá aðila sem hér eiga hlut að máli og það hefur verið gert af hálfu viðskrn. Viðskrn. hefur ritað öllum bönkunum, ekki bara ríkisbönkunum heldur einnig einkabönkunum, iðnrn. og landbrn. bréf og óskað eftir því, eins og segir í þessum bréfum, að bankarnir dragi svo sem unnt er úr fyrirhuguðum fjárfestingum á næsta ári m. a. með því að gera enga nýja verksamninga við framkvæmdaaðila. Jafnframt hefur ráðuneytið mælst til þess að fá upplýsingar um þær fjárfestingar sem viðkomandi banki hefur ákveðið að ráðast í á næsta ári.

Mér finnst eðlilegt að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar, sem að mínum dómi á að vera hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, hún fái þessi bréf send frá ráðuneytinu. Hún fái allar þær upplýsingar sem bréfin gera ráð fyrir til þess að geta glöggvað sig á því, hver staða þessara mála er.

Vissulega erum við sammála um það, ég og hv. flm. þessa máls, að við viljum létta byrðarnar og dreifa þeim réttlátlega niður. Við reynum að gera það eftir bestu getu, hvor á sínum stað. En að láta í það skína að það sem hér er til umr. geri það með einum eða öðrum hætti held ég að sé nú meira til að setja þetta mál út til einhvers konar auglýsingar en hitt, að að baki þess sé í raun og veru hugsað, að hér geti orðið um eitthvað slíkt að ræða varðandi þessi atriði.

Ég gat um þau bréf sem rituð hafa verið til bankanna og sjálfsagt er að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar fái. Skoðun mín er sú að svör við þessum bréfum verði með þeim hætti að því sem í fyrri málsgr. þessa frv. er um fjallað verði fullnægt með þessum svörum og þess vegna það sem hér er um að ræða, samþykkt á fyrri málsgr., með öllu óþarft, enda á ég von á að áður en langt um líður verði til meðferðar hér á Alþingi frumvörp í sambandi við Seðlabankann, viðskiptabanka og sparisjóði og þar fái menn tækifæri til að koma að sínum athugasemdum og lögfesta þá hluti eða leggja til lögfestingu á þeim hlutum sem þeir telja rétt.

Það var vikið að því hér áðan hvernig þessum málum væri nú komið í sambandi við útibúin og vikið að því að 32 umsóknir um útibú liggi óafgreiddar í viðskrn. eða hjá Seðlabankanum því þangað eru þær sendar og leitað umsagnar hans. Þessi tala, 32 útibú, þar er náttúrlega verið að fara með tölu með mjög röngum hætti því að það skömmtunarfyrirkomulag sem er í dag á þessum málum kallar á þær starfsaðferðir sem hafðar hafa verið af þessum aðilum, þ. e. að leggja inn umsóknir, ekki eina, ekki tvær, ekki þrjár heldur kannske miklu fleiri til að öruggt sé að þegar næsta skömmtun á sér stað verði þeir ekki útundan. Þess vegna er sjálfsagt talan 32 eða hver önnur jafnhá til komin og hefur í allri umr. verið misnotuð gegn bönkum og sparisjóðum, en ástæðan er, eins og ég sagði áðan, það skömmtunarfyrirkomulag sem hefur gilt um nokkuð langan tíma.

Hv. frsm. talaði um hógværð, raunsæi og vilja til að taka tillit til staðreynda af hálfu þeirra flm. og um það efast ég ekki. Hans hógværð þekkja allir, hans raunsæi og hans vilja til að taka tillit til annarra og við skulum vona að þannig reynist það nú þegar fram í sækir.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vildi að það kæmi hér fram við þessa umr. að bönkum og sparisjóðum, ekki aðeins ríkisbönkunum, hefur verið ritað á þá leið sem ég las hér upp áðan og ég vonast til að þeir muni innan mjög skamms tíma svara þeim þannig að sú nefnd sem fjallar um þetta frv. muni fá þær upplýsingar. Mín skoðun er sú að boð og bönn eins og hér er gert ráð fyrir séu ekki lausnin á vandanum, heldur samstarf á milli aðila, stjórnvalda og þeirra stofnana sem hér er um fjallað. Nefndin mun komast að raun um að það samstarf er fyrir hendi og ef um óhóflegar fjárfestingar eða of stórhuga hugmyndir er að ræða að dómi þeirra sem hér hafa lagt fram frv. muni þeir sjá að þessir aðilar eru reiðubúnir til samstarfs í þeim efnum. En til fjh.- og viðskn. finnst mér, herra forseti, eðlilegast að þetta frv. gangi.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég get í raun-inni tekið undir margt af því sem hér er sagt um framferði banka og peningastofnana. Þessar hallabyggingar eru dónaskapur, má segja, við fólk sem alltaf er verið að minna á sultarólarnar og að herða skuli beltin. Ég get trútt um talað sjálfur. Ég er svo heppinn að háfa silfurbólu á beltinu mínu þar sem ég byrjaði í vor og ég er búinn að bæta við fjórum götum. Ég veit að það er ekki á þann veginn sem Steingrímur hæstv. forsrh. það um.

En þessar byggingar sýna okkur á skondinn hátt inn í einn álfahólinn í stjórnkerfi efnahagsmála. Það er ekkert nýtt að upp komi umræða um eyðslusemi bankanna. Slíkar umræður hafa komið upp með nokkuð reglubundnum hætti í mörg ár. Ég man eftir því þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson stillti bankastjórum upp í sjónvarpssal á árunum eins og leirdúfum og baunaði á þá spurningum um eyðslusemi og peningaráð. Menn eru að fást við króa sem hefur lengi verið til og þeir bera ábyrgð á að einhverju leyti sjálfir.

Ég held að á verði hérna að ósi stemma eins og oftar. Þessi útþensla í bankakerfinu er afleiðing af stefnuleysi í stjórn peningamála og það er í raun til lítils að stöðva þessar framkvæmdir ef menn finna ekki almennilega skýringu á því, hvers vegna bankarnir hafa þessi ótrúlegu peningaráð. Það er kannske ástæða til að setja lög um umgengni bankanna við innstæður viðskiptamanna sinna. Á sama hátt er, eins og áður hefur verið bent á úr þessum stóli, að mig minnir af hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, undarleg ráðstöfun ef Seðlabankinn notar sína sjóði, sem m. a. eru refsivextir, settir á til að hamla gegn verðbólgu, það er undarlegt ef Seðlabankinn notar það fé síðan til bygginga og veitir því þannig út í verðlagið aftur, þar sem það veldur vafalaust þeirri þenslu sem átti að koma í veg fyrir áður.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mig langar til að rifja upp það sem mér finnst vera kjarni þessa máls og rúmaðist prýðilega í ummælum hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, þegar rædd var þáltill. um stöðvun

þessara byggingarframkvæmda. Hún sagði:

„Það kemur dálítið spánskt fyrir sjónir þegar þeir litlu peningar sem virðast vera til eru notaðir til að byggja yfir peninga sem ekki eru til.“ — Þetta er kjarni málsins.

Frv. til l. sem hér liggur fyrir er flutt í framhaldi af þeirri þáltill. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti og tekin var til umr. í Sþ. 2. nóv. s. l. Þá var þeim mótbárum hreyft, að þáltill. dygði ekki til til þess að koma fram þessu máli, það þyrfti lagabreytingu til. Nú er hv. alþm. gefinn kostur á að fylgja málinu eftir með því að samþykkja það lagafrv. sem hér liggur fyrir.

Þá segir hæstv. viðskrh., eftir að hafa hælt 1. flm. fyrir skýrleik í husgun í 1. gr., að ekki dugi þetta nú heldur til vegna þess að féð sem tekið yrði úr umferð við þessar byggingarframkvæmdir væri ekkert endilega til ráðstöfunar til annarra hluta. Þetta er tilefni þess að ég kveð mér hljóðs, vegna þess að kannske þarf meira til en að Alþingi samþykki lög um stöðvun á þessum framkvæmdum.

Við umr. sem urðu á þingi um sölu ríkisbanka bar það til tíðinda að hæstv. fjmrh. lýsti í fáum orðum yfir stuðningi við það þingmál BJ að svo sem eins og þrír ríkisbankar yrðu seldir á almennum markaði, þó mætti enginn kaupa fleiri en einn banka, eins og þar stendur. Þá lýsti hann því einnig yfir í sömu andránni að það bæri til á degi hverjum að Seðlabankinn bryti lög, og átti þá við refsivaxtaákvarðanir Seðlabankans. Þetta hefði í öðrum löndum þótt miklum tíðindum sæta, en þótti lítil frétt í þessu þjóðfélagi með þeim skýringum fréttamanna, að af því Albert segði það væri þetta ekki forsíðufrétt eða heimsfrétt. En í þessum umr. bar það til tíðinda, að hæstv. fjmrh. lýsti fylgi sínu við till. þess efnis, að hagnaður Seðlabanka yrði með lögum af honum tekinn og afhentur ríkissjóði, og fór reyndar fleiri orðum um, ef ég man rétt. Hann komst að orði eitthvað á þá leið, að sér væri engin leið að hafa nokkur tök á stjórn ríkisfjármála í landinu, eins og því kerfi væri fyrir komið, og vísaði þá til þess stjórnlausa sjóðakerfis sem er út um allar trissur og um leið að hann teldi það mjög í þágu réttrar fjármálastjórnar að hagnaður Seðlabankans yrði með lögum af honum tekinn og skilað ríkissjóði, svo sem fordæmi munu vera fyrir annars staðar.

Ég rifja þetta upp vegna þess að ef hæstv. viðskrh. segir hægt með lögum að stöðva þessar framkvæmdir, en þessu fé verði þar fyrir ekki á annan veg ráðstafað, þá mætti kannske fylgja þessu eftir með því að taka fjmrh. á orðinu og flytja annað frv. til l. um ráðstöfun á hagnaði Seðlabankans. Ég vil vekja athygli á að ég er ansi hræddur um að bréfaskriftir til bankanna dugi lítið í þessu efni. Það er t. d. af þeirri ástæðu, að við fyrrgreindar umr. um stöðvun framkvæmda á byggingu Seðlabankans var það upplýst af fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ragnari Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., að í tíð fyrrv. ríkisstj. hefði verið gerð samþykkt um frestun þessarar byggingar. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég er því miður ekki með skjölin fyrir framan mig, fundargerðir ríkisstj. og aðrar skjallegar heimildir um ályktanir hennar, en ég hygg að ég fari með rétt mál þegar ég upplýsi hér, að ríkisstj. samþykkti á sínum tíma að beita sér fyrir því að frestað yrði þessari stórbyggingu.“

Það liggur m. ö. o. fyrir að ekki er nóg að flytja þáltill., það er kannske ekki nóg að flytja frv. til l., það er ekki nóg að ríkisstj. samþykki á fundi sínum, eftir því sem hér segir, einróma ákvörðun um að fresta byggingu, það þarf sennilega viðbótarlöggjöf um ráðstöfun á hagnaði Seðlabankans. Við þessar kringumstæður þykir mér afar ósennilegt að bréfaskipti ein dugi til að koma fram vilja löggjafans í þessu máli.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum með afstöðu hæstv. viðskrh. til þessa máls. Ég hygg að allir hafi skilið hann svo í umr. um bankamál, sem eins og hér hefur áður verið fram tekið hafa miklar orðið og líklega aldrei meiri en á yfirstandandi þingi, að hann teldi að heimildir skorti til að grípa inn í, eins og hér var rifjað upp, hann taldi þáltill. ekki duga.

Hér var bætt við einróma samþykkt, að því er mér skilst, fyrrv. hæstv. ríkisstj. Hún dugar ekki. Telja menn þá líklegt að eitt sendibréf, þó frá hæstv. viðskrh. sé, dugi til þessa? Ég hef ekki trú á að það gerist.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki vera talsmaður boða og banna. Ég veit ekki betur en löglega hafi allt launafólk í landinu átt rétt á tilteknum kauphækkunum, sem stöðvaðar voru með útgáfu brbl. Átti það fólk ekki sama rétt og aðrir til þess að lög héldu í því tilfelli sem öðrum eða er hæstv. viðskrh. talsmaður boða og banna þegar þau geta náð til kjaraskerðingar hjá launafólki? Mér finnst þetta ekki fara saman.

Hæstv. ráðh. sagðist heldur vilja leita samstarfs í þessu tilfelli við bankavaldið í landinu, en hann sá ekki ástæðu til að leita samstarfs við launþega í landinu um breytingar á áður gerðum og gildandi samningum og lögum, sem voru þó þegar hæstv. ríkisstj. tók við, en breytti með lagaboði.

Mér sýnist því að menn séu ekki menn boða og banna ef það snýr að bankavaldinu, þar verði að fara aðrar leiðir, en þeir séu talsmenn boða og banna snúi það að launþegum — ég tala nú ekki um ef það er til skerðingar á launum þeirra.

Mér skildist svo á hæstv. ráðh., að hann gerði ráð fyrir að bréfið, sem hann gerði hér að umræðuefni, yrði til að fullnægja, hafi ég tekið rétt eftir, ég bið ráðh. að leiðrétta þá, 1. mgr. 1. gr. þessa frv. — bréfið mundi hafa þær afleiðingar að fullnægt yrði 1. mgr. 1. gr. þessa frv., sem sé að stöðvað verði allt eins og nú er komið nema að því leytinu til að ekki verði stöðvaðar þær framkvæmdir sem búið er að semja um eða gætu haft í för með sér skaðabótaskyldu.

Ég bið hæstv. ráðh. að leiðrétta, hafi ég misskilið þetta. Hann dregur þá ályktun, að afleiðingar þess bréfs, sem hann hefur ritað bankayfirvöldum í landinu, muni verða sams konar áhrif og 1. mgr. 1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir. Skildi ég þetta ekki rétt, ráðh.? (**Gripið fram í:** Þar til annað verður ákveðið.) Að sjálfsögðu þar til annað verður ákveðið, þ. e. hann vonast til að bréfið hafi þau áhrif að allt verði stoppað.

Ég verð að segja það fyrir mig, að ég hef ekki trú á að þau sinnaskipti hafi átt sér stað innan forustuliðs bankakerfisins í landinu að það taki við sér og hafi þessi vinnubrögð þó að það fái eitt slíkt bréf frá hæstv. viðskrh.

Hæstv. ráðh. segir að þó að þetta yrði gert, þ. e. þó að stöðvuð yrði bygging Seðlabankans, sem á eftir að byggja fyrir a. m. k. um 140—150 millj. kr., yrði það

ekki til að draga úr byrðum annarra. Af hverju segir hæstv. ráðh. þetta? Að sjálfsögðu yrðu í kjölfar frv. þessa, yrði það samþykkt, gerðar ráðstafanir til þess, ef ekki hægt án lagabreytinga eða sérstakrar lagasetningar, þá með slíkri lagasetningu, að beina því fjármagni, sem hér yrði um að ræða, til annarra framkvæmda í þjóðfélaginu, og ekki hvað síst til þeirra framkvæmda þar sem núna er hvað brýnast að létta undir með almenningi í landinu, þ. e. íbúðarhúsnæðisbygginga og þess að koma yfir sig þaki. (Gripið fram í.) Þær 150 millj. sem Seðlabankinn ætlar sér að ráðstafa í áframhaldi af því sem þegar er búið að ráðstafa til byggingarframkvæmda gætu því runnið til húsnæðismála og ættu að renna til þeirra, ef á annað borð er vilji fyrir að beina fjármagninu í þá átt. Það er því hreinn og beinn útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh. þegar hann talar svo, að hér væri ekki um að ræða að beina þessu fjármagni til annarra og þarfari framkvæmda en hér er um rætt, þ. e. byggingar Seðlabankahússins.

Ég þarf ekki öllu fleiri orð um þetta að hafa. Mér kemur hins vegar á óvart, að hinir sjálfskipuðu fulltrúar almennings í landinu skuli ekki láta í sér heyra þegar slíkt mál er til umr. í þinginu. Það kemur mér afskaplega mikið á óvart að þeir skuli þegja þunnu hljóði þegar talað er um að stemma stigu við því valdi sem þeir hafa talið hvað verst í þjóðfélaginu undangengin ár og áratugi. (**Gripið fram í:** Það er bara af kurteisi okkar.) Nú, tók hv. þm. það til sín? (**Gripið fram í:** Nei.) Engin nöfn nefndi ég, en það er greinilegt að hv. þm. skilur (**Gripið fram í:** Fyrr en skellur í tönnum.) Já, það átti raunar ekki að þurfa að bæta því við, því hann á að heita Vestfirðingur, hvað sem hann er nú.

En mér kemur afskaplega á óvart að hv. þm. Alþb. skuli ekki láta í sér heyra um mál af þessu tagi — ég tala nú ekki um hv. 7. þm. Reykv., sem einhvern tíma hefði talið ástæðu til að ræða, og þá af hreinskilni, hið illræmda bankavald í landinu, eins og víða má finna, bæði í hans orðaforða í þingræðum svo og annarra Alþb.-manna, en nú virðist áhuginn hafa dofnað.

Það er svo að sjá, að þeir hafi ekki áhuga á því, a. m. k. kemur sá áhugi ekki í ljós, að reyna eftir fremsta megni að finna leiðir til að fjármagna það kerfi sem höfuðpaur þeirra Alþb.-manna, hv. þm. Svavar Gestsson, fyrrv. félmrh., lagði í rúst í stjórnartíð hæstv. fyrrv. ríkisstj., húsnæðislánakerfið. Nú eru íbúðabyggjendur í landinu að súpa seyðið af þeim ráðstöfunum sem Alþb. beitti sér fyrir og kom á í sambandi við húsnæðismálin í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. Nú sjá menn afleiðingarnar af þeirri stefnu. Í ljósi þess finnst manni einkennilegt að ekki skuli heyrast hljóð úr horni Alþb., nema það beri að skilja það á þann hátt að best sé að þeirra mati talið að stjórnarstefna undangenginna ára í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. verði sem fyrst gleymd í þessum efnum. Ég skil það svo, þangað til annað kemur í ljós.

En ég ítreka að ég vænti þess að sem flestir hv. þm. séu okkur flm. þessa frv. sammála um að það væri þarft verk að samþykkja þetta frv., staldra við þó ekki væri nema um tíma á meðan hv. Alþingi eða löggjafinn er að ná áttum í því moldviðri sem verið hefur og er enn og mun halda áfram ef ekki verður gripið í taumana, sem er útþensla, starfshættir og starfsemi bankakerfisins í landinu. Það á kannske eftir að koma í ljós, en ég átti von á að a. m. k. að þessu leyti væru hv. þm. Alþb. sammála okkur flm. þessa frv.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er greinilegt að hv. þm. Karvel Pálmason hefur ekki enn áttað sig á þeim vinnubrögðum sem við Alþb.-menn í stjórnarandstöðu teljum eðlilegt að stjórnarandstæðingar sýni hver gagnvart öðrum. Ef aðrir stjórnarandstöðuþingmenn flytja jafnágætt mál og jafnvel og hv. þm. hefur gert í dag, þá teljum við alveg óþarfa að vera að reyna að bæta þar um betur, heldur veita viðkomandi þm. siðferðilegan og pólitískan styrk með því að vera í þingsalnum og hlýða á mál hans og fylgja því eftir með þeim hætti. Við höfum gert það vel og rækilega hér í dag, þm. Alþb., og verið mun fleiri viðstaddir þessa umr. en þm. Alþfl. (**Gripið fram í:** Ég sé nú ekki marga núna.) Nei, það er að vísu rétt að fáeinir menn gengu út úr salnum áðan, vegna þess að menn áttu ekki von á að hv. þm. Karvel Pálmason teldi sig þurfa að bæta um betur varðandi þá ræðu sem hann flutti áður í dag. — En ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hv. þm. Karvel Pálmason skilji að við stjórnarandstæðingar hér á Alþingi eigum ekki að vera að skamma hver annan í ræðustól, eins og hann var að gera áðan, heldur eigum við að styðja hver annan, eins og við Alþb.-menn höfum gert varðandi frv. sem hann var að mæla hér fyrir og gerum. Þarf enginn að draga það neitt í efa. Og þótt við sjáum ekki nauðsyn á því að koma hér upp og geta þess má þm. alls ekki skilja það á þann veg, að þar með sé stuðningurinn ekki fyrir hendi. Þegar mælt er fyrir góðu máli af hálfu eins af stjórnarandstöðuflokkunum hér á Alþingi er alveg óþarfi að aðrir fulltrúar annarra stjórnarandstöðuflokka séu jafnframt að koma upp í ræðustólinn, heldur sýnum við það með framgöngu okkar hér að við erum hæstánægðir með það, Alþb.-menn, að eiga í þessu máli jafntraustan, ötulan og snjallan talsmann og hv. þm. Karvel Pálmason. Hann ætti þess vegna að fagna þessu viðhorfi okkar og vera ánægður með traustið sem við sýnum honum í stað þess að vera að skattyrðast við okkur.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar.

Hv. 4. landsk. þm. kom og talaði um framferði bankanna í sambandi við þau mál sem hér hafa verið til umr. Ég vil benda þessum hv. þm. og öðrum hv. þm. á þá þjónustu sem bankastofnanir veita fólkinu í þessu landi og ég vil benda öllum hv. alþm. á að þær niðrandi umr. sem hér fara fram varðandi þær stofnanir sem við erum að tala um eru ekki Alþingi til sóma. Það má vel vera að menn séu á einum eða öðrum tíma ekki sammála þeim mönnum sem veita þessum stofnunum forustu. Þó skulum við ekki gleyma því að fólkið í þessu landi hefur notið þjónustu þeirra og það hefur víða verið svo, að bankarnir og sparisjóðirnir hafa verið lyftistöng atvinnulífs á hverjum stað. Ég vil gjarnan segja þessum hv. þm. frá því, að seinasta beiðnin um útibú er einmitt komin frá því kjördæmi sem hann hefur verið í framboði fyrir. Og það er ekki bara að sú stofnun sem biður um útibú sæki þar um. Það fylgja undirskriftir næstum allra íbúanna í því byggðarlagi og samþykkt bæjarstjórnar í því byggðarlagi. Við skulum því átta okkur á að það er ekki aðeins að peningastofnanirnar vilji gjarnan fá tækifæri til að veita þjónustu, taka á

móti fé og lána fé. Það eru líka forustumennirnir í byggðarlögunum sem víða óska eftir þessu og hafa lagt á það megináherslu.

Þetta vildi ég gjarnan láta koma fram. Ég hef sjálfur starfað í tengslum við bankaþjónustu í 25 ár. Ég þekki þau mál mjög vel og veit hvernig þeim er háttað. Hitt liggur svo ljóst fyrir að auðvelt er að höggva í þann knérunn þegar á móti blæs í þjóðfélaginu og segja: Þangað á að sækja það fjármagn sem við þurfum til þess að leysa vandann. — En það gerum við ekki með frv. því sem þessir þrír hv. þm. hafa flutt, einfaldlega vegna þess að með 2. mgr. taka þeir í burtu það sem þeir segja í þeirri 1. Í því lá það sem ég sagði áðan. Það er talað um að stöðva byggingu húss Seðlabankans og stöðva byggingar annarra ríkisbanka. En svo er 2. gr. Hún segir, sem er alveg hárrétt: Það skulu menn ekki gera ef það kosti skaðabætur. Og ég spyr: Hvaða verksamninga kostaði ekki skaðabætur að stöðva? Það liggur alveg ljóst fyrir að það sem sagt er í 1. mgr. er dregið til baka í 2. mgr.

Varðandi það sem ég sagði um tilmæli mín til rn.: Ég er sannfærður um það og viss um það, að tilmæli mín til rn. muni þjóna þeirri hugsun sem er að baki þessa frv. og þess vegna sé með öllu óþarfi að samþykkja það. Að því leyti sem það lýtur að valdi, eins og ég sagði í fyrri umr., þá tel ég það miklu betur komið í höndum þess sem fer með viðskrn. nú en að um það séu sett lög sem banni eitt eða banni annað.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Ég er nú alveg undrandi á hæstv. viðskrh. og því sem hann hélt hér fram. Hann leyfir sér að halda því fram að allt það sem sagt er í 1. mgr. 1. gr. sé tekið til baka í 2. mgr. Hvers konar málflutningur er hér eiginlega á ferðinni af hálfu hæstv. ráðh.? Ég hef ekki kynnst af hans hálfu málflutningi af þessu tagi fyrr. Ég hef talið hæstv. viðskrh. einn af þeim — allt of fáu að vísu — sem stunda heiðarlegan málflutning og greina rétt frá. En í ljósi síðustu orða hans um túlkun á frv. dreg ég í efa fyrri ályktun mína. (**Gripið fram í:** Hverjir eru þá eftir sem fylla þann flokk?) Já, það er nú eftir að finna það. Í hvaða átt á ég að líta?

En ég held að það sé rétt, með leyfi forseta, að lesa 1. gr. aftur, þannig að hæstv. viðskrh. geti áttað sig betur:

„Framkvæmdir við hús Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti í Reykjavík skulu stöðvaðar frá og með gildistöku laga þessara. Sama gildir um aðrar byggingarframkvæmdir á vegum ríkisbanka og stofnun útibúa á þeirra vegum."

Þetta er ljóst. Síðan segir áfram í 2. mgr.:

„Ríkisstj. getur þó heimilað framangreindum aðilum að halda áfram framkvæmdum samkv. þegar gerðum verksamningum, sé ótvírætt að riftun eða breyting verksamninga vegna laga þessara leiði til verulegra bótagreiðslna til verktaka."

Hér er verið að slá þann varnagla, að sé búið að gera, í þessu tilfelli varðandi byggingu Seðlabankans, samninga við verktaka verði unnið áfram fyrir þá samninga sem búið er að skrifa undir. Við viljum alls ekki ganga svo langt að rifta samningum. Það má vel vera að ýmsir vildu gera það og þeir sem það vildu hafa nokkur rök til síns máls. Það er að þeirra atbeina, núv. hæstv. ríkisstj. og hæstv. viðskrh., engin undantekning þar frá, búið að skerða laun fólks í landinu um nokkur hundruð eða milljarða nú orðið, frá því sem samningar og lög gerðu ráð fyrir þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. Menn voru ekkert feimnir við það í þessu tilviki að taka það sem fólk átti rétt á. Ég sé ekki að menn þurfi neitt frekar að vera feimnir við að skera á hjá þeim aðilum sem hér er rætt frekar en hjá almenningi í landinu.

Ég greindi frá því áðan, að gert væri ráð fyrir að Seðlabankinn, að eigin frásögn, ætti eftir að byggja fyrir a. m. k. 150 millj. kr. Það er þó nokkur peningur, sem nýta mætti til annarra og þarfari hluta. Hér er því ekkert verið að draga til baka í 2. mgr. 1. gr. það sem sagt er í hinni 1. Það er rangtúlkun og vísvitandi gerð til að reyna að blekkja. Málið er gott. Hæstv. viðskrh. er innst inni sammála því að þetta er rétt að gera, en hann notar tækifærið til þess vísvitandi að beita blekkingum í málflutningi þegar svo ljóst er sem verða má, og hann tók sjálfur fram margoft að ég hygg í sinni fyrstu ræðu, hvað málið er skýrt. Þess vegna er málflutningi af þessu tagi beitt til að reyna að blekkja. En það er ekki siðaðra manna háttur að beita slíkum málflutningi og ég hefði vænst þess að hann kæmi úr annarri átt en frá hæstv. viðskrh. En ekki meira um það. Ég vísa þessari rangtúlkun á málflutningi gersamlega á bug og heim til föðurhúsa.

Það er ekki oft sem mönnum verður orðs vant, en það liggur við að svo sé eftir ræðu hv. 7. þm. Reykv. Í raun og veru er ég enn í vafa um á hvern hátt á hana að taka. Slíku lofi hef ég ekki verið ausinn, hvorki fyrr né síðar, eins og hann viðhafði hér í ræðustól áðan, (Gripið fram í.) þannig að ég er feiminn — já, ég viðurkenni það, — að fá þetta úr þeirri átt. Ég viðurkenni það hreinlega. (Gripið fram í.) Nei, ég ætla ekki að gera það að sinni, ég bíð og læt sjá hvað kann að gerast í áframhaldinu. En ég vil aðeins bæta því við að því aðeins veit maður um afstöðu, hvort sem þar eiga í hlut hv. þm. Alþb. eða einhverjir aðrir, að menn láti í sér heyra fyrr en þá kemur að atkvgr. þannig að það var ekki að ófyrirsynju að ég er í raun og veru óskaði eftir að fá hér í umr. afstöðu þm. Alþb. til málsins. Og sú er ástæðan.

Það kemur líka úr hörðustu átt og er afskaplega erfitt hvernig maður á að taka það, ekki síst frá þessum hv. þm., þegar hann er að tala um að við í stjórnarandstöðu eigum ekki að vera að skamma hvorn annan. Ég er ekki hissa þótt þingheimur hlæi því að ég minnist þess ekki að hafa hlýtt á framsetningu og orðaval sem er jafnlangt frá raunveruleikanum eins og við á eða ætti hjá þessum hv. þm. Ég veit ekki hver hefur gengið lengra í slíku en einmitt þessi hv. þm. og ég kann vel að meta að menn komi hreint fram og segi ef þeir meina það og sé ekki að það sé á nokkurn hátt löstur þó að menn deili málefnalega, síður en svo. Ég kann yfirleitt betur við að vita hvar ég hef menn.

En það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari, að ég hef ekki enn áttað mig á vinnubrögðum Alþb. í stjórnarandstöðu í ljósi þeirra vinnubragða sem sami aðili hafði í stjórnaraðstöðu. Það er erfitt að átta sig á frá því sem var fyrri hluta þessa árs til þess sem nú er síðari hluta þessa árs því að mér sýnist að þar hafi orðið á æði mikil breyting í afstöðu til mála. Og það lái mér hver sem vill þó að það taki sinn tíma fyrir mig að átta mig á slíkri breytingu. (**Viðskrh.:** Það kemur.) Vonandi kemur það og það er smátt og smátt að koma,

maður sér raunveruleikann bara hér fyrir sér meira og minna dag frá degi hvernig breytingin á sér stað og þróast. Sumir kjósa í þessari stöðu að hún þróist hægt, þannig að umskiptin séu ekki of mikil frá því sem var til þess sem er, almenningur í landinu finni ekki jafnharkalega fyrir sinnaskiptunum, að þau gerist ekki á stuttum tíma, heldur sé þetta hægfarandi og markviss þjóðfélagsfræðileg þróun sem hér á hlut að máli. (**Viðskrh.:** Ekki bylting?) Ekki bylting, nei. (**ÓÞÞ:** Samin af stjórnmálafræðingi.) En ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð. Ég fer jafnfeiminn úr stólnum nú eins og ég steig í hann, þegar ég fór hér upp í þriðja skiptið, en vonandi næ ég mér eftir það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Afnám laga um álag á ferðagjaldeyri 1155.
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn 955, 1050, 1104.
Áfengt öl 1107.
Bankaútibú 984.
Byggingarframkvæmdir Seðlabanka Íslands 1163.
Dómvextir 950.
Drengskaparheit unnið 942, 1107.
Endurskoðun laga um sjálfræðissviptingu 971.
Fiskveiðasjóður 1049.
Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum 1036.
Flugbraut á Egilsstöðum 1108.
Fullnýting fiskafla 1107.
Gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar 1002.
Húsaleigusamningar 1035.
Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum 1107.
Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs 1156.
Íslandssögukennsla í skólum 996.
Jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla 1147.
Kosningar til Alþingis 942.
Kostnaður af kynningu á efnahagsaðgerðum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 972.
Lagahreinsun og samræming gildandi laga 1141.
Lagmetisiðnaður 954, 1027.
Landnýtingaráætlun 1002.
Landsvirkjun 952.
Launamál 954, 1042, 1098.
Lækkun húshitunarkostnaðar 1002.
Niðurfelling stimpilgjalda af íbúðarlánum 1156.
Norræni fjárfestingabankinn 952, 1026.
Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra 1107.
Ríkismat sjávarafurða 1051, 1154.
Samstarfsnefnd um iðnráðgjöf 977.
Skýrsla iðnrh. um bráðabirgðasamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. 1002, 1110.
Stefna í flugmálum 1151.
Stöðvun uppsetningar kjarnaflugvopna 1107.
Tollskrá o. fl. 1156.
Um þingsköp 964.
Umferðarlög 944.
Umræður utan dagskrár 965 (stöðvun rækjuveiða við Ísafjarðardjúp), 1108 (öryggisgæsla á loðnumiðunum).
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 941, 971, 1106.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 950, 952, 1050.
Viðhald á skipastólnum 1002.
Þjónustugjöld banka 982.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 941, 942, 971, 993, 1106, 1107, 1141.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 964, 965, 969.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 972, 975, 976, 1042, 1058, 1080, 1104.
Félmrh. Alexander Stefánsson 1035.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 953, 960, 1155, 1156, 1161.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 978, 980, 1020, 1027, 1028, 1034, 1130, 1140.
Landbrh. Jón Helgason 944, 950, 971.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 997, 1001.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 967, 1051, 1064, 1086, 1108.
Viðskrh. Matthías Á. Mathiesen 953, 957, 962, 964, 965, 983, 984, 986, 993, 996, 1026, 1104, 1106, 1168, 1174.
Árni Gunnarsson 974, 1030, 1032, 1098, 1141, 1145, 1147, 1150, 1151, 1153.
Árni Johnsen 977, 1035.
Birgir Ísl. Gunnarsson 971, 1002, 1107.
Björn Dagbjartsson 1080.
Davíð Aðalsteinsson 951, 1028.
Egill Jónsson 1150.
Eyjólfur Konráð Jónsson 995, 1036.
Friðrik Sophusson 955, 956.
Garðar Sigurðsson 969, 1017, 1054, 1089, 1143.
Geir Gunnarsson 972, 973.
Guðmundur Einarsson 1010, 1066, 1093, 1160, 1170.
Guðrún Agnarsdóttir 982.
Guðrún Helgadóttir 992, 1086, 1143.
Gunnar G. Schram 1012.
Helgi Seljan 949, 971, 1000, 1041, 1046, 1149.
Hjörleifur Guttormsson 976, 981, 1059, 1109.
Jóhanna Sigurðardóttir 984, 987, 995.
Jón Baldvin Hannibalsson 1160, 1170.
Karvel Pálmason 965, 969, 990, 994, 996, 1062, 1163, 1172, 1175.
Kjartan Jóhannsson 954, 1049.
Kristín Halldórsdóttir 974, 1155.
Magnús H. Magnússon 942, 952, 1036, 1038, 1102.
Ólafur Ragnar Grímsson 958, 961, 975, 976, 1067, 1094, 1174.
Ólafur Þ. Þórðarson 975, 991, 996, 1000.
Páll Pétursson 978, 979, 981.
Pétur Sigurðsson 1084, 1108, 1109.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1040, 1103, 1136.
Skúli Alexandersson 942, 1152.
Stefán Benediktsson 973, 984, 993, 1028, 1029, 1034, 1041, 1103, 1105.
Stefán Guðmundsson 1049.
Stefán Valgeirsson 991.
Steingrímur J. Sigfússon 974, 1145, 1148.
Svavar Gestsson 952, 953, 955, 957, 963, 964, 989, 1000, 1050, 1138, 1147, 1155, 1157.
Tómas Árnason 1028, 1031.
Valdimar Indriðason 950.
Þórður Skúlason 980.

Efri deild, 21. fundur.

Mánudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. 44. mál (þskj. 47, n. 148). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Mál þetta hefur þegar verið samþ. í hv. Nd. og rætt í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, þar sem menn urðu á eitt sáttir um að mæla með samþykkt þess. Menn þekkja þetta mál, hvað það snýst um, það er þátttaka okkar í almennri hækkun kvóta hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það mun vera 8. slík almenn hækkun.

Málið hefur fengið ítarlega umfjöllun í þinginu, fyrst í Nd. og síðan í nefnd hér í þessari hv. deild. Við leggjum til, allir nefndarmenn, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 28. nóv., að loknum 21. fundi.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, frv. 44. mál (þskj. 47). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 151).

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26). — 3. umr.

Kristófer Már Kristinsson: Virðulegi forseti. Um efni þess frv. sem hér liggur fyrir hafa farið fram ítarlegar umr. bæði í tilefni frv. sjálfs og eins hafa menn tekið sér önnur tilefni til þess arna. Það er þess vegna e. t. v. til lítils að ætla að taka hér til máls og endurtaka að meira eða minna leyti það sem aðrir hafa sagt í fyrri umr. Þó get ég ekki orða bundist vegna þeirrar yfirskriftar sem frv. ber, og eins vegna yfirlýsts tilgangs hæstv. ríkisstj. með lagasetningu þessari. Það hefur komið fram og er margítrekað að þessum lögum er fyrst og fremst ætlað að koma hinum lægst launuðu og verst settu til góða. Gott um það. Hins vegar finnst mér sýnt fram á það í áliti minni hl. fjh.- og viðskn. að lögin ná alls ekki tilgangi sínum. Og ég hef ekki heyrt hæstv. ráðh. eða hv. stjórnarþingmenn hrekja þær niðurstöður sem birtar eru í áliti minni hlutans. Mér finnst það varða álit og virðingu þingsins að þau lög sem það setur nái yfirlýstum tilgangi sínum. Þess vegna furða ég mig á þeim vinnubrögðum sem hv. stjórnarþm. ætla að viðhafa við afgreiðslu þessa lagafrv.

Mér sýnist brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. mjög af hinu góða og sníða augljósa vankanta af frv. Það kom greinilega fram í atkvgr. að hv. stjórnarþm. líta á það sem sitt hlutverk að koma þessu máli óbreyttu — og þá meingölluðu í gegn. Nú kann að mega kenna það einfeldni minni að ég get ekki á það fallist að hlutverk hv. meiri hl. á þingi sé fyrst og fremst að drífa stjórnarfrv. í gegn, en ekki að tryggja ásamt öðrum þm. að lög séu réttlát og umfram allt nái yfirlýstum tilgangi sínum. Þetta er e. t. v. barnaleg afstaða og í litlu samræmi við raunveruleikann, en mér finnst að sjálfstæði þingsins og ábyrgð í vinnubrögðum hljóti að vera sameiginlegt hagsmunamál þm. í stjórn og stjórnarandstöðu.

Sú viðleitni til mildandi aðgerða sem birtist í þessu frv. er af hinu góða, en ég hlýt að harma að ekki verður séð að það nái þeim tilgangi sínum að vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Frestun greiðslna vegna verðtryggðra íbúðalána, frv. 47. mál (þskj. 50). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild til að fresta greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána, en það er flutt til staðfestingar á samhljóða brbl. nr. 57 frá 27. maí 1983. Brbl. voru sett til þess að létta greiðslubyrði húsbyggjenda vegna verðtryggðra lána, þar sem verðlag hafði hækkað meira en laun um nokkurt skeið. Voru lögin þáttur í aðgerðum af hálfu ríkisstj. til að aðstoða húsbyggjendur. Samkvæmt þeim gat ríkisstj. að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands ákveðið að fresta greiðslum á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingarþátta og vaxta verðtryggðra lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og verðtryggðra íbúðalána banka og annarra lánastofnana er gjaldféllu á tilteknu tímabili, ef lántaki óskaði.

Greiðslum þeim sem frestað kynni að vera skyldi bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur eftir þörfum þannig að greiðslubyrði lánsins á hverjum tíma ykist ekki af þeim sökum og lánið væri með óbreyttum kjörum að öðru leyti svo og með hliðstæðum áfangagreiðslum og ella hefði verið.

Lögin hafa þegar komið til framkvæmda. Þess má og geta að ýmsir lífeyrissjóðir hafa gefið kost á sams konar greiðslufresti og hér hefur verið greint frá í kjölfar tilmæla þar að lútandi frá Sambandi almennra lífeyrissjóða og Landssambandi lífeyrissjóða. Af öðrum að-

gerðum, sem snerta einnig aðstoð við húsbyggjendur, má nefna skuldbreytingu skulda húsbyggjenda og íbúðarkaupenda af hálfu banka og sparisjóða í samræmi við samkomulag sem gert var við ríkisbankana.

Aðrar aðgerðir sem gerðar hafa verið hafa verið hér til umr. og ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þær.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð og í raun spurningar til hæstv. ráðh. Ég fagna þessari ráðstöfun út af fyrir sig, enda vart stætt á öðru fyrir stjórnvöld í kjölfar þeirra aðgerða sem gripið var til að gera eitthvað í þessa áttina. En meta skal hvað eina sem til bóta er. Mínar spurningar væru kannske fyrst og fremst um það hversu margir hefðu notfært sér þessa möguleika til frestunar sérstaklega hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég reikna ekki með því að hæstv. ráðh. hafi yfirlit um það almennt hvað þessi frestun hafi tekið til margra, en a. m. k. hjá Húsnæðisstofnun ríkisins hljóta að vera til upplýsingar um hvað margir hafa notið þess, þ. e. bæði hjá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna.

Í tengslum við þetta vakna spurningar, alveg sérstaklega í tengslum við ummæli hæstv. félmrh. um bankakerfið og hvernig það hafi tekið hér á málum. Mig minnir ég lesa það einhvern tíma í sumar að hæstv. félmrh. kvartaði mjög undan því hvernig bankakerfið hefði brugðist við þessari ráðstöfun ríkisstj., bæði um aðstoð og ekki síður um upplýsingar af þessu tilefni. Ég spyr einnig vegna þess að ég þekki því miður nokkur dæmi um ónógar upplýsingar um eðli málsins. Jafnvel veit ég þess dæmi að neikvæð mynd var dregin upp af því, þ. e. að hér væri um stundargróða einn að ræða sem í raun kæmi til með að hefna sín síðar. Þannig veit ég að einstaka húsbyggjandi fór bónleiður til búðar. Kannske var eitthvað um það, þó að ég vilji ekki fullyrða það, að menn héldu í bláeygðri bjartsýni sinni, sérstaklega stjórnarsinnar, að hér væri um eftirgjöf að ræða en ekki frestun á greiðslum. Ég veit að eitthvað hefur verið um það hjá þeim sem höfðu nógu mikla trú á þessari hæstv. ríkisstj. og fögnuðu henni mest. (Gripið fram í.) Það gætu hafa verið stjórnarandstæðingar líka. Jú, jú, það eru bjartsýnir menn í þeim flokkum líka, en kannske ekki svo mjög bjartsýnir á þessa hæstv. ríkisstj. (Gripið fram í.) Jú, líka það, ef hæstv. ráðh. vill fara í manngreinarálit hvað það snertir. Það má líka satt vera. En mér þóttu ýmsar fréttir af þessari fyrirgreiðslu bankanna of neikvæðar og ég veit um marga sem svo sannarlega þurftu á aðstoð að halda, en hættu við af því að þeir fengu ekki nægar upplýsingar eða ráðgjöf um raunverulegt eðli þessarar aðstoðar, sem vissulega var mikilvæg. Ég vildi því aðeins spyrja hæstv. ráðh. hvort hann tæki undir með hæstv. félmrh. um það að þarna hefði bankakerfið ekki staðið sig sem skyldi.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Vegna þeirra fsp. sem hv. 2. þm. Austurl. bar fram hér get ég sagt sem svar við þeirri fyrri að ég hef ekki hér þær tölur. En það er sjálfsagt að útvega þær handa þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar svo að þær upplýsingar sem óskað var eftir komist til þm.

Varðandi bankakerfið og hvort ég væri sammála því sem hæstv. félmrh. sagði í þeim efnum get ég sagt að ég gerði mitt til þess að reyna að lagfæra þá agnúa sem komu fram á þessu máli þegar unnið var að því. Ég held hins vegar að eins og ævinlega séu gagnrýnisraddirnar eignaðar of stórum hluta þeirra sem fyrirgreiðslu njóta. Auðvitað geta þær átt rætur að rekja til þess að það eru einhverjir hnökrar á því fyrirkomulagi sem menn vildu gjarnan koma á, eða þá hins að viðkomandi hafa e. t. v. ekki fallið undir það fyrirkomulag sem um var að ræða. Þegar þessum umkvörtunum var komið til skila held ég að fengist hafi leiðréttingar á þessum málum. Um nokkuð langan tíma hef ég a. m. k. ekki orðið var við að þær umkvartanir sem upphaflega voru settar fram hafi heyrst í sambandi við þetta. Og ég hef skilið það svo að það hafi komist í þann farveg sem ætlast var til í upphafi. Í framhaldi af þessu er hins vegar rétt að sú nefnd sem fær þetta til meðferðar kalli fyrir sig einhverja þá aðila sem eru í forsvari fyrir banka og sparisjóði og fái að heyra skoðanir þeirra á því hvernig með þessi mál hafi verið farið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 78. mál (þskj. 83). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 83 er frv. til l. um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969. Sams konar frv. var flutt á síðasta Alþingi og er eins konar fylgifrv. með frv. um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit á þskj. 58, sem flutt hefur verið af fjmrh. og er til meðferðar hér í þessari hv. deild. Er þar gert ráð fyrir breyttum reglum um meðferð varnings sem er í skipum eða öðrum farkostum sem koma til landsins. Til þess að ákvæði þess frv. nái tilgangi sínum þarf jafnframt að breyta tilsvarandi ákvæði í áfengislögum og er frv. þetta flutt til að samræmis gæti að þessu leyti. Jafnframt er með frv. lagt til að landhelgi samkv. áfengislögum verði framvegis hin sama og almenn landhelgi, þ. e. 12 sjómílur. Er það einnig til samræmis við áðurnefnt frv. sem gerir ráð fyrir að tollalögsagan verði 12 sjómílur.

Mér hefur borist athugasemd frá áfengisvarnaráði sem hv. nefnd, sem um þetta fjallar, mun fá til meðferðar. Dregið er í efa að þarna sé um réttmætar breytingar að ræða. Ég vil af því tilefni leggja áherslu á að heimild til innsiglunar er eftir sem áður fyrir hendi ef tollgæslan telur það æskilegt og reynslan leiðir það í ljós. Hins vegar er hér um rýmkun að ræða á möguleikum þeirra til vinnubragða sem þeir vænta að leiði til betri árangurs í þeirra starfi.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 88). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Frv. það til lögræðislaga á þskj. 88 sem hér liggur fyrir hv. deild var lagt fyrir Alþingi á s. l. vetri. Það kom til 1. umr. undir janúarlok en fékk ekki meiri umfjöllun á því þingi að öðru leyti en því, að nefnd sú sem fékk það til meðferðar leitaði umsagna um málið. Komu svör frá lagadeild Háskólans. Enn fremur hafa nú, eftir að frv. hefur verið útbýtt, borist ábendingar frá félaginu Geðhjálp um breytingar á frv. Erindi þessi verða að sjálfsögðu send nefnd þeirri er málið fær til meðferðar hér.

Frv. er nú lagt fram efnislega óbreytt. Það var samið af nefnd sem falið var að endurskoða gildandi lögræðislög. Var sú nefnd skipuð undir árslok 1980. Sérstök áhersla mun hafa verið lögð á að teknar yrðu til endurskoðunar lagareglur um vistun manna á sjúkrahúsi án samþykkis þeirrra. Mun ábending um þörf á frekari athugun á þessum lagaákvæðum hafa komið frá þeim dómstóli sem mest fjallar um slík málefni, þ. e. Sakadómi Reykjavíkur, og enn fremur frá þeim læknum sem flesta slíka sjúklinga fá til meðferðar, þ. e. læknum geðsjúkrahúsa ríkisins.

Núgildandi lögræðislög, sem sett voru árið 1947, hafa að geyma mikilsverðar úrbætur á réttarstöðu þeirra sem sæta verða vistun á sjúkrahúsi. Eftir eldri lagareglum var ekki krafist umfjöllunar dómstóla um ákvörðun stjórnvalda um vistun manna á sjúkrahúsi. Voru hinar nýju reglur í lögunum frá 1947 til þess fallnar að girða fyrir mistök þegar til slíkrar vistunar kemur. Samkv. gildandi lögum má segja að aðalreglan um skilyrði fyrir því að maður sé vistaður án samþykkis hans sjálfs á sjúkrahúsi eða líkri stofnun sé að hann hafi áður verið sviptur sjálfræði. Hins vegar er slík vistun heimil til bráðabirgða, ef brýn nauðsyn krefur, en þó er skilyrði að krafan um sjálfræðissviptingu hafi verið lögð fyrir dómara. Ástæður fyrir því að bæði dómarar og læknar telja óæskilegt að sá háttur sé hafður á, sem þær reglur gera ráð fyrir, eru fyrst og fremst að nauðsyn ráðstöfunar geti borið að svo brátt að dómari hafi litla aðstöðu til að meta aðgerðaþörf til fullnustu á stundinni og því sé æskilegra að stjórnvald, þ. e. dómsmrn., geti tekið ákvörðun um vistun til bráðabirgða, en jafnframt því er í frv. ákveðið að slík bráðabirgðavistun megi ekki standa lengur en 15 daga nema gerð sé krafa til dómara um sjálfræðissviptingu. Einnig er þeim sem vistaður er gegn vilja sínum heimilt að leita þegar úrlausnar dómstóla um ákvörðun rn. um vistunina.

Rétt er að vekja athygli á því að í nágrannalöndum okkar er ekki krafist sjálfræðissviptingar sem skilyrðis fyrir vistun. Einnig hefur verið haft í huga við mótun lagareglna þessara að sjálfræðissvipting er talsvert harkaleg aðgerð. Jafnframt er rétt að geta þess, að það er tiltölulega fátítt að til sjálfræðissviptingar komi, þótt krafa sé ávallt um hana gerð svo sem lög mæla fyrir. Þó er málum hraðað, svo sem skylt er, ef sá sem vista skal æskir þess. Einnig má minna á að á allra seinustu áratugum hefur almennt orðið mjög veruleg stytting á vistunartíma geðsjúklinga vegna örra framfara í meðalameðferð.

Rétt er að taka fram að dómsmrn. hefur talið núgildandi meðferð sæmilega viðhlítandi þótt skilningur sé á viðhorfum þeirra aðila sem áður voru nefndir. Jafnframt skal vakin athygli á því, að í frv. er ráðgert að dómsmrn. hafi aðgang að trúnaðarlækni sér til styrktar við mat á þörf á vistun til bráðabirgða, og er slíkum trúnaðarlækni heimilað að kanna heilsufarsástand sjúklinga sem vistaðir eru gegn vilja sínum.

Í frv. er gert ráð fyrir því að mál til sviptingar lögræðis og brottnáms lögræðissviptingar verði flutt frá sakadómi til almenns héraðsdóms, í Reykjavík til borgardóms. Hefur í því sambandi láðst að leggja til að fellt verði niður ákvæði 4. tölul. 2. gr. laga um meðferð opinberra mála, um meðferð þessa máls, og er því beint til nefndar þeirrar sem málið fær til meðferðar að úr þessu verði bætt.

Nefnd þeirri sem frv. samdi var falið að endurskoða lögræðislögin í heild, eftir því sem hún teldi ástæðu til. Nefndin fór lítið út fyrir það svið sem sérstaklega var tilefni endurskoðunarinnar og kann því að verða síðar tilefni til að öðrum efnum verði gerð skil. Má þar nefna reglur um fjárforráð ómyndugra, en það efni mun þarfnast umfangsmikillar könnunar.

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að máli þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki þá dul að ræða þetta frv. nú eða einstakar greinar þess. Ég er svo sannfærður um það, að hér er í flestu mjög til framfara stefnt og mannúðarsjónarmið ráða hér enn frekar en í gildandi lögum. Ég get þó ekki stillt mig um, við þessa 1. umr., að lesa hér upp grg. sem ég bað félagið Geðhjálp, sem er félag aðstandenda geðsjúkra og geðsjúkra, að semja um þetta frv. Vona ég að hv. þingnefnd taki þetta erindi til athugunar, enda hefur bæði hæstv. dómsmrh. og ýmsum hv. þm. verið send þessi grg. Hún er ekki löng og ég leyfi mér að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagið Geðhjálp fagnar frv. til lögræðislaga sem nú er borið fram á Alþingi. Það er álit félagsins að þetta frv. sé skref í þá átt að bæta hag þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Er þar helst til að nefna þar sem í III. kafla frv. segir að í neyðartilfellum megi skerða frelsi einstaklinga í allt að tvo sólarhringa án þess að til komi sviptingarbeiðni eða samþykki dómsmrn. Með samþykki dómsmrn. og að mati læknis má svo vista einstakling í allt að hálfan mánuð á stofnun án formlegrar sviptingarbeiðni. Eftir það þarf sviptingarbeiðni og e. t. v. dóm í máli viðkomandi einstaklings.

Að mati Geðhjálpar er síðastnefnda tveggja vikna reglan framför frá gömlu lögunum að því leyti að nú ætti að vera auðveldara en áður að veita framangreinda vistun án þess að til þurfi að koma beiðni um lögræðissviptingu. Reynsla hérlendis og erlendis frá hefur oftlega sýnt að beiðni um lögræðissviptingu og ekki síst formlegur dómur í slíku máli er mjög alvarleg stimplun og getur valdið viðkomandi einstaklingi margs konar óþægindum og andlegum erfiðleikum. Dómar um fjárræðissviptingu eru birtir alþjóð í Lögbirtingablaði svipað og þegar fólk var hýtt opinberlega áður fyrr. Geðhjálp leggur því til að það ákvæði verði fellt niður.

Aðalathugasemd Geðhjálpar við þetta frv. er í sambandi við hvernig staðið skuli að úrskurði um vistun einstaklings, sem dvelst á stofnun gegn vilja sínum, og sömuleiðis að leggja beri fram sjálfkrafa sviptingarbeiðni strax eftir nefnda 14 daga, ef nauðsyn þykir á lengri vistun.

Í 17. gr. frv. er talað um trúnaðarlækni á vegum dómsmrn., þar sem rn. getur leitað umsagnar áður en það veitir heimild til vistunar. Yfirlæknir á viðkomandi deild ber svo ábyrgð á útskrift viðkomandi einstaklings. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sem allra flestar beiðnir og dóma um lögræðissviptingu kemur Geðhjálp með eftirfarandi brtt. við 17. gr. frv.:

Stofnuð skal fjögurra manna nefnd með jafnmörgum varamönnum. Í nefndinni skulu eiga sæti einn lögfræðingur, einn læknir, einn sálfræðingur og einn aðstandandi skjólstæðings eða einn skjólstæðingur.

Nefndinni berast allar beiðnir um vistun á sjúkrahúsi sem vara lengur en tvo sólarhringa. Nefndin er dómsaðili sem ákvarðar hvort þörf er á beiðni um lögræðissviptingu. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur. Í sérstökum tilvikum getur nefndin gefið leyfi til að framlengja vistun á stofnun um eina viku umfram þá 14 daga sem nefndir eru í 19. gr. frv. Slíkt yrði þá fyrst og fremst gert til að komast hjá beiðni um lögræðissviptingu.

Skal nefndinni búin starfsaðstaða og henni jafnframt tryggður aðgangur að þeirri sérfræðiþjónustu sem þurfa þykir til að leysa þau verkefni sem nefndinni berast.

Öllum málum er varða vistun og mögulega beiðni um lögræðissviptingu skal vísa tafarlaust til landlæknis. Hann skal tafarlaust leggja málið undir úrskurð fyrrgreindrar nefndar. Nefndinni ber að hafa að leiðarljósi hagsmuni og velferð þess einstaklings sem fjallað er um hverju sinni. Ef ágreiningur rís er hægt að senda úrskurð nefndarinnar til almennra dómstóla og skal þá fara með málið sem einkamál."

Eins og till. ber með sér er til þess ætlast að nefndin reyni í lengstu lög að forðast að til lögræðissviptingar komi og eins að nefndin komi strax til skjalanna þegar nauðsynlegt hefur reynst að skerða frelsi einstaklings, eða eins og segir í 13. gr.: „ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna." Í undantekningartilvikum getur vikufrestur umfram þá 14 sólarhringa sem nefndir eru í 19. gr. komið í veg fyrir að gefa þurfi út slíka beiðni.

Slík nefnd hefur að öllu jöfnu betri möguleika til að kynna sér mál viðkomandi einstaklings og meta þau en einn læknir hefði. Læknirinn í nefndinni gæti komið í stað trúnaðarlæknis sem nefndur er í 17. gr. frv. Ástæðan til þess að lagt er til að hafa lögfræðing með í nefndinni er sú, að slík mál hafa ýmsar lögfræðilegar hliðar. Nauðsynlegt er að hafa lögfræðing með í ráðum ef nefndin á að mestu leyti að taka við hlutverki dómskerfisins í þessum málum. Seta sálfræðings í nefndinni á að tryggja að lögð verði áhersla á sálfræðilegar og félagsfræðilegar hliðar í sambandi við nauðungarinnlögn og mat á beiðnum um lögræðissviptingu. Einnig er mikilvægt að reynsla aðstandenda eða skjólstæðings sé til staðar í slíkri nefnd, einstaklinga sem þekkja ýmsar hliðar þessara mála af eigin reynd.

Með því að vísa málinu til landlæknis er verið að beina þessum málum meira inn í farveg heilbrigðisþjónustunnar, félagslegrar, sálfræðilegrar og læknisfræðilegrar, þessi mál eru þannig beinni hluti af heilbrigðisþjónustunni en verið hefur. Þetta tengist jafnframt hugmyndum Geðhjálpar um að bæta þá þjónustu sem einstaklingar í kreppu eiga völ á og að slík þjónusta sé sem mest fyrir utan hinar stóru stofnanir.

Með tilliti til starfa slíkrar nefndar má vísa til jákvæðrar reynslu af þriggja manna nefnd er fjallar um ágreining sem rís um það hvort framkvæma skuli fóstureyðingar eða ófrjósemisaðgerðir. Samtöl við nefndarmenn hafa leitt í ljós góða samvinnu í nefndinni og að hagsmunir skjólstæðingsins hafa verið hafðir að leiðarljósi.

Síðan segir með leyfi forseta um geðheilbrigðisþjónustuna úti í samfélagi, sem ég skal ekki fara náið út í:

„Þrátt fyrir að frv. til lögræðislaga sé framfaraspor í málefnum þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða, þá skortir mjög á þjónustu er miðar að því að leysa vandamálin þar sem þau eiga sér stað úti í samfélaginu.

Í 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu frá 1983 er kveðið á um að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veita m. a. geðverndarþjónustu, fjölskyldueða foreldraráðgjöf.

Í lögum og reglugerðum eru þannig til ákvæði um geðheilbrigðisþjónustu sem í reynd er alls ekki til eða í mjög litlum mæli til staðar. Bæði lög og reglugerðir urðu til vegna mjög raunverulegra þarfa á slíkri þjónustu og er því mjög mikilvægt að fylgja þessu máli mjög eftir."

Ég hirði ekki um að lesa frekar úr þeim eftirmála sem félagið Geðhjálp sendir frá sér um þetta. Vissulega er það til athugunar en snertir ekki þessi lög sérstaklega, heldur miklu fremur kannske lögin um heilbrigðisþjónustu, hvernig þau eru framkvæmd. Ég mælist til að þessar tillögur verði athugaðar í hv. þingnefnd sem fær þessi mál til meðferðar og þar verði komið til móts við þetta félag, sem hefur unnið mikið og gott verk fyrir skjólstæðinga sína frá því að það var stofnað, eins mikið og frekast þykir fært.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 88. mál (þskj. 142). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég legg hér fram stjfrv. til l. um Lífeyrissjóð bænda á þskj. 142.

Í sept. 1982 skipaði fjmrh. nefnd til að fjalla um endurskoðun á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Skyldi nefndin sérstaklega gera tillögur til breytinga á þeim reglum er fjalla um lífeyrisrétt hjóna og sambúðarfólks. Í nefndinni áttu sæti þeir Árni Kolbeinsson, Bjarni Þórðarson, Guðjón Hansen og Gunnar Guðbjartsson.

Tilefnið að skipun nefndarinnar var umfjöllun kjörmannafunda, aðalfundar og stjórnar Stéttarsambands bænda á árinu 1981 um breytingar á lífeyrissjóðslögunum. Samþykkti aðalfundur Stéttarsambandsins á árinu 1981 ályktun um þetta efni og hinn 5. nóv. það ár samþykkti stjórn sambandsins ályktun mjög svipaðs efnis. Í þessum ályktunum er talað um að þrjú atriði laganna þarfnist endurskoðunar eða nánari könnunar.

Í fyrsta lagi skuli mökum bænda tryggð sjálfstæð aðild að sjóðnum, þannig að lífeyrisréttur hjóna verði jafn. Í öðru lagi þurfi að kanna möguleika á skylduaðild launþega í landbúnaði að sjóðnum. Í þriðja lagi verði

athugað hvort tímabært sé að lækka aldursmarkið til töku lífeyris úr sjóðnum.

Nefndin fjallaði um öll þau atriði í lögum um Lífeyrissjóð bænda sem að framan getur. Ljóst varð og að ýmis önnur atriði laganna þörfnuðust endurskoðunar vegna breyttra aðstæðna og breyttrar almennrar löggjafar um lífeyrismál. Varð niðurstaðan sú í nefndinni að stefnt skyldi að heildarendurskoðun laganna. Skiladi nefndin tillögum sínum í júlímánuði 1983 og er frv. þetta byggt á þeim.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að fylgja þessu frv. úr hlaði með lengri ræðu þar sem aths., sem fram koma með frv., gefa greinargott yfirlit yfir málið í heild. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. landbn. og 2. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég vil lýsa fylgi mínu við meginefni þessa frv. Þar eru þó mörg atriði sem að sjálfsögðu ber að athuga í nefnd. Þar á ég sæti og mun því nú aðeins segja fáein orð.

Ég leitaði til þess aðila sem er kannske nákunnugastur framkvæmd núgildandi laga og hefur kynnt sér gerla þessar breytingar. Ég veit að hann er nákunnugur og sáttur við meginatriði þessa frv., en bendir þó á þetta sem ég hygg að rétt sé að nefndin hugi sér í lagi að. Með leyfi hæstv. forseta segir svo í bréfi hans:

„Gert er ráð fyrir að skipta öllum iðgjöldum að jöfnu milli hjóna, en áður fóru þau inn á það hjónanna sem skráð var fyrir lögbýlinu. Vinningur við þessa breytingu er að nú eru bæði sjóðfélagar og njóta sjálfstæðs ellilífeyris og makalífeyris við fráfall maka. Hins vegar tapa þeir makar sem áður hefðu fengið fullan makalífeyri. Þeir fá nú aðeins af hálfu iðgjaldi.

Ég get nefnt dæmi um ungar ekkjur, sem nú njóta hárra bóta úr sjóðnum og hafa geta haldið búskap áfram með börnum sínum þó búskapur hafi dregist saman. Hins vegar eftir breytinguna njóta bændurnir makalífeyris eftir fráfall eiginkvenna, en að sjálfsögðu af hálfu framlagi.

Þá má benda á að ef um miseldri er að ræða, bóndinn t. d. 10 árum eldri, sem ekki er óalgengt, þá fá þeir eftir breytingu eftirlaun frá 67 ára aldri eingöngu vegna þeirra stiga sem inn á þá hafa farið. Konan þarf að bíða með töku vegna síns hluta til 67 ára aldurs einnig. Það má segja að ef um miseldri er að ræða á hinn veginn, þá kemur það plúsmegin en það er mun óalgengara.

Þá verður gert ráð fyrir að taka af framleiðslu upp að tvöföldu vísitölubúi eftir breytingu, en var áður af 1½ búi hjá hjónum, hjá einstaklingi af einu búi. Þessi breyting mildar fyrsta atriðið, sem ég benti á, en á aðeins við hjá stóru búi. Við athugun sem gerð hefur verið um skiptingu iðgjalda eftir bústærð, vegna þess að hér er talað um að þetta komi einungis til hjá þeim búum sem stærri eru, þá hefur komið í ljós að um 800 bú greiða af 1½ vísitölubúi, um 1150 af 1—1½ vísitölubúi, eða um 1950 bú sem framleiða af einu vísitölubúi og meira. Um 1000 bú framleiða frá 280 ærgildum til 440 ærgilda, á um 900 búum er framleitt frá 120 til 280 ærgilda og um 800 bú — ég undirstrika þá tölu — eru með frá 1 til 120 ærgilda. Þessar upplýsingar sýna að nokkru hvernig landbúnaðarframleiðslan skiptist á framleiðendur í landinu, en þessar tölur eru unnar upp úr iðgjaldaskránni."

Ég taldi rétt að koma þessum ábendingum á framfæri frá Stefáni Pálssyni, sem er forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins og sér auk þess um greiðslur úr Lífeyrissjóði bænda. Ég taldi rétt að koma því hér á framfæri og veit að hann og aðrir forsvarsmenn Lífeyrissjóðs bænda munu að sjálfsögðu gefa landbn. fyllri upplýsingar þegar þar að kemur.

Árni Gunnarsson: Virðulegi forseti. Ég hef ekki nema gott eitt um þetta frv. að segja. Hins vegar kemur það alltaf upp í huga mér þegar fjallað er um málefni af þessu tagi, sem tengjast bændastéttinni, að ég fæ aldrei svar við þeirri spurningu þegar fjallað er um réttindamál bænda eins og lífeyrismálin, hvort bændur eru í þeim tilvikum launþegar eða atvinnurekendur. Ég hef einhvern veginn orðið var við það, að því sé hagrætt einhvern veginn eftir hendinni, þeir séu atvinnurekendur þegar það er heppilegt en launþegar þegar það er heppilegt. Það væri gaman að spyrja hæstv. fjmrh. hvort bændur væru í þessu tilviki atvinnurekendur eða launþegar, hvort lífeyrissjóðurinn væri fyrir launþega eða atvinnurekendur. Ég vildi óska eftir því að hæstv. fjmrh. svaraði þessu.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta breytti einhverju um þann kostnað sem ríkissjóður hefur af afleysingaþjónustu bænda. Ef þeir fá þarna sérstakan lífeyrissjóð hlýtur það að verða mjög gild spurning hvort það sé réttmætt gagnvart öðrum þjóðfélagshópum að bændur hafi sérstaka afleysingaþjónustu, sem ríkið leggur til milljónir á hverju ári. Ég vildi gjarnan fá svör við þessum spurningum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vildi kannske aðeins bæta einu orði við þessa spurningu eða beina henni öllu heldur einnig til hæstv. landbrh. Ef ég man rétt sagði hæstv. landbrh. það alveg skýrt og skorinort í viðtali í Ríkisútvarpinu í sumar að bændur væru atvinnurekendur. Ég man ekki nákvæmlega hvaða dag þetta var en það var ekki löngu eftir að hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Ég vildi bara óska þess að hæstv. landbrh. leiðrétti mig þá ef ég fer rangt með. — Ég hygg að það sé nú hægt að fá útskrift af þessu hjá Ríkisútvarpinu — en að hann staðfesti það annars og ítreki það sem hann sagði í Ríkisútvarpinu, að bændur væru atvinnurekendur. Það fór ekkert á milli mála í ræðu hans þar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ekki hélt ég að það ætti fyrir mér að liggja að skilgreina hvað er bóndi eða hvenær bóndi er ekki bóndi eða atvinnurekandi. Ég verð líklega að gera tilraun til þess.

En fyrst vil ég segja það að hv. þm. Árni Gunnarsson blandar saman lífeyrissjóði og afleysingasjóði, afleysingasjóði bænda. Það er spurt um það. (**ÁG:** Hvort hann sé í gildi áfram fyrir afleysingaþjónustuna.) Já, ég reikna með því að afleysingasjóðurinn verði í gildi áfram. Afleysingasjóðurinn er sjóður sem greiðir laun þeirra sem leysa bændur af í veikindaforföllum eða í hvíldarfríum. Það fer ekki á milli mála og blandast ekki saman við það frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda sem hér er á dagskrá. Hv. þm. spurði: Hvað er bóndi í þessu sambandi? Er hann atvinnurekandi eða er hann ekki atvinnurekandi? Er hann launþegi? Ég vil þá með leyfi forseta lesa upp 2. gr. frv. sem svarar spurningunni. Hún hljóðar svo:

„Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Bóndi í þessu sambandi, þar með talinn aðili að félagsbúi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, enda hafi hann náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð eiga bæði rétt á sjóðsaðild, ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt eða eiga von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega.

Launþegar er stunda störf við landbúnað skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð 16 ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa þetta frekar en ég held að þetta svari spurningunni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ástæðurnar fyrir þessum spurningum eru ákaflega einfaldar og auðskildar. Ég hélt að það ætti ekkert að fara á milli mála hvað verið er að spyrja um hér. Það liggur í fyrsta lagi ljóst fyrir að greiðslum atvinnurekenda til lífeyrissjóða er öðruvísi háttað en greiðslum launþega.

Í öðru lagi: Þegar málið um afleysingaþjónustu bænda var hér til umr. á Alþingi var m. a. rætt um það sem forsendu þess að hún yrði tekin upp að bændur hefðu svo litlar og lélegar tryggingar almennt. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðh., í þessu tilviki bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh., hvort þeir líti svo á að bændur eigi, hafandi fengið þessar lífeyristryggingar, þar sem í þessu tilviki er aðallega um makaréttinn að ræða, að hafa umfram aðrar stéttir í þjóðfélaginu afleysingaþjónustu, sem ríkið greiðir, að ríkið leggi fram fjármuni til afleysingaþjónustu fyrir bændur og hvort það gæti þá gilt um fólk í öðrum stéttum, sem þyrfti að komast úr landi og teldi sig ekki hafa aðstæður til þess, eins og atvinnurekendur í stórfyrirtækjum, hvort þeir gætu fengið einhverja afleysingaþjónustu. Mér finnst það vera afskaplega einfalt.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég hika ekkert við að koma hingað og staðfesta það að ég hafi sagt að bændur væru atvinnurekendur. Ég held að það fari ekkert á milli mála að landbúnaður er atvinnurekstur. Og við vitum það að búrekstur á einu býli er orðinn allumfangsmikill. Það þarf ýmislegt til og bóndinn ber alla ábyrgð á þeim búrekstri sem þar fer fram. Hins vegar er staða þeirra kannske nokkuð öðruvísi en annarra atvinnurekenda. Það er orðið mjög fátítt eða tiltölulega lítið um það að þeir hafi fólk í vinnu utan sinnar fjölskyldu. Þetta er sem sagt fjölskylduvinna fyrst og fremst sem fer fram á búunum.

En það er kannske öllu erfiðara fyrir mig að svara því sem hv. síðasti ræðumaður spurði um. Ég man nú ekki nákvæmlega hvernig hann orðaði það, eitthvað á þá leið hvort mér fyndist eðlilegt að bændur hefðu afleysingaþjónustu til þess að komast úr landi eða ríkið greiddi afleysingaþjónustu til þess að bændur kæmust úr landi. (**ÁG:** Nei, gætu tekið sér frí.) Gætu tekið sér frí. Það er auðséð að hv. þm. hefur ekki hugmynd um hvað hann er að tala um. Bændur fá því aðeins afleysingamann að þeir hafi læknisvottorð um að þeir séu veikir og það er satt að segja alveg nýtt að heyra það frá þm. Alþfl. að þegar maður verður veikur, þá sé hann að taka sér frí. Á þessum grundvelli verð ég að viðurkenna að það er ákaflega erfitt fyrir mig að svara. (**ÁG:** Það var spurningin, hæstv. ráðh., hvort ráðh. teldi eðlilegt að þessir fjármunir kæmu úr ríkissjóði.) Já, úr ríkissjóði til þess að bændur tækju sér frí. En það fjármagn sem kemur til forfallaþjónustu bænda er eingöngu veitt til þess að bændur geti fengið mann þegar þeir verða veikir. Og það kallar þm. Alþfl. að taka sér frí. Þetta er svo ólíkt þeim hugsunarhætti sem við eigum að venjast að ég skil satt að segja ekki þessa röksemdafærslu.

En hitt er annað mál, að forfallaþjónustunni var komið á fót þegar samþykkt var að launþegar gæfu eftir 3% af sínum tekjum. Og það er bundið í lögum um afurðaverð frá bændum að þeir hafi svipuð laun og ákveðinn hópur launþega. (Gripið fram í.) Já, já og þá var þetta tekið upp til þess að koma þarna á móti og búvöruverðið þá þar af leiðandi samkv. lagaákvörðunum sem þessu nam lægra. Ef þetta yrði afnumið mundi þessi liður vitanlega koma inn í búvöruverðið sem útgjaldaliður, ef þannig yrði komið á tryggingu meðal bænda. Og í sjálfu sér kannske skiptir það ekki höfuðmáli fyrir bændur, en þetta er ein af þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar til þess að halda niðri verðlagi í landinu, og eins og hv. 2. þm. Austurl. benti á varð það að samkomulagi hjá þeirri ríkisstj. sem Alþfl. stóð að svona skyldi að málum staðið. En það er allt önnur saga heldur en það, hvort ríkið sé að greiða fyrir því að bændur taki sér frí, í þeim skilningi sem ég hélt að flestir hv. alþm. legðu í það orð.

Árni Gunnarsson: Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að gera þetta að neinu ágreiningsmáli við hæstv. landbrh., en ég get ekki séð að spurningin hafi komist til skila enn þá. Hún er einfaldlega þessi: Ef bændur eru atvinnurekendur finnst þá hæstv. ráðh. rétt að ríkissjóður greiði, til þess að atvinnurekendur geti farið í hvort sem kallað er veikindafrí eða eitthvert annað frí, fjármuni beint úr ríkissjóði? Þetta er spurningin sem ég lagði fyrir hæstv. landbrh. Svo einföld var hún.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er líklega rétt að þegar þessari spurningu var beint til mín svaraði ég henni ekki. Ég held að ég svari spurningunni þannig að mér finnst ekkert óeðlilegt að ríkissjóður borgi afleysingar í veikindafríi bænda umfram aðra atvinnurekendur. Ég er t. d. sem atvinnurekandi með þó nokkuð marga í vinnu, nokkur hundruð manns í vinnu, áður en ég varð ráðh., bæði hjá Hafskip og Tollvörugeymslunni og eigin fyrirtækjum. Ég held að það hafi ekkert gert til þó t. d. ég eða einhverjir aðrir forstjórar fyrirtækis hafi verið veikir í nokkra daga eða jafnvel þó nokkur hluti af starfsfólki í einu. Það hefði út af fyrir sig ekkert skeð. En ef bóndi er veikur og það álag sem umhirða á skepnum kallar yfir hann sjálfan og hans starfslið þyrfti að lenda kannske á eiginkonu eða ungum börnum, þá tel ég með það í huga ekkert óeðlilegt að ríkisvaldið hlaupi undir bagga með bóndanum, þó ekki væri nema til að halda í eðlilegu horfi rekstri býlisins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 87). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Byggingarframkvæmdir Seðlabanka Íslands, frv. 101. mál (þskj. 122). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Afnám laga um álag á ferðagjaldeyri, frv. 23. mál (þskj. 23). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Niðurfelling stimpilgjalda af íbúðalánum, frv. 27. mál (þskj. 27). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 49. mál (þskj. 52). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, frv. 59. mál (þskj. 64). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður, frv. 7. mál (þskj. 7). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verslunaratvinna, frv. 14. mál (þskj. 14). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir var flutt snemma á þessu þingi og ég geri ráð fyrir því að hv. alþm. hafi kynnt sér efni þess nokkuð. Það á mjög vel við einmitt núna að ræða þetta mál, vegna þess að nú er uppi sérstakur og mikill vandi í þjóðarbúinu og þess vegna ekki aðeins réttlætanlegt heldur líka nauðsynlegt að leita allra leiða sem hugsanlegar eru til að mæta þeim vanda sem um er að ræða. Þá mega menn ekki aðeins horfa á hefðbundnar lausnir, heldur verður einnig að skoða aðra möguleika í efnahagsmálum þjóðarinnar — möguleika sem ekki hefur verið gripið til á undanförnum árum, m. a. möguleika sem hafa það í för með sér að takmarka eitthvað aðgang að takmörkuðum gjaldeyrisforða landsmanna.

Það frv. sem hér er flutt gerir ráð fyrir einni lítilli breytingu á lögunum um verslunaratvinnu í þá veru, að það þurfi sérstök leyfi og sérstök meðmæli til að stunda innflutningsverslun hér á landi.

Nú kann að vera að einhver segi sem svo, að það sé mikil bjartsýni að vera að flytja slíkt frv. um þessar mundir, þegar búið er að mynda hér í landinu ríkisstjórn sem starfar nánast í einu og öllu eftir uppskriftum Verslunarráðs Íslands, sama hvar er borið niður í þeim efnum. Það er Verslunarráð sem þessa dagana fær skýrslur um helstu afrek úr stjórnarherbúðunum á undan Alþingi auðvitað og sennilega á undan stjórnarflokkunum sjálfum líka. Þegar nýkjörinn formaður Sjálfstfl. greinir frá því hvað hann vilji gera í bankamálunum, þá byrjar hann á því að gefa Verslunarráðinu skýrslu. Aldrei hefur stjórnarandstaðan séð þessa skýrslu, sennilega ekki heldur stjórnarflokkarnir, en Verslunarráðið fær skýrslu um að nú sé svo komið að eitt það brýnasta í efnahagsmálum Íslendinga sé að gefa stofnun bankaútibúa í landinu frjálsa, það sé það sem koma skal og gera beri andspænis hinum mikla vanda þjóðarinnar um þessar mundir með samdrætti í þorskafla og öðru því sem slíkri óáran fylgir. Síðan er því lýst yfir að einnig sé mjög nauðsynlegt um þessar mundir, frammi fyrir hinum miklu vandamálum þjóðarbúsins, að gefa verslunarálagninguna frjálsa. Það sé alveg sérstaklega brýnt og nauðsynlegt innlegg í þjóðmálabaráttuna um þessar mundir að verslunarálagningin verði frjáls. Og hún á víst að verða það frá og með 1. febr. n. k. samkv. blaðafréttum. Það hefur auðvitað ekki verið sagt frá því hér á hv. Alþingi frekar en öðru, en formaður Verslunarráðs Íslands, Ragnar Halldórsson, greindi hins vegar frá því núna á dögunum að ríkisstj. væri á réttri leið í þessu eins og öðru, og gerist það mjög um svipað leyti að þeir sem þarna er verið að hampa, það er ekki alþýða manna sem verið er að hampa

þarna, en þeir sem verið er að hampa eiga vona á meiri glaðningi frá þessari ríkisstj. framsóknarmanna og Sjálfstfl., þ. e. skattfrelsi hlutafjár, sem framsóknarmenn telja brýnast að innleiða um þessar mundir, samvinnuleiðtogarnir. Skattfrelsi hlutafjárins verði sú fyrsta umbót í skattamálum sem gripið verði til. Kemur það í sjálfu sér engum á óvart, en fróðlegt er engu að síður að þannig skuli vera ástatt um stjórn landsins um þessar mundir. Einmitt þegar sverfur harðar að alþýðuheimilunum en nokkru sinni fyrr um áratuga skeið er það skattfrelsi hlutafjár sem er brýnast að knýja fram í þjóðfélaginu. Og ekki er það væntanlega hin blásnauða láglaunaalþýða sem ætlar að kaupa hlutabréfin — eða hvað? (**Gripið fram í:** Hvaða mál er á dagskrá, herra forseti?)

Hér er á dagskrá mál sem snertir mjög hinn alvarlega efnahagsvanda í þjóðarbúinu og heitir frv. til l. um breyt. á lögum um verslunaratvinnu og gerir ráð fyrir að það þurfi sérstakt leyfi til að stunda innflutningsverslun, vegna þess að þeir sem fara með innflutningsverslunina eru að eyða hinum takmarkaða gjaldeyri þjóðarinnar. Það er nauðsynlegt og sjálfsagt einmitt um þessar mundir að bregðast við vanda þjóðarbúsins með því að takmarka aðgang að þessum gjaldeyrisforða. En því rakti ég þetta svo ítarlega, herra forseti, í upphafi máls míns að það kann að virðast sem þetta frv. sé nokkuð á skjön við hina ofstækisfullu trúboða verslunarfrelsisins, sem núna sitja í valdastólum í þessu landi, fulltrúa Framsfl. og Sjálfstfl.

Út af fyrir sig er nokkuð til í því að það frv. sem hér er flutt sé sennilega ekki í samræmi við þá stefnu sem þar er boðuð. Engu að síður tel ég rétt að vekja athygli þingheims á þessu máli og láta á það reyna hvaða undirtektir það fær einmitt um þessar mundir, vegna þess að ég tel að með aðgerðum eins og þeim sem frv. þetta boðar, mörgum slíkum aðgerðum, auðvitað ekki bara þessu heldur mörgu öðru, eigi að reyna að bregðast við vanda þjóðarinnar til að draga úr viðskiptahalla og gjaldeyriseyðslu.

Lögin um verslunaratvinnu, sem hér eru á dagskrá, eru frá 1968 með breytingum frá 1970 og 1972. Lögin um verslunaratvinnu eru að mörgu leyti ófullkomin lög og þeir sem stunda verslun í þessu landi hafa oft á liðnum árum sent frá sér ályktanir og áskoranir um að nauðsynlegt sé að laga þessi lög. M. a. er mér kunnugt um að komið hafa um það ábendingar frá Kaupmannasamtökunum og einnig Verslunarráði Íslands að margt í þessum lögum sé þannig, að það megi betur fara og þurfi að lagfæra.

Eins og kunnugt er er verslun hér á landi yfirleitt ekki leyfisbundin nema með mjög takmörkuðum hætti. Til að fá verslunarleyfi þurfa menn ekki að uppfylla mjög miklar kröfur, það eru ekki gerðar strangar kröfur til þeirra sem fá verslunarleyfi. Hins vegar hefur það verið svo, að útflutningsverslun hér á landi hefur verið háð leyfum. Það hefur enginn maður fengið að flytja úr landinu vöru öðruvísi en að hann gæti sýnt fram á að hann gæti tryggt fullnægjandi verð og skil á andvirði vörunnar til íslenskra bankastofnana. Í útflutningsversluninni hefur sem sé verið beitt ströngu aðhaldi í þeim efnum. Það hefur verið gagnrýnt á liðnum árum nokkuð, en þó er það nú þannig í heildina tekið að ég held að ekki sé svo að útflutningsverslunin hjá okkur liggi undir stórárásum. Auðvitað má margt að henni finna, m. a. að þar sé of lítið gert af því að reyna að brjótast í leit að nýjum mörkuðum, en hitt verða menn að muna í þessu efni, að miklu skiptir að vel sé með hlutina farið og að útflutningsverslunin sé traust, svo mikilvæg sem hún er fyrir allt efnahagslíf landsmanna.

Í innflutningsversluninni hefur þetta hins vegar verið með öðrum hætti. Þar hefur ríkt frumskógarlögmál, mörg hundruð aðilar hafa verið að flytja inn vörur til landsins, hafa fengið takmarkalausan aðgang að gjaldeyrinum til þess að kaupa vörur inn til landsins. Þar hefur sem sagt kveðið við talsvert annan tón en í útflutningsversluninni. Margir hafa orðið til að benda á það á liðnum árum að nauðsynlegt sé að setja reglur um innflutningsverslunina og starfsemi hennar og að það sé lítið samræmi í því að menn stundi útflutningsverslun undir ströngu eftirliti, eins og nú er um að ræða, en innflutningsverslunin leiki algjörlega laus.

Ég er ekki hér að mæla með haftabúskap, sem svo er kallaður, í innflutningsverslun. Ég er ekki að mæla með því kerfi sem ríkti hér fyrir nokkrum áratugum í þeim efnum á vegum fjárhagsráðs, sem Sjálfstfl. leiddi um árabil. Ég tel að það væri ekki til velfarnaðar fyrir þjóðina að taka upp á ný skömmtunar- og haftakerfi Sjálfstfl., sem fólst í fjárhagsráði. Ég held hins vegar að það gæti vel komið til greina að setja þarna vissar reglur til að betur væri farið með þann takmarkaða gjaldeyrisforða sem þjóðin á.

Margir hafa verið þessarar skoðunar á liðnum árum. Af þeim ástæðum var það svo að viðskrh., Ólafur Jóhannesson, fór fram á það 1978 við verðlagsstjóra að gerð yrði sérstök könnun á innflutningsversluninni til landsins. Niðurstaða þeirrar könnunar varð sú, að vöruverð til Íslands væri 10—15% hærra en til grannlanda okkar, þ. e. innflutningsverslunin væri þessum mun dýrari og lífskjör í landinu þessum mun lakari.

Nú er það auðvitað svo, að á þessu eru margar skýringar, sem sumar eru fullkomlega eðlilegar m. a. vegna þess að landið liggur fjær hinum stóru mörkuðum milljónanna, og af ýmsum öðrum ástæðum verður að viðurkennast að það er erfitt að tryggja vöruverð hingað til lands sem er í öllum tilvikum eða flestum jafnhagstætt og það vöruverð sem boðið er í grannlöndum okkar. Engu að síður er ekki hægt að neita því að margt kom undarlegt fram í þessari könnun verðlagsstjóra, sem var eins og ég gat um upphaflega unnin fyrir atbeina þáv. hæstv. viðskrh. Ólafs Jóhannessonar.

Í framhaldi af þessari könnun gerði verðlagsstjóri ítarlegar tillögur um breytingar á starfsemi innflutningsverslunarinnar, sem voru síðan unnar og var hrint í framkvæmd að nokkru leyti af þeirri ríkisstjórn sem sat á árunum 1978 og 1979. Meginatriðið sem sú ríkisstj. beitti sér fyrir var að mínu mati setning laganna um innflutnings- og gjaldeyrismál og útgáfa reglugerðar seint á árinu 1979 um gjaldeyrismál, sem var að verulegu leyti byggð á reynslunni af þessari könnun. Í framhaldi af reglugerðinni um innflutnings- og gjaldeyrismál, sem gefin var út í desember 1979, og þessari könnun hafa verið tekin upp ný vinnubrögð allt frá árinu 1979 í sambandi við innheimtu umboðslauna og gjaldeyrisskil umboðslauna vegna gjaldeyrisverslunarinnar — ný vinnubrögð sem vafalaust hafa skilað tryggari tekjum til íslenska bankakerfisins að því er gjaldeyri varðar en áður var um að ræða.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, vegna þess að ég tel að

það skipti miklu máli í þessu sambandi að hafa alla myndina í huga, að rifja upp nokkrar þær tillögur sem verðlagsstjóri gerði á árinu 1979 um innflutningsverslunina og jafnframt að fara yfir hvernig þau mál hafa staðið.

Fyrsta tillaga verðlagsstjóra var sú að beina þyrfti starfsemi verðlagsskrifstofunnar í ríkari mæli að eftirliti með innkaupsverði til landsins og má gera það á ýmsan hátt, segir í áliti verðlagsstjóra, m. a. í áframhaldandi samstarfi við hin Norðurlöndin.

Mér er kunnugt um að þessi tillaga verðlagsstjóra hefur í rauninni verið framkvæmd að svo miklu leyti sem hann hefur haft efni og aðstæður til. Það hefur verið fylgst með innkaupsverði til landsins betur á síðari árum en áður var og það hefur einnig verið um að ræða skipulagt samstarf verðlagsskrifstofunnar hér á landi við samsvarandi stofnanir á öðrum Norðurlöndum.

Í öðru lagi lagði verðlagsstjóri áherslu á, eins og segir í hans álitsgerð: „Jafnframt kemur til athugunar, með tilliti til hve verðlagsskrifstofan er fáliðuð, hvort ekki eigi að beina starfsemi hennar enn frekar inn á þá braut að fylgjast mjög vel með verðmyndun á almennum neysluvörum, en skipta sér minna af öðrum, eins og t. d. ýmsum munaðarvörum“, eins og segir hér.

Ég hygg að það megi segja að með ákvörðunum sem teknar voru og hafa verið teknar á síðustu árum hafi verið fylgt þeirri tillögu sem verðlagsstjóri benti á á sínum tíma og það hafi verið farið öðruvísi í verðlagseftirlitið en var gert fyrir fimm árum og þaðan af lengri tíma.

Síðan segir verðlagsstjóri: „Þá virðist mjög æskilegt að verðlagsskrifstofan geti reglulega framkvæmt verðkannanir í því skyni að örva verðskyn neytenda hér innanlands og þar með aðhald þeirra með vöruverði.“

Menn þekkja kannanir þær sem hafa sprottið upp af þessu áliti verðlagsstjóra frá árinu 1979. Þessar kannanir og niðurstöður þeirra hafa verið birtar hvað eftir annað á undanförnum misserum og ég hygg að allir geti lokið upp einum munni um að hér hafi verið vel að verki staðið af hálfu verðlagsskrifstofunnar og skynsamlegt að eyða fjármunum í þessa starfsemi. Það hefur verið svo, að síðustu árin hefur þurft að verja auknu fé til verðlagsskrifstofunnar af þessum ástæðum. Ég tel að því fé hafi verið skynsamlega varið.

Síðan segir hér: „Loks er vert að huga að því, hvort ekki sé mögulegt að einfalda það verðútreikningakerfi sem notað er í dag til hagræðis og sparnaðar fyrir innflytjendur og stjórnvöld. Sú hugmynd hefur komið fram að vinna og afgreiða samtímis tollskýrslur og verðútreikninga, en það tryggði hraðari og betri skil á verðútreikningum og ætti að spara mjög verulega mannafla, fyrirhöfn og fjármuni.“

Ég held að þessi hugmynd verðlagsstjóra um sameiginlegan útreikning á tollum og innflutningsverði sé ákaflega athyglisverð. Hún krefst hins vegar samræmingar á starfsemi tollsins og verðlagsskrifstofunnar. Þann tíma sem ég staldraði við í viðskrn. kom fram að það var ekki einfalt að koma þessu samstarfi á og hefði tekið nokkurn tíma. Ég óttast að þetta mál hafi orðið útideyða síðan þar sem ekki hafi reynst mögulegt að laða þá saman sem saman eiga í þessu efni.

Hér var aðallega verið að hugsa um að taka upp krónutöluálagningu í innflutningsversluninni. Það var aftur og aftur gerð til þess tilraun á árunum 1980—83 í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens að fá þáv. viðskrh. og verðlagsskrifstofuna til að vinna gagngert að þessu, þ. e. að taka upp krónutöluálagningu í innflutningsversluninni, en það reyndist ekki fært. Annaðhvort hefur ráðh. ekki haft áhuga á því eða ástæður eru einhverjar aðrar, því að ég veit að verðlagsskrifstofan var tilbúin að vinna að því að setja reglur um krónutöluálagningu í innflutningsversluninni. En ein meginforsenda þeirrar álagningaraðferðar er hins vegar sú, að það sé um að ræða sameiginlega verðútreikninga og afgreiðslu á tollskýrslum á vegum verðlagsskrifstofunnar og tollyfirvalda. Það verður að segja það eins og er, að verðútreikningar í innflutningsversluninni hér á landi hafa verið fyrir neðan allar hellur yfirleitt. Þetta hefur komið allt of seint og hefur þess vegna ekki veitt það aðhald sem þurfti að eiga sér stað þannig að verðútreikningar þeir sem hér hafa verið í framkvæmd hafa því miður verið mjög gagnslitlir.

Í niðurstöðum sínum benti verðlagsstjóri sérstaklega á að til að ná tökum á málefnum innflutningsverslunarinnar í heild væri nauðsynlegt að endurskoða lögin um verslunaratvinnu. Verðlagsstjóri sagði um það mál, með leyfi forseta:

„Þótt skammt sé liðið síðan lög þessi voru endurskoðuð er íhugunarefni hvort hugsanlegt væri með breytingum á þeim og framkvæmd þeirra að lagfæra verslunarhættina í samræmi við tilgang laganna. Tilgangurinn er samkv. 1. gr. þeirra að tryggja borgurunum sem besta verslunarþjónustu, að þeir sem við verslun fást séu nægilegum hæfileikum búnir til að rækja skyldur sínar og að verslun geti þrifist í landinu sem atvinnugrein.“

Síðan er hann með í sinni skýrslu, sem birt er sem fskj. með frv. þessu, ítarlegar tillögur um breyt. á lögum um verslunaratvinnu; að því er varðar útgáfu verslunarleyfa, að því er varðar skilyrði til að fá verslunarleyfi, eftirlit með verslunarleyfishöfum, gjöld fyrir verslunarleyfi og loks um fyrirgerð verslunarleyfis, en ákvæði laganna um fyrirgerð verslunarleyfis eru mjög óljós eins og þau eru nú.

Í beinu framhaldi af þessari skýrslu verðlagsstjóra frá árinu 1979 var gripið til ýmissa aðgerða varðandi verslunina, eins og ég hef þegar komið að. Eitt af því var að gerðar voru ráðstafanir til að bæta umboðslaunaskil. Mér hefur nú borist bréf frá Seðlabanka Íslands og viðskrn. þar sem greint er frá því hvernig að þessum málum hefur verið staðið, en sem fskj. II með frv. þessu um verslunaratvinnu er birt bréf viðskrh. til Seðlabankans 8. febr. 1979 um umboðslaunaskil. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í síðustu mgr.:

„Með bréfi þessu er hér með formlega af hálfu viðskrh. óskað eftir því að bankastjórn Seðlabankans geri sérstakt átak í þessum efnum, þannig að betri regla komist á þessi mál (þ. e. umboðslaunaskil) en verið hefur að undanförnu.“

Ég innti Seðlabankann eftir því og viðskrn. núna fyrir nokkrum mánuðum hvernig staðan væri í þessu efni, hvað hefði verið gert og með hvaða hætti hefði verið unnið að þessum málum í tengslum við þetta frv. Og hæstv. viðskrh. sá til þess að mér barst svar við þessu núna á dögunum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Frá 1970 hefur Seðlabankinn haft starfsmann í gjaldeyriseftirlitinu sem starfar alfarið að þessu verkefni. Tölur um peningaskil undanfarin ár eru hér

meðfylgjandi. Óhætt er að fullyrða að skil urðu meiri en þar greinir. Vakin er athygli á því, að skilin geta verið með þrennu móti." — Síðan er það rakið nokkuð. Svo segir: „Þá má benda á að veruleg breyting var gerð til að stuðla að frekari skilum, er stofnað var fyrst til innlendra gjaldeyrisreikninga í jan. 1978. Reglur um þá voru nánar útfærðar með reglugerð um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 519 frá 14. des. 1979, "— en það er sú reglugerð sem ég var að vitna í áðan — „ og þá beinlínis settar reglur um fyrirtækjareikninga, almenna og sérstaka, til að stuðla að frekari skilum."

Þessum gögnum, sem mér bárust frá viðskrn., fylgja sýnishorn af þeim bréfum sem innflytjendur fá frá gjaldeyriseftirlitinu. Hér er m. a. dæmi um bréf sem sent er þegar tregða hefur verið á umboðslaunaskilum. Það er bréf frá gjaldeyriseftirlitinu og Seðlabanka Íslands til innflytjanda. Þessi bréf eru stöðluð og iðulega send út þegar tregða er á umboðslaunaskilum. Ég held að fróðlegt sé fyrir hv. þm. að heyra hvernig þau eru stíluð. Þar segir, þegar búið er að benda á að menn eigi að sinna beiðni gjaldeyriseftirlitsins um gjaldeyrisskil:

„Með tilvísun til 15. gr. laga nr. 63 frá 31. maí 1979", — en það eru lög um gjaldeyris- og viðskiptamál sem *sett voru í tíð þáv. vinstri stjórnar*", — skal tekið fram að hafi ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir þessum málum getið þér átt von á því að öll gjaldeyrissala til yðar verði stöðvuð án frekari fyrirvara."

Hér er sem sagt um það að ræða að Seðlabankinn og *gjaldeyriseftirlit Seðlabankans setja þær reglur* alveg skýrt nú orðið samkv. þessum nýju lögum og reglugerð frá 1979, að ef ekki er um að ræða skil samkv. lögunum og reglugerðinni sé öll gjaldeyrissala til viðkomandi innflytjanda stöðvuð. Hér er um ákaflega sterkt aðhaldstæki að ræða að mínu mati og ég er sannfærður um að það hefur haft og hefur stöðugt veruleg áhrif á gjaldeyrisskil og það hvernig með þau mál öll er farið.

Vert er að geta þess í þessu sambandi, herra forseti, að sú könnun sem gerð var af verðlagsstjóra og var birt þáv. viðskrh. 23. ágúst 1978 sýndi hróplegan mun á innflutningsverði til Íslands og annarra Norðurlanda, eins og ég gat um hér áðan. Ég ætla aðeins að rifja þær tölur upp: Ef sagt er að innflutningsverð til Svíþjóðar sé 100 er innflutningsverð til Danmerkur 103.6, til Noregs 103.6, til Finnlands 104.7 og til Íslands 126.7. Þetta þýðir auðvitað ekkert minna en það, að á árinu 1983 er innflutningur til Íslands mörgum milljörðum króna dýrari en vera þyrfti ef hér væri um að ræða svipaða verslunarhætti og gerast í grannlöndum okkar. Nú er verið að tala um að það mikla áfall sem þjóðarbúið stendur frammi fyrir í sambandi við þorskstofninn kosti þjóðina 2—2.5 milljarða kr. á næsta ári. Staðreyndin er sú, að með aðhaldsstefnu í innflutningsmálum væri hægt að vega þetta upp að talsvert miklu leyti. Núv. ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. sér auðvitað ekkert annað en kauplækkun í þessu efni, en með aðhaldsaðgerðum í innflutningsmálum mætti vafalaust ná þarna mjög verulegum árangri.

Fráfarandi ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen fjallaði ítarlega um þessi mál á sínum ferli, m. a. með stofnun sérstakrar ráðherranefndar um innflutningsmál. Sú nefnd var sett á laggirnar þegar það lá fyrir að þær ráðstafanir sem ríkisstj. greip til í ágúst 1982 mundu að vísu skila verulegum árangri í þá átt að draga úr viðskiptahalla, en ekki nægilegum og það þyrfti að grípa til viðbótaraðgerða, til að draga úr innflutningi. Í þessari ráðherranefnd voru auk mín Steingrímur Hermannsson núv. hæstv. forsrh. og Gunnar Thoroddsen þáv. hæstv. forsrh. Þessi nefnd hafði sérfræðinga starfandi á sínum vegum í sambandi við innflutningsmál og sérfræðingar skiluðu áliti með bréfi dags. 11. mars 1983. Þetta áfangaálit um aðgerðir vegna halla á viðskiptajöfnuði og samkeppnisstöðu iðnaðar er birt sem fskj. IV með þessu frv. mínu um verslunaratvinnu. Undir álitið rita Þórður Friðjónsson hagfræðingur, núverandi efnahagssérfræðingur ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, og Ragnar Árnason lektor. Þriðji nm., sem var tilnefndur af þáv. viðskrh. Tómasi Árnasyni, var Björn Líndal deildarstjóri í viðskrn. Hann mætti ekki á fundi nefndarinnar af einhverjum ástæðum og tók ekki þátt í störfum hennar. En hér er um að ræða álit sem er undirritað af tveimur hagfræðingum og annar þeirra er núna efnahagsráðgjafi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Mér sýnist á þessu plaggi að því hafi ekki verið hampað mikið í þeirri ráðgjöf sem veitt hefur verið til þessa.

Þetta plagg er aðallega merkilegt fyrir þær sakir, að í því er bent á leiðir til að takmarka innflutning án þess að með því sé verið að brjóta á einn eða annan hátt þær reglur sem gilda í sambandi við fríverslun milli aðildarríkja EFTA og milli þeirra ríkja sem hafa samninga við Efnahagsbandalag Evrópu eins og um er að ræða hjá okkur.

Í grg. þeirra Þórðar Friðjónssonar og Ragnars Árnasonar er þeirra álit rökstutt með þeim hætti, að „umskipti í efnahag þjóðarbúsins hafa sjaldan orðið meiri og óvæntari en á síðasta ári. Þessi atriði valda því, að við meiri erfiðleika er nú að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar *en verið hefur á síðustu 15 árum*. Því ber brýna nauðsyn til að beita þeim aðferðum, sem unnt er, til að koma hagkerfinu á vaxtarbraut á ný."

Í þeirra tillögum, sem birtar eru á bls. 20 til og með bls. 23 í þskj. sem hér er verið að ræða um, þ. e. þskj. 14, er komið víða við og eru birtar þar 12 till. um takmörkun á innflutningi, sem allar eru þannig, að þær samrýmast reglum og samningum okkar gagnvart EFTA og Efnahagsbandalagi Evrópu.

Hér er t. d. gert ráð fyrir breytingum á ytri tollum, beitingu jöfnunartolla og *beitingu undirboðstolla*. Það er lagt til að lagt verði á sérstakt tímabundið þróunargjald. Það er rætt hér um tímabundna og sveigjanlega innborgunarskyldu. Ég vek alveg sérstaklega athygli á að það er ekki í þessu gert ráð fyrir að tekin verði upp innborgunarskylda á ný. *Men* telja að hún sé í *rauninni* ekki heppileg, því að þó að hún geti takmarkað innflutning um skeið til að byrja með dugi hún ekkert til langframa.

Hér er í sjötta lagi rætt um takmarkanir svonefndra vörukaupalána. Nú er það þannig, eins og alþm. vita, að það er heimilt að flytja inn margvíslegar vörur með erlendum vörukaupalánum. Þessar vörur eru auðvitað ekki lítill þáttur í þeirri erlendu skuldasöfnun sem þjóðarbúið stendur frammi fyrir. Meðal þess sem enn er flutt inn með gjaldfresti, á svokölluðum vörukaupalánum, eru tæki eins og heimilistæki og t. d. einkabílar. Ég held að það væri full ástæða til að þrengja verulega allar heimildir fyrir erlendum vörukaupalánum af þessu tagi.

Í tillögum Þórðar Friðjónssonar og Ragnars Árnasonar er rætt nokkuð um svokallaða innflutningskvóta. Þeir komast þannig að orði varðandi það mál, með leyfi forseta:

„Beinar magntakmarkanir á innflutningi geta með ýmsum hætti haft neikvæð áhrif á efnahagslífið. Við þær aðstæður, sem nú er við að etja í þjóðarbúskapnum, kunna þær þó að vera réttlætanlegar til bráðabirgða. Slíkar aðgerðir eru heimilar samkv. ákvæðum 19. gr. viðskiptasamningsins við EFTA."

Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að hafa í huga, vegna þess að á undanförnum árum hefur það verið þannig, að þegar rætt hefur verið um viðskiptamál, m. a. aðgerðir til verndar iðnaðinum, hefur því yfirleitt verið borið við að það væri ekki hægt að grípa til aðgerða til verndar iðnaðinum vegna þess að það bryti í bága við samninga okkar við Efnahagsbandalagið og aðild okkar að Fríverslunarsamtökunum. Ég held að aðstaða Íslands innan Fríverslunarsamtakanna sé þannig, og það sýnir reyndar reynslan, að íslensk stjórnvöld geti, ef þau vilja, látið hlusta á tillögur sínar varðandi aðgerðir til að halda utan um íslenskan iðnað og þróunarmöguleika hans. Og reynslan sýnir, að ef okkar afstaða er kynnt af fullum myndugleika á vettvangi Fríverslunarsamtakanna er tillögum okkar þar vel tekið. Ég minni á í þessu sambandi að 1979 samþykkti ráðherranefnd EFTA einum rómi og athugasemdalaust að það yrði lagt á svokallað aðlögunargjald. Og í lögum sem hér voru afgreidd á hv. Alþingi nokkru síðar var gert ráð fyrir að heimilt yrði, ef samkomulag næðist við Fríverslunarsamtökin, að leggja slíkt gjald á á nýjan leik.

Niðurstaðan hefur ekki orðið sú að leggja þetta gjald á aftur. Ég held að það sé fyrst og fremst vegna þess að menn séu ragir við að bera upp málið fyrir ráðherranefnd Fríverslunarsamtakanna. Ég á satt að segja dálítið erfitt með að skilja hvernig á því stendur að menn þora ekki að fara með þessi mál fyrir ráðherranefndina, því að mín reynsla er sú, og ég hvet núv. hæstv. viðskrh. til að kynna sér það vel, að málaleitan Íslendinga í sambandi við stuðningsaðgerðir við iðnaðinn og því um líkt er yfirleitt tekið þarna vel. Ég tel því að við þurfum ekkert að vera feimin við að flytja okkar mál á þessum vettvangi og eigum að gera það af fullri reisn og djörfung.

Áttunda tillaga þeirra Þórðar Friðjónssonar og Ragnars Árnasonar var svo um sérstakar aðgerðir til að styðja samkeppnisstöðu einstakra framleiðslugreina, sem eiga í erfiðleikum, í samræmi við 20. gr. EFTA-samningsins.

Í níunda lagi voru þeir með tillögur um að settar yrðu reglur um gæði, vörumerkingar, upprunamerkingar, staðla og þess háttar varðandi innflutning. Í þessu efni höfum við hér á Íslandi gengið mun skemmra en aðrar þjóðir. Ég held að þarna væri hægt að ná mjög verulegum árangri. Ég minni t. d. á þær reglur sem voru settar um innflutt hús á þessu ári samkv. þessari ábendingu í áliti þeirra Ragnars og Þórðar. Ég vil einnig minna á og láta þess getið hér, að snemma á þessu ári hófst sérstök athugun á hvernig best er að haga merkingum innfluttra matvæla hingað til lands. Það er verk sem er unnið á vegum Hollustuverndar ríkisins. Ég er sannfærður um að í því efni stöndum við langt að baki öðrum þjóðum. Það er iðulega svo, að verið er að flytja hingað inn matvæli sem þyrfti að hafa miklu betra eftirlit með svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Í tíunda lagi benda þeir félagar á óformlegt samkomulag um takmarkanir á innflutningi. Þá ræða þeir einnig um auglýsingar á erlendum innfluttum vörum, en erlend fyrirtæki hafa ruðst inn á auglýsingamarkaðinn með verulegri sókn á liðnum árum, m. a. í gegnum sjónvarpið, þar sem erlend fyrirtæki virðast geta vaðið fram með auglýsingar oft og tíðum langt umfram það sem okkar innlendu fyrirtæki geta. Þar með stendur innflutningurinn á markaðnum betur að vígi en innlenda framleiðslan.

Í tólfta lagi ræða þeir svo um gjaldfresti í smásölu.

Hér eru því samtals inni tólf tillögur, ítarlegar, nákvæmar, útfærðar tillögur, um hvernig er unnt að takmarka innflutning til landsins án þess að í því felist nein brot á þeim reglum sem Ísland hlýtur að fylgja sem aðili að Fríverslunarsamtökunum. Þetta finnst mér mikilvægt, virðulegi forseti, að komi hér fram um leið og frv. um breyt. á lögum um verslunaratvinnu er rætt. Ekki vegna þess í sjálfu sér að þetta frv. leysi allan vanda, heldur vegna þess að ég tel að málefni innflutningsverslunarinnar í heild séu svo þýðingarmikil í þjóðarbúskap okkar að það sé réttlætanlegt og eðlilegt að þau séu rædd mjög ítarlega hér á hv. Alþingi.

Þegar við ræðum málefni innflutningsverslunarinnar verðum við auðvitað að hafa alla þætti málsins undir. Það má ekki takmarka þetta bara við innflutningskvóta, vegna þess að það er ekki verið að gera hér neina tillögu um slíkt, það má ekki heldur takmarka þetta við verslunarleyfin sjálf, vegna þess að ekki er verið að gera tillögu um að þar verði látið staðar numið, heldur verða menn að reyna að ræða þetta sem heild sem einn meginþátt í íslenskum þjóðarbúskap. Og við skulum gera okkur grein fyrir að það eru ekki svo fáir sem starfa núorðið í innflutningsverslun, það eru ekki svo fá fyrirtæki sem aðallega hafa með að gera heildverslun hér og innflutning til landsins. Hér er því um að ræða málefni sem snertir hvern einasta mann í landinu á svo að segja hverjum einasta degi beint og þetta snertir fjölda fólks, þúsundir manna, sem hafa störf í kringum þennan þátt í efnahagslífinu.

Nú er það hins vegar svo, og ég er þeirrar skoðunar, að það hefði þurft að leggja stóraukna áherslu á að draga úr þessum kostnaði í okkar þjóðarbúi. Og ég er sannfærður um að með markvissum aðgerðum í innflutningsmálum er mögulegt að standa þannig að verki, að því áfalli sem þjóðin verður fyrir vegna samdráttar í þorskveiðum á næsta ári verði að verulegu leyti mætt með takmörkun á innflutningi til landsins. Það er a. m. k. alveg ljóst, virðulegi forseti, að það er óhæfa með öllu að ætla sér að leysa þessi mál einvörðungu með því að rífa kaup af fólkinu í landinu og líta á innflutningsverslunina eins og svo að segja heilagan hlut. Það er algjörlega fráleitt. Meðan verið er að leggja þær byrðar á fólkið í landinu sem fylgja samdrætti í þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu verður að taka á öðrum þáttum líka. Og ég vil kveða sterkar að orði og segja það, að ef ekki er tekið á allri heildinni, ef einvörðungu er ráðist að kjörum hins almenna manns, þá tekst ekki að ná verðbólgunni niður með þeim hætti sem menn hafa gert ráð fyrir, vegna þess að þá eru menn að egna á móti sér hina stóru hreyfingu launafólks í landinu, sem er tilbúin að taka þátt í að rífa

verðbólguna niður sem hluti af heild en er ekki reiðubúin að gera það ein og sér og sérstaklega ekki þegar það gerist á sama tíma og þeir þættir í þjóðfélaginu sem ég er hér að tala um, bankarnir og milliliðirnir, hirða stóraukið fjármagn, sem verið hefur. Það er ekkert annað en storkun, að ég segi ekki dónaskapur, við þetta láglaunafólk, að á sama tíma og verið er að lækka hjá því kaupið, fólk sem er með 15 þús. kr. er að tapa jafnvel þriðjungi launa sinna á tveimur, þremur misserum, þá skuli það gerast að formaður Sjálfstfl. er að boða Verslunarráðinu að nú sé það bjargræði helst handa þjóðinni að það eigi að gefa stofnun bankaútibúa frjálsa, það eigi að gefa verslunarálagningu frjálsa og það eigi að opna ennþá frekar leið heildsalanna að hinum takmarkaða gjaldeyrisforða landsmanna. Svona tillögur um þessar mundir eru ekkert annað en storkun við almenning í landinu, storkun við það láglaunafólk sem hefur verið að taka á sig stórfelldar byrðar vegna stjórnarstefnunnar og vegna þess samdráttar sem orðið hefur í þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu.

Í frv. mínu er gert ráð fyrir að orðinu „innflutningsverslun“ verði bætt inn í 2. gr. laga um verslunaratvinnu, þannig að þegar taldar eru upp tegundir verslunarinnar verði innflutningsverslun bætt þar við upptalninguna. 1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

„Með orðinu verslun í lögum þessum er átt við heildverslun, umboðsverslun, þ. m. t. tilboðasöfnun um vörusölu og vörukaup, innflutningsverslun, útflutningsverslun og smásöluverslun.“

Síðan er gert ráð fyrir því að í 2. gr. frv., sem snertir 4. og 5. gr. laganna, að þar verði nokkur breyting að því er varðar gildistíma verslunarleyfanna. Í lögum um verslunaratvinnu er gert ráð fyrir að verslunarleyfin gildi til fimm ára í senn. Í frv. er um að ræða breytingu frá því, þannig að gert er ráð fyrir að tími verslunarleyfis til innflutnings- og útflutningsverslunar verði aðeins þrjú ár. Þá er í greininni það nýmæli, að við endurnýjun verslunarleyfis þurfi að liggja fyrir meðmæli Verðlagsstofnunar, en við endurnýjun verslunarleyfis til innflutnings- og útflutningsverslunar skuli liggja fyrir meðmæli gjaldeyriseftirlitsins. Við mat á þessu skal gjaldeyriseftirlitið sérstaklega meta umboðslaunaskil.

Hér er um ákaflega mikilvægan þátt að ræða, að verðlagsskrifstofan og Seðlabankinn hafi með að gera endurnýjun á verslunarleyfum, að verslunarleyfin renni út eftir þrjú ár og að þeir einir fái endurnýjuð verslunarleyfi í þessu efni sem eru með hreinan skjöld og hafa skilað gjaldeyri og skýrslum svo sem gera ber samkv. lögum landsins og reglugerðum.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að viðskrn. fái afrit af öllum tilkynningum um verslunarleyfi og að rn. geti stöðvað útgáfu verslunarleyfis innan eins mánaðar frá útgáfu þess, ef ætla má að skilyrði laganna séu ekki uppfyllt. Það er eðlilegt að mínu mati að viðskrn. komi við sögu varðandi skráningu verslunarleyfa, en það er ekki tryggt samkv. lögum um verslunaratvinnu eins og þau eru nú.

Í 4. gr. er ítarlega fjallað um skráningu verslunarleyfa og um það segir í grg.:

„Eðlilegt er að viðskrn. komi við sögu þegar verslunarleyfi eru skráð, en ekki aðeins Hagstofa Íslands eins og nú er gert ráð fyrir í lögum um verslunaratvinnu.“

Það er þannig í lögum um verslunaratvinnu núna, að það er aðeins Hagstofan sem hefur með þetta að gera og hún skráir ekki sérstaklega verslunarfyrirtæki, heldur er það þannig að Hagstofan heldur almenna fyrirtækjaskrá, þannig að í þeirri skrá er ekki hægt að sjá hvaða fyrirtæki það eru sem sérstaklega stunda innflutningsverslun. Hérna er gert ráð fyrir að skráin um verslunaratvinnu verði sundurliðuð og hún verði bæði til í viðskrn. og hjá Hagstofu Íslands. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að viðskrn. komi skráningu verslunarleyfa fyrir t. d. í tengslum við hlutafélagaskrána.

Ég hef hér farið yfir efni þessa frv. og rakið nokkur önnur atriði sem snerta innflutnings- og gjaldeyrismál. Ég held að með markvissum aðgerðum í innflutningsmálum sé hægt að draga verulega úr innflutningi og spara gjaldeyri og auka atvinnutækifæri í landinu.

Ég tel að þetta megi gera annars vegar með þeim fjölbreyttu aðgerðum sem Þórður Friðjónsson og Ragnar Árnason gerðu grein fyrir í nál. sínu, sem ég hef hér rakið, en þar er hvergi um að ræða brot á EFTA-sáttmálanum eða viðskiptasamningum við Efnahagsbandalag Evrópu. Ef við stefndum að því að spara þarna um það bil 5% í almennum innflutningi frá því sem nú er mundi það þýða um 400 millj. kr. Það munar um minna þegar þjóðin stendur frammi fyrir jafnmiklum vanda og nú er um að ræða í efnahagsmálum.

Í öðru lagi held ég að þarna megi ná árangri með aðgerðum gagnvart innflutningsversluninni, eins og þeim sem verðlagsstjóri gerði tillögur um og ég greindi frá áðan. Niðurstöðurnar af slíkum aðgerðum gagnvart innflutningsversluninni væru í fyrsta lagi betri staða landsins út á við og traustari gjaldeyrisforði, í öðru lagi fleiri atvinnutækifæri og í þriðja lagi aukin framleiðsla og meiri útflutningur.

Ég tel að við núverandi aðstæður eigi ríkisstjórninni í landinu að vera skylt að líta á þessi veigamiklu atriði og þau þungu rök sem hér hafa verið borin fram í þessu efni. Ég held að það verði að viðurkenna, að aðstaða nú er óvenjuleg um margt og kallar á óvenjuleg svör og óvenjulegar aðgerðir. Þess vegna verða menn að hrista af sér viðjar vanans og láta það ekki hafa áhrif á sig þó að ekki hafi verið gripið til slíkra aðgerða nú um skeið. Hér er um að ræða aukinn vanda sem kallar á ný svör.

Það er hins vegar svo, að núv. ríkisstj. virðist í einu og öllu ætla að selja þetta land og þjóðina alla undir lögmál og ok markaðshyggjunnar og gróða- og fésýsluaflanna. Slík ríkisstj. á að sjálfsögðu mjög erfitt með að fallast á þau sjónarmið og þær till. sem hér eru lagðar fram, vegna þess að þær hefta framrás fésýsluaflanna. Ég held hins vegar að í stjórnarliðinu hljóti að finnast menn sem sjá að það er brýn nauðsyn einmitt nú að bregðast við vanda þjóðarbúsins með svipuðum hætti og hér eru gerðar till. um.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að flytja langa ræðu um það mál sem hv. flm. var að lýsa í sinni löngu ræðu áðan. Hér er um að ræða örfáar till. til breytinga á lögum, ekki stórar í sniðum. Mér er kunnugt um að í viðskrn. er verið að vinna að þessum málum. Hvort niðurstaðan þar verður á þessa leið eða ekki get ég ekki sagt á þessari stundu. En ég sá ástæðu til að koma hér upp og taka þátt í

þessum umr., jafnvel þótt ég fái tækifæri til að fjalla um málið í hv. fjh.- og viðskn. Nd., vegna þess m. a. að hin langa ræða fyrrv. viðskrh., hv. 3. þm. Reykv., byggðist aðallega á fimm ára gamalli skýrslu frá verðlagsstjóra og nokkrum öðrum aðilum í þjóðfélaginu — skýrslu sem rædd var nokkuð ítarlega fyrir 4—5 árum á hv. Alþingi. Nú þegar öll þessi ár eru liðin og hv. 3. þm. Reykv. hefur setið í stjórn nánast allar götur frá því að skýrslan kom út kemur hann með till. sem hann telur byggja á þessari gömlu skýrslu. Það sýnir kannske betur en flest annað hve fljótur hv. þm. er að gera sér mat úr því sem hann efndi til að gert yrði þegar hann var viðskrh. á árunum 1978—1979.

Í raun og veru má halda því fram og sýna fram á og sanna, það er auðvelt, að hv. 3. þm. Reykv. og flokksbræður hans hafi á undanförnum árum, þegar þeir sátu í ríkisstj., verið bestu vinir innflutningsverslunarinnar. Að vísu voru þeir ekki að styðja sérstaklega við bakið á innflutningsversluninni, heldur að reyna að ná auknum tekjum í ríkissjóð. Þetta gerðist með þeim hætti, að gengið var skráð þannig að innflutningur jókst langt umfram útflutninginn. Þannig hagar til, að innflutningurinn er stofn fyrir tekjur ríkissjóðs. Til þess að ná jafnvægi hjá ríkissjóði var það bókstaflega viljandi gert að örva innflutninginn í því skyni að fá fjármuni í ríkissjóð og færa þannig til fjármuni þjóðarinnar frá fólkinu í landinu til handhafa valdsins, til þeirra manna sem þá sátu í stjórnarráðinu, m. a. hv. 3. þm. Reykv.

Þessi þróun gerðist með þessum hætti og kom auðvitað innflutningsversluninni til góða vegna þess að með rangri gengisskráningu var miklu meira flutt inn í landið en ástæða var til og miklu meira en hollt var fyrir efnahagskerfið. Það er m. a. af þessum ástæðum sem núv. ríkisstj. á við að glíma einhverja mestu erfiðleika sem yfir hafa dunið. Til viðbótar öðru verður nú að jafna þann mun sem varð á útflutnings- og innflutningsversluninni á stjórnarárum hv. 3. þm. Reykv. — Þetta þarf að koma afar skýrt fram, hefur reyndar gert það oft, en þarf sérstaklega að benda á þegar hv. Alþb.-menn koma nú og gagnrýna hluti sem þeir hafa meira og minna staðið fyrir sjálfir.

Það sem skiptir langmestu máli í dag er að sjá til þess að samkeppni verði næg og það verði frelsi í verðlagningu — og ég undirstrika verðlagningu, en ég heyrði að hv. 3. þm. Reykv. talaði ávallt um álagningu. Ég undirstrika að það skiptir máli að verðlagning sé sem frjálsust á sem flestum sviðum og það verði tryggt að samkeppni sé næg. Það kemur nefnilega í ljós nú, þegar kannað er verðlag hjá þeirri stofnun sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi margoft í sinni ræðu, Verðlagsstofnun, að verð þeirra vara sem ekki eru lengur háðar verðlagseftirliti, innlendra iðnaðarvara, sem gott er að fylgjast með, er lægra en þegar um er að ræða vörur sem leyfi þarf til að hækka á hverjum tíma. Þetta er kannske órækasti vitnisburðurinn um það, hvernig samkeppnin og þá fólkið sjálft með sinni kostnaðarvitund getur haldið verðlaginu niðri og haldið uppi nauðsynlegu aðhaldi að framleiðsluatvinnuvegunum.

Ég get ekki séð að þessar till., sem hv. þm. hefur lagt hér fram, komi til með að breyta einu eða neinu, nema ef vera skyldi í þá átt að gera kerfið heldur þunglamalegra en það er með því að fjölga leyfum sem þarf að fá til að stunda atvinnustarfsemi. Ég held að hv. þm. hefði fremur átt, ef hann vill greiða fyrir versluninni og lækka vöruverð og koma viti í þessa hluti, en ég veit að hann er mikill áhugamaður um það og áhugamaður um svokallaða milliliði, eins og hann kallar gjarnan verslunina í landinu, að flytja frv. um að losa um leyfin í útflutningsversluninni, en aðaluppistaðan og rökin í hans málflutningi voru að það þyrfti að fá leyfi fyrir innflutningsverslun á sama hátt og fyrir útflutningsverslun.

Það væri ennfremur full ástæða fyrir hv. 3. þm. Reykv. að flytja inn á þingið mál, sem var áhugamál ríkisstj. sem hann sat í á sínum tíma, en það er tollkrítarmálið sem var svæft. (**Gripið inn í:** Hvar er það?) Tollkrítarmálið veit ég ekki nákvæmlega hvar er núna, en það er eðlilegt að hv. 3. þm. Reykv. spyrji að því, því hann var mikill áhugamaður um þetta efni, enda mikill áhugamaður um innflutningsverslunina. Eins held ég að hann ætti að hugsa um þessi mál út frá því hvort ekki væri ástæða til að losa um bankastimplun á innflutningi, eins og tíðkast í dag, en bankastimplunin er beinlínis gerð fyrir þá sem selja vörur til landsins, en ekki fyrir íslenskan almenning eða íslensku innflutningsverslunina. Þetta eykur á vinnu þeirra sem flytja inn og slíka vinnu verður að greiða með fjármunum, með álagningunni. Það er nú einu sinni eðli atvinnustarfseminnar, að það þarf að fást endurgreiddur sá kostnaður sem lagt er í.

Ég vildi minnast á þessi atriði m. a. vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. ætti ekki að þurfa að fara 4—5 ár aftur í tímann til að finna sér viðfangsefni á hv. Alþingi því að ýmislegt er nær okkur í tímanum sem hægt væri að grípa til ef hv. þm. hefur mikla þörf á að flytja brtt. við lög varðandi innflutningsverslunina. Vil ég þá sérstaklega gefa honum gott ráð þar sem tollkrítarfrv. er.

Það er auðvitað aftan úr grárri forneskju að tala um að auka eigi frekar á leyfisveitingar og takmarka með þeim hætti innflutning og útflutning. Hæstv. ríkisstj. sem nú situr hefur markað sér aðra og nútímalegri stefnu. Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. er sagt frá því skýrum stöfum, að fyrst um sinn verði ekki heimilt að breyta vöruverði og þjónustuverði, en síðan er gert ráð fyrir að opinberum afskiptum verði hætt, þar á meðal af gjaldskrárákvörðunum sveitarfélaga, þ. e. afskiptum ríkisins af sveitarfélagagjaldskrám, og að neytendur og atvinnulífið njóti hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar. Þetta eru þeir verslunar- og viðskiptahættir sem tíðkast í flestum nálægum löndum, okkar viðskiptalöndum, og hafa ótvírætt leitt til bestu niðurstöðu fyrir neytendurna og það er það sem skiptir máli. Allt þetta kerfi byggir á því, að við getum notið þess að fá sem lægst vöruverð. Veit ég að um það markmið erum við hv. 3. þm. Reykv. sammála, þótt okkur greini kannske á um leiðir.

Á sínum tíma tók ég þátt í umr. sem urðu um skýrslu verðlagsstjóra sem lögð var fram snemma á árinu 1979, ef ég man rétt. Það er athyglisvert að fletta upp á bls. 12 og 13 í frv. hv. flm., hv. 3. þm. Reykv., og kanna það sem þar stendur. Ég ætla að leyfa mér að lesa það orðrétt, með leyfi hæstv. forseta. Verðlagsstjóri segir:

„Mín skoðun er sú, að við eðlilegar aðstæður í efnahagsmálum sé að öðru jöfnu rétt að færa verðmyndunarkerfið í frjálsara horf en nú er, en ég tel að slíkar aðstæður séu ekki fyrir hendi í okkar þjóðfélagi í dag.

Ég álít, að á tímum mikilla verðhækkana og spennu eins og nú eru verði ekki hjá því komist, að ríkisvaldið hafi í ríkara mæli en ella hönd í bagga með þróun verðlagsmála.“

Hér er ekki verið að kippa neinu úr samhengi. Þetta er niðurstaða verðlagsstjóra. Þeir sem lesa það sem áður er komið og á eftir fer sjá að þetta er kjarni hans máls. Það þarf ekki að lesa meira. Verðlagsstjóri er með öðrum orðum að segja, að á miklum óðaverðbólgutímum, einmitt þeim tímum þegar hv. flm. var í ríkisstj. og voru afleiðing þeirrar stjórnarstefnu sem hann og hans meðráðh. fylgdu, væri nauðsynlegt að grípa til slíkra aðgerða. En nú er komin ný stjórn og breyttir tímar — stjórn sem telur það vera höfuðatriði að ná verðbólgunni niður m. a. til þess að hægt sé að taka upp viðskiptahætti og verslunarsiði í verðmyndunarkerfinu eins og gengur og gerist meðal þeirra þjóða þar sem verðbólgan er á allt öðru stigi en hv. 3. þm. Reykv. þekkir úr sinni stjórnartíð.

Menn mega ekki vera svona fjötraðir í viðjum vanans. Þeir mega ekki vera svo bundnir við það ástand sem var þegar þeir voru í ríkisstjórn. Menn verða að átta sig á að það hafa orðið breytingar í þessu þjóðfélagi. Stærsta breytingin til bóta er auðvitað sú, að verðbólgan hefur lækkað verulega. Á þetta minni ég vegna þess að orð verðlagsstjóra eru í fullu gildi og ég vil taka undir það sem hann sagði á sínum tíma: Við eðlilegar aðstæður í efnahagsmálum á að færa verðmyndunarkerfið til frjálsara horfs. — Þessa stefnu hefur núv. hæstv. ríkisstj. tekið upp og gert að sinni stefnu. Ef hv. 3. þm. Reykv. er sammála verðlagsstjóra hlýtur hann að geta tekið undir með núv. hæstv. ríkisstj. og undir þann sáttmála sem hún hefur gert í þessum málum og lýst er á bls. 6 í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. dró svo fram nýrri skýrslu og birtir hana reyndar með frv., en undir hana rita þeir Þórður Friðjónsson og Ragnar Árnason. Það sama gildir um þessa skýrslu og hina, að hún er að nokkru leyti úrelt. Í lokaorðum sínum segja þeir sem skrifuðu skýrsluna, þeir Þórður og Ragnar, með leyfi forseta:

„Ítreka ber að lokum, að innflutningstakmarkanir af því tagi, sem um hefur verið rætt, eru tvíeggjað vopn. Meðfylgjandi tillögur helgast fyrst og fremst af þeim erfiðu aðstæðum sem þjóðarbúið og vissar iðngreinar búa nú við. Tillögur okkar eru því um bráðabirgðaráðstafanir.“

Þessi skýrsla var skrifuð í febr. og mars á þessu ári, á þeim tíma sem hv. 3. þm. Reykv. sat í ríkisstj. — ríkisstj. sem hafði mistekist með þeim hætti að verðbólgan stefndi hátt í 200% á þessu ári. Það var af þeim ástæðum sem þessi skýrsla var skrifuð, því að það datt auðvitað ekki nokkrum manni í hug að sú ríkisstj., ríkisstj. hv. 3. þm. Reykv., þyrði að bregðast við með öðrum hætti, því hún var fjötruð við sínar eigin úreltu hugmyndir, sem höfðu gengið sér til húðar á þeim stjórnarárum. Nú eru allt aðrir tímar. Nú á það ekki lengur við að iðngreinar búi við þau skilyrði sem þá var. Tímarnir hafa sem sagt gjörbreyst.

Hitt er svo annað mál, að nokkur atriði sem komu fram í þessari skýrslu er vert að skoða. En meginniðurstaðan er úrelt vegna þess að þegar er búið að gera ráðstafanir sem hafa orðið til þess að nú hefur náðst jöfnuður í viðskiptum við önnur ríki. Nefndin var sett á laggirnar til að finna leiðir til að eyða viðskiptahallanum. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur með aðgerðum sínum unnið að því að ná slíku jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar, þ. á m. í viðskiptunum við önnur ríki, þannig að till. sem hv. 3. þm. Reykv. var að lýsa eru líka á sinn hátt úreltar, þótt ekki séu þær jafngamlar og þær tillögur sem voru uppistaða hans málflutnings. En ég viðurkenni að líta má á nokkur atriði í þessum niðurstöðum og hafa gagn af því. Ég er því þakklátur hv. 3. þm. Reykv. fyrir að birta nál. í þessu frv., því að þar er vissulega fróðleg lesning og miklu fróðlegri en margt annað það sem frá honum hefur komið á undanförnum mánuðum og árum, enda samdi hann það nú ekki sjálfur.

Niðurstaðan er því sú, að það virðast flestir vera sammála um að þegar verðbólga hefur lækkað eigi frekar að hverfa til frjálsari viðskiptahátta en að auka á boð og bönn og leyfisveitingar. Þetta er niðurstaða verðlagsstjóra, þetta er niðurstaða hæstv. núv. ríkisstj. og ég efast ekki um að hv. 3. þm. Reykv. kemst að þessari niðurstöðu eftir að við höfum fjallað um þetta mál í hv. fjh.- og viðskn. Nd.

Ég ítreka svo, að auðvitað verða þessar till. skoðaðar í n., það liggur í hlutarins eðli, og jafnframt er ástæða til þess að við fáum að fylgjast með þeirri vinnu sem fram fer í viðskrn. og beinist að því að endurskoða lög um verslunaratvinnu, en frv. hv. flm. gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á þeim lögum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni, eins og að hefur verið vikið, gamall kunningi og þekktur ekki að góðu. Hér er verið að rifja upp skýrslu sem er fimm ára gömul, gerð að frumkvæði fyrrv. viðskrh. og lögð fram árið 1978, byggð á sérstakri úttekt á innflutningsverslun á Íslandi og samanburði á henni við innflutningsverð annars staðar á Norðurlöndum. Þessi skýrsla var á sínum tíma tilefni alvarlegrar pólitískrar umræðu og ég minnist þess að mörgum varð hún mikil hneykslunarhella. Ástæðan er einföld. Ástæðan er sú, að meginniðurstaða skýrslunnar var að innflutningsverðlag á Íslandi í samanburði við innflutningsverðlag til annarra landa á Norðurlöndum væri miklum mun hærra, eða eins og hér segir í grg. verðlagsstjóra orðrétt, með leyfi forseta:

„Könnun sýnir ótvírætt að við skerum okkur alveg úr miðað við hinar Norðurlandaþjóðirnar þar sem okkar innkaupsverð eru áberandi hæst. Vegna samkomulagsins um birtingu, sem getið er um að framan, mun ég ekki gera grein fyrir útkomu einstakra vörutegunda, en til þess að gefa hugmynd um heildarniðurstöðu könnunarinnar er hér eftirfarandi tafla sem sýnir meðaltalsútkomu á innkaupsverðum hverrar þjóðar og er Svíþjóð, sem kemur út með lægst meðaltalsverð, sett sem 100.“ Og síðan kemur upptalningin: Svíþjóð 100, Danmörk 103.6, Noregur 103.6, Finnland 104.7, Ísland 126.7.

Í öllum þeim umræðum sem orðið hafa um mistök hagstjórnar á Íslandi á liðnum 10—12 árum hefur athyglin beinst minna en ástæða kannske væri til að verðmyndunarkerfinu sjálfu og þá ekki síst innflutningsversluninni. Undantekning frá því er þessi skýrsla. Satt að segja er það makalaust að hún skuli hafa rykfallið á borðum margra viðskrh. árum saman og vera enn í dag ekkert annað en pappírsgagn, fróðleikur, og að enginn þeirra viðskrh. sem setið hafa á stóli síðan

skuli hafa séð ástæðu til að taka alvarlega efni skýrslunnar eða taka alvarlega þær ábendingar eða þær tillögur sem höfundar skýrslunnar lögðu fram um breytingar á verslunarháttum.

Ég minnist þess t. d. að haustið 1979 skrifaði sá sem hér stendur greinaflokk í dagblað þar sem hann gerði að umtalsefni niðurstöður þessarar skýrslu og kannanir eða skoðanir höfunda skýrslunnar á orsökum þessa gífurlega misræmis, tók afstöðu til þeirra tillagna sem fram voru settar og beindi ótal spurningum til hæstv. þáv. viðskrh., sem reyndar er flm. þessarar till. hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson. Ég minnist þess alveg sérstaklega að þrátt fyrir þessi greinaskrif og þrátt fyrir ítrekaðar fsp. til hæstv. ráðh. voru svörin engin, nákvæmlega engin. Og það liggur alveg ljóst fyrir, eins og málflutningur hans hér ber með sér, að það ár eða rúmlega svo sem hann sat á stóli viðskrh. lá þessi skýrsla, hneykslanleg sem hún er, á borði hans, rykféll þar og athafnir hans urðu engar, nákvæmlega engar. Þetta er tilefni til að hugleiða að það er ekki mjög trúverðugt þegar einstaklingar eða stjórnmálaflokkar hafa setið við völd árum saman, fengið upp í hendurnar frá forverum sínum annað eins mál og þetta, aðhafast ekki nokkurn skapaðan hlut allan sinn valdatíma, jafnvel sitjandi í viðskrn. sjálfu, og draga síðan skýrsluna rykfallna upp úr pússi sínu rétt í þann mund sem hv. þm. hefur yfirgefið stjórnarstólana og gera hana þá að tilefni til málflutnings á Alþingi. Til hvers eru menn að sitja í ríkisstj., til hvers sækjast menn eftir völdum? Til hvers boða menn skoðanir sínar fyrir kosningar um að það þurfi að taka málefni innflutningsverslunarinnar til gagngerðrar endurskoðunar, aðhafast síðan ekkert á valdastóli og varpa síðan fram einhverjum fsp. eða till. u. þ. b. sem þeir láta af völdum? Þetta er því miður enn eitt sorglegt dæmi um skort á pólitískum heilindum að mínu mati, sem á sinn þátt í því að skapa trúnaðarbrest milli stjórnmálamanna og almennra kjósenda í landinu.

Herra forseti. Ég vitnaði áðan í meginniðurstöðu þessarar skýrslu, sem er sú að innflutningsverðlag til Íslands er allt að fjórðungi hærra en innflutningsverðlag annars staðar á Norðurlöndum. Þegar höfundar skýrslunnar greindu orsakir þessa nefndu þeir einkum eftirfarandi þætti:

Í fyrsta lagi nefndu þeir það verðlagningarkerfi, þ. e. prósentuálagningarkerfi, sem lögboðið er og lengi hefur viðgengist í innflutningsverslun og er þess eðlis að það beinlínis verkar hvetjandi fyrir innflytjendur til þess að hækka innflutningsverð. Alla vega má orða það svo varfærnislega, að það hefur í sér falið enga hvatningu til innflytjenda til að hafa fyrir því að leita eftir sem hagkvæmustum innflutningi.

Í annan stað nefna höfundar skýrslunnar afleiðingar þessa kerfis, svo sem eins og t. d. töku óeðlilega hárra umboðslauna erlendis, jafnvel vanskil á gjaldeyri og undandrátt frá sköttum af því tilefni, óhagkvæmni í innflutningi vegna mililiðakaupa frá þriðja aðila, ef vara er t. d. flutt inn frá Bandaríkjunum er hún flutt inn í gegnum þriðja aðila í Danmörku, óhagkvæmni smárra innkaupa og fleira í þeim dúr. Þetta eru helstu niðurstöður eða helstu orsakir sem höfundar skýrslunnar lögðu fram og nefndu til.

Ég minnist þess einmitt frá haustinu 1979 að ég mætti einhvern tíma á fundi, að mig minnir hjá Verslunarráði Íslands, sem málsvari fyrir minn flokk vegna blaðaskrifa og umræðna um þessa skýrslu. Ég lýsti þar þeirri skoðun minni, að það ástand sem skýrslan lýsti væri harður dómsáfellir yfir það kerfi sem ríkt hefði í verslunar- og innflutningsmálum hér á landi, hún virtist a. m. k. renna stoðum undir þá skoðun að lögbundin verðstöðvun, sem við vorum þá búnir að upplifa í 10 ár, jafnvel nýbúnir að upplifa herta verðstöðvun og verðlagseftirlit af því tagi, virtist bókstaflega engum árangri hafa skilað.

Við stóðum eftir sem áður, þrátt fyrir alla lagasetningu um verðstöðvanir og hertar verðstöðvanir, uppi með verðlagsþróun sem fól í sér verðbólgu sem var þetta sex- til tífföld á við þær viðskiptaþjóðir sem bjuggu við allt annars konar kerfi. Ég leyfði mér þess vegna að lýsa því yfir og vitnaði til stefnuyfirlýsingar Alþfl. fyrir þær kosningar, að það væri alveg augljóst mál að þetta kerfi sem slíkt hefði gengið sér til húðar og það væri fyrir löngu kominn tími til að gera a. m. k. tilraun í þeim greinum verslunar þar sem ástæða væri til að ætla að raunveruleg samkeppni væri fyrir hendi með það, hvort árangur yrði betri af raunverulegri samkeppni í innflutningsverslun. M. ö. o. að gera tilraunir með það kerfi í þessum málum sem flestar ef ekki allar þjóðir í Vestur-Evrópu búa við og hafa skilað þeim þeim árangri sumum hverjum að verðbólga þar hefur verið á bilinu 2—3 og upp í 6—8%.

Þá stóð upp kunnur innflytjandi, sem þennan fund sat, og flutti smátölu. Og ég ætla að leyfa mér að endurflytja kjarna hennar fyrir hv. þm. Hann sagði eitthvað á þessa leið: Í guðanna bænum verið nú ekki að þessu. Ég lýsi því hér með yfir fyrir hönd okkar innflytjenda að við erum hæstánægðir með það kerfi sem við búum við, hæstánægðir. Það kerfi sem við búum við er ósköp einfaldlega þannig, að löggjafinn ákveður hvaða álagning sé lögleg á hverri vörutegund. — Umræddur heildsali sagði: Hún er í mjög mörgum greinum, sérstaklega ef um er að ræða magnmiklar neysluvörur, svo lág — og bætti við: eins og félagar okkar hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga munu geta vottfest — að hún hrekkur ekki fyrir dreifingar- og geymslukostnaði. Við bætum okkur þetta upp á einfaldan máta: Við hækkum umboðslaun. Það er búið að vera á vitorði verðlagsyfirvalda í 10 ár. En aðalatriðið er þetta: Samkvæmt þessu kerfi er innflutningsverslun eins konar partur af hinum opinbera geira. Við erum eins konar opinberir starfsmenn. Við búum við þannig kerfi að það er engin ástæða fyrir okkur, og reyndar andstætt okkar hagsmunum, að leggja okkur á nokkurn máta fram í okkar starfi. Hvers vegna skyldum við leggja okkur alla fram um að afla okkur þekkingar á því, hvar innflutningsverð er hagkvæmast að fá? Hvers vegna ættum við að leggja það á okkur að auka við okkur mannafla eða leggja á okkur meiri vinnu við að rannsaka hvar lægst innflutningsverð er? Hvers vegna ættum við að hafa fyrir því að gera t. d. sérstakar verðkannanir, sérstök útboð í því skyni að tryggja okkur lægst verð? Við höfum að sjálfsögðu engra hagsmuna að gæta í því, vegna þess að þeim mun lægra sem innflutningsverðið er, þeim mun minni er okkar hlutur. Kerfið sem okkur er boðið upp á af ríkisstjórn eftir ríkisstjórn er þess eðlis að við erum raunverulega hvattir til þess að láta kyrrt liggja, að sætta okkur við að þegar við flytjum inn vöru frá Taiwan komi hún inn í

gegnum þriðja aðila í Danmörku, þegar við flytjum inn vöru frá Suður-Afríku komi hún í gegnum þriðja aðila frá Hamborg. Við erum hvattir til þess að leita sem allra óhagkvæmastra og hæstra innflutningsverða. Þeim mun hærra sem innflutningsverðið er, þeim mun meiri er okkar prósentvís álagning og meiri von til þess að sú álagning dugi fyrir kostnaði við kaup og dreifingu. Við erum m. ö. o. opinberir starfsmenn. Okkar líf er ákaflega náðugt. Við þurfum ekkert fyrir því að hafa, eins og starfsmenn í innflutningsverslun í samkeppnisríkjum, eða að leggja okkur alla fram um það í grimmilegri samkeppni fyrir hönd okkar neytenda að leita að lægstu innflutningsverði. Þvert á móti. Og ef það skyldi nú fara svo að þið Alþfl.-menn næðuð einhverjum áhrifum, t. d. á stjórn mála í viðskrn., ætla ég bara að biðja ykkur lengstra orða um að vera ekki að breyta þessu. Núverandi kerfi undir stjórn hæstv. viðskrh. þáv., Svavars Gestssonar kommissars Alþb., dugar okkur nefnilega alveg prýðilega. Við erum hæst ánægðir með það, og í guðanna bænum farið þið ekki að breyta því.

Þetta var kjarni málsins hjá þessum skynsama og málsnjalla talsmanni heildverslunar á Íslandi. (**Gripið inn í:** Getum við ekki fengið nafnið á þessum manni.) Það getur vel verið. Það er ekkert leyndarmál. (**Gripið inn í:** Var þetta Björgvin Schram?) Nei, nei. Umræddur maður heitir Jóhann Ólafsson. Þetta var á opinberum fundi og ég viðurkenni að mér þótti þessi málflutningur athyglisverður. Ég man ekki betur en ég hafi skýrt frá honum í blaðagreinum síðar. En það vakti enga athygli, man ég, hæstv. þáv. viðskrh. Svavars Gestssonar, sem hafði eyrun og augun lokuð fyrir þessu sem öðru meðan hann sat í viðskrn. A. m. k. eftir því sem sýnilegt varð almenningi utan frá.

Herra forseti. Þetta mál vísar til þessarar skýrslu, sem að sjálfsögðu kom upp um reginhneyksli á sinni tíð, — það hneyksli að fyrirkomulag innflutningsverslunar og það kerfi sem stjórnvöld á Íslandi hafa lögboðið hér hefur brugðist íslensku þjóðinni og brugðist íslenskum neytendum árum og áratugum saman. Mjög rækilegar umræður í blöðum og á mannfundum fyrir kosningar 1979 báru engan árangur í þá átt að knýja stjórnmálaflokka til að taka afstöðu til þess sem er kjarni þessa máls. Hver er kjarni málsins? Hann er þær niðurstöður, sem höfundar skýrslunnar komast að, að innflutningsverðið er svo miklu hærra á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Og í annan stað, að sú staðreynd hefur auðvitað veruleg áhrif í þá átt að skýra, ásamt með svo mörgu öðru, að verðbólguþróun hér er miklu meiri en annars staðar. Og þeir nefna ótal dæmi um þetta og að því leyti er skýrslan fróðleg. En að lokum draga þeir saman niðurstöður sínar og spyrja: Hvað er til ráða? Hvaða úrbætur í þessu efni eru það sem höfundar skýrslunnar lögðu fram fyrst og fremst?

Þeir segja svo á bls. 13 í grg. þessa frv., þar sem vitnað er til skýrslunnar sjálfrar, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi hefur hið lítt sveigjanlega hundraðstöluálagningarkerfi, sem notað hefur verið um áratugaskeið, ekki verið hvetjandi þar sem tekjur innflytjandans hafa greinilega minnkað við að gera hagkvæm innkaup.

Í öðru lagi hefur kerfinu í mörgum tilvikum verið beitt á þann veg að álagningu hefur verið haldið mjög lágri með þeim afleiðingum að innflytjendur hafa farið inn á þá braut að hækka upp innkaupsverð erlendis. Á þann hátt hafa þeir bætt sér upp lága álagningu."

Þetta eru þær tvær meginniðurstöður sem höfundar skýrslunnar komast að. Því næst spyrja þeir sjálfa sig: Hvað er þá til ráða? Eigum við að ganga lengra á þeirri braut sem þegar hefur verið mörkuð, þ. e. lengra á þeirri braut að ákvarða verðlagningu og verðmyndun í innflutningsverslun og þá hugsanlega smásölu líka, með lögum? Af því höfum við sjálfir langa og ótvíræða reynslu og niðurstaðan er sú, að það kerfi hefur brugðist okkur, brugðist neytendum, brugðist þjóðinni. Engu að síður segja þeir: Það er tveggja kosta völ: Annars vegar að halda áfram á sömu braut eða að fikra sig áfram í aðra átt með því að taka upp frjálsari viðskiptahætti, a. m. k. í þeim greinum þar sem ástæða er til að ætla að um einhverja raunverulega samkeppni sé að ræða. Höfundar taka það skilmerkilega fram, að við aðstæður sem þá voru ríkjandi, þ. e. í stjórnlausri óðaverðbólgu, 60—70%, höfðu þeir ekki trú á því að afnám núverandi kerfis og innleiðing frjálsra viðskiptahátta á grundvelli samkeppni mundi duga til. En þeir stungu upp á að gerðar yrðu tilraunir með það í þeim greinum þar sem samkeppni er — ástæða er til að ætla að hún sé raunverulega fyrir hendi — hvaða árangri það kerfi skilaði. Og það er í raun og veru meginniðurstaða skýrslunnar.

Það er auðlesið af texta þessara aðila að venjur sem skapast hafa í innflutningsverslun eru ópolandi með öllu. Það er ópolandi með öllu að íslensk stjórnvöld skuli hafa horft upp á árum saman og látið líðast t. d. ólöglega hækkun umboðslauna erlendis, sem í mörgum tilvikum felur í sér alveg ótvírætt brot á lögum og reglum um gjaldeyrisskil og brot á skattalöggjöf. Spurningin er sú: Hvaða leiðir á að fara til þess að kveða niður þessa óeðlilegu og spilltu viðskiptahætti, sem fram er tekið í skýrslunni að hafi verið á vitorði og með vitneskju yfirvalda á Íslandi a. m. k. rúman áratug? Höfundar skýrslunnar virðast vera þeirrar skoðunar, að einföld lagasetning dugi ekki til. Þeir hafa ekki trú á að sú leið, sem við höfum þegar mikla reynslu af, dugi. Það vantar ekkert upp á að það eru lög gegn þessu. Spurningin er, hvernig á að framfylgja þeim lögum og hvernig kerfi á að taka upp, sem stuðlar að því að viðskiptahættir af þessu tagi líðist ekki.

Að lokum, herra forseti: Höfundar þessarar skýrslu lýsa greinilega vantrú sinni á þeim ramma sem löggjafinn og stjórnvöld hafa búið innflutningsversluninni. Þá á ég við þá hluti sem ég hef þegar minnst á, þetta prósentuálagningarkerfi sem raunverulega felur í sér hvatningu til óhagkvæmra innkaupa og verðlagseftirlit sem fyrst og fremst beinist að smásöluverslun, en slíkt verðlagseftirlit kallar á gífurlegan mannafla ef það á að skipta nokkru máli eða vera raunhæft. Þeir leggja þvert á móti til, að um leið og gerðar verði tilraunir í þeim greinum þar sem samkeppni er um að ræða um hvort samkeppnin geti knúið innflytjendur til lækkunar á vöruverði í þágu neytenda eins og reynslan sýnir að hún gerir í öðrum löndum, þá verði ekki felld niður löggjöf um verðlagseftirlit og Verðlagsstofnun, en störfum hennar breytt með þeim hætti að höfuðáherslan verði lögð á að fylgjast einmitt með samningum um innflutningsverðlag, fylgja eftir þessari skýrslu, þar sem bent er á helstu meinsemdirnar í innflutningsversluninni, með því að beita meiri mannafla og meiri fjármunum til þess að fylgjast með innflutningsverðlaginu. — Fyrir nú utan

það að örva verðskyn neytenda, eins og menn oft hafa gert ráð fyrir, með reglubundinni birtingu á verðsamanburði innanlands.

Í lok þessarar skýrslu er að finna ýmsar ábendingar frá höfundum, sem eru efnisatriði þessa frv. til l. Þar er átt við tillögur um að breyta ákvæðum sem nú eru í gildi um útgáfu verslunarleyfa, um skilyrði af löggjafans hálfu fyrir veitingu verslunarleyfa, í þriðja lagi um eftirlit með verslunarleyfishöfum og gjöld fyrir verslunarleyfi og fyrirgerð verslunarleyfa að fenginni reynslu um brot á slíkri löggjöf.

Herra forseti. Það sem vekur athygli mína við flutning á þessu frv. er fyrst og fremst það, að höfundur skuli ekki taka afstöðu til þess sem höfundar skýrslunnar frægu töldu vera meginatriði málsins, kjarna málsins: Hvaða leið eigum við að fara til þess að tryggja neytendum á Íslandi sambærilegt vöruverð við neytendur meðal grannþjóða okkar? Hann birtir eingöngu í þessu frv. tiltölulega minni háttar tillögur, svo sem eins og um útgáfu og skilyrði fyrir veitingu verslunarleyfa. Það kann vel að vera að þau ákvæði úr löggjöf frá 1968 megi endurskoða, en frv. sem slíkt, úr því að það byggir á annað borð á þessari úttekt verðlagsstjóraembættisins á verðmyndunarkerfinu, leiðir algerlega hjá sér að taka afstöðu til þess hvaða leiðir flm. boðar að því marki að tryggja íslenskum neytendum lægra verð. Þetta eitt út af fyrir sig, skriffinnskuaðgerðir af þessu tagi, kann að vera gagnlegt, en hefur sáralítil áhrif í þá átt að ná fram því markmiði að tryggja neytendum lægra vöruverð — sáralítil áhrif ef nokkur. Það sem vantar í þetta frv. er að höfundur frv., hv. 3. þm. Reykv. og formaður Alþb., geri grein fyrir því: Hver er afstaða hans, hver er stefna hans og hans flokks í verðmyndunarmálum? Hver er afstaða hans til þeirrar tillögu höfunda skýrslunnar að gerðar skuli tilraunir í þeim greinum þar sem við getum gert okkur vonir um að um einhverja samkeppni sé að ræða með frjálsari viðskiptahætti og sú tilraun síðan látin skera úr um framhaldið? Ef sú tilraun leiðir í ljós að hún skili neytendum lægra vöruverði í þessum samkeppnisgreinum en lögbindingarkerfið hefur gert s. l. áratug, er þá flm. og formaður Alþb. í fyrsta lagi reiðubúinn að styðja þá till. höfundanna að þessi tilraun verði gerð og í annan stað, ef niðurstöður eru jákvæðar, að fylgja því eftir með því að auka samkeppnina í fleiri greinum? Kjarni málsins er sá, að hér er flutt frv. byggt á fimm ára gamalli skýrslu, lagt fram af hæstv. fyrrv. viðskrh. eftir að hann hefur látið af völdum, skýrslan birt í heild sinni, en síðan flutt frv. sem aðeins snýst um minni háttar atriði. Ég leyfi mér þess vegna að beina þeim spurningum til hv. þm. og flm.: Hver er afstaða hans til þess sem er meginatriðið í tillögugerð höfunda skýrslunnar frægu frá árinu 1978?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hef nú ekki mikið um þetta hugarfóstur Alþb. að segja annað en það, að þeir eru við sama heygarðshornið. Þeir hafa áður haft allt á hornum sér þegar innflutningsverslun eða frjálsir atvinnurekendur almennt eru annars vegar.

Ég stend hér upp meira til að verja samvinnuhreyfinguna. (**Gripið fram í:** Þú ert í æfingu.) Ég er í góðri æfingu, ég er úr Samvinnuskólanum. En ég hef aldrei verið erindreki samvinnuhreyfingarinnar. Það hafa ýmsir aðrir verið, t. d. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson.

Ég ætla ekki að fara að tala um þá óheiðarlegu menn sem virðast stunda innflutningsverslun og standa utan við samvinnuhreyfinguna og kannske Alþb. líka. Það er svo sem hugsanlegt að það séu til innflytjendur og frjálsir atvinnurekendur innan Alþb., illu heilli. En hugsið ykkur, hér í þessu frv. og í málflutningi er fullyrt, án þess að nokkur sönnun sé fyrir því, að innflytjendur bæti þóknun á vöruverð erlendis til að fá hærri álagningu en leyfileg er hér innanlands. Hvað þá með samvinnuhreyfinguna sem hefur engan millilið á neinu stigi? Hún gerir sameiginleg innkaup í gríðarlegu magni með erlendum samvinnuhreyfingum, flytur þetta hingað heim í eigin skipum, skipar því upp með eigin mannskap, geymir það í eigin pakkhúsum, tryggir það hjá eigin vátryggingarfélögum og heldur svo áfram, eins og ég sagði hér áður þegar ég tók til máls í þessu máli, þar til þeir éta það loks sjálfir. Varan fer bókstaflega aldrei út fyrir SÍS-hringinn, enginn milliliðakostnaður neins staðar, hafa meira að segja eigin hafnarmannvirki nú hér í Reykjavík og engan tilflutning úr vörugeymslum inn í markaðinn. (**Gripið fram í:** Og eigin ráðgjafa?) Og eigin ráðgjafa líka, þannig að þessar ásakanir á hinn frjálsa innflytjanda, sem selur þó sína vöru ekki dýrar en samvinnuhreyfingin gerir almennt, lít ég á sem ásakanir á samvinnuhreyfinguna. Hvernig í ósköpunum stendur á því að vöruverð hjá samvinnuhreyfingunni hefur ekki verið miklu, miklu lægra en hjá þessum vondu kaupmönnum, sem alltaf er verið að tala um hér, sem hafa milliliðagróða á öllum stigum, sem enda með því að leggja hæstu álagningarprósentu á ekki bara vöruverð heldur uppsafnaðan milliliðagróða, en eru þó samkeppnisfærir við samvinnuhreyfinguna í smásölu?

Ég mótmæli því að Alþb. geti á þennan hátt ráðist á samvinnuhreyfinguna blessaða, burtséð frá kaupmanninum. Ég læt hann alveg eiga sig. En ég er hér að verja samvinnuhreyfinguna gegn þeim ásökunum sem koma fram í öllum málflutningi Alþb.-manna. Þetta er ljótt af ykkur. Þið eruð vondir strákar. En þið hafið gaman af svona málum. Þið hafið greinilega gaman af svona málum sem eiga að draga athygli frá algeru getuleysi ykkar og málefnaskorti hér á Alþingi. Þið sitjið hér sem stjórnarandstöðuflokkur en ekkert nýtt hefur komið frá ykkur. Þið hafið í tvo daga tafið Alþingi með málflutningi sem skiptir engu máli. Og hér kemur frv., sem er ekki nýtt af nálinni og á enn þá einu sinni að hjálpa Alþb. til að draga athygli frá því að hann er útbrunninn sem pólitískur flokkur, mál sem er útrætt og afgreitt, ekki bara hér á Alþingi í umræðum heldur líka með aðgerðaleysi viðskrh. Alþb., þegar hann hafði í sínum höndum að koma þessu máli í gegn með sínum samráðherrum og samfylgdarmönnum í ríkisstj.

Sem sagt, málið er bara lagt fram til að draga athygli fólks að einhverjum umsvifum Alþb. á Alþingi, en málefnafátæktin er svo mikil að þeir gátu ekki einu sinni komið með eitthvað nýtt, sem ekki er gatslitið í umr. hér á Alþingi. Nei, ég held að þeir óheiðarlegu viðskiptahættir sem margoft er talað um hjá hinum frjálsa atvinnurekanda eigi ekki við rök að styðjast. Ég skal ekkert um það segja hvort undantekningar eru til, það er hægt að finna undantekningar í öllum málum, ég er ekkert að útiloka það, en það á ekki að gera undantekningarnar að aðalreglu, dæma ekki manninn sem stolið er frá sem þjóf. Það er búið að gera það allt

of lengi og allt of oft. Ég vil mótmæla þessum málflutningi. Auk þess er þetta frv. aðallega um breytingu á lögum um verslunaratvinnu, um heimild til þess að stunda verslun, hvort sem hún er innflutningsverslun, útflutningsverslun eða smásala, en með þessu er verið að flækja mörgum aðilum inn í leyfisveitingu með tilkynningarskyldu fram og til baka. Þetta hefur verið tiltölulega auðvelt mál ef menn hafa haft til þess áskilin réttindi, bókhaldsþekkingu og fleira. Menn hafa getað skráð sig, sýnt skírteini um að þeir hafi ákveðna þekkingu og síðan hefur þetta verið tilkynnt í Lögbirtingablaði. Hér er lagt til að þvæla þessu fram og til baka milli stofnana. Það er allt eins föngulegt í höndum Alþb.-manna.

Ég vil draga athygli að málefnafátækt Alþb. þegar það dregur fram svona gamla drauga. Ég vil draga athygli fólks að því sem þeir halda að nái til almennings en gerir það alls ekki, því að almenningur þekkir sinn kaupmann, þekkir sinn kaupmann á horninu og þekkir það vöruverð sem hann hefur í verslun sinni, vegna þess að hér er rætt um stétt manna sem hefur aflað sér vöruþekkingar eins og best verður á kosið hvaðan sem er í veröldinni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það var sérstaklega ánægjulegt að heildverslun Alberts Guðmundssonar skyldi taka þátt í þessum umr. Eins og þingheimur veit þá hefur ráðh. lýst því yfir að hann reki verslun sína áfram meðan hann gegnir ráðherraembætti. Hún sé áfram hluti af hans persónulega efnahag. Hæstv. ráðh. hefði þá átt að fylgja þeim sið, sem tíðkast í siðmenntuðum þjóðþingum þegar menn taka til máls um frv. sem snertir beint þeirra hagsmuni, að lýsa sínum hagsmunum um leið og hann hóf mál sitt.

En það var athyglisvert að hann hafði engin einustu rök fram að færa gegn þessu frv., ekki eitt einasta. Hann var eingöngu kominn hér upp í ræðustólinn til þess að flytja ómerkilegar dylgjur um það að þetta frv. væri eingöngu flutt í áróðursskyni. Sá maður sem á ráðherrastól hefur flutt fleiri yfirlýsingar í áróðursskyni en allur ráðherrafjöldinn á s. l. 10 árum samanlagður. Hvar eru öll frumvörpin, sem hæstv. ráðh. hefur boðað á undanförnum mánuðum um sölu ríkisfyrirtækja? Hvar eru þau? Ekki hér á borðum þm. Hvar eru önnur frv. sem ráðh. hefur kallað til sín fjölmiðla og aðra til að tilkynna að hann muni flytja? Ekki á borðum þm. Hvar eru yfir höfuð þau mál sem þessi hæstv. ráðh. hefur boðað að hann mundi flytja? Ekki hér á borðum þm. Það kemur úr hörðustu átt þegar hæstv. fjmrh. fer hér upp í ræðustól til að tala um að mál séu eingöngu flutt í áróðursskyni. Það mætti kannske spyrja hæstv. ráðh. að því og það er m. a. erindi mitt hingað upp í ræðustólinn, hvar er frv. um tolkrítina? Það var áberandi á síðustu þingum að núv. hæstv. viðskrh. og núv. hæstv. fjmrh. hlupu hér um þingsali og upp í ræðustól hvað eftir annað til að reka á eftir frv. um tollkrít. Við sem þá stóðum að meiri hl. ríkisstj. hér á Alþingi höfðum ekki frið fyrir þessum tveimur núv. hæstv. ráðherrum. Það var á þeim að skilja þá að það mættu ekki líða nokkrir dagar eða vikur án þess að það frv. kæmi fram og yrði að lögum.

Nú eru ekki eftir nema fáeinar vikur þar til þing lýkur störfum fyrir jól. Það væri þess vegna rétt að spyrja, hvað líður gangi þessa máls? Er það ekki lengur svona brýnt? Er þetta ekki lengur svona brýnt hagsmunamál fyrir verslunarstéttina? Eða var þetta kannske bara áróðursleikur hér á Alþingi áður fyrr? Var þetta bara sjónarspil hjá núv. hæstv. viðskrh. og núv. hæstv. fjmrh.? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hér.

Þá væri rétt, fyrst ráðh. er búinn að biðja um orðið, að hann lýsti í leiðinni hvar öll þau frv. eru sem hann er búinn að tilkynna þjóðinni á undanförnum vikum að hann ætlaði að flytja strax í þingbyrjun. Það er hægt að fletta upp í blöðum yfirlýsingum frá hæstv. ráðh. frá því í sumar þar sem hann lýsti því yfir að strax í þingbyrjun yrðu á borðum þm. frv. um sölu þessa ríkisfyrirtækis, sölu hins ríkisfyrirtækis. Ráðh. lét meira að segja mynda sig í sjónvarpinu þar sem hann veifaði framan í þjóðina alls konar skjölum og bréfum sem hann hefði fengið frá aðilum sem væru þegar reiðubúnir að kaupa þessi fyrirtæki strax í þingbyrjun. En hæstv. ráðh. er núna hættur að veifa slíkum bréfum. Hann hefur ekki einu sinni komið í sjónvarpið til að veifa frumvörpunum. Hvar eru þau? Væri ekki rétt að hæstv. ráðh. færi að standa við eitthvað af stóru orðunum, sem hann er búinn að blása sig út með á undanförnum mánuðum síðan hann settist í þennan stól í stað þess að koma hér upp með ómerkilegan málflutning um það að aðrir þm. séu að flytja frv. í áróðursskyni?

Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka þátt í þessum umr. en hin sérkennilega ræða — (Gripið fram í.) nei, ég veit það ósköp vel að hæstv. fjmrh. er mjög illa við að þessir hlutir séu rifjaðir upp hér í þingsalnum. Honum er greinilega mjög illa við það að hann sé hér í þingsalnum látinn standa reikningsskil þeirra orða sem hann hefur viðhaft úr ráðherrastóli utan þings. Það er nú einu sinni eðli þingræðisins, hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, að menn verða hér í þingsalnum að standa reikningsskil þeirra orða sem þeir hafa látið falla úr ráðherrastól. (**Fjmrh.:** Ég geri það þegar ég kemst að.) Og menn eru líka látnir standa reikningsskil þeirrar sérkennilegu stöðu, sem hæstv. ráðh. hefur skapað sér, að blanda saman í einn hatt rekstri heildverslunar og rekstri fjmrn. Það væri þess vegna fyllilega við hæfi að flytja hér sérstakt frv. um verslunarrekstur ráðh. til þess að fyrirbyggja að menn geti í framtíðinni stundað þann sérkennilega leik sem hæstv. fjmrh. hefur tekið hér upp fyrstur ráðh. Það var greinilega það sem var að í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan að hann fann að sér höggvið með þessu frv. Hann fann að hagsmununum sínum höggvið. Þess vegna kom hann hingað upp til þess að reyna að drepa málinu á dreif með því að gefa til kynna að hér væri eingöngu um áróðursmál að ræða. Hann er hræddur. Hæstv. ráðh. er hræddur við það að verið sé að taka á verslunarmálunum í landinu, verið sé að taka á þeim mönnum og þeim hagsmunum, sem telja sér sæma að þjóna heildverslun í landinu bæði í ráðherrastól og utan. Það sýnir best hvar hagsmunahjartað í þessari ríkisstj. slær, eins og hv. þm. Svavar Gestsson benti á hér áðan, að núv. formaður Sjálfstfl. og aðstoðarráðherra hæstv. fjmrh. skuli telja það við hæfi að ganga fyrst á fund Verslunarráðs Íslands til þess að tilkynna því hvað þessi ríkisstj. ætli að gera fyrir fyrirtækin, hvernig hún ætli að auka tekjur fyrirtækjanna, hvernig hún ætli að minnka skatta fyrirtækjanna og hvað hún ætli að gera til þess að styrkja hagsmunaaðila Verslunarráðsins, áður en þingheimi hér eða þjóðinni hefur verið gerð grein fyrir þessum

áformum. Það er við hæfi að þessir menn skuli á sínu fyrsta valdaári gera það að meira kappsmáli að lækka skatta fyrirtækjanna í landinu heldur en fólksins í landinu. Það er sérkennilegt að horfa upp á það hér að þegar hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson fer með skattamálin, þá skuli í hans tíð skattabyrðin á almenning í landinu stóraukast. Það er einmitt það sem er að gerast. Á sama tíma og þessir menn með formann Sjálfstfl. og formann Sambands ungra sjálfstæðismanna í broddi fylkingar eru önnum kafnir við það að létta sköttum af fyrirtækjunum þá er skattabyrði almennings að aukast. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur sent frá sér sérstaka ályktun þar sem það kemur skýrt fram að skattabyrði almennings í landinu verður þyngri á fyrsta valdaári þessarar ríkisstj. heldur en verið hefur í langan tíma. Við sem heyrðum hér allar stóru yfirlýsingarnar um að þegar þessir menn kæmust til valda þá ætti að lækka skattana á fólkinu í landinu, þá ætti að draga úr skattabyrðinni, það hlægir okkur að sjá að á fyrsta valdaári þessara manna skuli skattbyrði á launafólkið á Íslandi þyngjast á sama tíma og skattbyrðin á fyrirtækjunum og í versluninni mun léttast. Það er ósköp eðlilegt að hæstv. fjmrh. reyni að koma hér upp og gera lítið úr efnislegri umr. um verslun í landinu. Hann veit að það er sá þáttur í valdaferli þessarar ríkisstj. sem síst þolir að vera skoðaður í dagsljósinu.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 26. fundur.

Þriðjudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kosning varamanns í bankaráð Búnaðarbankans í stað Jóns Helgasonar, er skipaður var landbúnaðar-, dóms- og kirkjumálaráðherra 26. maí s. l., til 31. des. 1984.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:

Þórarinn Sigurjónsson alþm.

Innheimta og ráðstöfun kjarnfóðurgjalds, fsp. 66. mál (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til landbrh. sem fram kemur á þskj. 71 um innheimtu og ráðstöfun kjarnfóðurgjalds.

Spurningin er í þrem liðum:

„1. Hver hefur verið álagsprósenta hverju sinni við innheimtu kjarnfóðurgjalds og hver er heildarinnheimtan, reiknuð til núgildandi verðlags?

2. Hvernig hefur þessum fjármunum verið varið í einstökum atriðum?

3. Er ekki orðið tímabært í ljósi fyrirhugaðrar styrkveitingar upp á rúmar 5 millj. til væntanlegrar dreifingarstöðvar eggja að taka umboðið af þeim sjálfstæða skattheimtu- og úthlutunaraðila sem Framleiðsluráð landbúnaðarins er nú?“

23. júní 1980 setti þáv. landbrh. brbl. um kjarnfóðurskatt, sem heimiluðu allt að 200% skatt á allt kjarnfóður. Framleiðsluráði landbúnaðarins var falin öll nánari framkvæmd skattheimtunnar, svo og allt vald til að ákveða endurgreiðslu á skattinum. Meginforsendur fyrir setningu þessara brbl. voru m. a. niðurgreiðslur erlendis á fóðurvörum og ástand framleiðslu- og markaðsmála landbúnaðarins. Erlendar niðurgreiðslur á fóðurvörum voru útflutningsuppbætur sem Efnahagsbandalagið greiddi útflytjendum í bandalaginu þegar heimsmarkaðsverð fór niður fyrir ákveðið viðmiðunarverð. Með skattinum átti einnig að taka upp verðmiðlun milli búvara, og það sem skrýtnast er, þannig var honum ætlað að fjármagna útflutningsuppbætur íslenskra landbúnaðarafurða.

Einnig kom fram að kjarnfóðurskattinum var ætlað að setja hömlur á offramleiðslu mjólkur, en ódýru erlendu kjarnfóðri var kennt um hana. Þessi skattur kom að því leyti misjafnlega niður á mönnum að sumir gátu frekar verið án kjarnfóðurs en aðrir. Fugla- og svínabændur eru háðari kjarnfóðurgjöf en framleiðendur í flestum öðrum búgreinum. Talið er að fóðurkostnaður, sem að mestu leyti er kjarnfóður, nemi um 60% rekstrarkostnaðar fugla- og svínaræktarbúa.

Með tilkomu þessa skatts var Framleiðsluráð landbúnaðarins orðið óbeinn aðili að verðlagningu afurða alifugla- og svínaræktarbænda. Þau neikvæðu áhrif sem þessi afskipti hafa haft, þ. e. hækkun vöruverðs á afurðum fugla- og svínabænda, hafa leitt af sér að eggjabændur, þ. e. hluti þeirra, sér nú þá leið besta að sigla undir verndarvæng Framleiðsluráðs og tryggja sér þannig þolanlegt afurðaverð. Framleiðsluráð hefur lýst sig reiðubúið til að taka þátt í þessum leik, enda er því frjáls verðlagning landbúnaðarafurða ákveðinn þyrnir í augum. Þessum hugmyndum hefur verið mótmælt mjög harðlega víðs vegar um land allt, enda á Framleiðsluráð landbúnaðarins algerlega eftir að sanna tilvistarrétt sinn. Aðalhlutverk Framleiðsluráðs landbúnaðarins er að stjórna framleiðslu landbúnaðarafurða, en framkvæmdin hefur aðallega verið fólgin í því að takmarka framleiðslu án þess að verð til neytenda breytist nokkurn skapaðan hlut. Neytendur hafa ekkert að segja heldur koma menn sér upp afar flóknum kerfum sem fullyrt er að séu einhvers konar stýrikerfi á framleiðslu nokkur þúsund bænda. Reynslan af þessu stýritæki hefur sýnt að það er algerlega óhæft og kemur auk þess afar misjafnlega niður á búgreinum. Eðlilegast væri að fella þessa starfsemi niður og láta verð framleiðslunnar stjórna henni. Þá njóta neytendur lægra verðs á tímum offramleiðslu, sem tryggir að þeir framleiðendur sem framleiða með hagkvæmum hætti standa eftir en hinir detta út.

Enginn er að mæla á móti því að menn bindist samtökum og skipuleggi sína starfsemi. Hér er einungis verið að benda á nauðsyn þess að verðmyndun sé frjáls. Skipulag eða stjórnun í heföbundnum búgreinum hingað til hefur ekki verið björgulegri en það, að þar er um stöðuga offramleiðslu að ræða meira og minna. Ég þarf víst ekki að taka fram að ég er mótfallinn kjarnfóðurskatti. Er það reyndar ekki tilkomið vegna þess að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi áhuga á því að koma eggjaframleiðslu undir sinn verndarvæng heldur aðallega vegna þess að ég tel þessa skattlagningu í andstöðu við stjórnarskrána, þar sem segir að engan

skatt megi leggja á né breyta né af taka nema með lögum, og enn fremur að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Að fela einhverju fyrirtæki úti í bæ skattheimtu og fjárveitingar er að mínu mati óþolandi ráðstöfun sem ber að fella niður hið bráðasta.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 71 er fsp. til landbrh. um innheimtu og ráðstöfun kjarnfóðurgjalds. Fsp. var send Framleiðsluráði landbúnaðarins til þess að fá upplýsingar um 1. og 2. tölul. hennar. Byggjast eftirfarandi svör við þeim töluliðum á upplýsingum sem þar eru fengnar.

Eins og hv. fyrirspyrjandi rakti hér var samkv. brbl. útgefnum af landbrh. 3. júní 1980 ákveðið að innheimta 200% gjald af cif-verði kjarnfóðurs frá 24. júní 1980. Frá og með 1. júlí 1980 var ákveðið að ekki yrði innheimt nema 50% gjald af alifugla- og svínafóðri miðað við cif-verð þess, og frá og með 5. ágúst 1980 var ákveðið að lækka gjaldið á alifugla- og svínafóðri í 40% af cif-verði þess og hélst það svo til 1. okt. 1980, en var þá lækkað í 33.33% af cif-verði og hefur það hlutfall staðið óbreytt síðan.

Hins vegar var innheimt 200% gjald miðað við cif-verð af kúafóðri frá 24. júní 1980 og til og með 31. ágúst sama ár. Þá var gjaldið lækkað í 33.33% af cif-verði þess og hefur verið svo síðan.

Ákvarðanir um hundraðshluta kjarnfóðurgjalds af cif-verði kjarnfóðurs hefur alla tíð verið ákveðið af landbrh. í reglugerð samkv. lögum. Fyrst var það reglugerð nr. 348 samkv. lögum nr. 15/1979, um breyting á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Þá var það reglugerð nr. 441/1981 sett við lög nr. 95/1981 um sama efni og síðasta reglugerð nr. 465/1983 sett við lög nr. 95/1981 um sama efni.

Áður en breytingar á gjaldi hafa verið gerðar með reglugerðarsetningu hefur verið leitað til Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs landbúnaðarins, svo sem lög nr. 95/1981 mæla fyrir um. Heildarinnheimta kjarnfóðurgjalds fram til 9. þ. m. hefur verið 157 440 367 kr. Framleiðsluráð hefur ekki treyst sér til þess að framreikna þessa upphæð til núgildandi verðlags, þar sem greiðslur þessar hafa verið að berast allan þennan tíma í mörgu lagi í hverjum mánuði. Hins vegar er eftirfarandi sundurliðun milli ára: 1980 3 776 096 kr., 1981 29 571 824 kr., 1982 50 807 919 kr., og það sem af er þessu ári til 9. þ. m. 73 284 528 kr.

Í 2. tölul. er spurt um hvernig þessum fjármunum hefur verið varið í einstökum atriðum. Samkv. greinargerð Framleiðsluráðs skiptist það þannig:

Greitt vegna skorts á útflutningsbótum kindakjöts 20 590 343 kr. Endurgreidd verðskerðing sveitarsjóða vegna kindakjöts 63 501 kr. Vegna hækkunar á grundvallarverði gæra verðlagsárið 1981—1982 7 445 026 kr. Endurgreiðslur til sauðfjárframleiðenda pr. kg kjöts 23 360 374 kr. Greitt vegna skorts á útflutningsbótum mjólkur 12 321 371 kr. Greitt til bænda vegna leiðréttingar á mjólkuruppgjöri 1979—80 1 196 156 kr. Endurgreitt til mjólkurframleiðenda pr. lítra yfir vetrarmánuðina 35 928 836 kr. Endurgreitt til nautgripaframleiðenda pr. kg kjöts framleitt árið 1982 4 186 056 kr. Greitt vegna vorharðinda 1983 11 398 377 kr. Greitt til Áburðarverksmiðju ríkisins 31 695 761 kr. Styrkir til alifuglaframleiðslu 3 342 117 kr. Styrkir til svínaframleiðslu 1 142 222 kr. Greitt vegna kostnaðar, leiðréttinga hjá innflytjendum o. fl. 2 388 370 kr. Styrkur til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins 30 þús. Samtals er þetta 154 088 510 kr.

Frá ársbyrjun 1981 hafa allar ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr sjóðnum verið staðfestar af landbrh. eða gerðar með vitund hans.

Í 3. liðnum er spurt: „Er ekki orðið tímabært í ljósi fyrirhugaðrar styrkveitingar upp á rúmar 5 millj. kr. til væntanlegrar dreifingarstöðvar eggja að taka umboðið af þeim sjálfstæða skattheimtu- og úthlutunaraðila sem Framleiðsluráð landbúnaðarins er nú?"

Enda þótt mér sé ekki fyllilega ljóst hvernig þessi spurning er hugsuð, þá er svar mitt það, að ég tel að enn þá sé full þörf á að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi heimild til að nota álagningu kjarnfóðurgjalds til að stýra búvöruframleiðslunni. Þegar kjarnfóðurgjaldið var fyrst sett á var mjólkurframleiðslan í landinu um það bil 120 millj. lítra, langt umfram innanlandsmarkað. En eftir að ráðstafanir höfðu verið gerðar til þess að draga úr henni með álagningu kjarnfóðurgjalds og fleiri aðferðum var hún á s. l. verðlagsári komin niður í u. þ. b. 104 millj. lítra sem er lítið umfram innanlandsþörf. Verð fyrir mjólkurafurðir á erlendum mörkuðum er hins vegar svo lágt, að það er mjög brýnt að halda mjólkurframleiðslunni sem næst því sem innanlandsmarkaðurinn hefur þörf fyrir.

Á sama hátt hefur sauðfé fækkað mikið á annað hundrað þúsund síðan 1979. Engu að síður voru birgðir af dilkakjöti í landinu nú við upphaf sláturtíðar, eins og öllum er kunnugt um, þannig að þar er einnig við markaðserfiðleika að etja. Við slíkar aðstæður virðist fráleitt að fella þessa heimild til framleiðslustjórnunar úr gildi. Mér er ekki heldur ljóst af hverju styrkur til eggjadreifingarstöðvar ætti að hafa áhrif á þetta mál.

Ég skýrði frá því í svari við fsp. hér á hv. Alþingi um daginn að þegar samtök voru mynduð um heildsöludreifingu á smjöri og ostum hefði heildsölukostnaður lækkað úr 10% niður í 3—4% og þar með verð til neytenda. Þegar eggjaframleiðendur óskuðu eftir því að fá stuðning úr kjarnfóðursjóði til þess að koma á sambærilegri aðstöðu til eggjaheildsölu fannst mér eðlilegt að verða við því ef samstaða yrði milli þeirra um það mál til þess að stuðla að verðlækkun til neytenda á þann hátt líka. Ég get ekki séð að slíkt gefi tilefni til að afnema framleiðslustjórnun.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör hans. Þær tölulegu upplýsingar sem fram komu í svörunum eru það margþættar að auðvitað væri æskilegt, ef hæstv. ráðh. sæi sér það mögulegt, að fá þeim dreift í fjölrituðu formi með það fyrir augum að maður geti kynnt sér það nánar.

Af því að í þessu tilviki fer saman í einum manni hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh. fannst mér leitt að fá ekki að heyra hvaða álit hann hefur á lögum af því tagi sem hér um ræðir. Hvað viðkemur gildi kjarnfóðurskatts sem stýringu á framleiðslu og réttlætingu þess að viðhalda honum til þeirra verka, þá segir það sig náttúrlega sjálft að það er hægt að stýra framleiðslu með margvíslegum öðrum hætti og sjálfsagt miklu

einfaldari og gagnlegri. Til að nefna aðeins eitt dæmi, vegna þess að það kemur manni í hug þegar maður horfir til annarrar starfsemi í þessu landi, þá gæti einn lítill einfaldur samningur milli bónda og þess sem afurðina kaupir af honum, t. d. mjólkurbús, um ákveðna framlegð á ári hverju, sem mjólkurbúin tækju við, einfaldlega leyst það vandamál að framleiðsla færi ekki fram úr hófi. Höfuðvaldurinn að þessari offramleiðslu er í raun og veru sú sjálfvirka verðlagning án tillits til framboðs sem ekki hefur dugað til þess að hafa hemil á framleiðslu þess landbúnaðar sem við búum við í þessu landi.

Eftirlit og mat á ferskum fiski, fsp. 80. mál (þskj. 85). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Á þskj. 85 hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. sjútvrh. varðandi reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.:

„1. Er reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., nr. 55 20. mars 1970, enn í gildi?

2. Verður fræðslukvikmynd sú er sjútvrn. lét gera um vinnubrögð við aðgerð um borð í fiskiskipum tekin úr umferð og ekki sýnd?"

Seinni hluta þessarar fsp. lagði ég óformlega fyrir hæstv. ráðh. í fsp.-tíma hér í Sþ. 25. okt. í tengslum við fsp. mínar til hæstv. ráðh. um aðgerðir til bættrar meðferðar á sjávarafla og ráðstöfun gengisfjár. Forseti vildi ekki gefa ráðh. heimild til framlengingar á ræðu sinni til að svara fsp. Fsp. er því borin fram á formlegan hátt.

Ef svar hæstv. ráðh. verður jákvætt við fyrri lið fsp. og ég geri ráð fyrir að svo verði, þá er það staðfesting á því að kvikmynd sú er sjútvrn. lét gera um vinnubrögð við aðgerð um borð í fiskiskipum brýtur í bága við þá reglugerð. Nú ætla ég ekki að fara að deila um hvort reglugerðin inniheldur bönn sem ekkert mark er takandi á eða hvort aðrar leiðir en þær sem eru þar tíundaðar séu betri til meðferðar á fiski. En broslegir hafa verið þeir tilburðir sem í frammi hafa verið hafðir til að sanna að sú trú matsmanna, gerlafræðings og sjómanna að betra sé að blóðga fisk og láta honum blæða út í stað þess að blóðga og slægja í einni striklotu séu hálfgerðar kerlingabækur.

Hæstv. ráðh. eyddi drjúgum hluta af ræðu sinni á aðalfundi LÍÚ til að ræða þetta stóra vandamál. Þar sagði hann m. a.:

„Sjútvrn. skipaði seint á árinu 1980 nefnd til að gera tillögur um reglur og leiðbeiningar er stuðlað gætu að því að bæta gæði afla úr botnvörpu og flotvörpu. Skyldi þá tekið tillit til meðferðar fisksins allt frá því að hann kæmi í veiðarfærið þar til hann væri tekinn til vinnslu í landi."

Og síðar í sömu ræðu hélt hæstv. ráðh. áfram með leyfi forseta: „Nefndin fjallaði ítarlega um þann þátt er snertir blóðgun og slægingu afla um borð. Ekki var mælt með að reglugerðinni yrði breytt. Framleiðslueftirliti sjávarafurða og fulltrúum kaupenda og seljenda var falið að gera nákvæma könnun á því hvaða gæðamunur sé á þeim fiski sem blóðgaður og slægður er um leið og þeim fiski sem látið er blæða út fyrir slægingu."

Og enn síðar: „Sjútvrn. hefur nú ákveðið að gera enn eina könnun á sama verkþætti undir stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins í samstarfi við Framleiðslueftirlitið og hagsmunaaðila í sjávarútvegi."

Svo mörg voru þau orð. Maður hélt nú að um þessi mál þyrfti ekki mikið að ræða eftir að rn. hefði látið gera kvikmynd þar sem rétt vinnubrögð eru sýnd. Ef vafi leikur á því að þau vinnubrögð sem í kvikmyndinni eru sýnd séu rétt, er þá hægt að halda áfram sýningum á þessari vinnubragðamynd í nafni sjútvrn.?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningu fyrirspyrjanda vil ég segja eftirfarandi:

Reglugerð nr. 55/1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., er enn í fullu gildi. Síðasta breyting á reglugerðinni er frá 16. okt. 1981 og varðar flokkun á síld. Í mars s. l. fól sjútvrn. samkv. tillögum frá Fiskmatsráði vinnuhópi, sem skipaður er fulltrúum frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og sérfróðum mönnum í meðferð á vinnslu sjávarafla, að endurskoða og gera tillögur um breytingar á reglugerð nr. 55/1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl. Formaður vinnuhópsins er Sigurður B. Haraldsson skólastjóri Fiskvinnsluskólans.

Fiskmatsráð ritaði formanni vinnuhópsins bréf þann 16. mars 1983. Segir þar m. a. með leyfi forseta:

„Verkefnið verði að gera tillögur um nauðsynlegar og æskilegar breytingar á umræddri reglugerð. Við endurskoðun verði sérstaklega tekið mið af eftirfarandi atriðum:

1. Endurskoðunin byggist á gildandi lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt kann að vera að taka mið af nýjum lögum, sbr. frv. um ríkismat sjávarafurða, skal halda þeim atriðum sérstaklega til haga.

2. Varðandi flokkunarreglur fyrir ferskan fisk skal leitast við að: a) Nýjar gæðaflokkunarreglur endurspegli sem best gæði og verðmæti hráefnis. b) Reglurnar verði sem auðveldastar í notkun við mat, kennslu og fyrir samræmingu matsstarfa. c) Æskilegt er að matsreglur verði þannig úr garði gerðar að auðvelt verði að tölvuvinna niðurstöður, m. a. í því skyni að fylgjast með orsökum galla.

3. Til upplýsinga og viðmiðunar varðandi starfið má minna á eftirfarandi skýrslur: a) Skýrslu Benedikts Gunnarssonar og Sigurjóns Auðunssonar um úttekt á ferskfiskmati, sept. 1982. b) Skýrslu Fiskmatsráðs um ástand ferskfiskmats og tillögur til endurbóta á skipulagi og starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða varðandi ferskfiskmat, okt. 1982. c) Skýrslu nefndar um bætt gæði afla togskipa frá 4. maí 1981.

Sjútvrn. tók þá stefnu strax í upphafi endurskoðunar á málefnum Framleiðslueftirlitsins að gæðamálin yrðu rædd og vegin ítarlega innan raða hagsmunaaðila sjávarútvegsins. Vinnuhópur sá er hér um ræðir er skipaður ellefu mönnum og ekki óeðlilegt að sitt sýnist hverjum. Þrátt fyrir ólík sjónarmið eru komnar brtt. um fjóra fyrstu kafla reglugerðarinnar, en viðkvæmasti hlutinn, er varðar meðferð fisks, gæðaflokkun á ferskum fiski og fiskafurðum, er enn í vinnslu.

Vinnuhópurinn hefur m. a. látið fara fram tilraunir á þorski vorið 1983 á fjórum matsstöðvum. Matið fór þannig fram að metnir voru einstakir matsþættir, sérstaklega lykt, los, blóðæðar í þunnildum og litur í holdi.

Gefin var einkunn fyrir hvern þátt og tölfræðilegir útreikningar hafa verið framkvæmdir. Niðurstöður þær sem nú liggja fyrir úr þessu tilraunamati benda í þá átt að breyta megi matsaðferðum á þann hátt að matsniðurstöður gefi meiri upplýsingar um raunveruleg gæði hráefnis en hingað til hefur verið unnt að fá.

Sem svar við annarri spurningunni vil ég segja það að við munum ekki láta stöðva eða taka þessa mynd úr umferð. Þessari mynd var ekki ætlað að kenna mönnum alla hluti varðandi meðferð á fiski. Það var hugmyndin með myndinni að reyna að vekja sem mesta umræðu. Ég hafði nú vænst þess að umræða yrði um fleiri þætti, t. d. veiðarfæri, vinnuaðstöðu sjómanna, ísun fisks o. fl., en það hefur því miður farið minna fyrir því. Ég tel mig ekki geta fellt dóm um það hvort ein eða önnur aðferð sé nothæf við blóðgun og slægingu. Það má segja raunar um báðar þær aðferðir sem hafa tíðkast. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið þá er ekki að sjá að þess sé getið í sambandi við niðurstöður ferskfiskmats að aðferðirnar sem slíkar hafi endurspeglast í niðurstöðum matsins. Það virðist vera að sjómenn og útgerðarmenn fái svipaða útkomu úr ferskfiskmati hvorri aðferðinni sem beitt er. Komi gallar hráefnis ekki fram við ferskfiskmatið hljóta þeir að vera það smávægilegir að þeir skipti ekki máli eða að reglugerðin er röng.

Hins vegar er ég persónulega þeirrar skoðunar, og það er það sem flestir hafa vanist sem umgengist hafa fisk, að það sé rétt að láta honum blæða út fyrst og slægja hann síðan. Og ég er sannfærður um að sú aðferð er enn í fullu gildi, enda í samræmi við reglugerð, og hún víðast viðhöfð eftir því sem ég best hef séð.

Hins vegar tel ég ekki rétt að útiloka aðrar aðferðir ef þær reynast vel og komi ekki fram marktækur munur milli þeirra og hinna hefðbundnu aðferða sem lýst er í 46. gr. reglugerðarinnar.

Ég vil aðeins segja það um það rannsóknarverkefni sem nú er í gangi, og það er nauðsynlegt að menn komist að sem bestum niðurstöðum í þessu efni og menn séu sammála, sem fram kemur í bréfi frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins varðandi tillögur að þessu verkefni. Bréf þetta er dagsett 26. okt. 1983 og vitnaði fyrirspyrjandi til þess þegar hann vitnaði í ræðu mína sem ég hélt á aðalfundi LÍÚ. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Almennt eru menn sammála um að a. m. k. tveir þættir hafi mikil áhrif á það hve vel tekst til með blóðgun bolfisks. Í fyrsta lagi hve fiskurinn er lifandi þegar hann er skorinn, í öðru lagi að fiskurinn sé settur í rennandi vatn strax eftir skurð og látinn liggja þar í nokkurn tíma. Um áhrif annarra þátta fer mjög misjöfnum sögum. Venjan er sú, að þegar blóðgað og slægt er í einu lagi þá fær fiskurinn yfirleitt mjög litla vatnsmeðhöndlun. Oftast er stutt skolun í þvottakari látin nægja. Sé blóðgað og slægt sitt í hvoru lagi fær fiskurinn hins vegar vatnsmeðhöndlun bæði í blóðgunar- og þvottakari. Mikilvægt er að rugla þessum tveim þáttum ekki saman, þannig að aðgerðaraðferðinni sé kennt um galla í fiskinum sem í raun stafa af of lítilli vatnsmeðhöndlun. Því er lagt til að gerðar verði tvær tilraunir með samanburði á þessum aðgerðaraðferðum. Önnur tilraunin feli í sér að fiskurinn fái enga vatnsmeðhöndlun eftir skurð en í hinni tilrauninni verði allur fiskurinn látinn liggja í rennandi sjó í jafnlangan tíma, t. d. 15 mínútur. Báðar tilraunir feli í sér aðgerð á fiski sem er a) sprelllifandi og b) búinn að liggja í 3—4 klst. á dekki. Úr helmingi fisksins verði framleidd sérfryst óroðflett flök með þunnildum og saltfiskur úr hinum helmingnum. Niðurstöður myndu verða í formi sem þar er greint. Gert er ráð fyrir að verkefni þetta taki tvo mánuði, þ. e. að skýrsla um niðurstöður lægi þá fyrir. Lagt er til að rn. og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skipti með sér kostnaði við verkefnið á eftirfarandi hátt" — sem ég sé ekki ástæðu til að tilgreina.

Síðan var þetta endurskoðað með nýju bréfi og þessi tilraun er nú komin í gang. Ég tel mikilvægt að við fáum sem besta niðurstöðu í þessum efnum. Þar geta í sjálfu sér ekki ráðið persónulegar skoðanir mínar eða annarra, eftir því sem maður hefur vanist. Það verður að komast hér að algildum, vísindalegum niðurstöðum og ég hef lagt á það mikla áherslu að slíkar tilraunir fari fram.

Ég fagna því að veruleg umræða hefur orðið um þessi mál og það má m. a. rekja til þessarar myndar. Við vitum það að þessi aðferð er viðhöfð og ég held að það megi fullyrða að ýmislegt mjög slæmt, sem ekki væri kannske gott að sýna, viðgengst í þessum efnum, því miður. Þarna er ástandið ekki sem skyldi. Það reynist að sjálfsögðu erfitt að hafa fullt eftirlit með því. En mikilvægast af öllu er að ef slíkt er gert og ekki hirt um að gera þessa hluti rétt komi það fram í matinu og verðlagningunni. Þá finna viðkomandi aðilar að sjálfsögðu mest fyrir því og þess vegna er mikilvægt að matið og verðlagningin endurspegli ranga meðferð á fiski.

Ég vænti þess, herra forseti, að svör þessi reynist fullnægjandi.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. mjög greinargóð svör við spurningum mínum og fagna þeim upplýsingum sem komu fram um það hvað er verið að gera á vegum rn. í sambandi við könnun og betri undirbúning að því að ganga betur um sjávarafla.

En um hinn þáttinn, þ. e. í sambandi við þá kvikmynd sem mikið hefur verið til umræðu og gerð var af sjútvrn. um vinnubrögð um borð í skipi, hvort halda eigi áfram að sýna hana þrátt fyrir það að ráðh. hafi nú hér lýst því yfir að vinnubrögð í þeirri mynd séu brot á reglugerð um meðferð fisks, það svar fannst mér frekar einkennilegt. Að ráðh. geti lýst því yfir hér á Alþingi að það sé hægt að nota sem fræðslukvikmynd kvikmynd sem sýnir röng vinnubrögð. Ég veit ekki hvað væri hægt að ganga langt í þessu ef slíkt ætti að ganga út á víðari veg. Ég sé ekki að það sé nokkur munur á því hvort þarna sé verið að brjóta reglugerð eða brjóta lög með einhverjum öðrum hætti. Það mætti alveg eins gera mynd sem sýndi það að fiskur væri ekki blóðgaður. Kvikmyndagerð sem sýnir röng vinnubrögð til þess að kenna bætt og betri vinnubrögð er dálítið einkennileg, hvað þá ef sýnd eru vinnubrögð sem ekki standast lög og reglur.

Ráðh. upplýsti að í gangi væru tilraunir til að kanna hvort þessi sérstöku vinnubrögð skiptu máli. Hann sagði að verið væri að gera tilraun með að þvo fisk í 15 mínútur með öðrum hvorum þessara vinnubragða, annaðhvort með því að fiskurinn væri blóðgaður strax og látinn bíða eða blóðgaður og slægður í striklotu. Ég

get ekki séð að það geti nokkurn tíma átt sér stað að um borð í íslensku fiskiskipi getum við leyft okkur þann lúxus að láta fisk sem verið er að taka úr veiðarfæri liggja í vatni í 15 mínútur. Það er algjörlega út í bláinn. Slíkur þvottur verður að eiga sér stað á mjög stuttum tíma, stundum 2—3 mínútum, en hægt sé að gera þetta — eða nota þvottaleiðina til þess að ná blóði úr fiski á 15 mínútna tíma, það er alveg fráleitt.

Ráðh. undirstrikaði líka að þessi kvikmynd hefði orðið til þess að umræða hefði orðið meiri um þessi mál en reyndin hefði annars orðið. Ég ber ekki á móti því að viss umræða hefur átt sér stað um kvikmyndina, en ég held að það sé ekki góð leið að koma með illa undirbúna hluti til þess að koma af stað umræðum. Það væri æskilegra að upp væri staðið til að fagna því sem reglulega vel hefði verið gert heldur en þyrfti að standa í því að gagnrýna það sem gert hefur verið vegna þess að það hafi ekki verið nógu vel úr garði gert.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er í undirbúningi meira af fræðsluefni um meðferð á fiski og það er ætlunin að gera mynd um meðferð á fiski um borð í togurum. Það er því miður svo að víða í bátaflotanum er tiltölulega léleg aðstaða og einnig í sumum af togurunum. Ég hef tekið eftir því að hjá þeim sem eru best útbúnir og t. d. hafa komið nýlega úr endurbótum hefur mat á fiski og gæði hráefnis mjög batnað. Það er mjög mikið atriði að þessi útbúnaður sé sem bestur um borð í skipunum. Við höfum beint því til Fiskveiðasjóðs að endurskoða reglur um lánveitingar m. a. með það markmið í huga að hvetja meira til þess að koma upp slíkri aðstöðu.

Ég skal ekki leggja neinn dóm á það hvernig slík tilraun sem þessi skal fara fram. Ég vil ekki setjast í það dómarasæti. Ég treysti þeim vísindamönnum og rannsóknarmönnum sem um þetta fjalla, það er þeirra starf, og ég vil ekki blanda mér í það. En alla vega mun koma út úr þessu ákveðin niðurstaða, jafnvel þótt það sé sjálfsagt rétt hjá fyrirspyrjanda að það er í mörgum tilfellum erfitt að hafa fisk svo lengi í vatni. En það fer að sjálfsögðu eftir aflabrögðum og aðstöðu um borð í skipum. Hún er mjög misjöfn og í sumum skipum er það e. t. v. hægt en í öðrum ekki. En ég tek undir það að það er mikilvægt að fá sem best úr þessu skorið, þannig að ekki séu deilur um það á milli aðila í sjávarútveginum og rannsóknar- og vísindamanna hvernig best sé að standa að þessum hlutum til að ná sem almennustum bestum árangri, jafnvel þótt einstakar aðferðir geti skilað jafngóðum árangri í öðrum tilvikum. T. d. hefur það að sjálfsögðu mjög mikið að segja hvað fiskurinn er vel lifandi, því að fiski sem er vel lifandi blæðir út á tiltölulega stuttum tíma en ef fiskur kemur hálfdauður í aðgerð tekur það mun lengri tíma.

Áburðarverksmiðja ríkisins, fsp. 80. mál (þskj. 85). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Herra forseti. Í lok okt. bilaði hin nýja framleiðslurás Áburðarverksmiðju ríkisins sem tekin var í notkun s. l. sumar. Þegar þessi nýja framleiðslurás bilaði var gamla rásin tekin umsvifalaust í notkun. Fyrir Reykvíkinga og þá sem búa í næsta nágrenni hefur sú stefna að taka þessa gömlu rás í notkun aftur haft mikla þýðingu, þ. e. það stafar mikil umhverfismengun af notkun þessarar rásar. Mengunin frá Áburðarverksmiðjunni hefur valdið miklum óþægindum og hefur verið mikill þyrnir í augum Reykvíkinga og þeirra sem þar búa í næsta nágrenni, auk þess að auðvitað er þessi mengun mjög skaðleg.

Ég vil nú leyfa mér, herra forseti, að vitna í blaðagrein um þetta mál frá 2. nóv. s. l. eftir Þorstein Einarsson verkfræðing þar sem hann segir m. a.:

„Fyrir Reykvíkinga hefur þessi stefna þýtt umhverfismengun af stærðargráðu sem er óþekkt í þeim hópi landa sem við teljum okkur tilheyra. Á undanförnum árum hefur Áburðarverksmiðjan sleppt út í umhverfið 600 tonnum af köfnunarefnistvísýringi á ári. Köfnunarefnistvísýringur er hinn svokallaði guli reykur sem umlykur borgina á góðviðrisdögum."

Alvarlegasta fullyrðingin í grein Þorsteins er í raun-inni sú að hann heldur því fram að verksmiðjan hafi aldrei haft starfsleyfi. Og við nánari athugun kom ekki í ljós að annað væri réttara en það, sem hann heldur fram í sinni grein, að það var ekki hægt að fá upplýsingar um að starfsleyfi væri fyrir hendi. „Það væri forvitnilegt að vita hvaðan verksmiðjan tekur sér heimild til þess að taka gömlu framleiðslurásina í notkun," segir Þorsteinn ennfremur í þessari grein. Því spyr ég í framhaldi af þessu:

1. Hefur Áburðarverksmiðja ríkisins leyfi til reksturs gömlu framleiðslurásarinnar?
2. Er ætlunin að í framtíðinni verði starfsleyfi fyrir báðum framleiðslurásunum? Ef svo er mega þá Reykvíkingar — sérstaklega þeir sem flytjast á Grafarvogssvæðið nýja — eiga von á því í framtíðinni að mengun af völdum köfnunarefnistvísýrings og annarra óhreininda, sem rekstur gömlu framleiðslurásarinnar hefur í för með sér, verði varanlegur þáttur í lífi þeirra?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 85 er fsp. til landbrh. Í fyrsta lagi: „Hefur Áburðarverksmiðja ríkisins leyfi til reksturs gömlu framleiðslurásarinnar?" Þessi fsp. var send til Áburðarverksmiðju ríkisins. Ég mun hér lesa upp það svar sem hún sendi. Við fyrstu spurningunni er svarið þannig:

„Ekki er alveg ljóst hvað átt er við með fsp., en reynt skal að gera grein fyrir hvernig mál varðandi starfsleyfi standa.

Þegar Áburðarverksmiðja ríkisins tók til starfa snemma árs 1954 þurfti ekki sérstök starfsleyfi stjórnvalda til reksturs slíkrar verksmiðju. Var nægilegt að Alþingi hafði ákveðið að verksmiðjan skyldi reist og starfrækt. Með reglugerð nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, útgefinni af heilbrrh., var hins vegar ákveðið að sérstök starfsleyfi heilbrrn. þyrfti til reksturs slíkrar verksmiðju. Skyldi umsókn um starfsleyfi berast Heilbrigðiseftirliti ríkisins fyrir hönd rn. fyrir 1. nóv. 1972. Var umsókn um starfsleyfi fyrir Áburðarverksmiðju ríkisins í heild ásamt tilheyrandi gögnum send 25. okt. 1972. Við þeirri umsókn hefur svar ekki borist enn.

Hinn 25. maí 1977 var Heilbrigðiseftirlitið minnt á umsókn Áburðarverksmiðjunnar um starfsleyfi og óskað eftir afgreiðslu. Málið var enn ítrekað með bréfi Áburðarverksmiðjunnar til Heilbrigðiseftirlitsins 2. apríl 1979, en eins og fyrr segir án árangurs.

Á árinu 1979 var ákveðið að endurnýja eina af fimm

verksmiðjum í framleiðslurás Áburðarverksmiðjunnar. Var það saltpéturssýruverksmiðja. Í samræmi við framangreinda reglugerð nr. 164/1972 var sótt um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlitsins fyrir þá nýbyggingu og var það gefið út 2. jan. 1981. Er því ljóst að hin nýja saltpéturssýruverksmiðja er eini hluti Áburðarverksmiðjunnar sem enn hefur fengið formlegt starfsleyfi. Á meðan beðið hefur verið eftir afgreiðslu starfsleyfis fyrir Áburðarverksmiðju ríkisins í heild hafa verksmiðjur fyrirtækisins að sjálfsögðu verið starfræktar á sama hátt og frá upphafi. Hefur verið litið svo á að það væri leyfilegt á meðan starfsleyfisumsóknin væri til afgreiðslu og athugasemdir ekki gerðar við reksturinn að öðru leyti. Verður því að líta svo á að rekstur gömlu framleiðslurásarinnar sé leyfilegur."

Önnur spurningin er, fyrsta setningin: „Er ætlunin að í framtíðinni verði starfsleyfi fyrir báðum framleiðslurásunum?" Þessari spurningu getur Áburðarverksmiðja ríkisins að sjálfsögðu ekki svarað. Svara við henni hlýtur að vera að leita hjá heilbrrn. Síðari hluti spurningarinnar er svona: „Ef svo er mega þá Reykvíkingar — sérstaklega þeir sem flytjast á Grafarvogssvæðið — eiga von á því í framtíðinni að mengun af völdum köfnunarefnistvísýrings og annarra óhreininda, sem rekstur gömlu framleiðslurásarinnar hefur í för með sér, verði varanlegur þáttur í lífi þeirra?"

Þessari spurningu getur Áburðarverksmiðja ríkisins heldur ekki svarað. Hins vegar má benda á að til er hjá Hollustuvernd ríkisins ítarleg skýrsla um mælingar á köfnunarefnisoxíðum í nágrenni Áburðarverksmiðju ríkisins, „Niðurstöður og mat", dags. nóv. 1982. Er þar að finna athyglisverðar staðreyndir um mengun frá Áburðarverksmiðjunni og öðrum mengunarvöldum að því er köfnunarefnisoxíð varðar. Er bent á að leita upplýsinga hjá Hollustuvernd ríkisins til þess að svara þessum hluta spurningarinnar.

Ég hef fengið hér í hendur þessa skýrslu sem er árs gömul nú. Hún er mjög löng svo að ekki eru tök á að rekja hana ítarlega. Ég vil þó lesa hér nokkrar setningar úr ályktun sem þar er dregin í niðurlagi skýrslunnar. Þar segir fyrst:

„Niðurstöður hér á undan benda ekki til þess að köfnunarefnisoxíðmengun frá Áburðarverksmiðju ríkisins sé yfir þeim stöðlum sem taldir eru vera áhyggjumörk í ytra umhverfi."

Og síðar: „Af þessu virðist mega ráða að bílaumferðin í Reykjavík sé ekki síður en Áburðarverksmiðjan mengunarvaldur þegar um er að ræða köfnunarefnisoxíð í umhverfinu, en dreifing mengunarefnanna er með mjög ólíkum hætti."

Og rétt síðast segir síðan: „Almennt má út frá niðurstöðum mælinganna álykta að þá mengun sem mældist í ca. 2 km fjarlægð frá verksmiðjunni sé í flestum tilfellum mjög erfitt að rekja beint til hennar. Miklu frekar virðast mælingar benda til þess að það séu verksmiðjan og bílaumferðin í þéttbýlinu í sameiningu sem viðhalda ákveðinni mengun af völdum köfnunarefnisoxíðs á svæðinu. Mengun þessi er ekki yfir áhyggjumörkum enn þá."

Ég les þetta upp vegna þeirrar fullyrðingar, sem fram kom í þessari spurningu að vissu leyti og síðan í máli hv. fyrirspyrjanda, að þetta sé ekki rétt sem segir hér í skýrslu Hollustuverndar, en ekki vegna þess að ég telji ekki æskilegt að þessi guli reykur sé nú horfinn. Miklu fremur fagna ég því að þarna er komin ný verksmiðja sem er öðruvísi útbúin og vonast áreiðanlega allir til þess að hún muni ganga sem best og ekki þurfi aftur að verða breyting á, heldur séum við varanlega laus við hinn gula lit, enda þótt Hollustuvernd ríkisins telji að þarna hafi ekki verið um að ræða mengun yfir hættumörkum.

Fyrirspyrjandi (Kristín S. Kvaran): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin þó að heldur hafi mér nú fundist þau vera úr takt við það sem ég var að spyrja um. Þetta voru einungis svör um það að leitað hefði verið eftir starfsleyfi. Ég var að spyrja um það hvort Áburðarverksmiðjan hefði leyfi til starfrækslu gömlu framleiðslurásarinnar. Það kemur að vísu í ljós að hún hefur það ekki og það kemur ekkert sérstakt fram um það hvort landbrh. hæstv. ætli sér að ganga eftir því og þá sérstaklega ekkert um það hvort það er hans skoðun að gamla framleiðslurásin eigi að hafa starfsleyfi. En það er alveg á hreinu að afleiðingar köfnunarefnistvísýrings eru ekkert litlar. Það eru höfuðverkur, lystarleysi, meltingartruflanir og sáramyndun í munni og nefi. Það hefur ekki farið fram, eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, nein athugun á því hvernig það fólk sem vinnur í Áburðarverksmiðjunni kemst af gagnvart þeirri mengun sem þarna á sér stað. Þess vegna er full ástæða til að leita svara við þeirri spurningu hvort hæstv. landbrh. hugsar sér að ganga eftir því að ekki verði veitt starfsleyfi fyrir gömlu rásina vegna þeirrar mengunarhættu sem hún skapar og eingöngu stuðst við þá nýju.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég get nú eiginlega ekki orða bundist yfir þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram. Mér virðist að hérna hafi verið upplýst alveg dæmalaust kæruleysi yfirvalda, hver sem þau eru, varðandi mengunarmál þessarar verksmiðju. Verksmiðjan heldur áfrm starfsleyfislaus og samkvæmt þeim upplýsingum sem þarna koma fram hafa heilbrigðisyfirvöld árum saman ekki sinnt óskum um starfsleyfi. Ég held að það væri virkilega þess virði að kanna þarna betur hver veldur og hver heldur.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég held nú að eitthvað af því sem ég sagði hafi farið fram hjá hv. fyrirspyrjanda. M. a. að ég sagði — held ég nógu skýrt — að starfsleyfi hefði fengist fyrir hinni nýju verksmiðju, þannig að ég þarf út af fyrir sig ekki að beita mér fyrir því að nýja verksmiðjan fái leyfi.

En um það hvort ég ætli að beita mér gegn því að gamla verksmiðjan fái leyfi, þá vil ég vísa slíku fyrst og fremst til sérfræðingnna, til Hollustuverndar ríkisins, að hún meti það. Ég lét það að vísu í ljós að ég óskaði þess að við fengjum ekki gula reykinn aftur. En ég er ekki sá sérfræðingur í þessu að ég geti metið það rangt sem Hollustuvernd ríkisins hefur sett hér fram í þessari skýrslu um að þarna sé ekki um hættumörk að ræða. Vitanlega kemur það fram með útgáfu þessarar skýrslu að Hollustuvernd ríkisins hefur verið að athuga þetta mál og vafalaust hefur það verið mat þeirrar stofnunar að þarna væri ekki um þá hættu að ræða, að það væri út af fyrir sig ástæða til þess að stöðva þennan rekstur. Eina skýringin sem ég get fundið á þessum drætti er að þeir vilji kannske skoða málið eitthvað betur en þeir eru þó þegar búnir að gera samkv. þessari skýrslu.

Virðist það þó vera allrækileg skoðun, en þeir vilji þá skoða málið enn þá betur áður en þeir gefa út endanlegt starfsleyfi. En ég get tekið undir það, að slíkur dráttur er ákaflega óæskilegur og vissulega tilefni til að á eftir því sé rekið, eins og fram kom í því sem ég sagði að Áburðarverksmiðja ríkisins hefur gert hvað eftir annað, þannig að það hefur ekki staðið út af fyrir sig á því að það væri gert.

Skattheimta sveitarfélaga, fsp. 97. mál (þskj. 118). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. á þskj. 118 til hæstv. félmrh. um skattheimtu sveitarfélaga, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hver er afstaða félmrh. til þess að beitt verði á næsta ári ákvæði 25. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, sem kveður á um heimild til sérstaks álags á útsvarsstofn?

2. Hyggst ríkisstj. beita sér fyrir að útsvör og fasteignagjöld verði við það miðuð að skattbyrði heimilanna aukist ekki milli áranna 1983 og 1984?"

Tilefni þessarar fsp. er að í erindi sem Jón Sigurðsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, hélt á ráðstefnu um fjármál sveitarfélaga nýlega kemur fram að horfur séu á að við óbreytta skattálagningu hækki tekjur sveitarfélaga mun meira en svarar verðbreytingum útgjalda á árinu 1984. Fæli slíkt í sér að skattbyrði einstaklinga mundi af þessum sökum þyngjast verulega. Eftirfarandi kom fram í erindi Jóns Sigurðssonar, með leyfi forseta:

„Þjóhagsstofnun hefur gert athugun á því, hversu mikil hækkun skatttekna sveitarfélaga yrði að óbreyttum álagningarreglum að öllu leyti. Niðurstaðan er sú, að útsvör mundu hækka um 55%, aðstöðugjöld um 56%, en framlög úr Jöfnunarsjóði munu hækka um 27% samkv. forsendum fjárlagafrv. Verðhækkun fasteignamats hefur nú verið ákveðin 57% á höfuðborgarsvæðinu en 47% utan þess. Að meðtöldum áhrifum endurmats og aukningar gæti þetta falið í sér um eða yfir 55% hækkun fasteignamatsins í heild, þótt hækkunin sé vitaskuld mismunandi eftir stöðum. Í heild fengist út úr þessu dæmi rösklega 50% hækkun þessara helstu sveitarsjóðsgjalda milli áranna 1983 og 1984, að meðtalinni fjölgun gjaldenda um 1%. Þessi hækkun fer langt fram úr áætlaðri hækkun tekna almennings á næsta ári og langt fram úr áætlaðri hækkun verðlags rekstrargjalda sveitarsjóða, sem hvort tveggja er talið hækka um 20—21% í áætlunum ríkisstj. Þessi mismunur er svo mikill, að í honum felst aukin skattbyrði einstaklinga af útsvari og fasteignagjöldum, sem næmi hvorki meira né minna en 2% af tekjum heimila. Erfitt er að sjá almenn rök fyrir slíkri skattahækkun við ríkjandi aðstæður."

Það kom þó einnig fram hjá Jón Sigurðssyni að brýnt sé að ákvarðanir sveitarfélaga í fjárhagsmálefnum taki mið af þjóðhagshorfum og sveitarfélögin leggi sitt af mörkum til þess að það takist að tryggja áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Telur Jón Sigurðsson að með öllu sé ljóst að eins og nú horfi í efnahagsmálum sé þynging skatta á almenning ekki ráðleg. Í fjárlagafrv. er miðað við að skattbyrði heimilanna vegna tekju- og eignarskatts haldist óbreytt í hlutfalli við tekjur. Ljóst er að nýti sveitarfélögin sama álagningarhlutfall á næsta ári vegna tekna fyrir árið 1983 og þau hafa gert á yfirstandandi ári mun skattbyrði heimilanna þyngjast verulega og álagning sveitarfélaganna ekki vera í samræmi við það markmið sem ríkisstj. hefur sett sér, auk þess sem tekjur sveitarfélaganna munu hækka mun meira en útgjöld þeirra á árinu 1984.

Í yfirliti sem ég hef frá Þjóðhagsstofnun kemur fram að ef álagningarreglum sveitarfélaganna verður ekki breytt en sömu álagningarreglur verða látnar gilda, þá þýðir það að skattar til sveitarfélaga yrðu á næsta ári 3 milljarðar 760 millj. kr. En spá fyrir árið 1983 gerir ráð fyrir 2 milljörðum 425 millj. kr. Hækkun milli áranna er því um 55%. Ef álagningarreglur tækju hins vegar mið af því að skattar sveitarfélaga hækki eins og tekjur milli áranna 1983 og 84 á sama hátt og gert er ráð fyrir samkv. fjárlagafrv., þá yrðu skattar til sveitarfélaganna á næsta ári um 2 milljarðar 940 millj. kr. Þetta þýðir að óbreytt skattlagning af hálfu sveitarfélaga hefði í för með sér að tekjur ykjust fjórðungi meira en nemur breytingu gjalda og skattbyrði einstaklinga af útsvari og fasteignagjöldum ykist um nær 2% af tekjum heimilanna milli 1983 og 84. Sveitarfélögin myndu því taka til sín um 820 millj. kr. meira á næsta ári en nemur hækkun tekna einstaklinga milli áranna 1983 og 1984 og þýðir það um 2% aukningu skattbyrði af brúttótekjum heimilanna.

Í því tilefni er þessi fsp. borin fram og spurt hvort ríkisstj. muni beita sér fyrir því að skattbyrði heimilanna af útsvari og fasteignagjöldum muni ekki hækka á milli áranna 1983 og 1984 og hver sé afstaða félmrh. til þess að beitt verði á næsta ári ákvæði 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga sem kveður á um heimild til sérstaks álags á útsvarsstofn.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. á þskj. 118 hef ég þetta að segja: Það er á stefnuskrá þessarar ríkisstj. að auka sjálfstæði sveitarfélaga í landinu og fá þeim aukin umsvif í hendur þar sem frumkvæði og fjárhagsleg ábyrgð haldast í hendur og stýring opinberrar þjónustu verður nær þeim sem hennar njóta. Sveitarfélögum, sem frá næstu áramótum eru 223 talsins, stjórna kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum, sem bæði þekkja náið hag fólks í sínu sveitarfélagi og einnig þekkja þörf viðkomandi sveitarsjóðs fyrir tekjur til að standa straum af kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið hefur á sinni könnu.

Almennt vil ég styðja það lýðræðislega fjölræði sem verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga hefur í för með sér og eigi hafa önnur afskipti af innri málum sveitarfélaga en ráð er fyrir gert í gildandi lögum. Og eins og áður segir vill ríkisstj. beita sér fyrir því að sveitarstjórnir fái aukið sjálfstæði og fleiri verkefni.

Í 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga stendur þetta varðandi útsvörin: „Útsvar skal verða ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sem þó má ekki hærri vera en 11% af útsvarsstofni, og skal sami hundraðshluti lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi. Við samningu fjárhagsáætlunar fyri næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína eigi síðar en 31. mars á álagningarári. Nú hrökkva útsvör samkv. 1. mgr. ekki fyrir áætluðum útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau

um 10% að fengnu samþykki ráðh."

Varðandi þetta ákvæði vil ég segja að ég mun framkvæma það eins og til er ætlast í lögunum. Ég mun meta allar beiðnir um álag í hverju einstöku tilviki, en hvorki leyfa né synja álags með einni reglu. Sé sveitarsjóðurinn þannig staddur að álag á útsvarsstiga sé nauðsynlegt vegna skuldastöðu eða óhjákvæmilegra framkvæmda, þá tel ég að engum sé greiði gerður með því að synja um álag, sem síðan kynni að leiða til þess að sveitarsjóðurinn kæmist í greiðsluþrot. Nægir erfiðleikar eru fram undan í samfélaginu vegna aflasamdráttar og annarra ástæðna þótt fjárþrot sveitarsjóða bætist ekki við.

Ég vil þó undirstrika að ég mun ekki veita slíka álagsheimild nema að vandlega athuguðu máli og niðurstaðan sé sú að fjárhagsvandi viðkomandi sveitarfélags sé það alvarlegur að aukaálag á útsvar verði ekki umflúið. Það er ekki átakalaus ákvörðun sveitarstjórnar að þurfa að sækja um heimild til aukaálags á útsvör gjaldenda sinna, ekki síst í erfiðu árferði. Eftir slíku sækist engin sveitarstjórn nema í neyð, en sveitarstjórnin verður að bera ábyrgðina.

Ég vil taka það fram að engin sveitarstjórn getur þó gengið að því sem vísu að fá slíka heimild 1984. Rétt er að taka fram að engar upplýsingar liggja fyrir um ákvarðanir sveitarfélaga. Fjárhagsáætlun þeirra verður ekki til fyrr en í byrjun næsta árs. Ákvörðun sveitarstjórnar um hver hundraðshluti verði lagður á tekjur gjaldenda verður þá tilkynntur skattstjóra fyrir 30. mars á álagningarárinu.

Það er spurt hvort ríkisstj. muni beita sér fyrir að útsvör og fasteignagjöld verði við það miðuð að skattbyrði heimilanna aukist ekki á milli áranna 1983 og 1984. Í fyrsta lagi vil ég vísa til þess sem ég áður hef sagt um verksvið og ábyrgð hinna kjörnu fulltrúa í sveitarstjórn. Sú umr. sem hér er bryddað upp á á vafalaust eftir að verða í hverri einustu sveitarstjórn í landinu. Ég vil ekki beita sveitarstjórnir lögþvingun í þessu máli, enda skortir mig og þá 59 aðra þm. sem hér sitja þekkingu, sem nauðsynlegt er að hafa, um áhrif lögskipaðrar lækkunar útsvars og fasteignagjalda á fjárhag og stöðu einstakra sveitarfélaga. Að sjálfsögðu vil ég stuðla að því að fjármálastefna sveitarfélaganna í landinu falli að efnahagsaðgerðum ríkisstj. þannig að þar reki sig ekki hvað á annars horn. Og vissulega vill ríkisstj. stuðla að því að skattbyrði heimilanna aukist ekki. Ríkisstj. mun formlega fara þess á leit við sveitarfélögin að fjárfestingar- og framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga á næsta ári taki mið af efnahagsstefnu ríkisstj. sem þýðir verulegan samdrátt í framkvæmdum og öðrum umsvifum sveitarfélaganna 1984. Ég treysti sveitarstjórnum fullkomlega til að gæta hófs um álagningu útsvara og fasteignagjalda við þær aðstæður í þjóðfélaginu sem við blasa. Sveitarstjórnir þekkja gjaldþol þegna sinna og munu meta ríkjandi ástand hver á sínu svæði.

Efnahagsaðgerðir ríkisstj. s. l. vor, lækkun verðbólgunnar, lækkun fjármagnskostnaðar urðu til þess að losa sveitarfélögin úr alvarlegum fjárhagsvanda sem við blasti. Sveitarstjórnarmenn skilja því manna best hversu þýðingarmikið það er að stefna ríkisstj. nái fram að ganga og munu því áreiðanlega samræma ákvarðanir sínar um álagningu gjalda, skipulagningu rekstrar, fjárfestingu og framkvæmdir 1984 til að svo megi verða.

Skuldastaða sveitarfélaga um næstu áramót verður vissulega erfið, en með samstilltu átaki, lækkandi verðbólgu á að vera hægt að rétta fjárhag þeirra verulega við á næsta ári. Ég hyggst fara þá leið í þessu máli sem vinir okkar Finnar hafa farið síðan 1975. Finnskar ríkisstjórnir hafa leitað samráðs við sveitarfélögin um fjármálastefnuna og niðurstaðan hefur verið samræmd stefna ríkis og sveitarfélaga. Fulltrúar ríkisvalds og samtaka sveitarfélaga í Finnlandi hafa nú gert fjóra slíka samninga. Þeir eru þess eðlis að samið er um ákveðin markmið í fjármálum sveitarfélaga, sem fulltrúar samtakanna mæla með við aðildarfélög sín, og fulltrúar ríkisvaldsins mæla sömuleiðis með við þjóðþing landsins. Í samningunum eru ákvæði um samráðsfundi aðila og aðlögum efnahagsstefnunnar að aðstæðum í þjóðarbúinu á hverjum tíma. Í umboði ríkisstj. mun ég á næstu dögum óska eftir því við Samband ísl. sveitarfélaga að tilnefndir verði fulltrúar til viðræðna við fulltrúa ríkisins um slíkan samstarfssamning ríkis og sveitarfélaga. Það er von mín að unnt verði með því móti að marka ný spor í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hér á landi.

Þórður Skúlason: Herra forseti. Ég þykist vita að það sem rekur fyrirspyrjandann til þess að bera fram þá fsp. sem hér er á dagskrá sé hin miskunnarlausa kjaraskerðing, sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og bitnar harðast á láglaunafólki í þessu landi, og þær áhyggjur sem hún hefur þá væntanlega af afkomu heimilanna og hvernig launafólk geti risið undir þeirri kjaraskerðingu. Þetta hygg ég að sé undirrót þeirrar fsp. sem hér er til umr.

En það eru fleiri hliðar á þessu máli og mig langar til að nota tækifærið til að vekja athygli á gífurlegum vanda sveitarfélaganna í landinu, a. m. k. sumra þeirra. Sá vandi stafar fyrst og fremst af verðbólgunni, sem hér hefur geisað undanfarin ár, en hann stafar líka öðrum þræði að því hvað tekjustofnarnir nýtast sveitarfélögunum misjafnlega. Ég hygg að það bitni enn verr á minni sveitarfélögum en þeim stærri. En höfuðfjárhagsvandi sveitarfélaga er verðbólgunni að kenna. Við vitum að helsti hluti skatttekna sveitarfélaganna miðast við aflafé fyrri ára, en útgjöldin fylgja kostnaðarhækkunum ársins. Hlutfall sveitarfélaganna til eignabreytinga miðað við tekjur var á árinu 1981 30.7%, á árinu 1982 var það 27% og spáin fyrir árið 1983 er 22%. Tekjuhækkun er mun minni en hækkun rekstrargjalda. Í ár er áætlað að hækkun rekstrargjaldanna sé 68%, en hækkun tekna 58%. Afleiðingin af þessu er mjög erfið fjárhagsstaða, eins og ég gat um áðan. Það er samdráttur í framkvæmdum hjá sveitarfélögum og það eru gífurlegir greiðsluerfiðleikar. Það er mikil hætta á að það verði dregið úr þjónustu, sem bitnar þá e. t. v. mest á þeim sem síst skyldi, — þjónustu eins og rekstri barnaheimila og þvílíkri þjónustu.

Þá má geta þess, að það er mikil óvissa um innheimtu hjá sveitarfélögum vegna rýrnandi kaupmáttar og að hjá sveitarfélögunum hefur orðið gífurleg skuldasöfnun undanfarin ár. Vissulega kemur minni verðbólga sveitarfélögunum til góða og bætir hag þeirra. Því er spáð núna að verðbólgan fari minnkandi og því hefur reyndar verið spáð áður, og ég vara við því að taka allt of mikið mark á því, en spá Þjóðhagsstofnunarinnar er sú, að verðbólga fari snöggt um minnkandi á næstunni.

Hins vegar vil ég vekja athygli á að þar er langt frá því að öll kurl séu komin til grafar. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég ætla aðeins að bæta við. Ég held að nauðsynlegt sé að gefa sveitarfélögunum nú svigrúm til að bæta stöðu sína, sem hefur farið gífurlega versnandi á undanförnum árum. Ég vil benda mönnum á: Hvers vegna er nauðsynlegt að hafa forsjá Alþingis með sveitarstjórnunum, sem eru stjórnvald kosið af þegnunum í sveitarfélaginu samkv. lögum og ættu að hafa besta yfirsýn yfir hag íbúanna og fjárhagslega stöðu þeirra og sveitarsjóðanna?—

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, en lýsi jafnframt vonbrigðum mínum yfir því sem fram kom í svari hans.

Ég átti von á að hæstv. ráðh. mundi greina afdráttarlaust frá því að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að skattbyrði heimila mundi ekki aukast milli áranna 1983 og 1984. Það er auðvitað ótækt að á sama tíma og tekjur heimilanna hafa dregist stórlega saman og þau hafa mátt þola kjaraskerðingu bendi allt til aukinnar skattbyrði. Hæstv. ráðh. talar um greiðsluþrot sveitarfélaganna og sveitarsjóðanna. En hefur hæstv. ráðh. engar áhyggjur af greiðsluþroti heimilanna í landinu? Ég get tekið hér dæmi, hæstv. ráðh.: Ef sveitarfélögin taka til sín 820 millj. kr. meira á næsta ári en nemur tekjum einstaklinganna, sem yrði ef álagningin er óbreytt milli áranna, þá er hér um að ræða verulega skattbyrði. Ef litið er á hvað þetta þýddi fyrir heimili í aukinni skattbyrði á næsta ári, ef tvær eru fyrirvinnurnar, sem hefðu samtals 36 þús. kr. mánaðartekjur og gert er ráð fyrir launahækkunum um 15% að meðaltali á næsta ári, þýddi þetta 2% aukna skattbyrði eða um 10 þús. kr. fyrir þetta heimili. Það munar um minna þegar heimilin hafa þurft að þola jafnmikla kjaraskerðingu. Og jafnvel þó að öll sveitarfélögin héldu sig við 11% og ekki yrði beitt heimildarákvæðinu, þá mundi þetta engu að síður þýða aukna skattbyrði fyrir heimilin.

Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna aftur í erindi Jóns Sigurðssonar, þar sem hér hefur verið talað um slæma stöðu sveitarsjóðanna, en hann segir í sínu erindi, með leyfi forseta:

„Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er með því reiknað að almennar framkvæmdir sveitarfélaga verði nokkru minni að raungildi 1984 en 1983 eða um 5—6% minni. Sé reiknað með lítt breyttum samneyslugjöldum og 5—6% minni framkvæmdum má setja upp dæmi um fjárhag sveitarfélaganna í heild með forsendum fjárlagafrv. um verðlag, kaupgjald og gengi. Niðurstaðan er á þann veg, að einsætt virðist að ekki sé þörf á því að beita hækkunarheimild útsvarslaga á næsta ári, og reyndar virðist mega draga nokkuð úr nýtingu annarra gjaldstofna, en ná þó því marki, sem nauðsynlegt er, að rétta við greiðslustöðu þeirra sveitarsjóða sem átt hafa í erfiðleikum að undanförnu."

Ég hafði vonast til þess að við gætum hér á hv. Alþingi fengið svar frá hæstv. ráðh. um að hann mundi ekki beita ákvæðinu sem kveður á um heimild til sérstaks álags og að við fengjum hér svör við því að skattbyrði heimilanna mundi ekki aukast. Ég verð að segja það, að svör ráðh. hafa valdið mér miklum vonbrigðum, því að ef hann hefði getað gefið hér svar við þessu gætu þó heimilin vænst þessa og sett þar með í sínar áætlanir að skattbyrðin muni ekki aukast. En ég sé ekki fram á annað en stefnt sé að aukinni skattbyrði á næsta ári, og það ber vissulega að harma.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Fyrir viku eða svo gerði Alþýðusamband Íslands samþykkt þar sem bent var á að skattastefna ríkisstj. árið 1984 hefði það í för með sér að skattar ríkisins yrðu hærra hlutfall af tekjum á því ári en þeir eru á þessu ári, þ. e. ríkið tekur til sín aukið fé miðað við þær tekjur sem heimilin í landinu eiga að hafa á næsta ári. Við þetta bætist svo það, að ef útsvarsheimildin er að fullu nýtt, eins og hér virðist vera gert ráð fyrir, hefur það einnig í för með sér íþyngingu í sköttum heimilanna í landinu, þannig að ljóst er að hér verður um heildarskattahækkun að ræða bæði til ríkisins og sveitarfélaganna. Við þetta bætist svo það, að ýmis sveitarfélög hafa gengið ótrúlega langt í því að hækka margs konar þjónustugjöld að undanförnu og á það alveg sérstaklega við um Reykjavíkurborg, þar sem hækkanir á þjónustugjöldum hafa keyrt úr öllu hófi.

Nú kann það út af fyrir sig að vera svo, að menn finni einhverjar röksemdir fyrir því að vegna ástands sveitarfélaganna þurfi að hækka þessi gjöld og það þurfi að halda fullum heimildum. En hitt verða menn líka að hafa í huga, hvernig ástandið er á þeim heimilum þar sem verið er að innheimta þessi gjöld. Og í öðru lagi verða menn að hafa það í huga, að þeir flokkar sem nú fara með stjórn landsins lofuðu því hástöfum fyrir síðustu kosningar að þeirra meginverkefni væri að lækka skattana, og á þetta sérstaklega við um Sjálfstfl., þeirra meginverkefni væri að lækka skattana á landsmönnum frá því sem verið hefur. Það voru ekki fáar eða stuttar og gagnorðar ræður sem þeir þm. Sjálfstfl. fluttu hér á síðasta kjörtímabili um skattpíningu þáv. ríkisstj. og það sem hún beitti í þeim efnum. Nú er ætlun þessarar ríkisstj. að ganga miklu lengra í þessu efni en áður hefur verið gert í hlutfalli af tekjum heimilanna í landinu, sem er auðvitað sú eina viðmiðum sem við getum haft. Þetta er nokkuð lærdómsríkt.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. til viðbótar við það sem hér hefur verið spurt um og hann hefur svarað, um leið og ég þakka hv. 2. landsk. þm. fyrir að taka þetta mál upp: Hver á útsvarsprósentan að vera til þess að gefa í raun það sama 1984 miðað við stefnu ríkisstj. og fjárlagafrv. og hún gaf á árinu 1983? Í erindi Jóns Sigurðssonar er þessari spurningu ekki svarað. En það er alveg bersýnilegt að hann telur að þessi prósenta sé ekki 11.88% eins og þetta hefur víða verið, t. d. hér í Reykjavík, heldur sé hún mun lægri en útsvarsálagningarheimildin án sérstöku hækkunarinnar. Það væri fróðlegt að vita hvert ætti að vera raunútsvarið á árinu 1984 til þess að sveitarfélögin fengju sömu tekjur og á árinu 1983.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það er e. t. v. ekki óeðlilegt að hv. þm. vitni í ummæli þjóðhagsstjóra, Jóns Sigurðssonar, en ég vil taka fram í upphafi að hann tók fram í erindi sínu að mikið af því sem þar kæmi fram væru hans eigin hugleiðingar og um sumt af því sem hann segði ekki við nákvæma rannsókn að styðjast. Vegna þess að þetta erindi hefur valdið talsverðum áhyggjum hjá mörgum sveitarstjórnarmönnum, ef litið yrði á það sem ákveðna staðreynd í málinu, leitaði ég eftir því, á hverju þessar upplýsingar byggjast. Ég verð að segja það alveg eins og er, að það

liggur alls ekki fyrir að hægt sé að fullyrða að þær upplýsingar, sem þarna koma fram, fái staðist. Ég hef t. d. nýjustu upplýsingar um skuldastöðu sveitarfélaga. Það kom fram í erindi þjóðhagsstjóra að ætla mætti að skuldir sveitarfélaga hefðu aukist um 200—300 millj. Nýjustu upplýsingar, sem liggja á borði Sambands ísl. sveitarfélaga, eru að skuldastaða þeirra sé milli 500—600 millj. kr. og ekki öll kurl komin til grafar.

En ég vildi endurtaka hér það sem ég hélt að ég hefði sagt nógu skilmerkilega í upphafi. Ég mun ekki beita álagsheimild á útsvörin samkv. heimild tekjustofnalaga nema sérstök tilefni gefist til. Það getur verið að einstaka sveitarfélag verði það illa sett með sín fjárhagsvandamál að nauðsynlegt sé að heimila þeirri sveitarstjórn að leggja aukaútsvar á sína þegna, en það er neyðarrúrræði og hver sveitarstjórn verður að gera upp við sig hvað henni finnst réttast.

Hins vegar getur enginn fullyrt í dag að sveitarfélögin muni almennt nota 11% álagið samkv. lögum. Þau hafa enn ekki gert neinar áætlanir um sinn fjárhag og það liggur ekkert fyrir í dag um hvernig fjárhagsdæmið kemur út hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ég er alveg viss um að miðað við þær undirtekir sem þegar hafa komið fram í viðræðum við fulltrúa ríkisvaldsins muni sveitarfélögin gera allt sem í þeirra valdi stendur til að haga sínum álagningarmálum þannig, að þau verði í samræmi við þau áform ríkisstj. að þyngja ekki skattbyrði á næsta ári. Og ég get bætt því við, vegna þeirra ummæla sem komu fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að ríkisstj. er að ganga frá breytingum á skattalögunum, sem eiga að létta skattbyrði þeirra sem lægri tekjur hafa í landinu. Það fá hv. þm. að sjá næstu daga. Þannig er engin ástæða til að fullyrða á þessari stundu að ríkisstj. muni ekki reyna, bæði í samningum við sveitarfélögin og í aðgerðum í skattamálum, að standa við það fyrirheit sem hún hefur gefið um að sjá til þess að skattbyrði heimilanna þyngist ekki á næsta ári.

Ég held að ég þurfi ekki að svara þessu nánar. En ég vil segja það í sambandi við það sem vitnað er í, erindi Jóns Sigurðssonar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, að ég tek það ekki sem 100% staðreynd. Það verður fylgst með þessum málum og við munum gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að auknar verði álögur á fólkið í landinu, en jafnframt undirstrika ég að ég vil ekki verða til þess að taka sjálfsforræði sveitarfélaga í mínar hendur. Kjörnir fulltrúar sveitarfélaga eiga að sjá um þessi mál og bera fulla ábyrgð á stjórn sveitarfélagsins.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að ítreka þá fsp. sem hv. þm. Svavar Gestsson lagði fyrir hæstv. ráðh. um hvað hann áliti að útsvarsprósenta þyrfti að verða há til þess að skattbyrði yrði óbreytt. Ég tel að ljóslega komi fram í gögnum Þjóðhagsstofnunar að útsvarsprósentan þyrfti að vera nálægt 10%, ef ekki á að vera um aukna skattbyrði að ræða, og ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. hafi kynnt sér þessi plögg Þjóðhagsstofnunar. Það munar þarna um 820 millj. Ef sveitarfélögin leggja næst á sömu álagningarprósentuna og á þessu ári yrðu tekjur sveitarfélaganna 3 760 millj., en ef um óbreytta skattbyrði yrði að ræða yrðu tekjur sveitarfélaganna 2 940 millj. Þarna er um 820 millj. kr. mismunur. Ég tel að þessar tölur segi okkur, að ef skattbyrði eigi ekki að aukast megi útsvar ekki vera nema rétt um 10%. — Ég ítreka svo þá spurningu sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni.

Lögrétta og endurbætur í dómsmálum, fsp. 113. mál (þskj. 140). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja þá fsp. fyrir hæstv. dómsmrh. hvort hann hyggist leggja fram frv. til l. um nýjan dómstól, lögréttu, á þessu þingi.

Ástæðan til þess að um þetta mál er spurt er sú, að á undanförnum árum hefur málum þeim sem áfrýjað er til Hæstaréttar fjölgað svo verulega að mikill dráttur hefur skapast á uppkvaðningu dóma. Reynt hefur verið að ráða bót á þessu með fjölgun dómara í Hæstarétti. Er þess skemmst að minnast, að breytt var lögum um Hæstarétt á síðasta ári, þar sem heimilað var til bráðabirgða að fjölga dómurum Hæstaréttar um þrjá, en þá sátu alls í réttinum ellefu dómarar. Þessi háttur stóð í tæpt eitt ár, en nú hafa þessir dómarar aftur horfið úr starfi.

Eins og sakir standa bíða um 150 tilbúin mál flutnings í Hæstarétti. Þetta þýðir að biðtími einkamála fyrir réttinum er tæplega eitt og hálft ár frá því að þau eru að fullu tilbúin þar til þau fást flutt.

Það ætti öllum að vera ljóst hver vandkvæði geta skapast af svo löngum drætti á afgreiðslu mála frá æðsta dómstóli þjóðarinnar. Leikur ekki á tveim tungum að dómstólameðferð nær tilgangi sínum best ef hún tekur stuttan tíma. Oft eru mál hluti af fjármálaviðskiptum í atvinnurekstri eða milli einstaklinga og er það oftast báðum aðilum til óhagræðis og stundum verulegs fjártjóns ef dregst að fá úrslit þrætu þeirra.

Sú leið hefur nú þegar verið reynd að fjölga dómurum í Hæstarétti. Hún var mjög umdeild hér á Alþingi og voru af sumum á það bornar brigður að setning dómaranna þriggja væri í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ljóst er að sú leið er engin framtíðarlausn. Það sýnir reynslan, og skýtur því enn frekar stoðum undir þá skoðun að fremur eigi að stofna sérstakan áfrýjunardómstól til þess að sinna mörgum þeirra smærri mála sem nú koma fyrir Hæstarétt.

Fjölgun hæstaréttardómara hefur það einnig í för með sér að réttareiningunni í störfum dómstólsins er stefnt í hættu. Hér er við það átt, að þegar í réttinum starfa ellefu dómendur, eins og á síðasta ári, eða átta dómendur, eins og nú er, skiptir dómstóllinn sér í deildir, þar sem fimm eða jafnvel aðeins þrír dómarar taka þátt í meðferð máls. Af því leiðir að engin trygging er fyrir því að niðurstaða í hliðstæðum málum verði ætíð á sömu lund, heldur getur hún farið eftir því hvaða dómarar sitja í málinu hverju sinni. Af þessu getur leitt og hefur leitt, að frá réttinum hefur komið mismunandi niðurstaða um hliðstætt málefni. Slíkt skapar réttaróvissu, sem til lengdar verður ekki við unað og dregur mjög úr fordæmisgildi dóma réttarins.

Um þetta atriði segir núverandi forseti Hæstaréttar Þór Vilhjálmsson, með leyfi forseta, nýlega í grein í Tímariti lögfræðinga:

„Dómurum í Hæstarétti hefur á tæpum áratug fjölgað úr fimm í átta. Sú stefna felur í sér að Hæstiréttur verði deildaskipt stofnun, þar sem meiri hluti getur farið eftir tilviljun. Í þjóðfélagi okkar er hann þá ekki lengur

hæstiréttur, sem hefur að aðalhlutverki að dæma mikilvægustu mál og stuðla að réttareiningu, heldur almennur dómstóll til að sinna áfrýjunarmálum af öllu tagi, þar á meðal smámálum.

Lögréttufrv. mundi, ef lögleitt væri, gera Hæstarétti kleift að einbeita sér að því sem mestu skiptir á starfssviði hans og það mundi jafnframt tryggja að mikilvægustu málin yrðu á fyrsta dómstigi dæmd af dómendum sem ekki væru jafnframt stjórnsýslumenn."

Þriðja ástæðan sem mælir með stofnun millidómstóls sem lögréttu er nauðsyn á meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdarvalds en nú tíðkast í þjóðfélagi okkar.

Hér á landi er það svo, að dómendur í héraði fara margir með veigamikil störf á sviði stjórnsýslu ríkisins. Þeir eru um leið framkvæmdavaldshafar. Þessi skipan samrýmist ekki réttarhugmyndum manna á Vesturlöndum, enda mun leitun á þjóðfélagi þar sem sami maðurinn er dómari og jafnframt æðsti handhafi ríkisvaldsins á staðnum. Formaður Lögmannafélags Íslands Jón Steinar Gunnlaugsson hefur nýlega dregið í efa hvort íslensk lög standist að þessu leyti ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem Ísland er aðili að. Menn geta, benti hann á, velt því fyrir sér t. d., hvort bótakrafa á hendur ríkisstofnun í máli sem höfðað er úti á landi yrði talin hljóta viðhlítandi meðferð samkv. þessu ákvæði þegar innheimtumaður ríkissjóðstekna á staðnum er dómari í málinu, eða hvort slíkur dómari, sem jafnframt er lögreglustjóri, yrði talinn óháður í opinberu máli sem ríkið höfðar til refsingar á hendur einstaklingi í héraðinu, eftir að dómarinn hefur lokið frumrannsókn í málinu sem lögreglustjóri.

Ég hef hér rakið þrjár röksemdir fyrir því að stofnaður verði millidómsstóll sá sem kallaður hefur verið lögrétta. Þær röksemdir eru: Hraðari meðferð dómsmála, aðskilnaður dómsvaldsins og framkvæmdavaldsins í héraði og meiri réttareining í störfum Hæstaréttar.

Frv. um lögréttu hefur oftar en einu sinni verið fram borið hér á Alþingi, síðast á þinginu 1980—1981. Á þinginu 1977—1978 var frv. samþ. í Ed., en tími vannst ekki til afgreiðslu þess frá Nd.

Hér yrði um að ræða einn dómstól sem starfar í Reykjavík, en umdæmi hans yrði landið allt. Lögréttan á að fjalla um hin stærri mál sem fyrsta dómstig, en um önnur mál sem annað dómstig. Ætti þá í síðara tilfellinu ekki að mega skjóta málinu til Hæstaréttar. Á þann hátt mundi Hæstiréttur hætta að vera afgreiðslustofnun fyrir smámál sem litla þýðingu hafa fyrir málsaðila. Hann gæti þá einbeitt sér að því að dæma í hinum mikilvægustu málum og það án ástæðulausrar tafar. Við slíka breytingu yrðu dómstig hér þrjú, en hvert mál gæti þó að jafnaði aðeins farið fyrir tvö þeirra.

Kostnaður vegna hins nýja dómstóls yrði ekki mikill þar sem fækka mætti dómurum við héraðsdóma við breytinguna, sérstaklega hér í Reykjavík.

Þessar eru ástæður þeirrar réttarbótar sem að mínu mati mundu felast í stofnun hins nýja dómstóls. Þar hlýtur dómsmrh. að vera í fyrirsvari og hafa alla forustu og því er þessari fsp. til hans beint.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 140 er í IV. lið fsp. um flutning frv. um lögréttu og endurbætur í dómsmálum, sem hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Reykn., hefur gert grein fyrir.

Fyrri spurningin er: „Hyggst dómsmrh. endurflytja á þessu þingi frv. um lögréttu?"

Svo sem kunnugt er og hann rakti hér hefur frv. til lögréttulaga verið lagt fyrir Alþingi fjórum sinnum á árunum 1976—1981, en ekki hlotið afgreiðslu. Ég skal ekki fullyrða hvað ráðið hafi því að frv. náði ekki fram á þingi. Áreiðanlega var kostnaðarsjónarmið ofarlega í huga, en einnig einhver tregða vegna fyrirhugaðrar röskunar á hefðbundinni málameðferð á héraðsdómsstigum, þar sem að verulegu leyti yrði um að ræða flutning meiri háttar mála frá hinum almenna héraðsdómsstól í hinum dreifðu umdæmum til eins dómstóls, sem hefði aðalaðsetur í mesta þéttbýlinu.

Þetta mál hefur verið til athugunar í dómsmrn. og ég hef óskað eftir því að sérstök athugun yrði gerð að nýju á kostnaðarviðhorfum, bæði hvað varðar stofnkostnað, mannafla og almennan rekstrarkostnað, þar sem það var nokkuð óskýrt í huga hv. alþm. um hversu miklar upphæðir yrði að ræða, en ekki er það síður nú að sú hlið málsins er ofarlega í huga. Umrædd athugun mun verða gerð í samráði við réttarfarsnefnd og aðra þá aðila sem besta aðstöðu hafa til að leggja mat á áhrif slíkrar skipulagsbreytingar á dómstólakerfinu að því er kostnað varðar. Þar af leiðandi held ég að litlar líkur séu til að ég muni treysta mér til að leggja frv. um lögréttu fram á yfirstandandi þingi.

Hv. fyrirspyrjandi rakti nokkuð hvað gert hefur verið til að leysa úr þeim vanda sem við er að glíma vegna hins mikla málafjölda sem berst til Hæstaréttar.

Á Alþingi 1981 var samþ. að breyta skipan Hæstaréttar, bæta við þremur nýjum dómurum. Vegna þess hvað samþykktin dróst varð þessi skipan á styttri tíma en reiknað hafði verið með. Engu að síður stytti þetta nokkuð biðtíma mála fyrir Hæstarétti. Ég hef þó engan heyrt tala um að grípa til sams konar bráðabirgðaúrræða aftur. Ég skal ekki meta hvort eða með hverjum hætti þessi skipan hafi haft áhrif á réttareiningu Hæstaréttar, en þess mun hafa verið gætt að mestu eða öllu að hinir fastskipuðu dómarar væru í meiri hluta í báðum deildum á þessu tímabili. — Þess þarf vart að geta, að auðvitað voru hinir settu aukadómarar hinir mætustu lögfræðingar. Einn þeirra er nú raunar orðinn fastskipaður dómari í Hæstarétti. Vitanlega geta orðið breytingar á Hæstarétti þar sem menn koma þar og fara og þarf að skipa nýjan þegar annar hættir.

Að því er varðar seinni lið fsp. hv. þm. vil ég einkum ræða þá meðferð mála sem heimiluð var með breytingu sem gerð var á hæstaréttarlögum 1973, en þá var tekið inn í lögin ákvæði um að dómurinn gæti ákveðið að aðeins þrír dómarar skyldu dæma í málum sem telja mætti einfaldari eða minni háttar að mati dómsins. Munu þá ekki síst hafa verið höfð í huga kærumál, þótt þau væru ekki sérstaklega nefnd. Í greinargerð með frv., sem fylgdi frá Hæstarétti, var þess sérstaklega getið að ætla mætti að hægt yrði að fara af stað með þessa meðferð. Varð það vissulega raunin. Að till. Hæstaréttar voru þessar heimildir lítillega rýmkaðar með lagabreytingunni 1979 og 1982. Það er fyrst nú, eftir að aukadómaratímabilinu lauk, að Hæstiréttur hefur aukið verulega starfsemi þriggja manna dóms. Engu að síður eru reglurnar eftir sem áður þær, að sú meðferð er einungis höfð á einföldustu málum og með minna vægi að mati dómsins. Ég tel ekki ástæðu til að ætla að óreyndu að þessi meðferð, sem raunar hefur verið í lögum í áratug, muni raska réttareiningu í

störfum Hæstaréttar. Sýnist raunar einsætt að bíða reynslu af þessum starfsháttum, bæði að því er varðar áhrif í þá átt að draga úr biðtíma mála, en einnig reynslu af réttarfarslegum hliðum þessarar meðferðar. Þann reynslutíma er svo rétt að nota jafnframt til þess að leitast við að fá betri yfirsýn yfir þau úrræði sem best gagna um dómstólaskipunina. Eins og ég sagði áður hef ég lagt áherslu á að það yrði gert með því að gera sér sem besta grein fyrir því, hver áhrif lögréttuskipanin mundi hafa bæði hvað varðar kostnaðarhlið og annað.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég tel rétt að láta örfá orð falla í þessu máli.

Í öllum lýðræðisríkjum er það mikið áhugamál manna að dómsmál hafi sem greiðasta för og menn fái sem fyrst skorið úr sínum málum. Svo hefur verið hér á landi, að Hæstiréttur hefur ekki getað sinnt málum nægilega fljótt, þannig að þar hefur orðið bið eða myndast hali svo sem kallað er.

Lögréttufrv. hefur verið lagt fram að ég ætla fimm sinnum alls, m. a. einu sinni í minni tíð sem dómsmrh. Þetta frv. er vandlega unnið og undirbúið, en þó hefur ekki verið mikill áhugi hv. alþm. á því frv., eins og dæmin sanna. Því kom snemma fram sú hugmynd að fara þá leið að fjölga dómurum í Hæstarétti, þannig að þeir gætu dæmt í tveim deildum, aðeins þrír í minni málum, en þá fimm í stærri málum.

Þetta hlaut að leiða hugann að því að dómarar þyrftu að vera átta a. m. k. til þess að deildir gætu unnið og starfað samtímis. Fyrst var hæstaréttardómurum fjölgað ef ég man rétt úr fimm upp í sex og síðan úr sex upp í sjö og með breytingu á lögunum, sem gerð var 1982, var dómurum fjölgað um einn upp í átta, þannig að þeir gætu starfað í tveim deildum í senn. Aukadómarar voru settir eða skipaðir um sinn. Það var ætlunin að þeir störfuðu í sex mánuði árlega í tvö ár, en vegna þess hvað frv. seinkaði á Alþingi urðu það ekki nema þrír plús sex eða níu mánuðir alls. Einnig var ráðinn lögfræðingur til aðstoðar Hæstarétti. Ég er alveg viss um að þessar breytingar hafa gert gott eitt og hali mála hefur styst, þó að hann hafi ekki styst nægjanlega mikið. Jafnframt gerði ég ráðstafanir til þess að lögréttufrv. yrði athugað áfram og fól réttarfarsnefnd að skoða það mál undir forustu hæstaréttardómara Magnúsar Thoroddsens.

En það er fleira sem þarf að athuga í sambandi við Hæstarétt. Það þarf að bæta aðbúnað og húsnæði og mætti um það halda jafnlanga ræðu.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann veitti áðan við fsp. og þá sérstaklega fyrir þær upplýsingar að hann hefur mælt svo fyrir í sínu rn. að ný og sérstök athugun skuli nú fram fara á þessu máli. Vonandi fer hún þá fram með það fyrir augum að málið fái framgang, ella sér maður ekki mikinn tilgang í athugun, kannske fyrst og fremst vegna þess að þetta mál er ekki nýtt, heldur er búið að margkanna það.

Réttarfarsnefnd, sem upphaflega samdi frv., hefur endurskoðað það og lagfært með tilliti til athugasemda sem fram komu á fyrri stigum og einnig með tilliti til kostnaðaratriðisins. Það er rétt að minna á að það eru bráðum 10 ár síðan þetta frv., að vísu í örlítið annarri mynd, var fyrst lagt fram hér á Alþingi, veturinn 1975—1976. Í sjálfu sér ætti athugunin á kostnaðinum ekki að taka mjög langan tíma. Þess vegna þótti mér heldur miður að heyra það frá hæstv. dómsmrh. að ekki mundi gefast ráðrúm til að leggja frv. fram á þessu þingi. Ég hefði talið það ákaflega æskilegt, svo að þm. gætu þá tekið til þess afstöðu hvort þeir eru þessu máli fylgjandi eða ekki. Eins og ég vék að samþykkti Ed. á sínum tíma frv., en sökum tímaskorts náði það ekki afgreiðslu í Nd.

Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því, að þó að dómsmálakerfi þjóðarinnar sé ekki fjölmiðlamatur á hverjum degi og dómarar landsins og dómsmálamenn séu ekki að bera vandamál sín á torg er hér engu að síður um mikinn vanda að ræða. Ég vék að því, að menn verði að bíða á annað ár eftir því að fá niðurstöðu þrætu sinnar fyrir Hæstarétti. Það er vitanlega mikill vandi. Það var reynt að leysa hann til bráðabirgða með þremur settum aukadómurum. En ég held að menn geti verið sammála um að þar er ekki um neina framtíðarlausn að ræða. Það er ekki leið sem er skynsamlegt að fara aftur. Hér þarf eitthvað annað til að koma. Þá verður vitanlega fyrir sú lausn sem ég hef gert hér að umtalsefni. Ekki aðeins vegna hraðari afgreiðslu mála fyrir Hæstarétti, heldur einnig hins, að það er í hæsta máta óeðlilegt að sömu mennirnir séu umboðsmenn ríkisvaldsins og jafnframt dómarar og þannig hugsanlega settir í þá aðstöðu að þurfa að dæma í þeim málum sem þeir rannsaka sem æðstu valdsmenn.

Hér eru fyrir hendi mikil rök fyrir því að upp verði settur áfrýjunardómstóll, millidómstóll, eins og í frumvörpunum hefur falist.

Menn benda vitanlega á kostnaðarhliðina. Það yrði sennilega einhver kostnaður þessu samfara. Hann verður ekki mikill vegna þess að þá má fækka dómurum við héraðsdómana, kannske ekki alveg að sama skapi en í verulegum mæli. Ég vildi því að lokum beina því aftur til dómsmrh. að þessari könnun, bæði á málinu í heild og kostnaðarhliðinni, yrði hraðað svo að málið gæti fengið þann framgang sem það á skilið að mínu mati.

Sameinað þing, 27. fundur.

Þriðjudaginn 29. nóv., að loknum 26. fundi.

Húsnæðismál námsmanna, þáltill. 117. mál (þskj. 144). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Staðfesting Flórens-sáttmála, þáltill. 118. mál (þskj. 145). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Búrekstur með tilliti til landkosta, þáltill. 120. mál (þskj. 147). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla, þáltill. 99. mál (þskj. 120). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stefna í flugmálum, þáltill. 100. mál (þskj. 121). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lagahreinsun og samræming gildandi laga, þáltill. 103. mál (þskj. 124). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, þáltill. 6. mál (þskj. 6). — Ein umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 6 liggur fyrir till. til þál. um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Þessi till. er flutt í nafni þingflokks sjálfstæðismanna, þannig að allur þingflokkurinn stendur að flutningi till. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, og ekki síst kjarnorkuveldin, sameinist um raunhæfa stefnu í afvopnunarmálum, sem leitt geti til samninga um gagnkvæma og alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela utanrrh. að láta gera úttekt á þeim hugmyndum, sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, með sérstöku tilliti til legu Íslands og aðildar þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um sameiginlega stefnu í þessum málum."

Þessi till. er tvíþætt eins og menn sjá. Fyrri mgr. er almenn yfirlýsing um nauðsyn samkomulags um afvopnun, eins konar hvatning til þjóða heims, og þá ekki síst kjarnorkuveldanna, að þær sameinist um raunhæfa stefnu í afvopnunarmálum sem geti leitt til samninga um gagnkvæma og alhliða afvopnun. Síðari hlutinn snýr sérstaklega að Íslandi. Þar er sérstakur kafli um hagsmuni Íslands í þessu efni, að gerð sé úttekt á þeim hugmyndum sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar með sérstöku tilliti til legu Íslands og aðildar okkar að alþjóðlegu samstarfi.

Ég hygg að till. í þessum dúr sé algert nýmæli í tillöguflutningi um afvopnunarmál og takmörkun vígbúnaðar hér á hv. Alþingi. Það hafa verið miklar umræður um þessi mál undanfarna mánuði og reyndar undanfarin ár. Það sést m. a. á því, að hér liggja nú fyrir þrjár þáltill. sem tengjast afvopnunarmálum. Það er enginn vafi á að það hefur verið vaxandi ótti meðal almennings við hið gífurlega vígbúnaðarkapphlaup og mikill ótti meðal almennings um allan heim við þær auknu birgðir kjarnorkuvopna sem hlaðast upp og enginn virðist fá rönd við reist. Þessar hugmyndir hafa leitt til mikilla umræðna um friðar- og afvopnunarmál. Þessi till. er hér flutt til að varpa nokkuð öðru ljósi á þessi mál en hingað til hefur verið gert í umr., bæði hér á hv. Alþingi og reyndar annars staðar í þjóðfélaginu.

Stefnan í öryggismálum Íslands, sem nýtur stuðnings mikils meiri hluta þjóðarinnar, er ljós. Höfuðþættir hennar eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin. Gegn þessari stefnu hefur að vísu einn stjórnmálaflokkur, Alþb., barist og ýmislegt bendir til þess að hann hafi nú fundið liðsinni í Kvennalistanum að því er þá stefnu varðar, en aðrir íslenskir stjórnmálaflokkar hafa staðið dyggan vörð um þessa grundvallarþætti íslenskrar utanríkisstefnu og segja má að fylgi þjóðarinnar við hana hafi verið staðfest í mörgum kosningum allar götur frá 1949, er Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu.

Það hafa komið fram á undanförnum árum hugmyndir um aukna þátttöku Íslands í eigin vörnum og aukna þátttöku Íslands í ákvörðunum sem lúta að varnaraðgerðum hér á landi. Þó að ágreiningur hafi verið um aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og ágreiningur hafi verið um dvöl varnarliðsins hér á landi bendir ýmislegt til að hægt væri að ná samstöðu meðal stjórnmálaflokka um þennan þátt málsins, þ. e. að við Íslendingar reynum að afla okkur meiri þekkingar í þessum efnum og að við séum reiðubúnir að leggja sjálfir mat á einstakar aðgerðir í öryggismálum sem til greina kemur að hafa uppi hér á landi. Þetta hefur nokkuð komið til umræðu á Alþingi síðustu vikur og mér hefur virst vera mjög vaxandi skilningur á þessu efni á hv. Alþingi. Ég bendi í þessu sambandi á að á síðasta þingi fluttu fulltrúar þriggja flokka þáltill. um sérstakan ráðgjafa í öryggismálum, en sú till. varð ekki útrædd.

Það má segja að tvær hliðar séu á öryggismálum þjóðarinnar. Annars vegar er sú hlið sem lýtur að því að tryggja öryggi okkar með varnarviðbúnaði og hins vegar sú sem lýtur að afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Þessir þættir eru mjög nátengdir. Það má m. a. sjá á því, að þegar utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins þann 12. des. 1979 tók ákvörðun um endurnýjun á meðallangdrægum kjarnorkueldflaugum á vegum bandalagsins í Evrópu var jafnframt í þeirri ályktun ákveðið að taka upp viðræður um niðurskurð slíkra vopna í álfunni. Þær viðræður hafa nú staðið yfir alllengi og verið mikið í fréttum undanfarna daga. Ég skal koma nánar að þeim á eftir.

Umræður hér á landi um afvopnunarmál og takmörkun vígbúnaðar einkennast of mikið af óskhyggju frekar en raunsæju mati á vænlegum leiðum. Flestar þær tillögur sem fluttar hafa verið um þessi mál á hv. Alþingi, og reyndar á ýmsum öðrum vettvangi í þjóðfélaginu, hafa ekki beinlínis tekið mið af innlendu mati eða íslenskum öryggishagsmunum, heldur hefur oft verið um að ræða að teknar yrðu upp erlendar hug-

myndir og erlendar tillögur. Þær hafa t. d. gengið eins og rauður þráður í gegnum starfsemi friðarhreyfinganna. Þar nefni ég t. d. hugmyndina um frystingu kjarnorkuvopna, sem upphaflega kom upp í Bandaríkjunum, en hefur verið mikið á dagskrá friðarhreyfinganna bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum. Ég held að menn hljóti að geta sameinast um að það sé ekki vænlegt að láta óskhyggju ráða ferðinni í umr. um jafnalvarlegt málefni og stríð og frið. Eftir því sem innlend þekking á herfræðilegum þáttum hefur aukist, og mun vonandi aukast, hefur það komið í ljós að það er vaxandi skilningur meðal landsmanna á stefnu þjóðarinnar í öryggismálum og að samstaða hefur aukist innanlands um ýmsa þætti þeirrar stefnu. Ég held að það sé mjög æskilegt að sams konar þróun geti einnig orðið að því er snertir afstöðuna til afvopnunarmála. Á því sviði þurfa að liggja fyrir hjá íslenskum stjórnvöldum skýrir og þaulhugsaðir kostir. Það er á fáum sviðum stjórnmálanna eins auðvelt að láta umræðuna stjórnast af tilfinningum einum saman og einmitt á þessu mikilvæga sviði. Tilfinningarnar eiga mjög greiða leið inn í alla umræðu um friðar- og afvopnunarmál.

Friðarumræðurnar hafa sett verulegan svip á stjórnmálalíf á Vesturlöndum undanfarin misseri. Þessi umræða snýst í rauninni um það, með hvaða hætti á að takmarka vígbúnað og skera niður vopnakerfið. Um þessi mál er hvarvetna rætt á alþjóðavettvangi nú, þar sem stjórnmálamenn og stjórnarerindrekar hittast. Þessi umræða hefur verið mjög fyrirferðarmikil í þjóðfélagi okkar að undanförnu. Það hefur ríkt viss ágreiningur í þeim efnum. Það hefur t. d. verið lagt mismunandi mat á starfsemi friðarhreyfinganna. Það hefur líka verið lagt nokkuð mismunandi mat á vopnabúnað og vígbúnað stórveldanna eftir því hvaða stjórnmálaflokkum menn hafa fylgt. En ég skal ekki ýfa upp þær umr. í framsöguræðu fyrir þessari till. Grundvöllur till. er fyrst og fremst að reyna að skapa grundvöll þess að hægt sé að ná sem víðtækastri samstöðu hér innanlands í þessum mikilvæga málaflokki.

Við Íslendingar höfum lítið látið að okkur kveða á alþjóðavettvangi í þessu efni. Það er e. t. v. eðlilegt. Við erum lítil þjóð, sem er ekki fjölmenn á alþjóðasamkomum. Ég held hins vegar að smáþjóðir hafi verulegt erindi í þessa umræðu og í þá tillögugerð sem nauðsynlegt er að fram fari á alþjóðavettvangi í þessu efni. Við látum okkur venjulegast nægja að benda á að við séum vopnlaus þjóð og við séum þess vegna meiri afvopnunarsinnar en flestir aðrir. Ég held að svo einfaldar röksemdir dugi ekki lengur, hvorki í umræðum innanlands né utan. Það er skoðun flm. þessarar tillögu, að það þurfi að móta markvissa og samræmda stefnu Íslands í afvopnunarmálum þar sem tekið sé mið af íslenskum hagsmunum. Forsenda þess að slík stefna verði mörkuð er sú alhliða úttekt sem hér er hvatt til að gerð verði.

Menn spyrja e. t. v.: Eru til einhverjir íslenskir sérhagsmunir í þessu efni? Fara ekki hagsmunir alls heimsins saman þegar óttinn við kjarnorkustyrjöld er annars vegar? Víst má það til sanns vegar færa. Ef svo hörmulega skyldi til takast að kjarnorkustríð brytist út kemba menn sennilega ekki hærurnar, hvorki á Íslandi né í þeim heimshlutum sem fjarlægir eru. Ef við hins vegar skoðum þá umræðu sem fram fer og tillögugerðina er alveg ljóst að þær tillögur sem uppi eru snerta íslenska hagsmuni á mismunandi hátt. Það er einmitt tilgangur þessarar till. og úttektarinnar sem till. gerir ráð fyrir, að við reynum að átta okkur á því hvernig hinar einstöku tillögur sem uppi eru á alþjóðavettvangi snerta íslenska hagsmuni fyrst og fremst.

Árið 1978 var skipuð sérstök öryggismálanefnd, sem var skipuð á grundvelli samkomulags milli Alþb., Alþfl. og Framsfl. í kjölfar stjórnarmyndunar það haust. Það er athyglisvert að þegar erindisbréf hennar er lesið sést þar hvergi vikið beint að afvopnunarmálum, þótt nefndinni sé að vísu falið að fjalla um hugmyndir um friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi. Starfsemi öryggismálanefndar hefur verið til góðs. Sú upplýsingastarfsemi sem fram hefur farið á vegum hennar hefur aukið skilning manna á þessari umræðu. Þau rit sem hún hefur látið frá sér fara hafa varpað ljósi á þá þætti sem fjallað er um í þeim ritum. Hins vegar fjalla afvopnunarmálin um miklu víðtækara svið en bara friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi. Það má glöggt sjá m. a. af þeim umr. sem fram fóru á aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sumarið 1982 um friðar- og afvopnunarmál og þingflokkarnir áttu fulltrúa á. Það má enn fremur sjá á þeim umr. sem átt hafa sér stað á Madrid-ráðstefnunni um öryggismál og samvinnu í Evrópu. En á hvorugum þessum vettvangi hafa Íslendingar kynnt sínar hugmyndir um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar, sem byggðar væru á þeirra eigin mati og eigin niðurstöðum.

Til að bregða nokkru ljósi á hvað hér er um víðtæka tillögugerð að ræða og hve þessar umræður fara fram á mörgum stöðum er rétt að rekja aðeins nokkra þætti sem fram hafa farið.

Í fyrsta lagi er rétt að minna á að í Genf starfar afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna. Sú nefnd hefur fyrst og fremst haft það verkefni að reyna að hrinda í framkvæmd ályktunum fyrsta aukaallsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um friðar- og afvopnunarmál, sem haldið var 1978. Menn voru nokkuð bjartsýnir eftir það þing, því að samkomulag náðist um ákveðna tillögugerð og afvopnunarnefndin í Genf átti síðan að reyna að hrinda þeim tillögum í framkvæmd, en því miður hefur lítill árangur orðið í því enn og starf nefndarinnar orðið til lítils.

Í öðru lagi má minna á svokallaðar SALT-viðræður, sem hófust 1969. Á þeim vettvangi hafa verið undirrituð tvö samkomulög. Annars vegar er samkomulag sem fjallar um takmörkun langdrægra kjarnorkuvopna og hinn samningurinn, svokallaður SALT-2 samningur, var um takmarkanir á langdrægum eldflaugum svo og eldflaugum sem skotið væri frá kafbátum. Síðari samningurinn hefur ekki verið staðfestur, en aðildarríkin, þ. e. Sovétríkin og Bandaríkin, hafa a. m. k. í orði kveðnu viljað standa við þennan samning þó að staðfesting hafi ekki átt sér stað. En á grundvelli þess samnings og reyndar á víðtækara sviði hófust síðan viðræður á ný í júní 1982, svokallaðar START-viðræður, en í þeim viðræðum hafa stórveldin skipst á tillögum og hugmyndum um niðurskurð langdrægra kjarnorkuvopna.

Í þriðja lagi má minna á þær umræður sem nú ber hvað hæst í fréttum, þ. e. umræður um meðaldræg kjarnorkuvopn í Evrópu, svokallaðar INF-viðræður í

Genf. Þær viðræður hófust á grundvelli samþykktar utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsríkjanna 1979, þegar tekin var ákvörðun um að setja niður meðaldrægar eldflaugar í Evrópu í des. 1983 ef ekki tækist fyrir þann tíma að ná samkomulagi um takmörkun meðaldrægra kjarnorkuvopna í Evrópu.

Í fjórða lagi er rétt að minna á Madrid-ráðstefnuna, sem er tiltölulega nýlokið. Sú ráðstefna var haldin í framhaldi af Helsinki-sáttmálanum. Nú hefur verið ákveðið eins konar framhald þeirrar ráðstefnu í Stokkhólmi, sem hefjast mun eftir áramót, en þar er fyrst og fremst fjallað um öryggismál og samvinnu ríkja í Evrópu.

Í fimmta lagi má minna á að árið 1973 hófust í Vínarborg viðræður fulltrúa Atlantshafsbandalagsríkjanna og Varsjárbandalagsríkjanna um samdrátt herafla í Mið-Evrópu, þ. e. svokallaðar MBFR-viðræður. Þær hafa ekki leitt til samkomulags og reyndar deila menn enn um viss grundvallaratriði — atriði sem ættu að geta verið óumdeildar staðreyndir, eins og t. d. það hversu fjölmennur herafli Varsjárbandalagsríkjanna sé í dag á samningssvæðinu.

Í sjötta lagi er rétt að minna á samning frá 1968, sem tók gildi árið 1970, um bann við frekari dreifingu kjarnorkuvopna. Í þeim samningi er gerð tilraun til að stöðva dreifingu kjarnorkuvopna til fleiri landa. Með þessum samningi tókust kjarnorkuveldin þá skyldu á herðar að dreifa hvorki vopnum né tækni, sem gæti komið að gagni við kjarnorkuvopnasmíði, til ríkja sem ekki hefðu kjarnorkuvopn. Því miður hafa mörg ríki neitað að undirrita þennan samning. Síðast þegar ég vissi til höfðu um 45 ríki ekki undirritað hann og þar á meðal ríki sem talið er að séu mjög nálægt því að geta smíðað kjarnorkuvopn. Má þar nefna Indland, Ísrael, Pakistan og Suður-Afríku. Það er talið að sumar þessar þjóðir hafi jafnvel kjarnorkuvopn nú, eins og t. d. Indland, en hinar gætu auðveldlega smíðað þau með stuttum fyrirvara. Þá er vitað að fleiri þjóðir hafa í huga að smíða kjarnorkuvopn. Þar má nefna Argentínu, Brasilíu, Írak, Suður-Kóreu og Taiwan — svo að ekki sé minnst á Lýbíu svo þokkalegt sem það er nú að vita af slíkum vopnum í höndum Ghaddafi Lýbíuforseta. Þessi samningur hefur sem sagt ekki náð þeim tilgangi sem upphaflega var ætlast til, en að því er að sjálfsögðu unnið á alþjóðavettvangi að fá fleiri ríki til að undirrita. Rétt er að benda á að Kína hefur ekki heldur undirritað þennan samning þó það teljist eitt af kjarnorkuveldunum í dag.

Í sjöunda lagi er rétt að minna á hugmyndir sem uppi hafa verið um takmörkun vígbúnaðar í hafinu. Ríkisstjórn Íslands er reyndar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þátttakandi í flutningi slíkrar till. ásamt fleiri þjóðum.

Í áttunda lagi má nefna hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði t. d. á Norðurlöndum, í Mið-Evrópu og reyndar víðar. Við höfum haft tilhneigingu til að grípa slíkar hugmyndir á lofti án þess að kanna betur og nánar hvað í þeim felist, en auðvitað er nauðsynlegt að slíkar hugmyndir séu skoðaðar beint út frá íslenskum hagsmunum.

Alls staðar í þeim átta liðum sem ég hef rakið fara fram ítarlegar umræður um afvopnunar- og friðarmál á hinum ýmsu stöðum. Á mörgum þessum stöðum er fjallað um hugmyndir og tillögur sem beint snerta Ísland án þess að við gerum nokkuð til að láta okkar rödd heyrast á þessum vettvangi og jafnvel án þess að við kynnum okkur til hlítar hvað þarna er um að vera.

Till. sem hér er flutt hefur fyrst og fremst þann tilgang að við gerum nákvæma úttekt á þeim hugmyndum sem uppi eru og reynum að ná sem víðtækastri samstöðu hér innanlands um sameiginlega stefnu í þessum málum. Í till. er gagngert sagt, að leitað verði á grundvelli slíkrar úttektar samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um sameiginlega stefnu í þessum málum.

Í öryggismálanefndinni, sem ég gat um áðan og sett var á stofn 1978, sitja fulltrúar allra þingflokka, nema þeirra nýju flokka sem tóku sæti á Alþingi eftir síðustu kosningar, og þarf að sjálfsögðu að kanna aðild þeirra að öryggismálanefndinni. Nefndin hefur ekki tillögurétt samkv. erindisbréfi sínu, heldur á hún fyrst og fremst að afla gagna og gefa út álitsgerðir um öryggismál íslenska lýðveldisins. Það væri ekki óeðlilegt, og á það er bent í grg. með þessari till., ef þessi till. næði fram að ganga, að hæstv. utanrrh. fengi öryggismálanefnd til að semja þá skýrslu sem í till. er getið. Við það starf mundi einnig reyna á samstöðu stjórnmálaflokkanna og stuðning þeirra við frekari framgang málsins.

Herra forseti. Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir því hver sé grundvöllur þessarar till. Ég hef ekki viljað gera að umtalsefni í þessari ræðu það sem skilur flokkana að í umræðum um friðar- og afvopnunarmál, heldur leitast við að benda á leiðir sem gætu sameinað íslenska stjórnmálaflokka í þessum mikilvægu málum. Sannleikurinn er sá, að afvopnunarmálin eru flókin og erfið og reyndar fáir sem hafa yfir þau fullkomna yfirsýn, en enginn vafi er á að á alþjóðavettvangi eru þetta þau mál sem hljóta að verða mjög til umræðu á næstu árum og allar þjóðir þurfa að móta sér stefnu í.

Ég vil, herra forseti, gera þá till. að þegar þessum hluta umr. lýkur verði till. vísað til meðferðar utanrmn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Mig langar til að beina tveimur spurningum til flm. þessarar till.:

Í fyrsta lagi langar mig til að spyrja þá um hvað þeir eigi við með orðinu „raunhæfa“ í 1. mgr. till. Í grg. með till. kemur ekkert fram um það, hverja þeir telji vera raunhæfa stefnu kjarnorkuveldanna í afvopnunarmálum.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja um atriði sem kemur fram í 2. mgr. þessarar till., en þar leggja flm. til, með leyfi forseta, „að láta gera úttekt á þeim hugmyndum, sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, með sérstöku tilliti til legu Íslands og aðildar þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi.“

Mig langar til að spyrja flm. hvernig þeir hugsi sér að láta gera úttekt á hugmyndum um afvopnun án þess að tekið sé sérstakt tillit til, og það verði tekið fram í till. sjálfri, eðlis þeirra vopna sem hér er um að ræða.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Með till. þessari, sem frsm. hefur hér nýlokið við að kynna, um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, er hreyft mjög tímabæru og merku máli. Út af fyrir sig má segja að það sýni hve tímabær og merk afvopnunar- og friðarmálin eru að mati Alþingis að nú skuli liggja fyrir þrjár tillögur sem um þau fjalla, en þetta er hin fyrsta af þeim, sem borin

var fram hér í þingbyrjun.

Við Íslendingar höfum lengi látið lönd og leið þá miklu umræðu um friðar- og öryggismál, sem átt hefur sér stað á síðustu árum og reyndar miklu lengur, með öðrum þjóðum. Það er fróðlegt að velta því fyrir sér hverjar eru ástæður þess fásinnis, ef svo mætti kalla. Er hér við að fást svo risavaxið og jafnvel ógnvænlegt málefni að við treystum okkur ekki til þess að eiga þátt í umr. nema kannske svona rétt úti á jaðri? Eða er ástæðan sú, að við höfum talið að okkur skorti sérfræðiþekkingu á úrræðum í afvopnunarmálum og úrræðum til takmörkunar vígbúnaðar? Eða er ástæðan e. t. v. sú, að vegna þess að við höfum engan her á eigin vegum, þó svo við höfum ágætt varnarlið í landinu, teljum við okkur þess vanbúna að ræða um vopnakerfi og vígbúnað, sem eru þó svo snar þáttur í þjóðfélagsumræðunni með öllum nálægum þjóðum. Það er e. t. v. erfitt að svara þessum spurningum, en ég hugsa að allir þessir þrír þættir, sem ég nefndi, eigi hér einhvern hlut að máli og kannske fleiri.

Sú till. sem hér er borin fram á þskj. 6 um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar minnir okkur á þá staðreynd, að þessi mál ganga ekki lengur hjá garði okkar Íslendinga án þess að þau komi okkur við og án þess að við verðum að marka okkur afstöðu til þeirra, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Það er vissulega kominn tími til þess að rödd Alþingis heyrist, þar sem því er skorinort lýst yfir að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, og þá ekki síst kjarnorkuveldin, sameinist um raunhæfa stefnu í afvopnunarmálum, sem leitt geti til samninga um gagnkvæma og alhliða afvopnun. En þá er vitanlega nauðsynlegt að menn átti sig á þeirri spurningu og því orði sem hv. 11. þm. Reykv. vék hér að áðan, því að það er vitanlega kjarni málsins hvað er raunhæft í þessum efnum, og sýnist kannske sitt hverjum um það mál.

Það sem ég nefndi er ekki síst áríðandi nú um stundir, þegar miklir og afdrifaríkir atburðir eru að gerast í varnar- og vígbúnaðarmálum Evrópu og Bandaríkjanna, þar sem ábyrgðin og ákvörðunartakan hvílir þungt á því varnarbandalagi m. a. sem við erum þátttakendur í, Atlantshafsbandalaginu. Ég hugsa að það hafi margir orðið fyrir vonbrigðum, þegar fregnir bárust um að fulltrúar Sovétríkjanna gerðu sér lítið fyrir og slitu afvopnunarviðræðunum í Genf um meðaldrægar kjarnaflaugar og gengu út af fundum þar. Ég sagði: það hafa ugglaust margir orðið fyrir vonbrigðum með þá niðurstöðu, en ugglaust hefur hún ekki valdið undrun manna vegna þess að því var löngu yfirlýst af fulltrúum Sovétríkjanna að þeir mundu grípa til þess ráðs ef Atlantshafsbandalagið héldi fast við áform sín sem samþykkt höfðu verið um uppsetningu eldflauga í ýmsum Evrópuríkjum. Engu að síður höfðu menn vonað í lengstu lög að Sovétríkin mundu ekki grípa til þess ráðs, þar sem samkomulag og samningar eru ólíkt betri en vopnuð átök — eru vitanlega eina leiðin til þess að komast að friðsamlegri niðurstöðu í þessum efnum, jafna ágreininginn og móta þá málamiðlunarstefnu sem stórveldin bæði, sem þarna eiga hlut að máli, geta sætt sig við. Nú hafa þeir ánægjulegu atburðir gerst að bréf hefur borist frá félaga Andropov, þar sem hann gefur til kynna að Sovétríkin séu fús til framhaldandi viðræðna og er það vel.

Nú horfa samt mál svo, að Atlantshafsbandalagið mun halda fast við þá fyrirætlun sína að byrja á því að koma fyrir Pershing-eldflaugum í Vestur-Þýskalandi og stýriflaugum í öðrum fjórum Evrópulöndum í samræmi við fyrri samþykktir sínar og sem mótvægi við þann kjarnorkubúnað Sovétríkjanna sem þegar er fyrir hendi í Evrópu. Þessi framkvæmd mun vitanlega kalla á svipaðar framkvæmdir Sovétríkjanna í löndum Austur-Evrópu, eins og tilkynnt var af miðstjórn Sovétríkjanna fyrir um það bil tveimur vikum. Þau vopn verða þá til viðbótar þeim 243 S-20 flugskeytum, sem Sovétríkin hafa þegar sett upp í Evrópu, og þeim 232 S-4 eldflaugum þeirra, sem þar eru fyrir og standa þar á skotpöllum. Ákvörðun Atlantshafsbandalagsins var tekin í ljósi þessara yfirburða Sovétríkjanna á sviði kjarnorkueldflauga í Evrópu og sem svar við þeim. Síðustu mánuðina hafa menn þó alið þá von í brjósti, að í stað fjölgunar eldflauga í Evrópu mundi saman draga í Genfarviðræðunum um fækkun kjarnorkueldflauga Sovétríkjanna í Evrópu, svo að ekki kæmu til framkvæmda þau áform Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins sem ég var að lýsa, en þær vonir hafa ekki ræst hvað sem síðar verður í þeim viðræðum sem vonandi eru fram undan og um hefur verið rætt.

Nú vita allir menn sem það vilja vita, að því fer fjarri að Evrópa þurfi á nýjum kjarnorkueldflaugum eða vopnafans að halda. Fyrir utan þær eldflaugar sem áður voru nefndar ræður Atlantshafsbandalagið í dag yfir 6 þús. kjarnorkuvopnum í Evrópu. Sambærileg tala að því er Sovétríkin varðar er talin vera 9—12 þús. Þessu til viðbótar ráða Bretar og Frakkar yfir 162 kjarnorkueldflaugum á þessu svæði. Það liggur því í augum uppi, ef litið er hér á heildarmyndina, að það er að bera í bakkafullan lækinn að fjölga kjarnavopnum í Evrópu frá því sem nú er. Þó að Atlantshafsbandalagið hafi lýst því yfir nýlega að það muni eyðileggja nær 2000 af eldri flaugum sínum er gereyðingarmáttur hinna nýju eldflauga beggja aðila slíkur að um verulega aukningu verður hér að ræða.

Það er í ljósi þessarar uggvænlegu þróunar og með hana að bakgrunni sem sú þáltill. sem hér er á ferðum er miklu tímabærari en ella. Þeir atburðir sem hafa verið að gerast undanfarna mánuði og misseri í vígbúnaðarmálunum í Evrópu hafa loks fært okkur Íslendingum heim sanninn um að við getum ekki lengur staðið utan sviðsins sem hlutlausir áhorfendur, að mestu skoðanalausir um þróunina í þessum efnum. Við erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu og eigum þess vegna óbeinan hlut í viðræðum stórveldanna í Genf, sem staðið hafa að undanförnu. Það liggur jafnframt í augum uppi að stórvægileg fjölgun kjarnorkueldflauga í Evrópu hlýtur að hafa áhrif á okkar eigið öryggi ekki síður en þeirra þjóða sem nær eru skotpöllunum. Í þessu sambandi má minna á það, að er Sovétríkin gengu út af samningafundunum í Genf nú fyrir nokkrum dögum var því af hálfu þeirra m. a. lýst yfir að vígbúnaður mundi nú upp settur í löndum Austur-Evrópu og jafnframt aukinn kjarnorkuvígbúnaður á hafinu, en það er mál sem vitanlega hlýtur að snerta okkur Íslendinga beint og styður enn það atriði sem ég var að nefna. Þess vegna er nú e. t. v. tímabær-

ara en nokkru sinni fyrr að Íslendingar móti sér raunhæfa stefnu í afvopnunarmálum og leggi sitt lóð á vogarskálina svo að þessari óheillaþróun megi verða snúið við og jafnframt að Íslendingar láti rödd sína heyrast svo að eftir verði tekið. Þar hvílir skyldan og ábyrgðin fyrst og fremst á Alþingi og ríkisstj. þessa lands og undan því verður ekki lengur vikist.

Ég held að það sé ekki ofmælt þótt sagt sé að atburðir síðustu misseranna hafi vakið þjóðina til umhugsunar um hina miklu nauðsyn þess að stöðva vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna og stefna í átt til afvopnunar svo sem næst síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Reykv., ræddi í ítarlegu, ljósu og glöggu máli rétt áðan. Friðarhreyfingar hafa verið stofnaðar hér á landi líkt og í nágrannalöndunum, ráðstefnur haldnar, ályktanir gerðar um hvert bæri að stefna á þessu sviði. Í því sambandi er ekki úr vegi að minnast á nýlega ályktun sem Kirkjuþing samþykkti samhljóða eftir miklar umr. Þar er skorað á alla Íslendinga og allar þjóðir heims að vinna að friði í heimi, stöðvun vígbúnaðarkapphlaups og útrýmingu gereyðingarvopna. Kirkjuþingið beindi því til stjórnmálaflokkanna og ríkisstj. að fylgja þessu máli eftir, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Við slíkri áskorun er erfitt að skella skollaeyrum.

Ályktun Kirkjuþings, sem ég nefndi, og öll sú umræða sem nú er hafin hér á landi um þessi mál, og það er vel að sú umræða er hafin, vekur upp þá kjarnaspurningu, á hvern hátt þeim markmiðum verði náð sem ég var að víkja að. Við þeirri spurningu er vitanlega ekki til neitt einfalt svar og því er sú úttekt eða tillögugerð sem þáltill. á þskj. 6 gerir ráð fyrir hin mikilvægasta. Í afvopnunarumr. á undanförnum misserum má þó greina fjórar meginhugmyndir í þessu efni, sem kannske er ástæða til að víkja að og nefna mjög stuttlega.

Það er í fyrsta lagi frysting á þróun, framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna. Það er í öðru lagi afneitun upphafs notkunar kjarnorkuvopna í átökum í Evrópu. Það eru í þriðja lagi hugmyndir Palme-nefndarinnar svokölluðu um aðgerðir til eflingar sameiginlegu öryggi. Og það er í fjórða lagi hugmyndin eða tillagan, sem mikið hefur verið áberandi í umr., um kjarnorkulaus svæði. Þessar fjórar hugmyndir, og reyndar eru þær ugglaust miklu fleiri, hygg ég að séu þær hugmyndir sem mest áberandi hafa verið í umr. að undanförnu. Þær eru hver annarri tengdar og að mörgu leyti hafa þær hver um sig til síns ágætis nokkuð.

Hér gefst ekki tími til að þessu sinni að gera þeim frekari skil, en ég vil þó minnast á þá till. sem fyrst var nefnd, hina svonefndu frystingu kjarnorkuvopna. Sú till. hefur víða hlotið hljómgrunn, eins og menn vita, og m. a. verið samþykkt af fulltrúadeild Bandaríkjaþings. Hængurinn er sá, að hún hefur hins vegar hvorki notið stuðnings Sovétríkjanna eða Bandaríkjanna né annarra þeirra þjóða sem yfir kjarnorkuvopnum ráða. Kjarni hennar er sá, að þessi ríki semji þegar í stað um gagnkvæma stöðvun eða frystingu á öllum tilraunum, framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og einnig þeirra eldflauga og nýrra flugvéla sem hafa það hlutverk að bera slík vopn. Slíka frystingu telja talsmenn þeirrar tillögu vera forsendur þess að draga megi úr áhættu á kjarnorkustyrjöld sem og að fækka kjarnorkuvopnunum. Óhjákvæmilegur þáttur slíks samkomulags verði þó að vera ákvörðun um raunhæft eftirlit með því að samkomulagið verði haldið. Að þeim áfanga loknum verði næsta skrefið það, að stórveldin taki upp samninga um niðurskurð á kjarnorkuvopnum sínum undir alþjóðlegu eftirliti, þannig að um tiltekna hlutfallslega fækkun verði að ræða á hverju ári.

Hér er vissulega um athyglisverða tillögu og nýjung að ræða, en því er ekki að neita að tæknileg vandamál við slíka frystingu kjarnorkuvopna eru mikil. Þar er fyrst og fremst um að ræða framkvæmd eftirlitsins, sem ég vék að hér áðan, svo að unnt sé að tryggja að við samninginn verði staðið. Það er ekki í fyrsta skipti sem rætt er um mikilvægi þess að tryggja eftirlit með framleiðslu kjarnorkuvopna, heldur er það gamalt vandamál þar sem afstaða Sovétríkjanna hefur reynst hvað þyngst í skauti og tregða þeirra til að opna land sitt fyrir alþjóðlegu eftirliti í þeim mæli sem önnur ríki hafa óskað eftir. Þess vegna er óvíst á þessari stundu um framtíð og framgang hugmyndarinnar um frystingu kjarnorkuvopna. Þó er hún vissulega þess virði að henni sé haldið vakandi þótt ekki væri þar um að ræða nema takmarkaða frystingu á ákveðnum tegundum vopna, svo sem fjölda kjarnaodda eða stýriflauga á sjó svo að aðeins tvær tegundir séu hér nefndar.

Hin mikla friðar- og afvopnunarumr. síðustu mánaða leiðir hugann að málum sem standa okkur að vissu leyti nær á þessu landi. Í 32 ár hefur erlent varnarlið dvalist hér á landi að okkar beiðni. Starf að vörnum landsins, ákvörðunartaka og stefnumótun í þeim efnum hefur á þessum tíma alfarið verið í höndum yfirmanna varnarliðsins í samvinnu við bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu og við íslensk yfirvöld í utanrrn. Þó höfum við Íslendingar verið af eðlilegum ástæðum lítt til ráða kallaðir, ekki vegna þess að viljann hafi skort af hálfu varnarmálayfirvalda, heldur einfaldlega vegna þess að okkur hefur skort sérþekkingu og sérmenntaða menn á þessu sviði. Þó eru varnir og öryggi þjóðarinnar verkefni sem forgang ættu að hafa fram yfir flest annað og augljós nauðsyn þess að við höfum getu og þekkingu til að mynda okkur þar sjálfstæðar skoðanir. Hér hefur óneitanlega nokkur vanræksla átt sér stað, þótt oft hafi verið á þessa brotalöm bent í opinberri umræðu hér á landi. Það sæmir okkur þó ekki öllu lengur sem sjálfstæðri þjóð að standa utan við umræður og ákvarðanatöku um okkar eigin varnir og öryggi og þiggja í þeim efnum mestalla vitneskju af öðrum, þótt góðir og tryggir bandamenn séu. Á þessu þarf að verða breyting hið fyrsta. Við þurfum að eignast lið íslenskra kunnáttumanna sem er í stakk búið til að vega og meta þær varnarákvarðanir og þá varnarstefnu sem okkar eigin hag varðar og vera jafnan til ráðgjafar íslenskum stjórnvöldum þegar efni standa til. Í því sambandi má minna á þá þáltill. um íslenskan varnarráðgjafa sem þrír flokkar fluttu hér á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Það var hið merkasta og þarfasta mál og væri vissulega ástæða til að vekja það aftur og endurflytja á yfirstandandi Alþingi.

Herra forseti. Þegar rætt er um afvopnunarmál og takmörkun vígbúnaðar er nauðsynlegt að minnast á eitt atriði að lokum. Það varðar störf okkar Íslendinga og framlag til þessara mála á alþjóðavettvangi. Allt frá stofnun samtakanna hafa Sameinuðu þjóðirnar gefið afvopnunarmálum og friðargæslumálum mikinn gaum.

Það skyldi engan heldur undra, þar sem samtökin voru stofnuð til að varðveita friðinn og efla eindrægni í sambúð ríkja veraldar. Nær frá upphafi hafa hin Norðurlöndin sinnt þessu starfi á sviði afvopnunar- og friðarmála af mikilli alúð og áhuga. Þau hafa öll átt sæti í afvopnunarnefnd samtakanna, ýmsum sáttanefndum og í öryggisráðinu sjálfu. Á ráðstefnum um þessi mál hafa þau öll látið mikið að sér kveða og unnið þar merkt og jákvætt starf. Nægir í því efni að nefna aðeins eitt nafn — nafn Ölvu Myrdal sendiherra Svíþjóðar í afvopnunar- og friðarmálum.

Hér er um að ræða pólitískt starf sem ekki kallar á sérfræðikunnáttu á þá lund sem ég var að víkja að áðan. Þrátt fyrir það er Ísland eina ríki Norðurlanda sem leitt hefur þetta mikilvæga starf hjá sér af einhverjum ástæðum. Á þessu sviði hefur rödd okkar ekki heyrst og við höfum þar ekkert haft til málanna að leggja, utan árlegrar ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þar sem við segjumst vera á móti stríði, enda vopnlausir sjálfir. Ég hef aldrei skilið hvernig á þessari einstöku hlédrægni stendur þegar um jafnmikilvæg mál er að ræða og sem skipta sköpum fyrir þjóðir veraldar. Þó hefur okkur sem öðrum Norðurlandaþjóðum einatt staðið til boða að taka sæti á þessum vettvangi, m. a. í öryggisráðinu, en við höfum jafnan neitað því. Þessi stefna er ekki stórmannleg og það er kominn tími til þess að við hættum að vera hlutlausir og fáfróðir áhorfendur í þessu alþjóðasamstarfi. Við erum þar fyllilega gjaldgengir, eigum mannkostamenn sem fyllt gætu sæti okkar á þeim vettvangi með sóma og rækt það hlutverk þar sem okkur ber að rækja. Nú þegar umræðan um frið og afvopnun er að komast í öndvegi hér á landi er full ástæða að breyta hér um stefnu og ganga af fullri einurð til liðs við þær þjóðir sem hér telja með réttu að verðugt verk sé að vinna.

Friðarverðlaunahafinn Willy Brandt sagði nýlega í ræðu: Fleiri vopn gera mannkynið ekki öruggara, heldur aðeins fátækara. — Við skulum gera okkar til að koma í veg fyrir að svo verði.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Þó að í ræðu hv. 2. þm. Reykn. hafi verið fólgin svör við þeim spurningum sem hv. 11. þm. Reykv. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir varpaði fram til flm. þessarar till., þá finnst mér rétt að svara þeim beint, þannig að það sé ljóst hvað átt er við í þessari till.

Hún bar fram tvær spurningar. Fyrri spurningin var um það, hvað átt væri við með orðunum „raunhæf stefna í afvopnunarmálum“ í fyrri málsgr. till. Í rauninni skýrist það, hvað við eigum við með „raunhæf stefna“, þegar setningin er lesin áfram. Það er að okkar mati stefna sem geti leitt til samninga um gagnkvæma og alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti, þ. e. stefna sem leiði til samninga sem verði framkvæmdir. Í því efni leggjum við mikla áherslu á þau þrjú atriði sem tilgreind eru í setningunni.

Í fyrsta lagi sé um gagnkvæma afvopnun að ræða. Við erum ekki talsmenn einhliða afvopnunar. Við erum ekki talsmenn þess að vesturveldin t. d., ríki Atlantshafsbandalagsins, afvopnist einhliða að einu eða neinu leyti. Við teljum að þegar um kjarnorkuvopn er að ræða verði að vera um gagnkvæma afvopnun að ræða, sem kjarnorkuveldin taki þátt í.

Við leggjum líka áherslu á að um alhliða afvopnun sé að ræða. Í því felst m. a. að afvopnun fari líka fram á fleiri sviðum en á sviði kjarnorkuvopna og í þeim samningum taki þátt fleiri aðilar en kjarnorkuveldin eingöngu. Við teljum að það verði að gera þjóðir bæði austurs og vesturs og reyndar ýmsar aðrar, sem búa yfir miklu magni vopna.

Í þriðja lagi leggjum við mikla áherslu á hið alþjóðlega eftirlit. Við erum sammála því, sem oft hefur verið haldið fram í umr. af þessu tagi, að samningar um afvopnun geti ekki verið raunhæfir nema framkvæmd þeirra sé tryggð með alþjóðlegu eftirliti. Eitt af þeim atriðum sem hefur reynst hvað erfiðast í öllum samningum um afvopnunarmál er sérstaklega að fá Sovétríkin til að fallast á alþjóðlegt eftirlit. Það er reyndar svo á allra síðustu tímum að það virðist sem nokkrar glufur hafi opnast í andstöðu Sovétmanna við að fela alþjóðlegum eftirlitsmönnum eftirlit á sovésku landsvæði, en um þetta hafa þó ekki náðst endanlegir samningar. Ég held að ég hafi þar með svarað því, hvað við eigum við með „raunhæfri stefnu“ í afvopnunarmálum.

Hin spurningin var sú, hvort ekki eigi að taka sérstakt tillit til eðlis þeirra vopna sem hér um ræðir. Ég tel að það leiði af sjálfu sér að við hljótum að taka sérstakt tillit til eðlis þeirra vopna. Við bendum á: „með sérstöku tilliti til legu Íslands og aðildar þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi.“ Við teljum að einmitt með orðunum „legu Íslands“ séum við að benda á að eðli vopnanna hljóti mjög að koma til greina. Við eigum að sjálfsögðu við kjarnorkuvopn. Við bendum á það í upphafi till., að við beinum áskorun okkar ekki síst til kjarnorkuveldanna og þá hljótum við að taka mið af því, hver sé lega Íslands með tilliti til langdrægni vopna sem hugsanlega yrði beitt gegn Íslandi.

Ég tek það skýrt fram og gat um það reyndar áðan, að afvopnunarumr. beinist að öðrum vopnum en kjarnorkuvopnum. Þó þau séu það sem allir óttast mest eru hin almennu vopn, sem svo eru stundum nefnd, mjög hræðileg. Það eru þau vopn sem eru notuð í heiminum í dag. Ég hef getið um það hér áður úr þessum ræðustól, að frá árinu 1945 hafa verið háðar 140 styrjaldir víðs vegar um heiminn, sem hafa orðið 10 millj. manns að bana, og þær styrjaldir hafa verið háðar með öðrum vopnum en kjarnorkuvopnum. Við sjáum að þau vopn hafa ekki síður verið gereyðingarvopn en kjarnorkuvopnin, þó að kjarnorkuvopnin séu að sjálfsögðu það sem allir óttast mest. Í þessu efni er rétt að geta um það líka, að alls konar tegundir vopna, eins og eiturefnavopn, hljóta að falla undir þessa skilgreiningu líka.

Við teljum nauðsynlegt að í slíkri úttekt og við slíka stefnumótun sé tekið sérstakt tillit til eðlis þeirra vopna sem afvopnun og takmörkun vígbúnaðar hljóta að taka til.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Með því að fleiri eru ekki á mælendaskrá, þá vildi ég ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni yfir flutningi þessarar þáltill. og þakka 1. flm. fyrir ágæta grg. fyrir henni.

Ég sé þó ekki ástæðu til að fjalla efnislega um afvopnunarmál á þessu stigi málsins. Tækifæri mun væntanlega gefast til þess síðar og það fljótlega. En ég vil láta í ljós þá von mína, að utanrmn. megi bera gæfu til að sameina svo hugi nefndarmanna að stefnumörkun

nefndarinnar og síðan Alþingis í heild megi verða Alþingi til sóma og framlag Íslendinga í hinu mikilvæga máli yrði virðingu Íslendinga samboðin á þessum mikilvæga vettvangi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér tækifæri til að spyrja hæstv. sjútvrh. hér utan dagskrár. Ég hafði að vísu vænst þess að þær tvær aðrar till. um afvopnunarmál sem hér er ætlunin að ræða í dag hefðu fengið umr. áður og væntanlega verður einnig hægt að taka þær til umr. hér síðar í dag.

Tilefni þess að ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár eru þær yfirlýsingar sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið utan Alþingis um veigamestu aðgerðir gagnvart íslenskri togaraútgerð sem nefndar hafa verið í áratugi. Þær hugmyndir sem ráðh. hefur þar reifað snerta atvinnuhorfur þúsunda manna, sérstaklega hér á suðvesturhorni landsins, og afkomu mikils fjölda þeirra fyrirtækja sem eru aðalburðarásinn í atvinnulífinu hér á þessu svæði.

Þegar yfirlýsingar af þessu tagi eru gefnar utan þings um væntanlega meginstefnu í afstöðu núv. hæstv. ríkisstj. gagnvart atvinnumálum, þá er óhjákvæmilegt að hér á Alþingi sé óskað eftir því að hæstv. ráðh. geri Alþingi Íslendinga grein fyrir því hvers konar stefnumótun er þarna á ferðinni og hvaða hugmyndir og till. það eru sem hann er að undirbúa jarðveginn fyrir. Það er ekki við hæfi að mínum dómi að slík meginumræða um höfuðatvinnuveg landsmanna sé hafin utan þings, á samkomum sem þar eru haldnar og í fjölmiðlum, án þess að Alþingi sé gerð grein fyrir þessum hugmyndum. Ég hefði frekar kosið að hæstv. ráðh. hefði sjálfur haft frumkvæði að því að kynna fyrir Alþingi þessar hugmyndir.

Ég hef orðið var við það að hundruð verkafólks og sjómanna hér á þessu svæði voru óttaslegin í gær og í dag þegar fréttir bárust af ummælum hæstv. ráðh., og forsvarsmenn í sjávarútvegi á því svæði þar sem sum stærstu og elstu fyrirtækin í sjávarútveginum eru starfandi hafa spurt sjálfa sig að því, hvað sé hér eiginlega á ferðinni. Þess vegna finnst mér óhjákvæmilegt að hæstv. sjútvrh. geri Alþingi hér og nú skýra grein fyrir því hvað er hér eiginlega á ferðinni.

Málgagn hæstv. ráðh. birti um það frétt fyrir fáeinum dögum að ákveðið hefði verið að leggja um 30 togurum. Hæstv. ráðh. hefur ekki viljað staðfesta þá tölu. Væri þess vegna fróðlegt að fá skýrt fram frá honum hér hver sú stærðargráða í fækkun togara er sem ráðh. er að leggja drög að.

Í öðru lagi hefur ráðh. lýst því yfir að þessi fækkun eigi að fara fram á þeim svæðum sem hann hefur kallað þéttbýlissvæði. Aðspurður hefur hann gefið til kynna að það væri einkum og sér í lagi suðvesturhorn landsins, Stór-Reykjavíkursvæðið, Suðurnes og önnur þau svæði sem í námunda eru við álverið í Straumsvík.

Það eru að vísu fjölmargir aðrir staðir á landinu sem gætu fallið undir þá skilgreiningu ráðh. að vera þéttbýlissvæði. Þess vegna væri mjög æskilegt að hæstv. ráðh. útskýrði nánar hér hvað hann á nákvæmlega við þegar hann er að tilkynna utan Alþingis að togurum á þéttbýlissvæðum verði lagt. Er það Akureyri, er það Neskaupstaður, er það Ísafjörður eða er það eingöngu Reykjavík, Hafnarfjörður og Suðurnes?

Í þriðja lagi hefur hæstv. ráðh. bent á það utan þings að ein meginrök fyrir því að velja slík svæði að hans dómi séu fólgin í því, að fólkið sem starfi nú við útgerð og fiskvinnslu á þessu svæði geti átt von í atvinnu í stækkuðu álveri. Stækkun álversins í Straumsvík er sú ábending sem ráðh. setur fram þegar hann kynnir þessar till. sínar og bendir á aðrar leiðir í atvinnumálum íbúa þéttbýlissvæðanna.

Hér er engin smáyfirlýsing á ferðinni heldur mun þetta vera í fyrsta sinn sem íslenskur sjútvrh. lýsir því yfir, að hann stefni beinlínis að því að flytja sjómenn og fiskverkunarfólk frá útgerð og fiskvinnslu yfir í álvinnslu í þágu erlendra auðfélaga. Er það virkilega sú atvinnustefna sem núv. hæstv. sjútvrh. ætlar að beita sér fyrir gagnvart því svæði þar sem meira en helmingur þjóðarinnar býr, að fólkið sem þar stundar nú störf við helsta atvinnuveg landsmanna eigi að sækja inn á atvinnumarkaðinn í stækkuðu álveri? Ég ætla að vona að þau ummæli sem ráðh. lét falla í ræðu sinni í gær — og ég hef fengið eintak af þeirri ræðu vegna þess að ég trúði varla að frásagnir fjölmiðla um þetta efni væru réttar ... (**Gripið fram í:** Þú hefur ekki lesið hana.) Það kemur alveg skýrt fram í þeirri ræðu, sem hæstv. ráðh. getur þá flutt hér á eftir, að hann bendir á að sá sé munurinn á Vestfjörðum og þeim þéttbýlissvæðum sem hann vísar til í sinni ræðu, að á þéttbýlissvæðunum sé m. a. álver sem eigi að stækka á næstunni og þess vegna sé réttlætanlegra að fækka togurum þar.

Það er svo önnur saga að það sýnir ekki mikil klókindi í samningum gagnvart Alusuisse að lýsa því yfir af hálfu ríkisstj., á meðan þeir samningar standa, að stækkun álversins sé orðin meiri háttar liður í lausn á vanda sjávarútvegsins og togaraflotans í landinu. Það gefur Alusuisse enn frekari viðspyrnu í þeim efnum.

Í fjórða lagi er rétt að spyrja hæstv. ráðh. að því hvernig hann hyggist vinna að þessari fækkun sem hann hefur nú reifað utan þings. Við hvaða aðila ætlar hann að ræða? Á hvern hátt ætlar hann að ræða við forsvarsmenn fyrirtækjanna sem nú spyrja sig í forundran eftir yfirlýsingar ráðh., sem birtar hafa verið í fjölmiðlum, hvað eigi að verða um þeirra fyrirtæki? Rétt er að nefna í þessu sambandi að ráðh. mælti hér í síðustu viku á Alþingi fyrir frv., þar sem ein af greinum þess fól honum vald, ótvírætt vald, til að stöðva rekstur sérhvers fyrirtækis í sjávarútvegi ef það fengi ekki tilskilið leyfi. Maður fer nú að skilja samhengið í því frv. sem þá var mælt fyrir og þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið síðustu daga, að af hálfu þessarar ríkisstj. sé verið að leggja drög að því að sjútvrh. geti ráðskast algjörlega með rekstur togaraflotans og starfrækslu frystihúsanna.

Í fimmta lagi er nauðsynlegt að ráðh. upplýsi hér, vegna þess að hann hefur hvergi vikið að því í túlkun sinni á þessu máli utan þings, á rekstrarafkoma fyrirtækjanna og hagkvæmni í rekstri fyrirtækjanna engu að ráða um þetta efni, heldur eingöngu sú spurning hvar fyrirtækin eru staðsett? Á kannske að fara að stöðva rekstur margra elstu og traustustu fyrirtækjanna í sjávarútvegi, sem hér eru í Reykjavík og nágrannabyggðum, einfaldlega vegna þess að þau eru hér

staðsett? Hvar á hagkvæmnin og æskilegur rekstrargrundvöllur í sjávarútvegi að koma inn í þessa mynd? Hver eiga að vera þau fjárhagslegu markmið sem þessi fækkun togaraflotans á að taka mið af?

Það er þess vegna óhjákvæmilegt í tilefni af yfirlýsingum ráðh. utan þings, sem hundruð verkafólks og fjöldi stjórnenda og eigenda fyrirtækja í sjávarútvegi hafa hrokkið við vegna síðustu sólarhringana, að ráðh. segi skýrt og skorinort hér á Alþingi hvernig hann ætlar að halda áfram með þetta mál. Hvernig á að ræða við fólkið í fyrirtækjunum og þá sem bera ábyrgð á fyrirtækjunum, hvaða aðferðum á að beita og með hvaða öðrum hætti ætlar ríkisstj. að koma þessari stefnu sinni í framkvæmd?

Herra forseti. Það mætti margt fleira segja um þetta mál. En ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. gefi hér á Alþingi skýr og afdráttarlaus svör við þessum spurningum, svo að sú mikla óvissa sem hann hefur skapað utan þings verði ekki lengur við lýði.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 7. þm. Reykv. lét þess getið að hann hefði viljað að núna væri lokið umr. um þrjú mál sem eru á dagskránni, þ. e. það mál sem við vorum að ljúka við rétt áðan, 7. dagskrármálið, um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, 8. dagskrármálið, um nauðsyn afvopnunar, og 14. málið, stöðvun uppsetningar kjarnaflugvopna.

Hv. 7. þm. Reykv. lét þau orð falla að hann vænti þess að hin tvö málin, sem eftir er að fjalla um, yrðu tekin fyrir síðar í dag, eins og það var orðað. Af þessu tilefni þykir mér rétt að taka fram, að það var ætlun mín, ef þess væri nokkur kostur, að ræða öll þessi mál á fundi í dag. Ég segi: ef það er nokkur kostur. Það fer allt eftir því hvað þingheimur vill, hvað honum þóknast að tala lengi í hverju máli, en það var ætlun mín að gera tilraun til þess að gera þetta.

Þegar hv. 7. þm. Reykv. bar upp fyrir mér þá ósk að fá að tala hér utan dagskrár, benti ég honum á þetta og sagði að það væri stofnað í voða þeim möguleika að afgreiða þessi mál í dag, ef orðið yrði við óskum um umr. utan dagskrár.

Spurningin um það hvort á að verða við umr. utan dagskrár er fólgin í því hvernig forseti svarar tveim spurningum. Í fyrsta lagi: Er málið mikilvægt? Í öðru lagi: Þolir það ekki neina bið? Getur það ekki beðið eftir fyrirspurnum í venjulegu formi?

Ég hygg að það hafi verið ljóst í þessu tilfelli að málið er mikilvægt. Það orkaði frekar tvímælis hvað aðkallandi það væri, hvort nauðsynlegt væri að taka það fyrir í dag. En það er svo oft að einmitt þetta orkar tvímælis. Og oft getur það verið rétt að leyfa umr. utan dagskrár, þó að það orki tvímælis, því málið getur verið þannig vaxið að það upplýsist ekki fyllilega fyrr en í þeim umr. sem leyfðar eru.

Út frá þessum sjónarmiðum voru þessar utandagskrárumr. leyfðar. En ég við að gefnu tilefni taka það fram á þessum fundi fer ekki fleira fram en þessar utandagskrárumræður. Til þess er einfaldlega ekki tími. Ég þarf ekki að minna þingheim á það, að allir þm. eru boðnir í Þjóðleikhúsið í kvöld. Það boð barst okkur fyrir nokkrum vikum og undan því verður ekki skorast að fara í Þjóðleikhúsið í kvöld. Ég vænti þess því að enginn hafi við það að athuga og þá afgreiðslu sem ég hugsa mér á dagskrármálunum hér.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það eru vissulega alvarleg tíðindi í okkar þjóðfélagi þegar við fáum um það spurnir að í fyrsta lagi hafi afli mjög rýrnað á þessu ári og öll útgerð í landinu búi við slík skilyrði að ekki geti lengur svo áfram verið og þar að auki fáum við um það upplýsingar frá okkar fiskifræðingum að enn þurfi að minnka aflann.

Það er ekki óeðlilegt að fram fari um það nokkur almenn og opinber umr. hvernig brugðist skuli við þessum válegu tíðindum, því það snertir vissulega atvinnu fólksins um allt land.

Hér hefur verið vitnað í ræðu mína á Fiskiþingi og ég tel mér skylt að endurtaka það sem ég sagði þar. Ég flutti þar skrifaða ræðu og vildi fá að lesa úr henni, með leyfi hæstv. forseta. Ég sagði eftirfarandi:

„Að undanförnu hefur mikið verið rætt um að nauðsynlegt væri að fækka skipum á miðunum til þess að önnur hefðu betri rekstrargrundvöll. Þetta er vissulega rétt, en erfiðlega gengur að benda á þau skip sem helst ættu að stöðvast. Að sjálfsögðu hafa skip stöðvast vegna óhagkvæms reksturs og lélegrar fjárhagslegrar afkomu. Sú hugmynd hefur komið upp að rétt væri að aðstoða aðila við að leggja skipum, a. m. k. um stundarsakir. Því er eðlilegt að spurt sé: Hverja á að aðstoða til þess?

Við búum dreift í landinu og hin dreifða byggð er til komin vegna þess að forfeður okkar byrjuðu snemma að nýta allt landið og miðin. Þá var aðalatriðið að vera sem næst miðunum, því að ekki varð róið eða siglt með seglum langar leiðir. Vaxandi tækni hefur gert það kleift að sækja mun lengra, en þrátt fyrir allt er lögmálið það sama, að ódýrast er að sækja sem styst á miðin. Þetta gerir það að verkum að rétt er að búa dreift í landinu.

Þegar á að fækka skipum með skipulegum hætti getur reynst erfitt að gera það, vegna þess hvað hvert byggðarlag er háð fáum skipum. Mörg dæmi eru fyrir því að aðeins eitt togveiðiskip stendur í reynd undir allri verðmætasköpun í viðkomandi byggðarlagi. Ef þessu skipi er lagt er grundvöllurinn í reynd hruninn.

Þar sem þéttbýli er meira er þessu öðruvísi farið, enda þótt fiskiskipin þar séu ekki síður mikilvæg því fólki sem hefur atvinnu í sjávarútvegi. Þar eru hins vegar möguleikarnir meiri til uppbyggingar nýrra atvinnuvega og stækkunar fyrirtækja sem fyrir eru. Svo dæmi sé nefnt er t. d. rætt um — ég endurtek: „rætt um það að stækka álverið í Straumsvík um helming, en ekki eru neinar hugmyndir um að byggja upp orkufrekan iðnað á Vestfjörðum.“ Vænti ég þess að ég hafi engan skaðað með því að segja að um þetta sé rætt, því m. a. hef ég orðið var við það, að slíkt væri gert hér á Alþingi.

„Þar sem þéttbýli er meira eru almennt fleiri möguleikar fyrir hendi að byggja upp aðrar og nýjar atvinnugreinar. Það er í reynd það sem um er að ræða þegar sjávaraflinn minnkar, að finna nýja möguleika á atvinnu. Þetta vil ég segja vegna þeirrar umr. sem hefur orðið um fækkun fiskiskipa. Ég segi það ekki vegna þess að ég hafi áhuga fyrir því að einu skipi sé lagt fremur en öðru, heldur vegna þess að ég tel mikilvægara en flest annað að ekki komi til atvinnuleysis í landinu. Það að koma í veg fyrir atvinnuleysi krefst skipulagðra vinnubragða.“

Þetta var það sem ég sagði um þessi mál á Fiskiþingi

og taldi rétt að það kæmi hér fram vegna þessara umr.

Ég hef aldrei nefnt ákveðna tölu skipa og síst af öllu hef ég nefnt 30 skip. Hins vegar hafa menn heyrt slíkar tölur í umr. Ég er þeirrar skoðunar að það sé allsendis fráleitt að tekist geti að leggja með skipulegum hætti 30 skipum.

Við skulum hins vegar gera okkur fulla grein fyrir því, að það mun reynast mjög erfitt að skapa skipunum rekstrargrundvöll. Til þess er aflinn í reynd of lítill og hvert skip sem mundi hverfa úr veiðunum, hvort sem það væri til annarra veiða eða þeim væri lagt um stundarsakir, mundi vissulega gefa hinum skipunum meiri möguleika og tryggja þá betur því fólki atvinnu sem byggði á þeim skipum og draga úr söknarkostnaðinum.

Hins vegar hefur því verið þannig farið á undanförnum árum að afli hefur verið takmarkaður á öll þau skip sem eru á miðunum með svonefndu skrapdagakerfi. Það kerfi er talið vera orðið mjög úrelt og tryggir það ekki að söknarkostnaður sé eins lítill og mögulegt er.

Það er unnið að undirbúningi fiskveiðistefnu fyrir næsta ár. Það fyrsta sem þarf að vera ljóst áður en sú stefna er mörkuð eru tillögur Hafrannsóknastofnunar um veiðina í heild sinni. Það er ekki nægilegt að hafa aðeins hugmyndir um þorskinn. Hafrannsóknastofnunin mun skila þessum tillögum í lok þessarar viku eða í byrjun næstu. Að þeim fengnum verðum við að gera tillögur um veiðiskipulag fyrir næsta ár.

Ég hef sem betur fer ekki — og sækist ekki eftir því að hafa vald til þess að leggja ákveðnum skipum. Ég vil hins vegar gjarnan að menn geri sér grein fyrir því hvað það er alvarlegt mál að gera það. Mér hefur fundist að í umr. í landinu undanfarið væri látið að því liggja að það væri ekkert mál að leggja eins og 30 togurum. Það væri álíka og að skreppa út í mjólkurbúð. Það er nú öðru nær. Það mun skapa mikla atvinnuerfiðleika í þeim byggðarlögum sem verða fyrir því.

Það er náttúrlega nauðsynlegt, áður en lengra er haldið, að umræðurnar byggist á einhverri skynsemi, að menn geri sér grein fyrir afleiðingunum. Ég tel enga goðgá að nefna það, að ef slíkt á að gerast með skipulegum hætti, þá er nauðsynlegt að fólkið missi ekki atvinnuna og því verður að huga að nýjum atvinnutækifærum í staðinn, því það að missa út 200 þús. tonn af þorski verður að sjálfsögðu til þess að atvinna fólksins í landinu verður mun minni en ella hefði orðið. Það gera allir sér ljóst. En að koma hér upp og segja að ég sé að gera till. um það að flytja sjómenn og verkafólk ja, trúlega nauðungarflutningum í álverið í Straumsvík, hvers konar útúrsnúningar eru það eiginlega? Getur þm. ekki lesið rétt mína ræðu, fyrst hann fékk hana í hendur? Þar stendur: „Svo dæmi sé nefnt er t. d. rætt um það að stækka álverið í Straumsvík um helming, en ekki eru neinar hugmyndir um að byggja upp orkufrekan iðnað á Vestfjörðum.“ Liggur það ekki alveg á borðinu að það eru engar hugmyndir um að byggja upp orkufrekan iðnað á Vestfjörðum? Byggðirnar á Vestfjörðum þurfa að sjálfsögðu að dafna og vaxa eins og aðrar byggðir og ég sé ekki að þær geti gert það nema halda hlutdeild sinni í fiskveiðunum. Ég fæ ekki séð það.

Hins vegar sé ég ýmsa möguleika annars staðar. Og ég geri mér grein fyrir því að þetta þarf að gerast með skipulegum hætti og um það þarf að ræða. Og því segi ég þetta að ég vil ekki sætta mig við það að hér komi til atvinnuleysis. En það má vera að hv. fyrirspyrjandi vilji gjarnan sætta sig við það. Ef menn ætla ekki að sætta sig við það, þá þarf að huga að öðrum atvinnutækifærum. Ég hélt að þetta þyrfti út af fyrir sig ekki að ræða.

Síðan var um það spurt hvernig ég ætli að vinna að þessari stefnu. Það liggur fyrir að aðilar frá hagsmunaaðilunum í sjávarútvegi eru að vinna að þessum málum og þeir þurfa að fá bærilegan tíma til þess. Þeir munu svo gefa ráð því Fiskiþingi sem situr nú að störfum.

Ég vil gjarnan taka það fram að sjútvrh. eða ríkisstj. hefur engar heimildir til að stöðva einstaka togara. Sjútvrh. eða ríkisstj. hefur ekki einu sinni heimild til að skipta aflanum niður í svokallaða kvóta, þ. e. togveiðinni.

Ég hef kallað saman sjútvn. þingsins til þess að ræða það nú í vikunni m. a. hvernig beri að snúa sér í því, hvort það sé ekki rétt að sjútvrh. fái þar rýmri heimild. Það hefur t. d. verið rætt um það og talið skynsamlegt af öllum að auka dragnótaveiðina. En við höfum ekki heimildir til þess í lögum, þannig að mál þessi verða að koma til þingsins nú á næstunni.

Jafnvel þótt það sé mikilvægt að hafa sem bestan frið um þessi mál, og ég er því sammála að við þurfum að koma okkur saman í landinu um þessi stóru vandamál, þá verður samt ekki hjá því komist stundum að spyrja: Hvernig á að fækka skipum? Og spyrja þá sjálfan sig: Hvernig er það skynsamlegt? Menn hafa, vænti ég, oft hér á Alþingi kastað því fram að skipin séu allt of mörg, hvað þá við núverandi aðstæður. Það eru í reynd allir sammála um að flotinn sé of stór. Ég hefði því talið að það væri aðeins af hinu góða að velta því fyrir sér hvernig þetta yrði best gert, þannig að það kæmi sem minnst við íbúa landsins. En þegar er verið að leggja það út á þann veg að verið sé að ráðast að hagsmunum einhverra ákveðinna byggðarlaga og einhvers ákveðins fólks og það eigi að fara að draga það nauðungarflutningum í önnur fyrirtæki, þá er mér alveg nóg boðið. Ég vænti þess að það sé í reynd ekki það sem hv. þm. er hér að halda fram.

Ég hafði vænst þess að hér gæti orðið hlutlæg umræða um þessi miklu vandamál. Hún snertir alla. Hún snertir ekki aðeins þingið. Hún snertir líka fólk utan þessa húss. Og að sjálfsögðu er mér heimilt að ræða þau vandamál á þeim þingum sem haldin eru, t. d. Fiskiþingi. Fiskiþing hefur verið starfandi mjög lengi og er búnaðarfélag sjávarútvegsins og er skipt niður og byggt upp félagslega út um allt land. Ég hefði haldið að það væri engin vanþörf á því að minnast á þessi miklu vandamál þar. Ég hefði haldið að það væri engin vanþörf á að minnast á þessi miklu vandamál, hvort sem það er á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins eða á aðalfundi LÍÚ. Það hef ég gert, en án þess að ég væri kominn þar með ákveðna niðurstöðu. Það er ekki hægt að ætlast til þess að sú niðurstaða liggi fyrir enn sem komið er. En ég tek undir það, að það verður vandasöm niðurstaða og það verða sjálfsagt ekki allir öfundsverðir í landinu af að búa við hana.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann veitti að nokkru við þeim spurningum sem ég bar hér fram. En því miður voru þau svör ekki á þann veg að þau gefi tilefni til að

eyða þeim ótta og þeim ugg sem búið hefur um sig síðasta sólarhring síðan fréttir bárust af yfirlýsingum hæstv. sjútvrh. Hæstv. sjútvrh. þarf ekki að verða reiður hér í ræðustól og setja sig í ávítunarstellingar gagnvart hv. þm. Þorri þeirrra sem heyrt hafa frásagnir af ræðu hæstv. ráðh., mér vitanlega, hafa skilið hana einmitt á þann veg, sem ég vék að áðan, að það ætti númer eitt að fækka skipum eingöngu hér á suðvesturhorninu og númer tvö að önnur atvinnutækifæri sem ráðh. hefði í huga væru meiri álvinnsla. Í sinni ræðu varpaði hæst. ráðh. engu nýju ljósi á þessi tvö höfuðatriði. Hann las þann texta sem hann flutti á Fiskiþingi, og það var nákvæmlega það sem ég sagði í ræðustólnum að hann hefði sagt, en til viðbótar fór hann að reyna að útskýra málið hér og nefndi ekki eitt einasta annað atvinnutækifæri sem kæmi til greina en stækkun álversins, og fór hann þó mörgum orðum um það að önnur atvinnutækifæri kæmu þarna til greina en álverið. Stækkun þess var það eina sem hann nefndi.

Það væri æskilegt, ef hæstv. sjútvrh. hefur víðari sýn til þessara mála en um Straumsvíkina eina, að hann teldi þá upp hér í ræðustól hvaða önnur atvinnutækifæri það eru sem hann hefur í huga þegar hann verður búinn að koma því í framkvæmd, sem greinilegt er að stefnt er að, að loka að meira eða minna leyti um langt skeið sumum elstu og stærstu hraðfrystihúsum landsins.

Ég spurði hæstv. ráðh. að því nákvæmlega og skýrt, hvaða þéttbýlisstaðir það væru sem ráðh. vék að í ræðu sinni og endurtók hér í ræðustól. Það komu heldur engin skýr svör við því hér í stólnum. Ráðh. bar ekki á móti þeim skilningi, sem ég gat um að væri mjög útbreiddur utan þings, að hann ætti fyrst og fremst við togaraútgerð og frystihús á stór-Reykjavíkursvæðinu og á Suðurnesjum. Hann bar ekki á móti því hér. Ég spurði hann þó gagngert og skýrt: Á hann einnig við þéttbýlisstaði í öðrum landshlutum? Við því kom ekkert svar. Eftir ræðu hans stendur því enn það sama og eftir fiskiþingsræðu hæstv. ráðh., að hann er fyrst og fremst með þéttbýlisstaðina hér í huga. Er satt að segja fróðlegt að fá um það upplýsingar hér ómótmælt, að sú lausn sem unnið er að á vegum hæstv. ríkisstj. á þessum mikla vanda, sem við erum allir sammála um að er mjög mikill, skuli fyrst og fremst vera af þessu tagi. Það eru fréttir fyrir Reykvíkinga, það eru fréttir fyrir Reyknesinga að þeir ráðh. sem sitja í þessari ríkisstj. og kjörnir voru til að gæta trúnaðar fólksins í þessum tveimur kjördæmum skuli standa að undirbúningi svona stefnumótunar, að hv. 1. þm. Reykv. skuli vera að vinna að því innan þeirrar ríkisstj. sem hann er fjmrh. í að leggja drög að því að sum traustustu fyrirtækin hér í höfuðborginni verði tekin úr umferð. Það getur vel verið að hæstv. fjmrh. þyki þetta gamanmál, en ég get sagt honum að fólkinu í frystihúsunum hér, eigendum frystihúsanna og þeim sem bera ábyrgð á hinum félagslegu frystihúsum þykir þetta ekki gamanmál. Þeim þótti það ekki gamanmál þegar þeir heyrðu það í útvarpi í gær og lásu í fjölmiðlum í dag að eina svæðið sem til umræðu væri að tæki á sig þennan mikla vanda væri þeirra rekstrarsvæði eitt.

Við skulum gera okkur fulla grein fyrir því, að þegar tekið verður á þessum mikla vanda verður að gera það þannig að fólkinu í landinu þyki sanngirni gætt, fólkinu í landinu þyki tekið á þeim málum af víðsýni og raunsæi, þannig að allir leggi sitt af mörkum til að greiða úr lausn vandans.

Ég spurði hæstv. sjútvrh. einnig í þriðja lagi að því, að hve miklu leyti rekstrarleg og fjárhagsleg hagkvæmni yrði látin ráða í þessum efnum. Ég vek athygli á að við því kom ekkert svar. Hæstv. ráðh. vék ekki að því í fiskiþingsræðu sinni og hann skaut sér einnig undan því að svara því hér, að hve miklu leyti fjárhagsleg staða fyrirtækjanna, eignaleg staða fyrirtækjanna og rekstrarhagkvæmni viðkomandi útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja, yrði látin ráða í þessum efnum. Og hvers vegna gerði hann það ekki? (**Gripið fram í:** Ólafur. Svara þú nú einu sinni.) Já, ég skal svara því mjög skýrt. Það er óhjákvæmilegt að þegar Íslendingar eru að takast á við grundvallarvanda í höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar eigi rekstrarleg staða, fjárhagsleg staða fyrirtækja, hvort sem þau eru í félagslegri eign eða í einkaeign, að vera einn af afgerandi þáttum sem setja svip sinn á lausn vandans. (**Gripið fram í:** Á þá auðvaldið að ráða?) Það getur vel verið að hv. þm. Ólafur Þórðarson sé enn að velta því fyrir sér hvort auðvaldið eigi að ráða. (**Óþþ:** Ég hélt að þú boðaðir það ekki.) Nei, það boða ég ekki. En Alþb. hefur aldrei boðað og boðar ekki hér heldur að það sé kommissarakerfið, sem hv. þm. stendur að á fjölmörgum sviðum í þessu þjóðfélagi, sem eigi líka að fara að ráðskast með hvernig eigi að leysa vanda þessara fyrirtækja. (Gripið fram í.)

Það er einmitt okkar afstaða að það eigi að taka tillit til þess hvar á landinu sé hægt að byggja upp fyrirtæki, hvort sem þau eru í félagslegri eign eða í einkaeign, sem geta staðið undir sér rekstrarlega og fjárhagslega séð, unnið sig út úr vanda sem þessum, en það sé ekki haldið á málunum þannig að það sé kannske fórnað vegna skammsýni rekstri ýmissa traustustu fyrirtækjanna á þessu sviði, vegna þess að menn af misskilningi eða af öðrum ástæðum hafi kosið að ýta þeim til hliðar og láta önnur fyrirtæki hafa forgang. Hvað sem líður öðrum þáttum þessa máls hljóta allir að sjá, jafnvel einnig hv. þm. Ólafur Þórðarson, jafnvel einnig ýmsir aðrir þm. Framsfl., að sjávarútvegur á Íslandi, hvort sem hann er í félagslegri eign eða einkaeign, verður ekki byggður upp til frambúðar nema á hagkvæmum rekstrargrundvelli, nema með skynsamlegu fjármagnskerfi og með því að treysta í sessi þau fyrirtæki sem geta í raun og veru staðið undir þeirri miklu sókn í sjávarútvegi á landinu sem auðæfi Íslendinga byggjast á. (**Gripið fram í:** Þú veist ekkert um sjávarútveg.) En það sýnir e. t. v. að það kann að búa ákveðnari stefnumótun að baki þeirri almennu yfirlýsingu, sem hæstv. sjútvrh. hefur látið frá sér fara, að hv. þm. Ólafur Þórðarson skuli telja nauðsynlegt að grípa inn í umr. um þessi efni á nákvæmlega sama hátt og hv. þm. Stefán Guðmundsson greip inn í umr. hér þegar fyrir nokkrum dögum var verið að ræða um það ákvæði í lögum um ríkismat sjávarafurða sem gefa átti sjútvrh. algjört úrskurðarvald um að ráða hvaða fyrirtæki væru starfrækt í íslenskum sjávarútvegi.

Ég ætla að vona að umr. um þetta höfuðmál íslensku þjóðarinnar verði byggð upp með skýrari hætti, með afdráttarlausari hætti en hæstv. ráðh. hefur gert hér í dag og af meiri víðsýni og meiri skilningi á íslenskum atvinnuvegi en framkvæmdastjóri hv. þm. Ólafs Þórðarsonar gefa tilefni til að ætla.

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka þá ósk mína til hæstv. sjútvrh. að hann svari þeim þremur spurningum

sem ég bar fram í minni fyrstu ræðu og hann svaraði ekki í sinni svarræðu. Það er í fyrsta lagi: Hvaða önnur atvinnutækifæri eru það en álverið sem hæstv. ráðh. hefur í huga, því önnur hefur hann ekki nefnt? Í öðru lagi: Hvaða aðrir þéttbýlisstaðir eru það en þéttbýlisstaðirnir hérna á suðvesturhorninu sem hann á við í ræðu sinni? Og í þriðja lagi: Að hvað miklu leyti ætlar ráðh. að taka tillit til fjárhagslegrar stöðu, rekstrarlegrar hagkvæmni og annarra efnahagslegra þátta í stefnumótun sinni?

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mig langar að þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir að vekja máls á þeim mikla vanda sem útvegurinn stendur frammi fyrir og þeirri umr. sem nú fer fram utan þings, og hæstv. sjútvrh. fyrir ræðu hans. Kannske færðist heldur mikill hiti í leikinn, en ég held að það geri ekkert til. Það er óþarft, en það gerir ekkert til þó að hvessi einstaka sinnum svolítið í þessum sölum. Þetta hefur verið heldur dauflegt þing og við höfum ágætt af því að hrista svolítið af okkur rykið.

Nú ætla ég mér ekki þá dul að ég hafi mjög mikið til umr. um þessi miklu vandamál að leggja, en þó kannske eitthvað. Það eru margar hugmyndir sem fram koma um að skammta veiðar, að leggja flota, gera þetta og gera hitt. Skrapdagana þekkjum við og allt það tal. En ég held að það saki ekkert þó varpað sé fram tveimur hugmyndum sem ég hef verið að gæla við og spjallað um við nokkra sjómenn og menn sem vit hafa á útgerðarmálum. Hvorugt er það kannske sérstaklega frumlegt, en þó hef ég ekki heyrt það beint nefnt hér í þingsölunum og ekki í þessari almennu umr. að kannske væri hyggilegast fyrir okkur Íslendinga að vera ekki að sækja sjóinn mjög fast á erfiðasta tíma ársins, þ. e. í desember- og janúarmánuðum. Við vitum að þá er útgerð dýrust, þá er veiðarfæratjón mest, olíunotkun mest og afli oftast hvað rýrastur, en það sem alvarlegast er þó: þá er hættan mest.

Þegar við þurfum að takmarka bolfiskveiðar með skömmtun á veiðileyfum með einhverjum hætti, með því að minnka flotann, segja sumir, með því að hafa skrapdaga eða einhvers konar bann við veiðum á þessari fisktegund eða hinni, þá held ég að við eigum að gera það á þeim árstíma þegar veiðarnar eru óhagstæðastar og hættulegastar.

Auðvitað væri það bagalegt fyrir fólk að missa vinnu í frystihúsum t. d. frá 10. des. og út janúarmánuð, en enginn vandi er að koma því þannig fyrir að fólk hefð tekjur sínar líka á þessum mánuðum og tæki frí sín að einhverju leyti á þeim tíma. Jafnvel mætti hugsa sér að greiða fyrir fjölskyldufólki og fólki sem minni hefur fjárráð svo að það gæti brugðið sér suður í heitari lönd með góðri skipulagningu, jafnódýrt og það getur verið einmitt á þessum árstíma.

Ég vona að mér fyrirgefist að varpa þessari hugmynd fram, af því ég held að hún sé ekki sú allra vitlausasta af því sem maður hefur heyrt. Og ég held að hv. þm., þegar þeir hugsa þetta mál, og ég tala nú ekki um sjómennina og jafnvel verkafólkið í landi, gætu vel hugsað sér að koma þessu skipulagi á og svo auðvitað að reyna að jafna vinnuna yfir hinn árstímann sem mest í staðinn fyrir að aflahrotur eru stundum með þeim hætti að fólk vinnur sér til óbóta, en síðan eru erfiðleikar á milli.

Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

Af því að auðvald barst hér í tal get ég játað að ég vildi mjög gjarnan að eitthvert auðvald væri til í sjávarútveginum. Því miður á sjávarútvegurinn engan auð lengur. Það var auður í sjávarútvegi. Þó að ég hafi meira barist fyrir því sem ég vil kalla auðstjórn almenningsins eða almenningshlutafélögum og dreifðum auði og dreifðri þátttöku í atvinnurekstri, þá hef ég alltaf dáðst að athafnamönnum sem einir hafa brotist áfram, eða kannske nokkrir í hóp, til þess að byggja upp íslenskt atvinnulíf. Á því byggist velmegun okkar nú að það var svolítili auður til í íslenskum atvinnuvegum, sem er því miður ekki fyrir hendi nú. En Ísland verður aldrei, vona ég, auðvaldsríki í þeim skilningi að aðeins einn eða örfáir menn eigi alla þjóðareign og stjórni öllum atvinnuvegum. Auður þjóðfélagsins er auðvitað allt of mikið kominn á hendur ríkisins, sem á alla bankastarfsemi, alla sjóði, á öll miðin, alla orkuna o. s. frv. Fólkið þarf að fá einhverja hlutdeild í þessum gífurlega þjóðarauði, eignarhlutdeild og yfirráðarétt. Og þá kemur það nokkuð af sjálfu sér að það kemur eðlileg stjórn á atvinnuvegina, því að t. d. í sjávarútveginum er það svo út um allt land að það er verkafólkið sem á atvinnufyrirtækin, þar eru það almenningshlutafélögin sem starfa og byggja upp atvinnulífið og á því byggist það að verið hefur blómlegt um að litast úti um land og framfarir miklar á undangengnum áratugum.

Þetta var kannske ekki aðalatriðið sem ég vildi vekja máls á hér, heldur hitt, að mér finnst við ekki nýta auðlegð okkar með þeim hætti sem unnt er. Það er auðvitað margrætt að það gerum við ekki. En það eru þrjú atriði sem ég vildi sérstaklega geta um í þessu efni:

Í fyrsta lagi eigum við að mínu mati rétt á a. m. k. öllum þeim lífverum sem eru á hafsbotninum á Reykjaneshrygg út í 350 mílur, en ekki 200. Og eftir anda Hafréttarsáttmálans eigum við vaxandi hlutdeild í aflanum líka á hafsvæðinu yfir botninum og með fullkomlega eðlilegum gagnályktunum frá reglum sem í Hafréttarsáttmála gilda annars vegar um úthafið utan 350 mílna og hins vegar hafsbotnsréttindin er hægt að gera sér vonir um það og nærri því treysta því, að þær þjóðir sem hafsbotninn eignast eignist öll fiskveiðiréttindi líka yfir þessu 350 mílna hafsvæði. Þetta svæði höfum við nánast ekkert nýtt okkur. Hins vegar hafa Rússar þar sópað upp karfa, skilst mér, og stundað jafnvel fleiri og meiri veiðar en þær.

Við eigum skip sem við getum illa notað og ekki með hagkvæmum hætti. Við eigum kannske litla peninga til að gera þau út á tilraunaveiðar. En hvað gera menn þegar þeir sjá fram á að þeir eiga erfitt með að halda þeim lífskjörum sem þeir hafa búið sér, jafnvel að þurfa að horfa upp á samdrátt og atvinnuleysi? Þeir reyna að leggja að sér um sinn og leggja inn á nýjar brautir. Við eigum hiklaust að byrja útgerð á þessum miðum á Reykjaneshryggnum. Það hafa þegar af hálfu utanrrn. verið gerðar ráðstafanir í samráði við utanrmn. til að láta marka af þetta hafsvæði eftir alþjóðalögum og að því er unnið að við helgum okkur það. Það er enginn vafi á að þetta svæði eigum við. En það er ekki nægilegt að við helgum okkur það eingöngu með lagabókstaf. Við þurfum að helga okkur það í raun. Það erum við sem eigum að stunda þarna veiðar og smám saman að hrekja aðra af þessum miðum okkar, af þessari eign okkar.

Það er annað svæði sem ég tel ótvírætt að við eigum mest réttindi yfir, kannske gætum við helgað okkur það allt saman. Það svæði er sokkið land álíka stórt og Ísland sjálft, öll Rockall- hásléttan, þar sem sævardýpi er niður í jafnvel 300 metra og mjög auðvelt á að vera með nútímatækni að stunda botnvörpuveiðar og uppsjávarveiðar. Við eigum allar lífverurnar á botninum, það er enginn vafi á því þegar við höfum helgað okkur þessi réttindi, og við munum smám saman eignast hafsvæðið fyrir ofan.

Nú vita menn ekki í dag hvaða fisktegundir, krabbadýr, skelfiskur o. s. frv., þarna kunna að vera. En á því er enginn vafi að þarna eru lífverur og þær verða nýttar alveg eins og við nýtum nú humar, sem kallaður var „krabbaskrattinn" hér fyrir bara þrem áratugum og engum datt í hug að leggja sér til munns. Þarna er auðvitað mikil auðlind.

Það þriðja er það, að við eigum að mínu mati samkvæmt samningum við Norðmenn helmingsréttindi, ég endurtek: helmings réttindi, til allra fiskveiða á Jan Mayen-svæðinu. Við höfum nýtt okkur réttindin til loðnuveiðanna og þar eigum við meira en helmingsréttindi vegna þess að við megum ákveða hámarksafla loðnunnar, eins og menn vita, og gerum það. En að því er varðar allar aðrar fisktegundir eigum við helmingsréttindi á móti Norðmönnum. Þær veiðar eigum við að stunda og við eigum að gæta þess mjög vel að Norðmenn geri enga samninga við eina eða neina um neinar fiskveiðar á þessu svæði nema með okkar samþykki og við eigum þar fulla hlutdeid á móti þeim.

Þarna eru nokkur atriði sem ég held að við ættum öll að hugleiða. Við þurfum ekkert að rífast um þetta. Við erum öll sammála um að við eigum að gæta okkar réttinda, en við förum mismunandi hratt. Nú vill svo til að það er hraði sem getur valdið því og mun valda því hverjir þessum réttindum ná. Það er nefnilega að þróast núna þjóðarétturinn á hafinu. Hafrétturinn er að þróast núna og kannske örar en við höfum gert okkur grein fyrir. Við vitum að reglur um fiskveiðar á hafinu og hafsbotninum hafa verið að þróast og kannske miklu, miklu örar en við héldum þegar við vorum í baráttu fyrir 50 mílunum 1973 og 1974 og enginn trúði því að við gætum gengið miklu lengra. En einu eða tveim árum síðar höfðum við 200 mílurnar. Og síðan hefur þetta verið að færast út yfir hafsbotninn allt út í 350 mílurnar.

En sveltur sitjandi kráka, en fljúgandi fær. Það er einu sinni svo, að sá sem byrjar að hagnýta þessi réttindi eignast þau hægt og bítandi ef hann styður athafnir sínar við þann rétt sem er að þróast og þann texta að Hafréttarsáttmálanum sem er svo óglöggur að ekki er hægt að byggja á honum með öðrum hætti en þeim að halda fram sínum ýtrasta rétti, halda honum til haga og nýta hann.

Ég er búinn að tala lengur en ég ætlaði mér. En ég hygg að við eigum öll að hugleiða allt það sem ég hef verið að segja. Sumt er kannske eitthvað hæpnara en annað, en þó hygg ég að þetta séu allt málefni sem ég vona að menn taki alvarlega. Ég teysti því fullkomlega að hæstv. sjútvrh. muni gera það og gera það mjög fljótt, því að við megum engan tíma missa. Og jafnvel þó að það kosti eitthvað í okkar fátækt að senda — ja, fátæk erum við auðvitað ekki, en í okkar peningaleysi núna, skulum við segja, — eitt, tvö skip á Reykjaneshrygg, annað eins á Rockall-hásléttuna og tvö, þrjú skip á Jan Mayen-svæðið til tilraunaveiða, sem bera kannske árangur mjög fljótt, þó það þyrfti að styrkja þetta fjögur, fimm, sex fiskiskip sem við helst getum ekki haft á hinum hefðbundnu miðum, þá væri það svo sannarlega þess virði. Þarna er um að ræða alla framtíð þjóðarinnar. Það er ekki verið að tala um eina kynslóð, það er ekki verið að tala bara um börnin okkar. Það er framtíð íslensku þjóðarinnar sem veltur á því að við höldum rétti okkar til streitu. Um það hljóta allir alþm. Íslendinga að geta sameinast.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Það fer ekki milli mála að það mál sem hv. 7. þm. Reykv. hefur vakið hér máls á skiptir miklu fyrir framvindu efnahagsmála í landinu. Og það er alveg ljóst að það mun skipta miklu máli fyrir afkomu alþýðu manna í landinu hvernig til tekst við úrlausn þeirra vandamála sem hér blasa við. Það er því eðlilegt að þessi mál komi til umr. á hinu háa Alþingi, og þau eiga ugglaust eftir að gera það í ríkara mæli en hér í dag. En ég vil vara við því að þessi umr. verði hafin með togstreitu á milli byggðanna í landinu. Það er allsendis óþarfi. Og það er alveg ljóst að ef við hefjum umr. í þeim farvegi er eins líklegt að við lendum í ógöngum og finnum ekki þær lausnir sem skynsamlegastar eru.

Það var á margan hátt athygli vert að hlýða á þá gagnrýni sem hv. 7. þm. Reykv. bar fram vegna hugleiðinga hæstv. sjútvrh. Einkanlega var athygli vert að hlýða á þessa gagnrýni í ljósi þeirrar afstöðu sem Alþb. hefur lýst í umr. um efnahagsmál á undanförnum mánuðum. Alþb. var sem kunnugt er alfarið andvígt því, að því mikla áfalli sem þjóðin hefur orðið fyrir, hinu mikla falli í þjóðartekjum, yrði jafnað með almennum aðgerðum á sviði launamála niður á fólkið í landinu. Það taldi og hefur talið í umr. um efnahagsmál undanfarna mánuði að það ætti ekki að aðhafast neitt á þessu sviði til að tryggja atvinnu í landinu og jafna byrðunum niður. Stefna þess hefur verið sú, að það ætti að vinda — eins og þeir hafa stundum sagt — ofan af fjárfestingarmistökum undangenginna ára.

Ég hef yfirleitt verið vantrúaður á að talsmenn Alþb. meintu eitthvað með yfirlýsingum af þessu tagi, því að það má öllum vera ljóst, að ef einvörðungu yrði gripið til aðgerða á þessu sviði mundi það leiða til mjög víðtæks atvinnuleysis. Við kynnum að tryggja hluta þjóðarinnar óskertan kaupmátt, en mundum gera það með því að dæma aðra til atvinnuleysis. Þess vegna hef ég haft litla trúa á því að talsmenn Alþb. meintu það í raun og veru að þetta væri þeirra stefna.

Ræða hv. 7. þm. Reykv. varpaði nokkru skýrara ljósi á þá mynd sem Alþb. vill draga upp af stefnu sinni. Alþb.- menn eru á móti almennum aðgerðum á sviði launamála. Þeir vilja lausn með aðgerðum í fjárfestingarmálum, en þeir eru alfarið á móti hvers konar afleiðingum af framkvæmd slíkrar stefnu. Það er kjarninn í þeirra málflutningi, sem hv. 7. þm. Reykv. hefur með afar einföldum og skýrum hætti lýst í þessari umr.

Auðvitað er það svo, að þegar afli minnkar hlýtur það að koma niður á atvinnuástandi í landinu. Undan því verður ekki vikist. Það er að því vandamáli sem við þurfum nú að beina sjónum okkar og finna úrlausnir til að jafna þeim byrðum sem réttlátlegast niður og af sem mestri skynsemi. Það er auðvitað svo, að afkoma alþýðu manna í þessu landi er undir því komin að við kostum sem minnstu til að koma með sem mestan afla

að landi. Afkoma útgerðarinnar er undir þessu komin, afkoma sjómanna og afkoma fólksins sem vinnur í landi. Þess vegna er verið að undirbúa aðgerðir til að draga úr þessum kostnaði og minnka sóknina þegar við stöndum frammi fyrir minnkandi fiskafla.

Það er alveg ljóst að það er engin algild lausn sem menn finna og það þarf að beita margs konar ráðum ef menn ætla að finna sanngjarna og skynsamlega leið út úr ógöngunum. Við þurfum vafalaust með almennum aðgerðum að hjálpa aðilum til að halda áfram útgerðarrekstri. Við þurfum með sérstökum aðgerðum að hjálpa öðrum til að hætta að gera út. Það er út frá þessum sjónarmiðum sem við erum að leita leiða út úr ógöngunum. Og þá er spurningin: Hvaða sjónarmið á að leggja til grundvallar þessu mati? Ég held að í grófum dráttum sé hægt að segja að þau geti verið þrjú:

1. Mat á arðsemi útgerðar í ákveðnum tilvikum.

2. Ekki er óeðlilegt að leitað verði samninga um að dregið verði úr útgerðarrekstri opinberra aðila í landinu. Auðvitað verður ekkert slíkt gert með valdboði gagnvart þeim opinberu aðilum sem stunda útgerðarrekstur. En við vitum að það hefur verið til þessa reksturs stofnað vegna þess að einkaaðilar gátu ekki á þeim tíma sótt þann afla sem við áttum þá kost á. Nú, þegar við stöndum frammi fyrir því að geta ekki dregið þennan afla að landi, er ekki óeðlilegt að við leitum eftir því að þessir aðilar dragi fyrst og fremst úr sókn sinni í fiskstofnana.

3. Þá er eðlilegt að við lítum til þess, að þegar við hyggjum að því að hjálpa aðilum til að hætta útgerðarrekstri verði það gert þar sem við á sama tíma erum að hefja uppbyggingu annars konar atvinnustarfsemi. Ég lít svo á að það hafi verið einmitt þetta atriði sem hæstv. sjútvrh. var að benda á í ræðu sinni á Fiskiþingi og hér varð tilefni til þessara umr.

Öll þessi sjónarmið og kannske ýmis fleiri hljótum við að leggja til grundvallar. En það er ástæða til þess að taka hér fram að það skiptir miklu máli að við undirbyggjum ákvarðanir á þessu sviði af kostgæfni. Það er verið að gera um þessar mundir með víðtæku samráði við þá aðila sem mestra hagsmuna hafa að gæta. Og það skiptir máli, þó að það taki nokkurn tíma, að standa á þann veg að undirbúningi ákvarðana, því að samstaða þjóðarinnar í þessum miklu átökum skiptir máli ef við ætlum að losna úr þeim. Það eru þess vegna engin tilefni til þeirra útúrsnúninga sem hv. 7. þm. Reykv. hefur haft hér í frammi á þessu stigi þessa máls.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það var einkennileg ræða sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson flutti hér, a. m. k. í þessu samhengi. Hins vegar var hún býsna kunnugleg. Ég hef heyrt þessa ræðu oft. Ég heyrði hana á hverjum einasta framboðsfundi á Suðurlandi og sjálfsagt hafa sjálfstæðismenn um landið, sem hafa notið þess að fá að hlýða á hinn nýja foringja, fengið að heyra sömu ræðuna mörgum tugum sinnum.

Þessi hv. þm. lýkur aldrei svo sundur munni að hann sé ekki farinn að skamma Alþb. fyrir allt sem hefur verið að ske í þessu þjóðfélagi af hinu verra taginu mörg undanfarin ár. Það er raunar ekki hægt að heyra annað á ræðu formanns Sjálfstfl. en að allar yfirfjárfestingar í landinu í öllum atvinnuvegum þjóðarinnar séu kommum að kenna. Til öryggis má kannske (**Gripið fram í:** Hvaða kommum?) benda á að rétt er að setja gæsalappir utan um þetta orð. (**Gripið fram í:** Þú ert nú oft sammála honum.) Hverjum hefur dottið í hug að tala um að vinda ofan af fjárfestingu? Alþb. hefur sífellt verið að benda á að hér hafi verið yfirfjárfestingar á mörgum sviðum. Þær hafa einnig átt sér stað í sjávarútvegi, en alls ekkert fremur en annars staðar. Menn skulu hafa það í huga. Menn hafa fjárfest vitlaust á þeim sviðum sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson þekkir best til, hjá vinnuveitendum og verslun í landinu. Það hefur verið gífurleg yfirfjárfesting og aldeilis óþörf í landinu til margra ára og er væntanlegt að hún haldi áfram.

Þessi skætingur í garð Alþb. af hálfu hins nýja formanns, hv. þm. Þorsteins Pálssonar, er auðvitað ekki til neins annars en að reyna að þvo hendur sínar og félaga sinna af þeim mistökum sem þeir hafa verið þátttakendur í. Við skulum hafa í huga að Sjálfstfl. hefur haft tök í stjórn landsins á síðasta áratug jafnvel þó að hann hafi verið kallaður framsóknaráratugur. Sjálfstfl. stjórnaði landinu t. d. frá 1974—1978 og flutti inn ógrynni af togurum eftir að það var komið hér um bil nóg af þeim. Svo er það allt í einu orðið „kommum" að kenna.

Svona er allt hans mál. Ég held að ef hv. þm. heldur áfram að flytja ræður af þessu sama tagi, í þessum sama tón og um sama efni, þ. e. að tyggja sífellt á sömu frösunum, verði menn býsna fljótt orðnir leiðir á þessari tuggu þegar hv. þm. hættir að vera nýr formaður.

Ég get fullvissað hv. þm. Þorstein Pálsson um að það er einmitt Alþb. sem hefur haft forgöngu um það margsinnis að beita sér fyrir eflingu atvinnutækja í landinu. Það er gersamlega minnislaus maður sem leyfir sér að halda öðru fram. Alþb. hefur einmitt verið sá flokkur í þessu landi til langs tíma sem hefur lagt áherslu á að breikka undirstöðuna undir heilbrigt atvinnulíf og íslenskt atvinnulíf í þessu landi.

Ég veit ekki hvað það þýðir þegar hv. þm. nefnir það að eitt mikilvægasta verkefnið í þessu þjóðfélagi sé að hjálpa mönnum við að hætta útgerð. Það er auðvitað alger misskilningur. Við ætlum að halda áfram að gera út í þessu þjóðfélagi, því að ef við hættum því verður ekki hægt að lifa mannsæmandi lífi á Íslandi. Það eru erfiðleikar nú í augnablikinu, en þeir líða hjá eins og áður og menn þurfa ekkert að vera hræddir við að við eigum ekki eftir að veiða fisk og miklu meiri fisk en við megum kannske gera á næsta ári. Það kemur dagur eftir þennan dag og við ætlum ekkert að hætta útgerð. Hins vegar kemur vel til mála að hjálpa útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum til að leggja skipum um stundarsakir, meðan ekki er nægur fiskur til í sjónum. Það er ömurlegt að heyra að formaður stærsta stjórnmálaflokksins í landinu skuli leyfa sér að tala svona æ og æ.

Herra forseti. Það fór eins og venjulega, að þegar hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson fjallar um þessi mál gerir hann það, ég held ég megi segja ævinlega, af hógværð og skynsemi og þekkingu. Ég held að það sé góður siður fyrir hv. þm. yfirleitt, og beini ég þá ekki máli mínu til neins eins eða nokkurs sérstaks flokks, að hefja hér umr. — og halda sig við það um þingtímann — sem þeir hafa þekkingu á og áhuga á, en láta hitt vera. (**Gripið fram í:** Er því beint til Ólafs Ragnars líka?) Því fer fjarri að þessu sé beint að hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. — Það er dálítið einkennilegt af svo rólyndum og þéttvöxnum og hv. þm. Ólafi Þórðarsyni að það er eins

og hann hafi ekki tekið ofnæmispillurnar sínar fyrir Ólafi Ragnari í morgun. Ólafur Ragnar má varla segja orð hér í þingsölum svo að Ólafur Þórðarson sé ekki sífellt galandi fram í. Það er gaman að sumum frammíköllum, en frammíköll sem hafa ekkert að segja eru leiðinleg og óæskileg fyrir þann sem kallar fram í.

Ég ætla ekki að fjalla um það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð nefndi, en þar eru auðvitað möguleikar sem óþarft er að horfa fram hjá. Við vitum það báðir við Eyjólfur Konráð, hv. þm., að tilraunaveiðar á þeim skipum sem eru hæf til að stunda þessi fjarlægu mið eru afar dýrar. En það er eiginlega ekkert of dýrt í þessum efnum ef það getur orðið til þess að stækka fiskimið og auka möguleika í framleiðslu. Ég tel því að það megi skoða þetta og eigi að skoða þetta mjög vel.

Það var einnig skynsamlegt þegar hann talaði um að óskynsamlegt væri að gera út af miklu afli á erfiðustu tímum ársins, sem eru nóv., des. og jan. En við getum ekki hætt að fiska þessa mánuði því að fólkið sem hefur atvinnu af því að verka fisk verður að hafa jafna og stöðuga atvinnu. En þá koma einmitt togararnir að bestu gagni þegar bátaflotinn ræður ekki við þá sjósókn eða þarf að stunda netaveiðar. Þær ætti auðvitað aldrei að leyfa í þessum mánuðum því að þær eru mjög dýrar. Þær gefa lítið og minna en ekkert af sér, gera lítið annað en að eyða olíu og slíta veiðarfærum og stofna mannslífum í hættu. Það er tími til kominn að menn hugi að því að sækja ekki svo grimmt að það kosti ekki aðeins peninga, heldur líf manna.

En þetta breytir engu um og leysir ekki þann vanda sem við erum nú í. Vandinn sem við stöndum frammi fyrir núna er skammtímavandi — kannske fyrst og fremst vandi næsta árs — og við leysum þann vanda ekki með því að stefna að veiðileyfum annars staðar, sem sjálfsagt er þó að reyna þar sem mikill fiskur er fyrir hendi og vinsamlegt leyfi gæti fengist til veiða. Ég tel að það sé nauðsynlegt að leggja í það mikla vinnu, senda hæfa menn að semja um það, því það er víðar hægt að leita fanga en í kringum landið. Það er vel hugsanlegt að arðbærar veiðar megi stunda á mörgum öðrum stöðum í Atlantshafi og þá ekki aðeins í Norður-Atlantshafi, heldur miklu víðar. Það gera margar þjóðir með góðum árangri.

Það kom að því að menn áttuðu sig á því að togararnir væru of margir og það er ekki aðeins vegna þess að við megum veiða minna á næsta ári, heldur hefðum við getað náð þessum þorskafla eða svo gott sem öllum með miklu færri skipum. Á því er varla nokkur vafi, því að í stað skrapdagafjölda, ef við hefðum t. d. lagt skrapdagakerfið niður, hefðu miklu færri skip getað annað þorskveiðum. Það sér hver maður í hendi sér. Togararnir eru of margir og það vissum við fyrir löngu. Kannske getur hv. þm. Þorsteinn Pálsson kennt okkur „kommum“ um það líka, en ég er hræddur um að vandinn sé ekkert síður í flokki hæstv. sjútvrh., að standa fyrir því á sínum tíma, en það er liðin tíð. Við losnum ekkert auðveldlega við þessa fjárfestingu. Ég er ekkert endilega viss um að rétt sé að selja þessi skip. Hins vegar er skynsamlegt, ef á að draga úr sókn á togurunum, að taka fyrst út þau skip sem eru dýrust í rekstri og óhagkvæmust. Sannleikurinn er sá, að hægt er að fækka togurum nokkuð. Það er ekki eins mikið vandamál og staðið hefur upp úr mönnum núna þessa umræðustund. Og þéttbýli. Hvað er þéttbýli? Er ekki þéttbýli í Eyjafirði, á Ísafirði? Eru ekki margir togarar til á ýmsum þéttbýlli stöðum í kringum landið þar sem mætti fækka um einn og einn? Eða Vestmannaeyjum? Það er ekki einungis á Reykjavíkursvæðinu, í Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem togaraútgerð hófst á sínum tíma, sem á að fækka skipum (Gripið fram í.) Ja, ég skil ekki alveg hv. þm. Skúli Alexandersson og það er ekki í fyrsta sinn sem móttökutækið hjá mér er ekki alveg í sambandi þegar svona er talað. En ef menn halda að sóknargeta Vestmannaeyjaflotans hafi vaxið er það alger misskilningur. Árið 1910 voru 100 bátar gerðir út í Vestmannaeyjum, en nú eru þeir 70. Þeim hefur fækkað á örfáum árum um meira en helming og þó að við höfum fengið fjóra togara í stærstu verstöð landsins hefur sú sóknargeta ekki komið í staðinn fyrir þá sókn sem við höfðum áður. Hins vegar nenni ég ekki að rífast um þetta á milli byggðarlaga og vera að teygja þetta og toga milli Norðlendinga og Sunnlendinga eða Vestfirðinga. Það er búið að rífast allt of lengi á þeim nótum. Þær eru leiðinlegar.

Enn leiðinlegri eru þær ræður, þar sem hefur verið talað um bölvun sjávarútvegsins í landinu. Það hafa komið upp sífellt fleiri og fleiri spekingar í þessum efnum, sem gera lítið annað tímunum saman en ráðast á sjávarútveginn og öll hans mál. Það er svo sem ekki furða þó að sjávarútvegurinn standi illa í landinu um þessar mundir. Það er ekki bara aflaleysi. Þessum undirstöðuatvinnuvegi í landinu hafa verið sköpuð þau skilyrði til mjög margra ára að ósæmilegt er. Það er enginn vandi að láta þessi skip, sem aldrei hafa fengið það fiskverð sem nauðsynlegt var, safna skuldum og lenda í vandræðum. Menn verða að horfast í augu við það. Það þýðir ekkert að heimta góða útkomu á rekstri þegar afurðir þær sem reksturinn skilar af sér eru seldar fyrir slikk. Það sér hver maður í hendi sinni. Það þarf hvorki kapítalista né „komma“ til þess að finna það út. Það sér hver maður sem hefur opin augu. Það hafa t. d. verið fengnir togarar hér til landsins og veiðiskip sem ekki hafa veitt vinnu. Skip hafa verið fengin hingað til lands og í sum byggðarlög úti á landi í því skyni að efla atvinnu á staðnum. Síðan hafa þau verið gerð út eingöngu til að flytja ísvarinn fisk til útlanda og hins vegar til að fullvinna aflann um borð og skapa ekki nokkrum manni atvinnu í landi. Það er óskynsamlegt og það er óheiðarlegt að fá skipin á einum forsendum og gera þau út á öðrum.

Herra forseti. Ég ætlaði alls ekki að tala svona lengi, en ég undrast það dálítið þegar menn eru að tala um álverksmiðjur í sambandi við 200 þús. tonna vandamál okkar. Ég get ekki séð að álverksmiðjan komi því máli nokkurn skapaðan hlut við. En jafnvel þó að einhverjir í landinu vildu fá álverksmiðju, kannske margar þannig, sem ég tel ekki mjög skynsamlegt, erum við ekki svo fljótir að rífa upp álverksmiðjur. Vandinn, sem við stöndum frammi fyrir næstu árin, verður gleymdur þegar þær eru komnar á laggirnar. Þess vegna eigum við ekkert að blanda þessu kryddi í málið því að það er ekki í neinum tengslum við þann vanda sem við erum að eiga við nú.

En eitt hefur þó komið út úr þessum vandamálum til góðs. Það er það, að þegar kreppir að verða menn ævinlega að reyna að leita hinna skynsamlegustu og hagkvæmustu lausna. Það á við um hvert mál, ekki bara sjávarútveg, heldur öll mál. Hvað þessum mönnum dettur í hug þegar kreppir að í sjávarútvegi! Loksins

fara menn að skilja að nauðsynlegt er að búa við kvótakerfið í veiði. Þegar heildaraflamagn er skammtað er engin skynsamleg lausn önnur en sú að hafa kvótakerfi á skip. Þetta er augljóst og verður alltaf greinilegra eftir því sem vandinn verður erfiðari og aflinn minni til skiptanna. Þá skilja menn loksins, þegar búið er að reyna að tyggja þetta í þá til margra ára. Auðvitað kann ég allar hinar röksemdirnar. Það er enginn vandi að lepja upp úr hinum og öðrum í sínu kjördæmi og þora svo ekkert að gera. En menn verða bara að reyna að horfast í augu við staðreyndir.

Að lokum, herra forseti, held ég að ástæða væri til að mælast til þess að menn legðu nú af í þessu máli karp á milli stjórnmálaflokka. Ég sé satt að segja ekki að það komi þessum stjórnmálaflokkum, sem flestir eru að verða eins hér í landinu, nokkurn skapaðan hlut við. Þarna er um svo alvarleg mál að tefla að eitthvert atkvæðapot eða stjórnmálaflokkaþvaður, þar sem menn leitast við að skamma hver annan út af flestöllu, á ekki heima í þessari umr. Þarna er um björg þjóðarbúsins að tefla. Þar er ekki hægt að leggja neinar sérstakar kapítaliskar eða sósíaliskar línur. Við höfum blandaða útgerð af öllu tagi, einnig í skipulagi, og það eigum við að halda áfram að hafa. Jafnvel þó að menn séu hrifnir af svokölluðum félagslegum rekstri hefur hann líka galla og ekki þá kosti sem margar einstaklingsútgerðir hafa. Sumar einstaklingsútgerðir í landinu eru eðli sínu samkv. þær heppilegustu í rekstri. Það hljóta allir að viðurkenna sem þekkja til. Hinir geta röflað um teoríuna mín vegna, en það geri ég ekki.

Magnús Reynir Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir tilhlýðilegt sem fulltrúi Vestfirðinga hér á hinu háa Alþingi að blanda mér með örfáum orðum í þessar umr.

Undirrót þeirrar umr. utan dagskrár, sem hv. 7. þm. Reykv. vakti hér í dag, er sú skýrsla sem fiskifræðingar hafa sent frá sér um ástand þorskstofnsins á íslensku miðunum. Sú skýrsla er svört. Hún er svartari en allar aðrar skýrslur sem fram hafa komið um þau efni fram til þessa.

Ef ársafli okkar Íslendinga á þorski á næsta ári yrði 200 þús. lestir í stað 300 þús. lesta, sem hann verður eða nánast um það bil á þessu ári, mundi það þýða stórkostlegt efnahagslegt áfall fyrir íslenska þjóðarbúið. Þess vegna vil ég í upphafi máls míns segja það sem mína skoðun, að ég tel að ekki sé hægt að fara að áliti og tillögum fiskifræðinga í þessu efni að sinni. Hitt er annað mál að við skulum hlusta á fiskifræðingana.

Fiskifræðin er erfið vísindagrein og framfarir á sviði fiskifræðinga hafa ekki orðið eins örar og miklar á síðustu árum og áratugum og annarra vísindagreina, en við skulum hlusta á fiskifræðingana. Þess vegna er rétt að við getum ekki til frambúðar byggt framfarir í þessu landi eingöngu á fiskveiðum. Málið er að renna þarf fleiri arðbærum stoðum undir íslenskt efnahagslíf en gert hefur verið. Það hefur miðað allt of hægt á undanförnum árum og áratugum.

Hvað viðvíkur umr. sem hér hefur farið fram um að það geti komið til þess að fækka þurfi togurum sem stunda veiðar við landið, þá vil ég segja að menn verða að átta sig á landfræðilegum aðstæðum í þessum efnum. Landið er misjafnlega gjöfult. Það eru misjafnar aðstæður vítt og breitt um okkar land, þannig að taka verður tillit til aðstæðna í þessum efnum. Á Vestfjörðum er ekki í önnur hús að venda með atvinnu, sem þó væri hægt víðast hvar annars staðar. Við höfum heyrt um að það standi fyrir dyrum uppbygging ýmissa atvinnugreina vítt og breitt um landið og ekki síst hér á suðvesturhorninu. Það á að byggja kísilmálmverksmiðju á Austfjörðum. Á Sauðárkróki er verið að undirbúa byggingu steinullarverksmiðju. Hér á Suðvesturlandi og Suðurlandi er verið að undirbúa ýmiss konar atvinnustarfsemi sem renni fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf. Á Vestfjörðum hagar því miður þannig til að Vestfirðingar þurfa um sinn a. m. k. að byggja á sjávarútvegi svo að ekki verði þar stöðnun og jafnvel afturför. Þetta verða menn að taka með í reikninginn þegar rætt er um hugsanlega fækkun togara við landið.

Ég held að þessi umr. og að það, jafnvel þótt það hafi verið úr lausu lofti gripið, gæti staðið til að fækka í togaraflotanum um 30 skip, sé þarft innlegg í umr. sem þarf að eiga sér stað um stefnuna í sjávarútvegsmálum. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það svar sem hann gaf við fsp. hv. 7. þm. Reykv. Mér fannst hæstv. sjútvrh. mæla af skynsemi og framsýni. Það er ekki ráð nema í tíma sé tekið og menn skyldu átta sig á því að það getur þurft að taka ákvarðanir sem eru sárar, sem eru ekki okkur að skapi. Það getur komið til þess að það þurfi að leggja niður fiskiðnað á ákveðnum stöðum, sem eru svo lánsamir að búa við möguleika til annarra atvinnutækifæra.

Ég vil líka benda á þá staðreynd, að það er ekki sama hvort menn stunda t. d. Vestfjarðamiðin frá Vestfjörðum eða hvort þeir stunda Vestfjarðamiðin héðan af suðvesturhorninu eða frá öðrum landshlutum. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að það sé hagkvæmast fyrir íslenska þjóðarbúið að sækja á fiskimiðin úr sem minnstri fjarlægð. T. d. eru miðin í kringum Vestmannaeyjar auðvitað nýtt á hagkvæmastan og bestan hátt frá Vestmannaeyjum o. s. frv. o. s. frv. Þetta eru sjónarmið sem við verðum að hafa í huga þegar við stöndum frammi fyrir þeim erfiðu ákvörðunum sem nauðsynlegt reynist að taka á næstu misserum í sjávarútvegsmálum.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., þar sem hann benti á ýmsar aðrar leiðir í sjávarútvegsmálum. Það þarf að gefa því mjög gaum hvað hægt er að gera nýtt á sviði sjávarútvegsmálanna. Rækjuveiðarnar hafa komið vel út í sumar. Það hefur orðið stórkostleg aukning á rækjuveiðum við landið. Ég vona að það verði um sóknaraukningu að ræða í stofna á landgrunninu í svipuðum mæli á komandi árum. En ég vil jafnframt láta það koma hér skýrt fram, að það þýðir ekki að berjast gegn atvinnufyrirtækjum eins og t. d. stóriðju, álvinnslu eða álframleiðslu og framleiðslu á járnblendi og öðrum slíkum efnum, ef um er að ræða arðbæra framleiðslu. Þá eigum við fyrst og fremst að horfa á hana.

Það er nauðsynlegt að við rennum fleiri stoðum undir íslenskt atvinnulíf. Ég vil nefna skipasmíðarnar. Það þarf að færa þær inn í landið. Það þarf að færa þær alfarið inn í landið, að mínu mati, því að skipasmíðar eru forsendan fyrir eðlilegu viðhaldi á íslenska fiskiskipaflotanum. Svona mætti lengi telja.

Þar sem þessi umr. hefur snert það kjördæmi sem ég

er fulltrúi fyrir hér nokkra daga vildi ég blanda mér í þessar umr. Ég ítreka að það þarf að taka tillit til aðstæðna eins og þær eru á hverjum stað, en það má ekki koma til togstreitu í þessum efnum. Við stöndum frammi fyrir miklum efnahagslegum vanda, sem snertir allt þjóðarbúið, og við verðum að taka á þeim vanda og helst án þess að pólitísk sjónarmið ráði þar um of ríkjum.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það var ekki óvenjulegt að heyra hv. 4. þm. Suðurl. fjalla hér um sjávarútvegsmál og önnur mál tengd sjávarútvegi í hringekjuleik. Fyrst réðst hv. þm. á skynsamlegar ábendingar og rök varðandi stöðu og stefnu í sjávarútvegi. Síðan staðfestir hv. þm. þá skoðun sína að fækka megi skipum hér og þar og hann vill láta banna netaveiðar og taka þannig fram fyrir hendurnar á þeim mönnum sem eiga að meta þessa hluti og velja og hafna af skynsemi og eftir þeirri reynslu sem þeir eiga að byggja á. Ætli það sé ekki heppilegast að láta skipstjórnarmenn og útvegsmenn meta hvaða veiðarfæri þeir vilja og eiga að nota hverju sinni, svo fremi að lög landsins leyfi.

Stundum vill hv. þm. Garðar Sigurðsson veg einstaklingsfrelsisins mikinn, en alltaf situr hann fastur þegar yfir lýkur í miðstýringunni. Það kemur fram í skoðun þm. á kvótakerfi í fiskveiðum þrátt fyrir að hann sem reyndur veiðimaður ætti að skilja að slíkt kvótakerfi getur ekki gilt með skynsemi á óbreyttum flota þegar um er að ræða of fáa fiska til veiða. Þessi kvóti gæti gilt ef um væri að ræða það mikið magn að hægt væri að veiða eins og menn vildu. Þá væri það kannske skynsamlegt. (**EG:** Af hverju fylgir þú þá kvótanum?) Af hverju? Það getur komið margt til í nýtingarhlutföllum milli fiskstofna og milli svæða sem getur verið skynsamlegt að stýra, þannig að hagkvæmni sé.

Þá verður hægt að víkja að einu. Þegar rætt er um það að fækka eigi skipum er það mjög viðkvæmt mál sem auðvitað verður að skoða frá öllum hliðum. Það hefur komið fram hér í ræðum manna í dag. En það var undarlegt að heyra 4. þm. Suðurl. segja að það mætti fækka skipum hér og þar, á Akureyri, á Ísafirði, í Vestmannaeyjum. Þetta voru bara þrjú dæmi. Samt sem áður var undirstrikað að þessi skip væru til að halda uppi atvinnujafnvægi í byggðunum. Það hefði mátt koma fram hjá hv. þm. Sunnlendinga að togarar á ákveðnum svæðum við landið, svo sem eins og við Suðurland og Austurland, hafa að jafnaði mun lengra að sækja en togarar frá öðrum landshlutum. Það hlýtur einnig að verða að meta slíkt þegar settar eru fram skoðanir í þessum efnum.

Það má líka benda á, að þeir togarar sem hafa verið nýttir við Suðurland, í Vestmannaeyjum, hafa ekki kallað á innflutning erlends vinnuafls í ríkum mæli eins og víða hefur skeð annars staðar á landinu.

Í stuttu máli flokkast málflutningur hv. þm. Garðars Sigurðssonar undir kjaftæði. Og það er sorglegt því að hann má eiga það sem hann á og oft heppnast honum að setja fram skynsamlegar skoðanir í útvegsmálum. Hann valdi hins vegar nú þann kost að hossa flokksbróður sínum, hv. 7. þm. Reykv., tala mál sem undirstrikar sýndarmennsku Alþb. í þjóðmálum. Hitt er annað, að almenningur í landinu tekur ekki mark á slíku málþrefi, enda er almenningur í landinu ekki vanur því að stilla sér upp sem einhvers konar prófessor í kjaftæði.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram í umr. Það er mikilvægt að við komum okkur saman um þessi mál. Ég vil í því sambandi vitna til orða minna á Fiskiþingi vegna þess hvað ræða mín þar hefur orðið mikil uppistaða þessara umr. Þar sagði ég m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef áður sagt sem mína skoðun að það væri æskilegt að gera tilraun með kvótafyrirkomulag fyrir togarana á næsta ári. Mér er ljóst að það er ýmsum annmörkum háð."

Hv. þm. Ólafur Ragnar er væntanlega að ræða við fjölmiðlana um mál hér, en það skiptir kannske ekki máli. Hann hefur þessa ræðu og ég vænti þess að hann lesi hana þá rétt.

Ég sagði einnig: „Hins vegar mundi slíkt fyrirkomulag vera líklegt til að auka gæði afurðanna.

Það er mikilvægt að skipting aflans verði ekki til þess að auka togstreitu á milli einstakra landshluta. Við þurfum að koma okkur saman í landinu í heild. Kvótar á sérhvern landshluta, eins og upp hefur komið hugmynd um, gætu orðið til þess að auka togstreitu milli landshluta. Líklegt er að atvinnuuppbyggingin í iðnaði verði misjöfn eftir landshlutum í framtíðinni. Er þá ekki ósennilegt að þeir landshlutar sem telja sig verða út undan í því sambandi mundu vilja fá aukna hlutdeild í fiskveiðunum. Það er hætt við að slíkar deilur gætu orðið erfiðar viðfangs. Ég er ekki trúaður á að það sé auðveldara að koma sér saman innan einstakra landshluta en í landinu í heild."

Ég vil undirstrika þessa skoðun mína. Það var á engan hátt ætlan mín og lá heldur ekki í orðum mínum að efna til togstreitu í þessu sambandi. Það eru hreinir útúrsnúningar. Og það eru slíkir útúrsnúningar sem hafa þá orðið til þess að vekja ótta og hræðslu hjá ákveðnu fólki. Hins vegar er það eðlilegt að allir sem búa í landinu séu á vissan hátt óttaslegnir yfir þeim tíðindum sem við höfum fengið. Það eru einnig alvarleg tíðindi að okkar helstu keppinautar á fiskmörkuðunum eru með vaxandi framleiðslu og auka sífellt opinbera aðstoð, sem getur orðið afdrifaríkt ef ekki tekst að telja þjóðunum í heiminum trú um og sannfæra þær um það, að það er ekki hægt að búa við það að ýmsar þjóðir greiði niður kostnað í sjávarútvegi, flytji síðan út iðnaðarvörur og ætlist til þess að við sættum okkur við að kaupa slíkar vörur án þess að leggja toll á þær. En hinar þjóðirnar komist síðan upp með það að ýta sínum vörum inn á markaði með gífurlegri styrkjastarfsemi.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurði hvaða atvinnutækifæri byðust. Ég ætla ekki hér að fara að lesa upp ummæli mín um þá miklu möguleika sem við eigum hér í landinu. Ég tel það alveg á sama hátt skyldu hv. þm. að svara því hvað hann leggur til í því sambandi. Hann hefur tekið það fram að alls ekki megi byggja álver. Þá vitum við það. Ég hef hins vegar tekið fram að ég tel meiri háttar orkufrekan iðnað koma mjög til álita og nefndi sem dæmi þá umr. sem væri um það. Ýmis önnur iðnfyrirtæki hafa verið hér til umræðu. En það sem er mikilvægast er að skapa atvinnuvegunum bærileg skilyrði til þess að þeir geti dafnað og til þess að hægt sé að byggja þá upp.

Á s. l. vori voru atvinnuvegirnir í reynd meira og minna að fara yfir um. Það er verið að leitast við að

skapa þeim skilyrði til að eflast í landinu og því verður ekki eingöngu svarað hér á Alþingi hvaða ný atvinnufyrirtæki bjóðist. Því verður kannske fyrst og fremst svarað hér hvers konar skilyrði menn eru tilbúnir að búa atvinnuvegunum í landinu. Ég var aðeins að benda á þá staðreynd, sem mér finnst vera sáraeinföld, að þar sem þéttbýlið er mest eru meiri möguleikar til að byggja upp nýja vinnustaði með minni fyrirvara og stækka þau fyrirtæki sem fyrir eru, sem eru mörg sem betur fer. Ég hef ekki nefnt einn einasta þéttbýlisstað og ætla ekki að gera það. En ég hef orðað það svo: „þar sem þéttbýlið er mest" vegna þess að það er einföld staðreynd, og ég veit að hver einasti þm. getur tekið undir það með mér, að þar eru meiri möguleikar — og óþarfi að vera að snúa út úr því.

Hv. þm. spurði einnig hvort fjárhagsleg staða mundi engu máli skipta. Ég byrjaði á því að segja það í minni ræðu að skip hefðu að sjálfsögðu stöðvast vegna óhagkvæms reksturs og lélegrar fjárhagslegrar afkomu, en sagði síðan: „Sú hugmynd hefur komið upp að rétt væri að aðstoða aðila við að leggja skipum a. m. k. um stundarsakir. Því er eðlilegt að spurt sé: Hverja á að aðstoða til þess?" Þ. e. ég var að tala um að gera það með skipulegum hætti. Ef stjórnvöld eiga að koma til skjalanna og aðstoða aðila við það að leggja skipum, þá skiptir við núverandi aðstæður atvinna fólksins langmestu máli. Menn geta haft mismunandi skoðanir um það og það má vel vera að hægt sé að finna einhver dæmi þess að það væri rangt út frá fjárhagslegum sjónarmiðum. En ég vil reka þá stefnu að fórna í sumum tilvikum, ekki öllum, slíkum fjárhagslegum sjónarmiðum ef atvinnuöryggi er annars vegar, vegna þess að ég er sannfærður um að atvinnuleysi er versta böl sem við getum lent í, og aðrar þjóðir telja það vera sitt versta böl og hafa haft af því mikla reynslu nú um langt skeið.

Herra forseti. Eg lofaði að vera stuttorður. Ég vildi aðeins víkja að því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð nefndi hér, sem er mjög rétt. Það þarf að kanna betur skilyrði og möguleika á djúpslóð. Við höfum fyrir allnorku síðan ritað Hafrannsóknastofnun og beðið um áætlun um að gera út hafrannsóknaskipið Hafþór sérstaklega á djúpslóð til að rannsaka þar möguleika á að veiða t. d. gulllax, litla karfa og e. t. v. fleiri tegundir. Ég er ekki að segja að það sé eini möguleikinn til að gera slíka athugun, það má einnig gera hana með öðrum veiðiskipum. En það liggur fyrir að engin skilyrði eru til að selja það skip og hleypa því inn í þorskveiðina. Því er að mínu mati rétt að reyna að nýta það til rannsókna og nýjunga ef fært þykir og við teljum okkur hafa efni á því. Ég geri mér grein fyrir því að það getur orðið allkostnaðarsamt en ég tel það skyldu okkar að fá úttekt á því.

S. l. vor rædddi ég um það við bandaríska sendiráðið hér og hafði einnig samband við sendiherra okkar vestanhafs Hans G. Andersen, og bað hann ásamt mínum ráðuneytisstjóra að kanna í samvinnu við utanrrn., eftir því sem hægt væri, möguleika á veiðum í bandarískri lögsögu. Hann skilaði skýrslu um það fyrir allnokkru síðan. Hún var síðan send Landssambandi ísl. útvegsmanna til athugunar. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur nýlega sent menn til að kanna þetta og þeir eru komnir frá þeim athugunum. Þarna höfum við því reynt að fylgjast með eins og nokkur kostur er og það gerðist löngu áður en þær slæmu upplýsingar komu fram sem við höfum nú fengið.

Einnig hefur verið reynt að hafa augun opin varðandi aðra nýja möguleika. Rækjuleit var aukin í sumar. Við höfum gert út sérstakan leiðangur til athugunar á krabbaveiðum. Þá fara fram og eru í undirbúningi meiri rannsóknir varðandi kúfisk og nefna mætti fleiri dæmi. Allt þetta er verið að gera með tiltölulega litlum peningum. Menn hafa úr litlu að spila í þessu sambandi. En ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að það er nauðsynlegt að líta til allra átta í þessu sambandi og reyna að nýta hverja einustu leið. Þetta er allt saman aðeins spurning um skynsemi og hér ætti ekki að þurfa að vera togstreita milli hinna pólitísku flokka, ég tek undir það með hv. þm. Garðari Sigurðssyni. Ég vænti þess að við getum hér á Alþingi haft um þetta gott samstarf. Ég tel mig ekki hafa sagt nokkurn skapaðan hlut í þessari umr. sem hefði átt að verða til þess að vekja upp togstreitu. Hér er hins vegar um viðkvæm mál að ræða og það verður ekki gert svo að öllum líki. Við erum einnig í vissu tímahraki. Við höfum t. d. sagt að það væri rétt að byrja netaveiðina síðast og ekki væri rétt að loðnuskipin kæmu inn í netaveiðina. Það hefur þegar vakið mikla óánægju hjá þeim aðilum sem það snertir, en því miður verður ekki gert svo að öllum líki í þessu efni. En aðalatriðið er að draga sem mest úr kostnaði og auka verðmætin eftir því sem unnt er. Þar verða að ráða almenn sjónarmið og hagsmunir landsins í heild. Það er ekki hægt að vinna þessi mál út frá öðrum sjónarmiðum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil við lok þessarar umr. þakka hæstv. forseta og hæstv. sjútvrh. fyrir að þessi umr. hefur farið hér fram. Allir ræðumenn hafa verið sammála um þann mikla vanda sem við er að etja og nauðsyn þess að hér á Alþingi fari fram ítarleg umr. um málið. Það var einmitt til þess að knýja slíka umr. fram sem ég taldi nauðsynlegt að málið væri þegar í stað tekið hér til umr. Ég vænti þess að í kjölfar þeirra umr. sem hér hafa átt sér stað flytji hæstv. sjútvrh. málið innan tíðar, ekki síðar en innan fáeinna vikna, á ný inn á Alþingi í formi skýrslu um þær aðgerðir sem hann hyggst beita sér fyrir eða í formi frumvarpa.

Ég ætla ekki að nota þann tíma sem hæstv. forseti gaf mér til að svara því sem hér hefur komið fram. En það væri vissulega tilefni til þess að ræða við hv. þm. Þorstein Pálsson mjög ítarlega þá efnisþætti sem hann varpaði hér fram. Ég hef að vísu ekki haft jafngóð tækifæri til að hlýða á hann jafnoft og flokksbróðir minn, hv. þm. Garðar Sigurðsson, en þeir mælikvarðar sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson lagði til grundvallar umr. voru á þann veg að a. m. k. einn þeirra verður varla talin efnislega mikið innlegg í þessa umr. Þótt hinir tveir, sá fyrsti og sá síðasti, gefi vissulega tilefni til þess. En atriði nr. 2, sem hv. þm. benti á, var að draga úr útgerð opinberra aðila. Ég held, ef mig misminnir ekki, að það séu ekki nema tvö hreinræktuð opinber útgerðarfyrirtæki í landinu. Menn geta að vísu ráðist að þeim, en ég held að það eitt út af fyrir sig væri takmörkuð lausn á þessum vanda. Hins vegar er algengasta rekstrarform í útgerð nú orðið líklega sameign einstaklinga, félagslegra fyrirtækja og sveitarfélaga. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt þegar við setjum fram hugmyndir af þessu tagi að fram komi með

skýrari hætti en hér var hvað menn eigi við.

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar umr. en að lokum vil ég þó segja það, að miklu var það nú viturlegra sem forveri hv. þm. Árna Johnsen, Guðmundur Karlsson, sagði hér um sjávarútveg á undanförnum árum heldur en þessi trallræða sem hv. þm. flutti hér í því skyni að reyna að aðstoða formann sinn. Formaður Sjálfstfl. hinn nýi þarf alls ekki á svona tralli að halda í ræðustól sér til stuðnings og æskilegra væri að Sjálfstfl. fengi sem framlag í umr. álíka mikið vit og reynslu í sjávarútvegi eins og Guðmundur Karlsson flutti hér í þingsalina á sínum tíma.

Efri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framsal sakamanna, frv. 122. mál (þskj. 152). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 152 er frv. til l. um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Það var samið í dómsmrn.

Frv. er flutt í tengslum við væntanlega aðild Íslands að samningi Evrópuráðsins um framsal sakamanna og tveimur viðbótarsamningum við hann og samningi Evrópuráðsins um gagnkvæma aðstoð í sakamálum ásamt viðbótarsamningi við hann. Framangreindir samningar hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu og verða fullgiltir verði frv. þetta að lögum. Að höfðu samráði við utanrrn. eru framangreindir samningar prentaðir sem fskj. með frv. þessu. Auk þess er á bls. 9—12 í grg. tekið saman yfirlit um efnislegt innihald samninganna.

Aðalefni frv. er um framsal sakamanna. Hér á landi gilda engin almenn lög um þetta efni, en í 9. gr. almennra hegningarlaga eru nokkur efnisatriði um framsal sakamanna. Um framsal sakamanna á milli Norðurlandanna gildir hins vegar samræmd löggjöf. Eru íslensku lögin nr. 7 frá árinu 1962. Á þeim voru gerðar breytingar með lögum nr. 44/1975. Eftir gildistöku laga um framsal sakamanna til hinna Norðurlandanna hefur skapast verulegt ósamræmi um framsal. Framsal er það viðamikil ráðstöfun að til þess ætti ekki að koma nema samkvæmt skýrri lagaheimild.

Frv. þetta byggir á norrænni löggjöf um framsal, en náið samstarf var á milli hinna Norðurlandanna er þau endurskoðuðu eða settu almenn lög um framsal. Framangreind endurskoðun á framsalsákvæðum í löggjöf hinna Norðurlandanna var gerð í framhaldi af gerð Evrópusamnings um framsal og byggir á þeim meginreglum sem lagðar eru í samningnum.

Þessi samvinna Norðurlandanna var framhald samvinnu um samræmda löggjöf um framsal milli Norðurlandanna og stöðu Norðurlandanna til Evrópusamnings um framsal. Telja verður æskilegt að á Norðurlöndum gildi sömu grundvallarákvæði um framsal.

Frv. það sem hér er til umr. skiptist í fimm meginkafla. Í I. kafla er fjallað um skilyrði fyrir framsali, í II. kafla um meðferð framsalsmála, í III. kafla um aðrar ákvarðanir í tengslum við framsal, í IV. kafla um aðra aðstoð vegna reksturs sakamála og í V. kafla um sameiginleg lokaákvæði.

Eins og áður sagði fjallar I. kafli frv. um skilyrði framsals. Skilyrði framsals samkv. frv. eru þau að viðkomandi maður sé í erlenda ríkinu grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir hinn refsiverða verknað. Þó er framsal aðeins heimilt fyrir verknað eða sambærilegan verknað sem getur varðar fangelsi í meira en eitt ár samkv. íslenskum lögum. Á þetta bæði við þegar um er að ræða framsal til meðferðar máls og vegna fullnustu dóms.

Ef um er að ræða framsal vegna meðferðar máls þarf auk framangreinds skilyrðis að vera búið að taka ákvörðun í erlenda ríkinu um að sá sem óskast framseldur skuli handtekinn eða fangelsaður fyrir viðkomandi verknað.

Ef um er að ræða framsal til fullnustu á refsingu þarf refsingin að vera a. m. k. fjögurra mánaða refsivist eða, ef vista á viðkomandi á stofnun samkv. dómi, verður dvöl hans þar að geta varað í a. m. k. fjóra mánuði.

Í 2. og 4. til og með 10. gr. frv. eru ákvæði um í hvaða tilfellum framsal er óheimilt, að undantekinni 7. gr., þar sem heimilt er að synja um framsal ef ákvæði greinarinnar eiga við. Þá er í lok I. kafla ákvæði um skilyrði sem setja skal fyrir framsali. Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir framsali en frv. gerir ráð fyrir, en gagnkvæmir samningar geta takmarkað þá heimild.

Í II. kafla frv. er fjallað um meðferð á beiðnum um framsal. Ákvæði frv. eru að flestu leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1962, um framsal sakamanna til hinna Norðurlandanna. Helsta frávikið frá þeim lögum er að í þessu frv. er ekki gert að skilyrði að rannsókn vegna framsalsmáls sé dómsrannsókn. Er það í samræmi við þróun rannsóknar í refsimálum hér á landi.

Í IV. kafla eru ákvæði um atriði sem nauðsynlegt er að lögfesta svo að hægt sé að fullgilda Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Efnisatriði í þessum kafla eru tvö. Í fyrsta lagi, er ákvæði um að til að afla sönnunargagna til notkunar í refsimáli í öðru ríki sé heimilt að beita ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum á samsvarandi hátt og í sambærilegum málum sem rekin eru hér á landi.

Í öðru lagi er heimilað að maður sem fangelsaður er hér á landi eða sviptur frelsi samkv. dómi vegna refsiverðs verknaðar skuli sendur til annars ríkis til yfirheyrslu sem vitni eða til samprófunar. Í þessum kafla eru svo ákvæði um skilyrði til að hægt sé að verða við beiðni um framangreind atriði og um málsmeðferð.

Í lokakafla frv. er heimildarákvæði um að gera samninga um framsal og aðra gagnkvæma aðstoð í sakamálum með ákveðnum skilyrðum sem þó mega ekki ganga gegn ákvæðum frv. Rétt er að nefna að frv. sem slíkt, verði það að lögum, felur ekki í sér skyldu til framsals þótt uppfyllt séu ákvæði þess, en framsalssamningar geta falið í sér skilyrði til framsals.

Í aths. við frv. er gerð grein fyrir þeim samningum um framsal sem taldir eru í gildi. Eru þeir allir gerðir fyrir lýðveldisstofnun og flestir frá síðustu öld.

Í frv. er tekin sú afstaða til samninganna að þeir halda gildi sínu þótt frv. verði að lögum og ákvæði þeirra séu ekki í samræmi við ákvæði frv. Verði frv. að lögum er eðlilegt að í kjölfarið fylgi endurskoðun á samningunum eða að þeim verði sagt upp. Gildi

lagasetningarinnar mundi takmarkast um of ef eldri samningar stæðu óbreyttir. Verði frv. þetta að lögum gilda samt áfram lög um framsal sakamanna til hinna Norðurlandanna.

Áður en endanlega var gengið frá frv. þessu var það sent nokkrum aðilum til umsagnar. Bárust ýmsar gagnlegar ábendingar frá Þórði Björnssyni ríkissaksóknara og Jónatan Þórmundssyni prófessor og voru þær hafðar til hliðsjónar við endanlega gerð frv.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur látið það álit í té að verði frv. að lögum muni það ekki hafa aukningu útgjalda í för með sér.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingabankinn, frv. 45. mál (þskj. 48, n. 150). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur haft til meðferðar stjfrv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að auka nokkuð hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingabankanum. Frv. þetta hafði þegar verið afgreitt frá hv. Nd.

Fjh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. 85. mál (þskj. 90). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Frv. það til l. um sveitarstjórnarkosningar sem hér liggur fyrir á þskj. 90 er samið af nefnd sem þáv. félmrh. skipaði þann 13. júní 1981 til að endurskoða sveitarstjórnarlög, lög um sameiningu sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosningar.

Eins og fram kemur í aths. með frv. er lagt til að sett verði sérstök lög um sveitarstjórnarkosningar í stað gildandi laga um sama efni, nr. 5 frá 7. mars 1962, þar sem safnað væri saman ákvæðum úr þeim lögum og ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, um sveitarstjórnarkosningar, auk viðbótarákvæða að því leyti sem menn teldu efni til að víkja frá almennum reglum laga um alþingiskosningar nr. 52/1959.

Helstu nýmæli og breytingar frá því sem verið hefur, sem frv. gerir ráð fyrir, eru:

Kjördagur verði sá sami í öllum sveitarfélögum, þ. e. síðasta laugardag í aprílmánuði í stað síðasta laugardags í maímánuði eins og nú gildir, þar sem 3/4 hlutar íbúa sveitarfélags búa í þéttbýli, og síðasta laugardags í júnímánuði í dreifbýlishreppum. Þetta er veruleg breyting og hefur verið lögð mikil vinna í það í endurskoðunarnefndinni að samræma sjónarmið sveitarstjórnarmanna í landinu um þetta atriði. M. a. var öllum sveitarstjórnum skrifað bréf um þetta atriði. Niðurstaðan sem hér er fengin, að hafa sama kjördag alls staðar síðasta laugardag í aprílmánuði, er byggð á þeirri úttekt.

Kosningaaldur er lækkaður úr 20 árum í 18 ár.

Nýkjörin sveitarstjórn taki við störfum 15. næsta mánaðar eftir kjördag, þ. e. u. þ. b. tveim vikum eftir kosningar. Þetta er lagt til til að auðvelda stjórnarskipti. Með þessu gefst hinni nýkjörnu sveitarstjórn nokkurt svigrúm, t. d. til að kjósa oddvita eða ráða sveitarstjóra, og ekki fer þá milli mála að sú skipan á framkvæmdastjórn sveitarfélagsins sem verið hefur helst fram yfir kosningar. Hér er reynt að koma í veg fyrir það óvissuástand sem vissulega skapast þegar kosningar eru kærðar, vegna þess að umboði fráfarandi sveitarstjórnar lýkur um leið og kosningar hafa farið fram. Þá er einnig kveðið á um sérstakar reglur um meðferð sveitarstjórnarmála meðan úrslit kosninga eru í óvissu, þannig að heimild sveitarstjórnar sem situr á þessu óvissutímabili til að inna af hendi greiðslur og gangast undir skuldbindingar er takmörkuð.

Kosningar verða ekki úrskurðaðar ógildar nema ætla megi að það sem áfátt er hafi haft áhrif á kosningaúrslit, jafnvel þó frambjóðandi hafi átt í hlut. Þetta ákvæði er sett vegna þess að sú regla felst í 2. mgr. 136. gr. laga nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, að ógilda beri kosningu þm. vegna galla á framboði eða kosningu sem hann sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa átt vísvitandi sök á, þótt ekki verði ætlað að misfellurnar hafi haft áhrif á úrslit kosninganna enda séu misfellurnar verulegar. Ekki er talin sama ástæða til þessarar reglu í sveitarstjórnarkosningum og í alþingiskosningum.

Sérstök kjörnefnd fari með úrskurðarvald um gildi kosninga í stað sveitarstjórnar áður, þar eð ótryggt sé að hún fái lítið hlutdrægnislaust á málavexti. Í þessu sambandi hefur verið rætt um að fela fráfarandi sveitarstjórn, umboðsmanni ríkisins með eða án „meðdómenda" eða yfirkjörstjórn samkv. 9. gr. laga um alþingiskosningar þetta verkefni, en hér er gerð till. um að umboðsmaður ríkisins nefni þrjá menn til að gegna þessu starfi einungis í þeim tilvikum þegar gildi kosningar er dregið í efa. Með þessu er talið tryggt að þeir sem fara með þetta úrskurðarvald séu fullkomlega óhlutdrægir.

Af öðrum breytingum má nefna þá sem fram kemur í 3. mgr. 2. gr. um að ef einungis komi fram einn framboðslisti skuli framboðsfrestur framlengdur um tvo sólarhringa. Þetta ákvæði er sett hér inn vegna þess að reynslan hefur sýnt að það getur komið mönnum á óvart að einungis einn framboðslisti komi fram og vera má að sú niðurstaða að listi verði sjálfkjörinn sé ekki í samræmi við vilja kjósenda í viðkomandi sveitarfélagi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að eyða miklu

máli í að skýra þetta frv. út. Athugasemdir eru nokkuð greinilegar með frv. og vísa ég til þeirra að öðru leyti.

Ég vil geta þess að endurskoðunarnefndin taldi eðlilegt að setja þetta frv. fram sem sérstakt frv. um sveitarstjórnarkosningar, enda þótt hún telji raunar sjálfsagt að gera þetta frv. um sveitarstjórnarkosningar að sérstökum kafla sveitarstjórnarlaga. Endurskoðunarnefndin er nú að nálgast lokastig í almennri endurskoðun sveitarstjórnarlaganna í heild og vel má svo fara að áður en lýkur umr. hér á hv. Alþingi um þetta frv. verði komið fram frv. til l. um sveitarstjórnarlög almennt, þannig að það gefist þá ráðrúm til að fella þetta frv. að heildarlöggjöf um sveitarstjórnarmál. En það mun koma í ljós. Eðlilegt þótti þó að leggja þetta mál fram þar sem nefndin hafði frá því gengið og ég vænti þess að það fái eðlilega meðferð í hv. Alþingi.

Ég vil, herra forseti, leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Satt best að segja hef ég ekki lesið þetta frv. til l., en svo glöggur ræðumaður sem hæstv. félmrh. vakti strax eftirtekt mína og athygli í einu atriði og ég er að hugsa um að láta duga að nefna það að þessu sinni. Það er 4. gr. laganna. Þar er 1. mgr. um það, að sveitarstjórnarkosningar fari fram síðasta laugardag í apríl. Gætu þær þá lent á t. d. 24. apríl. Það eru nefnilega sjö dagar í vikunni enn þá. Við höfum reynslu af því að kjósa í apríl. Ég verð að segja að í minni heimasveit, Vestmannaeyjum, er það ekki besti mánuður ársins til að standa í kosningum. Gallinn við að kjósa í síðari hluta apríl í Vestmannaeyjum og í öðrum verstöðvum frá Suðausturlandi og alla leið vestur á firði er sá, að þá stendur vertíð yfir. Ég er ekki viss um að allir hv. alþm. geri sér einu sinni grein fyrir því að enn er það fyrirbæri til sem heitir vetrarvertíð og væri synd ef menn gleymdu því almennt.

Ég held að hér á Suðurlandi, í sjávarþorpunum á Suðurlandi, Stokkseyri og Eyrarbakka, Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum, sé hægt að kjósa í hvaða mánuði ársins sem er nema í apríl, því þá er toppurinn á vetrarvertíðinni og verður það áfram þangað til þorskurinn hefur verið drepinn — ef af því verður — endanlega. Síðari hluti aprílmánaðar er óhæfur kosningatími á vertíðarsvæðinu öllu. Ég ætla að biðja hæstv. félmrh. að íhuga það, þar sem hæstv. ráðh. er nú þm. á hluta þessa vertíðarsvæðis og þekkir hvernig ástandið er í atvinnumálum og hvernig aðstaða fólks er til þess að taka þátt í kosningum.

Það vill svo til sem betur fer, að mikill fjöldi manna hefur áhuga á kosningum, ekki aðeins á kosningadaginn heldur nokkru fyrr, og það gildir um fólk úr öllum flokkum að sjálfsögðu, enda er þetta ekki neitt flokkspot hjá mér af neinu tagi. Fólk sem hefur lifandi áhuga á þjóðmálum og félagsmálum og sveitarstjórnarmálum vill kynna sér þessa hluti, fylgjast með þeim og taka þátt í þeirri vinnu sem fer fram í kringum kosningar, en það getur ekki gert það í apríl. Þá vinnur fólk miklu meira en myrkranna á milli. Svo getur farið síðasta laugardag í apríl að fólk hafi varla tækifæri til að kjósa nema með hörmungum. Ég tel að jafnvel þó að sjónarmið sauðkindarinnar sé merkara en fólks í sjávarþorpum, og verður það alltaf því að sauðkindin ræður þessu landi, megi ekki svo langt ganga að velja versta dag sem fyrirfinnst í almanakinu til að kjósa á.

Kosningar á Íslandi hafa yfirleitt farið fram síðast í maí og júní, nema þegar mönnum hefur legið of mikið á að hætta að vera saman í ríkisstjórnum og eru farnir að láta kjósa um jólaleytið og raunar hvenær sem er. Það gerir okkur ekkert til á vertíðarsvæðinu. Við getum kosið á Þorláksmessu þess vegna. Það er miklu auðveldara þá og betri dagur.

Þarna hefur verið um það að ræða að kjósa til sveitarstjórna í tvennu lagi. Ég er sammála því sjónarmiði að kosið sé í einu lagi. Mér finnst það sjálfsagt mál og hefði átt að breyta því fyrirkomulagi miklu fyrr. En ég vil leyfa mér að benda á að í stað þess að kjósa síðast í apríl verði kosið í maí. Hvernig það rekst á sjónarmið annarra þekki ég ekki nægilega vel, en ég tel að það væri mjög gott að kjósa síðast í maí.

Herra forseti. Um þetta frv. sé ég að full ástæða er til að ræða að öðru leyti. Í því sé ég strax ýmsar óþarfar breytingar. Um það ræðum við síðar. En ég vil strax vekja athygli á því sem ég hef gert að umtalsefni. Og ég vona að hv. þdm. muni það, þegar þeir fara að fjalla um þetta mál, að um þetta hefur verið gerð aths. Ég er viss um að ég mæli ekki aðeins fyrir munn kjósenda til sveitarstjórna í mínu kjördæmi, heldur hvarvetna þar sem mikið álag er við fiskvinnu og sjómennsku á vertíðarsvæðinu í apríl.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Út af aths. hv. 4. þm. Suðurl. vil ég taka það fram, að þetta er óbreytt till. frá nefndinni sem samdi frv. Að sjálfsögðu er það á valdi Alþingis að taka ákvörðun um kjördaginn.

Eins og ég tók fram áðan var reynt að ná samkomulagi um ákveðinn kjördag í sveitarstjórnarkosningum í sambandi við breytingu á sveitarstjórnarlögum sem samin var í des. 1981. Í meðförum Alþingis tókst ekki að ná samkomulagi um einn ákveðinn kjördag sem virtist henta öllum. Af þessu tilefni efndi Samband ísl. sveitarfélaga til skoðanakönnunar meðal sveitarstjórna í maímánuði 1982. Í dreifibréfi sambandsins til sveitarstjórnanna kom fram að nefndin teldi að helst kæmi til álita að velja annan laugardag í júní eða annan laugardag í október og var leitað eftir viðhorfum sveitarstjórna um hvorn ofangreindra daga þær teldu heppilegri sem almennan kjördag í sveitarstjórnarkosningum framvegis. Af svörum sveitarstjórnanna virtist ljóst að hvorki getur orðið samstaða milli dreifbýlissveitarfélaga og þéttbýlissveitarfélaga um kjördag í maí né júní og hugmyndin um kosningar að haustinu virtist ekki njóta fylgis. Nefndin gerði þess vegna till. þá sem liggur fyrir í þessu frv. að höfðu samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga.

En eins og ég segi er þetta ekki heilagt mál. Það má breyta þessu og er sjálfsagt að skoða það. En aðalatriðið í mínum huga er það, að með þessum lögum verði það fastmótað að sami kjördagur verði í öllum sveitarfélögum landsins. Það er þungamiðja þessa máls.

Ég vænti þess að Alþingi og nefndir þingsins skoði þetta vandlega og reyni að komast að samkomulagi um þetta atriði sem önnur í frv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er lagt hér fram, tel að það sé margt í því sem sé til bóta. En að sjálfsögðu er það svo að viss atriði

vekja umhugsun.

Ég vil fyrst víkja að kjördegi. Ég hygg að það sé heppilegast að kjósa fyrsta sunnudag í júní. (Gripið fram í.) Já, þar fór í verra. Annan sunnudag í júní, segir Svavar Gestsson, hv. 3. þm. Reykv. Ég var ekki búinn að hugleiða þetta mjög mikið þegar ég sagði fyrsti sunnudagur, en ég vil koma því á framfæri að ég er sammála því sem kom hér fram hjá hv. 4. þm. Suðurl., að það er ekki sanngjarnt gagnvart sjómannastéttinni og þeim sem vinna við fiskvinnslu í þessu landi að ætla að knýja á með að hafa sveitarstjórnarkosningar þegar vinnuálag er mest hjá þessum stéttum. Og mér finnst það heldur ekki sanngjarnt gagnvart sveitunum að ætla að knýja á það að kosningar fari fram í maí þegar vinnuálag er einnig mjög mikið hjá bændum landsins.

Nú er mér ljóst að sveitarstjórnir almennt munu e. t. v. ekki hafa nákvæmlega sömu skoðun á þessu máli og kjósendur. Það sem trúlega hefur haft áhrif á afstöðu sveitarstjórna er það að þær líta svo á að sumarið sé framkvæmdatími sveitarfélagsins og þess vegna sé eðlilegt að ný sveitarstjórn taki við annaðhvort áður en framkvæmdir hefjast eða eftir að þeim er lokið. En samkvæmt sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir því að fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélögin sé samin um áramót og þess vegna á það ekki að koma svo mjög að sök þó að skipt sé um á þessu tímabili. Ég legg eindregið til að menn velji frekar júnímánuð.

En það er annað atriði í þessu frv., í 4. gr., sem ég er miklu hræddari við. Það er ákvæðið um að sveitarstjórn eigi ekki að taka við fyrr en 15 dögum eftir að hún hefur verið kosin. Þetta vekur nefnilega mikla umhugsun. Er það sanngjarnt t. d. að fallin sveitarstjórn taki sig til og fari að útdeila lóðum? Er skynsamlegt að ganga þannig frá þessum málum að hún geti tekið ákvarðanir sem vitað sé að eru í algjörri andstöðu við þann meiri hluta sem búið er að kjósa, ákvarðanir sem ekki verða aftur teknar?

Ég tel að það sé ekki verjandi að ganga þannig frá þessum málum. Ég tel að það sé sjálfsagður hlutur að kjörin sveitarstjórn taki við öllum bindandi ákvarðanatökum fyrir sveitarfélagið um leið og hún hefur verið kjörin. Mér sýnist að undir sumum kringumstæðum gæti meiri hluti í sveitarfélagi frestað erfiðri ákvarðanatöku, óvinsælli kannske, sem þeir vildu engu að síður framkvæma, og ráðist í hana á þeim tíma þegar þeir væru búnir að tapa meiri hluta, áður en nýr meiri hluti tæki við. Ég vara við því að við göngum hér frá lögum sem gætu haft þessar afleiðingar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þarf ekki mörg orð um þetta að hafa. Ég vil aðeins taka undir það sem hér hefur komið fram að því er varðar kjördaginn. Hér hefur verið minnst á sjómenn, hér hefur verið minnst á sveitafólkið, en ég hygg að það sé ekki síður vandamál hjá ýmsu námsfólki sem er fjarverandi. Það er fólkið sem er kannske áhugasamast um sveitarstjórnarmál heima fyrir og því óheppilegt að kjósa á þeim tíma sem það er bundið í skólum. Ég hallast þess vegna að því að það sé mun æskilegri tími að hafa þetta í júní. Ekki mæli ég með sjómannadeginum að sjálfsögðu, en að það sé um eða upp úr miðjum júní sem á ætti að stefna.

Annað í þessu sem mér finnst alveg fáránlegt er það sem hv. 5. þm. Vestf. vék hér að. Það er ákvæðið um að nýkjörin sveitarstjórn eigi ekki að taka við fyrr en rúmum hálfum mánuði eftir að hún er kjörin. Hvað mundu menn segja hér á Alþingi ef gamla þingið ætti að vera í hálfan mánuð eftir að nýtt er kjörið? (**Gripið fram í:** Það er það.) Ekki aldeilis. Það eru kjörnir nýir þm. og þar með eru þeir komnir til. Ég tel þetta alveg fráleitt. Hér gæti verið um það að ræða að öll sveitarstjórnin sem fyrir var hefði fallið og þá ætti hún að sitja áfram í hálfan mánuð eftir að búið er að kjósa nýja. Ég skil ekkert í þeim sveitarstjórnarmönnum sem þannig eru þenkjandi ef þeir hafa átt hlut að því að semja þetta. Mér finnst það aldeilis furðulegt. (**Gripið fram í:** Þeir hafa ekki ætlað að falla.) Nei, það er kannske svo, kannske þeir séu kjörnir til eilífðar að eigin áliti eins og sumir. En mér finnst þetta alveg fáránlegt. Ég held að þessu hljóti að verða að breyta.

Það var í raun og veru ekki annað sem ég vildi koma hér á framfæri. Ég tek eindregið undir það að kosningar í apríl eru afar slæmar. Þó að hv. 4. þm. Suðurl. hafi staðið að því að kosið var til Alþingis í apríl núna nýverið, þá er það eigi að síður afskaplega slæmur tími til kosninga, a. m. k. að því er tekur til okkar úti á landsbyggðinni. Ég tel það af og frá ef það á að vera viðtekin regla að kosið verði á þeim árstíma til sveitarstjórna. Og sama á auðvitað við um alþingiskosningar.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það eru örfá orð í sambandi við þetta mál sem ég vildi koma á framfæri.

Ég hvet þá þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar til að taka frv. til ítarlegrar athugunar, ekki síst 4. gr. þess. Ég segi þetta um leið og ég tek undir varnaðarorð þeirra þm., sem hér hafa tekið til máls, að fenginni reynslu af undirbúningi og framkvæmd síðustu alþingiskosninga, sem fram fóru í lok aprílmánaðar s. l. Það má segja að það hafi í raun verið tilviljun að tókst að kjósa þann dag sem ætlaður var til kosninganna. Dagana næstu á undan var veðrahamur slíkur og ófærð með þeim ódæmum, a. m. k. um norðanvert landið, að það hefði verið frágangssök að kjósa í strjálbýli þá daga. Og þrátt fyrir að veðrið lægði og gerði gott veður kjördaginn urðu gífurlegir erfiðleikar við það að koma fólki á kjörstað og staðreynd er að í ýmsum strjálbýlum sveitarfélögum var kjörsókn lítil. Ég hygg því að það mundi oft þurfa til að koma undantekningarákvæði 4. gr. þess efnis, að heimild yrði notuð til að fresta kjördegi í ýmsum sveitarfélögum vegna veðurs eða vegna ófærðar. Með því er auðvitað ekki náð þeim tilgangi frv. að kosningar til sveitarstjórna skuli fara fram samtímis á öllu landinu.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þessi efni fleiri orð. Ég vitna aðeins til þeirrar reynslu sem engum kemur á óvart sem byggir stjálbýlli hluta landsins eða a. m. k. norðanvert landið.

Hæstv. félmrh. hefur greint frá því hér, að fram hafi farið skoðanakönnun sveitarstjórnarmanna í maímánuði 1982 um þetta efni. Ég tel með miklum ólíkindum ef sú skoðanakönnun hefur leitt í ljós einróma niðurstöðu sveitarstjórnarmanna um land allt. Ég geri ekki heldur ráð fyrir að unnt væri að fá einróma niðurstöðu sveitarstjórnarmanna eða annarra um einhvern annan kjördag en þann sem hér er tilgreindur. En þrátt fyrir þetta skulu menn ganga að því með opin augun og með skilningi á þeim aðstæðum sem landsmenn eiga við að búa í hinum erfiðari landshlutum á þessum árstíma að hverju hér er stefnt. Því hvet ég hv. félmn. til að athuga

þessi atriði sem og önnur atriði frv. mjög gaumgæfilega.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel að mörg atriði í þessu frv. horfi til réttrar áttar, þar á meðal að einn og sami kjördagur skuli gilda til sveitarstjórna á öllu landinu. Það er óeðlileg skipan miðað við nútímahætti og samgöngur að vera að mismuna sveitarfélögum að þessu leyti eins og er samkv. gildandi lögum. Sama gildir um ákvæði 5. gr. varðandi 18 ára kosningarétt og fleiri atriði sem þar koma fram, sem ég er alveg samþykkur.

Ég kvaddi mér hljóðs til að blanda mér aðeins í þá umr. sem fram hefur farið um 4. gr. frv., um tíma fyrir sveitarstjórnarkosningar, og vil að sú skoðun mín komi hér fram, sem ég held að sé skoðun margra og hefur raunar komið fram hér í umr., að óheppilegt sé að velja aprílmánuð til sveitarstjórnarkosninga. Maímánuður er af ýmsum ástæðum líka tæplega til þess fallinn. Því valda m. a. annir í sveitum landsins. En ég sé ekki rök sem mæli sérstaklega gegn því að kosið sé til sveitarstjórna í júnímánuði og þá helst nálægt miðjum júní eða um aðra helgi í júní. Ég tel að það sé æskilegur tími til sveitarstjórnarkosninga, og gæti hið sama gilt um alþingiskosningar. Ég man ekki til þess að nein starfsstétt eða samtök hafi helgað sér sérstaklega t. d. annan laugardag í júnímánuði. Þó kann að vera að bændur landsins hafi efnt til einhvers um þá helgi. Ég man samt ekki til þess. Sjómannadaginn höfðu menn í huga. Það er fyrsta helgi í júní og fyrir því er orðin rík hefð sem óæskilegt er að raska. Því tel ég að önnur helgi júnímánaðar, annar laugardagur í júní, sé skynsamlegur tími fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Það kemur raunar fram í aths. við 4. gr. að nefndin, sem samið hefur þetta frv., telur að helst kæmi til álita að velja annan laugardag í júnímánuði eða annan laugardag í októbermánuði og þar segir í framhaldi: „Og var leitað eftir viðhorfum sveitarstjórna um hvorn ofangreindra daga þær teldu heppilegri sem almennan kjördag í sveitarstjórnarkosningum framvegis. Af svörum sveitarstjórnarmanna virðist ljóst," segir áfram í greinargerð, „að hvorki getur orðið samstaða milli dreifbýlissveitarfélaga og þéttbýlissveitarfélaga um kjördag í maí né júní og hugmyndin um kosningar að haustinu virðist ekki njóta fylgis. Nefndin leggur hér til að kosningar fari fram samtímis í öllum sveitarfélögum í aprílmánuði og hefur ástæðu til að ætla að sveitarstjórnarmenn muni geta fellt sig við þá hugmynd sem málamiðlun."

Þetta er því tillaga nefndarinnar. Hún byggir ekki á þessari skoðanakönnun, að séð verði, og ekki eru færð rök fyrir þeirri staðhæfingu, sem fram kemur í þessari greinargerð, að hvorki geti orðið samstaða milli dreifbýlissveitarfélaga né þéttbýlissveitarfélaga um kjördag í maí né júní. Það er sjálfsagt fyrir þá nefnd sem fær þetta frv. til athugunar að átta sig á hvaða upplýsingar nefndin hefur sem renna stoðum undir þá staðhæfingu eða það viðhorf sem þarna kemur fram í grg. Ég á satt að segja bágt með að sjá rökin þar í mót og vona að niðurstaðan geti orðið sú sem ég hef hér nefnt og nefndin hefur hallast að í upphafi áður en hún efndi til skoðanakönnunar.

Ég vil einnig geta þess hér, af því að það er verið að vitna til sveitarstjórna dreifbýlis og þéttbýlis í þessu samhengi, að mál þetta var rætt á fundi samtaka sveitarstjórna á Austurlandi, aðalfundi þess sambands, seint í ágústmánuði s. l. Þar kom fram tillaga varðandi þetta efni einmitt í þá átt, sem ég hef hér rakið, að önnur helgi í júní verði valin til að kjósa til sveitarstjórna. Ég var ekki á fundi þegar tillaga þessi kom til lokaafgreiðslu, en mig minnir að hún hafi hlotið þar samþykki og víðtækan stuðning. En auðvelt er að ganga úr skugga um það.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða hér og nú önnur atriði þessa frv., en nauðsynlegt er að það verði athugað af kostgæfni af þeirri þingnefnd sem það fær til meðferðar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þó að ég eigi sæti í þeirri nefnd sem á að fá þetta frv. til meðferðar vil ég samt segja nokkur orð hér. Ég held nefnilega að nauðsynlegt sé að ræða þessi mál betur og íhuga hvort ekki er hægt að ná saman um einhvern þann dag til að kjósa á sem allir gætu að athuguðu máli sætt sig nokkuð við. Ég held að það sé alveg rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að það sé spor í rétta átt og raunar sjálfsagt mál að kosið sé alls staðar sama dag. Það eru ýmis vandkvæði á því að kjósa í júnímánuði. Það eru t. d. vandkvæði fyrir strjálbýli. Það er oft og tíðum sem menn eru ekki lausir við fé, eins og hefur verið á undanförnum árum, fyrr en eftir 10. júní og stundum seinna.

Ég hygg að það sé miklu erfiðara fyrir strjálbýlið að hafa kosningar í maí og a. m. k. fyrri hluta júní en fyrir þéttbýlið, jafnvel fyrir sjómennina, að hafa kosningar í apríl, því að það er ekki lengi verið að kjósa á þéttbýlisstöðunum, jafnvel þó að menn séu í vinnu. Það ættu allir að geta kosið. En þegar kemur að sumarfríunum er þetta nokkuð erfitt. Það þyrfti því að líta til margra átta í þessu efni.

Það er líka óþægilegt að kjósa meðan skólarnir eru, ekkert síður. En ég vil varpa því fram, sem raunar kom fram hjá síðasta ræðumanni, hvort ekki sé heppilegri tími t. d. fyrsti laugardagur í sept., þ. e. áður en skólarnir byrja, eftir að sumarfríin eru búin, á þeim tíma sem er þægilegastur fyrir alla. Ég vil koma fram með þetta sem ábendingu og fá umr. um þetta. Ég vildi að þingflokkarnir t. d. ræddu þetta mál, þar sem ég er í þeirri nefnd sem á að fjalla um þetta. Ég held að það þurfi að verða víðtæk samstaða um svona mál.

Í sambandi við 4. gr. kom hv. þm. Ólafur Þórðarson inn á að nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kosningar. Þetta mál, að nú sitji gamla sveitarstjórnin um tíma eftir að ný er kjörin, held ég að þurfi mjög að endurskoða og hugleiða.

Fleira er auðvitað athugunarvert í þessu frv. þó að í heild haldi ég að það sé til bóta. En varðandi þessi tvö atriði eru samt sem áður, eftir að vera búinn að lesa þetta yfir, miklar spurningar — spurningar um það t. d. hvaða dag við eigum að kjósa. Ég held að við hljótum að ná saman um að eðlilegt sé að kosið sé alls staðar á sama tíma. Það er bara spurningin um tímann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 90. mál (þskj. 99). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hér er um að ræða brbl. um breytingu á þessum lögum, fyrst og fremst að því er varðar forkaupsrétt sveitarfélaga. Þessi brbl. voru gefin út 20. apríl 1983 að frumkvæði fyrrv. félmrh. og voru til meðferðar á síðasta Alþingi en urðu ekki útrædd.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. og legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er lagt fram er til staðfestingar á brbl. sem voru gefin út af síðustu ríkisstj. eins og hæstv. félmrh. tók fram. Ég vil í tilefni af þessari umr. spyrja hæstv. félmrh. einnar spurningar. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir ákveðnum reglum varðandi útreikning á endursöluverði gamalla íbúða í verkamannabústöðum. Það var einnig um slíkt ákvæði að ræða í fyrri brbl., sem gefin voru út árið 1982, *en náðu ekki staðfestingu á síðasta þingi.* Þegar lögin voru gefin út kannast ég ekki við að gert hafi verið ráð fyrir því að breytt yrði útreikningi á endursöluverði gamalla íbúða í verkamannabústöðum. Ég vil spyrja hæstv. núv. félmrh. hvort hann telji að í þeirri gerð laganna sem nú gildir felist breyting á útreikningi endursöluverðs gamalla íbúða í verkamannabústöðunum.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. ráðh., sem er annað mál en skylt: Hvenær má vænta þess að ráðh. leggi hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þ. e. heildarendurskoðun á húsnæðislögunum, sem boðuð hefur verið nokkuð oft af hæstv. ráðh. og ég gerði ráð fyrir að fengi hér rækilega meðferð á hv. Alþingi fyrir áramót?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að skýra frá því að frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins verður líklega lagt fram síðar í dag, eða a. m. k. verður það tilbúið á mánudaginn.

Í því frv. er gert ráð fyrir nokkrum breytingum frá því sem er í þessum brbl. sem gefin voru út í sambandi við kaupskylduna. Þar er í aðalatriðum stuðst við þær breytingar sem félmn. Nd. varð sammála um þegar málið var til meðferðar í nefndinni á síðasta þingi en náðu ekki fram að ganga fyrir þinglok. Þetta eru ekki mjög viðamiklar breytingar en gera þó málið einfaldara í meðförum. Að allra dómi sem um hafa fjallað var nauðsynlegt að gera þær.

En sem sagt, nýtt frv. mun koma á borðin annaðhvort í dag eða á mánudaginn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Ég skil hann svo að hann telji ekki að sú gerð brbl. um Húsnæðisstofnun ríkisins sem nú er í gildi hafi í för með sér breytingu á útreikningsreglum á endursöluverði gamalla verkamannabústaða. Það stóð ekki til að breyta því á milli brbl., og ég varð ekki var við að hæstv. ráðh. teldi að með nýju brbl., ef svo mætti að orði kveða, hefði orðið breyting á þessu. Ég er að spyrja um þetta vegna þess að reglur um útreikning á endursöluverði verkamannabústaða hafa valdið nokkrum deilum í sumum tilvikum og ég vildi að úr þessum ræðustól yrði spurst fyrir um málið, vegna þess að ég veit að það mun auðvelda ákvarðanir stjórnar verkamannabústaðanna, sem eru að fjalla um endursölu á íbúðum í verkamannabústöðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 16. mál (þskj. 16). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga á þskj. 16. Þetta er 16. mál Nd. Flm. auk mín er hv. þm. Kristín S. Kvaran.

Þm. Bandalags jafnaðarmanna hafa lagt fram í hv. Nd. tvö frv. til stjórnarskipunarlaga. Þegar hefur verið mælt fyrir öðru þeirra. Þar var lagt til að efla eftirlitsstörf Alþingis, að þm. skyldu óheimil umboðsstörf í stofnunum framkvæmdavaldsins og að ráðherrar skyldu ekki gegna þingmennsku.

Frv. sem nú er mælt fyrir leggur til að felldur verði niður þingrofsréttur forseta og afnuminn verði réttur til útgáfu brbl. Bæði þessi atriði eiga það sameiginlegt að koma í veg fyrir óeðlilega íhlutun ríkisstjórnar í störf þingsins. Sú fyrri afnemur rétt ráðherranna til að senda þjóðkjörið Alþingi heim og hin seinni útilokar að ríkisstj. setji lög að löggjafarsamkundunni fornspurðri.

Þingrofsréttur forseta er arfur frá þeim tíma er almenningur þurfti að sækja rétt sinn í hendur erfðakónga og einræðisherra. Ef í odda skarst milli þings og þjóðhöfðingja gátu þeir síðarnefndu rofið þing og þar með ógilt umboð þm. sem þó voru kosnir af þjóðinni.

Ákvæði um þingrof hafa aldrei verið í norsku stjórnarskránni og eru alls ekki óhjákvæmilegur þáttur í framkvæmd lýðræðis. Það er raunar augljóst að þetta vald samræmist illa seinni tíma hugmyndum um samskipti þings og stjórnar.

Ágreiningsmál, sem kunna að koma upp á milli þessara aðila, verður að leysa með samningum án þess að handhafar framkvæmdavaldsins hóti þm. með svipu þingrofs.

Efnahagskerfi þjóðarinnar er flókið og viðkvæmt. Þar er lífsnauðsyn að hægt sé að gera góðar framtíðaráætlanir og spár. Slíkar áætlanir eru komnar undir því trausti sem menn telja sig geta haft á frambúðargildi stjórnvaldsathafna. Sú óvissa um gerðir stjórnvalda sem þingrofsmöguleikanum fylgir er eitur á gróandann í efnahagslífinu.

Þessa dagana spyrja menn sig ýmissa spurninga. Menn spyrja sig hvort ágreiningur á vinnumarkaði geti leitt til þingrofs og nýrra kosninga á útmánuðum næsta árs. Einnig spyrja menn sig hvort ný forusta í Sjálfstfl. muni hyggja á landvinninga í stjórnarþátttöku og reyna því að kalla fram kosningar í vor. Hversu hollan telja menn þennan bagga og þessa óvissu vera fyrir framámenn í atvinnulífinu sem eru að reyna að skipuleggja rekstur fyrirtækja sinna í dag?

Þau tilefni sem gjarnan eru notuð til að réttlæta þingrof eru engin þess eðlis að ekki megi bregðast við þeim á annan og nútímalegri hátt. Ef stjórnvöldum

þykir ástæða til að leita álits kjósenda á mikilvægum málum, sem koma upp á kjörtímabili þings, er unnt að skjóta þeim til þjóðaratkvgr. án þess að til þingrofs þurfi að koma. Það er athyglisvert að velta því fyrir sér frædasetningarinnar vegna að handhafar forsetavalds geta rofið þing og það er einnig hægt að rjúfa þing sem aldrei hefur komið saman. Í því sambandi er vert að minnast þess ástands sem ríkti á Íslandi sumarið 1983, þegar ríkisstj. synjaði nýkjörnu þingi um að koma saman og tveir handhafar forsetavalds af þremur sátu í ríkisstj.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar, sem gefin var út í jan. 1983, er lögð til sú meginbreyting að ekki verði unnt að rjúfa Alþingi nema með samþykki þess sjálfs.

Með hliðsjón af framangreindu, um áhrif óstöðugleika í stjórnarathöfnum, kúgunaráhrif þingrofssvipunnar og að auki það ægivald sem ríkisstjórnir hafa yfir þingflokkum sínum, telja flm. þessa frv. að tillögur stjórnarskrárnefndarinnar gangi of skammt. Við teljum að þingrofsréttinn eigi með öllu að afnema.

Snúum okkur að brbl. Ýmislegt hefur verið rætt og ritað um að Alþingi hafi glatað að talsverðu leyti frumkvæði í lagasetningu. Orsakir þess eru vafalaust margar, en þessar hafa verið nefndar:

1. Ráðherrar hafa yfirburðaaðstöðu til gagnasöfnunar og tæknilegrar úrvinnslu. Það leiðir til þess að sífellt stærri hluti löggjafarvaldsins er framseldur til ráðuneyta. Þetta gerist bæði með samþykkt þáltill. og ákvæðum í lögum um reglugerðasmíð embættismanna. Um þetta má ýmislegt segja. Þetta á náttúrlega sínar eðlilegu skýringar. Nútímalagabálkar geta verið langir, strangir og erfiðir viðfangs. Það er því kannske eðlilegt að útfærsla þeirra sé í höndum tæknimanna. Á hinn bóginn verður að gæta þess að tilætlan löggjafans glatist ekki í meðförum embættismannanna.

2. Það atriði sem kannske hefur verið mönnum enn meiri þyrnir í augum er það, að ríkisstjórnir hafa misnotað meira en aldargamalt ákvæði í stjórnarskrá um setningu brbl.

Þetta frv. miðar að því að ná aftur til þingsins hluta frumkvæðisins til lagasetningar með því að afnema rétt framkvæmdavaldsins til setningar brbl. Rétturinn til að setja brbl. á rætur sínar að rekja til þess tíma er þing starfaði aðeins tvo mánuði á ári og það einungis annað hvert ár. Þá var augljóst að stjórnkerfið vann ekki án þessa réttar, enda hafa ákvæði um þetta staðið í stjórnarskrá síðan hún var sett 1874. Auk þess voru samgöngur erfiðar á landinu og sambandsleysi milli manna og landshluta. Þótt ástæður hafi þannig verið ærnar fyrir heimildarákvæði sem þessu voru engu að síður gerðar þær kröfur í stjórnarskránni að brýna nauðsyn þyrfti að bera til setningar brbl. Þær fórnir sem alþýða álfunnar færði til að sækja lýðréttindi sín í hendur valdastéttanna voru lagasmiðunum í fersku minni. Því var þá, fyrir rúmum 100 árum, áskilið að einungis í undantekningartilfellum, þ. e. þegar brýna nauðsyn bæri til, væri þjóðhöfðingjum og ríkisstjórnum leyfilegt að setja lög.

Ekki leikur minnsti vafi á því að ríkisstjórnir allra flokka hafa á síðari árum misnotað þennan rétt stórkostlega. Þær hafa böðlast áfram í brbl.- setningu og alls ekki virt hina gömlu varúðarreglu um brýna nauðsyn. Það er raunar komið svo að ríkisstjórnum virðist kærast að setja stórvirk lög um efnahagsmál í þinghléum eða milli þinga. Þannig eru þm. meinuð eðlileg skoðanaskipti um kosti og lesti laganna fyrr en eftir gildistöku þeirra þegar menn standa frammi fyrir þeim sem gerðum hlut. Nú gefst ríkisstjórnum tækifæri til að króa eigin þingflokka af í herbergjum sínum og beygja þá til fylgis án þess að frjáls og eðlileg skoðanamyndun með þátttöku stjórnarandstöðu fái að eiga sér stað. Þannig koma fundir þingflokka ríkisstjórna fyrir luktum dyrum í bakherbergjum í stað þinglegrar meðferðar.

Ýmsir hafa sagt þessu atferli til afsökunar að ríkisstjórnir gæti þess gjarnan að tryggja þingmeirihluta fyrir brbl. sínum. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi þótt mönnum þyki þingræður ekki hafa stórvægileg áhrif á afgreiðslu mála í þingi. Ber þó þess að gæta að opnar umr. þar að viðstöddum áheyrendum og fulltrúum fjölmiðlanna eiga að segja fólkinu í landinu hvernig pólitískar línur liggi í málum. Mikilvægur þáttur lýðræðis er upplýsing er tryggir að öll sjónarmið fái að koma fram í málinu og með því er tryggður réttur minni hlutans til þess að hafa áhrif. Um það snýst lýðræði. Meiri hlutinn þarf ekkert lýðræði til að ráða. Hann ræður hvort sem er í krafti styrks síns og yfirburðaaðstöðu. Þegar brbl. eru sett er þessi mikilvægi þáttur vanræktur.

Nýleg og augljós dæmi um misnotkun brbl.-heimildarinnar eru náttúrlega frá s. l. sumri þegar brbl. voru sett um alls kyns hluti, stóra og smáa, allt frá afnámi lýðréttinda til tollmeðferðar á gráfíkjum. Ef svo stór tilefni gefast að ástæða þykir til að bregðast við með lagasetningu er augljóst að tilefnið er einnig nægilega stórt til að þjóðkjörið Alþingi sé kallað saman. Slíkt er nú hægt að gera með örstuttum fyrirvara án nokkurs kostnaðarauka. Neyðarréttur stjórnvalda er hins vegar ávallt í gildi ef mjög bráða atburði ber að, t. d. styrjöld. Þannig hafa stjórnvöld ráðrúm til að bregðast við á nauðsynlegan hátt ef svo ólíklega vill til að Alþingi næst ekki saman nægilega fljótt. Það er því augljóst að brbl. eru hvorki siðferðilega réttlætanleg né nauðsynleg stjórnkerfisins vegna.

Í umr. sem urðu um brbl.-setningu á fyrstu dögum þingsins í haust svaraði hæstv. forsrh. gagnrýninni með því að telja upp fjölda brbl. yfir ákveðið tímabil og segja að hæstv. ríkisstj. væri ekki verri en aðrar. Það var undarlegt að heyra þar notuð til afsökunar fyrir brbl. í sumar nákvæmlega þau rök sem eru sterkust gegn brbl.-setningu, þ. e. að hin tíða brbl.-setning um smáa hluti og stóra sýnir að ríkisstj. er ekki treystandi til að fara með þetta vald. Því teljum við að þennan beiska kaleik skuli frá henni taka. Það er vont að hafa svona freistingar fyrir mönnum. Til þess eru freistingarnar að falla fyrir þeim og ýmsir góðir drengir hafa fallið í þær grafir að hagnýta sér þessi réttindi.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., hefur margtekið fram að að sínu mati hafi neyðarástand ríkt á Íslandi í vor og ríkisstj. því neytt neyðarréttar til að gera svo stórkostlega hluti eins og að afnema samningsrétt. Þá er mér spurn: Úr því að ástandið var svona slæmt, var þá ekki ástæða til að kveðja Alþingi saman, Alþingi sem var kosið eftir kosningabaráttu sem snerist að langmestu leyti um efnahagsmál? Það skiptir kannske ekki máli þótt þetta þing hafi verið kosið á grundvelli efnahagsmálaumræðu. Menn telja kannske að Alþingi hafi ekkert vit á efnahagsmálum. Þeir eru kannske sammála ritstjóra Tímans sem skrifaði í sumar með leyfi

forseta:

„Það gat verið álitamál hvort kalla ætti þing saman í sumar. Ýmis rök mæltu með og önnur ekki. Mikilvægust voru þau að ríkisstj. þyrfti tíma til að undirbúa frekari aðgerðir, t. d. varðandi fjármagnskostnaðinn, og myndi þinghald tefja þennan undirbúning. Betra væri líka að nokkur reynsla væri fengin af aðgerðunum áður en þingið fjallaði um þær. Þessi viðhorf réðu úrslitum.“

Mig langar til að endurtaka næstsíðustu setninguna: „Betra væri líka að nokkur reynsla væri fengin af aðgerðunum áður en þingið fjallaði um þær.“ Svo mörg voru þau orð. Alþingi hefur ekki vit á að fjalla um efnahagsmál. Þess vegna er betra að setja brbl. og leyfa þinginu síðan að skoða árangurinn. Þetta er eins og nokkurs konar tilraunastarfsemi í efnahagsmálum. Þetta eru dæmi um ógöngur sem bestu menn komast í þegar þeir þurfa að réttlæta misbeitingu brbl.-réttarins.

Í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá jan. 1983 er lögð til breyting á 28. gr. stjskr. um brbl. Í ljós kemur við lestur till. að þar er vald stjórnar til brbl.-setningar ekki þrengt samkvæmt tillögu nefndarinnar, heldur eru lagðar til breytingar á meðferð mála. T. d. er þar kveðið á um að efni brbl. skuli kynnt fyrir þingnefnd áður en lögin eru sett og að lögin skuli lögð fyrir þing í þingbyrjun. Þetta er út af fyrir sig til bóta. Hins vegar hefur þetta ekki áhrif á hinn andlýðræðislega skikk sem er fólginn í beitingu brbl. Fundir þingnefnda eru ekki fyrir opnum tjöldum, fólkið í landinu fær ekki að vera vitni að þeim skoðanaskiptum sem þar fara fram. Svo geta menn spurt sig eftir reynsluna frá síðasta sumri: Fyrir hvaða þingnefnd átti að leggja brbl. í sumar?

Tillaga stjórnarskrárnefndar er því tilraun til að mýkja svolítið þessa ósæmilegu aðferð en tekur hins vegar ekki á aðalvandanum, sem er sá að réttur skuli yfirleitt vera til setningar slíkra laga.

Með hliðsjón af þeim atriðum sem talin hafa verið upp hér að framan telja flm. þessa frv. tillögu stjórnarskrárnefndar algjörlega ófullnægjandi. Því er hér lagt til að þetta gamla úrelta ákvæði verði fellt úr stjórnarskrá lýðveldisins.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til hv. allshn. Ég hef lokið máli mínu.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þær till. sem þetta frv. til stjórnskipunarlaga gerir ráð fyrir, þ. e. annars vegar afnám þingrofsréttar forseta, í reynd forsrh., og hins vegar að heimild ríkisstj. til útgáfu brbl. milli þinga falli niður, hefur þegar hlotið mikla umfjöllun hjá Alþingi. Á s. l. vori urðu hér langar og ítarlegar umr. um þessi mál í tilefni af þá fram lögðum till. um breytingar á stjórnskipunarlögum, fram lögðu frv. um heildarendurskoðun stjskr. Vegna þess að þessi mál voru svo ítarlega rædd þá þykir mér ekki ástæða til að fara um þetta mörgum orðum, aðeins stuttlega drepa á nokkur aðalatriði.

Í fyrsta lagi skal það tekið fram að till. um afnám brbl.-heimildar ríkisstj. mun fyrst hafa verið lögð fram af fulltrúum Alþfl. í stjskrn. þegar stjskr. í heild var þar til endurskoðunar. Það var samkvæmt einróma samþykkt þingflokks Alþfl. Þeirri till. var síðan fylgt eftir hér við afgreiðslu á Alþingi. Sem kunnugt er varð ekki samkomulag um þessa tillögugerð innan stjskrn. né heldur á Alþingi, og eins og vísað hefur verið til þá er niðurstaða í stjskrn. sú að gera eins konar málamiðlun í þessu efni, þ. e. að ríkisstjórnir skyldu áfam hafa rétt sinn til þess að gefa út brbl., en sá réttur skyldi að nokkru takmarkaður — eða réttur Alþingis varðandi þá umfjöllun heldur aukinn — með því að brbl. skyldu kynnt fyrir þingnefnd, og í öðru lagi að brbl. skyldu lögð fyrir þegar í stað í upphafi þings.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það að sú till. sem hér liggur fyrir er sú hin sama till. og Alþfl.-menn hafa barist fyrir, að stíga skrefið til fulls og afnema þennan rétt með öllu. Það er því óhætt að lýsa yfir stuðningi okkar Alþfl.-manna við þessa till., enda er hún frá okkur komin.

Hitt atriðið, sem varðar þingrofsréttinn, kann frekar að orka tvímælis. Í umfjöllun stjskrn. varð niðurstaðan sú að færa þingrofsréttinn frá forsrh. til Alþingis. Í till. stjskrn. í því efni segir svo, með leyfi forseta:

„Forseti getur rofið Alþingi með samþykki þess og skal þá stofna til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því að þing var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að það var rofið. Alþm. haldi umboði sínu til kjördags.“

Þetta er sá texti sem stjskrn. náði samkomulagi um í stað hinnar gömlu 24. gr. stjskr. þar sem þingrofsheimildin var í reynd í höndum forsrh.

Til þess hefur verið vitnað að samkvæmt norsku stjskr. er þingrofsréttur enginn. Þinginu er þar lögð sú skylda á herðar að sjá landinu fyrir ríkisstj. og þingið heldur umboði sínu þann tíma sem kjörtímabilið varir, hvað svo sem í kann að skerast. Þessi hugmynd er út af fyrir sig athyglisverð en ég vil af þessu tilefni aðeins vekja athygli á einu atriði sem varð ágreiningsefni milli okkar og BJ í sambandi við endurskoðun stjskr.

Eins og menn minnast þá var kjarni málsins, meginatriðið í till. BJ á síðasta þingi að því er varðaði endurskoðun stjskr. að gera miklu róttækari kerfisbreytingu en í þessu felst. Hún var með öðrum orðum sú að breyta stjskr. á þann veg að æðsti handhafi framkvæmdavaldsins, forsrh., skyldi kosinn beinni kosningu millilíðalaust af þjóðinni. Jafnframt var ráð fyrir því gert að við þær kosningar skyldi atkvæðisréttur vera samkvæmt grundvallarreglunni einn maður/eitt atkvæði. Á hinn bóginn var síðan gert ráð fyrir óbreyttri skipan kosninga að því er varðaði löggjafarvaldið. M. ö. o., við kosningar til Alþingis skyldu kjósendur una því enn að misvægi atkvæðisréttar yrði þar viðhaldið.

Oft var til þess vitnað í þessum umr. að þetta væri að nokkru leyti samkvæmt fyrirmynd svokallaðs fransks kerfis. Nú var mjög rækilega á það bent í umr. hér á Alþingi á s. l. vori að þessar till. væru ekki í samræmi við þá stjórnskipan sem ríkir hjá Frökkum. Þar er aðalatriðið þetta: Í Frakklandi er æðsti handhafi framkvæmdavaldsins, forseti, kjörinn millilíðalaust beinum kosningum, en hann er kosinn samkvæmt nákvæmlega sömu kosningaaðferð eins og kosið er til löggjafarþingsins. Það er mjög þýðingarmikið atriði vegna þess að stjórnlagafræðinga hefur yfirleitt ekki greint á um það að helsta hættan í sambandi við hið franska fyrirkomulag væri sú, að til kynni að koma verulegur árekstur milli annars vegar löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins, sem gæti verið lamandi í stjórnarfari.

Nú er það svo að til þess að sjá við slíkum hugsanlegum árekstri framkvæmdavalds og löggjafarvalds ger-

ir franska stjskr. ráð fyrir tvennu. Í fyrsta lagi er þingrofsréttinum haldið. Þingrofsréttinum er þar haldið einfaldlega vegna þess að kerfið býður upp á það ástand að til komi algjör árekstur milli handhafa framkvæmdavaldsins og meiri hluta þings, og þá er ráð fyrir því gert að forseti geti gripið til þess að rjúfa þing. Þessi réttur framkvæmdavaldsins er enn áréttaður með 16. gr. frönsku stjskr. sem heimilar forseta að taka sér alræðisvald við vissar kringumstæður og senda þing heim.

Ég nefni þetta hér vegna þess að þó þm. BJ hafi a. m. k. ekki enn á þessu þingi flutt upphaflegar till. sínar, sem var meginefnið í kosningabaráttu þeirra fyrir seinustu kosningar, þá veit ég ekki til að þeir hafi fallið frá því. Ef skoða ber till. um afnám þingrofsréttar í ljósi þess að BJ hyggist flytja áfram till. um að kosið skuli með gjörólíkum hætti til þings og framkvæmdavalds, þá skiptir það miklu máli hvort BJ heldur í því samhengi fast við hugmyndina um afnám þingrofsréttar eða ekki. M. ö. o., ég teldi óhyggilegt, ef menn aðhyllast slíkt kerfi, að afnema þingrofsréttinn. Beinlínis varasamt. Hitt er annað mál, að ef við göngum út frá því sem gefnu að í stórum dráttum búum við áfram við þingræði af því tagi sem við höfum búið við lengi, þá gegnir allt öðru máli um afstöðu manna til þingrofsréttar. Þá er vissulega hægt að rökræða það og vissulega sjónarmið bæði með og móti, hvort skynsamlegt væri að fara þarna að ráðum Norðmanna. En eins og ég hef sagt, ef um væri að ræða róttækari breytingu í líkingu við þær till. sem BJ setti fram á s. l. vori, þá teldi ég varasamt að fylgja þeim eftir með afnámi þingrofsréttar.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka umfjöllun og ábendingar frá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni. Þessi tvö mál í frv. eru flutt saman vegna þess að þau fjalla bæði um skylda hluti, sem sé að koma í veg fyrir íhlutun framkvæmdavalds um störf Alþingis.

Varðandi spurningar um beint kjör forsrh. þá hefur BJ nú um sinn unnið að undirbúningi frv. til breytinga á stjórnskipunarlögum um beint kjör forsrh. Á síðasta þingi var flutt um það þáltill. en við hyggjumst nú ganga þarna skrefi lengra og bera fram fullbúið frv. til stjórnarskipunarlaga um fyrirkomulag slíkra kosninga og fyrirkomulag slíks stjórnarfars. Við teljum að þrátt fyrir það sem hv. þm. lýsti um aðstæður í Frakklandi þá eigi afnám þingrofsréttar að gilda við þær aðstæður sem við leggjum til. Franska stjórnarskráin eins og hún er núna ber að ýmsu leyti merki þeirra aðstæðna sem ríktu í Frakklandi þegar hún er skrifuð og þeirra sem ráku fyrir henni harðastan áróður og beittu sér mest fyrir henni. Ég held að þrátt fyrir það að forsetinn í Frakklandi hafi rétt til þingrofs þá þurfi ekki endilega þau rök sem það réttlæta að gilda í okkar tilfelli.

Við leggjum hins vegar mjög mikla áherslu á að ef til ágreinings eða illleysanlegra árekstra komi milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds þá verði leyst úr þeim málum á þann lýðræðislega hátt sem við þekkjum, með málskoti til þjóðarinnar í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu, án þess að til nýrra kosninga þurfi að koma, þar sem ágreiningsmálið sé flutt til fólksins sjálfs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Lokunartími sölubúða, frv. 34. mál (þskj. 34). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um afnám laga um samþykktir um lokunartíma sölubúða. Þetta frv. hefur áður verið til umfjöllunar á Alþingi. Á 104. löggjafarþingi var það flutt fyrsta sinni af þm. Vilmundi Gylfasyni, Guðrúnu Helgadóttur og Árna Gunnarssyni og á 105. löggjafarþingi var það enn flutt og flm. voru þá hinir sömu, en auk þess aðrir þm. Alþfl. í Nd. Það var fellt við 2. umr. í mars s. l.

Það hafa orðið miklar umr. í þjóðfélaginu um lokunartíma sölubúða á síðustu vikum og flm. hafa talið rétt að freista þess enn að fá samþykki Alþingis fyrir því að lögin um lokunartíma sölubúða verði felld úr gildi svo að samtök kaupmanna og starfsmanna í verslunum fái að veita neytendum þá þjónustu sem best hentar þeim hverju sinni án afskipta stjórnvalda.

Þau lög sem hér um ræðir hafa verið í gildi síðan 1936. Það er mismunandi hvernig einstakar sveitarstjórnir hafa nýtt þessar lagaheimildir. En samfélagið hefur vitaskuld tekið miklum breytingum síðan 1936. Í fyrsta lagi verður að gera ráð fyrir að verkalýðsfélögin hafi styrkst og séu nú betur í stakk búin til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna, t. d. gegn óhóflegu vinnuálagi. Þegar af þeirri ástæðu er lagavernd til handa verslunarfólki ekki nauðsynleg í sama skilningi og var 1936. Í öðru lagi hafa hagir heimilanna og hagsmunir neytenda breyst mjög mikið. Það er regla frekar en undantekning að bæði hjón starfi utan heimilis, en þessu var í raun þveröfugt farið þegar lög þessi voru sett á sínum tíma. Þetta þýðir að heimilin hafa tæpast tækifæri til að versla með eðlilegum hætti nema utan hins venjulega vinnutíma. En þær reglur sem hér hafa verið í gildi hafa í raun ætlast til þess að menn svikjust um í vinnunni til að fara í verslanir.

Aðstæður allra eru því gjörbreyttar frá því sem var fyrir nærfellt 50 árum, þegar þessi lög eru sett. Stórmarkaðir hafa risið upp, verslunarhættir eru að því leyti gjörbreyttir í hinum stærri sveitarfélögum og smærri kaupmenn hafa að ýmsu leyti átt í vök að verjast á undanförnum árum. Stórmarkaðirnir veita auðvitað mjög mörgum mikla þjónustu, þó að kaupmennirnir á horninu veiti mikilvæga þjónustu í einstökum íbúðahverfum. Það er álit flm. nú, eins og þegar þetta frv. var áður flutt, að ef meira frjálsræði sé fyrir hendi sé líklegt að hinir smærri kaupmenn hafi í rauninni betri og jafnari samkeppnisaðstöðu en við núverandi aðstæður.

Það hefur stundum verið tilgreint að starfsfólk í verslunum búi við léleg kjör, og það er vissulega svo. Sumir segja að strangar reglur um lokunartímann séu til að vernda hagsmuni þessa fólks, m. a. að vernda það gegn óhóflegum vinnutíma. Sjálfsagt var mikið til í þessu þegar lögin voru sett, en það er ekki ástæða til að ætla að þessarar verndar sé þörf núna né heldur að gengið yrði á hagsmuni þessa fólks þótt frjálsræði yrði upp tekið að því er lokunartímann varðar. Við þekkjum það að á undanförnum mánuðum hafa þessi mál verið til umfjöllunar í ýmsum sveitarstjórnum og þar hafa verið gerðar samþykktir, t. d. í Reykjavíkurborg, um

breytingar í frjálsræðisátt. En efni þessa frv. er hins vegar fyrst og fremst að afnema þau lög sem hér um ræðir og þessar reglugerðir byggjast á, taka þennan beiska kaleik frá sveitarstjórnunum, sem hafa átt erfitt með að ráða fram úr þessum málum, og ætla hagsmunasamtökunum, kaupmönnum og þeim sem að verslunum standa, að semja um með hvaða hætti verslunartíminn yrði ákveðinn.

Ég legg til fyrir hönd flm. að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. 35. mál (þskj. 35). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér er endurflutt frv. sem flutt var áður á 103. löggjafarþingi af hv. þáv. þm. og núv. ambassador Benedikt Gröndal. Það hlaut ekki afgreiðslu á því þingi, en hins vegar held ég að óhætt sé að segja að það hafi hlotið mjög góðar undirtektir.

Í þessu frv. eru þrjú atriði sérstaklega tekin til meðferðar. Ástæðan er sú, að þessir þættir þingmála hafa vaxið mjög mikið á undanförnum árum. En áður en á það er bent er kannske rétt að vekja athygli á því sem ekki er í þessu frv. Það eru ekki gerðar neinar till. um breytingar á meðferð á frv. til laga. Þar mundi málfrelsi, ef menn vilja orða það svo, vera nákvæmlega eins og verið hefur. Og það eru ekki heldur lagðar til neinar breytingar á ákvæðum um skýrslur ráðh., sem hafa gegnt hér vaxandi hlutverki á undanförnum árum. Þær hafa í rauninni gefið tækifæri til þess að fjalla um málin með nýjum hætti, miðað við það sem áður tíðkaðist, og með ítarlegri hætti en áður.

En þau atriði sem hér er gert ráð fyrir að breyta eru þessi þrjú.

Það er fjallað í fyrsta lagi um till. til þál. Þeim er samkvæmt þessu lagafrv. skipt í tvo flokka. Í fyrri flokknum eru þær þál. sem fjalla um stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana, t. d. vegáætlunar. Varðandi þessar tegundir þáltill. er gert ráð fyrir sömu meðferð og nú, þ. e. tveimur umr. og nær ótakmörkuðum ræðutíma, en um allar aðrar þáltill. fari einungis fram ein umr. Við þá umr. fái flm. 10 mínútur til framsögu, en að framsögunni lokinni verði till. vísað til n. án frekari umr. Þegar n. hefur afgreitt þessa þáltill. fari hin eiginlega umr. fram og þá fái frsm. n. og flm. fimm mínútur, en síðan sé ræðutími almennt takmarkaður við þrjár mínútur. Jafnframt er gert ráð fyrir að þáltill. verði aðeins leyfðar í Sþ. Það er auðvitað ljóst að með þessum hætti mundi sá heildartími sem þær taka styttast mjög verulega. Þetta var um meðferð á þáltill.

Annar þátturinn varðar afgreiðslu fsp. Það er samkvæmt þessu frv. gerð till. um að sú breyting verði gerð, að einungis fyrirspyrjandi og ráðh. sá sem svarar taki til máls. Við þetta styttist vitaskuld sá tími sem þarf til afgreiðslu á hverri fsp. og aðrar fsp. ættu að komast að þeim mun fyrr og fsp. almennt. Það er óvíst að tími til fsp. í heild styttist, en fleiri fsp. yrði væntanlega svarað.

Þriðji þátturinn varðar umr. utan dagskrár. Í núverandi þingsköpum eru engin ákvæði um umr. utan dagskrár. Hér er gerð till. um að sett verði ákvæði í þingsköp um umr. utan dagskrár, en þær eru veigamikill og vitaskuld nauðsynlegur þáttur þingstarfa. Það er gert ráð fyrir að slíkar umr. fari aðeins fram í Sþ. Röksemdin fyrir því er sú, að það geti tæpast talist eðlilegt að önnur deildin ein ræði aðkallandi mál, sem ekki þoli bið, en þau geti ekki talist aðkallandi í hinni deildinni. Þá er ennfremur lagt til að settar verði hömlur á ræðutíma svo að slíkar umr. fari ekki úr böndum eða ryðji öðrum þingstörfum frá.

Í framsöguræðu með þessu frv., þegar það var flutt áður af hv. þáv. þm. Benedikt Gröndal, gat hann þess að fjöldi þáltill. hefði vaxið mjög ört. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa fáeinar setningar um framsöguræðu hans. Hann segir í framsöguræðu sinni á 103. löggjafarþingi:

„Það er fyrst á nokkrum síðustu áratugum sem till. til þál. hafa orðið svo margar sem raun ber vitni nú á okkar dögum og við þekkjum vel af störfum þingsins. Áður fyrr voru slíkar till. sjaldgæfar og yfirleitt fluttar í deildum. Ég get nefnt það sem dæmi, að 1925 voru fluttar 23 þáltill., 1928 35, 1950 eru þær komnar upp í 54, 1960 orðnar 73 og 1976 eru þáltill. 88. Það sem af er þessu þingi er búið að flytja 60 þáltill."

Þessi ræða er haldin hinn 4. febrúar, og ef ég man rétt, herra forseti, urðu þáltill. um 100 talsins á undanförnum þingum. Af þessu geta menn vitaskuld séð að þáltill. hafa tekið upp sífellt stærri hluta í störfum þingsins og eiginlega verið að eyða tímanum sem á að fara í að fjalla um lagafrv., en það á að vera meginverkefni þingsins.

Hitt er ljóst, að þáltill. gegna mjög mikilvægu hlutverki. En það er líka ljóst, að þær þáltill. sem til umfjöllunar eru hér eru í sannleika af tvennum toga. Af þessu tilefni og að því er varðar fyrri flokkinn, sem fjallar um stjórnskipunarmál, utanríkismál og staðfestingu á framkvæmdaáætlunum og annað slíkt, vil ég líka rifja upp hluta úr ræðu hv. þm. Benedikts Gröndals þar sem hann bendir á nokkur atriði sem hafi einmitt verið fjallað um með þáltill. og hafi verið veigamikil stefnumörkun í fólgin. Ég vil þá vitna til þess hluta ræðunnar aftur, með leyfi hæstv. forseta, en Benedikt sagði í þessari ræðu:

„Margar stærstu ákvarðanir, sem við tókum einhliða í sjálfstæðisbaráttunni, tókum við með þáltill., t. d. þegar við fluttum konungsvaldið inn í landið í byrjun ófriðarins eða þegar við sögðum upp sambandssáttmálanum við Dani. Flestar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum, staðfestingar á samningum, eins og inngöngu í Atlanshafsbandalagið, sem menn muna, og till. sem sýndu samstöðu okkar allra í landhelgismálinu, þetta er gert með þáltill. Vissar framkvæmdir, eins og t. d. vegaáætlun eða gróðuráætlunin frá 1974, eru staðfestar með þáltill. Till. af þessu tagi fela í sér ákvörðun sem er hafin yfir allan efa, bæði lögleg og gild, hvað sem fróðir menn annars segja um þáltill."

Það er m. a. með hliðsjón af þessu sem þáltill. er skipt upp í tvo flokka og þeim þáltill. sem eru af þessu tagi gert mun hærra undir höfði. Aðrar þáltill., og langstærstur hluti þeirra sem fluttur er á Alþingi, eru fluttar til að vekja athygli á ákveðnum málum eða jafnvel til þess að vekja athygli á flm. sjálfum. Þær eru

auðvitað af allt öðrum toga. Það eru mál sem flm. telur ekki tímabært að setja í lagaform eða hann hefur ekki aðstöðu til eða þá sem hentar ekki að setja í lagaform. Það að vekja athygli á málum er auðvitað gott og gilt og ágætur tilgangur og nauðsynlegt að möguleiki sé á því, en það á ekki að gera jafnmiklar kröfur til þáltill. af slíku tagi, og með því að veita þm. þann mikla rétt sem felst í því að flytja þáltill. af slíku tagi ætti líka að vera viðunandi að sá tími sem fer í umfjöllun um slíkar þáltill. sé verulega styttur og störf þingsins verði þess vegna drýgri.

Það má ætla að ef þetta yrði að lögum mundi stór hluti, kannske 2/3 hlutar eða meira, af öllum þáltill. taka eins og 10 mín. af störfum Alþingis, þ. e. aðeins þær 10 mín. sem tæki að mæla fyrir þeim. Þær kæmu þá aldrei til frekari umfjöllunar nema ef þingnefnd hefði afgreitt þær.

Varðandi fsp.-formið er það að segja, að 2. gr. þessa lagafrv. fjallar um það. Það er líka svo að fsp. voru ekki margar hér áður fyrr, fyrst eftir að þær komu í þingsköpin. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp úr ræðu Benedikts Gröndals á sínum tíma örfáar línur um það, en þær eru þessar:

„En fsp. voru fáar langt fram eftir árum. Árið 1925 eru þær fjórar, 1928 eru þær fjórar. Árið 1934, sem var mikið annaþing, fann ég aðeins eina í þingtíðindum. Árið 1950 eru þær ekki nema átta, 1960 ekki nema tíu, og 1961 ellefu.

En svo kemur stökk. Árið 1976 eru fsp. allt í einu komnar upp í 54. Og það sem af er þessu þingi — til s. l. laugardags — " en ræðan er flutt 4. febrúar, „voru komnar fram 60 fsp. Og þá sýndist mér að þriðjungi þeirra væri ósvarað."

Það er einmitt þetta sem mér hefur þótt einkenna mjög þingstörf seinustu árin einkanlega — ég skal ekki taka þetta þing, en seinustu tvö þing a. m. k. — og það er sá óheyrilegi dráttur sem varð á svörum við fsp. Það hefur tekist betur til á þessu þingi, en fjöldi fsp. er áreiðanlega ekki minni á þessu þingi en áður. En með *því að taka þann tíma sem fer í umfjöllun um fsp. má* vitaskuld gefa meira rými, þá ættu fleiri fsp. að komast að og fleiri fsp. að verða svarað.

Það er augljóst að fsp.-formið er mjög nauðsynlegt fyrir þingið. Það er eiginlega eitt besta form sem þingið hefur til þess að fylgjast með framkvæmdavaldinu og veita framkvæmdavaldinu aðhald. Það er ekki fyrr en á seinni árum sem farið er að halda sérstaka fundi um fsp., en nú upplifum við það að umr. um fsp. eru einn dag vikunnar og stundum standa þær nokkuð lengi þann daginn, en stundum ekki nema skamma hríð. Með þessu móti hefur ekki tekist, a. m. k. ekki á undanförnum árum, að afgreiða nema hluta af þeim fsp. sem fram hafa komið.

Þær fsp. sem hafa verið til umfjöllunar hér hafa oft gefið tilefni til eldhúsumr., en það er náttúrlega ekki hægt að gera ráð fyrir að það geti komist að margar fsp., svo unnt sé að svara þeim, ef menn vilja hafa eldhúsumr. af því tagi um fsp. Til að ráða fram úr þessu er gerð till. um að menn fórni þeim rétti til eldhúss sem hefur verið fólgin í fsp., en hefur þó verið takmarkaður með því að takmarka ræðutíma hvers ræðumanns, en fylgi þeirri reglu að það sé fyrirspyrjandi einn og ráðh. sem fjalli um fsp.

Þá er rétt að taka fyrir þriðja þáttinn, sem eru umr. utan dagskrár. Og ég vil líka vitna í framsöguræðuna með frv. þegar það var fyrst flutt, en í þeirri ræðu var þannig um þetta fjallað:

„Þá kem ég að lokum að því er við köllum umr. „utan dagskrár" sem er dálítið óheppilegt orðalag, vegna þess að venjulega telja menn að fundur hefjist um leið og hann er settur. Hér þarf forseti að setja fund, afgreiða fundargerð, lesa upp framlögð skjöl og tilkynningar um fjarvistir og annað. Þá fyrst segir hann: Nú verður gengið til dagskrár.

Þannig er þetta tilkomið. Þegar hann gefur mönnum orðið áður en gengið er til prentaðrar dagskrár, þá eru það umr. „utan dagskrár".

Þessar umr. gegna miklu hlutverki. Þær voru áður fyrr *afar sjaldgæfar*, aðeins *einu sinni 1925*, aldrei 1928, níu sinnum 1934, einu sinni 1950, sjö sinnum 1960 og sex sinnum 1961.

Það eru ekki komin út heftin fyrir allra síðustu árin, heldur Benedikt áfram, „en við vitum af eigin reynslu hvað þetta er orðið miklu algengara nú. Það verður að bæta því við, að hér áður fyrr tóku menn til máls utan dagskrár svo til eingöngu til að ræða um vinnubrögð í þinginu. Menn ráku á eftir eigin till., eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði í gær eða fyrradag, en urðu fljótt úr því umr. um hrúta í Húnavatnssýslu og fleiri göfug umtalsefni. En áður fyrr var þetta nálega eingöngu um innanþingsmál. Þó voru til mikilvægar undantekningar, og eitt frægasta atvikið, sem gerst hefur í þessum sal, var utan dagskrár. Það var þegar Tryggvi Þórhallsson strunsaði hér inn 1931, Ásgeir Ásgeirsson gaf honum orðið utan dagskrár, og hann rauf þingið.

Kom það öllum á óvart og ætlaði allt vitlaust að verða. Þetta gerðist utan dagskrár og er gott dæmi um það, að slíkt form þarf að vera til." Segir í grg.

Það mun ljóst vera að form að því tagi sem hér um ræðir, þ. e. möguleikinn til að taka til máls utan dagskrár eða fjalla réttara sagt um brýn viðfangsefni sem ekki þola bið, mun vera til í öllum þjóðþingum. Í breska þinginu, en þeir Bretar eru sérvitrir og gamaldags, *líta þeir svo á að það þurfi að flytja till. um að slíta* fundi. Þeir telja till. um að slíta fundi svo víðtæka að um hana megi ræða allt milli himins og jarðar. Það er þeirra form á að taka til máls með þeim hætti sem við gerum hér þegar við tökum til máls utan dagskrár.

En hér eru engin ákvæði í þingsköpum um umr. utan dagskrár. Þær eru algerlega á valdi forseta. Og það er auðvitað margt sem veldur því að erfitt er fyrir forseta að hafa hömlur á slíkum umr. Þær hafa oft orðið til þess að ryðja algerlega burt þeim verkefnum sem Alþingi átti að öðrum kosti að vera að fást við þann daginn. Þess vegna er hér fjallað sérstaklega um þetta og gerð tilraun til að setja fram lagagrein sem setji einhverja fasta reglu um hvenær og hvernig skuli með fara varðandi umr. utan dagskrár.

Það sem fyrst kemur þá til umfjöllunar er að setja einhverjar reglur um hvað slíkar umr. geti fjallað og í annan stað að það skuli þá vera lagt *í vald* forseta að heimila eða synja ósk um slíka umr. En það sem er vegvísir í þessum efnum mundi þá hér, eins og hjá öðrum þjóðþingum, vera að um aðkallandi mál væri að ræða, sem ekki þolir bið. Það er gert ráð fyrir að umr. sé utan dagskrár, en líka að ef forseti telji rétt geti hann rofið dagskrá einhvern tíma dags eða kvölds og leyft slíkar umr., sem er reyndar háttur sem upp hefur verið

tekinn í vaxandi mæli á undanförnum 1—2 árum.

Jafnframt eru ákvæði sem eru samhljóða því sem hér er tíðkað eða í samræmi við hefð um að óska eftir slíkum umr. við forseta og þá tiltekið í þessu frv. að það sé ekki síðar en kl. 11 sama dag og ef málið snertir ráðh. eigi ráðh. að fá um það að vita ekki seinna en kl. 12.

Síðasta atriðið, sem ætti að verða til að hindra að umr. utan dagskrár flæði út um allt, er að takmarka tímann í þeim umr. og þá þannig að frsm. og ráðh. fái 10 mínútur hvor í fyrra skiptið og í síðara skiptið fái þeir 5 mínútur hvor, en síðan geti allir þm. tekið til máls og talað þá 3 mínútur hver tvisvar sinnum. Það er auðvitað bundið skilyrði í þessu eins og annars staðar og í samræmi við önnur ákvæði í þingsköpum, að forseti geti engu að síður heimilað mönnum að gera aths. til viðbótar. Það verður að vera á hans valdi. Jafnframt er þá það, sem ég benti á áður, að umr. utan dagskrár séu ekki heimilar í deildum. Það þýðir vitaskuld að út falla þeir fundadagar þegar deildafundir eru sem mögulegir dagar undir umr. utan dagskrár.

Þessi eru þá meginatriði frv. Eins og ég gat um og hefur komið fram hér í ræðu minni var það áður flutt á 103. löggjafarþingi og hlaut þá mjög jákvæðar undirtektir, eins og þm. geta kynnt sér með því að fara í þingtíðindi, en það skal tekið fram nú, eins og þegar frv. var flutt hinu fyrsta sinni, að það er auðvitað ekkert fast í hendi um þær tímasetningar sem þarna eru settar fram, 3 mínútur, 10 mínútur, 5 mínútur, vitanlega má öllu því hnika til, heldur er fyrst og fremst hugmyndin að Alþingi fjalli sérstaklega um þessa þrjá þætti í störfum sínum og finni leiðir til að gera þá þætti markvissari, getum við sagt, koma betri skipan á þau mál.

Herra forseti. Ég legg svo til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þetta mál vegna þess að það er mikið búið að vera til umr. hér frammi meðal þm. hvað einstakir þm. taka langan ræðutíma og tefja með því störf þingsins, þó ekki sé nema til að mæla fyrir einu máli eða svo. Ég hef að vísu ekki mikla reynslu hér af þingstörfum, en það sem af er þingi hefur mér hreinlega stundum fundist alveg óþolandi hvað langur tími fer í málflutning einstakra ræðumanna.

Í öðru lagi kvaddi ég mér hljóðs vegna þessa frv. Hér er talað um að þegar þáltill. er flutt og ef hún fjalli um stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana, þá skuli fara fram um hana tvær umr. og ræðutími sé ótakmarkaður. Mig langar aðeins að benda á það sem ég heyrði um daginn og sel það ekki dýrara en ég keypti það, að við hæstarétt Bandaríkjanna fái flm. mála, stórra og mikilla mála, aðeins 10 mínútur og þeir verði bara að gera svo vel að ljúka máli sínu á þeim tíma. Ég held að það væri nær að við reyndum að koma máli okkar frá okkur á sem stystum tíma og læra að draga saman í sem fæst orð það sem við ætlum að segja, þannig að það skiljist jafnvel á stuttum tíma eins og ef hann væri aðeins lengri.

Ég er ansi hrædd um að það séu ekki margir sem skilji hvort eð er það sem er verið að tala um hér í klukkutíma, jafnvel 1½ til 2, þegar allflestir eru hvort eð er farnir úr salnum. Það situr enginn hér undir 1½—2 tíma ræðustagli.

Í sambandi við fyrirspurnirnar er ég hins vegar ekki sammála því að það eigi að meina öðrum þm. og ráðherrum að taka til máls en þeim sem bera upp fsp., vegna þess að fsp.-forminu er ætlað, eftir því sem ég kemst næst, að veita aðhald framkvæmdavaldinu og mér finnst að það geti vel komið til greina að fleiri megi taka til máls, en bara að takmarka ræðutímann enn meir, t. d. 2 mínútur á hvern einstakan, eins og nú er um aðra en fyrirspyrjandann.

Þá eru það utandagskrárumræður sem mig langar til að tala um líka í sambandi við þetta, vegna þess að mér finnst vanta í þetta. Hv. flm. talaði um að þetta væri einungis till. um hvernig þetta gæti litið út. Ég held að það væri þá kannske ekki úr vegi að rætt væri nánar um það hvort utandagskrárumræður gætu ekki alveg eins farið fram eftir að dagskrá lýkur, þ. e. eftir kl. 4, vegna þess að það mál sem er aðkallandi og brýnt kl. 2 að taka til umr. utan dagskrár ætti ekki síður að vera aðkallandi og brýnt kl. 4. En það hefði þann kost, að ef það væri tekið fyrir kl. 4, að þá vissu allir af því kl. 2 að það ætti að taka málið upp kl. 4. Segjum sem svo að fólk hefði áhuga á því að afla sér upplýsinga um eitthvað varðandi þetta mál. Þá gæti það haft tækifæri til þess í millitíðinni.

Ég ætla þá ekki að taka meiri ræðutíma í bili.

Umr. frestað.

Efnisskrá.

Afnám laga um álag á ferðagjaldeyri 1193.
Afvopnun og takmörkun vígbúnaðar 1241.
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn 1181.
Áburðarverksmiðja ríkisins 1225.
Áfengislög 1184.
Búrekstur með tilliti til landkosta 1240.
Byggingarframkvæmdir Seðlabanka Íslands 1193.
Eftirlit og mat á ferskum fiski 1221.
Fiskveiðasjóður 1194.
Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum 1181.
Framsal sakamanna 1275.
Frestun greiðslna vegna verðtryggðra íbúðalána 1182.
Húsnæðismál námsmanna 1240.
Húsnæðisstofnun ríkisins 1285.
Innheimta og ráðstöfun kjarnfóðurgjalds 1217.
Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs 1193.
Jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla 1241.
Kosning varamanns í bankaráð Búnaðarbankans 1217.
Lagahreinsun og samræming gildandi laga 1241.
Lífeyrissjóður bænda 1188.
Lokunartími sölubúða 1292.
Lögrétta og endurbætur í dómsmálum 1236.
Lögræðislög 1184.
Niðurfelling stimpilgjalda af íbúðalánum 1193.
Norræni fjárfestingabankinn 1277.
Ríkismat sjávarafurða 1193.
Skattheimta sveitarfélaga 1229.
Staðfesting Flórens-sáttmála 1240.
Stefna í flugmálum 1241.
Stjórnarskipunarlög 1286.
Sveitarstjórnarkosningar 1277.
Tollskrá o. fl. 1193.
Umræður utan dagskrár 1253 (sjávarútvegsmál).
Verslunaratvinna 1194.
Þingsköp Alþingis 1293.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1255.
Félmrh. Alexander Stefánsson 1230, 1234, 1277, 1280, 1285.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 1188, 1190, 1192, 1213.
Landbrh. Jón Helgason 1184, 1185, 1191, 1219, 1226, 1228, 1237, 1275.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1222, 1225, 1256, 1272.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 1252.
Viðskrh. Matthías Á. Mathiesen 1182, 1183.
Árni Gunnarsson 1190, 1191, 1192.
Árni Johnsen 1271.
Birgir Ísl. Gunnarsson 1241, 1251.
Eiður Guðnason 1190, 1277.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1181, 1261.
Friðjón Þórðarson 1239.
Friðrik Sophusson 1204.
Garðar Sigurðsson 1265, 1279.
Guðmundur Einarsson 1228, 1286, 1291.
Gunnar G. Schram 1236, 1239, 1246.
Helgi Seljan 1183, 1186, 1189.
Hjörleifur Guttormsson 1283.
Jóhanna Sigurðardóttir 1229, 1233, 1235.
Jón Baldvin Hannibalsson 1208, 1289.
Karvel Pálmason 1281.
Kjartan Jóhannsson 1292, 1293.
Kristín S. Kvaran 1225, 1228, 1297.
Kristófer Már Kristinsson 1181.
Magnús Reynir Guðmundsson 1269.
Ólafur Ragnar Grímsson 1215, 1253, 1258.
Ólafur Þ. Þórðarson 1280.
Pálmi Jónsson 1282.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1246.
Skúli Alexandersson 1221, 1224.
Stefán Benediktsson 1217, 1220.
Stefán Valgeirsson 1284.
Svavar Gestsson 1194, 1234, 1285.
Þorsteinn Pálsson 1264.
Þórður Skúlason 1232.

Efri deild, 24. fundur.

Mánudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Norræni fjárfestingabankinn, frv. 45. mál (þskj. 48). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 169).

Kosningar til Alþingis, frv. 31. mál (þskj. 31, n. 156). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Það frv. sem hér lá fyrir n. fjallar um hluti sem þegar eru gerðir og var viss varúðarráðstöfun á sínum tíma ef tíðarfar hamlaði kjörsókn þegar kosningar færu fram.

Nefndin varð sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt og þarf ekki fleiri orð þar um.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Launamál, frv. 11. mál (þskj. 126, n. 153, 154 og 157, 155). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. Á fund hennar komu fulltrúar sveina í byggingariðnaði. Það varð ekki samkomulag í n. um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd., en minni hl. n. gera grein fyrir sérálitum sínum.

Ég held að ástæða sé til þess, þegar fjallað er um þetta mál áfram, að gera sér glögga grein fyrir því hvers vegna brbl. um launamál voru sett á sínum tíma og hvaða nauðsyn bar til þess. Þá er auðvitað nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvernig ástatt var í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar þegar brbl. voru sett snemma á s. l. vori.

Íslendingar höfðu lifað við 10—12% verðbólgu að meðaltali á árunum frá 1950—1973, að ég ætla. Árin 1972 og 1973 fór verðbólga vaxandi, en þó sérstaklega eftir olíuverðsprenginguna í árslok 1973 og kjarasamningana 1974. Þá hækkaði verðbólga verulega og hefur verið gífurlega mikil allar götur síðan, en misjafnlega mikil eins og kunnugt er, fór líklega í um 50% á árunum 1974 og 1975 og svo niður í 26% 1977. Þá voru gerðir nýir kjarasamningar, sem voru gjörsamlega óraunhæfir miðað við staðreyndir efnahagslífsins eins og þá var og hlutu að leiða til verðsprenginga eins og raunin varð á, og verðbólga hélt áfram að hækka í 60%. Það voru gerðar ráðstafanir af og til til að hamla gegn verðbólgu og náðist svolítill árangur öðru hvoru. Síðan kom önnur olíuverðsprengingin 1979, sem hafði áfram þau áhrif að verðbólga ekki aðeins stóð í stað heldur fór vaxandi. Mig minnir að verðbólgan hafi farið rétt niður fyrir 40% hluta úr árinu 1982, en fór svo aftur hækkandi síðari hluta ársins og úr því.

Í fyrravetur var þannig ástatt í þjóðmálum, að hér á hv. Alþingi voru menn fyrst og fremst að huga að kjördæmamálum og stjórnarskrárbreytingu og það var tiltölulega lítill tími til að fjalla um efnahagsmálin, enda ekki samkomulag um róttækar aðgerðir í þeim málum. Niðurstaðan varð svo sú, og til þess liggja ýmsar fleiri ástæður en pólitískar, það voru efnahagslegar ástæður einnig, að um það leyti sem þessi lög voru sett var verðbólga í landinu komin yfir 100% og jafnvel hafa verið nefndar tölur 120—130%. Ef ekkert hefði verið að gert var alveg ljóst að verðbólga hefði farið hér upp úr öllu valdi á þessu ári. Hve hátt skal ég ekkert um segja, en maður hefur heyrt nefndar tölur eins og 150—160%. Þannig er alveg ljóst að efnahagsmál þjóðarinnar voru gersamlega komin úr böndunum á s. l. vori og þó raunar miklu fyrr. Og ef ekki hefði verið gripið inn í þessa þróun mála í sumar hefðu fyrirtæki áreiðanlega stöðvast, það hefði orðið rekstrarstöðvun hjá mörgum fyrirtækjum í landinu, sjálfsagt tugum eða hundruðum, sem hefði leitt af sér stórkostlegt atvinnuleysi og sjálfsagt versnandi lífskjör í talsvert miklum mæli. Það má því segja að í raun og veru hafi ástæðurnar fyrir setningu brbl. verið þær að forða varð ástandi sem var stórhættulegt fyrir atvinnu- og efnahagslíf þjóðarinnar.

Það mætti auðvitað setja á langa ræðu um verðbólgumál. Ég hef haldið margar verðbólguræður með litlum árangri. Ég held að menn séu yfirleitt sammála um það, hvar sem menn eru í flokki, að verðbólga er fyrirbrigði sem er hættulegt. Við höfum getað lifað af þetta verðbólgutímabil með ýmsum hætti. Fyrst reyndum við að gera það með því að setja vísitölu á alla skapaða hluti í okkar hagkerfi. Vísitölukerfið var í raun og veru alltaf að breiðast út. Það náði ekki aðeins til launa. Það náði til vaxta, það náði til allra skapaðra hluta og í raun og veru gekk allt kerfið fyrir vísitölu, það hefur orðið þannig, þeirri vísitölu sem við höfum búið við fram að þessu um langa hríð. Ég hef aldrei komist í meiri vanda en þurfa að svara þeirri spurningu útlendinga hvernig við Íslendingar færum að þessu, hvernig við færum að því að lifa við 40—60% verðbólgu árum saman án þess að lífskjörum hrakaði mikið og hvernig á því stæði að verðbólgan væri svona mikil. Ég geri ráð fyrir að það séu fleiri en ein ástæða fyrir því, en ég er ekki í nokkrum vafa um að einnar aðalástæðunnar fyrir verðbólgu hér er að leita í okkar kerfi og fyrst og fremst í okkar vísitölukerfi. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Ég er ekki fyrsti stjórnmálamaðurinn sem lýsir því yfir. Það hafa fjöldamargir menn gert úr öllum flokkum. Það kom meira að segja fram hér í umr. um daginn, minnir mig, frá hv. þm. Helga Seljan að hann hefði talið nauðsyn á því að gera breytingar á því vísitölukerfi sem

við höfum lifað við um langa hríð. Ég held því að menn séu sammála um það og ekki þurfi að setja á langa ræðu um það, að verðbólgan sé hættuleg — og ég tala nú ekki um þegar hún er komin yfir 100%, þá er hún auðvitað stórháskaleg fyrir afkomu og alla framvindu efnahags- og atvinnumála í landinu. Ástæðurnar til setningar brbl. um launamál voru því ærnar, þó auðvitað megi deila endalaust um með hverjum hætti eigi að ráðast gegn slíkum voða sem þarna var á ferðinni.

Við í Framsfl. höfðum ákveðnar skoðanir á því fyrir kosningar hvernig ætti að taka á þessum málum. Það hefur stundum verið sagt, og ég hef heyrt það hér í umr., að menn hafi t. d. ekki sagt það fyrir kosningar að e. t. v. þyrfti að taka á þessu með löggjöf. Þetta er alls ekki rétt. Við framsóknarmenn settum fram í okkar stefnuskrá að ef ekki næðist samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um aðgerðir yrði ríkisvaldið að grípa inn í. Við fengum ekki fylgi út á þessar skoðanir, en við settum þær fram. Í því sambandi vil ég lesa upp örstuttan kafla úr ræðu sem ég flutti við eldhúsdagsumræðurnar í vor. Hann er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðbólgan mun að lokum leiða yfir þjóðina atvinnuleysi og upplausn í efnahagsmálum. Jákvæð þróun lífskjara er mjög háð því að það takist að beisla verðbólguna. Það verða settar fram aðallega tvær kenningar í þessu efni: Annars vegar er sú stefna Sjálfstfl. — leiftursókn gegn verðbólgu — að reyna að slá verðbólguna niður nánast í einu höggi ... Hins vegar er sú stefna Framsfl. að telja verðbólguna niður í áföngum, t. d. á tveggja ára tímabili. Niðurtalning verðbólgu var framkvæmd mestan hluta ársins 1981 með ágætum árangri og án þess að þá kæmi til skerðing á kaupmætti launa.

Síðan í janúar 1982 hefur glíman staðið um það í ríkisstj. og síðar á Alþingi að gera róttækar breytingar á vísitölukerfinu til þess að bremsa verðbólguna. Framsfl. telur það brýnasta verkefni næstu mánaða að bæta rekstrarstöðu atvinnuveganna, auka framleiðslu og reyna að draga úr hinum hættulega viðskiptahalla við útlönd. Flokkurinn leggur til að gerð verði tveggja ára efnahagsáætlun sem leiðir til hjöðnunar verðbólgu. Nýtt og breytt viðmiðunarkerfi ásamt hliðarráðstöfunum til þess að verja kaupmátt launa, svo og samræmdri stefnu í efnahagsmálum að öðru leyti, er að okkar mati forsenda þess að hægt sé að ná tökum á verðbólgunni.“ — Og síðan segir svohljóðandi: „Ef ekki næst samkomulag um slíka áætlun verður að lögfesta hana og halda lögin.“

Við töluðum því alveg tæpitungulaust um að grípa yrði inn í þessa þróun mála með lögum, ef ekki tækist samkomulag um það á breiðum grundvelli að gera það. Eins og ég sagði áðan: Við fengum ekki fylgi út á þessa stefnu, en við gerðum grein fyrir henni. Og ég tel nauðsynlegt að rifja þetta upp núna vegna þess að það er stundum verið að tala um að menn hafi ekki fyrir kosningar gert grein fyrir sínum skoðunum í þessum efnum.

Ég held að það sé illa komið fyrir einni lýðræðisþjóð þegar hún hefur misst vald á sínum efnahags- og atvinnumálum. Við skulum alveg sleppa því nú að deila um hverjum það er að kenna og hverju það er að kenna. Um það má lengi ræða, og að sjálfsögðu er ég reiðubúinn að taka þátt í slíkum umr. ef ástæða eða tilefni gefst, en við þurfum ekki að deila um að það verður að grípa inn í — og er þá nokkur annar aðili sem getur gripið inn í svona mál en ríkisvaldið?

Það hefur verið rætt um í þessu sambandi að menn hafi ekki farið að lýðræðisleiðum í þessu máli. Þetta hafi verið gert á einræðiskenndan hátt og ekki farið að lýðræðisleiðum. En hvað er lýðræði? Það vaknar sú spurning þegar menn nota hugtakið lýðræði. Er það lýðræði þegar 37 alþm. af 60 ákveða að gera ákveðnar ráðstafanir með lögum? Er það lýðræði eða er það einræði? Ég segi að það sé lýðræði vegna þess að það er meiri hl. sem þarna stendur að málum. Hann verður svo að standa ábyrgur fyrir því þegar hann gengur næst fram fyrir hv. kjósendur í landinu. Hann verður auðvitað að bera ábyrgð á gjörðum sínum. Auðvitað er það fullkomið lýðræði þegar 37 þm. af 60 þm. gera ákveðnar ráðstafanir, eins og gerðar voru í sumar. Menn geta deilt um hvort kalla ætti þing saman o. s. frv. Það hefði ekki breytt neinu í þessu efni, nema það hefði orðið umr. hér í sumar í staðinn fyrir í haust. En meiri hl. var til staðar og um það þarf ekki að fletta neinum blöðum. Auðvitað er hér um að ræða lýðræðislegar ráðstafanir — ráðstafanir í samræmi við það sem meiri hl. ákvað. Það er engin spurning um það.

Ríkisstj. setti strax í vor nokkur brbl., sem við höfum verið að fjalla um hér í þinginu í haust. Það hefur í raun og veru verið meginverkefni þingsins að fjalla um ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum frá því í haust. Ekki þarf að rifja upp hvaða mál þetta voru. Þm. þekkja þau að sjálfsögðu.

En ástæða er til að velta aðeins fyrir sér hvers konar lausn það var sem menn gripu til í vor. Og það er ástæða til að velta því fyrir sér einnig hvaða aðrar lausnir sem hefðu leitt til árangurs voru vænlegar, ekki bara í almennum orðum heldur í klárum tillögum. Sú lausn, sem varð niðurstaðan var að frysta kaupgjaldið með vissum hætti. Menn segja að það sé einræði. Er þjóð eins og Norðmenn einræðisþjóð? Þeir hafa fryst kaupgjald. Meira að segja sósíaldemókratar í Noregi hafa fryst kaupgjald og það ekki aðeins í 8 mánuði, heldur í heilt ár. Hvað er að segja um Mitterand í Frakklandi? Hann frysti kaupgjald í 6 mánuði. Ég tala ekki um Dani og marga fleiri. Það hefur oft verið gripið til þessara aðgerða hjá þjóðum sem eru lýðræðisþjóðir. Þó var kaupgjald ekki alveg fryst hér því að það hækkaði um 8% og svo aftur um 4% eins og menn muna. En þetta er ekki aðgerð sem er einstæð og þetta er ekki aðgerð sem gefur tilefni til að staðhæfa að hér sé um einræðisaðgerðir að ræða, það er síður en svo, allra síst þegar ástatt er eins og var hjá okkur á s. l. vori.

Þá er ástæða til þess að huga að því, hvaða árangur hefur orðið af þessum aðgerðum. Það er geysilega þýðingarmikið. Það er í raun og veru það sem skiptir langmestu máli. Menn miða gjarnan árangurinn í þessum efnum við verðbólguna. Hvers vegna? Vegna þess að verðbólgan er hættuleg. Hún er hættulegt fyrirbrigði. Hún er óréttlátt fyrirbrigði. Hún flytur til verðmæti í þjóðfélaginu í stórum stíl á hverjum einasta klukkutíma, yfirleitt frá þeim sem minna eiga yfir til þeirra sem meira eiga. Þeir sem meira eiga og þeir sem hærri tekjur hafa geta siglt verðbólguna, þeir geta notað sér hana. Hinir, sem hafa lítinn afgang til ráðstöfunar, eiga miklu erfiðara um vik, enda held ég að það hafi verið mjög mikið til í því sem sá mæti maður

Haraldur Guðmundsson sagði einu sinn, fyrrum ráðh., að verðbólgan gerði þá ríku ríkari og fátæku fátækari. Ég held að það sé mikið til í þeim ummælum.

Árangurinn af þessum aðgerðum hefur orðið sá, að nú er verðbólga komin niður í 25 til 30%. Sennilega er hún um 27% um þessar mundir. Framfærsluvísitalan hækkaði um 30% frá 1. ágúst til 1. nóvember, byggingarvísitala um 24% frá 1. ágúst til 1. nóv. og lánskjaravísitala, sem er sambland af þessum tveimur, um 28%. Því er sagt nú að ef spáð er til 1. des., bætt við einum mánuði, muni verðbólga vera áfram í kringum 25—30%. Ég tel að þetta sé geysilega mikill árangur. Þetta er meiri árangur en ég áleit að þessar aðgerðir myndu leiða til. En þetta er ekki nóg. Við þurfum að ná verðbólgunni niður í það sem hún er í löndunum í kringum okkur, vegna þess að það er mikil blekking og hættuleg blekking að menn geti haldið áfram að sigla verðbólguleiðina. Við höfum bjargað okkur, ég vil segja bjargað okkur, með því að okkur hefur tekist að láta hjól framleiðslunnar snúast allan tímann, með harmkvælum á seinni árum. Við höfum haft mikið lánstraust erlendis og við höfum tekið mikið af erlendum lánum. Það hefur hjálpað okkur í þessu öllu saman. Við höfum staðið í geysilega mikilli uppbyggingu. Það hefur hjálpað til. En það eru takmörk fyrir því hvað við getum lengi fleytt okkur á erlendum lánum. Þess vegna held ég að menn þurfi að gá betur að sér en áður. Ef það verður bakslag í þessum efnum og menn reyna að leysa efnahagsmálin á þeim grundvelli að leita verðbólgulausna óttast ég talsvert um okkar hag, þó ég viðurkenni það, eins og ég sagði áður, að deila má um hvernig að svona málum skuli staðið.

Það hefur ýmislegt fleira gerst jákvætt í sambandi við almenna þróun efnahagsmála. T. d. hafa vextir lækkað verulega í þremur áföngum og það hefur ennfremur verið boðuð vaxtalækkun í desembermánuði, þannig að algengustu vextir hafa lækkað um líklega 10—15%. Á almennum sparisjóðsbókum voru vextir 42% í sumar, en eru nú 27. (**Gripið fram í:** Hefur greiðslubyrðin lækkað?) Hún hefur náttúrlega lækkað þegar vextirnir lækka. Þegar verðbólgan lækkar lækkar greiðslubyrðin, það er alveg ljóst. (**Gripið fram í:** En kaupgjaldið?) Ja, kaupgjald hefur lækkað að því er talið er, þ. e. ráðstöfunartekjur manna. Kaupmáttur þeirra hefur minnkað um 13%, segir Þjóðhagsstofnun, það er rétt, en verðbólga hefur lækkað verulega, mjög mikið. Það hefur verið keypt með talsverðum fórnum, það er rétt, og erfiðleikum fyrir marga, en ég er ekki í nokkrum vafa um að það muni skila sér í jákvæðum árangri síðar meir. Að ég tali nú ekki um miðað við það sem orðið hefði ef menn hefðu legið í sama farinu.

Gjaldeyrisstaðan hefur batnað talsvert. Það er mjög þýðingarmikið. Það var 10% neikvæður viðskiptajöfnuður á síðasta ári og 5% neikvæður jöfnuður á árinu áður. Nú er talið að viðskiptajöfnuðurinn verði líklega neikvæður um 2—2.5%. Það er það sem Þjóðhagsstofnunin spáði í þjóðhagsáætlun og mér er sagt að ástæða sé til að ætla að þetta muni standast. Það er að vísu rétt að taka það fram, til þess að menn séu ekki of bjartsýnir í þessum efnum, að gengið hefur á birgðir. Þegar viðskiptajöfnuður var neikvæður um 10% í fyrra, var það m. a. vegna þess að það voru miklar birgðir í landinu, þær höfðu aukist frá því áður, en það hefur gengið á birgðirnar á þessu ári og það hefur hjálpað til. Munurinn er því ekki eins mikill og prósenturnar, 10% af þjóðarframleiðslu og 2—2.5% af þjóðarframleiðslu, gefa til kynna. En eigi að síður er þarna um að ræða verulegan árangur í þessum efnum, sem er ákaflega þýðingarmikið. Mér hefur skilist að gjaldeyrisstaða Seðlabankans væri þannig að hún entist fyrir því sem við þurfum til tveggja til þriggja mánaða. Þetta er alveg við lágmarkið sem talið er til þess að haldið verði upp frjálsri verslun og frjálsum viðskiptum. Gjaldeyrisstaða bankanna hefur batnað talsvert frá í fyrra, þó að hún gæti verið betri. Það er ástæða til að gefa því gaum að rýrnun kaupmáttar ráðstöfunartekna, sem er um 13%, er tiltölulega miklu meiri en sú minnkun sem hefur orðið á eftirspurn eftir t. d. innflutningi og bæði eftirspurn eftir innlendum og erlendum vörum. Þetta gefur til kynna að e. t. v. hafi kaupmáttur ráðstöfunartekna ekki minnkað svona mikið. Það gefur það til kynna, þó ég skuli ekkert um það fullyrða, en það er verið að rannsaka það. En gæti verið að raunverulega væri rýrnun kaupmáttar ráðstöfunartekna minni, menn hefðu meiri tekjur en gert hefur verið ráð fyrir þegar á allt er litið.

Inn í þessa þróun mála hafa náttúrlega komið síðan þættir sem menn gerðu ekki ráð fyrir. Þar á ég við aflann. Aflinn hefur verið talsvert minni en menn gerðu ráð fyrir. Það hefur auðvitað valdið verulegum viðbótarerfiðleikum. Ég skal ekkert fullyrða um hvort það er neinn mælikvarði á framtíðina með aflann. Það er ekki ýkjalangt síðan við færðum út landhelgi okkar og síðan erlendir skipaflotar hurfu af Íslandsmiðum og við tókum upp þær fiskveiðar sem við stundum í dag og höfum stundað um nokkur undanfarin ár. Ég skal ekkert um það fullyrða hvað mikið af þessari aflatregðu stafar af ofveiði eða af breyttum skilyrðum í hafinu. Mér finnst ekki vera liðinn nægilega langur tími til þess að menn geti endanlega dregið ályktanir af því sem hefur gerst. Og mér finnst engin ástæða til þess, þó afli sé nú tregur, að álíta að svo kunni að verða um alla framtíð. Ég veit að fiskifræðingarnir eru varkárir og það er eðlilegt, en inni í spám eru þó þættir sem ekki er tekin afstaða til hreinlega, eins og t. d. að ekki er gert ráð fyrir því í spám fiskifræðinga, ef ég man rétt, að það komi fiskur frá Grænlandi á Íslandsmið. Það er ekki gert ráð fyrir að fiskur gangi á Íslandsmið frá Grænlandi. Hvort hann gerir það veit auðvitað enginn, en við skulum vona að svo verði, og þá vænkast hagur okkar eitthvað í þessum efnum.

Það er alveg ljóst að það vildi enginn stjórnmálaflokkur í landinu eftir kosningarnar í vor bera ábyrgð á ástandinu. (**Gripið fram í:** Allra síst þeir sem áður báru ábyrgð á því.) Þeir öxluðu ábyrgðina, a. m. k. sumir, þegar þeir loksins gátu fengið meirihluta fyrir ákvörðunum, þeir gerðu það, það ætla ég að hv. þm. sé fyllilega ljóst, og bera ábyrgð á því. — Það var enginn flokkur sem vildi bera ábyrgð á, svo ég megi nú klára setninguna fyrir hv. þm., að kerfið héldi áfram að rúlla með þeim hætti sem var á s. l. vori. Ég held að öllum stjórnmálaflokkum hafi verið ljóst að það varð að grípa inn í þessa atburðarás með róttækum aðgerðum í efnahagsmálum. Ég hef ekki orðið var við að það væri yfir höfuð deilt um það efni. Ég man ekki betur en Alþb. segði t. d. fyrir kosningar að það þyrfti að setja á neyðaráætlun í efnahagsmálum.

Menn hafa deilt um hvort hér hafi verið um leiftur-

sókn að ræða eða niðurtalningu. Ég tel að þarna hafi verið um að ræða málamiðlun milli leiftursóknar og niðurtalningar, ég álít það, menn hafi farið þetta í þrepum að hluta til. Við vildum gera þetta á lengri tíma í Framsfl., það er ekkert launungarmál, en Sjálfstfl. vildi fara öðruvísi að, eins og kunnugt er. Ég tel að það hafi verið farin þarna millileið. (**Gripið fram í:** Niðurtalning í einu stökki.) Já, niðurtalning í einu stökki, það má kannske segja það. Hún var ekki framkvæmd eins og við gerðum grein fyrir í okkar stefnu, þar sem við vildum gera þetta á lengri tíma og kannske með mildari hætti. En við gerðum þá ráð fyrir að það yrði um þetta samkomulag. Slíkt samkomulag hefur ekki fengist um raunhæfar aðgerðir og þess vegna varð sú niðurstaða að lögfesta áætlun í þessum efnum. Sú breyting hefur orðið á henni að menn samþykktu í Nd. að fella niður bann við samningum um kaup og kjör við gildistöku þessara laga í staðinn fyrir að það var bundið við 1. febr. n. k. Ástæðan fyrir því að menn gerðu það var ekki sú ástæða, og það er ástæða til að undirstrika það, að það væri neitt undanhald í mönnum varðandi aðgerðir í efnahagsmálum. Ástæðan var sú, að árangurinn af brbl. kom fljótar fram en menn áttu von á. Menn höfðu stefnt að um 30% verðbólgu við áramótin, en niðurstaðan verður sú, að verðbólgan verður um áramót talsvert lægri, ég skal ekki segja hvað miklu lægri, en hún verður talsvert lægri, gæti farið niður fyrir 25% eftir því sem mér sýnist, ef ekkert sérstakt gerist, sem varla verður úr þessu fyrir áramót.

Tilgangurinn með þessum ráðstöfunum öllum er náttúrlega fyrst og fremst að skapa forsendur fyrir skynsamlegum tekjuákvörðunum og skapa ástand í efnahagsmálum sem er og verður þannig að framvindan verði jákvæð, menn fari að beina fjármagni meira inn í arðbæran rekstur en áður. Þegar mjög mikil verðbólga er vilja menn frekar beina fjármagni inn í fjárfestingu og hugsa minna um arðbæran rekstur, af ástæðum sem eru eðlilegar, vegna þess að fjárfesting gefur yfirleitt tekjur í verðbólguástandi. Ég held að það væri mjög háskalegt fyrir framtíðina og fyrir Íslendinga ef þessar ákvarðanir og þessar ráðstafanir, sem þegar hafa borið verulega mikinn árangur, rynnu út í sandinn vegna þess að menn vildu ráðast í framhaldið með aðgerðum sem ekki eru raunhæfar og þar sem ekki er tekið tillit til staðreynda efnahagslífsins.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið skiptist fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar í afstöðu sinni til frv. um launamál sem hér liggur fyrir til staðfestingar brbl. ríkisstj. frá 27. maí s. l.

1. minni hl. n. hefur lagt fram álit sitt í þessu máli á þskj. 153. Er það svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fjh.- og viðskn. skiptist í afstöðu sinni til brbl. 1. minni hl. n. er andvígur setningu brbl. um launamál og mótmælir harðlega þeim ákvæðum frv. sem fela í sér stórfellda kjaraskerðingu launafólks.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi n. sem áheyrnarfulltrúi BJ og er hann samþykkur þessu nál."

Undir þetta nál. skrifar auk mín Þórður Skúlason.

Eins og hér kemur fram eru þeir nm. sem að þessu áliti standa í einu og öllu andvígir því að gripið sé inn í gerða samninga á þennan hátt. Þau brbl. sem hér um ræðir eru sett án nokkurs samráðs við þá samningsaðila sem hlut eiga að máli og vanvirða því löghelgan rétt manna hér á landi til að semja um kaup sitt og kjör. Undir slíkar aðgerðir er á engan hátt hægt að taka, auk þess sem það vekur óneitanlega ugg í brjósti hversu stjórnvöld hafa á undanförnum árum misnotað í sífellt auknari mæli það ákvæði stjórnarskrárinnar sem veitir heimild til setningar brbl.

Við erum hér nú að fjalla um lög sem komu til framkvæmda fyrir rúmu hálfu ári síðan. Segir það sig sjálft að slík skipan mála vegur að undirstöðum þess lýðræðisskipulags er við búum við, að þingræðinu. Af þessum sökum telur 1. minni hl. fjh.- og viðskn. ekki rétt, úr því sem komið er, að gera brtt. við frv. þetta, eins og 2. minni hl. n. gerir, heldur kýs að lýsa yfir eindreginni og óskoraðri afstöðu sinni gegn þeim vinnubrögðum og því virðingarleysi við samninga launafólks sem felst í þessu frv. og sem viðhaft var við setningu þessara brbl. í vor.

Þetta frv. hefur hins vegar tekið þeim breytingum, frá því að það var fyrst lagt fram, að í núverandi mynd kveður það á um að samningar skuli ekki lengur vera bannaðir heldur vera lausir frá og með gildistöku frv. sem laga frá Alþingi. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. er vitaskuld samþykkur þessari sérstöku breytingu á frv. og harmar að ekki skuli gefast tækifæri til að greiða atkv. um hana sérstaklega, sökum þess að hún er sett í grein með öðrum efnisatriðum frv. Á hinn bóginn fæ ég ekki séð að ríkisstj. hafi verið knúin til þessara breytinga af siðferðilegum ástæðum eða sökum þrýstings stjórnarandstöðu eins og menn hafa haft á orði hér í ræðustól.

Það kom glöggt fram í ræðu hæstv. forsrh. við 1. umr. þessa máls hér í hv. deild að sökum nýrra upplýsinga um ástand þorskstofnsins og breyttra efnahagsforsendna af þeim sökum sé ríkisstj. nauðsynlegt að hafa náið samráð við aðila vinnumarkaðsins um hvernig bregðast skuli við þessum válegu tíðindum og þar með fallvöltum forsendum efnahagsáætlana ríkisstj., eða eins og hæstv. forsrh. sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Einnig gerði ég grein fyrir því í þessari tilkynningu til Alþingis að horfur í efnahagsmálum eru stórum verri en áður var gert ráð fyrir. Fyrst og fremst vegna tillagna Hafrannsóknastofnunar um aðeins 200 þús. tonna þorskafla. Þetta krefst að mati ríkisstj. náins samráðs við aðila vinnumarkaðarins en umrætt ákvæði um bann við hækkun grunnlauna hefur staðið í vegi fyrir slíku. Ríkisstj. vildi því ryðja slíkum þröskuldi úr vegi".

Þarna stendur það. Auk þess má minna á að þessi breyting felur ekki í sér niðurfellingu bannsins frá og með gildistöku brbl. í maí s. l. heldur aðeins styttingu þess um tvo mánuði. Heldur hefði ég kosið, með heill lands og þjóðar í huga, að þessi breyting, svo langt sem hún nær, væri til marks um siðgæðisvitund ríkisstj. og styrk þingræðis í landinu. En svo virðist því miður ekki vera. Stærð þorskstofnsins er hér úrslitavaldur.

Eins og fram kemur í nál. mótmælir 1. minni hl. fjh.- og viðskn. einnig harðlega þeim ákvæðum þessa frv. um launamál sem fela í sér stórfellda kjaraskerðingu launafólks. Þetta frv. er með þeim eindæmum gert að þeim sem verst voru settir fyrir í þessu þjóðfélagi er gert að bera byrðarnar af fyrirhyggjulausri stefnu stjórnvalda í

efnahagsmálum undanfarin ár. Frv. kveður á um skerðingu verðbóta á laun samkv. prósentuhlutfalli þannig að þeir sem lægstu launin höfðu hafa fengið fæstar krónurnar í sinn hlut.

Hvernig dettur hæstv. ríkisstj. í hug að krefjast slíkra fórna sem raun ber vitni af þeim sem þegar bjuggu við kröppust kjörin? Hvers vegna reyndi ríkisstj. ekki að dreifa byrðunum réttlátlegar? Það er mín bjargföst sannfæring að ríkisstj. taldi sig komast upp með þetta og kemst upp með þetta vegna þess að ævinlega heyrist minnst í þeim í þessu landi sem minnst mega sín. Það heyrist minnst í þeim sem minnst mega sín ekki einungis hér á hinu háa Alþingi heldur einnig í verkalýðshreyfingunni og á hvers konar fundum og mannamótum.

Í hópi þeirra sem minnst mega sín eru konur í meiri hluta. Þær mynda láglaunahópa þessa lands. Þær vinna rúm 70% ófaglærðra starfa á vinnumarkaðnum. Þær eru þeir launþegar sem vinna hlutastörfin, þær eru þeir lausráðnu, þeir sem takmarkað atvinnuöryggi hafa, þær eru þeir launþegar sem ekki njóta yfirborgana á vinnumarkaðinum og þær eru þeir launþegar sem ekki geta bætt við sig yfirvinnu, ef hún skyldi bjóðast, því þær komast ekki frá börnum og búi til þess að vinna yfirvinnuna. Hafa menn svo hugleitt það í þessu samhengi að fjórða hvert barn á landinu er á framfæri einstæðrar móður? Hafa hv. þm. hugleitt ábyrgðarhluta sinn að þessu leyti?

Ég heyrði ágætist orð yfir konur um daginn. Konur eru sveiflujafnarar, var sagt, þær eru notaðar til að jafna sveiflurnar í efnahagslífinu. M. ö. o., þær eru sendar út til að vinna, eða heim aftur, eftir þörfum efnahagslífsins á hverjum tíma en ekki eftir þeirra eigin þörfum. Og það er nákvæmlega það sem verið er að gera að sínu leyti í þessu frv. Það er verið að nota konur til þess að jafna sveiflurnar. Enn á ný skal þjarma að þeim eins og ekki hafi þegar verið nóg að gert. Andstaða Samtaka um kvennalista gegn fyrrgreindum ákvæðum þessa frv. er því eindregin.

Þeirri spurningu var beint til hæstv. fjmrh. eigi alls fyrir löngu hér í þessari deild hvernig hann teldi að hægt væri að lifa af um 11 000 kr. á mánuði. Hæstv. ráðh. svaraði þessari spurningu af heiðarleika á þann veg að hann sæi ekki hvernig það væri hægt. Ég sé ekki heldur hvernig það er hægt. Það er einfaldlega alls ekki hægt að lifa af lægstu launum í dag. Um það virðast menn vera nokkuð sammála. Og fyrst menn eru sammála um að ekki sé hægt að lifa af þessum launum, hvernig geta þá hv. þm. í þessari deild samvisku sinnar vegna samþykkt frv., sem leggur slíkt á herðar fólks hér á landi, á herðar umbjóðenda hv. þm. Ég vil biðja þm. að hafa það hugfast í atkvgr. um þetta frv. hér á eftir að hér er verið að greiða atkv. um lífsskilyrði manna.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Frsm. 2. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Það var einkar athyglisverð ræða sem hv. 4. þm. Austurl. flutti hér áðan. Ég vil leyfa mér að segja að hún var ekki aðeins einkar athyglisverð heldur í rauninni afar furðuleg. Hún var afar furðuleg að ekki sé þó dýpra í árinni tekið. Víst er um það að verðbólgan var komin á háskalegt stig. Og víst er um það að hún stefndi undir forustu hv. þm. Tómasar Árnasonar og hans flokksbræðra og raunar fleiri hærra en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni. Síðan kemur hv. þm. hér og segir að það hafi enginn viljað bera ábyrgð. Það er út af fyrir sig rétt að þeir sem áttu aðild að síðustu ríkisstj. vildu enga ábyrgð á þessu bera, enda þótt þeim væri margsinnis bent á hvert stefndi ef fylgt væri áfram þeirri óheilla- og óráðsíustefnu sem fyrrv. ríkisstj. stóð að. Nú eru allir „stikkfrí". Og það var engu líkara en hæstv. ráðherrar núv. ríkisstj., m. a. s. þeir sem áttu aðild að fyrrv. ríkisstj., hefðu allir komið af fjöllum þegar þessi ríkisstj. var mynduð. Þeim var engum ljóst hvernig ástandið var, þeim var ekki ljóst hve verðbólga var mikil, þeim var ekki ljóst hvað þeir höfðu tekið mikil erlend lán og enn síður virtist þeim vera ljóst til hverra hluta þau lán höfðu farið.

Það voru engar deilur um það að verðbólgan var komin á háskalegt stig. Það voru engar deilur um það að grípa þyrfti til nokkuð róttækra aðgerða. Um það var hygg ég nokkur samstaða. En þar sem hnífurinn stóð í kúnni var um hvernig ætti að jafna þessum byrðum niður. Við vildum, Alþfl.-menn, að byrðar þeirra sem minnst bera úr býtum í þessu þjóðfélagi yrðu að tiltölu minni en hinna. Á það var ekki fallist og um það stendur sá ágreiningur sem hér er uppi núna.

Vissulega var í stjórnarmyndunarviðræðunum margt og mikið rætt um þær ráðstafanir sem gera þyrfti. Hv. þm. og fyrrv. ráðh. Framsfl. Tómas Árnason sagði hér áðan að Framsfl. hefði viljað lögbindingu aðgerða ef ekki næðist samkomulag. Nú spyr ég: Hvað var gert á vordögum, eða snemmsumars þegar verið var að mynda ríkisstj.? Hvað var gert til að reyna að ná samkomulagi? Það var ekki gerður nokkur skapaður hlutur til þess að reyna að ná samkomulagi við launþegahreyfinguna, ekki nokkur skapaður hlutur.

Þegar hv. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. halda því fram að þær aðgerðir sem hér var gripið til séu fyllilega sambærilegar við aðgerðir sem gerðar hafa verið í Noregi, í Frakklandi og víðar, þá er það alrangt. Ég vona að það sé óviljandi misskilningur en ekki vísvitandi rangtúlkun á því sem var gert. Hvað var gert í Noregi þegar þar var verðlags- og launastöðvun? Það var gert í samráði við norsku launþegasamtökin. Það var gert í samráði við vinnuveitendur í Noregi. Það voru þessir þrír aðilar, ríkisstj., launþegar og vinnuveitendur sem gerðu með sér samkomulag. Hér var engu slíku fyrir að fara. Og á þessu er auðvitað grundvallarmunur. Hér voru bara sett lög, brbl., í skjóli löngu úreltra stjórnarskrárákvæða sem eru í rauninni ákaflega ólýðræðisleg.

Og þá kem ég að lýðræðisþætti ræðu hv. þm. Hvað er lýðræði? Við þurfum kannske ekki að fara út í langar vangaveltur um það. Ég held að í grundvallaratriðum séum við sammála um það. Þetta var lýðræðisleg ráðstöfun, sagði hv. þm. Sú yfirlýsing gengur gersamlega þvert á allan raunveruleikann í þessu máli, að það hafi verið lýðræðisleg ákvörðun sem þarna var tekin, að svipta alla launþega landsins samningsrétti. Ríkisstj. hefur nú sem betur fer heykst á því. Það var sagt hér að hún hefði haft fylgi 37 þm. af 60. Ég hygg að á það hafi aldrei reynt. Kannske heykist hæstv. ríkisstj. á því að fylgja þessu ákvæði fram til endanlegrar gerðar vegna þess að henni var ljóst að hún hafði ekki meirihluta fyrir þessu. Var það lýðræðisleg ráðstöfun að neita að kveðja þing saman í sumar til að ræða þessar efnahagsaðgerðir? Það var ólýðræðisleg og óþingræðisleg ákvörðun. Og þar sem ég veit að hv. þm. Tómas Árnason þekkir

nokkuð til stjórnmálaþróunar og þjóðfélagsgerðar í grannlöndum okkar hygg ég að hann geti verið mér sammála um það að engin ríkisstj. í grannlöndum okkar hefði komist upp með slíka hegðan sem núv. hæstv. ríkisstj. iðkar einungis vegna þess hve þingræðið hjá okkur er veikt. Það er furðulegt að tala um þær ráðstafanir, sem gerðar voru hér í sumar, sem lýðræðislegar ráðstafanir: að svipta launþega samningsrétti. Ég fullyrði það að það hefði ekkert af Norðurlandaþjóðþingunum látið bjóða sér það sem þessi ríkisstj. gerði hér í sumar. Það er staðreynd sem við ættum að hugsa töluvert mikið um eins og við ættum að hugleiða hlutverk þingræðisins hér á landi í ljósi þeirrar þróunar sem var og þess sem gerðist hér í sumar.

Þessi ríkisstj. hefur lækkað launin og hún hefur stórlega dregið úr kaupmætti. Það hefur komið harðast við þá sem lakast eru settir eins og hér er raunar búið að rekja. En hvað gerðist í sumar þegar launin voru fryst? Verðhækkanir héldu áfram óheftar og ekki síst frá opinberum aðilum. Þar er líka grundvallarmunur á þeim aðgerðum sem gripið var til og því sem gert var í Noregi. Hvað var gert í Finnlandi 1967, 1968, þegar vísitalan var afnumin þar? Það voru allar aðrar vísitölur afnumdar um leið. Var það gert hér? Aldeilis ekki. Það var bara launavísitalan sem hér var snert. Og enn furðulegra er þegar menn eru hér að gantast um það hvort þetta hafi nú verið leiftursókn eða niðurtalning, leiftursókn í þrepum eða niðurtalning í einu stökki. Staðreyndin eru auðvitað sú að þótt Framsfl. berðist harkalega gegn leiftursóknarstefnu Sjálfstfl. í kosningunum 1979 þá hefur hann nú tileinkað sér þá stefnu í miklu harðari mynd en um var talað 1979 og gengið langtum lengra. Hafi það verið leiftursókn þá er það, sem við höfum upplifað núna undanfarna mánuði og vikur, leifturstríð. Og þau voru ekki fögur orðin sem formaður Framsfl. valdi þessari stefnu Sjálfstfl. 1979. Það var talað um kverkatak sem hér mundi bókstaflega leggja allt atvinnulíf í rúst á tiltölulega skömmum tíma. En skjótt skipast stundum veður í lofti á himni stjórnmálanna og menn eru býsna fljótir að skipta um skoðun og virðast raunar sumir hverjir lifa eftir þeirri reglu að fólk muni ekki nokkurn skapaðan hlut frá degi til dags. En það er bara ekki þannig sem betur fer.

Víst hefur verðbólgan í fjölmiðlum lækkað í prósentum. Það hlýtur auðvitað að gerast þegar launin eru fryst eins og gert hefur verið en dýrtíðin hefur haldið áfram. Fyrir hverja krónu fæst stöðugt minna. Dýrtíðin hefur haldið áfram. Hækkanir hins opinbera hafa gengið fram óheftar. Hvað hefur bensínverðið hækkað t. d. á einu ári? Hefur skattheimta ríkisins þar minnkað? Hefur hlutfall ríkisins lækkað? Hefur álagning olíufélaganna verið lækkuð? Hún var hækkuð. Og hæstv. fjmrh. lýsti því yfir úr þessum ræðustól hér að það væri raunar kannske það besta, sem hægt væri að gera, að fjölga olíufélögunum. Það var líka athyglisverð yfirlýsing.

Virðulegi forseti. Þetta frv., sem hér er til umr. til staðfestingar brbl., er auðvitað samkv. eðli brbl. þannig að ákvæði þess eru komin til framkvæmda áður en Alþingi gefst nokkurt tækifæri til að fjalla um þau. Allir hafa stjórnarandstöðuflokkarnir lýst mikilli andstöðu við þessa miklu og einhliða kjara- og réttindaskerðingu sem brbl. ríkisstj. hafa falið í sér en á hinn bóginn teljum við Alþfl.-menn rétt að reyna að ná fram þeim endurbótum á þessum lögum sem miða að því að gera þau nokkru sanngjarnari og draga úr því misrétti sem í þeim felst þótt eðli málsins samkv. geti slík ákvæði einungis náð til þess tíma sem fram undan er en ekki til liðins tíma. Í samræmi við þetta höfum við Alþfl.-menn og ég, sem 2. minni hl. þessarar n., flutt brtt. á sérstöku þskj. sem miðar að því að sníða helstu vankantana af þessu frv. Þær eru í samræmi við þær tillögur sem fulltrúar og þm. Alþfl. fluttu í Nd.

Það er þá í fyrsta lagi til að taka að samkv. því lagafrv., sem hér er til umfjöllunar, er bannað að miða laun við vísitölu en vísitölukerfið stendur að öðru leyti óhaggað þannig að t. d. ríkið hefur sjálfvirkar heimildir samkv. vísitölu til að hækka gjöld eins og bensíngjald, þungaskatt og flugvallagjald og sjálfsagt mætti fleira þar til taka. Og við höfum fylgst með því undanfarnar vikur og mánuði hvernig bensínverðið t. d. hefur sífellt hækkað. Það er auðvitað óeðlilegt og ósanngjarnt að þeir hlutar þessa vísitölukerfis, sem lúta að skattlagningu þegnanna og tekjuöflun ríkisins, séu allir óbreyttir, við þeim sé ekki haggað, þeir séu látnir halda sér en launafólki sé óheimilt hins vegar að njóta dýrtíðarbóta sem miðast við vísitölu. Þess vegna er sú till. okkar hér á þskj. 155 sem gengur í þá átt að þessar sjálfvirku heimildir ríkisins verði afnumdar. Ef ríkisstj. óskar hins vegar eftir að hækka slík gjöld yrði að bera fram sérstök frumvörp um það á Alþingi ef þessi till. okkar nær hér fram að ganga.

Af nákvæmlega sama toga eru gjaldskrár sem miðast við fasteignamat. Fasteignamatið er hækkað samkvæmt ákvörðun fasteignamatsnefndar ríkisins og er þá heimil gjaldtaka samkv. gildandi lögum miðað við hið nýja fasteignamat. En þegar verðlag hækkar langt umfram launabreytingar felur þetta í sér óréttláta heimild til sjálfvirkrar gjaldtöku af öllum þorra fólks í landinu. Og eigi að ráðast að vísitölukerfinu verður auðvitað að ráðast að öllum greinum þess í heild sinni eins og gert var t. d. í Finnlandi á sínum tíma en ekki bara að því sem snýr að launafólki og varðar tekjur fólks.

Síðasti ræðumaður, hv. 11. þm. Reykv., Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, minntist á það hér áðan að hæstv. fjmrh. hefði verið að því spurður hvernig fólk ætti að lifa á 11—12 þús. kr. mánaðarlaunum. Og eins og hún greindi frá svaraði hann því heiðarlega. Ég vil nú spyrja hv. þm. Tómas Árnason, fyrrv. ráðh.: Hvernig á fjölskylda að framfleyta sér með 12 þús. kr. mánaðarlaunum? Hvernig ætti slík fjölskylda að skipta þessum útgjöldum milli húsnæðiskostnaðar og framfærslukostnaðar? Hvernig mundi hv. þm. leggja til að þetta yrði gert? Það er greinilegt eins og þetta mál hefur verið afgreitt í Nd. að hv. stuðningsmenn þessarar ríkisstj. ætla fólki að lifa af þessum launum og þeir hljóta þá að hafa einhverjar hugmyndir um hvernig að því eigi að fara. Og það verður fróðlegt að heyra svör hv. þm. við því. Lágmarkstekjur á mánuði eru núna tæpar 11 þús. kr. en ef verðbætur hefðu verið reiknaðar samkv. ákvörðun kjarasamninga væru þessar lágmarkstekjur nú um 15 þús. kr. á mánuði. Það má öllum vera ljóst, það er deginum ljósara, að á þessum launum lifir engin fjölskylda. Nú þegar þrengist um á vinnumarkaði, atvinnuleysi skýtur upp kollinum, yfirvinna og möguleikar á aukavinnu minnka, þá er það auðvitað staðreynd að rekstrargrundvöllur fjölmargra heimila í landinu er brostinn. Það þarf ekki annað en tala t. d. við þá sem stunda verslun með matvörur til að heyra

hjá þeim hvernig hagur neytenda hefur breyst. Þeir eru með fingurinn á slagæðinni í þeim efnum og fylgjast mætavel með. Það hefur orðið veruleg breyting til hins verra nú að undanförnu.

Auðvitað er öllum ljóst að það er og hefur verið við erfiðleika að etja. Spurningin var bara um að jafna niður eftir efnum og ástæðum eins og það var orðað hér í eina tíð. Þó að skiptar séu skoðanir um það hvernig eigi að bregðast við þessu hljóta allir að vera á einu máli um að það er ekki réttlætanlegt — og var ekki réttlætanlegt — að skerða hlut þeirra sem lakast eru settir. Það er ekki hægt að segja fólki að lifa af 11 þús. kr. á mánuði; það er gersamlega útilokað. Þess vegna flytjum við hér brtt. á þskj. 155 um lágmarkstekjur. Sú till. miðar að því einu að engum séu greidd lægri laun í heild að meðtöldum öllum álagsgreiðslum en 15 þús. kr. á mánuði og nær aðeins til þess launafólks sem hefur lægri heildarlaun en ekki til þeirra sem ná hærri launum með álagsgreiðslum af einhverju tagi. Við gerðum okkur alveg grein fyrir því að þetta er vandasamt og erfitt mál en ég held að við getum líka verið sammála um það að þær aðgerðir, sem hér var gripið til, hafa komið svo harkalega við þá sem fyrir voru lakast settir í þjóðfélaginu að við það verður með engu móti unað. Því eru þessar tillögur fluttar hér til þess að freista þess að sníða nokkra helstu vankantana af þessu frv. og ég vona, virðulegi forseti, að þessar tillögur fái brautargengi hér í þessari virðulegu deild.

Þórður Skúlason: Virðulegi forseti. Afstaða mín til þessa máls kemur fram í nál. á þskj. 153, sem ég stend að ásamt hv. 11. þm. Reykv. Afstaða Alþb. til málsins er skýr og fyrir henni hefur verið gerð ítarleg grein hér á Alþingi af öðrum talsmönnum flokksins, m. a. hv. 2. þm. Austurl. í þessari þd. Ég tel þó rétt að rifja lítillega upp þá staðreynd, að um alllangt skeið hefur orðið að heyja harða varnarbaráttu til verndar lífskjörum launafólks í þessu landi. Þetta var hlutverk Alþb. í síðustu ríkisstj. og var ekki alltaf létt verk.

Þrátt fyrir mikil ytri áföll, verðfall afurða, minnkandi afla o. s. frv., tókst þó að halda þannig á málum að launakjör héldu nokkurn veginn sínu hlutfalli gagnvart framfærsluvísitölu og þjóðartekjum allt tímabilið. Var yfirlýst stefna Alþb. í kosningabaráttunni á s. l. vetri að þannig yrði að halda á málum áfram, að umfram allt yrði að verja kjör hins vinnandi manns. Hins vegar gerðum við okkur alltaf grein fyrir að ýmsir erfiðleikar steðjuðu að og vorum reiðubúnir til aðgerða til að hamla gegn verðbólgu. Allt annað er auðvitað alrangt.

Við vöruðum hins vegar alltaf við því, að ef afturhaldsöflin í Framsfl. og Sjálfstfl. næðu saman yrðu þau óvönd að meðulum. Engum held ég þó að hafi dottið í hug að gripið yrði til jafnharkalegra aðgerða og raunin hefur orðið á. Til þeirra aðgerða hefur verið gripið á sama tíma og ýmsar ytri aðstæður hafa farið batnandi. Síldveiðin hefur aukist, rækju- og skelfiskafli hefur stóraukist og verðið einnig stórhækkað á þeim afla og nú er aftur tekið til við að veiða loðnu eftir langt hlé. Ætli þessir þættir einir næðu ekki langt til að vega upp þá aflaminnkun á þorski sem búist er við að verði í ár og hv. 4. þm. Austurl. Tómas Árnason gerði að verulegri uppistöðu í sínu máli til réttlætingar á launaskerðingarfrv. því sem hér er til umr.?

Þessar aðgerðir eru réttlættar með því að allt verði að gera til að ná niður verðbólgunni, allt verði að leggja í sölurnar og öllu að fórna. Gallinn er bara sá, að eingöngu er ætlast til að launafólkið í landinu beri herkostnaðinn í stríðinu við verðbólguna. Engir aðrir eru látnir blæða. Hér er um að ræða eina mestu fjármagnstilfærslu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu um langan tíma frá launþegum til atvinnurekenda, enda ríkir nú mikill fögnuður í herbúðum atvinnurekenda og milliliða, sem víðast berast mikið á og standa í miklum fjárfestingum. Gengisfelling og einhliða lækkun launa er fljót að skila sér til þessara aðila.

Launafólkið hefur sýnt umburðarlyndi og það hefur verið tilbúið til fórna til að leitast við að ná niður verðbólgunni. En öllu eru takmörk sett. Hér er um svo miskunnarlausa einhliða kjaraskerðingu að ræða að langt þarf að leita og tæpast hægt að finna samjöfnuð. Um áhrif kjaraskerðingarinnar væri vissulega hægt að nefna mörg dæmi af láglaunafólki sem er með börn á skólaaldri, af einstæðum foreldrum, af húsbyggjendum, af lífeyrisþegum almannatrygginganna o. s. frv., dæmi um hvernig aðgerðir ríkisstj. koma harðast niður á þessum hópum í þjóðfélaginu, og það hefur margoft verið gert hér í þessari launamálaumr.

Það er búið að þrýsta þannig niður laununum að engin leið er að leita til nálægra þjóða um samjöfnuð í kjörum. Búum við þó við hærri þjóðartekjur en flestar þeirra, enda víða til peningar í þessu landi og blasir raunar alls staðar við. Hér gætu því allir búið við góð kjör ef réttlátlega væri á málum haldið.

Það er búið að kosta miklum fjármunum og það opinberum fjármunum til áróðurs fyrir aðgerðir stjórnvalda í efnahags- og launamálum. Forsrh. hefur sem kunnugt er ferðast vítt um landið og gefið út rándýra áróðursbæklinga til stuðnings við stefnu stjórnarinnar. Talsmenn stjórnarinnar hafa verið iðnir við að lýsa ófögru ástandi í efnahags- og verðbólgumálum þegar stjórnin tók við. Forsrh. hefur gjarnan nefnt 130% verðbólgu, annar ráðh. 150% verðbólgu og utanrrh. hélt því fram á landsfundi Sjálfstfl., ef ég man rétt, að verðbólgan hafi verið í 180% og stefnt í 200% eða þar yfir ef ekkert yrði að gert. Svo koma þessir herramenn núna og segja að verðbólgan sé ekki nema 30% og verði komin niður í 10% um áramót. Mikill og góður er nú árangurinn. Svona tölur geta menn e. t. v. fengið með því að horfa á verðlagshækkanir á örskömmum tíma, mánuði í senn eða svo. Þó tel ég það hæpið. Svo kemur Þjóðhagsstofnun og staðfestir verðbólguspána, en auðvitað staðfestir Þjóðhagsstofnun ekki þær tölur, sem nefndar eru um verðbólgustigið þegar stjórnin tók við í maí, enda eru þær alrangar.

Umreiknuð til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar var framfærsluvísitalan 68% í febr. s. l. og 87% í maí og byggingarvísitalan var 75% í mars og 82% í júní. Þetta eru tölur Þjóðhagsstofnunar um verðbólgustigið eins og það var við stjórnarskiptin eftir þriggja mánaða upplausn í stjórnmálum, m. a. vegna kosninga. Verðbólgan hefur því ekki lækkað um 150%, eins og sumir eru að reyna að halda fram, heldur mun minna.

Ef notuð er sama reikningsaðferð til að mæla verðbólgustigið nú í haust og þriggja mánaða hækkanir færðar á ársgrundvöll, þá er verðbólgustig framfærsluvísitölunnar 50% í okt. og byggingarvísitölunnar 34%. Þetta eru líka opinberar tölur Þjóðhagsstofnunar.

Um reikninga Þjóðhagsstofnunar er það að segja, að

á þeim bæ eins og víðar er betra að reikna út orðna hluti en spá í framtíðina. Þjóðhagsstofnun hefur svo sem spáð fyrr í verðbólgustigið og spárnar sjaldnast gengið eftir. Málið er líka það, að síðan stjórnin tók við og festi laun og bannaði samninga um verðbætur hafa orðið gífurlegar verðhækkanir. Það hefur hins vegar ekki verið upplýst í fjh.- og viðskn. hve miklar hækkanir hafa verið leyfðar frá því að ráðstafanirnar voru gerðar, en þær eru miklar og þessar hækkanir halda áfram. Það hefur nefnilega ekkert verið gert nema festa kaupið og ekki verið tekið á neinu öðru. Í því sambandi langar mig til að vitna í leiðara Morgunblaðsins frá sunnudeginum 13. nóv. s. l. Þessi leiðari ber yfirskriftina „Talnaleikur og sjálfsblekking". Með leyfi forseta langar mig til að lesa hérna upphafsorð leiðarans:

„Að undanförnu hafa ráðherrar haft á orði, að verðbólgan væri komin niður í 30% á ári og væri þar til marks um, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. væru að bera árangur. Ef ráðherrarnir sjálfir taka þennan talnaleik alvarlega er hætta á ferðum.

Það er auðvelt verk að hægja á verðbólgunni um skeið með því að taka kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi. Spurningin hefur alltaf verið sú, hvort pólitísk skilyrði væru til slíkra aðgerða. Þau voru til staðar s. l. vor."

Síðan segir áfram í leiðaranum, að prófsteinninn á það hvort ríkisstj. sé að ná þeim árangri sem sköpum skipti sé hvort átak verði gert á öðrum sviðum, m. a. í rekstri útgerðar. — Og niðurlagsorð leiðarans eru á þessa leið, með leyfi forseta:

„Fari hins vegar svo, að ríkisstj. treysti sér ekki til að leggja út í þessi átök mun verðbólgan fara vaxandi á næsta ári og í ljós kemur, að talnaleikur ráðherranna nú er eintóm sjálfsblekking".

Þetta segir Morgunblaðið og það er ekki oft sem það ályktar svona skarplega. Niðurstaðan er talnaleikur og sjálfsblekking, því að ekkert hefur verið gert annað en taka kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi.

Svo kemur hæstv. forsrh. hingað í þessa virðulegu þingdeild og það er ekki von að hann hafi mikið að segja þegar hann mælir fyrir þessum þvingunar- og kaupskerðingarlögum. Hann minnist auðvitað ekkert á aðrar aðgerðir, sem engar hafa verið gerðar, en heldur þess í stað langa tölu um skoðanakönnun Hagvangs hf. varðandi afstöðu fólks til aðgerða stjórnarinnar — skoðanakönnun sem var lögð upp með svo leiðandi spurningum að tæpast var hægt að ætlast til að niðurstöðurnar gætu orðið nema á einn veg. Hagvangur hefur áður gert skoðanakannanir, m. a. fyrir kosningar, og hafa þær reynst marklausar og mjög fjarri lagi. Auðvitað er eins með þessa og furðulegt að sjálfur forsrh. skuli grípa til svo ómerkilegra hluta í framsögu fyrir þessu launamálafrv.

Það er margt sem bendir til að ríkisstj. hafi vissar efasemdir um meginaðgerðir. Verðbætur á laun eru bannaðar í tvö ár. Ekki mundu laun hækka þó verðtryggð væru ef engin verðbólga væri. Rekstrarliðir fjárlagafrv., t. d. kostnaður rn., hækka mun meira en allar spár um verðlagsþróun sem opinberaðar eru. Þar eru allt aðrar verðlagsforsendur notaðar til að tryggja rekstur ráðuneytanna í áframhaldandi verðbólgu.

Auðvitað eru líka margar aðrar aðgerðir þessarar ríkisstj. vafasamar að ekki sé meira sagt. Atvinnumálastefna, uppbygging hernaðarmannvirkja hér syðra í Helguvík, ný risaflugstöð á Keflavíkurflugvelli, stækkun álversins í Straumsvík, þetta eru einu hugmyndir stjórnvalda um sókn í atvinnumálum á sama tíma og alger uppgjöf virðist gagnvart erfiðleikum heðbundinna innlendra atvinnuvega. Á sama tíma er dregið stórlega úr opinberum framkvæmdum víða um land.

Stórhætta er á að þessi stefna leiði til nýrrar byggðaröskunar og fólksflótta af landsbyggðinni, sem þegar er farið að bera á. E. t. v. er hæfilegt atvinnuleysi það markmið sem stefnt er að til að draga kjark úr launþegum til nýrrar sóknar í kjaramálum. Slíkar fyrirmyndir er auðvelt að sækja til annarra landa. En atvinnuleysið er sá háski sem tekist hefur að forða frá undanfarna tíma, þó nú séu dekkri blikur á lofti í þeim efnum en oftast áður.

Um fyrirliggjandi frv. til l. um launamál er það að segja, að afnám gildandi og í sumum tilfellum nýgerðra kjarasamninga, eins og gert er ráð fyrir, er gróft brot á lýðræðislegum hefðum í landinu og bein ögrun við verkalýðshreyfinguna og gengur þvert á hugmyndir a. m. k. sumra talsmanna stjórnarflokkanna um frjálsan ákvörðunarrétt aðila vinnumarkaðarins.

Afnám verðbóta á laun hlýtur fyrr eða síðar að leiða til ófriðar á vinnumarkaðinum og styttri samningatíma ellegar enn frekari rýrnunar kaupmáttar. Staðreyndin er að afnám verðbóta á laun hefur aldrei leitt til verulegrar hjöðnunar verðbólgu og gerir það ekkert frekar nú. Aðgerðirnar í launamálum eru bæði ósanngjarnar og ósvífnar og auka stórlega á misréttið í þjóðfélaginu. Launþegar einir eru látnir greiða herkostnaðinn í stríðinu við verðbólguna, en ekki hafðir uppi neinir tilburðir til að jafna byrðunum. Launafólkið var orðið langþreytt á verðbólgunni og var tilbúið til að leggja sitt af mörkum í verðbólgustríðinu. Það verða því mikil vonbrigði þegar í ljós kemur að enn á það eftir að taka á sig versnandi lífskjör og verðbólguhjólið heldur áfram að snúast.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Mér er mikið í mun að þetta frv. verði afgreitt á þessum fundi til 3. umr. Því mun ég ekki verða langorður. Það væri reyndar best að frv. yrði fellt, en sjálfsagt er ekki áhugi fyrir því hjá stjórnarandstöðunni. En verkalýðshreyfingin þarf á því að halda að geta tekið upp samningaviðræður við vinnuveitendur hið allra fyrsta til að geta haft áhrif á gang mála.

En ástæðan fyrir því að ég kem hér upp er söguskoðun hv. 4. þm. Austurl., hvar hann rekur það hverjar orsakir eru fyrir verðbólgunni, og fannst mér sú söguskoðun afskaplega undarleg.

Það kemur fram hjá honum að kjarasamningar séu höfuðorsökin að því hvernig málum er komið og finnur hann ekkert annað en gerð kjarasamninga sem ástæðu fyrir verðbólgu. Ég mótmæli þessari skoðun mjög harðlega, tel hana alveg úr samhengi við raunveruleikann.

Það kom fram að 1974 hefðu verið gerðir kjarasamningar og eftir það hefði verðbólgan vaxið og 1977 hefðu verið gerðir kjarasamningar og verðbólgan vaxið þá. Ég minni á að í báðum þessum tilvikum var Framsfl. í ríkisstjórn og í báðum tilvikum var það fullyrt af forustumönnum þess flokks við verkalýðshreyfinguna að þeir kjarasamningar sem þá voru gerðir væru innan þess ramma sem efnahagskerfið þyldi. Í seinna tilvikinu

var meira að segja svo komið, að einn ráðh. hvatti verkalýðshreyfinguna til að gera kjarasamninga á ekki lægri nótum en hún var sjálf að hugsa um.

Verðbólga er vissulega af því illa, við getum verið sammála um það. Allir stjórnmálaflokkar töluðu gegn verðbólgu fyrir síðustu kosningar og hafa gert það um margra ára skeið. Ég hef einnig heyrt hv. 4. þm. Austurl. tala mikið gegn verðbólgu. Þar hefur hann verið harður og gaman á hann að hlýða. En annaðhvort er það að samflokksmenn hans hafa ekkert mark á honum tekið eða þá að hann hefur ekkert meint með því sem hann sagði, því að í þeim ríkisstjórnum sem hann hefur stutt hefur verðbólgan farið áfram með þvílíkum hraða að aldrei hefur annað eins skeð í Íslandssögunni.

Það kom fram áðan, að hv. þm. var að velta því fyrir sér hvað væri lýðræði. Ég verð að játa að mér fannst niðurstaðan vera afskaplega hæpin. Við stöndum frammi fyrir því að ríkisstj. hefur sett lög á verkalýðshreyfinguna, öll samtök launamanna, og bannað kjarasamninga. Slíkt hefur ekki skeð áður á Íslandi í þeim mæli sem nú er gert. Menn huga nú að ákveðnum grundvallaratriðum þegar þeir eru að setja lög. Það hefur ekki verið gert í þessu tilviki. Það eina sem komst að hjá þeim sem styðja ríkisstj. var að ná sér niðri á launþegahreyfingunni, klípa af henni svo sem unnt væri, og auðvitað kom þetta verst við þá sem áður voru verst settir. Nú er svo komið að þeir sem lægst eru launaðir geta varla dregið fram lífið. Gaman verður að hlusta á það hvernig fyrrv. ráðh. svara því nú á eftir hvernig fólk með 10—12 þús. kr. á mánuði getur farið að því að framfleyta fjölskyldu á þeim tekjum.

Við Alþfl.-menn boðuðum í síðustu kosningum að það væri ástæða til að færa fórnir fyrir betri framtíð og við gagnrýndum vísitölukerfið harðlega. Ég hef sagt innan verkalýðshreyfingarinnar að það hafi verið mistök af verkalýðshreyfingunni að hafa ekki frumkvæði að því að breyta vísitölunni í þann farveg sem viðunandi hefði verið. Því miður var það ekki gert og því er það að þeir ofstækismenn sem nú fara með stjórn landsmála hafa getað tekið vísitöluna úr sambandi og hyggjast sjálfsagt gera það áfram svo lengi sem þeim verður vært í stólunum.

Ég tel að vísitalan hafi eins og komið var á margan hátt verið ranglát og ekki séð fyrir því að vernda hag þeirra sem voru verst settir, eins og hún hefði þurft að gera. En ég tel að það eitt að banna vísitölu jafnframt því að hækka verðlag upp úr öllu valdi leysi engan vanda. Það frestar vandanum, en það leysir engan vanda. Menn munu sjá að ef einhverjar hreyfingar verða á kaupgjaldi á næstunni fer allt í sama farið, vegna þess að það er ekkert gert annað en að lækka launin.

Á sama tíma og Framsfl. hefur verið í ríkisstj. hefur hann lagst gegn því að taka á gerspilltu landbúnaðarkerfi og hann hefur haft forustu um að auka við fiskiskipaflotann, sem menn voru þó flestir sammála um að væri rangt og hefði ekkert nema illt í för með sér undir þeim kringumstæðum sem við búum við í sjávarútvegsmálum. Nú sjá menn afleiðingarnar af þessu, og birtist það í því að nú verður að leggja skipunum enn oftar og enn lengur en gert hefur verið til þessa, því miður.

Maður heyrir það oft, og það kom fram hjá hæstv. forsrh. fyrir skömmu, að framtíðin björt og hrein væri fram undan ef það tækist að koma verðbólgunni niður fyrir helst ekki neitt. En við sjáum þó fyrir okkur að svo verður ekki. Og atvinnuleysi hefur ekki verið forðað. Atvinnuleysi er að koma upp í fjölda byggða hér á Íslandi í dag. Ég minni á að suður á Suðurnesjum eru um 200 manns að verða atvinnulaus, á Akranesi er atvinnuleysi, á Eyrarbakka og Akureyri. Þetta er að ríða yfir alla þjóðina, þannig að þrátt fyrir aðgerðir ríkisstj. í launamálum og þrátt fyrir þá hörku sem þær aðgerðir hafa haft í för með sér er atvinnuleysi að koma yfir þjóðina. Ég spyr hv. 4. þm. Austurl. hvað ríkisstj. hyggist gera í þeim efnum. Við getum væntanlega verið sammála um að atvinnuleysi er enn verra en verðbólga. Atvinnuleysi er það versta sem fyrir hvern launamann kemur.

Við Alþfl.-menn teljum forkastanlegt að banna kjarasamninga og við teljum að þrátt fyrir það undanhald sem ríkisstj. hefur nú hafið vegna innbyrðis sundurlyndis og afstöðu almennings í landinu, undanhald sem hefur birst í því að afnema bann við kjarasamningum, hafi hún samhliða ráðist á kjarasamninga þá er fyrir voru og bannað að þeir kæmu til framkvæmda. Það er mjög slæm aðgerð líka og í prinsippinu verri aðgerð en margt annað.

Ég vona að hv. þm. muni styðja brtt. okkar til að reyna að lagfæra þá aðför, það frv. sem ríkisstj. hefur sett hér fram, og hjálpa því fólki sem hvað sárast hefur það nú þessa dagana vegna aðgerða þeirrar ríkisstj. sem nú er á fullu að klekkja á launþegahreyfingunni, klekkja á verkafólki í landinu.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm., spurði mig að því hvað ríkisstj. ætlaði að gera til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Ég er ekki í neinum vafa um það að það langþýðingarmesta í því efni er að færa niður verðbólguna; ég er í engum vafa um það. Ég er sannfærður um það að ef menn missa vald á þeim málum og verðbólgan hækkar þá verða ekki aðeins nokkur hundruð manns atvinnulausir í landinu heldur þúsundir; ég er sannfærður um það. Og ég er heldur ekki í nokkrum vafa um það að þessi mikla verðbólga, sem hefur geisað hér á Íslandi um langan tíma, hefur haft þau heildaráhrif að við lifum við verri og lélegri kjör en við hefðum ella gert ef við hefðum haft hér litla verðbólgu og eðlilegt ástand í okkar efnahags- og atvinnumálum; ég er sannfærður um það. Ég vildi þess vegna svara þeirri spurningu þm. á þá leið að það þarf að lækka verðbólguna enn og skapa skilyrði til þess að atvinnufyrirtæki, sem eru að stöðvast, geti haldið áfram rekstri og treyst atvinnu fólks. Þá held ég að skilyrði séu fyrir æskilegu og eðlilegu framhaldi.

Hv. þm. sagði að ég hefði sagt að verðbólgan stafaði eingöngu af kjarasamningum. Ég held að þetta sé nú ekki alveg rétt vegna þess að ég tók mjög skýrt fram að verðsprengingarnar í olíunni bæði 1974 — eða í árslok 1973 og 1974 — og aftur 1979 hefðu haft veruleg áhrif í þessum efnum. En ég sagði einnig að kjarasamningarnir 1974 og 1975 hefðu verið óraunhæfir og ég endurtek það: Það er mín skoðun, að þeir hafi verið óraunhæfir. Þeir hafa ekki svarað til þeirra möguleika sem okkar framleiðslukerfi hafði til þess að mæta þeim. Það er mín skoðun.

Ég tók það einnig fram án þess að orðlengja um það að það væru fleiri atriði sem þarna hefðu vafalaust komið til eins og t. d. það að ég er þeirrar skoðunar að of mikil heildarfjárfesting í landinu á undanförnum mörgum árum hafi verið þensluvaldur í þessum efnum. Þar var okkur þó nokkur vorkunn því að við vorum á vissan hátt í kapphlaupi við t. d. olíuverðhækkanir, við vorum að festa verulega mikið fjármagn í okkar orkulindum og vorum að leggja hitaveitur um allt landið og fleira mætti nefna. Ég er ánægður að heyra að Alþfl. er á móti vísitölukerfinu, þessu, sem nú er verið að afnema, og Alþfl. hefur sagt það áður að hann væri því andvígur. Ég held að miklu nær hefði verið fyrir Alþfl. á s. l. vori að hætta við það skilyrði í sambandi við stjórnarmyndunarviðræðurnar að hann vildi endilega fá forsrh. landsins, og tala um vísitölukerfið og efnahagsmálin í staðinn. (**KSG:** Við gerðum það Tómas Árnason.) Tala um vísitölukerfið og efnahagsmálin í staðinn og draga sig ekki út úr ríkisstj.-viðræðunum svo að segja strax eða eftir 1—2 fundi. Það kann vel að vera að Alþfl. hefði getað haft áhrif til góðs (**Gripið fram í:** Það er ljótt að skrökva Tómas.) í sambandi við stjórnarstefnu. Ég er ekkert frá því, ég var fylgjandi því að fá Alþfl. inn í þessar viðræður. En ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar það skilyrði var strax sett af Alþfl. að hann vildi fá forsrh., og síðan ekki söguna meir og þeir hurfu úr viðræðunum. Það voru mér veruleg vonbrigði.

Hv. þm. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm., spurði mig að því hvernig fjölskylda ætti að lifa af 12 þús. kr. á mánuði. Ég geri ráð fyrir að það sé erfitt ef það er mögulegt, fer sjálfsagt eftir ýmsu. En ég álít að það sé erfitt. En ég vildi þá spyrja þegar verið er að ræða um efnahagsaðgerðir: Hvernig mundi fjölskyldu reiða af ef fjöldaatvinnuleysi hefði haldið innreið sína á Íslandi í sumar og haust (Gripið fram í.), ef ekki hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur atvinnulífsins í sumar? Ég hugsa að við séum sammála um, ég og hv. þm., að það hefðu ekki verið betri kjör og betra hlutskipti fyrir láglaunafólkið í landinu. En ég hygg, að það hefði kannske fyrst bitnað á því ef atvinnuleysi hefði haldið innreið sína.

Ástæða er til í þessu sambandi að vekja athygli á að 1. júní áttu laun að hækka um 22%, verðbótavísitalan sagði svo fyrir um. Þá hefðu laun manns, sem hafði 50 þús. kr. á mánuði, hækkað um 11 þús. kr., en laun þess, sem hafði 12 þús., hefðu hækkað um 2 600 kr. á mánuði. Sem sagt, 8 500 kr. munur. Og ég spyr: Var þetta réttlæti? Ég geri ráð fyrir því að Alþfl.- mennirnir svari þessu neitandi vegna þess að þeir hafa lýst því yfir að þeir teldu að vísitölukerfið sem var hafi verið ranglátt og óheppilegt. En margar spurningar vakna upp í sambandi við þessi mál. Þau eru erfið og það er ekkert létt pólitískt að vera með í því að taka á þeim. Ég get sagt hv. þm. Eiði Guðnasyni að ég tek á mig ábyrgð á því sem gerðist meðan ég var í ríkisstj. Ég er ekki að skorast undan því. En ég vil hins vegar ekki sitja undir því þegjandi sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði hér áðan, að ég hafi ekkert meint með ræðum um verðbólgu. Ég man eftir mörgum ræðum um verðbólgu, bæði hér í þinginu um áraraðir, í ríkisstj. og víðar. Ég hef meint hvert einasta orð af því sem ég hef sagt þar. Hins vegar illu heilli tókst ekki samkomulag í þeim ríkisstj. sem ég sat í frá 1978—1983 um raunhæfar aðgerðir í efnahagsmálum og mér voru það mjög mikil vonbrigði. (**Gripið fram í:** Þið sátuð samt.) Já, við sátum kannske of lengi. Ég verð að viðurkenna að mér voru það mikil og sár vonbrigði í bæði skiptin. Ég er nú þeirrar skoðunar, og veit það kannske eins glöggt og margir aðrir, að Alþfl. hefur ekki staðið sig þegar verið var að setja lögin um efnahagsstjórn, lög nr. 13 frá 1979. Hann stóð sig ekki þegar verið var að fjalla um vísitölukaflann í þeim lögum, því miður. Og það þarf ekkert að ræða um Alþb. í þessu efni. Það hafði ekki þrek til þess að standa að raunhæfum ráðstöfunum í efnahagsmálum. Og þess vegna kannske fór sem fór.

Hv. þm. Eiður Guðnason ræddi dálítið um lýðræði. Er ekki nauðsynlegt að staldra við og skilgreina lýðræði? Hvað er lýðræði? Ég vil skilgreina það svona, ég veit ekki hvort hv. þm. er mér sammála: Lýðræði er það er meiri hluti þjóðarinnar ræður málum, stjórnfyrirkomulag þar sem meiri hluti þjóðarinnar ræður málum, en minni hlutinn hefur möguleika í frjálsum kosningum til þess að verða meiri hluti. Mér finnst að menn brengli þessu hugtaki talsvert. Og þegar rætt er um að svipta aðila vinnumarkaðarins samningsrétti þá er auðvitað skylt, ef menn vilja vera heiðarlegir í málflutningi, að taka fram að hér er ekki um að ræða sviptingu um aldur og ævi. Hér er um að ræða sviptingu um tiltekinn tíma vegna þess að raunverulega er um að ræða neyðarástand í efnahags- og atvinnumálum. Neyðarástand krefst þess að neyðarréttur sé notaður. Það má segja að þetta sé eins konar neyðarréttur sem menn eru að nota í svona tilvikum, þegar allt er á hverfanda hveli.

Þegar gerður er samanburður á Íslandi og Norðurlöndunum, — ég sagði réttilega frá því að laun hefðu verið fryst, bæði á Norðurlöndunum og í Frakklandi og miklu víðar, — þá er náttúrlega alveg nauðsynlegt, ef maður ætlar að vera heiðarlegur í málflutningi, að gera grein fyrir því að við erum hér að fást við 100% verðbólgu. Við skulum ekkert vera að fara hærra í því efni. Við erum staddir í 100% verðbólgu. En hvað var verðbólgan í Noregi þegar þeir gerðu þessar neyðarráðstafanir sínar? Ætli hún hafi ekki verið eitthvað í kringum 11%? Ætli sé ekki dálítill munur á að taka á málum þar sem verðbólgan er 11—12% eða þar sem hún er 100%? Ætli verði ekki að gera dálítið aðrar kröfur til ráðstafana, sem eru gerðar, þegar um er að ræða svona gífurlegan mun á ástandinu?

Það er hárrétt hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, í Finnlandi 1967—1968 var samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. um að afnema vísitölukerfið og það hefur ekki verið endurvakið þar í landi. Þá var verðbólga í Finnlandi líklega um 25 eða 27%, sem er náttúrlega mikið. En hvað er það miðað við 100%? Það sem er e. t. v. meginatriði í þessum umr. er hvaða árangur hefur þegar náðst í þessum málum sem ég álít að sé mjög þýðingarmikill þó að menn deili hart um aðferðir. Það er staðreynd að fyrir liggja tillögur og stefna ríkisstj., og hún er harðlega gagnrýnd af stjórnarandstöðunni. En hverjar eru í raun og veru tillögur stjórnarandstöðunnar? Ég hef ekki séð tillögur stjórnarandstöðunnar heillegar lagðar á borðið. Maður heyrir hitt og þetta sagt. Það er sagt að jafna þurfi byrðunum frekar o. s. frv., en ég hef ekki séð heillegar tillögur sem hafa verið rökstuddar þannig að þær væru nægilega róttækar til þess að ná þeim árangri sem er lágmark í viðureigninni við t. d. verðbólguna. Þess vegna er

ástæða til þess að spyrja stjórnarandstöðuna um marktækar tillögur, ekki bara lauslegt tal, heldur marktækar tillögur um hvað þurfi að gera til þess að ráða bót á þessu háskalega ástandi.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Hér hefur verið mikið rætt um það frv. til l. um launamál sem hér er til umr. og það er ekki óeðlilegt. Í þessum umr. hafa orð verið látin falla á víxl og þá einkum um liðna tíð; hver kennir öðrum um þá hluti sem orðið hafa. Ég skal sýna ykkur fulla sanngirni. Ég er nýr hér á þingi og tek á sjálfan mig fulla ábyrgð af orðum mínum: Þetta ástand, sem nú ríkir, er meira og minna að kenna öllum þeim flokkum sem haldið hafa um stjórnvölinn hér síðustu árin. Við skulum vera sanngjörn þar. En það skiptist misjafnlega.

Þess vegna þykir mér skrýtinn málflutningur hv. þm. Þórðar Skúlasonar þegar hann kemur upp hér áðan sem málsvari Alþb. í þessum efnum. Ég skildi hann þannig að mér fannst að það væri bókstaflega ekkert að í þessu þjóðfélagi. Sé haft rétt eftir hér — ég skrifaði upp eftir honum — er þetta þannig að ýmsar ytri aðstæður hafi farið mjög batnandi, við erum farnir að veiða síld, við erum farnir að veiða hörpudisk og við erum farnir að veiða loðnu svo að þetta er allt saman á batavegi. Við veiddum síld, Þórður Skúlason, í fyrra. Við veiddum hörpudisk í fyrra. Loðnan er að koma inn núna sem betur fer; það má segja að hún sé aukabúgrein í ár. En á sama tíma er verið að skera niður þorskinn fyrir okkur. Um hvað mikið? Við skulum nefna verðmæti upp á 2.5 milljarða í útflutningsverðmæti; það má ekki gleyma þessu í leiðinni. (**Gripið fram í:** Það sagðir þú ekki í vor Valdimar þegar lögin voru gefin út.) Nei, ég sé það núna og ég bæti við það sem hann segir hér áðan: Þetta eru einhverjar nýjar búgreinar sem hann er að finna þarna upp. Það er alltaf allt í sama fari hjá Alþb. — ég verð að fara í gamla tímann líka — sem búið er að sitja hér í ríkisstj. í 5 ár og þannig er viðskilnaðurinn — aðrir hér í hv. d. geta svarað því kannske — en ætli það hafi ekki verið einhver mesti dragbítur inn á það í síðustu ríkisstj. að ekki var tekist á við þessi mál. Það er ekki von að hægt sé að viðurkenna það í dag. En því miður er þetta svona, svo að það er ekki skemmtilegt að sitja undir ræðum þar sem þetta er allt kennt þessum vondu ofstækismönnum í ríkisstj. eins og Karl Steinar þm. sagði áðan, sem vilja koma þessum málum fram. En við erum öll sammála um að ekki varð haldið lengur svona áfram. Það varð að takast á við þetta í vor og það var of seint. En það var gert samt og þeir flokkar, sem tókust á við þetta, ætla að leysa vandamálin sem þeir tókust á við. Stór vandamál er við að glíma, en þeir munu ekki hopa í þessum efnum. Ég undirstrika það.

Það var látið að því liggja hér í báðum deildum, og hv. þm. Eiður Guðnason var að því hér áðan, að það væri vafasamt hvort meiri hluti hafi verið fyrir þessum brbl. sem sett voru í vor, það var látið skína í að það væri ekki víst eftir ýmiss konar undanlátssemi síðustu vikna. En það get ég fullyrt við hv. þm. að það var og er meiri hl. fyrir þeim ráðstöfunum sem við hér erum að gera. Ég skal játa að þær eru vissulega harkalegar, en hvað á að gera þegar svona er komið? Og þetta er öllum að kenna, öllum þessum gömlu stjórnmálaflokkum. Við skulum játa það og við skulum takast á við það. Það þýðir ekki að vera með neina óskhyggju eða sýndarmennsku í þessum málum, sem vill brenna við hjá mörgum. Lægstu launin eru ákveðið vandamál, ég ætla ekki að tjá mig frekar um það. Þau verður að taka sérstaklega á vigt. En hitt eru smámunir á móti því að geta byggt upp atvinnu fyrir fólkið og látið þau mál ganga.

Ég þekki ekki þessa atvinnurekendur á mínu svæði a. m. k. sem hv. þm. Þórður Skúlason talaði um hér áðan og sagði að það ríkti mikill fögnuður í herbúðum atvinnurekenda. Þetta gildir kannske fyrir Norðurl. v., þetta er ekki hér sunnanlands. — [Fundarhlé.]

Landbrh. (Jón Helgason): Virðulegi forseti. Það er vissulega eðlilegt að umr. verði um þetta mál, þar sem hér er verið að fjalla um tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, sem er kannske eitt af grundvallaratriðum í stjórnmálaumr. Hins vegar hefur farið svo í þessum umr., eins og reyndar vill oft verða, að þær verða lítt málefnalegar.

Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að ég taldi nauðsynlegt að benda á örfáar staðreyndir, en ætla að öðru leyti ekki að lengja umr. mikið.

Er ég orða það þannig að umr. hafi orðið lítt málefnalegar er það vegna þess að hér, a. m. k. hjá sumum ræðumönnum stjórnarandstöðunnar, hefur því verið haldið fram að þær aðgerðir sem ákveðið var að ráðast í í vor beri vott um mikla mannvonsku hjá ríkisstj. og stjórnarflokkunum og það hafi, eins og einhver orðaði það, átt að ná sér niðri á launþegahreyfingunni og annað eftir því. Í mínum huga voru þær aðgerðir sem gripið var til á s. l. vori með þessum brbl. alger nauðsyn og fyrst og fremst alger nauðsyn fyrir fólkið í landinu. Þar í hópi er launþegahreyfingin, sem er svo stór hluti af íbúum þessa lands. Það blasti sem sagt við að atvinnulífið var að stöðvast. Við vissum það í maímánuði. Þá var atvinnuvegunum haldið gangandi meðal annars með erlendum lántökum, þar sem verðbólgan var að eyða ekki aðeins rekstrargrundvelli atvinnuveganna, heldur einnig öllu rekstrarfjármagni, þannig að það var ekkert fjármagn til upp í þann sívaxandi krónufjölda sem til þurfti til að halda atvinnulífinu gangandi. Fram undan, ef slíku átti að halda áfram, blasti þess vegna við stöðvun fjölmargra atvinnufyrirtækja og atvinnuleysi, sem allir ræðumenn hér eru þó sammála um að sé það versta.

Það hefur verið nokkuð rætt um hve verðbólguhraðinn væri mikill. Ég hef látið það frá mér fara að verðbólgan hafi verið nálægt 150% í maímánuði. Það sem liggur þar til grundvallar er sú vísitala sem reiknuð var út einmitt um það leyti sem ríkisstj. var mynduð, þ. e. lánskjaravísitalan. Framfærsluvísitalan var reiknuð út 1. maí og þá hafði hún hækkað um 23.4%, eins og fram kemur í Hagtíðindum, og það þýðir ef það er sett í fjórða veldi, þ. e. ef sami hraði væri áfram næstu þrjá ársfjórðunga til viðbótar, að hún væri orðin 131.5% um áramót. Lánskjaravísitalan hækkaði um 8.25% í einum mánuði. Það þýðir ef það er sett í tólfta veldi, þ. e. framreiknaður sá hraði sem var á því augnabliki á henni, 158.9%. Þetta eru tölur sem hægt er að sjá í Hagtölum mánaðarins, þannig að þetta liggur skjalfest fyrir, en er enginn tilbúningur.

En þá er það um þá miklu kjaraskerðingu sem ríkisstj. á að hafa gripið til af einhverri mannvonsku eða illvilja í garð launþegahreyfingarinnar. Ég býst við að allir hér hafi séð auglýsingu sem launþegasamtökin

birtu hinn 1. september s. l. Þar er m. a. þetta línurit. Þetta er línurit sem sýnir hvernig þróunin hefur orðið á kaupmætti kauptaxta. Þar kemur í ljós að frá 1. sept. 1982 er hápunktur á þessu línuriti, en síðan er fallið beint niður og þannig var það allt til 1. júní s. l., þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. Eftir málflutningi í umr. nú ætti þetta að sýna illvilja fyrrv. ríkisstj. í garð launþegahreyfingarinnar og þeirra flokka sem að henni stóðu. Það er langt frá því og vitanlega fjarri öllu lagi að halda slíku fram. Mér dettur ekki í hug að bera slíka ásökun á Alþb., sem stóð að þeirri ríkisstj. Framsfl. stóð líka að þeirri ríkisstj. En það var ágreiningur í þeirri ríkisstj. um efnahagsmálin milli flokka. Framsfl. vildi einmitt í ágústmánuði 1982 að það yrðu gerðar breytingar á vísitölukerfinu, taldi að náðst hefði samkomulag um það milli stjórnarflokkanna, en því miður náði það ekki fram að ganga. Alþb. treysti sér ekki til þess. Þess vegna m. a. fór verðbólgan svona upp, og afleiðingin varð fallið sem Alþýðusamband Íslands birti hér á línuriti og varð á þeim tíma sem ríkisstj. sat, því miður. Þar við bættust síðan, og er önnur grundvallarástæðan, minnkandi þjóðartekjur, eins og öllum er kunnugt. Það urðu færri krónur til skiptanna.

Síðan heldur fallið áfram aðeins lengra, fram að 1. sept. Því miður tókst ekki algerlega á stundinni að stöðva þetta fall. Þar átti stærstan þátt aflabresturinn sem varð á vertíðinni á s. l. vetri. Það dró stórlega úr þorskafla, þannig að vegna stöðu útgerðarinnar 1. júní var gengisfelling nauðsynleg til að styrkja stöðu útflutningsatvinnuveganna. En nú hefur sem betur fer tekist að draga stórlega úr verðbólgunni og jafnframt breytist þetta línurit um leið. Það hættir að falla. Vonin var sú, að hægt yrði þegar kæmi fram á næsta ár að fara að síga heldur upp á við, en því miður hefur komið nú hin svarta skýrsla, sem hér hefur verið rædd, sem veikir vonir manna um að slíkt sé mögulegt.

Ég vildi aðeins benda á þetta línurit til að sýna hversu þær umr. sem orðið hafa um illvilja núv. ríkisstj. eru fjarri því að vera málefnalegar. Menn sjá hér á því svo glöggt hver þróunin varð frá árinu 1982. Ég hef ekki heyrt ræðumenn hér tala um að fyrrv. ríkisstj. hafi komið þarna fram af illvilja. Orsökin er þróunin í þjóðfélaginu, annars vegar minnkandi þjóðartekjur og hins vegar að ríkisvaldið bar því miður ekki á þeim tíma gæfu til að stöðva verðbólguþróunina.

Frsm. 2. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort við eigum að hafa þá umr. sem hér á sér stað á því stigi að vera að tala um illvilja og mannvonsku valdhafa, ég minnist þess ekki að hafa tekið mér þau orð í munn hér í þessum ræðustóli. Hins vegar stendur sú staðreynd óhögguð og henni verður ekki haggað að hinir lægst launuðu og lakast settu í þjóðfélaginu hafa verið verst leiknir af þessum ráðstöfunum. Ríkisstj. fékkst t. d. ekki til að ganga að till. okkar Alþfl.-manna um auknar mildandi aðgerðir sem svo voru kallaðar í þessum stjórnarmyndunarviðræðum varðandi þá sem allra lægst launin höfðu. Það stendur eftir. Mér dettur ekki í hug að ætla þeim ágætu einstaklingum sem í ríkisstj. sitja eða málum þar ráða einhverja sérstaka mannvonsku, en það var ekki pólitískur vilji hjá Framsfl. og Sjálfstfl. til að ganga lengra en þetta, þeirri staðreynd fáum við ekki haggað. Menn geta svo kallað það hvaða nöfnum sem þeir vilja, en ég kýs að kalla það að ekki hafi verið pólitískur vilji til að ganga lengra. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. dóms- og kirkjumrh., að sumu leyti hefur þessi umr. kannske verið lítt málefnaleg.

Þá vil ég enn á ný víkja máli mínu til hv. 4. þm. Austurl. Satt best að segja komu þau ummæli sem hann viðhafði áðan þegar hann var að ræða um stjórnarmyndunarviðræður mér afskaplega mikið á óvart. Ef maður ætlar að vera heiðarlegur í málflutningi, sagði hann. Nú held ég að við viljum flestir, allir vonandi vera heiðarlegir í málflutningi, en þau orð sem hann mælti hér úr þessum ræðustóli áðan get ég ekki með nokkru móti kallað heiðarlegan málflutning. (**Gripið fram í:** Hvað var það?) Nú skal ég koma nánar að því, hv. þm., og rekja það, kannske ekki í mjög löngu máli því nú gerist áliðið, en það mætti tala um það nokkuð langt mál.

Á ákveðnu stigi og á ákveðnum tíma var um það rætt að Alþfl. ætti aðild að ríkisstj. með Sjálfstfl. og Framsfl. Þess þurfti ekki þm.-fjöldans vegna, við vitum allir hvern meiri hluta þessir flokkar hafa í dag, 37 þm. til samans, engin þörf var á Alþfl. Alþfl. vildi tryggja stöðu sína í slíkri ríkisstj. ef til kæmi. Við vorum ýmsir sem höfðum raunverulegan áhuga á að taka þátt í slíku stjórnarsamstarfi ef um gæti samist. Þá setti Alþfl. fram þá till. að embætti forsrh. yrði hjá Alþfl. í slíkri þriggja flokka stjórn. Það mundi hafa haft nokkur áhrif til að tryggja stöðu flokksins í ríkisstj. þar sem hans var tölulega ekki þörf vegna meiri hluta. Þessari kröfu var hafnað umsvifalaust og hún ekkert frekar rædd. Síðan héldu stjórnarmyndunarviðræður áfram í a. m. k. viku eftir að þetta gerðist. Og þess vegna segi ég það aftur og enn að það er ekki heiðarlegur málflutningur að koma hér í þennan ræðustól og segja við þingheim að það hafi verið af þessum ástæðum sem Alþfl. tók ekki þátt í ríkisstj. Hv. þm. Tómas Árnason veit mæta vel að það voru allt aðrar ástæður. Þess vegna eru þau ummæli sem hann viðhafði hér áðan ekki rétt og við skulum nú reyna að hafa þá reglu í heiðri hér að hafa það sem sannara reynist.

Hv. þm. veit mjög vel að um allt önnur atriði var að ræða. Vissulega settum við þessa kröfu, ósk eða tilmæli fram, en því var hafnað og síðan var ekkert meira um það talað. Þetta vita allir sem tóku þátt í þessum stjórnarmyndunarviðræðum. Og það er mönnum sæmst að viðurkenna það sem rétt er og hafa það sem sannara reynist. Hann spurði hér um till. stjórnarandstæðinga. Hann veit líka mæta vel hvaða till. við lögðum fram í stjórnarmyndunarviðræðunum í þessum efnum. Við vildum ekki fallast á að samningsréttur yrði afnuminn með þeim hætti sem gert var. Það getur enginn jafnaðarmannaflokkur gert þegar ekki hefur verið leitað neins samráðs eða samninga við verkalýðshreyfinguna um hvernig mætti haga þeim málum. Og hann veit vel að það var eitt þeirra meginatriða sem strandaði á. Það kom í ljós daginn sem upp úr þessum viðræðum slitnaði að bæði Sjálfstfl. og Framsfl. voru búnir að læsa sig svo rækilega inn á þetta að því varð ekki haggað. (**Gripið fram í:** Þið vissuð ekkert hvað þið vilduð.) Það kom fram í samtölum sem áttu sér stað í þessu virðulega húsi. Við vissum, hv. þm. Egill Jónsson, nákvæmlega hvað við vildum. Það var vegna þess að við vissum hvað við vildum sem við tókum ekki þátt í þessari ríkisstj., en þar virtust hins vegar sumir vera tilbúnir til að fórna hverju

sem var bara fyrir stólana. Það kom í ljós þegar þessi stjórn var sett á laggirnar.

Till. Alþfl. í landbúnaðarmálum voru m. a. mjög ítarlegar og þær mættu ákveðinni andstöðu t. d. hjá framsóknarmönnunum í Sjálfstfl. og framsóknarmönnunum í Framsfl. Ég held nú samt að við hefðum verið tilbúnir til að slaka til varðandi það sem við þar lögðum til, ef við hefðum séð eitthvert ljós fram undan, ef við hefðum séð til lands, en því miður þar höfðum við ekki árangur sem erfiði. Þó við kæmum ekki fram þeim kerfisbreytingum þar sem við vildum voru þau mál ekki gerð að úrslitaatriði. Við erum búnir að heyja það langa baráttu í þessum málum þar sem menn hafa nú viðurkennt réttmæti skoðana og afstöðu Alþfl. undanfarin 20 ár eða rúmlega það, tekið upp framleiðslustjórnun í stað óheftrar framleiðslustefnu. En við eigum mikið verk óunnið að koma nokkuð meiri skynsemi í þá stefnu en nú er og við munum að sjálfsögðu halda því áfram þó að ýmsir þvælist þar fyrir sem mest þeir mega.

Hv. þm. Tómas Árnason spurði hér áðan: Hvað er lýðræði? Það er ekki hið eiginlega lýðræði þegar menn sitja hér í tveimur flokksherbergjum niðri og setja þjóðinni lög. Það er ekki lýðræði, það er skrípamynd af lýðræði eins og þessi brbl.-heimild nú er orðin þegar menn sitja hér á lokuðum flokksfundum í herbergjum Framsfl. og Sjálfstfl. Þar á ekki að setja landinu lög, það á að gerast á Alþingi. Og auðvitað er brbl.-útgáfa með þeim hætti sem hér hefur verið iðkuð afskræming á lýðræðinu, við skulum bara viðurkenna það, og þar þurfum við að breyta.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri, en hv. þm. Tómas Árnason viðurkenndi að erfitt mundi verða að lifa af 12 þús. krónum á mánuði, hann viðurkenndi að það mundi verða erfitt venjulegri fjölskyldu. Ég fullyrði að það er ekki hægt.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér er auðvitað hægt að iðka þrætubókarlist lengi, ég skal reyna að gera það sem allra minnst og sem styst. Hér kom upp áðan sá mæti maður hv. 3. þm. Vesturl., Valdimar Indriðason með nokkrum þjósti sem ólíkt er þeim ágæta manni. Hann sá ástæðu til að snúa út úr og taka sérstaklega setningu út úr hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. og flokkaði það svo undir það að Alþb. sæi allt bjart. Ég segi það nú að miklu betra er að reyna að líta á björtu hliðarnar en það sem mér finnst skína út úr orðum allt of margra stjórnarsinna í dag að þeir dekkja svo myndina og setja hana svo ömurlega upp að þeir sjá í raun og veru aðeins svart. Þó þeir vilji hræða lýðinn til hlýðni við sig þá má nú miðla mun hvað menn mála myndina dökka. Og þó bent sé á það sem kynni og gæti komið á móti okkar minnkandi þorskafla og líkum þar tel ég okkur skylt, hverjum og einum, að reyna að finna útgönguleiðina. Það þýðir ekki að menn sjái allt bjart, því miður, þorskurinn er of stór í þessu efni til að menn geti séð neina birtu við það. En menn verða að meta það hlutlægt sem getur komið á móti af sjávarfangi og það skildi ég svo og þurfti engan speking að skilja orð hv. þm. Þórðar Skúlasonar á þann veg.

Hér var talað um mannvonsku og illvilja. Ég segi alveg eins og er að ég undraðist hversu harkalegar till. og aðgerðir hæstv. ríkisstj. voru, hversu grimmdarlega var að verki staðið, af þeirri einföldu ástæðu að ég veit að þarna er um mætustu menn að ræða. En það er ekki gaman að því þegar menn hafa tekið ákveðna trú og trúa því einfaldlega í blindni að kaup fólksins í landinu sé orsök og undirrót alls ills. Þá freistast menn auðvitað til að gera ýmislegt sem þeir gerðu ekki annars ef hjartahlýjan fengi einhverju að ráða. Slík blind trú hlýtur að hafa þessi áhrif.

Ég skal ekki fara út í nein línurit en aðeins minna á kaldar tölur úr raunveruleikanum sem einnig má lesa út úr því sem Þjóðhagsstofnun og aðrir slíkir aðilar hafa verið að gefa út og ýmis dæmi sem hægt er að reikna út beint út frá því. Ef við segjum að maður hafi haft 20 þús. krónur í kaup í mars s. l. og hann hafi samkv. vísitölu þá greitt fyrir vöru og þjónustu 15 þús. en 5 þús. kr. af verðtryggðum lánum sínum, sem telst nú ekki mikið, hverjar væru þessar upphæðir í dag? Kaupið samkv. þeim viðbótum sem þar hafa komið væri 2 464 kr. hærra. Þrátt fyrir að menn tala hér um að öll verðbólga sé horfin hefur vara og þjónusta samkv. þeim vísitöluhækkunum sem orðið hafa hækkað um 8 271 kr. miðað við þessi 15 þús. sem þarna voru. Og af því að hér var verið að tala um hina stórlækkandi vexti hefðu verðtryggðu lánin hækkað úr þessum 5 þús. kr. upp í 7 417 eða um 2 417 kr. Þessi maður sem eyddi þessum 20 þús. á þennan hátt hefur fengið kaupuppbætur upp á 2 464 kr. en greiðir samkvæmt vísitöluhækkun fyrir vöru og þjónustu og fyrir sín verðtryggðu lán 10 488 kr. Þetta eru kaldar tölur og þarf engin línurit að sýna í kringum það, nema þær eru auðvitað enn þá kaldari og miskunnarlausari hjá þeim sem hefðu bara verið með 10 þús. og hafa fengið 1 232 kr. í uppbót á sín laun frá þeim tíma sem ríkisstj. tók við. Ég kannast við þulu hv. þm. Tómasar Árnasonar um þrekið, þetta er föst fylgikona hans í ræðustól þegar hann er að tala um Alþb. (**Gripið fram í:** Þrekleysið.) Hann gleymir þessu ekki, já, og þrekleysið sem hann talar um. Ég hef oft svarað honum í sambandi við það. Það þarf ekkert þrek til þess að framkvæma ráðstafanir af þessu tagi sem hafa verið gerðar núna. Það þarf ekkert þrek til að keyra niður kjör elli- og örorkuþega. Það þarf ekkert þrek til að keyra niður kjör einstæðra foreldra eða annarra láglaunahópa. En það þarf þrek ef á að taka á þeim meinsemdum þjóðfélagsins sem hann reyndar impraði örlítið á, fjárfestingunni í milliliðum og öðru slíku, annarri slíkri óþarfa þjónustu. Þar þarf þrek og þar skortir hann þrek, enda þarf þar meira til. Og vegna þess að hér var verið að tala um að vegna þess að Alþb. hefði verið ófáanlegt til að breyta vísitölugrundvelli þá hefði farið að miklu leyti sem farið hefði, þær breytingar áttu einvörðungu að verða til að keyra niður kaupgjaldið í landinu, ekki til neins annars.

En á hverju öðru vildu þeir taka? Ef hv. þm. Tómas Árnason ætlar að koma hér upp á eftir og gera örstutta athugasemd langar mig til að vita á hverju öðru hann hefði viljað taka en kaupgjaldsmálum og vísitölugrundvellinum, á hvaða atriðum fjárfestingarinnar t. d. vildi hann taka? Skera niður í versluninni? Skera niður í gerviþjónustunni? Í hinum margvíslega milliliðakostnaði sem við erum að borga brúsann af? Það væri gaman að fá örlítið nánari útskýringu á því.

Og síðan var hann að tala um ranglætið í sambandi við prósentuna sem gengi upp allan launastigann og nú skyldi maður hafa haldið að þegar þessir tveir aðilar voru saman komnir í stjórn, Sjálfstfl. og Framsfl., hefðu þeir nú aldeilis leiðrétt þetta með sínum prósentum og

látið jafnt yfir alla ganga 1. júní og 1. október, sömu krónutöluna. Nei, ekki aldeilis. Prósentureglan var í fullu gildi. 8% fóru auðvitað upp allan launastigann og voru auðvitað jafntvöföld og þreföld og fjórföld eftir því hver hafði kaupið sem grunnurinn mældi. Vitanlega, það er bara engu breytt. Ekki annað en það að prósentan var auðvitað skorin harkalegast niður hjá þeim sem þurftu svo sannarlega á uppbótinni að halda.

Þegar verið er að tala um að vextir lækki er vitanlega rétt að þeir hafa lækkað. En spurningin sem hv. þm. Karl Steinar varpaði fram áðan var vitanlega sú eina rétta í þessari viðmiðun: Hver er greiðslubyrði manna í dag, *hvert hlutfall af tekjum manna er hún í dag?* Halda menn að þrátt fyrir ýmsar kúnstir hafi mönnum tekist að ná niður greiðslubyrði t. d. lána sem hlutfalli af tekjum frá í vor? Vilja menn halda því fram úr þessum ræðustól að sú greiðslubyrði hafi minnkað? Það væri gaman að heyra af því tagi.

Síðan er auðvitað ósköp eðlilegt að þessi hæstv. ríkisstj. geti stært sig af því núna þessa tvo, þrjá mánuði að verðbólguþróunin hafi eitthvað lagast eftir vaðandi hækkanir sumarsins þegar þeir hleyptu út í verðlagið hverri hækkuninni á fætur annarri og sáust ekki fyrir í því. Það má auðvitað sýna dálítið laglegar tölur á eftir til samburðar við það meðan þeir keyrðu allt á fullu upp úr öllu valdi á opinberri þjónstu og sem afleiðingar af gengislækkun sinni. Hins vegar heyrði ég að hv. þm. Tómas Árnason hefur ekki beint stórt álit á þessari hæstv. ríkisstj. því eftir almenna, mjög dökka lýsingu á Alþfl. hafði hann það helst til málanna að leggja í lokin að telja að stjórnin hefði þó stórlega skánað ef kratarnir hefðu verið með.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. Jón Helgason kom hér upp áðan og sýndi okkur auglýsingu sem Alþýðusamband Íslands hafði birt um kaupmátt kauptaxta. Hann sýndi okkur línurit af því hvernig kaupmáttarstigið hefði fallið og sleppti því að lesa auglýsinguna sem slíka sem sýnir miklu meira en þetta línurit. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. júní hækkuðu lágmarkstekjur um 10% en önnur laun um 8%. Lágmarkstekjur eru nú 10 539 kr. á mánuði og samkvæmt kjarasamningum vantar 33% eða 3 500 kr. á öll laun, vantar 1. sept. 36% en svokallaðar mildandi aðgerðir svara til 2% í kaupi."

Þá segir jafnframt í þessari auglýsingu: „Matarreikningur vísitölufjölskyldunnar varð 1. ágúst 1983 8 600 kr. á mánuði. Lágtekjufólk sem var 96 stundir að vinna fyrir matarreikningi fyrir ári þarf nú að vinna 141 klukkustund."

Þá er jafnframt bent á að jafnhliða því að klipið er af kaupinu eru allar hugsanlegar verðhækkanir leyfðar, bæði á opinberri þjónustu og öðru og greiðslubyrði af lánum hefur aukist hrikalega. Þessa auglýsingu birtu alþýðusamtökin til að benda á hversu mjög hefur verið ráðist á kjör launþega og ég hygg að birting þessarar auglýsingar hafi orðið til að gera fólki grein fyrir hve harkalega var að gengið.

Í umr. áðan varpaði hv. 4. þm. Austurl. oft fram spurningunni: Hvað er lýðræði? Og ég leyfi mér að fullyrða að þær aðferðir sem stjórnarflokkarnir hafa notað til að keyra fram þær aðgerðir sem nú er verið að leita staðfestingar á eru ekki lýðræði. Ég bendi á að Sjálfstfl. sagði fyrir kosningarnar og löngu eftir kosningar að hann væri á móti því að svipta verkalýðsfélögin samningsrétti. Framsfl. kúgaði hann til að samþykkja það og ég efast um að hann hafi fengið þá alla í lið með sér í þeim efnum. A. m. k. hefur orðið sú raunin á að nú þegar þing er komið saman hafa þeir hver á fætur öðrum neitað því að vilja samþykkja slíkt og sjálfsagt er það þess vegna sem nú er ætlunin að afnema þetta samningabann.

Tómas Árnason leyfði sér að vitna í stjórnarmyndunarviðræður og hélt því fram að á því einu hefði strandað að Alþfl. hefði viljað forsrh. Þetta er náttúrlega eins og hvert annað rugl og er afskaplega undarlegt að hann skuli sjá sig knúinn til að halda slíku fram. Alþfl. setti á sínum tíma fram þá kröfu að honum yrði falið forsæti í ríkisstj. til að tryggja stöðu sína vegna þess að á Alþfl. *þyrfti* ekki að halda atkvæðalega séð, en það var ekki á það hlustað því miður. Ég tel að ef svo hefði verið gert þá litu þjóðmálin öðruvísi út en þau gera í dag.

Ég minni á að það er ekkert einsdæmi að flokkur sem ekki hefur fleiri þm. á bak við sig en Alþfl. ber slíka ósk fram. Ég minni á að 1978 þegar Framsfl. var minnsti flokkurinn í landinu féllumst við kratarnir á að leyfa þeim að hafa stjórnarforustu illu heilli og fer það ekki eftir stærð flokka hver eða hverjir þá ábyrgð axla.

Hitt er annað að þegar ljóst varð að ekki var fallist á þessa kröfu héldum við áfram viðræðum og reyndum að ná samkomulagi um manneskjulegar aðgerðir til varnar verðbólgu til að bæta efnahagsástandið, en þar strandaði á Sjálfstfl. og Framsfl. Það var á málefnum sem strandaði en ekki því að við hefðum ekki fengið tilskilin embætti og það eru málefni sem við deilum um í þessum efnum en ekki vegtyllur.

Hins vegar var það Framsfl. ekkert mál um hvaða málefni var rætt. Þeim var mest í mun að sitja í ríkisstj. Völdin voru þeim fyrir mestu og eru þeim alltaf fyrir mestu, sama hverju á gengur. Reyndar kom það fram hjá hv. þm. áðan þegar hann var að lýsa því hver ágreiningur hefði átt sér stað í fyrri ríkisstj. Þeir hefðu verið á móti hinu og þessu. Þeir hefðu viljað gera miklu meira og allt öðruvísi en gert var. Þeir hefðu verið á móti vísitölunni og viljað skerða hana en aðrir ekki viljað skerða hana. En þrátt fyrir að þeir hafi verið á móti þessu sátu þeir sem fastast. Þeir sátu og sátu því að völdin voru þeim meira virði en nokkur skoðun. Slík vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar og þeir sem ekki eru samþykkir þeirri stefnu sem þeir sjálfir eru að framkvæma eiga ekki að standa í því að vera í ríkisstj. eða axla ábyrgð.

Ég lýsti hér áðan yfir að ég væri á móti því vísitölukerfi sem í gildi var. Ég tel að það hafi ekki tryggt kaupmátt sem skyldi. Það hefði *mátt* semja um vísitölu sem tryggði kaupmátt lægstu launa betur, en því miður varð ekki samkomulag um þá hluti, hvorki í verkalýðshreyfingunni né annars staðar. En ég tel að vísitölur verði að vera þrátt fyrir það og ég get ekki skilið annað en verkalýðshreyfingin verði að semja um einhvers konar vísitölu í því verðbólguástandi sem í þjóðfélaginu er enn í dag. Og við skulum ekki gleyma því að þrátt fyrir að menn láti svo að verðbólga sé komin niður úr öllu valdi, — og ég held að forsrh. hafi verið kominn niður fyrir núllið þegar hann var á yfirreið um landið nú á dögunum, er verðbólgan í 30—40% nú og í slíku ástandi hlýtur láglaunafólk að verða að tryggja sín kjör með einhverju móti, hvort sem það er kallað vísitala, rauð

strik eða annað. En að afnema vísitölu eina sér og láta allar aðrar vísitölur, allt verðlag stórhækka áfram getur ekki gengið til lengdar og það verður til þess að þeir ríku verða ríkari og þeir fátæku fátækari.

Ef ég vík aftur að þeim ágreiningi sem hv. þm. var að tala um var það nú aldrei ljóst fyrr en eftir að ríkisstj. lagði upp laupana að þessi ágreiningur hefði átt sér stað og því var neitað statt og stöðugt í þingsölum að nokkur ágreiningur væri fyrir hendi. Þetta var allt í einni kærleikssæng. Ég vona að hv. þm. komi ekki oftar með þær fullyrðingar sem hann kom með áðan varðandi stjórnarmyndunarviðræður því að ég hygg að þetta hafi verið sagt í stundarbræði. Honum hlýtur að hafa verið það ljóst að það hvort Alþfl. hlaut forsrh.-embættið eða ekki var ekki aðalatriði stjórnarmyndunarviðræðna heldur allt aðrir hlutir, allt önnur mál sem þar skiptu sköpum. (**EgJ:** Þið eru fljótir að gleyma.)

Við Alþfl.-menn lögðum á það ríka áherslu að ef gera ætti uppskurð í þjóðfélaginu yrði að taka á málum eins og t. d. landbúnaðarmálunum. Yngri menn í Sjálfstfl. voru því sammála að svo ætti að gera. En gamla liðið, framsóknarmennirnir í Sjálfstfl., eins og kom fram hér áðan, neituðu öllum breytingum í þeim efnum. Menn eins og hv. þm. Egill Jónsson stóðu í vegi fyrir að slíkt yrði gert. (**EgJ:** Þú minntist aldrei á þetta.) Og ég minni á, ef við eigum að halda áfram samtali hér á meðan ég er í ræðustól, að Egill Jónsson tók aldrei þátt í þessum stjórnarmyndunarviðræðum og hefur því lítið af þeim að segja. En það þykir mér verst að á þeim fáu fundum sem Tómas Árnason sat við stjórnarmyndunarviðræður skyldi hann öllu hafa gleymt eða allt skrumskælt sem þar fór fram.

Frsm. 1. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Mig langar til að leggja örfá orð í belg í viðbót, vegna þess að hv. þm. Tómas Árnason lýsti hér eftir tillögum stjórnarandstöðu varðandi þau mál sem eru til umr.

Hann sagðist aldrei hafa heyrt neitt slíkt ef ég man rétt. Þingkonur Kvennalistans hafa samt margsinnis fjallað um till. Kvennalistans í þessum efnum hér á Alþingi og við gerðum jafnframt ítarlega grein fyrir þeim í stjórnarmyndunarviðræðunum s. l. vor. Ég man eftir hv. þm. Tómasi Árnasyni á a. m. k. einum stjórnarmyndunarfundi, þar sem þessar tillögur voru bornar fram. En e. t. v. hefur þó eitthvað hamlað honum heyrn svo og hér í sölum Alþingis nú í haust. Ég skal því endurtaka eina ferðina enn fyrir hv. þm. till. Samtaka um kvennalista í þessum málum, þótt ég þykist vita að fleiri en mér finnist umr. nú vera orðnar líkari stagli en nokkru öðru. Ég skal reyna að verða stuttorð.

SK lögðu ríka áherslu á að brugðist væri við efnahagsvandanum með því að taka hraustlega á fjárfestingargeira efnahagslífsins. Undanfarin ár hefur gífurlegu fjármagni verið varið að hluta til óarðbærrar og óskynsamlegrar fjárfestingar, jafnt í orku- og stóriðjumálum sem og á hefðbundnum atvinnusviðum landsmanna. Hér er kominn veigamikill þáttur þess efnahagsvanda sem um er að ræða og við erum hér að fjalla um. Þetta fjármagn hefur ekki skilað arði sem skyldi aftur inn í þjóðarbúið og því virtist raunhæfast að taka á þeim vanda sem af þessu hefur hlotist með því að stemma stigu við frekari fjárfestingum af þessu tagi, reyna að tjasla upp á þær fjárfestingar sem ekki verður snúið til baka með og leita nýrra leiða í arðbærri fjárfestingu. Um þetta höfum við lagt fram ýmsar tillögur og við vorum tilbúnar til að setjast niður með hverjum sem var til að vinna að lausn vandans eftir þessum leiðum í vor.

Í annan stað vorum við tilbúnar að taka jafnframt — ég endurtek: jafnframt — á launaþætti efnahagslífsins, en að höfðu samráði við þá sem þar eiga hlut að máli. Tillögur okkar í þeim efnum voru á þá leið að reiknuð skyldi út krónutala verðbóta á meðallaun: Sú krónutala skyldi greidd út á meðallaun og öll laun þar fyrir neðan, en verðbætur skertar að hluta til og tímabundið á öll laun þar fyrir ofan, þ. e. öll laun fyrir ofan meðallaun. Með þessu hefðu kjör þeirra lægst launuðu batnað þó nokkuð og þeirri neyð sem nú ríkir meðal láglaunafólks hefði þar með verið afstýrt. Kjör þeirra sem meðallaunin höfðu hefðu verið óbreytt, en byrðarnar hefðu lagst á þá sem hæstu launin höfðu og þar með sterkasta bakið í burðinn. Og ég endurtek, að við vorum tilbúnar að fara fram með þessar tillögur að höfðu samráði við þá sem í hlut eiga. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar frá því í maí hefðu þessar tillögur komið eins út fyrir þjóðarbúið í heild og sú tilhögun sem ríkisstj. kaus að hafa, þannig að í því efni er engin haldbær rök að finna gegn þessum tillögum, enda hef ég engin heyrt.

Menn hafa bitist um það hér, hverjum það hafi verið að kenna að allt er komið í óefni í þjóðarbúinu í efnahagsmálum þessa lands. Í því ætla ég ekki að taka þátt. En hverju svo sem þar er um að kenna, þá veit heilög hamingjan að þetta ástand er ekki konum landsins að kenna. Þær hafa hér engan hlut átt að máli. En það veit líka heilög hamingjan að það eru konur landsins sem bera byrðarnar af þessari óstjórn allri saman, eins og ég greindi frá áðan í máli mínu. Og þess vegna segi ég: Hvers lags réttlæti er þetta? Ég hef aldrei notað orðið illvilji, hæstv. dómsmrh., en ég spyr: Hvers konar réttlæti er hér á ferðinni?

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar en orðið er. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði hér áðan og biðja hv. þm. að íhuga vandlega um hvað þeir eru að greiða atkv. í þessu máli og hvaða byrðar, hvaða neyð þeir eru að leggja á ýmsa þegna þessa lands með því að greiða þessu frv. atkv. sitt.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Ég skal reyna að vera mjög stuttorður. Ég vildi fyrst segja það um Alþfl. og stjórnarmyndunarviðræðurnar, að ég er þeirrar skoðunar, hvort sem sú skoðun er rétt eða röng, að Alþfl. hafi misst áhugann á viðræðunum þegar hann ekki fékk undirtektir undir það að fá forsrh. Ég er ekki að halda þessu fram beinlínis vegna þess að þeir hafi haft einhvern sérstakan áhuga á vegtyllum. Ég tek undir það, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði hér áðan, að þeir hefðu viljað gera þetta til að styrkja sína stöðu í stjórninni, vegna þess hvað þeir voru tiltölulega veikir. Í raun og veru viðurkenndi hv. þm. þetta í ræðu sinni áðan með þessum ummælum. Ég álít að Alþfl. hafi misst áhugann þegar þetta var ekki samþykkt.

Varðandi aðgerðir ríkisstj. er rétt að minna á að það eru fleiri mál sem ríkisstj. hefur samþykkt en þetta mál, sem við erum nú að fjalla um, og ég verð satt að segja að láta undrun mína í ljós yfir því að sumir þm. telja óeðlilegt að menn ræði þetta mál nokkuð ítarlega. Þetta er eitt af stærstu málunum sem eru til meðferðar á

Alþingi í vetur, alveg hiklaust, og mjög eðlilegt að um það verði verulegar umr. Það kemur fram í frv. sem við erum nú að ræða og brbl. að það var gerður örlítill munur, hann var ekki mikill, en það var gerður örlítill munur á lægstu launum og hærri launum í frv. sjálfu 1. júní. Það er ekki mikið að vísu, það er rétt, en þó aðeins. Það voru 10% í staðinn fyrir 8% á meðallaun og hærri launin.

Varðandi það að eingöngu sé verið að ráðast á launafólkið í landinu, þá er ástæða til að vekja athygli á að launafólk í landinu, ef maður telur bændur og sjómenn með, er líklega allt að 90% af þjóðinni. (**EG:** Bændur eru atvinnurekendur samkv. skilgreiningu landbrh.) Þá er prósentan lægri sem nemur fjölda bænda. (Gripið fram í.)

En ég skal hafa þetta mjög stutt, vegna þess að virðulegur forseti hefur gefið ... (**Forseti:** Forseti var að benda hv. þm. á að hann má tala þrisvar, en varð það á að segja að hann mætti aðeins tala tvisvar og gera stutta aths. Hann hefur ótakmarkaðan tíma sem frsm.) — Ég var að undrast á þessu, en hlýddi fyrirmælum forseta að sjálfsögðu. Þar sem ég er frsm. mun ég eiga þennan rétt. Ég skal þó ekki lengja mál mitt mikið þrátt fyrir það.

Ég vil benda á að það voru gerðar nokkrar hliðarráðstafanir í sambandi við þessa ákvörðun, og það er ástæða til að telja þær með og ekki er rétt að segja að það hafi enginn munur verið gerður á lægstu launum og öðrum launum. Það var gerður nokkur munur, en áreiðanlega ekki nógu mikill að dómi stjórnarandstöðunnar.

Varðandi verðbólguna sem slíka verða menn að gæta að því, að verðbólga sem er yfir 100% hverfur ekki eins og dögg fyrir sólu, hún hverfur ekki á einum degi. Hún er innbyggð í kerfinu og það tekur nokkuð langan tíma að hún hverfi. Það hefur að vísu orðið mikil breyting þar sem verðbólga er nú líklega 27%, ekki 30—40 eins og hv. þm. Karl Steinar sagði. Hún er talin vera um 27% í dag samkv. bestu heimildum sem ég hef. Það er vissulega verulega mikil breyting frá því sem var í vor, gífurlega mikil breyting, og það er athyglisvert að svo virðist sem verulega mikill hluti þjóðarinnar telji nauðsynlegt að taka fast á þessum efnahags- og atvinnumálum.

Það var þannig líka með fyrrv. ríkisstj., að þegar hún tók á þessum málum fékk hún mikinn hljómgrunn. Þegar hún tók ekki á þessum málum tapaði hún fylgi. Það er vegna þess að fólkið í landinu skynjaði auðvitað að ekki var hægt að halda áfram eins og ekkert hefði í skorist á s. l. vori. Það varð að taka á þessum málum og það varð að taka róttækt á þessum málum. Auðvitað má segja að það hafi verið gripið til nokkuð harkalegra aðgerða, það er út af fyrir sig rétt, en enn þá harkalegra hefði það verið að gera ekki neitt eða gera lítið því að þá hefðum við séð framan í fjöldaatvinnuleysi þegar í sumar, vegna þess að fyrirtækin gátu ekki borgað út laun, bara hreinlega ekki, mjög mörg.

Varðandi að Framsfl. hafi kúgað Sjálfstfl. til að gera vonda hluti. Mér finnst stjórnarandstaðan gera allt of mikið úr því þó að laun hafi verið fryst um tiltekinn tíma með tilteknum hætti. Það hefur enginn talað um að afnema samningsrétt. Hver hefur talað um að afnema samningsrétt? Hver hefur talað um það? Það hefur aldrei verið meiningin. Það voru gerðar ákveðnar ráðstafanir í ákveðinn tíma til að forða frá öðru verra. (Gripið fram í.) Já, við gerðum líka ráð fyrir að það yrði samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um slíka áætlun, en það hefur ekki verið hljómgrunnur fyrir henni. Og ég verð að láta þá skoðun í ljós hér nú að ég vonast til þess, þegar menn setjast niður lögum samkvæmt, því það eru lög í landinu að ríkisstj. hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um efnahagsmálin, að það myndist ábyrg samstaða um framhaldið. Ég er ekki að segja að það eigi að vera eingöngu á kostnað launamanna. En ég vonast til þess að það myndist ábyrg samstaða um framhaldið.

Varðandi vísitöluna. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason lýsti því yfir að hann hefði viljað breytingar á vísitölunni. Hann hefði átt að duga betur 1979, hv. þm., þegar hann heyktist á að standa að nauðsynlegum breytingum um vísitölumálin í lögum um efnahagsstjórn. Hann átti að duga betur þá og hann átti að tala þá um að hann vildi breytingar á vísitölukerfinu. En það fór lítið fyrir því þá. Ég varð vottur að því og veit allt um það, þannig að það lá fyrir þá. Það var mjög hryggilegt að ekki skyldi nást samkomulag um að breyta einmitt vísitölufyrirkomulaginu í lögunum um stjórn efnahagsmála og hafði náttúrlega örlagaríkar afleiðingar fyrir framhaldið.

Hv. 11. þm. Reykv. ræddi um stefnu Kvennalistans í efnahagsmálum og gerði grein fyrir fjárfestingarmálunum. Nú er það svo, að það er stefna ríkisstj. að draga verulega úr fjárfestingu og það er stefnt að því að fjárfestingarhlutfallið fari niður fyrir 24% af þjóðarframleiðslu á næsta ári, en hefur verið milli 27 og 28% á undanförnum árum. Það er því stefnt að því að draga verulega úr fjárfestingu.

Það mætti ræða margt um fjárfestingarmálin. Það hefur verið sagt ýmislegt og fullyrt um fjárfestingu s. l. ára. Hún hefur verið gagnrýnd og að sumu leyti með réttu. Það er stundum auðveldara að sjá hlutina eftir á og gagnrýna þá en á þeim tíma þegar ákvarðanir eru teknar. Það hefur t. d. verið talað mikið um offjárfestingu í sjávarútvegi. Ég hef bent á það áður í umr. hér að á árunum 1970—1980 var 4% jákvæður hagvöxtur að jafnaði á ári. Og ég fullyrði að verulegt af því var einmitt vegna þess að það var mikil fjárfesting í sjávarútvegi. Það var gert ráð fyrir því alveg fram undir 1980 og raunar lengur að við gætum átt von á að veiða 400—500 þús. tonn af þorski, og það var gert ráð fyrir gífurlegu magni sem væri hægt að veiða af loðnu, allt upp í 1 millj. tonna, ef ég man það rétt. Og menn gengu út frá þessum spám, þegar verið var að fjárfesta m. a. í sjávarútvegi. Nú hafa þessar spár ekki gengið eftir, því miður, í bili. Við skulum vona að það sé eingöngu í bili. Og ég er ekki farinn fyrir mína parta að samþykkja að það geti ekki orðið hagur og það mikill hagur fyrir þjóðina að eiga þann fiskiskipaflota sem hún á. Það er mikið talað um fiskiskipaflota og fjárfestingu í fiskiskipum. En það er fleira en fiskiskip sem við höfum fjárfest í á Íslandi á undanförnum árum. Það er fleira. Það hefur verið langhagkvæmast að fjárfesta í íbúðarhúsum í Reykjavík. Það hefur verið hagstæðasta fjárfestingin. Það hafa allir keppst um það. Ég er ekki farinn að sjá að slíkt skili meiri arði en fiskiskipaflotinn hefur gert og mun gera um langa framtíð, vona ég.

Varðandi tillögur í launamálum, sem hv. þm. gerði einnig grein fyrir, er það stefna út af fyrir sig sem getur

átt nokkurn rétt á sér. En hvað er að segja um atvinnuvegina? Hvað er að segja um tillögur í sambandi við rekstur atvinnuveganna, afkomu atvinnuveganna? Hvað um þær? Nei, þær fylgdu ekki með. Það sem ég sagði hér áður var ekki að menn hefðu ekki gert ýmsar tillögur í efnahagsmálum og atvinnumálum, en menn gerðu ekki heillegar tillögur, ekki heillegt plan. Það er það sem ég var að gagnrýna. (Gripið fram í.) Þær eru hjá stjórninni, við erum að fjalla um þær og höfum verið að fjalla um þær í allt haust og kjarni þeirra mála er auðvitað fólginn í því að menn eru að reyna að skapa grundvöll fyrir atvinnuvegina í þeirri trú að það muni verða ábatasamt í framtíðinni. Það er auðvitað það sem þessir menn eru fyrst og fremst að glíma við og við skulum vona að svo verði.

Varðandi heildarsvipinn á þessum aðgerðum er rétt að þær eru harkalegar. Ég held að það hafi verið nauðsyn á harkalegum aðgerðum, en deila má um hvort þær hefðu átt að vera svona eða einhvern veginn öðruvísi. T. d. má deila um hvort heppilegra hefði verið að fara hægar í sakirnar með kaupmáttinn og láta áætlun um baráttu gegn verðbólgu og viðreisn atvinnulífsins taka lengri tíma. En það eru ákaflega margir á þeirri skoðun og hún kann að vera rétt að t. d. tveggja ára áætlun í þessum efnum sé ekki raunhæf nema samkomulag takist milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um slíka áætlun. Ef það tekst ekki hafi aðilar vinnumarkaðarins hreinlega ekki biðlund til að bíða svo langan tíma án þess að vilja nýjan samning um kaup og kjör.

Ég held að ríkisstj. sé þeirrar skoðunar, og um það sé ekki ágreiningur að í framhaldinu verði lögð áhersla á að reyna að hækka lægstu launin án þess að það gangi í gegnum allt launakerfið, en það hefur verið reyndin á undanförnum árum mörgum. Samningar hafa oft byrjað á að samið hefur verið um hækkun á lægstu launum, en hvað hefur svo gerst? Það sem hefur gerst í framhaldi af því er að þessi hækkun hefur gengið í gegnum allan launastigann. Og hvernig hafa menn svo staðið á eftir? Menn hafa staðið í nákvæmlega sömu sporum hvað snertir hlutfall láglaunafólks og þeirra sem hærri tekjur hafa.

Ég vona að hægt verði að breyta hér til og að samtök launamanna verði til samvinnu um að breyta til þannig að hækkun verði á lágu launum hvort sem hún er bein eða óbein — það skiptir ekki höfuðmáli raunverulega — án þess að sú hækkun gangi í gegnum allt kerfið. Ég held að kannske sé mesti vandinn sem fram undan er að ná samstöðu um þetta.

Á sama tíma verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir því hvað atvinnulífið í landinu þolir, undirstöðugreinarnar. Ég held að atvinnuöryggið á næstu mánuðum verði ákaflega mikið háð því að það takist að koma í veg fyrir að fyrirtæki t. d. í fiskvinnslu og sjávarútvegi stöðvist. (**Gripið fram í:** Þau eru að stöðvast.) Þau eru sum að stöðvast, það er rétt. En ég held að atvinnuöryggið verði ákaflega háð því og þá er auðvitað að gæta þess að ekki má leggja of mikið á fyrirtækin. Ég held að verðbólgan sé hættulegust í þessu efni. Og ef hún hækkar á nýjan leik held ég að við séum verulega í miklum vanda, við Íslendingar, vegna þess að þá ráðum við einmitt ekki við það sem okkur hefur tekist að ráða við fram á þennan dag, þ. e. að halda uppi fullri atvinnu í landinu. Það hefur tekist í öllum aðaiatriðum. Og ef við lítum í kringum okkur í Evrópu, t. d. til Evrópu og Norður-Ameríku, eru þar 35 millj. manna atvinnulausar þannig að það er í sjálfu sér ekkert lítið afrek hjá Íslendingum að hafa haldið uppi fullri atvinnu í landinu svona lengi. Ég skal ekkert spá um hvernig til tekst í því efni, það fer auðvitað mikið eftir afla og árferði. En það er auðvitað geysistór vandi á ferðinni, þar sem er vandi sumra sjávarútvegsfyrirtækja og hættuástand ef sum þeirra fyrirtækja stöðvast því að það er svo margt fólk sem vinnur í þessum greinum.

En ég vil að lokum, virðulegi forseti, aðeins undirstrika þetta að aðgerðirnar sem ríkisstj. hefur staðið fyrir eru fyrst og fremst til þess fallnar að styrkja atvinnulífið í landinu, treysta atvinnuna, en ég viðurkenni að þær hafa verið harkalegar.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla hv. 4. þm. Austurl. mjög einarðlega. Ég tel það ekki eðlilegt að vera að ræða þetta mál hérna á þessum tíma. Þetta mál átti að ræða á þessari þjóðarsamkundu í vor og þar í felst náttúrlega einfaldlega sá skilningur minn, sem er náttúrlega ekki bara minn eigin heldur líka fleiri, að brbl. eru hlutur sem er í raun og veru gersamlega búinn að afsanna sitt gildi og sinn raunveruleika.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. segir: Það varð að gera eitthvað, það varð að taka á málunum. Mér finnst það líka hálfömurlegt að hlusta á talsmenn samvinnuhreyfingarinnar standa hérna inni í þingsölum og verja einhliða aðgerðir án samvinnu við hagsmunaaðila. Ef við rifjum aðeins upp fyrstu orð hv. flm. þá talaði hann um kosningarnar í vor og þá umr. sem þar fór fram áður en að kosningum kom og þá sagði hann reyndar alveg réttilega að Framsfl. eða hans frambjóðendur hefðu verið talsmenn ákveðinna aðgerða í efnahagsmálum að kosningum loknum. En það sem framsóknarmenn létu undir höfuð leggjast eftir að kosningum var lokið var að standa við þann hluta sinna kosningaloforða sem fólst í því að samningar færu fram milli ríkisstj. og þeirra aðila sem þetta mál varðaði, þ. e. vinnuveitenda og launþega. Í staðinn var farið út í einhliða aðgerðir á launahliðinni án þess í raun og veru að koma nokkuð við verðlagið og hvað þá heldur við þessar frægu fjárfestingar.

Fjárfestingar hafa reyndar oft verið nefndar hér í dag og það hefur af hálfu talsmanns, hv. 4. þm. Vestf., verið auglýst eftir tillögum stjórnarandstöðunnar í efnahagsmálum. Auglýsingastarfsemi er reyndar orðinn mjög stór þáttur í íslensku þjóðlífi, en þetta er kannske ný leið til að hagnýta sér þær. Ég er nokkurn veginn viss um og get eiginlega fullyrt að ef stjórnarandstaðan hefði fyrir því vissu að á hennar tillögum yrði tekið mark gæti hún náttúrlega komið fram með þær hugmyndir sem hjá henni er að finna og hafa nú flestallar komið fram að einhverju leyti bæði í stjórnarmyndunarviðræðum í vor og síðan í málflutningi hérna í haust, sem gætu þar af leiðandi hugsanlega skilað okkur eitthvað lengra fram á veg í þeim vanda sem við erum staddir í í dag. Ég er þeirrar skoðunar að þessi vandi verði ekki leystur nema með mjög náinni samvinnu allra aðila á málefnalegum grundvelli.

Hv. 4. þm. Austurl. talaði um það fyrst í sínum málflutningi að enginn hafi viljað bera ábyrgð á framhaldi þeirrar þróunar sem augljós var í vor. Það er alveg

rétt, en enn og aftur töluðu allir um það og gerðu allir ráð fyrir að aðgerðir yrðu í raun og veru ekki hafnar fyrr en samningar milli launþega, vinnuveitenda og ríkisstj. hefðu farið fram og að allar aðgerðir yrðu í fullu samráði við hagsmunaaðila þegar að því kæmi. En einu samningarnir sem fram fóru voru stjórnarsamningarnir því að stjórnvöld þorðu ekki þá og þora ekki enn í hliðstæðar aðgerðir í fjárfestingarmálum.

Hv. 4. þm. Austurl. segir að menn séu komnir í aðgerðir í fjárfestingarmálum, það sé búið að ákveða fjárfestingu sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og það náttúrlega varpar fram þeirri spurningunni: Af hvaða þjóðarframleiðslu? Um hvaða upphæðir er verið að tala þar og er það þá í raun og veru svo óskaplega mikið breytt mynd sem við höfum þar fyrir augum?

Það er mjög áberandi í málflutningi hérna núna að það er Framsókn mjög mikið atriði að afsaka aðgerðir þessa vors. Ástæða þess er sú að við erum trúlega að nálgast pólitísk vatnaskil vegna þess að við blasir að fram undan eru dökkir tímar fyrir ríkisstj. og þar af leiðandi fyrir launafólk líka. Gengisþróun hefur örugglega verið óhagstæðari en menn höfðu vonað og annar gangur efnahagslífsins líka þannig að við blasir að stjórnin hefur ekki neitt annað í pokahorninu en annaðhvort að framlengja aðgerðirnar frá því í vor, þ. e. halda áfram að skerða kaupmátt launa, í þeim yfirlýsta tilgangi að viðhalda atvinnu, að ekki komi til atvinnuleysis.

Hin leiðin væri sú að þeir gætu slakað á gagnvart kaupkröfum og leyft launum að hækka. En ef það á ekki að valda verðbólgu samkv. þeim kenningum sem stjórnað er nú eftir mundi það þýða atvinnuleysi. Þeir tímar sem fram undan eru eru náttúrlega fyrst og fremst dökkir vegna þess að hér er rétt einu sinni enn á ferðinni sú gamla gryla að krukka eingöngu í kaupið, að vísu með öðrum hætti heldur en áður. En samt sem áður er aðgerðin í eðli sínu ekkert annað en það sem við höfum lifað við þó nokkuð langan tíma. Og ástæðan fyrir því er náttúrlega sú að það er einfaldlega ekki samstaða um neinar aðrar aðgerðir innan þessarar ríkisstj. Og meðan ekki er neitt annað gert en stýra verðbólgu og efnahagslífi með því að stýra kaupgjaldi næst ekkert varanlegt ástand, þá er ástandið sem við búum við áframhaldandi óöryggi.

Fjárfestingar títtnefndar eru náttúrlega í sjálfu sér ekkert annað en laun annars vegar og gjaldeyrir hins vegar. Meðan þessar fjárfestingar skila ekki arði, þ. e. meðan þær ekki skila í raun og veru gjaldeyrinum til baka sem í þær var eytt, er ekki von til að ástandið batni. Það verður að krukka í gjaldeyrishlið þessara fjárfestinga. Ríkið getur náttúrlega dregið saman þar sem það er sjálft viðriðið fjárfestingar með þeim hætti að sá afli sem á land kemur nýtist betur en ella, sá gjaldeyrir sem fyrir hann fæst fari ekki til að framleiða eitthvað sem engu skilar af sér. Reikningsdæmið þarna er afskaplega einfalt í sjálfu sér. Eitt tonn af afla upp úr sjó, ca. 10 þús. tonn, tvöfaldast í vinnslu og síðan má fara að margfalda það og skoða þær fjárfestingar sem til umr. eru. Við erum að tala um 200 þús. tonn af þorski á næsta ári. Nú stendur til að virkja Blöndu. Að vísu er sú fjárfesting náttúrlega ekki öll á einu ári, en Blönduvirkjun eins og kostnaðaráætlun liggur fyrir er 300 þús. tonn af þorski upp úr sjó þannig að aðgerðir á þessum sviðum hafa gífurlega mikil áhrif á nýtingu okkar fjármuna.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að hafa þetta lengra. Þetta er orðið syoddan stagl allt saman. Ég veit ekki hvort mér leyfist að vera hér léttlyndur. Einhvern veginn flaug mér í hug eitthvað á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

Framsókn þreytir þingliðið
því sannfæringin rénar,
falin í sorta frón og mið
og framtíðarhorfur klénar.

Þórður Skúlason: Virðulegi forseti. Hér er, eins og fram hefur komið, um ákaflega stórt mál að ræða og það er búið að ræða það allítarlega, að vísu misjafnlega málefnalega eins og hér hefur verið getið um. Ég ætla ekki að fara að lengja þessa umr. mikið, en kem hingað upp fyrst og fremst út af allfurðulegri ræðu sem hv. 3. þm. Vesturl. Valdimar Indriðason flutti fyrr í dag.

Ég var ákaflega undrandi þegar ég sat undir ræðu hans, en svo rann allt í einu upp fyrir mér ljós. Það var þannig, að ég var á ferð í bílnum mínum norður í land á föstudaginn var og þá heyrði ég það í útvarpinu, að Rás 2 næði ekki upp á Akranes. Mér flaug það í hug undir þessari ræðu að það væri þannig með fleiri fjölmiðla, að þeir ættu erfiða leið til þeirra Akurnesinga. Mér fannst það koma berlega fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. að hann væri heldur illa upplýstur. Þess vegna finnst mér ánægjulegt að fá tækifæri til að upplýsa hann lítillega.

Hv. 4. þm. Austurl. gerði það að verulegu máli í sinni varnarræðu fyrr í dag fyrir þessu launamálafrv. að þorskafli yrði verulega miklu minni á þessu ári en ráð hefur verið fyrir gert. Nú erum við að ræða hérna frv. til staðfestingar á brbl. sem sett voru í vor. Er þessi aths. hans heldur vafasöm, vegna þess að ég held að það hafi ekki verið séð fyrir í vor hver þorskaflinn yrði í ár. Hins vegar eru staðreyndir núna, að þorskaflinn er verulega minni en ráð var fyrir gert í upphafi árs. Í þessu sambandi benti ég á að annar afli hefði aukist verulega og það var það sem hv. 3. þm. Vesturl. kom sérlega á óvart. Ég vil aðeins fá að rifja þetta upp.

Ég nefndi t. d. með síldarafla, að hann hefði aukist nokkuð. Að vísu hefur síldaraflinn ekki aukist mikið, en hann hefur þó aukist lítillega. Síðan nefndi ég hörpudisksaflann. Hann hefur líka aukist nokkuð, en kannske ekki svo mjög mikið. Hins vegar hefur orðið gífurleg verðhækkun á hörpudiski og nú síðast í haust um 30% verðhækkun. Hins vegar hefur rækjuafli, sem ég nefndi líka, stóraukist á þessu ári og ekki bara að magni til, heldur hefur hann líka stóraukist að verðmæti. Það hefur stórhækkað það verð sem við fáum fyrir rækjuna. Mér er sagt að þetta aukna verðmæti rækjuaflans slagi hátt upp í að vega á móti helmingi samdráttarins í þorskaflanum.

Síðan benti ég líka á loðnuveiðar, en þær hafa algerlega komið til viðbótar öðrum afla í ár, hafa ekki verið stundaðar hérna undanfarin ár. Það er vissulega nýjung. Til viðbótar má nefna þarna nokkuð sem ég nefndi ekki í ræðu minni fyrr í dag. Þar má t. d. fyrst nefna stórhækkun á verði lýsis og mjöls núna í haust. Þá má geta þess að skreiðarsalan hefur farið í gang aftur eftir verulegt hlé. Í hádeginu í dag var einnig greint frá því í fréttum að búið væri að gera stóran samning við Rússa um sölu á þeim afurðum sem fyrst og fremst hefur gengið erfiðlega að selja. Það var greint frá þessu

í hádeginu í dag.

Þessi aukning afla og aflaverðmætis dregur verulega upp í minnkun þorskaflans. Hún kemur ekki alveg á móti, enda hef ég aldrei sagt það, en hjálpar mikið til að auka þjóðartekjurnar. Mér þykir vænt um að hafa fengið tækifæri til að upplýsa hv. 3. þm. Vesturl. um þetta (**VI:** Ég þakka.)

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kem hér upp er það, að hér kom maður áðan og þóttist vita allt um allt og mínar innstu hugrenningar einnig. Hann ræddi um árið 1979, þegar tekist var á um efnahagsmálin eins og oft áður. Ég vil upplýsa hann um að ég hef sömu skoðun á vísitölumálum nú og þá. Ég tel að það þurfi að koma vísitölu þannig fyrir að óvandaðir stjórnmálamenn geti ekki ráðskast með hana hvenær og hvernig sem þeir vilja. Og ég tel að það eitt að krukka í vísitöluna lækni engan vanda.

Ég spyr: Hvað hefur vísitölukrukkið á undanförnum árum leyst? Hvað leystu 7% 1981? Hvað leystu hinar skerðingarnar? Þær leystu ekki neitt. Vandinn hélt áfram og verðbólgan óx.

Við Alþfl.-menn gerðum vorið 1979 tillögur í efnahagsmálum um gerbreytta efnahagsstefnu. Við lögðum á það þunga áherslu að tekið yrði á vandanum öllum. Við fengum ekki stuðning Framsfl. við þær tillögur og ekki Alþb. heldur, því miður. Þá væri öðruvísi um að horfast í efnahagsmálum í dag ef Framsfl. hefði ekki talið sig fyrst og fremst þurfa að gæta að völdum sínum í stað þess að koma til samstarfs við okkur Alþfl.-menn um að bæta úr í efnahagsmálum. Ég tel að það sé einn höfuðvandi efnahagslífsins í dag að Framsfl. skuli yfirleitt koma nálægt þeim. Það er sú fylking sem hefur komið þessu öllu í kaldakol og heldur því væntanlega áfram ef svo fer sem horfir.

Afnám vísitölunnar leysir ekki neitt. Það á hv. 4. þm. Austurl. eftir að sjá. Það eitt að ráðast á launþegasamtökin og þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu leysir ekki neitt. Það mun þegar til lengdar lætur auka vandann og gera allt erfiðara, vegna þess að þær aðferðir sem nú er beitt eru gerðar án samráðs við einn eða neinn. Það er notað grimmdarlegt einræði í þessum efnum, hlustað á það eitt að taka af launþegum án tillits til þess hvort þeir geti lifað af launum sínum eða ekki.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Hv. þm. Karl Steinar er ekki minnisgóður maður. Hvað gerðist árin 1959—1964? Þá var Alþfl. í ríkisstjórn allan tímann og hvað gerðist í vísitölumálunum á þessum árum? Vísitalan var afnumin allan tímann, í fimm ár. Ég held því að hann verði að hafa það í huga þegar hann ræðir þessi mál og ræðir um afstöðu Alþfl. Þegar Alþfl. var við völd, eins og var á þessum árum, taldi hann nauðsynlegt að afnema vísitölu með öllu í fimm ár.

ATKVGR.

1. mgr. 1. gr. samþ. með 12:6 atkv.
Brtt. 155,1 felld með 11:2 atkv.
2. mgr. 1. gr. samþ. með 11:8 atkv.
Brtt. 155,2 felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EG, KSG, ÞSk, SkA.
nei: ÁJ, DA, EgJ, JH, LJ, HÓ, TÁ, VI, ÞK, AG, SalÞ.
HS, KMK, SDK, StB greiddu ekki atkv.
Einn þm. (EKJ) fjarstaddur.
2. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Brtt. 155,3 tekin aftur.
3.—4. gr. samþ. með 11:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 25. fundur.

Mánudaginn 5. des., að loknum 24. fundi.

Launamál, frv. (þskj. 126). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TÁ, VI, ÞK, AG, ÁJ, DA, EgJ, JH, LJ, HÓ, SalÞ.
nei: SDK, SkA, StB, EG, HS, KSG, KMK, ÞSk.
Einn þm. (EKJ) fjarstaddur.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Við 2. umr. um þetta frv., sem hér fór fram fyrir skammri stundu, fluttum við þm. Alþfl. brtt. sem gengu í þá átt að sníða ýmsa vankanta af þessu frv. og freista þess að gera þessi verðandi lög réttlátari og sanngjarnari. Þessar tillögur voru m. a. um 15 þús. kr. lágmarkslaun og að felldar yrðu úr gildi heimildir ríkisstj. til sjálfvirkrar hækkunar á álögum á fólk í landinu samkv. vísitölu, en slíkar hækkanir hafa birst okkur í ýmsum myndum að undanförnu. Það er komið líka fram, að við teljum rangt að hindra með lagasetningu hálft annað ár fram í tímann að aðilar vinnumarkaðarins geti samið um skynsamlegar kaupmáttartryggingar, t. d. fyrir hina lægst launuðu, en eins og 2. mgr. 1. gr. ber með sér verður þetta nú bannað með lögum, þótt svo við á hinn bóginn vildum ekki lýsa blessun okkar og stuðningi við úrelt vísitölukerfi sem verið hefur í gildi fram að þessu.

Eins og þetta frv. er nú að felldum okkar brtt., þá teljum við það bæði óréttlátt og óskynsamlegt og við erum því mótfallnir þessu frv. í heild sinni eins og það nú liggur fyrir og því segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 170).

Kosningar til Alþingis, frv. 31. mál (þskj. 31). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 20. fundur.

Mánudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. 35. mál (þskj. 35). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 40. mál (þskj. 41). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73 frá 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er til umr. er orðið þekkt í þingsölum.

Í 1. gr. frv. er lagt til að í 3. gr. laganna í 2. mgr. komi nýr liður sem verði a-liður og hljóði svo:

„¼% af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim, enda sé ekki um að ræða sumarbústaði sem notaðir eru til íbúðar allt árið.“

Í öðru lagi að í samræmi við þetta breytist röð liða í 2. mgr. þannig að a-liður verði b-liður og núverandi b-liður verði c-liður.

Í 2. gr. frv. er svo lagt til að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í grg. með frv. segir að frv. þetta hafi verið flutt á síðasta þingi en hafi þá ekki náð fram að ganga og sé því endurflutt nú.

Ég tel nauðsynlegt að þessu fylgi nokkur saga, m. a. vegna þeirra mörgu nýju hv. þm. sem nú sitja á Alþingi í fyrsta sinn. En mig minnir að þetta frv. sé nú flutt í þriðja ef ekki fjórða sinn hér á Alþingi. Í fyrra var þetta mál meðal síðustu mála þingsins sem tekin voru á dagskrá þótt það væri tölusett sem 22. mál. Ég rak á eftir málinu við þáv. forseta og viðkomandi þingnefnd hv. deildar og fann að þeim drætti sem varð á málsmeðferðinni. Samt sem áður fékkst það ekki tekið fyrir frá n. fyrr en nokkrum vikum fyrir þinglok.

Á þessu sést að sjálfsögðu sú gamalkunna aðferð hér í þinginu að andstæðingar máls tefja það eins og þeir mest geta og reyna að svæfa það í n. Það var reynt í sambandi við þetta mál á síðasta þingi en tókst ekki að fullu hér í hv. Nd. Alþingis. Málið var afgreitt frá félmn. deildarinnar með undirskrift sex nm. af sjö. Þrír höfðu engan fyrirvara um málið, hv. þm. Steinþór Gestsson, Guðmundur J. Guðmundsson og Friðrik Sophusson. Með fyrirvara um samþykkt málsins voru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Jóhann Einvarðsson og Eggert Haukdal.

Einn þm. skilaði minnihlutaáliti. Það var Alexander Stefánsson, nú hæstv. félmrh., sem lagði til að málið yrði fellt. Hans röksemdir voru þær að sveitarfélögin ættu að ráða sjálf tekjustofnum sínum og það ætti að vera á valdi hverrar sveitarstjórnar að veita síðan afslátt eða lækka álagningu fasteignagjalda. Ég benti á þá staðreynd að sveitarfélögin byggðu sína gjaldtöku á lögum sem Alþingi setti og að þetta lagaákvæði Alþingis hefði verið óréttlátt frá því að það var samþykkt í byrjun. Því bæri Alþingi að breyta lagaákvæðinu. Til þess hefðu sveitarfélögin engan möguleika né vald, enda hefði hvergi á öllu landinu verið gefinn sérstakur afsláttur af þessum skatti hjá sveitarfélögunum, heldur væru dæmi þess að þau hefðu nýtt ýtrustu heimildir til hækkunar í sambandi við þessa skattálagningu.

Við afgreiðslu málsins á síðasta þingi kom fram brtt. frá þáv. hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni þess efnis að í stað þess að leggja til að hámark þessa gjalds verði ¼%, eins og lagt er til í frv., verði hámarkið ½%. Á þetta var ekki fallist í deildinni og við afgreiðslu málsins við 2. umr. var brtt. Magnúsar felld. Frv. gekk síðan án breytinga til 3. umr. Við 3. umr. í Nd. var viðhaft nafnakall um afgreiðslu málsins. Fyrir þá hv. þm. sem hér eiga sæti nú er fróðlegt að sjá hvernig atkvæði féllu um málið. Geta þm. flett því upp í þingtíðindum, og séð afstöðu einstakra þm. Úrslit urðu þau að já sögðu 18, 14 voru á móti, 4 sátu hjá og greiddu ekki atkv. en 4 voru fjarverandi. Frv. var því samþykkt óbreytt frá Nd. og vísað til Ed. með 18:14 atkv.

Þegar málið kom til Ed. hófust mikil átök um málið. Þeir sem voru andstæðir málinu gerðu þá allt sem hugsast gat til að stöðva það. Jafnvel fór svo að þeir þm. sem kannske síst hefðu átt að ganga gegn málinu, ef þeir hefðu verið að hugsa um meiri hluta kjósenda sinna, tóku frekar afstöðu með örfáum hagsmunaaðilum úr röðum bænda og byggðu afstöðu sína á þeirra einkahagsmunum.

Til þess m. a. að tefja fyrir þessu máli var tekið fyrir í Nd. frv. frá ríkisstj. um sýsluvegagjald, sem annars átti að svæfa, en það var 201. mál þingsins. Samkvæmt því frv. átti að undanskilja vegaskatti samkv. 23. gr. laganna, svokölluðu sýsluvegasjóðsgjaldi, allar kirkjur, skóla og félagsheimili, vita og enn fremur orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi. Þetta frv. var tekið til afgreiðslu með brtt. sem var þess efnis að bætt var inn í þessa till. sumarbústöðum.

Með þessari breytingu á frv. var því lagt til að sýsluvegasjóðsgjald yrði einnig fellt niður af sumarbústöðum. Á þetta var að sjálfsögðu fallist af öllum sem vildu lækka hið óréttmæta fasteignagjald af sumarhúsum, sem er helmingi hærra en má taka af íbúðum í viðkomandi sveitarfélögum, enda hafði það verið yfirlýst af mér sem 1. flm. málsins að þetta ætti að sjálfsögðu að fella niður líka.

Í flestum tilfellum eru það sumarbústaðaeigendur sjálfir sem hafa lagt dýra vegi um jarðir eða að lóðum sínum og þeir hafa haldið þessum vegum við að öllu leyti án þess að tæki viðkomandi sýslu eða Vegamálastofnunar kæmu þar nokkuð nærri. Því er óþarft að taka sérstakt gjald af þeim til þess að nota svo í aðra vegi fyrst svo er um búið gagnvart þessum einkavegum. Verður að sjálfsögðu að hafa í huga að þessir sumarbústaðaeigendur borga vegna sinna ferða síst minna en aðrir landsmenn í sameiginlega sjóði, í sköttum af

bensíni, olíu og öðrum búnaði til ökutækja, er ganga á til nota allra landsmanna jafnt að því að talið er.

Með því að gera þessa breytingu á lögunum um sýsluvegasjóðsgjaldið tókst að tefja málið um fasteignaskattinn í Ed. svo lengi að það fékk ekki afgreiðslu fyrir þinglok frá n. Þó hafði 1. minni hl. félmn. í Ed. skilað nál. til að flýta fyrir afgreiðslu málsins. Þennan minni hl. skipuðu þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Karl Steinar Guðnason. Mæltu þeir með samþykkt frv. allir þrír.

Nú vil ég skýrt undirstrika, eins og reyndar hefur komið fram áður, að ég hef reynt sem 1. flm. þessa frv. að leita samstarfs við þm. úr öllum flokkum og samtökum sem eiga sæti á Alþingi. Eru þessir aðilar meðflm. að frv. nú, utan Samtök um kvennalista, og er ætlan okkar flm. sú sama og áður, að freista þess með flutningi frv. að ná fram lækkun á þessu óréttmæta fasteignagjaldi. Ég hef undirstrikað það í fyrri ræðum mínum um þetta mál að það sé sjálfsagt að greiða fasteignagjald af þessari eign þéttbýlisbúa í öðrum sveitarfélögum. En það á ekki að leyfast að það gjald sé svo óréttlátt að það sé helmingi hærra en það fasteignagjald sem heimamenn sjálfir greiða eins og það er ákveðið í gildandi lögum. Að heimamenn greiði sjálfir helmingi lægra gjald af fasteign sem þeir búa í allt árið en þéttbýlisbúar, sem koma til stuttrar dvalar sumir hverjir og kannske að vetri til enn skemmri dvalar, borga af sinni eign, það á ekki að líðast.

Ég hef áður orðað það hér í þessum ræðustól að ég væri einn þeirra þm. þéttbýlisins sem væru heils hugar fylgjandi því að stuðningur væri veittur við nýjar búgreinar og aukabúgreinar þeim sem í sveitum búa. En ég hef líka sagt — og stend við það — að ég tel að ekki eigi að stefna að því að gera þéttbýlisbúa í Reykjavík og nágrenni, sem sumarbústaði eiga, að sérstakri aukabúgrein fyrir bændur, fólk sem hefur leitað eftir því að kaupa sér aðgang að rándýrri aðstöðu í sveitum landsins, helst þeim sem næst liggja Reykjavík, að blettum úr löndum bænda eða félagssamtaka, sem ekki verða nýttir til búskapar, eru í flestum tilfellum grjót, holt og heiðar eða kjarri vaxin lönd sem ekki hafa verið tekin undir ræktun, en bændur talið sig fá miklu meira fyrir með því í fyrsta lagi að selja af leigurétt fyrir gífurlegar fjárhæðir, í sumum tilfellum til nokkurra ára, og taka auk þess til vibótar sérstakt leigugjald árlega fyrir afnot af viðkomandi lóðum. Í flestum tilfellum eru þessar lóðir hálfur hektari að stærð en í nokkrum tilfellum allt að einn hektari. Ekki er mér kunnugt um hvernig skattgreiðslur innheimtast af þessari leigu til viðkomandi sveitarfélaga eða til annarra opinberra aðila.

En auk þessa vilja landeigendur og talsmenn þeirra hér á Alþingi láta eigendur sumarbústaða borga helmingi hærri fasteignagjöld en þeir sjálfir greiða. Og enn vil ég benda á að í mörgum sveitahreppum, sem hafa sumarbústaðabyggðir innan vébanda sinna, er nú svo komið að farið er að nýta mestu hækkun leyfilegs fasteignagjalds þegar sumarbústaðaeigendur eiga í hlut. Er gjald þeirra þá orðið nokkuð á annað prósent.

Ég hef nokkuð fengið að fylgjast með starfi áhugamanna utan Alþingis sem hafa beitt sér fyrir hagsmunamálum sumarbústaðaeigenda á síðustu mánuðum. Til okkar alþm. hafa borist áskoranir og undirskriftir þúsunda skráðra eigenda slíkra húsa. Það er eftirtektarvert að þeir skrá ekki þá aðila sem auk þeirra sjálfra njóta þess að hverfa til náttúrunnar á þann hátt sem þeir helst óska eftir, er þeir ráðast í sínar sumarbústaðabyggingar, en það eru einnig börn þeirra og annað heimilisfólk sem þess nýtur og þar á meðal gamla fólkið úr viðkomandi fjölskyldum.

Áður en ég vitna í eftirtektarvert bréf, sem okkur alþm. hefur borist frá þessum aðilum um frv. það sem hér er til umr., vil ég leyfa mér að benda á orð sem einn af okkar fremstu ræktunar- og umhverfisverndarmönnum hefur látið falla um sumarbústaðaeigendur og þeirra starfa fyrir náttúruna og umhverfið. Hákon Bjarnason fyrrv. skógræktarstjóri sagði m. a. að sumarbústaðir væru prýði landsins vegna þess að í langflestum tilfellum væru lóðir þeirra perlur í landslaginu vegna þeirrar miklu ræktunar sem eigendurnir hefðu látið í té. Undir þessi orð hafa fleiri tekið.

Bréfið sem ég ætla að leyfa mér að vitna í barst okkur alþm. þann 27. okt. s. l. Þar segir m. a. með leyfi forseta:

„Með sívaxandi þéttbýlismyndun og mengun þeirri og hávaða sem henni fylgir óhjákvæmilega hefur þörf einstaklinga fyrir hvíld og hressingu í óspilltri náttúru aukist hröðum skrefum. Aðstaða til slíks er óumdeilanlegt velferðarmál allra þéttbýlisbúa og þá ekki síst barna sem þar alast upp og eiga þess fæst kost að dvelja á sveitabæjum yfir sumartímann eins og afar þeirra og ömmur og í mörgum tilfellum feður þeirra og mæður áttu. Við sem byggjum þetta land erum flestum eða öllum grannþjóðum okkar betur sett að því leyti að við eigum enn mikið af óspilltri náttúru með fjölskrúðugu dýra- og jurtalífi sem öllum er hollt að kynnast og njóta. Stöðugt fleiri þéttbýlisbúar hafa því á undanförnum árum ráðist í að koma sér upp sumarbústöðum þar sem fjölskyldan dvelst yfir sumartímann þegar því verður við komið.

Enda þótt þessu fylgi umtalsverður kostnaður er það staðreynd að sumarbústaðaeigendur eru þverskurður af þéttbýlisbúum en ekki aðeins efnamenn. Fjöldi láglaunafólks hefur af miklum dugnaði og ómældri vinnu komið sér upp sumarhúsum, fegrað og prýtt umhverfi þeirra og skapað sér unaðsreit. Þegar til þess er litið og svo þess að nýtingartími þessara eigna er aðeins hluti úr árinu skýtur skökku við að fasteignaskattar af sumarbústöðum eru nú helmingi hærri en af íbúðarhúsnæði sem notað er allt árið. Enn óeðlilegra verður þetta að teljast þegar til þess er litið að þjónusta sú sem sveitarfélögin veita sumarbústaðaeigendum er hverfandi í samanburði við þá þjónustu sem veitt er þeim sem eiga íbúðarhúsnæði sem notað er allt árið.

Eins og fjárhæð gjaldanna er í dag eru þau beinlínis til þess fallin að hamla gegn þeirri þróun að þéttbýlisbúar skapi sér aðstöðu til sumardvalar í óspilltri náttúru og geta orðið þeim efnaminni í hópnum verulegur fjötur um fót. Í því sambandi skal á það bent að sum sveitarfélög hafa notað hækkunarheimild 3. mgr. 3. gr. laga nr. 73 frá 1980 til hins ýtrasta.

Hér má nefna," halda þeir áfram í bréfi sínu, „að tekjur af fasteignasköttum af sumarbústöðum dreifast mjög ójafnt á hin einstöku sveitarfélög og að sum þeirra sveitarfélaga sem hæstar tekjur hafa af þessu eru meðal þeirra sem mestar tekjur hafa af öðrum tekjustofnum. Kostnaður sveitarfélaganna af þjónustu við sumarbústaðaeigendur er hins vegar alls staðar mjög lítill eða

enginn.

Alþingi hafa þegar verið sendir undirskriftalistar fjölda sumarbústaðaeigenda og rétthafa sumarbústaðalóða þar sem skorað er á hið háa Alþingi að samþykkja á yfirstandandi löggjafarþingi breytingu á 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga þess efnis að fasteignaskattur á sumarbústaði verði aldrei hærri en sem svarar 0.25% af fasteignamati viðkomandi eignar sem við biðjum yður að kynna yður."

Og í lok bréfsins segja þessi hagsmunasamtök: „Jafnframt vekjum við athygli á því að fjölskyldur undirskrifenda sem njóta góðs af bústöðunum standa að baki undirskriftunum þótt aðeins eigendur skrifi undir."

Þetta var úr bréfi þeirra nærri tvö þúsund íslenskra kjósenda sem sumarbústaði eiga hér á Suðvesturlandi. Ætla ég ekki að ræða efni þessa bréfs né frv. frekar. Ég vil þó taka fram að lokum að að sjálfsögðu munu vera skiptar skoðanir um hvort fylgja eigi hugsanlegri hækkun á gjaldinu frá því sem þetta frv. kveður á um, ef brtt. kemur fram þar um eins og gerðist á síðasta þingi, eða reynt verði að fara einhvern milliveg frá því sem nú gildir.

Ég er einn þeirra þm. sem hafa talið öll þau ár sem ég hef setið hér, reyndar utan þings líka, að frekar bæri að leita eftir skynsamlegum samningum en að láta góð mál daga uppi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það mikla stökk sem lagt var til á síðasta þingi, að láta þessa málamiðlun þýða helmingshækkun frá því sem þetta frv., sem ég er að mæla fyrir, kveður á um, eða úr 0.25% í 0.50%, sé óráðlegt, hafandi í huga það sem hér hefur verið sagt um nýtingu þessara eigna, og með þeirri till. sé of langt gengið.

Ef samkomulag gæti orðið þar um væri nær sanni að fara milliveg og segja 0.30 eða 0.35%. En slíkar brtt., ef fram koma, munu að sjálfsögðu verða ræddar í félmn. og mér finnst rétt að þeir sem hafa fylgt þessu máli á síðustu þingum hafi það í huga ef brtt. koma fram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að kynna þetta mál frekar. Það er eldri þm. kunnugt og ég held að ég hafi nokkuð farið yfir sögu þess og efni, kannske ítarlegar en áður, einmitt vegna þeirra mörgu hv. þm. sem nú eiga sæti hér á Alþingi í fyrsta sinn.

Félmn. hv. deildar er skipuð nokkrum sömu hv. þm. og áttu sæti þar á síðasta þingi. Þeir þekkja málið og höfðu það til meðferðar fyrir nokkrum mánuðum þannig að ég vænti þess að nefndin leggist ekki nú á málið heldur afgreiði það hið fyrsta og að ekki gefist tækifæri til þess fyrir þá þm. sem ætla sér að nota sína pólitísku aðstöðu hér á þingi í nefnd eða öðrum embættum til að stöðva þetta mál, heldur láta það koma til afgreiðslu og greiða því atkvæði eða vera á móti því, en ekki láta það daga uppi eins og það er kallað á máli okkar þm.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ekki kemur til mála að mínum dómi að þetta frv., sem hér er til umr., gangi fram óbreytt. Hins vegar er þetta mál sem þarf að leita samkomulags um og vissulega væri æskilegt að ná í málinu fram sáttum milli þéttbýlis og dreifbýlis. Aðstæður í hinum ýmsu sveitarfélögum eru mjög mismunandi gagnvart sumarbústöðum. Annars vegar er um að ræða dreifða bústaði í sveitum, þar sem engin þjónusta er veitt. Hins eru mörg dæmi í þorpum úti á landi, að sumarbústaðir eru nánast við aðalgötur á skipulagsbundnum svæðum. En væri ekki hægt að sættast á hálft prósent fasteignagjald á allt íbúðarhúsnæði í landinu, eins og raunar segir í 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga?

Ég á sæti í félmn. þessarar hv. deildar, sem væntanlega fær þetta mál til skoðunar, og mun þar ásamt öðrum nm. leita leiða að finna viðunandi samkomulag í þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sú meginregla að sveitarfélög ákveði sjálf sína gjaldheimtu byggist m. a. á því, að sveitarstjórnarmenn standi frammi fyrir sínum kjósendum og geri þeim skil á þeirri gjaldheimtu við næstu kosningar. Nú vill svo til að þegar sumarbústaðaeigendur eiga í hlut standa sveitarstjórnarmenn ekki frammi fyrir sínum kjósendum við næstu kosningar og þurfa þess vegna aldrei að gera þeim skil á þeirri ákvarðanatöku sinni þegar þeir ákveða gjald á sumarbústöðum. Þetta atriði gerir það að verkum að hér er um nokkra sérstöðu að ræða.

Ég vil einnig, eins og 1. flm. gerði hér, rekja nokkuð gang þessa máls. Ég tel að það hafi verið misráðið á sínum tíma að fella algjörlega niður sýsluvegasjóðsgjald af sumarbústöðum, ekki vegna þess að ég sé ósammála því, sem kom fram hjá 1. flm., að það sé rétt að þeir hafi í flestum tilfellum byggt sjálfir sína vegi í nágrenni við sumarbústaðina, heldur hins, að tilvist sumarbústaðanna mun að sjálfsögðu þýða að eigendur þeirra ferðast um nærliggjandi sveitir og njóta þess umhverfis sem þar er og aka þá m. a. á sýsluvegunum, sem eru mjög lélegir og þyrftu gjarnan að batna og eðlilegt að allir greiði til þeirra sem um þá vegi fara.

Hins vegar vil ég taka undir það með honum alveg sérstaklega að ég tel að við þurfum að ná sáttum á milli dreifbýlis og þéttbýlis í þessu máli. Ég er hræddur um að sá stóri hópur utanbæjarmanna sem á íbúðir í Reykjavík, sem er ekki svo lítill fjöldi, teldi að það væri ansi harður kostur ef þeir yrðu skyldaðir til að greiða af þessu íbúðarhúsnæði miklu hærri gjöld en þeir sem búa í borginni. Það mundu að sjálfsögðu upphefjast ansi harðar umræður og athugasemdir við slíkt.

Ég hef séð reikninga frá sveitarfélögum sem hafa skattlagt sumarbústaðaeigendur upp á 1.2% á sama tíma og fasteignagjöld í Reykjavík voru 0.42%. Þetta hlýtur að leiða hugann að því að það gengur einfaldlega ekki að svo misjafnt sé að málum staðið gagnvart íbúðareign, hvort sem um er að ræða sumarbústað í dreifbýli eða íbúð í eigu manna utan af landi hér í Reykjavík.

Hins vegar vil ég bæta því við að ég hef alltaf talið ákaflega óeðlilegt að önnur lög skuli gilda um stéttarfélög í landinu. Sumarbústaðir í eigu stéttarfélaga eru algjörlega skattlausir. Þetta nær náttúrlega engri átt. Hvers vegna skyldu stéttarfélögin ekki greiða gjöld af sínum sumarbústöðum eins og aðrir? Eiga sérstök lög að ná yfir þá og hvers vegna? Það er ekkert sem mælir með því. Þetta var einu sinni gert, sennilega nokkurs konar dúsa í samningum, og lítið hugsað út í það gagnvart framtíðinni hvaða afleiðingar þetta hefur. Auðvitað verður þetta til þess að sveitarfélög forðast eins og heitan eldinn að stéttarfélög fái að byggja sumarbústaði í þeirra sveitarfélögum, þar sem þau vita að það þýðir að þau fá enga skatta af þeim.

Ég tel nauðsynlegt að þetta mál komi til afgreiðslu

hér í þinginu og ég tek undir það með 1. flm. að mér finnst það óeðlilegt ef mönnum dettur í hug að reyna að svæfa það í nefnd og koma þannig í veg fyrir afgreiðslu þess í þinginu.

Hins vegar vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram að komi fram brtt., sem bjóði málamiðlun í þessu máli af sanngirni, þá tel ég að þeir sem standa að flutningi málsins eigi að íhuga hvort ekki sé skynsamlegra að ná landi á þann hátt. En það skyldu menn hafa sem grundvallaratriði í þessu máli að það verður engum til góðs til lengdar, ef svona mál verða til þess að auka á togstreitu milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. 1. flm. þessa frv., hv. 12. þm. Reykv., hafði ég sérstöðu í þessu máli þegar það var síðast til meðferðar hér á hv. Alþingi þar sem ég lagði fram brtt. þess efnis að frv. yrði fellt. Rökstuðningur minn fyrir því er að sjálfsögðu óbreyttur að því leyti til, að ég hef þá bjargföstu skoðun að sveitarfélögin sjálf eigi að ráða yfir sínum tekjustofnum og hafa ákvörðunarvald um hvernig þeim er varið og hvernig gjöldin sem liggja þeim til grundvallar, eru lögð á.

Ég vil benda á að á síðasta þingi skeði það að sýsluvegagjald var fellt niður, sem vissulega var sjálfsögð aðgerð vegna þess að það var löngu orðin úrelt skattheimta eins og allir viðurkenndu. Þess vegna var sjálfsagt að fella það niður. Ég tel eðlilegt að skoða þetta mál í því ljósi að allir eigendur slíkra sumarbúða eða sumarhúsa, orlofsbúða, greiði sama gjald og íbúðahúsaeigendur í landinu. Þess vegna greiddi ég brtt., sem kom fram frá hv. 4. þm. Suðurl. á sínum tíma, atkvæði mitt. Ég vil meina að það sé málamiðlun sem Alþingi gæti gert ef það vill á annað borð hafa bein afskipti af þessum þætti tekjustofnalaga sveitarfélaga.

Hér kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. gagnrýni, sem heyrist víða um land, á þá ákvörðun sem tekin var á sínum tíma að orlofsbúðir samtaka launþega í landinu væru undanþegnar fasteignasköttum. Þetta verður vissulega rætt af meiri þunga á næstunni ef sú ákvörðun verður tekin að taka ⅔ hluta tekna viðkomandi sveitarfélaga af með samþykkt hér á hv. Alþingi. Ég er ekki að taka afstöðu til þessa. Þessir samningar voru gerðir á sínum tíma og hafa að sjálfsögðu verið haldnir og það hafa ekki komið fram bein mótmæli gegn þessu ákvæði. Hins vegar óttast ég það, ef svona róttæk aðgerð yrði gerð í einu stökki, að þá muni þetta fljótlega vekja umræðu og sveitarfélögin muni leita réttar síns á þessu sviði.

Svo að vikið sé að þjónustu sveitarfélaga þá má vel vera að hún sé víða af skornum skammti en ég fullyrði að það er vaxandi þáttur í starfsemi margra sveitarfélaga að auka þjónustu sína við sumarbústaðaeigendur og er það að sjálfsögðu eðlilegt.

Ég vildi sem sagt beina því eindregið hér inn á hv. Alþingi að þetta verði skoðað vandlega, það verði reynt að forðast illdeilur eða mikinn ágreining um þetta mál en reynt að fara samkomulagsleið til að jafna þann ágreining sem uppi er um þetta. Mér finnst of harkaleg aðgerð að taka ⅔ hluta þessa gjalds af með einni samþykkt því að mörg dreifbýlissveitarfélög eru þannig í sveit sett að þetta er einn aðaltekjustofn þeirra. Ég vara þess vegna eindregið við því að það sé gert en tel sjálfsagt að reyna samkomulagsleið. Ég styð heils hugar þá hugmynd sem hér hefur þegar komið fram frá hv. 6. þm. Suðurl.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hv. þm. Pétur Sigurðsson er, eins og gömlum sjómanni sæmir, iðinn við kolann, flytur þetta mál á hverju ári frá því að hann kom hér fyrst. Ég virði það við hann að gefast ekki upp. Það er góður eiginleiki manna sem vilja koma sínum málum áfram. Hann flutti hér fallega ræðu um sveitasæluna, náttúrufegurðina og perlurnar í andliti landsins og hvað það væri nauðsynlegt og fagurt, heilbrigt og gott að geta komist úr hinni spilltu náttúru, skilst mér, út í hina óspilltu náttúru, hvar svo sem hana er að finna. Ég sé ekki að náttúran hér á höfuðborgarsvæðinu sé spillt. Hún er ekki síður fögur hér en í rykmekkinum hér úti um sveitir. Allra síst vil ég verða til að lasta náttúrufegurðina uppi í sveit. En það er nú mín meining að hún sé síður en svo spilltari í Reykjavík en víða úti á landi þar sem sumarbústaðir eru, svo þéttir eru þeir orðnir.

En ef það er svo nauðsynlegt að komast í sveitasæluna og náttúrufegurðina, af hverju vilja menn þá ekki borga fyrir það? Er hún einskis virði þegar á að fara að meta hana til peninga? Ég tel að þeir sem hafa efni á því að reisa sér sumarbústaði — og það er nú ekki allur almenningur í landinu — geti alveg eins borgað af þessu einhverja smámuni á ári hverju, sem svarar einni eða tveimur fyllingum á bensínbeljuna á ári.

Þetta mál er þannig vaxið að ég held að það sé rétt, eins og ýmsir aðrir ræðumenn hafa nefnt hér áður, að reyna að komast að samkomulagi. En menn komast ekki að samkomulagi með því að berja fram einungis það sem þeir hafa í huga. Menn verða að slaka til á báða bóga. Ég teldi það mjög sanngjarna lausn að allir sem búa í sveitasælunni borguðu jafnhátt fasteignagjald, hvort sem er í sumarbústöðum eða öðrum húseignum á svæðinu. En um leið og það yrði gert yrði auðvitað að leiðrétta þá vitleysu að félagasamtök, sem eru með orlofshús víða um land, sleppi við að borga. Þau eiga nóg af peningum og engin ástæða til að hlífa þeim við að borga þetta. Ég mun því ekki samþykkja þetta frv., jafnvel þó að við næðum æskilegri prósentu, ef á að sleppa þessum samtökum við að greiða til jafns við það sem aðrir þurfa að greiða.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þetta er kannske ekki stórt mál og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Það er hins vegar réttlætismál. Og þegar svo er komið að ræðumenn hver á fætur öðrum vitna til þess að þetta sé tilefni til að sætta nú sjónarmið dreifbýlis og þéttbýlis og þegar það undur hefur gerst að við hv. 5. þm. Vestf. erum á einu máli, þá hljóta það að skoðast sem eins konar sögulegar sættir. Hann er flm. að þessu máli. Ég er eindreginn stuðningsmaður þess.

Þær röksemdir sem hæstv. félmrh. notar í málinu, sem eru þær að sveitarfélög eigi að vera einráð um að ákveða tekjustofna sína, eru ekki gildar í þessu máli m. a. af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi hefur verið sýnt hér fram á að einstök sveitarfélög notfæra sér hæstu heimildir og gera sumarbústaðaeigendum, þrátt fyrir litla þjónustu, að greiða helmingi hærri fasteignagjöld en sínum eigin þegnum. Í annan stað, ef menn vilja nota þau rök að þetta eigi að vera sveitarstjórninni í sjálfsvald sett, þá gilda þau rök að sjálfsögðu um álagningu

gjalda á íbúa í viðkomandi sveitarfélögum. Hitt er verra, svo vitnað sé til orða flm., þegar sumarbústaðaeigendur eru notaðir sem aukabúgreinar. M. ö. o.: sveitarstjórnir eru hér að leggja gjöld á aðila sem ekki eru í þeirra sveitarfélagi og nota þá aðstöðu til þess að mismuna mönnum gagnvart þessari skattlagningu. Þetta er kjarni málsins. Þetta er réttlætismál í þeim skilningi að það á að láta eitt yfir alla ganga. Hér er því of langt gengið í skattlagningu án þess að sambærileg þjónusta komi í staðinn.

Á það ber að leggja áherslu að því er varðar þetta mál sumarbústaðaeigenda, að kostnaður sveitarfélaga er í flestum tilvikum vegna þjónustu við þá lítilll og í mjög mörgum tilvikum nánast enginn. Þess vegna er þetta, eins og ég sagði, réttlætismál sem ég styð eindregið.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég held að mörgum þm. hafi dottið það sama í hug og mér þegar hv. þm. Garðar Sigurðsson flutti ræðu sína. Vestmanneyingar hafa nefnilega þótt nokkuð iðnari við kolann en við í Reykjavík og þekkja margir aðilar til þess, sem hafa setið á þingi á síðustu árum.

Þá veit ég í framhaldi ræðu hans að það mun vekja undrun margra, og ekki síst hv. meðflm. míns að þessu frv., hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, að heyra þennan þm. Alþb. segja að hann geti ekki orðið meðmæltur þessu máli öðruvísi en það verði lagður fasteignaskattur á orlofsbúðir verkalýðsfélaganna. Var þó ein af glansrósum Alþb.- manna í stjórnartíð þeirra að koma orlofsbúðunum á eða alla vega styðja að því að svo skyldi verða. En nú er boðað af þessum þm. Suðurl. að þetta sé sú lausn sem hann muni fella sig við og þá muni hann geta hugsað sér að styðja að skatturinn á sumarbústaðaeigendum, sem koma úr þéttbýli, verði sá sami og hjá þeim sem í sveitinni búa. Þetta þótti mér merkilegast við hans ræðu. — Það er annars líka eftirtektarvert við hans málflutning að hann telur að hann geti samþykkt þetta frv. með breytingu, en hann greiddi þó atkv. á móti því í fyrra. Þarna hefur orðið nokkur hugarfarsbreyting, sem ég fagna vissulega.

Ég þakka öðrum þm. fyrir þeirra undirtektir við frv. Sérstaklega þakka ég hv. þm. Eggert Haukdal, sem sjálfur er bóndi og kemur úr einu stærsta landbúnaðarhéraði landsins, einmitt þar sem mörg sumarbústaðahverfi eru, fyrir undirtektir hans við þetta frv. Komu þær ekki alveg á óvart, því hann var með því í fyrra að málið héldi áfram og fengi þinglega meðferð. — Það er kannske meginatriðið í dag að málið fái þinglega meðferð, að það sé ekki verið að reyna að stöðva það vegna óskiljanlegra hvata hjá einstökum þm. sem eru að gæta hagsmuna fárra.

Það kemur mér vissulega á óvart sem kom fram hjá hæstv. félmrh., að það skuli geta átt sér stað á Íslandi í dag að aðaltekjustofn sumra sveitarfélaga sé þessi skattur á sumarbústaðaeigendum. Hvers konar búskapur er í þeim sveitarfélögum? Hvernig fær fólk búið þar ef þessi er aðaltekjustofninn hjá viðkomandi sveitarfélögum?

Ég vil benda mönnum á, sem um leið og þetta frv. er rætt eru að ræða um skattfrelsi svokallaðra orlofsbúða eða orlofsheimila verkalýðsfélaganna, að einn þáttur þess að farið var fram á skattfrelsi stærstu orlofsbúðanna var m. a. að sú starfsemi færði mikla vinnu inn í viðkomandi sveitarfélög. Það er mikil vinna sem fylgir þessari starfsemi fyrir íbúa viðkomandi sveitarfélaga og þar á meðal óbeinar tekjur af þeirri starfsemi sem fer fram t. d. í Ölfusborgum hjá félögum innan Alþýðusambandsins, í Hraunborgum hjá sjómannasamtökunum, austur á Héraði, vestur á fjörðum, norður í Fnjóskadal og svo mætti lengi telja. Ég efast um að sveitarfélög sem hafa litlar aðrar tekjur mundu í mörgum tilfellum vilja fórna því að slík samtök kæmu sér upp slíkri starfsemi í þeirra sveitarfélagi á móti hinu að þau fengju skattinn. Það getur orðið það sem ræður úrslitum hjá þeim sem ráðast í slíkar byggingar og ákveða staðsetningu þeirra, hvort slíkan skatt þarf að greiða eða ekki.

Það breytir í engu því sem hæstv. ráðh. sagði um rétt sveitarfélaga til að ákveða sín gjöld. Við erum að gera hér tilraun til að fá breytt lögum sem Alþingi hefur sett og þessi skattheimta byggist á og því er eðlilegt að það sé Alþingi sem taki ákvörðun í málinu. Því er frv. þetta flutt og það verður ekki fyrr en eftir að við höfum ráðið fram úr því hér, hvernig við viljum hafa þessa heimild í framtíðinni, að hægt er að fara að tala um hluta sveitarfélaganna í skattheimtunni.

Ég vil, herra forseti, að lokum þakka þeim sem hafa tekið undir að þetta mál nái fram, hljóti þinglega meðferð, og vonast til þess að félmn. deildarinnar, sem ég legg til að málið fari til eftir að umr. er lokið, flýti sér við störf sín og komi málinu aftur inn í þingsali til þess að þingmenn geti greitt atkv. um það efnislega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um staðfestingu á brbl. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, sem sett voru í tengslum við efnahagsráðstafanir ríkisstj. hinn 27. maí s. l. Frv. þetta var lagt fram í Ed. og hefur fengið eðlilega meðferð þar og er nú hér í hv. Nd. til 1. umr.

Brbl. þessi voru sett til að milda áhrif efnahagsaðgerða stjórnarinnar og hinna lakar settu í þjóðfélaginu. Í þeim er að finna ívilnandi ákvæði til hagsbóta fyrir barnafólk og lífeyrisþega, auk þess sem persónuafsláttur til skatts er hækkaður.

Í 1. gr. frv. koma fram ákvæði um hækkun persónuafsláttar og barnabóta. Hækkun persónuafsláttar samsvarar tekjuskattslækkun að fjárhæð 135 millj. kr. og hækkun barnabóta nam 90 millj. kr.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um hækkun lífeyristrygginga og 100% hækkun mæðralauna með einu barni og 30% með tveimur börnum og fleiri. Ákvæði þessarar greinar leiddu til 30 millj. kr. útgjalda fyrir ríkissjóð, en í greininni er gert ráð fyrir að ýmsar lífeyrisgreiðslur hækki um 5% umfram þær launahækkanir sem urðu 1. júní s. l.

Í 3. gr. er ríkisstj. veitt heimild til stóraukinna fjárveitinga til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis. Er í þessu skyni heimilað að verja allt að 150 millj. kr., en á fjárlögum þessa árs var fjárveiting

til þessa þáttar 35 millj. kr. Hér er því um verulega hækkun að ræða. Í fjárlagafrv. fyrir 1984 er raunar gert ráð fyrir enn frekari hækkun fjárveitinga til að jafna og lækka hitunarkostnað, 230 millj. kr.

Í 4. gr. er fjmrh. heimilað að lækka ríkisútgjöld í ár um allt að 300 millj. kr. frá fjárlögum.

Ástæðulaust er að hafa um þetta frv. mörg fleiri orð. Það sem í því felst var mjög mikilvægur liður í þeirri viðleitni ríkisstj. að milda áhrif af þeim óhjákvæmilegu ráðstöfunum sem gripið var til í maí og verja þar með hag hinna verst settu. Þau brbl. sem þetta frv. tengist verða að skoðast sem einn hluti þeirra heildarráðstafana sem gripið var til á s. l. vori og sem gerð hefur verið rækileg grein fyrir í stefnuræðu forsrh.

Ég vil að svo mæltu, virðulegi forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta frv. til laga ber fallegan titil: Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum. Það er oft haft á orði hér í þingsölum og í almennri stjórnmálaumræðu að nauðsyn beri til að vernda hag þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Þó er það svo, að þótt ýmsir hafi gagn af þessu frv. þá hafa þeir sem verst eru settir ekki hag af því. Á þá hefur lífskjaraskerðingin fallið með fullum þunga. Þessar aðgerðir hafa með engum hætti verndað hag þeirra.

Þetta má rökstyðja með einföldum dæmum eins og gert er í áliti minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. Ef hjón með eitt barn, sem er yngra en 7 ára, náðu 130 þús. kr. tekjum á síðasta ári njóta þau fulls gagns af þessum persónuafslætti. En ef þau hefðu haft 122 þús., eða 8 þús. kr. minna, þá hefðu þau ekkert upp úr þessari aðgerð, sem nefnd er til verndar lífskjörum, þ. e. það var skilyrði að ná tilteknum tekjum til að vera talinn til þess hóps sem vernda skyldi lífskjörin hjá. Ef menn náðu ekki þeim tekjum urðu þeir að bera byrðarnar sjálfir.

Sama gildir t. d. um einstakt foreldri, eins og rakið hefur verið í þessu nál., með eitt barn undir 7 ára aldri. Einstakt foreldri, sem þannig stendur á hjá, hefur fullt gagn af þeim ráðstöfunum sem hér er gert ráð fyrir ef tekjurnar voru 122 þús. kr. eða meira en ef þær fóru niður fyrir 118 þús. hafði þetta einstæða foreldri ekkert gagn af breytingunni.

Sama gildir um elli- og örorkulífeyrisþega. Einstaklingur í þeim hópi þurfti að hafa 104 þús. kr. í tekjur til að hafa gagn af breytingunni og hjón 202 þús. kr. en óskert tekjutrygging er 77 þús. fyrir einstakling og 134 þús. fyrir hjón. Þarna á það sama við, að ef menn ná ekki tilteknum tekjum verða þeir að bera allar byrðarnar af kjaraskerðingunni sjálfir.

Við getum skoðað þetta aðeins nánar. Elli- og örorkulífeyrisþegi með fulla tekjutryggingu fær núna 7 018 kr. á mánuði. Samkv. þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. hefur gert er í rauninni búið að hafa af þessum aðila 2 466 kr. en í staðinn fær hann 193 kr. vegna 5% hækkunar tekjutryggingar. Afganginn, 2 270 kr. og rúmlega það, hefur hann tekið á sig. Af þessu sést hversu gölluð sú aðgerð er sem hér er leitað staðfestingar á. Með henni er ekki verið að vernda kjör þeirra lakast settu. Þeir eru gjörsamlega skildir eftir. Þeir sem lakast eru settir verða að bera byrðarnar að fullu. Af þessu mega menn sjá að nafnið á frv. er í sjálfu sér öfugmæli.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þetta frv. er að ýmsu eða jafnvel öllu leyti dæmigert fyrir það sem er lítilvægast og kannske lélegast í íslenskri efnahagspólitík. Í fyrsta lagi er hérna um brbl. að ræða, lög sem eru sett að Alþingi óspurðu og koma til umr. hálfu ári eftir gildistöku. Síðan er Alþingi á málfundum eins og menntskælingar svo vikum skiptir í tómarúmi vegna þess að búið er að ákveða þessi mál fram á næsta ár.

Í öðru lagi er þetta frv. ávöxtur stjórnarmyndunarviðræðna þar sem útkoman er ekki í samræmi við það sem sagt er fyrir kosningar og kjósendur veita umboð til þess að gera.

Í þriðja lagi heldur ríkisstj. afgreiðslu málsins til streitu þrátt fyrir ábendingar bæði í fjölmiðlum og á hinu háa Alþingi frá stjórnmálamönnum og efnahagssérfræðingum, ábendingar um að frv. nái ekki mikilvægasta markmiði sínu, þ. e. að létta kjör hinna lægst launuðu. Það geigar í veigamesta atriðinu og samt er einsýni, þröngsýni eða ráðaleysi ríkisstj. svo mikið að málarekstrinum er haldið áfram í gegnum þingið.

Í fjórða lagi er frv. dæmigerð pólitísk dula eða leiktjöld sem veifað er framan í fólk í blekkingarskyni því eins og vikið verður að síðar er þar ekkert sem raunverulegu máli skiptir í efnahagsmálum.

Og ef við snúum okkur að frv. sjálfu og einstökum atriðum kemur í ljós í fyrsta lagi eins og vikið hefur verið að áður að 1400 kr. afslátturinn nýtist akkúrat ekki þeim sem sárast eru þurfandi fyrir þessar kjarabætur.

Í öðru lagi: Þó svo að 1400 kr. nýttust er hér á ferðinni þvílíkur lúsarskammtur að skömm er hverri ríkisstj. að leggja það til og næstum skömm fyrir Alþingi að ræða það alvarlega. 1400 kr. eru 200 kr. á mánuði frá gildistöku laganna til ársloka. Hvað fá menn fyrir 200 kr. á mánuði?

Í þriðja lagi má t. d. taka ákvæðið um 7 ára aldurstakmörkin. Það er athyglisvert því að þar er ein af þessum dæmigerðu stjórnvaldsaðgerðum sem engar forsendur eiga í raun og veru í lífi fólksins sem þær eiga að snerta. Ef ástæða þykir til hækkunar barnabóta á hún auðvitað að koma til þeirra sem njóta barnabóta. Það á sér engar skiljanlegar forsendur í þessu tilfelli að kljúfa þá neytendur niður í smærri hópa.

Í fjórða lagi má síðan taka úr þessu ágæta frv. fyrirheitið um 150 millj. til jöfnunar og lækkunar hitakostnaðar. Það er í raun mál út af fyrir sig. Þar er eina ferðina enn verið að henda peningum út í vindinn. Mönnum hefur verið tíðrætt undanfarnar vikur og mánuði um óarðbæra fjárfestingu í sjávarútvegi, verslun og bankastarfsemi. Hérna er enn eitt dæmi um sóun, en munurinn er bara sá að hér mun ekkert standa eftir, ekki einu sinni óarðbær togari eða óarðbær bankakjallari. Peningar sem varið er til niðurgreiðslu á hitakostnaði án þess að gera nokkrar kröfur um einangrun húsa fara að langmestu leyti til einskis. Þeir peningar vernda engin lífskjör eins og heiti þessa frv. þó bendir til. Þeir vernda hins vegar orkusóun þeirra sem með mestu hugsunar- eða hirðuleysi spreða orkunni út um víðan völl og það er á kostnað þeirra sem fyrirhyggju hafa og gæta sparsemi. Það er dæmalaust að ríkisstj. sem kveðst ætla að taka á vandanum, hefja nýsköpun í umgengni við fjármuni þjóðarinnar skuli á fyrsta degi

setja lög um svona sóun. Það er hins vegar eðlilegt að menn vilji létta undir með þeim sem hæstan húshitunarkostnað hafa vegna hás orkuverðs, en það má ekki verða gjöf til þeirra sem sóa þessari dýrmætu auðlind mest.

Ég vil að síðustu bara segja þetta: Þetta þinghald er í raun alveg stórkostlegt. Efnahagsmál eru forgangsverkefni þess. Einu efnahagsmálin sem það ræðir hins vegar um eru 6 mánaða gamlir frumburðir ríkisstj., brbl. sem standa enn í marga mánuði. Menn spyrja sig: Hvar eru efnahagsúrræðin? Þau eru nefnilega engin. Það eina sem Alþingi gerir í efnahagsmálum er að ræða gamlar skóbætur síðan í vor. En það verður kannske þessari þjóð til bjargar að þó eru rædd mikilvæg mál annars staðar úti í þjóðfélaginu. Það eru staðir eins og þing LÍÚ, það eru staðir eins og Fiskiþing, það eru staðir eins og þing Farmanna- og fiskimannasambandsins. Þar hafa menn setið og rætt alvarleg mál og það er spurning hvort ekki væri nú ráð fyrir ríkisstj. að leggja fram einhver mál á þessu þingi sem raunverulega skipta máli og gætu orðið til varnar lífskjörum í landinu. En kannske fer eins og sumir eru farnir að spá að þau mál verði látin bíða og verði síðan gefin út sem brbl. í des. eða jan. svo að kúrsinum sé haldið.

Ég hef lokið máli mínu.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hér fyrr á tíð, þegar kreppti að á heimilum fátæks fólks á Íslandi í vorharðindum, var til siðs í bjargarleysinu og allsleysinu að stinga dúsu upp í hvítvoðunga fyrir þá að maula á. Þetta frv. er dúsa af því tagi í nútímalegum búningi.

Tveir þeirra þm. sem hér töluðu áðan hafa lagt á það megináherslu að þetta frv. með fallegu nafni, um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, væri fyrst og fremst dúsa til að friða samvisku hæstv. ráðh. og ekki raunhæf aðgerð til að koma að gagni þeim sem raunverulega búa í nábýli við skortinn í þessu þjóðfélagi. Fyrir því hafa verið nefnd rök og tíundaðar tölur og ég ætla ekki að endurtaka það. Þau rök hafa ekki verið hrakin. Jafnframt er ástæða til að lýsa fylgi við þær brtt. sem fram voru lagðar af minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. og snúast fyrst og fremst um tvennt: Í fyrsta lagi að sá persónuafsláttur sem um er rætt verði útborganlegur og greiddur skattaðilum í desembermánuði ár hvert. Og svo í annan stað að barnabætur sem um ræðir í þessum lögum og nema 3000 kr. fyrir hvert barn verði ekki einungis greiddar, eins og þar er talað um, miðað við hin dularfullu tímabilaskipti í ævi fólks við sjö ára aldur.

En í framhaldi af því er kannske rétt að fara örfáum orðum um framvindu þessara mála. Við erum hér að tala um sérstakar efnahagsaðgerðir sem varða skattamál. Hér hafa nýlega orðið á hv. Alþingi umr. um skattbyrði. Nú kannast menn við að ríkisstj. hefur lýst því yfir að hún stefni að því að skattbyrði að því er varðar tekjuskatta verði óbreytt á næsta ári. Af því tilefni er ástæða til að ræða tvennt:

Í fyrsta lagi vísa ég til umr. sem urðu um skattbyrði vegna útsvarsálagningar sveitarfélaga. Á sínum tíma kom fram í erindi framkvæmdastjóra Þjóðhagsstofnunar sú ábending, að fram undan væri að óbreyttu mikil skattþynging að því er varðaði skattálagningu sveitarfélaga. Þar sagði á þá leið, að við óbreytta skattálagningu hækkuðu tekjur sveitarfélaga mun meira en svarar verðbreytingum útgjalda þeirra á árinu 1984 og það fæli í sér að skattbyrði einstaklinga af völdum skatta til sveitarfélaga þyngdist verulega. Í viðtali við einn af hagfræðingum Þjóðhagsstofnunar, sem birtist í dagblaðinu Tímanum um daginn, er talið að lækka þyrfti útsvarsálagningarprósentuna niður undir 9% til þess að staðið yrði við fyrirheitið um óbreytta skattbyrði að þessu leyti. Munurinn þar á að því er varðaði álagningu sveitarfélaganna er áætlaður um 800 millj. kr. og þar kæmu þá í hlut Reykjavíkur, þar sem 40% af útsvarsálagningunni á sér stað, um 320 millj. kr. Ég vek athygli á að það er ekki annað vitað en að þessar staðreyndir standi óhaggaðar og fram undan sé veruleg íþyngning skattbyrði af þessum ástæðum einum sér.

Í annan stað er líka ljóst að fram undan er aukin skattíþyngning ef ekki koma til alveg sérstakar ráðstafanir að því er varðar tekjuskatt til ríkisins. Í því tilefni er líka rétt að vísa til ummæla þjóðhagsstjóra í erindi hans á landsfundi sveitarfélaga þar sem hann sagði:

„Með tilliti til þess að tekjuskattstofninn hefur líklega hækkað í peningum talið um 54% á mann milli áranna 1982 og 1983 er ekki einsýnt að þessum áhrifum verði eingöngu náð með hækkun skattvísitölu."

M. ö. o.: Hann er að vísa til þess að sú aðgerð ein saman að hækka skattvísitöluna dugi ekki til að standa við fyrirheit hæstv. ríkisstj. um óbreytta skattbyrði. Þar þurfi að koma til aðrar ráðstafanir, m. ö. o. breytingar á skattþrepum eða aðrar lagabreytingar í skattamálum.

Það er ástæða til að nota þetta tilefni til þess að spyrjast nánar fyrir um það, hvort ríkisstj. hafi tekið ákvarðanir um þau mál eða m. ö. o. hvernig og eftir hvaða leiðum hún hyggist standa við fyrirheit sín um að á næsta ári komi ekki til sérstakrar aukinnar skattbyrði að því er varðar skattborgarana almennt.

Eins og fram kemur er frv. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum þannig úr garði gert að það dugar ekki til að vernda lífskjör þess fólks sem nú hefur orðið að þola hvort tveggja í senn verulega kjaraskerðingu og eignast síðan ekki heldur hlutdeild í þeim lítilfjörlegu mildandi ráðstöfunum sem þarna er gerð grein fyrir. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé til harla lítils að ræða afkomu eða kjör fólks í þessu þjóðfélagi út frá töxtum eða tekjum, heldur beri fyrst og fremst að gera það út frá því sjónarmiði hver nettóafkoma fjölskyldna verður að álögðum sköttum. Þegar allir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar fara fögrum orðum um nauðsyn þess að vernda lífskjör þess fólks sem við kröppust kjör býr, þá er ljóst að aðgerðirnar sem á eftir hafa fylgt hafa lítt dugað til þess. Sorglegt dæmi um það úr tíð fyrrv. ríkisstj. voru hinar svonefndu láglaunabætur þar sem lögð voru til grundvallar skattframtöl manna, og endaði það með þeim ósköpum að hátekjufólk, sem bjó við allsnægtir, fékk tékka í pósti frá hæstv. ríkisstj. og þar með þá móðgun að það hefði þegið láglaunabætur. Og þar með um leið staðfestingu á stöðu sinni í þessu þjóðfélagi sem löggiltir skattsvikarar.

Í raun og veru er ein greið leið til að bæta kjör þessa fólks. Ég hef því miður takmarkaða trú á að það gerist í kjarasamningum einum sér með hækkun kaups í krónutölu, sem síðan muni samkv. reynslu fara upp allan launastigann. Það sem þarf að gera er að taka upp einhvers konar form neikvæðs tekjuskatts, þ. e. útborganlegan persónuafslátt sem kimu raunverulega að gagni þeim sem hér um ræðir. Og svo í annan stað að hækka verulega skattfrádrátt þannig að skattfrelsismörkin

verði hækkuð upp. Þá á ég við að ef menn á annað borð eru að tala um lágmarkslaun sem 15 þús. kr. á mánuði þarf að tryggja um leið að þau laun séu ekki skert í reynd við skattlagningu. Þetta þýddi það í reynd að eðlilegt væri að mínu mati að miða við raunveruleg skattfrelsismörk ekki lægri en heldur hærri upphæð en 15 þús. kr. á mánuði, t. d. við 200 þús. kr. mörkin, ella er hætt við því að umr. um þessi mál snúist um yfirborð hlutanna en ekki kjarna málsins.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að beina þeim spurningum til hæstv. fjmrh. hvort hann geti við þessar umr. gert grein fyrir því hvort ríkisstj. er einhverju nær um eftir hvaða leiðum hún hyggist standa við yfirlýst loforð sín um að hún muni ekki una því að skattbyrði verði aukin á næsta ári og þá skattbyrðin í heild fyrir launþega.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá hæstv. fjmrh. er það frv. sem hér um ræðir í rauninni hluti af efnahagsaðgerðum ríkisstj. frá s. l. vori og því eðlilegt að ræða nokkuð um efnahagsmál í heild um leið og um þetta frv. er fjallað. Þetta frv. ætti að réttu lagi að heita „frv. til l. um lýðskrum", því að þetta frv. kemur engan veginn til móts við það fólk sem ætlunin er að koma til móts við og hefur orðið fyrir hrottalegustum árásum af þeirri leiftursóknarstefnu sem núv. ríkisstj. framkvæmir undir forsæti Framsfl.

En í tengslum við þetta mál, herra forseti, vil ég minna á að ein meginforsendan fyrir stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum og þar með þeim árangri í baráttunni gegn verðbólgu sem ríkisstj. gjarnan státar sig af er sú, að gengi íslensku krónunnar sé haldið föstu. Og í umr. um frv. til l. um breyt. á lögum um verslunaratvinnu hér í síðustu viku sagði varaformaður Sjálfstfl. að fyrrv. ríkisstj. hefði í raun og veru haft gjaldeyrinn á útsölu, hún hefði þannig stutt sérstaklega við bakið á innflytjendum og heildsölum sem flytja hingað inn til landsins. Hæstv. fjmrh. er að sjálfsögðu ekki sammála því að fyrrv. ríkisstj. hafi stutt við bakið á heildsölum. En ég held að það sé fróðlegt í sambandi við þetta mál, herra forseti, að íhuga: Er það rétt sem hv. 2. þm. Reykv., varaformaður Sjálfstfl., er að bera á fráfarandi ríkisstj. í þessu efni? Og er það rétt að núv. ríkisstj. hafi stillt gengisskráninguna þannig af að það sé í raun og veru í einu og öllu í samræmi við þróun gjaldmiðla á undanförnum mánuðum?

Í tilefni af þessum upplýsingum og ítrekuðum áróðursslagorðum talsmanna ríkisstj. varðandi gengismál aflaði ég mér í dag upplýsinga um þróun raungengis íslensku krónunnar frá því að þessi ríkisstj. tók við og til dagsins í dag. Og það er fróðlegt að lesa þá töflu yfir til samanburðar við ítrekaðar staðhæfingar um það að fráfarandi ríkisstj. hafi haft gjaldeyrinn á útsölu. Það er fróðlegt að lesa þessa töflu yfir, en það er rétt að taka það fram, sem er grundvallaratriði og er samstaða um meðal allra flokka sem eiga fulltrúa á Alþingi, að það ber að beita aðhaldsstefnu í gengismálum þannig að það sé í hvívetna reynt að halda aftur af kröfum um gengislækkanir og gengisbreytingar. — En hvernig stendur þetta mál núna? Ég tel að mér sé skylt, vegna þess að mér hafa borist þessar upplýsingar í hendur, að upplýsa þingheim um hvernig þróun gengisins hefur verið.

Ef við gerum ráð fyrir að raungengi íslensku krónunnar hafi verið 100 á árinu 1982 er staðan þannig núna, að gengið í nóvembermánuði 1983 er 102.4, þ. e. skráð gengi íslensku krónunnar er núna mun hærra en það var á árinu 1982, þegar þáv. ríkisstj. hafði gjaldeyrinn á útsölu að sögn talsmanna Sjálfstfl. Ef við skoðum í þessu sambandi hvernig þetta hefur breyst frá því að stjórnin tók við og til dagsins í dag og segjum að raungengið hafi verið 100 árið 1978 er staðan þannig, að gengi íslensku krónunnar á fyrsta fjórðungi þessa árs var 87.8, á öðrum fjórðungi þessa árs 88.1, á þriðja fjórðungi þessa árs 89.6 og á fjórða ársfjórðungi 1983 er gengi íslensku krónunnar 95.2. Á þennan mælikvarða er gengi íslensku krónunnar í dag, þ. e. 5.12.1983 samkv. upplýsingum sem ég hef undir höndum frá hagdeild Seðlabankans, 95.5, en þetta gengi var 1. júní s. l., þegar ríkisstj. hafði gert sínar efnahagsráðstafanir og hafði þannig skráð það gengi sem hún taldi rétt og eðlilegt, 81.3. Hafi fráfarandi ríkisstj. haft útsölu á gjaldeyrinum hefur núverandi ríkisstj. rýmingarsölu á gjaldeyri, jólaútsölu, allsherjarjólarýmingarsölu. Þannig er staðan. Þessar endurteknu staðhæfingar og fullyrðingar talsmanna hæstv. ríkisstj. um að gengisfestan sé hornsteinninn í stefnu ríkisstj. og þar sé allt með felldu stenst því ekki samkv. upplýsingum sem liggja fyrir frá Seðlabankanum í dag. Mismunurinn á raungengi íslensku krónunnar í dag, 5. des., og því gengi sem var 1. júní s. l. er þarna milli 15 og 17% vegið á mælikvarða þeirra mynta sem við notum í okkar utanríkisviðskiptum.

Þetta segir væntanlega sína sögu, herra forseti, um þá stöðu sem hér er í efnahagsmálum og segir sína sögu um hvernig yfirlýsingar ráðh. allra um árangurinn mikla í baráttunni við verðbólgu, fyrir festu í efnahagslífinu, eru reistar á sandi. Allar þessar yfirlýsingar eru reistar á sandi og þar stendur ekki steinn yfir steini. Það er ömurlegt hlutskipti fyrir það láglaunafólk sem á þessu ári hefur fórnað af kaupi sínu stórfelldum fjárhæðum í baráttunni gegn verðbólgu og hefur tekið við þeirri smán sem felst í því frv. um mildandi ráðstafanir sem hér er á dagskrá og ætti að réttu lagi að heita „frumvarp til laga um lýðskrum".

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Ég vil þakka virðulegum forseta fyrir að gefa mér tækifæri til að taka til máls. Það er afskaplega óheppilegt og óeðlilegt að menn fái ekki að svara þeim fullyrðingum sem fram koma þegar þeir flytja sín mál. En ég skal verða við beiðni virðulegs forseta um að reyna að stytta mál mitt mjög mikið þó að annað sé tilefnið.

Ég vil þá fyrst svara hv. 3. þm. Reykv., Svavari Gestssyni. Það er alveg rétt sem hann segir að gengisfesta og þær fullyrðingar sem ráðh. og ríkisstj. hafa haldið á lofti geta vel verið reistar á sandi. En þessi sandur sem hv. þm. talar um er blandaður sterkri blöndu af sementi og þá vita menn hvað það dugar lengur en sá sandur sem fyrrv. ríkisstj. byggði á. Hvernig í ósköpunum dettur nokkrum manni í hug að bera saman festu í gengi og festu í verðlagi við þær sífelldu gengislækkanir og gengissig sem var hjá fyrrv. ríkisstj. og ætla að telja þjóðinni trú um að ráðstafanir sem koma verðbólgunni hátt á annað hundrað prósent séu betri en staðfast verðlag og staðfesta í stjórn? Þetta er kannske í fyrsta skiptið í mörg ár sem þjóðin hefur fengið að finna mun á hvað það er að vera stjórnað af

stjórn sem leiðir af sér betri lífskjör. Fólk er farið að finna og skilja þetta. Slíkum áróðursmeistara sem hv. 3. þm. Reykv. er mistekst í raun og veru gersamlega í málflutningi sínum vegna þess að hann nær ekki einu sinni inn til þeirra lægst launuðu. Þeir finna hvað festan í verðlagi hefur að þýða.

En ég ætla ekki að svara honum frekar. Um frv. sjálft sem hér er á dagskrá var ekki annað sagt en að það hafi verið lýðskrum. En ég get svarað honum og öðrum þeim hv. þm. með því að vísa til þess samanburðar sem ég hef gert á bráðabirgðaráðstöfunum, brbl. fyrrv. ríkisstj. og þessarar ríkisstj. Í þessum ráðstöfunum eru mildandi aðgerðir á móti enn þá harðari aðgerðum en nokkru sinni hafa verið gerðar í brbl. fyrrv. ríkisstj. og okkar mildandi ákvæði voru með hækkuðum persónuafslætti, hækkuðum mæðralaunum, hækkuðum barnabótum. Til samanburðar voru viðbótarskattar lagðir í vörugjaldi og viðbótarvörutegundir færðar inn í vörugjaldsflokka. Að öðru leyti voru þessi frumvörp ákaflega svipuð.

Herra forseti. Ég lýk nú máli mínu þó að ég eigi margt eftir ósagt og hefði gjarnan viljað svara og mun svara þeim öðrum sem hér hafa tekið til máls þegar þessari umr. verður fram haldið.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það gerist aftur og aftur hér í umr. í hv. Nd., að hæstv. ráðherrar leika þann leik sem hæstv. fjmrh. gerði hér áðan, nota ráðherravald sitt til að troða sér inn á mælendaskrá og síðan er umr. frestað eða henni slitið án þess að þm. hafi möguleika á að svara á sömu stundu. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum hæstv. ráðh. og óska eftir því að hæstv. forseti Nd. setji ofan í við þá.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér kost á að kveðja mér hljóðs utan dagskrár. Erindi mitt er að beina spurningu til hæstv. utanrrh. varðandi afstöðu Íslands til þeirrar tillögu um frystingu á kjarnorkuvopnum sem liggur fyrir allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Hæstv. utanrrh. er á förum utan á fund utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkjanna en atkvæði munu verða greidd um þessa tillögu innan fárra daga og mál þetta hefur ekki verið rætt hér í þinginu.

Hæstv. utanrrh. hafði á orði hér á Alþingi, þegar rætt var um réttmæti nýrra ratsjárstöðva á Íslandi, að tilhugsunin um kjarnorkustyrjöld væri þess eðlis að hann forðaðist að leiða hugann að slíkum möguleika. Þessi viðbrögð hans eru skiljanleg og eru í reynd hin sömu og flestir sýna. Tilhugsunin um fánýti þeirrar gjöreyðingar og þær hörmungar sem slík styrjöld mundi leiða af sér er svo óbærileg að varla er hægt að staldra við hana nema stundarkorn. En hafi manni einhverju sinni tekist að handsama hugsunina um afleiðingu kjarnorkustyrjaldar, þá held ég að sá sem hefur skynsemi og tilfinningar til að bera ábyrgð á sínu eigin lífi og annarra muni gera það sem í hans valdi stendur til að slíkum vopnum verði aldrei beitt.

Það er hlutverk utanrrh. að gæta hagsmuna og velferðar þjóðar sinnar á erlendum vettvangi og í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginlegir, þ. e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn er ekki nothæf sem tæki til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nýta slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði, vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt nú með því að telja upp öll þau mörgu og sterku rök sem beinast gegn vígbúnaðarkapphlaupinu og tryggingu friðar á grundvelli ógnarjafnvægis kjarnorkuvopna. Stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, eru komin í sjálfheldu og halda jafnframt stórum hlutum heimsbyggðarinnar í gíslingu með viðkvæmu og ótryggu ógnarjafnvægi. Óstöðugleiki þess vex eftir því sem tækni hinna nýju vopna verður þróaðri og nú er svo komið að einungis 6 mínútur gefast til umhugsunar og ráðrúms, 6 mínútur til að velta því fyrir sér hvort um tölvumistök eða veruleika sé að ræða. Þetta minnkandi svigrúm og stirðar samningaviðræður valda því að spenna í samskiptum stórveldanna fer vaxandi og síeykur hættuna á kjarnorkuátökum. Eins og Alva Myrdal hefur sagt: Við kaupum okkur aukið óöryggi fyrir stöðugt hærri upphæðir.

Tillagan sem liggur fyrir allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er tilraun til að draga úr þessu hættuástandi og rjúfa þennan vítahring. Bæði stórveldin geta þegar án nokkurrar viðbótar nýrra vopna gjöreytt hvort öðru. Þessi tillaga miðar aðeins að því að hindra frekari vopnasöfnun. Tillagan hvetur bæði Sovétríkin og Bandaríkin til að lýsa yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna annaðhvort með samtíma einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem fæli í sér allsherjarbann við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnorkuvopna. Enn fremur algjöra stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar. Slík frysting yrði háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits, sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I og SALT II samningunum, auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algjört bann við kjarnorkuvopnatilraunum. Þessi frysting mundi gilda í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og allsherjarþingið væntir að þau geri.

Það er mikið í húfi að fyrstu skrefin út úr þessari blindgötu kjarnorkuvopnahótana verði stigin. Það eru hagsmunir okkar allra að leiða tröllin tvö út úr sjálfheldunni og bjarga fjöreggi okkar. Til þess þurfum við m. a. að geta tekið afstöðu til slíkrar tillögu.

Þann 1. des. s. l. samþykkti danska þingið þáltill. sem hvetur til stöðvunar á uppsetningu nýrra kjarnorkueldflauga í Evrópu og hvetur til þess að viðræður um fækkun meðaldrægra eldflauga hefjist að nýju þegar í stað. Enn fremur er talið víst að Danir muni styðja þá tillögu um frystingu kjarnorkuvopna sem liggur fyrir allsherjarþinginu. Þegar svipuð tillaga var borin fram á s. l. ári á allsherjarþinginu og samþykkt þar greiddu Danir og Íslendingar atkvæði á sama hátt, þ. e. þeir sátu hjá. Án þess að ég vilji taglhnýta íslenska ákvarðanatöku við Dani vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvort

hann geti fallist á það að Alþingi Íslendinga fái að greiða atkvæði um afstöðu Íslands til þessarar mikilvægu tillögu um frystingu kjarnorkuvopna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég get að flestu leyti verið sammála hv. fyrirspyrjanda um þær ógnir og eyðileggingu sem kjarnorkustyrjöld hefur í för með sér. En ég vil taka það fram að ég viðhafði um daginn ekki eingöngu þau orð að ég mætti tæpast hugsa til kjarnorkustyrjaldar. Ég hygg að ég hafi orðað það svo — og orðið fyrir gagnrýni þess vegna — að ég sagðist helst ekki vilja hugsa mér þann möguleika að styrjaldarátök almennt brytust út, vegna þess að ég held því miður að það verði slík eyðilegging og ógn í kjölfar styrjaldarátaka, hvort sem kjarnorkuvopnum er beitt eða ekki, að óbærilegt verði fyrir mannkyn allt eða þeim sem fyrir slíkum átökum verða.

Hv. þm. spurði mig, eða svo skildi ég hv. 3. landsk. þm., hvernig Ísland mundi greiða atkvæði á þingi Sameinuðu þjóðanna þegar upp yrði borin tillagan um frystingu kjarnorkuvopna. Ég get svarað því stutt og laggott að ég hef hugsað mér að við Íslendingar höfum sömu afstöðu og greiðum eins atkvæði á þingi Sameinuðu þjóðanna nú eins og við gerðum fyrir ári síðan, þ. e. að við munum sitja hjá.

Nú er það ekki alveg ljóst hvaða tillögu hv. þm. á við vegna þess að á þingi Sameinuðu þjóðanna nú í haust eru bornar fram þrjár mismunandi tillögur sem allar geta fallið undir frystingu kjarnorkuvopna þótt munur sé á þeim tillögum umfram það sem lýsa má með því að segja að á þeim sé blæmunur. Ég hygg að þarna séu efnistök mjög frábrugðin frá einni tillögu til annarrar. Tillögur þessar eru hver um sig í mörgum liðum og það þarf vandlega yfirferð til þess að kanna hvað í hverri þeirra felst. En ég hygg þó að þau rök sem flutt voru fyrir því að við Íslendingar sætum hjá við atkvæðagreiðslu um þessar tillögur fyrir ári eigi einnig við nú.

Í skýrslu forvera míns, fyrrv. utanrrh., var nokkur grein gerð fyrir því af hvaða ástæðum hann tók þá ákvörðun að Íslendingar skyldu sitja hjá við atkvgr. um tillögu Mexíkó og Svíþjóðar og fleiri ríkja um frystingu kjarnorkuvopna. En auk þeirrar tillögu er á ferðinni á þingi Sameinuðu þjóðanna tillaga frá Sovétríkjunum um sama efni sem og þriðja tillagan frá Indlandi. Þessar tillögur hafa verið afgreiddar í nefnd og í afgreiðslu nefndarinnar hefur Ísland setið hjá. Það hefur einnig verið svo með Noreg og Danmörku nema hvað snertir tillögu Indlands. Danir greiddu atkvæði með henni.

Ef fjalla á almennt um rökstuðning fyrir hjásetu er auðvitað hægt að fara með mjög langt og ítarlegt mál um þessi efni. En með því að þessi umr. er utan dagskrár fer ég ekki eins nákvæmt út í efni málsins og e. t. v. væri ástæða til, enda býst ég líka við að tækifæri gefist til þess síðar hér á Alþingi og í utanrmn. áður en langt um líður að fjalla mjög ítarlega um þessi mál, afvopnunarmálin í heild sinni og t. d. slíkar tillögur sem þessar sérstaklega.

Í fyrsta lagi hafa ríki ekki verið á eitt sátt að það væri rétti tíminn að samþykkja frystingu kjarnorkuvopna þegar ekki væri gengið úr skugga um það áður að sæmilegt jafnvægi ríkti meðal stórveldanna á þessu sviði. Ef frysting væri samþykkt eða knúin fram þegar jafnvægisleysi væri að þessu leyti milli stórveldanna þá væri hætta á því að það sem yfirburði hefði í þessum vopnabúnaði gæti fengið vilja sínum framgengt.

Í öðru lagi er það skoðun margra ríkja að samþykkt frystingar kjarnorkuvopna á þessu stigi mála, þegar stórveldin eru að leita samkomulags eða sitja að samningaborði, geti beinlínis haft slæm áhrif á að árangur náist í slíkum samningaumleitunum.

Ég hygg að það hafi verið alveg rétt sem fram kom hjá hv. 3. landsk. þm. hér áðan að á öllu veltur að samkomulag náist milli stórveldanna tveggja, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Í raun og veru sýnir reynslan það að samþykktir jafn virðulegrar samkomu og allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna megna lítið er þessi tvö stórveldi ná ekki saman. Allt það sem getur þess vegna komið í veg fyrir eða spillt fyrir að þessi stórveldi nái saman er því ekki af hinu góða. Og því miður er það svo, eins og við raunar vitum og höfum fylgst með undanfarið, að meðan við hér á Vesturlöndum ræðum þessi mál opið og knýjum á stjórnvöld Bandaríkjanna og vestrænna ríkja að sýna samningalipurð og umburðarlyndi að vissu marki óneitanlega, þá er engin slík umræða leyfð fyrir austan tjald svo að Sovétríkin fara sínu fram án þess að láta almenningsálit hafa áhrif á þróun mála hjá sér.

Við sjáum þetta glögglega á því að 1975, þegar Helsinki-sáttmálinn er gerður, byrja Sovétríkin á því að undirbúa að setja niður meðaldrægar eldflaugar á meginlandi Evrópu. Árið 1977 er hafið að setja niður þessar eldflaugar af hálfu Sovétríkjanna. Í byrjun desember 1979, þegar hin tvíþætta samþykkt Atlantshafsbandalagsins var gerð, þ. e. um að setja niður meðaldrægar eldflaugar í Evrópu af hálfu Bandaríkjamanna annars vegar og hins vegar að knýja Sovétmenn að samningaborðinu til að koma í veg fyrir frekari niðursetningu meðaldrægra sovéskra eldflauga í Evrópu, þá voru Sovétmenn búnir að setja niður í Evrópu um 140 meðaldrægar eldflaugar. En menn höfðu að litlu leyti orð á þeirri ógnun og þeirri hervæðingu sem í þessu fólst.

Tilgangur Sovétríkjanna, að áliti þeirra sem gleggst þekkja, mun hafa verið sá að reyna að kljúfa samstarf Bandaríkjamanna annars vegar og Evrópuríkja hins vegar í varnar- og öryggismálum. Það átti að koma málum svo fyrir að Evrópuríkin sætu undir þeirri ógn sem þessar meðaldrægu sovésku eldflaugar höfðu í för með sér gagnvart Evrópuríkjunum og treysta á það að Bandaríkin mundu ekki koma Evrópuríkjum til hjálpar eða varnar ef á þau — Evrópuríkin — væri þrýst. Þessi þróun hélt sem sagt áfram þar til hin tvíþætta ályktun Atlantshafsbandalagsins var samþykkt í desember 1979. En Evrópuríkin — Atlantshafsbandalagsríkin — fóru ekki hraðar fram í samþykkt sinni en svo að þau gáfu Sovétríkjunum fjögurra ára umhugsunarfrest til að fá þau til að stöðva þennan vígbúnað sinn og láta af þessari ógnun við frelsi og sjálfsákvörðunarrétt vestrænna þjóða. En Sovétmenn létu sér ekki segjast heldur héldu stöðugt áfram að setja nýjar og nýjar meðaldrægar eldflaugar niður í Evrópu og vildu ekki setjast að samningaborðinu fyrr en 1981. En jafnvel eftir að þeir settust að samningaborðinu 1981 héldu þeir áfram að setja niður eldflaugar, u. þ. b. eina eldflaug með þrem kjarnaoddum á viku hverri, þannig að nú er svo komið að þeir hafa yfir að ráða um 360—380 eldflaugum í

Evrópu og er hver þeirra búin þrem kjarnaoddum sem unnt er að beina í mismunandi áttir á mismunandi skotmörk. Þarna er auðvitað um mjög mikið og alvarlegt misvægi og jafnvægisleysi að ræða. Og því miður hafa friðarhreyfingar vel meinandi fólks á Vesturlöndum sem að sjálfsögðu vill skapa eigin ríkisstjórnum aðhald ekki vakið athygli á þessari þróun mála og vígbúnaðarkapphlaupi af hálfu Sovétríkjanna.

En slík þróun hlaut að leiða til þess andsvars sem fólst í tvíþættri ákvörðun vesturveldanna. Og það verður að ítreka og undirstrika hér að Bandaríkjamenn áttu ekki upptökin að því að ákveða að niður skyldu settar í Evrópu meðaldrægar bandarískar eldflaugar, heldur Vestur-Evrópuríkin sjálf með Helmut Schmidt kanslara Vestur-Þýskalands í broddi fylkingar til að sýna fram á að Atlantshafsbandalagsríkin vildu ekki herða vígbúnaðarkapphlaupið, heldur væri þessi ákvörðun eingöngu fólgin í því að ná jafnvægi eða í það minnsta möguleika á andsvari á því sviði vígbúnaðar sem meðaldrægar eldflaugar í Evrópu eru.

Þá var það samþykkt um leið og tvíþætta samþykktin var gerð í Atlantshafsbandalaginu að taka niður um 1000 kjarnorkuvopn í Evrópu án þess að önnur kæmu í staðinn. Nú nýverið var á fundi varnarmálaráðherra Atlantshafsbandalagsríkjanna í Montebello í Kanada samþykkt að fækka kjarnavopnum Atlantshafsbandalagsríkjanna um 1400 til viðbótar. Og í þriðja lagi mun kjarnavopnum vestrænna ríkja í Evrópu verða fækkað um eitt a. m. k. fyrir hverja eldflaug sem sett verður upp. Það er ekki verið að setja þessar nýju eldflaugar upp í einu vetfangi, það er enn verið að gera sér vonir um að unnt verði að koma viti fyrir Sovétmenn og til þess að vinna tíma er ætlað að þessar eldflaugar, samtals um 572, ef ég man rétt, verði settar niður á fimm árum og því verði ekki lokið fyrr en 1988. En hvenær sem er á þessum tíma eru Atlantshafsbandalagsríkin tilbúin að stöðva niðursetningu eldflauganna, taka þær niður sem væru komnar upp ef eitthvert samkomulag næst milli stórveldanna, þannig að ekki verður sagt að hér sé um herskáar aðgerðir af hálfu Atlantshafsbandalagsríkjanna að ræða og út af fyrir sig er þetta aðeins andsvar vegna vígbúnaðarkapphlaups Sovétríkjanna.

Það er í raun talið að þrátt fyrir niðursetningu bandarískra eldflauga, Pershing II og stýriflauganna hér í Evrópu, muni kjarnorkuvopnum Atlantshafsbandalagsríkjanna í Evrópu fækka um þriðjung. (**Forseti:** Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.)

Ég hef rakið þetta, herra forseti, vegna þess að ég hef talið það nauðsynlegt í tengslum við svar mitt við fsp. hv. þm. Ég hef svarað fsp. að við munum sitja hjá og hafa óbreytta afstöðu til þessara tillagna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna frá því sem var á síðasta þingi. Og rökstuðningurinn er þessi að frysting kjarnorkuvopna kemur í fyrsta lagi ekki að gagni þegar jafnvægisleysi á þessu sviði ríkir. Í öðru lagi getur samþykkt slíkrar till. verið til skaða og komið í veg fyrir að nauðsynlegur þrýstingur sé á stórveldunum báðum að setjast að samningaborði og ná samkomulagi á þessu sviði. Og í þriðja lagi skortir í þessum till. ákvæði og tryggingu fyrir því að nægilega öruggt eftirlit verði með því haft að ríki geti ekki brotist undan slíkum samþykktum og haldið áfram uppteknum hætti um tilraunir með kjarnorkuvopn, framleiðslu kjarnorkuvopna og notkun þeirra í þeim skilningi sem niðursetning þeirra er á þeim svæðum sem átök kunna að reynast líkleg.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að lengja þessa ræðu nema frekara tilefni gefist.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka utanrrh. svör hans, en mér finnst hann ekki hafa svarað fsp. því að hún var hvort hann gæti fallist á að Alþingi Íslendinga fengi að greiða atkvæði um afstöðu Íslands til þessarar mikilvægu till. um frystingu kjarnorkuvopna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, þannig að mér finnst þessari fsp. raunverulega vera ennþá ósvarað. Ég vil nánar tiltaka hver sú till. er sem ég gat um, þannig að ekkert sé um villst, það er till. Svíþjóðar og Mexíkó. Það hryggir mig að utanrrh. verður ekki viðstaddur þá mun ítarlegri umr. sem hér mun fara fram á morgun þar sem unnt er með röksemdafærslu að svara röksemdafærslu hans. Mér finnst ég þó aðeins þurfa að taka á nokkrum atriðum eins og t. d. því með jafnvægisleysið.

Jafnvægisleysið eykst eftir því sem vopnunum fjölgar. Það er ekki jafnvægisleysi þegar báðar þjóðirnar geta gjöreytt hvor annarri. Jafnvægisleysið verður enn þá meira og viðkvæmara eftir því sem fleiri og hættulegri vopn bætast við. Og þessi vopn og notkun þeirra, þetta eru tómar hótanir. Þær eru innantómar og ósannar vegna þess að allir vita að ekki er hægt að nota þau nema að það leiði til gjöreyðingar. Þess vegna eru þessi vopn gagnslaus og stórveldin verða að finna aðrar aðferðir til að halda hvort öðru í skefjum ef þau geta ekki orðið samstarfsaðilar eða vinir sem er auðvitað eina lausnin.

Og mér finnst að kominn sé tími til að við Íslendingar tökum ábyrgari afstöðu til að forða okkar eigin lífi og til að bera ábyrgð á okkar eigin lífi og annarra. Og ein leið til þess er einmitt að Alþingi Íslendinga fái að taka afstöðu til tillögu eins og þessarar. En mér finnst fsp. enn vera ósvarað.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég bendi á að á morgun er gert ráð fyrir því að fram fari efnisleg umræða um uppsetningu meðaldrægra eldflauga í Evrópu og í þeirri umr. gefst kostur á því að svara efnisatriðum í þeirri ræðu sem hæstv. utanrrh. flutti hér áðan. Ég ætla þess vegna ekki að fara út í einstök atriði þeirrar ræðu nú þó að full ástæða væri til, svo margt furðulegt sem kom fram í henni.

Ég ætla hins vegar að taka undir það sem hæstv. utanrrh. minntist á áðan í ræðu sinni, að þegar um þessi mál er fjallað, t. d. í Sovétríkjunum, gefst almenningi ekki kostur á að taka afstöðu til mála og ræða þau með þeim hætti sem við höfum lýðræðisleg réttindi til hér í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Og það sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir var að spyrja um áðan var það hvort Alþingi Íslendinga ætti ekki að nota þau réttindi sem þingið hefur til að tjá viðhorf sitt varðandi þá till. um frystingu kjarnorkuvopna sem flutt er af Mexíkó og Svíþjóð og verður tekin fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eftir rétta viku. Það var ósköp einfaldlega verið að ræða hér um að afstaða Íslands verði ekki ákveðin fyrr en Alþingi Íslendinga hefur tekið afstöðu í málinu. Það er ekkert annað sem hér er á dagskrá út af fyrir sig. Efnisatriði þessa máls ræðum við undir sérstökum dagskrárlið hér á morgun.

Og ég tel það alveg óhjákvæmilegt að Alþingi taki þessa afstöðu og fjallað verði efnislega um málið hér á Alþingi með þeim hætti t. d. að utanrmn. ræði það sérstaklega og gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að hún komi saman í þessu skyni. Utanrrh. Danmerkur, kollegi hæstv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar, hefur varðandi þessi mál orðið að taka tillit til þeirrar niðurstöðu sem meirihluti danska þjóðþingsins hefur komist að í þessu efni. Og mér finnst ekkert eðlilegra og sjálfsagðara en að hæstv. utanrrh. geri hér slíkt hið sama og hlýði á þá afstöðu sem lýðræðislegur réttur okkar samkvæmt stjórnarskrá landsins kveður á um, að við megum hér greiða atkvæði um mál af þessum toga.

Ekki síst er þetta mikilvægt, herra forseti, þegar ljóst er að mér virtist sem hæstv. utanrrh. væri í rauninni mjög þvert um geð að þurfa að sitja hjá í málinu. Mér fannst rökstuðningur hans allur vera á hinn veginn. En það er ekki aðalatriðið, heldur hitt að Alþingi Íslendinga taki afstöðu og í þeim efnum ákveður hæstv. utanrrh. ekki hvort þingið fjallar um málið, heldur Alþingi sjálft.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er nú komið þegar nokkuð fram á fundartíma, en enn eru ýmsir á mælendaskrá og náttúrlega væri ákaflega æskilegt ef við gætum náð samkomulagi um að ljúka þessari umr. og þá í góðu samstarfi við þingflokksformenn og þingflokkana. En hugmynd mín var reyndar sú að halda hér fund vegna þess að mikið liggur fyrir deildinni af málum sem við höfum ekki lokið og við sjáum fram á mikið annríki nú fyrir jólin. Þess vegna hefði engum átt að koma neitt á óvart þó að við hefðum haldið fund núna milli 6 og 7. En það hafa komið fram eindregin andmæli gegn því af sérstökum ástæðum af hálfu sjálfstæðismanna sem hafa bundið sig við annað og ég verð að taka tillit til þess. En á móti vona ég að það komi af hálfu þingflokksformanna að við getum í góðu samkomulagi lokið umr. um þetta mál utan dagskrár. Og ég treysti því jafnframt að þeir hv. þm. sem enn eiga eftir að tala reyni að stytta mál sitt sem verða má.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti, ég skal gera það. En eins og hér hefur komið fram væri sú langa ræða sem hæstv. utanrrh. flutti hér tilefni til allítarlegra umr. um málin. En ég ætla ekki að svara þeim efnisrökum hér heldur eingöngu bera fram þrjár spurningar.

Í fyrsta lagi er sú spurning sem þegar hefur verið borin fram af hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og ég ítreka hana, að hæstv. utanrrh. svari því skýrt og skorinort: Er hann reiðubúinn að beita sér fyrir því í samvinnu við forseta þingsins og ríkisstjórn, því ella verður það varla hægt, að Alþingi fái að greiða atkvæði um þetta mál áður en atkvgr. fer fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna?

Í öðru lagi: Var sú ræða sem hæstv. utanrrh. flutti hér lýsing á hans persónulegu afstöðu til þessara mála og hans persónulegu rökum eða var hún lýsing á stefnu hæstv. ríkisstj. í málinu? Hæstv. utanrrh. sagði slíka hluti í þessari ræðu að það er alveg óhjákvæmilegt með tilliti til þess að hann verður ekki viðstaddur hér á morgun að það komi skýrt fram hvort hann var að lýsa stefnu núv. hæstv. ríkisstj. eða eingöngu sínum sjónarmiðum.

Og í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telur að meiri hluti danska þingsins, sem nú nýlega hefur í raun og veru hafnað öllum þeim meginrökum sem hæstv. utanrrh. flutti hér, fari virkilega svo villur vegar í þessum efnum sem ræða hæstv. ráðh. gaf tilefni til að ætla að væri hans skoðun. Það eru þó einkum fyrri spurningarnar tvær sem ég tel óhjákvæmilegt að hér fáist svör við. Hægt er að svara þeim með einföldu jái eða neii án þess að það taki langan tíma.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera lengi. Ég vil þakka hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur fyrir að færa þetta mál inn á þingið því að með umr. hér gefst þm. og þjóðinni vonandi tækifæri til að kynnast því hvaða rök liggja í þessu máli. En ég tel í rauninni hart að það skuli þurfa að fara upp utan dagskrár til að Alþingi fái að láta í sér heyra um mál eins og þetta því að um allan heim ríkir nú dauðans angist vegna kjarnorkusprengjanna og í löndunum allt í kringum okkur eru þessi mál rædd utan þinga og innan. Og ég held að það sé sómi þessa þings að ræða svona mál einu sinni til hátíðabrigða nokkurn veginn samstiga við umr. sem fer fram í þjóðfélaginu en lenda ekki í því sí og æ að vera á öðrum tímaskala.

Ég lýsi áhuga mínum og eindreginni stefnu okkar Bandalagsmanna í þá átt að Alþingi ræði og marki stefnu í utanríkismálum, en þetta sé ekki eingöngu í verkahring ráðh. og embættismanna hans. Ég vil skjóta því með að í tillögum BJ er einmitt lögð rík áhersla á frumkvæði Alþingis í utanríkismálum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hv. þdm. fyrir ágætt samstarf við mig um framgang þessa máls. En hv. 4. þm. Norðurl. e. tekur nú til máls og ég vænti þess líka að hann verði ekki mjög langorður.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Einkum langar mig að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá hjartnæmu ræðu sem hann hélt hér. Hún var svo hjartnæm að ég sá hvítar friðardúfur svífa um salinn þegar hann var að lýsa þessari stærstu friðarhreyfingu, NATO. Og ekkert má nú gera til að spilla möguleika hennar til að koma á friði með samningaviðræðum. Það gengur svona og svona eins og við vitum. Það lá beint við að álykta að þetta væri hin eina færa leið að mati hæstv. utanrrh., það væri að setja á samningaviðræður, sem menn hafa reyndar gert undanfarin 20 ár og náð þeim árangri að vígbúnaður hefur stöðugt aukist. Það er kunnugt að Sjálfstfl. kallar NATO gjarnan friðarhreyfinguna. Þess er kannske að vænta að hann geri um það till. núna í fyrstu viku janúar, þegar skila þarf inn tilnefningum til úthlutunarnefndar friðarverðlauna Nóbels, að friðarhreyfingin mikla, NATO, verði þar á listanum næst.

Ég lýsi vonbrigðum mínum með það sem kom fram í svari hæstv. utanrrh. hér, að hann hygðist beita sér fyrir því að Ísland sitji hjá í þessari atkvgr. Ég tel að við eigum alveg hiklaust að styðja till. Mexikó og Svíþjóðar og væntanlega fjölda annarra ríkja frá þriðja heiminum úr suðri og norðri. Og ég tel alveg ótvírætt að þar eigi Ísland að skipa sér í hóp og ekki síst þegar það liggur nú fyrir að atkvæði Danmerkur fellur þannig einnig.

Ég tek undir það og ég styð það að mjög æskilegt væri

að fyrir lægi samþykkt Alþingis um þetta mál, þá vonandi einróma eða svo til einróma, þó að einhverjir hæstv. ráðh. kynnu að vilja sitja hjá í þeirri atkvgr.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég hélt ekki að það þyrfti að svara þm. þeirri spurningu, hvort þingið hefði heimild til að segja álit sitt. Það liggur í augum uppi að Alþingi getur sagt álit sitt og tekið mál til meðferðar ef það telur ástæðu til. Það fer eftir meirihlutavilja á Alþingi hvort svo verður eða með hvaða hætti í hverju einstöku tilviki og samkvæmt stjórnarskipunarlögum fer það og að hve miklu leyti tekið verður tillit til slíkrar viljayfirlýsingar sem Alþingi kann að samþykkja og ráðh. er skylt að fylgja ef svo skipaðist veður í lofti. (**ÓRG:** *Spurning mín var vegna þess að ráðh. veit að það þarf samvinnu forseta og ríkisstj. til að till. komi til Alþingis í tæka tíð áður en atkvgr. fer fram.*)

Þetta svar mitt var bundið við almenn viðhorf. Varðandi það viðhorf sem skapast í tengslum við þessa atkvgr. gat ég um að ég hefði borið ábyrgð á því að Ísland hefði í afgreiðslu nefndar setið hjá. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til að breyta þeirri atkvgr. við afgreiðslu málsins á allsherjarþinginu sjálfu. Og ég tek það líka fram að gefnu tilefni að Alþingi ætti mjög óhægt með að fjalla um atkvgr., þó ekki væri nema í mikilvægustu málum, á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna vegna þess að þá gerði Alþingi jafnvel ekki mikið annað. Hér hefur forseti nefnt að miklar annir væru fyrir hendi og afgreiðsla mála gengi of seint að hans eigin mati.

Ég rifja það upp, einnig að gefnu tilefni, að sá háttur hefur athugasemdalaust verið á hafður að utanrrh. beri ábyrgð á því hvernig atkvæði Íslands fellur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Hann hefur þar sér til ráðuneytis þátttakendur í þingstörfum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal fulltrúa frá þingflokkunum, sem þar geta komið fram sjónarmiðum sínum, og ef vafi leikur á hvernig atkvæði Íslands skuli falla eru þessi sjónarmið vegin og metin og ákvörðun tekin. Í fyrra tók forveri minn þá ákvörðun að sitja hjá við atkvgr. um þessa tillögu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þeir sem óska eftir fyllri rökum en ég flutti varðandi mína ákvörðun geta flett upp í skýrslu forvera míns um utanríkismál á síðasta þingi og kynnt sér hans rök fyrir þeirri afstöðu sem þá var tekin og ég var sammála og er sammála og er þáttur í því að ég tók þá afstöðu sem hefur verið greint frá.

Ég hlýt að vekja athygli á því að hv. 3. þm. Reykv. var í ríkisstj. fyrir ári, þegar með atkvæði Íslands var farið á þann veg sem ég hyggst gera að þessu sinni aftur, og bar þess vegna fulla ábyrgð á því. (**Forseti:** *Á hæstv. ráðh. mikið eftir?*) Nei.

Ég ætla svo að svara annarri spurningu, sem hv. þm. (**Forseti:** *Það styttist mjög sá tími sem við höfum til ráðstöfunar.*) Ólafur Ragnar Grímsson kom með, hvort greinargerð mín væri á ábyrgð ríkisstj. eða á mína ábyrgð. Ég tala hér sem utanrrh. og flyt mínar eigin skoðanir. Það er ekkert tækifæri að bera sig saman í einstaka atriðum við samstarfsmenn í ríkisstj. þegar umr. eru utan dagskrár.

Í þriðja lagi vildi ég svo svara þriðju spurningu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, hvort ég féllist á afgreiðslu danska þingsins. Mér finnst nú, með allri virðingu fyrir Dönum, Íslendingum brugðið ef þeir ætla að draga dám af dönskum í þessu falli.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. utanrrh. um umr. um þetta mál í síðustu ríkisstj. er rétt að það komi hér fram, sem ég hygg að hafi komið fram í fjölmiðlum þegar það mál var rætt á sínum tíma, að afstaða Alþb.-ráðh. var sú að það hefði verið eðlilegra að styðja þá till. Mexíkó og Svíþjóðar sem hér er spurt um. Við töldum hjásetu hins vegar illskárri kost en þann sem voru uppi hugmyndir um í ýmsum herbúðum NATO hér og víðar þá og einnig nú.

En í framhaldi af ræðu hæstv. utanrrh. finnst mér eðlilegt að slá því föstu að Alþingi taki afstöðu í þessu máli, þess verði freistað að láta atkv. ganga um málið í tæka tíð áður en um till. verði fjallað á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna eftir sjö daga eða svo. Ég skil hæstv. utanrrh. svo, að hann muni þrátt fyrir sín síðustu orð hér áðan um að draga dám af dönskum, og tel það nú óheppilegt, taka tillit til vilja þingsins eins og hinn danski starfsbróðir hans gerði og tryggja það, ef vilji Alþingis yrði á þann veg, að afstaða Íslands verði mótuð á Alþingi Íslendinga.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég lét þá skoðun og ósk í ljós, þegar rætt var um till. okkar sjálfstæðismanna varðandi afvopnunarmál, að ég teldi nauðsynlegt að við alþm. kæmum okkur saman um stefnumótun Íslendinga í afvopnunarmálum. Ég gerði mér vonir um að á grundvelli þeirra þriggja þáltill., sem fyrir Alþingi hafa verið lagðar, mætti finna samnefnara sem við alþm. gætum fylkt okkur um og það væri stefnumótun af hálfu okkar Íslendinga. Ég treysti því að þingmenn séu opnir fyrir þeirri leið og einbeita sér að því að ná niðurstöðu, en ég tek skýrt fram að ég tel ekki von til þess að ná þeirri niðurstöðu eða þeirri samstöðu sem í þessu væri fólgin á einni viku. Þetta eru það flókin mál og erfið við að glíma að lengri tíma þarf til, enda er okkur ekkert að vanbúnaði að einbeita okkur að þessu þótt lengri tíma taki. Hér er um svo mikilvæg mál að ræða að við skulum ekki hrapa að einu eða neinu í þeim efnum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel að þessi umr. sé tvíþætt. Annars vegar sé verið að fjalla hér um stefnumótun og umr. varðandi afvopnunar mál almennt. Þar getum við tekið okkur tíma og rætt málin ítarlega í utanrmn. og ég fagna því að hæstv. utanrrh. skuli sýna áhuga á því. Við skulum fyrir okkar leyti, þm. Alþb., reyna að taka á því máli.

Varðandi hitt málið, sem er sú sérstaka till. sem hér er spurt um, þá verður að taka afstöðu til hennar næstu sólarhringa. Undan því verður ekki komist og það þarf ekki að vera nein fljótaskrift á þeirri afstöðu af hálfu Alþingis Íslendinga fremur en á þeirri afstöðu sem hæstv. utanrrh. hefur þegar tekið, nema síður sé, í þessu máli.

Sameinað þing, 6. des.

Innheimtulaun vegna ríkissjóðstekna.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um innheimtulaun vegna ríkissjóðstekna, á þskj. 21, útbýtt 6. des.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru á árinu 1982 svo og fyrstu 6 mánuði þessa árs tekjur sýslumanna, yfirsakadómara, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta og tollstjórans í Reykjavík vegna innheimtu þeirra á ríkissjóðstekjum, sbr. lög nr. 84/1976, um laun starfsmanna ríkisins, og reglugerð nr. 320/1976, um laun innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu?

Hverjar eru aðrar fastar launatekjur og önnur kjör ofangreindra aðila?

Sundurliðun óskast hjá hverjum aðila fyrir sig svo og af hvaða ríkissjóðstekjum innheimtulaunin eru.

Skriflegt svar óskast.

Svar:

Um laun innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu gildir reglugerð nr. 320/1976. Reglugerðin er sett skv. heimild í 25. gr. laga nr. 92/1955 um laun starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 84/1976 um breyting á þeim. 1. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn og tollstjórinn í Reykjavík skulu hljóta laun vegna innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Skulu innheimtulaun greidd vegna innheimtu ríkissjóðstekna. Þó skulu ekki greidd laun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu aðflutningsgjalda, bensíngjalds, gúmmígjalds, gjalds skv. l. nr. 6/1976 eða innflutningsgjalds af bifreiðum og bifhjólum.

Þá skulu og greidd innheimtulaun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu gjalda er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta skv. embættisskyldu fyrir aðra aðila en ríkissjóð sbr. þó 11. gr. l. nr. 57/1949."

Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar eru laun innheimtumanna reiknuð sérstaklega fyrir hvern eftirtalinna flokka innheimtra gjalda:

a) Tekju- og eignarskatt.
b) Söluskatt.
c) Aðrar ríkissjóðstekjur, sbr. þó 2. ml. 2. mgr. 1. gr. sem getið er um hér að framan.
d) Gjöld sem innheimtumenn ríkissjóðs innheimta fyrir aðra aðila.

Laun innheimtumanna skulu skv. 3. gr. reglugerðarinnar annars vegar vera háð fjárhæðum, sem til innheimtu eru árlega hjá hverjum innheimtumanni, en hins vegar skulu þau vera háð innheimtuhlutfalli. Um þessi atriði svo og annað er varðar útreikning innheimtumanna vísast til reglugerðarinnar. Þá fá innheimtumenn greidd sérstök innheimtulaun fyrir innheimtu skemmtanaskatts, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt. Nema þau 2% af innheimtri fjárhæð.

Heildarinnheimtulaun vegna ársins 1982 námu samkvæmt ofannefndum lagaheimildum 1 951 000 kr. og skiptust þau sem hér segir eftir tegund innheimtu og milli 32 innheimtuembætta:

		Þóknun skv. reglug. nr. 320/1976 kr.	Innheimtuþóknun f. skemmtanaskatt kr.
1.		48 000	—
2.		23 000	—
3.		53 000	1 000
4.		48 000	—
5.		39 000	—
6.		43 000	—
7.		46 000	—
8.		94 000	8 000
9.		23 000	—
10.		5 000	7 000
11.		71 000	—
12.		78 000	5 000
13.		96 000	5 000
14.		77 000	—
15.		99 000	—
16.		70 000	—
17.		32 000	—
18.		25 000	—
19.		46 000	—
20.		20 000	—
21.		34 000	—
22.		32 000	—
23.		93 000	—
24.		60 000	1 000
25.		40 000	—
26.		123 000	32 000
27.		49 000	—
28.		164 000	222 000
29.		7 000	—
30.		9 000	—
31.		9 000	—
32.		14 000	—

Innheimtulaun greiðast í tvennu lagi þannig, að í ágúst ár hvert er innheimtumönnum greitt upp í væntanleg innheimtulaun vegna ársins. Undanfarin ár hefur greiðsla þessi numið 60% af innheimtulaunum næstliðins árs. Í apríl árið eftir eru eftirstöðvarnar greiddar, en þá liggja fyrst fyrir nauðsynlegar upplýsingar um innheimtuárangur viðkomandi embættis. Eigi er unnt að tilfæra nákvæmlega hverjar eru innheimtutekjur þessara embættismanna fyrir sex fyrstu mánuði yfirstandandi árs. En samkvæmt framansögðu mun þeim hafa verið greidd í ágústmánuði sl. fjárhæð sem svarar til 60% af þeim innheimtulaunum sem að framan eru talin fyrir árið 1982.

Um önnur laun og kjör innheimtumanna ríkissjóðs er það að segja að sýslumenn taka laun samkvæmt BHM launaflokkum 120—124, mismunandi eftir starfsaldri. Tollstjórinn í Reykjavík og yfirborgarfógetinn í Reykjavík taka laun samkvæmt BHM launaflokki 125, en yfirsakadómari og yfirborgardómari samkvæmt BHM launaflokki 127. Yfirvinnugreiðslur til þeirra eru nokkuð mismunandi. Þannig fá sýslumenn og bæjarfógetar, sem ekki hafa löglærðan fulltrúa, greiddar 27 yfirvinnustundir á mánuði. Yfirvinnugreiðslur til annarra sýslumanna og bæjarfógeta, þó ekki í stærstu umdæmunum, nema 15 yfirvinnustundum á mánuði. Sýslumenn og bæjarfógetar í stærstu umdæmunum auk tollstjórans í Reykjavík fá hins vegar enga yfirvinnu greidda.

Jafnframt þessu hafa verið gerðir samningar við umrædda aðila um greiðslu fyrir notkun þeirra á eigin bifreiðum í þágu embættanna. Samningar þessir eru mismunandi eftir umdæmum (frá 3 000 km og upp í 11 000 km akstur á ári). Þá hafa umræddir aðilar um nokkurt skeið fengið greidd afnotagjöld af síma sem nemur fastagjaldi. Nýlega var þeim reglum breytt á þá lund að nú er þeim að auki greiddur tiltekinn hluti af umframskrefagjaldi. Um aðrar launagreiðslur til þeirra úr ríkissjóði er ekki að ræða. Hins vegar kunna þeir embættis síns vegna að hafa tekjur af öðru, sem þá er ekki greitt úr ríkissjóði. Má þar nefna umboðsstörf þeirra í þágu Tryggingastofnunar ríkisins, störf þeirra sem uppboðshaldarar, störf þeirra í þágu sýslufélaga o. fl. þess háttar. Fjármálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um tekjur þeirra vegna þessara starfa.

Olíustyrkir og innlend orka til húshitunar.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um olíustyrki og innlenda orku í stað olíu til húshitunar, á þskj. 62, útbýtt 6. des.

Háttvirtur 5. þingmaður Austurlands hefur beint til mín fyrirspurn í fjórum liðum um olíustyrki. Fyrri liðirnir tveir lúta að fjölda þeirra notenda sem fá greidda olíustyrki.

Áður en því verður svarað þykir rétt að víkja nokkrum orðum að framkvæmd úthlutunar olíustyrkja. Sveitarfélög gera viðskiptaráðuneyti grein fyrir **fjölda olíustyrkja** að loknum hverjum ársfjórðungi ásamt rúmmetrafjölda skólahúsnæðis, sbr. 2. mgr. 6. gr. rgj. nr. 323/1980, um úthlutun olíustyrks. Olíustyrkir eru greiddir á grundvelli þeirra upplýsinga og annast sveitarfélög síðan úthlutunina til húsráðenda, sbr. 8. gr. laga nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Þá senda sveitarfélög skilagrein til ráðuneytisins um úthlutun næsta ársfjórðungs á undan, sbr. 3. mgr. 6. gr. rgj. nr. 323/1980. Árlega senda sveitarfélög Ríkisendurskoðun greinargerð fyrir úthlutun olíustyrkja árið á undan, undirritaða af endurskoðendum viðkomandi sveitarfélags, sbr. 8. gr. rgj. nr. 323/1980.

Um þessar mundir er verið að greiða út olíustyrki fyrir þriðja ársfjórðung á grundvelli tilkynninga sem borist hafa eða eru að berast um **fjölda olíustyrkja** á þeim ársfjórðungi í hverju sveitarfélagi þar sem úthlutun fer fram. Sveitarfélögin senda á hinn bóginn yfirleitt ekki upplýsingar um **fjölda notenda** fyrr en í hinni árlegu skilagrein til Ríkisendurskoðunar. Tilkynningar um styrkjafjölda eru miðaðar við íbúðafjöldann í viðkomandi húsnæði, sbr. 4. gr. laga nr. 53/1980.

Hér á eftir fer listi yfir fjölda olíustyrkja á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Í sviga eru áætlaðar tölur, miðaðar við síðustu greiðslur olíustyrks á árinu.

Kaupstaðir:	Fjöldi styrkja	Stærð skóla m³
Reykjavík	227,5	
Hafnarfjörður	(10)	
Ólafsvík	575	12 109
Bolungarvík	119,5	
Ísafjörður	533	
Siglufjörður	70	9 505
Ólafsfjörður	(7)	
Dalvík	9,5	
Akureyri	13,5	
Neskaupstaður	490	
Eskifjörður	370	8 087
Vestmannaeyjar	(19)	
Grindavík	6	
Samtals	2 450	29 701

Sýslur og hreppar

Gullbringusýsla		
Miðneshreppur (Sandg.)	29,5	
Vatnsleysustrandarhr. (Vogar)	41	
Bessastaðahreppur	7,5	
Samtals	78	
Kjósarsýsla		
Mosfellshreppur	6,5	
Kjalarneshreppur	82	
Kjósarhreppur	35,5	
Samtals	124	
Borgarfjarðarsýsla		
Strandarhreppur	49	
Skilmannahreppur	(13,5)	
Innri-Akraneshreppur	23,5	
Leirár- og Melahreppur	7,5	
Andakílshreppur	10,5	
Skorradalshreppur	31,5	
Lundarreykjadalshreppur	10	
Reykholtsdalshreppur	16	
Hálsahreppur	(14)	
Samtals	175,5	
Mýrasýsla		
Hvítársíðuhreppur	(31,5)	
Þverárhlíðarhreppur	(3)	
Norðurárdalshreppur	26	7 973
Stafholtstungnahreppur	51	
Borgarhreppur	17	
Álftaneshreppur	22	
Hraunhreppur	5	
Samtals	155,5	7 973
Snæfellsnessýsla		
Kolbeinsstaðahreppur	(13)	
Eyjahreppur	12	
Staðarsveit	13	
Breiðuvíkurhreppur	42	

Kaupstaðir:	Fjöldi styrkja	Stærð skóla m³
Neshreppur (Hellissandur)	240	
Fróðárhreppur	(6)	
Eyrarsveit (Grundarfjörður)	343	5 067
Helgafellssveit	21,5	6 237
Stykkishólmur	451	
Skógarstrandarhreppur	24	
Samtals	1 165,5	11 304
Dalasýsla		
Hörðudalshreppur	(17)	
Miðdalahreppur	68	
Haukadalshreppur	41	
Laxárdalshreppur (Búðardalur)	136	2 700
Hvammshreppur	13,5	
Fellsstrandarhreppur	23	
Klofningshreppur	9	
Samtals	307,5	2 700
A-Barðastrandarsýsla		
Geiradalshreppur	33	420
Reykhólahreppur	67	
Gufudalshreppur	19,5	
Flateyjarhreppur	42,5	200
Samtals	162	620
V-Barðastrandarsýsla		
Barðastrandarhreppur	(20)	
Rauðasandshreppur	(4)	
Patrekshreppur	42	5 142
Tálknafjarðahreppur	63,5	2 150
Suðurfjarðahreppur (Bíldudalur)	(22,5)	
Samtals	152	7 292
V-Ísafjarðarsýsla		
Aukúluhreppur	22,5	
Þingeyrarhreppur	55	
Mýrahreppur	29,5	13 450
Mosvallahreppur	29,5	1 193
Flateyrarhreppur	200,5	2 752
Suðureyrarhreppur	(2)	
Samals	339	17 395
N-Ísafjarðarsýsla		
Súðavíkurhreppur	103	1 938
Ögurhreppur	48,5	
Reykjarfjarðarhreppur	(13,5)	
Nauteyrarhreppur	52	
Snæfjallahreppur	28,5	
Samtals	245,5	1 938

Kaupstaðir:	Fjöldi styrkja	Stærð skóla m³
Strandasýsla		
Árneshreppur	27	
Kaldrananeshreppur (Drangsnes)	76,5	
Hrófbergshreppur	23	
Hólmavíkurhreppur	142	
Kirkjubólshreppur	19	
Fellshreppur	56	
Óspakseyrarhreppur	28	
Bæjarhreppur (Borðeyri)	(33,5)	
Samtals	405	
V-Húnavatnssýsla		
Fremri-Torfustaðahreppur	17	
Ytri-Torfustaðahreppur	(25,5)	
Kirkjuhvammshreppur	62	
Þverárhreppur	44	2 297
Þorkelshólshreppur	12,5	900
Samtals	161	3 197
A-Húnavatssýsla		
Áshreppur	46	
Sveinsstaðahreppur	(62,5)	
Torfalækjarhreppur	20	
Blönduóshreppur	(4)	
Svínavatnshreppur	19	
Bólstaðarhlíðarhreppur	39,5	
Engihlíðarhreppur	(20,5)	
Vindhælishreppur	(19,5)	
Höfðahreppur (Skagaströnd)	220	2 005
Skagahreppur	(57)	
Samtals	508	2 005
Skagafjarðarsýsla		
Skefilsstaðahreppur	22	
Skarðshreppur	15,5	
Staðarhreppur	(21,5)	
Seyluhreppur	87,5	
Lýtingsstaðahreppur	96,5	
Akrahreppur	143	
Rípurhreppur	(22)	949
Viðvíkurhreppur	22,5	
Hólahreppur	28	
Hofshreppur	(95)	
Hofsóshreppur	(143)	5 370
Fellshreppur	(4)	
Haganeshreppur	26,5	
Holtshreppur	25	
Samtals	752	6 319
Eyjafjarðarsýsla		
Grímseyjarhreppur	97,5	1 160
Svarfaðardalshreppur	180	4 027
Árskógshreppur	131,5	1 175
Arnarneshreppur (Hjalteyri)	(113,5)	1 800

Kaupstaðir:	Fjöldi styrkja	Stærð skóla m³
Skriðuhreppur	25	
Öxnadalshreppur	42,5	
Glæsibæjarhreppur	94	
Hrafnagilshreppur	34	
Saurbæjarhreppur	(53,5)	
Öngulsstaðahreppur	26	
Samtals	797,5	9 527
S-Þingeyjarsýsla		
Svalbarðsstrandarhreppur (Svalbarðseyri)	78	
Grýtubakkahreppur (Grenivík)	150	2 100
Hálshreppur	(27,5)	
Ljósavatnshreppur	90,5	
Bárðdælahreppur	30,5	2 300
Skútustaðahreppur (Reykjahlíð)	68	
Reykdælahreppur	(11)	
Aðaldælahreppur	35	
Tjörneshreppur	16	
Samtals	506	4 400
N-Þingeyjarsýsla		
Keldunesshreppur	(9,5)	
Öxarfjarðarhreppur	26,5	4 458
Fjallahreppur	(18)	
Presthólahreppur (Kópasker)	98,5	
Raufarhafnarhreppur	44,5	7 812
Svalbarðshreppur	15,5	
Þórshafnarhreppur	59,5	3 030
Sauðaneshreppur	(4,5)	
Samtals	276,5	15 300
N-Múlasýsla		
Skeggjastaðahreppur (Bakkafjörður)	39	
Vopnafjarðarhreppur	239,5	6 000
Hlíðarhreppur	39	
Jökuldalshreppur	40	835
Fljótsdalshreppur	73,5	
Fellahreppur	21,5	
Tunguhreppur	57,5	
Hjaltastaðahreppur	50	
Borgarfj.hr. (Borgarf.-eystri)	121	2 100
Samtals	681	8 935
S-Múlasýsla		
Skriðdalshreppur	(4)	
Vallahreppur	101	8 412
Egilsstaðahreppur	(3)	
Eiðahreppur	35	11 786
Mjóafjarðarhreppur	19	
Norðfjarðarhreppur	(8)	
Helgustaðahreppur	(30)	
Reyðarfjarðarhreppur	197	9 800
Fáskrúðsfjarðarhreppur	9,5	
Búðahreppur (Fáskrúðsfjörður)	(190,5)	
Stöðvarhreppur	21	
Breiðdalshreppur (Breiðdalsvík)	63,5	
Beruneshreppur	(3)	
Búlandshreppur (Djúpivogur)	110,5	894
Samtals	795	32 339
A-Skaftafellssýsla		
Nesjahreppur	(89,5)	
Mýrahreppur	(15,5)	930
Borgarhafnarhreppur	53,5	981
Hofshreppur	54	480
Samtals	212,5	2 391
V-Skaftafellssýsla		
Hörgslandshreppur	(33)	
Kirkjubæjarhreppur	81	10 284
Skaftártunguhreppur	(55)	
Leiðvallarhreppur	(28)	
Álftavershreppur	(26)	
Hvammshreppur (Vík í Mýrdal)	230	
Dyrhólahreppur	89,5	
Samtals	542,5	10 284
Rangárvallasýsla		
A-Eyjafjallahreppur	43	11 240
V-Eyjafjallahreppur	40,5	614
A-Landeyjahreppur	47	
V-Landeyjahreppur	(78)	
Fljótshlíðarhreppur	80	952
Hvolhreppur (Hvolsvöllur)	63,5	
Rangárvallahreppur (Hella)	70	
Landmannahreppur	55	
Holtahreppur	86	
Ásahreppur	(69)	
Djúpárhreppur	146,5	1 217
Samtals	778,5	14 023
Árnessýsla		
Gaulverjabæjarhreppur	12,5	
Stokkseyrarhreppur	22,5	
Eyrarbakkahreppur	4,5	
Sandvíkurhreppur	9,5	
Hraungerðishreppur	10	770
Villingaholtshreppur	33,5	
Skeiðahreppur	(37,5)	
Hrunamannahreppur	16	
Biskupstungnahreppur	(39,5)	
Laugardalshreppur (Laugarvatn)	(15)	
Grímsneshreppur	43	
Þingvallahreppur	4	
Grafningshreppur	(5)	
Ölfushreppur (Þorlákshöfn)	(43)	
Selvogshreppur	(13,5)	
Samtals	309	770

Fjöldi olíustyrkja er því alls 12 079 á 3. ársfjórðungi 1983. Til samanburðar má geta þess að fjöldi olíustyrkja á 3. ársfjórðungi 1982 var alls 15 610. Stærð skólahúsnæðis, hitað með olíu, er alls 188 413 rúmmetra á 3. ársfjórðungi 1983, en var um 200 000 rúmmetrar á 3. ársfjórðungi 1982.

Ef reiknað er með að meðaltali 4 styrkjum á hverja íbúð má gera ráð fyrir að greiddir séu olíustyrkir til u. þ. b. 3000 íbúða, samanborið við á að giska 3900 íbúðir á sama tíma í fyrra.

Þess má geta að olíustyrkur á 3. ársfjórðungi er 910 kr. og 3,02 kr. fyrir hvern rúmmetra skólahúsnæðis.

Í síðari liðunum tveim er spurst fyrir um hversu margir olíunotendanna gætu nú þegar fengið tengingu við orkuveitur og hversu margir gætu fyrst fengið slíka tengingu á næsta ári eða síðar.

Nýjasta yfirlitið hér um var unnið á vegum Rafmagnsveitna ríkisins s. l. vor. Við könnunina var stuðst við skrár frá viðkomandi sveitarfélögum. Hér fara á eftir niðurstöður þeirrar könnunar, skipt eftir rekstrarsvæðum Rafmagnsveitna ríkisins. Einnig fylgir sams konar yfirlit frá Orkubúi Vestfjarða.

Kemur þar fram hverjir þeirra aðila, sem njóta olíustyrks, hafa þegar fengið rafhitaleyfi, hverjir geta fengið rafhitun nú þegar eða á yfirstandandi ári, svo og hverjir geta ekki fengið rafhitakerfi fyrr en 1984 eða síðar.

Yfirlit Rafmagnsveitna ríkisins er dagsett 24. maí 1983 og nær til Vesturlands, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra, Austurlands og Suðurlands. Yfirlit Orkubús Vestfjarða er dags. 25. febr. 1983 og nær til Vestfjarða.

	Hægt nú þegar	Hægt á árinu '83	Hægt á árinu '84	Síðar
Vesturland				
Hreppar				
Kjósarhreppur	1	9		
Hvalfjarðarstrandarhr.	8	5		
Skilmannahreppur		3		
Leirár- og Melahr.	1	1		
Andakílshr.		3		
Skorradalshr.	2	2		
Lundarreykjadalshr.		2		
Reykholtsdalshr.	1	3		
Norðurárdalshr.	1	7		
Stafholtstungnahr.	4	8		
Borgarhreppur	2	3		
Álftaneshreppur	2	5		
Hraunhreppur	2	1		
Kolbeinsstaðahr.		3		
Eyjahreppur		3		
Staðarsveit		3		
Breiðuvíkurhreppur		9		
Neshreppur	12	57	6	
Ólafsvíkurhreppur	7	101	42	
Helgafellssveit	3	3		
Stykkishólmshreppur	3	79	38	
Skógarstrandarhreppur	1	3		2
Hörðudalshreppur		5		
Miðdalahreppur		13		
Haukadalshreppur	4	5		
Laxárdalshreppur		32		
Klofningshreppur	1	1		
Skarðshreppur	1	1		
Saurbæjarhreppur	4	3		
Fellsstrandarhreppur	2	4		
Hálsahreppur		4		
Eyrarsveit	9	75		
Innri-Akraneshreppur	1	5*)		
Hvammshreppur	2	2		
Samtals	74	428	86	2

Vestfirðir

		Undanskilið
A-Barðastrandarsýsla		
Geiradalshreppur	A	
Reykhólahreppur	A	
Gufudalshreppur	A	
Múlahreppur	C	
Flateyjarhreppur	C	
V-Barðastrandarsýsla		
Barðastrandarhreppur	B	
Rauðasandshreppur	B	
Patrekshreppur	B*)	
Tálknafjarðarhreppur	B	
Ketildalahreppur	B	
Suðurfjarðahreppur (Bíldudalur)	B	
V-Ísafjarðarsýsla		
Auðkúluhreppur	C	
Þingeyrarhreppur	A	
Mýrahreppur	A	
Mosvallahreppur	A	
Flateyrarhreppur	B	
Suðureyrarhreppur	A	
N-Ísafjarðarsýsla		
Súðavíkurhreppur	A	
Ögurhreppur	B	
Reykjarfjarðarhreppur	B	
Nauteyrarhreppur	B	
Snæfjallahreppur	B	
Strandasýsla		
Árneshreppur	B	
Kaldrananeshreppur	B	
Hrófbergshreppur	B	
Hólmavíkurhreppur	A	25 hús
Kirkjubólshreppur	B	
Fellshreppur	B	
Óspakseyrarhreppur	B	
Bæjarhreppur (Borðeyri)	B	

Skýringar:
A — Mögulegt að taka inn rafhitun að fullu á árinu 1983.
B — Mögulegt að taka inn rafhitun að hluta á árinu 1983.
C — Illmögulegt að taka inn rafhitun á árinu 1983.

*) Talið með A nema 170 olíustyrkir

	Hægt nú þegar	Hægt á árinu '83	Hægt á árinu '84	Síðar
Norðurland vestra				
Staðarhreppur	1	1		
Fremri-Torfustaðahr.	2		2	
Ytri-Torfustaðahr.	1	6		
Kirkjuhvammshreppur	3	12		
Þorkelshólshreppur	3	3		
Áshreppur	1	9		
Sveinsstaðahreppur	3	12		
Torfalækjarhreppur	2	4		
Bólstaðarhlíðarhreppur		8		
Vindhælishreppur		3		
Skagahreppur	5		12	
Staðarhreppur	2	3		
Seyluhreppur	5	15		
Lýtingsstaðahreppur	16	(+)		
Akrahreppur	4		27	
Viðvíkurhreppur	1			4
Rípurhreppur			6	
Hólahreppur	1			5
Hofsóshreppur	3			39
Holtshreppur	2		7	
Haganeshreppur			7	
Skarðshreppur		4		
Engihlíðarhreppur		4		
Skefilsstaðahreppur		5		
Svínavatnshreppur		3		
Höfðahreppur	8	49		
Samtals	63	141	61	48
(+) Hægt að koma á rafhitun norðan við Breið. Styrking nauðsynleg sunnan við Breið.		25		
Samtals	63	166	61	48
Norðurland eystra				
Svarfaðardalshreppur	16	32		
Dalvíkurhreppur	1	2		
Árskógshreppur	5	35		
Arnarneshreppur	16	13		
Skriðuhreppur	10	2		
Glæsibæjarhreppur	28	16		
Hrafnagilshreppur	5	5		
Saurbæjarhreppur	9	5		
Öngulsstaðahreppur	6	1		
Svalbarðsstrandarhr.	10	6		
Grýtubakkahreppur	5	33		
Hálshreppur	4	3		
Ljósavatnshreppur	11	11		
Bárðdælahreppur	2			8
Skútustaðahreppur	6	6		
Reykdælahreppur	1	2		
Aðaldælahreppur	4	5		
Tjörneshreppur		4		
Kelduneshreppur				3
Öxarfjarðarhreppur				8
Fjallahreppur (Hólsfjallaáætlun)	—	—	—	—
Presthólahreppur	4			18
Raufarhafnarhreppur	2			11
Svalbarðshreppur	2			2
Sauðaneshreppur				2
Þórshafnarhreppur	2			16
Ólafsfjarðarhreppur	3	5		
Samtals	152	181		68
Austurland				
Skeggjastaðahreppur				9
Fljótsdalshreppur	8	9		
Fellahreppur	5	5		
Seyðisfjarðarhreppur				1
Skriðdalshreppur	1	1		
Vallahreppur	6	17		
Eskifjarðarhreppur	10	90		
Reyðarfjarðarhreppur	3	1		
Búðahreppur	7	43		
Stöðvarhreppur	1	5		
Búlandshreppur		31		
Geithellnahreppur	2	1		
Nesjahreppur	5	18		
Borgarhafnarhreppur	9			5
Fáskrúðsfjarðarhreppur		1		
Jökuldalshreppur	2	3		
Borgarfjarðarhreppur	3			30
Tunguhreppur	13	1		
Vopnafjarðarhreppur	6	54		
Beruneshreppur		1		
Breiðdalshreppur	7	11		
Mýrahreppur	1	2		
Hofshreppur	6			7
Hjaltastaðahreppur	9	7		
Eiðahreppur	5	6		
Samtals	109	307		52
Suðurland				
Hörglandshreppur	1			6
Kirkjubæjarhreppur	5		17	
Álftaversshreppur	4		3	
Austur-Eyjafjallahr.	6	5		
Vestur-Eyjafjallahr.	7	7		
Austur-Landeyjahr.	10			3
Fljótshlíðarhreppur	22	19		
Hvolhreppur	5	60		
Landmannahreppur	18	3		
Djúpárhreppur	11	27		
Gaulverjabæjarhreppur	1	2		
Sandvíkurhreppur	1	2		
Hraungerðishreppur	1	4		
Villingaholtshreppur	2	7		
Skeiðahreppur	6	3		
Laugardalshreppur		3		
Ölfushreppur	1	10		
Selvogshreppur		4		
Hvammshreppur	9	50		
Dyrhólahreppur	13	9		
V-Landeyjahreppur	9			12
Rangárvallahreppur	5	12		
Holtahreppur	13	8		
Ásahreppur	12	4		
Hrunamannahreppur	2	2		

	Hægt nú þegar	Hægt á árinu '83	Hægt á árinu '84	Síðar
Grímsneshreppur	2	8		
Þingvallahreppur		1		
Grafningshreppur		1		
Leiðvallarhreppur	2			5
Samtals	171	263	20	26

Fyrirtækið Fjarhitun framkvæmdi könnun (forathugun) í febrúar á þessu ári, á möguleikum þeirra sem fengu olíustyrk, til að fá tengingu við orkuveitur. Niðurstaðan var sú að af á að giska 3500 íbúðum, kyntum með olíu, þyrfti að líkindum að fresta upphitunarbreytingu á 1500—1600 vegna ástands rafkerfis annars vegar og hugsanlegrar hitaveitu hins vegar. Hinir gætu átt kost á tengingu á þessu og næsta ári.

Framangreind könnun Rafmagnsveitna ríkisins náði til 2177 notenda og samkvæmt henni geta 1 981, eða u. þ. b. 90% átt kost á rafhitun á þessu og næsta ári. Yfirlit Orkubús Vestfjarða bendir til sams konar niðurstöðu. Þann fyrirvara verður þó að gera að könnun þessara aðila náði ekki til allra sveitarfélaga á orkuveitusvæði þeirra þar sem kynt er með olíu.

Tekjur uppboðshaldara.

Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um tekjur uppboðshaldara, á þskj. 57, útbýtt 6. des.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru tekjur uppboðshaldara á árinu 1982 og fyrstu 6 mánuði þessa árs samkvæmt gjaldskrá fyrir uppboðshaldara, nr. 757/1981?

Sundurliðun óskast eftir hverju umdæmi fyrir sig svo og hvernig tekjur skiptust milli einstakra uppboðshaldara í hverju umdæmi.

Skriflegt svar óskast.

Svar:

Um tekjur uppboðshaldara gildir gjaldskrá fyrir uppboðshaldara, nr. 757 30. desember 1981. Gjaldskráin er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð. Núgildandi gjaldskrá öðlaðist gildi 1. janúar 1982.

Samkvæmt gjaldskránni skal greiða uppboðshaldara eftirfarandi:

a. Fyrir tilkynningar og uppboðsskilmála kr. 20.
b. Innheimtugjald án sölu, 1% af því sem innheimtist.
c. Innheimtugjald fyrir sölu fasteigna og skipa, 1% af þeirri upphæð, sem innheimtist.
d. Innheimtugjald fyrir sölu lausafjár
   1) frá kaupanda
      a) með gjaldfresti 6%
      b) við staðgreiðslu 3%
   2) frá seljanda 4%.

Innheimtugjald skal eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu án nokkurs atbeina þess, sem innheimtu annast.

Tekjur uppboðshaldara fyrir árið 1982 og fyrir fyrstu 6 mánuði þessa árs koma fram í eftirfarandi lista. Nokkrir uppboðshaldarar gátu þess í svörum sínum, að þessar upplýsingar sendu þeir dómsmálaráðherra sem trúnaðarmál. Tekjur þessar eru ekki greiddar af ríkissjóði, og er ekki unnt að afla upplýsinga um þær, nema beint frá uppboðshaldara. Eru skiptar skoðanir um hvort heimilt sé að birta þær, nema viðkomandi uppboðshaldari veiti til þess beina heimild. Með hliðsjón af ofangreindu og þar sem gera má ráð fyrir að spurt sé um fyrirkomulag en ekki persónur, er því talið rétt að birta ekki nöfn embætta og uppboðshaldara þeirra sem tekjurnar fá. Er því gefin upp ein tala fyrir hvert embætti fyrir hvort tímabil, en embættin eru merkt númerum. Hjá níu embættum skiptast tekjurnar milli fleiri aðila við sama embættið.

Rétt er að taka fram að síðan í haust hafa kjaramál ofangreindra embættismanna verið í athugun í dómsmálaráðuneytinu.

Tekjur uppboðshaldara skv. gjaldskrá nr. 757 30. desember 1981.

	1982	1983 til 30/6
1.	72 433	80 233
2.	50 282	12 328
3.	5 876	9 057
4	46 977	31 539
5.	16 300	10 200
6.	3 000	1 500
7.	13 832	6 274
8.	62 121	158 342
9.	35 346	41 947
10.	342 450	332 790
11.	0	49
12.	473 616	467 908
13.	240 522	161 358
14.	2 190 915	1 221 899
15.	25 980	23 295
16.	14 833	9 698
17.	35 104	53 276
18.	600	400
19.	44 269	17 544
20.	5 547	2 578
21.	40 250	44 892
22.	365	95
23.	3 254	7 672
24.	3 465	14 715
25.	10 084	38 201
26.	1 620	22 110
27.	262 674	204 383

Sameinað þing, 28. fundur.

Þriðjudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. des. 1983.

Þorv. Garðar Kristjánsson, f. h. þingflokks sjálfstæðismanna, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

Þar sem Geir Hallgrímsson utanrrh., 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, er á förum til útlanda í opinberum erindum er þess óskað samkvæmt beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Guðmundur H. Garðarsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Afgreiðsla þingmála.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hér er tilkynning um svar við skriflegum fyrirspurnum. Útbýtt er á fundinum í dag:

1. Svari frá fjmrh. við skriflegri fsp. Jóhönnu Sigurðardóttur á þskj. 21, um innheimtulaun vegna ríkissjóðstekna.

2. Svari frá viðskrh. við skriflegri fsp. Hjörleifs Guttormssonar á þskj. 62, um olíustyrki og innlenda orku í stað olíu til húshitunar.

Eggjaeinkasala, fsp. 58. mál (þskj. 63). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 63 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. um fyrirhugaða eggjaeinkasölu eða einokunarverslun með egg. Fsp. mín er svohljóðandi:

„Eru fyrirætlanir um einkasölu á eggjum í samræmi við það sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. „að neytendur og atvinnulífið njóti hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar þar sem samkeppni er næg"?"

Miklar umræður hafa átt sér stað í þjóðfélaginu um þetta mál að undanförnu og raunar harðar deilur og hefur þar sitt sýnst hverjum og eitthvað mun þetta mál hafa borið á góma hér í sölum Alþingis. Í Dagblaðinu í dag er m. a. um þetta mál fjallað og þar rætt við einn af eggjaframleiðendum. Einn þeirra er nokkuð stór í sniðum. Þarna er m. a. fjallað um Framleiðsluráð landbúnaðarins og segir þar, með leyfi forseta:

„„Framleiðsluráð segist ekki ætla að beita einokunarheimildinni en það er bara skrípaleikur", segir Gunnar Jóhannsson á Ásmundarstöðum. „Í öllum bréfum sínum fram til þessa hefur Framleiðsluráðið vísað til þess að það ætli að veita Sambandi eggjaframleiðenda einkasöluleyfi og ég treysti ekki á að það muni ekki nýta sér lagaheimild sína til þess. Sambandið hefur ekki leitað eftir heildsöluleyfi til sölu á eggjum en samt er búið að veita því það. Hins vegar hafa fjögur eggjabú óskað eftir heildsöluleyfi, Vallá, Holtabúið, Reykjagarður og Nesbú. Af hverju sannar Framleiðsluráð ekki mál sitt með því að veita þessum búum heildsöluleyfi?" sagði hann.

Gunnar sagði að Framleiðsluráð væri skipað sauðfjár- og kúabændum sem hefðu alltof mikið vald og hefðu kúgað aðrar búgreinar með því að leggja á þær kjarnfóðurskatt sem notaður væri til að hygla öðrum en þeim sem skattinn greiddu." Hér lýkur tilvitnun.

Í stefnuyfirlýsingu núv. hæstv. ríkisstj. segir orðrétt í kafla nr. 4 um verðlagsmál:

„Fyrst um sinn skal aðeins heimila þá hækkun á vörum og þjónustu sem nauðsynleg er til að standa undir óhjákvæmilegum kostnaðarhækkunum. Síðan verði dregið úr opinberum afskiptum, þannig að neytendur og atvinnulífið njóti hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar, þar sem samkeppni er næg."

Nú er það svo að eins og þessari verslun er háttað í dag með egg og eins og hún snýr að íslenskum neytendum er þar veruleg samkeppni sem ég tel að tvímælalaust komi neytendum til góða í lægra vöruverði en ella væri ef einokun væri. Nú veit ég það að sjálfsagt eru innan ríkisstj. mjög skiptar skoðanir um þetta mál vegna þess að ríkisstj. á sér stuðningsmenn sem vilja sem mesta einokunarverslun, einkum á sviði ýmiss konar landbúnaðarafurða. Við getum nefnt þar kartöflur sem dæmi og fleira. Ég veit að þessi sjónarmið eiga sér mjög harða talsmenn í báðum stjórnarflokkunum enda þótt Sjálfstfl. kenni sig til frjálsrar samkeppni.

Nú veit ég það líka að hæstv. viðskrh. er stuðningsmaður frjálsrar samkeppni og því beini ég þeirri fsp. til hans hvort þessar fyrirætlanir um einkasölu á eggjum samræmast því sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. og þá raunar í framhaldi af því hvort hæstv. viðskrh. er ekki reiðubúinn að lýsa því hér yfir á Alþingi að hann muni beita sér gegn öllum fyrirætlunum um að koma upp slíkri einkasölu þar sem hún muni tvímælalaust vera gegn hagsmunum íslenskra neytenda.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 5. landsk. þm. er nei. Miðað við þá samkeppni, sem hefur verið við sölu á eggjum, samrýmist raunveruleg einkasala á eggjum ekki því sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að dregið skuli úr opinberum afskiptum af verðlagsákvörðunum þannig að neytendur og atvinnulífið njóti hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar, þar sem samkeppni er næg. Það skal jafnframt upplýst að 1. nóv. s. l. ritaði viðskrh. bréf til Verðlagsstofnunar og óskaði tillagna hennar um framkvæmd þessa atriðis í stefnuyfirlýsingunni. Þessu til viðbótar vil ég að fram komi að verðlagning á eggjum er hins vegar háð sérstökum lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. nr. 95/1981 sem landbrn. hefur með að gera en ekki viðskrn.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir skýrt og afdráttarlaust svar við þeirri fsp. sem ég bar hér fram. Þar fór ekkert milli mála. Mér er það auðvitað fullkomlega ljóst að lögin um Framleiðsluráð eru á verksviði landbrh. en ég taldi hins vegar eðlilegt að þingheimur fengi að vita afstöðu viðskrh. í þessu máli. Hins vegar vek ég athygli á því að ég spurði einnig úr þessum ræðustóli áðan hvort hæstv. viðskrh. væri reiðubúinn að beita sér gegn því í ríkisstj. og annars staðar þar sem hann má sín einhvers að slíkri einkasölu yrði komið á fót vegna þess að ég þykist sjá á öllum sólarmerkjum að uppi eru tilburðir í þá átt.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Vegna þeirra orða, sem hér hafa fallið, tel ég rétt að lesa hér fréttatilkynningu sem Framleiðsluráð sendi frá sér 23. nóv. s. l. um þetta mál en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Að gefnu tilefni lýsir Framleiðsluráð því yfir að það hefur ekki óskað eftir að sex manna nefnd verðleggi egg og engin hugmynd hefur þar komið fram um slíkt frumkvæði af hálfu Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð hefur ekki átt frumkvæði að verðlagningu sex manna nefndar á nýjum flokkum búvara s. l. 20—30 ár. Þá lýsir Framleiðsluráð því yfir að það hefur ekki veitt Sambandi eggjaframleiðenda **einkasöluleyfi** til heildsölu á eggjum. Heildsöluleyfið sem Framleiðsluráð hefur þegar veitt Sambandi eggjaframleiðenda, er veitt samkv. 36. gr. laga nr. 95/1981 og tekur gildi þegar það hefur stofnsett eggjadreifingarstöð. Ef Samband eggjaframleiðenda tekur ákvörðun um stofnsetningu dreifingarstöðvar og í ljós kemur að einhverjir eggjaframleiðendur telja sig ekki geta staðið að stöðinni mun Framleiðsluráð taka umsóknir um heildsöluleyfi til afgreiðslu enda uppfylli umsækjendur skilyrði stjórnvalda hverju sinni um heilbrigðisskoðun og flokkun eggja."

Ég hef áður látið það koma fram hér á Alþingi í orðum sem ég hef látið falla að það, sem mér finnst skipta mestu máli, er að þessi framleiðsluvara, eins og önnur, komist til neytenda með sem minnstum tilkostnaði. Ég hef bent á það hvernig skipulagning hefur leitt til slíks, þ. e. að hver einstakur framleiðandi þurfi ekki að flytja sjálfur sína vöru um langan veg á markað heldur sé reynt að koma þar að sameiginlegum flutningum. Af þessu er augljós hagræðing enda held ég að það hafi ekki komið fram hvort egg eru raunverulega ódýr hér eða dýr fyrir neytandann þegar til lengri tíma er litið. Það eru mjög miklar verðsveiflur á eggjum og það er vitanlega meðalverðið sem skiptir máli þegar til lengdar lætur fyrir neytandann en a. m. k. hefur það komið fram að eggjaverð sé hér hærra en er í nágrannalöndum okkar.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Að gefnu tilefni vil ég mótmæla þeim málflutningi sem hér er uppi hafður af hæstv. landbrh. Við erum ekki hingað saman komin til þess að hlusta á fréttatilkynningar frá einhverjum tilteknum ráðum eða stofnunum úti í bæ. Hér er verið að spyrja um ásetning og framkvæmd stjórnarsáttmála. Og við erum að spyrja um vilja og ásetning ráðh. Í því tilefni get ég ekki séð að hér sé staður né stund til þess að lesa upp slíkar fréttatilkynningar. Þetta gerðist líka um daginn í sambandi við Áburðarverksmiðju ríkisins og ég átel þennan vinnumáta mjög harðlega. Á meðan þessi sami ráðh. lætur það hjá líða að svara þeirri spurningu hvort hann telji að í Framleiðsluráðslögum sé raunverulega verið að framfylgja anda stjórnarskrárinnar þá sér hann brýna nauðsyn þess að koma hér upp og lesa hluti sem við getum lesið um í dagblöðunum.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Vegna síðari fsp. hv. 5. landsk. þm. sem mér láðist að svara þegar ég talaði áðan liggur það ljóst fyrir að svar við henni er jákvætt því að ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að málefnasamningur ríkisstj. nái fram að ganga á sem flestum sviðum.

Kreditkort, fsp. 108. mál (þskj. 135). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þessi fsp. er einföld og er á þá lund að spurt er hvað sé fyrirhugað um löggjöf og reglugerðarsetningu varðandi útgáfu og notkun svonefndra kreditkorta. Eins og hv. þingheimi mun ljóst hefur átt sér stað veruleg fjölgun og mikil auglýsingastarfsemi á notkun kreditkorta. Sannleikur málsins er hins vegar sá að engin lög í landinu ná yfir þessa starfrækslu og þar af leiðandi er ekki unnt að setja neinar reglugerðir um það með hvaða hætti staðið skuli að framkvæmd eða verndun þeirra hagsmuna sem hér kunna að vera í veði. Þess vegna er fsp. flutt.

Sumir segja kannske að þeir hafi orðið varir við að settar hafi verið reglugerðir engu að síður um útgáfu eða réttara sagt notkun kreditkortanna, en þær reglugerðir byggjast allar á ákvæðum varðandi gjaldeyrismál og varða notkun kortanna erlendis en ekki hérlendis. Í þessari fsp. felst ekki nein andstaða við kreditkortin, heldur er fyrst og fremst verið að spyrjast fyrir um hvort ekki eigi að setja lög um þetta efni til þess að unnt sé að setja reglugerðir. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef, munu nú um 12 þús. kreditkort vera í notkun og væntanlega fara verulegir fjármunir um þetta greiðsluform. Tiltölulega lítið mun vera bundið í lögum í grannlöndum okkar að því er varðar notkun kreditkortanna, en það sem það er mun fyrst og fremst vera af því tagi að vernda hagsmuni þeirra, sem kortin bera, einkum og sér í lagi gagnvart stuldi á kortunum. Stuldur á kortunum er auðvitað áhyggjuefni og verður þá væntanlega að styðjast við reynslu erlendis til þess að tryggja hagsmuni þeirra sem kortanna hafa aflað, og ætti að vera hægt að gera það á bærilegan hátt.

En það eru tvö og reyndar þrjú önnur atriði sem ég vil vekja athygli á í þessu sambandi. Það er spurningin um hvort fyrirtæki, sem rekur starfsemi af þessu tagi, sé nægilega traust. Nú eru bankarnir aðilar að þessu eins og stendur sem kunnugt er. En það er ekkert í lögum sem bannar hverjum sem er að reka starfsemi af þessu tagi. Það sem við þurfum þá að íhuga eru hagsmunir þeirra verslunarfyrirtækja sem stofna til viðskipta við fyrirtæki og leyfa skuldfærslu við sig.

Í þriðja lagi hefur þeirri áhyggju verið lýst að fólk stofni til óheyrilegra skulda. Menn hafa greinilega ekki haft verulegar áhyggjur af þessu í grannlöndum okkar, en lánsfjáreftirsókn á Íslandi og aðstæður allra í þjóðfélaginu kunna að gefa tilefni til að menn teldu rétt að hafa þetta mál í huga.

Í fjórða lagi er hér í rauninni um eins konar peningaútgáfu að ræða. Og þá vaknar spurningin hvernig fylgst sé með þeirri peningaútgáfu, ef ég má orða það svo, hver á að hafa eftirlit með þeim umsvifum sem eiga sér stað í þessum rekstri. Ég get ekki séð að neinn aðili eigi að hafa slíkt eftirlit á hendi. Ég fæ ekki séð að neinn aðili geti innheimt þessar upplýsingar og beðið um þær þó ekki væri nema til annars en að halda yfir það eðlilega „statistik." Það er af þessum orsökum, sem ég nefndi hér, að ég beini þeirri fsp., sem ég rakti hér í upphafi, til hæstv. viðskrh.: Hvað er fyrirhugað um

löggjöf og reglugerðarsetningu varðandi útgáfu og notkun svonefndra kreditkorta?

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 3. þm. Reykn. þá skal tekið fram að fyrir skömmu gaf gjaldeyriseftirlitið í samráði við samstarfsnefnd um gjaldeyrismál út nýjar reglur um notkun greiðslukorta erlendis og öðluðust þessar reglur gildi 1. þ. m. Eins og fram kom hjá hv. þm. eru reglur um greiðslukort byggðar á 18. gr. reglugerðar nr. 519 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, en að öðru leyti er ekki að finna í lögum eða reglugerðum ákvæði um útgáfu eða notkun greiðslukorta.

Þegar rætt er um lagasetningu varðandi greiðslukort er að mínu viti mikilvægast að settar verði reglur er tryggi að starfsemi þeirra aðila sem reka greiðslukortaþjónustu, sé byggð á öruggum fjárhagslegum grunni. Í því sambandi yrði fyrsta skrefið að setja ákvæði í lög er kveða á um tiltekna upplýsingaskyldu þessara aðila gagnvart bankaeftirliti Seðlabankans eða bankaeftirlitinu svipaða þeirri er hvílir á innlánsstofnunum. Ég geri ráð fyrir að þegar bankamálanefnd sú, sem starfað hefur, skilar áliti sínu og þau lagafrumvörp, sem frá henni koma, verða til meðferðar í viðskrn. þá verði tekin afstaða til þess með hvaða hætti skuli unnið að lagasetningu varðandi kreditkortin.

Það kom fram hér áðan hjá hv. þm. að ekkert væri í lögum sem bannaði að fyrirtæki gætu haft þessa starfsemi með höndum. Það er að vísu svo varðandi innlenda fyrirgreiðslu, en með gjaldeyri mega ekki aðrir versla en tekið er fram í l. um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og lögunum um Seðlabankann. Þau fyrirtæki, sem í dag versla með þessi viðskiptakort, eru eign bankanna sem hafa heimild til gjaldeyrisviðskipta samkvæmt þessum lögum.

Ég get ekki svarað fsp. þm. með öðrum hætti en þeim að vísa til þeirra breyttu reglna, sem settar hafa verið, og gert grein fyrir því að þegar þessi mál, þ. e. ný frumvörp um Seðlabanka, viðskiptabanka og sparisjóði verða til meðferðar í viðskrn. áður en til framlagningar kemur hér á Alþingi, þá verði þetta atriði að sjálfsögðu skoðað. Mér er ljóst, að áður hefur verið gerð nokkur athugun á þessu máli í viðskrn. og kemur hún að sjálfsögðu að góðu gagni við síðari athuganir þessa máls.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Ég vil þakka hæstv. viðskrh. svör hans við þessari fsp., en jafnframt láta í ljós þá skoðun að fyllsta ástæða sé til þess að fyrir hendi séu í lögum ákvæði sem kveða á um annars vegar upplýsingaskyldu þeirra aðila, sem standa í þessum viðskiptum þeira sem reka kreditkortin, og hins vegar ákvæði sem tryggi hagsmuni bæði þeirra sem bera kortin og þeirra verslunarfyrirtækja væntanlega fyrst og fremst sem notfæra sér viðskipti af þessu tagi. Þetta er lágmarksatriði að mínum dómi.

Eins og ég gat um áðan munu vera um 12 þús. kreditkort í notkun. Nú er kannske erfitt að ætlast á um hversu há fjárhæð sé notuð á hverju kreditkorti til jafnaðar, en ef það væru 10 þús. kr. á mánuði að jafnaði þá eru þarna um 120 millj., sem fljóta í gegnum þetta kerfi eins og það er núna, og er það þó nýfætt. Ef það væru 5 þús. kr. þá eru það 60 millj. Þarna eru sem sagt umtalsverðar fjárhæðir, kannske um 100 millj. Ég skal ekki segja um það. Um það eru engar upplýsingar að fá og það er áreiðanlega fyllsta ástæða til þess að upplýsingar um umsvif viðskiptanna liggi fyrir á hverjum tíma, og í annan stað að hagsmunir þeirra, sem nota þessi kort á hvorum endanum sem er, séu fyllilega tryggðir.

Ég vil beina því til hæstv. viðskrh. að hann taki þessi mál til alvarlegrar yfirvegunar og ekki skaðar að hann verði búinn að hugsa málið dálítið áður en bankamálanefnd skilar af sér.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins minna á að árið 1980, þ. e. á 102. löggjafarþingi, bar ég fram fsp. um hvort leita þyrfti leyfis stjórnvalda til stofnunar lánakortafyrirtækja hér á landi. Þá svaraði því þáv. hæstv. viðskrh. Tómas Árnason svohljóðandi, ef ég má lesa með leyfi forseta:

„Ekki þarf að leita leyfis stjórnvalda til stofnunar slíks fyrirtækis. Sé slíkt fyrirtæki stofnað í formi hlutafélags fylgist hlutafélagaskrá með því að við stofnun félagsins sé gætt ákvæða nýju hlutafélagalaganna nr. 32 12. maí 1978, um skilyrði fyrir skrásetningu félagsins. Í þessum lögum, sem tóku gildi að því er ég hygg um áramót, eru allítarleg ákvæði um skrásetningu hlutafélaga, og viðskrn., sem á að annast þá skrásetningu, er nú að fjalla um það með hverjum hætti verði best fyrir komið framkvæmd þeirrar skrásetningar sem nýju hlutafélagalögin segja fyrir um."

Ég hygg nú að hrollur kunni að fara um ýmsa hv. þm. og aðra, sem á kynnu að hlýða, ef fyrirtæki, sem hafa slíka veltu eins og þarna gæti orðið á ferðinni, hafa ekki meiri og alvarlegri skyldur, ef illa færi, en hlutafélög hafa. Og ég vil taka undir orð hv. þm. Kjartans Jóhannssonar því að ég hygg að það sé miklu meira en ástæða til að semja lög um rekstur slíkrar starfsemi, sem auðvitað er nýtt form á bankastarfsemi.

Ég spurði einnig í sama fyrirspurnartíma árið 1980, hvort slík fyrirtæki væru háð eftirliti, t. d. samsvarandi bankaeftirliti. Hæstv. þáv. viðskrh. kvaðst hafa sent fsp. til umsagnar Seðlabankans. Svarið var á þá leið, að lánakortafyrirtæki væru ekki samkv. þágildandi lögum og reglum háð eftirliti sem samsvaraði bankaeftirliti. Mér þykir það líka nokkuð alvarlegt ef menn mega reka meiri háttar bankastarfsemi utan við bankakerfið og án eftirlits bankaeftirlitsins.

Í þriðja lagi spurði ég: Ef slík lánastarfsemi er óháð lögum, hyggst þá viðskrn. beita sér fyrir lagasetningu sem tekur til slíkrar starfsemi og tryggir eftirlit með henni? (Forseti hringir.) Ég skal ljúka máli mínu. – Hæstv. þáv. viðskrh. kvaðst hafa gert ráðstafanir til að afla upplýsinga um lög og reglur um lánakortafyrirtæki og kvað það vel kunna að vera að talið yrði nauðsynlegt að setja lög um slíka starfsemi.

Þetta var á 102. löggjafarþingi, veturinn 1979–1980, og ég held að þar sem núv. hæstv. viðskrh. og þáv. hæstv. viðskrh. sitja saman í ríkisstj. nú ættu þeir að taka höndum saman og koma þessu í verk.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Seinustu orð hv. þm. voru að núv. hæstv. viðskrh. og hæstv. fyrrv. viðskrh. sætu saman í ríkisstj. (**GHelg:** Já, ég tek það aftur.) Þm. tekur það aftur. Ég er viss um að fyrrv. viðskrh. er reiðubúinn að vinna að slíkum málum nú eins og áður, meðan hann gegndi viðskiptaráðherraembættinu.

Ég vil aðeins benda hv. þm. á að þau lánakortafyrirtæki sem í dag eru hér eru eign bankanna og bankarnir eru háðir bankaeftirlitinu. Að því leyti má segja að bankaeftirlitið hafi tækifæri til að koma að þessu máli eins og stendur. En ég er sammála því, sem hefur komið fram hjá hv. fyrirspyrjanda og hv. 10. landsk. þm., að um þetta þarf að setja lagaákvæði. Það er ekki svo að skilja að ég hafi ekki hugsað um málið, heldur taldi ég eðlilegast að sú lagasetning yrði samferða lagasetningu um seðlabanka, viðskiptabanka og sparisjóði, sem ég vænti að verði til meðferðar á Alþingi eftir að það kemur saman úr jólaleyfi.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. tók svo til orða, að þar sem bankarnir væru meðeigendur í þeim kreditkortafyrirtækjum sem væru hér starfrækt gæti bankaeftirlitið komið þannig að málinu. Það er nokkuð skondið að bankaeftirlitið geti einungis komið þannig að málinu, þ. e. vegna þess að bankarnir séu eignaraðilar að fyrirtækjum þessum. Þar að auki held ég að það sé alveg öruggt að bankaeftirlitið hafi ekki litið eftir þeim umsvifum sem þarna eru eða kallað inn upplýsingar af því tagi, enda erfitt fyrir það að þurfa að koma svona að málum.

Efling kalrannsókna, fsp. 108. mál (þskj. 135). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Á þskj. 135 hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 27. apríl 1982 um eflingu kalrannsókna?"

Um þá þál. sem að ofan greinir urðu allmiklar umr. á Alþingi á sínum tíma. Með till. fylgdi nokkuð ítarleg grg., þar sem rökstudd var með gildum rökum nauðsyn þess að efla kalrannsóknir.

Það ár sem till. var flutt, þ. e. haustið 1981, voru mönnum í fersku minni gífurlegar kalskemmdir sem orðið höfðu á túnum, einkum sunnanlands. Í ár hefur annar landshluti, uppsveitir norðaustanlands, orðið fyrir þungum búsifjum af þessum sökum.

Landbúnaður á Íslandi er einhæfari en víða erlendis. Um það bil 98% af ræktuðu landi eru nytjuð sem tún og uppskera af því landi ásamt uppskeru beitilanda er grundvöllur búfjárhalds. Vegna þess að hagstæðast er að afla mikils af ódýru grasfóðri hlýtur uppskera graslendis að ráða miklu um hagfræðilega afkomu þeirra sem eiga sitt undir búfjárhaldi. Kal og grasleysi hefur fyrr og síðar valdið miklum búsifjum og uppskerusveiflu og gert arð búfjárhaldsins fremur ótryggan. Þetta á við um Ísland í heild, en þó í mestum mæli á norðausturhluta landsins eða norðurhluta landsins öllu heldur.

Það hlýtur að vera sama hvaða skoðanir menn hafa á búvöruframleiðslu. Það hlýtur að vera allt of dýrt að rækta land og bera á það og fá svo enga eða sáralitla uppskeru. Mikil sveifla hefur verið á útbreiðslu kalskemmda milli ára og staða og hafa í sumum tilvikum allt að 85% túna skemmst af kali. Það hlýtur að hafa mikla fjárhagslega þýðingu að rannsaka orsakir þessara túnskemmda svo að e. t. v. verði hægt að hindra slík áföll í framtíðinni.

Það er afskaplega mikil einföldun að halda því fram að hér sé um einkamál bændastéttarinnar að ræða eða jafnvel aðeins þeirra bænda sem verða fyrir búsifjum hverju sinni. Þegar upp er staðið er þetta tap á verðmætum sem öll þjóðin ber kostnaðinn af fyrr eða seinna.

Það eru mjög skiptar skoðanir um orsakir þessa vágests. Þeir sem best þykjast vita telja þær margar og mun það rétt vera. Þar ber á góma kenningar eins og eitrun jarðvegsins með óhæfum tilbúnum áburði, lélega eða ófullkomna ræktun, kalk- eða steinefnavöntun o. fl. Ekki skal tekið fyrir að þetta og margt fleira geti stutt að kali, en frumorsökin er þó varla hér upp talin þegar um útbreitt kal er að ræða. Það er frumorsökin sem fyrst og fremst ber að leita að og síðan að leysa staðbundin vandamál eftir því sem verða má.

Á Íslandi eru fjárveitingar til vísindarannsókna fremur takmarkaðar, svo að ljóst er að það verður ekki hægt að vinna að umfangsmiklum fræðilegum rannsóknum á öllum sviðum. Kalrannsóknir hljóta þó að verða framarlega í forgangsröð rannsóknaverkefna í landbúnaði hérlendis. Einmitt það virðist hafa verið markmið þál., sem að framan er getið, og því er fsp. fram komin.

Staðreyndin er sú, að það hefur lítið orðið vart við eflingu rannsókna á þessu sviði síðan ályktunin var samþykkt.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur gert grein hér fyrir fsp. sinni á þskj. 135 um eflingu kalrannsókna. Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast rannsóknastarfsemi landbúnaðarins og þess vegna var fsp. þessi send þangað til upplýsinga. Ætla ég að leyfa mér að lesa svarið upp hér, þó að hv. 8. þm. Reykv. væri að gagnrýna áðan að lesnar væru upp skýrslur frá stofnunum. Sá háttur hefur verið á hafður á Alþingi til þess að fyrirspyrjendur fengju sem gleggstar upplýsingar um það sem um er spurt.

Svar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er svona:

Landgræðslu- og landverndaráætlun gerir ráð fyrir því, að 10% af þeirri fjárveitingu sem fer til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verði varið til kalrannsókna. Samkv. fjárlögum ársins 1983 eru til ráðstöfunar á þessum lið 146 500 kr. Dr. Bjarni E. Guðleifsson hefur verið ráðinn í ¼ hluta stöðu við stofnunina til þess að annast þessar rannsóknir. Gert er ráð fyrir að þær verði að mestu framkvæmdar á tilraunastöðinni á Möðruvöllum.

Unnið er nú að því að koma upp bráðabirgðaaðstöðu á Möðruvöllum til að prófa svellþol og frostþol grasa. Keypt hafa verið frystitæki og standa vonir til að þessar rannsóknir geti hafist snemma á næsta ári. Til þess að búnaðurinn komi að sem bestum notum vantar enn talsvert af hjálpartækjum, svo sem hitastilla, ljós og lítið gróðurhús. Sömuleiðis þarf að auka hlut sérfræðings við stofnunina úr ¼ úr stöðu í heila stöðu, enda hefur verið farið fram á slíka heimild s. l. tvö ár.

Fimm verkefni sem snerta kalrannsóknir eru nú á skrá hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Í fyrsta lagi þörungar og sveppir á grösum að vetri. Í öðru lagi rannsóknir á lághitabakteríum á grösum. Í þriðja lagi athugun á svellamyndun og kjörum grasa að vetri. Í fjórða lagi áhrif nytja á varnarþol grasa. Og í fimmta lagi frostþol og svellþol stofna og tegunda grasa.

Þremur fyrstu verkefnunum er að mestu lokið. Síð-

ustu gögnum verður safnað í vetur og er að mestu búið að skrifa greinar um þau. Tvö síðast töldu verkefnin eru enn ekki komin í gang, en stefnt er að því að svo geti orðið á árinu 1984.

Auk þeirrar rannsóknastarfsemi sem hér hefur verið rakin og er í umsjá dr. Bjarna Guðleifssonar tengjast ýmis önnur verkefni stofnunarinnar kalrannsóknum beint eða óbeint. Má þar nefna umfangsmiklar rannsóknir á tegundum og stofnum grasa. Þær rannsóknir hafa m. a. leitt í ljós mikið vetrarþol Beringspunts og nokkurra stofna af öðrum tegundum.

Unnið er að kynbótum grasa og beinist sú starfsemi ekki hvað síst að því að fá fram vetrarþolnari stofna. Víðtæk samvinna á sér nú stað við jarðræktarmenn á hinum Norðurlöndunum á þessu sviði.

Eins og fram hefur komið hér að framan hefur verið veitt 146 500 kr. beint til kalrannsókna á þessu ári. Eigi skjótur árangur að nást þyrfti að stórauka framlög á þessu sviði. Þar sem mikil verðmæti eru í húfi má segja að ekki væri ofrausn að hafa einn sérfræðing að störfum allt árið við kalrannsóknir.

Ég vil taka undir það hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér eru mikil verðmæti í húfi. Áburður er dýr og þess vegna skiptir miklu máli að það land sem borið er á hafi að öðru leyti skilyrði til að skila uppskeru. Ég vil því taka undir það sem hann sagði um þörf þess að auka fjármagn til rannsókna þessara. Vænti ég þess að á Alþingi verði reynt að koma þar eitthvað til móts við þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Góður maður sagði við mig að sérþekking á landbúnaðarmálum væri erfðasjúkdómur innan Framsfl., þetta væri hugsanlega spurning um neikvæð áhrif skyldleikaræktunar á stefnu þess flokks.

Ég kom reyndar upp af öðru tilefni. Í málflutningi hv. fyrirspyrjanda kom fram ein mjög augljós staðreynd, sem hefur öðru hvoru verið hér til umfjöllunar og verður hér til umfjöllunar bráðlega vegna málflutnings Alþfl.-manna. Það er spurningin um land í þjóðareign. Kalskemmdir tengjast þeirri spurningu beint. Það mátti heyra gjörla á málflutningi hv. fyrirspyrjanda, því að kalrannsóknir, eins og aðrar rannsóknir sem lúta að því að finna svör við spurningunni um nýtingu þeirra auðlinda sem landið er, benda náttúrlega með samhengi sínu við efnahag þessa lands á þá staðreynd að við getum ekki látið okkur það í léttu rúmi liggja hvernig fer með túnarækt hjá bændum eða annað slíkt sem að nýtingu ræktaðs lands lýtur. Þar af leiðandi tel ég að þarna hafi kannske óvart fundist málsvari þeirrar hugmyndar og nauðsynjar að menn skoði spurninguna um land í þjóðareign mjög rækilega þegar að henni kemur.

Fyrirspyrjandi (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svarið.

Mér sýnist á svari Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að ýmislegt sé á döfinni er snertir viðfangsefnið, þó að tiltölulega lítið hafi frést af niðurstöðum rannsókna. Enn er mér þó til efs að þál. hafi verið framkvæmd og að rannsóknir á kalskemmdum hafi verið efldar. Ef þar er um að ræða þessar 146 500 kr., þá er það auðvitað matsatriði hvort menn meta það eflingu kalrannsókna eður ei.

Enn er Bjarni Guðleifsson á Möðruvöllum í ¼ hluta úr starfi við þessar rannsóknir. Enn hefur ekkert frést um aukna áherslu Rannsóknastofnunar landbúnaðar á þessu verkefni, fyrr en þá nú, ef fram heldur sem horfir. Bændur, sem með stuttu millibili verða fyrir þungum búsifjum af kali og vita af vilja hins háa Alþingis í þessum efnum, eru orðnir fremur óþreyjufullir að bíða eftir árangrinum.

Ég undirstrika að það yrði mikill sparnaður fyrir þjóðarbúið og landbúnaðinn ef hægt væri að komast hjá slíku tjóni sem kalið veldur. Sá kostnaður sem af auknum rannsóknum mundi leiða hlýtur að skila sér fljótt aftur ef hægt yrði að grípa til réttra ráða um leið og þekkingin eykst.

Það er alveg ljóst að þessar rannsóknir, eins og allar grundvallarrannsóknir, taka langan tíma, en þeim miðar augljóslega afar hægt ef aðeins fjórðungur manns er starfandi að verkefninu. Ég veit ekki hvaða fjórðungur það er, vinstri frampartur eða hægri afturpartur eða hvað.

Eins og ég sagði áðan hljóta kalrannsóknirnar að hafa þó nokkurn forgang í verkefnaröðun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og þrátt fyrir þröngan fjárhag rannsóknastofnana yfirleitt, sem engum er kunnari en mér, er mögulegt að leggja meiri áherslu á eitt verkefni fremur en annað, ekki síst ef ráðh. leggur á það áherslu. Það er hægt að færa til stöðugildi og mannafla ef menn kæra sig um. Ég beini þess vegna þeim tilmælum til hæstv. landbrh. að hann leggi sitt af mörkum til að eflingu kalrannsókna verði hraðað svo sem verða má.

Ég vil að lokum undirstrika að í upphaflegu þáltill., sem flutt var, var sérstaklega undirstrikað að miðstöð þeirra rannsókna skyldi verða að Möðruvöllum í Hörgárdal og þá í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Mér finnst ekki hafa komið fram nein gild rök fyrir því að það sé nauðsynlegt að miðstýra þessum rannsóknum úr Reykjavík. Mér finnst að það sé ekkert síður hægt að stýra þessum rannsóknum frá tilraunastöðinni á Möðruvöllum í Hörgárdal, ekki síst af því að þar er búsettur og vill vera búsettur færasti sérfræðingur landsins á þessu sviði, Bjarni E. Guðleifsson.

Ég hef lokið máli mínu.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég fagna þeim umr. sem hér hafa orðið um kalrannsóknir og tek undir það sem hér hefur verið sagt um nauðsyn þess að efla þær, enda þótt verulega hafi verið unnið að þeim málum á undanförnum árum. Ég mun ekki ræða það mál frekar í þessum stutta fyrirspurnatíma.

Ég vil hins vegar láta í ljós að ég hef undrast ómerkilegar slettur frá hv. þm. Stefáni Benediktssyni í garð landbúnaðarins. Hann lét sér t. d. um munn fara áðan að það væri erfðasjúkdómur hjá tilteknum hópi framsóknarmanna að hafa sérfræðiþekkingu á landbúnaðarmálum. Vilji og hugur þessa hv. þm. hefur komið fram áður hér úr ræðustól á Alþingi í garð landbúnaðarins, sem hefur verið af lítilli þekkingu og helst til litlum góðvilja. Ég vil hins vegar aðeins segja það hér, að ég get fullyrt að í öllum stjórnmálaflokkum eru til menn sem hafa sérfræðiþekkingu á landbúnaðarmálum. Ísland á marga sérfræðinga sem eru mjög færir á þessu sviði og þeir eru ábyggilega úr öllum stjórnmálaflokkum. Og það er enginn erfðasjúkdómur í einhverjum tilteknum flokki að hafa þekkingu á þessum málum eða áhuga.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Mér fannst þetta svar frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins vera afskaplega ófullkomið. Sannleikurinn er sá, að það er engin aðstaða á Möðruvöllum í Hörgárdal til rannsókna eins og stefnt er að. Það hefur staðið til í átta ár að byggja þar fjós og hlöðu, en gömlu byggingarnar átti að nota til að gera þessar rannsóknir. Það þarf töluvert fjármagn á næsta ári ef á að vera hægt að byrja á framkvæmdum þá. Ég held því að það sé fyrst og fremst vandinn að þessu máli hefur ekki verið sinnt eins og skyldi. Það er best að það komi hér fram. — Það sjá það allir að maðurinn, þó góður sé, er ekki nema í ¼ úr starfi, og hann er ráðinn til að sinna þessu verkefni án þess þó að hafa aðstöðu til þess. Það er kjarni málsins.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég vil bera það af mér að það sé einhver árátta hjá mér að tala illa um landbúnað. Þó að ég hafi að einhverju leyti látið álit mitt í ljós á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og fleiri málum er ég ekki þar með að hugsa illa til landbúnaðar, heldur þvert á móti. Og ég gerði mér alls ekki grein fyrir því að ég væri að tala illa um landbúnað úr þessum stól þó að ég kenndi hann við Framsfl.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mér þykir sem ekki hafi verið í miklum mæli farið eftir þeirri þáltill. sem Árni Gunnarsson flutti á sínum tíma, miðað við þau svör sem við fáum frá hæstv. landbrh. Þó minnist ég þess, að þegar umr. fór fram um þessa þáltill. kom fram víðtækur stuðningur við málið. Maður veltir því fyrir sér til hvers sé að samþykkja þáltill. ef framkvæmdavaldið í landinu tekur ekki betur við sér en raun ber vitni af svörum ráðh. Mér finnst líka að framkvæmdavaldið hefði getað tekið mið af því, að það var eins og ég sagði áðan almannarómur í þinginu þegar Árni flutti þessa þáltill. að hér væri um verk að ræða sem þyrfti að vinna sérstaklega að. ¼ starfs og 146 500 kr. eru hreðilega lágar tölur miðað við þau miklu verðmæti sem hér eru í húfi. Kalskemmdir hafa dunið yfir okkur nokkuð árvisst á undanförnum áratugum og valdið miklum búsifjum í öllum landshlutum, liggur mér við að segja.

Ég vil nú, um leið og ég þakka hv. þm. Birni Dagbjartssyni fyrir að ýta við þessu máli, skora á landbrh. að beita sér af meira afli í þessu máli og skora á framkvæmdavaldið allt að muna eftir því að þáltill. er áskorun um framkvæmd.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það kom fram í svarinu sem ég las hér að auk þeirrar rannsóknastarfsemi sem hér hefur verið rakin og verið hefur í umsjá dr. Bjarna Guðleifssonar tengjast ýmis önnur verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins kalrannsóknum beint eða óbeint, þannig að vitanlega eru það fleiri sem vinna að þessum málum. Það er einnig gert af aðilum utan Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

En vegna þeirra ummæla, sem hér hafa komið frá þm., þá er þeim vitanlega ljóst að framkvæmdavaldið verður að sníða sér ramma eftir þeim fjárveitingum sem Alþingi skammtar til þessarar starfsemi. Það er þess vegna sem ég gat þess í orðum mínum áðan að æskilegt væri — og ég hef eindregið óskað eftir því að það yrði nú við afgreiðslu fjárlaga — að reynt yrði að sinna þessu verkefni betur. Eins og kom fram í svarinu er verkið tvíþætt: annars vegar þarf að efla rannsóknir á jarðvegi og öðru slíku, sem menn vita ýmislegt um nú þegar. Hins vegar eru svo rannsóknir á nýjum grasstofnum, sem þola betur það álag og þá veðráttu sem hér er. Er það reyndar engu síður mikilvægt. Að því hefur verið unnið, auk þess sem hér er getið, t. d. á tilraunastöðinni á Sámsstöðum, að leita að nýjum grastegundum. Úr tilraunum þaðan er fenginn Beringspuntur sem er mjög frostþolinn og virðist skera sig þar nokkuð úr öðrum grastegundum sem reyndar hafa verið. Auk þess er hann góð fóðurjurt og sameinar þess vegna þá kosti. Vandamálið er hins vegar að hann er mjög sjaldgæfur og virðist vera mjög erfitt að fá fræ af honum erlendis frá. Það hefur þess vegna verið reynt að afla þess á Sámsstöðum. En það kallar þá náttúrlega á meiri umsvif þar til að auka þá framleiðslu.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég mun reyna að blanda ekki Framsfl. í þetta mál meira en óhjákvæmilegt er. Ég er augljóslega ekki rétti aðilinn til að dæma um þekkingu mína á landbúnaði. Ég hef hins vegar áhuga á honum og er þó ekki í Framsfl.

Ég kom hingað upp fyrst og fremst til að skora á hæstv. landbrh. að gera ærlegan skúrk í þessum málum. Það má öllum vera ljóst, hvað sem þáltill. og fsp. líður, að þarna er heldur slælega að staðið, að helsti sérfræðingur þjóðarinnar á þessu sviði skuli ekki hafa nema sem svarar ¼ af launum til að sinna þessu verkefni. Ég held að það væri alveg lágmark að hann gæti einbeitt sér að þessu og hefði sæmilega starfsaðstöðu eða boðlega. Ég held að það megi ljóst vera. Ég óttast jafnvel að það hafi orðið afturför á þesum sviðum frá því sem var þegar áðurnefndur maður vann að prófverkefni sínu og hafði til þess styrkveitingar að ég held frá Rannsóknaráði og fleiri aðilum og gat með þeim kostað nokkrar tilraunir og ferðalög og haft tilraunareiti hér og þar á hálendi og láglendi. Út úr tilraunum hans komu nokkrar niðurstöður, en síðan finnst mér að hafi verulega á það skort að hann gæti fylgt þeim eftir sem skyldi eða aðrir lagt honum lið. Ég skora á hæstv. landbrh. að gera hér bragarbót.

Krabbameinslækningar, fsp. 116. mál (þskj. 143). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég sé að hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki hér í salnum svo að ég sé ástæðu til að bíða með að hefja mál mitt. (**Forseti:** Ég hygg að það verði aðeins augnablik því að hæstv. ráðh. hafði sérstaklega óskað eftir að þetta mál yrði tekið nú á dagskrá. Takið eftir, það er 9. dagskrármálið. Ég geri ráð fyrir að hann sjái um að vera hér viðstaddur og hafa verið gerðar ráðstafanir til að svo verði.)

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 143 að beina fsp. til heilbrrh. um krabbameinslækningar, hver séu áform ráðh. um framkvæmdahraða við svonefnda K-byggingu Landspítalans. Eins og hv. þm. vita hófst undirbúningur K-byggingar Landspítalans árið 1979. Í þeirri byggingu er áætlað að koma upp aðstöðu fyrir krabbameinslækningar og auk þess röntgendeild, rannsóknarstofu og skurðstofu. Fjöldi skurðaðgerða á

Landspítalanum er nú um 4 000 á ári og hefur fjölgað um 40% en aðstaða til skurðaðgerða hefur hins vegar lítið breyst síðustu tvo áratugi. Í grg. læknaráðs Landspítalans, sem þm. hafa fengið, er þó sérstaklega varað við afleiðingum þess fyrir krabbameinslækningar ef fer fram sem horfir að seinka verður öllum framkvæmdum við K-bygginguna, en útboðsgögn fyrir fyrsta hluta hennar, svokallaðan lagnagang, liggja nú fyrir.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1984 eru áætlaðar 2.3 millj. kr. til þessara framkvæmda en áætlað hafði verið að K-bygginguna væri hægt að taka í notkun í áföngum á árunum 1987—1991. Heildarkostnaður við bygginguna er rúmar 525 millj. kr. Til þess að halda áætluðum framkvæmdahraða hefði þurft a. m. k. 53 millj. kr. nú á fjárlögum í stað rúmlega 2 millj. sem ráð er fyrir gert. Er fyrirsjáanlegt, ef ekki á að veita meira fjármagni í bygginguna en nú er áætlað og gert hefur verið á undanförnum árum, að taka muni nokkuð marga áratugi að koma henni í notkun. Það er alveg ljóst að með því framlagi sem nú er áætlað munu framkvæmdir alveg stöðvast og útboð getur ekki farið fram eins og fyrirhugað var.

Í grg. læknaráðs er bent á að fyrirsjáanlegt sé að við óbreyttar aðstæður muni geislameðferð falla niður vegna úreltrar aðstöðu og senda verði krabbameinssjúklinga utan til lækninga. Samkvæmt viðtölum mínum við þá sem gerst þekkja munum við geta staðið frammi fyrir þessu vandamáli innan þriggja ára verði ekkert að gert.

Þetta eru vissulega aðvaranir sem okkur hv. alþm. ber að taka alvarlega. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum orðin 15—20 árum á eftir okkar nágrannaþjóðum í tækjabúnaði og allri aðstöðu til krabbameinslækninga. Allar okkar nágrannaþjóðir hafa til að mynda fyrir löngu tekið í notkun svonefndan línuhraðal sem er lífsnauðsynlegt tæki við nútímageislalækningar. Í Kaupmannahöfn einni saman eru nú 7 slík tæki í notkun. Eins og fram kemur í grg. læknaráðs Landspítalans þarf línuhraðall mjög miklar geislavarnir. Ekkert húsnæði uppfyllir nú þær geislavarnakröfur sem þarf fyrir slík tæki. Línuhraðallinn er mun nákvæmari í geislalækningum en það kóbalttæki sem hér er í notkun og hefur auk þess mun minni aukaverkanir.

Í grein eftir Guðmund S. Jónsson í 4. tbl. Heilbrigðismála frá 1982, þar sem dregnir eru fram kostir línuhraðals fram yfir kóbalttækið, segir m. a. með leyfi forseta:

„Með svo orkumikilli geislun er unnt að koma hærri geislaskammti en ella djúpt í vef, en um leið að hlífa húðinni, þar sem geislunin fer inn. Skaðleg áhrif geislunar á húð eru enn minni hér en við kóbaltgeislun vegna þess að hámarksgeislaskammtur liggur dýpra. Í stuttu máli er auðveldara að koma háum geislaskammti í djúpstæð æxli með meiri hlífð fyrir heilbrigða vefi í umhverfinu en gerist með öðrum tækjum."

Og síðar í grein sinni segir hann, með leyfi forseta:

„Því er unnt að miða nákvæmar og hitta betur með línuhraðli en kóbalttæki. Auk þess verður geislaskammtur í heilbrigðum vef umtalsvert minni."

Enn fremur kemur fram í umræddri grein Guðmundar 1982 að s. l. 5—7 ár hafi línuhraðall verið allsráðandi í geislameðferð víðast hvar í nágrannalöndum okkar og það sé ekki vansalaust fyrir Íslendinga að vera öllu lengur án slíks geislatækis, a. m. k. ekki ef þeir vilji telja sig veita krabbameinssjúklingum sambærilega meðferð við það sem gerist annars staðar. Talið er að af þeim sem þurfa á geislameðferð að halda vegna krabbameins þyrftu ⅔ hlutar á að halda þeirri geislameðferð sem fæst í línuhraðli, en geislameðferð kóbalttækisins mundi henta um ⅓ hluta hópsins. Ljóst er að ef senda þarf sjúklinga í geislameðferð í mjög verulegum mæli á næstu árum mun það hafa mikinn kostnað í för með sér.

Af öllu því sem ég hef hér rakið er ljóst að grípa verður til skjótra aðgerða til að hraða framkvæmdum við K-byggingu og því ekki forsvaranlegt, þrátt fyrir efnahagslega erfiðleika sem nú eru í þjóðfélaginu, að draga svo úr framkvæmdum við bygginguna eins og nú er fyrirhugað. Ég hef því, herra forseti, leyft mér að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbrmrh.:

„1) Hvernig hyggst heilbrmrh. bregðast við eftirfarandi ummælum í grg. stjórnar læknaráðs Landspítalans í nóv. 1983 um K-byggingu?"

„Ef ekki verður leyst úr vanda deildarinnar er fyrirsjáanlegt að geislameðferð mun falla niður vegna úreltrar aðstöðu. Krabbameinssjúklingar, sem síðast liðin ár hafa langflestir notið geislameðferðar á þessari deild Landspítalans, yrðu þá tilneyddir til að leita lækningar erlendis."

2) Hver eru áform heilbrmrh. um framkvæmdahraða við K-byggingu Landspítalans?"

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Sú grg. sem þm. vitnar hér til er ítrekun læknaráðs Landspítalans á nauðsyn þess að ekki dragist enn úr hömlu að K-bygging Landspítalans verði byggð. Af heilbrrn. hálfu hefur fyrir löngu verið tekin afstaða til þess að það sem brýnast væri að byggja af nýbyggingum á Landspítala væri K-bygging, og þá sá hluti hennar sem á að hýsa nýjan tækjabúnað fyrir krabbameinslækningar. Allt frá árinu 1978 hefur þessi bygging verið á forgangslista rn. og fé hefur verið veitt til hönnunar byggingarinnar af Alþingi síðan 1979. Svo sem fram kemur í svari við síðari spurningu þm. þá hefur hönnunarvinnu og öllum undirbúningi við K-byggingu Landspítalans verið hraðað svo sem verða má en framkvæmdir hafa ekki hafist vegna þess að Alþingi hefur ekki tekið ákvörðun um það. Við þær aðstæður sem nú ríkja hefur af hálfu heilbrrn. verið reynt að koma krabbameinslækningum í eins gott horf og auðið er við þær aðstæður sem upp á er að bjóða nú.

Síðan 1977 hefur verið þróað sérstakt göngudeildarkerfi fyrir krabbameinssjúklinga og á árinu 1980 fékkst bráðabirgðalausn á húsnæðisvanda þessarar göngudeildar í húsnæði Kvennadeildar Landspítalans. Á þessari göngudeild er fyrst og fremst sinnt almennri göngudeildarþjónustu og lyfjameðferð en jafnframt undirbúningi geislameðferðar. Frá byrjun var vitað að þetta húsnæði væri of lítið fyrir þessa starfsemi en þegar það var tekið í notkun ríkti bjartsýni um að áfram yrði haldið fyrirhugaðri byggingu yfir þessa starfsemi í K-byggingu Landspítalans.

Rn. er fyllilega ljóst að nútímageislameðferð verður ekki framkvæmd hér á landi fyrr en línuhraðall verður keyptur og hann kominn í not. Rn. hefur ekki talið að kóbalttæki Landspítalans væri úrelt og ónothæft, en hefur hins vegar vitað að það eitt fullnægði ekki nútímakröfum um geislalækningameðferð. Það er á valdi Alþingis að ákveða það hvenær nútímaleg með-

ferð í geislalækningum getur hafist hér á landi. Af hálfu heilbrrn. hafa undanfarin ár verið gerðar tillögur um að skapaðar yrðu aðstæður til þess að kaupa línuhraðal og koma honum fyrir. Alþingi hefur ekki treyst sér til að fallast á þær tillögur fram til þessa. Það er á valdi þeirra lækna sem ákveða um meðferð hvort kóbalttæki Landspítalans verður notað til geislalækninga og það er á valdi Alþingis að ákveða hvort fé verður veitt til þess að greiða fyrir ferðir sjúklinga til útlanda vegna krabbameinsmeðferðar eða endurgreiða kostnað sem þeir yrðu fyrir vegna slíkrar meðferðar.

Ég tel rétt að segja hér frá því að á árinu 1979 fóru 28 sjúklingar utan til lækninga vegna illkynja sjúkdóms eða gruns um illkynja sjúkdóm og nam kostnaður það ár 406.5 millj. kr. Árið 1980 fóru 46 sjúklingar utan, sem Tryggingastofnunin og sjúkrasamlög báru kostnað af, og nam kostnaður 877 þús. kr. Árið 1981 fóru 37 sjúklingar utan og nam kostnaðurinn 1 208 þús. kr., 1982 fóru 19 sjúklingar utan og nam kostnaður 2 552 þús. kr. og til 28. nóv. á þessu ári hafa 14 sjúklingar farið utan og nam kostnaður 5 585 þús. kr.

Vegna síðari spurningarinnar verður að minna á að bygging sú sem nefnd hefur verið K-bygging Landspítalans hefur verið í hönnun síðustu 4—5 árin. Tilgangurinn með þessari byggingu er sá að skapa aðstöðu fyrir krabbameinslækningar, þ. e. ísótópastofu, rannsóknarstofur í meinaefnafræði og blóðmeinafræði, rannsóknarstofur í röntgengreiningu, skurðstofur og gjörgæsludeild. Hönnun var það langt komin á árinu 1981 að við gerð fjárlagatillagna fyrir árið 1982 var lögð fram mjög sundurliðuð áætlun um byggingarframkvæmdir sem þá var afhent fjvn. og alþm. höfðu aðgang að. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir að á árabilinu 1982—1990 yrði byggingunni að fullu lokið, en gert ráð fyrir ákveðnum áfangaskiptum þannig að á árinu 1986 yrði tilbúið rými fyrir krabbameinslækningar og ísótópastofu, árið 1987 rými fyrir meinaefna- og blóðmeinarannsóknir, árið 1988 aðstaða fyrir skurðstofur, en að byggingunni yrði að fullu lokið með tengigöngum á árinu 1990.

Á hverju ári síðan hafa tillögur um þessa byggingu legið fyrir við gerð fjárlaga nokkurn veginn óbreyttar, en Alþingi hefur ekki tekið afstöðu til þess hvenær framkvæmdir skyldu hefjast. Þegar fjárlagatillögur rn. vegna ársins 1984 voru sendar til fjárlaga- og hagsýslustofnunar á s. l. vori hafði mér ekki gefist tími til að endurskoða fyrri tillögur um K-byggingu og mótuðust því till. rn. þá af fyrri till.

Á þessu hausti hafa farið fram miklar viðræður um framgang þessa máls. Formaður yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, Hallgrímur Snorrason, hefur átt ítrekaðar viðræður við mig um málið og sérstaklega hefur verið kannað hvort áfangaskipting sú sem áður var lögð til grundvallar væri skynsamleg. Sérstaklega hefur verið á það litið hvort hægt væri að byrja framkvæmdirnar þannig að skapa mætti aðstöðu fyrir krabbameinslækningar og þá sérstaklega að hýsa það krabbameinslækningatæki, þ. e. línuhraðal, sem ekki er til hér á landi og talið er nauðsynlegt til að krabbameinslækningar hér geti samsvarað því besta sem gerist í heiminum í dag. Í þeim áætlunum sem ég minntist á áður og liggja fyrir sem framreikningur þeirra áætlana sem gerðar hafa verið undanfarin ár er gert ráð fyrir að nýtanlegt flatarmál K-byggingar verði 8 000 m^2 en af þeirri byggingu fái krabbameinslækningadeild 2 000 m^2. Áætlanirnar gerðu ráð fyrir að hægt yrði að byggja húsið á árunum 1983—1991 og að byggingarkostnaður yrði 261 millj., en búnaður er áætlaður 203 millj. Heildarkostnaður við bygginguna var því talinn 460—470 millj. kr.

Nú er fyrirsjáanlegt að framkvæmdir hefjast ekki á þessu ári og að öllum óbreyttum aðstæðum mundi byggingartíma seinka um eitt ár. Yrði tekin ákvörðun nú um að hefjast handa væri hægt að byggja húsið á árabilinu 1984—1992. Þessi byggingarhraði þýðir að það þyrfti að leggja til 52 millj. kr. á ári í bygginguna. Öll útboðsgögn til að hefja verkið eru til og yrði þessi áætlun að veruleika yrði hægt að taka krabbameinslækningadeild í notkun um áramótin 1989—1990. Það er hægt að stytta þennan byggingartíma með örari fjárveitingum og þá yrði hægt að taka krabbameinslækningadeildina í notkun 1—2 árum fyrr en þessar áætlanir greina frá.

Í nýrri skýrslu yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð til mín, sem dags. er 1. des., er gerð sérstök grein fyrir athugun á staðsetningu krabbameinslækninga og mögulegum kostum við framkvæmdir á K-byggingu Landspítala. Jafnframt þessari skýrslu var send skýrsla Jörgen K. Nielsen, sem er danskur ráðgefandi verkfræðingur sem hefur verið yfirstjórn mannvirkjagerðar til ráðgjafar í sambandi við tæknileg vandamál við þessa byggingu.

Í þessari nýju skýrslu yfirstjórnar er talið skynsamlegt að hverfa frá þeirri áætlun um áfangaskiptingu sem áður hafði verið ráðgerð og talið að í stað þess að byrja á framkvæmdum við lagnagang sem talið hefur verið forsenda þess að byrja á byggingunni sé hægt að byrja á jarðvinnu við vesturenda og byrja á því að steypa upp húsið frá vesturgafli. Með þessum byggingarmáta yrði hægt að innrétta krabbameinslækningadeild að hluta þannig að starfsemi gæti hafist þar, síðara stig yrði síðan að fullgera lagnagang og grafa út eystri hluta hússins. Með þessari framkvæmdaröð er talið að krabbameinslækningadeild gæti komist í not fyrr en ella.

Þessi skýrsla sem hér er greint frá er, svo sem sagt var, nýkomin til rn. og hefur ekki verið tekin afstaða til hennar þannig að svarið við spurningunni: „Hver eru áform heilbrmrh. um framkvæmdahraða við K-bygginga Landspítalans?“ er það að þær till. sem sendar voru frá rn. á s. l. vori og ég hef lýst hér eru enn í fullu gildi en athuganir fara fram á því hvort skynsamlegt er að endurskoða þær með tilliti til þess sem ég hef áður sagt.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóðan og upplýsandi málflutning. Það að ég fer hér í ræðustól er vegna þess að ég hef, kannske meira og minna óvart, fylgst með þessu máli undanfarin ár vegna starfa minna á öðrum vettvangi og hef fylgst með ákveðnum þætti þess af allmiklum áhuga vegna þess að sú stofnun sem staðið hefur að vinnu þessa verkefnis, þ. e. húsameistaraembætti ríkisins, hefur verið ákveðinn þyrnir í mínum augum.

Ég held að ef maður skoðar hönnunarsögu þessarar byggingar geti maður staðið frammi fyrir dálítið undarlegri spurningu, sem sé spurningu um gagnkvæma ábyrgð ráðuneyta. Húsameistaraembætti ríkisins heyrir undir forsrn. og ef segja á í stuttu máli hvernig það hefur staðið að þessu verki þá held ég að ég taki ekki of

stórt upp í mig með því að segja að það hefur gert það mjög illa. Staðreynd er að auðvitað hefur Alþingi ekki enn tekið afgerandi afstöðu til þessarar byggingar. En staðreynd er einnig að byggingin hefur heldur ekki í raun og veru átt rétt á því, þ. e. að tekin væri afstaða til hönnunar hennar, vegna þess að það er ekki fyrr en nú undir það allra síðasta að byggingin var komin í það horf að raunverulega væri hægt að standa að þeirri framkvæmd. Og þar sem við annan enda borðsins situr heilbr.- og trmrh. en við hinn enda borðsins sá sem kalla mætti seljanda umræddrar þjónustu, forsrh., þá álít ég að hér geti að mínu mati hreint og beint verið um gagnkvæma ábyrgð að ræða. Ber forsrn. ekki ábyrgð á þeim töfum sem orðið hafa á þessari framkvæmd? Tilfellið er að þó að Alþingi hefði veitt fé til byggingarinnar, þá var ekki hægt að byrja framkvæmd hennar. Það varð að taka upp hönnunarvinnuna, a. m. k. einu sinni ef ekki í tvígang, gjörsamlega frá grunni vegna þess að svo slælega hafði verið staðið að henni. Þetta tel ég með öðrum fordæmum — (Forseti hringir.) Herra forseti, ég lýk máli mínu nú. Þetta tel ég með öðrum fordæmum næga ástæðu til að gera það að tillögu minni að leggja þetta gjörsamlega óþarfa embætti niður með öllu.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd Kvennalistans eindregið ítreka mikilvægi þessa máls. Bæði er að tíðni illkynja sjúkdóma er há og fer vaxandi í nútíma þjóðfélagi og líka að meðferð slíkra sjúkdóma hefur sem betur fer tekið miklum framförum og veitir nú fjölda manns verulegan eða varanlegan bata sem áður áttu sér litla eða enga lífsvon. Með tilliti til þess hve algengir illkynja sjúkdómar eru í nútíma þjóðfélagi er nauðsyn hinnar bestu meðferðar sem völ er á mjög brýn. Þetta finnur hver best þegar höggvið er í hans eigin knérunn. Vil ég leggja áherslu á að þetta er eitt af þeim verkefnum sem ættu að hafa forgang.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. svör hans. Ég veit að hann hefur lagt sig fram í þessu máli og er áfram um framgang þess. Hann segir að vísu réttilega að málið sé nú í höndum Alþingis en ég teldi þó að það skipti verulegu máli upp á framgang þess nú að ríkisstj. sjálf sé jákvæð fyrir því að sú breyting eigi sér stað við gerð fjárlaga að hækkað verði framlag til þessarar byggingar. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að ríkisstj. beiti sér fyrir því að þetta framlag verði hækkað.

Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. vegna þess að hann er hér. Hérna sjáum við í fjárlagafrv. þessa tölu, 2.3 millj., sem ljóst er að ekki er hægt að hefja framkvæmdir fyrir á næsta ári ef þetta framlag verður ekki hækkað. Ég vildi því gjarnan heyra skoðanir hæstv. fjmrh. á því hvort ríkisstj. muni beita sér fyrir því við fjvn. og við afgreiðslu málsins á þingi að þetta framlag verði hækkað.

Málið er svo alvarlegt að það verður að grípa til skjótra úrræða. Við getum tekið sem dæmi að á árinu 1982 var fjöldi þeirra sem þurftu á geislameðferð að halda 289 manns. Því er haldið fram að helmingur eða jafnvel ⅔ þeirra sem þurfi á geislameðferð að halda þurfi á að halda þeirri geislameðferð sem fæst í þessum línuhraðal, sem ekki er fyrir hendi en staðsetja á í K-byggingunni.

Mér hefur ekki gefist tími til að skoða þær tölur sem hæstv. ráðh. kom fram með hér um fjölda þeirra sem hafa verið sendir utan á undanförnum árum og kostnað við það, en samkvæmt þeim tölum sem ég hef fengið upp gefnar hjá Tryggingastofnuninni var meðalkostnaður vegna fjögurra sjúklinga, sem sendir voru utan á þessu ári og þurftu á innlögn að halda vegna geislameðferðar frá 17 upp í 43 daga, meðalkostnaður á hvern þessara fjögurra sjúklinga varð tæplega 440 þús. kr. Ef á næstu árum þarf í auknum mæli að senda krabbameinssjúklinga til útlanda mun þessi kostnaður margfaldast. Ef við einungis tökum t. d. helming af þessum 289 sjúklingum sem geislameðferð fengu á s. l. ári, en talað er um að helmingur til ⅔ hlutar sjúklinga þurfi á meðferð í línuhraðal að halda, þá yrði hér um að ræða kostnað sem nemur á ári miðað við núverandi verðlag um 63—64 millj. kr. Er það rúmlega sú upphæð sem farið er fram á í K-bygginguna á næsta ári. Það er auðvitað ljóst að spara verður í þjóðfélaginu en ég tel að lítill sparnaður sé í að halda aftur af framkvæmdum við K-bygginguna.

Við skulum frekar líta á aðra hluti sem má spara. Við getum tekið til samanburðar við þessa tölu, 53 millj., sem farið er fram á á næsta ári í K-bygginguna, að samanlagt eyddum við á s. l. ári 54 millj. í utanferðir á vegum rn. og stofnana, á þessu og síðasta ári eyddum við svipaðri upphæð í algjörlega óþarfa útþenslu í bankakerfinu og þannig mætti áfram telja. Ég spyr: Væri ekki nær að spara á þessum eða öðrum sviðum en beina frekar fjármagni í þá lífsnauðsynlegu framkvæmd sem K-byggingin er? Hér er ekki um svo óheyrilegt fjármagn að ræða til að koma á viðunandi aðstöðu krabbameinslækninga að ekki ætti að vera hægt að ná samstöðu um það hér á hv. Alþingi. Mætti benda á ýmsa liði í fjárlögum sem fremur þyldu bið en þessi brýna framkvæmd.

Ég vil líka benda á að sérfræðingur frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, sem hér var á ferð, benti á að línuhraðallinn til krabbameinslækninga ætti að hans mati að vera algjört forgangsverkefni hér á sviði heilbrigðismála. Að öllu þessu athuguðu vara ég við því ef sú verður raunin á nú við afgreiðslu fjárlaga að ekki verði hægt að hefja framkvæmdir við K-bygginguna. Ég tel algjört lágmark að veittar verði a. m. k. 16—17 millj. kr. sem þarf til þess að útboð geti farið fram á þessum tengigangi..

En ég fagna því að ráðh. er með þessi mál í athugun og ég treysti því að hann muni beita sér eftir því sem hann getur fyrir því að þetta framlag verði hækkað þegar við fáum fjárlagafrv. aftur til meðferðar eftir afgreiðslu úr fjvn. Ég beindi einni ákveðinni spurningu til hæstv. fjmrh. sem ég vænti að hann svari hér við þessa umr., því það er auðvitað brýnt að fá einnig fram hans afstöðu í þessu máli, hvort hann muni beita sér fyrir hækkun nú við afgreiðslu fjárlaganna.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég tók það fram í haust þegar hér var til umr. fsp. varðandi hjartaskurðlækningar að ég hefði mun meiri áhyggjur af krabbameinslækningunum. Hins vegar er mér ljúft að segja frá því hér að náðst hefur samkomulag um að fé verði veitt til rannsóknarstarfsemi í sambandi við hjartasjúkdóma. Það kemur fram í tillögum fjvn. eins og síðar verður skýrt frá.

Þegar við tölum alltaf um forgangsverkefni verðum við að hafa í huga hversu Alþingi markaði hér stefnu með setningu laga um heilbrigðisþjónustu 1973. Þau lög tóku gildi 1. jan. 1974. Þá hafði ríkisstj. sem þá sat tekið ákvörðun um viðamiklar framkvæmdir í sjúkrahúskerfinu, bæði hér í Reykjavík og utan Reykjavíkur, upp á nokkra milljarða gkr. á verðgildi þess tíma:

Í þeim lögum er gert ráð fyrir að landsbyggðin njóti forgangs í uppbyggingu heilsugæslukerfis. Það var lagt undir mjög viðamikið verkefni, langt umfram það sem fjárhagsgeta eða réttara sagt möguleikar ríkisstj., allra ríkisstjórna á þessu tímabili, leyfðu. Af þeim sökum hafa safnast saman verkefni sem hafa beðið miklu lengur en menn hefðu kosið.

Sömuleiðis eru þá, ef við einblínum aðeins á Landspítalann eða ríkisspítalana, gerðar till. um framkvæmdir þar. Það er tekin ákvörðun um byggingu geðdeildar að mig minnir á árinu 1972. Þar með eru mörkuð fjárframlög til þeirrar ákveðnu starfsemi í æðilangan tíma. Enn er sú framkvæmd, þó að hún sé langt komin, ekki að öllu leyti búin.

Þannig höfum við tekið ákvarðanir æði langt fram í tímann og þrátt fyrir afar erfiða stöðu til fjárveitinga hefur heilbrigðisþátturinn ekki verið látinn eftir liggja. Eigi að síður tek ég allshugar undir orð hv. fyrirspyrjanda og þeirra annarra sem hér hafa talað, að á þessu liggur mikið. Ég vil skoða þennan nýja möguleika sem kemur fram í till. hins danska ráðgjafarverkfræðings, sem ég álít við fyrstu yfirsýn vera athyglisverða og þess virði að við leggjum hana niður fyrir okkur, bæði í rn., við þá nefnd sem sér um mannvirkin á Landspítalalóðinni og í nánu samstarfi við krabbameinslækna sem hafa best vit á þessu máli. Í framhaldi af því verðum við svo að vinna. Það er dýr grunnur en ef við getum liðað þessar framkvæmdir niður með líkum hætti og þessi danski ráðgjafarverkfræðingur gerir ráð fyrir, þá verður málið mun auðveldara og þessi þáttur, K-byggingin, kemst þá fyrr í höfn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hæstv. heilbrrh. sagði hér áðan, að auðvitað hafa þær framkvæmdir sem ákveðnar hafa verið í heilbrigðismálum á liðnum árum, t. d. geðdeildarbyggingin og bygging 7 á Landspítalalóðinni, tekið til sín mjög verulega fjármuni og ýtt út af dagskránni öðrum verkefnum sem hafa verið og eru brýn. Mér finnst rétt að rifja það hér upp að þegar ákvörðun var tekin um byggingu 7 á sínum tíma á Landspítalalóðinni þá voru ekki allir alþm., sem að því stóðu, sammála um að rétt væri að taka þá byggingu fram yfir K-bygginguna. Hins vegar verða menn að horfast í augu við það, úr því að þessi ákvörðun var tekin um byggingu 7, að það hlaut að þýða seinkun K-byggingarinnar. Það hlaut að þýða seinkun K-byggingarinnar nema Alþingi væri tilbúið til þess að veita stórauknu fjármagni til framkvæmda á Landspítalalóðinni.

Ég held hins vegar að það sé um það mjög rík samstaða hér á hv. Alþingi, mér hefur skilist það á þessum umr. og á máli hæstv. heilbrrh., að næsta meginframkvæmd í heilbrigðismálum hér á landi hljóti að vera K-byggingin. Það er afstaða sem þegar liggur fyrir og var mörkuð af heilbrrn. fyrir nokkrum árum. Ég skildi hæstv. heilbrrh. svo að hann vilji fylgja þeirri stefnumótun. Hins vegar er nauðsynlegt, eins og hann benti á, að reyna að finna leið til að taka K-bygginguna á framkvæmdalistann í viðráðanlegum áföngum. Og mér skilst að sú hugmynd sem nú liggur fyrir heilbrrn. geri ráð fyrir því að þetta verði unnt með auðveldari hætti en virtist vera kleift á sínum tíma. Þá var hér um að ræða framkvæmd sem hefði tekið svo stóran hluta af framkvæmdafjármagni heilbrigðismála að fjvn. og Alþingi töldu það í rauninni útilokað að koma til móts við þær hugmyndir eins og þær lágu þá fyrir. Þess vegna fagna ég því ef mögulegt er að taka þetta í viðráðanlegri áföngum. Ég vil láta þá afstöðu mína koma fram að ég tel að K-byggingin eigi að vera næsta meginverkefni í heilbrigðismálum á Íslandi, næsta stórverkefni.

Námsgagnastofnun, fsp. 113. mál (þskj. 140). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Skólar eru meðal stærstu og fjölmennustu vinnustaða í landi okkar sem kunnugt er. Þar stunda nú um 65 þús. nemendur nám hjá um 5 þús. kennurum. Þar af eru nemendur grunnskóla röskur helmingur eða um 37 þús. og þar af 33 þúsund í skyldunámi. Ramma skólastarfsins myndar húsnæði og þau námsgögn sem kennarar og nemendur hafa við að styðjast. Í lögum um Námsgagnastofnun frá 16. maí 1979 segir m. a. í 1. gr.:

„Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum og fullkomnustum náms- og kennslugögnum. Uppeldis- og kennslufræðileg markmið Námsgagnastofnunar eru í samræmi við 2. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla."

Í þeirri grein grunnskólalaganna, sem hér er vitnað til, segir m. a.

„Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra."

Í 2. gr. laga um Námsgagnastofnun segir:

„Námsgagnastofnun annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hvers konar námsgagna og kennslutækja, fylgist með nýjungum á því sviði og kynnir þær.

Stofnunin skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í skólastarfi á vegum menntmrn., við fræðsluskrifstofur, svo og Kennaraháskóla Íslands og aðrar stofnanir sem veita kennaramenntun."

Þá gera lögin samkvæmt 8. gr. ráð fyrir að Námsgagnastofnun geri áætlun til allt að fimm ára um útgáfu náms- og kennslugagna og endurskoðist hún árlega.

Nú er fjárhagsstaða Námsgagnastofnunar þannig, að stefnir í algert óefni með tilliti til fyrirhugaðra fjárveitinga samkvæmt fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Í fréttabréfi Námsgagnastofnunar, sem út kom í síðasta mánuði og sent hefur verið þingflokkum, er að finna samþykkt stjórnar stofnunarinnar frá 29. sept. s. l. þar sem vakin er athygli á þeirri afar alvarlegu stöðu sem upp er komin hjá skólunum sem stofnunin á að þjóna lögum samkvæmt. Áætlun Námsgagnastofnunar fyrir yfirstandandi ár gerði ráð fyrir útgáfu á 295 námsgögnum eða titlum, en þar af var frestað útgáfu á 139 verkum til næsta árs. Orðrétt segir í bókun stjórnar

Námsgagnastofnunar frá 29. sept. s. l.:

„Í lok september voru u. þ. b. 150 titlar ekki til á lager af þeim 750 sem eru nafngreindir í kynningarskrá stofnunarinnar og þá lágu fyrir pantanir á u. þ. b. 50 þúsund eintökum af þessum titlum. Allt það efni sem ólokið er mun bætast á útgáfuáætlun 1984. Að mati námsgagnastjórnar eru hér að gerast alvarlegir hlutir, sem þegar hafa haft neikvæð áhrif á starfið í grunnskólum landsins, því skólastarfið byggist fyrst og fremst á þeim gögnum sem nemendur og kennarar hafa handa á milli á hverjum tíma. Nýtt námsefni á undir högg að sækja og stofnunin getur ekki nægilega endurnýjað lager sinn af efni sem skólarnir þurfa á að halda. Vandanum er velt áfram, verkefni hlaðast upp og gerð langtímaáætlana um útgáfu námsgagna er óframkvæmanleg í þeirri óvissu sem stofnunin býr við."

Einnig segir: „Það er skoðun námsgagnastjórnar, að þær fjárhæðir sem á vantar til að gera útgáfu námsgagna sæmileg skil séu lágar í samanburði við heildarútgjöld til fræðslumála. Á lokafundi fyrstu stjórnar Námsgagnastofnunar vill hún með bókun þessari koma á framfæri áhyggjum sínum af þróun mála og beinir þeirri eindregnu áskorun til menntmrh. að fundin verði frambúðarlausn á fjárhagsvanda Námsgagnastofnunar svo tryggt verði að hún geti sinnt verkefnum sínum lögum samkvæmt."

Áætlun Námsgagnastofnunar fyrir árið 1984 gerir ráð fyrir um 56 millj. kr. útgjöldum á næsta ári, en talan í fjárlagafrv. er tæpar 30 milljónir eða næstum helmingi lægri en áætlun stofnunarinnar gerir ráð fyrir. Þessi upphæð svarar aðeins til um 800 til 900 kr. á hvern nemanda í grunnskóla og skyldunámi, en þyrfti að vera 1 600 til 1 700 kr. á nemanda ef standa ætti við áætlun stofnunarinnar og beiðni um fjárveitingar.

Í fréttabréfi Námsgagnastofnunar segir Ásgeir Guðmundsson námsgagnastjóri eftirfarandi varðandi fjárlagafrv., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef afgreiðsla Alþingis á frv. verður með þeim hætti, sem þar er lagt til, fer ekki milli mála að útgáfa Námsgagnastofnunar mun miðast að mestu við endurprentanir og nýtt námsefni verður látið bíða."

Skólamálaráð Kennarasambands Íslands hefur með bréfi þann 17. nóvember s. l. til fjvn. og þingflokka tekið undir áhyggjur og erindi stjórnar og forstjóra Námsgagnastofnunar. Í bréfi skólamálaráðs kemur fram að ráðið telur ljóst að stórminnkuð framlög til stofnunarinnar muni hafa afgerandi áhrif á skólastarf í landinu og því skorar skólamálaráð kennarasambandsins á fjvn. og þingflokka að taka þessi mál til endurskoðunar þannig að úrbætur fáist við afgreiðslu fjárlaga.

Herra forseti. Lög um Námsgagnastofnun voru framfaraspor í framhaldi af setningu laga um grunnskóla. Starfsmenn stofnunarinnar hafa unnið mikið og að því er virðist mjög gott starf við á ýmsa lund erfiðar aðstæður og starfsemi kennslumiðstöðvar Námsgagnastofnunar nýtur mikillar og verðskuldaðrar viðurkenningar skólamanna. Hið sama gildir um þá aðila er vinna að undirbúningi námsefnis og námsskrárgerð fyrir grunnskóla á vegum menntmrn. Það skiptir sköpum fyrir skólastarfið í landinu að hægt sé að hafa fyrirliggjandi fjölbreytt námsgögn, er svari kröfum nútíðar, og það skiptir meginmáli að skólarnir geti treyst á áætlanir um að útgáfa námsgagnanna standist. Vöntun á námsgögnum í byrjun skólaárs leiðir ekki aðeins til óvissu og tímasóunar í starfi skólanna, heldur skapast af því mikill kostnaðarauki þar sem reynt er að bjarga í horn með fjölföldun efnis í skólanum sjálfum. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu.

Nemendur skólanna, börnin, svo og kennarar þeirra eru þolendur þessara aðstæðna. Það er Alþingis sem fjárveitingavalds að tryggja að Námsgagnastofnun geti rækt lögboðið hlutverk sitt, en stefnumörkunin er í höndum rn. og ríkisstj. á hverjum tíma. Því hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvaða horfur eru á að Námsgagnastofnun geti fullnægt þörfum skólanna fyrir námsgögn á næstunni og sinnt lögboðnu hlutverki sínu með tilliti til fjárveitinga samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1984?"

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Sá vandi sem hér er spurt um er árviss í sölum Alþingis. Að þessu sinni lítur málið svo út, að samkvæmt frv. til fjárlaga ársins 1984 eru liðlega 28 milljónir ætlaðar til Námsgagnastofnunar. Sú fjárhæð er eingöngu framreiknuð fjárveiting fyrra árs eða um 50% hækkun. Með þeirri fjárveitingu er ljóst að Námsgagnastofnun getur ekki nema að takmörkuðu leyti sinnt lögboðnu hlutverki sínu. Námsgagnastofnun hefur óskað eftir allt að helmingi hærri fjárveitingu en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. næsta árs, en í þeirri beiðni er óskað eftir verulegri aukningu í starfsmannahaldi, auknu fjármagni til útgáfu og til stofnkostnaðar framkvæmda í því skyni að koma á aukinni hagræðingu í rekstri stofnunarinnar þegar til lengri tíma er litið, en mestu veldur þó uppsafnaður vandi stofnunarinnar sem stafar af ónógum fjárveitingum á síðustu árum.

Ég vil um þessi tvö atriði fara nokkrum orðum nánar.

Þegar talað er um aukna hagræðingu í rekstri stofnunarinnar ef til lengri tíma er litið, þá vil ég geta þess að nú er u. þ. b. að ljúka störfum nefnd sem sérstaklega hefur unnið að tillögugerð um lausn á fjárhagsvanda Námsgagnastofnunar. Tillögur hennar munu liggja fyrir nú á næstu dögum. Samkv. þeim er m. a. gert ráð fyrir auknum verkefnum Námsgagnastofnunar, sem er fyrst og fremst fólgið í því að námsefnisgerð flyst í verulegum mæli frá skólarannsóknadeild í Námsgagnastofnun. Það þýðir vitanlega aukna þörf á húsnæði og annað skipulag á mannafla. Enn fremur eru í þessu sambandi enn á ný uppi till. um að flýta frágangi húsnæðisins að Laugavegi 166, í Víðishúsinu, og það er einn liður í lausn þessa vanda.

Mestu valda um þennan vanda þær uppsöfnuðu skuldbindingar sem stafa af ónógum fjárveitingum liðinna ára. Til þess að veita hv. þm. innsýn í það vil ég leyfa mér að lesa lítið bréf til eins af forverum mínum, sem námsgagnastjóri sendi mér fyrir nokkrum dögum, en þar segir m. a., í bréfi sem dagsett er 10. september 1980, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég leyfi mér að benda á nokkur grundvallaratriði, ef takast á að hrinda verkefnum stofnunarinnar í framkvæmd.

1. Tryggja verður fjárhag stofnunarinnar, en áður hefur verið gerð ítarleg grein fyrir fjárhagsstöðu.

2. Stefnt hefur verið að því undanfarin ár að stofnunin fengi til afnota hluta af húsinu Laugavegur 166, en vegna óvissu um húseignina hafa stjórnvöld stöðvað

framkvæmdir við lagfæringu á húsinu og frágang.

Ég tel að nú þegar verði að taka endanlega ákvörðun um framtíð hússins svo hægt sé að hefjast handa um uppbyggingu Námsgagnastofnunar."

Hér lýkur tilvitnun, herra forseti, en segja má að málið standi þannig í dag að nákvæmlega sams konar yfirlýsingar eigi við nú og settar voru fram 1980.

Það þarf því verulegt átak til að koma þessum málum í það lag sem þarf. Það er nú unnið að áætlun um húsnæði og mannaflaþörf, jafnframt því sem unnið er að hagkvæmnisathugun í tengslum við aukna tæknivæðingu, svo sem tölvunotkun í þágu stofnunarinnar, úttekt á lager og fleira. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu verði að mestu lokið einnig nú á næstu dögum.

Öllum aðilum sem um þetta mál hafa fjallað er ljóst að úrbóta er þörf í fjármálum stofnunarinnar, en sá vandi er tvíþættur. Það verður annars vegar að leysa þann vanda til skamms tíma, gera stofnuninni kleift að sinna útgáfu nauðsynlegra námsgagna næsta ár, þannig að hið langvarandi fjársvelti bitni ekki á almennu skólastarfi í landinu. Mér er kunnugt um að á þessu er fullur skilningur í fjvn. og ég er þess fullviss að fjárveiting til stofnunarinnar mun hækka nokkuð í meðförum Alþingis. Hins vegar stendur eftir sá vandi sem snýr að áframhaldandi uppbyggingu stofnunarinnar og því að tryggja henni öruggan fjárhagsgrundvöll. Um þau mál tel ég ekki rétt að fjölyrða á þessu stigi málsins, en ekki er ólíklegt að þau komi til frekari umfjöllunar síðar.

Ég tel að á þessu stigi sé ekki ástæða til að fjalla frekar um þetta mál, sem þó er stórt og viðamikið og fyllsta ástæða til að taka til nánari athugunar fljótlega og ekki síst þegar nál., sem ég hef getið um, liggja fyrir með formlegum hætti.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég hef haft tækifæri til að kynna mér starfsemi og rekstur Námsgagnastofnunar og tel ég hvoru tveggja vera til fyrirmyndar. Í fáum ríkisstofnunum held ég að menn sinni störfum sínum af jafnmiklum áhuga og framsækni og í þeirri stofnun. Eins og hér hefur komið fram gegnir þessi stofnun undirstöðuhlutverki í íslensku samfélagi. Hún leggur uppvaxandi kynslóð til þau gögn sem skólun hennar byggir á. Starfsemi hennar er því veigamikill þáttur í aðbúnaði barna hér á landi, en fleira er aðbúnaður en fæði og húsaskjól, eins og hv. þm. er vitaskuld kunnugt um. Í börnunum okkar felst framtíð lands og þjóðar og það er undarleg þjóð sem sparar í aðbúnaði barna sinna því þar með er hún að vega að eigin lífsuppsprettu. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. menntmrh., hvort hún út frá þessu telji verjanlegt að skammta Námsgagnastofnun svo naumt að hún geti ekki gegnt hinu veigamikla hlutverki sínu, eins og nú eru horfur á.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Það er allt gott að segja um það að hæstv. menntmrh. hefur skilning á fjárþörf stofnunarinnar og sér þá þörf sem þar er um að ræða, en ég hjó eftir því og varð fremur illt við þegar ég heyrði að það væri árviss atburður hér og þáttur í störfum Alþingis að spurt væri um þetta. Er auðvitað um að ræða forkastanleg vinnubrögð og vítavert kæruleysi stjórnvalda undanfarna áratugi ef þetta er rétt, því að hlutverk þessarar stofnunar, eins og fram hefur komið og nafnið bendir til, er að sjá skólunum fyrir námsefni og námsgögnum.

Svo sem fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarnar vikur í umræðum um kennslu í Íslandssögu hefur ekki verið unnt að framfylgja þeirri kennsluáætlun sem átt hefur að framfylgja vegna skorts á kennslugögnum í eldri árgöngum grunnskólabekkjanna. Það hefur einungis legið fyrir námsefni fyrir yngstu bekki grunnskólans í þeirri kennslugrein. Þetta er aðeins eitt af fjölmörgum dæmum og gerir kennurum mjög erfitt um vik. Þeir þurfa að nota mikið af undirbúningstíma sínum til þess jafnvel að laga námsefni til næsta dags, þar sem ekki er til neitt slíkt. Þá vil ég einnig benda á þann þátt, sem lítið hefur verið rætt um í þessu sambandi, og það er þegar börn flytjast milli landshluta og/eða skóla, hversu erfitt er þá að aðlagast nýjum kennsluaðferðum þegar ekki hefur verið til kennsluefni í greininni og hefur verið reynt að laga það á staðnum vegna skorts á umræddum gögnum.

Það er alveg einsýnt og þarf ekkert að tíunda mikilvægi þess að fyrir hendi séu næg, nútímaleg og góð kennslugögn til að mæta breyttum kennsluháttum og þeim kröfum sem gerðar eru til kennara um að sinna fræðslu. Það er alveg ótrúlegt að kennurum skuli nánast vera ætlað að útbúa kennslugögn og það jafnvel í eigin frítíma, en í mörgum tilfellum er svo í raun. Það getur haft afdrifaríkar afleiðingar. Ég vil benda á að ef Námsgagnastofnun verður ekki kleift að sinna lögboðnu hlutverki sínu erum við í vanda stödd í framtíðinni.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að færa þetta mál inn í þingsali, því ljóst er að þessi þáttur skólamála, sem er útgáfa námsefnis, hefur verið í miklu fjársvelti á undanförnum árum og við þurfum virkilega að gera átak til að efla að nýju þá starfsemi. Ég vil líka fagna því sem fram kom í máli hæstv. menntmrh., en hún lét í ljós að hún væri sannfærð um að till. sem fram koma í fjárlagafrv. yrðu hækkaðar í meðförum Alþingis, og þykist ég þess fullviss að hún muni fylgja því fast eftir að fjárveiting verði hækkuð til stofnunarinnar.

En ég vil nota þetta tækifæri og spyrja, hvort hæstv. menntmrh. hafi kynnt sér nál. og till. nefndar sem fyrrv. menntmrh. skipaði til að vera ráðgefandi um gerð og útgáfu kennslugagna fyrir nemendur með sérþarfir á grunnskólastigi, og þá í framhaldi af því, hvort hæstv. menntmrh. hyggist móta stefnu í útgáfu sérkennslugagna á næstu árum. Því vil ég leita eftir því nú, hvort hæstv. menntmrh. geti gefið þingheimi upplýsingar um það og svar við því, hvort hún hyggist móta stefnu í útgáfu sérkennslugagna í samræmi við þær tillögur sem sú nefnd lagði til sem fyrrv. menntmrh. skipaði 27. janúar 1982 til að gera tillögur um gerð og útgáfu sérkennslugagna, og vænti ég þess fastlega að hæstv. menntmrh. svari þessari spurningu minni því það eru ekki síður sérkennslugögnin sem ég hef áhyggjur af en gerð annars námsefnis fyrir skólana.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það hefur orðið vart við gagnrýni á námsefni í skólum um árabil. Slík gagnrýni kemur reglulega upp í þjóðfélaginu. Ég býst við því, að þegar grannt er skoðað sé nokkuð ruglað saman námsefni fyrir grunnskóla og námsefni fyrir framhalds-

skóla því þegar að er gáð og kannað er hvað gagnrýnt er á sú gagnrýni ekki við það námsefni sem Námsgagnastofnun sinnir útgáfu á fyrir grunnskólana. Það er mun meira gagnrýnt námsefni framhaldsskólanna. Mér þótti rétt að þetta kæmi fram hér.

Það er ástæða til að taka undir þá umr. sem hér hefur átt sér stað í þá átt að styrkja stöðu Námsgagnastofnunar. Það þarf að rétta hennar hlut. Af 24 starfsmönnum Námsgagnastofnunar er gert ráð fyrir 11 í fjárlögum. Svo hefur verið um árabil. Það hefur þýtt að stofnunin hefur orðið að taka af rekstrarkostnaði sínum, útgáfukostnaði, til þess að greiða laun starfsmanna. Þetta hefur komið niður á útgáfu og eðlilegu og nauðsynlegu starfi Námsgagnastofnunar. Það má nefna það hér sem dæmi, að á þessu ári eru u. þ. b. 295 titlar á útgáfuskrá hjá Námsgagnastofnun, en það eru 150 gefnir út. Það er því u. þ. b. helmingur af því sem er á skrá. Meðalverð á hverri bók til skóla er 60 til 70 kr. Og þegar menn skoða þau gögn sem stofnunin vinnur er augljóst að þar er vel að verki staðið. Þar er hugsað um nýtingu og augsýnilega skynsamlega unnið.

Það má einnig nefna að endurnýting á námsgögnum grunnskóla er orðin föst venja og er það annað en áður var. Nú er miðað við að gögnin nýtist a. m. k. í 3 til 4 ár. Það er því ástæða til þess, herra forseti, að hvetja til þess í lokaorðum að hagkvæmum rekstri Námsgagnastofnunar sé sýnd sú virðing að rétta hlut stofnunarinnar sem fyrst.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans svo langt sem þau náðu. Það má úr þeim lesa að stofnunin getur ekki, miðað við fjárveitingar sem henni eru ætlaðar samkv. fjárlagafrv., rækt lögboðið hlutverk sitt. Því hlýtur það að vera krafa ekki aðeins þeirra, sem hlut eiga að máli hið næsta, heldur okkar alþm. almennt, að þarna verði gerð leiðrétting í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984. Hæstv. ráðh. boðaði það að innan fárra daga væri að vænta niðurstaðna af starfi nefndar, sem hefði fjallað um málefni Námsgagnastofnunar, og einnig væri að ljúka hagkvæmniathugun. Ekki var ljóst hvort að henni væri unnið á vegum nefndarinnar, vera má að svo sé, og væntanleg sé niðurstaða úr slíkri athugun innan fárra daga.

Nú er mér ekki ljóst hvort hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir að álit þessarar nefndar og hagkvæmniathugunin eigi að skipta máli í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. En meginatriðið er að leiðrétting fáist á fjárveitingum til stofnunarinnar nú við afgreiðslu fjárlaga til þess að ekki vaxi til næsta árs sá vandi sem þegar liggur fyrir varðandi starfsemi stofnunarinnar og er algerlega óviðunandi.

Þær tölur sem ég nefndi hér um kostnað námsgagna, sem Námsgagnastofnun hefur gert áætlanir um, fyrir hvert barn á grunnskólastigi eru ekki hærri en 1 600—1 700 kr. þó að orðið yrði að fullu við fjárveitingabeiðni stofnunarinnar. Það er ekki há upphæð sem þarna er um að ræða og full ástæða til að taka undir með forstjóra stofnunarinnar í því efni. Ég tel því að hv. alþm. þurfi að sameinast um það að hér fáist leiðrétting á. En það tekst auðvitað ekki nema hæstv. menntmrh. taki þar vel á af hálfu ríkisstj. til að tryggja að tillögur komi um það og stuðningur af hálfu ríkisstj. við afgreiðslu fjárlaga til að hér fáist fram leiðrétting.

Ég fagna þeim undirtektum sem hér hafa komið fram frá þeim hv. þm. sem hér hafa talað varðandi þá nauðsyn að ná fram leiðréttingu, og skilningi á mikilvægu starfi Námsgagnastofnunar og viðurkenningu á að þar sé vel unnið. Ég tel að það eigi að halda áfram á þeirri braut sem þar hefur verið mörkuð. Ég vara við öllum hugmyndum um að flytja námsgagnagerð vegna grunnskólanna yfir í eitthvert annað form, ég tala nú ekki um hugmyndir sem heyrst hafa varðandi útboð eða eitthvað því um líkt, sem ríða nú mjög húsum hjá hæstv. ríkisstj.

Mér fannst koma fram í máli hæstv. ráðh. að skilningur ríkti á starfsemi stofnunarinnar og áhugi hjá hæstv. ráðh. að hlúa að henni. Tel ég að þær undirtektir sem hér hafa komið frá hv. þm. ættu að auðvelda henni róðurinn að því marki. Um það þurfum við að sameinast.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka þær ábendingar sem hér hafa komið fram. Sumt af því er óneitanlega örlítið skringilegt þegar þess er gætt, að það er ekki nema tæpt ár síðan gengið var frá fjárlögum þessa árs og þá var e. t. v. sama ástæða til að taka undir með þeim sem bentu á fjárhagsvanda Námsgagnastofnunar eins og nú er og ekki síður, en ekki sá þáv. ríkisstj. ástæðu til að leysa vandann þá. Ætli það megi kannske álykta að þáv. ríkisstj. hafi verið í þeirri aðstöðu sem fleiri ríkisstjórnir að ekki er unnt að framkvæma allt sem óskað er ef það kostar peninga og peningarnir eru takmarkaðir. Það er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir hvað sem öllum yfirlýsingum líður. En ég treysti því að einhver bót verði ráðin þarna á.

Ég get ekki heldur látið hjá líða að minnast aðeins á varnaðarorð af hálfu hv. þm. í sambandi við rekstur Námsgagnastofnunar og þá starfsemi sem þar fer fram. Vissulega er þar vel unnið en einhvern veginn þykir mér það aldrei fela í sér mikla von um framfarir þegar svona ofboðlítið afturhaldshljóð heyrist í hv. þm., eins og það sem varar við breytingum af hvaða tagi sem er. Bara alls ekki breytingar og allra síst ef minnst er á útboð á einhverju, þá er það örugglega stórhættulegt. Ég er ekki sammála hv. þm. Ég hygg að framkvæmd útboða á mörgum sviðum í opinberum aðgerðum hafi sannað gildi sitt. Vissulega þarf þar að standa mjög vel að verki og ekki alveg loku fyrir það skotið að vera kunni einhver verkefni í samningu ritaðs efnis, hvort sem það er notað í skólum eða annars staðar, sem geti verið háð þeim sömu ástæðum. Það er auðvitað alveg ljóst að þar þarf fyrst og fremst að fullnægja öllum faglegum kröfum. Það er höfuðatriði. En ég hygg að það sé af nokkru fljótræði mælt hjá hv. þm. þegar hann varar við hvers konar breytingum, og þá að sjálfsögðu útboðum sem öðrum breytingum.

Annars þakka ég, herra forseti, fyrir ýmsar mjög gagnlegar ábendingar sem hér hafa komið fram. Raunar beindi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir til mín spurningum um sérstakt efni að því er varðar sérkennslugögn. Það er stórt og vandasamt efni og það er alveg ljóst að þar er mikið verk að vinna. En það er líka ljóst að öllum þeim þörfum sem þar eru fyrir hendi og verða á næstu árum verður ekki sinnt á einu ári. En að því er unnið og það er mikill vilji fyrir því í menntmrn.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Lög um Námsgagnastofnun ríkisins voru sett 1979 fyrir tilstuðlan þáv. menntmrh. Ragnars Arnalds. Það var í tíð fyrrv. ríkisstj. reynt að hlúa að þessari stofnun og mér er ekki kunnugt um umr. hér á Alþingi um fjárhagsmál hennar, eins og hæstv. ráðh. var að láta liggja hér að, þó að auðvitað hafi stofnunin vakið athygli með bréfum á fjárþörf sinni. Þurfti þó hæstv. ráðh. að fara aftur til ársins 1980 til að nefna dæmi þar að lútandi, varðandi frágang á Víðishúsinu svonefnda, sem stofnunin hefur nú komið starfsemi sinni fyrir í.

Ég vildi að þetta kæmi fram. Einnig þótti mér heldur koma í bakseglin í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, þar sem hann var að láta í það skína að við mættum eiga von á einhverju í formi útboða í sambandi við gerð kennsluefnis fyrir grunnskóla. Ég vona að þetta sé misskilningur, en reynslan á eftir að skera úr um það, nema hæstv. ráðh. vilji skýra hér nánar mál sitt.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég beindi hér ákveðinni spurningu til hæstv. menntmrh. sem ég fékk ekki svar við. Ég veit ekki hvort það stafar af því að ráðh. hafði e. t. v. ekki kynnt sér það álit sem fram kemur hjá þessum hóp, sem skipaður var af fyrrv. menntmrh., um mótun stefnu um útgáfu sérkennslugagna. Ef hæstv. menntmrh. er ekki tilbúinn til að svara þessari spurningu hér og gerir það ekki við þessa umr. mun ég vitaskuld leggja fsp. fram hér með formlegum hætti til þess að þingheimur fái upplýsingar um afstöðu hæstv. menntmrh. til þeirrar stefnu sem mörkuð er í því áliti sem fram kemur hjá þessum samstarfshóp, því að það er auðvitað brýnt ekki síður en með útgáfu annarra námsgagna, að mótuð sé stefna í því máli. Því mun ég leggja þessa fsp. fram með formlegum hætti fáist ekki svör nú við þessa umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vildi einungis fagna þeirri yfirlýsingu hv. þm. að fsp. um þetta efni verði borin fram með formlegum hætti, því að við þessa umr. gefst ekki tækifæri til að ræða um sérkennslumál, en hins vegar er um verulega mikilvægt mál að tefla, sem vissulega er þörf að ræða, og til þess gefst tækifæri við umfjöllun formlegrar fsp.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það er varla von að snarlega gangi að efla þá mikilsverðu stofnun sem hér er til umr. því að þm. virðast sannast sagna ekkert fram úr hófi áhugasamir. Það lagast e. t. v. með fjölgun kvenna á þingi, eins og sjá má á því hverjir taka þátt í þessari umr.

Mér er kunnugt um að allir þm. fengu boð um það í haust að heimsækja Námsgagnastofnun og kynna sér starfsemina þar, en ekki alls fyrir löngu hafði aðeins einn þm. þekkst þetta boð fyrir utan okkur Kvennalistakonur, sem vorum áður búnar að heimsækja stofnunina. Ég vil hvetja þm. til að þekkjast þetta boð og kynna sér það góða starf sem fer þarna fram. Það var verulega gaman að kynnast því og ég tel þetta mjög gott starf sem þarna á sér stað. Ég fagna þessari umr. og vona að hún leiði til úrbóta.

Fræðsla um skaðsemi fíkniefna, fsp. 113. mál (þskj. 140). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Það mun ekki fara milli mála að útbreiðsla og neysla vímu- og fíkniefna hefur farið verulega vaxandi hér á landi að undanförnu. Það er margt sem bendir í þessa átt. Eitt af því er það magn sem rannsóknadeild fíkniefnadómstólsins hefur tekið í hendur sínar síðustu árin. Það magn hefur tvöfaldast á þessu ári, er orðið um 20 kg samtals. Það er þó fullljóst að margfalt meira magn er í umferð og hefur það verið áætlað frá hálfu og upp í eitt tonn, en enginn veit með vissu hvert magnið er. Sumir sem með þessum málum fylgjast telja að hér sé raunverulega um miklu meira magn að ræða.

Hér er þess skemmst að minnast er upptæk voru gerð 11.5 kg af hassi í togaranum Karlsefni og 2.5 kg í Lagarfossi og er slíkt magn einsdæmi í þessum efnum. Þau mál, sem hafa komið til kasta fíkniefnadómstólsins, eru um 250—280 alls á ári og flest þeirra eða um 80% eru afgreidd með sektum. Fjölgun þeirra hefur ekki verið áberandi síðustu árin, en orsök þess er sennilega fremur sú, að starfslið rannsóknadeildar fíkniefnadómstólsins er takmarkað fremur en neyslan hafi staðið í stað. Samkv. upplýsingum Ásgeirs Friðjónssonar, yfirmanns sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, virðist aðalbreytingin að undanförnu hafa orðið sú að veruleg aukning hefur átt sér stað í neyslu amfetamíns sem talið er mun hættulegra efni en kannabisefni.

Um neyslu heróíns er enn vart að ræða hérlendis og ekki dæmi um viðskipti með það efni að sögn Ásgeirs, hver sem þróunin kann síðar að verða. Nokkrum vandkvæðum er bundið að gera sér ljóst af fullri nákvæmni hve útbreidd neysla kannabisefna er meðal unglinga hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem enn skortir óyggjandi rannsóknir í því efni. Þær kannanir, sem fram hafa farið, benda þó til þess að a. m. k. 40% ungmenna á aldrinum frá 16 ára til þrítugs hafi neytt fíkniefna í einhverjum mæli. Könnun í 6 framhaldsskólum hér á höfuðborgarsvæðinu leiddi í ljós að 26% ungmenna á aldrinum 18—20 ára reyktu kannabis þótt ekki væri að staðaldri. Þótt þessar kannanir séu e. t. v. ekki gerðar af fyllstu vísindalegri nákvæmni gefa þær þó ótvíræðar vísbendingar í þessum efnum.

Hitt er ekki síður eftirtektarvert að í viðtali við Þórarin Tyrfingsson, yfirlækni hjá SÁÁ, þann 26. nóv. s. l. kemur fram að fullur þriðjungur innlagðra sjúklinga á meðferðarstofnunum SÁÁ er háður kannabisefnum. Allt eru þetta vísbendingar um hver þróunin hefur orðið í þessum málum hér á landi og vitanlega væri það hinn mesti barnaskapur að gera sér það í hugarlund að vandi vímuefnanna gangi hjá garði okkar Íslendinga fremur en annarra þjóða og ástandið geti ekki orðið jafn alvarlegt hér og það er víða orðið annars staðar.

Hert eftirlit og bætt löggæsla er vitanlega nauðsynleg og sjálfsögð, en að mínu mati er hér annað mikilvægara. Það er áhrifarík og aukin fræðsla um skaðsemi þessara efna meðal ungs fólks fyrst og fremst. Reynsla annarra þjóða og raunar okkar eigin sýnir okkur að löggæslumönnum tekst aldrei að hafa upp á nema broti af því magni fíkniefna sem inn er flutt. Áhrifarík fræðsla er hér að sínu leyti mikilsverðari. Er skemmst að minnast sjónvarpsþáttar sem sýndi hörmulegar afleiðingar þess að ungur piltur hafði lyktað af límefnum. Slík dæmi gleymast ekki þeim sem þau sjá.

Áhrifamesti fjölmiðill er einmitt sjónvarpið eins og þetta dæmi sýnir, en þar hefur farið næsta lítið fyrir fræðsluefni um þessi mál. Á því þarf að verða breyting og ekki síður þarf að auka mjög fræðslu um þessi mál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins, en þar hefur tiltölulega lítið verið um þessi mál fjallað. Að mati Ásgeirs Friðjónssonar sakadómara er hér um áhrifaríkustu ráðin að ræða til þess að koma í veg fyrir neyslu fíkniefna og það er því sem ég ber fram þessa fsp. til menntmrh. hvort menntmrn. hyggist gera ráðstafanir til þess að auka fræðslu í skólum landsins um skaðsemi fíkniefna vegna vaxandi neyslu þeirra meðal unglinga og í öðru lagi hvort ætlunin er að hefjast handa á næstunni um gerð hljóðvarps- og sjónvarpsefnis, þar sem fjallað er um það vandamál sem fíkniefnaneysla er orðin í íslensku þjóðfélagi.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 2. þm. Reykn. er já og aðaláherslan liggur á því að vinna að því að fræðslu um þessi efni verði sérstakur gaumur gefinn í kennaramenntuninni. Í öðru lagi er einnig unnið mikilsvert starf að gerð námsefnis um þetta atriði og því hyggst ráðuneytið láta halda áfram ef fjárveiting fæst til þess. Hér er fjallað um málefni sem unnið er að í samstarfi margra ráðuneyta og innan skamms mun liggja fyrir álit nefndar, sem var stjórnskipuð á s. l. ári til þess að marka stefnu í áfengis- og vímuefnamálum. Það má gera ráð fyrir að tillögur nefndarinnar taki bæði til aukinnar fræðslu í skólum landsins um fíkniefni og skaðsemi þeirra og upplýsingaherferðar í fjölmiðlum um skaðsemi þessara efna. Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri í heilbrrn. er formaður þessarar nefndar.

Á yfirstandandi ári hefur auk námsstjórans í kristnum fræðum og bindindisfræðum verið maður ráðinn í hálft starf við að semja og undirbúa námsefni um þessa fræðslu og setja henni markmið. Þetta starf er byggt á þeim viðhorfum sem talin hafa verið koma að mestum notum m. a. á Bretlandi. En þar hafa menn á vegum menntmrn. kynnt sér þessi efni sérstaklega. Einnig hefur verið unnið að öflun annarra náms- og kennslugagna í þessu sambandi, sem að haldi geta komið og haft varnaðaráhrif. Áfengisvarnaráð lét fyrir nokkrum árum útbúa verkefni um áfengi og áhrif þess og fór þess á leit við Námsgagnastofnun að hún gæfi þessi verkefni út, en þeirri beiðni var hafnað sökum fjárskorts. Það er eins og ég sé nú að ræða um fyrra dagskrárefni, þ. e. fjárhag Námsgagnastofnunar, en svo er ekki. Áfengisvarnaráð gaf þetta efni út í fjölriti 1981. Vert er að leggja á það áherslu að í flestum tilvikum tengist neysla áfengis og annarra vímuefna og þeir, sem hafa átt í vandamálum vegna annarra vímuefna, hafa oft áður átt í vandamálum vegna áfengisneyslu. Þannig er rétt að hafa í huga að þessi mál er örðugt að einangra hvort frá öðru.

Hópur með fagþekkingu á málum, sem þessum efnum tengjast, mun vinna á vegum menntmrn. að leiðum til að koma fræðslu á framfæri með þeim hætti sem áhrifaríkastur verður talinn og þar á meðal að gefa ábendingar um námsefni. Í þessum hópi verða fulltrúar sem sérstaka þekkingu hafa á kennslu, lögum, læknisfræði, hjúkrun og barnaverndarmálum og hafa þeir einnig samráð við aðra aðila þar sem fagþekking kemur að notum. Það þarf mikla nákvæmni til að ákveða hver á að fræða um þessi efni, hvar, hvernig og hvenær þessu fræðsluefni verði komið til skila með mestum árangri til varnaðar og bóta. Það er stefna menntmrn. að sem nánast samstarf beri að hafa í þessu efni við önnur ráðuneyti og þá einkanlega heilbrrn. sem samkvæmt eðli stofnana sinna hefur visst fræðsluhlutverk með höndum.

Á vegum menntmrn. vinnur æskulýðsfulltrúi einnig mikilsvert starf að þessum málu og hann er fulltrúi rn. í samstarfsnefndinni sem getið var hér í upphafi. Rn. hefur fengið dr. Þorkel Jóhannesson prófessor til þess að semja fræðilegt rit um ávana- og fíkniefni. Unnið er að því ásamt öðru að gera tillögur um hvernig heppilegast sé að nýta það grundvallarefni, sem þar liggur fyrir, við fræðsluna í skólunum og á hvaða stigum skólanna. Þetta efni á vafalaust eftir að hafa mikla þýðingu.

Það er stefna menntmrn. í þessum málum að vinna beri að því að flétta fræðslu um hættu af vímugjöfum inn í aðrar greinar. Það er talið hafa miklu meiri áhrif heldur en sérstakir fyrirlestrar eða afmarkaðar kennslustundir um vímuefni og áfengi. Margra atriða er að gæta í þessu sambandi til þess að fræðslan nái markmiði sínu. Það er ekki aðeins magn fræðsluefnisins, heldur með hvaða hætti, hvenær og hvar því er komið á framfæri. Það er enginn vafi á því að veikasti hlekkurinn í skólakerfinu að þessu leyti er í framhaldsskólunum. Ekki er hægt að segja að það sé ákveðið og virkt skipulag á fræðslu um þessi efni á því stigi því að það sem unnið hefur verið að í námsstjórninni hefur fyrst og fremst verið miðað við grunnskóla. Mikið og vandasamt verkefni er fram undan þar sem er varnaðarfræðsla í framhaldsskólum gegn fíkniefnum. Að því er unnið nú um þessar mundir og verður unnið að tillögugerð um það efni nú á næstunni.

Fræðsla í útvarp og sjónvarpi sérstaklega og í kvikmyndum hefur geysimikil áhrif og ég tek undir það sem hv. flm. fsp. sagði um mynd sem nýlega var sýnd í sjónvarpinu um þessi efni. Hún var mjög öflug og sýndi mönnum fram á hve nauðsynlegt er að varast þann vágest sem hér er um fjallað. Ég vil vekja athygli á því að í fræðslumyndasafni ríkisins er allmikið til af kvikmyndum um þessi efni. Þær eru þar til reiðu, bæði fyrir útvarp og aðra sem þær vilja nýta. Verulegt starf hefur verið unnið í þessum efnum á vegum útvarpsins í einstökum þáttum, en það er alveg ljóst, að enn betra og faglegra skipulag er nauðsynlegt til að sú fræðsla komi að þeim notum sem ætlað er.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Mig langar aðeins að skjóta hér inn örfáum staðreyndum sem einhvern veginn hafa farið hér utan við umr. Hér er nefnilega ekkert um að ræða hvort hæstv. ráðh. hefur góðan, vondan eða engan vilja til að sjá um að fram fari kennsla og fræðsla um ávana- og fíkniefni. Á síðasta löggjafarþingi var samþykkt lagabreyting hér á hinu háa Alþingi þar sem hæstv. ráðh. er gert að láta þessa kennslu fara fram. Það eru lög í landinu. Flytjendur þessa frv. voru hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Alexander Stefánsson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson og Birgir Ísl. Gunnarsson. Með þessari lagabreytingu var sett inn í grunnskólalögin sú kvöð að fram skuli fara kennsla um áhrif ávana- og fíkniefna af öllu tagi. Áður hafði grunnskól-

anum að vísu verið gert að annast þessa kennslu, en það ákvæði var í áfengislögum og nauðsynlegt þótti að herða á þessari kvöð með því að flytja hana inn í sjálf grunnskólalögin. Það er þess vegna engin spurning um hvort einhver er vinsamlega eða óvinsamlega stemmdur. Ráðh. ber að gera þetta.

Ekki alls fyrir löngu – ég skal reyna að stytta mál mitt, herra forseti — var viðtal í sjónvarpi við annan þeirra starfsmanna sem sendur var til Bretlands til að kynna sér og læra þessi fræði. Hann sagði laun sín renna út um áramót. Hann kvaðst vera að vinna að kennsluefnum í þessum fræðum, en allsendis væri óvíst hvert yrði framhald þess starfs. Ég hlýt því að spyrja hæstv. *ráðh.*, vegna þess einfaldlega að ég get ekki fundið í frv. til fjárlaga grænan eyri til þess: Á að halda þessu starfi áfram? Ég vil fá einfaldlega já eða nei, vegna þess að við skulum horfast í augu við að við heyrum allt of oft hér á Alþingi viljayfirlýsingar af þessu og hinu tagi, og ég vitna til spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér áðan um námsgögn handa börnum með sérþarfir. Við höfum öll ósköp góðan vilja, en þessi vilji kostar peninga til þess að eitthvað verði gert. Þetta er einfaldlega spurning um það, hvort til séu peningar fyrir þessu eða ekki. Auðvitað eru þeir til. Spurningin er um hvort á það verður lögð áhersla eða ekki. Ég vildi aðeins koma þessu að vegna þess að ég held að við tölum stundum hér eins og það sé eitthvert vafamál hvort lög beri að framkvæma. Til hvers erum við að setja þau? Auðvitað á að framkvæma þau. En það kostar peninga, hæstv. *ráðh.*

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er um þarfa og réttmæta fsp. að ræða og þyrfti auðvitað miklu betri umfjöllun en hér gefst tækifæri til. En önnur fsp. er nú hér á dagskrá og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ásamt öðrum þm. hefur flutt sérstaka þál. varðandi þessi mál og þá gefst væntanlega tækifæri til þess að ræða málið frekar í heild.

Ég tek undir það að vissulega getur fræðsla haft mikil áhrif, hún er lögbundin eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á og öfgalaus áróður í þessum efnum gæti haft áhrif á það sem ég tel mestu skipta í þessu efni, þ. e. almenningsálitið og þá sérstaklega álit ungs fólks og skoðanir þess á þessum málum. Þetta nefnilega snýst um hvaða almenningsálit tekst að skapa og hvaða vörnum sem að gagni mættu koma er unnt að koma við, í þeirri tvísýnu baráttu sem framundan er og hefði átt að hefja fyrr og rækilegar en gert hefur verið. Hér er margt sem veldur, rótleysið í þjóðfélaginu, tíðarandinn, hinar öru breytingar og kannske ekki hvað síst tvískinnungur í afstöðu manna, m. a. til vímuefna almennt, sem veldur því að á ógæfuhliðina sígur. Ég hlýt að benda á, í sambandi við það sem hv. síðasti ræðumaður kom hér inn á, þann tvískinnung sem felst í máli nr. 18 á dagskrá seinni fundar í Sþ. sem ber það fagra heiti, áfengt öl. Sá tvískinnungur er nefnilega kannske hættulegri en flest annað.

Menn skyldu hafa í huga að hér þarf fjármagn til, svo sem hér hefur verið bent rækilega á. Það þarf fjármagn á bak við þessa dreifingu, þessa sölumennsku. Auðvaldið er þar að baki og raunar í áfenginu líka og ekki síður. Og af því að ég heyrði að hv. þm. Guðrún Helgadóttir var að biðja um orðið þá mætti hún gjarnan huga að bjórauðvaldinu alveg sérstaklega í seinni ræðu sinni. Þar er um öfluga og sterka fjármagnsaðila að ræða sem vissulega kunna sitt fag.

En ég undirstrika að vandinn er svo ógnvekjandi í þessum málum varðandi vímuefnaneysluna almennt að þar verða allir að taka á. Ég tek undir með hæstv. ráðh.: Menn verða að horfast í augu við bölið í heild í þessum efnum en hætta hjali um einstaka þætti og gleyma hinum smávægilegu sem jafnvel auka á vandann.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mig langar til þess að læða nokkrum orðum inn í þessa umr. um nauðsyn á fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum á þessu sviði eins og svo mörgum. Mig langar til þess að tengja þetta náttúrlega að menn hafa talað um að í þetta þurfi peninga og mönnum hefur á þessu þingi orðið sérlega tíðrætt um arðsemi. Ég held að það sé einmitt óvíða kannske meiri arðsemi. Þó menn verði að líta til dálítið langs tíma þá er óvíða meiri arðsemi en einmitt í fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum á svona sviði eins og sviði vímuefna. Það má nefna til miklu, miklu fleiri svið, umferðarmenningu, heilsugæslu o. fl.

En ég held að það sé mjög mikilvægt að gæta þess að þó að það sé stórt atriði að efla menntun kennara, byggja upp skólakerfið, koma þessu inn í skólana og þar fram eftir götunum ber náttúrlega líka að líta á hinn bráða vanda. Það er hætt við því að meðan menn semja námsskrár og bæklinga muni ansi margir stíga sín fyrstu „feilspor“ á þessum ógæfubrautum. Ég held að umrædd mynd í sjónvarpi sem menn hafa minnst hérna á í nokkrum ræðum sýni okkur einmitt hverju hægt er að koma til leiðar stundum án kannske langs aðdraganda, án mikillar nefndavinnu, bara með því að þar sýni menn frumkvæði og vilja til þess að koma þessum málum í sviðsljósið. Ég bendi á að fyrir utan skólana höfum við miðla eins og við köllum það, við höfum nýja rás í útvarpinu, við höfum sjónvarp, við höfum dagblöðin, og ég held að við ættum að nýta þessar rásir til þess að koma þessum áróðri á framfæri vegna þess að ég tel að óvíða verði peningunum betur varið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég held að það sé marklaust að vera að tala hér um fræðslu um ávana- og fíkniefni ef flokksbróðir minn, hv. 2. þm. Austurl., og skoðanabræður hans koma þar nærri. Hér hefur hann sett öll ávanaefni undir sama hatt og ég hlýt að vekja athygli á því að ég held að það sé ekki farsælt að ræða t. d. áfengt öl og heróín eins og þetta séu svipuð efni.

Varðandi það, sem hann sagði um stuðning minn við ölauðvaldið, þá eigum við það sameiginlegt að við erum á móti öllu auðvaldi. Ég er líka á móti auðvaldinu sem selur kanel og pipar. Umræða af þessu tagi um ávana- og fíkniefni er jafnvel hættulegri en efnin sjálf. Og ég held að við ættum að fella þetta tal ef svona fjarstæðu er haldið hér fram.

Mönnum hefur orðið tíðrætt hér um umræddan sjónvarpsþátt sem *sýndur var* ekki alls fyrir löngu. Víst var hann sorglegur en ég held að hefði öl komið þar við sögu hefði hann ekki verið nærri eins sorglegur og hann var. Og ég held að við eigum að reyna, foreldrar í landinu og hv. þm., að ræða um þessa hluti af einhverri skynsami. Ég held ekki að unglingar landsins hlusti á ofstæki af þessu tagi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í beina efnislega umræðu í þessu máli. Reynsla mín á þingi er lítil. En ég fæ ekki orða bundist eftir að hafa hlustað á þær umr., sem hér hafa farið fram, minnug þeirra umr. sem hér hafa áður farið fram á undanförnum vikum.

Það er rætt um fjárskort til framkvæmda og mér sýndist að forgangsröð fjármögnunar — þeirrar sem verið hefur og enn virðist vera — er þannig að mér dettur ekki í hug að þingheimur og stjórnvöld geti verið svona skammsýn og rangsýn. Hér hlýtur eiginlega fyrir löngu að hafa komist inn stafsetningarvilla sem gengur síðan aftur hér í þingsölum. Því vil ég vekja athygli þingheims á því sem mitt gestsauga segir mér og það er að framtíð þessa lands liggur í börnum — ekki í bönkum.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja tvö lítil atriði til þessarar umr. Hér hefur verið rætt um fræðslu. Það er auðvitað hárrétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði: framtíð þessa lands liggur í börnum en ekki bönkum. Það eru foreldrar sem ala upp börn og ég vil benda á nauðsyn þess að fræðslu verði einnig beint til foreldra þannig að foreldrar viti hvernig þeir geta tekið á þessum vandamálum þegar þau koma upp og geti heima fyrir haft uppi fyrirbyggjandi aðgerðir ef svo má segja, geti alið börn sín upp í ákveðnu hugarfari gagnvart þeim vágesti sem hér er um að ræða.

Annað atriði sem mig langaði til þess að minnast á og hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom inn á áðan: það kostar peninga að framkvæma lög og það kostar peninga að halda uppi tollgæslu hér. Nú er það þannig að tollgæslan hefur ekki nokkra einustu möguleika til þess að halda uppi kerfisbundnu eftirliti með þeim förum sem til landsins koma þannig að hægt sé að finna út hvort um innflutning á þessum efnum sé að ræða. Allt, sem hefur fundist til þessa, er fundið með „stikkprufum". Ég vil aðeins koma þessu hér á framfæri. Þetta eru allt saman „stikkprufur", þetta eru skyndiskoðanir eins og hjá Bifreiðaeftirlitinu, sem hafa leitt til þess að þessi efni hafa fundist.

Getum við látið það viðgangast lengur að tollgæslan sé ekki betur útbúin en svo að hún geti ekki framkvæmt reglubundið eftirlit með þessum hlutum?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi það að ekki dygði að hafa góðan vilja í þessu efni, það yrði að liggja fyrir að það ætti að halda því starfi áfram sem unnið hefur verið að í námsefnisgerð og söfnun gagna til að standa að fræðslu í skólum um þetta efni. Hv. þm. hefur einhvern tíma rankað við sér svona undir lok ræðu minnar því að ég sagði einmitt strax í upphafi að það væri ætlunin að halda þessu starfi áfram ef fjárveiting til þess fengist. Þannig að það liggur alveg ljóst fyrir. Ég fer ekki í grafgötur um það frekar en aðrir að til þess þarf fé. Hvort sem þeir peningar koma úr ríkissjóði eða peningar til þeirra hluta, sem gera skal, koma úr bönkum þá verður lítið úr framgangi þessara mála nema einhverjir peningar séu til þess að borga þau. Að því er börnin varðar er það mikið rétt sem þær góðu konur, hv. þm., hafa hér sagt að framtíð landsins liggi í börnum en ekki í bönkum. Það er nú ágætt að búa svo um hnútana að fólk leggi fé í banka til þess að hægt sé að búa vel að börnum. Málin eru stundum einfölduð nokkuð mikið í máli manna um þessi efni eins og fleiri.

En ég vil sérstaklega taka undir það sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv., sagði þegar hún nefndi nauðsyn þess að veita foreldrum upplýsingar um hvernig beri að bregðast við slíkum vanda. Þetta tel ég skipta mjög miklu máli. Á þessu sviði er m. a. útvarp og sjónvarp til mikillar hjálpar og svo að sjálfsögðu sú fræðsla sem fer fram á vegum heilbrrn. líka. Þetta atriði vil ég sérstaklega taka undir.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir gat lagafrv., sem samþykkt var hér í fyrra, um breytingu á grunnskólalögum þar sem lögfest er að taka beri þessi efni inn í almenna námsskrá. En á þinginu í fyrra var einnig lögð fram þáltill. sem hv. þm. þáv. Sigurlaug Bjarnadóttir var 1. flm. að og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir var meðflm. að og fleiri ágætir þm. Þessi þáltill. fól í sér efni sem talið var nauðsynlegt að kæmist í framkvæmd í tilefni af þeim lögum sem hv. Alþingi samþykkti í fyrra en þingið sá samt ekki ástæðu til þess að afgreiða þessa þáltill.

Í þáltill. var vikið að tveimur aðalatriðum, annars vegar að menntun kennara og hins vegar að gerð námsefnis. Og það er að þessum tveimur atriðum sem aðalvinna rn. menntamála beinist núna um þessar mundir.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir ljós og glögg svör og fróðlegar upplýsingar sem komu fram í máli hennar. Það má segja að sumt var ánægjulegt en annað miður ánægjulegt því að það var hér, eins og ýmsir hafa nefnt, greinilegt að fjárskorturinn hamlar framkvæmdum og hefur hamlað framkvæmdum. Að vísu má segja að það er maður í hálfu starfi við að undirbúa námsefni fyrir grunnskóla. Það er reyndar helmingi meira en maðurinn sem stundar kalrannsóknir; það var ekki nema ¼ af honum sem því hlutverki sinnir. En æði er nú smátt skammtað hér.

Athyglisvert var að lítil sem engin fræðsla fer fram í þessum efnum í framhaldsskólunum þó svo að verið sé nú að vinna að þessu efni í grunnskólum. Og það er náttúrlega alveg greinilegt að þar þarf að gera verulegt átak ef menn vilja þá vinna að þessum efnum. Ég er nefnilega ekki viss um það að það sé almennur skilningur og áhugi í þjóðfélaginu og hugsanlega ekki hér í þingsölum á því hvað raunverulega alvarlegt mál er hér á ferðum.

Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur um að forgangsröðun fjármagns er kolvitlaus á mjög mörgum sviðum sem til umr. hafa komið hér í þingsölum síðustu vikurnar. Þetta er eitt af þeim sviðum. En ef við lítum betur á málið þá er ég ekki viss um það að fjármagnið þurfi raunverulega að stoppa framgang í þessum efnum.

Menntmrh. hæstv. minntist alveg réttilega á það að þó að meginstarf rn. beindist að gerð námsefna í grunnskólum og á vonandi í framhaldsskólum þá væri hljóðvarp og sjónvarp einnig mikilvægt í þessum efnum. Ég vil undirstrika það og þau ummæli — og ég vék að því í upphafi hér þegar ég bar fram þessa fsp. Þar er vettvangur sem nær ekki aðeins til ungs fólks heldur líka til foreldranna og allrar þjóðarinnar. Og það sem meira er þar þarf ekki svo ýkja mikið fjármagn til þess að

koma fræðslunni á framfæri. Það eru til sjónvarpsmyndir og sjónvarpsfræðsluefni í nágrannalöndunum sem mundi vel hæfa hér í okkar eigin sjónvarpi og það má segja það sama um hljóðvarpsefni. Þess vegna held ég að það sé vissulega tímabært og það er sáralítill kostnaður við að nota tækifærin í þessum áhrifamiklu fjölmiðlum. Rás 2 hefur verið einmitt nefnd hér í þessu sambandi, sem er ágæt hugmynd, til þess að koma því fræðsluefni á framfæri sem svo mjög skortir að mínu mati.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég á frekar að harma það eða fagna því að orð mín um tvískinnunginn hittu svo í hjartastað hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur hér áðan. Í staðinn fyrir ofstækið þar talaði rödd skynseminnar. Þá skynsemi má m. a. lesa í grg. flm. till. sem ég vitnaði til um áfengt öl af því hún var með samjöfnuð hér áðan. Þar er nefnilega líkt saman magnyli og morfíni og eðlilegt að þar sé skynsemin rík á ferðinni.

Nei, ég held nefnilega að einmitt tvískinnungurinn í þessum málum sé eitt höfuðvandamálið. Og þess vegna kom að því áðan að ég gat ekki stillt mig, vegna þess að þarna var annað dagskrármál á ferðinni sem var á seinni fundinum, að víkja að því. Og auðvitað tók hv. þm. þetta réttilega til sín.

Ég held hins vegar að ræður okkar beggja hér áðan hafi alveg skorið úr um það hvort okkar er ofstækisfyllra í þessum efnum. En nú veit ég hins vegar hvers Óvitarnir eru skrifaðir af svo nærfærinni þekkingu.

Tekju- og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, fsp. 113. mál (þskj. 140). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason): Herra forseti. Á þskj. 140 hef ég borið fram fsp. til hæstv. félmrh. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvað líður athugun á að flytja verkefni og tekjustofna í áföngum frá ríki til sveitarfélaga svo sem greint er frá í aths. með frv. til fjárlaga fyrir árið 1984?
2. Hverjir vinna að athuguninni?
3. Hvaða tekjustofna er um að ræða?
4. Hvaða verkefni er um að ræða?
5. Liggja fyrir upplýsingar um:
   a) tekjuauka sveitarfélaganna af nýjum tekjustofnum;
   b) útgjaldaaukningu sveitarfélaganna vegna nýrra verkefna?
6. Liggja fyrir upplýsingar um hvernig fyrirhuguð tekju- og verkefnatilfærsla kemur við sveitarfélögin eftir gerð þeirra:
   a) stór þéttbýlissveitarfélög;
   b) lítil þéttbýlissveitarfélög;
   c) sveitarfélög í dreifbýli?
7. Hvenær má búast við að athuguninni ljúki?“

Hér er um ákaflega viðamikið mál að ræða, sem sveitarstjórnamenn og samtök sveitarfélaga hafa lengi knúið á um að tekið yrði til endurskoðunar. Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að nú sé greint frá því hvernig þessari athugun miðar. Jafnframt tel ég þýðingarmikið að upplýst sé hverjir vinni að athuguninni, ekki síst fyrir sveitarstjórnarmenn og samtök þeirra, þannig að þessir aðilar, sem þessi breyting varðar mest, hafi alveg frá upphafi tækifæri til að koma sínum hugmyndum og tillögum á framfæri, þannig að þar fari ekkert á milli mála.

Ef sú tilfærsla sem um er rætt hefur verið markmið ríkisstj. frá upphafi þess er hún var mynduð í vor, þá er dálítið undarlegt að nefnd sú er fyrrv. félmrh. Svavar Gestsson skipaði sumarið 1982 til að endurskoða verka- og tekjuskiptinguna skuli hafa verið leyst frá störfum af núv. félmrh. án þess að nefndin hafi lokið störfum. Þessi nefnd var skipuð fulltrúum ríkisstj. og fulltrúum tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Í sjálfu sér getur vel verið að núv. félmrh. hafi haft einhverjar efasemdir um störf þessarar nefndar eða einstaka nm. En með tilliti til þess að nefndin hefur ekki lokið störfum og að umrædd athugun skuli nú í gangi er óeðlilegt að ekki skuli skipuð ný nefnd í stað þess að vinna nú að þessari athugun í kyrrþey.

Sveitarfélögin hafa afar slæma reynslu af þannig vinnubrögðum. Nægir þar að nefna lagasetningu frá 1975, svonefnd bandormslög. Með þeim lagabálki voru einhliða og án alls samráðs við sveitarfélögin og gegn vilja þeirra flutt kostnaðarsöm verkefni frá ríki til sveitarfélaga án þess að þau fengju eðlilegar tekjur á móti. Afdrifaríkast hefur þó orðið það ákvæði laganna að færa rekstrarkostnað og viðhald skólamannvirkja á sveitarfélögin. Á það sérstaklega við í sveitum. Fjárhagsvandi sveitarfélaganna kemur nú m. a. fram í því, að þau geta ekki lengur fjármagnað ógreidd ríkisframlög til skólaaksturs þannig að farið er að loka skólum á Norðurlandi.

Við undirbúning fjárlaga í sumar mun hafa komið fram hugmynd um að færa einhliða verkefni frá ríki til sveitarfélaga án þess að tekjur kæmu þar á móti. Þessu tókst að afstýra og ég vil þakka núv. félmrh. fyrir hlut hans að því. Þá má geta þess að þeir eru ófáir lagabálkarnir, sem hér hafa verið samþykktir á allra síðustu árum, sem leggja þungar fjárhagslegar byrðar á sveitarfélögin án þess að tekjur hafi komið þar á móti. Þannig ber þessi mál allt of einhliða að. Því er endurskiðun þessara mála nauðsynleg.

Hér er um margslungin mál að ræða, sem þurfa ítarlega umfjöllun. Því er nauðsynlegt að fram bornum spurningum sé öllum ítarlega svarað áður en að gengið er til athafna á þessu sviði. Sérstaklega er nauðsynlegt að huga vel að því hvernig allar breytingar koma við sveitarfélögin eftir gerð þeirra. Núverandi tekju- og verkaskipting mismunar sveitarfélögunum hrapallega. Megintilgangurinn með endurskoðuninni nú verður að vera sá að draga úr þeirri mismunun eftir því sem hægt er þannig að sveitarfélögin geti veitt íbúum sínum sem líkasta aðstöðu og þjónustu.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Hér er borin fram fsp. sem mér finnst sjálfsagt að svara. Svarið er e. t. v. ekki það sem fyrirspyrjandi hefur átt von á. Hins vegar vil ég benda á að hann á sæti í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og hefur haft tækifæri til að fylgjast með þeim málum þar.

Svar mitt er einfaldlega á þá leið, að það hefur engin ákvörðun verið tekin enn um hvernig verður staðið að þessu máli. Hins vegar mun ég strax upp úr áramótum taka upp formlegar viðræður við Samband ísl. sveitarfélaga um hvernig unnið verður úr hugmyndum sem uppi

eru í sambandi við framkvæmd verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga. Um það verður hafin umræða strax upp úr áramótum.

Við undirbúning fjárlaga á s. l. hausti voru ýmsar hugmyndir á lofti og ég sem félmrh. átti beinar viðræður við sjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um þessi mál. Niðurstaðan varð sú, að öllum hugmyndum um verkefnaflutning við fjárlagagerð fyrir árið 1984 var hafnað og eru þær ekki inni í myndinni.

Ég vil gefa þá yfirlýsingu hér, að að sjálfsögðu verður engin ákvörðun um slíkar breytingar tekin nema í fullu samráði við sveitarfélögin í landinu. Því má treysta. Og ég vil benda á að ég stefni að því, og það er samhljóða þeim skoðunum sem hafa komið frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og sveitarfélögunum almennt, að ef um verður að ræða verulegar breytingar, sem vel getur komið til greina, verða þær ákveðnar það tímalega að búið verður að ná samkomulagi um þau mál áður en undirbúningi fjárlaga fyrir árið 1985 verður lokið, þannig að samhliða fjárlagaflutningi fyrir árið 1985 verði komnar fram ákveðnar till. um slíkar breytingar og þá breytingar á tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga. Ég vil einnig undirstrika að þessi mál munu örugglega koma fyrir sjónir alþm. og verður fjallað um þau hér í sölum Alþingis þegar að því kemur.

Hv. flm. minntist hér á framkvæmd breytinga sem gerðar voru 1975. Þau lög höfðu vissa yfirskrift. Það var ekki undirbúningur að þeim tilfærslum, en nú eru breytingar ráðgerðar með viðræðum. Þetta var tilflutningur verkefna sem þáv. ríkisstj. ákvað og Alþingi staðfesti. Það má um það deila að það hafi verið rétt mat. En ég ætla ekki að leiða umr. að því nú.

Hv. þm. minntist á nefnd sem fyrrv. félmrh. skipaði að ákvörðun fyrrv. ríkisstj. Um það get ég aðeins sagt að stuttu eftir að ég tók við embætti á s. l. vori skilaði sú nefnd af sér og óskaði eftir að vera leyst frá störfum. Auðvitað varð ég við þeirri ósk, enda var verkefni nefndarinnar engan veginn á því stigi að það væri hægt að nota það til ákvarðanatöku. Þar var mikið óunnið. Við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga er fullt samstarf um að strax í upphafi næsta árs verði teknar upp viðræður milli sveitarfélaganna og ríkisins um hvernig að þessum málum verður staðið í næstu framtíð.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans. Það kemur fram í svörum hæstv. ráðh. að það hefur engin ákvörðun verið tekin um þá athugun sem greint er frá í fjárlagafrv., og er það að vísu vel að það skuli ekki hafa verið gert þar sem ekki er enn þá efnt til formlegs samstarfs við Samband ísl. sveitarfélaga. Ég fagna því að það samstarf skuli nú eiga að taka upp.

Ég vil hins vegar gagnrýna það að nefndin skyldi ekki vera látin starfa áfram eða ný nefnd skipuð til að vinna að þessu verkefni, þar sem ég tel að nefndin hafi verið komin á góðan rekspöl og hafi þegar unnið ágætt starf í þessum málum.

En um tekju- og verkaskiptinguna að öðru leyti langar mig til að segja hér örfá orð:

Staðreyndin er sú, að sveitarstjórnirnar ráða litlu sem engu um tekjur sveitarfélagsins. Þær eru lögbundnar af ríkisvaldinu, og þó engum sé betur kunnugt um framkvæmdaþörf sveitarfélagsins, fjárhagslega afkomu íbúanna og áhuga þeirra og þörf á framkvæmdum og þjónustu en einmitt sveitarstjórnunum, þá fá þær í þessum efnum litlu sem engu ráðið. Nær einu tekjurnar sem sveitarstjórnirnar geta ákvarðað án beinna afskipta ríkisvaldsins eru sorphreinsunargjald og hundaleyfisgjöld. Þó eru það sveitarstjórnirnar sem bera ábyrgð á rekstri sveitarsjóðanna og taka afleiðingum gerða sinna í kosningum.

Núgildandi tekjustofnalög mismuna sveitarfélögum mjög eftir gerð þeirra og atvinnuuppbyggingu. Aðstöðugjöldin eru mun lægri á fiskveiðar, landbúnað og fiskvinnslu en iðnað og verslun og alls engin á vinnslustöðvar landbúnaðarins, mjólkurbú og sláturhús. Þetta leiðir til þess að tekjustofnar nýtast mjög illa í sveitarfélögum þar sem frumvinnslan fer fram, eins og víða í þorpum úti um land, og með allt öðrum hætti en t. d. hér í Reykjavík. Það má nefna að fasteignamat er mun hærra í Reykjavík en úti um land og til viðbótar eru hér allar stærstu byggingar í verslun og þjónustu, sem ætlað er að þjóna öllu landinu og öll þjóðin á. Þannig mismuna núgildandi tekjustofnalög sveitarfélögunum hrapallega, enda auðvitað fráleitt og ófært að sveitarfélögin séu látin jafna aðstöðu atvinnuveganna eins og gert er með aðstöðugjöldunum. Skyldi annars sveitarfélag þar sem fiskvinnsla og veiðar eru uppistaða atvinnulífs þurfa minni tekjur en hitt þar sem verslun, þjónusta og iðnaður eru uppistaðan? Ég held ekki.

Um megintekjur sveitarfélaganna er aðalreglan sú, að tekjur standi í beinu hlutfalli við íbúafjöldann, en því getur verið allt öðru vísi farið með útgjöldin. Mörg minni þorp standa t. d. undir þjónustu líkri og í 1500 til 2000 manna bæjum. Verkefni eins og bygging dagvistarstofnana, skóla, hafna, gatnagerð og fleiri slík verkefni eru þessum sveitarfélögum ofviða, nema með þátttöku ríkisins, og afar hæpið að tekjur sem falla til í sveitarfélaginu geti staðið undir slíkum verkefnum á eðlilegum tíma, þó færðar væru frá ríkinu til sveitarfélaganna. Hins vegar eru hreinni skil um rekstur nauðsynleg. T. d. er afar óeðlilegt að sveitarfélög skuli standa undir hluta rekstrarkostnaðar við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús, en hafa sáralítið um reksturinn að segja að öðru leyti. Hér er um margslungin mál að ræða, sem þurfa ítarlega umfjöllun. Því er nauðsynlegt að fram bornum spurningum sé öllum ítarlega svarað, eins og ég gat um áðan, áður en gengið er til athafna á þessu sviði.

Aðalatriðið er að breytt verka- og tekjuskipting dragi úr því mikla misræmi sem er nú á milli sveitarfélaga og leiðrétti eða jafni það misrétti sem nú viðgengst í þessu landi og felst í því og fer eftir því hvar fólk býr. Á næstu árum verður að vinna skipulega að því og kosta til þess nokkrum fjármunum að búa íbúum hinna fámennari staða úti á landi líkar aðstæður og eru í stærri og grónari sveitarfélögum. Þá á ég fyrst og fremst við þjónustu ýmiss konar, skóla, íþróttamannvirki, dagvistun fyrir börn, gatnagerð og umhverfismál. Þetta verður að vera megintilgangurinn með endurskoðun eða athugun á verka- og tekjuskiptingunni og til þessarar niðurstöðu þarf hún að leiða.

Átak gegn útbreiðslu ávana- og fíkniefna, fsp. 113. mál (þskj. 140). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra for-

seti. Ég hef leyft mér á þskj. 140 að bera fram eftirfarandi fsp. til dómsmrh.: „Hyggst dómsmrh. efla toll- og löggæslueftirlit vegna stóraukinnar útbreiðslu á ávana- og fíkniefnum eða gera á annan hátt átak til að fyrirbyggja að fíkniefni berist til landsins?“

Tilefni þessarar fsp. er að á undanförnum vikum hafa komið fram opinberlega upplýsingar um að notkun fíkniefna hafi á undanförnum einum til tveim árum farið ört vaxandi og fram hafa komið ógnvekjandi tölur í því sambandi. Í riti heilbr.- og trmrn., sem gefið var út í júní 1983, um kannanir á áhrifum fíkniefnadóma 1980 og kannanir á kannabisneyslu Íslendinga, kemur m. a. eftirfarandi fram í könnun sem gerð var í skólum landsins:

Í fyrsta lagi að af liðlega 1000 manns, sem könnuninn náði til, neyttu 222 á aldrinum 16 til 26 ára kannabis eða 22.18%. Fram kemur einnig í þessu riti að á þessum aldri séu í landinu 48 þús. manns og ef reiknað er með sama hlutfalli neytenda og fram kemur í könnuninni nái neyslan til 10 656 á þessum aldri.

Í öðru lagi kemur fram í sömu könnuninni að á aldrinum 15 til 30 ára noti 222 eða 19.75% kannabis. Í þessum aldurshópi eru 67 383 í landinu. Ef sömu forsendur eru notaðar um neyslu í þessum aldurshópi neyttu 13 312 á aldrinum 15 til 30 ára kannabisefna.

Fram hafa auk þess komið opinberlega nýverið enn meira ógnvekjandi tölur en ég hef hér lýst. Það kom fram hjá formanni Æskulýðsráðs í sjónvarpi að 40 til 60% þeirra sem eru á aldrinum 16—30 ára neyti fíkniefna í einhverjum mæli. Erfitt er að staðhæfa þær tölur sem þarna koma fram og ber því að taka þær með fyrirvara. Að auki má benda á að í Dagblaðinu kemur nýlega fram að þriðji hver sjúklingur sem leitar til lækna á meðferðarstöð SÁÁ geri það vegna langvarandi ofnotkunar á kannabisefnum eða öðrum sterkum eiturefnum.

Á undanförnum árum hefur verið gert upptækt töluvert magn af fíkniefnum. Hafa það sem af er þessu ári verið tekin 20 kíló af kannabisefnum og 600 gr af amfetamíni, en til samanburðar voru tekin 8 kíló af kannabisefnum 1981 og 50 gr af amfetamíni og 1982 um 8 kíló af kannabisefnum og 73 gr af amfetamíni. Þeir sem gerst þekkja til telja að hér sé aðeins um að ræða smábrot af því sem í umferð er hér á landi, en tölur hafa komið fram um að áætlað sé að allt að 3 tonn séu í umferð.

Á undanförnum dögum og vikum hef ég rætt við marga þá sem að þessum málum vinna, bæði toll- og löggæsluyfirvöld svo og yfirmenn heilbrigðismála. Allir þessir aðilar eru sammála um að fíkniefnaneysla hafi farið ört vaxandi á undanförnum árum og að aukist hafi notkun á sterkum fíkniefnum, svo sem amfetamíns. Það er því ljóst að stjórnvöld verða að grípa til allra tiltækra ráða til að fyrirbyggja útbreiðslu þessara stórhættulegu og skaðlegu efna og að gera verður stóraukið átak til að fyrirbyggja að fíkniefni berist til landsins svo og að auka í skólum og fjölmiðlum alla fræðslu um skaðsemi fíkniefna, eins og hér hefur komið fram fyrr í dag.

Hér er alvarlegt mál á ferðinni sem getur haft svo ógnvekjandi afleiðingar fyrir einstaklinga og þjóðina í heild ef ekki er brugðist við með skjótum hætti. Bæði getur afleiðing þess orðið stóraukin afbrot, þar sem fíkniefnaneytendur neyta allra ráða til að verða sér úti um peninga til að kaupa fíkniefni, og eins hitt, að það getur eyðilagt líf fjölda ungmenna ef þessi mál eru ekki tekin föstum tökum. Auk þess getur afleiðing þessa orðið stóraukinn kostnaður við alla heilbrigðisþjónustu í landinu.

Ég hef leyft mér ásamt nokkrum hv. þm. að flytja einnig þáltill. um þetta mál á Alþingi til að knýja enn frekar á um hve mikilvægt er að brugðist verði við þessum vanda með skjótum hætti, en það er ekki síst undir hæstv. dómsmrh. komið að átak verði gert til að fyrirbyggja útbreiðslu ávana- og fíkniefna, þannig að tekið verði á þessum málum nú þegar, áður en málið sækir í enn verra horf en nú er. Samhliða þeirri þáltill. sem nú hefur verið lögð fram taldi ég því brýnt að beina þeim fsp., sem fram koma á þksj. 140, til hæstv. dómsmrh., þannig að þingheimi væru kunnar fyrirætlanir hans í þessu máli jafnframt því sem umrædd þáltill. er lögð fram. Hún er flutt af þm. úr öllum þingflokkum, sem sýnir ljóslega að víðtæk samstaða virðist vera um það hér á hv. Alþingi að nú þegar verði gert raunhæft átak í þessu máli.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. fyrirspyrjandi, 2. landsk. þm., sagði hér þegar hún mælti fyrir fsp. til mín um átak gegn útbreiðslu ávana- og fíkniefna, að hér er um gífurlegt vandamál að ræða. Ég vil strax taka það fram að ég mun gera allt það sem í mínu valdi stendur til að vinna gegn því að afleiðingarnar verði verri, heldur fari frekar að snúa þar á betri veg.

Það eru margir sem ég hef átt viðræður við um þetta mál á þeim stutta tíma sem ég hef verið í dómsmrn. og hef ég rætt það við þá aðila sem mest um það fjalla. Ég held að það sé þess vegna eðlilegt að ég lesi hér upp grg. frá tveimur þeim aðilum sem kannske standa einna mest í þessu daglega af hendi dómsmrn., annars vegar er það lögreglustjóraembættið í Reykjavík og hins vegar er það Sakadómur í ávana- og fíkniefnum og starfsmenn hans.

Lögreglustjóri segir svo um eflingu löggæslu: Hann leggur til að ráðinn verði aðstoðaryfirlögregluþjónn að embætti lögreglustjórans í Reykjavík sem vinni að rannsókn mála og þá fyrst og fremst fíkniefnamála. Hlutverk hans verði að gegna starfi yfirlögregluþjóns rannsóknadeildarinnar í forföllum. Fyrst og fremst yrði hann þó löglærðum fulltrúa til aðstoðar við að stjórna rannsóknum og hafa umsjón með eftirliti á sviði fíkniefnamála. Lögreglumönnum sem koma til starfa í fíkniefnadeildinni og öðrum deildum sex mánuði í senn verði fjölgað úr tveimur í átta, en ráðnir verði sex lögregluþjónar til embættisins svo mannafli annarra deilda verði ekki rýrður, enda eru þær yfirhlaðnar verkefnum og útilokað að draga úr störfum þar.

Það hefur reynst mjög vel að skipa mönnum úr öðrum deildum til starfa í rannsóknadeild í tiltekinn tíma. Með því hefur rannsóknadeildin verið efld og aðrar deildir gerðar hæfari til að vinna að uppljóstrun brota með góðum árangri. Á þetta ekki síst við á sviði fíkniefnamála, en reynslan sýnir að fíkniefni eru höfð um hönd á almannafæri, veitingastöðum og ýmsum stöðum sem brotamenn venja komur sínar á og lögreglan hefur eftirlit með.

Um leið og lögð er áhersla á að lögreglumenn í öllum deildum lögreglunnar kunni sem best skil á fíkniefnum og hafi vakandi auga með misnotkun þeirra þarf innan

fíkniefnadeildarinnar að vinna öflugt og vel skipulagt eftirlitsstarf með innflutningi, dreifingu og neyslu fíkniefna. Í því sambandi er heppilegt að koma á vaktaskiptum innan deildanna svo að sinna megi eftirlitsstörfum á hinum ýmsu tímum sólarhringsins. Í lögregluumdæmum utan Reykjavíkur verði 1—2 lögregluþjónum falið að sinna sérstaklega fíkniefnamálum. Í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli verði 2—3 tollþjónum á hvorum stað falið sérstakt eftirlit með fíkniefnum á starfssvæði sínu. Dæmin sýna að fíkniefnin eru flutt til landsins með skipum og flugvélum í farangri farþega og sjómanna. Því verður að hafa öflugt eftirlit lögreglu og tollgæslu í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. En virkt eftirlit á þessum stöðum getur haft þau áhrif að brotamenn kanni nýjar leiðir, flytji fíkniefni til staða utan Reykjavíkur með skipum sem koma þar fyrst að landi eða sendi þau í pósti frá útlöndum til einhverra staða utan höfuðborgarinnar. Þess vegna er brýnt að lögreglu- og tollgæslumenn hvar sem er á landinu haldi vöku sinni og hafi staðgóða þekkingu og þjálfun á sviði fíkniefnamála.

Til þess að ná árangri í baráttunni gegn fíkniefnum hér á landi þurfa löggæslumenn að hafa sérþekkingu á hinum ýmsu efnum, verðgildi þeirra í sölu og dreifingu, neysluvenjum fólks er efnin notar, háttum brotamanna o. s. frv. Því hefur menntun og þjálfun lögreglumanna verið aukin verulega síðari ár á þessu sviði og er kennsla í fíkniefnamálum nú fastur liður í námsskrá Lögregluskólans. Þar hafa oft á undanförnum árum verið haldin sérnámskeið í fíkniefnarannsóknum fyrir lögreglumenn alls staðar af landinu. Einnig hafa lögreglumenn nokkrum sinnum verið sendir til nágrannalandanna á námskeið í rannsóknum fíkniefnamála og hefur það gefið góða raun. Þá hafa verið haldin sérstök námskeið í Lögregluskólanum fyrir starfsmenn fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík og þá lögreglumenn sem í öðrum umdæmum verða valdir til þess að sinna fíkniefnamálum sérstaklega. Auk þess er lagt til að lögreglumenn utan Reykjavíkur og tollþjónar frá Reykjavík og frá Keflavíkurflugvelli komi til starfa í ákveðinn tíma í fíkniefnadeildinni árið 1984. Á næsta ári verði lögreglumenn úr Reykjavík og utan af landi sendir til náms og starfsþjálfunar á sviði fíkniefnamála hjá lögreglunni í höfuðborgum Norðurlandanna. Í Danmörku og Svíþjóð er fíkniefnamisferli vaxandi áhyggjuefni, en þaðan og frá Hollandi er talið að berist mestur hluti þeirra fíkniefna sem til landsins koma.

Setja þarf reglur um vinnu og starfsskiptingu á sviði fíkniefnamála milli Sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, lögreglustjórans í Reykjavík og annarra lögreglustjóra í landinu. Í því sambandi má nefna nokkur verkefni sem heppilegt væri að fela embætti lögreglustjórans í Reykjavík:

1. Að halda heildarspjaldskrá yfir brotamenn og ýmsar upplýsingar fyrir landið allt.
2. Að hafa umsjón með og annast tengsl milli lögreglu og tollgæslu.
3. Að veita aðstoð við rannsókn fíkniefnamála hvar sem er á landinu.
4. Að annast tengsl við erlenda rannsóknaraðila.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur fram að þessu annast þau verkefni sem hér að framan eru talin. Þeim þarf hins vegar að sinna miklu betur, tryggja þar að upplýsingar berist frá öllum umdæmum varðandi fíkniefnamisferli, og nauðsynlegt er að lögreglan í landinu hafi jafnan greiðan aðgang að öllum upplýsingum sem fyrir liggja. Með hliðsjón af sívaxandi málafjölda á þessu sviði ber brýna nauðsyn til að nú þegar verði farið að leggja drög að tölvuvinnslu á sviði fíkniefnarannsókna. Þá er lagt til að stofnuð verði samstarfsnefnd löggæsluaðila á höfuðborgarsvæðinu varðandi fíkniefnarannsóknir. Til að byrja með eigi í henni sæti fulltrúar frá Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Komi í ljós að gagn sé af þessu samstarfi kemur til greina að Selfoss, Keflavík og Keflavíkurflugvöllur taki einnig þátt í því.

Starfsmenn fíkniefnadeildar lögreglunnar eru ætíð reiðubúnir að veita fólki fræðslu og mæta iðulega á fundum hjá félögum og í skólum til að ræða um fíkniefni. Með því telur lögreglan að unnið sé fyrirbyggjandi starf. Með aukinni og markvissri fræðslu og áróðri gegn fíkniefnum má stuðla að sterku almenningsáliti gegn þessum vágesti. Nauðsynlegt er að fleiri, svo sem fræðslu og heilbrigðisyfirvöld, leggi hér hönd á plóginn og brýnt er að athuga með hvaða hætti fræðslu um fíkniefnamál verður best fyrir komið.

Í grg. frá Sakadómi í ávana- og fíkniefnum eru settar fram eftirfarandi tillögur:

1. Núverandi fíkniefnadeild lögreglu verði um stundarsakir og í tilraunaskyni efld með liðveislu frá tollgæslu og öðrum lögregluembættum.
2. Tilteknum lögreglumönnum, er þegar hafa aflað sér reynslu og þekkingar á sviði fíkniefnamála, verði falið að sinna þeim verkefnum öðrum fremur á hinum almennu vöktum sem þeir nú starfa á.
3. Stjórn deildar eða hóps, er nefndur var í lið 1. verði tímabundið í höndum dómsmrn.
4. Mönnum frá lögreglu og tollgæslu verði hið fyrsta gert kleift að fara í kynnisferðir og starfa um stundarsakir með félögum sínum í nágrannalöndum.
5. Tollgæslu verði útvegað kolnálartæki til sýnatöku úr póstsendingum, en einkum þó bréfum.
6. Tollgæslu verði útveguð gegnumlýsingartæki til skoðunar póstsendinga.
7. Lögreglu verði tryggt fé til kaupa á sýnishornum af ætluðum fíkniefnum.
8. Lögreglu verði veittur aðgangur að bankastofnun í því skyni að geta þaðan með litlum fyrirvara fengið fjárfúlgu vegna rannsóknaraðgerða.
9. Lögreglu verði með nánar settum reglum og takmörkunum heimilað að greiða fyrir upplýsingar er leiða til haldlagningar fíkniefna og útvega fé í því skyni.
10. Tekin verði upp mánaðarleg verðskráning fíkniefna hérlendis eftir tegundum og slíkar upplýsingar reglulega sendar nágrannaþjóðum í skiptum fyrir sams konar fróðleik þaðan.

Þetta eru í örstuttu máli niðurstöður af umræðum þeirra sem um þetta mál hafa fjallað.

Segja má að hægt sé að skipta málinu í tvennt: annars vegar er það skipulagning og hins vegar aukin starfsemi sem krefst aukins fjármagns til starfseminnar. Ég mun reyna að hraða því sem allra mest að þeim skipulagsbreytingum sem til umræðu hafa verið á vegum rn. og þessara aðila verði hrint í framkvæmd, þannig að skipulögðu samstarfi verði komið á, en jafnframt verður þá leitað eftir því hvað unnt er að fá mikið af fjármagni til að sinna þeim verkefnum sem þarna er lagt til að lögð verði áhersla á í auknara mæli.

En ég vil taka undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan, að menn þurfa að skoða málið allt í heild. Það kom t. d. nýlega fram í viðtali við ágætan lækni í blaði, og sama hefur komið fram hjá fjölmörgum viðmælendum mínum um þessi mál, að áfengisneysla er yfirleitt hjá öllum þeim aðilum sem í vandræðum eru orðnir, en önnur fíkniefni notuð samhliða hjá mörgum þeirra. Þetta kemur fram í þessari grein. Ég les hér örstuttar setningar, með leyfi hæstv. forseta, sem hafðar eru eftir Þórarni Tyrfingssyni:

„Það sem er þó ískyggilegast í þessum efnum og hefur farið að renna upp fyrir okkur hin allra síðustu ár er mjög aukið hlutfall þeirra sjúklinga á stöðvunum sem nota sér vín og aðra vímugjafa jöfnum höndum og eru eiginlega háðir þeim báðum, svo og geysileg fjölgun hinna krónísku fíkniefnaneytenda.“ — Síðan segir hann: „Þeir sem nota fíkniefni eingöngu eru sem betur fer aðeins 5% af þessum helmingi, þ. e. þeim helmingi sem notar fíkniefni á annað borð. Það eru aðeins 2.5% þeirra sem koma á stöðina sem eingöngu nota fíkniefni önnur en áfengi. Allir aðrir nota áfengi með eða áfengi eingöngu.“ (Forseti hringir.)

Já, ég hef þá ekki tíma til þess, herra forseti, að fjalla frekar um þetta nú, en mun e. t. v. gera grein fyrir því aftur í umr. á eftir.

Niðurstaða mín er að við reynum öll að sameinast um setningu sem gæti hljóðað eitthvað á þessa leið: Víma er voði. — Það er víman sem er voðinn og hvaða meðul það eru sem til eru notuð skiptir ekki öllu máli, það eru afleiðingarnar sem fyrst og fremst er við að glíma.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin og fagna því að hann hafði góð orð um það að átak yrði gert í þessum málum. Fsp. mín hljóðaði um það hvað dómsmrh. hygðist gera í þessum málum, en hæstv. dómsmrh. las hér upp till. lögreglustjóraembættisins, sem ég náði nú að nokkru leyti niður, en mér var ómögulegt að ná niður till., sem hann las einnig upp, frá aðilum sem starfa við fíkniefnadómstólinn. Hann las þetta svo hratt upp. En ég lagði nú meira upp úr því í minni spurningu að fá fram álit hæstv. dómsmrh., hvað hann teldi heppilegast í þessu máli, en þær till. sem hann las upp hér frá embættismönnunum.

Varðandi það sem ég náði hér á blað af því sem fram kemur hjá lögreglustjóraembættinu finnst mér nú að allar þær till. sem þeir leggja fram miðist meira og minna að því að efla löggæsluna hér á höfuðborgarsvæðinu. En ég tel ekki síður brýnt að við eflum alla toll- og löggæslu um land allt og samhæfum alla þá starfskrafta sem að þessum málum vinna, ekki bara hér á höfuðborgarsvæðinu heldur um allt land. Við þurfum í raun að koma upp neti allt í kringum landið til þess að fyrirbyggja eins og kostur er að fíkniefni berist til landsins.

Þess vegna vil ég nú leggja áherslu á það, hæstv. dómsmrh., að í því sem ofan á verður að gera í þessum málum verði lögð áhersla á að við tökum á þessum málum ekki aðeins hér á höfuðborgarsvæðinu heldur allt í kringum landið, að því miðar sú þáltill. sem 12 þm. úr öllum flokkum hafa flutt og lagt hér fram, um að samhæfa alla þá starfskrafa sem að þessum málum vinna.

Hæstv. ráðh. talaði um að hann mundi beita sér fyrir því að hrinda í framkvæmd þessum skipulagsbreytingum. En nú veit ég ekki alveg hvað hæstv. dómsmrh. átti við þegar hann talar um að koma í framkvæmd þessum skipulagsbreytingum. Mér heyrðist á þessari upptalningu, sem var löng og mikil frá báðum þessum embættum, að um væri að ræða margar og margvíslegar skipulagsbreytingar. Ég vildi því óska eftir því að hæstv. dómsmrh. gerði okkur nánari grein fyrir hverjum af þessum till. hann hyggst beita sér fyrir að hrinda í framkvæmd, sem fram komu í hans máli, og hvort hann gæti t. d. fallist á þær till. sem fram koma í þeirri þáltill. sem ég hér nefndi. Mér heyrðist á upptalningunni að ein till. frá lögreglustjóraembættinu væri um það að komið yrði á samstarfsnefnd lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu, a. m. k. til að byrja með, og síðan yrði fikrað sig eitthvað lengra áfram. Ég legg höfuðáherslu á að við reynum að nýta okkur líka þá starfskrafta sem unnið hafa að þessum málum úti á landi. Hvað með Norðurland og Austurland? Við hljótum að þurfa að huga að því hvort fíkniefni berist ekki þar til landsins. Þess vegna hef ég lagt áherslu á þetta, að allir starfskraftar yrðu samhæfðir í þessu máli.

Það hefur komið hér fram að það sem virðist vera gert upptækt er aðeins smábrot af því sem fróðustu menn telja að sé í umferð. Í þessu riti heilbr.- og trmrn. kemur fram að það er talað um að allt að 2.9 tonn séu í umferð. Hér er því um stórt mál að tefla sem við verðum virkilega að leggjast á eitt um að eitthvað verði gert í. Ég óska því eftir að það komi eitthvað nánar fram hjá hæstv. dómsmrh. hvaða skipulagsbreytingar það eru sem hann hyggst beita sér fyrir. Ég hef ekki trú á að þetta sé dýrt, t. d. þær hugmyndir sem fram koma í þáltill., og það er auðvitað engin skynsemi í því að spara á þessu sviði. Við verðum að leggja fram það fé sem þarf til þess að efla toll- og löggæslu. Þetta er fyrst og fremst spurning um vilja og sameiginlegt átak stjórnvalda og þeirra sem vinna að þessum málum, um það eins og ég segi að leggjast á eitt til þess að fyrirbyggja frekari útbreiðslu þessara efna hér á landi. Það kom fram hér fyrr í dag að hv. þm. Gunnar G. Schram dró í efa að það væri vilji hjá þjóðinni eða hér á Alþingi að gera átak í þessu máli, ef ég skildi hann rétt. Ég held þvert á móti að það sé mikill vilji úti á meðal þjóðarinnar og hér á hv. Alþingi til að gera átak í þessu máli. (Forseti hringir.) Ég tel það koma fram í þeirri þáltill. sem hefur verið lögð hér fram á síðustu dögum. En ég ítreka þá ósk að fá fram nánar hjá ráðh. hvaða skipulagsbreytingar það eru sem hann hyggst beita sér fyrir.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég veit náttúrlega ekki hvað það er mikið sem hv. fyrirspyrjandi hefur heyrt af því sem ég sagði. En í því máli var einmitt lögð áhersla á að vel þyrfti að huga að þessum málum um allt land þar sem að augljóst væri að leitað verður á þá staði þar sem gæsla er minni, ef hún er aukin á öðrum stöðum. En með þessari skipulagningu sem ég ræddi um held ég að komið hafi fram í þessu máli þó ég undirstriki það betur að það er samstarf þeirra aðila sem að þessu vinna um allt land, það er þjálfun lögreglumanna, að þeir komi til fíkniefnalögreglunnar hér í Reykjavík og verði þar nokkurn tíma til að kynnast þeim vinnubrögðum. Eins og fram kom í þessu máli í nokkrum mæli koma menn úr hinni

almennu lögreglu til fíkniefnalögreglunnar og kynnast þar þessum málum mjög vel, en fara síðan aftur út í hina almennu löggæslu. Og ég vildi leggja áherslu á að þetta gerist þannig á landinu öllu og þannig fæst virkt lið um allt land. Síðan sé haft reglubundið samstarf þarna á milli.

Í því sem ég last upp áðan var bent á að mánaðarlega þyrfti að skrá þau mál sem upp kæmust og helst að setja þau inn í tölvu til að sem gleggst yfirlit gæti orðið yfir það hvernig staðan er og hvernig hægt væri að nýta þá reynslu og upplýsingar sem einhvers staðar kæmu fram að gagni fyrir alla. Þarna er um samstarf og skipulagsbreytingu að ræða. Dómsmrn. beitti sér fyrir því að þarna yrði um nánara samstarf að ræða á milli þessara aðila. Ég taldi að út af fyrir sig mundi kannske ekki þurfa svo mjög aukið fjármagn, en ef fjölga á liði eða starfsmönnum í þessu þýðir það auðvitað fleiri löggæslumenn.

Það kom einnig fram í þessu að hafa þyrfti nánara samstarf við tollgæsluna sem ekki heyrir undir dómsmrn. og ég veit að ekki stendur á fjmrh. að slíkt samstarf geti komist á. Afla þarf ýmissa tækja sem nú eru notuð erlendis til að auðvelda þetta eftirlitsstarf.

Þá vil ég að lokum geta þess að dómsmrn. og starfsmenn þess hafa verið í allnánu samstarfi, sérstaklega við Norðurlöndin í þessum málum. Fyrir tveimur árum var á vegum Norðurlandaráðs skipaður hópur sem vinna skyldi að ákveðnu takmarki — að fíkniefnalausum Norðurlöndum. Þessi hópur er búinn að skila skýrslu með ýmsum gagnlegum ábendingum. Dómsmrh. Noregs bauðst til þess nýlega að haldinn yrði sérstakur fundur dómsmrh. Norðurlanda í Osló í febr. til að ræða niðurstöður þessarar skýrslu þannig að menn reyndu að átta sig á því hvernig hægt væri að hagnýta sér þær upplýsingar sem þar koma fram. Ekki er nokkur vafi að ómetanlegt er fyrir okkur, að læra af reynslu Norðurlandanna sem urðu fyrr og ennþá verr fyrir barðinu á þessum vágesti og jafnframt að fá stuðning frá þeim á annan hátt sem þeir eru mjög reiðubúnir að veita. Það er álit og reynsla allra að það þarf að hafa samstarf milli landa. Þannig að verið er að vinna að þessu á mörgum sviðum.

En það sem ég var að ljúka við að segja þegar minn tími var þrotinn í fyrra skiptið var að vitanlega er nauðsynlegt að halda uppi strangri löggæslu til varnar slíkum vágesti. En vitanlega er viðhorf almenningsins lang sterkasta vörnin, þ. e. að skapa það viðhorf að neysla þessara efna sé algjör fjarstæða hvernig sem á það mál er litið og jafnframt að taka undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði að ekki er hægt að gera upp á milli vímugjafanna. Afleiðingarnar eru það sem mestu máli skiptir og þær eru því miður oft hinar sömu. Í þessu viðtali sem ég var að lesa örfáar setningar upp úr áðan segir Þórarinn Tyrfingsson:

„Stærsta vandamálið er hið sama, hvað báða þessa hópa snertir, þ. e. alkóhólista og aðra sem annarra vímuefna neyta, að þeir eru að leita í sama vímugjafa eftir að þeir hafa jafnað sig. Það er því ósköp svipað sem þessir tveir hópar þurfa að glíma við að meðferð lokinni, að halda sig frá efnunum og hefja nýtt líf án þeirra. Og það er þetta sem þarf að öðlast almenna viðurkenningu, nægilega sterka, að vímuefna er fjarstæða að neyta."

Vitanlega er sjálfsagt að undirstrika það með þau efni, sem hér hafa verið til umr., en glíman verður erfið nema það nái til allra þátta þessa máls.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég vil þakka það sem fram kom í síðari ræðu hæstv. dómsmrh. Mér fannst koma nokkuð skýrt fram í ræðu hans nú hver viðhorf hans eru í þessu máli og hvað það er sem hann vill leggja áherslu á til að koma í veg fyrir innflutning og dreifingu fíkniefna. Ég fæ ekki betur séð en að skoðanir og viðhorf ráðh. í þessu máli falli mjög vel saman við þá till. sem hér liggur fyrir Alþingi og 12 þm. úr öllum flokkum hafa flutt. Ég vil því leggja áherslu á það við hæstv. forseta þessarar deildar að þessi þáltill. verði tekin sem fyrst fyrir til að þm. geti sem fyrst tekið afstöðu til þessarar till. vegna þess að ég hef trú á að þar sem skoðanir ráðh. virðast falla saman við þessar tillögur hljóti það að vera mikill stuðningur við fyrirætlanir ráðh., að hafa að baki samþykkt og stuðning Alþingis í þessu máli.

Sameinað þing, 29. fundur.

Þriðjudaginn 6. des., að loknum 28. fundi.

Stjórnsýslulöggjöf, þáltill. 121. mál (þskj. 149). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stuðningur við íþróttahreyfinguna, þáltill. 124. mál (þskj. 159). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðgerðir gegn innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna, þáltill. 125. mál (þskj. 160). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, þáltill. 6. mál (þskj. 6). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nauðsyn afvopnunar, þáltill. 69. mál (þskj. 74). — ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna, en

hún er borin fram af þm. úr fimm þingflokkum hér á Alþingi.

Áður en ég vík nánar að efni till. ætla ég að varpa nokkru ljósi á þá umr. sem heyrist nú af vaxandi þunga úr öllum heimshornum um stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vitna til bókar, sem út kom fyrir hálfu öðru ári, en upphaf hennar er svohljóðandi:

„Það er ógnvekjandi að sú hugmynd að hægt sé að lifa af og sigra í kjarnorkustyrjöld hefur átt vaxandi fylgi að fagna meðal ákveðins hóps herfræðinga og embættismanna, jafnt í stjórnartíð Carters sem Reagans. Þessir sérfræðingar hafna kjarnorkustöðvun vegna þess að þeir telja að aukið kjarnorkuvopnakapphlaup sé nauðsynlegt og að hægt sé að heyja árangursríka kjarnorkustyrjöld. Án þess að þeir ætli sér að vera kaldhæðnir; þá taka þeir dæmi af því hversu vel Hiroshima og Nagasaki hafi tekist að græða sár sín og telja það sönnum þess að kjarnorkuátök séu ekki endilega af hinu illa. Skilgreining þeirra felur einnig í sér ómeðvitaða hliðstæðu, því Hiroshima gefur okkur ógnarlegt, en engu að síður takmarkað dæmi um það hve skelfilegar afleiðingar kjarnorkan muni hafa í næsta skipti sem henni verður beitt".

Og síðar segir í sama verki: „Langdræg vopn Bandaríkjanna einna hafa meiri gjöreyðingarmátt en notaður hefur verið í allri styrjaldarsögu mannkyns. Herstyrkur Bandaríkjanna er bæði firnamikill og fjölbreyttur. Samanlagður fjöldi kjarnaodda Bandaríkjanna er 9400 og samanlögð megatonn 4100. Langdræg vopn Sovétmanna hafa svipaðan gjöreyðingarmátt. Samanlagður fjöldi kjarnaodda Sovétríkjanna er 7500 og samanlögð megatonn 7100."

„Augljóst er", segir þar áfram, „að með þessum vopnum er hægt að útrýma jarðarbúum mörgum sinnum. Þó að um ákveðið misvægi sé að ræða í einstökum vopnategundum, þá skiptir það engu sé litið til þeirrar staðreyndar að hvor aðilinn um sig hefur yfir að ráða langdrægum kjarnorkuvopnum sem hafa gjöreyðingarmátt hundraða þúsunda Hiroshimasprengja. Herskipuleggjendur Bandaríkjanna og Sovétríkjanna hafa lagt áherslu á ólíka þætti við uppbyggingu kjarnorkuvopnaherafla síns. Ein ástæðan fyrir mismiklum sprengjumætti í megatonnum talið er t. d. sú, að Sovétmenn, sem ekki ráða yfir jafnþróaðri tækni, hafa talið nauðsynlegt að framleiða þungar eldflaugar frekar en léttar og nákvæmar. Þeir sem stjórna bandarískum hermálum hafa kosið að framleiða ekki þungar eldflaugar, vegna þess að „smærri" sprengjur (t. d. sú sem samsvarar 25 Hiroshimasprengjum) hafa jafnmikinn eyðingarmátt gagnvart ákveðnu skotmarki, ef þær eru nægilega nákvæmar. Ógnarjafnvægið er raunveruleiki árið 1982", en þá er þetta ritað, „eins og það hefur verið síðustu tvo áratugi; vopnabirgðir beggja aðila eru nægilega miklar til að hræða annan aðilann frá því að gera kjarnorkuárás og báðir aðilar skilja að þeir gætu átt von á hefndaraðgerðum sem tryggja mundu gagnkvæma gjöreyðingu. Það sem máli skiptir er að báðar þjóðirnar búa yfir gjöreyðingarmætti sem nægir til að leggja andstæðinginn í rúst mörgum sinnum.

Stöðugar framfarir í kjarnorkuvísindum eru á góðri leið með að skapa heim fullan af eldflaugum, sem geta farið af stað hvenær sem er, og hugarfar sem segir að valið standi um að nota þau eða glata ella. Séu hafðar í huga þær deilur sem þegar eru fyrir hendi og sú tækniþróun sem átt hefur sér stað er ljóst að ekki má mikið út af bregða í samskiptum stórveldanna til þess að kjarnorkustríð brjótist út.

Líkurnar á því að stríð hefjist af misgáningi hafa aukist uggvænlega vegna tækniframfaranna. 147 sinnum á síðustu 20 mánuðum hafa bilanir í bandarískum tölvum leitt til þess, að þær sendu boð um að sovésk árás væri hafin. Í fjórum tilvikum náðu boðin svo langt að skipanir voru gefnar um að setja langdrægar eldflaugar í viðbragðsstöðu. Í eitt skipti var send út aðvörun um að sovéskir kjarnorkukafbátar hefðu hafið árás og stöfuðu mistökin af röngu forriti. Að sögn hermálaráðuneytisins tók það yfirstjórn bandarískra hersins sex mínútur að komast að því að um mistök hefði verið að ræða. Ef upplýsingarnar hefðu verið réttar hefði breiðfylking sovéskra eldflauga hæft borgirnar á ströndum Bandaríkjanna innan fárra mínútna. Öðru sinni hafði gervitungl mistúlkað tungluppkomuna, tekið tunglið fyrir sovéska eldflaug.

Sumir hernaðarsérfræðingar láta eins og tilgangurinn með vopnaeftirliti sé í mesta lagi fólginn í því að hafa hemil á vopnakapphlaupinu, en ólíklegt er að hægt sé að hafa hemil á því endalaust. Miklu líklegra er að það leiði til endanlegrar eyðingar mikils hluta siðmenningarinnar. Stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins og afvopnun í kjölfarið er ekki eina leiðin til að hafa eftirlit með hervæðingunni, en það er eina aðferðin til brjótast út úr vítahringnum án þess að hafna í endalausu málþófi um í hverju jafnvægið sé fólgið. Ef vilji væri fyrir hendi gætu stórveldin á örfáum mánuðum komið sér upp kerfi til eftirlits með því að stöðvuninni væri framfylgt".

Þetta voru ekki mín orð, eins og ég hef tekið fram, og ekki ályktun frá Samtökum herstöðvaandstæðinga hérlendis. Þetta er tilvitnun í bókina „Freeze" eða Stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar eftir bandarísku þingmennina Edward M. Kennedy og Mark O. Hatfield, sem út kom í Bandaríkjunum í aprílmánuði 1982 og þýdd hefur verið og gefin út á íslensku. Þessa bók ættu allir hv. alþm. að kynna sér. Ég hef hér þrjú eintök frá bókasafni Alþingis, sem ég legg hjá ritara, ef menn vilja glugga í þessi eintök, og að þeim eiga þeir greiðan aðgang, fyrir utan það að bókin fæst í verslunum.

Í formála þessarar bókar segir Averell Harrimann, einn þekktasti sérfræðingur Bandaríkjanna í alþjóðamálum allt frá dögum Franklíns Roosvelts forseta, m. a. þetta:

„Það er aðeins einn tilgangur með kjarnorkuvopnum — að hræða menn frá kjarnorkustríði. Séu þau notuð munu þau eyða jafnt þeim aðila sem hóf leikinn sem fórnarlömbunum.

Þess vegna er það brýnt að við hefjumst þegar handa. Það er boðskapur þessarar bókar og það er röksemdin á bak við kjarnorkustöðvun. Það eru 50 þús. kjarnaoddar í heiminum í dag og sá fjöldi fer vaxandi. Þess er skammt að bíða að komið verði fyrir vopnum sem munu neyða annan aðilann til þess að verða fyrri til ef tvísýnt ástand skapast. Þess er einnig skammt að bíða að öðrum vopnum verði komið fyrir sem erfitt verður að fá örugga vitneskju um og þess vegna sérstaklega erfitt að hafa hemil á".

Sérstök ástæða er til að minnast þessara orða nú, þegar þáttaskil hafa orðið í vígbúnaðarkapphlaupinu með ákvörðun NATO og Bandaríkjanna um að koma

fyrir 464 kjarnorkustýriflaugum og 108 Pershing II eldflaugum í fimm Evrópulöndum og viðræðuslitum stórveldanna í Genf, sem nú hafa fylgt í kjölfarið. Sovétríkin hafa þegar tilkynnt um andsvar með uppsetningu SS-20 flauga í Austur-Þýskalandi og Tékkóslóvakíu.

Engin ákvörðun hefur komið viðlíka róti á hugi manna í Evrópu og Norður-Ameríku á árunum sem liðin eru frá síðari heimstyrjöldinni og sú vitfirring sem nú er að verða staðreynd. Milljónir og aftur milljónir manna hafa skipað sér undir merki friðarhreyfinga á Vesturlöndum, fylkt liði á götum og torgum stórborga í mestu fjöldaaðgerðum sem sagan kann að greina frá. Tugþúsundir standa dögum og vikum saman við herstöðvar í Bretlandi og á meginlandinu til að mótmæla komu eldflauganna. Samtök lærðra og leikra fylkja liði og sameinast í ákalli til stjórnmálamanna um að stöðva feigðarflan áframhaldandi kjarnorkuvæðingar í austri og vestri. Samtök lækna benda á ógnir kjarnorkuhernaðar, einnig fyrir þá sem kynnu að komast lífs af úr fyrsta hildarleiknum. Samtök kvenna víða um heim hafa beitt sér gegn endurvígbúnaði og fyrir afvopnun. Fjórtán þúsund eðlisfræðingar hafa sent frá sér ákall til þjóðarleiðtoga um að taka sönsum. Kirkjunnar menn, einnig í Bandaríkjunum, hafa tekið heils hugar undir kröfuna um stöðvun eða frystingu kjarnorkuvígbúnaðar. Þingmenn í meira en 30 ríkjum hafa myndað með sér samtök til að beita sér fyrir afvopnun og að það fjármagn sem þannig sparast verði lagt í þróunarsjóð til hjálpar fátækum ríkjum. Í þessum fjöldahreyfingum og samtökum er sá þróttur og það afl sem hrífur æ fleiri með sér og helst er þess megnugt að stöðva vígbúnaðaræðið.

Sú till. sem ég mæli hér fyrir um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna er borin fram af þm. úr fimm þingflokkum hér á Alþingi, eins og ég gat um áðan. Hún er liður í alþjóðlegu átaki þingmanna margra landa, sem tóku höndum saman fyrir nokkrum árum til að auka þátttöku þm. úr öllum heimshornum um afvopnunarmál. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi lýsir yfir stuðningi við áskoranir þm. frá fjölda þjóðþinga þar sem kjarnorkuveldin eru hvött til að stöðva þegar í stað framleiðslu á kjarnorkuvopnum og allar tilraunir með þau. Á þann hátt yrði stigið mikilvægt skref í áttina að því að stemma stigu við þeirri ógn sem kjarnorkuvopnin skapa framtíð mannkynsins. Nú þegar eru tugþúsundir kjarnorkuvopna til reiðu í vopnabúrum og gereyðingargeta þeirra jafngildir samtals 1 millj. af Hírósímasprengjum.

Alþingi hvetur til samninga um alhliða afvopnun undir alþjóðlegu eftirliti þar sem m. a. verði samið um eftirfarandi:

1) Myndun alþjóðlegrar eftirlitsstofnunar sem með nýtingu gervihnatta og reglubundnum eftirlitsferðum væri fær um að fylgjast með framkvæmd afvopnunar og upplýsa brot á hinu alþjóðlega samkomulagi.

2) Stofnun þróunarsjóðs sem veitti fjármagni, sem áður var ætlað til hernaðar, til að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja úr hungri á sama tíma og árleg heildarútgjöld til hernaðar í heiminum nema yfir 500 þús. millj. dollara.

Alþingi hvetur til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi þingmanna og almannasamtaka þar sem kröfur um kjarnorkuafvopnun og útrýmingu fátæktar úr heiminum eru meginstefnumál".

Í grg. eru rakin nokkur atriði varðandi þau alþjóðasamtök þingmanna sem kalla sig Parliamentarians for World Order og sem m. a. hafa beitt sér fyrir hliðstæðum kröfum og hér eru fram settar á mörgum þjóðþingum. Sjónarmið samtakanna eru nánar útfærð í ávarpi sem ber á ensku heitið „Call for Global Survival" eða ákall um áframhaldandi líf á þessari jörð. Nú þegar hafa um eitt þús. þm. frá 55 löndum undirritað þetta stefnuávarp.

Till um sama efni og hér liggur fyrir var flutt á síðasta þingi, þá af alþm. Ólafi Ragnari Grímssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni og Árna Gunnarssyni, en komst þá ekki til umr.

Kjarni till. er um stöðvun eða frystingu kjarnorkuvígbúnaðar risaveldanna sem fyrsta skref til að vinda ofan af vígbúnaðarkapphlaupinu. Ákallið um stöðvun eða frystingu kjarnorkuvígbúnaðar fékk byr undir vængi þegar till. um það efni var borin fram í báðum deildum Bandaríkjaþings á fyrri hluta árs 1982 og aðeins munaði hársbreidd að hún næði fram að ganga þar á þingi. Í öldungadeild þingsins var hún borin fram af demókratanum Edward Kennedy og repúblikanum Mark Hatfield og hefur síðan gengið undir heitinu Kennedy-Hatfieldtillagan. Ég held að það sé fróðlegt fyrir hv. alþm. að heyra hvernig hún hljóðar. Hún er ekki löng:

„Þar sem mikilvægasta verkefni okkar í dag er að koma í veg fyrir að kjarnorkustyrjöld brjótist út, hvort sem er fyrir slysni eða af ásettu ráði;

Þar sem kjarnorkuvopnakapphlaupið eykur háskalega hættuna á gjöreyðingu, sem yrði hinsta styrjöld mannkyns; og

Þar sem þörf er stöðvunar sem fylgt væri eftir með verulegri fækkun kjarnaodda, eldflauga og annarra árásartækja til að stöðva kjarnorkuvopnakapphlaupið og draga úr hættunni á kjarnorkustríði álykta Öldungadeild og Fulltrúadeild Bandaríkjanna á sameinuðu þjóðþingi;

1. Að í þágu eftirlits með langdrægum vopnum skuli Bandaríkin og Sovétríkin nú þegar:
   a. stöðva kjarnorkuvopnakapphlaupið algjörlega.
   b. ákvarða hvenær og hvernig framkvæmd skuli gagnkvæm og sannanleg stöðvun er nái til tilrauna, framleiðslu og frekari dreifingar kjarnaodda, eldflauga og annarra árásartækja og
   c. athuga sérstaklega þá gerð vopna sem fyrir hefur verið komið og ætla mætti að gerðu stöðvun erfiðari en ella.

2. Í kjölfar þessarar stöðvunar skulu Bandaríkin og Sovétríkin gagnkvæmt og sannanlega fækka verulega kjarnaoddum, eldflaugum og öðrum árásartækjum. Miða skal við árlegan hundraðshluta eða aðra árangursríka tilhögun þannig að stöðugleiki aukist."

Þessi till. um stöðvun eða frystingu hlaut 202 atkv. á sameinuðu þingi í Bandaríkjunum, en á móti voru 205. Till. þessi var m. a. andsvar við utanríkisstefnu Reagans forseta. Hún var tekin upp sem helsta veganesti sendinefndar þingmannasamtakanna Parliamentarians for World Order, sem heimsótti forustumenn í Moskvu og Washington í maí 1982. Undirtektir við hana voru að sögn sendinefndarinnar lakari á síðari staðnum, enda taldi Reagan forseti henni beint gegn stefnu sinni — stefnu sem sætt hefur mikilli og vaxandi

gagnrýni, einnig úr röðum ýmissa af dyggustu bandamönnum Bandaríkjanna. Kennedy og Hatfield, flutningsmenn þessarar till., svara neikvæðum viðbrögðum Reaganstjórnarinnar við till. þeirra m. a. á eftirfarandi hátt:

„Þegar allt kemur til alls er því andófi sem haldið er uppi gegn stöðvun aðallega ætlað að dylja önnur og hættulegri markmið. Í fjárlagafrv. fyrir 1983“, og ég skýt því að að þetta er fjárlagafrv. Bandaríkjanna, „er farið fram á fjárveitingu til þess að gera ríkinu kleift að heyja árangursríkt stríð, hvort sem er með kjarnorkuvopnum eða hefðbundnum vopnum. Þetta er í fyrsta sinn sem fjárveitingarbeiðni er rökstudd slíkum orðum. Við verðum að halda til streitu þeim skilningi að markmið Bandaríkjanna sé að koma í veg fyrir kjarnorkustríð, ekki að heyja það. Það verður að berjast gegn öllum hugmyndum um takmarkað kjarnorkustríð.“

Þeir andmæla ákveðið þeim skilningi að till. þeirra um frystingu, um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins í núverandi stöðu og síðan afvopnun, sé vatn á myllu Sovétmanna. Því mótmæla einnig andstæðingar þeirrar stigmögnunar vígbúnaðarkapphlaupsins sem hafin er með staðsetningu nýrra kjarnorkuflauga í Vestur-Evrópu þessa dagana, þeirra á meðal vestur-þýskir jafnaðarmenn undir forustu Willy Brandts. Undir þau sjónarmið taka útgefendur hinna virtu þýsku blaða Der Spiegel og Die Zeit, þeir Rudolf Augstein og Theo Sommer. Hverjum dettur í hug að væna þá um þjónkun við hagsmuni risaveldisins í austri? Hinn síðarnefndi, Theo Sommer, er ómyrkur í máli í forsíðugrein í Die Zeit 18. nóvember s. l., þar sem hann segir:

„Það ber að harma að framkvæmd á tvíhliða ákvörðuninni,“ þ. e. um Cruise og Persing II eldflaugarnar í des. 1979, „er orðin að veruleika þannig að ekki verður snúið til baka. Herfræðingarnir vildu í reynd fremur hervæðingu í vestri en afvopnun í austri“, segir Theo Sommer og gagnrýnir feril Reagans forseta í afvopnunarmálum harðlega. „Hernaðarlega eru hin nýju vopn ekki nauðsynleg“, segir hann. „Það hefur lokist upp fyrir mönnum að undanförnu. Þau miða ekki á nein skotmörk sem ekki voru þegar í skotmáli eldri vopna“.

Yfirgnæfandi meiri hluti Vestur-Þjóðverja er samkv. skoðanakönnunum andvígur staðsetningu hinna nýju vopna, meiri hluti í báðum stærstu stjórnmálaflokkum landsins, svo að ekki sé minnst á flokk Hinna grænu. Samt létu ráðandi öfl sér ekki segjast og bjóða þannig heim sundrungu og heiftarátökum í eigin landi.

Andstaðan í Vestur-Evrópu og Bandaríkjum Norður-Ameríku gegn kjarnorkuvígbúnaðinum og uppsetningu meðaldrægra eldflauga í Evrópu er þeim mun athyglisverðari sem Sovétríkin og fylgiríki þeirra hafa ekki rekið stefnu inn á við eða út á við sem fallin væri til að skapa tiltrú á utanríkisstefnu þeirra, hvað þá á það steinrunna kerfi sem grúfir yfir löndum Austur-Evrópu. Innrás Sovétríkjanna í Afganistan 1979 og grimmdarstríð þeirra þar auðveldaði andstæðingum SALT II samkomulagsins um takmörkun gereyðingarvopna að koma í veg fyrir staðfestingu þess á Bandaríkjaþingi undir lok valdaferils Carters forseta og greiddi jafnframt götu haukanna, sem komu Reagan í stólinn í Hvíta húsinu. Í sömu átt virkuðu atburðirnir og valdarán hersins í Póllandi. En þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir bælingu alls félagafrelsis og friðarhreyfinga í löndum Austur-Evrópu hefur mikill fjöldi fólks í Vestur-Evrópu og sums staðar meiri hluti manna, eins og í Vestur-Þýskalandi, skynjað og séð í gegnum rökleysu áframhaldandi kjarnorkuvígbúnaðar. Hinn aldni og reyndi bandarískí diplomat, Averell Harrimann, sem rætt hefur við alla sovéska leiðtoga frá Stalín að telja til Bréshnefs, telur flest benda til að Sovétmenn muni fórna öllu til að geta haldið til jafns við Bandaríkjamenn í kjarnorkukapphlaupinu. Hernaðarmáttur risaveldanna sé um þessar mundir svipaður að hans dómi.

Í formála bókarinnar „Stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins“, sem hér hefur oft verið vitnað til, segir Averell Harrimann m. a.:

„Goðsögnin um yfirburði Sovétríkjanna hefur ekki einungis lamandi áhrif, hún endurspeglar líka ótta sem er ekki sæmandi sjálfsöruggustu þjóð heims. Það þarf einnig nokkra trúgirni til, því jafnvel eftir vel heppnaða og þrautskipulagða árás Sovétmanna sem kæmi Bandaríkjamönnum í opna skjöldu gætum við svarað með 4—5 þús. kjarnorkuvopnum. Þessi goðsögn dregur kjark úr vinum okkar, en það allra versta er þó, að hún leiðir til þess að andstæðingar okkar misreikna styrk vorn og telja okkur veika þegar við erum það ekki. Þetta er stórhættulegt og hjá þessu hefði auðveldlega mátt komast.“

Allt ber þetta að sama brunni. Hvaða augum sem menn líta risaveldin er kjarnorkuvígbúnaðurinn sú yfirþyrmandi hætta sem öllu máli skiptir að verði bægt frá mannkyninu, því að ella mun hún brenna það upp og eyða siðmenningu vorri. Uppsetning nýrra meðaldrægra eldflauga, sem nú er hafin í Vestur-Evrópu, mun stytta boðleið kjarnorkuskeytanna til Moskvu niður í sex mínútur. Samkv. frásögn Edwards Kennedys, sem ég vitnaði til áðan, tók það yfirstjórn bandarísku hersins á árinu 1981 einnig sex mínútur að leiðrétta tölvumistök, sem ollu því að bandarísku kjarnorkueldflaugarnar voru settar í viðbragðsstöðu til að svara ímyndaðri sovéskri árás.

Þau brjálæðislegu skref sem nú er verið að stíga með stigmögnun vopnakapphlaupsins og uppsetningu meðaldrægra kjarnorkueldflauga í Evrópu til viðbótar þeim sem fyrir voru eru að gera að engu þann örskamma tíma sem mennirnir að baki eldflaugaþyrpinganna hafa til að leiðrétta bilanir eða mistúlkanir í tölvunum, sem allt hvílir á. Niðurtalningin uns ýtt er á hnappinn vegna hins gagnkvæma ótta er að nálgast núll. Svigrúm til umhugsunar ekki teljandi í mínútum, áður en gereyðing yrði ráðin. Svo standa talsmenn endurvígbúnaðarins á þjóðþingum, eins og því miður mátti heyra hér í umr. utan dagskrár í gær, þar sem hæstv. utanrrh. mælti, þar sem þulin er gatslitin rulla um svokallað jafnvægi í vígbúnaði risaveldanna sem rök fyrir þeirri fráleitu afstöðu að Ísland sitji hjá á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þar sem krafist er frystingar kjarnorkuvopnavígbúnaðarins. Slík afstaða á ekkert skylt við staðreyndir kjarnorkuógnarinnar, þar sem stórveldin hafa þegar margfaldar birgðir af helsprengjum til að þurrka allt mannlíf út, hvert á sínu svæði — ekki einu sinni, heldur mörgum sinnum, ef slíkt væri á annað borð unnt.

Það var hins vegar út af fyrir sig ánægjulegt að heyra í umr. hér um daginn um till. um afvopnun, till. sem borin var fram af hv. þm. Sjálfstfl., að þeir vildu ekki orðalaust vísa frá hugmyndinni um frystingu. Hv. þm. Gunnar G. Schram sagði í þeirri umr. m. a.: „Hér er

vissulega um athyglisverða till. og nýjung að ræða, en því er ekki að neita, að tæknileg vandamál við slíka frystingu kjarnorkuvopna eru mikil.“ Þessi ummæli gefa þó von um, að þessir hv. þm. vilji líta á þessi mál svipað og lagt er til hér með flutningi þessarar till., og nauðsynlegt er að á það reyni.

Þá ber að minna á það hér, að þær risavöxnu upphæðir, 500 þús. millj. dollara, sem varið er til hernaðarútgjalda, mundu nægja margfaldlega til að útrýma hungri og fátækt úr heiminum og til að aðstoða þróunarríkin við að ná tökum á efnahagsmálum sínum, þ. e. að hjálpa til sjálfshjálpar. Það ætti að liggja í augum uppi, hvar við Íslendingar eigum að leggja lóð á vogarskál þessara meginmála mannkynsins. Samt er um fátt meira deilt í landi okkar en stefnuna í utanríkismálum. Þau öndverðu sjónarmið verða ekki gerð sérstaklega að umtalsefni hér, en þess verður að vænta, að Alþingi og hv. utanrmn. gefi sér tíma til að leita að samstöðu í þessum örlagaríku málum á núverandi þingi.

Það er hins vegar ákveðið sjónarmið flm. þessarar þáltill. um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna, að Íslendingum beri að styðja alla viðleitni að því marki á alþjóðavettvangi. Ég tel að engin óvissa megi ríkja um afstöðu Íslands í þessu máli mála. Kjarni þeirrar till. til þál. sem ég hér hef mælt fyrir er um frystingu kjarnorkuvígbúnaðarins og með samþykkt þessarar till. væri verið að taka undir þær tillögur sem fyrir liggja um það efni, m. a. till. Mexíkó og Svíþjóðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Mikilvægt er að afstaða Alþingis til hugmyndarinnar um frystingu liggi fyrir helst þegar á næstu dögum, svo og stuðningur sem flestra hv. alþm. við alþjóðlega baráttu þm. fyrir afvopnun og stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins. Árangur í því efni varðar ekki átök milli hugmyndakerfa og stórvelda, svonefndan kommúnisma eða kapítalisma, heldur er það spurningin um líf eða dauða, um framtíð mannkynsins til að geta haldið áfram göngu sinni í friði eða með ágreiningi eftir atvikum. Eftir kjarnorkustríð er hins vegar um ekkert að kljást. Einnig okkar þjóð á líf sitt undir að surtarlogi kjarnorkustyrjaldar nái aldrei að brenna.

Herra forseti. Ég legg til að að loknum fyrri hluta þessarar umr. verði þessari till. vísað til meðferðar hv. utanrmn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Um nauðsyn afvopnunar og stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna ætti ekki að þurfa að fjölyrða mjög, svo mikil ógn sem stendur af því sífellda vígbúnaðarkapphlaupi sem við búum við í veröldinni. Það hefur komið fram hjá okkur fulltrúum Alþfl. áður að við teljum að Íslendingar eigi að leggja mjög mikla áherslu á að unnið sé að þessum málum, stöðvun vígbúnaðar og afvopnun og eftirliti með vopnabúnaði, eftir því sem við frekast höfum tök á.

Í þeirri till. sem hér er til umfjöllunar eru í rauninni tvö efnisatriði. Annars vegar sú ályktun Alþingis að hvetja kjarnorkuveldin til að stöðva þegar framleiðslu á kjarnorkuvopnum og tilraunir þar að lútandi. Í annan stað að hvetja til samnings um alhliða afvopnun undir alþjóðlegu eftirliti. Innan þess ramma yrði mynduð alþjóðleg eftirlitsstofnun og stofnaður þróunarsjóður sem veitti fjármagni sem áður fór til hernaðar til að hjálpa í staðinn fátækum ríkjum.

Ég held að við Íslendingar stöndum frammi fyrir því og Alþingi þá sérstaklega að átta okkur á því með hvaða hætti Ísland geti best beitt áhrifum sínum til að þrýsta á um árangur í þessum efnum. Að vísu eru á þessu máli tvær hliðar. Ég held að ástæða sé til að vekja athygli á að þegar fjallað er um þessi mál á erlendum vettvangi er í rauninni skilið á milli þess sem er annars vegar takmörkun vígbúnaðar, afvopnun og eftirlit með að slíkt sé haldið og hins vegar eftirlitsþáttur sem gjarnan er nefndur „arms control“ sem felst kannske fyrst og fremst í að auka samskipti milli þeirra sem búa yfir þessum vopnum í þeim tilgangi að hindra að þeir misskilji hver annan. Þessum þætti, hinum síðarnefnda, „arms control“ í þessum skilningi, hefur því miður verið tiltölulega lítið sinnt á undanförnum árum og hefði kannske verið ástæða til að gera hann enn frekar að umræðuefni en gert hefur verið hér í þeim umr. sem átt hafa sér stað til þessa. Ég vek einungis eftirtekt á þessu vegna þess að ég tel mikilvægt að þessi þáttur verði ekki útundan með þeim hætti sem hann hefur í rauninni gert að undanförnu.

Það hefur komið fram í umfjöllun hér á þinginu fyrr að siðferðilega sé óbærilegt að verja sífellt stórum fjárhæðum til aukins vígbúnaðar og þá sérstaklega í kjarnorkuvopn meðan við búum við mikið hungur og fátækt í heiminum. Líka hefur verið bent á það fyrir þá sem trúa að ógnarjafnvægið hafi tryggt okkur frið, og það getur vel verið, ég skal ekki fullyrða um það, að komið væri mörgum sinnum nóg af þessum vopnum til að tortíma mannkyninu margsinnis. Þannig að þegar af þeirri ástæðu ætti að vera óhætt fyrir stórveldin að hætta að vígbúast frekar á þessu sviði, þau hefðu yfir þeim vopnum að ráða sem tryggðu það ógnarjafnvægi sem um væri rætt. Hitt er það að hin sífellda fjölgun kjarnavopnanna fjölgar í rauninni möguleikunum á mistökum og þess vegna eykst hættan á að styrjöld brjótist út fyrir mistök eða slys eigi sér stað, sem óbætanlegt yrði.

Þetta vígbúnaðarkapphlaup sem byggir á hugtakinu um ógnarjafnvægi hefur staðið óslitið frá því fyrir 1950. Ég held að óhætt sé að segja að stórveldin og allur hinn þróaði heimur standi í rauninni frammi fyrir því að endurskoða afstöðu sína með tilliti til þess hvernig staðan er núna og líta á að um sameiginlegt öryggi og sameiginlega hagsmuni er að ræða. Það þarf að finna leiðir til að auka traust og trúnað milli stórveldanna og milli ríkja í Evrópu þar sem hættan er mest og finna þann grundvöll sem gæti talist sameiginlegt öryggi. Um þetta hefur líka verið rætt hér á undangengnum þingum.

Sú tillaga sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að þegar verði stöðvuð framleiðsla á kjarnorkuvopnum og allar tilraunir með þau. Þetta er góð tillaga. En hún gengur í rauninni of skammt. Það virðist fyllsta ástæða til að ætlast til þess af stórveldunum að þau stórfækki kjarnavopnum sínum. Það virðast vera fullkomnar forsendur fyrir því að stórveldin ættu að geta náð samkomulagi um mikla fækkun kjarnorkuvopnanna.

Stundum hefur t. d. verið bent á það í þeim umr. sem farið hafa fram á opinberum vettvangi og kemur fram í tilsvörum erlendis að Sovétríkin hafi stóraukið fjölda kjarnorkuflauga hjá sér á undanförnum árum allar götur síðan 1977. Það kom m. a. fram í umr. hér í gær í þinginu utan dagskrár hjá hæstv. utanrrh. Hann nefndi

að árið 1979 höfðu Sovétmenn haft 140 eldflaugar af þessu tagi, en þær væru nú komnar upp í 360 og væru þríodda hver. Þetta hefði gerst á undanförnum 4 árum. Þess vegna hefði maður haldið að stórkostlegur niðurskurður af hálfu Sovétríkjanna ætti að vera mögulegur.

Ef menn hafa fylgst með því sem gerðist í Genfarviðræðunum varðandi einmitt þessar flaugar kemur fram að Sovétríkin hafa þar gert tillögu um að fara niður í 120 flaugar. Sem sagt lægri tölu en hæstv. utanrrh. miðaði við hér í gær. Manni finnst að þarna hafi verið tækifæri sem menn hefðu getað gripið sem væri betra en sú frysting sem menn tala gjarnan um núna. Hefði ekki verið betra að stíga þetta skref og frysta þar og nota svo tímann? Eftir lestur í erlendum tímaritum um þennan gang viðræðnanna verð ég að segja eins og haft er eftir Helmut Schmidt að það valdi honum vonbrigðum að bandamenn okkar, Bandaríkin, hafi ekki haldið betur á málum en raun ber vitni, hafi ekki verið fúsari til samninga og ekki lagt meira að sér til að ná samningum en raun ber vitni.

Í margvíslegum ályktunum hefur einmitt komið fram það viðhorf að þannig vildu Evrópuþjóðirnar standa að þessu. Ég get vitnað til ályktunar frá Skandilux-löndunum svonefndu, þ. e. Skandinavíu, Luxemburg, Belgíu og Hollandi, þar sem fulltrúar þessara landa lögðu sérstaka áherslu á að leiðin í þessum efnum væri að Sovétríkin skæru niður SS-20 flaugar sínar í mjög ríkum mæli gegn því að Pershing-2 og Cruise-flaugarnar yrðu ekki settar upp. Manni finnst að þarna hafi verið á leiðinni grundvöllur sem slæmt hafi verið að ekki skyldi reynt að byggja á og frysta þá frekar á því stigi.

Mér sýnist líka að ef Atlandshafsbandalagið hefði veitt frest af þessu tagi að því er varðaði sínar flaugar upp á þann niðurskurð sem hér var um að ræða hefði það sýnt ákveðinn sáttavilja. Þannig hefði í rauninni getað unnist mikið en ekkert tapast á að grípa það tækifæri. Ég læt þessa getið hér af því að mér finnst að í umfjöllun um þessi mál geti menn ekki horft fram hjá því hvað hafi akkúrat verið að gerast í þessum samningaumleitunum síðustu dagana. Hins vegar er auðvitað ljóst að nota verður hvert tækifæri til að sýna stórveldunum hver alvara býr að baki kröfunni um að kjarnorkuvopnakapphlaupinu linni og afvopnun hefjist. Tillagan um Freeze er í sjálfu sér flutt í þeim anda og þess vegna góðra gjalda verð svo langt sem hún nær. En ég flokka hana sem nr. 2 í þeim möguleikum sem menn hafa eða virðast hafa haft á hendi sér að undanförnu.

Sú till. sem hér er til umfjöllunar er nokkuð í ætt við þessa Freeze-tillögu. Ég tel að hér sé reynt að setja fram með nokkuð skilmerkilegum hætti ákaflega einfalda skoðun í þessari till., þ. e. þá skoðun að ekki eigi að framleiða fleiri kjarnorkuvopn, það er meginefni till., og jafnframt þá skoðun að framvinda málanna í þessum efnum verði að byggjast á samningum þar sem stórveldin eru náttúrlega aðalpólarnir, samningum um afvopnun og að slík afvopnun skuli vera gagnkvæm og undir alþjóðlegu eftirliti. Ég hef áður látið í ljós þá skoðun að ef þau skilyrði tvö eru ekki framkvæmd sé líklega ekki vinningur í spilunum, þá mundi það sem menn ætluðu sér að ná líklegast ekki halda. En ef þau tvö skilyrði eru uppfyllt um eftirlit og gagnkvæmni í þessum efnum ætti skrefið að vera stigið, það skref sem menn hafa í rauninni beðið eftir mjög lengi.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þessa till. Ég taldi rétt að láta þegar á þessu stigi koma fram viðhorfin varðandi þetta mál í grófum drættum og tel, eins og ég hef látið koma fram í máli mínu, að ákaflega mikilvægt sé að Íslendingar sýni hug sinn í þessum efnum. Það getur gerst með samþykkt ályktunar hér á þinginu. Það getur líka gerst á alþjóðlegum vettvangi, t. d. með því að greiða atkv. með réttum hætti á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þegar tillögur sem þessar sem ég hef gert hér að umræðuefni koma þar til umfjöllunar, að styðja alla slíka viðleitni hverju nafni sem nefnist.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að hér er verið að leggja til að íslenskir þingmenn sameinist starfsbræðrum sínum í öðrum löndum um að vinna annars vegar að stöðvun þess vitfirrta vígbúnaðarkapphlaups sem nú stefnir mannkyni öllu og þeirri veröld sem við þekkjum út á barm glötunar. Við búum ofan á sprengjutunnu eins og tíundað hefur verið hér. Ég vil aðeins í þessu samhengi minna þingheim á að ein lítil mannleg mistök eru nóg til að veröldin fuðri upp. Hins vegar er verið að hvetja til þess að þm. vinni með starfsbræðrum sínum að því að vinna bug á hungri og fátækt í veröldinni. Til þess duga hernaðarmilljarðarnir og vel það. Það fjármagn sem Vesturlöndin verja til þróunaraðstoðar er t. d. aðeins örlítið brot af þeim fjármunum sem varið er til hernaðarframkvæmda. Fjöldi manna hefur þegar sameinast um þessi efni og myndað með sér félög um þau. Þar má nefna presta, konur, lækna, listamenn, eðlisfræðinga og fleiri eins og fram hefur komið. Hér er lagt til að þm. sameinist líka á sínum starfsgrundvelli um þessi mál og hlýtur það að teljast verðugt verkefni íslenskra þm.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þessa till. en ég vil ekki láta þetta tækifæri hjá líða að lýsa eindregnum stuðningi mínum við málið og ég vona að þingheimur geti sameinast um að stuðla að framgangi þess. Ég vildi einungis, herra forseti, að þetta kæmi hér fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stöðvun uppsetningar kjarnaflugvopna, þáltill. 114. mál (þskj. 141). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt öðrum aðilum úr þingflokkum till. til þál. um stöðvun uppsetningar kjarnorkuvopna og framhald samningaviðræðna í Genf. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því á vettvangi Evrópuríkja að viðræðum um takmörkun kjarnavopna í Genf verði haldið áfram, að frekari uppsetning kjarnaflugvopna í löndum Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins verði stöðvuð og næstu 6 mánuðir notaðir til raunverulegra tilrauna til að ná samkomulagi um fækkun kjarnorkuvopna í Evrópu."

Till. þessi er auðvitað að hluta til líka till. um virkari þátt Íslendinga í alþjóðlegri samræðu um málefni stríðs og friðar. Hér er lagt til að fresta fyrirhugaðri uppsetningu kjarnorkuvopna og nota frestunartímann til aukinnar samningaviðleitni með enn meiri þunga en

áður.

Ég geri mér vel grein fyrir að uppsetning títtnefndra kjarnaflugvopna gæti vel orðið þess valdandi að reka Sovétríkin að samningaborðinu því að þeir skilja það tungumál eins og sagt er. En með uppsetningunni er verið að leggja grundvöll að ákveðnu mynstri í samningaviðræðum sem ekki verður séð fyrir endann á. Leita verður nýrra leiða í samningavinnu kjarnorkuveldanna um gagnkvæma afvopnun. Við Íslendingar höfum sögulega sérstöðu í alþjóðlegum samskiptum og það skiptir okkur nokkru máli vegna eigin hagsmuna að vera sjálfum okkur samkvæm í afstöðu okkar til samskipta þjóða yfirleitt. Vegna smæðar hefur okkar leið alltaf verið samningaleið. Og þrátt fyrir stærð andstæðinganna og hernaðarlega yfirburði hefur okkur miðað þó nokkuð vel í rétta átt.

Öll vopn eru til víga. Varnir með vopnum gera ráð fyrir stríði, öll stríð eru háð í þeim tilgangi að ná fram sigri. Sá er munurinn á vopnum fyrr og nú að áður var enginn sigur alger og öll sár gréru með einhverjum hætti um síðir. Nú standa okkur til boða vopn sem lofa algjörum sigri. Þessi vopn eyða öllu kviku, gróðri, skepnum, fólki. Það verður ekki hægt að syngja „kyssir torfa náinn" þegar þessum vopnum hefur verið beitt. Þessi vopn lofa friði, líflausum, algjörum friði. Hver vill slíkan sigur, hver vill þess konar frið?

Stríð voru áður háð til landvinninga, en sívaxandi viðskipti manna og þjóða í millum gera landvinninga í dag óþarfa. Sigur með kjarnavopnum til landvinninga í dag er mögulegur. En þeim fer sífellt fjölgandi í dag sem ekki vilja þennan sigur, þ. e. sigur án lífs, þennan sigur efnisins yfir andanum.

Sá munur er nú á lýðræðisríkjum Vesturlanda og löndum austan tjalds að mikil umræða og almenn samstaða hefur myndast með friði á Vesturlöndum og gegn vígbúnaði. Fulltrúar Vesturlanda geta höfðað til þessa útbreidda friðarvilja sem fram kemur hjá frjálsum samtökum frjálsra manna á Vesturlöndum. Í þessum friðarsamtökum felst siðferðilegur styrkur sem er margfalt meira virði en öll þau kjarnorkuvopn sem við getum hugsanlega ráðið yfir. Að hefja nú enn aukinn vígbúnað af hálfu vesturveldanna í Evrópu breytir engu um í raun því öll erum við jafndauð ef þessum vopnum verður beitt. En með því að auka á vígbúnað með uppsetningu fleiri kjarnaflugvopna gerist tvennt. Stjórnvöld Vesturlanda missa þann siðferðilega bakhjarl sem friðarhreyfingarnar eru þar sem krafa þeirra um afvopnun er skýr og ljós. Stjórnvöld vesturveldanna bregðast lýðræðislegu umboði sínu ef þau taka ekki tillit til þeirrar staðreyndar sem starfsemi friðarhreyfinganna sýnir fram á.

Hins vegar verður ekki annað séð en uppsetning þessara kjarnaflugvopna leiði til áframhaldandi vígbúnaðarkapphlaups með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þess vegna gerir þessi till. ráð fyrir að frestað verði um sinn uppsetningu fyrirhugaðra kjarnaflugvopna af hálfu Atlantshafsbandalagsins og margfaldur þungi lagður í afvopnunarviðræðurnar í Genf.

Friðarhreyfingar sæta þeirri gagnrýni að þær þjóni andstæðingnum þar eð áhrif þeirra miði að því að draga úr vopnamætti og þar með aukist yfirburðir andstæðingsins. Í rökstuðningi þeirra sem mæla með ógnarjafnvægi eru tvö atriði sem því miður sýna óraunsæi þeirra manna sem þar mæla. Í fyrsta lagi tala þeir um varnarmál og það á jafnt við beggja megin járntjalds. Ég vil með leyfi hæstv. forseta fá að lesa hér smákafla úr Fréttabréfi frá fréttaþjónustu APN. Þar er á ferðinni yfirlýsing Yuri Andropovs, aðalritara miðstjórnar KFS, hvað sem það nú er, en hann virðist sinna bréfaskriftum frá Sovétríkjunum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Evrópa hefur búið við frið í næstum 40 ár, lengra tímabil en nokkru sinni fyrr í sögu mannkynsins. Þetta hefur aðeins verið mögulegt vegna friðarstefnu sósíalísku ríkjanna, viðleitni friðarafla álfunnar til að varðveita friðinn og vegna raunsærrar afstöðu heiðarlegra stjórnmálamanna á Vesturlöndum. Jafnvægi hefur skapast milli herafla" — og þetta er náttúrlega kjarni málsins í þessum málflutningi — „þar á meðal kjarnorkubúnaðar Norður-Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, og hefur það stuðlað að öryggi og stöðugleika í álfunni."

Síðar í þessu sama bréfi segir að Sovétríkin og bandalagsríki þeirra hafi gripið til nauðsynlegra aðgerða til að gæta öryggis síns. Því leyfi ég mér að lesa þessa orðræðu upp að tónninn og orðalagið í henni, að breyttum ákveðnum formerkjum, er nákvæmlega sá sami og við heyrum úr munni þeirra manna sem mæla með auknum vígbúnaði vesturveldanna. Kjarnaflugvopn eru auðvitað ekki varnarvopn nema í orði því á því andartaki sem þau fara á loft verða þau að árásarvopnum og því blekking ein að reyna að kalla þau einhverju öðru nafni. Enda felst vörn þeirra í ógn eða hótun.

Í öðru lagi er það bandalag sem myndast milli andstæðinga með þessum hætti, þ. e. bandalag ógnarjafnvægisins, hræðslubandalag þar sem hvor aðilinn um sig setur allt sitt traust á andstæðinginn, þ. e. að hann hefji ekki aðgerðir. Í þessu felst ekki hvað síst það öryggisleysi sem ógnarjafnvægið skapar. Allt venjulegt fólk, þ. e. allir aðrir en hershöfðingjar og þeirra fylgisveinar, skilja að þessar framtíðarhorfur, þ. e. að byggja traust sitt og öryggi á þeim sem síst skyldi, þ. e. andstæðingnum, er veikasti grundvöllur sem nokkur maður gæti byggt á.

Í þriðja lagi þetta: Atómvopn eiga sér enga hliðstæðu í fortíðinni. Þau eiga í raun ekkert skylt með hernaði því að máttur þeirra er að því leyti ægilegri en náttúruhamfara að þau eyða ekki bara lífi heldur lífsskilyrðum öllum til frambúðar. Ef málið er skoðað frá þessari hlið verður ber sú nagandi hugsun að gereyðingarvopn ógna mest þeim sem er reiðubúinn að beita þeim. Þau ógna fyrst og fremst þeim heiðna hugsunarhætti að vera reiðubúinn til að leggja lífið á jörðinni í eyði fyrir málstað sinn. Þau ógna fyrst og fremst eigin siðgæðisvitund.

Frá upphafi þekkjast mörg dæmi þess að menn hafa reynt að forðast eigin sakfellingu með því að eyða þeim aðila sem sakfellingunni olli. Nægir þar að nefna Kain og Abel. Niðurstaðan verður alltaf sú sama, óvinurinn, sá ímyndaði, ógnar lífi þínu eða hagsmunum, en verknaður þinn ógnar siðgæðisvitund þinni og sjálfsvirðingu.

Sá eini sigur sem atómvopn færa er sigur yfir lífinu. En sá sigur hefur aðeins eitt nafn og það er dauðinn.

Herra forseti, að lokum þetta: Ég vil trúa því að orð okkar Íslendinga hafi ákveðið vægi í þessu máli. Saga okkar fyrr og síðar hefur að geyma fjölda sannana um árangur samninga í alvarlegum og stórum málum. Því tel ég okkur Íslendingum skylt að leggja það til málanna á þessu stigi sem reynast mætti leið til að ná samningum

skref af skrefi til þess ástands sem við öll óskum og vonum að einhvern tíma náist, þ. e. algjörrar afvopnunar.

Að lokum, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að máli þessu verði vísað til hæstv. utanrmn. að lokinni þessari umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrir Alþingi liggja þrjár till. til þál. sem allar fjalla um þetta alvarlega mál sem hér er til umr., það ástand sem hefur skapast með því kapphlaupi sem hefur nú að því er virðist aukist á milli stórveldanna um framleiðslu gjöreyðingarvopna. Allar lýsa þessar till. áhyggjum alþm. yfir þessari þróun og þeirri skoðun hv. alþm. að sporna beri þar á móti og okkur beri að leggja lóð okkar þannig á vogarskálina að að því stuðli.

Ég vil leggja á það áherslu hér að þær ríkisstj. sem ég þekki til, bæði þessi og sú sem áður sat, hafa gert það á alþjóðlegum vettvangi og lagt áherslu á að viðræður milli stórveldanna héldust og lýstu þeirri von að árangur af þeim næðist. Ég vil einnig segja að ég tek fullkomlega undir það sem hér hefur verið sagt og áhyggjur manna af þessu fáránlega kapphlaupi sem á sér stað. Ég hef líka lagt áherslu á að kynna mér þessi mál m. a. blaðað töluvert í þeirri bók sem hv. þm. minntist á áðan, Hjörleifur Guttormsson, í sambandi við fyrri till. Ég hef einnig tekið þátt í viðræðum forsrh. Norðurlanda um þessi mál, óformlegum viðræðum. Ég minni á mjög athyglisverðan sjónvarpsþátt sem var sýndur hér á s. l. ári frá norska sjónvarpinu, viðræður um kjarnorkukapphlaupið.

En ég verð að viðurkenna að eftir því sem ég kynni mér þessi mál sýnist mér nokkuð áberandi að enginn veit í raun og veru hvert stefnir. Og enginn gerir sér eiginlega grein fyrir því, finnst mér, hvað er að gerast. Þetta eru allt meira og minna getsakir. Segja má að nokkur atriði séu ljós, að þegar er til í heiminum hjá stórveldunum miklu meira en nóg af gjöreyðingarmætti til að eyða öllu lífi. Það þarf ekkert meira. Og það skiptir í raun og veru engu máli hvort það eru einhver hundruð fleiri eldflaugar í Evrópu eða ekki. Og mér skilst að í þessu sé þó líklega ekki metið það sem er í hafinu, það sem er í kafbátum o. s. frv.

Einnig virðist ljóst að því miður er þessum vopnum fjölgað. Rétt er sem fram hefur komið að menn óttast að því fleiri sem þau eru því auðveldar geti slys orðið. Stórveldin nota gjarnan sem átyllu að hitt veldið hafi náð eitthvað framar og jafnvæginu sé raskað, m. a. eins og nú blasir við að Sovétríkin hafi komið upp nokkur hundruð eldflaugum af nýrri gerð sín megin landamæra sem geti eytt því sem er nær og þurfi þá líklega ekki að nota enn stórtækari eldflaugar í því skyni. Og því sé nauðsynlegt að koma upp eldflaugum á móti til að halda enn þessu jafnvægi sem ég hef sjálfur lýst í ræðu að mér sýnist nú vera eins og jafnvægi á hárri línu án öryggisnets sem víða er nú bannað að því er mér skilst í fjölleikahúsum.

En ég vil með þessum orðum taka undir það að ég sé satt að segja ekki til hvers þetta leiðir og tek eindregið undir áhyggjur sem mér sýnast allra þm. af þessum málum.

Ég vil með þessum orðum leggja áherslu á að þessar till. þrjár komist allar til utanrmn. sem fyrst og verði þar teknar til meðferðar og leitað verði eftir samkomulagi með þm. um eina ályktun héðan sem lýsi áhyggjum okkar Íslendinga á þeirri þróun sem nú er. Það held ég að sé sú verðugasta málsmeðferð og sú eina rétta frekar en menn skiptist í hópa, kannske meira af óljósu orðalagi en öðru. Ég held að þingheimur ætti að geta náð saman um það mál sem hér er til umr.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég kem upp til að styðja þessa till. en mig langar fyrst að þakka forsrh. orð hans. Það er kannske að bera í bakkafullan lækinn að ítreka enn frekar öll þau mörgu rök sem hníga gegn vígbúnaði en mig lagnar samt að ítreka og beina athygli hv. þm. að þeim blekkingum eða ranghugmyndum sem notaðar eru til að næra og viðhalda vígbúnaðarkapphlaupinu.

Fyrsta má nefna þá blekkingu að hægt sé að heyja takmarkað eða langvinnt kjarnorkustríð. Önnur er sú blekking að hægt sé að sýna yfirburði á sviði kjarnorkuvopna og sú þriðja er það tálsýndaröryggi sem byggt er á óstöðugleika sívaxandi kjarnorkuvopnasöfnunar.

Fyrsta og stærsta blekkingin um kjarnorkuvopn er sú ályktun að kjarnorkustyrjöld sé aðeins einn af mörgum óhjákvæmilegum möguleikum sem mannkynið horfist í augu við. Og ég held að í raun og veru sé nauðsynlegt að rekja þessa röksemdafærslu vegna þess að til eru valdhafar í heiminum sem halda þessu fram. Enn fremur að kjarnorkustyrjöld sé aðeins hefðbundin styrjöld en með margföldum afleiðingum. Í krafti þessara viðhorfa beita menn síðan hernaðarlist sem þróast hefur um hefðbundin vopn og halda að hún eigi við um kjarnorkuvopn sem eru í eðli sínu og áhrifum gjörólík. Því stendur veröld okkar á barmi hyldýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækniþekkingu til að tortíma sjálfu sér.

Óbeisluð kjarnorkustyrjöld mundi drepa hundruð milljóna manna á augabragði. Siðmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra sem kynnu að lifa af fyrstu hryðjuna væri ótrygg, ef nokkur. Heilbrigðisstéttirnar yrðu hjálparvana og gætu á engan hátt veitt nauðsynlega aðstoð. Þess vegna er hugmyndin um almannavarnir ekki nothæf.

Skyld blekking er sú skoðun að kjarnorkustyrjöld væri hægt að stjórna, bæði upphafi hennar og tímalengd. Ef kjarnorkustyrjöld væri hafin hér í Evrópu eða annars staðar er afar ólíklegt að hún yrði takmörkuð. Hún mundi næstum örugglega magnast hratt upp í óbeislaða styrjöld og heimsendi. Þessa ályktun má draga af þeirri vitneskju sem til er um áhrif kjarnorkusprenginga á líf og heilsu manna og enn fremur vitneskju um hvernig menn taka ákvarðanir undir álagi. Slík óbeisluð kjarnorkuátök yrðu ekki sambærileg við nein vistfræðileg áföll skráðrar sögu okkar og mundu skilja eftir valdbeittan lífheim, jörð eitraða af geislavirkni. Ef einhver börn yrðu til að erfa þessa jörð væru þau ekki öfundsverð því að langtímaáhrif kjarnorkusprenginganna mundu sjá til þess að menga þau með geislavirkni. Ef við lítum á allt sem við vitum og miklu fremur á allt sem við vitum ekki um áhrif margfaldra kjarnorkusprenginga er ríkt ástæða til að óttast um framtíð mannlífs á þessari jörð.

Enn önnur blekking er sú að hægt sé að hafa og nota yfirburði á sviði kjarnorkuvopna. Svonefnda yfirburði hvað varðar tölu eða gerð vopna er ekki hægt að nýta til hernaðarsigurs. Óvinur sem væri minni máttar kjarn-

orkuveldi gæti samt gjöreyðilagt andstæðing sinn sem hefði yfirburðina. Sú staðhæfing að annar hvor aðilinn geti verið undir eða ofan á, sé kominn fram úr eða hafi dregist aftur úr í kapphlaupinu um kjarnorkuvopnin hefur ekkert gildi lengur, enga skynsemi eða glóru. Kjarnorkuvopn eru ekki lengur nothæf sem tæki til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn af hvaða gerð sem er gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði. Þess vegna er engin réttlæting fyrir því að bæta við nýjum kjarnorkuvopnum í Evrópu eða á nokkru öðru svæði. Hvernig er það mögulegt að við leyfum kjarnorkuvopnum að hrannast upp undir því yfirskyni að þau tryggi öryggi okkar? Hvernig er hægt að leita friðar með því að daðra við möguleika á útrýmingu mannkyns? Þurfum við ekki að endurskoða rækilega þá hernaðarstefnu sem byggir á ógnarjafnvægi?

Á grundvelli ógnarjafnvægis leyfa stórveldin sér að halda stórum hlutum heimsbyggðarinnar í gíslingu. Og það sem meira er þau leyfa sér að halda öllu lífi þessarar jarðar í lófum sér. Eins og tröllin sitja þeir og leika sér að fjöreggi mannsins. Stefna ógnarjafnvægis hefur leitt til hratt vaxandi vopnakapphlaups sem ógnar framtíðarvonum barnanna okkar og það veikir baráttu okkar gegn fátækt, hungri og sjúkdómum. Það hefur alið á hernaðarhyggju sem jafnframt eykur hættuna á kjarnorkuátökum. Það sem við þurfum nú eru nýjar friðarumleitanir en ekki nýjar eldflaugar.

Kvennalistinn telur því að öll kjarnorkuveldi ættu að samþykkja ótvírætt að bera ekki kjarnorkuvopn að neinni deilu. Upphaf kjarnorkuátaka mundi leiða til sjálfsmorðs þjóða og mannkynsmorðs. Við teljum að allar þjóðir ættu að fallast á sannanlega frystingu á hönnun, tilraunum, framleiðslu og uppsetningu á kjarnorkuvopnum. Sú frysting ætti síðan að leiða til fækkunar og endanlegrar útrýmingar kjarnorkuvopna úr vopnabúrum þjóðanna. Vopnaeftirlit og fækkun vopna krefst endurnýjaðrar og alvarlegrar tilraunar til að ná samstöðu um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Þeim samningaviðræðum sem hafa verið í gangi ætti að halda áfram af kostgæfni og góðum ásetningi með tilliti til hagsmuna beggja aðila. Undangengnar afvopnunarviðræður sýna þó að samningar eru yfirleitt langt, langt á eftir hönnun og fjölgun kjarnorkuvopna.

Það er þess vegna vert að leggja áherslu á að til eru aðrar leiðir að markmiði friðar og sátta en hefðbundnar samningaviðræður. Bæði Bandaríkin og Sovétríkin hafa tækifæri til að taka sjálfstætt frumkvæði til að draga úr spennu, til að minnka hættuna á kjarnorkustríði og leiða samningaviðræðurnar út úr þeirri sjálfheldu sem þær eru komnar í. Á þennan hátt mætti breyta þeirri stefnu sem vopnakapphlaupið hefur tekið. Kvennalistinn telur að bæði bandaríska þjóðin og sovéska þjóðin verði að læra meira hvor um aðra, kynnast betur til að eyða hleypidómum og tortryggni. Hin staðlaða sýn sem þær hafa nú hvor á annarri torvelda öll samskipti þjóðanna. Þessar óvinaímynd verður að eyða.

Mér kemur í hug ungi maðurinn sem ég hitti í neðanjarðarlestinni í New York í sumar og ræddi opinskár og forvitinn við mig um friðarmál. „Það væri bara þetta með Rússana. Þeir eru allt öðruvísi en við. Þeir eru allir eins, klæða sig allir eins, eru alvarlegir, gráir, hafa enga kímnigáfu — þeir hlæja aldrei. Og svo eru þeir á móti okkur og ætla sér að ráða niðurlögum okkar."

Hvaða upplýsingar og hugmyndir um Bandaríkjamenn skyldi svo hinn almenni borgari í Sovétríkjunum hafa? Ætli sú mynd sé meira aðlaðandi eða líklegri til að örva friðsamleg samskipti? Nei, þessum viðhorfum væri hægt að breyta með því að auka verulega vísindaleg, tæknileg og menningarleg samskipti, skemmtiferðamennsku og verslun. Það er nauðsynlegt að auka þær upplýsingar sem þjóðirnar hafa hvor um aðra með notkun sjónvarps og annarra fjölmiðla.

Það eru meira en tveir áratugir síðan Albert Einstein sagði: „Við þörfnumst verulegrar hugarfarsbreytingar ef mannkynið á að lifa af." Við verðum að byrja að hugsa á nýjan hátt án þeirrar blekkingar að hægt sé að komast hjá kjarnorkustríði endalaust með því að beita stefnu ógnarjafnvægis, án þeirrar blekkingar að við getum lifað í öryggi að eilífu í skugga kjarnorkuvopna, án þeirrar blekkingar að hægt sé að takmarka eða lifa af kjarnorkustríð. Engin deila austurs og vesturs er jafn mikilvæg og gagnkvæm nauðsyn okkar til að forðast kjarnorkustyrjöld. Aðeins með samvinnu en ekki deilum getum við lært að lifa saman ef við viljum lifa. Og ég trúi því að þrá okkar til að lifa sé miklu sterkari en ótti okkar hvert við annað.

Því skora ég á ríkisstj. og sér í lagi utanrrh. að beita sér fyrir því á vettvangi Evrópuríkja að viðræðum um takmörkun kjarnavopna í Genf verði haldið áfram. Að frekari uppsetning kjarnorkueldflauga í löndum Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins verði stöðvuð og næstu sex mánuðir notaðir til alvarlegra tilrauna til að ná samkomulagi um fækkun kjarnorkuvopna í Evrópu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fordæming á innrásinni í Grenada, þáltill. 74. mál (þskj. 79). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það var þann 27. október s. l., að hér fór fram í Sþ. umr. utan dagskrár af því tilefni, að Bandaríkin ásamt sjö smáríkjum í Karíbahafi höfðu þá fyrir tveimur dögum ráðist inn í eyríkið Grenada og hernumið það. Í umr. utan dagskrár var hæstv. utanrrh. inntur eftir afstöðu sinni og ríkisstj. til þessa atburðar. Hjá talsmönnum allra flokka, þingflokka hér á hv. Alþingi annarra en Sjálfstfl., kom fram við þessa umr. eindregin fordæming á þessari innrás og hernámi þessa smáríkis í Karíbahafi, ríkis sem telur helmingi færri íbúa en Ísland. Í þessari umr. sem hæstv. utanrrh. tók þátt í kom það ítrekað fram hjá honum, að hann teldi sig ekki geta staðið að fordæmingu á þessari innrás, a. m. k. ekki að svo komnu máli, og taldi sig heldur ekki geta harmað hana eina út af fyrir sig.

Það er miður að hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur hér þessa umr., en ég taldi þó ekki rétt að óska eftir því að henni yrði frestað þar eð málið kemur væntanlega aftur hér til umr. í hv. Sþ. eftir að hafa fengið meðferð í þeirri n. sem till. er um að málinu verði vísað til, þ. e. til

hv. utanrmn. Ég vil því gera nánari grein hér fyrir ástæðum okkar flm. fyrir þessari till. sem er svohljóðandi:

„Alþingi leggur áherslu á að sjálfsákvörðunarréttur þjóða um eigin málefni er sú meginregla í samskiptum ríkja, sem Íslendingar vilja styðja á alþjóðavettvangi.

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að lýsa því yfir, að Íslendingar fordæmi innrás Bandaríkjanna og annarra ríkja í Grenada.

Jafnframt lýsir Alþingi stuðningi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 28. október 1983 vegna innrásarinnar í Grenada."

Með þessari till. er lagt til, að ríkisstj. verði falið að lýsa yfir fordæmingu á innrás Bandaríkjanna og annarra ríkja í Grenada. Fskj. með þessari till. er sú till. sem þá var fram komin í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og sem Öryggisráðið gerði að sinni ályktun, en framgangur hennar var þar stöðvaður með neitunarvaldi, sem Bandaríkin beittu við afgreiðslu málsins. Allir aðrir fulltrúar sem atkv. greiddu voru samþykkir ályktuninni en þrjú ríki sátu þar hjá.

Í framhaldi af þessu var þessi ályktun tekin upp á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna af fulltrúa Nicaragua, að mig minnir, og þar gerði allsherjarþingið þessa till. að sinni og hún var þar samþykkt að mig minnir einróma, nema hvað Bandaríkjamenn greiddu þar áfram atkv. gegn henni. Menn geta kynnt sér efni þessarar ályktunar Öryggisráðsins og Allsherjarþingsins í fskj. Þar er mjög ákveðið tekin afstaða gegn þessari innrás sem er þar hörmuð mjög. Eins og segir í 1. lið ályktunarinnar er því lýst yfir af Allsherjarþinginu að það „harmar mjög hernaðaríhlutunina í Grenada sem felur í sér blygðunarlaust brot á þjóðarétti og á sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra ríkisins."

Það voru sem sagt ekki vöflur á því á þingi Sameinuðu þjóðanna að taka afstöðu til þessa máls, og þau ánægjulegu tíðindi gerðust við atkvæðagreiðslu á Allsherjarþinginu, að Ísland stóð þar að samþykkt till. Öryggisráðsins sem kom þannig fyrir Allsherjarþingið. Þar með gekk hæstv. utanrrh. lengra en hann hafði gert í umr. fáum dögum áður á Alþingi um málið. Hins vegar felur orðalag þessarar samþykktar Allsherjarþingsins ekki í sér eindregna fordæmingu, það er ekki orðalagið í þessari till., eins og lagt er til hér í þessari till. til þál., en mjög eindregin afstaða er þar tekin gegn þessum atburði.

Það væri ástæða til að fara nokkrum orðum um þann rökstuðning, sem fram kom hér hjá hæstv. utanrrh. í Sþ. þann 27. október. Í því efni má vísa til þingtíðinda, þar sem þessar umr. er að finna. Meðal ástæðna þess að hæstv. utanrrh. taldi sig ekki geta tekið afstöðu til þessa atburðar, hvorki harmað hann einan út af fyrir sig né heldur fordæmt, var sú að ekki myndu öll kurl komin til grafar í sambandi við þetta mál og bar hann þar fram ýmislegt í því efni, m. a. þær skýringar sem Bandaríkjamenn höfðu fram borið og Reagan forseti þegar að morgni innrásardagsins. Þar var því m. a. haldið fram, að verið væri að koma í veg fyrir að Grenada yrði gert að stökkpalli fyrir Kúbu og Sovétríkin til undirróðurs og byltingarstarfsemi í öðrum ríkjum Mið- og Suður-Ameríku, svo og að ástæðan fyrir innrásinni hefði einnig verið sú, að nauðsyn hefði krafið að vernda líf bandarískra þegna og alveg sérstaklega líf læknastúdenta við læknaháskólann í höfuðstað Grenada.

Ég held að rétt sé vegna þeirrar umr., sem þarna fór fram, og umræðna sem síðar hafa farið fram í fjölmiðlum um þetta mál, m. a. vegna skrifa í Morgunblaðinu um þetta efni undanfarnar vikur, að ég vitni hér til greinar sem birtist í byrjun nóvember í Helgarpóstinum, skrifaðrar af blaðafulltrúa ríkisstj. Magnúsi Torfa Ólafssyni sem ritar reglulega um utanríkismál í Helgarpóstinn, og þar sem hann kemur að ýmsum þeim skýringum, sem Bandaríkjamenn hafa fram borið fyrir sínu athæfi í þessu efni. Það þarf ekki að kynna Magnús Torfa Ólafsson fyrir hv. þm., þekking hans á alþjóðamálum er við brugðið, hann hefur um þau fjallað svo lengi. Ég vil, með leyfi forseta, leyfa mér að vitna hér til þessarar greinar Magnúsar Torfa. Hann segir þar í upphafi:

„Fréttamenn Lundúnablaðsins Sunday Times bæði austan hafs og vestan rekja rækilega aðdraganda og framvindu bandarísku innrásarinnar í eyríkið Grenada. Þar segir: „22. október hafði Castro sent Bandaríkjastjórn skilaboð um að í rauninni væri hann „hrottalegu" valdaráni á Grenada engu hlynntari en þeir og að Kúbumenn væru **ekki**" — undirstrikað af Sunday Times — „á eynni til að verja nýju valdhafana. Þó myndu þeir verjast ef á þá yrði ráðist. Castro stakk upp á stöðugu sambandi milli Havana og Washington til að forðast misskilning. Washington svaraði og féllst á uppástungurnar. Svarið barst til Havana hálfum öðrum klukkutíma eftir að innrásin hófst."

Þessi frásögn hins breska blaðs er eitt dæmi af mörgum um ástæðurnar fyrir því að trúnaðarbrestur ríkir milli Bandaríkjanna og bandamanna þeirra í Vestur-Evrópu eftir ákvörðun Reagans forseta um að ráðast á Grenada. Í Öryggisráðinu stóðu Bandaríkin ein uppi og urðu að beita neitunarvaldi til að koma í veg fyrir fordæmingu á aðförum sínum. Enginn trúnaður er lagður á tilraunir Bandaríkjaforseta og talsmanna hans til að réttlæta ákvörðunina um að grípa til vopna. Málaleitan Castros um samráð til að forðast misskilning var virt að vettugi og í sjónvarpsræðu sinni til bandarísku þjóðarinnar hélt Reagan því fram að bandarískra innrásin hefði komið á síðustu stundu til að hindra að Grenada yrði bækistöð fyrir sovésk-kúbanskar árásir og hefndarverkastarfsemi á Karíbahafi og í Rómönsku Ameríku. Máli sínu til sönnunar benti hann einkum á tvennt, millilandaflugvöll í smíðum og nokkur þúsund riffla í geymslum.

Breska flugvallaverktakafyrirtækið Plessey, aðalverktaki við flugvallargerðina hjá Port Salinas var ekki seint á sér að afsanna fullyrðingar Bandaríkjaforseta; Benti það á, að eldsneytisgeymslur vallarins eru ofanjarðar og flugstöðin miðuð við farþegaflutninga. Þar á ofan hefur Plessey ríkisábyrgð ríkisstjórnar Bretlands fyrir 6 millj. sterlingspunda láni sínu til Grenada, og er þá skiljanlegt að ekki einu sinni Margrét Thatcher treystir sér til að koma Ronald Reagan til hjálpar í þessu máli.

Rifflabirgðirnar í geymslum koma heim við fregnir af fyrsta þætti valdaránsins á Grenada. Þar kom fram, að áður en Maurice Bishop var hrakinn frá völdum og síðan myrtur, hafi hann aflað vopna til að koma á laggirnar allt að 20 þúsund manna heimavarnarliði sem borið hefði ægishjálm yfir tvö þúsund manna her sem var helsta valdatæki keppinauta hans í stjórnarflokknum.

Bishop gerði sér í vor ferð til Washington í því skyni að reyna að fá Bandaríkjastjórn til að taka upp stjórnmálasamband við Grenada. Þar kom hann hvarvetna að lokuðum dyrum hjá valdhöfum. Charles Mathias öldungadeildarmaður og flokksbróðir Reagans gerir því skóna í frásögn í Washington Post af komu Bishops í skrifstofu sína að hefði þá verið á hann hlustað gæti framvindan á Grenada og í skiptum þess og Bandaríkjanna hafa orðið önnur og heillavænlegri en raun varð á.

Af yfir 1 000 Bandaríkjamönnum á Grenada voru rúmlega 600 læknastúdentar, sem þangað leituðu af því að þeir komust ekki inn í bandaríska læknaskóla. Reagan skýrði Bandaríkjamönnum frá því að ein af ástæðunum fyrir innrásinni væri að bjarga þeim frá voða. Frásagnir fréttamanna sem komust til Grenada þrátt fyrir viðleitni Bandaríkjastjórnar til að hindra að nokkrar fréttir aðrar en þær sem hún skammtaði bærust frá eynni, bera með sér, að eini háskinn sem að læknastúdentunum steðjaði, var frá löndum þeirra í innrásarliðinu. Það var með svo villandi leiðbeiningar, foringjarnir til að mynda búnir ljósrituðum túristakortum af eynni að ein höfuðorustan stóð við annan af tveim stúdentagörðum sem vistuðu Bandaríkjamennina. Innrásarforustan hafði ekki hugmynd um að þeir dveldu á tveim stöðum.

Frá Evrópu séð blasir við að Reagan réðst á Grenada til að hafa áhrif sér í vil á almenningsálitið í Bandaríkjunum þar sem hann hafði ekki tök á að svara á staðnum sprengingunni í Beirút sem varð að bana á þriðja hundrað bandarískum landgönguliðum. Auk þess að þverbrjóta þýðingarmestu reglur alþjóðalaga gerði hann ráðstafanir til að fara á bak við bresku stjórnina svo hún gæti ekki í tæka tíð varað af fullum þunga við árás á samveldisland. Afleiðingarnar birtast í niðurstöðu skoðanakönnunar Sunday Times: 73% fulltíða Breta telja ekki treystandi fyrirheiti Bandaríkjastjórnar um að beita ekki kjarnorkuvopnum frá breskri grund að bresku stjórninni forspurðri. Frumhlaup Bandaríkjaforseta kemur einmitt þegar hæst standa deilur í nokkrum Vestur-Evrópulöndum um það, hvort taka eigi við mun öflugri bandarískum kjarnorkuvopnum en þeim sem fyrir eru."

Og í lokin segir Magnús Torfi í þessari grein: „Kvíðinn í Vestur-Evrópu er enn meiri vegna þess að eftir að sigur í ódýru stríði færir Reagan aukna lýðhylli heima fyrir, er hann vís til að halda áfram á sömu braut.

Svo að enn sé vitnað í Sunday Times frá síðasta sunnudegi er þar að finna frétt á þá leið, að leyniþjónusta CIA stefni að því að fá samþykki Reagans til að koma á laggirnar á einhverjum skika af Nicaragua ríkisstjórn á vegum skæruliðahreyfingarinnar sem CIA hefur gert út gegn stjórn Sandinista í landinu á annað ár. Bandaríkin og ríki þeim leiðitöm í Mið-Ameríku eiga síðan að viðurkenna þessa stjórn og senda skal heri Mið-Ameríkuríkjanna inn í Nicaragua til liðs við hana. Þessu á að koma í kring áður en þetta ár er úti hefur fréttamaður eftir bandarískum og evrópskum diplomötum."

Þetta var tilvitnun í grein Magnúsar Torfa Ólafssonar, sem hann ritaði nokkru eftir þennan atburð, innrásina í Grenada. Það hafa farið fram í blöðum hérlendis talsverð skrif um þetta efni og ekki síður í erlendum blöðum. Í erlendum borgarablöðum eru viðhorf mjög á eina leið í sambandi við þessa innrás Bandaríkjanna sem Bandaríkin höfðu alla forustu fyrir á þá leið að þetta athæfi sé ekki verjanlegt. Það er því áhyggjuefni að í blöðum sem vilja vera marktæk hér á Íslandi má enn lesa greinar eftir aðila sem vilja láta taka sig alvarlega um að þessi aðgerð Bandaríkjanna sé skiljanleg, jafnvel verjanleg. Ég minni á grein sem birtist alllöngu eftir innrásina eða hálfum mánuði síðar í Morgunblaðinu þann 10. nóvember, þar sem skrifað er með eftirfarandi hætti í Staksteinum, með leyfi hæstv. forseta. Ég held að það sé ómakins vert að átta sig á skrifum af því tagi sem þar birtast, en það er svohljóðandi:

„Í Morgunblaðinu í gær birtist grein eftir Einar Hjörleifsson sem ber yfirskriftina: Innrás og áróðurslygi. Þar er ráðist harkalega að þeim skoðunum, sem Morgunblaðið hefur látið í ljós á innrásinni á Grenada og því sem þar hefur gerst síðan. Höfundur grípur m. a. til samanburðarfræðinnar, sem er jafnan haldreipi þeirra sem reyna að bera blak af ofbeldishneigð heimskommúnismans hvort heldur hún birtist grímulaus eins og í Afganistan eða er í felum eins og á Grenada. Vitnar Einar Hjörleifsson í forystugrein Morgunblaðsins um innrás Sovétmanna í Afganistan í árslok 1979 og ber saman við forystugrein blaðsins um innrásina undir forystu Bandaríkjamanna á Grenada. Síðan segir höfundur: „Morgunblaðið virðist telja það skipta höfuðmáli **hver** stendur á bak við hernaðaríhlutunina, ekki hvað í henni felst."

Þessa setningu Einars Hjörleifssonar er nauðsynlegt að íhuga frekar, hún snertir kjarna málsins. Það hefur nefnilega hvað eftir annað sannast að það fer eftir því hver stendur á bak við hernaðaríhlutun „hvað í henni felst". Það felst ekki í innrásinni á Grenada að Bandaríkjamenn ætli að svipta íbúa landsins stjórn eigin mála. Bandaríska þingið hefur sett herliðinu ákveðinn frest til að hverfa á brott frá eyjunni. Íbúar Grenada hafa fagnað komu bandarísku hermannanna og líta fremur á þá sem bjargvættir en hernámslið. Innrásin á Grenada var m. a. gerð í því skyni að uppræta hulduher Sovétmanna í gervi kúbanskra „byggingarverkamanna og sovéskra sendiráðsmanna, hulduher sem var að færa Grenadabúa í fjötra fátæktar og kúgunar í nafni Karls Marx.

Sé tæplega fjögurra ára blóðbað í Afganistan borið saman við það sem er að gerast á Grenada kemur í ljós, að „gömlu lúnu klisjurnar um ógnanir heimskommúnismans", svo að vitnað sé til orða Einars Hjörleifssonar, eru enn í fullu gildi, því að þær hafa að geyma þau sannindi að kommúnistar svífast einskis við að ná völdum og halda þeim. Meiri fjöldi fólks hefur flúið frá Afganistan en nokkru öðru landi á síðari tímum. Þær milljónir sem þannig hafa greitt atkvæði gegn heimskommúnismanum með fótunum vita að það ræður úrslitum um það hvað í hernaðaríhlutun felst hver stendur á bak við hana."

Þetta var tilvitnun í Staksteina Morgunblaðsins þann 10. nóv. og þar er talað býsna skýru máli. Það skiptir ekki máli að alþjóðalög eru brotin með þeim hætti sem hér gerist, það skiptir máli hver stendur að slíku broti. Ég tel að menn séu komnir út á afskaplega hálan ís, þegar farið er að fjalla um alþjóðamálefni með þessum hætti og leggja mat á brot gegn sáttmála Sameinuðu þjóðanna á þann hátt sem hér er gert. Þetta eru þó

tiltölulega meinleysisleg skrif miðað við það sem sést hefur frá nafngreindum aðilum í blaðagreinum, aðilum sem oft láta til sín heyra í blöðum, eins og dæmi eru um þann 4. nóv. í DV, þar sem Haraldur Blöndal skrifar grein sem hann kallar „Réttmætar lögregluaðgerðir". Ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á skrifum af þessu tagi, þó að þessi rithöfundur sé ekki hér til þess að svara fyrir um mál sitt, en hann hefur alla möguleika á því. Það eru aðeins örfá orð hans sem ég vil vekja athygli á, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir þar m. a.:

„Það var því ekki nema eðlilegt að nágrannaríkin sameinuðust um að skakka leikinn og koma aftur á lögum og reglu. Slíkt er alþekkt í þjóðarétti og hefur nokkrum sinnum komið fyrir.

Aðgerðir þessar er alls ekki hægt að kalla innrás, enda er tilgangur aðgerðanna hvorki að steypa ríkisstjórn landsins né koma landinu undir erlend yfirráð. Því síður er verið að koma í veg fyrir að þjóðarviljinn nái fram að ganga, því að yfirlýst ætlun þeirra sem skökkuðu leikinn er að haldnar verði kosningar að vestrænum hætti, þar sem þegnar Grenada ákveða stjórn sína. Þar við bætist að æðsti maður eyjarinnar, landsstjórinn, sem ríkti í umboði drottningarinnar, óskaði eftir hjálp."

Þetta segir Haraldur Blöndal, og hann segir síðar í þessari grein: „Það sýnir hins vegar forheimskun hugans, að lýðræðissinnar hér á Íslandi skuli hafa tekið upp hanskann fyrir bófana í stað þess að standa með þeim, sem vilja leggja sitt af mörkum til þess að tryggja lýðræði í heiminum. Afstaða þessara manna sýnir að linnulaus áróður herranna í Kreml skilar alltaf einhverjum árangri."

Þetta eru tilvitnanir, fáar af mörgum, sem ástæða væri til að minna á í blöðum hér að undanförnu í sambandi við þennan atburð. Það fer ekki hjá því að maður fyllist nokkrum hrolli yfir að sjá slík skrif í íslenskum blöðum og það meira að segja í ritstjórnargreinum fjöllesinna blaða, þar sem með einum eða öðrum hætti er verið að bera blak af Bandaríkjunum fyrir þennan verknað.

Það þarf ekki að fara neitt í grafgötur um það, hvert er viðhorf flutningsmanna þessarar þáltill. til hliðstæðra atburða eins og þeirra, sem að er vikið í þessum skrifum, innrásarinnar í Afganistan, svo dæmi sé tekið. Það hefur komið fram hér mjög ítrekað á undanförnum vikum og lá raunar fyrir, þegar sá verknaður var framinn og þau brot gegn alþjóðalögum sem þar eru á ferðinni.

Þróun mála í Rómönsku Ameríku er vissulega mikið áhyggjuefni um þessar mundir. Innrásin í Grenada er í rauninni aðeins einn þáttur í stærra samhengi atburða, sem þar hafa verið að gerast og eru að gerast, atburða sem full ástæða er til fyrir Alþingi Íslendinga að fylgjast með og ræða. Ég ætla hér ekki að gera það í löngu máli. Ég vil hins vegar aðeins minna á það, sem hefur verið að gerast á undanförnum árum í löndum eins og El Salvador, svo ekki sé minnst á Guatemala, þar sem steypt var lýðræðislega kjörinni stjórn 1954 og herforingjastjórn hefur ríkt síðan í skjóli Bandaríkjanna.

Það liggur fyrir að síðla á valdatíma Carters forseta sóttu mjög í sig veðrið þau öfl í Bandaríkjunum, sem töldu að mál væri komið til að skakka leikinn eftir þeirra hugmyndum í Rómönsku Ameríku og koma í veg fyrir þær lýðhræringar til þess að hrista af sér fjötra fátæktar og einræðisstjórna, sem farið var að gæta þar í allmörgum löndum.

Dæmi um ráðagerðir sem nú má segja að fram séu komnar er að finna í áliti nefndar sem kennir sig við Santa Fe, Santa Fe-nefndarinnar, sem skilaði gildu áliti til bandarískrar öryggisnefndar eða Councel for Inter-American Security, sem fékk í hendur álit þessarar Santa Fe-nefndar, A new Inter-American Policy for the eighties, eða „Ný Innan-Ameríkustefna fyrir áttunda áratuginn", þar sem lagðar eru fram áherslur um það, hvernig Bandaríkjunum beri að standa að meðferð mála gagnvart þessum heimshluta.

Ég held það væri fróðlegt fyrir hv. alþm. að kynna sér þessa álitsgerð, sem Reagan-stjórnin hefur að verulegu leyti gert að sinni í sambandi við samskipti við ríki Mið-Ameríku, eins og glöggt kemur fram í þeim stuðningi, sem Bandaríkjastjórn hefur veitt ógnarstjórninni í El Salvador á undanförnum árum. Málefni El Salvador hafa verið á dagskrá hér á hv. Alþingi og þau hafa verið rifjuð upp núna síðustu daga, þegar formaður mannréttindanefndar El Salvadors var hér í heimsókn í síðustu viku, Patricio Fuentes, sem hingað kom og ræddi við fulltrúa stjórnmálaflokka og gerði grein fyrir þeirri ógnaröld sem áfram ríkir þar í landi. Hann tekur við sem forseti þessarar nefndar af Maríanellu Garcia-Villas sem okkur heimsótti hér en var drepin skömmu síðar með ógnvænlegum hætti.

Það kemur fram í grg. þessa forseta mannréttindanefndar El Salvador að ekki hefur ástandið batnað nema miklu síður sé, og hefur það verið rakið skilmerkilega í íslenskum blöðum að undanförnu. Það kemur m. a. fram í þeirri frásögn sem rakin er í Alþýðublaðinu í dag, þar sem eftir honum er haft m. a.: „Nú síðast fyrir tveimur vikum urðum við fyrir enn einu áfallinu, þegar síðasti lögfræðingurinn á vegum nefndarinnar var drepinn fyrir utan skrifstofur nefndarinnar í San Salvador."

Það mætti margt rekja úr frásögnum þessa forseta mannréttindanefndarinnar, en menn hafa haft tækifæri til að kynna sér ummæli hans í blöðum og í viðræðum nú mjög nýlega svo að ég sé ekki ástæðu til að rekja það frekar.

Ég minni hins vegar á það sem fram hefur komið í blöðum að undanförnu, að Bandaríkjastjórn styður þessa ógnarstjórn með háum fjárupphæðum, eða eins og segir í grein um utanríkismál í DV þann 7. nóv., ritaðri af Herdísi Þorgeirsdóttur, svo ég vitni örstutt í hana. Þar segir:

„Fjárhagsaðstoð Bandaríkjanna við El Salvador hefur undanfarin ár numið um 50% af því sem kostnaðurinn var á dag í Vietnam. Reagan-stjórnin hefur talið sig best geta þjónað hagsmunum sínum í stríðinu gegn vinstri skæruliðum með því að „fjárfesta" í stjórnarhernum. Hugmyndin hefur verið að koma á fót atvinnuhermennsku, þ. e. að stjórnarhermenn gangi ekki um rænandi, nauðgandi og skjótandi fanga."

En það kemur fram síðar í þessari grein að svo sé komið að það séu að renna á Bandaríkjastjórn tvær grímur vegna almenningsálits í heiminum að styðja þessa ógnarstjórn með svo opinberum hætti sem raun ber vitni.

Ég taldi ástæðu til þess, herra forseti, að minna á það ástand sem nú ríkir í Mið-Ameríku í tengslum við

innrásina í Grenada til þess að undirstrika þá skoðun mína, að sú þróun sem þar er í gangi og sem fyrr en varir getur leitt til hliðstæðra óhæfuverka eins og gerðist með innrás Bandaríkjanna í Grenada, að slík þróun gerir það enn sjálfsagðara að mínu mati að Íslendingar láti fram koma með skýrum og skorinorðum hætti fordæmingu sína á verknaði af þessu tagi. Það á að gilda hver sem í hlut á, þegar brotinn er alþjóðaréttur og sáttmáli Sameinuðu þjóðanna, eins og gerðist þegar Bandaríkin hertóku þetta smáríki í Karíbahafi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsnæðissamvinnufélög, þáltill. 95. mál (þskj.116). — Ein umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um húsnæðissamvinnufélög. Flm. auk mín eru Jóhanna Sigurðardóttir og Kristín Halldórsdóttir. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um húsnæðissamvinnufélög sem taka mið af eftirfarandi:

1. Tryggður verði lagalegur réttur húsnæðissamvinnufélaga.
2. Búseturéttur verði lögbundinn.
3. Tryggð verði eðlileg fjármögnun fyrsta húsnæðis samvinnufélagsins."

Það er almennt viðurkennt að okkar þjóðfélagi sé skylt að tryggja öllum öruggt og fullnægjandi húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Því er í dag þörf nýrra úrræða að hér bjóðast aðeins tveir kostir: Annars vegar leigumarkaður og hins vegar séreignarform. Ísland hefur nokkra sérstöðu fyrir þá sök að leigumarkaður er þröngur og öryggi leigjenda lítið þrátt fyrir nýlega löggjöf á því sviði sem reyndar standa vonir til að enn verði bætt. Séreignarformið krefst hins vegar mikillar fjárfestingar, meiri fjárfestingar en flestir ráða við, sérstaklega með tilliti til þeirrar stefnu sem við höfum tekið í vaxtamálum, þ. e. raunvaxtastefnu. Hún hefur gert það að verkum að einstaklingum er það illviðráðanlegra en ella að standa undir kostnaði af eigin húsnæði.

Þessi till. sem hér er fram komin er kannske að sumu leyti farin að eldast, vegna þess að eftir að hún kom fram er komið hér fyrir þm. frv. að lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir möguleika á fjármögnun til húsnæðissamvinnufélaga og er þar gert ráð fyrir að þau hafi sama aðgang að fjármagni og verkamannabústaðir, þ. e. 80% lánshlutfall.

Það má benda á marga augljósa kosti þessa fyrirkomulags, en áður en það er gert er kannske rétt að lýsa því aðeins eins og það kemur mér fyrir sjónir. Bygging og rekstur íbúða á samvinnugrundvelli á sér nokkuð langa sögu. Fyrstu húsnæðissamvinnufélögin voru stofnuð í Þýskalandi og í Danmörku um miðja síðustu öld. Í dag eru þau einna algengust sem rekstrarform í Svíþjóð. Þar voru fyrstu húsnæðissamvinnufélögin stofnuð í byrjun þessarar aldar með nokkurs konar happdrætti sem verkalýðshreyfingin stofnaði til. Landssamband húsnæðissamvinnufélaga í Svíþjóð, HSB, hefur á 60 ára ferli byggt yfir 400 þús. íbúðir. Stærsta húsnæðissamvinnufélag Noregs hefur frá stríðslokum byggt meira en helming alls húsnæðis í Osló og nágrenni. Í Þýskalandi og í Niðurlöndum eru slík félög vel þekkt og jafnvel í Bandaríkjunum starfa húsnæðissamvinnufélög mjög víða og þar eru þau algengust í New York og nágrenni.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir hefur einkum tvíþættu hlutverki að gegna, þ. e. tryggja lagalegan grundvöll þessa fyrirbæris, þ. e. húsnæðissamvinnufélaga, og þá sérstaklega með tilliti til þessa eignarforms. Hérna er um sameign að ræða, samvinnufélags. Hérna verður ekki um framsal eignarréttar að ræða heldur afnotaréttar með sömu kvöðum og réttindum eins og um raunverulegan eignarrétt væri að ræða að því undanskildu að ekki verður annað framselt en afnotarétturinn. Þessi búseturéttur eða afnotaréttur sem í huga leikmanns eins og mín má kannske einna helst líkja við lóðasamninga í borgum og bæjum þarfnast að því er ég best fæ séð einhvers konar lagalegs grundvallar þannig að ekki leiki neinn vafi á hver réttindi og skyldur manna eru gagnvart þessum búseturétti. Nágrannalönd okkar t. d. hafa þann hátt á að þessi búseturéttur er erfanlegur og ég fæ reyndar ekki alveg séð — aftur tala ég hér sem leikmaður — hvernig slíkt má eiginlega gerast hér á Íslandi öðruvísi en lög séu að einhverju leyti sniðin að þessu nýja eignarformi eða réttindaformi.

Hins vegar var hinn þáttur þessarar till. sá að tryggja eðlilega fjármögnun fyrsta húsnæðissamvinnufélagsins sem stofnað var fyrir nokkru síðan hér í Reykjavík. Vilji fyrir slíku er kominn fram og hæstv. félmrh. hefur látið fulltrúum þessa félags í ljós þann vilja sinn að veita þeim aðgang að fjármagni með svipuðum hætti og verkamannabústaðir njóta, og er þá talað um svokallað 80% lánshlutfall, þá af reiknuðum byggingarkostnaði og til 30 ára. Reyndar hafa fulltrúar húsnæðissamvinnufélagsins áhyggjur af tveimur þáttum þessa loforðs. Annars vegar að lánshlutfallið sé ekki alveg nógu hátt — það hefði þurft að vera 85% a. m. k., helst 90 — og að lánstíminn sé ekki nógu langur, hefði þurft að vera 40 ár í stað 30.

Hugsunin að baki þessari kröfu til opinberrar fyrirgreiðslu eða lánafyrirgreiðslu er einfaldlega sú að herna er um stór samtök fólks að ræða sem ætlar sér að byggja dýrar eignir eins og íbúðarhúsnæði hér á Íslandi er og þar af leiðandi standi þarna að baki aðili sem sé vel þess trausts verður að njóta þeirrar fyrirgreiðslu sem hann hefur farið fram á.

Að lokum, herra forseti, má benda á augljósa kosti þessa fyrirkomulags en ég læt mér nægja að tína hérna til tvo kosti. Þetta íbúðaform er í mínum huga vel til þess fallið að leysa ákveðinn vanda sem skapast hefur og skapast mun hér á Íslandi vegna tíðra búsetuskipta á atvinnumarkaði. Við Íslendingar höfum ekki enn þá upplifað þá undarlegu þróun sem iðnvæðing hefur í för með sér, þ. e. þessa sífellt tíðari nauðsyn fólks til að skipta hreint og beint um atvinnu vegna þess að atvinna þess verður í raun og veru gamaldags og jafnvel óþörf og því nauðsyn til endurmenntunar og nauðsyn að sækja önnur störf sem oft kostar að fólk verður að flytjast búferlum.

Annað atriði er að ábyrgð byggjanda og íbúa yrði á einni hendi vegna hins sameiginlega reksturs, en það tryggir að því er ég fæ best séð að eftirlit með gæðum og viðhaldi þess konar húsnæðis sem hér um ræðir verður

eins vel tryggt og hægt er að hugsa sér.

Ég held að ég hafi ekki um þetta fleiri orð því að ég held að till. skýri sig að öðru leyti sjálf í grg., en ég er náttúrlega reiðubúinn að svara þeim spurningum sem ég get ef einhverjar koma fram.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir að flytja þetta mál inn í þingið. Þó að það hafi verið lagt fram stjfrv. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins er engu að síður nauðsynlegt að sérstaklega sé tekið á þessu máli sem snertir húsnæðissamvinnufélögin, svo mjög sem þau hafa verið rædd að undanförnu.

Ég vil hins vegar vekja athygli á að því miður er það svo að ef stjfrv. sem nú liggur fyrir á að koma til móts við það fólk sem hundruðum saman hefur skráð sig í húsnæðissamvinnufélög verður að breyta frv. mjög mikið frá því sem það er nú. Frv. gerir ekki ráð fyrir að tryggt verði fjármagn í þessu skyni til húsnæðissamvinnufélaga. Þvert á móti gerir frv. ráð fyrir að framlög til Byggingarsjóðs verkamanna séu í fyrsta lagi almennt minnkuð. Í öðru lagi að verkefni Byggingarsjóðs verkamanna séu stóraukin á sama tíma og framlögin til hans eru minnkuð. Í þriðja lagi gerir frv. í raun og veru ráð fyrir eins og menn hafa tekið eftir, að eigin fjárframlög þeirra sem komast inn í verkamannabústaði verði tvöfölduð frá því sem nú er. Þannig að ef við tökum dæmi af íbúðum á Eiðsgranda sem úthlutað var á síðustu mánuðum og fólk er að flytja inn í þessa dagana þurftu menn að greiða um 10% eða í kringum 200—220 þús. kr., en samkv. frv. sem hér hefur verið lagt fram af hæstv. ríkisstj. fer þessi upphæð upp í 440 þús. kr. eða 20% af staðalíbúðarverði þeirra íbúða sem um er að ræða sem eru að vísu óvenjudýrar miðað við íbúðir í verkamannabústöðum vegna þess hvað grunnkostnaður var mikill á Eiðsgranda.

En ég vil vekja athygli á á því í þessari umr. að í frv. hæstv. ríkisstj. eru tekin inn nákvæmlega sömu ákvæðin varðandi þessi atriði og voru í frv. síðustu ríkisstj. Hér á ég við 33. gr. frv. ríkisstj. á þskj. 158, c-lið þar sem stendur að hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna sé að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks, m. a. teljist í þessu sambandi félagslegar íbúðir leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu með hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til að eignast eigið húsnæði við hæfi.

Í 54. gr. þessa frv. er nánar útskýrt hvernig farið er með þessa hluti. Þar er greint frá fjármögnuninni, hversu hátt lánshlutfallið á að vera. Breytingin sem núv. hæstv. félmrh. hefur gert í þessu efni frá því sem gerð var till. um í síðustu ríkisstj. er að við gerðum ráð fyrir og töldum það vera mikið framfaraspor að húsnæðissamvinnufélögin gætu fengið 65% og við töldum raunhæft að gera ráð fyrir að fjármagn væri til í þeim efnum. Núv. félmrh. hefur hins vegar gert sér lítið fyrir og sveiflað þessari tölu upp í 80% á sama tíma og hann skerðir stórkostlega umsvifamöguleika Byggingarsjóðs verkamanna. Þessi aðferð er auðvitað forkastanleg með öllu og er út af fyrir sig ekki á dagskrá undir þessum lið, en það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að vekja athygli á þessu máli um leið.

Ég held að málin með húsnæðissamvinnufélögin séu þannig að það þyrfti að glöggva þó nokkuð ákvæði þessa frv. áður en til verður fullburða lagatexti um húsnæðissamvinnufélög. Ég tel mjög brýnt að það verði gert og ég er sannfærður um að það fólk sem hefur gengið í þessi félög að undanförnu er reiðubúið til að koma til móts við alþm. og ræða við þá um fyrirkomulag þessara mála. Þetta fólk er ekki að gera neinar stórar kröfur á hendur samfélagsins. Það er ekki að fara fram á neitt annað en að fá sæmilega öruggt húsnæði. Sá mikli fjöldi sem gengið hefur í húsnæðissamvinnufélögin að undanförnu, bæði í Reykjavík og á Akureyri, sýnir hvað þörfin er mikil, hvað áhuginn er mikill og hvað það er nauðsynlegt fyrir hv. Alþingi að koma til móts við þetta fólk, ekki með flugeldasýningum eða sveiflum á tölum í áróðursskyni, heldur með raunverulegum aðgerðum og það er auðvitað grundvallaratriðið í þessu efni. Ég held að húsnæðissamvinnufélögin séu góð hugmynd, gætu vísað okkur nýja braut í okkar húsnæðismálum, að sumu leyti út úr þeim mikla vanda sem okkar húsnæðiskerfi hefur lent inn í á liðnum árum af ýmsum ástæðum sem m. a. voru raktar hér af hv. 8. þm. Reykv. og mætti þar bæta ýmsu við. En ég stóð hér aðeins upp til að undirstrika að okkar afstaða er sú í Alþb. að við viljum að á þessum málum verði tekið af fullum myndarskap og erum reiðubúnir til að leggja allan okkar atbeina til þess.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Um langt árabil hafa Íslendingar beinlínis neyðst til að byggja eigið húsnæði og greiða það upp á örfáum árum. Til að mæta þessum ómannúðlegu kröfum hafa menn orðið að leggja á sig ómælt erfiði, vinna yfirvinnu eða fleira en eitt starf og eyða síðan öllum lausum stundum í hálfbyggðu húsi við naglhreinsun og múrverk og málningarvinnu. Þetta er hin íslenska herskylda.

Til fullnustu þessarar skyldu hafa margir reist sér hurðarás um öxl. Vorum við minnt rækilega á það á s. l. sumri þegar örvæntingarfullir húsbyggjendur og húsnæðiskaupendur bundust samtökum um að knýja fram einhverjar úrbætur í lánamálum sínum sem voru komin í algert öngþveiti. Skuldabyrðir húsbyggjenda og húsnæðiskaupenda höfðu vaxið langt umfram greiðslugetu þeirra flestra og ástæðan er augljós. Verðlag hafði hækkað meira en launin. Lánskjaravísitalan tók sprett fram úr kaupgjaldsvísitölunni. Afborganir verðtryggðra lána til skamms tíma eru að sliga húsbyggjendur og íbúðakaupendur.

Fyrir löngu var þörf breyttrar stefnu í húsnæðismálum. Sú þörf er nú orðin að brýnni nauðsyn. Fólk verður að eiga fleiri kosta völ en að þræla sér út við að koma þaki yfir höfuðið. Það verður að geta valið um það í reynd hvort það leigir, kaupir notað húsnæði eða byggir sjálft. Um leið og húsnæðislán eru færð til betri vegar verður því að huga að fleiri leiðum í húsnæðismálum en þeirri byggingarstefnu, sem hefur verið nánast einráð hér, að hver byggi fyrir sig og eigi svo allt klárt og kvitt eftir 10—20 ára strit. Nokkrar leiðir hafa verið reyndar til að gera sem flestum kleift að eignast eigið húsnæði. Byggingarsamvinnufélögin hafa t. d. gefið góða raun. Þeim hefur tekist að byggja vandaðar íbúðir á tiltölulega lágu verði miðað við almennan markað og bygging verkamannabústaða hefur einnig leyst vanda margra.

En nú er það alls ekki svo að allir vilji eða geti eignast húsnæðið sem þeir búa í. Þrátt fyrir þá séreignastefnu sem ríkt hefur hér á landi er reiknað með að 30—40 þús. Íslendingar búi í leiguhúsnæði. Þar er vandinn ekki minnstur. Öryggisleysi og réttleysi leigjenda hefur einmitt rekið marga út í byggingar eða íbúðakaup sem þeir réðu í rauninni ekkert við. Hér er mikil þörf á því að snúa við blaðinu. Það þarf að veita auknu fé til byggingar leiguhúsnæðis, einkum á vegum félagasamtaka, og lengja lánstímann verulega.

Húsnæðissamvinnufélög eru rekin víða um lönd og hafa gefið góða raun. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um fyrirkomulag slíkra félaga. Það hefur verið gert svo rækilega í fjölmiðlum auk þess sem 1. flm. þessarar till. gerði svo ítarlega grein fyrir skipulagi slíkra félaga hér áðan. En ég vil ítreka það sem áður er komið fram að húsnæðissamvinnufélög sameina kosti eignakerfis og leigukerfis svo vel viðunandi er. Félagsmenn mundu njóta nákvæmlega sama réttar til ævilangrar búsetu eins og íbúðareigandi hefur samkv. íslenskum lögum og þeir hefðu fullan rétt til breytinga og lagfæringa á húsnæðinu alveg að vild. Gjöldum yrði haldið í lágmarki og við brottflutning fengi félagsmaður greitt til baka verðmæti búseturéttarins en ekki áunninn eignarhluta. Þessi leið er fær þeim mörgu sem vilja njóta öryggis búseturéttar en geta ekki eða kæra sig ekki um að eyða bestu árum ævi sinnar við botnlaust strit til þess að fullnægja kröfum eignarréttarins.

Mjög almennur áhugi hefur komið í ljós á því framtaki sem sýnt hefur verið með stofnun fyrsta húsnæðissamvinnufélagsins. Nálægt 2000 manns hafa þegar skráð sig í þetta fyrsta félag og stefnt er að stofnun fleiri slíkra, t. d. á Akureyri. Það er ekki vafamál að þetta félag og fleiri slík eiga sér mikla lífsvon. Ég tel brýnt að sýna þessu framtaki þann stuðning sem löggjafinn getur veitt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því að þessi þáltill. er hér komin fram. Þó að nú sé búið að leggja fram lagafrv. sem taki á sama málinu, þá breytir það engu um það, að söm er þeirra gerð sem leggja þetta til. Ég vildi gera hér að umræðuefni það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., þegar hann vék að því að það gæti reynst fólki erfitt að greiða þau 20% sem það þarf að greiða, þegar um verkamannabústaðakerfið er að ræða og þegar sú ákvörðun er tekin að hækka það úr 10 í 20. Ég hygg þó að ef það mál er skoðað, þá sé það fyrst og fremst eitt atriði sem hafi valdið þessu fólki allverulegum vanda. Þetta segi ég sem fyrrv. sveitarstjórnarmaður, en það er að þetta fólk á undir mjög mörgum kringumstæðum rétt á lífeyrissjóðsláni eða lánum, ef um hjón er að ræða, en það hefur ekki veðheimild. Það hefur ekki möguleika á að veðsetja neina fasteign fyrir láni. Og þarna kemur að því að bankastofnanir líta ekki á þessi 20% sem eftir eru sem veðhæfa möguleika til að tryggja þessa greiðslu.

Í sumum tilfellum eru lán tryggð á annan veg. Það mætti hugsa sér í þessu sambandi hvort ekki væri hægt að fara þá leið að sveitarfélögin hefðu rétt til að taka lífeyrissjóðslánið, og endurlána það viðkomandi aðila gegn t. d. kvöð um að því væri heimilt að halda eftir af launum í gegnum atvinnurekendur þeirri upphæð sem þyrfti til að standa skil á láninu. Nú gæti þetta út af fyrir sig haft í för með sér að það yrðu einhver töp, sveitarfélögin gætu lent í einhverjum töpum. En ég hygg samt sem áður að ávinningurinn væri svo miklu meiri sem af þessu yrði að þessi leið gæti verið hugsanleg til að leysa þetta vandamál, því að það er náttúrlega ákaflega þungskilið að það gæti verið skynsamlegt að byggja upp þannig kerfi, að annars vegar eigi menn rétt á lánum, en hins vegar sé þeim gert ómögulegt að taka þau. Ég hygg að það verði ekki vandamál hjá fólki að fjármagna sín 20% ef þetta vandamál er leyst í þeirri stöðu. Þetta er nú dálítið á skjön við það sem hér er rætt um í þáltill., en það er ákveðið að fara í 80%, eins og talað hefur verið um í lögum um húsnæðissamvinnufélög, og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að annaðhvort verður að gera þetta af fullri alvöru eða koma ekki nálægt því. Því að það væri verra en nokkuð annað ef menn stæðu að þessu af slíku hálfkáki, að það kæmi óorði á þá kerfisbreytingu sem hér er verið að leggja til og hefur skilað mjög jákvæðum árangri á Norðurlöndum og á öðrum stöðum í Evrópu.

Flm. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Ég kem hér eingöngu vegna þess að ég gleymdi að minnast á eitt atriði sem ég vildi gjarnan að fært yrði til bókar af minni hálfu. Ég þakka hv. 5. þm. Vestfirðinga ábendingar hans og ég tel einmitt að það vandamál sem hann ræddi þurfi að leysa fyrir aðila húsnæðissamvinnufélaga engu síður en fyrir aðila að verkamannabústaðakerfi. Ég hef sjálfur einmitt horft til þessa sama möguleika að þegar um verkamannabústaðakerfið er að ræða geti sveitarfélag með einhverjum hætti yfirtekið lán eða tekið þau í sína vörslu hvernig sem slíkt má nú gerast. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki allt of hrifinn af þeim möguleika sveitarfélagsins að halda síðan eftir af launum fólks. Við verðum alla vega í lengstu lög að gera ráð fyrir ákveðinni ábyrgð aðila í þá veru að mönnum sé einfaldlega treystandi. En orðið hálfkák sem hann nefndi var einmitt það sem ég hrökk sjálfur upp við áðan.

Það hefur verið rætt hvernig húsnæðissamvinnufélögin stæðu að framkvæmdum og ég hef ákveðnar skoðanir í því máli sem ég vil að sú n. sem um þetta mál fjallar taki afstöðu til. Ég tel alveg nauðsynlegt að settar séu einfaldlega reglur um það hvernig að verkum af þessu tagi er staðið. Ég á við að húsnæðissamvinnufélagið sjálft má að mínu mati alls ekki verða að byggingaraðila, heldur eingöngu að verkkaupa þannig að að fullu sé tryggt að þar eigi sér ekki stað einhverjir hagsmunaárekstrar sem valdið geti slysum sem dæmi eru um t. d. frá Þýskalandi.

Það er ekki lengra síðan en í fyrra að hjá mjög svipuðu fyrirtæki, Neue Heimat, einu stærsta fyrirtæki á þessu sviði í Þýskalandi, komu fram mjög undarleg atvik sem leiddu til þess að segja varð upp svo til öllu því liði sem stjórnaði því fyrirtæki, því að þar voru hagsmunir þeirra aðila sem að framkvæmdunum stóðu orðnir svo samantvinnaðir að nánast var ógerningur að greiða þar úr með öðrum hætti.

Einfaldlega er um að ræða að það verði ekki formaður stjórnar húsnæðissamvinnufélagsins sem teiknar húsnæðið, það verði ekki framkvæmdastjóri húsnæðissamvinnufélagsins sem geri verkfræðiteikningarnar og það verði ekki vinir og kunningjar þessara aðila sem

annist byggingaframkvæmdir, heldur verði þessi verk einfaldlega boðin út með þeim hætti sem tíðkast hjá siðuðum mönnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. 112. mál (þskj. 139). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 139 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Steingrími J. Sigfússyni að bera fram svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á þeim möguleika að nýta bújarðir (ríkisjarðir sérstaklega) í nánd þéttbýlisstaða með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða.

Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búandfólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsubrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með nauðsynlegri aðstoð og aðhlynningu.

Reynt yrði einnig að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum."

Ég skal ekki hafa langa framsögu um þetta mál. Grg. segir í raun allt sem segja þarf um tilurð þess, hugmyndina að baki og helstu möguleika þess að hrinda henni í framkvæmd. Mér þykir raunar að undarlegt tómlæti hafi ríkt hér um málið því að þessi till. hefur nokkrum sinnum verið flutt áður, en aldrei orðið útrædd, en hér hefur verið mikið talað um og mikið verið gert varðandi velferð aldraðra og möguleikana til að bera birtu og hlýju inn í líf þeirra á ævikvöldi. Trúlega stafar þetta af því að mönnum er hugmyndin framandi og þykir hún e. t. v. erfið í framkvæmd. En okkur flm. þykir sem svo horfi um þessi mál í heild sinni, svo margt sé þar ógert og svo ærinn vandi óleystur að einskis megi láta ófreistað að láta á það reyna hvort hugmyndin er þess verð að kanna hana til fullnustu.

Fyrst er þar til að taka að hugmyndin er frá þeim komin sem sjálfir hafa orðið að hætta búskap og flytjast í þéttbýlið við um margt framandi aðstæður með talsvert starfsþrek til margra verka en ónógt til þess að stunda einyrkjabúskapinn með öllu því erfiði sem honum fylgir. Það er bændafólkið sjálft sem hefur komið þessari hugmynd á framfæri og sú ófullkomna útfærsla hennar sem í grg. felst er sameiginlega frá því fólki og okkur flm. og til viðbótar ákveðin framkvæmd svipaðra hugmynda í Noregi sem vísir aðilar fræddu okkur á.

Við bendum á að víða eru bújarðir vel staðsettar og vel hýstar sem ekki þyrfti mikið fyrir að gera í viðbótar húsnæði og breytingum á húsnæði til að þjónað gæti þeim smáeiningum sem hér eru hugsaðar. Hinar smærri einingar eru nú í sókn, en fjöldastofnanir á undanhaldi sem betur fer.

Við bendum á að slík heimili sem við viljum kalla svo þurfa vissulega að vera í nokkurri nálægð við heilsugæsluþjónustu, ekki of mikið út úr, ekki of einangruð. Við bendum hins vegar á að einangrun og tilfinningin fyrir því að vera í rauninni týndur og yfirgefinn er ekki síður til staðar á fjölmennum stofnunum, þessa þekkja allir dæmi.

Við bendum á að hér gæfist þessu fólki ákveðinn möguleiki til starfs tengdu því lífshlaupi sem lifað hefur verið, viðbrigðin yrðu ekki eins mikil, aðlögunin að nýju umhverfi ekki eins erfið. Starfs- og tekjumöguleikar, sjálfsbjargarmöguleikar yrðu til staðar, í smáum stíl þó en nægir til að veita meiri fyllingu á síðkveldi ævidagsins.

Við bendum á að þar sem kynslóðaskipti eru ekki sjálfgefin býr margt búandi fólk lengi við óhæfar aðstæður án þess að megna það í raun, aðeins vegna óttans og kvíðans við óvissuna og þess að hafa að engu öðru að hverfa, þurfa að slíta sig frá starfi og umhverfi og setjast með öllu í helgan stein.

Vissulega hefur víða verið reynt að skapa hinum aldurhnignu verkefni við hæfi á dvalarheimilum og er það vel. Hér er fitjað upp á einni leið til að skapa þá aðstöðu. Iðjuleysi er þessu erfiðisfólki skapi fjærst, tómarúmið þarf að fylla þar sem annars staðar og ekki síður. Þeir sem mest tala um offramleiðslu á landbúnaðarvörum ættu að huga að því sem ég sagði áðan um fólkið með bústofninn sem það heldur í löngu eftir að það er í rauninni ókleift. En þetta er aukaatriði og útúrdúr.

Við sjáum þetta fyrir okkur og þannig var hugmyndin sett fram upphaflega að sex til tíu yrðu á heimili sem þessu, bæði hjón og einstaklingar, með eigin smábúskap eða aðra iðju þar sem starfskraftar nýttust við umhirðu og önnur störf. Ráðsmaður eða fyrirsvarsmaður sæi um það sem heimilisfólki væri ofviða, en starfsliði yrði stillt í hóf sem allra mest. Ýmist mætti hugsa sér matseld út af fyrir sig eða sameiginlega eftir aðstæðum. Önnur atriði svo sem þjónusta og fleira því um líkt hlytu að vera svipuð og á öðrum dvalarheimilum en trú okkar er sú að í engu yrðu þau útgjöld meiri en almennt gengur og gerist nema síður væri.

Eflaust þykir ýmsum þessi útfærsla ófullkomin og sumum kann að þykja óraunsæi fylgja og viss draumórakennd. Ég bendi þeim hinum sömu á að lesa grg. með þessari till. en ætla ekki að fara út í það hér, það er óþarfi, hún liggur frammi og hefur legið reyndar frammi á undanförnum þingum, því miður allt of mörgum.

Ég hef heyrt það að hér væri um draumórakennda hugmynd að ræða og það kemur mér eða okkur flm. ekki neitt á óvart, en bent er á að könnun á þessu er það eina sem till. fer fram á. Ég hef orð tveggja valinkunnra manna, sem fást við og hugsa mikið um málefni aldraðra, fyrir því að hugmyndin sé allrar athygli verð og freistandi að gera hana að veruleika. Báðir hafa bent á annmarka en báðir hafa talið kostina fleiri að athuguðu máli. Þessir menn sem ég hlýt að mega nafngreina eru Sigurður Magnússon hjá Rauða krossinum og Guðjón B. Baldvinsson. Orð þeirra urðu mér sem öðrum flm. hvatning til að láta enn reyna á hvort hugmyndin mætti fá hér einhvern hljómgrunn. Ég vísa að öðru leyti til grg. en hlýt þó í lokin að minna á að það ágæta fólk sem upphaflega gaf mér hugmyndina hefur ítrekað við mig ýmis þau rök sem uppi voru höfð þá. Þeirra orð skulu mín lokaorð, en þau voru eitthvað á þessa leið: „Við munum ekki njóta þessa, en vissa okkar er sú að ef vel tækist til mundu margir njóta þessa í framtíðinni með þakklátum huga." Ég bið því hv. þm. að hugleiða þessi orð með okkur flm. og legg til að að loknum þessum umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins um þessa till. Hún hefur verið flutt hér á allmörgum þingum og aldrei orðið útrædd. Hér er mál sem eru þess virði og vel það að það sé kannað nánar. Þó einhverjum finnist kannske einhver draumablær á till. þá er ég ekki þeirrar skoðunar að svo þurfi að vera heldur sé þetta mál sem veruleg ástæða sé til að skoða. En ég sé það, herra forseti, að enginn hæstv. ráðh. er staddur hér í salnum um þessar mundir og ég vildi aðeins í framhaldi af þessari till. minna á þáltill. sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi 27. apríl 1982 sem hnígur að sumu leyti í sömu átt og þessi. 1. flm. þeirrar till. var á sínum tíma Sighvatur Björgvinsson en þessi þáltill. sem Alþingi samþykkti hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna n. til þess að kanna og gera till. um hvaða jarðeignir í þágu ríkisins megi nýta undir orlofsbúðir félagasamtaka og sumarhúsabyggingar einstaklinga. N. skal skila skýrslu um niðurstöður til Alþingis."

Hér er sem sagt einnig um að ræða að kanna möguleika á nýtingu bújarða í eigu ríkisins, ekki sérstaklega í þágu aldraðra heldur fyrir orlofsbúðir á vegum félagasamtaka eða sumarhús einstaklinga. Nú er mér ekki kunnugt um að skýrsla um þessi mál hafi verið lögð fyrir Alþingi og því hefði ég viljað beina þeirri fsp. til félmrh. — mér er nú ekki alveg ljóst undir hvorn ráðh., félmrh. eða landbrh., þetta heyrir þar sem jarðeignir ríkisins heyra undir landbrh., en starfsemi sem varðar orlofsbúðir félagasamtaka heyrir væntanlega undir félmrh. Nú hefði ég viljað mælast til þess við hæstv. forseta að hann léti kanna hvort hæstv. félmrh. eða hæstv. landbrh. eru hér í húsinu þannig að þeir gætu svarað þessari fsp. (**Forseti:** Þetta verður kannað til fullnustu, en ég hygg að hvorugur sé í húsinu. Þeir munu ekki vera í húsinu, fjmrh. er sá eini í húsinu.) Þeir eru ekki í húsinu. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. getur svarað þessum spurningum mínum, raunar get ég ekki ætlast til þess með neinni sanngirni, en ég mun þá ítreka þessar spurningar við hentugleika og mælist þá til að þessari umr. verði ekki lokið núna þannig að tækifæri gefist til að bera þessar spurningar upp við þá ráðh. sem hér eiga hlut að máli.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Mér finnst nú alveg nóg af ráðh. hérna, það þarf ekki fleiri. En (**EG:** Ég get út af fyrir sig alveg tekið undir það.) Ég efast ekkert um það, en ég skal koma spurningu hv. 5. landsk. þm. á framfæri við rétta aðila. En ég vil nota þetta tækifæri til að upplýsa að á jörðinni Kotmúla sem er nú að hluta til undir stjórn fjmrn., þ. e. húseignin, en jörðin tilheyrir landbrn., urðu nýlega makaskipti milli Fíladelfíusafnaðarins í Reykjavík og ríkissjóðs. Ríkissjóður eignaðist húseign austur í Kotmúla í skiptum fyrir skóla Ásu Jónsdóttur í Reykjavík. Húseignin og jörðin Kotmúli munu líklega verða afhent Félagi þroskaheftra undir sumarbústaði fyrir þeirra starfsemi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það var sammæli að nóg var af ráðh. hér og hv. 5. landsk. þm. hefur dregið frestunarbeiðni sína til baka.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að lýsa stuðningi mínum við þessa till. Hér er hugsað á svolítið nýstárlegan hátt um lausn á hlutum sem oft eru vandamál. Og svo sannarlega gætir manneskjulegra sjónarmiða í þeim hugmyndum sem hér eru settar fram. Ég styð því eindregið að fram fari könnun á þeim möguleikum sem hér er bent á.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þessi till. hefur fengið við raunverulega 1. umr. sem hún hefur fengið að öðru leyti en því að þegar hún var flutt í fyrsta eða annað sinn þá kom einmitt hv. fyrrv. þm. Sighvatur Björgvinsson hér upp og minnti á að til væri önnur leið að nýta bújarðir, einmitt til orlofsbúða, þannig að oft kviknar ein hugmyndin af annarri, og sagðist í framhaldi af því vera að ráðgera að flytja till. um slíkt á Alþingi. Miðað við þær undirtektir sem þessi till. hefur nú fengið vonast ég til að hún eigi greiða leið gegnum þingið, þó seinna sé á ferðinni en till. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fullnýting fiskafla, þáltill. 110. mál (þskj. 137). — Ein umr.

Flm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að fá tækifæri til að mæla fyrir þessari till. þrátt fyrir miklar annir nú fyrir jólaleyfi þm. Ég lít þó svo á að þessi till. sé fyllilega tímabær í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna minnkandi afla, sem öllum er ljóst. Það hefur komið í ljós að ýmislegt í landhelgislögunum svokölluðu þarfnast endurskoðunar. Og reyndar hljóta þær till. sem nú eru uppi um skiptingu leyfilegs afla að kalla á verulegar breytingar á þeim lögum, og auka þarf verulega heimildir til setningar reglugerða.

Sú till. sem hér er flutt miðar að því að taka af öll tvímæli um heimildir til sjútvrh. að skylda fiskiskip til að koma með að landi allan fisk allra tegunda svo og hvers konar fiskúrgang sem til fellur í veiðiferð. Í 12. gr. landhelgislaganna er bókstaflega gefið í skyn að fiski, sem ekki nær ákveðinni lágmarksstærð, megi ekki landa nema öðruvísi sé ákveðið. Greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. setur reglur um hvað eina sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fisktegunda sem landa má." Og taki þm. eftir þessu: „sem landa má. Skulu reglur um þessi ákvæði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti".

Í lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, segir m. a. í 1. gr. að ólöglegur sjávarafli sé sá afli eða hluti afla sem ekki nær lágmarksstærð þeirri sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum. Og í 2. gr. sömu laga segir: „Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð o. s. frv."

Eftir setningu þessara laga, sem fyrst og fremst hafa verið hugsuð til verndar smáfiski, varð fljótt ljóst að mikill misbrestur mundi vera á því að undirmálsfiskur kæmi yfirleitt að landi heldur væri honum að jafnaði

fleygt á sjó. Sjútvrh. setti því í reglugerð nr. 262/1977 ákvæði um lágmarksstærðir fisktegunda, en þar hljóðar 1. gr. svo, með leyfi forseta: „Skylt er að hirða allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem kemur í veiðarfæri íslenskra fiskiskipa: Þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli, steinbítur og karfi.“ Þessari reglugerð var breytt þann 9. ágúst sama ár með því að orðið „skarkoli“ var fellt niður og auk þess sett inn heimildarákvæði fyrir þá sem stunda handfæraveiðar til að sleppa í sjóinn þorski undir lágmarksstærð. Þessa síðustu undantekningu verður að telja eðlilega þar sem slíkum handfærafiski sem sleppt er frá borði er oft lífvænt.

Þrátt fyrir ákvæði þessi í lögum og reglugerðum um lágmarksstærðir fisktegunda hafa deilur um veiðar á smáfiski síður en svo hjaðnað. Það hefur ætíð verið og verður að sjálfsögðu framvegis háð dómgreind stjórnanda fiskiskips hvernig hann stundar veiðiskap með framtíðarsjónarmið í huga. Því verður ekki trúað að skipstjórar togskipa stundi vísvitandi dráp á undirmálsfiski í stórum stíl. Það verður heldur ekki séð að ákvæði um skyndilokanir og veiðieftirlitsmenn hafi getað hindrað slys í þessum efnum. Þá hefur því verið haldið fram að vegna ákvæða í lögum um upptöku ólöglegs afla sé smáfiski yfirleitt fleygt þó hann sé allur dauður eða dauðans matur. Hér er um mjög ógeðfellda sóun á verðmætum að ræða. Með því að greiða lágmarksverð fyrir undirmálsfisk og setja jafnframt nýjar reglur um viðurlög vegna undirmálsfisks í afla, á að vera hægt að tryggja að smáfiskur verði að verðmætum án þess að tapað sé neinum möguleikum til að koma í veg fyrir veiðar á smáfiski nema síður væri.

Mér sýnist að einungis reynslan fái skorið úr því hvort þetta aðhald verði nægilegt. Mér finnst skynsamlegt að líta á fyrstu mánuðina sem þessi ákvæði verða í gildi sem tilraun til að komast að hinu sanna, til að komast að því hve mikil brögð eru að veiðum á fiski sem er undir máli. Á þessum reynslutíma yrði engum refsað, aðeins leitað að skynsamlegum refsimörkum. Síðan yrði það svo að koma í ljós hvort lagasetning og verðlagning á smáfiskinum nægði til þess að hann kæmi að landi, jafnvel þó að það kynni að leiða til útláta eða jafnvel refsinga fyrir skipstjórnarmenn og útgerð. Hitt er svo víst að dauður smáfiskur er engum til gagns.

Þá er það annar megintilgangur till. að tryggja betur nýtingu á fiskúrgangi, þ. e. slógi, hrognum og lifur, og svokölluðum úrgangsfiski, sem er ýmsar kolategundir, gaddaskata, blágóma, gulllax o. s. frv.

Nú er svo komið, og kunnara en frá þurfi að segja, að það þarf ekki að reikna með auknum fiskafla hér við land. Aukin verðmætasköpun í fiskiðnaði hlýtur fyrst og fremst að byggjast á betri meðferð og betri nýtingu þess sem aflað er.

Auk verðmætasköpunar eru það oft umhverfissjónarmið sem leiða til þess að farið er að huga að að nýta úrgangsefni. Það er því miður fremur fátítt hér á landi enn sem komið er, en rétt er þó að hafa það í huga að mengunarvaldur reynist oft vera verðmætt efni, en á röngum stað. Við heimtum margra ára mengunarrannsóknir af væntanlegum iðjuverum en fleygjum svo fiskúrgangi í ómældum þúsundum, tugþúsundum tonna á miðunum. Eitt dæmi er það að um 2 þús. tonnum af humarúrgangi er fleygt á humarmiðunum nú. Þar er sannarlega um skemmd á miðunum að ræða þegar þessi humarúrgangur rotnar. Slóg úr bolfiski, þ. e. þorski og ufsa, er að jafnaði talið vera milli 15 og 20% af þunga fisksins upp úr sjó. Þar af er þriðjungur lifur, þriðjungur hrogn eða svil í kynþroska fiski. Allt þetta hverfur í hafið af togurunum.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur í allmörg ár bent á sérstaklega eina leið til að nýta þessar aukaafurðir um borð í veiðiskipunum. Það er með svokallaðri meltuvinnslu, til fóðurframleiðslu. Þó að það verði e. t. v. ekki hægt að selja alla meltu í fóðurstöðvar strax, þá er alltaf hægt að skilja lýsið úr í hvaða fiskimjölsverksmiðju sem er og þurrka eggjahvítu og steinefni í mjöl. Lýsið eitt ætti að duga fyrir afskriftum af búnaði og aflahlut en fyrirhöfn áhafnar er nánast engin við þá meðferð sem hér er stungið upp á umfram venjulega slægingu. Búnaður til meltuvinnslu kostar nú um ½—1½ millj., allt eftir aðstæðum í hverjum togara, en tekjur ættu að nema a. m. k. 600—800 þús. kr. á ári.

Á Alþingi 1977 var samþykkt þáltill. frá Sigurlaugu Bjarnadóttur þar sem skorað var á ríkisstj. að gera könnun á því hvernig fullnýtingu hrogna og lifrar yrði við komið. Svo er að sjá á útflutningsskýrslum, að nýting hrogna hafi a. m. k. ekki dregist saman á undanförnum árum. Stafar það ugglaust að nokkru leyti af því að áhöfnum togara hefur verið leyft að nýta hrogn til söltunar án þess að þar kæmi til uppgjörs við skip. En það verður því miður ekki sagt um lifrarnýtingu. Nýtingu hennar hefur stöðugt hrakað. Þar sem áður voru, á aflaárunum 1965 og þar á undan, 3—4% af lýsi sem skilaði sér í útflutningi miðað við afla af þorski og ufsa, hefur framleiðslan á síðustu árum að meðaltali verið langt undir 1% lýsis miðað við sama afla sömu fiska.

Einnig má benda á það að niðursuðuverksmiðjurnar hefur skort lifur til niðursuðu, en lifur sem ísuð er í plastpoka geymist hiklaust í nokkra daga. Þannig var lifur reyndar nýtt til niðursuðu t. d. á Akranesi fyrir nokkrum árum og svo var einnig gert í Vestmannaeyjum og þar er jafnvel nokkuð um það enn.

Þá má einnig vekja athygli á því að í þáltill., sem Guðmundur G. Þórarinsson o. fl. fluttu vorið 1981 um lífefnavinnslu, var m. a. gert ráð fyrir lífefnavinnslu úr fiskúrgangi. En til þess verður fiskúrgangur að koma að landi.

Við Íslendingar höfum nú eignast a. m. k. þrjú verksmiðjuskip sem geta unnið og fryst afla um borð. Við framleiðslu fiskflaka ganga u. þ. b. 60% af þunga slægðs fisks úr sem hausar og bein. Búast má við því að frystitogurum fjölgi og það gefur auga leið hvernig umhorfs verður á miðunum ef úrgangi frá kannske 30 skipum yrði fleygt á veiðislóðinni. Og sannast sagna hafa sjómenn annarra skipa þegar bent á að úrgangur frá þessum tveim eða þrem frystitogurum er þegar orðinn mjög áberandi. Það er því nauðsynlegt að grípa þegar í taumana og skylda verksmiðjuskip til að hirða allan sinn úrgang og koma með hann að landi frystan, meltan eða þurrkaðan. Sams konar skyldur ættu að fylgja grásleppuveiðum. Það er ófært að fyrir hverja tunnu af grásleppuhrognum sé hent hálfu tonni af úrgangi í sjóinn.

Það skal ítrekað að til þess að megintilganginum með flutningi þessarar till. verði náð og allur fiskafli, sem veiðist, komi að landi er óhjákvæmilegt að fyrir hann sé greitt. Í lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins er kveðið á um það að ráðið skuli verðleggja allan fiskafla.

Það er þó mögulegt að á meðan verðlagsgrundvöllur er að skapast fyrir sjávarfang, sem lögin mundu skylda sjómenn til að flytja að landi, verði að koma til einhver opinber ábyrgð á lágmarksgreiðslum til seljenda. Í því sambandi má benda á að löndunarkostnaður, ís o. fl., eru útgjöld sem ekki er hægt að horfa fram hjá.

Það yrði allt of langt mál að fara hér nákvæmlega út í hagkvæmnisútreikninga til að sýna fram á hvað hægt væri að borga fyrir hinar ýmsu tegundir sjávarfangs sem nú falla ónýttar frá borði. Ég minntist áðan á kostnað við meltuvinnslu og væntanlegar tekjur í því sambandi en búnaður til að heilfrysta úrgang og frystigeymsla um borð í togurum kostar ½—1 millj. kr. eftir aðstæðum um borð. 10 tonn af frosnum úrgangi í hverri veiðiferð eru væntanlega 30—40 þús. kr. virði sem loðdýrafóður, sem á ársgrundvelli nálgast 1 millj. kr. í tekjur. Að vinna manneldisafurðir, t. d. japanskan marning svokallaðan, úr smáfiski kostar meiri fjárfestingu en gefur líka margfalt meiri tekjur.

Eins og áður var sagt er að vænta lagafrv. til breytinga á fiskveiðilögunum, sem væntanlega beinist þó fyrst og fremst að atriðum er varða fiskveiðistjórnun. Nú er og unnið að endurskoðun á reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski. Það er veigamikið að í báðum tilvikum sé tekið tillit til anda þessarar þáltill., ef samþykkt verður, t. d. að því er varðar skyldur sjómanna til að koma með slægðan fisk að landi að sumarlagi. Það er vandalaust að búa þannig um hnútana með nútíma ílátum að fisk í dagróðrarbátum megi geyma óslægðan þannig að hann skemmist ekki.

Það er alveg augljóst — það skal undirstrikað að sú nýtingaraukning sjávaraflans sem fram kæmi með þessu móti er enginn skjótfenginn gróði. En fyrirlitning hinna síðustu uppgangsára á gömlum dyggðum eins og nýtni og hirðusemi verður nú að víkja: Það verður að leggja alúð við sérhverja viðleitni til að stækka þjóðarkökuna, þó í smáum skömmtum sé. Ef menn ekki koma sér saman um það hvernig skipta eigi þessari viðbót kökunnar, þá verður ríkisvaldið að skerast í leikinn.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, minna á það, að í samþykktum nýlokins Fiskiþings er að finna greinar sem eru nánast samhljóða þessari þáltill. Þetta er orðin brýn nauðsyn sem allir sem tengdir eru sjávarútvegi viðurkenna nú.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það eru orðnar margar samþykktirnar frá flokksþingum og í kosningastefnuskrá og till. sem lagðar hafa verið fram í sambandi við stjórnarmyndunarviðræður þar sem Alþb. hefur lagt til bætta meðferð og nýtingu sjávarafla. Ekkert blað hefur varið jafn miklu rúmi á síðum sínum til umr. um þessi mál og okkar ágæti Þjóðvilji. Þar hefur m. a. mátt lesa hvatningar- og leiðbeiningagreinar þar sem hafa verið viðtöl við hv. flm. þessarar þáltill., Björn Dagbjartsson, um þann þátt nýtingar sjávarafla sem þessi till. fjallar um. Hv. þm. Björn Dagbjartsson hefur í ræðu og riti undanfarin ár verið hvatamaður að aukinni nýtingu sjávarfangs. Þar erum við samherjar og sammála, en að einhverju leyti erum við ekki sammála um leiðina að markinu, hvernig við getum náð því marki að fullnýta fiskaflann.

Ég vil þó lýsa mig samþykkan þessari till., en tel að markmiði hennar verði ekki náð, þ. e. fullnýtingu fiskafla, með þeim reglugerðarbreytingum sem till. gerir ráð fyrir. Og ég á erfitt með að skilja útskýringu flm. hér í greinargerðinni þar sem hann segir að með því að greiða lágmarksverð fyrir undirmálsfisk en setja jafnframt nýjar reglur um viðurlög vegna undirmálsfisks í afla eigi að vera tryggt að smáfiskur verði að verðmætum án þess að tapað sé neinum möguleikum til að koma í veg fyrir veiðar á smáfiski, nema síður væri. Ég held að þarna sé verið að tala um tvo ólíka hluti, hert viðurlög og ákveðið verð á smáfiskinum. Það er eins og þarna hafi orðið bræðrabylta. Með því að tala um hert viðurlög til sjómanna liggur í augum uppi að þeir muni forðast að sýna að slíkir hlutir hafi skeð á veiðiskipi, að þeir hafi veitt smáfisk. Það nægir ekki undir þessum kringumstæðum að setja eitthvert verð á þennan smáfisk, það gerir það ekki að verkum að öryggi sé fyrir að aflinn berist að landi.

Ég held því að allar hertar aðgerðir, einhver hefnigirni eða slíkt, ef kemur fyrir sjómann að veiða smáfisk, séu ekki þarfar. Hitt sé miklu þarfara að aflinn sé verðlagður og fyrir hann fáist verðmæti ef í land er komið með hann. Flest annað er nauðsynlegra að gera á þessum vettvangi en að bæta við boðum og bönnum ef þeim fylgja ekki ákveðnar breytingar sem gera mögulegt að hægt sé að hlýða boðunum og hlíta bönnunum. Oftast er það þannig að bönnin eru þarflaus eftir að breytt hefur verið til á réttan hátt. Ég tel nauðsynlegt, ef till. á að ná þeim tilgangi sem heiti hennar gefur tilefni til, svo og því sem fram kemur í greinargerð að sé annar aðaltilgangur till., þ. e. að nýta fiskúrgang, að nefnd sú sem till. fær til meðferðar breyti henni allmikið.

Í fyrsta lagi er óraunhæft að tala um í tillgr. og gerir hvorki til né frá að allur aflafengur sé verðlagður af Verðlagsráði sjávarútvegsins ef það verð greiðir ekki vinnuframlag og kostnað. Það kemur fram í greinargerð till. að till.-maður gerir sér grein fyrir að þarna geta falist útgjöld sem ekki er hægt að horfa framhjá eins og þar segir. Manni finnst að hv. flm. telji að vinnuframlag skipshafnar svo og kostnaður útgerðar sé hverfandi við að hirða allan afla og fiskúrgang og koma fyrir í skipi og flytja til lands. Um að hirða slóg fullyrðir flm. og segir í grg., með leyfi forseta: „Fyrirhöfn áhafnar verður engin umfram venjulega slægingu.“ Hér tel ég að of mikið sé sagt og reyndar líka að tónn sem þessi, að bætt nýting, bætt meðferð krefjist ekki aukinnar vinnu, sé skaðlegur. Það fyrsta sem hér þarf að gera er að tryggja að sjómaðurinn finni fyrir því að verk hans séu viðurkennd og fyrir bætta nýtingu komi greiðsla til hans, en því sé ekki haldið fram að þetta eða hitt sé hægt að gera um borð í fiskiskipi án þess að til komi aukið vinnuframlag skipverja.

Ef verðlagning á ruslfiski og fiskúrgangi væri á þann veg að sjómenn fengju kaup fyrir sína vinnu við að hirða það og koma því fyrir í skipi tel ég að engin boð eða bönn þyrfti til að koma því til leiðar að slíkt væri gert. Og boð eða bönn sem gleyma eða gera lítið úr vinnuframlagi sjómanna eru gjörsamlega marklaus. Ef nokkur starfshópur íslenskur er verður þeirra launa sem í hlut hans kemur eru það sjómennirnir, en í mörgum tilfellum eru þeir með mjög lág laun. Það þarf því að vera höfuðmarkmið þegar gerð er áætlun og till. um bætta nýtingu og bætta meðferð sjávarafla að gert sé ráð fyrir og það tryggt í framkvæmd slíkrar till. eða áætlunar að tekjuhlutur sjómanna batni jafnhliða.

Nú er það svo að þessi till. er um fullnýtingu fiskafla en texti till. nær aðeins yfir hluta þess sviðs sem um er að ræða þegar rætt er um nýtingu sjávarfangs eða nýtingu afla sem hefur náðst inn á þilfar veiðiskips.

Næsti þáttur sem líta þarf á og þarf ekki síður umr. við er meðferð og fullnýting fiskafla sem hefur verið landað frá veiðiskipi. Ég tel að við texta þessarar till. þurfi að koma árétting um að allur afli sem að landi sé kominn sé nýttur. Reyndar tel ég að á meðan svo er ekki sé allt tal um boð og bönn gagnvart sjómönnum og allt tal um verðmætasóun á fiskimiðunum nokkuð út í hött þó sjálfsagt sé um að ræða. Þegar í land er komið þarf ekki lengur að fara eftir sögusögnum um nýtingu og umhirðu, það er t. d. vitað að enn fer þó nokkuð af slógi forgörðum, svo var a. m. k. á síðustu vertíð og ýmislegt má þar fleira nefna.

Eins og fram kemur í greinargerð þessarar þáltill. hefur verið rætt um lífefnavinnslu úr fiskinnyflum, en ekkert hefur orðið úr framkvæmdum. Fyrir nokkrum árum opnaðist markaður fyrir þurrkaða þorskhausa í Nígeríu, þessi markaður er þar enn fyrir hendi. Þessi verkun stóreykur verðmæti hausanna miðað við að vinna úr þeim mjöl. En Seðlabankinn okkar vill ekki lána út á þessa framleiðslu og kemur þar með í veg fyrir þá verðmætis- og atvinnuaukningu sem þarna gæti átt sér stað með því að þurrka hausana í stað þess að vinna úr þeim tiltölulega verðlítið mjöl.

Það má telja upp ýmsa þætti í sambandi við meðferð og nýtingu fiskafla eftir að í land er komið frá skipi og sjálfsagt má nefna stórar tölur um áætlaða verðmætaaukningu líkt og kemur fram í greinargerð þessarar till. um verðmæti þess sem fer til spillis um borð í skipum á veiðislóð. Fullnýting fiskafla þarf að eiga sér stað bæði í landi og á sjó. Við höfum ekki efni á að láta neitt fara til spillis og síst af öllu nú þegar sjávarafli minnkar eins og raun ber vitni.

Hér er um að ræða verðmætisauka ofan á þann afla sem þegar er í hendi. Þessi verðmætisauki á fyrst að fara til þeirra sem við fiskveiðar og fiskvinnslu vinna og til útgerðar fiskiskipa til að standa undir og greiða aukið vinnuframlag og kostnað sem leiðir af nýjum tækjum og vinnubrögðum.

Ég tel því að við till. þurfi að bætast svohljóðandi setning eða slík meining sem kemur fram í þessari setningu: „Ef verðlagsgrundvöllur er ekki fyrir hendi fyrir slíkt sjávarfang tekur ríkissjóður ábyrgð á greiðslum til seljenda.“

Þessi meining kemur að vísu fram í grg. till., en hún er ekki í tillgr. sjálfri og það sem ég raunverulega er að leggja til er að það sem till.-maður nefnir hér í grg. flytjist inn í tillgr. sjálfa.

Miðað við þær upplýsingar um væntanlega aukna verðmætasköpun eða réttara sagt aukna verðmætanýtingu sem hv. þm. Björn Dagbjartsson bendir á í grg. þessarar till. er fráleitt að halda þeim leik áfram að láta slík verðmæti fara til spillis. Hér er nauðsynlegt að komast frá orðum til athafna. Boð og bönn eru hér aukaatriði, skipting þeirra fjármuna sem um er talað skiptir höfuðmáli.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég bað hér um orðið til þess að lýsa fylgi við meginefni og tilgang þessarar þáltill. eins og ég hef skilið hana af lestri till. og grg. og eftir að hafa hlýtt á mál hv. flm. Ég vil ekki þar með staðhæfa að ekki megi eitt og annað betur fara og kannske styðja skýrari rökum en hér er gert í sambandi við texta till. og það sem að er vikið í grg. En það tel ég ekki meginatriði heldur hitt að hér er verið að hreyfa með skynsamlegum hætti mjög þörfu og brýnu máli. Eins og fram kom hér hjá hv. 4. þm. Vesturl., er það ekki í fyrsta sinn sem hv. þm. Björn Dagbjartsson vekur máls á þessum brýnu atriðum sem snerta nýtingu á okkar sjávarfangi.

Hér er bæði um að ræða möguleika á verðmætaaukningu úr okkar sjávarafla, en auk þess mikið þrifnaðarmál þar sem tvær flugur yrðu slegnar í einu höggi ef farið verður eftir þessari till., sjávarafli færður á land og nýttur og tekið fyrir hvimleiða og skaðlega mengun sem verður oft vegna smáfisks og slógs sem fleygt er um borð frá veiðiskipum eins og hér hafa verið rakin dæmi um.

Ég held að við þær aðstæður sem nú eru að flestra dómi, að heldur þrengi að í sambandi við okkar sjávarfang, beri brýna nauðsyn til að leita allra leiða til að fullnýta þann afla sem að landi berst og tryggja að allt verði á land flutt sem hægt er að nýta. Í rauninni er langflest sem á að vera hægt að nýta til verðmætrar vinnslu ef rétt er á haldið.

Það getur hins vegar tekið nokkurn tíma að koma slíkri vinnslu á og ég tel því að ábending flm. um að til þurfi að koma örvun e. t. v. af opinberri hálfu tímabundið til að ná megi markmiðum till. sé alveg réttmæt og beri að skoða málið út frá því.

Það er nauðsynlegt að þessi till. fái málefnalega meðferð í nefnd og verði síðan fylgt eftir eins og hér er kveðið á um og tekin inn atriði sem menn telja að eigi heima í till. e. t. v. til viðbótar við það sem hér er og síðan leitast við að koma orðum í athafnir svo sem frekast er kostur.

Við þurfum á því að halda að nýta öll þau verðmæti sem til falla og hér er um svo mikið hráefni að ræða þegar á heildina er litið að eflaust getur verið um verulegar upphæðir að ræða. Auðvitað er margt óunnið eins og alltaf þegar lagt er inn á ný svið í vinnslu. Það tekur tíma að ná tökum á þeim þáttum, þ. á m. markaðsfærslu. En það eru þættir sem ég geri ráð fyrir að hægt sé að koma í kring á ekki mjög löngum tíma. Ég vil þakka flm. að lokum fyrir að hafa hreyft þessu máli á þeim stutta tíma, sem hann hefur komið inn á þingið.

Flm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Ég þakka þeim sem undir þetta hafa tekið hjá mér. Síst af öllu ætla ég að hafa á móti því að þeir sem betur vita breyti minni till. til betra horfs en vona að menn geri það án þess þó að tilgangur hennar breytist.

Það voru nokkur atriði í máli hv. 4. þm. Vesturl., Skúla Alexanderssonar, sem mig langaði til að gera athugasemdir við. Ég hélt ég hefði skýrt það í grg. og í máli mínu að svipting veiðileyfa er sú refsing sem best hefur gagnast. Ég veit að hv. þm. kannast við að sviptingu veiðileyfa á netaveiði var beitt nokkrum sinnum fyrir 1980 við báta sem komu að landi með afskaplega lélegan fisk, mun lélegri en aðrir sem veiddu á sömu slóðum. Þetta hafði sín áhrif a. m. k. eina vertíð, það er mér kunnugt um.

Ég hélt einnig að ég hefði skýrt það að til þess að vita um hvað við erum að tala þurfum við reynslutíma. Við þurfum reynslutíma til að geta sagt um það hvað er

smáfiskur, hvað er eðlilegt, hvað er ekki hægt að komast hjá að komi um borð í veiðiskip, og á meðan á þessum reynslutíma stendur sé engum refsað. Ég hygg þó að ekki verði komist hjá því að einhver viðurlög séu við veiðum á smáfiski og að þeim sé þá beitt eftir að menn vita um hvað þeir eru að tala.

Ég fullyrði það aftur að við að nýta slóg í meltu er engin aukavinna fyrir sjómanninn, engin. Það er spurning um það að ýta slógi fyrir borð og henda því, eða í trekt sem hakkavél tekur og flytur í tank. Þessi búnaður er kominn um borð í einn togara nú þegar og verið að setja í annan og ég skora á hv. þm. að kynna sér þetta mjög nákvæmlega því þetta er staðreynd.

Ég hef hér skýrslu frá tveim sjómönnum sem ég hef haft samband við núna undanfarið. Þeir eru sjómenn á tveim togurum, öðrum frá Dalvík, hinum frá Akureyri og þeir hafa tekið saman fyrir mig ýmis atriði sem þeir telja að betur mættu fara um borð. Þeir segja hér, með leyfi forseta:

„Okkur hefur óað við þeim flottræfilshætti með nýtingu þess afla sem um borð kemur og kennum þar um að sumu leyti ólögum sem í gildi eru. Það ber að færa allan þann afla sem fæst til hafnar, þar með talinn smáþorsk. Okkur fiskimönnum er ætlað að gera að smáfiski, ísa hann í kassa, koma honum að landi og láta gera hann upptækan — og fá þar að auki sektir. Þetta er það sem úr gildi verður að nema."

Þessir sömu sjómenn gera ýmsar tillögur hér. Þeir telja að sjómenn muni hiklaust gera að smáum fiski ef þeir fá fyrir hann greitt og telja engan vafa á því að smáfiskur, smáþorskur muni koma að landi sé greitt fyrir hann lágmarksverð, þó mun lægra sé heldur en nú fæst fyrir stóran þorsk.

Ég vil að lokum vona að þessi till. fái sína þinglegu meðferð hér og mér að meinalausu, mér er einungis þökk að því ef hún breytist til batnaðar í meðförum þingsins.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég skal ekki tefja framgang þessa ágæta máls né önnur þingstörf með langri ræðu. Mig langar þó að lýsa yfir samþykki mínu og taka undir orð annarra ræðumanna þar um. Ég tel þetta hina þörfustu og merkustu till., svo langt sem hún nær, þ. e. hér er einungis farið fram á að þessi lög verði endurskoðuð með ákveðið markmið í huga, en nánar er ekki kveðið á um framkvæmdina í sjálfri tillgr.

Það er mat þeirra sem til þekkja að brotalömin í núgildandi lagsetningu sé fyrst og fremst sú, eins og reyndar kom fram hér áðan, að þeim mönnum sem þar er gert skylt að færa að landi smáfisk er ætlað að gera það fyrir ekki neitt. Hlutirnir ganga einfaldlega ekki þannig fyrir sig, þar sem hér er auðvitað um afkomu útgerðarinnar og sjómannanna að tefla, að þeir séu að leggja á sig aukið erfiði og jafnvel takmarka möguleika sína til að nýta afla að öðru leyti með því að eyða miklum tíma í frágang smáfisks, svo ekki sé nú talað um fiskúrgang, sem þeir síðan fá ekkert fyrir þegar í land er komið. Það er auðvitað alveg ljóst að þessi fiskur mun ekki berast að landi nema þeir sem á sig þurfa að leggja erfiði við vinnslu hans fái eitthvað greitt fyrir það. Það er auðvitað atriði nr. 1 sem þarna þarf að breyta.

Aftur á móti má ekki gera þetta þannig að áhafnir og útgerð fari að sjá sér hag í því að nýta þennan fisk í verulegum mæli, því að það er einmitt það sem við ætlum væntanlega öll að fyrirbyggja með lagasetningunni. Það verður að sjá til þess að smáfiskurinn sé ekki veiddur og ekki sé legið í smáfiskiríi umfram það sem óhjákvæmilegt má teljast. Þarna þarf m. ö. o. að finna einhvers konar jafnvægi á milli þessara tveggja sjónarmiða, annars vegar að tryggja það að þessi verðmæti berist á land og fari ekki út um lensportin eins og nú er og hins vegar að smáfiskirí sé ekki stundað meira en óhjákvæmilegt er. Það er og verður alltaf þannig, a. m. k. meðan togveiðar eru stundaðar, að eitthvert magn af smáfiski kemur upp með, þó jafnvel sé verið að fiska að öðru leyti ágætis fisk. Það er a. m. k. þannig um ákveðin mið. Þar er blandað fiskirí, eins og það heitir, og það verður ekki hjá því komist að eitthvað af smáfiski lendi með, a. m. k. í einstökum köstum. Þarna verður því að finna einhverja skynsamlega leið. Því hefur verið hreyft í mín eyru af sjómönnum sem til þekkja að ein möguleg útfærsla á þessu væri sú, að sá hluti áhafnarinnar sem leggur á sig erfiði við að nýta fiskinn fengi nokkuð fyrir sinn snúð, en yfirmenn og í öllu falli útgerð fengi minna, jafnvel ekki neitt, þannig að þeir sæju sér ekki hag í því að nýta þetta, mundu frekar vilja hafa það á hinn bóginn, að sem allra minnst af þessum fiski kæmi upp til þess að ekki þyrfti að eyða tíma í að ganga frá honum. Þetta er einungis ein af mörgum leiðum sem kannske er ástæða til að hugleiða í þessu sambandi, því að ég held, miðað við það ástand sem verið hefur undanfarið og miðað við það hvernig þessari lagagrein hefur nú reitt af, að ástæða sé til þess að dæma ekki fyrir fram eina leið sem gæti reynst betur en það fyrirkomulag sem við höfum haft hingað til. Ég beini því til flm. og þeirra sem taka þetta fyrir í nefnd að huga að þessum möguleika.

Það markmið sem við hljótum að stefna að er að setja lög sem tryggja það að allur nýtanlegur þorskur sé hirtur, en hvetja samt ekki til veiða á smáum þorski. Og einhverjir þurfa að sjá sér hag í því að þessum lögum sé framfylgt. Reynslan hefur sýnt að meðan svo er ekki verður það einfaldlega ekki gert. Ég tek undir það sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði hér áðan að ég held að boð og bönn muni ekki lækna í þeim efnum. Það þarf að koma annað til, einhvers konar jafnvægi milli þeirra sjónarmiða sem ég rakti hér að framan.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Líklega er ástæðulaust að eyða löngum tíma í að ræða þetta mál meira, ekki vegna þess að það sé ómerkilegt heldur vegna þess að komið hafa fram margar skoðanir eins og ævinlega þegar fjallað er um þessi sjávarútvegsmál, hverju nafni sem nefnast. Ég veit satt að segja ekki hversu vel þessi till. er unnin eða hversu mikil þekking liggur á bak við, jafnvel þó sé um að ræða vísindamann í þessum greinum, en það er auðvitað ýmislegt í þessu sem vekur mann til umhugsunar um hvort þetta sé allt nákvæmlega eins jákvætt og höfundur páltill. heldur fram í grg. En hvað sem um það mætti segja er það að sjálfsögðu góðra gjalda vert að leita víðar fanga og sem víðast til að auka verðmæti sjávarfangs sem við komum með í land.

Mesta verðmætið sem er auðvitað til nú þegar, þar sem hægt er að græða mesta peningana er að fara miklu betur með fiskinn, þennan venjulega fisk. Hitt er svo annað mál að vissulega er ýmsum verðmætum fleygt sem er skömm að og hefur verið lengi eins og t. d. lifrinni. En verðlagningu á lifur hefur verið þannig

háttað að með því að slíta lifrina sér og ganga frá henni sér vex aðgerðartími mjög mikið, það munar mjög miklu í vinnu að taka lifrina frá. Sá hlutur sem áhöfnin hefur fengið fyrir lifrina er svo lítill að ég er hræddur um að enginn maður í landi vildi láta borga sér svo lágt tímakaup fyrir hverja unna stund, það nær ekkert nálægt lægsta verkamannataxta í landinu.

Auðvitað er auðvelt að segja að sjómenn eigi að hirða lifrina, það komi þjóðarbúinu til góða og þeir eigi að vinna það svona nokkurn veginn í þegnskylduvinnu. Ég tel að það sé rangt. Verð á lýsi er auðvitað mjög misjafnt og þegar það er hátt er hugsanlegt að eitthvað hafist út úr þessu fyrir þá sem þurfa að vinna við þetta því að sjómenn á togurum þurfa nú að vinna við margt fleira heldur en að slægja fisk. Stundum er það næstum því aukavinnan um borð að slægja fisk því að menn þurfa að gera við veiðarfæri og sums staðar er nú fiskislóðin þannig að megnið af tímanum fer í að hengja þessar veiðarfæradruslur saman aftur eftir að þær hafa kannske verið skamman tíma í botni og það er mikil vinna.

En það er ákaflega misjafnt hversu mikil lifur er í fiski. Sá fiskur sem togararnir hafa verið að veiða, þessi smærri fiskur, ég tala nú ekki um minnsta fiskinn sem er allmikið af, er allt að því lifrarlaus, það er ákaflega lítil lifur í þeim fiski yfirleitt. Ekki veit ég hvernig er með prósenturnar í þessu en það er sáralítið af lifur í smáum fiski. Svo smár er nú fiskurinn þegar menn eru að tala um að jafnan komi eitthvað af smáum fiski með, menn viti ekki hvort veiddur er eins smár fiskur og um er talað, þá vita þeir það vel sem hafa staðið í þessu sjálfir að víða er ansi miklu hent beint í sjóinn aftur af of miklu smáu dóti. Ég hélt að þetta vissu allir þó að þetta sé kannske stundum orðum aukið. En ég vil benda á að heilu vertíðarnar hefur meðalþyngd á þorski ekki verið nema kannske 1200—1400 grömm á Vestfjarðamiðum á togurum. (Gripið fram í.) Jæja, það er nú ekki mikið meira. Í langan tíma hefur komið fyrir að meðalvigtin upp úr skipi á þorski hafi verið á þessu bili. (Gripið fram í.) Það er mjög smár fiskur, já, hann gæti verið orðinn þriggja ára samt. Hann er mjög smár. Þegar menn fara með þetta í land hafa þeir áreiðanlega hent ansi mörgu sem er smærra. Það er auðvitað alveg skelfilegt.

Hitt er svo annað mál að í grg. stangast það svolítið á, að menn eigi að fá greitt fyrir undirmálsfisk og síðan talað um að það eigi að svipta menn leyfum fyrir smáfiskadráp. Út af fyrir sig er ekki mikið þó að ein þverstæða sé í svona langri grg., yfirleitt eru þær miklu fleiri.

Hrogn eru ekki í fiski fyrr en hann er orðinn býsna stór og margra ára gamall og kemur af vertíðarsvæðinu og þar eru auðvitað öll hrognin hirt. Auðvitað ætti að skylda togarana til að hirða hrognin. Það er skelfilegt að fleygja svo dýrum og góðum mat í sjóinn jafnvel þó að það kosti aukavinnu.

En eins og kom fram hjá ræðumanni áðan hafa menn verið að tala um meltu á hverjum kosningafundinum á fætur öðrum hringinn í kringum landið og verið ábyrgir í framan og rætt um að auka verðmæti þjóðarbúsins með að hirða slógið úr fiskinum, koma með það í land og búa til úr því meltu. Ef meltan er svo mikil eins og þarna segir höfum við þá nægilega mörg spendýr í landi til að éta alla þessa meltu? Ég veit ekki hve mikið má gefa af henni með venjulegu fóðri en ég efast um að sauðféð og beljurnar nái að háma þetta allt í sig jafnvel þó að afkastamiklar séu.

En það sem mér finnst vanta dálítið í þessa umr. eru betri upplýsingar um þessa meltu, hvað þarf í hana? Það þarf mikið af sýru í hana. Það þarf að setja upp myndarlega tanka í skipin sem láta framleiða þessa meltu og það þarf mikið pláss. Við vitum að togararnir okkar eru ekki stærri en það að mikil vandræði eru með pláss. Ekki höfum við þennan ruslfisk lausan. Hann verður einhvers staðar að vera annars staðar en með öðrum fiski í lest. Það dettur engum manni í hug að útbía matvælageymslur eins og fiskilestirnar eru með alls konar smárusli, sandkola, gulllaxi og feitum fiski sem gera lestarnar þannig að þær verða ekki lengur hæfar til að geyma í matvæli.

Það er hugsanlegt að fara út í þetta og ég tel rétt að gera það í einhverjum mæli. En auðvitað þarf að kanna það hvað meltan kostar í vinnslu og hversu miklum verðmætum hún skilar því að þegar hún kemur í land á eftir að þurrka úr henni mikinn sjó og hita upp og nota býsna mikla orku og hún er ekkert ódýr í þessu landi. Menn hafa séð um það að undanförnu að hækka orkuna upp úr öllum veðrum þannig að hún er orðin dýrari í mörgum tilfellum en orka úr innfluttri olíu frá Asíu, Sovétríkjunum. Jafnvel þó að við færum út í þessa vinnslu veit maður því miður ekki fyrir fram hver arðsemin er. Við fáum tekjur fyrir meltu og annan slíkan úrgang en þó má kostnaðurinn við að ná þessum tekjum ekki fara upp fyrir þær. Þá er skárra að henda því.

Í landi hendum við líka miklum úrgangi, úr öllu sláturfé í landinu meira og minna, beinum og slíku og alls kyns úrgangi og menn leggja meira að segja í talsverðan kostnað til að losna við að vinna nokkurn skapaðan hlut úr því og það er hneyksli.

Herra forseti. Ég er ansi hræddur um að það kosti dálitla vinnu að ganga frá þessum hlutum öllum jafnvel þó lifrin sé látin fara með slóginu sem er að sumu leyti heldur óskynsamlegt því það þarf að skilja hana frá. Það er hægt en kostar líka peninga og einhvern útbúnað þarf til að koma í veg fyrir að allt of mikill sjór fari með slóginu niður í tankana því að ekki er víst að hægt sé að setja tankana beint undir þar sem verið er að slægja fisk. Það hagar nú svo til að líklega ætti tankur fyrir slógið að vera einhvers staðar annars staðar. Ekki megum við taka besta lestarplássið undir þetta dót þótt verðmætt sé.

Hér er einnig talað um lífefnavinnslu og duglegir þm. fjölluðu um það hér á sínum tíma, höfðu um það forgöngu og var það myndarlegt. En ég undrast að við skulum ekki hafa fengið meiri upplýsingar um þá möguleika sem felast í þessu. Menn hafa talað um að vinna mætti úr þessu ýmiss konar bætiefni og eins efnahvata af ýmsu tagi en ekki sagt hversu mikið, hvað það kostaði eða hvað væri hægt að selja það fyrir. Það vantar geysilega miklar upplýsingar. Ég hélt að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ætti að fást við hluti af þessu tagi. Ekki aðeins að flytja um það tillögur inni í þinginu eða í samþykktum, heldur að koma með nákvæmar vísindalegar upplýsingar um hvað væri fólgið í þessu í raun og veru. Það er hægt að framleiða alls konar vítamín og ýmsa hluti úr þessu, en þau efni eru líka framleidd úr öðru og ef þessi útkoma úr

lífefnavinnslu úr slógi og öðrum úrgangi verður ekki ódýrari en það efni sem er á markaðinum fyrir borgar sig heldur ekki að vinna það.

Herra forseti. Það má ekki skilja orð mín svo að ég sé að draga úr þessu eða gera þetta tortryggilegt eða ómerkilegt. Það verður aldrei, því réttilega hafa menn áhyggjur af að fá ekki nægilega mikið út úr því sem við drögum að landi. Ég styð þá hugsun. Hins vegar þurfa menn að gera sér grein fyrir að ýmislegt þarf til að koma til að þetta verði notað. Hugsanlega kæmi til greina að mínu áliti að tankar og annar búnaður sem þarf til þess að nálgast þessi verðmæti verði sett í skipin útgerðinni að kostnaðarlausu. Hún hefur nægilega marga bagga fyrir og stendur nú frammi fyrir meiri erfiðleikum en áður.

Þar sem hér í grg. er talað um verksmiðjuskip má gefa þessum litlu togurum okkar sem eru að basla við að frysta eitthvað úti á sjó þetta nafn, en þessir togarar verða engin verksmiðjuskip fyrir því. Þeir skulu átta sig á því. Svona minitogarar verða aldrei verksmiðjuskip jafnvel þó þeir vinni svipuð verk. Og menn hafa verið að koma fyrir lágmarksvinnslutækjum um borð í slíkum skipum og þó með því að henda þessu öllu saman sem hér er verið að tala um hefur meira að segja sjóhæfni þessara skipa verið ógnað vegna þess að menn hafa sett þessar vélar í skipin þar sem þær geta verið og hvergi annars staðar á millidekki og hafa með því fært þyngdarpunkt skipsins of ofarlega. Þess eru dæmi eins og kom fram í hinum virtu dagblöðum landsins fyrir skömmu að þegar búið var að setja hæfilega ballest á móti þessum vinnsluvélum sem er ekki nema brot af því sem þarf í verksmiðjuskipi var hann kominn á hleðslumerki sem kallað er, þ. e. fullhlaðinn þegar hann fór tómur út, og ekki er það efnilegt. Ég nefni þetta aðeins vegna þess að menn mega ekki blekkja sig á að hægt sé að breyta þessum litlu skipum okkar í verksmiðjuskip. Það er bara ekki hægt. En það sem þeir eru að gera er ekki með öllu illt þrátt fyrir það. En þessi verðmæti verða eftir eftir sem áður. Það er ljóst.

Við áttum þess kost fyrir tiltölulega stuttu að nálgast slík skip frá útlöndum fyrir lítið fé. Það vildum við ekki því að aðrir voru búnir að leggja þeim. Við létum hins vegar smíða fyrir okkur skip fyrir norðan sem kostuðu allt of mikla peninga og eiga allstóran hluta þessara vandræða allra saman. En ef við ætlum að tala um í alvöru að sækja t. d. afla til annarra miða langt frá landinu, sem er vel hugsanlegt með leyfi góðra manna í austri og vestri og kannske suðri einnig, sendum við ekki þessi skip þangað nema þau hafi löndunarleyfi sem er bannað. Þangað getum við ekki sent annað en burðug skip.

Herra forseti. Ég tel gagnlegt að þessum hlutum hefur verið ýtt hér af stað og ég legg áherslu á og vil láta það verða mín lokaorð að þessu verði ekki kastað í ruslabinginn að loknu þingi, heldur verði þetta mál skoðað í alvöru því að nú eru alvörutímar og alvörumenn sem um tala.

Herra forseti. Það er gaman að fjalla um þessi efni en langt er liðið á þennan sólarhring og ástæðulaust að vera að teygja lopann meira í þessum efnum, en ég legg á það áherslu einu sinni enn að þetta verði skoðað með það fyrir augum að hafa eitthvert gagn af því.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég fagna því að till. sem þessi er komin hér fram. Við getum auðvitað deilt um það hvort hún er nógu ítarleg eða of ítarleg eða annað slíkt, en við verðum að halda öllum leiðum opnum nú á hinum síðustu og verstu tímum til að nýta allt það sjávarfang sem okkur býðst. Það hefur verið okkur til nokkurs vansa — ja, ég vil segja öll þau ár sem liðin eru í okkar nýsköpun í aflabrögðum, hvernig við höfum gengið um hina ýmsu hluti og einkum úrganginn og aldrei talið hann til afurða.

En það er rétt sem hefur komið fram hjá þeim sem hér hafa tekið til máls að það er við ýmsa erfiðleika að etja þarna, t. d. það að flest skipanna eru enn vanbúin að taka við þessum tækjum, aðallega tankvæðingunni sem þarf að fylgja þessu, því að meltuvinnslan er nú einu sinni þannig að hún er plássfrek og er ekki annað en það að slógið er hakkað og sett í það maurasýra og látið gerjast þar til að verja það sýrumyndun. Svo er það tekið í land og má gera annað tveggja eftir að búið er að skilja það við lýsið, að nota það áfram til frekari vinnslu í verksmiðju og blanda því út í þann fisk sem unninn er í fiskimjölsverksmiðjum eða þá að selja það beint sem svokallaða meltu sem íslenski markaðurinn hefur verið tregur að taka við enn þá.

Ég átti nokkurn þátt í því fyrir tveimur árum að það var sett melta úr grásleppu í nokkrar tunnur uppi á Akranesi. Það vildi enginn hirða þetta. Þetta var ágætisvara og ég bað viðkomandi að fara upp á Hvanneyri með þetta á sjálft ríkisbúið og biðja þá að prófa það. En þeir máttu ekki vera að rugla sinn rekstur með slíkum tilraunum svo að það virðist ekki vera móðins hjá okkur í dag að nota þetta. Aftur á móti nota Danir mikið af þessu. Þetta er ein tegundin af þeirra alikálfafóðri. Þetta er mjög góð fóðurvara, a. m. k. handa vissum tegundum alidýra. Lýsi er hægt að ná góðu úr þessu ef vel er um þetta gengið. En þó að það sé ekkert aðalatriði finnst mér tillögumaður ganga nokkuð djarflega í það að reikna út lýsisnýtinguna úr þessu. A. m. k. náði ég aldrei meðan ég var í verksmiðjurekstri þeirri lýsisnýtingu sem hann talar um. Það er nokkuð djarflegt, en það er ekkert atriði. Ég bara bendi á þetta. Við skulum ekki gera okkur neinar sérstakar óskatölur í þessu, það gengur ekki þannig fyrir sig.

En smáfiskurinn var það sem ég vildi minnast á. Ég hef enga trú á því, því er miður, að það verði auðvelt að koma honum að landi kúttuðum eða slægðum ísuðum í kössum. Ég segi alveg eins og er, það er margbúið að reyna þetta og ég held að það sé mjög erfitt. Auðvitað verður að greiða fyrir þetta, það verður kannske ekki aðalvandamálið, en þetta er mikil vinna að eiga við smáfiskinn. En það er líka eina ráðið til þess að sjá hvað drepið er af honum, svo að menn geti þá séð hver segir satt og hver segir ósatt í öllum þeim miklu ræðum sem haldnar eru um smáfiskadráp, það er eina ráðið til þess að sjá þetta. En ég held samt að ef meltuvinnslu er komið á annað borð upp í þessum skipum, þá færi þessi fiskur í kvörnina og færi í meltuna, því að smáfiskurinn er alveg jafnauðfenginn í meltu eins og slógið sjálft. Ég held þess vegna að hann færi þangað að mestum hluta en ekki upp á kúttunarborðið hjá þeim. Þetta atriði skulum við gera okkur alveg ljóst.

Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta núna, en ég legg áherslu á að þetta verði mjög vel kannað og

ég þakka hv. þm. Birni Dagbjartssyni fyrir að koma með þetta inn í þingið, því að það eru einmitt slík efni sem við þurfum mjög að takast á við og athuga. En við þurfum jafnframt að athuga ýmsa aðra fleti á þessu. Ég segi eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson: ég segi þetta ekki til að draga úr, heldur rétt sem ábendingar að fenginni reynslu af vissum þáttum þessa efnis. En ég mæli mjög með því að þetta sé mjög alvarlega athugað.

Flm. (Björn Dagbjartsson): Herra forseti. Hv. þm. Garðar Sigurðsson er nú horfinn úr salnum og ég ætla þá einungis að koma hér upp til að benda honum á það að bregða sér nú um borð á Vestmannaey í Vestmannaeyjum í jólafríinu og spyrja skipverja að því hvernig þeim gekk að vinna meltu í sumar. Þeir unnu nefnilega, og fóru þó nokkra túra með meltuvinnslu um borð. Ég ætlaði að benda honum á að lesa þá grg. sem fylgdi þessari till. því að hann hefur greinilega ekki lesið úr henni nema það sem hann vildi lesa. Ég ætlaði og að benda honum á að lesa grg. sem fylgdi till. Guðmundar G. Þórarinssonar o. fl. um lífefnavinnslu frá í fyrra og ég ætlaði yfirleitt að spyrja hann að því, ef hann hefði verið hér, til hvers hann kom í stólinn áðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 26. fundur.

Miðvikudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Gjaldeyris- og viðskiptamál, frv. 133. mál (þskj. 168). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka góða fyrirgreiðslu forseta að taka þetta frv. hér á dagskrá til 1. umr. Með þessu frv. er lagt til að gerð verði breyting á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Lagt er til að 5. gr. þeirra laga sem er 1. gr. frv. orðist svo, með leyfi forseta:

„Um rétt viðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri fer eftir lögum um Seðlabanka Íslands. Bankastjórn Seðlabankans er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að leyfa sparisjóðum að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hún ákveður. Ákvæði laga þessara um gjaldeyrisviðskiptabanka taka til sparisjóða og póststjórnarinnar að því marki sem þessum aðilum er heimilt að versla með gjaldeyri."

Breytingin er fólgin í því að lagt er til að sparisjóðum verði heimilað að versla með gjaldeyri. Samkv. lögum er heimilt að veita bönkum slíka heimild og það hefur verið gert. Í dag hefja þrír hlutafélagabankar viðskipti með gjaldeyri, þ. e. Verslunarbankinn, Iðnaðarbankinn og Samvinnubankinn. Þeir hefja takmörkuð viðskipti með gjaldeyri. Hér er um að ræða gjaldeyrisreikninga og gjaldeyrisþjónustu við ferðamenn.

Það þykir að sjálfsögðu eðlilegt og rétt að jafnræði gildi með peningastofnunum í þessum efnum. Því er með þessu frv. lagt til að slík heimild verði fyrir hendi í gjaldeyrislögunum varðandi sparisjóði og þá ætlað að það gæti gerst um næstu áramót, ef þetta frv. yrði að lögum fyrir jólaleyfi sem ég vona.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er ekki oft á undanförnum vikum að ástæða hafi verið til þess að hrósa hæstv. ríkisstj. En ég tel það skref sem verið er að stíga með þessu frv. vera í rétta átt og hróss vert.

Frá því var greint hér í sumar í fréttatilkynningum og fjölmiðlum að nú væru gjaldeyrisviðskipti á Íslandi allt í einu orðin miklu frjálsari en áður var þegar nánast engin breyting hafði átt sér stað að því er snerti viðskipti almennings við þær stofnanir sem versla með gjaldeyri. Nú hafa hins vegar breytingar átt sér stað. Með þessu frv. er gert ráð fyrir breytingum sem ég tel sjálfsagðar og eðlilegar. Eðlilegt er að á hverjum þeim stað, þar sem þessi þjónusta er til staðar, sé hún það að öllu leyti, t. d. að íbúar einstakra staða úti á landi þurfi ekki, ef þeir óska eftir að sækja um gjaldeyri eða óska eftir gjaldeyri til eigin nota, að sækja það um langan veg. Þess vegna eru skref í frjálsræðisátt í þessu efni af hinu góða. Sömuleiðis það að allir borgarar landsins skulu nú eiga þess kost, ef þeir kjósa, að fá til notkunar greiðslukort sem eins konar varasjóð á ferðalögum erlendis, þar sem ýmislegt óvænt getur upp á komið og menn kannske þurft að dveljast lengur en þeir gerðu ráð fyrir í upphafi. Ég þykist vita að þetta muni mælast vel fyrir hjá ferðafólki, enda sjálfsagt og eðlilegt.

Eitt er það þó sem eftir er að því er þessi gjaldeyrismál varðar. Enn mun það vera svo að til er einhvers konar miðstýrð skrá þar sem hver króna og hver eyrir, sem menn fá í erlendum gjaldeyri, hvort sem þeir eru að fara í ferðalag eða kaupa sér bækur, er skráð. Þetta er einhvers konar miðstýrð tölvuskrá yfir borgara landsins sem sækja um gjaldeyri. Ég held að þetta mætti leggja niður og fylgjast þá aðeins með því, þegar um óvenjulega eða óeðlilega háar upphæðir er að ræða, sem ekki eru beinn ferðakostnaður heldur ætlað til einhvers konar annarrar verðmætayfirfærslu.

Hæstv. ráðh. leiðréttir ef þetta er ekki rétt með farið. En eftir því sem ég best veit eru allar gjaldeyrisumsóknir, til ferðalaga og annars, skráðar niður á nafn hvers einstaklings. Mér sýnist þetta vera óþarft bókhald í nútíma þjóðfélagi og mætti sjálfsagt spara töluvert með því að leggja þessa skráningu niður og hafa þann háttinn á, sem ég hygg að sé í flestum nágrannalöndum okkar, að þetta er aðeins gert ef um er að ræða stærri upphæðir sem bankarnir gera einhverja aths. við eða telja ástæðu til að skoða málin sérstaklega, en ekki þegar um venjulegan ferðakostnað venjulegs fólks er að ræða. Sem sagt, ég lýsi stuðningi við þetta frv. og hefði það mátt vera fyrr á ferð.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta. Hér hefur orðið mikil breyting á. Ég kann vel sögu Búnaðarbankans í sambandi við leyfi til gjaldeyrisverslunar og þá þrautagöngu sem annar stærsti banki landsins var farinn að ganga til að fá heimild til þessa. Seðlabankinn hélt þarna fast um og viðskrh. sömuleiðis þangað til hv. þm. Tómas Árnason sá ástæðu til þess sem viðskrh. að veita þessa heimild. Ber að þakka honum fyrir að það var gert því að vitanlega var þetta ótækt með öllu. En einhvern veginn rámar mig í að þær viðbárur, sem Seðlabankinn og viðskrn. höfðu á sínum tíma gegn því að Búnaðarbankinn fengi slíkt leyfi, væru eitthvað tengdar auknum

kostnaði í bankakerfinu, aukinni útþenslu og fleira starfsliði, sem bankarnir vitanlega mundu svo ná til sín aftur frá viðskiptavinum. Ég spyr því hæstv. ráðh. þegar það liggur fyrir að nú eiga allir viðskiptabankarnir að fá þetta og sparisjóðirnir einnig. Hver verður þróunin í þessum efnum? Hvað er líklegt að gerist í þessu efni? Eru viðskiptabankarnir t. d., þeir sem nú hafa ekki gjaldeyrisleyfi, komnir af stað með að fá sitt leyfi til þess arna, aðrir en þeir þrír sem voru með þessi viðskipti? Ég er ekki nógu vel að mér til þess að vita það. Hér er um stórar bankastofnanir að ræða og ég veit það, af því að ég er kunnugur úti í Búnaðarbanka, að það kostaði talsvert mikið og var býsna dýrt, bæði í húsnæði og mannahaldi, að koma þessu á. Ég hef trú á því að það verði svo. Að sjálfsögðu vitum við að það eru ekki bankarnir sem borga þetta. Það verða viðskiptavinirnir sem borga þetta að lokum og kannske fyrr en seinna. Hver verður þróunin í þessum efnum, hæstv. ráðh.? Á að gefa allt frjálst nú þegar? Auðvitað hlýtur það að fara eftir óskum viðkomandi banka og viðkomandi sparisjóða. Það er auðvitað frumskilyrðið. En hvernig standa þessi mál í dag? Væri hægt að fá upplýsingar um hvaða bankar eða sparisjóðir eru með þetta í farvatninu hjá sér? Kannske sá sparisjóður sem hæstv. viðskrh. var einu sinni framkvæmdastjóri fyrir og er máske enn.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég þakka undirtektir við þetta frv. Ég skil mjög vel það sem fram kom í ræðu hv. 5. landsk. þm. þar sem hann talar um miðstýringu í þessum efnum og fór hann þar með rétt mál. Það eru lögin um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála sem gera ráð fyrir þessu. Þessi löggjöf er í endurskoðun og ég hafði hugsað mér að það yrði allt, ekki aðeins það sem nú er að gerast heldur löggjöfin öll og þau vinnubrögð sem við eru höfð, endurskoðað eftir því sem að sjálfsögðu tími vinnst til en því, sem hægt er að breyta með ákvörðunum ráðh. með breyttum reglugerðum, verði breytt. Þegar svo þessu væri öllu saman lokið yrði, ef ástæða þætti til sem mér finnst mjög líklegt, lagt fram frv. um endurskoðaða löggjöf og þá yrði að sjálfsögðu framkvæmdaatriði tekin þar til meðferðar.

Varðandi það, sem hv. 2. þm. Austurl. kom hér inn á, er því ekki að neita að með því, að bankar taki upp alhliða gjaldeyrisviðskipti, hlýtur það að auka á kostnað þeirra. Þegar Búnaðarbankinn fékk sína heimild var lögð á það áhersla að það yrði gert með sem allra minnstum tilkostnaði. Búnaðarbankinn hins vegar tók upp alhliða gjaldeyrisviðskipti en þeir bankar sem í dag hefja gjaldeyrisviðskipti, þ. e. Verslunarbankinn, Iðnaðarbankinn og Samvinnubankinn, hefja aðeins takmörkuð gjaldeyrisviðskipti og hugsun mín sem viðskrh. var að slíkt gerðist. Hér er um að ræða gjaldeyrisreikninga sem hægt yrði að leggja inn á og þjónustu við ferðamenn. Þetta yrði það sem gert yrði fyrst og ég hef lagt á það áherslu að reynt yrði að hafa sem mest samstarf. Þessir þrír bankar hafa samstarf við Útvegsbankann um þessi mál, sérstaklega í sambandi við gjaldeyrisverslun varðandi ferðamenn og svo líka með hvaða hætti ávaxta skuli af þeirra hálfu það fjármagn sem inn kemur á gjaldeyrisreikninga. Hér held ég ekki að sé um verulegan tilkostnað hjá þessum stofnunum að ræða og ég hygg að hjá þeim sparisjóðum, sem tækju upp gjaldeyrisviðskipti, yrði nákvæmlega það sama fyrirkomulag.

Ég á von á því að stærstu sparisjóðirnir komi til með að hafa sams konar gjaldeyrisviðskipti og þessir bankar, sem hefja þau í dag, og það verði gert í samkomulagi við gjaldeyrisbankana, sem eru með alhliða gjaldeyrisviðskipti. Af því að hv. 2. þm. Austurl. vék að þeirri stofnun, sem ég veitti forstöðu um 10 ára skeið og síðan formennsku, en er ekki lengur þar í starfi því að það þótti að sjálfsögðu ekki hlýða að viðskrh. gerði slíkt, svo að ég sagði því af mér, á ég von á því að sú stofnun taki upp gjaldeyrisviðskipti einmitt með þessum hætti en að samtök sparisjóða nái einhvers konar samkomulagi við gjaldeyrisbankana um meðferð þessa máls þannig að allur tilkostnaður í sambandi við þetta sé í lágmarki.

Ég vonast til að þessar upplýsingar mínar sýni hv. þm. fram á það að það, sem hér er verið að gera, er, held ég, rétt. Það er verið að veita borgurunum í landinu þjónustu með því að tilkostnaður sé í lágmarki.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þegar ákveðið var að veita Búnaðarbankanum gjaldeyrisréttindi á síðasta ári hafði ég það mál til meðferðar um alllangan tíma. Og ef ég man það rétt var leyfið veitt með því skilyrði — ég hef nú ekki bréfið við hendina — að aukinn kostnaður við starfrækslu þessarar deildar ætti að vera í algeru lágmarki og helst ættu menn að geta gert þetta án þess að bæta við nokkrum húsakynnum eða nokkrum mannskap. Þetta var allstrangt skilyrði. Ég man nú ekki nákvæmlega orðalagið án þess að hafa bréfið við hendina.

Ég er nú ansi hræddur um að bankinn hafi stofnað til verulegs kostnaðar í þessu sambandi, bæði hvað snertir húsnæði og mannahald. Og ég er ekki viss um að hann hafi haldið sig innan þeirra marka sem til var ætlast í þessu efni. Ég er ekki viss um það en það er athugunarefni. Það veit nú e. t. v. hv. 2. þm. Austurl. betur en ég. Hann situr í bankaráði bankans.

Varðandi þessa leyfisveitingu var gert ráð fyrir því í samtölum viðskrn. og Seðlabankans að það yrði stefnt að því að auka frelsi í þessum málum gagnvart bönkunum á næstu árum smátt og smátt og það er þessi stefna sem hæstv. viðskrh. er að framkvæma með því frv. sem hann hefur flutt hér í þessari hv. þingdeild.

Í sambandi við bankamálin er ástæða til þess að gera að umræðuefni í örfáum orðum útþenslu bankakerfisins. Það er talsvert mikið rætt um það hve margir menn starfi í þjónustu bankanna og hve mikill tilkostnaður sé í því efni. Ég held að ein af ástæðunum fyrir því, að við hér á Íslandi á allra seinustu árum höfum fjölgað bönkum á sama tíma og margar þjóðir hér í kringum okkar hafa verið að sameina banka og fækka bönkum, sé e. t. v. sú mikla verðbólga sem við höfum búið við sem hefur leitt af sér takmarkað sparifé. Í raun og veru miklu minna fjármagn en þjóðin þarf að nota. Slagurinn um spariféð hefur leitt til þess að það hafa verið stofnaðir nýir bankar til þess að reyna að ná í spariféð. Þarna er að mínu mati eitt dæmi af mörgum um slæm áhrif verðbólgunnar. Nú er starfandi bankamálanefnd sem ég skipaði fyrir 2—2½ ári, að ég ætla, og hæstv. núv. viðskrh. hefur látið hana starfa áfram, en í henni hafa orðið mannaskipti. Þessi nefnd hefur það verkefni og hefur það að leiðarljósi að reyna að minnka umsvifin

í bankamálunum.

Nú var það svo þegar ég var bankamálaráðh. í rúmlega þrjú ár að ég leyfði í samráði við Seðlabankann talsvert af nýjum útibúum fyrir bankana. Eigi að síður held ég að það hafi verið um 30 umsóknir um ný útibú þegar ég fór frá. Sumt af þessum útibúum og langflest þeirra var eðlilegt að leyfa, þegar af þeirri ástæðu að bankarnir hafa tekið að sér miklu meiri þjónustu í seinni tíð en áður fyrr, t. d. fyrir fyrirtæki. Sums staðar er það svo að bankarnir hafa — ég vil nú ekki segja að þeir hafi með höndum bókhald fyrirtækja, það er auðvitað of mikið sagt — hagdeildir sem vinna gífurlega mikið starf í því að rannsaka rekstur fyrirtækja og stöðu þeirra þegar fyrirtækin eru að sækja um rekstrarfyrirgreiðslu og lán hjá bönkunum. Í flestum tilvikum liggja því eðlilegar orsakir og ástæður til þess að bankaútibúum hefur verið fjölgað. Í sumum tilvikum er það kannske þrýstingurinn og þessi gífurlega keppni um að ná í takmarkað sparifé landsmanna í mikilli verðbólgu. En ég er fylgjandi þessu frv. og það er framhald á þeirri stefnu að liðka til þessi mál. En ég vil þó vara við því að stofnað verði til of mikils kostnaðar við þessi störf; ég vil vara við því. Bankarnir og þær stofnanir, sem fá þessi réttindi, eiga að kappkosta að reyna að sinna þessum málum á þann hátt að það þurfi ekki að bæta við húsnæði og starfsliði til þess. En ég hef grun um að Búnaðarbankinn hafi verið nokkuð stórtækur í þessum efnum, hvað snertir stofnkostnað og rekstrarkostnað, að notfæra sér þessi réttindi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. 128. mál (þskj. 163). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83 frá 1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Í gildandi lögum um verðjöfnunargjald af raforku er ákveðið að lögin gildi til ársloka 1983. Með frv. þessu er lagt til að lögin verði framlengd um eitt ár og gildi til ársloka 1984.

Verðjöfnunargjald af raforku er innheimt af allri raforkusölu í smásölu annarri en til húshitunar og nemur gjaldið 19%, sem lagt er á sama stofn og söluskattur er lagður á. Gjaldinu er varið til að styrkja fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en Rafmagnsveiturnar fá 80% gjaldsins og Orkubúið 20%, og er lagt til að það haldist óbreytt.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald af raforku nemi 240 millj. kr. og er þá miðað við verðlag í okt. s. l. og óbreytta raforkusölu. Ef reiknað er með 5% aukningu í raforkusölu og 8% verðbólgu mun gjaldið nema 270 millj. kr., en þessar viðmiðunartölur eru teknar sem dæmi.

Fjárhagsstaða Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins er það slæm að nauðsynlegt er að viðhalda þessum tekjustofni. Þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið er áætlaður halli Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1983 allt að 35.7 millj. kr. og halli Orkubús Vestfjarða á þessu ári er áætlaður 10.3 millj. kr.

Þess skal hér getið að ríkissjóður hefur á yfirstandandi ári yfirtekið 15 millj. kr. lán eða upphæð sem því nemur vegna rekstrarhalla Rafmagnsveitnanna á árinu 1982 og leggur þannig til fyrirtækisins nokkurt eigið fé á þessu ári.

Í frv. er lagt til að iðnrh. verði á árinu 1983 heimilt að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri fjárhæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar. Heimild til að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar var fyrst tekin í lög vegna ársins 1982. Á árinu 1982 fór Rafveita Siglufjarðar fram á að fá endurgreiddan hluta verðjöfnunargjaldsins. Athugun fór fram á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kom m. a. fram að lánstími á lánum sem tekin höfðu verið var stuttur og lánakjör óhagstæð. Við þessu var brugðist með útvegun láns til lengri tíma. Síðan hefur komið í ljós að aðgerðir þessar eru ekki taldar nægja til að rétta af greiðslustöðu Rafveitu Siglufjarðar og viðbúið að til frekari aðgerða þurfi að koma. Þykir því rétt að heimildarákvæði þetta verði óbreytt árið 1984. Þörfin á að nýta endurgreiðsluheimildina, sem hér er lagt til að framlengd verði fyrir árið 1984, mun metin í ljósi niðurstöðu á uppgjöri á stöðu Rafveitu Siglufjarðar á yfirstandandi ári.

Hvað snertir fjárhag Orkubús Vestfjarða, þá er þar eins og áður sagði áframhaldandi við erfiðleika að etja og hallarekstur hliðstætt og er hjá Rafmagnsveitum ríkisins á þessu ári.

Að lokum skal áréttað að með verðjöfnunargjaldinu hefur tekist á undanförnum árum að draga mjög verulega úr verðmun á raforku til heimilisnota frá þeim fyrirtækjum sem verðjöfnunargjaldsins njóta. Verðmunur á almennum heimilistaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða annars vegar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur hins vegar er nú nálægt 25%.

Herra forseti. Þegar þessari umr. lýkur legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er að framlengja fyrri skatt. Nú kemur fram í blöðum að fyrirhugaðar eru verulegar breytingar á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Uppsagnir eru fyrirhugaðar, að því er sagt er þar, og skipulagsbreytingar miklar í vændum. Ég spyr hvort þær aðgerðir, sem stefnt er að í þeim málum, komi ekki til með að minnka fjárþörf Rafmagnsveitna ríkisins, og gott væri að vita á hvern hátt iðnrh. hyggst breyta skipulagi Rafmagnsveitnanna og rekstri þeirra.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Að vísu stendur þann veg á fyrir mér, að ég hef ekki aðstöðu til þess að rekja það nákvæmlega í hverju breytingar á skipulagi og starfsháttum og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins verða fólgnar. Ég hafði gert ráð fyrir því að geta upplýst um það í byrjun næsta árs.

Endurskoðun hefur farið fram á rekstri fyrirtækisins og athugun og úttekt á rekstrarstöðu þess. Mér virðist, eins og mál standa nú, að það eigi að geta leitt til verulegra breytinga eða sparnaðar í rekstri fyrirtækisins. Hversu mikinn sparnað verður um að tefla get ég ekki sagt til um á þessu stigi máls.

Um skipulag raforkuframleiðslunnar, raforkusölunnar og skipulag rafmagnsmálanna í heild er það að segja að ég tel að þar sé víða pottur brotinn. Það er unnið fullum fetum að endurskipulagningu í þessum efnum.

Fyrsta skrefið var að gera úttekt á rekstri fyrirtækjanna, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubúsins. Þess má geta hér að ég hef enda tekið ákvörðun um að gera úttekt á rekstri Landsmiðjunnar sem er á vegum iðnrn. og Sementsverksmiðju ríkisins. Þannig verður haldið áfram að gera athugun á rekstri hinna ýmsu stórfyrirtækja, sem á vegum iðnrn. eru, og einnig, þótt um það hafi ekki verið tekin endanleg ákvörðun eða tímasett, verður haldið áfram rannsóknum á raforkumálunum, þar með er talin Landsvirkjun.

Um skipulag raforkumálanna er það að segja, ef á heild er litið, að ég tel þar ýmsu ábótavant, of eða van, eins og gengur. Ef ég má nefna sem dæmi Suðurnes, þá hef ég nýlega lýst því yfir á fundi með sveitarstjórnum þar syðra að ég væri reiðubúinn til þess að setjast niður með þeim og semja um yfirtöku þeirra á rekstri Rafmagnsveitnanna á Reykjanessvæðinu. Ég vænti þess að fljótlega verði gerð gangskör að framkvæmd þess mál, og er reyndar unnið að samningu lagafrv. um Orkuveitu Suðurnesja. Ég held að eftir að sveitarfélögin hafa sameinast eins og raun ber vitni um aðalorkuveitu sína, sem er hitaveitan í Svartsengi, þá eigi eftirleikurinn að vera auðveldur.

Ég vil fá tillögur um úttekt á og síðan tillögur um skipulag raforkumálanna. Ég get nefnt sem dæmi Borgarfjörð, þar sem Andakíll er og þar sem Rafmagnsveitur ríkisins eru, um Eyjafjörð og austur um, þar sem Rafveita Akureyrar er og allt um kring Rafmagnsveitur ríkisins. Til hvers það leiðir er of snemmt að segja til um, en ég mun a. m. k. gera tilraun til að fá fangs á þessum málum í þá veru að rekstrinum verði breytt til meira hagræðis, til meiri hagkvæmni í sparnaðarskyni, og á nýtt skipulag brugðið ef niðurstöðurnar benda til þess að leiða muni til aukins sparnaðar og hagkvæmni fyrst og fremst.

Ég vænti þess sem sagt að skipulagsbreytingar, rekstursbreytingar sem menn eru að velta fyrir sér hjá Rafmagnsveitum ríkisins, muni leiða til allverulegs sparnaðar. Ég bendi hins vegar á að samkv. úttekt og áætlunum eins og þær standa í dag er gert ráð fyrir allverulegum halla á rekstri Rafmagnsveitnanna á árinu 1983, eða rúmlega 35 millj. kr. Og fyrst er nú að jafna þann halla áður en við getum byrjað að ræða um með hvaða hætti skipulagsbreytingarnar og sparnaðarráðstafanirnar verða til þess að draga úr orkuverðinu.

Ég get enn fremur í þessu sambandi upplýst að ég hef alveg nýverið fengið í hendur drög að frv. til laga um orkuverð, sem samin hafa verið af sérstakri nefnd sem til þess var skipuð á vordögum. Þau eru í athugun nú og vænti ég þess að fljótlega upp úr áramótum takist að koma nýrri og betri skipan á þau mál öll sömul.

Þetta er það sem ég hef að segja um þessi mál. En ég ítreka það að öll eru þau í vandlegri athugun og ég vænti þess fastlega að í einhvern bærilegan stað komi niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 21. fundur.

Miðvikudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. 64. mál (þskj. 69, n. 174). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. á þskj. 174 um frv. til l. um breytingu á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum.

Sjútvn. ræddi þetta frv. á fundi sínum 6. des. og var sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts. Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Björn Dagbjartsson, Friðrik Sophusson, Gunnar G. Schram, Guðmundur Einarsson og Ingvar Gíslason.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 164). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Eitt meginmarkið núv. ríkisstj. var að stöðva þá óðaverðbólgu er í landinu ríkti við valdatöku stjórnarinnar og koma verðbólgunni á næsta ári niður á sambærilegt stig og ríkir í grannlöndum okkar. Hefur stórum áfanga þegar verið náð í þessum efnum og vonandi bera aðgerðir ríkisstj. þann árangur að framhald verði á þeirri þróun.

Á undanförnum árum hefur álagningarkerfi tekjuskatts verið lagað að verðbólgunni með því að hækka flestar fjárhæðir tekjuskattslaga í hlutfalli við skattvísitölu, sem ákveðin er árlega í fjárlögum. Þessi aðferð dugir sæmilega til að halda skattbyrði óbreyttri milli ára meðan verðbólgustigið er tiltölulega stöðugt. Þegar skyndilega dregur hins vegar úr verðbólgu, eins og nú hefur gerst, er nauðsynlegt að grípa til annarra og víðtækari breytinga á álagningarkerfi tekjuskatts ef áætlunin er að koma í veg fyrir að raungildi skattgreiðslna gjaldenda aukist. Er frv. þetta flutt til að ná þeim markmiðum, sem fram koma í fjárlagafrv., að skattbyrði tekjuskatta til ríkisins verði á árinu 1984 í heild hin sama sem hlutfall af tekjum greiðsluárs og var á árinu 1983. Í þessu felst að þær verulegu lækkanir á sköttum ársins 1983 sem ákveðnar voru með brbl. við valdatöku núv. ríkisstj. haldist áfram á næsta ári. Einnig

verður veruleg skattalækkun sé miðað við þær skatttekjur sem óbreytt skattkerfi hefði fært ríkissjóði. Tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum er áætlað um 600 millj. kr. á næsta ári.

Þegar skattbyrði tekjuskatta ríkisins er metin dugar ekki að líta á ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt ein sér. Í því sambandi verður og að hafa í huga sjúkratryggingagjaldið, en á næstu dögum mun heilbr.- og trmrh. leggja fram frv. um álagningu þess á árinu 1984. Miðast frv. sem hér er til umr. ásamt nefndu sjúkratryggingaiðgjaldsfrv. við það að heildarálagning tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds nemi sömu fjárhæð og reiknað er með í fjárlagafrv.

Í launaforsendum fjárlagafrv. er áætlað að meðaltekjur manna hækki um 20% milli áranna 1983 og 1984. Þetta frv. er því við það miðað að nettóálagning tekjuskatts ríkisins hækki í nákvæmlega sama mæli en um 21% að meðtalinni fjölgun gjaldenda. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að taka það enn á ný sérstaklega fram að við mat á skattbyrði milli ára er hér sem endranær, þegar þessi mál eru til umr., átt við skattbyrði þeirra gjaldenda sem standa í skilum við ríkissjóð með gjöld sín. Í frv. til fjárlaga er hins vegar ætíð miðað við áætlanir um heildarfjárhæð innheimtra skatta og koma þá innheimtar eftirstöðvar fyrri ára inn í myndina. Vegna minnkandi verðbólgu munu óinnheimtar eftirstöðvar fyrri ára augljóslega vega hlutfallslega meira í heildarinnheimtu ársins 1984 en verið hefur á undanförnum árum. Verðbólgan mun því ekki lengur liðsinna þeim sem lent hafa í vanskilum með skattgreiðslur sínar. Er það skýringin á því að í fjárlagafrv. er reiknað með 28% hækkun á innheimtum tekjuskatti milli ára, enda þótt álagning á hvern gjaldanda hækki einungis um 20% að meðaltali.

Þjóðhagsstofnun hefur áætlað að meðaltekjur manna hækki um 54% milli áranna 1982 og 1983. Í samræmi við þá áætlun er í frv. lagt til að flestar þær fjárhæðir sem fylgt hafa skattvísitölu hækki um sem næst 54%. Þessar fjárhæðir eru þó yfirleitt hækkaðar upp í næsta heila tug eða næsta heilt hundrað gjaldendum til hagsbóta.

Eins og ég gat um hér að framan dugir þessi breyting ein sér ekki til að ná markmiðum frv. vegna minnkandi verðbólgu. Er því auk skattvísitöluhækkunar lagt til að skatthlutföll lækki, skattþrep lengist umfram skattvísitöluhækkun, persónufrádráttur hækki nokkuð umfram hækkun skattvísitölu og verulega umfram verðlagshækkun milli greiðsluára og barnabætur hækki að meðaltali í hlutfalli við áætlaða tekjuhækkun milli áranna 1983—1984, nema barnabætur til einstæðra foreldra sem hækka töluvert meira. Heildaráhrif þessara breytinga eru þau, að skattbyrði gjaldanda helst að meðaltali óbreytt sem hlutfall af tekjum greiðsluárs. Með því er þó ekki sagt að engin tilfærsla á skattbyrði verði milli tekjuhópa gjaldenda. Í reynd mun skattbyrði hinna tekjulægri verða allnokkru minni en var á árinu 1983, en skattbyrði hinna allra tekjuhæstu mun á hinn bóginn aukast nokkuð. Ríkisstj. telur eðlilegt, miðað við aðsteðjandi erfiðleika, að hlaupa nokkuð undir bagga með þeim sem lægri hafa tekjurnar og lækka skattbyrði þess hóps frá því sem var í ár. Hins vegar er ljóst að skattbyrði allra gjaldenda lækkar miðað við óbreytt skattkerfi.

Áhrif till. þeirra, er í frv. felast hafa verið metin á grundvelli úrtals úr framtölum ársins 1983. Miðað við það úrtak, sem sýnir raunverulega vægi frádráttarliða hjá einstökum gjaldendum, mun skattbyrði að meðaltali lækka eða standa í stað hjá þeim hjónum sem hafa lægri tekjur en 450 þús. kr. á árinu 1983 og má ætla að skattbyrði 75% hjóna í landinu muni annaðhvort lækka eða standa í stað. Hins vegar verður nokkur aukning skattbyrði hjá 25% hjóna, og er sú hækkun nánast alfarið bundin við tekjuhæsta hjónahópinn.

Frv. mun á sama hátt leiða til þess að skattar um 85% einhleypinga lækka eða standa í stað. Að meðaltali lækkar eða stendur í stað skattbyrði einhleypinga með minna en 275 þús. kr. árstekjur á árinu 1983.

Mest verður lækkun skatta hjá einstæðum foreldrum, enda mun sá hópur að flestra mati þurfa mest á slíkum ívilnunum að halda. Hjá þeim lækkar skattbyrði eða stendur í stað hjá 90% af hópnum.

Lækkun skattstiga verður samkv. frv. úr 50% í 45%, úr 35% í 32% og úr 25% í 23%.

Þá er í frv. lagt til að skattur af tekjum barna verði lækkaður úr 7% af stofni í 5%, og mun sú breyting leiða til nokkurrar lækkunar á greiðslubyrði miðað við tekjur greiðsluárs.

Á undanförnum árum hefur eignarskattur einstaklinga og félaga numið 1.2% af eignarskattsstofni og nam skattfrjáls eign einstaklinga við álagningu í sumar tæplega 496 þús.kr. Í frv. er lagt til að skattfrjáls eign verði hækkuð í 780 þús.kr. eða um rúmlega 57%. Er þessi hækkun allnokkuð umfram meðalhækkun fasteignamats í landinu. Þar sem fasteignir eru langstærstur hluti eignarskattsstofns einstaklinga felst í þessu allnokkur raunhækkun á skattfrelsismörkunum. Þá er eignarskattshlutfallið lækkað í 0.95% eða um 0.25% til að ná því marki að skattbyrði eignarskatts aukist ekki sem hlutfall af tekjum greiðsluárs.

Þá er lagt til að tekjuskattur félaga lækki úr 65% í 51% af stofni. Er þessari breytingu ætlað að hafa sömu áhrif og fyrrnefndum breytingum á tekjuskatti einstaklinga, þ. e. að halda skattbyrði óbreyttri sem hlutfalli af tekjum greiðsluárs. Að því er einstaklingana varðar er þessu marki ekki einungis náð með breytingu á skatthluföllum, heldur einnig með hækkun persónuafsláttar, lengingu skattþrepa og fleiri ráðstöfunum eins og áður sagði. Hvað félögin snertir er aðlögun minnkandi verðbólgu náð með breytingu á skatthlutfallinu einu. Af þessum ástæðum verður skatthlutfallslækkun félaga meiri en lækkun á skatthlutfalli einstaklinga, en áhrifin á heildarskattbyrði verða sambærileg og hjá einstaklingum.

Hér að framan hef ég fjallað um tekju- og eignarskatt ríkisins. Heildarskattbyrði gjaldenda ræðst þó ekki af þessum sköttum einum, heldur einnig af skattgreiðslum til sveitarfélaganna í landinu, fyrst og fremst af greiðslu útsvars. Samkvæmt núgildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga er það hverju sveitarfélagi í sjálfsvald sett að ákveða útsvarshlutfall sitt árlega innan þess 11% hámarks sem lögin kveða á um. Lögin veita því sveitarfélögunum í landinu nægilegt svigrúm til að gera sambærilegar ráðstafanir við þær sem felast í frv. þessu. Verður það að vera á valdi og ábyrgð einstakra sveitarstjórna hversu langt þær treysta sér til að ganga til lækkunar á álagningarhlutfalli útsvars, enda eru aðstæður hjá einstökum sveitarfélögum afar misjafnar. Mun ríkisstj. því ekki beita sér fyrir breytingum á lögum

um tekjustofna sveitarfélaga að þessu leyti. En ég vil vekja athygli á þeirri yfirlýsingu félmrh. að hann muni ekki heimila álag á 11% hámarkið nema alveg sérstaklega standi á.

Eins og ég vék að hér í upphafi eru tillögur þær er í frv. felast reistar á þeirri forsendu að tekjur hækki um 20% milli áranna 1983 og 1984, og er það í samræmi við launaforsendur fjárlagafrv. Áætlun um tekjuþróun á næsta ári hlýtur þó að vera óvissu háð og því miður benda ýmsar upplýsingar um ástand fiskstofna til þess að of mikillar bjartsýni kunni að hafa gætt við þessa áætlun og að svo kunni að fara að taka þurfi hana til endurskoðunar. Um þetta er of snemmt að fullyrða á þessu stigi, en komi í ljós á fyrri hluta næsta árs að spár um tekjuhækkun standist ekki kynni svo að fara að nauðsynlegt væri að endurskoða hluta þessa álagningarkerfis, sem frv. það sem hér er til umr. fjallar um, þannig að skattbyrði þyngist ekki frá því sem nú er ráðgert.

Til að ná markmiðum frv. um greiðslubyrði skatta verður að lækka fyrirframgreiðsluhlutfall gjaldenda frá því sem verið hefur. Þetta hlutfall hefur undanfarin ár verið 70% og gjaldendur hafa því orðið að inna af hendi 70% af sköttum fyrra árs á fyrra helmingi greiðsluársins. Unnið er að athugun á því hve lækka megi fyrirframgreiðsluhlutfallið mikið.

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan kosið að geta flutt í þessu frv. tillögur um frekari lækkanir skatta en ráðgerðar eru í samræmi við stefnu stjórnarinnar og flokks míns og í samræmi við mína eigin lífsskoðun. En við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar er ekki unnt að ganga lengra en hér er lagt til. Strax og rofar til á nýjan leik verður unnt að gera meira af því að létta sköttum af almenningi.

Ég skora á hv. þm. að veita frv. þessu brautargengi um leið og ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það væri freistandi að hefja þessa ræðu með því að lesa uppúr þingtíðindum allar þær ræður og öll þau loforð sem þm. Sjálfstfl. hafa flutt á undanförnum árum um lækkun tekjuskatts hjá almenningi í landinu og lækkun á þeim opinberu gjöldum sem almenningi er gert að greiða.

Ég sagði, herra forseti, að það væri freistandi. En ég geri það ekki vegna þess að dagurinn mundi ekki endast til að lesa hér uppúr ræðustól þessarar hv. deildar öll þessi loforð, öll þessi fyrirheit, allar þessar ræður.

Núv. hæstv. fjmrh. hefur verið fremstur í flokki þeirra sem boðað hafa Reykvíkingum og landsmönnum öllum að hans fyrsta verk yrði að lækka svo skatta á almennum borgurum þessa lands að umtalsvert yrði, og hann sjálfur og ýmsir samflokksmenn hans hér í þingsalnum hafa m. a. s. lofað að afnema með öllu tekjuskatt á einstaklinga. Nú hefur hæstv. fjmrh. mælt hér fyrir sínu fyrsta skattafrv. Það var satt að segja ömurleg ræða, villandi ræða, blekkingarræða, því hæstv. ráðh. reyndi að telja hv. þingdeild trú um að í þessu frv. fælist lækkun á sköttum almennings í landinu. Greiðslubyrðin yrði léttari, hún yrði minni á launafólk í landinu. Ég sagði: Hæstv. ráðh. reyndi að telja hv. deild trú um. Kannske trúir hæstv. ráðh. þessu sjálfur en hann er líklegast eini þm. í þingflokki Sjálfstfl. sem trúir þessu.

Hæstv. fjmrh. hefur lagt hér fram fjárlagafrv. Þegar hann nú leggur fram skattafrv. nokkrum vikum seinna reynir hann, til að gylla þetta skattafrv., að gefa sér allt aðrar tekjuforsendur í skattafrv. en hann gerði í fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. er reiknað með tekjuhækkuninni rúm 14% á milli ára. Í þessu frv., grg. þess og ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan er hins vegar reiknað með tekjuhækkuninni 20% milli ára, eingöngu til þess að reyna að fá út aðeins fallegri tölur fyrir hæstv. ráðh. Væri ekki rétt að hæstv. fjmrh. svaraði því hér og nú hvort frv. er rétt, fjárlagafrv. eða skattafrv.? Eru tekjuforsendur fjárlagafrv. rangar? Eru tekjuforsendur skattafrv. rangar? Báðar geta ekki verið réttar.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í sinni framsöguræðu að þetta skattafrv. mundi létta sköttum af venjulegu launafólki í landinu. Hver er staðreyndin? Við skulum skoða það aðeins nánar.

Í Morgunblaðinu í dag eru birtir útreikningar ríkisskattstjóra, byggðir á forsendum sem fjmrn. hefur gefið embættinu. Þessar töflur, sem þó eru ekki réttar heldur í tveimur veigamiklum atriðum villandi, eins og ég mun nú koma að innan tíðar, sýna það hins vegar rækilega að jafnvel samkvæmt þeim forsendum sem fjmrn. sjálft gefur út opinberlega felst í þessu frv. 10% eða rúmlega það raunhækkun á sköttum hjá því fólki sem er venjulegt launafólk í þessu landi. M. a. s. hjá lágtekjuhjónunum verða samkvæmt þessu frv. meiri skattar mældir í skattbyrði á næsta ári heldur en á yfirstandandi ári. Hjón þar sem annað hjónanna er með tekjur á bilinu 14—18 þús. á mánuði og hitt með nokkrum þúsundum minna á mánuði munu skv. þessu frv. greiða meiri skatta á næsta ári.

En hæstv. fjmrh. hefur ekki lagt í það að leggja fram alla myndina af raunveruleikanum þegar hann kynnir þetta frv., því auðvitað er útsvarshliðin önnur meginhliðin á skattabyrðinni. Eins og kom fram hér í ræðu hæstv. fjmrh. reyndi hann að skjóta sér undan því, en auðvitað getur hann það ekki, vegna þess að það er fullkomlega á valdi núv. ríkisstj. að haga þannig skattlagningu á lágtekjufólkið í landinu að það fái út úr tekjuskattsgreiðslunum það miklar upphæðir til móts við útsvarsgreiðslurnar og upp í þær að þegar upp er staðið komi venjulegt fólk út með lægri skatta, jafnvel þótt sveitarfélögin haldi sér við 11% markið. En það er ekki gert í þessu frv. — nei.

Ef teknar eru inn í þetta dæmi tvær meginforsendur, sem hæstv. fjmrh. getur væntanlega ekki deilt um, því að fyrri forsendan er hans eigin tekjuforsenda úr hans eigin fjárlagafrv., að tekjuhækkunin milli ára verði rúm 14%, og hin meginforsendan er að Reykjavíkurborg leggi á, eins og hæstv. borgarstjóri hefur tilkynnt að verði gert, 11% útsvar á næsta ári, hver er þá skattbyrðin hjá venjulegu launafólki í Reykjavík, kjósendum hæstv. fjmrh., sem hann hefur í mörgum kosningum á undanförnum árum lofað skattalækkunum sem sínu fyrsta verki? Hver er niðurstaðan, hver er útkoman?

Hjón sem bæði eru láglaunahjón, hafa tekjur eins og lágtekjuhópar hafa hér í fiskvinnslu og verksmiðjuiðnaði í borginni, koma út með hærri skattbyrði. Tökum dæmi þar sem annað hjónanna er með 190 þús. kr. í árstekjur á árinu 1983 og hitt er með 100 þús. í árstekjur. Menn geta einfaldlega séð að það eru ekki miklar mánaðartekjur sem gefa annars vegar 190 þús. kr. í árstekjur og hins vegar 100 þús. kr. í árstekjur, það eru ekki háar mánaðartekjur. Lækkar skattbyrðin á

þessum hjónum? Nei, hæstv. fjmrh., það gerir hún ekki. Hún hækkar. Og við skulum skoða aðeins fleiri og algeng dæmi.

Við skulum taka hjón þar sem annað hjónanna er með 300 þús. og hitt er með 190 þús., sem eru mjög algengar tekjur hjá venjulegu launafólki hér í borginni þar sem bæði hjónin vinna fullan vinnudag. Hver er niðurstaðan? Jú, hún er aukin skattbyrði, og það ekkert smávegis. Hún er aukin skattbyrði um tæplega 20%, hæstv. fjmrh., í raunverulegri aukinni skattbyrði á næsta ári hjá þessum hjónum.

Í því frv. sem hæstv. fjmrh. var að mæla hér fyrir kemur í ljós að úrtak úr skattframtölum á árinu 1983 sýnir að af rúmlega 48 þús. hjónum eru 40 þús. með 400 þús. kr. tekjur og meira. Það eru aðeins rúm 9 þús. sem eru innan við 400 þús. Allur meginþorri hjóna er með tekjur yfir 400 þús. kr. Það eru staðreyndirnar, það eru upplýsingarnar frá skattyfirvöldum í landinu. Og skattbyrðin á þessu fólki hækkar, hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. hefur mælt hér fyrir frv. sem eykur skattbyrðina á meginþorra launafólks í þessari borg og um allt landið. Fram hjá þeirri staðreynd getur hann ekki hlaupið, frá þeirri staðreynd getur Sjálfstfl. ekki hlaupið og frá þeirri staðreynd geta þeir félagar, hæstv. fjmrh. og núv. borgarstjóri í Reykjavík, Davíð Oddsson, heldur ekki hlaupið. Á fyrsta árinu sem þeir fara alfarið með skattlagningarvaldið hjá ríkinu og Reykjavíkurborg mun þorri launafólks í Reykjavík þurfa að bera meiri skattbyrði en í áraraðir. Það eru staðreyndirnar, hvað sem líður öllu blekkingartalinu og tilraunum hæstv. fjmrh. til að koma sér framhjá því. Það er athyglisvert fyrir kjósendur þessara tveggja heiðursmanna hér í höfuðborginni að þegar þeir fá í hendur skattlagningarvald ríkisins og skattlagningarvald Reykjavíkurborgar, þá nota þeir það með þeim hætti að auka skattbyrðina á öllum þorra launafólks í borginni. Sama gildir náttúrlega um aðrar byggðir landsins.

Auðvitað er það svo, eins og yfirleitt er með breytingar á skattalögum, að það er alltaf hægt að finna tilvik sem fela í sér lækkun á skatti. Auðvitað er það alltaf svo í okkar margbreytilega þjóðfélagi, þar sem raðast saman ýmsar tegundir fjölskyldna, ýmsar tegundir einstaklinga með eða án barna og á mismunandi tekjustigum, að það er hægt að finna einstaklinga og hópa sem munu á næsta ári bera minni skattbyrði en þeir gerðu nú. Það er vissulega hægt. Það er hægt að fara með radargeisla gegnum þetta kerfi og finna slík dæmi. Það viðurkenni ég fúslega. En sé horft á allan fjöldann, sé horft á þorra launafólksins í landinu, sé horft á tekjur heimilanna sem venjulegt launafólk aflar, þá er staðreyndin sú að skattbyrðin eykst. Ég fullyrði, hæstv. fjmrh., að þegar þetta frv. fær ítarlega skoðun á næstu dögum í þeirri nefnd, sem hæstv. ráðh. óskaði eftir að frv. færi í, þá mun koma í ljós að allur meginþorri launafólks í landinu mun á næsta ári, samkv. þessum tillögum og þeim ákvörðunum sem sveitarfélögin í landinu hafa tekið, annaðhvort búa við óbreytta skattbyrði eða allmiklu meiri skattbyrði á næsta ári en á þessu ári. Hjá venjulegum launafjölskyldum er algengt að annað hjónanna sé með kringum 15—16 þús. kr. tekjur á mánuði og hitt með 25 þús. kr., hvort tveggja langt undir þingmannslaunum eins og hv. alþm. vita, annað með um það bil helming af þingmannslaunum og hitt um það bil ⅔. Ég veit að kollegar mínir hér í þinginu telja sig ekki hátekjumenn, hvað þá þetta fólk, sem er með 25 þús. kr. á mánuði eða 15—16 þús. kr. Hver verður skattbyrði þessa fólks? Hún verður um 25 þús. kr. Hún eykst ekki bara um 1 eða 2%. Skattbyrði þessa fólks eykst um tæp 20% á næsta ári. Það er veruleikinn, hæstv. fjmrh. Það er hið raunverulega innihald í því skattafrv. sem þú varst að enda við að mæla hér fyrir. Og mikill meiri hluti launafólks í þessu landi er á þessu tekjubili eða þaðan af ofar.

Herra forseti. Það er ekki tilefni til þess hér við 1. umr. þessa máls að fara í gegnum töflur sem sýna þessa mynd mjög glögglega. En ég bendi hv. alþm. á að fara rækilega í gegnum þær töflur, sem Morgunblaðið birtir í dag frá ríkisskattstjóra. Ég hef beðið ríkisskattstjóraembættið í morgun að leiðrétta þessar töflur miðað við tekjuforsendur fjárlaganna, miðað við tekjuforsendur þeirra fjárl. sem hæstv. fjmrh. taldi raunhæf fjárlög, þegar hann mælti fyrir þeim hér fyrir um það bil mánuði og hældist um að þetta væru raunhæfustu fjárlög sem lögð hefðu verið fram í langan tíma. Og varla getur hann mælt á móti því að tekjuforsenda þessara fjárlaga sé óraunhæf. Það væri undarlegt ef tekjuforsenda raunhæfustu fjárlaga væri á einum mánuði allt í einu orðin óraunhæf.

Þá kemur það í ljós, svo að ég nefni nokkur dæmi, að skattbyrði einhleyps og barnlauss einstaklings, sem er með í kringum 200 þús. kr. í árslaun, mun aukast. Er þá ekki tekið tillit til raunhækkunar útsvarsins. Ef henni væri bætt við væri aukningin orðin enn meiri. Hér er eingöngu verið að taka dæmi um þennan mann á grundvelli skatta ríkisins eftir tekjuforsendum fjárlaganna eða m. ö. o. eingöngu farið eftir þeim gögnum sem hæstv. fjmrh. hefur sjálfur lagt fram hér í þingsölum. Þessi einstaklingur er með 200 þús. kr. í árslaun. Skattbyrði hans eykst.

Við getum tekið annað dæmi. Við getum tekið einstætt foreldri sem er með laun eins og fjöldinn allur af verslunar- og þjónustufyrirtækjum hér í borginni borga sínu fólki, 20—23—24 upp í 27—28 þús. kr. á mánuði. Hæstv. fjmrh. var að hæla sér af því að það væri sérstaklega vel gert við barnafólk í þessu frv. En hver er veruleikinn út frá forsendum hæstv. fjmrh. sjálfs? Veruleikinn er að skattbyrði einstæðra foreldra með tvö börn á framfæri sínu eykst á næsta ári og er þá ekki heldur tekið tillit til raunhækkunar útsvarsins. Þegar bætt er við ákvörðun Davíðs Oddssonar og íhaldsmeirihlutans í Reykjavík um að leggja á 11% útsvar á næsta ári, þótt 9% væri raunhæfari tala miðað við óbreytta skattbyrði, væri hér um að ræða stórkostlegt stökk í aukinni skattbyrði hjá þessu fólki.

Þannig er hægt að halda áfram og rekja sig í gegnum þessar töflur og taka dæmi af venjulegum fjölskyldum í þessu landi og skoða hvað verður um skattbyrði þeirra á næsta ári.

Við getum tekið hjón þar sem annar makinn er teknalaus, hjón með eitt barn, 7 ára eða eldra, á sínu framfæri og svipuð mánaðarlaun og ég gat um áðan hjá hinum einstæðu foreldrum með tvö börn. Árstekjur eru í heild í kringum 300 þús. eða rétt rúmlega 25 þús. kr. á mánuði, tæpir ⅔ af þingmannslaunum, og ég endurtek að kollegar mínir telja sig nú ekki almennt vera hátekjufólk. Skattbyrðin á þessum hjónum eykst og er þá ekki heldur tekið tillit til raunhækkunar útsvarsins.

Þannig er hægt að halda áfram, herra forseti. Það er hægt að skoða barnlaus hjón og hjón með börn, sem bæði hafa tekjur af ýmsu tagi. Niðurstaðan er sú, eins og ég gat um áðan, að þegar skoðuð er skattbyrðin í ár og næstu ár, þá eykst hún.

Við getum tekið dæmi af svipuðu tagi og ég tók áður, þar sem annað hjónanna er með 190 þús. kr. árslaun, sem fást fyrir venjulegt starf fiskverkunarkonu hér í Reykjavík, sem vinnur frá 8 á morgnana fram undir kvöld, og þar sem hitt hjónanna er með, eins og ég gat um áðan, um það bil ⅔ af þingmannslaunum. Skattbyrði þessa fólks eykst líka, bæði þeirra hvors um sig og til samans.

Það er einnig hægt að skoða skattbyrði barnafjölskyldna og miða við hinar venjulegu tekjur. Og þegar skoðuð eru þau hjón sem eru í þeim flokki sem ég nefndi áðan, 40 þús. hjóna í þessu landi, sem eru samtals með yfir 400 þús. eða meira í árslaun, þá eykst skattbyrðin alls staðar hjá þessum hjónum. Og ég endurtek enn á ný: og er þó ekki í þessum útreikningum tekið tillit til raunhækkunar útsvarsins á næsta ári. Sé tekið tillit til þess blasir við að á hjónum, sem hvort um sig er á lægstu tekjumörkum hins almenna vinnumarkaðar í höfuðborginni og út um land, ég endurtek, lægstu tekjumörkum, neðan við þau lágmarkslaun sem verið er að krefjast nú, 15 þús. kr. á mánuði, mun skattbyrðin aukast lítið eitt, — jafnvel á þessu fólki, jafnvel á þeim sem lægst eru settir í launaskalanum.

Ég sé að varaformaður Sjálfstfl. hristir höfuðið. Hann er væntanlega að hrista höfuðið yfir innihaldi þessa frv., sem Sjálfstfl. hefur hér lagt fram og telur að sé frv. um skattalækkun á venjulegu launafólki í þessu landi. Sé hv. varaformaður Sjálfstfl. hins vegar að hrista höfuðið yfir því sem ég er að segja, þá bið ég hann einfaldlega að taka því rólega og skoða gögn málsins í hv. fjh.- og viðskn. þegar þau verða væntanlega lögð öll fyrir hann og hann getur fengið að rýna í þessar töflur, því að ég trúi því varla að þingflokkur Sjálfstfl. hefði samþykkt þetta frv. sem skattalækkunarfrv. ef hann hefði séð öll gögnin í málinu. Ég hef nú enn þá, þrátt fyrir allt, það mikla trú á mannviti og heiðarleika ýmissa manna þar inni að þeir hefðu ekki farið að samþykkja slíkt frv., hafandi öll gögn í málinu, sem frv. um skattalækkun á venjulegu launafólki.

Herra forseti. Þetta frv. lækkar hins vegar allverulega skatta hjá einum aðila í þessu landi. (Gripið fram í.) Já, hjá fjmrh., segir hæstv. fjmrh. Það er rétt. En ekki hjá hæstv. fjmrh. sem fjmrh., heldur þeim hluta hans persónulega efnahags, svo að ég noti nú frægt orðalag, sem gengur undir heitinu Heildverslun Alberts Guðmundssonar. (**Fjmrh.:** Brennivínsumboðið.) Já, brennivínsumboðið, segir hæstv. fjmrh. Hann veit vel hvaðan aurarnir koma, bæði í ríkiskassann og í hans eigin vasa. Fyrirtækin í þessu landi borga nefnilega allmiklu minni skatta samkv. þessu frv. Ef þetta er skattalækkunarfrv. er það fyrst og fremst frv. um skattalækkun á fyrirtækin og að því leyti er þetta frv. efndir á þeim loforðum sem forusta Sjálfstfl., formaður Sjálfstfl. og ýmsir aðrir talsmenn hans, gaf á fundi Verslunarráðs Íslands nýlega. Þeir boðuðu að skattarnir á fyrirtækjunum yrðu lækkaðir. Það er vissulega stigið spor í þá átt í þessu frv. Það er rétt. En við fólkinu í landinu, launafólkinu í landinu, og sérstaklega þeim sem kosið hafa hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl. hér í Reykjavík til Alþingis í þeirri trú að hann mundi lækka á þeim skatta, ég tala nú ekki um þau loforð um að hann mundi afnema tekjuskatt, blasir sú staðreynd að á hans fyrsta skattári mun skattbyrðin hjá þorra launafólks aukast. Þó aðeins sé miðað við þær forsendur einar sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram hér á Alþingi í fjárlagafrv. og í þessu frv., þá er ekki tekið tillit til þess sem samstarfsmenn hans og flokksbræður eru að gera í borgarstjórn Reykjavíkur, er ljóst að um allverulega þyngingu á sköttum er að ræða.

Herra forseti. Verði þetta frv. samþykkt og verði samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur sú till., sem hæstv. borgarstjóri Davíð Oddsson hefur flutt um 11% útsvar á næsta ári, blasir sú staðreynd við Reykvíkingum að þeir tveir menn sem oftar en nokkrir aðrir hafa í kosningum undanfarinna ára lofað Reykvíkingum lægri sköttum, hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson og borgarstjóri Davíð Oddsson, munu bera sameiginlega ábyrgð á því að árið 1984 verður þyngra skattaár hjá Reykvíkingum en í áraraðir hefur gerst. Það er staðreyndin. Það er veruleikinn.

Herra forseti. Ég legg eindregið til með hæstv. fjmrh. að þessu frv. verði sem fyrst vísað til fjh.- og viðskn. svo að þingheimur allur geti fengið að sjá hinn veruleikann sem þetta frv. felur í sér.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. hefur þegar verið kynnt með ítarlegum hætti, m. a. í ríkisfjölmiðlum og stærstu blöðum landsins, sem mikil tíðindi. Skattalækkun er boðuð landslýð öllum. Einkum var athyglisvert hvernig fréttir sjónvarpsins í þessu efni voru matreiddar kvöldið sem þetta frv. var lagt fyrir, þar sem aftur og aftur var tekið fram að hér væri um skattalækkunarfrv. að ræða. Eftir að hafa hlýtt á þær fréttir var auðvitað eðlilegt að margur maðurinn hugsaði sem svo að hér væri verið að boða mönnum mikinn fögnuð í tilefni af þeirri hátíð sem nú fer senn í hönd, þegar menn hafa lokið af jólaverkunum hér á hv. Alþingi.

Hv. 7. þm. Reykv. hefur hins vegar rakið mjög rækilega hvernig í rauninni er reynt að falsa og blekkja með býsna grófum hætti, þegar þetta frv. um breytingu á tekjuskattslögunum er kynnt. Það eru hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. sem ganga þar í broddi fylkingar. Í þeim efnum virðist mér að ríkisstj. njóti ótrúlega náins stuðnings Þjóðhagsstofnunar, og er þá kominn til skjalanna sá aðili sem síst skyldi, vegna þess að allir útreikningar hæstv. ríkisstj. á skattafrv. byggjast á því að laun milli áranna 1983 og 1984 hækki um 20% á sama tíma og fjárlagafrv. ríkisstj. byggir á því að laun hækki í landinu um 14.4%. Þegar greiðslubyrði ársins 1984 er reiknuð út er miðað við hina meiri launahækkun upp á 20%, en ekki hina minni launahækkun upp á 14.4%, sem þó er gengið út frá í öllum útreikningum. Með þessum hætti er reyndar augljóst að ríkisstj. fær miklu lægra hlutfall skatta á greiðsluári en ella væri, ef hún miðaði við hinar raunverulegu launaforsendur. Og staðreynd er það, að engin rök hafa verið flutt fyrir því, sem eru gild, að laun hækki á milli áranna 1983 og 1984 um 20%. Það er ekkert sem liggur fyrir í þeim efnum. Engin rök hafa verið flutt fram í þeim efnum, og það sem meira er er það, að hver maður sér að á síðari hluta ársins 1983 hefur orðið samdráttur í launum og tekjum almennings í landinu umfram það sem hinir bláköldu og beinu launataxtar segja til um, vegna þess að það hefur

orðið gífurlegur samdráttur í yfirvinnu hjá ákveðnum hópum í þjóðfélaginu. Þess vegna er með öllu fráleitt að miða hér við að laun hækki um 20%, þegar reiknað er með því í fjárlagafrv. á sama tíma að launin hækki um 14.4%.

Í þessum efnum, virðulegi forseti, er fróðlegt að virða fyrir sér hver er afkoma fjölskyldu launamanns í landinu um þessar mundir. Hefur hinn almenni launamaður, hæstv. fjmrh., afgang eftir efnahagsaðgerðir ríkisstj. til þess að borga meiri skatta en gert er ráð fyrir á þessu ári? Er eitthvað í tekjutölum þessa árs sem bendir til þess að launamaðurinn hafi afgang til að borga hærri skatta? Tökum sem dæmi mann sem í marsmánuði hafði 20 þús. kr. á mánuði, segjum að hann hafi eytt í þeim mánuði 15 þús. kr. í vöru og þjónustu og í sama mánuði hafi hann orðið að greiða af verðtryggðu láni 5000 kr., þannig að endar hafi í marsmánuði með þessum hætti náð saman. Hver er staða sama launamanns í dag? Jú, kaupið hjá honum hefur hækkað úr 20 þús. kr. á mánuði upp í 22 464 kr. á mánuði, þ. e. um 2 500 kr. tæpar á mánuði. Varan og þjónustan, sem hann þarf að kaupa, hefur hins vegar hækkað úr 15 þús. kr. á mánuði í 23 271 kr. á mánuði, þ. e. um 8 þús. kr. á mánuði hefur varan og þjónustan, sem þessi maður kaupir, hækkað á sama tíma og kaupið hans hefur hækkað um tæplega 2 500 kr. Og ef við lítum á þróun skuldarinnar, sem hann var með, verðtryggðrar skuldar í marsmánuði s. l., hann hafi þurft að greiða 5 000 kr. skuld, þá hefur sú greiðsla með þróun lánskjaravísitölunnar á sama tíma farið upp í 7 417 kr. á mánuði, þ. e. í októbermánuði vantar þennan mann til þess að borga sömu neyslu, sömu þjónustu og sömu verðtryggðu skuldina og í mars 8 224 kr. Á þessu tímabili, sem hér er um að ræða, hefur þessi maður frá mars til október fengið í laun 168 þús. 864 kr. alls. Hann hefði þurft að borga í vöru og þjónustu, miðað við sama neyslustig og í mars, 155 þús. 306 kr. Hann hefði þurft að borga af verðtryggða láninu, ef hann hefði gert það með sama hætti í hverjum mánuði og í mars, 49 964 kr. Hann vantar eftir þessa mánuði 36 þús. 406 kr. Og ég segi: Þessi maður, þessi einstaklingur, er dæmi um þúsundir Íslendinga sem á þessu ári hafa orðið að taka á sig meiri kjaraskerðingu á unna vinnustund en nokkur önnur dæmi eru til um.

Að undanförnu hafa hæstv. ráðherrar og talsmenn ríkisstj. gjarnan látið að því liggja og haldið um það hjartnæmar og langar ræður að hitaveiturnar, að fyrirtækin, að útgerðirnar, frystihúsin, sveitarfélögin og allar þessar stofnanir byggju við þröngan og erfiðan kost, sem hefði verið búinn þessum ágætu fyrirtækjum af fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstjórnum. Hvernig stendur hins vegar fyrirtækið sem er grunnfyrirtækið í þjóðfélaginu sem allt hvílir á, heimilið sem hinn almenni launamaður sér fyrir með vinnu sinni, núna? Væri ekki ráð að fá um það umr. hvernig það fólk er nú á sig komið sem ríkisstj. hefur búið þá kjaraskerðingu sem ég var að rekja áðan? Hér er auðvitað ekki bara um kaldar tölur að ræða, tölur sem menn lesa út úr löngum talnadálkum, heldur birtist sá vandi fólki í margvíslegum félagslegum erfiðleikum sem eru að brjótast út um þessar mundir sem sjúkdómseinkenni á mörgum sviðum okkar þjóðfélags.

Það er engin tilviljun að einmitt um þessar mundir eru lengri biðlistar hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar en nokkru sinni fyrr. Það eru herir ríkisstj. Það er það fólk sem skorturinn hefur rekið af stað til að biðja um lítilræði til að geta haft fyrir allra brýnustu nauðsynjum eins og mat í þessum mánuði. Það er skorturinn sem er sestur í skömmtunarstjórasætið á heimilunum í landinu á sama tíma og ríkisstjórn Íhaldsins og Framsfl. heldur því fram að nú eigi allt að vera frjálst, gjaldeyrisverslunin frjáls, bankaútibúin frjáls, allt sem allra frjálsast. Á sama tíma og þetta er svona er það skorturinn sem skammtar á alþýðuheimilunum í landinu, vegna þess að um leið og fjármagninu er búið aukið frelsi þrengir að hinum almenna launamanni sem hefur ekki afl til að verja sig fyrir þessum árásum nema hann beiti afli samtaka sinna. Og að því hlýtur að koma fyrr en seinna.

Hæstv. ríkisstj. heldur því hins vegar fram í sínum málflutningi að þessi launamaður, sem svo er kominn eins og ég hef hér rakið, megi bara þakka fyrir að vera með þetta lága kaup, vegna þess að hann geti í raun og veru sætt sig við að verðbólgan sé komin svo mikið niður og það leysi allan vandann og borgi væntanlega matarreikningana á alþýðuheimilunum í jólamánuðinum, þessar verðbólguspár þeirra hv. þm. Þorsteins Pálssonar og Steingríms Hermannssonar, að það sé það sem fólk eigi að leggja sér til snæðings á hátíðinni. Og þegar verið er að tala um hvað fólk megi vera fegið og þakklátt fyrir hina ört lækkandi verðbólgu býður hver öðrum betur. Fyrst kemur hæstv. forsrh. og segir: Þetta er gott. Annars hefði verðbólgan verið 120% og öll fyrirtækin lokuð. Svo kemur hæstv. landbrh. á einhverjum fundi og lýsir því yfir: Þetta er frábær staða því annars hefði verðbólgan verið 150%. Menn mega þakka fyrir því nú er hún komin niður í þetta. Svo kemur hæstv. utanrrh. og býður enn þá betur og segir: Menn mega sérstaklega þakka fyrir að hafa þetta lága kaup, vegna þess að annars væri verðbólgan 150—160%. Og svo kemur varaformaður Sjálfstfl., 2. þm. Reykv., og segir hér í ræðustól: Þetta er alveg sérstakur árangur sem ríkisstj. hefur náð í verðbólgumálum, því annars væri hún 200%. Menn mega þakka fyrir að fá þó þetta lága kaup, því annars væri verðbólgan 200%. Og alþýðan í landinu á að beygja sig í duftið og kvaka og hlakka í þúsund ár yfir því að verðbólgan skuli ekki vera 200 eða 300% eða hvað það nú er sem þeim þóknast að nefna næst þegar þeir fara að yfirbjóða hvern annan í þessum verðbólgutölum.

Staðreyndin er sú, að það hefur oft áður tekist á liðnum árum og áratugum að ná verðbólgu niður um skemmri tíma mjög verulega og eins mikið niður og nú er verið að tala um. Ég vil t. d. minna á að á árinu 1981, á fyrri hluta þess árs, fór verðbólguhraðinn um skeið niður fyrir 30%. Og ég vil minna á það í þessu sambandi, að í árslok 1978 og byrjun ársins 1979 fór verðbólguhraðinn niður í u. þ. b. 22% á ársgrundvelli. En verðbólgan æddi upp aftur, vegna þess m. a. að það eru undirliggjandi í efnahagskerfinu dýrtíðarvaldar sem núv. ríkisstj. hefur ekki snert á. Það eru þeir aðilar í þjóðfélaginu sem heimta sitt hvað sem tautar og raular, burtséð frá því hvort til er verðmætasköpun á bak við slíkar kröfur eða ekki. Það er ekki verkalýðshreyfingin sem þar er fremst í flokki. Það eru milliliðirnir og atvinnurekendasamtökin sem um þessar mundir leggja áherslu á að hirða sitt hvað sem líður verðmætasköpuninni í samfélaginu. Það er þetta sem er dýrt og það er

þetta sem veldur verðbólgu í þessu landi. Það er of lítið sem til skiptanna er, miðað við þær miklu kröfur sem fjármagnsöflin í landinu gera til þessa stjórnkerfis og þessa þjóðfélags. Frekjan í fjármagnsöflunum er að sliga íslenska þjóðarbúið. Núverandi ríkisstj. gerir sér hins vegar enga grein fyrir því, heldur afgreiðir fjármagnsöflin og frekju þeirra og yfirgang svo að segja á færibandi.

Núv. ríkisstj. státar af því að hún hafi náð verðbólgunni býsna mikið niður, eins og ég hef hér rakið. En hver er staðreyndin um þá verðbólgu sem var þegar fráfarandi ríkisstj. fór frá? Ef litið er á vísitölu framfærslukostnaðar og þróun hennar frá 1. maí 1982 til 1. maí 1983 er um að ræða hækkun sem nemur 83.7%. Það er sú hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar sem um var að ræða í tíð fráfarandi ríkisstj. Og hún skildi við mikinn verðbólguhraða. En af hverju skyldi það nú hafa verið sem svo fór, að fráfarandi ríkisstj. lét eftir sig mikinn verðbólguhraða? Það var m. a. og sérstaklega vegna þess að hún studdist við mjög veikar stoðir á parti. Þannig var, að þegar ríkisstj. var mynduð voru ákveðnir tveir einstaklingar í Sjálfstfl., Albert Guðmundsson núv. hæstv. fjmrh. og Eggert Haukdal. hv. þm., sem sögðust styðja ríkisstj. Þegar kom fram á árið 1982 og hinn ægilegi vandi blasti við íslenska efnahagskerfinu svikust þeir undan merkjum. Þeir höfðu ekki þrek til að takast á við vandann. Þeir voru ekki reiðubúnir að glíma við þann vanda sem um var að ræða í efnahagslífinu. Og niðurstaðan varð sú, að fráfarandi ríkisstj. bjó við sjálfheldu svo að segja allt s. l. ár í þessu efni og fram á þetta ár. Stuðningur þessara einstaklinga varð þeirri ríkisstj. dýr að lokum, það er rétt. En það skulu menn skilja, áður en þeir setja punkt við þessa sögu, hvernig á því stendur að hún fór svo sem raun ber vitni um. Og í þeim efnum má hæstv. fjmrh. gjarnan rita nokkur orð í sína ævisögu og pólitísku afrekaskrá, því hann er að glíma í núv. ríkisstj. við sitt eigið pólitíska þrekleysi.

Í þessum efnum er það og svo, að núv. hæstv. fjmrh. hefur frekar en allir aðrir ráðh. verið með stórfelldar yfirlýsingar um að hér væru nú skattarnir að lækka og það væri hans höfuðstefna og mið og tilgangur með öllu því pólitíska puði, sem hann hefur tekið þátt í um árabil, að lækka skattana, leyfa einstaklingunum að nota sitt sjálfsaflafé, eins og það heitir í hinum lærðu ályktunum Íhaldsins, láta ekki hina opinberu krumlu vera að róta mikið í launaumslögum almennings. Nú hefur hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, hinn mikli leiðtogi skattalækkunarinnar, fengið sitt gullna tækifæri til að sýna þingi og þjóð hvað hann raunverulega getur og hvað hann vill. Það er búið að liggja yfir þessu frv. langtímum saman hér og þar af efnahagsnefnd Sjálfstfl. og sérfræðingunum upp í fjmrn. Geir Haarde hefur sjálfsagt kallað saman fundi í Valhöll og víðar og víðar hafa menn borið sig saman um hvernig ætti að fara að því að lækka skattana. Og svo tók fjallið jóðsótt og það fæddist þessi mús. Þetta er nú meiri útkoman!

Árið 1983 er merkilegt fyrir margt, en ekki síst verður það merkilegt fyrir það, að hér eru á ferðinni einhver stærstu kosningasvik sem sögur fara af, og er þá langt til jafnað. Þegar þetta frv. er skoðað, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson benti á áðan, felur það í sér, að meðtöldum áformum Davíðs Oddssonar borgarstjóra Íhaldsins, stórfelldar skattahækkanir á því fólki sem um er að ræða, hér í Reykjavík alveg sérstaklega. Og það er alveg sama hvernig þetta er skoðað. Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman yfirlit um þetta efni. Þar kemur fram að skattar til ríkisins á árinu 1984 eigi að vera 2 457 millj. kr. alls og það sé óbreytt skattbyrði sem hlutfall af tekjum greiðsluárs, og þá er miðað við að launin hækki um 20% á milli ára. En auðvitað á í þessum efnum að miða við launahreyfingu upp á 14.4%, eins og gert er í fjárlagafrv. Ef það er gert ætti þessi skattasumma að vera 2 334 millj. kr. M. ö. o.: Með þessum bókhaldsblekkingum eru hrifsaðar til ríkisins aukalega 123 millj. kr. Þetta er gert í trausti þess að menn sjái ekki í gegnum fortjald blekkingarinnar.

Það er líka fróðlegt í þessu efni, herra forseti, að athuga hvernig skattar koma út sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á þessu ári og því næsta, því það segir sína sögu. Til innheimtu á þessu ári eru, samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá Þjóðhagsstofnun í gær, 3 570 millj. kr. Það gerir 5.8% af vergri þjóðarframleiðslu, og þá reikna ég með því að verg þjóðarframleiðsla sé 62 milljarðar. Þá er ég búinn að lækka þá tölu frá þjóðhagsáætlun með tilliti til þeirrar spár sem Þjóðhagsstofnun hefur gert eftir að „svarta skýrslan" birtist. Með þessu móti verða innheimtir skattar eða skattar til innheimtu, eins og það heitir, 5.8% af þjóðarframleiðslu á næsta ári. Og hvernig er það á þessu ári? Eru það 5.8%? Niðurstaðan er sú, að til innheimtu eru skattar á þessu ári, samkv. fjárlögum, upp á 5.4% af vergri þjóðarframleiðslu. Þetta er m. ö. o. hækkað sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu upp á 0.4%, sem er stór tala vegna þess að við erum hér að miða við grunntölu þjóðarframleiðslu upp á 62 milljarða kr. Þetta á að taka aukalega í ríkissjóð á því ári þegar launafólkið er eins á sig komið og hefur orðið fyrir eins mikilli kjaraskerðingu og ég hef hér rakið. Það bendir sem sagt allt til þess, að skattar til ríkisins sem hlutfall af þjóðarframleiðslu verði hærra hlutfall en áður og að greiðslubyrðin verði hærra hlutfall af launum en verið hefur.

En með þessu er ekki öll sagan sögð, því að til viðbótar kemur svo sú staðreynd að sveitarfélögin geta auðvitað sagt eins og ríkið og eins og fyrirtækin, að þau geti ekki lækkað eða dregið úr sinni skattheimtu. Niðurstaðan verður svo sú, þegar sveitarfélögin eru búin að hirða sitt, að skattheimta á árinu 1984 yrði að mati Þjóðhagsstofnunar, ef notaðar verða sömu heimildir í einu og öllu og 1983, 800 millj. kr. hærri en á þessu ári. Það er ljóst að einhver sveitarfélaganna munu ganga skemmra í innheimtu og álagningu útsvars en þetta, en það er alla vega greinilegt, þegar þessar tölur eru skoðaðar, að álagðir skattar verða alls hærra hlutfall af tekjum greiðsluárs 1984 en þeir hafa verið undanfarin 10 ár. 1974 voru skattar 10.4% af tekjum greiðsluárs, 1975 11.7%, 1976 12.8%, 1977 10.8%, 1978 12.4%, 1979 13.1%, 1980 12.9%, 1981 12.4%, 1982 — bráðabirgðatölur — 12.9%, 1983 12.5%. Ef álagningar verða eins og flest bendir til nú er mjög ólíklegt að heildarskattabyrðin af tekjum greiðsluárs verði minni en 14%. Og jafnvel þó að einhver sveitarfélaganna reyndu að keyra þessa tölu niður vegur Reykjavík það þungt í þessu efni að heildarálagning skatta sem hlutfall af tekjum greiðsluárs verður hærri 1984 en nokkru sinni í 10 ár. Þetta eru skattalækkunarloforð hæstv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar og Davíðs

Oddssonar, borgarstjórans í Reykjavík.

Hinir miklu riddarar skattlækkunarinnar hafa gengið fram á sviðið og sýnt hvað í þeim býr. Þjóðin veit hvar hún hefur þá, þessa pilta. Og útkoman er þessi: Skattahækkun meiri en nokkru sinni hefur verið, jafnvel hjá hinni illræmdu síðustu ríkisstj. Hvað ætli þeir félagar úr íhaldsflokknum, Sjálfstfl., hafi haldið margar ræður hér á þingi um skattpíningu síðustu ríkisstj.? Hvað ætli þær hafi verið margar og langar og ítarlegar þær ræður sem þar var um að ræða? Í þeim efnum var fjargviðrast yfir því að fráfarandi ríkisstj. hefði lagt á nýja skatta upp á hundruð og aftur hundruð millj. kr. Hún lagði á nýja skatta vegna þess að hún tók við slæmu búi. Ríkissjóður var á hausnum eftir Matthías Á. Mathiesen. Þannig er það auðvitað þegar Íhaldið tekur að sér að stjórna ríkissjóði. Það er eiginlega regla að þá segja menn sig á framfæri Jóhannesar Nordals, og má segja að það komi vel á vondan þar sem er núv. fjmrh. Staðan var þannig að fráfarandi ríkisstj. varð, fyrir utan það að greiða aukna samneyslu og stóraukna félagslega þjónustu, að afla tekna líka til að greiða upp skuldirnar sem fráfarandi ríkisstj. hafi skilið eftir sig.

Í ræðum þm. Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili, ég hugsa allra, voru endurteknar yfirlýsingar um það, að þegar þeir kæmust nú loksins að mundu þeir afnema vinstristjórnarskattana. Í málflutningi þeirra í opinberum skjölum, kosningaáróðri og dagblöðum m. a., kom þetta aftur og aftur fram. Þeir ætla sér að afnema vinstristjórnarskattana, var sagt. Og þeir lofuðu að sjálfsögðu líka, um leið og þeir lofuðu því að afnema vinstristjórnarskattana, að stórauka félagslega þjónustu. Þeir ætluðu t. d. að margfalda framlög í Byggingarsjóð ríkisins og vinna hvers konar þarfaverk önnur fyrir þá skatta sem þó átti að skera stórlega niður. Þetta er auðvitað allt svikið, blásið á þetta eins og kusk sem aldrei hafði verið til. Eftir stendur það, að Sjálfstfl. hefur með framlagningu þessa frv. í rauninni sýnt meiri ósvífni gagnvart kjósendum sínum en nokkur dæmi eru til um áður.

Ég hef hér, herra forseti, rakið nokkur atriði sem tengjast þessu skattafrv. Frv. sjálft er einfalt. Það er aðeins tíu greinar og því fylgja nokkrar skýringar. En gjarnan hefðu mátt fylgja frv. töflur og skýrslur frá Þjóðhagsstofnun varðandi heildarskattbyrði sem ég var að rekja áðan. Einhverra hluta vegna hefur hæstv. ríkisstj. ekki treyst sér til að dreifa þeim skýrslum sem þskj. og er bersýnilegt að hv. fjh.- og viðskn. verður að taka það ómak af fjmrh. að dreifa því plaggi frá Þjóðhagsstofnun sem þskj. Ef hv. fjh.- og viðskn. vill hins vegar ekki dreifa þessu plaggi Þjóðhagsstofnunar sem þskj., þannig að það komi fyrir augu alþjóðar, er ég sannfærður um að minni hl. í fjh.- og viðskn. er reiðubúinn að leggja sitt af mörkum til þess að þjóðin megi sjá hvaða skattbyrði er hér verið að leggja á fólkið í landinu.

Við samningu þessa frv. hefur ríkisstj. tekið þá ákvörðun að hækka einstaka þætti skattanna og breyta þeim mjög mismunandi mikið. Það hefur t. d. verið tekin ákvörðun um að persónuafsláttur hækki hlutfallslega miklu meira en skattþrepin sjálf. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að miðað við forsendur þess verði greiddur 25% skattur af tekjum upp að 107 þús. kr. Ef þetta skattþrep hefði verið ákveðið eingöngu með tilliti til verðbólgunnar og áætlunar um hana milli áranna 1983 og 1984 hefði þessi tala ekki átt að vera 25% heldur 19.5% samkv. upplýsingum sem ég hef undir höndum. Og ég vil biðja hæstv. fjmrh. að útskýra hvernig stendur á því að neðsta álagningarþrepið er þetta miklu hærra en vera ætti ef allar forsendur fjárlaga og þessa skattafrv. eru hafðar í heiðri. Mér er ljóst að einhverju leyti er það hér á ferðinni að ríkisstj. breytir persónuafslætti og barnabótum þeim mun meira til samræmis við þessar lagfæringar, en það er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. útskýri það hér sjálfur hvernig á því stendur að hann leggur það til að hérna er um mismunandi prósentur að ræða. Fyrsta skattþrepið, 25%, er mun hærra ... (**Fjmrh.:** 23%.) 23%, já. (**Fjmrh.:** Miðað við 170, en ekki 107.) Já, 170, eins og það er núna. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir. Þessi tala, sem nú er 23%, ætti að vera 19.5%. Ég mundi vilja fá skýringar á því hjá hæstv. fjmrh. sjálfum, hvernig á því stendur að þessi tala er ekki 19.5%, heldur 23%. Hún ætti að vera 19.5% ef allar forsendur fjárlaganna og skattafrv. væru hafðar með, en í staðinn er valin hér 23%. Ég fer fram á að hæstv. fjmrh. rökstyðji sjálfur úr stólnum af hverju hann hefur ákveðið prósentuna á þennan veg. Hið sama á við um aðra þætti í þessum skattþrepum.

Ég hef hér, herra forseti, farið yfir nokkra þætti í sambandi við þetta frv. og að viðbættum þeim einstöku dæmum sem hv. 7. þm. Reykv. rakti er greinilegt að við Alþb.-menn teljum að hér sé um að ræða mjög gallað frv. að mörgu leyti, sem þurfi ítarlegrar athugunar við. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann heldur fast við þá kröfu sína að frv. verði afgreitt fyrir áramót. Það er auðvitað iðulega svo, að frv. af þessum toga hafa ekki verið afgreidd fyrr en kemur eitthvað fram á veturinn. Samkv. þeim forgangslista sem ríkisstj. lagði fyrir í gær, 2. útgáfu — en ríkisstj. hefur lagt fram eina útgáfu á dag af þessum forgangslista — er gert ráð fyrir að þetta tekjuskattsfrv. verði afgreitt. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann haldi fast við að þetta frv. verði afgreitt og óska eftir því að hann svari því í lok þessara umr., því það er greinilegt að það verður að afla margvíslegra upplýsinga áður en lengra er haldið með meðferð þessa máls. Það hefði verið eðlilegt að ríkisstj. hefði með frv. látið prenta margs konar fskj. um áhrif þessara skattabreytinga á fjárhag heimilanna í landinu. Ríkisstj. hefur látið það undir höfuð leggjast. Það er óhjákvæmilegt fyrir stjórnarandstöðuna að fara fram á ítarlegar upplýsingar um hvernig þessi skattstigi og skattabreyting kemur út fyrir einstakar fjölskyldur í landinu, þannig að það sé sem ljósast hvað hér er verið að gera. Sérstaklega væri fróðlegt að fá að heyra það frá hæstv. fjmrh. hvernig á því stendur að hann kýs að fara þá leið að fyrsta skattþrepið er ákveðið 23% en ekki 19.5, eins og vera ætti að óbreyttum öðrum efnahagsforsendum í kringum þetta frv.

Ég tel, herra forseti, að í rauninni sé nauðsynlegt að ræða þetta mál miklu ítarlegar en hér hefur verið kostur á enn þá. En málið á eftir enn frekari meðferð í þinginu, þannig að ég skal láta máli mínu lokið að sinni. En ég tel að þetta mál þurfi mjög vandlegrar skoðunar við og að það eigi að líta á þetta mál með bakgrunn í kosningafyrirheitum hæstv. fjmrh. og átta sig á því, með hvaða hætti hann kýs að efna þau stóru loforð sem hann gaf fyrir kosningarnar ásamt einkavini sínum, Davíð Oddssyni borgarstjóra, sem núna hefur ákveðið að

leggja skatta á Reykvíkinga upp á 11% í útsvari, þó að í raun hefði þurft að fara enn neðar með útsvarstöluna til að raunútsvar hefði verið það sama 1984 og var 1983 í höfuðstað landsins.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þegar fjárlagafrv. var kynnt á sínum tíma bentum við fulltrúar Alþfl. og fleiri stjórnarandstæðingar hæstv. fjmrh. á það í allri vinsemd, að það dæmi að stórauka tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti eins og þar væri gert ráð fyrir, að auka þær um 28% milli áranna, gæti ekki komið heim og saman við það loforð, sem jafnframt var í aths. með frv., að skattbyrði skyldi haldast óbreytt. Þetta er nú komið fram svart á hvítu í því frv. sem hér er til umfjöllunar. Enn er því haldið fram í framsögu með þessu frv. að skattbyrðin aukist ekki. Í rauninni þarf engum blöðum um það að fletta, og ég vísa þá aftur til umr. um fjárlögin, að skattbyrðin muni aukast. En það vill reyndar svo til að menn geta flett upp í Morgunblaðinu til þess að ganga úr skugga um það að skattbyrðin eykst. Skattbyrðin eykst hjá nær öllum þeim sem greiða skatt á annað borð. Það er sama hvar gripið er niður í útreikninga ríkisskattstjóra miðað við þær forsendur sem hann gefur hér, og ég skal víkja að því hér á eftir, það er nær sama hvar gripið er niður í þá útreikninga, alls staðar og ævinlega kemur það fram að skattbyrði muni aukast hjá nær öllum þeim sem greiða skatt á annað borð. Tölurnar eru kannske sumar sakleysislegar. Það hækkar úr 10.5% í 11.5% eða úr 17.3 í 19.42%. Þetta sýnist kannske ekki mikill munur. En allt er það upp á við hjá nær öllum þeim sem um er að ræða.

En þegar þessar tölur eru skoðaðar eilítið nánar kemur í ljós hvað í rauninni sé um að tefla. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að taka bara eitt af þessum dæmum sem ríkisskattstjóri er með og líta á það eilítið nánar. Ég vel tiltölulega einföld dæmi en það sama mun gilda að því er önnur varðar.

Hér er dæmi af einhleypum barnlausum karli eða konu sem hefur 250 þús. kr. í vergar tekjur á árinu 1983. Þetta þýðir það að meðaltekjur þessa manns á yfirstandandi ári hafi verið 20 800 kr. á mánuði. Skattur hans er skv. útreikningum ríkisskattstjóra 21 156 kr. sem hann á að greiða á þessu ári. Þessar 20 833 kr. sem hann hafði að meðaltali á mánuði svara til þess að hann ætti núna, þennan mánuðinn, — ég tel það nefnilega mikilvægt að menn hafi tækifæri til að bera saman við stöðuna eins og hún er núna — að hafa 22 800 kr. laun, nokkru hærra vitaskuld heldur en meðaltalið, vegna þeirra launabreytinga sem hafa orðið á árinu. Þetta svarar til þess að á þessu ári, um þessar mundir, er skattur mannsins tæplega 93%, réttara sagt 92.7% af mánaðartekjunum. Ársskattur mannsins er 92.7% af mánaðartekjunum um þessar mundir.

Hvernig stendur svo þessi maður á næsta ári? Við skulum segja að meðalhækkunin milli ára verði 20% eins og ríkisskattstjóri gerir ráð fyrir. Þá ættu tekjurnar að verða 25 þús. kr. á mánuði að jafnaði á næsta ári. Skv. útreikningum ríkisskattstjóra verður skatturinn þá 26 650 kr. Það sem hefur gerst er það að skatturinn er orðinn hærri, ársskattur mannsins er orðinn hærri en mánaðartekjurnar. Þetta er augljóst, miðað við allar forsendur eins og þær eru settar fram hjá ríkisskattstjóra. Í stað þess að hann sé 92.7% er hann kominn upp í 106.6%. Ég held að ég geti ekki með einfaldari hætti bent á það að skattbyrðin sé augljóslega að aukast. Sú tala sem sýnd er og virðist sakleysisleg, að hækkunin sé úr 8.46% upp í 8.88%, hefur samt þessi áhrif, miðað við tekjurnar núna og miðað við þær tekjur sem ríkisskattstjóri gerir ráð fyrir, sjálfsagt skv. forsögn frá hæstv. fjmrh., að maðurinn verði með á næsta ári. Ársskattur mannsins, skatturinn yfir árið hækkar úr því að vera 92.7% af mánaðartekjum hans eins og þær eru um þessar mundir upp í það að verða 106.6%.

Nú er ekki víst að tekjuaukningin verði 20% milli áranna. En skattstiginn á að gilda engu að síður. Ef umræddur maður væri meðal þeirra opinberu starfsmanna sem fengju 16% hækkun, sem eru reyndar efri mörkin á því sem fram kemur í forsendum fjárlagafrv. að geti komið til greina um árshækkun milli ára, ef hann fengi 16% hækkun yrðu þessi 92.7% komin upp í 110%.

En svo segja aðrir, t. d. hæstv. iðnrh., og mér skilst að hæstv. fjmrh. hafi tekið undir það, að það sé ekkert svigrúm til launahækkana. Segjum svo að maðurinn verði að búa við óbreyttar tekjur a. m. k. eitthvað framan af árinu. Þá hækkar þessi tala, 92.7, sem við getum tekið sem eins konar vísitölu, miðað við hvernig þetta stendur núna, upp í 126. Þetta er málið í hnotskurn. Þessi sakleysislega tala, 8.88 í staðinn fyrir 8.46, þýðir þetta, miðað við mánaðartekjur mannsins um þessar mundir. Nú var ég hvorki að taka þann hæst launaða né þann lægst launaða, heldur einhvern venjulegan launamann sem ekkert er of sæll af 21 156 kr. á mánuði um þessar mundir og hefur að undanförnu þurft að taka á sig yfir 100% hækkun á rafmagni og yfir 100% hækkun á hitaveitu eða upphitun. Ég vek athygli á þessu.

Ég tel að sá samanburður sem fylgir þessu frv., að bera saman 54% hækkun skattvísitölu og þetta frv., sé algjörlega óraunhæfur. Hann tekur ekkert tillit til stöðu launþegans, sérstaklega ekki þegar verðbólga fer minnkandi, þegar kaupmáttur fer minnkandi. Útreikningar ríkisskattstjóra eru réttir og ágætir svo langt sem þeir ná. En menn þurfa að lesa í þá, menn þurfa að gaumgæfa þá betur til þess að sjá hvers konar afleiðingar þetta skattafrv. hefur. Það kemur að vísu nokkuð glögglega fram hjá ríkisskattstjóra, en ef við skoðum þetta betur miðað við mánaðartekjurnar sem fólk er með núna, þá verður niðurstaðan þessi sem ég hef verið að lýsa.

Það er sorglegt að hæstv. fjmrh., sem í allt sumar og langt fram á haust talaði um að það væri ein meginlína sem hann hefði og það væri að hækka ekki skatta, skuli nú vera fallinn í þessa gryfju. Ég veit ekki hvort hann hefur verið blekktur, hrekktur eða hvað hefur gerst, en það er augljóst að það sem hann ætlaði sér í sumar og haust og talaði svo ágætlega um á þeim tíma, það er gjörsamlega horfið og svikið með þessu frv. eins og það liggur fyrir. Ég ætla að vona að hæstv. fjmrh. fáist til að líta þetta raunhæfum augum með tilliti til afkomu fólksins í landinu og þeirra loforða sem hann hefur gefið og í ljósi þeirra upplýsinga sem koma fram í töflum þeim sem birtar eru í Morgunblaðinu í dag og í ljósi þeirra upplýsinga sem ég hef hér verið að veita.

Það er nefnilega stórmál, herrra forseti, að það tækifæri sem ríkisstj. hefur nú, það tækifæri sem Alþingi hefur nú til þess að rétta kjör launafólks í gegnum skattkerfið, verði nýtt, það er stórmál. Það er

hörmulegt að horfa upp á það ef það tækifæri á nú að fara forgörðum að rétta hag launafólks að einhverju leyti með aðgerðum í skattamálum, því að það er vísasti vegurinn til að ná einhverjum árangri í þeirri viðureign við verðbólguna sem menn hafa þó átt hér í að undanförnu.

Herra forseti. Það hefur verið mjög takmarkaður tími til að líta á og gaumgæfa þetta frv. til breytingar á skattalögum. Ég hef einskorðað mig við mjög einfalt dæmi og algilt, sem gildir auðvitað alls ekki bara fyrir þennan mann með 250 þús. kr. árstekjurnar á þessu ári, heldur gildir almennt í gegnum allar töflurnar eins og þær liggja fyrir.

Að lokum vil ég einungis segja það, endurtaka og ítreka, að það er ljóst af þessum gögnum að skattbyrði nær allra þeirra sem borga skatta á annað borð er að aukast. Þyngingin er mun meiri í reynd en manni virðist í fljótu bragði. Það sést af tölum ríkisskattstjóra ef þær eru gaumgæfðar. Þess vegna skora ég á hæstv. ráðh. að taka þetta mál til endurskoðunar.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp vegna þess að við þm. höfum fengið þau boð frá hæstv. forseta að hér eigi að halda kvöldfund um þetta mál og önnur.

Það var venja hér á árum áður í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu að fyrir fram væri samið um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu ef kvöldfund átti að halda. Reynt var að hafa þá vinnureglu að jafnaði að ekki væri nema einn fundur að kvöldi til í hverri viku, og þm. vissu það með allmiklum fyrirvara, a. m. k. tveggja til þriggja daga fyrirvara, svo að þeir gætu haldið þeim kvöldum lausum frá alls konar öðrum skuldbindingum, vinnuskuldbindingum sem hvíla á þm. um fundarsetur og störf á kvöldin utan þingsala.

Hér var haldinn kvöldfundur í gærkvöld, herra forseti, lengi kvölds. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja. En nú fáum við þau skilaboð meðan þessi fundur stendur að það eigi aftur að halda fund hér í kvöld. Það er mjög óvenjulegt að gera það með þessum hætti og án þess að rætt hafi verið við þm. og reynt að leita samkomulags milli stjórnar og stjórnarandstöðu um þingstörf. Ég er ekki að gagnrýna núverandi hæstv. forseta neitt í þessum efnum. Ég er einfaldlega að vekja athygli á þessu efnisatriði og spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé unnt að taka þessa umr. síðar, áframhald hennar, svo að meiri fyrirvari gefist til að láta þm. vita að þeir eigi von hér á kvöldfundi.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því að þm. hæstv. ríkisstj., sem eru allmikill meiri hluti þm. þessarar hæstv. deildar, hafa yfirleitt ekki verið hér í dag. Síðasta klukkutímann eða svo, meginfundartíma þessarar hv. deildar, hefur að jafnaði einn eða tveir af þm. stjórnarliðsins verið hér í salnum. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að vera að halda hér áfram umr. og þingstörfum um eitt veigamesta málið sem við fjöllum um, skatta almennings í landinu, án þess að meginþorri deildarmanna sé viðstaddur og án þess að stjórnarandstaðan hafi tækifæri til þess að ræða við stjórnarliðið um það mál. Stjórnarandstaðan lætur ekki bjóða sér að aðeins einn eða tveir af þm. stjórnarliðsins telji nauðsynlegt að sinna þingstörfum meðan fundir eru haldnir. Lengi dags hefur verið einn, stundum tveir ráðherrar í sæti sínu. Ráðherraröðin hérna megin hefur verið auð í allan dag. Yfirleitt hefur fjmrh. setið hér einn þar til núna að tveir félagar hans hafa, rétt áður en þingflokksfundir eiga að hefjast, látið svo lítið að koma hér í þingsalinn til að tylla sér aðeins í ráðherrastólinn.

Það kann ekki góðri lukku að stýra í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu hér í þinginu ef þetta á að vera hátturinn, að stjórnarliðar telji sig ekki þurfa að sækja hér þingfundi utan að hafa hér einn mann úr Framsfl. og einn eða kannske tvo úr Sjálfstfl. Ég skal að vísu játa að það hafa verið mjög háttsettir menn í Sjálfstfl., formaður flokksins og varaformaður, sem yfirleitt hafa setið hér. Minni spámönnunum hefur greinilega verið gefið frí. Og það hefur verið formaður þingflokks Framsfl. sem hér hefur löngum setið, en öðrum þm. Framsfl. verið gefið frí.

Ég spyr hæstv. forseta: Er það virkilega ætlunin að halda áfram fundum hér í kvöld með þessu háttalagi, að það séu aðeins einn og tveir úr þingflokkum stjórnarliðsins mættir og fjmrh. einn yfirleitt og enginn annar úr þeirri miklu sveit sem skipar ráðherrabekkina? Stjórnarandstaðan lætur ekki bjóða sér þessi vinnubrögð hér í þinginu, að það sé haldið uppi kvöldfundum kvöld eftir kvöld án þess að þm. stjórnarliðsins sæki þá fundi, án þess að ráðherrarnir sæki þá fundi og án þess að um það sé samið við stjórnarandstöðuna fyrir fram hvernig þingstörfunum eigi að vera háttað, og það sé fylgt eðlilegum skipulagsreglum í þeim efnum svo að þm. allir, stjórnarandstaðan og aðrir, geti skipulagt störf sín með eðlilegum hætti. Ef þetta eiga að vera vinnubrögðin hér fram til jóla í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu þá kann það ekki góðri lukku að stýra.

Ég er ekki að gagnrýna hæstv. forseta þessarar deildar. Ég veit að honum gengur gott eitt til að reyna að koma áfram þeim langa lista sem á hans skrá er. Engu að síður er óhjákvæmilegt, vegna þeirra boða sem við höfum fengið hér á síðasta klukkutímanum að hér eigi að halda kvöldfund, að fá svör við því í fyrsta lagi frá hæstv. forseta hvort áfram eigi að fylgja þeirri reglu, sem yfirleitt hefur verið fylgt hér á undanförnum árum, að það sé að jafnaði ekki nema einn kvöldfundur í hverri viku nema um það sé samið fyrir fram, svo að þm. geti skipulagt tíma sinn með þeim hætti.

Í öðru lagi að forustumenn Sjálfstfl., þingflokks hans, og Framsfl. svari því: Hvað eru þm. þessara flokka að gera? Hvernig stendur á því að hér hefur aðeins verið einn eða tveir þm. frá hvorum stjórnarflokki meginhluta þessa fundartíma? Engu að síður er tekin ákvörðun um það að halda hér kvöldfund.

Og í þriðja lagi: Er hæstv. forseti reiðubúinn til þess að gera ráðstafanir til að stjórnarliðið og ráðherrasveitin sæki þá fundi hér í þessari hv. deild ef ætlunin er að halda áfram vinnubrögðum með þessum hætti? Því það eru til ótal aðferðir fyrir stjórnarandstöðuna að láta hart mæta hörðu hér í þinginu ef þetta eiga að vera vinnubrögðin, ef þetta á að vera sú virðing sem stjórnarþm. og ráðherrasveitin sýna þinginu, ef þetta á að vera samskiptahátturinn milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Stjórnarandstaðan á þessu þingi hefur ekki talið efni til að fara að beita slíkum vinnubrögðum. En

framkoma og fjarvistir ráðherrasveitarinnar og þingliðs ríkisstj. hér í dag er með þeim hætti að það er alveg óhjákvæmilegt að forseti þessarar hv. deildar og sérstaklega forustumenn og forsvarsmenn þessara flokka svari því alveg skýrt og skorinort hver tilgangurinn er með því að krefjast hér kvöldfundar á sama tíma og yfir 90% af þingmannasveit ríkisstjórnarliðsins eru búin að vera fjarverandi meginhluta fundartímans og meginþorri ráðherrasveitarinnar er einnig búinn að vera fjarverandi meginhluta fundartímans.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessum ummælum hv. 7. þm. Reykv. vil ég byrja á því að taka fram að forseti vill að sjálfsögðu hafa sem allra best samstarf við þm. úr öllum flokkum og ekki síst við stjórnarandstöðuna í heild um það að þingmál megi ganga hér greiðlega fram. Við höfum, forsetar, nú þegar ásamt með formönnum þingflokka átt fundi ekki einu sinni, líklega oftar, um framgang þingmála og verð ég að segja að á þeim fundum hefur yfirleitt verið gott samkomulag um að reyna að vinna þannig að málum hér að áfram þokist þau mál sem eðlilegt er að afgreidd verði nú á næstunni.

Ég vil líka taka fram að það er ekki óeðlilegt að vinnuálagið verði nokkru meira hinar síðustu vikur fyrir jól. Þetta er gamalkunnugt. Og ég vil jafnframt sérstaklega taka það fram að ég óskaði eftir því við skrifstofu Alþingis að þeim boðum yrði komið til þingflokksformanna í gær, og það var reyndar í framhaldi af því sem forsetar hafa rætt við þingflokksformenn, að það væri ljóst að kvöldfundur yrði í Nd. nú í kvöld. Ég held því að hv. 7. þm. Reykv. megi ekki furða sig á því þó að ákveðið hafi verið að halda þennan fund. Hér eru ákaflega mörg mál á dagskrá og að sjálfsögðu vilji minn og vonandi sem flestra að þau megi koma hér fyrir. Ég hef ekki orðið var við það nú í dag satt að segja að ekki hafi verið fullkomlega eðlilega staðið að fundastjórn hér í dag.

Ég tek hins vegar mjög undir það sem hv. 7. þm. Reykv. sagði að það er auðvitað sjálfsagt að setja ofan í við þm., einstaka eða alla í senn, og áminna um að sækja vel þingfundi. Ég skal taka það mál til athugunar. En jafnframt hlýt ég að segja sem er að fundi verður nú frestað kl. 4 og við munum síðan halda þessum fundi áfram kl. hálf níu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil votta það sem hæstv. forseti sagði hér áðan, að hann hefur lagt sig fram um það að hafa gott samstarf við stjórnarandstöðuna um þau mál sem hér hafa verið tekin fyrir. Hins vegar er það svo að hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir því að reyna að ljúka þinginu eftir 10 daga, þ. e. laugardaginn í næstu viku. Þá er meiningin að fram hafi farið 2. og 3. umr. fjárlaga, þá er beðið um að þingið hafi afgreitt lög um tekju- og eignarskatt, þá er beðið um að þingið hafi afgreitt lánsfjárlög, sem hafa þó ekki verið sýnd hér í þinginu enn þá, og þá er beðið um að þingið hafi afgreitt frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins sem er allviðamikill lagabálkur sem var sýndur hér í gær.

Það liggur í augum uppi að ef hæstv. ríkisstj. hefur hug á því að ljúka þinginu með eðlilegum hætti núna á tiltölulega skömmum tíma þá er nauðsynlegt að það takist að tryggja gott samstarf um framgang mála. Átti ég þó ónefnt það málið sem kannske er flestum ofarlega í hug einmitt þessa dagana, en það er frv. um hversu beita á fiskveiðitakmörkunum hér við land, sem ku vera væntanlegt frá hæstv. ríkisstj. Þegar litið er yfir þennan málalista, sem ég hef hér rakið, herra forseti, þá er greinilegt að þeir sem standa hér fyrir þinginu, þ. e. ríkisstj. og hæstv. forsetar, verða að leggja sig fram um það að tryggja sem best samstarf allra aðila um framgang mála. Það er alveg óhjákvæmilegt.

Í fyrradag var haldinn fundur formanna þingflokkanna og forseta. Þar var lagður fram listi yfir þau mál sem ríkisstj. óskar eftir að fá afgreidd og sá listi var tekinn til athugunar af formönnum þingflokkanna. Ég kynnti hann t. d. fyrir mitt leyti þingflokki Alþb. strax þann sama dag. Í gær, á kvöldfundi í Sþ., barst mér hins vegar viðbótarútgáfa af þessum forgangslista, listi tvö, með nýjum málum sem ekki höfðu verið á hinum fyrri lista. Hafði nú verið bætt inn svo litlum málum sem Húsnæðisstofnun ríkisins og lánsfjárlögum, sem þó hafa ekki sést hér á hv. Alþingi enn þá.

Eftir því sem stjórnarandstaðan veit best núna eru listar eitt og tvö í gildi í dag. Það hefur ekki borist í mínar hendur a. m. k. þriðja útgáfan. Þó kann svo að fara að hér komi listi með enn nýjum málum þegar líður á þetta kvöld. Mér finnst öll þingstjórn núna svo ruglingsleg að það sé alveg óhjákvæmilegt að biðja um það að hæstv. forsetar þingsins kalli saman núna á eftir, t. d. kl. sex eða kl. hálf níu, fund með formönnum þingflokkanna þar sem farið verði yfir málið lið fyrir lið og reynt að átta sig á því hvernig hv. alþm. ætla að olnboga sig í gegnum verkin núna á næstu dögum.

Þegar við komum hér til fundar í dag var gert ráð fyrir því t. d. að það stóra frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins yrði tekið fyrir strax númer eitt. Eftir að gengið höfðu umræður manna á meðal varð niðurstaðan sú að taka þetta mál fyrir í kvöld. Þá hafði m. a. hæstv. forseti Sþ. neitað að halda deildafund á morgun um húsnæðismálin, sem ég þó fyrir mitt leyti var tilbúinn til að beita mér fyrir. Það er ljóst að stjórnarandstaðan er tilbúin til þess að greiða mjög fyrir framgangi mála og leggja sig fram í því efni, bæði að því er varðar fundahöld, kvöldfundi og nefndarfundi. En það verður þá að liggja fyrir hvað það er sem ríkisstj. vill í þeim efnum. Hún hefur nú gefið út lista eitt og lista tvö og það liggur ekki fyrir hvort von er á þeim þriðja. Hér ber ég fram ósk um að hæstv. forseti Nd. sjái til þess að hæstv. forseti Sþ. beiti sér fyrir fundi með formönnum þingflokkanna og forsetum þingsins áður en þessi sólarhringur er allur, svo að unnt sé að skipuleggja verkin með skikkanlegum hætti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég mun taka þessi orð til athugunar. Hv. 2. þm. Reykv. biður um orðið um þingsköp.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að biðja um orðið vegna þess að klukkan er orðin fjögur og ég var næstur á mælendaskrá og ætlaði í minni ræðu að leiðrétta mjög alvarlegan misskilning, ef ekki fölsun í málflutningi tveggja hv. þm. Alþb. Ég sé mig tilknúinn til þess að benda á að þeir hafa nú haldið uppi ræðuflutningi hér um nokkurt skeið um efni sem þegar hafa verið rædd á fundum þingflokksformanna og forseta þingsins. Auk þess þykir mér rétt að minna á að þegar komið hefur verið fram í desembermánuð á ári hverju undanfarin ár, þegar þessir hv. þm. báðir tveir voru hér á Alþingi og sáu um stjórn mála hér, var mjög

algengt að fundir væru tvisvar í viku að kvöldi til og stundum langt fram eftir nóttu. Þetta tel ég ástæðu til að láta koma hér skýrt og greinilega fram.

Karvel Pálmason: Hér er enn að koma upp sú ringulreið sem alltaf ríkir hér á Alþingi þegar líða tekur að jólaleyfi þm. Þetta er ekkert nýtt. Ég minnist þess að á síðasta Alþingi, um svipað leyti fyrir ári síðan, fengu þingflokkar lista frá hæstv. ríkisstj. með 80—90 forgangsmálum sem áttu að fara í gegnum þingið fyrir jólaleyfi. Þá sat hv. núv. 3. þm. Reykv. í ríkisstj. (**Gripið fram í:** Þau voru hundrað.) Ja, hundrað, ekki bætir úr. Alltaf betra að hafa vaðið fyrir neðan sig.

Þetta sýnir bara hve þinghaldið er í raun og veru gjörsamlega óskipulagt. Það tekur engu tali sem nú er að gerast. Í fyrradag fengu þingflokksformenn í hendur lista frá ríkisstj. með forgangsmálum sem áttu að fara hér í gegnum þingið fyrir jólaleyfi. Í gærkvöld kemur enn listi með viðbótarmálum, stórum, sem síðan eru sett á dagskrá þingsins í dag. Slíkt er auðvitað óþolandi af hálfu okkar óbreyttra þm. Við eigum í raun og veru ekki að láta bjóða okkur slík vinnubrögð. Ef menn vilja fá lagfæringu á slíku þannig að mark sé á tekið, þá ættu þm. almennt að neita slíkum vinnubrögðum með útgöngu og mæta ekki til fundar. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. um að stytta mál sitt.)

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er einungis út af þeim misskilningi sem virðist hafa gripið hér um sig. Á fundi forseta og formanna þingflokka á mánudag lá fyrir listi frá ríkisstj. Þessi listi var ákaflega hógværlega unninn og mörg rn. sem ekki lögðu sérstaka áherslu á að koma neinu máli gegnum þing fyrir jólaleyfi. Ég benti þá á að fyrir lægju mál sem hlytu að eiga að vera á listanum og listinn mundi vera ófullkominn. Umræða var t. d. um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, enda kom það á daginn þegar farið var að kanna málið, að það höfðu orðið mistök við gerð listans. Úr því var svo bætt með skipulegum hætti í gærkvöld og listinn lengdur. Annað var það ekki, herra forseti.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég undrast stórlega yfir hverju menn eru að hafa áhyggjur hér í þingsölum. Ég er hér með skrá yfir mál sem óskast afgreidd frá Alþingi fyrir jólahlé. Og hvað stendur hér?

„Forsrn. ekkert, dóms- og kirkjumrn. ekkert, félmrn. ekkert, landbrn. ekkert, samgrn. ekkert, utanrrn. ekkert, menntmrn. ekkert."

Herra forseti, förum við ekki að fara í jólaleyfi? Að vísu eru hér örfá mál sem hæstv. fjmrn. óskar eftir að afgreidd verði. Frá heilbr.- og trmrn. kemur þetta árlega frv. til l. um sjúkratryggingagjald, það er eina málið þaðan. Iðnrn. er með tvö mál, sjútvrn. með tvö mál sýnist mér og ég sé ekki betur en að búið sé að tala fyrir a. m. k. öðru þeirra. Dóms- og kirkjumrn. er með frv. um skipan prestakalla, eitt mál. Félmrn. er með frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem búið er að mæla fyrir. (Gripið fram í.) Nú jæja, eitthvað verðum við líka að hafa að gera.

Ég er aldeilis undrandi á því ef við komumst ekki yfir þetta með eðlilegu fundahaldi. Mér finnst a. m. k. að þessir hæstv. ráðh. sem ætla ekkert að fá afgreitt fyrir jólahlé ættu ekki að hafa minnstu áhyggjur. — [Fundarhlé.]

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 164). — Frh. 1. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég sakna þess reyndar nú, þegar umr. um þetta dagskrármál hefjast á ný hér í kvöld, að þeir hv. þm. sem áður höfðu talað í málinu eru ekki viðstaddir, en meginhluti ræðu minnar verður svar við þeim atriðum sem komu fram í málflutningi þeirra. Reyndar er ég í hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar og hef því tækifæri til að koma mínum sjónarmiðum á framfæri í nefndinni — og ég fagna því að hv. 3. þm. Reykv. gengur í salinn.

Það var athygli vert að hlusta á þá flokksbræður, skattakónga úr fyrrv. ríkisstj., hv. 3. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykv., þegar þeir ræddu áðan um þá miklu skattahækkun sem þetta frv. mundi leiða af sér að þeirra áliti, ekki síst vegna þess að þessir ágætu hv. þm. eru Íslandsmeistarar í skattheimtu og hafa sýnt fádæma hugmyndaauðgi í því að finna upp nýja skatta, eins og alkunna er. Ég saknaði þess hins vegar áðan, að ekki skyldi vera á þingi nú sá hv. þm. sem þá var fjmrh., hv. þm. Ragnar Arnalds. Ég er ekki viss um að hann hefði getað tekið undir öll þau sjónarmið sem komu fram í málflutningi þeirra tveggja hv. þm. Alþb. sem ræddu um þetta mál fyrr í umr.

Ég ætla ekki, herra forseti, að halda hér langa ræðu. Hins vegar tel ég nauðsynlegt, því að vegna misskilnings eða kannske af ásetningi hafa komið fram ýmis sjónarmið í ræðum þeirra hv. þm., að leiðrétta þann misskilning og koma í veg fyrir að það gerist í þessu máli að fjölmiðlar og auðvitað hv. alþm. telji að undirstöðuatriði í þeirra ræðum séu rétt.

Áður en lengra er haldið er þó rétt að geta þess, að töflur og skýrslur sem liggja fyrir í þessu máli verða væntanlega sendar til hv. nefndar og þar gefst fulltrúum allra þingflokkanna tækifæri til að kynna sér þá útreikninga sem þegar hafa verið gerðir í þessu máli.

Kjarninn í málflutningi þessara tveggja hv. þm. var sá, að tekjur hækkuðu á milli áranna 1983 og 1984 um 14.5%, og vitnuðu þeir í því sambandi til forsendna fjárlagafrv. Hér er um mjög alvarlegan misskilning að ræða. Eins og ætíð hefur verið gert áður, þar á meðal í stjórnartíð hv. þm. Ragnars Arnalds, er sú tala sem kemur fram í fjárlagafrv. ekki sú sem lögð er til grundvallar þegar bera þarf saman við greiðslubyrði skatta fyrir það ár sem skattalög ná til. Önnur atriði bætast ofan á þá tölu og gera það að verkum að sú undirstöðutala sem við erum að reikna út frá verður um það bil 20% og skal það skýrt nokkru nánar.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, og það stendur skýrum stöfum í fjárlagafrv., að það verði niðurskurður á launalið sem nemur 2.5%. Þannig verður þessi tala strax 17%. Að auki er gert ráð fyrir að launaskrið verði 2%. Ég get nefnt sem dæmi, að á undanförnum árum hefur verið gert ráð fyrir 3%, stundum hærri tölu, sem launaskriði. Þetta er varleg áætlun, 2%, sem bætist við 17%. Þeir sem eru góðir í reikningi, sem ég veit að hv. 3. þm. Reykv. er, átta sig á að þá er talan komin upp í 19. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir 1%, sem bætist við þessa tölu. Þeirri tölu er einnig haldið í lágmarki. Niðurstöðutalan er þess vegna 20%. Það er sú prósenta sem ber að miða við þegar við áttum okkur á tekju-

breytingum á milli áranna 1983 og 1984 og er byggð á nákvæmlega sömu forsendum og talan í forsendum fjárlagafrv., 14.5%. Þetta segi ég þessum ágætu mönnum til skýringar. Þeim er auðvitað vorkunn að hafa ekki fyrrv. fjmrh. staddan hér á landinu. Þess vegna kemur það í hlut annarra að leiðrétta þessi mál og er vissulega ástæða til að gera það strax við 1. umr. málsins.

Það er út frá þessu sem hv. 3. þm. Reykv. lætur hafa eftir sér í Þjóðviljanum í dag, og einnig það var rauði þráðurinn í hans ræðu, að við hlytum að borga hærri skatta á næsta ári. Hann segir í blaðaviðtali á forsíðu Þjóðviljans í dag að meginforsenda fjárlagafrv. væri 14—15% kauphækkun, en skattbreytingin á milli ára 20%.

Ég hef nú þegar sýnt fram á og sagt frá því, hvernig þessi 20% eru fundin. Sú tala er ekki fundin með neinum öðrum hætti en ávallt hefur verið gert á undanförnum árum, þar á meðal í tíð fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ragnars Arnalds.

Það er annað atriði sem kemur fram í málflutningi hv. 3. þm. Reykv. Þegar hann reiknar út skattbyrðina og segir hana aukast miðar hann við innheimtan skatt, en auðvitað á að miða við álagðan skatt, enda er það ætíð gert þegar við viljum bera saman slíkar tölur. Ég kem að því síðar.

Það er kannske best efni málsins vegna að segja frá því, að mér er kunnugt um að hv. 3. þm. Reykv. vissi betur þegar hann sté hér í ræðustólinn. Í gær var honum send frá Þjóðhagsstofnun áætlun um álagningu og innheimtu tekjuskatts. Í þessari áætlun er það rækilega rakið, þannig að hvert mannsbarn getur skilið. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa með þínu leyfi nokkrar setningar úr áætlun Þjóðhagsstofnunar. Þar segir:

„Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að álagning tekjuskatts hækki eins og tekjur milli áranna 1983 og 1984, þ. e. um 20% að viðbættri 1% fjölgun gjaldenda. Sömu forsendu er beitt um breytingu barnabóta og persónuafsláttar. Samkv. þessu hækkar álagður tekjuskattur nettó, þ. e. að frádregnum barnabótum og persónuafslætti, úr 1 680 millj. kr. 1983 í 2 milljarða 35 millj. kr. í frv. fyrir 1984 eða um 20% á mann.

Á hinn bóginn er ljóst að eftirstöðvar frá fyrri árum fara vaxandi í hlutfalli við álagðan skatt á árinu og munu vega þyngra 1984 í þeirri heildarsummu sem er til innheimtu eða er kræf á árinu en á þessu ári. Þessi aukna þyngd eftirstöðvanna stafar eingöngu af því, að álagningin 1984 hækkar miklum mun minna samkv. frv. en undanfarin ár. Þetta veldur því jafnframt, að sé miðað við óbreytt innheimtuhlutfall milli áranna 1983 og 1984 hækkar innheimtur skattur meira en álagður skattur. Þetta kemur hins vegar aðeins fram hjá þeim sem skulda tekjuskatt frá fyrri árum, en hjá þeim sem eru í skilum hækkar innheimtan vitaskuld jafnt og álagningin og þar með jafnt og tekjur eftir forsendum frv.“

Er það ekki ótrúlegt að hv. þm. skuli geta stigið í þennan ræðustól án þess að nefna einu einasta orði þær upplýsingar sem hann hafði undir höndum, heldur tekur upp þá iðju að raða saman orðum með svipuðum hætti og hann væri að tala við lesendur Þjóðviljans? Mér finnst nokkuð langt gengið í þessum efnum.

Ég vona að hv. þm. hafi nú skilið hvers vegna hlutfallið hækkar miðað við innheimtuna. Hann á sjálfur þátt í því máli. Það var hann og þeir sem sátu í þáv. ríkisstj. sem lögðu á skatta fyrir yfirstandandi ár. Það eru einmitt þeir skattar sem þyngja hjá skuldurum greiðslubyrðina á næsta ári. Fyrir þá skuldlausu hefur þetta auðvitað enga þýðingu. Um þá launamenn sem greiða jafnaðarlega hugsaði hv. 3. þm. Reykv. ekki neitt.

Þá sté í pontu — reyndar fyrr — Ólafur Ragnar Grímsson, hv. 7. þm. Reykv., og rakti nokkur dæmi og hugðist með þeim sanna að skattbyrðin þyngdist verulega á næsti ári. Hann gekk meira að segja svo langt að halda því fram að skattbyrðin ykist um 20% í nefndum dæmum, sem auðvitað er algjör fjarstæða.

Það var jafnframt athygli vert, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði að hann tæki dæmi af tekjum sem hann teldi vera almennar tekjur í landinu, en það eru tekjur fyrir árið 1983, þar sem barnlaus hjón hefðu samtals 490 þús. kr. í tekjur, yfir 40 þús. á mánuði. Það er athygli vert að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skuli upplýsa okkur um að þetta séu mjög svo algengar tekjur hjá öllum almenningi í landinu. Stundum hefur hann talað allt öðruvísi úr þessum ræðustól.

Síðan rakti hann þetta dæmi, þar sem hjón eru barnlaus og annar makinn hefur 300 þús., en hinn 190 þús., og gerði það auðvitað á grundvelli sinna dæma á sama grundvelli og hv. þm. Svavar Gestsson þar sem aðeins var gert ráð fyrir launabreytingum upp á 14%, sem auðvitað er alrangt því að launabreytingarnar verða samkv. útreikningum og upplýsingum Þjóðhagsstofnunar 20%, reiknaðar á nákvæmlega sama hátt og gert hefur verið undanfarin ár. Þá kemur það í ljós, að í staðinn fyrir 20%, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson virtist vera svo hrifinn af að nefna, þ. e. hækkun á milli ára, kemur 0.44% hækkun hjá því fólki sem hefur samtals 490 þús. árstekjur árið í ár. Þetta eru öll ósköpin. (**ÓRG:** Þm. ætti nú ekki að fara með svona rugl.) Ég er sammála þér um að þm. eins og 7. þm. Reykv. ætti ekki að fara með slíkt rugl.

Þessi hækkun er ekki mikil, en það er alveg rétt að fram kemur hækkun upp á 0.44%. Hún verður til vegna þess að aðrir tekjuhópar fá lækkun, þ. e. þeir sem lægri tekjur hafa. Stundum hef ég heyrt hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson koma í þennan ræðustól og þykjast vera málsvari þeirra sem lægri tekjur hafa, en það eru þeir sem njóta ávaxtanna af því að hærri skatturinn kemur fram hjá tekjuhærra fólkinu. Ég vona að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sé sammála mér um að það fólk sem hefur yfir 40 þús. kr. tekjur á mánuði sé sæmilega bjargálna í þessu þjóðfélagi. (**ÓRG:** Þm. er greinilega enn vitlausari en fjmrh. í þessum tölum.) Ég kippi mér ekkert upp við það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segi mig vitlausan. Ég er stoltur af því þegar hann segir slík orð í mín eyru. Það sýnir að hann er að missa stjórn á skapi sínu, aumingja maðurinn, — nema hann hafi verið að tala í símann.

Annað dæmi nefndi hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Það var um hjón sem hefðu sömu tekjuhlutföll sín á milli, en ættu tvö börn. Þar kemur í ljós, ef við miðum við 20% tekjuaukningu milli ára, sem er sú prósentutala sem á að tala um í þessu sambandi, og ég ítreka: byggð á nákvæmlega sams konar útreikningum og hv.

þm. Ragnar Arnalds notaði þegar hann var fjmrh., að skattahækkun hjóna með tvö börn er 0.38%. Þetta er aukin skattbyrði, reiknuð af launum á greiðsluárinu.

Að auki skal tekið fram að þessir útreikningar, sem hv. þm. fékk hjá ríkisskattstjóra, eru miðaðir við að eingöngu sé notaður 10% frádrátturinn, en allir vita að frádrátturinn er talsvert meiri. Í því líkani sem notað er við slíka útreikninga er frádrátturinn talsvert hærri vegna þess að menn fá frádregið frá tekjum áður en skattur er á lagður meira en 10% ef þeir eru t. d. að byggja, svo að ég vitni til eins dæmis sem mér er mjög vel kunnugt um og ég efast ekki um að þessir tveir ágætu þm. hv. þekkja jafnframt.

Þessi sjónarmið þurfa að koma fram strax við 1. umr. því að þau sýna svart á hvítu að það stendur ekki steinn yfir steini í málflutningi þessara tveggja ágætu hv. þm.

Auðvitað er það rétt, að sjálfstæðismenn hefðu viljað sjá meiri skattalækkun í þessu frv. að tekjuskattslögunum sem hér liggur fyrir og er til umr. Aðalástæðan fyrir því að það er ekki hægt er sú, að þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við voru óreiðuskuldir fyrrv. hæstv. fjmrh. með þeim endemum að ekki voru nokkur tök á að laga til í þessum málum. Ríkissjóður var rekinn með svo bullandi halla að þeir sem tóku við og ætluðu sér að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum hafa ekki haft svigrúm til að lækka skatta meira en þetta af þessum ástæðum. Til viðbótar gerist það, sem allir viðurkenna, að þjóðarbúið hefur orðið fyrir áföllum sem gera það að verkum að ríkissjóður fær minna í sinn hlut, — nema þannig sé á málum haldið að haldið verði áfram að flytja miklu meira inn til landsins en út úr því. Á viðskiptahallanum nærðist ríkissjóður fyrst og fremst síðustu misserin sem fráfarandi ríkisstj. sat að völdum hér á landi. Það er staðreynd sem er óhrekjanleg.

Það sem skiptir öllu máli er þetta: Það er reynt í þessu frv. að haga málum þannig, að greiðslubyrði skatta miðað við greiðsluárið sé sú sama að meðaltali og á yfirstandandi ári. Ég get gefið þá yfirlýsingu hér, að lækki tekjurnar á næsta ári, t. d. vegna þess að fiskifræðingar hafi rétt fyrir sér, og við verðum að taka tillit til þess, þá verður frv. að sjálfsögðu breytt þannig að greiðsluhlutfallið verði ekki erfiðara fyrir skattþegnana í landinu. Það munum við hjálpast að að gera, ég og hv. 3. þm.... (**ÓRG:** Fjmrh.) Nei, ég á sæti, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, í fjh.- og viðskn. (Gripið fram í.) Vertu ekki svona leiður þótt ég sé að reka þetta ofan í þig. (**Gripið fram í:** Hvað er þetta? Þetta er bara merkileg yfirlýsing.)

Það sem skiptir miklu máli og kannske mestu er að við tókum þá ákvörðun, þeir sem bera ábyrgð á þessu frv., að færa lítils háttar til skattbyrðina, þó að hún sé sú sama að meðaltali. Það gerðum við með því að greiðslubyrði þeirra sem hafa hærri tekjur, þ. e. tekjur yfir 450 þús. kr., vex aðeins, en á móti kemur að þeir sem lægri tekjur hafa fá að halda meira eftir sem ráðstöfunartekjum fyrir heimilin. Og þá reka þessir tveir þm. upp skaðræðisóp, þessir þm. sem telja sig vera helstu talsmenn láglaunahópanna hér á Alþingi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tefja lengur þessa umr. Það er ljóst að mikill meiri hluti launamanna, þeirra sem eru á almennum launum, fær skattalækkun nái þetta frv. fram að ganga. Það er óhrekjanlegt. Nokkrir verða fyrir skattahækkun, en það kemur þeim til góða sem lægst hafa launin á næsta ári.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess að hægt verði í góðri samvinnu við hv. þm. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., að afgreiða þetta nauðsynjamál fyrir jólaleyfi.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Nú hafa menn karpað og eru enn að karpa á hefðbundinn hátt um hækkun og lækkun skatta. Þeir lækka eina mínútuna og hækka aðra svo erfitt er að henda reiður á. Það er vont að finna haus eða sporð og hvað snýr upp og hvað snýr niður.

Almennt talað bendir ýmislegt til að hérna sé ekki á ferðinni neitt skattalækkunarfrv. Þær upplýsingar sem eru þegar komnar fram í ræðum hér í dag og í dagblöðum, þar sem menn leita sér upplýsinga um þessi mál, benda ekki til að svo sé. Þvert á móti virðist vera heldur um skattahækkun að ræða, enda var kannske ekki við öðru að búast við þær aðstæður í ríkisfjármálum sem menn vita um hér í þinginu og þær ástæður sem ríkja í kringum okkur. Þetta mál fer náttúrlega til hv. fjh.- og viðskn. og fær þar þá umfjöllun sem það þarf og á skilið og ég vona að menn komist til einhvers botns í því þar.

Ríkisstj. er um þessar mundir að framlengja ýmsa skattpósta, sem ganga hérna frá ári til árs, og mér er mjög til efs að tekju- og eignarskattspósturinn verði lækkaður að nokkru marki. En ég held að það sé hollt í þessu sambandi að einblína ekki einungis á prósentur og tekjuforsendur. Menn verða, held ég, að spyrja sig hver sé grundvallarforsendan fyrir svona skattlagningarkerfi, svona stighækkandi tekjuskattskerfi. Grundvallarforsendan með þessu kerfi er jöfnun lífskjara og ef jöfnun lífskjara næst ekki með þessu, þá er réttlæting þessa skattheimtukerfis að verulegu leyti horfin. Ég held að það væri hollt fyrir menn að spyrja sig hvernig gengur að ná þessu markmiði. Við segjumst vilja láta þá lægst launuðu greiða lítið sem ekkert og þá hæst launuðu greiða mest. Síðan viljum við endurgreiða þessa peninga með félagslegri þjónustu, almannatryggingum og öðru og jafna á þann hátt kjörin. En því miður gerist þetta ekki, þetta gengur ekki. Skattsvik eru nefnilega kannske stærsta vandamálið í þessu og miklu stærra vandamál en ein eða tvær prósentur upp eða niður. Og það er alveg sama hvað við höfum góðar reiknireglur og hvað við vöndum undirbúninginn að þessu vel ef þeir sem greiðslugetu hafa svíkjast um að telja fram til skatts og greiða þá skatta sem þeim ber. Þá eru forsendurnar fyrir þessu kerfi brostnar og jafnvel eins gott að leggja það niður. Það er nefnilega svo, að það er fólkið sem er með lægri launin sem er yfirleitt í þeirri aðstöðu, þeirri vondu aðstöðu eins og það er kallað, að þurfa að gefa allt upp til skatts. Þannig er kannske grundvallarforsendan með þessu öllu saman brostin. Þau skattsvik, sem hefur verið talað um áður hér í þessum stól að eru orðin býsna fyrirferðarmikil í þjóðfélaginu, leiða kannske til þess að þetta kerfi, sem á að verða leið til jöfnunar lífskjara, er kannske orðin ein aðaluppspretta og aðalorsök ójöfnuðar í þjóðfélaginu. Því held ég að inn á milli í prósentukarpinu ættu menn kannske að spyrja sig hvort það væri e. t. v. ekki öllum til heilla að velja annan kost af tveimur; annaðhvort að leggja þetta kerfi niður eða beita allri þeirri hugarorku sem menn hafa til að finna leiðir til að

tryggja skattskil. Ég held að sú aðgerð væri miklu heilladrýgri þeim lægst launuðu í landinu en það prósentuþvarg sem við erum því miður stödd í núna. Og það er undarlegt að á þessu máli skuli hafa verið tekið með jafnmikilli linkind af öllum þeim ríkisstj. sem hafa haft aðstöðu til að gera eitthvað raunhæft í þessu máli.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Mikið er nú hægt að fjölyrða um mál og gera það flókið sem í sjálfu sér er einfalt. Markmið þessa frv. er væntanlega að tryggja svipaða greiðslubyrði skatta á næsta ári og verið hefur, og er það út af fyrir sig góðra gjalda vert. Verðbólga undanfarinna ára hefur unnið með skattgreiðendum og létt þeim verulega greiðslubyrðina og hefur það verið einn af hennar fáu kostum. Minnkandi verðbólga og stöðvun launahækkana leiðir að sjálfsögðu til aukinnar skattbyrði, einfaldlega vegna þess að við greiðum skatta af tekjum þessa árs með tekjum næsta árs.

Megintilgangur þessa frv. er sem sagt að vinna gegn þyngingu skattbyrða með því að lækka skatthlutfall af tekjum og hækka barnabætur og persónuafslátt. Um það má svo sannarlega deila hvort hér sé nóg að gert. Úr því getur framtíðin ein raunverulega skorið. Menn geta reiknað og reiknað og sett upp ótal dæmi, allt eftir því hvað þeir vilja fá fram. Það er nú einu sinni háttur stjórnmálamanna þegar þeir vilja marka sér bás. Útkoman er ekki endanleg fyrr en menn fara að þreifa um tómar buddurnar. Útkoman ræðst af þróun verðbólgunnar á næsta ári og hún ræðst ekki af óskhyggjunni einni saman.

En ef launahækkanir verða ekki meiri á næsta ári en forsendur allar eru miðaðar við, þá er ég hrædd um að stjórnvöld geti ekki hreykt sér af því að skattbyrðin hafi ekki aukist, hvað þá að hún hafi lækkað.

Fjh.- og viðskn. mun að sjálfsögðu taka þetta frv. til gaumgæfilegrar athugunar og ég hlýt að lýsa þeirri eindregnu von minni að skatthlutfallið verði lækkað í meðförum n. Ég held að það sé nauðsynlegt ef markmið þessa frv. á að nást.

Það er svo annað mál þessu skylt sem er ekki síðra áhyggjuefni, og það er hvernig útsvarsálagning sveitarfélaganna verður útfærð. Það skiptir raunar enn þá meira máli fyrir hina tekjuminni en það sem hér er verið að leggja til. Mörg sveitarfélög standa vissulega illa fjárhagslega og þau standa nú frammi fyrir þeirri freistingu að nýta til fulls heimildir til álagningar útsvars. Það má ekki verða. Ég hefði talið eðlilegt að ríkisstj. beitti sér fyrir því að útsvarsprósentan yrði lækkuð fyrir næsta ár. Mér finnst mikilvægt að minna á þetta í tengslum við frv. sem hér er til umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. talaði hér áðan fyrir Sjálfstfl., var að reyna að hjálpa til í þessu basli við að halda utan um þetta frv. þeirra félaga, hans og Alberts hæstv. fjmrh. Og það var von að hann reyndi að hlaupa undir bagga og honum líkt þegar þrengdi að félaga hans.

Hins vegar er vert að vekja athygli á því að fram kom hjá honum mjög athyglisverð yfirlýsing. Hún var sú að hann mundi beita sér fyrir því í fjh.- og viðskn. Nd. að greiðslubyrði skatta á árinu 1984 yrði alls ekki hærri en hún er á árinu 1983. Þetta endurtók þm. og hann dró í efa að okkar fullyrðingar i þessu efni væru réttar. Hann flutti sín rök fyrir því að nota 20% launahækkunartöluna milli áranna 1983 og 1984. En ég ætla að benda á önnur rök sem eru í þessu máli mjög gild, sem sé þau að eftir að Þjóðhagsstofnun gerði sína áætlun um greiðslubyrði ársins 1984 hafa komið fram upplýsingar um samdrátt í þjóðarframleiðslu á árinu 1984 frá því sem þá var gert ráð fyrir. Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir að þjóðarframleiðslan 1984 yrði 64.1 milljarður kr. Eftir að svarta skýrslan birtist er þessi tala komin niður í 62 milljarða kr. Í skattafrv. ríkisstj. og fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að heildarskattar til ríkisins verði 2 457 millj. kr. og að þetta gefi greiðslubyrði sem verði 55.7% árið 1984 til ríkisins.

Það er ljóst þegar vegna þeirra upplýsinga í svörtu skýrslunni sem liggja fyrir að þessi hlutfallstala er hærri 1984 en 1983, bara af þeirri einu ástæðu. Þannig að nokkru munar. Hve miklu nákvæmlega ætla ég ekki að deila um á þessu stigi málsins, enda er í rauninni útreikningsefni að finna það út. En það er ljóst vegna þess sem gerst hefur þegar hlutfallið er hærra 1984 ef maður tekur mark á öllum forsendum ríkisstj. sjálfrar sem ég er ekki að segja að ég geri í einu og öllu. En ef miðað er við þær forsendur sem Albert Guðmundsson hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Reykv. tóku hér fram er ljóst að hlutfallið hækkar. Greiðslubyrðin hækkar af þeirri ástæðu þó ekkert komi annað til en að átt hefur sér stað samdráttur í þjóðarframleiðslu eða verður milli áranna 1983 og 1984, þó að hann þurfi ekki endilega að verða eins gríðarlegur eins og Þjóðhagsstofnun spáir upp á tvo til þrjá milljarða kr.

Þetta er algjört grundvallaratriði, herra forseti, og ég mun láta reyna á það í fjh.- og viðskn. Nd. hvort varaformður Sjálfstfl. er reiðubúinn til að lækka skattana í þessu frv. til samræmis við þá yfirlýsingu sem hann var að gefa hér áðan. Ég trúi ekki öðru en að hann sé tilbúinn til að standa við þá yfirlýsingu, en það getur þýtt lækkun í skatttekjum ríkissjóðs frá fjárlagafrv. úr 2 457 millj. kr. niður í einhverja lægri tölu sem ég skal ekki nefna á þessu stigi málsins.

Þetta er hlutur sem við munum láta reyna á í fjh.- og viðskn. Nd. Og við munum gera allt sem við getum til að hjálpa hv. 2. þm. Reykv. í þessu efni og ég heyrði að hann treysti mjög á mitt liðsinni í þessu efni og tekið skal fram að það verður veitt.

Auk þessa forðaðist hv. 2. þm. Reykv. að fjalla um það meginatriði að öll skattastefna ríkisstj. og þar með þetta frv. hér sem hér liggur fyrir byggist á því að sveitarfélögin taki stóraukið útsvar að raungildi til milli áranna 1983 og 1984. Það er veruleg aukning þar á. Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér plagg sem ég hef undir höndum og er dagsett 6. des. 1983. Þar kemur fram sem viðhorf Þjóðhagsstofnunar að ef fylgt væri stefnu ríkisstj., eins og það er kallað, ættu skattar til sveitarfélaganna á næsta ári að verða 2 940 millj., þ. e. ef fylgt væri þeirri stefnu að halda nokkurn veginn óbreyttri greiðslubyrði af tekjum á milli ára.

En ef fylgt er þeirri stefnu að nýta heimildir sveitarfélaganna til hins ýtrasta er þessi tala 3 760 millj., þ. e. munurinn er hvorki meira né minna en 800 millj. kr. Nú liggur fyrir að stærsta sveitarfélagið í landinu, Reykjavík, ætlar að ganga mjög langt í útsvarsinnheimtu á næsta ári þannig að í heild verður vafalaust um að ræða hækkun á beinum sköttum milli áranna 1983 og 1984. Það er engum blöðum um það að fletta og hafið yfir

allan vafa að þeir sjálfstæðismenn og engir aðrir, Albert Guðmundsson, hæstv. fjmrh., og borgarstjórinn í Reykjavík eru meginforustumenn fyrir þessari skattahækkun þvert ofan í margítrekuð kosningaloforð fyrir síðustu kosningar.

Hv. 2. þm. Reykv. brá fyrir sig því máli sem stundum sést á íþróttasíðum og talaði um að hv. þm. Ragnar Arnalds væri Íslandsmeistari í skattheimtu. Þetta var oft notað um hv. þm. Ragnar Arnalds meðan hann gætti ríkissjóðs og gerði það vel og samviskusamlega og viðurkenna allir. En augljóst er að þessi titill er í verulegri hættu. Svo vill til að hæstv. núv. fjmrh. ætlar í þessari íþróttagrein að standa sig þannig að ekki er hægt að finna samjöfnuð í 10 ár. Íslandsmeistari í áratug í skattheimtu, hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson. (**Gripið fram í:** Met í fyrstu tilraun.) Met í fyrstu tilraun. Þannig liggur þetta fyrir.

Og af því að hv. þm. Guðmundur Einarsson var að tala áðan um þessa umr. sem prósentuþvarg og hv. þm. Friðrik Sophusson var að gera því skóna að ég væri í raun og veru í *máli mínu að fara rangt með upplýsingar* frá Þjóðhagsstofnun, þá neyðist ég til að vekja athygli á að eina leiðin til að tala um skattbreytingar í heild frá sjónarmiði ríkisins í heild og þjóðarbúsins er að tala um þær í hlutfallstölum, rauntölum og hlutfallstölum. Og ef við tökum þá tölu sem hv. þm. Friðrik Sophusson vill taka, hann segir: Það á að taka álagða skatta, það á ekki að taka innheimta skatta. Það er rangt, segir hann, það á að taka álagða skatta. Og hann bætir við að það eigi að taka hugtak sem heitir álagðir skattar nettó sem þýðir álagðir skattar eftir persónuafslátt og barnabætur. Þegar þetta hefur verið gert og það tekið sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu er ljóst að á árinu 1983 eru álagðir skattar með þessum hætti 3.17% af vergri þjóðarframleiðslu. En á árinu 1984 skv. tölum ríkisstj. sjálfrar eru álagðir skattar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 3.28%. Munurinn á þessum tölum er ekki mörg prósentustig, en hann er margar milljónir og margir tugir milljóna vegna þess að við erum hér að tala um tölu sem er af stærðargráðunni 62—63 þús. millj. kr. Þannig að hér er vitanlega um að ræða mjög stóra tölu sem segir það sem segja þarf. Hlutfall hinna beinu skatta í vergri þjóðarframleiðslu eykst nokkuð. Og þá er ég bara að tala um skatta ríkisins, en ekki skatta *sveitarfélaganna sem koma hér til viðbótar*. Og þegar það er allt saman lagt saman er ljóst að skattaprósenta opinberra aðila á árinu 1984 stefnir í 14.4% skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. En sú tala hefur hæst komist áður á árinu 1979 í 13.1%. Þannig er alveg ljóst hvað hér er á ferðinni.

Í ræðu sinni áðan kom hv. 2. þm. Reykv. að því að óeðlilegt væri að miða við launaliðinn í fjárlagafrv. vegna þess að hann segði í raun og veru lítið af því að áður hefði verið dreginn frá sá niðurskurður á launum sem gert er ráð fyrir að fari fram upp á 2.5% milli áranna 1983 og 1984. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt ábending frá hv. 2. þm. Reykv. En það sem ég var að vitna í var ekki þessi tala, því að hún segir bara til um áætluð launaútgjöld ríkissjóðs. Sú tala sem ég var að tala um var önnur sem getið er um á bls. 181 í grg. fjárlagafrv., en þar segir:

„Til samanburðar er vegin meðallaunahækkun milli áranna 1983 og 1984 metin 14.5—15%."

Hér er ekki bara verið að tala um launalið ríkisins út af fyrir sig og hvernig hann þróast heldur vegna meðallaunahækkun. Og þess vegna er ekki að furða þó stjórnarandstaðan staldri við og segi: Það er óeðlilegt að gera ráð fyrir að skattar hækki um 20% en laun hækki *á sama tíma um 14.5% og svo er skattahækkunin* mæld á þann kvarða að launin hækki þrátt fyrir þetta um 20%. Hér er þess vegna að mínu mati um algjöra útúrsnúninga að ræða, og alveg ljóst að ríkisstj. er ekki að lækka skatta. Hún er að hækka skatta ef eitthvað er.

Það eru margs konar hlutföll sem menn geta virt fyrir sér í sambandi við skattamál og þjóðartekjur og þjóðarframleiðslu. Ég vil skýra frá því að ég hef undir höndum skýrslu sem mér barst frá Þjóðhagsstofnun í gær um hlutfall launa af þjóðartekjum, þ. e. hvað launin eru hátt hlutfall af þjóðartekjum. Hvað er það mikið sem menn fá í kaup og hvað er það mikið sem er svo borgað í annað? Og það er athyglisvert að virða þær tölur fyrir sér sem ég hef hér um hlut launa í vergri þjóðarframleiðslu frá 1970—1983. Þar kemur í ljós að þetta hlutfall hefur aldrei verið hærra en á árinu 1982, þ. e. *kaupið sem hlutfall af heildarverðmætasköpun* þjóðarinnar hefur aldrei verið hærra hlutfall en á árinu 1982. Næsthæsta talan á þessu árabili er frá árinu1981. Á því ári er hún 76.5% og á árinu 1982 78.7% sem launafólk í landinu hefur þegar upp er staðið og þjóðhagsdæmið er gert upp.

Í lok þessa árs er þessi hlutfallstala farin niður fyrir 70% og hefur þá ekki verið lægri á því árabili sem hér um ræðir, þ. e. *frá því að launin séu í hæsta hlutfalli* þjóðarframleiðslunnar 1982. Ekki er nóg með að þau séu lækkuð til samræmis við samdrátt þjóðarframleiðslunnar á árinu 1983 hjá núv. hæstv. ríkisstj. Það er gert meira. Gengið er lengra á launin en fall þjóðarframleiðslunnar segir til um. Skrúfað er harðar að launamönnunum í landinu en öðrum. Þetta þýðir ósköp einfaldlega að núv. hæstv. ríkisstj. flytur til fjármuni frá *launasummunni, frá hinum vinnandi stéttum í þjóðfélaginu*, yfir til annarra aðila í þjóðfélaginu, millilliða og slíkra sem hirða gjöld fyrir sinn snúð. Það er sem sagt ljóst að núv. ríkisstj. er að vinna það afrek að sökkva hlutfalli launanna niður á það stig sem það var á síðustu árum viðreisnarstjórnarinnar, landflótta- og atvinnuleysisárum viðreisnarstjórnarinnar. Það er afrek Framsfl. á síðustu mánuðum að kaupið er lægra hlutfall þjóðarframleiðslunnar nú en nokkru sinni síðan á viðreisnarárunum. Þeir eru ekki lengi að snúa ofan af framsóknaráratugnum, þessir piltar, þegar þeir leggja sig fram.

Herra forseti. Áðan talaði hv. 2. þm. Reykv. fyrir Sjálfstfl. Er hann í húsinu enn þá? Og væri hægt að fá hann? Ég ætla að hinkra ef hæstv. forseti vildi kanna þetta með hv. 2. þm. Reykv. Ég þarf að svara honum nokkrum orðum. (**Forseti:** Ég reikna með að hann sé hér í húsinu.) (**Gripið fram í:** Albert er nú hérna enn þá.) (**Forseti:** Hv. 2. þm. Reykv. er mættur.) Eitt af því sem hv. 2. þm. Reykv. hefur oft talað um undanfarnar vikur og m. a. í ræðu sinni hér áðan er að fráfarandi ríkisstj. hafi verið alveg sérstaklega iðin við að efna til stóraukins innflutnings. Hún hafi verið alveg sérstakur vinur heildsalanna, þessi ríkisstj., þeir hafi í rauninni aldrei fengið aðra eins stjórn. Og hv. 5. þm. Reykv. bætti um betur og endursagði ræðu frá fundum Verslunarráðsins 1979 þegar ég var viðskrh., en í þeirri ræðu hafði komið fram að einn af talsmönnum Verslunar-

ráðsins taldi að það væri alveg óskastaða fyrir þá félaga að hafa Alþb. í viðskrn.

Það sem hv. þm. Friðrik Sophusson er að segja með þessu er auðvitað að kaupið hafi verið allt of hátt hjá fráfarandi hæstv. ríkisstj. Hann telur að kaupið hafi verið allt of hátt, kaupgetan allt of mikil og þess vegna hafi verið flutt of mikið inn. En hann segir meira með þessu. Hann er líka að segja og hefur aftur og aftur endurtekið það í þessum stól að gengið hafi verið kolvitlaust skráð. Það hafi verið útsala á genginu í tíð fráfarandi hæstv. ríkisstj. Hann taldi að þessi gengisstefna fráfarandi hæstv. ríkisstj. hefði verið vísvitandi ákveðin til að styrkja stöðu ríkissjóðs. Og í rauninni hefði verið eitt af markmiðum fráfarandi ríkisstj. að ákveða að skrá gengi krónunnar þannig að ríkissjóður kæmi sem best út. Þetta er vitlausasta hagfræðikenning sem heyrst hefur hér í þingsölum og er þá langt til jafnað, jafnvel frá talsmönnum Sjálfstfl. (**FrS:** Þetta er ekki hagfræðikenning, þetta er staðreynd.) Nú heyrið þið, hann heldur að það sé staðreynd líka.

Nei, hv. þm., staðreyndin er nefnilega sú að auðvitað er gengisákvörðun tekin með tilliti til annarra aðstæðna og annars en þess að ríkissjóður komi sem best út á hverjum tíma. Auðvitað er ákvörðun um gengi á hverjum tíma tekin með tilliti til stöðu útflutningsatvinnuveganna í fyrsta lagi. Hún er tekin með tilliti til kostnaðarhreyfinga innanlands. Og hún er tekin með tilliti til erlendrar verðbólgu. Þetta er allt saman vegið saman og niðurstaðan verður gengisbreyting af einhverjum toga.

Einu sinni var fundin upp í Seðlabankanum, þegar þeir voru í góðu skapi þar, vísitala sem hefur ekki séð dagsins ljós í allmörg ár. Hún hélt „gengistilefnisvísitala". Og um svipað leyti voru skrifaðar þar lærðar ritgerðir um „brattgöngujafnvægi gengisskráningarinnar". Það hefur ekkert spurst til þess jafnvægis núna lengi vel. Hins vegar er til annar mælikvarði í þessu efni sem væri kannske fróðlegt fyrir hv. þm. Friðrik Sophusson að kynna sér. Það er mælikvarði um þróun raungengis íslensku krónunnar á undanförnum mánuðum. Hvernig hefur raungengi krónunnar þróast miðað við erlendar myntir? Og þar með segir sá mælikvarði til um hver er staða okkar iðnaðarframleiðslu, samkeppnisiðnaðar, gagnvart innflutningi.

Ef við setjum gengið 1982, þegar útsalan mikla var hjá okkur í ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, sama sem 100, þá var þetta gengi í jan. s. l. 93.6, í febrúar 93.1, í mars 95.7, í apríl 96.9, í maí 91.4, í júní 87.8. En í júní hlýtur að hafa verið hér í landinu það sem kalla mætti kjörgengi núverandi ríkisstj. Búið var að fíra genginu niður þegar ríkisstj. var mynduð og þá hlýtur að hafa verið komið hið rétta og sanna gengi, kjörgengi ríkisstj. Þegar hins vegar líður á árið hækkar gengi krónunnar og í októbermánuði er svo komið að gengi íslensku krónunnar er orðið hærra en það var hjá hinni vondu síðustu ríkisstj. Það er orðið 100.3 miðað við 100 árið 1982. Og í nóv. er þetta gengi orðið 102.4 á móti 100 1982.

Þetta þýðir auðvitað að gengi íslensku krónunnar, raungengi íslensku krónunnar, hefur breyst. Við getum tekið þetta í öðrum tölum og sagt sem svo: Þessu gengi þurfti að breyta um 15—17% frá deginum í dag til að ná því gengi krónunnar sem var 1. júní s. l. Samkvæmt röksemdafærslu hv. þm. Friðriks Sophussonar hlýtur að hafa verið ákveðið að hafa gengið svona hátt, 15—17% hærra en í júní, til að bjarga fjárhag ríkissjóðs. Það hlýtur að hafa verið ákvörðun í ríkisstj. Steingríms Hermannssonar að bjarga fjárhag ríkissjóðs með þessum hætti ef kenningar eða staðreyndir hv. þm. Friðriks Sophussonar eiga við rök að styðjast.

Þessar töflur sýna hins vegar ekkert um að slík ákvörðun hafi verið tekin, að raungengi íslensku krónunnar hafi breyst á þessum tíma um 15—17%. Þessar tölur sýna ekkert annað en að efnahagsstefna Friðriks Sophussonar og Alberts Guðmundssonar er byggð á sandi. Og til að hv. þm. og hæstv. ráðh. haldi ekki að hér sé um að ræða einhverjar vondar uppfinningar frá mér er rétt að benda þeim á tímarit sem gefið er út í Reykjavík og heitir Vísbending, vikurit um erlend viðskipti og efnahagsmál dags. 30. nóv. 1983. Ég skora á hv. þm. og hæstv. ráðh. að kynna sér þetta rit.

Þar kemur fram í ítarlegri grein um gengi íslensku krónunnar að það er um þessar mundir verulegum breytingum undirorpið og fyrirsögn greinarinnar lýsir innihaldi hennar glöggt því þar segir: „Eru einhverjar breytingar á gengi í sjónmáli?" Og hér er ekki aðeins um þetta hefti að ræða, sem ég bið hv. þm. Friðrik Sophusson að kynna sér, 30. nóv. 1983, heldur er hér líka um að ræða annað hefti, 16. nóv. 1983, þar sem einnig er fjallað um þessi mál þar sem í töflu á bls. 5 er birt yfirlit um gengi íslensku krónunnar og gengi helstu gjaldmiðla.

Það er mjög fróðlegt að sjá hvernig þeir sérfræðingar sem standa að útgáfu þessa tímarits gera grein fyrir þeirri þróun á gengi krónunnar sem hér er um að ræða. Og allar þeirra röksemdir benda alveg ótvírætt til að þeir telja að hér þurfi stefnan endurskoðunar við og auðvitað er niðurstaðan af öllu þessu sú að efnahagsstefna ríkisstj. er í þessu efni á sandi byggð, hún stenst ekki.

Fyrir nokkrum dögum var greint frá því, hæstv. fjmrh., að gengi Bandaríkjadollars hefði hækkað mjög verulega undanfarna daga. Og aftur og aftur var birt um þetta frétt í ríkisútvarpinu. Ég hef ekki orðið var við að menn hafi almennt hér á landi gert sér grein fyrir þeirri breytingu á raungengi krónunnar sem ég hef hér verið að ræða um, svo miklu máli sem hún skiptir fyrir allt efnahagslíf þjóðarinnar. Hitt verður hins vegar að vera jafnljóst í máli mínu nú og fyrr að hverri ríkisstj. er auðvitað skylt að halda sem fastast á skráningu gengisins á hverjum tíma, ég veit að það hlýtur að vera svo. Þess vegna er það barnaskapur, kunnáttuleysi, misskilningur eða eitthvað þaðan af verra þegar varaformaður stærsta stjórnmálaflokksins í landinu heldur að ríkisstj. ákveði gengið með hliðsjón af tekjum eða gjöldum ríkissjóðs. Þannig er það ekki, gengi íslensku krónunnar er þrátt fyrir allt, þó valt hafi verið um árabil, skráð með tilliti til margra annarra staðreynda.

Sú hv. þingnefnd sem fær skattamálin til meðferðar, fjh.- og viðskn. Nd., mun að sjálfsögðu og vonandi fá meiri gögn í málinu en þegar hafa komið þar fram. Ég vil aðeins endurteka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar í tilefni af orðum hv. þm. Friðriks Sophussonar. Hann bauðst til að tryggja ásamt öðrum í n. að hlutfall beinna skatta hækkaði ekki milli áranna 1983 og 1984. Og ég var að benda á í upphafi ræðu minnar að samdráttur hefði orðið í þjóðarframleiðslu síðan þetta hlutfall sem hér stendur á blöðum Þjóðhagsstofnunar

var fundið út. Þegar af þeirri ástæðu er ljóst að hlutfall ríkisskattanna er orðið nokkuð hærrra en er á þessu blaði Þjóðhagsstofnunar. Ég skildi hv. 2. þm. Reykv. sem svo að hann væri tilbúinn til að færa þessa skattatölu niður til að tryggja að óyggjandi væri að greiðslubyrðin 1984 yrði sú sama og á árinu 1983 eða ekki hærri. Og ég endurtek fyrri yfirlýsingu mína í þessu efni, að ég skal leggja mig fram um að aðstoða hann við að tryggja að þessu markmiði verði náð.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að fleiri komi í ræðustól og ljúki lofsorði á þá hreysti allsherjarvaramanns íhaldsins, hv. þm. Friðriks Sophussonar, að reyna nú að gera það sem fjmrh. gafst upp við í viðtölum við fréttamenn í dag, að verja það að greiðslubyrði skatta á næsta ári mundi ekki aukast. Þetta reyndi hann hér og lái honum svo hver sem vill eftir frammistöðu hæstv. fjmrh., bæði í ræðustól í dag sem og í viðtölum við fréttamenn.

Að öðru leyti er hv. þm. Friðrik Sophusson nokkurn veginn við sama heygarðshornið og hann hefur verið í öllum sínum ræðum á hv. þingi í vetur, þ. e. hann kann stjórn sinni og stefnu hennar það eitt til málsbóta að segja að hún sé að glíma við vanda fyrri ríkisstj. og fyrrv. ráðh. Hann reynir yfirleitt ekki að færa nein rök fyrir því sem þeir eru að gera heldur skella skuldinni á þá sem á undan sátu. Þessi málflutningur kann að hljóta einhvern hljómgrunn á fyrstu vikum og fyrstu mánuðum nýrrar ríkisstj., en verður auðvitað slitin plata þegar frá líður. Greiðslubyrði skatta á næsta ári er erfitt að koma yfir á fyrrv. fjmrh. Ekki var nú alveg ljóst við hvern hæstv. fyrrv. fjmrh. hann átti. Mér datt í hug að hann væri að tala um flokksbróður sinn, hæstv. viðskrh. Matthías Á. Mathiesen, skuldakóng ríkissjóðs, þegar hann var að tala um óráðsíu einhvers hæstv. fyrrv. fjmrh., en hann skýrir það kannske betur hér á eftir við hvern af hæstv. fyrrv. ráðh. hann átti.

Það hafa annars komið hingað upp svo margir lærðir menn sem kunna svo mikið af tölum að erfitt er að bæta miklu þar við. Þó finnst mér nokkuð kyndugt að menn skuli þurfa að rífast um það sem stendur á prenti í fjárlagafrv. sem hér hefur legið frammi í þinginu um allnokkra hríð. T. d. stendur þar á bls. 179 í 2. málsgr. að laun opinberra starfsmanna hækka því að meðaltali um 14.5 til 15% milli áranna 1983 og 1984. Þetta stendur svart á hvítu eða brúnt á bláu hvernig sem þetta er nú prentað og ætti ekki að þurfa að misskiljast.

Ljóst er, eða það er a. m. k. mín skoðun, að þau skattstig og þau skattamörk sem hér er verið að ræða um séu ekki há nema þau séu skoðuð í ljósi þeirrar hrikalegu kjaraskerðingar sem orðin er og einnig og enn fremur í ljósi þeirra launaforsenda sem hæstv. ríkisstj. hefur sett. En það ber auðvitað að gera og verður að gera og í því ljósi er hér um að ræða skattpíningu, það er alveg ljóst. Hæstv. fjmrh. setur met, eins og kom fram hér áðan, alveg í fyrstu tilraun, hann verður bara áratugsmeistari og fær sjálfsagt gullmedalíu fyrir. Að öðru leyti vísaði hæstv. fjmrh. málinu til þjóðarinnar í viðtali við fréttamann í dag. Þjóðin er ekki galinn dómari, hún mun að sjálfsögðu kveða upp sinn dóm og ekki aðeins yfir þessu skattafrv. hæstv. fjmrn. Hún mun einnig kveða upp dóm yfir kosningaloforðunum þínum og hún mun kveða upp dóm yfir kosningaloforðum hv. þm. Friðriks Sophussonar. Þá munu þessi loforð og þetta skattafrv., ef það verður samþykkt lítt eða ekki breytt, fá þann hýðingardóm sem þau verðskulda.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mér sýndist áðan í svip að hæstv. fjmrh. væri við það að sofna út frá þessum umr. og finnst þess vegna ómögulegt annað en að reyna að halda honum vakandi ögurstund með því að beina til hans fáeinum orðum. Mér þótti leiðinlegt að heyra það í útvarpsviðtali við hæstv. ráðh. að hann gerði því skóna að vinir hans og samstarfsmenn hér á þingi hafi þá áráttu þráfaldlega að vilja rífa niður frv. og till. ríkisstj., hversu jákvæðar og góðar sem þær væru og sérstaklega góðrar meiningar. Þetta er ákaflega óvenjulegur málflutningur frá hæstv. ráðh. því venjulega er hann ákaflega samgjarn í sínum málflutningi og óspar á yfirlýsingar um að andstæðingar hans í pólitík séu bestu menn, jákvæðir og vilji vel. Enda er þetta mesti misskilningur. Það fer ekkert á milli mála að stjórnarandstæðingar hér eru fullir af góðum vilja við að hjálpa hæstv. fjmrh. að ná þeim yfirlýstu markmiðum sínum að halda skattbyrði á almenning í landinu í því fari að hún hækki ekki og lækki hjá þeim sem ekki geta risið undir meiri skattbyrði. Um það er enginn ágreiningur, það er enginn ágreiningur um þessi góðu áform.

Hitt er annað mál að menn greinir nokkuð á um hvort það frv. sem hér liggur fyrir sé nægilega vel smíðað tæki til að þessi sameiginlegu yfirlýstu markmið ráðh. og stjórnarandstöðu takist. En af því að hann er að gera stjórnarandstöðunni upp skoðanir og við erum að ræða um skattamál gerði ég það að gamni mínu og til að halda ráðh. vakandi að grípa með mér kosningastefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. við alþingiskosningarnar 23. apríl 1983.

Í þessari ágætu kosningastefnuyfirlýsingu sem skilaði góðum árangri fyrir kosningar segir svo orðrétt í kaflanum um bætt lífskjör, og hlusti nú hæstv. fjmrh., ef vera kynni að hann væri farinn að gleyma yfirlýstum jákvæðum, markvissum loforðum og fyrirheitum Sjálfstfl. í skattamálum. Ég les upp úr stefnuyfirlýsingunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Um leið og meiri festa skapast í efnahagslífinu vill Sjálfstfl. beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum til að efla atvinnulífið og bæta lífskjörin.

1. Tekjuskattur á almennar launatekjur verði afnuminn
2. jafnframt því sem persónufrádráttur nýtist láglaunafólki að fullu.
3. Tekjum hjóna verði skipt á milli þeirra fyrir álagningu skatts.
4. Eignaskattur á íbúðir verði lækkaður."

Þetta er, eins og ég sagði, sú kosningastefnuyfirlýsing sem Sjálfstfl. lagði fram í seinustu kosningum. Þetta er kjarni hennar. Þetta er það atriði, ásamt með loforðunum sem gefin voru í húsnæðismálum og fjáröflun húsnæðismálakerfisins sem til stóð að ræða hér í kvöld, sem færði Sjálfstfl. ekki lítilfjörlega fylgisaukningu í seinustu kosningum.

Nú þarf ekki um það að deila, herra forseti, að það skattafrv. núv. ríkisstj. sem hér liggur fyrir felur ekki í sér efndir á loforði númer eitt um að tekjuskattur og almennar launatekjur verði afnumin, sei, sei nei, fjarri því. Við deilum hins vegar um það út frá ákveðnum forsendum hvort loforðin hafi verið svikin svo herfilega

að tekjuskattur á almennar launatekjur hafi e. t. v. verið hækkaður.

Loforð númer tvö um að persónufrádráttur nýtist láglaunafólki að fullu sem er mjög þýðingarmikið kosningaloforð hefur heldur ekki verið efnt og veldur því m. a. að ríkisstj. er, meðan hún heldur fast við það, ógerningur að koma því til skila að ríkisstjórnin geti komið þeim fjölskyldum sem nú búa undir hungurmörkum til hjálpar í raun og veru vegna þess að því nýtist þessi útborganlegi persónuafsláttur sem hér er lofað. Við það loforð hefur því ekki verið staðið.

Það sérstaka kosningaloforð að tekjum hjóna verði skipt á milli þeirra fyrir álagningu skatts, sem mér er mætavel kunnugt um af mörgum fundum hér í Reykjavík að frambjóðendur flokksins lögðu mikla áherslu á, hefur heldur ekki verið efnt.

Segja má að skattprósentan að því er varðar eignarskatt á íbúðir hafi verið lækkuð, að vísu óverulega. Og það er þá eina atriðið þar sem raunverulega hefur verið borið við að standa við kosningaloforðin í fyrsta sinn sem fjmrh. leggur fram áþreifanlegar till. í skattamálum.

Nú vitum við mætavel hverjar eru skýringar hæstv. fjmrh. og ríkisstj. á því hver vegna ekki stendur til að standa við loforðin. Það kom fram í máli hv. 2. þm. Reykv.: Það var því miður ekkert svigrúm til þess, svo grátt sem ríkissjóður hafði verið leikinn í tíð fyrrv. ríkisstj. Látum það nú vera. Það er hins vegar ekki við því að búast að allur almenningur í höfuðborginni taki því sem frambærilegri skýringu þegar hún er fram borin af hæstv. fjmrh., margyfirlýstum guðföður og siðferðilegum ábyrgðarmanni fyrrv. ríkisstj., manninum sem skrifaði bréfið sem var þess valdandi að sú ríkisstj. var mynduð og bar síðan ábyrgð á henni allt fram undir það að það snaraðist svo um á merinni að hann flúði af hólmi. En látum þetta vera. Það er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að minna á loforðin. Og það er óumdeilt að í þessum málum stendur ekkert til að standa við þau loforð.

Þá skulum við víkja að þeim deilum sem hér hafa orðið um það hvort skattbyrðin sé líkleg til að verða meiri eða minni að meðaltali á næsta ári samkv. forsendum þessa frv. Þá deila menn um forsendurnar. Menn segja sem svo: Ef forsendan um 20% launahækkun milli ára stenst eru dæmin sem tekin hafa verið um aukna skattbyrði vafasamari. En hver er þá skýringin á því að þær upplýsingar sem gefnar eru í athugasemdum fjárlagafrv. um launahækkun milli ára, að því er varðar opinbera starfsmenn, 14,5%, eru aðrar en hinar almennu forsendur á vinnumarkaðinum yfirleitt? Á því eru gefnar tvær skýringar: Í fyrsta lagi sú að yfirlýst stefna ríkisstj. er að halda launakostnaði á vegum hins opinbera u. þ. b. 2,5% lægri með sérstökum aðgerðum. Skýring númer tvö er sú að á hinum almenna vinnumarkaði gerðu höfundar fjárlagafrv. almennt ráð fyrir að vegna launaskriðs, þ. e. a. s. hvers kyns greiðslna umfram umsamda taxta, annaðhvort í formi yfirborgana eða annarra álaga, að þær forsendur giltu ekki um opinbera starfsmenn. Ef þetta eru réttar skýringar blasir alla vega við ein staðreynd sem menn þurfa ekki frekar að deila um. Hún er sú, að að því er varðar opinbera starfsmenn, sem reyndar eru u. þ. b. þriðjungur launþega í landinu, er það óumdeilanlegt að skattbyrði þeirra samkv. gefnum forsendum mun hækka.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson minntist á skattsvik í ræðu sinni áðan. BSRB hefur oftar en einu sinni lagt fram tölur um að hlutur opinberra starfsmanna í skattheimtu ríkissjóðs, þ. e. hlutdeild þeirra í beinum sköttum ríkissjóðs, sé talsvert miklum mun hærri en nemur hlutfalli þeirra meðal fjölda launþega, þ. e. þessi 30% opinberu starfsmenn greiða til mikilla muna hærri hlut af tekjum ríkissjóðs af beinum sköttum. Þannig að hér erum við við sama heygarðshornið. Mér sýnist alveg óumdeilanlegt að samkvæmt þessum gefnu forsendum, sem ríkisstj. og fulltrúar hennar hafa engan veg andmælt í umr. hingað til, sé það gefið og þarf ekki að deila um það frekar að að því er varðar þriðjung launþega í landinu þýði þetta frv. verulega hækkun skattbyrði á næsta ári.

Þá er spurningin um forsendu númer tvö: Vegna þess að málflutningur stjórnarliða byggir á því, að þessi forsenda sé sérstök, hún eigi bara við opinbera starfsmenn. En að því er varðaði vinnumarkaðinn í heild sé launahækkun milli ára 20%. Hversu áreiðanleg er þessi forsenda, hversu líkleg er hún til að standast í reynd? Ég leyfi mér að leiða fram til vitnis um það hæstv. iðnrh. Sverri Hermannsson sem hefur tekið af öll tvímæli um það í opinberri ræðu sem fréttir hafa verið fluttar af í blöðum að þessar forsendur séu gjörsamlega foknar út í buskann og séu helberar fjarstæður. Og hafði um það stór orð þegar einhver launþegi á þessum fundi í Borgarnesi álpaðist til að spyrja ráðh. um launahækkunarforsendur og fékk svarið: Hvar hefur þú haldið þig, maður minn? Hefur þú ekki fylgst með því að búið er að leggja fram svarta skýrslu? Hefur þú ekki tekið eftir því að við höfum orðið fyrir svo hrikalegum áföllum eins og hæstv. iðnrh. gjarnan tekur til orða, að nú þarf að skera allt inn að beini þannig að hrikti í hverju tré? Það verður ekkert svigrúm fyrir launahækkanir á næsta ári, punktur og basta. Og þetta sagði hann við mikinn fögnuð fundarmanna uppi í Borgarnesi ef fréttir herma rétt.

Hvað eru menn þá að tala um eitthvert skattafrv. sem miðar við að launahækkanir almennt séð á vinnumarkaði verði 20% hærri en í opinbera geiranum. Telja menn nú líklegt ef menn bera saman opinbera geirann og almenna vinnumarkaðinn að áhrifin af aflabresti og aflatakmörkunum verði þau að það auki vinnumagn, unnar vinnustundir á vinnumarkaði á Íslandi? Telja menn að það verði til að auka launaskrið eða greiðslur umfram umsaminn taxta? Þvert á móti. Auðvitað vita menn að fyrstu afleiðingarnar verða þær að það dregur úr vinnu jafnvel svo fyrirsjáanlega að um staðbundið atvinnuleysi verði að ræða. Það dregur úr vinnu, það verður ekkert um neitt launaskrið eða umframborganir að ræða einmitt miðað við þær kringumstæður sem hér er verið að lýsa.

Mér sýnist þannig alveg augljóst mál og þarf ekkert að hafa um það fleiri orð að forsendan um 20% hækkun milli ára er, eins og hæstv. iðnrh. hefur tekið fram og aðrir ráðh. ríkisstj. reyndar segja hverjum sem heyra vill í einkasamtölum, að sjálfsögðu fokin út í buskann.

Þá er það forsenda númer þrjú, vegna þesss að við erum ekki bara að tala hér um tekjuskatta ríkisins. Við erum að tala um heildarskattbyrði af tekjusköttum í heild til hins opinbera, þ. e. við erum að tala um allt sem heitir bein skattheimta. Og það er ekki aðeins

tekjuskattur. Það er líka sá viðaukatekjuskattur sem heitir eignarskattur. Það eru líka útsvör til sveitarfélaga og það eru fleiri gjöld: það eru kirkjugarðsgjöld, það eru sjúkratryggingagjöld og það eru fasteignaskattar, sem miðast þá við sömu forsendur og eru raunverulega beinir skattar. Hvað er um þessi gjöld að segja? Nú liggur fyrir yfirlýst að borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstfl. í Reykjavík hefur tekið um það ákvörðun hver skuli vera útsvarsprósentan og útsvarálagningin á næsta ári. Hún á að vera 11%. Og þó að það mál sé ekki leitt til niðurstöðu í borgarstjórn Reykjavíkur nú þegar þarf enginn að efast um að ákvörðunin hefur verið tekin og niðurstaðan liggur fyrir. Hvað ætli þessi 11% útsvarshækkun þýði að því er varðar skattbyrði vegna útsvara? Hún þýðir auðvitað verulega skattahækkun. Rétt er að leiða til vitnis um það einn af sérfræðingum Þjóðhagsstofnunar sem í viðtali við dagblaðið Tímann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Með því að lækka útsvar Reykvíkinga úr 11.8% í 11% þá er um liðlega 40% hækkun á útsvari milli ára að ræða," — 40% hækkun að ræða.

En við erum hins vegar að tala um tekjuhækkun milli ára sem að því er varðar opinbera geirann er innan við 15% og svo hugsanlega, að því er varðar vinnumarkaðinn í heild, 20%, sem hins vegar enginn trúir. Hér er hins vegar lagt til að útsvarshækkunin í Reykjavík samkv. þessari ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur nemi um 40%. Jafnframt segir umræddur sérfræðingur Þjóðhagsstofnunar: Útsvar sveitarfélaga þyrfti að lækka um sem nemur 3% til að skattbyrði á milli ára yrði óbreytt eða lækka alveg niður undir 9%." M. ö. o. ef Reykjavíkurborg ætlaði að koma í veg fyrir að útsvarsálagningin leiði til aukinnar skattbyrði launþega, því allir, líka þeir lægst launuðu, borga vissulega útsvör, þyrfti hún að lækka útsvarsálagninguna enn um 220 millj. til viðbótar þeim 100 sem felst í lækkuninni frá 11.88% í 11%.

Herra forseti. Allar þær deilur sem hér hafa staðið í allan dag hafa snúist um það hversu haldbærar þær forsendur væru sem lægju til grundvallar þessum áætlunum um skattbyrði, óbreytta skattbyrði eða aukna skattbyrði. Mér sýnist alveg augljóst mál af fram komnum vitnaleiðslum að skattbyrði opinberra starfsmanna muni aukast verulega, einfaldlega vegna þess að tekjubreytingar þeirra milli ára eru lægri en hér er gert ráð fyrir. Í öðru lagi liggur alveg ljóst fyrir að útsvarsálagningin leiðir til mjög aukinnar skattbyrði. Líta verður svo á að þegar meiri hluti Sjálfstfl. í Reykjavík hefur tekið þessa ákvörðun sé það pólitísk ákvörðun sem gildir fyrir Sjálfstfl. um land allt og í þeim sveitarstjórnum þar sem sjálfstæðismenn eru ráðandi verði þessari forustu meirihlutans í Reykjavík fylgt.

Í þriðja lagi kemur það síðan til að sá maður fyrirfinnst væntanlega ekki hér innan veggja og varla nokkurs staðar þar sem menn koma saman í alvöru og ræða breyttar forsendur atvinnulífs á Íslandi að þeir séu trúaðir á að forsendurnar um 20% launahækkun milli ára standist. Það liggur við að ég segi að þessu loknu að eiginlega sé lítið eftir af frv. annað en umbúðirnar og nafn flutningsmannsins. (**Gripið fram í:** Það er nokkuð.) Það er nokkuð, já, þegar fjmrh. tekur upp pennann og framkvæmir sín pennastrik. En nú held ég að hann ætti nefnilega að gera eitt pennastrik og ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt.

Fyrir liggja yfirlýsingar frá hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophussyni. Hann lýsir því yfir að ef fram á það verður sýnt í umfjöllun í þinginu að forsendur frv. standist ekki muni hann fyrir sitt leyti beita sér fyrir því að frv. taki nauðsynlegum breytingum í meðförum þingsins. Það er góðra gjalda vert og sannar það, ef við það verður staðið, að menn eru auðvitað reiðubúnir til að skoða eftir hvaða leiðum á að ná settum markmiðum. Ef þessar leiðir eru ófærar verður að breyta aðferðunum. En það verður að gera meira. Ég verð að fara þess á leit við hæstv. fjmrh. og fyrrum forseta borgarstjórnar Reykjavíkur að hann fylgi nú eftir stefnu sinni, að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að skattbyrðin aukist milli ára, og taki flokksbróður sinn og samstarfsmann, borgarstjórann í Reykjavík, til bæna og komi því til skila til hans að hann fyrir sitt leyti geri það sem flokkur hans lofaði fyrir kosningar, að tryggja a. m. k. að skattbyrðin á Reykvíkingum verði ekki aukin með hækkun útsvarsálagningar vegna þess að það liggur líka fyrir að aðrir tekjustofnar Reykjavíkurborgar eiga að vera óbreyttir. Ef borgarstjórinn í Reykjavík vill ekki láta sér segjast við að hæstv. fjmrh. geri honum tiltal held ég að óhjákvæmilegt sé að hæstv. fjmrh. taki í taumana og beiti áhrifum sínum hér á Alþingi til að breyta með lagasetningu þeim hámarksákvæðum um álagningu útsvara sem tryggi að tilgangurinn náist.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og kom fram fyrr hjá mér í dag held ég að liggi alveg ljóst fyrir að hér sé um skattaþyngingu að ræða á milli ára, hvort heldur menn geri ráð fyrir að tekjurnar aukist um 20% eða minna. Það er að vísu rétt, eins og kom fram t. d. í ræðu hjá hv. þm. Guðmundi Einarssyni, að þau gögn sem hann er með í höndunum eru einungis varðandi framtaldar tekjur, þannig að það eru ákveðnir hópar í þjóðfélaginu sem sleppa með öðrum hætti frá þessu dæmi en obbinn af launafólki.

En það er athyglisvert að skoða það í þeim gögnum sem fylgja þessu frv., hvar þyngdarpunkturinn er í hinum framtöldu tekjum. Ef við lítum á hjón eru 23 þúsund þeirra af 48 þúsundum eða u. þ. b. helmingur með tekjur á bilinu 400 til 700 þús. kr. Ef við lítum á einhleypa er fjórðungur þeirra á bilinu 200 til 300 þús. kr. Og ef við lítum á einstæða foreldra er rúmlega helmingur á bilinu 200 til 400 þús. kr. Ef tölur þær sem ríkisskattstjóri hefur reiknað út eru skoðaðar sýnist mér í fljótu bragði að að því er þessa hópa varðar, sem eru stærstur hluti launafólksins, sé yfirleitt um að ræða 1% skattbyrðisaukningu. Það fer niður í sakleysislegri tölur, eins og ég nefndi hér í dag, 0.42 hjá einhleypum, en hjá einstæðum foreldrum er þetta á bilinu 1—2% og sama virðist gilda um hjón á því tekjubili sem hér um ræðir — vel að merkja: samkvæmt þeim útreikningshætti sem notaður er af hálfu ríkisvaldsins, þ. e. samkvæmt þeim forsendum sem þar eru notaðar.

Nú rakti ég það hér fyrr í dag að svo sakleysisleg hækkun sem 0.42% væri samkvæmt þessu, miðað við tekjur dagsins í dag og þá skattbyrði sem menn bera miðað við tekjur dagsins í dag, veruleg þyngin. Nú eru hér stórir hópar sem eru greinilega með helmingi til þrisvar sinnum meiri hækkun á þennan mælikvarða eins og ríkisskattstjóri setur hann. Ég vek athygli á þessu vegna þess að það litla dæmi sem ég rakti ætti þá að koma fram með enn frekari þunga hjá öllum þeim stóra

hóp sem ég gerði ekki að umtalsefni, en fær meiri skattþyngingu samkv. útreikningum ríkisskattstjóra en það dæmi sem ég rakti.

Nú hafa talsmenn stjórnarinnar komið hér upp og fullyrt að ekki yrði um skattaþyngingu að ræða. Þá er gert ráð fyrir svo og svo miklu launaskriði, eins og hv. 2. þm. Reykv. gerði ráð fyrir, og það er fyrir fullt og fast reiknað með 20% tekjuaukningu milli áranna. En það er reiknað með meira. Það er reiknað með þeim sem geta nýtt sér ýmiss konar frádráttarliði. En hvers eiga þá hinir að gjalda, sem hvorki hafa launaskriðið né frádráttarliðina, og það held ég gildi einmitt um þann hóp launafólks sem stendur frekar höllum fæti, að það hefur hvorugt, fær hvorki launaskriðið sem með er reiknað né hefur heldur þá frádráttarliði sem verið er að reikna því til góða.

Hjá þessum hópi fólks er staðan þá áreiðanlega eins og ég rakti hér í dag varðandi einhleypan mann með 250 þús. kr. tekjur. Og ég vil rifja það upp, að ég sagði að eins og staðan er í dag yrði ársskattur þessa manns 92.7% á mánaðartekjum. Ef það verður 20% launahækkun milli áranna fer hlutfallið upp í 106.6%. Ef það verður samkv. stefnu hæstv. iðnrh. fer það upp í 126%. Þetta mætti líka reikna út með tilliti til þess hversu marga daga það tæki þennan mann að vinna fyrir sköttunum. Eins og þetta er núna tekur það hann 20.1 vinnudag að vinna fyrir sköttunum. Ef tekjurnar hækka um 20% verður hann að því í 23.1 dag. Þessi maður yrði þá 15% lengri tíma að vinna fyrir sköttunum. Augljóslega er um þyngingu á skattbyrði að ræða hjá þessum aðila sem því nemur. Hann yrði 15% lengur að vinna fyrir sköttunum þótt tekjurnar hækkuðu um 20% milli áranna. Ef þær hækkuðu einungis um 16% yrði hann 23.9 daga að vinna fyrir sköttunum í staðinn fyrir 20.1 dag. Þá færi 18.8% lengri tími í að vinna fyrir sköttunum en er í þessum mánuði. Miðað við 16% hækkun tæki það 18.8% lengri tíma að vinna fyrir sköttunum en núna.

Ef stefna hæstv. iðnrh. næði fram að ganga um engar launahækkanir frá því sem nú er — ekkert svigrúm, hefur hæstv. iðnrh. sagt, og mér skilst að Vinnuveitendasambandið hafi sagt eitthvað svipað, — verður þessi maður 27 daga rúma, 27.3 daga, að vinna fyrir sköttunum í staðinn fyrir 20.1 dag eins og málin standa í dag. Það er 36% lengri tími sem fer í það á næsta ári að vinna fyrir sköttunum en um þessar mundir hjá þessum manni.

Leikur nokkur vafi á því að þessi aðili hefur orðið fyrir verulegri skattaþyngingu? Það liggur alveg í augum uppi að svo er.

Ég heyrði að hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan að ef tekjurnar yrðu lægri en svaraði til þeirra forsendna sem með væri reiknað, þ. e. ef tekjuaukningin milli áranna yrði minni en 21%, yrðu skattar lækkaðir. Ég vildi óska þess að hæstv. fjmrh. væri reiðubúinn að gefa yfirlýsingu af þessu tagi — yfirlýsingu sem væri tvímælalaus um að það ætti að lækka skattbyrðina milli áranna hjá öllum þorra launafólks, og þó sérstaklega hjá þeim sem hvorki mættu vænta sér yfirborgana né sérstakra frádráttarliða — hins venjulega skilvísa manns sem hefur ekki steypt sér í skuldir og á ekki þess kost að fá yfirborganir. Vill ekki hæstv. fjmrh. gefa yfirlýsingu af því tagi? Þá mundi það verða veganesti fyrir hv. fjh.- og viðskn. og leiðbeinandi um hvernig ætti að umsteypa þetta frv. þannig að það svaraði þeim markmiðum sem menn hafa haft uppi, en væri ekki, eins og það liggur fyrir nú, veruleg þyngíng á sköttum þegar svo stendur á sem raun ber vitni í þjóðfélaginu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svara mörgu af því sem hér hefur komið fram enda tiltölulega lítið verið talað um frv. sjálft en aftur meira talað í kringum það og utan við umræðuefnið með slagorðum og pólitískum ruglingi sem er eingöngu til að sanna enn einu sinni málefnafátækt þeirra Alþb.-manna alveg sér í lagi.

Í þeim hápólitísku ræðum með slagorðum eins og ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, var rætt um hve ömurlegt þetta frv. væri, hve villandi það væri, hve mikla blekkingarræðu fjmrh. hefði haldið og hve falskar þær fullyrðingar væru að skattar lækkuðu. Og ég væri líklega eini maðurinn í deildinni sem tryði því sem ég væri að segja. Hann talaði um samstarf borgarstjórans í Reykjavík og fjmrh. til að berja á Reykvíkingum, á fólkinu sem treysti engum betur en 1. þm. Reykv. og borgarstjóranum í Reykjavík. Þetta segir maður sem Reykvíkingar höfnuðu. Þetta eru alveg furðulegar fullyrðingar. Þar að auki er Ólafur Ragnar Grímsson alls ekki Reykvíkingur.

Nei, svona málflutningi um háalvarlegt mál eins og skattamál er tæplega hægt að svara. Og komandi frá stjórnmálaflokki sem ekki fyrir löngu síðan flutti frv. á Alþingi þess efnis að hámarkslaun í þjóðfélaginu skyldu vera tvöföld verkamannalaun. Þetta frv. fluttu þeir rétt áður en þeir komust til valda, en sátu svo í fimm ár við völd án þess að gera nokkurn skapaðan hlut annað en að íþyngja launafólki í landinu.

Eins hefur komið fram hjá sumum þeirra að ég hafi verið guðfaðir fyrrv. ríkisstj. Það er alveg eins hægt að segja að ég sé guðfaðir þessarar ríkisstj. líka. Og ég hef ekkert á móti því að feðra ríkisstjórnir, það er ekki nema góð dægrastytting að mynda ríkisstjórnir öðru hvoru. En það vill nú svo til þrátt fyrir allar fullyrðing ar að ég tel mig ekki þurfa að skammast mín fyrir að hafa staðið að því að varaformaður Sjálfstfl. fékk stjórnarmyndunarheimild frá forseta Íslands. En ég vil minna hv. 5. þm. Reykv. á að ég var aldrei yfirlýstur stuðningsmaður þeirrar ríkisstj., aldrei. Hitt er annað mál að ég varð af sérstökum ástæðum yfirlýstur andstæðingur, en ég var aldrei talinn í þeim hópi sem myndaði meiri hluta með ríkisstj., þetta vil ég undirstrika enn einu sinni. Hitt þótti mér öllu verra að þurfa að viðurkenna að á sama tíma og það blessaða bréf sem ég skrifaði fyrrv. virðulegum hæstv. forsrh. skyldi verða til þess að ég varð einhvers konar pólitískur stjúpfaðir Svavars Gestssonar. Það þótti mér verra. Og ég vona að virðulegur 3. þm. Reykv. leyfi sér ekki að kalla mig stjúpa sinn hér á hv. Alþingi því þá hefur fjallið tekið jóðsótt og fæðst mús, eins og hann orðaði það, ef það verður tilfellið.

En svona tal um alvarlegt mál á ekki heima í þessum umr. Það er ýmislegt af þessu tagi sem ég hef hlustað hér á sem ég hirði ekki um að svara, eða eins og þegar hv. 2. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, kemur hér upp eins og hann sé í íþróttaþætti að kynna afreksmann og er farinn að afhenda gullmedalíur fyrir afrekið. En það er annað að sitja fyrir aftan hljóðnema og skýra frá íþróttum eða að vera afreksmaður og fá

gullmedalíu. Það er svolítið annað og þarf allt annað og meira til. En ég vil þakka honum fyrir gullmedalíu fyrir að gera þessi fjárlög. Þá er það af því að vel hefur tekist. Medalíur eru ekki veittar fyrir annað en afrek. En þjóðin kemur til með að kveða upp sinn dóm og við verðum að hlíta honum.

Ég vil vekja athygli á því að flestir ef ekki allir þeir sem tekið hafa til máls og tilheyra stjórnarandstöðunni, hafa dregið í efa forsendur frv. Og þeir fullyrða að aðrar forsendur sem þeir gefa sér sjálfir séu réttari og þær einu réttu. Allar forsendur geta brugðist. Forsendur fjárlagafrv. hafa þegar brugðist ef hin svarta skýrsla reynist rétt sem ég dreg ekkert í efa. Og það getur vel verið að fleiri forsendur bregðist á þeim fáu dögum sem við eigum eftir fram að jólum hér í virðulegu Alþingi. Og þá verður að sjálfsögðu hér eins og annars staðar að bregðast við og bregðast skjótt við. Óskað var eftir að ég svaraði hvort ég vildi taka þátt í að lækka skattbyrðina á sama hátt og hv. 2. þm. Reykv. lýsti yfir að hann mundi vilja standa að. Ég vil standa að því að skattbyrðin þyngist ekki á milli áranna. Það er forsenda þessa fjárlagafrv. og þessa tekju- og eignarskattsfrv. sem við erum að ræða nú að hún þyngist ekki. Hún á ekki að þyngjast.

Ef forsendur breytast aftur á móti hef ég áður sagt úr þessum virðulega ræðustól að ég vona að allir hv. 60 þm. standi við sín orð og komi í samstarf, jafnvel þeir sem stunda hér niðurrifsstarfsemi sem gestir eða kjörnir þm., að þeir standi saman um að finna nýjar leiðir með nýjum sparnaði eða niðurskurði í ríkisútgjöldum fyrst og fremst til að mæta þeim vanda sem kann að bætast við þann sem við glímum við í dag en ekki að íþyngja þjóðfélaginu með frekari skattlagningu. Því aðkoman að ríkissjóði og aðkoman að ríkisstj., hvað sem hver segir, var sú að 1.2 milljarðar dollarar voru í yfirdrætti og í erlendum skulum og hátt á annan milljarð yfirdráttur í Seðlabankanum. Þrátt fyrir að fyrrv. hæstv. fjmrh. hældi sér af því að tekjuafgangur skv. ríkisreikningi hafi verið um 800 millj. kr. um áramót 1982—1983 liðu ekki nema fimm mánuðir af árinu 1983 þangað til komið var hátt á annan milljarð í yfirdrætti í Seðlabankanum. Þetta er staðreyndin. Og það er ekki vegna þess að forveri minn í embætti hafi verið slæmur fjmrh., ég tek aldrei undir það, það er vegna þess ástands með þjóðinni sem hann réð ekki við. Ég er ekki í nokkrum vafa um að jafngætinn maður og hann er í fjármálum, að hann hefur áreiðanlega þurft að þola að síaukin erlend lántaka væri látin standa undir tekjum ríkissjóðs. Og á þann hátt var þjóðfélaginu haldið gangandi og tekjum þá líka háum.

Það getur vel verið að rétt sé hjá virðulegum þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, 5. þm. Reykv., að lengri tíma taki að vinna fyrir sköttum árið 1984 en 1983. Á árinu 1984 í lækkandi verðbólgu og líklega engri kauphækkun, því lítið sem ekkert svigrúm er fyrir launahækkanir, getur vel verið að lengri tíma taki að greiða skatta af verðbólguárinu 1983.

Ég tel ekki ástæðu til að vera margorður um þær fráleitu fullyrðingar um fjárhagsleg áhrif þessa frv. sem fram hafa komið í máli ýmissa þeirra þm. stjórnarandstöðunnar sem hér hafa kvatt sér hljóðs. Þó eru nokkur atriði í málflutningi þeirra sem ég vil ekki láta hjá líða að gera aths. við.

Hv. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, gerði mikið úr þeirri skattbyrðisaukningu er í frv. fælist og hann nefndi fjölmörg dæmi máli sínu til stuðnings. Allur hans málflutningur byggðist á því að skv. fjárlagafrv. hækkuðu tekjur einungis um 14% milli áranna 1983 og 1984 og væru forsendur frv. um 20% tekjuhækkun milli ára blekking ein og fölsun. Hér er um algjöran misskilning að ræða hjá hv. þm. Reykv. Sá 20% tekjuauki milli ára sem miðað er við í frv. er byggður á bestu áætlun sem fyrir hendi er í dag í þessu efni. Og ég vil í því sambandi vitna til Þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1984 sem lögð var fram á Alþingi af forsrh. í okt. s. l., en þar segir á bls. 25 og 26, með leyfi forseta:

„Áætlanir um tekju- og verðlagsbreytingar á árinu 1983 fela í sér verulega kaupmáttarskerðingu miðað við síðasta ár, einkum á síðari hluta ársins. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að þessi þróun verði stöðvuð þannig, að kaupmáttur tekna minnki ekki frá því sem verið hefur á síðustu mánuðum þessa árs. Í þessu gæti falist, að kauptaxtar verði að meðaltali 6% hærri árið 1984 en þeir verða í byrjun ársins og 15% hærri en að meðaltali árið 1983.

Með hliðsjón af reynslu fyrri ára er gert ráð fyrir, að tekjur aukist heldur meira en nemur almennri hækkun taxta, t. d. vegna áhrifa sérákvæða og einstaklingsbundinna kjarabreytinga o. fl. Auk þess má ætla að tilfærslutekjur hækki heldur meira en taxtar, eins og raunin hefur orðið á undanfarin ár. Hér er hins vegar reiknað með, að þessi munur verði mun minni en undanfarin ár. Samkvæmt þessum áætlunum er gert ráð fyrir að atvinnutekjur hækki í heild um 20% á næsta ári, en heildartekjur, þ. e. að viðbættum tilfærslu- og vaxtatekjum o. fl., heldur meira eða um 21%."

Sömu áætlanir um almenna tekjuaukningu milli ára liggja til grundvallar tekjuáætlun fjárlaga almennt. Hvaðan hv. þm. hefur þá 14% hækkun á tekjum milli ára sem hann nefndi er ekki alveg ljóst. Helst er svo að sjá að hann styðjist við áætlaða hækkun launaliða ríkissjóðs í gjaldalið fjárlagafrv. sem áætluð er 14.4%. Að sjálfsögðu má engar ályktanir draga af þessum hundraðshluta um almenna tekjuaukningu milli ára. Þessi tala er mun lægri en almennt áætluð hækkun tekna, fyrst og fremst vegna þess aðhalds og sparnaðar sem fyrirhugaðar eru í ríkisrekstrinum á næsta ári. Af þessu sést að þær forsendur sem hv. þm. gaf sér eru á misskilningi byggðar og niðurstöður þeirra dæma er hann tiltók því að engu hafandi.

Áður en ég skil við þetta atriði vil ég þó ítreka það sem ég sagði í framsöguræðu minni að áætlun um tekjuþróun hlýtur að vera óvissu háð hversu vel og samviskusamlega sem hún er unnin. Ég endurtek að komi í ljós á fyrri hluta næsta árs að spár um tekjuhækkun standist ekki kynni svo að fara að nauðsynlegt væri að endurskoða einhver þeirra atriða sem í frv. því felast sem hér er til umr. þannig að skattbyrði þyngist ekki frá því sem nú er ráðgert.

Hv. 3. þm. Reykv. taldi sig hafa heimildir fyrir því að hægt hefði verið að lækka skattprósentur í skattstiga meira en í frv. felst. Þetta er rétt. Hefði allt það svigrúm til skattbreytinga sem verðbólgurýrnunin skapaði verið notuð til lækkunar skattprósentu hefði sú lækkun getað orðið meiri. Afleiðing þess hefði orðið sú að skattbyrði allra gjaldenda, jafnt hátekjufólks sem lágtekjufólks, hefði breyst jafnt. Með því að nota hins vegar hluta þess svigrúms til sérstakrar lengingar á skattþrepum og

hækkunar persónuafsláttar eins og gert er í frv., lækkar skattbyrðin hins vegar meira hjá lágtekjufólki en fólki með háar tekjur.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er nú aðeins tekinn að vitkast í þessari umr. Hann hafði vit á því að reyna ekki að hrekja eitt einasta af þeim tölulegu dæmum sem ýmsir þm. stjórnarandstöðuflokkanna fluttu hér inn í umr. Ég vek athygli hv. deildar á því að fjmrh. treysti sér ekki til að mótmæla með talnarökum einu einasta af þeim dæmum um íþyngingu skatta sem ég flutti hér, sem hv. þm. Svavar Gestsson flutti hér, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson flutti hér, sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson flutti hér — ekkert einasta af þeim tölulegu atriðum, sem hér voru flutt fram skýr og glögg og afdráttarlaus af hv. þm. stjórnarandstöðunnar, treysti hæstv. fjmrh. sér til að hrekja, heldur hélt hann sér við almennt snakk meginhluta ræðu sinnar, sem hvergi tók á talnalegum efnisþáttum þessa máls.

Hæstv. fjmrh. sagði að ég og fleiri hefðum hér í umr. byggt okkar tölur á forsendum sem við gæfum okkur sjálfir. Þetta er alrangt, hæstv. fjmrh. Öll mín dæmi voru byggð á forsendum frá hæstv. fjmrh. sjálfum. Það þýðir ekkert að hrista hausinn yfir því. Það er staðreynd. Þau voru byggð á forsendum frá hæstv. fjmrh. sjálfum.

Ég byggði hér nokkur dæmi á launabreytingaforsendu fjárlagafrv. Svo kemur hæstv. fjmrh. hér og segir: Ja, þær forsendur eru brostnar. Það er komin svört skýrsla. — Óskaplega var hann þá alvarlegur og þungbúinn og landsföðurlegur. — Það er komin svört skýrsla. Það er alveg rétt. En hvað gerir hæstv. fjmrh. sjálfur nokkrum vikum eftir að „svarta skýrslan" hefur verið lög fram? Jú, hann leggur fram skattafrv. með hærri tekjuforsendum milli ára en í fjárlagafrv. eru. Er það ályktunin sem þingheimur og þjóðin eiga að draga af „svörtu skýrslunni", hæstv. fjmrh., að tekjurnar muni aukast? Það er ályktunin sem hæstv. fjmrh. hefur dregið sjálfur af þessu öllu saman. Hann leggur nú fram frv. þar sem tekjubreytingin er orðin 20% í staðinn fyrir 14%, sem hún var í fjárlagafrv. Hann hefur hækkað tekjurnar milli ára.

Hvað er hér eiginlega á ferðinni? Má kannske vænta þess að þegar hæstv. fjmrh. leggur fram lánsfjáráætlun verði hann kominn með tekjubreytingu á milli ára upp í 25—30%, þrátt fyrir allar „svartar skýrslur"? Nei, hæstv. fjmrh., ég ætla að vona að ráðh. fari sjálfur að botna aðeins meira í samhenginu í efnahagsmálum þjóðarinnar, því að ef það væri rétt, sem hann sagði hér, að það ætti að taka tillit til nýrra upplýsinga í efnahagslífi þjóðarinnar, þá hefði hæstv. ráðh. átt að leggja fram skattafrv. með lægri breytingu á tekjum milli ára en þeirri sem var í fjárlagafrv., en ekki u. þ. b. 50% hærri tekjuáætlun.

Þess vegna er það alveg ljóst, sem hér hefur komið fram hvað eftir annað, að ætti að taka mið af ýmsum þeim upplýsingum sem ýmsir hv. aðstandendur þessarar ríkisstj. vilja láta taka mið af ætti að reikna með enn minni tekjubreytingu milli ára en 14%, sem ég vék hér að, og kannske fara niður í þá viðmiðun, sem hæstv. iðnrh. hefur hvað eftir annað verið að syngja yfir þjóðinni síðustu daga, að það eigi bara að miða við tekjubreytinguna núll. Hvers vegna lætur ekki hæstv. fjmrh. reikna út þetta skattafrv. á forsendum iðnrh.? Og hvernig væri það að varaformaður Sjálfstfl. beitti sér fyrir því að frv. væri reiknað út á grundvelli þeirra ýmsu forsenda sem hinir einstöku ráðh. Sjálfstfl. eru með í gangi um þessar mundir, bæði núllforsendum iðnrh. og ýmsum fleiri forsendum sem forustumenn flokksins hafa lagt fram?

Auðvitað er það staðreynd, eins og hér hefur glögglega komið fram í þessum umr., að Sjálfstfl. treystir sér ekki til að verja þetta frv. efnislega. Þess vegna er rétt sem ég sagði hér fyrr í dag, sem hv. þm. Friðrik Sophusson varaformaður Sjálfstfl. dró í efa að væri rétt, að það er enn þá til það mikið vit í þingflokki Sjálfstfl. að allir utan hv. þm. Friðrik Sophusson hafa vit á því að halda sér fyrir utan þessar umr., halda sér fyrir utan og hætta sér ekki út á þann hála ís að fara að reyna að verja að þetta sé skattalækkunarfrv. (**Gripið fram í:** Okkur er þá ekki alls varnað.) Nei, það er alveg rétt. Það var einmitt það sem ég sagði í dag. Það var greinilegt að hv. Friðrik Sophusson þm. lifði í þeirri trú að það mundu fleiri feta í hans fótspor, en það gerðist ekki. Meira að segja formaður Sjálfstfl. sat þegjandi úti í sal. Og þögn hans sagði mikið. Jafnvel hann treysti sér ekki til að koma hér upp og verja þetta frv. — að ógleymdum hv. þm. Gunnari Schram sem lofaði því í síðustu þingkosningum að afnema tekjuskattinn eins og hann legði sig og var nærri því búinn að steypa Matthíasi Mathiesen úr efsta sæti á lista Sjálfstfl. í Reykjanesi út á það loforð, munaði bara 200 atkv. Það var nú stuðningurinn sem það loforð fékk í Reykjaneskjördæmi um að afnema tekjuskattinn. Og ég skil ósköp vel að hv. þm. Gunnar Schram sitji hér og þegi þegar hans hlutverk verður innan nokkurra vikna að rétta upp hönd með því hér á Alþingi að hækka skattbyrðina á því fólki í Reykjaneskjördæmi sem kaus hann í svo miklum mæli að það var nærri því búið að steypa Matthíasi Á. Mathiesen úr efsta sæti listans.

Hv. þm. Albert Guðmundsson á auðvitað sem hæstv. fjmrh. eftir að átta sig á því að Reykvíkingar munu kalla hann til ábyrgðar fyrir að hafa svikið þau loforð sem hann gaf, og ég ætla aðeins að koma að því hér á eftir. í þeim kosningum sem háðar voru hér í Reykjavík og hæstv. fjmrh. fjallaði nokkuð um hér í stað þess að reyna að afsanna þær tölur og upplýsingar sem við lögðum fram. En við skulum skoða aðeins þetta skattafrv. í ljósi þeirra forsendna sem hæstv. fjmrh. og þessi eini hugdjarfi þm. Sjálfstfl. og stjórnarliðsins, hv. þm. Friðrik Sophusson, hafa treyst sér til að verja hér í þingsölum. Við skulum skoða 20% forsenduna sem þeir eru svo ákafir í að sé raunhæf.

Alþýðusamband Íslands sendi frá sér í dag upplýsingar. Ég vænti þess að þeir félagar sem nú sitja hér hlið við hlið, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og hv. þm. Pétur Sigurðsson, taki enn þá mark á Alþýðusambandi Íslands. Og ég ætla að vona að hv. þm. Þorsteinn Pálsson taki líka mark á Alþýðusambandi Íslands í þessum efnum. A. m. k. tekur Björn Þórhallsson miðstjórnarmaður í Sjálfstfl. og varaforseti Alþýðusambands Íslands mark á Alþýðusambandi Íslands. Og hvað segir Alþýðusamband Íslands um þetta frv.? Hvað segir hagdeild Alþýðusambandsins um þetta frv.? Hagdeild Alþýðusambandsins hefur ekki þurft marga daga eins og BJ til að átta sig á þessu frv. Alþýðusamband

Íslands gat einfaldlega lesið það sem í frv. var og þurfti ekki að bera það fyrir sig, hvorki í Ríkisútvarpi né hér í þingsalnum, að menn hefðu ekki haft tíma til að skoða það sem liggur alveg augljóslega fyrir. Og Alþýðusambandið leyfir sér að miða við þá 20% forsendu sem fjmrh. vill endilega halda að þjóðinni.

Alþýðusambandið tekur þrjú dæmi af venjulegu launafólki. Fyrst af einstaklingi með 250 þús. kr. tekjur á árinu 1983. Það eru ekkert sérstaklega háar tekjur í þessu landi. Samkvæmt útreikningum Alþýðusambands Íslands er skattbyrði þessa einstaklings á árinu 1984, miðað við 20% forsenduna eins og talsmenn Sjálfstfl. eru alltaf að halda að okkur hér í umr., 18.5%, en var á árinu 1983 16.18%. Og eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur rækilega bent mönnum á í umr.: Þótt þau 2% sem þarna skilja á milli kunni að virka lítil við fyrstu sýn, þegar þau eru færð yfir í raunveruleikann og tekjuöflun manna, þá er hér í raun og veru um mjög mikla þyngingu að ræða — þyngingu sem getur numið milli 10 og 20% aukningu skattbyrði hjá þessu fólki. Þetta er miðað við tölurnar sem hæstv. fjmrh. segir að eigi að miða við.

Við getum tekið dæmi af einstæðu foreldri með barn yngra en 7 ára, vegna þess að búið er að halda að mönnum hér í umr. að þetta frv. geri eitthvað sérstaklega vel við barnafólk. Og hver er niðurstaðan af þessum útreikningum, líka miðað við 20%, sem hæstv. fjmrh. vill miða hér við? Niðurstaðan er líka aukning á skattbyrðinni, 8.5% 1983, 9.81% 1984.

Og við skulum taka þriðja dæmið og halda okkur enn við þessi 20%, forsendurnar sem okkur er sagt að séu hinar réttu, og taka hjón með tvö börn, annað yngra en 7 ára. Ég minni aftur á að okkur er sagt að þetta frv. geri sérstaklega vel við barnafólk. Hver er niðurstaðan? Skattbyrði þessa fólks var 1983 13.1%, en verður 1984 14.87%.

Það liggur þess vegna alveg ljóst fyrir, að þótt menn taki þær forsendur sem hæstv. fjmrh. og hv. þm. Friðrik Sophusson í barnaskap sínum hafa haldið að sönnuðu að hér væri um minnkandi skattbyrði að ræða sýna þær þvert á móti að hér er um verulega aukningu á skattbyrði venjulegs launafólks að ræða. Hefði ekki verið miklu heiðarlegra hjá þessum hæstv. ráðh. og hjá þessum hv. þm. að koma einfaldlega hér og segja að þeir hefðu ekki treyst sér til að leggja fram skattalækkunarfrv.? Það er hverfandi minni hluti þjóðarinnar sem þetta frv. hefur í för með sér einhverja lækkun hjá. Það hefði verið miklu heiðarlegra, miklu eðlilegra. En í staðinn er settur á svið hér mikill áróðursleikur til að telja fólki trú um það að hér séu á ferðinni efndir á kosningaloforðum Sjálfstfl. um skattalækkun.

Það var að vísu eitt sem var athyglisvert í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar. — Þó ég skilji ósköp vel að hæstv. fjmrh. og hv. þm. Friðrik Sophussyni líði hálfilla við að sjá þessi dæmi rakin svona ofan í sig, þá fyndist mér skemmtilegra að þeir væru hérna í þingsalnum. (**Fjmrh.:** Ég er hérna). Það er gott. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. ætti greinilega að notfæra sér betur þá sérfræðinga sem sitja þarna við hliðina á honum áður en hann tekur næstu lotu við að reyna að verja þetta frv.

En það var sérstaklega hv. þm. Friðrik Sophusson sem ég ætlaði að gera hér að umtalsefni, vegna þess að það var eitt mjög skemmtilegt við ræðu hans þegar hann var að reyna að sanna að þetta væri minnkandi skattbyrði. Það var það að hann gleymdi garminum honum Davíð. Hann gleymdi stjórn Sjálfstfl. á Reykjavíkurborg. Hann tók enga ábyrgð á stjórn Sjálfstfl. á höfuðborginni. Hann sagði í raun og veru: Vík frá mér Davíð, því einungis á þann hátt get ég hér með reikningskúnstum í ræðustól fengið út smávegis lækkun á þeim sköttum sem eru færðir á reikning ríkisins í skattgreiðslum einstaklinga. — En um leið ætti hann að taka tillit til skattanna sem hver og einn verður að borga til Gjaldheimtunnar og þess sem Davíð leggur á, stjarna Sjálfstfl. í höfuðborginni, foringi Sjálfstfl., hugsanlegur formaður Sjálfstfl. í framtíðinni, sem væntanlega er líka að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í Reykjavíkurborg. Væntanlega ætlar hv. þm. Friðrik Sophusson ekki að halda því fram hér að Davíð Oddsson sé ekki að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í Reykjavíkurborg. Það væri a. m. k. ærið fróðlegt ef sú yfirlýsing kæmi hér fram. En ef sá anginn af stefnu Sjálfstfl. yrði tekinn með í dæmið veit hv. þm. Friðrik Sophusson að niðurstaðan er nákvæmlega sú sem ég hef hér verið að rekja. Ef lögð er saman fjármálastjórn Sjálfstfl. á ríkinu annars vegar og fjármálastjórn Sjálfstfl. á borginni hins vegar er niðurstaðan auðvitað stórfelld þyngin skatta. Hvort tveggja er væntanlega stefna Sjálfstfl. Og ég spyr formann Sjálfstfl.: Er ekki svo? Er ekki verið að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í Reykjavík? Ég spyr: Er ekki verið að framkvæma stefnu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík? Já eða nei. Það dugir ekki þögn við því. Já eða nei. Þorir formaður Sjálfstfl. ekki að svara því hér hvort það sé verið að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í Reykjavík? Stefna Sjálfstfl. í Reykjavík er greinilega orðin eitthvert feimnismál. Kannske að fyrrv. forseti borgarstjórnar þori að svara því hér: Er verið að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í Reykjavík? (**Fjmrh.:** Ekki á þeim forsendum sem þú gefur þér hér og nú.) Ég er ekkert að spyrja um mínar forsendur. Ég er bara að spyrja: Er Davíð Oddsson að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í Reykjavík? Já eða nei. (**Fjmrh.:** Að sjálfsögðu.) Að sjálfsögðu, auðvitað. Hér kemur maður sem þorir, Þorsteinn Pálsson. Hér kemur maður sem þorir að svara, en situr ekki þegjandi úti í sal, eins og núverandi formaður Sjálfstfl., og þorir ekki að segja orð þegar spurt er um stefnu Sjálfstfl. (**PS:** Þingsköp segja að það tali einn í einu.) Ég gaf hv. þm. Þorsteini Pálssyni tækifæri. (**PS:** Það er forsetinn sem á að gera það, ekki þú.) Það er nú eitthvað nýtt ef hv. þm. Pétur Sigurðsson er að spyrja forseta um það hvort hann megi segja hér einhver orð við aðra menn í ræðustól. En það eru kannske einhver sérstök þingsköp sem gilda um þennan nýja formann Sjálfstfl.

Þar með hefur það verið viðurkennt hér af hæstv. fjmrh. að það er verið að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í Reykjavík. Auðvitað. Nema hvað. Bæði er verið að framkvæma stefnu Sjálfstfl. hjá ríkinu og stefnu Sjálfstfl. hjá borginni. Niðurstaðan er sú, að árið 1984 munu Reykvíkingar borga hærri skatta en þeir hafa gert í áraraðir. Um það verður ekki deilt. Það stendur hér eins og stafur á bók og frá þeirri staðreynd getur Sjálfstfl. ekki hlaupið. Það sýnir kannske að formaður Sjálfstfl., hinn nýi, er nokkur vitmaður að hann skuli bara þegja í þeirri umr. Hann veit að því færri orð sem sögð eru um þessa framkvæmd, því betra. (**PP:** Það ættu fleiri að taka sér það til fyrirmyndar.) Ég get vel skilið að hv. þm. Páll Pétursson óski eftir því að það sé ekki

sagt mikið um þessa umr., enda hefur það greinilega komið fram að Framsfl. hefur ekki sagt orð í þessari umr. Og það hefur vakið athygli að helsti skattasérfræðingur Framsfl., núv. hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson, sem almennt var nú talinn hér mestur vitmaður um skattamál í þinginu á undanförnum árum, hefur ekki sagt orð í þessari umr. (**Sjútvrh.:** Ég hef ekki komist að.) Jú, jú, það er alveg hægt að komast að og umr. er ekki búin enn, hæstv. sjútvrh. Það væri kannske fróðlegt að fá hæstv. sjútvrh. hér upp á eftir og fá álit hans á því hvort hann ætlar líka að koma hér og rökstyðja að þetta sé lækkun á sköttum. Það væri skemmtilegt að sjá hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson fara í gegnum þá fingraleikfimi hér að reyna að sýna fram á að í þessu fælist raunlækkun á sköttum íbúa þessa lands. En auðvitað gerir hann það ekki. Auðvitað veit hæstv. sjútvrh. að svo er ekki, enda hefur það aldrei verið á stefnuskrá Framsfl. að lækka skatta með þessum hætti. Að því leyti er Framsfl. miklu heiðarlegri í sinni afstöðu til þesa frv. en Sjálfstfl. (**Sjútvrh.:** Ég hef alltaf viljað hækka skatta.) Já, einmitt, alltaf viljað hækka skatta sagði hæstv. sjútvrh. Honum hefur með þessu frv. orðið að ósk sinni. Alltaf hef ég viljað hækka skatta, sagði hæstv. sjútvrh. Það er eins og ég hef löngum sagt, að það dettur upp úr Framsfl. hér í þingsalnum við og við sannleikurinn um þessa stjórnarstefnu, bæði í sjávarútvegsmálunum og nú í skattamálunum. Það væri gaman að heyra hvað hæstv. fjmrh. hefði um þessa nýjustu yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. að segja. Þessi skattaumræða verður skemmtilegri því fleiri ráðh. sem blanda sér í hana. Þess vegna var e. t. v. viturlegast hjá hæstv. sjútvrh. að ganga úr þingsalnum að þessum orðum sögðum, því hann þarf í raun og veru ekki að segja meira. (**Sjútvrh.:** Ég heyri í þér.)

Það liggur fyrir í þeim gögnum sem hagdeild Alþýðusambands Íslands hefur lagt fram, að sé miðað við algenga tekjuhópa launafólks í þessu landi og sé jafnvel gengið út frá þeirri vitlausu 20% forsendu í tekjubreytingu sem fjmrh. hefur gefið sér, þá er hér um skattíþyngingu að ræða. En sé miðað við raunhæfari tekjuforsendur er skattíþyngingin að sama skapi meiri. U. þ. b. helmingur af hjónum í þessu landi hefur í kringum 500 þúsund og þar yfir. Þá er raunhækkun skatta samkvæmt þessari framkvæmd á stefnu Sjálfstfl. hér á Alþingi og í borgarstjórn Reykjavíkur tæplega 20%. Raunþyngning á skattgreiðslum launafólks í Reykjavík, helmings hjóna í Reykjavík, er tæplega 20%. Það er ekkert smáræði. Raunskattabyrðin hækkar á þessu fyrsta ári sem Sjálfstfl. fer með stjórn Reykjavíkurborgar og ríkisins um fimmtung.

Hv. þm. Friðrik Sophusson var að reyna að draga úr þessari staðreynd með því að gera því skóna að 500 þúsund væru ærið miklar tekjur hjá hjónum og þess vegna væri skrítið að menn væru að nota þessa viðmiðun. En ég spyr hv. alþm.: Finnst mönnum það svo há tala þegar þessi upphæð er í raun og veru ósköp svipuð og þm. fá einir fyrir vinnu sína hér? Finnst mönnum það sérstaklega háar tekjur, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson var að gefa hér til kynna, að tvær manneskjur, karl og kona sem vinna árið um kring frá átta á morgnanna og fram undir kvöld, skili samtals tekjum sem eru álíka og þm. fær hér einn? Ef svo er eru a. m. k. eitthvað sérkennilegar yfirlýsingar margra kollega minna hér á þingi um að þingmannslaunin séu nú ekkert sérstaklega há. En þetta er viðmiðunin: Tvær manneskjur standa að baki þessari tekjuöflun sem þm. einn skilar til sinnar fjölskyldu. Og hv. þm. Friðrik Sophusson var að gera því skóna í svarræðu sinni að það væri svo há tala að það þýddi nú ekkert að miða við það. Það er um helmingur af hjónum í landinu fyrir ofan þetta mark og raunþyngning skatta hjá þeim er fimmtungur eða meira þegar Sjálfstfl. fer að framkvæma sína stefnu. Og verði tekjuþróunin í landinu sú sem iðnrh. hefur verið að gefa til kynna, sem fjmrh. hefur lýst yfir og fulltrúar hans á samningafundi við BSRB og sem formaður Sjálfstfl. gaf til kynna þegar hann birtist með Steingrími, verður þetta auðvitað enn meira. Það skyldi þess vegna enginn verða undrandi á því að þegar þetta frv. kemur til framkvæmda yrði raunþyngning skattabyrðarinnar kannske fjórðungur á einu ári hjá u. þ. b. helmingi af vinnandi fólki í þessu landi.

Þess vegna er það skiljanlegt að hv. þm. Friðrik Sophusson skuli hér í kvöld segja: Þessu verður breytt. Það er fyrsta yfirlýsingin um flóttann hér. Fyrsta kvöldið sem frv. er rætt á Alþingi kemur varaformaður Sjálfstfl. hér upp og segir: Þessu verður breytt. Það er nú öll sannfæringin á bak við þetta frv. Hann gekk þá út frá 20% forsendunni frægu. Ef rauntekjurnar yrðu minni að hækkun milli áranna en 20% yrði þessu breytt. Og hæstv. fjmrh., þó að hann væri ekki eins yfirlýsingaglaður og varaformður Sjálfstfl., tók undir þessa yfirlýsingu. (Gripið fram í.) Forsenda frv., segir hæstv. fjmrh. Gott og vel. Við skulum taka þau orð gild, en við skulum hins vegar vona að það verði betri efndir á þeirri yfirlýsingu en kosningaloforðunum sem þeir sessunautarnir núna, hv. þm. Gunnar Schram og hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, gáfu kjósendum sínum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi fyrir síðustu kosningar. Annar lofaði að afnema tekjuskattinn algerlega. (**Fjmrh.:** Báðir.) Nú lofaði hæstv. fjmrh. að afnema alveg tekjuskattinn? Það er aldeilis. Þetta eru enn meiri svik en ég hélt þó. Ég hélt að hæstv. fjmrh. hefði bara lofað að lækka hann allverulega og afnema hann kannske á nokkurra ára bili. En ef hann hefur gefið virkilega sömu yfirlýsingu og hv. þm. Gunnar Schram, að afnema bara allt heila gillið, þá er vissulega rétt að hafa það í huga þegar þetta frv. er hér tekið til umr. (**GGS:** Þetta var í áföngum, Ólafur minn, og þetta var af almennum launatekjum.) Nú, var það í áföngum og af almennum launatekjum? Og áfangarnir voru kannske þannig að fyrst átti að hækka skattinn og svo átti að lækka hann eftir nokkur ár eða hvað? Og áfangarnir fyrst upp á við og svo niður á við eða hvernig áttu áfangarnir að vera, hv. þm. Gunnar Schram? Átti fyrsti áfanginn ekki að vera niður á við? Já eða nei. Átti fyrsti áfanginn ekki að vera niður á við? (**GGS:** Ég er ekki í neinni yfirheyrslu hjá þér.) Ja, það er alveg greinilegt, því þm. fór að svara hér, svo að það er eins gott að hann svari þá öllum spurningunum. En auðvitað þorir hann ekki að svara því að fyrsti áfanginn hafi átt að vera niður á við, vegna þess að hann veit að um leið væri hann búinn að gefa til kynna að hér væri um afgerandi svik að ræða. (**Fjmrh.:** Hvar er hann Guðmundur?) Hv. þm. og hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson spyr hvar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sé. Hann er á góðum stað og hann kemur. (**Gripið fram í:** Er hann í Ameríku.) Já, hann er í Ameríku, en hann kemur innan tíðar. Ég þekki hann það vel og við þekkjum hann báðir

það vel að hann mun heilsa ærlega upp á hæstv. fjmrh. þegar hann sér hvers konar skattafrv. hæstv. fjmrh. hefur lagt hér fram gagnvart launafólkinu í Reykjavík, þegar hann sér að fyrsta verk hæstv. fjmrh. í fjmrn. hefur verið að hækka skattana á Dagsbrúnarmönnunum, þegar verið er að leggja meiri skattbyrði á verkakonurnar í Framsókn og láglaunafólkið í Verkamannasambandi Íslands sem hér er á höfuðborgarsvæðinu. Hæstv. fjmrh. þarf ekki að kvíða því að það verði ekki heilsað upp á hann úr þeirri áttinni þegar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson verður kominn hingað til landsins.

En það er eitt afar athyglisvert við þessa umr. og það er þögn hæstv. fjmrh. og þögn hv. þm. Friðriks Sophussonar um eitt atriði í þessu frv. Það er eitt atriði í þessu frv. sem þeir hafa ekki minnst á. (Gripið fram í.) Það var rétt, hæstv. fjmrh., ekki minnst á. Það er hin mikla skattalækkun hjá fyrirtækjunum í landinu, sem þetta frv. hefur í för með sér. Það er vissulega um skattalækkun að ræða í þessu frv., en hún er ekki hjá fólkinu í landinu, hún er hjá fyrirtækjunum í landinu. (**Sjútvrh.:** Það er nú rangt.) Nú segir loksins hæstv. sjútvrh.: Það er rangt. Það er þá væntanlega á hinni forsendunni, eins og kom fram áðan í hans framíkalli, að allt hitt væri rétt sem hefði verið sagt úr ræðustólnum hér og nú. (**Sjútvrh.:** Langt í frá.) Ég er að vísu ekki með frv. hér fyrir framan mig, en mig minnir þó að samkv. þessu frv. sé tekjuskattur fyrirtækja lækkaður úr 65% í 51%. Er það ekki rétt, hæstv. sjútvrh.? (**Sjútvrh.:** Jú, jú.) Já, það er rétt. (**Sjútvrh.:** En það er ekki lækkun.) Nú, breyting úr 65% niður í 51% er ekki lækkun, segir hæstv. sjútvrh. Þetta er kannske einhver ný fiskihagfræði sem hæstv. ráðh. hefur tekið að beita eftir að hann settist í ráðherrastól. Samkvæmt öllum skilningi okkar hinna er breyting úr 65% í 51% lækkun. (**Gripið fram í:** Það var verðbólga, Ólafur minn.) Verðbólga einu sinni. Ætli hún verði ekki áfram? Er þá ekki hægt að lækka skattana hjá launafólkinu líka að sama skapi? (**Fjmrh.:** Það er gert.) Það er ekki gert.Það er nefnilega ekki gert, hæstv. fjmrh., eins og hér hefur verið rakið með fjölmörgum dæmum úr dæmasafni ríkisskattstjóra, úr dæmasafni Alþýðusambands Íslands og úr þeim dæmum sem einstakir þm. hafa hér lagt fram. Við skulum sjá til, þegar skattreikningar fyrirtækjanna koma fram, hvort þetta ákvæði muni ekki í reynd leiða til lækkunar á sköttum fyrirtækjanna.

Herra forseti. Eitt af þeim meginatriðum sem hæstv. fjmrh. flutti sér til varnar hér í ræðustólnum var að þeir sem hefðu fallið í kosningum í Reykjavík ættu ekki mikið að sýna sig á dekki hér á Alþingi. Hæstv. fjmrh. gerði sér sérstakt far um að svara mínum rökum með því að ég hefði fallið í Reykjavík, kjósendur, Reykvíkingar, hefðu hafnað mér, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, og ég ætti nú ekki mikið að vera að ybba gogg efnislega þess vegna. Mikið til í þessu, segir hæstv. fjmrh. hér í hliðarsal. En hvað hefur hæstv. fjmrh. sjálfur gert? Hvern studdi hann til að hafa forustu fyrir stjórnarmyndunum Sjálfstfl.? Mann sem Reykvíkingar höfðu hafnað á sama hátt og þeir höfðu þá hafnað mér samkvæmt skilgreiningu hæstv. fjmrh. Hverjum greiddi hæstv. fjmrh. atkv. í ráðherrasveit Sjálfstfl.? Manni sem Reykvíkingar höfðu hafnað. Hvern samþykkti hæstv. fjmrh. að gera að utanrrh.? Mann sem Reykvíkingar höfðu hafnað. Hver er munurinn, hæstv. fjmrh., á mér annars vegar og Geir Hallgrímssyni hins vegar ef við erum báðir í þeim flokki sem Reykvíkingar hafa hafnað? En það er réttlætanlegt að annar sé forustumaður fyrir stjórnarmyndun, ráðh. fyrir Sjálfstfl. og utanrrh. Íslands, en við hinir megum ekki einu sinni ræða hér lítið skattamál á Alþingi Íslendinga. (**Fjmrh.:** Mikill munur.) Hver er munurinn? (**Fjmrh.:** Hann er sá, að Sjálfstfl. vildi Geir, en Alþb. vildi þig ekki.) Sjálfstfl. vildi Geir. En að þú, hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, færir að halda því fram. Þessi orð verða nú að fá að lifa á spjöldum sögunnar. Sjálfstfl. vildi Geir, jahá. Það er nú ekki hægt að segja miklu meira eftir þessa yfirlýsingu. En það væri hins vegar gaman að sýna hæstv. fjmrh. ýmsar yfirlýsingar sem Albert Guðmundsson hefur gefið út hér á árum áður um það efni. Og hver var það reyndar sem fyrstur bauð sig fram gegn Geir Hallgrímssyni? (**Fjmrh.:** Albert Guðmundsson.) Albert Guðmundsson, það er rétt, núv. hæstv. fjmrh. Nei, ég held að svona málflutningur eigi lítið erindi inn í þessar umr. og það sé rétt fyrir hæstv. fjmrh. að hætta sér ekki út á þennan hála ís. Það er náttúrlega ekkert mál eins viðkvæmt fyrir Sjálfstfl. hér á Alþingi og þetta fall hæstv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar.

Í lok ræðu sinnar sagði hæstv. fjmrh. orðrétt: „Getur vel verið að á árinu 1984 taki lengri tíma að vinna fyrir sköttum.“ Hæstv. fjmrh. er þó ekki eftir allt alls varnað. Hann viðurkenndi í lok ræðu sinnar, í svari sem hann var að gefa hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að það gæti vel verið að það mundi taka fólk lengri tíma að vinna fyrir sköttunum sínum 1984 en 1983. Nú er bara spurningin hvort hæstv. fjmrh. skilur að þetta er nákvæmlega það sama og við hinir höfum verið að segja hér í umr. í allt kvöld, nema við höfum bara bent með talnalegum rökum á að þetta mundi verða. Það sem við hinir köllum skattbyrði og hæstv. fjmrh. hefur verið að neita hér er einfaldlega það, að það tekur fólk lengri tíma að vinna fyrir sköttunum sínum. Það getur vel verið að þegar hann orðar það á svona einfaldan hátt, vinnutími til að afla tekna fyrir sköttum, skilji hæstv. fjmrh. loksins að þetta sé meiri skattbyrði. Ég beini því til sérfræðinga fjmrn., sem hér sitja í hliðarsölum, að fara að orða innihald skattabreytinganna á þennan einfalda hátt svo að hæstv. ráðh. taki að skilja hvað í þessu felst. En það er einmitt kjarni málsins. Það mun taka fólk lengri tíma á árinu 1984 en 1983 að vinna fyrir sköttum.

Herra forseti. Það er alveg sama hvernig á þetta frv. er litið, hvort sem miðað er við 20% forsenduna sem í frv. er eða hvort miðað er við 14% forsenduna, sem í fjárlagafrv. er, hvað þá heldur ef miðað er við lægri tekjubreytingu sem hæstv. iðnrh. telur að sé raunhæf alls staðar í öllum tilvikum, ef horft er á tekjur venjulegs launafólks í þessu landi þýðir þetta frv. skattahækkun.

Hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir því að þetta mál fái meðferð fjh.- og viðskn. Alþingis. Það er sjálfsagt að taka undir það. Hitt held ég að væri rétt, að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar léti hæstv. fjmrh. fylgjast nokkuð rækilega með því hverju nefndin kemst að í athugun sinni á þessu máli, svo að hæstv. ráðh. verði ekki lengi sá eini hér í þingsalnum sem reiðubúinn er að halda því fram að þetta frv. feli í sér minni skattbyrði fyrir þorra launafólks í þessu landi.

Staðreyndin er sú, að í fyrsta skattafrv. ríkisstjórnar

Alberts Guðmundssonar, Geirs Hallgrímssonar og annarra þm. og forustumanna Sjálfstfl. eru lagðir á þjóðina meiri skattar en hún bar á árinu á undan. Það er skýrari dómur en nokkuð annað um það, hvernig þessir herramenn efna loforð sín. Þeir sögðu fyrir kosningar: Frjálsir samningar eiga að gilda á vinnumarkaðinum. Þeir sviku það. Það var frumloforð Sjálfstfl. í síðustu kosningum, að frjálsir samningar eiga að gilda á vinnumarkaðinum. Það var fyrsta kosningaloforðið sem þeir sviku eftir kosningar með svo afgerandi hætti að í Vestur-Evrópu hefur ekki verið ríkisstjórn í áratugi sem hefur jafngrimmilega fjötrað samninga á vinnumarkaði og þessi ríkisstj. Hitt meginloforðið var lækkun skatta og afnám tekjuskatts. Og þegar þeir leggja fram sitt fyrsta frv. um skattaefni er þetta loforð einnig svikið. Það, hæstv. fjmrh., munu Reykvíkingar örugglega muna næst þegar hæstv. fjmrh. og félagar hans í Sjálfstfl. eiga erindi við Reykvíkinga.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég held að nú sé svo komið eftir svo langar umr. að ég hljóti að gera grein fyrir atkv. mínu, sem verður á þann veg að ég mun að sjálfsögðu ekki styðja þetta frv. Það er ekki vegna þess að ég sé á móti hækkun skatta, ef allt væri með eðlilegum hætti hér í þjóðfélaginu, heldur er ég á móti því að fyrst séu skert stórlega kjör manna í landinu og síðan séu hækkaðir skattar til að færa fjármagn alþýðu manna yfir til fyrirtækjanna. Það er verið að gera hér. Málflutningur stuðningsmanna stjórnarinnar er gersamlega fráleitur hér í dag. Þeir ganga út frá þeim forsendum að menn séu að greiða skatta af hliðstæðum launum og þeir höfðu á s. l. ári. Það er rangt. T. d. nægir að benda hér á, að í 5. gr. frv. er talað um að barnabætur með börnum einstæðra foreldra skuli þó vera 12 þús. kr. með hverju barni o. s. frv. Í grg. segir síðan með sömu grein: „Hér er gerð till. um hækkun barnabóta. Til að þær haldi raungildi sínu“ — og takið eftir, hv. þm., — „sem hlutfall af tekjum milli áranna 1983 og 1984 þurfa þær að hækka um 20%.“

Þetta er blekking. Ég vil nota sterkari orð: Þetta er lygi. Þær halda auðvitað ekki raungildi sínu þegar þær hækka um 20%, þegar laun þessara sömu einstæðu foreldra hafa lækkað um 30%. Það er auðvitað engan veginn boðlegt að skila grg. með svona bulli og það ættu menn að leggja hér áherslu á.

Svona mætti auðvitað tæta þetta niður, vegna þess að hér hefur satt að segja lítið verið sagt í dag sem er sannleikanum samkvæmt. Það sem blasir við er að kjör launamanna í landinu hafa verið rifin niður og síðan bætist það við, að af þessum skertu launum er verið að hækka skatta.

En annað er enn þá fáránlegra: Hér hef ég setið á fyrri árum sem stuðningsþm. við ríkisstj. sem árlega lagði á menn svokallað sjúkratryggingagjald, sem ég hef ævinlega stutt og mun að sjálfsögðu gera áfram. Þá voru sömu menn og nú koma með frv. til l. um sjúkratryggingagjald að rífa sig hér yfir álögum og skattpíningu þeirrar ríkisstj. Hvað á svona málflutningur að þýða? Hvernig er hægt að bjóða okkur þm. upp á svona vitleysu?

Ég er alveg sannfærð um að það eru líka ósannindi sem segir í frv. á bls. 3 í grg.:

„Skatthlutföll tekjuskatts lækka bæði hjá einstaklingum og félögum.“

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í framsögu fyrir frv. til fjárlaga vegna fsp. minnar, þar sem ég gat ekki orðið honum sammála um að álagning á félög hækkaði, að það væri miðað við þau gjöld sem greidd voru, en ekki þau sem álögð voru. Það vill svo til að félögin stóðu verr í skilum en einstaklingar vegna þess að það er erfiðara að ná til þeirra. Það er auðvitað ekki hægt að halda uppi svona málflutningi. Þetta er allt saman eintóm vitleysa. Hins vegar á núv. ríkisstj. að bera þetta frv. fram, standa við það og segja í hverju það er fólgið. Þá geta menn svo gert upp við sig hvort þeir ætla að styðja það eða ekki. En það er ekki hægt að bjóða okkur þm. upp á að halda fram svona endemis vitleysu.

Hitt er svo annað mál og það má kannske segja hæstv. fjmrh. að lokum því að ég ætla ekki að halda hér mjög langa og skemmtilega ræðu: Auðvitað er einhver allra vonlausasta aðferð við að ná niður verðbólgu til einhverrar frambúðar að lækka í sífellu laun manna í landinu. Laun hafa hér verið skert meira, eins og ég hef sagt hér áður, en í nokku öðru landi Vestur-Evrópu, þó að hér hafi ríkt minni kreppa en í nokkru öðru landi Vestur-Evrópu. Þetta felur í sér að það er verið að taka peninga af launþegum í landinu og færa yfir til fyrirtækja og eignamanna. Allt annað eru ósannindi. Kjarkmaðurinn hæstv. fjmrh., sem hér hefur þó hert sig upp og svarað ýmsu játandi sem aðrir hafa ekki þorað að gera, á líka að svara þessu játandi. Þetta liggur á borðinu og hver meðalgreind manneskja sér þetta.

Ég skal ekki vera að tefja tímann. Þetta liggur nokkuð ljóst fyrir og ég ætla þess vegna að lýsa því yfir að ég mun ekki greiða þessu frv. til l. um breytingu á sköttum atkv. mitt, ekki vegna þess að ég sé andvíg skattaálagningu. Ég er einfaldlega stuðningsmaður samneyslumanna í þjóðfélaginu, en nota bene: þegar allir borga sinn hlut og taka sama þátt í rekstri þjóðfélagsins. Ég get hins vegar ekki með nokkru móti stutt frv. sem vinnur að því að ríku eignamennirnir greiði minna, en launamennirnir meira á sama tíma og laun þeirra eru skert. Það er alveg ljóst að þeir sem hafa fjármagnið í þessu landi hafa ekki orðið fyrir neinni kjaraskerðingu. Þeir sleppa. Það get ég alveg sagt ykkur, hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26). — Frh. 1. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er framhald umr. sem stóð í hv. d. að mig minnir í fyrradag um frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum. Talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa þegar rætt þetta mál allítarlega og það eru ekki mörg atriði sem ég ætla að víkja hér að í mínu máli. Ég tek eindregið undir þá gagnrýni sem fram hefur komið frá stjórnarandstöðunni varðandi þetta frv. og þær smánarbætur sem óhætt er að kalla svo, sem settar eru fram samkv. ákvæðum þess. Í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. var rakið með skýrum rökum um hversu óverulegar upphæðir er hér að ræða, ekki síst þegar tekið er tillit til þeirrar gífurlegu kjaraskerðingar sem fylgdi setningu brbl. um launamál sem gengu í gildi sama dag og þetta frv.

Það er fyrst og fremst 3. gr. þessara laga sem ég vildi

gera hér að umtalsefni, en hún er svohljóðandi:

„Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 150 millj. kr. umfram fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 1983 til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis á því ári. Fjmrh. setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.“

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. heyri hér mál mitt. Ef ekki óska ég eftir að hann komi í þingsalinn. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er hér við höndina.)

Hér hefur staðið yfir umr. um skattafrv. nærfellt í allan dag og menn hafa réttilega bent á að þar stefnir í hækkun skatta miðað við tekjur launamanna frá því sem er á yfirstandandi ári. En menn skyldu hafa í huga þegar rætt er um þetta mál, þessar smánar fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, að í rauninni er sú deila sem hér stendur yfir um 10—20% eða hvað það er mikið sem gera má ráð fyrir að skattar á launafólki hækki á komandi ári ef það frv. til l. sem hér var til umr. áðan yrði lögfest. Það eru óverulegar upphæðir miðað við það sem gera má ráð fyrir að lagt verði á hluta fólks í landinu, þ. á m. launafólks, með hækkunum á orkukostnaði til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Þegar ríkisstj. setti þessi brbl. hinn 27. maí s. l. bundu ýmsir vonir við að ákvæði þessarar 3. gr. brbl. drægju úr þeim álögum sem fólk hefur þurft að standa undir í sambandi við húshitunarkostnað, bundu vonir við að framhald yrði á þeim ráðstöfunum til lækkunar og jöfnunar á húshitunarkostnaði sem fráfarandi ríkisstj. hafði beitt sér fyrir, ekki síst í ljósi þess að þarna var gert ráð fyrir 150 millj. umfram það sem var í fjárlögum til þess að lækka og jafna húshitunarkostnað í landinu.

En hver hefur orðið reyndin? Hefur þessi upphæð og ákvæði þessara brbl. orðið til að lækka húshitunarkostnað þeirra sem hæstan kostnað bera og greiða a. m. k. 10—12 vikna launa á ári og margir miklu meira, sumir allt að 20 vikna laun og þar yfir, fyrir upphitun á íbúðum sínum? Maður skyldi ætla að nýta hefði mátt þessa upphæð til að lækka kostnaðinn og fjmrh. hefði sett reglur eins og lögin kveða á um til að svo mætti verða. Reyndin hefur hins vegar orðið önnur og hvernig gekk það nú fyrir sig? Þannig að hæstv. ríkisstj. kepptist við það á fyrstu mánuðum valdaferils síns að hækka gjaldskrár orkufyrirtækja í landinu þannig að þessar 150 millj. kr. eru brunnar upp án þess að til nokkurrar lækkunar komi. Þvert á móti hefur húshitunarkostnaður í landinu hækkað, rafhitunarkostnaðurinn og hitunarkostnaður hjá hinum dýrari veitum í landinu svo mjög að það nemur a. m. k. tveggja vikna launum lágtekjumanns. Og þegar við það bætist að gjaldskrár fyrir almennan heimilistaxta, ljós og eldun hefur hækkað meira liggur fyrir að orkukostnaður meðalheimilis hefur þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þeirra brbl. sem hér er leitað staðfestingar á hækkað um sem nemur mánaðarlaunum lágtekjumanns. Þetta er raunveruleikinn varðandi eitt meginatriðið um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum sem hér er leitað staðfestingar á. Þetta má nú heita samkvæmni í verkum eða hitt þó heldur.

Hér hafa verið til umr. í hv. Ed. Alþingis á undanförnum vikum brbl. sem ég fékk sett um miðjan apríl s. l. þess efnis að ráðh. orkumála hefði heimild til að hafa áhrif á heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar og gjaldskrár annarra orkufyrirtækja í landinu. Í umr. um það mál hefur hæstv. iðnrh. lýst því yfir að hann leiti ekki eftir því að þessi lög verði staðfest og framlengd heldur þvert á móti, svo að við vitum hvað hæstv. ríkisstj. hefur í huga um þessi efni. Hún vill á ný afhenda Landsvirkjun og öðrum orkuveitum sjálfdæmi í sambandi við setningu gjaldskráa sinna svo þær geti haldið áfram mun greiðar en hæstv. ríkisstj. hefur skammtað þeim á undanförnum mánuðum.

Hinn 10. maí eftir kosningar varð um það málamiðlun í fyrrv. ríkisstj. að gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði um 10% og átti það að gilda til júlíloka. Iðnrn. hafði neitað Landsvirkjun um hækkun, en vegna afstöðu hinna stjórnarflokkanna, Framsfl. og ráðh. Sjálfstfl., varð að samkomulagi að gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði um 10%. Síðan komu stjórnarskipti. Hinn 3. júní, um viku eftir að ríkisstj. settist á stóla, var Landsvirkjun heimiluð 19% hækkun gjaldskrár til viðbótar þeim 10% sem veitt höfðu verið og átti að duga umrætt gjaldskrártímabil, til júlíloka. Að því liðnu bað Landsvirkjun um 31% hækkun og fékk hana að fullu. 56% hækkun á heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar er veruleikinn. Afleidd hækkun á gjaldskrám orkuveitna almennt er 38.5% og þrátt fyrir niðurgreiðslur og að 150 millj. hafi verið ráðstafað að ég hygg nær að fullu ef ekki að fullu í auknar niðurgreiðslur, þá hefur húshitunarkostnaðurinn hækkað um 17.4% eða mun meira en þær smánarbætur sem launafólk hefur fengið á þessu tímabili og nema milli 9—10%, þ. e. í tveimur áföngum 8% og 4% eða 10 + 4% á lægstu taxta. Þessi hækkun orkukostnaðarins svarar til mánaðarlauna lágtekjumanns og þá er miðað við fullkominn frágang íbúðarhúsnæðis, ekki húsnæði sem missir orkuna að verulegu leyti út og er illa frágengið, lélegt vegna aldurs eða slæmrar einangrunar. Nei, miðað er við húsnæði, 400 rúmmetra húsnæði, sem eyðir ef olíukynt væri aðeins 13 lítrum á rúmmetra á ári. Og það er ekki sóunarhúsnæði sem hér er miðað við. Og samt er kostnaðaraukinn vegna orkuverðshækkana á tímabili þessarar ríkisstj. sem svarar mánaðarlaunum og svo koma hæstv. ráðherrar hér til að leita eftir staðfestingu á þessum brbl. og hafa á sama tíma gefið út að nú skuli bæta um betur í orkukostnaði heimilanna í landinu. Fyrirtækin, orkuveiturnar eiga að fá að dansa frítt, eiga að fá að verðleggja að vild orku sína óáreittar af ríkisvaldinu, ef ég hef skilið rétt hugmyndir ríkisstj., frá 1. febr. n. k.

„Fjmrh. setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis“ stendur hér í 3. gr. l. Ég hef spurt einu sinni áður í umr. hér á þingi að gefnu tilefni: Hverjar eru þessar reglur sem fjmrh. setur samkv. ákvæði þessara laga? Hefur hann sett reglur um þetta ákvæði? Hverjar eru þær reglur, hæstv. fjmrh., og hvernig skýrir hæstv. ráðh. það að þróun mála verði með þeim hætti sem hér er um að ræða undir heiti frv. sem er Frumvarp til laga um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum og kveðið er á um í l. að húshitunarkostnaður skuli lækka? Ég óska eftir svörum frá hæstv. ráðh. um þetta efni.

Guðrún Agnarsdóttir: Virðulegi forseti. Langt er liðið á kvöld og orð mín ná eyrum fárra, en þó vil ég enn ítreka afstöðu Kvennalistans til þessa sérstaka þáttar efnahagsaðgerða ríkisstj.

Yfirlýstur tilgangur ríkisstj. var m. a. að vernda kaupmátt lægstu launa og lífskjara þeirra sem þyngst framfæri hafa, vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa. Þó var þegar sýnilegt áður en til efnahagsaðgerðanna var gripið að þessi ásetningur fengi ekki staðist,

enda hefur tíminn síðan leitt í ljós að einmitt þeir sem þyngst framfæri hafa eru nú verst settir og allar skerðingar hafa bitnað mest á þeim.

Í þessu frv. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum eru forsendurnar of ómarkvissar og ekki í samræmi við tekjur. Þannig er dregið úr áhrifum þessara mildandi aðgerða með því að dreifa þeim of víða og þær rata því ekki helst þangað sem þeirra er mest þörf og duga skammt þar sem þær lenda.

Örfá dæmi: Tekjutrygging lífeyrisþega sem hækkar um 5% umfram laun og mæðra- og feðralaun sem hækka um 100% með einu barni, þ. e. 250—500 kr., eru aðgerðir sem beinlínis eru ætlaðar þeim sem verst eru settir. En er þetta upp í nös á ketti? Nei, báðar þessar aðgerðir eru allt of rýrar til að veita marktækan stuðning og eru miklu fremur í ætt við sýndarlátbragð.

Það er heldur ekki nóg að taka tillit til þeirra sem eiga börn undir 7 ára aldri, framfæri barna þyngist jafnan þegar þau eldast eins og glögglega má sjá af nýlegri könnun einstæðra foreldra. Nei, því miður, þessar mildandi aðgerðir eru of rýrar og of ómarkvissar til að duga. Þarna hefði átt að skammta mun rausnarlegar og ákveðnara þannig að byrðunum yrði mun jafnar skipt og hver bæri sem hann þolir.

Enn fremur hvað varðar persónuafslátt, þá hefði hann getað nýst betur ef ákvæðin hefðu ekki verið þannig að það sem ekki nýtist til greiðslu annarra gjalda rennur til ríkissjóðs. Frá þessu hefði mátt ganga betur.

Ég ætla aðeins að hafa þetta fá orð og hef lokið máli mínu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi heyrt alla ræðu hv. 5. þm. Austurl. en hann gerði að umræðuefni hækkun gjaldskrár Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja, ef ég tók rétt eftir, skömmu eftir að núv. ríkisstj. kom til valda, það er alveg rétt. Ég held að við getum verið sammála um að ekkert fyrirtæki, hvort sem það er Orkustofnun eða annað opinbert fyrirtæki, svo að ég tali nú ekki um einkafyrirtæki, getur lifað það af til lengdar að vera rekið alfarið á erlendu lánsfé, það er gersamlega útilokað. Og þannig er enn þá komið fyrir flestum af þeim orkuframleiðandi fyrirtækjum eða stofnunum sem við eigum að erlend skuldabyrði hefur hrjáð rekstur þeirra því rekstrarlán hafa verið tekin. Í þann farveg beindi síðasta ríkisstj. fyrirtækjunum frekar en leyfa eðlilegar hækkanir frá einum tíma til annars sem hefðu ekki verið íþyngjandi ef slíkar ákvarðanir hefðu verið teknar á réttum tíma. En við þær aðstæður sem eru enn þá við lýði er því miður þörf fyrir hækkun á gjaldskrám. Ég vona að þegar gjaldskrárhækkun verður leyfð og verður frjáls í byrjun næsta árs komi ekki til verulegra hækkana.

En ég skil ekki alveg þá ádeilu sem kemur frá hæstv. fyrrv. iðnrh. á framlag núv. ríkisstj. til húshitunar. Í tíð þessarar ríkisstj., eins og segir í 3. gr., er veitt stóraukin heimild til jöfnunar og lækkunar á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis og í því skyni er leyfilegt að verja allt að 150 millj. kr. en á fjárl. fyrir 1983, fjárlögum fyrrv. ríkisstj., var um 34 millj. kr. framlag til þessa liðs. Hér er því um verulega hækkun að ræða og í fjárlagafrv. fyrir 1984 er gert ráð fyrir enn frekari hækkun fjárveitinga til að jafna hitunarkostnaðinn eða samtals 230 millj. kr. þannig að ég skil ekki þá ádeilu sem kemur frá hæstv. fyrrv. iðnrh. í þessu efni. En ég verð því miður að segja að reglur hefur núv. fjmrh. enn ekki sett í þessu máli til framkvæmdar þessu ákvæði. Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem virðulegur þm. beindi til mín, kannske ekki á þann hátt sem hann hafði vonað eða kannske þó á þann hátt sem maður hefði vonað. Þessi svör gefa honum tilefni til að halda eina af sínum löngu og góðu ræðum. En þessi svör eru gefin af hreinskilni svo að það verður að hafa það þó að við verðum að sitja hér fram eftir nóttu ef hann ákveður að gera þetta að stökkpalli inn í nóttina.

Hvað varðar það sem 3. landsk. þm. gat um og talaði um ráðstafanir sem hér getur vil ég leyfa mér að benda á að þetta frv. kemur mjög mikið til móts við einmitt þá lægst launuðu og því verður ekki á móti mælt að persónuafslátturinn hefur hækkað verulega sem hlýtur að koma til góða þeim lægst launuðu frekar en öðrum.

Barnabætur hafa hækkað verulega, en samtals er þetta 225 millj. kr. hækkun og það er þó nokkur upphæð sem þessu láglaunafólki hlýtur að muna mikið um. Við stjórnarmyndunarviðræðurnar var mikið rætt um það hvort bæri að hafa barnabætur á eldri aldursflokkum eða þeim yngri. Það er ekki hægt að hafa þær á öllum börnum og eftir að um þetta hafði verið spurt hjá þeim sem best þekktu til varð niðurstaðan sú að það væri meiri aðstoð að börn innan 7 ára eða yngri börn eða foreldri, hvort sem það eru einstæð foreldri eða hjón, fengju þessar barnabætur á unga aldri þegar hjónin sjálf yrðu að búa sig undir lífið og þyrftu að standa í fjárfestingu fyrir sig sjálf ásamt þeim kostnaði sem barnið sjálft hefur í för með sér þegar það fyrst kemur í heiminn. Þannig að þetta er bara mat á því hvort þörfin væri meiri fyrir yngstu kynslóðina eða í kringum 12 ára aldur. Þetta varð niðurstaðan.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það væri vissulega ómaksins vert að reyna að koma hæstv. fjmrh. í skilning um það sem hann virðist ekki hafa uppgötvað enn, hvernig það megi vera að 150 millj. samkv. ákvæðum þessara brbl. frá 27. maí hafa glutrast niður án þess að koma þeim til góða sem þeim voru ætlaðar. Hæstv. ráðh. virðist ekki hafa áttað sig á þeirri einföldu staðreynd að það er tiltölulega auðvelt að taka burt með hækkunum það sem reynt er að koma til skila í þessu tilviki með niðurgreiðslu ef hækkanirnar nema meira en sem svarar því sem látið er á móti og ætlað var til lækkunar. Lækkunin á húshitunarkostnaði hefur ekki komið fram, heldur hefur orðið 17.4% hækkun á töxtum þrátt fyrir að varið hafi verið umtalsverðum upphæðum til niðurgreiðslna. Svo einfalt er það, hæstv. ráðh., og ég held að það hefði verið ómaksins vert fyrir hæstv. ráðh. að glíma við það verkefni að setja reglur um ráðstöfun þessa fjár eins og lögin kveða á um. Þá hefði honum e. t. v. auðnast að skilja samhengið í þessu máli, samhengi sem er nöturlegur veruleiki fyrir það fólk sem býr við hæstan hitunarkostnað í landinu. U. þ. b. þriðjungur þjóðarinnar ber þar margfaldar byrðar á við það sem hinir, um 60% landsmanna, bera, sem búa við mun lægri og flestir sem betur fer við bærilegan hitunarkostnað miðað við aðstæður hérlendis.

Hæstv. ráðh. vill afsaka þessi Kleppsvinnubrögð hæstv. ríkisstj. — því annað nafn er ekki hægt að gefa vinnubrögðum og lagasetningu af þessu tagi — með því

að fráfarandi ríkisstj. hafði ekki ætlað nema 35 millj. kr. samkv. fjárlögum til niðurgreiðslna á raforku. Ég kannast vel við þá tölu. Hún er inni í fjárlagafrv. og var ljóst og tekið fram við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga að þar væri um ónóga upphæð að ræða til að halda því niðurgreiðslustigi sem ráðgert var út árið. Hins vegar var gert ráð fyrir að þessi upphæð nægði sem næmi hálfu árinu miðað við að ekki yrðu óhóflegar hækkanir á gjaldskrám. En á þessum tíma, þ. e. um síðustu áramót, var enn að starfi nefnd skipuð fulltrúum allra þáverandi þingflokka á Alþingi sem vann að því í umboði iðnrn. að gera tillögur um tekjuöflun til að jafna og lækka húshitunarkostnað í landinu. Af hálfu þingflokks Sjálfstfl. vann í þeirri nefnd hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Þessi nefnd skilaði áliti um tekjuöflun til viðbótar þeim 35 millj. sem í fjárlögunum eru þann 28. jan. s. l. og var sammála um tillögur um tekjuöflun. Megintillaga nefndarinnar var að alla áherslu bæri að leggja á hækkun á raforkuverði til stóriðjufyrirtækja í landinu og nýta það fjármagn sem þannig fengist til að lækka húshitunarkostnaðinn. Það lá fyrir að með því að ná framleiðslukostnaðarverði af stóriðjufyrirtækjunum þannig að ekki þyrfti að greiða niður orkuna til þeirra mætti lækka húshitunarkostnaðinn hjá þeim sem hæstan kostnað bera um hvorki meira né minna en 60%. En ef þetta ekki næðist fram með skjótum hætti gerði nefndin tillögur um þrjá aðra möguleika til tekjuöflunar. Ég ætla hér ekki að fara að taka tíma manna til að fara að gera grein fyrir áliti nefndarinnar. Það hefur komið fram, því var dreift hér á hv. Alþingi og það hefur verið prentað sem fskj., m. a. við 104. mál í Sþ., till. til þál. um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði. Þar er nál. að finna.

Ég lagði þetta álit þegar fyrir ríkisstj. og óskaði eftir afstöðu. Ljóst var að Alþb. studdi heils hugar megintillögu nefndarinnar um að ná þyrfti fram stórhækkun á raforkuverði til Íslenska álfélagsins h/f. Framsfl. fékk till. nefndarinnar til umsagnar sem stjórnaraðili og hafði átt sinn fulltrúa í þessari nefnd, Guðmund Bjarnason hv. þm. En svo fór að Framsfl. gerði svofellda samþykkt í málinu 15. febr. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem ekki hefur enn tekist að ná fram hækkun á orkuverði til stóriðju sem nýta mætti til niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar samþykkir þingflokkur Framsfl. að ríkissjóður greiði niður til bráðabirgða verð á rafmagni til húshitunar af orkujöfnunargjaldi skv. l. nr. 12/1980 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. frá 5. maí 1982."

Þetta var nú afstaða Framsfl. um miðjan febr. s. l., en þá var hann hálfur kominn í tilhugalíf á bak við tjöldin við þáverandi stjórnarandstöðu, Sjálfstfl., eins og skýrt kom fram á þeim vikum sem þessir aðilar náðu saman í álmálinu og stóðu að sameiginlegri tillögugerð gegn mér og mínum flokki í því máli. Öllu hraklegri málafylgja hefur nú tæpast sést frá stjórnaraðila eins og þessi samþykkt þingflokks Framsfl. frá 15. febr. s. l. Þar sem tekið er undið áróðursplötu stjórnarandstöðunnar sem hátt glumdi á þeim tíma um svokallað orkujöfnunargjald sem nýta ætti til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Þar var um að ræða hækkun á söluskatti sem lögum samkvæmt skyldi renna í ríkissjóð, 1½%, sem samþykkt var í marsmánuði eða aprílmánuði 1980 og bar heitið „orkujöfnunargjald" og var að hluta til ráðstafað til hækkunar á olíustyrkjum eins og gert hafði verið ráð fyrir, svo og til annarra orkumála.

En Framsfl. taldi sér á þessum tíma sæma að taka undir þennan málflutning stjórnarandstöðunnar og nú sýpur hann seyðið af því, má segja. Með þeirri framkvæmd á lækkun húshitunarkostnaðar sem skv. orðanna hljóðan er í því frv. sem hér er til umr. var gerð till. sem ekki hefur náð fram að ganga, heldur hefur orðið hið versta öfugmæli.

Þetta er nú sagan um tekjuöflunina á yfirstandandi ári til að standa undir nauðsynlegri jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar í landinu. Framsfl. hefur fengið það sem verkefni með Sjálfstfl. að standa undir þessu og það hefur tekist svona til að í stað lækkunar hefur orðið um stórfellda hækkun að ræða á orkukostnaði heimilanna. Og ég heyri á hæstv. fjmrh. að menn geta átt von á frekari glaðningi á þorranum í þessum efnum. Hæstv. ráðh. gerir sér að vísu von um að þegar álagningin verði orðin frjáls, ef ég hef heyrt rétt til hans, muni fyrirtækin nota það frelsi hófsamlega og vissulega er ástæða til að vona að svo verði. En enga tryggingu höfum við fyrir því og reynslan af verðlagningu Landsvirkjunar á almenningsveitur í landinu þann tíma sem Landsvirkjun hafði þetta frelsi til að setja gjaldskrár frá ársbyrjun 1981 til 14. apríl 1983 vekur ekki mjög bjartar vonir um að hún nýti það frelsi sem henni er ætlað, ef ég skil hæstv. ráðh. rétt, frá 1. febr. n. k., með þeim hætti sem ástæða væri til að vona, beiti því hófsamlega og auki ekki álögur á almenning í landinu varðandi raforkukostnað frá því sem nú er. Því að það er í aðra átt sem þörf er að stefna.

Herra forseti, ég sé ekki ástæðu til að lengja þessa umr., en ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á því í hvert óefni stefnir og hvílíkt öfugmæli þessi lagasetning er varðandi húshitunarkostnaðinn. Og í rauninni blikna þau áform um hækkaða skatta á komandi ári sem hér hafa verið til umr. í dag hjá þeim byrðum sem því fólki er ætlað að axla vegna húshitunarkostnaðar víða um landið þar sem hann er hæstur fyrir og bætist þar við margháttaðar álögur og ójöfnuð sem þetta fólk býr við, fólk sem vinnur flest hörðum höndum við frumframleiðslu í landinu.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Mig langar að gera örstutta aths. við svör hæstv. fjmrh. Ég held að viðmiðun og mat ráðgjafa ríkisstj. í barnabótamálum hafi verið takmarkað eða rangt. Það skiptir að vísu máli hver heildarupphæðin úr ríkissjóði er, það er alveg rétt, en aðalatriðið er engu að síður hvar þær milljónir lenda. Rata þær í vasana sem minnst er í eða bætast þær ofan á ríflega laun foreldra sem t. d. eru alþm.?

Þó að framkvæmd slíkra uppbóta sé e. t. v. erfið í reynd er samt afar mikilvægt að hún sé réttlát. Og það atriði vildi ég undirstrika í máli mínu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Varðandi þá stuttu og góðu ræðu sem hv. 3. landsk. þm. flutti verð ég að segja að ég held að reynt sé að láta styrki sérstaklega til þeirra lægst launuðu renna í vasa þeirra lægst launuðu ef þeim á annað borð er ætlað inn í þann farveg. Og engin ástæða er til að ætla að þeir fari sérstaklega í vasa þm. eða barna þm. eins og mér skildist á málflutningi virðulegrar (**GA:** Þingmenn

eiga börn yngri en sjö ára.) Það getur vel verið. Það er nú svo að þm. eru ekki allir ríkt fólk, jafnvel þó þeir hafi kannske tímabundið hærra kaup en þeir eiga að venjast áður en þeir verða þm. og eru kannske í enn þá meiri fjárhagsvandræðum vegna þess að þeir eru komnir út úr sinni atvinnugrein þegar þeir hætta að vera þm. Þetta er eitt af því sorglega við að verða þm., þetta er svo óörugg atvinna.

En við skulum átta okkur á því að við erum ekki að tala um hátekjufólk frá því það verður þingmenn þangað til það hættir starfsaldri. Það er mjög röng hugsun. Þm. eru nefnilega yfirleitt ekkert auðugt fólk. Og ég þekki marga þm. sem ekki gátu farið í fyrri störf vegna þess að þeir höfðu verið í þingmennsku kannske tvö, þrjú kjörtímabil og áttu ekki afturkvæmt í fyrri atvinnugrein og höfðu enga aðra til að snúa sér að. Við skulum átta okkur á því að það eru láglaunamenn, alþingismennirnir líka, ef á heildina er litið. Það er mjög ótrygg staða, það vitum við, hugsa ég, bæði.

Hvað varðar málflutning hv. 5. þm. Austurl. þá er furðulegt hvernig ágætustu menn festast í faginu sem þeir hafa verið í. Það var margt gott að segja um hv. þm. þegar hann var hæstv. iðnrh. og ég var þeirrar skoðunar að hann hefði unnið mjög gott og þarft starf sem nýtist kannske sumt ekki fyrr en náinni eða jafnvel fjarlægri framtíð og ég álít að það hafi verið mjög góð vinna. En það er ekki þar með sagt að allt sé slæmt sem allir aðrir gera. Og ég fagna því að hans beittu skeyti eru ekki gegn frv. sem hér er á dagskrá í heild, heldur aðeins þeim lið sem sneri að hans fagi sem hæstv. ráðh. En ég vil ekki taka undir það að húshitunarkostnaður komi þeim ekki til góða sem hann eiga að fá, jafnvel þótt taxtar hafi hækkað um 17.4%. Það er þó þó nokkur upphæð sem kemur þarna til hækkunar á móti þegar framlagið úr ríkissjóði hækkar úr 35 milljónum í 150. Það er líka þó nokkur hækkun og hún er meiri í prósentum þó að það dreifist á það marga að það kannske lækkar þá krónutölu sem þarf til að mæta þessari 17.4% hækkun á töxtum, það getur vel verið.

En að hér sé um Kleppsvinnubrögð — eins og hann orðaði það — ég veit ekki, það getur vel verið að þetta séu ekki nógu góð vinnubrögð. En hvað má þá segja um fjárlögin sjálf sem áttu að skila 35 millj. kr. í þennan lið? Hvað má segja um fjárlög sem eru byggð á svo röngum forsendum að engir peningar — það veit fyrrv. hæstv. iðnrh. að þegar hann hvarf úr rn. var ekki króna til að reka rn. né í neinum þeim sjóðum sem áttu að vera til að reka rn. og að reka hans rn. út allt árið vegna þess að sú Kleppsvinna sem við var höfð við gerð fjárlaga fyrir árið 1983 var byggð á röngum forsendum og gerði það að verkum að ríkissjóður eða ríkisfyrirtæki og -stofnanir gátu rekið sig fram í apríllok. Það kalla ég ekki góð vinnubrögð.

Og það er það sem ég hef verið að reyna að koma í veg fyrir, þau vinnubrögð líka sem voru viðhöfð í fjmrn., að fjmrh. væri settur í þá aðstöðu sem ég ekki vil vera í, að búa til ný fjárlög frá degi til dags. Það er ábyrgð sem ég vil ekki hafa sjálfur og ég tel að enginn fjmrh. eigi að hafa. Þess vegna hef ég tekið upp allt önnur vinnubrögð og afgreiði ekki aukafjárveitingar einn og sjálfur, heldur með fjvn.-mönnum, hagsýslumönnum og öðrum þeim aðilum sem fara með fjármál og eftirlit með framkvæmd fjárlaga í ríkiskerfinu. Það hefði ég frekar viljað segja að nálguðust Kleppsvinnubrögð en það sem hér er lagt til.

Ég hef vissar áhyggjur. En ég hef þó það traust á kjörnum fulltrúum sveitarstjórna að þeir séu það ábyrgir að þeir fari ekki að hlaupa til og hækka umfram það sem bráðnauðsynlegt er í þjónuststarfsemi sveitarfélaga. Það þarf heimild eignaraðila Landsvirkjunar, þ. e. ríkis og sveitarfélaganna, Reykjavíkurborgar og Norðanmanna núna, til að taka ákvarðanir um gjaldskrárhækkanir. Þó Landsvirkjunarmenn sem rekstraraðilar séu ekki eignaraðilar eru sveitarstjórnarmenn m. a. í stjórn Landsvirkjunar. Og ég held að þeir séu alveg jafnábyrgir og traustsins verðir eins og við sem erum hér kjörnir fulltrúar á Alþingi. Þeir eru fulltrúar fólksins á sama hátt og við. Ég er búinn að vera samstarfsmaður sveitarstjórnarmanna í 14 ár hér í Reykjavík og haft samstarf við sveitarstjórnarmenn alls staðar að af landinu. Þetta eru ábyrgir menn, hvaðan sem þeir koma. Og ég treysti þeim til að íþyngja ekki sínum skjólstæðingum sem þeir eru fulltrúar fyrir umfram það sem annars yrði gert af brýnni nauðsyn af þm. ef ákvörðunarvaldið væri hér.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég þakka málefnalegar umræður um þetta frv. og vona að það fái eðlilega afgreiðslu í þessari hv. d.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. virðist enn velkjast í vafa í sambandi við hækkanirnar á hitunartöxtum. Á móti 17.4% hækkun þeirra koma engar greiðslur. Þessi hækkun stendur eftir þegar búið er að taka tillit til niðurgreiðslnanna sem éta upp 150 milljónirnar sem hann greiðir út úr ríkissjóði. Þannig að það er hrein aukning. (**Fjmrh.:** Þakka þér fyrir.) Mér þætti gott að hæstv. ráðh. rökstyddi það nánar og þá við annað tækifæri ef hér er ekki tími til þess. Það væri ágætt. Allt gjaldið í hitunartaxta hefur hækkað um 38.5% og sjálft orkugjaldið hefur hækkað um rösk 12%, meðaltalið út úr þessu eru 17.4%, að teknu tilliti til niðurgreiðslnanna.

Hæstv. ráðh. bendir á að í fjárlagafrv. fyrir 1984 séu 230 millj. kr. til niðurgreiðslna á rafhitun. Þessa tölu hef ég séð. En áttar hæstv. ráðh. sig á að sú upphæð hrekkur tæpast til að standa undir núverandi niðurgreiðslustigi, hvað þá að mæta nokkurri einustu hækkun á töxtum? Hefur hæstv. ríkisstj. gert sér það ljóst? Öll hækkun sem verður á töxtum, hitunartöxtum sem öðrum, á næsta ári kemur skv. þessu bótalaust til neytenda til greiðslu. Ég ætla ekki að vera með neinar fullyrðingar um hvað gerist 1. febr. þegar frelsið kemur til einokunarfyrirtækjanna sem eiga að fá það, einokunarfyrirtækja eins og Landsvirkjunar og rafveitna og hitaveitna sveitarfélaga því að einkaleyfi hafa þau. Við skulum sjá hvernig þau fara með frelsið, það eru ekki tveir mánuðir þangað til á þetta reynir. Það er best að reynslan skeri úr. En ég held að ástæða væri fyrir hæstv. ríkisstj. og þar á meðal hæstv. fjmrh. að átta sig á þessari stöðu sem við blasir.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég held ég fari rétt með þegar ég segi að einokunarfyrirtækin, eins og þau eru nú orðin, sérstaklega Landsvirkjun, af því að hv. þm. Austurl. tók hana sérstaklega til greina, hafi verið búin til af honum sem hæstv. iðnrh. fyrrv. og borgarstjórn Reykjavíkur með miklum andmælum frá mér. Og ég varaði við. Þannig að ég ætla

ekki að fara að verja það fyrirkomulag sem er við lýði, ég tel að það sé eins vitlaust eins og hægt er að hafa það og hefði átt að vera búið að breyta því í allt annað form fyrir lifandi löngu. Landsvirkjun sem verktakafyrirtæki átti fyrir lifandi löngu að vera komið af bakinu á orkuframleiðslufyrirtækjunum sem því var falið að byggja á sínum tíma. Þá hefðum við kannske allt annað orkuverð en við höfum í dag. Það er allt annað fyrirkomulag.

En það furðulega við málflutning hv. 5. þm. Austurl. er að þrátt fyrir að hafa verið ráðh. í síðustu ríkisstj. sem fyrir aðeins 6 mánuðum skilaði af sér með 1,2 milljörðum dollara í erlendum lánum, með tæpum 2 þús. milljónum í yfirdrætti í Seðlabanka Íslands og engum öðrum tekjumöguleikum en þessum lántökuleiðum, skuli hann enn þá halda að ríkissjóður geti verið eins konar banki eða tryggingastofnun án þess að hafa nokkrar tekjur til að standa undir. Ég get fullvissað hæstv. fyrrv. ráðh. að enn þá sé ég í botn í ríkiskassanum og ég get jafnvel speglað mig í honum ef ég lít niður. Svo galtómur hefur hann verið síðan ég tók við.

Og hvernig á að fjármagna allt það sem Alþb.-menn ýta svo á að skuli gera fyrir fólkið í landinu? Fólkið í landinu er farið að skilja þetta. Þessi málfutningur nær ekki lengur út fyrir þessa sali, hann nær ekki til þeirra sem eru innan þessara veggja. Fólkið skilur að við erum þjóð í vanda og getum ekki haldið áfram að lofa öllum gulli og grænum skógum. Hv. þm. Alþb. og þá sérstaklega fyrrv. hæstv. ráðherrar verða að fara að skilja þetta líka, koma niður á jörðina og hjálpa til að reisa þjóðfélagið úr þeirri rúst sem þeir skildu það eftir í. Öðruvísi náum við ekki saman. Það þýðir ekki lengur að halda áfram á þessari göngu sem það hafði verið á. Þið verið að fara að skilja hvað er að gerast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipun prestakalla, frv. 126. mál (þskj. 161). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 161 er frv. til l. um breytingu á lögum nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð. Í þessu frv. er lagt til að niður verði lagt annað prestsembættið í Vestmannaeyjum. Um tveggja áratuga bil höfðu verið tveir sóknarprestar í Vestmannaeyjum en nú síðustu sjö árin hefur annað prestsembættið ekki verið skipað. Hefur nú verið mælt með því á aðalsafnaðarfundi Ofanleitissóknar og héraðsfundi Kjalarnesprófastsdæmis að það verði lagt niður, með fyrirvara um að bætt verði við einum presti í svokölluðu farprestastarfi skv. 6. gr. laga um skipun prestakalla. Með því yrði jafnframt tryggt að gegnt yrði afleysingastörfum fyrir Vestmannaeyjaprest. Af augljósum landfræðilegum ástæðum eru vandkvæði á að forfallaþjónustu sé gegnt í Vestmannaeyjum með sama hætti og í öðrum prestaköllum. Jafnframt er ljóst að þörf er fyrir aukna starfskrafta við forfallaþjónustu á öðrum stöðum þar sem einn prestur hefur hvergi nærri annað þeim verkefnum.

Tekið skal fram að sóknarpresturinn í Vestmannaeyjum er þessari ráðstöfun samþykkur og kirkjuþing óskar eindregið eftir að þetta verði lögfest. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 30. fundur.

Fimmtudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, þáltill. 131. mál (þskj. 166). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Niðurfelling söluskatts af raforku, þáltill. 132. mál (þskj. 167). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nauðsyn afvopnunar, þáltill. 69. mál (þskj. 74). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fordæming á innrásinni í Grenada, þáltill. 74. mál (þskj. 79). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Húsnæðissamvinnufélög, þáltill. 95. mál (þskj. 116). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fullnýting fiskafla, þáltill. 110. mál (þskj. 137). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. 112. mál (þskj. 139). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stöðvun uppsetningar kjarnaflugvopna, þáltill. 114. mál (þskj. 141). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skýrsla iðnrh. um bráðabirgðasamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. (þskj. 59). — Frh. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér er tjáð að máli þessu hafi verið frestað til þess að ég geti borið hönd fyrir höfuð mér. Ég hef lesið þær ræður stjórnarandstæðinga sem um þetta voru fluttar og sé þar ekki margt sem gefur ástæðu til þess. Einkum mun vera vísað til þess að hv. þm. Svavar Gestsson mun hafa sagt að ég hafi átt leynifundi með forstjóra Alusuisse og reyndar var mér tjáð að hann hafi túlkað það sem landráð en hvergi finn ég það í ræðunni. Þetta er mikill misskilningur. Ég átti enga leynifundi með dr. Müller en þegar dr. Müller kom hér heim í nokkur skipti a. m. k. til viðræðna við páv. iðnrh. óskaði hann eftir því að ræða við einstaka menn hér, m. a. óskaði hann eftir að ræða við mig sem ég taldi sjálfsagt og fór ekkert leynt með það. Enda taldi ég að ég fengi þá tækifæri til þess að leggja áherslu á mikilvægi hækkaðs raforkuverðs sem í mínum huga hefur ætíð verið aðalmálið í þessu.

Ég veit ekki hvort ég á að fara að tala ítarlega um þetta mál. Það er búið að ræða um það lengi en ég vil þó segja það að ég tel mig hafa stutt hæstv. fyrrv. iðnrh. dyggilega í þessu máli allt frá því að hann lagði fram sína ákæru í ríkisstj. í desember 1980. Mér var að vísu legið á hálsi fyrir það og ýmsir töldu að ég væri ekki raunsær í þessum stuðningi og það væru ekki þau heilindi í þessari viðleitni hjá fyrrv. iðnrh. sem vitanlega hlutu og áttu að vera þar en ég tók aldrei undir það. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi orðið ýmis mistök í þessu máli sem hafi orðið okkur Íslendingum ákaflega kostnaðarsöm — upp á hundruð millj. — en ég ætla ekki að ræða það hér nánar; það er búið að ræða það ítarlega. Hins vegar skildu leiðir okkar þegar páv. iðnrh. taldi ekki fært að taka upp þær hugmyndir sem komu fram í till. Alusuisse ef ég man rétt frá 10. nóv. 1982. Þá urðu þáttaskil í málinu má segja því að þar var stungið upp á hlutum sem mér þóttu aðgengilegir með nokkrum breytingum, þ. e. leggja deilumálin um súrálshækkun í hafi og fleira þess háttar til hliðar í gerð og komast að aðalmálinu, þ. e. hækkun raforkuverðs sem ég hef alla tíð talið að væri aðalmálið og skipti okkur Íslendinga langsamlega mestu. Ég er ekki með því að gera lítið úr því að endurskoða framtal ÍSALs eins og gera bar árlega og því miður var ekki ætíð gert eins og samningar gera ráð fyrir. Engu að síður er það langsamlega stærsta hagsmunamál okkar Íslendinga að fá raforkuverðið hækkað.

Ég var ekki sammála þeim úrslitakostum sem sendir voru til baka til Alusuisse ef ég man rétt 21. des. 1982 og það voru margir fleiri innan þeirrar ríkisstj. ósammála þeim en komu ekki að þeim aths. sem þeir vildu. Ég stend nú aðeins upp af því að málinu var frestað mín vegna til að leiðrétta að það hafi verið um nokkra leynifundi að ræða. Því fer víðs fjarri og ég tel mig hafa reynt að stuðla að því að fram næðist mikilvægasti þáttur þessara mála, hækkun raforkuverðs.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. gat um þá var þessari umr. frestað af umhyggju hæstv. iðnrh. fyrir forsrh. Þannig var að við vorum að ræða hér um skýrslu iðnrh. um bráðabirgðasamning við Alusuisse og hv. 5. þm. Austurl. hafði rakið það mjög ítarlega hvernig þeir forráðamenn auðhringsins höfðu lagt sig fram um að tryggja að ákveðnir aðilar á Íslandi, m. a. þeir sem sátu þá með Alþb. í ríkisstj., hefðu sem mestan skilning á málefnum Alusuisse og hagsmunum þess, að ekki sé fastar að orði kveðið. Í ræðu, sem ég flutti við þessa umr., fór ég einnig yfir þessi mál og ræða mín og ræða hv. 5. þm. Austurl. eru birtar í Alþingistíðindum í 7. hefti í dálki 110—140 og þar geta menn lesið hvað það er sem við höfðum þar að segja og hæstv. forsrh. hefur nú einnig kynnt sér þann texta og hefur komist að þeirri niðurstöðu að þar hafi ekki verið um landráðabrigsl að ræða eins og hæstv. iðnrh., yfirmaður Rafmagnsveitna ríkisins með meiru, kallaði það í ræðu á Alþingi þann 24. nóv. s. l. En hæstv. iðnrh. komst svo að orði með leyfi hæstv. forseta:

„Mig langar að víkja því til hæstv. forseta hvort honum þykir ekki ástæða til að fresta þessari umr. og ljúka henni ekki nú, með beinni vísun til þeirra svikabrigsla og landráðabrigsla, sem hæstv. forsrh. hefur nú legið undir í fjarveru hans af hálfu hv. síðasta ræðumanns."

Síðasti ræðumaður, sem þarna er vitnað til, var sá sem hér stendur, en ég hafði farið nokkuð yfir þessi mál í ræðu minni og vitnaði ég þar í rauninni eingöngu til þess sem hv. 5. þm. Austurl. hafði sagt um þessi mál. Ég held, herra forseti, úr því að talið er óhjákvæmilegt að taka þetta mál fyrir hér á þessum fundi, þá gefi hv. sameinað Alþingi sér tíma til að ræða það ögn nánar. Ég hef ekki séð hvaða þingleg brýn nauðsyn væri til þess að ræða þessa skýrslu einmitt nú þegar mjög liggur á að við komum málum áleiðis hér á hv. Alþingi, þegar hver nýr forgangslistinn af öðrum lítur dagsins ljós frá hæstv. ríkisstj. um mál, sem þarf að afgreiða hér fyrir jól. Hér er ekki um að ræða mál sem þarfnast formlegrar afgreiðslu. Hér er aðeins um að ræða skýrslu iðnrh. um bráðabirgðasamning við Alusuisse, skýrslu sem ekki verður vísað til nefndar og er því hér aðeins til umr.

Ég held að úr því að stjórnarliðið kýs hins vegar að taka þetta mál hér upp núna á nýjan leik þá sé nauðsynlegt að nota það tækifæri til að rifja upp í málinu fáeinar staðreyndir. Meðan hv. 5. þm. Austurl. fór með iðnrn. voru gerðar rækilegar rannsóknir á hvernig þessi stóri auðhringur hafði tryggt sér gróða af viðskiptum við Ísland með yfirverði á aðföngum fyrir utan þann hagnað sem auðhringurinn hefur af því smánarlega lága raforkuverði sem hér er um að ræða.

Hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson hélt þannig á málum að óhjákvæmilegt varð fyrir þá aðila, sem stóðu með okkur í stjórnarsamstarfi á síðasta kjörtímabili, að taka undir það nauðugir viljugir, að

nauðsynlegt væri að fara í málatilbúnað á hendur auðhringnum þar sem reynt yrði að tryggja hækkun raforkuverðs. Það var auðvitað ekkert létt fyrir þá menn sem töldu að raforkuverðið hefði í raun og veru verið hið ágætasta frá upphafi. Það var ekkert létt fyrir þá að þurfa í bandalagi við Alþb. að knýja á um hækkun á þessu raforkuverði. En það fór svo að þeir neyddust til þess vegna þess að staðreyndirnar voru borðleggjandi og málatilbúnaður hófst á hendur hinum alþjóðlega auðhring.

Þegar svo var komið sögu reyndi hringurinn hins vegar ýmislegt til þess að tryggja stöðu sína hér á landi. Hann var í hættu með sína hagsmuni, taldi að óhjákvæmilegt væri að grípa til sérstakra ráðstafana til að valda sig í landinu. Og hann hóf til þess skipulegar tilraunir að tryggja sér sína menn, sín blöð og sína flokka á Íslandi. Alkunna er hvernig þessi auðhringur hefur á seinni árum og dótturfyrirtæki hans komið sér fyrir innan atvinnurekendasamtakanna, þar sem nú er svo komið að formaður Verslunarráðs Íslands er forstjóri ÍSALs. Þannig hefur þetta fyrirtæki lykilstöðu innan atvinnurekendasamtakanna á Íslandi, úrslitastöðu á gang mála á hverjum tíma á þeim bæ.

Það var einnig mjög athyglisvert í tíð síðustu ríkisstj. að fylgjast með því hvernig tilkynningar frá Alusuisse um gang samningaviðræðna birtust iðulega í Morgunblaðinu áður en þáv. hæstv. iðnrh. fékk þau plögg í hendur. Þannig hafði auðhringurinn tryggt sér sín blöð.

Um skeið virtist staðan hins vegar vera þannig að innan þeirrar ríkisstj., sem þá sat, væri möguleiki til þess að halda á málinu með þeim hætti að þar væri afgerandi samstaða. En svo gerðist það að einn þeirra manna, sem var í álviðræðunefnd fyrir hönd þáv. iðnrh., braust út, hélst ekki lengur við, hljóp í útvarp, sjónvarp og blöð og hér inn á hv. Alþingi með hástemmdar yfirlýsingar um að hann kærði sig ekki lengur um að taka þátt í þeirri þjóðarsamstöðu, sem Alþb. beitti sér fyrir í þessu máli í þáv. hæstv. ríkisstj. Þar með var víglínan holgrafin, þar með var víglínan sundurtætt af þeim sem síst skyldi. Það er kannske til marks um hvernig hæstv. núv. iðnrh. skilur hlutina að hann skuli telja það landráðabrigsl þegar staðreyndir mála eru raktar. Ég var aðeins að rekja hér staðreyndir mála eins og þær komu fyrir og koma fyrir í þessu efni.

Í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar var hins vegar einnig á það bent að forráðamenn auðhringsins höfðu hvað eftir annað efnt til leynifunda með ýmsum ráðamönnum hér á landi á bak við iðnrn., jafnvel með þáv. hæstv. sjútvrh. án þess að þáverandi iðnrh. væri þar kallaður til. Og Hjörleifur Guttormsson hv. þm. greindi frá því sérstaklega að í viðræðum sem fram fóru í tengslum við viðræður í lok mars 1982 þá hefði aðalsamningamaður auðhringsins hitt að máli 3 íslenska ráðherra. Þar hefði samningamaður auðhringsins lagt fram tillögur þeirra um það hvernig mætti leysa þessi mál, og þáv. hæstv. sjútvrh. hefði sagt sem svo að hann tæki vel í þessar hugmyndir, sem þarna væri um að ræða frá 25. mars 1982. Það þyrfti í raun og veru að breyta þeim lítils háttar, lagfæra þær aðeins. Ég komst þannig að orði í ræðu minni um þetta mál að hæstv. þáv. sjútvrh. og núv. forsrh. hefði tekið þessum tillögum með svipuðum hætti og hugmyndum á innanflokksfundi í Framsfl. og leiðrétt þær á hnjám sér eins og skólastíl og sagt sem svo: Þetta eru ekki svo vondar hugmyndir. Þó var hvergi minnst á hækkun raforkuverðs í þessum hugmyndum. Það var þetta sem ég var að gagnrýna og nota til að sýna fram á hvaða vígstaða það var sem var búin þáv. iðnrh. þegar hann var að slást við auðhringinn og reyna að pína fram hækkanir á raforkuverði þegar bandamaður okkar, núv. hæstv. forsrh., umgekkst hlutina með þeirri léttúð sem ég þarna rakti.

Auðvitað er alveg ljóst að Alusuisse treysti því að eiga hér á Íslandi menn og flokka og blöð, þannig að auðhringurinn þyrfti í raun og veru aldrei að koma til móts við hina íslensku hagsmuni og hinar íslensku kröfur í þessum málum. Hann treysti því að staðan væri þannig. Það var í rauninni eðlilegt að hann yrði ókvæða við þegar kröfugerð var hafin af fyrrv. ríkisstj. undir forystu Hjörleifs Guttormssonar þáv. hæstv. iðnrh. vegna þess að auðhringurinn treysti því að hann gæti ráðið þessum hlutum og haft þá í hendi sér um aldur og ævi.

Umr. um Alusuisse er hins vegar ekki bara umr. um rafmagn og kw-stundir og verð á kw-stundum. Umr. um Alusuisse og framkomu auðhringsins hér á landi er umr. um grundvallaratriði í íslenskum stjórnmálum. Það er umr. um það hvernig við eigum að tryggja efnahagslega og atvinnulega hagsmuni Íslendinga andspænis ásókn erlendra stórþjóða í þær auðlindir sem við óneitanlega höfum hér upp á að bjóða í landinu og í kringum landið. Í þeim efnum er fróðlegt að rifja upp hvernig erlendar stórþjóðir tryggðu sér aðgang að landhelgi okkar um árabil, gerðu nauðungarsamning við Breta og Vestur-Þjóðverja árið 1961 um að ekki mætti færa landhelgina út úr 12 sjómílum. Einnig væri fróðlegt í þessu sambandi að rekja hvernig sú umr. fór fram hér á hv. Alþingi og hvernig þeir stukku upp alltaf forverar hæstv. núv. iðnrh. og sögðu: Landráð, landráð, þegar bent var á staðreyndir í málinu. Það mátti ekki. Það mátti ekki fletta ofan af þeim, vinnubrögðum þeirra og viðræðum við hina erlendu aðila. Það mátti ekki segja satt. Það átti að reyna að hefta þá, sem flettu ofan af þeim, með því að vísa til þess að þeir væru sjálfir að fremja glæp gegn landi og þjóð þó að þeir, sem töluðu máli þjóðarinnar, væru aðeins að gera þá skyldu sem á að vera helgust hverjum þeim manni sem tekur sæti í þessari stofnun.

Hér er auðvitað um að ræða það grundvallaratriði hvernig er háttað samskiptum Íslendinga við útlendinga á hverjum tíma. Í ræðu sinni um þetta mál sagði hv. 11. þm. Reykv.:

„Þau viðskipti sem fela í sér sölu á íslenskum verðmætum úr landi á gjafverði og frekari áform þar um eru í rauninni ekkert annað en að selja landið í erlenda fjötra og af því höfum við Íslendingar miður góða reynslu í 1100 ára sögu okkar."

Það er þetta meginatriði sem hér er verið að takast á um. Vilja menn hneppa land og þjóð í þá sömu fjötra og menn börðust gegn um aldir í 7 alda nýlendusögu íslensku þjóðarinnar? Vilja menn á ný snúa við og ganga inn í þau björg sem erlend auðfyrirtæki og stórþjóðir geta búið þessari þjóð? Þess vegna er auðvitað hér verið að tala um grundvallaratriði. Þess vegna er ekkert skrýtið þó að það komi við tilfinningar manna þegar við þessum málum er hreyft. Það er ekkert undarlegt. En hitt hlýtur einnig að vera leyfilegt og eðlilegt að við sem ræðum um slík mál hér á Alþingi hljótum að hafa leyfi til þess að segja það, að okkur

blöskrar þegar erlendur auðhringur eins og Alusuisse virðist geta gert sér menn handgengna með þeim hætti sem varð hér á síðustu árum. Okkur sýnist að þessi auðhringur sé núna að verða í óskastöðu því miður. Þeir menn sem tala hér fyrir íslenskum málstað virðast ekki í ýkjamiklu baráttuskapi. Þeir eru í rauninni alltaf að réttlæta það að raforkuverðið skuli vera svona lágt. Þeir eru eins og sendimenn, eins og landafjandar, með leyfi hæstv. forseta, út um allar jarðir að leita að dæmum um hvar sé hægt að finna lægra verð. Og því lægra sem það er þeim mun ánægðari virðast þeir vera vegna þess að þá geta þeir sýnt fram á að málflutningur Alþb. sé ekki heill og eðlilegur í þessu máli.

Það er undarlegt að halda þannig á máli í baráttu við andstæðing að leggja sig í líma við að tína fram þau rök sem koma honum yfirleitt sem best í málunum. Það er sérkennilegur baráttumóður sem svellur þeim mönnum í brjósti sem þannig haga málum sínum. Auðvitað kom það okkur á óvart, og auðvitað var okkur og er skylt að segja frá því, þegar Alusuisse lagði fram sínar tillögur seint í mars 1982 þar sem ekki var minnst einu aukateknu orði á hækkun raforkuverðs. Þegar það mál er rætt við þáv. hæstv. sjútvrh., forsrh. og iðnrh., þá tekur formaður stærsta stjórnarflokksins málunum þannig að þetta sé í rauninni plagg sem megi gjarnan skoða þó að það sé hvergi minnst á það grundvallaratriði sem hann var hér sjálfur áðan að segja, að skipti auðvitað sköpum í þessu máli.

Alþb. hefur á undanförnum árum alveg frá árinu 1966 að álsamningurinn var fyrst hér til umr. lagt mjög þunga áherslu á að verðið á raforku til auðhringsins væri alltof lágt, langt undir kostnaðarverði. Ég man eftir því að hafa lesið það í þingtíðindum og hafa heyrt það sitjandi hér uppi á pöllunum sem þingfréttaritari að ýmsir talsmenn þáv. stjórnarandstöðu Framsfl. tóku mjög undir þetta með hið alltof lága raforkuverð. Man ég að framarlega var þar í flokki núv. hæstv. iðnrh. sem situr hér mér á vinstri hönd. Núv. hæstv. forseti Nd., Ingvar Gíslason, var þá talsmaður minni hl. iðnn. og hann lagði á það mjög mikla áherslu í ræðum sínum að hér væri um hinn mesta smánarsamning að ræða. Og þeir framsóknarmenn undir forystu Eysteins Jónssonar tóku mjög undir það og gengu hart fram í því máli að samningurinn við Alusuisse væri til marks um vanmetakennd, um minnimáttarkennd gagnvart stórum og erfiðum verkefnum.

Það mun hins vegar hafa verið svo að í Framsfl. á þessum tíma hafi ekki verið alger eining um þessa afstöðu þáv. formanns Framsfl. og núv. hæstv. forseta Nd. Það mun hafa verið svo að um það hafi verið deilt í Framsfl. hvort hann ætti að snúast gegn álsamningnum á sínum tíma. Og það skyldi ekki hafa verið núv. hæstv. forsrh. sem einn framsóknarmanna í miðstjórn þess flokks — eða framkvæmdastjórn eða hvað það nú var — hafi verið óánægður með þá afstöðu sem Framsfl. svo að lokum tók í málinu. Og það skyldi þó ekki hafa verið að það hafi spurst víðar en hér um land hvaða afstöðu núv. hæstv. forsrh. hefði í þessu máli. Þess vegna er þetta mál fyrir hann erfiðara og viðkvæmara en sennilega fyrir alla aðra forystumenn Framsfl. og það var athyglisvert að það var enginn flokksbróðir hans hér á Alþingi sem stóð upp og heimtaði að hann fengi að bera af sér landráðabrigsl eftir ræðu mína. Það var ekki svo. Það var þm. Sjálfstfl. af Austurlandi, hæstv. iðnrh., sem bað um hlé fyrir lagsbróður sinn, hæstv. forsrh. Það var enginn framsóknarmaður sem fann hjá sér þörf til að rjúka upp í þennan stól og heimta hlé á umr. af þessari ástæðu. Það var ekki svo, það var iðnrh. sem það gerði. Það segir kannske sína sögu þegar allt kemur til alls um þá stöðu sem þessi mál eru í.

Ég tel að núv. ríkisstj. hafi haldið illa á álmálinu. Hún hafi haldið þannig á því að hún hafi sett íslensku þjóðina í stóraukinn vanda og staða okkar í samningum núna á næstu mánuðum er lakari en hún hefði þurft að vera ef menn hefðu sameinast um þá tillögu, sem Alþb. gerði á síðasta kjörtímabili, að hækka einhliða raforkuverðið með löggjöf vegna þess að samningaleiðin hafði verið reynd til þrautar.

Talsmenn þáv. stjórnarandstöðu fullyrtu að það væri létt verk að ná raforkuverðshækkun strax. Það væri ekki gaufið í Hjörleifi Guttormssyni sem tæki við þar sem væri hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson. Það væri nú eitthvað annað. Það væri nú eitthvert annað ástand þar á bæ en áður hefði verið og þetta kæmi svo að segja alveg strax. En hæstv. núv. iðnrh. var ekki búinn að sitja lengi þegar hann fór að setja á ræður um að málið væri erfitt og þeir væru þungir í taumi þessir samningamenn Alusuisse. Auðvitað kom það í ljós líka að staða hæstv. núv. iðnrh. var þeim mun verri í málinu sem hann hafði gengið harðar fram gegn fyrrv. iðnrh. Sverrir Hermannsson, hæstv. iðnrh., veikir stöðu sína sem samningamaður fyrir Íslands hönd í álmálinu vegna þess hvað hann hefur snúist hart og öndvert gegn þeim sjónarmiðum sem voru sett fram undir forystu Alþb. í síðustu hæstv. ríkisstj. Ég vona hins vegar að þrátt fyrir það að núv. ríkisstj., forsrh. og iðnrh. hafi haldið illa á þessum málum þá gefist þjóðinni engu að síður möguleiki á því að tryggja hagsmuni sína í þessum efnum þannig að við fáum hér viðunandi raforkuverð og þannig að tryggt verði í framtíðinni að viðskipti auðhringsins við Íslendinga verði ekki með þeim hætti sem verið hefur.

Á síðasta fundi Sþ. þegar um þetta var rætt 22. nóv. greindi hæstv. iðnrh. frá niðurstöðum Coopers & Lybrand um yfirverð á súráli o. fl. og það kom í ljós að yfirverðið hafi verið 400 millj. ísl. króna á einu ári, 400 millj. ísl. kr. sem höfðu verið teknar út úr reikningunum áður en faktúrurnar voru gefnar upp til hinna íslensku aðila og erlent stórfyrirtæki þurfi til þess að finna út hvernig með hlutina hafði verið farið. Ég tel að þessi yfirlýsing og skýrsla hæstv. iðnrh. sem fékkst með eftirgangsmunum frá hv. 5. þm. Austurl. og þessi niðurstaða Coopers & Lybrand sýni kannske betur en allt annað að núv. iðnrh. verður í þessu efni að vera á verði. Hann verður að gæta þess að samþm. hans, t. d. úr Sjálfstfl., hagi málflutningi sínum ekki þannig hér í þinginu að þeir séu ævinlega fyrst og fremst í því að tína rök fyrir auðhringinn í þessu máli en ekki fyrir hina íslensku hagsmuni.

Ég er sannfærður um að eina leiðin til að tryggja samstöðu og árangur á Íslandi í senn í þessu máli er að fylkja sér um þá stefnu sem Alþb. hefur beitt sér fyrir í þessu efni og ég vona að núv. hæstv. iðnrh. sjái að sér áður en öll nótt er úti og stigi skref, sem dugi, til þess að hann átti sig á því að sú stefna, sem getur tryggt árangur, er sú stefna sem Alþb. hafði forustu um á síðasta kjörtímabili.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 3. þm. Reykv. lét að því liggja að það hefði verið vafasöm ákvörðun að taka þetta mál á dagskrá á þessum fundi. Ég vil af því tilefni taka fram að síðast þegar þetta mál var á dagskrá kom ósk um það frá hæstv. iðnrh. að fresta því. Það er góð þingvenja að verða við ósk þeirra sem eru í forsvari fyrir málum. Því var það gert.

Þá var gert ráð fyrir því að frh. umr. yrði á þessu ári, en það er hver síðastur með að svo geti orðið. Það hefðu verið óeðlileg vinnubrögð að hafa framhald umr. á árinu 1984. Það er hins vegar rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að nú er tíminn dýrmætur hjá okkur hér á Alþingi, en forseti á það undir hverjum þm. fyrir sig hvað hann telur hæfilegt að halda lengi áfram umr. um þetta dagskrármál á kostnað þess að öðrum verði vikið til hliðar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er auðvitað misjafn smekkur manna, einnig á því hvað telja megi svikabrigsl í orðræðum. Ágætt er það, og skal vera afskiptalaust af minni hálfu, ef þeir koma sér saman um það, hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. forsrh., að ekkert slíkt hafi falist í orðum hins fyrrnefnda á fundi þann 24. nóv. s. l. hér á hinu háa Alþingi, en minn smekkur er ekki á sömu vísu. Hér segir hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson svo með leyfi hæstv. forseta:

„Þarna sá álhringurinn að hann átti möguleika á að hafa áhrif á tiltekna einstaklinga hér á Íslandi. Og það var ekki of mikið sagt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér áðan. Íslenska víglínan var holgrafin um skeið vegna þess að það var ekki um það að ræða að þeir menn sem áttu að standa á vaktinni fyrir íslenska hagsmuni stæðu sig þar sem skyldi."

Það voru hæstv. núv. forsrh. og hans félagar sem holgrófu íslensku víglínuna til þess að erlendir aðilar, í þessu falli auðhringurinn, gætu sótt fram og unnið sér lönd.

Hér segir svo síðar, og þyrftu menn að fara að rifja upp fyrir sér Íslandssöguna í því tilefni, og þeir sem hér eru hafa væntanlega allir lært sín gömlu fræði þótt nú sé nýjabrum uppi um hvernig hún skuli lesin. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 1140 og vitna ég til ræðu hv. 3. þm. Reykv. Svavars Gestssonar:

„Það var athyglisvert sem fram kom í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, hvernig hann sýndi fram á það þegar Alusuisse var að gera sér menn handgengna hér á Íslandi með mjög svipuðum hætti og Noregskonungur gerði fyrr á öldum."

Hvernig skilja þeir, sem lærðu sína Íslandssögu, þessi orð? Síðar fannst á þessu nafn sem nú er alþjóðlegt. Það var þegar Hitler gerði mann nokkurn að nafni Quisling sér handgenginn á Noregsströndum árið 1940, svo að við tökum dæmi hið skemmsta frá okkur. Það hefur hver fyrir sig sinn smekk í þessu, hvað kallast eiga svikabrigsl eða landráðabrigsl, en þetta er nú minn smekkur. — Svo heldur áfram tilvitnuninni:

„Það kom fram að haldnir voru leynifundir með Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra og Steingrími Hermannssyni núv. hæstv. forsrh. til að fjalla um stöðuna í þessu máli á bak við þáv. iðnrh." Manninn sem fór með forustuna í þessu máli og bar höfuðábyrgð á því.

Þeir stunduðu baktjaldamakk, hæstv. núv. forsrh. og seðlabankastjóri, við erlendu aðilana í þessu máli. Ég veit ekkert hvað þetta heitir á máli hv. 3. þm. Reykv., en ég veit hvað ég nefni það og við það held ég í málafærslu minni. — Síðan segir svo áfram, herra forseti:

„Þessar upplýsingar sýna okkur auðvitað að Alusuisse treysti því að þurfa aldrei að gera samninga við íslensku ríkisstjórnina vegna þess að Alusuisse átti sína menn, sína flokka og sín blöð á Íslandi. Þetta er grundvallaratriði", segir svo, „sem þingheimur þarf að gera sér grein fyrir. Og það var ekki auðvelt við þessar aðstæður að knýja fram hækkanir á raforkuverði, þegar þeir sem síst skyldi voru í svikaförum gegn þeim iðnrh. sem með málið fór fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar."

Ég endurtek hamingjuóskir mínar til hv. aðila þessa máls, að þeim þyki sem ekkert sé í orðavali, en hef svo engu við þetta frekar að bæta. En eins og svalan sagði þegar hún bauð Trítli ánamaðkinn og hann vildi ekki: „Það er hver fyrir sinn smekk", og át hann sjálf.

Hér er það margendurtekið af hv. þm. Alþb. að núverandi stjórnarliðar séu að verja hið lága raforkuverð og þykist nú hafa himin höndum tekið og nefni til þess að gagnast nú álhringnum dæmi um slíkt. Því hefur verið margyfirlýst af minni hálfu að við höfum náð mjög skammt og allsendis ófullnægjandi fram í orkuverði í samningunum við auðhringinn. Við höfum hins vegar nefnt þröskuldana, sem hafa orðið á vegi okkar, eins og þann aðallega að nýlega hefur norska ríkið samið við Alusuisse um sölu á raforku á 9.9 mill til 1. júlí 1987. Við höfum marglýst því yfir að við höfum náð alltof skammt. Við höfum hins vegar nefnt dæmi um hið háa orkuverð sem til að mynda hefur orðið til þess að fjölmörg álframleiðslufyrirtæki í Japan hafa farið á höfuðið. Þetta eru líka staðreyndir. Við höfum ótal dæmi um mjög mismunandi orkuverð við álframleiðslu. Og það er hreinn útúrsnúningur að halda því fram að við séum með þessum dæmum að sýna fram á að við höfum náð einhverjum hrósverðum árangri. Við losuðum málið hins vegar úr sjálfheldu — sjálfheldunni sem Alþb. og þess fulltrúi voru búin að koma málinu í. Við náðum fram samkomulagi um að endurskoða aðalsamninginn, sem ekki hafði áður verið neitt ákvæði um, og það var meginatriði. Við eigum mestallt verkið eftir í samningunum við þennan harðsnúna auðhring. Og þá kemur til Teits og Siggu og því verður Alþingi látið fylgjast með frá tíma til tíma. Um það þurfið þið ekkert að efast. — Og vík ég þá að þeim fullyrðingum að ég hafi stungið skýrslu Coopers & Lybrand undir stól, sem hér barst á júnídögum.

Hvers vegna skyldi ég hafa gert það? Ég fullyrði, og bið nú hv. 5. þm. Austurl. að hlusta á mig, að hann er það kunnugur í þessum málum og raunar fleiri að hann hefði getað samið báðar skýrslurnar fyrir fram, álit Coopers & Lybrand eins og það kom á uppgjörsaðferðum Alusuisse og ÍSALs og svar Alusuisse. Hvernig stóðu þessi mál, svo að ég reki það aðeins örstutt? Ég var spurður um þetta líklega 11. eða 12. júní. Ég man þessar dagsetningar af því að ég var að koma af öðrum löndum, kom 10. júní og var spurður um þessa endurskoðunarskýrslu af blaðamanni Þjóðviljans. Ég tjáði honum, sem rétt var, að hún hefði ekki borist í mínar hendur. Hún barst í mínar hendur 14. júlí. (Gripið fram í.) Það er hægt að fletta þessu hér upp. (Gripið fram í.)

Hvað eru varaþm. að gapa hér? Vill ekki hæstv. forseti setja ofan í við þá? (**ÓRG:** Ég hef kjörbréf líka.) Þeir þurfa að kunna sig. Aðalmenn munu fyrirverða sig þegar þeir frétta um þessa framkomu. (**Forseti:** Ég bið þm. að hafa ekki samtal á fundinum, þó ég viti að hæstv. iðnrh. sé maður til þess að svara.) Ég get flett því upp hvenær þetta fór fram, því að það er bókað hér í þskj. og verður engu um það breytt. (**Gripið fram í:** Ráðh. var að enda við að segja að hann viti þetta mjög vel.) Ég man dagsetninguna nákvæmlega og mun ég nú vitna til þess. — Ég bið forseta að hafa þolinmæði með mér meðan ég finn þessu stað. (**Gripið fram í:** Það bíður allur þingheimur í eftirvæntingu.) Því get ég trúað og er það vel því að málið er auðvitað mikils vert.

Það var hinn 15. maí sem fyrirrennari minn hæstv. fól Coopers & Lybrand endurskoðunina, svo að sú dagsetning sé bókuð. Það var með bréfi 30. ágúst sem þetta var tilkynnt, enda var miðað við 1. sept. samkv. endurskoðunarákvæðunum. Mér barst þetta í hendur 14. sept. Þetta vita þeir sem fylgst hafa með málinu, en varamenn standa náttúrlega og gapa og gleypa vind út af einföldum atriðum eins og þessu. (Gripið fram í.) Og er þetta hér með leiðrétt. — Síðan fékk Alusuisse, sem lög gera ráð fyrir, frest til að skila andsvörum. Þetta hefur líka fyrirrennari minn gert og andsvör bárust á sínum tíma, og eins og ég segi: innihald þess gátu allir sem þekktu málið gert sér í hugarlund og sagt fyrir um.

Um hvað stóð þessi deila? Um hvað hefur deilan staðið nú? Hefur hún kannske staðið um fyrsta árásarefnið, um hækkun í hafi? Vilja ekki Alþb.-forkólfarnir skýra frá því hvað orðið hefur um þá ásökun? Aðaldeilan stendur um skattgjald og uppgjörsmáta Alusuisse. Hvernig gera menn sér nú í hugarlund að Alusuisse mundi gera upp fyrirtæki sitt, ÍSAL, fyrir árið 1982? Okkur hefur verið stefnt fyrir gerðardóm í New York vegna þessa máls. Coopers & Lybrand hafa gagnrýnt uppgjör ÍSAL á liðnum árum fyrir aðallega þrennt, fyrir of lágt álverð, fyrir of há aðföng á súráli og anóðum og fyrir of hraðar afskriftir hreinsivirkja. Þetta eru gagnrýniatriðin. Áttu menn kannske von á því núna að Alusuisse mundi breyta uppgjörsaðferðum sínum þann veg meðan málið er í dómi og gerð að Coopers & Lybrand hefði ekkert við það að athuga? Að sjálfsögðu datt þetta engum í lifandi hug. Auðvitað héldu þeir fast við sínar kenningar og sínar ákvarðanir um þetta efni og þetta gátu allir sagt fyrir, sem þekktu málið. Ég segi: Sem betur fer breytti Coopers & Lybrand ekki afstöðu sinni og áliti á þessum uppgjörsaðferðum. Hvernig hefði tiltekist og farið fyrir okkur í dómnefndinni, sem hefur með þessi skattaákvæði að gera, ef Coopers & Lybrand hefðu allt í einu fallist á uppgjörsaðferðir Alusuisse ? Að sjálfsögðu gerðu Coopers & Lybrand það ekki, heldur héldu fast við sína fyrri afstöðu, eins og kemur fram í minnisblaði sem mér barst um þetta, útdrætti úr skýrslunni. Þá segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um söluverð áls frá ÍSAL:

„Niðurstaða Coopers & Lybrand er því sú, að söluverð á áli frá ÍSAL hafi verið of lágt sem nemur samtals 2 millj. 682 þús. Bandaríkjadölum fyrir árið 1982."

Það eru sömu forsendur og áður um meðalverð á áli milli óskyldra aðila og þar er munurinn 3.2% á mati Coopers & Lybrand frá því sem ÍSAL heldur sig við í sínum uppgjörsmáta.

Þá er það í öðru lagi verð á aðföngum til ÍSALs eða súrálið. Þar segir svo:

„Niðurstaða Coopers & Lybrand er því sú, að súrál hefur verið verðlagt of hátt sem nemur samtals 1 millj. 331 þús. Bandaríkjadölum fyrir árið 1982."

Það er nákvæmlega sama afstaða og hafði komið fram á árunum þar á undan um þessi uppgjörsmál.

Og svo að lokum, sem mestu munar: Alusuisse hefur haldið því fram, að það hafi leyfi til að afskrifa hreinsivirkin það hratt að þau yrðu afskrifuð að fullu jafnt öðrum eignum sem eru í Straumsvík. En hreinsivirkin voru byggð miklu síðar, þannig að hér er um hraðari afskrift að tefla. Coopers & Lybrand halda því fram, að Alusuisse beri að afskrifa hreinsivirkin með sama hraða og upprunalegu eignirnar. Hér munar því fyrir árið 1982 um 9 millj. 99. þús. Bandaríkjadollara, þar sem Coopers & Lybrand álíta að Alusuisse afskrifi hreinsvirkin of hratt. Þar af leiðir, að þar sem Alusuisse álítur og bókfærir tap sitt vegna reksturs álversins í Straumsvík rúmlega 31 millj. dollara, þá álíta Coopers & Lybrand að hæfileg bókhaldsaðferð sé að telja það rúmar 18 millj. Bandaríkjadala. En þeir enda sína skýrslu á því, að þessar ofangreindu leiðréttingar á ársreikningi ÍSALs fyrir árið 1982 hafi ekki áhrif á skattgreiðslu fyrirtækisins fyrir það ár. Þetta er af þessu máli að segja.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Reykv., áleit að lausnin væri í þessu máli að fylkja sér um stefnu Alþb. Við höfum hlustað á langar ræður hv. 5. þm. Austurl., fyrrv. iðnrh. Hann er þeirrar skoðunar að við hefðum átt að halda áfram að reka mál okkar fyrir gerðardómnum í New York. Hann harmar það einna mest að við skulum hafa losað um þau mál og fundið skjótvirkari aðferð til þess að ná niðurstöðu, sem þó verður vafalaust ekki vefengt að hún muni skila réttlátri niðurstöðu þegar litið er til þess hverjir skipa þá dómnefnd. Þetta hefði m. a. leitt til þess að ekkert samkomulag var líklegt næstu tvö árin a. m. k. og við hefðum staðið undir ærnum kostnaði þess vegna. Það er að fylkja sér um stefnu Alþb. auðvitað, stefna þessu áfram í þá sjálfheldu sem þessi mál voru í. En núv. ríkisstj. er ekki þeirrar skoðunar. Hún mun til hins ítrasta reyna að sækja fram til bærilegra samninga. Það er of snemmt að spá eða segja fyrir um hvernig til muni takast. Þetta eru erfiðir samningar og við erfiðan aðila að fást, sem er Swiss Aluminium. Ég veit ekki hvort einhver hefur átt von á því að þeir mundu taka með einhverjum vinskaparhöndum á móti okkur í samningsgerð um þetta áliðjuver. Ég veit ekki hvort menn álíta að við höfum fyrri reynslu sem bendir í þá átt. Auðvitað reyna þessir menn að komast eins langt og þeir frekast geta í þessu sambandi. Það verða menn að gera sér ljóst. Þess vegna þurfum við auðvitað á öllu okkar að halda og, eins og ég segi, það er langt frá því að við séum komnir á leiðarenda. En við höfum þó náð því marki að við höfum losað okkur úr sjálfheldunni þannig að möguleikar hafi opnast á því að ná samningum og að við náum þeim kjörum sem við getum við unað. Það var ekki fyrir hendi áður. Og það er það sem ég tel ótrúlegt afreksverk að ná því svo skjótlega fram sem raun ber vitni um að losa okkur úr þeirri römmu sjálfheldu sem Alþb. var af ráðnum hug búið að flækja okkur í. Það taldi að vísu að það væri að vinna íslenskum hagsmunum vel. Það er hinn grófi misskilningur.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er athyglisvert þegar komið er við kaunin á hæstv. ráðherrum Sjálfstfl., að farið er að tala um að varaþm. eigi að hafa sig hæga. Hæstv. fjmrh. sagði hér í gær að varaþm. ættu nú ekki að vera að tala hér um skattamál og hæstv. iðnrh. segir nú að varaþm. ættu ekki að vera að tala um þetta mál hér.

Hverjir eru það sem hafa hafið varaþm. til mestrar virðingar hér á Alþingi? Það eru hæstv. ráðherrar Sverrir Hermannsson og Albert Guðmundsson. Í fyrsta lagi fólu þeir varaþm. Geir Hallgrímssyni að mynda ríkisstj. í sumar og voru ánægðir með það, í öðru lagi kusu þeir varaþm. Geir Hallgrímsson ráðh. og voru ánægðir með það og í þriðja lagi, á litlum klíkufundi sem var haldinn í skoti hérna niðri í húsinu, úthlutuðu þeir varaþm. Geir Hallgrímssyni utanrrh.-embættinu og voru ánægðir með það. Þessir menn ættu því að hætta að tala um varaþm., nema þetta séu allt saman dulbúnar árásir á Geir Hallgrímsson. (Gripið fram í.) Ja, það er að vísu stundum erfitt að átta sig á því hvar alvaran liggur hjá hæstv. iðnrh. Satt að segja minnir margt af því sem hann sagði hér í ræðustólnum áðan og hefur gert í þessu álmáli á ýmsa hótfyndni sem hann flutti á þingum áður og hefur greinilega flutt með sér yfir í ráðherrastólinn.

Hæstv. ráðh. fullyrti hér í ræðustólnum að hann hefði fengið þetta plagg frá Coopers & Lybrand í júní. Hann sagðist muna það vel. Hann hefði verið að koma frá útlöndum þennan dag. Þeir sem þekkja sögu Sjálfstfl. í jan. 1980 muna að hæstv. iðnrh. og þáv. þm. heldur dagbækur, sem hann las upp úr á flokksráðsfundi Sjálfstfl. við það tilefni þegar hann var að rifja upp samtöl sín og skilmála við myndun ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens. Það var sjálfsagt samkvæmt sama góða minninu og dagbókarfærslunum sem hæstv. ráðh. fullyrti áðan og hann myndi vel að hann hefði fengið þessa skýrslu í júní. (**Gripið fram í:** Hann sagði það áðan.) Ég kallaði fram í og ráðh. brást ókvæða við og leiðrétti sig og sagði: Kannske í júlí. Og ef við hefðum ekki haldið áfram að grípa fram í fyrir hæstv. ráðh. hefði hann farið héðan úr ræðustólnum með það bókfært í þskj. að hann hefði fengið þetta plagg í júní eða júlí. Og ég spyr: Er hæstv. ráðh. svo illa heima í öllum öðrum þáttum þessa máls að hann hefur það ekki í fingrum sér hvenær hann fékk lykilskjal í þessu máli, heldur heldur því hér fram hvað eftir annað, þótt þm. hér úr stjórnarandstöðunni séu að hjálpa honum til að leiðrétta hann, að hann hafi fengið þetta plagg í júní eða júlí? Það er kannske skiljanlegt að minnið bresti eitthvað hjá hæstv. ráðh. varðandi þetta mál, því að það er mjög algengt eins og áður sagði að menn reyni að týna óþægilegum atburðum í undirdjúpum sálar sinnar. Þessi skýrsla og dagsetningarnar í kringum hana eru nefnilega ærið óþægilegur atburður fyrir hæstv. iðnrh., svo óþægilegur atburður að hann skuldar þinginu skýrari og betri svör varðandi þetta mál.

Þegar loksins var búið að róta aðeins upp í minninu hjá hæstv. ráðh. hér áðan í umr. og leysa þá sálarflækju sem er í kringum þessa skýrslu sagði hæstv. ráðh. að hann hefði fengið þessa skýrslu 14. sept. Ég vil minna hv. alþm. á að seinni hluta ágústmánaðar og fyrri hluta septembermánaðar var lykiltímabil í samningum íslensku ríkisstjórnarinnar við Alusuisse. Það var úrslitatímabilið, þegar þessi hæstv. ríkisstj. var, svo að ég noti nú uppáhaldsorðtæki hæstv. iðnrh., að reyna að ná vopnum sínum í samningum við Alusuisse. Maður skyldi þess vegna hafa haldið að þessar vikur væru hæstv. ráðh. og samstarfsmenn hans svo vakandi yfir öllu málinu að þeir hagnýttu öll gögn sem í hendur þeirra bærust málinu til framdráttar og íslenskum málstað til rökstuðnings. Og nú, herra forseti, ætla ég að fara með nokkrar dagsetningar fyrir hæstv. iðnrh. og biðja hann að útskýra hér á eftir hvernig stendur á því að slíkt aðgerðarleysi var ríkjandi í hans rn. sem þessar dagsetningar bera með sér.

Það er greint frá því í Þjóðviljanum 7. sept., en blaðamaður blaðsins hafði samband við iðnrn. daginn áður, að skýrsla frá Coopers & Lybrand hafi borist stjórnvöldum í fyrri mánuði, í ágúst eða m. ö. o.: hæstv. iðnrh. þurfti ekki annað en lesa dagblöðin til að fá vitneskju um að hans ráðuneyti væri búið að fá þessa skýrslu í ágúst. Engu að síður kemur hæstv. ráðh. hér og segist ekki hafa vitað neitt um þessa skýrslu fyrr en 14. sept. En því hefur aldrei verið mótmælt, hvorki af iðnrn. né hæstv. ráðh., sem stóð í frétt Þjóðviljans 7. sept., að stjórnvöldum hefði borist skýrslan í ágúst. Og ég spyr: Hver tók við þessari skýrslu í ágúst, hæstv. iðnrh.? Hvernig stóð á því að hæstv. iðnrh. var ekki fengin skýrslan — eða er það kannske staðreyndin að hæstv. iðnrh. vildi ekki fá að sjá skýrsluna, hann vildi ekki fá þær sterku röksemdir fyrir málstað Íslands sem í skýrslunni fólust, hann vildi ekki fá sannað á Alusuisse á þessum lykilvikum svikasamninga þessarar ríkisstj. við Alusuisse, að Alusuisse hefði enn á ný stolið undan, hefði enn á ný verið staðið að sekt, yrði enn á ný að færa svikaskuld á reikning Alusuisse hjá íslenska ríkinu? Hæstv. ráðh. vildi ekki fá það upp á borðið og hann dró það þangað til í nóv. að skýra þjóðinni og þinginu frá þessari skýrslu um hin nýju svik. Hvers vegna, hæstv. ráðh.? Hæstv. ráðh. sagði hér áðan að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. iðnrh., hefði getað samið skýrsluna bæði fyrir Coopers & Lybrand og fyrir Alusuisse. (**Gripið fram í:** Hvað er að þér?) Ef skýrslan var þá svona léttvæg, svona ómerkileg, eins og hæstv. ráðh. lét að liggja áðan, hvers vegna mátti þá ekki segja frá henni? Hvers vegna var þá verið að fela hana þangað til í nóv.? Hvers vegna neitaði iðnrn. að gefa upplýsingar í málinu? Hvers vegna var skýrslunni stungið undir stól? Hvers vegna var neitað langt fram eftir öllum sept. að skýrslan hefði borist til rn. í ágúst? Hvers vegna var verið að fela hana þangað til í nóv.? Hverju var hæstv. ráðh. að leyna? Auðvitað er skýringin sú, að það passaði ekki í kram svikasamninganna, sem þessi hæstv. ríkisstj. var að gera í Zürich að afhjúpa nokkrum vikum áður en átti að undirrita samningana að Alusuisse hefði enn á ný verið staðið að svikum.

Og svo kemur þriðjudagurinn 13. sept., hæstv. ráðh. Það stendur líka í blöðunum, hæstv. ráðh. Hann þarf ekki að fletta upp í neinu minni eða einkadagbókum um það. Það stendur í Þjóðviljanum 13. sept., hæstv. ráðh.: „Mér hefur ekki gefist kostur á að líta á hana, hún er svo nýlega komin fram," segir hæstv.iðnrh. við blaðið. Er það virkilega svo, að hæstv. iðnrh. hafi verið svo önnum kafinn helminginn af sept. og góðan hluta af ágúst að hann hafi ekki mátt vera að því að líta á skýrslu um eitt stærsta mál sem hann hafði með að gera þegar

yfir stóðu samningar sem gátu skilað íslenska ríkinu millj. dollara, ef rétt var á haldið, í auknar tekjur, sem hefðu getað hjálpað verulega til að létta gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar og styrkja orkureikning landsmanna? Var hæstv. iðnrh. þá svo önnum kafinn að hann mátti bara ekkert vera að því að líta á þessa skýrslu, eins og hann segir hér í blaðinu 13. sept.? Hvað var svona mikið að gerast hjá hæstv. ráðh.? (**Gripið fram í:** Laxveiði.) Hér segir einhver þm. að ráðh. hafi verið í laxveiði. Við höfum að vísu mátt sjá skemmtilegar myndir af kommissaralaxveiðinni í víðlesnasta dagblaði landsins síðustu daga, en ég trúi því varla að laxveiðin hafi tekið þrjár vikur þó skemmtileg sé. Og þótt hv. þm. Tómas Árnason og ritstjóri Morgunblaðsins séu skemmtilegir veiðifélagar hlýtur það að vera eitthvað annað sem hæstv. iðnrh. var að gera. Hvað var hann að gera? Vill hann ekki fletta upp í hinu góða minni, sem hann var að lýsa hér áðan, eða sínum bókum og skýra hv. Alþingi frá því, hvaða annir voru svo mikilvægar, að ráðh. hafði ekki tíma vikum saman til að skoða þetta lykilgagn í málinu? Og ég spyr á ný: Hvernig stóð svo á því að það er fyrst núna í nóv. sem hæstv. ráðh. kemur til þingsins og þjóðarinnar og segir frá þessari skýrslu? Ef hún var svona ómerkileg, sem hæstv. ráðh. var að láta liggja að áðan, hvers vegna mátti ekki senda hana út sem fréttatilkynningu frá iðnrn. með kærri kveðju, Sverrir Hermannsson? Nei, það varð að bíða, ekki bara í nokkrar vikur ekki bara í nokkra daga, heldur í tvo mánuði, þangað til væri farið að fyrnast yfir Zürich-samninginn, þangað til hæfilegur tími væri liðinn frá Zürich-samningnum, þessum sem hæstv. ráðh. kallaði á blaðamannafundinum sem hann hélt, og fórnaði höndum til himins eins og dagblað hefur sýnt, ótrúlegt afrek.

Það voru þau einkunnarorð sem hæstv. iðnrh. gaf þessum samningi 13. sept.: Ótrúlegt afrek. En hvað sagði hann hér og nú um þennan sama samning, sem var afrek í sept.? Jú, hæstv. ráðh. sagði hér fyrir skömmu: Hann gekk allt of skammt. Hógvær og lítillátur sagði hæstv. ráðh.: Hann gekk allt of skammt. En það var afrek í sept., meira að segja ótrúlegt afrek. Hvað hefur gerst á þessum tveimur mánuðum, hæstv. iðnrh., úr því að það sem ráðh. taldi þjóðinni trú um í sept. að væri ótrúlegt afrek er nú allt í einu orðið samkomulag sem gengur allt of skammt? Er þetta kannske orðið eins og hjá fjmrh., að hlutirnir hlaupi upp og niður eftir því hvernig árar? Vill ekki hæstv. ráðh. koma upp í ræðustólinn og útskýra fyrir þinginu það sem hann sagði þjóðinni í sept., þegar ekkert þing var, í hverju þetta ótrúlega afrek fólst? Þingið hefur ekki fengið neina skýringu á því. Það var hins vegar reynt að telja þjóðinni trú um það. En ráðh. hefur ekki treyst sér hér á hinum lýðræðislega vettvangi þjóðarinnar að rökstyðja það, heldur kemur núna og segir: Allt of skammt.

Nei, hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson. Þessar dagsetningar skera í augun. Þessar dagsetningar krefjast rækilegra útskýringa. Og þessar dagsetningar vekja grunsemdir um að það sé eitthvað annað en fjárhagslegir hagsmunir Íslands og almennings í landinu sem stýri gjörðum hæstv. ráðh. í álmálinu, hæstv. ráðh. sé svo fjötraður af eigin pólitískum leikfléttum með forustu Framsfl. fyrr á þessu ári — á síðasta þingi — að hann geti í raun og veru ekki sinnt raunverulegum hagsmunum íslensku þjóðarinnar í þessu máli, en þurfi sífellt að vera að setja á svið pólitískar leiksýningar, kryddaðar orðatiltækjum úr fornsögum og hástemmdum yfirlýsingum til að dylja að hann er sjálfur orðinn fangi eigin orða, hann er sjálfur fangi þeirrar sögu sem hann óf með núv. hæstv. sjútvrh. og núv. hæstv. forsrh. fyrr á þessu ári.

Og svo segir hæstv. ráðh. hér að hann hafi auðvitað sent Alusuisse þessa skýrslu, — sem lög gera ráð fyrir, sagði hæstv. ráðh. í stólnum. Og ég spyr: Hvaða lög, hæstv. ráðh.? Vill ekki hæstv. ráðh. lesa upp þá samningsgrein sem knúði ráðh. til að senda þetta til Alusuisse, þannig að þingheimur megi fá að heyra þann lagabókstaf sem ráðh. var að vitna til áðan? Er hann til, hæstv. ráðh.? Ég held ekki. Ég held að hann sé hvergi til. Hæstv. ráðh. er kannske svo illa heima í þessu máli, eins og dagsetningatal hans gaf til kynna hér áðan, að hann viti ekki að samkv. þeim samningi sem gerður hefur verið hefur Alusuisse allan aðgang að endurskoðuninni meðan hún fer fram, þannig að það þurfti ekkert að senda þetta sérstaklega til Alusuisse. Það var bara yfirskin hæstv. ráðh., afsökun til að dylja fyrir þjóðinni hvað fólst í þessari skýrslu. Það var áframhald á sama feluleiknum. Og dagsetningaleikurinn sem ég var að rekja áðan gaf til kynna lítillætið og hógværðina, að hafa ekki séð skýrsluna, að hafa ekki lesið skýrsluna, vita ekki af skýrslunni og nú væri skýrslan komin til Alusuisse og yrði að vera þar o. s. frv., af því samningurinn, sem hæstv. ráðh. gerði við Alusuisse, stóðst ekki það að á sama tíma væri þjóðinni sagður sannleikurinn um hin nýju svik.

Hæstv. ráðh. Sverrir Hermannsson stendur ber að því að hafa falið fyrir þjóðinni vikum og mánuðum saman þessa skýrslu. Og ég spyr til viðbótar: Faldi hæstv. ráðh. þessa skýrslu líka fyrir samningamönnum Íslands? Fengu þeir menn sem hæstv. ráðh. hafði skipað í sumar til að semja við Alusuisse ekki heldur þessa skýrslu í hendur, þó að hún hafi komið í rn. í ágúst? Var kannske þannig haldið á málum af hálfu hæstv. ráðh. að þeim sem áttu að nota öll vopn sem tiltæk væru til að þrýsta á Alusuisse í samningunum væri meinað að vita af þessari skýrslu, þeim væri meinað að fá þessa skýrslu í hendur til að geta notað hana á lokastigi samninganna í ágúst og sept.? Það er sú spurning sem hæstv. ráðh. hefur ekki svarað enn. Hvenær fékk samninganefndin þessa skýrslu? Og hvers vegna var verið að leyna samninganefndina því að ný svik hefðu verið afhjúpuð hjá Alusuisse?

Það eru margar spurningar sem hæstv. ráðh. á enn eftir að svara í þessu máli. Og illt hefur það upphaf verið sem hæstv. ráðh. hefur staðið að í einhverju mesta fjárhagslega hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar, þegar það kemur í ljós nú í nóv. að í samskiptum sínum við þjóðina hefur hæstv. ráðh. fyrst og fremst kappkostað að leyna því að ný gögn væru komin fram í málinu. En hæstv. iðnrh. ætti að hugleiða að það sækir enginn ráðh. sigursamning í hendur Alusuisse nema með þjóðina á bak við sig, nema með Íslendinga svo sameinaða í þessu máli að hinn erlendi auðhringur sjái sig knúinn til þess að gera samning sem Íslendingar geta með réttu kallað sigursamning. En hæstv. ráðh. hefur brugðist þeim trúnaði. Hæstv. ráðh. hefur ekki sýnt þjóðinni það traust að deila með henni gögnum í málinu fyrr en um seinan.

Það getur vel verið að hæstv. ráðh. telji að hann geti sótt sigursamning í hendur Alusuisse án þess að njóta slíks trúnaðar hjá íslensku þjóðinni og slíks stuðnings, en það gerir hann ekki. Og við sem teljum að deilan við Alusuisse sé eitt stærsta hagsmunamál og sjálfstæðismál íslensku þjóðarinnar höfum alveg verið reiðubúnir að eiga við hæstv. ráðh. eðlilega samvinnu, veita honum eðlilegan stuðning, vera hluti af því baklandi sem sérhver fulltrúi íslensku þjóðarinnar þarf á að halda ef hann á að geta náð slíkum sigursamningi. En hæstv. ráðh. hafnaði því að fyrra bragði að fá þann stuðning Hann hafnaði því fyrst með því að velja samninganefnd sem eingöngu var skipuð trúnaðarliði ríkisstjórnarflokkanna. Þátttöku stjórnarandstöðunnar í samningunum var algerlega hafnað. Aðgangi stjórnarandstöðunnar að gangi samninganna var algerlega hafnað. Hæstv. ráðh. hefur hafnað þjóðarsátt um hvernig á álmálinu væri haldið. Hann átti kost á því. Alþb. fyrir sitt leyti útilokaði alls ekki að eiga slíkt samstarf við hæstv. iðnrh. Alþb. útilokaði alls ekki að leggja fyrir ráðh. í fullum trúnaði, í fullri einlægni, þá reynslu, þá þekkingu sem aflað hafði verið af þeim sem báru fyrst og fremst ábyrgðina á þessari glímu á undanförnum árum.

Menn geta deilt um hvernig haldið hefur verið á málum í það og það sinn. Það er alltaf hægt. En það verður ekki um það deilt að á undanförnum árum hefur verið safnað mikilli þekkingu, mikilli reynslu, miklu forðabúri, sem gæti hafa komið ráðh. að góðu gagni til viðræðna, til íhugunar og til samráðs, en hæstv. ráðh. hafnaði því. Hæstv. ráðh. vildi ekki þjóðarsamstöðu í álmálinu. Hvorki við þá fulltrúa, sem tæpur helmingur þjóðarinnar hefur kosið á Alþingi og skipa bekki stjórnarandstöðunnar, né heldur við þjóðina sjálfa, almenning í þessu landi. Ráðh. hefur í tvígang brugðist trúnaði sínum við þjóðina sjálfa í þessu máli, fyrst með því að gefa þjóðinni rangar upplýsingar um eðli samningsins sem gerður var í Zürich og reyna í áróðurstilgangi að stimpla hann sem ótrúlegt afrek og svo með því að fela þá skýrslu sem hér hefur verið gerð að umræðuefni.

Það væri æskilegt að hæstv. iðnrh. svaraði ýmsum af þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram. Það væri æskilegt að hæstv. iðnrh. upplýsti í heild þetta skýrslumál, vegna þess að það er lykillinn að tökum ráðh. á málinu, einkum og sér í lagi með tilliti til þess að þessir atburðir áttu sér stað á þeim vikum sem voru úrslitavikur í samningalotunni sem leiddi til samkomulagsins í Zürich.

Hæstv. ráðh. notaði það orðatiltæki hér áðan að Alþb. hefði af ráðnum hug, eins og hæstv. ráðh. sagði, sett málið í hnút. Það eru auðvitað ómerkilegar ásakanir, léttvægar ásakanir. En það er sérkennilegt að hæstv. ráðh. skuli detta það í hug og ég spyr þess vegna hæstv. ráðh.: Var það, svo að notað sé hans orðalag, af ráðnum hug sem hann kynnti sér ekki innihald þessarar skýrslu? Var það af ráðnum hug í öðru lagi, hæstv. ráðh., sem samninganefndin, sem stóð í hinni miklu glímu í ágúst og fyrstu viku í sept., fékk ekki heldur að sjá þessa skýrslu? Og var það í þriðja lagi af ráðnum hug, hæstv. ráðh., sem þjóðin fékk ekki að vita um þessa svikaskýrslu fyrr en nú í nóvembermánuði? Eða var þetta allt saman aumingjaskapur og hreinar tilviljanir, ruglandi í dagsetningum, júní, júlí, ágúst, september?

Hæstv. forsrh. hóf þessar umr. hér í dag. Það er stundum gott að hafa verið í Framsfl. (**Gripið fram í:** Finnst þér það?) Já, það var góð reynsla. Það var dýrmæt reynsla. Og ég er viss um að ýmsir hér inni litu veröldina öðrum augum ef þeir hefðu verið í Framsfl. (**TÁ:** Það er enginn vafi.) Nei, það er alveg rétt, hv. þm. Tómas Árnason, það er enginn vafi. Og við munum báðir, hv. þm. Tómas Árnason, þann mikla slag sem stóð í Framsfl. á miðjum áratugnum 1960—1970 um samninginn við Alusuisse. Við munum það vegna þess að þá stóðum við, ég og hv. þm. Tómas Árnason, saman. Þá vorum við ásamt ýmsum öðrum góðum mönnum í þeirri fjölmennu og traustu bakvarðasveit sem stóð á bak við páv. formann flokksins, Eystein Jónsson, og studdi hann ötullega og drengilega í því að hafna þessum samningi. Þá vorum við í þeim yfirgnæfandi meiri hluta innan Framsfl. sem hafnaði þessum samningi og sem hafnaði honum nánast á þeim forsendum að hann væri landráðsamningur, hv. þm. Tómas Árnason, hann væri landráðasamningur í þeim skilningi að það væri verið að selja auðæfi íslenskrar þjóðar á svo lágu verði og gefa erlendum auðhring slík ítök í íslensku efnahagslífi að sjálfstæði íslenskrar þjóðar yrði aldrei hið sama eftir sem áður.

En það var einn maður innan Framsfl., sem hægt var að telja til þess stóra hóps — 100—200 manna — sem kom saman til að móta stefnu flokksins, sem var á annarri skoðun. Hann var einn í stuðningi sínum við Alusuisse. Hann var einn í því að reyna að telja Framsfl. trú um að þetta væri góður samningur, það yrði að selja útlendingum auðæfin, þetta væri fínt verð, þetta væri sjálfsagt mál og Framsfl. ætti að styðja þennan samning. Hver var þessi eini, sem fyrir 20 árum eða svo var þá þegar farinn að flytja rök Alusuisse inn í íslensk stjórnmál? Það var Steingrímur Hermannsson, hæstv. núv. forsrh. Við sem munum þá sögu í Framsfl. skynjuðum þá strax hið undarlega kapp, hinn mikla þunga sem núv. hæstv. forsrh. lagði á að vinna hagsmunum Alusuisse brautargengi innan Framsfl. En þá hafnaði flokkurinn þeim sjónarmiðum nánast allur. Og það sýnir betur en nokkuð annað þá breytingu sem orðið hefur á Framsfl. að nú skuli ekki heyrast ein einasta rödd sömu ættar og það andóf sem við stóðum að þá, 1965 og 1966, hv. þm. Tómas Árnason og ég, hæstv. ráðh. Alexander Stefánsson, hv. þm. Páll Pétursson, hv. þm. Stefán Valgeirsson, hv. þm. Guðmundur Bjarnason o. fl.

Það verður að segja núv. hæstv. forsrh. til hróss, að ég efast um að hægt sé að finna nokkurt dæmi í íslenskum stjórnmálum um að einum manni skuli hafa tekist, með hjálp Alusuisse að vísu, að gera Framsfl. jafnalgjörlega og gert hefur verið að herfangi hins erlenda auðhrings. Eftir þessi 20 ár stendur fulltrúi Alusuisse innan Framsfl. 1965—1966 sem sigurvegarinn í þessu máli. Og öll hjörðin sem fylgdi Eysteini Jónssyni þá, Þórarni Þórarinssyni og reyndar Ingvari Gíslasyni forseta neðri deildar Alþingis nú, fylgdi þeim í þjóðfrelsisbaráttunni, hinni efnahagslegu sjálfstæðisbaráttu, situr nú þögul þegar hin nýja forusta Framsfl. gengur braut Alusuisse. Og okkur sem þekktum innviðina í Framsfl. — þess vegna sagði ég áðan að gott væri að hafa þekkt þá — sýnir þetta betur en nokkuð annað hvers konar breyting hefur orðið á þessum flokki, hvers

konar hægri umturnun, hvers konar afneitun á efnahagslegri sjálfstæðisstefnu og baráttu gegn erlendu valdi hefur orðið í þessum flokki.

Auðvitað vita það allir sem vilja vita, að Alusuisse hefur kappkostað öll þessi ár að koma upp hópi manna sem forstjóri Alusuisse hefur kallað á aðalfundi fyrirtækisins „vini okkar á Íslandi". Það er ekkert leyndarmál af hálfu Alusuisse á aðalfundum fyrirtækisins úti í Zürich að þegar flutt er skýrsla fyrir hönd stjórnar getur stjórnarformaðurinn sérstaklega um vini sína á Íslandi, — ekkert feimnismál, m. a. s. talinn einn helsti kostur fyrirtækisins að hafa komið sér upp slíkri vinahjörð innan þessa litla ríkis. Sá sem var meðal hinna fyrstu í þeirri vinahjörð er núv. hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson. Það er heldur ekki neitt leyndarmál fyrir þá sem fylgdust með álmálinu á s. l. árum að Alusuisse kallaði hvað eftir annað eftir þessari vináttu. Alusuisse lagði hvað eftir annað prófraun fyrir vini sína. Og prófið fólst í því, hverjir væru reiðubúnir að gera fyrrv. hæstv. iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni svo erfitt fyrir í álmálinu að hann gæti ekki náð samningum. Það var prófið. Framsfl. stóðst þetta próf með glæsibrag — slíkum glæsibrag að það yfirskyggði nánast þjónustu Sjálfstfl. við Alusuisse. Hvernig framkvæmdi Framsfl. þetta próf? Jú, núv. hæstv. forsrh. sat á sérfundum með forstjórum Alusuisse þegar þeir komu hingað til lands. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ráðumann hvað hann álítur að hann muni þurfa langan tíma í viðbót nú fyrir ræðu sína. Ég vil láta þess getið að ég hugði að hægt væri að ljúka umr. fyrir klukkan fjögur, en tveir eru enn þá á mælendaskrá. Við höfum þegar rætt þetta mál í fjóra daga og a. m. k. yfir tíu klst., þannig að það hafa óvenjumiklar umr. farið fram.)

Herra forseti. Fyrirrennari hæstv. forseta í forsetastól á Alþingi taldi þetta mál svo mikilvægt fyrr á þessu ári að hann hélt lengsta næturfund í allri forsetasögu sinni á undanförnum árum til að fjalla um þetta mál. Og fyrirrennari hæstv. forseta, núv. dóms- og kirkjumrh. Jón Helgason, gerði sér sérstakt far um að halda fram fundi til kl. 6 að morgni laugardags til þess að hægt væri að tala um þetta mál. Og voru þó aðeins þrír búnir að tala, herra forseti. T. d. komst ég ekki að í þeirri umr., þó löng væri. Ef ætti að svara hæstv. forseta af fullri hreinskilni er ljóst að um þetta mál má tala lengi dags, ef vilji ræðumanns væri að láta allt það koma fram sem ræðumaður vill láta koma fram í málinu. Hins vegar getur vel verið að ég geti annaðhvort gert hlé á ræðu minni nú eða gert hana styttri í trausti þess að umr. fái að halda áfram, herra forseti. (**Forseti:** Hv. þm. hefur ekki svarað minni spurningu. Spurningin var aðeins, hvort hann gæti gefið mér hugboð um hvað hann mundi tala lengi. Það hentaði mér að vita það vegna stjórnar á fundinum. Það er misskilningur hjá hv. ræðumanni, ef hann hefur haldið að það vekti fyrir mér að takmarka hans ræðutíma. Allt sem hann sagði af þessu tilefni á því ekki heima sem svar við spurningu minni.) Herra forseti. Ég var eingöngu að gefa til kynna að ég gæti verið til samkomulags við forseta um að stytta ræðu mína nú í trausti þess að umr. héldi þá áfram síðar. Það var eingöngu það sem ég var að gefa til kynna. Ég er alveg reiðubúinn í ljósi þess að reyna að ljúka ræðu minni einhvern tíma á tímabilinu 10 mín. í fjögur til kl. fjögur. (**Forseti:** Hér er ekki um það að ræða að gera neitt samkomulag við hv. ræðumann um þetta. Ræðumanni er frjálst að tala og hann hefur orðið.)

Já, ég þakka hæstv. forseta fyrir það.

Ég var kominn að því í þessari umfjöllun að gera grein fyrir því hvernig Framsfl. hefði fyrr á þessu ári hrundið í framkvæmd samkomulagi sínu við Alusuisse. Og ég segi samkomulagi Framsfl. við Alusuisse vegna þess að það var alveg ljóst á allri meðferð Framsfl. á þessu máli að samkomulag hafði verið gert milli forustumanna flokksins og forráðamanna Alusuisse og ÍSALs. Þetta samkomulag átti að fela í sér að taka málið úr höndum þáv. hæstv. iðnrh. og koma því í hendur einhverra úr þeim hópi sem forstjórar Alusuisse hafa kallað „vini okkar á Íslandi".

Fyrsta skrefið á þessari braut opinberlega var þegar Guðmundur G. Þórarinsson, þáv. hv. þm., sagði sig úr álviðræðunefndinni. Sú afsögn kom þingflokki Framsfl. þá á óvart. Það var enginn í þingflokki Framsfl. þá sem vissi af þeirri afsögn. Þannig er ljóst að upphafsskref þessa samkomulags hafa greinilega verið tekin innan innsta hrings flokksins í þessum efnum, af því þrieyki sem myndaði forustu flokksins þá í reynd, hæstv. ráðh. Steingrími Hermannssyni, hæstv. ráðh. Halldóri Ásgrímssyni og fyrrv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni. Það kom þó í ljós á fáeinum dögum að Framsfl. sætti sig við og studdi þessa ákvörðun.

Næsta skrefið var að varaformaður Framsfl., þáv. þm. Halldór Ásgrímsson, gerði samkomulag um það við stjórnarandstöðuna á Alþingi, að flytja tillögu sem fól í sér að taka málið úr höndum iðnrh. Svo mikið kapp var á það lagt að fá þessa tillögu samþykkta, að haldinn var hér lengsti næturfundur síðasta kjörtímabil, herra forseti, til að reyna að knýja fram umr. um það mál. Það var ekki fyrr en ég tilkynnti fyrirrennara hæstv. forseta að við Alþb.-menn óskuðum eftir því að morgunverður yrði fram borinn hér í þinghúsinu, svo að hægt væri að halda umr. áfram, að þáv. hæstv. forseti sá að sér og lauk umr., þegar dagaði hér á Austurvelli þann laugardagsmorgun.

En engu að síður var ljóst að Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og forusta Framsfl. höfðu svarist í bræðralag til að tryggja að hagsmunagæslan gagnvart Alusuisse kæmist í hendur vina Alusuisse.

Þriðja skrefið var fólgið í því að myndað var sú ríkisstj. sem nú situr. Forsrh. þeirrar ríkisstj. var traustasti, elsti og besti vinur Alusuisse innan Framsfl. í tvo áratugi og sjútvrh. þeirrar ríkisstj. var sá maður sem hér á þingi hafði gert bandalag við stjórnarandstöðuna til að ná fram tillögu til stuðnings málstað Alusuisse. Hefur reyndar síðar verið bætt um betur í þeim efnum með því að tengja stækkun álversins sérstaklega vanda íslensks sjávarútvegs.

Það kom fram fyrr í umr. á Alþingi að hæstv. núv. forsrh., þáv. hæstv. sjútvrh., hafði átt fund með fulltrúa Alusuisse áður en boðað var til formlegs fundar um málið. Það var ekki í eina skiptið. Og það verður að segjast að það eru nokkuð sérkennileg vinnubrögð ríkisstj. sem á í samningum við erlenda aðila að ráðh. láti hafa sig í það að vera að hitta viðræðuaðilana á fundum sitt í hvoru lagi og leyfa hinum erlenda auðhring þess vegna að beita hinu gamla rómverska vopni að deila og drottna. Það var það sem Alusuisse var að gera. Það var að deila og drottna í ríkisstj. Núv. hæstv. forsrh. tók manna mest þátt í þeim leik, á nákvæmlega sama hátt og hann hafði á áratugnum 1960—1970 reynt

að stuðla að því innan Framsfl. að Alusuisse tækist að deila og drottna í álmálinu innan þess flokks. Þá bar það að vísu ekki árangur innan Framsfl., m. a. vegna þess að hv. þm. Páll Pétursson og hv. þm. Stefán Valgeirsson og allur þorri flokksins höfnuðu algjörlega leiðsögn og ráðleggingum Steingríms Hermannssonar í álmálinu, en hafa nú hins vegar sætt sig við það — hljóðir og hógværir — að lúta þeirri leiðsögn.

Herra forseti. Þau eru mörg gögnin í álmálinu, en eitt er þó merkilegra en mörg önnur, það sem ég hef hér ljósrit af, dags. 25. mars 1982, skjal sem lagt er fram af fulltrúum Alusuisse. Á þeim fundi þegar þetta skjal var lagt fram fór hæstv. sjútvrh. þáv. og núv. hæstv. forsrh. að gera á því breytingar á hné sér. Þessar breytingar eru skráðar hér inn á skjalið. Það væri vel þess virði, þegar búin væri til handbók um hvernig erlendir auðhringir eigi að fara að því að deila og drottna í smáum þjóðríkjum, að birta ljósrit af þessu skjali með rithönd hæstv. forsrh., þar sem inn á eru færðar þær breytingar sem hann vildi samstundis fallast á og gera á málinu til þess að þjóna Alusuisse, strika út allar grunnkröfur Íslendinga, eins og hann hefur strikað þær út hér, og verða við óskum fyrirtækisins.

Þess vegna þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. að reyna að bera það af sér að hann hafi í þessu máli lengi þjónað hagsmunum Alusuisse. Það er skjalfest, m. a. s. með rithönd hæstv. ráðh. sjálfs, í þessu skjali hér. Og það var nokkuð merkilegt að heyra muninn á ræðum hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. hér í dag. Hæstv. forsrh. kom hér upp, vel sjóaður í 20 ára aðild sinni að vináttufélagi Alusuisse á Íslandi, hafandi staðist fyrstu prófin í Framsfl. á áratugnum 1960—1970 og staðið sig vel af hálfu Alusuisse, brást ekki þó allir aðilar væru á móti — hann kom hér upp í ræðustólinn og sagði að hann kippti sér nú ekkert upp við það þó að menn væru að nefna landráð eða eitthvað slíkt í þessum efnum. Hann sagðist nú hafa lesið þessar ræður, sem hér hefðu verið fluttar, og hann sæi ekkert athugavert sérstaklega í þeim. En svo kom upp hæstv. iðnrh., Vestfirðingurinn, hinn sanni Vestfirðingur, hinn upprunalegi Vestfirðingur. — Hæstv. forsrh. er bara aðfluttur fulltrúi Vestf. héðan úr vesturbænum. — En hinn sanni Vestfirðingur sá auðvitað muninn. Hinn sanni Vestfirðingur sá auðvitað að málið var alvarlegra en hæstv. forsrh. hafði séð. Hæstv. iðnrh. sá að þessu yrði að svara. Þrátt fyrir allt er það mikið eftir af þjóðlegu stolti, Vestfirðingseðlinu, í hæstv. iðnrh. að hann skilur hvað hér er á ferðinni, hann skilur hvað hér er í húfi.

Það vakti satt að segja nokkra von í brjóstum okkar hinna að þessi umr. skyldi þó snerta þessa strengi hjá hæstv. iðnrh., hann væri ekki orðinn jafnforhertur í vináttufélaginu og hæstv. forsrh. sem ekki kippir sér neitt upp við svona tal frekar en stökkt sé vatni á gæs. Þess vegna vil ég nú ljúka þessari ræðu minni, herra forseti, með því að ítreka það, sem fyrr var sagt, að Alþb. hefur ávallt verið reiðubúið að stuðla að þjóðarsamstöðu í þessu máli. Alþb. hefur ávallt verið reiðubúið að standa að baki þeim sem af heilum hug, djörfung, festu og þekkingu vilja halda þannig á málstað Íslands að Ísland sæki sigur í hendur Alusuisse. Og þótt hæstv. iðnrh. hafi í sumar hafnað að fyrra bragði slíku liðsinni með því að velja sér eingöngu samstarfsmenn úr liði stjórnarstuðningsmanna, og þótt honum hafi orðið á þau miklu mistök sem rakin hafa verið hér varðandi síðustu skýrslu Coopers & Lybrand skulum við engu að síður vona að Vestfirðingurinn, sem situr nú í stóli iðnrh., beri gæfu til þess að snúa við blaðinu í þessum efnum, beri gæfu til þess að sýna þjóð sinni trúnað og hætta að leyna fyrir henni gögnum í málinu, beri gæfu til þess að leita eftir samstarfi við þingið allt og þjóðina alla í þessu máli.

Það get ég sagt núv. hæstv. iðnrh. af heilum hug, að sú reynsla sem ég fékk af því að fylgjast með glímunni við Alusuisse á undanförnum árum, þeirri löngu glímu, kennir mér eina lexíu umfram aðra, að Alusuisse mun aldrei láta neitt af hendi sem umtalsvert er til Íslendinga fyrr en hinn erlendi auðhringur sér að íslenska þjóðin stendur sameinuð gegn honum. Daður við fulltrúa fyrirtækisins mun ekki skila neinum árangri. Kurteisleg glíma mun ekki heldur skila neinum árangri. Jafnvel verk ýmissa þjálfuðustu samningamanna íslenska ríkisins mun ekki heldur skila neinum árangri ef þetta skortir. Alusuisse hugsar fyrst og fremst um sína fjárhagslegu hagsmuni. Það er skilgetið afkvæmi hins alþjóðlega auðmagns að þessu leyti. Og við skulum ekki blekkja okkur neitt hvað það snertir. Við erum að fást við harðan og óvæginn auðhring, þar sem hluthafarnir meta afrek forstjóranna fyrst og fremst á grundvelli þess hvað þeir skila þeim — hluthöfunum — miklum tekjum, hve gróðinn er stór, hve hagstæðir samningar eru gerðir fyrir Alusuisse. Það er það bakland sem viðmælendur okkar hafa hjá sér og það bakland er hert í áratuga markaðsglímu hins alþjóðlega auðmagns um arðinn af fjármagni sínu og framlagi. Við sækjum aldrei sigur í hendur þessarar sveitar fyrr en þeir finna að íslenska þjóðin er staðráðin í því að beita ríkisrétti sínum gegn fyrirtækinu. Engin önnur aðferð mun skila sigri í þessu máli.

Ég ætla að vona að vegna uppruna síns, vegna þess lærdóms sem núv. hæstv. iðnrh. hefur dregið af bestu bókmenntum íslenskrar þjóðar, vona það í einlægni og af fullri alvöru, að honum muni fljótlega skiljast þessi sannleikur, að þá fyrst, þegar hann hefur þjóðina alla á bak við sig, staðráðna í því að beita ríkisrétti Íslendinga gegn hinum erlenda auðhring, getur hann náð sigri. Við yrðum reiðubúnir til samstarfs við hæstv. ráðh. um það.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. forseta að það er æskilegt að ljúka þessari umr. fyrr en seinna og ég held satt að segja að svona þjark eins og kom fram í ræðu síðasta hv. þm. sé ekki málstað Íslendinga til góðs í þeim málaferlum sem nú fara fram. En ég sé mér hins vegar annað ófært en að svara nokkru því sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv.

Ég vil hins vegar taka það fram að ef eitthvað af því, sem ég segi hér, má skilja sem svar við ræðu hv. varaþm. Ólafs Ragnars Grímssonar er það tilviljun ein því ég fann ekkert í hans ræðu sem svaravert er. Satt að segja finnst mér undarlegt að þegar formaður Alþb. stendur upp og talar í mikilvægum málum og talsmenn Alþb. þarf þessi hv. þm. að standa upp og endurtaka svo að segja allt saman aftur á miklu, miklu lakari hátt.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði nokkuð um upphaf þessa álmáls innan Framsfl. og það er rétt að ég var í samninganefnd og reyndar lengi. Og ég minnist þess t. d. að sá mæti maður Magnús Kjartansson kallaði mig á sína skrifstofu á sínum tíma þegar hann var iðnrh. og

bað mig að taka sæti í nefnd sem semja ætti við erlent stórfyrirtæki um slíkan iðnað hér á landi. Og ég varð ekki var við það í orðum þess ágæta manns að hann vantreysti mér til þess. Það er alveg rétt að það voru skiptar skoðanir innan Framsfl. þegar þetta mál kom þar fyrir á sjöunda áratugnum. Ég var alls ekki sáttur við ýmis ákvæði í þessum samningi. T. d. var fullt samstarf um það innan Framsfl. að það væri vægast sagt vafasamt að fyrirtækið félli ekki undir íslenska lögsögu. Og það var ekki síst það mál sem þeir mætu menn, Eysteinn Jónsson og Ólafur Jóhannesson, fluttu hér á Alþingi.

Ég var líka ósáttur við ákvæðið um skattana og taldi ætíð að þar ætti að vera eins konar aðstöðugjald en ekki væri eðlilegt að byggja á skattframtali þessa alþjóðlega hrings. Því að mér var ljóst þá og er ljóst enn að það verður aldrei gert svo að fullnægjandi sé. Margir menn mér fróðari og þeim, sem hér hafa talað um þessi mál, hafa staðfest það að það er nánast útilokað að eltast við slíkt. Þess vegna er langtum æskilegra að hafa ákveðið framleiðslu- og aðstöðugjald og skipta sér þá ekki af öðrum þáttum í skattframtölum. Og þannig get ég nefnt fleiri atriði sem skoðanir voru skiptar um á þessum tíma.

En Framsfl. hefur markað sína stefnu mjög ljóst í þessum stóriðjumálum og um hana er algjör samstaða innan flokksins. Við leggjum áherslu á m. a. virka stjórn eða virk áhrif okkar Íslendinga á starfsemi slíkra stóriðjufyrirtækja hér á landi og það verður vitanlega að gerast á allt annan máta en gert hefur verið í samningunum við Alusuisse. Ég vil ekki vera að teygja tímann við að rekja fleiri þætti sem komið hafa fram í okkar samþykkt.

Hv. þm. telur sérstaklega að fundur sá, sem haldinn var 25. mars 1982, hafi orkað tvímælis svo ég verð að fara nokkrum orðum um aðdraganda þess máls. Ég sagði áðan að sumir hefðu legið mér á hálsi fyrir það að vera of auðtrúa og telja að hv. fyrrv. iðnrh. gengi ekkert nema gott eitt til sinnar málsóknar á hendur Alusuisse. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að hann hafi viljað af einlægni leita eftir breytingu á samningum og betri kjörum fyrir okkur Íslendinga. Ég verð hins vegar að segja að þeir, sem um það efuðust, höfðu dálítið til síns máls. Þegar ákæran á hendur Alusuisse var lögð fram í ríkisstj. í des. 1980 var lögð á það rík áhersla að strika út orð um sviksamlegt athæfi sem síðar urðu ákaflega mikil deiluefni. En það var ekki gert. Og þetta kom þannig út að Alusuisse fékk tækifæri til þess að skjóta sér á bak við þetta — ekki mánuðum saman heldur á annað ár. Og við ræddum þetta oft og ég lýsti þeirri skoðun minni að það hefði verið ákaflega vafasamt að ákæra fyrirtækið um sviksamlegt athæfi án þess að dómur gengi í þessu máli eins og reyndar miklu lögfróðari menn en við báðir bentu á á fundunum í desember 1980. Og þetta gaf Alusuisse tækifæri til að koomast undan raunverulegum samningaviðræðum um lengri tíma.

Viðleitni var mjög beint í þá átt að reyna að laga þetta á milli hæstv. þáv. iðnrh. og Alusuisse og reyna að koma því til leiðar að þessir aðilar settust í raun og veru að samningaborðinu. Það má segja að næstum því í tvö ár hafi í raun og veru verið deilt um það hvernig samningaborðið ætti að vera í laginu. Og ég minnist þess að við þáv. hæstv. dómsmrh. sátum lengi með hæstv. þáv. iðnrh. við að semja tillögur í þessu máli og við náðum samstöðu um það. Svo ég tel að það hafi verið rík samstaða um þessi mál, án þess að ég fari að rekja það nánar hér, mestallan þann tíma sem fyrrv. hæstv. iðnrh. fjallaði um málið.

Í mars var því um það að ræða að reyna að fá menn til að setjast niður og semja. Og þá komu fram hugmyndir frá Alusuisse sem ég endurtek hér að voru að mínu mati töluvert spor í áttina — með nokkrum breytingum. Að sjálfsögðu hlutu að koma frá okkur á móti tillögum Alusuisse kröfur um það sem við vildum taka til meðferðar. Og þetta veit hæstv. fyrrv. iðnrh. mætavel. Vitanlega var aldrei um það deilt að sú krafa, sem kæmi númer eitt frá okkur, væri hækkun raforkuverðsins. Hún var okkar höfuðkrafa allan tímann — og um hana fullkomin eining. Spurningin var sú hvort það væri hægt að breyta því sem Svisslendingarnir óskuðu eftir og bæta við okkar tillögur og fá þannig viðræðugrundvöll. Þarna — sem sé 25. mars 1982 — var um það að ræða að fá aðila til að setjast niður og falla frá þessum ásökunum um sviksamlegt athæfi o. s. frv.

Ég hef áður rakið það sem á milli bar í nóvember 1982 þegar mér þótti koma fram hugmyndir sem stætt væri á að líta á og semja um á vissum grundvelli. Ég verð að segja að ég skil ákaflega vel efasemdir ýmissa manna um heilindi til samninga þegar birtust úrslitakostir frá fyrrv. hæstv. iðnrh. 21. des. 1982. Um það fóru ýmsir mætir menn þeim orðum að þar væru boðnir þeir kostir sem enginn aðili gæti gengið að áður en til samninga er sest. Og menn verða náttúrlega að athuga það að þegar tveir aðilar semja þá mega þessir aðilar ekki vera fullir af fordómum hvor í garð annars. Það voru báðir þessir aðilar, bæði fyrrv. hæstv. iðnrh. og fulltrúar Alusuisse, fullir af fordómum hvor í garð annars, svo það var kannske ekki von til þess að langt næðist.

En ég verð svo að segja það að því miður hafa komið fram ýmsar upplýsingar sem ég hef orðið ákaflega undrandi að sjá. T. d. hefur komið fram skýrsla frá ráðgjafarfyrirtæki sem lagði fram upplýsingar fyrir hönd fyrrv. iðnrh. um raforkuverð í heiminum sem segir allt annað nú en það sagði áður. Og mig rak í rogastans þegar ég sá þá skýrslu. Þeir segja beinlínis í inngangi þeirrar skýrslu að þeim hafi bara verið falið annað verkefni áður, sem sé ákveðið að þeir ættu að draga fram hæstu raforkuverðin en ekki hin almennu raforkuverð. Þegar menn hér áfellast núv. hæstv. iðnrh. fyrir að nefna að raforka muni vera á lægra verði á ýmsum stöðum en áður var talið vil ég vekja athygli á því að vitanlega hlutu slíkar upplýsingar allar að koma fram í alþjóðlegum gerðardómi. Því hefði aldrei verið leynt þar.

Og ég verð að segja það að ég hef sannfærst mjög um — eftir að sjá þetta og fjölmargt annað sem ekki er rétt að ræða núna, ég legg áherslu á það, ekki rétt að ræða núna — að það var vægast sagt vafasamt að ráðast í einhliða hækkun raforkuverðs og ætla að vinna það mál fyrir alþjóðlegum gerðardómi. Ég held að það hafi verið vægast sagt vafasamt. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Það mætti flytja um þetta langt mál en ég vil verða við þeirri ósk forseta að stytta umr. um þetta mál og tel það reyndar vera hagsmunum okkar fyrir bestu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Svo hagar til að hér hefur staðið yfir á öllum fundi Sþ. í dag framhaldsumr. um skýrslu iðnrh. til Alusuisse, umr. sem ég hafði gert ráð fyrir að væri svo til til lykta leidd hér áður, og hafði hagað mínum málflutningi í málinu með tilliti til þess. En af hálfu hæstv. iðnrh. var þess óskað, eftir að málið hafði verið rætt á tveimur fundum, að því yrði frestað. Síðan kom hér hæstv. forsrh. og gaf tilefni til framhaldsumr. um þetta mál. Ég hef ekki tækifæri til þess að ræða þetta hér efnislega á þessum fundi þar sem ég hef notað minn rétt til umr. Hér hafa hins vegar komið fram mörg atriði sem óhjákvæmilegt er að svarað verði og ég mun nota fyrstu hentugleika þegar þetta mál ber á góma til þess að taka á þeim þáttum, m. a. sumu af því sem fram kom hér áðan í máli hæstv. forsrh., fyrir utan svo ýmislegt sem vansagt gæti verið við hæstv. iðnrh., en þar munu nú tækifæri gefast mörg til skoðanaskipta.

Ég ætla hér ekki að fara að ræða málið efnislega, en ég hefi hér margar aths. að gera og kannske kemur hér fram frv., sem tengist bráðabirgðasamningnum sem gerður var af ríkisstj. 23. sept., sem hæstv. iðnrh. boðaði hér í umr. um daginn að mundi koma inn í þingið innan fárra daga, þar sem leitað væri heimildar fyrir ríkisstj. til þess að leyfa Alusuisse að selja 50% af hlutabréfum sínum í Íslenska álfélaginu hf. og sem samningurinn gerði ráð fyrir að lagt yrði fyrir þingið í okt., en er ekki farið að koma fram enn þá. E. t. v. kemur það fram og þá er greinilega þinglegt tækifæri til frekari umr. um þetta mál. Ég áskil mér einnig rétt til að taka hér málið upp utan dagskrár ef ég met að tilefni sé til að óska eftir slíku.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka fram að það er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en þetta mál, sem hér er til umr., geti komið fyrir sem þingmál eða mál utan dagskrár síðar. Hvort það kemur utan dagskrár verður metið eins og venja er um mál sem koma utan dagskrár.

Ég vildi núna, og þá segi ég fyrst í trausti þess að hæstv. forseti Nd. sjái af 2—3 mínútum í viðbót, freista þess að ljúka þessari umr. nú. Það eru tveir á mælendaskrá. Annar er hæstv. iðnrh., sem hefur tjáð mér að hann mundi segja aðeins nokkrar setningar eða gera örstutta aths. Hinn er 3. þm. Reykv., sem hefur talað tvisvar, og getur því aðeins gert örstutta aths. Nú biður hv. 7. þm. Reykv. um orðið. Þá sé ég að það verður ekki lengur leitast við að ljúka umr. nú. En ég vil taka fram í tilefni af því, sem ég hef áður sagt hér á þessum fundi, að ég hefði talið eðlilegt að þessari umr. væri lokið á þessu ári. Nú er stefnt í fullkomna óvissu um að slíkt megi verða, gegn von minni. Menn skulu þá gera alveg eins ráð fyrir að framhald umr. verði á árinu 1984, hvort sem menn verða þá hér viðlátnir eða ekki til þess að taka til máls.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. ráðherrar þrír. Í gærkvöldi hafði hæstv. fjmrh., þegar blekkingarvefur hans um skattalækkunarfrumvarpið var tættur hér í sundur í þingsalnum, það eitt fram að færra sér til varnar að varaþm. ættu nú ekki mikið að vera að tala um skattamál.

Hæstv. iðnrh. kom svo hér fyrr í dag, og sagði — að vísu úr sæti sínu hér áðan að hann hefði nú meint þetta í gríni og ég get svo sem alveg tekið það gott og gilt, — að varaþm. ættu ekki að vera að blanda sér í dagsetningaflækjur hans hér í ræðustólnum. (**Iðnrh.:** Ég sagði það aldrei.) Nei, en það var efnislega það. (**Iðnrh.:** Ég sagði að þú ættir ekki að vera aðalmanni til skammar.) Það sagðirðu ekki heldur. Þú hefur kannske hugsað það.

Svo kemur núna hæstv. forsrh. sem á sérkennilegan hátt þorir aldrei í umr. hér í þinginu við þann sem hér stendur í ræðustólnum. Hann skýtur sér alltaf undan því að svara þeim rökum og beitir til þess tvennum rökum, annars vegar að hann hafi verið feginn þegar ég fór úr Framsfl. og hins vegar nú að ég sé varaþm. (**Forsrh.:** Nei.) Jú, það sagði hæstv. ráðh. hér áðan.

Þetta læt ég mér allt í léttu rúmi liggja, herra forseti. En þegar hæstv. forseti, sem ég hef hins vegar þekkt í hv. Ed. þegar við vorum saman þar og stjórnarliðið kaus þá til forsetastóls í Ed. þótt hann væri stjórnarandstæðingur, ætlar nú að fara að beita forsetavaldi sínu til þess að koma í veg fyrir það að ég geti flutt ræðu mína hér í þessu máli, þá finnst mér nú satt að segja — (**Iðnrh.:** Stungin tólg?) Já, ég held að ég verði að taka undir að svo sé. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans frjóa orðfæri í þessu máli.

Herra forseti. Það er engin ástæða til að halda þessum umr. áfram fyrr en 1984 nema ein. Hún er sú að öllum líkindum mun ég ekki vera viðstaddur þá. (**Forsrh.:** Það vildi ég vona.) Hæstv. forsrh. segist vona það, það mælir hann nú ekki af heilum hug.

Og þess vegna, herra forseti, tel ég óhjákvæmilegt í samræmi við þær venjur sem hér hafa tíðkast í þinginu, — og er m. a. beitt hér í Sþ. þegar varaþm. eru að fara út af þingi til að mæla fyrir ýmsum till. sem þeir hafa flutt, — að hæstv. forseti beiti sér fyrir því. Ég treysti því að hann reyni að koma því til leiðar hér á næstu dögum, að þessi umr. geti farið fram áður en þetta ár er úti, enda er nú ekki nema rétt fyrsti þriðjungur desembermánaðar að líða og enn þá eftir æðimargir dagar sem þing hefur venjulega starfað fram að jólum. (Forseti hringir.) Ætli það sé ekki tæpur hálfur mánuður eftir, herra forseti? (**Forseti:** Vill hv. þm. stytta aths. sínar um þingsköp?) — Já, herra forseti verður að þola það þó að þetta taki nokkuð langan tíma vegna þess að það var ærið óvenjulegur úrskurður sem forseti var að gefa hér áðan. Það eru ekki létt spor fyrir mig að þurfa að fara hér upp í ræðustólinn til þess að gera aths. við fundarstjórn jafn ágæts forseta, sem ég hef í árarаðir reynt að einhverri bestu fundarstjórn sem ég kynntist hér í þinginu á sínum tíma. Og þess vegna, herra forseti, mælist ég til þess að athugað verði í rólegheitum í samvinnu forseta þingsins og formanna þingflokkanna hvort ekki gefist tækifæri til þess að halda þessari umr. áfram en ekki sé einhliða tilkynnt hér úr ræðustól nú áður en desembermánuður er miður að þessi umr. muni ekki fara fram fyrr en árið 1984, því að afleiðingar þeirrar ákvörðunar geta eingöngu verið einar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka fram, eins og allur þingheimur veit, að það er misskilningur hjá hv. 7. þm. Reykv. að forseti hafi kveðið upp úrskurð um að hann geti ekki talað frekar í þessum umr. sem hér eru. Það er misskilningur. Það hefur enginn úrskurður verið kveðinn upp.

Hins vegar sagði forseti að stefnt væri í tvísýnu að við gætum haldið áfram þessum umr. á þessu ári. Þessu til

áréttingar minni ég á hve knappt við stöndum með tímann.

Ég minni og á að í upphafi þessara umr. fann hv. 3. þm. Reykv., formaður Alþb., að því að þetta mál hefði verið tekið á dagskrá vegna þess að það ryddi í burtu öðrum þýðingarmiklum málum. Þetta var auðvitað rétt. Það var slæmur kostur að þurfa að taka málið á dagskrá. En það eru sömu ástæður fyrir því að það yrði slæmur kostur að þurfa að halda þessum umr. áfram á þessu ári. En enginn úrskurður hefur verið kveðinn upp um það hvort svo verður eða ekki. Þetta mál verður athugað og reynt verður að gera það besta í þessum málum eins og við erum vön að gera öll í sameiningu.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefði gjarnan kosið að umr. þessari hefði lokið á síðasta fundi. Það skil ég vel. Hann harmar einstakar ræður sem fluttar hafa verið á þessum fundi og það skil ég enn betur. Mér finnst það bara fullklúrt í garð hv. varamanns, Ólafs Ragnars Grímssonar, að tala sisona.

Ég mæli hins vegar eindregið með því að við höldum þessari umr. áfram, en þó með þeim hætti að hv. 5. þm. Austurl., aðalmálsvara Alþb. í þessu máli, gefist fullur kostur á að ræða málin, en hann hefur nú, eins og hann sagði sjálfur, talað sig dauðan. Ég mun, herra forseti, eindregið fara þess á leit að það verði gert meðan t. a. m. hv. varaþm. Ólafur Ragnar Grímsson situr hér því að málflutningur hans er alltaf málstað manns til styrktar. Ég mundi kannske reyna til við að flytja þetta boðaða frv. og þá getum við tekið það til umr., að vísu í deild, en báðir þessir hv. þm. eiga sæti í Nd. og mundi ég þá flytja það þar. Þá gætum við fengið tækifæri til að taka enn eina snerru í þessu máli.

En aðeins til leiðréttingar — og ég verð að koma að því síðar, herra forseti, miklu gleggra — þessari endileysu sem kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Það er aðeins þessi leiðrétting — og þykir mér nú stungin tólg ef hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ætlar að byggja aðalflutning sinn á mismæli eins og mér varð á í upphafi ræðu minnar þegar ég vitnaði til dagsetninga. Hér er ég með í höndum skjal undirritað af Halldóri V. Sigurðssyni ríkisendurskoðanda, Júlíusi Sólnes prófessor, Halldóri J. Kristjánssyni lögfræðingi iðnrn., Stefáni Svavarssyni lögg. endurskoðanda, þar sem segir svo orðrétt, herra forseti:

„Heildarskýrsla um endurskoðunina barst iðnrn. 14. sept. 1983."

Ég kem kannske síðar að frekari útlistun á þessu, en skýrslan var ekkert leyndarmál. Henni var ekki skotið undir stól af mér. Hún mátti vera öllum vitanleg. Menn gátu, allir sem þekktu málið, sagt sér fyrir fram hvert innihald hennar mundi verða og viðbrögð Alusuisse í því sambandi. Ekkert efni er í þessari skýrslu sem þarf að skjóta undir stól, það kom enda aldrei til greina af minni hálfu. Þetta vil ég að skýrt komi fram og vona ég nú að menn finni einhver haldbetri rök en mismæli til þess að byggja málflutning sinn á, eins og t. a. m. sú dæmalausa uppáfinning hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að þegar ég hef að orðtaki að Alusuisse hafi fengið skýrsluna til umsagnar eins og lög gera ráð fyrir, þá spyr hann: „Hvar er lagagreinin?" — þegar við tölum um sjálfsagða hluti og segjum sem svo að eitthvað fari fram eins og lög gera ráð fyrir, eins og sjálfsagður hlutur, en ekki af því að það gildi sérstök lagasetning um málið. (**HG:** Hvað gerir það sjálfsagt í augum ráðh.?) Hvað gerir það sjálfsagt að gefa gagnaðila að máli tækifæri til þess að svara fyrir sig í gagnrýninni skýrslu sem að honum er beint? Það eru venjulegir mannasiðir sem gera það, en hv. þm. kunni þá aldrei í þessum viðskiptum á sínum tíma.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Til að leiðrétta misskilning þá vil ég leiðrétta það sem kom fram í máli hæstv. iðnrh. að hv. 7. þm. Reykv. væri búinn að tala sig dauðan í þessum umr. (**Iðnrh.:** Nei, 5. þm. Austurl.) 5. þm. Austurl. (**Iðnrh.:** Steindauðan.) Já.

5. þm. Austurl. hefur talað tvisvar í þessu máli, það er rétt, en hv. 7. þm. Reykv. hefur ekki talað nema einu sinni og hann hefur því möguleikana til þess að tala áfram í þessu máli, auk þess sem hann hefur margs konar möguleika til að ræða þetta mál undir öðrum dagskrárliðum í þinginu, eins og hefur komið hér fram, bæði hjá hv. 5. þm. Austurl. og hæstv. iðnrh. nú síðast.

Umr. frestað.

Neðri deild, 22. fundur.

Fimmtudaginn 8. des., að loknum fundi í Sþ.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 164). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Skipun prestakalla, frv. 126. mál (þskj. 161). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. 64. mál (þskj. 69). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 187).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 158). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Áður en ég geri grein fyrir frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins á þskj. 158 vil ég í örstuttu máli gera grein fyrir nokkrum staðreyndum vegna aðgerða núv. ríkisstj. í húsnæðismálum það sem af er þessu ári.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. 28. maí s. l. voru eftirfarandi aðgerðir ákveðnar:

1. að veittur verði frestur á hluta af greiðslum vaxta og afborgana verðtryggðra lána. Skal þeim greiðslum, sem frestað er, bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur þannig að greiðslubyrði á hverjum tíma aukist ekki af þeim sökum. Þessi aðgerð nái til lána Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna, lífeyrissjóða, banka og sparisjóða.

2. Gerður verði heildarsamningur við lánastofnanir um skuldbreytingarlán fyrir þá sem stofnað hafa til skulda vegna byggingar eða kaupa á eigin húsnæði í fyrsta sinn undanfarin 2—3 ár.

Enn fremur var ákveðið í stjórnarsáttmála að endurskoða lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þann 27. maí s. l. voru síðan gefin út brbl. nr. 57 um frestun greiðslu afborgana og verðbóta íbúðarlána banka og sparisjóða er gjaldfalla á tólf mánuðum, tímabilinu 1. maí 1983 til 30. apríl 1984. Frestun þessi gilti fyrir 25% af framangreindum greiðslum sem bætist við höfuðstól lánsins og kemur til greiðslu að loknum lánstíma.

Samkv. upplýsingum veðdeildar Landsbanka Íslands höfðu 1. des. s. l. 2.600 aðilar notfært sér þessa aðgerð og fjárhæðin var rúmar fimm millj. kr. Upplýsingar hafa ekki borist frá sparisjóðum, lífeyrissjóðum né öðrum bönkum. Samkvæmt þessu er ljóst að mjög margir hafa notfært sér þessa aðgerð.

Samningar náðust við Samband ísl. viðskiptabanka og Samband ísl. sparisjóða um skuldbreytingu skulda húsbyggjenda og íbúðarkaupenda. Samkomulagið byggðist í aðalatriðum á reglum er bankarnir komu sér saman um:

a. að umsækjandi hafi fengið lán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins á árinu 1981, 1982 eða 1983 eða verið lánshæfur á þessum árum skv. núgildandi reglum stofnunarinnar.

b. að umsækjandi eigi aðeins eina íbúð eða íbúðarhús sem hann hafi byggt eða keypt í fyrsta sinn eftir 1. jan. 1981 til eigin afnota.

c. að umsækjandi hafi fengið lán hjá banka eða sparisjóði til íbúðarkaupa eða byggingar til skemmri tíma en fjögurra ára sem eigi að greiðast upp á næstu þremur árum eða fyrr. Undanskilin skulu skammtímalán, veitt vegna væntanlegra húsnæðislána, lífeyrissjóðslána eða annarra tímasettra greiðslna. Lánstími er 8 ár eða skemmri tími skv. ósk lántakanda. Lánin áttu að vera bundin lánskjaravísitölu með 2.5 — 3% vöxtum og veitt gegn fasteignaveði. Ríkisstj. setti síðan brbl. um að þessi skuldbreytingarlán yrðu undanþegin stimpilgjaldi og enn fremur felldu bankarnir niður lántökugjald.

Aðalreglan í samkomulagi viðskiptabanka og sparisjóða var sú að þær almennu reglur skyldu gilda um afgreiðslu skuldbreytingar hjá lánastofnunum að séu lánin að mestu leyti hjá einni lánastofnun taki hún að sér alla skuldbreytinguna og greiði lán hjá öðrum bönkum og sparisjóðum án sérstakrar skuldajöfnunar. Dreifist lánin hins vegar tiltölulega jafnt á milli lánastofnana skiptist skuldbreytingar á milli þeirra í sömu hlutföllum, en þó ekki á milli fleiri en þriggja stofnana. Með samráði á milli hlutaðeigandi stofnana sé forðast að viðskiptamanni sé vísað frá einni stofnun til annarrar án úrlausnar.

Ýmis fleiri ákvæði voru í þessu samkomulagi við bankastofnanir og þó því sé ekki að neita að maður varð fyrir vissum vonbrigðum yfir nokkurri tregðu, er fram kom hjá ýmsum bankastofnunum, til þess að gera þessa skuldbreytingu auðveldari fyrir skuldara tókst þó að leysa mörg slík vandamál er upp komu. Skv. upplýsingum er ég hefi nýjastar frá bankaeftirlitinu höfðu 1. des. s. l. rúmlega þúsund lán verið afgreidd sem skuldbreytingarlán í bönkum og sparisjóðum og upphæðin — eða fjárhæðin — hljóðaði upp á rúmlega 110 millj. kr. Þó höfðu ekki borist upplýsingar frá nokkrum sparisjóðum. Fyrir liggur að þessar sömu bankastofnanir hefðu að auki gert fjölda breytinga á skuldabréfalánum lántakendum til hagsbóta. Auk þessa eru svo aðgerðir margra lífeyrissjóða sem ekki eru upplýsingar um. Það er því augljóst að þessi aðgerð ríkisstj. hefur orðið árangursrík til að létta greiðslubyrði og lánamál húsbyggjenda og er ástæða til að þakka viðskiptabönkum og sparisjóðum fyrir þessa ágætu fyrirgreiðslu.

Í þessu sambandi er rétt að geta til samanburðar að skuldbreytingarlán, sem var samið um árið 1981, námu aðeins 24 millj. skv. yfirliti sem ég hef fengið frá bankaeftirlitinu sem stuðst er við í skýrslu viðskiptabanka og sparisjóða frá árinu 1981 þannig að þarna er mjög mikill munur á.

Þann 22. sept. s. l. samþykkti ríkisstj. tillögu félmrh. að veita húsbyggjendum, er fengu frumlán til nýbygginga og lán til kaupa á eldra húsnæði á árunum 1982 og 1983 úr Byggingarsjóði ríkisins, viðbótarlán allt að 50% af upphaflegu láni. Þetta gilti einnig fyrir þá sem fengu fyrsta hluta láns 1981 en annan og þriðja hluta 1982. Húsnæðismálastjórn auglýsti síðan þessar reglur og umsóknarfrestur rann út 1. des. s. l. Afgreiðsla þessara lána hófst 21. nóv. s. l. Skv. upplýsingum Húsnæðisstofnunarinnar 5.12 s. l. er fjöldi þessara umsókna 4 600 en lántakendur, sem hefðu rétt til slíkra lána skv. þessum reglum, eru um 6 500 talsins. Húsnæðisstofnunin var búin að afgreiða til Veðdeildar Landsbankans 2 600 gildar umsóknir á þessum sama tíma og Veðdeildin var þegar búin að afgreiða rúmlega 900 lán 5. des. s. l. og reiknað er með að Veðdeildin afgreiði rúmlega 100—150 viðbótarlán á hverjum degi. G-lánin í þessum viðbótarlánum eru að jafnaði 37 þús. kr. og F-lánin að jafnaði — eða meðaltalið — um 80 þús. Ekki liggur enn fyrir hversu há heildarupphæð þessara viðbótarlána verður en reikna má með að heildarupphæðin verði um 250—300 millj. kr.

Í gangi er sala sérstakra verðtryggðra verðbréfa sem ætlað er upp í þessi viðbótarlán, að öðru leyti sér fjmrn. um fjármögnun þessarar útborgunar en gengið verður frá sérstökum lánasamningi þegar heildarfjárhæðin liggur fyrir.

Eins og sést á ofansögðu er hér um að ræða miklar aðgerðir ríkisstj. til að leysa fjárhagsvanda húsbyggjenda í landinu, ekki síst fyrir þá sem voru í byggingarframkvæmdum og lántökum á mesta verðbólgutímabili sem yfir hefur gengið frá árinu 1981—1983. Ríkisstj. hefur því vissulega staðið vel að þessu verki. Ég vænti þess að Veðdeild Landsbankans gangi rösklega fram við afgreiðslu þessara lána svo takast megi að afgreiða stærstan hluta þeirra fyrir jól eða alla vega fyrir næstu áramót.

Ríkisstj. hefur, það sem af er þessu ári, tekist að tryggja fjármögnun útlánaáætlunar húsnæðismálastjórnar fyrir yfirstandandi ár. En útlánaáætlunin hljóðaði upp á 605 millj. kr. útlán frá Byggingarsjóði ríkisins og 420 millj. frá Byggingarsjóði verkamanna. Um er að ræða að ljóst er að þessi lán verða öll að mestu afgreidd fyrir jólahátíð n. k.

Með bréfi dags. 10. júní s. l. skipaði félmrh. nefnd til þess að endurskoða l. nr. 51 frá 9. júní 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í nefnd þessa voru skipaðir: Jóhann Einvarðsson, fyrrv. alþm., formaður, Gunnar S. Björnsson, trésmíðameistari, Halldór Blöndal alþm., Páll R. Magnússon húsasmiður og Þórður Ólafsson lögfræðingur. Hilmar Þórisson, skrifstofustjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, var ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er tekið fram að hún skuli: „eftir því sem við á, fella inn í frv. sitt frv. það til l. um breyt. á l. nr. 51/1980, sem lagt var fram á Alþingi hinn 6. des. 1982, en hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi."

Ég vil geta þess hér að meginatriði þess frv., eins og var gengið frá því í hv. Ed., eru svo til óbreytt í þessu frv. sem hér er lagt fram og rökstuðningur því með þeim breytingum vitaskuld sá sami.

Þá átti nefndin að „athuga sérstaklega á hvern hátt unnt væri, að auka fjármagn til byggingarsjóðanna m. a. með tilliti til þeirrar ákvörðunar ríkisstj., að koma á næsta ári lánshlutfalli af staðalíbúð upp í 50% af byggingarkostnaði fyrir þá, sem byggja eða kaupa í fyrsta skipti. Lánshlutfallið skyldi síðan fara hækkandi á næstu árum þar til 80% marki yrði náð.

Jafnframt skyldi nefndin athuga möguleika á lengingu lánstímans."

Ég vil geta þess að nefndin hefur unnið mjög mikið starf og er ástæða til að þakka henni sérstaklega fyrir ágætt starf að þessum málum s. l. sumar og haust. Hallgrímur Snorrason, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, og Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur aðstoðuðu nefndina við ýmsa útreikninga varðandi stöðu Byggingarsjóðs ríkisins og munu allar skýrslur þar að lútandi verða til staðar fyrir félmn. þingsins þegar þær taka frv. til meðferðar nú næstu daga.

Enn fremur hafa Skúli Sigurðsson, fyrrv. skrifstofustjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, og Sigurður Snævarr, hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, verið ráðgefandi varðandi V. kafla frv. um kaup á íbúðum sem byggðar hafa verið á félagslegum grundvelli skv. eldri lögum. Þá hafa þeir einnig komið þar við sögu Guðmundur Gunnarsson, forstöðumaður Tæknideildar Húsnæðisstofnunar og Helgi V. Guðmundsson lögfræðingur hennar, en þeir sitja báðir í matsnefnd félagslegra íbúða skv. núgildandi lögum. Ríkarður Steinbergsson verktræðingur og Guðmundur Snorrason viðskiptafræðingur hafa einnig unnið með nefndinni í sambandi við þennan kafla laganna.

Nefndin tók síðan mið af þeirri samþykkt er ríkisstj. gerði á fundi sínum 22. sept. s. l. varðandi húsnæðismál. Þá var samþykkt tillaga félmrh. um eftirfarandi breytingar á útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins frá og með 1. jan. 1984:

„1. Öll lán hækki um 50%.

2. Nýbyggingarlán til þeirra, sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn, skulu greidd í tveimur hlutum, þ. e. fyrri hlutinn mánuði eftir fokheldisstig og seinni hlutinn sex mánuðum frá útborgun fyrri hlutans. Útborgun lána til annarra skal vera óbreytt frá því sem nú er.

3. Nýbyggingalán lengist úr 26 árum í allt að 31 ár.

4. Lán til kaupa á eldra húsnæði lengist úr 16 árum í allt að 21 ár.

5. Öll lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

6. Gjalddögum húsnæðislána verði fjölgað í 4 á ári."

Þá er það yfirlýst markmið ríkisstj. að húsnæðislánakerfið verði eflt svo á næstu árum að lánin geti numið allt að 80% byggingarkostnaðar eða kaupverðs íbúðar hjá þeim sem eru að eignast íbúð í fyrsta skipti. Með hliðsjón af fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs taldi nefndin ekki efni til þess að leggja til að á næsta ári yrði gengið lengra en samþykkt ríkisstj. frá 22. sept. s. l. gerir ráð fyrir um lánveitingar úr honum.

Í þessu sambandi leggur nefndin áherslu á að óraunhæft er að miða við lán Byggingarsjóðs eins þegar lánshlutfall er metið. Verulegur hluti af lánum lífeyrissjóða rennur til öflunar húsnæðis. Þá minnir nefndin á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er lögð áhersla á „fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning, t. d. samningsbundinn sparnað, tengdan rétti til húsnæðislána." Eftir þessum þrem leiðum verður að afla fjár til húsnæðislánakerfisins til þess að ná því marki að lánin fari upp í 80% á næstu árum.

Þær tillögur frv. um breytingar á gildandi lögum, sem einkum skipta máli fyrir fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins næstu árin, varða tekjuöflun hans og eru þær tvíþættar. Annars vegar er lagt til að bundið verði í lögum að sjóðurinn njóti framlags á fjárlögum ár hvert er verði ekki lægra en 40% af áætluðum útlánum á fjárlagaárinu. Hins vegar eru gerðar tillögur um lengingu lánstíma en það getur haft áhrif á tekjur sjóðsins af veittum lánum næstu árin.

Ég vil geta þess hér að skv. þeim útreikningi, sem umræddir aðilar frá Þjóðhagsstofnun hafa lagt fram og mun verða til hliðsjónar í félmn., er gert ráð fyrir að þessi 40%, miðað við þá áætlun sem fyrir liggur í fjárlögum og lánsfjáráætlun, eigi að skila ríkissjóði á næsta ári 467 millj. kr. En eins og hv. þm. vita þá er í fjárlagafrv. 200 millj. beint framlag í fjárlögum og sérstök fjáröflun, 200 millj., í lánsfjáráætluninni þannig að nokkuð vantar á að þessu marki sé náð miðað við þessa grein í lögunum, en að því verður að sjálfsögðu unnið. (**SvG:** Vill ráðh. skýra það nánar þetta með 200 millj.?)

Ég skal verða við ósk hv. þm. um það. Það er gert ráð fyrir því að það verði gefin út áfram sérstök veðbréf í gegnum Seðlabankann en enn fremur eru hafnar sérstakar viðræður við Seðlabankann og viðskiptabankana um aðra fjáröflunarleið í gegnum bankakerfið til þess að ná þessu marki. Og ég hef enga ástæðu til þess á þessu augnabliki að efast um að það muni nást samkomulag um þetta.

Hin mikla hækkun raunvaxta, sem varð með upptöku verðtryggingar lána árið 1974, breytingar verðtryggingarhlutfallsins 1975 og einkum þó 1978 og hækkun nafnvaxta á þessu tímabili, hlaut að laga stöðu sjóðsins, Byggingarsjóðsins, til muna en áður hafði sjóðurinn búið við neikvæðan vaxtamun á veittum lánum og teknum lánum. Verðlækkun 1979 veikti stöðu Byggingarsjóðs og skapaði neikvæðan vaxtamun á ný. Fram til ársins 1973 var Atvinnuleysistryggingasjóður helsti lánveitandi Byggingarsjóðs en frá og með árinu 1974 hefur hann tekið meiri hluta lána sinna hjá lífeyrissjóðum og lántökur hjá Atvinnuleysistryggingasjóði hafa minnkað úr því að vera fimmtungur af ráðstöfunarfé 1971 í 10% s. l. tvö ár.

Önnur skýring á samdrætti eiginfjártekna nettó er hin mikla aukning á lántökum Byggingarsjóðs frá og með árinu 1979 sem afleiðing af skerðingu ríkissjóðsframlagsins. Tekin voru lán sem stóðu undir fjórðungi af ráðstöfunarfé árin 1977 og 1978, þriðjungi lána 1979, 40% 1980, 63% 1981 og 51% 1982. Árlegar lántökur sjóðsins jukust alls um 140% að raungildi frá árinu 1978 til ársins 1981 en urðu síðan 40% minni að raungildi 1982 en árið áður. Árið 1983 er áætlað að lántökur verði 5% minni að raungildi en árið 1982 ef ekki er tekið tillit til þeirra sérstöku og afturvirku hækkana útlána sem eru nú í gangi.

Til þess að ljúka þeirri lýsingu á fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins, sem hér hefur verið gefin, er rétt að geta fjáröflunar af skyldusparnaði. Skyldusparnaður nettó, þ. e. innkomið skyldusparnaðarfé að frádregnum greiddum afborgunum, vöxtum og verðbótum, hefur verið afar breytilegur frá einu ári til annars. S. l. sex ár hefur hann yfirleitt numið 8—13% af ráðstöfunarfé. Árið 1982 nam skyldusparnaður, nettó, 29 millj. kr. eða 8% af ráðstöfunarfé en er áætlaður lækka mjög mikið á árinu 1983.

Sem fyrr segir er í frv. gert ráð fyrir að í lögunum verði framlag ríkissjóðs ákveðið að lágmarki 40% af áætluðum útlánum ár hvert. Þetta hlutfall er lægra en það var yfirleitt á áttunda áratugnum en mun hærra en það hefur verið á árunum 1980—1983. Ljóst er að sú aukning á framlagi ríkissjóðs, sem í þessu felst, miðað við s. l. fjögur ár, hefur mjög hagstæð áhrif á stöðu Byggingarsjóðs. Á hinn bóginn benda þær tölur um fjármögnun sjóðsins, sem hér hafa verið raktar, til þess að framvindan árið 1980—1983 hafi verið sjóðnum afar óhagstæð og er líklegt að þess muni gæta um alllangan tíma. Því er óvíst að það framlag, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi sjóðnum til að lágmarki, sé nægilegt til þess að koma sjóðnum á réttan kjöl á ný. Til þess kann að þurfa meira fé enda hlýtur viðreisn sjóðsins að vera eitt meginmarkmið fyrir ákvarðanir um þau skilyrði sem sjóðnum verða búin næstu árin. Til lengri tíma litið ætti það að vera keppikefli að sjóðurinn byggist upp og verði þess smám saman megnugur að standa undir auknum lánveitingum til húsnæðisöflunar almennings.

Og ég vil geta þess að hv. þdm. eða þeir nm., sem starfa í félmn., munu geta fengið í hendur áætlun um fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins þar sem miðað er við að 80%-markinu verði náð á 15 árum, þó miðað við staðalíbúð eins og hún er sett upp í dag, miðað við það að ríkissjóður leggi árlega 40% fram.

Í frv. þessu eru gerðar þrenns konar tillögur sem varða lánskjör. Í fyrsta lagi er lagt til að vextir veittra lána verði ákvarðaðir af ríkisstj. en ekki fastbundnir í lögum eins og nú er og jafnframt verði vextir af skuldabréfum breytilegir. Í öðru lagi verði lánstími lengdur úr 26 árum í 31 ár hvað varðar nýbyggingarlán en úr 16 árum í 21 ár hvað varðar flest önnur lán. Í þriðja lagi er lagt til að lán verði afborgunarlaus í tvö ár í stað eins árs áður.

Í tveimur síðari liðunum, sem hér um ræðir, felst að lánskjör verði rýmkuð fyrir lántakendur en það hefur í för með sér skerðingu á árlegum tekjum sjóðsins af eigin fé. Sem dæmi má taka ársgreiðslu af 620 þús. kr. nýbyggingarláni en það er núverandi lánsfjárhæð skv. öðrum staðli húsnæðismálastjórnar að viðbættri 50% hækkun sem ríkisstj. hefur ákveðið að taki gildi frá næstu áramótum. Ársgreiðsla af því láni nemur skv. gildandi l. um 31 750 kr. en lækkaði í um 28 400 kr. eða um 10% við það að lánstími væri lengdur um fimm ár en vextir héldust óbreyttir. Munurinn er mestur á öðru ári hvers láns eftir tillögum frv. um tveggja ára afborgunarlaust tímabil þegar í stað venjulegrar ársgreiðslu koma 12 400 kr. vextir. Væru vextir hins vegar hækkaðir í 3% á ári, svo dæmi sé tekið, næmi vaxtagreiðsla af þessu láni 18 600 kr. fyrstu tvö árin en eftir það yrði ársgreiðsla af láninu um 32 300 kr. Ýmis rök hníga að því að lengja þennan tíma eftir lánveitingu sem lán eru afborgunarlaus, svo og því að æskilegt sé að dreifa afborgunum yfir langt tímabil. Á hinn bóginn má sú rýmkun lánskjara, sem felst í tillögum frv. um þetta efni, ekki verða til þess að rýra tekjur Byggingarsjóðs óhóflega og tefja þannig fyrir nauðsynlegri uppbyggingu hans. Því kann að vera nauðsynlegt að hækka vexti af lánum sjóðsins, a. m. k. um sinn, á meðan á þeirri uppbyggingu stendur. Áhersla skal á það lögð að í þeirri könnun á fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins, sem lokið verður við á næstunni, og ég vil skjóta því inn að hún er nú þegar tilbúin, verður m. a. fjallað um áhrif þeirra tillagna um breytingar á lánskjörum svo og um áhrif mishárra vaxta á fjárhag Byggingarsjóðs.

Ég vil nú, herra forseti, fara nokkrum orðum um frv. sjálft eins og það liggur hér fyrir.

1. gr. þess er óbreytt frá gildandi l., svo má einnig segja um 2. gr. frv., að öðru leyti en því að felld er niður síðasta mgr., 3. mgr., í núgildandi l., sem var orðin óþörf og er raunar óþarft að hafa í lagasetningu.

Um 4. gr. vil ég segja það að í gildandi lögum eru engin ákvæði um kjör endurskoðenda. Þess vegna taldi nefndin eðlilegt að Alþingi kjósi tvo endurskoðendur til að gegna því starfi og er það í samræmi við kjör endurskoðenda annarra ríkisstofnana þar sem Alþingi kýs yfirstjórn þeirra.

Í III. kafla frv. er fjallað um Byggingarsjóð ríkisins og er hann byggður upp á sama hátt og III. kafli gildandi laga. Í frv., eins og það er lagt hér fyrir, eru þó teknar upp millifyrirsagnir til að afmarka einstakar greinar frv. sem fjalla um tiltekna lánaflokka. Er þetta gert til þess að auðvelda lestur þess og gera lagafyrirmælin skýrari.

Um 9. gr.

Í gildandi lögum eru tekjustofnar Byggingarsjóðs tilgreindir í 1.—5. tl. 9. gr. Í 2. tl. er kveðið á um árlegt framlag til sjóðsins úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum og tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum. Í þessu frv. eru ákvæðin um þessa mörkuðu tekjustofna felld niður en árlegt framlag ríkissjóðs

miðað við ákveðið hlutfall af samþykktri útlánaáætlun Byggingarsjóðs ríkisins fyrir viðkomandi ár. Í frv. er þetta hlutfall, eins og ég áður sagði, ákveðið eigi lægra en 40%.

Aðrir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins eru óbreyttir frá gildandi l.

Um 11. gr. frv. er það að segja að í gildandi l. eru taldir upp lánaflokkar Byggingarsjóðs í 9 liðum. Í frv. eru gerðar þrjár breytingar við gildandi ákvæði.

Skv. 3. tl. gildandi laga er lánað til byggingar íbúða fyrir aldraða. Í þessu frv. verða þessar íbúðir skilgreindar sem leiguíbúðir aldraðra. Ef um söluíbúðir er að ræða er lánað skv. 1. tl. Í 6. tl. frv. er fellt niður orðið „viðbótarlán" í sama tl. gildandi laga. Er þetta gert þar sem einstaklingar með sérþarfir fá lán skv. þessum lánaflokki til endurbóta á gömlu húsnæði þótt ekki sé um kaup eða byggingu að ræða. Ef um slíkt er að ræða þá er heimilt að lán skv. þessum tl. komi til viðbótar lánum skv. 1. og 2. tl. þessarar greinar.

Þetta er ákaflega mikilvægt fyrir þessa aðila að þessi breyting er gerð.

Um 13. gr.

Í gildandi l. er tekið fram að óheimilt sé að veita viðbótarlán ef högum umsækjenda er þannig háttað — eins og stendur í núgildandi lögum: að umsækjandi eigi íbúð sem ekki er fyrirhugað að selja, umsækjandi hafi brotið gegn ákvæðum byggingarlaga eða byggingarreglugerðar og umsækjandi byggi fleiri en eina íbúð.

Í frv. er gert ráð fyrir því að greiða fyrir byggingu leiguíbúða og eru því 1. og 3. tl. 2. mgr. 13. gr. gildandi laga felldir brott. Hins vegar þykir rétt að setja þau skilyrði fyrir lánum til bygginga leiguíbúða að standi lántakandi ekki við skuldbindingar sínar um að leigja viðkomandi íbúð eða íbúðir fellur lánið í gjalddaga.

Og þá er einnig í þessari gr. gerð sú breyting að lánstími þessara lána er lengdur úr 26 árum í allt að 31 ár.

Um 14. gr.

Þar er lagt til að sú mikilvæga breyting verði gerð að lán, sem veitt eru skv. þessari grein að viðbættum uppfærðum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, nemi aldrei hærri fjárhæð en nýbyggingarlán er á hverjum tíma. Skv. gildandi lögum er ekkert þak á heildarfjárhæð G-lána sem mega hvíla á einni íbúð og eru dæmi þess skv. upplýsingum Húsnæðisstofnunar að slík lán uppfærð nemi hærri fjárhæð en nýbyggingarlán. Slíkt þykir ekki eðlilegt og því er girt fyrir það með þessari breytingu í frv. Þá er lánstími þessara lána lengdur úr 16 árum í allt að 21 ár.

Um 15. gr. Grein þessi er 17. gr. gildandi laga með breytingum og nýmælum. Skv. frv. er ekki gerður greinarmunur á þeim sem geta fengið þessi lán en í gildandi lögum eru lánin veitt til sveitarfélaga, stofnana á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtaka.

Skv. frv. er gert ráð fyrir því að lánað sé til bygginga leiguíbúða handa öldruðum eftir þessari gr. Ef um er að ræða söluíbúðir, ætlaðar öldruðum, verður lánað til bygginga þeirra eftir 1. tl. 11. gr. frv. eins og verið hefur.

Þá er í gr. það nýmæli að greitt er fyrir því að fá aukið fé til bygginga aldraðra. Þetta er í fyrsta lagi gert með því að heimila hlutareign þeirra sem fá íbúðirnar til afnota og í öðru lagi með því að heimila sölu á skuldabréfum til þeirra sem þarfnast vistunar á stofnun og hafa nokkur fjárráð.

Þegar rætt er um hlutareign er átt við eignarform sem lítið er þekkt hér á landi en vel þekkt á hinum Norðurlöndunum. Þegar sveitarfélög eða sjálfseignarstofnanir byggja íbúðir, þar sem veitt er margvísleg þjónusta, geta þeir selt einstaklingum, er þess æskja, tiltekinn eignarhluta í íbúð sem þeir fá til afnota gegn hóflegu gjaldi. Eignarhluta sinn fær kaupandi endurgreiddan ef hann flytur úr íbúðinni, auk þess sem hann endurgreiðist við andlát íbúðarhafa samkvæmt sérstökum samningi.

Sama gildir um skuldabréf sem aldrað fólk kaupir í dvalarheimilum þar sem það fær vistrými og félagslegt öryggi. Margt aldrað fólk á nokkra fjármuni eða jafnvel íbúð sem það vill selja og kaupa sér öryggi og þjónustu með þessum hætti. Rétt þykir að reyna þessa leið hér á landi til þess að flýta fyrir uppbyggingu íbúða og vistheimila aldraðra. Þetta er mjög mikilvægt fyrir aldrað fólk og ég hef orðið var við að margir aðilar komnir yfir miðjan aldur hafa gífurlega mikinn áhuga á að fá möguleika til að nýta þetta ákvæði þessa frv.

16. gr. er efnislega samhljóða 18. gr. gildandi l. með þeirri breytingu að óheimilt verður að selja leiguíbðir sem byggðar eru skv. greininni á meðan á þeim hvílir lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Um 18. gr.

Í gildandi lögum eru lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði bundin við einstaklinga og sveitarfélög. Í frv. er ekki gerður greinarmunur á því hvaða aðilar geta fengið slík lán.

Einnig eru settar hér fyllri reglur en áður um lán til endurbóta á notuðu húsnæði og viðbyggingar þegar þetta tvennt fer saman.

Í gildandi lögum má ekki veita lán skv. 4. tl. 11. gr. út á sömu íbúð oftar en á 10 ára fresti. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta ákvæði verði aðeins bundið við lán til endurbóta, ekki til viðbygginga.

Í gildandi lögum — í sambandi við 19. gr. — eru þessi lán að jafnaði veitt gegn 2. veðrétti en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall af fasteignamati viðkomandi íbúðar. Í frv. er jafnframt heimilað að miða við tiltekið hlutfall af brunabótamati íbúðarinnar.

Þá er lánstími þessara lána lengdur úr 16 árum í allt að 21 ár.

Ég vil vekja athygli á því í sambandi við 18. gr. og 19. gr. að ákaflega mikilvægt er að þarna opnist möguleikar til að létta aðilum að endurbæta eldra húsnæði, en þess er víða mikil þörf og grípur raunar einnig inn á orkusparandi aðgerðir.

Um 21. gr.

Með greininni er felld niður krafa um bakábyrgð sveitarfélaga. Þetta er eðlilegt þar sem 1. veðréttur í viðkomandi íbúð á í öllum tilfellum að nægja. Einnig eru felld niður ákvæði um vextina og svo er einnig með fleiri greinar sem ég mun ekki endilega lesa hér upp. En ákvæðið um vextina sem er nú í gildandi lögum er alls staðar fellt niður.

Um 24. gr. frv. vil ég segja að í gildandi lögum mega þessi lán nema allt að 80% af viðbótarkostnaði eða endurbótakostnaði. Nefndin taldi eðlilegt að sett yrði hámark hér um, eins og gert er þegar um er að ræða lán til endurbóta skv. 4. og 5. tl. 11. gr.

Í gildandi lögum eru þessi lán veitt gegn 2. veðrétti.

Nú verður heimilt að taka lakari veðrétti en að ákveðnu hámarki.

Hér er gert ráð fyrir að lengja lánstímann í allt að 16 ár, en skv. gildandi lögum er hann bundinn við 11 ár.

Í frv. er gert ráð fyrir því að heimilt verði að fresta afborgunum af lánum lántaka sem orðinn er 70 ára eða er fatlaður, sé fjárhag hans þannig varið að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði og kemur heim við þær óskir sem fram hafa komið t. d. frá Öryrkjabandalagi og fleiri slíkum aðilum.

25. gr. fellur undir kaflann um orkusparandi aðgerðir í húsnæðismálum. Í gildandi lögum er aðeins heimilt að veita einstaklingum þessi lán. Í frv. er ekki gerður greinarmunur á því hvaða aðilar geta fengið slík lán.

Í gildandi lögum mega þessi lán nema allt að 75% af endurbótakostnaði. Hér er gert ráð fyrir því að þessi lán geti numið allt að 80% af endurbótakostnaði en þó aldrei hærri fjárhæð en 50% af nýbyggingarláni.

Í gildandi lögum eru þessi lán veitt gegn 1. eða 2. veðrétti. Nú verður heimilt að taka lakari veðrétti en að ákveðnu hámarki.

Einnig er ákveðið í frv. að lengja lánstímann í allt að 16 ár, en skv. gildandi lögum er hann bundinn við 11 ár.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að þessar greinar tvær spanna yfir ákaflega þýðingarmikið mál sem mikið er til umr. í þjóðfélaginu í dag í sambandi við orkusparnað og hátt orkuverð í landinu. Gerðar hafa verið ýmsar áætlanir um orkusparandi aðgerðir í húsnæðismálum. Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál að í gangi er á vegum iðnrn. og hefur verið í nokkuð langan tíma viss athugun á þessum málum og m. a. hefur verið gert mikið átak í þessu á vegum Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi. Í sambandi við þetta mál skrifaði ég stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins 9. nóv. s. l. svohljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Í umr. um hið háa orkuverð til húshitunar hér á landi utan hitaveitusvæða hefur komið fram að hægt væri að draga verulega úr þeim kostnaði með orkusparandi aðgerðum á íbúðarhúsnæði.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er gert ráð fyrir lánum til orkusparandi breytinga á húsnæði. Tiltölulega lítið hefur verið sótt í þennan lánaflokk. Að mati ráðuneytisins er mjög aðkallandi að stuðla að breytingum á íbúðarhúsnæði til orkusparnaðar, enda er það tilgangur með framangreindu ákvæði laga.

Ráðuneytið óskar eftir því að stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins feli tæknideild að gangast fyrir úttekt á íbúðarhúsnæði í öllum landshlutum utan hitaveitusvæða í þeim tilgangi að fá yfirlit um ástand húsnæðis og á grundvelli slíkrar úttektar verði gerðar till. og/eða áætlanir í þeim tilgangi að auðvelda húseigendum að hefja skipulegar framkvæmdir til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði þar sem þessa er þörf. Nauðsynlegt er að leita samvinnu og samstarfs við iðnrn., Samtök sveitarfélaga, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða og Fasteignamat ríkisins, en allir þessir aðilar ráða yfir möguleikum til að hraða slíkri úttekt og gera hana marktækari."

Húsnæðismálastjórn hefur þegar samþykkt þessi tilmæli og þegar hafa verið settar ákveðnar aðgerðir í gang á vegum Húsnæðisstofnunar, tæknideildar stofnunarinnar, sem spanna yfir þetta verkefni og ég vænti mikils af því í samvinnu við tiltekna aðila að af þessu verði jákvæður árangur.

30. gr. frv.

Með þessari grein frv. er lagt til að ákvörðun um vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði ekki bundin í lögum eins og nú er, heldur verði þeir ákveðnir af ríkisstj. að fenginni till. húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabanka Íslands. Í öðru lagi er lagt til að gjalddagar lána verði ekki bundnir við tiltekna daga ársins eins og nú er skv. gildandi lögum. Jafnframt verði lán skv. 1.—7. tl. 11. gr. afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Í gildandi lögum eru þau afborgunarlaus fyrsta árið.

Hér er um mjög veigamikla breytingu að ræða sem oft hefur verið deilt um. Ég tel að þetta sé nauðsyn þar sem ljóst er að byggja þarf upp Byggingarsjóð ríkisins og það getur verið eðlilegt að hafa þarna ekki bundnar hendur í lögum, að haga þessum ákvæðum eftir því sem þörf er á hverjum tíma.

IV. kafli þessara laga. Samkvæmt gildandi lögum lánar Byggingarsjóður verkamanna sveitarfélögum til byggingar leiguíbúða. Hér verður einnig gert ráð fyrir að lánað verði til félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja sem byggja leiguíbúðir handa félagsmönnum sínum eða öðrum sem þurfa á leiguhúsnæði að halda. Er þar m. a. höfð í huga mikil þörf námsfólks á leiguhúsnæði, en lítið hefur verið byggt af leiguíbúðum hér á landi um margra ára skeið. Á öllum þéttbýlisstöðum er ætíð brýn þörf fyrir fleiri eða færri leiguíbúðir og er því hér opnuð leið til þess að lána til slíkra bygginga.

Hér er lagt til að lánstími verði 31 ár og að lánsupphæð verði allt að 80%.

Ég geri ráð fyrir að þessi kafli laganna verði talsvert mikið til umr. og hann hefur þegar verið mikið til umr. í sambandi við bæði hugmyndir námsmanna um að leysa þeirra húsnæðismál og einnig í sambandi við nýjar hugmyndir að því er varðar húsnæðissamvinnufélög sem mjög hafa verið til umr. í þjóðfélaginu að undanförnu.

Ég met mikils hinn almenna áhuga fólks á þessum nýju formum, eins og húsnæðissamvinnufélögum, en ég tel ástæðu til þess vegna þess sem á undan er gengið að vara við of mikilli bjartsýni um að á skjótvirkan hátt verði hægt að leysa húsnæðismál eftir þessum formum. Lánamarkaðir hér á landi eru miklu erfiðari og þrengri en t. d. á Norðurlöndum og ég tel nauðsyn bera til að þeir sem standa fyrir þessum samtökum — sem ég met mikils eins og ég sagði áður og tel að hér sé bryddað upp á nýjungum, sem þurfi að sinna og taka til meðferðar — skoði þetta vel og vandlega áður en gefnar eru of ákveðnar yfirlýsingar um hvernig þetta verður framkvæmt hér á landi.

Mér finnst of mikið hafa verið gert að því að láta ekki koma fram í þessu sambandi hvernig hægt er að hugsa sér að standa undir 95% af fjármagni sem gert er ráð fyrir að augljóslega þurfi til að koma þegar gert er ráð fyrir að viðkomandi félagar leggi fram búseturéttartillag sem væri um 5%. Einnig þarf að átta sig á hvernig þetta kæmi út miðað við vaxtakjör og annað sem liggur ekki enn fyrir hvernig verður. En ég vil fagna þessum mikla áhuga og vonast til að með raunhæfum aðgerðum verði hægt að standa vel að þessu máli hér á landi eins og gert hefur verið víða í nágrannalöndum okkar með miklum myndarskap.

Í sambandi við 34. gr. þessa frv. þá er í 37. gr. í

gildandi lögum kveðið á um fjáröflun til Byggingarsjóðs verkamanna. Framlag íbúðarkaupenda í heildarverði íbúða kemur aldrei inn sem tekjur sjóðsins. Þess vegna er sú breyting gerð í sambandi við 37. gr. að felldur er niður úr greininni e-liður 34. gr. með framlagi sveitarfélaga sem nema 10% af því fjárframlagi. Það er í sambandi við framlag viðkomandi íbúðareiganda sem á að leggja fram í þessum núgildandi lögum 10%. Þetta er fellt niður enda er ekki þörf á að það sé inni þar sem það kemur aldrei inn í tekjur Byggingarsjóðs verkamanna.

Um 37. gr.

Skv. gildandi lögum eiga stjórnir verkamannabústaða á hverjum stað skilyrðislaust að gangast fyrir könnun í upphafi kjörtímabilsins á byggingaþörf fyrir verkamannabústaði í sveitarfélaginu. Þessi binding í upphafi kjörtímabilsins þótti óþarflega afmörkuð og því er hér lagt til í 37. gr. að rýmka þessa kvöð nokkuð án þess að úr gildi hennar sé dregið.

Um 39. gr. í þessu frv.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um hvernig með skuli fara ef bílskúr eða bílskýli eru byggð samhliða íbúðum. Því eru nú sett skýr ákvæði um að óheimilt sé að lána til byggingar bílskúra eða bílskýla enda er lánshlutfall til íbúða í verkamannabústöðum það hátt að ekki er talið fært að láta málin ná til kostnaðarauka við bílskúra eða bílskýli. Sama gildir við endursölu á íbúðum í verkamannabústöðum, en þó er nauðsynlegt að tryggja að bílskúr eða bílskýli sem byggð hafa verið fylgi íbúðinni við sölu. Skal það metið sérstaklega og getur seljandi ekki vænst þess að fá þá eign sína staðgreidda eins og íbúðina sjálfa.

Um 45. gr.: Í gildandi lögum kemur ekki fram hvenær á byggingartíma skal auglýsa eftir umsóknum um íbúð. Með ákvæðum í greininni er að því stefnt að stjórn verkamannabústaða úthluti íbúðum þegar á byrjunarstigi framkvæmda til þess að kaupendum íbúðanna gefist lengri tími til þess að greiða framlag sitt til byggingarinnar.

Um 46. gr.: Í gildandi lögum er kveðið á um að greiðsla íbúðarkaupanda skuli fara fram í tveimur hlutum. Með þeirri breytingu, sem hér er gerð, er þetta rýmkað í samræmi við ákvæði 45. gr. um lengingu greiðslutíma. Einnig er sett nýtt ákvæði um hvernig endurgreiðslu skuli háttað ef réttur til íbúðar fellur niður.

Um 48. gr.: Í gildandi lögum eru tvö ákvæði um veðsetningu. Í fyrsta lagi er óheimilt að veðsetja íbúð fyrstu 15 árin fyrir öðrum lánum en úr Byggingarsjóði verkamanna. Í öðru lagi er ákvæði um 75% hámark eftir 15 ára eignartíma. Skv. þessu frv. verður nú heimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað fyrir öðrum lánum. Þar sem sjóðurinn tekur 1. veðrétt taldi nefndin, endurskoðunarnefndin, það vera mál viðkomandi lánastofnunar hvort hún lánar gegn 2. veðrétti eða lakari. Jafnframt verður hér fellt niður ákvæði um 75% hámarkið.

Hér er einnig lagt til að tekin verði upp strangari viðurlög ef íbúð í verkamannabústöðum verður leigð án samþykktar stjórnar verkamannabústaða.

Í gildandi lögum er heimilt að lána allt að 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta hlutfall verði 80% en rétt þykir að hafa heimild til þess að veita 90% lán ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi að mati húsnæðismálastjórnar. Þá er í gildandi lögum ákvæði um fast framlag kaupanda íbúðar. Einnig er ákvæði um fasta vexti af lánum sjóðsins. Í lögunum er ekkert ákvæði um lántökugjald eins og í Byggingarsjóði ríkisins. Hér verður lagt til að eftirfarandi breytingar verði á gerðar:

Ákvæðið um að binda framlag kaupanda íbúðar við 10% af kostnaðarverði er fellt niður. Það getur oft verið meira þó heimilt sé að lána allt að 80% af kostnaðarverði íbúða.

Fellt er niður ákvæðið um að binda vaxtaprósentu sjóðsins í lögum en í staðinn er sett sambærilegt ákvæði og um Byggingarsjóð ríkisins.

Taka skal lántökugjald og aðra þóknun af lánum sjóðsins eins og gert er af lánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Fellt er niður ákvæði um að binda gjalddaga lána við ákveðna daga.

Ég vil geta þess að nokkur gagnrýni hefur komið fram þegar í sambandi við þá breytingu sem hér er lögð til. Sumpart er það af misskilningi. Eins og hér kemur fram er gert ráð fyrir að veita 90% lán ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi að mati húsnæðismálastjórnar. En í því frv. sem fjallaði um breytingu á húsnæðislögum en ekki varð útrætt á síðasta Alþingi voru í 18. gr. lögð til nýmæli sem gengu að hluta til inn á það sama, að jafna nokkuð út þetta ákvæði laganna um 90% lán. En þar stóð í 18. gr. að sú breyting yrði gerð á 51. gr. núgildandi laga að Byggingarsjóður verkamanna skyldi að jafnaði taka 1. veðrétt í íbúð fyrir þeim lánum sem hann veitir.

Nú á kaupandi að íbúð í verkamannabústað rétt á láni í lífeyrissjóði og er þá heimilt að lífeyrissjóðurinn taki 1. veðrétt fyrir sínu láni, en Byggingarsjóður verkamanna 2. veðrétt, enda lækki lán Byggingarsjóðs verkamanna sem því nemur.

Þetta var til umfjöllunar á síðasta þingi og fór í gegnum meðferð Ed. og var þar ekki gerð nein athugasemd við þetta nýja ákvæði sem fyrrverandi félmrh. lagði fram. Nefndin hafði nokkrar umr. um þetta atriði og hafði vissulega til athugunar að skylda þá sem eiga rétt á lífeyrissjóðsláni, þá sem ættu rétt á að fara inn í verkamannabústaði, til að taka slíkt lán og skerða þannig framlag Byggingarsjóðs verkamanna sem því næmi. En þá hefðu lántakendur mismunandi lánskjör og þess vegna var sú leið ekki valin.

Ég hef orðið var við að þetta mál hefur valdið nokkrum umr. og jafnvel mótmælum frá verkalýðshreyfingunni, en ég vil segja það strax og tel eðlilegt að fram komi að ég tel mjög nauðsynlegt að þetta ákvæði í þessu nýja frv. sé skoðað vandlega, hvort eigi að velja þá leið sem lögð var til í því frv. sem ég áður nefndi og ekki var útrætt hér, eins og var í 18. gr. þess, þannig að lífeyrissjóðslán viðkomandi aðila sem færi inn í verkamannabústaði yrði dregið frá framlagi Byggingarsjóðs verkamanna. Ég vil ekki loka fyrir að reynt sé að ná samkomulagi um þetta vegna þess að ég tel ákaflega mikilvægt að samtök launþega í landinu séu sátt við þessi ákvæði laganna, ekki síst ef það getur stuðlað að því að meira fjármagn frá lífeyrissjóðum verkalýðshreyfingarinnar sé til staðar til að efla Byggingarsjóð verkamanna. Ég legg áherslu á að félagsmálanefndir þingsins skoði þetta ákvæði sérstaklega þar sem Alþingi virtist sammála um að breyta þessu ákvæði eftir því frv. sem fyrrv. félmrh. lagði hér fram á síðasta þingi.

Um 50. gr.

Í gildandi lögum eru skýlaus ákvæði um kaupskyldu sveitarfélaga fyrstu 30 árin eftir afsal. Einnig er íbúðareiganda óheimilt að selja íbúð á frjálsum markaði hversu lengi sem hann hefur átt viðkomandi íbúð nema því aðeins að sveitarfélagið hafi áður hafnað forkaupsrétti.

Hér er lögð til mikilvæg breyting, að kaupskylda sveitarfélaga á íbúðum, sem byggðar eru skv. lögum nr. 51/1980, sé stytt úr 30 árum í 15 ár, en jafnframt haldist forkaupsréttur næstu 15 ár. Sveitarfélögin hafa lagt mikla áherslu á þessa breytingu. Jafnframt er lagt til að heimilt sé að selja íbúð í verkamannabústað á frjálsum markaði hafi hún verið í eign sama eiganda í 30 ár samfellt.

Hér er um að ræða mjög mikla breytingu sem þegar hefur komið fram skv. ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur. Vissulega er umdeilt hvort hér er rétt að staðið, en ég tel samt að rétt sé að láta reyna á hvort Alþingi er sammála þessu ákvæði. Það hefur bæði kosti og ókosti, en í mörgum tilfellum er ákaflega bagalegt að ekki hefur verið hægt að beita þessu ákvæði á undanförnum árum.

Um 51. gr. frv.

Í meðferð mála skv. gildandi lögum hafa komið upp ýmsar spurningar og vafaatriði. Með þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði er leitast við að gera ákvæðið um verðlagningu íbúða fyllra. Með breytingunum er verið að tryggja að þeir sem selja íbúðir í verkamannabústöðum fái verðbætur á það fé sem þeir lögðu í þær en engan söluhagnað. Hliðsjón er höfð af gildandi reglum um endursölu íbúða, en tekið tillit til þeirra breytinga sem leiða af fullri verðtryggingu lána.

Síðari málsgr. gr. er nýmæli sem tekur tillit til aðstæðna sem til verða þegar íbúðarverð fylgir ekki öðrum verðlagsbreytingum. Þær aðstæður koma jafnan upp þegar erfiðleikar eru í atvinnulífi í einstökum byggðarlögum og fólki fækkar af þeim sökum. Í slíkum tilvikum er heimilað að taka aukaafskrift af íbúðum og jafnframt skal þá afskrifa í sama hlutfalli lán Byggingarsjóðs verkamanna.

Um þetta atriði hafa verið mjög miklar deilur og oft þurft að úrskurða um þann skilning sem hefur verið lagður í sambandi við mat við sölu íbúða og var nauðsynlegt að kveða hér sterkar á í sambandi við þetta ákvæði.

Sú breyting sem er gerð í sambandi við 54. gr. gildandi laga er vegna breytinga á 33. gr. frv. og því nýja hlutverki Byggingarsjóðs verkamanna að veita lán til félagasamtaka og stofnana sem byggja leiguíbúðir skv. c-lið 33. gr., en sú gr. er svohljóðandi: „C-liður 33. gr. um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðarbyggingar, leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til að eignast eigið húsnæði við hæfi.“

Þegar rætt er um félagasamtök og stofnanir sem framkvæmdaaðila við byggingu leiguíbúða eru hafðar í huga sjálfseignarstofnanir svo sem Félagsstofnun stúdenta og aðrar sambærilegar stofnanir, samtök leigjenda, verkalýðsfélög og fleiri hagsmunaaðilar sem myndað gætu samtök til þess að byggja leiguíbúðir til afnota fyrir félagsmenn eða til leigu á almennum markaði. Þurfa þá slíkir aðilar að leggja fram fjármagn sem nemur mismun á veittum lánum Byggingarsjóðs verkamanna og heildarbyggingarkostnaði viðkomandi framkvæmda.

Hér er vissulega um mikið nýmæli að ræða og eins og ég sagði áðan grípur þetta inn á þær hugmyndir sem þegar eru í gangi í sambandi við húsnæðissamvinnufélög og þörfina fyrir að auka möguleika fyrir námsmenn að koma sér upp húsnæði.

Um 58. gr.

Í gildandi lögum er ákvæði um að lána skuli 80% af kostnaðarverði staðalíbúða. Einnig er aðeins heimilt að veita sveitarstjórnum lán til byggingar leiguíbúða.

Hér verður lagt til að lánshlutfall verði allt að 80% af byggingarkostnaði, en ekki 80% af byggingarkostnaði staðalíbúða, þar sem slík kostnaðarviðmiðun getur farið yfir raunverulegan byggingarkostnað þegar bornar eru saman ólíkar húsgerðir eins og mörg dæmi hafa sannað. Jafnframt nái þessi lán til fleiri aðila skv. ákvæðum 33. gr. frv. eins og ég áður lýsti.

Þá er tekið upp það nýmæli að heimila byggingaraðilum að selja leigutaka hlutaeign í þeirri íbúð sem hann fær til afnota með tilteknum kvöðum um afnotarétt og endurgreiðslu.

Þá er með þessari grein orðið við óskum um að lengja lánstíma þeirra lána sem veitt eru til leiguíbúða úr 15 árum skv. gildandi lögum í allt að 31 ár, en vextir verða ákveðnir af stjórnvöldum með sama hætti og af öðrum lánum byggingarsjóðanna.

Þetta er þýðingarmikil grein sem grípur inn á það sama og ég var að lýsa áðan í sambandi við ýmsar nýjungar sem menn hafa hugsað sér að reyna hér á landi um að stofna til húsnæðis með leigurétti eða búseturétti eins og margir kalla.

Um 59. gr.

Skv. gildandi lögum geta aðeins sveitarfélög úthlutað leiguíbúðum. Með tilkomu c-liðar í 33. gr. frv., sem ég hef áður greint frá, eru sett skýr ákvæði um ráðstöfun þeirra íbúða sem eftir þeim lið verða byggðar. Þannig að þeir aðilar sem byggja skv. þeim lið úthluta sjálfir þeim leiguíbúðum. Ástæða er því til að undirstrika nauðsyn á setningu reglugerðar vegna ráðstöfunar og ákvörðunar á húsaleigu leiguíbúða sem að sjálfsögðu er mjög mikilvægt atriði og er þegar í undirbúningi.

Herra forseti, ég er e. t. v. of langorður um frv. í heild, en hér er um mikilvægt mál að ræða og ég vildi aðeins þess vegna leggja meiri vinnu í að skýra frv., og það hlýtur að teljast nauðsynlegt. Fimmta kafla frv. sem er ákaflega mikilvægur — hef ég aðeins lauslega komið inn á, þ. e. a. s. forkaupsrétt sveitarfélaga á íbúðum byggðum samkvæmt lögum fyrir gildistöku gildandi laga. Hér er um mjög þýðingarmikinn kafla að ræða sem hefur verið lögð mikil vinna í og ég sé ekki ástæðu til að fara nánar ofan í hann.

Einnig vil ég taka fram í sambandi við VI. kafla laganna, um tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunarinnar, að það kom mjög til umræðu að gera róttækar breytingar á tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar. Margir hafa verið ósammála um þá starfsemi, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að taka þennan kafla sérstaklega fyrir nú, heldur láta hann fylgja þeirri endurskoðun sem ákveðið er að hefja á skipulagi Húsnæðisstofnunarinnar í heild sem ég hef í

huga að hefjist fljótlega í upphafi næsta árs.

Um VII. kafla laganna um skyldusparnað ungs fólks til íbúðarbygginga væri hægt að ræða mikið miðað við það sem fram hefur komið um þann lið. Engar efnisbreytingar eru í þessum kafla, en nokkuð hert ákvæði um innheimtu á skyldusparnaði og þá lagt til að beita sömu ákvæðum og við innheimtu launaskatts og jafnframt felld niður útgáfa sérstakra sparimerkja og ætti það að auðvelda allt eftirlit með þessum kafla. En eins og fram kemur með upplýsingatöflum sem fylgja frv. varðandi hreyfingu á skyldusparnaði árið 1979 til 1983 kemur í ljós að búast má við að ef tekið er tillit til rekstrarkostnaðar gæti skyldusparnaður orðið neikvæður árið 1983 og er það vissulega umhugsunarefni.

Í VIII. kafla laganna er lagt til að taka nýjan kafla inn í lögin sem ber yfirskriftina Byggingarsamvinnufélög. Ekki er ástæða fyrir mig að fara sérstaklega ofan í þennan kafla, hann var í því frv. sem var til meðferðar á síðasta Alþingi og ég sé ekki ástæðu til að fara ofan í hann að neinu ráði þar sem hann kemur svo til óbreyttur inn í því frv. sem hér er lagt til. En byggingarsamvinnufélögin eru að margra mati mjög þýðingarmikill þáttur í okkar húsnæðiskerfi og hafa sannað á undanförnum árum að þau hafa komið mörgum að miklum notum og er áreiðanlega form sem ber frekar að efla en hitt. Þess vegna tel ég mikilvægt að þessi kafli sé kominn inn í heildarlöggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Segja má í sambandi við frv. eins og það er lagt fram hér að byggingarsamvinnufélögum sé gert auðveldara að sameinast en samkv. gildandi lögum án þess að dregið sé úr möguleikum almennra félagsmanna til að hafa áhrif á ákvörðunartökuna. Engin ákvæði eru í gildandi lögum um sameiningu, en áhugi á sameiningu byggingarfélaga hefur verið vaxandi á undanförnum árum.

Þá eru settar vissar takmarkanir á sölu íbúða sem byggðar hafa verið af byggingarsamvinnufélagi og er gert ráð fyrir að byggingarsamvinnufélögin hafi forgangsrétt að íbúðum fyrstu fimm árin frá lóðaúthlutun. Einnig er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun sé stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og skal hún gegna eftirlitshlutverki í því sambandi. M. a. skal Húsnæðisstofnun hafa aðgang að bókhaldi þeirra og er byggingarsamvinnufélögum gert skylt að senda stofnuninni ársreikninga.

Herra forseti, ég hef nú í stuttu máli farið yfir helstu breytingar í sambandi við þetta frv. frá gildandi lögum. Það hefði e. t. v. verið ástæða til að fara enn þá nánar í ýmsa kafla en ég sleppti því viljandi vegna þess að, eins og ég tók fram í upphafi, meginefni þess frv. sem var til umfjöllunar á síðasta þingi um breytingar á Húsnæðisstofnun ríkisins, er fellt inn í þetta frv. Nokkrar breytingar eru gerðar og fengu þær mjög mikla og góða umfjöllun í meðförum þingsins.

Ég vil aðeins koma inn á að ég tel umfjöllun um húsnæðismál ekki lokið með þessu frv. sem hér er. Halda þarf áfram að endurskoða þessi mál og fjalla um þau. Mitt mat er að það þurfi að auka þátttöku bankakerfisins á Íslandi í húsnæðismálunum. Ég vil aðeins endursegja það sem fram kom við þá endurskoðun sem fram fór hér á árinu 1982 um Húsnæðisstofnunina sem ég átti þátt í. Þar var í till. um húsnæðismál og stefnumörkun sem þáv. nefnd var sammála um og núv. n. var einnig sammála um, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir samkomulagi við viðskiptabanka og sparisjóði um samræmda þátttöku í fjármögnun húsnæðismála. Í því skyni verði stofnaðir nýir húsnæðisreikningar við viðskiptabanka og sparisjóði þar sem innlán í vissan árafjölda veiti rétt til viðbótarlána við lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Upphæð lána ákvarðist af reglu sem taki mið af innlánstíma. Jafnframt verði kannað hvort unnt sé að beita skattfríðindum til að örva slíkan sparnað. Viðskiptabankarnir taki að sér að veita framkvæmdalán í byggingariðnaði, framkvæmdalán á byggingartímanum sem Byggingarsjóður ríkisins endurgreiði þegar íbúðirnar eru lánshæfar skv. reglum sjóðsins.

Þetta ákvæði er í þessu frv. og er ákaflega mikilvægt og ég vil geta þess í sambandi við þetta atriði að ríkisstj. fól viðskrh. og félmrh. að beita sér fyrir viðræðum milli Seðlabanka Íslands og innlánsstofnana um þessa sérstöku sparireikninga, tengdum rétti til lántöku til íbúðabygginga gegn vissum ívilnunum vegna þessa sparnaðar, og í öðru lagi að viðskiptabankarnir taki við því verkefni sem Byggingarsjóður ríkisins hefur haft til að veita framkvæmdalán til byggingarverktaka á byggingartímanum. Hér er um að ræða skammtímalán sem greiðist upp með lánum til íbúðarkaupenda um fokheldisstig og er eðlilegt að bankakerfið láni slík skammtímalán fremur en byggingarsjóður sem er fjárfestingalánasjóður og lánar til langs tíma. Gert er ráð fyrir að fjárhæð á næsta ári í þessu skyni verði um 120 millj. kr. og ég vil segja frá því hér að þessar umr. eru löngu hafnar og gefa þegar til kynna að orðið geti um að ræða árangur af því.

Ég vil einnig geta þess að þegar er hafin athugun á því að gera úttekt og langtímaáætlun á íbúðarþörf næstu ára. Einnig er í ráði að setja af stað sérstakan starfshóp sem hefur það hlutverk að kanna íslenskan fasteignamarkað og nauðsynlegar breytingar sem kynni að vera hægt að koma á í þeim málum. M. a. með því að koma á því formi að það væri hægt að lækka útborgunarhlutfall sem er á fasteignamarkaðinum.

Ég vil að lokum segja í sambandi við lífeyrissjóðakerfið að ég fagna því alveg sérstaklega að síðustu daga hefur náðst samkomulag við lífeyrissjóðina í landinu um fjármögnun húsnæðislána á næsta ári. Skv. því eru lífeyrissjóðirnir fúsir til að láta 40% af ráðstöfunarfé sínu á næsta ári án þess að til þurfi að koma lögþvingun að einu eða neinu leyti. Þetta er ákaflega mikilvægt og kemur til með að hjálpa okkur til að byggja það samstarf sem þarf að vera við lífeyrissjóðina til að byggja upp kerfi eða útvega fjármagn í húsnæðiskerfið almennt.

Ég tel ekki ástæðu að fara meira í þessi mál, ég vonast til að gott samstarf náist um að koma þessu frv. í gegnum Alþingi. Ég sagði áðan og vil endurtaka það að Þjóðhagsstofnun og þeir aðilar sem ég nefndi hafa þegar í höndum alla útreikninga og upplýsingar um bæði fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins á næstu árum og ýmis töluleg gögn. Þeir eru fúsir til að verða til leiðbeiningar um þessi mál. Og ég vil beina því til félmn. Nd. sem fær málið til meðferðar að leitað verði eftir því formlega strax hvort ekki er hægt að fá félmn. Ed. til að vinna með félmn. Nd. og hafður verði sá háttur á að í staðinn fyrir að senda út skriflega óskir um

umsagnir þá verði farið þá leið sem oft hefur verið farin hér á Alþingi, að fá aðila til viðtals við n. til að flýta fyrir þessum störfum.

Ég vil svo, herra forseti, að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa furðu minni á því hvað fáir hv. þm. sjá ástæðu til að sitja undir þeirri umr. sem hér fer fram um húsnæðismálin. Þessi mál hafa verið mikið til umfjöllunar í þjóðfélaginu undanfarna mánuði og er það að vonum vegna þess að það ríkir hreinlega neyðarástand hjá mörgum húsbyggjendum. Í upphafi, þegar hæstv. félmrh. gerði grein fyrir þessu frv., sátu hér einungis tveir, þrír og fjórir þm. í salnum og er alveg ótrúlegt að svo skuli vera þegar svo mikilvægt mál er hér á dagskrá. Ég er viss um að margir húsbyggjendur og íbúðarkaupendur bíða eftir úrslitum þessara mála hér á Alþingi. Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að gagnrýna hvað fáir þm. sjá ástæðu til að sitja undir þessari umr.

Núna nokkrum dögum fyrir þinghlé er þm. ætlað að fjalla um og afgreiða þetta viðamikla frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Fyrir aðeins þrem dögum var þessu frv. dreift á borð alþm. og í fyrradag fá þm. fyrst upplýsingar um að ætlun ríkisstj. sé að afgreiða þetta mál fyrir jólahlé þm. Þessum vinnubrögðum hljóta þm. að mótmæla. Hæstv. félmrh. hefur haft þetta frv. í smíðum frá því í sumar og gefið yfirlýsingar um að þetta yrði eitt af fyrstu málum sem lagt yrði fram á þingi. Svo er það fyrst nú, þegar tveir mánuðir eru liðnir af þingtímanum og nokkrir dagar eftir af starfstíma þingsins fyrir jól, að þm. er ætlað að afgreiða þetta mál ásamt ýmsum fleiri mikilvægum málum sem enn bíða afgreiðslu. Þetta eru auðvitað ótæk vinnubrögð og vanvirða við þingið og það mál sem hér er til umfjöllunar, enda eru störf Alþingis alltaf að færast meira og meira í það horf að vera afgreiðslustörf fyrir framkvæmdavaldið, ýmist í því formi að staðfesta brbl. framkvæmdavaldsins eða keyrðir eru í gegn, oft á síðustu dögum fyrir jólahlé eða þingslit, stórir lagabálkar sem þm., þó þeir séu allir af vilja gerðir, geta ekki kynnt sér á sómasamlegan eða viðunandi hátt eða að málin fái þá umfjöllun og meðferð á Alþingi sem þau þó þyrftu. Ég vænti þess að forseti þessarar deildar og forsetar þingsins sjái til þess að betra skipulag komist á þessi mál hér í þinginu í framtíðinni og að þm. fái eðlilegan tíma til að fjalla um þau mál sem frá ríkisstj. koma.

Við það mál sem hér er til umfjöllunar höfðum við, ég og minn flokkur, bundið þær vonir að það yrði lagt fram í upphafi þings svo hægt yrði að afgreiða það með eðlilegum hætti frá Alþingi fyrir áramót, en ég fæ ekki séð hvernig það á að takast. Þingflokki Alþfl. hefur, eins og gefur auga leið, ekki gefist nema lítill tími til að fjalla um frv. eða taka afstöðu til einstakra efnisatriða eða greina í því. Því mun ég ekki við 1. umr. um þetta mál ræða sérstaklega einstakar greinar nema að litlu leyti. Ég fæ þó ekki betur séð, herra forseti, á þeim stutta tíma sem ég hef haft til þess að líta á þetta frv. en að fjárhagsgrundvöllur frv. sé mjög ótraustur og það standi í raun á brauðfótum hvað fjármögnun og fjárhagsgrunn þess varðar.

Á fjárlögum er gert ráð fyrir 400 millj. kr. til byggingarsjóðanna, en samkv. því sem fram hefur komið er gert ráð fyrir að heildarframlagið til sjóðanna verði um 1500—1600 millj. á næsta ári, sem þýðir að um 11—12 hundruð milljóna á að afla með lánsfé. Hugmyndin er, eftir því sem ég kemst næst, að skipta þessum 1500—1600 millj. þannig, að Byggingarsjóður ríkisins fái liðlega 1160 millj., en Byggingarsjóður verkamanna um 400 millj. Það er alveg ljóst að með þessu framlagi til Byggingarsjóðs verkmanna eða um 400 millj. samtals á fjárlögum og lánsfjáráætlun mun byggingarsjóðurinn einungis geta staðið við þegar gerðar skuldbindingar. Byggingarsjóður verkamanna mun með þessu framlagi einungis geta staðið við þegar gerðar skuldbindingar, en ekki verður neitt hægt að sinna umsóknum sem bárust fyrir 1. ágúst 1983, sem eru 530 talsins. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort rétt sé að einungis 400 millj. séu samtals ætlaðar í Byggingarsjóð verkamanna og með því framlagi geti byggingarsjóðurinn einungis staðið við þegar gerða samninga, en allar umsóknir sem bárust fyrir 1. ágúst s. l. eða um 530 talsins fái enga fyrirgreiðslu á næsta ári. Það er mikilvægt að þessu sé svarað þegar við þessa umr., þannig að þeir sem nú hafa gert sér miklar vonir vegna fyrirheita ríkisstj. og telja víst að þeir fái fyrirgreiðslu á næsta ári hjá Byggingarsjóði verkamanna séu ekki að velkjast í neinum vafa um að hér séu tálvonir einar á ferðinni. Samkvæmt áætlun Húsnæðisstofnunarinnar þarf a. m. k. 700—800 millj. til að sinna viðbótarumsóknum hjá Byggingarsjóði verkamanna. Hér er því gat upp á 400 millj. í Byggingarsjóði verkamanna einum saman.

Ég vil einnig í þessu sambandi spyrja hæstv. félmrh. að því, hvar hann ætlar að taka fjármagn til að standa við loforð sín um fjármögnun til húsnæðissamvinnufélaga sem nýlega eru stofnuð. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í Dagblaðið 5. desember, en þar er viðtal við Jón Rúnar Sveinsson, formann nýstofnaðs húsnæðissamvinnufélags, og hann segir eftirfarandi:

„Við hittum félmrh. í síðustu viku, og hann sagði frá því að gert væri ráð fyrir að okkur gefist kostur á lánum til 80% af verði staðalíbúðar til 30 ára í endurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar, sem nú er verið að leggja fram á Alþingi."

Enn fremur er haft eftir Jóni Rúnari Sveinssyni, með leyfi forseta: „Jón sagði að þetta væru nánast sömu kjör og fengjust við byggingar verkamannabústaða, nema þar væru lánin til 43 ára. Hann sagði að peningarnir til hins nýja húsnæðissamvinnufélags kæmu frá fjárveitingu til verkamannabústaða."

Ég les orðrétt það sem haft er eftir Jóni Rúnari Sveinssyni í Dagblaðinu og ég hef ekki séð þessu mótmælt. Hvar ætlar hæstv. ráðh. að taka þessa peninga? Það er auðvitað mikilvægt að fá það upplýst hér og nú einnig, þannig að allur sá fjöldi manna sem binda miklar vonir við hin nýstofnuðu húsnæðissamvinnufélög fari ekki í neinar grafgötur með hvar þeir standa og hvort vænta megi þess að framkvæmdir húsnæðissamvinnufélaganna geti hafist að fullu á næsta ári, vegna þess að, eins og ég hef hér lýst, þessar 400 millj. til Byggingarsjóðs verkamanna munu einungis nægja til að standa við þegar gerðar skuldbindingar.

Ég vil líka lýsa miklum efasemdum um að sú lánsfjáröflun sem fyrirhuguð er standist og tel að hér sé í raun aðeins um loftkastala að ræða. Hugmyndin er að afla 1050 millj., eftir því sem ég kemst næst, með lántökum til byggingarsjóðanna, þar af 690 millj. hjá lífeyrissjóðunum og 200 millj. með útgáfu skuldabréfa ríkissjóðs,

45 millj. með skyldusparnaði og 115 millj. hjá atvinnuleysistryggingasjóði. Ég held, hæstv. ráðh., að allar þessar tölur séu út í loftið, séu lítt raunhæfar og hafi í raun litla stoð í veruleikanum eins og þær eru fram settar hér.

Hæstv. ráðh. upplýsti hér áðan að lífeyrissjóðirnir hefðu fallist á að veita 40% af sínu ráðstöfunarfé til skuldabréfakaupa byggingarsjóðanna. Þetta eru auðvitað ánægjuleg tíðindi, en við skulum aðeins líta t. d. á skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna og hvernig staðan er á þessu ári.

Á yfirstandandi ári var í lánsfjáráætlun gert ráð fyrir tekjuöflun til Byggingarsjóðs ríkisins upp á 321 millj. kr. hjá lífeyrissjóðunum. Frá janúar til októberloka höfðu lífeyrissjóðirnir keypt skuldabréf fyrir 207 millj. eða 64.5% af þeirri upphæð. Á sama tímabili, jan.-okt., höfðu lífeyrissjóðirnir keypt skuldabréf af Byggingarsjóði verkamanna fyrir rúmar 97 millj. kr. eða 61.7% af þeirri upphæð sem áætlað er að þeir kaupi fyrir til áramóta, sem er 158 millj. Staðan er því sú, að í októberlok áttu lífeyrissjóðirnir enn eftir að kaupa skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir 175 millj. kr. til að áætlanir um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna til húsnæðiskerfisins á þessu ári fái staðist. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig staðan er nú í des., en miðað við að á síðustu vikum ársins hafi staðan verið sú að lífeyrissjóðirnir hafi einungis keypt liðlega 60% af því sem ráð hafði verið fyrir gert á þessu ári, sem var 479 millj., og einungis hafi verið greidd nú, nokkrum vikum fyrir áramótin, liðlega 60% af þeirri upphæð sem áætlað hafði verið að lífeyrissjóðirnir keyptu eða rúmar 300 millj., þá fæ ég ekki séð að raunhæft sé að áætla að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir 690 millj. á næsta ári, eins og ráð virðist vera fyrir gert.

Sama gildir í raun um skyldusparnaðinn og áætlanir í því sambandi, en gert er ráð fyrir að 400 millj. komi á næsta ári gegnum skyldusparnaðinn. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort honum sé í raun kunnugt um hve mikið fé byggingarsjóðirnir hafa fengið af skyldusparnaði á þessu ári og hvernig dæmið lítur út núna í lok ársins.

Samkv. frv. til lánsfjárlaga fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir tekjuöflun til byggingarsjóðanna af skyldusparnaði upp á 42 millj. Samkv. upplýsingum sem ég aflaði mér í gær hjá veðdeildinni er nettóinnstreymi vegna skyldusparnaðar það sem af er þessu ári um 303 millj. kr., en það sem greitt hefur verið út til eigenda skyldusparnaðarins eru 296 millj. á árinu. Mismunurinn er því 6 millj. sem runnið hefur til byggingarsjóðanna á þessu ári og sennilega þó ekki nema 3—4 millj. ef dreginn er frá rekstrarkostnaður veðdeildarinnar vegna skyldusparnaðarins. Allt stefnir því, hæstv. ráðh., í að skyldusparnaðurinn verði neikvæður á þessu ári, en engu að síður ætlar ríkisstj. í sinni áætlun að fá 45 millj. kr. á næsta ári gegnum skyldusparnaðinn. Hér er því á ferðinni enn einn loftkastali í fjármögnun, enn ein sönnun þess að frv. stendur á brauðfótum að því er fjármögnun þess varðar. Húsbyggjendur og íbúðarkaupendur binda miklar vonir við það nú, að eitthvað raunhæft verði gert í húsnæðismálum. Ég vil því vara við því ef nú á að fara að samþykkja einhver pappírslög, eitthvert pappírsgagn sem í raun er einskis virði fyrir húsbyggjendur því að allan raunhæfan fjárhagsgrundvöll vantar til að standa við gefin loforð.

Og síðan eru það 200 millj. sem afla á með útgáfu skuldabréfa ríkissjóðs eða lántöku. Þar er einnig mikil óvissa á ferðinni og auðvitað ljóst að við þær þrengingar sem fólk nú býr við eru varla peningar aflögu til skuldabréfakaupa. Hæstv. fjmrh. lét þau orð falla í Ed. 16. nóv., þegar rætt var um frv. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, að ef sala ríkisskuldabréfa gengi illa hefði ríkissjóður enga peninga til að veita húsbyggjendum að því marki sem um hefði verið samið, þannig að einnig þessi liður í lánsfjáröflun stendur á brauðfótum.

Annað má líka benda á. Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir í 2. tölul. að framlags til Byggingarsjóðs ríkisins eigi að afla á þann hátt að 40% af útlánaáætlun sjóðsins eigi að koma úr ríkissjóði — „með árlegu framlagi úr ríkissjóði samkv. fjárlögum," stendur hér. Í drögum að áætlun Húsnæðisstofnunarinnar vegna Byggingarsjóðs ríkisins, sem dags. er 30. sept. 1983, eru áætluð lán úr Byggingarsjóði ríkisins á næsta ári, 1984, 1 milljarður 402 millj. kr. og er þar gert ráð fyrir 1050 lánum vegna íbúða. Nú má vera að þessi áætlun Húsnæðisstofnunarinnar hafi eitthvað breyst frá þessum tíma, en ég hef ekki trú á að þesar tölur, 1 milljarður 402 millj., hafi lækkað frá þeim tíma, það hljóti frekar að vera um hækkun að ræða. Á fjárl. næsta árs, miðað við ákvæði 9. gr. þessa frv., skal afla 40% af þessari fjárþörf, en það eru 560 millj. kr. Hæstv. ráðh. taldi sig útskýra þetta ákvæði til fullnustu eða því sem næst í orðum sínum hér áðan og benti á að 200 millj. kæmu á fjárlögum og 200 millj. á lánsfjáráætlun með skuldabréfakaupum ríkissjóðs. Ég get ekki lesið betur hér, hæstv. ráðh., en þetta framlag eigi að koma úr ríkissjóði samkv. fjárlögum, ekki með lántöku, og ég geri greinarmun á fjárlögum og lánsfjáráætlun. Það er náttúrlega skrípaleikur að ætla sér að blanda þessu saman og halda að með því sé fullnægt því ákvæði sem fram kemur í 9. gr., 2. tölul. Fyrir utan það höfum við orð hæstv. fjmrh. fyrir því að það er ekkert að treysta á þær 200 millj. sem afla á með skuldabréfasölu. Hæstv. fjmrh. segir 16. nóv. í umr. í Ed. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs:

„Ef sala ríkisskuldabréfa, gengistryggðra bréfa eða ríkissjóðsvíxla gengur illa hefur ríkissjóður ekki peninga til að fjármagna húsbyggjendur að því marki sem um hefur verið talað."

En hæstv. félmrh. telur að með skuldabréfum, sem mikil óvissa ríkir um að hægt sé að selja, og þeim 200 millj., sem ráð er fyrir gert í fjárlögum, hafi hann fullnægt eða því sem næst því ákvæði sem stendur í 2. tölul. 9. gr.

Við höfum það fyrir okkur að á fjárlögum er einungis gert ráð fyrir 200 millj. kr. til Byggingarsjóðs ríkisins, þannig að þarna munar 360 millj. kr. Þetta ákvæði 9. gr., sem þm. er nú ætlað að samþykkja, er því dautt og ómerkt hvað næsta ár varðar því að 40% af útlánaáætlun, a. m. k. eins og hún lá fyrir í drögum í lok sept. s. l., eru 560 millj. kr., sem koma ættu á fjárlögum, og einungis virðast nú eiga að koma liðlega 14%, hæstv. ráðh., af þeirri upphæð á fjárlögum eins og frv. liggur nú fyrir í stað 40%, sem frv. sem við nú fjöllum um gerir ráð fyrir. Af þessu má ljóst vera að það er allt á sömu bókina lært hvað varðar fjárhagsgrundvöll og fjárhagsforsendur til að hægt sé að standa við það sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég hef í máli mínu hér einungis rætt um fjáröflunina

og fjárhagsforsendur frv., sem auðvitað er það mikilvægasta og við þurfum að gera okkur ítarlega grein fyrir, þannig að hér sé ekki verið að samþykkja frv. eina ferðina enn sem vekur vonir húsbyggjenda og íbúðakaupenda sem ekki er hægt að standa við. Fleira mætti auðvitað nefna í þessu frv. sem sérstaklega þarf að skoða og ítarlega meðferð þarf að fá.

Ég vil t. d. spyrja ráðh. hvort raunhæft sé að ætla að lágtekjufólk geti fjármagnað um 20% af verði íbúðar í verkamannabústöðum í stað 10% áður. Skilyrði þess að fá lán hjá Byggingarsjóði verkamanna er að viðkomandi hafi ekki haft í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en útlán fara fram hærri fjárhæð en 141 þús. kr. Ég tel að óraunhæft sé að ætla að lágtekjufólk geti fjármagnað 20% af kostnaði þessara íbúða. Það hlýtur að þýða skammtímalán úr bankakerfinu, sem þetta fólk getur ekki staðið undir. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því hvort hann hafi látið reikna út greiðslubyrði þessa fólks, t. d. miðað við að 10—15% þurfi þetta lágtekjufólk að fjármagna með skammtímalánum úr bankakerfinu, og til samanburðar að taka þá kannske launin sem þetta fólk fær á heilu ári og athuga hvort því sé mögulegt að standa undir þeirri greiðslubyrði sem hér er lagt til að fólkið taki á sig. Ef svo er ekki tel ég að hæstv. félmrh. eigi að sjá til þess, ef hann hefur ekki svar við þessu núna, að sú nefnd sem málið fær til meðferðar fái upplýsingar um þessa greiðslubyrði og einnig hver áætla megi að greiðslubyrði þeirra verði sem taka lán hjá Byggingarsjóði ríkisins miðað við það lánahlutfall og lánstíma sem nú er gert ráð fyrir.

Annað vil ég minnast á, sem fram kemur í þessu frv., en það er ákvæði í 30. gr. um að ákvörðun um vexti af lánum Byggingarsjóðsins sé í höndum ríkisstj. Alþingi á samkv. þessu ekkert að hafa með það að gera eða segja hvaða vextir eigi að vera af þessum lánum. Þetta, hæstv. ráðh., vil ég gagnrýna harðlega, að Alþingi sé ætlað að afgreiða þetta frv. án þess að nokkur vitneskja liggi fyrir um hver greiðslukjör eigi að vera á lánunum og þar með hvað gera má ráð fyrir mikilli greiðslubyrði af þessum lánum. Ég tel ótækt að Alþingi afgreiði málið frá sér með þessum hætti í hendur framkvæmdavaldsins, enda er það beinlínis gefið í skyn í grg. með þessu frv. að nauðsynlegt kunni að reynast að hækka vexti af lánum sjóðsins. Ég tel eðlilegt að haft sé í lögunum hverjir vextir af lánunum eigi að vera, eins og er í núgildandi lögum.

Herra forseti. Ég hef fyrst og fremst beint sjónum mínum að fjárhagsgrundvelli þessa frv., vegna þess að fjárhagsgrundvöllurinn er auðvitað forsenda þess að við getum vænst þess að ákvæði þessa frv. og nýmæli, sem þar er að finna, skili árangri. Ýmis ákvæði þessa frv. eru auðvitað til bóta ef við þau er hægt að standa. Það er vissulega til bóta t. d. að lán samkv. 1. og 7. tölul. 11. gr. skuli vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Fleira mætti auðvitað nefna og það er vissulega fengur í því ef opnaðir eru möguleikar til byggingar íbúða fyrir lágtekjufólk, til að mynda félagasamtökum séu opnaðir möguleikar til að byggja leiguíbúðir handa félagsmönnum sínum eða námsfólki séu frekar opnaðir möguleikar á að fá leiguhúsnæði. Allt þetta og önnur nýmæli byggist þó fyrst og fremst á því að við höfum traustan fjárhagsgrundvöll. Það vil ég ítreka, en það sem ég vara við er að við hv. þm. séum með samþykkt þessa frv. að vekja einhverjar vonir hjá húsbyggjendum sem ekki er hægt að standa við. Það er vissulega opnaður möguleiki með ákvæðum þessa frv. til byggingar leiguíbúða og að félagasamtök eins og húsnæðissamvinnufélög geti fengið lán til þess að byggja ódýrari íbúðir og fái til þess 80% lán úr Byggingarsjóði verkamanna, en ég fæ ekki séð hvernig er hægt með þeirri fjármögnun sem fyrirhuguð er að standa við þetta, a. m. k. á næsta ári. Og ef það er ekki hægt að standa við það á næsta ári tel ég að það verði að koma skýrt fram hjá hæstv. ráðh., að þrátt fyrir þessi ákvæði og þá nýju möguleika sem hér eru opnaðir verði ekki hægt að standa við þetta á næsta ári, miðað við þá fjármögnun sem ráð er fyrir gert. Fólkið í landinu, sem nú bindur miklar vonir við þetta frv., á heimtingu á því að vita allan sannleikann í þessu máli.

Ég vil í stuttu máli, herra forseti, draga saman þau atriði, sem ég hef lagt áherslu á í mínu máli og sem ég legg áherslu á að hæstv. félmrh. svari nú við þessa umr.

Það er í fyrsta lagi: Getur hæstv. ráðh. fallist á það með mér, að miðað við fjármögnun bæði á fjárl. og í lánsfjáráætlun til Byggingarsjóðs verkamanna geti sjóðurinn aðeins staðið við fyrri skuldbindingar og ekki verði hægt að veita framlag til einnar einustu nýrrar íbúðar í verkamannabústaðakerfinu á næsta ári? M. ö. o.: við þær umsóknir sem liggja fyrir og bárust fyrir 1. ágúst 1983, sem eru 530 talsins og liggja óafgreiddar, verður ekki hægt að standa á næsta ári.

2. Hæstv. ráðh. Geta hin nýstofnuðu húsnæðissamvinnufélög vænst þess að fá fjármagn á næsta ári til að sinna framkvæmdum? Samkv. því sem fram hefur komið er áætlað að taka það fé af Byggingarsjóði verkamanna, sem ég fæ ekki séð að eigi grænan eyri eftir miðað við það fjármagn sem honum er ætlað. Fjármagn er aðeins fyrir hendi til að standa við fyrri skuldbindingar. Hæstv. ráðh. gerir sér væntanlega grein fyrir því að það er fjöldi fólks sem hefur gerst félagar í húsnæðissamvinnufélögum. Þetta fólk treystir því að hægt sé að hefja frmkvæmdir með fullum þunga á næsta ári. Ég vitnaði í grein í Dagblaðinu áðan, þar sem fram kemur að félmrh. hafi sagt að þessi húsnæðismálasamvinnufélög fengju 80% á næsta ári. Fram kemur hér að þetta komi af fjárveitingu úr verkamannabústaðakerfinu. Það er því mjög brýnt, hæstv. ráðh., að við fáum upplýst hér hvernig á að standa að fjármögnun til hinna nýstofnuðu húsnæðissamvinnufélaga, hvort það verði á næsta ári eða hvort þessi félög verði þá e. t. v. að bíða í 1—2 ár eða þá hversu lengi.

3. Hversu mörgum nýjum umsóknum er hægt að sinna hjá Byggingarsjóði ríkisins á næsta ári miðað við það framlag á fjárlögum og lánsfjáráætlun sem sjóðnum er ætlað? Getur hæstv. ráðh. staðfest þær tölur, sem ég hef hér sett fram, að einungis sé hægt að afgreiða frumlán, þ. e. nýjar umsóknir vegna 1000 íbúða eða þar um bil? Í því sambandi er rétt að benda á að allar áætlanir sem settar hafa verið fram hljóða upp á að þörf sé á að byggja um eða yfir 2 þús. nýjar íbúðir á ári.

4. Þá vil ég spyrja ráðh.: Hvernig fær ákvæði 9. gr. frv. í 2. tölul. staðist, að á næsta ári eigi að fjármagna 40% af útlánaáætlun Byggingarsjóðs ríkisins samkv. fjárlögum, sem er þá um 560 millj. miðað við þau drög sem lágu fyrir í septemberlok um útlánaþörf Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári, þegar einungis er áætlað að veita á fjárl. um 200 millj.? Ég ítreka að þetta eru aðeins 14%, en ekki 40% eins og kveðið er á um í

greininni. Ég hlusta ekki á það, hæstv. ráðh., að ætla að fara að blanda saman við þetta lántöku með skuldabréfasölu ríkissjóðs. Hæstv. fjmrh., sem hér situr, hefur sagt að mjög mikil óvissa sé um hvort hægt sé að selja þau skuldabréf. Þess vegna er það alrangt, hæstv. ráðh., að vera að villa hér um og blanda þessum tveim upphæðum saman, enda stendur hér „samkv. árlegu framlagi úr ríkissjóði samkv. fjárlögum.“ Því vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvort hv. þm. væru með samþykkt þessa ákvæðis í 9. gr. 2. tölul. að samþykkja ákvæði sem ekki fær staðist á næsta ári.

5. Þá vil ég spyrja ráðh. hvort hann hafi trú á að sú áætlun standist og hægt sé að ætlast til þess að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf fyrir 690 millj. á næsta ári þegar þeir í októberlok höfðu einungis keypt 60% af áætluðum skuldabréfakaupum þeirra á yfirstandandi ári eða rúmar 300 millj. Og hversu lengi telur ráðh. að stætt sé á að blóðmjólka lífeyrissjóðina þegar skuldbindingar lífeyrissjóðanna varðandi lífeyrisgreiðslur verða stöðugt þyngri?

6. Hefur ráðh. látið reikna út hvenær byggingarsjóðirnir, bæði verkamanna og Byggingarsjóður ríkisins, verða gjaldþrota miðað við hvað stórum hluta af fjárþörf þeirra er mætt með lántökum sem bera hærri vexti en byggingarsjóðirnir fá af sínum útlánum? Ég tel mjög mikilvægt að þm. fái þá útreikninga upp á borðið við meðferð þessa frv. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar og ég mun óska eftir því að upplýsingar liggi fyrir áður en frv. verður afgreitt héðan frá Alþingi. Ég tel að með svo miklum lántökum, eins og nú er stefnt að og verið hafa á undanförnum árum, hljóti hraðbyri að stefna að gjaldþroti sjóðanna.

7. Þá vil ég spyrja ráðh. hvort raunhæft sé að ætla fjármagn til byggingarsjóðanna af skyldusparnaði um 45 millj. á næsta ári þegar staðan er sú, að sjóðirnir hafa í reynd aðeins fengið á yfirstandandi ári 3—4 millj. og allt stefnir í að skyldusparnaðurinn verði neikvæður nú í árslok.

Þetta eru allt spurningar sem ég tel brýnt að fá svar við við þessa umr. málsins. Ef hæstv. ráðh. treystir sér ekki til að gefa við öllum þessum spurningum svör nú mun ég leita fast eftir því að þessum spurningum verði svarað við meðferð málsins í félmn., þar sem ég á sæti. En auðvitað væri best að félmrh. mundi upplýsa eins og hann gæti það sem ég hef hér spurt um.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ýmis ákvæði þessa frv. hefur mér ekki gefist tími til að skoða gaumgæfilega, t. d. V. kafla frv., um forkaupsrétt sveitarfélaga á íbúðum og þær breytingar sem þar eru settar fram. Ég vil því áskilja mér allan rétt varðandi aths., afstöðu og brtt. við þann kafla frv., svo og að sjálfsögðu aðrar greinar sem mér hefur ekki gefist tími til að skoða fyrir þessa umr.

Ég hef látið koma fram hér að það eru ýmis góð og gagnleg nýmæli í þessu frv.; en þau byggjast auðvitað öll á því að hægt sé að hrinda þeim í framkvæmd og það er ekki hægt nema samhliða og við afgreiðum þennan lagabálk frá okkur verði tryggt að hægt sé að standa við ákvæði þessa frv. Að öðrum kosti, herra forseti, erum við hér einungis að ræða frv. sem stendur á brauðfótum fjárhagslega. Ég vara við því að vekja vonir hjá húsbyggjendum með því að samþykkja þetta frv., sem þegar upp er staðið verður ekki hægt að standa við.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mál sem er nú á dagskrá kemur hér inn vonum seinna miðað við þær yfirlýsingar sem hæstv. núv. félmrh. hefur gefið á undanförnum mánuðum um að hann væri að leysa vanda húsbyggjenda í þessu landi og hann ætlaði nú aldeilis að standa þannig að málum að sá vandi yrði leystur, helst í eitt skipti fyrir öll, fyrir n. k. áramót. Hæstv. félmrh. hóf feril sinn á því að lýsa því yfir að nauðsynlegt væri að stórhækka húsnæðislán. Og í kosningabaráttunni í vor settu þeir það fram, hv. þm. Gunnar G. Schram og hæstv. utanrrh. fyrir hönd Sjálfstfl., að lánin ættu að hækka í 80% og það strax, ef þessir menn fengju einhverju ráðið. Hæstv. núv. félmrh. söng þar eins konar millirödd, tók undir og ýtti undir að í rauninni væru hin lágu lánshlutföll í húsnæðismálum mest ræfildómi Alþb. að kenna og aðallega fyrrv. félmrh. og það mundi nú kveða við annan róm í páfadóm þegar þeir settust þar við völd, Alexander og Albert og þeir fleiri félagar úr Samvinnuskólanum sem núna stýra málum í ríkisstjórn Íslands.

Þegar hæstv. félmrh. var sestur í stólinn, en það var áður en hann fékk aðstoðarmanninn, lýsti hann því yfir að hann ætlaði að hækka lánin í 50% af kostnaðarverði staðalíbúðar, þ. e. í rúmlega 1 millj. kr. Það var í þá daga sem fólk hringdi í Húsnæðisstofnun ríkisins í stórum stíl og spurði: Hvenær fæ ég milljónina mína? Það var nefnilega milljón sem þetta loforð þýddi fyrir húsbyggjendur, sem núv. hæstv. félmrh. hafði gefið þegar hann hafði setið um hríð í skotinu þarna uppi í Arnarhvoli. Leið nú og beið og hæstv. félmrh. hélt áfram að lofa 50% af kostnaðarverði staðalíbúðar og starfsmenn húsnæðismálastjórnar höfðu ekki við að segja við þá sem hringdu í Húsnæðisstofnunina: Þetta er því miður ekki ljóst enn þá vegna þess að ríkisstj. er ekki búin að útvega fjármuni í þessu skyni.

Og svo gerðist það, að á haustdögum var loks gerð samþykkt í ríkisstj., ekki um 50% af kostnaðarverði staðalíbúðar, ekki um 80% af kostnaðarverði staðalíbúðar, heldur um 30%, þar var nú lendingin. Hef ég grun um að ekki sé hægt að finna dæmi um aðra eins magalendingu í gervallri sögu íslenskra kosningaloforða, og er þá langt til jafnað, og hjá hæstv. núv. félmrh. 80% urðu 50 og 50 urðu 30 og þeir sem hringdu og báðu um milljónina sína hafa ekki fengið nein svör enn. Það er enn á tali í Húsnæðisstofnuninni. Þaðan er engar upplýsingar að hafa um þessa hluti.

Svo kemur frv., þegar skammt lifir til jóla og fáir dagar eftir af starfi Alþingis núna fyrir áramót, og hvað er í því frv.? Er það einhver lausn á þeim vanda sem lofað hefur verið að leysa? Nei. Frv. er skýjaborgir, loftkastalar. Hæstv. félmrh. og samstarfsmenn hans í þessu efni reynast ekki vera *húsasmiðir og íbúðasmiðir*, heldur loforðasmiðir, loforðaglamrarar, sem hafa haft neyð hins almenna húsbyggjanda að leiksoppi í pólitísku áróðursskyni um margra mánaða skeið. Og þegar þetta sama fólk núna gengur fyrir hæstv. félmrh. og segir: Hvað eigum við að gera? Við viljum stofna húsnæðissamvinnufélög, þá fá menn undirtektir eins og þær sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rakti hér áðan. Þetta fólk býst við lausn, því er lofað lausn og þegar talað er um að það þurfi að breyta lánakjörum og bæta þau er sagt: Við skulum lengja lán, við skulum hækka lán o. s. frv., en það eru engir peningar til að standa við eitt eða neitt. Það er satt að segja ömurlegt að hugsa til

þess hvernig húsnæðisumr. hefur verið leikin af þessum loforðaglömrurum ríkisstj. á síðustu mánuðum, vegna þess að hér er auðvitað um að ræða mál sem er svo stórt og alvarlegt og snertir með svo ríkum hætti lífsafkomu launamanna í þessu landi að það er siðlaust að leika sér að neyð þessa fólks með þeim loddaraskap sem hefur verið gert á þessu ári.

Í þessu frv., sem hæstv. félmrh. hefur nú mælt fyrir, eru mörg nýmæli góð og þörf, tæknilegar lagfæringar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, en í því frv. felast einnig árásir og aðför að verkamannabústaðakerfinu, aðför að hinum félagslegu íbúðabyggingum í landinu, þannig að ég sé ekki betur en ríkisstj. sé í raun að svíkja loforðin um félagslegar íbúðabyggingar, sem gefin voru í samningum við verkalýðshreyfinguna í febr. 1974.

Þessi loforð gengu út á að þriðjungur íbúðabygginga í landinu ætti að vera á félagslegum grundvelli. Í því skyni samþykkti verkalýðshreyfingin að láta sína félagsmenn bera 1% launaskatt og jafnframt féllst verkalýðshreyfingin á að stuðla að því fyrir sitt leyti að lífeyrissjóðirnir innan Alþýðusambandsins greiddu ákveðinn hluta af sínu ráðstöfunarfé sem lánsfé til byggingarsjóðanna í landinu. Ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar efndi þetta loforð aldrei. Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens gerði hins vegar það í húsnæðismálum að hún stóð við þetta fyrirheit. Hún efldi stórkostlega félagslega íbúðabyggingakerfið í landinu, þannig að það margfaldaðist að umfangi og raunstærðum frá því sem áður var. Rökin voru, að það er auðvitað skylt að koma fyrst af öllu til móts við það fólk sem við mesta erfiðleika býr í þessu efni og af þeim ástæðum var það sem páv. ríkisstj. lagði mikla áherslu á félagslega íbúðabyggingakerfið og stóð við þau fyrirheit sem gefin voru 1974.

Nú sé ég ekki betur en þannig standi á tæplega 10 ára afmæli þessara fyrirheita, að hér sé borið fram frv. til l. um að rjúfa þau heit sem þarna voru gefin. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur þegar rakið ítarlega með hvaða hætti það gerist. Ég ætla að benda þar á í fyrsta lagi að Byggingarsjóði verkamanna eru ætluð fleiri verkefni samkv. þessu frv. en hann hefur áður haft. Honum eru ekki einasta ætluð þau verkefni að koma til móts við þá sem reisa eins konar kaupleiguíbúðir samkv. c-lið 33. gr., heldur er þeim sjóði einnig ætlað, ef ég skil frv. rétt, að taka á sig mikinn fjölda viðbótaríbúða í endursölu, og þá á ég við ákvæði í 62. gr. V. kafla frv., en þar er gert ráð fyrir að undir þetta kerfi falli ekki aðeins þær íbúðir sem byggðar voru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkv. lögum nr. 97/1965, heldur líka þær íbúðir sem byggðar voru samkv. lögum um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga nr. 58/1973 og nr. 38/1976, og þó einkum hin síðarnefndu lög. Ég sé ekki betur en með þessum ákvæðum og þessum orðum, sem ég tók ekki eftir að hæstv. félmrh. nefndi í sinni ræðu áðan, sé verið að taka fleiri hundruð leiguíbúðir inn í verkamannabústaðakerfið sem ekki hafa verið þar til þessa og að Byggingarsjóði verkamanna sé ætlað að fjármagna endursölu á þessum íbúðum líka eins og íbúðunum sem Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar reisti á sínum tíma og byggingarfélög alþýðu reistu fyrr á öldinni. Þannig er með tveimur ákvörðunum verið að stórauka verkefni Byggingarsjóðs verkamanna frá því sem verið hefur.

Í þriðja lagi er það að mínu mati aðför að verkamannabústaðakerfinu að hækka framlög eigenda úr 10% í 20%. Hér er um að ræða það lágtekjufólk sem lægstar hefur tekjur í okkar þjóðfélagi og því er nú ætlað samkv. þessu frv. að greiða af miðlungsíbúð í verkamannabústöðum eins og þeir eru úti á Eiðisgranda 400 þús. kr. út í staðinn fyrir 200 þús. kr. Það kann að vera að okkur í þessum sal, sem erum með háar tekjur eftir því sem sem gerist í þessu þjóðfélagi, vaxi ekki í augum þessar tölur. En ég fullyrði að það fólk sem hér um ræðir munar um minna en þetta. Ég spyr hæstv. félmrh.: Ætlast hann virkilega til þess að það fólk sem nú er undir tekjumörkum í verkamannabústöðunum, þeim tekjumörkum sem ákveðin eru í þessum lögum, ráði við að borga 400 þús. kr., 200 þús. kr. hækkun, þegar staðan er þannig að árslaun þessa fólks eru kannske í kringum 180 þús. kr.? Hvernig í ósköpunum má það vera að einmitt þetta fólk, sem hefur eingöngu átt skjól í þessu húsnæði og von í þessu húsnæði, á að fara að borga þessa upphæð? Það er útilokað mál. Og það væri fróðlegt ef hæstv. félmrh. gerði ítarlegri grein fyrir því í umr. á eftir eða á morgun eða síðar hvernig hann ætlar sér að sjá fram úr þessu, ef hann gæfi þessu láglaunafólki uppskrift af því hvernig það á að brúa þetta bil.

Í fjórða lagi er bersýnilegt af áætlunum, sem nú liggja fyrir um Byggingarsjóð verkamanna fyrir árið 1984, að auk þess að sjóðurinn taki við fleiri verkefnum og auk þess sem eigendaframlagið er tvöfaldað er gert ráð fyrir að búa þannig um sjóðinn á næsta ári að hann sé allslaus, hann geti ekkert gert. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rakti þetta mjög ítarlega áðan. Í því sambandi vil ég benda á að það er mat húsnæðismálastjórnar að til þess að standa við þá samninga sem Byggingarsjóður verkamanna hefur þegar gert þurfi 404 millj. kr. samkv. áætlun Húsnæðisstofnunar dags. 7. nóv. 1983 — bara til að standa við þá samninga á árinu 1984 sem þá höfðu verið gerðir. Þar fyrir utan er svo gert ráð fyrir því í þessu frv. að þessi sjóður taki á sig húsnæðissamvinnufélög og það er líka gert ráð fyrir því að hann stórauki þátttöku í endursölu íbúða á næsta ári með leigu og sölu á íbúðum sveitarfélaga. Hvað ætlar hæstv. félmrh. að gera þegar farið verður fram á það af stjórnum verkamannabústaða á næsta ári að fjármagna sölu og kaup á verkamannabústöðum sem kunna að losna t. d. hér í Reykjavík hjá byggingarfélögum alþýðu á næsta ári? Eiga þessi hús að standa auð og tóm. Ég spyr vegna þess að það er ekki fimmkall í áætlunum ríkisstj. til þess að verja í þessi verkefni!

Í þessu frv. ríkisstj. og áætlunum um Byggingarsjóð verkamanna á árinu 1984 er ekki heldur gert ráð fyrir neinum nýjum byggingarsamningum af neinum toga. Ég spyr því: Er ætlunin að allir þeir, sem koma inn með hugmyndir um verkefni á næsta ári, komi að lokuðum dyrum; þeir fái engan stuðning og enga fyrirgreiðslu hjá Byggingarsjóði verkamanna?

Í þessum áætlunum er það einnig svo, að ekki er gert ráð fyrir neinu fé í leiguíbúðir eins og þessar áætlanir líta út núna, þannig að ný verkefni, leiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög, endursala á gömlum íbúðum, það er allt utan við þessar áætlanir. Húsnæðismálastjórn hefur nú fyrir framan sig áætlun um Byggingarsjóð verkamanna á árinu 1984 upp á 707 millj. kr. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. hljóðar upp á allt aðra tölu eða 442 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því í báðum áætlununum að ríkissjóður greiði 200 millj. Í áætlun

sem hefur verið lögð fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að sveitarfélögin greiði 38.3 millj. Í hugmyndum Húsnæðisstofnunar ríkisins eru það 68 millj. Í áætlunum ríkisstj. er gert ráð fyrir að lánsfjáráætlun skili í Byggingarsjóð verkamanna 164.6 millj. kr., en í áætlunum Húsnæðisstofnunar er hér um að ræða 200 millj. kr. Ég óska eftir svörum við því frá hæstv. félmrh. þegar undir þessari umr.: Hvernig ætlar hann að skera niður áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins? Hvernig ætlar hann að gera það? Ætlar hann að skera niður þegar gerða samninga? Ætlar hann að loka á það að gerðir verði nýir samningar? Ætlar hann að banna endursölu íbúða? Ætlar hann að stöðva byggingu leiguíbúða? Ég spyr og ég óska eftir svörum, því að ef framkvæmd laganna á að vera eins og hann gerir hér ráð fyrir er auðvitað ekkert annað að gera en að loka þeirri deild sem með þessi mál fer á næsta ári því að hún hefur ekkert að gera.

Auk þess hefur hæstv. félmrh. bersýnilega tekið um það ákvörðun að skella hurðum á það fólk sem hundruðum saman hefur verið að skrá sig í byggingarsamvinnufélög að undanförnu, húsnæðissamvinnufélögin. Þetta fólk á ekkert fé að fá, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er að vísu sagt: Þið fáið 80% lán, þið fáið þessi lán til þessa tíma o. s. frv., en þegar pappírar eru skoðaðir er ekki nokkur hlutur inni fyrir þetta fólk. Hvernig stendur á því að hinn yfirlýsingaglaði félmrh. segir ekki við þetta fólk eins og er? Af hverju er hann að láta þetta fólk raða sér upp á biðlista vonleysisins þessa dagana? Af hverju segir hann ekki eins og er: Það eru engir peningar til í þetta. Hann hefur verið útbær á yfirlýsingar umfram það sem efni hafa staðið til á undanförnum mánuðum aftur og aftur. Hann væri maður að meiri ef hann segði við þetta fólk eins og er, hvernig staðan er í þessu efni, að það er ekkert til af peningum til þess að koma til móts við það fólk sem hundruðum saman er núna að stofna félög um allt land, á Akureyi, í Reykjavík og víðar og víðar.

Nei, virðulegi forseti. Það er megineinkennið á þessum málflutningi öllum að það er hrönglað upp skýjaborgum og loftköstulum af þeim loforðasmiðum sem nú eru þar í forustu. Aðför þeirra að verkamannabústaðakerfinu er augljós og áform um svik á samkomulaginu frá 1974, sem gert var við verkalýðshreyfinguna, eru hér með í þessum pappírum.

Varðandi það frv. sem hér liggur fyrir má margt segja. Fyrst vil ég þakka hæstv. félmrh. fyrir það, hvað hann hefur tekið mikið í það frv. af þeim ágætu ábendingum sem urðu til í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. Það er skynsamlegt af hæstv. ráðh. Það eru alveg sæmilegir og brúklegir kaflar um tæknilegar lagfæringar á húsnæðislögunum sem í þessu felast og koma frá fyrrv. hæstv. ríkisstj. Breytingarnar sem gerðar eru tæknilega á þessu frv. eru margar til bóta. Sumar eru þannig, að það er mjög erfitt fyrir óinnvígðan mann að átta sig á þeim öðruvísi en að fá sérfræðivinnu unna. Sumt er það flókið að það er mjög erfitt að átta sig á því.

Ég ætla ekki í einstökum atriðum að fara yfir þau efnisatriði frv., en þó vil ég drepa á þau helstu í næsta kafla ræðu minnar.

Það er þá fyrst varðandi 4. gr. frv. um að kjósa tvo endurskoðendur fyrir sjóðina. Það finnst mér í rauninni sjálfsagt mál. Og það er nýtt ákvæði. Það er sem sagt frumsmíð núv. hæstv. ríkisstj. Það er rétt að geta þess sem vel er gert og þess sem hún hefur lagt til af frumlegheitum í þessu efni. Hún á höfundarrétt að því, og ber að þakka henni fyrir það, að tveir skulu vera endurskoðendur. Því er komið til skila á 1. síðu frv. Annað er gamalt eða komið frá fyrrv. ríkisstj.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því nýmæli að Byggingarsjóður ríkisins fái fé með árlegu framlagi úr ríkissjóði samkv. fjárlögum sem nemur eigi lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár. Í sambandi við þetta atriði tek ég undir spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er það svo, ef þetta frv. verður samþykkt núna fyrir jólin, að þá verði talan í fjárlögum hækkuð sem þessu nemur, þ. e. úr 200 millj. í 460, sem mér sýnist að hún ætti að vera? Verður hún hækkuð í fjárlögunum sem nú er verið að afgreiða? Nauðsynlegt er að fá það upp vegna þess að ef svo færi breytti þetta verulegu fyrir sjóðinn strax. Við skulum fá á hreint áður en þessari umr. lýkur hvort það er ætlun hæstv. ráðh. að framkvæma þetta ákvæði strax eða ekki. Að öðru leyti er 9. gr. þessa frv. í raun og veru óbreytt frá lögunum og því frv. sem var lagt fram á síðasta þingi.

11. gr. frv. er að mestu óbreytt frá því frv. sem lagt var fram hér í fyrra að öðru leyti en því, að þar var gert ráð fyrir að í 9. tölul. væri talað um lán til byggingarsamvinnufélaga og viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort einhver rök eru á bak við að fella byggingarsamvinnufélögin þarna út.

Í 13. gr. eru litlar breytingar frá því sem var í því frv. sem lagt var fram hér í fyrra. Ég tel að það sé af hinu góða að halda inni þessu ákvæði um það, að standi lántakandi ekki við skuldbindingu sína, sameinar íbúðina annarri íbúð o. s. frv., þá falli lánið allt í gjalddaga án fyrirvara. Ég tel þetta ákvæði mjög til bóta og ég tel að sú orðalagslagfæring sem er í 1. mgr. 13. gr. sé einnig til bóta, svo og að sjálfsögðu sú lenging á láninu í 31 ár sem hér er gert ráð fyrir í 13. gr., ef sjóðurinn hefur möguleika á að standa undir því.

Ég vil einnig taka undir það með hæstv. ráðh., að mér finnst það góð hugmynd sem komin er frá hans starfsnefnd í þessu efni varðandi 14. gr. frv. um að setja þak á G-lán. Mér finnst það nokkuð skynsamleg regla sem þarna er sett á blað í frv. Ég held að hún sé til bóta

Mér sýnist einnig að lagfæringarnar sem gerðar eru á 15. gr. séu út af fyrir sig af hinu góða, en ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvernig á því stendur að það er fellt út úr frv. frá í fyrra ákvæði um að heimilt sé að setja það skilyrði um íbúðir fyrir aldraða að þær verði reistar í nágrenni við heilsugæslustöð. Ég taldi og er reyndar þeirrar skoðunar, að íbúðir fyrir aldraða þyrftu að vera í sem bestum tengslum við heilsugæslustöðvar og heilbrigðiskerfið ef hægt er að koma því við með góðu móti, og ég þykist vita að á sumum stöðum út um landsbyggðina hefði verið hægt að koma þessum hlutum betur fyrir en gert hefur verið. Mér þætti ekki óeðlilegt að félmrh. eða Húsnæðisstofnun gæti skilyrðisbundið þetta með þeim hætti sem var gerð till. um í fyrra. Ég tel t. d. að lausn á þessu máli með svipuðum hætti og sú sem er á Húsavík, svo að ég nefni dæmi, sé mjög af hinu góða, og mig minnir einnig að það fyrirkomulag sem áætlað er í þessu efni í Ólafsvík sé í rétta átt, en ég held að það væri skynsamlegt að hafa stefnumótandi ákvæði um þetta í húsnæðislögunum sjálfum.

Ég vil fagna því að ríkisstj. heldur inni ákvæðinu um

hlutdeildaríbúðir í 15. gr. og um skuldabréfin í 4. mgr. 15. gr. Hér er brotið upp á nýmæli í fjármögnun húsnæðismála og ég tel að það sé mjög af hinu góða. En ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Hefur hann velt því fyrir sér að setja á laggirnar nefnd eða hóp sérfræðinga til þess að gera tillögur um nánari útfærslu á þessum hlutdeildaríbúðum? Ég held að nauðsynlegt sé fyrir félmrn. að gera það svo að þetta nýja eignarform verði skýrt betur með reglugerð eða einhverjum öðrum hætti. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því.

Næstu greinar frv. eru þannig að það er ekki ástæða til að fara um þær mörgum orðum af minni hálfu að sinni. Yfirleitt er hér um að ræða lengingu á lánum frá því sem er í gildandi lögum úr 11 árum í 16, úr 25 árum í 31 o. s. frv. Ég vil fagna því ákvæði sem kemur fram í síðustu mgr. 24. gr. varðandi aldraða sem njóta lána samkv. 6. tölul. 11. gr.

Ég tel einnig að það sé út af fyrir sig ekki við öðru að búast en því að ríkisstj. leggi til að vextir verði ákveðnir af ríkisstj. á hverjum tíma. Það er ákvæði sem var í frv. síðustu ríkisstj. og ég átti ekki von á að núv. ríkisstj. hefði neinn annan hátt á í þeim efnum úr því að fyrrv. ríkisstj. gerði sér lítið fyrir og flutti frv. um þetta.

Hins vegar er þetta vaxtaákvæði mun opnara. Það er mun opnara í þessu frv. en var í því frv. sem var lagt fyrir hér í fyrra. Og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig stendur á því að þessar takmarkanir eru að öllu leyti felldar niður? Við gerðum ráð fyrir því að það mætti ekki hækka lán eða vexti af lánum til einstaklinga með sérþarfir umfram ákveðið mark og við vildum einnig hafa lögbundið þak á vöxtum af lánum til takmörkunar á heilsuspillandi húsnæði. Mér þætti vænt um ef hæstv. félmrh. flytti rök sín fyrir því að þessi takmörkun er nú felld út. Ég vil í tilefni af þessu ákvæði spyrja hæstv. ráðh. í fyrsta lagi: Hvaða hugmyndir hefur hann um vexti hjá Byggingarsjóði ríkisins 1984? Og í öðru lagi: Hvaða hugmyndir hefur hann um vexti hjá Byggingarsjóði verkamanna á sama ári? Það er óhjákvæmilegt, ef Alþingi á að afgreiða þetta mál, annað en upplýsingar um vextina liggi fyrir.

Hins vegar minni ég á það, að þegar þetta mál var til meðferðar í fyrra, á síðasta þingi, fluttu þm. Sjálfstfl. till. um að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna mættu aldrei vera hærri en 0.5% og að þeir yrðu bundnir í lögum eins og vextir Byggingarsjóðs ríkisins verði bundnir í lögum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., sem er hér einn þm. Sjálfstfl., hvort Sjálfstfl. hafi fallið frá því stefnumáli sínu að vextir Byggingarsjóðs verkamanna verði lögbundnir eins og gert var ráð fyrir í fyrra, því að ég mundi vilja kanna hvort unnt væri að ná samkomulagi á Alþingi um lögbindingu þessara vaxta, þannig að þeir verði ekki háðir ákvörðunum ríkisstjórna á hverjum tíma eins og vextir Byggingarsjóðs ríkisins. Ég teldi að ef hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. treystu sér til þess að lögbinda hámark vaxta Byggingarsjóðs verkamanna hlyti það að greiða mjög fyrir því að þetta mál fengi betri móttökur en ella er um að ræða.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um næstu greinar frv. Í 33. gr. er bætt við nýjum lið, staflið c, sem er tekinn inn frá fyrrv. hæstv. ríkisstj. og ég hef þegar farið um hér nokkrum orðum og ætla engu við það að bæta á þessu stigi, en minni á að í 34. gr. er auðvitað eitt aðalágreiningsmál þessa frv., þ. e. hversu hátt á eigendaframlagið í Byggingarsjóð verkamanna að vera. Reyndar er hugsanlegt að setja þetta inn í 49. gr. frv., sem væri kannske eðlilegra að athuguðu máli, en ég býst við því að þetta sé aðaldeilumálið, þ. e. eiga verkamenn og þeir sem fá inni í þessum íbúðum að borga 20% af kostnaðarverði íbúðanna, sem þeir geta nú alls ekki af sínu kaupi, eða eiga þeir að borga 10%?

Ég vil í þessu sambandi varðandi 80% lánin sem hæstv. félmrh. ræddi um hér áðan vísa því á bug þegar hann var að líkja þessu við 18. gr. frv. ríkisstj. á síðasta þingi, en þar var gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir gætu komið inn í myndina við fjármögnun verkamannabústaða og þar á móti mætti hugsanlega lækka lánshlutfall Byggingarsjóðs verkamanna. Það er mín skoðun, og ég vil taka það fram hér út af orðum hæstv. félmrh., að það sé ekki óeðlilegt, nema síður sé, að taka tillit til réttinda manna í lífeyrissjóðakerfinu. Ég held að vandinn sé þarna fyrst og fremst sá, að menn yrðu þá með mismunandi fjármagnsbyrðar í verkamannabústaðakerfinu eftir því hvaðan þeir hefðu tekið lán og það sé kannske fyrst og fremst sá vandi sem við þyrftum að reyna að finna lausn á, en ég vil líka í þessum töluðum orðum segja að ég tel að við þá uppsetningu sem hæstv. félmrh. var með í sambandi við fjármögnun húsnæðislánakerfisins almennt þurfi allir að leggja sitt saman. Ég tel að hún sé út af fyrir sig rétt.

Ég hef oft haft þau orð að húsnæðisvandinn í þessu landi og fjármögnun húsnæðislánakerfisins yrði aldrei leyst nema allir þessir þættir, sem þarna er um að ræða, leggist saman, þ. e. bankarnir, Húsnæðisstofnun ríkisins og lífeyrissjóðirnir. Og ég teldi heppilegast að þetta yrði gert í einu allsherjar húsnæðislánakerfi, þar sem þessir hlutir yrðu allir teknir með inn í myndina í einu og að bankarnir væru lögskyldaðir til þess að annast afgreiðslu á þessari þjónustu. Ég er alveg sannfærður um að núv. félmrh. hefur fundið það eins og ég, að ef menn eru bara að berjast um með þetta opinbera húsnæðislánakerfi er það svo lítið sem hægt er að gera. Það er þá fyrst þegar það næðist allsherjartenging og samkomulag við lífeyrissjóðakerfið og við bankakerfið að við getum gert okkur vonir um að vera hér komin með húsnæðislánakerfi sem í rauninni felur í sér einhverja lausn á þeim vanda sem hér er um að ræða. Og ég vil segja það fyrir mitt leyti og láta það koma fram af okkar hálfu í Alþb., að þrátt fyrir að við erum aðilar að stjórnarandstöðunni um þessar mundir erum við meira en reiðubúnir til þess að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að reyna að finna ásamt stjórnvöldum leið til að skapa sem víðtækasta samstöðu verkalýðshreyfingar, opinberra aðila og banka um heildarhúsnæðislánakerfi. Ég endurtek það, að ég er alveg sannfærður um að við náum ekki því sem kalla má lausn á þessu öðruvísi en að við reynum að laða þessa aðila alla til samstarfs. Hins vegar hefur það verið svo á liðnum árum, því miður, að það hefur hver viljað halda um sitt. Lífeyrissjóðirnir segja: Ekki ég, Bankarnir segja: Ekki ég. Skattgreiðendur segja: Ekki ég. Stjórnmálaflokkarnir hafa ekki verið tilbúnir að afla aukins fjár í þessu skyni og þar af leiðandi hefur það verið þannig, að menn hafa verið að hræra í þessu opinbera lánakerfi án þess að ná neinum verulegum tökum á lagfæringum eins og vera þyrfti.

Herra forseti. Ég vil í framhaldi af þessu varðandi yfirferð á frv. spyrja hæstv. félmrh. sérstaklega um 3.

mgr. 62. gr. hvort það er rétt skilið hjá mér að hann ætlist til þess að leigu- og söluíbúðir sveitarfélaganna komi inn í endursölukerfið. Ég vil varðandi 63. gr. játa hreinskilnislega að mér hefur ekki tekist að átta mig nákvæmlega á reglunni sem þar er gerð till. um í 1., 2. og 3. mgr. Ég var að reyna að setja þetta niður fyrir mér núna áðan. Mér sýndist reglan vera nokkuð flókin eins og hún er hér. Kannske er hún skárri en þær reglur sem til eru, ég skal ekki um það dæma. En það væri gott ef hæstv. ráðh. gæti tryggt að félmn. og kannske aðrir þm., sem áhuga kunna að hafa, ég tek fram að ég á ekki sæti í félmn., gætu fengið aðgang að þeim útreikningum sem hér er um að ræða. En mér sýnist, og þá tek ég fram að ég hef nánast reiknað þetta út í höndunum, að þetta feli iðulega í sér nokkra lækkun á greiðslum til þeirra sem eiga íbúðir í kerfinu. Það kann að vera að menn hafi verið komnir nokkuð langt upp með verðlagningu á þessum íbúðum, en mér sýnist að hér sé um að ræða nokkra lækkun frá því sem verið hefur, og vænt þætti mér um ef ég fengi í hendur, og vonandi þá aðrir þm. líka, bæði útreikninga á þessum reglum hér og samanburð við núverandi reglur.

Í 66. gr. er gert ráð fyrir að lögfesta ákvæðin um matsnefnd félagslegra íbúða. Ég tel til bóta að þau verði lögfest. Ég vil hins vegar taka fram að ég er ekki alveg viss um að það kerfi á mati félagslegra íbúða sem hér er lagt til sé til mikilla bóta. Ég óttast að það sé of losaralegt eins og hér er gert ráð fyrir að það verði, og ég óttast að verkamannabústaðastjórnirnar hafi of mikið vald gagnvart eigendum íbúða. Ég held þess vegna að hérna þyrfti að kveða nokkuð öðruvísi að orði, því að ég skil 66. gr. þannig, að hún geri aðeins ráð fyrir að matsnefnd félagslegra íbúða verði eins konar áfrýjunarnefnd, en verði ekki útreikningsnefnd á öllum stigum málsins.

VI. kafli þessara laga fjallar um gamalkunnugt atriði sem er tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem oft hefur verið deilt um. Og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Kom honum það aldrei í hug við meðferð þessa máls að fella þessa deild niður, þannig að Húsnæðisstofnunin hætti að starfrækja jafnviðamikla tæknideild og hún hefur gert á undanförnum árum? Ég held að þarna þyrfti að skoða hlutina betur. Og ég fyrir mitt leyti væri tilbúinn að taka þátt í slíkri athugun, sem gerði ráð fyrir að umsvif þessarar deildar stofnunarinnar verði nokkuð minnkuð frá því sem verið hefur.

Ég vil taka það fram, af því að ég sé að forseti er mjög óþolinmóður, að ég á eftir svona fimm mínútur og þá hef ég lokið máli mínu.

Ég sé í VII. kafla frv., sem fjallar um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga, að þar hafa verið felldar út hugmyndir um strangara aðhald að skyldusparnaðinum, eins og voru hugmyndir uppi um í fyrra. Þar var gert ráð fyrir að ekki verði heimilt að endurgreiða skyldusparnað á sama ári og hann er dreginn af launum skyldusparenda. Ég sé ekki að í þessum tillögum, eins og þær eru nú, séu í raun og veru neinar lagfæringar á skyldusparnaðarkerfinu. Ég sé ekki a. m. k. að þær breyti miklu. Og hugmyndir sem við vorum með um að láta póstgíróið innheimta skyldusparnaðinn eins og orlofið virðast vera dottnar alveg upp fyrir. Það sýnist mér vera mjög miður því að ég held að póstgíróið hefði getað innheimt skyldusparnaðinn betur en nú er gert. Af þessu tilefni hvarflar að manni hvort ekki væri hugsanlegt að gera grundvallarkerfisbreytingu á skyldusparnaðinum í þá veru að hann verði lækkaður, en undanþágum stórkostlega fækkað. Ég er ekki hér að flytja tillögu Alþb., ég tek það fram. Í mínum flokki hefur verið rætt talsvert um þessi mál, en hér er ekki um neina formlega hugmynd að ræða. En ég vil biðja hæstv. ráðh. og aðra þm. að velta því fyrir sér hvort það gæti ekki þjónað okkar sameiginlegu markmiðum í þessu efni að lækka eitthvað skyldusparnaðarprósentuna, en loka þeim mun fleiri gáttum fyrir undanþágur í þessu efni. Það er eðlilegt að fólk sækist eftir að fá þetta borgað út eins og er, þetta er það hátt hlutfall af kaupi, og það er erfitt fyrir stjórnvöld að standa á móti slíku. Ég held að það væri þess vegna ástæða til að skoða þessa hluti heldur betur. Ég sem sagt held að það verði að reyna að hugsa þennan skyldusparnaðarkafla upp á nýtt, því að eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á áðan er þessi tekjustofn eiginlega að verða ónýtur. Hann skilar svo litlu fyrir húsnæðislánakerfið, miðað við þá miklu fyrirhöfn sem húsnæðislánakerfið hefur af þessum skyldusparnaði.

Ég sé ekki betur en að kaflinn um byggingarsamvinnufélög sé óbreyttur frá því sem var í frv. á síðasta þingi að öðru leyti en því að í 77. gr., c-lið, er gert ráð fyrir því núna, að varasjóðstillag nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en mig minnir að í frv. sem ég mælti fyrir í fyrra hafi verið gert ráð fyrir 2% — já, 2% voru það sem áttu að fara í varasjóð byggingarsamvinnufélaganna. Það kann að vera að það sé of langt gengið að láta félögin hafa 2% í þetta, en það er þá spurning hvort ekki væri hugsanlegt að finna einhverja millileið því að ég veit að fyrir sum byggingarsamvinnufélög mundi þetta skipta mjög miklu máli og vera mjög til bóta.

Herra forseti. Ég lýk þá máli mínu með því að endurtaka fáeinar spurningar úr þeim texta sem ég hef hér flutt:

1. Hverjir verða vextirnir hjá Byggingarsjóði ríkisins?
2. Hverjir verða vextirnir hjá Byggingarsjóði verkamanna?
3. Mun félmrh. beita sér fyrir breytingum á fjárlögum í samræmi við ákvæði 9. gr. frv. þessa, ef það verður að lögum, um að hækka framlag úr ríkissjóði úr 200 millj. í 460 millj. kr.?

Í fjórða lagi vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, af hverju sérstök heimild til hækkunar lána handa ungu fólki og þeim sem byggja og kaupa í fyrsta sinn er felld út úr frv. fyrrv. ríkisstj. Hvernig stendur á því að það ákvæði, sem þar var um að sérstaklega mætti lána hærra handa þeim sem byggja og kaupa í fyrsta sinn, er fellt út? Felst í því einhver stefnumörkun af hálfu hæstv. ríkisstj.? Telur hún ekki þörf á því að hafa heimild til að mismuna með þessum jákvæða hætti hinum yngri kynslóðum, sem eru að byggja og kaupa í fyrsta sinn húsnæði?

Þá vil ég einnig, í tilefni af því að hæstv. ráðh. mun leggja áherslu á að málið verði afgreitt fyrir jól, spyrja að því, hvaða greinar það eru í frv. sem hann telur að öllu skipti fyrir húsbyggjendur og íbúðarkaupendur að verði afgreiddar fyrir áramót. Ég geri ekki ráð fyrir því að það sé frv. allt, vegna þess að það er ekki svo. Margt í frv. er þannig almenns eðlis að það skiptir ekki miklu þó að það yrði afgreitt eftir áramót. En hvað er það sem

hæstv. ráðh. telur að skipti alveg sérstöku máli núna fyrir áramót, t. d. varðandi fjármögnun og þess háttar? Ég geri ráð fyrir að það geti átt við stjórnarandstöðuna yfirleitt og þm. yfirleitt, að ef ráðh. vill leggja áherslu á einhverjar sérstakar greinar sem geti skipt sköpum fyrir fjárhag húsbyggjenda á næsta ári, þá væri auðvitað hugsanlegt að taka þær út úr frv. og afgreiða þær þó að frv. í heild yrði ekki afgreitt fyrir jól á þeim stutta tíma sem eftir er af þinghaldinu.

Ég tek undir spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um húsnæðissamvinnufélög. Hvar á það fólk að fá peninga sem hefur verið að stofna þau að undanförnu? Og mér þætti vænt um ef hæstv. ráðh. gæti látið útbúa lista yfir þær breytingar á húsnæðislögunum sem hafa orðið til eingöngu nú á undanförnum mánuðum til þess að hægt sé að átta sig á því að hve miklu leyti er hér um að ræða pólitískar áherslur núv. ríkisstj. og að hve miklu leyti er hér um að ræða arf frá liðinni tíð.

Ég vil loks biðja hæstv. félmrh. að upplýsa: Hver er staða Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna gagnvart Seðlabankanum og ríkissjóði n. k. áramót? Það hlýtur að liggja þegar fyrir í einstökum atriðum.

Umr. frestað.

Neðri deild, 23. fundur.

Föstudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef óskað eftir að fá að segja örfá orð utan dagskrár og beina máli mínu til hæstv. iðnaðar- og orkuráðh. út af mjög mikilvægu máli, að mínu mati og marga fleiri. Það er ekki síður mikilvægt en ýmis önnur þau mál sem fengið hafa rúman tíma í utandagskrárumr. að undanförnu. Ég skal ekki níðast á góðvild hæstv. forseta varðandi þetta, veit að þingið er önnum kafið.

Miklar umr. hafa átt sér stað um orkujöfnunarmál og þá sér í lagi jöfnun húshitunarkostnaðar. Bæði fyrrv. hæstv. ríkisstj. og núv. hafa sett á laggirnar nefndir til að gera tillögur um jöfnun húshitunarkostnaðarins. Í fjárlögum er venjulega ætlað til þessa þáttar nokkurt fjármagn, en eigi að síður er staðreyndin sú, þrátt fyrir fögur fyrirheit og gefnar yfirlýsingar, og staðan sú í þessu máli, a. m. k. í mínu kjördæmi og reyndar víðar, að helmingur dagvinnutekna fer til þess þáttar eins í heimilishaldinu að hita upp íbúðarhúsnæðið, þ. e. fjóra tíma á degi hverjum þarf fólk á þessum svæðum að vinna til að standa undir þessum þætti einum í heimilishaldinu. Auðvitað getur slíkt ekki gengið lengur og er raunar búið að ganga alltof lengi og hefur orðið þess valdandi og verður enn frekar þess valdandi að miklir búferlaflutningar eiga sér stað á þau svæði sem gefa miklu meiri möguleika til að láta lítinn hluta af tekjuöfluninni duga til þessa þáttar heimilishaldsins.

Ég minni líka á í þessu sambandi að Alþýðusamband Vestfjarða gerði á s. l. ári sérstaka kröfu á hendur ríkisvaldinu um að þessi þáttur yrði lagfærður, sem væri þá miklu raunhæfari kjarabót launafólki til handa á þessum svæðum en krónutöluhækkanir í kaupi, er teknar væru til baka jafnóðum — og raunar er búið að taka þær áður en þær koma til útborgunar.

Ég tel nauðsynlegt að fá um það vitneskju áður en fjárlagaafgreiðsla fer fram hér á hv. Alþingi, með hvaða hætti hæstv. ríkisstj. ætlar sér að taka á þessu máli í ljósi staðreynda sem fyrir liggja og ekki síður í ljósi gefinna fyrirheita, gefinna kosningaloforða í síðustu alþingiskosningum í apríl s. l. Það var ljóst, og ekki bara í þeim kosningum, að núverandi stjórnarliðar gáfu fögur fyrirheit um hvað gera skyldi í þessu mikilvæga máli kæmust þeir til valda. Ég skal ekki rifja það neitt frekar upp nú, nema þá að gefnu tilefni síðar, en ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. iðnaðar- og orkuráðh. nokkurra spurninga að þessu lútandi.

Mér er tjáð að það muni ekki ætlunin að taka neitt sérstakt tillit til þessa mikilvæga þáttar að því er varðar afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984. Það er því nauðsynlegt að fá um það vitneskju, hvað hæstv. ríkisstj. hyggst gera í þessum málum. Mig langar því til að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

1. Hefur nefnd sú sem skipuð var af núv. hæstv. iðnrh. til tillögugerðar um jöfnun á húshitunarkostnaði lokið störfum? Ég hef af afspurn frétt að hún hafi lokið störfum, en ég veit ekki hvort hún hafi skilað formlega af sér til hæstv. ríkisstj. Um það er spurt.

2. Sé svo, getur hæstv. ráðh. greint frá niðurstöðum og tillögum þeirrar nefndar sem hér um ræðir, þ. e. hvað hún leggur til að gert verði til að jafna þann gífurlega kostnað sem hér er um að ræða og lækka hann?

3. Verður tekið tillit til tillagna nefndarinnar um jöfnun húshitunarkostnaðar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984? Það er nauðsynlegt að fá um það vitneskju hvort uppi eru hugmyndir af hálfu hæstv. ríkisstj. um að taka tillit til niðurstöðu eða tillagna þessarar nefndar liggi þær tillögur fyrir nú þegar, áður en fjárlög verða afgreidd.

4. Mun ekki hæstv. iðnrh. sjá svo um að öllu orkujöfnunargjaldinu, sem gefur um 420 millj. að áætlað er á árinu 1984 samkv. fjárlagafrv., verði skilað til þess þáttar sem það var raunverulega ætlað til í upphafi, þ. e. til jöfnunar á húshitunarkostnaði? Ég spyr vegna þess að bæði hæstv. núv. iðnrh. og ýmsir aðrir í núverandi stjórnarliði gagnrýndu réttilega fyrrv. hæstv. ríkisstj. fyrir það hvernig hún hélt á þessum þætti mála, þ. e. að taka verulegan hluta af orkujöfnunargjaldinu ófrjálsri hendi til annarra þátta í ríkisrekstrinum. Ég treysti því að hæstv. iðnrh. hafi ekki skipt um skoðun að því er þetta áhrærir og ég treysti því að hann sjái um að þessum peningum, 420 millj. ca. að áætlað er á árinu 1984, verði skilað beint til að lækka þennan kostnað, því að verði það gert er það verulegt skref í átt til lækkunar hitunarkostnaðar hjá almenningi sem við þessar aðstæður býr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. þm. Vestf. um hina stjórnskipuðu nefnd, orkuverðsnefnd sem svo hefur verið kölluð, vil ég upplýsa að í næstu viku, hafði raunar verið gert ráð fyrir á mánudaginn kemur, verður skilafundur með mér haldinn. Af því getur að vísu ekki orðið á mánudag, en í næstu viku verður skilafundur haldinn þar sem þessi nefnd skilar af sér störfum. Hún hefur unnið rösklega,

haldið 25 fundi um málið og notið aðstoðar sérfræðings. Hún hefur sett saman drög að frv. með grg. og öðrum upplýsingum sem til hafa fallið, en þar til ég hef kynnt mér þetta mál get ég ekki setið fyrir svörum um það og því verður það að vera nægjanlegt svar við 2. lið hinnar beinu fsp. frá hv. þm. Varðandi fsp. hans um hvort tillit hafi verið tekið til tillagna nefndarinnar um jöfnun húshitunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984, þá leiðir af sjálfu sér að hún hefur ekki haft enn þá neinar tillögur uppi sem gagngert hafa verið lagðar fram um þetta efni, þannig að hún á ekki tillögur fyrirliggjandi enn sem komið er.

Kem ég þá að 4. lið fsp. hv. þm., sem ég geri ráð fyrir að hafi verið aðalhvatinn að hans umr. utan dagskrár nú. (**KP:** Meðal annars.) Eftir því sem ég verð að svara fyrri þremur liðum fsp., þá virðist mér að þessi sé sá sem núna getur a. m. k. orðið til einhverrar umr. af þeim ástæðum, sem ég tilgreindi, að orkuverðsnefndin hefur ekki skilað af sér störfum og ekki hægt að ræða innihald hennar tillagna.

Hins vegar vil ég benda hv. 3. þm. Vestf. á að honum mun vera fullkunnugt um að formaður þeirrar nefndar er hv. 4. þm. Vestf. Öllum er kunnugt um afstöðu hans til orkuverðsjöfnunar. Hann hefur verið aðalmálsvari Sjálfstfl. í þeim efnum um árabil og hefur ekki farið dult með skoðanir sínar, þannig að þegar af þeirri ástæðu getur hv. þm. vafalaust rennt grun í meginniðurstöður í tillögum hinnar svokölluðu orkuverðsnefndar.

En 4. liður spurningar hv. þm. var um hvort iðnrh. mundi ekki sjá svo um að öllu orkujöfnunargjaldinu, sem áætlað væri 420 millj. kr. fyrir árið 1984, yrði ráðstafað til jöfnunar húshitunar. Nú er það svo, að iðnrh. einn hefur ekki völd til þess að sjá svo um að eitt eða neitt verði gert nema hann njóti til þess nægilegs atfylgis hins háa Alþingis. Hann hefur átt tillögur til fjárlagagerðar um að 1½ söluskattsstig, sem upphaflega var lagt á í þessu skyni, hyrfi allt til þessara þarfa. En eins og menn sjá af fjárlagafrv. eru aðeins 230 millj. kr. teknar frá í þessu skyni. Getum við raunar bætt við 61.5 millj. kr., sem eru á liðnum olíustyrkir, þannig að telja verður að þarna séu tillögur uppi um 291.5 millj. kr. til þessara þarfa.

Á hinn bóginn hef ég fengið upplýsingar um að menn álíti ekki að þetta gjald muni nema 420 millj. kr. fyrir árið 1984. 1½ söluskattsstig muni e. t. v. fremur nema 470 millj. kr. á næsta ári. Þó eru þessar upplýsingar ekki staðfestar, en þetta eru nýjustu fréttir sem ég af þessu hef.

Við myndun ríkisstj. var reynt að standa við þau fyrirheit sem gefin voru. Á fjárlögum fyrir árið 1983 voru 35 millj. til jöfnunar húshitunarkostnaðar plús 29 millj. til olíustyrks, samtals 64 millj. kr. En við höfum haldið því fram í umr. hér á hinu háa Alþingi og einnig í kosningabaráttunni að til þessa ættu að hverfa 214 millj. kr. eða raunar 216 millj. kr., ef standa ætti við þau ákvæði sem við álítum hafa lagaígildi, um að verja skuli 2½ söluskattsstigi í þessu skyni á ári. Við stjórnarmyndunina voru teknar til hliðar 150 millj. kr. í viðbót til að jafna húshitun og jafna orkuverðið. Þar af leiðandi voru til ráðstöfunar, ég hygg að ég muni þá tölu rétt, 216.1 millj. því að sitthvað mun hafa verið á öðrum smáliðum í þessu skyni á fjárl., — smáliðum, eldri ráðstafanir sem gerðar höfðu verið í orkuverðsjöfnunarskyni, — þannig að í fyrstu atrennu var enginn vafi á því að núv. ríkisstj. stóð við hin gefnu fyrirheit, til að mynda Sjálfstfl., í þessu efni.

Á sínum tíma leitaði þáv. ríkisstj. til stjórnarandstöðunnar í Sjálfstfl. um samþykki við að á söluskattsstofn yrði lagt 1½% í viðbót til þess að auka jöfnun húshitunar og orkuverðs í landinu. Við litum þann veg á og höfum alla tíð, málsvarar Sjálfstfl., túlkað þetta gjald sem svo, að það væri bundið við að því yrði ráðstafað til jöfnunar húshitunarkostnaðar eða orkuverðs í landinu hið minnsta. Á þetta vildi fyrrv. ríkisstj. ekki fallast. Í lögunum var fram tekið að þetta skyldi allt renna óskipt til ríkissjóðs og með vísun til greinargerða og umr. sem urðu þegar þessi lög voru sett árið 1980, þá var því haldið fram af fyrirrennara mínum og fyrirsvarsmönnum fyrrv. ríkisstj. að við hefðum alrangt fyrir okkur. Þetta ætti að ákvarðast á fjárlögum hverju sinni án tillits til þess hvað hið margumtalaða 1.5 söluskattsstig mundi gefa af sér á hverju ári. Ég verð að segja það, að ég á örðugt með að sætta mig við ef önnur túlkun en þessi verður ofan á, ef mínir menn, núv. stjórnarsinnar, bregða á það ráð að fallast á túlkun fyrrv. ríkisstj. í þessu efni. Ég verð að játa að það muni valda mér miklum vonbrigðum. Það er von að menn hafi áhyggjur af þessu sem er að sliga mörg heimili á köldu svæðunum, blátt áfram að segja, og mesta hætta sem ég hef lengi séð að muni valda búseturöskun meiri og sneggri og alvarlegri en við höfum e. t. v. lengi staðið frammi fyrir.

En það var rangt orðað og kannske ekki vísvitandi af hv. fyrirspyrjanda, hv. 3. þm. Vestf., að ekki væri ætlunin að taka tillit til þessarar orkuverðsstefnu, jöfnunar húshitunarkostnaðarins, í fjárlagafrv. Eins og ég rakti eru þó tæpar 300 millj. kr. í þessu skyni á fjárlögum og ég vil nú meina að bæði nú í ár og fyrir næsta ár sé vitanlega til mikilla bóta fjármagn sem veitt hefur verið til styrkingar dreifikerfanna í sveitunum. Það er enginn vafi að ýmislegt fleira en beinlínis er á liðum vegna þessara þarfa má líta á sem styrkveitingar og aðstoð í þessu efni. En út í þá sálma fer ég ekkert frekar.

Á hinn bóginn álít ég að umr. um orkujöfnunargjaldið til húshitunar eigi ekki heima utan dagskrár í dag, heldur við 2. umr. fjárlaga sem mér er tjáð að fari fram á þriðjudaginn kemur. Nú þegar þrengist um tíma okkar sem raun ber vitni um fyrir jól, þá er alveg nauðsynlegt að skipulag sé sem best á umr. og þær séu teknar fyrir eftir eðli þeirra. Ég vildi alls ekki skorast undan því að sitja fyrir svörum og auðvitað ræð ég engu um framhaldið, en hér er um hreint fjárlagadæmi að tefla, sem ég vildi aðeins benda á, ef menn gætu fellt sig við það, að á heima undir umr. um fjárlögin, og þá mun ég vissulega ekki draga af mér, bæði að sitja fyrir svörum eða á annan hátt að taka þátt í þeirri umr.

Þessu vildi ég aðeins varpa fram, en ég hef ekkert á móti því að menn noti tímann, ef hann er til ráðstöfunar hér, því að ég þykist enda vita að út af þessu mikilvæga atriði sé mönnum þungt niðri fyrir.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég get nú fullvissað hæstv. ráðh. um að það er lítill tími, enda erum við áreiðanlega öll sammála um það. Þess vegna er það sem ég vil leyfa mér að fara fram á það við hv. þdm., um leið og ég vil ekki þverskallast við því að menn fái að bera upp mál sem þeir telja mikilvæg utan dagskrár, eins og venja

hefur orðið hin allra síðustu ár, að hv. þdm. átti sig á að við erum í tímaþröng. Ég vona að menn, sem beðið hafa um orðið, taki tillit til þeirra orða minna og reyni að vera stuttorðir. Það eru aðeins tveir hv. þm. sem beðið hafa um orðið að lokinni ræðu hæstv. iðnrh. Það er hv. 5. þm. Austurl., sem ég mun nú gefa orðið, en ég vænti jafnframt að hann verði við þeim tilmælum mínum að tala stutt og fara ekki út í langar efnislegar umr. um þetta mál, sem ég vil líka leggja áherslu á, og reyndar hef ég bent á það í einkaviðtölum mínum við hv. fyrirspyrjanda hér í dag, að er fjárlagaumræðumál. En ég leyfi mér nú að gefa orðið hv. 5. þm. Austurl. og þar næst hv. 3. þm. Vestf.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel það vera mjög brýnt að umr. fari fram um þetta efni áður en fjárlög verða afgreidd og áður en fjárlög koma til 2. umr. Ég vonaði að hér kæmu á dagskrá í Sþ. þáltill. sem fluttar hafa verið hér á þinginu um þessi efni. Það er þáltill. frá hv. 4. landsk. þm. um orkusparnað, sem vissulega varðar þetta mál, og þáltill. sem við höfum flutt sjö þm. Alþb. í Sþ. um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði. Í þeirri till. koma okkar áherslur fram í þessu efni og alveg ákveðnar tillögur um hvernig að þessum málum verði staðið þegar frá næstu áramótum eða á næsta ári og síðan á árinu 1985, því að gert er ráð fyrir að reynt verði að vinna sig áfram í áföngum í framhaldi af því sem fráfarandi ríkisstj. hafði viljað fá í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. greindi frá því að ekki lægju fyrir tillögur frá þeirri nefnd sem hann skipaði skömmu eftir að hann settist á stól iðnrh. til þess að fjalla um húshitunarmálin, og vissulega er það bagalegt að álit nefndarinnar skuli ekki liggja fyrir vegna fjárlagaumr. Ég get rifjað upp að ekki hagaði alveg ósvipað til fyrir ári. Þá var að störfum nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að gera tillögur til mín, þá sem iðnrh., varðandi fjáröflun til jöfnunar og lækkunar húshitunarkostnaðar, en hún lauk ekki starfi sínu fyrr en 28. jan., hún skilaði áliti sínu á þessu ári. Þær tillögur liggja hins vegar fyrir um tekjuöflun í þetta og til þeirra tillagna vísum við Alþb.-menn í umræddri þáltill. um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði.

Ég tel að það liggi fyrir markaðar ábendingar frá fulltrúum þingflokkanna um tekjuöflunarmöguleika, þó svo að upphæðir þurfi að endurskoðast í ljósi þeirra markmiða sem menn setja sér. Hv. þm. Karvel Pálmason vék hér að þeirri þungu byrði sem fólk víða á landinu hefur orðið að axla vegna geysilega hás húshitunarkostnaðar. Það eru rafhitunarsvæðin og dýrustu hitaveiturnar, sem að jafnaði eru þær sem nýjar eru og bera háan fjármagnskostnað. Ég efast ekkert um hug landsbyggðarþm. og þar á meðal hæstv. iðnrh. í þessu efni, að hann vilji reyna að ná þar einhverjum árangri, en ég vil vísa til þess sem fram kemur í till. okkar Alþb.-manna um þetta efni, að rétt sé að taka upp viðmiðun við kauptaxta, sérstaklega vegna þess að kaup hefur nú verið skert stórlega sem kunnugt er og eðlilegt er að það séu reistar skorður við því og sett ákveðin markmið um hversu langan tíma það geti tekið lágtekjumann að vinna fyrir þessum nauðþurftum. Við höfum sett markið við átta vinnuvikur miðað við dagvinnutekjutrygginguna hjá verkamannafélaginu Dagsbrún miðað við næsta ár og gjaldskrárnar verði við það sniðnar að það fari ekki fram úr þessu á næsta ári. Þá hefur það verið reiknað út af aðilum sem einnig hafa veitt iðnrn. stuðning í þessu máli, að miðað við þetta markmið og gjaldskrár yrðu stilltar af þannig, ekki bara varðandi rafhitun heldur líka varðandi hitaveiturnar, þurfi til að ná þessu marki fyrir íbúðarhúsnæði í landinu 421 millj. kr., sem sagt innan við það sem margumrætt orkujöfnunargjald á að skila, eftir því sem hæstv. ráðh. var að upplýsa hér. Ég ætla ekkert að fara í umr. um lagatúlkanir í því sambandi, það hefur verið margrætt af minni hálfu, en ég vildi bera þetta saman. Og ef atvinnuhúsnæði er tekið þarna til viðbótar bætast þarna við 136 millj. kr., miðað við þetta markmið í niðurgreiðslu, og heildarkostnaðurinn verður þá 557 millj. kr. Fyrir árið 1985, miðað við að ná lengra í þessum efnum og þá sex vikna viðmiðun á ári, hækka þessar tölur í: fyrir íbúðarhúsnæði 604 millj. kr. og 206 millj. fyrir atvinnuhúsnæði eða samtals 810 millj. kr. sem verja þyrfti í niðurgreiðslur miðað við áætlun um gjaldskrár, til þess að ná þeirri lækkun sem þarna er gert ráð fyrir.

Ég vil einnig nefna hér að jafnhliða þessari lífsnauðsynlegu lækkun og jöfnun þessa grundvallarþáttar í lífi manna í landinu þarf að verða hér átak í orkusparnaði vegna þess hversu þjóðhagslega það er þýðingarmikið og alveg nauðsynlegt að fylgja þar fast eftir því sem byrjað var á í sambandi við fyrirgreiðslu. Um það höfum við markað ákveðnar tillögur. Ég hef heyrt að hæstv. iðnrh. hefur áhuga á því efni og þykir gott að heyra það.

En vegna þess að hér inn í umr. hefur komið spurningin um það hvernig hæstv. ríkisstj. hefur staðið við kosningaloforðin og fyrirheitin um lækkun hitunarkostnaðar, þá vil ég rifja það upp sem ég tók til umræðu um daginn við umr. um brbl. ríkisstj. varðandi fjármálaráðstafanir til að milda kjaraskerðinguna, þar sem er ákvæðið um 150 milljónirnar. Ég benti á það, sem nauðsynlegt er að menn átti sig á, að húshitunarkostnaðurinn hefur þrátt fyrir þessar auknu niðurgreiðslur hækkað, en ekki lækkað. Hækkunin svarar til tveggja vikna launa eða hálfs mánaðar launa fyrir vel einangraða meðalíbúð og við það bætist síðan álíka mikið fyrir sams konar íbúð meðalnotanda vegna hækkunar á hinum almenna heimilistaxta. Í stað þess að húshitunarkostnaður hafi lækkað í tíð núv. ríkisstj. hefur hann hækkað og orkukostnaður meðalheimilis hækkað um sem nemur mánaðarlaunum lágtekjumanns. Þetta eru staðreyndir sem fyrir liggja og ég hef ekki séð viðleitni til að hrekja þær með rökum, aðeins í orði að menn hafi vísað þessu frá, en þetta liggur fyrir. Húshitunartaxtinn hefur hækkað um 17.4% þrátt fyrir niðurgreiðslur og almenni heimilistaxtinn um 38.5%.

Ég vænti þess að fjárveitingavaldið og ríkisstj. beiti sér fyrir því fyrir 2. umr. fjárlaga að það verði aukið við till. ríkisstj. sem fram koma í fjárlagafrv., vegna þess að þær eru svo langt frá því að hrökkva fyrir því sem líta verður á sem lágmarksáfanga í þessu máli á næsta ári. Þar eru 230 millj. kr. og að auki 60 millj. kr. sem eru merktar viðskrn. Þar vantar mikið upp á að náð verði viðunandi áfanga. Jafnframt þarf auðvitað að huga að lánsfé á lánsfjáráætlun í sambandi við orkusparnaðarmálin sem hafa komið til umr. líka vegna frv. um húsnæðismál sem mælt var fyrir hér í hv. deild í gær og að þeim málum þar vikið.

En ég vildi að lokum, um leið og ég ítreka þessar

staðreyndir og áhyggjur af þessari þróun mála og því sem hér vantar á, benda hæstv. iðnrh. á að olíustyrkjamálið og útrýming olíuhitunarinnar hefur ekki gengið fram á þessu ári, samkvæmt því svari sem hann veitti mér við fsp., með þeim hætti sem vonir stóðu til. Nú er það svo, að í flestum tilvikum eru menn að fara af olíu yfir á dýra rafhitun eða dýrar hitaveitur, þannig að það lækkar ekki þörfina á niðurgreiðslu og stuðningi við viðkomandi notendur. En það er sjálfsagt og reyndar lögbundið markmið að menn fari af olíustyrk yfir á innlenda orku strax og það er mögulegt. Og samkvæmt svari hæstv. ráðh., sem lagt var fram í deildinni nú í vikunni, er fjöldi olíustyrkja, að vísu er þar áætlað fyrir Vestfirði, *er heildarfjöldi þeirra notenda sem fá olíu*styrki um 2 300 talsins. Þar af virðist samkv. upplýsingum Rafmagnsveitnanna og Orkubús Vestfjarða vera unnt að tengja yfir á innlenda orku megnið af þessum notendum á þessu ári. Ég var að leggja saman tölurnar um hvað stendur út af miðað við upplýsingar frá þessum aðilum. Það eru samtals 363 notendur sem ekki ættu þess kost að *fá tengingu fyrr en á næsta ári eða síðar*, þar af 167 á árinu 1984 og 196 síðar. Þarna sýnist mér því að nayðsynlegt sé að haga málum þannig að greiða bæði fyrir þessum skiptum og ýta á að þau gerist í reynd og að það verði svigrúm til þess að nýta það fjármagn sem kann að vera ofáætlað í olíustyrki, þó að þeir þurfi að hækka þar sem menn verða að búa við olíu, að það *sé hægt að færa þar á milli liða með eðlilegum hætti í* sambandi við fjárlögin.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það var ekki mín meining að efna hér til neinna sérstakra eldhúsdagsumræðna um þetta mál. En ég taldi nauðsynlegt að vekja á því athygli núna fyrir 2. umr. fjárlaga. Ég spurðist fyrir um það í fjvn. *í gær hvort það væri meiningin* að taka með einhverjum öðrum hætti á þessum vanda en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Svörin þar voru nei. Ekkert slíkt hefði komið frá ríkisstj. Það knýr auðvitað á að umr. fari fram um málið áður en að fjárlagaafgreiðslu kemur. Það er þess vegna, hæstv. iðnrh., sem ég taldi nauðsynlegt að fá um þettta umr. þó að það þyrfti að kosta að hún yrði utan dagskrár.

Ég er líka undrandi á að menn skuli nánast flokka það undir guðlast að um mál sem þetta, sem er gífurlega stórt fyrir hundruð einstaklinga í þessu landi og fjölskyldna, sé fjallað utan dagskrár í örfáar mínútur. Mér heyrðist það á hæstv. iðnrh. að hann teldi að þetta mál ætti alls ekki heima undir utandagskrárumræðum.

Ég skal ekki, herra forseti, verja löngum tíma hér nú. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans svör, sem ég hef að vísu margt við að athuga, en geymi mér það til síðara stigs. T. d. hef ég um það grun, hæstv. iðnrh., hvað í nál. þessarar svokölluðu nefndar felst. Hæstv. iðnrh. kallaði til trausts og halds 4. þm. Vestf., hv. þm. Þorvald Garðar Kristjánsson. Ég skal beygja mig undir að hann fái að ráða niðurstöðum þess sem gert verður til að jafna þennan kostnað á þessu stigi máls, því að ég veit vilja hans og kraft til þess að þarna verði einhverju um þokað, en ég óttast að þeir samstarfsaðilar sem hann á nú við að etja beri hann ofurliði í þeim efnum. Og ég vísa því frá að hæstv. iðnrh. fái engu ráðið í þessum efnum. Það er nú meira lítillætið sem hlaupið er allt í einu í skrokk hæstv. iðnrh. ef hann fær engu ráðið í þessum efnum, eins og hann sagði orðrétt áðan. (**Iðnrh.:** Nei, nei, nei.) Ég skrifaði það, hæstv. iðnrh., og lofaðu mér að sjá handritið, þegar það kemur fram, hvort það er ekki rétt eftir tekið.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þetta öllu lengra. En *ég veit að það eru uppi tillögur innan þessarar nefndar* um að ganga verulega lengra en hæstv. ríkisstj. ætlar sér í fjárlagafrv. Þar er aðeins um 291 millj. kr. að ræða. Samkv. nýjustu tölum frá hæstv. iðnrh. eru það 470. Þannig vantar verulega upp á að það verði skilað andvirði þess skatts sem allir voru sammála um að leggja á með 1.5% í söluskatti. (**Iðnrh.:** Allir hverjir?) Allir hverjir? Allir hv. þm. Sjálfstfl. sem voru í stjórnarandstöðu við síðustu ríkisstj. og sem núna eru í stjórnaraðstöðu. Þeir ættu því að sjá sóma sinn í því að koma þessu í framkvæmd.

Ég tek undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan. Það vantar æðimikið á að í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir að standa við þetta. En hvað vantaði upp á hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni meðan hann fór með þennan málaflokk? Þá tók hann ásamt öðrum hæstv. ráðh. þá og stjórnarliðum ófrjálsri hendi hundruð milljóna til annarra þarfa í ríkissjóð en þessar tekjur voru ætlaðar til. Út af fyrir sig tek ég undir þetta með honum gagnvart núv. ríkisstj., en auðvitað hef ég miklu meiri rétt til að gagnrýna í ljósi staðreyndanna en þeir sem áður hafa fetað brautina á sama hátt og hæstv. ríkisstj. ætlar sér að feta í þessu máli samkv. fjárlagafrv.

Ég vænti þess, hæstv. iðnrh., að þú beitir öllu þínu afli og krafti. (**Gripið fram í:** Er það mikið?) Sem getur verið mikill, en ekki er í þessu máli eins og sakir standa. — Ég vona að þú beitir honum til þess að fá því áorkað að því verði skilað til réttra aðila sem búið er að taka af fólki í þessum efnum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að skjóta inn í þessa umr. hugleiðingum um orkusparnað, leyfa mér að benda hæstv. iðnrh. á það sem ég tel vera lang hagstæðasta virkjunarmöguleikann í dag, sem er það tiltölulega einfalda atriði að einangra þök og tvöfalda gler í kannske fimmtungi húsa í landinu. Ýmsir útreikningar liggja fyrir um að af öllum þeim virkjunar*kostum sem landinn* hefur aðgang að í dag er þetta líklega sá sem er af ýmsum ástæðum sá sem er lang hagkvæmastur og eðlilegast að í verði ráðist. Nýlega eru komnar upplýsingar í þessu máli. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. hefur gert mjög merkilega rannsókn á húshitun, einangrun og orkunotkun húsa í Grundarfirði. Verkefnið er unnið fyrir Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og er ágætt dæmi um árvekni og frumkvæði á þessum vettvangi. Ég vil endilega hvetja þm. til að kynna sér efni þessarar skýrslu, en í henni segir m. a., með leyfi forseta:

„Hins vegar skal á það bent að meðaltalsorkunotkun húsanna er 97.6 kw-stundir á ári á hvern fasteignamatsrúmmetra, en reiknuð orkuþörf húsanna ef þau væru *einangruð í samræmi við nýja byggingareglugerð* er aðeins 58.2 kw-stundir á hvern fasteignamatsrúmmetra eða aðeins 60% af núverandi orkukaupum. M. ö. o. húsin eyða um 66% meiri orku en þau ættu að gera skv. reglugerð. Alls eru þetta um 11 400 rúmmetrar. Sé miðað við gjaldskrár RARIK er því árlegur aukakostnaður húseigendanna um 320 þús. kr. eða um 12 þús. kr. á hvern húseiganda, nánar tiltekið 11 800. Og árlegur aukakostnaður ríkisins er því, ef miðað er við niður-

greiðsluhlutfall í gjaldskrá RARIK, um 8 þús. kr. á hvern húseiganda ef allir kyntu með rafmagni."

Þarna erum við að tala um aukakostnað sem er 12 og 8 þús. kr. á húseiganda sem kemur síðan í hlut ríkisins. Og þarna er um svo umtalsverða fjármuni að tefla, bæði fyrir húseigendur og ríkissjóð, að ég held að það sé í raun og veru slys hvert misseri sem líður án þess að gripið sé til róttækra aðgerða á þessu sviði. Og fyrir hv. Alþingi liggur þáltill. um að innan ákveðins tíma verði einangrun húsa gerð að skilyrði fyrir niðurgreiðslu orku. Og ég tel það vera eitt mesta þjóðþrifamál á þessum vettvangi sem við getum snúið okkur að.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. er farinn úr salnum og er væntanlega farinn upp til þess að hlusta á orð mín, hvernig þau féllu í sambandi við það að ég fengi engu um þessa hluti ráðið, því að ég tók fram að ég væri þar ekki einn í leik heldur þyrfti að njóta atfylgisins á Alþingi til að ná þessum hagsmunamálum fram, þegar hann spurði hvort ég mundi ekki „sjá svo um" eins og það var orðað.

En ég hef alveg spánýja skýrslu í höndum, sem mér hefur ekki enn gefist kostur á að grandgæfa, frá tveimur verkfræðingum sem hafa unnið í ár að athugun á einangrun húsa, einangrunarþörf og þeim möguleikum sem gefast til orkusparnaðar. Og það sýnir sig að það eru kannske þeir kostir sem gæfu skjótastan árangur í þessu skyni og kæmu enda þeim best sem örðugast eiga. Og er það í samræmi við það sem kom fram hjá hv. 4. landsk. þm.

Ég vil aðeins nefna hérna sem dæmi að reiknuð hefur verið út hitunarþörf 135 fermetra einbýlishúss í Reykjavík af verkfræðingi sem nýlega hefur lokið prófi við tækniháskólann í Lundi, mjög nákvæmir útreikningar með aðstoð nákvæms tölvuforrits. Og þar kemur þetta fram um fimm stig mismunandi einangrunar fyrir hús í Reykjavík að orkuþörf til upphitunar í þeirri stærð af einbýlishúsi nemur ef einangrunin er léleg 55 þús. kw-stundum rúmum. En skv. íslenskri byggingarreglugerð gera þeir ráð fyrir að orkuþörfin sé 34 500 kw-stundir. Menn skyldu nú halda að reglugerð hér væri nú eins ströng um einangrun og í Svíþjóð. Að fyrra bragði hefði manni nú kannske flogið það í hug, en það er fjarri því. Orkuþörfin fyrir þessa stærð af íbúð hefði skv. sænskri byggingarreglugerð ekki numið nema 26 800 kw-stundum. Ef fullkomin einangrun yrði framkvæmd á slíku húsi er orkuþörfin til upphitunar slíks húss í Reykjavík aðeins 17 500 kw-stundir eða tæplega ⅓ af því sem léleg einangrun krefst nú. Af þessu sjá menn hvaða gífurlegu hagsmunir eru hér í boði. Og eins og nefnt hefur verið og vísað til nýrrar skýrslu Orkustofnunar er hér áreiðanlega um geysilega athyglisvert mál að tefla sem ég mun beita mér mjög harkalega fyrir að nái einhverjum framgangi hið allra fyrsta.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins nefna hér vegna umr. um orkusparnað, svo nauðsynlegt mál sem þar er á ferðinni og mál sem farið var að hreyfa hér fyrst að gagni 1978 eða 1979 með skipun nefnda og margháttuðum aðgerðum, að menn mega ekki skjóta sér undan því að taka á þeim gífurlega kostnaði sem leggst á notendur nú með stuðningi, lækkun á gjaldskrám eða niðurgreiðslum vegna þess að menn ætli að ná árangri í orkusparnaði. Þessi mál verða að fylgjast að og ekkert má draga af í sambandi við lækkun hitunarkostnaðarins strax á næsta ári umfram þá öfugþróun sem verið hefur í gangi á þessu ári vegna þess að menn eru að búa sig í það sem tekur auðvitað talsverðan tíma, að ganga betur frá húsnæði í landinu, bæði gömlu húsnæði og nýju. Ég dreg ekkert úr slíkum svo sjálfsögðum aðgerðum og hef mælt með þeim á árum áður. Þar þurfum við að sækja fram því að það er þjóðhagslega skynsamleg leið og til þess þarf fjármagn og greiðan aðgang að fjármagni fyrir það fólk sem ætlar að taka þar til hendi og láta vinna fyrir sig að bættum frágangi húsa.

Hæstv. iðnrh. var að bera saman orkuþörf í húsum á Íslandi og í Svíþjóð og nefndi tölur í því sambandi sem ég hef nú ekki fyrir framan mig, en á hans máli skildi ég að samkv. reglugerð notaði sami húseigandi á Íslandi talsvert meiri orku heldur en notandi í Svíþjóð. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, þessi samanburður hæstv. ráðh., vil ég aðeins minna á að meðalhiti á Íslandi og í Svíþjóð er ekki hinn sami og áreiðanlega mun vera kostnaðarsamara að jafnaði á Íslandi að ná sama árangri í sambandi við hitun, orkumagn til hitunar en að meðaltali í Svíþjóð alveg á sama hátt og vegna náttúrlegra aðstæðna er kostnaðarsamara að hita upp sambærilegt húsnæði á Vestfjörðum og Norðausturlandi en hér í Reykjavík.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 158). — Frh. 1. umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Sjaldan hafa jafnmargir beðið jafnlengi eftir úrlausn sinna mála eins og marghrjáðir húsbyggjendur í þessu landi hafa beðið eftir húsnæðismálafrv. hæstv. félmrh. og nú er eftir að sjá, svo að maður snúi svolítið út úr fleygum ummælum Winstons gamla Churchills, hvort það ásannast enn einu sinni að sjaldan hafa jafnmargir beðið jafnlengi eftir jafnlitlu.

Það er ekki að ástæðulausu að þúsundir manna hafa mænt vonaraugum eftir að fá að sjá, heyra og kynnast niðurstöðum af starfi félmrh. nú í sumar um endurnýjun og umbætur á húsnæðislánakerfinu. Ástæðan fyrir því er sú að á liðnu kjörtímabili skapaðist algert neyðarástand í húsnæðismálum. Það neyðarástand lýsti sér þannig frá bæjardyrum venjulegs húsbyggjanda að lánshlutfallið sem hlutfall af raunverulegum byggingarkostnaði fór sílækkandi. Þegar við gengum hér til kosningar var rætt um að það væri innan við 20% af verði svokallaðrar staðalíbúðar, en þegar betur var að gáð og tekið tillit til þess að langur tími líður frá því að lánsumsókn er afgreidd og þangað til hún er komin í hendur húsbyggjenda komust menn að þeirri niðurstöðu að lánshlutfallið væri í reynd á bilinu 10—12% af byggingarkostnaði. Þetta þýddi auðvitað að greiðslubyrði venjulegs launafólks sem hafði steypt sér út í miklar fjárhagsskuldbindingar var orðin að drápsklyfjum. Þess voru dæmi að fjölskylda sem hafði 250 þús. kr. tekjur á s. l. ári og réðist í það verkefni að byggja sér venjulega þriggja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi stæði frammi fyrir því að greiðslubyrðin af þessum lánum var á bilinu 80—90% af slíkum tekjum. Þegar svo var komið var auðvitað augljóst mál að húsnæðislánakerfið sem slíkt var hrunið. Við höfðum það oft á orði að

húsnæðismálin yrði að skipuleggja út frá einhverjum félagslegum grundvallarforsendum. Það er alveg augljóst mál að þegar svona var komið var þetta kerfi hrunið í rúst.

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði sem gjarnan er fjárfesting til margra kynslóða er meiri en svo að hún verði fjármögnuð út frá einhverjum markaðsjónarmiðum af launatekjum venjulegs fólks. En þegar svo er komið að það félagslega lánakerfi sem átti að auðvelda fólki þetta verkefni var komið í slíka niðurníðslu, var fullkomlega ófært um að sinna verkefnum sínum má heita að heilum kynslóðum ungs fólks hafi raunverulega verið úthýst af húsnæðismarkaðinum. Við þetta bætast auðvitað ýmsir aðrir annmarkar á þessum húsnæðismarkaði. Þá er ég fyrst og fremst að tala um þau kjör sem íbúðir ganga á kaupum og sölum á venjulegum markaði, ekki nýbyggingar. Raunverulega er til þess ætlast að venjulegt launafólk standi undir útborgun á venjulegri íbúð að upphæð allt að 70—80% af byggingarverði.

Enn mætti nefna að sú húsnæðispólitík sem rekin er og varðar kannske fyrst og fremst stefnumótun sveitarfélaga, lóðaúthlutun og einhverja tilraun af hálfu stjórnvalda til að hafa áhrif á sjálfan markaðinn, þ. e. hvers konar íbúðir verið er að byggja, virðist vera mjög í skötulíki líka. Það er eftirtektarvert að á undanförnum áratugum hefur íbúðasamsetning, þ. e. a. s. fjölskyldugerð, ef við lítum hér á höfuðborgarsvæðið, verið að breytast verulega. Nú er svo komið að tæplega 40% af fjölskyldum hér á höfuðborgarsvæðinu eru fjölskyldur einhleypinga, ef hægt er að kalla það fjölskyldur. Hér er um auðvitað gerbreytingu að ræða sem ætti að þýða að eftirspurn eftir litlum íbúðum í fjölbýlishúsum, litlum þjónustuíbúðum ekki hvað síst fyrir aldrað fólk þar sem nú ríkir algjört neyðarástand, ætti að vera mikil og auðvitað er hún mikil. En henni er ekki fylgt eftir með raunverulegum kaupmætti sem þýðir að í reynd er sífellt verið að úthluta lóðum og byggja stórar íbúðir í einbýlishúsum og í raðhúsum. Á bak við þá eftirspurn er auðvitað verulegur kaupmáttur hjá litlum hluta þjóðfélagsþegnanna, þeirra sem komið hafa sér vel fyrir í þjóðfélaginu og eru kannske að byggja í annað eða þriðja sinn. En hin félagslega þörf sem hrópar á aðgerðir, þ. e. hinna minni fjölskyldna, stendur eftir óleyst þannig að alveg sama hvar á var litið var svo komið á kjörtímabili síðustu ríkisstjórnar að húsnæðismálin voru komin algjörlega í ólestur.

Ástæða til að spyrja: Hvers vegna? Er einhver sérstök skýring á því að húsnæðislánakerfið hrundi með þessum hætti? Skýringarnar eru margar, en meginskýringin er sú að á s. l. kjörtímabili var fallið frá þeirri grundvallarstefnumörkun sem fram kom í húsnæðismálafrv. Magnúsar H. Magnússonar frá árinu 1979 sem þá hafði verið samþykkt í ríkisstjórn, m. a. samþykkt af flokkum núverandi hæstv. félmrh. og fyrrverandi hæstv. félmrh., þar sem kjarni málsins var sá að lánakerfið sjálft, fjárhagur lánasjóðanna, skyldi byggður upp í áföngum á næstu árum með því að tryggja þeim raunveruleg framlög, markaða tekjustofna í því tilviki, þ. e. umsaminn hlut byggingarsjóðanna af launaskatti. En þetta er grundvallarforsendan fyrir því að við getum rekið raunverulega félagslega pólitík í húsnæðismálum. Hæstv. fyrrv. félmrh. lét verða eitt af sínum fyrstu verkum á stóli húsnæðismálaráðh. að breyta þessari stefnu að svifta lánasjóðina ríflegum framlögum af tekjustofnum sínum og vísa þeim í staðinn á óvissa og dýra lánamarkaði. Þar með var fyrsta ógæfuskrefið stigið sem endaði með því að húsnæðislánakerfið sem slíkt hrundi.

Í grg. með þessu frv. er þessi öfugþróun rækilega tíunduð. Þar er sýnt fram á hvernig eigin framlög ríkissjóðs til byggingarlánasjóðanna beggja, og sérstaklega er ég þá með í huga byggingarlánasjóð ríkisins, hafa minnkað ár frá ári. Þar er einnig tíundað hvernig hlutfall lána í fjármögnun sjóðanna sem standa undir útlánagetu þeirra fór sívaxandi ár frá ári. Þar er einnig tíundað hve forsendur þessarar lánsfjáröflunarpólitíkur reyndust feysknar og stóðust ekki. Það liggur ljóst fyrir að því er varðar áætlanir sem gerðar hafa verið um framlög lífeyrissjóða inn í þetta lánakerfi að þær hafa ár eftir ár brugðist, þær hafa hvergi nærri staðist. Ríkisstjórnir hafa haft þann hátt á að áætla þessi framlög mjög ríflega og tryggja þannig að að nafninu til væri hægt að standa við alla útlánaþörf, en í reynd hefur það hvergi nærri tekist.

Alvarlegast af þessu öllu saman er að um leið og Byggingarsjóðurinn hefur verið sviptur tekjustofnum og vísað á lánamarkaðinn hefur vaxtamunur, munurinn milli inntekinna lána og útgreiddra lána, verið slíkur að í það stefndi innan skamms að síminnkandi framlög ríkisins dygðu varla til að standa undir þessum vaxtamun. Þannig stefndi að því að byggingarsjóðirnir yrðu hreinlega greiðsluþrota. Og það er ekki nóg með að hér sé aðeins um að ræða vaxtamun. Lánin sem Byggingarsjóður ríkisins tekur af lífeyrissjóðunum eru til skemmri tíma og á hærri vöxtum en útlánin sem bæði eru til lengri tíma og á lægri vöxtum. Vaxtamunurinn ásamt síminnkandi framlögum og hækkandi hlutfalli lána, allt var þetta raunverulega að grafa traustum fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins gröf. Enda var svo komið á s. l. ári að byggingarsjóðurinn varð æ háðari yfirdrætti hjá Seðlabanka til að standa við skuldbindingar sínar.

Þetta, herra forseti, er meginskýringin á því hvers vegna húsnæðislánakerfið var að hruni komið þegar hæstv. núv. félmrh., Alexander Stefánsson, fékk þetta verkefni upp í hendurnar á s. l. vori. Sú stefna sem þarna hafði verið fylgt í tíð fyrrv. ríkisstj. var háskaleg og hafði hinar háskalegustu afleiðingar. Það er lítil bót í máli út af fyrir sig þó að ég geti lýst því yfir að hæstv. félmrh. átti að sjálfsögðu óskipta samúð og á enn allra þegar hann tók við þessu hrikalega verkefni. En á það verður þó um leið að minna að sjálfur var hann einn af stuðningsmönnum þessarar ríkisstj., einn af áhrifamönnum í stuðningsmannaliði þeirrar ríkisstj. sem lék húsnæðislánakerfið svona grátt, og átti þess vegna sinn þátt í því hversu hrikalegt þrotabúið var sem hann tók við. Þetta er þeim mun hörmulegra sem það er staðreynd að ef fyrrv. ríkisstj. hefði látið húsnæðismálalöggjöf eins og hún var frágengin í húsnæðismálatíð Magnúsar H. Magnússonar í friði, ef hún hefði látið ógert að breyta því grundvallaratriði þeirrar stefnu sem þá var mörkuð að tryggja sjóðunum öruggt eigið fjármagn þá hefði hæstv. núv. félmrh. vissulega tekið við mun blómlegra búi. Þá hefði ekki verið þörf á eins hrikalega stóru átaki til að bjarga því sem bjargað verður eins og nú blasir við.

Það var við þessar kringumstæður sem hinn margfrægi Sigtúnsfundur var haldinn. Þar var samankomið það fólk sem orðið hafði fórnarlömb þeirrar röngu stefnu, þeirrar ófugþróunar sem orðið hafði, einkum og sér í lagi í tíð fyrrv. ríkisstj. Ástæða er til að minna á það, ekki síst þegar talsmenn Alþfl. ræða um húsnæðismál. Við vorum að sjálfsögðu baráttumenn fyrir því að taka upp verðtryggingu á fjárskuldbindingum almennt og í þeirri baráttu var vissulega undir högg að sækja lengi framan af, en nú er svo komið fyrir löngu síðan að allir viðurkenna að hún er rétt sem grundvallarforsenda í slíkum viðskiptum af mörgum ástæðum.

En ástæða er til að minna á að í margfrægum Ólafslögum frá því í apríl 1979 var ákvæði þar sem kveðið var á um að jafnhliða verðtryggingunni skyldi um leið þannig frá hlutunum gengið að lánstími, ekki hvað síst lánstími húsnæðismála, skyldi lengdur og jafnframt ákvæði um að þau ættu að vera afturvirk, þ. e. að því er varðaði skuldbreytingu. Þessi ákvæði voru því miður aldrei annað en dauður bókstafur í tíð fyrrv. ríkisstj. Það er ástæðan fyrir því að sá hópur fólks sem kom inn á húsnæðismarkaðinn á þessum tíma stóð frammi fyrir því að fjárskuldbindingar hans voru að fullu verðtryggðar. Hann stóð síðan frammi fyrir því að óðaverðbólgan var takmarkalaus á s. l. tveimur árum undir lok stjórnartíma fyrrv. ríkisstj. þannig að þar fór allt saman, botnlaus óðaverðbólga, verðtrygging og síðan það að fyrrv. ríkisstj. stóð þannig að málum að með margítrekuðum skerðingum á vísitölukerfi launa og með meiri háttar niðurgreiðslusvindli að því er varðaði vísitölur, var svo komið að lánskjaravísitalan sem mældi verðtrygginguna var orðin mun hærri en kaupgjaldsvísitalan. Þannig fór þarna allt saman, verðtrygging, óðaverðbólga og vísitölusvindl sem lagðist á eitt um að gera þessum hópi fólks lífið nánast óbærilegt.

Það var við þessar kringumstæður sem Sigtúnshópurinn kom saman og setti fram sínar einföldu kröfur í húsnæðismálum. Þær voru í stuttu máli á þá leið að óhjákvæmilegt væri að hækka lánið sem hlutfall af byggingarkostnaði. Í öðru lagi að lengja lánstímann til að létta greiðslubyrðina og í þriðja lagi að sá hópur sem verst hafði farið út úr þessum málum á tímabilinu frá 1980 til 1983 fengi einhverja leiðréttingu sinna mála með afturvirkum hætti.

Í þeim umr. sem hér hafa þegar orðið um þetta mál hafa menn vikið nokkuð að þeim loforðum sem gefin voru þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Það er fljótsagt að þau loforð vöktu miklar vonir. Hver voru þessi loforð? Með leyfi forseta langar mig til að rifja hér upp nokkur þeirra. Samkv. blaðafrásögnum í septembermánuði er þetta haft eftir hæstv. forsrh.:

„Ríkisstj. stefnir að því að veita 50% lán af kostnaði staðalíbúðar til húsbyggjenda og íbúðarkaupenda og munu þær nýju reglur taka gildi um næstkomandi áramót."

Eftir hæstv. félmrh. er þetta haft samkv. heimild Dagblaðsins frá 20. sept.:

„Alexander Stefánsson félmrh. stefnir að því að leggja fram stjfrv. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins strax í þingbyrjun."

Því næst segir þegar búið er að skýra frá störfum nefndar:

„Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar á hún að athuga sérstaklega á hvern hátt mögulegt er að auka fjármagn til byggingarsjóðanna, m. a. með tilliti til þeirrar ákvörðunar ríkisstj. að koma lánshlutfalli af staðalíbúð upp í 50% af byggingarkostnaði á næsta ári fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta skipti."

Hér er ekki töluð nein tæpitunga. Hér er sagt fullum fetum í fyrsta lagi að koma eigi þessu lánshlutfalli upp í 50% af byggingarkostnaði staðalíbúðar og í annan stað — og þetta er gert samkv. ákvörðun ríkisstj. — er meginverkefni hennar að kanna möguleika á að auka fjármagn til byggingarsjóðanna.

Að sjálfsögðu er hægt, herra forseti, að tíunda þessi loforð í lengra máli. Ég ætla þó að láta það ógert umfram eitt. Menn hafa stundum verið að rifja upp hver voru loforð hinna ýmsu stjórnmálaflokka í kosningabaráttunni að því er varðaði úrlausn í húsnæðismálum enda voru húsnæðismálin eitt helsta umræðuefnið í sjálfri kosningabaráttunni. Ástæða er til að rifja upp að Sjálfstfl. gekk þar kannske einna lengst þar sem hann gaf í stefnuyfirlýsingu sinni afdráttarlaus loforð um að lánshlutfall, hlutfall lána af byggingarkostnaði, skyldi hækka — og það var fyrirvaralaust í stefnuyfirlýsingunni — upp í 80% af byggingarkostnaði. (**Gripið fram í:** Á kjörtímabilinu.) Það stendur ekki í stefnuyfirlýsingunni, en það kom síðar fram. En ástæða er til að rifja upp að undir lok seinasta þings var af hálfu fyrrv. félmrh. flutt frv. til l. um húsnæðismál og þar voru fluttar brtt. Að einni af þeim brtt. sem var flutt var 1. flm. hæstv. forseti Sþ., Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf. Og hverjar voru tillögur hans í nafni þeirra sjálfstæðismanna á s. l. vori áður en þingi lauk og sem vegarnesti út í kosningabaráttuna? Ástæða er til að rifja það upp. Á þskj. nr. 501, 143. mál, árið 1982—83 þar sem verið er að fjalla um Byggingarsjóð verkamanna segir:

„Fjár til hans skal aflað sem hér segir: Með árlegu framlagi úr ríkissjóði á fjárlögum sem nema skal 80% af áætlaðri fjármagnsþörf sjóðsins."

Og í annan stað segir:

„Lán skal að jafnaði veitt með 1. veðrétti og skal lánstími vera 42 ár."

Látum nú vera að fjalla frekar um loforðin, en snúum okkur heldur að því að spyrja miðað við það ástand sem ríkti í húsnæðismálunum á s. l. vori. Hvað var það sem þurfti að gera burtséð frá loforðum? Hvað var það í raun og veru sem þurfti að gera til að koma fjárhag byggingarlánasjóðanna á traustan grundvöll og til að hægt væri að standa við þau fyrirheit sem yfirleitt höfðu verið gefin og voru síðan áréttuð eftir kosningar? Ég held að ekki fari á milli mála að grundvallaratriðið í því sem þurfti að gera var að endurreisa sjálfan fjárhagsgrundvöll byggingarsjóðanna, ekki síst Byggingarsjóðs ríkisins. Hverfa þurfti frá þeirri stefnu að vísa lánasjóðunum áframhaldandi í stórum dráttum og að mestum hluta á lánamarkaðinn og tryggja að í staðinn kæmu framlög ríkisins, annaðhvort með mörkuðum tekjustofnum eða með öðrum hætti, vegna þess að fyrirsjáanlegt er að á næstu árum er um slíkan hala að ræða að meiri háttar átak er framundan í að byggja upp traustan eigin fjárhag sjóðanna til að þeir geti staðið við það fyrirheit að fram í tímann verði hægt að hækka lánshlutfallið stig af stigi eins og t. d. var gert ráð fyrir í frv. Magnúsar H. Magnússonar á sínum tíma.

Í öðru lagi þurfti auðvitað að hækka lánin og um það

voru gefin ákveðin fyrirheit. Í þriðja lagi þurfti að lengja lánstímann til að létta greiðslubyrðina. Í fjórða lagi þurfti að gera ráðstafanir til að leysa vandamál þess fólks aftur í tímann sem hvað harðast hafði orðið úti á húsnæðismarkaðinum í tíð fyrrv. ríkisstj. Í fimmta lagi var nauðsynlegt að taka húsnæðisstefnuna, sjálfa grunngerð sjóðakerfisins og ýmsa þætti húsnæðismálastefnunnar til athugunar. Þá á ég við hluti eins og að lagfæra það ástand sem ríkir á fasteignamarkaðinum þar sem er hið háa hlutfall útborgunar við kaup á eldra húsnæði. Þá á ég einnig við aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að hægt sé að tryggja nægilegt framboð af minni íbúðum til að mæta þeirri miklu og sívaxandi þörf sem er fyrir íbúðir af því tagi, ef aðeins er litið á íbúasamsetningu, t. d. hér á þéttbýlustu svæðunum. (**Forseti:** Ég vildi spyrja hv. þm. hvort ekki sé kominn tími til að ljúka þessu? Það er nú greinilegt að hv. þm. hafa áhuga á að þessum fundi ljúki vegna annars verkefnis sem fyrir liggur og við tökum til við á næsta fundi). Hæstv. forseti ræður því að sjálfsögðu og hefur það að vild sinni.

Umr. frestað.

Efri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 7. mál (þskj. 7). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 5. apríl s. l. en þau voru gefin út vegna mikilla vandamála, sem þá voru í sjávarútvegi. Var þá tekin ákvörðun um það að taka ábyrgð á allt að 120 millj. kr. til að lána fyrirtækjum í sjávarútvegi.

Þessi lán hafa þegar verið veitt og var það gert samkv. tillögum sérstakrar nefndar, sem í voru Benedikt Bogason formaður, Bogi Þórðarson, Karl Bjarnason og Svavar Ármannsson. Úthlutunin var fyrst og fremst byggð á skýrslu nefndar um stöðu útgerðar og fiskvinnslu, en sú skýrsla var unnin af nefnd, sem í sátu þeir Benedikt Bogason, Bogi Þórðarson, Helgi Backman, Svavar Ármannsson, Ólafur Helgason og Garðar Ingvarsson.

Ég sé því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál. Það hefur þegar verið afgreitt frá Nd., en þar liggja ýmis gögn fyrir um hvernig frá málinu var gengið. Tel ég réttara að hv. nefnd fái þau til umfjöllunar og sé ekki ástæðu til að fara nákvæmlega yfir það hér.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Hafi maður einhvern tíma hneykslast á brbl. þá held ég að maður hafi fyrst hneykslast fyrir alvöru á þessum lögum. Þau eru sett eftir þinglausnir þegar sýnt var að sú stjórn, sem var við völd, var í raun og veru fallin. Síðan stöndum við 7—8 mán. síðar frammi fyrir orðnum hlut. Þarna var tekið lán að upphæð á annað hundrað milljónir og því dengt inn í íslenskt efnahagslíf með þeim fljótfengnu ráðum sem menn höfðu þá. Með hliðsjón af setningu þessara brbl. verður manni á að spyrja: Hvað þýðir fyrir okkur í raun og veru að vera að fjalla um þennan hlut hér og nú? Hvað gerist t. d. ef sú ólíklega niðurstaða yrði ofan á að þessi lög yrðu felld? Hvernig á þá að innkalla aftur það fé sem þarna hefur verið úthlutað og hvaða afleiðingar hefur það fyrir þau fyrirtæki sem þessa fjármuni fengu?

Á þessu stigi er eðlilegast að spyrja einhverra spurninga sem gætu orðið mönnum til fróðleiks og lærdóms og hugsanlega til eftirbreytni. Ég heyrði á máli hæstv. ráðh. hér áðan að einhver gögn liggja fyrir sem fara þá til nefndar. Mig langar til að bera fram nokkrar spurningar. Þeim kann að vera svarað í þessum gögnum. Ef svo er þá er það gott. Það er spurning um hvort legið hafi fyrir beiðnir frá ákveðnum fyrirtækjum um þá aðstoð sem þarna var veitt. Það er spurning um það hvort þessar úthlutanir hafi verið skilyrtar og þá með hvaða hætti. Voru þær t. d. eyrnamerktar ákveðnum aðgerðum innan fyrirtækjanna? Það er spurning með hvaða hætti er hagað eftirliti með því að þessum peningum sé varið, eða hafi verið varið, eins og til var ætlast ef sá tilgangur var þá tilgreindur. Það er kannske mikilvægasta spurningin. Er eitthvert merki þess eða liggja einhverjar sannanir fyrir um að þessir peningar hafi áorkað einhverju, einhverju öðru en kannske að lengja dauðastríð einhverra fyrirtækja? Það gengur fjöllunum hærra milli manna að til séu dæmi og það fleiri en eitt um fyrirtæki sem nánast eru gerð út í því augnamiði eingöngu að taka á móti svona peningum. Ég veit ekki að hvað miklu leyti hægt er að upplýsa um slíkt mál eða hvort menn vilja það yfir höfuð. Og að síðustu, og ég vænti að þær upplýsingar liggi nú fyrir: Hver eru kjörin á þessum framlögum eða þessari úthlutun? Eru þetta lán með vöxtum eða beinir styrkir eða einhvers konar aðrar ráðstafanir með öðrum kjörum?

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ég vil ítreka það að mér finnst þetta mál sýna í mjög skýru ljósi hversu óheppileg stjórnarfarsleg ráðstöfun brbl. eru orðin og gjörsamlega út úr takt við þann tíma sem við lifum á. Þau eru ónauðsynleg með öllu þegar fyrir liggur að mjög stór hluti þingmanna, ef ekki meiri hluti, er fullkomlega reiðubúinn að vinna bæði lengri vinnudag og lengra vinnuár einmitt til þess að svona hlutir þurfi ekki að gerast.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta frv. er til staðfestingar á brbl. Mig minnir að málum hafi verið svo komið að Framkvæmdastofnun ríkisins hafi verið ætlað að fara með þetta mál en ekki viljað og síðan hafi þessi háttur verið á hafður og beinlínis verið beðið eftir því að Alþingi færi heim til að hægt væri að gefa út þessi brbl.

Vandi þeirra fyrirtækja sem um er að ræða var löngu ljós þegar þessi lög voru gefin út. Þessi háttur, sem hafður er á við að gefa út brbl., minnir okkur á hversu þessi aðferð er misnotuð og hversu alþm. eru niðurlægðir með slíkum gjörðum.

Ég efast ekki um að umrædd fyrirtæki hafa þurft á fé að halda. Það er nöturleg staðreynd að fyrirtæki í sjávarútvegi eru yfirleitt þannig sett að þau eru rekin á núllinu, eða undir núllinu, vegna þess að grundvöllurinn er rangur. En þegar þessi lán eru veitt þá eru fín orð notuð um lánveitinguna, að þau skuli vera til hagræðingar: Það er mikið búið að lána af hagræðingarfé og mér hefur alltaf fundist á skorta að sýnt væri fram á að eitthvert gagn hafi orðið af því fé, sem lánað hefur verið. Yfirleitt er þetta fé notað til að greiða upp rekstrarskuldir og ekki látið til hagræðingar, eins og ætlunin er þó að gert verði. Mig langar til að spyrja sjútvrh. hvort einhverjar upplýsingar liggi fyrir um hvaða hagræðing hafi átt sér stað í viðkomandi fyrirtækjum eða hvort nokkur leið sé að gæta að því að fyrirtækin noti féð á þann hátt sem ætlast er til af lánveitanda. Við fáum vissulega í sjútvn. ýmsar aðrar upplýsingar. En gaman væri að fá vitneskju um hvort rn. hefur eitthvað fylgst með því hvernig þessum peningum hefur verið varið.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Þann 7. apríl s. l. var gefin út reglugerð um þessi lán. Þar kemur fram m. a. í 1. gr. að lántaka og lánveitingar

þessarar deildar, þ. e. hagræðingar- og framkvæmdalánadeildar. Fiskveiðasjóðs, skuli ekki hafa áhrif á fjárhag sjóðsins að öðru leyti og endurgreiðsla fyrir slík lán fari fram af því fé sem innheimtist af útlánum deildarinnar. Síðan kemur fram að úr þessari sérstöku deild skuli veitt lán til fyrirtækja í sjávarútvegi til hagræðingar, fjárhagslegrar endurskipulagningar og til að leysa sérstök staðbundin vandamál. Þau fyrirtæki sem eru í alvarlegum rekstrarvanda og mikilvæg eru fyrir atvinnuöryggi á viðkomandi stað og þar sem rekstrarstöðvun er yfirvofandi skulu hafa forgang samkvæmt reglugerð þessari, enda horfi stuðningur við þau til bætts skipulags í veiðum og vinnslu.

Í 2. gr. kemur fram að ráðh. skipar nefnd fjögurra sérfróðra manna á sviði stjórnunar og rekstrar fyrirtækja í sjávarútvegi, er fjalla um lánsbeiðnir, og skulu lán veitt samkvæmt tillögum nefndarinnar og samþykki ráðh. Við úthlutun lánanna skal þess gætt að lánsfé fari til þess að ná fram bættri nýtingu, hagkvæmni í rekstri og stjórnunarlegum endurbótum auk betri heildarnýtingar fjármagns.

Í bréfi, þar sem voru afgreidd fyrstu lánin, — Það eru tillögur um lánveitingar að fjárhæð 120 millj. — stendur m. a.: „Fyrir veitingu lánanna eru í mörgum tilvikum sett skilyrði tæknileg og/eða fjárhagsleg. Nefndin er nú að kanna hvort skilyrðin verði uppfyllt. Þegar liggur fyrir að 28 fyrirtæki uppfylla öll skilyrði. Þess vegna felur ráðuneytið Fiskveiðasjóði að ákveða þau lán."

Það er sem sagt um að ræða að viðkomandi nefnd fjallaði um það á sínum tíma hvort fyrirtækin uppfylltu þessi skilyrði. Hitt er svo annað mál, að auðvitað er ávallt erfitt að ganga alveg úr skugga um til hvers peningar eru notaðir bæði í þessu tilfelli og öðrum. Ekki er svo auðvelt að aðskilja fjárstreymi í fyrirtækjum. Það er að sjálfsögðu kunnara en frá þurfi að segja að fyrirtæki í sjávarútvegi hafa búið við mjög lélega rekstrarstöðu á undanförnum árum. Sú verðbólga sem hér hefur geisað hefur gert greiðslustöðu þeirra nánast óbærilega. Það hefur því þurft að standa í eilífum skuldbreytingum til að halda þessum fyrirtækjum gangandi. Ég held að ekki þurfi að dyljast neinum að þau lán sem voru veitt með þessum aðgerðum fóru að allmiklu leyti í mörgum tilfellum til að kaupa ný tæki. Þó efast ég um að það hafi verið í nægilega mörgum tilvikum.

Rn. hefur ekki núna að undanförnu fylgst sérstaklega með hvernig þessum peningum hefur verið ráðstafað. Gengið var úr skugga um það áður en lánin voru veitt hvaða þarfir væru hjá fyrirtækjunum, en eftir að það gerðist hefur ekkert eftirlit átt sér stað.

Það voru kröfur um það samkv. 4. gr. að lánin væru tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakanda ásamt vélum og búnaði innan 70% af vátryggingarverði, þ. e. brunabótamati húsa og vátryggingarverði véla, tækja og áhalda, eða fiskiskipum innan 90% af húftryggingarmati þeirra. Lánin voru að sjálfsögðu ekki veitt nema þessar tryggingar væru settar. Það er að mínu mati tilgangslaust að koma upp einhverju sérstöku eftirlitskerfi með fyrirtækjunum. Hér er um mjög mörg fyrirtæki að tefla í öllum kjördæmum landsins. T. d. má geta þess að samtals voru veitt lán á Vestfjörðum upp á 24.5 millj., í Norðurl. v. 18.9, í Norðurl. e. 19.4, í Austfjarðakjördæmi 31.2, í Suðurlandskjördæmi 34.2, í Reykjaneskjördæmi 33, í Reykjavík tæpar 11 og á Vesturlandi liðlega 20 millj. Þá er inn í því talið það sem veitt var 1981, 1982 og 1983.

Það má segja að til margra ára hafi verið um að ræða eilífar skuldbreytingar í sjávarútveginum, því miður, vegna þess að sjávarútvegurinn hefur ekki búið við þau rekstrarskilyrði sem hann þyrfti að búa við, og býr ekki í reynd við þau enn þann dag í dag. Það er út af fyrir sig hægt að segja sem svo að ekki eigi að greiða á nokkurn hátt fyrir þessum fyrirtækjum, þau eigi bara að stöðvast. Ég held að fæstir séu samt þeirrar skoðunar því að flest af þessum fyrirtækjum eru að mörgu leyti vel stödd eignalega séð og ég held að engin ástæða sé til að ætla annað en að fjármagn þetta verði að langmestu ef ekki öllu leyti endurgreitt.

Spurt var hvort einhver sýnilegur árangur hafi orðið vegna þessara lána. Ég held að megi svara því játandi. Það varð sá árangur að fyrirtækin komust yfir þetta mikla óvissutímabil, sem var óneitanlega s. l. vor, og ég veit að allir viðurkenna hér. Það ríkti mikil óvissa í þessari atvinnugrein og það var ekki fyrr en gengið var til efnahagsráðstafana á s. l vori að einhver vissa fékkst um mögulega framtíð þeirra og rekstrarskilyrði. Ekki er nokkur vafi um að þessi lán hjálpuðu fyrirtækjunum yfir þennan óvissuhjalla.

Það má svo lengi um það deila hvort þetta var rétt aðferð. Ég get út af fyrir sig tekið undir það, að mun betra hefði verið að fyrirtækjunum hefðu verið sköpuð rekstrarskilyrði miklu fyrr. Ekki er ástæða til að deila um það hér. En það var ekki gert og þess vegna voru aðgerðir þessar bráðnauðsynlegar.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að ég hafi svarað einhverju af því sem hér kom fram, en að sjálfsögðu er ráðuneytið tilbúið til þess að verða við öllum beiðnum nefndarinnar um upplýsingar. Ég tel langeðlilegast og best fyrir menn að fá upplýsingar í rn. Við munum að sjálfsögðu leitast við að veita mönnum þar sem besta fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. 128. mál (þskj. 163, n. 181). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Virðulegi forseti. Iðnn. hefur tekið til meðferðar frv. það sem hér er á dagskrá og mælir með að það verði samþykkt. Fundinn sátu allir nm. nema Davíð Aðalsteinsson sem var fjarverandi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Það er gamall kunningi. Sams konar frv. hefur verið lagt fram árlega í mörg ár, kannske svo lengi sem ég man eftir. Með frv. þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjald af raforku og að heimild til þess verði framlengd til ársloka 1984.

Gert er ráð fyrir að upphæð gjaldsins verði áfram 19% og því verði skipt svo sem áður hefur verið, þannig að Rafmagnsveitur ríkisins fái 80% og Orkubú Vestfjarða 20%. Þetta er meginefni þessa frv. Ég ítreka að iðnn. hefur samhljóða og einróma samþykkt að mæla með því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 189). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Þetta frv. er reist í öllum meginatriðum á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 sem lögð var fyrir Alþingi í byrjun nóv. Að auki byggist heimild til innlendrar fjáröflunar að hluta til á því að frv. til l. um innlenda fjáröflun, sem nú er til meðferðar á Alþingi, hljóti afgreiðslu. Í því frv. er leitað heimilda til innlendrar fjáröflunar með nýju og fjölbreyttu sniði verð- og gengistryggðra skuldabréfa.

Lánsfjárlagafrv. fyrir árið 1984 er í öllum meginatriðum með hefðbundnu sniði. Í I. kafla frv. er leitað heimilda til lántöku fyrir ríkissjóð á árinu 1984 auk heimildar til lántöku Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Í II. kafla frv. er ákvæði um skerðingu framlaga til ýmissa sjóða.

Í III. kafla frv. eru síðan ýmis ákvæði sem varða lánsfjáröflun á árinu 1983, fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1983 og ákvæði um ábyrgðarheimildir vegna skipasmíða.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 kemur fram að heildarlánsfjárþörf A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 2 milljörðum 669 millj. kr. Þar kom einnig fram að á vegum utanrrh. væri unnið að endurskoðun á fjárþörf fyrir byggingarframkvæmdir við flugstöð í Keflavík og lækka lántökur til þessa verkefnis um 15 millj. kr. frá því sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir. Samkv. þessari grein lækkar heildarlánsfjárþörf A- og B-hluta sem þessu nemur og er því leitað heimildar til 2654 millj. kr. lántöku á árinu 1984. Lánsfé skiptist þannig að alls er fyrirhugað að afla 1709 millj. kr. erlendis og 945 millj. kr. á innlendum lánsfjármarkaði.

Gert er ráð fyrir að erlendar lántökur Landsvirkjunar nemi alls 500 millj. kr. á árinu 1984 til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Fyrirhugað er að verja 200 millj. kr. til framkvæmda við Blönduvirkjun og 700 millj. kr. til annarra framkvæmda, þ. e. við Kvíslaveitur, Suðurlínu og önnur brýn verkefni.

Erlendar lántökur á vegum annarra fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, Orkubús Vestfjarða og hitaveitna nema alls 247 millj. kr.

Þá er að nefna að Framkvæmdasjóði hefur verið heimiluð 652 millj. kr. erlend lántaka en það er 35 millj. kr. hærri fjárhæð en fram kemur í lánsfjáráætlun. Um einstaka liði og ráðstöfun þeirra vísa ég til grg. frv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar.

Fyrirhugaðar erlendar lántökur nema alls 4 538 millj. kr. Stjórnarflokkarnir eru einhuga um að mjög mikið verði að stemma stigu við aukinni erlendri skuldasöfnun. Skuldir þjóðarinnar út á við nema nú um 60% af þjóðarframleiðslunni. Hér eru landsmenn komnir í ógöngur. Um það bil fjórða hver króna, sem við öflum í erlendum gjaldeyri, rennur til þess að greiða vexti og afborganir af erlendum skuldum. Í ljósi nýjustu viðhorfa til þorskafla á árinu 1984 og þjóðarframleiðslu er deginum ljósara að það verður enn brýnna en ella að takmarka erlendar lántökur á árinu 1984. Mörg þörf verkefni verða því að bíða þess að þeim verði hrundið í framkvæmd þar til efnahagurinn réttir við.

Vegna þess hvað þjóðarbúinu er sniðinn þröngur stakkur í erlendri lánsfjáröflun auk þess sem óverjandi er að taka erlend eyðslulán ár eftir ár er nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að efla innlendan sparnað. Innanlands er fyrirhugað að taka að láni umtalsvert fé. Alls eru lántökur hjá lífeyrissjóðum fyrirhugaðar um 1000 millj. kr., þar af renna um 690 millj. kr. til húsnæðislánakerfisins, 110 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs og 120 millj. kr. til ríkissjóðs. Það er ætlað að hér sé um raunhæfar fjárhæðir að ræða og ríkisstj. hefur ákveðið að gildandi lögum um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum af Byggingarsjóði, Framkvæmdasjóði og ríkissjóði verði ekki breytt að svo komnu máli a. m. k. Önnur innlend fjáröflun, þ. e. með útgáfu ríkissjóðsvíxla, spariskírteina, happdrættisbréfa og gengisbundinna bréfa, er alls áætlað að muni gefa um 758 millj. kr. Þar af eru 200 millj. kr. sem sérstaklega er ætlað að endurlána til Byggingarsjóðs ríkisins.

Í 6. gr. frv. til fjárlaga er leitað heimildar til 200 millj. kr. útgáfu spariskírteina og happdrættislána. Í 1. gr. þessa frv., sem hér er til umr., er leitað heimilda til 478 millj. kr. lántöku innanlands, þar af 128 millj. kr. hjá lífeyrissjóðunum. Bregðist lánsfjáröflunaráform ríkisstj. hvort heldur er hjá lífeyrissjóðum eða á innlendum lánsfjármarkaði eða að öðru leyti mun nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að endurskoða útlánaáform en skilningur ríkir á því að ekki megi bjarga málinu með enn aukinni erlendri lántöku og skuldasöfnun.

Í 28. og 29. gr. frv. er leitað heimilda til lántöku vegna ársins 1983 og til þess að semja við Seðlabankann um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs árið 1983. Fyrirsjáanlegt er eins og ég hef áður gert Alþingi grein fyrir að verulegur greiðsluhalli verði hjá ríkissjóði í árslok 1983. Svo sem fram kemur í aths. þessa frv. eru horfur á að greiðsluhalli verði ekki undir 1100 millj. kr. í árslok. Innheimta skatta síðustu vikur ársins skiptir miklu um endanlegar niðurstöður. Því er of snemmt að fullyrða neitt í þessu máli en vandinn er ærinn.

Í 30. og 31. gr. frv. er leitað heimildar fyrir ríkissjóð að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán á árinu 1984 sem tekin kunna að verða til smíði 5 fiskiskipa. Í gildandi lögum er heimilað að í svonefndu raðsmíðaverkefni séu á árinu 1983 og 1984 ávallt 4 skip í smíðum að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Nýmæli þessara greina er að takmarka heimildir til að veita ríkisábyrgðir vegna smíði fiskiskipa innanlands þannig að þær nái einungis til smíði fjögurra skipa. Þau skip, sem hér um ræðir, eru í smíðum hjá Slippstöðinni hf. á Akureyri, þ. e. tvö skip, Stálvík hf., eitt skip, og Þorgeir og Ellert á Akranesi, eitt skip. Fleiri skip verða því ekki smíðuð á árinu 1984 samkv. ákvæðum þessarar greinar. Í annan stað er hámarkslengd þessara skipa færð úr 35 metrum í 39 metra. Er þetta gert til þess að umrædd skip geti sinnt nýjum og breyttum verkefnum svo sem rækjuveiðum.

Ákvæði 31. gr. frv. er efnislega það að leitað er heimilda til ábyrgðar hliðstætt því, sem er í 30. gr., á smíði eins skips hjá Vélsmiðju Seyðisfjarðar. Kjölur

hefur þegar verið lagður að smíði þessa skips en það á við hér eins og um smíði skipa í svokölluðu raðsmíðaverkefni að fjmrh. ákveður framkvæmd þess ákvæðis með reglugerð.

Ég hef vikið að veigamestu atriðum þessa frv. sem hér er talað fyrir. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka einstök efnisatriði sem þessu frv. tengjast. Í því sambandi nægir að vísa til aths. við þetta frv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar sem legið hefur frammi allmargar vikur og til 49. máls Ed. sem er frv. um heimild til fjölbreyttari útgáfu skuldaviðurkenninga innanlands en í boði hafa verið. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til aths. með frv. sjálfu.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari 1. umr. leyfi ég mér að gera það að minni till. að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. fjmrh. að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og lánsfjárlög eru snemma á ferðinni og það ber vissulega að fagna því að menn geta tekið sér nægan tíma eftir því til þess að fjalla um þau mál. Ég bendi á það að hér er um eitt þýðingarmesta mál þessa þings að ræða, ákvarðanir, sem eru engu síðri en fjárlögin sjálf, ákvarðanir um ýmsar helstu framkvæmdir okkar og hvernig að þeim verður staðið og þá kannske ekki síður um það sem ekki verður aðhafst á næsta ári.

Það er að vísu rétt að varðandi útdeilingu þessa fjármagns, sem hér er verið að leita heimilda fyrir, kemur það bæði fram í fjárlögum og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hvernig sú skipting verður. Hér eru heimildirnar sem að baki liggja og hér eru þær lánsfjárupphæðir sem byggt er á. Ég segi það t. d. að ég sá þetta frv. ekki fyrr en nú í hádeginu. Því mun hafa verið dreift hér á fundi Nd. á föstudag, er mér sagt, en fundir hjá Ed.-mönnum voru þá ekki eins og menn vita. Og ég vil því ekki á þessu stigi tjá mig umfram það sem ég hef lesið mér til rétt núna þessi augnablik sem liðin eru frá því að ég sá frv. Ég sé það að þetta er tekið hér inn með afbrigðum og það virðist liggja býsna mikið á en engu að síður er nú næstum að segja lágmarkið að menn geti lesið þetta svona þokkalega yfir áður en það er tekið á dagskrá hér. Ég er ekki að álasa hæstv. forseta í þessu efni en sannleikurinn er sá með mig að ég er nýbúinn að sjá þetta frv. og ég hygg að svo sé um fleiri hér inni, nema auðvitað stjórnarliða sem hafa haft þetta í þingflokksherbergjum sínum undanfarna daga og á náttborðinu heima hjá sér og hafa getað sinnt þessu mætavel og þekkja þetta allt saman út og inn. Þeir munu trúlega heldur ekki taka mikinn þátt í umfjöllun þessa máls umfram það sem þeirra leiðtogi, hæstv. fjmrh., mælir hér fyrir þessu máli og gefur þær skýringar sem hann verður e. t. v. beðinn um við 1. umr. málsins.

Fljótt á litið sé ég þó — svo að ég minnist á mál sem er býsna hugleikið mér í þessu efni — hvernig fara muni þar sem fyrirhugað er að kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði sé vitanlega ekki hér inni enda eru menn úti um þorp og grundir að reyna að finna erlenda aðila til að sjá um allt heila „klabbið" svo að notuð séu fleyg orð eins þeirra sem áður trúðu á það að núv. hæstv. iðnrh. kæmi með framkvæmdina nú þegar á þessu hausti á silfurfati síns rómaða örlætis enda voru hans eigin orð fyrir því að það mundi ekki á því standa. En alla þá umr. ætla ég að geyma mér til seinni tíma.

Ég sé það líka að Landsvirkjun muni verða með allt á fullu eða svo til hér á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu skv. þessu enda ekki ráð nema í tíma sé tekið ef álverið og stækkunin á því eiga að hafa hér algeran forgang eins og manni skilst að ætlunin sé. Mér virðist hins vegar fátæklegt um raunveruleg fjármagnsútgjöld til Fljótsdalsvirkjunar enda er hún víðs fjarri Straumsvík eins og allir vita.

Heildarmat þessarar stöðu, þ. á m. upphæðir og annað því um líkt, bíður síðari umr. enda verður þá komin til skjalanna vænti ég hv. fyrrv. fjmrh. Ragnar Arnalds sem fær málið einnig til athugunar í nefnd svo að almenn umfjöllun verður hér ekki af minni hálfu.

Varðandi skerðingarákvæðin í 9.—26. gr. frv. þá koma þau að vísu öll til umr. með fjárlögunum og því ekki ástæða til þess að orðlengja mikið um þau hér. En ég staðnæmist við fáa punkta. 16. og 18. gr. hafa oft verið hér til umr. í þessari hv. d. Í þeim segir, með leyfi hæstv. forseta:

Í 16. gr.: „Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 19 400 þús. kr. á árinu 1984. Það sem umfram kann að innheimtast af erfðafjárskatti á árinu 1984 rennur í ríkissjóð."

Og í 18. gr.: „Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1984."

Á undanförnum þingum hefur skerðingarákvæðum sama eðlis en miklu smærri í sniðum verið harðlega mótmælt og hafa sjálfstæðismenn farið þar í fylkingarbrjósti af eldlegum áhuga og ótrúlegum á þessum málefnum. Ég hef vel skilið þennan málflutning og í hjarta mínu tekið undir hann, reynt að fá þar fram breytingar meðan ég hafði þar til aðstöðu sem stjórnarþm. en ávannst þó ekki betur en svo að um nokkra skerðingu var að ræða öll árin. En nú er gengið hér svo langt varðandi fjármagn Erfðafjársjóðs sem rennur samkvæmt nýjum lögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra á næsta ári að það er skert um rúman helming. Áætlaðar tekjur af erfðafjárskatti eru samkv. fjárlagafrv. 40 millj. kr. en fjárlagatalan sem á að renna til þessara mála eru 19.4 millj. Svona stórfellda skerðingu höfum við aldrei séð framan í, svona rösklega hefur aldrei áður verið gengið hér til verks.

Og ég minni á það sem hæstv. fjmrh. er eflaust kunnugt vegna þess að ég hygg að hann hafi verið í þeirri nefnd sem um það mál fjallaði að við afgreiðslu lánsfjárlaga á sínum tíma, þegar þessi skerðingarákvæði voru hvað mest til umr., var frá því gengið líklega á fundi fjh.- og viðskn. Nd. að tilhlutan formanns hennar þá, hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, núv. hæstv. sjútvrh., að ef innheimta ríkissjóðs færi fram úr áætlun á hverju ári skyldi sama prósenta af þeim umframtekjum, sem kæmi inn á árinu, renna endurhæfingarráði til ráðstöfunar, sama prósenta og lánsfjárlög reiknuðu með frá fyrra ári. Og þannig hafa fengist á s. l. árum umtalsverðar upphæðir, nokkrar millj. til viðbótar úr ríkissjóði, til þessara brýnu framkvæmda í þágu fatlaðra og ég efast ekki um það að hið sama verður uppi á teningnum nú hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh. að hann muni taka vel erindi manna hvað það snertir

hafi innheimtan t. d. á þessu ári farið langt fram úr því sem reiknað var með í fjárlögum síðasta árs.

Ég segi það alveg eins og er í hreinskilni við hæstv. ráðh. þó að ég eigi kannske ekki að vera að benda á það að ég dreg nokkuð þessa innheimtutölu í efa, þessar 40 millj. á næsta ári. Ef ég fer rétt með — ég segi það eftir minni — minnir mig að það sé nálægt 100% hækkun frá áætlun síðasta árs, nálægt 100% hækkun. Mig minnir að áætlaðar tekjur væru eitthvað 21.28 millj. ef ég man rétt, ársins í ár, þannig að mér þykir...(**Gripið fram í:** Ársins í ár?) Já, samkv. síðustu fjárlögum og mér þykir það reyndar heldur ótrúleg tala að það muni innheimtast 40 millj. á næsta ári. En það gildir einu. Áætlunin er upp á 40 millj. í tekjur til ríkissjóðs en nú er prósentan, sem á að ganga til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, innan við 50% af þessari upphæð, hitt fer í ríkishítina svo að notuð séu orð hv. þm. Sjálfstfl. á liðnum þingum.

Ég tek ekki undir þau orð en ég minni bara á þau vegna þess að við erum búin að heyra þau svo oft hér inni.

Um Framkvæmdasjóð fatlaðra, beint framlag, er það að segja að í fyrra var mjög rætt um það að þar væru skerðingarákvæði í lánsfjárlögum sem þýddu þá líklega eitthvað milli 3—4 millj. í Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra eins og hann hét þá. Vissulega var það slæmt og ég tók undir það og gerði ítrekaðar tilraunir til þess að fá það leiðrétt og það var að vísu nokkuð leiðrétt, en alls ekki nóg, í meðförum þingsins. Það var ámælisvert og ég hlaut að taka þar á mig nokkra sök með öðrum og lýsti því yfir að það hefði átt að fylgja þessu alveg til þess ítrasta og ekki vera að skera þær 3—4 millj. af sem þar var gert af því að verkefnin eru ótæmandi.

En nú er ekki um slíkar upphæðir að tefla eins og hæstv. fjmrh. veit. Á grunnupphæð laganna, sem ganga í gildi nú 1. jan. 1984, skortir 15 millj. því að grunnupphæð þeirra laga er upp á 55 millj. Hér er aðeins um 40 millj. að ræða samkv. fjárlögum og ég segi það líka að þarna er um enn meiri upphæð að ræða og enn meiri mismun, ef verðbætur reiknast milli ára, sem ég er alveg viss um að á að gera — ég tel engan vafa á að það eigi að gera. Þá getur talan 55 hæglega farið með ýtrustu túlkun upp í 91 millj. á næsta ári. Ég hlýt hér að treysta á leiðréttingu. Ég veit að hv. fjvn. er með þetta mál í skoðun og ég treysti á það að hún hækki þetta framlag og beini orðum mínum alveg sérstaklega til formanns fjvn., hv. þm. Lárusar Jónssonar, sem ég veit að er þessum málum velviljaður og vill gjarnan leiðrétta þessa tölu. Ég veit líka um góðan stuðning hæstv. fjmrh. við þessi málefni alla hans þingsögu og raunar miklu lengur svo að ég þykist vita að á þessu muni einhver leiðrétting fást og ég treysti að hún verði sem allra mest þannig að í raun og veru hlýtur sú tala að breytast ef við 3. umr. fjárlaga verður lögð fram brtt. frá fjvn. um hækkaða upphæð til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Um byggingarsjóðinn og stóru loforðin og litlu efndirnar gefst tækifæri til að tala við umr. um húsnæðisstofnunarfrumvarpið. Í það frv. vantar nefnilega ekki ýmis fyrirheit en þau fyrirheit fölna nú fljótt ef fjármagnið vantar svo gersamlega sem sýnist í dag og þetta frv. boðar vitanlega enga bjartsýni í þeim efnum; síður en svo. En ég endurtek: Öll umr. bíður síns tíma og í fullri einlægni talað við hæstv. ráðh. er útilokað að hann ætlist til afgreiðslu þessa máls fyrir jól. Ég sé ekki minnstu efni til þess og vona að hæstv. ráðh. sé mér sammála um það.

Að lokum ein lítil spurning. Að undanförnu eða ekki alls fyrir löngu áttu þeir í nokkrum hnippingum út af tilteknu máli hæstv. samráðherrar Albert Guðmundsson og Sverrir Hermannsson. Þetta mál snertir svokallaða Suðurlínu eða lúkningu hringtengingarinnar í orkukerfinu. Hvað segir hæstv. fjmrh. um það mál? Hæstv. ráðh. Sverrir Hermannsson hefur gefið í Sþ. afdráttarlausa yfirlýsingu um lúkningu á næsta ári og sýnt fram á beint þjóðhagslegt tap upp á 30 millj. ef frestað yrði — fyrir utan það öryggisleysi sem af yrði einnig ef frestað yrði.

Ég spyr því: Vill hæstv. fjmrh. gefa sams konar yfirlýsingu nú? Suðurlínu verður lokið á næsta ári og til þess er tryggt fjármagn. Eða er ekki svo örugglega? Ég vildi gjarnan fá svör af þessu tagi frá hæstv. fjmrh. en bæta svo aðeins við í lokin að þrátt fyrir vissa þrengingu í 30. gr. og 31. gr. fagna ég því að þær greinar eru þarna inni. Ég veit hvaða þýðingu þessi verkefni hafa fyrir ákveðna staði. Ég veit alveg sérstaklega hvað t. d. 31. gr. hefur mikla þýðingu fyrir þann stað sem þar er fjallað um, Seyðisfjörð. Ég verð því að fagna þeim greinum en endurtek það að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hæstv. ráðh. ætlist til þess að þessi mál svo viðamikil sem þau eru verði afgreidd nú á rúmri viku.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Austurl. Þetta mál er manni enn þá svo ókunnugt að þess er alls ekki kostur að ræða um það af því viti sem þó í kolli manns býr. Þar kemur náttúrlega helst til að alls ekki hefur unnist tími til að kynna sér það. En þetta er eðlilega með stærri eða meiri háttar málum sem þing afgreiðir og fjöldi atriða sem gott væri að athuga betur áður en álit er látið í ljós um þau. Ég get í fljótheitum, við að lesa það á borðinu hjá mér núna, nefnt í II. kafla t. d. 15., 16. og 18. gr., sem hv. 2. þm. Austurl. hefur nú komið inn á að vissu leyti, og líka 22. og 23. gr., sem snerta mál sem ætla mætti að væri Íslendingum á þessum síðustu og verstu dögum mjög mikils virði að gera stórátak í. Við lestur yfirlits um lánsfjárþörf opinberra aðila vakna spurningar um einstök atriði eins og flugstöð í Keflavík, sem talað er um 88.8 millj. kr. lán til, en á borðum okkar liggur annað frv. um lán til þessarar sömu byggingar að því er ég fæ best séð. Væri kannske nauðsynlegra að taka lán, ef um slíka lántöku er að ræða, til einhverra annarra hluta sem í augnablikinu væru hugsanlega mikilvægari?

Ég veit ekki hvað er þinglegt í þvílíkum málefnum, en ég vildi a. m. k. mega mælast til þess við hæstv. forseta að þessari umr. lyki ekki með þeim hætti að þm. hefðu alls ekki haft tíma eða aðstöðu til að skoða málið. Ég veit ekki hvaða form er haft á slíku, hvort umr. er þá frestað eða hvernig það yrði meðhöndlað, en að okkur gæfist nægilegur frestur til að kynna okkur þetta, svo að við getum fjallað um það af einhverri þekkingu.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Eins og hér hefur þegar komið fram, þá var þessu frv. dreift síðdegis á föstudag, þannig að flestir ef ekki allir Ed.-þm. úr stjórnarandstöðunni a. m. k. sjá það fyst nú í dag og sama dag er málið tekið hér til umr. Þetta eru

auðvitað gjörsamlega óviðunandi vinnubrögð. Þetta er ekki hægt að bjóða þm. upp á. Á þessu verður að verða breyting. Hér er um eitt af stærstu málum þingsins að ræða, sem nauðsyn er að skoða mjög ítarlega og gaumgæfilega og ræða, og það verður að gera þá kröfu til hæstv. fjmrh. að hann a. m. k. gefi þm. tíma og tækifæri, þm. stjórnarandstöðunnar til að lesa frv. yfir áður en það er tekið til umr. Það er alveg hreint á mörkum að svo hafi verið og þetta eru ekki boðleg og ekki sæmandi vinnubrögð fyrir Alþingi.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að ræða hér einstakar greinar þessa frv. Það hefur einfaldlega ekki gefist ráðrúm eða tími til að skoða það svo sem vert væri. Og þetta er ekki eina dæmið um stórmál sem eru lögð hér fram og knúin fram til umr. með allt of skömmum fyrirvara.

Því ber auðvitað að fagna, að þetta skuli lagt fram fyrr en oftar áður, en eðlilegra hefði verið, hæstv. fjmrh., að gefa þm. lengri frest til að kynna sér þetta mál. Auðvitað hafa þm. stjórnarflokkanna, eins og hér hefur verið á minnst, haft málið til athugunar sjálfsagt næsta lengi, en þm. stjórnarandstöðunnar sjá það fyrst nú í dag. Ég gagnrýni þessi vinnubrögð harðlega og vonast til að þetta eigi ekki eftir að endurtaka sig hér í öðrum málum. Stjórnarandstaðan á sinn rétt hér á þingi og það verður að taka eðlilegt tillit til hennar viðhorfa og sjónarmiða. Það eru lágmarkskröfur.

Í fljótu bragði sýnist mér hins vegar að hér sé stefnt í nokkra erlenda skuldaaukningu þvert ofan í það sem segir í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. Ég segi í fljótu bragði, vegna þess að ráðrúm hefur hreint ekki gefist til að skoða þetta mál svo sem vert væri og bera sig saman við þá sem best til þekkja. Þessi vinnubrögð af hálfu hæstv. fjmrh. eru ekki til fyrirmyndar og ég ítreka það, að ég vona að þetta endurtaki sig ekki hér. Ég vona að þm. stjórnarandstöðunnar verði gefinn eðlilegur tími til að skoða þetta ofan í kjölinn, því eins og ég sagði áðan er hér auðvitað um eitt af stórmálum þingsins að ræða, sem brýnt er að fái hér ítarlega og eðlilega umfjöllun.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Það má segja að raunverulega sé fjallað um þetta mál í tveimur lotum í þinginu. Það hefur raunverulega verið lagt fram fyrir löngu síðan í formi fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984. Breytingarnar sem koma fram í þessu frv. miðað við fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina eru sáralitlar. Mig langar nú til að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. hverjar þær eru til þess að það komi alveg ljóslega fram.

Í öllum aðalatriðum má því segja að þetta mál sé ekki lagt fram sem nýtt mál hér í þinginu. Það er gerð ítarleg grein fyrir málinu í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem lögð var fram hér óvenju snemma og í samræmi við það sem lög um stjórn efnahagsmála gera ráð fyrir, og síðan kemur frv. til lánsfjárlaga. Ég vil láta í ljósi ánægju mína yfir því, að lánsfjárlagafrv. skuli koma fram miklu fyrr en venja hefur verið undanfarin ár. Ég álít að það sé talsvert atriði að afgreiða þetta mál helst fyrir áramótin vegna þess að það er stefnumarkandi um fjárfestingarmál á næsta ári og þess vegna eðlilegt að stefnan liggi fyrir áður en árið byrjar. Það sem hefur verið meingallað á undanförnum árum er einmitt það, að þetta mál hefur ekki verið afgreitt fyrr en á útmánuðum, í mars, stundum aprílmánuði en þrátt fyrir það hafa menn hafið framkvæmdir auðvitað í fjárfestingu meira og minna frá ársbyrjun, þó að aðalframkvæmdatímabilið sé ekki fyrr en síðar.

Nú er það svo með margar framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að verði framkvæmdar í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að þær þurfa mikinn undirbúning, ekki aðeins framkvæmdalega séð heldur varðandi fjármögnun og marga aðra undirbúningsþætti. Það væri því vissulega mjög æskilegt að málið væri afgreitt fyrir jólin, svo að fjárfestingarstefnan lægi fyrir áður en árið sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin tekur til hefst. Ég fagna því þess vegna hvað þetta frv. kemur snemma fram.

Það sem vekur athygli mína í sambandi við þessi mál sérstaklega er það að gert er ráð fyrir því að hægja á fjárfestingunni. Það er náttúrlega ekki fagnaðarefni nema öðrum þræði, en það er þó fagnaðarefni vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegur liður í baráttunni við verðbólguna í landinu, nauðsynlegt til að minnka þenslu og eftirspurn og skapa meiri stöðugleika í okkar efnahags- og atvinnumálum. Það er gert ráð fyrir því í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni að heildarfjárfestingin fari niður í 23.4% af þjóðarframleiðslu ársins og dragist saman um 6.3%. Auðvitað geta menn aldrei, þegar gerðar eru áætlanir af þessu tagi, slegið því föstu að þetta verði reyndin. Það fer auðvitað eftir því hvað þjóðartekjurnar og þjóðarframleiðslan verður mikil á næsta ári. Það er aldrei hægt að slá því endanlega föstu. En þetta er veruleg lækkun frá því sem var þegar fjárfestingar voru mestar, þegar hlutfallið var venjulega milli 26 og 28%.

Ég vil sem sagt ítreka þá fsp. til hæstv. fjmrh. að hann upplýsi hvaða breytingar eru í þessum lánsfjárlögum frá fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni. Ég held að þær séu sáralitlar, mjög litlar, þannig að í raun og veru eigi ekkert að koma mönnum á óvart í þessu máli.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki neitt við því að segja, þó að stjórnarandstaðan beri fram ósk um að einhverju máli sé frestað með þessum hætti. En með hliðsjón af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði vona ég að þessari kröfu verði ekki haldið til streitu.

Ég vil aðeins upplýsa að ég hef boðað aukafund í fjh.- og viðskn. í fyrramálið einmitt í þeim tilgangi að reyna að fá þær spurningar fram, sem menn vildu fá svarað, og það yrði þá eitthvað lengri tími sem menn hefðu til að athuga málið. Ég er þeirrar skoðunar, að málið fái betri afgreiðslu með því að umr. ljúki hér í dag og málið fari til nefndarinnar. Ég mun að sjálfsögðu gera það sem í mínu valdi stendur til að afla þar þeirra upplýsinga sem hv. þm. vilja fá, nm. eða aðrir þm., og varpa því nú fram til tillögumanna hvort þeir geti ekki á það fallist að málinu verði vísað til nefndar, en það fær þá auðvitað þá meðferð þar sem eðlileg er, sanngjörn og sjálfsögð.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. 4. þm. Austurl. Það er lofsvert þegar lánsfjáráætlun kemur þetta snemma fram á þingi.

Ég get aftur á móti ekki tekið undir það með hv. 4. þm. Austurl. að hér hafi eingöngu verið gerðar litlar breytingar á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Ég hef ekki haft tíma til að bera þær saman, þannig að ég einfaldlega veit það ekki. Ég get auðvitað tekið

orð hans trúanleg.

Hann segir líka í ræðu sinni að nú hafi verið hægt á fjárfestingum. Það kann vel að vera rétt og er lofsvert út af fyrir sig, en ég get ekki séð, a. m. k. ekki í fljótu bragði, ef hér hafa ekki átt sér stað miklar breytingar á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að fjárfestingarmarkmiðum hafi verið breytt ýkjamikið frá fyrri árum. Mig grunar reyndar að svo sé ekki. Ég tel það mjög miður vegna þess að mér hefur virst að gagnrýni manna á fjárfestingarstefnu undanfarinna ára hafi þrátt fyrir ýmsan annan stjórnmálalegan skoðanaágreining nokkuð hneigst til svipaðra átta og að menn séu í grundvelli nokkuð sammála um að fjárfestingar verði í næstu framtíð, og jafnvel til lengdar, að beinast til annarra atvinnugreina en þær hafa beinst hingað til og þar á ég sérstaklega við iðnaðinn. Ef við ætlum ekki að bíða einhvers konar efnahagslegt skipbrot í lok þessa áratugar verðum við að vera búin að gera gífurlega stórt og mikið átak í iðnaði, því það er sú eina starfsgrein, og það segja allir og hafa margsagt í ræðum bæði hér og utan þings, sem býður upp á aukin atvinnutækifæri í framtíðinni. Þróun bæði í landbúnaði og sjávarútvegi hefur verið til þeirrar áttar að sífellt fer fækkandi því fólki sem þar starfar, bæði vegna aukinnar tækni og breyttra vinnsluhátta, og við það skapast síaukinn þrýstingur á uppbyggingu iðnaðar. Og mér sýnist að bæði fjárlög og lánsfjáráætlun taki einfaldlega ekki mið af þessari staðreynd. Menn verða að horfast í augu við að nútíminn er á morgun. Hann er ekki einhvern tíma eftir ár eða áratug. Og þó að kjörin séu kröpp þessa dagana, eins og menn tala um, vitum við að enn höfum við tiltölulega góða afkomu miðað við margar þjóðir þessa heimshluta og höfum alveg efni á að beina okkar fjármunum, sem við þó höfum milli handanna, þangað sem okkur líst að best sé að nýta þá.

Ég get ekki, eins og ég hef áður sagt, vegna þess að ég hef ekki getað kynnt mér þessa hluti nægilega vel og borið þá saman við fjárlög og fjárfestingaráætlun, talað af nægilegri þekkingu. Ég sit reyndar sem áheyrnarfulltrúi í fjh.- og viðskn., sem mun að líkindum fjalla um þetta mál, þannig að ég bý þar við betri aðstöðu en margir aðrir þdm., en það verður að ganga út frá því að þeir þdm. sem ekki geta kynnt sér málin beint í nefnd hafi möguleika á að fjalla um þau hér í þingsölum. Ég get e. t. v. samþykkt það sjónarmið að málinu sé ekkert verr komið í nefnd strax eftir þessa umr., ef henni lýkur núna, en þá verður að gera ráð fyrir að 2. umr. verði ítarlegri en 1. umr. hefur verið hér í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég skil vel athugasemdir þeirra hv. þm. stjórnarandstöðunnar að hér hafi gefist skammur tími til að kynna sér þetta mikilvæga mál, en hér var afbrigða leitað um að málið mætti koma til umr. og var samþykkt með 17 shlj. atkv. og þess vegna verður að álíta að menn hafi verið sammála að taka málið til umfjöllunar á þessum fundi.

Ég geri ráð fyrir því að hafa jafnvel kvöldfund, ef á þarf að halda. Þar gefst þá tími til að halda umr. áfram, þ. e. ef tilefni gefst til. Við sjáum það betur þegar fer að nálgast lok þessa fundar.

Þórður Skúlason: Virðulegi forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekki átt þess kost frekar en aðrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar í þessari deild að berja þetta frv. augum fyrr en nú þegar ég kem á þennan fund. Ég vil taka undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram á málsmeðferð, að menn hafa ekki fengið meiri tíma til að átta sig betur á málinu.

Þannig er lítil von til þess að ég komi með miklar efnislegar athugasemdir við þetta annars stóra mál, en mig langar þó til að vekja hérna athygli á II. kafla frv., þar sem gert er ráð fyrir að skornir verði niður markaðir tekjustofnar til hinna margvíslegustu málaflokka — mála sem alþm. hafa fjallað um á undanförnum árum og af miklum áhuga. Þetta eru allt hin þörfustu mál og áhugi manna hefur verið það mikill fyrir þessum málaflokkum að það hefur þótt ástæða til að marka til þeirra sérstaka tekjustofna.

Það er gert ráð fyrir því í II. kafla að þessir tekjustofnar verði verulega skertir. Það vekur athygli mína, þegar ég renni augum yfir þennan lista, að þarna eru fjölmörg mál sem snerta sameiginleg útgjöld sveitarfélaganna og ríkisins og er alveg ljóst að þetta á eftir að koma verulega illa niður á sveitarfélögunum og sameiginlegum verkefnum ríkisins og sveitarfélaganna, sem standa í mörgum tilfellum þannig, að þar er ríkissjóður með verulegan skuldahala og á eftir með sína greiðsluþátttöku í hlutfalli við greiðsluþátttöku sveitarfélagana.

Þarna er gert ráð fyrir að skerða framlag til Byggðasjóðs m. a. Byggðastefnan virðist með öðrum orðum vera komin hálfa leiðina út um gluggann. Í 15. gr. er gert ráð fyrir að framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga sé algjörlega skorið niður — og í sambandi við erfðafjárskattinn og framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þetta eru líka málefni sem eru sameiginleg verkefni sveitarfélaganna og ríkisins. Þarna er hlutur ríkissjóðs miðað við markaða tekjustofna verulega skertur.

Sama má segja um framlag til Hafnabótasjóðs og bitnar það auðvitað sárast og verst á þeim höfnum sem verst eru settar og þeim sveitarfélögum sem hafa úr minnstu að spila. Eins er með skemmtanaskattinn og framlag hans til Félagsheimilasjóðs. Hann er rýrður verulega. Er ástæða til að vekja athygli á að félagsheimilin vítt um land eru í ákaflega erfiðri fjárhagsstöðu og Félagsheimilasjóður hefur dregið langan skuldahala á undanförnum árum.

Þá er greint frá því í 26. gr. að framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi að nema ákveðinni upphæð og skerðast frá því sem gert er ráð fyrir í vegalögum. Ég vil vekja athygli á að þarna er um verulega skerðingu að ræða, sem kemur illa niður á þeim sveitarfélögum sem hyggjast nú gera verulegt átak í að færa sitt gatnakerfi frekar til samræmis við það sem gerist í stærri og öflugri sveitarfélögum. Þetta er í beinni andstöðu við nál. sem hefur verið birt núna nýlega og er frá nefnd sem starfað hefur um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga, en þar var einmitt gert ráð fyrir að framlag til þjóðvega af vegafé yrði hækkað verulega frá því sem er í gildandi lögum. Hérna er sem sagt gert ráð fyrir að það skerðist enn frekar.

Þetta mál kemur að sjálfsögðu til fjh.- og viðskn. Nefndin mun fjalla um það og þar mun ég eiga þess kost að taka þátt í umfjöllun um málið. Síðan kemur í þá nefnd hv. fyrrv. fjmrh. og hann mun væntanlega gera ítarlegri grein fyrir þessu máli við síðari umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég

var farinn að trúa því að þm. hefðu ekki haft tíma til þess að kynna sér þetta frv. til lánsfjárlaga þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. tók til máls. Hann ræddi þá lið fyrir lið mjög málefnalega um frv. eins og það liggur fyrir. Ég get alveg fullvissað ykkur, kæru vinir allir, hvar í flokki sem þið standið, að hann hefur ekki mætt á einn einasta fund hjá Sjálfstfl. og ég held ekki Framsfl. heldur, en það er talið að eingöngu þm. stjórnarflokkanna hafi kynnt sér þessi mál. Mér þykir vænt um að hann skuli vera svona vel inni í málinu þegar.

Ég vil aðeins segja í svari til hv. 3. þm. Norðurl. v. að ég held að það sé fátt um skerðingarákvæði í þessu frv. sem ekki voru síðast. Það er alveg rétt hjá virðulegum þm. að ríkisstj. á við verulegan skuldahala að glíma og líklega hefur aldrei verið við meiri skuldahala að glíma en einmitt nú. Það er ekki heldur rétt að Byggðasjóði sé hent út um gluggann. Það er reynt að gera eins góð skil hverjum málaflokki fyrir sig og mögulegt er. Ég held að það sé ekki meiri skuldahali yfirleitt hjá sjóðum eins og Félagsheimilasjóði. Allt frá því Félagsheimilasjóður var stofnaður held ég að þar hafi verið skuldahali og undanfarin fjögur ár veit ég ekki betur en borgarsjóður Reykjavíkur hafi tekið að sér að fjármagna framkvæmdir, sem seinna koma þá til endurgreiðslu úr Félagsheimilasjóði, til þess að flýta framkvæmdum. Svona gengur þetta og svona hefur þetta gengið í gegnum árin.

Ég skal nú reyna að svara virðulegum 2. þm. Austurl. Hann hefur ekki séð þetta frv. fyrr en í dag. Eins og ég gat um hér í framsöguræðu er frv. reist í öllum meginatriðum á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 og hana lagði ég fram áður en fjárlög komu til umr. fyrir lok októbermánaðar, þannig að lánsfjáráætlun hefur legið fyrir síðan.

Það er rétt hjá virðulegum þm., að það liggur mikið á og það liggur alltaf mikið á að lánsfjárlög séu samþykkt á hverju ári. Og það vita þeir sem að sveitarstjórnarmálum starfa að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga verða ekki gerðar fyrr en fjárlög eru að fullu afgreidd með fylgifrv. Fyrr geta sveitarstjórnir ekki gert sínar fjárhagsáætlanir og það hefur oft dregist langt fram eftir nýju ári. Oft hefur farið svo að sveitarstjórnir hafa þurft að samþykkja sérstaka heimild til sveitarstjóra til að standa skil á nauðsynlegum útgjöldum vegna þess að lánsfjárlög og fjárlög hafa dregist í afgreiðslu á Alþingi.

Nú eru þessi lánsfjárlög lögð fram, þannig að það er tækifæri fyrir Alþingi að fjalla um fjárlögin í heild sinni fyrir næsta ár, hvort sem Alþingi vill svo viljandi draga afgreiðslu á einhverjum forsendum, eins og t. d. þeim að allt sé óþekkt sem er lagt fram í dag í lánsfjárlögum. Það er annað mál, en það er þá af öðrum hvötum en þeim að í meginatriðum hafi þeir ekki þekkt lánsfjárlögin. Þau birtast í lánsfjáráætlun sem hefur legið hér fyrir síðan seinni partinn í október.

Ég vil taka undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér um 16. gr. og 18. gr. Ég er honum í meginatriðum sammála þar. En því miður er ekki um aðra leið að ræða. Við erum í peningavandræðum. Fjárlög verða eflaust ekki hallalaus og við þurfum að semja sérstaklega við Seðlabanka Íslands um hallann af árinu 1983. Þar fyrir utan eru um 60% af heildarþjóðarframleiðslu bundin í erlendum lánum og það er alveg útilokað að auka það. Við verðum því að skera niður jafnvel á viðkvæmustu liðum. En við höfum báðir verið baráttumenn fyrir þessum málaflokkum og okkar hjörtu slá í takt hvað þessi verkefni snertir.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég vil biðja félaga mína hér, hvar í flokki sem þeir eru, að reyna að hjálpa mér í gegnum þingið með þessi lög fyrir jól.

Einni spurningu var beint til mín og hún var varðandi Suðurlínu. Ég verð að segja að yfirlýsingar iðnrh., sem hann skýrði fyrir mér, voru gefnar út á þær 900 millj. kr. sem teknar eru að láni, þ. e. Suðurlína á að vera inni í þeirri upphæð. Ef svo er ekki kemur það mér á óvart. Iðnrh. hefur heimild til að dreifa þeim peningum, sem hann fær til fjármögnunar framkvæmda, nokkurn veginn eftir hentugleikum og ég held að hann ætli Suðurlínunni hluta í þessum 900 millj.

Ég held að ég hafi svarað hv. 8. þm. Reykv. hvað varðar þann stutta tíma sem menn hafa haft til að lesa þetta frv. vel yfir, en ég vil svara honum frekar og þá um leið hv. 4. þm. Austurl., Jónasi Árnasyni. Þetta frv. til lánsfjárlaga er í öllum meginatriðum byggt á fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni fyrir 1984 og þarf ég ekki að endurtaka það oftar, en þau frávik sem hér eru má rekja í mjög stuttu máli.

Það er nú fyrst, eins og ég gat um, að framlag til byggingar flugstöðvar í Keflavík lækkar um 15 millj. kr. Í athugasemdum við 7. gr., og ég vil lesa það með leyfi virðulegs forseta, er svo önnur breyting:

„Hækkun lánveitinga Framkvæmdasjóðs nemur 32 millj., og gert er ráð fyrir að þar renni 26 millj. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins vegna loðdýraræktar og 6 millj. til Landflutningasjóðs".

Þetta eru þær einu breytingar sem eru á frv. frá lánsfjáráætlun, en hugsanlegt er að það komi fram till. um breyt. á framlagi til Iðnrekstrarsjóðs samkv. 22. gr., eins og virðulegur 8. þm. Reykv. gat um, vegna þess að það átti að reyna að flytja verkefni Iðnrekstrarsjóðs eða leggja hann niður og flytja verkefnin til Iðnþróunarsjóðs. En það verður ekki hægt í ár, þannig að það þarf að koma til aukið framlag. Það eru einu breytingarnar sem eru hugsanlegar og ég veit á þessu augnabliki um.

Ég held að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint, en ég vil þá með nokkrum orðum svara hv. 5. landsk. þm. Eiði Guðnasyni og taka undir að þetta er eitt af stórmálum þingsins og líka það, sem komið hefur fram hjá öllum stjórnarandstæðingum hér í dag, að þetta er í fyrsta sinn sem þm. sjá lánsfjárlögin í þessum búningi. Ég hef skýrt hvaða breytingar eru frá lánsfjáráætlun, sem hefur legið frammi frá því áður en fjárlög komu til umr., sem sagt síðan seinni partinn í október, þannig að ég vil ekki taka undir þau ummæli hans að hér sé um óþolandi vinnubrögð að ræða.

Mér finnst hv. 5. landsk. þm. eitthvað æstur og vondur við mig alltaf þegar hann kemur hérna í ræðustólinn. Mér finnst alveg eins og hann telji alveg sjálfsagt að reyna að berja svolítið á mér í öllum málum. En ég vona samt að hann leggi okkur lið í þessu máli og hjálpi frv. í gegnum þessa deild, ef hann ekki setur fyrir sig breytingarnar frá lánsfjáráætlun sem eru ákaflega litlar og hann getur kannske sætt sig við að þessum upplýsingum fengnum.

En varðandi erlenda skuldasöfnun vil ég líka undirstrika að hér er ekki stefnt í aukna erlenda skuldasöfnun. Það er reynt að halda sig innan við 60% af heildarþjóðarframleiðslu. Það getur vel farið svo að með endurmati á heildarþjóðarframleiðslu þurfi að

breyta ýmsum forsendum í fjárlagafrv. og víðar. Við skulum ekki vera að blekkja okkur neitt með það. Ef forsendur breytast, eins og spáin virðist vera núna um aflabrögð, þá þurfum við að breyta forsendum í fjárlagafrv. Ég er alveg reiðubúinn að taka þátt í því og fá sem flesta til að vinna það verk með mér.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það hefur nú ýmislegt komið fram í þessum umr. sem ástæða væri til að fara öllu nánar út í. Hæstv. fjmrh. þarf auðvitað ekkert að verða hissa á því þó að menn lesi þetta frv. undir þessari umr. og komist að nokkurri niðurstöðu um hvað í því felst. Hann reiknar varla með því að menn séu svo skyni skroppnir hér inni að ekki megi takast á þó þeim tíma sem gefst undir þessari umr. að kynna sér frv. nokkuð. M. a. hefur þessi tími orðið mér að notum við að skoða ýmsa liði nánar og betur en ég hafði gert. Frv. er vitanlega ekki það torskilið að menn nái þessu ekki með svolítið betri tíma.

En það er alveg rétt hjá virðulegum forseta, að tillitsemi okkar í stjórnarandstöðunni við hann er ærin og mun verða. Við munum gera okkar til þess að greiða fyrir því að mál gangi hér fram með eðlilegum hætti. Stjórnarliðið er líka það vel sett hér, að það hefur í fullu tré við okkur, ef það vill beita okkur einhverju harðræði, en ég hef ekki ástæðu til að ætla svo. Ég átti hér afbragðsgóða samvinnu við stjórnarandstöðuna um ýmis mál. T. d. átti hv. formaður fjh.- og viðskn., Eyjólfur Konráð Jónsson, sinn góða þátt í því hvernig þar tókst til. En þó þeir hafi margt gert fyrir mig í þessum efnum, þá hygg ég að ég hefði nú varla fengið þá til umræðu um svona mál samdægurs. Ég er ekki alveg viss. Það kom fyrir að ég frestaði málum af þessari stærð svo eins og einn dag fyrir þá og þótti sjálfsagt.

Ég tók það fram hér í mínu máli upphaflega, svo að ekki sé neinn misskilningur milli okkar hæstv. fjmrh. um það, að vitanlega eru megindrögin varðandi öll skerðingarákvæðin komin fram í fjárlögum nú þegar, með þeim fjárveitingum sem þar eru áætlaðar, og svo hins vegar varðandi hinar heimildirnar að meira og minna leyti í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að frátöldum þeim breytingum sem þarna eru þó óneitanlega. En ég bendi á það jafnframt því að það hlýtur að verða svo. Ég trúi ekki öðru en ýmsar þær tölur sem fjallað er um í 9.—26. gr. muni breytast eitthvað við 3. umr. fjárlaga og eftir afgreiðslu þeirra þarf vitanlega að breyta lánsfjárlögum til samræmis við það. Og það tekur vitanlega sinn tíma að koma því þá í gegnum báðar deildir. Það getur varla hjá því farið að breyta þurfi lánsfjárlögunum í samræmi við það sem hv. fjvn. og Alþingi svo síðar staðfestir við 3. umr. fjárlaga. Þegar af þeirri ástæðu sé ég vissa tæknilega örðugleika, eðlilega og þinglega örðugleika á því að afgreiða t. d. lánsfjárlög á undan 3. umr. fjárlaga. Ég vænti þess að mönnum detti það ekki í hug vegna þeirra breytinga sem þar kynnu að verða og ég vonast til að muni verða.

Ég viðurkenni það fúslega, hæstv. fjmrh., að það er ekki mikið til skipta í dag. En ég hefði gjarnan viljað sjá lagða örlítið meiri áherslu á ýmsa þætti í þessu en gert er, m. a. þá áhugaflokka okkar sem ég minnti á áðan, og þá kannske heldur meira skorið af öðrum. Það er annað mál á dagskrá hér í dag, lán til flugstöðvarbyggingar. Eins og hæstv. fjmrh. hefur tekið best fram allra manna, þá er þar vitanlega bara um útgjöld að ræða. Þetta er lán, sem þarf að borga, og þar af leiðandi er það kannske ekki alveg rétt, sem hæstv. ráðh. segir æði oft, að það séu engir peningar til og hann geti ekki búið til peninga. A. m. k. eru í þessum jólaglaðningi til nokkrir peningar, sem nú á að fara að verja í þessa framkvæmd. Ég hika ekki við að fullyrða við hæstv. fjmrh. að ef hann færi eftir sinni eigin samvisku í þessu efni alveg hreint og klárt, þá mundi hann frekar verja þessum 88 millj. til framkvæmda í þágu fatlaðra en til flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, ef hann mætti eingöngu eiga um það mál við sína eigin samvisku og þyrfti ekki að fara eftir neinu öðru.

Hæstv. fjmrh. svaraði þessu með Suðurlínuna, að eftir því sem hann hefði skilið hæstv. iðnrh., þá ætti hún að vera inni í þeirri upphæð sem áætluð er til orkuframkvæmda almennt, þ. e. þeim 900 millj. sem þar eru áætlaðar. Ég vildi beina því til hv. nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, og þá alveg sérstaklega til hv. 4. þm. Austurl. sem þar á sæti, hvort ekki væri eðlilegast og öruggast að slík framkvæmd væri sérmörkuð í endanlegri gerð lánsfjárlaganna svo að það væri alveg ljóst að Suðurlínan væri þarna. Það væri ekki spurning um það, hvernig hæstv. fjmrh. hefði skilið hæstv. iðnrh. eða öfugt, heldur væri framkvæmdin þarna tvímælalaust inni.

Ég vil svo aðeins ítreka það sem ég tók fram áðan, að vissulega ber að fagna því að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var lögð fram svo snemma sem raun bar vitni. Það var kannske auðveldara en oft áður vegna þess hversu knöpp hún er. Menn voru búnir að taka ákvörðun um að skera allt svo rækilega niður. (Gripið fram í.) Nei, ég held að það hafi verið miklu léttara. Þegar menn tóku þessa stefnu þegar í upphafi og voru með hnífinn svona glaðbeittir á lofti, þá gekk þetta nokkurn veginn sjálfkrafa. Ég held það og mér sýnist allt benda til þess, bæði varðandi fjárlögin og lánsfjáráætlunina, að það hafi gengið mjög glaðlega í gegn.

En ég bendi á eitt atriði sem hv. 3. þm. Norðurl. v. kom nú reyndar hér inn á. Ég veit að hv. þm. Ragnar Arnalds er væntanlegur til þings á miðvikudag og ég teldi ákaflega óviðeigandi að máli þessu væri hraðað svo að hann ætti ekki kost á nefndarstarfi, nefndarstarfi alveg sérstaklega, og að koma að athugasemdum af sínum kunnugleika af þessum málum. M. a. þess vegna þótti mér óeðlilegt að þessu máli væri hraðað til afgreiðslu í nefnd. Ég get þess vegna tekið undir með hv. 8. þm. Reykv. hvað það snertir að vissulega væri æskilegast að fresta þessari umr. Ég veit hins vegar að stjórnarliðið hefur hér alla burði til að koma þessu máli til nefndar og við erum ekki í þeim ham hér, a. m. k. ekki í Ed., að við séum í sérstökum slag við stjórnarliðið um afgreiðslu mála, en við væntum þess þá líka að þegar við gefum yfirlýsingar eins og ég er að gefa hér núna þá verði tillit til okkar tekið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég vil taka undir orð hv. 2. þm. Austurl. um að tillitssemi sé mikilvæg í garð stjórnarandstöðu frá stjórnarsinnum og öfugt. Ég vænti þess, að menn geti verið sammála um að það sé dyggð sem sé í hávegum höfð í þessari hv. deild. En ég skil þetta svo, að það hafi ekki komið fram bein ósk um að fresta umr. um þetta mál. Það kom frekar fram fsp. frá hv. 8. þm. Reykv. og ég held að hann telji sig hafa fengið svar við henni. Því tel ég umr. lokið og fer nú

fram atkvgr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. 43. mál (þskj. 46, n. 184 og 185). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Virðulegi forseti. Iðnn. hefur tekið þetta mál til meðferðar, en nefndin varð ekki sammála. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt, en tveir nefndarmenn, minni hl., skilar sérálíti. Einn nm., Davíð Aðalsteinsson, var ekki viðstaddur. Hann var erlendis þegar nefndin gekk frá þessu máli.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég vil taka fram að stjórn Sölustofnunar lagmetis hefur óskað eftir að lög um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins verði framlengd og telur áríðandi að svo sé, að núverandi starfsréttindi stofnunarinnar, sem felast í lögunum, verði framkvæmd. En eins og fram kemur í lögunum eiga þessi ákvæði að falla niður nú um áramótin. Sérstaklega telur sölustofnunin mikilvægt að halda áfram einkarétti til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun eða ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandi.

Það er út af þessu atriði sem nefndin hefur ekki náð samstöðu. Við í meiri hl. erum sammála stjórn Sölustofnunar lagmetis um að nauðsynlegt sé að framlengja þessa heimild og þennan rétt Sölustofnunar lagmetis, en minni hl. sem skilar sérálíti er á annarri skoðun.

Frsm. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Sams konar frv. og hér liggur fyrir hefur komið fyrir Ed. ár eftir ár hvar óskað er eftir að einokunarsölu til Austur-Evrópu verði haldið áfram og þá hefir verið óskað eftir að söluframlenging vari eitt ár í senn.

Við meðnm., hv. 8. þm. Reykv. og ég, erum ekki sammála afgreiðslu meiri hl. á þessu máli. Nál. okkar er þannig:

„Undirritaðir nefndarmenn telja eðlilegt að sölusamtök í lagmetisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök. Ljóst virðist vera að viðleitni löggjafans til að efla samtök og samvinnu með niðurlagningarverksmiðjum hefur ekki borið þann árangur sem til var ætlast. Því teljum við eðlilegt að umrædd lög falli úr gildi um næstu áramót og leggjum til að frv. verði fellt."

Við teljum reyndar að athuga hefði mátt þetta mál betur, en ekki gafst tími til þess. Oft er deilt um hvernig með sölumál fiskiðnaðarins eigi að fara. Sumir telja að þar eigi að ríkja alger einokun. Aðrir telja að þar eigi að vera nokkurt frelsi. Það er gagnrýnt að t. d. varðandi frysta fiskinn skuli það aðeins vera tveir sterkustu aðilarnir sem ráði alveg á markaðnum, þ. e. Sambandið og SH.

Hér er meiningin að lögbinda að aðeins einn aðili verði um hituna varðandi sölu lagmetis til Austur-Evrópu og er þá gengið lengra en nokkru sinni fyrr í svokallaðri einokun. Af þessu tilefni langar mig að spyrja hæstv. fjmrh. hvort í stjórnarsáttmálanum séu einhver ákvæði um að efla skuli einokun enn frekar en verið hefur.

Í þeim frumvörpum sem undanfarin ár hafa komið fyrir deildina um þetta sama mál var gert ráð fyrir framlengingu í eitt ár í senn, en nú er gert ráð fyrir að þessi einokun haldi áfram í tvö ár í senn þannig að kveðið er fastar að þessu en nokkru sinni fyrr. Verður að ætla að ríkisstj. sé sammála um að auka eða festa þessa einokun miklu frekar en verið hefur. Þetta vekur undrun mína því að oft hafa þeir sjálfstæðismenn t. d. verið sammála okkur Alþfl.-mönnum um að menn eigi ekki að stunda einokunarstarfsemi. Bið ég hæstv. ráðh. að svara því hvort þetta sé einróma álit ríkisstj. Væntanlega hefur þetta verið borið undir ríkisstj., þetta er stjfrv. Er meiningin að feta brautina áfram í einokunarátt í öðrum málum?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm. beindi til mín spurningu sem hann veit að erfitt er að svara. Ég geri ráð fyrir að hann beini henni til mín sérstaklega vegna þessa en ekki eins og eðlilegt hefði verið til iðnrh., en þetta heyrir ekki undir mitt rn. Ég held að það fyrirkomulag sem hefur átt sér stað um samskipti í þessari iðngrein hafi þó orðið til að byggja upp verulegan útflutning í greininni sem áður hafði reynst erfitt að gera. Þó að ég svari spurningunni þannig: „á móti einokun í hvaða formi sem er" eru ákaflega afbrigðileg viðskipti við austantjaldslönd á öllum sviðum. Það er ekki bara á þeim sviðum sem hér greinir, heldur líka í peningamálum hér innanlands. Í bankaafgreiðslu vegna þessara viðskipta eru afbrigðileg tilfelli sem ekki þekkjast í hinum frjálsa heimi. Þannig að spursmálið getur verið: Eigum við að rækta þessi sambönd og flytja út — og með því að flytja út og framleiða í litlum byggðarlögum þar sem þessi framleiðsla getur stundum verið undirstaða velmegunar? Ég held að nauðsynlegt sé að brjóta ekki þær brýr að baki sem þarna eru með því að gera kröfur til að ráða skipulagi í viðskiptunum, að þau verði eins og við viljum en ekki eins og kaupendur í þessu tilfelli.

Við búum í einhverju frjálsasta lýðræðislandi sem til er í veröldinni og erum að skipta við kannske hin lokuðustu lönd sem eru fjarlægust lýðræðinu. Ég held því að við ættum að gera þennan samning, ekki bara til 12 mánaða, heldur þeirra 24 mánaða sem hér um ræðir. 24 mánuðir eru ekki langur tími og 12 mánuðir eru helmingi styttri tími. Við gætum kannske aukið meira viðskiptin á þessum 24 mánuðum en á 12 mánuðum þannig að ég er hér meira að tala frá viðskiptalegu sjónarmiði. Ég hef staðið í viðskiptum við þessi austantjaldslönd f. h. skipafélags og veit hvað það þýðir og ég veit hvað ég er að tala um þegar ég tala um afbrigðileg peningaviðskipti sem bankaráðsformaður í Útvegsbanka Íslands.

Umr. frestað.

Lántaka vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er tekið til 1. umr., frv. til l. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, er flutt í samræmi við samkomulag stjórnarflokkanna um myndun ríkisstj., en samkvæmt því var ákveðið að reisa skyldi flugstöð á Keflavíkurflugvelli í samvinnu við Bandaríkjastjórn.

Í tengslum við endurskoðun varnarsamnings við Bandaríkin frá 1951 var m. a. ákveðið að stefnt skyldi að aðskilnaði farþegaflugs frá starfsemi þeirri sem varnarliðið rekur á Keflavíkurflugvelli samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins. Alger forsenda slíks aðskilnaðar er bygging flugstöðvar á nýju svæði. Samkomulag náðist milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og var samningurinn um það undirritaður hinn 5. júlí s. l.

Eins og þm. er kunnugt er gert ráð fyrir að ríkisstj. sjái um byggingu flugstöðvarinnar og að byggingu hennar verði lokið árið 1987. Heildarkostnaður við bygginguna, þar með taldar svæðislagnir, er áætlaður 42 millj. Bandaríkjadala og munu Bandaríkin greiða 20 millj. dala af þeirri upphæð. Hlutur Íslendinga, 22 millj. dala, er háður samþykki Alþingis, en fyrirvari er um að áfangagreiðslur af hálfu Íslendinga verði ákveðnar í ljósi ríkjandi efnahagsástands á hverjum tíma á meðan á framkvæmdum stendur. Til að ljúka fyrsta gagnlega byggingaráfanga er þó samkomulag um að skipta greiðslum á milli Íslendinga og Bandaríkjamanna, allt að 20 millj. kr., til helminga.

Á fjárlögum fyrir árið 1983 var aflað heimildar til að taka lán að fjárhæð allt að 10 millj. kr. vegna flugstöðvarinnar. Hefur þegar verið tekið bráðabirgðalán að þeirri upphæð til greiðslu framlags Íslendinga vegna þessa áfanga. Jafnframt byggingu flugstöðvarinnar var samið um að Bandaríkin greiddu að öllu leyti þann kostnað sem leiðir af framkvæmdum við gerð flugbrauta ásamt lögnum, aðkeyrslubrauta og vega.

Samvinna um byggingu flugstöðvarinnar, sem verður íslensk eign, er að öðru leyti á því byggð að flugstöðin verði fyrst og fremst notuð til almenns flugrekstrar, en Bandaríkin hafi heimild til að nota hana á hættu- og ófriðartímum í samræmi við varnarsamninginn. Þegar hafin er almenn starfsemi í flugstöðinni er gert ráð fyrir að varnarliðið taki aftur við núverandi flugstöðvarbyggingu til afnota fyrir almenna starfsemi varnarliðsins.

Flugstöðvarbyggingin, þ. e. farþega-, þjónustu- og skrifstofurými, verður samtals 12 284 fermetrar. Til samanburðar má geta þess að núverandi flugstöðvarbygging er um 7 000 fermetrar.

Um gerð flugstöðvarinnar hefur þegar verið fjallað á Alþingi, bæði í ræðu og riti, og skal hér látið nægja að vísa til skýrslu sem lögð var fyrir Alþingi árið 1981.

Eins og ég sagði áður er gert ráð fyrir að hlutur Íslands vegna kostnaðar við byggingu flugstöðvarinnar verði 22 millj. Bandaríkjadala á móti 20 millj. dala framlagi Bandaríkjanna. Vegna fyrsta áfanga verða greiddar 10 millj. kr., sem þegar hefur verið gerð grein fyrir. Greiðslur vegna seinni áfanga skiptast þannig: Á árinu 1984 munu Bandaríkin greiða 67% af framkvæmdakostnaði, en Ísland mun greiða 33%. Frá ársbyrjun 1985 verður greiðsluhlutfall Bandaríkjanna u. þ. b. 60% af byggingarkostnaði.

Af hálfu ríkisstj. hefur verið gert ráð fyrir að hlutur Íslendinga verði fjármagnaður á byggingartímanum með lántökum erlendis. Árlegar lántökur eru áætlaðar sem hér segir: 295 þús. dala á árinu 1983, 2.9 millj. dala árið 1984, 4.5 millj. dala á árinu 1985, 9.5 millj. dala árið 1986 og 4.7 millj. dala árið 1987.

Lagt er til samkvæmt 1. fl. 1. gr. frv. að veitt verði heimild til að taka lán að fjárhæð allt að 22 millj. dala, en lántökufjárhæð á hverju ári verði ákveðin með hliðsjón af fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hvers árs í samræmi við framvindu efnahagsmála og markmið ríkisstj. í þeim efnum til lengri tíma. Lántökufjárhæð verði að öðru leyti ákveðin í lánsfjárlögum fyrir hvert ár.

Til þess að fjármagn til flugstöðvarinnar nýtist sem best til að ljúka á tilskildum tíma við byggingu hennar og frágang þeirra mannvirkja sem henni tengjast hefur ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts af byggingarefni, vélum, tækjum og öðrum búnaði sem þarf til framkvæmdanna sem fram undan eru. Er því í öðru lagi lagt til að tekin verði upp nauðsynleg heimildarákvæði um það í lögum.

Með lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, var fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnun, falin yfirstjórn opinberra framkvæmda, en Innkaupastofnun ríkisins yfirstjórn verklegra framkvæmda. Þrátt fyrir ótvíræða skipan þessara mála samkvæmt þeim lögum hefur vinna við undirbúning og hönnun flugstöðvarinnar verið í höndum utanrrh., sem notið hefur aðstoðar byggingarnefndar sem séð hefur um framkvæmd þessa verks. Nú þegar komið er að hinni verklegu framkvæmd þykir best henta að yfirstjórn byggingarframkvæmda verði áfram í höndum utanrrh. og er því lagt til að ótvíræð heimild verði tekin í lög um það efni.

Ég tel hins vegar rétt, með tilliti til þess að með byggingu flugstöðvarinnar er stefnt að aðskilnaði almenns farþegaflugs frá starfsemi sem varnarliðið rekur á Keflavíkurflugvelli, að núverandi yfirstjórn ýmissa málaflokka sem dregnir hafa verið undan einstökum rn. verði tekin til endurskoðunar. Af hálfu dómsmrh., samgrh., utanrrh. og mín hefur verið skipuð nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag reksturs flugstöðvarinnar og vænti ég þess að afrakstur af starfi nefndarinnar skili sér í því að viðkomandi stjórnvöldum verði á ný falin framkvæmd þeirra stjórnmálaefna sem þau efnislega og stjórnskipulega eiga undir öllum eðlilegum kringumstæðum að fara með.

Ég skal að svo stöddu ekki hafa fleiri orð um frv. þetta og legg til að því verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er glöggt að nú er hátíð í nánd og nú skal efnt til veislu, enda ekki seinna vænna á þessu ári fyrir hæstv. ríkisstj. Hæstv. ráðh. hefur átt bæði í þingi og annars staðar tvö sígild svör þegar um fjármál og lausnir þar hefur verið rætt: Engir peningar til — engin lán verða tekin. Þetta eru hreinskilin og skýr svör og umfram allt fortakslaus og ég kann að meta þau. Það er eins og allir vita dapurt yfir fjármálahimni ráðh. Það eru blikur í öllum áttum og óveðursskýin hrannast upp. En öll él birtir upp um síðir. Nú má taka lán og nú eru til peningar. Nú er glatt í

hverjum hól, enda sá hóll sem horft er af til vesturs sá hóll sem er allra hóla fegurstur, Miðnesheiðin sjálf með öllu sínu herlega hafurtaski. Fjárlög koma til 2. umr. á morgun. Þar er þröngt fyrir dyrum. Þar ríkir skuggi svörtu skýrslunnar. Í þessu frv. eru engar skuggahliðar. Í stað svörtu skýrslunnar virðist hér komin margfræg kona með svartan kassa, að vestan auðvitað, og hefur sópað burt öllum áhyggjum hins hjartahlýja fjmrh., sem svo gjarnan hefði viljað sjá meira fara í skólana, sjúkrastofnanirnar, dagvistarheimilin og allar þær framkvæmdir sem hann ber fyrir brjósti, en því miður eru bara engir peningar til. Ráðh. býr eðlilega ekki til peninga og lán eru á bannlistanum og svo vita allir að hæstv. ráðh. ætlar að lækka skattana á fólki þó menn kunni að verða svolítið lengur að vinna fyrir þeim. Ég hlýt að óska hæstv. ráðh. til hamingju með jólaglaðninginn í þessu frv., þennan ljósgeisla sem lýsir í skammdeginu svo skært að bjarmann ber allt til Pentagon.

Já, fjárlög eru til 2. umr. á morgun. Einn liður þeirra eru flugvellir. Við þá kannast hæstv. ráðh. betur en margir aðrir, því þar hefur áhugasviði hans verið ekki síður en annars staðar. Flugráðsmaðurinn Albert Guðmundsson hefur margt gott lagt þar til mála. M. a. höfum við Austfirðingar átt þar hauk í horni og það vil ég þakka. En nú er þar líka þröngt í búi og hið ótalmarga góða sem flugráðsmaðurinn vildi gera, m. a. í öryggismálum, gerir hæstv. fjmrh. nú að litlu eða engu því lítið er til skipta á þeim bæ eins og annars staðar. Einn fjölfarnasti flugvöllur landsins er ófær öðru hvoru og ný flugbraut bíður síns tíma. Fáir hafa sýnt því máli betri skilning en flugráðsmaðurinn Albert Guðmundsson, það fullyrði ég hér, en hæstv. ráðh. Albert Guðmundsson sér enga leið í flugvallarmálum á Egilsstöðum aðra en að setja yfirlag yfir forina og bleytuna eystra þar, enda eru engir peningar til. Þetta skilja Austfirðingar á erfiðum tímum, m. a. vegna þess að þeir vita að þjóðarauðurinn kemur af miðum og úr moldu, en ekki af heildverslun og öðru slíku. Og þeir fyrirgefa hæstv. ráðh. og finna til með honum í þrengingum hans ef — og það ef snertir þetta frv. — hæstv. ráðh. dragi nú ekki upp úr hatti sínum gullkanínuna góðu sem á að fara til að fjármagna flugstöðina í Keflavík. Og ef hæstv. ráðh. dytti nú í hug að segja að þetta væri bara lán, þá hefur enginn verið iðnari undanfarið við að segja okkur þau sígildu sannindi að lán þyrfti að borga. Og þetta samþykkja líka allir með hæstv. ráðh.

Ef mönnum þykir sem hér sé farið með háð og spé, þá er það einungis hin ytri umgerð því alvara málsins er mikil. Menn sjá einfaldlega lántöku á einu ári til einnar framkvæmdar upp á mun hærri fjárlagatölu en til allra flugvalla á landinu fer. Menn sjá einfaldlega hver forgangsröðun framkvæmda er. Hér er ekki um það að ræða hvort flugstöð skuli rísa eða ekki, heldur hvernig, hversu stór, hvernig fjármögnuð og þó síðast en ekki síst hvort hröðun þar sé brýnni en í þeim fjölmörgu úrlausnarefnum sem bíða hvarvetna í flugmálum okkar og Egilsstaðaflugvöllur er eflaust skýrasta og gleggsta dæmið um í dag.

Um flugstöðina, hversu stórt það mannvirki skuli vera og um leið dýrt, hefur lengi og margt verið rætt, endurtekning þess er leiðigjörn, en í því efni nægir að vísa til álits ýmissa þeirra sem með glöggum rökum sýndu og hafa sýnt fram á að unnt væri að byggja mannvirki sem vel þjónaði sínum tilgangi og hefði fulla reisn þó ekki væri ráðist í það fyrirtæki sem hér um ræðir. Og þegar annars staðar er skorið við nögl og eðlilegur sparnaður boðaður á erfiðum tímum, þá stendur flugstöðin sem eitt allsherjar háðsmerki og glottandi grýla við þeim sem af mestri tilfinningu boða að þrengja skuli að, herða skuli ólina, og sjá svarta skýrslu í hverju horni þegar framkvæmdir í þágu barna og sjúklinga, aldraðra og öryrkja eru annars vegar, að ekki sé nú minnst á þegar vikið er að launakjörum fólksins í landinu.

Þrátt fyrir hugsanlega ofurtrú hæstv. fjmrh. á nauðsyn þessa gímalds, sem gleypir svo gífurlegt fjármagn, og vitandi hinn hlýja hug hans til vestursins og máske einlæga gleði yfir betlifénu þaðan í þessa byggingu, þá veit ég, og ég endurtek það sem ég sagði í dag, að slíkur áhugamaður sem hæstv. ráðh. er um hvers konar mannúðarmál og hefur barist þar dyggilega finnur innra með sér til meiri háttar samviskubits þegar hann er að mæla fyrir fjáraustri af þessu tagi, en verður um leið að skammta svo til margra áhugamála sinna, ég vil segja hjartans mála sinna, sem raun ber vitni nú. Þá hef ég a. m. k. ofmetið hæstv. ráðh. þau ár sem ég hef þekkt hann hér á þingi ef svo er ekki. Þá er Bleik brugðið í þeirra orða fyllstu merkingu.

Raunar verð ég að leyfa mér að efast um hrifningu hæstv. fjmrh. yfir því betlifé sem bygging þessi er að nokkru leyti reist fyrir en sem um leið veldur því hversu geysidýr hún er. Fjármálaleg reisn hans sem Íslendings hélt ég að væri slík að hin svonefnda aronska væri ekki dálæti hans, en vel kann að vera að mengunin nái til hans svo sem annarra þeirra sem áður hafa harðast fram gengið í því að heimta fé til hvers konar framkvæmda hér úr hendi Sáms frænda. Þegar jafnvel saklausir og hjartahreinir þingbændur austan frá Rangárvöllum biðja um betlifé í vegi, brýr og hafnir auk flugvalla, þá er von að fleiri falli flatir, og á sú láréttа staða ekkert skylt við láréttar þjóðmálahreyfingar, án þess að nánar sé út í það farið. Efnahagslegt frelsi okkar er þó háð því að við séum sjálfum okkur nóg, bjargálna fólk við framkvæmdir allar, og það hef ég heyrt hæstv. ráðh. segja. Einhvern veginn finnst mér því miklu betur fara hæstv. fjmrh. reisn í þá átt en áðurnefnd láréttа staða í viðskiptum við erlenda aðila, en þá láréttu stöðu hefur flokkur hæstv. fjmrh. raunar gert að sinni varðandi nýtingu orkulinda okkar, svo víða er nú lágt lotið.

Og þá er komið að „þjóðlegu hliðinni“ varðandi flugstöðina og staðsetninguna, aðskilnaðartalið margþvælda sem eitthvert fagnaðarerindi. Já, það er margt skrýtið í kýrhausnum. Eitt það undarlegasta í þessari umræðu allri er talið um andlitslyftinguna. Andlitið út á við, segja menn, hvað blasir við ferðamönnum. Þeir hernámssinnar, sem telja hér í fólginn heiður okkar og sóma, gleyma því að stolt þeirra er einmitt fólgið í víghreiðrinu á Miðnesheiði, sem vitanlega blasir áfram við öllum þeim sem hingað koma. Ég hélt að í þeirra augum þyrfti ekkert að fela, hér væri hið fagra tákn vestrænnar samvinnu, lýsandi dæmi um það að við værum gjaldgengir þátttakendur í vígbúnaðarvitfirringunni. Sé meiningin að slá ryki í augu þeirra sem miður hrifnir eru, þá er það líka misskilningur. Ný flugstöð á nýjum stað breytir engu um hið æðsta eðli þessa flugvallar ef á reyndi, enda eru skilyrðin lýsandi í þessu af hálfu Ameríkana um afnotin af flugstöðinni ef þeir telja svo við þurfa. Ný flugstöð á nýjum stað breytir

engu um að hún er í náinni sambúð við hersetuna og þau umsvif sem blasa þar við hverju sjáandi auga. Allt þetta hræsnishjal er því til einskis, því menn eru ekki blindir eða skyni skroppnir með öllu. Það liggur við að hjartnæmasta aðskilnaðarhjal sumra í kringum þessa flugstöð felist í þeirri von að menn gleymi þeim virkileika víghreiðursins sem vitanlega skiptir öllu. Stærð og hönnun, fyrirkomulag og annað því um líkt kemur því þessu ekki hætishót við.

Ég hygg ég láti þetta nægja, þó vissulega væri af mörgu að taka og ítarlega hægt yfir að fara. Ég vildi kannske spyrja hæstv. ráðh. örlítið nánar, þó hann kæmi rétt inn á það hér áðan, hver væri skýringin á því sem segir í athugasemdum um 2. gr. frv. þar sem segir:

„Nú þegar komið er að hinni verklegu framkvæmd þykir best henta að yfirstjórn byggingarframkvæmdanna verði jafnframt í höndum utanrrh."

Ég veit ekki hvað best hentar í þessum efnum og ég veit ekki heldur hvað liggur að baki orðanna hvað hentar best varðandi þetta mál. Jafnframt tók hæstv. ráðh. það fram að öll þessi mál væru í endurskoðun og þyrfti vissulega að taka til gagngerðrar endurskoðunar.

Andstaða mín við þetta frv. er af mörgum áður röktum ástæðum og grg. okkar frá 1982 og afstaða í ríkisstj. okkar þá er enn í fullu gildi. Hana les ég með gleði hér á eftir, ef ástæða þykir til og hæstv. ráðh. telja þetta frv. forgangsmál sem þeir vilja eyða dýrmætum tíma þingsins í. En væntanlega leyfist mér fyrst og síðast að verða andsnúinn þessu lántökufrv. með rökum hæstv. fjmrh. sjálfs: Lán má ekki taka því þau þarf að borga. Mér er ekki fremur en hæstv. ráðh., nema síður væri, áskapað að búa til peninga þegar engir eru til.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt.

Ég er, að ég held, sömu skoðunar og flestallir sem hér tala, sammála um nauðsyn þess að skilja einkaflugreksturinn á Keflavíkurflugvelli frá annarri starfsemi sem þar fer fram á vegum Atlantshafsbandalagsins, og hefði kosið að sá aðskilnaður yrði meiri en að er stefnt með þessari byggingu. Nú er hún reyndar orðin að ákveðinni staðreynd, en ég hef samt sem áður nokkrar efasemdir um þá lántöku sem hér er fyrirhuguð og vildi beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hér sé hugsanlega verið að taka lán fyrir vasafé handa ríkisstj. því að samkvæmt öllum þeim upplýsingum sem ég hef fengið, og hef gengið þó nokkuð mikið eftir þeim, get ég ekki séð annað en að þessi bygging sé samkv. íslenskum útreikningi, miðað við einingaverð á byggingum hérlendis, allt að því 100% of hátt áætluð. Þegar við svo horfum fram á að Íslendingar og Bandaríkjamenn ætla að skipta þessum kostnaði á milli sín til helminga er greinilegt hvor aðilinn ætlar að taka að sér að borga bygginguna. Þar sem þetta hefur þegar komið í ljós í fyrstu verklegu framkvæmdunum sem þarna fóru fram, sem voru helmingi undir reiknuðu kostnaðarverði við útboð, þykir eðlilegt að áætla að framhaldið verði með svipuðum hætti. Ef við eigum að viðurkenna þá staðreynd sem þessi bygging er og framhald hennar vil ég leggja til að frestað verði að taka lán þangað til byggingunni er lokið. Það fé sem Bandaríkjamenn leggja fram borgar þessa byggingu fyllilega. Við getum þá byrjað að taka lán þegar rekstur hennar er hafinn og við erum farin að hafa tekjur af henni, því lán verður að borga, segir einhver.

Ég felli mig ekki heldur við þann framgangsmáta, sem er hér mjög algengur þegar um framkvæmdir á vegum ríkisins er að ræða, jafnvel þótt þær séu boðnar út, að verið sé að fella niður eða endurgreiða gjöld af vinnuvélum, sem notaðar verða við byggingarframkvæmdir eins og skv. þessum lögum. Mér finnst að verktakar hér í landi ættu allir að sitja við eitt og sama borð og að það sé ekki hlutverk ríkisins að vera að mismuna mönnum með þeim hætti sem hér er gert.

Í þriðja lagi ætlaði ég líka að spyrjast fyrir um orðalagið í athugasemdinni við 2. gr., „þykir best henta". Hvaða ástæða þykir til að færa þessa byggingaframkvæmd alfarið til utanrrn.? Ef það er skoðun hæstv. fjmrh. að Innkaupastofnun þvælist fyrir flestum verkum sem framkvæmd eru á vegum ríkisins er ég honum hjartanlega sammála og væri til í það með honum að leggja þá stofnun alfarið niður, tel hana með óþarfari fyrirtækjum sem eru rekin á vegum ríkisins. En ef hér er um það að ræða að þetta sé nauðsynlegt vegna einhverra þátta í þessu verki sem mönnum finnst nauðsyn að dylja er ég alfarið ósammála því.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Nú loks er komið að því að málefni flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli eru rædd. Nú eru framkvæmdir hafnar eftir langan undirbúning, undirbúning sem var á fullu í stjórnartíð Alþb. og fyrri ríkisstj. Saga þessarar flugstöðvar eða umræður um hana hafa lengi verið í gangi. Hafa menn yfirleitt verið þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt að byggja nýja flugstöð, komast úr því flugkoti sem menn hafa búið við að undanförnu, hvar aðbúnaður starfsfólks hefur verið fyrir neðan allar hellur og við höfum þurft að una við það að hafa herflug og farþegaflug á sama stað. Ég tel það mikils virði að nú skuli þetta mál vera komið svo langt sem raun ber vitni og lýsi yfir samþykki mínu við þá lántöku sem hér er farið fram á.

Það er oft talað um þessa flugstöð eins og þetta verði stærsta bygging norðan Alpafjalla, en svo er ekki. Ég minni á að bygging ein á Höfðabakka er stærri en þessi bygging, bygging í eigu Íslenskra aðalverktaka. Þegar rætt er um fjármögnun flugstöðvar þá er ekki úr vegi að spyrja hvort athugað hafi verið hvort ekki væri ástæða til að nota eitthvað af þeim mikla hagnaði sem verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli hefur haft í för með sér, hagnaði sem ekki liggur aðeins í risastórum fasteignum heldur í hundraða milljóna kr. inneign í bönkum landsins.

Það var gert að umræðuefni hér að Bandaríkjastjórn setti skilyrði varðandi þessa byggingu. Ég býst við að flestum mönnum sé það ljóst að ríki hernaðarástand hér þá verður ekki spurt að því hvort byggingar verði teknar til hernaðarnota eða ekki. Á það ekki aðeins við um þessa byggingu heldur allar aðrar byggingar. Mér sýnist því að þetta skilyrði sé afskaplega meinlaust. Ég tel að ný flugstöð muni auka á reisn íslensku þjóðarinnar og verða okkur til mikils sóma. Það hefur dregist úr hömlu að hefja framkvæmdir, en ég fagna því að þær eru nú hafnar.

Ég tek og undir þá fsp. sem kom fram áðan varðandi framkvæmdakostnað. Það er ekki ljóst í dag hversu dýrt þetta verður, en ef marka má fyrstu útboðin ætti þessi bygging að verða ódýrari en áætlað var í fyrstu. Og er

það ekki rétt að framlag Bandaríkjastjórnar sé fast framlag en það sem á vantar verði greitt af íslenska ríkinu? Gott væri að fá svör við þeirri spurningu á eftir.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil fyrst svara virðulegum 6. landsk. þm.

Það er óafturkræft framlag sem kemur frá Bandaríkjastjórn, þannig að segja má að það sé fast framlag. Ég hef nú aldrei kallað það fast framlag, en það verður ekki endurgreitt sem kemur frá Bandaríkjastjórn svo að ég held að mér sé óhætt að segja að það sé fast framlag. (**KSG:** Verður það ekki lægra verði byggingin hlutfallslega ódýrari?) Það segir í frv. að Bandaríkjamenn muni leggja fram 20 millj. dollara og þá er gert ráð fyrir að 42 millj. dollara séu heildarkostnaðurinn. Ef það reynist réttur útreikningur, 42 millj. dollara, er 20 millj. framlagið. Ef framkvæmdin verður ódýrari reikna ég með hlutfallslegri upphæð. Ég reikna ekki með 20 millj. dollara hvað sem byggingin verður ódýr. Ég get ekki svarað þessu öðruvísi, en þætti þó líklegt — ég þarf að kynna mér það betur — að það sé um samið að framlag Bandaríkjanna sé fast eins og þm. gerir sjálfur ráð fyrir. Ég get ekki svarað því. Ég veit það ekki. En mér þætti miður ef verið væri að bjóða niður verktakamarkaðinn til þess eins að Bandaríkjamenn hefðu ágóða af því.

Ég tek undir með virðulegum þm. að ný flugstöð er andlitið á þjóðinni í mestu umferðaræð landsins, bæði til og frá landinu, svo að flugstöð hlýtur að auka á reisn íslensku þjóðarinnar, eins og hann sagði, og verða okkur til sóma. Ég vil lýsa ánægju minni með að hann skuli viðurkenna þá lántöku sem við verðum því miður að fara út í vegna framkvæmda þarna. Ekki veit ég hve mikill hagnaður er af verktakastarfseminni á Keflavíkurflugvelli. Ekki veit ég heldur hvort það er rétt, sem fullyrt er, að verktakafyrirtæki sem rækt hefur þar starfsemi um árabil eigi hundruð millj. kr. í banka, það veit ég ekki, en ef svo er eru það peningar sem vinna áfram inni í þjóðfélaginu í gegnum útlán svo það hefur þá verið til einhvers að vinna sér þá inn.

Hv. 8. þm. Reykv. er sammála um að aðskilnaður milli íslenskra og erlendra notenda flugvallarins í Keflavík sé af hinu góða þó hann sé gegn lántökunni sem slíkri. Það stangast svolítið á þarna. Ég er ansi hræddur um að við kæmumst ekki langt með bygginguna og aðskilnaðinn ef við ekki fengjum lánsfé. Við eigum ekki peninga, eins og ég hef margoft sagt, til þess að fara út í þessa framkvæmd af eigin fé.

Ég held að það sé alrangt að hér sé tekið lán sem vasafé ríkisstj., eins og hv. þm. orðaði það, þar sem fyrsta útboð var 100% hærra en áætlun. Það þarf ekki útboð eða verklýsingu á Keflavíkurflugvelli til þess að vera langt undir þeim kostnaðaráætlunum sem gerðar eru. Vegagerðirnar síðustu eru langt undir kostnaðaráætlun. Flestöll verk sem boðin voru út af borgarstjórn Reykjavíkur meðan ég var þar, seinni árin a. m. k., voru langt undir kostnaðaráætlun. Það er alveg furðulegt að þó að efni til bygginga og efni til framkvæmda lækki í verði vegna minnkandi verktakamarkaðar er eins og opinberir aðilar, sem gera kostnaðaráætlanir, haldi sig alltaf í gömlu verði meðan það var í hámarki, þannig að það er fyllilega ástæða til að kanna hvernig á því stendur að útboðslýsingar og kostnaðaráætlanir gerðar af opinberum aðilum reynast skakkar seinni árin. Og það er ágætt ef þetta mikla mannvirki heldur áfram að byggjast upp á þennan ódýra hátt. Ég fagna því og ég vona að verktakarnir komist vel af, allir hafi sitt, bæði arkitektar, verkfræðingar og aðrir byggingaraðilar. Ég vona að enginn af þessum fagmönnum okkar vilji fresta lántökunni og bíða þangað til byggingunni er lokið og byggja bara fyrir þann hluta sem Bandaríkjamenn leggja fram af því að þeir eiga að leggja fram helminginn. Ég held að það takist aldrei. Það verða báðir aðilar að taka þátt í kostnaði jafnóðum og hann fellur, ef á annað borð skal verða samstarf um hlutina.

Það vill svo til að gjöld hafa verið felld niður af verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, en aftur á móti mega þær vélar sem þar eru ekki vinna utan Keflavíkurvallar í samkeppni við innlendan verktakamarkað. Ég held því að þarna sé engin breyting á frá því sem verið hefur.

Áttunda atriðið sem virðulegur þm. gat um, og þá kem ég að svari til hv. 2. þm. Austurl., en þeir spurðu báðir um það, er af hvaða ástæðum utanrrh. skuli hafa yfirumsjón með verkinu. Það er einfaldlega vegna þess að utanrrh. hefur lengi farið með öll málefni Keflavíkurflugvallar eins og þau leggja sig og það er samkv. reglugerð sem mér skilst að hafi verið sett í utanrrh.-tíð Guðmundar Í. Guðmundssonar. Ég hef margoft gert aths. við þá skipan og talið að hún væri óeðlileg. Þegar ég var flugráðsmaður kom í ljós að þrátt fyrir að lög tækju skýrt fram að flugmálastjóri væri yfirmaður á Keflavíkurflugvelli og það starfsfólk sem vinnur þar væri undir hans stjórn og flugráð yfir öllum flugvöllum í landinu reyndist það ekki svo, heldur er það varnarmálanefnd og utanrrh. sem hafa haft með Keflavíkurflugvöllinn og starfsemina þar að gera að öllu leyti. Það verður óbreytt frá því sem verið hefur, en þegar flugstöðvarbyggingin er tilbúin til afnota er gert ráð fyrir að samkomulag hafi náðst við þá fagráðherra sem eiga þar hlutverki að gegna. Í því millibilsástandi sem skapast mun utanrrh. hafa yfirumsjón með verkinu.

Ég sé ekki ástæðu til að svara miklu af því sem kom fram í ræðu ágæts vinar míns 2. þm. Austurl. Hún var skáldleg og hann kom víða við. Hann hældi mér sem flugráðsmanni og rakti störf mín þar og áhyggjur af þeim málum sem þar eru rædd og þá náttúrlega koma fyrst og fremst við Austurlandi. Það er rétt að ég gerði ýmislegt til að létta undir með þeim austanmönnum og það tókst nokkuð vel. En það kemur þessu máli afskaplega lítið við.

Ég tek við þeim hamingjuóskum sem hann beindi til mín vegna þessa ljósgeisla sem skín nú bráðum frá Keflavík — hann meinar líklega þegar flugstöðin er komin upp. Þá verður bjart til vesturs, sagði hann. Það verður það. Það getur vel verið, úr því að við komumst þar upp á hæðina, að við sjáum líka til austurs og vitum þá betur hvernig skal verjast því sem e. t. v. er hætta á að komi að austan.

Nei, virðulegur vinur minn, 2. þm. Austurl., mér datt ekki eitt augnablik í hug meðan ég hlustaði á ræðuna, að hér væri uppi háð eða spé. Ég tók hana háalvarlega og hólið þótti mér frábært. Ég bið virðulegan þm. um að tala sem oftast um afrek mín sem flugráðsmanns. Sjálfur hélt ég að ég hefði ekki afrekað neitt. Nú veit ég betur.

Tilfellið er að hér er um pólitískt trúaratriði Alþb.-manna að ræða. Það hefur verið eins og sigurganga í gegnum tíðina að geta komið í veg fyrir að nokkrar

framkvæmdir hæfust á Keflavíkurflugvelli þann tíma sem þeir hafa verið við völd eða haft áhrif. Það er kannske þess vegna, að nú þegar við stöndum í þeim þrengingum peningalega séð sem við erum í verðum við að taka ákvörðun sem er okkur þungbærari en hún hefði þurft að vera ef við hefðum getað byggt flugstöðina og fleiri mannvirki þarna, sem ég vona að fari af stað sem allra fyrst til að styrkja varnir landsins sem mest, ef Alþb.- menn hefðu ekki staðið í vegi fyrir því. Það kostar okkur stórfé að hafa dregið þessar framkvæmdir í allan þennan tíma.

Það má segja að þessi framkvæmd komi á góðum tíma því að atvinnuleysi blasir við um land allt eins og er. Þetta gæti kannske létt undir með okkur, því að þarna er nokkuð tryggur vinnumarkaður til einhvers tíma á Suðurnesjum fyrir utan að það fé sem við fáum inn og ekki er endurkræft fer að sjálfsögðu, eins og kom fram hjá hv. 6. landsk. þm., inn í bankakerfið og þar með út í æðar þjóðfélagsins og kemur þá af stað keðjuverkandi framkvæmdum um land allt, eins og sparifé fólks gerir. Að því leytinu til er það á réttum tíma sem þessir peningar koma inn í landið, án þess að við þurfum að greiða þá til baka.

Og það er ekki betlifé sem í þessa byggingu fer, nema síður sé. En hið pólitíska mat Alþb.-manna á vestrænni samvinnu skilur okkur að þar. Skoðanabræður mínir vilja vernda bæði land og vestræna menningu í samstarfi ríkjabandalags vestrænna þjóða.

Það er rétt hjá hv. 2. þm. Austurl að margt er skrítið í kýrhausnum. Ég er farinn að halda að kýrhausinn sé sérstaklega framleiddur fyrir austan tjald og sendur vestur fyrir, sé sérstakt fyrirbæri sem kemur austan að og hefur líklega tekið sér búfestu á Íslandi, — mig langaði til að segja: tekið sér búfestu í Alþb., en ég hætti við það.

Ég sé ekki að þessar umr. ætli að verða mjög málefnalegar. Það var nokkurs konar sviðsetning hjá vini mínum 2. þm. Austurl. En ég vona að hann endi með því að standa með okkur í að koma þessu frv. sem fyrst í gegnum báðar deildir þessarar ágætu stofnunar.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um málið frekar.

Mér þótti vænt um að heyra á hæstv. fjmrh., sem ég reyndar býst við að í minni ræðu, að það væri þungbær ákvörðun að þurfa að gera þetta. Það er vissulega þungbært á þessum tímum, þegar menn verða að ákveða áherslur og forgangsverkefni, að taka þetta verk eitt út úr. En hitt þótti mér öllu merkilegra, að hann taldi þessa flugstöð einn veigamikinn þátt í því að styrkja varnir landsins sem allra mest. Þar fór heldur öðruvísi en hann sagði í upphafi um að þetta ætti ekkert skylt við neitt slíkt.

Ég ætla ekki að elta ólar við gamlar deilur um þessi mál, um það hvernig þessi flugstöð hefði átt að vera. Ég rakti það hér áðan að Alþb. lýsti ekki yfir andstöðu við flugstöð á Keflavíkurflugvelli, heldur vildi hafa hana öðruvísi, öðruvísi hannaða, jafnvel þannig að hún kæmist fyrr í gagnið og væri af viðráðanlegri stærð sem mætti þá stækka síðar. Þetta var gert meðan Alþb. átti sæti í ríkisstj. og þarf ekkert að rekja hér frekar.

Ég segi það bara að mig tekur sárt til hæstv. ráðh., sem verður núna að telja þessa frv.- ómynd sína þungbæra ákvörðun vegna þess hvernig ástandið er. Meðal annars kom hann inn á að þetta ætti ekkert skylt við framkvæmdir í flugvallamálum úti á landi. Það er spurning um hvað verja á miklu fé til allra flugvalla á landinu. Af því að hér var talað um flugkot áðan af hv. 6. landsk. þm. vil ég geta þess að flugkotin eru býsna mörg úti um land. En þau eru ekkert á dagskrá því þetta gengur fyrir. Það er þess vegna spurning um það, þegar hart er í ári eins og við höfum viðurkennt, í hvað menn vilja þá leggja þá litlu peninga sem til ráðstöfunar eru. Hér hafa menn valið þessa flugstöð fram yfir annað, fram yfir það sem ég rakti hér áðan og ég endurtek að ég veit að eru áhugamál hæstv. fjmrh. Þetta hefur hann tekið fram yfir og þetta hefur hæstv. ríkisstj. tekið fram yfir, og verði henni að góðu, meðan svo stendur á sem nú í okkar fjármálum almennt.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð nú, síst af öllu rifja upp þann ókennilega kýrhaus sem hæstv. ráðh. var að tala um að kæmi austan að. Ég vona að það eigi ekkert skylt við okkur hæstv. iðnrh. eða neitt því um líkt, að hann komi þaðan að austan. (Gripið fram í.) Nú, þá er það skýrt, en mig var farið að gruna að hann væri að tala um eitthvað í þá áttina.

En varðandi flugvellina held ég að það hafi verið mjög skynsamleg tillaga varðandi flugmálin í heild, sem Alþb. lagði einmitt til í þessum efnum, að gera heildaráætlun um framkvæmdir í íslenskum flugmálum þar sem þessi flugstöð, viðráðanleg flugstöð, væri felld inn í og hún fengi ekki neinn forgang heldur stæði jafnfætis öðrum framkvæmdum í okkar flugmálum.

Hæstv. fjmrh. þarf ekkert að vera undrandi á því þó að ég beri honum góða sögu sem flugráðsmanni. Ég ætla að vona að þó að hæstv. fjmrh. virðist ætla að verða vondur fjmrh. sé mér óhætt að sýna honum fulla sanngirni varðandi fyrri störf hans og gera það hér úr þessum ræðustól.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð.

Mér fannst hæstv. fjmrh. ekki gera nægilega vel grein fyrir því hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun að flytja yfirstjórn þessarar framkvæmdar úr fjmrn. til utanrrn. Það kom líka í ljós að fjmrh. viðurkenndi hér að þekkja ekki alveg uppbyggingu og einstaka liði og þar af leiðandi grundvöll kostnaðaráætlunar og þá kostnaðarskiptingu við þessa byggingu. Vegna þess að ég hef einnig átt í vandræðum með að ná þessum upplýsingum fram væri óskandi að það yrði reynt, þannig að við báðir mættum fróðari verða.

Hæstv. fjmrh. telur þessar lántökur nauðsynlegar. Ég vil minna á ákveðinn fyrirvara í þessu frv. Sagt er að fyrirvari sé um að áfangagreiðslur af hálfu Íslendinga verði ákveðnar í ljósi ríkjandi efnahagsástands á hverjum tíma á meðan á framkvæmdinni stendur. Þar er beinlínis gefið undir fótinn með það að þegar illa árar hjá Íslendingum geti þeir létt á öðrum fætinum og þurfi þá ekki að stíga eins þungt fram í þessu máli og ella.

Annars vegar gætti ákveðins misskilnings okkar í milli í sambandi við röksemdir tengdar endanlegum byggingarkostnaði. Ég vil halda fram að hann sé nálægt því að vera 100% of hár. Eðlileg afleiðing af þeirri samfæringu, sem kemur einnig nokkurn veginn heim og saman við reynslu manna undanfarið ár í útboðum, hlýtur að vera sú að ganga ekki út frá þessari snarvitlausu kostnaðaráætlun í lánsfjáráætlun heldur gera ráð

fyrir að taka einfaldlega lægri lán. Það er þá frekar hægt að bæta við ef á vantar, en vaxtakostnaður af þessum lánum er þungur og alveg ástæðulaust að vera að sligast undan honum ef ekki er þörf fyrir lánin.

Það getur vel verið að gjöld af vinnuvélum hafi verið felld niður til verktaka á Keflavíkurflugvelli áður en það réttlætir ekkert framhald slíkra vinnubragða. Ef slíkt er gert, að fella niður gjöld af vinnuvélum til verktaka einhvers staðar, á annaðhvort að gera það alls staðar eða hvergi. Hér er einfaldlega um það að ræða að það gildi sömu leikreglur fyrir landsmenn alla í hverju sem er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. 43. mál (þskj. 46, n. 184 og 185). — Frh. 2. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Hæstv. forseti. Ég hefði svo sem getað látið vera að standa hér upp við þessa umr. Þó taldi ég það rétt vegna þess sem fram kom hér fyrr í dag. Ég átti þess ekki kost að vera viðlátinn þegar málið var til umfjöllunar í iðnn. hv. Ed. Ég vil þó ekki láta hjá líða að mitt viðhorf komi fram. Ég er samþykkur málsmeðferð í n. og er fylgjandi því sem meiri hl. n. leggur til, þ. e. að frv. verði samþykkt. Ég vil hins vegar ítreka það sem ég gat um hér við 1. umr. málsins, að ég tel eðlilegt að fyrirkomulag þessara mála, að því er varðar 1.—8. gr. laga um lagmetisiðnað, verði tekið til endurskoðunar. Og ég tel að sá tími sem hér er gert ráð fyrir að lögin gildi, þ. e. til 31. des. 1985, sé nægur í því skyni. Sem sagt, ég vildi taka fram, svo að ekki færi á milli mála, að ég er fylgjandi málsmeðferð meiri hl.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Eins og fram er komið þegar stend ég að minnihlutaáliti sem hafnar framlengingu þessara laga. Ég vil þó sérstaklega út af ræðu hæstv. fjmrh., sem er nú ekki lengur hér, enn hnykkja á því að mér finnst framlenging þessara laga svo hróplega í andstöðu í raun og veru við allt sem sagt er hér um frelsi einstaklinga og samtaka einstaklinga, að ég get ekki látið það fram hjá mér fara. Og sú réttlæting sem fram er komin í þessu máli, á því hvers vegna við eigum að samþykkja framlengingu þessara laga, er náttúrlega alveg út í hött. Það sást best á hæstv. fjmrh. þegar hann reyndi að verja þessa aðgerð, sem nánast kostaði það að hann þurfti að fara a. m. k. tvo hringi í kringum sjálfan sig, því þetta var svo gersamlega í andstöðu við allt það sem hann venjulegast segir og hugsar, allar hans skoðanir yfir höfuð, að það gat engum dulist.

Það hefur oft, ekki hvað síst af okkar hálfu, verið talað um kerfisflokka. Hafi maður nokkurn tíma fengið sönnun fyrir því að menn séu orðnir læstir í sínu kerfi þá sést það í þessum lögum. Því að það að réttlæta setningu og framlengingu þessara laga með því að viðskiptaaðili sem við skiptum við, hafi sams konar fyrirkomulag á sínum viðskiptum við önnur lönd, tekur í raun og veru alls ekki tali. Við þekkjum það að fyrirtæki hafa skipt við þessi lönd án þess að til þurfi að koma einhvers konar ríkisrekins búskapar af okkar hálfu. Fyrirtæki hafa átt í viðskiptum við Rússland án þess að ríkið hafi þurft að skipta sér þar af. Sum þeirra eru reyndar ekki lengur til, en það er einfaldlega vegna þess að eignaraðilar þeirra eru ekki lengur ofar moldu. Það hafa oft og tíðum átt sér stað mjög umfangsmikil viðskipti og þau hafa einkaaðilar getað rekið með dugnaði og útsjónarsemi. Ég fæ ekki betur séð en að t. d. Bifreiðar og landbúnaðarvélar þrífist ágætlega og þurfa þó að semja meira og minna um alla sína verslun sjálfir. Ég get því ekki keypt þessa skýringu á setningu laganna. Það liggur eitthvað allt annað hér að baki. Og ég held því miður að það sé það sem ég gat um í 1. umr. um þessi lög. Hér er einfaldlega verið að skapa ákveðnum aðilum aðstöðu til að framleiða með tiltölulega litlum tilkostnaði vörur, sem gerðar eru tiltölulega litlar kröfur til, miklu minni kröfur en gerðar eru til niðursuðuvarnings á öðrum mörkuðum. Þar af leiðandi hlýtur þess háttar verslun að vera okkur þjóðhagslega óhagkvæm, þegar til lengdar lætur, vegna þess að við fáum í raun og veru ekki nægilega hátt verð fyrir þær afurðir sem þarna er um að ræða.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég stóð að meirihlutaáliti um þetta mál og gerði það hreinlega út frá þeirri skoðun að ég tel að við eigum að halda áfram þeim verslunarmáta sem þessi lög gera ráð fyrir við Austur-Evrópuríkin, Sovétríkin, fyrst og fremst vegna þess sem fram kemur hér í athugasemdum við frv., að þar erum við að semja við ríkiseinokun og við höfum ekki aðstöðu til að ná góðum samningum við þessa aðila nema vera með einn aðila til að semja á móti. Þetta hefur reyndar sýnt sig víðar en þar austur frá. Við höfum ansi vond dæmi af því í sambandi við skreiðarsölu til Nigeríu, þar sem að sumu leyti má segja að sé allt að því ríkiseinokun, vegna þess að þar er mikil stjórnun í gegnum ráðuneytisleyfisveitingar. Reynsla okkar af því að þar séu margir aðilar að selja hefur komið fram í því m. a., að kaupendur okkar í Nígeríu hafa talið að við værum með mun meiri vörur á boðstólum en við höfum verið með, vegna þess að það hafa kannske verið 3—4 aðilar að bjóða sömu vöruna. Okkar viðskipti hafa þar af leiðandi orðið óhagstæðari en ella.

En ég ætla að vekja athygli á því, sem hér hefur reyndar verið bent á, þ. e. hinu svokallaða sólarlagsákvæði, sem er í þessum lögum. Þetta er annað frv. sem við fjöllum um hér í dag sem hefur að geyma slíkt ákvæði. Hér er reyndar verið að ræða um tvö ár en eitt ár í þeim frv. sem við ræddum hér fyrr. Ég held að við ættum að gera okkur grein fyrir því, að þetta er að verða árviss þáttur hér rétt fyrir áramótin að framlengja lög sem eru með slíku ákvæði, og átta sig á því hvað þetta er tilgangslítið. Ég held að þetta sé hvað tilgangsminnst í þessum lögum vegna þess að við stöndum frammi fyrir því að sá viðskiptamáti sem hér er lagður til að verði viðhafður næstu tvö árin er sá viðskiptamáti sem eðlilegt er að við höldum áfram. Og að vera með sólarlagsákvæði í slíkum lögum, það er að mínu mati rangt, nema það sé fyrir fram ákveðið af stjórnvöldum að breyta til. En eins og reynslan hefur verið vitum við raunverulega að við megum búast við því, að að tveim árum liðnum standi hv. þm. hér í sömu sporum og framlengi þetta ákvæði á ósköp svipaðan máta og við

framlengjum ár frá ári ákvæði um verðjöfnunargjald af raforku. Ég vil sérstaklega undirstrika það, af því að við vitum að við förum að fjalla hér um allveigamikið frv. sem verður með sólarlagsákvæði að slíkum samþykktum og yfirlýsingum skulum við öllum taka með nokkurri varúð.

Aðeins að lokum í sambandi við það sem minni hl. tekur fram í grg. sinni:

„Undirritaðir nefndarmenn telja eðlilegt að sölusamtök í lagmetisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök."

Ég tel að önnur útflutningssamtök í viðskiptum við Austur-Evróðu starfi á mjög svipuðum grunni og Sölustofnun lagmetis. Sölumiðstöðin og Sambandið hafa, ja ég vil segja allt að því einokunaraðstöðu á sölu á frystum sjávarafurðum til Sovétríkjanna. Og Síldarútvegsnefnd hefur fullkomna einokun. Þetta eru þeir viðskiptahættir sem okkur hafa gefist vel til þessara landa og ég held að það sé alrangt að hverfa frá þeim.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í þessa umr. Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni að þarna virðist vera nokkur misskilningur hjá hæstv. minni hl. Mér vitanlega þá eru, því miður segi ég, engin útflutningsviðskipti á Rússlandsmarkað, nema í gegnum einn heildaraðila, eins og hann sagði, SH og Sambandið með frysta fiskinn: Þeir semja þar sameiginlega og svo er því skipt niður á milli þessara aðila hér heima hvaða magn fer frá hverjum. Síldarútvegsnefnd fer algjörlega ein með alla sína sölu. Einnig er ég kunnugur því að það eru fá ár síðan við seldum allmikið af loðnu- og fiskimjöli til Rússlands og það var ekki hægt að ná þeim samningi nema það væri einn aðili sem fjallaði um málið. Og ég held að ég muni það rétt að það lenti í höndunum á SÍS, eins og svo margt annað. Það fékk þann bita. Hinir útflytjendurnir urðu að framselja það sem þeir fengu hjá framleiðendum og SÍS fékk svo magnið og það var hinn opinberi aðili við þá í Prodintorg, eða hvað þeir hétu þarna á þessum ágæta markaði.

Ég er ekki að mæla þessu bót, nema síður sé, en því miður verðum við að beygja okkur undir ríkjandi skipulag hjá þeim fyrir austan tjald í þessum efnum þó okkur þyki miður og við vildum gjarnan breyta.

Svo sneri hv. þm. Stefán Benediktsson nokkuð við og sagði að Bifreiðar og landbúnaðarvélar hefðu gert það gott. Það er rétt, þeir flytja inn Moskva og Lada og hvað það heitir. En það er einokunarinnflutningur frá Rússlandi á þessari vörutegund, bifreiðum sem þaðan koma. Ég held að það sé varla til fyrirmyndar heldur.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég á nú út af fyrir sig ekki nokkurt erindi hér upp í ræðustólinn. En hv. 8. þm. Reykv. virðist gera það svona af vana að beina orðum sínum í öllum málum til mín sem fjmrh.

Þetta mál heyrir undir iðnrh. svo ég skora á hv. þm. að beina skeytum sínum til hans til að þess að við fáum hann í ræðustólinn. (**Iðnrh.:** Ég bað nú um orðið.) Það er gott, það er ágætt. En ég vil að það komi alveg skýrt fram að viðskiptamáti austantjaldslanda er ákaflega andstæður mínum hugmyndum um frelsi einstaklingsins til athafna yfirleitt. Og ég ætla bara að biðja hv. 8. þm. Reykv. að kynna sér allt það fjaðrafok og þær umræður sem urðu út af þeim rammasamningi sem ég álít að Ísland hafi verið neytt til að skrifa undir. Utanrrh. Rússlands tilkynnti sendiráði Íslands í Moskvu með nokkurra daga fyrirvara að hann væri að koma til landsins til að undirskrifa þennan rammasamning og það gæti verið hættulegt — við fengum þau skilaboð — það gæti verið hættulegt fyrir viðskipti Íslands og Sovétríkjanna ef við skrifuðum ekki undir hann.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Það er dálítið merkilegt hvað þetta mál bögglast illilega fyrir brjósti einstakra hv. þm., og kannske einna helst þeirra sem eiga ættir að rekja til þeirra sem einu sinni vildu allt binda á ríkisklafa og stofna til ríkiseinokunar, ríkisverslunar, landsverslunar eins og það hét þá, án þess þó að ég þekki pólitískar framættir hv. 8. þm. Reykv. En hv. 4. þm. Vesturl. er trúr uppruna sínum.

Þetta fyrirkomulag er ekki mér til handa að verja og öll gagnrýni á þetta fyrirkomulag er þess eðlis að maður gæti eiginlega skilið á þá vísu að við bærum einhverja ábyrgð á skipulaginu austur þar, ég og hæstv. fjmrh. Svo er heldur ekki. Ég lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls að ég mundi beita mér fyrir því að endurskoða þessa lagareglu eins fljótt og við verður komið.

Mér var ókunnugt um það að iðnn. hv. Ed. hafði á vordögum, eða við afgreiðslu málsins næstsíðast, fyrir ári, skilað sérstöku áliti þess efnis að hún vildi fá sérstaka endurskoðun á þessu. Það hafði ekkert verið aðhafst í því efni og málið rak svo seint á mínar fjörur að ég hafði ekkert ráðrúm til þess að brjóta uppá neinu nýju í því sambandi. En benti á við 1. umr. að það er alltaf hægt að breyta lögum á gildistíma þeirra og ef við næðum saman um nýtt fyrirkomulag og skipulag að þessu leyti, þá gætum við gert það fljótlega eftir að Alþingi kæmi saman að nýju eftir jólaleyfi.

Þetta er nú öll sagan sem enn þá er að segja af minni hálfu. Við höfum haft töluvert að vinna, þeir sem nú eru í ríkisstjórn, við að taka til. Það getur vel verið að þetta sé eitt af þeim málum sem út af standa og eftir liggja af þeim sem þyrfti að lagfæra. Ég vil þó ekkert fullyrða um það á þessu stigi málsins því ég hef ekki haft tök á að kynna mér það sem skyldi. Hitt held ég að sé rangt, að ætla að þetta fyrirkomulag sé til þess að vernda aðila sem ekki framleiði nægjanlega góða vöru. Ég held þvert á móti að kaupendur okkar austur þar séu afar kröfuharðir um alla vöruvöndun og frágang. Það þekkja a. m. k. þeir sem hafa verkað síld til sölu fyrir Rússlandsmarkað að yfirtökumenn þeirra eru hvað harðsnúnastir af þeim sem við þekkjum. Ég þekki ekki persónulega eins til um niðurlagða gaffalbita eða rækju eða aðra niðurlagða vöru, en þó held ég að reynslan sé sú að kaupendur þessir gá afar vel að sér og vara þeim seld og umsamin verður að uppfylla allar ströngustu kröfur. Því er ég sannfærður um að það er á misskilningi byggt hjá hv. 8. þm. Reykv. þegar hann heldur því fram að þannig hátti til um þessar reglur hjá Sölustofnun lagmetis.

Það er svo annað mál, eins og ég tók fram við 1. umr. þessa máls, að ég er auðvitað ekki verjandi þessa fyrirkomulags. Við sitjum í þessu fari vegna skipulags á málefnum kaupendanna. Ég er þó ekki að fullyrða, eins og ég hef margoft tekið fram, að það sé afsökun fyrir því að við höfum þetta skipulag hjá okkur. Þetta verður rannsakað, ég mun fá til þess hæfa menn, þegar á bak

jólum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt enn einu sinni. Ég vil þakka þeim ráðh. sem hér hafa talað báðum. Það er nú einu sinni svo, að þó að við séum allir þm. að uppruna þá fá sumir okkar svolítið meiri vigt en aðrir, og auðvitað vega orð ráðh. þyngra en orð óbreytts þingmanns. (**Iðnrh.:** Það er ekki víst.) (**HS:** Eftir því hvað þau eru merkileg.) Mér finnst þau orð sem hér hafa fallið vera harla merkileg því að tveir ráðh. hafa lýst því yfir að þeir telji þetta fyrirkomulag með öllu óverjandi en samt styðji þeir það. Ég vil leyfa mér að taka mikið mark á orðum hæstv. iðnrh. þar sem hann lýsir því yfir að hann muni taka mjög fljótlega til í þeirri ruslakistu sem þetta mál er. Við vonum þá að það þurfi ekki að líða tvö ár þangað til búið er að greiða úr þessu máli.

Að einu leyti hefur hæstv. ráðh. misskilið mig þegar ég talaði um vörn þess kerfis sem þarna er verið að samþykkja. Auðvitað gera Rússar kröfur til gæða þeirrar vöru sem þeir kaupa. En með því kerfi sem þarna er sett upp er sköpuð ákveðin vörn fyrir einstaka framleiðendur, þar eð þeir verða ekki nema að hluta til ábyrgir fyrir sinni framleiðslu. Þetta tel ég ekki vera nægilega hvetjandi kerfi til þess að menn sjái hagnað í því að framleiða vöru af sem hæstum gæðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:3 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 28. fundur.

Þriðjudaginn 12. des., að loknum 27. fundi.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. 128. mál (þskj. 163). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 24. fundur.

Mánudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. 49. mál (þskj. 52, n. 177). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 177 um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 98 31. des. 1982 um breyt. á lögum nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breyt. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur rætt málið á fundum sínum og mælir einróma með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Undir þetta nál. rita allir nm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, frv. 59. mál (þskj. 64, n. 176 og 183). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. um frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs. N. hefur fjallað um málið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj., en minni hl. skilar séráliti. — Brtt. þessi hljóðar svo:

„1. 1. gr. orðist svo:

Til þess að afla innlends lánfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni er fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að gefa út til sölu skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla.

2. 3. mgr. 3. gr. frv. falla niður."

Að nál. þessu og brtt. standa Páll Pétursson, Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson og Guðmundur H. Garðarsson.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þetta mál er nú allt orðið í skötulíki af hálfu hæstv. ríkisstj.

Það var flutt fyrst í Ed. til þess að bjarga fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins. Þar lagði stjórnarandstaðan til að tekið yrði inn í frv. nýtt ákvæði um að það fé sem fengist með sölu skuldabréfa samkv. frv., ef að lögum yrði, yrði skilyrðislaust endurlánað húsbyggjendum sem viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins. Seðlabanki Íslands átti síðan að lána Byggingarsjóði ríkisins þessa upphæð, 200 millj. kr., til bráðabirgða. Takist ekki að selja skuldabréf samkv. frv. þessu, sagði minni hlutinn í hv. Ed., eins og ráðgert er, skal bráðabirgðalán Seðlabankans gert upp með innlendri fjáröflun ríkissjóðs á árinu 1984. Meiri hl., þ. e. stjórnarliðið, kaus að fella þessa brtt. í Ed.

Þegar málið kom til meðferðar hér í hv. Nd. var hæstv. fjmrh. spurður hvað hann hygðist gera í þessu efni ef ekki tækist að selja nægilega mörg spariskírteini til tekjuauka fyrir Byggingarsjóð ríkisins samkv. þessu frv. Í Ed. hafði hæstv. ráðh. svarað því til að ef ekki tækist að selja nægilega mikið af spariskírteinum yrðu húsbyggjendur einfaldlega að fresta byggingarframkvæmdum. Sá ljóður var þó á þessu svari að hér var um að ræða lán sem veita átti vegna byggingarframkvæmda sem höfðu verið unnar á árunum 1980, 1981, og 1982 og var ekki kostur á því að fresta þeim þar sem húsin voru fullbúin.

Þegar málið kom til meðferðar hér í hv. Nd. lýsti hæstv. fjmrh. því yfir vegna spurninga frá mér og hv.

þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hann mundi tryggja að Byggingarsjóður ríkisins fengi aukafjárveitingu til að standa undir þessum útgjöldum. Þegar spurt var um málið og það kom til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar óskuðum við eftir það að fjmrh. yrði skrifað bréf og hann beðinn um að standa við orð sín bréflega gagnvart n. eða gera grein fyrir því hvernig hann ætlaði að standa við orð sín. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar skrifaði hæstv. fjmrh. bréf, dags. 30. nóv. 1983, og þar sagði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi fjh.- og viðskn. Nd. var 59. mál þingsins, frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, til umræðu. Einstakir nm. óskuðu eftir því að fjmrh. staðfesti ummæli þau sem hann viðhafði við 1. umr. málsins í Nd., en þau voru í því fólgin að aukafjárveiting yrði veitt þegar öflun lánsfjár nægði ekki til að tryggja fjármagn til 50% hækkunar lána úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem hafa fengið lán á árinu 1981 eða síðar."

Fjmrh. svaraði þessu með bréfi sem var tekið fyrir á fundi n. 6. des. Í því bréfi sagði hæstv. fjmrh.:

„Rn. vísar til erindis n., dags. 30. nóv. s. l., þar sem óskað er eftir því að fjmrh. staðfesti ummæli sín við 1. umr. um 59. mál þingsins, frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun, sem voru á þá leið að aukafjárveiting yrði veitt þegar öflun lánsfjár nægði ekki til að tryggja fjármagn til 50% hækkunar lána úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem fengið hafa lán á árinu 1981 eða síðar.

Af þessu tilefni skal tekið fram", segir hæstv. fjmrh. í bréfi sínu — „að ummæli þau, sem vitnað er til, voru á þá lund að staðið yrði við þau fyrirheit sem húsbyggjendum eða lánveitendum hefðu verið gefin vegna viðbótalána Byggingarsjóðs ríkisins með aukafjárveitingum meðan beðið er eftir að peningar komi inn fyrir þau bréf og víxla sem gefin hafa verið út. Það skal endurtekið hér að við fyrirheit þessi verður reynt að standa."

Nú er það svo að orðið „aukafjárveiting" þýðir á því máli sem venjulega er notað í fjmrn. beint framlag úr ríkissjóði. Það þýðir sem sagt ekki lánveiting úr ríkissjóði, heldur beint framlag úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins í þessu tilviki. Og ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því, hvort hann skilur þetta bréf fjmrn. ekki eins og ég, á þá lund að hér sé um að ræða beint óendurkræft framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég get ekki litið svo á að hér sé um að ræða lánveitingu, því að lánveiting mundi þá vera í þessu tilviki færð Byggingarsjóði ríkisins til skuldar hjá Seðlabankanum. Ef um er að ræða lánveitingu vil ég spyrja hæstv. félmrh. að því, hvort hann kannast við að skuld Byggingarsjóðs ríkisins verði hækkuð sem þessu nemur hjá Seðlabankanum, sem þýðir þá að staða Byggingarsjóðs ríkisins hjá Seðlabankanum núna um áramótin yrði neikvæð upp á mörg hundruð millj. kr. Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. félmrh. sem yfirmaður Byggingarsjóðs ríkisins geri grein fyrir því hvernig hann skilur þetta. ég skil það svo að hann hafi hér í hendi framlag úr ríkissjóði eftir margítrekaðar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. í þeim efnum.

Með þessum yfirlýsingum hafa meiri hl. hér á Alþingi og ríkisstj. í rauninni fallist á að koma til móts við þá till. sem stjórnarandstaðan flutti í Ed. og þess vegna er óþarfi fyrir stjórnarandstöðuna að endurflytja þá till. hér.

Í lok nál. okkar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarandstaðan mun ekki bregða fæti fyrir frv. þetta, en bendir á sérkennilegan málatilbúnað ríkisstj. Aðalatriðið er þó að stjórnarandstöðunni hefur tekist að knýja fram aukafjárveitingar úr ríkissjóði svo staðið verði við lánsloforð til húsbyggjenda — sem ella voru í stórfelldri hættu."

Auk þeirra nm. sem skrifa undir þetta álit, sem eru hv. þm. Guðmundur Einarsson, Kjartan Jóhannsson og Svavar Gestsson, þá stendur Guðrún Agnarsdóttir, fulltrúi Samtaka um kvennalista, að því áliti sem hér er gerð grein fyrir og kemur fyrir á þskj. 183.

En ekki er nú nóg með að hér sé nokkuð sérkennilega á hlutunum haldið að þessu leyti og óvíst hver skuldar hverjum hvað, Byggingarsjóður Seðlabankanum eða ríkissjóður Seðlabankanum eða hvernig það er, heldur gildir þetta frv. aðeins fyrir árið 1983. Ef það yrði samþykkt t. d. sem lög á morgun yrði aðeins hægt að selja skírteini samkv. frv. í viku, þ. e. fram á gamlársdag. Við í minni hl. bentum stjórnarliðinu á þetta í meðferð málsins í fjh.- og viðskn. Nd. og ég benti einnig á það hér við 1. umr. Menn töldu enga ástæðu til að hlusta á þær ábendingar. Það var ekki fyrr en ég ræddi það mál við hæstv. fjmrh. að hann sá að svona gat þetta auðvitað ekki gengið, það varð að lagfæra þetta. Þess vegna er nú komin brtt. frá hæstv. ríkisstj., sem meiri hl. n. flytur, og í henni er tekið af skarið um að þetta er ekki bara frv. um lánsfjáröflun á árinu 1983 sem hér er verið að fjalla um, ég bið hv. þm. að taka vel eftir því, heldur er hér um að ræða almenna heimild sem ríkisstj. getur notað hvenær sem er á árunum 1983, 1984, 1985 og 1986, eftir því sem þörf krefur. Hér er sem sagt ekki lengur um að ræða innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1983, heldur almennt frv. um lánsfjáröflun ríkissjóðs sem getur út af fyrir sig haft lagagildi um ókomin ár svo lengi sem ríkissjóður er ekki búinn að selja gengisbundin bréf upp á 200 millj. kr.

Í brtt. hæstv. ríkisstj. er 1. gr. frv. eins og hún var í upphafi algjörlega felld úr, aðalgrein frv., en þar sagði: „Á árinu 1983 er fjmrh. heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að afla innlends lánsfjár að fjárhæð allt að 200 millj. kr. Kemur heimild þessi til viðbótar fyrri heimildum til öflunar innlends lánsfjár á árinu 1983.

Í þessu skyni er heimilt að gefa út til sölu innanlands skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla."

Í brtt. ríkisstj., sem hér er til umr. á þskj. 190, er talan felld út, þ. e. ekki miðað lengur við 200 millj. kr., og líka er fellt út ártalið, en í staðinn segir:

„Til þess að afla innlends lánsfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni er fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að gefa út til sölu skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla."

M. ö. o.: hér er ekki lengur um að ræða lánsfjáröflunarfrv. fyrir árið 1983, heldur er um að ræða frv. sem í rauninni er ekkert annað en fylgifrv. með lánsfjárlögunum, að það megi afla lánsfjár með þeim hætti sem hér greinir. Hér er um að ræða almennt frv. um hvernig á að afla innlends lánsfjár í ríkissjóð. Þar af leiðandi er þetta frv. auðvitað orðið allt annað en ætlast var til í upphafi. Ég held að ekki sé of mikið sagt þegar þannig er tekið til orða að öll málsmeðferð ríkisstj. í

þessu efni sé mjög í skötulíki.

Það varð niðurstaðan í minni hl. fjh.- og viðskn. að bregða ekki fæti fyrir þetta frv., þ. e. greiða ekki atkvæði gegn því, heldur láta það fara fram hjá með hjásetu. Ég vil hins vegar segja það sem mína persónulegu skoðun, að ég tel það orka mjög tvímælis að fara út í gengisbindingu á sparnaðarformum af þessu tagi. Ég tel að með því sé verið að kasta rýrð á þau sparnaðaráform sem fyrir eru. Og ég tel að ríkisstj. ætti að gjalda varhug við slíku einmitt um þessar mundir, sérstaklega vegna þeirrar stefnu sem hún hefur tekið upp í gengismálum, þar sem hún vill viðhalda stöðugu gengi, en aðlaga síðan gengið kostnaðartilefnum með sérstökum ákvörðunum hverju sinni. Það getur þýtt að hér yrði um að ræða braskmarkað með verðbréf meiri en nokkru sinni hefur verið hér á Íslandi. Ég vil því í fullri alvöru vara ríkisstj. við því að knýja þetta mál yfir höfuð í gegn. Enn eru tvær umr. eftir um málið, það er ein umr. hér, 3. umr., og síðan verður málið að fara aftur til Ed. Það eru sömu n., fjh.- og viðskn. Ed. og Nd., sem fá þetta mál til meðferðar og þær n. sem fjalla um lánsfjárlögin þegar þar að kemur. Ég tel því að þetta mál eigi enn að skoða betur og þá með hliðsjón af frv. til lánsfjárlaga.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. þm. Reykv. er rétt er að rifja upp að ríkisstj. ákvað á s. l. hausti að koma til móts við húsbyggjendur sem hafa átt í mestum erfiðleikum á mesta verðbólgutímabilinu 1981—1983 með því að veita 50% viðbótarlán ofan á afgreidd lán á árunum 1982—1983. Það var ákveðið í samþykkt ríkisstj. að leita leiða til að afla þessa fjár, m. a. með útgáfu á sérstökum skuldabréfum, en hins vegar reiknað með því að meðan það væri að koma í ljós hver árangur yrði af slíkri fjáröflun yrði fé greitt úr ríkissjóði sem aukafjárveiting. Ég vil geta þess að í dag er veðdeildin búin að afgreiða um 1400 lán af 3050, sem þegar er búið að senda til hennar frá húsnæðismálastjórn og búið er að greiða út um 100 millj. kr. í þessu skyni.

Hins vegar er rétt að taka fram að það hafa farið fram viðræður milli félmrh. og fjmrn. um að bíða með endanlegan frágang á þessu máli þar til fyrir liggur hve upphæðin verður há. Ég reikna með að það ætti að geta legið fyrir jafnvel n. k. miðvikudag, að Húsnæðisstofnun verði þá búin að ganga endanlega frá öllum þeim umsóknum sem gildar verða metnar. Miðað er þá við umsóknir sem borist hafa, en umsóknarfrestur rann út 1. des. s. l.

Hins vegar tel ég eðlilega málsmeðferð, eins og hér hefur komið fram frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn., að orða þetta eins og er gert í nýjustu brtt. Auðvitað var gert ráð fyrir því, eins og kemur fram í lánsfjáráætlun, að reikna með að ný fjáröflun færi fram á árinu 1984 að upphæð 200 millj. kr.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þetta voru nú engin svör. Hæstv. félmrh. veit ekki hvort þetta er lán eða framlag. Hann ætlar að reyna að komast að niðurstöðu um það núna fyrir vikulokin. Og upphæðin sem er hér að velkjast í óvissu milli hæstv. félmrh. og fjmrh. er litlar 250 millj. kr. Ég mun fyrir mitt leyti ganga eftir því áður en fjárlög verða afgreidd og við frekari meðferð þessara mála hér í þinginu að það fáist skýr svör í þessu efni og ég skora á hæstv. félmrh. að tryggja að svo verði. Ég er viss um að brýnt er fyrir hann að fyrir liggi með hvaða hætti með þessa upphæð verður farið. Það er óþolandi fyrir félmrh. að það sé í lausu lofti hvort hér er verið að borga út lánsfé sem síðan á að skuldfæra á Byggingarsjóð ríkisins. Ég skora á hann að stuðla að því að þetta komist á hreint fyrir næstu helgi eða áður en fjárlög verða afgreidd frá Alþingi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. E. t. v. hef ég ekki talað nógu skýrt. Það var ekkert vafamál um að 200 millj. yrðu aukaframlag. Hins vegar, eins og ég tók fram áðan, eru umsóknir um þessi lán um 4 700 samtals og það er verið að ganga frá því hvað upphæðin verður há. Ég get alveg eins reiknað með að hún verði einhvers staðar á bilinu 250—280 millj. kr. Hlýtur því að verða um að ræða að semja um hluta af þessari fjárhæð, því að ákveðið er að standa við að afgreiða viðbótarlán út á allar umsóknir sem gildar eru taldar af húsnæðismálastjórn.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hæstv. félmrh. lítur svo á að hann hafi 200 millj. í hendi sem framlag úr ríkissjóði í Byggingarsjóð ríkisins og það þurfi síðan að semja við fjmrh. um afganginn. Ég skil hann svo. Þá ber auðvitað að taka tillit til þess þegar á öðrum málum verður tekið í tengslum við málefni ríkissjóðs og Byggingarsjóð ríkisins fyrir árið 1984. En yfirlýsing ráðh. í seinni ræðunni var þannig séð alveg afdráttarlaus að han hafi fengið þarna framlag úr ríkissjóði upp á 200 millj. kr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. 142. mál (þskj. 186). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um breytingar á lögum um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, eða hið svokallaða sjúkratryggingagjald. Í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að á því ári verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli þeirra laga sem eru í gildi á þessu ári. Af þessum sökum er þetta frv. hér lagt fram. Það er efnislega samhljóða gildandi lögum.

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1983 nam 85.8 millj. kr. og er áætlað að af þeirri fjárhæð muni innheimtast um 80 millj. Samkv. þessu frv. áætlar fjmrn. að álagning gjaldsins muni nema um 132 millj. kr. og að innheimt fjárhæð þess muni verða um 120 millj.

Gengið er út frá því að tekjuskattar til ríkissjóðs, þ. e. sjúkratryggingagjald samkv. þessu frv. og tekjuskattur samkv. lögum þar um, verði samanlagt óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á milli greiðsluáranna 1983 og 1984. Þetta hlutfall í sjúkratryggingagjaldinu hefur hækkað lítið eitt en sú hækkun er hins vegar bætt upp með tilsvarandi lækkun tekjuskatts samkv. frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. Þegar á

heildina er litið er sjúkratryggingagjaldið og tekju- og eignarskatturinn því í samræmi á milli þessara tveggja ára.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessar umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. Hins vegar hef ég ekki á móti því ef till. kemur um heilbr.- og trn., en tel eðlilegra að málið sé í höndum fjh.- og viðskn. af því að skattamálin eru þar til umfjöllunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 158). — Frh. 1. umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í ræðu minni hér á föstudag hafði ég í stórum dráttum lýst því neyðarástandi sem skapaðist í húsnæðismálum í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég leiddi að því rök að meginástæðan fyrir því neyðarástandi, fyrir utan almenna óstjórn efnahagsmála og stjórnlausa verðbólgu, hafi verið sú stefnubreyting, sem þá kom til framkvæmda, að svipta húsnæðislánakerfið föstum tekjustofnum sínum, að vísa Bygginarsjóði ríkisins sérstaklega í vaxandi mæli á lánamarkaðinn sem reynslan sýnir að reyndist honum óviss. Í þriðja lagi að fyrir utan óvissa lánastofna var hér um að ræða mjög verulegan vaxtamun sem stefndi í það að síminnkandi framlög ríkisins til byggingarlánasjóðsins dygðu varla til að brúa þetta vaxtabil.

Afleiðingarnar af þessu öllu saman eru svo gamalkunnar. Þær lýsa sér í því að lánshlutfallið sem hlutfall af byggingarkostnaði fór hríðlækkandi, greiðslubyrði lántakenda var orðin óbærileg, þannig að það er ekki ofmælt að hér hafi verið fullkomið neyðarástand þegar núv. ríkisstj. tók við. Í framhaldi af því er náttúrlega meginspurningin í sambandi við þetta frv.: Er nú horfið frá þeirri stefnu fyrrv. ríkisstj. sem var smám saman búin að kippa fótunum undan fjárhagsgrundvelli húsnæðislánakerfisins? Er hér horfið frá þeirri stefnu sem svo illa reyndist og tekin upp önnur ný í staðinn?

Ég hef þegar tíundað það að þeir voru í upphafi sumars býsna loforðaglaðir, ráðherrar ríkisstjórnarinnar, og því er ekki að neita að það vekur strax athygli að við þau loforð og fyrirheit sem gefin voru á liðnu sumri hefur ekki verið staðið. Nægir þar að nefna loforðið um að lánshlutfallið skyldi hækka upp í 50% byggingarkostnaðar, sem ekki hefur verið staðið við. Í annan stað má nefna að sá hópur sem harðast varð úti, sá sem sótti um og fékk lán á árabilinu 1981 fram undir árið 1983, hefur að því leyti orðið fyrir verulegum vonbrigðum að hin afturvirku viðbótarlán eru lægri en t. d. talsmenn Sigtúnshópsins töldu sig hafa skilið að gefin væru fyrirheit um. Þannig segir einn úr þeirra hópi t. d. með leyfi forseta, Pétur J. Eiríksson, einn af talsmönnum áhugamanna um húsnæðismál, eins og þeir kölluðu sig, í blaðaviðtali:

„Við hefðum hins vegar kosið að þessi afturvirkni hefði náð lengra. Við teljum að hún sé ekki fullnægjandi. Það er kaldhæðnislegt að þeir sem harðast lentu í óðaverðbólgu, skertum framlögum til húsnæðislána og ítrekuðum kjaraskerðingum, þ. e. þeir sem fóru út í húsbyggingar eða kaup á árinu 1981, bera minnst úr býtum. 50% viðbótarlán við þá krónutölu sem húsnæðisstjórnarlánið var þá er ekki mikill peningur. Þar er réttlætinu ekki fullnægt."

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég tel að réttlætinu hafi ekki verið fullnægt að því er þennan hóp varðar. Hæstv. ráðh. nefndi í framsöguræðu sinni hver væri að meðaltali upphæð þessara viðbótarlána. Það staðfestir að þetta var vissuleg ekki mikil upphæð, þ. e. 50% við lánin eins og þau voru veitt á sínum tíma en ekki eins og þau væru uppfærð að núvirði. Ég er hræddur um að margur maðurinn, sem hvað verst lenti í því algjöra vonleysi sem þessum árgöngum var búið, sé ekki miklu bættari þrátt fyrir þetta.

En þrátt fyrir þessa neikvæðu þætti, eins og t. d. að ekki hefur verið staðið við gefin loforð, að réttlætinu var ekki fullnægt þegar kom að þeim hópum sem harðast höfðu orðið úti, þá er ekki því að neita að auðvitað eru mjög jákvæðir þættir í þessu frv. Þar er fyrst og fremst einn sem sker sig úr að mínu mati, þ. e. lenging lánstímans. Ég tel alveg tvímælalaust að lenging lánstímans sé sú aðgerð sem komi að mestum notum við að létta greiðslubyrði lántakenda. Auk þess má nefna afborganaleysi lána í tvö ár og í þriðja lagi að greiðslutímabil útlána eru tvö í stað fleiri áður. Þar vaknar hins vegar ein spurning: Á sínum tíma, þegar samkomulag varð í ríkisstj. 1978—1979 um nýja heildarlöggjöf húsnæðislána, var ráð fyrir því gert að húsnæðislán skyldu verðtryggð, þ. e. frá þeim tíma sem lánin voru veitt þangað til þau voru komin í hendur húsbyggjenda, og við það voru miðaðar allar áætlunartölur um hlutfall útlána miðað við byggingarkostnað.

Nú má segja að ef menn gætu slegið því föstu að framhald yrði á þeirri þróun, þeirri ánægjulegu þróun að verðbólga færi minnkandi á Íslandi, þá er þetta ekki eins mikilvægt ákvæði, en menn eru óneitanlega í verulegri óvissu um allar verðbólguhorfur. Þess vegna er ástæða til að spyrja: Hefur það atriði gleymst, hefur verið um það hugsað eða um það fjallað að lánin verði verðtryggð, þ. e. frá því að þau eru veitt og þangað til þau eru greidd í tveimur áföngum til húsbyggjenda. Þetta getur skipt verulegu máli vegna þess að allar tölur sem fram eru bornar um lánshlutfall standast ekki nema ef um það er að ræða, og sérstaklega verður þetta auðvitað alvarlegt mál ef verðbólgan fer á ný vaxandi.

Loks er þess að geta að það er jákvætt fyrir húsbyggjendur að lánshlutfallið hækkar þó að því fari fjarri að staðið hafi verið við gefin loforð. Við skulum spyrja sjálf okkur nokkurra spurninga um meginstefnu þessa frv. Ég hef áður rakið það hvað ég taldi vera verstu veilurnar í þeirri fjármögnunarpólitík húsnæðislánakerfisins sem rekin var í tíð fyrrv. ríkisstj. Nú er ástæða til að spyrja: Felur sú stefna sem þetta frv. boðar í sér gerbreytingu að því er varðar fjármálapólitík húsnæðismála á Íslandi? Er hægt að gera sér vonir um það, miðað við þær fjármögnunaráætlanir sem hér eru lagðar til grundvallar, að fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna verði tryggður þannig, að menn geti gert sér vonir um að hér sé verið að byggja á traustum grunni til einhverrar frambúðar?

Það er ástæða til að spyrja: Eru framlög ríkisins aukin í nægilega miklum mæli til þess að við getum raunverulega horft til framtíðarinnar þannig, að hér sé um að ræða áætlun lengra fram í tímann, til 10—15 ára, þar sem hægt er að treysta því að við þau markmið, sem sett eru um hækkandi lánshlutföll í áföngum, verði staðið á grundvelli trausts fjárhags sjóðanna? Er samkv. þessu

frv. horfið frá þeirri röngu stefnu að vísa byggingarsjóðunum áframhaldandi á óvissan lánamarkað? Er raunverulega dregið nægilega úr hlutfalli lána af tekjuþörf, útlánaþörf sjóðanna? Er samkv. þessari stefnu búið að leysa það vandamál, sem vissulega hefur leikið byggingarsjóðina grátt, þar sem er hinn mikli vaxtamunur milli tekinna lána og útlána?

Hvað er að finna í þessu frv. að því er varðar fasteignamarkaðinn og það ástand sem þar ríkir? Við könnumst við þær sérstöku ráðstafanir sem beitt var að því er varðaði afturvirkni tvö ár aftur í tímann. En er eitthvað gert til þess að bæta það neyðarástand sem ríkir hér á fasteignamarkaðnum, sem lýsir sér í því að fólki sem kaupir íbúðir á almennum fasteignamarkaði er enn gert að greiða út sem svarar 70—80% af verði íbúðar, vegna þess í fyrsta lagi að eftirstöðvar slíkra lána eru ekki verðtryggðar og í annan stað vegna þess að þjónusta bankanna við húsbyggjendur á hinum almenna markaði er gersamlega ófullnægjandi. Það er alveg augljóst mál að ef þessu á að breyta þarf að lengja þau lán sem bankarnir veita húskaupendum. Þau lán eru nú almennt ekki lengri en til fjögurra ára, en þurfa að vera mun lengri ef á þessu vandamáli á að taka. Þetta er grundvallaratriði í allri húsnæðispólitík vegna þess að þetta kann að skipta sköpum um það hvernig eldra húsnæði nýtist og með hvaða hætti eigendaskipti eru auðvelduð miðað við breytilega fjölskyldustærð eftir aldurstímabilum.

Enn má spyrja: Er hér raunverulega gerð einhver tilraun til þess að leysa vandamál á leigumarkaði, leysa vandamál leigjenda?

Þetta eru nokkrar lykilspurningar og svörin við þeim segja raunverulega það sem segja þarf um þetta frv. Sannleikurinn er sá, að ef frv. er skoðað eru svörin við öllum þessum lykilspurningum harla neikvæð. Það er alveg augljóst mál að fjárhagur byggingarsjóðanna er ekki nægilega tryggður til þess að menn geti í raun og veru verið trúaðir á að við framtíðarmarkmiðin um hækkandi lánshlutfall í áföngum verði staðið. Það er alveg augljóst mál að ekki er horfið frá þeirri stefnu að vísa lánasjóðunum í vaxandi mæli á lánamarkaðinn. Framlög ríkisins eru ekki aukin nægilega. Enn er sjóðunum vísað fyrst og fremst á óvissan lánamarkað og þá ekki hvað síst á lífeyrissjóðina. Þó að nokkuð sé dregið úr hlutfalli aðfenginna lána miðað við tekjuþörf, þá er hún enn allt of há. Vaxtamunarvandamálið er enn óleyst og að því er varðar almenn atriði húsnæðismálastefnunnar, eins og ástandið á fasteignamarkaðnum, verður ekki séð að þetta frv leysi þau nema þá að litlu leyti með afturvirkum hætti.

Ég held að það hafi komið rækilega fram í umr. áður að stóra veilan í þessu frv. lýtur að fjármögnun húsnæðislánasjóðanna. Um þetta hefur verið fjallað í umr. áður og þess vegna skal ég þar fara fljótt yfir sögu, rétt aðeins drepa aftur á helstu málin.

Ef við lítum fyrst á Byggingarsjóð ríkisins þá segir í 2. tölul. 9. gr. III. kafla, þar sem fjallað er um fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins, að hann skuli fjármagna „með árlegu framlagi úr ríkissjóði samkv. fjárlögum, sem nemur eigi lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár."

Ég held að hér fari ekkert milli mála. Hér er talað fullum fetum um 40% af fjárframlagi úr ríkissjóði samkv. fjárlögum. Hér er m. ö. o. ekki verið að ræða um almenna fjármagnsútvegun með öðrum hætti. Spurningin er: Er staðið við þessa grein? Er þessu ákvæði raunverulega fullnægt miðað við þær fjárhagsáætlanir sem hér liggja fyrir? Samkv. heimildum sem við höfum undir höndum áætlaði húsnæðismálastjórn fyrir hönd Byggingarsjóðs ríkisins útlánaþörfina miðað við lok septembermánaðar s. l. 1 402 millj. kr., en forsenda þessarar áætlunartölu var þá 1 050 íbúðir sem er til mikilla muna minna en það lægsta sem verið hefur á undanförnum árum. Spurningin er þess vegna sú, hvort útlánaþörf húsnæðismálastjórnar, eins og hún er áætluð á þessum tíma, hafi verið verulega skorin niður, vegna þess að augljóst er að ef þarna er miðað við gefna forsendu og síðan litið á ákvæði laganna þá fullnægir þetta 200 millj. kr. ríkisframlag samkv. fjárlögum alls ekki því ákvæði að skila 40% af áætlaðri útlánaþörf. Þar þyrfti talan að vera 560 millj. kr., eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á fyrr í þessum umr. Hér er því um verulega fjárvöntun að ræða. Ég endurtek því þá spurningu til hæstv. félmrh.: Hefur áætluð íbúðalánaþörf Byggingarsjóðs ríkisins verið skorin verulega niður nú á haustmánuðum eða hvað veldur þessum mun?

Á það má enn fremur benda að samkv. áætlun húsnæðismálastjórnar er lögð á það áhersla að æskilegt væri að stofnunin hefði yfir að ráða gildum sjóði við áramót 1984—1985 vegna þess að þá falla á sjóðinn mjög þungar fjárhagsskuldbindingar vegna endurgreiðslu til lífeyrissjóðanna frá fyrri tíð. Þannig gerði Húsnæðisstofnun sjálf ráð fyrir því að hér væri um verulega fjárvöntun að ræða til að fullnægja þessari áætluðu útlánaþörf, fyrir utan það að ekki hefði verið sinnt þeirri fjárvöntun sem til kæmi um þar næstu áramót vegna endurgreiðslu lána. Hér virðist því vera mjög teflt á tæpasta vaðið, svo ekki sé meira sagt. Hér virðist vera um að ræða alvarlega fjárvöntun og meðan ekki er upplýst hvort áætluð íbúðaþörf hefur verið endurskoðuð og skorin niður er m. a. s. ekki annað sýnna en að hér sé ekki, miðað við þessar fjárhagsáætlanir, staðið við umrætt ótvírætt lagaákvæði.

Næst er að líta á fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna. Þar er líka miðað við ákveðna útlánaþörf. Eftir því sem við höfum heimildir um var slík útlánaþörf áætluð af húsnæðismálastjórn þann 12. okt. s. l. alls að upphæð 730 millj. kr., og er þá ekki tekið tillit til fjárþarfar vegna afborgunar vaxta, lána og reksturs stofnunarinnar, alls 770 millj. kr. En útlánaþörfin er miðuð við 730 millj. kr. Enn fremur er tekið fram að þarna sé gert ráð fyrir fjármagni vegna þegar gerðra samninga við sveitarfélög að upphæð 427 millj. kr. Hér er hins vegar um að ræða áætlun að því er varðar fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna þar sem um er að ræða annars vegar ríkisframlag, 200 millj., og því næst lánsfjárveitingar, 200 millj., fyrir utan önnur smærri framlög annarra aðila svo sem sveitarfélaga o. fl., en sjálf gerir húsnæðismálastjórn ráð fyrir því samkv. upphaflegri áætlun um 730 millj. kr. útlánaþörf að hér sé um að ræða fjárvöntun upp á 285 millj. kr. Það er nú ærin fjárvöntun ef hér væri um þetta eitt að ræða, en það kemur fleira til. Samkv. þessum lögum eru Byggingarsjóði verkamanna ætluð stórkostleg ný verkefni. Þar er um að ræða fjárframlög til fleiri aðila vegna leiguíbúða, ekki síst allt það stóra mál sem heitir byggingarsamvinnufélög.

Samkv. þessum niðurstöðum virðist alveg augljóst mál að útlánaþörf Byggingarsjóðs verkamanna vegna þeirra skuldbindinga sem hann er þegar samningsbundinn fyrir er miklum mun meiri en hér er gert ráð fyrir fjármagni til, og því næst er enn til viðbótar bætt við hann verulega fjárfrekum verkefnum. Í þessu samhengi er alveg ótvírætt nauðsynlegt að fá skýr svör hjá hæstv. félmrh. við spurningunni um byggingarsamvinnufélögin. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði til ummæla Jóns Rúnars Sveinssonar, nýkjörins formanns nýstofnaðs húsnæðissamvinnufélags, Búseta, en í viðtali við Dagblaðið þann 5. des. s. l. segir formaðurinn:

„Við hittum félmrh. í síðustu viku og hann sagði frá því að gert væri ráð fyrir að okkur gefist kostur á lánum til 80% af verði staðalíbúðar, til 30 ára, í endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar sem nú er verið að leggja fram á Alþingi.“

Jón sagði að þetta væru nánast sömu kjör og fengjust til byggingar verkamannabústaða nema þar væru lánin til 43 ára. Hann sagði að peningarnir til hins nýja húsnæðissamvinnufélags kæmu frá fjárveitingu til verkamannabústaða. Jón lagði áherslu á að húsnæðissamvinnufélagið Búseti vildi sömu kjör og verkamannabústaðir og að ákveðinn yrði tekjustofn til að fjármagna lán til félagsins.

Enn fremur komu fram í þessu viðtali þær upplýsingar að nú stefndi í 2 000 manns í þessu húsnæðissamvinnufélagi, Búseta, jafnframt því sem skýrt var frá því að undirbúningsfundur hliðstæðrar félagsstofnunar væri væntanlegur á Akureyri.

Í sambandi við þetta vil ég aðeins taka það fram að ef þessar upplýsingar eru rétt eftir hæstv. ráðh. hafðar, að þetta fjölmenna nýja félag telji sig hafa ótvíræð fyrirheit frá hæstv. ráðh. um slíka lánafyrirgreiðslu á þessum kjörum, og það kemur skýrt fram að hér sé um að ræða fjármögnun af þeim tekjustofnum sem um er að ræða hjá Byggingarsjóði verkamanna, þá er hér um að ræða alveg hrikalegt verkefni. Þá er augljóst mál að búið er að gefa fyrirheit og loforð um úrlausn hjá mjög fjölmennum hópi manna og ekki nokkur vegur að sjá að þær fjármögnunartillögur sem hér hafa verið gerðar séu miðaðar við slíkar þarfir. Ég endurtek þess vegna spurningar til hæstv. félmrh. um þetta: Er hér rétt eftir ráðh. haft? Hafa þessi loforð verið gefin? Ef þau hafa verið gefin, með hvaða hætti hugsar hæstv. ráðh. sér að standa við svo stórtæk loforð?

Í þriðja lagi er þá spurningin um lánsfjármarkaðinn. Eins og ég sagði áðan sakna ég þess að sú stefnubreyting hefur ekki verið mörkuð í þessum lögum að tryggja byggingarsjóðunum fasta tekjustofna, sem ég tel vera forsendu fyrir útlánagetu þeirra í framtíðinni. Þeim er enn ætlað að sækja sinn hlut í stórum dráttum á almenna lánamarkaðinn. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði þessu máli ítarleg skil í sinni ræðu og ég geri ekki annað en aðeins að árétta það.

Um þá lánsfjáröflun sem gert er ráð fyrir, að upphæð 1 050 millj. kr., frá lífeyrissjóðum með skuldabréfaútgáfu eða nettóarði af skyldusparnaði með þeirri skuldabréfaútgáfu sem var hér til umr. áðan og lánið frá Atvinnuleysistryggingasjóði er það að segja í stórum dráttum að miðað við reynslu eru menn ekki trúaðir á að þessir aðilar geti staðið við þá lánsfjáröflun sem hér er um að ræða. Þar vitna ég fyrst og fremst til reynslunnar að því er varðar áætlanir um framlög lífeyrissjóða. Á undanförnum árum hafa þær áætlanir alltaf verið hafðar mun hærri en reynslan hefur síðan sýnt að lífeyrissjóðirnir hafi í reynd skilað.

Um skuldabréfaútgáfu að upphæð 200 millj. þarf ekki að bæta mörgu við það sem hér kom fram áðan. Það er nánast í algjörri óvissu. Að vísu liggur það fyrir að um er að ræða aukafjárveitingu en sala skuldabréfanna sjálfra er í fullkominni óvissu. Þar er kannske meginatriðið þetta: Hæstv. fjmrh tók af tvímæli um það í umr. í Ed. að hér væri um að ræða lán en ekki framlag til byggingarsjóðs og það liggur fyrir að vaxtabyrði af þessum lánum er mjög þung eða um 4.16%. Ég spurði hæstv. fjmrh. af öðru tilefni hvort það lægi alveg ljóst fyrir að byggingarsjóðunum væri ætlað að rísa undir þessari vaxtabyrði eða hvort ríkissjóður kæmi þar til sögu. Ég fékk ekki svör við því. Ég ítreka því þá spurningu mína: Er hér um að ræða lán en ekki framlag og er þá byggingarsjóðunum ætlað að rísa undir þeim vaxtamun sem í þessum lánveitingum felst?

Mér sýnist af því sem þegar hefur verið sagt um fjármögnun, bæði að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna og lánsfjáráætlun, að þetta frv. standi mjög á brauðfótum að því er varðar fjármögnunina, sem er aðalatriði málsins. Eins og oft hefur verið á bent þá voru ekki lagabreytingar út af fyrir sig meginatriðið, þó sumar þeirra hafi verið mjög þarfar og gagnlegar. Mörg af þessum vandamálum var hægt að leysa ef treysta mátti því að fjármagn til byggingarlána húsnæðislánakerfisins væri tryggt. Mér sýnist að það standi mjög á brauðfótum og þarf mun meiri og traustari upplýsingar um það en fram komu í framsöguræðu hæstv. ráðh.

Svo ég dragi þetta nú saman í stórum dráttum þá finnst mér veilurnar í þessu frv. vera þessar helstar að því er varðar fjármögnunina:

Í fyrsta lagi að framtíð byggingarsjóðanna að því er varðar þeirra eiginn fjárhag og framlög ríkisins til tekjustofna er mjög í óvissu. Það er fram haldið þeirri stefnu að vísa þeim í allt of miklum mæli á lánsfjármarkaðinn.

Í öðru lagi: Framlög ríkisins, hvort heldur þau eru í formi markaðra tekjustofna eins og áður var eða hlutfallsbundin framlög eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., eru greinilega ónóg.

Í þriðja lagi eru helstu þættir lánsfjáröflunar samkv. lánsfjáráætlun í óvissu, bæði að því er varðar lífeyrissjóði, vissulega að því er varðar skyldusparnaðinn, sem allar líkur benda til að verði neikvæður, og eins varðandi skuldabréfasölu.

Þá er að nefna að þau nýju verkefni sem Byggingarsjóði ríkisins er ætlað að leysa eru stórtæk og að því er séð verður er ekki séð fyrir tekjustofnum til að standa undir þeim útgjöldum. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég telji það réttlæti sem felst í afturvirkninni, þ. e. þeim viðbótarlánum sem ná aftur fyrir tímann, hafa verið alls ónógt.

Loks er að benda á þau ákvæði laganna sem fjalla um vexti. Þau vekja manni vissulega nokkurn ugg. Vaxtaákvörðunin skiptir náttúrlega meginmáli í sambandi við allar áætlanir um raunverulega greiðslubyrði. Þess vegna lýsi ég andstöðu minni við það að láta vaxtaákvörðunina liggja í lausu lofti eða fela hana ákvörðun ráðh. eða annarra aðila. Það er alveg augljóst mál að ef — eins og mér sýnist allt benda til — teflt er í tvísýnu

um fjárhagslegt öryggi sjóðanna þá er mjög freistandi að reyna að bæta það ástand með hækkun vaxta, enda segir svo í grg. með frv. með leyfi forseta:

„Því kann að vera nauðsynlegt að hækka vexti af lánum sjóðsins, a. m. k. um sinn, á meðan á þeirri uppbyggingu stendur."

Þetta held ég að alþm. geti ekki látið fram hjá sér fara. Að mínu viti er það skilyrðislaus krafa að vaxtastigið liggi fyrir. Það nær engri átt að Alþingi framselji framkvæmdavaldinu fullt vald til að ákvarða vexti og það fari síðan eftir skyndiákvörðunum, vegna lélegs fjárhags sjóðanna, hver vaxtabyrðin verður. Það er bæði út frá sjónarmiði fjárhags sjóðanna og eins út frá sjónarmiði lántakenda að mínu mati algjörlega nauðsynlegt að sú stefna liggi fyrir.

Nú boðaði hæstv. ráðh. að í vinnslu væri könnun á fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins, og ef ég tók rétt eftir þá sagði hann í framsöguræðu sinni að þeirri könnun væri nú lokið, en þar væri m. a. fjallað um áhrif ákveðinna tillagna um vaxtakjör og breytingar á lánakjörum á fjárhag Byggingarsjóðs. Nú vil ég ekkert segja fyrir fram um það hverjar eru niðurstöður þessarar áætlunar en það er alveg nauðsynlegt að Alþingi fái þessa áætlun í hendur í umfjöllun í n. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að vaxtaákvörðunina eigi að setja í lög eins og verið hefur, vegna þess að það eru tvær leiðir til þess að tryggja fjárhag sjóðanna. Annars vegar er að hækka framlög ríkisins, eða skenkja byggingarlánasjóðunum — eins og áður var og umsamið var við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma — fasta tekjustofna. Eða hitt: að vísa þeim á lánamarkaðinn en reyna þá að brúa hið mikla vaxtabil, sem hefur verið að myndast, með hækkun vaxta. Það er mjög mikilvægt að það komi skýrt fram: Er það stefna ríkisstj. að fara seinni leiðina? Það er augljóst að það er ekki. Byggingarlánasjóðunum eru ekki tryggðir nægir tekjustofnar. Á þá að tryggja fjárhag sjóðanna með því að stefna að verulegri hækkun vaxta? Ef svo er þá ber að leggja þær tölur á borðið.

Herra forseti. Það er eðlilegt að spurt sé: Ef fjármögnun húsnæðislánakerfisins er þrátt fyrir þetta frv. eftir sem áður á brauðfótum, er þá hægt að gera betur? Ég leyfi mér að rifja upp að í því mikla lagafrv. um húsnæðismál sem lagt var fram hér á Alþingi í lok stjórnartíðar ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1979 var farin talsvert önnur leið en hér er boðuð. Sú leið var að tryggja húsnæðislánasjóðunum báðum fasta tekjustofna, þ. e. fyrst og fremst af launaskatti en einnig af öðrum tekjustofnum. Þá er sýnt fram á það í grg. með því frv. að með þessu móti yrði fjárhagur byggingarsjóðanna byggður upp með traustum hætti á næstu árum þannig að hann gæti raunverulega staðið undir því að hækka lánin sem hlutfall af byggingarkostnaði ár frá ári. Þannig var ráð fyrir því gert samkv. því frv. að á árinu 1984 yrði lánshlutfallið 50% af byggingarkostnaði staðalíbúðar, eins og hæstv. ráðh. gáfu loforð um á s. l. sumri. M. ö. o., hér er ekki einu sinni náð því fyrirheiti sem flokkur hæstv. félmrh. samþykkti að gefa fyrirheit um strax á árinu 1979.

Þá er spurningin: Er hægt að gera betur úr því sem komið var? Það skal viðurkennt að mikið átak þarf til þess að ná aftur upp traustari afkomu þessara sjóða eftir að sýnt er hversu grátt þeir voru leiknir á liðnum þremur árum. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um almennt ástand efnahagsmála hér á landi. Spurningin er einungis um það hver skuli vera forgangsverkefni ríkisstj. Mér sýnist að það verði enn að meta það: Er ástæða til að binda það enn í lög að tryggja byggingarlánasjóðunum fasta markaða tekjustofna eins og áður var gert með launaskatti, eða ber að tryggja þeim aukið fjármagn með framlögum úr ríkissjóði, og hvaðan átti þá að taka það fé?

Ég vek athygli á því að í umræðum um kjaramál og um kjör hinna verst settu í þjóðfélaginu hafa margir aðilar, og það er reyndar ekki nýtt, bent á að þeim hrikalegu fjármunum sem á fjárlögum er varið til niðurgreiðslna á heföbundnar landbúnaðarafurðir, sem í fjárlagafrv. er rúml. 1 milljarður kr. og verður vafalaust í reynd talsvert hærri upphæð, þessari upphæð mætti verja á mun árangursríkari hátt til tekjujafnandi aðgerða. Þá gæti t. d. komið til álita hvort ekki mætti skipta þessu fé með tvennum hætti, annars vegar með beinum útgreiðslum til hinna tekjulægstu í formi neikvæðs tekjuskatts eða hins vegar að hluta til með því að verja hluta af þessu fé til beinna framlaga til byggingarsjóðanna. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef sú leið væri farin skiluðu þessir miklu fjármunir sér mun betur en þeir nú gera til þess að ná því markmiði að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég sakna þess að í þessu frv., sem lengi hefur verið beðið eftir og þúsundir manna hafa mænt til vonaraugum langan tíma, er tiltölulega lítið um ýmis önnur stefnumarkandi atriði að því er varðar húsnæðismálin. Þar á ég við úttekt á því gjörsamlega óviðunandi ástandi, sem nú er almennt á fasteignamarkaði. Þar á ég við könnun á íbúðarþörf, hver eigi raunverulega að vera forgangsverkefnin í þeirri félagslegu aðstoð í húsnæðismálum sem ríkið vill beita sér fyrir. Við getum tekið nokkur dæmi um þetta.

Það hefur komið fram í nýlegri úttekt um húsnæðismál á höfuðborgarsvæðinu eftir Bjarna Reynarsson landfræðing að fjölskyldusamsetning hér á höfuðborgarsvæðinu hefur breyst svo að með ólíkindum er á tiltölulega skömmum tíma. Þarna eru nefndar tölur um að frá árinu 1964 hefur hlutfall einhleypinga meðal borgarbúa vaxið frá því að vera 15% allra heimila í Reykjavíkurborg í rúm 37% árið 1982. Þessi eina staðreynd segir mikla sögu. Hún bendir t. d. mjög eindregið til þess að raunveruleg íbúðaþörf á þessu svæði sé mjög vanmetin.

Það er alkunna að lóðaúthlutanir hjá Reykjavíkurborg hafa á undanförnum árum beinst einkum og sér í lagi að einbýlishúsum. Byggingarstarfsemin hefur miðast mjög við einbýlishús eða raðhús eða stórar íbúðir eins og fram kemur reyndar mjög rækilega af öðrum könnunum. Meðalstærð íbúða í byggingu á tímabilinu 1966—1970 var 433 m^3, en fjórtán árum síðar er meðalíbúðarstærð orðin 540 m^3.

Þessi þróun gerist á sama tíma og búendur í hverri íbúð í Reykjavík, sem voru árið 1960 4.11 eru árið 1981 2.64. M. ö. o., hér hefur gerst tvennt. Á sama tíma og fjölskyldurnar fara ört minnkandi hefur íbúðarstærðin farið ört vaxandi. Á sama tíma og litlar fjölskyldur, fjölskyldur einhleypinga, þ. e. þar sem um er að ræða einhleypa foreldra, ekkjur og ekkla, eru að verða æ fyrirferðarmeiri í fjölskyldumynstrinu, þá virðist mér sem húsnæðispólitíkin sjálf taki lítið mið af þessu. Allt bendir til þess að á bak við eftirspurn þessara hópa,

ungs fólks, aldraðs fólks og einhleyps fólks, eftir litlum íbúðum og þjónustuíbúðum sé kannske lítil raunveruleg kaupgeta. Þess vegna er ástæða til að spyrja hvort það hljóti ekki að vera eitt af meginverkefnum, þegar verið er að móta húsnæðismálastefnu og húsnæðislánapólitík, að taka tillit til þessara gerbreyttu aðstæðna. Spurningin er m. ö. o. sú: Er ekki kominn tími til að laga húsnæðisstefnuna og þá lánapólitíkina að þessum gerbreyttu staðreyndum og gerbreyttu viðhorfum? Hvers vegna eigum við að lána í sífellt stærri og stærri íbúðir á sama tíma og þessar staðreyndir blasa við um fjölskylduþróun og fjölskyldustærð o. s. frv.?

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég endurtek að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með það að ég tel að fjárhagsgrundvöllur, fjárhagslegar forsendur þessa frv. séu ekki nægilega traustar. Enn fremur sakna ég þess að lykilatriði að því er varðar mótaða húsnæðismálapólitík, fram í tímann, lykilatriði af því tagi er ekki að finna í þessu frv. Ég tel því sérstaklega mikilvægt að Alþingi gefi sér rækilegan tíma til að fjalla um þetta mál. Ég rifja upp að loforð voru gefin um það að þetta frv. skyldi lagt fram strax í upphafi þings. Af einhverjum ástæðum hefur ekki verið unnt að standa við það. Engu að síður er mjög brýnt að þær nefndir þingsins sem um þetta fjalla gefi sér tíma til að fara mjög rækilega ofan í saumana á því hver er raunveruleg fjárþörf byggingarlánasjóðanna jafnframt með nýjum verkefnum og hvort sá fjárhagslegi grundvöllur sem hér hefur verið lagður er nægilega traustur til þess að byggja á í framtíðinni.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það vildi svo til í morgun þegar ég var að ganga í alþingishúsið að ég hitti ameríska kunningja minn hérna fyrir utan og spurði hann frétta. Hann er nýlega sestur að hérna og orðinn íslenskur ríkisborgari. Ég spurði hann hvað hann væri að gera og hann sagðist vera að byggja. Það væri nú mest fólgið í því að borga og nú skildi hann loksins hvað orðið ríkisborgari þýddi.

En það er staðreynd að hlutfallsleg lækkun byggingarlána og verðtrygging þeirra, sem auðvitað er sjálfsögð, hefur á síðari árum valdið því að munur á lífskjörum í þessu landi skipast ekki síður eftir aldri fólks en raunverulegum launatöxtum sem það fær greitt eftir. Og það er hart því að mörg ljón eru á veginum fyrir jöfnun lífskjara sem er fyrsta keppikefli okkar flestra og leiðarljós þjóðfélagsþróunar hér á landi í áratugi. Þar koma náttúrlega til ýmsir hlutir eins og sjúkdómar, elli, búseta o. fl., en það er hart að ein aðaluppspretta misréttisins sé svo augljóslega tilbúin af mönnum eins og húsnæðislánakerfið. Mismunurinn á kjörum fólks eftir því hvenær það byggði er oft miklu meiri en launastigar og fjölskylduhættir segja til um. Stórkostlegasta aðgerð til launajöfnunar í þessu landi sem ég held menn gætu fundið væri að búa íbúðarkaupendum viðunandi kjör. Verkalýðsfélög ættu sérstaklega að hyggja að þessu vegna þess að aldrei næst sættir eða viðunandi ánægja með það sem um er samið í samningum meðan félagsmenn þeirra eru svo áberandi í tvær sveitir settir eins og augljóst er af ástandi í húsnæðismálum. Bankaslagur og prælapískun íslenskra íbúðarkaupenda virðist raunar orðin svo sjálfsagður hlutur á þroskaferli fólks hér að fæstir koma orðið auga á það eða skilja það sem nauð.

En vaxandi umræða um þessi mál hérlendis, barátta leigjendasamtaka og nú síðast Sigtúnshópurinn og búsetarnir hafa náttúrlega valdið því að fólk er að vakna til vitundar um þessi mál. Því hefur verið haldið fram að ein ástæðan fyrir úreltu fyrirkomulagi hér sé sú að ráðandi stjórnmála- og embættismenn séu flestir af þeirri kynslóðinni sem byggði áður en raunvextir komu til sögunnar. Það kann að vera, en er alvarleg ásökun. Það gengur a. m. k. seint að húsnæðismál fái þann sess sem þeim ber, þ. e. að ríkisvaldið líti á húsnæðismál eins og önnur félagsmál, svo sem eins og heilbrigðis- og tryggingamál, menntamál og þar fram eftir götunum. Og að því hlýtur að koma að 90—95% lán verði sjálfsögð og eðlileg en þess virðist ætla að verða nokkur bið.

Fram hefur komið í þessum umr. að aðalatriðið í húsnæðismálastefnu er náttúrlega ekki frv. um Húsnæðisstofnun. Ófullkomin lög um Húsnæðisstofnun hafa ábyggilega ekki verið stærsta ljónið í veginum fyrir eðlilegri lausn á þessum málum. Aðalatriðið er, eins og um hefur verið fjallað, undanbragðalaus fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Við höfum oft verið minnt á það, ekki síst hér inni á þingi, að eitt er að samþykkja lög og annað að framfylgja þeim. Við höfum mýmörg dæmi úr öllum málaflokkum og nýjasta dæmið er Námsgagnastofnun. Það læknar ekki nauð íslenskra íbúðarkaupenda að Alþingi samþykki ný lög um Húsnæðisstofnun. Það var hins vegar til þurftar að laga þessa löggjöf og í heild eru þar ýmsir punktar sem til bóta horfa. En fjármögnun lánakerfisins er auðvitað aðalatriðið. Og hér hefur því verið lýst og það verið rakið að talsvert virðist vanta á í þessum efnum, bæði til að sinna núverandi verkefnum kerfisins og til að axla þær byrðar sem aukin verkefni skv. frv. munu valda þessum stofnunum.

Eitt atriði sem tengist þessu máli er sú staðreynd að nú þegar sífellt fleiri byggja á raunvöxtum mun koma í ljós smám saman hversu hár byggingarkostnaður er í landinu. Þessi staðreynd hefur í raun dulist í verðbólguæðinu undanfarin ár en hún mun koma og er reyndar farin að koma í ljós. Hún kemur í ljós þegar fólkið í dag, fyrst kynslóða eftirstríðsáranna, þarf í raun og veru að greiða af launum sínum það sem íbúðirnar kosta. Því er brýnt að gæta þess að um leið og menn eiga að stefna í hátt lánshlutfall, 90—95%, verður að gera allt sem hægt er til að lækka byggingarkostnaðinn til að endurgreiðsla lánanna, þó að þau fáist til langs tíma, verði ekki almenningi um megn.

Í verðbólgu undanfarinna ára var aldrei raunverulegur þrýstingur á að lækka byggingarkostnað. Það er einungis hjá Framkvæmdanefnd verkamannabústaða og byggingarsamvinnufélögum sem byggingarkostnaður hefur að einhverju marki náðst niður og þá einkum og sér í lagi með því að nota útboð við framkvæmdir. Hins vegar hafa ekki verið miklar framfarir í notkun byggingarefna eða í nýjum byggingaraðferðum. Það er mjög brýnt að rannsóknir á aðferðum og efnum verði efldar til að lækka bæði byggingarkostnað og svo rekstrarkostnað húsnæðis. Ég nefni þetta vegna þess að tvær leiðir eru til að hjálpa íbúðarkaupendum, önnur er sú að hækka lánin, hin að minnka lánaþörfina. Sú leið er fær og engu síðri og auðvitað í raun miklu arðsamari.

Ef ég geri nokkrar greinar að umtalsefni vil ég í fyrsta lagi minnast á að í 4. gr. þar sem fjallað er um skipun

stjórnar tel ég að réttara væri að verkalýðssamtök, neytendasamtök, samtök byggingarsamvinnufélaga o. fl., tilnefni fulltrúa í stjórnina eins og ASÍ gerir nú þegar, frekar en að Alþingi kjósi þessari stofnun stjórn.

Í 5. gr. þar sem talað er um verkefni stjórnar er í 3. tölul. sagt að stjórn eigi að geta úrskurðað um einstakar fjárveitingar ef ágreiningur eða vafi sé á ferðinni. Þetta tel ég að ætti að athuga betur af ástæðum sem eru þegar kunnar.

Í 9. gr. er fjallað um aðalatriði frv., þ. e. fjáröflun. Þar kemur fram að ýmsir markaðir tekjustofnar séu felldir niður en framlag úr ríkissjóði verði 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins. Mér sýnist þarna stefnt í tvísýnu með fjáröflun því að orðalagið „samþykkt útlánaáætlun“ er hugsanlega teygjanlegt. Og þetta er mergurinn málsins, eins og oft hefur komið hér fram og í ræðum margra talsmanna, að undanbragðalaus fjármögnun er alfa og ómega í þessum málum en ekki lagfæringar á frv.

Í sambandi við þessa grein er óumflýjanlegt að benda á sölu skuldabréfa Byggingarsjóðs til lífeyrissjóða. Fram kemur í grg. með frv. að vaxtamunur á inn- og útlánum kostar Byggingarsjóðinn umtalsverða fjármuni. Nú eru um ⅔ hlutar ráðstöfunarfjár sjóðsins fengnir á þennan hátt og eitt af brýnustu málunum er að finna nýjar leiðir til þessarar fjáröflunar.

Í 32. gr. er kveðið á um að hækkun lána um einn flokk geti orðið vegna bygginga á lögbýlum. Ég vil spyrja ráðh. um ástæður til þessa.

Í 49. gr. er talað um lækkun lána úr 90% í 80% af staðalverði hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þetta er mjög umdeilanlegt. Ef rétt er hermt um kjör þess fólks sem fær þessar íbúðir í þeim gögnum sem menn hafa haft er aldeilis óskiljanlegt að eigið framlag þessa fólks skuli hækka um 200 þús. kr. Maður gæti spurt hvort hæstv. ráðh. hafi einhverjar nýjar upplýsingar um kaupgetu fólks sem nýtur þessara kjara. Fróðlegt væri að fá að heyra upplýsingar um meðallaun, lífskjör og fjölskylduhagi þess fólks sem nýtur lánveitinga úr Byggingarsjóði verkamanna. Þessar upplýsingar hljóta að vera til og hljóta að styðja þá ákvörðun frv. að auka eigið framlag þessa fólks um allt að 200 þús. kr. sem er á að giska eitt lífeyrissjóðslán.

Í VII. kafla er fjallað um skyldusparnað. Í 69. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 71. gr. skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit.“

Og í 71. gr. þar sem fjallað er um undanþágur segir að þeir sem eiga íbúð til eigin þarfa skuli vera undanþegnir sparnaðarskyldu. Hér birtist nú enn einu sinni íbúðahyggja og efnishyggja íslensks umhverfis. Fólk sem er orðið 16 ára má ganga í hjónaband og það fær kosningarrétt innan tveggja ára frá 16 ára afmælinu og er í senn orðið löglegir og fullgildir þegnar. Það virðist þó vera svo vitlaust að það hafi ekki vit á að ákveða hvort það vill kaupa íbúð. Mér er spurn: Á í raun og veru að skylda fólk til að spara í 10 ár fyrir íbúð, þetta fólk sem vill kannske bara leigja? Það vill kannske leigja alla ævi, kannske vill það verða „búsetar“. Mér sýnist þessi forsjárhyggja og skattlagning vera á mörkum þess sem er verjandi. Hún er réttlætt með því að menn eigi að safna í sjóð, annaðhvort til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit, en ég þekki marga sem vilja leigja og m. a. s. leigja í kaupstað. Mér finnst umdeilanlegt að halda þessu fyrirkomulagi áfram, ekki síst þar sem það hefur verið margtekið fram hér í ræðum að þetta skilar engum fjármunum eða sáralitlum. Það er hreinlega spurning hvort ekki væri best að leggja þetta niður.

Í grg. með frv. og í dagblaðinu Tímanum þar sem gerð var góð grein fyrir þessu frv. á sínum tíma er vikið að því að nefnd sem skipuð var í júní hafi sérstaklega fjallað um tæknideild stofnunarinnar og jafnvel hvort tímabært væri að leggja hana niður. Ég tel rétt að athuga rækilega stöðu þessarar deildar. Það bendir ýmislegt á að ákveðnum hlutum sem hún á að sinna sé ekki sinnt. Þá á ég sérstaklega við rannsóknir á byggingaraðferðum, nýjum byggingarefnum o. fl. Þetta er eins og ég vék að áður í máli mínu alveg jafnmikið mál og hækkun lána, þ. e. að lækka byggingarkostnað. Hugsanlegt er að tæknileg starfsemi deildarinnar eigi jafnvel betur heima undir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Síðan vil ég að lokum geta lítillar hugmyndar um breytt greiðslufyrirkomulag lána úr byggingarsjóðnum. Hún miðast við að greiðslum verði fjölgað og byrjað verði að greiða lán fyrr en við fokheldisstig. Hugsanlega mætti tengja slíkar greiðslur við það eftirlit og uppáskriftir sem byggingarfulltrúar, hver í sínu umdæmi, fara nú með. Kostur slíks fyrirkomulags væri að á þann hátt mundi fjárstreymið jafnast um byggingartímann og skammtímalánasnap húsbyggjandans mundi minnka. Ég er viss um að ösin á biðstofum bankastjóra mundi minnka verulega og dráttarvaxtakostnaður húsbyggjandans hjá verktökum og efnissölum mundi líka minnka.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Nú eru fjórir dagar eftir af venjulegum dögum fyrir deildafundi fram að jólum. Það eru miðvikudagur og föstudagur í þessari viku og mánudagur og miðvikudagur í næstu viku. Síðan er gert ráð fyrir að atkvgr. eftir 2. umr. fjárlaga fari fram á miðvikudag, þannig að þá skerðist nokkuð fundartími deilda. Þess vegna er eðlilegt við slíkar aðstæður að forsetar reyni að ná sem mestum tíma út úr deildafundadögunum. Vil ég bera fram þá ósk að frá og með deginum í dag verði fundahald skipulagt þá daga sem eftir eru fram að jólum þannig að þar komi ákvarðanir ekki á óvart. Ég fékk upplýsingar um að deildarfundur ætti að vera í kvöld núna áðan þegar þingvörður boðaði mig á fund klukkan hálf níu í kvöld. Ég hafði ekki hugmynd um áður að til stæði að halda fund í hv. Nd. í kvöld og að á þeim fundi ætti að taka fyrir mótun fiskveiðistefnu og þær till. sem sjútvrh. er með í þeim efnum.

Ef hæstv. ríkisstj. og forustumönnum þingliðs hennar er eitthvert kappsmál að koma málum fram sem menn eru að bauka hér með þessa dagana og bæta við einum lista á dag svo að segja yfir forgangsmál er auðvitað alveg lágmark að reynt sé að semja um þessa hluti við stjórnarandstöðuna. Ég þykist vita að stjórnarandstaðan sé reiðubúin til að semja um þessi mál ef óskað er eftir að það verði gert. Stjórnarandstaðan hefur á þeim fundum sem haldnir hafa verið með forsetum þingsins

og formönnum þingflokkanna aftur og aftur boðist til að semja sig út úr þessum málum. En ekki hefur verið sest niður í því skyni. Síðan gerist það að ég, sem er starfandi formaður þingflokks Alþb., frétti það nú þegar ég er boðaður á fundinn í kvöld að það eigi að vera kvöldfundur. Ég ætla ekki að setja á sérstök mótmæli út af þessum fundi, ég ætla að sætta mig við hann að þessu sinni, en ég tel að þetta séu ekki vinnubrögð sem kunna góðri lukku að stýra. Ég skora á stjórnarliðið að halda betur á málum framvegis en hér hefur verið gert.

Ég vil einnig minna á, herra forseti, að þegar ríkisstj. ætlar sér að reyna að koma fram sínum málum verður auðvitað að taka tillit til þess að stjórnarandstaðan getur átt ákveðnar óskir bæði um vinnubrögð og mál. Það verður að fara fram á að tekið sé tillit til þeirra óska einnig þegar verið er að skipuleggja þá fáu sólarhringa sem lifa eftir af þinghaldinu fram að jólum. Því segi ég þetta að á fundi utanrmn. í morgun ræddum við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hvort ekki væru tök á að afgreiða ákveðin mál fyrir jól. Við fengum engar endanlegar undirtektir undir það, en fórum síðan fram á að málin yrðu rædd í þingflokkunum í dag. Sú ósk er hér með ítrekuð úr þessum ræðustól, að þau mál sem þar voru til meðferðar í utanrmn. verði rædd í þingflokkum stjórnarliðsins í dag.

Jafnframt vil ég greina frá því að ég hef beðið forseta Sþ. um að kalla saman fund forseta þingsins og formanna þingflokkanna kl. 6 í dag til að fara yfir það sem eftir er af þinghaldinu. Ég stend hér upp, herra forseti, til að mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið höfð uppi og ég skora á hæstv. ríkisstj. og forráðamenn stjórnarliðsins að skipuleggja þessi verk betur. Ég vil jafnframt lýsa því yfir af minni hálfu og þingflokks Alþb. að við erum reiðubúin að gera það sem í okkar valdi stendur til að greiða fyrir eðlilegri meðferð þingmála.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti vill vegna þessarar ræðu hv. 3. þm. Reykv. taka fram að hann deilir áreiðanlega áhyggjum með hv. þm. um að halda þurfi vel á spöðunum hér ef okkur á að takast að ljúka þingi með sóma fyrir jólin. Undir það tek ég fyllilega.

Hins vegar kemur mér dálítið á óvart ef hv. þm. hefur ekki fengið að vita neitt, ekki haft hugboð um að ég hafði í hyggju að halda fundi áfram klukkan hálf níu í kvöld. Bæði er að við höfum undanfarna daga rætt um þennan vanda sem er auðljós, að ljúka þessum fundum með sóma fyrir jól. Þá hefur komið nokkuð skýrt fram að þess væri mikil þörf að forsetar hefðu vald eða möguleika á því í góðu samstarfi við þingdeildir að halda kvöldfundi. Í morgun — ekki man ég nákvæmlega á hvaða tíma — gerði ég nokkrar tilraunir til að ná sambandi við hv. 3. þm. Reykv., en tókst það ekki á þeim tíma sem ég hafði þá til ráðstöfunar. Hins vegar hafði ég samband við Helga Seljan, 2. þm. Austurl., sagði honum að ég hefði í hyggju og teldi mjög mikla þörf á að halda fund í kvöld klukkan hálf níu, en aftur ekki milli kl. 6 og 7. Þannig féllu orð milli okkar að hann kæmi þessum boðum til hv. 3. þm. Reykv. Þykir mér leitt ef þessi orð mín hafa á einhvern hátt verið misskilin eða ekki komist þá leið sem ég taldi að mundi verða.

Ég vil vegna þessara orða taka fram að ég mun nú sem áður reyna að hafa sem allra best samstarf við stjórnarandstöðu og þingdeild yfirleitt um framgang þingmála.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs óttaðist ég að fundarboð forseta Sþ. til formanna þingflokka með forsetum kl. 6 hefði eitthvað misfarist en gott er til þess að vita að þau hafa komist til skila til formanns Alþb. Á fundi kl. 6 sem reyndar var nú fyrirhugaður þegar fyrir helgi, held ég að við þurfum að reyna að komast að samkomulagi um framgang mála. Ég vil bara láta það koma fram fyrir mína hönd að ég óska eftir sem bestu samstarfi við stjórnarandstöðuna um vinnubrögð hér og treysti því að menn reyni að koma sér saman um hvernig hér verði unnið þá daga sem eftir lifa af þessu hausti.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram að mér er ekki kunnugt um að þeir flokkar sem standa nú að ríkisstj. hafi sýnt stjórnarandstöðunni neina ókurteisi í sambandi við störf á hv. Alþingi. En á hinn bóginn vil ég aðeins minna á að hv. þm. var ekki jafnreiðubúinn til samstarfs hér fyrir einu ári. Þegar við settum fram þá kröfu í stjórnarandstöðu að ekki yrðu þrír kvöldfundir í röð, sem sanngjarnt hafði þótt áður, mátti ekki um slíkt tala. Við getum vel tekið upp langar umr. um það, ég og hv. þm., hvaða tillit stjórnarandstöðunni var sýnt meðan hann sat hér í þessum stólum. En ég segi nú bara: Batnandi manni er best að lifa. Ég finn að hann vill að meira tillit sé tekið til stjórnarandstöðunnar nú en þá var og það sýnir að maðurinn hefur þroskast nokkuð og skilur það að minni hl. hefur einnig nokkurn rétt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal, 5. þm. Norðurl. e., talaði hér fyrir hönd Sjálfstfl. Það var sérstaklega tekið fram af forseta og var athyglisvert vegna þess að við höfum ekki séð þennan þm. í þingsölum fyrr í vetur. Sum okkar voru kannske búin að gleyma því fyrir hvaða flokk hann var að tala á síðasta þingi þannig að það var eins gott fyrir hæstv. forseta að geta þess að hann væri að tala fyrir Sjálfstfl. en ekki t. d. Framsfl.

Hv. þm. Halldór Blöndal veit ekkert hvernig þingstörfum hefur verið hagað hér í vetur á Alþingi Íslendinga. Hann veit kannske eitthvað um Allsherjarþingið, en hann veit ekkert um Alþingi Íslendinga þannig að hann ætti ekkert að vera að blanda sér í það hvernig þeim hlutum hefur verið hagað á þinginu í vetur. Yfirleitt hefur það gengið nokkuð vel og ég vona að það versni ekki að mun þó hann hafi nú tekið sæti á Alþingi á ný.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða miklum tíma í þessar umr., þó að e. t. v. væri ástæða til að setja hér á langa ræðu vegna þeirra umr. sem hér hafa orðið. Ég þakka fyrir þessar umr. Þær hafa verið að mörgu leyti ágætar og sýnt ljóslega hvaða áhuga hv. alþm. hafa á þessum málum, sem eðlilegt er.

Ég vil aðeins koma inn á nokkur atriði, sem skipta e. t. v. talsvert miklu máli í sambandi við þessar umr., og þá vil ég fyrst koma að ræðu hv. 2. landsk. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem setti fram nokkuð ákveðn-

ar spurningar í sambandi við þessi mál.

Í fyrsta lagi kom fram í ræðu hv. þm. að hún telur að sú fjáröflun sem getið er í fjárlögum og lánsfjáráætlun, sem hér hefur verið lögð fram, sé ekki í takt við það frv. sem hér er til umr. Ég vil fyrst segja það, sem á náttúrlega ekki að þurfa að taka fram, að við erum hér að fjalla um lagasetningu til langs tíma, til framtíðar. Að sjálfsögðu var ekki hægt að setja í lánsfjárlög og fjárlög nákvæma útfærslu á þessu frv., þó að það sé gert í aðalatriðum.

Í fyrsta lagi telur hv. þm. að í Byggingarsjóði verkamanna hafi verið í ágúst s. l. 530 óafgreiddar umsóknir og það hljóti því að vera ljóst að enginn möguleiki sé að fjármagna loforð hans með þeirri áætlun sem fyrir liggur. Ég fékk áðan minnisblað frá Húsnæðisstofnun, sem er dags. í dag 12. des., og þar stendur að vegna ársins 1984, þ. e. næsta árs, hafi borist umsóknir frá 44 sveitarfélögum um heimild til að byggja 330 íbúðir. Vegna samþykktra umsókna ársins í ár er tekið sérstaklega fram að það sé mjög lítið farið af stað með slíkar byggingar í Reykjavík t. d. og algerlega sé eftir að ganga frá endurskoðunum og samningum um slík áform, sem þó hafi verið tekin fyrir hjá Húsnæðisstofnun. Ég tel ástæðu til að koma inn á þetta þó að ég sé ekki þar með að segja að það sé ekki vandamál að of lítið fjármagn er til þessara hluta almennt. En þar komum við inn á annað, sem ég hélt að nægjanlega hefði verið útskýrt áður. Við búum við sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu, þar sem við verðum að gera ráð fyrir að verulegur samdráttur verði í þessum efnum sem öðrum á næsta ári miðað við efnahagsástandið.

Hv. þm. spurði einnig um fjármögnun þeirra nýju samtaka sem hér hafa verið títtnefnd, þ. e. húsnæðissamvinnufélög sem hafa verið stofnuð síðustu vikur, og er ekki nema gott um það að segja. Ég lýsi yfir því, að ég tel að sá áhugi sem þarna hefur komið fram sé af hinu góða, og hefði betur fyrr verið stofnað til samtaka á þessu sviði og reyndar nýjar leiðir til að leysa húsnæðisvandann. Ég benti sérstaklega á að í þeirri endurskoðunarnefnd sem ég starfaði í á s. l. ári lögðum við fulltrúar Framsfl. mikla áherslu á að gera mögulegt í endurskoðun frv. að opna fyrir nýjum möguleikum í félagslegum byggingum. Þar með var það sett í frv., sem hér var til meðferðar á Alþingi, að gefa möguleika á nýjum formum, þ. e. eignarhlutdeild í leiguíbúðum, og margt fleira sem gerir lífeyrisþegum mögulegt að kaupa sér búseturétt. Fyrst og fremst hefur verið vitnað hér til þess af fleiri en einum hv. þm. að félmrh. hafi gefið einhver ákveðin loforð um að þetta nýja form ætti að fara af stað á næsta ári með miklum fyrirgangi. Það er algerlega rangt. Dagblaðið hefur aldrei talað við mig. Ívitnuð ummæli eru höfð eftir stjórnarmanni í umræddum samtökum. Stofnendur Búseta komu til mín litlu eftir að samtökin voru stofnuð. Ég óskaði þeim til hamingju með framtakið. Ég sagði þeim frá því að í nýja frv. væru opnaðir möguleikar til þess að húsnæðissamvinnufélög gætu fengið þar lánamöguleika og þar væri, eins og kemur fram í frv., reiknað með að slíkar byggingar gætu fengið 80% lán til 31 árs eins og frv. segir til um. Hins vegar hef ég aldrei gefið nein fyrirheit um að fjármagn væri til í þennan húsnæðismálaflokk. Það yrði að sjálfsögðu að skoða vandlega og athuga hvernig við gætum útfært þessar félagslegu byggingar. Ég varaði þetta fólk einmitt við því að gefa of ákveðnar yfirlýsingar um að það gæti hafið framkvæmdir, t. d. alls ekki á næsta ári nema mjög óverulega. Ég leiðrétti missögn blaðsins í sjónvarpsviðtali og hef raunar gert það í útvarpinu einnig, til þess að það mundi ekki valda misskilningi. Ég vona að hv. alþm. hafi orðið varir við það og ekki sé ástæða til að ræða sérstaklega þá staðreynd hér.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. um hvað væri hægt að sinna mörgum nýjum umsóknum úr Byggingarsjóði ríkisins á næsta ári miðað við fjárlög og lánsfjáráætlun og nefndi þar ýmsar tölur. Ég vil vitna í að samkvæmt þjóðhagsáætlun, sem allir hv. þm. hafa undir höndum, og samkvæmt lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir jafnmörgum íbúðum á næsta ári og 1983, kaupum á 1700—1800 eldri íbúðum og um 1000 nýbyggingum íbúða. Þetta áform er óbreytt og er gengið út frá því að svo geti orðið miðað við þá áætlun sem hér liggur fyrir.

4. spurning var um 9. gr. frv. Þar er lagt til að ríkisframlag verði um 40% af áætluninni sem um er fjallað. Ég ætla ekki að rekja það hér, en endurtek að félagsmálanefndir þingsins munu fá allar upplýsingar frá þeim sérfræðingum sem hafa unnið að útreikningum í sambandi við þetta frv. Þar kemur fram að þeir miða við lánsfjárætlun eins og hún liggur fyrir, þ. e. 1167 millj. fyrir utan eigin fjármögnun. 40% af því eru 467 millj. kr. á næsta ári. Það eru að vísu ekki nema 200 millj. í fjárlagafrv. sjálfu, en gert er ráð fyrir sérstakri fjármögnun í frv. sem var rætt hér fyrr í dag, 200 millj. í sambandi við skuldabréfakaup, og einnig eru í gangi skipulagðar viðræður við bankakerfið, við Seðlabankann og viðskiptabankana, um sérstaka fjármögnun til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Er þar reiknað með fé á bilinu 120—140 millj. kr. og er á þessu stigi nokkuð jákvæður tónn í viðræðunum.

Hv. fyrirspyrjandi spurði einnig í sambandi við lífeyrissjóðina, hvort sú áætlun standist sem um er rætt að þeir kaupi samkv. á næsta ári. Ég get ekki annað sagt en að miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir eftir samningaviðræður við lífeyrissjóðina, sem nýafstaðnar eru milli fjmrn. og félmrn., höfum við fengið fullvissu fyrir því að lífeyrissjóðirnir munu standa við sitt framlag án þess að til þurfi að koma lagaþvingun, þ. e. kaupa fyrir 40% af sína ráðstöfunarfé. Var vandlega gengið frá því á fundi með fulltrúum lífeyrissjóðanna að það verði hægt að ganga út frá því sem staðreynd. Auðvitað treystir maður á sjóðina þegar samningar fara fram í þessa veru.

Þá vil ég geta þess að það eru ekki réttar tölur sem hv. þm. gaf upp um stöðu lífeyrissjóðanna í ár. Byggingarsjóður ríkisins er búinn að fá tæplega 80% af því fjármagni sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun fyrir þetta ár, sem er 321 millj., og upplýsingar eru um að það standi fyrir dyrum frekari skil næstu daga. Hins vegar er aðeins lægra hlutfall hjá Byggingarsjóði verkamanna, en einnig er von til þess að úr því rætist einmitt í þessari viku. Við höfum ekki ástæðu til, þrátt fyrir erfiðleika í þjóðfélaginu, að ætla annað en lífeyrissjóðirnir standi við sitt samkomulag, sem þeir gerðu einnig á því ári sem nú er að líða. Það er vissulega ánægjuefni að það skyldi nást gott samkomulag við lífeyrissjóðina, eins og þeir eru mikilvægir í uppbyggingu þessara mála.

Í sambandi við skyldusparnaðinn get ég tekið undir að það er ákaflega stórt spurningarmerki við það sparnaðarform, hvort það geri meira en að standa undir

þeim mikla kostnaði sem í kringum það er, en þrátt fyrir allt tel ég enga ástæðu til annars en þessi áætlun standist. Það eru gerðar nokkrar breytingar á því formi í frv. Þær gefa möguleika á því að skyldusparnaðurinn standi lengur við í húsnæðiskerfinu en hefur verið til þessa.

Að öðru leyti vil ég segja um ýmsar þessar spurningar, og það tel ég ástæðu til að endurtaka, að ég mun að sjálfsögðu gefa ákveðin fyrirmæli um að allir þeir aðilar sem voru nefndir í framsögu og hafa unnið fyrir nefndina að ýmsum upplýsingum og útreikningum séu til taks við nefndarstörfin og gefi allar þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Næst vil ég geta ræðu hv. 3. þm. Reykv. Tel ég ekki sérstaka ástæðu til að svara miklu sem fram kom hjá honum á þessu stigi máls. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég varð fyrir talsverðum vonbrigðum af þeim miklu fullyrðingum sem komu fram hjá hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við þessi mál. Ég hélt satt að segja að hann sem fyrrv. ráðh. húsnæðismála mundi fagna slíku frv. og öllum atriðum sem til framfara horfa eftir að hafa kynnt sér sjálfur vandamálin. Hins vegar get ég vel skilið að það veldur ergelsi hjá honum að verða allt í einu vitni að því að það sem honum hefur mistekist sem húsnæðisráðherra á undanförnum árum væri hægt að laga verulega á tiltölulega skömmum tíma. Þess vegna ætla ég ekki að fara að munnhöggvast við hv. 3. þm. Reykv. á þessu stigi máls þrátt fyrir stóryrði í minn garð.

Ég vil nefna það, að ég tel að sú útfærsla á félagslegu íbúðakerfi sem lögð er til í þessu frv., 33. gr. þess, byggist á nefndarstörfum sem ég var þátttakandi í og byggist, eins og ég sagði hér fyrr, á mjög ákveðnum óskum um að nauðsynlegt væri að taka upp nýja stefnu við útfærslu á félagslegum aðgerðum í húsnæðismálum. Það var brýn þörf á því. Við megum ekki rígbinda okkur við eitt einstakt kerfi á þessu sviði eins og verkamannabústaði. Ég vil segja það í sambandi við verkamannabústaðina, af því að það hefur verið mikið deilt á að frv. gerir ráð fyrir aðalreglunni 80% láni, að það gleymist í þessum málflutningi að ákveðið er gert ráð fyrir að allir þeir sem eiga við erfiðar fjárhagsaðstæður að stríða og eru með lægri tekjur eigi kost á 90% láni eftir sem áður. Mikilvægt er að það gleymist ekki og rétt sé frá greint. En það er annað sem ég vildi sérstaklega taka fram, sem ég held að hafi verið of lítið rætt á undanförnum árum. Það er það fasta viðmiðunarkerfi sem hefur verið byggt á síðan 1980 í Byggingarsjóði verkamanna, þessi íbúðastaðall sem var innleiddur með reglugerð eftir lagasetninguna 1980. Flestallar verkamannabústaðabyggingar í landinu eru þar með 30—40% dýrari en þær eiga að vera. Þetta er búið að fastsetja. Það kemur m. a. fram í því, að hv. 3. þm. Reykv. slær því föstu og raunar fleiri að íbúðaverð í verkamannabústað fyrir 5—6 manna fjölskyldu sé 2.4 millj. kr. og í staðinn fyrir 240 þús. kr. þurfi kaupandinn samkv. frv. að greiða 480 þús. kr. eða 20%. Þetta er einn megingalli á þessu kerfi, að það hefur verið búið til þarna staðlað form sem gerir að verkum að íbúð í verkamannabústað skal kosta fyrir 2—4 manna fjölskyldu 2.1 millj., fyrir 5—6 manna fjölskyldu 2.4—2.5 millj. og fyrir 7 manna fjölskyldu og stærri 2.8—2.9 millj. Það er staðreynd að allir möguleikar til að bjóða út slíkar byggingar hafa farið mjög úr skorðum. Það er miðað við útreikninga frá tæknideild Húsnæðisstofnunar. Íbúðin skal kosta þetta og ef það er boðið út er útboðið miðað við þessa fjárhæð í viðkomandi byggingu. Það hefur ekki tekist að ná því markmiði að byggðar yrðu ódýrar íbúðir fyrir verkafólk í landinu. Þetta eru dýrustu íbúðir sem til eru á íbúðarmarkaði og endursala gengur víða mjög erfiðlega á þessum íbúðum vegna þeirrar einföldu ástæðu að mat samkv. núgildandi lögum verður of hátt miðað við sambærilegt húsnæði annars staðar. Ég bið menn að taka eftir þessu vegna þess að ég mun fljótlega eftir áramót láta afnema þessa reglugerð og semja aðra nýja. Sveitarfélög sem eru með verkamannabústaði geta þá miðað mat og endursölu á þessum íbúðum við markaðsverðið. Það er að vísu gert ráð fyrir að það sé hægt með því að Byggingarsjóður verkamanna endurgreiði slíkan mismun. Þetta er óeðlilegt og þarf að skapa nýtt viðhorf til þessara mála.

Við höfum staðreyndirnar fyrir framan okkur. Það er hægt að fá íbúð í blokkarbyggingu í Reykjavík sem kostar frá 1300—1800 þúsundir fyrir fjölskyldu af þessari stærð, en það er ekki hægt í verkamannabústöðum vegna þess sem ég áður gat um. Þetta tel ég vera mjög slæmt og hefur bakað mörgu, ekki síst lágtekjufólkinu í landinu, mikla erfiðleika. — Ég veit ný dæmi frá Akranesi. Bæjarstjórnin þar er í vandræðum með að koma út nýjum íbúðum í verkamannabústöðum vegna þess að þær eru 30% dýrari en íbúðir í sambærilegum fjölbýlishúsum á Akranesi. Þetta er alvarlegt mál þegar við erum að ræða um að koma til móts við lágtekjufólkið í landinu með ódýrum íbúðum. Ég vona að það takist að snúa þessari þróun við, en þarna höfum við því miður fastbundið okkur við kerfi sem átti að vera löngu búið að lagfæra.

Það mætti segja margt fleira um þessi mál. Hv. 5. þm. Reykv. flutti hér langa ræðu í tvennu lagi. Væri að sjálfsögðu margt hægt að segja í sambandi við ýmsar þær fullyrðingar sem komu fram. Ég vil segja hv. þm. það, að ég var einn af þeim sem vænti mikils af frv. Magnúsar H. Magnússonar, eins og þeir gjarnan vilja kalla það, sem var stjfrv. á sínum tíma. En ég ætla að benda hv. þm. á að meginstefnan í þessu frv. var aldeilis ekki í takt við það sem Alþfl. leggur aðaláherslu á núna. Eitt af því sem hv. þm. taldi aðalplús við þetta nýja frv. var lenging lánstíma í 31 ár, en hvað var aðalefnið í frv. því sem kennt var við Magnús H. Magnússon 1978—79? Stytting lánstíma í 21 ár úr 26 árum, sem þá var í gildi. Það var nú öll nýbreytnin í því frv. Sem betur fer er þessi stefna löngu úr móð og Alþfl. reynir ekki einu sinni að nefna þetta atriði lengur. Ég vona að það verði aldrei nefnt aftur að fara inn á þá braut að stytta lánstímann því að það gefur algerlega ranga mynd af því sem við viljum gera fyrir það fólk sem við þurfum að gera mögulegt að komast yfir húsnæði.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að lengja þessar umr. Ég vil endurtaka að ekki skal standa á öllum upplýsingum um þessi mál sem ég hefði getað gefið hér í langri ræðu, en ætla ekki að gefa. Einnig á ég hérna framsöguræðu hv. 3. þm. Reykv., sem hann flutti með frv. s. l. vetur, og væri vissulega ástæða til að skoða hana og bera saman við mál hans nú.

En um framtíðina vil ég segja það sem ég nefndi sérstaklega þegar ég flutti framsöguræðu mína. Það er þegar verið að undirbúa áframhaldandi verkefni varð-

andi húsnæðislöggjöfina.

Það á í fyrsta lagi að gera formlega könnun á íbúðaþörf hér á Íslandi a. m. k. næstu 10—15 ár. Þetta er mjög brýnt. Við kynntumst því rækilega á „Norræna byggingardeginum" s. l. sumar, þegar þessi mál voru rædd hér af fulltrúum allra Norðurlandanna, hvað það er gífurlega mikið atriði að við Íslendingar áttum okkur á því hvert við viljum stefna. (Forseti hringir.) — Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu.

Í öðru lagi er ég þegar búinn að fela ákveðnum aðilum úttekt á fasteignamarkaðinum. Það væri hægt að gera skipulagsbreytingu á fasteignamarkaðinum eins og hann er hjá okkur hér á landi. Þarna er vissulega stórt og mikið svið. Það er ekkert leyndarmál að sá sem ég mun fela forustu fyrir þessu er fulltrúi hjá Fasteignamati ríkisins, Stefán Ingólfsson. Ég vænti mikils af því að hægt væri í samvinnu við ýmsa aðila hér, bæði Kaupþing og marga fleiri, að koma skynsamlegri lagfæringu á fasteignamarkað hér á landi, sem er mjög mikil þörf.

Þá vil ég einnig segja frá því hér, að við erum núna að skipuleggja viðræður við bankakerfið á Íslandi um að taka virkari þátt í uppbyggingu húsnæðismála. Þetta er mjög brýnt mál og sýndi sig best þegar við vorum í samningum við bankakerfið s. l. sumar og haust, en þá tókst okkur þó að fá skuldbreytingalán til átta ára.

Einnig er nauðsynlegt, og það kemur inn á það sem hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði áðan, framhald á skipulagningu á Húsnæðisstofnuninni sjálfri og þ. m. t. tæknideild hennar. Við þurfum að taka þessi mál mjög föstum tökum, því að ég er alveg sannfærður um, og ekki síst síðustu dagana, þegar á að fara að afgreiða yfir 3000 viðbótarlán frá Húsnæðisstofnun í gegnum veðdeildina, að þarna erum við með kerfi sem er allt of seinvirkt og allt of lengi að taka við sér til hagsbóta fyrir þá sem eiga að njóta þess.

Herra forseti. Ég vonast til þess, þrátt fyrir tímaskort á Alþingi að hv. félmn. Nd. og félmn. Ed. skoði vandlega hvort ekki sé hægt að afgreiða þetta mál fyrir jól. Svo oft hefur verið tíunduð hér þörfin á því að koma ýmsum umbótum fram til hagsbóta fyrir húsbyggjendur í landinu að ég vona að það takist. — [Fundarhlé.]

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Fyrir helgi lagði ég nokkrar spurningar fyrir hæstv. félmrh. varðandi það frv. sem hér er til umr. Hann hefur hér í umr. í dag svarað flestum af þeim spurningum og fyrir það vil ég þakka.

Ég tel þó að eftir svör ráðh. standi sú gagnrýni sem ég setti fram fyrir helgi óhögguð, en hún byggðist á því að fjárhagsgrundvöllur þessa frv. væri í mesta ólestri. Og raunar tel ég að hæstv. ráðh. hafi staðfest í svörum sínum hér fyrr í dag ábendingar mínar um einstakar greinar þessa frv. og um fjárhagsgrundvöll þess, að þetta frv. standi á mjög ótraustum fótum fjárhagslega séð.

Það var athyglisvert að beinlínis kom fram í máli hæstv. ráðh. að húsnæðissamvinnufélögin geta ekki átt von á því á næsta ári að fá fjármagn til að hefja sínar framkvæmdir. Hann sagði reyndar orðrétt að þau geti alls ekki komist af stað á næsta ári nema að mjög óverulegu leyti. Þetta er nauðsynlegt að fá fram hjá hæstv. ráðh. vegna þess að eins og þm. vita eru margir sem hafa gerst félagar í þessum húsnæðissamvinnufélögum í trausti þess að geta fljótlega fengið íbúðir á viðráðanlegu verði. Í einu húsnæðissamvinnufélagi eru nú þegar um 2000 manns sem bíða eftir að fá fyrirgreiðslu. Auðvitað ber að harma að ekki sé hægt að veita fjármagn á næsta ári til þessara húsnæðissamvinnufélaga en ég vil treysta því að hæstv. ráðh. geri það sem í hans valdi stendur til að hægt sé að veita einhverju fjármagni í þessi húsnæðissamvinnufélög þó ég geti ekki séð miðað við þær tölur sem við höfum í fjárlagafrv. og sem fram koma í lánsfjáráætlun að við það sé hægt að standa.

Hæstv. ráðh. taldi það ekki rétt sem ég hefði sett hér fram að 530 nýjar umsóknir lægju fyrir varðandi Byggingarsjóð verkamanna. Taldi hann, ef ég skildi mál hans rétt, að þær væru ekki nema 330. Þær upplýsingar sem ég hef eru að þetta séu 530 íbúðir. 44 sveitarfélög nefndi ráðh. Ég er hér líka með upplýsingar um 44 sveitarfélög eða samtals 530 íbúðir. Nú veit ég ekki hvort hæstv. ráðh. sleppir Reykjavík sem er með 200 íbúðir en ég tel að taka verði Reykjavík þarna með inn í myndina þegar við metum þörfina fyrir íbúðir sem kostaðar eru úr Byggingarsjóði verkamanna á næsta ári. Þessi listi sem ég hef er yfir umsóknir sem voru komnar fyrir 1. ágúst 1983. Það eru 530 íbúðir, ekki 330 eins og ráðh. hefur hér sagt.

Raunar var athyglisvert að hæstv. ráðh. mótmælti því ekki einu orði í sínu máli fyrr í dag að ekki væri hægt — eins og ég setti fram og reyndar hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson — að veita lán úr Byggingarsjóði verkamanna til einnar einustu af þessum umsóknum sem liggja fyrir. Einungis væri hægt að sinna umsóknum sem fram hefðu komið fyrr á árinu, en ekki væri hægt að sinna einni einustu þeirra umsókna sem liggja fyrir. Hæstv. ráðh. lét því ómótmælt og það verður að túlka sem svo að það sem ég setti fram í mínu máli standi, að ekki sé hægt — miðað við svipaðar áætlanir sem liggja fyrir fjárhagslega — að leggja fjármagn í eina einustu nýja íbúð sem fjármagnaðar eru úr Byggingarsjóði verkamanna.

Ég get ekki séð annað en að gagnrýni mín um fjármögnun bæði varðandi húsnæðissamvinnufélögin og eins varðandi þessar nýju umsóknir standi óhögguð.

Varðandi 2. tölul. í 9. gr. frv. taldi ég í mínu máli að ekki væri staðið við það ákvæði í frv. Þar er talað um að veita eigi 40% sem framlag úr ríkissjóði skv. fjárlögum. Ég tel raunar að hæstv. félmrh. hafi viðurkennt í sínu máli í dag að við ákvæði 9. gr. 2. tölul. væri ekki staðið miðað við þá fjármögnun sem fyrirhuguð er. Hæstv. ráðh. sagði að það væru að vísu ekki nema 200 millj. í fjárlagafrv. sjálfu, en í ákvæðum 9. gr. segi að leggja eigi til á fjárlögum 40% af útlánaáætlun sjóðsins.

Hann sagði að vísu að til viðbótar væri gert ráð fyrir sérstakri skuldabréfasölu, en hæstv. félmrh. veit eins og aðrir þm. hér inni og eins og hæstv. fjmrh. hefur bent á hér í umr. að mikil óvissa ríkir með sölu á þessum skuldabréfum. Hann hefur reyndar sagt að seljist ekki þessi skuldabréf sjái hann ekki hvar afla eigi þessara 200 millj. sem til viðbótar þarf.

Hæstv. ráðh. benti á að lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins væru að upphæð 1167 millj. kr. Ég hélt því fram í mínu máli að ráð væri fyrir gert að þær væru um 1402 millj. og hafði ég þær upplýsingar skv. áætlun frá Húsnæðisstofnun dags. 30. sept. 1983 að um væri að ræða lán á árinu 1984 upp á 1402 millj., en fram kemur í

fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1167 millj. Ráðh. sagði enn fremur í dag að gert væri ráð fyrir sama byggingarmagni 1984 og er 1983 eða um 1700—1800 íbúðum og um 1000 nýbyggingum. Skv. þeirri áætlun sem ég byggi á og er upp á 1402 millj. er gert ráð fyrir nýbyggingum eða frumlánum upp á 1050 íbúðir og er það svipuð tala sem ráðh. talar um þegar hann talar um 1000 íbúðir. Því tel ég að ef rétt er sem fram kemur í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að einungis eigi að veita úr Byggingarsjóði ríkisins 1167 millj. sé annaðhvort um að ræða niðurskurð, þ. e. að færri íbúðir verði byggðar en þessar 1000 á næsta ári, eða að húsnæðismálastjórn sé ætlað að fjármagna þetta — ég veit ekki á hvern hátt, t. d. með yfirdrætti úr Seðlabankanum, þ. e. ef meiningin er að standa við það að hægt sé að byggja 1000 nýjar íbúðir á næsta ári.

Ég fæ því ekki séð annað, hæstv. ráðh., ef gert er ráð fyrir að veitt verði frumlán til þúsund nýrra íbúða og sú áætlun eigi að standast þá vanti 360 millj. í fjárlögin í Byggingarsjóð ríkisins skv. 9. gr. 2. tölul. og einungis komi á fjárlögum 14% í stað 40% eins og ákvæði 9. gr. 2. tölul. gerir ráð fyrir. Ég fæ ekki séð að þessar 1167 millj. geti staðið undir því að hægt sé að veita til 1000 nýrra nýbyggingarlána á næsta ári.

Ráðh. taldi að ég hefði ekki farið með rétt mál hér fyrir helgi þegar ég sagði að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna hefðu það sem af væri árinu aðeins verið um 60%. Ég talaði um að þetta væru 60% frá jan. til októberloka. Það má vel vera að sé miðað við síðustu dagana í desembermánuði séu þetta um 80%, en ég tel að þær tölur sem ég setti fram hér fyrir helgi og voru miðaðar við októberlok og þá um 60% standi miðað við þann tíma. Og er það vel, ef skuldabréfakaupin eru nú komin upp í 80%.

Eins tel ég að ráðh. hafi staðfest það sem ég sagði hér varðandi skyldusparnaðinn. Ég sagði að það stefndi í að hann yrði neikvæður um áramótin og skv. þeim upplýsingum sem ég hefði þá væri einungis um að ræða að 3 millj. hefðu komið inn skv. skyldusparnaði en ekki um 40 millj. eins og ráð var fyrir gert á næsta ári. Ráðh. talaði einmitt um það í máli sínu hér í dag að um stórt spurningarmerki væri að ræða varðandi skyldusparnað inn. Því tel ég að þar sé byggt á mjög ótraustum grunni þegar gert er ráð fyrir að 45 millj. komi af skyldusparnaði í byggingarsjóðina á næsta ári.

Ég lagði líka fram eina spurningu fyrir ráðh. sem hann svaraði reyndar ekki í dag. Ég veit ekki hvort hann hefur ekki haft handbærar þær upplýsingar en ég geri þá ráð fyrir að hann muni reyna að afla þeirra þannig að það flýti fyrir afgreiðslu málsins í n. Skv. frv. er gert ráð fyrir að í verkamannabústöðunum þurfi fólkið sem þar fær íbúðir að fjármagna 20% sjálft í stað 10% áður. Hér er sennilega um 150—200 þús. kr. mismun að ræða. Ég taldi nauðsynlegt að við fengjum hér fram hvað megi vænta að greiðslubyrðin fyrir þetta fólk af þessum lánum yrði mikil því gera verður ráð fyrir að þetta fólk hafi ekki handbært það fé sem þarf að leggja fram í þessar íbúðir og það þurfi þá að leita í bankakerfið. Það segir sig sjálft að fólk með kannske 11—15 þús. kr. tekjur getur varla staðið undir þeirri greiðslubyrði sem gera má ráð fyrir ef það þarf að standa undir að fjármagna 20% af þessum íbúðum sjálft. Ég legg því mikla áherslu á að þessar upplýsingar komi fram í n.

Eins svaraði ráðh. ekki þeirri spurningu sem ég beindi til hans þegar ég talaði um að á undanförnum árum og eins með þessu frv. og með lánsfjáráætlun væri við það miðað að stór hluti af fjárþörfinni væri fenginn með lántökum. Ég tel að svo stór hluti sé fenginn með lántökum í byggingarsjóði að það hljóti að stefna í greiðsluþrot hjá þessum sjóðum. Ég taldi að ráðh. gæti einnig flýtt fyrir störfum í n. ef hann gerði ráðstafanir til að láta Þjóðhagsstofnun reikna út hvað sjóðirnir gætu lengi staðið undir þessari og svipuðum lántökum eins og átt hafa sér stað á undanförnum árum.

Herra forseti. Ég skal ekki verða til að tefja að þetta frv. komist til n. Ég vil þó segja að hæstv. ráðh. kom inn á frv. Magnúsar H. Magnússonar og gagnrýndi að það hefði haft að geyma styttri lánstíma en þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er að vísu rétt að lánstíminn sem ráð var fyrir gert í því frv. var styttri en hér er gert ráð fyrir. En við verðum þá að vega og meta hvort betra er fyrir húsbyggjendur og íbúðarkaupendur að fá lengri lánstíma og þá lægra lánshlutfall. Ég tel að lengri tíma taki að byggja upp sjóði með því að lánstíminn sé lengdur og því taki það lengri tíma að ná 80% lánshlutfallinu. Og ég tel að meira máli skipti fyrir fólkið að fá hærra lánshlutfall eins og gert var ráð fyrir í frv. Magnúsar H. Magnússonar en lengri lánstíma t. d. 6 ár eins og hér er gert ráð fyrir. En skv. frv. Magnúsar H. Magnússonar hefði lánshlutfallið nú verið komið í 50% af staðalíbúð en þetta frv. gerir aðeins ráð fyrir tæplega 30%.

Ég vil aftur ítreka þá gagnrýni sem ég setti fram í mínu máli fyrir helgina varðandi vextina. Ég tel ófært að við fáum enga vitneskju um það um leið og þetta frv. er afgreitt hver eigi að verða greiðslukjörin og þar með greiðslubyrði fólksins. Þetta er algjörlega sett í hendur framkvæmdavaldsins en Alþingi á ekkert að hafa með það mál að gera. Það vil ég leyfa mér að gagnrýna.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta lengur. Ég legg áherslu á að ég og minn flokkur munum gera eins og hægt er til að hægt sé að afgreiða þetta mál fyrir jólahlé. Það er að vísu mjög stuttur tími sem lifir eftir fram til jóla. Því tel ég að haga verði málum þannig að félmn. beggja deilda starfi saman til að hægt sé að vinna þetta mál hratt. Þetta er viðamikið frv. upp á 80 greinar. Ég tel vel koma til greina eins og komið hefur fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar að n. skoði frv. með þeim augum að taka út þau ákvæði sem skipti máli upp á að gildistaka eigi sér stað nú um áramótin, en okkur gefist þá lengri tími til að skoða þetta mál eftir áramótin, þ. e. þau ákvæði sem ekki skipta þá máli að taki gildi um þessi áramót.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Um þetta mál hófust umr. hér á fimmtudaginn og þá komust að fulltrúar þriggja flokka. Síðan hefur hæstv. félmrh. stigið í ræðustólinn aftur og gert ýmsar aths. Vakið hefur nokkra athygli að talsmenn þess flokks sem lofaði 80% lánunum í vor hafa ekki oft talað í þessari umr. Hv. 2. þm. Reykn., sem var nú kannske kosinn út á það að hann ætlaði að hækka lánin í 80%, hefur ekki látið svo lítið að yrða á þingheim í tilefni af þessu máli. Hv. formaður félmn., sem á nú fyrir höndum það mikla verkefni að ljúka því að koma þessu frv. í gegn fyrir hátíðarnar, hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., hefur ekkert haft um húsnæðismál að segja. Samt var forveri hans einn aðaláhugamaður um það að hækka

húsnæðislánin í 80% fyrir kosningar og skrifaði um það mjög ítarlegar greinar í Morgunblaðið að það væri algert höfuðatriði, og það yrði gert strax og ríkisstj. með Sjálfstfl. heilan innanborðs tæki við. Núv. formaður Sjálfstfl. ætlar ekki að feta í fótspor fyrirrennara síns að þessu leyti. Hann ætlar ekki einu sinni að tala um húsnæðismál, og á hann þó að fjalla um þetta mikla frv. sem hér er á dagskrá. Er það satt að segja nokkuð athyglisvert að Sjálfstfl., stærsti flokkur landsins enn þá, skuli ætla hæstv. félmrh. Alexander Stefánssyni forræði sitt í húsnæðismálum. Það má vera nokkuð fróðlegt fyrir Reykvíkinga t. d. og þá sem búa hér á suðvesturhorninu að þannig skuli vera komið fyrir Sjálfstfl., sem forðum lagði mikla áherslu á þennan málaflokk, og hæstv. forseti Sþ. Þorvaldur Garðar Kristjánsson hefur sett á lengri og ítarlegri ræður um þetta mál en nokkur annar maður í samanlagðri þingsögunni trúi ég, og blöskrar honum þá væntanlega ekki þó að ég þurfi að hreyfa hérna fáeinum aths. eftir það sem varpað hefur verið í orði á mig í sambandi við húsnæðismál í seinni tíð.

En það er fróðlegt að þm. Sjálfstfl. skuli ekki hafa neina skoðun lengur á húsnæðismálum, þeir skuli fela sig undir faldi Alexanders Stefánssonar hæstv. ráðh. Það er nokkuð fróðlegt mál, þætti nokkuð athyglisvert á Snæfellsnesi a. m. k. og sjálfsagt þótt víðar væri leitað.

Hv. 5. þm. Reykv. heldur hér enn þá sömu ræðuna og hann hélt um ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Hann er enn þá að skamma mig fyrir að hafa rústað húsnæðislánakerfið og þá ríkisstj. yfirleitt fyrir það að hún hafi verið hin versta stjórn á öllum sviðum, magnað verðbólguna og valdið hér gífurlegum vandræðum í þjóðfélaginu á öllum sviðum. Ég held að að öllu samanlögðu þá sé varla nokkur maður í þessum sal sem er eins upptekinn enn í dag af þeirri ágætu ríkisstjórn og hv. 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson. Honum er auðvitað vorkunn. Honum gengur illa að átta sig á því að hann á að vera í andstöðu við núv. ríkisstj. Út á það ganga flokkssamþykktirnar hjá honum núna, þó að þeim gengi illa krötunum að átta sig á þeim hlutum fyrst eftir að stjórnin var mynduð. Þess vegna reynir hann að finna sér sína stjórnarandstöðu og hún er enn þá við þá ríkisstjórn sem kvaddi hér í vor, 26. maí s. l. þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson fer yfirleitt með nokkuð sérkennilega hluti hér í þessum ræðustól og ég hef haft þann sið á þessum vetri að svara þeim ekki. Ég hef ekki talið ástæðu til þess. En ég ætla að gera tilraun til að leiðrétta nokkrar missagnir hér í þessari ræðu minni.

Það er í fyrsta lagi það sem hann heldur fram að meginástæða neyðarástandsins í húsnæðismálum sé sú að fráfarandi ríkisstj. flutti tekjustofna úr Byggingarsjóði ríkisins yfir til Byggingarsjóðs verkamanna. Ég skil það út af fyrir sig vel að menn skuli hafa verið hikandi við það á sínum tíma að flytja tekjustofna úr Byggingarsjóði ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna. En staðreyndin var sú að þarna átti enginn maður sem vildi standa sómasamlega að hlutunum í rauninni nokkurt val. Það hafði verið gefið fyrirheit um það árið 1974 í kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og ríkisstj. að þriðjungur íbúðabygginga í landinu skyldi vera á félagslegum grundvelli. Og verkalýðshreyfingin samþykkti að taka í því skyni 1% launaskatt. Þessi skattur var strax lagður á og það var einnig samþykkt af hálfu verkalýðshreyfingarinnar á þessum tíma að verja 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ, eins og það var orðað, til kaupa á skuldabréfum húsnæðislánakerfisins. Þetta var gert. Hins vegar stóð á því að ríkisstj. sinnti þessu loforði sem gefið hafði verið ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar. Hún sveik það í fjögur ár. Hún kom ekki nálægt þessu atriði og svelti verkamannabústaðakerfið og sinnti aldrei skyldum sínum í því efni.

Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, sem tók við 1980, átti í raun og veru engan annan kost en þann að leggja áherslu á að standa við þetta loforð og stórfellda eflingu verkamannabústaðakerfisins. Og með því var hún líka að raða verkefnunum í forgangsröð. Hún taldi að það fólk sem þyrfti á íbúðum að halda í félagslega íbúðabyggingakerfinu þyrfti að fá alveg sérstaka þjónustu, eða mér liggur við að segja vernd gagnvart þeirri raunvaxtastefnu og verðtryggingarlínu sem þá hafði tekið völdin svo að segja í þjóðfélaginu.

Þetta var meginástæðan til þess að ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens kaus að standa við fyrirheitið við verkalýðshreyfinguna. Og ég tel að það hafi verið skynsamlegt af ríkisstj. að gera svo. Þá er það spurningin: Var það þessi áhersla á verkamannabústaðakerfið sem gerði út af við hag hins almenna húsbyggjanda, lagði hag hans í rúst, eyðilagði hið almenna húsnæðislánakerfi — eins og hefur verið fullyrt aftur og aftur og aftur af hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, örugglega vegna þess að hann veit ekki betur?

Staðreyndin er hins vegar sú að þrátt fyrir það að 1% launaskattur hafi verið fluttur yfir til verkamannabústaðakerfisins var um það að ræða að Byggingarsjóður ríkisins fékk framlög úr ríkissjóði sem voru margfölduð að raungildi, tvöfölduð að raungildi á árinu 1982, ef ég man rétt. Þetta hafði áhrif á stöðu þess sjóðs. En við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson segi ég í fullri vinsemd áður en hann endurtekur það að lánshlutfall hafi farið lækkandi: Lestu töflur um lánshlutfall húsnæðismálastjórnar á liðnum árum og þá muntu komast að því að lánshlutföll í almenna húsnæðislánakerfinu héldust óbreytt á liðnum árum þrátt fyrir meira en sexföldun að raungildi í verkamannabústaðakerfinu.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og fleiri Alþfl.-menn mikla sig gjarnan af frv. Magnúsar H. Magnússonar sem þeir kalla svo. Staðreyndin var sú að verkamannabústaðakerfið hafði ekki í því frv. þá tekjustofna sem það hafði í lögunum eins og þau urðu að lokum. Og þegar menn eru að tala um að það hefði átt að leggja meira fé í almenna kerfið þá verða þeir að segja hvaðan átti að taka það fé. Vildu menn taka það úr verkamannabústaðakerfinu eða vildu menn taka skatta með öðrum hætti í þetta kerfi? Það er auðvitað útilokað fyrir stjórnmálamenn að haga sér þannig að þeir geti leyst allra manna vanda án þess að það kosti nokkurn skapaðan hlut, eins og hendir hæstv. núv. félmrh. yfirleitt alltaf þegar hann tekur til máls um húsnæðismál. Það er útilokað að setja hlutina þannig upp. Vandi húsbyggjenda eða annarra verður ekki leystur nema með því að menn þori að afla til þess tekna. Og til þess eru stjórnmálamenn að hafa kjark til að ná í þessa fjármuni sem þarf þegar mikið liggur við.

Nei, spurningin er ekki um það, hvort menn vildu

auka tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins, heldur er spurningin um það hvaðan vildu menn taka þá tekjustofna. Vildu menn skerða verkamannabústaðakerfið? Sá sem segist vilja efla almenna húsnæðislánakerfið hann er í rauninni að heimta það að 1% launaskatturinn sé fluttur aftur úr verkamannabústaðakerfinu yfir í almenna kerfið. Því það var sú stefnubreyting, það var sú áhersla sem fráfarandi ríkisstj. hafði í húsnæðismálum.

Mín skoðun varðandi húsnæðismálin var fyrst og fremst sú að það væri höfuðáhersluatriði að hækka húsnæðislánin. Það hversu langur lánstíminn væri, væri minna atriði en lánshlutfallið sjálft. Ég tel að lánshlutfallið sé þarna alveg afgerandi höfuðatriði. Mér finnst hins vegar að núv. hæstv. félmrh. lofi mönnum gjarnan lengdum lánum, nefni lengri lán og jafnvel líka hærra lánshlutfall eins og í húsnæðissamvinnufélögin, án þess að það sé í raun og veru nokkur króna til til að efna þessi fyrirheit.

Í ræðu minni hér s. l. fimmtudag fór ég nokkuð yfir þessi mál. Ég gerði það í fræðilegar stuttri ræðu, miðað við þau tilefni sem liggja fyrir mér í þessu efni. Í ræðu hæstv. félmrh. hér áðan kom það hins vegar fram að hann kaus að svara ekki fjölmörgum þeirra spurninga sem ég bar fyrir hann. Hann kaus að svara þeim ekki, láta þær eiga sig, sem vind um eyru þjóta. Ég kann því illa þegar þm. bera fram spurningar af heiðarleika með málefnalegum hætti, að ráðh. skuli þá ekki einu sinni bera sig til við að svara þeim eins og hæstv. félmrh. hér áðan. Grundvallargagnrýni mín á frv. eins og það liggur hér fyrir er auðvitað aðfinnsla að verkamannabústaðakerfinu. 400 millj. kr. á það að hafa á næsta ári. 700 millj. þyrfti það að óbreyttu til að standa við þær skuldbindingar sem húsnæðismálastjórn núna gerir ráð fyrir. Það vantar 300 millj. kr. Ég spurði hæstv. félmrh. og ég spyr hann enn: Hvar á að taka þessa peninga? Hvar á að skera niður? Ég óska eftir skýrum svörum við því hvar félmrh. hæstv. ætlar að skera niður áætlun Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1984.

Samkvæmt áætlun húsnæðismálastjórnar þarf 400 millj. kr. til að standa við þá samninga eina sem gerðir hafa verið til þessa um nýbyggingar. Þá er ekki eftir ein einasta króna í endursöluíbúðir. Það er ekki eftir ein einasta króna í nýbyggingar verkamannabústaða. Og samt ætlar ráðh. að láta sjóðinn taka á sig stóraukin verkefni með húsnæðissamvinnufélögum og með fjármögnun á endursölu leiguíbúðanna eins og ég gat um í ræðu minni hér á dögunum. Hér er m. ö. o. gert ráð fyrir því að skera sjóðinn niður um 300 millj. Hér er gert ráð fyrir því að tvöfalda framlög eigendanna. En hér er líka gert ráð fyrir því að stórauka verkefni sjóðsins: Þetta gengur ekki upp. Hæstv. ráðh. kemst auðvitað ekki hjá því að svara efnislegum spurningum af þessum toga. Ég legg á það áherslu og minn flokkur að þetta mál fái hér afgreiðslu og þau atriði í þessu máli sem mestu skipta verði afgreidd núna fyrir jól. En ég bendi á að það að neita að svara efnislegum spurningum, eins og hæstv. félmrh. virðist ætla að gera, það greiðir ekki götu málsins. Og þó hér sé um að ræða svör sem fyrir hann kunna að vera óþægileg á þessari stundu þá er honum skylt að gefa þau upp. Og það verður gengið eftir því að hann gefi þessi svör þangað til þau liggja fyrir.

Hæstv. félmrh. flutti hér nokkuð sérkennilegt erindi um staðalíbúðir sem væru í raun og veru upphaf og endir alls hins illa í þessum húsnæðismálum. Þessar staðalíbúðir eru ekkert annað en reikningsleg viðmiðun sem fengin er með ákveðnum hætti sem hæstv. ráðh. þekkir mjög vel. Og það er auðvitað ekkert einfaldara fyrir félmrh. en að ákveða það að viðmiðunin verði einhver önnur en þarna er um að ræða t. d. vísitöluíbúð. Fyrir mitt leyti skiptir það í raun og veru engu máli. Aðalatriðið er að um sé að ræða viðurkenndan kvarða í þessu efni, viðurkenndan kvarða sem menn sætta sig við að nota þegar þeir eru að ræða um húsnæðiskostnað og þegar verið er að áætla húsnæðiskostnað m. a. í verkamannabústaðakerfinu. Það er auðvitað út í hött að ætla sér að kenna reglugerðinni um staðalíbúð um einhver vandamál í þessu efni, eins og mér fannst hæstv. félmrh. reyna að gera hér áðan.

Ég vil ítreka við hæstv. ráðh.: Er það ekki rétt skilið hjá mér að leiguíbúðirnar samkvæmt lögunum um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga eigi að fara undir hin nýju húsnæðislög og félagslega íbúðarbyggingarkerfið? Er það ekki rétt skilið hjá mér? Það eru nokkur hundruð íbúðir sem félmrh. er þá að bæta inn í félagslega húsnæðislánakerfið, sennilega einar 6—800 íbúðir. Hefur ríkisstj. samþykkt það að þessar íbúðir séu teknar þarna inn? Hafa þingflokkar stjórnarliðsins tekið eftir því að þessar íbúðir eru teknar inn, leigusöluíbúðir sveitarfélaganna samkv. lögum nr. 38/1976? Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. svari þessari spurningu áður en þessari umr. lýkur.

Ég vil óska eftir því í öðru lagi að hann svari því hvað það er sem hann ætlar að skera niður af verkamannabústöðunum á næsta ári. Og ég vil bæta því við: Er það rétt skilið hjá mér að í þessari áætlun sem hann er með í höndunum fyrir verkamannabústaðina 1984 sé ekki ein einasta íbúð í Reykjavík, eins og hv. 2. landsk. þm. spurði hann að hér áðan? Er það tilfellið að það sé ekki gert ráð fyrir neinum nýjum verkamannabústöðum í Reykjavík á árinu 1984? Verkamannabústaðirnir í Reykjavík hafa fengið úthlutað lóðum á tveimur stöðum hér í borginni fyrir tugi íbúða. Þar er um að ræða lóðir á Ártúnsholti og lóðir í Selási. Mér er kunnugt um að forsvarsmenn verkamannabústaðanna í Reykjavík hafa gert ráð fyrir því að geta haldið framkvæmdum áfram á næsta ári. Ég vil spyrja að því alveg skýrt og hiklaust: Er ætlunin að stöðva lánveitingar til verkamannabústaðanna í Reykjavík sérstaklega?

Hafa þeir sem tengst hafa borgarstjórn Reykjavíkur, eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, áttað sig á því að menn eru hér með blöð að kvotlast á milli handanna þar sem gert er ráð fyrir að ekkert verði veitt til verkamannabústaða í Reykjavík á árinu 1984? Ég bið hv. þm. Reykjavíkur um að kanna þetta mál. Það er nú kannske tími til kominn að hv. þm. Reykjavíkur fái að hittast eins og einu sinni, þó ekki væri nema í tengslum við fjárlögin. Núv. hv. 1. þm. Reykv. hefur ekki látið svo lítið að kalla þm. Reykjavíkurkjördæmis saman í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Verður minnst á það við betra tækifæri hér síðar. En það er í fyrsta sinn í sögunni að þm. Reykjavíkur hafa ekki verið kallaðir saman í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna. Það gerist núna haustið 1983 þegar Albert Guðmundsson fyrrv. borgarfulltrúi og forseti borgarstjórnar er fjmrh. í þessu landi.

Ég held að þetta mál þurfi að athuga mjög vandlega,

hvort hér er beinlínis verið að rústa verkamannabústaðina í Reykjavík alveg sérstaklega. Það verður gengið eftir því hér í umr. næstu daga. Og ég vil fá upplýsingar um það núna strax í 1. umr. hvort gert er ráð fyrir því að verkamannabústaðirnir í Reykjavík séu með í þessu 1984 og hversu miklu er gert ráð fyrir, ef það er á annað borð eitthvað, í þessum töflum ráðh., sem ég held að sé ekki.

Ég vil enn fremur endurtaka þá spurningu sem ég bar fram hér á dögunum: Hvar á að taka 260 millj. kr. hækkunina á framlagi til húsnæðislánakerfisins 1984 samkv. 9. gr. frv.? Í frv. stendur skýrum stöfum að þetta eigi að vera framlag. Svo þegar hæstv. ráðh. er að tala hér, þá er hann að tala um einhver ný lánsform. Er það þá þannig að ríkissjóður eigi að taka þessi lán og síðan muni hann greiða Byggingarsjóði ríkisins þetta fé sem framlag? Ef það er svo á það auðvitað að standa í fjárlagafrv.: Byggingarsjóður ríkisins 460 millj. kr. Og þessar 200 millj., sem á að taka inn í sérstökum sparnaði, eiga að koma annars staðar inn í fjárlagafrv. og koma Byggingarsjóði ríkisins í rauninni ekkert við sem bókhaldsatriði. Eða er hæstv. félmrh. að blekkja Alþingi? Ætlar hann ekkert að ná í þessar 260 millj.? Eða ætlar hann að bíða eftir því fram í nóvember 1984 að hæstv. fjmrh. veiti aukafjárveitingu til að bjarga í horn þeim mönnum sem hafa flutt hér háværust loforð til húsbyggjenda og lántakenda í landinu? Hvar eru þessir peningar? Hv. Alþingi hlýtur að gera kröfu til þess að hæstv. félmrh. upplýsi nákvæmlega hvar þeir eru. Hér liggja nú fyrir till. frá meiri hl. fjvn. um breytingar á fjárlögunum fyrir árið 1984. Það er hvergi minnst á Byggingarsjóð ríkisins að best verður séð þar. Er ekki meiningin að standa við þetta? Ef þetta frv. verður að lögum núna fyrir hátíðar, er það þá markleysa? Ef það er ekki markleysa þá á að hækka töluna í fjárlögunum. Ég skora á hæstv. félmrh. að gera grein fyrir því hvernig hann ætlar sér að standa við það sem hér er skráð á blað í þessu frv.

Fyrir utan þær spurningar sem ég hef hér nefnt og varða fjármögnun þessa frv. þá lagði ég fram margar tæknilegar spurningar til hæstv. félmrh. Ég tel að margt í þessu frv. sé mjög til bóta, það séu margar lagfæringar í því sem eigi rétt á sér, og ríflega það. Og ég tel að það eigi að vera auðvelt fyrir þingið að afgreiða ýmsar þær lagfæringar á skömmum tíma, vegna þess að þingið hefur áður haft þetta mál til meðferðar. Ég skal ekki draga neitt af mér í þeim efnum. En ég vil endurtaka nokkrar spurningar varðandi hin tæknilegu atriði frá þeirri umr. sem fór fram hér á dögunum vegna þess að ég vil fá að vita, áður en málið fer í nefnd, vegna hvers hlutirnir eru með þeim hætti sem í frv. eru.

Ég spurði t. d. hæstv. félmrh. hvaða rök væru fyrir því að fella út úr 11. gr. áhersluna sem var þar í frv. í fyrra á byggingarsamvinnufélögin. Ég vil einnig ítreka þá spurningu, sem ég lagði fyrir hann hér á dögunum, hvort honum hefði ekki komið til hugar að setja niður hóp manna eða fá til þess sérfræðinga að semja till. að reglugerð eða reglum um hlutdeildaríbúðir skv. 15. gr. frv. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að 15. gr., um hlutdeildaríbúðir og möguleika fólks á sölu skuldabréfa til að fjármagna íbúðir, sé eitt merkasta ákvæði þessa frv. Og ég held að það væri mjög nauðsynlegt, það er ekki sagt af neinni áreitni, ég held að það væri mjög nauðsynlegt að hæstv. ríkisstj. reyndi að skýra þessa mynd aðeins betur, vegna þess að þarna er farið inn á nýtt svið varðandi eignarhald á íbúðum, svið sem aldrei hefur verið farið inn á hér á landi áður.

Þá spurði ég hæstv. félmrh. nokkurra spurninga í sambandi við vextina, og ég tek undir þær spurningar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti í þeim efnum: Hvað eiga vextir Byggingarsjóðs ríkisins að vera háir skv. hugmyndum ríkisstj.? Það hlýtur að liggja fyrir. Ég spurði: Hvernig stendur á því að felldar eru niður takmarkanir á vöxtum til einstaklinga með sérþarfir og af lánum til takmörkunar á heilsuspillandi húsnæði? Hvernig stendur á því að takmarkanir á vöxtum á þessa tvo lánaflokka eru felldar niður, en þær voru inni í frv. síðustu ríkisstj.?

Ég sagði það hér á síðasta fundi, herra forseti, að mér þætti það ekki undarlegt þó núv. ríkisstj. hafi flutt hér frv. um að fella niður úr lögum vaxtaprósentu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna úr því að fyrrv. ríkisstj. skildi eftir sig í raun og veru slíkt frv. Mér þótti það ekki undarlegt og kom það ekki á óvart. En ég minnti á það í umr. hér á dögunum að þm. Sjálfstfl. fluttu við meðferð húsnæðisfrv. á síðasta þingi till. um að setja vaxtahámark hjá Byggingarsjóði verkamanna. Og ég spurði hæstv. félmrh. að því hvort hann væri tilbúinn til þess að greiða fyrir því að ná samkomulagi um slíkt vaxtahámark hjá Byggingarsjóði verkamanna, þó svo að það yrði á valdi ríkisstj. hvaða vextir verða á lánum Byggingarsjóðs ríkisins á hverjum tíma.

Ég get auðvitað sem stjórnarandstæðingur ekki gert neina kröfu um þetta mál, dettur það ekki í hug. Og hæstv. félmrh. getur auðveldlega bent á það að fyrrv. ríkisstj. hafi lagt til að þessar takmarkanir væru allar felldar niður. Það er einfalt mál. En ég spurði: Er hann tilbúinn til að greiða fyrir því að samkomulag náist um þessa takmörkun, því ég teldi að hún væri að mörgu leyti heppileg. Mér sýnist að raunvextir eða vextir ofan á verðtryggingu ofan á lánskjaravísitölu vaði núna upp úr öllu valdi, satt að segja, hér í okkar þjóðfélagi og mér þætti það betra ef við gætum gengið frá frv. af þessu tagi þannig að við settum þarna einhverja takmörkun á lánin úr Byggingarsjóði verkamanna.

Ég spurði hæstv. félmrh. einnig nokkuð út í skyldusparnaðarkerfið. Hvernig á því stæði að það hefðu verið felldar út hugmyndir um nokkru strangara aðhald að skyldusparnaðinum en verið hefur. Ég spurði líka hvernig á því stæði að horfið hefði verið frá því að póstgíróið innheimti skyldusparnaðinn. Ég held að það væri skárra fyrirkomulag að hafa það svo að póstgíróið innheimti skyldusparnaðinn. Póstgíróið mun hins vegar hafa verið tregt til samninga um þetta og það þekki ég reyndar. En ég held að við séum komin í ógöngur með skyldusparnaðinn og þess vegna hreyfði ég þeirri hugmynd, persónulegri hugmynd minni, hér á síðasta fundi að skyldusparnaðarprósentan verði lækkuð en undanþágunum um leið fækkað eða skyldusparnaðarprósentan verði óbreytt frá því sem nú er og undanþágurnar nái aðeins til u. þ. b. helmings skyldusparnaðarins.

Ég held að skyldusparnaðarkerfið, eins og það er núna, dugi ekki Húsnæðisstofnuninni eða Byggingarsjóði ríkisins sem skyldi. Það er dýrt í framkvæmd og ég held að við verðum að reyna að láta okkur detta eitthvað nýtt í hug til að laga þetta kerfi. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort eitthvað slíkt kæmi ekki til álita. Ég held að þetta kerfi hafi gert mikið gagn og það eigi

ekki að fella það niður, heldur eigi að reyna að viðhalda því í bættu formi. Núv. form skyldusparnaðarkerfisins er hins vegar þannig, að það er álitamál hvort það er lengur eftirsóknarvert fyrir Byggingarsjóðinn að hafa það á sínum vegum. Það fylgir því mikið nauð og kröfur um stöðugar undanþágur svo að ég held að við þurfum að reyna að sameinast um að finna þarna einhverja nýja leið.

Í lok ræðu minnar hér á dögunum spurði ég hæstv. félmrh. að því, ef það mætti verða til að greiða fyrir framgangi málsins, hvaða greinar það væru í frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hæstv. félmrh. legði mesta áherslu á að fá afgreiddar núna fyrir jólin, þannig að við gætum þá hjálpast að við að taka þær greinar út úr, svo að menn beri ekki upp á sker með þau atriði sem mikilvægust eru fyrir húsbyggjendur og lántakendur í frv. þessu. Ég vil endurtaka þá spurningu til hæstv. félmrh. um leið og ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, að Alþb. er fyrir sitt leyti reiðubúið til þess að kosta kapps um að þetta mál verði að lögum fyrir áramót. Við þyrftum að fá upplýsingar um það engu að síður frá hæstv. ráðh. hvað það er sem hann leggur mesta áherslu á að fá afgreitt í þessu frv., hvaða atriði það eru sem hann teldi kleift að taka út úr þessu frv. Frv. er að sönnu langt, ég held einar 80 greinar, en það eru sennilega ekki nema svona 30 greinar af þessum 80 sem eru breyttar. Verulegur hluti greinanna er óbreyttur frá gildandi lögum, þannig að hér er kannske ekki um eins mikið og óyfirstíganlegt verkefni að ræða og ætla mætti við fyrstu sýn þegar menn sjá fyrir sér þennan stóra lagabálk. Þó er það auðvitað grundvallaratriði í þessu efni — og ræður alveg úrslitum — hver verður lendingin í sambandi við félagslega íbúðarbyggingarkerfið, því ég sé ekki betur en að það sé hér í stórfelldri hættu eins og ég hef rakið hér í máli mínu.

Á ráðstefnu Alþýðusambands Íslands, sem haldin var núna um helgina, var fjallað um kjaramál. Þar var líka fjallað um húsnæðismál og það frv. sem hér liggur fyrir. Aðförin að félagslega íbúðabyggingakerfinu, sem þetta frv. felur í sér, var gagnrýnd mjög harðlega. Í þeim efnum var minnt á að félagslega íbúðabyggingakerfið hefði verið eflt eftir samninga við verkalýðshreyfinguna 1974. Ég endurtek það sem hér var áður sagt um það mál, að mér sýnist einsýnt að aðförin að félagslega íbúðabyggingarkerfinu og verkamannabústöðunum feli í sér svik við loforðin frá 1974, núna þegar 10 ár eru liðin frá því að þau loforð voru gefin. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. félmrh. svari því þess vegna hvernig hann ætlar að standa að framkvæmd félagslega íbúðabyggingarkerfisins á næsta ári og hvað það er sem hann leggur til að verði skorið niður úr 700 millj. kr. áætlun verkamannabústaðanna á næsta ári, þannig að talan verði 400 millj. Ég geri kröfu til þess að hæstv. félmrh. svari þessu ítarlega og lið fyrir lið og jafnframt geri hann grein fyrir því hvort það er rétt, sem hér hafa komið fram hugmyndir um, að það eigi að skella hurðum á allar óskir verkamannabústaðanna í Reykjavík á næsta ári.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. vék að minni hyggju ómaklega að því sem við jafnaðarmenn gjarnan köllum frv. Magnúsar H. Magnússonar um húsnæðismál frá árinu 1979. Mér sýnist eftir þessar umr. að hann sé illa í stakk búinn til að gagnrýna þá leið sem þá var valin, einfaldlega vegna þess að samanburður þessara tveggja frv. er fjarri því að vera hæstv. ráðh. hagstæður. Þar skiptir eftirfarandi mestu máli:

Þegar þetta mikla lagafrv. var lagt fram, eftir að það hafði verið samþykkt af ráðh. Framsfl. og Alþb. í ríkisstj., fylgdi því mjög rækileg reikningsleg úttekt á áhrifum þeirra lánskjara sem þá voru í boði, lánskjara í heild sinni, og þá er bæði talað um áhrif vaxta og lánstíma á getu manna til að efla eigin fjárhag sjóðanna og útlánagetu í framtíðinni. Jafnframt fylgdi mjög ítarleg grg. um þá greiðslubyrði sem lán samkvæmt þessum kjörum legðu á lántakendur. Sannleikurinn er sá, að hvort tveggja var því frv. sem við kennum við Magnús H. Magnússon fyrrv. ráðh. miklum mun hagstæðara. Ef ekki hefði verið vikið illu heilli frá þeirri stefnu að tryggja Byggingarsjóði ríkisins áfram markaða tekjustofna af launaskatti og öðrum tekjustofnum, þá væri það framlag sem sjóðurinn nyti á þessu ári um 600 millj. kr. Það er sömuleiðis ljóst að það var einmitt sú meginhersla sem lögð var á uppbyggingu sjóðakerfisins sjálfs sem skar úr um að þarna var hægt að hækka lánin sem hlutfall af byggingarkostnaði í áföngum, þannig að á næsta ári 1984 hefði verið tryggt og legið á borðinu að staðið hefði verið við það loforð sem hæstv. félmrh. og aðrir ráðh. núv. ríkisstj. gáfu, en efndu ekki, að lánshlutfallið skyldi vera 50% á næsta ári af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Þar að auki er alveg augljóst mál að þá keyptu menn ekki köttinn í sekknum að því er varðaði greiðslubyrði út frá sjónarmiði lántakenda. Það kemur t. d. rækilega fram, að ef farin hefði verið sú leið sem þar var mörkuð hefði greiðslubyrði afborgana og vaxta numið þegar hún var hæst u. þ. b. ⅕ af mánaðarlegum launum þess viðmiðunarhóps sem um er að ræða — og verður nú ekki sagt, í samanburði við það sem var á liðnu kjörtímabili og enn er, að það hafi verið ósanngjörn eða óviðunandi kjör. Samt skal það tekið fram að þetta frv. var miðað við þær forsendur um íbúðaþörf og íbúðabyggingar að 2000 til 2100 íbúðir þyrfti á ári hverju. Þannig fer ekki milli mála að allar forsendur um meginatriði málsins, eflingu á eigin fjárhag byggingarsjóðanna sjálfra, getu þeirra til að hækka lánshlutfallið í áföngum og upplýsingar sem fyrir lágu um greiðslubyrði, voru ákaflega hagstæðar. Þess vegna þarf engum að koma það á óvart þó við jafnaðarmenn höfum gagnrýnt harðlega að þetta frv. var í meðförum þingsins og í tíð fyrrv. ríkisstj. að verulegu leyti skemmt með herfilegum afleiðingum, eins og ég hef áður sýnt fram á, fyrir húsbyggjendur í landinu.

Gagnrýni mín á fyrrv. ríkisstj. var að því leyti ósköp eðlileg að útgangspunkturinn í þessari umfjöllun um húsnæðismálin er það ástand sem við blasti á s. l. vori. Og það er bókstaflega blindur maður sem neitar því að það var hreint neyðarástand. Um það liggja fyrir alveg óyggjandi upplýsingar. Það finna þeir best sem eldurinn brennur á, sá stóri hópur húsbyggjenda sem gerði uppreisn á s. l. sumri og kallaði það gersamlega ómanneskjuleg kjör. Og hvað er meginatriðið í því? Ég hélt því fram að meginatriðið í því að leiða þetta neyðarástand yfir fólk hafi verið að hverfa frá þeirri stefnu sem mörkuð var af Magnúsi H. Magnússyni þegar hann lagði fram sinn mikla lagabálk um þetta efni — þeirri stefnu að tryggja Byggingarsjóði ríkisins örugga tekju-

stofna í stað þess að vísa honum í vaxandi mæli á lánamarkað þar sem sjóðurinn galt mikils vaxtamunar ásamt með því að fjárframlög ríkisins voru skert. Þetta kemur ákaflega skýrt fram í grg. með þessu frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Launaskattur var fyrst upp tekinn á árinu 1964 og var þá 1% og rann allur til sjóðsins. En á árinu 1974 var launaskattur í sjóðinn hækkaður í 2%. Sjóðurinn naut einnig tekna af byggingarsjóðsgjöldum af tekju- og eignarsköttum og aðflutningsgjöldum."

Það er alveg rétt ábending að hækkun launaskattsins og sú ákvörðun að marka hann sem sérstakan tekjustofn til húsnæðislánakerfisins var upp tekin að kröfu verkalýðshreyfingarinnar og í samningum við hana. Þess vegna hef ég aldrei skilið hvers vegna það gerðist í tíð fyrrv. ríkisstj., í stjórnartíð formanns Alþb., að við þá samninga var ekki staðið. Að því er það varðar að í tíð fyrrv. húsnæðismálaráðherra hafi verið séð fyrir framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins þannig að þau hafi verið tryggð að raungildi, þá segja þær upplýsingar sem liggja fyrir í þessari grg. allt aðra sögu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í upphafi s. l. áratugar svaraði framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins 45—50% af ráðstöfunarfé hans."

Nú eru menn að tala um að markið eigi að vera 40% þó að það liggi nú fyrir í yfirlýsingu ráðh. að hann stendur ekki við það meginlagaákvæði hins nýja frv. um að tryggja þetta sem framlag ríkisins. Ég vík að því aðeins síðar.

Síðan segir áfram:

„Hlutfallið lækkaði í 40% árið 1973, en hækkaði aftur með hækkun launaskattsins 1974 og var um 50% á árunum 1976—1978." — Síðan kemur að lykilatriðinu: „Árin 1979 og 1980 voru skatttekjur sjóðsins skertar samkv. heimildum í lánsfjárlögum, en eftir gildistöku laga nr. 51/1980 var framlag ríkissjóðs óbundið og ákveðið á fjárlögum. Við skerðinguna 1979 lækkaði framlag ríkissjóðs sem hlutfall af ráðstöfunarfé sjóðsins úr 49% árið 1978 í 39% og þetta hlutfall varð síðan 34% 1980, 16% 1981 og 19.5% árið 1982."

Það fer því ekki milli mála að hlutur Byggingarsjóðs ríkisins af upphaflega mörkuðum tekjustofnum og síðar af framlögum ríkisins fór hríðlækkandi. Í staðinn varð sjóðurinn í vaxandi mæli að leita á náðir lánamarkaðarins með hörmulegum afleiðingum, ekki aðeins fyrir fjárhagsgetu sjóðsins fram í tímann heldur einnig með hörmulegum afleiðingum fyrir þiggjendur þessarar þjónustu í formi lækkandi lánshlutfalls og vaxandi greiðslubyrði.

Þegar hæstv. fyrrv. húsnæðismálaráðherra beinir þeirri gagnrýni að mér að ég sé að gagnrýna að hluti af þessum tekjustofni hafi verið fluttur yfir til Byggingarsjóðs verkamanna og gerir mér upp, eftir því sem mér skildist, þá skoðun að ég eða mínir flokksmenn hafi þar með lýst okkur andvíga verkamannabústaðakerfinu, þá vísa ég slíkri gagnrýni gersamlega á bug. Það sem við erum að gagnrýna er að uppbyggingu hins félagslega kerfis, sem fyrst er ítarlega lögfest einmitt í frv. Magnúsar H. Magnússonar, þ. e. því markmiði að þriðjungi af árlegri byggingarþörf skuli fullnægt samkv. ákvæðum laga um Byggingarsjóð verkamanna, varð ekki best náð með því að kippa fótunum undan fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins. Það segir sig sjálft og úr því hefur reynslan skorið vegna þess einfaldlega að við getum ekki leyst vandamál húsbyggjenda eingöngu í krafti laga um Byggingarsjóð verkamanna þegar af þeirri ástæðu að tilgangur þess lánakerfis er að fullnægja þörfum þess hluta launþega í landinu sem vegna ákvæða um lágmarkstekjumörk — meðaltal næstliðinna þriggja ára — þarf augljóslega í nafni tekjujöfnunar á sérstakri aðstoð að halda. Það kemur greinilega fram að það er ekki talinn vera nema um ⅓ af félagsbundnum meðlimum verkalýðshreyfingarinnar sem þannig stendur á hjá og sú tala mun m. a. s. vera rúmt áætluð.

Staðreyndin er sú líka, eins og komið hefur á daginn, að hið félagslega kerfi hefur orðið fyrir miklu meira álagi vegna þess að fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins var lagður í rúst. Þegar búið var að úthýsa heilli kynslóð manna af húsnæðismarkaðnum, þannig að menn eiga ekki annarra kosta völ en að leita til hins félagslega kerfis, þá kom á daginn að umsóknafjöldinn þar var slíkur að ekki var hægt að verða við nema u. þ. b. einni umsókn af hverjum sjö.

Ég stend þess vegna fyllilega við það sjónarmið okkar Alþfl.-manna, sem sett var fram í nál. og brtt. okkar þegar á þingi 1979—1980 við umfjöllun þeirra lagabreytinga sem þá voru settar fram, þar sem við vöruðum við því að farið væri inn á hættulega braut þegar eiginn fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins væri látinn rúlla. Við vöruðum við því að þetta mundi kalla á allt of mikla lánsfjárþörf og þar með væri stefnt í hættu því meginmarkmiði okkar að geta sjóðanna væri óskert til að hækka lánshlutfallið í áföngum. Þetta kemur rækilega fram t. d. í nál. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur frá 29. maí 1980, þar sem m. a. segir:

„Auk þess var sýnt fram á að ekki er um að ræða aukningu á heildarfjármagni inn í félagslega kerfið frá því sem upphaflega frv. gerði ráð fyrir. Þvert á móti stendur fjárhagsgrundvöllur félagslegra íbúðabygginga ekki á eins traustum fótum vegna aukningar sem skapast af lánsfjárþörf. Þrýstingurinn mun einnig aukast geysilega yfir á félagslega kerfið ef fjármagn er dregið frá Byggingarsjóði ríkisins með þessum hætti."

Þetta hefur heldur betur látið á sannast.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vildi aðeins árétta að hafandi heyrt svör hæstv. ráðh. við rökstuddri gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga og málefnalegu umr. varð ég ekkert síður fyrir vonbrigðum með þau en meginatriði frv. sjálfs. Það kom skýrt og skilmerkilega fram í málflutningi ráðh. að ákvæðum 9. gr., sem er lykilatriðið að því er varðar fjármögnunina, hefur ekki verið fullnægt, jafnvel þó að þær tölur sem hann gefur um áætlaða íbúðaþörf séu teknar góðar og gildar. Ég endurtek að í 9. gr. segir mjög skilmerkilega:

„Með árlegu framlagi úr ríkissjóði samkv. fjárlögum skal veita framlag sem nemur eigi lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár."

Hér er alveg ótvírætt talað um framlag úr ríkissjóði samkv. fjárlögum. Hér er ekkert verið að vísa á aðra fjáröflun samkv. lánsfjárlögum. Samkv. máli ráðh. taldi hann að 40% af þeirri tölu sem hann gaf upp, 1167 millj., væru 467 millj. kr. og þá stendur það alveg óhagganlegt að við þetta lykilatriði hins nýja lagafrv. um 40% á fjárlögum hefur ekki verið staðið.

Það er heldur háskalegt ef eftir þessar umr. á að

standa að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna sé þannig háttað að það standi ekki til að fjármagna eina einustu nýja verkamannabúð í Reykjavík á þessu ári. Ég hygg að 2000 meðlimir húsnæðissamvinnufélagsins, sem samkv. viðtölum í blöðum byggja greinilega miklar vonir við að þetta frv. feli í sér úrlausn á þeirra málum, leggi nú betur við hlustirnar þegar fyrir liggur að hæstv. ráðh. lýsir því yfir að hann hafi aldrei gefið neitt slíkt í skyn, enda sé ekki um neitt slíkt að ræða.

Mér þykja svör hæstv. ráðh. líka heldur þunn í roðinu þegar talinu er beint að ýmsum grundvallarþáttum húsnæðismála, eins og t. d. áhrifum lélegrar þjónustu bankakerfisins á fasteignamarkaðinn, þar sem meginverkefnið hlýtur að vera að lengja lánstíma bankalána til að lækka útborgunarhlutfall íbúðakaupenda á fasteignamarkaðinum. Hann segir að það sé bara í athugun.

Það eru m. ö. o. allt of margir þættir þessara mála sem liggja ekki ljóst fyrir: Í fyrsta lagi vaxtaákvörðunin. Um hana er engu slegið föstu. Í öðru lagi fjármögnunin sjálf. Framlög ríkisins standast ekki einu sinni kröfur þær sem settar eru um lögbundin framlög. Og síðast en ekki síst áhrif hinnar ótraustu fjármögnunar á getu sjóðsins til að hækka lánshlutfallið í framtíðinni. Þá eru engar upplýsingar um hver raunveruleg greiðslubyrði væntanlegra lántakenda er. Mér sýnist því alveg ótvírætt að niðurstaðan af þessum umr. sé sú, að þó að markmiðin séu að mörgu leyti góð vanti of mikið upp á að með þessu frv. liggi fyrir þau gögn sem sannfæri okkur um að við fögur fyrirheit, jafnvel þó sum hafi verið svikin, verði staðið.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég skal reyna að koma aðeins inn á þau atriði sem hér hefur borið á góma.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér í upphafi máls, að menn virðast líta svo á að í frv., eins og það er lagt fram af þeirri nefnd sem vann að samningu þess og eftir að um það hafði verið fjallað í þingflokkum stjórnarliðsins, hafi því verið slegið föstu að fjárlagafrv. fyrir árið 1984 og lánsfjáráætlun, sem er óafgreidd, eigi að vera nákvæmlega í takt við stefnu frv. sem á eftir að fara í gegnum allar umr. á hv. Alþingi. Það væri vandalítið að semja nýj lög og marka nýja stefnu ef hægt væri að tryggja slíkt fyrir fram, áður en frv. kemur til umr. á hv. Alþingi.

Ég ætla aðeins að koma inn á það sem hv. 3. þm. Reykv. taldi vansvarað. Ég tók fram í upphafi fyrri svarræðu að mér fannst hann vera svo vanstilltur og stóryrtur í frumræðu sinni við 1. umr. málsins að ég kunni ekki við annað en að láta hjá líða að svara honum ítarlega. Sumt jaðraði við aðdróttanir sem ástæðulaust var að svara miðað við þann formála sem hv. þm. hafði fyrir sinni ræðu. Kemur það sjálfsagt glöggt fram í þingtíðindum þegar þau verða lesin.

Nokkur atriði sem hann kom hér inn á vil ég þó taka fyrir. Hann ítrekaði af hverju byggingarsamvinnufélögin væru felld út úr 11. gr. Það er einfaldlega vegna þess að byggingarsamvinnufélögin eru viðurkenndir framkvæmdaaðilar í byggingariðnaði og hafa verið það alla tíð. Inn í frv. er nú kominn sérstakur kafli um byggingarsamvinnufélög, svo ekki verður um villst að þau eru hluti af húsnæðiskerfi landsins miðað við samþykkt þessa frv.

Hv. þm. spurði um hvort ekki væri eðlilegt að setja á sérfræðingahóp til að gera nánari útfærslu á hlutareign íbúða samkv. 15. gr. Auðvitað er þetta mikilvægt mál og eins og ég tók raunar fram í framsöguræðu minni, tel ég þetta eitt þýðingarmesta nýmælið í þessu frv., að þarna er lífeyrisþegum í þjóðfélagi okkar í fyrsta sinn gerð möguleg hlutaeign í leiguíbúðum sem veitir þeim rétt til búsetu um lengri eða skemmri tíma. Þetta er ákaflega mikilvægt. Og ég vek athygli á því, vegna þess að það virðist vera misskilið hér, að þetta ákvæði heyrir undir báða byggingarsjóðina, en fyrst og fremst er gert ráð fyrir þessu undir Byggingarsjóði ríkisins. Að sjálfsögðu verður þetta, þegar að því kemur, nánar útskýrt í reglugerð og lögð í það mikil og vönduð vinna.

Í sambandi við vaxtaákvörðunina varð samkomulag um það í endurskoðunarnefndinni að fylgja fram í meginatriðum þeirri stefnu, sem var í frv. fyrrv. félmrh., að draga vaxtaákvörðun út úr lögunum sjálfum, en endurskoðunarnefndin taldi eðlilegt að láta það gilda yfir alla lánaflokka, ekki aðeins hjá Byggingarsjóði ríkisins heldur einnig í sambandi við Byggingarsjóð verkamanna. Ég tel að þessi ákvörðun sé rétt og miðað við forsendur í þjóðfélaginu í dag finnst mér eðlilegt að ákvörðun um vexti sé stefnumarkandi hverju sinni þegar ákvörðun er tekin um útlánastefnuna.

Það var margt fleira sem hv. þm. spurði um í fyrstu ræðu sinni. Hann spurði t. d. um skipulag Húsnæðisstofnunarinnar og tilveru tæknideildar. Ég lýsti því í frumræðu að það væri ákveðið að halda áfram endurskoðun á skipulagi stofnunarinnar í heild og þar með talið tilveru tæknideildar, sem er umdeilt atriði og er sjálfsagt að skoða nánar.

Í sambandi við skyldusparnaðinn tók ég fram í minni framsögu að það væri eðlilegt að endurskoða það atriði, það hefði verið umdeilt. En í meðförum nefndarinnar og þingflokkanna náðist samkomulag um að láta ákvæði um hann standa í frv. svo til óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að skyldusparnaðurinn standi aðeins lengur við, þ. e. hann verði ekki greiddur út á sama ári. En hér er um að ræða atriði sem mér finnst sjálfsagt að menn skiptist á skoðunum um, hvort á að fella þetta atriði niður úr lögunum eða endurbæta það, miðað við þær ábendingar sem m. a. hafa komið fram við þessa umr. Ég legg ekki dóm á þessa gagnrýni. Þetta er frekar óvinsælt ákvæði þrátt fyrir að skyldusparnaður í núgildandi lögum er eitt hagstæðasta sparnaðarform fyrir sparendur sem hægt er að fá miðað við núgildandi aðstæður.

Í sambandi við verkamannabústaðina vil ég segja að það er algjör misskilningur að halda því fram að gert sé ráð fyrir að útiloka byggingu verkamannabústaða í Reykjavík. Þetta er útúrsnúningur. Í dag, 12. des., fékk ég nótu frá Húsnæðisstofnuninni þar sem gefin er sundurgreining á byggingu verkamannabústaða eins og staðreyndir liggja fyrir frá árinu 1980. Á árinu 1980 var byrjað á 74 íbúðum í verkamannabústaðakerfinu, 1981 205, 1982 304 og 1983 329 íbúðum. Í tölu ársins 1983 eru 168 íbúðir í Reykjavík, sem lítið er byrjað á, og eftir er að ganga frá endanlegum framkvæmdalánssamningi. Vegna ársins 1984 bárust umsóknir frá 44 sveitarfélögum um heimild til að byggja 330 íbúðir. Meiri hlutinn eða rúmlega 50% af þeim íbúðum eru umsóknir frá stjórn Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík.

Þetta eru blákaldar staðreyndir. Ég vænti að hægt sé

að skoða málið nánar í hv. félmn. til að sannprófa þessar upplýsingar.

Það má vel vera að menn vilji slá því föstu að búið sé að strika yfir allar byggingar verkamannabústaða á næsta ári með því fjárfestingarplani sem er sett upp í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir næsta ár, en ég bendi á að svo er alls ekki. Við eigum eftir að skoða hvernig við getum nýtt það fjármagn sem verður hægt að fá. Ég vil einnig benda á að eftir er að ræða hér á hv. Alþingi algerlega um skiptingu og meðferð þess fjármagns sem gert er ráð fyrir að við fáum frá lífeyrissjóðakerfinu. Kemur vel til álita, að mínu mati, að láta reyna á hvort við getum ekki aukið hlut Byggingarsjóðs verkamanna í því kerfi og hann fái meira fjármagn bæði í byggingu verkamannabústaða og eins til að byrja að sinna því hlutverki sem hin ýmsu nýju form munu kalla eftir.

Ég vil í leiðinni segja það í sambandi við húsnæðissamvinnufélögin, að auðvitað tekur sinn tíma að koma því kerfi formlega á. Ég vænti þess að fyrir árið 1985 verði virkilega búið að undirbúa vel að sú starfsemi geti hafist af fullum krafti. Ég benti á að félög þessi þurfa auðvitað lóðir og ýmislegt fleira sem algerlega á eftir að vinna að.

Eins og ég tók fram í minni framsögu hefði ég getað flutt 2—3 klukkutíma ræðu og lesið upp úr þeim útreikningum og skýrslum sem hinir ýmsu sérfræðingar, sem nefndin hafði sér til aðstoðar, hafa unnið. Hér er t. d. nákvæm skýrsla um hvernig væri hægt að ná, miðað við 40% fjármögnun, 80% útlánamarki á 15 árum miðað við núgildandi staðalíbúðakerfi. Það er hægt á 15 árum að fjármagna þetta þannig að sjóðurinn sé búinn að byggja sig upp og búinn að ná því markmiði að allir hafi möguleika á að fá 80% lán miðað við staðalíbúð. Þessar upplýsingar og margar fleiri verða til reiðu fyrir hv. nefndir þegar þær taka til starfa.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í umræður um þetta mál. Það er sjálfsagt að gefa enn þá meiri tölulegar upplýsingar þegar nefndir taka til starfa. Ég vil þó endurtaka að miðað við þau drög sem fyrir liggja í lánsfjáráætlun og miðað við ákvörðun fjárlaga frv. eru sterkar líkur til þess að við getum fjármagnað þessa ákvörðun ef Alþingi samþykkir að 40% af útlánaákvörðun Byggingarsjóðs ríkisins verði fullnægt á næsta ári. Það er alveg ljóst. En ég vil taka þátt í að skoða þær nýju fjáröflunarleiðir sem við höfum þegar hafið undirbúning að. Við erum í ákveðnum viðræðum við bankakerfið í landinu um að auka hlut þess og enn fremur eru til athugunar ný sparnaðarform svo að meira fjármagn fáist í húsnæðiskerfið í landinu. Nú er þörf á að allir taki höndum saman til að ná jákvæðum árangri.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Það er gott að hæstv. félmrh. hefur nú svarað nokkrum þeim spurningum sem ég bar fram aftur í kvöld. Það tefur umr. að það skuli þurfa að tvítaka sömu spurningarnar fyrir hæstv. ráðh. Það tekur ekki skemmri tíma að koma málum í gegn með því að það þurfi að lesa sömu spurningalistana í tvígang. Ég hugsa að hæstv. forsetar þingsins þyrftu að taka til athugunar að ráðh. reyndu að svara spurningum þm. í eins og einni atrennu svo að þær þyrftu ekki að verða mjög margar.

Hins vegar svaraði hæstv. ráðh. ekki því hversu háir eiga að verða vextirnir hjá Byggingarsjóði ríkisins á næsta ári. Hann svaraði því ekki og hlýtur hann þó að vera með upplýsingar um það í höndunum. Hann svaraði því ekki hversu háir eiga að verða vextirnir hjá Byggingarsjóði verkamanna á næsta ári. Hann svaraði því ekki heldur hvernig á að fjármagna þau 40% sem kveðið er á um í 9. gr. frv. að renna eigi til Byggingarsjóðs ríkisins. Hann svaraði því ekki, gaf engar upplýsingar um það, þannig að lykilspurningarnar í þessu efni eru enn þá opnar og þó einkum og sér í lagi sú sem ég spurði um ítrekað og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir líka: Verkamannabústöðunum er ætlað að fá 400 millj. á næsta ári. Þeir þurfa til að sinna þeim verkefnum sem þegar hefur verið samið um, 700 millj. kr. Það vantar þar 300 millj. kr. Og ég hef spurt ráðh.: Hvað á að skera niður? Hvað er það sem hann vill fella niður þarna? Hann hefur engu svarað. Með þögninni hefur hann í rauninni sagt að hann ætli að skella á það fólk sem gengið hefur í húsnæðissamvinnufélögin að undanförnu, það eigi enga úrlausn að fá á árinu 1984. Það er svarið sem þögn ráðh. gefur. Og hann bætir því í rauninni við að endursölur verkamannabústaða á árinu 1984 eigi ekki að koma til greina. Og hann svarar því engu hvernig verkamannabústaðakerfið með stórskerta tekjustofna á að taka á sig aukin verkefni í endursöluíbúðum samkv. lögum nr. 38 frá 1976 um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaganna. Þannig standa þessi mál.

Hæstv. ráðh. ber því við að stjórnarandstæðingar sem spyrja hann séu ergilegir og vanstilltir. Það er ekki hlutverk félmrh. að hafa skoðun á skapi stjórnarandstæðinga. Það er hlutverk hæstv. félmrh. að standa í fyrirsvari fyrir það kerfi sem honum er trúað fyrir. Hann hefur því miður ekki getað leyst úr þeim spurningum sem bornar hafa verið fram. Hann hefur í raun og veru ekki svarað því sem mestu máli skiptir. Eftir stendur það nú opið við lok 1. umr. um málið, að verkamannabústaðakerfið verði fyrir stórfelldri árás á næsta ári og þær framfarir sem var efnt til í verkamannabústaðakerfinu árið 1980 verði gerðar að engu af núv. hæstv. félmrh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég verð nú að byrja á því að biðjast velvirðingar á raddstyrk mínum, en ég vænti þess að aðrir geti bætt það upp síðar í kvöld svo það komi ekki mjög að sök.

Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en núgildandi lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi okkar eru nr. 81 frá 31. maí 1976 og hafa á þeim verið gerðar þrjár minni háttar breytingar frá setningu laganna, með lögum nr. 42/1977, lögum nr. 67/1979 og lögum nr. 38/1981, og eru allar þessar breytingar tiltölulega smáar í sniðum.

Frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands var lagt fram á Alþingi í febrúarmánuði 1976 eftir að hafa fengið ítarlega umfjöllun allt frá árslokum 1974 í nefnd sem skipuð var bæði fulltrúum hagsmunaaðila og alþm.

Má segja að samþykkt frv. á Alþingi í maímánuði 1976 hafi verið veigamesti þátturinn í þeirri endurskoðun laga og reglugerðar um fiskveiðar sem gerð var um það leyti sem Íslendingar fengu full yfirráð yfir 200 sjómílna fiskveiðilandhelginni.

Enda þótt vel hafi verið að lögum frá 1976 staðið og í þeim fjölmörg nýmæli á þeim tíma hefur þróunin í fiskveiðum og stjórnun þeirra orðið að mörgu leyti önnur en menn hugðu þegar þessi lög voru samþykkt. Ástand fiskstofna, aukinn fiskveiðifloti og ný tækni hafa valdið því hér á landi eins og annars staðar að gripið er til nýrra og virkari stjórnunaraðgerða í veiðum og vinnslu í því skyni að nýta nytjastofna okkar á sem skynsamlegastan hátt.

Nú er svo komið að beitt er ýmsum aðgerðum við stjórnun veiða sem engum kom í hug fyrir nokkrum árum. Má sem dæmi nefna þær sóknartakmarkanir sem verið hafa á þorskveiðum undanfarin ár og skiptingu aflakvóta milli veiðafæra og báta. Þar sem lögin frá 1976 hafa að ýmsu leyti reynst ófullnægjandi sem lagastoð fyrir ýmsum ákvörðunum varðandi skipulag veiða hefur verið leitað halds í lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948, en í þeim er víðtæk heimild til setningar reglna til verndar fiskimiðum í fiskveiðilandhelginni. Hins vegar hefur þetta skapað ýmis vandamál, þar sem viðurlög við brotum á lögum frá 1948 og lögum frá 1976 eru mjög mismunandi. Enn fremur heimila lögin frá 1948 aðeins útgáfu reglna til verndunar fiskimiðum og hefur það skapað nokkra óvissu um lagagildi sumra reglna varðandi stjórnun fiskveiða sem nauðsynlegar hafa þótt og fyrirsjáanlegt er að þurfi að beita í framtíðinni. Þá má og nefna að gildissvið laganna frá 1948 og 1976 eru í mörgum tilvikum bundið við fisk og fiskveiðar, en nú eru stundaðar veiðar á ýmsum tegundum sjávardýra sem ekki teljast til þeirra tegunda, og er full ástæða til þess að setja heildarlög sem taki einnig til nýtingar þessara stofna.

Þann 4. maí 1982 skipaði þáv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson nefnd til að endurskoða lög nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Fulltrúar hagsmunaaðila áttu sæti í nefndinni. Í janúarlok 1983 skilaði nefndin frv. til l. um veiðar í landhelginni til ráðh. Ekki tel ég ástæðu til að tíunda hér þær breytingar sem nefndin lagði til að gerðar yrðu á gildandi lögum, en vísa þess í stað til grg. með frv. Ýmissa orsaka vegna var frv. þetta ekki lagt fram á síðasta þingi. Þurfa ýmsir þættir þess frekari athugunar við. Nauðsynlegt er að halda þeirri vinnu áfram. M. a. er mjög mikilvægt að breyta reglum varðandi stærð skipa og ákvæðum um landhelgislínu. Hins vegar ber brýna nauðsyn til að þær breytingar sem hér eru lagðar fram nái fram að ganga, og er frv. þetta því lagt fram í þessari mynd. Hér skal tekið fram, að ákvæði þau sem hér eru lögð fram eru í meginatriðum efnislega samhljóða till. nefndarinnar.

Meginrök fyrir breytingum á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelginni í þá átt að veita sjútvrh. auknar heimildir frá því sem nú er til stjórnunar og takmörkunar á fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni eru þessi:

1. Vegna þess að ástand fiskstofna, einkum þorsks, hér við land er óvenjulega slæmt er brýn þörf á vísindalegri stjórnun á fiskveiðum landsmanna í enn ríkari mæli en nú á sér stað.

2. Helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi og Fiskiþing hafa eindregið óskað eftir að stjórnvöld auki verulega á stjórnun fiskveiða.

3. Eigi að auka stjórn fiskveiðanna frá því sem nú er verður að umbylta núverandi fyrirkomulagi. Slíkt krefst rýmri heimilda til handa sjútvrn. til stjórnunar en nú eru í gildi.

4. Svo skammt er liðið síðan Hafrannsóknastofnun setti fram skýrslu um alvarlegt ástand helstu fiskstofna okkar að skjótt verður að bregðast við svo að koma megi við aukinni stjórnun og takmörkunum á fiskveiðum á næsta ári.

Vil ég þá víkja að einstökum greinum frv., en í 1. gr. frv. er fyrst kveðið á um að ráðh. fái heimild til að ákveða hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og af sjávardýrum á ákveðnu tímabili, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Hér er gengið lengra en í lögum nr. 81/1976, þar sem slík heimild er bundin við að fiskstofn sé hættulega ofveiddur og viðkoma hans því í hættu. Nauðsyn þess að auka vald ráðh. í þessu tilliti byggist fyrst og fremst á því að líta verður á alla fiskstofna og veiðar úr þeim í heild sinni, en ekki hvern og einn út af fyrir sig. Ef takmarka þarf verulega sókn í einn fiskstofn vegna þess að hann er í yfirvofandi hættu eykst sóknin óhjákvæmilega í aðra stofna með þeim afleiðingum að ofveiði getur átt sér stað á einstaka tegundum sem áður voru í jafnvægi. Af þessu höfum við bitra reynslu, en eitt dæmi um það er þegar loðnuskipaflotinn sneri sér að þorskveiðum eftir að loðnuveiðar voru bannaðar. Sóknin í þorskstofninn jókst og hefur það átt sinn þátt í því hvernig nú er komið fyrir þessum stofni, þótt það sé engan veginn viðhlítandi skýring.

Einnig má nefna það að takmörkun á þorskveiðum hefur leitt til mjög aukinnar sóknar í karfastofninn, en það er ljóst að sú sókn getur ekki haldið áfram til margra ára í viðbót. Vegna þessa samspils er ekki nægjanlegt að setja aflahámörk einungis á þá fiskstofna sem eru hættulega ofveiddir, heldur verður að setja aflahámark jafnframt á aðra helstu nytjastofna til að forða þeim frá ofveiði. Í fiskverndarmálum ber brýna nauðsyn til að grípa til aðgerða í tæka tíð áður en skaðinn er skeður. Því er nauðsynlegt að ráðh. hafi vald til grípa inn í gang mála þegar m. a. vísindaleg rök mæla með að svo sé gert. Því ber brýna nauðsyn til að ákveða aflahámark nú á næstu dögum svo að mótun fiskveiðistefnu næsta árs geti haldið áfram.

Í 1. gr. er einnig gert ráð fyrir því að ráðh. fái heimild til að skipta hámarksafla í hverjum fiskstofni milli einstakra veiðarfæra, fiskiskipagerðar og einstakra skipa. Gert er ráð fyrir því að ráðh. geti ákveðið skiptingu hámarksaflans milli skipa, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipanna, stærð eða gerð þeirra svo og heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta milli skipa. Heimild til þessa, sem hér hefur verið rakið, er nauðsynleg þegar hámarksafli úr einstökum fisktegundum er verulega takmarkaður eins og nú verður að gera með helstu fiskstofna okkar. Heimildin um að ráðh. megi skipta þeim afla sem til skiptanna er hverju sinni gerir honum kleift að tryggja öllum sem nytjað hafa fiskimiðin rétt til að gera það áfram og jafna tímabundnum aflasamdrætti réttlátlega niður á öll skip í landinu. Slík niðurjöfnun er nauðsynleg þegar áföll eins og þau sem við nú stöndum frammi fyrir ber svo skyndilega að garði. Stjórnvöld geta með engu móti dæmt skip fyrir fram úr leik. Tíminn einn verður að leiða í ljós hvort

skip stöðvast eða ekki. Á þessari stundu er því miður ekki mikið hægt að segja til um hvernig staðið verður að þessari skiptingu, þ. e. hvort aflakvótinn verður settur á öll fiskiskip eða gengið eitthvað skemur í þá átt. Þá liggur ekki ljóst fyrir hvernig megi skipta aflanum réttlátlega milli skipa, t. d. hvort eigi að miða við veiði þeirra undangengin þrjú ár eða hvort skuli tekið tillit til annarra þátta að einhverju leyti, svo sem stærðar þeirra, svo að eitthvað sé nefnt.

Þessar aðferðir, sem hér voru nefndar, og margar aðrar, sem til greina koma, hafa allar bæði kosti og galla sem vega þarf og meta. Að því starfi er nú unnið af eins mikilli kostgæfni og frekast er unnt, m. a. af rn., hagsmunasamtökum, Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnun og Raunvísindastofnun háskólans. Við þetta bætist að stjórnvöld hafa nú betri möguleika en áður að vega og meta hinar ýmsu stjórnunarleiðir, sem til greina koma við þessar takmarkanir, þar sem hægt er að prófa þær í þar til gerðu sjávarútvegslíkani sem spáir um framvinduna sé þessi eða hin leiðin valin. Gerð þessa reiknilíkans til að vega og meta áhrif breytinga á fiskveiðistefnu, á afla og afkomu hefur staðið yfir í fjögur ár. Verkið hefur verið unnið í samstarfi nokkurra stofnana, einkum Raunvísindastofnunar háskólans og Hafrannsóknastofnunarinnar, að frumkvæði sjútvrn. Markmið starfsins var að gera reikningslegt líkan af sjávarútveginum byggt á reynslu margra undangenginna ára sem gæti spáð nokkur ár fram í tímann um m. a. þorskafla og afkomu veiðanna að gefnum einhverjum forsendum eins og um stærð, gerð og samsetningu fiskiskipaflotans, fiskveiðistefnu og ástand fiskstofna. Þetta reiknilíkan er þegar komið í notkun til að meta hinar ýmsu stjórnunarleiðir samhliða því að sami starfshópur og vann við gerð líkansins vinnur að endurbótum og útvíkkun á reikningsaðferðum við stofnstærðarmat og mælingu sóknar í fiskstofna.

Með öðrum heimildum í þessari grein, eins og þeirri að ráðh. geti sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna, er m. a. verið að veita afdráttarlausari heimild til sóknartakmarkana þeirra sem notaðar hafa verið við takmörkun á þorskveiðum undanfarin ár, þ. e. skrapdagakerfið svokallaða og þær takmarkanir sem bátar hafa sætt, svo sem stytting vetrarvertíðar, takmörkun netafjölda o. s. frv.

Í 2. gr. frv. eru auknar heimildir til dragnótaveiða, en eins og flestum er kunnugt hefur orðið mjög alvarlegur samdráttur í sölu á saltfiski og skreið. Vegna þessarar óvissu á mörkuðum er vert að íhuga hvort við getum á einhvern hátt breytt veiðiaðferðum okkar þannig að fiskurinn sé gjaldgengur í fleiri og sem flestar vinnslurásir og aukið þannig veiðar í þau veiðarfæri sem betri fisk veiða á kostnað þeirra sem lakari fiskinn veiða. Það er skoðun flestra að við verðum með einhverjum hætti að reyna að auka veiðar sem skila betri gæðum og dragnót kemur þar mjög til greina. Dragnótin getur í mörgum tilvikum leyst netin af hólmi og skapað okkur miklu betra hráefni. Dragnótin hefur þá kosti að það er einfalt að stjórna kjörhæfni veiðarfærisins, sem tryggir að í hana veiðist ekki smáfiskur. Veiðarfærið er ódýrt, útgerðarkostnaðurinn sáralítill miðað við flestar gerðir veiðarfæra.

Í núgildandi lögum eru heimildir til dragnótaveiða bundnar við báta sem eru minni en 20 metrar og er veiðitímabilið 15. júní til 30. nóv. ár hvert. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að heimild sé fyrir ráðh. að veita leyfi til dragnótaveiða líkt og til annarra veiða sem háðar eru leyfum. Í þessu sambandi má geta þess að Norðmenn hafa aukið heimildir til dragnótaveiða í stað netaveiða og á s. l. vetrarvertíð stunduðu 150 norsk skip dragnótaveiðar í stað netaveiða með góðum árangri.

Það er rétt að það komi fram að æðimargir eru haldnir nokkrum fordómum í garð þessa veiðarfæris og telja það hinn mesta bölvald. Þetta eru áreiðanlega eftirstöðvar af því að fjöldi dragnótabáta stundaði afleitar veiðar hér áður fyrr með smáriðnum vörpum sem engu slepptu. Í þessum efnum verður að sjálfsögðu að gæta hófs eins og í öðru. Við þurfum að þróa veiðarfærið í okkar þágu. Við megum t. d. ekki nota það eins og hverja aðra þorskanót. Þess vegna þarf eins og með aðrar leyfisbundnar veiðar að móta reglur um gerð og notkun veiðarfærisins.

3. gr. frv. fjallar um leyfisbindingar, en binding leyfa hefur viðgengist hér á landi um langt skeið og munu rækjuveiðar vera fyrsti veiðiskapurinn sem stjórnað var með leyfafyrirkomulagi. Með auknum takmörkunum á veiðum hafa jafnframt aukist afskipti stjórnvalda af þeim og er nú svo komið að togveiðar, línuveiðar og handfæraveiðar eru nær einu veiðiaðferðirnar sem eru óháðar leyfum stjórnvalda. Eins og kunnugt er eru heimildir til að gera ákveðnar veiðar leyfisbundnar ákveðnar í lögum eða reglugerðum eða settar samkvæmt þeim. Í höfuðatriðum er tilgangur með leyfakerfi tvíþættur:

Í fyrsta lagi gerir það stjórnvöldum kleift að hafa áhrif á hverjir og hve margir geti stundað tilteknar veiðar á tilteknum svæðum. Í sumum tilfellum fá aðeins þeir leyfi sem búsettir eru við veiðisvæðin eða hafa stundað veiðarnar áður. Hins vegar er oft nauðsynlegt að binda útgáfu veiðileyfa við ákveðna stærð skipa. Reynast þessar takmarkanir oft nauðsynlegar, ef margir aðilar sækja um leyfi til sömu veiða.

Í öðru lagi eru skipstjórum skipa settar ákveðnar reglur í leyfisbréfum, sem þeim ber að fara eftir við veiðarnar, t. d. hámarksaflamagn, veiðisvæði, veiðarfæri, reglur um meðferð afla o. s. frv.

4. gr. frv. fjallar um viðurlög og sé ég ekki ástæðu til að fjalla um hana, en í 5. gr. er fjallað um auknar heimldir til togveiða á afmörkuðum svæðum. Þegar svo er komið að við verðum að takmarka veiðar okkar á helstu nytjastofnum, eins og raun ber vitni, verðum við að beina sókn hluta flota okkar í þær tegundir sem vannýttar eru, ef þær eru þá einhverjar. Þarna gæti helst verið um að ræða ýmsar kolategundir og steinbít. Samkv. núgildandi lögum eru togveiðar bannaðar á mörgum góðum kola- og steinbítssvæðum. Til þess að nýta megi þessa stofna er nauðsynlegt að hafa í lögum heimild fyrir rn. til að geta leyft takmarkaðar togveiðar á þessum svæðum. Með því móti er mögulegt að beina hluta flotans frá þorskveiðum í kola- og steinbítsveiðar á ýmsum árstímum. Einsýnt er að þessari heimild verður að beita með fullri varúð. Þegar þessi svæði eru ákveðin er nauðsynlegt að undirbúa það vel. Sömuleiðis þarf að fylgjast vel með veiðunum, aflasamsetningu, stærð fisks o. fl.

Þá er rétt að taka það sérstaklega fram, að verði frv. þetta, sem ég mæli hér fyrir, að lögum verður óhjákvæmilegt, eins og ég hef áður vikið að, að endurskoða

hinar almennu togveiðiheimildir samkv. 3. gr. laganna. *Slík athugun og endurskoðun verður að halda áfram í* framhaldi af máli þessu og væntanlega væri hægt að leggja fram frv. um það efni síðar í vetur. Eins og ég hef áður vikið að þarf endurskoðun þessi að taka til réttinda einstakra skipa, en því miður ríkir mikið misræmi í þeim efnum og óeðlilegur vafi ríkir þar um oft og tíðum.

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að hafa um mál þetta miklu lengra mál í upphafi. Það ríkja á margan hátt óvenjulegar aðstæður í okkar sjávarútvegsmálum. Við höfum þurft um langan tíma að hafa mikil opinber afskipti af fiskimiðunum umhverfis landið. Það hefur verið meginregla í íslenskum fiskveiðum. Það má alltaf um það deila hversu mikil þessi afskipti skulu vera, en hjá því verður ekki komist af mörgum ástæðum, m. a. vegna þess að sveiflur í okkar sjávarútvegi, sem er uppistaðan má segja í lífinu í landinu, eru miklar og þær verður að jafna með einhverjum hætti, ekki aðeins með því að leggja hluta af tekjunum í sjóði, heldur einnig með því að jafna aflabrögðin og vernda fiskstofnana. Það er einnig ljóst að þegar til lengdar lætur leiðir óheft sókn til ofnýtingar á fiskstofnunum og það er hætt við því að vegna þessa hugsi hver og einn meira um eigin sókn og afla og þar af leiðandi eigin afkomu í stað þess að við verðum að huga að heildarafkomu þjóðarbúsins.

Við þær óvenjulegu aðstæður sem nú eru upp komnar er nauðsynlegt að auka þessi afskipti og breyta þeim. Það verður ekki létt hlutverk, ég geri mér það ljóst, og því miður sjáum við ekki fyrir endann á því nú með hvaða hætti því verður ráðið til lykta. Því er það eðlilegt að sú löggjöf sem hér er verið að tala um gildi aðeins í skamman tíma því að þessi mál verða ekki ákveðin í eitt skipti fyrir öll. Við verðum að feta okkur áfram. Það eru allir sammála um það — eða flestir — að við verðum að breyta um. Við getum ekki haldið áfram því kerfi sem hefur verið hér við lýði á undanförnum árum. Ég nefni sérstaklega að Landssamband ísl. útvegsmanna samþykkti á stjórnarfundi 9. des. að mæla með því að á næsta ári verði leyfilegum aflakvóta helstu fisktegunda skipt á einstök skip í hlutfalli við afla þeirra undanfarin þrjú ár, en tekur einnig fram að í þessu efni verði þó nauðsynlegt að meta aflakvóta nýrra og nýlegra skipa og frátafir skipa frá veiðum sem stafa af óviðráðanlegum ástæðum. Einnig kom það mjög skýrt fram á Fiskiþingi, sem nýlega var haldið, og er samþykkt Fiskiþings birt í grg. með frv.

Mér er fullkomlega ljóst að þessar samþykktir eru ekki tilkomnar vegna þess að allir þessir aðilar æski sérstaklega eftir því að kerfi sem þetta verði tekið upp. Hér eru hins vegar komnir saman þeir aðilar sem best þekkja til í sjávarútveginum og gera sér grein fyrir því að ekki er hægt að halda áfram núgildandi kerfi og þess vegna sé rétt að reyna kvótakerfið við núverandi aðstæður og telja að með þeim hætti verði áföllunum jafnað niður með réttmætustum hætti. Það er hins vegar ekki hægt að fullyrða á þessari stundu hversu víðtækt kvótakerfið verður. Um það eru að sjálfsögðu deildar meiningar. Sumir telja að ekki þýði að taka það upp nema það nái til allra skipa, bæði togara og báta, og alveg niður í 12 rúmlestir.

Mér hefur stundum fundist að menn ætli sér um of í þessum efnum og það væri mikilvægara að byrja t. d. með þeim hætti að taka upp kvótakerfið fyrir togarana og vertíðina. En hins vegar er mér ljóst að það verður einnig að taka tillit í því sambandi til ýmissa sérréttinda og sérveiða sem skipin hafa á öðrum tímum, þannig að ekki verði hjá því komist að taka nokkurt mið af veiðinni allt árið. Hins vegar er það nú svo, að margir eru hræddir við að þar með fari öll hvatning úr veiðunum og kappið hverfi, sem einkennt hefur fiskimenn okkar gegnum tíðina. Að sjálfsögðu má hugsa sér að halda ýmsu utan við kvótakerfið þó að það verði einnig erfitt. Ég segi það fyrir mig að ég er t. d. mikill áhugamaður um að línuveiði aukist hér við land, sem hefur dregið allt of mikið úr. Það mætti þess vegna vel hugsa sér að halda slíkum veiðum með einhverjum hætti utan við kvótakerfið, þannig að menn hefðu þá að einhverju að hverfa ef tími væri til. Sá afli sem fæst á línu er einkum ýsa, keila og langa. A. m. k. keilan og langan eru ekki stofnar sem nein hætta er með. Ýsustofninn hefur verið tiltölulega sterkur, en er nú kominn í nokkra lægð og hefur Hafrannsóknastofnunin lagt til að dregið verði úr þeim veiðum. Um þetta þarf að fjalla nú alveg á næstunni, sérstaklega við hagsmunaaðila í sjávarútveginum. Vegna þess að það er ekki séð fyrir endann á fiskveiðistefnunni fyrir næsta ár, þykir nauðsynlegt að hafa samráð um það við sjútvn. Alþingis og er ákvæði þess efnis í 1. gr. frv.

Það hefði að sjálfsögðu verið mun betra að allt þetta hefði legið fyrir og út af fyrir sig get ég vel skilið þá aðila sem harma að svo skuli ekki vera. Hitt er svo annað mál, að Alþingi þarf að veita þær heimildir sem hér um ræðir ef það á að vera hægt að setjast niður með hagsmunaaðilunum á næstunni til að marka þessa stefnu. Þeir hafa óskað mjög eftir því og ég vænti þess að hv. Alþingi sjái sér fært að veita þessar heimildir. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þær heimildir eru veittar í trausti þess að fullt og eðlilegt samráð verði haft við sjávarútvegsnefndir þingsins þegar eitthvað frekar liggur fyrir í þessum efnum.

Ég vonast eftir því að um þetta geti orðið sem best samstaða hér á þinginu og einnig í landinu. Hér er ekki um *mál að ræða sem ætti að vera deilumál á milli* flokka. Hér er um viðkvæmt mál að ræða sem varðar hagsmuni hvers einasta byggðarlags og hvers einasta mannsbarns í landinu. Það er mjög mikilvægt að allir þeir sem eiga hagsmuna að gæta setjist niður og reyni að ná sem bestu samkomulagi í þessu efni. Hitt er svo annað mál, að það verður aldrei gert svo að öllum líki í þessu sambandi. Það er því miður alltaf nokkur togstreita á milli tegunda veiðiskipa, milli tegunda veiðarfæra, milli einstakra landshluta og byggðarlaga. Sú togstreita verður sjálfsagt alltaf einhver, en það er mikilvægt að hún verði sem minnst. En það er nú svo þegar að kreppir eins og nú í íslenskum sjávarútvegi að þá sjá menn best hvað mikilvægt er að draga úr kostnaði við sóknina og auka verðmæti aflans. Ég leyfi mér að fullyrða að það verði því aðeins gert að við breytum um fiskveiðistefnu á næsta ári. Þetta frv. er forsenda þess að slíkt sé hægt að gera.

Ég vil svo að lokum leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Enn þá einu sinni stöndum við hér í stól og segjum: Eitthvað verður að gera. Og enn þá einu sinni erum við á

skipulegu undanhaldi undan vandamálunum. Það væri nú gaman ef við gætum einhvern tíma snúið þessu við.

Fyrst vil ég gera aðdraganda þessa máls að umtalsefni.

Það hefur komið fram hérna áður að svo virðist sem umræða hafi farið fram um þetta mál á undanförnum misserum kannske víðast annars staðar en á þingi. Við munum eftir dæmum t. d. eins og með svörtu skýrsluna sem kom fram og fréttir bárust af frá Akureyri áður en Alþingi frétti af henni. Hagsmunaaðilar hafa haft ýmis afskipti af málinu alveg frá byrjun — alveg frá því í maí 1982 þegar nefnd tók til starfa við að endurskoða lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þessi nefnd skilaði af sér í janúar 1983.

Nú eru Alþingi og sjávarútvegsnefndir þess komin í mikla tímaþröng við að afgreiða málið. Mig langar til þess að minna í þessu sambandi á hugmyndir um aukna hlutdeild þingnefnda í tilbúningi og endurskoðun mála og laga. Þarna tel ég vera ágætt dæmi um að ef sjávarútvegsnefndir hefðu fylgst betur með þessu máli, jafnvel þó ekki hefði verið nema frá í haust þegar þing kom saman, værum við betur stödd í þessu máli núna. Mér ber skylda til að taka fram að það var raunar vísir að þessu, vegna þess að nefndum voru tilkynnt þessi drög 1. des., en þá voru tveir mánuðir frá þingsetningu og þessar nefndir hafa lítið sem ekkert haft að gera og hefðu betur notað tíma sinn svolítið betur. Þessum atriðum er ekki beint til ríkisstj. Hún er ekkert verri þessi en vant er. Hérna er bara verið að tala um starfshætti í þinginu og aukið frumkvæði nefnda og ég vil leggja á það mikla áherslu. En ég fagna þessum vísi til breyttra vinnubragða sem kannske eru komin hér og vona að það verði til einhvers meira. Þetta var almennt um vinnubrögð.

En ef við snúum okkur að frv. er hægt að setja efni þess í eina setningu. Það er hægt að segja: Ráðh. getur gert það sem honum þóknast í fiskveiðimálum innan lögsögunnar. Það er mergurinn málsins. Aðalatriði þessa frv. eru tvö: Í fyrsta lagi gerir það kleift að leyfisbinda allar veiðar og í öðru lagi heimilar það kvótaskiptingu. Og þó ekki sé annað en þessi tvö atriði, þó sakleysisleg séu, þá getur það að koma á kvóta sem miðast t. d. við afla undanfarinna ára valdið stórkostlegum breytingum í landinu. Þetta getur haft áhrif á öll önnur mál. Ég frétti frá einum stað norður í landi þar sem menn eru þegar búnir að reikna sig í land í fjóra mánuði á næsta ári með vasatölvunum sínum og þeir eru búnir að skipuleggja landleguna. Fólk er farið að hafa áhyggjur af atvinnu sinni og sveitarstjórn af atvinnuástandi á staðnum. Þetta er lítið dæmi um hver áhrif þessa frv. verða ef kvóta verður komið á samkv. heimildarákvæðum þess. Það mun hafa áhrif á landshluta, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Þessi áhrif verða á atvinnumál, félagsmál, fjölskyldumál, byggðastefnu, peningamál í rekstri fyrirtækja, bankastarfsemi og yfirleitt flest það sem máli skiptir. Ég nefni þetta einungis til þess að sýna í örfáum orðum umfang máls sem Alþingi mun nú taka 2—3 eftirmiðdagsstundir til að ræða. Þetta er hugsanlega eitthvert afdrifaríkasta mál sem hefur komið inn á borð hér jafnvel svo að árum skiptir.

Hver verða áhrif þessa á sjávarútveginn? Það má kannske orða þetta þannig, að frv. sé neyðarúrræði til að aðlaga útgerð og fiskveiðar í landinu að vitleysum sem hafa verið gerðar á undanförnum árum. Sú raunverulega uppstokkun sem hefði kannske þurft til þess að koma þessum greinum vel á fót hefði vafalaust valdið slíkum átökum milli flokka og innan flokka, milli byggðarlaga og innan og landshluta að þetta er kannske spor í rétta átt. Almennt talað virðist mér þetta ekki leysa rekstarvanda útvegsins, en þetta gefur mönnum kannske tækifæri til að aðlaga reksturinn þeim vanda sem fyrir er og skapa hugsanlega einhverja hagræðingu.

Ef við lítum aðeins nánar á þetta má t. d. segja að í þeim tilfellum að útgerð og vinnsla sé á sömu hendi mun hagræðing, betra skipulag á veiði og vinnslu vafalaust leiða til einhverrar aukningar verðmæta. Þar koma náttúrlega til aukin gæði aflans og kannske lækkaður rekstrarkostnaður við sókn. Þannig mun þetta skila einhverjum bata. En ég er hræddur um að þessi verðmætaaukning muni í raun ekki ráða úrslitum um afkomu þessarar greinar vegna þess að vandi hennar virðist manni vera miklu meiri en sem þessu næmi. Og ef við tökum annað dæmi, þá mun þessu kvótakerfi fylgja gífurleg eignatilfærsla. Nýleg, góð, traust og vel búin skip, sem hafa kannske haft fiskifælur við skipstjórn að undanförnu, geta lækkað í verði vegna þess að þau bera með sér lélegan kvóta. Hins vegar geta manndrápsfleytur á síðasta snúningi orðið verðmætar á einni nóttu vegna þess að þeim fylgir góður kvóti. Þetta er lítið dæmi um hvað þetta hefur í för með sér. Það er kannske vert að minnast í þessu sambandi að á undanförnu ári eða tveimur hefur verið verulega mikið um tilfærslu skipa, um skipasölur á landinu. Og síðan spyr maður: Hver gefur og hver tekur þessi verðmæti? Það er ráðh. Og þá kemur grundvallarspurningin: Hefur hann þá umráðarétt yfir þeim auðlindum, yfir þeim peningum, yfir þeim millj. sem verið er að dreifa með þessu lagi?

Ef við lítum aðeins á aðra búgrein þar sem kvótakerfi var komið á, sem er landbúnaðurinn, þá virðist mér ljóst að kvótakerfi í landbúnaði leysti þar engan sérstakan vanda nema hluta af offramleiðsluvandanum. Það virðist ekki hafa leitt til lækkaðs framleiðslukostnaðar eða bættrar stöðu bændastéttarinnar. Það hefur ekki haft í för með sér þá hagræðingu.

Eitt atriði, sem vert er að minnast á líka í þessu sambandi, er að greinin öll, sjávarútvegurinn, hneppist á vissan hátt í fjötra, eins og hæstv. ráðh. minntist á áðan. Það gefast ekki tækifæri, segjum fyrir fríska og kappsamt fólk, til þess að rífa upp rekstur eða breyta til batnaðar þar sem þess er þörf.

Þessi dæmi vildi ég nú taka. Ef ég tek þetta saman sýnist mér að kvótakerfið gæti aukið hagræðingu, nýtingu og gæði afla að einhverju marki, a. m. k. þar sem veiðar og vinnsla eru á sömu hendi. Þessu mun hins vegar fylgja gífurleg eignatilfærsla í landinu og olnbogarými til átaka og breytinga í rekstri verður mjög takmarkað.

Þetta er meira almennt um kvótakerfi. Mér sýnist að það sé tvennt sem skiptir höfuðmáli í sambandi við nánari útfærslu á kvótanum. Fyrra atriðið er reiknireglur eins og eðlilegt er, en hið seinna eru reglur um framsal kvóta sem menn hafa kannske helst minnst á í aukasetningum. Þarna er spurning um reglur um framsal, t. d. hvort megi skiptast á kvótum milli tegunda fiska eða skipa eða má skiptast á kvótum milli byggðarlaga eða má skiptast á kvótum milli landshluta. Það

kemur til greina bein sala kvóta, hvort sem hún er ofan jarðar eða neðan jarðar, og þá erum við um leið komin að ýmsum grundvallarspurningum í sambandi við atriði eins og auðlindir og annað og þá er hlutverk Alþingis augljóst í þessu sambandi.

Ef við lítum fyrst á reiknireglur, þá skipta þær miklu um áhrif kvótakerfis. Í þessari umr. og á þeim fundum sem við höfum átt með hagsmunaaðilum og hæstv. ráðh. hefur svo til eingöngu verið talað um viðmiðun við meðalafla þriggja síðustu ára með lagfæringum kannske vegna langrar landlegu vegna bilana og þess háttar. Ef menn eru að hugsa um sveigjanlegt og sanngjarnt kerfi, sem að einhverju leyti gæti hvatt til aukinnar verðmætasköpunar og aukinnar arðsemi, kemur mjög sterklega til greina að taka tillit til verðmætasköpunar sömu skipa á ákveðnu tímabili eða jafnvel rekstrarkostnaðar viðkomandi útgerðar, þannig að þær útgerðir sem hafa sýnt mesta framleiðni séu verðlaunaðar með bættum kvóta. Stærð skipa og gerð gæti komið inn í þetta til þess að hafa þó sveigjanleika, til þess að fá hvatningu í kerfið. Þetta á að vera dæmi um kvótareiknireglur sem mundu hvetja til aukinnar arðsemi og framleiðni.

Seinna atriðið sem ég nefndi tel ég vera afgerandi og það er um framsal eða sölukvóta. Við getum hugsað okkur í fræðisetningunni að frjálsar reglur um framsal og skipti eða jafnvel sölu kvóta gætu á vissan hátt losað greinina úr þeirri hnappheldu sem kvótinn setur hana í. Þannig mætti hugsa sér að hagkvæmar útgerðir eða drífandi útgerðir með kappsömu fólki gætu orðið sér úti um aukakvóta eða veiðiheimildir. Þannig gætu safnast kvótar á þær hendur þar sem reksturinn gengur best og um leið grisjast úr útgerðarbransanum það sem kannske miður má sín. En þarna erum við komin, eins og ég sagði áðan, að fjölmörgum spurningum, t. d. um áhrif flutnings veiðiheimilda milli skipa, fyrirtækja, byggðarlaga eða landshluta. Og þetta vekur spurningar um eignarhald á auðlindum. Þetta vekur einnig spurningar um sölu veiðileyfa, um auðlindaskatta o. fl. Þetta eru lykilatriði, sem menn mega ekki koma sér undan að ræða um.

Annað sem hefur verið talað um er hvort það sé nauðsynlegt að setja kvóta á allan flotann, togara og báta samtímis. Menn hafa sagt sem svo, að bátaútgerðin sé ekki aðalvandamálið. Það eru togararnir sem eru kannske meira vandamál. Sumir hafa sagt að verstu annmarkar bátaútgerðarinnar næðust kannske af með því að seinka netavertíðinni, eins og hugmyndir hafa verið um. Þá mundu gæði netafisksins aukast verulega mikið og það væri kannske nóg þetta árið að setja kvóta á togarana, en notfæra sér þá vitneskju og þá reynslu sem menn fá af því og setja þá kvóta á bátana á þar næsta ári. En til þess að koma í veg fyrir eitthvert æðibunufiskirí þetta árið hjá bátum til þess að bæta sér kvóta mætti áfram miða bátakvótana við árin 1981, 1982 og 1983. Þetta er hugmynd.

Svo vil ég að síðustu minnast á frv. sjálft og það vald sem það gefur ráðh. Mér sýnist að þetta frv. sé eðlislega ekki svo veruleg breyting. Það hafa verið svipaðar aðgerðir framkvæmdar við ýmsa nytjastofna án þess að menn stæðu svo sem á öndinni. Það hafa verið stofnar sem voru miklu minni auðlindir. Það sem gerist nú er að nú er till. um að taka stórkostlega auðlind undir svona kerfi. Þá fara menn að spyrja sig ágengari spurninga. Ég tel það orka mikið tvímælis, svo að ég komist ekki sterkar að orði, að Alþingi geti í raun og veru skotið sér undan því að taka afstöðu til nýtingar þessarar auðlindar. Ég tel að í framkvæmdinni séu ákveðin meginatriði sem Alþingi beri að hlutast til um og þar á ég við áherslur reiknireglunnar, þ. e. á hvern hátt sú reikniregla sem tekin verður upp hefur áhrif á útgerðina, hvort þarna er einungis um frosna fjötra að ræða eða hvort það verður svigrúm til breytinga til batnaðar. Annað meginatriði sem ég tel að Alþingi beri að hlutast til um er meðferð kvótanna, þ. e. reglur um framsal þeirra og hugsanlegt framsal þeirra með eða án endurgjalds vegna þess að í þessu efni er svo stutt í grundvallarspurningar að Alþingi getur ekki afsalað sér umsögn og kannske rétti og skyldu til að setja lög um þessi efni. Þess vegna tel ég ómögulegt fyrir þingið að afgreiða þetta mál án þess að fá nánari upplýsingar um reglur, um útreikninga á kvótum og síðan meðferð og skipti kvóta.

Ef ég dreg helstu atriði þessa máls saman, þá átel ég þann stutta frest sem menn fá til að velta fyrir sér þessu stórpólitíska máli. Ég tel að Alþingi verði að ráða um meginstefnuna í málinu. Ég hef engan áhuga á að hérna inn á Alþingi komi til úrskurðar einstök atriði um kvóta til einstakra skipa. Ég legg áherslu á að Alþingi ráði um meginstefnu og ég hafna alls ekki kvótakerfi, en ég legg áherslu á að kvóti er ekki sama og kvóti. Það skiptir máli hvað fyrirkomulag kerfisins er. Ég tel að þingið verði að fá um það nánari upplýsingar.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Nú sýnist mér vera liðlega klukkutími eftir af þessum sólarhring. Venjulegur þingtími er hér milli 2 og 4 á daginn. Á þeim tíma hefjast venjulega umr. um ný þingmál og stjfrv. sem fram eru lögð og þó allra helst þau mál sem mikilvægust eru og menn telja þess virði að hlusta á. Á kvöldfundi koma oft fáir og fara fljótt. Eftir þessari vinnureglu, virðulegi forseti, mætti telja — og telst í þessari virðulegu stofnun — að sjávarútvegur sé ekki merkilegur málaflokkur. Ég hlýt að segja að ég harma það. Alls kyns smærri mál og rifrildismál hefðu átt að víkja af dagskrá þegar þetta mál kom til umr., þannig að hægt væri að ræða það hér á eðlilegum tíma og sem flestir fengju vitneskju um það þegar það var rætt, því að líklega er hér um að ræða eitt mikilvægasta mál ekki aðeins þessa þings heldur margra annarra þinga. Það er varla viðunandi að sætta sig við slíka málsmeðferð og ég veit að það hefur ekki verið á valdi þess virðulega forseta sem nú situr í stólnum, en ég vona þess hæstv. aðalforseta vegna að hann endurtaki ekki slíkan leik.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um breytingu á fyrirliggjandi lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og þó næstum eingöngu á þeim hluta laganna sem fjallar um stjórnun. Margir aðrir þættir eru í lögum og verða það áfram hvort sem þetta frv. verður að lögum eða ekki, og jafnvel þó svo fari að hæstv. ráðh. fái þetta vald í hendur, sem mörgum þykir hættulegt. Það er einkennilegt að þessir 60 hv. þm., sem allir eru komnir hérna inn til að sækjast eftir valdi, skuli telja það svo hættulegt. Þó frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir getur ráðh. auðvitað alls ekki ráðið öllu um veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu, eins og haldið var fram af síðasta hv. ræðumanni. Það eru nefnilega miklu fleiri greinar í þessu frv., m. a. 3. gr., þar sem um er að tefla

allar línur, þriggja mílna, fjögurra mílna, sex mílna, 12 mílna, 50 mílna reglur, 200, ekki má gleyma því, öll hólf, friðuð svæði o. s.frv. eru í þeirri grein. Ráðh. hefur ekkert meiri tök á þeirri megingrein eftir samþykkt þessa frv. nema aðeins í litlu, sem betra er þó að passa sig á. Eftir sem áður verður að fara með hverja einustu breytingu í þeim efnum í gegnum þingið, hversu smávægileg sem hún er. Þarna var því ekki farið með rétt mál. Og ég undrast það þegar svo virðulegur og ágætur þm. sem Guðmundur Einarsson er að segja það hér úr ræðustóli í hv. Nd. að menn séu af stóru landsvæði kannske búnir að reikna sér út fjögurra mánaða stopp á næsta ári. Til hvers er þetta sagt? Er þetta sagt til að hræða landslýð, að sú ógn standi til við samþykkt þessa frv. að fólk verði atvinnulaust þriðja part ársins? Hvar hefur breyst miðað við þetta ár og það sem áætlað er að veiða á næsta ári? Og að hvaða leyti verður verra að halda uppi atvinnu út um dreifðar byggðir landsins þó að við fáum einhverjar heimildir til að stjórna fiskveiðum í landinu? Það eru einmitt þessar heimildir sem eiga að geta orðið til þess að ekki verði slík slys. Þarna eru menn að snúa hlutunum við. Skelfingin er í raun og veru ekki meiri í þorskinum en svo að það eru auðvitað engin efni til þess að hræða fólk með þeirri niðurstöðu. Á þessu ári hefur okkur ekki tekist að veiða 280 þús. tonn af þorski, ekki enn. Kannske tekst það þó stutt sé eftir af árinu. Hversu mikið veiða menn nú af þorski á næsta ári? Í des. á næsta ári verð ég viss um, ef það verður hægt að fiska þá, að menn verða búnir að veiða 240—250 þús. tonn af þorski. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Og hver er munurinn? Er það hann sem er að setja allt á hausinn í landinu? Er það ástæðan til þess að hóta mönnum enn frekari kjaraskerðingu? Hann er 40 þús. tonn. Og verðmæti 40 þús. tonna afla er auðveldlega hægt að bæta sér upp með því að eyðileggja ekki eins mikið af fiski. Við getum sparað miklu meira en sem þeim mismun nemur á því að fara vel með fisk, miklu meira. Það er því engin ástæða til að byrja að skæla strax og auðvitað fáránlegt að láta sér detta í hug að menn séu farnir að reikna svona lagað út á Norðurlandi eða Vesturlandi eða hvar þetta nú var.

Það hafa verið slæmar reiknireglur sem oft voru nefndar hér í síðustu ræðu og hafa verið brúkaðar við þann útreikning. Það er eðlilegt að hv. þm. þyki ráðh. fá býsna mikið vald í hendur með þessu frv., ef samþykkt verður. Þarna er auðvitað verið að framselja vald, sem oft hefur verið gert. Og með þessu frv. fær ráðh. auðvitað ákaflega mikið vald. Menn tala hér eins og þetta sé eitthvað nýtt. Hvar er valdið í þessum efnum nú í dag? Geta menn giskað? Vilja hv. þm. rétta upp höndina sem vita það? Það er hjá ráðh. allt saman, ósköp einfaldlega, og hefur alltaf verið það. Að vísu þarf að fá einhverja umsögn Fiskifélagsins, en ráðh. ræður eftir sem áður. Það er ekkert sem hefur breyst í þeim efnum nema að valdsviðið hefur verið rýmkað. Það er verið að víkka valdsviðið. Og um það bil sem þetta vald vex eru á ferðinni dálítið varasamir hlutir. Þar er verið að leyfa að ráðh. geti skammtað mönnum afla. En ég hef ekki heyrt í neinum sem vill halda því fram að við eigum ekki að hafa þessar stjórnunarheimildir. Eigum við að bjóða upp á það? Við getum fellt þetta. Hver vill bera ábyrgð á því að sleppa öllu liðinu lausu eins og á stendur? Ekki ég. Hins vegar má kannske fara með þetta að einhverju leyti öðruvísi en stendur í þessu frv. og við eigum eftir að athuga það. Það á eftir að fara í nefnd. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp úr plaggi sem ég hef hér í pontunni. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

Ráðherra getur í samráði við Hafrannsóknastofnunina sett reglur um hámark þess afla sem veiða má af hverri fisktegund á tilteknu tímabili, vertíð eða heilu ári. Í næstu grein eða næstnæstu: Ráðherra setur reglur um hvaðeina sem snertir framkvæmd laga þessara, gerð, útbúnað, frágang veiðarfæra, lágmarksmöskvastærð, lágmarksstærðir fisktegunda o. s. frv. — Í þar næstu grein: Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar samkv. sérstökum eða almennum leyfum ráðh., sem hefur valdið þarna. — Í næstu setningu: Ráðherra getur ákveðið að dragnótaveiði sé heimil o. s. frv. o. s. frv. — Og í sömu grein: Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni sem honum þykja nauðsynleg. — Það er einmitt þetta sem menn hafa verið að kvarta undan að væri í frv. En þetta og margar fleiri heimildir er fyrir í núgildandi lögum. Þeir sem rífast um þetta á þessum nótum hafa hreinlega ekki lesið lögin eða ekki skilið þau.

Herra forseti. Í 14. gr. núgildandi laga segir enn, með leyfi forseta: Veiðar á rækju, humri, síld, loðnu, spærlingi og kolmunna í botnvörpu og flotvörpu skulu háðar sérstökum eða almennum leyfum. — Hvers? Ráðherra. Og næst: Ráðherra getur bundið leyfi þessi eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja. Og ráðherra getur einnig ákveðið í reglugerð að aðrar veiðar í tiltekið veiðarfæri skuli háðar sérstökum eða almennum leyfum, sem ráðherra auðvitað veitir. Og svo segir hér í einni grein: Auk þess skal ráðherra leita umsagnar annarra aðila þegar honum þykir ástæða til. — Og svo eru menn að sleppa fjandanum lausum núna. Ekki alveg. Því fer fjarri. Það sem ég var að lesa upp núna er allt úr núgildandi lögum. Menn þurfa þá ekki að fá kveisu út af því sem verið er að setja hér inn núna.

Auðvitað eru hér viðbótarheimildir og viðbótarvald sem hæstv. ráðh. fær. En í prinsippinu er þetta alveg það sama. Efnislega er það dálítið öðruvísi, vegna þess að hér er verið að fara fram á að hafa lagaheimildir til kvótasetningar, að fá auknar lagaheimildir til að binda veiðar leyfum og í þriðja lagi er verið að fá heimildir til að auka dragnótaveiðar, til að veiða meiri kola sem er vannýttur og til að geta brúkað meira það veiðarfæri sem er heppilegt að margra dómi að nota.

Það er auðvitað spurning hvort við eigum að beita sérstökum öðrum og nýjum aðferðum við þær greinar sem koma í viðbót og snerta þessi efni. Ég verð að segja fyrir mig að ég hef lengi haldið því fram, árum saman, og talað fyrir daufum eyrum og ekki síst daufum framsóknareyrum og fengið skammir fyrir af mörgum framsóknarmanninum í þessum sal, hv. öllum saman. En nú loksins þegar mönnum þykir að kreppa telja þeir að þurfi að gera eitthvað sérstakt. Þetta, sem er eitthvað sérstakt, getur ekki verið verra en það sem var fyrir. Þeir fara ekki vísvitandi að taka það upp nema menn hljóti að líta á að það sé betra — sem sagt að kvótinn sé nauðsynlegur eða a. m. k. miklu betri en hitt fyrirkomulagið — til þess að hafa á veiðunum nægilega stjórn, því að það getur þurft á næsta ári að taka mismunandi stefnu í þessum efnum. Það er ekki hægt

að setja neinar reglur um þetta heilt ár. Aðstæður geta breyst, vonandi til hins betra og þá þarf heimildir til þess svo ekki þurfi að kalla þingið saman á miðju sumri eða gefa út brbl., sem er náttúrlega ekki mikið mál. En nú þegar sverfur að mönnum að þeim þykir sjálfum dettur þeim einmitt þessi lausn í hug, sem búið er að vera að reyna að segja þeim mörg herrans ár að beita. Kvóti hefur verið hér á ýmsum veiðum, og ég er margbúinn að segja það hér í ræðustól, t. d. síld og humri, sérstakt fyrirkomulag hefur verið brúkað við það, meira að segja tvenns konar fyrirkomulag. Allt þetta hefur orðið til þess að gera þessar veiðar ódýrari og arðsamari með því að það hefur sparast olía, það hafa sparast veiðarfæri o. s. frv.

Kvóti hefur nefnilega þýsna marga góða eiginleika þó að hann hafi líka galla. En hefur ekki frelsið, sem næstum samanlagður hv. þingheimur dáist nú svo mjög að þessa dagana, líka galla? Ég er ansi hræddur um það, þegar menn hafa frelsi til þess að veiða kannske 1500 tonn af þorski í net með þeim hamagangi og þeim aðferðum að þriðjungurinn er kannske ónýtur. Auðvitað er það ekki skynsamlegt. Ætli menn reyndu ekki að koma með alla sína fiska veidda úr sjónum heila á húfi í land ef þeir vita að þeir mega ekki fara upp fyrir svo og svo mörg tonn. Er ekki rétt að hafa það allt af fyrsta flokki? Ætli það sé ekki betra en að veiða 1500 tonn og fá þriðjunginn í 1. flokk, þriðjunginn í 2. og þriðjunginn í 3.? Þetta eru kannske ljótar tölur, en þær hafa átt sér stað. Það er kominn tími til að við högum okkur ekki endalaust eins og villimenn í þessum efnum. Ég er ekki að segja að þetta frv. gangi frá villimennskunni dauðri, síður en svo. En ég tel að til þess að það sé nokkur möguleiki á því að bæta stöðuna á mörgum sviðum í þessum efnum þurfi að vera nauðsynleg stjórntæki til. Ef menn eru hræddir við að ráðh. hafi þetta í höndunum, eins og hann hefur gert hingað til, skulu þeir koma hér og benda á stofnun sem fái þetta vald í staðinn. Valdið verðum við að hafa. Kannske eru sumir hérna inni sem vilja hafa fjóra skipstjóra á bát. Það hefur aldrei reynst vel.

Herra forseti. Það væri full ástæða til að ræða þetta mál lið fyir lið, en hæstv. ráðh. hefur nú gert grein fyrir frv. En ég fer ekki úr þessum stól fyrr en ég er búinn að gera hér örfáar aths., því að hversu gott sem frv. er sem samið er af nefnd skipaðri af hæstv. fyrrv. sjútvrh. Steingrími Hermannssyni getur hún kannske haft texta sem kannske er ekki kórréttur. Ég held að slík nefnd sé síst betri þó að sá hæstv. ráðh. hafi sett hana á laggirnar. Það er ekki málið, heldur það, að í 1. gr. kemur setning sem er þannig að margir sem ég hef talað við hér í þinginu hafa ekki skilið, a. m. k. ekki í fyrstu umferð. Þessi setning er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við skiptingu afla milli skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á vissum tegundum sjávarafla, skal heimilt að miða við heildaraflaverðmæti fiskiskipa, sem ekki hafa fengið slík leyfi.“

Hver skilur? Ja, það gefur sig enginn fram. Þetta er ákaflega torræð setning svo að ekki sé meira sagt. Og ég vil leyfa mér að bæta því við að ég vil fá að vita nákvæmlega hvað hún þýðir og hvern skilning hæstv. ráðh. leggur í þessa setningu. Ég vildi enn fremur fara þess á leit við hæstv. ráðh. að hann gerði grein fyrir þeim raunveruleika í veiðum og kvóta og aflamöguleikum sem felast í þessari setningu. Ég er ansi hræddur um að ef ég skil þessa setningu rétt þurfi a. m. k. að hafa hana alveg gersamlega skýra og klára þannig að það vefjist hreint ekki fyrir neinum og um lagaskýringu þurfi ekki að ræða margsinnis ef frv. verður samþ. óbreytt. Ég vil raunar alls ekki sætta mig við að þessi setning verði samþykkt óbreytt. Það er engin leið að sætta sig við það, jafnvel þó að ég sé búinn að skilja þessa setningu og sjálfsagt allir hér. En ég vil fá skýringu á þessari setningu hvað hún þýðir annars vegar fyrir þá sem hafa sérstök leyfi til veiða ýmissa stofna og hvort það þýðir að þeir þurfi að draga úr sókn í aðra stofna í staðinn eða eitthvað slíkt, hvort hér er um að tefla t. d. skelveiðibáta, síldveiðibáta og báta sem stunda fjölbreytilegar veiðar, og hvernig skuli fara með þá hluti. Þessir hlutir verða að vera skýrir.

Ég held að það sé út af fyrir sig gott að hafa í lögunum að samráð skuli hafa við sjávarútvegsnefndir, en það er auðvitað ljóst að hæstv. ráðh. hefur valdið eftir sem áður. Það er spurning í mínum huga, og ég hef nefnt það við hæstv. ráðh. og fleiri, hvort við meðferð þessa frv. ætti ekki að gera svolítið meira úr þessum þætti. Ég ætla ekki að eyða tíma í að ræða það. En fyrir þá a. m. k. sem eru hræddir við hið mikla vald eins manns og fyrir Alþingi, sem er að framselja þetta vald, tel ég það ekkert verra fyrir hæstv. ráðh. að þarna væri kveðið nokkuð skýrar á. Um þetta eigum við eftir að tala. Málið fer væntanlega til nefndar á morgun og þar verða þessi atriði athuguð.

Herra forseti. Hér er einnig grein, 2. gr., sem ég vil aðeins fara nokkrum orðum um. Ég hef sjálfur verið hvetjandi þess að við legðum meiri áherslu á að veiða þann kola sem við höfum. Það eru að vísu ekki mjög stórir stofnar, en engin ástæða til að skilja þá eftir og notfæra sér ekki þetta dýra hráefni. Til þess að ná í þennan kola þarf ekkert endilega dragnót, það er ljóst. En hún er talsvert notuð til kolaveiða og ég hef verið hlynntur því að leyfa veiðar á kolanum með einum eða öðrum hætti þegar hann er í hvað bestu ástandi. Um það fjallar þessi grein, að auka dragnótaveiðiheimildir. Ég tel nauðsynlegt að segja það hér, að þó það sé vafalaust gott og nauðsynlegt að auka þessar heimildir í því skyni að ná t. d. í kola verði farið mjög varlega með þessar heimildir. Það á ekki að ganga of langt í þessu efni. Við vitum hvernig það hefur verið með dragnótina og veiðileyfi t. d. í Faxaflóa. Það gekk ekki þrautalaust að leyfa örfáum bátum að veiða nokkur kolakvikindi í flóanum. Það tók mörg ár, áratug, og þess vegna held ég, af ýmsum ástæðum sem ég hirði ekki að rekja hér, og bendi á það, að fara verði mjög varlega með þessa grein.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég segja nokkurn veginn það sama um 5. gr., því að hún er háskalegt sprengiefni í raun og veru ekki síst þegar maður hefur heyrt það núna að undanförnu að menn létu sér detta í hug að taka út eitt orð úr þessari grein, þar sem orðinu „vannýttum“ yrði vikið af þessum bekk. Hvað þýðir það t. d. ef við strikum út orðið „vannýttur“ úr 5. gr.? Það þýðir að 3. gr. er öll brotin upp, ekki satt? Þá má ráðh. leyfa veiðar að vild með hvaða skipi sem er og hvaða veiðarfærum sem er eftir vild innan landhelginnar, djúpt og grunnt. Það viljum við ekki. Ég tel þetta skynsamlega grein, en hún er líka vandmeðfarin. Það má ekki leyfa sér að teygja orðið „vannýttur“ á alla enda og kanta. Það verður að vera klárt mál að þarna

séum við að leyfa togveiðar innan við þær viðurkenndu línur, sem eru í 3. gr. aðeins af sérstökum ástæðum, t. d. til þess að ná í kola. Þarna þarf að passa sig og mér dettur ekki í hug eitt augnablik að hæstv. ráðh. hefði látið sér detta annað í hug. Ég er ekki að kenna neinum um neitt í þessum efnum, heldur minna á að það má passa sig vel á þesari grein.

Herra forseti. Í aths. við frv. eru ýmsir hlutir sem væri full ástæða til að ræða um. Þar er m. a. rætt um dragnót á vertíð. Ég er hræddur um að Eyjamenn t. d. fengju nú ekki mikið af fiski í dragnót við eyjarnar, a. m. k. ekki eins og hann hefur legið undanfarin ár, annaðhvort djúpt úti í köntum fyrir austan eyjar eða þá á öllum hraunnibbum sem fyrirfinnast. Dragnót er þess háttar veiðarfæri að það er ekki hægt að dingla með hana neitt nema það sé silkibotn og þarf ekki að útskýra það nánar og vona að allir skilji.

Herra forseti. Það er mikill galli að mínum dómi og afar slæmt að við skulum ekki hafa heyrt neitt í hæstv. ráðh. um hvernig eigi að fara með þetta vald nú fyrst um sinn, þegar menn ætla sér að fara að beita þessum heimildum. Vill ekki hæstv. ráðh. segja okkur neitt um það hvað hann er að hugsa um þessar mínútur og klukkustundir og daga? Við höfum ekkert heyrt í hæstv. ráðh. um það, hverja leið hann vill fara í þessum efnum. Það hefur ekki einu sinni verið lögð ein meginlína og engin hugmynd verið mótuð. Það eina sem hefur komið fram, að vísu ekki alveg það eina en það stærsta sem hefur komið fram í þessum efnum, er samþykkt Fiskiþings um meðaltal þriggja ára og 62% af því eða svo sem allir geta fengið. Spurningin er þá kannske í fyrsta lagi sú: Er hæstv. ráðh. inni á því að brúka þessa leið í heilu lagi eða hefur hann aðrar hugmyndir, t. d. eins og aðeins var tæpt á áðan að setja aðeins kvóta á togara, hámark á báta eða eitthvað slíkt? Ég tel mjög mikilsvert og legg á það þunga áherslu að við sem eigum svo að ganga frá þessu máli og vinna að því að þessar heimildir kæmust á, a. m. k. þeir sem vilja það, fáum einhverja nasasjón af því hvað menn hafa í huga í þessum efnum. Það er ansi slæmt að samþykkja frv. af þessu tagi án þess að heyra eða sjá neitt af því tagi. Ég veit að hæstv. ráðh. skilur það, en ég skil líka hans afstöðu og aðstöðu. Það er erfitt, það er ekkert hlaupið að því, en ég vil a. m. k. fá að vita það um leið og honum dettur eitthvað í hug.

Hversu lengi getur hæstv. sjútvrh. legið á þessu? Er það boðlegt? Við verðum þá að útvega honum góðan feld til þess að leggjast undir því að við verðum helst að fá að vita eitthvað um þær hugmyndir sem uppi eru. Við þekkjum tillögur Fiskiþings. Menn eru búnir að reikna þær út, vísindamenn hér í salnum, en við sem ekki erum vísindamenn verðum að láta okkur duga aðrar aðferðir.

Herra forseti. Það er nú svo að maður ætti kannske aldrei að fara úr þessum stól öðruvísi en að minnast aðeins á aðsemi í þessum atvinnuvegi. Það er einhvern veginn þannig, að allmörg undanfarin ár hafa menn ekki hugsað of mikið um aðsemi. Hver hreppur hefur þurft að fá sinn togara og hann hefur verið veittur af góðsemi og skilningi, hvort sem menn hafa átt peninga fyrir honum eða ekki, hvort sem menn hafa mannskap á hann eða ekki, hvort sem nokkur hefur kunnað að gera við veiðarfæri í landi þar sem hann lagði upp og jafnvel þó ekki væri nema hálffætt frystihús á staðnum. Á sumum stöðum hafa þeir ekki einu sinni komist að bryggju. En það hefur verið þannig, að menn hafa ekki haft burði til að reka ný fiskiskip á síðustu og verstu tímum, auk þess sem við vitum að mjög illa hefur verið búið að sjávarútvegi á allra síðustu árum. Ég hugsa til þess með skelfingu hvernig var á síðasta kjörtímabili. Það verður auðvitað að beita einhverri skynsemi í þessum efnum. Ég er ansi hræddur um að hún hafi ekki verið mikil og ekki aðeins á síðasta kjörtímabili heldur lengur. Ég eyði ekki löngu máli í það. Það er vitað, og kemur upp úr hverjum manni sem eitthvað hugsar um þessi mál, að menn sjá að flotinn er of stór. Ekki aðeins fyrir þessar lágu veiðitölur okkar í ár og á næsta ári. Hann er of stór, hann er of dýr og gott væri ef menn vildu huga svolítið að arðseminni nú þegar við erum að komast yfir þennan þröskuld. Ég vil leyfa mér að segja það hér, þó að menn hafi verið skammaðir alveg ofan í gólflista um daginn fyrir slíkar hugmyndir, að ég sé ekkert athugavert við það þó að eitthvað sé fækkað þeim togurum sem eru gerðir út. Ég verð að segja það eins og er. Menn eiga að segja eins og er.

Herra forseti. Ég held ég láti þetta duga að sinni, en ég óska eindregið eftir því að hæstv. ráðh. svari spurningu minni varðandi 1. gr. Ég er alls ekki að fara fram á að hann geri það hér og nú, en samt sem allra fyrst.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir heitir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981. Ég ætla bara að gera þá aths. fyrst að að því er fjórar fyrstu greinarnar varðar er tekið fram við hvaða greinar þær breytingar eigi, en 5. gr. er ekki talin breyting við neina grein í gildandi lögum né heldur er tekið fram að hún skuli vera nein ný grein í þeim lögum. Ég kannast ekki við það form sem hér er valið og veit ekki hvar 5. gr. lendir í lagasafninu ef þetta form á að haldast og held að hér þurfi að gera eilitla bragarbót á. Ég vildi koma þessu að fyrst.

Ég er þeirrar skoðunar að hér sé verið að fjalla um viðamesta mál þingsins og ég tek undir það sem fram hefur komið að æðiknappur tími sé til þessa ætlaður núna. Ég efast um að önnur mál muni koma fram á þessu þingi sem séu veigameiri en þetta. Mér er reyndar til efs að það hafi verið á undangengnum þingum heldur. Þess vegna hefði verið fyllsta ástæða til að geta fjallað um þetta mjög ítarlega og tekið til þess langan tíma, en ráðh. hefur bent okkur réttilega á að til þess að geta markað stefnu fyrir næsta ár með nýjum stjórntækjum þurfi skjóta afgreiðslu á þessu máli.

Í máli ráðh. kom fram að breyta yrði um stjórnunaraðferðir í sjávarútvegsmálum. Hann benti á að óheft sókn gæti leitt til mikils ófarnaðar og kannske mætti segja að hún hafi þegar leitt til verulegs ófarnaðar. Á síðasta þingi fluttum við þm. Alþfl. till. um athugun á fyrirkomulagi veiðileyfastjórnar á fiskveiðunum. Hvernig svo sem fer um þetta frv. vil ég ítreka að haldið verði áfram að skoða þau stjórntæki sem koma til álíta, þau mismunandi form á veiðileyfastjórn sem menn telja að geti verið nothæf og hverjir séu kostir þeirra og gallar, en láti ekki hér staðar numið jafnvel þó að þetta frv. yrði samþykkt í núverandi mynd eða hverri mynd sem það er, heldur leggi áherslu á að fram fari mjög gaumgæfileg skoðun á þessum atriðum áfram. Það er fyllilega ljóst að óheft sókn hefur einmitt þau áhrif sem

ráðh. lýsti, nefnilega þau að menn hyggja eðlilega fyrst og fremst að eigin hag og það verður þá á kostnað heildarinnar þegar við erum með auðlind af því tagi sem hér um ræðir. Og enn stöndum við í þeim sporum, eins og líka kom fram í máli ráðh., að við verðum að hafa stjórntæki sem gera bæði kleift að hafa hér sterka fiskistofna og að jafna aflabrögð eftir föngum.

Ég tel að rétt stefna sé í þessu frv. að leyfisbinda allar veiðar eins og hér er gert ráð fyrir. Mér virðist að ekki verði fram hjá því komist við núverandi aðstæður að taka upp kvótafyrirkomulag að meira eða minna leyti. En það verður að segja eins og er að það er mikill ljóður á þessu frv. að menn eru algerlega í myrkrinu um hvernig þetta verði framkvæmt. Hér er verið að setja mjög mikið vald í hendur ráðh. Þetta er mikið valdaafsal í hendur ráðh. Eins og málið liggur nú fyrir er gert ráð fyrir að það gerist án nokkurrar frekari stefnumörkunar eða vísbendingar um hvernig því valdi skuli beitt. Ég hefði talið að ýmsu leyti eðlilegt að Alþingi bæri mjög mikla ábyrgð í þessum efnum, að formið hefði t. d. við eðlilegar aðstæður getað verið það að innan ramma laganna afgreiddi Alþingi með þál. stefnumörkun varðandi aflamagn og þau stjórntæki sem beitt yrði, hvers konar stjórnun menn ætluðu að hafa uppi.

Hin aðferðin er sú að láta koma fram í lagagreininni sjálfri hvernig meiningin sé að beita þessum stjórntækjum. Menn geta hugsað það hvort heldur sem er þannig að það sé rammi sem þingið setji eða vísbendinng til ráðh. um það með hvaða hætti hann geti beitt þessu valdi, það sé takmörkun á valdi ráðh. eða vísbending. Ég hefði talið þetta eðlilegra og þingræðislegra en það form sem hér er valið og að mörgu leyti heppilegra vegna þess að þingið væri þá allt þátttakandi í þeirri stefnumörkuun í efnahagsmálum sem væri verið að fást við.

En eins og þetta frv. liggur hér fyrir skortir allar vísbendingar um það með hvaða hætti sé hugmyndin að beita þessum stjórntækjum. Um það hefur verið rætt að kannske ætti að miða við meðalafla seinustu þriggja ára. Ég hef ekki hugmynd um hvort það er sanngjarnt eða ekki. Talað hefur verið um að kannske yrði miðað við stærð skipa. Fram kom í máli hæstv. ráðh. að álitamál væri hversu víðtækt þetta ætti að vera.

Langeðlilegast í þessum efnum væri að þingið sjálft setti reglur um þetta efni, annaðhvort með afgreiðslu á lagagreininni sjálfri þó hér sé einungis um eitt ár að ræða, ellegar með þáltill. Þar sem lagagreininni væri breytt með tilliti til þess að gert væri ráð fyrir slíku. Hættan er sú að þegar þetta er sett fram eins og hér er gert veki það tortryggni, ótal spurningar og margs konar ótta. Ég vil ekki gera of mikið úr því, en mig uggir að svo sé og verði. Við þurfum vitaskuld að hyggja mjög vel að þessu máli. Við verðum að leita eftir skynsamlegri niðurstöðu vegna þess að mjög mikilvægt er að vel takist til. Það væri slys ef hér færi illa, menn hefðu ætlað sér að gera hér góðan hlut, en ekki næðist nægileg samstaða um aðferðina og formið, þetta færi út um þúfur og ýmsir þeir gallar sem við vitum að eru á þessu kerfi kæmu ofurmagnaðir fram. Af þessum ástæðum og með tilvísun til þess að hæstv. ráðh. benti á nauðsyn þess að grípa til aðgerða áður en skaði er skeður tel ég mjög nauðsynlegt að fram fari ítarleg umræða í nefndum þingsins og hér á þinginu um þær stjórnunaraðferðir sem helst koma til greina svo að ráðh. viti að hann hafi þá stuðning við þær aðferðir sem hann muni beita, þannig að alveg liggi ljóst fyrir hvernig því opna valdi sem hér er gefið, því mikla valdaafsali sem hér er gert ráð fyrir til ráðh. verði beitt. Það er lágmarkskrafa.

Þetta má hugsanlega gera að einhverju leyti í samvinnu við sjávarútvegsnefndir þingsins, fela þeim sérstakt vald og eftirlit í þessum efnum. En ég held að það ætti þá einungis að vera að því er stefnumörkunina varðar, þ. e. stefnumörkunina um veiðimagn og stjórnunaraðferðir sem menn ætla að beita. En þær eru ótal margar eins og kunnugt er, en ekki gera ráð fyrir að þær varði hvert einstakt skip. Það er einmitt í þeim punkti sem þetta frv. er frábrugðið því sem gildandi hefur verið hingað til. Ástæða er til að gera þá aths. í framhaldi af ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar að í gildandi lögum hefur fyrst og fremst verið um almennar reglur að ræða, sem aðeins er lagt til að giltu með sama hætti gagnvart öllum skipum með sams konar búnað eða veiðarfæri. Það sem er áreiðanlega viðkvæmast og erfiðast í þessu og verður að skoða sérstaklega vel er spurningin um að ákveða aflahámark á einstök skip og með hvaða hætti það skuli gert.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta. Ég get ekki rætt hér mismunandi aðferðir sem kæmu til álita við stjórnunina. Menn hafa lítið til að fara eftir í þeim efnum. En ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðh. geri grein fyrir hugmyndum sínum í þeim efnum og ég hefði talið langæskilegast að þessu frv. væri breytt þannig að valdsvið þingsins kæmi skýrt fram, stefnumörkunin væri á hendi þingsins, annaðhvort í lagagreininni sjálfri eða með þáltill. En ef menn geta ekki fallist á það verða menn a. m. k. að fá gleggri upplýsingar um hvernig hugmyndin sé að beita þessu og tryggingar fyrir því hvernig því verði beitt á næsta ári eða því ári sem þessi lög eiga að gilda og jafnframt að gera sjútvn. þingsins virkari í framkvæmd laganna.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir er rammi um aðgerðir sem eiga að miða að því að samræma sókn í fiskstofna veiðiþoli þeirra. Frv. endurspeglar þá kreppu sem sjávarútvegurinn er í eftir langvarandi aflaminnkun og hrun þorskstofnsins og ber með sér að naumur tími hefur verið til stefnu til að aðlagast nýjum aðstæðum. Því er eðlilegt að gildistími laganna eftir frv. skuli aðeins vera eitt ár. Þá gefst Alþingi tækifærit til að taka málið til nýrrar endurskoðunar á grundvelli fenginnar reynslu.

Eins og frv. liggur fyrir og eftir ræðu hæstv. sjútvrh. er ógerningur að meta á þessu stigi kosti og lesti þess kvótakerfis sem hér eru lögð drög að að tekið verði upp. Ég dreg enga dul á að ég hef ávallt verið vantrúaður á að unnt sé að standa vel að fiskveiðum á Íslandsmiðum með því að setja hverju skipi, stóru og smáu, sérstakan kvóta. Til þess eru aðstæður of ólíkar, enda veit ég ekki til að útfærðar hugmyndir að slíku kvótakerfi hafi verið settar fram. Á þessu stigi málsins tel ég nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram:

Til þess að kvótakerfi á fiskveiðar sé réttlætanlegt er óhjákvæmilegt að taka tillit til óvenjulegra og sérstakra aðstæðna þeirra útgerðarmanna eða útgerða sem lagt hafa í nýja fjárfestingu, fest kaup á fiskiskipi og kannske lagt öðru. Ég veit dæmi þess að ungir menn

hafa fest kaup á togara nýlega, kostað miklu til að endurbæta hann og lagt eigur sínar að veði í þeirri fullvissu að þeir hefðu sömu möguleika og aðrir til að bjarga sér þótt fyrri eigendum togarans hafi verið mislagðar hendur um aflabrögð. Í slíku tilviki er með öllu óverjandi að ákveða umræddu skipi aflakvóta eftir aflabrögðum þess meðan það var í eigu fyrri eigenda.

Ég vil einnig taka fram að of einhliða viðmiðun til þriggja síðustu ára getur orðið mjög ranglát fyrir einstök byggðarlög eða landshluta. Um þessi atriði hef ég ekki handbærar upplýsingar á þessari stundu, en tel samt sem áður nauðsynlegt að láta þessi sjónarmið koma fram.

Ég sé ekki ástæðu til að nefna hér fleiri atriði þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar, en vil sem sagt undirstrika það að á þessari stundu hef ég ekki sannfæringu fyrir því að okkur takist að búa til kvótakerfi sem fullnægir þörfum okkar en bitnar ekki um of á einstökum útgerðum, útgerðarmönnum eða byggðarlögum eða verðlaunar aðra kannske óverðskuldað.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan spyrjast fyrir um það hvort hæstv. sjútvrh. sé horfinn úr salnum. (**Forseti:** Hann hefur verið í salnum allt til þessa og er áreiðanlega ekki langt í burtu, en ég skal gera gangskör að því að fá hann hingað.)

Herra forseti. Ég hefði nefnilega viljað leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðh. í lok minnar ræðu. Ég held að það sé best að ég bíði þangað til hann kemur í salinn aftur.

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. kynnti hér frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981. Hann sagði m. a. í ræðu sinni, þegar hann kynnti frv., að með því væri verið að umbylta núverandi fyrirkomulagi. Ég vil taka undir það sem fram kom í ræðum annarra þm. hér áðan og segja fyrir mitt leyti, að það er rétt að efnislega er hér um umbyltingu að ræða, ef menn lesa í það hvað felst á bak við frv., en því miður finnst mér mjög skorta á hjá ráðh. að nægjanlega skýrt kæmi fram í hverju þessi umbylting er fólgin í framkvæmd. Mun ég víkja að því síðar í minni ræðu.

Ráðh. sagði einnig að hann óskaði eftir því að mál þetta væri hafið yfir flokkadeilur. Ég tek undir þessi orð ráðh. Ég telst til annars stjórnarflokksins og er kannske ekki fullkomlega sammála öllu, sem fram hefur komið hjá ráðh., en ég tala út frá því sjónarmiði að þetta mál sé hafið yfir flokkadeildur og að það beri að ræða með þeim hætti.

Það voru nokkur önnur atriði í ræðu ráðh. sem ég vildi víkja að áður en ég kem að því meginmáli sem ég vil láta koma hér fram sem mína skoðun. Hann sagði m. a. í ræðu sinni að hér væri um aukin afskipti að ræða. Það liggur í augum uppi ef menn lesa frv. og þekkja eitthvað til þessara mála. Hann sagði einnig að nú yrði að grípa í taumana áður en skaðinn skeði og síðan undirstrikaði hann það í sinni ræðu að hann hefði meðmæli helstu hagsmunasamtaka fyrir þeirri meginstefnu sem felst í frv., sem er aflakvótinn.

Ég verð að segja eins og er að það er seint í rassinn gripið að ætla núna forða skaða í sambandi við fiskveiðar Íslendinga. Það hefði verið nær að gera það fyrr, t. d. þegar verið var að kaupa og byggja nýja skuttogara á síðustu árum. Það er mat flestra, sem til þekkja, að sú fjölgun skuttogaranna sem varð á árunum 1978—1983 hafi verið mjög óæskileg og óþörf og raunverulega sé þar um að ræða þann umframfjölda togara sem málið kemur til með að snúast meira og minna um, sérstaklega í framkvæmd.

Því var skotið að mér hér áðan að menn yrðu að treysta ráðherrum og öðrum í sambandi við þetta mál. En ég segi fyrir mitt leyti að þeir voru því miður ekki traustsins verðir sumir hverjir þegar þeir voru að kaupa inn skuttogara á svokölluðum félagslegum grundvelli. Það á eftir að verða mörgum byggðarlögum mjög erfiður baggi að hafa tekið við nýjum og stórum, dýrum skuttogurum inn í byggðarlög, sem hafa engar eða mjög takmarkaðar forsendur til að taka á móti slíkum skipum og reka þau og ekki mannafla til að þjóna þessum skipum bæði á sjó og landi.

Varðandi það atriði sem margir tala um, samráð við hagsmunasamtökin, er ég auðvitað sammála því út af fyrir sig að hv. Alþingi og ráðherrar hafi samráð við hagsmunasamtök. En ég verð að taka undir þau orð, sem hér hafa komið fram hjá öðrum ræðumönnum, að þetta mál er náttúrlega hafið yfir það að einhver takmörkuð eða fá hagsmunasamtök, þó að í sjávarútvegi og fiskiðnaði séu, eigi að ráða alfarið hvaða stefna verði tekin í þessum málum. Hér er um að ræða að mínu mati eitt örlagaríkasta skrefið sem hefur verið tekið í atvinnusögu Íslendinga í áratugi, ef þetta frv. verður að lögum með hugsanlega þeirri útfærslu sem það gerir ráð fyrir og þær stærðir sem þar um ræðir þannig að þetta mál snýr að þjóðinni allri, hverju einasta mannsbarni. Ég er alfarið á móti því að afgreiða jafn veigamikið og stórt mál með þeim hætti að örfáir fulltrúar, þó þeir séu fulltrúar helstu hagsmunasamtaka á þessu sviði, eigi að ráða þar einir eða réttara sagt mæla einir um það við ráðh. hvernig þessum málum skuli hagað. Hér er um svo víðtækar verkanir að ræða, ef frv. verður að lögum, með þeim aðgerðum sem gera verður, að raunverulega hefði þetta mál þurft að fá miklu meiri og víðtækari umræðu en bara hér á þingi í örfáum dögum eða nokkrum klukkutímum, og í samráði við örfáa menn frá — ég segi ekki þröngum samtökum, en samt takmörkuðum, miðað við umfang þessa máls. En við skulum treysta því að þeir menn sem komið hafa við sögu við undirbúning málsins af hálfu hagsmunasamtaka og ríkisstj. hafi unnið það af bestu samvisku. Og þá svara þeir auðvitað fyrir sig í sambandi við framkvæmd þess eða a. m. k. í sambandi við þær spurningar sem ég held að menn verði að bera fram þegar þeir eru að fjalla um jafn veigamikið mál og hér um ræðir.

Það er ekki alveg rétt metið hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni að við séum raunverulega að framkvæma það sama og gert hefur verið á grundvelli fyrri laga. Hér er í fyrsta skipti verið að leggja til að allar fiskveiðar landsmanna verði settar undir ákveðið og ég vil segja þröngt skömmtunarkerfi, þar sem einn maður, ég undirstrika það, einn maður — þetta er einsdæmi í sögu þjóðarinnar í sambandi við löggjöf — þar sem einn maður, sjútvrh. getur haft — ég segi: Getur haft algert alræðisvald um framkvæmd laganna. Í 3. gr. frv. segir orðrétt:

„Getur ráðh. bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir.“ Um þetta atriði er ekki eitt einasta orð í grg. eða skýringum, a. m. k. ekki um það sem ég leita eftir, hvernig á að framkvæma þessi mál.

Ég vil taka það skýrt fram að það sem ég segi hér um vald ráðh. snýr ekki að hæstv. núv. sjútvrh. Ég ber hið fyllsta traust til hans sem manns og heiðarlegs og góðs drengs. Ég ræði þetta út frá því sjónarmiði hvaða vald er verið að leggja í hendur eins manns, eins ráðh.

Tilefni þessa framkomna frv. er náttúrlega fyrst og fremst það, að fiskifræðingar segja að þorskstofninn við landið sé í mikilli hættu. Margt bendir til að þetta mat þeirra sé raunhæft og rannsóknir séu réttar, þ. e. að þorskurinn sé ofveiddur. Þá er það staðreynd að loðnan hefur verið ofveidd, en hún er eins og við vitum ein aðalfæðutegund þorsksins. Einnig er það skoðun fiskifræðinga að hitastig og önnur sjávarskilyrði hafi breyst á síðustu árum þorskinum í óhag svo að hann hefur færst frá landinu og jafnvel sunnar í Atlantshafið. Það eru mörg atriði í mati fiskifræðinga um stöðu þorskstofnsins og í sambandi við spár þeirra sem mér finnst vera mjög óljós. En hvað sem því líður er óhjákvæmileg skylda bæði ríkisstj. og Alþingis, hagsmunasamtaka og allra landsmanna að hlusta vel á skoðanir fiskifræðinga og mat aðila eins og t. d. Fiskifélags Íslands í þessum efnum. Enn fremur þýðir ekki að berja höfðinu við steininn og neita þeirri staðreynd að þorskaflinn hefur gengið verulega saman á síðustu misserum. Fiskurinn í aflanum er smærri og það er lítið úr eldri árgöngum. Þetta eru alkunnar staðreyndir. Í stuttu máli sagt: Það er verið að veiða of mikið af ungum fiski og ganga of nærri stofninum. Með því að haga okkar málum áfram með þessum hætti erum við að eyðileggja framtíðarafkomu þjóðrinnar. Fram hjá þessum staðreyndum verður ekki gengið.

Fiskifræðingar telja að á næsta ári sé óhætt að veiða 200 þús. tonn af þorski. Það er um helmingi minni afli en veiddist árlega fyrir nokkrum árum og um 80—90 þús. tonnum minna en í ár. Ef farið verður að tillögum fiskifræðinga þýðir þetta ef að líkum lætur um 230—240 þús. tonna heildarþorskveiði á næsta ári. Þetta er náttúrlega grundvallarástæðan fyrir fram lögðu frv. Með tilliti til þesara staðreynda, annars vegar 230—240 þús. tonna hámarksþorskveiði og þess hins vegar að gersamlega er útilokað að hleypa rúmlega 100 skuttogurum og hundruðum minni fiskibáta á þessa takmörkuðu veiði, þá er óhjákvæmilegt að gripið sé til aðgerðar sem tryggir hagkvæmustu nýtingu þessara takmörkuðu möguleika ásamt veiðum á öðrum mikilvægum nytjafiskum.

En rétt er að menn geri sér jafnframt ljóst að þótt takmarkanir hafi á undangengnum árum verið settar á loðnu- og síldveiðar og að nokkru leyti á þorskveiðar er það skref sem verið er að stíga með þessu frv. í grundvallaratriðum allt annars eðlis eins og ég sagði í upphafi minnar ræðu því að þetta frv. felur í sér 100% skipulag á veiðum og jafnframt á síðari stigum vinnslu. Það tekur til svo til allra fiskveiða Íslendinga á næsta ári. Sá rammi eða það svigrúm sem ráð er fyrir gert í væntanlegum veiðum er svo takmarkaður að mér er ekki ljóst hvernig unnt verður að framkvæma þá stefnu án þess að hrikta muni í núverandi eignakerfi og ég vil segja rekstrarskipulagi sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Íslandi. Þetta er og verður kjarni málsins. Um það snýst frelsi manna m. a., að taka afstöðu til þess hvernig eignaskipulag skuli vera hér í framtíðinni og ekki hvað síst á þessu sviði. Ég vil því fara nokkrum orðum um þetta atriði.

Ríkjandi skipulag í sjávarútvegi á að baki sér áratuga þróun og er algert einsdæmi hvað viðvíkur frábærum árangri á liðnum áratugum. Um það erum við allir sammála. Afköst íslenskra sjómanna, miklir veiðihæfileikar skipstjórnarmanna, sem er bakgrunnur hins mikla árangurs í veiðunum, hefur byggst á því fram til síðustu ára að þeir hefðu frjálsan aðgang að fiskimiðunum. Þá er það staðreynd — hvað sem líður offjárfestingu síðustu ára í skuttogurum, en sú umframfjölgun stafaði af annarlegum sjónarmiðum sem ég ætla ekki að rekja núna — að íslenskir útgerðarmenn og skipstjórnarmenn hafa haft frumkvæði og forustu um uppbyggingu fiskiflota, fiskiskipa sem eru talin vera meðal hinna bestu sem völ er á. Öll hefur þessi uppbygging, hinar miklu framfarir og góður þjóðhagslegur ávinningur byggst á frelsi manna til athafna á því erfiða starfssviði sem útgerð og sjómennska er. Hvatinn hefur verið að takast á við erfið og ég við segja heillandi verkefni sem fólu m. a. í sér mikla arð- og aflavon. Á grundvelli þessa hafa Íslendingar byggt upp nútíma þjóðfélag almennrar velmegunar og hagsældar. Það má því orða það þannig að frelsi tiltölulega fárra til að nýta auðæfi hafsins hafi orðið fjöldanum til mikillar blessunar. Það er grundvallarstaðreynd að aðalaflgjafinn á bak við þennan árangur er að hinn dugmikli hæfileikamaður, íslenski sjómaðurinn, hefur haft frelsi til athafna. Við erum í raun líka að tala um hvernig íslenski sjómaðurinn hefur þróast upp í íslenskum sjávarútvegi og haft forustu í íslenskum sjávarútvegi í áratugi. Hann dró björg í bú, hann lét smíða góð fiskiskip og hann byggði í meginatriðum fiskiverin en ekki kerfismenn hér suður í Reykjavík eða hámenntamenn úr Háskóla Íslands eða annars staðar frá. Það er þessi stofn, það er þetta fólk sem á eftir að finna mest fyrir því sem gert verður með þessu frv. Þetta hefur langsamlega mest áhrif á þetta fólk sem er íslensku þjóðinni verðmætast. Þess vegna þarf að fara með varúð og aðgætni að þessu máli og ígrunda það vel áður en miklar ákvarðanir eru teknar sem geta haft ófyrirsjáanlegar og hættulegar afleiðingar fyrir framtíðarþróun þessara mála.

Þróunin í eignarhaldi og rekstrarskipulagi sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Íslandi hefur byggst á þessum einföldu staðreyndum. Þrátt fyrir mjög mikinn pólitískan ágreining um eignafyrirkomulag á Íslandi er það söguleg staðreynd að allir flokkar og jafnvel þeir flokkar sem eru lengst til vinstri hafa viðurkennt þetta. Það hefur aldrei verið gengið svo langt með aðgerðum hér á Alþingi að eyðileggja sjálfstæðan eignargrundvöll í sjávarútvegi og fiskiðnaði, ekki einu sinni til að styrkja og efla félagslegan rekstur, og er ég þá sérstaklega með í huga samvinnurekstur sem sósíalistum hefði verið í lófa lagt að styðja og styrkja til að yfirtaka þær eignir sem hér um ræðir.

Þetta eru stór orð. Vonandi kemur ekki til þess að á þessu verði breyting. En hið svokallaða stórkapítal á Íslandi varð til í þessu blandaða skipulagi, varð til í þessu skipulagi þar sem sjómaðurinn hafði rétt á grundvelli þeirra miklu aflabragða, þeirrar miklu aflavonar og arðgjafar sem hann skapaði til þess að vera þátttakandi sem eignaraðili í útgerð og fiskiðnaði.

Flestir leiðandi menn í sjávarútvegi og fiskiðnaði — þá er ég ekki endilega að tala um eigendur, heldur einnig framkvæmdastjóra, verkstjóra o. s. frv. — hófu starfsferil sinn á þessu sviði til sjós. Hæfileikar og

dugnaður þeirra, reynsla og þekking hafa ráðið úrslitum um hina góðu þróun. Sem sagt, hin mikla þróun byggðist á frelsi. Það var hin eina og örugga leið, hinn eini og öruggi hvati dugnaðarmannsins á þessu sviði sem dugði íslensku þjóðinni.

Nú stöndum við frammi fyrir því að vegna óviðráðanlegra aðstæðna verður væntanlega að grípa til mjög umdeildra aðgerða sem geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar og áhrif á alla þessa forsögu og framtíðarmótun þessara mála. Við skulum bara nota rétt orð yfir rétta hluti. Frv. gerir raunverulega ráð fyrir að við séum að fara inn í hafta- og skömmtunarkerfi á þessu grundvallarsviði í atvinnulífi Íslendinga. Það er í algerri andstöðu við það frjálsa fyrirkomulag sem ríkt hefur á Íslandi í fiskveiðum frá því að Íslendingar tóku þessi mál í eigin hendur. Þetta er kjarni málsins. Hér er raunverulega um að ræða alger tímamót.

Ég tek undir það sem einn hv. þm. sagði hér áðan: Ég undrast að máli eins og þessu skuli vera skotið inn á kvöldfund á Alþingi Íslendinga og það eigi að afgreiðast á nokkrum dögum eða nokkrum klukkutímum. Ég þakka bara, forsjóninni fyrir að ég skuli hafa haft tækifæri til að koma hér inn á hv. Alþingi Íslendinga sem varamaður til að fá tækifæri til að láta mína skoðun í ljósi í þessu afdrifaríka máli. Það er auðvitað hægt að gera það annars staðar líka. En hér er það, ágætu alþm., sem grundvallarákvarðanir eru teknar hvað sem líður hagsmunasamtökum og hvað sem líður ríkisstjórnum.

Einu sinni sagði hér mætur maður sem ég ber mikla virðingu fyrir: Ríkisstjórnir koma og fara og falla eins og strá fyrir vindi. Ég endurtek þessi orð, ekki af því að ég sé endilega að óska eftir því að núv. ríkisstj. fari frá. En það að misstíga sig í þessum efnum getur leitt til þess að ýmislegt fari að gerast. Ég vil undirstrika það að umr. um þetta mál séu hafnar yfir alla flokka og ég er alveg sannfærður um að flestallir þm. geta tekið undir þau orð sem ég sagði áðan að þetta frjálsa fyrirkomulag með að vísu ákveðnum takmörkunum á stundum hefur reynst þjóðinni mjög vel og allir flokkar hafa tekið þátt í að reyna að vernda þetta fyrirkomulag.

Ég og ýmsir aðrir óttumst neikvæð áhrif kerfis þeirrar gerðar sem frv. felur í sér. Margt er hér óljóst en einu skulu menn ekki gleyma. Ofstýring sem þetta frv. getur haft í för með sér í sjávarútvegi mun fyrirsjáanlega leiða til hnignunar og það munu Íslendingar ekki þola eða líða til lengdar. Það frv. sem hér liggur fyrir felur, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, í sér umbyltingu frá frjálsum athöfnum manna, sem eru virkir í starfi hvar sem þeir eru staddir í þátttöku sinni í sjávarútvegi, yfir í miðstýrt kerfi sem samkv. frv. gefur ráðh. raunverulega alræðisvald um útfærslu á grundvallaratvinnuvegi Íslendinga, sjávarútvegi og jafnframt fiskiðnaði. Ég er á móti slíku valdi við jafntvísýnar og hættulegar aðgerðir eins og hér um ræðir og gildir þá einu hver sjútvrh. er. Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi minnar ræðu að ég ber fyllsta traust til hæstv. núv. sjútvrh. sem manns og sem ráðh. út af fyrir sig. En ég treysti engum einum ráðh. til að fara með þetta vald. Það stenst ekki.

Eins og frv. er hér lagt fram er raunverulega verið að skrifa upp á óútfyllta ávísun í margþættri merkingu þess orðs. Það eru svo óteljandi mörg atriði sem ber að athuga betur. Ég vil m. a. varpa fram eftirfarandi:

1. Hvernig á að skipta þorskaflanum milli skuttogara annars vegar og minni fiskiskipa hins vegar?

2. Hvers vegna er miðað við afla þriggja síðustu ára en ekki t. d. 4 eða 5 síðustu ára?

3. Hefur það verið rannsakað sem skyldi hjá útgerðarfélögum víðs vegar um landið hvers vegna sumir togarar neyddust t. d. til að stunda fyrst og fremst karfaveiðar á síðustu árum og höfðu ekki möguleika til að stunda aðrar veiðar eins og þorskveiðar?

4. Hver er rekstrargrundvöllurinn? Hver er rekstrargrundvöllur fyrir í fyrsta lagi togara og í öðru lagi minni fiskiskip með tilliti til útfærslu þessarar stefnu? (Gripið fram í.) Ég held, hv. þm., að bæði þú og ég vildum nú gjarnan vita hvað við erum að samþykkja eða hafna hér á þingi. Það er vitað að togarar eru nú reknir með miklu tapi. Þetta er staðreynd, liggur fyrir í skjölum. Ég vil þá spyrja í framhaldi af því með tilliti til hins mikla taps á togurum sem nú þegar er þekkt: Hvernig verður þá afkoma þessara skipa miðað við breyttar kringumstæður þar sem á að skammta aflann með þeim hætti sem hér um ræðir? T. d. er hægt að spyrja: Hafa verið gerðir afkomuútreikningar? Þetta snýst meira og minna um togarana. Þetta er sú fjárfesting sem við stöndum frammi fyrir, þessir 100 togarar sem eru aðalvandamálið í sambandi við fiskveiðarnar. Hafa verið gerðir afkomuútreikningar t. d. fyrir þá togara sem hafa háan þorskkvóta skv. þeim ráðagerðum sem ég geri ráð fyrir að þetta frv. feli í sér? Hafa verið gerðir afkomuútreikningar á togurum sem eru með háan karfakvóta en lítinn þorskkvóta? Hefur verið lagt fram og skoðað hverju þarf raunverulega að breyta til að togaraflotinn sé rekinn með þeim hætti að hann skili arði? Eða er kannske hugsunin að togaraflotinn skuli vera rekinn á félagslegum grundvelli? Og hvernig á þá að greiða þann reikning?

Við skulum bara muna að stærsti hlutinn af togaraflota Íslendinga er í mikilli skuld sem m. a. tengist vísitölu á erlendum gjaldmiðlum og einhver verður að borga. Hjá því verður ekki komist. Það dæmi kemur þá væntanlega inn á Alþingi Íslendinga næsta haust þegar gengið verður frá fjárlögunum ef ekki er búið að ganga frá því nú þegar. Sem sagt, það er eins gott að gera það upp við sig strax út í hvað verið er að fara, gera sér grein fyrir því.

Þá er líka mikilvægt atriði sem kom fram í ræðu eins hv. þm. áðan: Hvernig verður afkoma einstakra byggðarlaga, fólksins í fiskvinnslunni, sjómannsins? Hvaða horfur eru í sambandi við atvinnu? Svo er annað mjög viðkvæmt og veigamikið mál sem hefur valdið miklum deilum vegna þess að menn misskildu orð hæstv. ráðh. og töldu að hann væri að leggja til í ræðu á Fiskiþingi að togurum hér í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu væri lagt. Ég lít svo á að það hafi verið mistúlkað og það hafi alls ekki verið hugsunin hjá ráðh. enda hefur hann borið það af sér.

Við vitum það sem erum í þessari atvinnugrein að t. d. togarar Bæjarútgerðar Reykjavíkur, svo að ég nefni eitt fyrirtæki, hafa stundað karfaveiðar úti fyrir Suðvesturlandi og eru það sem kallað er karfaskip. Við vitum það sem komum oft í frystihús hér á þessu svæði að karfinn hjá karfatogurunum hefur farið smækkandi, hann er orðinn miklu smærri en hann var. Það bendir til þess að verið sé að þurrausa miðin, endurnýjun á sér ekki nógu hratt stað.

Ef alfarið ætti að ákveða kvótana út frá þessum þrem

árum á grundvelli fisktegunda eins og togararnir hafa komið með fiskinn á land undanfarin þrjú ár gæti það t. d. þýtt að togararnir á Reykjavíkursvæðinu væru stopp á miðju næsta ári. En þá spyr ég: Hver er áfrýjunarréttur þolenda hér á þessu svæði um að þeir fái að reka sín fyrirtæki seinni hluta ársins 1984 og hvað með árið 1985? Það er nefnilega mesti misskilningur að halda að menn séu hér að taka ákvörðun fyrir eitt ár. Hér ættu raunverulega að liggja fyrir áætlanir um hvernig ætti að taka á þessum málum næstu 3—4 árin. Það eru mjög margar hliðar á þessu máli sem mér finnst að hefðu átt að liggja fyrir þegar þetta kom til umr.

Ég ber fyllsta traust til ýmissa hagsmunasamtaka, enda flokkast ég víst undir það að vera öðrum þræði starfsmaður í hagsmunasamtökum. En sem betur fer held ég að breidd þessara hagsmunasamtaka og víðátta sé með þeim hætti, eignaraðild o. s. frv. að þau samtök verða að líta nokkuð vítt yfir sviðið og ekki með tilliti til þröngra hagsmuna. Og út frá því sjónarmiði get ég sem öðrum þræði maður í starfi hjá hagsmunasamtökum sagt að í þessum efnum eru svo mörg atriði sem er ósvarað að ég tel óráðlegt að fara út í þessa framkvæmd með þessum hætti án þess að þeim sé svarað.

Eitt tel ég að sé einnig algert grundvallaratriði þegar verið er að fjalla um þetta, þ. e. að menn segi hér hátt og skýrt hvort meiningin sé að veita íslenskum togurum gálgafrest í sambandi við skuldasúpuna í eitt eða tvö ár, þ. e. að ekki eigi að fara út í þetta á grundvelli þess uppgjörs sem heitir arðgjöf heldur á grundvelli tilraunar í eitt ár sem skuli gilda jafnt fyrir alla. Eða hvort menn hafa gefið sér einhverjar aðrar forsendur sem mér eru ekki alveg ljósar á þessu stigi. En því verður mætt, hvernig sem að því verður staðið, ef allir hafa ekki sama réttinn og einnig ef þolendur sem verða fyrir þessu hafa ekki sama rétt til bóta eða aðstöðu þegar sá dómur verður upp kveðinn hver skuli vera staða þeirra innan þess kerfis sem hér á að taka upp.

Þá vil ég að lokum segja þetta. Inn í þetta hlýtur líka að koma það atriði sem rætt var um af einum ræðumanni áðan, þ. e. nýting aflans. Er hæstv. ráðh. búinn að gera það upp við sig að við höfum sama hátt á og t. d. Færeyingar að engin fiskur færi í skreið? Reynt verði að sjá til þess að sá fiskur sem komi á land fari í það sem gefi mestan arð sem er þá frysting og söltun og svo auðvitað að selja fiskinn ferskan þegar markaðirnir eru góðir erlendis sem er mjög takmarkað eins og við vitum. Hefur það verið hugleitt nokkuð? Færeyingar herða engan fisk. Kannske má segja að það sé af landfræðilegum ástæðum. Norðmenn eru einnig, ef þeir eru ekki hættir því, að draga mjög úr því að nokkuð sé hengt upp. Það er geysistórt atriði, geysilega þýðingarmikið, hvernig á að fara í þetta. Þetta getur ráðið úrslitum hugsanlega um nýtingu dýrra og mikilvægra fiskiðjuvera og getur ráðið úrslitum um atvinnumöguleika þúsunda manna og einnig í sambandi við afkomu sjómanna miðað við minnkandi afla.

Herra forseti. Ég mun nú ljúka máli mínu. En ég vil segja þetta: Ég tel nauðsynlegt að gerð verði sú breyting á 3. gr. í meðferð í nefnd að ráðh. skuli ekki hafa það vald sem um segir svo í frv.: „Getur ráðh. bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir.“ Það getur verið að þetta hafi verið í gömlu frumvörpunum, en það var miðað við allt aðrar og miklu takmarkaðri fiskveiðar. Hér er verið að tala um heildarstjórn, algjöra stjórn á öllum fiskveiðum Íslendinga, þannig að fleiri þurfa að koma hér við sögu. Ráðh. hlýtur auðvitað að hafa samráð við hagsmunaaðila eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta er mál allrar þjóðarinnar og því hlýtur sú krafa að vera gerð til ríkisstj. að hún standi á bak við sjútvrh. varðandi framkvæmd þessa frv., verði það að lögum. Ríkisstj. eða Alþingi skapi það aðhald að ráðh. hafi þetta vald með mjög ákveðnum takmörkum. Ég vil síðan undirstrika að það er skoðun mín og staðreynd að báðir stjórnarflokkarnir beri ábyrgð á framkvæmd þessa frv. verði það að lögum. Þar af leiðir að þeir hljóta að gera sínar ráðstafanir til að náið samráð verði af hálfu sjútvrh. við aðra í ríkisstjórn Íslands um framkvæmd laganna meðan núv. ríkisstj. situr að völdum. Ég viðurkenni að það er ekkert gamanmál fyrir einn sjútvrh. að þurfa að standa frammi fyrir þeim staðreyndum sem við blasa í sjávarútvegi. En við skulum líka gera okkur grein fyrir því að þótt staðan sé erfið í sambandi við veiðarnar megum við ekki láta villa svo um fyrir okkur að við gerum okkur ekki grein fyrr því að þrátt fyrir erfiðleika í bili er ekki meiningin að umbylta íslensku þjóðfélagi.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það var ætlun forseta að þessari umr. gæti lokið í kvöld, og forseti hafði ástæðu til að ætla að svo gæti sannarlega orðið. Ég hafði ástæðu til að ætla fyrir ekki ýkja löngu að þessum fundi gæti lokið, við skulum segja nokkru upp úr miðnætti. En nú hafa mjög margir kvatt sér hljóðs, og ég lái mönnum ekki þó að þeir hafi áhuga á að ræða svo mikilvægt mál. En ég vil samt benda á að það er ákaflega brýnt að þetta mál komist til nefndar. Ég vil leyfa mér að fara fram á það við þá hv. þdm. sem eiga eftir að tala að þeir hagi svo máli sínu, og komi þó miklu efni að í ræðum sínum, að möguleiki verði á að ljúka þessari umr. í kvöld. Það liður mjög á þingtímann og satt að segja orðið nokkuð erfitt að koma málum fram, en eigi að síður er sjálfsagt að ræða þetta frekar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það var raunar ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs um þingsköp að spyrja hæstv. forseta hvort meining hans væri í raun og veru að halda umr. áfram um þetta mikilvæga og stóra mál, hefja umr. um það á kvöldfundi og ætlast til að hér verði haldinn næturfundur því að greinilegt er að langt fram eftir nóttu mun verða haldið áfram ef umr. á að ljúka.

Ég vil á engan hátt leitast við að koma í veg fyrir að þetta mál fái eðlilega og eins fljóta meðferð í þinginu og tök eru á. En ég tek undir með þeim þm. sem hér hafa talað í kvöld að það er nánast hneyksli að ætlast til að Alþingi ræði slíkt mál og afgreiði í flýti, svo geysilega mikilvægt sem það hlýtur að vera, þ. e. ef menn fá vitneskju um þær hugmyndir sem hér eiga að ná fram að ganga í framhaldi af samþykkt þessa frv. Það nær engri átt að ætla þingheimi að ræða þetta mál undir þessum kringumstæðum og undir þessum þrýstingi. Ég vil því vinsamlegast beina því til hæstv. forseta að hann breyti þeirri ákvörðun sinni að halda áfram umr. um þetta mál fram eftir nóttu, kannske fram undir morgun undir þeim kringumstæðum sem nú eru. Þetta er vissulega þess eðlis að tíma þarf til að ræða það, og það eðlilegan tíma, því að margar eru þær spurningar sem hér hljóta að koma fram og þarf að fá svör við og þá

helst sem flestum við þessa 1. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér hafa talað í umr. fulltrúar fjögurra flokka auk hæstv. sjútvrh. Allir þessir þm. hafa verið sammála um að hér væri á dagskrá stærsta mál þessa þings. Sumir hafa tekið svo sterkt til orða að segja að hér sé á dagskrá stærsta mál þingsins í áraraðir.

Hér hefur verið sagt að þetta frv. muni hafa afdrifaríkari afleiðingar fyrir samsetningu byggðar í landinu, fyrir atvinnumál og efnahag þessarar þjóðar en nokkurt annað frv. sem hér hefur verið lagt fram.

Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur greinilega hagað áhersluþunga sínum varðandi mál hér í dag með þeim hætti að hún lét síðdegið allt fara í umr. um frv. til húsnæðismála og lengi fram eftir kvöldi var einnig rætt áfram um það frv. Þó er ljóst að ekki lá meira á því frv. en svo að ekki hefur enn verið boðaður fundur í hv. félmn. til að fjalla um málið. Þó hittust sjútvn. beggja deilda í morgun og eiga að hittast aftur í fyrramálið til að fjalla um þetta frv. Það er þess vegna ekki í neinu samræmi við mikilvægi þessa máls að ætla þm. að taka það til umr. síðla kvölds og knýja þá síðan til að halda áfram umr. langt fram á nótt. Það er alveg ljóst, herra forseti, að þessar umr. munu taka þorrann af nóttunni ef hæstv. ráðh. ætlar að verða við þeim óskum sem þegar hafa komið fram í umr. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðh. verði ekki við þeim óskum.

Eftir þá ræðu sem flutt var áðan af hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni — sem ég tel að mörgu leyti eina merkustu ræðu sem hefur verið flutt um þetta mál og einnig um stefnugrundvöll í atvinnumálum hér í langan tíma — er öllum þeim þm. sem á hana hlýddu og umr. í heild ljóst að fara þarf fram mjög ítarleg umr. um þetta mál. Ella væri þingið að skjóta sér undan ábyrgð. Það gæti í raun og veru ekki risið undir því á eftir að ætla sér að vera stofnun sem á að fjalla um veigamestu mál þessarar þjóðar.

Enn fremur er ljóst, herra forseti, að eftir ýmislegt sem komið hefur fram í ræðum í dag, m. a. frá hæstv. sjútvrh., er óhjákvæmilegt að þm. fái dagstund til að afla sér viðtækari upplýsinga og átti sig betur á efnisþáttum málsins. Þess vegna vil ég, herra forseti, eindregið taka undir þá ósk sem hér kom fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni að hæstv. forseti sjái til þess, og við erum reiðubúnir til samvinnu við hann um það, að þetta mál fái eðlilegan dagskrártíma á öðrum tíma sólarhrings á morgun og/eða næsta dag. Það verði ekki haldið þannig á þessu máli að umr. verði knúin áfram hér í nótt. Ég held, herra forseti, að það sé ekkert dæmi í þingsögu síðari ára, og má þó fara langt aftur í tímann, þar sem hafin er umr. svo síðla kvölds um jafnveigamikið stjfrv. og síðan ætlast til þess að hún haldi áfram langt fram á morgun. Það er held ég megi fullyrða algerlega án nokkurs fordæmis í þingsögu. (**KP:** Svona nóttina fyrir fjárlagaumr.) Að því ógleymdu. Ég bið hæstv. ráðh. að vera ekki að setja þm. í þær stellingar að þurfa að taka á þessu stórmáli með þessum hætti. Ef hæstv. ráðh. gerir það vekur það óneitanlega grunsemdir um að það eigi að fara að þvinga þessa umr. í gegn með óeðlilegum aðferðum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þeim ræðum sem fluttar hafa verið vil ég endurtaka það að virkileg tímaþröng er í þinginu eins og sakir standa. Í dag fóru fram ítarlegar umr. um þetta meðal forseta þingsins og varaforseta reyndar líka og þingflokksformanna. Sú varð niðurstaðan á þessum fundi að samþykkt var að umr. um þetta mikilvæga mál, sem ég viðurkenni að er, yrðu hafnar hér í kvöld. Mér virtist á þeim fundi að þar væri virkilegur vilji til að reyna að stuðla að því að þessari umr. gæti lokið og forseti hefur lifað í þeirri trú hér á þessum fundi að svo mætti verða.

En ég vil líka taka fram að það er ekkert metnaðarmál hjá forseta að halda hér næturfundi eða ræða mikilvæg mál í næturfundum. Það er eingöngu vegna þess að við erum í tímaþröng að svo er komið sem nú er. Ætlun mín var reyndar sú og trú að við gætum lokið þessum fundi fyrir kl. hálf eitt. En ég vil heyra hvað hæstv. ráðh. hefur um þetta að segja. Hann hefur sannfært mig um mikilvægi þess að ljúka þessari umr. Ég vil gjarnan fá að heyra, einmitt að gefnu tilefni frá öðrum hv. þm., hvað hann vill segja um meðferð þessa máls.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil biðja afsökunar á röddinni enn einu sinni. Ég hef í sjálfu sér engan áhuga á því að verið sé að ræða þetta mikilvæga mál að næturlagi á Alþingi og hef ekki óskað eftir því. Ég er alveg sammála því að mjög mikilvægt hefði verið að þetta mál hefði komist á dagskrá strax í dag. Ég hef verið boðaður á fundi sjútvn. Alþingis kl. 8.30 í fyrramálið til að svara ýmsum spurningum og ræða við þá. Ég hef reynt að hafa sem best samstarf við þá aðila um þetta mál og boðaði þá tvívegis til fundar áður en mál þetta var lagt fram til að hlusta þar á sjónarmið þingflokka.

Ég veit að öllum er ljóst að það er mikill ábyrgðarhluti að mál þetta nái ekki fram að ganga fyrir jólaleyfi þm. og ég vil að menn geri sér það alveg ljóst. Það er út af fyrir sig ekkert persónulegt áhugamál mitt en ég vil taka skýrt fram að verið er að vinna að mótun fiskveiðistefnu fyrir næsta ár sem miðast við að heimildir sem hér koma fram nái fram að ganga. Ef þessar heimildir verða ekki veittar, m. a. vegna tímaleysis hér á Alþingi, er að mínu mati komin upp mjög alvarleg staða. En hitt er svo annað mál að ég vil ekki gerast kröfumaður um að menn haldi fram þessu máli fram eftir nóttu. Ég tel hins vegar mikilvægt að hægt sé að ná um það samkomulagi með hvaða hætti mál þetta nái fram að ganga og ég treysti því að svo verði. Því að ekki er aðeins mikilvægt að ræða mál hér í þingsal, heldur einnig að taka þau fyrir í nefnd. Ég veit að þingflokkar treysta vel þeim mönnum sem þar eru í fyrirsvari til að setja sig sem best inn í þetta mál og túlka það í þingflokkunum.

Ég læt það algerlega í vald forseta sem hefur átt viðræður við formenn þingflokkanna og forseta þingsins í dag um afgreiðslu mála. Það verður að vera á valdi forsetanna að stýra því hvernig vinnu er hagað þessa síðustu daga eins og alltaf hefur verið. En ég vil að það komi mjög skýrt fram af minni hálfu að ég tel í raun og veru nauðsynlegt að þetta mál nái fram að ganga fyrir jólaleyfi og ég veit að fullur skilningur er fyrir því á Alþingi.

Forseti (Ingvar Gíslason): Með tilliti til orða hæstv. ráðh. tel ég að rétt sé að við frestum umr. um þetta mál.

Ég mun sem forseti beita þeim áhrifum sem ég kann að hafa til að ná samkomulagi um meðferð þessa máls. Ég treysti því að hv. þm. verði þá til viðtals um að við getum tekið þetta mál fyrir á næsta fundi Nd., sem getur ekki orðið fyrr en á miðvikudag, og þá gefum við okkur þann tíma í það sem eðlilegt er. Jafnframt vænti ég þess að þær umr. sem frekar fara fram um þetta leiði til þess að ekki fari óhóflegur tími eða óþarfur í umr. um þetta mál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að ástæða sé til þess að ítreka að ég hygg að ekki vaki fyrir neinum hv. þm. að reyna á nokkurn hátt að bregða fæti fyrir þetta mál sem slíkt. Ég tek undir það með hæstv. forseta að tímaþröng er orðin, en sú tímaþröng hlýtur að hafa verið fyrirsjáanleg og því óráðlegt að leggja málið ekki fram fyrr en raun ber vitni. Enn einu sinni er komið að því í hversu miklum ólestri starfshættir þingsins eru á vissum tímum árs og fullkomin ástæða til að fara að íhuga af fullri alvöru að hér sitji menn ekki uppi viku til 10 dögum fyrir jólaleyfi t. d., og aðra álíka árstíma mætti taka, með svo og svo mikið af stórmálum óafgreiddum sem eðlilega hefðu getað fengið mikið ákjósanlegri umfjöllun hefði verið skipulega að starfsháttum þingsins unnið. Og það er einmitt þetta sem allt of oft kemur í veg fyrir að hin mikilvægustu mál fái eðlilega og sjálfsagða umfjöllun í þinginu.

Ég vil hins vegar þakka hæstv. forseta og raunar hæstv. ráðh. fyrir hversu samvinnuþýðir þeir eru. Ég efast ekki um að allur þingheimur verður samvinnuþýður um að þoka þessu máli svo fljótt fram sem kostur er. En vissulega er málið svo stórt að nokkurn tíma þarf til að menn geti áttað sig og fengið þær upplýsingar sem til þarf til að menn viti í raun og veru hvað þeir eru um að tala og hvað verið er að gera.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka undir þakkir hv. síðasta ræðumanns til hæstv. forseta og hæstv. ráðh. Jafnframt vil ég einnig taka undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan að eðlilegt hefði verið miðað við áherslu á mikilvægi mála að hefja þessa umr. strax kl. 2 í dag. En það var ekki gert. Þeir sem bera ábyrgð á því eru fyrst og fremst hæstv. ríkisstj. Vandi þessa máls er sá að hæstv. ríkisstj. sem leggur þetta mál fram telur það greinilega ekki vera svo mikilvægt að hún ákveði að gefa því þann forgang sem nauðsynlegt er, heldur heldur á málinu með þessum hætti. Ég vil þess vegna í ljósi reynslu undanfarinna ára beina því til forráðamanna hæstv. ríkisstj. því að ég veit að það er ekki í valdi hæstv. forseta, hann getur aldrei leyst þau mál ef hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert það upp við sig hvaða forgangsröð hún vill hafa hér á afgreiðslu mála. Það er eiginlega óhjákvæmilegt að menn fái að vita það svo að þessi ruglandi birtist mönnum ekki með jafnskýrum hætti og gerst hefur í umr. hér í dag.

Að lokum, og það var nú meginástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs aftur: Ég vil segja það við hæstv. ráðh. að hann sagði áðan og það var hans meginniðurstaða í framsöguræðu, að þetta mál væri hafið yfir flokka. Það má vel vera að svo sé enda hefur komið í ljós að þeir einu fulltrúar Sjálfstfl. sem hafa talað hér í umr. hafa gagnrýnt frv. mjög rækilega. En það þýðir hæstv. ráðh., að gefa verður málinu eðlilegan umræðuvettvang þar sem allir þm. eiga möguleika á að taka þátt í þeirri umr. Þess vegna er ekki hægt að koma upp nú og láta í ljósi þá von í seinni ræðunni að menn láti þingnefndirnar sjá um málið. Það er í mótsögn við það sem hæstv. ráðh. sagði í sinni framsöguræðu. Ef ráðh. leggur málið fyrir á þeim grundvelli að þetta sé hafið yfir flokkadrátt verður meginumræðan um málið að fara fram á vettvangi þar sem allir einstakir þm. eru jafnréttháir.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 31. fundur.

Þriðjudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Frysting kjarnorkuvopna, þáltill. 139. mál (þskj. 179). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1984, frv. 1. mál (þskj. 1, n. 192 og 193, 191, 194, 197, 199, 200, 202, 203). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hóf störf sín 18. okt. s. l. við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga. Er það venju fremur seint, enda var n. þá nýkosin, en fjölgað var í henni með lögum um einn nm., úr níu manns í tíu, til að fulltrúar allra þingflokka ættu sæti í n. Síðustu ár hefur fjvn. haft viðtöl við sveitarstjórnarmenn fyrir þingbyrjun til þess m. a. að minnka álagið í störfum eftir að þing kemur saman. Þessu var nú ekki til að dreifa af augljósum ástæðum. Því hefur verið afar annasamt hjá fjvn. s. l. vikur.

N. hefur haldið 46 bókaða fundi auk starfsnefndafunda og 230 aðilar hafa gengið á fund n. þennan skamma tíma frá því að hún var kosin í þingbyrjun. Einstaka nm. hafa einnig átt fjölda viðtala við fólk út af fjárlagaafgreiðslunni. Giska má því á að allt að eitt þúsund manns hafi á einn eða annan hátt rætt við n. um verkefni hennar síðan 18. okt. s. l.

Þetta verkefni hefur fjvn. leitast við að leysa með því að byrja daginn snemma, en auðvitað hafa einstakir fjvn.-menn þurft að láta þetta starf ganga fyrir öðrum þingstörfum á ýmsan veg. Ég hef því sérstaka ástæðu til að þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir mikil og tímafrek störf í n., mjög ánægjulegt samstarf og þolinmæði í minn garð. Ég flyt enn fremur starfsmanni n., Þorsteini Steinssyni, þakkir fyrir vel unnin störf og hagsýslustjóra, Magnúsi Péturssyni, og starfsliði hans fyrir margháttaða aðstoð.

Sjálfsagt finnst mörgu af því fólki sem gengið hefur á fund fjvn. að það hafi ekki haft erindi sem erfiði í viðskiptum sínum við n. Í því sambandi vil ég taka fram að það kemur ekki til einskær mannvonska n. og þaðan

af síður einstakra nm. Staðreyndin er sú, að minna er til skipta nú en áður og er því n. jafnvel meiri vandi á höndum en fyrr að leysa verkefni sitt.

Alþingi og ríkisstj. hafa hverju sinni þrjár leiðir í meginatriðum til fjáröflunar til að mæta áformuðum útgjöldum fjárlaga og lánsfjárlaga. Í fyrsta lagi skatttekjur, í öðru lagi innlent lánsfé og í þriðja lagi erlent lánsfé. Skv. fjárlagafrv. var stefnt að því að skattaálögur yrðu 2200 millj. kr. minni en verið hefði ef sama hlutfall væri innheimt í skatta af þjóðarframleiðslunni og gerðist í raun 1982. Þá er yfirlýst stefna að taka eigi 3700 millj. kr. minni ný erlend lán á næsta ári en gert var árið 1982 til að skuldahlutfall þjóðarbúsins fari ekki yfir 60% af þjóðarframleiðslu. Þessar tölur eru á verðlagi fjárlagafrv. Þær sýna að 5—6 milljörðum minna fé á föstu verðlagi er nú til skipta en á árinu 1982 eftir fjárlögum og lánsfjárlögum. Þessi óhagganlega staðreynd sníður fjvn. þröngan stakk og þess vegna finnst áreiðanlega mörgum að naumt sé skammtað á garðann þar sem fjárveitingar eru til framkvæmda eða til margvíslegra hugðarefna fólks.

Mikils aðhalds hefur verið gætt í meðförum n. á fjárlagafrv. Þó er stefnt að því svo sem gert var þegar við undirbúning frv. að fjárlög verði sem raunhæfust miðað við það umfang ríkisrekstrarins sem ekki er beinlínis tekin ákvörðun um að draga úr eða leggja niður. Í samræmi við þessa meginstefnu hækka útgjöld einungis um nálægt 166 millj. skv. brtt. sem n. flytur við þessa umr. eða innan við 1% af heildarútgjöldum frv. Margar þessar brtt. eru til komnar vegna þess að þegar frv. var samið var ákveðið að sumir liðir þess stæðu óbreyttir frá fjárlögum í ár og fjvn. tæki sérstaka afstöðu til hækkana á þeim. Þá eru ýmsar brtt. fram bornar í því skyni að gera fjárlögin sem raunhæfust og eru því nánast leiðréttingar í ljósi nýrra upplýsinga um einstaka liði. Þessar brtt. fela einnig í sér nokkra aðra stefnumarkandi þætti. Fjvn. telur að við þær aðstæður sem nú eru í þjóðarbúskapnum og þær horfur sem fram undan virðast vera sé rík ástæða til að hlúa að og efla verkmenntun í landinu. Því flytur n. till. um hækkaða fjárveitingu til Fiskvinnsluskóla, Tækniskóla Íslands og Verkmenntaskóla á Akureyri. Fjvn. hefur undanfarin ár haft fullan hug á að bæta aðstöðu Fiskvinnsluskólans. Með till. n. nú kemst skriður á þetta mál. Óhætt er að fullyrða að aukin menntun og þjálfun í betri meðferð þess afla sem við drögum á land sé við núverandi aðstæður jafnvel nauðsynlegri en áður og hið arðbærasta framfaramál.

Annars hefur fjvn. ekki veitt fé til að hefja nýjar byggingarframkvæmdir nema með einni veigamikilli undantekningu, þ. e. grunnskóla á Akranesi. Þar blasir við neyðarástand ef ekki verður bætt úr húsnæðismálum grunnskólans eftir að fjölbrautaskólinn fékk hluta af húsnæði hans. N. samþykkti einróma að gera undantekningu á þeirri meginreglu að veita fremur því takmarkaða fé sem er til skipta til að þoka fram og ljúka byggingarframkvæmdum sem eru í gangi en ekki til að hefja nýjar. Þessi starfsregla gildir um dagvistarstofnanir, grunnskóla, framhaldsskóla, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Hún er að sjálfsögðu fyrst og fremst á ábyrgð meiri hluta n.

Því miður verður að játa að oftast er erfitt að framfylgja slíkum reglum svo að þær bitni jafnt á hinum ýmsu byggðarlögum. Verkefni eru óhjákvæmilega misjafnt á veg komin. Sums staðar eru menn jafnvel með fleiri en eitt nýtt verkefni á stefnuskrá á næsta ári og fá ekki fjárveitingar til þess að hefja neitt þeirra. Við þessu verður ekki séð. Fjárveitingar til framkvæmda hafa rýrnað mjög að raungildi undanfarin ár. Svo er einnig nú, því miður. Þess vegna stendur fjvn. frammi fyrir því erfiða vali að nýta það takmarkaða fjármagn sem til skipta er á sem skynsamlegastan hátt. Það er áreiðanlega hagkvæmara að halda áfram og ljúka þeim skólum sem eru í byggingu, svo dæmi sé tekið, en að hefja nýjar framkvæmdir við þá tugi skólabygginga sem hafa undanfarið haft undirbúningsfjárveitingar og skipta þannig takmörkuðu fjármagni á allt of marga staði.

Við undirbúning fjárlagafrv. var unnið umfangsmikið starf við endurmat og niðurfærslu ríkisútgjalda. Ríkisstj. stefnir að því að draga úr ríkisumsvifum og þar með skattheimtu. Skattar hafa verið lækkaðir, bæði beinir og óbeinir. Þessar ákvarðanir hafa í för með sér hundruð milljóna minni skatttekjur ríkissjóðs á næsta ári. Jafnframt verða meiri fjármunir eftir í höndum almennings. Með þessu er ríkið að axla sínar byrðar í glímunni við efnahagsvandann. Í stað sífelldra skattahækkana á undanförnum árum æ ofan í æ og álagningar nýrra skatta er nú stefnt í öfuga átt, þ. e. að skattalækkun.

Það er athyglisvert í þessu sambandi að þegar þjóðartekjur dragast ört og mikið saman, eins og gerst hefur að undanförnu, hefur ríkið tilhneigingu til að seilast í stærri bita af þjóðarkökunni. Framangreind stefna sýnir svart á hvítu að stjórnendur ríkisfjármálanna vilja spara og draga saman seglin í því skyni að leggja sitt af mörkum í þeirri glímu sem þjóðin heyr við verðbólgu og fyrri eyðsluskuldasöfnun.

Nú horfir svo að árið 1984 verði þriðja árið í röð sem þjóðartekjur minnka að mun. Sú kreppulægð sem fyrrv. fjmrh. talaði um í fyrra er nú að dýpka ár eftir ár. Hafi verið ástæða til þess þá að gera neyðaráætlun til að mæta vandanum, eins og flokkur hans Alþb. talaði um á þeim tíma, er það svo sannarlega nú. Við þessar aðstæður er stefnan sú að láta minnkandi þjóðartekjur nægja fyrir útgjöldum, hætta eyðsluskuldasöfnun erlendis og ná jöfnuði í viðskiptum þjóðarbúsins við útlönd.

Þetta er erfiður róður sem gerir miklar kröfur til allra þegna þjóðfélagsins. Þessi stefna er vitaskuld einnig erfið og vandasöm fyrir stjórnendur ríkisfjármálanna. Hún krefst aðhalds og lækkunar ríkisútgjalda á flestum sviðum, sá niðurskurður er ekki vinsæll hjá þeim sem hann bitnar á. Hér verður þó ekki bæði sleppt og haldið, ríkið getur ekki bæði minnkað hlut sinn í þjóðarkökunni og látið alla hafa fullar hendur fjár.

Ríkissjóður hefur miklar tekjur af eyðslu. Þegar eyðslan er gegndarlaus, jafnvel langt umfram efni eins og gerðist 1982, en þá varð viðskiptahalli sem nam nálega 6 þúsund millj. kr. miðað við meðalgengi í ár — þegar eyðslan er svo takmarkalaus, þá fær ríkissjóður miklar tekjur af innflutningi og söluskatti. Á hinn bóginn, þegar þjóðartekjur dragast saman ár eftir ár og ætlunin er að láta þær tekjur nægja, hætta eyðsluskuldasöfnun, þá dragast tekjur ríkissjóðs stórkostlega saman. Það eru því margar ástæður fyrir því að mikill vandi er á höndum í ríkisfjármálunum um þessar mundir.

Við þessa fjárlagaafgreiðslu verður að hafa þennan

mikla samdrátt ríkistekna í huga eins og frekast er kostur. Þó verður að hafa hliðsjón af því að aflahorfur eru slæmar og minni afli dregur úr atvinnu. Það er erfiður línudans að draga saman seglin í fjárveitingum á slíkum tímum, en forðast að atvinna minnki um of. Þar er þó reynt að sigla milli skers og báru hvernig svo sem tekst til þegar upp er staðið.

Ríkisútgjöldin hafa þanist út undanfarin ár. Nýjar stofnanir hafa tekið til starfa, stöðum hefur fjölgað. Á sumum sviðum virðast álíka öfl vera að verki og um náttúrulögmál sé að ræða, t. d. í heilbrigðisþjónustunni. Heilsugæslustöðvum fjölgar, sjúkrahús stækka, ýmis félagasamtök og sjóðir byggja stofnanir sem ríkinu er síðan ætlað að reka. Fyrrv. formaður fjvn. Geir Gunnarsson benti réttilega á þegar fjárlög voru afgreidd í fyrra að byggingarkostnaður þessara mannvirkja væri í raun minnsta málið. Það kostar jafnmikið að reka þessar stofnanir í örfá ár og að byggja þær.

Auðvitað er það svo að ýmsir þættir þjóðarbúskaparins hljóta að vaxa umfram aðra í þjóðfélagi sem er í framþróun og mótun. Einmitt þess vegna verða menn að vera reiðubúnir til að draga úr ríkisútgjöldum á öðrum sviðum ef menn ætla ekki að auka ríkisumsvifin í heild og skilja æ minni fjármuni eftir í höndum þjóðfélagsþegnanna sjálfra til fjálsrar ráðstöfunar.

Sjaldan er það jafnaugljóst og á þeim tímum þegar þjóðartekjur dragast saman jafnört og nú ár eftir ár, m. a. vegna minnkunar í sjávarafla, að ríkisbúskapurinn getur ekki þanist endalaust út ef vel á að fara. Yfirbyggingin hlýtur þá að bera undirstöðuna ofurliði. Því held ég að flestir hljóti að vera sammála þeirri meginstefnu, sem fylgt var með fjárlagafrv. og fylgt er við þessa fjárlagaafgreiðslu, að nú verði að draga saman seglin í ríkisbúskapnum. Um hitt eru menn að sjálfsögðu ósammála hvar sá niðurskurður eigi helst að koma niður. Um það snúast einfaldlega pólitískar deilur.

Í fjárlagafrv. ákvað ríkisstj. að draga úr eða fella niður framlög til ýmissa sjóða. Þar komu við sögu stofnlánasjóðir atvinnuveganna, en auk þeirra sjóðir sem sinna sérstökum verkefnum, svo sem Lánasjóður ísl. námsmanna, Framkvæmdasjóður fatlaðra o. fl. Síðast nefndi sjóðurinn sinnir byggingarstarfsemi í þágu þeirra sem lög um fatlaða fjalla um. Þótt málefnið sé gott og verkefnin mikil er þetta dæmi um hvað gerist þegar ákveðinn aðili á að byggja slíkar stofnanir, en kemur svo ekki nálægt rekstrinum. Skv. fjárlagafrv. tekur ríkissjóður við rekstri ellefu nýrra stofnana á næsta ári sem byggðar eru eða keyptar af Framkvæmdasjóði fatlaðra. Þessar stofnanir munu hafa 50 manna starfslið. Miðað við aðstæður þótti rétt að láta fjárveitingar til reksturs þessara stofnana ganga fyrir, því að sjóðurinn fengi óskert framlag skv. lögum. Ég get raunar bætt því við að hér var um algera undantekningu að ræða frá þeirri meginreglu við gerð fjárlagafrv. að bæta ekki við nýjum stöðum.

Í frv. er stefnt að því að draga úr framlögum til framkvæmda á ýmsum sviðum og er þeirri meginstefnu fylgt skv. till. fjvn. Sú stefna er að sjálfsögðu fyrst og fremst á ábyrgð meiri hl. n. Mikilvægar undantekningar frá þessari stefnu eru stefnan í húsnæðismálum og vegamálum. Gert er ráð fyrir að auka mjög aðstoð við húsbyggjendur skv. fjárlögum og lánsfjárlögum á næsta ári og líklegt er að framlag til nýframkvæmda á sviði vegamála muni aukast að raungildi frá því sem er í ár. Málefni vegagerðarinnar munu bíða 3. umr.

Í fjárlagafrv. er gengið út frá framlögum á fjölmörgum öðrum sviðum, m. a. mun heilbr.- og trmrh. leggja á næstunni fram till. sem hafa í för með sér 300 millj. kr. lækkun á útgjöldum lífeyris- og sjúkratrygginga. Á vegum heilbrrn. er nú unnið að undirbúningi frv. sem fela mun í sér að sjúklingar sem leggjast inn á sjúkrahús greiði 300—600 kr. gjald í 10 daga að hámarki á hverju ári. Undanþegnir yrðu elli- og örorkulífeyrisþegar og börn, svo og munu til koma fleiri undantekningar. Þessi ráðstöfun mundi jafna greiðslur tryggingganna til þeirra sem leggjast á spítala og fá þar þjónustu og hinna sem fá læknisþjónustu utan sjúkrahúsa eða á göngudeildum.

Þá er í undirbúningi á vegum heilbrrn. að einstaklingar greiði ákveðið hlutfall af kostnaðarverði lyfja og sérfræðiþjónustu. Óbreyttar reglur munu þó gilda um sjúklinga sem nota lyf til langframa. Þess var vænst að till. í þessum efnum lægju ljósar fyrir við afgreiðslu fjárlaga, en óvíst er nú að svo geti orðið af ýmsum ástæðum. Að þessu er þó stefnt og útgjöld tryggingganna við það miðuð.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að dregið verði úr launaútgjöldum um 2.5% að raungildi í öllu ríkiskerfinu og um 5% í útgjöldum til rekstrar. Í samræmi við þessar ákvarðanir skrifaði fjvn. Alþingis öllum rn. bréf sem ég leyfi mér hér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og kunnugt er hafa launaútgjöld í fjárlagafrv. verið lækkuð um 2.5% að raungildi og önnur rekstrargjöld um 5%. Þetta er gert jafnt á öllum liðum í frv. og er ætlast til þess að seglin séu dregin saman í ríkisrekstrinum sem þessu nemur. Meginhersla er á því að þessi sparnaður náist í heild. Vera kann að einstök rn. vilji að árangur náist á annan hátt, innbyrðis milli stofnana og deilda, en ráð er fyrir gert í frv. Fjvn. Alþingis óskar hér með eftir till. einstakra rn. um hvort og þá hvernig þau telji að þessum sparnaði megi betur ná með breytingum á frv. með tilflutningi milli fjárlagaliða. Þessar till. þurfa að berast fyrir miðjan nóvember. Berist slíkar till. ekki er vakin athygli á að greiðsluáætlanir verða gerðar á þeim grundvelli sem frv. og væntanleg fjárlög gera ráð fyrir."

Þetta bréf er dags. 26. okt. s. l. og sent öllum ráðuneytisstjórum.

Fulltrúar frá flestum rn. hafa rætt þetta mál við fjvn. og vonandi tekst samstaða og samstarf um að rifa seglin með þessum hætti. Öllu máli skiptir að þessari stefnu verði fylgt eftir í framkvæmd. Til þess að það sé unnt er stefnt að því að rekstrarliðir fjárlaga séu raunhæft metnir á þeim forsendum sem byggt er á. Með því eina móti er unnt að gera greiðsluáætlanir sem eru í samræmi við veruleikann. Á þann hátt að fylgjast með þeim greiðsluáætlunum með nútímatölvutækni er unnt að fylgja því eftir að heildaryfirsýn náist yfir ríkisbúskapinn og þessi sparnaður náist og fljótt komi í ljós ef eitthvað fer úrskeiðis og á hvaða sviðum ríkisreksturinn er ekki í nægjanlega föstum böndum.

Það er óneitanlega misgóð aðstaða til að spara 2.5% í launaútgjöldum og 5% í rekstri ríkisins. Ýmsir aðilar sem rætt hafa þetta mál hafa þó lýst meiri áhyggjum yfir því hvernig ná megi þessum sparnaði á launaliðum. Þetta mál hefur mikið verið rætt og m. a. ítarlega við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Í þeim viðræðum hefur komið fram að nauðsynlegt sé að taka upp fastmótaðri

stefnu ríkisins í starfsmannahaldi. Í því sambandi mætti benda á eftirfarandi atriði:

1. Áfram verði heimild í fjárlögum, sú sama og er í fjárlögum í ár, en hún er svohljóðandi, að þegar starfsmaður sem hefur verið í þjónustu ríkisins hættir störfum skuli ekki endurráðið í starf það er viðkomandi starfsmaður hefur gegnt. Þegar þannig stendur á þarf heimild ráðningarnefndar ríkisins til að ráða nýjan starfsmann í stað þess er lætur af störfum. Erindi frá viðkomandi rn. þarf að afgreiðast af nefndinni áður en ráðning fer fram. Með þessum hætti gæfist m. a. kostur á því að færa menn til í störfum hjá ríkinu í stað þess að fjölga stöðugildum.

2. Þegar um kennarastöður er að ræða er heimilt að ráða í þær stöður sem losna er kennari lætur af störfum. Hins vegar er óheimilt að fjölga kennarastundum miðað við hvern nemanda.

3. Sé fjárveiting veitt til starfs þar sem ráðning varir skemur en eitt ár er nauðsynlegt að ráðningarsamningi til launadeildar fjmrn. fylgi yfirlýsing frá viðkomandi rn. um að fjárveiting sé fyrir hendi.

4. Lengingu orlofs starfsmanna ríkisins skv. nýjum lögum um orlof verði mætt þannig, að dregið verði úr starfsemi ríkisstofnana a. m. k. á orlofstíma ársins, þ. e. frá 15. maí til 30. sept.

5. Athugaðir verði möguleikar á því að færa fastráðið starfsfólk á milli ríkisstofnana, m. a. verði ákvæði kjarasamninga könnuð með tilliti til þess.

6. Stefnt verði að því að takmarka yfirvinnu hjá stofnunum ríkisins, þannig að yfirvinnutímar hvers manns á mánuði fari ekki yfir sett mörk. Fleiri tímar verði ekki greiddir nema fyrir liggi sérstök heimild. Sett verði þak á magn yfirvinnu miðað við útkomu áranna 1981 og 1982, þar sem tekið er tillit til þess hvort viðkomandi stofnun hafi fengið nýjar stöður á þessum árum. Mánaðarlega verði kannað, miðað við þriggja mánaða tímabil næst á undan, hvernig tekist hefur til um framkvæmd. Náist ekki það markmið að dregið sé úr yfirvinnu niður í t. d. þriðjung dagvinnutíma hvers starfsmanns verði viðkomandi rn. gert viðvart og beiti það sér fyrir úrbótum. Á meðan þær úrbætur fást ekki verði yfirvinnugreiðslur til viðkomandi stofnana stöðvaðar hjá launadeild.

Ég varpa þessum punktum um stefnu í starfsmannahaldi ríkisins fram til umhugsunar í umræðunni um hvernig ná megi fram 2.5% sparnaði í launaútgjöldum ríkisins. Ljóst er að mikið fer eftir framkvæmdinni um hvernig til tekst um framangreindar sparnaðarhugmyndir. Mikið verk er einnig óunnið á sviði áframhaldandi endurskoðunar ríkisútgjaldanna. Svo er raunar einnig ekki síður á sviði skattamálanna, en þá hlið ríkisbúskaparins mun ég ræða sérstaklega við 3. umr.

Fjmrh. hefur ákveðið að skipa nefnd til að fylgjast sérstaklega með framkvæmd fjárlaga og munu eiga sæti í þeirri nefnd forstöðumaður ríkisendurskoðunar, formaður og varaformaður fjvn., deildarstjóri gjaldadeildar fjmrn. og hagsýslustjóri. Nefndin mun einnig setja fram hugmyndir um endurskipulagningu ríkisfjármála í framhaldi af því sem gert hefur verið í fjárlagafrv. með það fyrir augum að draga úr ríkisumsvifum, bæði með beinum ráðstöfunum og einnig með því að færa verkefni og tekjustofna til sveitarfélaga. Í því sambandi er það einnig skoðun mín að móta þurfi skýra stefnu að því er varðar þátttöku einstaklinga í greiðslu á opinberri þjónustu. Eitt af verkefnum þessarar nefndar ætti að vera að leggja fram hugmyndir um samræmingu á störfum ríkisendurskoðunar, fjárlaga- og hagsýslustofnunar og undirnefnda fjvn. í eftirliti með framkvæmd fjárlaga og leggja á ráðin um fastara skipulag á úttekt ríkisfyrirtækja með sparnað fyrir augum.

Mikilvægt verkefni, sem ekki tókst að undirbúa við gerð fjárlagafrv. sem skyldi, er það stefnumið að færa verkefni og tekjustofna sem ríkið sinnir nú til sveitarfélaganna. Á það þarf að reyna á næstu mánuðum hvort mönnum er alvara í þessu efni. Ekki fer milli mála að sveitarstjórnir eru stjórnvald sem stendur nær fólkinu en ríkisvaldið. Ýmis verkefni er einnig eðlilegra að sveitarstjórnir annist en ríkisvaldið. Þar vil ég t. d. nefna rekstur grunnskóla og ýmsa aðra þætti fræðslumála, eins og tónlistarfræðslu, byggingu dagvistarstofnana, íþróttamannvirki o. s. frv. Um þessi efni og fjölmörg önnur þarf að taka upp alvöruviðræður strax í byrjun næsta árs milli fulltrúa ríkisvaldsins og sveitarfélaganna. Rétt er að taka fram að suma liði fjárlaga þarf að endurmeta á næsta ári ef samkomulag næst ekki við sveitarfélögin um breytta verkaskiptingu við ríkið. Þar má m. a. nefna rekstur grunnskóla og fjárveitingar til tónlistarfræðslu. Nauðsynlegast í þessum efnum er þó að í viðræðum milli ríkis og sveitarfélaga takist samkomulag um hreinni verkaskiptingu þessara aðila en nú er.

Eitt grundvallarstefnumið við gerð þessara fjárlaga er að þau verði sem raunhæfust. Með þessu vinnst m. a. að unnt ætti að vera að draga úr aukafjárveitingaflóði sem tíðkast hefur síðustu ár. Afleiðingin er nánast sú, að fjárveitingavaldið er fært úr höndum Alþingis upp í fjmrn. Fjmrh. hefur marglýst þeirri skoðun sinni að þessu þurfi að breyta. Hann hefur nú um skeið óskað eftir því að formaður og varaformaður fjvn. sitji fundi þar sem aukafjárveitingabeiðnir eru afgreiddar. Sú skipan mun halda áfram að svo miklu leyti sem aukafjárveitinga verður þörf. Ég tel einsýnt að hafa beri nánara samráð við fjvn. í þessu efni. Fjmrh. hefur lýst því margsinnis að hann muni gefa n. og Alþingi skýrslu á þriggja mánaða fresti um ástand ríkisbúskaparins. Ég vil taka undir að slíkt yrði til mikillar fyrirmyndar.

Eins og ég gat um áðan leggur fjvn. till. um skiptingu allra framkvæmdaflokka auk ýmissa brtt. fram á þskj. 191 við þessa umr. Til 3. umr. bíða till. um B-hluta fyrirtæki, heimildir skv. 6. gr., auk ýmissa viðfangsefna, svo sem stöðuheimildir og verkefni á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, framlög til hjúkrunarheimila fyrir aldraða, mál Landspítalans, vegamál og ýmis landbúnaðarframlög. N. flytur sameiginlega fyrrgreindar brtt., en fulltrúar minni hl. áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. N. er ekki sammála um afgreiðslu frv. og hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar skilað séráliti.

Forsendur fjárlagafrv. eru byggðar á þjóðhagsspá sem lögð var fram á Alþingi í haust. Frá þeim tíma hafa aflahorfur versnað, en af því leiðir að búast má við samdrætti þjóðartekna frá því sem þá var ráð fyrir gert. Svigrúm til launahækkana á næsta ári er því minna en reiknað var með í frv. og er nú talið 2—4% í stað 4—6%. Ríkisstj. hefur því ákveðið að launaforsendur fjárlaga fyrir næsta ár miðist við 4% meðalhækkun launa frá áramótum í stað 6% í frv. Till. um breytingu á tekju- og útgjaldaliðum frv. í samræmi við þessa

breytingu á forsendum verða lagðar fram fyrir 3. umr.

Ég vísa, herra forseti, til till. n. um breytingar á útgjaldahlið frv.:

Embætti forseta Íslands: Lagt er til að önnur rekstrargjöld hækki um 900 þús. kr. og verði 2 millj. 255 þús. kr. Aftan við liðinn bætist viðfangsefni: Almennur rekstur 5 millj. 593 kr. og Opinberar heimsóknir 900 þús. kr. Hér er lagt til að gert verði ráð fyrir opinberri heimsókn forseta Íslands til Finnlands í fjárlögum, en sú heimsókn hefur þegar verið ákveðin. Þetta er nýmæli. Áður hafa verið veittar aukafjárveitingar fyrir öllum opinberum heimsóknum forseta Íslands.

Alþingi: Gerð er till. um að útgjöld hækki alls um 11 millj. 922 þús. kr. og viðfangsefnaskiptingu verði breytt svo sem sjá má á þskj. Á undanförnum árum hefur rekstrarkostnaður Alþingis á fjárlögum ekki verið í neinu samræmi við raunveruleikann. Hér er um að ræða skref í þá átt að leiðrétta fjárlagaáætlun fyrir Alþingi, þannig að hún verði sem raunhæfust eins og stefnt er að fyrir aðrar stofnanir. — Það skal tekið fram að lagt er til með þessari till. að liðurinn Sérfræðileg aðstoð við þingflokka hækki um 634 þús. kr. á frv. og er það í samræmi við að þingflokkar eru nú sex í stað fjögurra áður.

Við liðinn Ríkisstjórn er lagt til að laun hækki um 676 þús. kr. og verði 12 millj. 789 þús. kr. Hér er um að ræða að í frv. var gert ráð fyrir launum fimm aðstoðarmanna ráðh., en þeir eru nú orðnir sex.

Forsætisráðuneyti.

Lagt er til að liðurinn Öryggismálanefnd hækki um 200 þús. kr. og verði 1 millj. 200 þús. til þess að mæta útgáfukostnaði nefndarinnar. Þá er lagt til að gjöld Þjóðhagsstofnunar hækki alls um 1 millj. 100 þús. kr. og er þar nánast um leiðréttingu að ræða, miðað við nýjar upplýsingar.

Menntamálaráðuneyti.

Háskóli Íslands: Liðurinn Laun hækki samtals um 1 millj. 500 þús., sem skiptist sem hér segir: Guðfræðideild hækki um 150 þús., tannlæknadeild hækki um 150 þús., lagadeild hækki um 75 þús., viðskiptadeild hækki um 75 þús., heimspekideild hækki um 300 þús., verkfræðideild hækki um 450 þús. og félagsvísindadeild hækki um 300 þús. Í frv. var gert ráð fyrir nokkurri skerðingu á framlögum til aukakennslu við Háskóla Íslands. Með þessari till. er leitast við að koma nokkuð til móts við Háskólann í þessu efni.

Raunvísindadeild Háskólans: Lagt er til að önnur rekstrargjöld hækki um 750 þús. kr. og skiptist þannig á liði: Yfirstjórn hækki um 250 þús. vegna tilraunavindmyllu og Efnafræðistofa hækki um 500 þús. kr., sem verja á til eldsneytisrannsókna.

Orðabók Háskólans: Laun hækki um 115 þús. kr., sem eru hálf starfslaun.

Menntaskólinn í Reykjavík: Laun lækki um 270 þús. kr. og verði 23 millj. 922 þús. kr.

Menntaskólinn á Akureyri: Gjöld hækki alls um 570 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Laun lækki um 180 þús. kr. og önnur rekstrargjöld hækki um 750 þús. kr. vegna húsaleigukostnaðar.

Menntaskólinn á Laugarvatni: Gjöld hækki alls um 160 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Laun lækki um 90 þús. kr., en stofnkostnaður hækki um 250 þús. kr. vegna tækjakaupa.

Menntaskólinn við Sund: Gjöld lækki alls um 690 þús. kr. og skiptist þannig á gjaldategundir: Laun lækki um 940 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 250 þús. kr. vegna tækjakaupa.

Menntaskólinn á Ísafirði: Stofnkostnaður hækki um 1 millj. kr., en með þeirri fjárveitingu er gert ráð fyrir að unnt sé að taka í notkun nýtt húsnæði skólans.

Menntaskólinn í Kópavogi — fjölbraut: Gjöld hækki alls um 5 millj. 680 þús. kr. og skiptist sem hér segir á gjaldategundir: Laun hækki um 680 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 5 millj. kr., en þar er um að ræða greiðslu skv. samningi sem gerður hefur verið milli menntmrn. og bæjarstjórnar í Kópavogi vegna skipta framhaldsskólans þar við grunnskóla á húsnæði. Á það hefur verið lögð rík áhersla að við þennan samning yrði staðið og telur fjvn. að svo sé gert með þessum fjárveitingalið og öðrum fjárveitingum til grunnskóla í Kópavogi.

Framhaldsskólar, almennt: Lagt er til að gjöld hækki alls um 2 millj. 600 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Nýr liður: Önnur rekstrargjöld verði 2 millj. kr. og stofnkostnaður hækki um 600 þús. kr. Með þessu er tekin upp sú nýbreytni að menntmrn. geti ráðstafað til framhaldsskóla nokkurri fjárhæð og með þessum hætti haft meiri áhrif um stjórn á því hvernig rekstri þessara stofnana er háttað.

Kennaraháskóli Íslands: Lagt er til að gjöld hækki samtals um 3 millj. kr. og skiptist sú hækkun á gjaldategundir sem hér segir: Laun hækki um 800 þús. kr. vegna námskeiða kennara í verkmenntagreinum. Önnur rekstrargjöld lækki um 800 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 3 millj. kr. Miðast það við að hægt sé að taka nýbyggingu skólans í notkun.

Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr.

Íþróttakennaraskóli Íslands: Lagt er til að gjöld hækki samtals um 900 þús. kr. og skiptist á gjaldategundir eins og hér segir: Nýr liður: Viðhald verði 200 þús. kr. Stofnkostnaður hækki um 700 þús. kr., en sú fjárveiting er nauðsynleg til þess að hægt sé að standa við gerðan verksamning.

Fjölbrautaskólar í Reykjavík: Lagt er til að laun lækki um 330 þús. kr. og skiptist sú fjárhæð með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti lækki um 960 þús. kr. og Ármúlaskóli hækki um 630 þús. kr.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Laun hækki um 735 þús. kr. og verði 14 millj. 731 þús. kr.

Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Lagt er til að gjöld hækki alls um 1 millj. 300 þús. kr., sem skiptist þannig á gjaldategundir: Laun lækki um 200 þús. kr. og verði 14 millj. 989 þús. kr. Stofnkostnaður hækki um 1 millj. 500 þús. kr. og verði 6 millj. 500 þús. kr.

Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki: Laun hækki um 275 þús. kr. og verði 7 millj. 602 þús. kr.

Fjölbrautaskólinn á Selfossi: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 3 millj. kr. og verði samkvæmt því varið 8 millj. kr. til að þoka þessari byggingu skólans áfram á næsta ári.

Framhaldsskóli í Neskaupstað: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 360 þús. kr. til tækjakaupa.

Verkmenntaskólinn á Akureyri: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 4 millj. kr. til þess að unnt verði að ná ákveðnum áfanga við þessa byggingu.

Það skal tekið fram að þær tilfærslur sem hér hafa

verið tíundaðar í launum og öðrum rekstrargjöldum milli einstakra framhaldsskóla eru gerðar að till. menntmrn. og miðaðar við nýjustu upplýsingar um áformaðan rekstur þessara stofnana á næsta ári. Hér er ekki um að ræða hækkun frá fjárlagafrv. í heild, heldur tilfærslur.

Námsgagnastofnun: Lagt er til að rekstrargjöld hækki alls um 3 millj. kr. og skiptist sú hækkun með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: Bókaútgáfa hækki um 2 millj. kr., en nýr liður verði tekinn upp, Hagræðing í rekstri, sem verði 1 millj. kr.

Námsgagnastofnun hefur undanfarin ár lent í verulegum erfiðleikum með að gefa út þau námsgögn sem hún hefur talið nauðsynleg og hefur rekstur stofnunarinnar verið í endurskoðun undanfarna mánuði. Nefnd sem skipuð var af menntmrh. hefur nýlega skilað áfangaskýrslu sem er í athugun í menntmrn. Þar er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á starfsemi þessarar stofnunar og jafnframt lagt til að úttekt verði gerð á mannaflaþörf hennar og öðrum rekstri í samræmi við þær tillögur. Sú úttekt liggur ekki fyrir, en ljóst er að taka verður fjármál stofnunarinnar upp á nýjan leik innan fjárlagaársins þegar þær till. liggja fyrir. Þá upphæð sem hér er lagt til og nefnd er Hagræðing í rekstri, 1 millj. kr., er fyrst og fremst áformað að nota til að undirbúa nýja starfshætti stofnunarinnar, m. a. að gera tilraun með útboð á gerð námsefnis og útgáfu námsgagna.

Iðnfræðsluráð: Lagt er til að gjöld lækki um 2 millj. 59 þús. kr. Er þá miðað við að rekstur ráðsins falli niður um mitt ár 1984. Eins og kunnugt er hefur iðnnám breyst mjög á undanförnum árum með tilkomu fjölbrautaskólanna. Telja verður eðlilegt að breyta þá starfsemi iðnfræðsluráðs. E. t. v. þarf að færa sum verkefni þess til í kerfinu og þarf þá að taka það mál upp á nýjan leik, en till. þessi er lögð fram til þess að skriður komist á málið.

Tækniskóli Íslands: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 4 millj. kr., sem ráðgert er að ráðstafað verði til innréttingar á húsnæði skólans og til tækjakaupa. Þessi till. er liður í þeirri viðleitni að efla verkmenntun í landinu eins og ég drap á hér áðan.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 900 þús. kr. til kaupa á tölvuratsjá.

Iðnskólinn í Reykjavík: Nýr liður: Viðhald verði 1 millj. 550 þús. kr., en sá liður féll niður í frv.-gerðinni.

Fiskvinnsluskólinn: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 9 millj. kr. vegna byggingar nýs skólahúsnæðis. Þessi till. er eins og till. um Tækniskólann liður í þeirri viðleitni að efla verkmenntun í landinu. Geymd fjárveiting til Fiskvinnsluskólans er 4 millj. 900 þús. kr. í frv. Í frv. er gert ráð fyrir 1 millj. kr., þannig að alls verða til ráðstöfunar á næsta ári til byggingar skólans á milli 14 og 15 millj. kr.

Myndlista- og handíðaskólinn: Lagt er til að gjöld hækki alls um 500 þús. kr. og skiptist hækkunin með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Laun hækki um 320 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækki um 450 þús. kr., en sértekjur hækki um 270 þús. kr.

Tónlistarfræðsla: Lagt er til að liðurinn Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir hækki um 500 þús. kr.

Héraðsskólar, almennt: Lagt er til að gjöld hækki alls um 1 millj. 200 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Viðhald hækki um 500 þús. kr. og stofnkostnaður hækki um 700 þús. kr.

Skálholtsskóli: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr. til lagfæringa og tækjakaupa.

Grunnskólar, almennt: Lagt er til að gjöld hækki alls um 3 millj. 320 þús. kr. Hækkunin skiptist sem hér segir: Sundskylda í skólum hækki um 3 millj. kr. og liðurinn kennsla á spítulum fyrir nemendur sem þar dvelja hækki um 320 þús. kr.

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög: Stofnkostnaður hækki um 7 millj. 750 þús. kr.

Til skipta verða þá alls 115 millj. 450 þús. kr. til bygginga grunnskóla um allt land. Sundurliðun á fjárveitingum til einstakra skóla og verkefna kemur fram í brtt. n. á sérstöku yfirliti.

Skólar fyrir þroskaheft börn: Lagt er til að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 1 millj. 300 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á liði: Þjálfunarskólar hækki um 300 þús. kr. og sameiginleg þjónusta hækki um 1 millj. kr.

Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Lagt er til að framlög til þessa málaflokks hækki um 1 millj. 640 þús. kr. Sundurliðun um fjárveitingar til einstakra verkefna koma fram á sérstöku yfirliti í brtt. n.

Það skal tekið fram að áhersla hefur verið á að ljúka greiðslum vegna dagheimila sem tekin hafa verið í notkun en ríkið ekki greitt stofnkostnað sinn í að fullu. Þar er um að ræða 13 dagvistarstofnanir. Ekki eru veittar fjárveitingar til að hefja nýjar byggingar dagvistarheimila á næsta ári, svo sem áður segir.

Náms- og fræðimenn, framlög: Lagt er til að gjöld hækki alls um 2 millj. 185 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á liði: Styrkur til útgáfustarfa hækki um 185 þús. kr. og viðhald stúdentagarða hækki um 2 millj. kr. Fjárveiting skv. frv. til viðhalds stúdentagarða er 3 millj. 500 þús. kr. Tekin hafa verið lán til þessa verkefnis og þarf að greiða af þeim á næsta ári um 2 millj. 700 þús. kr. Með þessari till. er því lagt til að til ráðstöfunar verði til viðhalds stúdentagarða á næsta ári tæpar 3 millj. kr.

Fullorðinsfræðsla: Gjöld hækki alls um 253 þús. kr. og skiptist liðurinn þannig: Bréfaskóli hækki um 96 þús. kr., Námsflokkar um 26 þús. kr., Félagsmálanámskeið um 17 þús. kr., Heimilisiðnaðarskólinn hækki um 54 þús. kr. og Menntun starfsfólks á dagheimilum hækki um 60 þús. kr.

Þjóðminjasafn Íslands: Lagt er til að liðurinn Sjóminjasafn hækki um 300 þús. kr.

Blindrabókasafn Íslands: Lagt er til að stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr.

Náttúruverndarráð: Lagt er til að stofnkostnaður hækki alls um 635 þús. kr. og skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum hækki um 600 þús. kr. og Rannsóknarstörf við Mývatn hækki um 35 þús. kr.

Þjóðleikhúsið, framlög: Liðurinn Til fyrirtækja í B-hluta hækki um 2 millj. 500 þús. kr. sem ráðstafað verði til utanhússviðhalds á Þjóðleikhúsinu. Liggja mun fyrir úttekt á viðhaldsþörf Þjóðleikhússins utanhúss. Með þessari fjárveitingu er lagt til að hafist verði handa við framkvæmd þessa verkefnis, sem er hið brýnasta.

Listskreytingarsjóður ríkisins: Lagt er til að fjárveiting hækki um 500 þús. kr. og verði samtals 2 millj. 500 þús. kr.

Listir, framlög: Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 8 millj. 933 þús. kr. Ég vísa til brtt. n. um einstakar breytingar á viðfangsefnum þessa liðar, en vil taka fram að gengið var út frá því við gerð fjárlagafrv. að fjvn. fjallaði sérstaklega um þessa liði og eru þeir ákveðnir í frv. jafnháir í krónutölu yfirleitt og þeir eru í fjárlögum yfirstandandi árs.

Ýmis vísindaleg starfsemi: Liðurinn hækki alls um 79 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: Vísinda- og fræðimenn hækki um 8. þús. kr., Surtseyjarfélagið 20 þús. kr., Jöklarannsóknir og mælingar 7 þús. kr., Íslenska stærðfræðifélagið 11 þús. kr. og Tímaritið Jökull um 33 þús. kr.

Norræn samvinna: Liðurinn hækki alls um 450 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: Norrænt samstarf hækki um 27 þús. kr., Norræna félagið hækki um 23 þús. kr. Tveir nýir liðir verði teknir upp: Menningarsamskipti við Færeyinga verði 200 þús. kr. og Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO er áætlað að kosti 200 þús. kr.

Íþróttasjóður: Lagt er til að liðurinn Bygging íþróttamannvirkja hækki um 1 millj. 500 þús. kr., sem skiptist eins og fram kemur í sérstöku yfirliti á þskj. með brtt. n.

Æskulýðsmál: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 1 millj. 759 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Æskulýðsráð ríkisins hækki um 155 þús. kr., Æskulýðssamband Íslands 30 þús. kr., Ungmennafélag Íslands 1 millj. 225 þús. kr., Bandalag íslenskra skáta 145 þús. kr., Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfljótsvatns 30 þús. kr., Bandalag íslenskra farfugla 4 þús. kr., Íslenskir ungtemplara 40 þús. kr. og Landssamband KFUM og KFUK 30 þús. kr. Lagt er til að nýr liður verði tekinn upp: Alþjóðaár æskunnar, en til þess liðar verði varið 100 þús. kr. Alþjóðaár æskunnar verður á árinu 1985 og er hér um undirbúningsfjárveitingu að ræða.

Ýmis íþróttamál: Lagt er til að liðurinn hækki um alls 737 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti á viðfangsefni: Farkennsla í skólum hækki um 15 þús. kr. Nýr liður verði tekinn upp, Ólympíunefnd fatlaðra, og verði hann 600 þús. kr. Skáksamband Íslands hækki um 32 þús. kr., Alþjóðaskákmót, styrkir hækki um 85 þús. kr. og Bridgesamband Íslands hækki um 5 þús. kr.

Húsfriðun: Lagt er til að liðurinn Byggða- og minjasöfn hækki um 200 þús. kr.

Liðurinn 999 Ýmislegt undir menntmrn.: Lagt er til að þessi liður hækki um 1 millj. 896 þús. kr. og vísa ég til brtt. nefndarinnar um breytingar á einstökum viðfangsefnum.

Utanríkisráðuneyti: Lagt er til að liðurinn Utanríkismál, ýmis starfsemi hækki um 200 þús. kr. og er þar um að ræða rekstrargjöld við Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Í þessum till. er ekki gert ráð fyrir hækkun á framlagi til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Það er byggt á þeirri forsendu að fjárþörf stofnunarinnar vegna veiðarfærakaupa og smíði skips sem þegar er lokið verði leyst á þessu ári. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til stofnunarinnar samkv. frv., sem er 13 millj. 641 þús. kr., skiptist sem hér segir: Norræn verkefni, sem eru samningsbundin, 3 millj. 771 þús. kr., til Cabo Verde-verkefnis verði varið 9 millj. kr. og til greiðslu á skrifstofukostnaði 900 þús. kr.

Landbúnaðarráðuneyti.

Jarðeignir ríkisins, framlög: Lagt er til að liðurinn hækki um 1 millj. 500 þús. kr.

Búnaðarfélag Íslands: Lagt er til að gjöld hækki um 800 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á liði: Ráðunautar hækki um 500 þús. kr. vegna starfsemi á sviði loðdýraræktar. Lagt er til að inn komi nýr liður: Landþurrkun, en þessi liður hefur jafnan verið í fjárlögum þótt hann sé ekki í fjárlagafrv. Liðurinn verði 300 þús. kr. og kemur skipting á þessum lið fram í brtt. nefndarinnar.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Lagt er til að gjöld hækki alls um 4 millj. 520 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: Nýr liður: Til grunnkortagerðar verði 300 þús. kr. Styrkur til Búnaðarsambands Suðurlands vegna byggingar á Stóra-Ármóti hækki um 420 þús. kr. Tilraunastöðin á Möðruvöllum hækki um 1800 þús. kr. og nýr liður: Tilraunabú, óskipt verði 2 millj. kr.

Mál tilraunastöðva landbúnaðarins eru í athugun með það fyrir augum að ríkissjóður standi einungis undir greiðslu launa ákveðins fjölda tilraunamanna, en að öðru leyti verði búin rekin á ábyrgð bændasamtakanna í landinu. Á meðan niðurstaða er ekki fengin í þessu þykir nauðsynlegt að hafa óskiptan lið, en landbrn. fjallar um hvernig með verður farið.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum: Lagt er til að laun hækki um 1 millj. 711 þús. kr. Þegar lög um þessa starfsemi voru samþykkt var gert ráð fyrir að þar starfaði fólk sem svaraði 60 stöðugildum. Með þessari fjárveitingu er því marki ekki náð, en skref stigið í þá átt.

Skógrækt ríkisins: Inn komi nýr liður: Nytjaskógar sem verði 500 þús. kr.

Landgræðsla ríkisins: Sýnt þykir að sértekjur séu ívið ofáætlaðar. Samkv. nýjustu upplýsingum er lagt til að þær lækki um 750 þús. kr.

Sauðfjárveikivarnir: Lagt er til að liðurinn Viðhald á girðingum hækki um 750 þús. kr.

Yfirdýralæknir. Gerð er till. um að fjárveiting undir þessum lið hækki um 305 þús. kr. og er hækkunin skýrð nánar í nál.

Landgræðslu- og landverndaráætlun: Gerð er till. um að liðurinn Fyrirhleðslur hækki um 790 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í brtt. nefndarinnar. Í athugun er hvernig rétt er talið að haga greiðslum á verðbótum vegna landgræðslu- og landverndaráætlunar og verða till. um það lagðar fram við 3. umr. ef rétt þykir að breyta frv. í þessu efni.

Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 369 þús. kr. Sundurliðun á þessari hækkun kemur fram á fskj., þar sem brtt. nefndarinnar koma fram, og auk þess í nál.

Bændaskólinn Hvanneyri: Framlag hækki alls um 1 millj. 500 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti á gjaldategundir: Stofnkostnaður hækki um 900 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við rannsóknahús. Sértekjur lækki um 600 þús. kr.

Bændaskólinn Hólum: Stofnkostnaður hækki um 700 þús. kr. til innréttingar á starfsmannahúsi. Sértekjur lækki um 400 þús. kr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Fiskifélag Íslands: Gjöld hækki alls um 600 þús. kr., sem skiptist á gjaldategundir eins og hér segir: Viðhald hækki úr 300 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækki um

300 þús. kr. til fiskiræktartilrauna.

Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 128 þús. kr. og skiptist eins og fram kemur í nál.

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna: Liðurinn Keldnaholt hækki um 200 þús. kr. vegna kaupa á tækjum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Rannsóknarlögregla ríkisins: Gerð er till. um að rekstrargjöld lækki um 800 þús. kr., en viðhald hækki um 600 þús. kr.

Sýslumaður og bæjarfógeti á Húsavík: Gerð er till. um að liðurinn Löggæsla á Þórshöfn hækki um 1 millj. 100 þús. kr. vegna innréttinga á húsnæði fyrir lögreglu na þar.

Sýslumaður og bæjarfógeti, Eskifirði: Liðurinn Skrifstofuhúsnæði, bygging lækki um 700 þús. kr. og er þetta vegna aukafjárveitingar við þetta verkefni sem veitt hefur verið í ár.

Almannavarnir ríkisins: Lagt er til að liðurinn Önnur rekstrargjöld lækki um 300 þús. kr. Stofnkostnaður hækki um 1100 þús. kr. Liðurinn Til sveitarfélaga hækki um 150 þús. kr. vegna skjálftamæla í Mývatnssveit.

Fangamál, ýmis kostnaður: Lagt er til að liðurinn Fangahjálp hækki um 400 þús. kr.

Biskup Íslands: Lagt er til að önnur rekstrargjöld hækki um 350 þús. kr., sem skiptast sem hér segir: Yfirstjórn hækki um 100 þús. kr. til þess að greiða skuld. Biskupsbústaður hækki um 250 þús. kr.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar: Lagt er til að laun hækki um 250 þús. kr.

Prestaköll og prófastsdæmi: Lagt er til að gjöld hækki alls um 1 millj. 340 þús. kr. og skiptist sem hér segir: Prestar og prófastar hækki um 140 þús. kr. vegna launa prests sem verið hefur í hálfu starfi og þjónað hefur heyrnleysingjum. Með þessari breytingu yrði presturinn í fullu starfi. Embættisbústaðir, viðhald hækki um 1 millj. 200 þús. kr. Í undirbúningi er að gera áætlun um viðhald embættisbústaða á vegum þjóðkirkjunnar og sýnist það mikið nauðsynjamál þar sem mikil verkefni bíða á því sviði.

Ýmis kirkjuleg málefni: Gjöld hækki um 475 þús. kr. Fram kemur í nál. hvernig hækkunin skiptist.

Félagsmálaráðuneyti.

Vatnsveitur: Lagt er til að liðurinn hækki um 2 millj. 500 þús. kr. og er hér um að ræða styrki til vatnsveitna, sem ríkissjóður greiðir til sveitarfélaga samkv. lögum.

Málefni fatlaðra: Framlög hækki alls um 3 millj. 403 þús. kr. Þau skiptist sem hér segir: Sambýli 1 millj. 213 þús. kr. vegna Vanabyggðar á Akureyri. Þar hefur sambýli fyrir þroskahefta verið starfrækt í ár, en fyrir starfrækslu þess er ekki gert ráð í fjárlagafrv. Því mundi þurfa að loka þessu sambýli ef þessi fjárveiting væri ekki tekin upp. Leiktækjasöfn fyrir þroskahefta. Lagt er til að veitt verði 190 þús. kr. vegna leiktækjasafns í Vestmannaeyjum. Þá er lagt til að fjárveiting vegna kostnaðar samkv. 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta verði hækkuð um 2 millj. kr. Hér er um að ræða greiðslur á daggjöldum til heimila fyrir þá þroskahefta sem ekki er unnt að vista á stofnunum.

Vinnumál: Aftan við liðinn Hagdeildir Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og BSRB bætist: og BHM. Liðurinn hækki um 250 þús. alls. Sjómannasamtök, lögskráning hækki um 50 þús. kr.

Félagsmál, ýmis starfsemi: Liðurinn hækki alls um 1 millj. 57 þús. kr. Um sundurliðun vísa ég til brtt. nefndarinnar. Rétt er þó að geta þess að einn nýr liður er tekinn upp undir þessu viðfangsefni. Lagt er til að fjárveiting til greiðslu tjóns vegna snjóflóða á Patreksfirði verði 2 millj. 600 þús. kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Landlæknir: Önnur rekstrargjöld hækki um 250 þús. kr. og verði 2 millj. 864 þús. kr. Hækkunin er vegna útgáfu og kynningarstarfsemi á vegum embættisins.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 900 þús. kr., en hér er um að ræða fjárveitingu til kaupa á heyrnartækjum.

Hollustuvernd ríkisins: Lagt er til að liðurinn Önnur rekstrargjöld lækki um 500 þús. kr.

Sjúkrahús og læknisbústaðir: Lagt er til að gjöld hækki alls um 10 millj. 350 þús. kr. Hækkunin skiptist með eftirfarandi hætti: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 4 millj. 250 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í brtt. nefndarinnar. Lagt er til að nýr liður verði tekinn upp, Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur verði 4 millj. kr. Styrkur til þessa húss hefur verið í fjárlögum undanfarin ár, en er ekki í fjárlagafrv. Lagt er til að byggingarstyrkur til Dvalarheimilis aldraðra, Hrafnistu, hækki um 2 millj. 100 þús. kr. og er þá bætt raungildisrýrnun þessa styrks síðustu tvö ár, en hann var ákveðinn 1981 og skyldi greiðast í sex greiðslum, jafngóðum að raungildi.

St. Jósefsspítali, Landakoti: Stofnkostnaður hækki um 2 millj. kr. vegna tækjakaupa.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri: Lagt er til að liðurinn Viðhald hækki um 800 þús. kr. Er það til að hefja gluggaskipti í gamla sjúkrahúsinu, sem nú er talin brýn þörf á.

Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Lagt er til að liðurinn hækki um 2 millj. 887 þús. kr. og vísast til nál. um skiptingu á þessari hækkun.

Þroskaþjálfaskóli Íslands: Liðurinn Stofnkostnaður hækki um 200 þús. kr.

Fjármálaráðuneyti.

Fasteignamat ríkisins: Lagt er til að gjöld hækki alls um 700 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á gjaldategundir, að Önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr. og Viðhald um 200 þús. kr.

Samgönguráðuneyti.

Vegagerð ríkisins: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 80 þús. kr. Liður þessi hefur runnið til styrkja til þess að halda uppi gistingu og byggð vegna vetrarsamgangna. Mál Vegagerðarinnar bíða að öðru leyti til 3. umr., eins og ég sagði áðan.

Vita- og hafnamálaskrifstofan: Liðurinn Önnur rekstrargjöld lækki um 750 þús. kr. Sértekjur lækki um 1 millj. kr.

Vitastofnun Íslands: Liðurinn Önnur rekstrargjöld lækki um 500 þús. kr. og sértekjur lækki um 1 millj. kr.

Hafnamál: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 4.1 millj. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: Hafnarrannsóknir og mælingar hækki um 500 þús. kr. Liðurinn Ferjubryggjur hækki um 1 millj. kr. Sjóvarnargarðar hækki um 900 þús. kr. Lagt er til að nýr liður verði tekinn upp: Landshöfnin í Þorlákshöfn og verði 800 þús. kr. Ætlunin er að verja þessu fé til lagfæringar á grjótvörn og hafnargarði. Liðurinn Hafnarmannvirki

og lendingarbætur hækki um 900 þús. kr. Skiptingin á þessum lið kemur fram í brtt. n.

Ýmis framlög undir samgrn.: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 1 millj. 300 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: Þrír nýir liðir: Flugbjörgunarsveitir verði 450 þús. kr., Fræðsluefni um öryggismál sjómanna verði 350 þús. kr. og Sjálfvirk tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip verði 500 þús. kr. Hafist var handa á s. l. ári um undirbúning að því að koma upp sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip og er þessi fjárveiting ætluð til að halda þeim undirbúningi áfram.

Veðurstofa Íslands: Lagt er til að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 millj. 900 þús. kr. Sértekjur hækki um 1 millj. 400 þús. kr., sem er mótframlag frá Alþjóðaflugmálastofnuninni vegna veðurþjónustu við millilandaflug, en á móti er lagt til að varið verði 1 millj. 400 þús. kr. til kaupa á veðurathugunartækjum til mælinga í háloftunum.

Landmælingar Íslands: Lagt er til að liðurinn Sértekjur lækki um 1 millj. kr. í samræmi við nýjar upplýsingar um sértekjur stofnunarinnar.

Iðnaðarráðuneyti. Iðnaðarrannsóknir: Liðurinn hækki um 1 millj. kr. vegna umhverfisrannsókna í Eyjafirði í tengslum við fyrirhugað staðarval stóriðjufyrirtækis þar.

Iðja og iðnaður, framlög: Lagt er til að liðurinn hækki alls um 3 millj. 110 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: Heimilisiðnaðarfélag Íslands hækki um 10 þús. kr. Iðnþróun og tækninýjungar hækki um 500 þús. kr., m. a. vegna rannsókna og nýtingar surtarbrands. Iðnþróunarverkefni hækki um 200 þús. kr. Iðnráðgjafar hækki um 900 þús. kr. Nýr liður: Kynning á íslenskum iðnaðarvörum verði 1 millj. 500 þús. kr. Ætlunin er að gera sérstakt átak í því að kynna íslenskar iðnaðarvörur, verð þeirra og gæði og tryggja þannig stöðu þeirra í samkeppni við innfluttar vörur. Á þessu hefur oft verið þörf, en nú er brýn nauðsyn.

Orkusjóður: Lagt er til að liðurinn Styrking dreifikerfis í sveitum hækki um 6 millj. kr. Þá er lagt til að liðurinn Hólsfjallabæir hækki um 750 þús. kr. Þar er um að ræða framlög til að greiða niður orkukostnað á þessum bæjum og raunar fleiri samkv. þál. sem samþykkt var á Alþingi fyrir nokkrum árum.

Ýmis orkumál: Lagt er til að inn komi nýr liður: Hitaveita Reykjahlíðar og verði 5 millj. kr., en þessi liður hefur verið færður frá félmrn. þar sem hann er samkv. frv. Um er m. a. að ræða greiðslu samkv. fyrri samningum vegna kaupa ríkisins á vatnsréttindum af jarðeigendum.

Viðskrn., aðalskrifstofa: Lagt er til að önnur rekstrargjöld hækki um 330 þús. kr. Þá er lagt til að liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 190 þús. kr., sem er framlag til Neytendasamtakanna.

Verðlagsstofnun: Önnur rekstrargjöld hækki um 600 þús. kr. til verðkannana. Án þessarar fjárveitingar telur Verðlagsstofnun sig ekki geta gefið út upplýsingar til almennings um verðkannanir, en með þessari fjárveitingu á stofnunin vonandi að geta staðið vel að verki á þessu sviði.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa: Lagt er til að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 millj. kr. til hagræðingar á rekstri ríkisfyrirtækja. Ákveðið hefur verið að gera úttekt á rekstri ýmissa ríkisfyrirtækja. Nauðsynlegt er að fjárlaga- og hagsýslustofnun skipuleggi þessa úttektar- og hagræðingarvinnu og geri verksamninga við ráðgjafarfyrirtæki um að framkvæma hana að svo miklu leyti sem stofnunin gerir það ekki sjálf. Mikil þörf er að gera skipulegt átak í þessum efnum og er þessari fjárveiting ætlað að hrinda því átaki af stað.

Herra forseti. Ég hef þá lokið því að gera grein fyrir brtt. fjvn. við þessa umr.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Þegar fjvn. hefur nú lokið störfum fyrir 2. umr. vil ég flytja meðnm. mínum, starfsmanni nefndarinnar og hagsýslustjóra þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf og þá sérstaklega formanni fjvn., hv. 2. þm. Norðurl. e., Lárusi Jónssyni, sem hefur stjórnað störfunum af röggsemi, góðri skipulagningu og einstakri lipurð.

Tími til að sinna viðtölum við þá sem leita á fund nefndarinnar var knappari nú en á undanförnum árum þegar nefndin hefur hafið störf um mánaðamótin sept.-okt. og lokið viðtölum við sveitarstjórnarmenn fyrir þingsetningu. Þetta var unnið upp með mun meiri vinnu um kvöld og helgar og jafnvel á þingfundatímum.

Varðandi þær brtt. sem n. flytur sameiginlega er rétt að taka fram að við sem skipum minni hl. fjvn., fullltrúar Alþb., Alþfl., BJ og Samtaka um kvennalista, höfum tekið þátt í að gera tillögur um skiptingu fjárhæða milli einstakra framkvæmda innan þess heildarramma hvers framkvæmdaflokks sem meiri hl. n. hefur ákvarðað. Við höfum því áskilið okkur rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Í því sambandi við ég leggja áherslu á að við erum sérstaklega ósammála þeirri ákvörðun meiri hl. n. að skerða raungildi framkvæmda til dagvistarheimila og þeirri ákvörðun að leyfa engar nýjar framkvæmdir við dagvistarheimili sem hafa þó áður fengið fjárveitingar á fjárlögum til undirbúnings framkvæmda og flytjum á þskj. 194 brtt. þess efnis að framlag til þessa málaflokks hækki um 20 millj. frá till. í fjárlagafrv.

Þegar fyrsta fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. kemur til afgreiðslu eru ríflega fimm ár síðan Sjálfstfl. skildi við stjórn ríkisfjármála eftir að hafa haldið þannig á þeim málum að útgjöld ríkisins sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu voru að meðaltali á fjórum stjórnarárum Sjálfstfl. hærri en á tímabili nokkurrar ríkisstj. sem áður hafði setið og metútgjöld miðað við þennan mælikvarða náðust undir stjórn Sjálfstfl. árið 1975 þegar þetta hlutfall varð hærra en það hefur nokkru sinni orðið fyrr eða síðar eða 30.4%. Málsvarar Sjálfstfl. hafa æðioft til að fela þessar staðreyndir kosið að miða fremur við hverjar tekjur ríkissjóðs hafi á stjórnarárum hans orðið sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, en það látið liggja á milli hluta að vegna þess hve lítt var um það sinnt á þessum árum, þegar Sjálfstfl. fór með stjórn ríkisfjármála, að hafa samræmi á tekjum og útgjöldum varð sá fjmrh. sem við tók að kljást við það verkefni að greiða niður þær stórfelldu skuldir ríkissjóðs sem eftir voru skildar.

Auk þess að afla tekna fyrir þeim útgjöldum sem til féllu á því tímabili sem við tók varð einnig að innheimta skatta af landsmönnum fyrir þeim útgjöldum ríkissjóðs sem efnt var til í tíð fjármálastjórnar Sjálfstfl. án þess að aflað hafi verið tekna fyrir þeim. Þær upphæðir, sem þannig varð að greiða í afborganir og vexti til Seðlabankans vegna óráðsíu í fjármálastjórn Sjálfstfl., námu

á verðlagi í dag um 2500 millj. kr. en það jafngildir mótframlagi ríkissjóðs til framkvæmda sveitarfélaga í rúmlega sex ár miðað við þá fjárhæð sem nú er í fjárlagafrv. til þessara framkvæmda, þ. e. skólabygginga, hafnaframkvæmda, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og dagvistarheimila. Greiðslur á þessari skuldasúpu, sem var undir stjórn Sjálfstfl. á ríkisfjármálum skilin eftir handa öðrum til að greiða, námu á núgildandi verðlagi um 54 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þessi viðskilnaður var hin raunverulega útfærsla Sjálfstfl. á stefnumálum sínum um lækkun ríkisútgjalda, aðhald í ríkisrekstri og ábyrgð á meðferð opinbers fjár.

Nú hefur Sjálfstfl. aftur tekið við stjórn ríkisfjármála með tilstyrk Framsfl. Með leiftursókn gegn lífskjörum launafólks hafa þessir flokkar keyrt svo niður kaupgetu hjá almenningi að tekjur ríkissjóðs af neyslusköttum hafa stórlega minnkað og skuldasöfnunin hjá Seðlabankanum er hafin að nýju. Vextir af þeirri skuld eins og hún er áætluð um næstu áramót, en talið er að hún muni nema alls um 1100—1200 millj. kr., eru ekki einu sinni meðreiknaðir til útgjalda á fjárlögum næsta árs, hvað þá greiðsla á skuldinni sjálfri, enda ljóst að hún verður þess í stað enn aukin á næsta ári.

Ekki hafa fengist upplýsingar um hversu hárri upphæð þessir vextir af skuldinni um áramótin nemi á næsta ári, en til hliðsjónar má hafa að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að vextir af þeirri yfirdráttarskuld sem efnt verður til á næsta ári nemi 45 millj. kr. Hversu áreiðanleg áætlunin um vaxtaútgjöld ríkissjóðs á næsta ári er, en þau nema 840 millj. kr., ræðst svo að verulegu leyti af því hvernig fer um það markmið hæstv. ríkisstj. að halda gengisskráningu sem næst óbreyttri á næsta ári. Kunna ýmsir að draga í efa að það markmið sé raunhæft og þá um leið vaxtaupphæðin.

17 milljarða kr. fjárlagafrv. var lagt fram með 9 millj. kr. rekstrarafgangi. Í útgjaldahliðina vantaði þá eins og getið er um í grg. með fjárlagafrv. þau útgjöld til vegaframkvæmda sem fjármögnuð eru með lántökum og nú má ætla að geti numið um 340 millj. kr., miðað við þær forsendur sem hafa verið lagðar fram varðandi markaða tekjustofna Vegasjóðs og núgildandi áætlun um þjóðarframleiðslu á næsta ári, en samkv. forsendum fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að útgjöld til vegamála nemi 2.2% af þjóðarframleiðslu 1984. Auk þessarar upphæðar, 340 millj. kr., sem enn vantar inn í rekstrarútgjöldin, eru ýmis útgjöld ríkissjóðs vantalin. Má þar nefna framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem er vantalið um 30 millj. kr., og samkv. nýframlögðu frv. um húsnæðismál er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs til húsnæðismála verði á næsta ári aukin og nemi um 240 millj. kr. umfram þá upphæð sem í fjárlagafrv. er. Verði sú upphæð tekin að láni til viðbótar við lán vegna vegamála, sem eru enn ekki komin inn í frv., gætu lántökur til A- og B-hluta fjárlaga orðið ríflega 70% hærri á fjárlögum fyrir árið 1984 en í núgildandi fjárlögum, á sama tíma og verðlagshækkanir eru áætlaðar 23%. Vitaskuld verða slíkar lántökur ígildi erlendrar skuldasöfnunar með Seðlabankann sem millilið eða þá að ríkissjóður ýtir öðru út af innlenda lánamarkaðinum, en í grg. með fjárlagafrv. stendur að meginatriðið sé að erlendar skuldir haldi ekki áfram að aukast.

Miðað við tekjuhlið fjárlagafrv. og þá afgreiðslu útgjaldahliðar sem við blasir er ekki annað sýnt en að stefnt sé að hallarekstri á ríkissjóði á næsta ári. Endurmat á tekjuhlið hefur nefndin eða a. m. k. minni hl. hennar ekki fengið að sjá, þrátt fyrir að af hálfu minni hl. hafi margsinnis verið óskað eftir því að fulltrúar Þjóðhagsstofnunar kæmu eins og venja er til á fund fjvn. fyrir 2. umr. til þess að gera grein fyrir tekjuáætluninni og hugsanlegum breytingum á forsendum hennar síðan hún var samin. Mér þykir slæmt að ekki skuli hafa verið talið fært að verða við þessum óskum, en það er þó nánast hið eina sem ég hef að athuga við það sem að minni hl. hefur snúið varðandi vinnubrögð í nefndinni.

Ég hef áður lýst því hvernig til tókst um stjórn Sjálfstfl. á ríkisfjármálum, þegar hann bar ábyrgð á þeim málum síðast, en þrátt fyrir þá sýnikennslu sem Sjálfstfl. stóð fyrir í eyðslustefnu og skuldasöfnun ríkissjóðs hefur hann þó ávallt síðan haldið á lofti stefnunni um að ríkisumsvif yrðu minnkuð í því skyni að þegnar þjóðfélagsins hefðu þeim mun meira fé til eigin ráðstöfunar. Það er þó ekki með þessum hætti, sem flokkurinn útfærir kenningar sínar þegar hann ræður ríkisfjármálunum á ný, heldur verður samdráttur í ríkisumsvifum knýjandi og þvinguð afleiðing af þeirri leiftursókn sem Sjálfstfl. og Framsókn hafa staðið fyrir gegn lífskjörum almennings, með þeim afleiðingum að kjör launafólks hafa skerst langt umfram rýrnun þjóðartekna. Jafnvel er nú komið í ljós að afleiðingarnar af svo stórskertum kaupmætti hjá almenningi eru svo afdrifaríkar á hag ríkissjóðs, að höfundar leiftursóknarinnar sjá ekki önnur ráð en hækkaða skattbyrði og hallarekstur ríkissjóðs, líklega í von um að einhverjir aðrir greiði skuldirnar seinna. Ríkisumsvifin minnka, en það kemur ekki fram í bættri stöðu ríkissjóðs — skuldirnar aukast. Ríkisumsvifin minnka ekki til þess að launafólk hafi meira fé til eigin ráðstöfunar heldur vegna þess að kjörin hafi verið skorin svo stórlega niður að það bitnar á tekjum ríkissjóðs. Og launafólk hefur ekki haft minna til ráðstöfunar jafnvel í áratugi.

Nú hefur þjóðin fengið að kynnast hinni raunverulegu aðferð Sjálfstfl. til þess að minnka ríkisumsvifin. Hún felst einfaldlega í því að með beinni kaupskerðingu, stórfelldum verðhækkunum vegna gengisfellingar, risahækkunum þjónustugjalda og banni við kjarasamningum hefur launafólk verið knúið til þess að draga saman neyslu sína. Svo harkalegar aðgerðir í því skyni að hafa hemil á innflutningi þarf að skoða í því ljósi að launafólk notar aðeins ⅓ hluta innflutningsins en ⅔ ráðast af innkaupum annarra og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hafa hemil á eyðslu þeirra. Eyðslugeta þeirra hefur þvert á móti verið bætt að því leyti sem þeir njóta góðs af lækkun launaútgjalda. Aðferð Sjálfstfl. til þess að koma fram því kosningaloforði að draga úr greiðslum almennings til ríkissjóðs er sem sagt sú að losa fólk við að greiða söluskatt og önnur gjöld til ríkissjóðs af þeim vörum sem ríkisstj. hefur með stefnu sinni séð um að það geti ekki lengur keypt.

Ríkisstj. hefur látið í veðri vaka að sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að hlífa þeim sem við erfiðasta fjárhagsafkomu búa. Það er því rétt að huga sérstaklega að því hvernig stjórnarstefnan hefur leikið hag þess fólks. Ef skoðað er hversu mánaðargreiðslur ellilífeyrisþega með fulla tekjutryggingu duga í dag til kaupa á einstökum vörutegundum í samanburði við

kaupmátt gagnvart þessum sömu vörutegundum og þjónustu á sama tíma í fyrra kemur eftirfarandi í ljós:

Ellilífeyrir og tekjutrygging nam 1. des. 1982 samtals 5188 kr. en 1. des. 1983 7018 kr. Eitt kg af smjöri kostaði 1. des. í fyrra 109.70 kr., í ár 200.40 kr. Einn lítri af nýmjólk kostaði 1. des. í fyrra 9.70 kr., í ár 17.10 kr. Eitt kg. af súpukjöti kostaði 1. des í fyrra 69.80 kr. en í ár 122.10 kr. Eitt kg af nýrri ýsu kostaði 1. des. í fyrra 18.80 kr., 36.20 kr. í ár. Fastagjald af síma í þrjá mánuði var 1. des. 1982 418.65 kr., 1. des. 1983 710.10 kr. Eitt tonn af heitu vatni hjá Hitaveitu Reykjavíkur kostaði 1. des. í fyrra 5.33 kr., í ár 12 kr. Ein kwst. af rafmagni á heimilistaxta í Reykjavík kostnaði 1. des. í fyrra 1.80 kr., í ár 3.46 kr.

Fyrir ellilífeyri + tekjutryggingu einstaklings fengust 1. des. í fyrra 47.2 kg af smjöri en 35 kg. nú. 1. des. 1982 fengust fyrir lífeyrinn 534.8 lítrar af nýmjólk en 410.4 lítrar 1. des. í ár. Í fyrra fengust 74.3 kg af súpukjöti fyrir ellilífeyrinn og tekjutrygginguna en 57.5 kg í ár. Ellilífeyrir og tekjutrygging dugðu í fyrra í 37.2 mánuði fyrir fastagjaldi af síma en í 29.6 mánuði í ár. Fyrir ellilífeyrinn og tekjutrygginguna fengust í des. í fyrra 2882 kwst. af rafmagni á heimilistaxta í Reykjavík en 2028 í ár. Og gamalmennunum dugði framlagið frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir 973.4 tonnum af heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur í fyrra en fyrir 584.8 tonnum í ár. Þ. e. fyrir greiðsluna frá Tryggingastofnun ríkisins fékk gamla fólkið 1. des. í fyrra 34.8% meira af smjöri en í ár, 30.3% meira nýmjólk, 29.2% meira af súpukjöti, 25.7% meira magn símaþjónustu, 42.1% meira rafmagn til heimilisnota og 66.5% meira af heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Þegar haft er í huga að þjóðartekjur á mann hafa lækkað um 4.9% á þessum sama tíma er naumast undur þó að spurt sé: Var þörf á því að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. reiddi svo hátt til höggs gegn þeim sem verst eru settir í þjóðfélaginu og hafa nú um 7 þús. kr. til lífsframfæris á mánuði? Þegar svo hefur farið um kaupmátt hjá því fólki sem ríkisstjórnarflokkarnir telja sig hafa gert sérstakar ráðstafanir til að hlífa má geta nærri hver áhrif leiftursóknaraðgerðanna hafa verið hjá öðrum.

Áhrifin af þessari gríðarlegu skerðingu kaupmáttar á tekjur ríkissjóðs knýja að sjálfsögðu á um aukið aðhald í rekstri, og ég vil ekkert draga úr því að viðleitni í þá átt hafi verið við höfð þótt misjafnlega hafi til tekist. Það hefur ávallt reynst erfitt að fá ráðh. til að taka á í því skyni að draga úr útgjöldum þeirra stofnana sem heyra undir rn. þeirra og í því sambandi ekki skipt máli hvaða ríkisstj. hefur setið. Það er oft engu líkara en að ráðh. þyki vegur sinn aukast í réttu hlutfalli við aukin umsvif, fleira starfsfólk og meiri útþenslu og líti svo á að þeir standi sig ekki sem skyldi fyrir stofnanir sínar ef þeir verja ekki eyðsluna og standa ekki gegn tilraunum til að herða að rekstrinum. Sé það svo að þeir séu orðnir meðfærilegri til þess að veita stofnunum sínum fjárhagslegt aðhald má segja í sambandi við þrengingar ríkissjóðs í kjölfar kaupskerðingaraðgerðanna að fátt sé svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Hvernig svo tekst til í reynd á eftir að koma í ljós en fjvn. hefur ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með eða hafa áhrif á framkvæmd fjárlaga. Ég gerði aukafjárveitingar að umtalsefni við afgreiðslu fjárlaga í fyrra og eins og þá kom fram hefur n. í hæsta lagi — og fyrst í fyrra — fengið skýrslu um hverjar aukafjárveitingar hafa verið en ekkert haft um þær að segja né heldur nokkur annar aðili af hálfu Alþingis. Ég fagna því að hér er fyrirhuguð breyting á. Ég hygg að slík ráðstöfun gæti leitt til aukins aðhalds.

Við samningu fjárlagafrv. hefur verið gerð tilraun til að aðlaga áætlun um rekstrarútgjöld á næsta ári raunverulegum útgjöldum og það hvarflar ekki að mér að bera rekstrartölur úr fjárlögum ársins 1983 saman við hliðstæðar tölur úr fjárlagafrv. 1984 án þess að taka tillit til þess og halda því fram að ætlunin sé að auka útgjöld sem öllum mismuninum nemur eða jafnvel ríflega 100% í einstökum tilfellum. Það er sjálfsagt nóg til að deila um þó að látið sé vera að hasla sér völl á slíkum grundvelli.

Verulegur hluti tölulegrar hækkunar á öðrum rekstrargjöldum í fjárlagafrv. stafar af því, sem ljóst er, að fellt er í það bil sem í hverju tilfelli hefur orðið milli raunverulegra útgjalda og áætlunartalna á fjárlögum, án þess að í því einu felist raunverulega aukin útgjöld. Á hinn bóginn krefjast slíkar aðgerðir talsverðrar varkárni og nákvæms mats á því hvort allur raunverulegur kostnaður umfram þá áætlun sem gilt hefur í fjárlögum á að verða grundvöllur áframhaldandi fjárveitinga. Í ýmsum tilvikum getur hluti kostnaðar verið bundinn sérstaklega við tiltekið ár og ekki tilefni til að festa þau útgjöld í uppfærðri áætlun. Einnig er hætta á því að stofnanir sem hefur tekist að þrengja fram útgjöldum umfram áætlanir fái þau varanlega niður negld, en hjá öðrum sem hafa reynt að halda sig mest innan útgjaldaáætlana verði það aðhald haft til áframhaldandi viðmiðunar. Þannig gætu þeir notið upphækkunarinnar sem síst skyldi en þeir goldið sem síst ættu skilið. T. d. er það svo að við það að áætlanir um önnur rekstrargjöld stofnana eru aðlöguð raunverulegum útgjöldum þarf að hækka önnur rekstrargjöld tölulega hjá aðalskrifstofu landbrn. um 221.3%, hjá aðalskrifstofu utanrrn. um 174.8%, hjá aðalskrifstofu viðskrn. um 162.1% en hjá Hagstofu Íslands um 50.6%. Þetta skýrir e. t. v. nokkuð það sem ég hef verið hér að benda á.

Fjvn. hefur engan veginn gefist tími til að endurmeta þessa uppfærslu rekstrarútgjalda sem byggð er á niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1982. En það hefur, eins og ég átti von á, komið í ljós að í þeim tiltölulega fáu tilvikum þar sem hægt hefur verið að fá upplýsingar um hver yrðu raunveruleg rekstrarútgjöld stofnana 1983, en það ætti að vera nokkuð ljóst þegar ekki lifir nema mánuður ársins, hefur ýmsum af þeim stofnunum verið úthlutað í fjárlagafrv. meira rekstrarfé að raungildi á næsta ári en raunveruleg útgjöld verða á þessu ári. Þ. e. í stað þess að lækka liðinn Önnur rekstrargjöld eins og lýst er yfir að sé ein af meginforsendum fjárlagafrv. þá fá þessar stofnanir að eyða meira fé á næsta ári en í ár.

Ef beitt er forsendum fjárlagafrv. á raunveruleg útgjöld á árinu 1983 um verðbreytingar og 5% niðurskurð ætti liðurinn Önnur rekstrargjöld hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins t. d. að nema 6.8 millj. en er í frv. 7.3 millj., þar munar ½ millj. kr. Hjá Siglingamálastofnun ríkisins ættu rekstrarútgjöld að vera 4.1 millj. miðað við óbreytt umsvif en eru í frv. 6 millj., þar munar 1.9 millj. Hjá St. Jósefsspítala, Landakoti, ættu rekstrarútgjöld að vera 81 millj. en eru í frv. 86 millj., mismunurinn er 5 millj. Hjá Vita- og

hafnamálaskrifstofunni ættu rekstrarútgjöld að vera 2.1 millj., eru 3.7 millj. í fjárlagafrv. og mismunurinn 1.6 millj. Hjá Orkustofnun ætti rekstrarútgjöld að vera 62.3 millj. en eru í frv. 70.9 millj. Þar munar 8.6 millj. kr. en þar gætu sértekjur einnig verið ofáætlaðar. Hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri ættu rekstrarútgjöld að vera 66.7 millj., eru í frv. 68.6 millj., þar munar 1.9 millj. Hjá Flugmálastjórn ættu rekstrarútgjöld að vera 37.3 millj., eru í frv. 39.8 millj., þar munar 1.5 millj. kr. Hjá aðalskrifstofu félmrn. ættu rekstrarútgjöld að vera 3.1 millj. en eru í frv. 3.7 millj., þar munar 600 þús. kr. Hjá aðalskrifstofu sjútvrn. ættu önnur rekstrargjöld að vera 3 millj., eru 3.9 millj., þar munar 900 þús. kr. Hjá aðalskrifstofu menntmrn. ættu rekstrargjöld að vera 12.4 millj. en eru í frv. 13.7 millj., þar munar 1.3 millj.

Eins og ég áður sagði hefur n. alls ekki gefist tími til að endurskoða áætlanir um önnur rekstrargjöld í frv., en á því hefði þó verið veruleg þörf ef ætlunin er að beita aðhaldi gagnvart stofnunum að því er varðar önnur rekstrargjöld, og slæmt að láta mislukkaða uppfærslu gjalda út frá ríkisreikningi 1982 valda því að óbreyttar till. í fjárlagafrv. verði í mörgum tilvikum grundvöllur til aukningar rekstrarútgjalda á næsta ári þvert ofan í yfirlýsta stefnu. Í örfáum þeirra tilvika þar sem í ljós hefur komið að í frv. er gert ráð fyrir hækkun rekstrarútgjalda en ekki lækkun hefur n. flutt till. um lagfæringar.

Þegar hagur ríkissjóðs hefur verið leikinn svo sem raun ber vitni með stórfelldum niðurskurði kaupmáttar hjá almenningi þá eru aðstæður með þeim hætti að naumast er grundvöllur til þess að standa þannig að fjárveitingum til félagslegra framkvæmda sem þörf er á. Mjög hörkulegar aðgerðir felast í skömmtun ríkisstjórnarflokkanna á fjármagni til verklegra framkvæmda þar sem nánast eru ekki leyfðar nýjar grunnskólaframkvæmdir og alls engar í dagvistarmálum og mjög skorið niður fjármagn til þeirra framkvæmda sem verið er að vinna að. Rökin fyrir þeim hörkulegu aðgerðum verða þó ekki mjög sannfærandi þegar haft er í huga að á sama tíma er lagt til að tekin séu erlend lán um 100 millj. kr á næsta ári til þess að hefja byggingu á allt of stórri flugstöð á Keflavíkurflugvelli, og er sú upphæð þó aðeins byrjunin því að ætlunin er að eyða rúmlega 600 millj. kr. í framkvæmdina á næstu árum en það jafngildir framlagi til allra framkvæmda á flugvöllum í landinu í 12 ár. Á sama tíma og nauðsynlegustu verklegar framkvæmdir hvarvetna um landið eru markvisst skornar niður veigra stjórnarflokkarnir sér ekki við að auka erlendar skuldir þjóðarinnar í að mínum dómi ótímabæra og allt of stóra framkvæmd sem jafnframt er þannig staðið að að ekki samræmist sjálfstæði þjóðarinnar. Slíkar ákvarðanir hljóta að gera þm. erfiðara fyrir um að sætta sig við svo harkalegan niðurskurð fjárveitinga til félagslegra framkvæmda sem hér er ætlunin að standa að við afgreiðslu fjárlaga, en sá niðurskurður bitnar á félagslegri þjónustu um allt land.

Fjármagn í flugstöðina tel ég að mætti spara og nota tímann til þess að færa áætlaða stærð hennar í eðlilegt horf. Og það mætti víða draga úr liðnum önnur rekstrargjöld þar sem fjárveitingar verða greinilega hærri að raungildi á næsta ári en skv. reikningum í ár. Þessu fé öllu væri betur varið til þess að draga úr mestu hörkunni í niðurskurði á félagslegum framkvæmdum.

Við sem skipum minni hl. fjvn. viljum þó takmarka till. sem við flytjum sameiginlega um lagfæringu í þessu efni við eina einustu till., því að við teljum almennt ekki efni til að flytja brtt. til hækkana á fjárlagafrv. umfram það sem n. gerir sameiginlega. Við leggjum til að fjárveiting til dagvistarframkvæmda verði hækkuð um 20 millj. kr., í 50 millj. Öllum er kunnugt um þá miklu þörf sem er fyrir hendi í hverju sveitarfélagi á úrbótum í dagvistarmálum. Víðast er verið að reyna að bæta úr í þessum efnum og framkvæmdir í miðjum klíðum eða hafa verið í undirbúningi. Fjárveitingar til þeirra framkvæmda sem nú er unnið að eru of knappar til þess að þær komi að gagni svo fljótt sem skyldi og í till. ríkisstjórnarflokkanna um fjárveitingar er gert ráð fyrir því að stöðva með öllu þær framkvæmdir sem hafa áður fengið fjármagn á fjárlögum til undirbúnings. Við leggjum til að á þessar undirbúningsframkvæmdir verði ekki lögð dauð hönd ríkisvaldsins og reynt verði að tryggja að það fjármagn sem ríki og sveitarfélög hafa þegar lagt í dagvistarheimili, sem eru í byggingu, komi sem fyrst að gagni. Það er í rauninni spurningin um nýtingu á fé sem þegar hefur verið bundið.

Niðurskurðarstefna ríkisstjórnarflokkanna bitnar á fleirum en sveitarfélögunum. Í kjölfar þess að Alþingi samþykkti lög um Framkvæmdasjóð fatlaðra, þar sem ákveði er um að framlag úr ríkissjóði skuli á næsta ári nema 91 millj. kr. skv. forsendum fjárlaga, er fjárveiting á næsta ári einungis áætluð 40 millj. kr. Og af 40 millj. kr. erfðafjárskatti, sem á að renna í Erfðafjársjóð til ráðstöfunar fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra, er ætlunin skv. fjárlagafrv. að hirða 20.6 millj. kr. í ríkissjóð, þannig að framlag sem Framkvæmdasjóður fatlaðra fær til ráðstöfunar er einungis um 45% af því sem lög gera ráð fyrir.

Það hefur svo sem áður verið tekið fjármagn af erfðafjárskatti í ríkissjóð en ef meðferðin á Erfðafjársjóði nú er borin saman við ákvarðanir á þessu ári kemur í ljós að í fjárlögum í ár fóru 74.9% erfðafjárskatts í Erfðafjársjóð, en í fjárlagafrv. nú einungis 48%. Hlutur ríkissjóðs af skattinum hækkar um 280% en hlutur Erfðafjársjóðs einungis um 19.9%.

Vandamálin varðandi Byggingarsjóð aldraðra og framlag ríkissjóðs til elli- og hjúkrunarheimila hafa ekki hlotið afgreiðslu í fjvn. og bíða 3. umr.

Í umr. um tekjuskattsfrv. hæstv. ríkisstj. hefur rækilega verið sýnt fram á að skattbyrði gjaldenda mun að því er varðar beina skatta aukast á næsta ári. Það heildarfjármagn sem rennur í ríkissjóð af beinum sköttum mun aukast um 28% á næsta ári en vegin meðallaunahækkun milli áranna 1983 og 1984 er metin á 14.5—15% í forsendum fjárlagafrv.

Fjárlagaafgreiðslan felur í sér áframhaldandi kjaraskerðingu af hálfu ríkisstjórnarflokkanna á fleiri sviðum en þessum. Lækkun niðurgreiðslna mun valda hækkun á verðlagi brýnustu neysluvara almennings og varðandi óbeina skatta, neysluskatta, kom það m. a. fram í gögnum sem lögð voru fyrir fjvn. varðandi tekjur Vegasjóðs á næsta ári að ætlunin er að tekjur Vegasjóðs af bensíngjaldi hækki allt árið í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu, enda þótt allar verðbætur á laun séu bannaðar fram á mitt ár 1985.

Skv. þessum fyrirætlunum verður heildarskattheimta af bensíngjaldi í Vegasjóð um 41.4% hærri á næsta ári en í ár þegar laun hækka um 14.5—15%. Fer þá lítið fyrir þeirri 2.3% lækkun á bensínverði sem verið er að

sýna fólki nú fyrir jólin. Hækkun skattsins á hvern bensínlítra verður þó nokkru meiri eða 44.4% vegna minnkandi bensínsölu. Jafnframt mun þungaskattur verða 48.3% hærri á næsta ári en í ár. Á sama tíma er gert ráð fyrir því að beint framlag ríkissjóðs í Vegasjóð hækki um 13.3% frá því sem framlagið varð í ár.

Það er því öðru nær en að nú sé komið að því að efna fyrirheit Sjálfstfl. um að skattheimta af bensíni og þungaskatti renni að sem allra mestu eða öllu leyti til vegaframkvæmda en ekki í ríkissjóð.

Á sama tíma og horfið er frá fyrri fyrirætlunum um að á næsta ári verði varið til vegamála 2.3% af þjóðarframleiðslu og sú viðmiðun er færð niður í 2.2%, þá er einnig að því stefnt að ríkissjóður auki sínar eigin tekjur af tollum, tollafgreiðslugjaldi og söluskatti af bensíni um 295 millj. kr. eða 41.4% á næsta ári. Á árinu 1984 mun Vegasjóður skv. þessu fá í sinn hlut af sköttum af bensíni 663 millj. kr. en ríkissjóður á hinn bóginn 1008 millj.

Þegar hæstv. fjmrh. fær tækifæri til þess að fylgja eftir í verki þeirri lífsskoðun sinni, sem hann nefnir svo oft, að almenningur í landinu eigi að fá að halda eftir stærri hluta af tekjum sínum en til þessa og ríkissjóður að taka minna, þá eru efndirnar m. a. þær að þegar kaupið hækkar um 14.5—15% hækka skattgjöld af bensíni um 44.4% og ríkissjóður tekur í sinn hlut nærri 300 millj. kr. hærri upphæð á næsta ári en í ár. Hlutur ríkissjóðs hækkar hlutfallslega nær þrisvar sinnum meira en kaupið og nú hefur hæstv. ríkisstj. ákveðið að miða launaforsendur á næsta ári við 2% minni kauphækkanir en áður hefur verið reiknað með.

Til viðbótar allri þeirri skerðingu á kaupmætti launa og lífeyrisgreiðslna sem stjórnarflokkarnir hafa nú þegar knúið fram er það ætlun þeirra að draga úr tryggingabótum og sjúkraþjónustu svo að nemur 355 millj. kr. á næsta ári. Þetta er upphæð sem jafngildir 7600 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu svo að einhvers staðar mun hún koma við. Af ummælum þeirra sem fengnir voru til að koma til viðræðna við fjvn. um þessar fyrirætlanir er ljóst að þeir sem um fjalla telja engar líkur á því að um nokkurn raunverulegan sparnað sem einhverju nemi gæti verið að ræða í þessu efni, heldur hljóti ákvörðun um þessa lækkun útgjalda hjá ríkissjóði að koma fram t. d. í lækkun tryggingabóta og þó einkum í ákvörðunum um að sjúklingar greiði hærri hlut en nú af lyfjakostnaði og læknishjálp og þá ekki síst með ákvörðun um að sjúklingar greiði sjálfir hluta af sjúkrahúsvist sinni. Sérstök nefnd mun vera að fjalla um slíkar till. og nefndar hafa verið ákveðnar fjárhæðir sem einstaklingum yrði ætlað að greiða fyrir sjúkrahúsvist, og var reyndar staðfest hér í ræðu hæstv. formanns fjvn. áðan. En þrátt fyrir fyrirheit um að verða við óskum minni hl. n. um að þessi gögn yrðu send n. hafa þau ekki komið enn.

Ljóst er að með þessari fyrirætlun Sjálfstfl. og Framsfl. er markvisst verið að stíga fyrstu skrefin í þá átt að skerða þá lögbundnu tryggingu fyrir afkomuöryggi þegar veikindi ber að höndum sem hver og einn þegn þjóðfélagsins hefur notið á undanförnum áratugum vegna baráttu verkalýðssamtakanna og flokka þeirra. Þau skref sem stíga á í þessa átt marka tímamót við afgreiðslu fjárlaga og eru hvað ríkasti þátturinn í því að gera afgreiðslu fjárlaga athyglisverða þó að það komi fleira til.

En svo sem ég hef rakið áður bendir allt til þess að fjárlögin verði afgreidd með raunverulegum halla, framfaramál eru skorin niður og aðför er hafin að tryggingakerfinu.

Í ævisögu Eysteins Jónssonar segir söguritari Vilhjálmur Hjálmarsson um fjármálastjórn Eysteins Jónssonar í fyrstu ríkisstj. Hermanns Jónassonar með leyfi hæstv. forseta:

„Hér virðist gengið hreint til verks að því leyti að tekjur og gjöld skuli standast á, samþykkt eru framfaramál sem kosta peninga og tekjuöflun á móti.“

Hér er í stuttu mál lýst þeirri stefnu að þeir þegnar þjóðfélagsins skyldu njóta sem þurfa þess og þeir borga sem geta það. Það er fróðlegt og segir mikla sögu um þróun Framsfl. á ekki lengra tímabili en líður þar til sonur tekur við af föður að bera þessa stefnu saman við þá stefnu í ríkisfjármálum og þjóðmálum almennt sem ræður nú við afgreiðslu fyrstu fjárlaga ríkisstj. Steingríms Hermannssonar.

Nú stefnir í hallarekstur ríkissjóðs samtímis því að skattar þeirra sem betur mega sín eru léttir og fyrirheit eru gefin um sérstakar skattaívilnanir fyrir eigendur hlutafjár og fyrirtækja. Og nú eru ekki einungis framfaramál í verklegum þáttum skorin niður heldur er markvisst byrjað að höggva niður þau réttindi sem almenningi hafa verið tryggð af hálfu samfélagsins. Kynslóðabil birtist í ýmsum myndum og getur markað stjórnmálaflokka á afgerandi hátt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram hefur komið bæði í ræðum hv. frsm. bæði meiri og minni hl. fjvn. svo og eins og sjá má á þskj. hefur fjvn. ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. að þessu sinni sem í sjálfu sér er ekkert nýtt. Sá er nú gangurinn yfirleitt og sjálfsagt ekkert við því að segja.

Ég vil í upphafi taka undir þær þakkir sem frsm. minni hl. flutti hér bæði til meðnefndarmanna, starfsmanns og allra þeirra aðila sem hafa aðstoðað í vinnunni í fjvn. sem er mikils virði. Allir þessir aðilar eiga vissulega þakkir skildar.

Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir 1984 gerði ég nokkuð að umræðuefni að ég efaðist mjög um að aðalforsendur þess frv. eins og það var lagt fram mundu koma til með að standast. En þar er í fyrsta lagi um að ræða að gengið verði svo til óbreytt, stöðugt eins og menn kalla nú, að launin muni á næsta ári ekki hækka nema um 4—6% og í þriðja lagi að verðlag í landinu muni ekki á næsta ári hækka nema um sem nemur 4%.

Allar þessar þrjár forsendur fannst mér — og finnst raunar enn, í því hefur mitt mat ekki breyst — hæpnar þó að ekki væri gengið út frá öðrum sjónarmiðum en voru þegar frv. var unnið og það lagt fram, en vissulega hljóta þær forsendur að hafa breyst síðan. Enda mun það ljóst og þarf ég ekki að rifja það upp í löngu máli. Ég vísa til framsögu hv. þm. Geirs Gunnarssonar áðan sem hafði framsögu fyrir minni hluta fjvn. þar sem hann kom inn á í allítarlegu máli að ljóst er — a. m. k. verður ekki annað séð nú við 2. umr. — að fjárlög fyrir árið 1984 verði afgreidd með halla. Og nú eru alltaf betur og betur að koma í ljós þau áhrif sem hin gífurlega kjaraskerðing sem orðið hefur á yfirstandandi ári hefur

í raun og veru á stöðu ríkissjóðs og ríkisfjármála, og þá þar inni í að sjálfsögðu neysluskattar. Hallarekstur sá sem nú er augsýnilegur og verður á ríkissjóði á næsta ári er ekki síður vegna verulega minnkandi kaupgetu almennings í landinu sem er afleiðing af þeirri gífurlegu kjaraskerðingu sem átt hefur sér stað.

Það er því augljóst að ekki verður staðið við það ákvæði stjórnarsáttmála að fjárlög fyrir árið 1984 miðist við að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Því mun fara víðs fjarri eftir því sem mál nú standa.

Ég held að rétt sé að koma inn á það strax í upphafi að það er nýtt í sögunni a. m. k. til nokkuð margra ára að við 2. umr. fjárlaga liggi ekki fyrir endurskoðuð tekjuáætlun og endurskoðaðar forsendur fyrir fjárlögum ársins 1984 eða þess árs sem verið er að afgreiða fjárlög fyrir. Og það er athyglisvert að þessi nýja tekjuáætlun, hinar nýju og líklega — þó ekki sé nú meira sagt — breyttu forsendur fyrir fjárlögum ársins 1984 hefur ekki fengist fram þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan minni hl. fjvn. um að slíkt yrði gert. Ég spái þannig í þá afstöðu að menn séu ekki alveg reiðubúnir, eigi í erfiðleikum með að koma heim og saman því sem þeir í raun og veru vildu gera þó að raunveruleikinn væri þar ekki með í spilinu.

Þá er það augljóst við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984 að um gífurlega mikinn niðurskurð er að ræða á ýmsum tilteknum málaflokkum. Þar er bæði um að ræða framkvæmdamálaflokka á hinum ýmsu sviðum og einnig hrikalegan niðurskurð á ýmsum þáttum hinnar samfélagslegu hliðar sem mörgum a. m. k. hefur þótt rétt að hafa inni í myndinni þegar ákvarðaðar hafa verið fjárveitingar til hinna ýmsu málaflokka á fjárlögum. Það er nægilegt að nefna í þessu sambandi niðurskurð til framkvæmda eins og hafnarmála, til sjúkrahúsa, til skóla, til dagvistunar, húsnæðismála, vegamála og svo mætti lengi telja. Í öllum þessum málaflokkum er greinilega um hrikalegan niðurskurð að ræða frá því sem ætla hefði mátt miðað við að áfram hefði verið haldið uppbyggingarstefnu í landinu.

Nú skal tekið fram að það gefur auga leið og ekkert við því að segja þegar samdráttur á sér stað eins og allt bendir til á árinu 1984 í þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum að dregið sé úr á ýmsum sviðum að því er þetta varðar ef að á annað borð er látið fylgja með það sem snýr að ríkisgeiranum sjálfum, þ. e. ríkiskerfinu. En mér sýnist að það fari ekki saman því að eins og hér hefur komið fram er beinlínis gert ráð fyrir auknu raungildi í útþenslunni á ríkiskerfinu á árinu 1984 þrátt fyrir þann niðurskurð sem snýr að framkvæmdaframlögunum og framkvæmdaþáttunum í frv.

Hér var minnst áðan á dagvistunarmálin. Þau eru einn þeirra málaflokka sem verður hart fyrir barðinu á niðurskurðarstefnu ríkisstj. þrátt fyrir að þar sé í raun og veru um að ræða samning við launþegahreyfinguna frá fyrri tíð. Þar er um að ræða að mínu viti nokkuð bindandi ákvæði við verkalýðshreyfinguna sem lét eftir af kauphækkunum til að þjóna þessum framkvæmdaflokki. Og til þess að framkvæma það samkomulag mun vanta a. m. k. 30 millj. til að standa við þá samningsgerð sem gerð var á sínum tíma á árinu 1980, a. m. k. 30 millj. Hér er því augljóslega með þeirri framkvæmd sem nú er viðhöfð á þessum þætti af hálfu ríkisvaldsins gengið á gefin fyrirheit í samningsgerð að því er varðar þennan þátt mála. Ekki er við því að búast þegar slík framkvæmd er viðhöfð að ríkisvaldinu sé yfirleitt treystandi í samningsgerð til eins eða neins þegar efndirnar eru með þeim hætti sem blasir nú við.

Þetta á vissulega við um fleiri þætti en dagvistarmálin þó að það skuli ekki rakið hér sérstaklega. Það er t. d. augljóst að hinir ýmsu staðir, bæði hér á þéttbýlissvæðinu og ekki síður víðs vegar út um land, verða harkalega fyrir barðinu á niðurskurðinum í sambandi við grunnskólamálin. Ég hygg að þingmenn almennt hafi orðið fyrir þrýstingi og sé um það kunnugt hvernig það mál blasir við víðs vegar um landið þegar segja má að svo til engin ný verkefni verði sett í framkvæmd í grunnskólaþættinum á árinu 1984. Það er nýtt, a. m. k. miðað við það sem gerst hefur nokkur mörg undanfarin ár, að því er varðar fjárlagaafgreiðslu. Og svona mætti raunar segja um ýmsa aðra málaflokka sem ég skal ekki gera frekar að umræðuefni nema tilefni gefist sérstaklega til.

Þá standa menn frammi fyrir þeirri staðreynd við 2. umr. fjárlaga að hæstv. ríkisstj. og meiri hl. á Alþingi virðist ætla að standa þannig að fjárlagaafgreiðslunni að láta vanta 30 millj. upp á framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem ríkinu samkv. lögum ber að greiða. Þetta er trúlega gert í ljósi þeirra viðburða sem nú eiga sér stað víðs vegar um landið þar sem atvinnuleysið blasir við og í sumum tilfellum skollið á. Á þeim tímum ætlar ríkisvaldið að draga í land með framlög til þessa sjóðs um 30 millj. þrátt fyrir beina lagaskyldu þar um. Þetta er ekki glæsilegt fyrir þá einstaklinga sem þarna koma til með að eiga hlut að máli ofan á atvinnuleysið sem þegar er skollið á og víða blasir við, fjöldauppsagnir víða í sjávarplássum á landinu.

Þá er líka athyglisvert, ekki síst núna þessa dagana eftir umr. eða nýframlagt stjfrv. um húsnæðismál og umr. þar um, að ekki er stafkrókur við 2. umr. fjárlaga um það með hvaða hætti á að sjá fyrir þeim 240 millj. sem ríkinu er ætlað samkv. frv. til viðbótar við það sem nú þegar er í sambandi við húsnæðismálakerfið. Gert er ráð fyrir viðbótarframlagi af hálfu ríkisins um 240 millj. og ekki stafkrókur um það með hvaða hætti þeirra peninga verði aflað. Ástæða er til þess í ljósi þessa að auglýsa nú eftir hugarfari hæstv. núv. félmrh. til þessa málaflokks svo mjög sem hann hefur á undangengnum árum talað um skort á vilja af hálfu einstaklinga í ráðherrastól til að leysa þetta mál. Það er ekki að sjá að það hugarfar fylgi nú hjá hæstv. félmrh. að því er þetta mál snertir.

Auðvitað er ekki hægt að rifja upp og kannske ekki ástæða til í löngu máli öll þau atriði sem hugsanlega væri vert um að fjalla í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. En vissulega er ástæða til að taka á stærstu málaflokkunum, stærstu þáttunum sem hana snerta. T. d. er athyglisvert við 2. umr. að ekki er króna ætluð til greiðslu á yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann við næstu áramót. Þar er um að ræða í kringum 1200 millj. kr. skuld sem ekki er stafkrókur um með hvaða hætti eigi að standa skil á eða hvort ekki þurfi að standa skil á því. Hæstv. fjmrh. upplýsir sjálfsagt á eftir með hvaða hætti fara eigi með þennan þátt afgreiðslunnar. Ég tek því undir þegar menn segja: Það er ljóst að nú á að hefja á ný skuldasöfnun við Seðlabankann og að tekin verður upp lausn í ríkisfjármálum með aukinni seðlaprentun úr Seðlabankanum. Það eru þær einu lausnir sem sjáanlegar eru við þá afgreiðslu eða þá umr. sem núna fer fram sem er 2. umr. fjárlaga.

Þá verður ekki hjá því komist og ekki nógu oft nógsamlega á það bent hversu hrikalega á að fara með þá einstaklinga í þessu þjóðfélagi sem síst skyldi, verst eru settir og við mest óöryggið búa. Það virðist vera að því stefnt að ráðast nú að afkomuöryggi þeirra þjóðfélagsþegna sem fyrir hvað mestum áföllum kunna að verða í þjóðfélaginu. Þetta á að gerast til viðbótar þeirri gífurlegu kjaraskerðingu sem átt hefur sér stað og í kjölfar hennar á nú að ráðast til atlögu gegn rétti sjúklinga til ókeypis sjúkrahúsvistar upp á 350 millj. kr. 350 millj. kr. ætlar nú ríkissjóður skv. því sem allt lítur nú út fyrir að velta af sér yfir á bök þessara þjóðfélagsþegna. Eins og fram kemur í nál. minni hl. fjvn. er þetta hvorki meira né minna en sem nemur 7 600 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu ofan á allt það sem gerst hefur undan á þessu ári í álögur og kjaraskerðingu á launafólk. Ég veit ekki hvernig hæstv. forsrh. útskýrir þessa stefnu. Ég sé ekki betur en hér sé í fullu gildi leiftursókn gegn lífskjörum og afkomuöryggi fólks í landinu, síst minna eða skemmra gengið en gert var ráð fyrir á sínum tíma í till. Sjálfstfl. á árinu 1979. Og enn skal það rifjað hér upp að nú er það hlutverk hæstv. forsrh. að framkvæma þessa leiftursókn íhaldsins í landinu gegn launakjörum og afkomuöryggi hinna verst settu.

Enn er einn þáttur sem vert er að gera hér að umræðuefni. Ekki verður annað séð, a. m. k. enn sem komið er, en að ríkisstj. ætli að höggva í sama knérunn áfram og þá á ég við Framkvæmdasjóð fatlaðra. Skv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að hann fái um 40 millj. kr. í framlag frá ríkissjóði en það ætti skv. samþykktum lögum á síðasta þingi að nema 91 millj. að viðbættu því sem hann á samkv. lögum að fá úr Erfðasjóði sem ættu að vera skv. frv. 40 millj. Samtals ætti því skv. gildandi lögum að renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra á árinu 1984 131 millj. en eiga samkv. fjárlagafrv. að vera í kringum 60 millj. Hér ætlar því ríkisstj. og meiri hl. Alþingis að taka drjúgan skerf frá þessum þjóðfélagsþegnum af því sem þeim ber samkv. lögum ef fram fer sem horfir nú við 2. umr. fjárlaga. Hér ætla menn því að taka ófrjálsri hendi frá hinum verst settu í þjóðfélaginu 71 millj. frá því sem búið er að samþykkja í löggjöf og á að greiða til þess að hægt verði að halda áfram að leysa þá þætti sem enn eru óleystir og verða margir hverjir áfram fyrir þessa þjóðfélagsþegna.

Og enn er spurt: Hvar er nú hugarfar hæstv. félmrh. til þessara mála við þessa afgreiðslu? (**Gripið fram í:** Heima.) Líklega er það rétt hjá hæstv. fjmrh. að hugarfarið er heima. Ég heyri að honum er kunnugt um hugarfarið sem nánum samstarfsmanni hæstv. ráðh. og skilur það vel. En þetta á auðvitað ekkert síður við hæstv. fjmrh. fyrst hann er farinn að blanda sér í umr. Þetta sýnir hugarfar hæstv. ríkisstj. allrar og þess meiri hluta sem að baki hennar stendur hér á Alþingi til þessa þáttar, að hrifsa í ríkissjóð ólöglega 71 millj. úr þessum eina þætti, þ. e. Framkvæmdasjóði fatlaðra á árinu 1984. Ég hefði haldið að það ætti að vera stolt hvers og eins sem á Alþingi situr að geta greitt myndarlega fyrir því að framkvæmdum í þessum málaflokki þokaði áfram og það væri lágmark að þar væri stuðst við gildandi lög í landinu en ekki skorið af frá því sem þau segja til um. En það er nú eitthvað annað.

Ég sagði áðan og ítreka það að á sama tíma og skorin eru verulega niður framkvæmdafjárlög til ýmissa brýnna verkefna í uppbyggingarstarfi víðs vegar um landið er lagt til við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir 1984 að auka að raungildi útþenslu ýmissa ríkisstofnana á sama ári. Það er lágmarkskrafa að ætlast til þess af stjórnvöldum, hver sem þau eru, að þau sýni það í verki að ætla sjálfum sér að búa við svipað ástand og þau skammta öðrum. Það var ekki vel liðið og væri ekki vel liðið, ríkti sá siður enn að húsbóndi og hjú sætu ekki við sama borð. Hér er um það að ræða að ríkisvaldið með ráðherrana í broddi fylkingar hrifsar til sín verulega meira til útþenslu ríkiskerfisins en hefur verið á árinu 1983 á sama tíma og það sker niður framlög til annarra sem síður en svo eru neitt minna virði en það sem ríkissjóður sjálfur er með á sinni könnu.

Þá er ljóst og skal enn ítrekað að samkv. fjárlagafrv. eykst skattbyrði einstaklinga á árinu 1984 því að á sama tíma og gert er ráð fyrir aukinni innheimtu og auknum tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti á því ári um 28% er ekki samkv. frv. gert ráð fyrir nema 14—15% hækkun launa milli ára þannig að hér er greinilega um íþyngingu á skattaálögum að ræða frá því sem er á árinu 1983 hvað sem hver segir.

Við stjórnarandstæðingar erum ekki einir um þessa skoðun eða túlkun mála. Ég sé í Dagblaðinu í dag að þar er einn af framámönnum í þingliði Sjálfstfl. tekinn tali og hann fullyrðir að hið nýja skattafrv. hæstv. ríkisstj., hæstv. fjmrh. auki skattbyrðina og óhjákvæmilegt sé að gera á því breytingar vegna þess. Hér er einn af máttarstólpum í þingliði Sjálfstfl., annars stjórnarflokkanna, sem er á sama máli og við stjórnarandstæðingar um íþyngingu skatta frá því sem verið hefur þannig að nú þarf ekki lengur að tala um áróðursstríð eða áróðursherferð stjórnarandstæðinga hér. Hér hefur stjórnarliði sjálfur talað sama máli og við. (Gripið fram í.) Ég efast ekki um það og það kunna að vera ýmsir fleiri innan þingliðs Sjálfstfl. en hv. þm. Gunnar G. Schram sem eru ósammála ýmsu í stjórnarstefnunni og þar með hv. þm. Egill Jónsson. Það kynni að vera að í ýmsum mikilvægum málum væri einnig þessi hv. þm. Egill Jónsson, ósammála þeirri stefnu sem nú er framfylgt af hans eigin flokki.

Í áframhaldi af þessu í sambandi við tekjuskatt einstaklinga, skatta á launafólk, er rétt að vekja sérstaka athygli á því að á sama tíma — og þá kemur kannske að því atriði sem hv. þm. Egill Jónsson er ósammála í stjórnarstefnunni — og verðbætur á laun almennings í landinu eru bannaðar með lögum ætlar hæstv. ríkisstj. að nýta sér verðbætur til hækkunar á bensíni á árinu 1984 upp á hvorki meira né minna en yfir 40% frá því sem er í ár. Á sama tíma og verðbætur á laun eru bannaðar. Bensínverð á á næsta ári að fylgja hækkun byggingarvísitölu og þýðir a.m. k. yfir 40% hækkun bensínverðs á árinu 1984 frá því sem er í ár. Þetta gerist undir forsæti fjmrh. Sjálfstfl., þess flokks sem hvað harðast hefur talað máli þess að allir skattar af bensíni og öðru í umferðinni rynnu til umferðarmála. En þegar völdin eru fengin þá er hagað sér með þessum hætti. (**Fjmrh.:** Það kemur smátt og smátt.) Það kemur smátt og smátt já. Ég heyri að hæstv. fjmrh. er hættur við að segja af sér ef frv. hækkar í meðförum því að hann ætlar greinilega að sitja lengi. Því að eigi það að koma smátt og smátt undir hans forsæti dugar ekki yfirstandandi kjörtímabil til að það gerist. Þannig að hann ætlar sér að sitja lengur en það þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar um að

fara frá verði einhver breyting eða hækkun í meðförum Alþingis á frv. Og í þessu má segja: Svo bregðast krosstré sem önnur tré, hæstv. fjmrh.

Það er ekki lítill peningur sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að taka með þessum hætti í sambandi við bensínverðið og byggingarvísitöluna. Hún ætlar sér að taka 295 millj. á næsta ári með þessum hætti umfram það sem ríkissjóður fékk á árinu 1983. Ég trúi því ekki að þá klígi ekki marga íhaldsmennina í þingliði Sjálfstfl. og fleiri við að keyra á bensíni sem fengið er með þessum hætti. Það á kannske eftir að sýna sig á næsta ári. Ég hef ekki trú á að Framsóknarliðið klígi neitt við því, hvað sem hv. þm. Ólafur Þórðarson segir. (**ÓÞÞ:** Ég er nú að hlusta á þig, Karvel minn, ætli ég hafi meira að gera þessa stundina?) Og veitir ekki af. (**ÓÞÞ:** Og mikið á sig lagt.) Það er aldrei of mikið á þennan hv. þm. lagt til að reyna að beina honum á réttar brautir. En kannske má segja eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan að það komi smátt og smátt. (**ÓÞÞ:** Verst ef þú ruglast í textanum, Karvel minn.) Nei, ég þarf yfirleitt ekki texta. Það er annað en þarf að segja um hv. þm. Ólaf Þórðarson.

Það er eftirtektarvert að þetta skuli gerast undir forsæti fjmrh. Sjálfstfl. en það er enn þá eftirtektarverðara að þetta skuli gerast undir forsæti samgrh. Sjálfstfl. eins og sá hv. þm., núv. hæstv. ráðh., hefur talað í þeim málum á undangengnum árum. (**Gripið fram í:** Láttu nú kalla hann í salinn.) Ég tala nú ekki um núv. hv. þm. Lárus Jónsson, formann fjvn., sem talsmann Sjálfstfl. í fyrrv. stjórnarandstöðu og þann málflutning sem þá var uppi hafður um bensínverðið og tekjur af því til umferðarinnar. Og nú heyri ég að hv. þm. Egill Jónsson kallar ekki fram í.

Því miður, verð ég að segja, er allt of oft sem menn virðast skipta gersamlega um skoðun frá því að vera í stjórnaraðstöðu til þess að vera í stjórnarandstöðu eða öfugt. Hér er enn eitt glöggt og með gleggri dæmum um það hvernig menn leyfa sér þrátt fyrir fyrri afstöðu til málaflokka að gersamlega söðla um og breyta þvert á það sem þeir hafa áður lagt til, boðað og gefið fyrirheit um. Þetta er íhugunarefni fyrir nýkjörinn foringja þeirra sjálfstæðismanna að beina liðinu á réttari og farsælli brautir í þessum efnum. Það er ástæða til. (Gripið fram í.) Nei, enda var ég ekki kosinn til þess ef hv. þm. hefur ruglast í því. Það var annar sem var kosinn til að vera leiðarljós í þeim efnum en ég og ég vænti að ljóst sé fyrir hv. þm. Þorsteini Pálssyni hver það var.

Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa umr. mikið. Ég vil þó áður en ég hverf frá þessu vekja athygli á að ljóst er að ég held við þessa umr. að breytingar verða gerðar á skattamálum hér á Alþingi. Það verður óhjákvæmilega að breyta skattstigum í þá veru að létta byrðar þeirra sem nú sligast undan áþján skattpíningarstefnu núv. ríkisstj. Ég hygg að það sé nokkuð ljóst og áreiðanlegt að það verður gert. Ég minni á að Alþfl. hefur um langan tíma varað við því að ganga áfram á þeirri braut sem gert hefur verið að því er varðar t. d. tekjuskatt á launafólk. Hann hefur margoft flutt um það till. á Alþingi að afnema beri þennan óréttláta skatt, tekjuskattinn, í áföngum vegna þess að sá skattur er orðinn svo til einvörðungu launamannaskattur. Alþfl. flytur ekki við 2. umr. tillögur þar að lútandi né aðrar brtt. við fjárlagafrv. vegna þess að hann telur ekki raunhæft meðan ekki liggur fyrir endurskoðuð tekjuáætlun og endurskoðaðar forsendur fyrir fjárlagagerðinni að flytja brtt. að því er það varðar. En hann áskilur sér allan rétt við 3. umr. til að flytja brtt. í þeim þætti, svo og öðrum, þannig að ljóst sé að þó að venjan sé sú að slíkt sé flutt við 2. umr. er það ekki gert núna vegna þessa að forsendur hafa ekki fengist um hvert mat ríkisstj. eða stjórnarflokkanna er á því hvað kann að gerast í ríkisfjármálum á næsta ári. Þetta taldi ég rétt að kæmi fram.

Að síðustu vil ég víkja hér örfáum orðum að máli sem ég hef líklega manna oftast talað um hér á Alþingi. Það er hið margumtalaða orkujöfnunargjald. Ég tel ekki eftir mér að fara örfáum orðum um það einnig nú, ekki síst í ljósi þess að hæstv. iðnrh. óskaði í raun og veru eftir í utandagskrárumræðum á föstudaginn var að það mál yrði fyrst og fremst rætt hér og nú. Orkujöfnunargjaldið var á sínum tíma lagt á 1980 með því að 1,5 söluskattsstig rann til þessa tekjustofns. Það átti að vera til að lækka hitunarkostnað, draga úr þeim gífurlega bagga sem var á ýmsum í landinu sem þurftu að búa við nánast orkuokur. Því miður hefur þessu ekki verið skilað. Árið 1983 var gert ráð fyrir að þetta gjald gæfi í fjárlögum 315 millj. Aðeins broti af þessari upphæð var skilað að ákvörðun fyrrv. meiri hl. hér á Alþingi til réttra aðila. Samkvæmt því sem best er vitað er gert ráð fyrir að á árinu 1984 komi þetta gjald til með að skila um 470 millj. kr. í ríkissjóð. Af því er skv. fjárlagafrv. einvörðungu gert ráð fyrir að skila til réttra aðila 291,5 millj. kr., muni ég rétt. Annað virðist eiga að taka til annarra hluta og þarfa í ríkishítinni margnefndu.

Í ljósi þessa hef ég ásamt hv. þm. Eiði Guðnasyni leyft mér að flytja brtt. við 2. umr. um að öllu andvirði þessa gjaldstofns verði skilað til þeirra aðila sem það átti að fara til skv. lögum. Till. er því um að breyting verði gerð á 4. gr., það er liðurinn 12 202 Olíunotkun til húshitunar. Ég bið menn að misskilja ekki, hér er ekki verið að tala um að hækka olíustyrki því till. er um það að liðurinn orðist svo: „Til jöfnunar orkuverðs samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.“ Hér er því lagt til að öllu andvirði orkujöfnunargjaldsins verði skilað til þess verkefnis að lækka húshitunarkostnað hjá almenningi í landinu þar sem hann er hæstur og svo hár að meira en helmingur dagvinnutekna launafólks fer í þennan eina þátt heimilishaldsins. Ég bið menn að íhuga til hvers það kann að leiða ef svo heldur fram í því máli sem nú virðist eiga að gera. Ég minnist þess að hæstv. iðnrh. og orkuráðh. viðhafði þau orð réttilega í utandagskrárumræðum s. l. föstudag að hann sæi hér eina mestu hættu sem hann hefði séð á búferlaflutningum og byggðaröskun í landinu vegna þessa, og ég bið hv. þm. að taka eftir því: Ég bið hv. þm. sem ekki við það búa að íhuga hvað þeir segðu kæmi eftir hver mánaðamót reikningur upp á um helming af þeirra launatekjum yfirstandandi mánaðar sem þeir þyrftu að borga í þennan þátt einan. Ég bið menn að íhuga til hvers er ætlast af þeim þjóðfélagsþegnum í landinu sem við þetta búa ef það á að halda áfram.

Þetta er svo alvarlegt mál að ég undrast hreinlega að ráðandi menn, hvar í flokki sem þeir eru á annað borð, skuli ekki sýna a. m. k. það lágmark í viðleitni til þessa fólks að skila því til baka skatti sem búið er að leggja á það til að gera þessa jöfnun. Ég trúi ekki fyrr en ég tek á því við endanlega afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984 að ekki verði betur viti komið fyrir núv. stjórnarlið í ljósi

tillöguflutnings hér á Alþingi fyrir um ári síðan einmitt í þessum dúr, nákvæmlega eins af hv. þm. Sjálfstfl. Ég trúi ekki að ekki verði viti komið fyrir þessa aðila hér innan veggja til að þetta nái fram að ganga og raunar þyrfti miklu meira að gera ef ekki á stór skaði að ske í sambandi við búferlaflutninga og byggðaröskun. Ég vek athygli á að þegar gífurleg kjaraskerðing blasir við launafólki nánast þriðjungur tekna fólks er tekinn af því með stjórnvaldsaðgerðum, þurfi það að standa undir slíkum byrðum sem þessi skattur einn leggur á herðar þeirra sem við það búa og nemur helmingi tekna miðað við dagvinnu á mánuði.

Ég hvet þm. til að íhuga gaumgæfilega þennan þátt mála í ljósi staðreynda sem ég hygg að þeim eigi a. m. k. öllum að vera kunnar. Ég minni á að a. m. k. einhverjir þm. úr öllum flokkum sem fulltrúa eiga í fjvn. munu hafa fengið erindi frá stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi þetta mál þar sem ítrekað er að lágmarkskrafan sé sú að öllu andvirði orkujöfnunargjaldsins verði skilað til að jafna og lækka hitunarkostnað hjá þeim sem verst eru settir og við mesta okrið í þessum efnum búa. Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð hér um, en ég ítreka og vara alvarlega við því ef ekki á að verða við þessum sanngjörnu óskum um ráðstöfun á þessu fjármagni sem lög beinlínis gera ráð fyrir að verði gert með þessum hætti.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Við 1. umr. um fjárlagafrv. hér í þingi sagði ég frá því að einn af viðmælendum fjvn. hefði bent okkur á það hversu snjall leikari hv. þm. Karvel Pálmason er. Það eru orð að sönnu og sannast alltaf þegar hann kemur hér í ræðustólinn. En hann upplýsti okkur um annað líka, í þessari ræðu sinni áðan: að hann heyrir menn þegja eins og hann upplýsti þegar hann heyrði að hv. þm. Egill Jónsson kallaði ekki fram í fyrir honum en hitt er venjulegra að menn heyra þegar það er gert. En þetta vekur aðeins athygli mína á því hve snjall hv. þm. Karvel Pálmason er.

Það er ekki ætlun mín, herra forseti, að taka langan tíma hæstv. Alþingis í þessum umr. um fjárlagafrv. og ekki heldur ástæða til. Formaður fjvn., hv. þm. Lárus Jónsson, hefur þegar mælt fyrir nál. meiri hl., sem við framsóknarmenn stöndum að, og hefur hann gert ítarlega grein fyrir þeim brtt. sem n. leggur fram. Ég mun því reyna að verða stuttorður.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1984 var vísað til fjvn. á fundi Sþ. mánudaginn 31. okt. s. l. Fjvn. hafði að vísu samkvæmt venju tekið til starfa nokkru fyrr til að flýta fyrir nefndarstörfum, undirbúningi og framgangi mála. Síðan má segja að unnið hafi verið sleitulaust, fjölmargir fundir haldnir og rætt við ótrúlegan fjölda fólks, miklu fleiri en fjöldi viðtala gefur til kynna, þar sem miklu oftar háttar svo til að margir einstaklingar mæta til fundar og flytja mál eins aðila, hvort sem það er nú sveitarfélag, ráðuneyti, ríkisstofnun, félagasamtök eða aðrir sem telja sig eiga brýnt erindi við fjvn.

Allur sá ótrúlegi fjöldi fólks sem kemur til viðtals við fjvn. og allt það pappírsflóð sem hjá n. hrannast upp hlýtur að leiða hugann að því hvort notuð séu rétt vinnubrögð. Hlýtur ekki að vera hægt á þeirri tækni- og tölvuöld sem nú er að koma þessum upplýsingum á framfæri og vinna úr þeim á hentugri, þægilegri og ódýrari hátt en nú er gert? Þessu varpa ég hér fram til umhugsunar án þess að vera með till. til breytinga eða vilja eyða tímanum nú í frekari vangaveltur. Ég tel þó fyllilega tímabært að þetta verði athugað nánar.

Hver er svo árangurinn af öllum þessum viðtölum, fundarhöldum og fyrirhöfn með ærnum tilkostnaði, a. m. k. hjá fulltrúum sveitarfélaga utan af landsbyggðinni, sem allt þetta fólk hefur á sig lagt? Að nokkru leyti kemur hann fram í þeim breytingum sem n. leggur hér til að gerðar verði á frv. Vonandi hafa ýmsir haft nokkurn árangur af erfiði sínu og er það vel ef tekist hefur að veita einhverjum úrlausn þó ekki hafi allt fengist sem um var beðið. En svo eru einnig, því miður, ýmsir sem sjálfsagt telja sig litla eða enga úrlausn hafa fengið. Og svo verður vafalaust lengst af, að ekki er hægt að gera öllum til hæfis og allra síst nú eins og ástand og horfur eru í efnahagslífi þjóðarinnar.

Ég lét þau orð falla við 1. umr. um frv. að það væri lagt fram við óvenjulegar og erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu. Meðan n. var að störfum hafa þessar horfur síst batnað. Heldur má segja að útlit hafi versnað að mun. Á ég þar að sjálfsögðu við fram komnar spár um aflahorfur á næsta ári. Fram hjá þessu er útilokað að horfa, og verður að sjálfsögðu að bregðast við í samræmi við það. Því hefur verið ákveðið að endurreikna launaforsendur frv. svo sem fram kom í framsöguræðu formanns n.

Brtt. þær sem n. flytur hér geta vart talist háar eða óeðlilegar þótt ástandið sé erfitt. Samtals nema þær um 166 millj. króna eða tæplega 1% af heildarútgjöldum frv. Sumpart stafa svo litlar brtt. sem raun ber vitni af því að við undirbúning frv. var reynt að áætla rekstrarútgjöldin eins raunveruleg og frekast var talið unnt, svo fjárlög yrðu sem raunhæfust og á þann hátt það stjórntæki sem þeim ber að vera. Virðist það hafa tekist nokkuð og kom fram í viðtölum við ýmsa aðila að þeir teldu sig geta við unað. Er brýnt að það megi takast og nauðsynlegt að fylgjast náið með því að eftir fjárlögum verði farið. Á hinn bóginn verður svo að segjast að n. reyndi að vera eins sparsöm og aðhaldssöm og frekast var unnt. Ýmsa liði var þó nauðsynlegt að lagfæra og leiðrétta. Ætla ég ekki að tíunda þá alla en aðeins drepa á örfá atriði.

Allverulegar breytingar voru gerðar á stofnkostnaðarframlögum til þeirra skóla sem ætlað er að byggja upp verkmenntun í landinu. Má þar nefna 9 millj. kr. til Fiskvinnsluskólans svo og 4 millj. kr. til Tækniskóla Íslands og aðrar 4 millj. kr. til Verkmenntaskólans á Akureyri. Auk þess voru hækkuð framlög til nokkurra mennta- og fjölbrautaskóla. Framlög til lista voru einnig hækkuð nokkuð, einkum til leiklistar- og tónlistarflutnings, þó vafalaust telji þeir sem þar eiga hlut að máli að of lítið hafi verið að gert. Liðurinn æskulýðsmál hefur hækkað verulega. Munar þar mest um hækkun til Ungmennafélags Íslands, en talið var eðlilegt að það fengi svipaða hækkun og Íþróttasamband Íslands hafði áður fengið. Tel ég hvortveggja þessi samtök vel að þessu komin og fjármagni til þeirra vel varið, enda verður seint fullþakkað það mikla starf sem innt er af hendi í æskulýðs- og íþróttamálum fyrir tilstuðlan og með stuðningi þessara samtaka, að ekki sé minnst á hin uppeldislegu og þroskandi áhrif sem allt þetta starf hefur í för með sér.

Hvað varðar brtt. við landbrn. vil ég nefna stuðning

við búgreinar eins og loðdýrarækt en till. er um fjárveitingu til að efla ráðgjöf á því sviði svo og skógrækt, en nú virðist talsverður áhugi á því að efla skógrækt í landinu, m. a. bæði í Eyjafirði og í Suður-Þingeyjarsýslu og er því einnig flutt till. um fjárveitingu að upphæð 500 þús. kr. til svokallaðra „nytjaskóga." Eins og nú háttar í landbúnaðinum tel ég mjög mikilvægt að efla og auka fjölbreytnina og því bæði sjálfsagt og skylt að ríkið hjálpi nokkuð til og létti undir með þeirri þróun.

Svo sem áður hefur komið fram er gert ráð fyrir því í frv. að á árinu 1984 taki til starfa 11 ný heimili fyrir fatlaða og eru nýjar stöður vegna reksturs þessara heimila áætlaðar um 50. Í brtt. n. er að auki gert ráð fyrir fjárveitingu til reksturs sambýlis á Akureyri, sem nú þegar er starfrækt en hafði ekki komist inn í frv., svo og till. um 2 millj. kr. hækkun til að standa straum af kostnaði við 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta, en þar er gert ráð fyrir greiðslu til foreldra eða forráðamanna fatlaðra barna sem búa heima en ekki á stofnunum. Slíkt hefur að sjálfsögðu í för með sér mikinn tilkostnað fyrir heimilin, auk þess sem viðkomandi foreldri getur ekki sótt hinn almenna vinnumarkað og því sjálfsagt og eðlilegt að greiða til heimilisins á móti þeim kostnaði sem annars væri við rekstur vistheimilis. Hins vegar þykir því miður ekki fært að hækka framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá því sem ráðgert er í frv., þó ekki leiki vafi á að þörfin er brýn fyrir frekari úrbætur á þessu sviði, þar sem almennt er gert ráð fyrir því að hefja ekki nýjar framkvæmdir heldur leggja áherslu á að þoka áfram því sem í gangi er. Vík ég aðeins nánar að því síðar.

Nokkur hækkun er á einstökum liðum sem heyra undir heilbr.- og trmrn., svo sem leiðrétting á áður lofuðu framlagi til byggingar DAS, Hrafnistu í Hafnarfirði sem nú er fært upp til verðlags. Einnig má nefna hækkun á framlagi til Hjartaverndar, Krabbameinsfélags Íslands og annarra félagasamtaka sem að heilbrigðismálum vinna.

Þá vil ég að lokum í þessari upptalningu nefna hækkun á framlögum til ýmissa iðnaðarmála, svo sem til iðnaðarrannsókna, iðnþróunar og tækninýjunga og til iðnráðgjafar, en nú er gert ráð fyrir því að hægt sé að ráða iðnráðgjafa til starfa í öllum kjördæmum. Þá er og lagt til að varið verði 1.5 millj. kr. til kynningar á íslenskum iðnvarningi. Margt fleira mætti að sjálfsögðu nefna í þessum brtt. en eins og ég sagði í upphafi er ekki ástæða til þess eftir ítarlega ræðu formanns n. Mig langaði aðeins að drepa hér sérstaklega á örfá atriði.

Þó að reynt sé að setja frv. fram þannig að það megi teljast raunhæft hvað rekstrarútgjöld varðar þá er vitað að fjárveitingar til rekstrar grunnskóla eru vanáætlaðar miðað við óbreytt form. Stafar það af því að rætt hefur verið um að breyta kostnaðarskiptingu við grunnskólareksturinn á milli ríkis og sveitarfélaga frá því sem nú er. Ljóst er að til að þessi breyting nái fram að ganga þarf að nást um það samkomulag við fulltrúa sveitarfélaganna. Jafnframt þarf að sjá svo um að kostnaði við þennan rekstur verði réttlátlega jafnað milli sveitarfélaga, þannig að ekki verði lagður óbærilegur kostnaður á minnstu sveitarfélögin, sem að sjálfsögðu þurfa að sjá þeim ungmennum sem þar búa fyrir sambærilegri menntun og gerist í þéttbýlinu. Þetta má hugsa sér að gera t. d. með raunverulegum jöfnunarsjóði sem standi undir nafni eða á einhvern annan hátt sem samkomulag næst um. Náist slíkt samkomulag hins vegar ekki verður það að vera öllum ljóst að skyldan um greiðslu þessa kostnaðar hvílir á ríkissjóði. Verða stjórnvöld að taka á því máli á raunhæfan hátt þegar eða ef til þess kemur.

Í ræðu sinni hér áðan gerði formaður fjvn. grein fyrir þeirri vinnureglu sem reynt var að halda fast við er fjárveitingum var skipt á einstaka framkvæmdaliði. En þar á ég við regluna um að engum nýjum framkvæmdum sé hleypt af stað. Auðvitað er þetta hörð regla, erfið og viðkvæm í framkvæmd. En það hlýtur að teljast skynsamlegt þegar þrengir að í ríkisbúskapnum að stýra fjármagninu fremur til þeirra framkvæmda sem komnar eru vel á veg eða u. þ. b. að takast í notkun fremur en að hleypa af stað fjölmörgum nýjum framkvæmdum, sem þó er að sjálfsögðu beðið um nú ekki síður en oft áður. Engin regla er án undantekningar og sjálfsagt ekki þessi heldur. Og fái hún ekki staðist verða forsendur undantekninga að vera alveg ljósar, annaðhvort mjög brýn þörf fyrir þá starfsemi sem viðkomandi bygging á að hýsa eða mjög alvarlegt ástand í atvinnumálum á viðkomandi svæði. Þessi málsmeðferð vekur líka til umhugsunar um hvort ekki sé rétt og tímabært að taka upp gerð langtímaáætlana varðandi hina ýmsu fjárfestingarliði svipað og nú er gert við gerð vegáætlunar.

Herra forseti. Ég hef orðið langorðari en ég ætlaði mér í upphafi. Ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, nefna nokkur atriði sem enn eru ekki útrædd í fjvn. og koma til umfjöllunar hér við 3. umr. Eftir er að leiðrétta framlög til landbúnaðar í samræmi við jarðræktarlög en þar er um að ræða greiðslur vegna framkvæmda sem þegar hafa verið unnar. Framkvæmdasjóð aldraðra þarf að taka til athugunar með tilliti til ákvæða í lögum um sjóðinn hvað varðar greiðslu stofnkostnaðar hjúkrunarheimila og sjúkrastofnana fyrir aldraða. Bhluta stofnanir allar eru einnig geymdar til 3. umr. Varðandi þær stofnanir vil ég á þessu stigi aðeins taka fram að við framsóknarmenn munum leggja áherslu á að áfram verði haldið framkvæmdum við lagningu sjálfvirks síma og sveitarafvæðingu samkvæmt lögum og þáltill. sem Alþingi hefur áður samþykkt þar um. Auk þess eru svo nokkur smærri atriði sem ekki hafa enn fengið fullnaðarafgreiðslu í fjvn., en verða tekin til meðferðar milli umr.

Í lok ræðu sinnar hér áðan vék hv. 5. þm. Reykn. Geir Gunnarsson nokkrum orðum að Framsfl. og taldi að þar væri um mikla stefnubreytingu að ræða. Flokkurinn hafi horfið frá félagshyggjustefnu sinni og nú væri ráðist á ýmis félagsleg réttindi. Ég tel að hér sé nokkuð hallað réttu máli og vil minna hv. þm. á að nú þegar hefur hæstv. félmrh. beitt sér fyrir verulegum lagfæringum í húsnæðismálum og þessa dagana er t. d. verið að úthluta viðbótarlánum til húsbyggjenda hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Þá hefur hæstv. félmrh. einnig lagt fram hér í Alþingi frv. til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem um er að ræða verulegar umbætur sem tryggja hag húsbyggjenda. Ráðgert er að taka í rekstur fjölmargar nýjar stofnanir fyrir fatlaða, svo sem ég hef áður getið um, þó um stundarsakir verði að draga úr nýframkvæmdum á ýmsum sviðum þegar þjóðartekjur dragast saman. Þá munum við framsóknarmenn beita okkur fyrir því að fyrirhugaður sparnaður í tryggingakerfinu komi ekki niður á þeim verst settu, en eins og allir vita njóta ýmsir

bóta í einu eða öðru formi, sem hafa þó mjög mismunandi aðstæður, sumir svo góðar að umhugsunarvert er hvort ástæða er til að greiða fyrir þá t. d. sjúkrakostnað í nokkra daga. Við framsóknarmenn munum áfram sem hingað til standa vörð um ýmis félagsleg réttindi, en við viðurkennum þær erfiðu aðstæður sem nú er við að glíma í þjóðfélaginu og teljum að ekki verði fram hjá þeim gengið.

Að lokum viil ég þakka gott og ánægjulegt samstarf við alla meðnefndarmenn mína svo og starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Ég vil til að byrja með þakka samstarfsfólki mínu í fjvn. svo og ritara og öðru starfsfólki kærlega fyrir mjög gott samstarf og vonast eftir því að að það samstarf fái að þróast áfram á þeirri braut sem hingað til.

Eins og fram hefur komið flytur fjvn. sameiginlegar brtt. en hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Brtt. eru fluttar með fyrirvara af hálfu minni hl. sem áskilur sér rétt til þess að flytja eða fylgja þeim brtt. sem fram kunna að koma. Minni hl. skilar sérstöku nál. þar sem gerð hefur verið grein fyrir þeirri einu brtt. sem minni hl. flytur sameiginlega, sem er hækkun stofnkostnaðar dagvistarheimila.

Nú dettur engum í hug að halda því fram að ekki sé við mikla erfiðleika að etja í efnahagslífi Íslendinga. Skilyrði til þess að rétta megi af þjóðartekjur og þar með þjóðarhag og freista þess þar með að byggja upp efnahagslíf okkar er að rofi til fyrir atvinnuvegum þjóðarinnar. Það er að styrkja nýjar atvinnugreinar, svo sem iðnað, þannig að innan ekki svo langs tíma náist það markmið að byggja afkomu okkar á mun sterkari og minna sveiflukenndum grundvelli en verið hefur hingað til. Þegar þar að kemur þurfum við ekki að byggja alla okkar afkomu á fiskveiðum eins og hingað til.

Ég hef heyrt því fleygt að fjárlög ársins í ár hafi verið kölluð kreppufjárlög. Hvað má þá segja um það frv. til fjárlaga sem hér er til 2. umr.? Það gæti hugsanlega kallast aðhalds-, sparnaðar- og niðurskurðarfrv., a. m. k. þegar litið er til þeirra liða er varða félagslega þjónustu, heilbrigðis- og tryggingamál. Þó má til sanns vegar færa að hlutur framlaga til menningarmála, lista, æskulýðsmála o. fl. hafi réttst til muna í meðförum fjvn. og er það vel. Því sama er hins vegar ekki að heilsa þegar litið er á liði eins og yfirstjórn rn. og fleira í þeim stíl.

Fjárlagafrv. endurspeglar alltaf stefnu þeirrar ríkisstj. sem leggur það fram á hverjum tíma. Það fjallar um það hvernig skuli útdeila því fjármagni sem til skiptanna er og því sem í handraðanum kann að leynast. Öll umræða um peninga og skiptingu þeirra til hinna ýmsu málaflokka hlýtur alltaf að vera afstæð, og þar að auki spurning um gildismat. Það sem einum finnst vera það mikilvægasta og merkilegasta af öllu og þurfi ríflegan skammt finnst öðrum að koma hefði mátt neðar á forgangslistanum og öfugt.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. fyrir 1984 stendur að í því felist breytt stefna í ríkisfjármálum og efnahagsmálum frá því sem áður hefur verið. Ef hins vegar eru skoðuð fjárlagafrv. síðustu ára er ekki að sjá að svo sé, því miður. Þvert á móti virðist ríkja mikil sjálfvirkni við gerð slíkra frv. og þeir liðir sem einu sinni eru þangað komnir virðast lifa þar góðu lífi um ómunatíð. Það er sem sagt mun erfiðara að koma liðum inn í fjárlög en að koma þeim þaðan út aftur, enda eins gott fyrst þessu er svo farið sem raun ber vitni.

BJ leggst eindregið gegn þeirri sjálfvirkni sem ræður gerð fjárlaga frá ári til árs og telur að leita verði færra leiða til að koma í veg fyrir að stórir og smáir útgjaldaliðir og tekjustofnar gangi aftur í hverju fjárlagafrv. á fætur öðru. Þess vegna telur BJ mjög athugandi að sett sé „sólarlag“ á sem flesta liði fjárlaga, þannig að sett sé sérstök endurskoðunarkrafa á þá liði, enda vel tímabært að kveða niður þá fásinnu að eitt sinn inni, alltaf inni, sé raunveruleiki sem það vissulega virðist vera í dag. Það er álit BJ að þær vinnuaðferðir sem viðhafðar eru við framkvæmd þess hluta fjárlagagerðar sem á fjvn. hvílir hafi gengið sér til húðar. Og ég tek undir ummæli hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar er hann mælti eitthvað þar að lútandi áðan.

BJ vill að sjálfsögðu engan veginn skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem vinnan í fjvn. er, en leggur áherslu á að einstaklingum og samtökum þeirra, hvort sem er á sviði sveitarstjórna, viðskipta- eða áhugafélaga, verði með breytingum á stjórnarháttum gert mögulegt að sinna áhugaefnum sínum og skyldum án þess að þurfa að sækja allt sitt undir pólitískt duttlungavald.

BJ hefur þegar kynnt hugmyndir sínar í þessu efni, en þær stefna allar í þessa átt. Í athugasemdum frv. segir að viðleitni sé sýnd til að draga úr ríkisumsvifum án þess þó að skera niður mikilvæga þjónustu. Þessi atriði hvor tveggja eru fallin um sjálf sig, því miður. Það er vegna þess að enginn liður í frv. heldur sínu striki jafnvel og einmitt ríkisumsvifin. Nægir í því sambandi að nefna, eins og ég gat um áðan, yfirstjórnir ráðuneyta. Samtímis er áætlað að stíga risaskref aftur til grárrar fortíðar og fara að láta sjúklinga taka á sig eiginhlutdeild í sjúkrakostnaði, sem svarar um 355 millj. kr. Það á sem sagt ekki að draga úr kostnaði eða spara, svo sem forsendur gera ráð fyrir, það á einungis að skipta því út hvaða aðili það er sem borgar brúsann. Til þess eru valdir þeir sem eru sjúkir og illa í stakk búnir til þeirra hluta.

Í athugasemdum segir að gert sé ráð fyrir því að ýmsar ríkisstofnanir selji þjónustu sína á eðlilegu verði og að sértekjur þeirra hækki í samræmi við það. Enn fremur segir að strangs aðhalds sé gætt við áætlun útgjalda í öllu frv.og að meginstefnu til sé ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til að ráða í nýjar stöður. Í takt við þessar forsendur er haft eftir hæstv. fjmrh. í Tímanum 3. sept. að í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir miklum samdrætti í fjárframlögum til þeirra ríkisfyrirtækja sem eru á sölulista með það fyrir augum að þau verði seld á næsta ári.

Við í BJ teljum að mikið skorti á að framangreindar forsendur og fullyrðingar fái staðist og að mikið vanti á að þessu sé framfylgt í frv. Höfum við þess vegna lagt fram brtt. við frv. þar sem við leggjum m. a. til að laun og annar rekstrarkostnaður ýmissa fyrirtækja í eigu eða á framfæri ríkisins verði skorin niður um 35% en að þau auki að sama skapi sértekjur sínar um sömu krónutölu, þannig að þeim sé í auknum mæli gert skylt að standa undir eigin rekstri. Það sér hver maður að það hlýtur að vera raunhæf ráðstöfum ef um er að ræða ákvörðun um að selja viðkomandi fyrirtæki. Það hlýtur að verða að gera ráð fyrir því að hinir nýju eigendur þurfi og eigi að sjá til þess að reksturinn standi undir sér.

BJ harmar einnig mjög þá atvinnustefnu sem birtist í fjárlagafrv. og kemur fram í fjárveitingum til þeirra stofnana sem ætlað er að styðja og efla helstu atvinnuvegi þjóðarinnar. Af fjárlagafrv. er ljóst að ríkisstj. stefnir ekki að neinni nýsköpun atvinnuveganna. Iðnaðinum er t. d. ætlað að standa að verulegu leyti undir þeirri ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu sem honum stendur til boða. Ekki verður heldur séð að nein umtalsverð aukning skuli eiga sér þar stað. BJ er þeirrar skoðunar að skyldur stjórnvalda eigi fyrst og fremst að miða að nýsköpun í atvinnugreinum. Markmið opinbers stuðnings við atvinnuvegina hlýtur annars vegar að vera að koma þeim til einhvers þroska og sjálfsbjargar og hins vegar að fleyta þeim yfir tímabundna erfiðleika. Við erum ekki að fara fram á það að iðnaðurinn fái ellefu hundruð ára aðlögunartímabil eins og landbúnaðurinn. Iðnaðurinn þarf bara að njóta jafnréttis á við aðrar atvinnugreinar, m. a. að því er varðar aðgang að fjármagni.

Þegar til þess er litið að iðnaður er sá vaxtarbroddur sem framtíðaratvinnumarkaðurinn hlýtur að byggjast á verður sinnuleysi stjórnvalda öllum góðum mönnum harmsefni. Framangreint eru m. a. forsendur brtt. BJ, sem lagðar hafa verið fram og ætla ég að greina frá helstu liðum þeirra en 2. flm. till. mun á eftir skýra þær lið fyrir lið.

Í samræmi við þær forsendur sem greinir í fjárlagafrv. en þó er ekki farið eftir að okkar mati, leggjum við til í fyrsta lagi að skera niður rekstrarkostnað í yfirstjórn allra rn. um 10%. Í öðru lagi að nokkrar stofnanir verði lagðar niður og/eða að starfsemi þeirra verði flutt annað. Dæmi um það eru Fasteignamat ríkisins og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar.

Í þriðja lagi í samræmi við stefnu BJ um að í áföngum verði horfið frá útflutningskvótum og niðurgreiðslu landbúnaðarafurða, drögum við 25% frá þeirri upphæð sem til þess liðar er ætluð í frv. Þeir fjármunir sem þannig fást eða liðlega 400 millj. kr. leggjum við til að verði m. a. veitt til sérstaks átaks við uppbyggingu og þjónustu við iðnað.

Dagvistarheimilin fái þá upphæð sem minni hl. fjvn. lagði til að þau fengju, enda nauðsynlegt að stefna markvisst að því að þeim þörfum fyrir dagvistun barna sé fullnægt. Auknum fjárveitingum verði varið til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og þannig stefnt að því að koma til móts við þann stóra hóp sem á við andlega eða líkamlega fötlun að stríða og allt of lítið tillit virðist eiga að taka til í fjárlagafrv. Skv. till. BJ, ef samþykktar verða, er séð til þess að bygging K-deildar fái það framkvæmdafé sem til þarf á næsta ári sem stuðlar að því að byggingartími verði styttri en ella. Að auki höfum við lagt til að ýmsir smáskattar sem litlu skila í ríkissjóð, en geta munað launafólk miklu verði lagðir niður.

Að lokum, herra forseti, vonast ég svo sannarlega til þess að brtt. BJ fái góðan hljómgrunn og verði skoðaðar og teknar til athugunar fyrir afgreiðslu frv. af raunsæi og velvilja. Þetta segi ég vegna þess að með þeim geri ég ráð fyrir að til verði fjármagn fyrir þeim till. til hækkunar við hina ýmsu bráðnauðsynlegu liði sem vanáætlaðir hafa verið að okkar mati í fjárlagafrv.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Í tvo mánuði höfum við fulltrúar í fjvn. þolað saman súrt og sætt, hlýtt á erindi manna svo hundruðum skiptir, velt fyrir okkur tölum svo milljónum skiptir og rætt málin fram og aftur. Slík er vinnuskorpan í þessari n. að ein ágæt ráðherrafrú sagði við mig um daginn að sér þætti ólíkt skárra að hafa eiginmanninn í ráðherrastól en í fjvn., hún sæi hann þó a. m. k. um helgar núna.

Þessi mikla samvinna og samvera hefði náttúrlega verið nánast óbærileg ef nm. væru ekki slíkt ágætisfólk sem þeir eru og ég þakka þeim öllum fyrir samstarfið og formanninum sérstaklega fyrir lipurð og þolinmæði.

Það er vitanlega ljóst að núverandi efnahagsástand setur okkur þröngar skorður, auk þess sem föst lögbundin framlög eru svo stór hluti af útgjöldum ríkisins að þegar allt kemur til alls eru þetta sorglega lágar upphæðir sem skipta þarf á marga staði og þörfin er víða mikil. Og það er gremjulegt hversu mikið fé er bundið í fjármagnskostnaði vegna gamalla mistaka sem óvíst er að muni nokkru sinni bera sig, eins og Kröfluvirkjun sem kostar okkur um 190 millj. á næsta ári svo aðeins eitt dæmi sé tekið. Það er þeim mun sárara þegar kreppir að í efnahagsmálunum og aðhalds er þörf á öllum sviðum.

Skylt er að geta þess að í mörgum atriðum tókst gott samkomulag milli nm. innan þess þrönga ramma sem okkur var settur. Um sum atriði var hins vegar töluverður ágreiningur, þótt ég sjái ekki ástæðu til að tíunda slíkt nákvæmlega því eins og áður er komið fram flytjum við sameiginlega þær brtt. sem frá n. koma, þótt með fyrirvara sé um stuðning við einstaka liði.

Það er erfitt fyrir Kvennalistakonu að standa í þessum sporum hér og nú og gera grein fyrir niðurstöðum þessa starfs. Framtíðardraumarnir eru enn fjarlægari en áður þegar fjárveitingar eru skornar svo grimmdarlega niður til félagslegra þátta sem hér er gert. Í skólamálum höfum við alltaf lagt mikla áherslu á betri aðbúnað í öllu skólastarfi og í því sambandi sett á oddinn að koma á samfelldum skóladegi í öllum skólum landsins. Þeirri skoðun hefur vaxið mjög fylgi upp á síðkastið og er þess skemmst að minnast að 1. nóv. s. l. voru hér í þinginu umr. um þáltill. Guðrúnar Helgadóttur o. fl. um könnun á kostnaði við einsetningu skóla, sem er vitanlega forsenda þess að unnt sé að koma á samfelldum skóladegi. Heldur þótti mér dauf þátttaka karla í þeim umr. en vonandi er ekki áhugaleysi um að kenna — eða hvað?

Ljóst er að einkum í þéttbýli skortir mikið á að skólamannvirki séu nægilega mikil og stór til að fullnægja kröfum um samfelldan skóladag og ekki verður við nær því markmiði eftir næsta ár. Framlög til skólabygginga hefðu þurft að vera a. m. k. helmingi hærri en raun verður á eða sem svarar rúmlega þeirri upphæð sem verja á til byggingar flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli árið 1984, svo að rétt einu sinni sé vikið að þeirri gjörsamlega óþörfu og óarðbæru fjárfestingu. Það er alltaf jafnerfitt að kyngja því að stjórnendum landsins geti fundist það réttmætt að eyða stórfé í þessa ótímabæru framkvæmd á sama tíma og þeir krefjast umburðarlyndis og skilnings á þörf fyrir niðurskurð í byggingum skólamannvirkja, dagvistarheimila og sjúkrahúsa.

Samdráttur í heilbrigðismálunum er ekki síður alvarlegt mál. Á öllum sviðum heilbrigðismála þrengir nú verulega að og ekki er enn þá fullljóst hver áhrif það hefur því ákveðnar till. hafa ekki enn þá verið lagðar

fram til umr. og umfjöllunar, enda þótt margir mánuðir séu síðan gefnar voru út tilskipanir um 300 millj. kr. sparnað. Sýnir það betur en nokkuð annað að hér er í rauninni verið að tala um hið ómögulega. 300 millj. kr. sparnaður á þessu sviði er að mínum dómi óhugsandi. Þá upphæð hefði hins vegar mátt spara með því t. d. að fella niður uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, en til þess liðar eru ætlaðar 280 millj. á næsta ári. Hvergi er jafnerfitt að finna leiðir til umtalsverðs sparnaðar og á sviði heilbrigðis- og tryggingamála, ef það á ekki að koma niður á þjónustu við fólkið eins og alltaf hefur verið haldið fram.

Auðvitað hljóta sparnaðaraðgerðir í heilbrigðisþjónustu að koma illa við fólk. Þeir sem þurfa mest á lyfjum að halda eru að miklu leyti hinir sömu og þeir sem minnst hafa á milli handanna. Og sama er að segja um mikinn hluta þeirra sem fylla sjúkrahúsin. Það yrðu aldrei stórar upphæðir sem fengjust við það að láta einhverja sjúklinga greiða fyrir sjúkrahúsvist eða hækka þátttökugjald neytenda í lyfjakostnaði. Til þess hafa þeir ekkert bolmagn sem mest þurfa á þessari þjónustu að halda, enda veigra ráðamenn sér við því að leggja fram till. í þessa átt.

Þá er væntanlega sú leið ein ófarin að loka deildum og stofnunum og segja upp starfsliði. Sú leið hefur ekki enn heyrst nefnd, en ég sé ekki hvernig menn ætla að komast hjá því ef þeir ætla að standa við sparnaðaráformin. Hvaða leið sem valin verður bendir nú margt til þess að sjúkraþjónusta muni í talsverðum mæli færast aftur inn á heimilin í landinu. Það er vitanlega ódýrasta lausnin. Nú verður treyst á fórnfýsi og hjálpsemi húsmæðra, þótt störf þeirra séu annars aldrei metin sem vert væri. Ætli konur fari ekki senn að heyra gömlu plötuna um mikilvægi heimilanna þegar brýnt verður að losna við þær af vinnumarkaðinum og nýta ókeypis starfskrafta þeirra t. d. við umönnun sjúkra?

Hvað byggingarframkvæmdir á sviði heilbrigðismála snertir blasir hvarvetna við knýjandi þörf sem lítið er komið til móts við, í byggingu heilsugæslustöðva úti um landið og sjúkrahúsa á mestu þéttbýlissvæðunum, það er þrýst á um aðstöðu til hjartaskurðlækninga og krabbameinslækninga og í öldrunarmálum er ótrúlega mikið ógert. Á einum stað á landinu er þó ætlunin að vinna af fullum krafti. Naumast er það tilviljun að sá staður er í kjördæmi hæstv. heilbrmrh. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði eru ætlaðar 18 millj. kr. og geta menn borið það saman við framlög til annarra staða á landinu.

Og þá eru það dagvistunarmálin. Í samningagerð launafólks við atvinnurekendur í okt. 1980 vógu þungt á metunum loforð ríkisvaldsins um að leggja sitt af mörkum til að fullnægja þörf fyrir dagvistarrými á næstu 10 árum. Til að standa við það loforð er áætlað að framlag til byggingar dagvistarheimila á næsta ári hefði þurft að nema rúmlega 70 millj. kr. Til þess hins vegar að standa við lögboðið framlag, bara til þeirra bygginga sem þegar eru hafnar, þyrfti framlag ríkisins að vera 57 millj. 568 þús. kr. og rúmlega 65 millj. ef orðið væri við óskum um nýjar framkvæmdir, en slíkar óskir eru nú eðlilega færri en orðið hefðu ef sveitarfélög væru betur stödd fjárhagslega. Í frv. er gert ráð fyrir 30 millj. kr. framlagi til þessa málaflokks, en í meðförum fjvn. hækkaði framlagið um 1 millj. 640 þús. kr. Þá niðurstöðu gat minni hl. engan veginn sætt sig við og flytur sameiginlega brtt. á þskj. 194 til hækkunar um 20 millj. kr. Til samanburðar má geta þess að ferða- og risnukostnaður aðeins tveggja rn., þ. e. utanrrn. og heilbr.- og trmrn., nam rúmlega 20 millj. kr. árið 1982. Hvað sem líður nauðsyn á góðum tengslum við ýmsa aðila bæði utanlands og innan er ekki nokkur vafi á því að ferða- og risnukostnaður hins opinbera mætti lækka verulega ef nokkur vilji er fyrir hendi, og hann ætti að lækka einmitt nú þegar þrengir að í þjóðarbúskapnum. — Og ég vil taka sérstaklega undir það sem kom fram í máli 5. þm. Reykn., Geirs Gunnarssonar, varðandi rekstrargjöld rn. og stofnana.

Ég hef nú rætt um öfráa gjaldaliði þessa frv., þá mikilvægustu frá sjónarhóli kvenna. Og ég vil undirstrika að þar sem ég hef bent á þörf fyrir aukin framlög hef ég einnig bent á hvar við teljum að hægt væri að spara á móti ef vilji væri fyrir hendi. Það er gamla góða spurningin um verðmætamatið og forgangsröðina sem enn á ný er verið að svara.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. lét ég í ljós efasemdir um að forsendur tekjuhliðar frv. fengju staðist. Því miður hafa þær efasemdir styrkst til muna og eru raunar orðnar að vissu. Á þeim vikum sem liðnar eru síðan þetta frv. leit dagsins ljós hafa þeir atburðir gerst sem hljóta að gjörbreyta allri tekjuáætluninni. Þar nægir að minna á svörtu skýrsluna sem birt var í byrjun nóvembermánaðar, þar sem fram komu niðurstöður rannsókna fiskifræðinga á ástandi þroskstofnsins og till. þeirra um aflamagn á næsta ári. Þeir leggja til að þorskaflinn á næsta ári verði takmarkaður við 200 þús. tonn, en í aflaforsendum þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1984 er miðað við 300—320 þús. tonna þorskafla.

Miklar umr. hafa orðið um þessar till. bæði hér í þinginu og annars staðar. Flestir virðast nú loks hafa gert sér ljóst að minnkun þorskstofnsins er ekkert einkamál fiskifræðinga og sjómanna og við þessum vanda verður að bregðast með skynsamlegum hætti. Við höfum of lengi látið viðvaranir fræðimanna sem vind um eyru þjóta. Sjónarmið rányrkju og stundargróða hafa orðið okkur dýrkeypt. Það er svo enn fremur ljóst að verði þorskaflinn á næsta ári miðaður við 200 þús. tonn hlýtur það að hafa í för með sér enn frekari rýrnun lífskjara og aukið atvinnuleysi. Minnkandi afli hefur þegar sett mark sitt á líf fjölmargra fjölskyldna. Stöðugt berast fregnir af uppsögnum í fiskvinnslu og á fiskiskipum, nú síðast hjá Ísbirninum í Reykjavík sem hefur sagt upp nær öllu starfsfólki sínu, á þriðja hundrað manns, og á Suðurnesjum er atvinnuástand orðið mjög alvarlegt.

Það furðulega er að ótrúlega margir líta atvinnuleysi misjafnlega alvarlegum augum eftir því hvort í hlut eiga konur eða karlar. Því til sönnunar ætla ég að vitna í Alþýðublaðið í dag þar sem haft er eftir Sigurbirni Björnssyni hjá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur, með leyfi forseta:

„Það sem bjargar dálítið stöðunni hjá okkur er að stærri hluti atvinnulausra eru konur og því ekki fyrirvinnur. Við teljum að um þriðjungur atvinnulausra séu karlar, en ⅔ konur, þannig að í sumum tilvikum hefur það ekki afgerandi áhrif á afkomu heimilanna þar sem konan er ekki fyrirvinna."

Ég mótmæli harðlega viðhorfum af þessu tagi. Þau eru beinlínis ósæmileg og gjörsamlega úr takti við raunveruleika nútímans. Atvinnuleysi kvenna er nákvæmlega jafnalvarlegt og atvinnuleysi karla. Við skulum

ekki gleyma því að fjórða hvert barn á landinu er á framfæri einstæðra foreldra, í langflestum tilvikum einstæðra mæðra. Og hvort sem um karla eða konur er að ræða, þá er þetta fólkið sem á erfiðast með að trúa fullyrðingum ríkisstj. um lækkun skattbyrði á næsta ári.

Sá samdráttur sem nú blasir við vegna aflaminnkunar er talinn geta þýtt 3.5% minnkun þjóðarframleiðslu og 12—13% samdrátt útflutningsframleiðslu. Hvað er þá orðið um þann grunn sem þetta fjárlagafrv. er reist á? Áætlun frv. um gjöld af innflutningi og skatta af seldri vöru og þjónustu fær með engu móti staðist eins og búið er að þrengja að kaupgetu fólks. Og á næsta ári er gert ráð fyrir enn frekari rýrnun kaupmáttar. Það þarf því töluvert mikla bjartsýni og óraunsæi til að vænta þess að beinir skattar innheimtist eins og gert er ráð fyrir.

Ólíklegt er einnig að genginu verði haldið stöðugu, eins og stefnt er að. Um þessa liði er þó erfitt að fjalla þar sem enn hefur ekki verið lagt á borðið endurmat Þjóðhagsstofnunar með tilliti til breyttra aðstæðna. Það þarf þó ekki mikið brjóstvit til að sjá að stefnt er í töluverðan halla á þjóðarbúskapnum á næsta ári. Spurningin er fremur hversu mikill hann verður.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur um aukið framlag ríkisins til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Við leggjum til á þskj. 199 að í stað 400 millj. undir lið 02 872 komi 500 millj., en til vara 450 millj. Rök okkar fyrir þessari brtt. eru þau, að komi ekki aukið framlag ríkisins til sjóðsins hljóti grundvöllur hans að raskast svo að erfitt verði um að bæta. Með tilliti til laga og reglugerðar sjóðsins þyrfti framlag til hans raunar að hækka töluvert meira. Á næsta ári á lánshlutfall að hækka úr 95 í 100% af framfærslukostnaði. Og þegar reiknað er með því svo og með 10% fjölgun umsækjenda er fjárþörf lánasjóðsins til lánveitinga u. þ. b. 780 millj. kr. Ef hins vegar er gengið út frá forsendum fjárlagafrv. um þróun verðlags og gengis árið 1984, 8% fjölgun umsækjenda og skerðingu lána á sama hátt og gert var í haust verður fjárþörfin vegna lánveitinga 1984 samtals um 740 millj. kr. Beint framlag ríkissjóðs er samkv. frv. 400 millj. Heimild til lántöku nemur 258 millj. 437 þús. kr. og vaxtatekjur eru áætlaðar 26 millj. 416 þús. kr. eða samtals 684 millj. 853 þús. kr. Miðað við 740 millj. kr. lánveitingaþörf, 77 millj. 521 þús. kr. til rekstrar sjóðsins, eins og frv. gerir ráð fyrir, og 34 millj. 582 þús. kr., sem er mismunurinn á innheimtum afborgunum annars vegar og afborgun lána og fjárfestingu hins vegar, er fjárþörf sjóðsins 852 millj. 103 þús. kr. Mismunurinn á þessum heildartölum er því 167 millj. 257 þús. kr. og má því ljóst vera að till. okkar um hækkað framlag um 100 millj., en til vara 50 millj., miðar ekki einu sinni að því að bæta stöðu sjóðsins til fulls miðað við þrengstu útreikninga, heldur aðeins að rétta grundvöll hans.

Verði framlag ríkissjóðs til lánasjóðsins ekki aukið við afgreiðslu fjárlaga hlýtur það að kalla á aukafjárveitingar eða það sem líklegra er: auknar lántökur sjóðsins til fjármögnunar útlána og fjármagnskostnaður þar með enn að aukast. Það er býsna alvarlegur hlutur sem dregur sífellt meira úr möguleikum sjóðsins til að standa undir sér sjálfur. Árið 1984 verða tekjur af útlánum sjóðsins ekki nema 44% af afborgunum af teknum lánum. Þrátt fyrir hertar reglur um endurgreiðslur námslána hefur staða sjóðsins varðandi eigin fjármögnun versnað. Það er því afar brýnt að bæta stöðu sjóðsins með auknu framlagi ríkisins svo að ekki þurfi að koma til stórfelldrar lántöku þegar líður á næsta ár. Því verður ekki trúað að óreyndu að yfirstjórn menntamála hyggist þrengja svo að möguleikum námsmanna til að stunda nám að eigin vali að þessi upphæð dugi, sem sjóðnum er ætluð skv. fjárlagafrv.

Heyrst hefur um hugmyndir sem miða að því að draga úr þörf fyrir lánveitingar, svo sem að fækka lánshæfum umsækjendum, hætta að veita lán til nemenda á fyrsta ári, afnema framlög til að mæta ferða- og bókakostnaði og fleira í þeim dúr. Við vörum alvarlega við hugmyndum af þessu tagi, sem hljóta að leiða til gífurlegs misréttis, auk þess sem við sjáum ekki hag ríkisins betur borgið með því að fá fólk inn á atvinnuleysisskrá fremur en að veita því lán sem það mun greiða aftur verðtryggt.

Ein af helstu auðlindum þessa lands er fólkið sem landið byggir, þekking þess og tæknikunnátta. Og það er meðal forgangsverkefna kvennalistakvenna að fjárfesta í menntun barna sinna. Við skulum minnast þess að allt fram á þennan dag hefur fólkið í landinu unnið og fært fórnir til að koma börnum sínum til mennta. Á seinni tímum hefur svo það nám sem áður var forréttindi fárra orðið raunverulegur möguleiki margra með aðstoð lána og styrkja. Þessi lán námsmanna eru nú að fullu verðtryggð og munu skila sér aftur í því krónu- og auragildi sem úthlutað er. Námsmenn hafa þegar tekið á sig skerðingu lífskjara í hátt við aðra landsmenn. Lengra má ekki ganga í þeim efnum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 204 og 205, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 35 shlj. atkv.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég skal ekki við þessa umr. setja á langa ræðu um þetta fjárlagafrv. eða ræða forsendur þær sem þetta frv. er byggt á, enda hefur það ítarlega verið gert hér í dag af stjórnarandstöðunni. Ég mun þess í stað snúa mér að því að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég hef hér lagt fram.

Í fyrsta lagi hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 197 ásamt hv. þm. Helga Seljan um 15 millj. kr. hækkun til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Fyrir þingslit s. l. vor voru samþykkt lög um málefni fatlaðra. Samkv. þeim lögum átti að leggja Framkvæmdasjóði fatlaðra árlega til 55 millj. kr. miðað við verðlag í jan. 1983. Skv. því ákvæði laganna hefði því átt að leggja sjóðnum til nú á fjárlögum um 91 millj. kr. Það olli mér því miklum vonbrigðum að sjá í fjárlagafrv. að einungis var gert ráð fyrir 40 millj. kr. framlagi, eða undir þeirri krónutölu sem lögin gera ráð fyrir, hvað þá að verðbætur væru reiknaðar á þá tölu. Taldi ég því einsýnt að breyting yrði gerð á þessari upphæð við meðferð málsins í fjvn. Nú hefur komið í ljós að fjvn. hefur afgreitt frv. til 2. umr. án þess að nokkur breyting sé gerð á þessum fjárlagalið. Ég veit ekki hvort hv. þm. gera sér það almennt ljóst að með því framlagi sem nú á að renna í sjóðinn er um verulega lægri fjárhæð að ræða en átti að vera skv. lögum um aðstoð við þroskahefta, þrátt fyrir aukin verkefni skv. lögum um málefni fatlaðra.

Lögin um aðstoð við þroskahefta, sem tóku gildi 1980, voru felld inn í lögin um málefni fatlaðra. Skv. lögunum um málefni fatlaðra voru verkefni Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra, sem fjármagnaði framkvæmdir skv. lögum um aðstoð við þroskahefta, stóraukin og bætt á hann viðamiklum framkvæmdum í þágu öryrkja almennt. Engu að síður eru framlög til sjóðsins skert svo stórlega í þessu fjárlagafrv. að þau fara töluvert niður fyrir það sem sjóðurinn átti að hafa skv. fyrri lögum, áður en verkefni hans voru aukin.

Mikið lá á s. l. vor að samþykkja þessi lög um málefni fatlaðra og áttu þau að verða stórt framfaraspor í þágu fatlaðra. Margítrekað varaði ég þá við því að ef ekki fylgdi þessum lögum aukin fjárveiting frá því sem sjóðurinn áður hafði haft þá væri borin von að lögin skiluðu þeim árangri sem til var ætlast. Ljóst er að sú spá hefur ræst svo ekki verður um villst. Er það ekki vansalaust fyrir Alþingi hvernig æ ofan í æ eru samþykktir lagabálkar sem þegar upp er staðið sýnir sig að ekki er staðið við.

Samkvæmt óbreyttum lögum um aðstoð við þroskahefta hefði sjóðurinn átt að hafa á næsta ári yfir 60 millj. kr. og þá er miðað við að ekki hafi bæst á hann þau verkefni sem nú er ætlað með lögum um málefni fatlaðra. Sjóðurinn hafði skv. lögum um aðstoð við þroskahefta yfir að ráða á þessu ári 39 millj. 960 þús. kr., en þrátt fyrir nýju lögin um stóraukin verkefni sjóðsins er einungis bætt við 40 þús. kr., eða hækkun milli ára um 0.1%. Framkvæmdabeiðnir sem borist hafa sjóðnum fyrir árið 1984 eru um 176 millj. kr. Svæðisstjórnirnar sem eru átta talsins um allt land hafa metið brýnustu forgangsverkefni á næsta ári og er sú tala 95.5 millj. kr. Til framkvæmda sem hafnar hafa verið á undanförnum 2—3 árum og sem flestar hverjar er stefnt að að taka í notkun á næsta ári þarf um 45—48 millj. kr. Nokkur þessara verkefna, sem eru sambýli, skammtíma fósturheimili og verndaðir vinnustaðir, hafði verið ráðgert að taka í notkun á fyrri hluta næsta árs, enda gert ráð fyrir rekstrarfé til þessara stofnana nú í fjárlagafrv. Til að ljúka þeim framkvæmdum á fyrri hluta ársins þarf að veita um 30—32 millj. kr. fyrstu sex mánuði ársins.

Ljóst er að þessar áætlanir um brýnustu framkvæmdir og þegar gerða verksamninga munu ekki standast nema sú upphæð sem ráð er fyrir gert á fjárlögum muni verulega hækka nú við meðferð þessa fjárlagafrv. hér á hv. Alþingi.

Á síðustu árum eða frá því að Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra var stofnaður 1980 hefur nokkuð af upphæð sjóðsins einnig farið í að fjármagna byggingar öryrkjasamtakanna, eins og Öryrkjabandalagsins, Sjálfsbjargar, Blindrafélagsins o. fl. Miðað við framlag á fjárlögum er einsýnt að ekkert er aflögu í þær framkvæmdir á næsta ári.

Auk þessa framlags á fjárlögum eiga að renna í sjóðinn tekjur Erfðafjársjóðs. Áætlaðar tekjur Erfðafjársjóðs á næsta ári eru um 40 millj. kr. Engu að síður er einungis gert ráð fyrir að 19.4 millj. af tekjum Erfafjársjóðs renni til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Skerðingin nemur yfir 50%.

Formanni fjvn. fannst ekki eins sjálfsagt að lækka framlag til Erfðafjársjóðs á síðasta ári eins og nú er gert og hann mælti fyrir í dag. Við afgreiðslu síðustu fjárlaga sagði núv. form. fjvn. með leyfi forseta um Erfðafjársjóðinn og erfðafjárskatt:

„Sé talið eðlilegt að lækka framlög til sjóða með félagsleg markmið, t. d. Erfðafjársjóðs, á að sjálfsögðu að gera það með breytingum á lögum. Sé það ekki gert er skatturinn innheimtur á fölskum forsendum.“

Þetta sagði hv. núv. formaður fjvn. á síðasta þingi við afgreiðslu fjárlaga. Þá taldi hann nauðsynlegt að breyta lögunum ef skerða ætti framlag til Erfðafjársjóðs, en nú þykir honum sjálfsagt að gera það með einu pennastriki.

Skv. lögum um málefni fatlaðra hefði átt að renna í sjóðinn um 91 millj. kr. en eins og áður er sagt er einungis gert ráð fyrir 40 millj. kr. Hér er því í heild um geysilega mikla skerðingu að ræða. Af því sem er áður sagt er ljóst að sjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar, hvað þá heldur að hægt sé að bæta við nýjum verkefnum.

Á biðlista er nú í Reykjavík einni saman 46 þroskaheftir einstaklingar sem bíða eftir að komast á sambýli. Auk þess eru um 43 mjög fjölfötluð börn á aldrinum 1—11 ára, sem einnig bíða úrlausnar sinna mála, sem ekki virðist í augsýn að nokkuð sé hægt að gera fyrir. Það er því ljóst að með þessu framlagi verður ekkert hægt að gera fyrir þessa einstaklinga á næsta ári.

Í áætlun sem ég hef hér frá svæðisstjórn Reykjavíkur eru sett fram brýnustu verkefni sem úrlausnar þurfa við á næsta ári. Áætlað er að það þurfi hér í Reykjavík einni saman um 39 millj. kr. á næsta ári. Þar er m. a. gert ráð fyrir sambýlum fyrir þessi fjölfötluðu börn. Einnig er gert ráð fyrir í þessari áætlun að komið verði á fót meðferðarheimili fyrir 6—8 þroskaheft ungmenni sem hafa alvarleg hegðunar- eða geðræn vandamál vegna þess að þau hafa ánetjast vímugjöfum. Ekkert verður hægt að gera fyrir þessa einstaklinga á næsta ári með því framlagi sem ætlað er í þennan sjóð.

Þar sem ég er hér að ræða um sambýli þá sé ég hér að þm. Alþb. hafa flutt brtt. sem eftir því sem ég fæ best séð er um rekstrarkostnað í sambýli í Kópavogi. Þetta er auðvitað mjög brýnt því það eru 18 einstaklingar í Kópavogi sem bíða eftir að komast inn á sambýli. En ég fæ ekki séð hvað stoðar að sjá fyrir rekstrarkostnaðinum einum ef ekki eru til peningar til að byggja eða kaupa hús fyrir sambýli fyrir þessa einstaklinga.

Ég hef því leyft mér að flytja brtt. ásamt hv. þm. Helga Seljan um að sjóðurinn fái a. m. k. þá krónutölu sem honum er ætlað lögum samkvæmt, eða 55 millj. kr., og er þá verðtryggingunni sem koma átti frá 1. jan. s. l. sleppt. Brtt. hljóðar því upp á að í stað 40 millj. kr. komi 55 millj. Ég undirstrika að þessi upphæð nægir einungis til að hægt sé að standa við þegar gerða verksamninga og þær framkvæmdir sem á að taka í notkun þegar á næsta ári og stefnt er að að ljúka á næstu mánuðum, enda er gert ráð fyrir rekstrarfé á fjárlögum næsta ár til þessara stofnana. Fáist ekki aukið framlag í framkvæmdasjóðinn er einhlítt að ekki er hægt að standa við gerða verksamninga og er það mjög alvarlegt mál.

Ég hef einnig leyft mér að flytja á þskj. 202 brtt. ásamt hv. þm. Stefáni Benediktssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur um að framlag til K-byggingarinnar hækki um 11 millj. og 700 þús. kr. og verði framlag því samtals til K-byggingarinnar á næsta ári 14 millj. kr. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það

hve nauðsynlegt er að aukið framlag fáist nú við afgreiðslu fjárlaga til þessara framkvæmda. Fyrir nokkrum dögum urðu hér nokkrar umr. í Sþ. um K-bygginguna. Fram kom þá hjá heilbr.- og trmrh. að yrði tekin ákvörðun um að hefjast handa væri hægt að byggja K-bygginguna á árunum 1984—1992, en sá byggingarhraði þýddi að leggja þyrfti til 52 millj. kr. á ári í bygginguna og með því móti yrði hægt að taka krabbameinslækningadeildina í notkun um áramótin 1989—1990.

Fram hefur komið í skýrslu læknaráðs Landspítalans að allt stefni að óbreyttu í það að á næstu árum þurfi í auknum mæli að senda sjúklinga út til krabbameinslækninga. Í máli heilbrrh. hér á Alþingi fyrir nokkru kom einnig fram að frá árinu 1979 hefur þurft að senda 144 sjúklinga utan til krabbameinslækninga. Í geislameðferð komu á s. l. ári 289 sjúklingar og talið er að helmingur til ⅔ hlutar þeirra þurfi á að halda geislameðferð í línuhraðli sem staðsetja á við K-bygginguna. Ef gripið verður til þess ráðs á næstu 2—3 árum að senda þessa sjúklinga til útlanda mun það hafa geysilegan kostnað í för með sér. Meðaltalskostnaður vegna fjögurra sjúklinga sem sendir voru utan á þessu ári var um 440 þús. kr. Ef helmingur þeirra sjúklinga sem þurfa á sérstakri geislameðferð að halda verður sendur til útlanda til krabbameinslækninga, þá þýðir það miðað við þessar tölur 63—64 millj. árlega, eða 10 millj. kr. hærri upphæð en þarf árlega næstu fjögur árin til að krabbameinsdeildin í K-byggingunni komist í notkun. Ég tel því einsýnt, herra forseti, að lítill sparnaður sé í því að veita ekki framlag á fjárlögum nú til að hægt sé að hefja þessar framkvæmdir.

Í þeirri brtt. sem ég mæli hér fyrir er einungis lögð til 11.7 millj. kr. hækkun eða að samtals verði veitt til K-byggingarinnar 14 millj. á næsta ári. Ljóst er að þetta framlag mun hvergi nægja til að hægt sé að standa við þær áætlanir sem heilbrrh. lýsti hér fyrir nokkrum dögum, en þær miðuðu við að hægt yrði að taka bygginguna í notkun á árunum 1989—1990, og var þá miðað við 52 millj. kr. árlegt framlag. Með þessari brtt. eru því ekki gerðar miklar kröfur, einungis að hægt sé að láta fara fram útboð og ljúka jarðvegsvinnu á næsta ári.

Ég vil vænta þess að fjvn. taki þetta mál aftur upp milli 2. og 3. umr. og kanni alla möguleika til að veita meira fjármagni til K-byggingarinnar en hér er lagt til. En ljóst er að þessi upphæð sem ég hér mæli fyrir er algjört lágmark til að nokkuð sé hægt að hefja undirbúning og ljúka jarðvegsframkvæmdum á næsta ári.

Ég hef einnig leyft mér á þskj. 197 að flytja till. um að veitt verði sérstakt framlag til útgáfu sérkennslugagna. Ljóst er að miðað við það framlag sem í fjárlagafrv. er ætlað til Námsgagnastofnunar er þess ekki að vænta að framlag fáist til útgáfu sérkennslugagna á næsta ári. Sérkennslugagnagerð hefur ávallt setið á hakanum og lítið sem ekkert fjármagn runnið til þessa málefnis. Sérkennarar hafa því þurft að grípa til neyðarráðstafana með því að útbúa einfalt efni til að bjarga því að hægt væri að halda uppi einhverri sérkennslu, auk þess sem gripið hefur verið til þess ráðs að þýða erlent sérkennsluefni.

Ég tel ekki vansalaust fyrir Alþingi ef ekki verður hægt að halda uppi sérkennslu í skólum landsins fyrir fatlaða nemendur vegna skorts á námsefni. Í fyrsta sinn á yfirstandandi ári var veitt til sérkennslugagnagerðar nokkurri upphæð og með þessari till. sem nú er flutt er þess freistað að hægt verði að halda því starfi áfram. Í áliti starfshóps sem fyrrv. menntmrh. skipaði til að vera ráðgefandi um gerð og útgáfu kennslugagna fyrir nemendur með sérþarfir á grunnskólastigi, en starfshópur þessi skilaði áliti í maí s. l., kemur fram áætlun um þörf fyrir sérkennslugögn á næstu árum. Að dómi þessa starfshóps þarf næstu fimm árin um 14 millj. kr. til að gera átak á þessu sviði og er þá miðað við verðlag í jan. 1983. Gera má því ráð fyrir að um 4 millj. þurfi á ári í þetta verkefni. Í þeirri brtt. sem ég hef flutt og mæli hér fyrir er einungis gert ráð fyrir 1.2 millj. kr. og því aðeins um að ræða ¼ af þeirri upphæð. Vænti ég að þm. geti sameinast um till. Svo að útgáfa sérkennslugagna geti haldið áfram á næsta ári, en það ætti að geta orðið ef veitt verður til þess þeirri upphæð sem hér er gert ráð fyrir.

Ég mæli einnig fyrir brtt. á þskj. 197 sem ég flyt ásamt hv. þm. Eiði Guðnasyni. Hún er við 6. gr. frv. og kveður á um heimild til að ráðstafa upptækum hagnaði af sölu ávana- og fíkniefna til fyrirbyggjandi aðgerða gegn frekari dreifingu slíkra efna. Í þjóðfélaginu hafa undanfarið orðið miklar umr. um fíkniefnavandamálin og einnig hér á Alþingi. Ljóst er að mikill vilji er fyrir því að átak verði gert í þessum málum, bæði með því að efla starf toll- og löggæslu og allar rannsóknaraðferðir og fræðslu um skaðsemi ávana- og fíkniefna. Átak í þessum efnum kostar nokkurt fjármagn en ég tel að ekki sé hægt að spara á þessu sviði ef sporna á við útbreiðslu og dreifingu þessara eiturefna. Ég tel að á Alþingi sé mikill vilji til að gera átak í þessum málum. Verði sú brtt. sem hér er lögð til samþykkt mun hún staðfesta þann vilja.

Það hafa reyndar komið einnig fram nú við 2. umr. tvær aðrar brtt., í fyrsta lagi um fjármagn til fræðslustarfsemi og í annan stað um 5 millj. kr. framlag sem gert er ráð fyrir að fari í aðgerðir vegna smygls og dreifingar á fíkniefnum. Ég tel að þær þrjár till. sem hér liggja fyrir sýni raunar ljóslega að það er mikill vilji fyrir því að gera átak í þessum málum og því vænti ég þess fastlega að við afgreiðslu fjárlaga nú verði samþykkt sú till. sem ég mæli fyrir. Hún kveður ekki á um neina ákveðna upphæð sem verði sett í þetta mál, einungis er um að ræða heimildarákvæði að ráðstafa upptækum hagnaði af sölu ávana- og fíkniefna til fyrirbyggjandi aðgerða í þessu skyni.

Hér er vissulega um óvissan tekjustofn að ræða í þetta málefni en engu að síður væri hægt að nýta þetta fjármagn til fyrirbyggjandi aðgerða. Á síðustu tveim árum hefur verið gerður á hvoru ári um sig upptækur hagnaður vegna sölu ávana- og fíkniefna fyrir um 200 þús. kr. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða en engu að síður gæti hér verið um nokkrar tekjur að ræða sem aukist gætu umfram það sem verið hefur ef átak yrði gert til að hefta dreifingu á þessum fíkniefnum og koma í veg fyrir ólöglegan innflutning þeirra. Segja má því með fullri vissu að þessum peningum yrði hvergi betur varið en til þessara mála, enda í fyllsta máta eðlilegt að það fjármagn sem gert er upptækt vegna sölu á fíkniefnum renni til fyrirbyggjandi aðgerða á þessu sviði heldur en að það fari beint í ríkiskassann. Verði ekkert að gert í þessum málum getur það einnig kostað ríkissjóð mikla fjármuni í aukinni heilsugæslu, að ekki

sé talað um hvernig þessi vágestur getur lagt í rúst líf fjölda ungmenna og aukið afbrot hér á landi ef ekki er brugðist við með skjótum hætti.

Að lokum, herra forseti, hef ég leyft mér að flytja á þskj. 202 till. til lækkunar á útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðir um 27.9 millj. kr. sem er sama upphæð og hækkun framlaga nemur vegna þeirra brtt. sem ég hef flutt. Brtt. þær sem ég hef hér lýst í mínu máli munu því ekki hafa áhrif á niðurstöðutölu fjárlaga.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég hef lagt fram hér við 2. umr. þessa máls.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við fjárlagafrv. ársins 1984 á þskj. 200. Þessar till. eru fram bornar af Kristínu S. Kvaran, Stefáni Benediktssyni, Guðmundi Einarssyni og Kristófer Má Kristinssyni.

Undirstaða efnahagslífs okkar, þar með talið afkomu okkar í veraldlegum jafnt sem andlegum efnum, er atvinnulíf og framleiðsla. Framtíð okkar stendur eða fellur með ásetningi okkar í atvinnumálum. Ljóst er að eina atvinnugreinin sem tekið getur við starfskröftum á næstu árum er iðnaður. Það hefur verið sagt mjög oft og það segja það nánast allir. Menn verða því að horfast í augu við þessa staðreynd og framkvæma þá hluti sem hæst ber í tyllidagaumræðum.

Auðvitað birtast fjárlög í tölum. En á bak við tölurnar er lifandi fólk. Og því er það lífsnauðsyn að við gerð fjárlaga ráði markvisst frumkvæði. Eitt dæmi og það reyndar mjög táknrænt fyrir andleysið sem ræður gerð þessara fjárlaga er sú yfirlýsing að ekki verði ráðið í neinar nýjar stöður sem losna hjá því opinbera. Í fyrsta lagi er þetta vitlaus yfirlýsing í ljósi þeirra gífurlegu fjárfestinga sem lagðar hafa verið í þjónustu hins opinbera. Á ekki að nýta þá fjárfestingu? Hverjar eru skyldur þeirra sem lagt hafa í þessar fjárfestingar gagnvart þegnunum? Einnig er þetta vitlaust vegna þess að samsetning starfsliðs hjá því opinbera, bæði hvað menntun og starfsaldur snertir, gerir það oft að verkum að ekki þarf nema einn aðili, við skulum segja yfirlæknir á deild, að falla frá til þess að þjónusta viðkomandi stofnunar lamist. Á hún þá að leggjast niður með öllu? Eða haldið þið t. d. að ekki verði ráðinn bílstjóri á ráðherrabíl ef einhverjum bílstjóranna dettur í hug að fá sér aðra atvinnu? Ef draga á úr kostnaði í þjónustu má það ekki ráðast af duttlungum heldur verður það að gerast með endurskipulagningu þar sem markmiðið er að gera meira úr minna.

Fjárlög eru náttúrlega meira en bara rekstraráætlun. Þau stefna sífellt til framtíðar, það er ekkert endanlegt markmið að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Það er miklu fremur endanlegt markmið að ná misvægi í þjóðarbúskap, meiri tekjum en útgjöldum. Í hættuástandi eins og menn tala um að sé í dag er ekki ráðið að standa í sömu sporum heldur verður að leita að útgönguleiðum, það verður að reyna að breyta vígstöðunni. Í þessum leik er enginn hálfleikur og heldur engin leikslok og undanhaldsleiðir eru engar. Eina vörnin er sókn.

BJ hefur lýst þeirri skoðun sinni að það telji kerfisbreytingar nauðsynlega forsendu efnahagslegra úrbóta, þ. e. að aflvakinn væri og ætti að vera frelsi og ábyrgð einstaklinga. Þessar kerfisbreytingar hafa ekki orðið eins og allir vita og þeirra er ekki að vænta á næstunni. Þess vegna göngum við hér í tillögugerð okkar út frá gefnum forsendum núverandi stjórnsýsluskiptingar. Meginmarkmið þessara till. er að stefnt verði til sóknar í iðnaði með því að auka hlut og aðstöðu iðnaðar. Rannsóknir, ráðgjöf og þjónusta í iðnaði verði aukin á kostnað yfirstjórnar ráðuneyta og að hluta til á kostnað landbúnaðar og sjávarútvegs. Ég veit að menn eiga eftir að gera mér upp andúð á þessum atvinnugreinum og vil því vísa því frá mér strax. Hugsun okkar er þessi:

Tveir atvinnuvegir eiga að baki 1100 ára hefð og aðlögunartíma í íslensku atvinnulífi. Ráðgjöf og þjónusta til þessara atvinnuvega er að mestu leyti gefins á meðan sams konar þjónustu til iðnaðar er gert að standa nær því undir sér. Ef horft er til annarra fríðinda atvinnufyrirtækja í gömlu atvinnugreinunum, þessum með þúsund ára aðlögunartímann, og síðan til þess árangurs sem öll sú fyrirgreiðsla hefur skilað, t. d. sífelldar aðgerðir til aðstoðar í rekstri fiskvinnslufyrirtækja, sífelld offramleiðsla í landbúnaði með fækkandi starfskröftum, þá verður ekki séð að framlög ríkisins til fyrirtækja eins og t. d. Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands hafi skilað tilætluðum árangri og því allt í lagi a. m. k. um skeið að gera ráð fyrir að þær selji sína þjónustu hærra verði og lækka megi ríkisframlög til þeirra á móti.

Ungi, nýi atvinnuvegurinn, þ. e. iðnaðurinn, hefur aldrei fengið að slíta barnsskónum. Honum er gert að bera stærri bagga en uppkomnum bræðrum hans, sjávarútvegi og landbúnaði. Þar má nefna t. d. aðstöðugjöld til sveitarfélaga, sem eru hærri á iðnaði en á framleiðslugreinum sjávarútvegs og landbúnaðar, launaskatt sömuleiðis, söluskatt, óniðurgreidda ráðgjöf sem ég hef nefnt áður og þjónustu auk innlends vörugjalds. Auk þess átaks í iðnaði sem brtt. BJ stefna að beinast þær einnig að því að lagfæra nokkra vankanta á núverandi fjárlögum eins og efni leyfa miðað við það sem við treystum okkur í. Sum þessara atriða eru tengd séráhugamálum BJ eins og nánar verður komið að í umfjöllun um brtt.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara stuttlega yfir till.

1. liður. Þar er um að ræða lítils háttar lækkun á innflutningsgjaldi af bensíni. Þetta er nánast kannske frekar yfirlýsingaratriði til að gefa til kynna ákveðinn vilja því að ef við skoðum þetta við hliðina á lið nr. 2, sem er niðurfelling gúmmígjads, þá er hér um að ræða gagnrýni á ákveðna skattpíningarstefnu á vegum ríkisins, sem kemur mjög hart niður á fólki sem miðað við byggð í landinu og almenna bílaeign er afskaplega háð sínum farartækjum.

3. liður. Hagnaður af sölu varnarliðseigna. Liðurinn falli niður. Hér með er lagt til að Sala varnarliðseigna verði lögð niður fyrir fullt og allt og að Ameríkanar flytji sitt rusl sjálfir, hvert sem þeir vilja eða fá heimildir til.

4. Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu. Liðurinn falli niður. Ég geri mér alveg grein fyrir því, að hér er um að ræða ákveðna samningsbundna framkvæmd milli okkar og nágrannalanda okkar. En ég geri mér líka grein fyrir því, að nágrannalönd okkar hafa brotið samninga á okkur í þessum málum, eins og mjög mörgum öðrum, þannig að ég tel okkur ekkert vanbúna að nota þá mökuleika sem við höfðum til að styðja við þessa starfsgrein, sem svo nauðsynlegt er að efla í dag.

Gjald af eyðublöðum heillaskeyta er einn af dæmigerðum sporslusköttum sem ríkið stendur í að innheimta og er langt fyrir neðan þess virðingu.

Flugvallagjald. Þetta er gjald sem sett var á við ákveðnar aðstæður fyrir nokkuð löngu síðan og var eitt af því sem átti að fella niður bráðlega. Það er tími til kominn að fella það niður. Það er ekki stór upphæð.

Einkaleyfisgjald frá Happdrætti Háskóla Íslands. Það er illskiljanlegt annars vegar að skattleggja háskólahappdrættið og síðan þurfi ríkið að leggja framlög til Háskólans á móti. Hvers vegna ekki einfaldlega að fella þennan skatt niður og leyfa happdrættinu, sem er byggingarsjóður Háskóla Íslands, að nýta þessa fjármuni til að byggja yfir sig? Má þar nefna sem hliðstæðu að gjarnan er fellt niður innflutningsgjald af vinnuvélum við sérstakar aðstæður.

Prófgjald iðnnema. Það snertir umræddan áhuga okkar á iðnaði að fella það niður. Það er lítil upphæð en engin ástæða til að vera að þurrtutla þessa námsmenn á meðan þeir eru að koma undir sig fótunum.

Síðan koma liðir þar sem er um nokkuð taktvissar endurtekningar að ræða. Hér er um að ræða að lækka laun og önnur rekstrargjöld hjá ráðuneytum um 10% yfir alla línuna, þ. e. í öllum ráðuneytum. Ég hirði ekki um að lesa það. Það er hér upp talið. Það er fyrst forsrn., síðan kemur liður 10, það er húsameistari ríkisins, liðurinn falli niður. Hér er ég að leggja til að embætti húsameistara ríkisins verði einfaldlega lagt niður. Það er óþurftargemlingur á ríkisframfæri.

11. liður, menntmrn. Þar er aftur yfirstjórnarlækkun.

12. liður Fiskvinnsluskólinn. Þar verði gjaldfærður stofnkostnaður hækkaður.

13. liður. Stofnkostnaður dagvistarheimila verði hækkaður.

14. liður. Lækkaður verði yfirstjórnarkostnaður í utanrrn. Sama gildir um 15. lið um yfirstjórnarkostnað við landbrn.

Þá komum við að 16. lið sem er Búnaðarfélag Íslands. Hér er verið að leggja það til í lið a, b og c að sértekjur Búnaðarfélags Íslands verði hækkaðar, þ. e. því verði einfaldlega gert að selja sína þjónustu hærra verði heldur en gert hefur verið hingað til og lækka þar með framlög ríkissjóðs til Búnaðarfélagsins.

17. liður. Veiðistjóri. Það er liður sem hiklaust má falla út. Þetta er ákveðið verkefni sem á að vera á höndum sveitarfélaga. Það er þeirra hagsmunamál hvort vargur er innan þeirra vébanda eða ekki og engin ástæða til að ríkið sé að gera út á slíkt.

18. liður. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Það kemur fram í málefnagrundvelli BJ að við viljum leggja útflutningsuppbætur niður í þrepum. Hér er um 25% lækkun að ræða.

19. liður. Sjútvrn. Lækkun yfirstjórnar. Þar næst kemur Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Þar er um að ræða að sértekjur hækki, þ. e. að framlag ríkisins til Framleiðslueftirlitsins lækki á móti. Sama gildir um 21. lið, Fiskifélag Íslands. Þá erum við komin að 22. lið, dóms- og kirkjumrn. Yfirstjórnarkostnaður lækkar um 10%. Síðan kemur félmrn., aðalskrifstofa. Yfirstjórnarkostnaður lækkar.

24. liður. Framkvæmdasjóður fatlaðra. Sá liður hækki um 25%, úr 40 millj. í 50 millj.

25. liður. Hagdeildir Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og BSRB. Þar hafa verið greiddar einhverjar nokkrar krónur á ári hverju. Sú upphæð hefur reyndar farið hækkandi og mér hefur skilist að jafnvel standi til að aðilum að þessari þjónustu fari fjölgandi líka. Ég sé enga ástæðu til þess að ríkið sé að kosta hagdeildarvinnu þessara fyrirtækja. Ríkið kostar sína Þjóðhagsstofnun. Hún gefur út þau gögn sem hún er beðin um að láta í té og ástæðulaust að vera að reka sams konar þjónustu hjá öðrum aðilum.

26. liður. Heilbr.- og trmrn. Það er yfirstjórnarkostnaður.

27. liður. Þessi liður er samhljóða þeim sem kemur fram í þáltill. fluttri af hv. 2. landsk. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég reikna með að draga þetta til baka við atkvgr.

28. liður. Fjmrn. Það er yfirstjórnarkostnaður.

29. liður. Tollamál, nýr liður. Aðgerðir vegna smygls og dreifingar á fíkniefnum, 5 millj. Það hefur komið í ljós að eitt af því sem stendur raunverulegri baráttu gegn fíkniefnum fyrir þrifum er mjög léleg aðstaða tollyfirvalda til rannsókna og nákvæmra kannana á möguleikum smygls. Því er full þörf á því að veita fé til þessa því að afleiðingar þess ef við gerum það ekki verða okkur ansi dýrkeyptar.

30. liður. Fasteignamat ríkisins. Við leggjum til að Fasteignamat ríkisins verði einfaldlega lagt niður. Sú vinna sem þar fer fram er að mestu leyti unnin af byggingaryfirvöldum viðkomandi sveitarfélaga. Fasteignamatið í sjálfu sér er ekkert annað en skattfótur og er hægt að nota hvaða skattfót sem er. Við leggjum til að í því tilfelli að þetta yrði samþykkt væri um það að ræða að nota brunabótamat sem alls staðar er fyrir hendi í öllum sveitarfélögum. Þær upplýsingar sem Fasteignamat ríkisins hefur safnað og dreift geta þess vegna farið rakleitt frá byggingarfulltrúum til byggða- og áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar í dag, sem er að verða einhver auðugasti upplýsingabanki sem við eigum.

31. liður. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins leggjum við líka til að verði lögð niður. Þetta er fyrirtæki sem hefur þvælst fyrir í flestöllum innlendum framkvæmdum og haft þau áhrif oft á tíðum að framkvæmdir hafa orðið úr hófi dýrar og dregist á langinn gjörsamlega að óþörfu. Án þess að ég hafi hér svigrúm til að rekja þá sorgarsögu get ég bara minnt á eitt byggingarverkefni, sem er Geðdeild Landspítala Íslands, en samskipti verkkaupa þar og verksala við Innkaupastofnun var hreint með ósköpum.

32. liður. Samgrn., aðalskrifstofa. Yfirstjórnarkostnaður lækki.

33. liður. Strandferðir. Framlög til Skipaútgerðar ríkisins lækki a. m. k. um helming. Þetta fyrirtæki ætti náttúrlega í sjálfu sér ekki að vera til og alls ekki nauðsynlegt að ríkið standi í útgerð með þessum hætti, sem verður sífellt meiri baggi á ríkissjóði.

34. liður. Iðnrn. Yfirstjórnarkostnaður lækki.

35. liður. Iðntæknistofnun. Sértekjur verði engar, þ. e. að þjónusta Iðntæknistofnunar verði nánast gefin.

B-liður. Iðntæknþjónusta í lið 102 verði hækkuð um 20 millj. Liður 103, nýiðnaðarrannsóknir verði líka hækkaður um 20 millj.

36. liður. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Aftan við linn bætist liður 101 Almennur styrkur, 22 millj. 779 þús. kr. og liður 102 Rannsóknir og kynning á

orkusparnaði 10 millj.

37. liður. Iðja og iðnaður, framlög. Þetta eru framlög aðallega til sveitarfélaga og landsbyggðarinnar.

Liður 104 Iðnþróun og tækninýjungar. Fyrir 2 millj. komi 4 millj. Liður 126 Iðnþróunarverkefni. Fyrir 2.5 millj. komi 5 millj. Liður 127 Iðnráðgjafar. Fyrir 2 millj. 595 þús. komi 7 millj. Þá er verið að reikna með að í hverjum fjórðungi verði a. m. k. tveir fullstarfandi iðnráðgjafar.

38. liður. Ýmis orkumál, orkusparnaður. Þar verði liðurinn hækkaður úr 2.5 millj. í 15 millj. Það er gífurlega áríðandi fyrir okkur að ná niður orkusóun eða orkueyðslu okkar sem allra fyrst. Þar er einhver stærsti virkjanamöguleiki á Íslandi fyrir hendi í dag, sem hægt er að virkja með mjög skjótum hætti.

39. liður. Viðskrn. Yfirstjórnarkostnaður lækki.

40. liður. Niðurgreiðslur á vöruverði verði lækkaðar um 25%.

41. liður. Skráning hlutafélaga. Liðurinn falli niður. Það er engin ástæða til annars en að hlutafélög borgi þann litla kostnað sem hlýst af því að skrá þau.

Herra forseti. Ég hef hér rakið í mjög stuttu máli þær till. sem birtast á þskj. 200. Ég held að ekki sé nauðsynlegt að skýra þær neitt ítarlegar nema þá að til komi einhverjar spurningar. Þó er reyndar smárúsína hérna í endann.

Í 3. gr. fjárlaga, lið 884, þ. e. tekjuhlið fjárlaga, er gert ráð fyrir tekjum af verðjöfnunargjaldi upp á 240 millj. Síðan undir iðnrn., sem er liður 11 371, viðfangsefni 101, er þessu verðjöfnunargjaldi aftur veitt til niðurgreiðslu á raforkuverði. Og í umr. um Orkusjóð er talað um að verðjöfnunargjald af raforku hækki um 120 þús. frá síðustu fjárlögum verði 240 þús. kr. Nú hef ég hér fyrir framan mig uppýsingar frá Sambandi ísl. rafveitna dagsettar 7. des. Þær eru allforvitnilegar og reyndar kannske dálítið áhyggjuefni fyrir mig a. m. k., sitjandi í Ed. og hafa ekki fengið þær í hendur fyrr. Þar er sagt að innheimta verðjöfnunargjalds raforku stefni á þessu ári í 266 millj., ekki 120 eins og gert var ráð fyrir á seinustu fjárl. Þ. e. áætlun upp á 240 millj. í ár er röng. Samkvæmt upplýsingum Sambands ísl. rafveitna og Rafmagnsveitna ríkisins stefnir þetta gjald í það að verða á næsta ári 376 millj., þ. e. 140 millj. hærra. Þetta er smájólagjöf til ríkisstj.

Það er ráðgert auk þess að niðurgreiðslur á raforku til húshitunar nemi 230 millj. Þannig nema verðjöfnunargjöldin, sem reyndar eru óskyld í sjálfu sér, um 470 millj. kr. Samband ísl. rafveitna minnir á að á sínum tíma var 1.5% orkugjaldi bætt inn í söluskatt: Ef þetta orkugjald, sem á sínum tíma féll einhvern veginn inn í söluskattinn, væri notað aftur nú þá næmi það u. þ. b. 470 millj. kr., eða sömu upphæð og verðjöfnunargjald og niðurgreiðslur.

Ef verðjöfnunargjaldið á að vera 240 millj. eins og gert er ráð fyrir í fjárl. verður skattprósentan að lækka úr 19 í 12, annars verða verðjöfnunargjöldin á næsta ári samanlagt a. m. k. 606 millj. kr. Það er oft talað um að það séu peningar til í þessu landi. En það er ekki alltaf vitað hvar þeir eru. Og tilfellið er að maður á oft á tíðum mjög erfitt með að greina hvar þeir geta verið. En svona er það nú, að mörg er matarholan. Nú gætum við hugsað okkur það annars vegar að lækka verðjöfnunargjaldið úr 19 í 12 til að halda okkur við þessa tölu, 240 millj. Það er náttúrlega sjálfsögð og eðlileg krafa þeirra sem þessi gjöld greiða. Hins vegar gætum við líka hugsað okkur að láta þá greiða þennan skatt. Það er í sjálfu sér mismunun þegna landsins, en við það eignuðust menn 140 millj. í ríkiskassanum, sem hægt væri að gera heil ósköp með, ef menn vildu. Má þar minna á smáræði eins og 11.7 millj. til K-deildar og þar fram eftir götunum. Ég gæti nú talið hér ansi lengi áfram upp ýmis mál, sem æskilegt væri að sinna, en eftir sem áður verða menn að gera það upp við sig hvorum megin réttlætið á að liggja. Á að mismuna þegnum áfram með þess konar skattheimtu sem hér um ræðir eða á að láta sem nokkurn veginn jafnt yfir alla gangi með því að lækka verðjöfnunargjaldið, þannig að krónutalan stemmi á endanum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það var ekki meining mín að fara í neinar almennar umr. um fjárlagaafgreiðsluna, en þó eru þar atriði sem mig langar aðeins til að drepa á, reyndar eitt atriði öðru fremur sem ég mun gera hér að umræðuefni, og mér þætti vænt um ef formaður fjvn. væri hér nærri.

Ég veiti því athygli að í brtt. fjvn. er gert ráð fyrir að hækka frá því sem er í frv. til fjárlaga framlög til Listskreytingasjóðs ríkisins um 500 þús. kr., úr 2 millj. í 2.5 millj. Nú var það svo að þegar fjárlög voru lögð fram þá hygg ég að hæstv. fjmrh. hafi tekið það fram að hann væri með ýmsa liði óbreytta frá gildandi fjárlögum og var út af fyrir sig ekkert við því að segja. Þá virtist hann gera ráð fyrir því að þessar upphæðir ýmsar breyttust í meðförum þingsins. Það er sjálfsagt ekkert óvanalegt að svo sé og þetta mun hafa eitthvað tíðkast í áranna rás varðandi ýmis framlög til menningarmálanna. Ég átti þess vegna von á því að þessi liður, eins og margir fleiri liðir sem ég sé að hv. fjvn. hefur fjallað um til hækkunar, lyti sömu lögum og reynt yrði að áætla af nokkurri sanngirni út frá þeim forsendum sem lögin um Listskreytingasjóð gera ráð fyrir, hvað veita skyldi eða áætla háa fjárveitingu til Listskreytingasjóðs. En það held ég að sé hverjum manni ljóst sem vill kynna sér þetta mál að hvort hedur um er að ræða 2 millj. eða 2.5 millj. kr. þá er hér sýnilega um allt of lágar upphæðir að gera. Nú skal ég viðurkenna það að ég hef ekki möguleika á því svona frá eigin brjósti eða með eigin útreikningi að segja fyrir um það hversu há þessi upphæð ætti að vera. En ég hef hér í höndunum bréf sem varð mér tilefni þess m. a. að taka til máls við þessa umr. og spyrja formann fjvn. nánar út í þetta mál. Þetta bréf er sent fjvn. frá menntmrn. 7. þ. m. og varðar Listskreytingasjóð ríkisins. Bréfið hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirbúning fjárlaga 1984 á s. l. sumri áætlaði menntmrn. framlag til Listskreytingasjóðs ríkisins 5 millj. 360 þús. kr., sbr. meðfylgjandi afrit af bréfi ráðuneytisins, sem dagsett er 13. júlí 1983, til fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Með tilvísun til þess að frv. til fjárlaga vegna ársins 1984 gerir aðeins ráð fyrir 2 millj. kr. framlagi til sjóðsins hefur stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins rætt þetta mál og samþykkt að beina þeim tilmælum til hæstv. fjárveitinganefndar Alþingis að hækka framlag til sjóðsins í samræmi við það sem lög nr. 34 1982, 3. gr. þeirra laga, gera ráð fyrir. Jafnframt er sent með lögfræðilegt álit, sem Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari hefur samið fyrir tilstuðlan sjóðsstjórnar, viðvíkjandi því hvernig beri að túlka lög

nr. 34 1982 að því er varðar árlegar greiðslur til sjóðsins."

Undir þetta ritar Hákon Torfason deildarstjóri í menntmrn. Þetta er meginefni bréfsins. Eins og fram kom fylgir lögfræðilegt álit frá Benedikt Sigurjónssyni. Ég sé enga sérstaka ástæðu til að lesa það en það styður þá skoðun stjórnar Listskreytingasjóðs að það beri að áætla sjóðnum tekjur eftir þeim forsendum sem getið er um í 3. gr. laga nr. 34 1982, um Listskreytingasjóð.

Eins og fram kemur í bréfinu sem ég var hér að lesa frá deildarstjóranum í byggingardeildinni, sem jafnframt er formaður Listskreytingasjóðs, áætlar rn. þetta rúmlega 5.3 millj. kr. á verðlagi í sumar. Hér skeikar náttúrlega afar miklu. Af þessum ástæðum vil ég leyfa mér að víkja þeirri athugasemd til formanns fjvn. hvort þetta mál hafi ekki verið tekið fyrir og rætt í n., þar á meðal þetta bréf sem borist hefur núna fyrir tiltölulega skömmu, um það bil sem fjárlagavinnan stendur hæst í desembermánuði. Ég tel að hér muni svo miklu að það sé illt við að una og þó að þessi lög séu að vísu ný og enn skorti ýmislegt á um hefðir og venjur og kannske settar reglur um það hvernig framkvæma skuli þessi lög, þá held ég að það sé alveg ljóst að hér er skorið of naumt, hér er skorið við nögl. Þess vegna vænti ég þess að hv. fjvn. athugi þetta mál nú á milli umræðna og sjái til hvort ekki muni vera möguleikar á því að bæta hér eitthvað um.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég held að allir viðurkenni að svigrúm til hækkana í því fjárlagafrv. sem hér er verið að ræða og miðað við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu er ekki mikið. Þess vegna er það þingleg skylda manna að fara með gát að öllum verulegum hækkunum, en engu að síður er þó óhjákvæmilegt að gera ýmsar athugasemdir og flytja brtt. eins og einstakir þm. hafa gert. Þingflokkur Alþfl. hefur hins vegar ekki við þessar umr. sem þingflokkur flutt brtt. við þetta fjárlagafrv. og veldur því kannske fyrst og fremst að ljóst er í dag að ekki stendur í rauninni steinn yfir steini, hvorki í tekjuhlið eða gjaldahlið þessa fjárlagafrv. Fram hefur komið hjá talsmönnum minni hl. fjvn. að tekjuhlið frv. fékkst ekki endurmetin svo sem venja hefur verið fyrir 2. umr. Á ríkisstjórnarfundi í morgun gerist það svo að ákveðnar eru nýjar launaforsendur fyrir næsta ár og þær eru birtar þm. í nál. frá meiri hl. fjvn. þar sem segir, með leyfi forseta: „Svigrúm til launahækkana á næsta ári er því minna en reiknað er með í frv., 2—4% í stað 4—6%."

Ég sé ekki betur en að þetta hafi í för með sér að nú þurfi að breyta allri gjaldahlið fjárlagafrv. til samræmis við þetta. Er það ekki rétt, hæstv. iðnrh.? (Gripið fram í.) Tekjuhliðinni þarf að breyta líka og þess vegna er það frv. sem hér er til umr. núna í rauninni marklaust eða afar marklítið plagg vegna þess að þar eru allar tölur skakkar. Þetta kom í dag og við getum haldið áfram og spurt: Hvað kemur á morgun og hvað kemur hinn daginn? Hvernig kemur þetta frv. til með að líta út þegar það kemur til 3. umr. sem verður væntanlega á mánudag eða þriðjudag í síðasta lagi eftir því sem talað er um nú að haga þingstörfum síðustu daga fyrir jól? Það verður allt annað frv. en við erum að ræða hér í dag.

Því er kannske ekki til mikils að vera að flytja í stórum stíl brtt. við tölur sem allar eiga eftir að breytast. Okkur er sagt í dag að á morgun komi nýir skattstigar, ný viðmiðun, gott og vel. Að líkindum verður það sem á morgun verður lagt fram staðfesting á því sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram í umr. á hinu háa Alþingi undanfarna daga, að skattatillögur ríkisstj. mundu leiða óbreyttar eins og þær liggja nú fyrir til verulegrar skattahækkunar: Þessu hefur verið haldið fram af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna undanfarna daga.

Ráðh. hafa hver á fætur öðrum keppst um að halda því fram og sömuleiðis aðrir talsmenn stjórnarflokkanna, formaður fjvn hv. þm. Lárus Jónsson og fleiri, að hér væri um skattalækkanir að ræða. En ekki eru allir þm. stjórnarflokkanna á sama máli. Ég leyfi mér að vitna hér í frétt í Dagblaðinu og Vísi í dag þar sem segir, með leyfi forseta: „Skattafrv. eykur skattbyrðina, óhjákvæmilegt að gera á því breytingar, segir Gunnar G. Schram." Ég vek athygli á að það er ekki stjórnarandstöðuþingmaður sem er að tala hér, það er einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. sem er að taka undir með stjórnarandstöðunni, sem er að viðurkenna sjónarmið stjórnarandstöðunnar, að það hafi verið rétt sem við höfum haldið fram hér undanfarna daga. Vonandi staðfestir hæstv. ríkisstj. á morgun að við höfum haft rétt fyrir okkur í þessu máli.

En það er fleira sem virðist vera götótt og gallað við þetta fjárlagafrv. Hv. þm. Stefán Benediktsson rakti það áðan að í frv. er gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald sé 240 millj. kr., en Samband ísl. rafveitna segir að með óbreyttri prósentu muni þetta skila 376 millj. kr. í ríkissjóð. Þarna munar 140 millj. kr. tæpum og væri nú fróðlegt ef hæstv. iðnrh. vildi segja sitt álit á eftir á þessum tölum, hvort hér er rétt reiknað, rangt reiknað og ef skakkt er reiknað hver ástæðan sé fyrir því. Það skyldi þó aldrei vera að á fleiri stöðum í þessu fjárlagafrv. sem nú er til umr. væri viðlíka skakkt reiknað. En það er því miður svo með þetta frv., eins og ég hef nú gert nokkra grein fyrir, að allar tölur, bæði gjalda og tekna megin eins og þetta liggur fyrir núna, eiga eftir að breytast mjög verulega þessa fáu daga sem lifa þar til þetta frv. eða nýtt frv. öllu heldur verður væntanlega afgreitt sem lög hér frá Alþingi. Þetta mál er allt komið í uppnám hjá ríkisstj. og stjórnarflokkunum. Það stendur ekki lengur steinn yfir steini, tölur allar rangar og frv. allt á ská og skjön.

Hv. þm. Ingvar Gíslason minntist á það hér áðan að fjmrh. hæstv. hefði getið þess að ýmsar tölur í frv. væru óbreyttar og væntanlega með það í huga að fjvn. fengi að hnika þeim eitthvað til, því litla sem hún fær nú annars ráðið. Það má vel vera að hæstv. fjmrh. hafi sagt þetta, en mig minnir að hann hafi líka sagt eða verið eftir honum haft að ef fjárlagafrv. hækkaði í meðförum Alþingis mundi hann segja af sér. Hann leiðréttir kannske þessi ummæli ef þau eru röng en ég man ekki betur en að þetta hafi verið eftir honum haft.

Formaður fjvn. gerði grein fyrir áliti meiri hl. og brtt. sem n. öll flytur í ítarlegri ræðu hér í dag. Ýmsir aðrir hv. þm. hafa gert athugasemdir við sitt af hverju sem þar kom fram. M. a. hefur þar verið minnst á Erfðafjársjóð og það hversu stóran hluta af erfðafjárskattinum ríkissjóður hirðir nú beint í ríkiskassann. Þegar 2. umr. um fjárlög fór fram fyrir ári síðan var núv. formaður

fjvn. hv. þm. Lárus Jónsson í stjórnarandstöðu og flutti hér langa og afar skilmerkilega og ítarlega ræðu. Hann sagði þá m. a., með leyfi forseta:

„Í fjárlagafrv. er haldið áfram á þeirri braut að gera upptækar í ríkissjóð tekjur sem samkvæmt lögum er aflað í tilteknu skyni. Svo er til dæmis um erfðafjárskatt, skemmtanaskatt og launaskatt. Þessi tekjuupptaka ríkissjóðs sundurliðast þannig."

Svo kemur sundurliðun á því og síðan segir:

„Erfðafjárskattur er innheimtur á þeim forsendum að efla Erfðafjársjóð en hlutverk hans er m. a. að styrkja endurhæfingu fatlaðs, lamaðs eða sjúks fólks. Þess má geta að erfðafjáskattur á yfirstandandi ári var áætlaður 8 millj. en verður 9—10 skv. nýjustu upplýsingum. Hins vegar fer föst krónutala af skattinum, 6 millj., í Erfðafjársjóð. Skerðing hans verður því í reynd 3—4 millj. kr. á ári fatlaðra, en samkvæmt fjárlögum átti þar að vera um 2 millj. króna niðurskurð að ræða og upptöku í ríkissjóð."

Hvað hefur gerst hér? Það er haldið áfram nákvæmlega á sömu braut en nú... (**Gripið fram í:** Og bætt við.) Já, og gert meira að segja heldur meira, en nú bara undir forustu þess hv. þm. sem mælti þessi orð héðan úr þessum ræðustóli í fyrra. Ég gæti auðvitað talið hér fleiri dæmi en ég ætla að láta hér staðar numið. (**LJ:** Lesa meira af þessari góðu ræðu.) Jú, jú, þetta er ágætis ræða, ég get alveg fyllilega tekið undir það, en svona tvöfeldni, svona tvískinnungur þykir nú ekki til fyrirmyndar.

Það kom líka fram í ræðu formanns fjvn. í dag að nú á að fara inn á nýjar brautir varðandi þá sjúkraþjónustu sem almenningur hér á landi hefur notið um áratuga skeið. Nú á að fara að taka gjöld af þeim sem leggjast inn á spítala. Þetta er varhugaverð þróun og þessu munum við Alþfl.-menn beita okkur gegn af alefli. Þetta gengur þvert á þá stefnu sem allar ríkisstj., að vísu í mismiklum mæli, hafa fylgt hér á undanförnum árum, að almenningur ætti ekki að þurfa að greiða fyrir frumþjónustu á þessu sviði. En nú er stefnan sú að seilast æ lengra ofan í vasa sjúklinga og þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Það er röng stefna og gegn henni verður barist. Verið er að leggja til atlögu við það heilbrigðiskerfi og það velferðarkerfi sem hér hefur verið skapað á umliðnum áratugum. Vissulega þarf þar að hafa gát, þar þarf að hafa kostnaðargát, um það eru allir sammála, því að hvergi hafa útgjöld sjálfsagt tilhneigingu til að aukast jafnmikið og á þessu sviði. Þar þarf að hafa gát en við eigum ekki að fara inn á þessar brautir. Það er röng stefna, ranglát og hættuleg stefna.

Það var auðvitað sitthvað fleira sem kom fram í þessari ræðu formanns fjvn. í dag sem ástæða væri til að víkja að. Ég hef ekki þá trú að fyrirskipanir um 5% niðurskurð á rekstri og 2.5% niðurskurð á launum, sem gefnar eru út svona yfir línuna, ef þannig má að orði komast, skili sér í framkvæmd nema með alveg sérstökum og ítarlegum ráðstöfunum á hverjum stað. Ég held að það hafi verið reynslan í gegnum tíðina að svona fyrirskipanir og yfirlýsingar eru næsta marklausar og skila ákaflega litlu. Sama má kannske segja um það heimildarákvæði sem er og hefur verið í fjárlögum nokkur undanfarin ár, heimild um að endurráða ekki í störf sem losna. Hefur þessu verið beitt? Ég held ekki, ég held að þetta sé líka alveg marklaust ákvæði.

Hins vegar er nú verið að boða stórfelldar uppsagnir hjá ýmsum ríkisfyrirtækjum. Fólki eru sendar tilkynningar um það svona rétt fyrir jólin. Fyrst hjá Rafmagnsveitum ríkisins þar sem áreiðanlega ýmislegt má betur í rekstri fara. En ég hef hins vegar miklar efasemdir um hvort réttasta ráðstöfunin sé að byrja á að segja upp starfsmönnum sem komnir eru á efri ár og hafa unnið fyrirtækinu um áratugaskeið af trúmennsku og velvilja. Ég hef miklar efasemdir um hvort það sé hin rétta rekstrarhagræðing þar. Það getur vel verið að þetta fyrirtæki geti selt eins og 150 drossíur eins og líka hefur verið talað um. Og ég held að frekar ætti að byrja á þeim endanum í hagræðingunni en að byrja á mannlega þættinum.

Mér hafa borist fregnir af því að hjá vita- og hafnarmálastjórn séu að líkindum að koma til framkvæmda uppsagnir hjá starfsfólki sem þar hefur starfað býsna lengi. Þegar þetta bætist við þær fréttir sem berast úr atvinnulífinu á hverjum degi, síðast frá Ísbirninum í Reykjavík í dag þar sem öllu starfsfólki er sagt upp, held ég að ástæða sé til að athuga aðeins sinn gang.

Það voru eitt eða tvö atriði sem ég vildi aðeins víkja að frekar í þessu fjárlagafrv. sem ekki eru komin til afgreiðslu og koma væntanlega ekki til afgreiðslu fyrr en við 3. umr. svo sem venja er. Ég vildi beina því til fjvn. að athuga þau sérstaklega án þess að ég sé á þessu stigi að flytja um þau brtt. Það er í fyrsta lagi málefni Ríkisútvarpsins. Nú hefur það fyrirtæki, það menningarfyrirtæki ríkisins, mjög verið svelt fjárhagslega um langt árabil þó að vísu skuli viðurkennt að síðustu 1—2 árin hefur ríkt aukinn skilningur hjá hinu opinbera á vandamálum þessarar stofnunar, það ber alveg hiklaust að viðurkenna. Afnotagjaldahækkanir að undanförnu hafa nálgast að vera það sem eðlilegt mætti teljast fyrir þá þjónustu sem Ríkisútvarpið veitir. Þetta hefur verið ágætlega gert og þetta ber að viðurkenna.

Eins og öllum landsmönnum er kunnugt hefur Ríkisútvarpið nýlega hafið sendingar á Rás 2 við miklar vinsældir að því er virðist, ef marka má umsagnir hlustenda. Enn sem komið er ná þessar sendingar ekki nema til hluta landsins. Kannske er það eðlilegt svona í byrjun. Hins vegar held ég að afar brýnt sé að flýta því að sendingar Rásar 2 geti heyrst um allt Ísland. Til að flýta því að svo megi verða vildi ég beina því til fjvn. hvort ekki sé unnt að hækka að einhverju marki afskriftir Ríkisútvarpsins.

Ég hygg að ég muni það rétt að frá Ríkisútvarpinu hafi komið fram till. um afskriftir upp á 28 millj. kr. sem er að mati gætins fjármálastjóra Ríkisútvarpsins og yfirstjórnar þess í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilegan endingartíma tækjakosts og annars sem þarna kemur undir. Hins vegar mun fjárlaga- og hagsýslustofnun af handahófi hafa skorið þessa upphæð niður um helming, niður í 14 millj. Ég hygg að ef þessi afskriftartala væri hækkuð nokkuð, og það ætti að vera ríkissjóði með öllu útlátalaust, mundi það greiða verulega fyrir að sendingar Rásar 2 næðu bæði til Norðurlands og eins eitthvað lengra vestur á firði. Þetta held ég að sé hið þarfasta mál og ákaflega lítið mál í rauninni að leiðrétta til að flýta fyrir þessari þróun. Auðvitað er öllum ljóst að þetta nær ekki um landið allt á einni svipstundu frekar en sjónvarpið gerði á sínum tíma, en þó held ég að flýta megi þessu nokkuð, jafnvel

svo að þetta nái til alls landsins á næsta ári, vegna þess að hér er um miklu ódýrari framkvæmd að ræða en þegar verið var að koma dagskrá sjónvarpsins um landið. Þetta vonast ég til að fjvn. taki til velviljaðrar athugunar.

Eins vildi ég mega beina því til samvinnunefndar samgöngumála, sem fjallar um styrki til flóabáta, að hún taki sérstaklega til athugunar málefni Akraborgar og þær skuldir sem þar hafa hlaðist upp. Það er öllum hv. þm. kunnugt að málefni Herjólfs voru afgreidd á þessu hausti með þeim hætti að þar voru skuldirnar að hluta til hreinlega strikaðar út. Ég er ekki að fara fram á að slíkt verði gert, en að þessi mál verði tekin til mjög rækilegrar skoðunar hjá samvinnunefnd samgöngumála með það fyrir augum að freista þess að stytta þennan skuldahala með einhverjum hætti. Því að fyrirtækið sem rekur Akraborg, Skallagrímur, hefur vissulega sýnt lit og meira en það á því að borga af sínum skuldum í Ríkisábyrgðasjóð eftir því sem geta fyrirtækisins hefur leyft. Þar gegnir svolítið öðru máli en um suma aðra flóabáta eða ferjur þar sem aldrei var borgað eyrisvirði. Þessu vildi ég beina til Samvinnunefndar samgöngumála að hún taki til sérstakrar athugunar.

Ég skal nú ekki hafa þetta mál mitt að þessu sinni öllu lengra, herra forseti. Þó vildi ég aðeins í lokin víkja að tveimur fréttum sem hafa verið í fjölmiðlum í dag og eru kannske umhugsunarefni fyrir okkur þm. Í fyrsta lagi var frá því greint að í Argentínu sem á heimsmet í verðbólgu, 400% verðbólgu, hafi verið sett verðstöðvun í þrjár vikur. Þar er ný stjórn að taka við. En hvað gerir þessi nýja stjórn í Argentínu þegar hún ætlar að fara að grípa til efnahagsráðstafana? Hún kallar þingið saman. Það er meira en hér var gert þegar gripið var til efnahagsráðstafana í sumar og hefur Argentína þó ekki þótt neitt fyrirmyndarríki, hvorki að því er varðaði lýðræði, mannréttindi né þingræði. Þetta gæti held ég verið okkur svolítið umhugsunarefni.

Önnur frétt sem var hér í fjölmiðlum í dag líka var frá Hollandi og þar sagði að stjórnvöld þar hefðu ákveðið að gera nú harða hríð að skattsvikurum þar í landi. Þar væri talið að neðanjarðarhagkerfið, svörtu peningarnir, væru kannske um 20—30% af þjóðartekjunum og þar á nú að láta til skarar skríða gegn skattsvikum. En hvað hyggst núverandi ríkisstj. okkar hæstv. gera á þeim vettvangi? Nákvæmlega ekki neitt. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinum hækkunum til þeirra hluta. Hvernig væri að við gerðum sérstakar ráðstafanir til að fylgjast með því sem ríkisstjórnin í Hollandi ætlar að gera á þessu sviði? Jafnvel að við sendum menn frá embætti ríkisskattstjóra, ekki borðfána heldur menn, til að fylgjast með því sem þar á að gera ef við gætum af því einhverja lærdóma dregið. Það þarf ekki að vera tiltakanlega dýrt en gæti komið margfalt til baka. Ég held að við ættum að hugleiða þennan kost, sjá hvað þarna á að gera. Það er alveg áreiðanlegt að hið svarta hagkerfi, svörtu peningarnir, neðanjarðarhagkerfið, hvað sem menn kunna að kjósa að kalla það hér á Íslandi, er áreiðanlega ekkert minna en í því mjúka og blauta Hollandi, eins og einhvers staðar er sagt. Ég hygg að það sé athugunar virði að fylgja þessu eftir og sjá hvað þarna á að gera í staðinn fyrir að sitja og halda að sér höndum eins og hér er gert og horfa á skattsvikin, horfa á svörtu peningana, horfa á neðanjarðarhagkerfið blómstra meira en nokkru sinni fyrr. (**Fjmrh.:** Þú átt að benda á þetta, annars ertu samsekur.) Ég skil ekki alveg hvað hæstv. fjmrh. á við. Hann hefur talað hér um stórfellt smygl. Jú, jú, hann gerði það á s. l. hausti. Þegar verið var að tala um að gefa eftir toll af vissum varningi var talað um að stórkostlegt smygl væri á þessum hlutum. Hann talaði um hljómplötur t. d. Þetta stendur allt í blöðum og enginn vandi að fletta því upp og ég minnti hæstv. ráðh. á þetta í umr. í Ed. Við getum m. a. s. flett því upp í þingtíðindum, það er fljótlegast. En ég held að engum blandist hugur um að þessir hlutir eru ekki í lagi hér. Og það sem meira er, að hvorki er vilji né viðleitni af hálfu ríkisstjórnarinnar til að koma þessum hlutum í lag.

Herra forseti. Ég ætla ekki við þessa umr. að hafa orð mín fleiri. Þegar nýtt fjárlagafrv. kemur til 3. umr. gefst væntanlega tækifæri til að segja sitt af hverju um þær breyttu tölur sem þá munu blasa við okkur þm.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er nú til umr. er auðvitað ástæða til að fara rækilega yfir, en hv. 5. þm. Reykn. hefur hins vegar gert svo glögga grein fyrir því máli hér í dag að af hálfu okkar Alþb.-manna er ekki þörf á að bæta við miklu með ítarlegum ræðum, nema um einstök málefni. Það er hins vegar rétt, sem hv. 5. landsk. þm. sagði áðan, að það frv. sem við erum að ræða nú er allt annað en það frv. verður sem við ræðum væntanlega á mánudag eða þriðjudag í næstu viku eða laugardag, þegar 3. umr. um fjárlögin fer fram. Tekjuforsendurnar liggja ekki fyrir. Fjvn. hefur verið neitað um að fá að tala við Þjóðhagsstofnun. Tekjuforsendur liggja ekki fyrir og útgjaldahliðin er öll meira og minna í graut. Launaforsendurnar er verið að toga og teygja þessa klukkutímana til að reyna að láta þetta dæmi passa og skattamálin eru öll á fleygiferð. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flytur till. uppi í Ed. um að lækka vörugjaldið og hv. þm. Gunnar G. Schram flytur tillögu í Vísi eða Dagblaðinu um að lækka tekjuskattinn. Hv. þm. Lárus Jónsson heldur að hann sé að mæla hérna fyrir alvarlegu fjárlagafrv., en það er sorglegur misskilningur og hefði kannske átt að renna fyrr upp fyrir jafnþingreyndum manni og hv. þm. Lárus Jónsson er.

Það er sem sagt ekkert að marka þetta frv. Þetta er tóm vitleysa eins og það liggur hérna fyrir, stendur ekki steinn yfir steini. Ég býst við að þessir talnadálkar sem hér eru séu rétt lagðir saman í meginatriðum og kannske á stöku stað rétt dregið frá líka, en þó dreg ég mjög sterklega í efa að þar séu allir hlutir eins og eðlilegast ætti að vera.

Hitt er einnig sérkennilegt við málsmeðferð þessa hér, að þeir menn sem helst ættu að vera í fyrirsvari fyrir þessum ósköpum, þ. e. hæstv. ráðh., eru yfirleitt í burtu. Hæstv. heilbr.- og trmrh., sem ber ábyrgð á 35% af ríkisútgjöldum, er sennilega sofandi í Arnarnesinu. (Gripið fram í.) Þeir hefðu getað lært þetta af mér? Þeir hefðu átt að læra ýmislegt annað af mér, en þeir hafa ábyggilega ekki lært það af mér að sofa í Arnarnesinu. Hæstv. forsrh. er víðs fjarri. (**Iðnrh.:** Í Arnarnesi.) Í Arnarnesi líka, og báðir á jeppum eins og alkunna er. — Landbrh. hæstv. lætur ekki sjá sig hér. Og hæstv. fjmrh. situr hér einn í fyrirsvari ásamt hæstv. ráðh. Sverri Hermannssyni og formanni fjvn., sem er eins konar hjálparmaður hér hjá þeim hæstv. fjmrh. og félögum hans og nýtur núna til þess stuðnings hv. þm.

Halldórs Blöndals sem áður hefur af mér verið boðinn velkominn heim af Allsherjarþinginu og er það enn gert hér. Munar nú miklu hvað þingstörfin ganga öll greiðlegar eftir að hann birtist hér í salnum, miðað við það sem áður var.

Margt mætti segja um frv. þetta, herra forseti, svo og einstakar till. og þó væri auðvitað langmest freistandi á þessari stundu að láta vekja ráðh. eða kanna hverjir eru vakandi og hvar þeir eru. Mætti kannske leggja fram um það fsp., ég vona að hún þurfi ekki að vera skrifleg, þannig að við gætum fengið um það upplýsingar hvar þeir eru þessir hæstv. ráðh. sem ætla nú að fara að leggja á sjúklingaskattinn, t. d. hæstv. heilbr.- og trmrh. sem hefur fundið nýjan skattstofn, þá sem eru veikir á spítölunum. Það mætti kannske kanna hvernig hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur hugsað sér að útfæra þennan sjúklingaskatt, þennan *nýja skattstofn* sem Sjálfstfl. hefur af örlæti sínu fundið upp núna rétt fyrir jólin, rétt fyrir hátíðirnar þegar himins opnast hlið samkvæmt þeim textum sem menn leggja fyrir sig einmitt þessa dagana. Það er fróðlegt fyrir menn að velta því fyrir sér hvað það er sem boðið er upp á bak við hin háu hlið dýrðarinnar sem Sjálfstfl. er að opna mönnum þessa dagana. Og sá maður sem lengst hefur gengið í því að skreyta sig á torgum og gatnamótum sem vinur smælingjanna, hæstv. fjmrh., er hér mjög í forustu. Sjást nú vel úlfshárin undir sauðargærunni, sem yfirleitt hefur verið brugðið yfir til hátíðabrigða á undanförnum árum þegar hæstv. ráðh. hefur verið að tala við smælingjana í þessu þjóðfélagi. Skattstofninn liggur á spítölunum. Það eru þeir sjúku sem nú eiga að borga skatta. Það er ekki nóg með að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að draga saman seglin í heilbrigðismálum, það er ekki nóg með að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að stöðva alls staðar framfarir í heilbrigðismálum á Íslandi, heldur á nú líka að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur og leggja skatt á þá sjúku í þjóðfélaginu. Hv. formaður fjvn., sem talaði hér fyrir munn íhaldsins áðan, framsóknaríhaldsins og þeirra beggja, komst þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum heilbrrh. er nú unnið að undirbúningi frv. sem fela mun í sér að sjúklingar sem leggjast inn á sjúkrahús greiði 300—600 kr. gjald í 10 daga að hámarki á hverju ári.“

Með þessum hætti er ætlunin að ná inn um 300 millj. kr. Og auk þess að leggja þennan sérstaka skatt á sjúklingana er ætlunin að auka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði.

Nú kom það ekki fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, sem einhverra hluta vegna er farinn héðan úr salnum og þætti mér vænt um ef hann vildi gera svo vel að koma hér inn því ég hef nokkrar spurningar að bera fram við hann, hvernig hann hugsar sér að útfæra þennan skatt í smáatriðum. Á að rukka fólkið þegar það er lagt inn á spítalann? Á að segja við þann mann sem lagður er inn á spítala: Hefur þú efni á því að liggja hér í 10 daga eða lengur? Verða menn rukkaðir í upphafi 10., 11., 12., 13. til og með 21. degi um 300 kr. dag hvern þegar þeir fá morgunverðinn? Verður lagður fram með morgunverði sjúklinga á spítölunum reikningur frá hæstv. fjmrh. Albert Guðmundssyni upp á 300 kr. sem menn eigi vinsamlegast að borga áður en þeir meðtaka árbítinn á þessum stofnunum opinberra aðila, sjúkrastofnunum? Eða er ætlunin að innheimta þetta í lokin, þegar meðferðinni er lokið hjá sjúklingum? Er ætlunin að innheimta þegar meðferðinni er lokið og halda mönnum inni ef þeir ekki greiða umyrðalaust og refjalaust? Hvernig er ætlunin hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni að framkvæma þessa einstöku aðför að þeim sem síst skyldi í þjóðfélaginu? Það hefur til þessa verið talið alveg nóg á fólk lagt að vera sjúkt. Það hefur í rauninni verið talið sjálfsagt að rétta hinum sjúka hjálparhönd og stuðnings og reyna að lina þjáningar viðkomandi. En hér eru menn komnir svo langt frá þeirri fornu bók, sem þeir þykjast þó yfirleitt standa á með sinn siðferðisgrundvöll að það er ekki fyrst hugsað um að lina þjáningar hinna sjúku, heldur fyrst að rukka þá, svo að bera smyrsl á sárin.

Og sá sem ekki borgar sjúklingaskattinn sinn fær ekki smyrsl á sín sár. Það verður ekki gert að hans meinum. *Hann verður að hafa þau.* — Og mætti flm. þessara nýsköpunartillagna Íhaldsins og Framsóknar gjarnan líta í þær bækur fornar sem oft er vitnað til á sunnudögum, ekki síst um jól, og dæmisögur af miskunnsömum Samverjum.

Ætlar hv. þm. Lárus Jónsson að láta innheimta þennan sjúklingaskatt sinn þannig að þetta verði tekið af mönnum á hverjum degi sem þeir liggja inni á spítalanum? Ég óska eftir svörum við þessari spurningu, hv. þm. Á að borga þetta um leið og menn fá árdegisverð eða hádegisverð? Er ætlunin að taka þetta af mönnum þegar þeir útskrifast af spítölunum og verður þeim haldið föstum inni á spítölunum ef þeir ekki borga? Er ætlunin að rukka menn þegar þeir koma inn á spítalana, um leið og sjúkrabíllinn skilar þeim þangað inn? Hvernig ætlar hv. þm. sér að framkvæma þetta og formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna? Hvernig er meiningin að framkvæma þessi ósköp. Og hæstv. fjmrh. Hvernig er ætlunin að framkvæma þennan *nýja skattstofn* Sjálfstfl.? *Virðingin* fyrir einstaklingsfrelsinu kemur vel fram í þessu efni. Það er mikil virðing og djúp fyrir frelsi þess einstaklings sem liggur sjúkur á spítalanum og á að fara að borga skatt.

Það er athyglisverð nýlunda, hv. þm. Lárus Jónsson, að þú skulir leggja það hér til að með þessum hætti verði gengið að þeim sem síst skyldi í þessu þjóðfélagi. Og það leggst lítið fyrir ykkur, að þið skulið ganga svo langt í skattheimtugræðgi ykkar að ráðast að fólki sem getur enga björg sér veitt og hvergi borið hönd fyrir höfuð sér.

Ég tel að þessi hugmynd hæstv. ríkisstj. sé ekkert minna en hneyksli. Og það kemur auðvitað ekki til greina af hálfu Alþb. að taka undir sjónarmið af því tagi sem hér er um að ræða. Ég vil láta það koma hér skýrt fram við þessa umr. að Alþb. mun beita sér fyrir því strax og tækifæri gefst að afnema þennan sjúklingaskatt. Við munum ekki líða þá árás á almannatryggingakerfið, á íslenska velferðarþjóðfélagið, sem þeir leiftursóknarriddarar Íhaldsins eru hér að innleiða. Við munum ekki taka þátt í því, heldur leggja á það höfuðáherslu að þetta verði afnumið. Hér er svo gróflega vegið að grundvallarréttindum mannsins í þessu þjóðfélagi, hér er svo gróflega vegið að siðferðislegum grundvelli íslenska þjóðfélagsins að ég hélt að það gæti ekki gerst, jafnvel ekki í ríkisstjórn Íhaldsins og Framsóknar, að menn legðu upp með svona andstyggð eins og þessar hugmyndir eru. Ég hélt það gæti ekki gerst.

Nú hafa þau miklu tíðindi hér gerst að það hefur

verið lagt til að rukka þá sem eru lagðir inn á sjúkrahús. Það er verið að ráðast hér að almannatryggingakerfinu. Með þessu væri ríkisstj. að stíga fyrsta skrefið í því að rústa niður það kerfi sem alþýðuhreyfingar þessa lands hafa barist fyrir og knúið fram á síðustu áratugum. Hér er verið að stíga stórhættulegt skref og það er auðvitað grundvallaratriði að það kemur ekki til greina af hálfu flokks sem kennir sig við jafnrétti og félagshyggju að standa að sjónarmiðum af þessum toga. Og það er athyglisvert að Framsfl., sem einu sinni var stofnaður til að gæta sjónarmiða félagshyggju og samvinnu, skuli taka þátt í því að framkvæma þessi ósköp.

Samkvæmt þeim orðum sem hv. talsmaður meiri hl. fjvn. lét falla hér í dag virðist það vera svo að ríkisstj. ætli að leggja fram það frv. sem hér um ræðir fyrir hátíðirnar. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. og hv. þm. að því hvort það er rétt. Ef þessi kerfisbreyting á að taka gildi um áramótin og ef forsendur fjárlaganna í þessu efni eru réttar yrði kerfisbreytingin að taka gildi um áramótin. Það er auðvitað alveg útilokað að framkvæma þessa skattheimtu án lagabreytingar. Ef ríkisstj. gerir tilraun til að innheimta þessa fjármuni án lagabreytinga af sjúklingum frá 1. jan. n. k., eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, væri það lögbrot. Það er brot á almannatryggingalögunum. Og ég vil fá það alveg á hreint hér hjá hæstv. ráðh. og hv. formanni fjvn.: Er ætlunin hjá þeim að fara að innheimta þennan spítalaskatt strax frá 1. jan. n. k. og með hvaða hætti er ætlunin að það verði gert? Ég óska eftir nákvæmri sundurliðun í þessu efni. Hér er um þvílíkt stórmál að ræða að það dugir ekki fyrir hæstv. ráðh. eða hv. formann fjvn. að aka sér undan með einhverjum hér um bil og kannske. Hér verða þeir að svara skýrt. Hvernig ætla þeir að fara að þessu?

En stefnan liggur alveg skýrt fyrir í ræðu hv. formanns fjvn. Og það er athyglisvert að hann skuli vera notaður til að flytja þingheimi og þjóðinni þessi ótíðindi í þessum mánuði skammdegisins. Það er athyglisvert að það skuli vera hann en ekki hæstv. fjmrh. eða heilbrrh. sem setja þetta fram. Hann tekur að sér að vinna þetta verk fyrir þá, að tilkynna þjóðinni þessar gleðifréttir. Það er eins gott að hann greini frá því líka hvernig ætlunin er að rífa þessa skatta af sjúklingunum, spítalaskattinn sem var verið að kynna hér í dag.

Ég tel í rauninni, herra forseti, að tilkynning hv. þm. Lárusar Jónssonar um spítalaskattinn sé stærstu pólitísk tíðindi dagsins í dag og þó það væri farið langt aftur í tímann. Hér er brotið í blað, hér er stigið skref mörg ár og áratugi aftur í tímann. Hér er efnt til aðfarar, tilræðis við velferðarkerfið í þessu þjóðfélagi. Ég tel þess vegna að þingheimur eigi rétt á því að fá nákvæmar upplýsingar um hvað ætlunin er að gera í þessu efni og hvernig. Er það kannske ætlun hæstv. ríkisstj. að ganga lengra á þessari braut? Hvar ætlar hún að stöðva sig eftir að einu sinni hefur verið lagt af stað inn á þessa braut sjúklingaskattsins? Hvaða stofnanir, hvaða einstaklingar í þjóðfélaginu fá að vera í friði fyrir ríkisstj. eftir að farið er að skattleggja sjúklinga í spítölunum? Hvaða einstaklingar eru það? Hverjir geta það í rauninni verið sem fá að vera í friði eftir að ríkisstj. hefur snúið sér að þessu fólki? Það er varla hægt að hugsa sér að það séu nokkur takmörk fyrir því sem þessi hæstv. ríkisstj. lætur sér til hugar koma þegar að því kemur að ráðast að velferðarkerfinu og fitja upp á nýjum skattstofnum. Hinn nýi skattstofn, hæstv. fjmrh., eru sjúklingarnir.

Þingflokkur Alþb. stendur að áliti minni hl. fjvn., eins og komið hefur fram hér í dag. En auk þess flytjum við hér nokkrar brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1984. Þær till. byggjast á því, að annars vegar er gert ráð fyrir að tvöfalda skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, þannig að hann hækki á næsta ári úr 65 millj. kr. upp í 130 millj. kr., og þeim tekjum sem þannig fást gerum við till. um að verði ráðstafað með alveg ákveðnum hætti.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Steingrímur J. Sigfússon munu gera grein fyrir þremur af þessum brtt. okkar Alþb.-manna, sem liggja fyrir á þskj. 204. Fyrsta till. fjallar sem sagt um skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Önnur till. fjallar sérstaklega um Námsgagnastofnun, sem hefur verið hér mjög til meðferðar að undanförnu. Þar er um að ræða tvíþætta till., annars vegar um aukningu á framlögum til bókaútgáfu um 2 millj. kr. frá brtt. fjvn. og hins vegar 1 millj. kr. sem snertir sérkennslugögn.

Í þriðja lagi flytjum við hér till. sem gerir ráð fyrir því að gjaldfærður stofnkostnaður á Blindrabókasafninu verði hækkaður frá því sem er í fjárlagafrv. úr 600 þús. kr. og er í brtt. fjvn. 800 þús. kr. Við gerum ráð fyrir að hér verði enn bætt við 200 þús. kr. og upphæðin fari upp í 1 millj. kr. Hér er því ekki, herra forseti, um stóra fjárhæð að ræða, en skiptir miklu máli fyrir þessa litlu stofnun sem er að hefja göngu sína. Í bréfi sem fjvn. var sent 24. nóv. s. l. og undirritað er af Helgu Ólafsdóttur, forstöðumanni Blindrabókasafns Íslands, og Halldóri Rafnar, formanni stjórnar Blindrabókasafnsins, er farið fram á að talan í fjárlagafrv. verði hækkuð um 400 þús. kr. Ég tel að hér sé í rauninni um litla upphæð að ræða til mikilvægs málefnis. Ef menn vilja hafa fyrir því að kynna sér erindi Blindrabókasafnsins kemur greinilega fram að þessi litla hækkun sem hér er lögð til, um 200 þús. kr., gæti munað býsna miklu varðandi starfsemi þessarar stofnunar, m. a. í sambandi við tölvuvæðingu námsefnis sem nú er unnið að í tengslum við Námsgagnastofnun.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að hér er ekki um að ræða mikinn útgjaldalið fyrir íslenska ríkið, en ég held að þetta mundi skipta verulegu máli fyrir Blindrabókasafnið og óska eftir því að hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. menntmrh. taki þetta mál til sérstakrar athugunar.

Fjórða brtt. á þskj. 204, sem Alþb. flytur, snertir Þjóðarbókhlöðu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens var gert ráð fyrir að lögð yrði sérstök áhersla á byggingu Þjóðarbókhlöðunnar. Munu ekki mörg dæmi þess að slík hús hafi verið tekin inn í stjórnarsáttmála hér á landi. Ástæðan til þess að þetta hús var tekið þar inn var auðvitað sú, að ríkisstj. vildi undirstrika með þeim hætti mikilvægi þess að unnt væri að búa varðveislu og rannsóknastarfsemi íslenskra fræða sem allra veglegastan sess í landinu og bestan aðbúnað. Þeir hv. þm. sem hafa ekki komið t. d. á Þjóðskjalasafn eða Landsbókasafn mættu gjarnan kynna sér þau söfn með því að fara þá þangað í heimsókn og sjá hvernig búið er að t. d. Þjóðskjalasafninu, þar sem verulega þýðingarmikil gögn geta jafnvel legið undir skemmdum vegna þess að ekki hefur verið unnt að varðveita þau og sinna þeim nógu vel, auk þess sem margvísleg þrengsli valda því líka að ekki er unnt að

sinna rannsóknastarfsemi sem skyldi.

Oft er því haldið fram að ekki sé mögulegt fyrir þjóðina einmitt um þessar mundir að standa í jafndýrri framkvæmd og Þjóðarbókhlaðan óneitanlega er. Og menn segja sem svo, að slík framkvæmd hljóti að bíða og hún eigi að bíða betri tíma. Ég held að þessi rök hafi í raun og veru alltaf verið notuð á móti Þjóðarbókhlöðunni, nema kannske síðustu tvö, þrjú ár. Það er þó þannig, að ef þjóðin vill leggja áherslu á að sinna þessu — ja, ég vil segja grundvelli tilveru sinnar með skikkanlegum hætti, þá er hér um að ræða mjög brýna framkvæmd. Það er að mínu mati músarholusjónarmið að geta ekki horft framan í þá staðreynd af fullri reisn að það þarf að kosta nokkru til. Ég held að við ættum að leggja meiri áherslu á að efla rannsóknir og starfsemi alla í kringum íslensk fræði.

Fyrir nokkrum dögum fóru fram umr. á hv. Alþingi í sambandi við Íslandssögukennslu í skólum þessa lands og margt var mjög missagt í þeim fræðum sem flutt voru héðan úr þessum virðulega stól þann daginn, eins og stundum kemur nú fyrir. Ég þóttist hins vegar verða var við að menn, a. m. k. í orði, vildu gjarnan sinna þessum þætti í okkar skólastarfi betur en gert hefur verið. Sæmilegur aðbúnaður í Þjóðarbókhlöðunni er auðvitað grundvallarforsenda þess að þekking á Íslandssögu og íslenskum fræðum sé sem best í þessu landi. Þó að margt sé dýrt og gangi okkur öndvert um þessar mundir held ég að við höfum ekki efni á því að vanrækja þann arf sem felst í íslenskum bókmenntum og íslenskum fornritum. Ég minni á að á kreppuárunum, sem oft er vitnað til, einkum kannske um þessar mundir, var ráðist í mjög stórtækar framkvæmdir í menningar- og félagsmálum. Margvíslegir skólar voru byggðir víðs vegar í landinu og sömuleiðis ýmsar aðrar menningarstofnanir. Og mér finnst að sú kynslóð sem nú er burðarásinn í framleiðslu og tekjuöflun í þessu landi sé í rauninni ekkert of góð til að leggja nokkuð á sig varðandi þessa byggingu sem er Þjóðarbókhlaðan. Mér er mikið kappsmál að á þessum hlutum sé tekið og ég held hv. alþm. hljóti að skilja hvað þetta mál er þýðingarmikið ef þeir hugleiða það eitt augnablik. Ég hef að vísu orðið var við núna að undanförnu að menn eru að fjargviðrast yfir þessu húsi, Þjóðarbókhlöðunni, rétt eins og ýmsum byggingum sem rísa af öðrum toga, t. d. verslunum og þess háttar framkvæmdum, og eru að gagnrýna að fjármunum skuli vera eytt í þessa byggingu. Mér finnst þetta bera vott um afskaplega mikla og hættulega skammsýni og ríkisstj. megi ekki láta undan skammsýni af þessum toga, hún eigi að beita sér fyrir því að myndarlega sé þarna á hlutunum haldið.

Sú till., herra forseti, sem við flytjum nokkrir þm. Alþb. um þetta efni gerir ráð fyrir að það verði veitt 15 millj. kr. framlag til Byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu á árinu 1984 í staðinn fyrir 2 millj. eins og það er í fjárlagafrv. Ég skora á hæstv. ríkisstj. og fjvn. að líta á þessa till. með fullum velvilja. Ég tel það ekki sæmandi að láta staðar numið þarna við 2 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir í till. ríkisstj. Ég tel það hreint ekki sæmandi og legg á það áherslu að reynt verði að auka þar eitthvað við. Hér bendum við nokkrir þm. Alþb. á 15 millj. kr. í þessu efni.

Ég minnist þess, herra forseti, að þegar umr. um Þjóðarbókhlöðu fór hér fram hvatti hæstv. menntmrh. til þess að þm. sýndu málinu áhuga hér þegar það kæmi til meðferðar við afgreiðslu fjárlaga. Með þessum till.-flutningi eru nokkrir þm. Alþb. að verða við áskorun hæstv. menntmrh. og ég vona þá að stuðningur hennar liggi ekki eftir í málinu þegar á það reynir.

Fimmta brtt. Alþb. snertir Þróunarsamvinnustofnun Íslands og munu þeir félagar mínir, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Steingrímur J. Sigfússon, ræða það mál sérstaklega og sömuleiðis sjöttu till. sem snertir fyrirhleðslur á Skeiðarársandi.

Í sjöunda lagi flytjum við hér litla till. sem varðar málefni fatlaðra, en þannig er að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir þó nokkrum nýjum stofnunum fatlaðra á árinu 1984 í samræmi við lögin um málefni fatlaðra. Í þessari till. er fjallað um sambýli í Kópavogi. Mér er tjáð að erindi þetta, um sambýli í Kópavogi, hafi borist nokkuð seint til fjvn. og þess vegna verið erfitt fyrir hana að taka málið fyrir. Ég er hér með í höndunum bréf frá svæðisstjórn Reykjanessvæðis varðandi fyrirhuguð sambýli í Reykjaneskjördæmi. Það er dags. 7. okt., sýnist mér. Þar er farið fram á að það verði veittir fjármunir til rekstrar sambýlis fyrir níu einstaklinga í Kópavogi og sjö einstaklinga úr Hafnarfirði.

Þessi till. sem hér er um að ræða, 2 millj. kr. í rekstur, er ekki um stóra upphæð. Og ég geri ráð fyrir að rekstri þessarar stofnunar mætti koma af stað með nokkru lægri tölu. Í þeim efnum bendi ég á sambýlið við Sólborg, sem mig minnir að sé með 1.3 millj. kr. í rekstri á næsta ári. En ég vildi leyfa mér að biðja hæstv. félmrh. um að líta sérstaklega á þetta mál og þá geng ég auðvitað út frá því að það verði unnt að ljúka við framkvæmdir við sambýlið í Kópavogi á næsta ári, en ég hef skilið það svo að það ætti að vera mögulegt.

Í áttunda og síðasta lagi flytjum við svo till. um heilbrigðismál. Við höfum sett undir almennan lið, sem heitir Ýmis heilbrigðismál, lið sem við orðum svo:

„Fræðslustarf gegn fíkniefnum skv. till. heilbrn. Alþingis 2 millj. kr.“

Hér er náttúrlega ekki um stóra upphæð að ræða miðað við það mikla verkefni sem hér er á ferðinni, en hugmyndin með þessari till. er að fylgja eftir ákveðnu rannsóknastarfi sem hefur verið unnið í heilbrrn. á síðustu árum í sambandi við útbreiðslu fíkniefna hér á landi. Og hugmyndin er líka sú að tengja Alþingi, þ. e. heilbr.- og trn. Alþingis, við það fræðslu- og forvarnarstarf sem þarna þarf að vinna, þannig að þarna sé ekki alveg slitið í sundur annars vegar framkvæmdaþátturinn og hins vegar ákvörðunin hér, heldur sé um að ræða ákveðin tengsl á milli heilbrigðisnefnda Alþingis annars vegar og heilbrrn. hins vegar um fræðslustarfið. Ég vil minna á að í heilbrrn. er sjóður sem heitir Gæsluvistarsjóður og hefur að nokkru kostað m. a. fræðslustarf vegna ávana- og fíkniefna, og í undirbúningi er ákveðin stefnumótun í þeim efnum á vegum nefndar sem starfar á vegum þess rn. En ég held að hérna gæti verið brotið upp á nokkuð þörfu nýmæli þar sem heilbrrn. og heilbrn. þingsins, þ. e. þm., legðu saman í þessu efni. Og mér þykir það miklu lakara, eins og ég hef nú áður nefnt hér, að hæstv. heilbrrh. skuli ekki vera hér. Ég held að þessi till. sé ekki slæm og það þyrfti að athuga hana alvarlega við afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Í tengslum við þessi mál, sem ég hef hér gert grein fyrir, ætla ég einnig að nefna fáein önnur málefni sem nauðsynlegt er að ræða nú við þessa umr. Og það er þá sérstaklega og í fyrra falli B-álma

Borgarspítalans. Þannig er að á liðnum árum hefur B-álma Borgarspítalans fengið talsvert mikla fjármuni úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Ég var gagnrýndur nokkuð fyrir það, þegar ég var heilbrrh., að B-álman fengi of mikið fé úr þessum sjóði. Á þeim árum voru gerðar um það kröfur að fjárhagsáætlun og framlagaáætlun B-álmunnar yrðu birtar samhliða 2. og 3. umr. fjárlaga. Nú vil ég fara fram á það við hæstv. fjmrh. og hv. formann fjvn. að þeir tryggi að áætlun Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir árið 1984 verði birt þingheimi áður en fjárlögin verða afgreidd. Mér þætti vænt um ef hv. þm. Lárus Jónsson tæki eftir þessari beiðni, sem gengur út á það að áætlun fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra árið 1984 yrði birt þingheimi áður en fjárlögin verða afgreidd. Það hefur ekki verið gert á undanförnum árum, en það var óskað eftir því á s. l. ári og ég sá fyrir mitt leyti þá enga ástæðu til að amast við slíkri beiðni. Ég tel að það sé að mörgu leyti betra fyrir heilbrrh. að áætlunin liggi fyrir um leið og fjárlög eru afgreidd. Ég fer fram á það við hv. þm. Lárus Jónsson að hann tryggi að áætlunin liggi hér fyrir fyrir 3. umr. fjárlaganna.

Ástæðan til þess að ég nefni hér Framkvæmdasjóð aldraðra er ekki síst sú, að B-álma Borgarspítalans hefur verið fjármögnuð úr þessum sjóði og þar þurfa til að koma verulegar upphæðir á árinu 1984 ef á að halda þeirri þörfu framkvæmd áfram. Ég geri ráð fyrir að hv. alþm. hafi fengið um þetta efni bréf Öldrunarfræðafélags Íslands, dags. 7. des. 1983, þar sem þörfin á B-álmunni er undirstrikuð alveg sérstaklega. Ég vil láta það koma fram hér að ég ræddi þetta mál við hæstv. heilbrrh. í dag og hann tjáði mér að það væri til athugunar enn þá. Af þeirri ástæðu ákvað ég að flytja hér enga brtt. varðandi B-álmu Borgarspítalans, en ég tel að það sé mjög mikið atriði að tryggt verði að einhverjir fjármunir fáist til hennar. Mér er að vísu ljóst að þetta er geysidýr framkvæmd og það er mikil upphæð sem borgarstjórn Reykjavíkur fer fram á, — ég veit ekki nákvæmlega hvaða tala það er, ég gæti trúað að hún væri 25—30 millj. kr., — þannig að það er vafalaust mjög erfitt að verða við allri þeirri beiðni sem þar er um að ræða. En ég heiti á menn að reyna að tryggja að þarna verði um myndarlega tölu að ræða. B-álman er svo langt komin að það verður unnt að taka hana í notkun, a. m. k. tvær hæðir í viðbót, á árinu 1984 ef þarna fengist sæmileg upphæð. Þá væru komnar í notkun fjórar hæðir í þessari stofnun sem á að hýsa langlegusjúklinga.

Ég vil í sambandi við þetta, herra forseti, undirstrika alveg sérstaklega B-álmuna, en spyrja síðan í framhaldi af því hv. þm. Lárus Jónsson og hæstv. fjmrh.: Hvað um ný verkefni í sjúkrahúsum á næsta ári, þ. e. hvað um kostnað við rekstur nýrra sjúkradeilda sem tilbúnar verða á næsta ári? (**LJ:** Lastu ekki ræðuna mína betur en þetta?) Ég las ræðuna alla, hv. þm., mjög ítarlega og ég sá ekki að þar væri gert ráð fyrir rekstrarkostnaði við B-álmu Borgarspítalans, og þar var ekki heldur gert ráð fyrir rekstrarkostnaði við ýmsar stofnanir aðrar sem munu vera tilbúnar eða að verða tilbúnar. Ég tók a. m. k. ekki eftir því að svo væri. Það er alltaf svo um hver áramót, að það eru margar deildir á spítölum sem eru kannske í þann veginn að verða tilbúnar. Það eru stofnanir og deildir sem ekki hafa verið teknar í notkun. Í þessu sambandi vil ég t. d. nefna gamla sjúkrahúsið á Selfossi, sem hefur verið ætlunin að taka undir hjúkrunarheimili. Ég vil í þessu sambandi nefna hluta af Fjórðungssjúkrahúsinu á Norðfirði og vafalaust er þarna um að ræða einhverjar fleiri slíkar sjúkrastofnanir. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm.: Hvar er gert ráð fyrir þessu fé í fjárlagatill. ársins 1984? (**LJ:** Ég sagði að umfjöllun um þetta biði 3. umr.) Umfjöllun um nýjar deildir á árinu 1984? Ég er að tala um rekstur. (**LJ:** Það er það.) Ég þakka hv. þm. fyrir þær upplýsingar.

Þá vil ég spyrja einnig varðandi viðhald sjúkrastofnana. Er einnig ætlunin að það bíði 3. umr.? Viðhald sjúkrastofnana er í tvennu lagi í fjárlagafrv. Annars vegar á þeim stofnunum sem eru undir beinum fjárlögum. Þar er það tilgreint sérstaklega hversu mikið á að fara í viðhald þessara húsa. Hins vegar er hér um að ræða tölu sem leynist í B-hluta fjárlagafrv. undir Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar, þar sem gert er ráð fyrir að ríkið greiði 85% af viðhaldskostnaði sjúkrahúsa á árinu 1984, þ. e. daggjaldasjúkrahúsa. Og ég vil spyrja hv. þm. Lárus Jónsson, og mér þykir leitt ef það hefur nú farið fram hjá mér líka í ræðu hans, það var meiningin að reyna að lesa sæmilega vel, — ég vil spyrja hv. þm. að því: Hve há er sú upphæð sem ætluð er til viðhalds daggjaldasjúkrahúsa á árinu 1984?

Þá vil ég inna hér eftir öðru atriði, herra forseti, og það snertir Atvinnuleysistryggingasjóð. Skv. lögum nr. 52 frá 1981 um breyt. á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun aldraðra, er gert ráð fyrir að þeir sem fá eftirlaun skv. þeim lögum njóti ákveðinna þriggja stiga í eftirlaunarétti sem eru kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði. Nú lá það fyrirheit fyrir, þegar þessi lög voru sett um stigin þrjú, að ríkissjóður létti þessum greiðslum jafnt og þétt af Atvinnuleysistryggingasjóði. Í samræmi við þetta voru í fjárlögum fyrir árið 1983 veittar úr ríkissjóði 5.5 millj. kr. til greiðslu upp í þennan viðbótarlífeyri, sem áætlað er að verði árið 1983 28.3 millj. kr.

Nú er gert ráð fyrir að þessi viðbótarlífeyrir verði árið 1984 30.9 millj. kr. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1984 er hins vegar ekki að finna neina fjárveitingu til endurgreiðslu á fjárhæð þessari né hluta hennar. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. og hv. formann fjvn.: Er það ekki ætlun núv. ríkisstj. að koma til móts við Atvinnuleysistryggingasjóð í þessu efni? Atvinnuleysistryggingasjóður á í talsverðum fjárhagslegum erfiðleikum. Fyrst og fremst er það vegna þess að framlög hans til framkvæmdar laganna um eftirlaun til aldraðra hafa orðið miklu hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi. Ég sé ekki betur en það sé alveg óhjákvæmilegt að gerðar verði ráðstafanir til að koma þarna nokkuð til móts við Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég minni t. d. á í þessu sambandi að Atvinnuleysistryggingasjóði hefur verið ætlað að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég hef grun um að sjóðurinn hafi ekki haft lausafjárstöðu til að gera það á þessu ári nema með nokkrum eftirrekstri. Ég hygg að hann hafi svo keypt sín bréf að lokum, en það var ekki fyrr en löngu seinna en gert hafði verið ráð fyrir í greiðsluáætlunum. En ég vil sem sagt spyrja hv. formann fjvn. og hæstv. fjmrh.: Er ekki ætlunin að koma þarna nokkuð til móts við Atvinnuleysistryggingasjóð? Og ég fullyrði að það skiptir miklu þó að þar yrði aðeins um lítið skref að ræða. Aðalatriðið er áreiðanlega frá sjónarmiði Atvinnuleysistryggingasjóðs að það liggi fyrir viðurkenning á því að ríkisstj. vilji stíga þarna skref til móts við sjóðinn.

Herra forseti. Í frv. til fjárlaga fyrir 1984 er gert ráð

fyrir að verja liðlega 100 millj. kr. í lánsfé á þessum tímum mikillar lánsfjárkreppu til flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Ég hef ekki hugsað mér nú við þessa umr. að fara rækilega út í það mál, en við Alþb.-menn munum taka á því máli sérstaklega við 3. umr. fjárlaganna. Ég tel að hér sé um að ræða útgjöld sem við getum sparað okkur, eins og fram kemur í till. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon o. fl. hafa hér flutt, og við munum flytja sérstaka till. um meðferð þessa lánsfjár áður en afgreiðsla fjárlaganna fer fram.

Á þessum tímum mikilla þrenginga í ríkisbúskapnum, þegar flest er nú sparað, hefur hæstv. ríkisstj. fundið einn lið sem ástæða hefur þótt til að hækka sérstaklega myndarlega og það er liðurinn við 4. gr. 0108 Þingmannasamtök NATO. Sú tala er í fjárlagafrv. 117 þús. kr. Nú þykir mikið liggja við að efla tengsl Íslands við Þingmannasamtök Atlantshafsbandalagsins. Nú er ekki verið að knía með 9.1% eða 14.4 eða 21.2, eins og þessar nákvæmu tölur eru sem Þjóðhagsstofnun lætur ríkisstj. reikna eftir fjárlögin. Það er nú ekki naglaskapurinn uppi þegar kemur að þessum mikilvægu erlendu samskiptum, og væri kannske fróðlegt að fá hér lista yfir hverjir það eru sem aðallega þurfa að bregða sér af bæ til að sinna Þingmannasambandi Atlantshafsbandalagsins. Ég hef nú ekki yfirlit yfir það. Hæstv. forseti, sem er innanbúðar þarna í Sjálfstfl., kann það sjálfsagt hverjir þar eru helst og hv. þm. Guðmundur Bjarnason gæti sennilega veitt um það upplýsingar hvaða framsóknarmenn það eru sem þurfa á alveg sérstakri andlegri styrkingu að halda frá NATO um þessar mundir.

Það er nú ekki verið að klípa það eða skera nærri nögl, eins og hv. þm. Ingvar Gíslason sagði áðan þegar var verið að lýsa hér Listskreytingasjóði, þar væri nú skorið nærri nögl eins og hann sagði. Hérna eru það ekki 100% og ekki 200%, heldur er hér gert ráð fyrir því að Þingmannasamtök NATO fari úr 117 þús. kr. upp í 900 þús. kr. Og nú fer ég fram á það við hv. þm. Lárus Jónsson og hæstv. fjmrh. að þeir rökstyðji hina brýnu nauðsyn þess að hækka þessa tölu svona mikið, að þeir rökstyðji þessa tölu þannig að þingheimi megi ljóst vera hví liggur svona mikið við í sambandi við Þingmannasamtök Atlantshafsbandalagsins. Eru kannske einhverjir vantrúaðir í hópi ríkisstj.? Eru einhverjir sem þurfa á alveg sérstakri meðhöndlun að halda? Mér skilst að þeir hjá Ameríkananum hafi boðið upp á ókeypis sérmeðferð um borð í flugvélamóðurskipum fyrir einu eða tveimur árum og menn hafi fengið að gista þar og ekki þurft að borga mikið fyrir það. (**Gripið fram í:** Er það ekki árlega bara?) Er það árlega? Ja, hv. þm. veit örugglega betur en ég.

Nú er sem sagt meiningin að fara að greiða þennan gistikostnað um borð í flugvélamóðurskipunum með því að hækka framlag á fjárlögum úr 117 þús. kr. upp í 900 þús kr. Það er engin smátala. Ég fer hér fram á 200 þús. kr. til Blindrabókasafns t. d. og bliknar sú till. sannarlega í samanburði við þau ósköp sem hér eru á ferðinni. Mér finnst að hv. þm. Lárusi Jónssyni, sem flutti hér annars athyglisverða ræðu um margt og sem er ástæða til að þakka honum fyrir, hún var skýr og skilmerkileg, hafi láðst að gera grein fyrir því hvernig á því stendur að það þarf að hækka þennan lið svona rosalega eins og gerð er till. um. Það er engin ástæða til þess fyrir stjórnarandstöðuna að sætta sig við að þetta fari hér skýringalaust í gegn. Og ég óska eftir því að hv. þm. upplýsi mig um það í leiðinni hvaða þm. það eru sem þurfa á þessari sérmeðferð að halda þarna hjá Atlantshafsbandalaginu. Eru það einhver sérkennslugögn sem þeir eiga að fá í hendur, þessir hv. þm. sem þarna eru að fara að kynna sér málin hjá NATO? Eru einhverjir að ganga af trúnni kannske eða hvað er hér að gerast? Það væri fróðlegt ef hv. þm. Lárus Jónsson vildi dreifa lista með nöfnum þeirra manna sem þurfa á þessari sérmeðferð að halda.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er ekki ætlan mín að ræða forsendur fjárlaga eða fara mörgum orðum um fjárlagafrv. almennt séð. Það hefur þegar verið gert skilmerkilega af talsmönnum minni hl. fjvn. og raunar hefur meiri hl. gert grein fyrir sinni afstöðu með ræðu sem nýbúið er að þakka og ég get tekið undir það. Það er gott að fá skýringar, svo langt sem þær ná. En það eru ýmis atriði sem ég vildi þó víkja hér að og óska nánari upplýsinga um, auk þess sem ég ætla að mæla hér fyrir nokkrum brtt.

Áður en ég kem að þessum þáttum vil ég þó aðeins nefna það vegna þess að hér er rætt um að endurskoða þurfi forsendur fjárlaga, þ. á m. launaliði, að mjög margt virðist vera í endurskoðun hjá hæstv. ríkisstj. um þessar mundir. Mönnum finnst það skiljanlegt ef þeir taka trúanleg ýmis gögn sem fram eru reidd af rannsóknarstofnunum og sérfræðistofnunum og ekki ætla ég mér út af fyrir sig að vita betur en þær um efni sem þeim er ætlað að sinna. En ég vil þó slá ákveðna varnagla í þeim efnum og alveg sérstaklega vara menn við þeim síbyljuáróðri, þeim stöðuga áróðri sem glymur þessa dagana, að nú sé allt að fara norður og niður umfram það sem verið hafi í þessu þjóðfélagi, eins og við höfum mátt hlusta á allt frá því að hæstv. ríkisstj. settist á stóla.

Ég held að það sé engin tilviljun að þessum þáttum er haldið svo mjög á loft af hæstv. ríkisstj. og sumt af þeim spám sem fram hafa komið og ekki eru bjartar hafi þótt nokkur hvalreki á þessum skammdegisdögum í tengslum við ýmis áform sem stefna hafði verið mörkuð um af hæstv. ríkisstj. áður en að því kom að endurskoða þyrfti forsendur fjárlaga. Ég er þó ekki að ætla neinum út af fyrir sig að hann óski þess ekki að úr rætist í þeim efnum og að úr hugmyndum um, að við þurfum að búa við 200 þús. tonna þorskafla á komandi ári, geti ræst og horft til betri vegar í þessum efnum. Ég þykist vita að allir hæstv. alþm. vænti þess að þar rætist úr. En ég held að við þurfum á þessum skammdegisdögum að leita leiða sameiginlega til að auka með öllum ráðum aflafé þjóðarinnar til þess að bæta úr þeim dökku horfum sem í ýmsum greinum eru fram undan. Ég held að það sé hægt með mörgu móti ef menn leggjast saman á árar að bæta þar um og auka verðmæti þeirrar þjóðarframleiðslu sem þarf að vera til skipta með sanngjörnum hætti. Um skiptin á því sem aflað er í ríkissjóðinn er fjallað í fjárlagafrv. og ég ætla þá að víkja nánar að því.

Það er mikill svipur almenns niðurskurðar og aðhalds í þessu fjárlagafrv. Það kemur engum á óvart út af fyrir sig og þetta kemur víða niður. Þetta kemur niður á verklegum framkvæmdum, þ. á m. skólabyggingum, þetta kemur niður á framlögum til menningarmála og niður á flestum liðum fjárlaga í raun sem ekki eru þeim mun betur verndaðir af lögum. En ég minni á að þegar

litið er á þessar tölur hljótum við að hafa í huga að hæstv. ríkisstj. — og hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega — taldi mögulegt og nauðsynlegt á þessu ári að rýra tekjur ríkissjóðs með því að létta af tollum og sköttum, t. d. skatti á ferðamannagjaldeyri og tollum á ýmsum varningi en mönnum sýndist nú vera misjafnlega brýnt að létta af tollum og minnka þannig tekjur ríkissjóðs. Ég held að m. a. hafi það verið gráfíkjur, ef ég man rétt sem voru á skránni hjá hæstv. fjmrh. og hann lækkaði tollana á. Þetta er rétt að menn hafi í huga þegar litið er á lágu tölurnar í þessu fjárlagafrv. Hvaða nauðsyn bar til að minnka í sameiginlegum sjóði með þessum hætti á yfirstandandi ári og því næsta?

Hæstv. ríkisstj. hefur látið að því liggja í stjórnarsáttmála og einstakir ráðh. í sínu máli oft að hér þurfi að reyna að treysta undirstöður atvinnulífs í landinu, hér þurfi að reyna að hefja sókn. Auðvitað gleðst maður yfir slíku tali ef eitthvað fylgir síðan á eftir í þeim efnum. Í því samhengi vil ég koma að því að mér finnst að ekki sé alltaf samkvæmni á milli slíkra orða og þess sem við sjáum svo till. um, m. a. í þessu fjárlagafrv.

Ég vil þar koma að fáeinum dæmum, tek þar Iðnrekstrarsjóð fyrstan. Það er aðalþróunarsjóður iðnaðarins sem um hefur verið fjallað á hv. Alþingi með endurskoðun laga síðast á árinu 1980 þegar sjóðnum voru sett ný og endurskoðuð lög. Þessum sjóði er ætlað skv. þessum lögum m. a. að stuðla að auknum útflutningi iðnvarnings, að auka samkeppnishæfni íslensks iðnaðar á innlendum og erlendum markaði að örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar framleiðslu í iðnaði og að auka framleiðni í iðnaði. Og til þess að sjóðnum sé kleift að rækja hlutverk sitt gera lögin ráð fyrir að hann fái fjárveitingar, framlög úr ríkissjóði, til að geta veitt styrki og hagstæð lán undir verðtryggingarkröfum.

Á síðasta ári var fjárveitingin til þessa sjóðs á fjárlögum 16.6 millj. kr. Í ár bregður hins vegar svo við að í fjárlagafrv. er gerð till. um 5 millj. kr. fjárveitingu sem er auðvitað enn minna að raungildi, kannske eitthvað í kringum 3 millj. samanborið við 16. millj. á fjárlögum yfirstandandi árs.

Stjórn Iðnrekstrarsjóðs lýsti áhyggjum sínum — í erindi til fjvn. Alþingis og þar kemur m. a. fram í upphafi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýlega hefur komið fram í máli iðnrh. að hugmyndir séu um að leggja Iðnrekstrarsjóð niður en fela verkefni hans öðrum aðilum, m. a. Iðnlánasjóði að því er stuðning við vöruþróun og hagræðingu varðar. Jafnframt hefur komið fram í máli ráðherrans að ekki sé ætlunin að skerða fé það sem runnið hefur til þessara mála", ég endurtek: „að ekki sé ætlunin að skerða fé það sem runnið hefur til þessara mála."

Síðan er rakið það framlag sem kemur til sjóðsins og í skýru máli þörfin á því að auka fjárveitingar til hans umfram það sem verið hefur. Rökstutt er hversu fjárveitingar til sjóðsins hafa komið í góðar þarfir til að renna stoðum undir nýja vaxtarsprota í iðnaði. Í þessu erindi segir að fjárveitingar til sjóðsins auk þess fjár sem hann hefur af vaxtatekjum þyrftu á komandi ári að vera 36 millj. kr. Og í lok erindisins segir stjórnarformaður Iðnrekstrarsjóðs:

„Hvernig svo sem skipulagsmálum sjóðsins verður varið væntir stjórn Iðnrekstrarsjóðs þess að fyrir þessu fjármagni verði séð til að ekki verði brugðið fæti fyrir þá þróun sem sjóðurinn hefur stuðlað að á síðustu árum. Hefur sjaldan verið meiri nauðsyn en einmitt nú að vöruþróun og útflutningsviðleitni sé stunduð af kappi í iðnaði landsmanna."

Ég vil af þessu tilefni, vegna þessa máls spyrja hæstv. iðnrh. og hann má gjarnan koma með hæstv. fjmrh. sér við hönd til að skýra fyrir okkur með hvaða hætti og á hvaða forsendum fjármagn til þessa sjóðs sé skorið niður og sé það ætlun hæstv. ráðh. og ríkisstj. að bæta þar um með öðrum hætti að sýna okkur þá fram á með hvaða hætti það sé gert í þessu fjárlagafrv. Ef eitthvað óvænt á eftir að koma í ljós fyrir afgreiðslu þess væri æskilegt að hæstv. ráðh. upplýsti um það.

Ekki er að finna fjárveitingar úr ríkissjóði til Iðnlánasjóðs sem nefndur hefur verið til að taka við einhverjum hlutverkum Iðnrekstrarsjóðs. Ekki er að finna auknar fjárveitingar til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Fjárveiting til hennar stendur í stað í krónutölu samkvæmt þessu frv. þannig að það hefur lækkað að raungildi milli ára. Ekki er því líklegt að sú stofnun, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, taki á sig mikið af verkefnum Iðnrekstrarsjóðs. Hér er sannarlega komið í óefni ef þetta á að ganga fram með Iðnrekstrarsjóð og ég hef ekki viljað trúa því að hæstv. iðnrh. vildi standa að því að rista með þeim hætti sem hér eru till. um niður fjármagn til þessarar starfsemi. Ég vænti þess að hann varpi ljósi á þetta mál hér í umr.

En það er víðar en í fjárlagaliðum undir iðnrn. sem við sjáum lækkaðar tölur með nokkuð óvæntum hætti. Ég tek hér dæmi af stofnun sem Iðnfræðsluráð heitir þar sem fram kemur á þskj. 191 sem fram var lagt í gær og prentað upp, að ég hygg, í dag og dreift í hv. Sþ. að fjárveitingar til Iðnfræðsluráðs eru lækkaðar verulega frá því sem fyrirhugað var í fjárlagafrv., launaliðurinn lækkaður úr 4.2 millj. niður í um 2.8 millj. og önnur rekstrargjöld lækkuð meira en um helming. Það fylgdi síðan með í ræðu hv. formanns fjvn. að til stæði að leggja þessa starfsemi Iðnfræðsluráðs niður, athuga í því sambandi hvort þyrfti að ráðstafa einhverjum af verkefnum þess annað, en á því byggði þessi till. fjvn. sem ég var hér að koma að. Það kemur nokkuð á óvart fyrir þm. — ég geri ráð fyrir fleiri en mig — að heyra þetta því um þetta hef ég ekkert heyrt í fjölmiðlum sem hafa þó rætt ýmislegt um endurskoðun á málefnum einstakra stofnana í landinu. Það bætist síðan við og ég hef af því spurnir að starfsmenn Iðnfræðsluráðs hafi komið algerlega af fjöllum að frétta af því fyrst í gærkveldi eða í morgun að til stæði að leggja þessa stofnun, Iðnfræðsluráð, niður. Þar vinna nú í föstu starfi að ég hygg átta manns sem sendar eru þessar kveðjur í gegnum þetta þskj. og fá síðan af því spurnir frá Alþingi eftir krókaleiðum að þau verkefni sem þar séu unnin séu kannske óþörf, alla vega hafi verið ákveðið að leggja Iðnfræðsluráð niður frá miðju næsta ári eða svo.

Nú vil ég taka skýrt fram að ég tel það enga goðgá að athuga málefni einstakra stofnana og hvort þeim megi betur fyrir koma og endurskipuleggja. Það má vel vera að hægt sé að koma verkefnum Iðnfræðsluráðs fyrir með öðrum hætti en nú. Ég hef meira að segja látið mér til hugar koma löngu áður en ég sá þessar tölur í fjárlagafrv. eða till. hv. fjvn. að ekki væri óeðlilegt að verkefni Iðnfræðsluráðs flyttust inn í menntmrn., að hluta til til verk- og tæknimenntunardeildar þar og e. t. v. til skólarannsóknadeildar sem svo hefur verið

kölluð en sem nú heyrast hugmyndir um að eigi raunar að leggja niður, svo það er nú kannske ekki gott að vera að vísa miklu til hennar í bili. En hvað sem um það má segja á Iðnfræðsluráð lögum samkvæmt nú að sinna skilgreindum verkefnum og það mikilvægum verkefnum fyrir iðnfræðsluna í landinu, verkefnum sem hafa verulega þýðingu fyrir þessa starfsemi og þá sem hennar njóta, iðnnemana, sem njóta þjónustu Iðnfræðsluráðs. Þarna er á meðal leiðbeiningarstarf varðandi starfsval fyrir iðnnema, þ. e. um staðfestingu námssamninga, slit á þeim og styttingar og reyndar margt fleira sem mætti að víkja.

Ég ætla ekki að hafa langa tölu um þetta atriði, en í því sem ég vildi sérstaklega nefna til viðbótar er gerð á námsskrám og námsgögnum fyrir iðngreinarnar sem hefur verið unnið að á vegum Iðnfræðsluráðs og skilað hafa verulegum árangri á undanförnum árum, að ég hygg, og þar unnið að mörgum atriðum sem ekki er fulllokið. Ég heyrði í máli hv. formanns fjvn. sem rökstuðning að iðnnámið hefði færst svo mjög inn í fjölbrautaskólana að það gerði endurskipulagningu og niðurfellingu eða niðurlagningu þessarar stofnunar eðlilega. En ég hygg að nálægt 60% iðnnema séu á samningum, þrátt fyrir að í mjög auknum mæli sé farið að stunda iðnfræðsluna innan framhaldsskólakerfisins og ekki nema gott um að segja.

Ég vil vegna þessa sérkennilega máls spyrja hæstv. menntmrh. sem hér er viðstaddur hverju þetta sæti. Ég vil leita eftir skýringum hæstv. menntmrh. á því hvort hæstv. ráðh. hefur tekið ákvörðun um þetta eða hvort það er hv. formaður fjvn. í hans umboði eða hvernig þessi ákvörðun sé til komin. Ákvörðun sem gerð er með slíkri leynd að hvorki formaður Iðnfræðsluráðs, Sigurður Kristinsson, eða framkvæmdastjóri ráðsins höfðu hugmynd um að eitthvað af þessu tagi stæði til.

Þetta minnir nokkuð á vinnubrögð sem voru blaðaefni fyrir skemmstu varðandi Rafmagnsveitur ríkisins þar sem hæstv. iðnrh. gaf til kynna á hádegisverðarfundi hjá óskyldum aðilum að nú ætti aldeilis að taka til hendi gagnvart þeirri stofnun. Síðan hafði flokksmálgagnið Morgunblaðið það eftir ráðh. að það væri hátt í 100 manns sem mættu missa sig hjá Rafmagnsveitunum og á annað hundrað bifreiðar, en nánari fregna af þeim tíðindum öllum væri að vænta í byrjun næsta árs, í janúar. Það endurtók ráðh. þannig að þar eru ekki öll kurl komin til grafar. Ég ætla ekki að ræða það mál hér frekar en það sem hér kemur fram varðandi Iðnfræðsluráð, sem eru undir öðru rn., minnir á þessi tíðindi og hvernig þeim er komið til skila af hálfu hæstv. iðnrh. varðandi Rafmagnsveiturnar.

En það er annað atriði varðandi Rafmagnsveitur ríkisins sem ég vil koma hér að sem varðar fjárhag þess fyrirtækis. Það eru framlög ríkisins sem eignaraðila til Rafmagnsveitna ríkisins. Allt frá árinu 1979 hefur eigandinn lagt til Rafmagnsveitnanna framlög sem hefur munað verulega um í rekstri fyrirtækisins og auðveldað að ná fram þeim markmiðum til jöfnunar á gjaldskrám sem náðst hafa t. d. á almennum heimilistaxta á þessu tímabili. Þannig var t. d. árið 1981 veitt á fjárlögum 14 millj. og 250 þús. kr. til Rafmagnsveitnanna á verðlagi þess árs. Á árinu 1982 var veitt til Rafmagnsveitnanna 17 millj. 750 þús., þar af voru 10 millj. sem komu eftir afgreiðslu fjárlaga og síðan til viðbótar bráðabirgðalán sem var breytt í eignarframlag upp á 12 millj. kr. þannig að á árinu 1982 var veitt um 30 millj. kr. framlag til Rafmagnsveitna ríkisins. Skv. fjárlögum yfirstandandi árs, 1983, er veitt 12 millj. 170 þús. kr. til Rafmagnsveitnanna sem framlag eiganda. En síðan ber svo við að í þessu fjárlagafrv. er ekki að finna krónu sem framlag til Rafmagnsveitnanna, engin fjárveiting er sýnileg til þeirra. Þetta mun ekki létta róður fyrirtækisins sem þjónar eins og við vitum öðru fremur dreifbýlinu. Ekki auðveldar þetta að halda niðri gjaldskrám og tryggja þar hallalausan rekstur.

Ég minni á að stefnumótun ríkisstj. fráfarandi var að slík framlög skyldu veitt og tekið mið af félagslegum þætti framkvæmda á vegum Rafmagnsveitnanna. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Gerði hann ekki till. við mótun fjárlagafrv. af hálfu síns rn. um að fá slíkt framlag til Rafmagnsveitnanna? Hafi það verið gert, hvernig stendur þá á því að málið hefur ekki fengið framgang með till. skv. fjárlagafrv.? Fékk málið ekki stuðning í hæstv. ríkisstj.? Hverjir voru það sem brugðu þar fæti fyrir málið, ef það gerðist? Var það kannske hæstv. fjmrh. eða ráðh. Framsfl. sem þó studdu þetta mál í síðustu ríkisstj., að Rafmagnsveiturnar fengju slíkt framlag? Ég vil inna hæstv. iðnrh. eftir þessu.

Þá kem ég að húshitunarkostnaðinum og því sem varðar lækkun hitunarkostnaðar húsnæðis í landinu. Það eru ekki nema fáir dagar síðan fram fór umr. um það mál utan dagskrár í hv. Nd. og ég ætla að vísa til hennar að hluta til að stytta mál mitt. Í þeirri umræðu vakti ég athygli á verulegri hækkun húshitunarkostnaðar hjá viðskiptavinum rafveitna og hitaveitna á þessu ári eftir að núv. ríkisstj. var mynduð. Ég benti þar á það, sem ég vil rifja hér upp, að húshitunartaxtinn hefur að meðaltali hækkað um 17.4% frá því að ríkisstj. tók við völdum, þrátt fyir auknar niðurgreiðslur, þrátt fyrir að varið hafi verið um 150 millj. kr. í auknar niðurgreiðslur á raforku til húshitunar vegna þess að það sem þannig hefur komið hefur verið tekið með öðrum hætti, með hækkun gjaldskráa, með miklum hækkunum á gjaldskrám sem hafa meira en tekið til baka það sem húseigendur eða leigjendur væntu að kæmi þeim til góða.

Annar orkukostnaður hefur hins vegar hækkað enn meira eða um 38.5%, hinn almenni taxti heimilanna, þannig að það er orðið um mánaðarlaun lágtekjumanns sem núverandi ríkisstj. hefur tekið í kostnaðarauka á ári af meðalfjölskyldu með hækkun orkukostnaðar. Ég hlýt að minna á stóru orð núverandi stjórarherra á síðasta þingi þegar þeir voru í ríkisstj. og utan ríkisstj. því að í þeim kór sungu saman með hv. þm. Sjálfstfl. þm. Framsfl., að vísu mismunandi hátt, en þeir gerðu það bæði hér á Alþingi og utan þingsala og í málgögnum sínum með mjög eftirminnilegum hætti. Þeir tóku þar undir söng hæstv. núv. iðnrh. um orkujöfnunargjaldið sem stolið hefði verið og það skyldi fara á aðra leið ef þeir mættu koma áhrifum sínum við. Hæstv. núv. iðnrh. upplýsti í umr. á föstudaginn var að tekjur af þessu margumtalaða orkujöfnunargjaldi, 1.5 söluskattsstigi frá árinu 1980 mundi nema um 470 millj. kr. á næsta ári.

Skv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 230 millj. kr. framlagi í niðurgreiðslu vegna rafhitunar og um 60 millj. kr. vegna olíustyrkja. Ég vil benda á að þessar 290 millj. kr., þó að saman væru lagðar, nægja ekki einu sinni til að standa undir núverandi niðurgreiðslustigi á

næsta ári. Þar er því ekkert að hafa til að mæta hugsanlegum hækkunum á gjaldskrám, verðlagningu sem hæstv. ríkisstj. boðaði að verði gefin frjáls frá 1. febr. n. k., og kæmi nokkuð spánskt fyrir sjónir ef fyrirtækin bættu ekki eitthvað við sínar gjaldskrár. Ef til þess kemur er ekkert að hafa skv. fjárlögum ef ekki verður breyting á til að halda núverandi niðurgreiðslustigi og kostnaði í skefjum. Og ekkert til að lækka eða jafna húshitunarkostnaðinn með þeim hætti frá því sem nú er.

Ég kem þá að brtt. sem ég flyt á þskj. 205 varðandi þetta mál, sem er fyrsta lagi tekjuöflunartillaga til að afla ríkissjóði 190 millj. kr. tekna til að standa undir lækkun húshitunarkostnaðar sem því nemur — ég segi lækkun húshitunarkostnaðar, ekki bara vegna rafhitunar heldur einnig hjá dýrari hitaveitum, þannig að upphæðin samkv. umræddum fjárlagalið, 11 399, Ýmis orkumál, undirliður 105, breytist úr 230 millj. kr. í 420 millj. Það er upphæð sem hefur samsvörun í till. á þskj. 125 um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði, þáltill. sem ég flyt með sex öðrum hv. þm. Alþb. um þetta efni, þar sem gert er ráð fyrir að til að lækka húshitunarkostnað íbúðarhúsnæðis á komandi ári að því marki að lágtekjufólk þurfi ekki að vinna nema sem svarar 8 vikur á ári, tvo mánuði á ári til að standa straum af húshitunarkostnaðinum, þá verði það gert kleift, með 421 millj. raunar samkv. útreikningi, til að standa undir þeirri lækkun sem þetta markmið fæli í sér. Þá vantar á vegna atvinnuhúsnæðis, ef standa ætti við markmið þáltill. að þessu leyti varðandi þennan áfanga í lækkun húshitunarkostnaðar.

Ég veit að hv. alþm. eru býsna vel kunnugir þessum málum vegna ítrekaðrar umr. um þau hér á hv. Alþingi svo sem vert er. Ég ætla því ekki með mörgum orðum að rökstyðja þessa till. En ég hlýt að víkja að þeirri tekjuöflun sem hér er lögð til í formi hækkunar skatta af seldri vöru og þjónustu með nýjum lið í formi hækkunar orkuverðs til stóriðju og/eða með orkuskatti, sem gefi 190 millj. í tekjur, nýjar tekjur í ríkissjóð. Hér er fylgt þeirri stefnu sem gerð var till. um af nefnd sem skilaði áliti 28. jan. s. l. og í áttu sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum og fjölluðu um það efni hvernig ætti að afla tekna til að standa undir lækkun húshitunarkostnaðar. Þeirra aðaltillaga var hækkun orkuverðs til stóriðju og þeirra varatillaga, ef það gengi ekki fram með skjótum hætti, var álagning orkuskatts á alla notorku, að undanskilinni orku til fiskiskipa og þeirri orku sem nú þegar er lagt á verðjöfnunargjald, þannig að það bættist ekki þar við. Ég vísa til þessara tillagna varðandi þessa tekjuöflun.

Ég hlýt jafnframt að vísa til þess að hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. alveg sérstaklega er að vinna að endurskoðun raforkusölusamninga til stóriðjufyrirtækja, gerði bráðabirgðasamkomulag 23. sept., s. l., sem hann nú nýlega upplýsti okkur um að hann teldi allsendis ófullnægjandi, og gladdi mig að heyra það, þrátt fyrir það að talið væri ótrúlegt afrek á haustdögum, og fyrir 1. apríl n. k. er ætlunin að ganga frá samkomulagi um endurskoðun samninga við Íslenska álfélagið, sem nú greiðir 9.5 mill fyrir kwst., sem er hækkun um 3 mill frá gildandi samningi. Hins vegar vantar þrisvar sinnum 3 mill upp á það að fyrirtækið greiði enn framleiðslukostnaðarverð fyrir raforkuna og ég get ekki trúað því, og ég hugsa að flestir hv. alþm. taki undir það, ég get ekki trúað því að menn ætli að greiða áfram með raforkusölu til þessa fyrirtækis. Sú till. sem hér er gerð varðandi tekjuöflun af þessum pósti er ekki ofílögð, ef litið er á þetta efni. Hækkun um 3 mill gefur á ári samkv. upplýsingum hæstv. ráðh. 137 millj. kr. og þreföld sú hækkun losar 400 millj. kr. Þriðjungur ársins er liðinn 1. apríl og við skulum taka tillit til þess. Þá gæfi framleiðslukostnaðarverð af raforkunni í tekjuauka um 300 millj. kr. og hér er þó aðeins gert ráð fyrir að tæpum 200 verði skilað í ríkissjóð til þess að standa undir lækkun húshitunarkostnaðar sem þessu nemur. Til vara síðan orkuskattur, sem er lagður m. a. á raforkusölu til stóriðju hjá nágrönnum okkar Norðmönnum og hefur verið svo lengi.

Ég kem þá að brtt. sem ég ætla að mæla hér fyrir á þskj. 204 sem ég flyt ásamt fjórum öðrum þm. Alþb. varðandi Námsgagnastofnun. Það er brtt. við lið 2 422 og gerir ráð fyrir 3 millj. kr. framlagi til viðbótar til Námsgagnastofnunar umfram það sem gert er ráð fyrir í till. fjvn., umfram það sem hún hefur lagt til á þskj. 191. Till. okkar gerir ráð fyrir því að 1 millj. kr. af þessum 3 verði varið til undirbúnings og útgáfu sérkennslugagna á vegum Námsgagnastofnunar. Hér er um mjög brýnt verkefni að ræða fyrir þá sem höllustum fæti standa, eins og m. a. kemur fram í bréfi sem formaður landssamtakanna Þroskahjálpar, Eggert Jóhannesson, ritaði m. a. þingflokki Alþb. 5. des. s. l. um þetta efni. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, m. a.:

„Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólunum fyrir sem bestum og fullkomnustum náms- og kennslugögnum. Þessum ákvæðum hefur ekki verið nærri fullnægt hvað varðar nemendur með sérþarfir, enda ekki verið um að ræða skipulega útgáfu á sérkennslugögnum á vegum hins opinbera. Stjórn landssamtakanna Þroskahjálpar leggur áherslu á að útgáfa á námsgögnum fyrir nemendur með sérþarfir verði fastur liður í verkefnum Námsgagnastofnunar og að hafist verði handa um skipulega útgáfu á sérkennsluefni strax á næsta ári. Með þessu bréfi vill stjórn landssamtakanna hvetja fjvn. Alþingis til að tryggja það að Námsgagnastofnun verði gert kleift að sinna því hlutverki sem henni er ætlað þannig að réttur umræddra nemenda verði ekki enn einu sinni fyrir borð borinn.“

Það er mat starfsmanna Námsgagnastofnunar að með 1 millj. kr. framlagi megi koma verulegu skriði á þessi mál í framhaldi af því starfi sem hafið er á vegum stofnunarinnar með ráðningu sérstaks fulltrúa á síðasta ári sem vinnur að þesum málum. Ég treysti því að hv. alþm. sýni þessari till. skilning með stuðningi við hana. Þá leggjum við til varðandi Námsgagnstofnun að framlag til bókaútgáfu á hennar vegum hækki um 2 millj., eða 4 millj. samtals frá tölu fjárlagafrv., í 27 millj. 399 þús. kr. Til rökstuðnings þessari till. vísa ég til þeirrar umr. sem fór hér fram í Sþ. þann 6. des. s. l. þegar hæstv. menntmrh. svaraði fsp. minni um fjárhag og skyldur Námsgagnastofnunar. Það er ljóst að stofnunin er þrátt fyrir óverulega leiðréttingu samkv. till. fjvn. miðað við áætlun stofnunarinnar og þarfir í algerri hnappheldu og afleiðingar þess á skólastarf eru óforsvaranlegar.

Ég minni á að eftir sem áður eru framlög til Námsgagnastofnunar aðeins — og þá er það deildin sem til hennar rennur — aðeins sem svarar um 1000 kr. á hvern nemanda í grunnskólum landsins en þeir eru um 37 þús. talsins. Hér er því engin ofrausn á ferðinni heldur verið

að taka sárasta broddinn úr þeim aðstæðum, þeim bágu aðstæðum sem Námsgagnastofnun eru búnar með þeim tillögum sem fram eru komnar frá ríkisstj. og fjvn.

Það kom fram í máli hv. formanns fjvn. að athugun stæði yfir á málefnum stofnunarinnar og boðuð væri hagræðing mála, m. a. fjárveiting í því skyni. Ég verð nú að segja að sumt af því sem þar kom fram gladdi mig ekki sérstaklega, þar sem í máli hv. þm. Lárusar Jónssonar, formanns fjvn., var um það getið að með hagræðingu væri m. a. til sérstakrar athugunar að fara í útboð varðandi undirbúning og útgáfu námsefnis á vegum stofnunarinnar. Ég vil hvetja til þess að menn fari varlega í þeim efnum og hlýði af gaumgæfni á varnaðarorð áður en út á þá braut verður farið. Það má vera að menn sjái möguleika á einhverri lækkun útgjalda með slíkum hætti í byrjun en ég er ansi hræddur um að það geti virkað verulega neikvætt á námsefni og starfsemi stofnunarinnar, sem á marga lund er til fyrirmyndar, eins og þeir munu sannfærast um sem kynna sér starfsemi hennar.

Þá mæli ég hér að lokum, herra forseti, fyrir brtt. varðandi liðinn Landgræðslu- og landverndaráætlun þar sem lagt er til að tekinn verði inn nýr liður, Fyrirhleðslur vegna hamfarahættu á Skeiðarársandi, að upphæð 8.7 millj. kr. Í sambandi við þessa till. og til að skýra hana fyrir þeim sem ekki hafa átt sæti í hv. fjvn. vil ég vitna til erindis sem henni var sent, dags. 22. nóv. s. l., frá almannavarnanefnd Austur-Skaftafellssýslu, undirritað af Friðjóni Guðröðarsyni sýslumanni, formanni nefndarinnar, en þar segir m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og alkunna er hafa Skeiðarárhlaup unnið tjón, að vísu ekki stórvægilegt enn sem komið er, á varnargörðum á Skeiðarársandi svo og gróðurtorfunni neðan undir Skaftafellsbæjum. Þessara flóða er að vænta nær hvenær sem er og um styrkleika þeirra er ekki unnt að spá. Því er bráðaðkallandi að nú þegar og í allra síðasta lagi með vordögum verði hafist handa um garðagerð og styrkingu auk lagfæringa á þeim varnargörðum sem fyrir eru á Skeiðarársandi og tengjast brúarmannvirkjunum þar. Því er óskað eftir sérstakri fjárveitingu í þessu skyni, sbr. kostnaðaráætlun Vegagerðar ríkisins," — sem fylgdi þesu erindi til fjvn., það er innskot mitt. „Upphæðin sem farið er fram á nemur 8.7 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir mótframlagi Viðlagatryggingar Íslands, sbr. bókun þar á fundi snemma árs 1982."

Ég vek sérstaka athygli á fyrirheiti Viðlagatryggingar Íslands um allt að 50% mótframlag til viðbótar framlagi ríkisins vegna þessara aðgerða. Skeiðarárhlaup sem nú stendur yfir hefur raunar undirstrikað þetta erindi nefndarinnar og staðfest það, að Skeiðarárhlaupa getur verið að vænta á öðrum tímum en menn hafa gert ráð fyrir. Hér er mikið í húfi að komið verði upp nauðsynlegum vörnum, sem líkur eru á að geti komið í veg fyrir mikið tjón, bæði á verðmætri aðstöðu sem komið hefur verið upp svo og landi sem gróið hefur upp í skjóli þeirra mannvirkja sem risin eru, þeirra varnargarða og annarra mannvirkja sem risin eru á Skeiðarársandi. Ég bendi á að fordæmi fyrir slíkum fjárveitingum til viðbótar fjárveitingum frá Viðlagatryggingu eru frá liðnum árum t. d. vegna fyrirhleðslna við Vík í Mýrdal vegna hamfarahættu af Kötlugosi og hlaupum sem því eru samfara.

Ég vænti þess að þetta mál fái jákvæðar undirtekir og ég er vissulega reiðubúinn til þess að á það verði litið milli umr., ef tilmæli koma um þar að lútandi, og ef von er þess að þetta erindi fái jákvæðar undirtektir. Ég tek fram að hugsanlegt getur verið að lægri upphæð geti komið að notum og skynsamlegu gagni og á það er sjálfsagt að líta ef stuðnings er að vænta við þetta málefni.

Herra forseti. Ég hef hér mælt fyrir brtt. sem ég stend að og tveimur brtt. sem ég stend að með öðrum hv. þm. Alþb. Ég minni á það, að við höfðum gert tillögur um tekjuöflun á móti þessum brtt. svo að ekki yrði um að ræða röskun á niðurstöðutölum fjárlaga ef á tekjuöflunartillögurnar er fallist.

Ég hefði vissulega ástæðu til að nefna hér margt fleira en skal nú draga í land, skal hér stytta mál mitt, enda senn komið að miðnætti á þessum fundi. Ég vil þó minna á að á sama tíma og flestum er naumt skorinn stakkur samkv. fyrirliggjandi fjárlagafrv., bæði framkvæmdum og opinberri þjónustu og ekki síst marghátt-aðri menningarstarfsemi í landinu, þá eru þeir aðilar til, opinberir aðilar sem m. a. virðast hafa sæmileg efni og telja sig ekki þurfa að spyrja hv. Alþingi og jafnvel ekki þingkjörnar stjórnir varðandi fjárfestingar og önnur umsvif. Þar er glöggt dæmi bygging Seðlabankahúss sem ekki fer fram hjá neinum, síst hæstv. ráðherrum sem í Arnarhvoli sitja, ef þar er brugðið á sprengingar eins og þær sem þeir sem í stólum þeirra sátu fyrr, máttu búa við á þeim slóðum. Þar er haldið áfram framkvæmdum á sama tíma og m. a. er stöðvuð bygging þjóðarbókhlöðu. Ég tel það nú ekki vel við hæfi að bregðast þannig við á þrengingartímum, sem kallaðir eru, að stöðva byggingu yfir bækur og handrit í þessu landi og láta framkvæmdir við hallir jafnvel þó að því sé haldið fram af forstöðumönnum þeirra að þar verði til peningar svona nokkurn veginn af sjálfu sér, láta framkvæmdir við slíkar hallir ganga áfram eins og ekkert hafi í skorist.

En ég vil nefna hér annað dæmi sem er ekki með öllu óskylt þó að það sé annars eðlis. Stofnanir margar, sem við lesum um hér í fjárlagafrv., telja sig hafa fengið heldur neikvæðar undirtektir varðandi ýmislegt, sem þær hafa farið fram á, en ég skil það að möguleikar á að verða við beiðnum þeirra eru takmarkaðir. Þó er það svo að menn hljóta að líta þar á málin út frá efni, hversu brýnar umsóknir er um að ræða og hverju fjárveitingar geta skilað. Ég vil í þessu sambandi minna á að Hafrannsóknastofnun, sem við eigum nú mikið undir, m. a. þeir sem eru að spá í fjárlög komandi árs, óskaði eftir því að fá fjárveitingu til tölvukaupa, til að geta komið sér upp tölvu við hæfi að mati starfsmanna stofnunarinnar. Talið var að tölvan með nauðsynlegasta búnaði kostaði eitthvað nálægt 7 millj. kr. Fjvn. mun hafa tekið á þessu erindi og þó að ekki hafi verið orðið við neinu af óskum stofnunarinnar varðandi gjaldfærðan stofnkostnað einstakra deilda, þá var þó heimiluð fjárveiting eitthvað nálægt 1.5 millj. kr. til tölvukaupa fyrir Hafrannsóknastofnun. Tölvuna sem stofnunin vildi kaupa átti að nota til stofnstærðarútreikninga á fiskistofnum, sem þjóðhagsáætlun og einnig forsendur fjárlagafrv. eru reistar á, og nú boðað að endurskoða þurfi vegna þess að nýjar tölur og nýir spádómar hafa komið út úr gömlu tölvunni hjá þeim hjá Hafrannsókn. En það var einmitt kvartað undan því að það hefði þurft að bíða eftir úrvinnslu á gögnum hjá stofnuninni vegna

þess að menn komust ekki að í tölvunni og það reyndist tafsamt að reikna út úr gögnunum, upplýsingunum, sem safnað hafði verið.

En fyrir hverju skyldi nú upphæðin, 1.5 millj. kr., hrökkva, sem fjvn. ætlar Hafrannsóknastofnun? Jú, hún á að nægja fyrir tölvu. En hvaða tölva ætli það sé? Jú, það er tölva ofan úr Framkvæmdastofnun ríkisins. Það er tölva sem Framkvæmdastofnun ríkisins telur óbrúklega fyrir sig og sína starfsemi og hefur ráðist í það að endurnýja tölvuna hjá sér og hugbúnaðinn sem henni á að tengjast. Ég fékk þær upplýsingar í dag, þegar ég talaði við einn forstjórann, einn framkvæmdastjórann mun hann heita, því að það eru aðeins þeir á toppnum sem bera forstjóranafnbótina, að þetta væri 5 ára gamall öldungur sem þeir hefðu orðið að losa sig við þar hjá Framkvæmdastofnun. En það er sem sagt Hafrannsóknastofnunin, sem á að kaupa þennan 5 ára gamla öldung fyrir 1.5 millj. kr. og koma upp hjá sér til þess að reyna að bæta eitthvað úr gagnaúrvinnslunni varðandi fiskistofnana, stofnstærðarrannsóknirnar og spádómana, sem við bíðum eftir spenntir og í ofvæni hér á Alþingi, ekki síst eftir að veruleg röskun hefur nú orðið á síðustu árum í sambandi við upplýsingar og spádóma þessarar annars ágætu og virtu vísindastofnunar.

Fjvn. treystir sér m. ö. o. ekki til að verða við ósk stofnunarinnar um fjármagn til þess að hún gæti keypt Digital Vex tölvuna japönsku, sem ég frétti reyndar að væri með sama merki og er á tölvubúnaðinum í Gautaborg sem menn hafa verið að hnýsast í upp á síðkastið. Það mun vera sama firmað, sami framleiðandinn, Digital Vex. En á sama tíma og þessi undirstöðustofnun í okkar sjávarútvegi fær ekki fjárveitingar frá hv. Alþingi til þess að endurnýja sinn tölvubúnað, heldur fær rétt til þess að hirða 5 ára gamlan öldung ofan frá Framkvæmdastofnun, þá kaupir Framkvæmdastofnun ríkisins tölvu, glæsilegt tæki, eðlileg endurnýjun að mati starfsmanna og framámanna þar, en gífurleg stækkun, sem er álíka stökk eins og það, þegar þeir höfðu ekki neina tölvu, frá þeim öldungi, sem þeir nú eru að losa sig við, og með margfalda möguleika, enda eiga að fylgja skjáir inn á flest borð starfsmanna hjá stofnuninni auk hugbúnaðar af ýmsu tagi, sem auðvitað þarf að koma til ef á að nýta þetta tryllitæki.

Nú vil ég taka það fram að vera má að Framkvæmdastofnun hafi skynsamlegt gagn af slíkri tölvu. Á það hef ég ekki lagt mat og er ekki að kveða upp úr um það. Það getur verið að það sé nauðsynlegt að margfalda, tífalda eða svo afkastagetu tölvanna þar inn frá og kannske þaðan af meira til þess að menn geti spáð betur í spilin þar. En ég spyr hér: Finnst hv. Alþingi vinnubrögð af þessu tagi við hæfi? Og ég hef ástæðu til að ætla að þessi opinbera stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, hafi ekki talið sig þurfa svo mikið sem að spyrja þingkjörna stjórn stofnunarinnar að því, hvort hún mætti fjárfesta í sömu tölvunni og Hafrannsóknastofnun var synjað um fjármagn til að kaupa. En ég spyr vegna þess að hér er stjórnarformaður Framkvæmdastofnunar meðal vor, hv. þm. Stefán Guðmundsson, hv. 5. þm. Norðurl. v., nýtekinn þar við á bæ, og hér er raunar einnig hjá okkur á þinginu forstjóri sjálfrar Framkvæmdastofnunar, hv. 4. þm. Austurl., svo að þessir hv. fulltrúar Framsfl. hljóta að geta upplýst okkur um það með hvaða hætti var tekin ákvörðun um tölvukaupin inni við Rauðarárstíg og var málið lagt fyrir stjórn. Stjórnarformaðurinn getur eflaust upplýst það með hvaða hætti ákvörðun var tekin um þetta efni.

Ég tel þetta vera mál til umhugsunar fyrir hv. Alþingi. Ef þau eru mörg dæmin af þessu tagi, Seðlabankabygging, tölvukaup hjá Framkvæmdastofnun og ráðstafanir opinberra stofnana af slíku tagi, ef þeim dæmum fjölgar hér, sem ég er ansi hræddur um að yrði ef farið væri að leita eftir, þá er það nokkurt umhugsunarefni fyrir okkur, sem erum hér að skammta opinbert fé með gerð fjárlaga á hv. Alþingi, ef slíkir hlutir gerast svo bara án þess að nokkur nánast viti af hjá opinberum eða hálfopinberum aðilum, sem jafnvel eru undir þingkjörnu eftirliti og stjórnun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál mitt. Ég taldi nauðsynlegt að víkja hér að ýmsum þáttum. Ég hef spurt hv. formann fjvn. hér að vissum atriðum en sérstaklega hef ég beint máli mínu til hæstv. ráðh., hæstv. fjmrh., hæstv. menntmrh. vegna Iðnfræðsluráðs sérstaklega og til hæstv. iðnrh. ekki síst vegna Iðnrekstrarsjóðs, framlaga til Rafmagnsveitna ríkisins, sem ég finn ekki á fjárlögum, og vegna húshitunarkostnaðarins, fjármagns til lækkunar húshitunarkostnaðar. Og þar sem ég veit að hæstv. ráðh. átti von á nál. varðandi húshitunarkostnað hér um daginn og ég hygg að hann hafi fengið það, tillögur frá nefnd sem hann skipaði í júnímánuði hygg ég að hafi verið, til þess að undirbúa tillögur um lækkun húshitunarkostnaðar. Hafi hann nú fengið þær till. þá er hann væntanlega í stakk búinn til að segja okkur frá því á hverju við eigum von, hvað er í vændum til þess í reynd að lækka húshitunarkostnaðinn í stað þeirrar öfugþróunar sem orðið hefur á undanförnum mánuðum.

Varðandi hæstv. fjmrh. þá var það fyrst og fremst það sem tengdist þessum fsp. til annarra ráðh., með hvaða hætti hann hefði að þeim málum komið, því að eflaust er hann allra manna kunnugastur því frv. sem hér er til umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. beindi hér fsp. til mín, aðallega vegna Iðnrekstrarsjóðs og reyndar vegna húshitunarkostnaðar einnig.

Iðnrekstrarsjóður hefur verið til athugunar að undanförnu og verður e. t. v. nýtt af honum að frétta á næstunni. Það var hugmynd mín að breyta til um skipulag í þessum efnum, ekki til þess að draga úr hlutverki því sem hann hefur gegnt heldur til þess að efla það. Það verður auðvitað nýtt af honum að frétta einnig við 3. umr. fjárlagafrv., þannig að ég stytti mér leið að því leyti. Það liggur fyrir að breytingar þær sem ég hafði haft í huga ná ekki fram að sinni. Fyrir því verður framlag til hans hækkað, en aðrar útveganir fjár munu fara fram í byrjun næsta árs og bind ég vonir við að fjármagn sem verður til ráðstöfunar til þessara þarfa verði að raungildi snöggt um meira en verið hefur í ár.

Þá minntist hv. þm. með sérkennilegum hætti á fréttir um Rafmagnsveitur ríkisins og fór þar greinilega vísvitandi með rangt mál, og kannast ég illa við þennan málflutning hjá hv. þm., að ég hefði upplýst á einhverjum fundi um fjöldauppsagnir hjá RARIK. Í Morgunblaðinu segir hinn 7. des. þar sem blaðið slær upp þessum fréttum svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sverrir Hermannsson iðnrh. vildi ekki tjá sig um mál þetta, er

blaðamaður Morgunblaðsins ræddi við hann í gærkveldi, en hann sagði rétt vera að eitt af hans fyrstu verkum er hann kom í rn. hefði verið að láta gera úttekt á skipulagi og rekstri RARIK, einnig Orkustofnunar o. s. frv. Aðspurður um áðurgreindar niðurstöður sagðist Sverrir ekkert geta látið uppi um málið á þessu stigi."

Þetta er beinlínis rangt þegar hv. 5. þm. Austurl. fer að þylja það hér að ég hafi gefið upp á opinberum fundum eða annars staðar einhverjar tölur í þessu sambandi. Slíkur málflutningur sýnir ekki styrkleika málstaðar og kannast ég ekki við hann yfirleitt í hans málflutningi, og verð ég nú að játa það.

Um framlag til RARIK á fjárlögum er frá því að segja að menn ættu að geyma sér undrunarupphrópanir þangað til — leiða þá rök að því að þörf sé fyrir það. Það er verið að gera úttekt á starfsemi RARIK. Ég get ekki dæmt um í hvaða stað kemur niður að sinni. Ég bind þó fastlega vonir við að það muni leiða til sparnaðar. RARIK hefur látið af hendi eða öllu heldur öðrum hafa verið fengin ýmis stór verkefni og umsvif sem RARIK hafði áður með höndum og fyrir því er það líka að draga má úr útgjöldum fyrirtækisins væntanlega. Um þetta get ég þó ekki frekar sagt eins og ég segi nú, en ég bind þó vonir við að fyrir fjármunum RARIK verði séð.

Um jöfnun húshitunarkostnaðarins ræddum við á dögunum, og auðvitað á umr. um þetta efni heima við umr. um fjárlög fyrst og fremst, þó mun ég vafalaust geyma mér aðalumræðu um það fram til 3. umr. Þessi mál eru öll í athugun. Ég rifjaði hér upp hver hefði verið afstaða Sjálfstfl. í þessum málum. Afstaða málflytjenda Sjálfstfl. hefur ekkert verið leyndarmál. Þeir héldu henni fast fram á sínum tíma og fram til þessa dags og héldu því fast að hv. fyrirrennara mínum hver skylda hans væri í þeim efnum. En málin horfa kannske ofurlítið öðruvísi við af hans sjónarhóli í dag en fyrir ári. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flytur till. um að orkujöfnunargjaldið verði 420 millj. kr. Ef við leggjum saman það sem ætlað er til niðurgreiðslu rafhitunar og olíukyndingar er það samtals 291 millj., en í fyrra sá hann af 35 millj. til niðurgreiðslu í sínu frv. og 29 til olíuverðsniðurgreiðslu. Og þótt þeir hafi nú kynt sæmilega verðbólguna standast ekki þessar tölur á. En eins og ég segi: það er kannske auðveldara um vik að útvega þessa fjármuni núna en var meðan hann réði.

Við héldum því fram að 1.5 söluskattsstig hefði verið á þessu fjárlagaári 214—216 millj. kr. Fyrir því var það að við myndun ríkisstj. var bætt við til þessara þarfa 150 millj. kr. Á árinu hafa því verið til ráðstöfunar 216.5 millj. ef ég man rétt nákvæmlega. Og hefur því fé ekki alveg enn öllu verið ráðstafað, en því sem ekki yrði tekið til þessara þarfa nú myndi þá verða bætt við tölur á næsta ári, þannig að það verður ekki gengið á bak þeim loforðum að þessar 150 millj. í viðbót renni til þessara þarfa. Það er ýmislegt í athugun í þessu sambandi. Orkuverðsnefnd hefur starfað. Hún hefur nýverið skilað mjög ítarlegum till. og strax í jólahléi verður hafist handa um að móta og mynda framtíðarstefnu í þessum sökum.

Á þessu stigi málsins kýs ég ekki að ræða þetta mál frekar. Ég sé að hv. 3. þm. Vestf. á ásamt hv. 5. landsk. þm. till. undir öðrum lið um hækkun til þessara þarfa — lið sem er um olíuniðurgreiðslur. (**Gripið fram í:** Við ætlum að breyta þessu. Þetta á ekki að fara til olíu.) Ja, það er nú flutt á þeim lið, sé ég er. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Það getur vel verið. En ég skal ekkert um það dæma, kemur kannske í einn stað niður að þeir skíra það öðru nafni en það er flutt við lið sem heyrir undir annað rn. a. m. k., viðskrn., en kemur e. t. v. í einn stað niður. Það liggur alveg ljóst fyrir t. a. m. hverju fulltrúar og talsmenn Sjálfstfl. hafa lýst yfir í þessum efnum. Þeir hafa haldið fast við að til þessara þarfa ætti að hverfa 1.5 söluskattsstig sem nú er ekki reiknað með eftir nýjustu upplýsingum að nemi 420 millj. eins og getið er um í fjárlagafrv. heldur 470 eða svo menn fari nákvæmlega í sakirnar 471 millj. kr.

Eins og menn sjá á fjárlagafrv. hefur ekki orðið samkomulag um það enn þá að verja slíkri fjárhæð til þessara þarfa. Það liggur alveg ljóst fyrir, og ég get ekki nú spáð neinu um framhaldið í því. En það mun koma í ljós áður lýkur nösum. (**Gripið fram í:** Ríkisstj.? Já.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Mér þykir tekinn að færast nokkur drungi yfir þennan fund þegar mér hlotnast sá heiður að hefja mál mitt hér á nýjum drottins degi, sem mun vera miðvikudagurinn 14. desember. Það vekur einnig athygli mína sem nýliði hér á hinu háa Alþingi hversu fáir hv. þm. og hæstv. ráðh. kjósa að vera viðstaddir þessa umr. til að fylgja þessu mikilvæga máli úr hlaði eða öllu heldur leggja því lið sitt á þessum áningarstað í þinginu.

Það eru tvær þekktar persónur úr bókmenntunum sem eiga það sameiginlegt m. a., þeir Hrói Höttur og Skugga-Sveinn, að þeir rændu einkum og sér í lagi frá hinum ríku. Nú er ég hér ekki að halda því fram að hæstv. ríkisstj. fari með ránum og gripdeildum, en hún á það ekki heldur sameiginlegt með þeim Skugga-Sveini og Hróa Hetti að hún leiti einkum fanga hjá hinum ríku. Nú er leitað annars staðar. Nú er farið til hinna snauðu og einkum og sér í lagi til hinna sjúku. Nú eiga menn að borga peninga fyrir að leggjast veikir. Það eru ekki aðalsmenn og ekki höfuðból sem nú eru skattlögð, nei, ó nei. Nú er hægt að létta álögum af þeim sem hafa efni á því að fara til útlanda. (**Forseti:** Hljóð í salanum.) (**Gripið fram í:** Nú má ekki kalla fram í.) Og á kostnað hverra? Á kostnað þeirra sem liggja veikir á spítölum. Þeir geta borgað gjöldin í ár fyrir þá sem eru að leika sér í útlöndum. Það er mjög athyglisvert þetta réttlæti sjálfstæðismanna. Þegar því slær saman við túngræna stefnu framsóknarmanna, við túngrænar forsendur framsóknarmanna, kemur þetta út: Létta á álögum af þeim sem eru að leika sér í útlöndum á kostnað hinna sem liggja veikir á sjúkrahúsum landsins. Þannig mun réttlæti þessarar ríkisstj. birtast mönnum á því herrans ári 1984. Það er merkilegt réttlæti.

Herra forseti. Ástæður þess að ég kem hér í ræðustól eru einkum tvær. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þm. Alþb. á þskj. 204.5. lið, og í öðru lagi vil ég taka undir brtt. sem flutt er á þskj. 199.

5. liður á þskj. 204 varðar Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þar er í frv. til fjárlaga gert ráð fyrir óbreyttri krónutölu frá árinu 1983, þ. e. 13 millj. 641 þús. kr. Ég dreg mjög í efa að þessar fjárveitingar muni duga til að standa við samningsbundin verkefni okkar Íslendinga í þessum efnum. Hv. þm. Lárus Jónsson formaður fjvn. sundurliðaði fjárveitingar til þessa verkefnis í dag á þá

leið að til norrænna samstarfsverkefna ættu að fara 3 millj. 740 þús. kr., til Cabo Verde verkefnisins 9 millj. kr. og til skrifstofukostnaðar 900 þús. Einkum og sér í lagi er ég efins um að 9 millj. kr. muni duga til að senda nýtt skip til veiða suður við Cabo Verde eyjar og gera það þar út í heilt ár. Því mun fylgja fimm manna áhöfn og þetta skip mun væntanlega ganga fyrir olíu eða einhverju öðru eldsneyti. Ég efa stórlega að þetta skip verði mikill bjargvættur fyrir eyjaskeggja þar suður í hafi ef það á að reka sig á 9 millj. kr. á öllu næsta ári, fyrir nú utan það að það hlutfall sem við Íslendingar með þessu móti ætlum að verja til þróunarverkefna á næsta ári er til háborinnar skammar. Það er óralangt í land að við stöndum við skuldbindingar okkar, sem við bundum okkur við á sjöunda áratugnum, að stefna að að verja 1% af þjóðartekjum til þróunarverkefna. Þar af var talið eðlilegt að 0.7% kæmu af beinum framlögum frá ríkinu og 0.3% kæmu frá öðrum aðilum. Við höfum hæst komist í 0.065% í þessum efnum og nú stefnir aftur niður á við. Það má eflaust segja nú sem endranær að það séu erfiðir tímar á Íslandi, en við erum samt ein af ríkustu þjóðum heimsins og það er okkur til háborinnar skammar að þetta hlutfall fari nú aftur niður á við þegar svo óralangt er í land að við stöndum við þær skuldbindingar sem við höfum í tvo áratugi verið aðilar að í þessum efnum. Þess vegna flyt ég ásamt þm. Alþb. á þskj. 204 brtt. um að í 4. gr. lið 03 390 komi í staðinn fyrir 13 millj. 641 þús. kr. 20 millj. kr. Ég tel það lágmarksupphæð til þess að Þróunarsamvinnustofnun Íslands geti á næsta ári staðið við þau verkefni sem við erum nú þegar samningsbundin við, og þá er ég ekki að tala um nein ný verkefni í þessum efnum, sem þó væri sannarlega ástæða til að taka upp eins og nú horfir víða í heiminum í þessum efnum.

Í öðru lagi vil ég taka undir þá brtt. við fjárlög sem flutt er á þskj. 199 um að framlög ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækki á næsta ári. Ég vil taka undir þessa till. heils hugar og þann rökstuðning hv. flm. sem kom fram hér í dag. Ég tel aðförina að Lánasjóði ísl. námsmanna bæði óréttláta og óviturlega. Með þessu er því samkomulagi sem tekist hefur eftir ærna erfiðleika í samskiptum samtaka námsmanna og ríkisvaldsins, því samkomulagi sem þó hafði náðst og orðin var góð eining um, stefnt í voða. Og það er fróðlegt fyrir þá námsmenn, sem nú eru úti í löndum eða heima á Íslandi, að kynna sér t. d. kosningaloforð Sjálfstfl. í þessum efnum og þau bréf sem Sjálfstfl. hefur sent út um heiminn og innanlands til námsmanna undanfarin ár varðandi þetta mál. Það er fróðlegt fyrir námsmenn að gera það og ég veit að þeir munu fylgjast vel með í þessum efnum. Það sýnir sig nú sem endranær að eitt eru orð og annað eru gjörðir. Hér er enn og aftur vegið að þeim sem síst skyldi, að námsmönnum og kannske miklu fremur að því grundvallaratriði, sem mörgum er þó enn mikilvægara, sem er jafnrétti allra þegna þjóðfélagsins til náms.

Herra forseti. Það er ætlan mín og það er trú mín og það er von mín að þau minnismerki sem hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hv. fjvn. hafa reist sér með sjúkraskatti, með niðurskurði á aðstoð Íslendinga við þróunarlönd og með aðför að námsmönnum muni standa lengur en samstarf núverandi ríkisstjórnarflokka.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að stytta mitt mál, enda nokkuð liðið á þennan sólarhring.

Ég vil hefja mál mitt með að þakka formanni fjvn. og fjvn.-mönnum öllum fyrir vel unnin störf. Eins og kom fram í ræðu formanns fjvn. hefur fjvn. haldið 46 fundi og tekið á móti 230 aðilum og með þeim einstaklingum sem fjvn.-menn hafa talað við skilst mér að það fari að nálgast þúsund manns sem komið hafi til viðtals við fjvn.-menn. Sjá þá allir hve gríðarlega mikið starf hefur verið unnið af nm. á skömmum tíma. Ég vil líka þakka samstarfsmönnum mínum í fjmrn. fyrir vel unnin störf og góða samvinnu og taka undir þakkir fjvn.-manna til starfsmanns fjvn.

Ég ætla ekki að rekja neitt af því sem kom fram hjá formanni fjvn. í hans framsögu, enda ekki ástæða til. Ég tek undir það sem hann sagði, að eflaust verða margir óánægðir þegar upp er staðið, enda ekki óeðlilegt því ekki var mikið til skiptanna þegar þessi ríkisstj. kom að ríkisfjármálum og kassanum. Það er alveg rétt, sem komið hefur fram og ég hef sjálfur haldið fram allt frá því að ég kom til starfa í fjmrn., að ekki er nokkur leið og enginn getur ætlast til þess að ríkissjóður nái jafnvægi við þessa fjárlagagerð með slíka skuldasúpu á herðunum. Það væri óraunhæft að búast við því. Þar af leiðandi tel ég ekki ástæðu nú við þessar umr., frekar en við öll mín störf í fjmrn., að leyna því að skuldir þessa árs verða að sjálfsögðu afgreiddar á þann hátt að samið verður við Seðlabankann um að koma þeim fyrir á skuldabréfi til langs tíma og afborganir eigi sér ekki stað á komandi ári, 1984, og þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir því á fjárlögum. Við skulum bara kalla hvítt hvítt og svart svart, vera ekkert að leyna hvert annað einu eða öðru.

Við sem nú erum í ríkisstj. höfum setið þar síðan í maí. Lætur nokkur maður sér detta í hug, þrátt fyrir allan þann málflutning sem hér hefur átt sér stað hjá stjórnarandstöðunni, að þessi ríkisstj. hafi búið til allan þennan vanda á þeim skamma tíma? Það er alveg furðulegt að heyra málflutning foringja þess flokks sem fólkið hafnar, fólkið vill ekki, formann Alþb., tala í sínum skemmtilegu áróðursræðum eins og hann haldi — það getur verið að hann trúi því — að hann geti leitt fólk frá staðreyndunum með slagorðum. Það er langt frá því að fólk láti leiða sig þannig. Ég ætla ekki að fara út í að svara hans ræðu að einu eða neinu leyti. Þó væri full ástæða til, vegna þess að tilefni gefst, að skila (**SvG:** Þú getur það ekki.) kærri kveðju frá formanni ungra sjálfstæðismanna. Það væri kannske eina rétta svarið við ræðu formanns Alþb. hér, því formaður ungra sjálfstæðismanna er staddur hér og fékk kveðju úr þessum ræðustól frá formanni Alþb., en getur ekki þakkað fyrir sig á sama vettvangi.

Hvernig á ég sem fjmrh. við 2. umr. að svara virðulegum formanni stærsta stjórnarandstöðuflokksins þegar ræða hans inniheldur enga spurningu í minn garð, en hann talar um að fjmrh. skreyti sig á gatnamótum í augum smælingja, sé úlfur í sauðargæru og allt fram eftir götunum eða á þeim línum? Ég held að ég hafi sjaldan séð, þó hefur það nú komið fyrir, en það er sjaldan sem ég hef séð fyrrv. hæstv. ráðh. eins vanstilltan í ræðustól og í þetta sinn. Og það er eingöngu vegna þess að málefnalega er fátæktin alger. Með slagorðum, sem eiga að vera niðrandi um það sem um er rætt, á að hylja þessa fátækt.

En þegar hann hafði ausið úr skálum reiði sinnar kom hann að brtt. á þskj. 204 og fylgdi þeim á sinn ágæta hátt úr hlaði. En hverjar eru svo þessar till. og hver er hugsunin á bak við þær? Hver er meiningin með þeim? 1. liðurinn er um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, að fyrir 65 millj. komi 130 millj. Nú veit virðulegur þm. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., að þetta er mál sem Sjálfstfl. mundi aldrei samþykkja. Það er á stefnuskrá og er stefnuatriði hjá sjálfstæðismönnum að fella þennan skatt niður, en vegna þess hve ríkissjóður er illa á sig kominn eftir stjórnartímabil Alþb. getum við ekki að þessu sinni framfylgt því stefnuatriði okkar. Virðulegur 3. þm. Reykv. veit að það er gersamlega tómt mál að tala um að fá þessa till. samþykkta. Það þýðir að allir hinir góðu liðirnir á eftir, sem munu byggjast á því að það verði samþykkt að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði tvöfaldaður, eru óraunhæfir. Till. eru því allar hrein sýndarmennska. Ég hefði satt að segja búist við öðru frá þessum ágæta þm.

Það er líka talað um að Sjálfstfl. ætli nú, og þá sérstaklega fjmrh., og líklega felst í þeim orðum að fjmrh. ætli að nota heilbrrh., að heimta skatta af sjúklingum. Nú er það svo að Alþb.-menn eru ekki að verja þá fátæku. Það hefur komið fram í málflutningi heilbrrh. að það væri aðeins hugsað að þeir sem væru á góðum launum, hefðu góðar tekjur ...(**Gripið fram í:** Á batavegi.) Það getur vel verið. Ég vona að fólk sem fer á spítala verði eftir ákveðinn tíma þar á batavegi. En það er hugmyndin að þeir sem hafi efni á borgi þar matarpeninga í ákveðinn tíma meðan þeir eru á fullum launum, en þeir sem eru innan við ákveðnar tekjur, sem sagt láglaunafólk, borgi ekki. Það eru hinir ríku, sem ég vil svo nefna í þessu tilfelli, þeir sem hafa efni sem Alþb. er nú að verja, en Alþb. gefur sig út fyrir að vera stjórnmálaafl verkalýðshreyfingarinnar, þeirra fátæku, lægst launuðu. Svona eru blekkingarnar fram og til baka. Nei, kæru vinir. Þið blekkið engan. Bognu bökin í þessu þjóðfélagi eiga engan vin í Alþb., engan, og hafa aldrei átt. Þó er kannske ein undantekning. En þessi undantekning er á hrakhólum í Alþb., eins og hann kallar það sjálfur.

Ég ætla ekki að tína upp fleiri punkta til að svara. Ég ætla að geyma mér það ef fulltrúi flokksins sem fólkið vill ekki lengur og hefur líklega aldrei viljað mun koma hér upp aftur. En ég þakka aftur fjvn. fyrir vel unnin störf.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er nú farið að líða á kvöldið og ég skal vera mjög stuttorður.

Ég tók eftir því að hæstv. fjmrh. benti á að hann hefði í sumar sagt að það væri ókleift að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á þessu ári, ríkissjóður væri það illa staddur. En ég þykist líka minnast þess að hann hafi talað um það í sömu andránni að nauðsynlegt væri að ná jafnvægi á árinu 1984. Eins og fjárlagafrv. liggur fyrir núna sér ekki örla á því jafnvægi. Það sést ekki að það heit frá því í sumar að ná jafnvægi á árinu 1984 verði haldið. (**Fjmrh.:** Á kjörtímabilinu.) Nei, nei, nei, nei. Á árinu 1984. Á næsta ári, Albert Guðmundson hæstv. fjmrh. (Gripið fram í.) Já, það er náttúrlega ágæt ábending, að það væri þá ef það yrði kosið fyrr sem það næðist á kjörtímabilinu og þannig rynni það saman.

Það er athyglisvert í þessu sambandi hvernig hæstv. fjmrh. tekur á skuldunum við Seðlabankann. Hann lætur eins og vextirnir af skuldum við Seðlabankann séu partur af samningum, þannig að þetta geti verið vaxtalaust á árinu 1984 og þess vegna eigi sú upphæð ekki að koma inn í fjárlagafrv. Þetta er blekking. Þegar talað er um að semja um þessar skuldir við Seðlabankann er það gert með þeim hætti að það er samið um á hvaða tíma þær eigi að greiðast. Það er væntanlega samið um það líka hverjir vextirnir eigi að vera. Og hvort sem þeir eru greiddir fyrr eða síðar reiknast þeir á árinu 1984. Jafnvel þetta vantar upp á að jafnvægi náist á því ári.

Ég saknaði þess líka í orðum hæstv. fjmrh. að hann skyldi ekki víkja einu orði að hækkun á bensíngjaldinu sem fyrirhuguð er á árinu 1984 upp á 40—50%, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar, á sama tíma og menn eru að tala um launahækkanir sem séu á milli áranna væntanlega einhvers staðar á bilinu 10—12—14%. Ekki orð um þetta. Ekki orð um að vísitöluskrúfan eigi að fá að halda áfram á gjaldapósti til ríkissjóðs. Það hefði þó enn frekar verið ástæða til þess fyrir hæstv. fjmrh. að gera grein fyrir þessu úr því að hv. formaður fjvn. hefur ekki farið neinum orðum um hvernig þetta sé hugsað.

Það var líka heldur billegt svarið hjá hæstv. fjmrh. að því er varðaði það sem gengur nú almennt undir nafninu sjúkraskatturinn. Þá sagði hæstv. ráðh.: Ja, það eru bara þeir ríku sem eiga að borga. Hann svaraði ekki einu orði því hvernig ætti að innheimta þennan skatt, hvernig ætti að framkvæma þessa gjaldtöku, sem hv. þm. Svavar Gestsson leitaði þó ítrekað eftir svörum við. En ég vil þá spyrja líka í framhaldi af svörum hæstv. ráðh., þegar hann talar um að einungis þeir ríku eigi að borga: Hverjir eru þessir ríku? Og hvernig eiga menn að sanna fátæki sitt á spítölunum þegar þessi gjaldtaka á að framkvæmast samkvæmt þeim boðskap sem hv. formaður fjvn. boðaði hér í dag? Hvernig eiga menn að sanna fátæki sitt? Og hvaða tryggingu hefur hæstv. ráðh. fyrir því að tekjulágur einstaklingur, sem síst skyldi, vilji leggja það á sig að sanna fátæki sitt á spítalanum til að sleppa við að borga þetta gjald? Svona aðferðir eru nefnilega niðurlægjandi. Það er þetta sem við höfum verið að leitast við að komast hjá í okkar þjóðfélagi, að ætla mönnum að standa upp og biðja um undanþágurnar, ætla mönnum að standa upp og biðja um að fá að sleppa við að greiða af því að þeir séu fátækir, að niðurlægja menn með þessum hætti — eða eiga menn núna þegar þeir leggjast inn á spítala, að ganga með framtalið sitt í vasanum til að ganga megi úr skugga um hvort þeir eigi að verða gjaldteknir eða ekki, hvort þeir eigi að greiða þennan skatt eða ekki, eða er meiningin að fara eftir framtölum manna? Hafa framtöl manna verið svo góður mælikvarði á það á Íslandi hvort þeir séu aflögufærir eða ekki að það sé besti mælikvarðinn sem menn hafi um hvort rétt sé að þeir greiði þennan skatt eða ekki? Hvernig er þetta hugsað af hálfu hæstv. ríkisstj. sem er nú með lagafrv. í undirbúningi um að brjóta upp það kerfi sem hér hefur verið byggt upp stig af stigi á s. l. 50 árum, að hverfa frá þeirri braut sem menn hafa verið á? Þetta er ekkert smámál. Menn segja að 300 kr. eða 500 kr. séu svo sem ekki neitt, það geti allir greitt ef þeir hafi laun á annað borð. En hér er verið að brjóta í blað, hér er verið að víkja frá grundvallarstefnumörkun sem hefur verið í þjóðfé-

laginu — grundvallarstefnumörkun ekki bara um að hjúkrun skuli menn ekki þurfa að greiða fyrir á Íslandi, heldur líka um að menn skuli ekki þurfa að niðurlægja sig og biðja um undanþágu til að sleppa við gjaldtöku þegar þeir eru sjúkir. Þessum spurningum kemst ríkisstj. ekki hjá því að svara og ég tel rétt að hæstv. fjmrh. svari þessu núna. Og ég vil treysta því að þegar hann hefur hugað betur að þessu máli og menn hafa gætt að því í ríkisstj. hverfi þeir frá þessum hugmyndum því að þær eru vægast sagt hættulegar. Þær eru niðurlægjandi fyrir fólkið sem yrði fyrir þessu, þær eru niðurlægjandi fyrir Íslendinga sem þjóðfélag og þetta er ekki sú braut sem við viljum vera á.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í núv. hæstv. ríkisstj. hafa verið teknir upp nýir siðir á mörgum sviðum. Einn er sá að svara ekki stjórnarandstöðunni. Hæstv. félmrh. ruddi þessa braut með býsna athyglisverðum hætti í umr. um húsnæðismál hér á dögunum, þannig að það þurfti að tvítyggja ofan í hann spurningar um einfalda hluti. Hæstv. fjmrh. ætlar að fylgja þessari stefnu, virðist mér, og neitar að svara spurningum sem stjórnarandstaðan ber fram. Og hv. formaður fjvn., sem hefur verið spurður hér um ákveðin atriði, mun ekki hafa kvatt sér hér hljóðs enn þá.

Mér dettur ekki í hug að þessir menn séu svo rökþrota að þeir geti ekki amlað eitthvað hér í ræðustól og mér fyndist að það væri heiðarlegra af þeim að koma hingað og gera grein fyrir máli sínu en að haga sér með þeim hætti sem þeir hafa gert hér í kvöld, sérstaklega þó hæstv. fjmrh. sem kemur hingað í ræðustólinn til þess eins að flytja skæting og útúrsnúning á því máli sem hér hefur verið borið fram með málefnalegum hætti og haldandi almenna pólitíska stjórnmálaræðu, en neitar að svara eðlilegum spurningum. Ég held að við verðum að átta okkur vel á því að umr. á Alþingi eru til skoðana- og upplýsingaskipta. Það er tilgangur þessara umr. að þm. spyrja ráðh. gjarnan ákveðinna spurninga og ráðherrar reyna yfirleitt eftir bestu samvisku og vitund að svara þeim spurningum ellegar þá að þeir segja sem svo að þeir hafi ekki upplýsingar við höndina og óski eftir að fá að svara þeim síðar, og þá gerir enginn maður aths. við slíkt.

Núv. hæstv. fjmrh. hefur þennan hátt ekki á. Hann hagar sér allt öðruvísi í þessu efni. Hann stekkur hingað í ræðustólinn eftir að stjórnarandstaðan hefur talað, snýr út úr þeim spurningum sem bornar hafa verið fram og gerir ekki svo mikið sem tilraun til að svara þeim málefnum sem borin hafa verið fram af stjórnarandstöðunni. Ég veit að hæstv. fjmrh. er auðvitað hálfgert rökþrotabú þegar komið er að því að spyrja hann um ýmsa þætti fjárlaga íslenska ríkisins. Hann getur ekki svarað ýmsum þeim spurningum sem bornar eru fram — eða ég skil það svo, því að ég held að ella mundi hann gera það. En ég skora á hann að reyna það vegna þess að það greiðir fyrir meðferð mála á Alþingi.

Við höfum hér í stjórnarandstöðunni undanfarna daga verið að aðstoða við að koma málum í gegnum þingið, haldið hér hvern fundinn á fætur öðrum með formönnum þingflokkanna og forsetum þingsins, þar sem farið hefur verið samviskusamlega yfir hin einstöku mál sem óskað er eftir að afgreidd verði, og það er mikill asi á nefndastörfum þessa dagana. Það getur flýtt fyrir þessum nefndastörfum að ráðh. svari spurningum sem eru bornar fram hér á hv. Alþingi. Ég er að segja þetta af fullri einlægni. Ég tek það fram vegna orða hæstv. fjmrh. um að hérna sé verið að bera upp mál af vanstillingu og skepnuskap. Ég er hér að bera upp mál af fullri einlægni. Ég spurði t. d. hæstv. fjmrh.: Hvað með Atvinnuleysistryggingasjóð? Það er greinilegt að hann ræður ekki við sín verkefni, miðað við þær fjárlagaforsendur sem liggja fyrir. Það er alveg augljóst mál. Hann ræður ekki við þau. Ætlar ríkið ekkert að koma til móts við Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þeirra loforða sem hafa verið gefin sjóðnum á undanförnum árum? Ég spurði að þessu og ég óska eftir svari. Kannske hv. þm. Lárus Jónsson geti eitthvað upplýst um þetta.

Ég spurði í ræðu minni áðan alveg sérstaklega um þennan sjúklingaskatt. Ég spurði um þann nýja tekjustofn sem ríkisstj. hefur núna fundið til að bjarga ríkisfjármáladæminu. Hæstv. fjmrh. fjargviðrast hins vegar yfir skattinum á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hann var mjög hneykslaður á því að Alþb. skyldi leggja til að sá skattur yrði tvöfaldaður vegna þess að Sjálfstfl. væri á móti skattinum. Það eru engin rök í málinu, hæstv. fjmrh. Ég geri ráð fyrir að ráðh. hafi tekið eftir því að það eru fleiri hér á hv. Alþingi en sjálfstæðismenn, sem betur fer. Það getur vel verið að einhverjir þeirra verði tilbúnir til að samþykkja þennan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, a. m. k. frekar en spítalaskattinn sem hæstv. ráðh. ætlar að fara að innleiða.

Ég óska eftir upplýsingum um hvernig hæstv. ráðh. og hvernig ríkisstj. ætlar að framkvæma þennan spítalaskatt og ég skora á hv. þm. Lárus Jónsson, sem var sendur í verkin fyrir ríkisstj. í dag til að lýsa þessum ófögnuði yfir, að gera grein fyrir því hvernig á að rukka þennan skatt. Hverjir eru það sem eiga að borga hann og hvernig? Þurfa menn að leggja fram tekjuvottorð, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson var að spyrja um áðan, þegar þeir verða rukkaðir á spítölunum? Ég óska eftir nákvæmum upplýsingum um þetta. Eru það skattaframtölin sem á að miða við í þessari árás á almannatryggingakerfið, á velferðarkerfi íslenska þjóðfélagsins? Hvernig ætla þessir menn að rukka sjúklingana? Ég óska eftir upplýsingum um það. Og ég skora á þá að falla frá þessum áformum sínum. Ég skora á þessa hv. þm. og ráðh. og stjórnarliðið í heild að falla frá þessum áformum vegna þess að þau eru ekki mönnum bjóðandi. Þau eru ekki í samræmi við þann siðferðilega grundvöll sem íslenska þjóðfélagið byggir á, þann grundvöll jafnréttishugsjóna sem íslenska þjóðfélagið byggir á. Ég skora á stjórnarliðið allt að falla frá þessum ófögnuði. Og ég er reiðubúinn til þess fyrir mitt leyti að finna aðra leið til að bjarga ríkisfjármáladæminu, ef það er það sem hæstv. ríkisstj. er hér að hugsa um. Þennan skattstofn samþykki ég aldrei og eins og ég tók fram áðan mun Alþb. strax og það fær tækifæri til afnema slíkan skatt, ef hann verður lagður á. Hann er ólíðandi með öllu frá sjónarmiði þeirra flokka sem hafa starfað næst alþýðuhreyfingunni í þessu landi og kenndir eru við jöfnuð og lýðréttindi. Ég skora á þessa menn, hv. formann fjvn. og hæstv. fjmrh., að svara þessum spurningum.

Hæstv. fjmrh. var að tala um bognu bökin, þau ættu sér nú ekki málsvara í Alþb. Ja, hérna! Þarna eru þeir að sletta skyrinu sem eiga það, þeir sem helst geta nú

ráðist að öðrum í þeim efnum. Sömu dagana og hæstv. fjmrh. er að leggja til að sjúklingarnir í landinu verði skattlagðir, spítalaskatturinn verði lagður á, er hann að ráðast að öðrum stjórnmálaflokkum vegna þess að bognu bökin eigi ekki stuðning í þeim hinum sömu flokkum. Ég held að aðrir en hæstv. fjmrh. gætu þessa stundina haldið ræðu af þessum toga. Ég tel að það fari honum mjög illa á sama tíma og hann er að leggja til að skattur verði rukkaður af veiku fólki í þessu landi.

Hæstv. fjmrh. fór nokkuð yfir það að núv. ríkisstj. hefði í raun og veru aldrei ætlað sér að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum, svo að ég víki næst að því, á árinu 1984, það hefði ekki verið hægt og það hefði ekki verið hægt að gera ráð fyrir að slíkt næðist. Ég tel að hæstv. fjmrh. hafi aukið alveg stórkostlega vanda ríkisins og ríkisbúskaparins á þessu ári með þvílíku endemis háttalagi í ríkisfjármálum að það er leitun að öðru eins. Í fyrsta lagi með því að skera svo niður kaup fólksins í landinu að það getur ekki keypt þær vörur sem eru skattlagðar fyrir ríkissjóð, í öðru lagi með því að fella niður ýmsa tekjustofna, eins og t. d. álag á ferðamannagjaldeyri og í þriðja lagi með því að auka útgjöld ríkissjóðs með ýmsum hætti á þessu ári. Hæstv. fjmrh. hefur einnig á þessu ári vegna stöðunnar í þeim efnum og vegna þess hvernig ríkisstj. hefur staðið að húsnæðismálum greitt út úr ríkissjóði 200—300 millj. kr. í aukafjárveitingu, eins og það heitir, á þessu ári. Þannig er auðvitað alveg ljóst að ríkisstj. ber meginábyrgð á vandanum í ríkisfjármálunum. Núv. ríkisstj. tók við óvenjugóðu búi í ríkisfjármálum. Hæstv. núv. fjmrh. hefur aftur og aftur lýst því hvernig fráfarandi fjmrh. Ragnar Arnalds hélt á þeim málum, og af því gæti núv. fjmrh. ýmislegt lært.

En hæstv. fjmrh. var að fullyrða áðan að í rauninni hefði ríkisstj. verið að hugsa um að reyna að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu. Kjörtímabilið er fjögur ár — venjulegt kjörtímabil. Vonandi verður það styttra hjá hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. En stefna núv. ríkisstj. er skrifuð í plagg, sem er dags. 26. maí 1983 og hæstv. fjmrh. ætti að lesa. Það er þessi græni bæklingur hér. Það er eðlilegt að liturinn skuli vera grænn, því að það er margt býsna grænt í þessu plaggi, satt að segja. Hæstv. fjmrh. hefur bersýnilega ekki lesið þessa speki nýlega. En á bls. 7 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gerð fjárlaga fyrir árið 1984“ — þ. e. næsta ár sem við erum að tala um núna — „miðist við að ná jafnvægi á ný í ríkisfjármálum.“

Það hefur ekki verið gefin út nein skrá um prentvillur í þessari bók, sem þurfi að taka sérstakt tillit til. Hæstv. fjmrh. hefur ekkert getið um að það séu alvarlegar prentvillur í þessari bók, sem þurfi að taka sérstaklega tillit til. Hæstv. fjmrh. hefur ekkert getið um að það séu alvarlegar prentvillur í þessari bók sem geri það að verkum að það sé ástæðulaust og varasamt að taka mark á henni. Það kæmi mér ekki á óvart þó að ríkisstj. sæi fljótlega að það er lítið mark takandi á þessu plaggi. En hér stendur þetta þó, að gerð fjárlaga fyrir árið 1984 miðist við að ná jafnvægi á ný í ríkisfjármálum. Það er bersýnilegt að ríkisstj. tekst þetta ekki, mistekst það eins og annað sem hún hefur tekið sér fyrir hendur á undanförnum mánuðum. Hún reynir að vísu að ná jafnvægi í ríkisfjármálum, hún reynir. Hún leitar dyrum og dyngjum að nýjum tekjustofni til að bjarga sér fyrir horn í þeim efnum og til að rétta af hallarekstur ríkisins. Það eru sjúklingarnir sem finnast. Það er viðleitni ríkisstj. til að tryggja að ekki verði um að ræða halla í ríkisfjármálum á árinu 1984. Ég skora á hæstv. fjmrh., að áður en hann fer að fara hér með skæting um Alþb. og afstöðu þess kynni hann sér þann stjórnarsáttmála sem hann á að starfa eftir. Ég er fús til þess að lána honum mitt eintak til lestrar um hríð, því að það er bersýnilegt að hann þarf meira á því að halda en ég.

Hæstv. núv. fjmrh. er á góðri leið með að verða hallakóngur íslenska ríkisins fyrr og síðar. Matthías Á. Mathiesen var hér fjmrh. um skeið, þegar ráðdeild Íhaldsins var síðast við völd í fjmrn. á Íslandi. Þá var hallinn þvílíkur að það þurfti að greiða verulegan hluta af ríkisútgjöldunum með seðlaprentun frá Jóhannesi Nordal. Nú gerist það enn á ný, þegar Íhaldið er komið í stjórnina aftur, að þá verður Jóhannes Nordal að láta prenta seðla úti í London til þess að standa undir útgjöldum ríkissjóðs. Það má segja að það komi vel á vondan að hæstv. núv. fjmrh. skuli vera með þessum hætti upp á Jóhannes Nordal kominn. Það má vera nokkuð athyglisvert og hefðu fáir spáð því að slíkt gerðist hérna fyrir nokkrum mánuðum, þegar hann stóð hér í þessum ræðustól sem stjórnarandstæðingur. En sú staðreynd liggur nú fyrir að hér verður um að ræða halla á ríkissjóði á árinu 1984, eftir því sem hér hefur verið rakið mjög rækilega í dag.

Hæstv. fjmrh. undrast að ég skuli flytja till. um að tvöfalda skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég vil segja honum að það eru ákveðin rök fyrir því að ég flyt þessa till. hér. Það eru hans sinnaskipti. Á síðasta kjörtímabili hélt hann yfirleitt 2—5 ræður á hverju þingi um þennan ægilega skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem væri nú rétt eitt dæmið um hvernig Alþb.-menn vildu leggja verslunina í rúst, ganga af henni dauðri. Svo gerist það í dag að við fáum frá ríkisstj. lista yfir forgangsmál ríkisstj., sem eigi að afgreiða núna í jólamánuðinum. Það eru átta mál. Við í stjórnarandstöðunni erum reiðubúin til að gera allt sem við getum til að hjálpa ríkisstj. við það að ljúka þinginu með sóma. Og hvaða mál eru nú á þessum lista, eitt efsta málið, langt fyrir ofan ýmis stórmál sem hér hafa verið rædd síðustu dagana? Hvaða mál er það? Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég fyrir mitt leyti taldi víst að hæstv. fjmrh. væri tilbúinn að taka inn af þessu meiri tekjur úr því að hann var lagður af stað á annað borð. Það er af þeim ástæðum sem þessi till. er hér flutt. Ég taldi víst að hún mundi mæta skilningi hjá hæstv. fjmrh. Hann væri að átta sig á því að þarna væri tekjustofn sem væri a. m. k. betri en sumir þeir sem hann virðist grípa til þessa dagana.

Að lokum, herra forseti, mun ég sjá til þess að núv. hæstv. fjmrh. fái eintak af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, þannig að tryggt sé að hann geti kynnt sér sem best hvað í því plaggi stendur.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. byrjaði á því að tala um að ég flytti hér mál mitt með skætingi og útúrsnúningi. Það er einmitt það sem ég var að kvarta undan, málefnaskorti formanns Alþb., hv. 3. þm. Reykv., í hans inngangsorðum, sem var aðdragandi að þeim till. sem hann mælti fyrir hér. Hann endaði sinn málflutning með því að spyrja, eftir að hafa hreytt í mig persónulega, sem ég sé ekki ástæðu

til að endurtaka hér nema hann óski sérstaklega eftir því, hvaða einstaklingar fengju að vera í friði fyrir ríkisstj. hér — í einhverju lýðfrjálsasta landi sem til er og spursmál hvort kommúnistar eiga heima í slíku landi. (**SvG:** Svo, já.) Það er út af fyrir sig ekkert spursmál. Þeir eiga ekkert heima í slíku landi. (Gripið fram í.) Jú, það getur vel verið. Þeir hafa spítala. Það er alveg sérstök tegund af spítölum. En ég sé að þessi orð hittu í mark hjá a. m. k. tveimur eða þremur hér í salnum. Nú vill svo til að ég er ekki að tala um Alþb., heldur einmitt þá sem tóku þetta til sín núna. Alþb. samanstendur af fleiri en meðlimum Kommúnistaflokksins, enda er það bandalag flokka. (Gripið fram í.) Já, já, kannske líka lært það í Austur-Þýskalandi.

En ég var spurður hér og ætla að reyna að svara.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson spurði um sjúkragjaldið, hvernig ætti að innheimta það. Ég hef ekki svar við því. Það er ákveðin stefna ríkisstj. að skera niður ríkisútgjöld á sem flestum sviðum. Heilbrrh. taldi sig hafa svigrúm eða a. m. k. vildi hann reyna að skera niður ákveðna upphæð. Ein af hans hugmyndum var að taka sjúkragjald af þeim sem eru með sæmilegar tekjur, góðar tekjur skulum við segja, á meðan þeir eru á sjúkrahúsi. Hann verður að skýra frá því sjálfur, þegar hann kemur hér, hvernig hann ætlar að framkvæma þetta. Annað svar hef ég ekki á þessum tíma. En ég reikna með því að leggi heilbrrh. til að þetta gjald verði tekið hafi ríkisstj. ekkert við það að athuga. En hann framkvæmir niðurskurð í heilbrigðismálunum, hefur tekið að sér að framkvæma hann. Það er eins og allt annað sem kemur fram hjá hv. 3. þm. Reykv. Það er ekki rétt að fjmrh. leggi á þennan skatt eða hafi fundið hann upp. Það er ekki rétt. (**Gripið fram í:** Á að kenna Matthíasi um það?) Ég er ekki að kenna neinum um. Ég er að segja að hæstv. heilbrrh. hafi ákveðið að skera niður útgjöld upp að ákveðinni upphæð. Þetta er ein af þeim hugmyndum sem hann hefur komið fram með.

Þá er talað um að fjmrh. hafi skorið niður launin, þannig að fólk geti ekki keypt vörurnar sem eiga að gefa ríkinu tolltekjur og aðrar óbeinar tekjur. Er það nú alveg rétt, ef menn vilja vera sanngjarnir, menn sem hafa árum saman talað um að það þurfi að ná niður verðbólgunni til að bæta lífskjörin? Þegar vísitalan er tekin úr sambandi fær fólk ákveðna krónutölu í laun við 100% eða meira hærri verðbólgu. Við þessi laun hafa bæst 8%+4%, í sumum tilfellum 10%, en verðbólgan hefur farið verulega niður. Því hefur enginn mælt á móti. Það hlýtur að vera kjarabót, jafnvel þó að Alþb. sé ekki í stjórn. Það hefur verið málflutningur allra þm. að ná ætti verðbólgunni niður, það væri besta kjarabótin. Það er kannske ekki lengur nothæft sem málflutningur.

Þá segir hv. 3. þm. Reykv. að þessi ríkisstj. hafi tekið við óvenjugóðu búi og vitnar síðan í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., sem er dagsett daginn sem ríkisstj. tekur við, áður en ríkisstj. hefur hugmynd um það hræðilega ástand í peningamálum þjóðarinnar sem kemur ekki í ljós fyrr en eftir að ríkisstj. hefur látið gera úttekt á ríkissjóði. (**Gripið fram í:** Er það tómt rugl?) Þær upplýsingar sem við fengum bæði í kosningabaráttunni og í stjórnarmyndunarviðræðunum voru tómt rugl. Einmitt var kannske hvað mesta ruglið um það leyti sem við vorum að taka við, vegna þess að upplýsingarnar sem við fengum voru rangar. Þegar athugun hafði farið fram kom í ljós að ekki var þess að vænta að 34 eða jafnvel 17 millj. væru hugsanlegar sem tekjuafgangur árið 1983, eins og fjárlög gerðu ráð fyrir. Það var þegar kominn hátt á annað þús. millj. yfirdráttur í Seðlabankanum og lífskjörum hafði verið haldið uppi hér með stanslausum erlendum lántökum, sem voru komnar á annan milljarð dollara, og það er ekki upp logið að rúm 60% af þjóðarframleiðslunni voru hlutfall erlendra skulda. Það var ekkert svigrúm til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum, eins og við höfðum sagt meðan við byggðum á upplýsingum sem voru rangar. Að sjálfsögðu er útilokað fyrir nokkurn, hvorki einstakling né þjóðfélag, að ná sér upp úr slíkri skuldasöfnun eins og hér um ræðir á það skömmum tíma sem gert er ráð fyrir. Og ég verð að segja það alveg eins og er að það þarf að breytast til hins batnaðar ef það á að nást jafnvægi á fjórum árum, á einu kjörtímabili. Þá þurfa aflabrögð að vera önnur en sú svarta skýrsla bendir til sem nú er mikið talað um.

Ég hélt mig hafa svarað í fáum orðum þeim mikla skætingi sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. og var aðdragandi að þeim málflutningi sem hann hafði með þeim tillögum sem hann flutti hér. Ég verð að segja alveg eins og er, og reyndar hefur hann staðfest það, að þessar tillögur eru fluttar til þess að draga fram að skoðanaskipti geti orðið pólitísk, en ekki málefnaleg, um tillögur eins og þær sem snerta eignaupptöku. Alþb. vinnur að eignaupptöku atvinnufyrirtækja. Það kemur best fram með þeim tillögum sem hér koma fram um tvöföldun skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það veit Alþb. að Sjálfstfl. getur ekki samþykkt og þar af leiðandi getur ekki orðið samkomulag um það í stjórnarflokkunum, og ég veit ekki til þess að Framsfl. standi að slíku. Þar af leiðandi eru þær tillögur á þskj. 204 um aukin framlög til hinna liðanna, frá 2—8, hrein sýndarmennska. Þessi skattur fæst ekki samþykktur. Við skulum þó sjá hvað kemur út úr þessu. Till. fer til atkvgr. og þá kemur í ljós hvort þetta eru sýndarmennskutillögur eða hvort það reynist rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það væri kannske meiri hluti hér á Alþingi fyrir till. um tvöföldun á þeim skatti sem nú er á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég hef ekki trú á því. En ef till. í 1. lið á þskj. 204 er felld staðfestir það að hinar tillögurnar eru líka fluttar af hreinni sýndarmennsku.

Ég man ekki hvort það er eitthvað sem virðulegur þm. spurði sérstaklega um. Það var reyndar Atvinnuleysistryggingasjóður, ef ég man rétt. Atvinnuleysistryggingasjóður hafði ekki þegar ég síðast vissi keypt bréf af húsnæðismálastjórn né Byggingarsjóði, hvorki verkamanna né Byggingarsjóði ríkisins. Ég held að þeir hafi ekki lagt neitt fram. Það vantaði frá Atvinnuleysistryggingasjóði, þegar ég síðast vissi, 76 millj. kr. framlag. Annars er það mál sem þarf að skoða og er á umræðustigi hvort ekki þarf að breyta hlutverki Atvinnuleysistryggingasjóðs, koma þeim lífeyri sem greiddur er út úr Atvinnuleysistryggingasjóði, yfir á einhvers konar lífeyrissjóði — kannske þegar lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn verður settur á laggirnar. En það er á umræðustigi hvað gert verður í því tilfelli.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég sakna þess mjög að hæstv. forsrh. skuli ekki vera í salnum þessa stundina, því að það væri mjög æskilegt að fá að heyra

hans álit á málflutningi hæstv. fjmrh. Ef forsrh. fyrir hönd ríkisstj. tekur undir þá röksemdafærslu sem við heyrðum hérna áðan tel ég það mikið alvörumál. Ég hef reyndar heyrt þetta fljúga fyrir hjá hæstv. fjmrh. áður og hlustaði kannske ekki mjög grannt eftir því þá, en *legg öllu dýpri merkingu í það núna.* Ef þessi fullyrðing hans stenst, — þ. e. við vissum ekkert hvað við vorum að segja í stjórnarmyndunarviðræðunum, við vissum ekkert hvað við vorum að segja þegar við mynduðum ríkisstj., við vissum nánast ekkert fyrr en liðið var fram á sumar, — þá er mér spurn: Hvaða vissu höfum við þá fyrir því að þessir háu herrar viti yfir höfuð hvað þeir eru að segja í dag?

Ég vil fara fram á að hæstv. ríkisstj. taki afstöðu til þessara fullyrðinga. Þetta eru mjög alvarlegar fullyrðingar. Þetta eru hreinar og beinar ásakanir á þá aðila sem hafa aflað upplýsinga fyrir ríkisstj., eins og Þjóðhagsstofnun, og hérna er hreint og beint fullyrt í ræðustól að allar þær upplýsingar, sem Sjálfstfl. og Framsfl. höfðu úr hendi þeirra aðila, og þar með sú ráðgjöf sem þar kom líka fram, hún kom þar mjög beint fram, hafi verið rangar og falskar og beinlínis fram lagðar til að villa um fyrir þessum háu herrum. Ég vil að það verði hér fært til bókar að ég tel brýna nauðsyn bera til að forsrh. taki afstöðu til þessara fullyrðinga hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan til þess að það verði ekki misskilið — viljandi eða óviljandi — af virðulegum 8. þm. Reykv. Ég sagði að við hefðum ekki haft réttar upplýsingar um ríkisfjármál þegar við fórum í kosningabaráttuna. Sum af okkar kosningaloforðum voru byggð á þeim upplýsingum sem við héldum að væru réttar. Við höfðum ekki réttar upplýsingar þegar við hófum stjórnarmyndunarviðræður. Við fengum þær ekki fyrr en við sjálfir létum gera úttekt á ríkissjóði. Þetta eru mín orð.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að *fá tækifæri til að gera örstutta aths.*

Ég hef reyndar ekki undir höndum alla þá umræðu og þann málflutning sem fór fram í kosningabaráttunni, en ég minnist þess þó glöggt að flestir ef ekki allir þm. Sjálfstfl. héldu því fram að dansaður væri hrunadans í þáv. ríkisstj. og allt á hraðri leið til helvítis. Ég sé því ekki hvað hefur getað komið þeim svo gífurlega mikið á óvart þegar að þessu búi var komið. Og ég þykist muna það af einum fundi sem ég tók þátt í með hæstv. núv. fjmrh. í sjónvarpi að hann hafi haldið því þar fram að ríkisbúskapurinn væri gersamlega búinn að missa botninn úr sér vegna þess hve illa væri á málum haldið. Þess vegna koma mér fullyrðingar hans núna mjög spánskt fyrir sjónir, að allt saman hafi komið þeim svo gersamlega á óvart mánuði eftir kosningar og hvernig málin stóðu þegar þeir tóku við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 32. fundur.

Miðvikudaginn 14. des., kl. 1.30 miðdegis.

Fjárlög 1984, frv. 1. mál (þskj. 1, n. 192 og 193, 191, 194, 197, 199, 200, 202, 203, 204, 205). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 204, 1 tekin aftur.
— 200, 1—5 tekin aftur.
— 205, 1 felld með 35:9 atkv.
— 200, 6—8 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 191, 1—2. a—e samþ. með 48 shlj. atkv.
— 191, 2.f samþ. með 35:8 atkv.
— 191, 2. g—j—3 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 200, 9 tekin aftur.
— 191, 4—5 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 200, 10—11 tekin aftur.
— 191, 6—25 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 204, 2.a tekin aftur.
— 191, 26 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 197, 1 tekin aftur.
— 204, 2.b tekin aftur.
— 191, 27 tekin aftur.
— 191, 28—31 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 200, 12 tekin aftur.
— 191, 32—39 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 194 felld með 34:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJóh, KolJ, KH, KSK, ÓÞÞ, ÞSk, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, GSig, GeirG, GE, ÓRG, GA, GHelg, HS, HG, JS, KSG, KP.

nei: LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, PP, PJ, RH, SalÞ, StG, StH, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, IG, JHelg, ÞK.

3 þm. (PS, SV, JBH) fjarstaddir.
Brtt. 200, 13 tekin aftur.
— 191, 40 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 199 felld með 31:14 atkv.
— 199 (til vara) tekin aftur.
— 191, 41—43 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 204, 3 tekin aftur.
— 191, 44—46 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 204, 4 felld með 32:13 atkv.

Ingvar Gíslason: Það er aðeins eitt atriði þarna. Ég mun greiða atkv. með þessum tillögum öllum nema till. sem er nr. 47, þar hef ég gert aths. hvað varðar Listskreytingasjóð. Ég gerði það í ræðu í gær. Ég tel að því miður hafi fjvn. ekki að fullu lokið störfum sínum um athugun á rétti Listskreytingasjóðs og vil beina því til hv. nefndar enn að taka það málefni sérstaklega til athugunar. Því mun ég sitja hjá við atkvgr. ef þetta verður borið allt fram í einu lagi.

Brtt. 191, 47—55 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 200, 14 tekin aftur.
— 204, 5 felld með 33:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, KSG, KJóh, KolJ, KH, KSK, ÞSk, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, GSig, GeirG, GE, ÓRG, GA, GHelg, HS, HG.

nei: JHelg, LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, PP, PJ, RH,

SalÞ, StG, StH, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BIG, DA, EH, EgJ, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, IG, ÞK.
KP, ÓÞÞ greiddu ekki atkv.
4 þm. (JBH, PS, SV, GGS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skýrði frá því í umr. í gær í ræðu minni, sem hv. flm. þessarar till. virðist hafa lesið nokkuð vel kannske að öðru leyti en þessu, að fjvn. hefði ekki tekið upp till. um breytingu á framlagi til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna þess að það væri gert ráð fyrir að leysa vanda hennar að verulegu leyti með aukafjárveitingu á þessu ári, þ. e. vegna veiðarfærakaupa og vegna skipasmíði. Ef ég man rétt er gert ráð fyrir að vegna norrænna samstarfsverkefna fái stofnunin 3 millj. 741 þús. kr., til Cabo Verde verkefnisins 9 millj. kr. og 900 þús. kr. til skrifstofukostnaðar. Þannig lít ég svo á að þessu verkefni sé sinnt eins og eðlilegt er. Ég segi nei.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. formaður fjvn. Lárus Jónsson sagði í lok greinargerðar sinnar hér að Þróunarstofnunin hefði fengið það sem eðlilegt væri. Íslendingar hafa skuldbundið sig á alþjóðavettvangi til að leggja fram ákveðinn hluta af þjóðartekjum sínum til þróunar þeirra þjóða sem fátækastar eru í heiminum, þar sem tugþúsundir barna deyja úr hungri í hverri viku. Íslendingar eru nú í langneðsta sæti allra þróaðra ríkja hvað þetta snertir. Við erum ein þjóða svo langt undir þessu marki að það er vansi okkar á alþjóðlegum vettvangi. Þess vegna getur það framlag sem lagt hefur verið til að Þróunarstofnunin fái á engan hátt verið eðlilegt. Það er mjög óeðlilegt miðað við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum gengist undir og miðað við þann siðgæðisþrótt sem Íslendingar gera tilkall til í samfélagi þjóðanna. Þess vegna er sú upphæð sem tilgreind er langt undir því marki sem við höfum ákveðið að lofa. Í ár er horfið frá þeirri stefnu sem mörkuð var á undanförnum árum að reyna að hækka hlut okkar smátt og smátt í áföngum. Ég segi já.

Brtt. 191, 56 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 200, 15 tekin aftur.
— 191, 57 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 200, 16 tekin aftur.
— 191, 58 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 200, 17 tekin aftur.
— 191, 59—65 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 204, 6 tekin aftur.
— 200, 18 tekin aftur.
— 202, 1 tekin aftur.
— 191, 66—68 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 200, 19 tekin aftur.
— 191, 69 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 200, 20—21 tekin aftur.
— 191, 70—71 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 200, 22 tekin aftur.
— 191, 72—80 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 200, 23 tekin aftur.
— 191, 81—82 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 204, 7 tekin aftur.
— 191, 83 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 197, II tekin aftur.
— 200, 24—25 tekin aftur.
Brtt. 191, 84 samþ. með 50:1 atkv.
— 191, 85 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 200, 26 tekin aftur.
— 191, 86—88 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 200, 27 tekin aftur.
— 202, II tekin aftur.
— 191, 89—94 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 204, 8 tekin aftur.
— 191, 95 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 200, 28—30 tekin aftur.
— 191, 96 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 200, 31—32 tekin aftur.
— 191, 97 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 200, 33 tekin aftur.
— 191, 98—108 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 200, 34—36 tekin aftur.
— 191, 109—110. a samþ. með 48 shlj. atkv.
— 200, 37. a tekin aftur.
— 191, 110. b samþ. með 51 shlj. atkv.
— 200, 37. b tekin aftur.
— 191, 110. c samþ. með 51 shlj. atkv.
— 200, 37. c tekin aftur.
— 191, 110. d-e—111. a-b samþ. með 49 shlj. atkv.
— 200, 38 tekin aftur.
— 205, 2 tekin aftur.
— 191, 112 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 200, 39 tekin aftur.
— 191, 113 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 200, 40 tekin aftur.
— 203 tekin aftur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil vekja athygli á því, að þegar till. er dregin til baka, tekin aftur, verður að leggja hana aftur fram við 3. umr. Ég vil að það sé ljóst. (**Iðnrh.:** Forseti. Má fá að heyra hvernig 41. gr. þingskapa hljóðar?) Ég tel að það reki ekki nauður til þess að fara að lesa upp svo sjálfsagt mál eins og 41. gr. þingskapa. Það verður ekki veitt orðið meðan á atkvgr. stendur. Þm. geta fengið orðið strax á eftir. (**Iðnrh.:** Má ég spyrja hvað hann hefur sérstakt, forseti Nd. Honum var hleypt upp í miðri atkvgr. og í áróðursskyni, en ég ætla ekki að tala þannig núna.) Já, ég veit það að hæstv. iðnrh. kann alltaf fótum sínum forráð.

Brtt. 191, 114 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 200, 41 tekin aftur.
— 191, 115 samþ. með 46 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 191, 116 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 197, III tekin aftur.
6. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Mætti ég fá hjá hæstv. forseta lánað kver um þingsköp. 41. gr. þingskapa hljóðar svo í nafni hæstv. forseta:

„Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða

þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla."

Þannig hljóðar 41. gr., en okkar formfasti forseti sagði sem svo að hann mundi beita því sem dygði. Nú hefur hann það fyrir sið til að mynda að gefa hæstv., eins og hann nefnir það, iðnrh. orðið og segja: Hæstv. iðnrh. tekur til máls. Þetta leiðir hugann að því hvað mundi duga. Ég er ekkert viss um nema það dygði að segja: Orðið er þitt, hunskastu upp í ræðustólinn mannherfa. Það er ómögulegt að segja til um hvað mundi duga. Hitt er svo annað mál, hvað þingsköp segja. Og þetta er eftir mínu viti afar laglegt orðalag, sem þarna er á, og bið nú hæstv. forseta minn, af því að ég veit að hann er allra manna reglufastastur og formfastastur, að taka þetta til athugunar, án þess að ég geri úr því stórágreining.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ræða hæstv. iðnrh. þarfnast ekki skýringa af hálfu forseta.

Efri deild, 29. fundur.

Miðvikudaginn 14. des., að loknum fundi í Sþ.

Lagmetisiðnaður, frv. 43. mál (þskj. 46). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 214).

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 147. mál (þskj. 206). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. það til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem hér er til umræðu er gamalkunnugt hér á Alþingi þótt enginn góðkunningi minn sé það. Skatturinn var fyrst á lagður 1979. Í tekjuáætlun fjárlagafrv. er enn á ný gert ráð fyrir tekjum af skatti þessum. Mér er það ekkert ánægjuefni að tala fyrir frv. þessu, en ég hef áður getið þess að mín stjórn losnar ekki við allar óværur fyrri ára þegar á fyrsta ári.

Í fjárlagafrv. eru tekjur af skatti þessum áætlaðar 65 millj. kr. Frv. gerir ráð fyrir að 1.1% skattur verði lagður á. Nú eru skattamál öll til umr. á Alþingi og tölur til endurskoðunar.

Virðulegi forseti. Um leið og ég legg til að frv. þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr. vil ég beina því til nefndarmanna að endanleg skattprósenta verði ákveðin með hliðsjón af fjárlagatölu, en þess jafnan gætt að um íþyngjandi greiðslubyrði verði ekki að ræða. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði jafnframt vísað til 2. umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Alþfl. átti aðild að því á sínum tíma að þessi skattur var upphaflega lagður á. Hann var þá raunar ekki hugsaður til langs tíma, heldur sem tímabundin skattlagning. Í framhaldi af því lögðum við til fyrir tveimur árum að þessi skattur yrði lækkaður til helminga og síðan felldur niður. Á þá röksemdafærslu var ekki hlustað á sínum tíma. En aðstæður breytast og með breyttum aðstæðum breytist afstaða. Ég veit að þetta hafa verið þung spor hjá hæstv. fjmrh. upp í þennan ræðustól til að mæla fyrir frv., ég efast ekkert um það, en við Alþfl.-menn erum þeirrar skoðunar, að nú, þegar mjög íþyngjandi álögur af ýmsu tagi eru lagðar á hinn almenna skattborgara í þjóðfélaginu, eigi þessi skattur að haldast óbreyttur að tiltölu og vera eins og hann var, og við munum greiða atkvæði með því.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins lýsa því yfir að ég styð hæstv. fjmrh. hjartanlega í þessu framlagða máli hans hér.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það er ekki svo oft sem hægt er að þakka hæstv. fjmrh. fyrir frv. að ég get ekki látið þetta tækifæri ónotað. Ég ætla hins vegar ekkert að draga í efa að hæstv. ráðh. er ákveðinn í því að hlynna að verslun og fyrirtækjum með þeim hætti að losa þá aðila sem allra fyrst undan þessum sjálfsagða skatti. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er honum efst í huga og ábyggilega miklu ofar en að sjá til þess að ekki verði um íþyngjandi greiðslubyrði að ræða hjá ýmsum öðrum. Ég er alveg sannfærður um að þau orð hans voru mælt af fullum heilindum áðan.

Það vill nú svoleiðis til að einmitt þarna er verulega hægt af að taka og það vakti vitanlega athygli í vor, þegar efnahagsaðgerðirnar voru gerðar, hversu verslunin slapp þá vel. Allir vissu um ástæðurnar fyrir því, að þar voru þeir tveir flokkar samankomnir sem bera hag þessarar atvinnugreinar alveg sérstaklega fyrir brjósti og því ekki ástæða til þess fyrir þá að vera að leggja sams konar byrðar á verslunina og launafólk í landinu t. d. Það er hins vegar mála sannast og hefur verið bent á það stundum hér í þessari hv. deild, að bæði verslunin og fyrirtækin eru lagin við að velta þessu af sér. Menn skyldu svo sem ekki láta sér detta í hug að þó að þessum skatti sé af þeim náð og mikið sé talað um skattpíningu þeirra í þessu sambandi og hafi verið gert hér í hv. deild æðioft nái þau þessu ekki af viðskiptavinum sínum mjög fljótlega. Því er skatturinn kannske ekki eins mikið fagnaðarefni og maður gjarnan vildi, ef það væri ljóst að þeir tækju þetta af sínum gróða — ég segi: vitanlega þeim gróða sem aðrir hafa fært í vasa þeirra. En það er þó bót í máli að þarna eru menn kannske að ná einhverjum hluta af því til baka til réttra aðila.

Hæstv. fjmrh. kom einmitt inn á að nú væru allar tölur varðandi skattamál til endurskoðunar. Ég veit ekki hvernig þeim málum miðar í fjh.- og viðskn., en það er auðvitað alveg ljóst að fjárlagatölurnar, eins og bent var á í umr. hér í gærkveldi, tölurnar í tekjuskattsfrv. og tölur í frv. sem við vorum að sjá hér áðan, eru allar kolruglaðar miðað við það sem við heyrum nú. Ég held að ég mundi meta það mikils við hæstv. fjmrh. ef hann vildi líka leiðrétta tölurnar í sambandi við þetta frv. og sjá einmitt til þess að þarna yrði um verulega íþyngjandi greiðslubyrði að ræða hjá þessum aðilum

sem þola íþyngjandi greiðslubyrði. Þess vegna höfum við Alþb.-menn flutt um það till. við afgreiðslu fjárlaga að þessi skattur verði tvöfaldaður á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Við erum sannfærðir um að á þessum tímum er ekki til margra annarra að leita um fjármagn sem betur þola það en einmitt þessir aðilar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 30. fundur.

Miðvikudaginn 14. des., að loknum 29. fundi.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það eru aðeins nokkrar mínútur síðan frv. um tekjustofna sveitarfélaga var dreift á borð okkar deildarmanna. Það verður að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstj. og ráðh., að þm., a. m. k. þm. stjórnarandstöðunnar, sem ekki fá að sjá þessi mál áður en þau eru lögð hér á borðin, gefist a. m. k. tími til að lesa frv. yfir.

Það er ekki hægt að ætlast til þess að við greiðum fyrir afgreiðslu mála þessa daga fyrir jólin ef svona á að standa að málum, ef það á ekki einu sinni að gefa mönnum kost á að lesa frv. áður en þau eru tekin hér til umr., því að það er ætlast til að við greiðum um þau atkv. og höfum á þeim skoðanir. Til þess er forsendan að menn geti lesið málin yfir.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Hér er að vísu um einfalt mál að ræða að því er mér sýnist. Engu að síður hlýt ég að harma að þessum málum skuli svo flýtt og bendi í því sambandi á að hér er um tölur að ræða í frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem er eins konar fylgifrv. með frv. um tekju- og eignarskatt. Hæstv. fjmrh. var að lýsa yfir áðan að allar tölur væru í endurskoðun. Maður hlýtur því að spyrja sjálfan sig að því: Er þetta frv. þá eitthvað að marka? Er þetta frv. þá með tölum sem eru að fara í endurskoðun eða er þetta frv. sem marktækt er hér til umr. í raun og veru?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem hér er um að ræða eitt af þeim málum sem samkomulag varð um í gær milli stjórnar og stjórnarandstöðu að tekið yrði til afgreiðslu fyrir jól, þá taldi ég að það væri stætt á því að leita afbrigða um að mál þetta mætti koma hér á dagskrá, þar sem, eins og hv. 2. þm. Austurl. sagði, hér væri um einfalt mál að ræða og hæstv. félmrh. óskaði eftir að fá að mæla fyrir því nú. Ég vænti þess að hv. þm., sem eiga sæti í þeirri nefnd sem fjallar um það, hefðu þá tækifæri til að kynna sér það betur í nefnd. En ég get fallist á það, að ef menn vilja taka sér svo sem eins og hálftíma hlé til að lesa þetta frv. yfir og ef hæstv. félmrh. fellst á það er það mér að meinalausu. — En nú bíður hæstv. félmrh. um orðið og við skulum heyra hvað hann hefur að segja.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Út af umr. um þingsköp í sambandi við þetta mál vil ég skýra frá því, að ríkisskattstjóri taldi nauðsynlegt að leggja þetta frv. fram jafnhliða frv. um tekju- og eignarskatt sem hér hefur verið til umr. Því miður kom þetta mál nokkuð seint á okkar borð, en ég vil geta þess hér, að strax þegar próförk varð til í gærdag hafði ég samband við formenn allra flokkanna og afhenti þeim próförkina til athugunar með ósk um að ég fengi að vita ef um yrði að ræða athugasemdir við að leggja þetta fram nú. Það er öllum ljóst að ákaflega óheppilegt er að þurfa að fara að gefa brbl. út í þinghléi um mál sem eingöngu er til leiðréttingar miðað við það sem hér er til umr. í sambandi við tekju- og eignarskatt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hér var aðeins gerð athugasemd við það af minni hálfu að þm. gæfist ekki tækifæri til að lesa þetta yfir frá því að frv. er dreift hér og þangað til það skal takast til umr.

Það var beint spurningu til hæstv. félmrh., hvort þær tölur sem hér eru nefndar breytist með breytingum á skattalögum, sem eru til umr., og fjmrh. sagði að allar tölur væru þar nú breytingum undirorpnar. Hæstv. félmrh. svaraði ekki þessari spurningu. Það hefur auðvitað áhrif á afstöðu manna til þess hvort og hvenær málið verður tekið til umr., hvort þessar tölur breytast eða ekki. Ég vil taka undir þá spurningu og ítreka hana hér. Þó að þetta mál sé eitt af þeim málum sem ríkisstj. gerði að forgangsmáli í sínum málalista og stjórnarandstöðuþm. tóku vel í að afgreiða fyrir þinghlé, þá þýðir það ekki að málið þurfi endilega að koma til umr. á þessari stundu. Það er vel hægt að afgreiða þetta mál þó svo að mönnum gefist tími til að lesa það yfir. Ég held að það séu vinnubrögð sem séu okkur hér á Alþingi til vansa ef það á að afgreiða mál til nefndar án þess að þm. gefist tækifæri til að lesa þau yfir. Ég held að það séu vinnubrögð sem séu fullkomlega óboðleg og Alþingi ósæmandi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. misvirði ekki þó að ég taki hér aftur til máls.

Í sambandi við athugasemdir um breytingar á tölum ætlaði ég nú að taka það fram í framsögu minni fyrir þessu frv. að auðvitað verður þetta frv. algjörlega í samræmi við þá afgreiðslu sem frv. um tekju- og eignarskatt fær.

Hins vegar vil ég, til þess að forðast misskilning, taka fram að ég er ekki að ætlast til að hv. þm. taki afstöðu til þessa máls án þess að hafa fengið tækifæri til að lesa það yfir. Ég geri enga kröfu til þess. Ég óska þess aðeins að tryggt sé að þetta frv. *nái fram að ganga* samhliða breytingum á tekju- og eignarskatti. Það er nauðsyn og ég vænti þess að hv. þm. fallist á að reyna að greiða fyrir því, en ég er alls ekki með neina kröfu hér sem félmrh. um þetta mál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég held að það sé sjálfsagt að verða við því að fresta hér fundi, ef menn gera sig ánægða með hálftíma.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Mér finnst málflutningur hv. þm. Eiðs Guðnasonar ósanngjarn í þessu máli, vegna þess að eins og öllum þm. er kunnugt, sem hafa setið á þingi a. m. k. áður, tíðkast það iðulega

einmitt í annatíðinni fyrir jólin að sá háttur er hafður á að texta frv. er útbýtt til þingflokka. Þingflokkarnir eru nú einu sinni hluti af þinginu og það er ekki til of mikils ætlast þegar samið er um mál að menn kynni sér þau í þingflokkunum. Það hefur verið samið um þetta mál. Ég veit ekki betur en það sé eitt af þeim málum sem hefur verið samið um að skuli ganga fram fyrir jólahlé. Þá finnst mér ekki sanngjarnt að gera athugasemdir.

Hitt er allt annað mál að óska eftir að málinu verði frestað um sinn. En að gera athugasemdir við þessa málsmeðferð, sem er í samræmi við það sem hefur tíðkast árum saman í svona annatíð, finnst mér ekki sanngjarnt, þó menn óski eftir að málinu verði frestað, því að ég hygg að virðulegur forseti hafi verið í algjörlega góðri trú um að gert hafi verið samkomulag og að menn hafi raunverulega verið búnir að kynna sér þetta í stjórnarandstöðuflokkunum þar sem þeim hafi verið gerð grein fyrir málinu áður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég hef ákveðið að fresta þessum fundi í hálftíma, þar til kl. korter fyrir fjögur. Það stendur þannig á um annað mál á þessari dagskrá að það hefur verið óskað eftir að því verði frestað, svo ég held að það sé þá gott að fresta fundi nú þar til korter fyrir fjögur. Þá gefst mönnum væntanlega kostur á að kynna sér betur þetta frv. og verða þá betur undir það búnir að taka það til 1. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég gerði ekki mjög harða hríð að virðulegum forseta áðan varðandi það að taka þetta mál upp, benti einungis á að við hefðum verið að sjá þetta mál nú, en ég þakka þá tillitssemi sem okkur hefur verið sýnd af virðulegum forseta í þessu efni.

Ég vil aðeins taka það fram, að hefði ég verið búinn að sjá þetta frv. áður hjá mínum formanni eða formanni þingflokks hefði ég að sjálfsögðu ekki gert neinar athugasemdir við þetta. Ég hef hins vegar ekki séð það, en ég trúi orðum hæstv. félmrh. fúslega og það verður þá að skrifast á reikning míns formanns ef því hefur ekki verið komið til skila til okkar. Ég tek það skýrt fram.

Í öðru lagi vil ég taka það fram, að það hefur ekki verið samið um að tekjuskatts- og eignarskattsmálið gangi fram fyrir jól. Það var tekið fram að það væri æskilegt og menn tóku undir að það væri æskilegt, en það voru önnur mál sem þar voru forgangsmál og um var samið. Um þetta mál gilti að það væri einungis æskilegt að það næði fram að ganga. — [Fundarhlé.]

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 149. mál (þskj. 208). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Skv. ákvæðum 8. mgr. 26. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga skulu fjárhæðir þær sem um ræðir í 1., 2. og 7. mgr. 26. gr. þeirra laga breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.

Í 9. gr. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, sem nú er hér í meðförum Alþingis sem 129. mál, kemur fram að lagt er til að 121. gr. þeirra laga verði breytt á þann veg að skattvísitala verði ákveðin í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1985. Verði umrædd grein frv. að lögum er ljóst að engin skattvísitala mun gildda skv. 121. gr. skattalaganna á árinu 1984.

Með hliðsjón af því er því nauðsynlegt að breyta fjárhæðum skv. 1., 2. og 7. mgr. 26. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga á þann veg, að ákvarðaðar verði nýjar grunnfjárhæðir í þessum mgr. í stað gildandi fjárhæða, sem eru skv. gildandi lögum í gömlum krónum, með hliðsjón af því, sem fram hefur komið, að skattvísitala hefur hækkað skv. gildandi lögum um 54%.

Eins og kemur fram í aths. við einstakar greinar frv. eru gefnar skýringar á hvernig þessar grunntölur eru fengnar. Ég minnist hér á í 1. gr. að fjárhæðin 35 þús. kr. (þ. e. í gömlum krónum) eða 350 nýkrónur nam við álagningu útsvara 1983 1 159 kr. Með hliðsjón af 54% hækkun skattvísitölu hefði fjárhæðin átt að breytast í 1 785 kr. Fjárhæðin er hins vegar sett örlítið hærri eða 1 800 kr. í þessu frv. og hliðstætt er um aðrar tölur. Þessi mismunur er rökstuddur af skattayfirvöldum með því að nauðsynlegt sé að láta standa á heilum tug króna vegna þeirrar tölvunotkunar sem hér um ræðir.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta. Ég vil aðeins geta þess, um leið og ég þakka hv. deild og virðulegum forseta fyrir að taka þetta mál á dagskrá, að ég óska eftir vinsamlegri afstöðu hv. þm. og bið þá að stuðla að því að þetta frv. fái afgreiðslu hér á hv. Alþingi jafnhliða afgreiðslu á frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt til þess að forða að ósamræmi þurfi að verða í ákvarðanatöku um álagningu gjalda á árinu 1984.

Ég óska svo eftir því að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn. Ed.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir það tillit sem tekið var til þeirrar aths. sem ég hafði fram að færa áðan um að fresta fundi um stund og gefa mönnum tækifæri til að skoða þetta mál örlítið betur. Í fundarhléinu aflaði ég mér aukinna upplýsinga um eðli þessa máls og fékk á því nánari skýringar. Það var einmitt það sem lá að baki aths. mínum áðan. Málið liggur nú ljósar fyrir mér a. m. k. Hér er um að ræða frádráttarliði og hér er verið að ákveða grunn þeirra, sem síðan mun breytast í samræmi við skattvísitölu án þess að þessar tölur taki beinlínis breytingum í sjálfum lögunum.

Ég hef engar aths. við það að gera að þetta frv. nái fram að ganga. Ef samkomulag verður um að tekjuskattsfrv. og þau mál nái einnig fram og tími vinnst til með eðlilegum hætti að afgreiða þau mál geri ég engar aths. við það, ef tími reynist til þess að þau fái eðlilega umfjöllun. Ég vil hins vegar beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi hvort ekki sé rétt að ganga lítið eitt lengra í hækkun þeirra frádráttarliða sem hér er um að tefla, að það verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar í umfjöllun hv. félmn. á þessu máli.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það tækifæri sem við fengum til að kynna okkur þetta mál. Það virðist sem hér sé ekki ýkja stórt mál um að ræða og gefur það því ekki tilefni til mikilla umr. Ég vil þó benda á eitt atriði sem er nokkuð algengt fyrirbæri í íslenskri löggjöf.

Við erum hér að afgreiða lög þar sem verið er að skammta sveitarstjórnum í þessu landi mjög lítið svigrúm til þess að ákveða sínar tekjur og þá um leið ráðstöfunarfé. Í næsta herbergi hérna við hliðina á okkur er verið að ræða um að afhenda einum manni nákvæmlega öll völd, gjörsamlega óbundið, um allt það sem varðar framtíð okkar í sjávarútvegi. Þetta misræmi gengur aftur og aftur í íslenskri löggjöf.

Hér fyrir nokkru lagði hæstv. félmrh. fram lög um Húsnæðisstofnun. Þar er líka í óhemju mörgum og margliðuðum greinum nákvæmlega kveðið á um hvernig eigi að fara með gjaldstofna og úthlutun þess fjár sem þar er um að ræða. Þar þykir eðlilegt og sjálfsagt að ekkert svigrúm sé til ákvarðanatöku ráðh. í því máli.

Það sem skýtur skökku við í mínum huga er að hér meðhöndla menn með ólíku hugarfari að því er virðist málefni sem eru söm að innihaldi og þá um leið alvöru. Þarna finnst mér gæta ákveðins ósamræmis og bendir það að mínu mati eindregið til þess að löggjafarsamkundan sé ekki að öllu leyti sjálfri sér samkvæm um það hvert hennar hlutverk er.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Jú, ýmislegt hefur skýrst í þessu efni frá því að við fengum þetta frv. í hendurnar rétt í fundarbyrjuninni. Þó er það nú svo að það kom ekki fram í máli hæstv. ráðh. hvaða frádráttarliðir þetta væru, en ég reikna með að það séu grundvallarliðirnir, þ. e. persónuafsláttur inn, sem þarna er um að ræða. En það er bagalegt í sambandi við aths. með lagafrv. að það er ekki einu sinni greint frá því hvaða liðir. Það er bara sagt: Fjárhæðin 35 þús. með hliðsjón af skattvísitölu, er hins vegar sett örlítið hærra eða 1 800 kr. í þessu frv.

Hvaða fjárhæð? Ég reikna með því — er það ekki rétt hæstv. ráðh.? — að þarna sé um að ræða persónuafsláttinn sem reiknast hjá hverjum, en það er auðvitað bagalegt að sjá það ekki, og vitna ég þá til þess að þegar við lásum yfir frv. um tekju- og eignarskattinn var það alveg skýrt við hvaða frádráttarlið hver grein átti þar og hver liður. Við vissum því að þarna var sjómannafrádrátturinn og þarna var sérstakur frádráttur af ýmsu tagi sem við vitum að gildir í skattalögunum. Hér er það ekki, en maður getur í eyðurnar.

Ég t. d. spyr hæstv. ráðh.: Hvað er þetta? „Í stað " 7 þús. kr." í 1. og 2. málslið 2. mgr. komi: 360 kr." og hvað er þetta? „Í stað „10 þús. kr." í 7. mgr. komi: 520 kr." Hvaða liðir eru þetta? Ég er á gati. Og ég vil fá að vita um þessar tölur. Ég heyrði ekki hvort hv. þm. Davíð Aðalsteinsson var að segja að það væru fleiri á gati, en ég get alveg eins trúað því að svo væri.

Nú er gengið út frá ákveðinni grunntölu varðandi útsvarsálagningu í heild sinni. Hin almenna grunntala hefur verið 11% eins og menn þekkja. Nú hefur verið mikið um það deilt hver sú tala ætti að vera næsta árið að grunni eða hvort heimildir ætti að veita til hækkunar. Og þá spyr maður um leið að því, og vildi ég beina því til hæstv. ráðh., hvort hafi verið tekið tillit til þess nú við þessa grunntölu, sem kemur til við álagningu útsvars næsta ár og sem ég er nú ekki farinn að sjá að kunni ekki að breytast svolítið, ekki kannske mikið. En þessar frádráttartölur geta áreiðanlega breyst í meðferð n. og Alþingis á frv. um tekju- og eignarskatt. Ég sé ekki enn þá að þessar tölur geti ekki breyst lítið en eitthvað og spyr hæstv. ráðh. að því í leiðinni.

En aðalatriðið er, miðað við aðra prósentuálagningu, hvort tekið hafi verið tillit til þess við þessar grunnfrádráttartölur fyrir hvern einstakling í persónuafslættinum, því auðvitað skiptir það miklu máli að þar sé samræmi í, miðað við að grunnprósenta útsvarsins á næsta ári verði eitthvað lægri. Við sjáum það að vísu núna, að í Reykjavík hefur þessi prósenta þegar verið ákveðin, skilst mér, 11%, Kópavogur er búinn að ákveða sín 10.8% og áður hafa verið heimildir uppi um að færa þetta upp í 12.1%. Það situr nú einn hv. þm., Þórður Skúlason, á móti mér. Hann er sveitarstjóri og man örugglega hæstu heimild — er hún ekki 12.1%? — sem þarna hefur verið leyfð. Auðvitað hlýtur grunntalan að þurfa af frádrættinum að ráðast talsvert af því við hvað er miðað, við hvaða útsvarsprósentu af brúttótekjum er miðað. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því einnig.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Í sambandi við fsp. sem hér hafa komið fram má segja sem svo að það sé e. t. v. galli á frv. sem hér liggur fyrir til umr. að það vanti meiri skýringar.

Það er hér vitnað í lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 73/1980 og 26. gr. þeirra laga. Þar stendur að með hliðsjón af því sem áður kemur fram í 25. gr. þeirra laga, þar sem útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sem þó má ekki hærri vera en 11% af útsvarsstofni, þá er í 26. gr. í gildandi lögum ákveðið að hjá þeim mönnum sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. laganna, þ. e. sem eru búsettir í og gjaldskyldir í viðkomandi sveitarfélagi og heimilisfastir hafa verið hér á landi allt tekjuárið, skal við álagningu lækka útsvarið um 35 þús. kr. Þetta var ákveðið með lögum 1980 og þá í gömlum krónum. Það á við 1. mgr. í 1. gr. frv. sem hér liggur fyrir, að í stað 35 þús. gamalla króna í 1. mgr. komi 1 800 kr. Skv. skýringu með frv. hefur þessi upphæð síðan 1980 verið uppfærð skv. gildandi skattvísitölu á hverjum tíma og við álagningu útsvara 1983, þ. e. á þessu ári, var þessi upphæð uppfærð í 1 159 nýkr. Síðan er fundið út, miðað við spá um skattvísitölu 1984, að hækkunin milli ára er orðin 54%, sem þýðir að þessi upphæð breytist, þ. e. grunntalan, 35 þús. gamlar kr. eða 350 nýkr., í 1 785 og er hér upphækkað í 1 800.

Síðan kemur næsti liður. Í 26. gr. laganna stendur: „Fyrir hvert barn innan 16 ára á tekjuárinu, sem er heimilisfast hjá framfæranda hér á landi allt það ár, skal lækka útsvar um 7 þús. kr. (gamlar). Þegar um fleiri en þrjú börn er að ræða skal útsvar framfæranda lækkað að auki um 7 þús. kr. fyrir hvert barn umfram þrjú."

Þessi fjárhæð er í 2. mgr. 7 þús. kr. og breytist í 360 kr., sem er með sömu skýringu hér og 1. mgr. í frv.

Síðan heldur þetta áfram. Í 26. gr. er ákveðið að fella skuli niður útsvar sem nemur 10 þús. gamalla króna eða lægri fjárhæð. Þessi upphæð hefur allar götur síðan 1980 verið látin breytast með hliðsjón af breytingum á skattvísitölu. Hún var við álagningu 1983 512 kr. og er

núna sett í 520 kr.

Ég vona að ég hafi útskýrt í hverju þetta liggur. Ég tek undir að það er náttúrlega nauðsynlegt, vegna þess að allir hv. þm. þekkja ekki slík lög og hafa þau ekki við höndina hverju sinni þegar verið er að breyta þeim, að gefa svona skýringar. Og ég bið afsökunar á því, að ég athugaði ekki í stuttri framsöguræðu að taka þetta fram.

Í sambandi við útsvarsálagninguna í heild eða þennan aðaltekjustofn sveitarfélaga vil ég segja að það eru eins og lögin gera ráð fyrir ákveðin 11% af útsvarsstofni. Í 25. gr., sem ég minntist á, er gert ráð fyrir að ef útsvör hrökkva ekki skv. 1. mgr. fyrir áætluðum útgjöldum sé sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðh. Þetta er viðkvæmt mál, en á s. l. ári var þessi heimild gefin nokkuð frjáls. Öll þau sveitarfélög sem þess óskuðu nýttu þessa heimild á s. l. ári, þannig að yfirleitt var útsvarsálagningin miðuð við 12.1%. Ég hef hins vegar sem félmrh. og í samræmi við það sem hefur verið ákveðið í ríkisstj. gefið út þá yfirlýsingu um þetta ákvæði að sveitarfélögin þurfi ekki að reikna með því að þau geti nýtt sér þessa heimild á árinu 1984 nema því aðeins að það verði litið svo á að um algjört neyðarástand sé að ræða hjá viðkomandi sveitarfélagi, sem verði þá að fá sína þegna til að samþykkja það eða þola að fá á sig auknar álögur. Það verður eingöngu um undantekningaratriði að ræða og mun það verða skoðað vandlega í hverri umsókn sveitarfélaga ef um það verður að ræða.

Ég get sagt frá því hér, að jafnhliða hefur rn. skrifað stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ákveðið bréf um að beita vægilega sínum tekjuheimildum á næsta ári og reyna að haga sínum ákvörðunum um álagningu í samræmi við stefnu ríkisstj. og gæta hófs í meðferð tekjustofna. Ég get einnig sagt frá því hér að Samband ísl. sveitarfélaga hefur tekið þessu erindi mjög vel og ég veit ekki annað en að dreifibréf sé farið af stað til sveitarfélaganna hvað þetta varðar. Ég get einnig bætt því við að ég hef rætt við nokkuð marga forráðamenn sveitarfélaga og ég hef ekki orðið var við annað en allir séu sammála um að gæta hófs í þessu og fara eins gætilega í meðferð tekjustofna og mögulegt er. Mörg sveitarfélög hafa í hyggju að lækka útsvarsálagningu. Ég veit um þó nokkur sem fara niður fyrir 10%.

Það var ekki meining mín að fara að ræða þetta atriði hér og nú, en af því ég minntist á þetta vil ég aðeins segja að auðvitað hef ég þá skoðun sem gamall sveitarstjórnarmaður að sveitarfélögin eigi að hafa svigrúm til þess að fara með sína tekjustofna því hér er um að ræða annað svið en hjá ríkinu. Hér eru sveitarstjórnirnar nær vettvangi, nær sínu fólki, og eiga þá undir það að sækja ef þær beita ótæpilega því frelsi sem þær gjarnan ættu að hafa til að leggja álögur á sína þegna, þó að hins vegar sé nauðsynlegt að hafa ákveðið vald til að grípa inn í ef illa er að málum staðið.

Í framhaldi af þessu vil ég upplýsa að ríkisstj. hefur til meðferðar ákveðin form á samstarfssamningi milli ríkis og sveitarfélaga sem verður vonandi tekið til lokaafgreiðslu næstu daga og gengið til samninga við sveitarfélögin um ákveðið fastmótað samstarf um helstu stefnuatriði í sambandi við samskipti ríkis og sveitarfélaga og eins í sambandi við þau áhrif sem sveitarfélögin geta haft á efnahagslíf í landinu. Þessi samningur er gerður að finnskri fyrirmynd sem er í gildi milli finnska ríkisins og sveitarfélaganna í Finnlandi og hefur gefist þar mjög vel. Það hefur rutt úr vegi ýmsum misskilningi, sem oft vill koma upp milli aðila sem eiga að fara með stjórn þjóðmála í landinu, og ég hygg að þessi samningur, sem ég vona að verði samþykktur af báðum aðilum, ríkisstj. og Sambandi ísl. sveitarfélaga, eigi eftir að koma mörgu góðu til leiðar og stilla saman sveitarfélög og ríkisvaldið svo að stjórnað verði skynsamlegar ýmsum málum í þjóðfélagi okkar.

Þórður Skúlason: Virðulegi forseti. Það hefur komið fram hjá hæstv. félmrh. að þetta frv. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga er fyrst og fremst lagt fram til að leiðrétta tölur og færa þær til þeirrar skattvísitölu sem er í gildi hverju sinni, leiðrétta ákveðna frádráttarliði eins og hér hefur komið fram. Í sjálfu sér er ekkert nema gott um það að segja og ég tel það vera í alla staði eðlilegt ef það er ætlunin að ríkisvaldið hafi áhrif á hvernig sveitarfélögin afla sinna tekna. Í sjálfu sér er kannske líka eðlilegt að ríkisvaldið hafi nokkurt eftirlit með því.

En fyrst farið er að ræða tekjustofna sveitarfélaga er það nú einhvern veginn þannig að ég get ekki á mér setið að koma upp og minna örlítið á þann gífurlega fjárhagsvanda sem sveitarfélögin eiga í og hefur orðið til á undanförnum árum. Mig langar til að minna á það, sem raunar kom fram hjá félmrh. í umr. um tekju- og verkaskiptingu sveitarfélaga hér á dögunum, að fjárhagsvandi sveitarfélaganna hefur versnað gífurlega á s. l. árum. Á s. l. þremur árum hefur hann orðið þannig, að á árinu 1981 er talið að fjárhagsvandinn hafi versnað um einar 50 millj., á árinu 1982 er talið að fjárhagsstaðan hafi versnað um einar 150 millj. og á þessu ári er áætlað að fjárhagsstaða sveitarfélaganna hafi versnað um 400 millj. kr. Þetta þýðir að fjárhagsstaða sveitarfélaganna hefur á s. l. þremur árum versnað samtals um 600 millj. kr. Ég hygg að þetta séu tölur sem hafi verið staðfestar m. a. af Þjóðhagsstofnun. Við sjáum að þetta hlýtur að vera gífurlegur vandi — að vísu dálítið misjafn eftir sveitarfélögum, en eftir því meiri og eftir því verri og óviðráðanlegri sem sveitarfélögin eru minni.

Það kom fram hjá hæstv. félmrh. að hann bjóst ekki við því að sveitarfélögin þyrftu að reikna með heimild til að fá að leggja 10% á útsvar á næsta ári, eins og heimilað hefur verið undanfarin ár og sveitarfélög hafa nýtt sér. Þetta þýðir að enn þá verða þessi sveitarfélög að velta á undan sér vandanum og draga úr framkvæmdum og hætta er líka á að þau þurfi þá að draga úr þjónustu.

Við skulum aðeins hugleiða hvern er raunverulega helst verið að vernda með því að leyfa ekki 10% hækkun. Ég hygg að það séu einmitt þeir sem síst skyldi og þeir sem hafa hæstar tekjurnar. Þessir frádráttarliðir, sem hér er verið að ræða um að færa til núgildandi verðlags og við erum að tala um hérna í þessu frv. til laga, koma til frádráttar á útsvari hvort sem útsvarið er hátt eða lágt, þannig að þeir nýtast tiltölulega betur þeim sem hafa minni tekjur. Það er tiltölulega fljótlegt fyrir sveitarfélög að vinna sér upp þennan mismun í álagningu með því að hækka sínar gjaldskrár, með hækkun á þjónustugjöldum ýmiss konar, eins og þjónustu fyrir barnaheimili og þjónustu veitustofnana eins og hitaveitna, og auðvitað ekkert eftir því hvaða tekjur fólk hefur. Ég vil vekja athygli á þessu, að ég hygg að ef

sveitarfélögin þurfa almennt að fara að grípa til þeirrar aðferðar til að tryggja sína tekjumöguleika komi það kannske verst niður þar sem síst skyldi.

Fyrst farið er að tala um skattheimtu á annað borð, skatta ríkis og sveitarfélaga, langar mig til að nefna það, að ég hygg að tekjustofnar sveitarfélaga byggist að meginstoðum til á lögum frá 1972 og hafi tilltölulega lítið breyst síðan að öðru leyti en því að þarna hefur orðið geysileg mismunun annars vegar í tekjuöflun ríkisins og hins vegar í tekjuöflun sveitarfélaganna. Mér er tjáð af fróðum mönnum að árið 1972 hafi Gjaldheimtan skilað til sveitarfélaganna 50% af sinni innheimtu og 50% til ríkisins. Á þessu ári er hins vegar reiknað með því að skil Gjaldheimtunnar verði 68% til ríkisins og 32% til sveitarfélaganna. Ég hygg að þetta sé besta dæmið um hvernig skattheimtan í landinu hefur þróast á undanförnum árum.

Hæstv. ráðh. gat hér um samráðssamning sem nú er verið að vinna að milli ríkis og sveitarfélaga. Um það mál hef ég ekkert nema gott að segja og fagna því að unnið skuli að gerð slíks samnings. Ég hygg að nauðsynlegt sé að hafa gott samráð milli annars vegar Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstj. eða félmrn. hins vegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Gjaldeyris- og viðskiptamál, frv. 133. mál (þskj. 168, n. 210). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Í fjarveru formanns fjh.- og viðskn. óskaði hann eftir að ég hefði framsögu í þessu máli. Þetta frv. til l. um breytingu á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála er ekki mikið fyrirferðar hér á þessu frumvarpsblaði sem við höfum fyrir augum. Það fjallar fyrst og fremst um það að auka frjálsræði í gjaldeyrissölu og opnun gjaldeyrisreikninga, og að þetta nái til sparisjóðanna og póststjórnarinnar eftir því sem við getur átt.

Eins og við vitum öll eru sparisjóðirnir margir í landinu og margir vel staðir og virtar bankastofnanir. Þeir leggja mikla áherslu á að fá þessi viðskipti til sín, sem er ekki óeðlilegt, því á mörgum stöðum í landinu er mikið óhagræði að því m. a. vegna vaxandi ferðamannastraums að fólk á í erfiðleikum með að skipta bæði ferðatékkum og öðru slíku. Einnig getur fólk sem ætlar að ferðast til útlanda þurft að gera sér ferð utan af landi hingað til Reykjavíkur til að ná í sinn gjaldeyri áður en það leggur af stað í ferðina. Með þessu frv., ef að lögum yrði, væri aukin þjónusta við þá aðila sem á þessum stöðum búa. Einnig færist það í vöxt að menn komi með eitthvað af sínum gjaldeyri til baka og vilja þá eiga það á vöxtum inni í bók í sínum sparisjóði. Fyrir þetta tvennt má segja að þarna sé opnaður möguleiki.

Fjh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál og lauk sinni afgreiðslu í morgun. Eru allir nm. sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Við 1. umr. málsins og raunar einnig í n. ræddi ég og fleiri nokkuð um kostnaðarhlið þessa máls. Ástæðan fyrir því var sú, að í fyrravetur þegar Búnaðarbankanum var veitt heimild til að versla með gjaldeyri urðu nokkur straumhvörf í þessum málum. Um langan aldur hafa Landsbankinn og Útvegsbankinn einvörðungu haft heimild til að versla með gjaldeyri. Það stafar auðvitað fyrst og fremst af því að þeir hafa þjónað þeim atvinnuvegi, sjávarútveginum, sem er langstærstur í okkar útflutningi og hefur þar af leiðandi mest viðskipti í sambandi við gjaldeyrinn. Þessir bankar hafa líka verið stórir í sambandi við þjónustu við verslunina, þó að Búnaðarbankinn hafi verið það einnig, sérstaklega á síðari árum. Þegar Búnaðarbankanum var veitt leyfið var lögð sérstök áhersla á að þess yrði gætt að halda öllum kostnaði við þessa nýju þjónustu í lágmarki. Vegna þess að ég var þá viðskrh. og veitti þetta leyfi langar mig til, með leyfi virðulegs forseta, að lesa upp leyfið sem ég gaf út handa Búnaðarbankanum, en það var stílað til Seðlabanka Íslands eins og ráð er fyrir gert í lögunum. Leyfið er á þessa leið:

„Ráðuneytið vísar til bréfs bankans, dags. 29. f. m. um gjaldeyrisréttindi Búnaðarbanka Íslands.

Með vísan til 19. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, samþykkir ráðuneytið að Búnaðarbanka Íslands verði heimilað að versla með erlendan gjaldeyri innan takmarka og með skilmálum sem bankastjórn Seðlabankans setur. Jafnframt leggur ráðuneytið ríka áherslu á að þess verði gætt að þessi breyting á þjónustu bankakerfisins verði ekki til þess að fjölga starfsliði og auka heildarkostnað bankakerfisins.“ Bréf þetta er dags. 11. okt. 1982.

Í framhaldi af þessu hefur Búnaðarbankinn tekið upp þessa þjónustu. En vegna þess að ég hef grun um að það hafi orðið talsvert verulegur kostnaður bæði í fjárfestingu og rekstri samfara þessari þjónustu hjá bankanum þá hef ég lagt á það nokkra áherslu að Búnaðarbankinn geri nefndum Alþingis, sem fjalla um þetta mál, grein fyrir því hvað sá kostnaður hefur verið mikill. Ástæðan fyrir því að ég legg áherslu á þetta er fyrst og fremst sú, að því er oft dróttað að okkur stjórnmálamönnum að við séum eyðslusamir og við hirðum ekki alltaf um að bera af okkur það slyðruorð. En sannleikurinn er sá að oft og tíðum er það svo, og ég vil segja langoftast, að stjórnmálamenn sem er sýndur trúnaður reyna í sínum störfum að sýna ráðdeild og stuðla að því að aðrir geri það einnig. Nú er ég ekki að segja að Búnaðarbankinn hafi ekki sýnt ráðdeild í þessu efni. Mér leikur aðeins forvitni á að hann geri grein fyrir þeim kostnaði, bæði í fjárfestingu og rekstri, sem fylgir þessari nýju þjónustu.

Virðulegi forseti. Ég vonast til að á milli þessarar umr. og 3. umr. gefist kostur á að fá þessar upplýsingar og við stefnum að því. Ég þykist viss um að núv. hæstv. viðskrh. muni halda í þessum efnum sömu stefnu og mörkuð var í fyrravetur.

Þórður Skúlason: Virðulegi forseti. Það kom fram hjá framsögumanni og kemur fram á nál. á þskj. 210 að n. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. sem felur það fyrst og fremst í sér að sparisjóðunum verði einnig heimilað að fara með gjaldeyrisverslun. Það þýðir þó ekki það að ýmsir nm. hafi ekki verið með

vissar efasemdir og áhyggjur út af kostnaðaraukningu í bankakerfinu í þessu sambandi. Nóg er nú um það, og nóg er nú um útþenslu bankanna og stofnun nýrra útibúa. Það sem réði fyrst og fremst minni afstöðu var það að hér er um gríðarlega mikið þjónustuatriði að ræða. Það háttar nefnilega þannig til að það eru ýmis þjónustusvæði í landinu sem hafa ekki neinn viðskiptabanka heldur hafa sín bankaviðskipti öll í gegnum sparisjóði. Þetta eru töluvert stór svæði, eins og t. d. í mínu byggðarlagi á HVammstanga þar sem er Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu. Nær öll fyrirtæki sem sparisjóðurinn getur þjónað hafa þar viðskipti. Eins er þetta með Borgarnes. Við vitum það að þar er stórt kauptún sem þjónar stóru byggðarlagi og þar er enginn banki heldur. Ég held því að það sé alveg bráðnauðsynlegt að þessi þjónusta, gjaldeyrisviðskiptin komi á öll þessi þjónustusvæði, þar sem sparisjóðirnir eru og þjóna sem viðskiptabankar. Ég hygg að það geti einmitt orðið til þess að koma í veg fyrir kostnaðaraukningu og fjölgun banka, því ef við getum ekki sótt slíka þjónustu í sparisjóðina þar sem þeir eru hlýtur það að leiða til þess fyrr eða síðar að farið verður að biðja um bankaútibú.

En það er fleira í þessu sambandi sem er ólíkt með sparisjóðum og viðskiptabönkum. T. d. varðandi ábyrgðir og fleira er svolítill munur á, þannig að sparisjóðirnir geta raunverulega ekki þjónað atvinnuvegunum, a. m. k. ekki öllum, þeim sem eru með stærst viðskipti, eins og bankarnir. Af þessum sökum hefur verið mikill þrýstingur á að stofna bankaútibú á ýmsum stöðum þar sem þau hafa ekki verið fyrir áður, vegna þess að sparisjóðirnir hafa ekki ráðið við það verkefni að þjóna atvinnuvegunum. Lánin sem þessir atvinnuvegir hafa þurft á að halda hafa verið svo há að bankarnir hafa ekki getað útvegað ábyrgðir. Þar þarf raunverulega að gera á lagabreytingu.

Mig langar til að spyrja hæstv. viðskrh., fyrst hann er hér staddur, hvað miði athugun á endurskoðun á lögum um sparisjóði. Ég hygg að það mál hafi verið lagt hér fram á Alþingi í fyrra en ég veit raunverulega ekki hvar það er statt núna. Ég legg ákaflega mikið upp úr því að þetta mál verði tekið til endurskoðunar, og meining mín er sú að með því að veita sparisjóðunum sem líkasta aðstöðu og viðskiptabönkunum til að þjóna atvinnuvegunum og bankaviðskiptum á þessum tilteknu svæðum megi koma í veg fyrir fjölgun bankaútibúa og aukinn kostnað.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég vil með klökkum huga taka undir orð hv. 3. þm. Norðurl. v. og 3. þm. Vesturl. um nauðsyn þess að koma á góðri þjónustu í gjaldeyrismálum fyrir almenning í landinu, og taka af heilum hug undir þau orð í stjórnarsáttmála ríkisstj. sem tekin eru upp í athugasemdum við lagafrv. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er því m. a. lýst yfir að unnið skuli að auknu frjálsræði í gjaldeyrisverslun."

Ja, góð eru fyrirheitin! En þegar við hér í hv. Ed. erum að tala um frjálsræði í gjaldeyrisverslun þá er í hv. Nd. verið að ræða um gjaldeyrisöflun okkar, verið að ræða um það hvort að við höfum einhvern möguleika til að skapa okkur gjaldeyri til að versla með. Það er verið að tala um að setja á aðalatvinnuveg okkar kvóta og það er verið að tala um það, að vegna þess að gjaldeyrisöflun okkar stendur nú höllum fæti þurti að taka af okkur allt frjálsræði sem sinnum þessum atvinnuvegi. Á sama tíma kemur hér hver þm. á fætur öðrum og lýsir yfir gleði sinni yfir því að við skulum vera að auka skrifstofufarganið í kringum það að úthluta þessum gjaldeyri. Ég er alveg steinhissa á því að við skulum ekki leyfa hæstv. viðskrh. að koma þessu máli í gegn án þess að vera að syngja eitthvert hallelúja yfir því, síst af öllu á þeim tíma þegar sú umr. á sér stað í hv. Nd. sem ég nefndi áðan.

Það getur vel verið að það sé erfitt fyrir Borgfirðinga og þá góðu þegna í Borgarnesi sem þurfa að skipta við sparisjóðinn í Borgarnesi að komast niður á Akranes til að sækja sér gjaldeyri. En ég held að ýmislegt sé erfiðara en það í okkar þjóðfélagi núna. Og alveg á sama máta held ég að það séu ekki mjög miklir erfiðleikar fyrir þá á Hvammstanga að skjótast til Blönduóss eða þá bara yfir í Búðardal, á báðum stöðum eru gjaldeyrisviðskipti, það er búið að koma því í kring að Búnaðarbankinn er búinn að fá gjaldeyrisviðskipti líka. Það er nú kannske rangt að fara svolítið aftur í tímann og minna á það að þegar hrunið blasti við þar var komið bankaútibú á annað hvert horn á götunum í Kína, hjá Chiang Kai-shek í borgum í Kína. Það var aðalgróskan í því góða ríki. (**EgJ:** Þetta kunnið þið vel.) Við kunnum það vel, það er verið að undirbúa planið fyrir valdatöku kommanna, mundum við segja. (**TÁ:** Hefur nokkuð verið lagt niður hjá þeim?) Ja, ætli það sé ekki með það eins og fleira þarna fyrir austan, að frelsið sé frekar lítið. Það hefur ekki verið snúið við, farið í ófrelsið. En ég kom hér upp til þess að undirstrika það að jafnvel þó við séum frelsinu fegnir skulum við gera okkur grein fyrir því að vandamálin í þjóðfélagi okkar eru ekki þau hvernig við eigum að úthluta þeim gjaldeyri sem við fáum í hendurnar. Vandamálin sem nú er verið að ræða í Nd. eru vandamálin um það hvernig við eigum að afla gjaldeyris.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir með hv. 4. þm. Vesturl. að hér er um fáránlegar missagnir að ræða milli deilda í dag. En það er auðvitað eftir öðru hjá þessari hæstv. ríkisstj. vegna þess að henni er mest í mun að vera með ýmiss konar sýndarmennsku af þessu tagi. Nú er ljótt að höfuðpostuli sýndarmennskunnar skuli ekki sitja hér andspænis mér, hæstv. fjmrh., sem hefur verið allra manna duglegastur og ég hef leyft mér að kalla úr þessum ræðustól 18 frumvarpa föðurinn í álfheimum ríkisstj. Og þetta frv. sem hæstv. viðskrh. stendur að, er svona eitthvað í átt við þá álfheima.

Ég kom hins vegar hér upp fyrst og fremst, vegna þess að ég á sæti í bankaráði Búnaðarbankans, til að taka undir það með hv. 4. þm. Austurl. að það hlýtur að vera sjálfsagt þegar þetta mál er athugað að kynna sér með hvaða hætti Búnaðarbankinn tók upp gjaldeyrisviðskipti og hvað það kostaði. Það er sjálfsagt. Að því vék ég einmitt hér við 1. umr. málsins. (*Gripið fram í.*) Ég hef þetta ekki sundurliðað, nei. Ég er ekki eins snjall í fjármálum og hv. þm. Egill Jónsson sem hefur alla hluti í kollinum. (**EG:** Hann þótti nú ekki nógu snjall í fjvn. samt.) Nei, ekki af hálfu þeirra sjálfstæðismanna. Þeir töldu hann ekki nógu góðan. Hins vegar taldi ég hann fyllilega nógu góðan til að eiga sæti í fjvn., en það gerðu ekki flokksbræður hans, það er önnur

saga.

En svo að ég haldi áfram máli mínu varðandi þetta þá tek ég undir þessa ósk hv. 4. þm. Austurl. Það er sjálfsagt að það komi hér inn í myndina þó að, eins og hæstv. viðskrh. hafði tekið fram hér, þar sé um miklu víðtækari heimild og miklu víðtækari framkvæmd að ræða á gjaldeyrisviðskiptum en er í þessu frv., a. m. k. til að byrja með. Hins vegar reikna ég með því að það geti þróast í eitthvað svipaða átt. Varðandi Búnaðarbankann í heild sinni fullyrði ég það hér úr þessum ræðustól að starfsmannahald þar, miðað við stærð og umfang bankans, er áreiðanlega mjög hagstætt bankanum miðað við aðra ríkisbanka og aðra viðskiptabanka, ég fullyrði það. Ég hef séð um þetta tölur, að vísu ekki alveg nýlega, en miðað við stærð og umfang er bankinn áreiðanlega í lágmarki og samanburðurinn við aðra banka Búnaðarbankanum mjög hagstæður. Ég hef meira að segja talið að í sumum deildum bankans væri álag á fólk í það mesta og hef vakið á því athygli í bankaráðinu.

Ég býst við að það hafi farið svo fyrir okkur, sem eigum sæti í bankaráði og eins bankastjórn bankans, að menn hafi hreinlega ekki gert sér fyllilega grein fyrir því hvað hér var um mikla breytingu að ræða og mikla aukningu. Hún varð býsna mikil eins og ég tók fram hér við 1. umr. málsins. Þó vil ég taka það skýrt fram að húsnæðið sem hér er um að ræða hafði þegar verið keypt, enda bankinn áður í nokkrum húsnæðisþrengingum vegna vaxandi starfsemi. Húsnæðið hafði þegar verið keypt áður en þetta kom til sögunnar.

Nú hefði verið freistandi — þegar ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn — að endurtaka nokkuð af því sem ég sagði áðan um sýndarmennsku hæstv. ríkisstj. Úr því að hann er kominn hlýt ég að endurtaka það að hann er náttúrlega þar höfuðpostuli. Ég hef leyft mér úr þessum ræðustól tvívegis að kalla hann 18 frumvarpa föðurinn í álfheimum ríkisstj. og það er örugglega — (**Fjmrh.:** Það er góður kall.) og það er örugglega góður kall að áliti hæstv. ráðh., enda hefur hann verið allra manna duglegastur að auglýsa þann góða kall. (**Fjmrh.:** Það er enginn annar til þess.)

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir áhyggjur hv. þm. Skúla Alexanderssonar vegna þess ástands sem við blasir í sjávarútvegi og verið er að ræða núna í Nd. En ég held samt að það sé ekki alls kostar rétt að bera saman það mál sem þar er verið að ræða og það mál sem við erum að ræða. Í Nd. er verið að tala um þau vandræði sem við blasa í sjávarútvegi. Vitaskuld er hér um gjaldeyrisöflun þjóðarinnar að ræða. En málið er samt aðeins annars eðlis en það mál sem við erum hér að ræða, sem fjallar um það hvernig við getum á sem ódýrastan hátt afgreitt þann gjaldeyri sem síðan er til skiptanna. Ég mundi segja að það væri eðlismunur þarna á.

Ég tek ekki undir neitt hallelúja um skipan gjaldeyrismála hér á landi en ég stend að nál. hv. fjh.- og viðskn. vegna þess að á þennan máta held ég að við getum stemmt stigu við útþenslu bankakerfisins frekar en orðið er og sparað okkur þá frekar dýrmætar krónurnar.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég átti nú ekki von á því að þetta frv. vekti umr. af því tagi sem hér hafa nú orðið. Ég verð að segja að mér finnst það gersamlega út í hött að vera að bera saman það sem við erum hér að afgreiða og það sem verið er að ræða í hv. Nd. og á eftir að koma hingað. Auðvitað vega mál misþungt í hugum okkar allra og auðvitað eru sum mál mikilvæg og önnur lítilvæg. Sum eru einum lítilvæg og öðrum mikilvæg. Ég lít svo á að hér sé verið að jafna aðstöðu þegnanna í landinu og það finnst mér vera meginatriði.

Þau vandamál sem verið er að ræða í hv. Nd. núna eiga eftir að koma hingað til okkar til umr. Kannske á sinn þátt í því vandamáli ógætileg meðferð þess gjaldeyris sem aflað hefur verið — ógætileg meðferð í þá veru að það hefur verið keypt allt of mikið af fiskiskipum erlendis frá og það er hluti vandamálsins. En ég ætla ekki að fara að hefja neinar umr. um það hér og nú. Mér finnst meginatriði þessa máls vera það, og ég ítreka það, að hér sé verið að jafna aðstöðu fólks á landinu til þeirrar þjónustu sem bankarnir hafa einir veitt til þessa. Það er meginatriðið og þess vegna er ég hlynntur málinu.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég tek mjög undir það sem hefur komið hér fram hjá 4. þm. Austurl. um aðhald í kostnaði við ný áform um meira frjálsræði í gjaldeyrisviðskiptum. Ég sakna þess reyndar að hv. 2. þm. Austurl. skuli ekki vera hér staddur. En þannig vildi til að ég sat bankaráðsfund þegar var verið að fjalla um undirbúning að gjaldeyrisviðskiptum Búnaðarbanka Íslands og þar var talað um bréf Tómasar Árnasonar og fyrirvara sem hann setti fyrir þessari leyfisveitingu. Þar var líka talað um 25—30 manna aukið starfslið, sem nauðsyn væri á, og til viðbótar fór fram umr. um með hvaða hætti ætti að koma þessari starfsemi fyrir í húsakynnum bankans, hvort heldur ætti að taka þar húsrými sem fyrir var og er fyrir hendi í eigu bankans eða að kaupa nýtt húsnæði. Á þeim eina bankaráðsfundi sem ég sat var því skýrlega fjallað um alla þessa þætti.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég á ekki gott með að skilja skoðun hv. 5. landsk. þm. á að það sé óeðlilegt að bera saman þá umr. sem á sér stað núna í Nd. og þá umr. sem á sér stað hér. Hv. 5. landsk. þm. var reyndar ekki inni þegar ég var að halda ræðu mína áðan. (**EG:** Ég heyrði nóg.) Ég var að taka af heilhug undir ræðu hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 3. þm. Norðurl. v. um nauðsyn þess að sinna þessari gjaldeyrisþjónustu betur. En ég leyfði mér í leiðinni að benda á að frjálsræðið sem væri verið að boða í þessum málum væri nokkuð merkilegt og sérstakt hvernig það skaraðist við það mál sem væri verið að ræða í hinni deildinni án þess að ég færi efnislega í einum eða neinum máta að tengja það þessu máli — nema að þar væri um takmörkun að ræða, en hér um aukið frelsi. Ég hef ekki lýst mig andstæðan þessu frv. í einu einasta orði, en sagði þó að ég liti svoleiðis á, að þegar vandræði væru í þjóðfélaginu, og ég endurtek það, mætti kannske spara í því að lofa Borgfirðingum, sem hafa engin gjaldeyrisviðskipti í sparisjóðnum í Borgarnesi, að leggja það á sig enn um tíma að fara niður á Akranes til að gera þetta eða þeim á Hvammstanga að fara í Búðardal eða til Blönduóss. Stærri voru ekki orðin.

Hv. 5. landsk. þm. fór að blanda vissri málefnalegri

umr. við það mál sem verið er að ræða í Nd., að það hefði jafnvel mátt afla gjaldeyris á ódýrari hátt og ógætileg meðferð hefði átt sér stað á gjaldeyri á undanförnum árum. Ekki ætla ég að bera á móti því og tel hann ekki hafa farið með rangt mál eða óeðlilegt mál í þessum ræðustól þó að hann hafi jafnvel leyft sér að nefna þátt úr því máli sem við eigum eftir að fá hingað í þessa hv. deild, en nú er til umr. í Nd.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Það er orðin nokkuð löng umr. um lítið frv. Það er nú svo, að afstaða manna kemur ekki alltaf nákvæmlega fram í atkvgr. — ekki í smáatriðum þó e. t. v. komi hún heildarlega fram efnislega.

Hv. 4. þm. Vesturl. hefur vikið nokkuð að því að frjálsræði í viðskiptum með gjaldeyri gæti leitt til meiri eyðslu á gjaldeyri. Ég er ekki viss um að svo sé í raun og veru. Ég vil ekkert fara að ræða þetta frekar. Hins vegar vil ég að það komi fram alveg skýrt að ég er sannfærður um að sú tilhögun sem hér er gert ráð fyrir er skynsamleg og leiðir endanlega til sparnaðar í bankakerfinu, ekki síst af ýmsum orsökum sem hér hefur verið vikið að, og fyrst og fremst vegna þess að mér er fullkunnugt um að sums staðar á landinu hafa verið sett upp bankaútibú og þar hefur vegið hvað þyngst röksemdin að koma á gjaldeyrisviðskiptum. Mér er fullkunnugt um það. Þetta hlýtur að leiða hugann að því sem ég sagði áðan. Og ég vil fullyrða að þetta frv., sem hér liggur fyrir og það sem af því leiðir, mun á endanum leiða af sér sparnað í bankakerfinu.

Hér er auðvitað verið að auka þjónustu við fólkið, það er rétt. Það er hin hlið þessa máls og er ég því hjartanlega sammála að þær götur verði gengnar.

Hér hefur verið minnst á Sparisjóð Mýrasýslu, sem er eign Sýslusjóðs Mýrasýslu. Það er sterkur og ágætur sparisjóður, sem betur fer, og margir góðir innleggjendur þar. Sumir fá lán, það er rétt. Ég vil benda á að viðskiptasvæði til að mynda þessa sparisjóðs er nokkuð stórt. Til samanburðar er rétt að geta þess að árið 1982 voru hér á landi 1978 einstaklingar á hverja afgreiðslustofnun banka og sparisjóða. Þá voru þær um 160 talsins. Viðskiptasvæði Sparisjóðs Mýrasýslu telur verulega fleiri eða milli 4 og 5 þús. manns og þá fer ég auðvitað langt út fyrir Mýrasýsluna. Ég held því fyrir mitt leyti að menn hafi verið heldur tregir í taumi, a. m. k. hingað til, varðandi meðferð gjaldeyris.

Ég held að þetta mál, sem hér er verið að ræða, sú þjónusta sem veitt er fólkinu með tilliti til gjaldeyrisviðskipta, eigi e. t. v. ekki nema lítinn skyldleika við þá umr. sem á sér stað í Nd. um veiðar í fiskveiðilandhelgi. Þar er að sjálfsögðu rætt um mjög mikilsvert mál sem af leiðir gjaldeyrisöflun. Ég vil því að mín skoðun komi fram. Ég tel mjög skynsamlegt að gera þessa ráðstöfun og er mjög fylgjandi þeirri niðurstöðu fjh.- og viðskn. hv. deildar að sparisjóðir fái heimildir til gjaldeyrisviðskipta, en um tilhögun treysti ég því að fyllstu ráðdeildar verði gætt.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég tek hér til máls aðeins til að lýsa afstöðu minni sem fylgjandi þessu frv. Ég tel það alveg sjálfsagða kröfu hjá sparisjóðum að fá þessa heimild eins og bankar. Eins og kom fram áðan eru staðir úti á landi sem hafa eingöngu sparisjóð, og hví skyldi ekki vera þeim í sjálfsvald sett hvort þeir nýta sér slíka heimild? Ég tel okkur alþm. ekki eiga að eyða löngum ræðutíma í þetta málefni. Ég held að það bíði mikilvæg mál, eins og var rætt hér um áðan. Í Nd. eru sjávarútvegsmálin til umr. og við erum í raun að tefja tímann hér með því að lengja umr. um þetta mál. — En ég sem sagt lýsi mig fylgjandi frv.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. um of, en ég þakka fjh.- og viðskn. afgreiðslu þessa frv. og hv. þdm. undirtektir.

Ég skil vel þann ótta sem kemur fram í sambandi við kostnað vegna framkvæmdar á frv. Eins og fram kemur í aths. við þetta lagafrv. er hér fyrst og fremst um að ræða opnun innlendra gjaldeyrisreikninga og viðskipti við ferðamenn til að auka þjónustu við viðskiptamenn þessara stofnana, þ. e. sparisjóðanna. Á undanförnum árum hefur starfsemi sparisjóðanna verið að aukast og þeir tekið að sér alhliða bankastarfsemi, en hér hefur skort á í þessum efnum og hugsunin með þessu frv. að gera þar á leiðréttingu.

Hér var vikið að ábyrgðum sparisjóðanna. Þar var lögum breytt að mig minnir fyrir þremur árum, þannig að þeim var þá veitt heimild til að ganga í ábyrgð fyrir sína viðskiptamenn, sem þeir gátu ekki gert. Það liggur í augum uppi að það fer eftir stærð stofnunar hvernig hún getur sinnt sínum viðskiptaaðilum og hversu mikil lánastarfsemi getur þar orðið.

Vegna fsp. um frv. til l. um sparisjóði er það að segja að frv. hefur verið flutt í nokkur skipti á undanförnum árum og á síðasta þingi af þáv. hæstv. viðskrh. Það frv. endurskoðað liggur í viðskrn. og verður flutt ásamt frv. um viðskiptabanka og Seðlabanka þegar þing kemur saman að loknu jólaleyfi.

Ég er sammála þeim þm. sem hér hafa talað og það er stefnan, eins og hv. 4. þm. Austurl., fyrrv. viðskrh., réttilega vék að, að þessar breytingar er ætlað að gera með eins litlum tilkostnaði og mögulegt er. Mér finnst sjálfsagt að fjh.- og viðskn. þessarar deildar fái þær upplýsingar sem hún hefur beðið um til þess að menn geti gert sér grein fyrir því hvað það kostaði Búnaðarbankann að koma upp þeirri gjaldeyrisdeild sem hann kom upp á sínum tíma. (**EgJ:** Þeir segja ekki frá því.) Þeir segja frá því, hv. þm., ég hef nú ekki trú á öðru. Það liggur allt ljóst fyrir. Þingið hefur sína endurskoðendur og getur aflað sér vitneskju. Þingið kýs bankaráð og ef þinginu eru ekki veittar þær upplýsingar sem beðið er um liggur það í hlutarins eðli að þeir hinir þingkjörnu menn útvegi Alþingi þær upplýsingar sem á þarf að halda. Ég vek athygli á því að þá er þetta frv. var flutt, einmitt þann sama dag, opnuðu þrír bankar hér í Reykjavík og úti um land gjaldeyrisdeildir með sama hætti og gert er ráð fyrir í þessu frv. Þeir gerðu það, eftir því sem ég best veit, án þess að bæta við nokkrum starfsmanni, án þess að kaupa nokkurt nýtt húsnæði. Hér var um að ræða takmarkaða gjaldeyrisþjónustu og þeir gerðu það og gera það í sambandi við þá banka sem hafa haft gjaldeyrisverslun og eru með alhliða gjaldeyrisstarfsemi, þ. e. Landsbankinn og Útvegsbankinn. Ég held þess vegna að það sem hér er verið að gera sé rétt, að veita þessum stofnunum möguleika á þeirri alhliða þjónustu bankastarfsemi án þess að þar sé um að ræða aukinn tilkostnað, og ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Hefðu sparisjóðirnir t. d. haft þessa fyrirgreiðslu á

undanförnum árum er ég sannfærður um að ekki hefðu öll þau útibú sem hafa verið stofnsett og sóst hefur verið eftir verið stofnsett.

Við getum svo rætt um kvóta og ekki kvóta og ég tel nú ástæðulaust þegar þetta frv. er til umr. að ræða um slíkt. Ég minni menn á að við höfum haft kvóta í loðnuveiði og við höfum haft kvóta í síldveiði. Það er og ekki alveg nýtt af nálinni þó að um slíkt sé rætt á Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Miðvikudaginn 14. des., að loknum fundi í Sþ.

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, frv. 59. mál (þskj. 64, n. 176 og 183, 190). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 190, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 190, 2 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 142. mál (þskj. 186). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 49. mál (þskj. 52). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 211).

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. 128. mál (þskj. 163). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Eins og menn urðu áheyrsla við 2. umr. fjárlaga hjá formanni fjvn. lagði hann mikla áherslu á að þær tölur sem farið er með og áætlanir yrðu gerðar sem næst því sem raunhæft, eins og það heitir nú til dags, getur kallast. Þess hefði ég óskað að það hefði einnig átt við um málið sem ég mæli hér fyrir.

Málið hefur gengið í gegnum þrjár umr. í hv. Ed. Í framsögu fyrir málinu þar lét ég þess getið, sem er að vísu rétt, að í fjárlagafrv. fyrir 1984 sé gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald af raforku nemi 240 millj. kr. og nefndi svo dæmi um, að breyttum magntölum og verðbólgudæmi, að gjaldið gæti numið allt að 240 millj. kr.

Áður en ég flutti þessa framsögu bað ég um að kanna hvort þessar forsendur hefðu ekki breyst. Og lögfræðingur embættisins, Halldór Kristjánsson, fékk þær upplýsingar að þessi tala væri reiknuð út á októberverðlagi. Það er rangt. Svo er ekki. Þessu hafði fjárlaga- og hagsýslustofnun ekki breytt hjá sér og aðrir sem til voru kvaddir, eins og Rafmagnsveitur ríkisins, höfðu ekki aðrar upplýsingar að gefa og lögfræðingurinn tók þetta gilt.

Það er að vísu svo að fordæmi eru fyrir stórum skekkjum í fjárlagafrv., bæði frv. og lögunum sjálfum. Ef við lítum til þess eins og það var í ár, þá voru bæði í frv. og lögunum aðeins 120 millj. kr., en samkv. áætlun miðað við innheimtu 11 fyrstu mánuði ársins mun þetta gjald nema 266 millj. kr. Þegar af þeirri ástæðu gátu þeir sem til þekktu nægjanlega vel sagt sér sjálfir að hér yrði ekki um neina 240 millj. kr. upphæð að tefla.

Ég vek sérstaklega athygli á þessu vegna þess að mér er afar umhendis að vera fóðraður með þessum hætti á tölum sem hafa mikla þýðingu við afgreiðslu fjárhagsmála okkar. Slíkar upplýsingar hljóta að vekja grunsemdir manna um að víðar kunni pottur að vera brotinn. Ég legg áherslu á þetta núna í máli mínu vegna þess að ég er einn þeirra sem mjög strengilega krefjast þess að sem allra næst sé farið öllum sannleika um áætlanir og upplýsingar sem gefnar eru um fjárhagsleg atriði. Ég vil að þetta fari ekkert milli mála.

En herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83 frá 1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Í gildandi lögum um verðjöfnunargjald af raforku er ákveðið að lögin gildi til ársloka 1983. Með frv. þessu er lagt til að lögin verði framlengd um eitt ár og gildi til ársloka 1984.

Verðjöfnunargjald af raforku er innheimt af allri raforkusölu í smásölu annarri en til húshitunar og nemur gjaldið 19%, sem lagt er á sama stofn og söluskattur er lagður á. Gjaldinu er varið til að styrkja fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en Rafmagnsveiturnar fá 80% gjaldsins og Orkubúið 20%, og er lagt til að það haldist óbreytt.

Síðan vék ég að því í hv. Ed. að í fjárlagafrv. fyrir árið 1984 væri gert ráð fyrir að verðjöfnunargjaldið af raforku næmi 240 millj. kr., eins og ég hef áður vikið að. Þessi tala er samkvæmt nýjustu útreikningum 358.2 millj. kr., miðað við verðlag 1. janúar eða eins og það er í dag, en menn hafa reiknað út frá verðlagsforsendum eins og það yrði 1. janúar 1984. Þar er ekki reiknað með magnaukningu sem kynni að verða á árinu né heldur verðbólgu. Þetta er talan eins og gert er ráð fyrir að hún verði 1. janúar, 358.2 millj. kr.

Fjárhagsstaða Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins er það slæm að nauðsynlegt er að viðhalda þessum tekjustofni. Þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið er áætlaður halli Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1983 allt að 35.7 millj.

kr. og halli Orkubús Vestfjarða á þessu ári er áætlaður 10.3 millj. kr.

Þess skal getið að ríkissjóður hefur á yfirstandandi ári yfirtekið 15 millj. kr. lán eða upphæð sem því nemur vegna rekstrarhalla Rafmagnsveitnanna á árinu 1982 og leggur þannig til fyrirtækisins nokkurt eigið fé á þessu ári.

Í frv. er lagt til að iðnrh. verði á árinu 1983 heimilt að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri fjárhæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar. Heimild til að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar var fyrst tekin í lög vegna ársins 1982. Á árinu 1982 fór Rafveita Siglufjarðar fram á að fá endurgreiddan hluta verðjöfnunargjaldsins. Athugun fór fram á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kom m. a. fram að lánstími á lánum sem tekin höfðu verið var stuttur og lánakjör óhagstæð. Við þessu var brugðist með útvegun láns til lengri tíma. Síðan hefur komið í ljós að aðgerðir þessar eru ekki taldar nægja til að rétta af greiðslustöðu Rafveitu Siglufjarðar og viðbúið að til frekari aðgerða þurfi að koma. Þykir því rétt að heimildarákvæði þetta verði óbreytt árið 1984. Þörfin á að nýta endurgreiðsluheimildina, sem hér er lagt til að framlengd verði fyrir árið 1984, mun metin í ljósi niðurstöðu á uppgjöri á stöðu Rafveitu Siglufjarðar á yfirstandandi ári.

Hvað snertir fjárhag Orkubús Vestfjarða, þá er þar eins og áður sagði áframhaldandi við erfiðleika að etja og hallarekstur hliðstætt og er hjá Rafmagnsveitum ríkisins á þessu ári.

Að lokum skal áréttað að með verðjöfnunargjaldinu hefur tekist á undanförnum árum að draga mjög verulega úr verðmun á raforkuverði til heimilisnota frá þeim fyrirtækjum sem verðjöfnunargjaldsins njóta. Verðmunar á almennum heimilistaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða annars vegar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur hins vegar er nú nálægt 25%.

Ég vil að gefnu tilefni lýsa því hér með yfir að ég mun undirbúa a. m. k. áfangalækkun þessa gjalds og e. t. v. niðurfellingu, m. a. með breyttum álagningarreglum, jafnframt því sem rekstrarafkoma Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og annarra raforkufyrirtækja í landinu verði tryggð.

Herra forseti. Þegar þessari umr. lýkur legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var athyglisvert að hlýða á þá yfirsjónarjátningu sem hæstv. iðnrh. fór hér með, þar sem skeikaði tæpum 50% hvað tekjur munu verða hærri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. af þessu verðjöfnunargjaldi. Ég mun ekki hafa heyrt upphafið að ræðu ráðh., en í þeim hluta ræðunnar sem ég heyrði kom ekki fram hvernig við þessu ætti að bregðast, að hans dómi, hvort hér yrði af hálfu ríkisstj. eða hálfu ráðh. stutt að sú prósentutala sem hér um ræðir yrði lækkuð sem þessu nemur. Raforkuverð yrði þá lækkað í landinu um þann mismun sem hér um ræðir, sem er væntanlega á bilinu 6 til 7%. Þetta hefði ég gjarnan viljað vita í fyrsta lagi.

Í annan stað vekur það athygli þegar litið er á raforkuverð í landinu að ýmsir raforkunotendur verða að borga hærra verð en þeir sem kaupa raforku af þeim fyrirtækjum sem njóta sérstaklega greiðslu úr þessari púlíu, þ. e. ýmsar rafveitur í landinu selja raforku sína á mun hærra verði en Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, sem þó eru styrktar vegna þess að þær eru taldar svo kostnaðarsamar. Um það snýst þetta mál allt.

Hér er um það að ræða að skattleggja alla raforkunotkun í landinu til að styrkja tvær rafveitur. En þá er það svo, að t. d. Rafveita Keflavíkur selur rafmagn til notenda á hærra verði en þessar rafveitur tvær. Nú hefur í undantekningartilvikum verið farið inn á þá braut að veita undanþágu til einnar rafveitu á landinu, þ. e. Rafveitu Siglufjarðar, með tilliti til slæmrar fjárhagsstöðu þess fyrirtækis. Það má vel vera að það geti verið braut sem rétt sé að feta, en ef á að feta hana áfram að því er Rafveitu Siglufjarðar varðar og við þær aðstæður sem ég nú lýsti að því er varðaði t. d. hag Rafveitu Keflavíkur hlýtur að vakna sú spurning hvort ekki sé ástæða til að hið sama gildi þá um Rafveitu Keflavíkur og um Rafveitu Siglufjarðar, að henni verði sleppt við þessa gjaldtöku með tilliti til þess að Rafveita Keflavíkur neyðist til að selja raforku sína á langtum dýrara verði en þau þrjú fyrirtæki sem ég hef nefnt, Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveitur ríkisins og Siglfirðingarnir, — eða hvers eiga Keflvíkingar að gjalda?

Hluti skýringarinnar á hinu háa raforkuverði í Keflavík er það flutningsgjald sem greitt er fyrir flutning raforkunnar frá spennistöðinni hér uppi við Geitháls og suður til Keflavíkur. Það reynist vera það dýrt að afkoma fyrirtækisins í Keflavík er ekki betri en þetta. Ég vildi líka beina til hæstv. ráðh. hvort hann telji ekki eðlilegt og sanngjarnt, meðan verið er með þetta kerfi til að reyna að jafna raforkuverðið, að því sé þá beitt af því réttlæti sem mönnum á að geta verið tiltækt og rafveitur eins og Rafveita Keflavíkur, sem kemur verr út en þau fyrirtæki sem styrkt eru, fái hér einhvers að njóta.

Umr. frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188). — Frh. 1. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með að við skulum taka þetta mikilvæga mál aftur upp á fundi á skikkanlegum tíma, en ekki freista þess að ræða það í botn hálfruglaðir af svefnleysi, eins og var þegar það var síðast til umr.

Það liggur nokkuð ljóst fyrir og hefur komið fram í ræðum margra sem hér hafa talað á undan í umr., að Alþingi er ekki með umr. um þetta frv. að taka afstöðu til fiskveiðistefnu á Íslandi, heldur er hér farið fram á að ráðh. verði falið mjög víðtækt vald til að móta stefnuna og nær undantekningarlaust vald í ljósi þeirra aðstæðna sem nú ríkja í fiskveiðum á Íslandi. Það vekur þó athygli að á sama tíma og ráðh. hæstv. kemur hér í ræðustól og fer fram á þetta valdaafsal af höndum Alþingis til sín kom hann ákaflega fátæklega nestaður um það hvernig hann hygðist beita þessu valdi á næsta ári.

Herra forseti. Ég spyr: Er hæstv. sjútvrh. ekki hér í salnum? (**Forseti:** Ég verð að játa það, en ég skal reyna að hafa upp á hæstv. ráðh.) Já, ég held að það sé rétt að ég bíði hér á meðan það mál er athugað. (**Forseti:** Ég á von á því að ráðh. sé hér í húsinu. Hv. þm. gerir smáhlé á ræðu sinni.) Herra forseti. Fer ekki að bóla á hæstv. ráðh.? (**Forseti:** Ég vona nú, hv. þm., að ráðh. komi fljótlega. Ég vona að þdm. hafi þolinmæði rétt á

meðan. Hæstv. ráðh. gengur í salinn.)

Eins og ég var að segja áðan liggur ljóst fyrir að hér er hvorki verið að taka afstöðu til né móta fiskveiðistefnu fyrir næsta ár, hér er verið að setja ráðh. vald í hendur til að gera það. Mér finnst ósköp eðlilegt að Alþingi spyrji hann nokkurra spurninga þegar þetta er til umr. og ég verð að segja það aftur að mér fannst hæstv. sjútvrh. koma fátæklega nestaður til þessarar umr. þegar hann talaði fyrir þessu máli. Það eru út af fyrir sig svör að það sé verið að vinna að þessu og hinu og það sé verið að kanna þetta og hitt, en það eru ekki þau svör sem ég held þm. vilji gjarnan fá áður en þetta mál fer héðan út úr þingsölum. Og það er eðlilegt að þeir spyrji hæstv. ráðh.: Hvenær fær hv. Alþingi að fjalla um þetta mál aftur, ef þetta verður nú samþykkt hér, í ljósi breyttra aðstæðna t. d.? Er þá málið úr höndum Alþingis og alfarið í höndum ráðh.? Samkvæmt því sem hér er lagt til sýnist mér að svo sé. Auk þess eru það fjöldamargar spurningar, sem varða framkvæmdaatriði, sem er ósköp eðlilegt að þm. beri hér upp og vilji a. m. k. fá hugmyndir ráðh. eins og þær liggja nú fyrir um hvernig hann hugsi sér að leysa þau mál. Ég get tekið hér nokkur dæmi til viðbótar þeim sem þegar hafa komið fram hér í umr. og ítrekað önnur.

Þar er auðvitað efst á blaði hvernig takmarka eigi aflamagn á næsta ári, hvernig á að útfæra það stýringarkerfi sem sett verður á. Í samþykkt Fiskiþings er fjallað um þetta í 4. lið og þar segir, með leyfi forseta: „Aflamagn síðustu þriggja ára verði lagt til grundvallar við skiptingu aflakvóta á milli skipa.“ Ég undirstrika aflamagn. Í framhaldi af þessu er eðlilegt að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hefur hann hugsað sér að sá kvóti sem settur yrði miðist eingöngu við aflamagn eða kemur aflaverðmæti að einhverju eða hugsanlega að öllu leyti þar inn í myndina?

Önnur stór spurning sem ég held að hljóti að vera ofarlega í hugum manna þegar rætt er um kvótakerfi er hvernig á að hindra smáfiskadráp og hvernig á að tryggja að sá smáfiskur sem upp kemur engu að síður verði nýttur. Þetta eru spurningar sem eðlilegt er að menn spyrji sig og leiti svara við þegar rætt er um kvótakerfi.

Í þriðja lagi er það spurningin um sölu á aflakvóta sem úthlutað hefur verið til einstakra skipa, ef af verður. Verður slíkur aflakvóti látinn ganga kaupum og sölum milli manna, seldur hæstbjóðanda hvert sem er á landið eða hugsanlega út úr landinu eða verður slíkt bundið við svæði, við landshluta, við löndunarstað eða hugsanlega við sama fiskverkunarfyrirtæki eða sama útgerðaraðila? Einn möguleikinn er eftir enn og hann er sá, að aflakvóti sem skip hugsa sér að nýta ekki verði hreinlega felldur niður eða hann gangi til rn. og honum verði úthlutað þaðan aftur. Þetta eru spurningar sem skipta einstök byggðarlög miklu máli og því er eðlilegt að spurt sé.

Í fjórða lagi vil ég spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvernig verða siglingar fiskiskipa til útlanda meðhöndlaðar í ljósi kvótakerfis, ef af verður, og hvernig verður sala erlendis látin vega í kvóta, ef settur verður? Verða þau skip sem hingað til hafa að mestu eða næstum öllu leyti gert út á sölu ísfisks erlendis látin fá kvóta eins og önnur og geta þau haldið hætti sínum eftir sem áður að sigla með nær allan aflann úr landi?

Í fimmta lagi vil ég spyrja: Hvernig er hugmyndin að tryggja jafnvægi milli vinnslustöðva, milli vinnslusvæða og milli landshluta ef kvótakerfi verður sett?

Og í sjötta lagi og í framhaldi af því: Hvernig mun kvótakerfið hafa áhrif á atvinnuástand og hvernig verður leitast við að tryggja atvinnu sem jafnast yfir allt árið eða koma með öðrum orðum í veg fyrir tímabundið atvinnuleysi, ef kvóti verður settur á skip með þeim hætti sem t. d. gerðar eru till. um í samþykkt Fiskiþings? Menn víða út um land eru nú mjög uggandi um að kvótakerfið, eins og þeir sjá það fyrir sér, geti haft alvarlegar afleiðingar á atvinnuástand einstakra byggðarlaga. Ég hef undir höndum útreikninga samstarfsnefndar frá meðalstóru útgerðarplássi úti á landi, þar sem þeir hafa, miðað við forsendur Hafrannsóknastofnunar eins og þær eru settar upp um aflamörk á næsta ári, reynt að reikna út hvernig kvótakerfi muni koma við þann stað, við einstök skip og einstakar verkanir. Þeir segja í niðurlagi síns erindis til sveitarstjórnar að þannig kunni að fara að setning kvótakerfis muni hafa veruleg áhrif og víðtæk áhrif á atvinnulíf og á ýmislegt fleira á þessum stað. Svo geti farið að netabátar verði þrjá til fimm mánuði að afla þorskkvóta sinn, þetta muni leiða af sér mikinn samdrátt í saltfiskframleiðslu, miðað við síðustu ár, og fiskverkunarhúsin verði jafnvel ekki starfrækt lengur en fjóra til fimm mánuði á ári. Frá sama stað eru einnig gerðir út togarar. Það er mat þeirra manna sem þarna hafa um fjallað og þekkja vel til, að þetta kunni að hafa þau áhrif á togaraútgerð á staðnum að úthald þeirra styttist úr 330 dögum á ári í 260 til 290 daga á ári og þannig verði þeir 8—10 mánuði á veiðum, ef þessi breyting verður gerð. Þetta eitt ætti að færa mönnum heim sanninn um að það er ofureðlilegt að spurt sé hér á Alþingi ýmissa spurninga varðandi þetta fyrirhugaða aflastýringarkerfi. Þeirra er líka spurt vítt og breitt um landið í dag og það er grannt hlustað eftir því hvernig hæstv. sjútvrh. fylgir þessu frv. sínu úr hlaði hér á hinu háa Alþingi.

Það er mín persónulega skoðun að það sé Alþingis fyrst og fremst að móta heildarstefnu í auðlindanýtingu þjóðarinnar. Ég lít á auðlindirnar sem sameign íslensku þjóðarinnar og þá er ekki annar aðili betur til þess fallinn en Alþingi sjálft að fjalla þar um. Þess vegna finnst mér það alvarlegt skref ef Alþingi segir nú við hæstv. ráðh.: Gjörðu svo vel, hér eru sjávarútvegsmál, hér er mikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar, fiskveiðin, gjörðu svo vel, herra ráðherra. Það væru mikil tíðindi ef slíkt væri samþykkt á Alþingi Íslendinga. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að þingið gefi sér þann tíma sem það telur þurfa til að fjalla um þetta mál, það spyrji þeirra spurninga sem það vill fá svarað eftir því sem kostur er. Ég fagna því að við fáum hér þingfund á eðlilegum tíma til að ræða þetta.

En ég vil bæta við þann spurningalista sem ég hef borið hér upp við hæstv. sjútvrh. Ég vil spyrja hann að því, hvaða hugmyndir hann hefur eða hans starfsmenn um hvernig eigi að hafa eftirlit með þessu kvótakerfi, ef sett verður. Hvernig á að tryggja að menn komist ekki fram hjá því kerfi, það verði ekki landað fram hjá, eins og það hefur stundum verið kallað, að það verði virkt eftirlit sem tryggi að ekki verði farið fram úr þeim skammti sem mönnum er ætlaður? Þetta skiptir miklu máli.

Þá vil ég spyrja hæstv. sjútvrh.: Verður í einhverju litið til þess hvernig einstakar útgerðir og einstaka

útgerðaraðilar eru staddir t. d. fjárhagslega, hvort þeir eru með ný eða gömul skip o. s. frv.? Hér eru þýðingarmiklar spurningar sem skipta arðsemi einstakra fyrirtækja og sjávarútvegs í heild miklu máli. Kvóti sem kemur eins og frysting á það ástand sem ríkir, án nokkurra lagfæringa þar á, og eigi síðan að standa um langa hríð, getur ekki orðið til blessunar þeim atvinnuvegi, hann hlýtur að frysta það ástand sem þar er og stöðva viðleitni til úrbóta. Og verður lítið t. d. til skuldastöðu nýrri fiskiskipa, til togara og annarra nýrra fiskiskipa? Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér á hinu háa Alþingi hvernig ástandið er í þeim málum, þar sem ný og fullkomin fiskiskip skulda nú mun meira en sem nemur matsverði sínu, þau eiga ósköp einfaldlega ekki fyrir skuldunum. Verður þetta mál tekið til meðferðar samhliða því að aflastýringin verður ákveðin hér fyrir næsta ár? Það skiptir og miklu máli.

Þá væri fróðlegt að fá um það einhverjar upplýsingar hvaða áhrif þetta kvótakerfi, sem nú er mjög rætt og flest bendir til að sett verði á í einhverri mynd, muni hafa á þróun fiskverðs á næsta ári.

Ég veit að hér er spurt margra erfiðra spurninga og ég geri ekki kröfu til þess að fá við þeim endanleg svör, enda vitum við það, það hefur komið fram í máli hæstv. sjútvrh., að ýmislegt af þessu er enn í vinnslu, en við hljótum að gera til þess kröfu að hann svari því í fullri hreinskilni hvernig málin standa í dag og þær hugmyndir sem uppi eru. Ég tel það betra og málinu fremur til framdráttar að það komi skýrt og skilmerkilega fram hér á Alþingi en að það sé verið að læðast milli manna og menn séu uppi með alls kyns getgátur sem munu ekki auka brautargengi þessa máls, hvorki hér á Alþingi né annars staðar með þjóðinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hefur verið sagt hér að það mál sem nú er til umr. væri líklega mikilvægara og gæti ráðið meira um næstu framtíð íslensku þjóðarinnar en nokkurt annað mál sem hér hefur verið til meðferðar um langt árabil. Því er eðlilegt að þm. almennt vilji tjá sig.

Ég lít ekki á þetta frv. sem frv. um stjórnun á fiskveiðum næsta ár. Þetta frv. er í raun og veru einvörðungu um að Alþingi samþykki óútfyllta ávísun ráðh. til handa til að stjórna eins og hann telur best fara. Ég hef verið og er enn andstæður því að Alþingi afsali sér því valdi sem það á að hafa, ekki síst í afgerandi málum eins og þessu.

Miðað við það ástand sem virðist vera að því er varðar fiskveiðar okkar Íslendinga er kannske eðlilegt að menn hlaupi upp til handa og fóta og samþykki hvað sem að garði ber hverju sinni. Engan efa hef ég uppi um að hér stöndum við frammi fyrir miklum vandamálum. Um það hygg ég að allir séu sammála að vandinn er mikill. Spurningin er hvernig skuli við honum bregðast á þann veg að sem réttlátast komi niður. Ég held að ekki verði fram hjá því gengið eða undan því vikist, að vilji hæstv. sjútvrh., sem ég tel nú raunar furðulegt, fá slíkt vald í hendur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, gefi hann þingheimi a. m. k. grófar hugmyndir um hvernig hann hyggst á næsta ári fara með þetta mikla vald í stjórnun fiskveiða.

Ég vil ekkert segja fyrir fram um þær hugmyndir sem uppi eru nú og hvað mest eru umtalaðar um kvótaskiptingu, þær hugmyndir sem t. d. Fiskiþing samþykkti nýlega. Ég vil á engan hátt fordæma þær eða segja að þær séu það versta sem hægt er að grípa til miðað við aðstæður. En ég held að nauðsynlegt sé að þm. fái að sjá í grófri útfærslu hvað t. d. það kvótakerfi sem Fiskiþing samþykkti mundi þýða yrði því beitt. Hér er auðvitað um að ræða spurningu um hvernig t. d. einstök landsvæði, einstök byggðarlög, mundu verða úti ef til slíkrar stjórnunar yrði gripið. Ég held að það verði ekki undan því vikist að fulltrúar þessara landsvæða hér á Alþingi krefjist svara um hvað slík stjórnun hefði í för með sér fyrir þau byggðarlög eða landsvæði sem þannig eru sett að t. d. 80—90% af öllu vinnandi fólki í viðkomandi byggðarlagi byggir afkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu. Þýðir væntanlegt kvótakerfi, ef á yrði sett, t. d. að byggðarlög sem þannig eru sett sjái fram á atvinnuleysi? Ég minni menn á að í sumum landshlutum er ekki um nein önnur atvinnutækifæri að ræða en sem snúa að fiskveiðum og fiskvinnslu, þannig að þar er ekki í önnur hús að venda að óbreyttu ástandi. Þá þurfa breytingar að koma til á öðrum sviðum og þær eru vandséðar í sumum byggðarlögum úti á landi. Þá á ég kannske fyrst og fremst við Vestfirði. Þeir eru svo til eini landshlutinn sem aldrei er minnst á t. d. í sambandi við ný atvinnutækifæri í iðnaði eða öðru slíku. Orkufrekur iðnaður verður ekki þar. (Gripið fram í.) Nú, hann er svona. Hvað sem mönnum finnst um svona sjónarmið, og líklega koma einhverjir hér upp á eftir og telja þetta hreppapólitík eða eitthvað slíkt, byggja menn á þessum atvinnurekstri og þessari atvinnugrein og þjóðarbúið byggir á henni ekki hvað síst. Menn skulu því ekki hafa það neitt í flimtingum, þó að hæfir séu margir hverjir og útnefndir verði til ráðherrastarfa, komi að því einhvern tíma að flokkurinn fái slíkt í hendur.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að víðast hvar um landið er líklega vöngum velt yfir því hvað slíkt ástand, eins og hér er um talað, kynni að hafa í för með sér að því er varðar atvinnu fólks. Ég hef t. d. í höndum nýlega samþykkt frá almennum borgarafundi vestur á Patreksfirði, þar sem menn vara mjög við hugmyndum af þessu tagi og telja að ef eftir þriggja ára reglu yrði farið sem menn eru að tala um, þýddi það verulegan samdrátt í fiskveiðum þar, sem jafnframt mundi þýða atvinnuleysi ef ekkert annað kæmi í staðinn.

Það getur ekki verið að hæstv. sjútvrh. ætlist til þess af þm. almennt að þeir samþykki hér eitthvað sem þeir hafa ekki hugmynd um hvernig verður eða hvaða afleiðingar kann að hafa á næsta ári, ef menn miða við að það gildi ekki nema fyrir næsta ár.

Nú má vel vera að frekari upplýsingar hafi komið fram nú þegar í sjávarútvegsnefndum þingsins, en þó að svo sé tel ég það ekki nægjanlegt vegna þess að í þessu máli bresta flokkslínur. Hér verður ekki um að ræða afstöðu til þessa máls eftir pólitískum línum. Ég hygg að hér verði menn þvers og kruss og hér hljóti önnur sjónarmið að vega meira en þau pólitísku.

Ég tók eftir því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sem hér talaði þegar þetta mál var síðast á dagskrá, hafði ærið mikið við svona stjórnun að athuga. Hann sagði hér held ég orðrétt, með leyfi forseta, að með slíkri stjórnun væri verið að setja allar fiskveiðar undir skömmtunarkerfi eins manns. Og raunar bætti hann

við: Ekki bara fiskveiðar heldur hlyti í kjölfarið á því að koma samhliða skömmtunarkerfi í fiskvinnslu. Ég held að ljóst sé að slíkt hlýtur að haldast í hendur, ef farið er inn á þessar brautir með stjórnun og skömmtunarkerfi, sem er gerbylting að því er okkar fiskveiðar og fiskvinnslu varðar, því að hér er um að ræða, verði að þessu horfið, 100% skipulagningu veiða og vinnslu.

Allt þetta kemur upp út af því að menn tala nú um 200 þús. tonna þorskafla á árinu 1984. Ég er ekki í neinum vafa um að þorskaflinn á árinu 1984, veiddur eða leyfður, verður á bilinu frá 240—260 þús. tonn. Kannske er vandinn því ekki eins mikill og menn telja nú að hann kunni að verða, þegar menn ganga út frá 200 þús. tonna veiðimarkinu.

Ég vil undirstrika það sérstaklega og beina því til hæstv. ráðh., að ég er á engan hátt, og tek það sérstaklega fram, að vantreysta honum sem slíkum, en svo mikið vald, eins og hér er um beðið í hendur einum einstaklingi, er að mínu viti um of, hversu vel gerður sem sá hinn sami einstaklingur annars kynni að vera. Ég óska því eindregið eftir, að áður en til þess er ætlast að þm. taki afstöðu til þessa máls upplýsi hæstv. ráðh. þingheim um það í grófum dráttum með hvaða hætti hann hyggst beita því valdi sem hann er hér um að biðja. Óðruvísi treysti ég mér a. m. k. vart til að taka afstöðu til þessa máls, svo mikilvægt sem ég álít það. Og ég ítreka að menn skulu hafa það í huga og ígrunda það vel hvað þetta kann að þýða fyrir hin ýmsu landsvæði þar sem allt að 90% vinnandi fólks vinna við fiskveiðar og fiskvinnslu. Ekki verður þar um að ræða að menn lifi góðu lífi á atvinnuleysisbótum eða styrkjum í ljósi þess sem nú á að gerast hér á Alþingi að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég held því að það sé eins gott að menn líti til fleiri átta í þessu máli.

Ég ítreka að ég afskrifa á engan hátt þær hugmyndir sem menn hafa uppi nú, að þær séu verri en hverjar aðrar né þá betri, en ég held að það sé grundvallaratriði að menn viti hvað þeir eru að samþykkja, ef til þess kemur, sem kannske er líklegt að verði, að menn standi frammi fyrir því innan fárra daga að þurfa að taka afstöðu til svo gífurlega stórs máls eins og hér er á ferðinni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Virðulegi forseti. Það hafa þegar við þessa umr. verið fluttar ræður þar sem mörgum grundvallarspurningum hefur verið varpað til hæstv. sjútvrh. Ég hafði vænst þess að hæstv. ráðh. kysi að svara þessum spurningum fyrr í umr. svo að þm. gæfist kostur að fjalla um svör hans áður en málið færi til 2. umr. og nefndar. Í ljósi þess að hæstv. ráðh. hefur lagt ríka áherslu á að þetta mál væri afgreitt til nefndar hið fyrsta hefðu það verið ákjósanlegri vinnubrögð að um leið og þessar grundvallarspurningar voru hér bornar fram hefðu verið veitt svör við þeim.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti hér í fyrrakvöld mjög ítarlega og yfirgripsmikla ræðu um frv. (**Iðnrh.:** Og merka.) Og merka, hæstv. iðnrh. Færi betur að hæstv. iðnrh. gaumgæfði rækilega það sem í þeirri ræðu var sagt, einkum og sér í lagi í ljósi tengsla og ferils hæstv. iðnrh. í útgerðarmálum hér við land. (**GSig:** Er þm. núna orðinn þm. hjá Sjálfstfl.?) Það er nú alveg óþarfi fyrir mikla trúmenn á ríkisafskipti að fara að ókyrrast eitthvað í stólnum þó að aðeins sé varpað orði á hæstv. iðnrh., sem hefur haft það til siðs hér í dag að grípa yfirleitt fram í fyrir forsetum þings og ræðumönnum eftir því sem tækifæri hafa gefist og meira að segja komið með kaffibollann inn í þingsalinn til þess að hafa næringu við hendina um leið. (**KP:** Það væri nú næst síðasti flokkurinn sem þm. er viðriðinn.) Hv. þm. Karvel Pálmason ætti nú ekki að vera að ræða mikið um þau mál. (**Forseti:** Ekki samtal.) Jú, við skulum endilega lofa þessum hv. þm. að ræða saman hérna í salnum. Það er alveg að meinalausu af minni hálfu og því fleiri ráðh. sem koma með kaffibollann sinn hingað inn í salinn því betra.

Ég hafði minnst á það, þegar öll þessi ókyrrð hófst hér í salnum, að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefði flutt merka ræðu í fyrrakvöld. Í þeirri ræðu varpaði hann fram allmörgum spurningum um þetta mál til hæstv. sjútvrh. Ég hefði talið að það hefði stuðlað að efnislegri og raunhæfari umr. um þetta mál ef hæstv. ráðh. hefði við upphaf framhaldsumr. nú svarað þessum spurningum. Það hefur hæstv. ráðh. hins vegar ekki gert. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon og einnig hv. þm. Karvel Pálmason báru síðan fram viðbótarspurningar til hæstv. ráðh. og ítrekuðu að nokkru leyti þær spurningar sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafði borið fram. (**GSig:** Það er eðlilegt að þeir spyrji sem ekkert þekkja til málanna.) Já, það er að vissu leyti rétt. Þá má einnig geta þess, og var ég þar kominn í ræðu minni, að hv. þm. Garðar Sigurðsson bar einnig hér fram spurningar, þegar málið var rætt, og hefur ekki heldur fengið svör við þeim spurningum. Sá er þó munurinn á hv. þm. Garðari Sigurðssyni og okkur hinum að hann hefur átt sæti í sjútvn. sem komið hefur saman kl. 8 á morgnana undanfarna daga til að fjalla um þetta mál.

Hæstv. ráðh. sagði það hins vegar þegar hann lagði málið fyrir, að þetta mál væri hafið yfir alla flokkadrætti. Hann óskaði eftir því að málið yrði rætt á þeim grundvelli. Ég tók undir þá ósk hæstv. ráðh. Afleiðing þessarar afstöðu er hins vegar sú, að það er óhjákvæmilegt að hér í umr. komi fram svör við þessum spurningum, einkum og sér í lagi þegar mér hefur verið tjáð af þeim sem setið hafa fundi sjútvn. um málið að þar hafi ekki heldur komið fram svör við þessum spurningum vel flestum, ef ekki öllum.

Hér er verið að veita ráðh. meira vald en nokkrum ráðh. hefur nokkru sinni verið veitt yfir höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar. Það hefur að vísu verið nokkuð um það deilt hér í þessum umr. hvers eðlis þessi breyting væri. Sumir hv. þm. hafa haldið því fram að hér væri um gjörbreytingu að ræða, sem í eðli sínu væri allt öðruvísi en það vald sem ráðherrar hafa haft áður í lögum, og rökstutt þá fullyrðingu með því að nú ætti valdið að taka til dýrmætustu fiskstofna þjóðarinnar sem og reyndar fiskveiðanna allra. Aðrir þm. hafa hins vegar bent á að e. t. v. væri ekki um slíka eðlisbreytingu að ræða, þótt ljóst væri að aukning valdsins væri allveruleg.

Það kemur svo einnig fram við kynningu þessa máls hér að hæstv. ráðh. hefur ekki tekið um það ákvörðun enn með hvaða hætti hann hyggist beita þessu valdi, hvaða forsendur hann ætlar að leggja til grundvallar, hvaða reglur hann ætlar að velja. Ef málið á að afgreiða með þeim hætti hér á Alþingi að hæstv. ráðh. geri Alþingi ekki grein fyrir því nákvæmlega og skýrt hvernig hann ætlar að fara með þetta vald og hvaða reglum hann ætlar að beita, þá snýst frv. eingöngu um

hvort hv. alþm. hafa þá trú á hæstv. ráðh. persónulega og pólitískt að þeir vilji fela honum þetta vald. Hæstv. ráðh. hefur enn sem komið er í þessum umr. ekki veitt þingheimi neinar upplýsingar um með hvaða hætti hann hyggst beita valdinu.

Það hefur legið í loftinu að hæstv. ráðh. mundi fara að tillögum Fiskiþings. Þó vakti það athygli í framsöguræðu hans að hann fór að vekja athygli á hugsanlegum breytingum við þær tillögur og nefndi nokkrar tegundir veiða sem e. t. v. mætti undanþiggja heildarramma tillagna Fiskiþings. Við höfum þess vegna ekki fengið skýrt fram hvort tillögugrundvöllur Fiskiþings fær að ráða í þessum efnum eða einhvers konar úrvinnsla hæstv. ráðh. sjálfs á þeim efnum.

Það er ljóst, eins og einstaka menn hafa bent á hér í umr., að hægt er að velja tilteknar formúlur sem við fyrstu sýn kunna að virðast eðlilegar, velja þrjú ár, fjögur ár, tvö ár o. s. frv. Þó er það þannig, að sveiflurnar í veiðum hér innanlands eftir byggðarlögum og veiðitegundum á undanförnum árum hafa verið svo miklar að það getur ráðið úrslitum fyrir afkomu einstakra byggðarlaga hvort valið er meðaltal fimm, fjögurra, þriggja eða tveggja ára og hvort það meðaltal verður látið gilda á grundvelli veiðitegunda í heild eða á grundvelli einstakra veiðitegunda eða á grundvelli verðmæta. Þannig er hægt að setja fram formúlu sem á yfirborðinu kann að virðast eðlileg reikningslega séð. En þegar hún væri komin til framkvæmda gæti afleiðing hennar orðið sú, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson benti mjög rækilega hér á, að rista algerlega upp það framleiðslu- og eignarskipulag sem gilt hefur í sjávarútvegi á Íslandi. Nú er ég ekki að ætla hæstv. ráðh. það að hann hafi sérstakan hug á því að rista það eignaskipulag upp. Þó má e. t. v. segja að séu menn trúir samvinnuhugsjóninni og telji menn það rekstrarform best af öllum rekstrarformum væri kannske ekkert óeðlilegt að taka mið af því efni þegar reiknireglurnar væru ákveðnar.

Ég segi það af fullri hreinskilni að þótt ég hafi á undanförnum árum kynnst hæstv. sjútvrh. þannig í störfum þingsins hér að ég beri heldur meira traust til hans persónulega en ýmissa annarra hér í þinginu, og segi ég það ekki öðrum til lasts heldur ráðh. frekar til hróss, þá tel ég ógerlegt á grundvelli þeirra stefnumála sem fram hafa komið á ýmsum vettvöngum í kringum hæstv. ráðh. og honum tengdum að veita slíka almenna heimild til valds, eins og hæstv. ráðh. hefur farið hér fram á. Þeir sem veittu slíka heimild án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því hvernig henni væri beitt væru í reynd orðnir samábyrgir gagnvart þeim afleiðingum sem beitingin hefði. Ef afleiðingin væri sú, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur bent hér á, að rista upp eigna- og framleiðslusluskipulagið í sjávarútveginum í veigamiklum grundvallaratriðum, þá væru þeir sem veitt hefðu valdið skilyrðislaust orðnir um leið samábyrgir gagnvart því. Ég teldi a. m. k. ekki drengilegt að veita valdið hér á Alþingi skilyrðislaust, en fara svo að gagnrýna hæstv. ráðh. á eftir fyrir það hvernig hann hefði beitt því. Þá tel ég drengilegra og heiðarlegra í alla staði að neita að veita ráðh. skilyrðislaust valdið frekar en að veita honum það og hagnýta sér svo á eftir, ef niðurstaðan verður vinsæl, að hafa átt hlut í að veita ráðh. valdið, en ef hún verður óvinsæl að fara þá að gagnrýna beitingu þess.

Þar að auki er hér verið að skapa fordæmi sem hæglega má beita á öðrum sviðum. Við lifum í heimi þar sem náttúruauðlindir eru yfirleitt þverrandi, þar sem framleiðslustarfsemin verður í æ ríkara mæli að taka tillit til þverrandi auðlinda, þar sem framleiðslukostirnir og fjármagnið eru af skornum skammti. Það má beita mjög mörgum sams konar rökum og beitt hefur verið til þess að rökstyðja slíkt algert vald í hendur eins manns fyrir því að skapa á öðrum sviðum atvinnulífs og framleiðslustarfsemi svipað vald. Ef það væri gert væri í raun og veru búið að gerbreyta grunneðli framleiðsluskipulagsins og atvinnuskipulagsins í landinu.

Ég verð að segja eins og er að það er mér nokkurt undrunarefni að hv. þm. Sjálfstfl., sem ekki hafa talað í þessum umr., skuli vera reiðubúnir að veita einum ráðh. svo afgerandi vald í málefnum höfuðatvinnuvegs þjóðarinnar. Ég er alveg sammála vel flestu af því sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði. Það er hægt að beita þessu valdi með þeim afleiðingum sem hann lýsti. Ég ítreka að ég er ekki að segja að það verði. En það er hægt að beita því með þeim hætti. Eins og hér hefur verið bent á: ríkisstjórnir koma og fara. Þó að þetta vald væri veitt í dag á þeim grundvelli að menn treystu þeim sem nú situr í stóli hæstv. sjútvrh. hefur enginn maður tryggingu fyrir því að það sitji ekki annar maður í þeim stóli á gildistíma laganna. Jafnvel hefur þingið enga tryggingu fyrir því að á gildistíma laganna setjist ekki í þann stól maður sem þingið hefur á engan hátt tjáð sig um. Það eru fjölmörg dæmi þess að ríkisstjórnir rofni utan setutíma þings. Það eru líka dæmi þess að hér setjist utanþingsstjórnir. Það eru í þriðja lagi dæmi þess að utanþingsmenn setjist í ráðherrastóla samkv. tilskipun forsrh. og með samþykki forseta lýðveldisins án þess að þingið hafi nokkuð tjáð sig um það. Þess vegna er það alveg ljóst að formlega séð og raunveruleikanum samkvæmt geta hv. alþm. ekki rökstutt afstöðu sína til þessa frv. með því að þeir beri traust til núv. hæstv. sjútvrh., að hann muni ekki misbeita þessu valdi.

Frv. sjálft, eðli þess og orðalag veitir hverjum sem er sem í ráðherrastólnum situr, án þess að þingið komi þar nokkuð við sögu, vald til þess að setja þær reglur og framkvæma þær breytingar sem viðkomandi ráðh. telur eðlilegar. Sæti á stóli sjútvrh. maður sem hefði sannfæringu fyrir því — og ég endurtek: hefði sannfæringu fyrir því — að tiltekið rekstrarform og tiltekið eignarskipulag væri hið ákjósanlegasta og besta fyrir sjávarútveginn á Íslandi, þá væri fullkomlega eðlilegt að sá hæstv. sjútvrh. beitti heimildum þessa frv. til að knýja fram, um leið og hann veldi veiðimagn, veiðarfæri, dreifingu afla, þær breytingar á rekstrarskipulagi og eignarformum sem hann hefði sannfæringu fyrir að væri sjávarútveginum fyrir bestu. Það gæti enginn hv. þm., sem greitt hefði þessu frv. atkv., gagnrýnt þann ráðh. fyrir það. Það væri um leið verið að segja að hæstv. ráðherrar ættu ekki að fara að sannfæringu sinni. Þess vegna er alveg ljóst að samkv. eðli þessa frv. er verið að veita ríkisvaldinu mun meiri möguleika en það hefur haft nokkru sinni til að knýja fram breytingar á eigna- og rekstrarskipulagi í íslenskum sjávarútvegi. Menn geta svo deilt um það, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, hvort hér sé um grundvallareðlisbreytingu að ræða eða hvort hér sé eingöngu um stökk í valdsstig-

anum að ræða. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess í sjálfu sér. Hins vegar tel ég alveg ljóst að aldrei fyrr hefur pólitískt vald fengið aðra eins viðspyrnu til þess að ráðskast með hagkerfi þjóðarinnar. Það þarf í reynd að fara aftur til skömmtunarskrifstofuáranna til þess að finna hliðstæðu í þessum efnum.

Ég óska eftir því, þó það verði ekki við þessa umr., að forustumenn Sjálfstfl. útskýri fyrir hv. þingheimi hvers vegna Sjálfstfl. telur nauðsyn á því að efla svo ríkisvald í íslenskum efnahagsmálum. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég hafi einhvern sérstakan áhuga á að stríða Sjálfstfl. í þessum efnum, það er víðs fjarri, heldur tel ég að það sé óhjákvæmilegt fyrir okkur sem tilheyrum öðrum flokkum, en þurfum að hafa margvísleg samskipti við fulltrúa Sjálfstfl. hér utan þings og innan, að átta okkur á hvort og þá að hvaða leyti hér hefur orðið um grundvallarstefnubreytingu að ræða. Við höfum a. m. k. skilið það sumir á þann veg að það væri stefna og krafa Sjálfstfl. að aukið frjálsræði, eins og það heitir á þeirra máli, ætti að vera ríkjandi í öllum atvinnugreinum þjóðarinnar, í verslun, viðskiptum, iðnaði, gengismálum, fjárfestingu, sjávarútvegi og einnig í landbúnaði, þó e. t. v. séu nokkrar deilur um þann þátt málsins innan Sjálfstfl.

Eftir því sem ég get best séð stefnir þetta frv. í þveröfuga átt. (**GSig:** Er það ekki bara gott?) Jú, það var það sem ég ætlaði að fara að koma að, hv. þm. Garðar Sigurðsson, að þetta frv. stefnir svo nærri ríkisdrottnun í sjávarútvegi að ýmsir þeirra sem hafa verið miklir átrúnaðarmenn á þá leið sem hina æskilegustu hljóta að styðja þetta frv. Ég er þess vegna ekkert hissa á því þótt ágætur flokksbróðir minn og mikill kunnáttumaður um sjávarútveg og rekstrarform, hv. þm. Garðar Sigurðsson, hafi séð ýmislegt jákvætt í þessu frv. Hins vegar er það heldur ekkert launungarmál að innan Alþb. eru mjög margir sem telja að sú leið sem hér er farin, að veita pólitískum fulltrúa ríkisins, ráðh., slíkt vald, sé ekki æskilegt. (**GSig:** Mjög margir?) Já, ég sagði mjög margir. (**GSig:** Það eru nú ekki einu sinni margir í flokknum.) Það eru nægilega margir, hv. þm. Garðar Sigurðsson, á þeirri skoðun að þróun ríkisdrottnunar, eins og hér er lögð til, sé ekki æskileg. Sumir kunna hins vegar að telja að hún sé ill nauðsyn um skamma hríð. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar. Ég sé ekki að stjórnunarvandi sjávarútvegsins nú sé með þeim hætti að Alþingi eigi að veita ráðh. slíkt óskorað, ótakmarkað, óskilyrt vald sem hér er kveðið á um. Satt að segja verð ég að láta það einnig ljós að ég undrast nokkuð að einn ráðh. skuli hafa áhuga á að fá slíkt vald, að einn maður skuli hafa áhuga á að fá vald sem leggur í lófa hans fjöregg flestra byggðarlaganna í kringum landið. Sá ráðh. má vanda sig vel til þess að það egg falli ekki úr lófa hans og brotni með illum afleiðingum fyrir hvert byggðarlagið á fætur öðru.

Alþm. hafa verið kjörnir hér á grundvelli kjördæmaskipunar þar sem menn eru valdir eftir byggðarlögum. Það er ljóst. Menn geta deilt um hvort það er æskilegur eða óæskilegur grundvöllur okkar kjördæmaskipunar. Menn eru valdir hér eftir byggðarlögum. Fyrir flest byggðarlögin í landinu ef ekki öll, er sjávarútvegurinn grundvallarþáttur. Í mörgum þeirra er hann slíkur grundvallarþáttur að ekkert annað er þar einu sinni dagskrárefni hvað snertir framtíðarörlög byggðarlagsins. Ég spyr í raun: Með hvaða rökum og með hvaða rétti eru þeir menn, sem boðið hafa sig fram til að gæta trúnaðar þessara byggðarlaga, reiðubúnir að afhenda einum ráðh. slíkt afgerandi vald yfir þessum trúnaði? Ég verð að segja að ég er ekki reiðubúinn til þess sem fulltrúi Reykjavíkur, sem einna lengst hefur rekið umfangsmikla útgerð hér á landi, að afhenda einum ráðh. algert og óskorað vald til að ákveða örlög þessarar útgerðar og koma svo til minna kjósenda á eftir og segja: Ja, það var ekki ég sem ákvað þessar reglur. Það var ráðh. — Þess vegna held ég að það sé miklu hollara og miklu heilbrigðara fyrir þingið og fyrir lýðræðið í landinu að Alþingi sjálft takist á við þann vanda að móta þessa stefnu. Alþm. gera tilkall til þess að fá að móta hér vegáætlun mjög nákvæmlega — svo nákvæmlega að menn skipta hér niður upp á krónu framlögum til vega allt í kringum landið. Það er þm. mikið kappsmál að halda þessu valdi, að geta deilt niður á einstaka vegarspotta og brúargerðir fjármagni nákvæmlega upp á krónu. Ég spyr: Hvers vegna getur þingið þá afsalað sér ábyrgð hvað þetta atriði snertir? Ég tel að þingið geti það ekki, þingið eigi mjög erfitt með að koma til fólksins í landinu á eftir og krefjast að nýju umboðs til þess að vera trúnaðarmenn viðkomandi byggðarlaga. Hitt skil ég vel, að það kann við fyrstu sýn að vera miklu þægilegra fyrir einstaka þm. í viðkvæmum málum að taka þátt í því með öðrum að fela ráðh. slíkt vald og geta svo sagt á eftir, ef reglurnar verða óþægilegar: Það var ekki ég sem ákvað þessar reglur. Það var ráðherrann.

Herra forseti. Með þessum almennu rökum hef ég hér reifað málið lítillega, en vissulega væri hægt að gera það í miklu lengra máli því að hér erum við að takast á við, eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði, stærsta mál sem þetta þing og e. t. v. mörg önnur þing hafa fengist við. Ég hef reifað þetta með nokkuð almennum hætti, ekki vegna þess að ég hafi ekki mjög nákvæmar spurningar fram að færa, heldur vegna þess að þær hafa yfirleitt allar nú þegar verið bornar upp í þessum umr., fyrst af hv. þm. Garðari Sigurðssyni og síðan af hverjum þm. á fætur öðrum, misjafnlega margar og misjafnlega ítarlegar þó. En þegar þær allar eru lagðar saman eru þær krafa um það til hæstv. ráðh. að hann geri þinginu mjög nákvæma og skýra grein fyrir því hvaða reglum hann hyggst beita í þessum efnum. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt, herra forseti, að um leið og þetta frv. verður tekið til 2. umr. í hv. Nd. liggi fyrir, annaðhvort formlega í nál. frá sjútvn. eða með ræðu sem hæstv. sjútvrh. mundi flytja hér, nákvæm grg. af hans hálfu um hvernig hann hyggst beita þessu valdi, hvaða reglu hann ætlar að festa og hvaða svör hann með þeim hætti veitir við þeim spurningum sem hér hafa verið settar fram.

Að lokum, herra forseti. Það var sagt hér af hæstv. ráðh. að þetta mál væri hafið yfir flokkadrætti. Sjálfsagt er það rétt að innan allra flokka eru nokkuð mismunandi skoðanir og mismunandi áherslur í þessu efni. Það hefur a. m. k. komið fram frá Sjálfstfl. Þeir tveir þm. Sjálfstfl. sem talað hafa í þessum umr. hafa gagnrýnt frv. Annar þeirra gagnrýndi það mjög grimmt, mjög ítarlega og mjög markvisst. Það er alveg ljóst að innan míns flokks eru mismunandi áherslur á hina einstöku þætti þessa máls. Þess vegna held ég að það sé ljóst að nauðsyn beri til þess að þingið gefi sér góðan tíma til að reyna að ná saman um þetta mál. Hæstv. ráðh. og

fulltrúar í sjútvn. þurfa að stuðla að því hér á næstu sólarhringum að spurningum, sem hér hafa verið bornar fram, verði svarað með þeim hætti að þegar þingið afgreiðir þetta frv. verði það í búningi sem þjóðin og þingið geta vel við unað.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um þetta frv. við þessa umr. þó að efni þess og umfang gefi vissulega tilefni til þess að sem flestir alþm. tjái sig um afstöðu til málsins, svo stórt sem það er og mikilvægt í sambandi við þróun í okkar sjávarútvegi og þar með í okkar efnahagslífi. Ég ætla að láta nægja nokkrar almennar athugasemdir og fyrirvara af minni hálfu að þessu sinni. Ég vil að þetta mál nái til nefndar fyrr en seinna, og þar þarf að fara fram ítarleg skoðun málsins umfram það sem þegar er orðið og þar hafa þingflokkarnir sína fulltrúa.

Ég vil í upphafi minna á það sem fram hefur komið af minni hálfu varðandi stjórnun á fiskveiðum okkar og vísa þar til þess sem fram kom í umr. utan dagskrár fyrir fáum vikum, þar sem rætt var um þá nýframkomna skýrslu Hafrannsóknastofnunar um mikinn samdrátt í þorskstofninum umfram það sem áður var talið. Ég hef verið fylgjandi því að tekin væri upp aukin stýring í sambandi við sókn í okkar meginfiskstofna, þ. á m. í þorskstofninn, tekið upp aflamagn á skip, svokallaður kvóti, í auknum mæli, fyrst í tilraunaskyni til að þreifa sig áfram með breytta stjórnun þessara mála. Ég gerði það ítrekað að till. minni í ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens, þegar til umr. var fiskveiðistefnan og framlagðar till. af hæstv. þáverandi sjútvrh. Steingrími Hermannssyni, að menn breyttu til í stjórnun veiðanna, færðu sig í auknum mæli frá svokölluðu skrapdagakerfi, sem þá var upp tekið og útfært nánar, og settu aflamark á togarana til að byrja með til að safna reynslu með nýrri stjórnun á veiðunum. Það má kannske segja að sú rýmkun á heimildum á aflahámarki í þorskstofninn á þessum tíma, 1980—1982, hafi ekki ýtt svo fast á eftir breytingum sem núverandi ástand og spár í því efni, en engu að síður held ég að það hefði verið farsælt ef menn hefðu horfst í augu við að hér yrði að taka upp breytt vinnubrögð í sambandi við stjórnun veiðanna með þá staðreynd í huga að við erum með stóran og vel búinn fiskiskipastól á miðunum við landið og það er óheppilegt og kann ekki góðri lukku að stýra til lengri tíma að hafa lítt takmarkaða sókn í takmarkaða auðlind, þó að vissulega hafi verið reynt að stýra þeim málum með ákveðnum hætti eftir almanakinu og svokölluðu skrapdagakerfi á undanförnum árum. Ótakmörkuð sókn í takmarkaða auðlind hefur hvarvetna leitt til ófarnaðar í sögunni og á það við um lífrænar auðlindir ekki síður en aðrar þar sem þanþolið er takmarkað. Ég er því fylgjandi því að menn reyni að glíma nú við að taka upp aflamark á skip og reyni að sækja þar fram í þeim efnum sem skynsamlegast og meta reynsluna frá tíma til tíma til að þróa hér stjórnun sem geti aukið afraksturinn úr okkar sjávarútvegi sem best, gert okkar fiskveiðar sem arðsamastar og skilað sem mestu fyrir þjóðarbúið og þá sem við þennan atvinnuveg vinna. Þetta eru almenn viðhorf til þeirra breytinga sem rætt er um og gefið er til kynna, þó að það sé með mjög almennum hætti í þessu lagafrv., að hugmyndin sé að taka upp og vísað til þeirra tillagna sem hagsmunaaðilar, Fiskifélag Íslands, Fiskiþing, Landssamband íslenskra útvegsmanna og fleiri, hafa nýlega tekið undir.

Þá kem ég að löggjöfinni sem slíkri, og þar get ég ekki tjáð mig með sama hætti. Ég tel, og það er kannske aðalatriði hér við þessa umr. og þegar rætt er um þetta frv., að menn tjái sig um það atriði hvar valdið eigi að liggja í sambandi við þá stjórnun sem hagsmunasamtök ýta nú fast á að upp verði tekin og hversu miklu valdi þingið vilji á þessu stigi afsala sér til framkvæmdavaldsins, til sjútvrh. Það hefur verið hér margítrekað af flestum þeim sem talað hafa og ég held af ráðh. sjálfum, að hér er um alveg óvenjulegt valdaafsal að ræða, ef frv. þetta verður samþykkt með þeim hætti sem það liggur hér fyrir, þannig að einsdæmi hlýtur að teljast í íslenskri löggjöf þó svo að í lögum nr. 81 frá 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sé ráðh. fengið mikið vald varðandi þær veiðar sem hafa verið leyfisbundnar. En ég held að ef menn bæru þetta saman, það sem hér er verið að fara fram á, við aðrar greinar atvinnulífs og atvinnurekstrar í landinu, þá skilji menn hvers eðlis það skref er sem hér er gerð till. um að tekið verði með því að fela sjútvrh. það vald, afdráttarlítið vald, yfir þessum málum sem hér er gerð till. um samkvæmt 1. gr. Að vísu er þar lagt til að samráð skuli haft við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákveðnum greinum og gera skuli nefndunum grein fyrir reynslu og árangri, en þetta er mjög almennt og verður ekki mikið út úr því lesið hvernig framkvæmdavaldið færi með það samráð. Það er mjög undir viðkomandi ráðh. komið hvernig á því yrði haldið.

Hér er verið að fela einum manni vald sem snertir lífsafkomu og í rauninni örlög byggðarlaga víða um landið, sem byggja á sjávarútvegi, auk þess sem varðar hag fyrirtækjanna og einstaklinganna, sem beint og óbeint hafa lífsframfæri sitt af sjávarútveginum og næst honum standa. Það er þetta sem er meginatriðið í þessu máli. Ég held að það sé verið að fara varðandi þessa löggjöf út á braut sem ástæða hefði verið til frekar að snúa frá með því að löggjafinn fjallaði ítarlega um meginforsendur þeirrar fiskveiðistefnu og stjórnar sem upp eigi að taka og legði um það meginlínur, þannig að framkvæmdavaldið hefði þarna siglingarljós í aðalatriðum til þess að fara eftir. Slíkt getur ekki talist óeðlilegt í svo stóru máli og slíkt er raunar venjan þar sem um annan atvinnurekstur er að ræða í landinu, að valdið er ekki falið ráðh. með þeim hætti sem hér er gerð till. um.

Ég hef heyrt það á hæstv. sjútvrh., og geri ráð fyrir að hann mæli þar af alveg heilum hug, að hann kæri sig í rauninni ekki um að taka við slíku valdi. Ég tel það afar ófarsælt ef menn nú, vegna sérstakra aðstæðna, þurfa að grípa til þess að afhenda framkvæmdavaldinu heimildir á borð við þær sem í þessu frv. felast, þó svo að það gildi ekki nema um eins árs skeið. Það er vissulega fyrirvari sem gæti orðið mönnum til huggunar, en ég held samt að menn þurfi að staldra við og leita leiða til að setja inn í þetta frv. fyrirvara, bæði um almenn atriði og varðandi útfærslu á því kerfi sem gert er ráð fyrir að taka upp, til þess að menn með þokkalegri samvisku geti gengið frá þessu máli, þó aðeins til eins árs í senn.

Það má segja að það sé verið að stilla hér löggjafanum með nokkuð óvenjulegum hætti upp við vegg í sambandi við þetta stóra mál. Hér hafa hagsmunaaðilar skyndilega söðlað um með mjög skjótum hætti — aðilar sem ekki hafa viljað taka undir breyttar stjórnunaráð-

ferðir í fiskveiðum okkar, sem ýmsir hafa mælt með um árabil, sem hafa talið að í óefni stefndi. Nú er á örskömmum tíma breytt til af þessum aðilum og þeir rétta fram hendurnar og segja: Ráðh. góður, nú felum við okkar örlög í þínar hendur. Óska þú eftir því við Alþingi að fá þetta vald. Við skulum styðja þig til þess. — Þetta er í rauninni staðan sem þingið stendur frammi fyrir. Það er kannske eðlilegt að ráðh. þiggi það að taka við þessum skilaboðum hagsmunaaðilanna og biðja um að fá valdið til þess að glíma við það erfiða verkefni sem því fylgir vissulega fyrir hann. Ríkisstj., að því er virðist í heild sinni, því annað höfum við ekki heyrt, tekur hér undir þetta, flytur þetta frv., og við höfum ekki heyrt neina fyrirvara frá öðrum ráðh. í sambandi við þetta mál. Á meðan þeir koma ekki fram verðum við að álíta að ríkisstjórnin sem heild standi að baki þessu máli, þó svo að einstakir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafi lýst hér skorinorðum fyrirvörum, eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson í ræðu sinni hér um daginn.

Já, hér er beðið um valdaframsal í sambandi við nánast alla meðferð fiskveiða í landinu og það fylgir ekkert meira í frv. sjálfu um innihald. Það fylgir ekki með hvers konar fiskveiðistefnu eigi að fylgja, hvorki um aflahámark á fiskstofna né heldur um mark afla á einstök skip, né hvernig halda skuli á þeirri kvótasetningu, þeirri skiptingu á skip, sem gert er ráð fyrir að hverfa að. Ég nefndi það í umr. á þinginu um daginn að fyrirkomulag í sambandi við aflamagn, sem eðlilegt væri að skoða og ýmsir menn sem hafa litið á þessi mál hafa vísað til, svokallaður einingakvóti eða verðmætiskvóti, gæti verið skynsamleg aðferð til að reyna í sambandi við togaraflotann a. m. k., en það liggur ekkert fyrir um hvort það sé þess konar aðferð sem gert er ráð fyrir að fylgja. Ég held að ég verði að óska eftir, eins og fjölmargir aðrir hafa gert, og um þetta hlýtur þingið auðvitað að biðja, upplýsingum sem mark sé á takandi af hálfu hæstv. ráðh., hvaða kerfi það sé sem hann gerir ráð fyrir að fylgja það ár sem hann ætlar að hafa þetta vald lögum samkvæmt.

Ég ætla ekki hér að fara að auka við spurningar varðandi kvótann að öðru leyti. Það hafa margar spurningar verið lagðar fyrir hæstv. ráðh. Ég vil þó aðeins bæta hér einu atriði við, bæta í það safn sem sýnir hversu mjög flókið mál og fjölþætt er hér um að ræða, og það snertir það atriði hvernig haldið verði á þeim málum gagnvart aðilum sem hafa t. d. tekið tiltölulega mikið af þorski á undanförnum árum umfram það sem aðrir hafa gert. Við vitum að það eru ekki allir sem hafa keppt að því t. d. á þessu ári að gera út á þorskinn. Menn hafa hallað sér að öðrum veiðiskap, sótt meiri karfa sjálfviljugir af illri nauðsyn og af hagkvæmnisástæðum, og því spyr ég, nú þegar gert er ráð fyrir að heildarafli í þorski, heildaraflamagn, verði dreginn verulega saman frá því sem var, en þá bitnar það hlutfallslega meira á þeim sem hafa veitt tiltölulega mikinn þorsk og þeirra skerðing verður þá hlutfallslega meiri, hlutfallslega mikil, varðandi sókn í þann stofn, ef ekki er tekið tillit til þessara aðstæðna: Hvernig má gera ráð fyrir að haldið verði á slíku þegar aftur rýmkast um, þegar aflahámark í þorskinum hækkar? Geta menn vænst þess að þá verði tekið tillit til þess gagnvart þeim aðilum sem hafa sótt hlutfallslega meira í þorskinn en aðrir af staðbundnum ástæðum og af hagkvæmnisástæðum á undanförnum misserum? Þetta er eitt dæmi sem menn spyrja sig, og æskilegt er að hæstv. ráðh. segi hvert hans hugur stefni þar að lútandi og hvaða reglur yrðu settar þar að lútandi í sambandi við aflamark á komandi ári.

Þá eru nokkur orð um takmarkanir á valdaframsali, sem æskilegar ef ekki nauðsynlegar hljóta að teljast. Ég vísa til þess sem hv. 3. þm. Reykn. sagði hér í umr. fyrr, að einn möguleikinn væri að tengja afgreiðslu á þessu frv. skilyrði um það að þingið taki afstöðu til fiskveiðistefnu og meginákvæða varðandi aflamagn á skip með samþykkt þáltill., þó svo hún fylgdi ekki með samþykkt frv., ef menn vildu vita það, ef framkvæmdavaldið teldi nauðsynlegt að vita vegna undirbúnings fiskveiðistefnu fyrir næsta ár að það hefði þessar útlínur í höndum og líkur væru á því að menn mundu una því, enda fengi þingið nánar til meðferðar fiskveiðistefnu og það meginefni sem að henni lyti. Þetta er möguleiki sem ég get alveg tekið undir og hv. þm. Kjartan Jóhannsson nefndi hér. Og þá er ég að tala um almenna stefnu og almenn ákvæði.

Síðan er annað atriði, þ. e. framkvæmdaatriðin og eftirlitsatriðin. Hvernig verður þeim við komið? Þar held ég að hæstv. ráðh. og n. þingsins ættu að athuga að koma upp einhverju lágmarkskerfi til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara mála þar sem saman væru kvaddir í nefnd eða ráð, hvað sem það heitir, aðilar, hagsmunaaðilar, bæði beinir hagsmunaaðilar fyrirtækja og þolendur þessa kerfis, þeir sem þar eiga hagsmuna að gæta, þótt með óbeinni hætti séu, gætu komið að sínum sjónarmiðum og haft með einum eða öðrum hætti ákvarðandi vald eða ráðgefandi vald til ráðh. um meðferð þessara mála. Þessu vildi ég af fullri vinsemd koma hér á framfæri og vænti að það verði tekið til alvarlegrar athugunar af þn. sem fjalla um þetta mál.

Svo að síðustu: Vegna þess að hér er verið að ræða um að breyta mjög verulega til, að brjóta í blað er óhætt að segja í sambandi við stjórnun fiskveiða í landinu, er eðlilegt að menn spyrji: Er ekki réttmætt að taka til athugunar að kveða á um í lögum hver sé eignar- og umráðaaðili hinna lífrænu auðlinda hafsins? Ég veit að slík löggjöf er vandaverk því að það er tiltölulega auðvelt að slá því föstu, sem mörgum kann að þykja sjálfsagt og þurfi ekki að skrá í lög, að auðlind hafsins innan íslenskrar fiskveiðilögsögu sé almannaeign þar sem íslenska ríkið fari með eignarréttinn. En menn eru að ræða í tengslum við breytta fiskveiðistefnu og uppi eru hugmyndir um sölu veiðileyfa og margt af því tagi, þó að hæstv. ráðh. sé ekki að gera till. um það hér og hafi jafnvel lýst andstöðu sinni við það. En ef til einhvers slíks kemur, þá er nú kannske vissara að menn hafi það nokkuð á hreinu hver sé eignar- og umráðaaðili yfir þessari auðlind, fiskstofnunum við landið.

Ég minni á frv. sem ég lagði hér fram á síðasta þingi fyrir hönd ríkisstj., frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, og sem vísað var til ríkisstj. af síðasta þingi. Ég held að réttmætt væri að þetta atriði yrði tekið til sérstakrar athugunar á næstunni í sambandi við hinar lífrænu auðlindir og þar kvaddir til færir lögfræðingar ásamt öðrum til að líta á það mál.

Ég segi svo að endingu, herra forseti: Hér er stórt mál á ferðinni og menn þurfa að leggja sig fram um það hér á Alþingi að leita samstöðu í þessu mikilsverða máli, ekki að bregða fæti fyrir eðlilega afgreiðslu þess

eftir því sem unnt er að skapa hér samstöðu með mönnum. Hér er vissulega mikið í húfi að vel takist til.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég mun ekki tefja málið lengi. Mér fannst þó rétt að fram kæmi afstaða Kvennalistans í þessu mikilsverða máli. Við gagnrýnum það harðlega að jafnstórt og mikilvægt mál skuli koma fram á þessum tíma og vera ætlast til afgreiðslu þess á örfáum dögum. Það eru svo mörg mikilvæg mál á ferðinni og ákaflega erfitt að kynna sér þau nægilega vel á svo skömmum tíma.

Það má margt gott segja um till. sem fram koma í þessu frv., enda eru þær byggðar á tillögum þeirra sem best eiga að þekkja til. Kvennalistinn telur þetta frv. sannarlega spor í rétta átt, en hefur þó vissar efasemdir um einstök atriði.

Það er engan veginn ljóst af þessu frv. hvernig framkvæmd málsins verður. Þar er allt lagt í hendur eins manns. Það er hins vegar enginn vafi á að stjórnunar er þörf. Það verður ekki komist hjá því að setja reglur um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi okkar. Kvótaskiptingin er sennilega eini möguleikinn sem fyrir hendi er til að ná tökum á sókninni í einstaka fiskstofna og vinna gegn ofveiði eins og nú er komið málum. Kvótaskipting hefur óneitanlega ýmsa kosti. Vil ég þá fyrstan telja þann kost að slíkt fyrirkomulag er líklegt til að stuðla að betri meðferð fiskaflans, þar sem magnið er gefinn hlutur en gæðin ráða tekjunum. Það hvetur sjómenn til að fara betur með aflann og fá meira fyrir hann. Það er einnig mikilsverður kostur að með þessu fyrirkomulagi ætti að vera unnt að koma á betri samræmingu í veiðum og vinnslu og tilkostnaður útgerða gæti orðið minni þegar kapphlaupið er úr sögunni.

Þau rök hafa lengstum verið notuð gegn kvótakerfinu að það hvetji til meðalmennsku, aflaklærnar missi alla löngun til að standa sig, kappsemin og happdrættisstemmningin hverfi af miðunum. Við þeim ókosti er lítið að gera eins og málum er nú háttað. Það er ekki hægt að efna til kapphlaups um það aflamagn sem um er að ræða. Fiskiskipaflotinn er einfaldlega orðinn of stór. Skammsýnin og gróðafíknin hefna sín.

Að lokum vildi ég nefna það, sem mikið hefur verið gagnrýnt hér og við erum sammála þeirri gagnrýni, að sjútvrh. sé gefið of mikið vald með þessum till. Það er ekki hægt að öfunda hann af því valdi sem honum er ætlað og rétt að draga úr því. Og það verður að tryggja að farið verði að till. Hafrannsóknastofnunar þótt niðurstöður hennar hafi ekki alltaf reynst 100% réttar. Þær eru þó betri, held ég, en óskhyggja hagsmunaaðila.

Að lokum vil ég nefna að mér finnst mjög skynsamlegt að þetta sé aðeins til eins árs. Það verður þá hægt að endurskoða það með tilliti til reynslu.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ef ekki tekst að ljúka þessari umr. nú fyrir kl. 5 verður deildarfundi haldið áfram í kvöld kl. 9. Þetta er í samræmi við samkomulag sem gert var í gær um þingstörf næstu tveggja daga, þ. e. dagsins í dag og fimmtudagsins, þar sem samkomulag varð um það milli þingflokksformanna og forseta og varaforseta og að sjálfsögðu með vitund forsrh. að hér yrðu haldnir fundir í dag, þannig, eins og ég hef skrifað hjá mér til minnis, að atkvæðagreiðslur færu fram um fjárlög, að því loknu yrðu haldnir deildafundir, síðan þingflokkafundir og svo deildafundir, ef þörf krefði og dagskrá væri ekki lokið, þá síðar um kvöldið. Á morgun er ráðgert að Sþ. haldi fund kl. 2—4, en deildafundir verði kl. 4—7. Ekki er gert ráð fyrir kvöldfundi.

Þar sem ekki er nú nema hæstv. sjútvrh. á mælendaskrá er hugsanlegt að við gætum lokið þessum umr. nú fyrir þingflokkafund og þyrftum ekki að halda kvöldfund. Vona ég að hv. þingdeildarmenn geti hugsað sér að þannig verði staðið að þinghaldi.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal gera mitt til þess að þessum vinnubrögðum verði hægt að beita, en ég vænti þess þá einnig að menn afsaki að ég get þá ekki haldið eins ítarlega ræðu og efni hefðu annars staðið til. Ég hef þegar mætt á fundi þn. um þetta mál og haldið með þeim fundi, þannig að menn hafa svarað þar ýmsu, en það er rétt að taka það alveg skýrt fram að hér vitum við ekki allt fyrir, það er langt í frá. Það er einmitt þess vegna sem hér er verið að tala um tilraun til eins árs.

Ég vil almennt segja það, að allir eru sammála um það, og hér hafa verið mjög málefnalegar umr., að nauðsynlegt er að hafa stjórn á veiðunum. Þegar fiskstofnarnir eru eins takmarkaðir og raun ber vitni eru í reynd allir, sem um þessi mál hugsa, sammála um að ekki sé hjá því komist að breyta til. Við eigum í þessu að sjálfsögðu nokkra kosti.

Við skulum segja sem svo að við mundum áfram búa við þá löggjöf sem við búum við í dag og veitir sjútvrn. veruleg völd til að hafa afskipti af veiðunum. Þá yrðum við að stöðva veiðar um ákveðinn tíma. Við yrðum að banna netaveiðar lengur en áður og við gætum vart fjölgað svokölluðum skrapdögum. Það kerfi virkaði alls ekki á þessu ári. Það var ekki nægilegan þorsk að fá, þannig að skipin sóttu ótilneydd, ef þannig má orða, í aðra stofna. Þeir stofnar eru margir hverjir ofnýttir nú þegar, þannig að það er nánast ekki hægt að beina skipunum ótakmarkað í þá stofna. Þannig er þessi staða. Og við þær aðstæður að afli minnkar, eins og við horfum nú fram á, verðum við, og ég veit að það eru allir sammála um það hér, að finna upp annað kerfi sem tryggir meiri verðmæti úr þeim fiski sem á land kemur og ekki síður minni kostnað við að afla þess fisks.

Að sjálfsögðu mun kvótakerfið sem slíkt ekki draga úr atvinnu fólksins í landinu. Það sem mun draga úr atvinnu fólksins er fyrst og fremst ástand fiskstofnanna. En það að geta gert meira verðmæti úr aflanum er einmitt ein af leiðunum til að tryggja fólkinu betri atvinnu. Það er í reynd þetta sem við verðum að gera. Alltaf þegar erfiðleikar steðja að í þjóðfélögum grípa menn til einhverra slíkra ráða.

Ég tek mjög undir það, að að sjálfsögðu þarf að fara hér eftir hlutlægum reglum. Það er vegna þess að menn vilja taka ákveðið tímabil sem geti verið viðmiðunarhæft við þann niðurskurð sem þarf að vera í aflanum, þannig að þessi samdráttur dreifist í því hlutfalli sem afli undanfarinna ára gefur tilefni til. Ég er alveg sannfærður um að það verður ekki hjá því komist og ég er sammála því að miða verður við afla undangenginna ára, hvort sem það eru þrjú ár eða fjögur ár. Eftir því sem tíminn er lengri, þeim mun fleiri skip sem bæst hafa við eða gengið kaupum og sölum, við lendum í erfiðleikum með þau.

Hitt er svo annað mál, að það kemur t. d. skýrt fram í

samþykkt Landssambands ísl. útvegsmanna, sem tekur viðmiðun við undanfarin þrjú ár, að „í þessu efni verði þó nauðsynlegt að meta aflakvóta nýrra og nýlegra skipa og frátafir skipa frá veiðum sem stafa af óviðráðanlegum ástæðum.“ Það kemur sem sagt skýrt fram hjá þeim mönnum að þeir sjá fram á að þarna verði að gera einhverjar undantekningar skv. reglum sem um það verði settar.

Fyrsta skrefið til þess að sjá hvernig kvóti sem slíkur verður er að sjálfsögðu að reikna hann út. Vinna við það er þegar hafin hjá Fiskifélagi Íslands og það er verið að vinna í því eins fljótt og nokkur kostur er.

Ég tek einnig undir að það er mjög bagalegt hversu seint þetta mál er á ferðinni. En ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að það hefur ekki fyrr verið lag eða svigrúm til að koma slíku máli fram. Það er nauðsynlegt að tryggja um það mjög víðtæka samstöðu meðal hagsmunaaðilanna í þjóðfélaginu. Það er ekki hægt að koma á kvótakerfi í andstöðu við þá aðila. Nú hafa þeir í reynd, eins og hér var orðað, kannske ekki beinlínis söðlað um, en sjá að það er ekki önnur leið til ef við eigum að tryggja það að gera sem mest verðmæti úr auðlindum okkar. Og þeir sjá einnig fram á að rekstrarkostnaður útgerðarinnar á næsta ári verður nánast óviðráðanlegur og helsta leiðin til að draga úr honum er að geta ráðið því í meira mæli hvernig þeir afla á miðunum.

Ég verð nú að segja það, að þótt ég geti tekið undir að ekki er ástæða til að sækjast eftir miklu valdi í þessum efnum, því að það vald sem hér er verið að tala um er fyrst og fremst takmarkandi vald, þ. e. vald til að takmarka veiðarnar og draga úr þeim, og að því leytinu til ekki eftirsóknarvert pólitískt verkefni, þá er mjög erfitt að koma þessum málum þannig fyrir að vel megi vera nema það sé í einhverri ákveðinni stofnun í þjóðfélaginu — ef ekki ákveðnu rn. þá í einhverri annarri stofnun. Það eru teknar daglega ákvarðanir í sjútvrn. um ýmiss konar stjórnunarleg mál í sjávarútvegi, um lokun á svæðum, um skiptingu aflakvóta o. s. frv. Mjög mikið af þessu gengur sjálfkrafa fyrir sig. Ég sé það fyrir mér að í framtíðinni muni mjög mikið af þessu ganga sjálfkrafa fyrir sig. En við þurfum að feta okkur þarna áfram. Það mun taka mikinn tíma. Þess vegna er sett skilmerkilega inn í lögin samráð við sjútvn. þingsins, að lögin gildi aðeins í eitt ár og greinilega kemur fram í grg. að náið samráð verði haft við hagsmunaaðila. Það hefur að mínu mati verið mjög gott samráð við hagsmunaaðila í sjútvrn. og ég tel að það hafi verið til fyrirmyndar. Ég hef ekki heyrt kvartað yfir því af þeim hagsmunaaðilum, þó að sjálfsögðu sé alltaf eitthvað sem er ástæða til að kvarta undan.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi að ég skyldi stytta mál mitt. Ég mun að sjálfsögðu koma að ýmsum þeim atriðum sem hér hafa komið fram þá við 2. umr., en vegna þess hvað hér er skammur tími og ekki er hugmyndin að halda kvöldfund sé ég mér ekki annað fært en að stytta ræðu mína og láta nægja það sem ég hef nú sagt, en mun að sjálfsögðu gera ýmis þau atriði sem hafa komið hér fram í umr. að umtalsefni síðar. Ég tel að hér hafi komið fram mjög margt sem er ástæða til að fjalla um.

Ég vildi þó koma hér að einu sem er mikilvægt mál. Það er að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að aflakvóti nái yfir fleiri tegundir en þorsk. Þar hafa verið teknar upp sjö tegundir botnfiska, þ. e. þorskur, ýsa, ufsi, karfi, skarkoli, grálúða og steinbítur. Það má gefa þessum tegundum gildi. Ef við miðum við að þorskurinn sé 1, þá er ýsan 0.87, ufsinn 0.63, karfinn 0.8, skarkolinn 1.02, grálúðan 0.66, steinbítur 0.76.

Það kom einmitt fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að til þess að geta dreift því áfalli sem við höfum orðið fyrir með sem réttlátustum hætti er að sjálfsögðu nauðsynlegt að taka tillit til allra þessara tegunda. Samdrátturinn verður mestur í þorski, en hins vegar er fyrirsjáanlegt að samdrátturinn verði ekki jafnmikill í öðru og í sumum tegundum aukning. Ég tek undir að að sjálfsögðu verður að taka tillit til þessa.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Við lok þessarar umr. vil ég aðeins árétta það sem hér var sagt áður, að það hafa komið hér fram fjölmargar spurningar við umr. sem hæstv. ráðh. vegna takmarkaðs tíma svaraði ekki. Í trausti þess að þeim verði öllum svarað ítarlega og sómasamlega við 2. umr. er rétt að hagnýta sér ekki þann rétt sem mögulegur er skv. þingsköpum til að halda þessari umr. áfram. Treystum við því þá, hv. þm., að við upphaf 2. umr. um þetta mál muni hæstv. ráðh. gefa hv. þd. skýrslu sem í verða svör við þeim spurningum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til sjútvn. með 33 shlj. atkv.

Sameinað þing, 33. fundur.

Fimmtudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli, þáltill. 145. mál (þskj. 195). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þingsköp, þáltill. 131. mál (þskj. 166). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. sem ég flyt ásamt formönnum allra þingflokka.

Það hefur orðið samkomulag milli forseta Alþingis og formanna þingflokkanna að leggja til að níu manna nefnd alþm. verði falið að endurskoða gildandi lög um þingsköp. Þá er gert ráð fyrir að forsetar þingsins skipi þessa nefnd ásamt einum manni frá hverjum þingflokki. Sú till. sem hér er til umr. er flutt í samræmi við þetta samkomulag.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Með tilliti til þess hvernig málið er til komið og hvers eðlis það er legg ég ekki til að því verði vísað til nefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 220).

Frysting kjarnorkuvopna, þáltill. 139. mál (þskj. 179). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vil hér mæla fyrir till. til þál. um frystingu kjarnorkuvopna. Meðflm. mínir eru hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma, einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1) Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna. Enn fremur algjöra stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.
2) Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I- og SALT II-samningunum auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algjört bann við kjarnorkuvopnatilraunum.
3) Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til."

Með þessari till. er eftirfarandi grg. sem ég vil lesa með leyfi forseta:

„Augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs.

Eðli vopnanna og gjöreyðingarmáttur er slíkur að ekki er hægt að beita þeirri hernaðarlist og hugsunarhætti sem þróast hefur um hefðbundin vopn. Veröld okkar stendur því á barmi hyldýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækniþekkingu til að tortíma sjálfu sér. Kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Heimsmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra, sem kynnu að lifa af, væri ótrygg ef nokkur. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða, sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú, er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn af hvaða gerð sem er, gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði.

Í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginleg, þ. e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að tryggja lausn þessa ógnarlega vanda.

Stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, eru komin í sjálfheldu og halda jafnframt stórum hlutum heimsbyggðarinnar í gíslingu með viðkvæmu og ótryggu ógnarjafnvægi. Óstöðugleiki þessa jafnvægis vex eftir því sem tækni hinna nýju vopna verður þróaðri og má sem dæmi nefna að nú er svo komið að einungis sex mínútur gefast til umhugsunar og ráðrúms til að bregðast við kjarnorkueldflaugum af Pershing II-gerð en þeim er ætlaður staður í Evrópu. Þetta minnkandi svigrúm og stirðar samningaviðræður um afvopnunarmál valda því að spenna í samskiptum stórveldanna fer vaxandi og eykur sífellt hættuna á kjarnorkuátökum.

Þessi tillaga miðar að því að hindra frekari vopnasöfnun. Hún er jafnframt tilraun til að draga úr þessu hættuástandi og rjúfa þennan vítahring."

Flm. þessarar till. vænta þess að henni verði vel tekið af Alþingi og af þeim sem í henni er skorað á. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en vil þó minna alla þm. á þær áskoranir sem þeim hafa borist frá ýmsum hópum í þjóðfélaginu sem bera þessi mál mjög fyrir brjósti. Að svo mæltu vil ég vísa till. til hæstv. utanrmn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil vekja athygli á því að það mál sem hér er til umr. er 24. mál á dagskrá, síðasta mál. En samkomulag hafði orðið um það milli þingflokka að taka málið á dagskrá og freista þess að koma því í n. umræðulaust eða umræðulítið. Þetta vil ég taka fram því að ef verulegar umræður verða verður málinu frestað. Hér er ekki verið að takmarka umr. Það fer að sjálfsögðu að vilja þm. hvað þeir tala lengi í þessu máli.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt þá hafa verið lagðar fram á þessu þingi þrjár aðrar till. er fjalla um afvopnun og þeim hefur verið vísað til utanrmn. Með tilvísun til þess sem hæstv. forseti sagði um það að freistað yrði að koma þessari till. umræðulaust eða umræðulítið til n., og það get ég vel fallist á, tel ég ekki ástæðu til að fjalla um efni till. að þessu sinni.

Á fundi utanrmn. í morgun voru hafnar umræður um þær þrjár till. sem komnar eru til n. og raunar að nokkru leyti um efni þessarar till. Það var mál nm., að því er mér skildist, að þess skyldi freistað að samræma sjónarmið þm. eins og unnt væri í þessum málum. Ég vænti þess að það muni takast.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir fylgi við þessa fram komnu till. um frystingu kjarnorkuvopna. Ég ætla ekki að fara að ræða málið efnislega, enda ekki ástæða til af minni hálfu þar sem ég hef nýlega mælt fyrir till. sem efnislega felur í sér svipað og fram kemur í þessari till. Það var þáltill. um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna, en þeirri till. hefur þegar verið vísað til utanrmn. Það sem nýtt er, að segja má, í þessari till., er að íslensk stjórnvöld taki frumkvæði í þessum efnum til viðbótar við stuðning við áskoranir þm. frá fjölda landa, sem vikið var að í þeirri till. sem ég er 1. flm. að. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en vænti þess að þessar till. allar fái sem fyrst meðferð í hv. utanrmn.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum og míns þingflokks við þessa till. Ég harma það reyndar að við höfum rétt einu sinni misst af vagninum að því leyti að vera ekki búin að taka nægilega greinilega afstöðu til þessara mála þegar þau eru til umfjöllunar á öðrum stöðum á alþjóðavettvangi. Ég vil taka þá sök á mig alveg eins mikið og aðrir þm. Við höfum ekki verið vakandi á verðinum. Þetta leiðir

hugann að því að mjög tímafrek og löng brbl.-umræða á þessu þingi getur orðið að ákveðnum ávana sem smitar út í umfjöllun um aðra málaflokka, leiðir til þess að maður fjalli yfirleitt ekki um þá fyrr en þeir eru gengnir og afgreiddir á öðrum stöðum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er rétt, sem getið hefur verið um, að um það var rætt að standa þannig að málum að sú till. sem hér er á dagskrá verði send til n. til þess að hún geti fengið þar sem besta umfjöllun í tengslum við aðrar till. um afvopnunar- og friðarmál sem eru til meðferðar í hv. utanrmn.

Vegna þess að hér var af hæstv. utanrrh. hafin umr. um utanrmn.-fund í morgun og hv. 8. þm. Reykv. nefndi þann fund og í sínu máli verður að láta það koma fram að það ber að harma og ég læt það koma fram sem mína skoðun að ég tel það afleitt, að ekki sé meira sagt, að hv. Alþingi Íslendinga skuli vera eina þjóðþingið í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku sem ekki hefur á síðustu vikum vígbúnaðarbrjálæðisins fengið að fjalla sem skyldi um þau mál sem mestu ráða um örlög alls mannkyns og framtíð um þessar mundir.

Hér hefur ekki verið tekin afstaða til till. um uppsetningu meðaldrægra eldflauga. Hér hefur ekki verið tekin afstaða til till. um frystingu kjarnorkuvopna. Hér hefur ekki verið tekin afstaða til till. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Birgi Ísl. Gunnarssyni um afvopnunar- og friðarmál. Þessar till. hafa verið ræddar hér og þeim hefur verið vísað til n. en ekki hefur fengist afgreiðsla á þeim hér. Ég tel ákaflega slæmt að þannig skuli hátta til með tilliti til þess hvað hér eru gífurlega stór mál á ferðinni sem ráða úrslitum um framtíð alls mannkyns, eins og ég komst að orði hér áðan.

Í umr. um þinghaldið núna að undanförnu hefur verið lögð á það áhersla af fulltrúum nokkurra stjórnarandstöðuflokka að utanríkismálin fengju afgreiðslu fyrir hátíðarnar. Það er ekki ljóst hvort af því verður. Enn eru nokkrir dagar þar til þingi lýkur, þannig að hugsanlegt er að einhver afgreiðsla fáist á þessum málum áður en þingi lýkur fyrir jól. Í utanrmn. í morgun var rætt um að halda störfum þar áfram á fleiri fundum fram að hátíðunum ef nokkur leið væri að koma slíku við í þeim önnum sem þingið er í núna.

Engu að síður er greinilegt að Alþingi Íslendinga mun ekki taka afstöðu til till. Mexíkó og Svíþjóðar um stöðvun á framleiðslu og uppsetningu kjarnorkuvopna sem liggur fyrir Allsherjarþinginu vegna þess að atkvgr. um þessa till. fer fram í dag. Þannig hefur það gerst að ekki hefur náðst að fá formlega niðurstöðu á Alþingi Íslendinga í þessu máli. Samt sem áður hefur hæstv. ríkisstj. kosið að fara fram með sína afstöðu án þess að spyrja þingið þó að ríkisstj. hafi auðvitað haft nógan tíma til að ráðgast við þingið um þetta mál. Þessi vinnubrögð ríkisstj. gagnvart hv. Alþingi ber auðvitað að harma og gagnrýna. Og það geri ég hér. Þess vegna taldi ég óhjákvæmilegt að kveðja mér hljóðs.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vísa orðum síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Reykv., heim til föðurhúsanna. Ríkisstj. hefur að engu leyti varðandi afstöðu til afvopnunarmála á þingi Sameinuðu þjóðanna breytt afstöðu Íslands frá því sem var á þeim tíma þegar þessi hv. þm. var ráðh. í ríkisstj. landsins. Og það var á valdi hans og annarra þm. að vekja máls á afvopnunar- og friðarmálum eða afstöðu Íslands til þeirra á erlendum vettvangi í tíma ef hugur fylgdi máli.

Ég vek athygli á því að till. sem þm. Sjálfstfl. fluttu um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar þegar í upphafi þings er nú nýverið búið að vísa til utanrmn. Þingstörf hafa ekki gengið fljótar fyrir sig. Ég vek athygli á að þessi till. er á þskj. nr. 6 og er 6. mál þingsins. Það er síðan ekki fyrr en á þskj. 74 sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson o. fl. flytja till. til þál. um nauðsyn afvopnunar og tafarlausa stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna og það er 69. mál þingsins. Og það er ekki fyrr en á þskj. 141 sem flutt er till. til þál. um stöðvun uppsetningar kjarnaflugvopna og framhald samningaviðræðna í Genf sem er 114. mál þingsins. Það er síðan ekki fyrr en á þskj. 179 sem till. er flutt til þál. um frystingu kjarnorkuvopna sem er 139. mál þingsins. Ég vek athygli á þessu, ekki vegna þess að ég vilji gagnrýna hv. þm. að þessu leyti heldur til að leiða í ljós að ekki er af hálfu ríkisstj. verið að tefja afgreiðslu mála að þessu leyti á þessu þingi.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni þegar í 1. umr. um till. til þál. um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson o. fl. fluttu, að ég gerði mér vonir um að utanrmn. gæti hagað svo störfum sínum að fjallað væri um allar þessar till. í þeim anda að hv. þm. reyndu að sameina og samræma sjónarmið sín í þessum mikilvægu málum. Ég hygg að það sé meira verk en svo að unnt sé að ljúka því fyrir þinghlé ásamt öðrum önnum á þingi. Hér er um svo viðamikil mál að ræða og margbrotin að ekki er sæmandi þm. eða þingheimi annað en að gefa sér góðan tíma til að fjalla um þau. Það skiptir miklu að við náum saman, en ef svo fer mót von minni að það tekst ekki, þá er nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir hvar skoðanamunurinn liggur og hvernig á honum stendur. Það er meira virði að það takist að sinna þessum málum með þeim hætti sem virðingu Alþingis er samboðin heldur en að flýta afgreiðslu þeirra þannig að um flausturverk verði að ræða.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð: Það er auðvitað rétt sem komið hefur fram hér, að mjög æskilegt hefði verið að þessi mál hefðu verið lengra komin í umr. og Alþingi hefði mótað afstöðu í þeim fyrr. En ég tel það engu síður aðalatriði þessa máls að gengið verði nú til verka.

Eins og kom fram í máli hæstv. utanrrh. hefur það verið ætlun utanrmn., m. a. fyrir tilmæli hæstv. forsrh., að samræma sjónarmið, að leita eftir samstöðu eins langt og hún getur gengið. Og ég verð að segja það, þó ekki sé til siðs að fjalla um efnisleg atriði á fundum utanrmn., að á þeim fundi sem haldinn var í morgun — og með því tel ég mig ekki brjóta neinn trúnað — fannst mér koma fram mjög góður vilji af allra nm. hálfu til að leita eftir slíkri samstöðu og ég tel að slík vinna sé þegar komin áleiðis. Ég mætti kannske bæta því við að mér virðist reyndar vera ekki bara vilji heldur líka áhugi meðal nm. og ég vil þá sérstaklega geta um ágæta stjórn varaformannsins á nefndarfundinum. Mér finnst að við verðum líka að líta á þessa jákvæðu hlið málanna eins og þau standa núna og ég vænti þess að þingflokkarnir leggi sitt af mörkum til að reyna að ná hér samstöðu eftir því sem unnt er og góður vilji í þeim efnum greiðir fyrir.

Ég skal svo ekki, herra forseti, fjölyrða frekar um þetta. Aðalatriði málsins er að menn gangi til verka og ég tel að menn hafi þegar leitast við að gera það.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáir dagar síðan þessi mál voru rædd á hv. Alþingi, að mig minnir í umr. utan dagskrár sem ég hóf hér. Í þeim umr. var hæstv. utanrrh. spurður að því ítrekað hvort hann vildi taka tillit til sjónarmiða Alþingis í þessu máli varðandi afstöðu Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna til margnefndrar till. Mexíkó og Svíþjóðar. Hæstv. utanrrh. hagaði orðum sínum þannig að þingheimur skildi hann svo að hann vildi taka tillit til afstöðu Alþingis. Það fóru fram nokkur orðaskipti á milli okkar um þetta mál, mín og hæstv. utanrrh., og ég er sannfærður um að þm. allir skildu þetta svo að hann vildi hlíta þeim rómi sem Alþingi talaði í málinu.

Niðurstaða hans varð síðan sú, eins og kunnugt er, að bíða ekki eftir afstöðu Alþingis, fara ekki fram á fulltingi Alþingis eins og hann gat gert í þessu efni, heldur að ákveða engu að síður að Ísland sæti hjá varðandi þá till. sem hér um ræðir. Ég tel af þessu bersýnilegt að hæstv. utanrrh. hefur óttast að sú rödd sem kæmi frá Alþingi Íslendinga yrði á þann veg að hún fyrirskipaði honum að styðja þá till. um frystingu kjarnorkuvopna sem hér um ræðir. Og það er í rauninni mjög alvarlegur hlutur, þegar utanrrh. er boðið upp á umr. á Alþingi um þessi mál eins og gert var hér á dögunum, að hann skuli ekki taka því með þökkum og hafa frumkvæði að því að koma þeirri umr. af stað í þinginu.

Hæstv. utanrrh. hefur sem sagt kosið að fara einförum með þetta mál fram hjá þessari samkomu, æðstu samkomu þjóðarinnar, sem hér er saman komin. Það ber að harma. Hitt ber og að gagnrýna að ráðh. skuli kjósa að snúa út úr varðandi afstöðu manna í síðustu ríkisstj. í þessu efni. Eins og hæstv. ráðh. veit tekur utanrrh. ákvörðun um afstöðu Íslendinga á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og hann hefur til þess stjórnskipulegt vald. Fráfarandi utanrrh. Ólafur Jóhannesson gerði svo, tók ákvörðun í því efni enda þótt einn stjórnarflokkurinn a. m. k. teldi að sú afstaða sem hann hafði þar uppi gengi of skammt.

Á sama hátt hefur núv. hæstv. utanrrh. notið þess að ríkisstj. er ekki fjölskipað stjórnvald og hann hefur einn ákveðið afstöðu Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna til þeirrar till. sem er þar til afgreiðslu í dag. Hann hefur ekki borið sína afstöðu upp hér á Alþingi og mér er ekki kunnugt um að hann hafi borið hana sérstaklega upp í þingflokkum stjórnarliðsins. T. d. væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hvort hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., getur upplýst okkur um það hvort þingflokkur Framsfl. hafi tekið afstöðu til þessarar till.

Hæstv. utanrrh. kemst auðvitað ekki upp með það að skjóta sér á bak við fyrrv. utanrrh. í þessu efni. Það er ljóst að hann hefur því miður kosið að fara með málið fram hjá þinginu og það ber að gagnrýna eins og hér hefur verið gert. Ég vil hins vegar taka undir það, sem hv. 3. þm. Reykn. gat um, að á fundi í utanrmn. í morgun urðu gagnlegar umr. um þessi mál sem voru því að þakka að formaður n. sem starfaði sem slíkur í morgun, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, stýrði fundinum vel og sömuleiðis því að hv. þm. Stefán Benediktsson lagði fyrir nefndina ákveðnar hugmyndir sem allar voru til þess fallnar að greiða fyrir skilningi á því stóra máli sem hér er á dagskrá. Því ber að fagna og það þakka ég héðan úr þessum stól vegna þess að það er nefnt. En engu að síður hlýt ég að gagnrýna vinnubrögð hæstv. utanrrh. í þessu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. óskaði eftir því úr þessum stól fyrir rúmri viku síðan að samstaða væri innan Alþingis um stefnumótun í þessum málum. Síðan þessi ósk var sett fram hefur hæstv. utanrrh. fyrst fyrir nokkrum dögum síðan og nú þessa klukkustund sem er að líða mótað stefnu Íslands þar sem meira er tekið eftir þeirri afstöðu en nokkurs staðar annars staðar. Hann hefur þess vegna í verki sýnt það síðustu daga að ósk hans um samvinnu við þingið, um samstöðu manna innan þings, er ekkert annað en yfirvarp til þess að fá frelsi til að fara einn með stefnu Íslands á alþjóðavettvangi.

Hæstv. utanrrh. er nýkominn heim frá utanrrh.-fundi NATO þar sem hann tók eindregna afstöðu, ekki með afvopnun, hann tók eindregna afstöðu með auknum kjarnorkuvígbúnaði í Evrópu. Það var hin formlega afstaða sem hann tók fyrir hönd Íslands á þessum fundi. Ég spyr hæstv. forsrh.: Var hæstv. utanrrh. þar að framkvæma stefnu ríkisstj.? Er það stefna ríkisstjórnar Íslands að styðja kröfu Atlantshafsbandalagsins um tafarlausa aukningu vígbúnaðar í Evrópu hér og nú?

Þrjú ríki á þessum utanrrh.-fundi voru ekki reiðubúin til að styðja þá stefnu, Danmörk, Grikkland og Spánn. Þau höfðu öll sérstöðu á þessum fundi, m. a. s. með svo óvanalegum hætti að í tilkynningum fundarins var þess sérstaklega getið. En þar var Ísland í hópi vígbúnaðarríkjanna. Þar var Ísland ekki í hópi Danmerkur, Grikklands og Spánar. Nei, utanrrh. Íslands, Geir Hallgrímsson, greiddi þar atkv. með því að Pershing- og stýrieldflaugarnar væru þegar í stað settar upp í Evrópu. Það er hin formlega afstaða Íslands sem liggur núna fyrir á alþjóðlegum vettvangi, opinber og skýr hvað sem líður öllu sáttahjali hér innan þings. Það er eins gott að hv. alþm. geri sér grein fyrir því að hæstv. utanrrh. er nýkominn heim eftir að hafa mótað þessa stefnu skýrt og greinilega og tekið alveg formlega afstöðu.

Við stöðum hins vegar í þeirri meiningu, sem hlustuðum á ræður hans fyrir röskri viku síðan, að hér ætti að hafa önnur vinnubrögð, hér ætti að reyna að leita samstöðu. En það er ekki gert. Það er eingöngu haft að yfirvarpi til að skapa nægilegan tíma til að ráðh. geti haldið áfram að móta einn þessa stefnu á alþjóðavettvangi, kannske í umboði ríkisstj. — hæstv. forsrh. svarar því hér hvort Framsfl. er líka aðili að þessari stefnumótun á alþjóðlegum vettvangi. Það er sú staðreynd sem Alþingi Íslendinga stendur frammi fyrir hér og nú að stefna Íslands hefur þar með verið mótuð og hún er önnur en stefna Danmerkur, hún er önnur en stefna Grikklands, hún er önnur en stefna Spánar.

Síðan tekur hæstv. utanrrh. ákvörðun um að þessa klukkustundina sé Ísland á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í flokki ríkja sem ekki vilja styðja till. Mexíkó og Svíþjóðar um frystingu. Þó eru a. m. k. tvö ríki Atlantshafsbandalagsins sem munu styðja þessa till. í dag. Danmörk og Grikkland munu í dag styðja þessa till. Þar með liggur ljóst fyrir að Ísland hefur líka á þessum

vettvangi markað sér stefnu, alveg skýra og afdráttarlausa stefnu, þar sem Ísland er vígbúnaðarmegin við Danmörku og Grikkland í þessari umr. og þar sem Ísland er einnig vígbúnaðarmegin við Grikkland, Danmörku og Spán í atkvgr. sem fór fram fyrir nokkrum dögum innan Atlantshafsbandalagsins.

Ég verð að segja í fullri hreinskilni við þá hv. þm. sem sitja í utanrmn. að það er nokkur vandi fyrir þá að eiga nú að koma saman á næstu dögum og vikum og fara að móta einhverja samkomulagsstefnu væntanlega við hæstv. utanrrh. þegar hann hefur hér og nú þegar tekið af skarið á þeim tveimur vettvöngum þar sem fyrst og fremst er horft á afstöðu Íslands og hún hefur þegar verið mörkuð.

Hæstv. utanrrh. hefur þess vegna eðli málsins samkvæmt stillt þinginu upp við vegg þar sem hann segir: Það eru þrír möguleikar til í þessu máli. Einn möguleikinn er sá að þingið samþykki þá vígbúnaðarstefnu sem utanrrh. hefur greitt atkv. innan Atlantshafsbandalagsins og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Annar möguleikinn er sá að meiri hl. Alþingis greiði atkv. gegn þeirri stefnu sem utanrrh. hefur mótað. Þriðji möguleikinn, sem væntanlega er sá sem hæstv. ráðh. er núna að reyna að vinna að og undirbúa jarðveginn fyrir, er að samþykkja svona útþynnta almenna afvopnunaryfirlýsingu sem má túlka bæði á þann veg að hún sé í lagi út frá vígbúnaðarstefnu NATO og líka að hún sé í lagi út frá einhverjum almennum afvopnunarsjónarmiðum, en taki ekki á því að móta neina raunverulega afstöðu til þeirra hörðu deilumála sem uppi eru í þessum málaflokki. Það er væntanlega það sem hæstv. utanrrh. er nú að vinna að. Og þá standi málið þannig, þegar upp verður staðið frá þessari lotu hér eftir nokkrar vikur eða mánuði að Alþingi hefur samþykkt einhverja almenna yfirlýsingu í afvopnunarmálum, en Ísland hefur hins vegar á alþjóðavettvangi tekið skýra afstöðu með vígbúnaðarsinnunum innan Atlantshafsbandalagsins og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hæstv. utanrrh. fái að vera í friði með þá stefnumótun.

Ég verð líka að segja eins og er, herra forseti, að það undrar mig hvað langan tíma hefur tekið að kalla saman þennan fund í utanrmn. Því var þó lýst yfir af formanni þingflokks Sjálfstfl. í viðtali við sjónvarpið í fyrradag að það væri liður í samkomulagsvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu á Alþingi að þennan fund ætti að halda í gærmorgun. Það var ekki gert. Hann var afboðaður þá. Séð var til þess að fundurinn var ekki kallaður saman fyrr en sama daginn og atkvgr. átti að fara fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Og þótt ég beri mikla virðingu fyrir hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni sem hefur gegnt formennsku í nefndinni lítur málið þannig út að svo lítil áhersla hefur verið lögð á að reyna að ná samkomulagi í þessu máli að enginn tími finnist, ekki hálftími, ekki klukkutími daga þessarar viku til að kalla saman fund í nefndinni þó að það liggi ljóst fyrir að vilji þriggja eða fjögurra flokka á Alþingi er fyrir því að sá fundur sé haldinn. Af hverju er það ekki gert? Er það kannske vegna þess að draga á málið fram á síðasta dag, nánast síðustu klukkustundirnar, svo að lítið svigrúm gefist til að ræða það og þannig koma í veg fyrir að utanrrh. þurfi að horfa framan í skýran vilja Alþingis í þessu máli?

Eins og ég sé þetta mál er stjórnarliðið að leika sér að þinginu. Þó er ljóst að þetta mál var mikilvægur þáttur í því almenna samkomulagi sem stjórn og stjórnarandstaða ætluðu að gera um þinghaldið. Ef fulltrúar þing flokka ríkisstjórnarliðsins og ráðherrar og formenn í nefndum af hálfu ríkisstjórnarliðsins ætla að halda þannig á þeim málum sem eru nauðsynleg til að greiða fyrir sameiginlegum vilja í þinginu til að afgreiða mál geta þeir væntanlega ekki vænst þess að koma aftur næstu daga og biðja um gott veður varðandi þau mál sem ríkisstj. vill fá hér afgreidd. Því að það vita þingvanir menn í þessum efnum að ef stjórnarandstaðan hefur vilja til hefur hún þinghaldið algerlega í hendi sér þessa dagana. Ef menn slá á þá hönd með þeim hætti sem hér hefur greinilega verið gert lýsir það ekki góðum vilja til samkomulags við stjórnarandstöðuna um afgreiðslu á öðrum málum.

Hins vegar er aukaatriði í sjálfu sér varðandi stærð afvopnunarmálsins þótt afleiðing þessarar málsmeðferðar verði sú að erfiðlegar muni ganga að ná hér samkomulagi um afgreiðslu annarra mála þegar í fyrsta skipti sem á reynir að ríkisstj. sýni einhvern vilja til að halda fund í nefndum þingsins og afgreiða málin þá birtist hann með þeim hætti sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

En hitt er svo miklu stærra að hæstv. utanrrh., sem kom hér fyrir röskri viku og bað um gott samstarf við þingið til að móta sameiginlega stefnu Íslands í afvopnunarmálum, hefur nú þegar upp á sitt eindæmi mótað þessa stefnu þar sem eftir henni er tekið þannig að allt sem þingið getur gert á eftir verður miklu erfiðara, flóknara, nánast vonlaust verk nema þingið vilji skrifa upp á vígbúnaðarstefnu hæstv. utanrrh. Þá verður þetta náttúrlega mjög létt verk.

Vegna þess er ráðh. þegar með vinnubrögðum sínum og frestunarhjali búinn að stilla málinu upp þannig að stefna Íslands hefur verið mörkuð, hún hefur birst í þeim tveimur bandalögum sem Ísland á aðild að, Atlantshafsbandalaginu og Sameinuðu þjóðunum. Þingheimi er þannig stillt upp frammi fyrir því vali að annaðhvort — eins og ég gat um áðan — samþykkja aðra stefnu en utanrrh. hefur markað eða samþykkja þá vígbúnaðarstefnu sem hann hefur markað eða — sem mér þykir þó líklegra að muni vera ætlun ráðh. — enda hér í einhverri almennri snakktillögu um afvopnunarmál sem segir hvorki eitt eða neitt annað en að auðvitað viljum við öll afvopnun. Það er náttúrlega bara grín. Það er bara afsökun fyrir þá sem vilja endilega að þingið fjalli eitthvað um afvopnun til að geta sagt utan þingsins: Ja, við gerðum þó þetta í afvopnunarmálum — en taka ekki á því sem máli skiptir til að skera úr um hvorum megin í sveit menn skipa sér, í vígbúnaðarsveitina annars vegar eða friðarsveitina hins vegar.

Núna liggur ljóst fyrir að Ísland er innan Atlantshafsbandalagsins meira vígbúnaðarland en Danmörk. Núna liggur líka ljóst fyrir, eftir heimkomu utanrrh., að Ísland er innan Atlantshafsbandalagsins meira kjarnorkuvígbúnaðarland en Grikkland. Og það liggur líka ljóst fyrir að Ísland er meira kjarnorkuvígbúnaðarland innan Atlantshafsbandalagsins en Spánn. Þeim vilja sínum hefur hæstv. utanrrh. komið fram. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þessar mínúturnar mun koma í ljós að Ísland er líka meira vígbúnaðarland þar en Danmörk og Grikkland.

Það er það sem máli skiptir í þessu, að þar sem við erum kallaðir í samfélagi þjóðanna til að segja hver er

okkar vilji hefur hæstv. utanrrh. nú í samvinnu við öfl innan þings komið því þannig fyrir að hann hefur náð fram að merkja Ísland vígbúnaðarmegin í þessari umr. Ég tel að það hafi alltaf verið hans vilji. Óskin um sameiginlega stefnumótun hér innan þingsins hafi í raun verið skálkaskjól til að gefa honum tíma til að fá sjálfur að móta þessa stefnu. Það sem þarf hins vegar að koma hér fram skýrt og skorinort frá hæstv. forsrh. er hvort sú stefna sem utanrrh. markaði innan Atlantshafsbandalagsins fyrir nokkrum dögum og er að marka í dag á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sé stefna ríkisstjórnar Íslands. Það munu allar þjóðir álykta sem svo og nauðsynlegt er að hæstv. forsrh. láti það einnig koma skýrt hér fram gagnvart þinginu.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mér þykir raunar leitt að þurfa að vekja athygli á því hvað hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var í rauninni að segja. Hann sagði að Íslendingar væru kjarnorkuvígbúnaðarland, meira kjarnorkuvígbúnaðarland en önnur lönd. Hann sagði að menn væru annars vegar friðarmegin og hins vegar vopnanna megin eða eitthvað á þá leiðina og þegar við sem viljum reyna að ná sameiningu um ályktun um stefnu Íslands í þessum málum ræddum um það á þann veg væri það bara grín, við meintum nákvæmlega ekkert með því vegna þess að við værum vígbúnaðarland, kjarnorkuvígbúnaðarland, við værum vopnanna megin en ekki friðarins megin. Öll þessi orð sagði þessi hv. þm. og ég endurtek að mér þykir leitt að þurfa að vekja á þessu athygli.

Árásirnar á utanrrh. eru líka svo ódrengilegar að ég átti ekki von á þeim, hvorki frá hv. þm. Ólafi Ragnari né hv. þm. Svavari Gestssyni. Og aðdragandi þessa máls, sem hæstv. utanrrh. er nú sérstaklega svívirtur fyrir, er sá að málið hafi ekki fengið eðlilega afgreiðslu í Alþingi. Hæstv. utanrrh. stjórnar ekki Alþingi. Það er þá verið að beina þessum skeytum að hæstv. forseta okkar. Ég hef ekki heyrt áður að hann stundaði ódrengilega fundarstjórn heldur þvert á móti.

Tillögurnar sem nú liggja fyrir utanrmn. eru að vísu gamlar sumar. Ein, till. sjálfstæðismanna, er mjög gömul, 6. mál þingsins. Hinar eru miklu yngri eins og fram kom áðan. Till. frá sjálfstæðismönnum kom til utanrmn. 6. des. Hinar tvær tillögurnar komu, ég veit ekki nákvæmlega hvaða dag en í síðustu viku. S. l. mánudag var fundur í hv. utanrmn. um morguninn. Á þeim fundi var hæstv. utanrrh. þótt hann kæmi heim um miðja nótt og hefði lítinn svefntíma. Að vísu var sá fundur haldinn til að ræða utanríkismál almennt og þ. á m. kannske ekki síður stórt mál fyrir okkur Íslendinga og náttúrlega fyrir okkur sérstaklega, eitt af okkar allra stærstu málum sem er heimilt að upplýsa um, en það er ný skýrsla frá okkar aðalsérfræðingi í hafréttarmálum, Hans G. Andersen, og þó einkum þeim erlenda sérfræðingi sem fyrir okkur hefur unnið þar sem tekið er undir meira og minna öll meginsjónarmið okkar í hafréttarmálunum varðandi Reykjaneshrygg, Rockallsvæðið o. s. frv. Þetta var stórmál sem við ræddum á báðum þessum fundum því að annar fundur var í nefndinni í morgun eins og fram hefur komið. Þetta mál var að vísu talsvert mikið rætt á mánudagsfundinum og mikill tími fór í það og menn voru þar tímabundnir. Hin málin voru þó rædd, að vísu lítillega. Þar kom fram ósk frá hv. þm. Svavari Gestssyni um að fundur yrði haldinn næsta dag, á þriðjudegi. Við komumst að þeirri niðurstöðu að erfitt væri að koma því fyrir vegna þess að menn væru búnir að ráðstafa sér meira og minna allan þann dag. Ég sagði þar að ég sæi nú varla hvernig ég gæti komið því fyrir og ég held að það hafi verið fullkomið samkomulag um að fundur yrði ekki haldinn á þriðjudegi.

Á þriðjudagseftirmiðdag — og nú er ég að svara hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og árásum hans á mig — gekk ég á milli nefndarmanna og forustumanna allra flokka. Við vorum að reyna að koma saman fundi á miðvikudegi. Það var allsherjarsamkomulag um að fundurinn skyldi haldinn kl. 9 á fimmtudegi. Þ. á m. talaði ég við hv. þm. Svavar Gestsson sem samþykkti það og við ákváðum öll í sameiningu að halda þann fund núna á þessum morgni. Sá fundur fór svo til allur í að ræða þessi mál, að vísu kom ég aðeins inn á það í byrjun eins og ég hafði komið inn á og hæstv. utanrrh. raunar líka á mánudagsfundinum að nú á þessum dögum þyrftu þm. að koma sér saman um einhverja skipan á væntanlegum viðræðum við Breta, Íra og Færeyinga, viðræður sem eru alveg á næstu grösum, á svipaðan hátt og var í Jan Mayen-málinu þannig að allir flokkar ættu með einhverjum hætti aðild að þeim viðræðum. Og þar er ekki verið að upplýstra neinum leyndarmálum þótt sagt sé að allir voru líka sammála um að áður en við skildum mundum við koma einhverju formi á það hvernig við stæðum að þessari næstu og væntanlega síðustu sókn okkar í landhelgismálunum og gera það áður en við skildum nú fyrir jólin að koma okkur saman um hvernig við ættum að haga þeim málum, og hittast svo annaðhvort milli jóla og nýárs eða í byrjun jan. til að undirbúa þau mál. Þetta er nú allur sannleikurinn um gang þessara mála.

Ég tel það ekki þjóna tilgangi að ég fari að taka hér þátt í hnútukasti um þessi mál, hvorugt þessara mála, því að um þau bæði eigum við að leita samstöðu og hafa um samstöðu. Því held ég að við ættum að gera okkur grein fyrir. Ég þarf ekki að verja hæstv. utanrrh., hann getur gert það sjálfur. En það er alveg ljóst að hann á enga sök á einhverjum drætti í þessu máli eins og fram hefur komið í því sem ég þegar hef sagt. En ég endurtek að mergurinn málsins er sá að við reynum að standa saman um þessi mál og við ætlum okkur einmitt nú síðdegis eða á morgun að athuga betur hvort hugsanlega sé allsherjarsamstaða. Og að sjálfsögðu stendur ekki á mér að boða fund í utanrmn. hvenær sem er ef menn hafa til þess tíma, hvort sem það er á helgum degi eða rúmhelgum eða næturlagi. Jafnvel þótt ekki væri samstaða. Ef einhver krefst slíks fundar verður hann haldinn.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í þeim orðum sem ég hef talað hér við þessa umr. hef ég takmarkað mig við að ræða formhlið málsins vegna þeirra orða hæstv. forseta að leitast væri við að koma till. þeirri sem hér er til fyrri umr. til nefndar umræðulaust eða umræðulítið. Nú hafa formælendur Alþb., hv. þm. Svavar Gestsson og einkum Ólafur Ragnar Grímsson, brotið í móti þeirri ósk eða þeirri ábendingu sem kom fram úr forsetastóli að þessu leyti og þar með gert sitt til að spilla fyrir að unnt væri að koma þessari till. til nefndar svo að unnt væri í n. að fjalla sameiginlega um þær fjórar afvopnunartillögur sem á þingi hafa verið

fluttar að þessu sinni. Það eitt út af fyrir sig sýnir áhuga þessara hv. þm. á því að leitast við að ná samstöðu þm. um afvopnunarmál og samræma afstöðu þeirra.

Ég held að það verði ekki dregin önnur ályktun af þessum málflutningi Alþb.-manna en að þeir vilji ekki missa glæpinn sinn. Þeim er meira umhugað um að efna til úlfúðar og deilna um þessi viðkvæmu og mikilvægu mál fyrir Íslendinga og allar þjóðir heimsins en að leggja sig jákvætt fram til þess að samstaða náist. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfur. En það er alveg óhjákvæmilegt með tilvísun til þessa málflutnings og þeirra árása sem þessir málsvarar Alþb. hafa talið sér sæma að hafa í frammi að svara nokkrum þáttum þess málflutnings efnislega eins og þeir höguðu sínum málflutningi.

Ég vil þá fyrst víkja að afstöðu þeirri er Íslendingar hafa haft á vettvangi Atlantshafsbandalagsins að því er snertir hina tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsins í des. 1979 og meðferð Atlantshafsbandalagsins á framkvæmd þeirrar till. síðan. Ég vek athygli á að hin tvíþætta samþykkt Atlantshafsbandalagsins um að svara þeim aðgerðum Sovétmanna að setja niður SS-20 meðaldrægar eldflaugar í Evrópu með skotmörk í Vestur-Evrópu með því annars vegar að óhjákvæmilegt væri til mótsvörunar að setja niður bandarískar meðaldrægar eldflaugar og hins vegar að fá Sovétmenn að samningaborðinu til þess að leitast við að draga úr kjarnorkuvígbúnaði í Evrópu var gerð með vitund íslensku ríkisstjórnarinnar páv., sem var minnihlutastjórn Alþfl. Vegna nýafstaðinna kosninga hér á landi gat páv. utanrrh. Benedikt Gröndal ekki sótt þennan fund Atlantshafsbandalagsins, en fastafulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu Henrik Sv. Björnsson gerði grein fyrir afstöðu Íslendinga þá. Síðan hafa verið haldnir margir ráðherrafundir Atlantshafsbandalagsins og þá hafa sótt fyrrv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson og ég. Ég hygg að við höfum allir þrír borið ábyrgð á því að Íslendingar eru sem þátttökuríki í Atlantshafsbandalaginu aðili að þessari tvíþættu ákvörðun bandalagsins í des. 1979, en við höfum tekið það skýrt fram eða á vegum okkar þriggja hefur verið tekið skýrt fram, að Íslendingar hefðu sérstöðu sem hafandi ekki sjálfir her og takandi fram þann skýra fyrirvara að við mundum ekki leyfa eldflaugar á okkar landi eða kjarnorkuvopn. Með þessum fyrirvara höfum við verið aðilar að þessari tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsins. Og það er algerlega rangt að henni samfara fylgi aukning kjarnorkuvígbúnaðar í Evrópu. Það er algerlega rangt, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði, að þessari tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsins fylgdi aukinn kjarnorkuvígbúnaður í Evrópu vegna þess að samhliða þeirri ákvörðun ákváðu Atlantshafsbandalagsríkin einhliða að leggja niður þúsund kjarnavopn 1980 og nú nýverið því til viðbótar 1400 kjarnavopn. Þessu samfara er það og ákveðið að fyrir hverja eldflaug sem sett er upp af hálfu Atlantshafsbandalagsins muni verða lagt niður kjarnorkuvopn í staðinn. Heildaráhrif þessa eru að kjarnorkuvígbúnaður Atlantshafsbandalagsins dregst saman um ⅓. En tilgangur bandalagsins með því að setja niður meðaldrægar kjarnaeldflaugar er sá að hafa einhverja svörun við niðursetningu meðaldrægra eldflauga Sovétríkjanna, sem hafa nú verið settar niður 369 talsins með þrem kjarnaoddum hver. Þetta er sannleikur málsins og meðan Sovétríkin settu niður vikulega eina eldflaug eða yfir 50 eldflaugar á ári hreyfðu málsvarar Alþb. ekki legg né lið. Þeir tóku það í raun og veru sem sjálfsagðan hlut. Ég verð að segja það, að við Íslendingar, sem viljum ekki kjarnorkuvopn á okkar landi, hljótum þó að taka tillit til þess ef önnur ríki í Vestur-Evrópu telja öryggi sínu nauðsynlegt að hafa á sínu landi vopn til svörunar eða mótvægis þeim sem Sovétríkin hafa verið svo iðin við að setja niður og það sé að þessu leyti ekki síst á valdi þeirra ríkja hvaða ráðstafanir þau gera til verndar öryggi sínu. Ég vek athygli á því, að Atlantshafsbandalagsríkin hafa boðið það fram hvað eftir annað að allar meðaldrægar eldflaugar í Evrópu væru fjarlægðar, en því tilboði hefur verið hafnað. Þetta er nauðsynlegt að fram komi þegar því er haldið fram að Íslendingar standi að auknum vígbúnaði og séu vígbúnaðarmegin í stað þess að vera í hópi friðelskandi þjóða.

Við vitum það vel, Íslendingar, að við höfum aldrei haft áhuga á því og ég hef ekki heyrt neinn nefna það á nafn að við hvettum til aukins vígbúnaðar. Og þeir sem halda því fram — hvað þá heldur aukins kjarnorkuvígbúnaðar — vinna ekki málstað Íslands gagn. Þeir sem vilja koma þeim stimpli á afstöðu Íslendinga að þeir séu vígbúnaðarmegin en ekki friðarmegin eru ekki friðelskandi sjálfir. Þetta er ekki heiðarlegur málflutningur.

Það er frá því að segja að auðvitað er innan Vestur-Evrópuþjóða mismunandi afstaða til ýmissa mála. Okkur er kunnugt um að Grikkir telja sig bundna miðað við kosningaloforð Papandreos að hafa nokkurn fyrirvara varðandi hernaðarsamvinnu innan Atlantshafsbandalagsins og á þeim grundvelli byggist fyrirvari Grikkja. En það er engin þjóð í Evrópu, sem telst til Atlantshafsbandalagsins, sem ver hlutfallslega jafnhárri upphæð til vígbúnaðar miðað við þjóðarframleiðslu en Grikkir, þannig að ég held að við Íslendingar stöndumst fyllilega samanburð við þá ef mælikvarðinn á friðarást er í öfugu hlutfalli við framlag til vígbúnaðar.

Þá vita menn og að það eru fyrst og fremst innanlandsaðstæður í Danmörku sem valda því að Danir hafa breytt um stefnu frá því sem áður var að því er snertir hina tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsins frá des. 1979. Og ég vek athygli á í því sambandi, að þar er ekki um það að ræða að Danir séu að hverfa frá þeirri ákvörðun, heldur að þeir vilja fresta frekari niðursetningu bandarískra eldflauga um takmarkaðan tíma. Það er allt og sumt enn sem komið er.

Þá er rétt að geta þess að fyrirvari Spánar byggist á því að spænska ríkisstjórnin sem nú situr hafði lofað því fyrir kosningar að fram færi þjóðaratkvgr. um áframhaldandi þátttöku Spánverja í Atlantshafsbandalaginu. Meðan sú þjóðaratkvgr. hefur ekki farið fram og aðild Spánverja er þannig til endurskoðunar þar í landi, þá telja Spánverjar sig ekki þess umkomna að taka afstöðu í slíkum málum. Þeir segja hvorki til né frá að öðru leyti. Þeir sitja með þessum hætti hjá varðandi þessar ákvarðanir. Þess vegna hygg ég að það sé ekki heldur samanburðargrundvöllur á afstöðu þeirra og okkar í Atlantshafsbandalaginu.

Ég get skotið því hér inn í að sósíalistaflokkar, bæði í Portúgal, Spáni, Frakklandi, Ítalíu, sem annaðhvort Alþb. eða aðrir sem hafa sósíalisma á stefnuskrá sinni hér á landi hafa talið til sinna skoðanabræðra, hafa tekið mjög ákveðna afstöðu að nauðsynlegt væri að bandarískar eldflaugar væru settar niður í Vestur-Evrópu þótt breskir verkalýðsflokksmenn og þýskir

sósíaldemókratar hafi breytt afstöðu sinni, eða einkum hinir síðar nefndu, því að meðal breska verkamannaflokksins voru ávallt hópar sem voru mótfallnir því, en aftur á móti varla til í Vestur-Þýskalandi. Ég skal engum getum að því leiða og það á tæpast erindi hér í umr. á þingi hvað valdi þessari breyttu afstöðu verkamannaflokksins í Bretlandi og sósíaldemókrata í Vestur-Þýskalandi, en það gæti þó verið umhugsunarefni.

Ég rek þetta hér til að sýna fram á að við Íslendingar getum vel borið höfuðið hátt varðandi afstöðu okkar innan Atlantshafsbandalagsins og ég undirstrika að framkoma mín og afstaða á þeim tveim ráðherrafundum sem ég hef sótt sem utanrrh. Íslands er í beinu framhaldi af afstöðu forvera minna, Benedikts Gröndals og Ólafs Jóhannessonar, og um það hefur verið samstaða meðal þeirra flokka sem hafa borið ábyrgð á ráðherrastörfum okkar þremenninganna.

Vegna þess að það hefur einnig komið hér til umr. í tengslum við afstöðu Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að ég hafi tafið málsmeðferð hér á Alþingi Íslendinga hlýt ég að ítreka mótmæli mín við slíkri ásökun. Ég hef ekki hreyft litla fingur til að tefja meðferð mála hér á Alþingi að þessu leyti. Ég hlýt og að taka það fram að miðað við þær upplýsingar sem ég hef um afstöðu landa til till. Mexíkó og Svíþjóðar á þingi Sameinuðu þjóðanna, þá er það svo að í afgreiðslu nefndar greiða Íslendingar og Danir alveg nákvæmlega eins atkv. um þessa till. Mexíkó og Svíþjóðar, þ. e. bæði löndin, Danmörk og Ísland, sátu hjá í afgreiðslu nefndarinnar. Ég hef ekki farið leynt með það, hvorki aðspurður hér á fundi Sþ. né heldur í utanrmn., að ég bæri ábyrgð á því að Ísland greiddi atkv. með sama hætti og var fyrir ári og forveri minn þá bar ábyrgð á. Ég hef ekki heldur farið leynt með að ég mundi halda fast við þá afstöðu þegar till. kæmi til atkvgr. á allsherjarþinginu sjálfu og ég teldi ekki tilefni til að breyta afstöðunni innan þriggja vikna eða svo sem líða á milli afgreiðslu í nefnd og afgreiðslu allsherjarþings. Þetta vissu þm. og utanrmn.-menn.

Þannig er það alrangt, hvort tveggja, að ég hafi tafið málsmeðferð hér á þingi eða farið á bak við þm. hvernig atkv. Íslands mundi falla. Efnislega tel ég till. Mexíkó og Svíþjóðar þannig úr garði gerða að við þyrftum að fá á henni breytingar til að greiða atkv. með henni. Og ég tek fram að mér finnst sjálfsagt að utanrmn. fari yfir þær tillögur sem liggja fyrir á þingi Sameinuðu þjóðanna og fluttar hafa verið lið fyrir lið. Þær eru þrjár talsins, frá Mexíkó og Svíþjóð, frá Sovétríkjunum og frá Indlandi. Í það minnsta eru það þessar þrjár sem ég hef undir höndum. Og á grundvelli þeirra og umr. sem af þeim munu spinnast í utanrmn., sem og á grundvelli þeirra tillagna sem fluttar hafa verið hér á Alþingi Íslendinga og með tilvísun til forsögu málsins og núverandi aðstæðna í heiminum, þá hljótum við að freista þess í lengstu lög í utanrmn. og hér á þingi að ná saman og marka stefnu Íslands með þeim hætti að Íslandi sé sómi að, með þeim hætti að nokkurt gagn geti orðið að framlagi Íslands á alþjóðavettvangi. Það er að vísu takmarkað hvað Íslendingar geta áorkað á alþjóðavettvangi, en við eigum ekki að vera afskiptalaus í þeim efnum. Öryggishagsmunir okkar og verndun sjálfstæðis krefst þess að við séum vakandi í alþjóðamálum og einmitt þess vegna höfum við gerst aðilar að Atlantshafsbandalaginu og tekið afstöðu gegn kúgunaröflum hvar sem þau birtast og í hvaða mynd sem þau koma fram.

Ég hef talið nauðsynlegt, herra forseti, að gera grein fyrir þessum málum eins og þau standa nú. Ég vil aðeins að lokum segja það sem ég sagði þegar fyrir mörgum dögum, strax og þessar umr. hófust, að ég teldi þetta mál svo margbrotið að við gætum sjálfsagt ekki komist að niðurstöðu, ef fyrir okkur vekti að ná saman og samræma sjónarmið okkar, á þeim skamma tíma sem er til þinghlés nú um jólin. Ég tel það ekki raunsætt mat að ætlast til þess. En hins vegar er málið þannig vaxið, að við eigum að gefa okkur góðan tíma til þess að leitast við að ná þeirri samstöðu. Ef hún — mót von vinni — næst ekki er það líka réttmæt krafa til Alþingis af hálfu þjóðarinnar að skoðanamunur sé svo skýr að þjóðin geti gert sér grein fyrir í hverju skoðanamunurinn sé fólginn og á grundvelli þess gert upp við sig hvaða sjónarmiðum hún vill leggja lið.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Til mín var varpað þeirri spurningu, hvort afstaða hæstv. utanrrh. á nýlegum fundum utanrrh. Atlantshafsbandalagsins og afstaða Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum væri afstaða og stefna ríkisstj. Í því sambandi vil ég upplýsa, að þegar þessi ríkisstj. var mynduð var um það samið að utanríkisstefnan yrði sú sama og var í síðustu ríkisstj. og reyndar undanförnum ríkisstjórnum. Ég vil einnig minna á það, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að hæstv. utanrrh. fer með forræði þessara mála og er það óbreytt frá því sem var í síðustu ríkisstj. Hæstv. utanrrh. hefur mótað stefnu Íslands á alþjóðavettvangi eins og gert var í síðustu ríkisstjórnum og því hafa þessi mál ekki komið inn á borð ríkisstj.

Ég skal ekki lengja þessar umr. því ég tel að þessi till. þurfi að komast sem fyrst til nefndar, en vil þó bæta við örfáum orðum.

Ég lagði til úr þessum ræðustól fyrir nokkrum dögum að þingheimur reyndi að sameinast um þær þrjár tillögur eða sameina þær þrjár tillögur sem þá lágu fyrir í einni afstöðu Alþingis til þessara mjög svo alvarlegu og uggvekjandi mála. Þegar ég lagði það til var mér að sjálfsögðu ljóst að sú afstaða gat ekki haft áhrif á störf hæstv. utanrrh. á fundi utanrrh. Atlantshafsbandalagsins. Hann hafði þegar farið úr landi til þess fundar. Ég ræddi jafnframt um það við hæstv. forseta fyrir tveimur dögum, hygg ég að það hafi verið, að æskilegt væri að þessi till. kæmi einnig til utanrmn. og það sem fyrst. Mér var að sjálfsögðu ljóst að atkvgr. á allsherjarþinginu gæti orðið í gær eða dag og vafasamt að þetta hefði áhrif þar á, enda vek ég athygli á að í þessari till. er ekki lagt til að við greiðum till. Mexíkó og Svíþjóðar atkv., heldur er verið að marka hér almenna stefnu.

Í örfáum orðum vil ég segja um þessi mál að ég fagna þeirri umr. sem verður hér á landi um þessi mál því að við þurfum að móta skýra afstöðu í þessum alvarlegu málum. Ég hef ekki treyst mér til að taka afstöðu til þess hvort setja á upp kjarnorkuvopn í Vestur-Evrópu, eftir að Sovétríkin hafa á undanförnum mánuðum sett upp 360 eða rúmlega það eldflaugar sín megin á sama tíma og farið hafa fram ítarlegar umræður um afvopnun. Ég lít svo á að þetta verði hvert einstakt ríki að ákveða fyrir sig. Hér á landi er samstaða um að hér verða ekki staðsett kjarnorkuvopn og ekki eldflaugar, eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh., og því fögnum

við að sjálfsögðu öll. Ég lít svo á að Bretar, Vestur-Þjóðverjar og Hollendingar verði að ákveða slíkt fyrir sig. Ég hef því hallast meira að afgreiðslu í þeim anda sem lagt er til í till. sem hér er til umr., ef við gætum þannig stuðlað að því að framleiðslu kjarnorkuvopna verði hætt. Ég held að það væri eitt það mikilvægasta sem gera mætti og þess vegna fagna ég þeirri till. sem hér er komin fram. Ég lít svo á að verið sé að marka stefnu okkar Íslendinga í því máli til lengri tíma og sé ekki bundið við þá till. sem nú er til meðferðar hjá Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ég vil svo enn lýsa þeirri von minni að utanrmn. takist að sameinast um eina till. í þessu máli.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Í tilefni af því að forsrh. tók til máls fannst mér ástæða til að taka smávegis fyrir þingsköp.

Þingflokkar eru núna önnum kafnir að greiða götu þeirra mála sem æskilegt er talið að afgreiða fyrir jól, þar með talinn sá málaflokkur sem hér hefur verið nú til efnislegrar umr., sem reyndar var ekki beint miðað að. Þetta á við með einni undantekningu þó, herra forseti.

Einn þingflokkur hefur séð sér það sæmandi að eyða miklum tíma í umr. um mál sem jaðrar að mínu viti við ólöglegt athæfi. Þeir hafa meira að segja talið sér það sæmandi að kjósa hæstv. forsrh. til þess hlutverks að hafa áhrif á ráðningu í embætti bankastjóra. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að halda sér við þingsköp. Það er ekki leyfilegt að ræða hér annað en þingsköp.) Ég vil beina því til yðar, herra forseti, að þér beinið starfi þessara þm. aftur á réttar brautir.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég harma það engu síður en aðrir, sem á undan mér hafa talað, að Ísland skuli ekki styðja þá tillögu um kjarnorkuvopnafrystingu sem nú er verið að greiða atkv. um í dag á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir það tel ég ekki að stefna Íslands hafi verið mótuð í þeim málum í eitt skipti fyrir öll. Ég tel ekki heldur að síðustu skrefin til sátta hafi enn verið stigin, hvorki á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna né í afvopnunarviðræðunum í Genf. Ég áskil mér því frest og mun bíða með að fella endanlegan dóm um raunverulegan friðar- og sáttavilja allra aðila í þessu máli þar til fullreynt er. Ég vil enn fremur lýsa þeirri skoðun minni, að ég held að það sé ekki vænleg leið til sátta að hamra stöðugt á svörtum og hvítum nótum. Í daglegu lífi eru það vanalega gráu tónarnir sem duga og ég held að það sé líka í þessu máli.

Ég ítreka þá ósk mína að þessi þáltill. komist sem fyrst til nefndar og vil því ljúka máli mínu með því að leggja áherslu á að ég hef ríka ástæðu og sterka von vegna þeirra ummæla sem höfð voru á fundi utanrmn. í morgun um að þm. geti náð saman um afstöðu til afvopnunarmála áður en þinghlé hefst fyrir jól. Ég vil undirstrika þá sterku von sem ég hef. Ég hvet þm. til að færa þjóðinni slíka samstöðu í jólagjöf.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil ítreka það, sem ég sagði í upphafi umr., að málið var tekið á dagskrá í trausti þess að það mætti koma því til nefndar með því að það yrðu stuttar umr. Nú hefur það ekki orðið. Það eru tveir á mælendaskrá. Það fer eftir því hvað þeir mæla lengi hvort málið kemst til nefndar.

Ég vil láta þetta koma hér fram og tek fram, eins og ég tók fram í upphafi, að ekki er verið að takmarka umr. Það er í valdi þm. sjálfra hvað þeir tala lengi.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ræða mín skal verða stutt.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði orð sem ég sagði í sjónvarpsviðtali í fyrrakvöld hér að umtalsefni, þar sem ég lýsti því yfir að fundur yrði í utanrmn. morguninn eftir, þ. e. í gærmorgun, og hv. þm. notaði þessi orð mín sem árásarefni á hæstv. utanrrh. og utanrmn., sagði að enn væri verið að tefja afgreiðslu þessa máls. Ég skal viðurkenna að ég sagði meira en ég mátti í þessu viðtali. Viðtalið var tekið þegar eftir að ég kom af fundi með forsetum og formönnum þingflokka, þar sem ákveðið var að menn beittu sér fyrir fundi í utanrmn. Það reyndist hins vegar ekki hægt, eins og hv. formaður n. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur lýst, og það var fullkomið samkomulag um að fundurinn skyldi verða kl. 9 að morgni fimmtudags. Þetta hefur verið útskýrt.

En það er tvennt sem vekur mér furðu við þessa umr. hér í dag. Annað er það, að menn skuli ekki geta haldið sig við það samkomulag sem gert var á fundi forseta og formanna þingflokka í fyrradag um að þessi till., sem hér er til umr., gæti gengið til nefndar umræðulaust. Og hitt er það, hversu mikill munur er á umræðunni hér í dag á hv. Alþingi og á umr. sem varð í morgun á fundi hv. utanrmn.

Þáttur Alþb. í umr. í dag er með alveg sérstökum hætti. Mér sýnist hv. þm. Alþb. leggja sig fram um að eyðileggja þann möguleika á samstöðu um eina ályktun á Alþingi í þessum mikilvæga málaflokki sem mátti ætla eftir umr. í utanrmn. í morgun að gæti náðst. Mér þykir þessi málflutningur Alþb.-manna vera sönnun þess, að í raun og veru kæri þeir sig ekkert um samkomulag og mér sýnist líka að þeir hv. þm. hafi lítinn áhuga á að leggja því lið að þessi till. komist til hv. utanrmn. Ég lýsi furðu minni á þessum vinnubrögðum og vonbrigðum með þann farveg sem umr. hefur farið í og ég lýsi jafnframt ábyrgð á hendur Alþb.-mönnum í þessu máli öllu. (**SvG:** Þú ert að greiða fyrir þingstörfum greinilega.) Sjálfstæðismenn munu þrátt fyrir þetta leggja sitt af mörkum til að ná sem víðtækastri samstöðu um ályktun hér á hv. Alþingi um þetta mikilvæga mál. En það hefur sjálfsagt verið óraunhæf bjartsýni að halda að Alþb. mundi nokkru sinni vilja taka þátt í slíkri tilraun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú hefur fjölgað nokkuð á mælendaskrá og ég sé ekki að þessum umr. verði lokið á þeim tíma sem við höfum og því er umr. frestað.

Hv. 7. þm. Reykv. tekur til máls um þingsköp.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. forseti setti fram þá ósk að reynt yrði að hafa þessar umr. stuttar. Þm. hafa yfirleitt orðið við því. Þó hefur hæstv. utanrrh. talað hér tæplega fjórum sinnum lengra mál en nokkur þm. (**Utanrrh.:** Ekki nema að gefnu tilefni frá hv. ræðumanni.) Það er út af fyrir sig rétt að ég fór nokkrum orðum um þær staðreyndir hvernig Ísland hefði greitt atkv. og beindi síðan fsp. til hæstv. forsrh. Ég beindi engri fsp. til hæstv. utanrrh. Það var hans eigið frumkvæði að koma hér í ræðustól og fara að þylja

þá vígbúnaðarþulu sem hann þuldi hér, sem var náttúrlega samfelldur rökstuðningur fyrir því hvers vegna hæstv. utanrrh. telur bráðnauðsynlegt að setja upp stýriflaugar og Pershing-II eldflaugar í Evrópu.

Síðan kemur hér hv. þm. Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl. (**Forseti:** Það er aðeins leyfilegt að ræða um þingsköp.) Nú, ég er að koma að því, herra forseti. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að koma umsvifalaust að því.) Herra forseti. Hv. þm. gefa sér þann tíma sem þeir telja sig þurfa til að rökstyðja kröfur sínar um þingsköp, einkum og sér í lagi þegar hæstv. forseti kaus, eftir hörðustu ásakanir sem hafa verið fluttar af formanni þingflokks í garð annars þingflokks hér í þinginu, að fresta umr. án þess að sá þingflokkur hefði möguleika til að bera hönd fyrir höfuð sér eða verja sig gagnvart þeim ásökunum sem formaður þingflokks Sjálfstfl. flutti. Hæstv. forseti ætlaði að ljúka umr. og ég hafði ekki kvatt mér hljóðs þrátt fyrir mjög ítarleg tilefni af hálfu utanrrh. og forsrh. og hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. (**EKJ:** Sjáðu sóma þinn í að leyfa málinu að komast til nefndar.) Það fer allt eftir því hvernig þessir svokölluðu sjálfskipuðu fulltrúar lýðræðis og almennra mannasiða hérna í þinginu haga sér í ræðustól. Þegar formaður þingflokks Sjálfstfl. gerir sér sérstakt erindi upp í ræðustólinn... (**Forseti:** Nú er ætlast til þess að það ljúki senn umr. um þingsköp.) Herra forseti. Ef hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefði ekki verið með þetta frammíkall hefði ég þegar verið kominn að því sem ég ætlaði að segja. Það er æskilegt að forseti beini þeim tilmælum til þm. að ég fái að hafa orðið hérna í friði.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson kemur upp í ræðustólinn og hefur uppi alvarlegustu ásakanir gagnvart þingflokki sem ég hef heyrt formann þingflokks flytja í langan tíma. Það er alveg ljóst, herra forseti, að eftir þá ræðu geta hvorki forsetar þingsins né forsvarsmenn ríkisstj. vænst eðlilegs samstarfs hér í þinginu. Hér hafa menn ekki kvatt sér hljóðs, t. d. ýmsir þm. Alþb., til að hjálpa forseta við að koma þessu máli til nefndar. Síðan misnotaði hv. þm. Ólafur G. Einarsson málfrelsið hér úr ræðustól til að ausa svívirðingum yfir þingflokk Alþb. Þess vegna, herra forseti, mælist ég til þess með þessum rökstuðningi að herra forseti reyni að stuðla að því að þetta mál komist til nefndar. Við fáum annaðhvort síðar í dag og helst síðar í dag eða þá mjög fljótlega innan þessarar klukkustundar, tækifæri til að ræða þá hluti sem hér hafa komið fram hjá hæstv. utanrrh. og hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, formanni þingflokks Sjálfstfl. Það er óhjákvæmilegt, ef það á að vera hægt að verða við óskum forseta um að koma þessu máli til nefndar, að þannig verði haldið á málum að síðar í dag gefist á fundi tækifæri til að ræða þessi mál.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti hvetja þá þm. sem nú eru á mælendaskrá um þá till. sem rædd var síðast til að draga sig út af mælendaskránni, þannig að till. fari örugglega til nefndar. Þetta vil ég segja í fyrsta lagi. Í öðru lagi vil ég lýsa því hér yfir að þau svikabrigsl á hendur þingflokks Alþb., sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson var svo smekklegur að hafa uppi áðan, verða því miður ekki til að greiða fyrir samkomulagi um þingsköp það sem eftir er. Ég harma að hann skuli hafa fallið ofan í þessa gryfju, jafnvænn maður og mér hefur virst hann vera að öðru leyti í okkar samstarfi. Ég vona að það takist að draga hann upp úr þessari for aftur, þannig að takist eðlilegt samstarf um þingstörf. Auðvitað er útilokað að flokkur sitji þegjandi undir svikabrigslum eins og hann hafði hér uppi áðan. Þar er verið að bregða mönnum um vinnubrögð sem eru ósæmileg með öllu. En ég endurtek áskoranir mínar til hv. þm. ef verða mætti, herra forseti, til þess að till. komist í nefnd strax.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur komið fram ósk frá hv. 3. þm. Reykv. um að þeir sem eru á mælendaskrá falli frá orðinu. Ég vil spyrja hvort menn eru samþykkir því. Hv. 4. landsk. þm. er samþykkur því. Hv. 5. þm. Austurl. Má ég spyrja ....? (**HG:** Já, það má ræða um þessi mál seinna.) Og 7. þm. Reykv.? (**ÓRG:** Ég beindi fsp. til forseta og bíð eftir svari.) Varðaði það þingsköp? (**ÓRG:** Já, fsp. sem var beint til forseta. Ég skal endurtaka hana.) Já. (**ÓRG:** Það var um það hvort forseti vildi greiða fyrir því að síðar í dag gæfist tími til þess að ræða ásakanir hv. þingflokks formanns Sjálfstfl.) Það verður ekki annar fundur í Sþ. í dag en þessi. Og ég geri ráð fyrir að menn hafi tækifæri til að ræða saman síðar. (**SvG:** Forseti. Er það rétt skilið hjá mér að það hafi verið boðaður fundur forseta og formanna þingflokkanna kl. 5?) Já. (**SvG:** Þá gefst væntanlega kostur á að ræða þessar ásakanir.) Já. Samkv. því sem hér hefur komið fram eru ekki fleiri á mælendaskrá.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Niðurfelling söluskatts af raforku, þáltill. 132. mál (þskj. 167). — Ein umr.

Flm. (Þórður Skúlason): Herra forseti. Á þskj. 167 hef ég ásamt þrem öðrum þm. Alþb. borið fram till. til þál. um niðurfellingu söluskatts af seldri raforku. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að felldur verði niður söluskattur af seldri raforku."

Rafmagnsmálin hafa tekið töluverðan tíma af þessu þinghaldi og af eðlilegum ástæðum hefur mest umfjöllun orðið um orkuverðið og orkusöluna. Goðsögnin um lágt raforkuverð á Íslandi, sem lengi hefur verið haldið að landsmönnum er nú hætt að vera trúverðug, enda staðreyndirnar allt aðrar. Svo er a. m. k. um þá orku sem ekki er seld til stóriðju en landsmenn sjálfir þurfa að kaupa til atvinnurekstrar og heimilisnota.

Allir virðast sammála um að raforkuverðið sé óeðlilega hátt, en um orsakirnar greinir menn frekar á, enda verða þær ekki raktar hér. Þó verður ekki hjá því komist að minna á það, sem leitt hefur verið í ljós með glöggum dæmum undanfarið, að mismunur á raforkuverði til stóriðju og til annarra nota er miklum mun meiri hér á landi en í nálægum löndum. Ein leiðin til lækkunar á raforkuverði til almennings er því sú, að minnka þennan mun með endurskoðun samninga eða einhliða ákvörðun um stórhækkun á raforkuverði til ÍSALs, eins og bent hefur verið á. Því miður hafa

stjórnvöld ekki borið gæfu til að standa saman um slíka aðgerð og því miður benda umr. hér á Alþingi núna á allra síðustu dögum engan veginn til þess að stjórnvöld hyggist nú sækja fram af þeirri einurð og þeirri festu sem nauðsynleg er til að ná fram viðunandi orkuverði til álversins. Því er alls ekki útlit fyrir að í fljótheitum dragi svo saman með orkuverði til stóriðju annars vegar og almennra nota hins vegar sem nauðsyn er á.

Við samanburð á raforkuverði hérlendis og í nálægum löndum kemur í ljós að víðast hvar erlendis er raforka ódýrari en hér á landi, þrátt fyrir að talið sé að skilyrði til raforkuframleiðslu hér séu hagstæð. Þetta kom m. a. fram í sjónvarpsþætti nú í haust en þar var sýnt með skýrum dæmum að víðast í nálægum löndum greiðir allur almenningur lægra verð fyrir raforku en hér á landi, enda þótt því sé haldið fram að þar séu skilyrði til raforkuframleiðslu lakari en hérlendis. Meðalverð á raforku er að vísu lægra hér en t. d. í Bandaríkjunum og Englandi, en ástæður þess eru fyrst og fremst þær, sem kunnugt er, að hér á landi dregur hið smánarlega lága verð á raforkunni til álversins meðalverðið stórlega niður. Í þessum samanburði vekur einnig mikla athygli að opinberar álögur á raforkuverðið eru mun hærri hér á landi en erlendis.

Miklar hækkanir raforkuverðs að undanförnu hafa m. a. leitt til þess, að einstakir notendur, einkum þeir sem nota mikið af orku, telja áhöld um hvort ekki borgi sig betur að framleiða raforku með dísilstöðvum á álagstoppum frekar en kaupa raforku frá samveitum. Gasolíulítrinn kostar nú 9.20 kr. Mér segja glöggir menn að með sæmilegum vélabúnaði sé hægt að framleiða 3 kwst. af rafmagni með 1 lítra af gasolíu eða fyrir 9.20 kr. Hins vegar kosta 3 kwst. á RARIK-taxta nú 12.96 kr. Að vísu vantar þá inn í dæmið afskrift véla, viðhald og þess háttar, en verðsamanburðurinn er innlendu raforkunni allt of óhagstæður til að viðunandi geti talist.

Í þessu sambandi má nefna að veitingahúsaeigendur í Reykjavík eru nú farnir að nota gas til eldunar og nýleg athugun á kostnaði við upphitun skipa í höfnum hefur leitt í ljós að ódýrara er talið að keyra dísilstöðvar um borð í skipunum en tengja þau við raforkukerfi í landi. Ljóst er því að hið háa raforkuverð hérlendis er ekki lengur samkeppnisfært við erlenda orkugjafa, gas og olíu, og farið að leiða til gjaldeyrissóunar sem auðveldlega mætti komast hjá með endurskoðun og lækkun á raforkuverðinu.

Fiskiðnaðurinn, almennur iðnaður og aðrir innlendir atvinnuvegir búa nú við mun hærra raforkuverð en erlend samkeppnisfyrirtæki. Raforkan er veigamikill hluti aðfanga í atvinnurekstri og því skiptir miklu máli og getur raunar ráðið úrslitum um samkeppnisaðstöðuna að innlendi iðnaðurinn búi við sem líkast raforkuverð og erlendu samkeppnisfyrirtækin.

Raforkukostnaðurinn verður sífellt hærra hlutfall af rekstrarkostnaði sveitarfélaga, hitaveitna og annarra stofnana og fyrirtækja í landinu. Skemmst er að minnast þess, er lokað var fyrir raforkusölu til heimavistarskóla á Norðurlandi nú í haust vegna þess að sveitarfélagið gat ekki greitt raforkureikningana. Litlu lengri tími er hins vegar liðinn síðan lokað var fyrir alla raforkusölu til heils bæjarfélags vegna þess að fyrirtæki í bænum gátu ekki borgað raforkureikningana á tilsettum tíma.

Alvarlegasti hluturinn í sambandi við hið háa raforkuverð er samt sá, hve það er að verða stór hluti af rekstrarútgjöldum heimilanna í landinu. Þar sem raforkan er notuð til upphitunar húsa auk annars er raforkukostnaðurinn að verða gersamlega óbærilegur. Algeng dæmi eru t. d. um að bændur greiði 7—9 þús. kr. á mánuði fyrir raforku, sem þá er einnig notuð til upphitunar. Orkukostnaður meðalheimila í þéttbýli, sem þá nota aðra orkugjafa til upphitunar, hefur hækkað sem svarar a. m. k. 10 þús. kr. á ári sé miðað við hækkanir síðustu 6 mánaða. Hár raforkukostnaður er því augljóslega stór þáttur í þeirri búseturöskun sem nú á sér stað á landsbyggðinni. Það á auðvitað alveg sérstaklega við um þá staði þar sem ekki er um aðra kosti að velja til upphitunar húsa en gasolíu eða raforku, eins og víðast á Vestfjörðum og Austfjörðum og í sveitum landsins. Á þessum svæðum er mikill raforkukostnaður þegar farinn að leiða til fólksflótta.

Orkustofnun hefur birt yfirlit yfir raforkuverð á árinu 1983. Þar kemur fram að taxti RARIK hækkaði frá janúar til ágúst á þessu ári um 92.8%. Þessi gífurlega hækkun á raforkuverði að undanförnu, langt umfram almennar verðlagshækkanir, að ekki sé talað um hækkun kaupgjalds á sama tíma, leiðir til þess að nú þegar verður að grípa til samræmdra aðgerða til að draga úr þeim óhóflega kostnaði sem er að sliga raforkunotendur.

Þegar raforkuverðið á Íslandi er orðið hærra en í flestum nálægum löndum; þegar áhöld eru um hvort erlendir orkugjafar eins og olía eru ekki hagkvæmari í vissum tilvikum; þegar raforkuverðið er víða orðið ofviða heimilisrekstri og atvinnuvegum og farið að leiða til búseturöskunar, þá er að dómi flm. þessarar þáltill. óhæfa að spenna það enn hærra með því að leggja á það söluskatt til ríkissjóðs. Hafa ber jafnframt í huga að söluskatturinn, sem reiknaður er í prósentum, eykur enn á þá mismunun sem er á gjaldskrám orkuveitna.

Því er hér með þessari þáltill. lagt til að söluskattur verði felldur niður af seldri raforku. Það er einföld leið, sem kemur þeim helst til góða sem búa við hæst orkuverð og kaupa mesta orku, en auðvitað njóta allir raforkunotendur þeirrar lækkunar er af niðurfellingu söluskattsins leiðir. Mesta áherslu leggja flm. á að felldur verði niður söluskattur af raforku til heimilisnota svo og raforkusölu til búrekstrar.

Í nútímaþjóðfélagi er raforka til heimilisnota jafnsjálfsögð og nauðsynleg og matvara til framfærslu. Niðurfelling söluskatts af raforku er þess vegna hliðstæð aðgerð og staðið var að fyrir nokkrum árum þegar söluskattur var felldur niður af landbúnaðarvörum og kemur verst settu fjölskyldunum og þeim lægst launuðu í þjóðfélaginu fyrst og fremst til góða. Auk þess er lækkun raforkuverðs til framleiðslufyrirtækja raunhæf aðgerð til að efla innlendan iðnað og innlenda framleiðslu í samkeppni við erlenda. Lækkun raforkuverðs ætti einnig að geta leitt til lækkunar á verði annarrar orku, t. d. er raforkukostnaður vegna dælingar á vatni stór hluti af rekstrarkostnaði hitaveitna sem margar hverjar berjast í bökkum fjárhagslega.

Álagning söluskatts á raforku hefur vafalítið verið nauðsynleg og viðunandi ráðstöfun á sínum tíma þegar raforkuverðið var lægra og söluskatturinn einnig. Þá má benda á að söluskatturinn veldur mismunun milli fyrirtækja og atvinnugreina eftir því hve raforka er mikill hluti framleiðslukostnaðar. Og hann veldur mikilli

mismunun milli innlendra og erlendra samkeppnisfyrirtækja sem ekki þurfa að búa við þvíumlíka skattheimtu á raforku.

Eins og nú er háttað verðlagningu á raforku í landinu og eins og þróun raforkuverðsins hefur orðið, tæplega 93% hækkun á 6 mánuðum á þessu ári, er þessi skattheimta, álagning söluskatts á raforku, bæði óeðlileg og skaðleg. Í því sambandi er full ástæða til að minna á yfirlýsingar núv. stjórnvalda frá því fyrir kosningar um lækkun skatta.

Á þetta er minnst hér vegna þess að ef í alvöru er verið að íhuga lækkun skatta má benda á að sú skattalækkun sem hér er lögð til, niðurfelling söluskatts af raforku, er mjög auðveld í framkvæmd. Slík skattalækkun kemur efnaminna fólki sérstaklega til góða því að raforkunotkun til heimilisnota, eldunar, þvotta o. þ. h., fer ekki eftir efnahag heldur t. d. miklu frekar eftir fjölskyldustærð. Og allar fjölskyldur í landinu þurfa að nota raforku til heimilishalds.

Niðurfelling söluskatts af öðrum töxtum mundi létta verulega skattbyrði framleiðslufyrirtækja og gera þau hæfari í harðari samkeppni við erlenda framleiðendur. Auk þess yrði rekstrarkostnaður ýmissa þjónustufyrirtækja, m. a. opinberra stofnana, skóla, sjúkrahúsa o. þ. h., verulega léttari.

Komist ríkissjóður hins vegar ekki af án þessarar skattheimtu verður að afla honum tekna með öðrum hætti. Því eru flm. þessarar till. reiðubúnir að standa að breytingu á skattheimtu, þannig að ríkissjóður verði ekki fyrir verulegu tekjutapi við niðurfellingu söluskatts af raforku, enda er tilgangurinn með niðurfellingunni fyrst og fremst sá að létta álögum af raforkunotendum. Í því sambandi mætti m. a. athuga hækkun á almennum söluskatti eða öðrum sköttum sem ekki leggjast á brýnustu nauðsynjar.

Flm. er ljóst að þessi aðgerð til lækkunar raforkuverðs er aðeins fyrsta spor í rétta átt og áfram verður að leita allra leiða til að lækka raforkuverðið, ekki síst til heimilisnota.

Ég vil svo að lokum þakka hæstv. forseta þá velvild að gefa mér tíma til að mæla hér fyrir þessu máli í önnum þingsins nú fyrir jólahald. Ég legg til að að umr. lokinni verði þessari till. vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðgerðir gegn innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna, þáltill. 125. mál (þskj. 160). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þm. úr öllum flokkum að flytja till. til þál. sem fram kemur á þskj. 160 um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa mörg orð um þessa till. Í fyrsta lagi vegna þess að þetta mál hefur nú á undanförnum dögum fengið nokkuð ítarlega umfjöllun hér á hv. Alþingi og í þeim umr. hefur greinilega komið fram mikill vilji til að gera átak í þessum málum. Vísa ég þá til tveggja fsp. í s. l. viku um þessi mál, er lutu báðar að fræðslu um skaðsemi ávana- og fíkniefna, svo og fsp. um hugmyndir dómsmrh. um aðgerðir til að efla toll- og löggæslu og allar rannsóknaraðferðir og eftirlit til að fyrirbyggja dreifingu og ólöglegan innflutning fíkniefna til landsins. Því ættu ekki að þurfa að verða nú langar umr. um þetta mál.

Í öðru lagi vil ég ekki tefja tíma Sþ. með langri ræðu um þetta mál þar sem ég legg mikla áherslu á að mál þetta komist sem allra fyrst til nefndar og afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Vil ég því þakka hæstv. forseta það tækifæri, sem ég hef fengið til að mæla fyrir þessari þáltill. þó um sé að ræða 22. mál á dagskrá þessa þings í dag.

Formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Eiður Guðnason, hefur á fundi með forsetum og formönnum þingflokka fyrir hönd þingflokks Alþfl. lagt áherslu á að mál þetta fái fullnaðarafgreiðslu á þingi fyrir jólahlé þm. Ég tel raunhæft að ætla að svo geti orðið, einkum með tilliti til þess að flm. þessarar þáltill. eru 12 þm. úr öllum flokkum þannig að ætla má að víðtæk samstaða sé hér á hv. Alþingi um efni þáltill.

Ég tel, herra forseti, að okkur hv. þm. sé ekki stætt á því að leggja ekki okkar af mörkum til að tafarlaust verði tekið á þessu máli með fyrirbyggjandi aðgerðum til að hefta útbreiðslu og ólöglegan innflutning fíkniefna til landsins og að hver vika skipti máli í því sambandi að tekið sé á þessu máli til að forða einstaklingum og þjóðinni í heild frá því að þessi þjóðfélagsmeinsemd fái búið um sig hér á landi meira en orðið er. Ég tel að af máli hæstv. dómsmrh. í s. l. viku megi ráða að hans hugmyndir í þessu máli falli nokkuð vel að þeim hugmyndum sem lagðar eru til í þessari till. og að það hljóti því að vera mikill stuðningur fyrir öll áform dómsmrh. í þessu máli að fá samþykkta viljayfirlýsingu Alþingis um leiðir til úrbóta.

Á Alþingi og í fjölmiðlum hafa komið fram ógnvekjandi tölur sem gefa sterka vísbendingu um gífurlega neyslu ávana- og fíkniefna, svo og hvað mikið magn sé í umferð af þessum efnum og aðeins brot af því náist og sé gert upptækt af toll- og löggæslu. Ég tel ekki ástæðu til að rifja þær tölur upp nú enda koma þær glögglega fram í grg. þessarar þáltill., svo og fskj. með henni.

Afleiðingar fíkniefnaneyslu ættu líka öllum að vera ljósar, en neysla þessara efna getur eyðilagt líf fjölda ungmenna ef ekki verður brugðist við með skjótum hætti. Fylgifiskur þess eru líka aukin afbrot í margs konar mynd. Reynsla nágrannaþjóða okkar í Vestur-Evrópu talar þar skýrustu máli eins og komið hefur fram í margföldun afbrota og í formi rána og manndrápa og ekki síður þeirra þúsunda sem vistaðir eru á sjúkrahúsum vegna fíkniefnaneyslu.

Auðvitað fylgir því nokkur kostnaður að efla toll- og löggæslu og efla allar rannsóknaraðferðir, þjálfun og að auka við tækjabúnað. En ég spyr: Hvað getur það ekki kostað þjóðfélagið ef ekkert verður gert og afleiðing þess verður stóraukinn kostnaður við alla heilbrigðisþjónustu, að ekki sé talað um það sem ekki er hægt að mæla í peningum og ekkert getur bætt, þ. e. eyðilegging á lífi kannske tuga ef ekki hundraða ungmenna í þessu landi?

Herra forseti. Ég sagði í upphafi míns máls að ég ætlaði að vera stuttorð og við það skal ég standa. Í hnotskurn er innihald þessarar till. að samhæfa alla þá

starfskrafta sem málum þessum eiga að sinna og að endurskipuleggja allar aðgerðir og allar rannsóknaraðferðir í fíkniefnamálum. Ég skal ekki tefja tímann með því að lesa upp tillgr., innihaldi hennar lýsti ég hér í hnotskurn.

Herra forseti. Það er von mín að þessi þáltill. fái skjóta meðferð á hv. Alþingi og verði afgreidd fyrir jólahlé þm. Þessi till. felur ekki í sér mikinn kostnað og er einföld í framkvæmd en gæti haft veruleg áhrif til að fyrirbyggja þann skaðvald sem er dreifing og innflutningur fíkniefna til landsins.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess að till. þessari verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn. og ítreka þakklæti mitt til forseta fyrir að taka þetta mál á dagskrá nú.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lífeyrismál sjómanna, þáltill. 87. mál (þskj. 94). — Fyrri umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Till. um lífeyrismál sjómanna gerir ráð fyrir því að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að athuga lífeyriskjör sjómanna í því skyni að samræma lífeyriskjörin. Í grg. er ítarlega gerð grein fyrir þeim vanda sem hér er um að ræða, þ. e. mismunandi réttur sjómanna til lífeyris eftir því hvar þeir eru í lífeyrissjóði og hvar þeir eru búsettir á landinu.

Ég tel enga ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða frekar um málið á þessu stigi vegna þess að mér er annt um að það komist hið fyrsta til nefndar og nefndin leiti umsagnar viðeigandi aðila. Þess vegna leyfi ég mér með þessari stuttu ræðu að leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn. og síðan til framhaldsumræðu.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Efri deild, 31. fundur.

Fimmtudaginn 15. des., kl. 4 síðdegis.

Gjaldeyris- og viðskiptamál, frv. 133. mál (þskj. 168). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 26. fundur.

Fimmtudaginn 15. des., að loknum fundi í Sþ.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þess sem gerðist hér áðan, að ekki var hægt að setja fund þar sem hér var augljóslega ekki nægileg tala þm. í salnum, hlýt ég að vekja athygli á að þetta hefur raunar verið svona í allan vetur. Þau örfáu mál sem afgreidd hafa verið héðan úr hv. deild hafa mestan part verið afgreidd fyrir tilstyrk stjórnarandstæðinga, vegna þess að stjórnarþm. hafa vart sést hér í sölum með örfáum undantekningum.

Í því sambandi vil ég einnig vekja athygli á störfum þingnefnda. Ég vil taka dæmi um mín eigin störf. Ég á sæti í þrem nefndum þingsins. Ég hef setið nákvæmlega einn fund. Það skal þó tekið fram að tvær nefndir héldu fund á meðan við vorum á fundi á vegum Norðurlandaráðs, en það er þó ekki næg skýring á að ég skuli tæplega hafa séð framan í þær nefndir sem ég á að starfa með. Fyrir þessum nefndum liggja fjölmörg mál. Það þarf auðvitað ekki að taka fram að ekkert mál hefur verið afgreitt og ég vil taka sem dæmi um virðingarleysi fyrir störfum þm., að fyrir hv. heilbr.- og trn. liggur örlítið mál sem enginn þm. getur verið ósammála og felur í sér að mæður, sem eignast fleiri en eitt barn í einu, fái framlengt fæðingarorlof um einn mánuð fyrir hvert barn. Ég vildi sjá framan í þann þm. sem mundi greiða atkv. gegn þessu. Hins vegar hefur þetta ekki verið afgreitt út úr n. þó að ekkert annað mál liggi fyrir n. (**HBl:** Hver er formaður í þeirri nefnd?) Hv. þm. Pétur Sigurðsson.

Ég fann að þessu við hæstv. ráðh. í dag en hann tilkynnti mér bara tafarlaust að þetta mál yrði ekkert afgreitt, vegna þess að uppi í rn. hjá honum væri eitthvert frv. sem mundi koma fram seinna á þinginu. Ég vil vekja athygli hv. þm. á hvers konar meðferð þetta er á vinnu þm. Við erum búin að sitja hér, stjórnarandstæðingar, í allan vetur og reyna að böggla út úr þinginu stjfrv. í fjarveru stuðningsmanna stjórnarinnar en síðan er ekki haft svo lítið við að líta á þingmannamál frá okkur. Ég held að afar nauðsynlegt sé að vekja athygli hv. deildar á þessum vinnubrögðum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti tekur á margan hátt undir þá ádrepu sem hv. 10. landsk. þm. hefur hér haldið. Ég vil í framhaldi af þessu minna hv. þdm. á að þeim ber að vera hér þegar fundartími hefst samkv. auglýstri dagskrá. Ég legg þunga á að ekki komi fyrir aftur að svo þurfi til að takast að naumast sé hægt að setja fund á réttum þingfundartíma.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er margt rétt í því sem síðasti ræðumaður sagði, hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Þetta hafa stjórnarandstöðuþm. upplifað ærið lengi. Þetta er því miður ekkert nýtt. Það gerðist á þeim tíma sem þessi hv. þm. var í stjórnaraðstöðu að við hinir upplifðum þetta, því miður.

Það er rétt sem forseti segir, að auðvitað ber þm. hér að vera, en þá verður að ætlast til þess af þeim sem hér stýra vinnubrögðum að nefndarfundir séu ekki boðaðir á sama tíma og þingdeildarfundir eða fundir í Sþ. ef ætlunin er að skylda menn til að vera hér á þessum stað.

Ekki geta hv. þm. verið á tveim stöðum í einu. Það verður að ætlast til þess af forsetum þingsins og nefndaformönnum þeim sem ráða hér ríkjum að ekki séu þá boðaðir fundir á fleiri en einum stað í einu. Annað fer ekki saman.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þeirra orða hv. þm. Karvels Pálmasonar að þetta hefðu stjórnarandstöðuþm. mátt þola í tíð síðustu ríkisstj. vil ég bera það til baka, það er ósatt. Ég vil bara minna á að ég afgreiddi sem formaður heilbr.- og trn. mál frá Jóhönnu Sigurðardóttur, ef ég man rétt, og studdi mál hennar í hvívetna og barðist nokkuð fyrir því. Ég átti meira að segja í nokkurri orðasennu við núv. formann flokks míns og þáv. hæstv. heilbrrh. Ég minnist þess einnig að ég spurði hér og innti eftir afgreiðslu máls hv. þáv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur. Ég vil eindregið bera til baka að a. m. k. ég sem formaður í minni nefnd hafi unnið á annan hátt, enda á ekki svo að vera. Það sem skiptir máli er hvers eðlis málið er, hvort menn eru því sammála, en ekki hver flytur það. Og ég vil minna á að fyrir jólin í fyrra voru afgreidd tvö þingmannafrv. áður en þm. fóru í jólaleyfi. Annað var frv. sem ég flutti sjálf og hitt var frv. hv. þm. Salome Þorkelsdóttur. Þetta er því með öllu ósatt, hv. þm.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. 128. mál (þskj. 163). — Frh. 1. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er kominn til okkar gamall kunningi árviss þar sem er þetta frv. um breytingu á lögum nr. 83 frá 1974, um verðjöfnunargjald af raforku.

Ég þarf ekki að tala hér langt mál. Ég er fylgjandi þessu frv., enda hef ég mælt fyrir sams konar frv. á árum fyrr og þekki vel þau rök sem að því hníga að þennan gjaldstofn er ekki rétt að skerða við núverandi aðstæður. Oft hefur verið á það litið og verið oft til umr. hvort unnt væri að lækka þetta verðjöfnunargjald, en enn sem komið er eru ekki aðstæður þær að það sé kleift nema þá að menn missi þá verðjöfnunarstefnu sem reynt hefur verið að fylgja til baka og sem skilað hefur verulegum árangri á undanförnum árum. Hér var verðmunur á þeim töxtum sem þetta gjald er notað til að jafna og halda sem lægstum orðinn hátt í 90% 1978, en verðmunurinn nú á töxtum þeirra sem njóta þessa verðjöfnunargjalds og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er rétt um 25% og hefur verið það um skeið. Það er vissulega umtalsverður munur, en á ýmsum öðrum töxtum þar sem ekki er um hliðstætt gjald að ræða er munurinn allur annar og meiri, svo sem í húshitunarmálum, og mundu margir glaðir una við það ef ekki munaði þar meira en 25%.

Hitt er annað mál að önnur leið til að tryggja þessum fyrirtækjum tekjur hefur oft verið til umr., þ. e. eigendaframlög, og á það sérstaklega við um Rafmagnsveitur ríkisins sem hreint ríkisfyrirtæki. Í tíð fráfarandi ríkisstj. og reyndar þegar í tíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1978—79 var tekinn upp sá háttur að leggja Rafmagnsveitum ríkisins til eigendaframlög, bein framlög á fjárlögum til að yfirtaka lán og létta fjármagnskostnaði af fyrirtækinu. Þetta nam hátt í 30 millj. kr. samtals þegar upp var gert árið 1982 og mun hafa verið 13—14 millj. ef ég man rétt, á yfirstandandi ári þó að ég hafi ekki þá tölu hér hjá mér. En nú er ekkert slíkt að finna í fjárlagafrv. og engar tillögur hafa komið fram um slíkt framlag. Þetta ber að harma því að þó að hæstv. iðnrh. hafi greint frá því í framsögu — eða var það kannske þegar við ræddum hér við 2. umr. fjárl., það hefur líklega verið þá sem hæstv. ráðh. svaraði fsp. um þetta efni frá mér með þeim hætti að ekki væri í rauninni þörf fyrir slík eigendaframlög lengur, búið væri að sjá þannig fyrir málum fyrirtækisins og búið að létta af því verkefnum. Vissulega hefði þar ýmislegt gerst þannig að ekki væri lengur jafn brýn þörf fyrir slíkt.

Ég leyfi mér að draga í efa að svo sé. Ég veit ekki betur en að á Rafmagnsveitur ríkisins og auðvitað Orkubú Vestfjarða líka sé lagt að standa fyrir framkvæmdum sem eru félagslegs eðlis, óarðbærar eftir mælistiku markaðslögmálanna, og því nauðsynlegt að bæta fyrirtækjunum þann kostnað sem ekki fæst með tekjum og þar skipti verulegu máli meðan lögð voru framlög frá eiganda til fyrirtækisins. Ég geri ráð fyrir að við hæstv. ráðh. séum sammála um að ekki megi undir neinum kringumstæðum hverfa frá þeim árangri sem þó hefur náðst í verðjöfnunarátt á heimilistaxta sem snertir þetta frv. Þá er að sjá til þess að hægt sé að reka þetta ríkisfyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, og hitt fyrirtækið, Orkubú Vestfjarða, sem ríkið á 40% hlut í, með þeim hætti að þetta gangi upp.

Vonir sem verið er að vekja með orðum sem féllu hjá hæstv. ráðh. í umr. í gær voru víst að unnt ætti að vera að ná niður verðjöfnunargjaldi á raforku í áföngum og e. t. v. að fella það alveg niður; þau ummæli held ég að séu ekki verulega ígrunduð. A. m. k. er tvísýnt að gefa yfirlýsingar um það efni fyrr en menn sjá hvað þeir hafa á hendi og hvernig rekstur fyrirtækjanna þróast. Ég á eftir að sjá það ef fylgja á þeirri stefnu að leggja ekki neitt eiginfjárframlag til Rafmagnsveitna ríkisins á næsta ári og næstu árum, ef það er stefna núv. ríkisstj., að kleift verði að lækka þetta verðjöfnunargjald og fella það niður og vernda þá verðjöfnun sem þó hefur náðst og vissulega þyrfti þar að takast enn betur í þeim efnum. Ég vildi benda hæstv. ráðh. á þetta. Það er mitt viðhorf að það sé, og reyndar reynslan, því að vissulega hefði ég áhuga á því, ef það væri unnt, að koma nokkuð til móts við óskir um að draga úr þessu verðjöfnunargjaldi. Um það hafa verið árvissar óskir frá rafveitum sveitarfélaga sem Samband ísl. rafveitna hefur verið talsmaður fyrir, meira en fyrir Rafmagnsveitur ríkisins þó að þær eigi aðild að því sambandi. En þá kom í ljós á síðustu árum þrátt fyrir eigendaframlag að enginn grundvöllur var til að lækka þetta verðjöfnunargjald og hefur rekstur rafmagnsveitna verið nógu þungur samt.

Hér talaði hv. 3. þm. Reykn. í umr. í gær og benti á að gjaldskrár nokkurra rafveitna sveitarfélaga væru hærri á heimilistaxta en hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og því væru rök fyrir því að krefja þær ekki um þetta verðjöfnunargjald eða endurgreiða þessum rafveitum þetta verðjöfnunargjald. Vísaði hann til þess heimildarákvæðis sem er að finna varðandi Rafveitu Siglufjarðar.

Nú vil ég öllum þessum fyrirtækjum vel. En ég get ekki tekið undir rök um að þarna verði breyting á. Ég vil ekkert liggja á þeirri afstöðu minni. Ég tel að sá munur sem ekki er verulegur á þessum gjaldskrám sé fyrst og fremst tilkominn vegna þess að menn hafa

haldið fast við það að ekki ykist verðbil á töxtum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Hins vegar hafa verið heimilaðar heldur meiri gjaldskrárhækkanir hjá öðrum veitum og þannig hafa gjaldskrártaxtar þeirra farið aðeins upp fyrir taxta Rafmagnsveitna ríkisins nú líklega á síðasta ári. Þetta er sjálfsagt að líta á og reyna að samræma en að þessar rafveitur og rafveitur sveitarfélaga almennt geti farið að óska eftir hluta í þessu gjaldi eða undanþágum frá því af þessum ástæðum tel ég ekki vera rök fyrir.

Starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og verkefni eru öll önnur en þessara þéttbýlisrafveitna. Það er öllum ljóst sem til þekkja. Þessi fyrirtæki standa fyrir verkefnum sem ekki skila tekjum nema takmarkað og engan veginn saman að jafna. Heimildarákvæðið varðandi Rafveitu Siglufjarðar er tilkomið vegna þess að viss rök voru fyrir því að veita þar undanþágu vegna erfiðrar orkuöflunar þess fyrirtækis og flutningslínu sem Rafveita Siglufjarðar stendur undir. Slíkum rökum er ekki til að dreifa svo að mér sé kunnugt hjá öðrum aðilum með sama hætti.

Herra forseti. Ég vildi að þetta kæmi hér fram þó að ég eigi sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Ég mun stuðla að framgangi þessa máls án breytinga og ég veit ekki til þess að afstaða í mínum flokki sé neitt breytt frá því sem verið hefur. Þar hafa menn flestir a. m. k. stutt að framgangi þessa máls á liðnum árum og svo mun hafa verið í Ed. þaðan sem mál þetta er komið. Ég vænti að þar verði ekki breyting á.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli hv. deildar á að hér inni eru nú staddir, þegar atkvgr. á að fara fram, tveir framsóknarmenn. Þeir eru báðir hér í embættisstörfum, og ber að benda mönnum á þetta.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil að gefnu tilefni og einmitt í sambandi við sumt af því sem hv. 10. landsk. sagði hér áðan um þingsköp taka fram að það er vissulega mjög ámælisvert ef mikið er um það að þingnefndir séu að störfum í upphafi fundar og þegar vitað er að atkvgr. hljóta að fara fram. Ég vil hér úr forsetastóli mælast til þess við formenn þingnefnda að varast að haga þannig vinnubrögðum. Þetta truflar hin eiginlegu þingfundarstörf og hefur þegar gert það á þessum fundi og þykir mér það mjög miður.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég er nú ekki formaður þingnefndar um þessar mundir en ég vil taka undir orð forseta þrátt fyrir það. Þingnefndir verða auðvitað að reyna að haga sínum störfum svo að ekki verði truflun á þingfundum, það sé hægt að setja fundi og unnt að koma við atkvgr. En ég hlýt að geta þess að fjvn. þarf að vinna bæði daglangt og langt fram á nótt stundum á þessum tíma árs til þess að ljúka afgreiðslu fjárlaga. Hún hefur að ég ætla nokkra sérstöðu um þessi vinnubrögð og þó að þau séu með þessum hætti þá vil ég taka undir með forseta að fjvn. þarf auðvitað að vera viðstödd þegar fundir hefjast í deildum og í Sþ. En það væri mjög þarft að hafa um það samstarf á milli forseta deilda og formanns fjvn. að atkvgr. gætu farið fram á nokkurn veginn tilteknum tíma.

Að öðru leyti reyna nm. í fjvn. að koma til atkvgr. hér í þinginu þegar eftir því er leitað og ég vænti þess að félagar mínir þar séu nú á leiðinni í þingsalinn. Störf þeirrar nefndar eru með þeim hætti að því verður ekki við komið að nm. sitji hér reglubundið allan daginn.

Forseti (Ingvar Gíslason): Vegna þessara orða vil ég minna á að í dag var gert ráð fyrir mjög stuttum fundum hér í þessari deild. Það voru aðeins tvö mál á dagskrá og ekki líkur fyrir því að þetta yrði mjög langur fundur. Þessari dagskrá var einmitt stillt upp með þessum hætti með tilliti til þess að nefndir gætu starfað þeim mun fremur.

Ætlun mín var að hefja hér utandagskrárumræður. Þá ætlaði hv. 4. þm. Norðurl. e. að beina fsp. til hæstv. landbrh. og hann mun vera á leiðinni í þinghúsið en hann á ekki sæti í þessari deild. Á meðan við bíðum hans verður gert fundarhlé í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Lokið var umr. um annað dagskrármálið, verðjöfnunargjald af raforku, en eftir var að greiða um það atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Innlend lánsfjáröflun, frv. 59. mál (þskj. 213). — 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, StG, SV, SvH, ÞP, BÍG, EH, GHG, FÞ, FrS, GGS, HÁ, HBl, IG.

SJS, SvG, GE, ÓRG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KH greiddu ekki atkv.

11 þm. (MB, PS, RH, StH, ÞS, AS, GSig, GeirG, GB, KJóh, KSK) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Neðri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 15. des., að loknum 26. fundi.

Gjaldeyris- og viðskiptamál, frv. 153. mál (þskj. 168). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti.

Þetta frv. var flutt í Ed. og hefur verið samþykkt þar ágreiningslaust. Það fjallar um að breyta lögum nr. 63 1979, 5. gr. þeirra laga þannig að heimilt verði að veita sparisjóðum leyfi til gjaldeyrisverslunar á hliðstæðan hátt og nú gildir um viðskiptabanka skv. lögum um Seðlabanka Íslands. Þremur bönkum hefur þegar verið veitt leyfi til gjaldeyrisviðskipta til viðbótar við það sem áður var, þ. e. Iðnaðarbanka, Verslunarbanka og Samvinnubanka. Hér er um að ræða takmarkaða gjaldeyrisverslun fyrst um sinn, tvenns konar gjaldeyrisþjónustu, opnun innlendra gjaldeyrisreikninga og viðskipti við ferðamenn.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., ef að lögum verður, að bankastjórn Seðlabankans að fengnu samþykki viðskrh. verði heimilað að leyfa sparisjóðum að hafa sams konar fyrirgreiðslu í gjaldeyrismálum og bankarnir kunna að hafa.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh. í tilefni af þessu frv., sem hann hefur mælt hér fyrir, hvort hann geri ráð fyrir því að veita þeim bönkum og sparisjóðum sem kunna að sækja um takmarkað gjaldeyrisleyfi þessi leyfi svo að segja jafnóðum og slíkt berst, þannig að segja megi að með þessu frv. sé í raun og veru verið að leita staðfestingar Alþingis á því að allar bankastofnanir og sparisjóðir hafi gjaldeyrisleyfi.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort honum er kunnugt um að einstakir sparisjóðir eða bankar muni hefja gjaldeyrisafgreiðslu strax um næstu áramót verði þetta frv. að lögum fyrir hátíðar.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að leiti sparisjóðir eftir heimild og meðmæli Seðlabanka Íslands eru fyrir hendi þá muni ekki standa á viðskrn. að veita heimild til gjaldeyrisverslunar, fyrst um sinn takmarkaðrar gjaldeyrisverslunar að mínum dómi eins og hér er rætt um.

Síðari spurningin fjallaði um það, hvort slík heimild verði veitt fyrir áramót. Þær starfsreglur sem voru settar hjá þeim þremur bönkum sem ég ég gat hér um áðan, þegar þeir fengu leyfi nú fyrir skömmu, munu væntanlega gilda með svipuðum hætti varðandi sparisjóðina.

Ég er þeirrar skoðunar að hefði slík heimild verið í lögum fyrir löngu síðan hefði e. t. v. hluti af þeim bankaútibúum sem menn hafa nú gagnrýnt ekki verið stofnsett og mér sýnist að það sé eðlileg þjónusta við fólkið í landinu að það geti lagt þann gjaldeyri sem það á inn í hvort heldur er banka eða sparisjóði og það geti fengið keyptan þann ferðagjaldeyri sem það óskar eftir hvort heldur er hjá bönkum eða sparisjóðum og hvar sem er á landinu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur heyrst ærið oft að offjárfesting sé í grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar. Í framhaldi af þeirri fullyrðingu hljótum við þá einnig að beina augum að ýmsum þjónustustofnunum í þessu þjóðfélagi og spyrja: Hvaða mannaflaþörf er æskilegt að hafa þar til þess að þær geti sinnt sínum verkefnum?

Ég minnist þess að ég horfði á teiknimynd í dönsku blaði í fyrra þar sem þeir brutu um það heilann hvað væri að í þeirra efnahagslífi. Þeir höfðu í öðru tilfellinu níu menn undir árum og einn sem stýrði — og sögðu: Þannig var það. Svo voru þeir með aðra teiknimynd þar sem þeir höfðu einn undir árum en níu við að stýra — og sögðu: Þannig er það. Og þeir töldu að það væri e. t. v. eitthvert af þeirra vandamálum sem af þessu stafaði.

Nú þykir mér sannarlega að fá við því svör frá ráðh. hvað hann geri ráð fyrir að þetta muni auka mikið mannaflann í bönkunum og sparisjóðunum. Og jafnframt hvort sameining ríkisbanka hafi verið rædd í þessu sambandi, þar sem e. t. v. hefði mátt draga úr mannaflaþörf með slíkri aðgerð.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þeir þrír bankar sem fyrir skömmu fengu heimild til gjaldeyrisverslunar með þeim hætti sem gerð er grein fyrir í aths. við þetta frv. hafa, eftir því sem ég best veit, ekki þurft að bæta við sig einum einasta starfsmanni og ekki auka húsnæði sitt til þessarar starfsemi. Ég gat um það sérstaklega að hér er fyrst um sinn um að ræða takmarkaða gjaldeyrisþjónustu, fyrst og fremst þjónustu fyrir fólkið í landinu. Þessir þrír bankar sem ég vék hér að áðan hafa farið að mínum dómi mjög skynsamlega að í þessum efnum. Þeir hafa gert samkomulag við þá gjaldeyrisbanka sem áður höfðu alhliða gjaldeyrisviðskipti og hafa við þá samstarf í þessum efnum. Það hefur að sjálfsögðu komið þeim að góðu gagni og orðið til þess að þeir hafa getað tekið upp þessa starfsemi án þess að fjölga starfsfólki eða auka húsnæði.

Varðandi síðari spurninguna, um sameiningu ríkisbankanna, vísa ég til þess þegar þing kemur saman eftir jólaleyfi. Þá verða væntanlega lögð fram frv. um Seðlabankann, viðskiptabankana og sparisjóðina. Þá getur farið hér fram umr. um sameiningu ríkisbanka. Umr. innan ríkisstj. um sameiningu ríkisbanka hefur ekki átt sér stað, enda almennri umr. um bankamálin ætlað að fara fram þegar þessi þrjú frv. sem ég gat um hér áðan verða lögð fyrir Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna fréttar sem dagblaðið Þjóðviljinn birti í gær og tekin er upp í fleiri dagblöðum í dag um meintan ólöglegan kjötinnflutning til landsins, jafnvel í stórfelldum mæli. Skv. upplýsingum frá tollgæslunni, sem birtast í einu dagblaðanna í dag, hefur gæslan lagt hald á 225 kg af smygluðum kjötvarningi í verslunum og veitingahúsum það sem af er þessu ári og um 1300 kg af erlendu kjöti um borð í skipum, sem munu að verulegu leyti hafa verið tilraunir til smygls.

Þessar upplýsingar eru einar út af fyrir sig áhyggjuefni, ekki síst í ljósi þess að ætla má að slíkar tölur gefi fremur vísbendingu um svofellt athæfi en að vera endanlegar upplýsingar um magn á nokkurn hátt. Við þetta bætist svo þrálátur orðrómur um miklu stórfelld-

ara smygl á kjötvörum af hálfu aðila sem nota slíkan varning í miklu magni.

Það er ljóst að slíkur ólöglegur innflutningur á kjötvörum brýtur í bága við þá stefnu okkar að framleiða sjálfir landbúnaðarvörur til eigin nota að sem mestu leyti. Þetta er einnig í hróplegu ósamræmi við greiðslu útflutningsuppbóta og andstætt íslenskum hagsmunum. En síðast en ekki síst er slíkt athæfi stórhættulegt með tilliti til sóttvarna.

Í fljótu bragði virðist slíkur ólöglegur innflutningur brjóta í bága við a. m. k. 5—6 mismunandi lagabálka, þ. e. lög um sóttvarnir, lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög um tollheimtu og tolleftirlit, lög um varnir við gin- og klaufaveiki og lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Herra forseti. Þar sem nú vill svo vel til að einn og sami maðurinn, hæstv. ráðh. Jón Helgason, fer bæði með landbúnaðar- og dómsmál beini ég þeim tilmælum til hæstv. ráðh. að hann hlutist án tafar til um opinbera rannsókn á því hvort slíkur ólöglegur innflutningur hafi verið stundaður í stórum stíl undanfarin ár og þá af hverjum. Einnig þarf að athuga með hvaða hætti sé unnt að tryggja í framtíðinni að slíkt geti ekki átt sér stað. Ég held, herra forseti, að það sé öllum fyrir bestu að fram fari nú þegar rækileg athugun á þessu máli fyrir opnum tjöldum. Það er einnig þeim fyrir bestu sem nú liggja undir ásökunum í þessu sambandi að málið verði kannað, en í hópi þeirra sem bönd hafa borist að í þessum efnum eru hótel hér í Reykjavík og veitingastaðir, áhafnir á millilandafarskipum svo og aðilar í kringum Keflavíkurflugvöll.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég held ég þurfi ekki að taka fram að ég vil að lög séu haldin á þessu sviði eins og öðrum hér í landi. En vegna þess sem til mín er beint tel ég rétt að geta þess sem m. a. landbrn. hefur gert á þessu sviði.

Fyrir hálfu öðru ári var Rannsóknarlögreglu ríkisins skrifað eftirfarandi bréf, það er dags. 29. apríl 1982:

„Orðrómur heyrist um að til landsins berist ýmsar landbúnaðarafurðir, einkum kjöt og kjötvörur, sem ólögmætt er að flytja til landsins m. a. vegna varna gegn gin- og klaufaveiki. Sögð eru dæmi þess að slíkur varningur fáist í verslunum og á veitingastöðum. Rn. fer þess hér með á leit við yður, herra rannsóknarlögreglustjóri, að mál þetta verði rannsakað af embætti yðar og leitast við að upplýsa það sem best þannig að unnt verði, ef orðrómurinn hefur við rök að styðjast, að gera fyrirbyggjandi aðgerðir og láta þá sem sekir reynast sæta ábyrgð."

Þarna er málinu vísað til þess aðila sem falið er lögum skv. að rannsaka svona mál og þess óskað að það verði gert eins og frekast er kostur. Rn. hefur síðan nokkrum sinnum ítrekað þetta, en út úr málinu hefur ekkert komið enn þá á þessum vettvangi.

Á s. l. sumri, þegar ég kom til starfa í rn. sem ég fer nú með, óskaði ég eftir viðræðum við bæði tollgæslustjóra og tollstjóra, sem þessi mál heyra undir í sambandi við gæslu á innflutningi til landsins, og lýsti áhuga mínum á því að það yrði gert allt sem unnt væri til að koma í veg fyrir að svona lagað gerðist, sem hefur sannast í nokkrum tilfellum eins og hér kom fram hjá fyrirspyrjanda. Ég lýsti því að ég væri reiðubúinn að gera það sem í mínu valdi stæði til samstarfs og til að auðvelda þeim þetta starf fyrir hönd dómsmrn. Síðan hef ég átt viðræður við þá nokkrum sinnum.

Mér er kunnugt um að tollgæslustjóri hefur mjög haft þetta mál til meðferðar. Til þess að sýna hvernig þar er að málum staðið vil ég lesa hér skýrslu sem ég fékk frá 25. nóv. s. l., með leyfi forseta:

„Í dag fóru sex starfsmenn rannsóknar- og leitardeildar Tollgæslunnar í Reykjavík á eftirtalda staði til að athuga hvort erlendar kjötvörur væri þar að finna: Hótel Loftleiðir, Hótel Esja, Askur við Suðurlandsbraut, Askur við Laugaveg, Naust, Rán, Árberg, Trillan, Júmbósamlokur, Brauðbær, Rosenbergkjallarinn, Kokkhúsið, Hlíðagrill, Sælkerinn, Víðir Austurstræti og Kjötbúð Suðurvers" — staðir sem vafalaust hafa verið valdir af handahófi.

„Staðið var þannig að athugun þessari að farið var í tveimur þriggja manna hópum og farið samtímis á þá staði sem hugsanleg tengsl væru á milli. T. d. var farið samtímis á Hótel Loftleiðir og Hótel Esju, Naustið og veitingahúsið Rán, Ask við Laugaveg og Ask við Suðurlandsbraut. Farið var í allar frysti- og kæligeymslur ofangreindra staða, svo og í allar aðrar geymslur sem til staðar voru. Áður en lagt var af stað í leiðangur þennan var haft samband við Andrés Jóhannesson kjötmatsformann og hann spurður hvort hann vildi ekki koma með okkur til trausts og halds. Kvaðst hann ekki geta komið með, en bað okkur að hringja í sig ef upp kæmi mál sem þyrfti nánari athugunar við og sagðist mundu koma strax á staðinn ef til þess kæmi. Ekkert af smygluðu kjötmeti fannst við skoðun þessa.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra tollgæslustjóri.

Sævin Bjarnason,
deildarstjóri."

Þetta sýnir hvernig að þessum málum er staðið af hendi tollgæslunnar, sem ég er sannfærður um að öll er af vilja gerð að reyna að gæta þess starfs sem henni er falið á þessu sviði eins og öðrum.

Í sambandi við þær fréttir sem nú hafa verið í blöðum, þá hefur það komið fram að mér er ekki kunnugt um á hvaða rökum þær eru reistar. Ég var spurður um þetta í gær af blaðamanni Þjóðviljans og óskaði þá vitanlega eftir því að hann segði frá því sem hann teldi sig vera fullvissan um, enda held ég að það sé skylda hvers og eins að skýra frá ef hann veit um lögbrot. Ég veit ekki frekar um það, en vil aðeins ítreka að eins og hér kemur fram hafa bæði landb.- og dómsmrn. vitanlega fullan vilja á að reyna að koma í veg fyrir að brotin verði lög á þessu sviði eins og öðrum.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. að því leyti sem hann svaraði eða lýsti sínum viðhorfum til þessara mála áðan, en ég verð að segja að í ljósi þessara alvarlegu frétta, sem fram hafa komið í fjölmiðlum í gær og í dag, finnast mér svörin heldur léttvæg og ekki mikill kraftur í þessum ráðh., sem fer með þau tvö rn. sem þetta mál snertir nú fyrst og fremst.

Ég vil fyrst benda á það, að hvað sem líður viðtali hæstv. ráðh. við blaðamann Þjóðviljans hefur það komið fram opinberlega að bæði Framleiðsluráð landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda hafa af þessum málum miklar áhyggjur. Væntanlega væri þetta mál ekki tekið upp á þeim vettvangi til umr. ef menn hefðu

ekki einhverja ástæðu til að ætla að hér væri á ferðinni alvarlegt mál, en við vitum að bæði Stéttarsamband bænda og einnig Framleiðsluráð landbúnaðarins hafa fjallað um þetta og sent frá sér samþykktir að þessu lútandi.

Skv. heimildum í Dagblaðinu í dag hefur lögfræðingur bændasamtakanna, eins og það heitir víst, sent frá sér kæru til Rannsóknarlögreglu ríkisins og þar segir að grunur leiki á um stórfellt kjötsmygl og um langvarandi misferli. Þetta finnast mér vera stór orð. M. a. í ljósi þessa fór ég fram á það við hæstv. ráðh. að hann hlutaðist til um opinbera rannsókn í þessu máli og það án tafar.

Þegar útbreiddur fjölmiðill setur á forsíðu sína orð eins og „stórfellt smygl" og „grunur um langvarandi misferli" og lögmaður heilla fagsamtaka, eins og hér gerist, sendir frá sér það sem kallað er kæra á forsíðu Dagblaðsins er málið orðið alvarlegt. Og er þá sama hvort þar er á ferðinni eiginleg kæra eða beiðni um rannsókn. Á því er að mínum dómi stigsmunur en ekki eðlis. Þegar svo er komið lít ég svo til að málið sé það alvarlegs eðlis að það sé skylt og nauðsynlegt að hefja opinbera rannsókn til þess, eins og ég sagði áðan, að ekki megi bara fá úr því skorið hvort hér er um misferli að ræða, heldur og að þeir menn sem liggja undir grun og hafa verið nafngreindir fái þá hreinsað sig af því, ef svo vel er, sem við skulum vona, að hér sé ekki á ferðinni misferli. Ef það hins vegar er, þá er nauðsynlegt að það komi fram. Í þriðja lagi er auðvitað nauðsynlegt að það sé farið ofan í þessi mál þannig að unnt sé að fyrirbyggja í framtíðinni að slíkt geti hent sig.

Ég vék að því áðan að hér væri hugsanlega um að ræða brot á lögum um sóttvarnir. Það er að mínum dómi einn alvarlegasti þáttur þessa máls, þ. e. möguleikinn á því að sjúkdómar berist til landsins með þessu móti með varningi sem ekki fær þá meðferð sem tilskilið er ef hann kæmi inn í landið á löglegan hátt.

Þær tölur sem ég nefndi áðan um kjötvörur sem þegar eru gerðar upptækar á þessu ári sýna mönnum að svona lagað á sér stað. Það vita held ég flestir sem til þekkja, t. d. við sjávarsíðuna þar sem skip sem eru í förum milli landa eða fiskiskip sem sigla með afla sinn koma að landi, það er almannarómur, að með þeim slæðist meira en ein og ein bjórdós og ein og ein flík úr útlöndunum. Og þó að það sé í litlum mæli og hér sé ekki um að ræða nema einhver hundruð kg er það út af fyrir sig alveg nóg því þar er auðvitað um unna kjötvöru að ræða. Skv. þeirri líffræði sem ég lærði svarar hún til tvisvar til þrisvar sinnum meira magns af óunnu kjöti, þannig að hér er á ferðinni býsna mikið magn. Þess vegna finnst mér í sannleika sagt, herra forseti, ekki alveg nógu mikil reisn yfir því ef hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh., einn og sami maðurinn, sjá ekki ástæðu til að fara um þetta alvarlegum orðum og hafa beinlínis forgöngu um að þetta mál verði skoðað nú þegar. Það var í raun og veru tilgangur minn með því að taka þetta mál upp hér utan dagskrár að gefa hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh. tækifæri til að lýsa því hér yfir á Alþingi Íslendinga að hann mundi þegar beita sér af öllum mætti í þessu máli. Ég vona að hann geti enn gert það hér á eftir, en ef svo verður ekki mun ég harma það eins og fleiri gera hér á þessu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég þakka þér svo fyrir þá velvild að hleypa mér að með þetta mál.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég saknaði þess í svari hæstv. ráðh. að hann vék ekki að því, sem þó hefur komið fram í blöðum, að í septembermánuði skrifaði Framleiðsluráð landbúnaðarins ráðh. sérstakt bréf, sem Gunnar Guðbjartsson undirritaði. Það var sagt frá því að ráðh. hefði verið skrifað þetta bréf, sem er mér vitanlega hið eina formlega erindi sem ráðh. hefur borist frá bændasamtökunum um þetta efni. Í þessu bréfi er sagt að bændur og fleiri menn fullyrði að smyglað kjöt berist til landsins, aðallega með skipum. Enn fremur er fullyrt að miklu af búvörum sé smyglað af varnarliðsmönnum út af Keflavíkurflugvelli undir því yfirskini að þær fari til neyslu varnarliðsmanna búsettra utan flugvallarsvæðisins. Mér er einnig kunnugt um að aðrir fulltrúar Framleiðsluráðs landbúnaðarins hafa sent frá sér greinargerðir og bréf til opinberra yfirvalda þar sem mjög ítarlega er rakinn rökstuddur grunur um sölu á erlendu nautakjöti og sérstaklega nefnt að eitt veitingahús hér í borginni — hótel hér í borginni — sé grunað um stórfellt misferli í þeim efnum. Það vakti athygli að í upptalningu á þeim stöðum sem hæstv. ráðh. las upp hér áðan er ekki nefnt það hótel og veitingahús sem aðallega hefur verið nefnt í þessari umr., þ. e. Hótel Saga. Það er satt að segja mjög sérkennilegt að þegar tollgæsluembættið gerir leit að smygluðu kjöti á fjölmörgum stöðum, ýmsum minni háttar matsölustöðum hér í borginni, skuli stærsta hóteli höfuðborgarinnar, sem vitað er að orð hefur leikið á um þetta efni, vera sleppt. Ég vil þess vegna ítreka hvort það hafi verið rétt eftir tekið í svari hæstv. ráðh. áðan að Hótel Saga hafi ekki verið á lista yfir þá staði sem fulltrúar tollgæsluembættisins heimsóttu, en það varð tilefni ráðh. til þess að nánast lýsa því yfir að fleira hefði nú ekki verið aðhafst í þessu máli né væri ætlunin að aðhafast neitt fleira. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðh.: Var það rétt eftir tekið að Hótel Saga hefði ekki verið á þeim lista? Í öðru lagi: Hvað hefur hæstv. ráðh. gert sérstaklega í framhaldi af því erindi sem Framleiðsluráð landbúnaðrins sendi honum formlega í septembermánuði s. l.? Í þriðja lagi: Hefur hæstv. landb.- og dómsmrh. kynnt sér þær kærur sem Framleiðsluráðið hefur sent til Rannsóknarlögreglu ríkisins? Finnst hæstv. landbrh. ekki ástæða til þess að skarpara sé fylgt eftir þessu máli en hans svarræða gaf tilefni til að halda, að hann teldi málið hefði nú þegar verið kannað, það væri í raun og veru ekki neitt annað í undirbúningi af hans hálfu?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég byrjaði á að lesa upp bréf frá landbrn. til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, þar sem er beinlínis óskað eftir að þessi mál séu rannsökuð. Ég sagði síðan að ítrekað hefði verið þetta mál, en út úr því hefur enn þá ekkert komið frá rannsóknarlögreglunni. Ég vænti þess að það sé vegna þess að hún hafi ekki fundið neitt enn þá í því sambandi. Það hefur komið fram að lögfræðingur bændasamtakanna hefur síðan skrifað rannsóknarlögreglunni bréf sama efnis, þar sem það er ítrekað að biðja um þetta. Ég sé ekki annað en að málið sé í höndum þeirra aðila sem er falið samkvæmt okkar stjórnskipun að rannsaka slík mál.

Eins og ég sagði líka áðan hef ég ítrekað rætt þetta m. a. við tollgæslustjóra og lagt áherslu á að bæði þessi rn. vildu gera það sem þeir teldu að gæti stuðlað að því

að hið sanna kæmi fram í þessum málum. Mér finnst nokkuð hart ef síðan er sagt að þetta sýni að það sé enginn áhugi fyrir neinu.

Það er rétt að í skýrslunni sem ég las upp áðan er ekki nafn Hótel Sögu. Mér er ekki kunnugt hvernig á því stendur að þeir hafa valið aðra staði, en vitanlega er þarna ekki um að ræða nema fáa af þeim stöðum þar sem kjöt er til sölu, þannig að þetta er vitanlega enginn tæmandi listi. Ég hygg að teknar séu stikkprufur öðru hvoru, en sjálfsagt eru takmörk fyrir því hvað á einum og sama degi er hægt að komast yfir marga staði.

Ég hef síður en svo löngun til þess að það sé hylmað yfir neitt. Mér finnst allt að því koma fram í orðum hv. *ræðumanna að ég hafi ekki vilja til þess að það sanna* komi í ljós í þessu sambandi. Mig satt að segja furðar á þeim orðum. Ég mun halda áfram að leggja áherslu á að þessi mál verði rannsökuð, eins og ég sýndi fram á að hefur verið gert. Ég tel að það sé nauðsynlegt allra aðila vegna, bæði vegna þess að það er vitanlega algjörlega ótækt að kjöt sé flutt inn í landið, það er brot á mörgum lögum, eins og hér hefur verið rakið, það veldur mikilli hættu vegna sýkingarmöguleika, og svo er það vitanlega líka nauðsynlegt fyrir þá aðila sem hafa verið ásakaðir um lögbrot í þessu sambandi. Sumt hefur ekki sannast, en í öðrum tilfellum hafa komið upp dæmi. En þar sem er um ásakanir um stórfellt smygl að ræða er vitanlega nauðsynlegt allra aðila vegna að hið sanna komi í ljós. Ég mun vitanlega halda áfram að leggja áherslu á að þeir aðilar sem þessi mál eiga að rannsaka, geri sitt ýtrasta til að hið sanna komi í ljós. Ég sé ekki hvernig hægt er öðruvísi að málum að standa en að leggja að þeim aðilum sem með rannsókn mála eiga að fara samkv. okkar lögum að gera það.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur verið staðfest hér aftur að Hótel Saga var ekki einn af þeim stöðum sem kannað var hvort innflutt kjöt væri geymt hjá. Vekur það satt að segja allmikla undrun. Rétt er að beina þeim spurningum til tollgæslustjóra hvers vegna einu af þremur stærstu hótelunum og því sem grunsemdirnar og sögusagnirnar einkum hafa beinst að er sleppt þegar embættið gerir sitt eina úthlaup. Það eru satt að segja *mjög sérkennileg vinnubrögð* af hálfu embættisins. (**Landbrh.:** Eina úthlaup?) Það hefur ekki annað komið fram hjá hæstv. ráðh. Þetta var eina úthlaupið sem hann gat um og greindi hér frá hverjar niðurstöður hefðu af orðið. Þá hefði ekkert fundist. Ef hæstv. ráðh. er með upplýsingar um önnur úthlaup, sem gerð hafa verið, væri æskilegt að hann kæmi með þær hér og nú, fyrst hann hnýtur um orðalag mitt. Ég nota það orðalag vegna þess að þegar ráðh. er beðinn um greinargerð um hvað gert hafi verið í málinu á undanförnu einu og hálfu ári nefnir hann þetta úthlaup eitt, rekur mjög nákvæmlega á hvaða staði hafi verið farið og tilkynnir þau ánægjulegu tíðindi að ekkert hafi fundist. Ef um önnur úthlaup hefur verið að ræða, hæstv. ráðh., er æskilegt að það verði upplýst.

Hver var niðurstaðan af þeim úthlaupum? Á hvaða staði var farið? Væntanlega greinir ráðh. frá því hér á eftir, fyrst hann hefur upplýsingar um það.

Í öðru lagi finnst ráðh. ekki maklegt að menn tali um lin vinnubrögð í þessum efnum. Því er ekki að leyna að tónn og áherslur í svörum og aðgerðum ráðh. gefa tilefni til slíkra ályktana. Einkum og sér í lagi þegar horft er til þess hve alvarlegir hlutir hér eru á ferðinni — svo alvarlegir hlutir að eitt sýkt kjötstykki erlendis frá gæti orðið meira áfall fyrir íslenskan landbúnað vegna þeirra sjúkdóma sem fylgdu í kjölfarið en landbúnaðurinn hefði orðið fyrir af náttúruvöldum í áraraðir. Skemmst er að minnast að í Bretlandi olli smyglað kjöt frá öðrum heimsálfum því að breskur landbúnaður hlaut eitt hið mesta áfall sem hann hefur orðið fyrir.

Hæstv. ráðh. upplýsti að fyrirrennari sinn, hv. þm. Pálmi Jónsson, hefði í apríl 1982 skrifað Rannsóknarlögreglu ríkisins og óskað eftir rannsókn á málinu. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hefur hann spurst fyrir bréflega um það hver niðurstaðan hafi orðið af þessari rannsókn, hvernig henni miði, hvaða mannafli hafi verið við hana og hvaða ályktanir megi af henni draga? Eða hefur hæstv. ráðh. kallað fyrir sig rannsóknarlögreglustjóra ríkisins síðan ráðh. kom í embætti og spurt að því hver sé niðurstaða þeirrar rannsóknar sem óskað var eftir í apríl 1982? Það kom ekki fram í svari hæstv. ráðh. að hann hefði gert neitt slíkt. Það er alveg óhjákvæmilegt, til þess að við séum ekki að ósekju að telja að ráðh. hefði mátt sýna þessu máli meiri athygli, að hann upplýsi hér hvort hann hefur skrifað ítrekunarbréf eða fyrirspurnarbréf til Rannsóknarlögreglu ríkisins og óskað eftir skýrslu um hvernig sú rannsókn gangi sem fyrirrennari hans óskaði að færi fram. Það er alveg nýtt í málinu að hv. þm. Pálmi Jónsson, þegar hann var landbrh., hafi óskað eftir því að Rannsóknarlögregla ríkisins framkvæmdi slíka rannsókn. Það er alveg óhjákvæmilegt að upplýst verði hvernig rannsóknarlögreglan hafi að henni staðið og hvernig landbrn. fylgdist með og fylgdi eftir því að sú rannsókn væri framkvæmd.

Hæstv. ráðh. sagði það hér að lögfræðingur Framleiðsluráðs landbúnaðarins hefði sent frá sér kæru. Ég tel það vera rétt. Hins vegar er mér kunnugt um að vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins telur þetta ekki vera kæru og hefur svarað *því til að málið sé í almennri* athugun og telji hann ekki að send hafi verið slík formleg kæra til embættisins. Þess vegna beri embættinu ekki að framkvæma neina rannsókn í málinu. Það væri út af fyrir sig æskilegt ef hæstv. landbrh., sem einnig er dómsmrh., vildi beita sér fyrir því að það kæmist á hreint hvort Rannsóknarlögregla ríkisins telur að erindi frá Framleiðsluráði landbúnaðarins sé kæra eða ekki kæra svo að það þurfi ekki að vera neinn misskilningur á ferðinni þar. Það er satt að segja dálítið undarlegt hvað ýmsir aðilar, sem að þessu máli hafa komið, eru feimnir við að ganga í málið af fullum krafti, að fá fullgilda lögregluransókn í málinu gagnvart öllum þeim aðilum sem hér eiga hlut að máli, heldur er skrifað bréf í apríl 1982 og svo virðist sem því bréfi sé ekki fylgt eftir. Síðan sendir Framleiðsluráð landbúnaðarins bréf sem höfundur telur að hafi verið kæra. Forsvarsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins, vararannsóknarlögreglustjóri, segja að það sé ekki kæra, heldur beiðni um almenna athugun. Síðan hefur hæstv. ráðh. óskað eftir að tollgæslustjóri kannaði málið. Eftir því sem ráðh. hefur upplýst hingað til hefur tollgæslustjóraembættið aðeins gert eitt úthlaup. Og merkilegt nokk þá var því úthlaupi ekki beint þangað sem helst var ástæða til að fara og kanna málið.

Þess vegna vildi ég óska eftir því hæstv. ráðh., af því

að hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni og alveg ástæðulaust að jafnvammlaus maður og hæstv. ráðh. sé að gefa mönnum tilefni til þess að hugleiða hvernig eiginlega standi á hvernig á málunum er tekið, upplýsi frekar hér í umr.: Í fyrsta lagi: Hefur tollgæslustjóraembættið gert önnur úthlaup? Í öðru lagi: Hvernig leið rannsókninni sem fyrirrennari hans óskaði eftir hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins? Hefur landbrn. skrifað einhver fleiri bréf út af því? Hefur landbrn. fengið skýrslur um þá rannsókn? Er hæstv. landbrh. reiðubúinn að beita sér fyrir því að það verði tekin af öll tvímæli um að erindið frá Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir tveim vikum sé skilið af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins sem formleg kæra?

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Örstutt. Það þarf vonandi ekki að ræða það á sjálfu Alþingi að það er enginn sekur fyrr en sannast. Það er nauðsynlegt, m. a. vegna þeirra sem á einn eða annan hátt tengjast þessu máli, að hlutirnir komist á hreint, að málið sé rannsakað og það nú þegar og það sé settur í það sá mannafli og sá kraftur sem til þarf. Það er það sem verið er að fara fram á hér ósköp einfaldlega.

Ég vil svo, herra forseti, hafna þeirri túlkun hæstv. ráðh. á orðum mínum að ég sé að gera honum einhverja samsekt eða ásaka hann um að hylma yfir eitthvað í þessu máli. Það lá ekki í orðum mínum. En ég bryndi hins vegar hæstv. ráðh. og ég bryni hann á því að beita sér í málinu. Það er annað að gera það. Þetta er, herra forseti, ekki ásökun heldur eggjan.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka fyrir stuðning hvaðan sem hann kemur við það að vinna að þeim málum sem mér hefur verið falið að annast. En ég held að varla hafi farið fram hjá neinum þau orð hv. 7. þm. Reykv. að það væri mikil linka, grunsamleg linka, í vinnubrögðum af minni hendi í þessu máli. Það var þeim orðum sem ég var að mótmæla.

Hv. síðasti ræðumaður sagði að það ætti enginn að vera sekur fyrr en það sannaðist. Hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan að það væri sérstaklega einn staður hér í Reykjavík sem væri þörf að fara á, það væri Hótel Saga. Ég vil biðja hann að segja frá því hvers vegna svo sé. Hann hlýtur að hafa eitthvað fyrir sér í því, úr því hann heldur slíku fram, og ég væri ákaflega þakklátur fyrir ef hann og aðrir létu vita af þeim upplýsingum sem þeir hafa um lögbrot.

Ég er ekki með mikið af bréfaskriftum í höndunum til svara í þessu máli, sem kom fyrirvaralítið. Ég sagði að landbrn. hefði haft samband við rannsóknarlögreglustjóra um þetta. Vitanlega verður það gert áfram og gengið eftir því að að þessu máli verði staðið þannig að niðurstaða fáist sem fyrst. Eins og ég sagði vænti ég þess að allir hjálpist að því að sú niðurstaða fáist.

Ég undraðist þau orð að þetta væri eina úthlaup tollgæslustjóra. Ég hef ekki í höndunum fleiri greinargerðir um þetta, en það hefur a. m. k. komið fram í blöðum fyrr að slíkt hafi verið gert og þá hefur stundum eitthvað fundist, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. skýrði frá. Vitanlega finnst ekki neitt nema að því sé leitað.

En ég veit ekki hvort það hefur neina þýðingu til þess að sannfæra hv. 7. þm. Reykv. nokkuð um vilja minn í þessu máli að lýsa því ítrekað yfir að ég muni gera það sem ég get til þess að það sem rétt er komi í ljós.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta.

Ég vildi ekki skorast undan því að svara hæstv. dómsmrh. Hann beindi þeirri spurningu til mín, hvers vegna ég hefði gert athugasemd við að þetta úthlaup hefði ekki beinst að Hótel Sögu og vék að því að um það hótel hefðu verið ýmsar sögusagnir á kreiki. Ástæða þess að ég nefndi það er sú, hæstv. ráðh., að í hinni formlegu kæru Framleiðsluráðs landbúnaðarins til Hallvarðs Einvarðssonar rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, sem send var 28. nóv. s. l., kemur fram að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi upplýsingar um að á tímabilinu 1976 til 1980 hafi farið fram stórfellt misferli af þessu tagi í einu hóteli í Reykjavík með þeim hætti að hótelstjórinn hafði milligöngu með það að gjaldkeri (fjármálastjóri) hótelsins greiddi innflytjandanum fyrir hið smyglaða kjöt „nótulaust“ eins og komist var að orði.

Hafi hæstv. ráðh. jafnmikinn áhuga á þessu máli og ég getur hann væntanlega spurst fyrir um hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins hvaða hótel kærusendandi eigi við í þessu formlega bréfi til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, Hallvarðs Einvarðssonar. Þar eru sérstaklega settar fram þær upplýsingar að eitt hótel í Reykjavík hafi á fjögurra ára tímabili gerst sekt um þetta misferli og því lýst nokkuð ítarlega með hvaða hætti það hafi gerst. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. hafi nægilegan áhuga á málinu til að afla sér eintaks af þessu formlega bréfi Framleiðsluráðs landbúnaðarins til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og hafi einnig nægilegan áhuga til þess að spyrjast fyrir um það hjá kærusendendum hvaða hótel það er sem þeir eigi þar við. Ég vænti þess að hann fái þá sömu svör og ég. Þess vegna eru það ekki bara einhverjar sögusagnir hér í miðbænum eða annars staðar á almennum ferli manna, heldur hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins í formlegri kæru lýst því yfir að það hafi vitneskju um eitt tiltekið hótel sem þetta gildi sérstaklega um. Þetta vildi ég að hér kæmi fram, herra forseti, að gefnu tilefni áskorana frá hæstv. ráðherra um að ég fyndi orðum mínum stað. Ég hef gert það með því að vitna í hina formlegu kæru frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Að lokum. Þegar ég átti við eitt úthlaup skildi ég hæstv. ráðh. svo að það hefði verið á tímabilinu eftir að Gunnar Guðbjartsson f. h. Framleiðsluráðs landbúnaðarins sendi ráðh. í sept. sérstakt erindi og ósk um að ráðh. beitti sér fyrir ítarlegum rannsóknum á þessu máli. Mér var fyllilega kunnugt um að fyrr á þessu ári hefðu farið fram ýmsar athuganir á þessu máli og á s. l. ári. En ég átti við það, að frá septemberbyrjun, þegar hæstv. ráðh. fékk hin formlegu tilmæli um að beita sér sérstaklega í málinu, hefði aðeins orðið það eina úthlaup sem hæstv. ráðh. rakti áðan.

Efri deild, 32. fundur.

Föstudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, frv. 59. mál (þskj. 213). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun fyrir ríkissjóð hefur þegar verið afgreitt frá þessari hv. deild til Nd., en þar var samþ. brtt. við 1. mgr. 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir að fjmrh. fái heimild til að afla innlends lánsfjár á árinu 1983 og nemur sú fjárhæð um 200 millj. kr. Hér er um viðbót að ræða við aðrar heimildir er veittar hafa verið til innlendrar fjáröflunar á þessu ári.

Nú er ljóst að heimild sú sem hér er leitað eftir mun koma að takmörkuðum notum, þar sem lánsfé er mjög takmarkað á almennum markaði. Í frv. eru hins vegar ákvæði er segja til um lánsform þau sem notast má við þegar leitað er eftir lánsfé á innlendum markaði. Þar eru tilgreindar umtalsverðar nýjungar sem ég hef áður getið. Ég tel nauðsynlegt að fá efnisákvæði 2.—3. gr. frv. sett í lög vegna skuldabréfasölu í upphafi næsta árs, en geri till. um að 1. gr. frv., sem þegar hefur verið afgreidd í Nd., verði samþ. hér, en hún er svohljóðandi, að 1. gr. orðist svo:

„Til þess að afla innlends lánsfjár í samræmi við heimildir fjárlaga eða lánsfjárlaga hverju sinni er fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að gefa út til sölu skuldarviðurkenningar ríkissjóðs í formi ríkisskuldabréfa, spariskírteina og ríkisvíxla."

3. mgr. 3. gr. frv. falli þá niður.

Ég legg til að aths. og afgreiðslu Nd. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar og hljóti afgreiðslu hennar sem fyrst.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. athugaði þetta mál í morgun og var að vonast til að geta kannske stuðlað að því að málið gengi hér í gegn án þess að það kæmi beint til nefndarinnar, en ég er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir að gera till. um að nefndin fái þetta til frekari athugunar vegna þess að í önn dagsins gekk erfiðlega að ná saman mönnum. Þeir voru, bæði við og aðrir, meira og minna uppteknir í öðrum málum, sérstaklega lánsfjáráætlun og slíku. En við munum áreiðanlega öll reyna að greiða fyrir framgangi þessa máls í n. eins fljótt og við getum.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. og umr. frestað.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 147. mál (þskj. 206, n. 226, 236). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt mál þetta og mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Ein slík brtt. er þegar komin fram frá þeim Eiði Guðnasyni, Ragnari Arnalds og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Hún gengur út á það, eins og menn sjá á fjölrituðu skjali, að sérstakur aukaskattur skuli nema 1.4% af skattstofni og hækka þannig nokkuð. Ég er andvígur þessari till. og legg til að hún verði felld, en frv. síðan samþykkt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 236 ásamt tveimur öðrum hv. þm., þeim Ragnari Arnalds og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, að flytja brtt. við 6. gr. þessa frv.

Hér er verið að endurnýja skatt sem verið hefur í gildi um nokkurt skeið. Skatthlutfallið hefur verið 1.4%. Till. okkar felur aðeins í sér, að þetta skatthlutfall verði óbreytt. Meðan sífellt er verið að auka byrðar launafólks í landinu er ætlunin að létta á skattheimtu þeirra aðila sem eiga skrifstofu- og verslunarhúsnæði og borga af því skatt. Það er ætlunin að létta á þeim á sama tíma og byrðar launafólks í landinu eru þyngdar. Ég sé ekki betur en á borð okkar sé komið annað frv. þar sem enn er gert ráð fyrir skattalækkun á eignafólkinu og þeim sem betur mega sín, en stöðugt er vegið í þann knérunn að leggja meira á almenning, hinn almenna skattborgara sem hvorki er stóreignamaður né auðmaður.

Við teljum það aldeilis fráleitt að lækka þessa skatta nú við þær aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu. Þegar um þetta mál var fjallað í fjh.- og viðskn. fengum við á fund n. fulltrúa frá fjmrn. sem reiknaði það lauslega fyrir okkur að ef skattprósentunni hér væri haldið óbreyttri — það er ekki verið að tala um að auka hér skatta þannig að hæstv. fjmrh. getur vel leyft sér að styðja þetta, hér er ekki verið að auka skattheimtu, hér er verið að halda því sama sem var — mundu tekjur ríkisins af þessum skattstofni, miðað við það sem er í fjárlagafrv. nú, aukast um í kringum 13.5 millj. kr. Án þess að hér sé talað um sérstakar eyrnamerkingar fjár bendi ég á að þessar 13.5 millj. kr. eru sú upphæð sem verið er að tala um að vanti nú í svokallaða K-byggingu við Landspítala Íslands, þannig að hægt sé að sinna krabbameinssjúklingum hér á landi með sómasamlegum og viðhlítandi hætti, eins og ég ætla að flestir hv. þm. þessarar deildar hafi lesið um í ítarlegri frásögn og umfjöllun Morgunblaðsins í gær, sem að ýmsu leyti var til fyrirmyndar um hvernig greina skuli frá og fjalla um mál af þessu tagi. Það var mjög ítarlega og vandlega gert. Ég hygg að engum blandist hugur um það, eftir lestur þess efnis sem þar var, hversu brýn þörfin er á því að hefjast handa um svokallaða K-byggingu.

Ég held að þm. geti með góðri samvisku samþykkt þessa litlu brtt. Hér er ekki um hækkanir að ræða. Hér er um að ræða að halda óbreyttu skatthlutfalli skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem verið hefur í gildi um nokkurt árabil. Við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu er engin ástæða til að létta þessum skatti af. Það er ástæða til að halda honum eins og hann hefur verið. Ég er ekki að tala um að þyngja hann eða auka. Það væri þó kannske til umhugsunar bara vegna þess hvernig aðstæður eru nú í þjóðfélaginu. Það er einungis verið að tala um að halda þessu óbreyttu.

Það var annað athyglisvert sem kom fram er embættismaður fjmrn. mætti á fundi n. í gær. Það var að innheimtuhlutfall þessa skatts er ekki nema í kringum 68—70%. Það er lægra innheimtuhlutfall en flestra annarra skatta. Það sýnir sjálfsagt að þessi skattur er ekki mjög vinsæll frekar en aðrir skattar, en mér sýnist það líka sýna að ekki er gengið mjög hart eftir því að

innheimta þennan skatt. Ég hef grun um að innheimtuhlutfall ýmissa launamannaskatta sé verulega miklum mun hærra en þetta. Og þá er ástæða til að spyrja: Er sýnd sérstök hlífisemi í innheimtu skattsins á skrifstofu- og verslunarhúsnæði eða hvað er hér á seyði?

Ég beini því sérstaklega til hæstv. fjmrh. hvort hann nú ekki getur fallist á að þessi litla brtt. frá okkur þremur stjórnarandstöðuþm. nái fram að ganga. Ég held að það mundi hafa mjög góð áhrif á þingstörfin þá daga sem lifa þings til jóla ef svona mál gæti náð fram að ganga. Auðvitað munum við eftir sem áður greiða fyrir því að mál geti gengið hér eðlilega fram. En ég held að þetta mundi vera spor í rétta átt. Ég legg á það þunga áherslu enn einu sinni að hér er ekki verið að auka skattheimtu. Hér er verið að innheimta með sama hætti og var gert. En hverjar brýnar ástæður liggja til þess að ríkisstj. telur nauðsynlegt að lækka skatt á eigendum skrifstofu- og verslunarhúsnæðis á sama tíma og hert er að almenningi, ekki á einu sviði heldur öllum sviðum? Þetta er grundvallarspurning sem við verðum að fá svar við. En ég mælist eindregið til þess að fjmrh. skoði hug sinn mjög vel um hvort hann ekki geti fallist á að greiða fyrir þessari till. og bendi á enn og aftur að það fjármagn sem hér fæst gæti liðkað fyrir því að skriður kæmist á framkvæmdir við svokallaða K-bygginga Landspítalans, þannig að við þurfum ekki að bera kinnroða gagnvart þeim krabbameinssjúklingum sem hér hljóta nú meðferð í tækjum sem því miður eru ekki eins góð og vera skyldi. Það ber öllum saman um. Ég bendi hér á leið til að bjarga því máli úr ógöngum og ég treysti því að hæstv. fjmrh. skoði þetta mál ítarlega og með þeirri velvild sem ég veit að honum er eiginleg.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég því sem sjálfsagðri skoðun okkar Alþb.-manna að þessi skattstofn yrði óbreyttur og prósentan yrði sú sama og verið hefði, 1.4%. Ég gerði það alveg sérstaklega með tilliti til þess að við efnahagsaðgerðirnar í vor sleppti hæstv. ríkisstj. versluninni ótrúlega vel. Mér fannst því kominn tími til að hún bætti nokkuð ráð sitt gagnvart almenningi í landinu með því nú að láta verslunina a. m. k. bera byrðar eitthvað í áttina við þær byrðar sem hún leggur á launafólk. Ég sé hins vegar að hv. fjh.- og viðskn. hefur ekki orðið við þessu, sennilega fundið til með hæstv. fjmrh. sem lýsti því yfir hér sérstaklega við framsögu sína í þessu máli að það væru þung spor fyrir sig að ganga hér upp og mæla fyrir þessum skatti. Það lá í orðum hans að svo fljótt sem mögulegt yrði mundi hann leggja þennan skatt af og að manni skildist fyrr en ýmsa aðra skatta, þessi skattur hefði í raun og veru í hans huga forgang af þeim sköttum sem hann mundi leggja af. Ég býst við að hv. nm. í fjh.- og viðskn. og stjórnarliðar hafi af mikilli meðaumkun með hæstv. ráðh. ekki treyst sér til þess að verða við þeirri eðlilegu ósk að skattstiginn yrði a. m. k. sá sami og var í fyrra.

Skattamál eru talsvert á dagskrá þessa dagana hér í þingi og í raun og veru kemur þar fram hugur þessarar hæstv. ríkisstj. í heild til almennings annars vegar og fyrirtækjanna hins vegar — til þeirra sem minna mega sín annars vegar og til þeirra sem fjármagnið hafa og yfir fjármagninu ráða hins vegar. Hv. þm. Eiður Guðnason vék að því að nýr jólaglaðningur hefði bæst í skjalabunka okkar þm., nýr jólaglaðningur til þeirra sem yfir fjármagninu ráða og fjármagn hafa til að draga enn frekar frá sköttum sínum, þar sem er frv. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Það er öllum ljóst að miðað við þær aðstæður sem í dag eru ná ákvæðin sem þarna eru ekki til lágtekjufólks. Það er alveg ljóst. Þeim er ætlað að ná til allt annarra — þeirra sem þegar hafa því miður allt of ærna frádráttarliði á sínum skattskýrslum og geta nýtt þá til hins ýtrasta, fyrir svo utan það hvernig þeir nota ýmsar leiðir til undanskots frá því sem lög segja til um og hafa auðvitað miklu betri tök á því en hinn almenni launamaður sem á þess engan kost að skjóta þannig undan sínum tekjum.

Já, það er talað mikið um skattamál þessa dagana og ég sé að einn af þeim sköttum, sem mun nú vera einna frægastur og illræmdastur um leið, sjúklingaskatturinn svokallaði, það fagnaðarerindi sem hv. formaður fjvn. var látinn flytja við 2. umr. fjárlaga, en hæstv. ráðherrar höfðu ekki kjark í sér til að segja frá áður, heldur urðu að láta hann flytja skilaboðin inn til þingsins, sá skattur er í dag af hv. þm. — og ég endurtek: af hv. þm. — Ellert B. Schram, því að hv. þm. er hann enn þá sem komið er a. m. k., kallaður í leiðara Dagblaðsins í dag siðlaus. Það er lýsing hv. þm. Ellerts B. Schram á þeim skatti sem ríkisstj. telur nú alveg sérstaka nauðsyn bera til að leggja á fólk. Siðleysi er orðið sem þar er notað. En á sama tíma og verið er að lækka launaforsendurnar í fjárlögum næsta árs og reikna með því að laun muni hækka mun minna og leiðréttingu til manna verði miklu minni á næsta ári en menn höfðu þó gert ráð fyrir og enn betur og meir er þrengt að og jafnvel farið út í að leggja á skatt þann sem hv. þm. Ellert B. Schram segir að sé siðlaus með öllu, þá kemur hæstv. ríkisstj. með þetta fagnaðarerindi hér upp jafnhliða umfjöllun okkar um skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, þar sem þeir sem betur mega sín, þeir sem yfir fjármagninu ráða eiga að fá sérstakan frádrátt frá skatti sínum á næsta ári og væntanlega framvegis. Þetta er dæmalaus óskammfeilni, að á sama tíma og þrengt er þannig að launafólki enn frekar varðandi skattamálin skuli um leið vera teknir upp í styrjöldinni við launafólkið skattar af því tagi sem hér um ræðir.

Þetta frv., sem er nú ekki til umr. hér og ég veit ekki hvort það kemur hér til umr. fyrir jól, ég reikna ekki með því frekar vegna þess að menn munu verða að hafa sig alla við til þess að ljúka þeim málum sem reiknað er með að þurfi fram að ganga, er auðvitað kóróna á óskammfeilni hæstv. ríkisstj. á sama tíma og hún boðar sjúklingaskattinn.

Aths. sem mér hefur rétt tekist að lesa yfir með þessu lagafrv. sýna líka glöggt að hér á heldur betur að rýmka til fyrir þeim sem fjármagn eiga. Hér er sem sagt frjálshyggjan komin í æðsta öndvegi, það er alveg glöggt. Og ég hlýt því að undrast og spyrja: Hvar stendur Framsfl. í þessu máli? Hefur Framsfl. virkilega samþykkt að á sama tíma og byrðar almennings eru auknar, jafnvel slík ósvinna sem sjúklingaskatturinn tekin upp, skuli farið eftir frjálshyggjupostulunum í fjmrn. og enn rýmkaðar heimildir þeirra sem yfir fjármagninu ráða til að draga undan skatti enn frekar löglega fyrir utan það sem þeir stinga undan ólöglega? Mig undrar að Framsfl. skuli vera svo langt leiddur nú þegar á fyrstu mánuðum, má segja, þessa stjórnarsamstarfs að hann skuli hafa tekið

frjálshyggjuboðorðin svo gersamlega til greina sem raun ber vitni.

Ég vil svo að lokum ítreka fullan stuðning minn við þá brtt. sem hér hefur komið fram, sem er reyndar samhljóða því sem ég lýsti sem sjálfsagðri skoðun minni við 1. umr. málsins, en hlýt að ítreka þá spurningu mína varðandi það frv. sem hér hefur verið lagt á borð þm. til forsvarsmanns Framsfl. hér inni, hæstv. dómsmrh.: Er það virkilega svo, að á sama tíma og Framsfl. hefur samþykkt sjúklingaskattinn, því að tilkynning frá formanni fjvn. hlýtur að þýða að stjórnarflokkarnir hafi báðir samþykkt þennan sjúklingaskatt, skuli gengið enn til viðbótar til móts við þá sem yfir fjármagninu ráða, þá sem fjármagnið eiga, með slíku skattundanskoti sem hér er gert ráð fyrir?

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Meginatriði þessa máls komu berlega fram í máli hv. þm. Helga Seljans rétt áðan og er þar kannske ekki miklu við að bæta. En vegna þess að hér er bæði um mikið stefnumarkandi mál að ræða og óvenjulegt mál er full ástæða til að fleiri leggi þar orð í belg og bendi á hversu sérstakt þetta mál er í eðli sínu. Hér á að gefa stórar gjafir. Ríkisstj. hefur ákveðið að veita ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu býsna miklar gjafir á silfurbakka. Því hlýtur maður að velta því fyrir sér í hverju þetta örlæti er fólgið og hvernig það lítur út í samanburði við afstöðu og framkomu ríkisstj. gagnvart ýmsum öðrum þjóðfélagshópum.

Það sem einkennir núv. ríkisstj. er eins og kunnugt er býsna heiftarleg atlaga að kjörum láglaunafólks og fólks með meðaltekjur, þannig að ljóst er að lágtekjufólk hefur ekki upplifað aðrar eins þrengingar í heimilishaldi sínu og nú er að koma á daginn og m. a. lýsa sér í margfalt fleiri hjálparbeiðnum lágtekjufólks til mæðrastyrksnefndar og annarra slíkra hjálparstofnana en verið hefur um mjög langt skeið. Allt er þetta afleiðing af gerðum núv. ríkisstj.

Í öðru lagi einkennir þessa ríkisstj. að hún beitir mikilli hörku gagnvart ýmsum sérstökum hópum. Námsmenn víða um heim, þar sem þeir eru við nám, sjá t. d. hreinlega ekki fram á hvernig þeir eigi að ljúka sínu námi og skilja ekki hver ósköp eru yfir þá að dynja með tilkomu þessarar nýju ríkisstj. ef hún ætlar að stöðva þá í námi með þeim breytingum á framlögum til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem nú virðast vera í aðsigi og hafa að nokkru þegar átt sér stað. Ég kynntist þessu nýlega á ferð minni til Bandaríkjanna, en íslenskir námsmenn í New York kölluðu okkur þm., sem vorum staddir á þingi Sameinuðu þjóðanna þar, til sérstaks fundar og gerðu okkur grein fyrir því hvílík neyð væri fram undan hjá þeim ef svo færi fram sem horfði. Það var mál þeirra að verulegur hluti þeirra sem væru við nám t. d. í New York mundi hreinlega hrökklast frá námi ef alvara yrði gerð úr þeim hótunum sem fram hafa komið um skerðingu á námslánum frá Lánasjóði ísl. námsmanna.

Þá þarf ekki að minna á þá meðferð sem aldraðir og gamalt fólk hafa sætt. Það fólk hefur orðið að taka á sig þá miklu kjaraskerðingu, sem átt hefur sér stað, með sama hætti og allir aðrir meðan lífsnauðsynjar hafa hækkað gríðarlega í verði. Nú seinast er ljóst að sjúklingarnir á sjúkrahúsum landsins eiga að verða næstu fórnarlömbin. Það er við þessar aðstæður sem örlæti hæstv. fjmrh. og núv. ríkisstj. hlýtur að líta nokkuð sérkennilega út þó að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem þessir aðilar sýna mikið og óvenjulegt örlæti gagnvart þjóðfélagshópum sem alls ekki verða fyrir þeim þrengingum og þeim skerðingum sem ríkisstj. stendur fyrir. Það þarf auðvitað ekki að fræða neinn mann um það hér, að hátekjumaðurinn í þjóðfélaginu lætur sig ekki mikið muna um það þó að nokkur skerðing á kjörum hafi orðið. Ég á t. d. ekki von á því, svo að ég nefni dæmi, að þm. finni átakanlega fyrir þeim breytingum sem átt hafa sér stað á kjörum þeirra. Þó að þar sé vissulega um verulega kjaraskerðingu að ræða eins og hjá öllum öðrum eru launin það há að menn geta hagað útgjöldum sínum með öðrum hætti og ekki látið það verða að neinu neyðarbrauði á sínu heimili. En það eru hins vegar lágtekjumennirnir sem eiga fyrst og fremst um sárt að binda og fólkið með meðaltekjurnar.

En örlætið hjá núv. ríkisstj. er með þeim einstaka sérkennilega hætti að það beinist fyrst og fremst að þeim sem mest hafa og best mega sín. Við minnumst þess að eitt fyrsta verk núv. ríkisstj. var að skenkja beint úr ríkissjóði, þrátt fyrir mikið tal um þrengingar hjá ríkissjóði á þessu ári, um 50—60 millj. til þeirra sem hafa efni á að fara í skemmtiferðir til útlanda á þessu ári. Þeir fengu á silfurfati sérstakan styrk frá ríkisstj. til að gera þeim auðveldara að fara í slíkar ferðir. Jafnframt var eini aðilinn sem alls ekki þurfti um sárt að binda vegna aðgerða ríkisstj. á s. l. vori verslunin, sem fékk í fyrsta sinn um langt skeið algerlega óskerta álagningu þrátt fyrir þá miklu gengisfellingu sem átti sér stað í júní, en venja hefur verið að skerða álagningu jafnhliða því sem gengi hefur verið fellt. Vissulega sá þessi ríkisstj. um að verslunin í landinu þyrfti ekki að bera skarðan hlut frá borði á einn eða neinn hátt við gengisfellinguna og má segja að þar hafi verið um verulega kjarabót að ræða. En svo er nú komið að þriðju stóru gjöfinni sem þessi ríkisstj. ætlar að færa þeim sem best mega sín, þ. e. lækkun á skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Ég vil hins vegar taka fram að þessi afstaða ríkisstj. kemur engum á óvart. Hún kemur mér ekki nokkurn skapaðan hlut á óvart. Ég tel að pólitískt eðli þessarar ríkisstj. sé á þann veg að við þessu mátti að sjálfsögðu búast. Við erum ekki að horfa hér framan í neitt annað en rökréttar afleiðingar af kosningaúrslitum á s. l. sumri og rökréttar afleiðingar af því hvers konar stjórn var mynduð. Ég veit að frsm. n., minn ágæti samþm. Eyjólfur Konráð Jónsson, minnist þess að á hverjum einasta framboðsfundi á Norðurl. v. fyrir seinustu kosningar sagði ég fólki að ef Sjálfstfl. kæmi til valda og fengi að framfylgja stefnu sinni mundi hann einmitt hegða sér á þennan veg. Hann mundi t. d. leggja verulega áherslu á að lækka skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, það væri hans áhugamál, það væri hans hagsmunamál og hann mundi alveg vafalaust gera það ef hann fengi völd til þess. Ég sagði hins vegar líka, að það væru erfiðir tímar í þjóðarbúinu og hvorki ríkissjóður né þjóðarbúið hefðu efni á slíkum gjöfum til þeirra sem vel eru stæðir í þjóðfélaginu. Ég væri andvígur því að ausa fé út úr ríkissjóði með þessum hætti og mundi standa algerlega gegn því og vonaðist til að kjósendur væru mér sem flestir sammála um það.

En þetta fór allt á annan veg. Þó að ég þurfi út af fyrir sig ekki að kvarta yfir stuðningi kjósenda í mínu

kjördæmi fór það nú þannig að Sjálfstfl. kom allvel út úr þessum kosningum og það var mynduð sú stjórn sem við stöndum hér frammi fyrir. Þá er ekki að því að spyrja, að það verður hennar fyrsta verk að ausa út fé ríkissjóðs og fé þjóðarinnar til þeirra aðila sem síst þurfa á því að halda meðan ólin er hert af miklu miskunnarleysi hjá þeim sem verst eru staddir.

Ég þarf ekki að minna á að ég er meðflm. að brtt. sem hér liggur fyrir og skora eindregið á þm. að veita henni brautargengi, en að henni felldri mun ég að sjálfsögðu greiða atkv. með framkomnu frv. því að ég vil þó að eins hár skattur sé lagður á í þessu tilviki og kostur er.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Nú er það svo að skattheimta er yfirleitt réttlætt með ákveðnum hætti og skattar aldrei lagðir á út í bláinn. Þessi skattur, sem við erum hér að tala um, var upphaflega settur sem nokkurs konar verðbólguskattur. Menn ætluðu sér að ná inn því sem þeir kölluðu verðbólgugróða eða ákveðnum hluta hans í ríkissjóð og réttlættu það með ákveðnum röksemdum. Endurnýjun eða framlenging þessarar skattheimtu er viðurkenning á því annars vegar að ekki sé enn þá búið að innheimta allan þann gróða sem menn töldu sig geta gengið í og hins vegar að röksemdafærslan fyrir þessari skattlagningu upphaflega hafi verið rétt. Fjmrh. getur ekki skotið sér undan ábyrgð á þessum skatti framar. Hann hefur lagt til að endurnýja skattinn og þar með viðurkennt rökstuðning hans. Þetta er eignarskattur með vissu fyrirkomulagi og hann var á lagður með vissum pólitískum rökstuðningi á sínum tíma. Þó að fjmrh. lýsi því yfir að spor hans séu þung við að leggja þennan skatt á er hann samt sem áður með því að flytja þessa till. að viðurkenna réttmæti skattsins. Varla er þess að vænta að hann leggi skattinn á eingöngu til þess að fá tekjur. Sú röksemd er ekki samboðin fjármálayfirvaldi og slíkur rökstuðningur setur spurningarmerki við alla skattlagningu.

Rökstuðningur skattaálagningarinnar er þar með samþykktur af núv. fjmrh. og ríkisstj. með endurnýjun hans. Lækkun skattsins er aftur á móti ríkissjóði mjög dýrkeypt sýndarmennska. Sem dæmi til viðbótar því sem hv. 5. landsk. þm. nefndi áðan má nefna að það kostar ríkissjóð vegna utanfarar krabbameinssjúklinga árlega, miðað við að 20 sjúklingar fari út, um það bil 15 millj. að halda þeirri þjónustu úti. Það er hærri upphæð en verið er að fara fram á og berjast fyrir að fá núna í K-deild Landspítalans. Því lýsi ég því yfir að ég styð fram komna brtt. minni hl. fjh.- og viðskn., en mun aftur á móti áskilja mér rétt til að samþykkja frv. ef sú brtt. verður felld.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Ég taldi óeðlilegt að ég færi að ræða brtt. þá, sem hér hefur verið flutt, efnislega áður en flm. sjálfir hefðu gert fyrir henni grein, en bjóst við að kannske mundi ég segja nokkur orð á eftir og ætla nú að gera það því að fullt tilefni er til.

Hér er því haldið fram að verið sé að lækka þennan skatt frá því sem verið hefur, en það er skýrt tekið fram í aths. við frv. að svo er ekki. Það segir þar, með leyfi forseta:

„Þó er lagt til að skatthlutfallið lækki úr 1.4% í 1.1%, en vegna minnkandi verðbólgu er það gert til að koma í veg fyrir að skattbyrði aukist milli ára. Er þetta hliðstæð lækkun skatthlutfalls og tillaga er gerð um varðandi eignarskatt í því frv. til breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem nú liggur fyrir Alþingi" o. s. frv.

Það vita auðvitað allir hv. þm., allir þeir sem hér hafa talað, að ekki er verið að lækka þennan skatt sérstaklega. Ég vona að það reynist svo, að þær breytingar sem verið er að gera á skattstigum nú varðandi einstaklinga og fyrirtæki líka reynist verða veruleg skattalækkun. Við skulum vona það og því hefur verið haldið fram að svo sé. Ef það reynist rétt væri það auðvitað skatthækkun að fara í 1.4%, það er alveg ljóst mál. Um þetta þurfum við ekkert að deila, en mér er svo sem alveg sama þó að menn haldi þessu hér fram úr þessum stól gegn betri vitund. Ef verðbólgan næst svo langt niður sem menn treysta og vona, og hún er svo sannarlega og hefur verið á niðurleið, þá sér það hvert einasta mannsbarn að skattbyrðin mundi þyngjast með sömu skattstigum og áður voru.

En að gefnu tilefni frá hv. þm. Helga Seljan langar mig að fara örfáum orðum um frv. það sem ég hygg að hann hafi vitnað til, sem nú hefur verið lagt á okkar borð og er 160. mál og heitir: Frumvarp til laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Hann taldi það sérstaklega gert til að auðvelda eignamönnum og hátekjumönnum að auka sinn gróða eða eitthvað á þá leiðina féllu hans orð. En ekki þarf að lesa langt til að sjá að svo er ekki.

Í upphafi 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Frádráttur samkv. lögum þessum skal nema aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri eins og nánar er kveðið á um í þessari grein. Frádráttur skal þó aldrei vera hærri en 20 þús. kr. á ári hjá hverjum manni eða 40 þús. kr. hjá hjónum."

Nú er rétt að þetta er fylgifrv. með öðru frv. um breytingar á tekjuskatts- og eignarskattslögunum. Þess vegna segir þetta frv. ekki alla söguna og kannske ekki hægt að átta sig á því nema í tengslum við hitt frv. og löggjöfina í heild. En þessi eina setning segir það sem hugsunin er. Og hún er sú einmitt að gera fólki með miðlungstekjur og miðlungseignir — vonandi líka þeim, þegar fram í sækir, sem eru með lágar tekjur — unnt að vera þátttakandi í atvinnurekstri. Við þekkjum það mjög vel báðir, hv. þm. Helgi Seljan og ég, að t. d. út um hinar dreifðu byggðir í sjávarþorpunum hefur fólkið verið að leggja fé í atvinnurekstur til að styrkja fjárhag sinn og sinna byggðarlaga. Þótt það væri jafnvel lágtekjufólk og eignalítið fólk hefur það gert þetta. Það á að stuðla að því að þetta fólk geti það og geti fengið einhverja greiðslu sem samsvari vöxtum af þessu fjármagni.

Þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram, tel ég vera með hinu merkasta sem sést hefur á borðum þm. jafnvel árum saman. Ég efast ekkert um að það verður reynt að rangtúlka það sem hér er hugsunin. En hugsunin er einmitt sú að gera sem flesta Íslendinga þátttakendur í atvinnulífinu og efnalega sjálfstæða, gera þá sjálfbjarga. Það er alls ekki hægt með nokkrum sanni að túlka þetta mál þannig, að það sé verið að hygla hátekjumönnum og eignamönnum. Ég er ekki á móti því að menn græði þegar vel gengur, og atorkumenn eiga það sannarlega skilið, jafnvel einstaklingar, og lítil félög. En það er ekki verið að ívilna hér

fjölskyldufélögum eða félögum fárra manna. Það er verið að reyna að koma á fót almenningshlutafélögum, það er verið að reyna að stofna starfsmannasjóði, þar sem verkamennirnir og starfsmenn fyrirtækjanna geta eignast beina aðild að fyrirtækjunum og ríkisvaldið kemur á móti þeim með því að gefa þeim nokkra ívilnun frá sköttum til að hvetja þá til að taka þátt í atvinnurekstrinum. Þetta er það sem kallað hefur verið auðstjórn almennings eða fjárstjórn fjöldans, sem ég held að við Íslendingar ættum nú að hugleiða að er það eina stjórnarform sem getur gengið á okkar fámenna landi. Þá verður það aldrei svo að fáir auðmenn geti stjórnað fjármagninu. Svo er enn bölvaðra ef ríkið gleypir allt fjármagnið og sósíalismi hefur innreið sína. Kominn er hann nógu langt þegar ríkisvaldið fer með svo til alla fjármuni þjóðfélagsins, á alla bankana, alla sjóðina og skattleggur í bak og fyrir, tekur jafnvel 200% skatta af brýnustu nauðsynjum o. s. frv. Komið er það nú nógu langt. Það þarf að koma fénu aftur til fólksins. Þetta frv. miðar að því og er langbesta frv. sem liggur fyrir þessu þingi.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstvirtur forseti. Þar sem ég tók þátt í undirbúningi að samningu frv. til fyrstu laga um skattlagningu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði vil ég taka undir það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði hér áðan um hugsunina sem á bak við það lá, þá var mjög talað um það, hversu þeir sem fjárfest hefðu í steinsteypu þá, sérstaklega á þessu sviði, hefðu grætt á undanförnum árum, vegna þess að lán voru þá óverðtryggð, en verðbólgan afskrifaði þau síðan mjög ört. Þess vegna var ekki gert ráð fyrir að þetta yrði skattur til frambúðar. Síðan hefur hann þó verið framlengdur um hver áramót til eins árs, þannig að um s. l. áramót var gert ráð fyrir að hann félli niður nú. Vitanlega má deila um það, hversu lengi menn eru að hagnast á slíku, því að nú síðustu árin hafa menn aðeins fengið lánsfé sem endurgreiða þarf fullu verði.

Hjá framsóknarmönnum hafa þess vegna verið skiptar skoðanir síðustu árin um hvort rétt væri að halda þessari skattlagningu áfram og sumir talið að ekki væru rök fyrir því að halda því öllu lengur. En ég get lýst því hér yfir að þm. Framsfl. eru sammála um það nú að framlengja þennan skatt, en ekki afnema hann eins og hv. 5. landsk. þm. gerði till. um á s. l. ári, eins og hann sagði hér við 1. umr. málsins. Hv. 5. landsk. þm. skýrði við 1. umr. frá rökum þeim sem hann taldi fyrir því að gera svo ekki nú. Ég get tekið undir þau rök hans, sem einmitt styðja afstöðu okkar framsóknarmanna líka. En við vitum að verðbólgan hefur haft þau áhrif að skattar sem miðaðir eru við prósentu og greiðast eftir á hafa verið miklu lægri síðustu árin vegna verðbólgunnar. Hv. 4. þm. Norðurl. v. útskýrði að þannig hefur einnig orðið með þennan skatt, að greiðslubyrði fyrirtækjanna hefur orðið lægri vegna verðbólgunnar á undanförnum árum. Nú er reiknað með að þar verði breyting á og þess vegna muni greiðslubyrði þessi verða svipuð og síðustu árin með þessari prósentu. Að því leyti er með þessu frv. gert ráð fyrir að halda einu sinni enn í horfinu, þó að ég vilji taka undir það með hv. 8. þm. Reykv. að eftir því sem árunum fjölgar frá því að full verðtrygging var tekin upp eru rök fyrir því að þetta verði endurskoðað og ekki frambúðarskattur.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta nú, enda hafði ég reyndar reiknað með því að hæstv. fjmrh. kæmi hér upp og segði nokkur orð um þær aths. sem hér hafa fram komið. Ég hlýt nú að spyrja þegar svo er talað sem talað er yfirleitt í þinginu nú: Veit ríkisstj. í raun og veru ekkert hvað er að gerast í þjóðfélaginu? Hefur hún enga hugmynd um hvernig kjörum manna er háttað í dag? Finnst henni sérstök ástæða til að leggja fram frv. varðandi lækkun skatta fyrirtækja og lækkun skatta fjármagnseigenda á sama tíma og upplýsingar koma fram hér í þinginu, úr því að hæstv. ríkisstj. fylgist ekki með því sem er að gerast í þjóðfélaginu, eins og komu fram í máli hv. þm. Geirs Gunnarssonar við 2. umr. fjárlaga varðandi elli- og örorkuþegana? Ég er alveg sannfærður um að þeir sjá ekki út yfir Arnarhólinn, það er alveg greinilegt, nema þá til sinna brjóstmylkinga sérstaklega því að þeir hafa þá í huga alveg greinilega í þessu sambandi.

Hugur ríkisstj. er nefndur. Það var rætt hér um að í meðförum fjh.- og viðskn. í Nd. hafa skattstigar verið lækkaðir svo að skattabyrðin yrði ekki eins þung á næsta ári. Hverju er það að þakka? Það er því að þakka að stjórnarandstaðan kom örlítilli glóru fyrir ríkisstj. í umr. um þetta mál í Nd. og benti á það þar með óyggjandi rökum að skattbyrðin með því hugarfari sem ríkisstj. lagði frv. fram mundi þyngjast á næsta ári. Ríkisstj. sá sitt óvænna og slakaði nokkuð til eftir stóryrtar fullyrðingar hæstv. fjmrh. og fleiri um að skattbyrði fólksins í landinu væri að stórlækka. Þannig er kannske ekki til einskis að standa hér í ræðustól og reyna að koma örlítilli glóru fyrir þessa hæstv. ríkisstj. Hún virðist ekki sjá neitt hvert stefnir í okkar þjóðfélagi varðandi kjör þeirra sem hún þóttist í vor ætla að vernda sérstaklega og gaf út sérstök háðslög, sem hún kallaði: Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, því til sönnunar. Ég veit að það er hægt með þeim rökstuðningi, sem hér er og hv. þm. Eyjólfur Konráð vitnaði í, að segja að þetta sé hliðstæð lækkun skatthlutfalls og till. er gerð um varðandi eignarskatt í því frv. til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt sem nú liggur fyrir Alþingi. En ég lýsti því yfir við 1. umr. og geri það enn að ég sá fulla ástæðu til að halda þessu í nákvæmlega sama fari miðað við hvernig verslunin slapp í vor. Það á auðvitað að taka sama tillit og ekki síðra tillit til verslunar- og skrifstofuhúsnæðisins í þessu tilfelli og til einstaklinganna, nema frekar væri.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði að frv. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri hefði verið lagt fram til þess að menn með miðlungstekjur og jafnvel seinna lágtekjur gætu lagt fé sitt í atvinnurekstur. Mér þótti nú vænt um að hann talaði um miðlungstekjur og væntanlega síðar lágtekjur, enda er alveg ljóst að þessi hv. þm. hefur miklu meiri skilning á kjörum lágtekjufólksins í landinu en hæstv. ríkisstj. Það hefur komið fram í umr. áður í þessari hv. deild. Hann þekkir greinilega örlítið til úti í þjóðfélaginu og veit hvar þrengir að. Þess vegna sleppti hann því auðvitað að nefna fólk sem væri með minna en miðlungstekjur, sem gæti komið inn í þetta núna. (**EKJ:** Ég sagði það sem ég ætlaði að segja og þú hefur endurtekið rétt.) Já, hann sleppti lágtekjufólki, að það gæti komið inn í þessa mynd nú, vegna þess að hann veit um aðstæður þess fólks í dag. (**EKJ:** Við skiljum hvor annan.) Já, en aðstæðurnar einmitt nú, eru það

réttu aðstæðurnar til að leyfa þetta?

Hann rakti hér að þetta væru ekki háar upphæðir, 20 þús. á ári hjá hverjum manni eða 40 þús. kr. hjá hjónum. Ég er ekkert hissa á því þó að hæstv. ríkisstj. fari ekki miklu hærra í þessu en raun ber vitni, þegar hún er að taka fyrstu frjálshyggjuskrefin í þessu efni. Ég er ekkert hissa. Ef þessi ríkisstj. verður við völd eigum við auðvitað eftir að sjá margfaldar tölur af þessu tagi. Ég efast ekkert um það. En til samanburðar langar mig til að geta um hvað þessar tölur þó þýða fyrir hátekjumanninn. Hvað þýða þær, miðað við þann skattstiga sem nú mun vera orðinn ofan á í fjh.- og viðskn. Nd.? Við miðum við hæsta skattþrepið að sjálfsögðu hjá þessu fólki. Þá þýðir þetta í kringum 8500 kr. hjá einstaklingi í skattalækkun á næsta ári og 17 þús. kr. hjá hjónum. Á sama tíma á að taka 6 þús. kr. af lágtekjumanninum, sem leggst inn á sjúkrahús, allt að 6 þús. á ári, á meðan hátekjuhjónin fá 17 þús. kr. skattafrádrátt aukalega ofan á annað. Þetta eru alveg skýrar tölur í beinu framhaldi af því sem hv. þm. kom inn á áðan.

Ég held að ég geti ekki stillt mig um að minna á tölurnar, sem hv. þm. Geir Gunnarsson var með og enginn hefur þorað að bera brigður á varðandi kjör elli- og örorkuþeganna í dag — þess fólks sem hv. þm. Eyjólfur Konráð undanskildi réttilega að gæti komið inn í þessa mynd nú vegna aðstæðna sinna. Ég held að það sé nauðsynlegt að endurtaka það, því að í máli sínu gerði Geir glögga grein fyrir því hvernig lífeyrir þessa fólks entist til lífsnauðsynjanna nú miðað við sama mánuð í fyrra. Í máli hans kom það fram, að í fyrra fékk þetta fólk fyrir lífeyrinn sinn 34% rúmlega meira af smjöri, 3% meira af nýmjólk, 29% meira af súpukjöti, 42% meira rafmagn og 25% meira magn af símaþjónustu, svo að aðeins örfá dæmi brýnustu nauðsynja væru tekin. Þegar hæstv. ríkisstj. er að leggja fram frv. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, sérstakt aðhlynningarfrv. til þeirra sem fjármagnið eiga — og ég endurtek það: sem fjármagnið eiga í dag og hafa yfir því að ráða — þegar hún leggur til að verslunin sleppi á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. finnst mér að hún ætti a. m. k. að hlusta á þessar tölur og jafnvel að reyna að draga af þeim einhvern lærdóm um hvernig stjórnarstefnan hefur leikið elli- og örorkuþegana í þessu landi.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég átti von á að hæstv. fjmrh. tæki þátt í þessari umr. og lýsti sínum skoðunum á þeirri brtt. sem hér hefur verið lögð fram. En ég sé ástæðu til að bæta nokkrum orðum við það sem þegar hefur verið sagt.

Það er auðvitað mála sannast, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Austurl., að þessi ríkisstj. veit nákvæmlega ekkert hvað er að gerast í þjóðfélaginu. Og það sem meira er: Þessi hæstv. ríkisstj. veit nákvæmlega ekkert hvað er að gerast núna í fjárlagaafgreiðslunni og lánsfjáráætlun. Við fáum hvert dæmið á fætur öðru um það upp í hendurnar.

Verðjöfnunargjaldið á raforku er ein upphæð í fjárlagafrv. Síðan kemur í ljós að sá skattur á að skila 140 millj. til viðbótar í ríkissjóð umfram það sem segir í fjárlagafrv. samkv. útreikningum þeirra sérfræðinga sem gerst til þekkja.

Þegar farið var að líta á lánsfjáráætlun í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar er fyrsti punkurinn sem staðnæmst er við sjóefnavinnslan á Reykjanesi. Og hvað kemur í ljós þar? Jú, það kemur í ljós að reiknað er með 34 millj. kr. í fjármagnskostnað, vexti og afborganir. Það er sú prentaða tala sem stendur í lánsfjáráætlun. En þegar fulltrúar í stjórn fyrirtækisins og ráðuneytisstjóri fjmrn. mæta á fund n. kemur í ljós að þessi tala er 45 millj. Þarna vantar upp á 11 millj., sennilega vegna þess að það hafa verið reiknaðir vextir inn í töluna 34 millj., en ekki afborganir af lánum. Þar við bætist svo að þetta fyrirtæki er þegar búið að semja um verklegar framkvæmdir sem ekki verður undan vikist á næsta ári og sem raunar eru þegar að hluta til í gangi upp á 16 millj. Þessa sér hvergi stað í lánsfjáráætluninni. Þarna eru sem sagt alvarlegar skekkjur. Eins og ég sagði hér fyrst var þetta það fyrsta sem við staðnæmdumst við í lánsfjáráætluninni og ef annað er eftir þessu líst mér ekki á blikuna. Ég geri ráð fyrir að það mætti e. t. v. finna ýmis fleiri dæmi um slíkar skekkjur, þó að ég hafi þau ekki á takteinum á þessari stundu. Það er einfaldlega vegna þess að ekki hefur gefist nægur tími til að skoða þessi mál.

Hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson, sagði úr þessum ræðustól áðan: Ég vona að breytingarnar á skattalögunum leiði til lækkunar. Ég vona, sagði þessi hv. þm. Ég held að enn einu sinni viti ríkisstj. nákvæmlega ekkert um á hvaða mið er verið að róa eða þá hver afllinn verður. Það er fullyrt hér, þegar þessi skattalög komu til 1. umr. í Nd., að hér væri um verulegar skattalækkanir að ræða. Einn af þm. stjórnarliðsins, hv. þm. Gunnar G. Schram, hefur opinberlega á prenti borið það til baka, mótmælt því, sagt að ákvæði skattalaganna eins og þau voru lögð fram fyrst væru íþyngjandi. Og gagnrýni stjórnarandstöðunnar og rökstuðningur um að hér væri um skattahækkanir að ræða hefur haft nokkur áhrif. Við eigum eftir að sjá í þessari hv. deild hversu mikil. Hún hefur haft nokkur áhrif til að breyta þessari fyrirætlun ríkisstj.

Varðandi þennan sérstaka skatt, sem hér er til umr., er það alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. minntist á hér áðan og ég gerði raunar grein fyrir við 1. umr. þessa máls, að við Alþfl.-menn vorum þeirrar skoðunar að afnema ætti þennan skatt í tveimur áföngum fyrir tveimur árum og lögðum fram um það tillögur hér. Þær náðu ekki fram að ganga. En nú er það okkar skoðun, að aðstæður allar í íslensku þjóðfélagi séu svo gerbreyttar að ástæða sé til að halda þessum skatti við. Við erum ekki eins geirnegldir og sumir flokkar hafa verið í einstökum atriðum að við getum ekki breytt um skoðun ef aðstæður í þjóðfélaginu breytast. Það er auðvitað nauðsynlegt. Okkar mat er að aðstæður í þjóðfélaginu hafi á tiltölulega skömmum tíma breyst með þeim hætti að það sé réttlætanlegt að leggja þennan skatt á áfram.

Það hefur verið rakið hér ítarlega hvernig efnahagsráðstafanir ríkisstj. ýmsar koma hart og harðast við þá sem minnst mega sín í þessu þjóðfélagi. Það hefur verið rakið ítarlega í þessum umr. Og að því er varðar þá brtt. sem hér er til umr. finnst mér vera spurning um grundvallaratriði. Það er verið að tala um að halda skatthlutfallinu óbreyttu, ekki að lækka það. Mér finnst þetta vera spurning um fólkið eða fyrirtækin. Það er alveg ljóst að ef þessi brtt. verður felld staðfestist það enn einu sinni hér að núv. hæstv. ríkisstj. er ríkisstj. fyrirtækjanna en ekki fólksins í landinu.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég sá ástæðu til að árétta það vegna framkominna röksemda hérna að ég geri mér alveg grein fyrir því að miðað við það verðbólguástand sem við búum við í dag erum við að tala um hærra skatthlutfall en áður og með því að styðja þessa brtt. erum við að leggja það til að hert verði ólin hjá verslunar- og skrifstofufyrirtækjum með svipuðum hætti og gert hefur verið hjá launþegum. Ríkisstj. hóf starfsferil sinn með ákveðnum aðgerðum til að bjarga atvinnulífi, eins og sagt var, og hún hefur marglýst því yfir að þessar aðgerðir hafi borið árangur. Verðbólgan hefur farið lækkandi. Við vonum að ásetningur hennar, þ. e. að bjarga atvinnulífinu, hafi skilað sér og þá sé ég ekkert á móti því að atvinnulífið taki áframhaldandi þátt í því að koma málunum í viðunandi horf.

Eiður Guðnason varpaði fram þeirri spurningu, hvort ríkisstj. vissi nokkuð hvað hún væri að gera. Þeirri spurningu hefur hæstv. fjmrh. þegar svarað. Það gerði hann á fundi í Sþ. fyrir tveim dögum. Hann sagði: Þær upplýsingar sem við fengum, bæði í kosningabaráttunni og í stjórnarmyndunarviðræðunum, voru rangar. — Með leyfi hæstv. forseta: Það var kannske hvað mesta ruglið um það leyti sem við vorum að taka við vegna þess að upplýsingarnar sem við fengum voru rangar. Hann endurtók, með leyfi hæstv. forseta: Þær voru rangar. — Og síðar í sinni ræðu, með leyfi hæstv. forseta: Það var ekkert svigrúm til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum eins og við höfðum sagt þegar við byggðum á upplýsingum sem voru rangar.

Ég spurði þess úr ræðustóli við þetta tækifæri: Hvaða tryggingu höfum við fyrir því í dag að ríkisstj. viti nú betur en þá hvað hún er að gera? Og ég vil spyrja að auki: Hvaða tryggingar höfum við fyrir því að þær upplýsingar sem ríkisstj. hefur í höndum í dag séu ekki jafnrangar og þær voru í vor? Við höfum þegar fyrir augunum nokkuð mörg dæmi, sum stór, sum lítil. Upplýsingarnar sem skattstigafrv. var byggt á reyndust greinilega rangar. Upplýsingarnar um orkujöfnunargjaldið reyndust greinilega rangar. Og ég veit um fleiri dæmi sem kannske eru ekki jafnstór, smærri í sniðum, eins og t. d. rafmagnseftirlit o. fl., sem greinilega eru komin inn í fjárlög á grundvelli rangra forsendna. Ég tel mjög nauðsynlegt, lýðræðislega skyldu stjórnvalda, að færa ákveðna sönnun fyrir því að það sem þau eru að gera sé rétt gert og með rétt fengnum upplýsingum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég skal ekki efna til mikilla umr. hér því að eins og einn ágætur þm., hv. 5. landsk. þm., hvíslaði að mér þegar ég kom upp í ræðustólinn eru menn búnir að tala sig dauða, en virðulegur þm. beindi til mín einni spurningu og hún var um álit mitt á þeirri brtt. sem minni hl. flytur á þskj. 236 við þetta frv.

Mín afstaða til þessa frv. kemur greinilega fram í þeirri grg. sem ég legg fram með þessu frv. og ætti hv. þm. þess vegna ekki að þurfa að spyrja. En með leyfi forseta ætla ég að lesa hluta af því sem þar kemur fram:

„Í frv. til fjárl. fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þeim sökum er frv. þetta lagt fram og er það efnislega samhljóða lögum nr. 20/1983. Þó er lagt til að skatthlutfallið lækki úr 1.4 í 1.1%, en vegna minnkandi verðbólgu er það gert til að koma í veg fyrir að skattbyrðin aukist milli ára."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa meira. Þar kemur fram afstaða mín til till. sem hér er flutt til að breyta því sem ég legg til og hlýtur mín afstaða því að vera ljós, að ég legg til að þessi till. verði felld.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér önnur mál sem hafa komið á dagskrá, en vil þó segja það til þess að svara hæstv. fyrrv. fjmrh., 3. þm. Norðurl. v., að þegar hann talar um að hér sé um fjáraustur úr ríkissjóði að ræða og bendir á ýmis atriði, m. a. niðurfellingu á aukaskatti á ferðagjaldeyri o. fl., er ég fullkomlega reiðubúinn að leggja fram upplýsingar um fjáraustur úr ríkissjóði þó ekki væri nema síðustu vikurnar áður en ég tók við embætti.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aths. mín skal vera örstutt.

Svar hæstv. fjmrh. staðfestir nákvæmlega það sem ég sagði áðan, að sú ríkisstj. sem hann situr í er ríkisstj. fyrirtækjanna en ekki fólksins. (**Fjmrh.:** Hvað verður um fólkið ef fyrirtækin hrynja?)

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Vegna aths. hæstv. núv. fjmrh. um fjáraustur úr ríkissjóði seinustu vikur seinustu ríkisstj. vil ég aðeins taka fram, að þess gerist ekki þörf að hæstv. fjmrh. lesi yfir þingheimi eða mér um hvaða upphæðir hefur þar verið að ræða. Allt eru þetta opinber plögg, sem m. a. liggja fyrir fjvn. nú þegar. Það sem hér er um að ræða eru að sjálfsögðu býsna margar aukafjárveitingar sem veittar voru á fyrstu mánuðum þessa árs fram til þess að fyrrv. stjórn fór frá. Þær aukafjárveitingar áttu sér margvíslegar skýringar og m. a. þær, eins og fram hefur komið, að reiknitölur fjárlaga voru ekki í fullu samræmi við þá verðbólguþróun sem síðar kom á daginn. Raunar var kannske vitað frá öndverðu að reiknitala fjárlaga væri lægri en búast mætti við. Það var raunar alltaf skoðun mín að aldrei væri hægt í fjárlögum að miða gerð fjárlaga við forsendur sem væru nákvæmlega sá raunveruleiki sem við mætti búast. Með því væri tekin of mikil áhætta og það yrði hverju sinni að gera ráð fyrir að reiknitölur fjárlaga væru heldur lægri en væntanleg verðbólguspá hverju sinni, því það versta sem getur komið fyrir nokkra ríkisstj. og nokkurn fjmrh. er ekki að verðbólga sé ívið meiri en fjárlög gera ráð fyrir. Það er ekki annað en það sem hefur gerst undanfarin 20—30 ár og er fullkomlega eðlilegt og raunhæft. Hitt er miklu verra, ef það skyldi einhvern tíma koma fyrir einhvern fjmrh. eða einhverja ríkisstj. að fjárlagaforsendan væri hærri en raunveruleg verðbólguþróun, því að þá væri voði á ferð. Slíkt má aldrei gerast. (**Gripið fram í:** Er nokkur hætta á því?) Ja, ef menn setja sér það að markmiði að hafa verðbólguforsendu í fjárlögum sem allra næst því sem þeir eiga von á að verði í raunveruleikanum hvað verðbólguþróun snertir, þá taka menn þá áhættu að verðbólgan kynni að verða ögn lægri og þar með er skaðinn skeður.

Þess vegna hef ég alltaf sagt og segi enn: Allt þetta innantóma tal um að forsendur fjárlaga séu ekki raunhæfar og annað eftir því er af því að menn vita ekki hvað þeir eru að tala um. Það er nauðsynlegt, sjálfsagt og eðlilegt að forsendur fjárlaga séu heldur lægri en búast má við að verði í raunveruleikanum því að ella taka menn of mikla áhættu, eiga það á hættu að við sérstaklega góðar aðstæður — hægari verðbólguþróun

en menn áttu von á því að varla fara menn að ýta undir verðbólguna meira en hún sjálf gefur tilefni til — lendi menn í hreinum vandræðum með framkvæmd fjárl. Það er það versta sem fyrir getur komið að verðbólgan sé minni en forsendur fjárlaga gera ráð fyrir. Þess vegna er þarna alltaf einhver munur á og þess vegna hefur reynslan orðið sú, bæði í minni tíð og í tíð allra fyrri fjmrh., að það hefur verið óhjákvæmilegt að veita svo og svo miklar aukafjárveitingar vegna þess munar sem alltaf er þarna fyrir hendi. Ég hygg að núv. fjmrh. eigi eftir að kynnast því að svo verði einnig í hans tíð, þó að hann hafi að vísu verið svo djarfur að lýsa því yfir við 1. umr. fjárlaga að það yrðu engar aukafjárveitingar veittar á komandi ári. Ég vildi ekki gera neinar aths. við það þegar 1. umr. fjárlaga fór fram, en ég held að sú aths. hæstv. fjmrh. hafi verið það hæpnasta sem hann hefur látið frá sér fara fyrr eða síðar. Ég á eftir að sjá að hann lifi af árið 1984 án þess að veita einhverja aukafjárveitingu.

Það hefur alltaf gerst og mun gerast að aukafjárveitingar eru veittar. Fjvn. fær skýrslu um þessar aukafjárveitingar með jöfnu millibili. Hæstv. fjmrh. væri því svo sannarlega ekki að flytja þingheimi neitt leyndarmál, sem kann að vera milli mín og hans, heldur væri hann bara að gefa upplýsingar um hluti sem allir þm. eiga heimtingu á að fá að vita og núv. fjvn. hlýtur að hafa þegar fengið að vita og menn geta fengið upplýsingar um hjá fjvn.-mönnum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hafði vissa meðaumkun með hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrrv. hæstv. fjmrh., meðan hann var að reyna að krafsa yfir það sem ég hafði sagt. Ég var svo sannarlega ekki að tala um hinar vitlausu forsendur fjárlaga fyrir 1983 þegar ég talaði um að sjálfsagt væri að kynna fyrir þingheimi fjáraustur úr ríkissjóði, svo sannarlega ekki, því að eins og hann réttilega gat um geta forsendur frv. til fjárl. breyst mjög skyndilega. En fyrr má nú vera þegar allir sjóðir, sem eiga að duga út allt árið til reksturs ráðuneyta og stofnana, eru þurrausnir í apríl—maí þannig að fjmrh. sem tekur við er settur í þann vanda að hann verður að búa til ný fjárlög frá degi til dags með aukafjárveitingum. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð við gerð fjárlaga. Ég held að fjárl. í ár séu raunhæfari því að þau eru byggð á allt öðrum forsendum og þetta ætti ekki að koma fyrir aftur. Ég hef sem fjmrh. gert ráðstafanir til þess að fjmrh. hafi ekki þetta vald og verði ekki settur í þá aðstöðu að gera fjárlögin á miðju ári upp á nýtt án samráðs við Alþingi Íslendinga eða fjvn., sem ég tel vera umboðsaðila Alþingis á milli funda. Síðan ég komst inn í þessi vinnubrögð hef ég haft fullt samráð við hagsýsluna og við formann og varaformann fjvn. um þær aukafjárveitingar sem ég hef þurft að standa í að veita til þess að endar nái saman á þessu ári. Það er alls ekki þetta sem ég var að tala um heldur aukafjárveitingar í fyrirtæki og þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar bæði í kjördæmi hæstv. fyrrv. fjmrh. og hér í Reykjavík. Ég er að tala um málefni t. d. Landssmiðjunnar. Ég er að tala um ráðstafanirnar við Þjóðleikhúsið daginn áður en hæstv. fyrrv. fjmrh. fór frá embætti. Ég er að tala um fjárveitingar norður á Siglufjörð. Ég er að tala um fjárveitingar á Sauðárkrók. Virðulegur þm. veit nákvæmlega hvað ég er að tala um. Ég gæti haldið svona áfram. Við skulum ekki egna hvor annan upp í þær umr., enda kæri ég mig ekkert um þær. En ég vil bara segja, að ef hæstv. fyrrv. fjmrh. talar um að nú sé verið að ausa fé úr ríkissjóði með því að halda hlutföllum í skattheimtu af verslunar- og skrifstofuhúsnæði þannig að það íþyngist ekki á komandi ári er það mikill misskilningur að við séum að tala um það sama.

En mig langar til að svara ásökunum úr fyrstu ræðu virðulegs þm. í upphafi þessara umr., þ. e. í sambandi við námslánin. Ég veit ekki betur en þau hafi verið aukin á síðasta ári. Það sem átti að duga samkv. fjárl. ársins 1983 dugði alls ekki. Það var ekki fyrr en eftir að hæstv. síðasta ríkisstj. fór frá völdum að í ljós kom krafa upp á nærri 200 millj. frá námsmönnum. Þeir fengu viðbótarupphæð sem nemur 130 millj. Það er ekki verið að draga neitt af þeim, þeir fengu viðbótarupphæð. Við skulum ekki vera að kalla hlutina annað en þeir eru. Í ár eru þeir með meira en 6 eða 8 stærstu framkvæmdaliðirnir. Það eru ætlaðar 400 millj. kr. á fjárlögum 1984 + 228 millj. kr. lántaka. Við skulum átta okkur á því líka að aðkoman að ríkissjóði er skjalfest og fyrrv. hæstv. fjmrh. hefur ekki mótmælt þeirri niðurstöðu, enda treystum við hugsa ég báðir vel því ágæta starfsfólki sem í fjmrn. vinnur. Sú aðkoma gefur ekki tilefni til þess að námsmenn eða aðrir geti byggt tilveru sína á þeim fölsku forsendum sem þau fjárlög og þau vinnubrögð sem áður voru viðhöfð gáfu tilefni til að mættu kannske halda áfram ef óábyrg ríkisstj. héldi áfram völdum, vegna þess að lífskjörum þar var haldið uppi með sífelldum erlendum lántökum til að viðhalda stanslausum innflutningi. Þær voru orðnar, eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. veit, á annan milljarð dollara, og mjög há prósenta, sem margoft hefur komið fram hér, miðað við þjóðarframleiðslu, fyrir utan yfirdráttinn í Seðlabankanum sem var á annað þúsund millj. Á sama tíma kemur hæstv. fyrrv. fjmrh. og heldur því fram að viðskilnaður hans við árið 1982 hafi verið 800 millj. kr. hagnaður og talar þá um niðurstöðutölur ríkisreikninga. Hvers lags blekkingamálflutningur er þetta? Ef það er staðreynd að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafði í árslok 1982 800 millj. kr. til að spila úr til að byrja árið 1983 með, hvernig stendur á þeim yfirdrætti sem er í maí hátt á annað þús. millj.?

Annars ætlaði ég ekki að gera fjárlög að umræðuefni í sambandi við þann dagskrárlið sem nú er ræddur, en fyrrv. hæstv. fjmrh. gaf mér fyllilega tilefni til að svara þessum atriðum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er vafalaust rétt hjá hæstv. fjmrh. að við höfum ekki mikla aðstöðu til að gera úttekt á fjármálum ríkisins á þeim stutta tíma sem við höfum til að ræða annað mál — að vísu náskylt af því að hér erum við auðvitað að fjalla um part af fjármáladæmi ríkissjóðs. En þegar hann talar um að við getum verið sammála um hvernig aðkoman að ríkissjóði hafi verið þegar þessi stjórn kom til valda vildi ég mega minna hann á að hann og hans málgögn höfðu uppi fullyrðingar um það, þegar þessi stjórn tók við, að það stefndi í 1600 millj. kr. halla á ríkissjóði á þessu ári. Auðvitað var það ekkert annað en hrein blekkingartala, eins og ég rökstuddi í grein í Morgunblaðinu í júnímánuði s. l. Eftir að þessi stjórn tekur við gerist það svo að hún bætir við útgjöldum eða fellir niður tekjur, sem fyrri stjórn hafði ákveðið, að upphæð samtals um

800 millj. (Gripið fram í.) Ef allt er talið eru það um 800 millj. og ef þessar tvær upphæðir eru lagðar saman skyldi maður halda að hallinn væri orðinn býsna mikill. En samkvæmt seinustu upplýsingum er enn gert ráð fyrir að hallinn verði einhvers staðar í kringum 1000 millj. (Gripið fram í.) Ég heyrði nú tölu einmitt frá fjmrn., og það eru ekki nema nokkrir dagar síðan, þar sem var talið að hallinn kynni að verða í kringum 1100 millj. Þessi seinasta tala sýnir að ef ekki hefði verið fallið frá svo mörgum útgjöldum, sem núv. hæstv. fjmrh. hefur gert, og ef ekki hefði verið bætt við svona mörgum nýjum útgjöldum hefði bersýnilega allt stefnt í að ekki hefði orðið ýkjamikill halli á fjárlögum á þessu ári.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 236 felld með 11:8 atkv.
6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 33. fundur.

Föstudaginn 16. des., kl. 9 síðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 147. mál (þskj. 206). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 149. mál (þskj. 208, n. 237). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Félmn. hefur haft til umfjöllunar það frv. sem mælt var fyrir á dögunum, frv. til l. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Ég ætla mér ekki að hafa langt mál um þetta frv., ekki síst vegna þess að þm. fengu óvenjulangan tíma til þess að búa sig undir 1. umr., eins og ég veit að hv. þdm. muna vel.

En eins og menn rekur jafnframt minni til þá fjallar þetta frv. raunar eingöngu um breytingu á gömlum krónum í nýjar. Að vísu er hér um að ræða u. þ. b. 54% hækkun á þeim frádráttarliðum sem getið er um í frv. frá álagningu þessa árs. Þó skal þess getið, eins og raunar kemur fram í aths. með frv., að þær tölur sem gert er ráð fyrir að gildi skv. frv. eru eilítið hækkaðar frá því sem nákvæm prósentuhækkun gaf til kynna, nákvæm 54% hækkun. Það er raunar gert aðeins til þess að tölur séu meðfærilegri. Ég vil í þessu sambandi geta þess svona til fróðleiks að þessir frádráttarliðir samanlagðir eru að hámarki 340 millj. kr. skv. lauslegri áætlun.

Félmn. fjallaði um frv. og fékk á sinn fund ríkisskattstjóra, Sigurbjörn Þorbjörnsson og jafnframt fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús E. Guðjónsson. Veittu þeir n. fúslega upplýsingar. Það rita allir nm. undir nál. Nefndin leggur sem sagt einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins benda á það að hér er um að ræða fylgifrv. með tekju- og eignarskattsfrv. sem nú hefur borist á borð þm. nál. við frá fjh.- og viðskn. Nd. Hins vegar er það held ég nokkuð ljóst að það stóra frv. sem þetta er fylgifrv. að verður ekki afgreitt hér fyrir jólahlé. Kom það fram á fundi með forsetum og formönnum þingflokka í gær að með því væri ekki reiknað, enda er það ekki í flokki þeirra forgangsmála sem ríkisstj. hefur sett á oddinn að afgreidd yrðu. Það er því ekki einu sinni lögð á það nein meginhersla frá hálfu ríkisstj.

Ég tel hins vegar alveg skaðlaust að afgreiða þetta mál út úr þessari hv. deild til að sýna að við getum komið þessu máli frá okkur út af fyrir sig, það er enginn ágreiningur um það. En rétt er að benda á það, að vitanlega hlýtur lokaafgreiðsla þess út úr þinginu að bíða þess að frv. um tekju- og eignarskatt nái fram að ganga.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Ég sem nefndarformaður hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga þótt þetta mál fylgi því frv. sem síðasti ræðumaður gat um, þ. e. skattstigafrv. Við munum það að fram kom við 1. umr. að það væri talið eðlilegt að þessi frv. fylgdust að. Og með tilliti til þeirra upplýsinga sem hér hafa verið gefnar um það hvar skattstigafrv. er á vegi statt tel ég eðlilegt að ekki sé verið að þoka þessu máli fram fyrir.

Hins vegar held ég fyrir mitt leyti að meðferð þessa máls hangi í sjálfu sér ekki saman við hitt þegar betur er að gáð. Hér er um frádráttarliði að ræða og ég hygg að það verði ekki breyting á frádráttarliðum í margumræddu skattstigafrv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 34. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 33. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 149. mál (þskj. 208). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 28. fundur.

Föstudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188, n. 229 og 232, 235). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Fyrir örstuttu var þetta frv. hér til umfjöllunar í þessari deild og urðu um það þá alllangar og ítarlegar umr. Hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson gerði þá ítarlega grein fyrir frv. og fyrir meginrökum þess að svo rík ástæða sé til slíkra aðgerða sem í frv. er talið. Ég ætla ekki hér í framsögu minni fyrir nál. að fjalla um fiskveiðistefnuna sem slíka. Öllum alþm. er ljóst að það er orðið þröngt um tíma, eigi frv. að ná fram að ganga, sem ég vona vissulega að verði.

Hið alvarlega ástand fiskistofna okkar er ástæða þess að alþm. komast ekki hjá því að taka nú afstöðu í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Okkur Íslendingum ber skylda til að ganga svo um þann auð sem hafið hefur okkur að geyma að takast megi að lifa á vöxtum þess sem hafið gefur. M. a. af þeirri ástæðu er nú talið nauðsynlegra en áður að draga úr sókn og leita nýrra leiða til bætts skipulags í veiðum og vinnslu.

Í nál. segir:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum undanfarna daga og kallað fyrir sig ýmsa hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskvinnslu, auk fulltrúa Hafrannsóknastofnunar. Alls hefur nefndin haldið átta bókaða fundi um málið. Undirritaður meiri hl. hefur orðið sammála um að skila sameiginlegu áliti, en Guðmundur Einarsson skilar séráliti.

Frv. hefur að geyma ákvæði um miklu ótvíræðari og víðtækari heimildir til handa sjútvrh. um stjórn og takmörkun fiskveiða en áður hafa þekkst eða finna má í gildandi lögum. Nefndin telur í sjálfu sér óæskilegt að Alþingi feli ráðherrum víðtækt vald til ákvarðanatöku án skýrra lagafyrirmæla um efnisatriði ákvarðana, en hefur eigi að síður kynnt sér eftir föngum þau rök sem liggja að baki þeirrar tillögu að auka heimildir ráðherra til þess að setja reglur um stjórn fiskveiða eins og nú háttar til.

Gildandi lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru nr. 81 31. maí 1976. Á þeim hafa verið gerðar þrjár minni háttar breytingar frá setningu þeirra með lögum nr. 42/1977, 67/1979 og 38/1981. Frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands var lagt fram á Alþingi í febrúarmánuði 1976 eftir ítarlega umfjöllun í nefnd sem skipuð var fulltrúum hagsmunaaðila í sjávarútvegi og alþm. og hafði nefndin starfað allt frá árslokum 1974. Má segja að samþykkt frv. á Alþingi í maímánuði 1976 hafi verið veigamesti þátturinn í þeirri endurskoðun laga og reglugerðar um fiskveiðar sem gerð var um það leyti sem Íslendingar fengu full yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilandhelgi við Ísland.

Enda þótt vel hafi verið að lögunum frá 1976 staðið og í þeim fjölmörg nýmæli á þeim tíma hefur þróun í fiskveiðum og stjórn þeirra orðið að mörgu leyti önnur en menn hugðu þegar þessi lög voru samþykkt. Ástand fiskstofna, stærri fiskveiðifloti og ný tækni hafa valdið því hér á landi eins og annars staðar að gripið hefur verið til nýrra og virkari stjórnunaraðgerða í veiðum og vinnslu í því skyni að nýta þá nytjastofna, sem eru hér við land, á sem skynsamlegastan hátt. Er nú svo komið að beitt er ýmsum aðgerðum við stjórnun veiða sem engum komu í hug fyrir nokkrum árum. Má sem dæmi nefna þær sóknartakmarkanir sem verið hafa á þorskveiðum undanfarin ár og skiptingu aflakvóta milli veiðarfæra og báta.

Nú hefur það gerst að Hafrannsóknastofnun hefur birt hina „svörtu“ skýrslu sína um ástand fiskstofna við Ísland. Skýrsla þessi lýsir svo alvarlegri hættu á bráðri ofveiði þorsks og fleiri fisktegunda að skjótt verður að bregðast við með auknum takmörkunum á fiskveiðum á næsta ári. Slíkt er talið kalla á hertar stjórnunaraðgerðir og að flestra dómi nýjar aðferðir við stjórnun fiskveiða. Í því sambandi ber að nefna tillögu sérstakrar nefndar sem sjútvrh. skipaði 4. maí 1982 og skilaði áliti (frumvarpi) í janúar s. l. Þar er m. a. að finna tillögu um svokallaðar kvótareglur sem ráðherra fái heimild til að setja og er þeim ætlað að koma í staðinn fyrir „skrapdagakerfi“ og „þorskveiðistopp“ sem beitt hefur verið sem stjórnunaraðgerð í fiskveiðum en flestir telja að dugi ekki við núverandi aðstæður. Þá ber að nefna ályktun 42. Fiskiþings, sem nýlega lauk störfum, en þar er einnig mælt með því að kvótaskipting verði tekin upp að því er varðar allar aðalfisktegundir við Ísland, þ. á m. þorsk. Ályktun Fiskiþings í heild er birt sem fskj. með frv. (þskj. 188) og vísast til þess.

Eins og fyrr greinir í þessu nál. hefur nefndin kallað fyrir sig fulltrúa hagsmunaaðila í fiskveiðum og fiskvinnslu og leitað eftir áliti þeirra á þessu frv. Næstum allir þeir, sem nefndin ræddi við mæltu með samþykkt frv. Fór það saman við ályktun Fiskiþings. Lögðu viðmælendur nefndarinnar yfirleitt áherslu á nauðsyn nýrra stjórnunaraðferða í stað „skrapdagakerfisins“ og mæltu þá með kvótakerfi. Þess ber þó að geta að flestir töldu kvótakerfið að vísu gallað og erfitt í framkvæmd, en þó óhjákvæmilegt að gera tilraun með það í eitt ár eins og frv. sjálft gerir ráð fyrir.

Nefndin er sammála um að kvótakerfi hafi ýmsa ókosti í för með sér sem stjórnunaraðferð í fiskveiðum. Í ljósi þess, sem að framan er greint, og jafnframt þess, að ekki hefur verið bent á aðrar færari leiðir í þessu efni, telur nefndin rétt að kerfi þetta verði reynt í eitt ár. Nefndarmenn leggja áherslu á að endurskoðun á

fyrirkomulagi þessu fari fram tímanlega.

Þá er að finna í frv. heimildir fyrir því að rýmka núverandi takmarkanir á dragnótaveiðum, þ. e. að heimilt sé að veiða með dragnót lengur á ári hverju og á öðrum árstímum en nú gildir, en að sjálfsögðu yrðu veiðarnar leyfisbundnar áfram. Á það er sérstaklega bent að skarkolastofninn er ekki nýttur að fullu eins og nú háttar og því sé eðlilegt að rýmka veiðiheimildir um sinn frá því sem nú er. Ákvæði 5. gr. frv. styðja einnig þá hugmynd.

Um einstök ákvæði frv. vill meiri hl. að öðru leyti taka fram eftirfarandi:

Nefndin leggur þunga áherslu á að náið samráð verði haft við hagsmunaaðila um framkvæmd laganna, svo sem tekið er fram í grg. og vill í því sambandi árétta sérstaklega að fulltrúar fiskverkunarfólks verði hafðir með í samráðum þessum.

Nokkrir nm. hafa bent á að aflamagn síðustu fjögurra ára væri betri viðmiðun við útreikning aflakvóta á fiskiskip en afli síðustu þriggja ára eins og Fiskiþing hefur lagt til.

Það sjónarmið kom fram í nefndinni að nauðsynlegt væri að aflakvótar yrðu hreyfanlegir milli skipa, bæði af hagskvæmnisástæðum og eins ef skip væri selt úr landi eða félli af skipaskrá. Ein meginorsök rekstrarvanda sjávarútvegsins væri sú að fiskiskipastóllinn væri of stór. Því væri æskilegt að hafa innbyggðan hvata í kvótakerfinu til þess að skipunum fækkaði.

Nefndin leggur áherslu á að sjútvrh. hafi fullt samráð um framkvæmd laganna við sjávarútvegsnefndir Alþingis, svo sem tekið er fram í 1. gr. frv. Verði jafnan leitað til þeirra um samráð áður en ráðist er í einstök framkvæmdaatriði og fyrir þær lögð öll stefnumótun og útfærsla á ákvæðum laganna.

Einn nefndarmanna, Halldór Blöndal, gerði sérstaka bókun við afgreiðslu málsins sem hann mun gera grein fyrir við 2. umræðu þess.

Með vísun til þess, sem að framan greinir, leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma."

Undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Ingvar Gíslason og Halldór Blöndal eins og fyrr segir með fyrirvara.

Eins og komið hefur fram hélt sjútvn. átta bókaða fundi um þetta mál. Einnig voru haldnir nokkrir sameiginlegir fundir með sjútvn. beggja deilda til að flýta fyrir afgreiðslu málsins. Þess ber einnig að geta að sjútvrh. kynnti sjútvn. frumdrög að þessu frv. á sameiginlegum fundi með fiskifræðingum við undirbúning málsins.

Ég vil að lokum færa nefndarmönnum sjútvn. bestu þakkir fyrir samvinnuna um að koma málinu fram og vissulega á mjög þröngum tíma.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. sjútvn. Í þessu áliti kemur fram sú afstaða mín að Alþingi eigi að setja reglur um aðalatriðin í framkvæmd fiskveiðistefnunnar. Þó að annar skikkur hafi í raun viðgengist hingað til um veiðar á ýmsum minni stofnum þá er komið að því, að ég tel, að Alþingi verður að gera upp við sig hvaða höfuðreglur eigi að gilda um umgengni við þessa stórkostlegu auðlind sem þorskstofninn er. Ég tel að Alþingi eigi einkum að setja reglur um tvennt. Í fyrsta lagi á það að marka höfuðforsendurnar fyrir þeirri reiknireglu sem er notuð við útreikning kvóta á skip og í öðru lagi á það að marka reglur um framsal kvóta, hvort sem þetta framsal verður með eða án endurgjalds.

Varðandi fyrra atriðið vil ég segja það að í viðtölum nefndarmanna við hina ýmsu hagsmunaaðila hefur greinilega komið fram að aðstaða og hagsmunir í þessari grein eru svo ólík milli byggðarlaga, milli landshluta að ég tel ólíklegt að ósveigjanlegur meðaltalskvóti geti orðið þar til þeirrar bótar sem þarf. Ég tel að hann muni skapa jafnmörg vandamál og hann leysir. Við erum að tala um aðgerð sem getur gert menn ríka eða örsnauða með einu pennastriki. Við erum að tala um aðgerð sem getur annaðhvort fært einstaklingum og fyrirtækjum milljónir eða svipt einstaklinga og fyrirtæki milljónum á einni nóttu. Ég tel að það sé óhugsandi að Alþingi geti eða megi framselja umráðarétt þjóðarinnar yfir þessum auðlindum skilyrðislaust. Ég tel að það hafi raunar ekki til þess neitt umboð. Við erum að tala um aðgerð sem þarf að stefna að mjög mörgum markmiðum. Það þarf að vernda fiskstofna, það þarf að vernda byggðarlög, það þarf að vernda atvinnu og það þarf að vernda fjölskyldur. Það þarf að búa svo um hnútana að þetta séu ekki bara kaldir fjötrar og framlenging á því hallærisástandi sem hefur ríkt undanfarin þrjú ár. Það þarf að búa svo um hnútana að það sem verður gert verði í raun og veru til uppbyggingar.

Um seinna atriðið, þar á ég við reglur um meðhöndlun og framsal kvóta, við ég segja það að það eina sem hefur komið fram í viðtölum sjútvn. við hæstv. sjútvrh. í þessu efni er að hann muni ekki leyfa beina sölu kvóta. Það er það eina sem hefur komið fram. Þarna tel ég að Alþingi eigi aftur að marka grundvallarreglur. Þarna erum við að tala um meðferð og úthlutun á svo stórkostlegum auðæfum að það hlýtur að þurfa að setja þar stefnumarkandi reglur um.

Að öðru leyti vil ég vísa til fram kominnar brtt. frá mér og hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og Kristínu Halldórsdóttur. Þar kemur fram sú aðferð sem við leggjum til að eigi að marka stjórnarfarslega meðferð í þessu máli. Ég tel að það sé tími til að vinna málið. Skv. upplýsingum frá rn. er þess vart að vænta að nánari reglur um þessi mál, kvótaskiptingu eða annað, verði almennilega tilbúnar fyrr en um þetta leyti hvort eð er. Ef sjávarútvegsnefndirnar halda áfram þeirri markvissu og góðu vinnu sem þær hafa unnið núna undanfarið þá er ég ekki í nokkrum vafa um að þær gætu á viðunandi hátt búið til fyrir þennan tíma reglur sem Alþingi og rn. gætu sætt sig við. Og ég tel að það gæti gerst án þess að verða til nokkurra óþæginda fyrir útgerðina eða aðra sem í hlut eiga.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál gerði ég lítillega að umtalsefni hversu nauðsynlegt væri að taka upp nýjar stjórnunaraðferðir í fiskveiðimálunum. Það hefði kannske verið nauðsynlegt um nokkra hríð en væri aldeilis óhjákvæmilegt eins og stendur. Ég lýsti því yfir að það væri mín skoðun að binda ætti allar veiðar við veiðileyfi og að það yrði væntanlega að taka upp kvótakerfi í mjög verulegum mæli.

Það frv. sem hér liggur fyrir felur í sér möguleika til alls þessa eins og ég lét þá koma fram. En hins vegar er valdaafsal til ráðh. mjög víðtækt og opið þannig að afskipti og ábyrgð þings væru ekki með eðlilegum hætti. Ég benti þá á þann möguleika að þingið markaði með einhverjum hætti meginstefnu með þáltill. sem tæki til þessara þátta en lagaheimildin hvíldi hjá ráðh. um framkvæmdina á grundvelli þáltill. Á því stigi umr. gerði ég kannske ekki miklu nánar grein fyrir þessum hugmyndum. En á sérstöku þskj. flytja ásamt mér hv. þm. Guðmundur Einarsson og Kristín Halldórsdóttir, brtt. sem ég ætlað að lýsa þessum viðhorfum og gera þingið virkan aðila í þessu máli.

Þeir möguleikar til stjórnunar sem fyrirhugaðir eru eru eftir sem áður fyrir hendi óbreyttir. Munurinn er sá að skv. þessari till. á ráðh. að leggja fyrir þingið til staðfestingar í þáltill. meginlínurnar að því er varðar framkvæmd stefnunnar.

Í 1. mgr. brtt. er því slegið föstu að ráðh. geti ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskistofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Þetta er óbreytt frá því sem er í frv. eins og það kemur frá hæstv. sjútvrh. Aflamarkið er honum ætlað að ákveða sjálfum, það sé ríkisstjórnarverkefni eða þá verkefni sjútvrh.

Því næst er í 2. mgr. fjallað um það að ráðh. geti enn fremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna. Þetta er reyndar 3. mgr. í frv. eins og það kemur frá hæstv. ráðh. Þetta gildir um almennar stjórnunaraðferðir, það er óbreytt. Á þessu grundvallast stöðvun á veiðum um hríð úr þorskstofninum ellegar skrapdagakerfi.

Síðan segir:

„Um önnur meginatriði varðandi framkvæmd fiskveiðistefnu skal ráðh. leggja fyrir Alþingi till. til þál. Í þáltill. skulu m. a. tilgreind eftirtalin atriði:

1. Hvort skipta skuli hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra eða gerða fiskiskipa og hvaða meginreglur skuli gilda um þá skiptingu.
2. Hvort úthluta skuli aflamagni á einstök skip og hvaða viðmiðanir eða forsendur skuli gilda um þá úthlutun, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Þá skal gerð till. um hvort heimila skuli flutning eða framsal á aflamarki milli skipa og með hvaða skilyrðum eða eftir hvaða meginreglum."

Skv. fyrri tölul. liggur þá fyrir hvort sjútvrh. vill notfæra sér heimildir til að skipta aflanum eftir gerðum veiðarfæra eða gerðum fiskiskipa og hvaða reglum hann ætli að beita í þeim efnum.

Skv. síðari tölul. er fjallað um það sem kallað er venjulega kvótakerfi og þá um það hvort ráðh. hyggist beita því eða ekki og um það hvaða meginreglu hann ætli að fylgja. Þ. e.: Hefur ráðh. t. d. hugsað sér að miða við afla á s. l. þremur árum að jafnaði á fiskiskip? Hann hlýtur að verða að gera grein fyrir þeirri meginreglu sem ætti að gilda. Hún getur verið einhver allt önnur, hún gæti farið eftir stærð skipa eða hvernig sem það væri. En hugmyndin er sem sagt sú að ráðh. leggi þessar meginlínur sínar fyrir í formi þáltill. til staðfestingar og að þessum meginlínum fengnum hafi hann vald á framkvæmd málsins. Með þessu móti fær Alþingi tækifæri til að fjalla um og taka afstöðu til þess hvaða meginreglur skuli gilda um framkvæmd stjórnunar af þessu tagi varðandi kvóta á einstök fiskiskip eða skiptingu milli veiðarfæra og þess háttar.

Síðan stendur það óbreytt að hafa skuli samráð við sjútvn. Alþingis um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar og að nefndunum skuli gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma.

Mín skoðun er sú og okkar flm. að með þessu móti verði valdaframsal Alþingis til ráðh. mun eðlilegra, að með þessu móti axli Alþingi með eðlilegum hætti ábyrgð sína, það fái upplýsingar um hvernig hugmyndin sé að framkvæma þessa stefnu í megindráttum án þess að ætla að leggja fingur sína í úthlutun á einstökum aflakvótum. Það er skoðun okkar flm. að þessi framkvæmd sé betri, bæði fyrir þingið og fyrir ráðh. Þingið stendur ábyrgt fyrir stefnumörkuninni í heild, veit hvað það er að gera og ráðh. veit hvaða stuðning hann hefur við sína framkvæmd á fiskveiðistefnunni.

Nú geta menn vitaskuld spurt. Telur þetta ekki málið, er málið ekki tapað eins og það er sett upp hér? Svarið er þetta: Ef ráðh. er tilbúinn með efni slíkrar þáltill. núna fyrir jól tel ég ekkert því til fyrirstöðu að leitast við að afgreiða hana. Ef svo er ekki gæti Alþingi gert það í janúarmánuði. Fram til þess tíma mundi ráðh. hafa fullar heimildir, þ. e. að því er varðar janúarmánuð, að samþykktum lögum með þessari breytingu til að takmarka aflamagn í janúar vegna þess að hann hefur þær heimildir í 1. málsgr. að banna veiðar eða takmarka þær eða setja hámark á þær í heild sinni. Hann hefur því vald á veiðunum með sama hætti og reyndar kannske betri hætti en áður skv. 1. og 2. málsgr. lagagr. eins og hún hljóðar nú, í janúarmánuði, þó ekki yrði tekið upp kvótakerfið í þeim mánuði.

Ég get heldur ekki séð að svo nauðsynlegt sé að kvótakerfið taki gildi 1. jan. þegar fyrir hendi eru möguleikar til að hafa þó þessa stjórn á veiðunum í janúarmánuði sem ég gat um, að ekki geti dugað að það sé tekið upp 1. febr. Enda vita menn náttúrlega að þetta er til umfjöllunar og lagaramminn liggur fyrir. Þetta hafa menn kannske óttast, en þetta er svarið að því er þetta varðar: Ráðh. getur haft mjög mikla stjórn á fiskveiðum í janúar þó að hann geti ekki verið með kvótakerfið þá skv. þessu ef þál. kemur ekki til umfjöllunar fyrr en í janúar. En að öðru leyti getur hann haft mjög mikið vald á því, meira vald en hann hefur haft að undanförnu að því er heildaraflamagn varðar.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu frekar. Ég vænti þess, herra forseti og ágæta deild, að menn taki þessa hugmynd til alvarlegrar íhugunar og leitist við að gera upp hug sinn um það hvort hér sé ekki um betri aðferð að ræða. Það er skoðun okkar flm. Þess vegna vænti ég verulegs stuðnings við þessa brtt. eða afbrigði af henni ef menn hafa athugasemdir við hana með því að henni er ætlað að mæta þeirri megingagnrýni sem hér hefur verið höfð uppi á það form sem er í frv. eins og það er úr garði gert af hálfu ráðh. En með þessu er tekið undir að þau stjórnunartæki sem ráðh. gerir ráð fyrir eigi að fást og eigi að vera virk.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. sjútvn. fyrir þau störf sem n. hefur unnið að undanförnu. Ég hef komið tvívegis á fund n. á meðan hún hefur unnið að athugun þessa máls

og reynt að svara þeim fsp. sem þar hafa komið fram eftir því sem ég hef haft möguleika á.

Ég vil aðeins fjalla um það með hvaða hætti þau samráð við hagsmunaaðila og Alþingi mundu fara fram á næstunni sem gert er hér ráð fyrir. Í fyrsta lagi mun ráðgjafarnefnd um sjávarútvegsmál vinna að útfærslu fiskveiðistefnunnar nú á næstunni. Þar eru fulltrúar frá þeim stofnunum sem vinna sérstaklega í sjávarútveginum, þ. e. sjútvrn., Þjóðhagsstofnun, Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagi Íslands, og einnig eru þar fulltrúar frá vinnslu, sjómönnum og útgerðarmönnum.

Með þessari nefnd hefur að mínu mati það samráð sem verið hefur í sjávarútveginum styrkst mjög mikið. Þessi ráðgjafarnefnd hefur skilað sinni fyrstu ábendingu, gerði það seint í gærkveldi, en það er ábending um aflamörk fyrir helstu botnfiskstegundir og nauðsynlegar lagaheimildir vegna stjórnar fiskveiða 1984, sem ég vænti að nm. í sjútvn. hafi þegar fengið í sínar hendur. Það eru ábendingar um aflamörk á næsta ári í sjö liðum. Í fyrsta lagi þorskur, 220 þús. tonn, en Hafrannsóknastofnun lagði til að aflamarkið yrði 200 þús. tonn. Ýsa 60 þús. tonn, en Hafrannsóknastofnun lagði til 55 þús. tonn. Ufsi 70 þús. tonn, en stofnunin lagði til 65 þús. tonn. Karfi 100—110 þús. tonn, en stofnunin lagði til 90 þús. tonn. Skarkoli 17 þús. tonn, en stofnunin lagði til 10 þús. tonn. Grálúða 30 þús. tonn, en Hafrannsóknastofnun lagði til 25 þús. tonn. Steinbítur 15 þús. tonn, en stofnunin lagði til 12 þús. tonn. Samtals er því ábending um aflamark á þesum sjö stofnum 512—522 þús. tonn, á móti því að Hafrannsóknastofnun lagði til samtals 457 þús. tonn. Það væri mjög gott ef hægt væri að ljósrita þetta einnig fyrir aðra þm. Það ætti einhver sjútvn.- maður að geta komið því á framfæri þannig að allir hv. þm. fái þetta skjal. Það eru sem sagt 457 þús. tonn sem Hafrannsóknastofnun lagði til með till. sínum dagsettum 9. des. 1983, en ábending um aflamörk frá ráðgjafarnefnd um sjávarútvegsmál er 512—522 þús. tonn.

Þess ber að geta að áætlaður afli á þessu ári, 1983, er 580 þús. tonn, en þjóðhagsáætlun hafði gert ráð fyrir u. þ. b. 620 þús. tonna afla á næsta ári, eða 300 þús. tonn af þorski og 300—320 þús. tonna öðrum tegundum. Það sem munar mest um er að sjálfsögðu samdráttur í þorskaflanum sem er verðmestur. Þessi ábending er þannig fundin að farið hefur fram mat á þeim óvissuþáttum sem varða spá Hafrannsóknastofnunar. T. d. er nokkur óvissa um vaxtarhraða, um göngur frá Grænlandi o. fl. Það hefur verið framkvæmt svokallað svartsýnismat og bjartsýnismat, hvað væri óhætt að veiða á næsta ári, þannig að hrygningarstofninn standi nokkurn veginn í stað. Þetta mat er þannig að svartsýnismat er 170 þús. tonn en bjartsýnismat er 240 þús. tonn. Til þess að hrygningarstofninn fari vaxandi þyrfti því að setja aflamark næsta árs neðan við 215 þús. tonn, en talið er líklegt að hann standi nokkurn veginn í stað, vaxi e. t. v. eitthvað, miðað við afla sem er 220 þús. tonn. Þessi till. er því miðuð við að reynt sé að viðhalda hrygningarstofninum, enda hefur hann aldrei verið minni og því mjög mikilvægt að varðveita hann eftir bestu getu.

Varðandi aðra stofna eru ábendingar um veiði í öllum tilfellum lítið meira og nokkuð meira en till. Hafrannsóknastofnunar gefur tilefni til. Að sjálfsögðu er það haft í huga að nokkur áhætta sé tekin en þó ekki mikil varðandi aðra stofna vegna þess alvarlega ástands sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við þorskstofninn. Rétt er þó að taka fram að því er verðar karfastofninn að flest bendir til að ekki sé hægt að viðhalda svo mikilli veiði úr honum í mörg ár til viðbótar og því verði að gera ráð fyrir að draga þá veiði saman í nánustu framtíð.

Ég lagði þetta plagg fyrir hagsmunaaðila á fundi í morgun kl. 10 og síðan einnig á fundi ríkisstj. í morgun. Ég hef gert till. um og það hefur verið staðfest að þessari ábendingu verði fylgt. Með því er mörkuð stefna um aflamark fyrir helstu botnfiskstegundir fyrir næsta ár. Það kom mjög skýrt fram á fundi með hagsmunaaðilum í morgun þar sem voru komnir saman helstu hagsmunaaðilar í sjávarútvegi og einnig fulltrúar fiskverkafólks. Eins og hér hefur komið fram hefur það ekki verið svo í þessu samráði að fulltrúar frá fiskverkafólki hafi komið á slíka samráðsfundi, en fulltrúar frá Alþýðusambandinu komu á fundinn í morgun og fylgdust með honum.

Það var almenn skoðun á þessum fundi að fara bæri varlega í veiðina. Menn gerðu sér fulla grein fyrir því að þessar aflatölur mundu sníða okkur mjög þröngan stakk á næsta ári og afkoma sjávarútvegsins væri mjög ótrygg miðað við þennan afla, en hins vegar væri enn meira um vert að byggja upp þorskstofninn. Því má segja að menn væru almennt þeirrar skoðunar að aflamörk svipuð þessum bæri að hafa á næsta ári.

Ég segi þetta ekki aðeins til að upplýsa um þessa niðurstöðu en ég lagði á það mjög ríka áherslu að hún lægi fyrir nú og þess vegna starfaði ráðgjafarnefndin mjög vel í gærkveldi og fram eftir nóttu. En ég vildi einnig varpa ljósi á með hvaða hætti það samráð sem nú er fram undan yrði. Ég geri sem sagt ráð fyrir því að ráðgjafarnefndin skili ábendingum um stjórnun fiskveiðanna á næsta ári og þegar er hafin vinna í því sambandi. Þegar slík ábending liggur fyrir verði hún lögð fyrir hagsmunaaðilana með svipuðum hætti og á fundi í morgun og einnig verði sama plaggið rætt við sjútvn. Alþingis. Eftir að slíkt samráð hefur átt sér stað verður að taka nauðsynlegar ákvarðanir.

Ég held að þetta sé eina leiðin sem hægt er að viðhafa í þessu sambandi. Það er í reynd mikilvægast af öllu að fiskveiðistefnan verði mörkuð með hagsmunaaðilum. Það eru þeir sem eiga að búa við fiskveiðistefnuna og það er mikilvægast af öllu að um hana sé mjög náið samráð við þá og þeir sammála henni í öllum meginatriðum. Nánast er útilokað að taka á þeim miklu vandamálum sem við stöndum nú frammi fyrir nema í mjög nánu samráði við þessa aðila. Enda hefur komið skýrt fram hjá þeim að þeir eru fúsir til að takast á við þennan vanda og vil ég gera það eins og þeir hafa gert á undanförnum árum. Ávallt hafa verið haldnir mjög margir fundir með þessum aðilum í sjútvrn. en vegna þessara sérstöku aðstæðna er nauðsynlegt að styrkja þessi samráð og ég tel að það hafi verið gert með ráðgjafarnefndum um sjávarútvegsmál. Einnig koma fram hjá nefndinni í öðrum kafla eftirfarandi nauðsynlegar lagaheimildir vegna stjórnunar fiskveiða 1984, með leyfi forseta:

„Þótt nefndin hafi enn ekki mótað ábendingar sínar um aðferðir við stjórn fiskveiða á næsta ári virðist henni nauðsynlegt að sett verði á Alþingi lög sem veiti stjórnvöldum nauðsynlegar heimildir til þess að beita þeim stjórnunaraðgerðum sem almannaheill krefur

vegna ástands fiskstofna. Ef unnt á að vera að hefja slíka stjórn á næsta ári þarf að hraða þessu máli. Nefndin bendir á eftirfarandi atriði sem slík löggjöf þyrfti að rúma:

1. Allar fiskveiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu verði bundnar leyfi. Rétt er að taka fram að togveiðar eru ekki bundnar leyfi miðað við núgildandi lög.

2. Heimilt sé að setja aflahámark á einstaka nytjastofna fyrir ákveðin tímabil innan árs, vertíðir eða ár.

3. Heimilt sé að skipta leyfilegum afla af hverri tegund milli skipa, m. a. með hliðsjón af afla á undanförnum árum, stærð þeirra og gerð.

4. Heimilt sé að flytja úthlutað aflamark milli skipa að hluta til eða öllu leyti eftir því sem hlutaðeigendur koma sér saman um, en slíkur flutningur verði tilkynntur sjútvrn. þegar í stað.

5. Ef veiðum verður stjórnað með aflamörkum á skip í auknum mæli þarf að vera lagastoð til þess að rýmka veiðiheimildir, ekki síst til veiða á fisktegundum sem ætlað er að nýta betur en gert hefur verið. Í þessu fælist m. a. að rýmka þyrfti heimildir til dragnótaveiða verulega og leyfa togveiðar innan 12 mílna marka á kola- og steinbítsslóð. Einnig þarf að huga að því að endurskoða ákvæði um möskvastærð með tilliti til veiða á vannýttum fisktegundum. Almenn endurskoðun á togveiðiheimildum og mörkum milli togveiðisvæða og annarra veiðisvæða virðist einnig nauðsynleg við þessar breyttu aðstæður. Síðastnefnda málið þarfnast nánari athugunar og þarf að undirbúa betur en nú er kostur fyrir næstu vertíð.

6. Þörf er á skipulagi í samráði við hagsmunaaðila til þess að ráða fram úr álita- og ágreiningsmálum ef til þess kæmi að beita kvótakerfi. Ekki þyrfti þó að lögfesta þetta, en tengja það lagasetningunni með yfirlýsingu ráðh.

7. Endurskoða þarf framkvæmd laga um upptöku ólögmæts sjávarafla með það fyrir augum að allur afli sem á skip kemur verður færður að landi. Leitað verður leiða til þess að veita nauðsynlega hvatningu í þessu skyni til þeirra sem hlut eiga að máli."

Segja má að þessar ábendingar séu í samræmi við það frv. sem hér hefur verið flutt að því er varðar fyrstu fimm liðina. Að því er varðar sjötta liðinn hefur komið skýrt fram af minni hálfu að um mjög umfangsmikið samráð verður að ræða, í fyrsta lagi með vinnu ráðgjafarnefndarinnar, þar sem eru fulltrúar helstu aðila sem tengjast sjávarútvegi, og síðan með samráði við þá aðila sem venja hefur verið að hafa samráð við í sjávarútveginum, að viðbættum fulltrúum fiskverkafólks sem mér finnst sjálfsagt að komi einnig þar inn.

Að því er varðar 7. liðinn er ekki nauðsynlegt að framkvæma lagabreytingu í því sambandi. Það er í sjálfu sér skylda að koma með allan afla að landi þótt vitað sé að nokkur misbrestur sé þar á, en það er nauðsynlegt að breyta þessum reglum. En ég vil þó taka fram að það er nokkurt vandaverk því að sú breyting má ekki verða til þess að menn sæki beinlínis eftir smáfiski. Ætlunin með því að gera smáfisk upptækan var einmitt sú að koma í veg fyrir að hann væri veiddur, en eitthvað mun vera um að hann sé veiddur og síðan hent fyrir borð vegna þess að ekki sé talið taka því að koma með hann að landi því að hann yrði allur gerður upptækur. Það er almennt álit að breyta þurfi þessum reglum en sá vandi er þó fólginn í því að það gæti leitt til þess að meiri sókn yrði í smáfisk og það má alls ekki verða. En við gerum ráð fyrir að breytingar verði á þessum reglum og hafa hagsmunaaðilar lagt áherslu á það.

Það fjármagn sem hefur fengist fyrir upptöku ólögmæts sjávarafla er tiltölulega lítið og hefur verið notað sérstaklega til að kaupa vísindatæki fyrir Hafrannsóknastofnun og skiptir í sjálfu sér ekki meginmáli í því sambandi þótt oft hafi verið hægt að leysa nokkuð málefni þar því að fjárveitingar til þeirrar stofnunar eins og margra annarra hafa verið tiltölulega af skornum skammti, en ekki má láta það á nokkurn hátt koma í veg fyrir að taka upp betri stýringu varðandi þetta atriði.

Hér hafa komið fram margvíslegar spurningar en fyrst og fremst hefur verið spurt um það samkvæmt hvaða reglu kvótum verði úthlutað á næsta ári og í hvað miklum mæli kvótakerfið verði tekið upp. Ég vil upplýsa það að þegar er hafin vinna hjá Fiskifélagi Íslands til að undirbúa kvótakerfið. Það er byggt á því að í meginatriðum verði kvóta úthlutað miðað við afla undanfarinna ára. Einkum hefur verið miðað við þrjú ár, það er sjálfsagt að skoða það, t. d. fjögur ár, þótt almennt sé nú talið að það breyti mjög litlu. Hins vegar er ljóst að upp koma margvísleg vafamál og álitamál. Móta þarf hlutlægar reglur um slík mál og gera það í samvinnu við hagsmunaaðilana. T. d. þarf að meta að hvað miklu leyti skuli litið til frátafa, óeðlilegra frátafa frá veiðum svo eitthvað sé nefnt. Og það verður að viðurkenna að við sjáum ekki enn fyrir endann á slíku. En ég vil taka skýrt fram að það verður að gera það skv. almennum reglum sem móta verður í þessu sambandi.

Það liggur því ljóst fyrir að þessi mál eru háð nokkurri óvissu. Þess vegna er mjög eðlilegt og nauðsynlegt að það komi skýrt fram að hér sé um mjög víðtæk samráð við bæði hagsmunaaðila og sjútvn. þingsins að ræða og einnig að þetta er löggjöf sem gildir aðeins í eitt ár, en það undirstrikar sérstaklega að hér er um nokkra óvissu að ræða. Ekki er venja að setja lög til aðeins eins árs í senn svona almennt þótt mörg fordæmi séu fyrir slíku. Við erum hér með sérstök tímabundin vandamál og sitthvað fleira sem gerist hér á hverju ári. (**Gripið fram í:** Og alltaf framlengt.) Og alltaf framlengt, já, í flestum tilfellum, en þó er enginn sem segir að það skuli gert og það er að sjálfsögðu háð meiri hl. þingsins.

Aðalatriðið í því máli sem hér um ræðir er samt það að þær stjórnunaraðferðir sem hafa verið viðhafðar geta ekki gengið miklu lengur miðað við þann mikla aflasamdrátt sem við sjáum fram á. Við þurfum að leita annarra leiða til að jafna þessum samdrætti niður þannig að kapphlaupið verði sem minnst um að ná aflanum, kostnaðurinn við sóknina sem minnstur og áhuginn fyrir því að gera sem mest verðmæti úr þessum afla verði sem mestur. Það er að sjálfsögðu meginmarkmiðað að baki þessu frv. Það er ekki spurningin um að færa ákveðin völd sem mest í ákveðna stofnun, en úr því finnst mér vera of mikið gert. Ég geri mér fulla grein fyrir því að sjútvrn. fær með þessum hætti víðtækar heimildir til stjórnunar. Það er út af fyrir sig ekkert eftirsóknarvert fyrir þetta rn. Hins vegar hvílir mikil ábyrgð á þessu sama rn. að þessi stjórnun fari sem best úr hendi og því þarf viðkomandi stofnun að hafa víðtækar heimildir.

Ég verð nú að segja að mér finnst menn hafa í umr.

undanfarna daga misst nokkuð trúna á okkar lýðræðisskipulag. Löggjafarvaldið hefur sem betur fer mjög mikla möguleika til að hafa strangt aðhald með framkvæmdavaldinu. Þm. bera fram fyrirspurnir og kveðja sér hljóðs utan dagskrár, þingnefndir geta kallað á ráðh. og þm. geta flutt frv. til breytinga á lögum. Ég held að mjög mikilvægt sé að ef þetta vald á einhvers staðar að liggja sé það hjá hinu pólitíska framkvæmdavaldi. Menn hafa t. d. nefnt að rétt væri að fela það ákveðinni stofnun hér í bæ og þar með yrði málinu betur borgið. Það má vel vera að sumir meti það svo. En ég er þeirrar skoðunar að okkar lýðræðisskipulag sé þannig byggt upp að það sé hið pólitíska vald sem eigi að fara fyrst og fremst með framkvæmdavaldið og síðan löggjafarsamkoman að veita sem mest aðhald að hinu pólitíska valdi. Að vísu eru miklar tilhneigingar í þjóðfélaginu að breyta þessu og færa meir og meir í hendur hagsmunaaðila. Það verður e. t. v. niðurstaðan að við eigum að hverfa héðan af Alþingi og inn að koma fyrst og fremst fulltrúar hagsmunaaðila. Það er út af fyrir sig skoðun. (**ÓRG.:** Ráðh. styður þá væntanlega brtt. sem eru komnar fram innan þingsins.) En ég er ekki þeirrar skoðunar. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það sé bæði framkvæmdavaldinu mikilvægt og einnig hagsmunaaðilunum að þar sé sem best samband á milli. Herra þm.! Ég mun ekki styðja fram komna brtt., ég tel hana ekki vera þarfa. Það má alltaf um það deila hvernig slíkum málum sé fyrir komið. Ég tel að Alþingi hafi alla möguleika til að hafa fullt eftirlit með þessu máli með ýmsum hætti þannig að ég er ekki þeirrar skoðunar að hún sé nauðsynleg. Ég tel hins vegar að hún mundi gera málið allt nokkru óvissara. Það er mikilvægt að vinna þetta eins hratt og nokkur kostur er og eyða allri óvissu í kringum þessi mál.

Hér hefur nokkuð verið rætt um atvinnuástand og því jafnvel haldið fram að þetta frv. sem slíkt gæti orðið þess valdandi að atvinnuleysi skapist og geri atvinnuástand ótryggara. Ég tel að svo sé ekki, þvert á móti. Það tryggir að sjálfsögðu miklu betur atvinnuna í landinu ef við getum gert meiri verðmæti úr aflanum, sótt fiskinn á miðin með minni kostnaði. Það skapar þjóðinni í heild meiri tekjur og tryggir mun betur okkar heildarhagsmuni. Hinu er þó ekki að leyna, að það aflaleysi sem verið hefur á þessu ári og er fyrirsjáanlegt enn meira á næsta ári er ógnvekjandi. Minni afli þýðir að sjálfsögðu minni atvinnu, það verðum við að viðurkenna. En til þess að gera sem best úr þessu þarf að skipuleggja málin með það í huga að okkar heildarhagsmunir verði sem best tryggðir. Út á það gengur þetta mál.

Einnig hefur verið spurt um hvers konar eftirlit hægt sé að hafa. Ég geri mér grein fyrir því að nauðsynlegt er að styrkja eftirlit með veiðum. Í dag eru 11 veiðieftirlitsmenn sem hafa eftirlit á miðunum og einnig þegar í land er komið. Þeir hafa fylgst með hvort aflakvótar í sambandi við síld og fleiri stofna eru virtir og Framleiðslueftirlit sjávarafurða kemur nokkuð inn í þessa mynd. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að samtengja þessa aðila betur en gert er í dag og einnig þarf að setja nokkurt fjármagn í að bæta eftirlitið. Við gerum okkur að sjálfsögðu ekki enn grein fyrir hvað mikið þarf til en höfum farið þess á leit að 5 millj. yrði varið á fjárlögum til að auka eftirlit og stjórnun veiðanna. Það eru ekki háar fjárhæðir sem varið er til þessara hluta á fjárlögum og alls ekki í samræmi við margt annað í þjóðfélaginu miðað við þýðingu þess. Ég tel að sjávarútvegurinn hafi fengið afskaplega lítið af opinberu fé í gegnum tíðina enda þótt hann hafi í reynd skapað öll verðmæti í þjóðfélaginu og gert þá velmegun mögulega sem við höfum búið við. Ef hann á að geta gert það áfram þarf sjávarútvegurinn að hafa möguleika til að skipuleggja sig sem best og það verður að sjálfsögðu best gert í náinni samvinnu við hagsmunaaðila.

Einnig hefur verið spurt hvort mögulegt væri að fram færu kaup og sala á veiðileyfum. Skv. frv. er heimilt að flytja aflakvóta eða aflamagn á milli skipa. Það er einkum hugsað með tilliti til þess að koma við aukinni hagkvæmni, t. d. ef skip í einum landshluta gæti með minni kostnaði sótt afla en skip í öðrum landshluta þá hefðu þessi skip möguleika á að skipta á milli sín þannig að sóknarkostnaður beggja skipanna yrði minna. Þetta er eitt hugsanlegt dæmi. Einnig er hugsanlegt að aðilar kæmu sér saman um að draga úr sókn eins skips og auka sókn annarra til að gera útgerðina hagkvæmari. Í slíkum tilfellum kæmi einnig mjög til greina að færa á milli í hagkvæmnisskyni.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það þurfi að fara að með fullri varúð í upphafi í þessu sambandi. Ég hef heyrt mjög ríkulega hjá sjútvn.-mönnum að þeir telja að svo eigi að vera. Að sjálfsögðu verða slíkar reglur aðeins mótaðar í fullri samvinnu við hagsmunaaðilana og þeir verða að koma fram með ábendingar um slík mál. Þess eru dæmi að þetta hafi verið gert, t. d. í síldveiðunum, og það hefur verið gert í fullu samráði við hagsmunaaðilana og með þeirra ábendingu. Það má vel vera að þessir hlutir þróist með öðrum hætti í framtíðinni, en ég er þeirrar skoðunar, eins og ég sagði hér áðan, að hér beri að fara að með fullri varúð. Við þurfum að sjá betur framvindu mála í þessum efnum.

Herra forseti. Eflaust hefur ýmislegt annað komið hér fram sem vert er að gera að umræðuefni. Ég vil hins vegar ekki eyða meira af þingtíma deildarinnar nú í upphafi en mun taka til máls síðar ef menn beina til mín ákveðnum fyrirspurnum. En ég vil endurtaka þakklæti mitt til sjútvn.-manna, hvað þeir settu sig vel inn í þetta mál með skjótum hætti. Ég vænti þess að um þetta mál geti orðið góð samvinna í þinginu. Ég geri mér grein fyrir að þess er vænst af sjútvn. að haft sé fullt samráð við þá, bæði að mínu frumkvæði og einnig að þeirra frumkvæði. Til slíks fundar verður boðað strax og ábending liggur fyrir frá ráðgjafarnefnd í sjávarútvegsmálum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér til 1. umr. var eindregið mælst til þess bæði af forseta og ráðh. að greitt yrði fyrir því að þetta frv. færi til n. Á grundvelli þess samkomulags sem fram kom í umr., að ráðh. mundi hér í upphafi 2. umr. svara þeim ítarlegu spurningum sem til hans var beint frá fjölmörgum þm., urðum við margir við því að greiða fyrir því að málið færi til n. Nú hefur hæstv. ráðh. flutt hér langa ræðu, u. þ. b. þriggja kortera ræðu, sem að meginhluta var almennur rökstuðningur við frv. eins og það var lagt fram, og hugleiðingar því til stuðnings. En nánast í mjög litlu og ýmsum tilvikum alls ekkert svarað þeim ítarlegu, nákvæmu og skýru spurningum sem

einstakir þm. lögðu fram við 1. umr.

Nú er það sjálfsagt ætlun hæstv. ráðh. og forseta hv. Nd. að greiða fyrir því einnig í dag að þetta frv. fái hér afgreiðslu. Heyrst hafa hugmyndir um að reynt yrði að ljúka afgreiðslu þessa máls í Nd. á þessum sólarhring. Það getur ekki gerst ef framkoma hæstv. ráðh. gagnvart skiljanlegum og eðlilegum óskum þm. um svör við spurningum er með þeim hætti sem hér hefur komið fram, að þeim sé ekki svarað nema að litlu eða engu, en í stað þess þulin almenn þula um röksemdir fyrir frv. eins og það er nú.

Hæstv. ráðh. sagði það í sinni framsöguræðu og endurtók það að þetta væri frv. hafið yfir flokkadrætti. Það ætti að leggja málið þannig fyrir að allir þm. gætu um það fjallað. Ég hef tekið undir það hvað eftir annað, en ítrekað það sem ég sagði við lok 1. umr., að forsenda þess væri þá sú að hæstv. ráðh. svaraði öllum þeim spurningum sem ég gæti talið hér upp og hann hefur ekki svarað. Ég ætla ekki að eyða tíma til þess hér og nú. Þess vegna er það ósk mín til hæstv. forseta að þessari umr. verði frestað svo að hæstv. ráðh. og stjórnendum mála hér í þinginu gefist tækifæri til að íhuga hvort það er ætlunin að halda þessu máli áfram hér í gegnum deildina án þess að hæstv. ráðh. geri minnstu tilraun til að svara meginhluta þessara spurninga. Ég held að það greiði ekki fyrir framgangi málsins hér að hæstv. ráðh. geri það. Þess vegna vil ég eindregið beina þeim tilmælum til ráðh. ef hann er tilbúinn að svara þeim hér að gera það. Þá getur umr. út af fyrir sig haldið áfram og ráðh. fengið orðið aftur og svarað þessum spurningum. En ef hann er ekki tilbúinn til þess hér og nú þá er óhjákvæmilegt að umr. sé frestað svo að við ýmsir, sem stuðluðum að því að frv. gæti farið til n. án frekari umr. um spurningarnar á sínum tíma, fáum tækifæri til að bera saman bækur okkar um það hvort við látum bjóða okkur svona vinnubrögð.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Í þeim umr. sem hér fóru fram komu fram margvíslegar spurningar. Ég fór ekki út í það að svara hverri spurningu fyrir sig, heldur rakti öll þau meginefnisatriði sem komu fram í þessum spurningum. Ég tel mig hafa svarað í meginatriðum þeim spurningum sem fram komu í umr. Ef svo er ekki þá veit ég að hér eiga eftir að verða nokkrar umræður og ég get áreiðanlega svarað einhverju betur. En ég tel mig hafa svarað í meginatriðum þeim spurningum sem hér komu fram, án þess að rekja það sem fram kom hjá einstökum ræðumönnum. Þegar málinu var vísað til n. hafði ég aðeins til umráða 10—15 mín. Ég er ekki með þessu að segja að ég muni ekki leitast við að svara öðru því sem hér kemur fram í umr. en ég mótmæli algerlega því sem hv. þm. sagði hér áðan.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í þingsköpum er takmarkaður ræðutími manna til þess að fjalla um hvert mál. Þm. hafa rétt til þess að tala tvisvar við 1. umr. og tvisvar við hverja umr. þar á eftir. Við afsöluðum okkur ýmsir hér í þingsalnum við 1. umr. þeim rétti okkar að tala á nýjan leik við umræðuna, til þess að koma til samstarfs við hæstv. forseta og hæstv. ráðh. um að greiða fyrir málinu. Og við afsöluðum okkur þeim rétti í trausti þess að hæstv. ráðh. mundi samviskusamlega og sómasamlega fara í gegnum þær einstöku og mjög mikilvægu spurningar sem til hans hafði verið beint í málinu, og eru að dómi margra okkar veigamikill þáttur í því að gera uppp hug okkar til þess hvaða afstöðu við höfum til frv. og þeirra brtt. sem fram hafa komið.

Nú hefur hæstv. ráðh. komið hér upp á nýjan leik og sagt að hann ætli engu við það að bæta sem hann sagði hér í sinni ræðu, m. ö. o. hann ætli ekki að svara þessum spurningum nema þær verði bornar fram á nýjan leik, eingöngu ef einstakir þm. fara að ganga á umræðurétt sinn í þinginu til að endurtaka spurningarnar fyrir hæstv. ráðh. Þar með hefur ráðh. náð því fram að skera niður umræðurétt manna í þinginu um málið til að knýja þá upp til að koma og nota helminginn af rétti sínum við þessa umr. til að endurtaka spurningarnar. Það eru ekki eðlileg vinnubrögð. Það eru ekki vinnubrögð sem eru líkleg til samstarfs um framgang málsins. Og vegna þess að ég veit að í hugum margra eru svörin við þessum spurningum lykilatriðið um það hvernig menn vilja taka á málinu og hvort menn yfir höfuð vilja greiða fyrir því að málið í þeim búningi sem hér er fái framgang tel ég alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forseti veiti mönnum tækifæri til að bera saman bækur sínar utan fundar um það með hvaða hætti menn taki á því, fyrst hæstv. ráðh. hefur nú ítrekað að hann ætli ekki að veita nein svör fyrr en spurningarnar eru endurteknar hér í almennri umræðu.

Ég ítreka þess vegna ósk mína til hæstv. forseta um það að þessari umr. verði frestað. Það eru nóg önnur mál hér sem deildin getur tekið fyrir ef hæstv. forseti vill halda áfram umr. hér. Þessari umr. verði þá ekki haldið áfram á nýjan leik hér síðar í dag fyrr en mönnum hefur gefist tækifæri til að bera saman bækur sínar. Ef hæstv. forseti og ráðh. hafa áhuga á því að fá góða samvinnu við deildarmenn um þetta þá tel ég að það sé alveg óhjákvæmilegt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Örfá orð um þingsköp. Ég get að vísu ekki leyft mér að tala fyrir hönd allra alþm. eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson virðist gera. Ég veit satt að segja ekki í hvers umboði hann talar svona. Hann veit það heldur ekki sjálfur, fremur en nokkurn skapaðan hlut um þetta mál. Það er auðheyrt á máli þessa hv. þm. að hann veit ekki einu sinni hvaða spurningum hefur verið svarað. Fjölmörgum spurningum hefur verið svarað. M. a. hef ég svarað sumum þeirra, en greinilega hefur hv. þm. ekki gert sér grein fyrir því. Ef hann veit og ef hann telur að einhverjum spurningum sé enn ósvarað, þá tel ég nauðsynlegt að hann láti það koma fram.

Herra forseti. Ég tel það fáránlegt að fresta umr. um þetta mikilvæga mál. Það er skammur tími til stefnu. Sjútvn. Alþingis hafa lagt mikið á sig til að koma þessu mikilvæga máli áfram og þess vegna ber hæstv. forseta ekki að taka tillit til hótana hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um málþóf. Hér er um eitt mikilvægasta mál að tefla fyrir þjóðarbúið og fólkið í landinu. Það skiptir þennan hv. þm. auðvitað engu máli. En ég neita því að slíkur málflutningur sé hafður uppi á vegum Alþb.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur nú eignast nýjan aðstoðarmann og er sjálfsagt að fagna því. Sá aðstoðarmaður sem fyrir er í

rn. er formaður Sambands ungra framsóknarmanna. Það er greinilegt að Möðruvallahreyfingunni hefur bæst nýr liðsmaður hér á Alþingi.

Það er rétt hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni að ég hef engan rétt til þess að tala í nafni allra hv. alþm. enda gerði ég það ekki hér áðan ef þm. hlustaði grannt. (Gripið fram í.) Ég rakti það hins vegar að hér hefðu verið bornar fram spurningar. Það var að vísu alveg rétt að hv. þm. Garðar Sigurðsson reyndi að hjálpa ráðh. til að svara hér, en sú hjálp dugði ekki. (**GSig:** Af hverju ekki?) Það var einfaldlega vegna þess að hv. þm. veitti ráðh. ekki nægilegt lið. Þeir sem eru hér að reyna að knýja þetta frv. fram á þann hátt að þm. fái ekki að ræða málið eru í ákveðnu bandalagi um það, hvar í flokki sem þeir standa, að koma í veg fyrir það að þingheimur fái að ræða þetta mál. Það er alveg greinilegt að það er látið nægja, þótt sjútvn.-menn hafi rætt þetta mál hér klukkutímum saman og hafi mætt hér dag eftir dag á fundum klukkan átta á morgnana og fram eftir öllum degi til að ræða þetta mál, að sá tími sem við hinir höfum fengið til að ræða þetta mál er innan við 10% af þeim tíma sem sjútvn.-menn hafa fengið til að ræða málið. Það er lágmarkskrafa, þegar málið er lagt fyrir á þeim grundvelli að það sé ekki flokksmál, það sé varla einu sinni ríkisstjórnarmál heldur sé það hafið yfir alla flokka, að allir þm. fái jafnan rétt til að fjalla um þetta mál. Hv. þm. Garðar Sigurðsson, í hvað nánu bandalagi sem hann er við hæstv. sjútvrh. í þessu máli, bindur hvorki mínar hendur né neinna annarra í þeim efnum, hvað langt sem hann vill ganga í aðstoð sinni við sjútvrh. að reyna að koma í veg fyrir það að þingið fái að fjalla eðlilega um þetta mál. Hann má út af fyrir sig halda áfram að ausa svívirðingum yfir mig hér í ræðustólnum. Honum er það guðvelkomið. En ég get sagt honum það, að það hjálpar ekki honum og hans félaga, sjútvrh., að koma þessu máli hér í gegn.

Ég gæti rakið hér fjölmargar spurningar sem ekki hefur verið svarað af hæstv. ráðh. Ég vil t. d. taka spurningu númer eitt sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson bar hér fram. Henni hefur ekki verið svarað. (**Forseti:** Ég óska eftir því að þetta sé fyrst og fremst stutt athugasemd.) Já, ég skal gera það, herra forseti, en ég veit hins vegar að aðrir þm. hafa gaman af þessum umr. svo að það getur vel verið að það geti verið nauðsynlegt að halda þeim eitthvað áfram, enda heyri ég að skrifari hæstv. forseta er greinilega að reyna að hafa áhrif á forsetann í þeim efnum. Hægt væri að fara hér í gegnum fjölmargar spurningar, en ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að gera það hér. Ráðh. og öðrum er jafnljóst og mér að hann tók nokkrar af þessum spurningum og veitti við þeim mjög almenn svör. Á öðrum spurningum snerti hann ekki. En til þess að menn geti áttað sig á því með hvaða hætti umræðunni eigi að halda áfram þá ítreka ég ósk mína um það að við hér ýmsir, eins og ég sagði áðan alls ekki þm. allir, heldur við hér ýmsir, sem teljum okkur nauðsynlegt að bera saman bækur okkar um þessi efni og hvaða afstöðu við eigum að taka, fáum til þess tækifæri. Við biðum eftir því að heyra ýmis þau svör sem ráðh. kynni að gefa en hann gaf ekki. Það er óhjákvæmilegt að við fáum til þess tíma. Ef bandalag forseta hér í Nd., ráðh. og einstakra aðstoðarmanna ráðh. hér verður til þess að þeirri beiðni verður neitað, þá hefur það bara sínar afleiðingar. Ég er ekkert viss um að það sé endilega gott fyrir framgang málsins eða eðlileg vinnubrögð hér í þinginu.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarson): Út af þeirri beiðni sem fram hefur komið frá hv. 7. þm. Reykv. um frestun þessarar umr. nú vek ég athygli á því að þetta er eina málið á dagskrá þessa fundar. Það eru allmargir ræðumenn á mælendaskrá sem greinilega treysta sér til þess að halda áfram umræðu um þetta mál. Það er einnig reiknað með að síðar í dag verði flokksfundir og mönnum gefst þá tækifæri til að bera saman bækur sínar. Ég tel því ekki ástæðu til að fresta þessari umr. nú og mun henni verða haldið áfram.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 242, sem var of seint fram komin, samþ. með 26 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er flutt af þeirri ástæðu að mörg helstu samtök og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa komið sér saman um að rétt sé að gera tilraun til þess að leysa þann vanda sem við stöndum nú frammi fyrir vegna minnkandi fiskafla á grundvelli þess að tekin skuli upp kvótaskipting á hvert skip í landinu og er talað um 13 tonn sem viðmiðunarmark í þeim efnum. Það er talið af þessum hagsmunaaðilum nauðsynlegt til að kanna undirtektir hér á Alþingi við þessa hugmynd að þær heimildir sem rúmast í frv. verði lögfestar. Ég hef tekið það fram áður og sé ástæðu til að gera það enn nú, að ég hefði talið að unnt væri að fara aðrar leiðir til þess að halda aflanum á næsta ári innan þeirra marka sem skynsamlegt er. Á hinn bóginn er mér líka ljóst að til þess að svo sársaukafull aðgerð farist vel úr hendi er nauðsynlegt að hún sé unnin í sem bestu samkomulagi við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Bæði sjósóknin og vinnsla sjávarafla hafa svo mikil áhrif á lífið í landinu bæði staðbundið og í heild, að ógerningur er annað, ef kostur er, en að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu og skilningi um þær aðgerðir sem farið er út í.

Ég vil taka það sérstaklega fram í þessu sambandi að hjá hagsmunaaðilum sem komið hafa á fundi sjútvn. deildanna hefur jafnan komið fram að þeir bera traust til sjútvrh. og eru ekki í vafa um að hann muni leggja sig fram um að leysa málin á þessum grundvelli svo vel sem hann getur. Það hefur einnig komið fram hjá mörgum þessara hagsmunaaðila að þeir telja nauðsynlegt að kerfið sé sveigjanlegt og að veruleg völd séu í höndum sjútvrh. af þeim sökum. En um leið er mikið lagt upp úr því að víðtækt samstarf sé haft um málið. Sést það m. a. af því að Alþýðusamband Íslands hefur séð ástæðu til að óska eftir því að fulltrúi fiskverkafólks komi inn í samstarfshópinn, sem ekki hefur áður verið þegar fjallað hefur verið um aðgerðir í fiskveiðimálum, svo mér sé kunnugt um.

Ég vil á hinn bóginn segja að eftir því sem meir hefur verið fjallað um þetta mál kemur í ljós að veiðihorfur á næsta ári eru að sumu leyti ekki jafndapurlegar og ég hafði óttast og maður gat látið sér detta í hug vegna þess hversu hitastig í sjónum hefur verið lágt og aflabrögð léleg á þessu ári.

Eins og ég hef tekið fram bæði á nefndarfundum í sjútvn. Alþingis og raunar hér áður þykir mér mjög

vondur kostur að ganga frá þeim lagaheimildum sem felast í því frv. sem hér er til umr. án þess að vita meira um þær forsendur sem væntanlegt kvótakerfi verður reist á. Af þeim ástæðum fannst mér óhjákvæmilegt að láta bóka eftirfarandi í gerðabók sjútvn. Nd.:

„Ég er þeirrar skoðunar að unnt sé að fara aðrar leiðir, sem minni röskun og mismunun valda en kvótakerfið, til þess að draga úr sókn fiskiskipa í þá fiskstofna sem ofveiddir hafa verið og vísa til ályktunar Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda frá 13. des. s. l. í því sambandi. Á þessari stundu hefur ekki verið gengið frá forsendum kvótaskiptingar, útfærslu hennar né framkvæmdaatriðum. Af þeim sökum er ekki hægt að meta hvaða svigrúm kvótakerfið gefur í afbrigðilegum tilvikum né hvernig þau byggðarlög koma til með að standa, þar sem aflabrestur hefur verið tilfinnanlegastur á undanförnum misserum.

Á hinn bóginn virðast helstu hagsmunasamtök sjávarútvegsins önnur en Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda vilja reyna þessa leið, sem veldur því að ég mun greiða fyrir framgangi málsins, enda verður sársaukafullum aðgerðum til að draga úr sókn naumast beitt með árangri án slíkrar samstöðu.

Ég legg áherslu á að þessi tilraun sé aðeins gerð til eins árs. Framhaldið hlýtur að ráðast af þeirri reynslu sem þá verður fengin. Raunhæfasta leiðin til að mæta þeim vanda sem nú blasir við vegna aflabrests í þorskveiðum, sem við sjáum ekki fram úr, er að auka rannsóknir á landgrunninu með það fyrir augum að finna nýtanlega fisk- og skelfiskstofna og að huga betur að gæðum þess fisks sem komið er með að landi."

Þetta er sú bókun sem ég lét færa inn í gerðabók sjútvn. Nd.

Eins og fram hefur komið í ræðu hv. 6. þm. Reykv., Guðmundar H. Garðarssonar, er samþykkt þessa frv. fyrsta skrefið í þá átt að skipta með valdboði, getum við sagt, öllum þeim gæðum sem sjórinn býr yfir eða gefur okkur á næsta ári. Þetta er auðvitað mjög stórt skref og ég held að allir þm. og raunar hagsmunaaðilar geri sér grein fyrir því, að á þessari stundu er ógjörningur að segja til um það hvort þessi tilraun tekst, að koma saman kvótakerfi um fiskveiðar á næsta ári, þannig að sæmileg samstaða náist um það. Til þess er of mörgum spurningum ósvarað.

Ég vil þar í fyrsta lagi nefna að talað hefur verið um að loðnuveiðiskip hafi ekki þorskveiðileyfi á næsta ári. Mér er sagt að það hafi verið skilyrði fyrir loðnuveiðileyfi nú í haust. Ef það er misskilningur, þá er hitt víst, að sú hugmynd hefur komið fram.

Ég hygg að 51 skip sé með loðnuveiðileyfi nú. Af þeim voru 47 að þorskveiðum á þessu ári og nemur heildaraflamagn þessara skipa 37 þús. tonnum. Þar af er þorskur 20.5 þús. tonn.

Ég vil einnig benda á það, að á þessari stundu hafa menn ekki gert sér grein fyrir hversu langur tími það er sem einstök skip hafa haft ýmsar frátafir, sem menn hafa hugsað sér að bæta upp með einhverjum tilteknum hætti, og um sérstakar ástæður getur verið að ræða hjá enn fleiri skipum.

Ég vil enn fremur vekja athygli á þeim sérstaka vanda sem við stöndum nú frammi fyrir, ef hugmyndin er að setja sjávaraflann í kvóta og skipta honum á einstök skip, að gert er ráð fyrir um 70 þús. tonna samdrætti í þorski, en mjög óverulegar breytingar borið saman við þetta eru á öðrum fisktegundum. Þetta hlýtur auðvitað að valda því, að ógjörningur er annað en að meta sjávarafla til verðs með einum eða öðrum hætti. Hætt er við að samkomulag um hversu mikils virði ein fisktegund sé borið saman við aðra sé langt undan þegar þess er gætt, að það fer mjög eftir landsfjórðungum hver samsetning aflans er. Þarna er auðvitað um mjög viðkvæmt mat að ræða sem mér er ekki kunnugt um að enn hafi verið gerð nein tilraun til að nálgast endanlega lausn á.

Ég vil enn fremur benda á það, að í þeim hugmyndum sem fram hafa komið hafa ýmsir látið sér detta í hug að úthafsrækjuveiði sé almenningur opinn öllum og standi utan við kvótaskiptingu á einstök skip. Á hinn bóginn hljóta þau skip sem stundað hafa rækjuveiði á s. l. árum að fá minni úthlutun á botnfiskkvóta af þeim sökum. Þá vaknar náttúrlega sú spurning í því sambandi hvernig taka eigi á slíkum vanda: Er þá ekki nauðsynlegt að ákveða þessum skipum einhvern ákveðinn þorskkvóta þann tíma sem þau voru á rækjunni, ef þau eiga ekki að hafa meiri rétt en önnur skip til að stunda slíkar veiðar á næsta ári?

Ég geri líka ráð fyrir því, að mjög mikill þungi komi frá ýmsum loðnuveiðiskipum að komast á rækjuveiðar ef botnfiskveiðar verða takmarkaðar fyrir þau, en á s. l. ári stunduðu fjögur loðnuveiðiskip rækjuveiðar.

Við sjáum fljótt ef við íhugum hinar ólíku aðstæður, sem landshlutarnir, einstök fyrirtæki, ég vil segja einstakir menn, sem vinna við þessa atvinnugrein, sjávarútveg, standa frammi fyrir, að það verk sem lagt er á hendur sjútvrh. með samþykkt þessa frv. er nær óvinnandi. Þær kröfur sem til hans eru gerðar um úrlausn þessa verkefnis eru yfirmannlegar. Og ég vil enn ítreka að ég ber fullt traust til hans. Að öðrum kosti hefði ég ekki verið reiðubúinn til þess að greiða fyrir þessu frv.

Ég geri ráð fyrir að ýmsum finnist sá tónn sem í mér er til kvótakerfis svo neikvæður að óskiljanlegt geti talist að ég skuli treysta mér til að greiða atkv. með frv. En þá er þessu til að svara: Þetta frv. er kannske eitt hið mikilvægasta sem lagt verður fyrir þetta þing. Í því felst heimild til aðila sjávarútvegsins til þess að reyna að leysa fiskveiðivandann á grundvelli kvótakerfisins. Jafnmikil áhersla og lögð hefur verið á þetta í þeim röðum er óeðlilegt annað en að þeim sé gefið svigrúm til að ljúka því verki. Það verður síðan að koma í ljós hvort það tekst eða ekki.

Eins og fram kemur í nál. sjútvn. kom það sjónarmið fram í nefndinni að nauðsynlegt væri að aflakvótar yrðu hreyfanlegir milli skipa, bæði af hagkvæmniástæðum og ef skip væru seld úr landi eða féllu út af skipaskrá. Ég vil leggja mikla áherslu á þýðingu þessa.

Ég held að flestir alþm. séu um það sammála að höfuðógæfa okkar í fiskveiðum sé sú, að fjárfesting hefur verið of mikil og hömlulaus, að skipin eru orðin of mörg, miðað við þann afrakstur sem hafsvæðin í kringum landið hafa gefið af sér, miðað við þær nytjar sem við höfum fram að þessu haft af því. Og sumir telja raunar að skynsamlegasta og eðlilegasta leiðin hefði verið sú, að leggja svo og svo mörgum skipum. Engan hef ég heyrt halda því fram að skynsamlegt væri að fjölga skipum, en það sýnir í raun og veru að um þetta er breið samstaða.

Ég held þess vegna að um leið og gengið er frá þessu kvótakerfi sé nauðsynlegt að hafa inni í því innbyggðan

hvata í þá veru, að menn fækki skipum ef svo stendur á, án þess að það bitni á þeim byggðarlögum þar sem skipin eru á næsta ári. Við verðum að athuga það, að kvótinn setur mönnum ákveðin framleiðslumörk sem ekki verður vikið frá. Þess vegna tel ég að þetta sé mjög brýnt.

Um leið vil ég vekja athygli á því, að margir alþm. sem hafa látið í sér heyra eru hræddari við þennan hreyfanleika kvótans en sú samstarfsnefnd, ráðgjafarnefnd um sjávarútvegsmál, er sem skipuð hefur verið. En um þau efni segir hún, þegar hún talar um nauðsynlegar lagaheimildir vegna stjórnunar fiskveiða, að slík löggjöf eigi að rúma þetta: „Heimilt sé að flytja úthlutað aflamark milli skipa að hluta til eða að öllu leyti, eftir því sem hlutaðeigendur koma sér saman um, en slíkur flutningur verði tilkynntur sjútvrn. þegar í stað."

Þarna er þetta sem sagt haft mjög frjálst. Það eru hagsmunaaðilar sjávarútvegsins sem þar tala og ég held að menn eigi ekki að vera fyrir fram með fordóma í þessum efnum heldur taka það til velviljaðrar athugunar, hvort ekki sé hægt að verða við því. Erlendis tíðkast það a. m. k. í Noregi að skip séu seld ýmist með eða án kvóta. Aflakvótinn er ávísun á verðmæti, og forsendan fyrir því, að maður treysti sér til að gefa eftir sinn aflakvóta getur undir vissum kringumstæðum verið sú, að hann fái fyrir það nokkurt fé og sé þó beggja hagur. Um þetta er hægt að hafa mörg orð, en ég held að alþm. megi ekki vera skelkaðir þegar þeir heyra talað um það að menn eigi að fá greitt fyrir verðmæti sem þeir láta af hendi.

Sjútvn. Alþingis barst erindi frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda sem ég tel rétt að komi í þingtíðindum. Ég ætla að lesa það með leyfi hæstv. forseta:

„Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda mótmælir harðlega fram komnum hugmyndum um kvóta á fiskveiðar á árinu 1984. Í þessu sambandi vill félagið benda á eftirfarandi atriði:

1. Óeðlilegt er að leggja eingöngu til grundvallar aflamagn og aflasamsetningu hvers skips s. l. þrjú ár. Á þessum tíma hefur orðið mikill tilflutningur skipa milli útgerðaraðila, landshluta og verstöðva og samkv. þessari reglu er ekkert tillit tekið til breytingar útgerðarhátta og aðstöðu þeirra skipa sem svo háttar til um.
2. Ekkert tillit er tekið til breytinga á skipsstjórn einstakra skipa né áhafna.
3. Ekkert tillit er tekið til veigamikilla breytinga á fjölmörgum skipum í þeim tilgangi að auka aflahæfni þeirra og kostað hefur verið stórfé til.
4. Ljóst er að þau skip sem hafa stundað siglingar í einhverjum mæli á undanförnum árum og hafa þar af leiðandi verið fjarri veiðum um langan tíma og hafa minni ársafla en skip, sem landað hafa heima, munu ekki geta haldið því áfram í sama mæli vegna aukinnar ásóknar annarra skipa í siglingar og breyttra reglna þar um.
5. Í þeim tillögum sem uppi eru er ekkert tillit tekið til gæða þess afla, sem einstök skip hafa lagt á land, heldur eingöngu farið eftir magni.
6. Þau skip sem fá úthlutað litlum aflakvóta verða nánast verðlaus.

Með tilliti til framanritaðra atriða og fjölmargra fleiri annmarka á tillögunum leggur Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda til að ákvörðun um kvótakerfi verði frestað og að veiðum næsta árs verði stjórnað með auknum veiðitakmörkunum. Enn fremur að árið 1984 verði notað til að skoða og útfæra fleiri kosti."

Undir þetta bréf ritar Þórhallur Helgason, formaður Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að hafa um þetta fleiri orð. Það er eftirtektarvert að stjórnarandstaðan virðist sem heild vera á þeirri skoðun að þessi tilraun skuli gerð, að farið skuli út í kvótakerfið við stýringu fiskveiða á næsta ári, og þær brtt. sem fram hafa komið eru frá hennar sjónarmiði eðlilegar. Ég skil þær vel, en þær breyta í mínum huga ekki miklu um niðurstöðu málsins, þar sem fyrir liggur að ekki verði í þetta ráðist nema að höfðu mjög nánu samkomulagi við hagsmunaaðila og sjútvn., þannig að þingið verður að þessu leyti ekki sniðgengið.

Á þetta vil ég leggja mikla áherslu og svo að síðustu einnig hitt, að ég treysti mér ekki til að mæla með annarri leið hér á Alþingi en þeirri, sem hagsmunaaðilar sjávarútvegsins sjálfir vilja fara, þó ég sjálfur hefði kosið að öðruvísi yrði staðið að málum. Ég beygi mig sem sagt fyrir því, þar sem ég veit að góð samvinna og gott samstarf þar á milli er lykillinn að því að þetta mál leysist farsællega og að friður takist um þær sársaukafullu aðgerðir sem óhjákvæmilegar eru eins og sakir standa.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir brtt. við frv. til l. um breyting á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þessa till. flyt ég ásamt hv. þm. Geir Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni. Ég þakka velvild forseta og hv. þd. að taka mál þetta á dagskrá.

Till. er birt á þskj. 242 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Á undan 1. gr. komi ný gr. sem orðist svo:
1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:
Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga.

2. 1. gr. orðist svo:
10. gr. laganna orðist svo:
Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum. Ákvörðun sína um þetta efni skal ráðherra kynna Alþingi fyrir lok hvers árs. Skal Alþingi síðan fjalla um mótun fiskveiðistefnu og ákveða stefnuna með þingsályktun.
Þingsályktun um fiskveiðistefnu fjallar um forsendur fiskveiðistefnu komandi árs. Við ákvörðun sína skal Alþingi taka tillit til þess að atvinna verði sem samfelldust, að sem mest hagkvæmni fáist við nýtingu fiskstofnanna og að þess sé gætt að ekki verði gengið á stofnana. Í ályktun Alþingis skal ákveða forsendur ákvörðunar ráðherra um skiptingu hámarksafla á skip."

Hér er gerð, herra forseti, till. um að tekið verði á málum á svipaðan hátt og gert er í brtt. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, Guðmundur Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttir. Síðar segir áfram:

„3. Á eftir 1. gr. komi ný gr. sem orðist svo:

Á eftir 10. gr. laganna komi ný gr. sem verði 11. gr. og orðist svo:

Ráðherra skipar nefnd til að fjalla um framkvæmd fiskveiðisstefnu. Í henni eiga sæti fulltrúar fiskverkenda, útgerðarmanna og verkafólks í fiskvinnslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Nefndin getur heimilað flutning aflaleyfa. Óheimilt er að selja aflaleyfi, en nefndin getur ákveðið að fella niður aflaleyfi ef eftir því er óskað. Þá skal nefndin í ákvörðunum stuðla að sem mestu samræmi milli veiða og vinnslu.

Þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta, geta skotið málum sínum til nefndarinnar ef þeir telja sig órétti beitta.

4. Á eftir 10. gr. laganna komi ný gr. sem verði 12. gr. og orðist svo:

Ekki verður með stoð í lögum þessum ákveðið aflamark á handfæra- eða línubáta. Þó er heimilt að ákveða heildarmark fyrir línuveiðiskip.

5. Aftan við frv. komi svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal sjútvrh. gera tillögu til Alþingis um framkvæmd fiskveiðistefnunnar 1984 með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í greininni. Skal Alþingi þá hafa lokið umfjöllun sinni um málið fyrir lok janúarmánaðar."

Herra forseti. Hér er eins og heyra má ekki um ýkja efnismikla brtt. að ræða. Hún er þó veigamikil í ákveðnum atriðum er lúta að því að það vald sem í frv. á þskj. 188 er gert ráð fyrir að verði nær alfarið í höndum ráðh. yrði skv. þessari brtt. í höndum Alþingis og síðan í höndum ráðh. og samtaka hagsmunaaðila í ákveðnu samstarfi. Hér er gerð tilraun til að laga frv. hæstv. sjútvrh. að þeirri gagnrýni sem kom fram við 1. umr. og var nokkuð almenn um að í frv. fælist nánast óskilyrt valdaafsal til ráðh. Hér er gerð till. um nokkuð aðra tilhögun. Í ljósi aðsteðjandi og yfirstandandi vanda er gert ráð fyrir að ráðh. geri till. til Alþingis um framkvæmd fiskveiðistefnu fyrir árið 1984 eins fljótt og við verður komið og ljúki Alþingi umfjöllun um hana fyrir janúarlok á næsta ári.

Þegar mál þetta kom til 1. umr. lýsti ég þeirri skoðun minni að hér væri augljóslega ekki verið að móta fiskveiðistefnu heldur fela ráðh. vald til að gera það. Í framhaldi af því var ráðh. spurður margra ítarlegra spurninga af mörgum ræðumönnum. Hann hefur svarað þeim að nokkru leyti við 1. umr. og nú í 2. umr. Ég verð að segja, herra forseti, sem mína skoðun að mörg af þeim svörum voru léttvæg, önnur fyrirfundust ekki. Hann svaraði þó almennt nokkru um stefnuna en stærsta svar hans og það hreinskilnasta hingað til var kannske að mál þessi væru í óvissu. Það er gott að komið er fram hér á hinu háa Alþingi að málið er enn í óvissu að mati hæstv. sjútvrh., það er verið að vinna að því o. s. frv.

Það er ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem málið er í á Alþingi sem þessi brtt. er flutt. Hún er eins og ég sagði áðan tilraun til að draga saman þær nokkuð mismunandi skoðanir sem hér virðast vera uppi. Það er þó gert þannig að fullt tillit er tekið til þess að þörf er skjótra aðgerða og alvarlegar aðstæður eru í sjávarútvegi um þessar mundir. Hér er ekki á neinn hátt reynt að bregða fæti fyrir hæstv. sjútvrh. með að hafa áhrif á mótun fiskveiðistefnunnar og grípa skjótt til þeirra aðgerða er hann telur þörf á.

Herra forseti. Með framgang þessa máls í huga og í ljósi þess að komnar eru fram tvær brtt. við frv. teldi ég það eðlilega málsmeðferð að gert yrði hlé á umr. um þetta mál meðan sjútvn. þingsins kæmu saman og tækju till. til athugunar. Ég tel þetta eðlilega málsmeðferð í ljósi þeirra umr. sem hafa farið fram við 1. og 2. umr. og með tilvísun til þeirra brtt. sem hér hafa verið fluttar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessari ábendingu hv. þm. tel ég út af fyrir sig að hún geti átt fullan rétt á sér, að menn taki slíkar till. til athugunar. En ég held þó að ekki séu skilyrði til þess nú að við getum stöðvað fundinn á þessari stundu, enda hefur n. ekki haft aðstöðu til að ræða hvort hún er fús til þess að taka málið þannig fyrir. Við höldum því áfram að ræða málið um sinn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef áður í meðferð þessa máls gert grein fyrir mínum skoðunum á öllum efnisatriðum frv. og þess vegna ástæðulaust að halda langa tölu um þau að þessu sinni. Hins vegar hafa komið fram hér brtt. frá annars vegar Kjartani Jóhannssyni o. fl. og hins vegar frá Steingrími J. Sigfússyni o. fl.

Ef fyrst er athuguð brtt. á þskj. 242 frá Steingrími J. Sigfússyni og tveimur öðrum hv. þm., þá er þar á margan hátt skynsamlega tekið á hlutum, en þó sýnast mér vera á ýmsir annmarkar.

1. tölul. í till. kveður á um að auðlindir innan fiskveiðilandhelginnar séu sameign allrar þjóðarinnar. Það er alveg sjálfsagt mál að slíkt sé til í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi og eða þá einhvers staðar annars staðar, það þarf ekki endilega að vera þar, en að ljóst sé að auðæfi miðanna séu þjóðareign. Við mættum einnig af þessu tilefni huga að því, hvort ekki væri skynsamlegt að beita sömu aðferð varðandi önnur verðmæti en verðmæti sjávarins og þá á ég við landið sjálft, þá fari ekki milli mála að landið sé þjóðareign.

2. brtt. fjallar hins vegar um það eins og till. þeirra Alþfl.-manna, — já, það eru þarna mismunandi sósíaldemókratar virðist mér í upptalningunni, — þ. e. till. Kjartans Jóhannssonar o. fl., að Alþingi skuli taka til meðferðar á hverju hausti mótun fiskveiðistefnu. Ég tel ekki aðeins skynsamlegt heldur nauðsynlegt að Alþingi taki á þeim hlutum og marki nokkuð stefnuna í þeim efnum, án þess að ég treysti mér til þess á þessari stundu að nefna sérstaklega hvað væri þar undir í þeirri meðferð. Þessar till. eru sjálfsagt báðar samdar á mjög stuttum tíma og kannske hefur ekki gefist tóm til að gera þær till. eins fullar og þyrfti að vera, en það skiptir ekki máli nú vegna þess að ég tel að þrátt fyrir góðan anda og skynsamlega hugmynd sé því miður ekki hægt að samþykkja þessar till.

Það segir í sjálfri tillgr. að ráðh. skuli leggja till. Hafrannsóknastofnunar og ákvarðanir ráðh. fyrir þingið. Svo segir í þskj. 242, með leyfi forseta: „Skal Alþingi síðan fjalla um mótun fiskveiðistefnu og ákveða stefnuna með þál." — Jafnvel þó menn gætu fallist á þessa málsmeðferð, sem mér finnst út af fyrir sig skynsamlegt, þá er tíminn runninn frá okkur og þess ekki kostur að beita þessu í raun. Ég vona að flm. átti sig á því.

Í 3. brtt. á þskj. 242 er fjallað um að setja upp nefnd sem fjallar um framkvæmd stefnu. Það er í eðli sínu

ákaflega svipað því sem er nú í frv. sem hér er komið til 2. umr. og í grg. og nál., því að þeir aðilar, eins og það heitir nú til dags, sem þar eru nefndir eru einmitt það fólk sem samráð skal haft við. Þarna er því ekki um mjög frábrugðna hugmynd að ræða. Hins vegar stendur þarna að nefndin skuli... (**ÓRG:** Hvar stendur þetta í frv.?) Herra forseti. Ég get að vísu ekki gert að því hversu útbreitt ólæsi er í Háskólanum, hvort sem er hjá nemendum eða kennurum. En það er auðvitað alveg ljóst að í frv. er þetta sagt. (**ÓRG:** Vill ekki þm. lesa það upp fyrir okkur?) Jú, ég leyfi mér að lesa það upp, með leyfi forseta. Á bls. 3 um aths. við einstakar greinar þar segir:

„Sérstaklega skal áréttað og á það lögð áhersla, að náið samráð verður haft við hagsmunaaðila um framkvæmd ákvæða greinarinnar í heild, svo og einstakra þátta hennar."

Þetta stendur ekki í lagatextanum ef þetta frv. verður að lögum, það vitum við. Og hverjir eru það svo sem hafa óskað eftir því að þetta samráð verði sett í lög? Er það hv. frammíkallandi prófessor, dr. Ólafur Ragnar Grímsson, hv. þm.? Það eru ekki hagsmunaaðilar. Það eru ekki þeir sem eru hvattir til að hafa samráð í þessum efnum. Þeir hafa beðist undan því. Aðeins einn aðili hefur lagt til að það verði gert, en enginn hinna.

Ég tel fyrir mína parta óhæft að ganga fram hjá fulltrúum allra þessara samtaka, sem eru mjög fjölmenn og þessi mál skipta mestu. Þess vegna leit n. svo á að nægilegt væri að taka þetta fram með þeim hætti sem ég hef lesið. Þess er einnig getið í nál. sjútvn. En ég tel og mér sýnist ótvírætt að ekki sé unnt að fara þessa leið vegna þess hversu liðið er á þingtíma og árið og hversu nálægt við erum upphafi veiða árið 1984. Ég tel að þess sé hreinlega ekki kostur. Af þeim ástæðum, þó einar væru, dugar ekki að samþykkja þessa till.

Herra forseti. Í 4. brtt. á þskj. 242 er talað um sérstöðu handfæra- og línuveiða. Þetta hefur verið rætt mikið í n. og hæstv. ráðh. hefur einnig lýst sínum skoðunum í því efni og teljum við það sem betur fer allir skynsamlegt. (**SJS:** Fyrirgefðu þm. Viltu ekki lesa ákvæði til bráðabirgða?) Já, ég er búinn að því. Það dugar ekki, því miður.

Hin till. á þskj. 235 er svipuðu marki brennd. Auðvitað er mjög margt í þeirri till. nákvæmlega eins og í frv. sjálfu. Um framkvæmd fiskveiðistefnu er einmitt gert ráð fyrir því að þáltill. skuli vera á undan og síðan komi til framkvæmda fiskveiðistefnunnar. Við erum sem sagt orðnir of seinir í þessu efni einnig.

Að vísu er í tillgr. tveimur að hluta til það sama og er í frv. og það sama sem hefur verið framkvæmt til langs tíma. Hámarksafla hefur verið skipt milli togara og báta og ákveðinn hefur verið hámarksafli fyrir mjög margar fisktegundir. Þessi tillgr. er því ekki ný.

En nú er einmitt um það að tefla, eins og segir í 2. lið tillgr., hvort eigi að úthluta aflamagni á einstök skip eða ekki og hvaða viðmiðanir eða forsendur skuli gilda um úthlutun. Þessar tillgr. eru auðvitað um það efni sem á að vera í þáltill. Síðari greinin fjallar einmitt um það sem við erum að greiða atkv. um nú. Ég vil vekja athygli á því. Þið skuluð ekki vera það einsýnir að þið sjáið ekki það frv. sem fyrir liggur og viljið taka annað.

Þarna er talað um kvótadæmið og um það þurfum við að greiða atkv. Viðmiðanir, forsendur og reiknireglur liggja fyrir. Það hefur verið lýst yfir því að farið verði eftir tillögum Fiskiþings í þeim efnum. Þar eru því ekki nein leyndarmál liggjandi.

Um kvóta eða aflamagn er fjallað í báðum till. Ég legg á það áherslu af minni hálfu að ekki sé möguleiki á að selja kvóta milli manna. Ég tel sjálfsagt að hægt sé að nýta kvóta skips sem fellur út af skipaskrá eða þess skips sem kann að vera lagt og þessi kvóti geti farið á önnur skip. En ég legg á það áherslu að það aflamagn fari ekki út úr viðkomandi byggðarlagi, nema þá til byggðarlaga í sama landshluta í því skyni að jafna aflamagn milli fiskvinnslustöðva á svæðinu. Við vitum að sums staðar háttar svo til að ekki er nægilegt hráefni fyrir hendi, en annars staðar er svo ástatt að of mikið hráefni stendur til boða með þeim afleiðingum að flytja hefur þurft erlent vinnuafl til landsins. Það er afar óæskilegt. Þarna skapast einmitt tækifæri til að samræma að nokkru veiðar og vinnslu, hluti sem við höfum talað um hér til langs tíma.

Till. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar o. fl. er einnig of seint fram komin. Það er ekki óeðlilegt og það er ekki þeim að kenna. Það er vegna þess að við höfum ekki átt þess kost að fjalla um þessa hluti fyrr en svo seint. Og hvað svo sem menn segja um það hvernig hafi verið haldið á málinu í rn., þá held ég að flestallir geti verið sammála um að óskynsamlegt hefði verið að ganga til svo róttækra breytinga í þessum efnum að Fiskiþingi væri ekki gert kleift að segja sitt álit.

Herra forseti. Ég hef harmað að við skyldum ekki allir í hv. sjútvn. geta staðið saman að flutningi þessa máls vegna þess að ágreiningurinn er tiltölulega lítill. Og ég hélt að þeir sem hafa verið í þessari vinnu og kannað þar allar aðstæður og ástæður hljóti að hafa gert sér ljóst að við áttum þess ekki kost að fara þá leið sem hv. þm. Guðmundur Einarsson nefndi. Ég ætla ekki að gera honum upp óeðlilegar hugmyndir í þessu efni, enda fellst hv. þm. á að nauðsynlegt sé, segir hér í hans nál.," að grípa til stórum róttækari aðgerða við stjórn veiðanna heldur en gert hefur verið hingað til."

Um þessi mál má margt segja og menn hafa auðvitað verið að velta vöngum yfir ýmsum hlutum og sem betur fer flestir af ástæðum sem rekja má til þess að menn hafa nokkrar áhyggjur yfir hvernig hið nýja kerfi muni reynast. Það eru ekki nema örfáir þm. sem hafa rætt þetta einungis frá formlegu hliðinni eða þá af einhverjum öðrum hvötum sem eiga ekki að eiga heima í huga alþm. sem vilja vinna heiðarlega og efnislega að hlutunum. Ég hefði haldið að menn sem setið hafa á hinu háa Alþingi til margra ára vissu hvert er hlutverk þeirra í nefndum. Þar koma menn ekki inn sem fulltrúar ráðh., heldur er þeim falið að fjalla um þessa hluti á efnislegum grundvelli og helst af skynsemi. Ég harma það satt að segja að einn félagi minn skuli hafa látið sitt margfræga ergelsi út í Framsfl. stjórna orðum sínum að þessu sinni, því hér er vissulega um of alvarlega hluti að tefla. Ég mun ekki beita neinum þeim orðum sem kalla mætti hnjóðsyrði í garð slíkra manna, en það er sorglegt ef menn kalla það að verið sé að ganga erinda eins eða annars þegar reynt er eftir bestu getu að fjalla um svo flókið og svo margbreytilegt mál.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að segja margt fleira um þetta að þessu sinni. Ég vil þó ítreka að hæstv. ráðh. og rn. hans hafi í huga að þessi lög, ef þetta frv. verður að lögum, eiga aðeins að gilda í eitt ár. Það þýðir að þeir sem fjalla um þessa hluti verða að taka til við

endurskoðun málsins nægilega snemma til þess að þeir lendi ekki í svipaðri tímaþröng og við erum í nú.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma hér strax fram að ég get ekki samþykkt 1. gr. í frv. hæstv. sjútvrh. Ég mun greiða atkv. á móti þeirri grein. Það er vegna þess að í henni er gert ráð fyrir víðtækara valdaafsali löggjafarvaldsins til framkvæmdavaldsins en ég get staðið að.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að stuðla að því að settar verði lagareglur sem auðvelda stjórn fiskveiða í landinu, en ég samþykki ekki lög um menntað einveldi. Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti 1. gr. þess frv. sem hér er á dagskrá. Ég tel að það sé ekki sæmandi, miðað við þær lýðræðislegu kröfur sem gera verður í okkar þjóðfélagi, að Alþingi veiti einum manni slíkt vald. Ég er ekki í þessum efnum að tala um hæstv. núv. sjútvrh. Það kemur þessu máli í mínum huga ekki við. Ég er hér að tala um pólitískt grundvallaratriði sem ekki verður litið fram hjá. Ég er þeirrar skoðunar, að Alþingi væri að leggja inn á hættulega braut með því að fela einum manni á hendur slíkt ofurvald.

Það var á þessum grundvelli sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælti því frv. sem hér liggur fyrir. Í mótmælum Alþýðusambands Íslands segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er ráðh. gefið einræðisvald til að ákveða fiskveiðistefnu og stjórn veiða á ákveðnu tímabili. Sambandsstjórn ASÍ" — takið eftir því, en í þeirri stofnun eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum og það er fjölmenn stofnun, æðsta stjórn verkalýðssamtakanna í landinu fyrir utan þing Alþýðusambands Íslands — „er ljóst að nauðsynlegt er að einhver hafi úrskurðarvald um þessi mál svo fært sé að skipuleggja veiðar og vinnslu með þeim hætti sem aðstæður krefjast hverju sinni.

Hins vegar bendir sambandsstjórn ASÍ á að raunhæf fiskveiðistefna verður ekki mótuð nema í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Því beinir sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands því til hv. Alþingis, að það beiti sér fyrir að skýrt komi fram í lögunum að ráðh. sé skylt að hafa samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi um framkvæmd laganna. Hér er átt við samtök sjómanna, útgerðarmanna, verkafólks í fiskvinnslu og eigenda fiskvinnslufyrirtækja. Sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands telur að víðtækt samráð og samstaða allra hlutaðeigandi aðila sé forsenda raunhæfs skipulags veiða og vinnslu og að slíkt samstarf geti ef vel til tekst dregið úr hættu á atvinnuleysi."

Þetta birtist í bréfi sem var afhent formanni sjútvn. Nd. Alþingis, Stefáni Guðmundssyni. Bréfið er dagsett 13. des. 1983 og undirritað af forseta Alþýðusambands Íslands, Ásmundi Stefánssyni.

Hér er kveðið mjög skýrt að orði um vilja þess fólks og þeirrar stjórnar sem fer með æðstu stjórn alþýðusamtakanna um þessar mundir og það er útilokað fyrir sjútvrh. og ríkisstj. að láta sem þetta plagg sé ekki til. Og ég undrast það, herra forseti, að þegar gerð var grein fyrir nál. meiri hl. áðan varð ég ekki var við að þetta plagg væri lesið upp. Ég harma að svo skuli vera. Ég er viss um að það er ekki viljandi gert hjá framsögumanni meiri hl. að stinga þessu plaggi undir stól, en ég harma að ekki skuli vera gerð grein fyrir því hvað alþýðusamtökin hafa til málanna að leggja í þessu máli því hér er um að ræða úrslitamál um lífskjör hvers einasta manns í þessu landi og þá sérstaklega þess fólks sem er innan verkalýðssamtakanna.

Kann það ekki líka að vera svo, herra forseti, að áhyggjur verkalýðssamtakanna af þessu einræðisvaldi stafi af því, að verkalýðssamtökin hafi orðið nokkuð bitra reynslu af einræðisvaldi og framkomu ríkisstj. varðandi lífskjör fólksins í þessu landi? Það skyldi þó aldrei vera að verkalýðsstéttin í þessu landi telji sig vera búna að fá nóg af íhlutun ríkisstj. í lífskjör launafólks á þessu ári, þar sem kjörin hafa verið rústuð niður með þeim hætti að kaupmáttur tímakaups verkamanna er núna svipaður og hann var fyrir 30 árum. Það er ekki að undra þó að verkalýðssamtökin hiki við að fela slíkri ríkisstj. alræðisvald um þennan grundvöll lífskjaranna. Það er ekki að undra þó að verkalýðssamtökin hiki við að færa slíkri stjórn vald sem er einsdæmi í sögu okkar stjórnkerfis að einn maður hafi haft. Ég er satt að segja meira en lítið undrandi á því að þeir menn sem telja sig skyldasta verkalýðssamtökunum skuli ekki átta sig á þeim háska sem í þessari grein og í þessu alræðisvaldi og valdaframsali getur verið fólgið. Það hefur ekki verið fyrir að fara slíkri tillitssemi þessarar ríkisstj. við lífskjörin að það sé ástæða til að afhenda henni vald yfir þeim lífskjaragrundvelli sem fiskveiðarnar eru. Ríkisstj. sem ætlar að leggja spítalaskatt á veika fólkið í landinu á það ekki skilið að menn hneigi sig fyrir henni og bukti úr þessum virðulega ræðustól.

Herra forseti. Hér er komið að grundvallaratriði varðandi afstöðu manna til stjórnkerfis okkar í heild og ég tel þess vegna að eðlilegt sé að hér hafi komið fram áhyggjur þm. úr öllum flokkum gagnvart hugmyndum sem hér eru uppi.

Í 1. umr. um málið voru bornar fram fjölmargar fyrirspurnir til hæstv. ráðh. um þetta mál og það var eins og fyrri daginn í núv. ríkisstj., sem hefur tekið upp nýja siði í skiptum við þm., að ekki er svarað þeim spurningum sem bornar eru fram. Hæstv. félmrh. hafði þennan hátt á í sambandi við húsnæðismál hér á dögunum. Hæstv. fjmrh. hefur fyrir reglu að svara ekki. Hæstv. sjútvrh. fylgir nú í kjölfarið og heldur uppi þessum háttum.

Um hvað voru menn að spyrja sem ráðh. hefur ekki svarað enn? Ég ætla að nefna eitt dæmi. Það var spurt um rekstrargrundvöll útgerðarinnar í landinu, hvernig hann horfir við á árinu 1984 hjá togurum og bátum, og skyldi það ekki vera partur af fiskveiðistefnunni hver er rekstrarafkoma og rekstrargrundvöllur útgerðarinnar í landinu? Ætlast menn til þess nú, þegar aðeins eru tvær vikur til áramóta, að þm. afgreiði þetta mál án þess að hæstv. ráðh. geri grein fyrir því hvernig rekstrargrundvöllur útgerðarinnar er í dag og hvernig ráðh. sýnist að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar muni þróast á fyrstu mánuðum ársins 1984 og hvort og hvernig ríkisstj. ætlar að standa að breytingum fiskverðs núna um áramótin? Dettur þessari virðulegu ríkisstj. í hug, sem hér situr, að þingheimur sé búinn að gleyma því að fiskverð er venjulega afgreitt um áramótin í þessu landi, að það er enn til stofnun sem heitir Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem um þau mál fjallar? Þó að henni hafi í rauninni verið bannað að starfa eins og ýmsum öðrum aðilum varðandi kaup og kjör á þessu ári með gerræðislögum ríkisstj. í vor, þá er þó þessi stofnun enn til og á

væntanlega að ákveða fiskverð núna um áramótin. Hvaða fiskverð er það sem hæstv. ríkisstj. núna stefnir á? Hvaða rekstrargrundvöllur útgerðarinnar í landinu er það sem hæstv. ríkisstj. stefnir á? Og hvernig er háttað þessum rekstrargrundvelli núna? Telja menn, eins og t. d. hv. framsögumaður sjútvn. sem þekkir til í þessum málum, ástæðulaust að blanda rekstrarvanda sjávarútvegsins inn í þessa umr.? Hér er verið að ákveða hvernig skipin verða gerð út á næsta ári. Ætla menn að stinga höfðinu í sandinn og þora ekki einu sinni að endurtaka spurningar sem ráðh. hafa ekki döngun í sér til að svara? Hvernig er ætlun ríkisstj. að reka fiskiskipin á næsta ári, sem þóttist og segist sjálf vera mynduð til að bjarga stöðu atvinnuveganna? Aftur og aftur hefur hæstv. núv. sjútvrh. lýst því yfir að ríkisstj. hafi verið mynduð til að bjarga stöðu atvinnuveganna, treysta og efla atvinnulífið í landinu. Hvernig ætli sé staða atvinnuveganna um þessar mundir? Hvað hefur núv. hæstv. sjútvrh. fram að leggja varðandi útgerð togaranna og bátanna hér á næsta ári? Hvernig er rekstrarstaða fiskvinnslunnar og horfur í þeim efnum? Ætlast sjútvrh. virkilega til að hv. Alþingi ræði þetta ekki neitt, heldur húrri hér í gegn þessu frv. rétt eins og ekkert sé sjálfsagðara án þess að spyrja þessara grundvallarspurninga — eða er rekstrarstaða útgerðarinnar ekki hluti af fiskveiðistefnunni í landinu? Síðan hvenær var unnt að slíta það tvennt í sundur? Hvaða hættir eru það sem teknir hafa verið upp á ríkisstjórnarbænum sem gera mögulegt að rífa í sundur annars vegar rekstur útgerðarinnar og hins vegar fiskveiðistefnuna eins og hún er á hverri tíð? Þetta er grundvallarspurning sem hæstv. sjútvrh. verður auðvitað að svara hér og það rækilega. Hvaða hugmyndir hefur hann uppi um að tryggja stöðu útgerðarinnar á næsta ári? Það er alveg lágmark að ráðh. sem myndaði ríkisstj. með Íhaldinu til að bjarga stöðu atvinnuveganna í landinu svari spurningum af þessu tagi.

Hæstv. forsrh., sem mig minnir að hafi haft með sjávarútvegsmálin að gera þegar núv. sjútvrh. tók við, mætti gjarnan svara líka og gera grein fyrir því hvernig hann hugsar þessi mál, vegna þess að það er útilokað fyrir hæstv. ráðh. að komast fram hjá þessari umr. án þess að slíkra spurninga sé spurt. Það er alveg sama hvað menn eru traustir stuðningsmenn stjórnarinnar eða hvort þeir eru stjórnarandstæðingar í þessu efni. Mönnum er skylt að spyrja þessara spurninga og krefjast svara. Til þess eru ráðh. að svara þeim spurningum sem bornar eru fram — eða hefur hæstv. sjútvrh. kannske ekki undir höndum eða forsrh. upplýsingar um afkomu útgerðarinnar? Hafa þeir ekki undir höndum upplýsingar um afkomu vinnslunnar í landinu í dag?

Á fundi fjh.- og viðskn. Nd. í gærkvöld, mjög ítarlegum fundi sem stóð í eina þrjá klukkutíma, mætti fulltrúi Þjóðhagsstofnunar og gerði grein fyrir stöðu útvegsins. Það var ekkert allt of falleg mynd sem þar var upp dregin. Björgunarstarfsemi hæstv. sjútvrh. við atvinnuvegina virðist ekki hafa borið mikinn árangur. Mér sýnist að það hafi í rauninni ekkert lagast hjá þessum atvinnugreinum, sem ráðh. þóttist þó bera fyrir brjósti þegar hann var að mynda ríkisstj. með Íhaldinu í vor.

Herra forseti. Frá þessari umr. er ekki hægt að ganga öðruvísi en að hæstv. sjútvrh. svari þessum spurningum — og ég vil bæta því við — leggi fram gögn í málinu, þannig að þingheimur sjái svart á hvítu hvernig rekstrarstaða útgerðarinnar er í dag. Ég óska hér með eftir því að hæstv. sjútvrh. sjái til þess að upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um rekstrarafkomu útgerðarinnar, togara og báta verði dreift hér á borð þm., þannig að menn megi sjá hvernig þessum hlutum er nú háttað. Þetta eru óaðskiljanleg mál með öllu. Hér er ekki aðeins verið að fjalla um grundvallaratriði fyrir framtíðina, heldur er hér fyrst og fremst verið að fjalla um þessi mál fyrir árið 1984. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé um rekstrargrundvöllinn sérstaklega á því ári. Mér er kunnugt um að margir þm. í stjórnarliðinu, sem eru afar þungir til stuðnings við þetta frv., verja sig með því, sem er auðvitað ræfilslegt af þeim, en þeir gera það nú samt, að þetta sé eins konar tilraunafyrirkomulag, eins og einn þeirra orðaði það við mig áðan, tilraunafyrirkomulag sem standi bara á árinu 1984 og þeir þurfi þá ekki í rauninni að hafa svo miklar áhyggjur og þeir ætli þess vegna að greiða þessu atkv. eins og í tilraunaskyni. Það er sérkennilegt satt að segja að menn skuli ætla sér að gera slíka tilraun án þess að spyrja um rekstrargrundvöllinn.

Mjög víða hafa komið fram þungar áhyggjur yfir þessu frv., m. a. í útgerðarráði Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Á fundi sem var haldinn í útgerðarráði Bæjarútgerðar Reykjavíkur miðvikudaginn 14. des. 1983 var fjallað um þessi mál sérstaklega. Þm. Reykv. hefur verið sent bréf um þetta efni þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér með sendum vér yður till. sem samþykkt var með 7 shlj. atkv. á fundi útgerðarráðs Bæjarútgerðar Reykjavíkur miðvikudaginn 14. des. 1983. Tillagan hljóðar svo:

„Flest bendir til þess, að Alþingi muni nú á næstu dögum samþykkja frv. til laga, sem nú hefur verið lagt fram, um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 8. maí 1981.

Útgerðarráð telur að nauðsynlegt sé að draga úr hættunni á ofveiði á Íslandsmiðum og þá sérstaklega með hliðsjón af ástandi þorskstofnsins um þessar mundir, en telur jafnframt orka tvímælis að sjútvrh. skuli fengnar jafnvíðtækar heimildir til skiptingar afla eftir tegundum á einstök fiskiskip og gert er ráð fyrir í frv. Útgerðarráð beinir þeim eindregnu áskorunum til þm. Reykjavíkur að þeir gæti þess að ekki verði gengið á hagsmuni þessarar stærstu verstöðvar landsins við útfærslu málsins.“

Virðingarfyllst.
F. h. Bæjarútgerðar Reykjavíkur.
Björgvin Guðmundsson.“

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, herra forseti, að þessi sjónarmið, sem hér eru sett fram í bréfi Bæjarútgerðar Reykjavíkur, séu dregin hér fram vegna þess að þau eru samþykkt með 7 shlj. atkv. af fulltrúum allra flokka í útgerðarráði. Þar er það enginn sem skilur sig frá. Það er sem sagt greinilegt að það er sama hvort um er að ræða stofnun sem kosin er af borgarstjórn Reykjavíkur eða stofnun eins og sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands. Í báðum tilvikum er það svo, að menn hafa mjög þungar áhyggjur af því valdaframsali sem í frv. þessu felst. Allir þessir aðilar heita á alþm. að

taka nú skynsamlega á þessum málum. Menn viðurkenna að það er þörf stýringar, en menn óttast hvernig að þessum hlutum er staðið af núv. hæstv. ríkisstj.

Ég vil þess vegna, herra forseti, leyfa mér að undirstrika sérstaklega að það er ríkur vilji og skilningur í landinu fyrir því að það verði settar reglur um stjórn fiskveiða og það verði skapaðir möguleikar sem tryggja að nýtingin á þessum sameiginlegu auðlindum landsmanna verði sem best. Á því er ríkur skilningur í öllum stjórnmálaflokkum, hjá öllum þeim sem hér hafa talað á hv. Alþingi.

En í stað þess að reyna að virkja þennan ríka vilja er hér skellt inn í þingið með örstuttum fyrirvara frv. sem er svo illa útbúið að það vekur fjölmargar spurningar og í grg. frv. eru í rauninni sárafáar skýringar á hinum efnislegu forsendum málsins, sem allir þm. eiga þó rétt á að fá. Ég vil átelja ríkisstj. fyrir að standa svona að verki. Ég vil átelja ríkisstj. fyrir að hún skuli ekki gera ríkari tilraun til þess með lengri fyrirvara að virkja þann skilning sem hér er í þinginu á samstöðu um þessi mál. Og ég ætla að fullyrða það, herra forseti, að ef málið hefði verið betur undirbúið með lengri fyrirvara er viljinn til samstarfs svo ríkur hér að það hefði átt að vera unnt að ná mjög víðtækri samstöðu þvert á stjórnmálaflokka um þetta mál, yfirgnæfandi meiri hl. þingsins, hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Og þegar kemur að jafnörlagaríku máli og þessu, sem margir hafa talið stærsta mál þingsins, er það auðvitað höfuðskylda ríkisstj. að halda þannig á málum að hún laði fram samkomulagsviljann, samningaviljann og viljann til samstöðu með þjóðinni. Ríkisstj. á ekki með vinnubrögðum sínum að standa þannig að málum að það verði til að sundra í jafnerfiðu máli og þessu. Það er algjört grundvallaratriði frá mínum bæjardyrum séð, því hér erum við að taka á vanda sem er einhver sá stærsti sem þessi þjóð hefur að sumu leyti staðið frammi fyrir. Undanfarna áratugi höfum við búið við það að menn hafa gengið fastar og fastar að auðlindunum, sótt síaukin verðmæti í auðlindir þjóðarinnar. Nú er hins vegar ekki eins miklu að skipta og verið hefur. Við stöndum því frammi fyrir grundvallarvanda og við slíkar aðstæður á að reyna að laða menn til samstarfs, en ekki að espa til sundrungar.

Þessi ríkisstj. hefur að vísu haft þann hátt á að reyna yfirleitt í öllum málum að espa til sundrungar, segja í sundur friðinn í þessu landi. Það er alveg sama hvort þar hefur verið um að ræða kaupið og kjörin eða þá málið sem hér er uppi. Það er engin tilraun gerð til þess með ítarlegum viðræðum hér á Alþingi að reyna að ná samkomulagi um þetta mál. (**Gripið fram í:** Það er ólíku saman að jafna.) Það er ólíku saman að jafna eða þeim tíma þegar jafnan var lögð mikil áhersla á að ná samstöðu um mál af þessu tagi, eins og þegar hæstv. fyrrv. sjútvrh. Matthías Bjarnason fór með málefni fiskveiðilandhelginnar, þegar lögin voru sett 1976, eða þegar hæstv. fyrrv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson fór með sömu mál. Þá var lögð áhersla á samstöðu, að laða menn saman um þetta grundvallaratriði, vegna þess að hérna stendur þjóðin frammi fyrir miklum vanda og það á að vera skylda þeirra sem í forustu eru að laða menn saman í þeim efnum, en ekki að efna til sundrungar. Ég vil því mjög harðlega, herra forseti, átelja ríkisstj. fyrir seinagang í þessu máli og ég tel að þar hefði mátt standa miklu betur að málum.

Hér hafa í dag verið lagðar fram nokkrar brtt. við frv. hæstv. ríkisstj. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að fara um þær brtt. nokkrum orðum. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort það taki langan tíma.) Nei, en það væri betra, herra forseti, vegna þess að ég er viðbundinn fljótlega upp úr kl. fimm, að ég fengi að halda áfram máli mínu um kl. níu, þegar fundi verður fram haldið. (**Forseti:** Fundinum verður fram haldið kl. hálfníu.) Kl. hálfníu, já. (**Forseti:** Ef hv. þm. vill þá ljúka ræðu sinni nú á þessari stundu.) Ég kysi heldur að ég fengi tækifæri til þess að halda ræðunni áfram á eftir, vegna þess að ég hafði lofað ákveðnum hlutum núna um kl. fimm sem ekki geta beðið, ef hæstv. forseti fellst á það. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Það er e. t. v. ástæða til að inna hæstv. forseta eftir því á þessu stigi málsins hvort það er staðfastur ásetningur ríkisstj. og hæstv. forseta að það frv. sem hér liggur fyrir ásamt brtt. fari ekki til n. aftur. (**Forseti:** Það hefur verið tillaga forseta að n. ræði till. sem fram eru komnar og ég á von á að svo verði.) Nú er mér tjáð, herra forseti, að kl. korter yfir sex í kvöld hafi verið boðaður fundur í sjútvn., en honum hafi síðan verið aflýst. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því, en ég get auðvitað kvatt mér hljóðs um þingsköp. (**Forseti:** Ég skal líka svara því. Það er rétt að það var boðaður fundur kl. korter gengin í sjö í dag, en af þeim fundi varð ekki. Forseti á sæti í þessari ágætu n. og mér er ókunnugt um að fundurinn hafi beinlínis verið afboðaður. Ég mun halda áfram að ræða hvort ekki megi taka þetta mál fyrir í n.) Mætti ég biðja forseta um að kanna núna hjá formanni sjútvn. og formönnum þingflokka stjórnarliðsins hvort ekki er eðlilegt að gefa fundarhlé síðar í kvöld meðan sjútvn. er að störfum, gera a. m. k. hlé á þessu máli við 2. umr., þó að það yrði þá kannske settur nýr fundur og tekin fyrir önnur mál sem mér sýnist vera á dagskrá eða hugsanlega eru væntanleg ofan úr Ed. síðar í kvöld. Mér þætti vænt um ef forseti vildi kanna það mál.

Ég held þá áfram máli mínu og var þar kominn að ég hugðist fara yfir þær brtt. sem liggja fyrir við frv. um fiskveiðimál. Ég ætla hins vegar áður en að því kemur að víkja nokkuð að þeirri fiskveiðistefnu sem hæstv. sjútvrh. kynnti hér í dag og hafði áður kynnt á fundi með fréttamönnum kl. eitt, þ. e. klukkutíma áður en þingfundur kom saman, og var svo greint frá í fréttum núna áðan.

Það er greinilega niðurstaðan eftir nokkrar umræður og vafalaust miklar í ráðgjafarnefndinni sem hæstv. ráðh. hefur sett sér til ráðuneytis að reyna að draga nokkuð og það verulega, vil ég segja, úr því áfalli sem þjóðarbúið verður fyrir við samdráttinn í þorskaflanum. Hafrannsóknastofnun hafði verið með töluna 200 þús. tonn og menn töldu að vonum að það væri nokkuð uggvænlegt að eiga að búa við það í þjóðarbúskapnum á næsta ári að þorskurinn drægist saman um 100 þús. tonn. Menn hafa sett hér á af eðlilegum ástæðum langar og ítarlegar umræður um þetta mál, þ. e. hvaða afleiðingar það hefði fyrir þjóðina ef þorskveiðin dregst saman um 100 þús. tonn án þess að neitt annað gerist. Af þeim ástæðum var það sem óskað var eftir því af ríkisstj. og stjórnarandstöðunni að Þjóðhagsstofnun legði mat á hver áhrif þessi samdráttur í þorskveiði á árinu 1983—1984 mundi hafa. Þjóðhagsstofnun sendi

ríkisstj. og formönnum stjórnmálaflokkanna minnisgrein um þetta atriði sem var dagsett 22/11 s. l. Ég tel að það sé hluti af þessu máli, vegna þess að hér erum við að fara yfir árið 1984 sé það hluti af málinu að gera sér grein fyrir þessu atriði hér, því að í tölum og athugunum Þjóðhagsstofnunar er það hennar skoðun að þjóðarframleiðslan muni vegna þessa samdráttar í þorskafla dragast saman um 4%, þ. e. að hún fari úr ca. 64 milljörðum kr., eins og þetta er í þjóðhagsáætlun fyrir 1984, niður um ca. 2.6 milljarða eða svo. Þegar ég ræddi við forstjóra Þjóðhagsstofnunar um þessa spá símleiðis fljótlega eftir að hún kom fram taldi hann að hér væri kannske frekar um að ræða samdrátt upp á ca. 2.1 milljarð kr. en 2.6 milljarða kr., en allt um það hlaut þar að vera um mjög tilfinnanlegt högg að ræða fyrir þjóðarbúið.

Í framhaldi af þessum spám Þjóðhagsstofnunar gerist það síðan að ríkisstj. lætur endurskoða allar forsendur fjárlaganna fyrir árið 1984 svo sem eðlilegt er. Það eru líka endurskoðaðar launaforsendur fjárlaganna fyrir árð 1984. Í þessum efnum segja menn sem svo, að vegna þess samdráttar sem þarna er bent á af Þjóðhagsstofnun sé t. d. nauðsynlegt að hafa skattstigann nokkru hagkvæmari launafólki á næsta ári en gert hafði verið ráð fyrir í upphaflegu frv. ríkisstj. um tekju- og eignarskatt. Af þeim ástæðum var það að ríkisstj. lagði einnig fram breyttan skattstiga og hann var til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. Nd. í gær á mjög ítarlegum fundi. Þessi skattstigi hefur í för með sér skv. útreikningi Þjóðhagsstofnunar og skv. því sem ríkisstj. upplýsir okkur um, að skattar lækki frá því sem áformað hafði verið um 60—80 millj. kr. á árinu 1984.

Nú þegar þessir endurútreikningar hafa allir verið framkvæmdir, þ. e. á fjárlagafrv. og sköttunum líka og launaforsendum fjárlagafrv. svo sem eðlilegt er að gera, kemur það daginn þar á eftir að ríkisstj. endurskoðar og gefur út sína fiskveiðistefnu fyrir árið 1984. Þá er strekkt nokkuð á því sem Þjóðhagsstofnun hefur talið að mest gæti orðið þanþol fiskistofnanna. Það er bersýnilegt að þar er um að ræða mjög verulega fjármuni upp í ca. 4% í þjóðarframleiðslu sem um var talað að fall þorskaflans gæti þýtt. Ég skal ekkert um það segja hvaða tala það er sem þarna hefur tekist að öngla saman í, ef sá afli næst sem ríkisstj. er að tala um og hæstv. sjútvrh., en ég gæti ímyndað mér að það væri hátt í helmingurinn af þeim samdrætti sem giskað var á að yrði með 100 þús. tonna minnkun þorskaflans.

Í sjónvarpsfréttum áðan tók ég eftir því að Þjóðhagsstofnun vildi ekkert láta hafa nákvæmlega eftir sér um þetta og talaði um að samdrátturinn í þjóðarframleiðslu yrði 1—2% frá þjóðhagsáætlun. En ef ágiskun mín er rétt mundi þetta þýða að samdrátturinn yrði á næsta ári í þjóðarframleiðslu ekki 4% heldur 2% og hann yrði þá ekki 2.5—2.6 milljarðar heldur væntanlega 1.2—1.3 milljarðar. Víst er það nokkuð umhendis að átta sig á þessu í fljótheitum og mér þætti vænt um ef hæstv. sjútvrh. hefði um þetta einhverjar nýjar upplýsingar eða kannske einhverjar betri — eða eigum við kannske frekar að segja skárri — ágiskanir en þær sem ég hef í þessu efni.

Auðvitað hefur þetta mikil áhrif á alla stöðuna, sérstaklega þegar þess er gætt að búið er að umreikna hér alla hluti á allt öðrum forsendum. Mér finnst þetta sýna betur en annað hvað þessir hlutir eru í raun og veru á mikilli hreyfingu og hvað vantar mikið á að menn geti staðnæmst við ákveðnar stærðir í þessum efnum vegna þess hvernig að hlutum er staðið og að menn eru að tala um mörg mál sama sólarhringinn og reyna að þræla þeim í gegnum þingið. En ég tel að það sé a. m. k. greinilegt að sú fiskveiðistefna sem sett var fram hugmynd um í dag af ríkisstj. skilar nokkru og kannske verulegu upp í þann samdrátt þjóðarframleiðslunnar sem Þjóðhagsstofnun hafði gert ráð fyrir.

Því er ekki að neita að mér fannst stundum að það væri hamrað á þessum samdrætti þorskframleiðslunnar nokkuð mikið. Ég er ekki að saka menn um að þeir hafi viljað draga kjarkinn úr launafólki í þessu landi. Ég tel að það geti ekki verið. En stundum datt manni í hug að þessar miklu fjallræður um hina kolsvörtu skýrslu, sem menn kölluðu nú svo þegar þeir komust í skáldlegan ham, hafi haft þau áhrif á launamenn að þeir hafi vafalaust verið varkárari í sinni afstöðu, þrátt fyrir þá miklu kjaraskerðingu sem orðið hefur, en ella hefði átt sér stað. Mér var ekki grunlaust um að stundum væri engu líkara en menn teldu að þarna væru komnar upplýsingar sem væri ágætt að halda grimmt að launafólki einmitt um þessar mundir, þannig að menn væru ekki að gera allt of miklar kröfur þessa dagana. Sérstaklega fannst mér að þetta væri athyglisvert þegar það kom fram um svipað leyti og gefinn var eftir samningsrétturinn. Þegar ríkisstj. gafst upp á að keyra bann við kjarasamningum í gegnum þingið, af því hún hafði ekki lengur meiri hluta fyrir þessu banni við kjarasamningum, var söngurinn um áfallið sunginn næsta þindarlaust í þingsölum. Auðvitað er það skoðun okkar allra, sem hér erum, að nauðsynlegt sé að fara með gát þegar samdráttur verður í tekjum og afrakstri af auðlindum okkar, en það verður að horfa á það eins og annað með fullu raunsæi. Það er ekki við hæfi að nota sér slíkt til að gera myndina svartari en raunverulegt er.

Ég held reyndar að það svartsýnistal sem núv. ríkisstj. hefur byggt alla sína pólitík á, að allt væri hér að snúast til hins versta vegar, sé ákaflega óheppilegt til lengdar, það sé til þess fallið að draga kjarkinn úr þjóðinni, að valda henni erfiðleikum og draga úr trú manna á getu þjóðarinnar til að lifa sjálfstæðu lífi í þessu landi. Og ekki er manni grunlaust um að stundum telji ýmsir að það sé ágætt að fá tækifæri til að minna þjóðina á að það er svikull sjávarafli og það sé kannske eins gott fyrir menn að halla sér að hinni miklu stóriðju, ekki síður erlendri en innlendri, þegar kemur að spurningunni um að byggja upp atvinnuvegina í þessu landi. Og það var nokkuð sláandi, að í þeim töluðum orðum sem menn höfðu uppi um samdráttinn og hugsanlega möguleika á því að leggja togurum var einnig farið að tala allt í einu um álverksmiðjur og að leysa ætti vanda manna með þeim. Þó vil ég ekki bera á sjútvrh. að hann hafi haft þau orð uppi að hann vildi gagngert skipta á því að leggja togurum og reka menn í álverksmiðjur, ég skildi hann aldrei þannig. En það var athyglisvert að þetta skyldi bera upp um mjög svipað leyti, vegna þess að auðvitað er hér komið að sjálfri kvikunni, þ. e. því hvernig háttar til í okkar þjóðarbúskap. Er hann þannig, að þjóðin hafi trú á því að við getum lifað hér mannsæmandi lífi af þeim auðlindum sem hér er um að ræða eða er hér um að ræða látlausar svartsýnisprédikanir varðandi íslenskan þjóðarbúskap,

sem eru til þess fallnar að draga úr mönnum kjark og ýta undir að menn kalli hér inn í landið erlenda stóriðju í stórauknum mæli?

Þetta eru atriði, herra forseti, sem ég tel vera hluta af þessu dæmi. Ég held að við eigum af fullu raunsæi að skoða auðlindagrundvöll okkar og hvernig við getum best nýtt þessar auðlindir. Í þessum efnum eru lögmál markaðshyggjunnar fjarstæðukenndari en nokkurs staðar annars staðar í rauninni. Hvergi er vitlausara að láta sér detta í hug að markaðshyggjan leysi vandann en þegar komið er að hinum takmörkuðu auðlindum.

Allir sjá hvað það væri fráleitt að siga hundrað togurum í frjálsri samkeppni á þá þorska sem eftir eru í sjónum í kringum landið. Allir sjá hvílík endemis vitleysa það er, nema kannske hv. 5. þm. Reykv., ég veit ekki hvort það er. Hann er kannske hér á mælendaskrá. Hann hefur e. t. v. annan skilning á þorskinum en aðrir menn í salnum. Ég skal ekkert um það segja, en hitt er alveg ljóst, að þegar kemur að því að nýta hinar takmörkuðu auðlindir verður að beita einhvers konar félagslegum úrræðum. Það er óhugsandi annað. Það verður að horfa yfir hagsmuni heildarinnar. Og þá kemur að því, sem hæstv. núv. sjútvrh. segir, að þetta sé í rauninni það sem hann sé að gera, hann sé að stýra því hvernig vandinn kemur niður á þjóðinni, svo ég leggi honum nú orð í munn. Ég gæti trúað að það væri þetta sem hann er stundum að hugleiða í þessu efni, að taka þetta félagslegum tökum sem kalla má. Ég er sammála því sjónarmiði í grundvallaratriðum, en ég er ekki sammála þeirri aðferð sem hann hefur hér uppi. Ég vil ekki að þetta gerist í gegnum sjútvrh. einan eða sjútvrn. Ég vil að hérna sé reynt eins og kostur er að kalla fleiri til ábyrgðar. Ég vil ekki afhenda þeim samtökum sem menn eru stundum að tala um stjórn landsins. En ég vil gera þau ábyrg við ákvarðanatekt í sjávarútvegsmálum líka.

Það er grundvallaratriði í þessu efni hvernig við nálgumst hina félagslegu stýringu. Gerum við það með því að einn maður miðstýri svo að segja öllu þessu kerfi eins og það leggur sig og ráði því svo að segja í smáatriðum eða gerum við þetta með þeim hætti að við reynum að draga fleiri inn í ákvarðanatökuna þannig að hún kalli fleiri og fleiri til að bera ábyrgð á því sem menn eru að gera? Af þeim grundvallarástæðum, herra forseti, eru þær till. fluttar sem hér eru fluttar af þremur þm. Alþb. Ég ætla að leyfa mér að fara aðeins yfir þær till. á þskj. 242.

1. till. er um að fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar séu þjóðareign, þ. e. sameign allra Íslendinga. Hérna held ég að sé um að ræða till. sem við ættum öll að geta verið sammála um. Mér finnst mjög undarlegt ef við gætum ekki náð nokkuð góðri samstöðu um að lýsa því yfir að auðlindirnar innan fiskveiðilandhelginnar séu sameign allra Íslendinga. Ég held að það væri í rauninni ástæða til að velta því fyrir sér hvort ákvæði af þessum toga ætti ekki heima í stjórnarskrá lýðveldisins, þetta ákvæði eða svipað varðandi hverjir eiga auðlindirnar. Ég held að það sé a. m. k. mál sem á að hugleiða mjög vandlega. Ég skora á hv. sjútvn., sem forseti mun beita sér fyrir að kölluð verði saman, að líta alveg sérstaklega á þessa till. Ég trúi ekki öðru en menn geti tekið undir hana, vegna þess að ég sé ekki með hvaða hætti menn ættu að fara að vera á móti till. af þeim toga sem þessi till. er.

2. till. á þskj. 242 hljóðar svo:

„Ráðh. getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar, ákveðið hámark þess afla, sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum. Ákvörðun sína um þetta efni skal ráðh. kynna Alþingi fyrir lok hvers árs. Skal Alþingi síðan fjalla um mótun fiskveiðistefnu og ákveða stefnuna með þál.

Þál. um fiskveiðistefnu fjallar um forsendur fiskveiðistefnu komandi árs.“ — Hún fjallar sem sagt ekki um einstaka framkvæmdaþætti í fiskveiðistefnunni, heldur um forsendur hennar. — „Við ákvörðun sína skal Alþingi taka tillit til þess að atvinna verði sem samfelldust, að sem mest hagkvæmni fáist við nýtingu fiskstofnanna og að þess sé gætt að ekki verði gengið á stofnana. Í ályktun Alþingis skal ákveða forsendur ákvörðunar ráðh. um skiptingu hámarksafla á skip.“

Þessi hugmynd, sem hér er verið að tala um, sem mér finnst að menn hafi talað um af nokkrum skilningi í dag, jafnvel þó að þeir væru kannske á móti því að samþykkja þetta núna, eins og félagi minn hv. þm. Garðar Sigurðsson, beinist að því að Alþingi fjalli um þetta meginatriði í þjóðarbúskapnum. Við erum hér að ræða um fjárlög, við erum að ræða um skattamál, við erum að ræða um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, lánsfjárlög, húsnæðismál o. s. frv. og allt er það eðlilegt. Því skyldum við þá ekki fjalla hér um forsendur fiskveiðistefnunnar og ákveða rammann sem fiskveiðistefnan á ári hverju fer eftir?

Nú kunna menn að segja sem svo um þessa till.: Ja, hún er eiginlega slæm að því leytinu til að hér er aðeins verið að tala um fiskveiðar á árinu 1984 og þess vegna hefur þessi till. ekki neitt gildi. Hér er um að ræða eins konar tilraunafyrirkomulag á fiskveiðum, eins og sumir orða það hér í salnum. Þá er það ekki alveg rétt fyrirkomulag, að mínu mati, vegna þess að með því að samþykkja þennan texta væri Alþingi að lýsa sinni skoðun og sínu viðhorfi, að þingið vildi hafa þessi mál hjá sér. Það væri þannig verið að undirstrika að Alþingi væri á þessari lýðræðislegu vakt í sambandi við þetta meginatriði í íslenskum þjóðarbúskap. Ég skil ekki alveg hvernig í ósköpunum menn fara að því að rökstyðja að þeir vilji vera á móti því að Alþingi fjalli um þessi mál. Ég sé ekki nein rök fyrir því, satt að segja, herra forseti, og mér finnst undarlegt ef menn ætla sér að fara að bera við tímaskorti í þessu efni og þess vegna ekki að leyfa Alþingi að fjalla um þessi mál — eða finnst mönnum kannske að þinginu komi þetta ekkert við? Finnst mönnum að Alþingi eigi ekkert að vera að sinna þessum málum? Það er auðvitað til í dæminu að menn reyni að rökstyðja að Alþingi eigi ekkert að koma nálægt þessu. En það gengur ekki upp við þau félagslegu sjónarmið sem ég tel að verði að taka tillit til við stýringu á sókn í auðlindirnar og ég hef heyrt hæstv. sjútvrh. bera fyrir sig stundum þegar hann hefur verið að tala um þessi mál. Mér finnst þess vegna að hans rökstuðningur í þessum málum, t. d. á móti því að hagsmunasamtökin ráði hlutunum, vera um leið rökstuðningur fyrir þessari till.

Ég vil skora á hæstv. sjútvrh. og hv. formann sjútvn. Nd. að íhuga mjög vandlega: Vilja þeir nú ekki opnum huga og með fullri vinsemd líta á þessar till. þarna? Hvað tapast niður að þeirra mati við það að Alþingi lýsi þessum vilja sínum? Af hverju vilja þeir endilega hafna því að þingið fjalli um þessi mál? Ég held satt að segja

að ef þeir skoða málið heiðarlega sjái þeir að það er meira en skaðlaust fyrir þá og þann málstað sem þeir telja sig vera að tala fyrir að samþykkja þessa till. Ég skora á þá að íhuga það mál mjög vandlega þegar sjútvn. fær þetta mál til meðferðar. Hér er sem sagt komið að grundvallaratriði — því grundvallaratriði að Alþingi Íslendinga sé mér liggur við að segja dregið til ábyrgðar við mótun þeirrar grundvallarstefnu sem hér er verið að tala um, fiskveiðistefnunnar.

3. brtt. á þskj. 242 frá Steingrími J. Sigfússyni, Geir Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni, hv. þm., er þessi:

„Ráðh. skipar nefnd til að fjalla um framkvæmd fiskveiðistefnu. Í henni eiga sæti fulltrúar fiskverkenda, útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks í fiskvinnslu skv. nánari ákvæðum í reglugerð."

Í málflutningi hæstv. ráðh. hefur hann aftur og aftur talað um samráð og að það þurfi helst að vera þannig að hagsmunaaðilar verði sammála um stefnuna í meginatriðum. Hann hefur undirstrikað það hvað eftir annað. Ég met þá yfirlýsingu ráðh. ekki lítils. Þar á móti kemur það, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson hefur bent á, að það er kannske ekki ýkjamikill áhugi á því eða hagsmunaaðilar ekki ákaflega spenntir fyrir því að axla ábyrgð í þessum efnum. Ég held hins vegar að skynsamlegra væri að opna leiðina til þess að þeir verði að einhverju leyti gerðir ábyrgir. Hérna er till. um að þeir séu að nokkru leyti gerðir ábyrgir án þess að valdið sé tekið af ráðh. í því efni. Það er ekki till. hér um að valdið sé tekið af ráðh., en það er till. hér um að kveða aðeins fastar að orði en gert er varðandi almennt samráð. Og ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvað er á móti því að kalla þessa hagsmunaaðila til frekara samráðs um mótun fiskveiðistefnunnar? Hvað er á móti því að reyna að stuðla að því að þeir taki á þessum grundvallarþætti í íslenska þjóðarbúskapnum af ábyrgðartilfinningu, af ábyrgðarkennd? Ég held að það sé mjög mikill misskilningur hjá hv. sjútvn. og hæstv. sjútvrh. að afgreiða þetta mál þannig að þetta sé í raun og veru bara ávísun á eitthvert almennt samráð. Við vitum öll hvað slíkt almennt samráð getur þýtt. Það getur þýtt að menn axli allt saman fram af sér. Við þekkjum það bæði ég og hæstv. sjútvrh. Þannig er miklu skárra í þessu tilviki að reyna að draga þessa aðila nær ákvörðuninni, eins og gerð er tillaga um í till. Steingríms Sigfússonar o. fl.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að nefndin sem hér um ræðir fjalli um flutning aflaleyfa. Og síðan segir hér:

„Óheimilt er að selja aflaleyfi." Þetta er atriði sem hæstv. sjútvrh. hefur lýst yfir opinberlega, m. a. í viðtali við dagblaðið Tímann núna á dögunum. Mér er mikið kappsmál að svona atriði kæmu inn í lögin. Mér líst ekki á að aflaleyfi gangi kaupum og sölum. Ég væri hræddur við slíkt fyrirkomulag. Ég held að það gæti boðið því heim að fjárhagsleg stórveldi kaupi upp aflaleyfi í stórum stíl og ég held að við eigum að varast slíkt. Þess vegna er þessi till. svona orðuð, að óheimilt sé að selja aflaleyfi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að þessi nefnd hafi það hlutverk að þeir aðilar sem hagsmuna hafa að gæta og eru óánægðir með eitthvað í framkvæmd fiskveiðistefnunnar geti skotið málum sínum til nefndarinnar til meðferðar. Ég held að það sé nauðsynlegt til þess að framkvæmd fiskveiðistefnunnar fari sem best úr hendi að þeir aðilar sem þar verða að sæta ákvörðunum eigi málskotsrétt á einhvern vettvang. Það er einmitt hugmyndin með síðustu mgr.

Nú er það vafalaust svo, að útfærslan á síðustu mgr. mætti vera miklu betri. Það verkar kannske þannig, að á henni sé nokkur fljótaskrift. Auðvitað gæti hv. sjútvn. bætt um betur og lagað 3. mgr., en ég held að það sé bæði lýðræðislegra og sanngjarnt að ætlast til þess að þessir aðilar, sem þurfa að sæta ákvörðunum sjútvrh. varðandi fiskveiðar, geti skotið sínum málum til ákveðinnar nefndar eða aðila sem um þau mál fjallar.

Í fjórða lagi er í till. Steingríms J. Sigfússonar o. fl. gert ráð fyrir að ekki verði sett aflamark á handfæraeða línubáta, en þó verði heimilt að ákveða heildaraflamagn fyrir línuveiðiskip. Það kann að vera að mönnum sýnist að þetta sé kannske ekki alveg í samræmi við annað, en við teljum að það gegni nokkuð sérstöku máli um handfærabáta og línuveiðar og það sé því ástæða til að taka það fram með alveg sérstökum jákvæðum hætti í lögunum að þessir aðilar séu þarna undanþegnir nema heimilt yrði að ákveða heildarmark fyrir línuveiðiskip.

5. till. frá Steingrími J. Sigfússyni o. fl. gengur út á að sett yrði ákvæði til bráðabirgða. Þá kemur að atriði sem ég vil biðja hv. sjútvn. að íhuga einnig mjög vandlega. Það er að þrátt fyrir ákvæði í 10. gr., eins og hún lítur út hér samkv. brtt. 2, eigi sjútvrh. að gera till. til Alþingis um framkvæmd fiskveiðistefnunnar 1984 með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í greininni. Skal Alþingi þá hafa lokið umfjöllun sinni um málið fyrir lok janúarmánaðar. Þá er miðað við að þingið komi saman fljótlega upp úr hátíðum til að taka lotu í fiskveiðimálunum og þau verði rædd og til lykta leidd fyrir lok janúarmánaðar. Mér finnst að í rauninni sé ekkert óeðlilegt að ætlast til þess af þinginu að það taki þannig á málum. Ég held að það hefði verið eðlilegra að mörgu leyti að gera ráð fyrir að þingið fengi að fjalla á þennan hátt um þetta en að hraða svo mjög í gegn frv. um mjög mikið valdaafsal til sjútvrh. eins og því frv. sem hér er flutt og lagt ofurkapp á að keyra í gegn.

Á þskj. 235 flytja hv. þm. Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson og Kristín Halldórsdóttir einnig brtt. um nýjan texta 10. gr. laganna um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þar með er það svo, herra forseti, að fyrir hinni hv. deild liggja þrjár till. um orðalag 10. gr. Í fyrsta lagi till. frá hæstv. ríkisstj., í öðru lagi till. frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, Guðmundi Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur og í þriðja lagi till. frá Steingrími J. Sigfússyni o. fl. Ég verð að segja að mér finnst ekki óeðlilegt, mér finnst það sanngjarnt, að fara fram á að n. komi nú aftur saman til fundar og ræði um þessar till.

Í upphafi máls míns, sem hófst fyrir nokkrum mínútum, óskaði ég eftir því að hæstv. forseti kannaði hvort og þá hvenær hv. sjútvn. gæti komið saman til að fjalla um þessar till. og hvort ekki væri rétt að gera hlé á umr. um þetta mál meðan sjútvn. væri að ræða þessa till. og við tækjum þá annað mál fyrir. Forseti tók því vel að kanna þetta mál. Nú vildi ég spyrja hæstv. forseta, áður en ég geng úr þessum stól, hvort niðurstaða er fengin varðandi það að sjútvn. komi saman. Mér þætti vænt um ef forseti gæti svarað því nú þegar. Er það hugsanlegt, herra forseti? (**Forseti:** Ég hef komið þeim boðum

til formanns sjútvn. að halda slíkan fund, en ég hef ekki fengið boð um hvenær sá fundur yrði. En ég geri alveg fastlega ráð fyrir að sá fundur verði haldinn í kvöld.) Má ég þá líta þannig á að sá fundur verði haldinn núna undir 2. umr., þannig að henni verði frestað þar til að þeim fundi er lokið einhvern tíma hér á eftir? (**Forseti:** Ég hygg að það sé tilfellið.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir góðar undirtektir við mína málaleitan. Ég treysti því þá að hér verði haldinn fundur sem fjalli um till. sem hér hafa verið lagðar fram, þannig að þingið megi betur glöggva sig á stöðunni og kanna hvort ekki er unnt að ná betra samkomulagi en þegar liggur fyrir.

Eins og ég gat um í fyrri hluta ræðu minnar síðdegis í dag held ég að hér sé komið að einu stærsta máli og örlagaríkasta sem þetta þing hefur fjallað um og ég tel að það sé skylda ríkisstj. sérstaklega og þingheims alls að reyna að leita að sem bestri samstöðu um lausn á svona máli. Ég tel að það hafi ekki verið reynt til þrautar hvort unnt er að ná víðtækari samstöðu í þessu efni og fyrir því skora ég á hv. sjútvn. að taka nú með opnum huga vel í þær sanngjörnu ábendingar sem hér hafa verið settar fram af þm. á tveimur ákveðnum þskj. Ég hef rakið annað þeirra nokkuð rækilega hér í ræðu minni. Ég er ekki að biðja um að sjútvn. verði kölluð saman til þess eins að skella hurðum, það er gagnslaust. Ég er að fara fram á að n. horfi með fullri velvild á þann till.-flutning sem hér er uppi til að stuðla að því að þingið nái sem bestri heildarsamstöðu um þetta mál. Ég tel að það sé höfuðverkefni hverrar ríkisstj., þegar hún stendur frammi fyrir jafnmiklum efnahagslegum örðugleikum og takmörkun auðlindaafrakstursins hefur í för með sér, að reyna að laða menn saman, en ekki að sundra. Í trausti þess að það verði gert vona ég, herra forseti, að sjútvn. starfi að málum hér í kvöld, þannig að við megum síðar fjalla um mál hér varðandi veiðar í fiskveiðilandhelginni sem færi okkur nær samkomulagi en þær till. sem áður lágu fyrir frá hæstv. ríkisstj.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Í þeim umr. sem hafa farið fram frá því að ég mælti fyrir þeirri brtt. sem ég flyt ásamt Guðmundi Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur hafa í rauninni ekki komið fram nein mótrök við till. Ég þykist finna á ummælum manna að mönnum sé þetta form mun geðþekkara en það form sem er á upprunalegu tillögunni eins og hún lá hér fyrir. Það sem menn hafa helst fært fram sem mótbáru er að tíminn sé runninn frá mönnum, að menn séu orðnir of seinir. Ég tel ekki að þessi mótbára eigi rétt á sér. Ástæðan er ákaflega einföld og kom í nokkrum greinum fram hjá mér í framsögu fyrir brtt.

Í fyrsta lagi kann að vera mögulegt fyrir hæstv. ráðh. að flytja þá þáltill. sem hér um ræðir þegar að samþykktu þessu lagafrv., þ. e. fyrir jól, ef hann hefur gert upp hug sinn um hverjar meginreglur hann ætlar að nota eða vill beita sér fyrir að því er varðar framkvæmd stefnunnar. Er hugmyndin að miða við meðaltal seinustu þriggja ára eins og oft hefur heyrst nú eða fjögurra ára hugsanlega með einhverjum frávikum eða taka eitthvert tillit til annarra atriða? Ályktun um það með hvaða hætti sé hugmyndin að ákveða þessa skiptingu er það sem á að vera efni þáltill. Ekki er verið að biðja hæstv. ráðh. um að birta útreikning eða skrá yfir úthlutun á aflakvóta. Það er einungis verið að segja að meginreglan sem á að fylgja við úthlutun á aflakvóta sé orðuð, birt og skýrð í þáltill.

Sama gildir um það er varðar flutning eða framsal á þessum kvóta eða aflamarki milli skipa og hvaða meginskilyrðum það eigi að lúta.

Ef hæstv. ráðh. treystir sér hins vegar ekki til að flytja slíka till. nú að samþykktu lagafrv. eða telur á því of mikla meinbugi er ekkert því til fyrirstöðu að það gerist þegar í janúarmánuði. Hvað hefur gerst í millitíðinni? Jú, janúarmánuður hefur að vísu liðið. En þá er á þrennt að líta. Janúarmánuður er venjulega ekki mikill aflamánuður og ekki útlit fyrir það um þessar mundir. Í annan stað, við mótun svo veigamikillar stefnu sem hér um ræðir, geta menn ekki verið svo bundnir af almanaksárinu að það þurfi að ráða úrslitum. Ef menn vilja engu að síður að þetta fyrirkomulag nái til eins árs getur það allt eins verið frá 1. febr. til 1. febr.

Í þriðja lagi, í þessari brtt. eins og hún liggur fyrir, hefur ráðh. víðtækari heimildir en núna til að stjórna afla í janúarmánuði ef hann telur þörf á því. Því að hann hefur möguleika til að ákveða hámark þess afla sem megi taka í janúarmánuði. Og í framhaldi af því að stöðva veiðar ef þær ætla að keyra úr hófi eða setja aðrar þær reglur sem duga til að hafa hemil á sókninni í þessum eina mánuði. Þess vegna get ég alls ekki fallist á það að tíminn banni að þessi brtt., sem mér virðist að mönnum sé að ýmsu leyti geðþekk, sé samþykkt og nýtt. Það er ekkert sem hindrar það að mínum dómi og sú mótbára að tíminn sé frá mönnum runninn getur ekki gilt í þessum efnum.

Í umr. um þetta mál hefur komið fram sú ósk að sjútvn. þessarar deildar eða beggja deilda, eftir því hvernig aðstæður eru, taki þessa brtt. og aðra brtt. frá Steingrími Sigfússyni o. fl. til umfjöllunar. Það er hefð fyrir því í þinginu að gera slíkt meðan á umr. stendur, það gera menn gjarnan. Í svo stóru máli sem hér um ræðir og með þeim sáttavilja sem ég tel að menn hafi lýst í þessu máli tel ég sjálfsagt að gera kröfu um að sú málsmeðferð verði notuð.

Ég heyrði að hæstv. forseti tók undir þessa ósk og gerði ráð fyrir að takast mætti að halda slíkan fund síðar í kvöld. Ég tel að það sé réttur háttur að halda slíkan fund fljótlega í kvöld áður en umr. er lokið og lýsi yfir því að ef sjútvn. vill koma með ábendingar og breytingar á þessari brtt. er ég fyrir mína parta reiðubúinn til að hlusta á öll rök í því efni.

Það verður líka að segjast að tillaga Steingríms Sigfússonar o. fl. er í verulegum greinum mjög svipuð þeirri brtt. sem ég hef mælt fyrir fyrir hönd okkar flm., Guðmundar Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur auk mín. Greinilegt er því að þm. hafa verið að leita í huga sér eftir formi sem væri af því tagi sem hér um ræðir. Æskilegast væri að menn gætu náð sem víðtækastri samstöðu um þetta mál og það form sem yrði notað og þá hlytu auðvitað báðar brtt. að koma til skoðunar einmitt með því hugarfari að reyna að ná samstöðu um efnisatriði málsins.

Þetta vildi ég sérstaklega láta koma fram á þessum tíma í umr. vegna þess að e. t. v. kom það ekki nægilega skýrt fram hjá mér við framsögu fyrir till. Ég hygg þó að ég hafi getið þess að flm. væru opnir fyrir ábendingum og lagfæringum og reiðubúnir til að ræða þær ef fram kæmu. En ég flutti líka eindregna áskorun til þm. um að skoða vel hug sinn um þetta mál og hvort hér væri ekki a. m. k. í megindráttum fundinn sá flötur

á málinu sem væri ákjósanlegur og ásættanlegur.

Mér sýnist að eftir að fram er komin sú till. frá Steingrími Sigfússyni o. fl. sem einmitt gengur í verulegum greinum í þessa átt hafi nauðsyn þess að menn legðu það á sig að fara í gegnum þetta gaumgæfilega aukist, eiginlega hafi með því og þeim umr. sem hafa farið fram í kvöld komið fram árétting á því að það væri nauðsynlegt og eðlilegt.

Svo að ég endurtaki einu sinni enn meginrökin fyrir þessari form- og efnisbreytingu sem ég gerði áður í framsöguræðu minni þá eru þau þessi: Það er eðlilegt og rétt þegar ráðh. er fengið það vald sem hér um ræðir að Alþingi fjalli þá um það og segi fyrir um og samþykki hverjar meginreglur skuli gilda varðandi notkun á því valdi. Menn hefðu hugsanlega getað sett það inn í lagagrein. Hér er hins vegar valið það form að setja það í þáltill. vegna þess að það er að sumu leyti liprara og gefur auk þess ráðh. tækifæri til að koma að fleiri atriðum ef hann svo vill því að eins og þetta liggur fyrir eru í þessari brtt. talin einungis lágmarksatriði. Ráðh. er frjáls að því, ef hann vill hafa fleiri atriði með, að taka þau með.

Þetta er eðlilegt og rétt af sjónarhóli Alþingis þegar það er að framselja mikið vald í stóru máli. En það er líka að mínum dómi mikilvægt fyrir ráðh., sem fer með þetta vald, að það hvernig því verði beitt í meginatriðum hafi hlotið umfjöllun á Alþingi og samþykki Alþingis þannig að Alþingi sé raunverulegur meðábyrgðaraðili, bakhjarl ráðh. í því hvaða grundvallarreglum sé beitt við úthlutun á aflakvótum. Í mínum huga er ótvírætt að betra sé bæði af sjónarhóli Alþingis og ráðh. að nota þessa málsmeðferð. Það er náttúrlega kjarni málsins. Og mér finnst ekki að menn eigi að telja sína tímaþröng svo mikla núna að þeir fórni þeim styrk sem í þessu er fólginn, bæði fyrir ráðh. og í rauninni fyrir þingið líka. Menn geta það ekki þegar það er ótvírætt að hægt er að hafa stjórn á veiðinni í stórum dráttum í einn mánuð til viðbótar eins og þetta frv. eða þessi brtt. er úr garði gerð, ef þeir þurfa á þeim mánuði að halda.

Að samþykktri þessari þáltill. er vald ráðh. hið sama og farið var fram á í upphafi. Framkvæmdin er á hendi ráðh. Ég tek undir það með hæstv. ráðh. að í svona máli á valdið að vera á hendi pólitísks aðila, það er hárrétt. Það á ekki að vísa því á einhverja stofnun úti í þjóðfélaginu. Pólitískur aðili, eins og ráðh. tók réttilega fram, á að bera ábyrgð á þessu, aðili sem gengur fram fyrir þjóðina með þessar ákvarðanir og á sitt undir því hvort hann hlýtur sitt umboð endurnýjað eða ekki.

En þá gildir líka það sama fyrir þingið og þm. Þess vegna er nauðsynlegt að þingið sé virkur þátttakandi í stefnumörkuninni með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir en skilji málið ekki eftir bara í höndum ráðh., eins og upprunalega frumvarpið sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir, þannig að menn séu ekki með eiginlegum hætti ábyrgir fyrir því hvaða meginreglur skuli gilda um fiskveiðistjórnina. Þetta er líka mjög mikilvægt atriði í mínum huga þegar farið er yfir þetta mál.

Í till. frá Steingrími Sigfússyni o. fl. er gert ráð fyrir að fyrir utan atriði sem eru af þessum toga verði sérstök ráðgjafarnefnd. Ég segi fyrir mína parta að ég hef ekkert við það að athuga að slík ráðgjafarnefnd sé sett á fót. En ég tel ekki að hún eigi að hafa úrskurðarvald í þessum málum. Ég tel að úrskurðarvaldið eigi að vera hjá pólitískum aðila. Þetta er vettvangur sem menn geta skotið ágreiningsatriðum sínum til og fengið um þau umsögn og stuðning. Það er mjög mikilvægt fyrir aðila að hafa slíkan vettvang og vel má setja hann í lög. En hið endanlega ákvörðunarvald um framkvæmdaatriði tel ég að eigi ekki að fara til áfrýjunardóms sem er utan við þann ramma sem markast af lýðkjörnum fulltrúum sem bera pólitíska ábyrgð gagnvart þjóðinni og kjósendum í landinu.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu fleiri orðum um þetta. En ég legg þunga áherslu á þau atriði sem ég hef hér nefnt. Menn mega ekki afsaka sig með tímaskorti, a. m. k. ekki eins og brtt. er frágengin af minni hálfu þar sem sjútvrh. getur hugsanlega samið slíka ályktun fyrir jól, alla vega í janúarmánuði og getur fyllilega haft stjórn á veiðunum í janúarmánuði. Við getum valið og samið um að þær skuli gilda til 1. febr. næsta ár ef svo vill verkast. Málið er of stórt til að við föllum í þá gryfju.

Í annan stað á hið pólitíska vald varðandi framkvæmdina að vera í höndum ráðh. í einstökum greinum. Stefnumörkunin á að vera í höndum þingsins og þingið á ekki að víkja sér undan því. Það er það sem þessi brtt. gengur út á.

Síðan skal ég að lokum einungis ítreka þá ósk sem ég vænti að verði orðið við og mér skilst að forseti hafi gert ráðstafanir til um, að þessi till. og sú till. önnur frá Steingrími Sigfússyni o. fl. sem flutt hefur verið í dag og mælt fyrir fari til umfjöllunar í sjútvn. þessarar deildar eða beggja deilda ef mögulegt er og þar starfi menn með því hugarfari að finna á þessu máli sem bestan flöt, þann flöt sem sé líklegur til víðtækari samstöðu.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé að hv. þm. Svavar Gestsson er ekki hér í deild en ég vildi biðja þá sem standa honum hér næst að koma þeim skilaboðum til hans — (**Forseti:** Það eru vafalaust möguleikar á að ná í hv. þm.) — sem ég ætlaði að hafa hér frammi. Ég ætlaði aðeins að svara því sem hann fór um nokkrum orðum áðan. Hann sagði að ég hefði stungið undir stól plaggi frá ASÍ. Ég verð nú að segja, hv. þm. Svavar Gestsson, að mér finnst alveg dæmalaust að slá svona löguðu fram úr þessum ágæta ræðustól. Staðreynd málsins er að ég boðaði á fund sjútvn. beggja deilda fulltrúa frá ASÍ og frá Verkamannasambandi Íslands. Þeir sem mættu á þennan fund okkar voru Sigfinnur Karlsson frá Neskaupstað, Pétur Sigurðsson frá Ísafirði og Jón Kjartansson frá Vestmannaeyjum. Bréf ASÍ ljósritaði ég strax og mér hafði borist það í hendur og fengu allir nm. eitt eintak af þessu bréfi.

En ég held að rétt sé vegna þessa að ég lesi það bréf. Ég held líka að rétt sé að ég lesi bréfið allt en ekki aðeins hluta úr því eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði. Í bréfi ASÍ segir:

„Í frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er ráðh. gefið einræðisvald til að ákveða fiskveiðistefnu og stjórn veiða á ákveðnu tímabili. Sambandsstjórn ASÍ er ljóst að nauðsynlegt er að einhver hafi úrskurðarvald um þessi mál svo fært sé að skipuleggja veiðar og vinnslu með þeim hætti sem aðstæður krefjast hverju sinni. Hins vegar bendir sambandsstjórn ASÍ á að raunhæf fiskveiðistefna verður ekki mótuð nema í samráði við

hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Því beinir sambandsstjórn ASÍ því til hv. Alþingis að það beiti sér fyrir því að skýrt komi fram í lögunum að ráðh. sé skylt að hafa samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi um framkvæmd laganna. Hér er átt við samtök sjómanna, útgerðarmanna, verkafólks í fiskvinnslu og eigendur fiskvinnslufyrirtækja. Sambandsstjórn ASÍ telur að víðtækt samráð og samstaða allra hlutaðeigandi aðila sé forsenda raunhæfs skipulags veiða og vinnslu og að slíkt samstarf geti, ef vel til tekst, dregið úr hættu á atvinnuleysi."

Undir þetta ritar Ásmundur Stefánsson.

Aðspurðir töldu þessir aðilar, sem ég taldi hér upp áðan, alls ekki óeðlilegt að ráðh. hefði þessi völd með tilliti til þeirra aðstæðna sem nú ríkja. Hins vegar lögðu þeir áherslu á að fulltrúar fiskvinnslufólks kæmu inn í þetta dæmi. Sjútvrh. hefur marglýst því hvað það er sem hann er að meina þegar hann talar um samráð. Sjútvn. tók því till. þessa að ósk nefndarinnar upp. Hún er einmitt í nál. og ég leyfi mér að lesa þann kafla:

„Nefndin leggur þunga áherslu á að náið samráð verði haft við hagsmunaaðila um framkvæmd laganna, svo sem tekið er fram í grg., og vill í því sambandi árétta sérstaklega að fulltrúar fiskverkunarfólks verði hafðir með í ráðum."

Ég vil einnig að gefnu tilefni segja hv. þm. Svavari Gestssyni að ég hef orðið við óskum allra nm. í báðum deildum um að fá til viðræðna við sjútvn. alla þá aðila sem nm. hafa óskað eftir.

Það hefur einnig komið hér fram í umr., ég held að það hafi verið hjá hv. ræðumanni Svavari Gestssyni, að hér væri ekkert rætt um rekstrarvanda útgerðarinnar. Sá þátturinn lægi eftir óleystur enda þótt þetta frv. næði fram að ganga. Það fer náttúrlega ekki fram hjá neinum að rekstrarvandi útgerðarinnar eykst með minnkandi afla. Og það er öruggt að það mun hrikta víðar í en aðeins í sjávarútveginum þegar svo fer. M. a. af því er nauðsynlegt að skipuleggja betur en áður hefur verið veiðar og vinnslu og tryggja að sem mest verðmæti fáist fyrir það sem úr hafinu er dregið. Menn verða bara að átta sig á því að skrapdagakerfið er gengið sér til húðar. Nú er ekki lengur fyrir hendi að sækja í aðra stofna en þorskinn, svo sem gert hefur verið á undanförnum árum og skrapdagakerfið hefur byggst á. Allir þeir hagsmunaaðilar sem komu til fundar við sjútvn. utan fulltrúi frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda töldu að miðað við ríkjandi aðstæður væri eina leiðin til varnar að það frv. sem hér er til umr. næði fram að ganga. Ég tel rétt, vegna þeirra umr. sem hér hafa orðið, að þetta komi hér skýrt fram.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þarf sennilega að gera hlé á þessum umr. fljótlega. Í fyrsta lagi hafa sjálfstæðismenn óskað eftir að halda stuttan þingflokksfund. Í öðru lagi stendur til að sjútvn. Nd. komi saman. Hugmynd mín var að reyna að stilla þetta sem skynsamlegast saman. Eins og hv. þdm. vita er búið að dreifa dagskrá fyrir 29. fund og tvö mál komin þar á dagskrá, verðjöfnunargjald af raforku og almannatryggingar. Hugmynd mín var sú að ræða þau mál og síðan að loknum þeim fundi, sem naumast verður langur þar sem ég á varla von á að þar verði mikil umr., að setja þá enn nýjan fund og taka á dagskrá nokkur mál, þ. á m. það mál sem við erum að ræða núna, veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

En sannleikurinn er sá, að ég er að doka við eftir tilkynningu frá formanni þingflokks Sjálfstfl. áður en mér virðist skynsamlegt að koma á þeirri skipan sem ég er nú að greina frá.

Eins og ég tilkynnti áðan mun ég nú ljúka þessum fundi og setja nýjan fund og á eftir þeim fundi enn nýjan fund.

Umr. frestað.

Neðri deild, 29. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 28. fundi.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. 128. mál (þskj. 163, n. 233). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir er þess efnis að framlengja um eitt ár, þ. e. út árið 1984, lögin um verðjöfnunargjald af raforku, þannig að innheimta verðjöfnunargjald af raforku til ársloka 1984. Upphæð gjaldsins verði áfram 19% og því verði skipt á sama hátt og verið hefur á milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fái 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fái 20%. Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir að iðnrh. sé heimilt að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald sem innheimt er hjá rafveitunni árið 1984.

Þannig hagar til með þetta gjald að það hefur nú verið drýgra en fjárlög hafa gert ráð fyrir og höfum við iðnn.-menn í höndum lista sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

Á fjárlögum árið 1980 var gert ráð fyrir að þetta gjald gæfi 38.8 millj. kr., en reyndin varð sú að það gaf 44.2. Árið 1981 var gert ráð fyrir að gjaldið gæfi 63 millj. kr., en gaf 66.9. 1982 var gert ráð fyrir að þetta gjald gæfi 90.2, en reyndin varð sú að það gaf 123.7. Í ár var gert ráð fyrir að það gæfi 120 millj., en reyndin virðist ætla að verða sú að það gefi 266 millj.

Það hefur tekist að koma þessum fjármunum í lóg þó að þeir hafi innheimst svona vel. Rekstur RARIK og Orkubúsins er dýr og hafa ekki verið vandræði að koma þessum peningum fyrir. Þó ber þess að geta að raforkureikningar hafa verið nógu háir hjá þessum fyrirtækjum.

Iðnrh. hefur sýnt lofsvert framtak um það að fara ofan í rekstur Rafmagnsveitna ríkisins. Sú athugun er hafin og ber vonandi verulegan árangur. Rafmagnsveitur ríkisins og þau orkudreifingarfyrirtæki sem hér um ræðir eru mjög mikilvæg og veita mjög mikilvæga þjónustu. Iðnrh. hefur gefið um það yfirlýsingu hér við 1. umr. málsins að hann muni á næsta ári leita leiða til að endurskoða lögin um verðjöfnunargjald í því skyni að lækka það eða afnema, enda verði hagur Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins yfirleitt tryggður með öðrum hætti. Ég legg áherslu á að við þá endurskoðun verði

þess gætt að tryggja sem best sem mestan jöfnuð í orkukostnaði landsmanna. Þeir sem mestan orkukostnað bera geta með engu móti risið undir auknum byrðum. Því er höfuðnauðsyn að létta þær svo sem frekast er kostur og jafna á milli þegnanna í þjóðfélaginu.

Iðnn. Nd. hefur haft þetta mál til meðferðar og skilað nál. á þskj. 233. Hún ræddi málið og fékk til viðræðna Aðalstein Guðjohnsen formann Sambands ísl. rafveitna og Kristján Jónsson framkvæmdastjóra RARIK. Mælir n. með samþykkt frv. án breytinga. Undir þetta skrifa án fyrirvara Páll Pétursson, Hjörleifur Guttormsson, Ingvar Gíslason og Kristín Halldórsdóttir, en með fyrirvara skrifuðu undir Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Gunnar G. Schram.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til l. um verðjöfnunargjald sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni. Hún er á þá leið að framan við 1. gr. bætist: Í stað „19%“ í 1. mgr. 1. gr. komi: 12%.

Frsm. nefndi tölur frá seinustu árum um það hversu miklu þetta verðjöfnunargjald hefði skilað í tekjum umfram áætlun. Skv. þeim upplýsingum skilaði þetta gjald 33.5 millj. umfram áætlun á árinu 1982, 146 millj. umfram áætlun á árinu 1983 og skv. upplýsingum sem fram komu við umr. um fjárlög er ætlað að það muni nú skila 136 millj. umfram áætlun fjárlaga 1984. M. ö. o.: með 19% álagningu á raforkuverði til heimilisnotenda mun gjaldið gefa af sér 376 millj., en áætlun fjárlaga nemur 240 millj.

Í tilefni af þessu er tveggja kosta völ. Annars vegar að taka mið af áætlun fjárlaga um tekjustofninn og lækka þá álagningarprósentuna, eins og þessi brtt. felur í sér, eða það kæmi til greina að flytja sérstaka till. um með hverjum hætti þessi raunhæfa áætlun um umframtekjur yrði þá nýtt. Hér er sú leið valin að lækka fremur raforkuverð til heimila og vísa ég af því tilefni til þeirra ummæla frsm. að hann sagði að raforkuverðið væri vissulega nógu hátt nú og vitnaði jafnframt til boðaðra aðgerða hæstv. iðnrh. um að endurskoða þetta gjald síðar meir með það fyrir augum að lækka það eða afnema.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Verðjöfnunargjald af raforku er gamall kunningi og árlega kemur fyrir hv. Alþingi frv. um framlengingu þess gjalds. Ég hef ávallt haft uppi miklar efasemdir um gjaldið og reyndar verið andvígur því í því formi sem það hefur verið lagt á, enda gjaldið meingallað.

Ég held að gallar þess séu æ skýrar að koma í ljós. Í fyrsta lagi má benda á að þetta nafn, verðjöfnunargjald, er ekki rétt, eins og reynslan hefur sýnt. Þetta gjald leggst sem hlutfall ofan á rafmagnstaxta þannig að þeir gjaldendur sem hæsta rafmagnsverðið bera borga hæsta verðjöfnunargjaldið. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða njóta þessara tekna, en það hefur verið upplýst að taxtar t. d. RARIK eru lægri en taxtar ýmissa rafveitna sem þetta gjald greiða. Sem dæmi má nefna, að ef miðað er við gjaldskrár vegna heimilisnotkunar þann 1. ágúst 1983 hafa ýmsar rafveitur hærri gjaldskrá í heimilisnotkun en Rafmagnsveitur ríkisins og má þar til nefna Eyrarbakka, Hveragerði, Selfoss, Stokkseyri, Sandgerði, Keflavík, Garð, Grindavík, Njarðvík og Vatnsleysu, svo að eitthvað sé nefnt. Ef einnig er athugað meðalverð í smásölu fyrir árið 1982 og borið saman hvernig taxtar hinna ýmsu rafveitna koma út miðað við taxta Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða kemur reyndar í ljós að flestar rafveitur, nema fjórar á landinu, þ. e. Reykjavík, Stokkseyri, Borgarnes og Akureyri, hafa hærri taxta en Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Þannig er ljóst að þó að þetta verðjöfnunargjald hafi áhrif í þá átt að lækka taxta RARIK og Orkubús Vestfjarða hefur það ekki verðjöfnunaráhrif að því er aðrar rafveitur snertir, nema síður sé.

Ég vil einnig benda á að Samband ísl. rafveitna hefur ávallt verið andvígt þessu gjaldi og hefur reyndar lagt fram till. til breytinga á gjaldinu sem þarf að taka til athugunar. Í stórum dráttum leggur það til að gjaldið verði í formi fastrar krónutölu, en ég skal ekki nánar skýra þær till. út.

Auk þess má benda á að sú mikla skattlagning á orku sem tíðkast hjá okkur Íslendingum, 19% í verðjöfnunargjald og 23% í söluskatt, gerir það að verkum að samkeppnisstaða iðnaðar, ekki síst iðnaðar sem notar mikla orku, er að þessu leyti lakari en hjá iðnaði ýmissa annarra þjóða. Þó að orka sé skattlögð að einhverju leyti hjá ýmsum öðrum þjóðum keyrir alveg úr hófi hjá okkur Íslendingum að því leyti, þannig að íslenskur iðnaður situr við lakara borð en iðnaður ýmissa annarra þjóða sem við eigum í samkeppni við.

Ég vil einnig benda á að komið hafa fram ýmsir agnúar í framkvæmd þessarar álagningar. Húshitun er t. d. undanþegin álagningu verðjöfnunargjalds, en rafhitun í iðnaði greiðir t. d. fullt verðjöfnunargjald. Nefna má að dæling í hitaveitum greiðir fullt verðjöfnunargjald, en þegar þessi dæling er innan sama fyrirtækis, eins og t. d. hjá Orkubúi Vestfjarða, er ekki greitt af því verðjöfnunargjald. Þá greiða skip í höfnum, sem nota rafmagn oft til upphitunar, einnig fullt verðjöfnunargjald.

Af þessum ástæðum m. a. hef ég ávallt mælt gegn þessu gjaldi þegar það hefur verið til umr. á hv. Alþingi. Ég hef hins vegar ekki hingað til treyst mér til að bregða fæti fyrir gjaldið með því að greiða atkv. gegn því hér á hinu háa Alþingi. Ástæðan er sú, að frv. í þessa veru hafa ávallt komið fram hér á síðustu stundu og ég geri mér grein fyrir því að verðjöfnunargjaldið er mjög mikilvægur þáttur í tekjuöflun RARIK og Orkubús Vestfjarða. Þess vegna hef ég ekki viljað stefna fjárhag þeirra í hættu.

Ég vil þess vegna af augljósum ástæðum ekki vera harðari við flokksbróður minn, hæstv. núv. iðnrh., en ég var við fyrrv. iðnrh. Hjörleif Guttormsson að þessu leyti og treysti mér því ekki til að bregða fæti fyrir að þetta gjald verði lagt á að þessu sinni. En ég hef ásamt tveimur öðrum þm., þ. e. hv. þm. Friðriki Sophussyni og Gunnari G. Schram, undirritað nál. með fyrirvara. Það gerum við ekki síst vegna mjög ákveðinnar og eindreginnar yfirlýsingar sem fram kom hjá hæstv. iðnrh. þegar hann mælti fyrir þessu gjaldi í framsöguræðu og sagði að hann mundi undirbúa a. m. k. áfangalækkun þessa gjalds og e. t. v. niðurfellingu, m. a. með breyttum álagningarreglum, jafnframt því sem rekstrarafkoma Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og annarra raforkufyrirtækja í landinu verði tryggð. Í trausti þess að sú yfirlýsing komi til framkvæmda sem

allra fyrst, þ. e. hafinn verði undirbúningur sem allra fyrst að þessari endurskoðun, mun ég greiða atkv. með frv., en vildi gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við þetta mál.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hv. seinasti ræðumaður, 4. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson, tók svo til orða að hann hefði heyrt eindregna og ákveðna yfirlýsingu — eða hvort hún var ákveðin og eindregin — af hálfu hæstv. iðnrh. um að hann mundi beita sér fyrir því að undirbúa að lækka eða afnema þetta gjald. Tónninn hefur sjálfsagt verið ákveðinn og eindreginn, en efnisinnihaldið er það sama og við höfum heyrt á mörgum undanförnum þingum þegar þetta mál hefur verið til umfjöllunar. — Nú má þetta ekki dragast öllu lengur.

Hér er annars vegar um það að ræða að sú upphæð sem er ætluð í þetta verðjöfnunargjald og miðuð við 19% er langt umfram það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þó að það hafi gerst á undanförnum árum þegar reiknitölur fjárlaga voru langt frá þeirri verðbólgu sem síðar varð er það auðvitað annar handleggur. En nú verður væntanlega minni verðbólga á árinu 1984 en á árinu 1983. Skýringin á þessum háu tölum, sem ekki komust inn í fjárlagafrv. en eru í reynd, er vitaskuld sú, að raforkan hefur hækkað svo gífurlega í verði og menn hafa ekki tekið tillit til þess þegar áætlun var gerð í fjárlagafrv. Hér er því ótvírætt um að ræða að það séu langtum meiri fjármunir sem leggist á með 19% gjaldinu en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Við því á auðvitað að bregðast með því að lækka verðjöfnunargjaldið úr 19% í 12%, eins og hér hefur verið flutt till. um.

En það eru fleiri hliðar á þessu máli, eins og reyndar kom fram í máli hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, 4. þm. Reykv. Verðjöfnunargjaldið er nefnilega ekki nýtt til að jafna raforkuverðið. Ýmsar þær rafveitur sem njóta forréttinda skv. þessu lagafrv., eins og það hefur verið og eins og það mun verða og frv. er um að endurnýja það, selja raforkuna langtum ódýrara en aðrar sem einskis njóta. Fyrirkomulagið er að gjaldtaka alla þjóðina, alla raforkunotkun í landinu, í því skyni væntanlega að jafna verð á raforku. Það sem gert er er það, að stærstur hluti rennur til Rafmagnsveitna ríkisins, ¾ hlutar ef ég man rétt, eða 80% og 20% til Orkubús Vestfjarða, en auk þess er ein rafveita, Rafveita Siglufjarðar, undanþegin, þ. e. hún þarf ekki að standa skil á sínum parti. Ef við nú lítum á gögn frá Sambandi ísl. rafveitna um hvernig þessir taxtar séu er það mjög athyglisvert.

Raforka til heimilisnota kostar 4,32 kr. á kwst. skv. yfirlitinu frá Rafmagnsveitum ríkisins eða Orkubúi Vestfjarða til notenda, en t. d. hjá Rafveitu Keflavíkur kostar hún 4,85 kr. Sama gerist að því er lýsingu varðar. Rafmagnsveitur ríkisins selja rafmagn til lýsingar á 3,85 kr., Rafveita Selfoss á 5,10 og Rafveita Borgarness á 6,46. Eða eigum við að líta á dæmið um stórar vélar, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins selja kwst. á 2,62, en Rafveita Keflavíkur og Rafveita Vestmannaeyja á 3,03 kr. annars vegar og 3,33 kr. hins vegar? Það dugar ekki bara að lækka verðjöfnunargjaldið, heldur verður að beita því til að jafna raforkuverðið í landinu.

Sama er uppi á teningnum ef litið er á meðalverð á rafmagni án hitasölu á árinu 1982. Rafmagnsveitur ríkisins selja á 1,20 kr. per kwst., en Rafveita Keflavíkur á 1,83 kr. — 63 aurum hærra en Rafmagnsveitur ríkisins, rúmlega 50% hærra en Rafmagnsveitur ríkisins.

Ef meðalverðið er skoðað á allri raforku í smásölu á árinu 1982 kemur í ljós að Orkubú Vestfjarða selur raforkuna með sköttum á 1,14 kr. og Rafmagnsveitur ríkisins á 1,20 kr., Siglufjörður á 1,34, sem nýtur sérstakrar undantekningar, en Njarðvíkingar verða að borga 1,76 og Keflvíkingar 1,83. Og fleiri eru rafveiturnar. Sandgerðingar borga t. d. hærra verð en allar þessar rafveitur og sama gildir reyndar á Húsavík. Hér er því ekki bara um upphæðina að ræða, heldur líka hvernig henni skuli útdeilt.

Ef menn eru skattlagðir í raforkunotkun sinni hvar sem þeir búa á landinu í því skyni að jafna verð á raforku, þá á auðvitað að sinna því markmiði. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að við fáum skýrari svör frá hæstv. ráðh. um það, hvað hann sé reiðubúinn að gera núna eða á árinu 1984. Ef hann er ekki reiðubúinn að lækka gjaldið núna verðum við auðvitað að fá að vita það, en þá finnst mér að það sé lágmarkskrafa að á vorþinginu fáum við nýtt frv. frá ráðh. þar sem þetta sé endurskoðað á árinu 1984 og þannig að það geti tekið gildi síðari hluta ársins 1984, bæði að því er varðar upphæð gjaldsins og eins það fyrirkomulag sem vera skuli á greiðslum úr þeim sjóði sem þarna er myndaður.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil í framhaldi af því sem hv. 3. þm. Reykn. sagði endurtaka yfirlýsingu mína um það, að ég mun beita mér fyrir að lög um orkujöfnunargjaldið, sem nú er til umr., verði endurskoðuð í því augnamiði í fyrsta lagi að fella það niður ef tök eru á, en í öðru lagi að breyta því og lækka eftir nýjum álagningarreglum, réttlátari en þær sem nú gilda, sem m. a. hann hefur sýnt fram á að taka engu tali í framkvæmd eins og nú er komið sögu.

Ég mun leggja fram frv. um orkujöfnunargjald, jöfnun húshitunarkostnaðar, í upphafi framhaldsþings eftir áramót. Ég hygg að þær lagareglur sem þar verða fluttar fram muni einnig snerta þessar aðferðir og þessa gjaldtöku, ég vænti þess. Fyrir þessu mun ég beita mér. Á þessari stundu get ég ekki tekið annað fram, en minni á að engu þessu verður breytt í átt til linunar skattlagningar nema við í leiðinni sjáum fyrir fjárhag orkuveitustofnana okkar í landinu. Það má líka vera ljóst.

Það er trú mín að við getum fundið bærilegri leið í þessu efni en við höfum búið við um hríð, en eins og nú er komið málum, þar sem húshitunarkostnaður er að sliga fjölda heimila í landinu, verður að leiða til linunar á þeim óbærilegu byrðum. Einnegin verður það að bera það í skauti sínu, á því er enginn vafi. En ég held að menn geri sér grein fyrir að á þessu verður að ráða bót og finna nýjar leiðir þar sem þó alls er gætt, afkomu orkuveitustofnunar og afkomu heimilanna.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta var í áttina hjá hæstv. ráðh. Ég hefði þó kosið að svarið hefði verið afdráttarlausara. En út af seinustu orðum hæstv. ráðh. um aðgerðir til að jafna hitunarkostnað vil ég segja að það minnir á að menn hafa verið nokkuð djarfir við það hér á Alþingi að búa til tekjupósta til handa ríkissjóði eða gjaldtöku á almenning með göfug markmið, sbr. annars vegar þetta verðjöfnunargjald sem við erum nú

að ræða og hins vegar það álag á söluskattinn sem átti að fara til að jafna orkukostnað og hitunarkostnað í landinu, en hefur haft tilhneigingu til að skila sér illa til fólksins með tilliti til þeirra markmiða sem menn hafa sett sér. Þess vegna ríður á að þessi mál verði tekin ákveðnum tökum og endurskoðuð í heild sinni og það verði gert strax.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þá er að því komið að greiða atkv. um stórkostlega gjaldtöku, þar sem um er að tefla verðjöfnunargjald af raforku, sem nemur nær 400 millj. kr., eftir þeim útreikningi sem ég fékk 358 millj., en eftir annarra útreikningi 376 millj. kr. Mér sýnist að hv. Nd. sé ekki þann veg skipuð að um veigamiklar brtt., sem þar eru fram bornar, sé fært að greiða atkv. Þess vegna fer ég fram á að hæstv. forseti vor fresti atkvgr. þar til deildin er fullskipuð. (**Forseti:** Við þessu verður orðið. En ég mun gera tilraun til að hringja einu sinni enn. Ég vildi gjarnan geta lokið þessari atkvgr. Mér er sagt að menn séu að koma af nefndafundum og ég vona að hv. þdm. hafi aðeins biðlund. — Eins og sjá má leggur hv. deild þann metnað í atkvgr. að sem flestir séu viðstaddir. Ég vona að menn taki því vel að bíða nokkra stund enn.)

ATKVGR.

Brtt. 244 felld með 20:6 atkv.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 142. mál (þskj. 186, n. 234). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. er þess eðlis, að á árinu 1984 skuli skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á þá menn sem skattskyldir eru skv. lögum nr. 57 frá 1981. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1984. Af fyrstu 237 þús. kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins sem umfram er 237 þús. kr. greiðist í prósentum.

Þetta frv. er efnislega samhljóða lögum nr. 19 frá 1983. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1983 nemur 85.8 millj. kr. Er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 80 millj. kr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1984 nemi 132 millj. kr. og innheimt fjárhæð verði nálægt 120 millj.

Fjh.- og viðskn. skilar nál. á þskj. 234 og mælir einróma með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Undir nál. rita alþm. Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson, Svavar Gestsson, Guðmundur H. Garðarsson og Kjartan Jóhannsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 30. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 29. fundi.

Um þingsköp.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er rétt sem forseti gat um, að það vantar þskj. að því er varðar seinasta dagskrármálið. Eins og kemur fram í gerðabók hv. fjh.- og viðskn. mun minni hl. skila séráliti og brtt. og það er verið að vinna þær. Um það er nm. fyllilega kunnugt. Það er af tæknilegum ástæðum sem það hefur ekki unnist hraðar. Sú tæknilega aðstoð sem á þarf að halda hefur ekki fengist vegna þess að menn hafa verið uppteknir í öðrum verkum fyrir ríkisstj., en jafnskjótt og þeim verkum er lokið verður unnt að ganga frá þessu máli.

En ég mótmæli því vissulega, og tek undir með forseta, að taka þetta mál á dagskrá öðruvísi en að nál. og brtt. hafi verið lagðar fram. Það kemur ekki til álita.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er tæp klukkustund síðan nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. varðandi 129. mál var lagt á borð þm. Þá kemur í ljós að meiri hl. n. hefur lagt fram nýja útreikninga upp á margar síður og nýtt töfluverk varðandi tekju- og eignarskatt. Þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir frv. í síðustu viku fullyrti hæstv. ráðh. og einnig hv. þm. Friðrik Sophusson, sem sæti á í fjh.- og viðskn., að allt það töfluverk sem þá var í frv. væri rétt og eðlilegt og í samræmi við yfirlýsingar hæstv. ráðh. Við ýmsir, sem þá höfðum haft rúman sólarhring til að athuga frv. og töfluverkið, gátum sýnt mönnum fram á að það var nú aldeilis ekki rétt. Þetta var mjög götótt töfluverk.

Ég hef enga ástæðu til að ætla að það töfluverk sem nú er lagt fram sé eitthvað betra en töfluverkið sem var lagt fram þegar frv. var lagt fram (**Iðnrh.:** Nema síður sé.) Nema síður sé, segir hæstv. iðnrh. og er hann maður gjörkunnugur þessum málum. — Vænti ég þess að hæstv. forseti gefi mönnum a. m. k. sólarhring til að fá að skoða þetta töfluverk og sé alls ekkert að þvælast með málið á dagskrá á þessum sólarhring. (**Forseti:** Ég sé ekki ástæðu til að hafa langar umr. um þetta, því það er ekki komið að því að þetta mál verði tekið fyrir á þessum fundi. Þó að það standi hér á dagskrá er ekki komið að því enn.)

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á að það töfluverk sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vitnaði til hefur legið fyrir hv. fjh.- og viðskn. í nokkra daga og formaður Alþb. hefur haft það undir höndum um nokkurra daga skeið. Ég vil jafnframt geta þess, að þetta mál var afgreitt úr n. í gærkvöld og það er sólarhringur síðan. Þær brtt. sem lágu þá fyrir hafa legið fyrir á annan sólarhring, líklega í tvo. Þær voru lagðar fram á fundi fyrr í dag fyrir þá sem skoða sín þinggögn. Þær aths. sem komu fram hjá hv. þm. eru því ekki

gildar.

Hins vegar er rétt og eðlilegt að reynt sé að ná til þess aðila sem er að reikna út fyrir hv. þm. Kjartan Jóhannsson þau atriði sem hann hafði beðið um. Ég vil taka undir það með hæstv. forseta að ekki er ástæða til að taka þetta mál til umr. á þessum fundi fyrr en þau gögn hafa komið fram og tek þess vegna undir óskir hv. þm.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. 128. mál (þskj. 163). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 187).

Almannatryggingar, frv. 142. mál (þskj. 186). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Gjaldeyris- og viðskiptamál, frv. 133. mál (þskj. 168, n. 240). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. sem gerir ráð fyrir að hlutafélagsbönkum sé veitt leyfi til gjaldeyrisverslunar. Það kemur fram í aths. með lagafrv. að fyrst um sinn verði væntanleg leyfi við það miðuð að þessir bankar sinni tvenns konar gjaldeyrisþjónustu, þ. e. opnun innlendra gjaldeyrisreikninga og viðskipta við ferðamenn.

Hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað um málið og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Undir nál. rita allir hv. nm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér fyrr í kvöld óskaði ég eftir að hæstv. forseti beitti sér fyrir því að sjútvn. yrði kölluð saman undir 2. umr. til að fjalla um þær till. sem fram hafa komið eftir að n. skilaði áliti. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvað hann hyggst fyrir um störf n. og framhald þessarar umr. Ég vil taka fram að ekkert samkomulag hefur verið gert við Alþb. um framvindu þessa þingmáls.

Þá vil ég í öðru lagi, herra forseti, inna eftir því hvenær er ætlun forseta Nd. að taka á dagskrá kjördæmamálið sem dreift var í dag — frv. sem flutt er af fjórum flokksformönnum. Nauðsynlegt er að það mál verði tekið fyrir fyrir hátíðar og vísað til n. Til þess að svo megi verða verður að kjósa sérstakar nefndir í báðum deildum þingsins til að fjalla um þetta mál. Skammt er nú eftir af þingtímanum og brýnt að fá um það upplýsingar hvað hæstv. forseti deildarinnar hyggst fyrir um framvindu máls þessa og fiskveiðimálsins sem hér hefur verið á dagskrá.

Forseti (Ingvar Gíslason): Í sambandi við þessar fsp. vil ég geta þess, sem áður hefur komið fram af minni hálfu, að ég hafði lagt til að fundur yrði haldinn í sjútvn. Nd. kl. um sex í dag. Af þeim fundi gat ekki orðið og var síðan hugmyndin af minni hálfu og lagt til að við reyndum að halda þennan fund í sjútvn. um tíuleytið eða upp úr tíu í kvöld. Það gat ekki heldur orðið. Þegar svo er komið virðist mér að það sé ákaflega erfitt að hugsa sér að fara að halda slíkan fund nú þegar svo langt er á liðið. En ég vil taka það mjög skýrt fram að ég tel sjálfsagt að sjútvn. taki þetta mál fyrir á fundi sínum og eðlilegast að slíkur fundur verði í fyrramálið.

Ætlun forseta var að halda áfram umr. um það dagskrármál sem við erum nú að ræða. Enn eru nokkrir menn á mælendaskrá. Og von forseta var sú, að umr. gæti lokið í kvöld. Eins og nú er komið finnst forseta eðlilegast að þetta mál verði rætt „milli umræðna“ eins og við köllum, þ. e. þegar umr. hér er lokið en atkvgr. er ólokið. Ætlun forseta var þá að málið yrði tekið til atkvgr. klukkan tvö á morgun.

Hvað varðar hitt málið er alveg sjálfsagt að athuga hvenær það mál getur komið hér á dagskrá þessarar hv. deildar. En það hefur ekki enn verið ráðið af minni hálfu hvenær það má verða.

Eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði réttilega er farið að þrengjast um fundi og erfitt að koma fram málum, en forseti þessarar deildar mun gera það sem í hans valdi stendur til þess að það mál verði tekið á dagskrá.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um dagskrá vegna þeirrar yfirlýsingar sem kom fram frá hv. 3. þm. Reykv. og formanni Alþb. Hann lýsti því yfir rétt áðan að ekkert samráð hefði verið haft við Alþb. um þetta mál. (**SvG:** Samkomulag.) Samkomulag? — Ég held áfram máli mínu og kem að þessu seinna.

Undir meirihlutaálit sjútvn. skrifar fulltrúi Alþb. í þeirri hv. n. — sá þm. Alþb. sem tvímælalaust hefur mest vit á því máli sem hér er verið að ræða um. Ég leyfi mér að halda því fram, að ef það er ekki hægt að hafa samráð við þann fulltrúa og hann svo aftur við aðra nm. í sjútvn. veit ég satt að segja ekki hvernig á að fara að

þessu. Hv. þm. hefur staðið í rifrildi við aðra þm. Alþb. í dag út af afstöðu sinni í þessu máli. Svo eigum við að hlusta á málalengingar í erfiðasta, viðkvæmasta og þýðingarmesta máli þingsins. Hér er verið að þvæla um smáatriði. Það er ekki komið að stóru atriðunum. Að vísu kom hv. 3. þm. Reykv. nokkuð inn á þau í fyrri ræðu sinni í dag. En hér er verið að ræða um mál sem í raun koma ekki meginmálinu við. Við eigum hér við að glíma það sem venjulegar þjóðir mundu kalla styrjaldarástand. Við erum að ganga á móti vandamáli og þurfum að takast á við það. Allir sem við það vinna skilja að það er mesta vandamál þjóðarinnar í dag. En það eru ákveðnir pólitíkusar sem ætla að gera sér þetta að leiksoppi og reyna að tryggja pólitíska stöðu sína. Þeir eru að gera þetta að því máli að það verður hlegið að Alþingi ef við ekki ráðum fram úr þessu máli áður en við förum í jólaleyfi. Auðvitað verðum við að gera það. Það er enginn sem samþykkir þetta frv. glaður í sinni, en hins vegar veit ég að það verður að gerast, hv. 3. þm. Reykv. Ég held að það væri réttara fyrir þm. Alþb. að ræða meira við þm. Suðurl., hv. þm. Garðar Sigurðsson, en þeir hafa gert og leita álits og vits hjá honum um þessi mál, sem við erum að ræða, þessi viðkvæmu og þýðingarmiklu mál íslensku þjóðarinnar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Forseti greindi frá því að hann hefði beitt sér fyrir því í tvígang, trúi ég, að haldinn yrði fundur í sjútvn., en það hefði ekki getað orðið af því. Nú setur forseti fram þá ósk að sá fundur verði haldinn í fyrramálið. Mín spurning er sú: Má ekki treysta því að þá geti orðið af því? Geta menn ekki náð samkomulagi um það?

Í annan stað tók forseti svo til orða, að hann hefði áhuga á að ljúka hér umr. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga, nema það að tíminn líður, að mælendaskrá eins og hún er núna sé tæmd. Ég geri hins vegar alvarlega aths. við það að 2. umr. verði lokið, vegna þess að ég tel nauðsynlegt að það gefist færi á því að greina frá því sem gerist í n. Til þess að það sé unnt verður umr. náttúrlega ekki lokið og atkvgr. skilin eftir. (**Iðnrh.:** Því má það ekki í þeirri þriðju?) Hæstv. ráðh. Það er verulegur munur á því að kalla aftur till., sem mér skilst að felist í orðum ráðh. Í sambandi við fjárlagaafgreiðslu er það svo efnismikið mál sem er um að ræða. Þeir sem kölluðu aftur till. sína til 3. umr. stæðu frammi fyrir atkvgr. um greinina óbreytta, áður en þeir hefðu fengið tækifæri til að sjá hvernig þeirra till. reiddi af, og í atkvgr. í 2. umr. eru greinarnar afgreiddar. Í þeim störfum sem ég hef kynnst hér á þinginu hafa menn einmitt viðhaft þau vinnubrögð sem hæstv. forseti hefur verið að beita sér fyrir, að mér skilst, með því að gefa tóm í umr. til að n. kæmi saman. Það getur væntanlega orðið samkomulag um hversu mikil ræðuhöld verði eftir að það kemur út úr n. til þess að menn geti greint frá því sem þar gerðist.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Fyrr í dag beindi ég þeim tilmælum til hæstv. forseta, sem að vísu var ekki sá sem nú situr í stólnum heldur varaforseti að umr. yrði þá frestað svo að tóm gæfist til þess að menn bæru saman bækur sínar og ráðfærðu sig um hvernig fram skyldi haldið málinu. Eins og hv. þm. muna og frægt er orðið fengu þessi tilmæli mín litlar undirtektir, vægast sagt, og bæði hæstv. þáv. forseti og aðrir beittu sér hatramlega fyrir því að þessari málaleitun var neitað. Þó var hún fram sett af heilum hug og byggð á þeirri reynslu sem undanfarin ár hafa gefið um með hvaða hætti sé vænlegast að vinna að því að hægt sé að ná sæmilegu samkomulagi um framgang mála.

Ég tel að atburðarásin á þeim bráðum átta klukkustundum sem liðnar eru síðan ég bar fram þessa ósk hafi rækilega sannað hve réttmæt og eðlileg og sjálfsögð hún var og hvað það hefði þjónað eðlilegri og betri vinnubrögðum hér í þinginu ef þáv. hæstv. forseti hefði samþykkt hana. Þær átta klukkustundir sem liðnar eru síðan hafa nákvæmlega engu skilað í því að þoka málinu áfram. Þvert á móti hafa þær orðið til þess að festa málið í enn meiri hnút. Ég vil beina því á nýjan leik til hæstv. forseta, að áður en leiðbeiningum og tilmælum af þessu tagi er jafnharðlega neitað af jafnmiklu offorsi og gert var hér í dag af ýmsum og jafneindregið af páv. forseta hugleiði menn reynsluna af því sem fengist hefur síðan. Mér var alveg ljóst þá, að yrði fram haldið með þeim hætti sem ákveðinn var mundi þetta engum árangri skila, sem og hefur komið á daginn.

Þess vegna vil ég nú á nýjan leik reyna að freista þess að leggja því lið að þetta mál fái þannig farveg hér í þinginu að á því megi taka með eðlilegum hætti. Það má hverjum manni ljóst vera, sem þingvanur er og skoðar málið, að það hangir nákvæmlega saman umræða í sjútvn. um þær brtt. sem hér hafa verið fluttar og framhald 2. umr. málsins. Ég skil það af tilmælum hæstv. forseta í tvígang hér í Nd. að fundur í sjútvn. yrði haldinn að hann hefur skilið þetta samhengi. Það sýnir glöggskyggni hæstv. forseta. En það er hins vegar greinilegt að einhverjir aðrir hér í salnum hafa ekki skilið þetta samhengi og eru enn nú, korter fyrir miðnætti, átta klst. síðan fyrst var bent á þetta hér í þinginu, að reyna að streitast við. Ég vil þess vegna enn á ný beina því til manna að þeir íhugi í rólegheitum hvort ekki sé skynsamlegast að fresta þessari umr. nú og gefa hv. sjútvn., hvort sem það er nóttin eða snemma morguns, tóm til að fjalla eðlilega um þessa brtt. og leita síðan samkomulags við okkur hér í deildinni um meðferð málsins þegar við sjáum hvaða undirtektir það fær.

Þetta var meginerindi mitt hingað upp í ræðustól, herra forseti. Það væri freistandi að segja ýmislegt út af þeirri skemmtilegu ræðu sem hv. þm. Pétur Sigurðsson flutti í stólnum. En ég er alveg tilbúinn að gera einn samning við hv. þm. Pétur Sigurðsson. Hann er sá að ræða jafnlengi við minn ágæta flokksbróður um þetta frv., Garðar Sigurðsson, og hann er reiðubúinn að ræða við sinn flokksbróður, Guðmund H. Garðarsson, um þetta frv. Það vill nú svo til að sá sjálfstæðismaður sem lengst hefur talað í þessum umr. og af mestu viti, því að hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur ekki enn þá talað um frv., er hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Hann hefur tætt þetta frv. í sundur. Vilji menn leita í smiðju vits í þessum efnum eru fleiri smiðjur í þessum sal en smiðja Garðars Sigurðssonar & co.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Mér er ljúft að skýra frá því að það hefur aldrei annað staðið til en að sjútvn. Nd. fjallaði um þessar brtt. Og það er rétt, sem komið hefur fram hjá forseta, að búið er að gera fleiri en eina tilraun til að koma þeim fundi á, en af ýmsum ástæðum hefur það ekki getað orðið. Hins vegar get ég

skýrt frá því að búið er að boða þennan fund, sem menn bíða svo mjög eftir, og hann verður haldinn núna klukkan 12.

Svavar Gestsson: Ég þakka hæstv. forseta og hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir að hafa beitt sér fyrir fundi í sjútvn. Nd. Það sýnir að ég fór ekki erindisleysu í stólinn í upphafi þó að hv. þm. Pétur Sigurðsson teldi svo vera.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Er nú ekki skynsamlegast að bíða þar til hv. sjútvn. hefur um þetta mál fjallað áður en fram er haldið umr.? Ég sé þá ekki hvaða tilgangi þjónar að samþykkja nú að halda fund kl. 12 á miðnætti í n. Ég vona að það sé ekki einhver málamyndafundur sem eigi að halda svona rétt til að geta sagt að fundur hafi verið haldinn. Það leysir engan vanda. (**Gripið fram í:** Garðar verður þar.) Já, hann verður þar, það er alveg rétt. En það skiptir mestu máli að yfirsýn og viska allra þeirra sem í n. eru fái að ráða í þessum efnum, ef menn hafa áhuga á því að málið nái fram að ganga. Það get ég sagt hér, og það hlýtur hver maður að sjá og veit ég að hæstv. iðnrh. er þar fremstur í flokki, að málamyndafundur í n. nú á miðnætti er eins og hvert annað grín. Það þjónar engri lausn í þessu máli. (**Gripið fram í:** Af hverju berst þú gegn foringja þínum?) Ja, — ég á þá svo marga hér í salnum. Aðalforingi minn í þessu máli er eiginlega Guðmundur H. Garðarsson.

Ef hæstv. forseti vill stuðla að því að eðlileg málsmeðferð verði, sem ég veit að hæstv. forseti hefur sýnt hvað eftir annað að hann kýs, er langæskilegast að hv. sjútvn. fái nóttina og snemma morguns til að fjalla um málið og við aðrir dm. getum síðan áttað okkur á þeirri niðurstöðu. En að fara að kalla n. saman kukkan tólf og ætla sér að halda umr. áfram á meðan þjónar engum tilgangi og leysir ekki þetta mál. Það get ég sagt mönnum. (**Gripið fram í:** Það mætti tala um fundarstjórn á meðan.) Það má tala um ýmislegt á meðan, já, já. — Ég held að það þjóni ekki neinum tilgangi, það er bara leikaraskapur. Við skulum taka á þessu máli af viti, við skulum slíta þessum fundi fljótlega, gefa sjútvn. tækifæri til að átta sig á málinu í nótt og snemma morguns og svo getum við komið á nýjum degi ferskir til að takast á við þetta mál af sæmilegu viti og þannig að það geti haft eðlilegan framgang hér í umr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti hefur haft fulla fyrirrætlun um að beita sér fyrir því að fundur um þessi mál yrði haldinn í sjútvn. En eins og þetta mál hefur farið í dag, að það hefur tvisvar sinnum orðið að fresta því að sjútvn. kæmi saman, finnst mér sem forseta heldur óeðlilegt að fara að kveðja til fundarins nú, persónulega finnst mér það. En ég verð auðvitað að sætta mig við það, úr því að búið er að ákveða að sjútvn. komi saman klukkan 12, og ég mun mæta þar sem nm.

En ætlun forseta var að halda umr. um málið áfram á þessum fundi. Ég vil benda á að sú venja hefur reyndar yfirleitt verið í sambandi við beiðnir af þessu tagi að n. kæmi saman við 3. umr. þegar 2. umr. er lokið, þannig að nefndarfundir geti farið fram á milli umr. og menn geti þá jafnvel frestað brtt. sínum eða kallað þær aftur til 3. umr. Ég held að það væri ákaflega óheppilegt, vegna þess í hvað mikilli tímaþröng þingið er að verða, að þurfa nú að láta af með það að ljúka þessari umr. í kvöld. Það eru ekki mjög margir menn á mælendaskrá og þetta mál hefur verið rætt ákaflega mikið.

Nú hefur verið boðaður fundur í sjútvn. og þess vegna er mér nauðsyn að fresta fundinum, en til fundar verður aftur boðað þegar klukkuna vantar 20 mínútur í eitt. — [Fundarhlé.]

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188, n. 229 og 232, 235, 242). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. Nd. hefur komið saman til fundar, eins og ég veit að öllum hv. dm. er ljóst. Nefndin varð sammála um eftirfarandi afgreiðslu á þeim málum sem til umr. voru:

Nefndin hefur rætt framkomnar till. á þskj. 235 og 242. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki mælt með samþykkt þeirra. Efni till. hafði áður að verulegu leyti verið rætt í nefndinni og þá kom það sjónarmið skýrt fram, sem meiri hl. styður, að ekki sé tiltækt að svo komnu að móta það skipulag, sem þar er gert ráð fyrir, að leggja málið fyrir Alþingi í formi þáltill. Hins vegar hefur meiri hl. lagt áherslu á fullt samráð ráðh. um framkvæmd málsins við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo og sjútvn. þingsins. Vísast um það til nál. meiri hl. þar sem undirstrikaður er vilji meiri hl. til þess að tryggja fullt samráð ráðh. við nefnda aðila. Hefur hann gefið skýrar yfirlýsingar um að hann muni leggja sig fram um slíkt samráð.

Meiri hl. getur ekki tekið undir önnur efnisatriði sem fram koma á þskj. 242, en minnir á að í frv. er ákvæði um að lögin skuli aðeins gilda í eitt ár.

Meiri hl. leggur áherslu á að eigi síðar en næsta haust og áður en þing kemur saman verði unnið að endurskoðun laganna í ljósi þeirrar reynslu sem þá verður fengin svo unnt sé að leggja málið fyrir Alþingi fyrir árslok.

Undir þetta rita Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal og Gunnar G. Schram.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Við sem höfum verið að vinna að því hér í dag að greiða fyrir framgangi þessara umr. höfum talið það meginforsendu þess að árangur næðist að viðræður færu fram milli sjútvn. og þeirra sem eru á nokkuð annarri skoðun en meiri hl. sjútvn. Mig langar þess vegna að spyrjast fyrir um það hjá formanni sjútvn. — Má ég sjá þetta plagg aðeins. (**Gripið fram í:** Já, ég ætla að leiðrétta smávegis.) Leiðrétta hvað? (**Gripið fram í:** Ég ætla að leiðrétta.) Er það „áður en þing kemur saman"? Er það það? (**Gripið fram í:** Já, þegar þing kemur saman.) Hafa það þannig? (**Gripið fram í:** Já.) Er nokkur merkingarmunur á? (**Gripið fram í:** Aðeins munur.) Já. Það er rétt að meiri hl. nefndarinnar fái tækifæri til að ganga frá þessu í réttum búningi. (**Gripið fram í:** Efnisatriði skipta ekki máli.)

Formaður nefndarinnar var önnum kafinn við annað, en ég ætlaði að beina mínum spurningum til hans. Venjan hefur verið sú hér í þinginu, a.m.k. það sem ég þekki til, að þegar reynt er að halda nefndarfundi inni í

umr. eða milli umr. til að ná samkomulagi um mál, og það var tilgangur þessa fundar, sé reynt að ná samkomulagi um mál, en ekki kannske fyrst og fremst að meiri hl. nefndarinnar ítreki sínar skoðanir. Það vissu allir að þeir eru traustir fylgismenn eigin skoðana. (**Forseti:** Hefur þm. eitthvað að athuga við þingsköp?) Já, ég er að koma að því, herra forseti.

Það sem ég hef að athuga við þingsköp er það, að það virtist greinilega koma fram hjá formanni sjútvn. að sjútvn. hefði enga tilraun gert til að ræða við þá flm. þessara till. sem ekki eru í nefndinni. Þeir sem flytja brtt. á öðru þskj., þrír þm., eru ekki í nefndinni og einn af þeim sem eru á hinu þskj. eða tveir eru ekki heldur í nefndinni. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm. Stefán Guðmundsson, áður en haldið verður áfram hér umr., hvort það sé rétt skilið að ekki hafi verið rætt við þessa hv. þm., þeir hafi ekki verið kallaðir til viðræðna við nefndina, og spyrja hvernig standi þá á því að það var ekki gert, ef sá skilningur er réttur.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki níðast á tímanum og hef ekki gert það, en ég ætla að svara því sem um er spurt og það er sjálfsagt að verða við því.

Hjá okkur var flm. annarrar till., Guðmundur Einarsson, og við ræddum um hans till. allnokkuð, en staðreynd málsins er sú með till. þar sem 1. flm. er Steingrímur J. Sigfússon að hún er nokkuð mikið frábrugðin þeim hugmyndum sem meiri hl. nefndarinnar hefur verið að fjalla um. Þess vegna sáum við ekki að það væri á þeim tíma sem við höfðum nokkur vegur að ná samstöðu um slíkt.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil taka fram vegna umr. sem hafa orðið um þingsköp, að ég tel að það hafi verið staðið eðlilega að framkvæmd funda, bæði hér í deildinni í dag og einnig hvað varðar fund í sjútvn. Hér hefur verið gert hlé samkv. sérstakri ósk og samkv. því sem formaður nefndarinnar hefur tekið undir til að halda slíkan fund í sjútvn., og ég sé ekki annað en að þar hafi að öllu verið fullnægt formsskilyrðum.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég get skýrt í örfáum orðum frá því sem fram fór í nefndinni. Ég skýrði meginatriði þessara tveggja brtt. sem þarna liggja frammi. Það sem máli skiptir er hvort menn vilja í fyrsta lagi að mörkuð sé stefna um hlutdeild þingsins í mótun fiskveiðistefnu. Það er höfuðmálið og það er það sem er sameiginlegt með báðum þessum brtt. Menn getur síðan greint á um hvort rétta formið til þess sé þáltill. eða lagasetning eða einhver önnur aðferð. Ég held að hægt sé að gera langt mál stutt með því að segja bara að stefna eða skoðun meiri hl. nefndarinnar komi greinilega fram í því meirihlutaáliti sem hér er lýst, þannig að segja má að alveg hafi verið hafnað þeirri hugmynd að sú stefnumótun eða verkaskipting milli þings og framkvæmdavalds verði tekin upp sem lögð er til í brtt.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég mun ekki verða langorður í þessari umr. Ég leyfi mér að vísa til þeirrar ræðu minnar sem ég flutti hér við 1. umr. um helstu efnisatriði og afstöðu mína til þeirra. Ýmislegt hefur skýrst í umr. um fram komið frv. Einnig hefur það komið fram í máli manna að menn gera sér betur grein fyrir því núna en í upphafi umr. um þetta mál, að það er mjög viðamikið og margbrotið og hefði vissulega verið þörf á því að þetta frv. hefði komið fyrr fram á þinginu, svo að það hefði fengið góðan tíma og góða umfjöllun. (**GSig:** Best að fá það í fyrra.) Ég held að hv. þm. Garðar Sigurðsson ætti að sitja á sér og leyfa mönnum að tala hér a. m. k. meðan þeir eru í ræðustóli. Ég kann ekki við það, hv. þm., að menn fjalli um þetta sem gamanmál. Ég er ekki viss um að sumir umbjóðenda þinna mundu fagna því. En það er náttúrlega þitt mál og þeirra.

Hér hafa í dag verið kynnt álit nokkurra umsagnaraðila, og það hefur verið vitnað til þess að fulltrúar hagsmunasamtaka hafi skýrt hv. sjávarútvegsnefndum frá skoðunum ákveðinna hagsmunasamtaka, og ég vil segja stundum nokkuð langt seilst í þeim efnum, því að vitað er að sumir þeirra sem komu á nefndarfundi og töluðu þar undirstrikuðu það að þeir töluðu þar í persónulegu umboði en ekki í umboði samtaka. (Gripið fram í.) Ég sat nú ekki nefndarfundi en ég hef ástæðu til að halda það, vegna þess að ég er ráðgjafi einna samtaka í þessum málum, hagsmunasamtaka sem kusu ekki sína menn til að fjalla um þetta fyrr en í dag. Og einn af þeim er í þeirri nefnd sem kom á fund til ykkar.

En hvað sem því líður þá hafa ekki allar umsagnir verið lagðar hér fram, þrátt fyrir þann nefndarfund sem haldinn var hérna rétt áðan, og harma ég það að sjálfsögðu. Ég fékk í dag afrit af umsögn eins aðila sem ekki hefur verið kynnt hér í hv. þingi og kann ég ekki skýringu á því hvers vegna þessi umsögn hefur ekki verið lesin upp. Ég ætla að leyfa mér að lesa umsögn þessa aðila hér upp, með sérstöku tilliti til þess að innan þeirra samtaka sem gefur þessa umsögn eru nokkur af stærstu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum á Íslandi, sem eru í einkaeign, — ég undirstrika það, sem eru í einkaeign. Þessi umsögn er frá Verslunarráði Íslands. Hún er dags. 16. des. 1983 og stíluð til formanns sjútvn. Nd., hr. Stefáns Guðmundssonar, Alþingi, Reykjavík. Ég vona að hv. þm. hafi fengið þessa umsögn því ég vil ekki trúa því að óreyndu, að Verslunarráðið, sem er höfuðvígi einkaframtaksins á Íslandi, njóti ekki sama réttar á hv. Alþingi eins og önnur hagsmunasamtök. Þessi umsögn er svohljóðandi:

„Verslunarráð Íslands hefur að undanförnu haft til athugunar frv. til l. um breyting á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 frá 28. maí 1981.

Frv. gerir m. a. ráð fyrir að sjútvrh. sé veitt víðtæk heimild til að skammta aflakvóta á skip fyrir botnfiskveiðar. Verslunarráðið er í grundvallaratriðum á móti þeirri aðferð við stjórn fiskveiða, þar sem hún tryggir ekki að hagkvæmustu útgerðirnar og fengsælustu áhafnir skipa fái að njóta sín. Verslunarráðinu er ljóst að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða við stjórn fiskveiða með tilliti til ástands helstu nytjastofna á Íslandsmiðum og horfa um veiðar á næsta ári. Verslunarráðið telur þó að ekki sé hægt að afgreiða mál af þessu tagi fyrr en fyrir liggja upplýsingar um afkomu útgerðar og fiskvinnslu nú og hver rekstursstaðan verður eftir að fyrirhuguðu stjórnunarfyrirkomulagi hefur verið komið á, miðað við rekstrarforsendur og áætlaðan afla á skip.

Stjórnun fiskveiða þarf að ákveða með hliðsjón af því

að vel rekin fyrirtæki í sjávarútvegi hafi rekstrargrundvöll til lengri tíma litið. Þar sem slíkar upplýsingar eru ekki fyrir hendi leggur Verslunarráðið til að afgreiðslu frv. verði frestað fram yfir áramót. Gæfist þá ráðrúm til að undirbúa málið betur.

Varðandi einstök efnisatriði frv. vill Verslunarráðið koma eftirfarandi á framfæri:

1. Í jafnveigamiklu og viðkvæmu máli er óeðlilegt að úthlutun aflakvóta á hvert skip sé í höndum eins ráðh. Eðlilegra væri að ríkisstj. í heild stæði að ákvörðuninni.
2. Ef aflakvótar á skip verða teknir upp þyrfti að vera hægt að selja þá á frjálsum markaði án afskipta stjórnvalda, með því skilyrði þó að komið verði í veg fyrir samkeppnishömlur, m. a. að fé úr óskyldum atvinnurekstri eða sveitarsjóðum verði notað til að kaupa upp veiðikvótann.
3. Við úthlutun aflakvóta verði arðsemissjónarmið látin ráða.
4. Útgerð skipa verði tryggður áfrýjunarréttur til óvilhallra aðila ef ástæða er til að ætla að réttur einstakra skipa hafi verið fyrir borð borinn. Verslunarráðið vill að síðustu ítreka andstöðu sína við þetta fyrirkomulag og óska eftir því að afgreiðslu frv. verði frestað."

Undir þetta ritar framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands.

Ég taldi rétt að þingheimur fengi að heyra þessa umsögn. Þetta er umsögn frá samtökum sem mörg af stærstu einkafyrirtækjum á Íslandi í útgerð og fiskiðnaði eru aðilar að, m. a. er sá aðili sem er nú stærstur í útflutningi frystra sjávarafurða, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, aðili að Verslunarráði Íslands. Þá vek ég athygli á því að í þeirri ráðgjafarnefnd sem skipuð var á sínum tíma er fulltrúi frá sjávarafurðadeild SÍS.

Þetta er sagt hér til áréttingar. (Gripið fram í.) Þessi ráðgjafarnefnd mun vera mynduð þannig að ráðh. tilnefnir ákveðna persónu og það vill svo til að það er fulltrúi sjávarafurðadeildarinnar sem er þar með tilliti til fiskverkunar. En það er kannske ekki aðalmálið.

Ég geri mér grein fyrir því af fenginni reynslu að þetta frv. er fram komið vegna þess að um það hefur orðið samkomulag af hálfu þeirra flokka sem mynda ríkisstjórn á Íslandi. Það mun vera borið fram af hálfu ráðh. sem stjfrv. En hvað sem því líður hefur það alltaf verið venja á Alþingi Íslendinga að menn væru frjálsir að því að tjá sig um mál á þingi og einnig taka afstöðu samkv. sannfæringu sinni og samvisku. Ég vil aðeins segja það að ég er í flokki allra stétta, Sjálfstfl. Ég væri ekki í þeim flokki ef sá flokkur hefði það ekki sem grundvallaratriði að maður skuli vera frjáls og óbundinn. Sjálfstfl. er ekki klíkuflokkur í heildina séð. Auðvitað eru hópar, sem bindast samtökum innan flokksins, en flokkurinn sem slíkur er fjöldaflokkur þar sem menn eru mjög frjálsir, ég vil segja alfrjálsir, því að annars ættu þeir ekki erindi í þann flokk. Þar skilur á milli Sjálfstfl. og annarra flokka að mínu mati. Þess vegna mun ég, þegar kemur að því að afgreiða þetta frv., auðvitað breyta samkv. þessari meginreglu í pólitískri afstöðu minni.

Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið eðlilegast að fresta afgreiðslu þessa máls þangað til þing kemur saman í jan. n. k. svo að svigrúm hefði gefist til að gera öllum meginatriðum þess mun betri skil. En með tilliti til þess hvaða afgreiðslu þetta mál mun að öllum líkindum fá hér í hv. þingi vil ég gefa eftirfarandi yfirlýsingu um afstöðu mína þegar kemur til atkvgr.: Þar sem ekki liggja fyrir nauðsynleg frumgögn né fastmótaðar hugmyndir um hugsanlega útfærslu veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samkv. framlögðu frv., 143. máli, þrátt fyrir miklar umr. á Alþingi og eindregnar óskir margra hv. alþm. þar um, og þar sem ekki liggur fyrir hvernig leysa skuli gífurleg óleyst rekstrarvandamál útgerðarinnar, sem munu verða enn meiri við kvótakerfi í veiðum, þá get ég ekki á þessu stigi veitt þessu frv. brautargengi og mun haga atkv. mínu skv. því, með tilliti til þess og einstakra greina frv.

Hjörleifur Guttormsson: Virðulegi forseti. Það hefur verið sagt hér alloft í umr. um þetta mál að þær heimildir, sem hér er hugmyndin að veita ráðh., eigi sér ekki hliðstæðu í íslensku stjórnarfari og íslenskum lögum.

Ég vil draga hér upp svolitla mynd af því til að reyna að skerpa skilning manna á því, hvers eðlis það valdaafsal er sem hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. ætlast til að fá fram af þingsins hálfu með samþykkt þessa frv.

Nú eru sagðir erfiðir tímar á Íslandi í efnahagslífi. Því hafa borist spurnir af því, að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið að setja takmörk á innflutning til landsins og jafnframt hefur ríkisstj. samþykkt að lagt verði fram frv., sem feli viðskrh. heimild til þess að setja hámark á þennan innflutning, til þess að tekið verði tillit til þeirra aðstæðna sem við búum við í efnahagslífi þjóðarinnar.

Jafnframt er gert ráð fyrir því í frv. þessu, að viðskrh. setji um það reglur hvernig skipta skuli þeim innflutningi sem heimilaður verði. Það verði settar reglur í krafti þess frv. sem ríkisstj. ætlar að flytja um þetta efni um einstaka stofna innflutnings, hversu mikið af einstökum þáttum skuli heimilað að flytja inn til landsins. Þá er ráð fyrir því gert, að ráðh. fái vald til þess að ákveða hverjir fái leyfi til að flytja inn innan ákveðins innflutningskvóta eða innflutningsmarks.

Til þess að gætt sé samræmis í dreifingu þessa innflutnings hefur ríkisstj. jafnframt ákveðið að afla lagaheimildar fyrir hæstv. viðskrh. hvernig hinum einstöku stofnum innflutningsins, sem til landsins koma, skuli hlutað niður í smásöluverslun í landinu.

Frv. þetta mun væntanlega koma fram hér, ef ekki fyrir jól þá fljótlega að jólaleyfi þm. loknu, til þess að unnt sé að bregðast við þeim alvarlegu horfum, sem eru í efnahagslífi landsmanna í sambandi við samskipti við útlönd og innflutning og tryggja það, að stjórnvöld landsins hafi nauðsynlegar heimildir í höndum til þess að standa fyrir reglum um hámark svo og dreifingu varnings sem til landsins kemur.

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að draga upp þessa mynd varðandi annan atvinnurekstur í landinu en þann sem það frv. sem hér er til umr. fjallar um. Atvinnugrein, sem miklu varðar hag þjóðarbúsins og kjör landsmanna, en sem er á sinn hátt ekki sérstaklega flókin að gerð, þó að þar vaxi mörg blóm og kannske eitthvert illgresi á akri, eins og gerist hér og hvar. Ég tel að það sé fyllilega réttmætt að draga upp hliðstæðu af þessu tagi varðandi inntak þess lagafrv. sem hér er til umr., það vald sem hér er leitað eftir fyrir ríkisstj. og fyrir sjútvrh. fyrir hennar hönd. Hér er því um stórmál að tefla. En ég tel að verulegur þáttur þessarar umr. hafi verið á röngum brautum, þar sem umr. hefur hjá mörgum, og ekki síst að því er virðist hjá

hv. sjútvn. ef marka má álit meiri hl. hennar, fjallað um aðferðir, stjórnunaraðferðir, sem ekkert er að finna um nema grófustu útlínu í þeim frv.-texta sem hér liggur fyrir.

Hér er því um það að ræða, hvort Alþingi vilji feta lengra á þeirri braut með löggjöf heldur en liggur fyrir í gildandi lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1976 að meginstofni. Ég lýsti því yfir hér af minni hálfu fyrr í umr. um þetta mál, að ég teldi að það væri meiri ástæða til þess að víkja af þeirri braut, sem lagt var inn á í þeim lögum, í sambandi við heimildir og vald ráðh. í málum varðandi leyfi og stjórnun fiskstofna, sem þar er kveðið á um og borið hefur verið fram hér í umr. um þetta mál, sem réttlæting fyrir því að ganga lengra á þessari braut.

Það er um þetta sem málið snýst, hvort menn telja að slík stjórnun, slíkt valdaframsal þingsins til framkvæmdavaldsins og ráðh. í þessu samhengi horfi til heilla, sé braut sem menn telji rétt að verði gengin lengra en gert hefur verið í gildandi lögum, og það í stórfelldum mæli, því það er ekkert sambærilegt við þær óskir sem fram eru bornar í þessu frv. um heimildir til ráðh. og þeim heimildum, sem fyrir eru í gildandi lögum, þó að eðli til séu þær hinar sömu.

Ég hef ekki gert úttekt á því, hversu mikill hluti af verðmæti sjávarafla það er sem leyfisbundinn er skv. gildandi löggjöf þar sem leyfisveitingu og hámarki hefur verið beitt, en mér segir hugur um að það sé kannske ekki mikið umfram 10—15% af verðmæti sjávarafla sem hefur fengið þá meðferð.

Hér er hins vegar talað um leyfisbindingu á allar veiðar og að yfirfæra vald ráðh. á allar veiðar innan fiskveiðilögsögunnar, hvorki meira né minna. Hér er því um slíka stökkbreytingu að ræða hvað þetta snertir, að Alþingi hlýtur að staldra við og gera kröfu til þess, að hér fáist með eðlilegum hætti fjallað um þetta stórmál og að þingið taki sér til þess eðlilegan tíma við boðlegar kringumstæður.

Hér hefur þetta mál verið tekið upp og til umr. á næturfundum í upphafi og enn er haldið áfram næturfundum til þess að knýja það áfram. Af hálfu hv. sjútvn. er ekki tekið á þessu máli þannig, að það bjóði upp á það að menn verði viljugir að greiða götu þess, þegar ekki er haft fyrir því að ræða um óskir sem fram hafa komið hér á brtt. um verulega eðlisbreytingu á frv. Ég tek undir það sem hér var sagt af talsmanni minni hl. sjútvn. áðan, að um verulega breytingu er að ræða. Hann flutti það sem mat meiri hl. nefndarinnar. Það er alveg rétt. Þessi brtt. er fram lögð vegna þess að hún skiptir miklu máli, hún er eðlisbreyting og gjörbreytir svip og eðli þessa frv. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (**Gripið fram í:** Þetta eru bara dellutillögur og við erum þó læsir þarna í sjútvn.) Það er ágætt að menn telja sig læsa á Suðurlandi, og veitir ekki af að sú kunnátta haldist við sem víðast, en mér er svolítið til efs að menn hafi lesið sín fræði öll sem skyldi. Ég skal þó ekki vera með neinar getgátur um það. Ég held að mönnum væri sæmra að reyna að stilla hér saman strengi í þinginu en að vera að efna til úlfúðar. Það voru mín síðustu orð hér fyrr í umr. um þetta mál, vegna þess að málið er stórt.

Ég vil leyfa mér að víkja hér aðeins að nál. meiri hl. sjútvn. Ég vek athygli á því sem þar segir í upphafi, þar sem hv. meiri hl. nefndarinnar er að fjalla um það sem ég tel að skipti meginmáli hér, en ekki það sem er síðan umræðuefni í síðari hluta nál., þ. e. leiðirnar, stjórnunarleiðirnar, sem ég held að sé ekki neinn ríkur ágreiningur um hér í þinginu, þó að efasemdir ýmsar komi fram sem eðlilegt er.

En varðandi valdaframsalið, hvað segir meiri hl. sjútvn. um það? Hafa menn lagt þar við hlustir, þeir sem læsir eru, hafa þeir farið yfir textann, hv. 4. þm. Suðurl., hann er væntanlega í hópi þeirra læsu. Hann hefur gefið sig fram sem slíkur. (Gripið fram í.) Hér segir, virðulegi forseti:

„Frv. hefur að geyma ákvæði um miklu ótvíræðari og víðtækari heimildir til handa sjútvrh. um stjórn og takmörkun fiskveiða en áður hafa þekkst eða finna má í gildandi lögum. Nefndin telur í sjálfu sér óæskilegt að Alþingi feli ráðh. víðtækt vald til ákvarðanatöku án skýrra lagafyrirmæla um efnisatriði slíkra ákvarðana, en hefur eigi að síður kynnt sér eftir föngum þau rök sem liggja að baki þeirrar till. að auka heimildir ráðh. til þess að setja reglur um stjórn fiskveiða eins og nú háttar málum."

Og síðan er vikið, þó mjög óverulega, að þeim rökum sem þarna séu fram borin og það er ástæða til þess einmitt að fjalla um það sérstaklega. Hér kemur meiri hl. nefndarinnar með það sjónarmið að óæskilegt sé að veita þetta valdaframsal, að afsala völdum með þeim hætti sem segir í frv. til framkvæmdavaldsins, til hæstv. ráðh. En síðan tekur meiri hl. í fyrsta lagi við frumumfjöllun málsins ekki tillit til þessa. Það er enga brtt. að finna frá hv. meiri hl. sjútvn. og það er ekki tekið undir brtt. sem bornar hafa verið fram af minni hl. og af okkur þremur þm. Alþb. Undir þær er ekki tekið að athuguðu máli hér á fundi áðan. Og meginrökin sem fram eru borin fyrir því að nú verði að gera þetta, nú verði að gera þessa kollsteypu varðandi völd framkvæmdavaldsins í þessum efnum, meginrökin eru þau að ráðh. verði að fá þetta vald og fá úr þessu skorið núna fyrir jólin, annað sé ekki fært, annars sé allt í voða, það sé ekki hægt að taka á málum varðandi fiskveiðistefnu næsta árs nema þetta vald liggi fyrir og lögin afgreidd fyrir jólahlé. Þetta eru einu rökin sem við fáum í reynd fyrir þessum hraða, en það hefur verið bent á það af ýmsum hér í umr. að fyrir þessu eru engar gildar ástæður. Ég hef ekki sannfærst um það, og hef þó reynt að fylgjast með þessari umr., að það skipti neinum sköpum þó að menn gæfu sér tíma til að kanna þessi mál, bera sig saman um þessi mál vandlega, þessi stóru mál, fram yfir þinghlé og taka málið upp í janúarmánuði. Þingið hefur fulla möguleika á að koma saman upp úr áramótum til að fjalla um stórmál sem þetta.

Það verður áreiðanlega enginn héraðsbrestur þó að það frestaðist um hálfan mánuð að um þetta mál yrði fjallað hér á Alþingi og afstaða tekin til þess á fyrstu vikum janúarmánaðar. Hér skiptir ekki almanakið öllu máli. Vissulega get ég undir það tekið að æskilegt hefði verið að geta gengið frá þessu máli, enda hefði þingið haft það til meðferðar hér með eðlilegum hætti um lengri tíma. Það hefði verið mjög gott, einmitt á þessum tíma, að geta tekið afstöðu til þessa máls og láta áramótin þar ráða, eins og menn gjarnan vilja gera í sambandi við áætlanir og mikilvægar ákvarðanir, en það eru engin sérstök rök fyrir því að þetta þurfi að gerast nákvæmlega á þessum dögum og megi ekki frestast fram yfir áramótin.

Undirbúningi er hægt að halda áfram varðandi þessi

mál og einmitt að leggja slíkan undirbúning fyrir þingið þegar hann liggur fyrir, eins og hæstv. sjútvrh. hefur um rætt að gæti orðið nálægt áramótum, ef ég hef skilið hann rétt varðandi þær stjórnunaraðferðir sem hann hyggst beita. En látum það vera að það sé metið svo af fróðlega áliti þessa starfshóps, vegna þess að hluti af knýja þetta mál hér fram, látum vera að það væri metið svo, að menn vildu ná þessu máli fram hér, fá þessar heimildir og fá fyrst og fremst úr því skorið, að þingið fallist í prinsipi á þær stjórnunaraðferðir sem að er stefnt með þessu frv.

Þá hefur það komið fram að minni hl. sjútvn. og aðrir sem tala hér fyrir svipuðum sjónarmiðum eru reiðubúnir til þess að tengja við afgreiðslu þessa máls viðauka, sem birtist í þeim tillögum sem fram hafa verið lagðar um það að fiskveiðistefnan verði mörkuð með sérstökum till., sem lagðar verði fyrir þingið, eins og fram kemur bæði á þskj. 242 og þskj. 235.

Síðan er ítarlegar kveðið á um það hvernig samráði skuli hagað og eftirliti með þeirri stjórnun sem gert er ráð fyrir að heimildar verði aflað hér til. Við erum sem sagt reiðubúnir til þess að koma hér til móts við hæstv. ríkisstj. og hv. meiri hl. sjútvn., ef menn sýna vilja til þess að draga úr því valdi, sem ætlað er að afsala til hæstv. sjútvrh. með þessu frv. Það kemur skýrt fram í þeim till. sem hér liggja fyrir.

Það væri ástæða til þess, virðulegi forseti, að skyggnast aðeins betur inn í þá röksemdafærslu sem hér er borin fram af hæstv. sjútvrh. ríkisstj., Halldóri Ásgrímssyni, 1. þm. Austurl., um nauðsynina á að fá þetta vald í hendur núna og rökin fyrir því að þetta hafi ekki verið hægt að gera fyrr. Það hafi þurft að bíða eftir niðurstöðum og ráðslagi hagsmunaaðila til þess að hægt væri að taka á þessum málum hér í þinginu. Jú, við höfum heyrt þetta fyrr og ekki viljað gera lítið úr þýðingu þess að hægt sé að stilla saman sem flesta hagsmunaaðila um svo stórt og flókið mál sem hér er um að ræða. En það gæti nú verið að stjórnmálamennirnir og framkvæmdavaldið í landinu geti hjálpað til að ná fram stjórnun af þeim toga sem hér er um að ræða, ef vilji er fyrir hendi og ef vilji hefði verið fyrir hendi á árum áður.

Ég er ekki eingöngu að tala hér um þetta þing, ég er ekki eingöngu að tala um þetta ár. Ég bendi á það að fram hafa komið skilmerkilegar tillögur um það fyrir nokkrum árum að skynsamlegt og æskilegt væri að breyta hér til með róttækum hætti um fiskveiðistjórn. Ég held að það sé hollt fyrir menn að hugleiða það hér og nú, þegar menn vilja taka kollsteypu af því tagi sem hér er um að ræða, að það hafa komið fram tillögur, ábendingar og skýr rök fyrir því að hverfa að breyttri tilhögun í stjórnun fiskveiða í landinu fyrir nokkrum árum síðan. En hvaða undirtektir fengu þær og hverjir voru það sem fóru með stjórn þeirra mála á þeim tíma? Á því tímabili sem ég þekki best til varðandi þessi mál, þann tíma sem ég sat í ríkisstj. og þá fyrst og fremst í tíð fráfarandi ríkisstj., var fiskveiðistefna og stjórnunarmál í fiskveiðum til umræðu frá ári til árs. Og þáv. hæstv. sjútvrh., núv. formaður Framsfl., kom með sínar tillögur um þau efni og þær voru auðvitað ræddar í ríkisstj., en hann hafði sinn vilja fram á þeim árum í meginatriðum. Hann fékk um það ábendingar frá aðilum, sem fyllilega mega teljast marktækir, kannske engar samræmdar eða heilsteyptar tillögur samþykktar af öllum hagsmunaaðilum eða meiri hluta slíkra, en þó mjög skilmerkilegar ábendingar og tillögur frá aðilum á Fiskiþingi og af vettvangi þar sem hæstv. ráðh. var kunnugur á árum áður, þ. e. frá Rannsóknaráði ríkisins, þar sem hann var framkvæmdastjóri m. a. s. að nafninu til þann tíma lengst af sem hann sat í fráfarandi ríkisstj., því að það er fyrst fyrir skömmu síðan sem hæstv. núv. forsrh. sagði því starfi sínu lausu, framkvæmdastjórastarfi hjá Rannsóknaráði ríkisins. Hann hélt því í fleiri ár eftir að hann fór í ráðherrastarf. Ég skal ekki um það segja, hvort hann sem framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs undirbjó það að settur var á fót sérstakur starfshópur eða starfshópar til að fjalla um málefni atvinnuveganna, þ. á m. málefni sjávarútvegsins. En svo mikið er víst, að tekið var á þeim málum á meðan hæstv. núv. forsrh. var framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs, m. a. á málefnum sjávarútvegsins.

Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu, sem ber heitið „Þróun sjávarútvegs, álitsgerð um stöðu og horfur í sjávarútvegi," og gefin var út 7. sept. 1981. Það er skýrsla starfshóps sem settur var á fót af Rannsóknaráði í nóv. 1979. Í henni segir, með leyfi virðulegs forseta, í inngangi:

„Meginniðurstaða skýrslunnar er sú, að ekki sé að vænta aflaaukningar sem orð er á gerandi í framtíðinni. Tímaskeið aukningar er liðið. Enn fremur má vænta þrengri markaðsstöðu. Með tilliti til þessa hlýtur meginviðleitni næstu ára að beinast að betri nýtingu auðlinda ásamt lækkun kostnaðar við veiðar og vinnslu."

Undir þessa skýrslu rita eftirtaldir menn sem í þessum starfshópi voru: Jónas Blöndal, Björn Dagbjartsson, Jakob Jakobsson, Þorkell Helgason, Páll Guðmundsson og Jón Ármann Héðinsson.

Það væri ástæða til að rifja upp nokkra þætti úr hinu fróðlega áliti þessa starfshóps, vegna þess að hluti af því kom inn á borð stjórnvalda áður en þessi skýrsla var út gefin og hæstv. þáv. sjútvrh. hafði án efa aðgang að þessum gögnum löngu áður en starfshópurinn lauk störfum. En af hans hálfu var á þeim tíma ekki vilji til þess að hlusta á rök og ábendingar þessa starfshóps Rannsóknaráðs ríkisins og hann fékk vissulega ekki stuðning heldur eða hvatningu til þess að taka undir tillögur, t. d. af minni hálfu, um að taka upp breytta stjórnun fiskveiða. Hann fékk ekki stuðning við það frá flokksbræðrum sínum í þáv. ríkisstj., t. d. frá hæstv. þáv. viðskrh., núv. hv. 4. þm. Austurl., Tómasi Árnasyni, sem ekki lýsti neinum vilja til þess að tekið yrði á þessum málum með öðrum hætti en tillögur komu um frá hæstv. sjútvrh. og endaði yfirleitt flestar ræður sínar um þetta mál, að ég best man, og ég býst við að hv. þm. Framsfl. kannist við það úr sínum hópi, hann endaði þær yfirleitt á þá leið efnislega: „Já, ég held nú að það sé nógur fiskur í sjónum. Ég er nú þeirrar skoðunar að það sé nógur fiskur í sjónum." Þetta var leiðarstjarna hæstv. þáv. viðskrh. sem hélt á málefnum skipastólsins hér á árum áður ásamt þáv. hæstv. sjútvrh. Þessir tveir félagar, hv. þm. Framsfl., fóru með þau mál s. l. þrjú ár í þeirri ríkisstj., fiskveiðistefnuna og fiskiflotann. Það væri lærdómsríkt, ekki síst fyrir hæstv. núv. sjútvrh., að stiklað væri á helstu atriðum í málsmeðferð þessara hæstv. ráðh. varðandi þessa þætti, hvernig bú það var sem þeir undirbjuggu og hann fékk í hendur varðandi þessa málaþætti sem Framsfl. hafði forræði yfir í fráfarandi ríkisstj.

Ég tel út af fyrir sig ekki ástæðu til að fara langt út í þá sálma hér þó að full ástæða væri til. Ég tel ekki ástæðu til að gera úr því sérstök pólitísk árásarefni hvernig á þessum málum var haldið þó að það sé jafnbrýnt að átta sig á því til hvers það hefur leitt okkur, að haldið var á málum með þeim hætti sem gert var á þessum tíma og reyndar á árum fyrr, því að almanakið byrjaði nú ekki árið 1980. Það er mér jafnljóst og öðrum hv. þdm. Ég held að það sé rétt, áður en ég kem að því sem ég vil víkja að varðandi málafylgju af hálfu stjórnvalda á þessum tíma, að rifja aðeins upp það sem kemur fram í þeirri skýrslu Rannsóknaráðs sem skilað var 1981. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta, á bls. 6 eftirfarandi:

„Skýrslan um þróun sjávarútvegs sem út kom árið 1975 er fyrirrennari þessarar skýrslu sem hér birtist. Óþarft þótti að endurtaka margt af því sem þar kemur fram en hins vegar er lögð nokkur áhersla á að skoða hvernig þróunarspádómar þessarar svokölluðu „Bláu skýrslu" hafa staðist hingað til. Þá er leitast við að draga fram viðhorfin eins og þau blasa við í öllum þáttum atvinnugreinarinnar og síðast en ekki síst gerð tilraun til að spá um líklegustu framvindu."

Síðan er vikið að afrakstursgetu íslenskra fiskstofna og annarra sjávardýra, úttekt á spádómum um einstaka stofna, þar á meðal um þorskstofninn. Það er lærdómsríkt, í ljósi þeirra breyttu viðhorfa sem fram hafa komið, að hv. þm. kynni sér það og rifji upp sem þar er sagt, því að það lýsir vissulega verulegri breytingu í sýn til þessara mála.

Í kafla um ástand fiskstofna og aflaspár segir hins vegar á bls. 13 í þessari skýrslu:

„Með hliðsjón af því að fiskstofnar eru nú ýmist fulleða ofnýttir er augljóst að öll viðleitni til aukins arðs af útgerð byggist einungis á sparnaði í útgerðarkostnaði og auknum gæðum landaðs afla en ekki á aflaaukningu." Þetta er undirstrikað í skýrslunni. „Áætlanir um framvindu fiskveiða sem einungis taka til stofnstærða og aflamagns segja því ekki nema hálfa sögu."

Um þorskveiðistefnuna er í þessari skýrslu fjallað undir heitinu „Hagkvæm þorskveiðistefna". Þar er vikið að sérstöku reiknilíkani sem reynt hefur verið að þróa en lá þó ekki fyrir fullbúið þegar gengið var frá þessu áliti. En það kemur hins vegar fram m. a. í töflu 1—3 varðandi „hagkvæmustu" sóknarstefnu, að starfshópurinn hefur gert ráð fyrir því á þessum tíma, þegar hann fullgerði sína skýrslu, að aflinn á árunum 1980—1984, miðað við hagkvæmustu sóknarstefnu, væri á bilinu 330 þús. tonn og vaxandi smám saman upp í 360 þús. tonn. Þeir eru sem sagt, þegar þeir eru að velta þessum tölum fyrir sér, á mun lægri nótum en reyndin varð á árunum 1980 og 1981 og raunar einnig 1982.

Sá kafli sem ég tel hins vegar athyglisverðastan úr þessari greinargerð þessa starfshóps varðar það sem þar segir um framtíðarstjórnun fiskveiða. Tengist það með beinum hætti því máli sem við erum hér að fjalla um þó að það snerti ekki þann kjarna sem varðar hver skuli hafa valdið. Um þetta efni, framtíðarstjórn fiskveiða, segir, með leyfi virðulegs forseta; á bls. 24:

„Markmið fiskveiðistjórnunar ætti að vera að veiða hverju sinni æskilegt magn úr hverjum stofni á sem ódýrastan hátt og ná þannig fram hámarksafrakstri veiðanna. Einsýnt virðist af fenginni reynslu, að þær aðferðir sem beitt hefur verið nægja hvergi til að tryggja æskilegt aflamagn og því síður til að halda niðri söknarkostnaði.

Til að ofangreindum markmiðum fiskveiðistjórnunar verði náð, virðist frumskilyrði að leyfisbinda allar fiskveiðar. Nú þegar eru fjölmargar tegundir veiða háðar leyfum og flest bendir til að áfram verði haldið á þeirri braut og því aðeins tímaspursmál hvenær lögbundið verður heilsteypt kerfi leyfisveitinga til fiskveiða. Tími frjáls og óhefts aðgangs að fiskimiðum er liðinn, þótt dregist geti að viðurkenna það.

Leyfi til fiskveiða geta annaðhvort falið í sér heimild til að veiða ákveðinn afla á tilteknu tímabili, **aflakvótar,** eða kveðið á um heimild til að halda til veiða tilgreindu magni og gerð veiðarfæra, og/eða skipa, á tilgreindu tímabili, **söknarkvótar.** Slík leyfi geta verið veitt einstökum útgerðum, skipum eða t. d. vinnslustöðvum með eða án ákvæða um framsal leyfanna til fiskiskipa. Þá er að geta þess að leyfisveitingu þarf ekki nauðsynlega að fylgja álagning leyfisgjalds.

Að sjálfsögðu koma einnig til greina ýmis millistig milli þessara tveggja tegunda kvótakerfa. Þannig eru aflakvótar allajafna veittir einhverjum afmörkuðum fjölda skipa, þannig að um leið eru veitt söknarleyfi.

Augljóslega er nokkur eðlismunur á afla- og söknarkvótum. Helsti kostur aflakvótakerfis er sá, að unnt er að stefna mjög nærri áformuðum heildarafla. Bersýnilega er ekki unnt að tryggja slíka aflatakmörkun með hreinu söknarkvótakerfi, en þó verður að ætla að með aukinni þekkingu á fiskstofnum og auknum upplýsingum um fiskveiðar megi fara mjög nærri um söknarafköst við hverjar veiðar á hverjum tíma, þannig að unnt ætti að vera að fara allnærri ætluðum heildarafla með réttu umfangi söknarkvóta.

Hvernig stuðla þessar tvær tegundir kvótakerfa að hagkvæmum útgerðarþáttum? Með (hreinu) söknarkvótakerfi eru skipstjórar óhindraðir í veiðunum og geta sóst eftir hámarksafla eða hámarksarði af veiðunum. Ætla má að þannig takmarki söknarkvótakerfi lítt sem ekki frelsi leyfishafanna og líki þannig eftir ástandi óheftra veiða, þó með því æskilega fráviki, að samkeppni um „síðasta þorskinn" ætti að vera óþörf. Ekki yrðu veitt fleiri né meiri söknarleyfi en svo að nægilegur fiskur yrði fyrir alla. Með aflakvótakerfi má ætla að a. m. k. fyrst í stað yrðu kvótar það rýrir að langflestir leyfishafar næðu leyfðum kvóta. Hagkvæmnisleit þeirra mundi því miða að því að lágmarka kostnað við að ná hinum leyfða afla. Á tímum orkukreppu getur stefnubreyting í þessa átt talist æskileg. Hafa ber í huga að ofangreindar vangaveltur miðast við þessi kvótakerfi í hreinni mynd. Eins og áður sagði er og yrði framkvæmdin eitthvert bland beggja og því ekki vert að gera upp á milli hagkvæmnisáhrifa kerfanna."

Síðan er vikið nánar að þessum kvótum og mismunandi gerðum kvóta. Ég hleyp hér yfir kafla en síðan segir í sama þætti um framtíðarstjórnun fiskveiða eftirfarandi:

„Helsta hætta við kvótakerfi virðist sú, að stöðnun verði í útgerð og meðalmennskan ráði ríkjum. Hinir duglegustu fái ekki að njóta sín. Endurnýjun verði ekki í hópi útgerðaraðila, o. s. frv.

Góður árangur kvótakerfisins virðist undir því kominn, að nægilegur sveigjanleiki sé fyrir hendi. Þannig þyrftu fengsæl skip að geta aflað sér aukins kvóta og t. d. þeir sem vildu einbeita sér að sérstökum stofnum

að geta losnað við einn kvóta fyrir annan.

Væntanlega mætti ná fram nægilegum sveigjanleika með því að heimila framsal kvóta, e. t. v. með einhverjum takmörkunum, t. d. þeim að kvóta megi einungis framselja innan sama svæðis í einhverjum skilningi. Meginvandkvæði slíkra framsala virðist vera ókunnugleiki manna á opnum mörkuðum. Markaðsverð kvóta gæti orðið allmiklum hendingum háð og hætt er við óheilbrigðum viðskiptum eða a. m. k. tortryggni um slíkt. Einfaldara og meira í samræmi við okkar þjóðskipulag virðist vera að hið opinbera selji kvótaleyfi og þá á ákveðnu verði. Mætti hugsa sér að hægt yrði farið af stað þannig að í upphafi yrði um 80% leyfilegs afla úthlutað ókeypis eftir fastmótuðum reglum en afgangurinn boðinn til sölu."

Þetta eru lok kaflans um framtíðarstjórn fiskveiða í áliti starfshóps rannsóknaráðs. En samandregið segir um stjórnunina á næstu bls. eftirfarandi:

„Betri stjórnun fiskveiða: Fiskveiðistjórnun hefur afgerandi áhrif á afkomu veiðanna. Í kafla 1.2 hefur verið bent á að ná mætti hámarksþorskafla með verulega minni sókn og flota en nú er. Þar að auki má efalaust draga úr heildarkostnaði veiðanna með því vali veiðarfæra og skipategunda sem betur falla að stærri fiskstofnum og hærra olíuverði en nú er. Rétt stjórnun fiskveiða gæti með hvata eða boðum stuðlað að réttri þróun í þessu sambandi."

Áður hafði verið fjallað um tæknilegar umbætur og betri stjórnun um borð, en svo segir í lokin um þessa þrjá þætti: „Af þessum þremur þáttum er sá síðast nefndi," þ. e. betri stjórnun fiskveiða, „sá sem sköpum skiptir."

Þessar tilvitnanir í skýrslu starfshóps Rannsóknaráðs ríkisins, sem er 76 bls. að lengd, ætla ég að láta nægja hér í mínu máli. En ég taldi ástæðu til að vekja athygli á því að þessi sjónarmið hafa komið fram með jafn skilmerkilegum hætti og hér er gert fyrir meira en tveimur árum síðan, og raunar hlutar af þessu fram komnir þó nokkuð löngu áður, þannig að stjórnvöld höfðu á þessum tíma tillögur þeirra aðila sem hér eru nefndir og að þessum starfshóp stóðu, sumra þeirra aðila sem nú eru enn að veita hæstv. sjútvrh. ráðgjöf, og margir fleiri komu með ábendingar og tillögur um breytta stjórnun af þessu tagi. (**Gripið fram í:** Hvað vildu hagsmunaaðilar þá?) Ég tel það afar afdrifaríkt að ekki skuli hafa verið hlustað meira á þessar tillögur á þessum tíma og að ekki skuli hafa verið neinn pólitískur vilji á þessum árum til að taka með breyttum hætti á stjórnun fiskveiða, með öðrum hætti en þeim sem menn þekkja af reynslu síðustu ára, hinu svokallaða skrapdagakerfi, sem er afkvæmi hæstv. sjútvrh. Framsfl. á þessum tíma, Steingríms Hermannssonar. Það er það kerfi sem loða mun við nafn hans, miðað við hans feril sem sjútvrh., skrapdagakerfið sem stjórnunarkerfi.

Og það var svo, hv. 5. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, að á þessum árum var um þessi mál fjallað t. d. á Fiskiþingi og af nefndum á vegum Fiskiþings og fleiri aðilum, sem ég veit að hv. þm. þekkir, og þar komu fram frá mörgum aðilum álitsgerðir sem eindregið hvöttu til þess að breytt yrði með róttækum hætti til um stjórnun veiðanna og tekið upp aflamark, sem kallað var kvóti á þeim tíma. Hins vegar var ekki gerð um það nein heildarsamþykkt af Fiskiþingi. Það er jafnljóst. Það er mér fyllilega kunnugt um, því að ég hef farið í gegnum allar ályktanir Fiskiþings frá þessum árum, líka þær tillögur sem ekki náðu þar samþykki. Ég minni t. d. á tillögur nefndar sem Hilmar Bjarnason stýrði, sá glöggi skipstjórnarmaður og fiskifélagsmaður, sem þar hefur verið á oddi um langt skeið og verið starfsmaður fiskifélagsdeilda á Austurlandi, hann leiddi nefnd sem um þessi mál fjallaði og skilaði mjög marktæku áliti að mínu mati og margra, margra fleiri.

Ég greip hér með mér í ræðustólinn minnisblað sem hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson lagði inn til ríkisstj. og þingflokka þann 21. okt. 1980. Það ber yfirskriftina „Stjórnun fiskveiða" og það er ómaksins vert að menn átti sig á hvert er inntak þessa minnisblaðs. Ég ætla ekki að taka tíma hv. deildar með því að lesa þetta gagn hér, þó að ástæða væri til að fara í gegnum það í heild sinni til þess að það lægi hér fyrir í þingtíðindum. En það er engin ástæða til þess, því að það er af svo mörgum atriðum að taka, sem ég þarf að hafa tíma til að leiða hér fram máli mínu til stuðnings og okkar tillögumanna fyrir brtt., að það er ekki ástæða til að taka upp nema fátt eitt úr þessu minnisblaði hæstv. þáv. sjútvrh. frá haustinu 1980. En í upphafi segir þar:

„Hér á eftir verða rakin" (**Gripið fram í:** En er þetta ekki úrelt þegar?) Síður en svo, hv. þm. Halldór Blöndal. Þetta varpar einmitt ljósi á þær aðstæður sem hafa leitt okkur hingað hér og nú til þessarar umr. og þeirrar ömurlegu aðstöðu, sem þinginu er búin með framkomu þess frv. sem hér liggur fyrir, og þess tíma sem þinginu er ætlaður til að fjalla um það stóra mál. Ástæða ófarnaðarins, eins og ég hef verið að víkja að hér og rökstyðja í máli mínu, er ekki síst sú, að það var ekki pólitískur vilji af hálfu Framsfl. til að taka á þessum málum hér á árum fyrr, þegar möguleiki var til að þróa hér stjórnun, skynsamlega stjórnun fiskveiða, meðan menn ekki bjuggu við þær alvarlegu og knöppu aðstæður sem nú ríkja að margra mati.

Ég held að það sé hollt fyrir menn að hugleiða einmitt hversu nöturlegt það er að við skulum hér vera komnir með tillögur af hálfu Hafrannsóknastofnunar um 200 þús. tonna þorskafla á ári, eftir að hafa búið hér að þorskafla á bilinu 300—460 þús. tonn fyrir 2—3—4 árum síðan, sem hefði gert það kleift með sársaukalausum hætti að taka hér upp gerbreytt vinnubrögð í sambandi við okkar sjávarútveg og stjórnun þessara mála, þannig að ekki væri jafnilla komið þeirri auðlind eins og rök eru fram borin um af sérfræðingum ef á þessum málum hefði verið tekið fyrr.

Það er í fyrsta lagi alveg ljóst að við hefðum ekki staðið frammi fyrir tillögum um 200 þús. tonna ársafla ef svo hefði verið og menn hefðu getað þróað breyttar stjórnunaraðferðir skref fyrir skref. Það sem er þó kannske þýðingarmest af öllu í þessu samhengi er sú staðreynd, eða a. m. k. það sem auðvelt er að leiða skýr rök að, ekki síst á þessari stundu, að menn væru ekki komnir með þann flota til veiðanna nú — (**HBl:** Ef færri skip hefðu verið keypt.) Í fyrsta lagi, hv. þm. Halldór Blöndal, þetta er alveg rétt athugað hjá þér og alveg óvenjulega skörp aths., ef færri skip hefðu verið keypt væri flotinn ekki jafnstór, en þá hefðu menn gáð betur að sér og sá strekkingur til að stækka flotann sem við þekkjum hér frá liðnum árum og alveg fram á þetta ár, sá gífurlegi þrýstingur hefði ekki komið fram, vegna þess að ef menn hefðu staðið fyrir eitthvað svipaðri

tillögu og hæstv. ríkisstj. nú myndast til að leggja fram í sambandi við stjórnun veiðanna, ég hæli henni ekki fyrir innihaldið að öðru leyti, ef það hefði verið gert, þá hefði það verið mönnum dagljóst að ekki væru efni til þess að auka við flotann með þeim hætti sem gert hefur verið á allra síðustu árum.

Það er kannske einn meginkostur þeirrar stjórnunaraðferðar sem hér er lagt til að upp verði tekin og er til umr., þó að útfærsla hennar komi ekki fram hér í þessu frv., að hún gerbreytir sýn manna til þessarar takmörkuðu auðlindar sem hér er um að ræða, og hefur auðvitað alltaf verið sínum takmörkum háð, þó að menn hafi ekki rekið sig upp undir með jafn afgerandi hætti eins og nú er og hér er um fjallað. Þeir hjálpuðust að um það, hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson, sem hafnaði því að taka upp breytta stjórnun með aflamarki hér á síðustu árum, og þáv. hæstv. viðskrh. Tómas Árnason að vinda upp, að hlaða utan á þennan bolta sem nú er orðinn svo stór að það er vart að hæstv. núv. sjútvrh. nái utan um hann og kallar hann þó ekki allt ömmu sína, sá vaski maður. (**Sjútvrh.:** Það var nú byggt eitthvað af skipasmíðastöðvum.) Já, hæstv. sjútvrh. upplýsir það hér með frammítöku, sem honum er velkomin, að það hafi nú verið byggt eitthvað hjá skipasmíðastöðvum. Alveg rétt, hæstv. sjútvrh. Það hefur líka verið byggt eitthvað hér innanlands. Það er nú kafli sem væri mikil ástæða til að taka svolítið á við Framsfl., við hæstv. ráðh. hans bæði núv. og fyrrv. (Gripið fram í.) hvernig þeirra hlutur hefur verið í sambandi við innlendan skipasmíðaiðnað. Þar kemur einmitt að þeim sömu hæstv. fyrrv. ráðherrum flokksins sem ég hef hér minnst á, þeirri botnlausu tunnu skilningsleysis sem þar var um að ræða í sambandi við samhengið í íslensku atvinnulífi.

Það er nefnilega svo, hæstv. sjútvrh. og aðrir hv. þdm., að það er fyrr en nú sem menn hefðu þurft að horfa til margra átta í sambandi við þróun okkar atvinnulífs og átta sig á því, að lítið samfélag, lítil þjóð sem okkar hefur ekki efni á því að kasta frá sér uppbyggingar- og þróunarmöguleikum í heilum greinum eins og reyndin hefur orðið á og við blasir nú með álíka alvarlegum hætti eins og í sambandi við fiskstofnana, þ. e. í sambandi við íslenskan skipasmíðaiðnað. Og það er dálítið sérkennilegt, kannske eðlilegt, en seint í rassinn gripið, þegar nokkrir hv. þm. Framsfl. flytja hér inn í þingið, inn í Sþ. þáltill. um viðhald íslenska fiskiskipaflotans. Það er að renna upp fyrir þessum hv. þm. og væntanlega öllum þm. Framsfl. að þeir þurfi að sýna einhverja viðleitni til þess að krafsa yfir þá gröf sem þeir hafa búið innlendum skipasmíðaiðnaði með stefnu sinni og gerðum hér á undanförnum árum. (**HBl:** Voru ekki hinir Framsóknarráðherrarnir betri?)

Ég gæti rakið hér allítarlega þá sögu mála, hvernig beitt var ráðum, og óráðum þó fyrst og fremst, til þess að flytja inn í landið gamla kláfa, gömul skip niðurgreidd frá útlöndum, til þess að stækka hér hömlulítið flotann í stað þess að taka undir tillögur um það að beita sér að því verkefni að gera innlendan skipasmíðaiðnað samkeppnisfæran og tryggja honum lágmarksverkefni og eðlileg verkefni í sambandi við endurnýjun íslenska fiskiskipaflotans. Ég segi, gera hann samkeppnisfæran, því að mér er ekkert annað í hug en að þessi grein geti boðið íslenskum sjávarútvegi skip, sem séu fullfær til þess að rækja sitt verkefni tæknilega séð, en ekki síður hitt, að þau séu samkeppnisfær við nýsmíði erlendis frá.

Innlendar skipasmíðastöðvar hafa ekki farið fram á mikið í þessum efnum og það hefði ekki orðið nein stökkbreyting í íslenska fiskiskipaflotanum þó að þær hefðu fengist við einhver verkefni, ekki síst ef að því hefði verið hugað og undir það tekið að þær fengju að njóta viðhaldsverkefna með eðlilegum hætti. En það var á valdi þáv. hæstv. viðskrh. að tryggja það með eðlilegum reglum að viðhaldsverkefni beindust til innlendra stöðva. Og ég gæti rakið það fyrir hv. 5. þm. Norðurl. v. hvernig undirtektir voru við tillögur þar að lútandi, því að það liggur allt saman fyrir, og hvernig það var hindrað að settar yrðu eðlilegar og sjálfsagðar reglur til þess að viðgerðar- og viðhaldsverkefni beindust til innlendu stöðvanna á liðnum árum.

Nei, það þýðir ekki fyrir núv. hæstv. sjútvrh. að ætla með frammígripum að breiða yfir það sem gerst hefur í sambandi við stækkun flotans og telja að vandinn liggi í því að það hafi verið smíðuð nokkur skip á síðustu árum hjá innlendum skipasmíðastöðvum. Ég tek hins vegar alveg undir það að varðandi nýsmíði hér innanlands þurfa menn vissulega að sjá fótum sínum forráð. Og það var vandalaust ef samstaða hefði verið um það að gera stöðvarnar samkeppnisfærar, eins og segja má að tekist hafi varðandi eina af þessum stöðvum, alveg sérstaklega nú síðustu árin, þ. e. Slippstöðina á Akureyri, sem er prýðilega búin stöð sem getur keppt við nýsmíði nánast hvar sem er og hefur sýnt með tilboðum sínum að hún er fullfær um það. Aðrar stöðvar voru einnig á góðri leið með það. Með fyrirgreiðslum, með breyttum fjármagns- og lánareglum var samkeppnisaðstaða skipasmíðastöðvanna löguð stig af stigi hér á síðustu árum. Ég er þakklátur hæstv. sjútvrh. fyrir að hafa minnt mig á þennan gilda þátt.

Þetta minnir okkur á það sjálfsagða verkefni að viðhald flotans, jafnt viðgerðir og nýsmíði, verði í framtíðinni leyst hér innanlands að langmestu leyti og helst að fullu. Það er markmið sem ætti að vera sjálfsagt fyrir hverja ríkisstj. að keppa að en hætta þeirri stefnu að byggja út atvinnutækifærum úr landinu með þeim hætti sem gerst hefur með skipulagsleysi og samtakaleysi milli sjávarútvegs og iðnaðar, þar sem skammtímahagsmunir hafa verið í fyrirrúmi og leitt til þess að við höfum misst af stórkostlegum tækifærum í sambandi við uppbyggingu iðnaðarins og möguleikum til að þjóna okkar flota.

Það kemur að því að við þurfum að byggja hér ný skip. Það er ekki mjög langt í að það þurfi að gerast og þau verkefni á að leysa hér innanlands. En það verður ekki gert nema það hugarfar ríki hjá ráðh. atvinnumála og fjármála sem geri það kleift og þar sem menn stilli saman að þessu marki. Það gera keppinautar okkar. Það gera Norðmenn og margir fleiri og brjóta meira að segja á okkur allar eðlilegar fríverslunarreglur, sem okkur er gert að hlíta, með ríkisstyrkjum við skipasmíðaiðnaðinn. Það er líka þekkt í öðrum viðskiptalöndum.

En þrátt fyrir það að þetta lægi fyrir og væri skýrt dregið fram, þá fengust menn ekki hér á síðustu árum til þeirrar sjálfsögðu varnaraðgerðar að taka fiskiskip af frílista. Hæstv. fyrrv. viðskrh. mátti ekki á það heyra minnst að fiskiskip væru tekin af frílista og þannig var lætt hér inn í landið skipum án þess að nokkur fyrirgreiðsla lánastofnana kæmi þar við sögu og útlend-

ingar fóru að gera hér út í íslenskri lögsögu á laun með fyrirgreiðslu íslenskra stjórnvalda.

Þetta er arfurinn, sem núv. hæstv. sjútvrh. tekur við, fyrir utan önnur raunaleg dæmi og gleymsku og yfirsjónir hæstv. núv. forsrh. sem ekki mundi mánuðinum lengur eftir því hvað ráðið hefði verið í sambandi við skipakaup og skipainnflutning erlendis frá. (**JBH:** Svo er verið að segja að ég sé enn í stjórnarandstöðu við fyrrverandi stjórn. Það eru fleiri, heyri ég mér til ánægju.) Það er ekki stjórnarandstaða, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Það er engin stjórnarandstaða. Það er aðeins viðleitni til þess að menn læri af fortíðinni. Til þess er fortíðin að reyna að læra af henni. Ég tel að menn séu með vissum hætti að læra hér í dag — á þessari nóttu og á þessum dögum, það endurspeglist með þeim hugmyndum sem uppi eru um breytta stjórnun veiða. Vissulega. En það er bara seint sem það er gert, það er bara seint sem það gerist og sá dráttur er dýrkeyptur sem á hefur orðið að menn lærðu þá lexíu.

Já, ég var einmitt að líta í minnisblað frá hæstv. fyrrv. sjútvrh. þegar núv. hæstv. sjútvrh. minnti mig á fiskiskipastólinn og vildi greinilega læða því hér að með frammítöku sinni að ég ætti einhvern hlut í því í sambandi við innlendan skipaiðnað. Ég skammast mín ekkert fyrir þann þátt, hæstv. ráðh. (**Sjútvrh.:** Ég hélt að þú hefðir gleymt því.) Já, já, það mátti heyra. En í þessu minnisblaði segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á eftir verða rakin meginmarkmið sem leggja ber til grundvallar við stjórnun fiskveiða og þeim leiðum lýst sem helst virðast koma til greina. Hér verður aðeins fjallað um botnfiskveiðar og gert ráð fyrir því að þorskaflann einan þurfi að takmarka."

Síðan er fjallað um meginmarkmið fiskveiðistefnu, og margt af því minnir mig að hafi verið mjög skynsamlegt sem þar kom fram, og síðan raktar ýmsar leiðir. (Gripið fram í.) Um markmið fiskveiðistefnu, það er minnisblað sem hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson lagði fram. En í sambandi við leiðirnar til að ná markmiðinu, þá fór nú í verra, hv. þm. Stefán Guðmundsson, því að þar fer hæstv. ráðh. yfir ýmsar leiðir og takmarkanir sem þurfa að koma til og fjallar um kvótakerfi, víkur að því með svofelldum hætti. (Gripið fram í.) Á bls. 4 í þessu minnisblaði undir lið 2.3 segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um kvótakerfið:

„Kvótakerfið er leið sem í ýmsum löndum er farin. Hún hefur fyrst og fremst eftirgreinda kosti:

1. Tiltölulega auðvelt ætti að vera að tryggja að heildarafli verði ekki meiri en að er stefnt.

2. Gera má ráð fyrir því að meðferð aflans batni með minna kapphlaupi eftir miklum afla.

3. Unnt ætti að vera að gæta meiri hagsýni við veiðar og stunda aðrar veiðar þegar hentar, án þess að eiga á hættu að missa af þorskkvóta.

Hins vegar virðast á þessari leið ýmsir annmarkar, m. a.:

1. Þótt unnt ætti að vera að ákveða kvóta fyrir hvern togara er slíkt stórum erfiðara fyrir hátt í 700 báta sem ýmsar þorskveiðar stunda. Jafnvel þótt færabátum yrði sleppt yrði að takmarka veiðar annarra báta eftir öðrum leiðum. Kvótakerfið virðist varla koma til greina.

2. Ekki virðist réttlátt að allir togarar séu með sama kvótann. Líklega yrði að ákveða hann á grundvelli veiða undanfarinna ára. Hætt er við að um slíkt yrðu miklar deilur."

Þetta segir hæstv. ráðh. haustið 1980, fyrsta haustið sem hann er í starfi sem sjútvrh., um þessa stjórnunarleið, á sama tíma t. d. og það ráð sem hann þá var enn framkvæmdastjóri fyrir, Rannsóknaráð ríkisins, hafði gert úttekt um þróun sjávarútvegs, að vísu ekki gefið út skýrslu þar um, en menn sem hæstv. ráðh. var í góðu kallfæri við voru á veg komnir með að greina þessi mál og leggja þar til gerbreytta stjórnun. Eins og ég gat um hér fyrr í umr. um þetta frv. þá gekk ég eftir því ár eftir ár í sambandi við mótun fiskveiðistefnu, hvort ráðh. væri ekki reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að þar yrði breytt til. Svarið var afdráttarlaust neitandi. Skrapdagakerfi skyldi það heita og sú varð lendingin. (Gripið fram í.) Það er von að hv. sjútvn. að meiri hluta komist svo að orði sem hér greinir, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 1 í sínu nál.:

„Enda þótt vel hafi verið að lögunum frá 1976 staðið," um fiskveiðilandhelgi Íslands, „það er mitt innskot, „og í þeim fjölmörg nýmæli á þeim tíma hefur þróun í fiskveiðum og stjórn þeirra orðið að mörgu leyti önnur en menn hugðu þegar þessi lög voru samþykkt. Ástand fiskstofna, stærri fiskveiðifloti og ný tækni hafa valdið því hér á landi eins og annars staðar að gripið hefur verið til nýrri og virkari stjórnunaraðgerða í veiðum og vinnslu í því skyni að nýta þá nytjastofna, sem eru hér við land, á sem skynsamlegastan hátt. Er nú svo komið að beitt er ýmsum aðgerðum við stjórn veiða sem engum komu í hug fyrir nokkrum árum. Má sem dæmi nefna þær sóknartakmarkanir sem verið hafa á þorskveiðum undanfarin ár og skiptingu aflakvóta milli veiðarfæra og báta."

Þetta læt ég nægja sem tilvitnun í nál., en því vitna ég í það að verið er að reyna að koma að þeirri hugsun, að hér sé eitthvað alveg nýtt mál á ferðinni, ný uppgötvun á ferðinni, það hafi komið hér yfir menn með samþykkt Fiskiþings nú nýlega að það þyrfti að breyta róttækt til, hér hafi komið fram hugmyndir um aðferðir sem engum komu í hug fyrir nokkrum árum. Hvað er nokkur ár, hv. formaður sjútvn., í þessu samhengi? Eitt, tvö, þrjú? (**Gripið fram í:** Það er ekki hægt að auka sókn í aðra stofna.) Hvað segir hv. þm., það er ekki hægt að auka sókn? (**Gripið fram í:** Sókn í aðra stofna.) Já, það er einmitt það. Ég átta mig ekki alveg á samhenginu en hv. þm. skýrir það sjálfsagt nánar þegar kemur að honum hér í umr. Ég hef tekið eftir því að hann hefur beðið um orðið.

Ég held að rétt sé að víkja einmitt aðeins að þessu, sem hér kemur ítrekað fram jafnt í nál. sem í umr. talsmanna þessa frv., talsmanna meiri hl. sjútvn. og fylgismanna þeirra, að það hafi ekki verið ráðrúm til að taka á þessu máli fyrr en eftir að Fiskiþing var afstaðið. Þess vegna höfum við nú svo knappan tíma til að fjalla um það, þess vegna beri nauðsyn til að hespa þetta mál af hér í annríkinu rétt fyrir jólin. Ég tel að þetta sé ekki frambærilegur málflutningur. Í ljósi þess sem ég hef verið að rekja hér, umr. um þessi mál og tillögur, þá er þetta ekki frambærilegt. Ég hygg að ýmsir í þjóðfélaginu, sem ekki eru nátengdir sjávarútvegi og ekki hafa fylgst með þessum málum gjörla, geti kannske látið blekkjast um hríð af svona málflutningi. Ég býst við að þeir finnist. Ég vænti þess þó að þeir séu ekki hér inni á Alþingi, að allir hafi fylgst svo með þessum málum hér að þetta sé ekki með öllu nýtt fyrir þeim. En það er ósmekklegt, finnst mér, að beita rökum af þessu

tagi til þess fyrst og fremst að fá hér í hendur óútfylltan víxil fyrir framkvæmdavaldið í landinu, fyrir hæstv. sjútvrh., en það er meginkjarni þess frv. sem hér er til umr. Og það er með eindæmum að ekki skuli finnast vilji til þess hjá hv. meiri hl. sjútvn. að taka hér undir brtt. sem fram eru komnar til að leiðrétta þennan meginágalla frv. Því að málið er ekki um það að menn séu hér andvígir því að taka upp breytta stjórnun. Hér er þvert á móti hvatt til þess af ræðumanni eftir ræðumann og undir það tekið, að á því sé nauðsyn og þótt fyrr hefði verið.

Herra forseti. Ég hef hér í samþjöppuðu máli leitast við að gera grein fyrir meginviðhorfum mínum til þessa frv., til viðbótar því sem áður hefur fram komið. Ég vænti að viðleitni okkar, sem erum á annarri skoðun um efni þessa frv. og höfum flutt um það brtt., verði að einhverju metin, ef menn hafa áhuga á því að reyna að stilla saman um þetta stóra mál. Og það er ekki aðeins hér inni á hv. Alþingi að menn greini á um þetta efni. Þessi ágreiningur er í þjóðfélaginu og ég er ansi smeykur um að hann geti orðið til ófarnaðar ef menn reynast ekki reiðubúnir til þess að koma hér til móts við þau sjónarmið sem fyrir liggja í brtt. Ég vil því hér undir lok míns máls hvetja eindregið til þess að ráðrúm verði notað innan þessarar umr., þessarar 2. umr. hér, til að taka á þessu máli af alvöru af meiri hl. hv. sjútvn., og það verði eitthvað annað en sýndarmennskan, að leita eftir leiðum til sátta og samkomulags, en ég get ekki kallað það annað en sýndarmennsku, þegar skotið er á klukkutíma fundi hér, og ekki er neinn afrakstur af honum heldur aðeins borin fram hin fyrri rök og ekki reynt að nálgast þau sjónarmið sem fram koma í brtt. sem fyrir liggja við frv.

Ég bið hv. talsmenn þessa máls að endurskoða sinn hug. Því fyrr sem það verður gert, þeim mun betra fyrir málið og fyrir það sem á bak við það felst, þá alvöru sem við blasir í okkar undirstöðuatvinnugrein þar sem mestu skiptir að menn leggist saman á árar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Klukkuna vantar nú 15 mínútur í 3 að nóttu til. Enn eru margir menn á mælendaskrá og þurfa mikið að leggja inn í þessa umr. (**Gripið fram í:** Nei, ekki mjög mikið.) Sumir þeirra a. m. k. og mér er kunnugt um að enn eru allnokkrir fyrir utan þessa mælendaskrá sem ætla sér að tala í þessari umr. og hafa ekki notfært sér þann rétt vegna þess að þeir voru að reyna að komast að samkomulagi við hæstv. sjútvrh. við 1. umr. eins og ítarlega er bókað í þeirri umr., en neyttu ekki réttar síns til að tala.

Ég held, herra forseti, að sá fundartími sem nú er, stundarfjórðungur í þrjú, sé lengsti fundartími sem þessi hv. deild hefur haldið í áraraðir. (**Sjútvrh.:** Nei, nei.) Nei, nei, segir hæstv. sjútvrh. (**Gripið fram í:** Það var í aprílmánuði núna í vor.) Það var í sameinuðu þingi, hv. þm. (**Gripið fram í:** Það var í þessum sal.) Það var í þessum sal, já, það gerist nú ýmislegt í þessum sal, en það var ekki í þessari hv. deild. Ef menn rengja það get ég sagt hæstv. forseta og þm. að ég hef óskað eftir því við skrifstofu Alþingis að lögð verði fram skrá núna innan tíðar yfir tímasetningar á lokum funda í þessari hv. deild s. l. 4 ár. Þá geta menn fengið samanburð til að miða við hin eðlilegu vinnubrögð í þinginu.

Ég vil þess vegna fara þess á leit við hæstv. forseta að hann í fyrsta lagi geri grein fyrir því hverjir það eru sem krefjast þess að þessi umr. haldi áfram. Er það ríkisstj.? Er það þingflokkur Sjálfstfl.? Er það þingflokkur Framsfl.? Hverjir eru það sem krefjast þess að þessari umr. sé haldið svona lengi áfram? Ef það eru þingflokkar stjórnarliðsins sem gera það er lágmarkskrafa að þm. þess liðs séu hér í salnum. Ef það er ríkisstj. sem gerir það er lágmarkskrafa að þeir hinir sömu menn séu hér í salnum.

Hæstv. núv. forsrh. ber manna mesta ábyrgð á því hve illa er komið í íslenskum sjávarútvegi og þess vegna er frumkrafa, ef þessi umr. á að halda áfram, að hann sé hér viðstaddur. (**Gripið fram í:** Hver þá?) Hæstv. forsrh. (**HBl:** Hann er löngu hættur að vera sjútvrh.) Það er að vísu rétt, en hann er a. m. k. enn þá hið svokallaða höfuð á þessari ríkisstj. þó það virðist nú á köflum vera einna helst líkast kálhausi ef horft er á þær aðgerðir og þau hugverk sem koma út úr því. En það er full alvara. Ef það er krafa ríkisstj. að þessi umr. haldi hér áfram skulu ráðh. vera hér. Ríkisstj. getur ekki gert kröfu til þess að þm. sitji í umr. að nóttu til ef hæstv. ríkisstj. er ekki sjálf í salnum.

Það er brot á öllum siðum og venjum sem hér tíðkast. Ef það eru hins vegar þingflokkar stjórnarliðsins sem krefjast þess er rétt að fram komi hvort það eru þeir báðir eða annar hvor þeirra. Ég óska eftir því að formenn þessara þingflokka, formaður þingflokks Framsfl. verði tilkvaddur hér í salinn — formaður þingflokks Framsóknar er að vísu mættur hér og getur svarað fyrir sig, en ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann sjái til þess að formaður þingflokks Sjálfstfl. sé kvaddur hingað í salinn ásamt hæstv. forsrh. (**HBl:** Ætli varaformaðurinn dugi ekki?) Já, ég gleymdi því nú að vísu og bið afsökunar á því að hv. þm. Halldór Blöndal mun hafa verið kosinn varaformaður þingflokks Sjálfstfl. Af hvaða ástæðum sem það hefur nú verið hefur hann verið kosinn til þess embættis og tekur þá væntanlega til máls hér á eftir og útskýrir hvort það er þingflokkur hans sem gerir kröfu til að þessi umr. haldi áfram.

Herra forseti. Ég hef borið hér fram eftirfarandi spurningar og ég óska eftir því að þeim sé svarað:

1. Hvað hyggst hæstv. forseti halda þessari umr. lengi áfram? Mér er kunnugt um að fyrir utan þá menn sem þegar hafa skráð sig á mælendaskrá — og má geta þess að ég skráði mig á þessa mælendaskrá fyrir um það bil klst. — eru ýmsir sem eiga eftir að skrá sig á hana. Flestir okkar hafa ekki einu sinni talað einu sinni í þessari umr. hvað þá heldur tvisvar, hvað þá heldur talað okkur dauða. Hvað hyggst forseti halda þessari umr. lengi áfram?

2. Er hægt að fá fram frá forsetastóli upplýsingar um það hvað fundir í þessari hv. deild hafa staðið lengi fram yfir miðnætti, hve margir og hve lengi á undanförnum fjórum árum?

3. Er það skv. kröfu hæstv. ríkisstj. sem þessum fundi er haldið svona áfram og þessi vinnubrögð eru tíðkuð hér eða er það skv. kröfu þingflokka Sjálfstfl. og Framsfl.?

Og svo að lokum, herra forseti, vil ég segja þetta um vinnubrögð hæstv. sjútvrh. í þessari umr.: Hann hefur hvað eftir annað komið hér í stólinn heilagur á svipinn og sagst ætla að stuðla að þessum umr. með því að svara þeim spurningum sem til hans er beint. Hann gerði það

við 1. umr. Svo kom hann upp í 2. umr. og svaraði litlu. Þegar á hann var gengið með það lýsti hæstv. ráðh. því yfir að hann vildi svara þeim spurningum sem til hans hefði verið beint í þessari umr. Til hæstv. ráðh. hefur verið beint fjöldanum öllum af spurningum í þessari umr. í kvöld og nótt. Hann hefur ekki komið hér upp í stólinn enn til að svara neinni af þessum spurningum. Þess vegna væri fróðlegt að fá það upp hvort hæstv. ráðh. ætlar ekki að gera það og hvenær hann hyggst þá gera það svo að þm. hafi möguleika til að taka til máls eftir að þeir hafa hlýtt á svör hæstv. ráðh.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Vegna fsp. hv. 7. þm. Reykv. er rétt að fram komi, sem þm. reyndar vita, að að því er stefnt að jólaleyfi þm. geti hafist sem fyrst eftir helgi. Það eru mörg mál á dagskrá. Þess vegna er nauðsynlegt að ljúka þessari umr. í kvöld og í nótt og að því er stefnt. Það fer að sjálfsögðu eftir ræðutíma einstakra þm. og þeirra sem þátt taka í umr. hversu lengi umr. dregst.

Ég hef ekki á takteinum upplýsingar um það hversu lengi fundir hafa staðið í hv. deild s. l. fjögur ár enda þurfa nokkur fræðistörf að liggja að baki áður en slíkri spurningu verður svarað.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Því miður hefur forsetinn ekki svarað mínum spurningum. Það er að vísu rétt að almennt er stefnt að því að jólaleyfi þm. hefjist í næstu viku skv. venju. Það eru engar fréttir fyrir þm. Ég spurði hver hefði krafist þess að þessari umr. yrði haldið áfram fram eftir nóttu. Eða vill enginn kannast við það? Hefur kannske enginn krafist þess? Ef enginn hefur krafist þess er alveg óþarfi að vera að því. Enga nauðsyn ber til að halda þessari umr. áfram og slá algert met í störfum deildarinnar að nóttu til ef enginn hefur farið fram á það, þannig að æskilegt er að þeim spurningum verði svarað. Að lokum spurði ég einnig hvort orðið yrði við þeirri ósk að ná í hæstv. forsrh. Ef þetta ríkisstj.- frv. er svo mikilvægt og merkilegt að það skuli ræðast hér hefur hæstv. forsrh. væntanlega ekki neinum öðrum merkilegri hnöppum að hneppa en að vera hér og gegna sinni þingskyldu hvað það snertir.

Páll Pétursson: Herra forseti. Til að gera langa sögu stutta var lagður fram listi frá ríkisstj. Á honum voru nokkur mál sem enginn gerði aths. við að væru forgangsmál, nokkur mál sem stjórnarandstaðan sýndi vissar efasemdir á að afgreiða og tvö mál sem stjórnarandstaðan tók dauflega undir að afgreiða fyrir jólahlé. Eitt af þeim málum sem allir formenn þingflokka voru sammála um að þyrfti að ná afgreiðslu áður en jólaleyfi hæfist voru veiðar í fiskveiðilandhelgi. Enginn ágreiningur var um að það mál þyrfti að eiga eðlilega og greiða leið í gegnum þingið. Ég styð þá ákvörðun forseta að ljúka þessari umr. í kvöld og nóttin er enn þá ung og okkur ekkert að vanbúnaði að sitja hér um tíma. En mér lánaðist að gera vísu meðan síðasti ræðumaður var í stólnum og ég ætla að lofa þeim sem hér sitja í deild að heyra hana. Vísan er svona:

Indælis drengur Óli,
ekki með tunguhaft.
Rogginn í ræðustóli
rífur sinn stólpakjaft.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér hefur komið fram að formaður þingflokks Framsfl. hefur ekki krafist þess að þessari umr. yrði haldið áfram að nóttu til. (**PP:** Ég taldi það bara sjálfsagt.) Já, hann hefur ekki krafist þess. Hann hefur ekki lagt fram neina ósk um að þessari umr. væri haldið hér áfram að nóttu til. (**PP:** Það var ákveðið á fundi að halda umr. áfram.) Það var upplýst hér fyrr á þessum sólarhring af formanni stærsta þingflokks stjórnarandstöðunnar að ekkert samkomulag hefði verið gert við stjórnarandstöðuna um það hvernig þessum fundi yrði háttað. Hins vegar er rétt að rætt hefur verið um að mál sem hér eru á dagskrá hafi ákveðinn forgang varðandi afgreiðslu þingmála fyrir jól. Það er allt annað mál.

Það virðist þess vegna vera svo að enginn vilji við það kannast að hafa gert þá kröfu að þessi fundur héldi áfram að nóttu til. Hæstv. forseti hefur ekki gert þá kröfu, ríkisstj. hefur ekki gert þá kröfu, þingflokkur Sjálfstfl. hefur ekki gert þá kröfu, þingflokkur Framsfl. hefur ekki gert þá kröfu. Það þorir enginn að kannast við það. Eða hefur kannske enginn gert þá kröfu að þessum fundi yrði haldið áfram svona lengi? Og fyrst enginn hefur gert þá kröfu og enginn gefur sig fram sem kröfuhafa í þeim efnum sé ég ekki að neina sérstaka nauðsyn beri til að halda þessum fundi áfram langt fram á næsta morgun. (**Gripið fram í:** Það vill svo til að þm. er ekki forseti.) Nei, það er alveg rétt. Ég vildi hins vegar aðeins skýra málið af minni hálfu því að ég sé nú ekki að það greiði fyrir þingstörfum á morgun eða réttara sagt í dag að þessi fundur, sem þegar hefur staðið 3 klst. af sólarhringnum, standi kannske — ja, það fer eftir því hvað hæstv. forseti vill halda lengi áfram. Vill hæstv. forseti halda áfram til kl. 6, vill hann halda áfram til kl. 8 eða 10 eða kannske til hádegis næsta dag? Hver eru áformin?

Ég held að alveg óhjákvæmilegt sé að aðalforseti þessarar deildar — ég geri ekki þá kröfu að 2. varaforseti leysi það mál — en að aðalforseti þessarar deildar, sem hefur ekki sést í deildinni í tvo klukkutíma, taki þessi mál í sínar hendur. Væri æskilegt að náð væri í hann. Það er ósk mín að svo verði gert og málið verði rætt við hann fyrst enginn hefur gefið sig hér fram sem kröfuhafa þess að fundinum sé haldið áfram svona lengi. (**StG:** Af hverju ekki í alla nótt?) Það er út af fyrir sig í lagi, en það kemur þá bara niður á öðrum þingstörfum, hv. þm. Stefán Guðmundsson.

Það er heldur ekki í lagi að halda áfram með alla forustu landsins, ríkisstj., fjarverandi fyrir utan einn mann og með þm. stjórnarliðsins að meginhluta fjarverandi fyrir utan 2 eða 3 menn. Það er ekki í lagi. Það er búið að segja hér í ræðustól af hæstv. ráðh. og hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að við séum að ræða stærsta mál þjóðarinnar. Og hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði í dag að við værum að ræða mál sem væri álíka og hér væri verið að fást við styrjaldarástand. Er þá í lagi að forsrh. og ríkisstj. öll sé fjarverandi þegar svo stórt mál er rætt? Er það í lagi að 80—90% af stjórnarliðinu sé fjarverandi þegar slíkt mál er rætt? Til hvers er verið að kjósa þessa menn á þing ef þeir eru ekki einu sinni viðstaddir þegar stærsta mál þjóðarinnar er á dagskrá? Hvers konar grín er þetta, hv. þm. Stefán Guðmundsson? (**StG:** Þetta er ekki grín.) Ja, það virðist vera ef hér er lagt fram mál og krafist afgreiðslu á því að nóttu til af því að það sé

stærsta mál þjóðarinnar, en þessir herramenn hafa ekki svo lítið við að vera viðstaddir eða svara þeim spurningum sem til þeirra er beint í þessum efnum.

Ég ítreka þess vegna óskir mínar til hæstv. forseta um að upplýst verði úr forsetastól þegar þær upplýsingar liggja fyrir hvað fundum hafi lengi verið haldið áfram hér á undanförnum fjórum árum í þessari hv. deild og að orðið verði við þeirri ósk minni að ná í hæstv. forsrh. og aðra ráðh. og séð til þess að þm. ríkisstj.-liðsins séu hér viðstaddir. Sé það hins vegar ætlun hæstv. forseta að halda þessum fundi áfram þar til umr. lýkur getur vel verið að hæstv. forseti þurfi að halda honum áfram ærið lengi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mér er sem ég sæi upplitið á hv. þingheimi ef hann væri hér við meira fjölmenni og verið væri að ræða fjárlög ríkisins, lánsfjárlög, löggjöf um tekjuöflun svo sem eins og frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt og þannig væri að þeim málum staðið að fyrir þingheim væri lagt að álykta að hér með væri hæstv. fjmrh. framsalað öllu valdi og gefin óskoruð heimild til að útfylla þessi fjárlög að öllu leyti sjálfur. Að ákvarða hverjir skuli vera tekjustofnar ríkisins, að kveða á um það hverjir skuli vera helstu skattstofnar, að sundurliða í smáu sem stóru hverjir skuli vera helstu gjaldaliðir á fjárlögum, að taka ákvörðun um það hversu miklum erlendum lántökum hann megi eftir leita og hversu þeim skuli varið.

Mér er sem ég sæi upplitið á þingheimi ef þannig væri staðið að þeim málum sem öllum ber saman um að við venjulegar kringumstæður — og þá er ég ekki að tala um styrjaldarástand eða neyðarástand — séu þetta stærstu mál þings á hverju ári, fjárlög, lánsfjárlög, tekjuöflunarlög. Líkingin er ekki fráleit vegna þess að hér hefur komið upp hver þm. á fætur öðrum og kveðið mjög fast að orði um mikilvægi þess máls sem við erum hér að fjalla um. Menn hafa jafnvel komist að orði á þá leið að hér sé um að ræða mál sem skipti meira máli en t. d. fjárlög ríkisins á einu ári.

Allir vita að þessi tæknivædda fiskveiðiþjóð byggir afkomu sína fyrst og fremst á því sem sjórinn gefur. Allir vita að um leið og lögð hefur verið fram „svört skýrsla" hafa ráðherrar hver á fætur öðrum lýst því yfir að nú séu allar forsendur framlagðra fjárlaga, lánsfjárlaga, tekjuöflunar með öllu brostnar. Allar gerðar áætlanir um tekjuskiptingu, um launakjör, um skattbyrði foknar út í veður og vind ef þannig færi að standa yrði við svartsýnustu spár eða tillögur fiskifræðinga.

Það kemur reyndar rækilega fram í nál. meiri hl. hv. sjútvn. að um það er enginn ágreiningur að þetta er geysilega mikilvægt mál. Hvað er það sem menn greinir svona ákaflega á um í sambandi við málið? Það er málsmeðferðin sjálf miklu fremur en að það liggi fyrir hver ágreiningurinn raunverulega er að því er varðar mótun fiskveiðistefnunnar. Í þessu efni hafa menn rætt það að hér sé ekki hvað síst verið að takast á um grundvallarreglur um hvert skuli vera valdsvið og hlutverk Alþingis þegar kemur að því að taka stórar ákvarðarnir um þýðingarmestu mál þjóðarinnar.

Í þessu efni hafa menn rætt um að hér sé farið fram á valdaframsal til framkvæmdavaldsins, til eins hæstv. ráðh., sem e. t. v. sé einsdæmi í sögu löggjafarsamkomunnar. Þetta er kannske stóra ágreiningsmálið. Líkingin sem ég tók áðan um fjárlög og lánsfjárlög var auðvitað til þess gerð að ég hygg að ekki mundi hvarfla að nokkrum einasta alþm., hvar í flokki sem hann er staddur og hvaða viðhorf sem hann kynni að hafa til efnahagsmála eða hagstjórnar, að það væri sjálfsagður hlutur að framselja hæstv. fjmrh., hversu mætur og ágætur sem hann kynni að vera, óútfyllta ávísun til að taka allar þær ákvarðanir sem við þrátt fyrir allt ætlumst til af löggjafarsamkomunni að hún geri að því er varðar fjárlög og ríkisbúskapinn í heild. Auðvitað veldur það gífurlegri togstreitu, auðvitað skapar það óendanleg vandamál alveg eins og framkvæmd byltingarkenndrar fiskveiðistjórnar hlýtur eðli málsins samkvæmt að valda deilum. Spurningin er um það hvernig á að leysa þær deilur og hverjum er ætlað að fara þar með valdið, hæstv. ráðh. einum, eða á löggjafarsamkundan sjálf að eiga einhvern hlut að máli a. m. k. að því er varðar að leggja einhverjar meginlínur, setja einhverjar grundvallarreglur fremur en standa kannske frammi fyrir orðnum hlut eftir á? Um þetta er vissulega ágreiningur, en þó ekki meiri en svo að það kemur alveg skilmerkilega fram af nál. meiri hl. hv. sjútvn. að þetta er óhemjulega óvenjuleg krafa. Til þess hefur verið vitnað í þessum umr. áður og ég hlýt að leggja áherslu á það. Í þessu meirihlutanál. segir, með leyfi forseta:

„Frv. hefur að geyma ákvæði um miklu ótvíræðari og víðtækari heimildir til handa sjútvrh. um stjórn og takmörkun fiskveiða en áður hafa þekkst eða finna má í gildandi lögum. Nefndin telur í sjálfu sér óæskilegt að Alþingi feli ráðherrum víðtækt vald til ákvarðana án skýrra lagafyrirmæla um efnisatriði slíkra ákvarðana, en hefur eigi að síður kynnt sér eftir föngum þau rök sem liggja að baki þeirrar tillögu um að auka heimildir ráðh. til þess að setja reglur um stjórn fiskveiða eins og nú háttar málum".

Ekki fer milli mála, herra forseti, að hér er tekið undir það sjónarmið að þetta sé vægast sagt afar óvenjuleg og einstæð krafa. Ég get þess vegna ekki skilið að nokkrir menn hér inni, hvort heldur eru handhafar framkvæmdavalds eða óbreyttir þm., geti á nokkurn máta hneykslast á því eða litið á það sem málþófsaðgerð þótt stjórnarandstæðingar hafi lagt fram tillögur í þessu máli sem efnislega kveða fyrst og fremst á um eitt meginatriði, nefnilega að ef Alþingi á að framselja þetta vald í hendur hæstv. ráðh. er lágmarkskrafan þar á móti að hæstv. ráðh. komi til móts við Alþingi og verði við þeirri afar hógværu ósk, að mínu mati, að leggja fram fyrir Alþingi a. m. k. þáltill., ef ekki lagatexta, þar sem hann gerir grein fyrir því eftir hvaða grundvallarreglum hann hyggist móta nánar framkvæmdaatriði og útfærslu þessarar stefnu. Þetta finnst mér vægast sagt svo sjálfsögð og eðlileg ósk stjórnarandstæðinga, og reyndar ekki bara stjórnarandstæðinga, að ég á satt að segja dálítið bágt með að skilja hvers vegna ekki er unnt að taka henni betur en gert hefur verið.

Ég minntist á það áðan að hver þm. á fætur öðrum hefur kveðið mjög fast að orði um hversu þýðingarmikið mál þetta er. Rennir það enn stoðum undir það hversu eðlileg sú ósk þingsins er að þingið fái frá hæstv. ráðh. og ríkisstj. meiri upplýsingar en hér liggja fyrir um aðferðirnar, eftir hvaða leiðum eigi að útfæra þá stefnu sem þessar almennu umr. hafa leitt í ljós í stórum dráttum um hvað snúast og að hverju er stefnt.

Það er ekkert launungarmál að ræða sú sem hv. þm.

Guðmundur H. Garðarsson flutti við umr. vakti nokkra athygli. Menn eru stundum að metast um það hvort þm. hafi til þess þekkingu og vit að leggja eitthvað fram að gagni í þessum umr. Um það hefur verið rætt að einstakir menn, sem eiga sæti í sjútvn. og hafa þar mikla reynslu og hafa reynslu af störfum sínum af sjávarútvegi, hafi auðvitað mikla þekkingu á þessum málum. Það vefengir enginn að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur starfað mikið að málefnum sjávarútvegsins og hefur á þeim ótvíræða þekkingu eins og fram hefur komið í máli hans. Viðvaranir hans í þessu máli eru einmitt þess vegna nokkuð sem menn freistast til að leggja hlustir við.

Ef ég man rétt komst hv. þm. svo að orði að hér væri um að ræða mál sem væri e. t. v. það örlagaríkasta í íslenskri atvinnusögu í áratugi. Hann notaði orð eins og þau að hér væri um að ræða tímamót í stjórnunarmálum íslensks sjávarútvegs sem kynnu að leiða til þess að hrikti í sjálfu eignaskipulaginu í sjávarútveginum. Það er mál sem mundi varða sjálfa stjórnskipunina og stjórnarskrá lýðveldisins. Hann lét í ljós, ef ég skildi hann rétt, ákveðinn ótta um að hér væri verið að stefna að þjóðnýtingu í einhverju formi, kannske bakdyramegin. Hann lét í ljósi miklar áhyggjur um það og setti fram kröfur um að rekstrarafkoma sjávarútvegsins, sem allir vita að hefur varla verið jafnbágborin árum saman, að upplýsingar um hver rekstrarafkoman er nú og hver hún yrði ef boðuð fiskveiðistefna næði fram að ganga yrðu lagðar fyrir þingið. Hann notaði orð eins og að þær aðgerðir sem nú stæðu fyrir dyrum kynnu að hafa svo alvarlegar afleiðingar í för með sér að þær kynnu jafnvel að eyðileggja sjálfstæðan einkaeignarrekstur í útgerð. Tók hann þó fram — og það skrifaði ég sérstaklega hjá mér — að hann væri ekki endilega af þessum sökum að óska eftir því að hæstv. ríkisstj. færi frá. Hv. þm. beindi ótal spurningum bæði til hæstv. ráðh. og meiri hl. sjútvn. um þessi mál og ég verð að segja að rétt er að þeim spurningum hefur ekki verið svarað svo fullnægjandi geti talist.

Ég ætla ekki að endurtaka þessar spurningar. Ég geri ekki ráð fyrir því að þó að ég gerði það mundi það neitt frekar leiða til þess að ég yrði virtur svars, enda ótvírætt að reynsla mín eða þekking á málefnum sjávarútvegsins er minni en þess sem spurningarnar bar fram. Ég nefni þetta aðeins til að leggja áherslu á að um það er enginn ágreiningur að við erum að fjalla í alvöru um eitt stærsta mál sem fram hefur verið lagt á Alþingi í málefnum okkar höfuðatvinnuvegar. Umr. hefur ekki fyrst og fremst snúist um að hér sé logandi ágreiningur um til hvaða aðgerða eigi að grípa. Umræðan er miklu fremur á því plani að þingið á bágt með að sætta sig við að framselja svo gífurlegt vald sem hér um ræðir í hendur ráðh. ef ráðh. treystir sér ekki til að koma til móts við þingið með því að gera skilmerkilegri grein fyrir því, ekki fyrst og fremst hver eru markmið þeirrar fiskveiðistefnu sem í smíðum er heldur hvaða aðferðir það verða fyrst og fremst, eftir hvaða leiðum hún verður framkvæmd.

Því hefur verið haldið fram að frekari umr. um þetta hér á þingi séu af hinu illa, séu til að tefja þýðingarmikið mál og þeir sem lengi umr. frekar séu að gera það af skömmum sínum eða í einhverjum ómerkilegum pólitískum tilgangi. Síðan er sagt að þeir aðilar sem lagt hafa fram brtt. megi ekki búast við því að þær fái almennilega umfjöllun vegna þess að þær séu of seint fram komnar. Hver maðurinn á fætur öðrum hefur haft uppi þessar mótbárur gegn till. fremur en efnisleg rök. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að svara því og brjóta til mergjar. Er það svo? Eru þessar tillögur of seint fram komnar? Út af fyrir sig má segja sem svo: Þetta geysilega mikilvæga mál er kannske í heild sinni of seint fram komið ef menn stefndu að því frá upphafi að það lægi hér fyrir og afgreidd fiskveiðistefna frá Alþingi, fullmótuð í grundvallaratriðum, tæki gildi frá næstu áramótum. Ef það væri ófrávíkjanlegt skilyrði þess að þessi stefna næði fram að ganga að hún þyrfti að koma til framkvæmda þegar í stað í heild sinni um áramót væri auðvitað hægt að halda því fram að málið í heild sé of seint fram komið. En þá ber ekki að beina þeirri gagnrýni til þeirra þm. sem ekki áttu þess kost að kynna sín sjónarmið fyrr en frv. sjálft var fram komið, heldur til hæstv. ráðh. og ríkisstj. fyrir að hafa ekki miklu fyrr, — fljótlega eftir að „svarta skýrsla“ var birt — lagt frv. sitt fyrir þingið.

Ég vil leggja á það sérstaka áherslu að við sem styðjum brtt. á þskj. 235, sem flutt er af hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, Guðmundi Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur, getum á engan máta fallist á að þessi till. geti ekki vegna ytri kringumstæðna fengið almennilega umfjöllun vegna þess að hún sé of seint fram komin. Við leggjum á það áherslu að hæstv. ráðh. hefur, jafnvel þótt þessi till. næði fram að ganga, alveg ótvírætt vald til að taka ákvarðanir og gera fyrstu ráðstafanir sem mundu vafalaust duga enda þótt lokaafgreiðsla málsins drægist eitthvað fram í janúarmánuð. En um leið gæfist tími fyrir hæstv. ráðh. og ráðgjafa hans og ríkisstj. í heild til að verða við óskum ekki aðeins stjórnarandstöðu heldur líka ýmissa stjórnarþingmanna og mjög margra hagsmunaaðila, sem eiga hér mikið í húfi, um að gera hreinna fyrir sínum dyrum en enn er orðið með því að leggja fullmótaðar tillögur a. m. k. í grundvallaratriðum fyrir þing, þó ekki væri fyrr en í janúarmánuði. Í till. okkar segir, með leyfi forseta:

„Ráðh. getur að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðh. getur enn fremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.“

Þetta gefur algerlega fullnægjandi heimildir fyrir ráðh. til þeirra ráðstafana sem óhjákvæmilegt yrði að grípa til í byrjun næsta árs og um leið svigrúm til að móta fiskveiðistefnuna síðan, eins og hér er verið að óska eftir, með ítarlegri hætti án þess að málið tapist með nokkrum hætti á tímanum einum saman. Niðurstaða mín um þetta efni er þess vegna sú að ef það er virkilega svo að ráðh. geti ekki komið til móts við Alþingi um að svara með ítarlegri hætti hvaða hugmyndir eru uppi að því er varðar mótun þessarar fiskveiðistefnu, aðferðir í grundvallaratriðum, er þess varla að vænta að Alþingi komi til móts við ráðh. og samþykki þegjandi og hljóðalaust að framselja til ráðh. vald til að framkvæma hluti sem þingið hefur ekki hugmynd um hverjir eigi að vera. Það væri dæmi sem væri reyndar makalaust í samskiptum þings og ríkisstj. Þingið liggur undir linnulausri gagnrýni fyrir að vera allt of tilleiðanlegt til að framselja vald í hendur fram-

kvæmdavaldinu, fyrir að gera allt of lítið til að gegna skyldu sinni sem eftirlitsaðili með framkvæmdavaldinu. Það er þekkt gagnrýni meðal virtustu lögfræðinga þjóðarinnar að Alþingi hafi brugðist í starfi sínu sem löggjafaraðili að mörgu leyti, og eru þó öll þau mál sem þar hafa verið tínd til og dæmi smávægileg miðað við það stóra skref sem hér yrði stigið ef Alþingi sætti sig við slíkt valdaframsal.

Þetta væri allt saman skiljanlegra ef það styrjaldarástand sem einn hv. þm. orðaði að nú væri yfirvofandi væri svo nýlega á skollið og ef öll þessi umr. um fiskveiðistjórnun væri svo ný af nálinni, ef þær hugmyndir sem nú eru uppi væru svo nýstárlegar og vandinn svo aðsteðjandi að enginn tími væri til stefnu og menn stæðu eiginlega alveg agndofa frammi fyrir einhverjum nýjum hugmyndum sem aldrei hefðu heyrst áður. Nú er þessu að sjálfsögðu alls ekki til að dreifa. Allar þær hugmyndir sem til umr. eru og varða það með hvaða hætti þessi fiskveiðistefna verði mótuð og ekki sé eins og sagt er „til reynslu í eitt ár" eru auðvitað þekktar. Á undanförnum árum hafa farið fram býsna ítarlegar umr. um efnisinntak þeirra flestra.

Fyrr við þessar umr. gerði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þann greiða að rifja upp í allítarlegu máli merka skýrslu frá starfshópi á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, sem ég hygg að sé býsna margra ára gömul, 8 ára gömul e. t. v. þar sem þessar hugmyndir, þá nýstárlegar í íslenskri umr., eru mjög rækilega reifaðar.

Kannske er ekki úr vegi að rifja upp sem aðeins eitt dæmi um það, að árið 1979, fyrir fjórum árum, birtist í tímaritinu Ægi býsna athyglisverð hugleiðing um helstu grundvallarþætti í stjórnun fiskveiða eftir þann mann sem nú gegnir embætti forstjóra Þjóðhagsstofnunar og er jafnframt, ef mér skilst rétt, formaður ráðgjafarnefndar hæstv. sjútvrh. í þessum málum. Það er kannske ástæða til að drepa í örstuttu máli á helstu hugmyndirnar sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar reifaði fyrir fjórum árum í þessum málum og hlutu þá því miður, alveg eins og umr. starfshópsins á vegum Rannsóknaráðs, allt of litlar undirtektir meðal ráðandi stjórnmálamanna, sem eins og fyrr hefur verið að vikið er m. a. ein ástæðan fyrir því að verr er fyrir okkur komið en ytri ástæður einar kynnu að hafa valdið.

Í fyrsta lagi tekur þjóðhagsstjóri rækilega undir það sjónarmið sem fram hefur komið í þessum umræðum að breyting frá ótakmörkuðum aðgangi að auðlindum hafsins yfir í stjórnunaraðgerðir og takmarkanir af hvaða tagi sem er er vissulega algerlega byltingarkennd í íslensku atvinnulífi. Óheftur aðgangur að fiskimiðunum hefur verið meginreglan í íslenskum þjóðarbúskap í 1000 ár og meira en það. En hitt, að reglan sé að verða sú að í stað óhefts aðgangs að ótakmarkaðri auðlind komi hvers kyns takmarkanir, það er gersamlega byltingarkennd breyting og undirstrikar enn einu sinni hversu mikilvægt mál við erum að ræða.

Þegar að því kemur að reifa nokkur grundvallaratriði fiskveiðistjórnunar vitnar þjóðhagsstjóri í nokkra viðkunna hagfræðinga á sviði fiskihagfræði og hefur eftir einum þeirra að hann telji einkum vera um að ræða fimm prófsteina á fiskveiðistjórnunaraðferðir. Hann telur að þær verði í fyrsta lagi helst að vera þannig úr garði gerðar að þær hvetji fremur en letji til nýjunga og tilrauna með nýjar og hagkvæmar veiðiaðferðir. Í öðru lagi að þær séu nægilega sveigjanlegar til að bregðast fljótt og rétt við breytingum á efnahagslegum og líffræðilegum skilyrðum. Í þriðja lagi væri ákjósanlegast að þær nytu stuðnings þeirra sem við þær eiga beinlínis að búa, þ. e. sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslufólks. Í fjórða lagi að tekið sé fullt tillit til þess kostnaðar sem stjórninni fylgir, að því er varðar rannsóknir, eftirlit, samninga við aðila og breytingar á rekstri. Þessi kostnaður verður að vera minni en ávinningurinn af stjórninni. Í fimmta lagi, tekið sé tillit til áhrifa stjórnaraðgerða á atvinnu og skiptingu tekna og eigna.

Hér eru talin upp fimm grundvallarsjónarmið við fræðilega úttekt á hvaða stjórnunarlíkan menn kynnu að vilja gera tillögur um eða smíða sér. Auk þess bætir þjóðhagsstjóri við frá eigin brjósti miðað við íslenskar aðstæður að nauðsynlegt sé að taka fullt tillit til viðbótarsjónarmiða vegna íslenskra aðstæðna og þá fyrst og fremst til áhrifa stjórnunar á fiskveiðimálum á okkar útflutningstekjur og greiðslujöfnuð og að tekið sé fullt tillit til byggðasjónarmiða. Hér eru settar fram grundvallarreglur sem segja býsna mikið. En þegar við erum að fara fram á að þessi fiskveiðistefna, sem við viljum nú gera tilraun með á næsta ári, verði ítarlegar útfærð, þá erum við fyrst og fremst að fara fram á nánari útfærslu á slíkum grundvallarreglum.

Í þessari ritgerð þjóðhagsstjóra er reyndar ýmislegt gert til að útfæra þetta nánar. Hann veltir því upp að raunverulega sé um að ræða fjórar grundvallarleiðir til útfærslu á þessum helstu sjónarmiðum.

Ein leiðin væri væntanlega sú að forðast alla beina íhlutun, takmarkanir, en beita heldur gamalkunnum ráðum stjórnmálamanna sem við köllum fortölur og viljayfirlýsingar. Ég geri ekki ráð fyrir að þeir séu margir hér inni sem telja að fortölur einar, umvandanir og prédikanir pólitíkusa, sem ekki hafa kannske við að styðjast allt of mikinn siðferðilegan styrk að fenginni reynslu af þeirri stjórnun á þessum málum dugi, eins og vandamálin eru sem við er að fást.

Í annan stað segir hann: Ein leið til að koma á allsherjarstjórnun í fiskveiðum er auðvitað allsherjar þjóðnýting eins og einn hv. þm. hefur látið orð að liggja að hann óttist að kynni að vera í reynd og rökstyður þar með ósk sína um að fá að vita ítarlega fyrir fram áður en hann t. d. greiðir atkv. með þessu algera valdaframsali hvort tryggilega sé svo frá hlutum gengið að eignarréttarformum öllum í sjávarútvegi sé gert jafnhátt undir höfði.

Þetta eru tvær leiðir. Ein leiðin fortölur og prédikanir, önnur leiðin þjóðnýting, en þar á milli er síðan væntanlega nánari útfærsla á því sem ég þykist vita að einkum vaki fyrir hæstv. sjútvrh. í einu eða öðru formi. Þá er í fyrsta lagi um að ræða einhvers konar beinar takmarkanir, boð og bönn af því tagi sem við höfum verið að fikra okkur áfram með tilraunir með á undanförnum árum. Dæmi um slíkar takmarkanir eru ótalmargar og þær þekkjum við. Flest er nú þegar á valdi sjútvrh. að gera, svo sem eins og að setja reglur um gerð og magn veiðarfæra, um möskvastærð, um hámarksnetafjölda í sjó, um hámarksstærð veiðiskipa til tiltekinna veiða, að beita reglugerðum og stundum lögum við lokun svæða, t. d. bann við veiðum á hrygningarslóð eða tímabundin svæðislokun, bann við veiðum á tilteknum tímabilum, að setja reglur um hámarksafla eða heildarkvóta fyrir afla úr stofni á vertíð

með eða án takmörkunar á aðgangi að veiðum, eins og gert hefur verið við humarveiðar, hámarksafli eða kvóti á hvert veiðiskip með eða án takmörkunar og aðgangi að veiðum, m. ö. o. veiðileyfi án endurgjalds, t. d. eins og gert hefur verið við hringnótaveiðar á síld á haustvertíð, takmörkun á fjölda báta, eins og gert hefur verið t. d. að því er varðar rækjuveiðar á mörgum stöðum, og takmörkun á innflutningi og/eða nýsmíði veiðiskipa með banni eins og fyrst voru gerðar tillögur um í sjútvrh.-tíð Kjartans Jóhannssonar en því miður illu heilli ekki staðið við síðar meir. Allt eru þetta dæmi um gamalkunnar leiðir. En nú skilst mér að kjarni málsins í þessum umr. sé að menn telji að ganga þurfi jafnvel enn lengra en þessar reglur. (**Gripið fram í:** Ertu nú fyrst að koma að kjarnanum?) Nei, nei, ég er margsinnis búinn að ræða ýmsa kjarna málsins en þeir eru fleiri en einn, hv. þm.

Ég vík enn að þessum hugleiðingum þjóðhagsstjóra því að honum er málið skylt þar sem hann er formaður ráðgjafarnefndar hæstv. sjútvrh. Hann nefnir sem fjórða dæmið um slíkar aðferðir fjárhags- eða verðlagsaðgerðir sem hvetja eða letja til sóknar. Þetta er kannske það sem er einna nýstárlegast í slíkum tillögum. Væri auðvitað ekki aðeins fróðlegt heldur að mínu mati nauðsynlegt fyrir hv. þm. að fá að heyra hver væri afstaða hæstv. sjútvrh. til aðferða við fiskveiðistjórnun af þessu tagi. Þjóðhagsstjóri nefnir í grein sinni sem dæmi um slíkar aðferðir eftirfarandi:

„1. Skattar á afla eða sókn í stofna sem taldir eru ofnýttir.

2. Styrkir eða verðuppbætur á afla eða sókn í vannýtta stofna." — Þetta eru hlutir sem við höfum reynt að hluta til.

„3. Sala leyfa til veiða með ákveðnum búnaði til hæstbjóðanda á uppboði." — Þetta er ein af hinum byltingarkenndu aðferðum.

„4. Úthlutun leyfa til veiða með ákveðnum búnaði gegn föstu (vægu) gjaldi sem síðan er heimilt að selja öðrum leyfishöfum (eða án takmörkunar).

5. Sala leyfa til veiða á ákveðnu magni á hvert skip til hæstbjóðanda á uppboði.

6. Úthlutun leyfa til veiða á ákveðnu magni á hvert skip gegn föstu (vægu) gjaldi sem síðan er heimilt að selja öðrum leyfishöfum (eða án takmörkunar).

7. Fjármagnskjör fyrir nýsmíði" með sérstökum hætti, niðurgreiðslum eða öðru þvíumlíku.

„8. Stuðningur til þess að taka óhagkvæm skip úr útgerð."

Þetta eru dæmi um nýstárlegar byltingarkenndar aðferðir sem hafa auðvitað í vaxandi mæli verið á dagskrá og sem eru óhjákvæmilega á dagskrá. Þeim mun alvarlegra sem okkur sýnist vandamálið vera, ef við erum þeirrar skoðunar að hefðbundnar aðferðir dugi ekki, þá er þetta m. a. dæmi um leiðir eða aðferðir við fiskveiðistjórnun sem taka þarf afstöðu til.

Nú hefur mér skilist t. d. í öllum umr. um kvótakerfið að það hafi gerst með ótrúlega skyndilegum hætti að hagsmunaaðilar, sem frá fornu fari og allt fram á seinustu stund hafa lýst sig eindregið andvíga kvótakerfi, hafi stutt það allt í einu undir áhrifum „svörtu skýrslu" á landsfundi LÍÚ. Hingað til hefur það sjónarmið ekki notið mikils stuðnings, ekki meðal útgerðarmanna og vissulega ekki meðal skipstjórnarmanna. Það er bara einn af þeim jákvæðu hlutum að ef menn eru reiðubúnir þrátt fyrir allt í ljósi gerbreyttra kringumstæðna að endurskoða það verður líka um leið hver sá aðili sem boðar kvótakerfi að gera nánari grein fyrir því eftir hverju hann ætlar að miða þennan kvóta. Það er bókstaflega nærri því merkingarlaust að boða kvótakerfi án þess að taka afstöðu til þess hvernig þessi kvóti á að vera framkvæmdur. Við hvað á hann að miðast? Á hann að miðast við aflamagn, verðmæti afla á einhverju tilteknu árabili, hverjum á að selja hann í hendur, með hvaða kjörum og með hvaða skilyrðum á að gera það?

Í því efni legg ég á það megináherslu að ég er dauðhræddur við að kvótakerfi sem ekki er undir neinum kringumstæðum framseljanlegt sé kerfi sem ekki geti staðist til lengdar. Hættan við slíkt kvótakerfi er að það er mjög ósveigjanlegt eða það leiði algera stöðnun yfir atvinnuveg sem fyrst og fremst byggist á dýnamik, framtaki og útsjónarsemi aðila, sem í slíku kerfi yrðu því miður mjög líklega hnepptir í viðjar sem mundi þá alls ekki leiða til þess að sett markmið um meiri framleiðni í sjávarútveginum eða í fiskveiðunum mundi nást. Þess vegna held ég að það sé algert grundvallaratriði að fá skýrt og skilmerkilega fram sett — og er nú ekki farið fram á mikið — skv. hvaða grundvallarsjónarmiðum þetta kvótakerfi eigi að setja. Kvótaverslun er að mínu mati líkleg til að gera kerfið sveigjanlegra og færa útgerðina í auknum mæli til þeirra sem hafa arðbærastan rekstur, en það hlýtur að vera eitt meginmarkmið þessara aðgerða. Slíkt kvótakerfi með framseljanlegum kvóta er líklegt til að skila sem mestum árangri með sem minnstum tilkostnaði.

Auðvitað veit ég að sala veiðileyfa mætir enn mikilli mótspyrnu margra, a. m. k. ef við erum að ræða um það í samhengi við togaraflotann þó menn gætu hugsanlega þegar farið að fallast á það í sambandi við ýmsar aðrar veiðar. En hinn kosturinn er óneitanlega skömmtunarkerfi, sem í sjálfu sér er afar viðsjárvert, sér í lagi ef á að setja það á með þeim skilyrðum að handhafi löggjafarvaldsins framselji slíkt ægivald í hendur einum ráðh., og breytir þá engu eins og margur maðurinn hefur sagt hversu ágætur sá maður er. Það liggur við að það vald sé slíkt að menn hljóti að taka undir með því sem stendur í heilagri ritningu: Eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu.

En kvótaskipting sem slík er auðvitað viðurkenning á því, sem við erum margir hverjir búnir að halda fram ansi lengi og tala fyrir daufum eyrum, að við stöndum fyrst og fremst frammi fyrir vandamáli um hina takmörkuðu auðlind. Það rennir frekari stoðum undir þau rök að sú auðlind sé þjóðareign fremur en einkaeign og er það enn einu sinni því til staðfestingar að nærri er óhugsandi að Alþingi geti framsalað frá sér í hendur framkvæmdavaldinu öllum ráðstöfunarrétti á þeirri auðlind sem er sameign þjóðarinnar og hún byggir alla afkomu sína á.

Af því að ég vék áðan að sjónarmiðum þjóðhagsstjóra og eins nánasta ráðgjafa hæstv. sjútvrh. vil ég ljúka því með því að setja fram eða rifja upp helstu meginniðurstöðurnar sem hann setti fram fyrir fjórum árum um grundvallarsjónarmið við framkvæmd slíkrar fiskveiðistefnu. Hann sagði, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Hugmyndina um fiskveiðistjórnkerfi, sem hér er varpað fram, má draga saman svo:

1. Framseljanleg veiðileyfi til veiða á ákveðnu aflamagni úr hverjum fiskstofni. Gætt verði atvinnuhagsmuna og byggðasjónarmiða við úthlutun. Upphafleg úthlutun án endurgjalds til þeirra sem veiðar hafa stundað. Heimild til framsals þorsk-, rækju- og skelfiskveiðileyfa bundin við landshluta eða héruð, en allt landið fyrir uppsjávarfiskveiðileyfi. Aflahlutir verði greiddir til sjómanna af andvirði seldra leyfa.

2. Aflajöfnunarsjóður innan sjávarútvegsins með gjöldum á ofnýttar en verðuppbótum á vannýttar fisktegundir.

3. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins líkt og nú er."

Hér eru settar fram grundvallarspurningar sem taka verður afstöðu til. Þær voru settar fram fyrir mörgum árum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rifjaði upp umræðu sérstaks starfshóps á vegum Rannsóknaráðs ríkisins um þessi sömu mál sem er þó fjórum árum eldri. En við erum fyrst og fremst að nefna þessi dæmi því til staðfestingar að þessi umr. er ekki ný. Hvort heldur menn kanna fræðibækur hagfræðinnar í fiskveiðihagfræði eða skýrslugerð um þessa hluti miðað við íslenskar aðstæður veit ég ekki til að neinir nýir hlutir séu í sjónmáli umfram það sem hér hefur verið sett fram. Hitt er að sjálfsögðu annað mál að taka þarf afstöðu til þessara spurninga. Þó er ekki verið að fara fram á að það sé gert í slíkum smáatriðum að Alþingi eða nefndir þess krefjist þess að það verði sjálft úthlutunaraðili þegar komið er að því að ræða þetta mál skip fyrir skip eða tonn fyrir tonn. Það er ekki hlutverk Alþingis, a. m. k. ekki að mínu mati. En það er óumdeilanlega hlutverk Alþingis að ákveða grundvallarreglurnar alveg með nákvæmlega sama hætti — eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar — og Alþingi hlýtur að taka á sig vandann og vegsemdina við að móta grundvallarstefnu þegar við ræðum hlut eins og fjárlög eða lánsfjárlög og taka afstöðu til grundvallarþátta í ríkisbúskapnum, grundvallaratriði í sambandi við skattlagningu þó svo að Alþingi ætli sér ekki framkvæmdina á skattlagningunni, þó svo að Alþingi ætli sér ekki að hafa milligöngu um ráðstöfun fjár til minnstu eininga í stjórnkerfi o. s. frv. En að því leyti er þessi samlíking alveg sambærileg að grundvallarreglurnar á Alþingi að ákveða.

Mikið er um það rætt að menn þurfi að koma sér saman í þessu stóra og erfiða hagsmunamáli án tillits til flokkadrátta, án tillits til flokkspólitískra sjónarmiða, án þess að leysa málið upp í venjulega andstyggilega togstreitu milli einstakra landshluta eða einstakra byggðarlaga. Undir þetta hljóta allir menn að taka. Það er mjög nauðsynlegt að menn reyni að leita slíks samkomulags. En nú vita allir að um geysilega hagsmuni er að ræða þegar kemur að því að taka upp jafnbyltingarkennda breytingu og kvótakerfið sjálft er, viðmiðun kvótakerfisins, framsal kvótakerfisins, hvort það á að byggjast á seljanlegum veiðileyfum, hvort það á að miðast við skip, hvort það á að miðast við skipstjórnaraðila, hvort það á að miðast við útgerðaraðila, hvort það á að miðast við fiskvinnslu. Því aðeins eru menn að skírskota til vilja manna í öllum flokkum og öllum landshlutum að reyna að leysa þessi mál án þess að þetta verði að óleysanlegum þrætum milli landshluta að settar séu fram einhverjar skiljanlegar grundvallarreglur. Þær mega ekki vera svo almennt orðaðar að þær hafi ekkert merkingargildi, að þær séu ekki mælanlegar. Þær þurfa ekki að vera í slíkum smáatriðum að þm. séu hér að fjalla um hvort kvótakerfi á að vera þetta og þetta mörg tonn á þetta og þetta skip. En það verður að vera með þeim hætti að þm. geti sagt sínum umbjóðendum að þessi mál hafi verið það rækilega greind, skilgreind og sett fram að á allra vitorði sé að eftir þessum leiðum sé hægt að ná settum markmiðum. Sett markmið eru auðvitað fyrst og fremst þau að við þurfum að ná á næstu árum minni afla en við höfum vanist um hríð með minni tilkostnaði. Hvaða leiðir sem farnar verða er þetta vandasöm aðgerð, en því aðeins getur um hana tekist sómasamlegt pólitískt samkomulag að menn viti að hverju þeir ganga. Þá fyrst er hægt að ná einhverri skiljanlegri málamiðlun að menn viti hvað þeir eru að tala um.

Ég fyrir mína parta hef á því takmarkaða trú, þó menn hafi um það góð orð hér, að þetta sé aðeins gert í tilraunaskyni í eitt ár, að við séum raunverulega að byrja á aðgerðum sem aðeins taki eitt ár. Við erum að byrja á mjög nýstárlegum hlutum. Reynslan verður að skera úr um hvernig til tekst. En ég er ekki í nokkrum vafa um að tilraunin, sem nú er hafin, er til lengri tíma en eins árs.

Herra forseti. Fyrr í þessum umr. vakti hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson máls á því að ýmsar ályktanir og álitsgerðir aðila í sjávarútvegi, sem eiga mikilla hagsmuna að gæta, hefðu ekki komið fram við þessar umr. Hann vitnaði einkum og sér í lagi í ályktun frá Verslunarráði Íslands þar sem fram komu nokkur meginatriði. Mig minnir að þar hafi fyrst og fremst verið lögð á það áhersla að óhjákvæmilegt væri að nýjustu upplýsingar um afkomu útgerðar eins og hún er núna og um rekstrarforsendur útgerðarfyrirtækja miðað við áformaðar breytingar fiskveiðistjórnar lægju fyrir þannig að menn keyptu ekki köttinn í sekknum, það væri einhver vitneskja fyrir fram um það hvaða afleiðingar hin nýja fiskveiðistefna hefði fyrir hin einstöku fyrirtæki og rekstrarform í greininni. Ef þær upplýsingar lægju ekki fyrir var þeim verslunarráðsmönnum það tilefni til að álykta að ytri aðstæður væru ekki svo knýjandi að fremur bæri þá að fresta endanlegri afgreiðslu málsins en að útkljá það núna án þess eiginlega að vita hvað menn væru að gera.

Í annan stað lögðu þeir áherslu á fjögur atriði að því er varðaði framkvæmd kvótakerfis:

Í fyrsta lagi að kvótinn væri seljanlegur, og ég hef lýst mínum skoðunum í því efni, sem ég tel æskilegt.

Í öðru lagi að ekki væri gert kleift að greiða fyrir veiðileyfi með fjármunum sem teknir væru úr öðrum rekstri, þ. e. öllum rekstrarformum í útveginum skyldi gert jafnhátt undir höfði. Menn geta skilið þetta hvernig sem þeir vilja, hvort heldur hér er verið að víkja að félagslegum rekstri eða hvort hér er verið að víkja að rekstri í tengslum við Samband ísl. samvinnufélaga.

Í þriðja lagi yrði tekið tillit til þess að framkvæmd kvótakerfisins beindist að því markmiði að verðlauna þau fyrirtæki sem mestri arðsemi hefðu skilað fremur en að leiða til stöðnunar eða jafnvel — svo reynslan sé nú tekin af kvótakerfinu í landbúnaðinum — til að hafa þveröfug áhrif, þ. e. að auka tilkostnað við aðföng við minni framleiðslu.

Í fjórða lagi lögðu þeir áherslu á að þarna væri um að ræða áfrýjunarrétt, þ. e. einstakir aðilar sem teldu sig kannske órétti beitta gætu leitað til einhvers óvefengjanlegs óhlutdrægs aðila sem hefði þá vald til að kveða

upp úrskurði í þeirra málum. Jafnframt kynnti hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson þinginu ályktun, sem honum hafði þá borist og nú síðar fleiri þm. Reykjavíkur, frá Bæjarútgerð Reykjavíkur. Ég vil aðeins að gefnu tilefni árétta hver aðalatriðin í þessari ályktun voru. Með leyfi forseta sagði þar:

„Útgerðarráð telur að nauðsynlegt sé að draga úr hættunni á ofveiði á Íslandsmiðum og þá sérstaklega með hliðsjón af ástandi þorskstofnsins um þessar mundir, en telur jafnframt orka tvímælis að sjútvrh. skuli fengnar jafnvíðtækar heimildir til skiptingar afla eftir tegundum á einstök fiskiskip eins og gert er ráð fyrir í frv. Útgerðarráð beinir þeim eindregnu áskorunum til þm. Reykjavíkur að þeir gæti þess að ekki verði gengið á hagsmuni þessarar stærstu verstöðvar landsins við útfærslu málsins."

Nú væri það auðvitað mjög æskilegt að þeir þm. Reykjavíkur sem hér er verið að ávarpa gætu svarað t. d. þessum aðilum með vísan til þess að afgreiðsla málsins á Alþingi hefði ekki orðið til þess að kaupa algerlega köttinn í sekknum að því er varðaði þetta gamalgróna og öfluga og þýðingarmikla fyrirtæki, að við gætum dregið einhverjar þær ályktanir af þeirri fiskveiðistefnu sem hér hefði verið mótuð í meðförum Alþingis að á því léki ekki nokkur minnsti vafi að það sjónarmið eitt sér sem menn hafa kennt við möguleika manna á tilfærslu til annarrar atvinnustarfsemi hér í þéttbýlinu yrði látið ráða í þessum efnum.

Þetta er aðeins eitt dæmi af ótalmörgum sem sanna hið sama, nefnilega að nauðsynlegt er, ekki aðeins fyrir okkur þm. Reykjavíkur, heldur líka hv. þm. Stefán Guðmundsson, formann sjútvn., hv. þm. Garðar Sigurðsson, áhrifamann með réttu í sjútvn., að fá svör við þessum einföldu spurningum. Það er ekki satt að við stöndum núna frammi fyrir svo gersamlega nýjum hlutum að ógerningur sé tímans vegna að svara einföldustu spurningu um það með hvaða hætti við ætlum að framkvæma þessa stefnu. Það er ekkert nýtt undir sólinni, sagði einhver, en það er heldur ekkert nýtt með svo byltingarkenndum hætti að því er varðar þá möguleika sem við á annað borð höfum til þess. Það sem vantar er að taka afstöðu og við getum ekki skotið okkur undan því að taka afstöðu. Það kemur, ef þessi leið verður farin, í hlut sjútvrh. að taka þessa afstöðu einn, en þá er um leið búið að framselja vald úr hendi Alþingis með hætti sem sennilega er einstakur ekki aðeins í sögu þessarar stofnunar heldur með hætti sem ég hygg að ekkert löggjafarþing, sem vill rísa undir nafni, hafi nokkru sinni látið bjóða sér.

Ég held að ég sjái ekki ástæðu að þessu sinni til að ræða þetta í frekari smáatriðum, en áskil mér náttúrlega allan rétt til að taka þátt í þessari umr. þótt síðar verði. Ég vil að lokum, herra forseti, fyrst og fremst leggja á það áherslu að þau einu rök sem færð hafa verið fram gegn afgreiðslu á till. þeirra hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, Guðmundar Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur eru að sú till. hafi verið of seint fram komin og þess vegna sé ekki hægt að taka efnislega afstöðu til hennar. Þau rök fá ekki staðist. En lokaatriðið er að alveg eins og flestir þm. og reyndar allir mundu verða á einu máli um að hafna tilmælum, ef þau kæmu nú fram frá mjög svo vinsælum hæstv. fjmrh., um að hann fengi blankó óútfyllta ávísun til að ráðstafa einn og skrifa tekna- og gjaldamegin hver skuli vera fjárlög ríkisins, hvernig tekna skuli aflað, hver tekjuupphæðin skuli vera og hvernig útgjöldin skuli vera í smæstu smáatriðum, þá verð ég að segja eins og er að þeir þm. sem sjálfir taka undir það, t. d. í meirihlutaáliti hv. sjútvn., að hér sé ekki bara um að ræða mál sem jafnast á við fjárlög, heldur stærsta mál sem komið hefur á borð þm. að því er varðar atvinnulíf Íslendinga áratugum saman, þeir hljóti um leið að segja að ekki sé ósanngjörn krafa að fara fram á að þessi ávísun verði útfyllt fyrir fram.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Það væri gott ef hæstv. forseti Nd., aðalforseti, gæti verið ekki víðs fjarri. Þannig er nú málum háttað að klukkan er farin að ganga 5. Það er auðvitað í lagi að halda hér næturfundi út af fyrir sig og við erum reiðubúin til þess í stjórnarandstöðunni að greiða fyrir málum jafnvel þó að næturfundi þurfi til. Við höfum lagt okkur mjög fram um það í kvöld að tryggja það að umr. héldi áfram með eðlilegum hætti, að ekki yrðu ástæðulaus hlé þar á, og eftir að niðurstaða fékkst svo í sjútvn. hefur umr. haldið áfram núna um nokkurt skeið.

Það er greinilegt að hæstv. ríkisstj. leggur á það ofurkapp að knýja þetta mál fram. Hún sækir það mál satt að segja af býsna mikilli hörku. Hún sækir það af mikilli hörku og hún gengur þar lengra en dæmi eru til um á undanförnum árum. Nú er það ofur eðlilegt að ríkisstj. leggi kapp á að koma málum fram. Hér er hins vegar um stærra mál en svo að ræða að menn geti látið eiga sig að freista þess að stuðla að sæmilegu samkomulagi. Það tel ég að hv. sjútvn. hafi hins vegar ekki gert í sinni umfjöllun um málið í kvöld, því miður. (**Gripið fram í:** Hvað gerði hún ekki?) Hún reyndi ekki að stuðla að samkomulagi. Hún tók ekki tillit til þeirra ábendinga sem fram komu frá nefndunum að einu eða neinu leyti. Þær ábendingar sem fram komu frá tillögumönnum og gerð var grein fyrir hér í dag fundu ekki náð eða skilning fyrir augum nefndarinnar. Þetta ber auðvitað að harma og að síðan skuli bætast við þessi vinnubrögð, að nú sé keyrt áfram með málið inn í nóttina af áður óþekktri hörku.

Ég hef hér fyrir framan mig, virðulegi forseti, skrá yfir næturfundi hér í hv. Nd. núna síðustu þrjú árin. Þessi fundur, sem hér er keyrður svo hart fram, er þegar orðinn met á þessu árabili. Á þinginu 1980—1981 var lengsti fundurinn inn í nóttina til kl. 2.20. Aðeins einu sinni í annað skipti var fundur í Nd. fram yfir kl. 12, til kl. 12.53. 1982 var lengsti fundurinn til kl. 2.15 og sá næstlengsti til kl. 12.15. Á síðasta þingi var lengsti fundurinn til kl. 12.45 og sá næstlengsti til kl. 12.30. M. ö. o., sá fundur sem hér stendur enn yfir og er ekki nálægt því lokið samkvæmt mælendaskrá hefur nú þegar staðið a. m. k. tveimur klukkutímum lengur en unnt er að finna fordæmi fyrir hér á liðnum þremur árum. (**Gripið fram í:** Þá var Ólafur Ragnar líka í Ed.) Það er rétt, þá var Ólafur Ragnar í Ed. (**ÓRG:** Ég hef ekki talað enn þá í þessari deild.) Ólafur Ragnar hefur ekki talað enn svo að það er ekki öll von úti enn í þessu efni, hv. þm. Ég verð að segja það, að ég tel að ríkisstj. sæki þetta mál nú af svo mikilli hörku að það sé með öllu óeðlilegt. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. forseta hversu lengi hann ætlar að halda þessu hér áfram án þess að sjútvrh. sé knúinn til þess að svara þeim spurningum varðandi rekstrargrundvöll útgerðarinnar og útfærslu kvótanna, sem bornar hafa verið hér fram af

hv. þm. aftur og aftur í alla nótt án þess að nokkurt svar hafi komið. Ég vildi fá svör við þessu, herra forseti, þannig að ljóst megi verða hvernig á því stendur að ríkisstj. keyrir þetta mál fram af slíku offorsi, eins og þó er nauðsynlegt að ná um þetta mál hinu besta samkomulagi.

Forseti (Ingvar Gíslason): Vegna þessara orða hv. þm. vil ég taka það fram að það er auðvitað enginn óskatími hjá forseta þessarar deildar að halda svona langan fund nú. Hins vegar er það mat forseta að deildin sé nú orðin svo aðþrengd um tíma, miðað við það mark sem við höfum sett okkur og menn setja sér í þessari lotu fyrir jól, að það sé nauðsynlegt að halda þennan fund og drífa hann áfram á þann hátt sem hér hefur verið gert, þó að ég taki enn fram að það er engin óskastund — enginn óskatími hjá mér að þurfa að halda hér fundi á þessum tíma. En sem sagt, mitt mat er það, að vegna þess hversu aðþrengd deildin er um tíma sé nauðsynlegt að halda þessa fundi; og þennan fund sérstaklega þó langur sé, og þess vegna skorar forseti á þdm. að virða þetta mat forseta.

Hitt er annað mál, að forseti er tilbúinn til þess að ræða þetta nánar hvernig og hvenær þessari umr. megi ljúka. Vonandi gefst tími til frekari umr. um það. Hvað varðar þessa skýrslu sem hér er, þá segir hún að sjálfsögðu sína sögu. Hins vegar er ekki þar með sagt að hún sé nein sönnun fyrir því, að það sé endilega óþarfi nú að halda svo langan fund. Ég hygg nú að ef horft er lengra aftur þá megi finna þess mörg dæmi að þingfundir hafi staðið hér nokkuð lengi fram eftir nóttu, og sjálfur minnist ég þess, eftir að hafa setið alllengi á þingi, að svo hefur verið. Ég hef sjálfur tekið þátt í slíkum umr. En ég vil ekki fara að deila mikið um þetta. Ég get fallist á það að þetta sé óheppilegur fundartími og sjálfsagt er að ræða nánar um það hvort ekki sé hægt að finna einhverja leið út úr því.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég sé ekkert að því að ræða málin gaumgæfilega. Það er auðvitað sjálfsagt. En ég minnist þess núna að á því sama ári sem nú er að líða vorum við hér viðstaddir mjög langan fund, líklegast einhvern tíma í mars. Það var verið að ræða merkilegan málm og umsvif í kringum hann, og það voru einmitt þeir sömu aðilar sem hér eru núna svo duglegir að greiða fyrir framgangi mála, eins og þeir orða það sjálfir, og er rétt að orða það á jafnkurteislegan hátt og þeir gera, þá vorum við hér til kl. a. m. k. hálffimm að reyna að halda uppi svokölluðu málþófi, þó að það heiti í munni sumra, eins og sagt var hér í dag, að vinna að því að greiða fyrir framgangi þessarar umr. Og það meira að segja menn sem hafa sagt það á þessum sama degi að þeir mundu ekki standa fyrir málþófi í þessu máli. (**Gripið fram í:** Hér er ekkert málþóf.) Nei, það er ekki málþóf. Ef menn kalla þetta ekki málþóf, þá veit ég ekki hvaða orð þeir nota yfir það. Þetta er auðvitað málþóf og ekkert annað og gert til þess að reyna að eyðileggja málið. En ég er ekkert að finna að því. Menn ráða því auðvitað sjálfir.

En ég vil nefna það að hér hefur verið haldið fram rangri fullyrðingu, að hv. sjútvn. hafi ekki reynt að ná samkomulagi um málið. Það var reynt til þrautar á fundi n. nú klukkan að ganga eitt og boðið upp á ýmsa möguleika í þeim efnum. En þessir aðilar, sem hér tala svo, buðu aðeins upp á það samkomulag að gengið yrði að þeirra kröfum. Maður kannast við slíkt vinnulag af hálfu sumra þessara herramanna.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði. Hér var í marsmánuði haldinn fundur til kl. hálffimm. En sá fundur var haldinn í Sþ. og hann var einsdæmi í áraraðir. Lengsti fundur þar á undan var rúmum tveimur klukkutímum skemmri en sá fundur. Það er þess vegna alveg ljóst að þessi fundur, sem hér hefur staðið nú svo lengi, er þegar orðinn einsdæmi á undanförnum árum. Það hefur verið ýjað að því, bæði hér úti í sal og í hliðarsölum og jafnvel víðar, að þm. Alþb. væru með málþóf í þessari umr. (**Gripið fram í:** Það hefur engum dottið í hug.) Ég hef heyrt ýjað að því hér. Ég vildi því aðeins vekja athygli á þeirri staðreynd, að á s. l. 7 klst. hafa þm. Alþb. eingöngu talað í rúma 1 klst. í þessari umr. Það er dagsatt. (**Gripið fram í:** Hefur þú aldrei farið í ræðustól?) Í þessum umr. hafa þm. Alþb. eingöngu talað í rúma klukkustund. (Gripið fram í.) Það er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Það er að vísu rétt að ég hef nokkrum sinnum komið hér í stólinn og rætt um þingsköp. Þær ræður hafa yfirleitt aðeins staðið í 2—3 mínútur hver þannig að það er mikill misskilningur. Menn geta gengið úr skugga um það hér í segulbandasafni þingsins hvað er hið rétta í þessum efnum.

Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, sem eðlilega hefur lýst því hvað eftir annað að hann hefði mikinn áhuga á að koma þessu máli fram, hvort honum dugi nú ekki að koma þessu máli út úr deildinni á þessum sólarhring. Ég hefði nú haldið að það ætti að duga. Nú eru þegar liðnar rúmar 4 klst. af þeim sama sólarhring sem ég á hér við. Vill nú ekki hæstv. forseti kanna það, hvort ekki er hægt að leita samkomulags um það — (Gripið fram í.) Samkomulög sem gerð hafa verið hér milli þingflokka hafa ávallt verið haldin af hálfu Alþb. það ég veit. (**GSig:** Nei.) Vandinn við þetta mál er hins vegar sá, að hvorki hæstv. sjútvrh. né aðrir sem ábyrgð bera á þessum málum hafa látið svo lítið að ræða við stjórnarandstöðuna um það og þá aðra þm. sem hafa aðrar skoðanir en ráðh. á því hvernig málið næði fram að ganga. Engu að síður sagði hæstv. ráðh. í sinni inngangsræðu að þetta mál væri hafið yfir flokka. Ef ekki væri þessi sífelldi þjösnaskapur með þetta mál og menn aldrei reiðubúnir til eðlilegra manneskjulegra viðræðna um það við ráðh. og ráðh. við aðra hvernig á málinu yrði tekið og hvort ekki séu einhverjir möguleikar á að fá því breytt, en ráðh. hefur aldrei opnað á slíkar viðræður við þingheim. (**GSig:** Að fá hverju breytt?) Frumvarpinu.

Þess vegna vil ég nú beina því til hæstv. forseta að kannað verði hvort það dugir ekki hæstv. forseta og þeim sem reka á eftir þessu máli þó að þeir vilji ekki við það kannast að málið fari út úr deildinni á þessum sólarhring. (**GSig:** Óbreytt?) Það getur enginn samið um það, það ræðst í atkvgr. Það getur enginn maður samið um það hvað gerist í atkvgr. En hvað umræðuhlutann snertir ætti að vera hægt að semja um það, eins og áður hefur verið gert í þinginu, að málið fari út úr deildinni á þessum sólarhring.

Ég hef ekki enn þá nýtt mér rétt minn til að tala í þessum umr. Ég hef eingöngu hér við 1. umr. talað í um

það bil stundarfjórðung í þessu máli. En ég er engu að síður reiðubúinn til samkomulags um það að stuðla að því að dm. allir, eftir því sem ég get haft áhrif á menn, það er ekkert víst að það sé nema bara á sjálfan mig, en eftir því sem hægt er að stuðla að því að þetta mál verði afgreitt út úr deildinni á þessum sólarhring. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta að það mál yrði kannað. (**Forseti (Ingvar Gíslason):** Út af þessum orðum vill forseti taka það fram að hann er fús til þess að ræða þennan möguleika.)

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur lagt fyrir þetta þing tvö frv. um stefnumótun í sjávarútvegsmálum. Það hefur ekki fyrr verið á það minnst í þessum umr. að séu þessi tvö frv. skoðuð hlið við hlið, þá fela þau í sér kröfu um lagalegan rétt til óskoraðs valds ráðh. yfir sjávarútveginum öllum. (**GSig:** Það er nú misskilningur.) Það er enginn misskilningur, hv. þm. Garðar Sigurðsson, því að á þskj. 87, í 82. máli þessa þings, frv. til l. frá hæstv. sjútvrh. er í 17. gr. þess frv. kveðið á um það, að sjútvrh. fái vald til þess að skilyrða hvers konar framleiðslu á sjávarafurðum til útflutnings, því að leyfi séu veitt af sjútvrn. Í þessu frv. sem ég var hér að vitna til — (Gripið fram í.) er, hv. þm. Halldór Blöndal, fiskur skilgreindur í 1. gr. frv. Það vill svo vel til að frv. veitir þm. svar við því hvað sé fiskur í þessu samhengi.

1. gr. frv. segir: „Fiskur er samkv. lögum þessum öll sjávardýr, önnur en spendýr, og hlutar hinna fyrrnefndu, sem nýtt eru —" (**Gripið fram í:** Ég held að þm. hafi tekið vitlaust frv. með sér í ræðustólinn.) Það er að vísu rétt, hv. þm., þetta er mjög vitlaust frv. Það var rætt hér meðan hv. þm. var fjarverandi og kom þá mjög rækilega fram að margir töldu þetta mjög vitlaust frv. M. a. vorum við hv. þm. Garðar Sigurðsson og ég alveg sammála um það, aldrei slíku vant, að þetta væri mjög vitlaust frv. (Gripið fram í.) Hv. þm. Pétur Sigurðsson var líka á þeirri skoðun að þetta væri mjög vitlaust frv. og jafnvel varamaður hv. þm. Halldórs Blöndals komst að þeirri niðurstöðu síðla í þeim umr. að hann yrði að taka undir það að ýmislegt væri skrýtið í þessu frv. (**GSig:** Það er nú margt fleira skrýtið í brtt. Ólafs Ragnars.) Ég hef ekki flutt neina brtt. við þetta frv., hv. þm. (**GSig:** Eða bara þrælar húsbóndans.) Það hefur enginn mér vitanlega flutt brtt. við þetta frv. enn sem komið er. Hins vegar er það rétt að ég boðaði það hér í ræðu í 1. umr. um þetta frv. að ef enginn þm. stjórnarliðsins hefði manndóm í sér til að fella niður þessa mgr. í 17. gr., sem skilyrti alla framleiðslu í sjávarútvegi því að sjútvrn. veitti henni leyfi til framleiðslu, þá væri ég alveg reiðubúinn að flytja þá brtt. (Gripið fram í.) Þetta er frv. um ríkismat sjávarafurða, hv. þm. Stefán Guðmundsson, það er alveg hárrétt. (**Gripið fram í:** Við höfum sent það til umsagnar.) Það er ánægjulegt að sjútvn. hefur sent það til umsagnar. Ég ætla bara að vona að hún hafi það sem lengst á því stigi í nefndinni. Vakin var athygli á því hér við 1. umr. um þetta frv. að það væri mjög sérkennilegt að inn í þetta frv. — og bið ég nú þm. Halldór Blöndal sérstaklega að hlusta — um ríkismat sjávarafurða væri settur sérstakur kafli um framleiðsluleyfi. (Gripið fram í.) Nei, nei. (**StG:** Finnst þér vera vanþörf á því?) Akkúrat. Enn og aftur gerist það eins og við 1. umr. um þetta frv. að hv. þm. Stefán Guðmundsson afhjúpar vel og rækilega hér í þingsalnum hver er hugsunin á bak við þetta frv. Hv. þm. sagði: Finnst ræðumanni vera vanþörf á því? Og þessi leyfistrú, þessi leyfatrú, þessi oftrú á að leysa vandamál með því að sjútvrn. fái blankó-heimild til að veita leyfi, leyfi hér og leyfi þar, er vanþörf á því? Er ekki þörf á því, segir hv. þm. Stefán Guðmundsson.

Ég spyr þá sem fengist hafa við sjávarútveg: Halda menn að það sé einhver sérstök nauðsyn á því að sérhver aðili, lítill eða stór, sem saltar fisk á Íslandi eða frystir fisk og framleiðir á annan hátt þurfi að sækja um leyfi til rn. (**StG:** Já.) Já, segir hv. þm. Stefán Guðmundsson. Þá liggur það fyrir hér að stefna Framsfl. er sú. (**Gripið fram í:** Stefna Framsfl.?) Jú, jú, því að auðvitað talar hv. þm. hér, sá maður sem Framsfl. hefur valið til þess ásamt sjútvrh. að vera í forsvari fyrir sjávarútvegsmálum í þessari hv. deild, auðvitað talar hann fyrir hönd síns flokks. (**Gripið fram í:** Þannig var það í gamla daga a. m. k.) Það hefur alltaf verið þannig í Framsfl., látið þið mig þekkja það.

Framsfl. vill binda alla starfsemi í sjávarútvegi í leyfisfjötra eins og þessi tvö frumvörp, 82. mál og 143. mál, staðfesta greinilega hvort á sinn hátt. Annað vill leyfisbinda alla framleiðslu úr sjávarafurðum, hitt vill leyfisbinda allar veiðar af hvaða tagi sem er. Framleiðslu af hvaða tagi sem er, veiðar af hvaða tagi sem er. Allt skal það vera háð leyfisbréfi frá kontóristanum í sjútvrn. Þetta liggur hér á borðunum. (**Gripið fram í:** Hefur þú eins mikið vit og framsóknarmenn hafa á sjávarútvegsmálum?) Ég skal ekkert um það deila, en hitt undrar mig, hv. þm. Halldór Blöndal, hvernig ríkisstj. sem Sjálfstfl. á meiri hlutann af ráðherrunum í og með innanborðs jafnvitra og skynsama menn í sjávarútvegsmálum eins og hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason og hæstv. ráðh. Sverri Hermannsson — (Gripið fram í.) Ég er að koma að því, hv. þm. En ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli á samhenginu, sem er í þessum tveimur meiri háttar frumvörpum, reyndar einu meiri háttar frumvörpunum sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt hér fram, að þegar þau eru tekin hlið við hlið fela þau í sér allsherjar leyfisbindingu á sjávarútveginum öllum.

Það sem undrar mig og ég hef enn ekki fengið svör við, hvorki við umr. um þetta mál, 82. mál, né umr. sem nú fer fram um 143. mál, er þetta: Hvernig stendur á því að Sjálfstfl. stendur að þessu? Ég vek athygli á því, að það hefur enginn einasti þm. Sjálfstfl. komið upp í þessari umr. til að verja þetta frv., 143. mál, ekki einn einasti. Það hafa tveir þm. talað af hálfu Sjálfstfl. í þessu máli sem þm. hans. Annar þeirra, Guðmundur H. Garðarsson, tætti frv. niður lið fyrir lið og sýndi fram á það, að frv. getur haft mjög afdrifaríkar afleiðingar í för með sér. Hinn þm., Halldór Blöndal, gerði hér við 1. umr. mjög alvarlegar aths. við frv. og síðan kom hann hér — í gær, verð ég nú víst að segja, en í sömu umr., og var mjög tregt tungu að hræra, las upp langa og ítarlega bókun, sem hann hafði gert á fundi sjútvn., þar sem á var helst að skilja að hann væri á móti frv. en fyrst hagsmunaaðilar hefðu að því er virtist hallast að því að þetta ætti að gera, þá væri kannske óhjákvæmilegt með tilliti til alls þessa að viðkomandi þm. skrifaði undir nál. Engin önnur rödd hefur heyrst í þessum umr. frá Sjálfstfl., engin önnur rödd. Og ég vek athygli á að í umr. um frv. um ríkismat sjávarafurða heyrðist heldur engin rödd frá Sjálfstfl. til stuðnings því frv. Þess vegna spyr maður eðlilega: Hvað er hér að gerast? Hefur Sjálfstfl. afhent Framsfl. algerlega for-

ræðið yfir íslenskum sjávarútvegi? Svo gersamlega, að þm. Sjálfstfl. þora ekki hér upp í ræðustólinn af einhverjum ástæðum til að lýsa yfir stuðningi við þessi frv. og láta þá eina tala sem gagnrýna frv. Eina lífsmarkið sem sjálfstæðismenn utan þings heyra frá félögum sínum í þessum sal eru gagnrýnisraddir frá tveimur sjálfstæðismönnum í fyrri umr. um frv. til l. um ríkismat sjávarafurða og tveimur mönnum í þessum umr. Þess vegna er eðlilegt að við spyrjum: Hvað er hér að gerast?

Það er leitt að hv. þm. Halldór Blöndal skuli hafa gengið hér úr salnum, ég hefði gjarnan viljað lofa honum að heyra rödd annars Blöndals, sem í gær, föstudaginn 16. des., skrifaði grein um þetta frv. og lýsti því mjög rækilega þar hver væri kjarninn í þessu frv. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur nú gengið úr salnum, sjálfsagt til að kanna það, hvað er að gerast innan Sjálfstfl.

Sjálfstfl., þessi flokkur einkaframtaks í sjávarútvegi, þessi flokkur frelsis í íslensku atvinnulífi stendur að því að leggja fram hér á Alþingi Íslendinga tvö stjfrv. um sjávarútvegsmál, sem bæði fela það í sér að binda hvern einasta mann, hvert einasta fyrirtæki, hvern einasta framleiðanda, hvern einasta veiðimann, hvort sem fyrirtækið er stórt eða lítið, hvort mennirnir sem vinna við það eru einn eða hundrað, binda alla þessa starfsemi á leyfaklafa ríkiskontórsins. Þetta er veruleikinn, þetta er atvinnustefna Sjálfstfl. í framkvæmdinni, í grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar, sem hefur verið upspretta þess framtaks sem mestu hefur á orkað af hálfu einstaklinga í uppbyggingu íslensks þjóðfélags á þessari öld. (**Gripið fram í:** Er þetta hægt, Matthías?) Það er von að spurt sé: Er þetta hægt, Matthías? Það er alveg greinilegt að þetta er hægt. Og ég verð nú að segja eins og er að ég á bágt með að skilja hvaða grundvallaratriði móta nú efnahags- og atvinnumálastefnu Sjálfstfl., þegar ráðh. og meginhluti þingflokks Sjálfstfl. standa að þessum tveimur frv.

Ég vildi nú beina þeim orðum mínum til hæstv. forseta, að þótt það sé kannske í lagi að ræða um Sjálfstfl. án þess að hæstv. sjútvrh. sé hér í salnum, þá kynni ég betur við að ráðh., sem leggur þessa feikilegu áherslu á það að þessi umr. haldi hér áfram, sé hér í salnum.

Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir hér við þessa umr. að hann hafi ekki áhuga á að sækjast eftir valdi. Engu að síður hefur hann lagt hér fram tvö frv. sem fela honum algjört drottnunarvald í gegnum leyfisveitingar yfir bæði veiðum og framleiðslu í sjávarútvegi. Þegar þetta er gagnrýnt segir hæstv. ráðh.: Ég er ekki að sækjast eftir þessu valdi. En þegar boðið er upp á breytingar á þessum frv. segir hæstv. ráðh. alltaf nei. Þá vill hann hafa þetta vald. Þá vill hann ekki að neinn annar eigi hlutdeild að því, ekki einu sinni þingið. Þess vegna verður að draga þá ályktun af þessum umr. og þessum frv., sem ráðh. vill ekki breyta, að hann sé að sækjast eftir þessu valdi. Það liggur alveg ljóst fyrir, hvað sem líður því yfirskini sem hann flytur hér í umr., að hann er að sækjast eftir þessu valdi. Og hann sækist svo grimmt eftir því að hann er ekki reiðubúinn að ræða við þá þm. sem flutt hafa brtt. um að þingið eigi einhverja hlutdeild í þessu valdi. Nei, segir ráðh., ég vil ekki að þingið eigi neina hlutdeild í þessu valdi. Það er boðið upp á það í brtt. að almennar reglur fiskveiðistefnunnar og framkvæmdar hennar verði staðfestar hér á Alþingi. Nei, segir ráðh. Það er boðið upp á það að fastbundið sé í lögum með hvaða hætti samráðsaðilar hafi áhrif á málin. Nei, segir ráðh.

Hæstv. ráðh. er hvað eftir annað í þessum umr. búinn að vitna í ráðgjafahóp og hefur gefið til kynna að sá ráðgjafahópur væri skipaður fulltrúum hagsmunaaðila. Nú hefur það verið upplýst hér í umr. að ráðh. valdi sjálfur þessa fulltrúa. Það eru ekki hagsmunaaðilarnir, sem hafa tilnefnt þessa fulltrúa, heldur hefur ráðh. valið sína eigin ráðgjafa og vill nú túlka sjónarmið þeirra eins og þau endurspegli viðhorf hagsmunasamtakanna.

Þá er einnig með öllu óskiljanlegt atferli Sjálfstfl., sem hefur aðhyllst kenninguna um þrískiptingu ríkisvaldsins, og forustumenn hans, dr. Bjarni Benediktsson og dr. Gunnar Thoroddsen og Jón Þorláksson hafa skrifað lærðar ritgerðir um efnið. Ég er ansi hræddur um að þessir þrír forustumenn Sjálfstfl. um áratugi mundu ærið undrandi horfa á þau þskj., þar sem ráðh. Sjálfstfl. og þm. stæðu að því að gera ríkisvald í sjávarútvegi jafnafgerandi og hér er gert, að ég nefni nú ekki Ólaf Thors. Mér er sem ég sæi að Ólafur Thors hefði lagt Kveldúlf undir kontóristann í ráðuneytinu. En svo er greinilega komið fyrir Sjálfstfl. Það eru þó til menn í Sjálfstfl. sem enn vilja halda uppi hinu gamla merki. Einn þeirra, Haraldur Blöndal, ritar grein í Dagblaðið föstudaginn 16. des. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig er ekkert í frv., sem bannar ráðherra að setja t. d. pólitísk skilyrði fyrir leyfisveitingum. Hann getur ákveðið, að enginn útgerðarmaður á Stór-Reykjavíkursvæðinu fái veiðileyfi, og hann getur ákveðið að enginn stóru togaranna fái leyfi. Og það segir ekkert um það, hvort eigi að miða við afla skipa — aðeins, að það megi setja slíkt skilyrði. Og þá er ekkert sagt um, hvernig eigi að meta aflann.

Sigurður Líndal prófessor hefur nokkrum sinnum bent á í blaðagreinum, að Alþingi framselji stundum vald sitt fram úr hófi. Ég held, að þarna sé um slíkt valdaframsal að ræða. Og svo er skömmin kórónuð með því, að brot gegn hinum óskilgreindu geðþóttareglum ráðherrans verða gerð refsiverð með allt að 14 þús. gullkróna sekt."

Hér er einmitt kjarni málsins, að það er ekkert í þessu frv. sem hindrar ráðh. í að setja hvaða reglur sem honum sýnist. Hér er m. ö. o. pólitískum fulltrúa, einum manni, veitt í eitt ár vald til þess að setja hvaða reglur sem honum sýnist varðandi þetta efni. Og þess vegna er ósköp eðlilegt að menn spyrji: Er hér á ferðinni grundvallarstefnubreyting í viðhorfum til lýðræðis, í viðhorfum til efnahagsskipulags og í viðhorfum til lausnar á vandamálum í þessu þjóðfélagi, að þegar vandamálin eru stór og því stærri sem þau eru, því fljótari eru menn einfaldlega að setja öll völdin yfir á einn ráðh., m. a. s. öll völdin yfir framleiðslukerfinu, öll völdin yfir markaðskerfinu, öll völdin yfir fjárfestingarmöguleikunum, öll völdin yfir veiðimöguleikunum, öll völdin yfir atvinnumöguleikunum? Síðan hvenær varð sú kenning góð og gild hjá Framsfl. og Sjálfstfl. að leiðin til að leysa hin stærstu vandamál sé að fela einum manni alræðisvald í málinu? Ég fullyrði að það finnast engin dæmi þess í íslenskri stjórnmálasögu að svo sé, engin dæmi.

Ég minni t. d. á að þegar Vestmannaeyjagosið varð

var farin sú leið að Alþingi í sameiningu, stjórn og stjórnarandstaða, samdi um það með hvaða hætti skyldi brugðist við þeim mikla vanda sem að íslensku þjóðinni steðjaði þá. Síðan voru valdir fulltrúar allra afla til þess að fara með það mál og þegar þeir höfðu lokið störfum var það gert upp.

Þess vegna er ósköp eðlilegt að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Hjörleifur Guttormsson spyrji hér: Er þess að vænta að farið verði eftir þessum aðferðum á fleiri sviðum? Og þær spurningar gera óhjákvæmilegt að fulltrúar Sjálfstfl. sérstaklega, vegna þess að ráðh. er úr Framsfl. og hefur mælt fyrir þessu frv. hér, að fulltrúar Sjálfstfl. sérstaklega leyfi okkur hinum þm. að hlýða á rökin fyrir því að þetta er gert, út frá stefnu og stjórnmálaáherslum Sjálfstfl. Þau hafa ekki heyrst í þessari umr.

Ég vakti athygli á því hér í stuttri ræðu, sem ég flutti við 1. umr. þessa máls, að við búum í heimi sem í æ ríkara mæli einkennist af takmörkuðum auðlindum, takmörkuðum möguleikum til atvinnustarfsemi og fjárfestingar, og að vandamál stjórnmálanna verða í æ ríkari mæli að fást við lausn viðfangsefna sem markast af hinum takmörkuðu auðlindum, hvort sem það eru auðlindir lands, sjávar, fallvatna eða á öðrum sviðum. Hér er boðuð sú kenning í þessu frv. að fara leið ríkisdrottnunar, að vísu eitt ár í senn, en engu að síður leið ríkisdrottnunar til að leysa þetta mál.

Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur talað gegn þeirri brtt. sem hér hefur verið flutt með þeim rökum að það vinnist ekki tími til þess að láta Alþingi fjalla um málið. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvenær væntir hann þess að tillögugerð á grundvelli þess frv., sem hann nú krefst að fá samþykkt á þingi, liggi fyrir? Hann hefur gert mikið úr þeirri miklu sérfræðivinnu sem þurfi að vinna í þessum efnum. Hann hefur gert mikið úr því að þar komi mörg álitamál til greina. Hann hefur gert mikið úr því að málið sé flókið og viðkvæmt. Allt er þetta rétt. En eru þá ekki allar líkur á því að hæstv. ráðh. verði ekki búinn að fá niðurstöðu úr þessari miklu vinnu fyrr en upp úr miðjum janúar? Ég tel að engar líkur séu á því að hæstv. ráðh. verði kominn að niðurstöðu í málinu fyrr en þá.

Hér hefur verið lögð fram till. til þál. um að Alþingi komi saman fáeinum dögum seinna. Og þá spyr ég hæstv. ráðh. og óska svars við því hér: Hvað mælir þá svona ríkulega gegn því að Alþingi fái að fjalla um þá skiptingu áður en hún tekur endanlega gildi, ef þm. eru t. d. reiðubúnir til samkomulags um að tímasetja það að Alþingi skuli hafa lokið slíkri afgreiðslu t. d. fyrir 1. febr. og sjútvn. þingsins vinni að málinu í jólaleyfi? Það er fullkomlega framkvæmanleg leið. Það er leið sem gæti tryggt að þingið í heild sinni stæði á bak við það kerfi og þá niðurstöðu sem endanlega verður ofan á.

En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum er hæstv. ráðh. ekki reiðubúinn til samstarfs við þingið að þessu leyti. Og það vekur óneitanlega grunsemdir hvers vegna ráðh. heldur svona fast í það að hann eigi einn að ráða þessu. Þegar við mæltumst til þess hér ýmsir að hæstv. sjútvn. þessarar deildar leitaði eftir viðræðum við tillögumenn, þá sem að brtt. standa, þá var það m. a. til þess að ræða það í sameiningu hvort menn gætu ekki komist að niðurstöðu sameiginlega í þessum efnum.

Og ég vil segja eitt í fullri alvöru við hæstv. ráðh., Halldór Ásgrímsson: Eitt er það markmið þeirra sem falið er að stjórna sérstaklega smárri þjóð: að efla ekki að nauðsynjalausu sundrung meðal þjóðarinnar þegar hin stærstu mál eiga í hlut. Það skildu þeir Eysteinn Jónsson og Ólafur Jóhannesson m. a. þegar Vestmannaeyjagosið bar að höndum. En það er merkilegt að þeir hæstv. ráðh. sem nú ráða ríkjum virðast kappkosta að halda þannig á hinum stærstu málum, að það leiði til sundrungar, það leiði til átaka, það leiði til deilna, ef menn eru ekki reiðubúnir að bukka sig og beygja fyrir valdinu og segja já og amen strax á fyrstu dögum. Hæstv. ráðh. hefur setið þykkjuþungur yfir því, að menn séu yfir höfuð að taka tíma í það að ræða þetta mál hér, og eru þó ekki, hæstv. ráðh., orðnar nema um það bil 10 klst. sem þetta mál hefur verið rætt hér samtals við 1. og 2. umr., og er það ekki langur tími þegar slíkt stórmál á í hlut. Þeir menn sem halda þannig á stærstu málum þessarar þjóðar, þegar mikinn vanda ber að höndum, að það leiði til sundrungar, það leiði til deilna meðal þjóðarinnar, bera mikla ábyrgð á því að baráttuþrek og innri styrkur Íslendinga bíði hnekki þegar á móti blæs.

Hæstv. ráðh. gerði mikið úr því hér fyrr að hann ætlaði að hafa samráð. Samt vill hann engin ákvæði um það í þetta frv. hvernig það samráð eigi að vera við aðila innan þings. Nei, það má ekki vera. Flokksbróðir minn ágætur, Garðar Sigurðsson, vitnaði hér í grg. með þessu frv. til rökstuðnings því, að þó væri eitthvað getið um það með hverjum hætti þetta samráð ætti að vera.

Ég hef staðið að því hér á Alþingi að samþykkja heimildir til ráðh. í lögum og setja í nál. og grg. ákveðin skilyrði, sem ráðh. ættu að fara eftir, — og upplifa það að viðkomandi ráðh. höfðu þau skilyrði að engu. Það kenndi mér það, að í greinargerðum og nefndarálitum er ekkert hald. Það er lagatextinn einn sem er traustur, því miður, en það er einu sinni þannig. Ég hélt í eina tíð að hægt væri að kveða á um slíkt í nál. og grg. og við gerðum það m. a. hér í ákveðnu stórmáli fyrir 2—3 árum, en í ljós kom að páv. hæstv. ráðh., sem með það mál fór, taldi sér fullkomlega fært að hafa þau skilyrði að engu af því að ekki væri kveðið á um það í lagatexta. (**Gripið fram í:** Hver var það?) Það var hæstv. núv. forsrh. Steingrímur Hermannsson. (Gripið fram í.) Hvað sagði hæstv. sjútvrh.? (**Sjútvrh.:** En hvernig voru Ólafslög, voru þau alltaf haldin, ákvæðin um samráð í Ólafslögum?) Nei, þau voru ekki haldin. Það er alveg rétt, þau voru ekki haldin. (**Gripið fram í:** Var haldið þeim lagatexta?) Nei, það var kannske ekki haldið þeim lagatexta, en þó held ég að ef þar hefði verið haldið á málum með þeim hætti að útfæra þá reglugerð, sem átti að skýra þann lagatexta með þeim hætti að samtök vinnumarkaðarins gætu vel við unað, þá hefði öðruvísi farið.

Núv. hæstv. sjútvrh. hefur fyrr á þessu ári sett brbl., sem sviptu í burtu samningsrétti manna í landinu, sem tóku af fólkinu þann helga rétt sem felst í frjálsum samningum. Og ég spyr hæstv. ráðh.: Hvaða tryggingu hefur fólkið í landinu fyrir því, að ráðh. verði eitthvað samráðsfúsari nú við lok þessa árs heldur en var um mitt árið? Ég hef grun um það að núv. hæstv. sjútvrh. hafi verið meginhöfundur þeirrar efnahagsstefnu að rifta í sundur samningsréttinum, svipta fólkið í landinu þeim lýðræðislega rétti að semja um kaup og kjör og banna mönnum að nýta þann rétt á hinum almenna

vinnumarkaði í landinu. Hvers vegna ætti fólkið í landinu til sjávar og sveita endilega nú að geta treyst því, að sami hæstv. ráðh. hafi gengið í þá endurhæfingu að hann muni standa við eitthvert ákveðið samráð. Auðvitað ekki. Auðvitað er öll framganga ráðh. s. l. hálft ár með þeim hætti, að það getur enginn treyst því að ríkisstj. og ráðh., sem svipta í sundur samningum annarra manna í landinu með svo afgerandi hætti að rétturinn til samninga er af þeim tekinn, muni standa við það að byggja upp kerfi raunverulegs samráðs á þessu sviði.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði að sjútvn. gæti ekki fallist á neina af þeim brtt. sem fluttar hefðu verið. Fyrsta brtt. á þskj. 242 er á þessa leið með leyfi hæstv. forseta: „Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga.“ Ég spyr hv. þm. Stefán Guðmundsson: Hvers vegna getur hæstv. sjútvn. ekki fallist á þetta? (**HBl:** Hvaða þörf er á að setja þetta?) Ja, það má oft spyrja hvaða þörf sé á að setja ýmsa hluti í lagatexta. (**Gripið fram í:** Hefur þetta verið eitthvað öðruvísi?) Það getur verið nauðsynlegt, þegar einum manni er falið allt vald yfir ráðstöfun þessara auðlinda, að kveða á um að það sé þjóðin sem sé hinn raunverulegi eigandi (**StG:** En ekki Halldór?) þessara auðlinda. (**HBl:** Það var heldur ekki takmarkað neitt vald í þessum brtt.) Hvaða vald? (**HBl:** Ráðherra. Útskýrðu fyrir okkur þörfina.) Ég skal gera það með ánægju, hv. þm.

Það er talin almenn grundvallarregla að kveða á um það í stjórnarskrá hvert sé hið æðsta eða fullræðisvald í viðkomandi samfélagi. Í Bretlandi t. d. gildir sú regla að þingið hefur það vald. Í okkar stjórnskipun gildir sú regla að það er þjóðin sem hefur það vald. (**HBl:** Erum við ekki búnir að helga okkur landgrunnið með gögnum þess og gæðum?) Um það má deila. (**HBl:** Má um það deila?) Já, vegna þess að það hafa heyrst, hv. þm., hvað eftir annað þau sjónarmið að auðæfi, ég bið hv. þm. að hlýða á það, að auðæfi sem eru undan ströndum tiltekinna landshluta séu eign íbúa þessara landshluta. Þannig hafa t. d. ýmsir Vestfirðingar haldið því fram að auðæfi sjávarins undan Vestfjarðaströndum og inni á vestfirskum fjörðum séu umfram aðra eign Vestfirðinga og þeir eigi þar fyrsta rétt á þeim auðlindum. Það eitt ættu að vera nægileg rök fyrir því að kveða á um það, að allar þessar auðlindir séu í reynd sameign þjóðarinnar allrar.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson kynnti hér sjónarmið Verslunarráðs Íslands. Hv. þm. Svavar Gestsson kynnti hér álit Alþýðusambands Íslands. Það er merkilegt að þessi tvö gagnrýnu álit frá jafnandstæðum samtökum eins og Alþýðusamband Íslands og Verslunarráð Íslands eru skuli ekki hafa verið kynnt af frsm. meiri hl. nefndarinnar hér í dag. Það eru sérkennileg vinnubrögð satt að segja og ærið óvenjuleg. (**StG:** Hvað áttu við?) Ég skal endurtaka það fyrir hv. þm. Ég vék að því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sem ekki á sæti í sjútvn., hefði kynnt þingheimi álit og erindi frá Verslunarráði Íslands til sjútvn. ((**StG:** Sjútvn. fékk það bara ekki.) Það hlýtur að vera. (**StG:** Nei.) Það getur ekki verið annað en að sjútvn. hafi fengið það. (**Gripið fram í:** Ekki fyrr en í gær.) Ekki fengið það fyrr en seint í gær? Það nægir — þm. talaði snemma í dag þannig að það hefði gefist ærið tilefni hjá þm. til að kynna þetta skjal þingheimi. Og kl. rúmlega eitt, fyrr á þessari nóttu, flutti þm. hér enn á ný grg. frá meiri hl. sjútvn. (**StG:** Þá var búið að kynna þetta.) Búið? (**StG:** Já.) Nei, nei, það var ekki búið. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson talaði ekki fyrr en eftir það. *Hv. þm. Stefán Guðmundsson getur þá bara einfaldlega flett því hér upp í skrá forseta og fundargerðarbók og kynnt sér á segulböndum hver atburðarásin var í þeim efnum.*

Hv. þm. Svavar Gestsson kynnti hér álit frá Alþýðusambandi Íslands. Þetta eru tvö mjög gagnrýnin álit frá veigamiklum samtökum í landinu. (Gripið fram í.) Já, eftir að það hafði verið kynnt hér í umr. En það stendur engu að síður eftir að formaður sjútvn. og frsm. meiri hl. nefndarinnar kynnti deildinni ekki að þessi tvenn veigamiklu samtök í íslensku atvinnulífi hefðu sent sjútvn. gagnrýnar umsagnir heldur var látið að því liggja hér í ræðunni hvað eftir annað að allir hagsmunaaðilar styddu þetta frv. Það var reynt að búa til þá mynd, þá fölsku mynd hér í þingsalnum, að allir hagsmunaaðilar styddu þetta frv. Það er ekki fyrr en einstakir þm., sem ekki eiga sæti í sjútvn., koma hér og upplýsa að það er víðs fjarri að svo sé, sem það kemur í ljós að utan þings hafa núna síðasta sólarhringinn hver samtökin á fætur öðrum komið og sagt nei gagnvart þessu frv. (**Gripið fram í:** Það er bara rangt.) Bara rangt? (**Gripið fram í:** Þú skalt leita álits þeirra aftur, þessara samtaka.) Hv. þm. vefengir þetta, segir að þetta sé rangt. — Það er sérkennileg fullyrðing. Hér er ég þó með í höndunum erindi frá Verslunarráði Íslands og erindi frá Alþýðusambandi Íslands og sjálfsagt að lesa það upp fyrir hv. þm. sem enn heldur sér við þá sérkennilegu fullyrðingu. (**StG:** Ég er með þetta frá félaga þínum hérna.) Það er mjög gott, þá vænti ég að þm. lesi það.

Hér stendur m. a. í bréfi ASÍ með leyfi hæstv. forseta:

„Því beinir sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands“ sem er reyndar æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins milli þinga sambandsins, sem haldin eru á fjögurra ára fresti, „því beinir sambandsstjórn ASÍ því til hv. Alþingis, að það beiti sér fyrir því,“ — og ég bið hv. þm. Stefán Guðmundsson að hlusta nú vel — „að skýrt komi fram í lögum að ráðh. sé skylt að hafa samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi um framkvæmd laganna.“ Ég endurtek: „að skýrt komi fram í lögum að ráðh. sé skylt að hafa samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi um framkvæmd laganna.“ (**HBl:** Nú sagði þm. áðan að það væri ekki hald í samráði nema um það væru skýr ákvæði í reglugerð. Hvernig fer þetta saman?) Við skulum ræða það hér síðar. Ég er eingöngu að svara hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, að hér kemur skýrt fram sú krafa, sem studd hefur verið með brtt. sem við höfum ýmsir lýst yfir fylgi við, að þetta samráð sé bundið í lagatextanum. Því hefur verið hafnað af meiri hl. sjútvn. og af hæstv. ráðh.

Síðan segir í upphafi með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. til l. um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er ráðh. gefið einræðisvald til að ákveða fiskveiðistefnu og stjórn veiða á ákveðnu tímabili.“

Í erindi Verslunarráðs Íslands er kveðið enn sterkar að orði. Þar kemur fram að verslunarráðið vill að síðustu ítreka andstöðu sína við þetta fyrirkomulag og óskar því eftir að afgreiðslu frv. verði frestað.

Það hefur einnig verið kynnt hér afstaða útgerðarráðs í einu stærsta útgerðarfyrirtæki landsins og jafnframt einu af þeim sem elst eru starfandi með svo blómlegum hætti, Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Útgerðarráð Bæjarútgerðar Reykjavíkur hefur einróma lýst algjörri andstöðu við þetta frv. og hefur skorað á þm. Reykvíkinga að beita sér gegn því. Ég spyr hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson, fyrrv. borgarstjóra, með hvaða rökum ætlar hann að hafna þessari áskorun frá útgerðarráði Reykjavíkurborgar? Með hvaða rökum ætlar hann að hafna áskorun sem flokksbróðir hans, Ragnar Júlíusson, var tillögumaður að á fundi útgerðarráðs Bæjarútgerðar Reykjavíkur? (**HBl:** Það er nú Björgvin sem skrifar undir.) Það er einfaldlega vegna þess að hann er á kontórnum enn þá. Þau rök hafa ekki heyrst, hvorki frá fyrrv. borgarstjóra, hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, né hæstv. ráðh. Albert Guðmundssyni, fyrrv. forseta borgarstjórnar Reykjavíkur. Ætla þessir hv. þm. ekki að gera Reykvíkingum grein fyrir því með hvaða rökum þeir hafna þessari áskorun?

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson kom hér upp í ræðustólinn í gær og gerði ítarlega grein fyrir afstöðu sinni til verðjöfnunargjalds, svo að Reykvíkingar og aðrir gætu áttað sig á því hvaða skoðanir hann hefur á því máli. Hann hefur verið þögull í þessu máli. Þó á hér í hlut eitt stærsta atvinnufyrirtækið í borginni, eitt elsta atvinnufyrirtækið í borginni og eitt mikilvægasta fyrirtækið í því að gera Reykjavíkurborg að útgerðarbæ. En borgarbúar fá ekkert svar, ekkert svar. Þorir hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og aðrir fulltrúar Sjálfstfl. í Reykjavík ekki að svara Reykvíkingum í þessum efnum? Það kemur væntanlega í ljós síðar í þessari umr. og við 3. umr., hvort sú er reyndin. Ég er viss um það að ef þjóðin fengi nokkra daga í viðbót til að kynnast þessu frv. mundi eflast fylgið við þau sjónarmið sem sett hafa verið fram af hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, hv. þm. Halldóri Blöndal, af þeim mönnum sem hafa flutt hér brtt. við þetta frv. Og það er kannske skýringin á því, hvers vegna forusta Framsfl. er að hamra þetta frv. hér í gegn, að hún vill koma í veg fyrir það að þjóðin fái í raun og veru að kynnast þessu frv. Þess vegna er formaður þingflokks Framsfl. vappandi hér um sali til að halda því að forsetum og öðrum að þessari umr. skuli haldið áfram. Því að Framsfl. þorir ekki að þjóðin fái nokkra daga til að kynnast þessu frv. Hann þorir ekki að útgerðarráðin allt í kringum landið fái að fjalla um málið eins og útgerðarráðið í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Þau hafa gert það á fundum sínum núna.) Hafa þau gert það á fundum sínum? Hvaða útgerðarráð hafa gert það á fundum sínum? (**Gripið fram í:** Þau hafa gert það hjá LÍÚ.) Já, það er út af fyrir sig alveg rétt að kontóristarnir hjá LÍÚ hafa sent frá sér ályktun. (**Gripið fram í:** Þú veist bara ekki hvernig þetta er byggt upp, þú þekkir ekki uppbyggingu þessara samtaka.) Þekki ég ekki uppbyggingu þessara samtaka?

Ég veit ekki betur en varaformaður LÍÚ sé á móti þessu frv. Er það ekki rétt? Er ekki varaformaður LÍÚ á móti frv.?(Gripið fram í.) Ekkert fyrir hvern, er hann bara ekki á móti frv., varaformaður LÍÚ? Bara já eða nei, er hann ekki á móti frv.? Já, einmitt, varaformaður LÍÚ er á móti frv. (Gripið fram í.) Já, já, ágætt, það er nokkuð ljóst. Formaðurinn er með, varaformaðurinn er á móti. (**Gripið fram í:** Þú veist ekkert hvernig LÍÚ er byggt upp.) Auðvitað veit ég hvernig LÍÚ er byggt upp. En ef hv. þm. Stefán Guðmundsson er svona sannfærður um það að það sé dúndrandi fylgi allt í kringum landið við þetta frv., er hann þá reiðubúinn að gera samkomulag við okkur aðra hér á Alþingi um það að við skulum samþykkja að þetta frv. fái afgreiðslu hér fyrir jól, alveg sjálfsagt, aldrei annað staðið til en að það fengi afgreiðslu hér fyrir jól, en við viljum hins vegar tryggja það með þessum umr. og öðrum hér að fólkið í landinu fái þó þá daga sem eftir eru af þinghaldinu fram að jólum til þess að geta fjallað um málið? En það er það sem verið er að koma í veg fyrir með næturfundahöldum og með óhemjugangi í því að þrýsta á málið og að leggja það svona seint fram. Því það er auðvitað alveg rétt, sem hér hefur komið fram hjá fjölmörgum, að það hefði fyrir löngu verið hægt að hefja undirbúning að þessu frv.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur rakið það mjög rækilega hér í ræðu í dag hvernig hann ár eftir ár eftir ár hvatti formann Framsfl. til að hefja undirbúning að löggjöf um þessi vandamál. En formaður Framsfl. sagði nei. Hann sagði nei, hann sagði aftur nei. Og það hefur rækilega komið fram hér skjalfest í þessari umr. að ef einhver einn einstaklingur í þessu landi ber ábyrgð umfram aðra á því hvernig komið er, þá er það hæstv. núv. forsrh. Steingrímur Hermannsson með því að segja nei þegar vitrari menn vöruðu hann við á undanförnum árum við ríkisstjórnarborðið — segja nei, segja nei og aftur nei.

Svo þegar Framsfl. er búinn að setja þessi mál í algjöra hönk kemur hann til þingsins og segir: Fáið þið mér allt vald í málinu. Og Sjálfstfl. eins og aumingi segir já og amen. Það skal lengi í minnum haft að Sjálfstfl. sagði hér já og amen. Þeir skulu fá að heyra það fund eftir fund eftir fund að þeir voru flokkurinn sem skópu alræðisríkisvald í grundvallaratvinnuvegi Íslendinga. (**HBl:** Það verður þá einhver að koma á þessa fundi.) Það verður séð til þess. Fólkið í landinu mun koma á þessa fundi. Þegar fólkið verður farið að finna fyrir hinum alráða ráðherra, þegar búið verður að samþykkja frv. um ríkismat sjávarafurða og frv. sem hér er verið að ræða um, þá mun fólkið í landinu skilja það stjórnkerfi sem Sjálfstfl. hefur átt ríkan þátt í að koma hér á fót.

Reykvíkingar eiga örugglega eftir að krefja hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson svara við því hvers vegna hann samþykkti að gera ráðherra úr Framsfl. drottnara yfir Bæjarútgerð Reykjavíkur, drottnara yfir Ísbirninum, drottnara yfir Hraðfrystistöðinni, drottnara yfir því fólki sem lifir af sjávarútvegi hér í borginni.

Það er þess vegna ljóst, herra forseti, að þeim vinnubrögðum hefur verið beitt við þetta frv. að það er í fyrsta lagi lagt seint fram. Það er í öðru lagi við 1. umr. knúið á um það að umr. sé stytt vegna þess að málið þurfi að hafa hraðan framgang og því sé vísað til n. Það er í þriðja lagi knúið á um það að þær skoðanir sem fram eru settar í brtt. fái ekki eðlilega málsmeðferð. Og það er í fjórða lagi reynt að ljúka umr. hér með lengsta næturfundi í sögu þessa þings í áraraðir. Nú þegar klukkan er bráðum korter yfir fimm er ljóst að í áraraðir hefur hér á hv. Alþingi ekki verið haldinn fundur jafnlengi.

Ég vil minna hæstv. forseta á það að við 1. umr. þessa máls, þegar hann beindi þeim tilmælum til mín og annarra þm., sem þá voru á mælendaskrá en urðu við

óskum hæstv. forseta um að greiða fyrir málinu, þá sagði ég: Við lok þessarar umr. vil ég aðeins árétta það sem hér var sagt áður, að hér hafa komið fram fjölmargar spurningar við umr. sem hæstv. ráðh. vegna takmarkaðs tíma svaraði ekki. Í trausti þess að þeim verði öllum svarað ítarlega og sómasamlega við 2. umr. er rétt að hagnýta sér ekki þann rétt sem mögulegur er skv. þingsköpum til að halda þessari umr. áfram. Treystum við því þá, hv. þm., að við upphaf 2. umr. um þetta mál muni hæstv. ráðh. gefa hv. þd. skýrslu sem í verða svör við þeim spurningum.

Þetta var grundvöllurinn að því samkomulagi sem þá var gert. Því miður hefur hæstv. sjútvrh. ekki orðið við þessum óskum, heldur eingöngu veitt hér mjög almennar upplýsingar. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson lagði fyrir hann þessa spurningu fyrir mörgum dögum síðan: Hvað um rekstrargrundvöllinn í útgerðinni? Ekkert svar. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hér fyrr í þessum umr.: Hvað um rekstrargrundvöllinn í sjávarútveginum? Ekkert svar heldur. Þetta er aðeins ein af fjölmörgum spurningum sem hæstv. ráðh. hefur ekki svarað. Við hv. þm. stöndum í þeirri erfiðu stöðu, herra forseti, að þurfa hér, þegar komið er fram undir morgun, að standa í orðaskaki við ráðh. um það hvers vegna og hvort hann vill svara þessum spurningum. Því við viljum ekki sætta okkur við að hæstv. ráðh. komist upp með það að fá þetta alræðisvald í hendur án þess að gera tilraun til að svara. Hefði hæstv. ráðh. komið hér og rætt að nokkru þær upplýsingar sem liggja fyrir um rekstrargrundvöll útgerðarinnar þá hefði ég virt þá viðleitni og ekki gert neina slíka aths. Það hefur hann hins vegar ekki gert.

Ég hef hér í höndum skjal, dags. 22. nóv., frá Þjóðhagsstofnun um afkomu útgerðar og fiskvinnslu. Hér koma fram ýmsar upplýsingar sem væri mjög nauðsynlegt að fá afstöðu hæstv. ráðh. til. En hæstv. ráðh. virðir þingið ekki svars. Og ég spyr: Er sá ráðh., sem ekki gerir minnstu tilraun til þess hér að eiga eðlileg umræðusamskipti við þm., líklegur til þess að hafa ítarlegt samráð við aðra aðila um það hvernig hann framkvæmir þetta frv.? Það held ég ekki.

Ég vil nefna annað, hæstv. forseti, sem ég tel vera mjög mikið atriði í öllu þessu máli. Það er spurningin um það hvort eigi að heimila skipti á veiðileyfum eða ekki. Sumir einstakir þm. hafa rætt hér um sölu á veiðileyfum. Það má færa fyrir henni ýmis rök, mörg þeirra nokkuð sterk, að það geti á ákveðnum sviðum átt þátt í því að tryggja arðsemi í sjávarútvegi og hagkvæma nýtingu fjárfestingar. (**Gripið fram í:** Kannske í verslunarráði.) Já, það er margt til í því sjónarmiði, að það geti við ákveðnar kringumstæður verið nauðsynlegur þáttur, ég segi nauðsynlegur þáttur í því að tryggja hagstæða útkomu fyrir þjóðarheildina og sjávarútveginn. En hæstv. ráðh. hefur ekki fengist til þess hér í umr. að gera neina grein fyrir því að hve miklu leyti hann telur að arðsemi fjárfestingar eigi að koma hér við sögu. Ég verð enn og aftur að lýsa undrun minni á því geðleysi Sjálfstfl. að sætta sig við það að þetta mál sé afgreitt hér út úr þinginu án þess að nokkuð sé um það fjallað.

Hér hefur verið flutt brtt. sem heimilar skipti á veiðileyfum eftir ákveðnum reglum. Hæstv. ráðh. hefur ekki fengist til að fjalla um það mál hér. Og hv. þm. Friðrik Sophusson hristir höfuðið. Ég spyr: Eru það sómasamleg vinnubrögð að taka ekki þátt í umr. um það í þinginu hvort heimila eigi slík skipti eða ekki? Það hlýtur þó að vera mikilvægur þáttur í að tryggja það, ef ráðh. verður á varðandi þær reglur sem hann kýs að beita, að fólkið geti sjálft, sem sinnir fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjunum, gripið til sinna ráða og komið sér upp ákveðnu skiptikerfi sín á milli í málinu. (Gripið fram í.) Ég þakka varaformanni þingflokks Sjálfstfl. fyrir þá ábendingu. Það eru vissulega nokkur tímamót að kl. hálf-sex um morgun skuli varaformaður Sjálfstfl. birtast hér í salnum og hætta sér í námunda við ræðustólinn. Þó er það nokkuð ljóst að hann mun ekki hætta sér í ræðustólinn í þessari umr. (**Gripið fram í:** Við komumst nú ekki fyrir tveir.) Ég væri alveg reiðubúinn að gera hlé á ræðu minni ef hv. þm. Friðrik Sophusson vildi svara því sem ég spurði að hér og enginn sjálfstæðismaður hefur enn svarað: Með hvaða rökum eru þm. Sjálfstfl. reiðubúnir að fela ráðh. slíkt vald, annars vegar sem felst í frv. um ríkismat á sjávarafurðum yfir framleiðslukerfi sjávarútvegsins og hins vegar í því frv. sem hér er til umr. yfir veiðum í fiskveiðilandhelgi. Hvorki ráðh. Sjálfstfl. né þm. hafa gefið þingheimi eða þjóðinni eða kjósendum sínum eða flokksmönnum nokkurt svar við því með hvaða rökum þeir styðji slíkt, hvorki í málgögnum flokksins, blaðakosti sem hann á aðgang að, hér á Alþingi eða utan þings hefur nokkur einasti fulltrúi Sjálfstfl. veitt svar við þeirri spurningu. Hins vegar, eins og ég vakti athygli á áður en hv. þm. Friðrik Sophusson kom hér í salinn, hafa tveir þm. Sjálfstfl. mjög rækilega rökstutt gallana á þessu frv. og hvers vegna sé réttlætanlegt að vera á móti frv. — eða styðja það tregur og haltur eins og hv. þm. Halldór Blöndal.

En hitt stendur eftir, hv. þm. Friðrik Sophusson, að Sjálfstfl. hefur með aðild sinni að þessum tveimur frv. lagt hér til slíka ríkisdrottnun í grundvallaratvinnuvegi landsmanna að annað eins hefur ekki sést í íslenskri stjórnmálasögu í áratugi, og forustumenn Sjálfstfl., þeir dr. Bjarni Benediktsson, dr. Gunnar Thoroddsen og Jón Þorláksson, skrifuðu um það lærðar ritgerðir hvernig Sjálfstfl. bæri að tryggja aðgreiningu ríkisvaldsins og hvernig Sjálfstfl. bæri að tryggja það að í grundvallaratvinnuvegum væru fyrirtæki og athafnamenn óháðir afskiptum ríkisvaldsins, þannig að þið sem nú hafið verið kjörnir til að stjórna þessum flokki, þið skuldið þessum fyrirrennurum ykkar einnig svör við því hvers vegna þið hafið horfið frá þessari stefnu. (**Gripið fram í:** Ætlar þú að bera svörin til þeirra?) Það getur vel verið að þeir sjái um það sjálfir. En fólkið í flokknum mun örugglega kynna sér það. Og hv. þm. Friðrik Sophusson skuldar einnig Reykvíkingum svar við því hvers vegna hann ætlar að hunsa þau tilmæli sem hingað hafa borist inn í þingsalina frá útgerðarráði Bæjarútgerðar Reykjavíkur. (**FrS:** Hvers eiga Seltirningar að gjalda?) Seltirningar gjalda einskis í þessu efni, það er ómerkilegur útúrsnúningur, þegar útgerðarráð Bæjarútgerðar Reykjavíkur, eini aðilinn í Reykjavíkurborg sem hefur tjáð sig um þetta mál, stjórnendur eins stærsta fyrirtækisins hafa fyrir forgöngu flokksbróður hv. þm. Friðriks Sophussonar, formanns útgerðarráðsins, sent þinginu algera fordæmingu á þessu frv. Það er þó lágmarkskrafa að hv. þm. Friðrik Sophusson svari Reykvíkingum því hvers vegna hann styður frv.

Herra forseti. Ég hef hér nefnt nokkrar af þeim grundvallarspurningum varðandi rekstrarafkomu, varð-

andi arðsemi, varðandi skipti á veiðileyfum, sem hæstv. sjútvrh. hefur ekki fengist til að ræða í þessari umr. þótt þær spurningar hafi verið margítrekaðar. Hér hefur einnig verið spurt um siglingar fiskiskipa, með hvaða hætti eigi að taka tillit til þeirra í þessu kerfi. Við því hafa ekki heldur fengist nein svör. Það hefur verið spurt um það hvernig hæstv. ráðh. hyggist beita þessu valdi til að fyrirbyggja smáfiskadráp. Það hafa heldur ekki fengist nein svör við því. Það hefur verið spurt að því í þessum umr. hvernig eigi að skipta þessum verðmætum milli skuttogara annars vegar og minni fiskiskipa hins vegar. Hæstv. ráðh. hefur heldur í engu svarað því. Það hefur heyrst hér utan þingsala í dag að ýmsir af nánum ráðgjöfum ráðh., jafnvel hann sjálfur, séu að hugleiða að beita þessu kvótakerfi eingöngu á togarana. Og ég spyr hæstv. ráðh.: Er það rétt, sem hér hefur verið að heyrast í dag, að það sé til umr. að beita kvótanum eingöngu á togarana? Eða er það enn þá grundvallaratriði í þeirri gagnaöflun og undirbúningsvinnu sem hæstv. ráðh. stendur að að beita honum á öll fiskiskip? Ef hér er verið að gera till. um það í reynd að fela ráðh. vald til þess að ákveða kvóta eingöngu á togarana á næsta ári þá er hér verið að sigla upp í stórhættulegt kerfi. Ég spyr hv. þm. Sjálfstfl.: Hvaða tryggingu hafa þeir í hendi sér fyrir því að hæstv. ráðh. beiti ekki þessum kvóta eingöngu á togarana? Er nokkur slík trygging í þessu frv.? Hún er ekki til.

Þannig, herra forseti, má nefna ýmsar grundvallarspurningar sem snerta þetta stóra mál og hæstv. ráðh. hefur ekki gert minnstu tilraun til að svara. Ég hef lýst því áður hér í umr. að ég hef að mörgu leyti reynt hæstv. ráðh. að góðu samstarfi hér í þinginu áður. Ég verð að segja eins og er að mér kemur mjög á óvart þessi tregða ráðh. í umr. um þetta mál til að svara spurningum af þessu tagi. Ég spyr og hlýt að velta því fyrir mér: Hvað býr hér að baki? Auðvitað mundi maður virða hæstv. ráðh. ef hann kæmi hér og ræddi þessar spurningar og greindi frá því að varðandi sumar hefði hann ekki haft gögn í höndum, varðandi aðrar kæmi ýmislegt til álita og opnaði þannig nokkuð hug sinn gagnvart þinginu. Það hefur hann ekki gert. Þögnin ein er framlag hans til þessara umr. Og það er ekki leiðin til þess að fá þingið til að greiða fyrir og styðja raunhæfar lausnir á þessu mikla vandamáli.

Herra forseti. Hér hafa ýmsir á undan mér reifað mjög ýmsa grundvallarþætti varðandi höfuðatvinnuveg Íslendinga. Ég ætla ekki að endurtaka það sem þar hefur verið sagt. Hins vegar er það ljóst þegar klukkan er orðin hálf-sex að morgni að ríkisstj. hefur hafnað raunverulegum viðræðum við þingið um þetta mál.

Hæstv. ráðh. lagði málið þannig fyrir hér í upphafi að þetta mál væri hafið yfir flokkadrætti og hann vænti góðrar samvinnu við þm. alla um málið. Því hefur ítrekað verið beint til hæstv. ráðh. að hann hagaði störfum sínum með þeim hætti að þm. ættu kost á því að ræða við hann um málið og leita samkomulags um endanlega gerð þess. Nú er það ljóst að þetta samstarfstilboð var hjóm eitt. Ráðh. hefur með fulltingi meiri hl. sjútvn. og forseta þessarar hv. deildar haldið þannig á málum að ljóst er að um þetta mál hlýtur að verða mikill ágreiningur þegar það er afgreitt hér í þinginu. Sjálfsagt sýnir þessi umr. að það er uppgert mál í Sjálfstfl. að veita sjútvrh. þetta vald. Sjálfstfl. stendur á þeim tímamótum að hann hefur hafið til vegs mestu ríkisdrottnun sem þekkst hefur í íslensku efnahagskerfi.

Ég sagði það hér fyrr í umr. um þetta mál að þeir menn sem fælu ráðh. slíkt vald gætu ekki, ef þeir vildu vera heiðarlegir, komið síðar og gagnrýnt ráðh. fyrir hvernig hann beitti því, vegna þess að sömu þm. hafa verið aðilar að því að veita ráðh. ótakmarkað umboð. Við hinir hér í þingsölum, sem erum ekki reiðubúnir að veita ráðh. slíkt umboð, vörum ríkisstj. og þá aðra sem með henni vilja standa í þessum efnum alvarlega við því að hér er verið að fara inn á hættulegar brautir, mjög hættulegar brautir.

Þessi ríkisstj. hóf feril sinn með því að slíta sundur friðinn við launafólkið í landinu. Þessi ríkisstj. stendur nú að því að slíta í sundur friðinn í þinginu varðandi stærsta hagsmunamál Íslendinga, fiskveiðar og fiskvinnsluna í landinu. Þeir menn sem þannig halda á málum og ganga fram með eindæma offorsi hér í þingstörfum taka á sig mikla ábyrgð. Þá blasir sú spurning við hvort hæstv. ríkisstj. hefur burði til að rísa undir þessari ábyrgð.

Herra forseti. Ég vil enn á ný við lok þessarar ræðu minnar ítreka þær spurningar sem bornar hafa verið fram til hæstv. sjútvrh. Ég vil enn fremur ítreka fsp. mínar til Sjálfstfl. og forustumanna hans, að þeir menn úr Sjálfstfl. sem styðja þetta frv. komi hér upp í ræðustólinn og geri þingheimi grein fyrir því hvers vegna þeir styðji frv. Sérstaklega vil ég skora á þm. Sjálfstfl. úr Reykjavík að svara því, og þá einkum hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson, fyrrv. borgarstjóra, og hæstv. fjmrh., fyrrv. forseta borgarstjórnar Reykjavíkur, hvers vegna þeir hafna þeirri ósk, þeirri rökstuddu ósk sem þeim hefur borist frá einu stærsta útgerðarfélagi höfuðstaðarins.

Að lokum, herra forseti, hvernig stendur á því að þessir menn þora ekki í rökræður um þetta mál? Við höfum verið reiðubúnir til þess að skapa eðlilegan vettvang hér innan þings, jafnvel utan fundarstaða, herra forseti, til að tefja ekki störf deildarinnar, til að geta átt orðastað við þessa hv. þm. um málið. Því hefur verið hafnað. Við höfum ekki átt þess kost að fá að hlýða á þeirra rök, hvorki innan eða utan þingsala. Af því er eingöngu hægt að draga tvær ályktanir. Annaðhvort hafa þessir menn ekki rök eða þá þeir þora ekki að birta þjóðinni og okkur þau rök. Hvor skýringin er rétt getur enginn ákveðið hér og nú, en þess væri óskandi að áður en þessi hv. deild hefur lokið umfjöllun sinni um málið hefðum við fengið að heyra svör hæstv. sjútvrh. og rök þessara hv. þm.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti vill nú bera af sér þá sök að hann hafi ekki gert tilraun til að hafa góða samvinnu við þingið um meðferð þessa máls. Og á þessari stundu fullyrði ég að forseti hafi aldrei verið jafnfús til samvinnu við þingið eins og einmitt nú.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Hér eru til umr. þrjár till. og er ég ásamt tveimur öðrum hv. þm. flm. einnar þeirra. Ég tel nauðsynlegt að fara hér í upphafi nokkuð yfir það og rekja í hverju þær felast, þessar till., fara yfir það hver er helsti munurinn á þeim. Mun ég nú gera svo.

Þar er fyrst til að dreifa frv. til l. um breytingu á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, á þskj. 188. Í öðru lagi er það brtt. við

þetta frv. á þskj. 235, flutt af hv. þm. Kjartani Jóhannssyni o. fl. Í þriðja lagi eru svo brtt. við áðurnefnt frv. á þskj. 242, fluttar af Steingrími J. Sigfússyni o. fl.

Frv. hæstv. sjútvrh., sem ég nefndi hér fyrst, er um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Aðalbreytingin felst í 1. gr. sem er brtt. við 10. gr. áðurnefndra laga. Þar segir svo með leyfi herra forseta:

„Ráðh. getur, að fengnum till. Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskistofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðh. getur ákveðið skiptingu þessa hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðh. ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð, svo og heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta milli skipa. Við skiptingu afla milli skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á vissum tegundum sjávarafla, skal heimilt að miða við heildaraflaverðmæti fiskiskipa sem ekki hafa fengið slík leyfi.

Ráðh. getur enn fremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.

Hafa skal samráð við sjútvn. Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma."

Á brtt. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson flytur ásamt fleirum er einnig gerð till. um breytingu á 10. gr. laganna. Þar segir með leyfi forseta:

„Ráðh. getur, að fengnum till. Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð.

Ráðh. getur enn fremur sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa og með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna.

Um önnur meginatriði varðandi framkvæmd fiskveiðistefnu skal ráðh. leggja fyrir Alþingi till. til þál. Í þáltill. skulu m. a. tilgreind eftirtalin atriði:

1. Hvort skipta skuli hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra eða gerða fiskiskipa og hvaða meginreglur skuli gilda um þá skiptingu.

2. Hvort úthluta skuli aflamagni á einstök skip og hvaða viðmiðanir eða forsendur skuli gilda um þá úthlutun, m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð. Þá skal gerð till. um hvort heimila skuli flutning eða framsal á aflamarki milli skipa og með hvaða skilyrðum og eftir hvaða meginreglum.

Þegar samþykkt hefur verið þáltill. um fiskveiðistefnu skal ráðh. kveða nánar á um framkvæmd einstakra atriða hennar.

Hafa skal samráð við sjútvn. Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar og skal nefndunum gerð grein fyrir reynslu og árangri aðgerða á hverjum tíma."

Þriðja till. sem hér er til umfjöllunar er flutt af mér og fleiri hv. þm. Þar er einnig gerð till. að breytingu á 10. gr. laganna, að hún orðist svo, með leyfi herra forseta:

„Ráðh. getur, að fengnum till. Hafrannsóknastofnunar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum. Ákvörðun sína um þetta efni skal ráðh. kynna Alþingi fyrir lok hvers árs. Skal Alþingi síðan fjalla um mótun fiskveiðistefnu og ákveða stefnuna með þál.

Þál. um fiskveiðistefnu fjallar um forsendur fiskveiðistefnu komandi árs. Við ákvörðun sína skal Alþingi taka tillit til þess að atvinna verði sem samfelldust, að sem mest hagkvæmni fáist við nýtingu fiskstofnanna og að þess sé gætt að ekki verði gengið á stofnana. Í ályktun Alþingis skal ákveða forsendur ákvörðunar ráðh. um skiptingu hámarksafla á skip."

Hér er, herra forseti, í þessum þremur till. fjallað um sama hlutinn, en á nokkuð mismunandi vegu.

Í frv. hæstv. sjútvrh. er gert ráð fyrir að hann hafi vald til að ákveða þetta einn og sér og upp á eigin spýtur. Einungis er gert ráð fyrir, eins og segir í síðustu mgr. 1. gr., að hann skuli „hafa samráð við sjútvn. Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar." Það er það eina sem kemur við sögu fyrir utan vald sjálfs ráðh., þ. e. þetta samráð við sjútvn. Alþingis.

Í hinum till. tveimur er gert ráð fyrir að þetta verði með nokkuð öðrum hætti, þ. e. að málið komi til kasta Alþingis á þann hátt að flutt sé þáltill. þar sem mörkuð er stefna í fiskveiðimálum í grófum dráttum. Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir að ráðh. útfæri hana síðar nánar. Meginmunurinn á þessum þremur till., þ. e. annars vegar till. hæstv. sjútvrh. og hins vegar hinum tveimur, er sá, að valdaafsal til framkvæmdavaldsins af hálfu löggjafarvaldsins er miklu víðtækara og nánast algert í frv. því sem sjútvrh. hefur hér lagt fram. Í hinum er gert ráð fyrir að Alþingi hafi hér miklu meira að segja og nánast móti heildarstefnuna sem ráðh. síðan útfæri. Þessar tvær brtt. ganga því báðar að þessu leyti í sömu átt, þó með nokkuð mismunandi blæbrigðum séu. Þær eru fluttar m. a. í ljósi þeirra umr. sem nú eru orðnar alllangar um þetta mál hér á hinu háa Alþingi þar sem komið hefur fram í máli margra ræðumanna að þeir óttist það nánast óskilyrta vald sem sjútvrh. yrði falið, yrði frv. hans að lögum, þeir óttist það óskilyrta vald og vilji að Alþingi komi þar meira við sögu. Því er sem sagt hafnað í þessum brtt. að Alþingi afhendi hæstv. sjútvrh. allt forræði í þessum málum nánast skilyrðalaust. Þetta er í fullu samræmi við málflutning margra ræðumanna hér á hinu háa Alþingi, svo og í fullu samræmi við þá umr. sem farið hefur fram úti í þjóðfélaginu undanfarna daga um þetta mál, og það hefur verið rækilega rakið hér, m. a. með tilvitnunum til samþykkta ýmissa aðila sem þetta mál varðar beint.

Ég hef talið nauðsynlegt, herra forseti, að skýra það nokkuð í hvaða grundvallaratriðum þessar þrjár till. greinir á, því að það er kjarni þess máls sem við erum hér að fjalla um. Það er alveg nauðsynlegt að hv. þdm. geri sér skýra grein fyrir því í hverju þessi munur liggur. Auk þess eru í brtt. á þskj. 242 aðrar greinar, þ. á m. 1. gr. þar sem kveðið er á um að fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindir innan hennar skuli vera þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Í 3. gr. á sama þskj. er kveðið á um það að ráðh. skuli skipa nefnd til að fjalla um framkvæmd fiskveiðistefnu. Í þeirri nefnd skuli eiga sæti fulltrúar fiskverkenda, útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks í fiskvinnslu skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Þetta ákvæði er m. a. með hliðsjón af og í samræmi við ályktun Alþýðusambands Íslands, hreyfingar launafólks í landinu, sem hefur lagt á það áherslu

að fulltrúar þess eigi aðild að þessu máli með líku móti og hér er gerð till. um. Það er því nánast mjög furðulegt ef þeir sem hafa forsvar fyrir þessu máli hér á Alþingi geta látið þennan málflutning og þær röksemdir sem fyrir þessum till. eru færðar sem vind um eyru þjóta, þar sem það liggur fyrir og hefur verið ítarlega rakið hér, að þetta er stutt, eins og ég sagði áðan, með ályktun launþegahreyfingar landsins og með ályktunum margra annarra almennra samtaka og öflugra samtaka sem eiga hér hagsmuna að gæta. Þess vegna undrar það mig, herra forseti, að sjútvn. Nd. skyldi ekki þurfa lengri tíma en raun bar vitni, þ. e. meiri hl. hennar, til þess að hafna alfarið þeim brtt. sem hér hafa verið fluttar. Mig undrar það, herra forseti, að meiri hl. n. skyldi treysta sér til þess á svo stuttum tíma og að svo lítt könnuðu máli að hafna þessum brtt. Og ég vek athygli á því, sem reyndar hefur komið fram hér í umr. áður, að flm. að annarri till. voru alls ekki kallaðir til viðræðna við n. til þess að rökstyðja þar sitt mál.

Það er nauðsynlegt einnig, herra forseti, að fara nokkuð yfir það hvernig þetta mál hefur borið að hér í þinginu. Er þá auðvitað fyrst til að taka þegar 1. umr. fór hér fram í hv. deild um þetta mál. Þá urðu allítarlegar umr. og m. a. var það áberandi í þeim umr. að ræðumenn spurðu hæstv. sjútvrh. margra spurninga. Ég var einn þeirra sem tók þar til máls og ég spurði hæstv. sjútvrh. ekki færri en tíu sundurliðaðra spurninga sem ég reyndi eins og mér var frekast kostur að setja skýrt og skilmerkilega fram. Ég tók það jafnframt fram að ég ætlaðist ekki til endanlegra svara heldur fór ég fram á það að hæstv. sjútvrh. reyndi að svara mér því til sem hann hefði um málið að segja á þeirri stundu, skýra stöðu málsins eins og hún lá þá fyrir þegar hann flutti og mælti fyrir frv. sínu hér í hv. Nd.

Ég tók þá svo til orða að mér þætti hæstv. sjútvrh. koma fátæklega nestaður, koma með léttan mal hér inn í hv. deild þegar hann mælti fyrir frv. Að því er virtist hafði hann gert sér vonir um það að hann gæti mælt hér fyrir þessu þýðingarmikla máli og komið því í gegnum hv. deild án þess að þurfa að svara mörgum þýðingarmiklum spurningum nema þá að mjög litlu og í mjög almennum orðum.

Meðal þeirra spurninga sem ég lagði fyrir hæstv. sjútvrh. var í fyrsta lagi hvernig hann hygðist útfæra það aflastýringarkerfi sem mundi væntanlega leiða af samþykkt frv., þ. e. hvernig aflakvóti það yrði sem liti dagsins ljós og mundi byggja á þeim heimildum sem ráðh. fengi með samþykkt frv. Ég bað alveg sérstaklega fyrir það í mínu máli að hæstv. sjútvrh. greindi mér og öðrum hv. þdm. frá því, ef hann hefði myndað sér skoðun um það, hvort slíkur aflakvóti skyldi miða við aflamagn eða aflaverðmæti eða eitthvert vægi af þessu tvennu. Hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða sem skiptir miklu máli. Það skiptir miklu máli fyrir útgerðaraðila og það skiptir miklu máli fyrir framkvæmd fiskveiðistefnunnar því á þessu tvennu er nokkur eðlismunur, hvort miðað er við aflamagn eða aflaverðmæti. Þessu spurði ég að. Ég hef ekki heyrt í máli hæstv. sjútvrh. síðan bein svör við þessu.

Ég spurði hæstv. sjútvrh. í öðru lagi að því, sem ég tel einnig mjög þýðingarmikið að taka fyrir hér í umr., með hvaða móti menn hefðu hugsað sér að hindra smáfiskadráp, ef af setningu þessa aflakvóta yrði, og hvernig ætti síðan að tryggja það að sá smáfiskur sem þó mun að öllum líkindum koma upp í veiðum yrði nýttur, komið yrði með hann að landi og hann yrði nýttur. Hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða einnig. Það má öllum ljóst vera, sem eitthvað til þekkja, að setning aflakvóta getur breytt þeirri mynd sem í þessum efnum hefur blasað við mönnum hingað til, og fer þá eftir því m. a. hvort kvótinn miðast við aflamagn eða aflaverðmæti eða eitthvert vægi af þessu tvennu.

Í þriðja lagi spurði ég hæstv. sjútvrh. hvort heimiluð yrði sala á aflakvóta eða aflaleyfi, sem úthlutað hefði verið til einstakra skipa, hvort slíkur aflakvóti mætti ganga kaupum og sölum milli manna, milli hæstbjóðenda, og hvort hann mætti þá fara hvert á land sem er, hvort hann yrði bundinn við ákveðið svæði og hvort jafnvel yrði hugsanlegt að slíkur kvóti yrði seldur úr landi, til hæstbjóðanda í Færeyjum eða Englandi. Ég skal játa það að við þessu hafa komið nokkur svör, þar sem ég sá það haft eftir hæstv. sjútvrh. m. a. í fjölmiðlum að hann væri í eðli sínu á móti slíku. En þá er það spurningin um það, hvort leyft verði að skipta á kvóta milli skipa. Hvað verður gert í því tilfelli að aðilar hyggist hætta útgerð? Verður þá þeirra aflakvóti felldur niður, verður hann fenginn öðrum í hendur eða skapast þá tækifæri fyrir nýja aðila að hefja útgerð á grundvelli þess kvóta sem þá hefur losnað? Það er ekki hægt að svara þessu með bara jái eða neii eða „ég er á móti sölu — eða ekki á móti sölu“ því málið er flóknara en það eins og ég hef hér rakið. Þetta gæti borið að með ýmsu móti og það er nauðsynlegt að fá það sundurliðað hvaða hugmyndir hæstv. sjútvrh. hefur í hverju einstöku tilfelli.

Í fjórða lagi spurði ég hæstv. ráðh. að því hvernig tekið yrði á siglingum fiskiskipa, þegar fiskiskip sigla með afla sinn á erlendar hafnir, og hvort þeim skipum sem gert hafa út á slíkar siglingar undanfarin ár yrði veittur aflakvóti til móts við hina sem einkum eða alveg hafa landað afla sínum hér innanlands. Ég hef ekki heyrt mikil svör við þessari spurningu, en það má ljóst vera að þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf að líta þarna til.

Í fimmta lagi spurði ég hæstv. sjútvrh. að því hvernig hugmyndin væri að leitast við að tryggja sem best jafnvægi milli vinnslustöðva, milli atvinnusvæða og milli landshluta ef slíkt kvótakerfi yrði sett á. Hér er einnig um þýðingarmikið atriði að ræða.

Í sjötta lagi spurði ég hæstv. sjútvrh. að því hvernig ætti að tryggja það að atvinna yrði sem jöfnust árið um kring og ekki kæmi til tímabila þar sem yrði viðvarandi atvinnuleysi við sjávarsíðuna ef þessi tilhögun yrði á höfð. Því er ekki að leyna að þetta er eitt af þeim atriðum sem valda mönnum vítt og breitt um landið hvað mestum áhyggjum í þessu sambandi. Mér hafa þótt svörin við þessu atriði rýr eins og reyndar við fleiru.

Í sjöunda lagi spurði ég hæstv. sjútvrh. hér í 1. umr. þessa máls hvernig menn hygðust hafa eftirlit með þessu kerfi, ef sett yrði, hvernig menn hygðust tryggja það að ekki yrði landað fram hjá, að allur sá afli sem á land bærist yrði mældur og veginn og kæmi til frádráttar því aflamagni sem hverjum og einum yrði úthlutað. Ég skal aftur játa að við þessu kom nokkurt svar í umr. hér í hv. deild í dag, þar sem hæstv. sjútvrh. rakti fyrir okkur dm. hvernig núverandi eftirlitskerfi væri upp byggt, hvernig það starfaði. Ég býst ekki við að það hafi

verið mikil tíðindi fyrir suma. En ég skal játa að það var tilraun til svars.

Í áttunda lagi spurði ég, og þess hafa reyndar fleiri spurt, hvernig yrði litið til rekstrarlegrar stöðu, til fjárhagsstöðu útgerðaraðila, eigenda fiskiskipa og fiskvinnslustöðva í þessu sambandi, hvort tekið yrði á einhvern hátt tillit til þess hvort menn væru með í höndum ný skip eða gömul, afkastamikil eða afkastalítil, vel útbúin eða miður útbúin. Og í beinu framhaldi af því lá beint við að spyrja um skuldastöðu, t. a. m. nýrri fiskiskipa, sem hv. þdm. vita væntanlega að er mjög slæm víða um þessar mundir, fjármagnskostnaður er gífurlegur á flestum nýrri fiskiskipum og vanskil hlaðast upp í fjárfestingarlánasjóðum. Þetta atriði hefur verið margítrekað hér í umr. Það hefur ítrekað verið farið fram á það við hæstv. sjútvrh. að hann skýri frá þeim hugmyndum sem hann eða hæstv. ríkisstj. hefur uppi í þessum efnum. Og auðvitað er það liður í því máli sem hér er til umfjöllunar og nauðsynlegt og skylt að ræða það samhliða.

Í tíunda lagi spurði ég hæstv. sjútvrh. að því hvað lægi nú fyrir og hvaða áform væru uppi um ákvörðun fiskverðs á næsta ári, ef þessi tilhögun yrði á höfð, og reyndar væri fróðlegt að fá að vita, hvort sem af því yrði eða ekki, hvernig lítur út með fiskverð á næsta ári í ljósi rekstrarstöðu útgerðar í landinu um þessar mundir. Það liggur fyrir og hefur komið fram opinberlega að menn eru sammála um það að útgerð sé nú rekin með miklu tapi, mismunandi miklu, en með umtalsverðu tapi, svo skiptir jafnvel tugum prósenta um ákveðna flokka fiskiskipa. Halda menn svo að þetta skipti ekki máli þegar verið er að ræða hér mótun fiskveiðistefnu á næsta ári? Halda menn að sú staðreynd að útgerð í landinu er rekin með tapi og það miklu tapi, halda menn að hún skipti ekki máli og það sé bara hægt að olnboga sig hér í gegnum þessa umr. í hv. Alþingi án þess að víkja að þessu? Án þess t. d. að skýra þingheimi frá því hvernig þetta mál standi og hvaða hugmyndir séu uppi til úrbótar.

Þetta voru, herra forseti, í eins stuttu máli og mér er unnt að rekja það, þær tíu beinar spurningar sem ég spurði hæstv. sjúvrh. hér að, og ég held að ég hafi ekki gert það með neinu offorsi og ekki brotið neinar þær umgengnisreglur hér í hv. þd. þannig að ég hafi ekki verðskuldað hreinskilin og eins ítarleg svör og hæstv. ráðh. var unnt að gefa. Ég bið þá að mér verði á það bent ef ég hef á einhvern hátt hagað mér þannig að ég ætti ekki skilið hér ítarleg, hreinskilin svör, því í hreinskilni var spurt.

Ég hef talið nauðsynlegt, herra forseti, að rekja það hér hvernig ég spurði hæstv. sjútvrh., vegna þess að það hefur ítrekað komið fram í máli margra hv. ræðumanna hér úr þessum stóli að ráðh. hafi ekki svarað ýkja miklu ýmsu af því sem hann hefur verið spurður um. Það hefur reyndar margverið kallað á hann og skorað á hann héðan úr stólnum að koma hér upp og gera mönnum grein fyrir ýmsum staðreyndum í þessu máli. Menn hafa höfðað til þess að einmitt það væri líklegt til að greiða götu þessa máls hér í gegnum hv. þing, að við ákveðnum grundvallarspurningum fengjust svör.

Þessar spurningar, tíu að tölu, sem ég hef nú hér rakið, vörðuðu að mestu leyti framkvæmdaatriði þessa máls, því það er alveg nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að framkvæmdin bíður. Á næstu vikum og mánuðum verður að taka ákvörðun um framkvæmd fiskveiðistefnunnar. Það er annars vegar hin formlega mótun hennar og lagalega hlið málsins og hins vegar hin framkvæmdalega. Ég hef dvalið hér nokkuð við hina framkvæmdalegu.

Ég rakti hér í upphafi máls míns í hverju væru fólgnar þær lagalegu áherslur og sá lagalegi munur og sá merkingarlegi munur sem kemur fram í frv. hæstv. sjútvrh. annars vegar og þeim brtt. sem hér liggja fyrir hins vegar. Og það er auðvitað það sem við þurfum að taka afstöðu til á næstu klukkustundum eða á næstu sólarhringum hér á hv. Alþingi, með hvaða hætti Alþingi afgreiðir þetta mál, að hve miklu leyti það selur hæstv. sjútvrh. í hendur vald til að fara með það á næsta ári, vald til að fara með þetta mál og annast framkvæmdir í því.

Það hefur komið fram í máli fjölmargra ræðumanna að menn telja það eðlilegasta málsmeðferð og eðlilegasta skipan þessa máls að hér sé um að ræða samstarf og ákveðna samtvinningu löggjafarvaldsins annars vegar, sem setur hinn almenna ramma, og framkvæmdavaldsins sem fer með umboð þess og annast framkvæmdina hins vegar. Hæstv. sjútvrh. hefur í sínu frv. gert till. um annars konar málsmeðferð og annars konar tilhögun á þessu, þ. e. þá að hann fari með þetta sjálfur, að hann bara geri þetta sjálfur, hann taki þetta að sér. En það er greinilegt að margir hv. þdm. eru ekki alveg tilbúnir til þess að samþykkja það, a. m. k. ekki fyrr en ráðh. hefur gert okkur nokkra grein fyrir því hvernig hann hyggst fara með það vald, hvernig hann hyggst beita því. Það eru stórar spurningar í því sambandi sem ég tel, herra forseti, að sé enn ósvarað. Ég er ekki sáttur við það að umr. um þetta mál verði slitið hér og nú á þessu stigi, án þess að eitthvað af þeim svörum komi fram. Ef svo yrði ekki og þetta mál yrði afgreitt út úr hv. deild án þess að þau svör kæmu er ég næsta sannfærður um að þær yrðu teknar upp að nýju þegar málið kæmi til Ed, því að ég hef ástæðu til að ætla að einnig í hv. Ed. muni menn vilja fá svör við þessum spurningum. Þess vegna skora ég á hæstv. sjútvrh. að reyna að gera betur grein fyrir þessu máli áður en það fer lengra. Og eins og ég sagði hér við 1. umr. og get gjarnan endurtekið þá held ég að það væri ein vænlegasta leiðin til að skapa samstöðu um málið hér á hinu háa Alþingi og til að greiða götu málsins í gegnum þingið.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Umr. þessi er orðin alllöng og ítarleg. Margar spurningar hafa verið bornar fram, margar ábendingar hafa komið fram og margar till. hafa verið gerðar. Sjútvn. hefur haft málamyndameðferð á þessum till., ekki sinnt þeim í neinu, ábendingar hafa enn ekki fundið hljómgrunn að því er virðist hjá þeim mönnum sem nú hafa valdið í þessum efnum og meiri hl. hér á Alþingi og spurningum hefur ekki verið svarað sem skyldi. Þetta er slæmt. Þetta eru afleit vinnubrögð vegna þess að hér er verið að takast á um grundvallaratriði í stjórnskipun íslenska þjóðfélagsins. Mér finnst að hver svo sem ábyrgðina ber hafi þá skyldu að svara heiðarlegum spurningum sem fram eru bornar vegna þess að stjórnarandstaða á líka sinn lýðræðislega rétt. Það kann ekki góðri lukku að stýra að láta sem stjórnarandstaða sé ekki til. Slíkt hugarfar ber í rauninni vott um virðingarleysi gagnvart lýðræðinu sem er ákaflega alvarlegt mál.

Vegna þess hins vegar, herra forseti, að ekki hefur enn tekist að slíta út svör við þeim spurningum sem bornar hafa verið upp og vegna þess að nú er nokkuð gengið á sjöunda tímann og hér hefur verið haldinn lengsti næturfundur í Nd. í fjögur ár og vegna þess að greinilegt er að stjórnarliðið ætlar að halda hér uppteknum hætti — (**Gripið fram í:** Lengsti fundur í tíu ár.) — þá vil ég skora á hæstv. sjútvrh. hér og nú að gangast undir það að hann þegar í upphafi 3. umr. á morgun — eða á eftir öllu heldur — svari sem skilmerkilegast þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram af mörgum hv. þm., skætingslaust vona ég og heiðarlega. Það eru spurningar sem eru bornar fram vegna þess að menn eiga rétt á svari. Þessari áskorun beini ég til hæstv. sjútvrh. í fullri alvöru.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 35. fundur.

Laugardaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Frestun á greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána, frv. 47. mál (þskj. 50, n. 224, 225). — 2. umr.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. það til l. sem hér er til umr., um frestun á greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána og er 47. mál þessa þings. Í frv. er gert ráð fyrir heimild til að fresta greiðslu á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana og verðtryggingarþátta og vaxta verðtryggðra lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og verðtryggðra íbúðalána banka og annarra lánastofnana er gjaldfalla á tilteknu tímabili ef lántakandi óskaði eftir því. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. en leggur til eina brtt. sem er hér flutt á þskj. 225. Hún felur í sér að 2. málsgr. 1. gr. orðist svo:

„Þeim greiðslum, sem frestað er skv. framansögðu, skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur þannig að greiðslubyrði lánsins á hverjum tíma aukist ekki af þeim sökum og lánið sé með óbreyttum kjörum að öðru leyti svo og með hliðstæðum áfangagreiðslum og ella hefði verið."

Ég vek athygli á að þarna eru felld niður tvö orð sem eru í 2. málsgr. frv. en það eru orðin „eftir þörfum". Nefndin sá ekki ástæðu til að þessi orð væru höfð þarna inni og gerir því till. um að þau falli út með þessari brtt.

Um þetta þarf ekki að hafa öllu fleiri orð þar sem þetta er komið til framkvæmda að verulegu leyti. Mér er ekki kunnugt um hvað mörg lán hafa verið afgreidd á þennan hátt. Þó að það sé ekki beint í þessu frv. fór fjmrh. þess á leit við lífeyrissjóðina að þeir gerðu þetta á sama hátt. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið hjá viðskrn. með viðtali við fulltrúa þaðan, Björn Líndal, var lítil ásókn í að fá þeim lánum breytt. Sama sagði framkvæmdastjóri SAL-sjóðanna, Hrafn Magnússon. Það hafði ekki verið mikið leitað eftir því að fá þessum lánum breytt til samræmis við það frv. sem hér liggur fyrir. Aftur á móti hefur verið allmikil ásókn í það í viðskiptabönkunum að þau lán sem voru þar til skemmri tíma en fjögurra ára yrðu lengd og er búið að afgreiða allverulegan hluta af þeim málum.

ATKVGR.

Brtt. 225 (ný 2. mgr. 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Lántaka vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180, n. 217 og 241). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur skilað áliti um þetta mál og mælir með að það frv. verði samþykkt sem hér um ræðir. Raunar hafa þau mistök orðið, sé ég núna, við nál. að ekki kemur fram í nál. afstaða meiri hl. Hv. þm. Skúla Alexanderssyni finnst það sjálfsagt leiðinlegt og hann getur þá líklega gert grein fyrir því hér á eftir af alkunnri hæversku. En af hálfu meiri hl. fjh.- og viðskn. vil ég greina frá því að nefndin fékk fulltrúa byggingarnefndar flugstöðvarinnar á sinn fund og þeir skýrðu málið og svöruðu þeim spurningum sem fyrir þá voru lagðar. Meiri hl. mælir sem sagt með því að frv. verði samþykkt.

Þetta mál hefur valdið miklum umr. hér, ekki bara á þessu ári heldur um margra ára skeið. Það hefur oft verið nefnt að sú aðstaða sem er fyrir hendi í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli er ekki aðeins gersamlega ófullnægjandi heldur hefur hún verið það um langt árabil. Þetta er ekki aðeins það fyrsta sem erlendir gestir sjá þegar þeir koma hingað til lands heldur má með nokkrum sanni segja að þetta sé eins konar andlit landsins út á við. Mönnum kann e. t. v. að finnast það næsta léttvæg röksemd en skiptir þó máli samt.

Hitt er svo meginatriði að með byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er hægt að skilja með öllu að varnarliðið annars vegar og hið venjulega farþegaflug hins vegar. Einhverra hluta vegna hefur sú staðreynd alla tíð verið eitur í beinum þeirra Alþb.-manna. Það er ekki auðvelt að sjá skýringar á því, en þeir hafa aldrei mátt til þess hugsa að þarna yrði skilið á milli eins og auðvitað hefði átt að vera frá upphafi. En með þessari nýju byggingu verður það sem sagt gert og ég hygg að velflestir muni fagna því.

En það eru önnur rök sem mér finnst þung á metunum og veigamikil varðandi byggingu nýrrar flugstöðvar. Það er í fyrsta lagi að núverandi flugstöð er gamall timburhjallur sem gæti brunnið til kaldra kola á stuttri stund ef illa færi. Kannske er það nábýlið við hið rómaða slökkvilið á Keflavíkurflugvelli og traust eldvarnaeftirlit sem þar er sem hefur bjargað því að þarna hafa ekki orðið óhöpp af þessu tagi, sem betur fer. En eins mikið og við eigum undir flugsamgöngum og flugflutningum væri það alvarlegt áfall, að ekki sé sterkara til orða tekið, ef þarna yrði eitthvert óhapp af þessu tagi. Inni í þessu húsi eru oft 400, 500, 600 manns í senn og sú aðstaða sem þarna er samræmist í engu þeim öryggiskröfum sem skylt er að gera og hljóta að vega þungt í þessu máli.

Annað er það að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er

stór vinnustaður, einn stærsti vinnustaður á Suðurnesjum, og aðbúð og aðbúnaður starfsfólks í þessari byggingu er fyrir neðan allar hellur. Hið sama gildir auðvitað um aðstöðu fyrir farþega sem fara þarna um. Ég veit ekki hvort menn hafa komið inn í þetta hús að vetrarlagi þegar hafa verið snjóþyngsli og komin er asahláka. Þar er á gólfum fata við fötu, dallur við dall vegna þess að byggingin er öll hriplek.

Það mætti tíunda mörg fleiri rök fyrir þessu máli en þeir sem gagnrýna þessa framkvæmd nú segja sem svo að nú sé ekki rétti tíminn til að ráðast í þessa framkvæmd. Það er sjálfsagt hægt að styðja það ýmsum rökum, en ég hygg að þeir sem eru á móti þessari byggingu í sjálfu sér muni ævinlega geta notað þau rök að nú sé ekki rétti tíminn.

Það er vissulega rétt að ekki árar björgulega til svona framkvæmda núna, á það skal fallist. Hins vegar eru öllum kunn þau rök sem vega þungt í því að ráðist er í þetta núna. *Ég býst við að seint væri svo rúmt um fé og* lánsheimildir í íslensku efnahagslífi að þeir sem gagnrýna þessa byggingu teldu kleift að ráðast í hana.

Ég hef einn fyrirvara varðandi minn stuðning við þetta mál og treysti því að tekið verði tillit til hans og veit raunar að aðrir nm. muni geta tekið undir hann. Það er sú staðreynd að að undanförnu hefur það reynst svo varðandi útboð á verklegum framkvæmdum að kostnaðaráætlanir hafa allajafna reynst verulega miklu hærri en raunveruleg einingaverð þegar tilboð hafa legið fyrir. Ég held að ástæða sé til að ætla að svo muni einnig verða í þessu tilviki að raunverulegur kostnaður verði töluvert minni en þær áætlanir sem nú liggja fyrir gefa til kynna. Þess vegna legg ég þunga áherslu á að varðandi lántökur til þessarar framkvæmdar verði gætt ýtrustu varkárni og ekki gengið lengra en brýnasta nauðsyn krefur.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta öllu fleiri orð, en að sjálfsögðu mætti margt frekar um þetta segja. Einhverjum kann að þykja það skjóta svolítið skökku við að stjórnarandstæðingur skuli mæla fyrir þessu nál. varðandi þetta stjórnarfrv. En Alþfl. studdi þetta mál frá upphafi. Utanrrh. Alþfl. á sínum tíma, Benedikt Gröndal, vann að framgangi þess og að sjálfsögðu skiptum við ekki um skoðun á svona málum eftir því hver situr í stjórn hverju sinni.

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið skiptist fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar í afstöðu sinni til frv. til l. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Minni hl. hefur lagt fram álit sitt á þskj. 241 og er það svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Undirritaðir nm. eru andvígir byggingu umræddrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli vegna þess að byggingin tengist óneitanlega hernaðarumsvifum hér á landi og er auk þess langtum of stór og dýr miðað við þarfir farþegaflugs milli Íslands og annarra landa. Jafnframt teljum við að bygging nýrrar flugstöðvar sé ekki forgangsverkefni eins og nú háttar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þess í stað sé það næsta verkefnið í máli þessu að endurskoða og hanna byggingu nýrrar flugstöðvar í samræmi við þarfir farþegaflugs á komandi árum. Við erum þar af leiðandi andvíg ákvæðum þessa frv. og leggjum til að það verði fellt.

Stefán Benediktsson, áheyrnarfulltrúi BJ í n., stendur einnig að þessu nál.“ Undir þetta skrifar auk mín Ragnar Arnalds.

Eins og hér kemur fram er minni hl. n. andvígur því frv. sem hér liggur fyrir af tvennum ástæðum. Annars vegar vegna þess að bygging sú sem hér um ræðir tengist óhjákvæmilega hernaðarviðbúnaði hér á landi. Eins og segir í grg. með frv. er flugstöð þessi reist í samvinnu við Bandaríkjastjórn og hafa Bandaríkin leyfi til að nota hana á hættu- og ófriðartímum.

Í fyrsta lagi er vart til sóma fyrir sjálfstæða þjóð að standa ekki óstudd að sínum byggingarframkvæmdum hverjar svo sem þær eru og er það ein ástæða þess að við setjum okkur á móti byggingu flugstöðvar með þeim hætti sem hér um ræðir. Í öðru lagi hlýtur þessi bygging að teljast til aukinna hernaðarumsvifa hér á landi því hún telst hernaðarmannvirki um leið og hættuástand myndast sem ekki er nánar skilgreint í grg. með frv. né annars staðar í þeim gögnum sem fram hafa verið lögð í þessu máli. Auknum hernaðarumsvifum, af hvaða tagi sem eru, er minni hl. n. eindregið andvígur. Í raun má líta svo á að á meðan veröldin hefur innanborðs gereyðingarvopn á borð við kjarnorkuvopn séu allar hernaðarframkvæmdir tengdar þeim á einn eða annan hátt. Vígbúnaður heimsins, hvaða nöfnum sem hann nefnist, er ekki í aðskiljanlegum einingum heldur tengdur innbyrðis á margvíslegan máta. Umrædd flugstöð á Keflavíkurflugvelli er liður í þessari vígbúnaðarkeðju þótt lítill liður sé og það er ein ástæða þess að ég er eindregið á móti byggingu hennar með þeim hætti sem fyrirhugaður er.

Í annan stað telur minni hl. fjh.- og viðskn. að bygging nýrrar flugstöðvar sé ekki forgangsverkefni eins og nú háttar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Því er ekki á móti mælt að núverandi flugstöð á Keflavíkurflugvelli þarf að endurnýja og það um leið og efni leyfa. En á meðan íslenska þjóðin hefur t. d. ekki efni á að byggja hús yfir bækur sínar, yfir menningarverðmæti þessa lands, tel ég að hún hafi heldur ekki efni á að byggja hús yfir flug á milli landa. Í rauninni er bygging þessarar flugstöðvar í hróplegu ósamræmi við þau skilaboð sem ríkisstj. annars leitast við að koma til þjóðarinnar. Fólkinu í landinu er sagt að engir peningar séu til, allir verði að spara.

Um daginn var frv. til l. um launamál, sem kveður á um gífurlega launaskerðingu landsmanna, samþykkt í þessari hv. d. sem lög frá Alþingi. Nú, 14 dögum síðar, stöndum við hér enn og í þetta skipti erum við beðin um að *veita ríkisstj. heimild til að taka allt að 616 millj. kr.* erlend lán, ekki til að rétta við fjárhag þjóðarinnar, stöðu atvinnuveganna eða til að hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi, heldur til að reisa íburðarmikið anddyri framan við þjóðarheimilið. Hvernig á fólk almennt að trúa þessari ríkisstj. á meðan slíkt misræmi er á milli gerða hennar og raun ber hér vitni? Hvernig er hægt að trúa því að ekki séu til peningar fyrir brauði á meðan hægt er að útvega peninga fyrir byggingu sem þessa? Og hvernig er hægt að trúa því að núverandi ríkisstj. vilji ekki auka erlendar lántökur á meðan hún er tilbúin að taka slík lán svo hundruðum milljóna skiptir í gersamlega óarðbært fyrirtæki?

Hér er þvílík sýndarmennska á ferðinni að mínum dómi að út yfir tekur og minnir í rauninni óneitanlega nokkuð ápreifanlega á þær blekkingar sem tíðkast við gerð kvikmynda. Reist er fögur framhlið á húsið en

aftan við hana er allt í rusli og drasli, í okkar tilfelli eymd og volæði. Slíkar blekkingar koma ekki að sök í kvikmyndum, hæstv. fjmrh., en þær eru alvarlegt mál í raunveruleika daglegs lífs, þær eru alvarlegt mál fyrir fólkið í landinu.

Í umræðunni um fjárlög næsta árs á Alþingi fyrir tveimur dögum kom fram að tekjur ríkisins eru hvorki álitnar duga til að standa straum af nauðsynlegri uppbyggingu á hinum ýmsu atvinnusviðum né til að framfylgja ákvæðum gildandi laga í hinum ýmsu málaflokkum. Í 2. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir er hins vegar verið að rýra þær tekjur sem ríkið gæti haft af framkvæmd eins og byggingu flugstöðvar, en í gr. er kveðið á um niðurfellingu aðflutningsgjalda, vörugjalds og söluskatts af vélum, tækjum og búnaði til framkvæmdanna. Hér skýtur óneitanlega skökku við miðað við stöðu ríkisfjármála. Hvernig höfum við í rauninni efni á þessu? Þar að auki bendir allt til þess að niðurfelling þessara gjalda hafi þau áhrif á atvinnusviðinu að rýra samkeppnisaðstöðu Íslendinga gagnvart tilboðum erlendis frá því að íslenskir verktakar hafa þegar greitt umrædd gjöld af þeim búnaði sem þeir eiga og það hlýtur að koma inn í þeirra kostnaðarverð.

Af öllum þeim ástæðum sem ég hef nefnt er minni hl. fjh.- og viðskn. eindregið á móti því frv. sem hér liggur fyrir og leggur til að það verði fellt.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Þar eð ég var fjarstaddur afgreiðslu þessa máls vegna veikinda vil ég aðeins að fram komi að ég fylgi meiri hl. að málum og legg til að frv. verði samþykkt.

Auðvitað mætti flytja langt mál um þetta, bæði almennt um þessi mál, um þessa byggingu og um þann rökstuðning sem að baki býr. Um bygginguna vil ég aðeins segja að ég held að það hafi býsna mikla þýðingu fyrir landið eins og nú er komið að hafa eðlilega flugstöðvarbyggingu á eina alþjóðaflugvellinum sem við höfum. Flugstöðvarbyggingin sem nú er þar er náttúrlega á engan hátt boðleg eins og hér hefur verið réttilega bent á af hv. þm. Eiði Guðnasyni. Ég get almennt tekið undir hans orð í sambandi við þetta mál.

Það sem ég vildi sérstaklega taka fram í þessu efni er að Framsfl. hefur frá fyrstu tíð verið þeirrar skoðunar að á meðan talið er nauðsynlegt að hafa varnarlið hér í landinu skuli allt gert sem hægt er til að einangra það eins og unnt er. Þess vegna beitti Framsfl. sér fyrir því á árunum 1953—1956 að aðgreina meðferð mála sem snerta samningssvæði varnarliðsins — en það eru kölluð samningssvæði þar sem varnarliðið hefur umsvif á — frá öðrum málum og setja þau undir utanrrn. í sérstakri stjórnardeild.

Á þeim árum var einnig ákveðið að erlendir verktakar sem stóðu fyrir byggingarframkvæmdum á Keflavíkurflugvelli hyrfu úr landi og Íslendingar tækju þessi mál alfarið að sér. Þá var og ákveðið á þessum árum að radarstöðvarnar fjórar sem þá voru byggðar skyldu vera einangraðar. Þær hafa verið það alla tíð og mér er ekki kunnugt um að í raun og veru hafi sú sambúð valdið neinum erfiðleikum. Teknar voru upp allstrangar reglur, ég vil segja mjög strangar reglur um takmarkanir á ferðum varnarliðsmanna út af Keflavíkurflugvelli og úr radarstöðvunum.

Að mati okkar framsóknarmanna er einn þáttur þessa flugstöðvarmáls alveg sérstaklega þýðingarmikill, þ. e. að aðgreina almenna flugið frá varnarliðinu þannig að varnarliðið hafi sína flugstöð, sína afgreiðslu með sínum málum alveg sér en Íslendingar hafi sína flugstöð algerlega aðgreinda frá starfsemi varnarliðsins.

Við teljum kannske þetta að mörgu leyti þýðingarmesta þáttinn í málinu þó að margt fleira komi þar til eins og t. d. það að flugstöðin núna er í raun og veru engan veginn forsvaranleg. Gerum t. d. ráð fyrir, eins og stundum kemur fyrir, að það komi kannske tvær eða þrjár stórar farþegaflugvélar sem af einhverjum ástæðum verði að lenda á Keflavíkurflugvelli að vetri til. Þá koma fleiri hundruð manna í flugstöðina, 4—700 manns í einu. Þá er þessi aðstaða engan veginn forsvaranleg. Þetta vita allir sem þekkja til og margt mætti tína til í þessu efni. En ég skal ekki lengja mál mitt, aðeins staðfesta það að ég er fylgjandi því að frv. nái fram að ganga.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það hefur oft áður komið fram að flokkur minn, Alþb. er þess eindregið hvetjandi að stefnt sé að því að byggð verði ný flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Spurningin er hins vegar ósköp einfaldlega þessi: Hvers konar flugstöð á að byggja á þessum stað, hversu stór á hún að vera, á hún að vera eingöngu til nota fyrir farþegaflutninga og vöruflutninga milli Íslands og annarra landa eða á hún að vera að einhverju leyti í þágu bandarískra hersins á Keflavíkurflugvelli?

Hv. þm. Eiður Guðnason flutti framsöguræðu fyrir þessu máli áðan. Í hans máli var ekki margt annað að finna en þær staðreyndir sem hann lagði áherslu á, að flugstöðin væri of lítil og hún væri meira að segja svo lek að það þyrfti að nota margar fötur ef rigndi og þar að auki gæti hún brunnið. (**TÁ:** Eins og Arnarhvoll?) Já, það er rétt hjá hv. þm. Tómasi Árnasyni. Þetta er víst ekki eina byggingin á landinu þar sem bregða þarf upp fötum þegar rignir. Jafnvel stjórnarráðshúsið við Arnarhól er á þann veg gert að þar getur lekið vatn. Það er sem sagt víða pottur brotinn. Og þó að stöðin sé gerð úr viði að verulegu leyti er rétt að taka fram að að sögn kunnugra er ekki um beina lífshættu að ræða fyrir það fólk sem þarna starfar einfaldlega vegna þess að viðurinn er að verulegu leyti eldvarinn og byggingin öll á einni hæð með stórum gluggum og útgöngudyrum þannig að menn komast nokkuð auðveldlega út úr byggingunni ef eldur kemur upp og slökkvilið í næsta húsi. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að ýmsir forráðamenn flugmála hafa verið sammála okkur Alþb.-mönnum um að þetta væri vissulega eitt af verkefnum framtíðarinnar en alls ekki það allra brýnasta, alls ekki það sem kallaði meira á en öll önnur verkefni á sviði íslenskra þjóðmála.

Hér koma tveir menn upp og mæla fyrir þessu máli ósköp einfaldlega með því að spyrja: Er forsvaranlegt að hafa flugstöð á Keflavíkurflugvelli í því standi sem hún er? Ég spyr á móti: Telja þessir menn forsvaranlegt að það skuli vera flugvellir víðs vegar um land þar sem engin flugstöð er, ekki nokkur einasta flugstöð, bara himinninn einn sem yfir mönnum er? Telja menn forsvaranlegt að hér séu víða um land flugvellir sem eru ekkert annað en möl og skítur þannig að flugvélarnar sökkva ofan í flugvellina oftar en einu sinni á hverju ári og jafnvel ýmsir sem verða fyrir sömu reynslu og ég að þurfa stundum að ýta á eftir flugvélinni sem þeir eiga að

vera farþegar í til að hún komist upp úr drullunni? (**Gripið fram í:** Hvar var það?) Það var á flugvellinum á Blönduósi sem það gerðist að ég ýtti á eftir flugvélinni sem ég ætlaði að ferðast með til Reykjavíkur og ég hygg að margir hafi orðið fyrir sömu lífsreynslu. (**Gripið fram í:** Fórst þú með henni?) Ég hoppaði svo í vélina og komst suður.

En þetta sýnir að víða er pottur brotinn, þetta sýnir að það er ósköp billegt að standa upp á Alþingi og segja: Er forsvaranlegt að hafa hlutina svona, er forsvaranlegt að hafa þá hinsegin? Ég spyr hv. þm.: Er það í raun og veru forsvaranlegt að aðalþjóðvegurinn milli Reykjavíkur og Akureyrar eða milli Reykjavíkur og Egilsstaða skuli ekki vera lagður varanlegu slitlagi, er það forsvaranlegt í nútíma þjóðfélagi? Og ættum við ekki að skammast okkar fyrir það við Íslendingar að vegakerfi landsmanna skuli ekki vera í betra ástandi en það er? Jú, auðvitað eigum við að skammast okkar fyrir það og auðvitað er það ekki forsvaranlegt. (**EG:** Kannske einkum þeir sem hafa verið samgrh. og fjmrh.) Já, vissulega getum við allir harmað það að ekki skuli hafa verið gerð meiri átök á sviði samgöngumála en gerð hafa verið. Fleiri bera víst ábyrgðina en þeir sem hafa haft ráðherranafnbót. En staðreyndin hefur bara ósköp einfaldlega verið sú að við höfum ekki talið okkur aflögufærari en þetta. Þegar svo kemur að því að eyða 600 millj. kr. á einu bretti hljóta menn að spyrja: Er alveg ótvírætt að það sé þetta sem verður að hafa forgang umfram alla flugvellina sem ekki hafa varanlegt slitlag, umfram staðina þar sem engin flugstöð er og umfram vegina í kringum landið sem eru lagðir möl? Það þýðir sem sagt ekki, eins og hv. þm. Eiður Guðnason gerði áðan, að koma upp og segja: Sjáið þið bara þessa byggingu, hún lekur og hún er of lítil. Er ekki augljóst mál að við verðum að byggja þessa flugstöð? Og segir síðan ekki eitt einasta orð um hvers konar flugstöð sé þá rétt að byggja og hvort öruggt sé að þetta sé hin rétta flugstöð sem við þurfum á að halda, hvort stærðin sé hin rétta og hvort samstarfið við Bandaríkjamenn í þessum efnum sé eðlilegt undir ríkjandi kringumstæðum.

Þetta er kjarni þessa máls. Við Alþb.-menn höfum verið andvígir því að byggð yrði flugstöð sem væri allt of stór fyrir millilandaflugið og miklu dýrari, miklu þyngri baggi á herðum íslenskra skattgreiðenda en þörf væri á. Við höfum alveg sérstaklega varað við því að blandað væri saman hernaðarhagsmunum Bandaríkjamanna og þörfum Íslendinga fyrir nýja flugstöð.

En það hefur gerst eftir að þessi ríkisstj. var mynduð að ákveðið hefur verið að ráðast í flugstöðvarbyggingu í samræmi við áform sem urðu fyrst til í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar fyrir rúmum fimm árum en hafa fram undir þetta ekki orðið að veruleika vegna aðildar Alþb. að ríkisstj. Það sem við Alþb.-menn höfum að athuga við þennan samning er þetta: Í fyrsta lagi er mikil óvissa enn ríkjandi um millilendingar á Íslandi í Atlantshafsflugi og okkur þætti skynsamlegra að skýrar lægi fyrir hver þróunin verður í millilandafluginu á næstu árum áður en endanleg ákvörðun verður tekin í þessu máli. Okkur þykir líklegt að hér sé verið að byggja allt of stóra flugstöð enda vitað að hún er stærri en flugstöðvar í ýmsum stórborgum Evrópu þar sem farþegafjöldi er margfalt meiri.

Við bendum líka á að þrátt fyrir yfirlýsta kostnaðarhlutdeild Bandaríkjamanna er sá kostnaður sem fellur á íslenska skattgreiðendur gífurlega mikill, eða um 600—700 millj. kr. Með tilliti til þess sem ég sagði áðan, þegar ég ræddi um þarfirnar á íslenskum flugvöllum víðs vegar um land, er kannske rétt að hafa í huga að þessi upphæð, sem öll verður greidd úr vasa íslenskra skattgreiðenda, er 12—13 sinnum hærri en sú fjárhæð sem varið er til öryggistækja á íslenskum flugvöllum og til byggingar flugvalla hér á landi á komandi ári skv. því fjárlagafrv. sem nú er til lokaafgreiðslu á Alþingi.

Eða svo annað dæmi sé nefnt, að fyrir þá upphæð sem hér á að verja til byggingar flugstöðvar mætti ekki aðeins leggja slitlag á aðalþjóðvegi heldur byggja þá upp frá grunni, vegalengd sem nemur 600—700 km, þ. e. álíka vegalengd og héðan og austur í Egilsstaði. Sjá þá allir að miðað við þær framkvæmdir sem áformaðar eru á næstu árum í lagningu slitlags og miðað við það sem þegar hefur verið gert mundi upphæðin sennilega nægja nokkurn veginn til að ljúka við hringveginn og koma slitlagi á hann allan, jafnvel til nokkurs meira.

Í þriðja lagi er rétt að benda á að þessi ákvörðun um byggingu flugstöðvar er ekki tekin á þessum vikum, það er ekki verið að taka hana núna með samþykkt þessa frv. Þessi ákvörðun var tekin í sumar af núv. ríkisstj. án þess að Alþingi væri kallað saman. Utanrrh. undirritaði í júnímánuði s. l. bindandi samkomulag við Bandaríkjamenn um að Íslendingar legðu fram þessa upphæð, 600—700 millj. kr., og þessi ákvörðun var tekin af utanrrh. og af ríkisstj. án þess að Alþingi fengi nokkurt tækifæri til að fjalla um stærð stöðvarinnar eða fjármögnun framkvæmda.

Ég vil minna á í þessu sambandi að þegar málið var til umræðu í utanrmn. hinn 5. júlí s. l. óskaði ég eftir því að utanrrh. legði fram sundurliðaða kostnaðaráætlun á fundi nefndarinnar um þá framkvæmd sem hann var í þann veginn að taka ákvörðun um og skuldbinda þjóðina til að taka þátt í. En hann treysti sér ekki til að leggja þau plögg fram og taldi að þau væru ekki fyrir hendi. Hann gat heldur ekki á þessari stundu gefið þjóðinni eða utanrmn. upplýsingar um hönnun byggingarinnar eða hönnunarforsendur. Samt sem áður liðu aðeins tveir tímar frá því að þessi fundur utanrmn. var haldinn þar til utanrrh. undirritaði bindandi samkomulag við Bandaríkjastjórn um að Íslendingar legðu fram þessar 600—700 millj. kr. í byggingu flugstöðvar. Ég tek það skýrt fram að hér var ekki um að ræða samkomulag undirritað með fyrirvara um samþykki Alþingis eins og oft er í slíkum tilvikum, þetta var endanleg skuldbinding af hálfu íslensku þjóðarinnar. Og því segi ég að það er eitt það furðulegasta í máli þessu að við erum ekki nú hér á Alþingi að taka ákvörðun um að gera þetta, þ. e. að leggja fram þetta fé, með samþykkt þessa frv. því að utanrrh. er þegar búinn að undirrita skuldbindandi samning við Bandaríkjastjórn þessa efnis, gerði það hinn 5. júlí s. l. Alþingi stendur því núna ósköp einfaldlega frammi fyrir gerðum hlut og er skv. þessum milliríkjasamningi nauðbeygt að leggja fram þetta fé. Engu að síður tel ég sjálfsagt að greiða atkv. gegn þessu frv. miðað við alla forsögu þessa máls og eðli þess.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að þegar utanrrh. var beðinn um að leggja fram sundurliðaða kostnaðaráætlun vegna byggingar flugstöðvar og að skýra

hönnunarforsendur vegna byggingarinnar og hann neitaði hvoru tveggja, þá var hann beðinn um að fresta fundinum þannig að hann gæti lagt fram þessar upplýsingar á nýjum fundi, en hann neitaði því líka. Nefndin samþykkti undir forustu formanns Alþfl., sem stýrði þessum fundi, — það gekk auðvitað ekki hnífurinn á milli formanns Alþfl. og formanns Sjálfstfl. í þessu máli — að ástæðulaust væri að fresta fundinum og því var samningurinn við Bandaríkjamenn undirritaður aðeins tveimur tímum síðar.

Ég álít að þessi framkoma ríkisstj., hæstv. utanrrh. og raunar formanns Alþfl. — því hans framkoma var ekkert skárri — sé nokkuð einstæð í íslenskri sögu. Ég segi nokkuð einstæð vegna þess að sjálfsagt má finna örfá hliðstæð tilvik sem snerta sögu hernaðarhagsmuna Bandaríkjamanna hér á landi, en fara verður nokkur ár aftur í tímann til að finna hliðstæð dæmi.

Ég hef hér gert grein fyrir því að við Alþb.-menn teljum óvissu ríkja um heppilegustu stærð þessarar stöðvar og vekjum athygli á hversu gífurlega há þessi fjárhæð er sem leggst á íslenska skattgreiðendur á næstu árum en verður öll tekin að láni til bráðabirgða. Kemur því ekki í hlut núverandi fjmrh. eða þessarar ríkisstj. að afla þess fjár með raunverulegum hætti, heldur verður þetta tekið að láni og lagt í hendur komandi ríkisstjórnum að útvega fé frá skattgreiðendum til að borga þennan víxil.

Ég hef einnig bent á að sagan um það hvernig samningur þessi var gerður er nokkuð einstæð og auðvitað þeim til háborinnar skammar sem að honum stóðu. Enda var það löðrungur í andlit Alþingis að utanrmn. skyldi neita um allar upplýsingar um málið áður en það var afgreitt. Raunar á ekki að afgreiða mál af þessu tagi, þar sem um er að ræða endanlega skuldbindingu Íslendinga gagnvart annarri þjóð, öðruvísi en að Alþingi sé áður búið að fjalla um málið og fá tækifæri til að skoða allar hönnunarforsendur og afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru.

Ég vek á því athygli í þessu sambandi að þegar málið kemur nú til Alþingis er ekki orð að finna í þessu frv. um það hvers konar flugstöð eigi að reisa á Keflavíkurflugvelli, hversu stór hún er og hvað annað þar er um að ræða. Auðvitað hefði verið lágmark að í þessu frv. hefði verið ítarleg grg. um þá stöð sem hér er um að ræða, en eins og menn sjá af frv. er þar um athugasemdir og upplýsingar að ræða sem komið er fyrir á rúmlega einni síðu.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að lagalega séð er ekki aðeins um mjög hæpin vinnubrögð að ræða í þessu máli, heldur sé hér líka verið að gera ein stærstu fjárfestingarmistök sem gerð hafa verið hér á landi. Staðreyndin er auðvitað sú að mannvirkið sjálft mun aðeins standa undir broti af líklegum rekstrarkostnaði stöðvarinnar. Allt framlag Íslendinga verður tekið að láni erlendis á háum vöxtum á þeim tíma þegar brýnast er að Íslendingar takmarki erlendar lántökur eins og nokkur kostur er.

Ég vil minna á að almennt hefur verið gildandi, þó að það gildi ekki eftir að þessi ríkisstj. tók við, að erlend lán hafi ekki verið tekin til annarra framkvæmda en þeirra sem geta staðið undir greiðslu afborgana og vaxta af viðkomandi lánum. Það heyrir t. d. til algerra undantekninga að tekin hafi verið erlend lán til vegagerðar. Fyrst og fremst hafa það verið lán Framkvæmdasjóðs sem hafa verið endurlánuð Vegagerðinni sem hafa verið erlend lán, en þau eru aðeins brot af vegagerðarkostnaði í heild. Reynt hefur verið að gæta þess að erlend lán væru fyrst og fremst tekin í þágu stofnana og fyrirtækja á vegum ríkisins sem gætu sjálf staðið undir greiðslu afborgana og vaxta af þessum lánum fyrr eða síðar. Ég segi að vísu ekki að þetta hafi verið undantekningarlaus regla en þetta hefur verið meginreglan og ég gæti mjög auðveldlega sýnt fram á hvernig þetta hefur verið framkvæmt undanfarin ár. Ég sagði áðan að t. d. varðandi vegagerðina væru vissulega nokkur lán sem hefðu verið tekin erlendis en meginhlutinn af því fé sem vegagerðin hefur fengið að láni hefur verið fjármunir sem teknir hafa verið að láni hér innanlands. Í þessu tilviki er hins vegar tekið erlent lán til greiðslu á öllum kostnaði sem á Íslendinga fellur.

Vissulega er reynt að telja fólki trú um að rekstur stöðvarinnar standi undir sér með því að vísa til flugvallagjalds, lendingargjalda eða tekna af fríhöfn eins og gert er í áætlun einni sem gerð var á vegum byggingarnefndar flugstöðvarinnar. En ég minni á að þessir tekjupóstar ganga nú þegar til annarra verkefna á vegum ríkisins hvort sem menn telja það eðlilegt eða ekki, það skiptir ekki öllu máli. Það er bókhaldsblekking þegar reynt er að halda því fram að þessir tekjupóstar leysi vandann vegna þess að ef þeir eru notaðir til að fjármagna kostnaðinn af flugstöðinni segir það sig sjálft að álíka mikill vandi skapast einhvers staðar annars staðar. Þar af leiðandi er auðvitað alger blekking að halda því fram að flugstöðin sem slík standi undir þeim kostnaði sem við hana verður. Hún verður þá, ef svo á að vera, að taka til sín tekjupósta sem í dag eru notaðir til að standa undir ýmiss konar kostnaði m. a. við flugið.

Það á að heita svo að flugvallagjaldið gangi allt til framkvæmda í flugmálum. Þannig hefur það verið undanfarin ár og m. a. s. er tekið alveg sérstaklega fram í lögunum að flugvallagjaldið eigi að ganga til framkvæmda við uppbyggingu flugvalla víðs vegar um land. Lendingargjöld af flugvélum ganga til rekstrar flugumferðarmiðstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, m. a. til að kosta hana. Tekjurnar af fríhöfninni ganga vissulega til margra hluta en m. a. til að kosta rekstur ferðamálaráðs að nokkrum hluta. Ef þessir tekjupóstar eru allir teknir og eiga nú að standa undir rekstri flugstöðvarinnar segir sig ósköp einfaldlega sjálft að þá vantar fé til að standa undir þeim útgjöldum sem hér hafa verið nefnd.

Það er því ekkert annað en bókhaldsblekking þegar reynt er að telja fólki trú um að flugstöðin standi undir sér sjálf eftir að hún hefur verið byggð því að hún skapar engar nýjar tekjur umfram það sem nú er. Það er auðvitað kjarni málsins.

Fráleitasta og furðulegasta ákvæðið í þessum nýja samningi við Bandaríkjastjórn er þó tvímælalaust það að skv. samningnum hefur Bandaríkjastjórn rétt í neyðartilvikum til að yfirtaka þetta helsta samgöngumannvirki þjóðarinnar í heilu lagi. Þar með eru Íslendingar sviptir með öllu yfirráðum og notkunarrétti yfir þessu mannvirki sem þeir hafa þó lagt gífurlega fjármuni fram til að kosta. Ég vek á því athygli að framlag Bandaríkjamanna til byggingar flugstöðvarinnar er svo sannarlega ekki útlátalaust fyrir okkur Íslendinga því að við verðum að sætta okkur við að glata yfirráðum yfir þessu mannvirki þó að við höfum sjálfir greitt meiri

hlutann af kostnaði við það. Þetta getur gerst hvenær sem Bandaríkjamenn telja að hagsmunir sínir kalli á.

Ég hygg að þetta samningsákvæði eigi sér engin fordæmi í samskiptum sjálfstæðra þjóða. En kannske er það einmitt þetta ákvæði sem skýrir að verulegu leyti hvers vegna stærð og gerð flugstöðvarinnar var og er ákveðin svo langt umfram þarfir Íslendinga og hvers vegna kostnaðurinn sem leggst á íslenska skattgreiðendur er miklu meiri en nokkur þörf er á.

Ég vil svo að endingu lýsa því yfir að ég tel furðulegt að forustumenn Sjálfstfl. og Framsfl. með forustumenn Alþfl. í eftirdragi skuli, þegar svo miklir fjárhagslegir erfiðleikar steðja að þjóðinni sem raun ber vitni, leyfa sér að fara eins gáleysislega með sameiginlega fjármuni landsmanna og raun ber vitni í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta stórmál þótt vissulega væri ástæða til að víkja hér að mörgum fleiri atriðum málsins en legg áherslu á að við Alþb.-menn munum greiða atkvæði gegn frv.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Auðvitað má gera ráð fyrir að miklar umr. verði um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli því þetta mál er búið að velkjast fyrir Alþingi og ríkisstjórnum í áraraðir. Það er vissulega há upphæð sem fyrirhugað er að taka að láni og það sker í augu nú þegar verið er að skera niður alla skapaða hluti. En þetta hefðum við getað verið búin að gera þegar betur áraði og þá hefðum við ekki staðið frammi fyrir þessu nú.

Ég vil sérstaklega benda á að Alþb. hefur staðið í vegi fyrir því að þessar framkvæmdir yrðu hafnar. Þó hafa þeir ekki metið þessa byggingu þess virði að hætta þátttöku í ríkisstj., þeir hafa unað við það að undirbúningsframkvæmdir hafi verið á fullu og þeim lokið í þeirra stjórnartíð.

Því hefur verið haldið fram af okkur sem styðjum það að þessi bygging verði að veruleika að hún sé mikils virði af tvennum ástæðum einkum. Í fyrsta lagi að auka á reisn íslenskra flugmála og íslensku þjóðarinnar á þann hátt að byggingin verði myndarleg og aðbúnaður starfsfólks verði betri en raun ber vitni í því flugkoti, eins og ég hef oft nefnt það, sem við búum við nú. Í öðru lagi höfum við talið nauðsynlegt að aðskilja herflug og farþegaflug sem allra mest og það verður gert með þessari byggingu. Ég tel það afar mikils virði og átta mig ekki á hvers vegna Alþb.-menn eru andvígir því að svo verði. Reyndar hafa skoðanir þeirra á þessu máli oft verið harla undarlegar. Í upphafi voru þeir á móti því að byggja flugstöð. Síðar kom það til að þeir vildu byggja flugstöð en ekki eins stóra og aðrir og þeir vildu ekki gera það í samráði við Bandaríkjamenn. Þannig að þeir hafa nokkuð hopað frá sinni fyrri afstöðu sem var á þann veg að byggja enga flugstöð.

Fram kom áðan í ræðu frsm. minni hl. að hætta væri á að erlend samkeppni yrði nokkur í sambandi við útboð. Ég bendi á að því hefur verið svo fyrir komið að verkeiningar eru svo litlar að svo til ómögulegt er fyrir erlenda verktaka að bjóða í framkvæmdir þarna. Það er því öruggt mál að það verða Íslendingar eða íslensk fyrirtæki sem munu sjá um þessar framkvæmdir.

Ég má til með að koma inn á það sem haldið hefur verið fram að þessi bygging væri allt of stór. En þeir sem því hafa haldið fram hafa ekki gefið neitt til kynna um það hvernig þeir vildu hafa þessa byggingu. Ég minni á að þegar upphaflega var gerð teikning eða útfærð hugmynd af því hvernig þessi bygging ætti að vera var reiknað með að hún yrði 23.500 fermetrar. Síðan var hún minnkuð um 30%, niður í 16 þús. fermetra og nú er hún komin niður í 12.284 fermetra. Ég býst við að þegar hún verður tekin í notkun verði hún frekar of lítil en of stór. Ég varð var við það áðan að menn hafa ekki lesið grg. þar sem greint er frá því hvað flugstöðvarbyggingin eigi að vera stór, en það er tilgreint hér í athugasemdum við frv. Ég spyr: Hvað vilja menn hafa þessa stöð stóra eða hvað vilja þeir hafa hana litla? Ég kom að því áðan meðan hv. 3. þm. Norðurl. v. var ekki viðstaddur að ég tel að þessi stöð verði frekar of lítil en of stór þegar til kemur. Og ég benti á að hún hefði verið margminnkuð frá því sem upphaflega var ætlað.

Ég minni og á að erlend lán hafa verið tekin til vegagerðar og mig minnir að svo hafi verið gert t. d. þegar Keflavíkurvegurinn var byggður. Ég hygg að það sé ein sú arðbærasta vegagerð sem innt hefur verið af hendi á Íslandi til þessa.

Það varð að umræðuefni hér hvernig ætti að sjá fyrir rekstrarkostnaði við þessa flugstöð. Hvort sem flugstöðin verður eitthvað minni eða þetta stór hlýtur einhver rekstrarkostnaður að verða af henni og einhvers staðar þarf að taka peninga til að greiða það. Mér finnst mjög eðlilegt og ég hygg að flestir Íslendingar telji það eðlilegt að þeir peningar sem aflað er eða sem koma inn vegna starfsemi flugstöðvarinnar verði nýttir til að halda fluginu gangandi. Mér finnst það afar eðlilegt og sjálfsagt. Tekjur af fríhöfninni koma ekki til nema vegna þess að þarna er flugvöllur, tekjur af lendingargjöldum koma ekki til nema vegna þess að þarna lenda flugvélar og mér finnst mjög eðlilegt að þessar tekjur renni til síns heima en séu ekki látnar í aðrar þarfir eins og gert hefur verið til þessa.

Ég vona að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu og áfram verði unnið af krafti við að byggja þessa flugstöð. Ég hef sagt áður að ég teldi það auka á reisn þjóðarinnar að þessi flugstöð verði til. Þær aðfinnslur sem hér hafa komið til tel ég vera einkum af þeim toga spunnar að menn eru á móti vestrænu samstarfi og það blandist inn í það hvort við eigum að byggja þessa flugstöð sem ég ítreka að verður vafalaust of lítil þegar hún á að koma til notkunar.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Í tilefni af síðustu orðum hv. 6. landsk. þm. vil ég taka fram að a. m. k. í mínum huga er ekki um það að ræða hvort ég er með eða á móti vestrænu varnarsamstarfi. Varnarsamningurinn við Bandaríkin og NATO er staðreynd og við honum verður ekki hróflað, a. m. k. í bili. En þó hann sé staðreynd er samningurinn í sjálfu sér viðurkenning á því með sínum tímatakmörkunum að varnarsamstarfið er ekki óendanlegt. Og þess vegna ekki hvað síst er ég því hlynntur að aðskilnaður á starfi Atlantshafsbandalagsins og starfi íslenskrar flugstöðvar sé alger, þannig að þegar og ef varnarsamningurinn rennur út og ekki er talin þörf á að endurnýja hann séum við ekki með alls kyns óþarfa búnað í þessu húsi sem við höfum ekkert við að gera.

Hönnunarforsendur þessa húss, án þess að við höfum fengið mjög mikið um þær að vita, taka náttúrlega að

mjög stórum hluta tillit til þess að þessu húsi er ætlað að gegna ákveðnu hlutverki í ákveðnum tilvikum. Því er ætlað að vera einhvers konar stjórnunarmiðstöð á stríðstímum og ég get ekki séð að þær forsendur samræmist venjulegu almennu farþegaflugi. Án þess að við vitum í raun og veru nokkuð um það hvað við erum um að tala því að þessar upplýsingar hafa aldrei fengist skoðaðar hljóta menn að gera sér grein fyrir því að samblöndun á hernaðarstarfsemi og almennu farþegaflugi er samblöndun tveggja ólíkra verkþátta og aðskilnaður þeirra hefði alla vega fyrir okkar hagsmuni verið heppilegri.

Auðvitað er enginn vandi að byggja flugstöð sniðna að íslenskum þörfum ef rekstur hennar stendur traustum fótum. Fyrir fjh.- og viðskn. var lögð ákveðin rekstraráætlun sem gerð hefur verið. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur farið um hana nokkrum orðum og því verður náttúrlega ekki á móti mælt að þar er gert ráð fyrir ákveðnum tekjuliðum sem í dag eru notaðir til allt annarra þarfa og verka en þessi rekstraráætlun gerir ráð fyrir. Þannig að einhvers staðar verður að taka þann mismun sem upp kemur þegar þessir fjármunir eru notaðir til að standa undir flugstöðinni.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði um fjárfestingarmistök og ég hef ekkert legið á því að ég tel þetta hús vera fjárfestingarmistök. Þá er ég ekki að tala um í því tilviki endilega samblöndun þessara tveggja starfsþátta sem við vitum að þarna er um að ræða. Það hefur verið mjög erfitt að fá fram einhverjar tölur um byggingarkostnað annars vegar og hins vegar þær stærðir sem þessi byggingarkostnaður er miðaður við. (**KSG:** Þið getið fengið þær allar.) Nei, Karl, við getum ekki fengið þær allar, það höfum við nokkurn veginn sannreynt. En á fundi fjh.- og viðskn. fékkst húsameistari til að nefna ákveðnar tölur um fermetraverð í þessu húsi og bar það saman við fermetraverð í væntanlegri K-deild Landspítala Íslands sem hann einnig annast. Þetta voru í raun og veru fyrstu tölurnar sem hægt var að bera saman við eitthvað annað sem maður hafði vitneskju um.

Ég hef aflað mér upplýsinga um byggingu sem er sambærileg við K-deildina á þeim grundvelli sem húsameistari nefndi, því hann bar þarna saman byggingarkostnað án búnaðar, þ. e. byggingu upp komna, frágengna með þeim hætti sem Íslendingar kalla gjarnan tilbúið undir tréverk. Hér er í gangi innan borgarmarka Reykjavíkur bygging á vegum einkaaðila. Sambærilegt fermetraverð í þeirri byggingu er helmingi lægra en í K-deildinni og í flugstöðinni. Það er ekkert í hönnun þessara bygginga sem réttlætir 100% mun í byggingarkostnaði þessara húsa. Það eina sem sá kostnaður getur grundvallast á er annað hvort alröng hönnun, allt of dýr, eða einfaldlega rangar upplýsingar.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gat um föturnar sem hv. 5. landsk. þm. minntist á. Þessi bygging er nú hönnuð með þeim hætti eða það sem maður getur af henni séð að alls ekki er útséð um að ekki verði þörf þar á allmörgum fötum þegar vel rignir því að stór hluti þaks hennar er úr gleri eins og menn þekkja. Ég áskil mér einfaldlega rétt til að koma síðar að þessu máli, þ. e. byggingarkostnaði þessarar byggingar. Ég held að ég láti þennan söng ekki niður detta því að mér finnst í raun og veru óþolandi að við séum að stofna til miklu meiri kostnaðar í byggingum sem þessum en nauðsyn ber til. Við erum að tala hér um svo stórar upphæðir. Ef við tökum þann byggingarkostnað sem nefndur var á fundi fjh.- og viðskn., sem er einhvers staðar á milli 50 og 60% af endanlegum byggingarkostnaði þeirra húsa eða bygginga sem um ræðir, lækkum hann um helming og tökum þá til viðmiðunar þessa sambærilegu byggingu sem ég nefndi erum við að tala um að draga úr kostnaði þessa húss, flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, um 25—30%, við erum að tala um 150—200 millj.

Breyttar tekjuforsendur fjárlaga, þróun tekna milli ára tekur núna úr vasa fjmrh. að því er ég hef heyrt 100 millj. Hv. 3. þm. Suðurl. getur kannske leiðrétt mig ef það er ekki alveg rétt, en mér skilst að sá tekjumismunur sem er á milli framlagðra fjárlaga og þeirra breytinga sem nú verða á þeim nemi eitthvað um 100 millj. Við erum að tala um að draga úr kostnaði sem þessum mismun nemur og jafnvel tvöfalda hann miðað við endanlegan byggingarkostnað þessa húss.

Mér finnst þetta vera það stórir hlutir að menn hljóti að verða að staldra við. Ég er ekki að tala um föðurlandið og her úr landi eða eitthvað því um líkt, ég er bara að tala um krónur. Ég er að tala um að við erum að taka peninga landsmanna og nota þá, sólunda þeim nánast til hluta sem mætti standa miklu gáfulegar og betur að, einfaldlega þannig að þeir kostuðu minna og gæfu þar með meira af sér. Í þessu tilviki, þegar verið er að samþykkja lánsfjárheimild um mjög stórt og mikilvægt atriði, hlýtur hver maður að sjá í hendi sér að þótt uppi séu afskaplega drengileg áform um að taka ekki meira fé að láni á hverju ári en þörf er fyrir hlýtur sú freisting að vera stór, þegar aðgangurinn og heimildin er til þess að taka þetta fé í búskap sem núna býr við mjög þröngan kost, að misnota þessa fjármuni. Ég endurtek að ég áskil mér rétt til þess, þó að þessi umr. líði hjá, að koma oftar að þessu máli og linna ekki látum fyrr en menn hafa virkilega farið ofan í saumana á því með tilliti til þess hvaða krónur og aura við erum hér virkilega að tala um.

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom í máli síðasta ræðumanns vil ég aðeins rifja það upp að fulltrúar byggingarnefndar flugstöðvarinnar komu á fund n. og svöruðu þar að mínu mati eftir því sem hægt var þeim spurningum sem fyrir þá voru lagðar.

Ég held að allir sem þekkja til í byggingariðnaði og verktakaiðnaði viti að byggjandi eða sá sem kostar byggingu, stendur að framkvæmd hennar, hefur ekki beinlínis fyrir sið að gefa upp nákvæmlega og í smáatriðum allar sínar kostnaðaráætlanir áður en framkvæmdin er boðin út. Ég held að það sé bara almenn venja í þessum viðskiptum. Ég veit ekki til þess t. d. að þegar Vegagerð ríkisins býður út framkvæmdir gefi hún áður upp sitt áætlaða kostnaðarverð. Ég held að sá vinnumáti tíðkist ekki og væri m. a. s. mjög óskynsamlegur. Auðvitað gerir aðilinn sér hugmyndir um framkvæmdakostnaðinn, býður síðan út og síðan er gerður samanburður á væntanlegum kostnaði og þeim tilboðum sem liggja fyrir. Ég held að þetta séu ósköp eðlileg vinnubrögð. Hitt er svo aftur annað mál að ég held að þessi bygging sé kannske betur undirbúin en margar aðrar opinberar framkvæmdir sem ráðist hefur verið í hér á landi. Ég er nær alveg sannfærður um það.

Ég verð nú að segja alveg eins og er að mér finnst það næsta hæpin röksemd hjá hv. andstæðingum þessa frv.

þegar þeir segja að þessi bygging sé liður í vígbúnaðarkeðju, eins og það var orðað hér áðan. Ég held að þá séu menn að teygja röksemdafærsluna ansi langt. Ég mundi miklu frekar skilja ef það fólk sem þessu heldur fram segði að Keflavíkurflugvöllur væri liður í vígbúnaðarkeðju og þess vegna ættum við að hætta að nota hann fyrir millilandaflug og byggja nýjan millilandaflugvöll. Ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir eiga þeir auðvitað að segja þetta. Þessi bygging ein og út af fyrir sig kemur ekki neinni vígbúnaðarkeðju nokkurn skapaðan hlut við. Að vísu er þarna ákvæði um að á ófriðar- eða neyðartímum geti Bandaríkjamenn tekið þessa byggingu til notkunar — ég man nú ekki nákvæmlega hvernig það er orðað. Ég skal játa að mér er það ákvæði ekkert sérstaklega geðfellt. En horfum á raunveruleikann. Vonandi sjáum við aldrei framan í að hér verði þeir alvörutímar sem þarna er gert ráð fyrir. Og segjum sem svo að þetta ákvæði væri ekki í lögum. En mér er spurn: Minnast menn þess að þeir sem standa í styrjaldarrekstri séu eitthvað sérstaklega að spyrja smáþjóðir ráða? Við skulum bara horfast í augu við veruleikann, en við skulum jafnframt vona að við þurfum aldrei að horfast í augu við þennan veruleika.

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Ragnars Arnalds áðan vildi ég gjarnan að hann gæti heyrt það sem ég nú ætla að segja. (**Forseti:** Við skulum reyna að hafa upp á honum.) Menn tala hér mikið um að þessi bygging sé allt of stór, aðrir halda því fram að hún kunni að vera í minna lagi. En ég vil bara leggja þunga áherslu á að ég held að eins og samgöngum og þróun flugmála er háttað sé gersamlega útilokað að spá fyrir um hver verði þróun þessara mála. Ekkert þýðir að vera að vitna í það að menn eigi að gera framtíðarspár, ég held að það sé ekki hægt. Menn geta gert einhverjar ágiskanir út í loftið en ég held að ekki sé hægt að spá af neinu viti um hver muni verða þróunin í þessum málum í framtíðinni. Mín skoðun er sú að þessi bygging sé af sæmilega skynsamlegri stærð. Við skulum bara minnast þess að sagt hefur verið um velflestar opinberar byggingar, sem ráðist hefur verið í hér af stærri gerðinni, að þær væru allt of stórar. Hvað var sagt um Háskóla Íslands, átti hann ekki að duga fram yfir árið 2000? Ég man ekki betur en að það hafi verið haft á orði. Hvað var sagt um Sundhöll Reykjavíkur þegar hún var byggð? Bruðl, allt of stórt. Við skulum fara varlega í að fullyrða í þessum efnum.

Hv. þm. Ragnar Arnalds talaði um erlend lán, m. a. um erlend lán og vegagerð. Það var til skamms tíma svo að erlend lán stóðu undir hérumbil allri meiri háttar vegagerð í landinu og vegum með bundnu slitlagi. Ég minni á Reykjanesbraut, ég minni á þjóðveginn austur yfir fjall. Það voru lán frá Alþjóðabankanum sem stóðu undir þeim framkvæmdum. En þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. segir að erlend lán hafi ekki verið tekin til annarra framkvæmda en þeirra sem hafi getað staðið undir afborgunum og vöxtum get ég nú ekki orða bundist að minna hann á eina framkvæmd sem hann ber meiri ábyrgð á en ýmsir aðrir. Þá á ég við Kröfluvirkjun. (**RA:** Hún mun líka standa undir sér.) Ágætur maður sagði að hún mundi standa undir sér en eigum við ekki að fletta upp í fjárlagafrv. núna og sjá hvernig þessi virkjun stendur undir sér, við skulum gera það, hv. þm. Á bls. 189 stendur: „Lánsfjárþörf ríkissjóðs skv. fjárlögum 1983 og frv. til fjárlaga 1984: Kröfluvirkjun fjármagnsútgjöld, lánsfjárlög 1983 219 millj. og 400 þús., fjárlagafrv. 1984 358 millj." Hér er komin ein flugstöð á tveimur árum. Og hvað varð um rafmagnið frá Kröfluvirkjun í sumar? Landsvirkjun vildi ekki kaupa það, það var enginn markaður fyrir það, hún gat ekkert rafmagn selt í sumar. Í ljósi sögunnar skulum við fara varlega í svona fullyrðingar. Kröfluvirkjun er mesta fjármálaheyksli í allri atvinnusögu Íslendinga fyrr og síðar. Þeir sem voru í svokallaðri Kröflunefnd bera auðvitað ábyrgð á því máli umfram aðra. (**RA:** En þeir þm. á Alþingi sem greiddu atkv. með því, m. a. þm. Alþfl.?) Auðvitað er þeirra ábyrgð einhver líka, en við höfum gagnrýnt þetta mál alla tíð frá upphafi. Þeir sem nú sitja á þingi hér fyrir Alþfl. — (**RA:** Þið greidduð atkv. með því ár eftir ár.) Að veita fjármagn til þessa fyrirtækis eftir að það var komið af stað já. (**RA:** Já.) Vegna þess að það þurfti að standa við skuldbindingar. Auðvitað stöndum við við þær skuldbindingar sem Ísland hefur gert á alþjóðavettvangi og viljum standa að því að lán verði borguð þó þau hafi verið tekin til vitlausra hluta. Við höfum gagnrýnt þetta mjög sterkt, það veit hv. þm. En ég heyri að hann hefur kannske ekki mjög góða samvisku í þessu máli og ég lái honum það ekki. Ég held að menn hafi verið leiddir þarna villir vegar og ekki dettur mér í hug að menn hafi gert þetta viljandi. En í ljósi sögunnar er eins gott að tala varlega í þessum efnum. Ég hygg að við séum reynslunni ríkari varðandi ævintýrið Kröfluvirkjun. Ég bara ítreka það og minni hv. þm. Ragnar Arnalds á að enginn flokkur hefur haldið uppi jafnharðri gagnrýni á þetta mál og Alþfl. Alþfl. átti enga aðild að Kröfluvirkjun, það voru aðrir flokkar sem þar áttu fulltrúa, þetta veit hv. þm. vel.

En ég ætla ekki að þessu sinni að fara lengra út í þessa sálma, það gefst væntanlega tækifæri til þess síðar. Ég bara ítreka það sem ég sagði í upphafi um þessa flugstöð á Keflavíkurflugvelli: Þegar menn eru að halda því fram að hún sé liður í einhverri ímyndaðri eða raunverulegri vígbúnaðarkeðju er slíkt auðvitað argasta rugl. Ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir eiga þeir að segja að Keflavíkurflugvöllur sé liður í vígbúnaðarkeðju og við eigum þess vegna að hætta að nota hann sem flugvöll. En það gerir þetta fólk ekki. Þess vegna falla þessar röksemdir þeirra auðvitað um sjálfar sig og eru úr lausu lofti gripnar.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Það var undarlegt að heyra hv. 11. þm. Reykv. fjalla um flugstöð á Keflavíkurflugvelli sem óarðbæra byggingu, óarðbæra fjárfestingu. Það er líka furðulegt að heyra sama þm. sífellt klifa á því að á Íslandi ríki eymd og volæði. Hv. þm. minnti á í umr. hér fyrir skömmu að heimskt væri heimaalið barn. Ef eymd og volæði er á Íslandi, sem er í hópi einhverra best settu ríkja heimsins í dag, hvað heitir það þá að vera í eymd og volæði í ýmsum öðrum löndum?

Flugstöð á Keflavíkurflugvelli er samastaður hundraða verkamanna, sem skilar gjaldeyristekjum, sem aflar fjár og hefur alla möguleika til að vera arðbær fjárfesting. Það sem er blettur á flugstöðvarmálinu er neitunarvald Alþb. sem um leið er blettur á sjálfstæði Íslendinga. Nú er sú tíð liðin enda hafa orðið breytingar á Alþingi og það ber að fagna slíkri þróun. En ég furða mig enn á því að hv. þm. Sigríður Dúna

Kristmundsdóttir skuli hljóma í þessu máli sem eins konar bergmál úr görnum Alþb.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. kvað dýrt að hafa ekki flugstöðvar á landinu. Það eru allir sammála um það, *það er dýrt að hafa ekki húsaskjól þar sem það þarf að nota.* Hann lagði áherslu á að blandað væri saman hernaðarhagsmunum með byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli sem um er rætt. Það er þó flestra manna mál að þarna sé verið að skilja á milli starfs að hernaðarmálum og almenns starfs í þágu borgara þessa lands og er miklu skynsamlegri útfærsla.

Ég veit auðvitað að samstarf vestrænna ríkja er slíkur þyrnir í augum hv. þm. Ragnars Arnalds að bygging flugstöðvar í samvinnu við þá aðila fellur ekki að hans skapi. En ég hygg að þegar allt kemur til alls sé samviskan á annan veg en á yfirborðinu sýnist því þegar hv. þm. Eiður Guðnason minntist áðan á arðsemi *Kröfluvirkjunar og arðsemi flugstöðvar greip hv. þm.* Ragnar Arnalds fram í og sagði að Kröfluvirkjun mundi skila arði líka. Hann hefur sem sagt þá trú að flugstöðin muni verða arðsöm bygging og er gott að fá staðfestingu á því þrátt fyrir allt.

Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er lítil miðað við þann tón sem athafnasamt fólk á Íslandi, sjálfstæð félög og fyrirtæki, hvort sem þar eru við stjórn karlmenn eða konur, hafa skapað, en hún er stór miðað við það músarholusjónarmið sem Alþb. er fast í og það er kannske mergurinn málsins. Sú flugstöð sem um er að ræða er 70% stærri eða þar um bil en sú flugstöð sem nú er. Allir þekkja hvernig húsakostur þar er og allir eru sammála um að lágmarksstærð á flugstöð á Keflavíkurflugvelli ætti að vera a. m. k. 50% stærri en núverandi stöð er. Við erum hins vegar um leið að byggja fyrir framtíðina og í rauninni er mjög knappt ætlað að hafa bygginguna ekki stærri en hún er.

Við erum einnig að ræða um byggingu sem á að hlíta lögum landsins. Sú bygging sem starfsfólk á Keflavíkurflugvelli býr nú við í flugstöðinni þar brýtur allar reglur um hollustuhætti, eldvarnir og fleiri mál sem Alþingi Íslendinga hefur sett lög um. Á fimmta hundrað manns vinna í þessari byggingu á sumri hverju, um 250 eru fastir starfsmenn sem vinna árið um kring. Þetta er því stórt fyrirtæki sem skapar mörgum vinnu og miklu máli skiptir.

Ef við aðeins veltum fyrir okkur skipulagi nýju byggingarinnar miðað við þá sem nú er er gert ráð fyrir svipuðu húsrými undir verslanir í þeirri nýju og þeirri gömlu, stærri er nú ekki sá þáttur í sniðum. Það eina sem er nýtt í væntanlegri byggingu er svo kallað flugeldhús sem hefur gott rými enda er þar um að ræða mikið verkefni sem á að vinna. Flugleiðir flytja 160—190 þús. farþega á ári um landið. Til skamms tíma hafa þeir keypt nær allan mat fyrir þetta fólk erlendis frá. Þarna er verið að flytja inn vinnu, flytja inn markað fyrir íslenskt hráefni. Þarna er um að ræða matreiðslu á hráefni frá mörgum aðilum hvort sem þar er um að ræða sælgætisgerð eins og *Ópal, Osta- og mjólkursam*söluna, lambakjöt, fisk og margt fleira. Þetta er þáttur sem vert er að hafa í huga þegar fjallað er um þessa væntanlegu mikilvægu byggingu.

Gert er ráð fyrir því í nýrri flugstöð að yfirbyggður landgangur sé inn í stöðina. Ef nokkurs staðar er ástæða til þess í heiminum og á norðurhveli jarðar að hafa yfirbyggða landganga er það á Íslandi. Þess eru mörg dæmi að farþegar hafi teppst allt að 3—4 klst. um borð í flugvélum á Keflavíkurflugvelli vegna þess að þeir hafa ekki komist frá borði. Við erum þannig að vinna með þessari byggingu fyrir framtíðina og við erum að skapa aðstöðu *með þeirri vinnu sem þarna fer fram fyrir* íslenskar hendur. Það er arðsöm fjárfesting.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég flutti nokkra tölu við 1. umr. málsins og ég þarf ekki að hafa mjög langt mál um það nú. Þessar umr. hafa hins vegar að mörgu leyti verið hinar merkilegustu fyrir þann tón sem gefinn hefur verið, merkilegar fyrir þá sök að komið hafa fram ný rök í þessu máli, mótrök gegn þessari byggingu. Flutt hefur verið vönduð, skýr og umfram allt vel rökstudd framsaga af hálfu minni hluta n., hv. 11. þm. Reykv. Hér hefur komið upp hv. 8. þm. Reykv. sem sakir sinnar menntunar talar af meiri þekkingu en ég hygg *flestir aðrir hér inni vægast sagt og — (Gripið fram í.)* og lýst á skorinorðan hátt. — Nei, hann þarf ekki að vera sjálfhælinn þó hann geri glögga grein fyrir máli sínu, hv. þm. Allt þetta þótti mjög merkilegt innlegg í þessa umr. vegna þess að hingað til hefur sú stefna sem tekin hefur verið í þessum flugstöðvarmálum verið öll á einn veg: Sú flugstöð sem menn hafa stefnt að hefur átt að vera sú eina rétta, ekkert annað hefur átt að koma til greina, allt annað hafa verið úrtölur vondra kommúnista sem hafa séð svart í hverju horni. Nú heyrast hér raddir inni. (**LJ:** Rautt.) Já, eða þá ef hv. formaður fjvn. er farinn að sjá allt rautt úti í fjvn. og þykir engum mikið eftir þær þrengingar sem hann hefur orðið þar við að búa, *horfandi svo upp á það hér inni hvernig fé er* sólundað á sama tíma og hann verður svo naumt að skammta til hinna ýmsu verkefna úti í fjvn. Ég er ekki hissa á því þó hann sjái þar rautt og svartar flygsur fyrir augum.

Mér hefur þótt þessi umr. mjög merkileg að þessu leyti og væri ástæða fyrir fleiri að hyggja að þegar þeir geta ekki nýtt sér þá kenningu sem hér hefur ævinlega heyrst, að andstaða við þessa gerð byggingar, vilji til þess að hanna og reisa minni og viðráðanlegri flugstöð, væri einhver trúarsetning kommúnista af þeirri einföldu ástæðu að þeir væru á móti vestrænu samstarfi. Þessi tónn hefur reyndar heyrst núna enn einu sinni, m. a. hjá hv. 3. þm. Suðurl. *Árna Johnsen sem boðaði hér* nýja flugmálastefnu Sjálfstfl., yfirbyggða landganga á hvern flugvöll á Íslandi. Það þótti mér hraustlega mælt miðað við þær aðstæður sem þar eru og miðað við það fjármagn sem hann hefur yfir að ráða til skiptingar á flugvelli landsins því ekki ætla ég honum að láta einungis þar við sitja að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli njóti þessa heldur allir flugvellir landsins og flugstöðin á Keflavíkurflugvelli auðvitað með engan forgang þar að. Annars var hann kominn í þá matreiðslumynd að manni var helst farið að detta í hug að nú ætlaði hann að fara að víkja að kjötsmyglsmálinu fræga, sem nú ríður húsum, en hann sá sig a. m. k. um hönd hafi hann haft *það eitthvað í huga.*

Ekki ætla ég að fara út í að svara eymdar- og volæðistalinu sem hér hefur verið útbásúnað af hv. 3. þm. Suðurl. Ég sá á hæstv. fjmrh. að honum blöskraði að heyra þessi orð, því svarar hv. 11. þm. Reykv. En ég spyr bara: Hverjir eru með þennan svartnættissöng í dag? (**ÁJ:** Hefur þm. umboð fyrir 11. þm. Reykv.?) Nei, ég sagði að hann svaraði því, hv. 11. þm. Reykv.,

ég sagði það. En hins vegar þegar menn tala hér digurbarkalega um að menn sjái svart í hverju horni er ástæða til að minna á hverjir það eru sem sjá það þessar vikurnar og prédika það yfir öllum landslýð.

Vissulega er rétt að með sama áframhaldi verður ekkert sérstakt vandamál fyrir þessa hæstv. ríkisstj. að koma hér á eymd og volæði. Hún stefnir hraðbyri á það markmið sitt, það gengur hratt og vel. Ég veit að það verður ekki eymd og volæði fyrir þá aðila sem sjá frjálshyggju sem einu lausn vandamálanna, fjármagnseigendurna í þjóðfélaginu. Ekki er eymd og volæði hjá þeim því hér stendur vitanlega til númer eitt að færa fjármagn í þjóðfélaginu til stórkostlegar en nokkru sinni hefur verið gert. (**EgJ:** Samanber tillögu Alþb.) Nú held ég að farið sé að slá út í fyrir hv. 11. landsk. þm. eins og stundum áður allalvarlega og þætti mér vænt um að heyra hann rökstyðja þetta mál sitt á eftir, hafi ég skilið hann rétt að Alþb. hafi verið með einhverja till. í þá átt að færa fjármagn til hinna ríku í þjóðfélaginu.

Hér hefur verið margt talað um reisn þjóðarinnar, þann tón sem við ættum að gefa út á við og annað því um líkt. Menn geta endalaust deilt um í hverju reisn þjóðar á að vera fólgin en mér er alveg útilokað að telja það æðsta dæmi um reisn þjóðar hvernig flugstöðin á Keflavíkurflugvelli á að vera. Ég gæti nefnt óteljandi mannvirki sem ég teldi miklu meiri ástæðu til að sýna reisn þjóðarinnar, bæði í menningarmálum, í málefnum aldraðra, í málefnum sjúkra. Mér dettur ekki í hug að menn séu í raun og veru að meina að þarna sé æðsta draumamarkmið þeirra til að sýna reisn þjóðarinnar. (**KSG:** Hver nefndi æðsta?) Ja, svo er að heyra þegar gert er að aðalatriði í hverri ræðunni á fætur annarri að þarna hafi menn hið gullna tækifæri til að sýna reisn íslensku þjóðarinnar, þá hlýtur það að verða æðst og helst, enda er þetta algert forgangsmál.

Ég minni á það enn og aftur sem ég sagði við 1. umr. þessa máls að hér er ekki um það að ræða hvort menn eru að byggja flugstöð á Keflavíkurflugvelli eða ekki, heldur í hvaða samhengi það er gert, hvort við erum að taka öll flugmál okkar, flugöryggismálin meðtalin, til gagngerðrar endurskoðunar, veita í það verulega miklu fjármagni og taka þessa flugstöð inn í þá mynd sem einn þáttanna en ekki forgangsþátt, um það snýst málið.

Menn hafa hins vegar valið hér að gera þetta að forgangsmáli m. a. vegna hinnar þjóðlegu reisnar sem þeir kalla svo, en skilja flugvellina úti á landi eftir í því ástandi sem m. a. Egilsstaðaflugvöllur er í, í forarbleytunni þar. Menn hafa ekki treyst sér til að fara út í að endurbyggja þann flugvöll á nýjum stað. — (**ÁJ:** Hefur þm. ýtt sér á loft þar?) Nei, það hef ég nú ekki gert, enda sé ég ekki hvað það kemur þessu máli við. Hins vegar kann svo að fara ef þessi hv. þm. ræður stefnunni í flugmálum landsins að þannig verði ástatt um Egilsstaðaflugvöll. Ég efast ekki um að hann dreymir um að sjá Austfirðinga ýta á eftir flugvélunum þar miðað við þá reisn sem hann hefur helst í huga varðandi Keflavíkurflugstöðina.

Auðvitað kemur engum á óvart þó að hv. 3. þm. Suðurl., hv. 5. landsk. þm. og fleiri, sem hafa valið sér hina láréttu stöðu gagnvart Bandaríkjunum í þessum málum eins og öðrum, svíði nokkuð undan rökstuddum till. og ábendingum sem hér koma fram frá hv. 8. þm. Reykv., ég er ekki hissa á því.

Ég skal ekki hafa þetta mikið fleira. Hér hefur verið rakið t. d. hve dæmalaus framkoma hæstv. utanrrh. hefur verið í þessu máli og meiri hl. utanrmn. þegar þeir skuldbundu Ísland í þessu efni í sumar. Það sýndi auðvitað bara hvað menn höfðu beðið lengi málþola með þetta hjartans mál sitt, þeir voru gersamlega orðnir málþola með þetta af eðlilegum ástæðum og sjálfsögðum. (**ÁJ:** Njet-ið er úr gildi.) Njet-ið er úr gildi, segir hv. þm. og telur þar með öll þjóðfélagsvandamál leyst varðandi þetta mál. Það er glöggt að honum stendur þetta mál hjarta nær en flest önnur.

Hér hafa verið ófagrar lýsingar á aðstöðu á Keflavíkurflugvelli. Ég efast ekki um að þær lýsingar sem hv. þm. hafa gefið séu sannar. Ég man eftir að nákvæmlega þetta sama var talað um hér fyrir nokkrum árum um Reykjavíkurflugstöðina. Þá var það bara þannig að m. a. vegna öryggismálanna á flugvöllum okkar treystu menn sér ekki að ráðast í nýja flugstöð eins og þá var byrjað að veita peningum til. Menn tóku þá hins vegar þá skynsamlegu afstöðu miðað við allar aðstæður í okkar flugmálum að reyna að lagfæra þar sem allra mest og gera þá aðstöðu sem besta miðað við þann þrönga stakk sem henni er skorinn, og það tókst bara merkilega vel, það sjá allir sem um þá flugstöð fara. En ég veit vitanlega að aðstæður þar og aðstæður á flugvöllum landsins skipta þá litlu máli sem telja hér í fólgna helstu reisn þjóðarinnar út á við sem inn á við.

Nei, eins og kom glöggt fram í máli hv. 11. þm. Reykv. er auðvitað númer eitt um það að ræða hvað menn velja í forgang á erfiðum tímum þegar lítið er til skipta. Valið hefur farið fram, ríkisstj. hefur valið þessa framkvæmd umfram aðrar, í hana skal veitt fjármagni að vild með þeim skilyrðum sem Bandaríkjastjórn að sjálfsögðu setur. Og það er dálítið dýrlegt að heyra menn tala hér um aðskilnaðinn og allt í kringum það á meðan hinn svokallaði aðskilnaður á að byggjast á því að inn í íslenskt efnahagslíf sé dælt erlendu betlifé á þann hátt sem hér er gert.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að mér kemur málflutningur hins styrkta stjórnarliðs allur dálítið kynlega fyrir sjónir. Ég hef hér gert að aðalefni míns málflutnings spurninguna um kostnað þessarar byggingar. Bara til þess að það fari ekki fram hjá neinum hef ég ekki einu orði minnst á hvort þetta er of stór eða of lítil bygging, ég hef sagt hana of dýra. Og hvað viðvíkur því að erfitt sé að gera sér grein fyrir kostnaði slíkrar bygginga fyrir fram þá viðurkenni ég alveg að aldrei er hægt að gera slíkt algerlega. Það er líka á vissan hátt óheppilegt að leggja öll sín spil á borðið í þeim efnum fyrir fram ef maður ætlar að ná út hagkvæmum samningum um uppbyggingu slíkra mannvirkja. En þær kostnaðaráætlanir sem menn gera, sérstaklega með tillliti til þess að taka lán til þeirra, hljóta að verða að byggjast á raunsæi. Og ef mönnum var í þessu tilviki í raun og veru virkilega hugleikið að byggja hagkvæma byggingu hefðu þeir t. d. getað leitað til fleiri aðila en þess eina ráðgjafa sem stjórnað hefur allri ráðgjöf á þessu sviði og reynt að kynna sér hvort ekki væru hugsanlega einhverjir þeir ágallar á þeim áætlunum sem fyrir liggja sem lagfæra mætti og þar með ná niður kostnaði þessarar byggingar. Því að það hlýtur að vera mikið hagsmunamál að þessi bygging sé ekki of dýr.

Arðsemi flugstöðvarinnar hef ég heldur ekki í raun og veru dregið í efa að því leyti að ég tel alveg hægt að gera hana arðsama. Þar eru uppi vissar áætlanir t. d. um verslanarými og annað þess háttar sem ég tel mjög hyggilegar áætlanir en aftur á móti er spurning um hvort það verslanarými er t. d. nægilega stórt. Hv. 3. þm. Suðurl. benti á að það er ekki stærra en það er í núverandi flugstöð. Það er spurning hvort ekki má hugsa fyrir stærri hluta hússins undir þetta verslanarými þannig að ekki þurfi að taka fé til rekstrar þessarar stöðvar sem í dag er notað til að standa undir kostnaði við flugumsjón.

Ég er reiðubúinn að taka undir með hv. 2. þm. Vesturl. og ég hefði meira að segja hugsanlega verið til í að standa að samþykkt þessarar lánsfjáráætlunar fyrir flugstöðina ef fyllilega væri tryggt að byggingarkostnaður flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli væri endurskoðaður, sem ég veit að mun leiða til lækkunar hans, og að þeir fjármunir sem þar fengjust væru síðan notaðir til annarrar uppbyggingarstarfsemi á landinu, á flugvöllum sem margir hverjir þurfa miklu brýnna á þessu fjármagni að halda en flugstöðin á Keflavíkurflugvelli í dag.

Hv. 6. landsk. þm. gerði að umtalsefni að menn hefðu ekki gagnrýnt það hvers vegna ekki væri byggður nýr flugvöllur í Keflavík. (**EG:** Ég sagði að þeir sem gagnrýndu að þessi flugstöð væri hluti af vígbúnaðarkeðju hlytu að krefjast þess að byggður yrði nýr flugvöllur því að flugvöllurinn væri hluti í vígbúnaðarkeðju ef eitthvað væri.) Það sem ég get tekið til mín af þessum orðum skal ég reyna að leiðrétta. Ég minntist á að hluti af hönnunarforsendum þessarar byggingar væri miðaður við það hlutverk sem henni er ætlað á stríðstímum. Flugvöllur breytir ekkert um útlit eða byggingu hvort sem um friðar- eða stríðstíma er að ræða þannig að mér er sama hvoru megin hryggjar hann liggur, hann kemur að fullu gagni fyrir okkur eftir sem áður. En þeir hlutar byggingarinnar sem hannaðir eru með þá starfsemi í huga sem stríðstímar krefjast koma okkur ekki að gagni á friðartímum. Því held ég að menn geti í raun og veru ekki mælt á móti. (**Gripið fram í:** Ekki að ógagni.) Til að geta fullyrt að þeir komi manni ekki að ógagni þurfa menn að hafa kynnt sér málið mjög vendilega. Ég veit af minni reynslu að hv. 6. landsk. þm. getur ekki — nema hann hafi einhver alveg sérstök leynisambönd inn í utanrrn. — hafa kynnt sér þetta mál betur en ég.

Ég verð reyndar að viðurkenna að mér kemur þessi viðkvæmni þm. dálítið undarlega fyrir sjónir. Þó að það hafi verið flokksbróðir þeirra sem á sínum tíma hóf hönnun þessarar byggingar finnst mér það ekki snerta þá ýkja mikið í dag. Sama gildir um stjórnarliðið. Þetta er framkvæmd sem stendur á ákveðnum grunni sem lagður var á þeim stutta stjórnartíma sem Alþfl. réði hér ríkjum og urðu þar ákveðin áfangaskipti í þessari hugsun allri. (**Gripið fram í:** Það er miklu eldra.) Nei, samningar um hönnun þessarar byggingar voru gerðir í stjórnartíð Alþfl. og þess vegna finnst mér að stjórnarliðið þurfi heldur ekki endilega að taka gagnrýni á þessa byggingu svona óstinnt upp. Einhvern tíma hefðu menn nú látið að því liggja að eitthvað sem andstæðingar þeirra í stjórnmálum hefðu gert væri alrangt og alvont en í þessu tilfelli virðast menn samþykkja það alveg fyllilega. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um ýmis atriði í máli mínu. Ég sé að flestir eru fjarstaddir núna, en mig langar samt til að víkja að þeim aftur fáeinum orðum.

Hv. þm. Eiður Guðnason taldi að ef þau rök mín stæðust að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli væri liður í vígbúnaðarkeðju — ég tók reyndar fram að hér væri um lítinn lið að ræða — þá væri allur Keflavíkurflugvöllur það með sömu rökum. Þetta er vitaskuld alveg laukrétt hjá hv. þm. og ég tel nauðsynlegt að horfast í augu við þá staðreynd með tilliti til stöðu heimsmála í dag. Hins vegar tel ég, og ég hygg að hv. þm. sé mér einnig sammála í því efni, að hin ógnvænlega vopnastaða heimsins verði ekki leyst með því að við beitum orku okkar nú í að deila um aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu eða staðhætti á Keflavíkurflugvelli. Afvopnunarmál heimsins verða ekki leyst í því samhengi. Þessi flugstöð skiptir engum sköpum í þeim efnum, en hún er tengd þessum málum og það var það sem ég sagði.

Hv. þm. Árni Johnsen sakaði mig um eitthvað sem mig minnir að hann hafi kallað Alþýðubandalagsgarnagaul. Nú er verst að hann skuli vera fjarstaddur þannig að hann getur ekki borið hvort þetta er rétt munað hjá mér. Hvað sem hann á við þarna vil ég vísa því á bug einfaldlega með því að lesa fyrir hann kafla úr stefnuskrá Kvennalistans, með leyfi forseta:

„Við viljum draga úr umsvifum erlends hers á meðan hann er hér á landi því aukin hernaðarumsvif hvar sem eru í heiminum auka á vígbúnaðarkapphlaupið. Við viljum strangt eftirlit með starfsemi hersins. Við viljum að stjórnvöld skýri undanbragðalaust frá framkvæmdum og herbúnaði Bandaríkjahers hér. Við viljum minnka áhrif hersins í íslensku efnahagslífi svo að tryggt verði að afstaða til hans mótist ekki af efnahagshagsmunum. Við viljum að íslenskt atvinnulíf sé óháð veru hersins."

Á þessari grein byggjum við Kvennalistakonur afstöðu okkar í þessu máli svo og því, eins og ég tiltók áðan, að við teljum þessa byggingu ekki vera forgangsverkefni eins og nú háttar í þjóðarbúskapnum.

Mig langar líka að víkja fáeinum orðum að þeim atriðum sem komu fram í máli hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar. Það var út af ákvæðum 2. gr. þessa frv. þar sem kveðið er á um að fella skuli niður ýmis gjöld af þeim búnaði og tækjum sem nota skal við þessa byggingu. Það er gott ef málum er þannig hagað að útboð eru í það litlum einingum að ekki sé mikil hætta á að samkeppnisaðstaða íslenskra aðila í þessi verk verði slæm. En mig langar aðeins til að minna á að þetta atriði gæti hins vegar hvatt til umframfjárfestingar innanlands þar sem nýir aðilar sjá sér þá hag í að fjárfesta í þeim búnaði sem hér um ræðir þar sem kjörin eru það góð. Slíkt mundi einfaldlega þýða slæma nýtingu á þeim fjárfestingum sem þegar eru gerðar á þessu sviði.

Hv. þm. taldi það auka á reisn þjóðarinnar að reisa glæsilega flugstöð. Ég tel svo sannarlega að glæsilegar og menningarlegar byggingar auki á reisn þjóðarinnar, en ég vil spyrja hv. þm.: Finnst honum það vera reisn að geta ekki staðið sjálfur fyrir sínum húsbyggingum?

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Mér þykir svolítið miður að hv. 5. landsk. þm., frsm. í þessu máli, skuli ekki vera hér staddur vegna þess að ég er fyrst og fremst kominn í ræðustól vegna áskorana hans. Ég vildi frekar óska þess ef forseti er með fleiri á mælendaskrá að ég mætti bíða með mína ræðu. (**Forseti:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að náð verði til 5. landsk. þm.) Ég þakka fyrir hugulsemi forseta. En meðan að ég bíð ætlaði ég aðeins að tala við hv. þm. Tómas Árnason í sambandi við hans ræðu áðan, 4. þm. Austurl. (**Gripið fram í:** Vantar hann nú?) Já, hann vantar líka. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. ræðumann um að 5. landsk. þm. ku vera á forsetafundi en gerðar hafa verið ráðstafanir til að ná í hv. 4. þm. Austurl.) Þakka fyrir.

En svo ég víki umræðu þessa máls burt frá því sem ég ætlaði að tala sérstaklega við þessa hv. þm. þá hafa það verið ein aðalrök flm. þessarar till. eða áhugamanna um stóra flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli að það hús sem núna er notað væri gamall og lélegur timburhjallur sem ekki héldi vatni og þar væri ekki hægt að uppfylla eðlilegar öryggiskröfur gagnvart starfsfólki né farþegum. Ég held að heilmikill sannleikur sé í þessum fullyrðingum en þessi lýsing nær yfir miklu breiðara svið í samgöngumálum okkar, því er verr og miður.

Við þurfum ekki að fara lengra en út á Reykjavíkurflugvöll. Flugstöðin á Reykjavíkurflugvelli er síst betri en sú flugstöð sem við notumst við á Keflavíkurflugvelli. Þó að vitaskuld sé áhugavert og sjálfsagt að byggja flugvöll á Keflavíkurflugvelli og það þjóni okkar samgöngukerfi og uppbyggingu í því kerfi held ég að uppbygging flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli sé ekki síður nauðsynleg.

Á sama tíma og verið er að lýsa yfir nauðsyn þess að komið sé upp góðri flugstöð, stórbyggingu á Keflavíkurflugvelli er strikað yfir fjárveitingu til að byggja yfir slökkviliðið á Reykjavíkurflugvelli. Eins og nú standa sakir eru ekki líkur á að hægt sé að halda áfram byggingu fyrir slökkvistöð á Reykjavíkurflugvelli en þar voru hafnar framkvæmdir. Ég geri ráð fyrir að það hljóti að vera alveg eins nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að hafa sæmilega aðstöðu fyrir slökkviliðið á Reykjavíkurflugvelli og fyrir farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll. Ef öryggiskröfum er ekki sinnt á Keflavíkurflugvelli liggur í augum uppi að það er ekki síður á Reykjavíkurflugvelli. Kannske er okkur svolítið nær að standa að því að öryggiskröfum gagnvart slökkviliði á Reykjavíkurflugvelli sé sinnt en að fara í þá stórbyggingu sem áætluð er á Keflavíkurflugvelli.

Ég vil undirstrika það og það hefur komið fram hjá Alþb.-mönnum sem tekið hafa þátt í þessari umr. fyrr í dag að við Alþb.-menn erum síður en svo á móti byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. (**Gripið fram í:** Ekki lengur?) Við höfum aldrei verið á móti byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli en ekki í þeirri mynd sem verið er að byggja þarna. Kannske er rétt að undirstrika líka að sú bygging sem slökkviliðið á Reykjavíkurflugvelli hefur til umráða og þarf að geyma sín tæki í og hýsa sitt starfsfólk fellur alveg undir þá lýsingu sem fram kom í umr. áðan hjá hv. 5. landsk. þm., að ef asahláka kemur þarf að vera með bala og fötur undir leka og ábyggilega dálítið meira en þarf fyrir sunnan. Ég geri ekki lítið úr því að aðstaða öll á Keflavíkurflugvelli er langt frá því að vera góð, en í samanburði við Reykjavíkurflugvöll tel ég að Reykjavíkurflugvöllur sé að mörgu leyti mun verr staddur.

Það sem ég hafði áhuga á að nefna við hv. 4. þm. Austurl. var yfirlýsing hans um að Framsfl. hefði verið sérstaklega duglegur í að fá aðskilið her og almenning á Íslandi. Ég skal svo sem taka undir það að vissu marki og verið er að boða okkur að með þessari byggingu sé verið að því. Ég hef nú því miður dálítið öðruvísi reynslu af þessum áætlunum Framsóknar um aðskilnað og rökum þeirra fyrir því að nauðsynlegt sé að girða herinn af o. s. frv. Ég hefði því litla trú á að stuðningur Framsfl. við flugstöðvarbygginguna byggist eingöngu á því að þarna sé verið að berjast fyrir aðskilnaði hers og almennings. Ég hef ekki fundið fyrir því. Mín tilfinning er miklu frekar sú að verið sé að binda samvistir Íslendinga og hersins með þessari byggingu. (**Gripið fram í:** Hvernig?) Hreinlega með því að lýsa yfir að þetta sé jöfnum höndum hernaðarmannvirki. (**Gripið fram í:** Jöfnum höndum.) Að það sé jöfnum höndum verið að byggja það upp sem hernaðarmannvirki og þjónustustöð eða flugstöð fyrir almenningsflug á Íslandi. Það er hrein yfirlýsing um að við hernaðarástand — og hvenær kemur að því að hernaðarástand verður? — skal herinn, varnarliðið okkar, taka þessa stöð yfir. Mín skoðun er sú að með þessu sé miklu frekar verið að fara í hina áttina, að binda saman þarfir okkar Íslendinga og hersins. Þetta fer því alveg í þveröfuga átt við það sem hv. þm. Tómas Árnason sagði áðan um aðskilnað okkar Íslendinga við herinn.

Það sem ég ætlaði að segja frá í sambandi við þessa stefnu Framsfl. var að þegar verið var að byggja upp Lóranstöðina á Gufuskálum höfðu framsóknarmenn og Alþfl.-menn ákveðna skoðun um uppbyggingu þeirrar stöðvar. Það var þessi skoðun að hafa aðskilnað hers og almennings. Það er nú svo merkilegt að þegar kom að því að fara átti að byggja þessa stöð voru það tillögur sveitarstjórnar á Hellissandi að hluti af þessari stöð yrði byggður inni á Hellissandi. En þetta fékk ekki náð fyrir augum valdamanna og það mun hafa verið stefna Framsóknar og Alþfl. sem réði þar.

Þetta var á árunum 1956—1957 og munu hafa fallið þar saman ráð Framsfl. og Alþfl. í utanríkisráðherrastólum. (**Gripið fram í:** Hvar er Alþb.?) Þetta var nú þarna vestur á Sandi. (**Gripið fram í:** Það var í stjórn.) Ekki þegar þetta var ákveðið. Þetta mun hafa verið ákveðið af dr. Kristni og svo punkturinn af Guðmundi Í. (**Gripið fram í:** Já.) Já. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þdm. á að hér talar einn í einu.) Það er ósköp heppilegt, herra forseti, að menn geti svolítið spjallað saman, ekki kvarta ég sérstaklega undan því.

En þessir höfðingjar töldu af og frá að þannig ætti að byggja upp hernaðarstöð á Íslandi og voru með þessa skoðun sem við töldum alveg öfuga, því að þarna var okkur sagt að Íslendingar ættu að vera og þjóna og þess vegna ættu Íslendingar að vera innan um Íslendinga. (**Gripið fram í:** Þeir gera það.) Þeir gera það ekki. Þetta mun vera eina stöðin í allri veröldinni þar sem íbúðarhúsabyggingar eru innan um stöðvarhúsabyggingar.

Nú blasir við að Gufuskálastöðin er að verða úrelt og verður lögð niður. Þá sést þessi ágæta skoðun Framsóknar og Alþfl. í þeirri mynd að ekki aðeins stöðvarbyggingar á Gufuskálum verða úreltar og gagnslausar þar sem þær standa heldur einnig allar íbúðarhúsabyggingar á svæðinu. Mér finnst þetta vera ákveðin mynd af því hvernig menn geta hugsað skakkt og búið sér til

kreddur í kringum svona hluti.

Verið er að byggja stóra flugstöð á Keflavíkurflugvelli, ekki til að þjóna okkur Íslendingum og ekki til að þjóna þeim farþegum sem eiga að fara hér um, heldur til að þjóna hernum. En okkur er sagt hitt. Og ég get vel trúað að þeir trúi þessu jafnvel framsóknarmenn og kratar en útkoman verður ósköp svipuð. (Gripið fram í.) Ég trúi því ekki, nei, það er af og frá. En útkoman verður sjálfsagt svipuð, að það sem þeir trúa að eigi sér stað og muni eiga sér stað gengur ekki fram frekar en raunverulega á Gufuskálum. Þeir bjuggust ábyggilega við að þetta yrði herstöð þó þeir væru að segja okkur Íslendingum að það yrðu Íslendingar sem ættu að starfa þarna. Þess vegna gerðu þeir þetta, þess vegna byggðu þeir þetta hinsegin og búast við að þróunin verði sú eftir ekki langan tíma að á Keflavíkurflugvelli ráði ekki Íslendingar alveg þessari stöð, heldur snúist það á hinn veginn, að þetta verði fyrst og fremst herstöðvarmannvirki. Sem sagt, að þessir hlutir báðir snúist við þvert á þá kenningu sem þessir höfðingjar halda fram.

Hv. 5. landsk. þm., ég held að ekki sé neitt óeðlilegt að ég nefni málflutning hans þó að ég sleppi því sem ég hefði viljað ræða sérstaklega við hann beint, taldi það vera eðlileg vinnubrögð að við alþm. fengjum ekki upplýsingar um hvað þessi stöð ætti að kosta, hvað einingarverð, rúmmetraverðið, í uppbyggingu þessarar stöðvar ætti að verða. Það væri eðlilegt að opinber stofnun þegði yfir þessu til að geta staðið frammi fyrir sínum verktaka, verið með leyndar tölur gagnvart verktaka. Hann sagði einnig að Vegagerð ríkisins gerði slíkt hið sama þegar hún byði út verk.

Mér er kunnugt um að Vegagerð ríkisins hefur boðið út tvö þó nokkuð stór verk á Vesturl. Bæði þessi verk voru það opinber að við þm. Vesturl. vissum upp á hár hver áætlun Vegagerðarinnar var. (**Gripið fram í:** Það er þá bara spilling.) Að það sé spilling að opinberar stofnanir láti alþm. vita um áætlaðan kostnað er merkilegur hugsunarháttur, hv. þm. Karl Steinar. Ef trúnaður er þannig á milli opinberra stofnana og alþm. að alþm. séu ekki gefnar eðlilegar upplýsingar um kostnað framkvæmda á vegum ríkisins, þá finnst mér trúnaður vera farinn að bresta milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Það hlýtur að vera ein af grundvallarkröfum alþm. að embættismannakerfið búi sér ekki til trúnaðarkerfi sem er lokað fyrir alþm.

Hv. þm. Eiður Guðnason mótmælti því að flugstöðvarbyggingin á Keflavíkurflugvelli væri liður í vígbúnaðaruppbyggingu eða vígbúnaðarkeðju. Með því að tala um slíkt værum við jafnvel að tala um að leggja ætti Keflavíkurflugvöll niður og hann fílósóferaði dálítið út frá því. Vitaskuld er þetta liður í vígbúnaðaruppbyggingu og Keflavíkurflugvöllur allur. Ekki er hægt að skipta Keflavíkurflugvelli niður í neina sérstaka hluta. Og eftir að komin er svo myndarleg flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli sem verið er að tala um sem neyðarhernaðarmannvirki er þetta vitaskuld vígbúnaðaruppbygging og staðurinn verður álitlegra og eðlilegra skotmark eftir en áður.

Það var alveg hárrétt sem hv. 5. landsk. þm. sagði: Þeir sem standa í styrjaldarrekstri eru ekki að spyrja smáþjóðir ráða. Það er alveg satt. (**Gripið fram í:** Hverjir heldur þú að skjóti á Ísland?) Ja, við skulum spyrja. Ég hugsa að það verði hreinlega að leita að einhverjum vitrari til að svara þessu alveg klárt, hver það verður sem skýtur á Ísland ef einhvern tíma verður af því. Við skulum vona að það verði ekki, jafnvel þó að menn séu svo kampakátir við uppbyggingu hernaðarmannvirkja sem raun ber vitni um, en það hlýtur að vera beinlínis frekar hvati til að einhvern tíma verði skotið á staðinn sem við skulum þó vona að við verðum lausir við.

Það liggur náttúrlega alveg í augum uppi að um leið og varnarliðið óskar eftir að nota þessa stöð notar það hana. Jafnvel það getur búið sér til tylliástæðu um einhverja atburði sem eru að ske í Líbanon eða Ísrael, að nú sé að koma hernaðarástand og við þurfum að styrkja einhverja flutningalínu yfir Atlantshafið og þá þurfi menn að komast inn í flugstöðina. Það liggur í augum uppi. Styrjaldarþjóðir spyrja ekki smáþjóðir eins og okkur Íslendinga um slíkt þegar á þarf að halda.

Ég skal nú fara að láta máli mínu lokið. En mér þykir miður að hv. 5. landsk. þm. skuli ekki vera kominn. (**Gripið fram í:** Á að kalla í hann aftur?) Nei, það hefur þegar verið gert, en hann er upptekinn í öðrum störfum. Hv. 3. þm. Suðurl. Árni Johnsen benti á að það væri kostur við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli að þar væri yfirbyggður landgangur. Ég held ég geti upplýst hann um að það sé ekki einn, ég held þeir séu tveir, a. m. k. var það í einni teikningunni að þeir áttu að vera tveir þannig að við gætum verið með tvær vélar í einu. Þarna er því mikil framför. Jafnvel þó að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli sé það vel búin að vera eina samgöngumannvirkið á Íslandi sem býður upp á að hafa yfirbyggða aðstöðu fyrir rútufarþega — það er eina samgöngumannvirkið á Íslandi sem býður upp á þá þjónustu sem er mjög góð líka — þá held ég að við gætum aðeins hugað að því fyrst við fáum tvo landganga eða a. m. k. einn yfirbyggðan á Keflavíkurflugvelli hvort ekki væri alveg eins nauðsynlegt að hafa yfirbyggðan landgang á Reykjavíkurflugvelli. Hvers eiga Íslendingar að gjalda, aðrir en þeir sem fara til útlanda, hvers eiga þeir að gjalda? Ekki er um það rætt að nauðsynlegt sé að hafa yfirbyggðan landgang fyrir þá. (**VI:** Það er allt í lagi að byggja yfir þá.) Eigum við að byggja yfir þá líka, hv. þm. Valdimar Indriðason? Það er gott að heyra. (**VI:** Það hlýtur að koma að því eins og öðru.) Kemur að því, en mætti það kannske ekki vera á undan þeirri framkvæmd sem þarna á sér stað, eða kannske jöfnum höndum vegna þess að við getum skipt þessu fé í tvennt, tekið helminginn á Keflavíkurflugvöll og helminginn hingað til Reykjavíkur og byggt ágætis flugstöðvar á báðum stöðum? (**KSG:** Þið eruð búnir að ráða samgöngumálunum í áraraðir og hafið ekkert gert í því.) Því er nú verr og miður að við höfum ekki ráðið samgöngumálum lengi.

Nú kemur að því að ég fer að geta lokið máli mínu. Ég vil undirstrika það að ég held að við eigum ekkert að skipta þarna upp gæðunum. Þegar við erum að tala um að nauðsynlegt sé að hafa yfirbyggðan landgang á Keflavíkurflugvelli þá sé ekkert síður nauðsynlegt að hafa hann á Reykjavíkurflugvelli. Jafnvel mættum við hugsa til Austfirðinga, Vestlendinga og Norðlendinga, að hafa yfirbyggða aðstöðu fyrir farþega sem eru að ferðast með íslenskum sérleyfishöfum. Nei, ekki er talin nein þörf á slíku, en það er alveg nauðsynlegt að hafa yfirbyggðan landgang í Keflavík. Og vitaskuld er hann nauðsynlegur svo að ekki rigni á okkar ágætu farþega sem eru að koma frá útlöndum og þeir finni ekki fyrir

því hvað mikil rigning er hér á Íslandi fyrr en þeir koma hingað til Reykjavíkur, alveg yfirbyggt frá því þeir koma inn á flugstöðina í Keflavík, yfirbyggð rútuafgreiðslan svo að þeir finni ekki fyrir rigningunni fyrr en þeir koma hingað.

Ég er búinn að eyða miklu fleiri orðum um þetta mál en ég ætlaði, enda voru þeir félagar mínir búnir að tala og rökstyðja stefnu okkar Alþb.-manna í þessu máli. En eins og ég sagði í upphafi kom ég hér upp sérstaklega vegna beinnar óskar hv. 5. landsk. þm. Mér varð það á að ítreka yfirlýsingu hv. þm. þar sem hann lýsti því yfir að því miður kæmi engin skoðun fram í nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. um afgreiðslu þessa máls. Það kom ekki fram í nál. hvort þeir vildu samþykkja þetta eða ekki. Ég lét þau orð falla að þetta væri óheppilegt og hv. þm. svaraði mér því til að ég gæti komið hingað upp og svarað honum af minni alkunnu hæversku. Ég þakka honum kærlega fyrir það tiltal.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Í andstöðu við þá lántöku sem gert er ráð fyrir í sambandi við bygginguna á Keflavíkurflugvelli hafa verið tínd til ýmis rök. Því hefur verið haldið fram að þessi bygging væri af því vonda, vegna þess að bandarískri herinn mundi hafa afnot af þessari byggingu ef til styrjaldar kæmi og það væri bundið einhverjum sérstökum skilyrðum í þá átt. Ég verð að játa að ég furða mig á þeim barnaskap að telja þetta mikið atriði. Dettur nokkrum í hug að byggingar vítt og breitt um landið fái að vera í friði fyrir hernaðarumsvifum ef til styrjaldar kemur? Í till. til þál. sem Alþb. hefur flutt um að hanna minni og hagkvæmari flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli er ekki gert ráð fyrir að sú bygging verði friðlýst. Ég bendi á að nauðsynlegt væri að taka það fram ef menn ætla að slík bygging yrði ekki tekin til hernaðarafnota ef til styrjaldar kæmi. Ég furða mig á þeim barnaskap að ætla að nokkur bygging verði látin í friði ef til slíkra óskapa kemur. Ég tel það ekki rök í andstöðu við þessa flugstöðvarbyggingu þegar gagnrýnt er að svo skuli vera farið að eins og kemur fram í samningi um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Fulltrúar Alþb. og fleiri halda því fram að byggja eigi miklu minni flugstöð. Ég hef hvergi séð hvernig flugstöð þeir vilja hafa og hve hún á að vera lítil, hvort hún á að vera eitthvað stærri en venjulegt íbúðarhús eða ekki. Ég hef sagt frá því að þessi bygging verður langtum minni en ætlað var í upphafi. Vafalaust verður hún of lítil þegar til kemur. Það er mat manna sem gerst hafa vit á að svo verði.

Auðvitað kostar þessi bygging mikla fjármuni og nú er lítið til skiptanna. Ég bendi á að í fyrra fluttum við Alþfl.-menn frv. um að fjármuna til þessarar byggingar yrði aflað öðruvísi en gert er ráð fyrir hér og t. d. þannig, að þeir verktakar sem þiggja ómældan gróða af framkvæmdum fyrir varnarliðið verði látnir greiða hluta af þessu. Veit ég að þeir eiga ótalin hundruð milljóna í bönkum landsins sem gætu runnið til slíkra nota. En ekki hefur náðst samkomulag um að fara þá leið.

Ég fullyrði að sú stöð sem fyrirhugað er að byggja muni standa undir sínum rekstri að því tilskildu að þeir fjármunir sem verða til vegna flugstöðvarinnar renni til þess reksturs.

Það þarf að koma fram að ef menn ætla að standa einir að byggingu flugstöðvar og hún verði minni eru menn að fara fram á að íslenska ríkið greiði margfalt meira til flugstöðvar en verið er að tala um hérna. Og það er ekki aðeins flugstöðin. Þó hún verði eitthvað minni þurftum við einnig að greiða allt er lýtur að aðbúnaði fyrir utan flugstöðina; flugplön, aðstöðu alla utan dyra, bifreiðastæði, lagnir og margt fleira. Ég sé ekki að saman fari að krefjast annars vegar þess að byggð verði flugstöð sem kostar margfalt meira fé en nú er verið að tala um og mótmæla því jafnframt að þessi flugstöð verði byggð. Ég lít á þetta sem hreina rökleysu og vandræðagang í andstöðu við það framtak sem hér er á ferðinni.

Það var nokkuð rætt um það áðan að menn ættu að gefa upp einingaverð á byggingunni. Ég furða mig á síkum óskum, vegna þess að séu slíkar upplýsingar látnar uppi áður en útboð ganga, hvort sem það er til þm. eða annarra, er ég hræddur um að verktakar geti aldeilis matað krókinn og það verði lítil von um að þeir bjóði lægra í þessar byggingar en kostnaðarverð segir til um. Ef svo er einhvers staðar gert í ríkiskerfinu lít ég á það sem spillingu. Ef tölur leka út ... (**Gripið fram í:** Til þm.?) Til þm. eða annarra. Það eru vissir hlutir sem þeim koma ekki við á ákveðnum tímabilum eða ákveðnum stundum.

Hv. þm. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., ræddi um að það mætti gera margt annað fyrir þessa peninga eða aðra peninga. Auðvitað erum við öll sammála því að byggja þarf upp flugmál á Íslandi. Ég bendi á að við Alþfl.-menn höfum þing eftir þing flutt till. til þál. um mótun opinberrar stefnu í íslenskum flugmálum. Þar segir í 6. gr.:

„Framlag ríkissjóðs til flugmála ár hvert samkvæmt fjárlögum nemi eigi lægri fjárhæð en 1.5% fjárlaga. Því fé verði varið í samræmi við þá áætlun sem gerð var 1976 um áætlunarflugvelli og búnað þeirra og tilgreindar tölur færðar til verðlags hvers árs.“

Ég vænti þess að menn hjálpist þá að við að koma þessari till. í gegn svo að hægt verði að framkvæma allt það sem menn telja svo brýnt og miklu brýnna en það að byggja flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Það var sagt áðan að nær væri að byggja yfir slökkviliðið á Reykjavíkurflugvelli, þó að ég sjái nú lítið samhengi í því. Það er reyndar mín skoðun að gjarnan mætti leggja það slökkvilið niður og koma því undir eina stjórn slökkviliðsins í Reykjavík í stað þess að vera að þessu brambolti með sérslökkvilið fyrir Reykjavíkurflugvöll. Ég bendi á að slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli verður fjarri nýju flugstöðinni en slökkviliðið í Reykjavík er nú flugstöðinni í Reykjavík. Ég get ekki ímyndað mér annað en að það næðist mun betri hagræðing ef fulltrúar í flugráði kæmu því til leiðar að slökkviliðið á Reykjavíkurflugvelli yrði lagt niður og gert að deild í Slökkviliði Reykjavíkur og því falið að sinna þeim verkefnum sem þar er um rætt. En mér finnst alveg út í hött að segja að bygging yfir slökkviliðið á Reykjavíkurflugvelli sé meira virði en bygging flugstöðvar.

Við getum allir verið sammála um að byggja verður flugvelli annars staðar á landinu, en flugstöð á Keflavíkurflugvelli verður að vera til og mun verða til. Ég hlakka til að sjá hv. 4. þm. Vesturl. staddan í þeirri flugstöð og njóta þar í gegnum gluggana tröllslegrar náttúrufegurðar Suðurnesja. (**Gripið fram í:** Ha, ha.)

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ekki veit ég nú hvort ég get tekið undir með hv. seinasta ræðumanni um tröllslegt landslag á Suðurnesjum, en móðir mín, sem var uppalin í Keflavík, dáðist oft að útsýninu til Snæfellsness og Snæfellsnesfjalla frá Keflavík.

Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál, sem þó er merkilegt mál á margan hátt. Ég vil þó segja að Alþb. hefur nú verið í ríkisstjórn landsins árum saman, fjögur til fimm ár undanfarið. Á þessu tímabili hafa verið byggð mannvirki á Keflavíkurflugvelli sem eru margfalt dýrari en flugstöðin sem á að fara að byggja og þeir hafa setið samt.

Tilefni þess að ég kvaddi mér aftur hljóðs var ræða hv. 4. þm. Vesturl., þar sem hann gerði boð eftir mér til að ræða um aðskilnaðarmálin. Ég hafði lagt áherslu á að við í Framsfl. hefðum m. a. stutt þetta mál til að reyna að aðskilja athafnir hersins þarna suðurfrá og venjulegt farþegaflug og vöruflutninga Íslendinga í lofti.

Hann minntist á Lóranstöðina á Snæfellsnesi og gagnrýndi að framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn hefðu viljað byggja hana þar sem hún er byggð nú í stað þess að byggja hana inni á Sandi. (**SkA:** Í tvennu lagi.) Svo bætti hann við í lokin að nú væri stöðin orðin úrelt og yrði sennilega lögð niður og þá væri ekki hægt að nota mannvirkin sem þar eru. Ég kem þessu ekki heim og saman, annars vegar að gagnrýna það að hagnýta mannvirki sem varnarliðið hefur byggt og svo hins vegar að vilja hafa þau mannvirki inni á Sandi til þess að hægt sé að nota þau þegar þessi starfsemi er lögð niður. Ég heyrði að þm. sagði „Hver hugsar skakkt?“ og ég vil endurtaka það: Hver hugsar skakkt?

Frsm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég hef nú þegar talað tvisvar við þessa umr. og hef því aðeins tækifæri til að gera hér aths. (**Forseti:** Sem framsögumaður má hv. þm. tala þrisvar.) Ég þakka fyrir. Mér hafði gleymst sú staðreynd. En ég ætla ekki að lengja umr. samt ýkjamikið.

Það er auðvitað hægt að ræða hér um það fram á rauða nótt að víða er pottur brotinn í íslenskum flugmálum og íslenskum flugvöllum, um það blandast engum manni hugur, og flugmálin hafa verið sú grein samgöngumála hér á landi sem hefur verið hvað afskiptust hvað lengst, en þeim ágætu mönnum sem sátu í síðustu ríkisstj. gáfust nú tækifæri hvað eftir annað til að samþykkja flugmálaáætlun, sem er sniðin eftir vegáætlunarforminu, um skipulagðar framkvæmdir í flugmálum. Á því var hins vegar enginn áhugi. Þetta mál fluttu Alþfl.-menn hér aftur og aftur og það náði aldrei fram að ganga. Það var ekki vegna áhugaleysis okkar á þessu máli að það náði ekki fram að ganga. Það var einfaldlega vegna þess að páv. ríkisstj. setti þessi mál ekki framar en raun bar vitni. Það voru ýmsar aðrar framkvæmdir í flugmálum og afskipti af flugmálum þeirri ríkisstj. kærari og þeim samgrh. sem nú gegnir embætti forsrh.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst afskaplega undarlegt að heyra menn hafa þetta mál í flimtingum talandi um yfirbyggða landganga sem einhvern lúxus eða óþarfa, vitleysu, bull.

Vegna setu minnar í Norðurlandaráði ferðast ég nokkuð mikið og kannske meira en mér gott þykir stundum. Ég hef orðið vitni að óhappi suður á Keflavíkurflugvelli vegna þess að þar voru ekki yfirbyggðir landgangar. Það óhapp var þannig, að fullorðin kona hreinlega fauk þegar hún var að ganga úr flugvélinni inn í flugstöðvarbygginguna. Ég sé enga ástæðu til að fara með það sem eitthvert flimt og spaug þó að byggja eigi flugstöð sem er búin að nútímahætti. Ef einhvers staðar þarf flugstöð með yfirbyggðum landgöngum hugsa ég að það sé einmitt í Keflavík. Þar er býsna vindasamt. (**HS:** En Vestmannaeyjar?) Það eru sjálfsagt ýmsir fleiri staðir, hv. þm. Helgi Seljan, sem mætti tiltaka í þessu efni.

Hv. þm. Skúli Alexandersson mun hafa talað til mín töluvert áðan. Ég var því miður á fundi að boði forseta Sþ. ásamt öðrum og gat því ekki verið viðstaddur í deildinni. Ég heyrði hins vegar eftir að ég kom hingað að hann gerði töluvert úr því að láðst hefði að taka fram í nál. að meiri hl. n. styddi samþykkt frv. Nú skal ég ekki segja um hvort þetta hefur fallið niður í prentsmiðju eða hvort þetta eru einfaldlega mín pennaglöp, og ég skal með glöðu geði taka það á mig, en samstundis og mér varð þetta ljóst gerði ég ráðstafanir til þess að nál. yrði prentað upp aftur, þannig að það færi ekkert milli mála. Það verður væntanlega lagt á borð hv. þm. áður en langt um líður. Ég skal taka á mig að öllu leyti þessi mistök, en þau verða leiðrétt og þskj. verður prentað upp. Ég held að það sé ekkert óeðlilegt að það fari ein og ein setning á milli stafs og hurðar eða upp fyrir stokk eins og gengur mikið á hér í þinginu þessa daga nú fyrir jól og eins og mönnum er ætlað að starfa.

Ég heyrði líka að hann hafði tekið eitthvað nærri sér, að mér skildist, þegar ég talaði um hans alkunnu hæversku. Það var síður en svo ætlan mín, en hafi þau orð með einhverjum hætti sært hann bið ég hann velvirðingar á því.

Ég ætlaði ekki, virðulegi forseti, að hafa þessa umr. af minni hálfu lengri. Ég held að þetta mál sé senn fullrætt hér.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2. gr. samþ. með 11:5 atkv.
3. gr. samþ. með 11:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 142. mál (þskj. 186). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. er um sjúkratryggingagjald. Það er gert ráð fyrir að lagt verði á á næsta ári sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli laga þar um frá 1983. Af þessum sökum er þetta frv. lagt fram. Álagt sjúkratryggingagjald á þessu ári nemur 85.8 millj. kr. og það er áætlað að innheimtast muni um 80 millj. Áætlað er að sjúkratryggingagjald á næsta ári nemi um 132 millj. og innheimt gjöld muni nema 120 millj. kr. samkvæmt áætlunum fjmrn.

Það er gengið út frá því að tekjuskattar til ríkissjóðs, þ. e. sjúkratryggingagjald samkvæmt þessu frv. og tekjuskatturinn, verði samanlagt óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á milli greiðsluáranna 1983 og 1984.

Þegar litið er á þessa skattheimtu í heild hækkar þetta hlutfall að því er varðar sjúkratryggingagjaldið nokkuð, en hins·vegar er þessi hækkun bætt upp með tilsvarandi lækkun tekjuskatts samkvæmt því frv. sem liggur fyrir um tekju- og eignarskatt.

Þetta frv. fór í gegnum Nd. athugasemdarlaust og fjh.- og viðskn. þeirrar hv. deildar var sammála um afgreiðslu málsins.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, en legg, virðulegi forseti, til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. 161. mál (þskj. 243). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. er um breyt. á lögum um málefni aldraðra. Það felur í sér hækkun á hinum svonefnda nefskatti úr 300 kr. í 460 kr. og í stað 60 þús. kr. í 3. málsl. komi 92 400 kr., sem byggist á 54% skattvísitölu á milli ára. Sömuleiðis er hér lagt til að breyta 3. tölul. 12. gr. laganna um það að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunar- og sjúkradeildum fyrir aldraða með jafnháu framlagi og veitt er til sjóðsins á fjárlögum til þessara verkefna og jafnframt til frekari skýringar að þessi styrkur telst hluti af 85% framlagi ríkissjóðs skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Í ljós hefur komið að skiptar skoðanir hafa verið um túlkun á 3. tölul. 12. gr. Frv. er flutt til að gera túlkun hans óvefengjanlega, þannig að skýr sér sá vilji sem að baki þess ákvæðis liggur. Það er því nákvæmar orðað. Skv. því skal af mörkuðum tekjustofni sjóðsins greiða til hjúkrunar- og sjúkradeilda aldraðra jafnháa fjárhæð og sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til að sinna þessu verkefni.

Í fjárlagafrv. eru engar tekjur til Framkvæmdasjóðs aldraðra aðrar en þessi áðurnefndi skattur, 300 kr. á mann, sem er lagt til að hækki í 460 kr. og er þá talið að muni gefa sem næst 42 millj. kr. í tekjur, en það hefur orðið að samkomulagi að fjvn. muni flytja brtt. við 3. umr. um fjárlög um 15 millj. kr. framlag frá ríkissjóði til Framkvæmdasjóðs aldraðra og til að tryggja að til sjúkrastofnana aldraðra komi jafnhátt framlag af þessu sérstaka gjaldi, þannig að 30 millj. verði varið til sjúkrastofnana. Þá mun verða eftir um annað eins til annarra dvalarheimila.

Frá því að þessi skattur var upprunalega lagður á hefur verið um það víðtækt samkomulag á milli stjórnar og stjórnarandstöðu að hafa hann með þessum hætti. Í hvert skipti sem honum var breytt og lög sett eða endurnýjuð náðist um það einnig víðtækt samkomulag. Ég tel að til þess að koma í veg fyrir mismunandi túlkun hafi verið nauðsynlegt og sé nauðsynlegt að leggja þetta frv. fram og fá það afgreitt. Þetta er ástæðan að baki frv. sem liggur nú fyrir.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frv. Það er að vísu seint fram komið og stutt til jólahlés, en ég geri mér fulla grein fyrir að þetta er þarft mál og nauðsynlegt og þarf að nást fram og við munum greiða fyrir því sem mest, Alþb.-menn, að það nái fram að ganga.

Okkur var reyndar ljóst mörgum strax í fyrra að það gæti orðið um mismunandi túlkun að ræða á ákvæði 3. tl. 12. gr. eins og það var afgreitt frá þinginu. Kom enda líka í ljós að það leit út fyrir að þær stofnanir sem þarna um ræðir, hjúkrunar- og sjúkradeildir, yrðu jafnvel af öllu framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra og hefði það verið miklu miður.

Ég vil segja það, að í öllum skattaumræðum þessa daga er hér um að ræða skattlagningu sem er réttlætanleg. Þar er um skatthækkun að ræða sem er réttlætanleg af þeirri ástæðu að þar er um raunverulegt forgangsverkefni að ræða í okkar málum sem er Framkvæmdasjóður aldraðra og það sem þar er gert. Ég get því tekið þessari skattlagningu með gleði, eins og fólk gerir almennt úti í þjóðfélaginu. Þetta er trúlega eini skatturinn sem fólk borgar með sannri gleði yfirleitt úti í þjóðfélaginu. Það er sá skattur sem er merktur þessu verkefni sérstaklega, sem við höfum vanrækt allt um of og hvílir nú þungt á okkur, þ. e. að létta öldruðum ævikvöldið.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir vinsamlegar undirtektir við þetta frv. Mér láðist áðan að lýsa því hér yfir að ég hef ákveðið að fela sérstakri nefnd að endurskoða þessi lög í byrjun næsta árs. Það er ýmislegt í sambandi við þau sem þarfnast endurskoðunar. Ég vildi að það kæmi hér fram svo að hv. þdm. vissu um þá fyrirætlan.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Það gleður mig sannarlega að hér sé farið að ræða um mál sem eru brýnni en flugstöð, sem sagt aðbúnaður aldraðra hér á landi. En ég er nú ekkert sérstaklega ánægð með það 15 millj. kr. framlag úr ríkissjóði sem þarna skal veita þegar litið er til þess sem við vorum að tala um áðan, 600 millj. kr. til flugstöðvar í Keflavík. En ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að greiða fyrir því að þetta frv. komist áfram.

Mig langar til að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. að því, hvort það verði framlag úr þessum sjóði sem mun renna til B-álmu borgarsjúkrahússins eða hvað. Gamla fólkinu skyldum við muna eftir fyrst og fremst, því það er of seint eftir nokkur ár, en það er hægt að geyma flugstöð. Það fólk sem fer í gegnum flugstöð er yfirleitt alheilbrigt, en það má ekki bíða of lengi að búa vel að gamla fólkinu.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram við þessa umr., að enda þótt þetta mál hafi ekki verið á þeim lista sem fram var lagður upphaflega, þegar verið var að semja um framgang mála hér í þinginu síðustu daga fyrir jólahlé þingsins, munum við Alþfl.-menn greiða fyrir því að þetta mál geti náð fram að ganga með eðlilegum hætti.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að þetta frv. var ekki á

listanum var sú, að það var ekki komið fram og ekki komin viðbrögð fjvn. Það var því ekki fyrr en síðustu dagana sem ég reyndi að ræða við menn hér í þinginu um að greiða fyrir afgreiðslu málsins.

En út af fsp. hv. 8. landsk. þm. er þess að geta að úthlutað hefur verið úr Framkvæmdasjóði aldraðra á þessu ári rúmlega 40 millj. eða 40.2 millj., að ég best man, og B-álman hefur fengið 22 millj. af því. Í fjórðu greiðslu á þessu ári fékk Borgarspítalinn eða B-álman 9 millj. af 9 millj. 550 þús. Það liggur hins vegar ekki ljóst fyrir hvað þetta fjármagn snertir. Hér verða til úthlutunar til sjúkrastofnana aldraðra 30 millj. á næsta ári. Það er að sjálfsögðu öruggt mál að B-álman hlýtur þar mjög verulegan hluta, en á þessu stigi get ég ekki fullyrt um hver sú upphæð verður. Um það mun stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra fjalla og síðan kemur það þá til staðfestingar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum 35. fundi.

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs, frv. 59. mál (þskj. 213). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur athugað mál þetta og eru nm. allir sammála um að samþykkja það eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 261).

Frestun á greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána, frv. 47. mál (þskj. 256). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tímabundið vörugjald, frv. 50. mál. (þskj. 53, n. 249, 250). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur rætt mál þetta mjög mikið og lengi. Fjölmargir fundir hafa verið haldnir þar sem málið hefur verið tekið fyrir og aflað mikilla gagna. Ég vil strax í upphafi taka það fram að okkur ber að þakka sérstaklega hæstv. fjmrh. og starfsmönnum í fjmrn., og raunar líka starfsmönnum í Þjóðhagsstofnun, fyrir mjög mikla vinnu í sambandi við að greiða fram úr þeirri flækju sem maður verður nú að segja að sé í tolla- og skattamálum, þ. e. að því er varðar óbeina skatta.

Það hefur komið æ glögglegar í ljós þegar við höfum verið að kanna öll þessi skjöl, hve háir neysluskattar eru hérlendis, mun hærri held ég en fólk gerði sér áður grein fyrir, því að einn skatturinn leggst ofan á annan. Það kemur í ljós af fskj. sem fylgir með nál. okkar, að almennt tekur ríkið um eina af hverjum tveim krónum sem menn kaupa þessar vörur fyrir. Ef húsmóðirin fer með 200 kr. út í búð fær hún vörur fyrir 100 kr. með álagningu kaupmannsins, en ríkið fær 100. Þetta er hin almenna regla. Við báðum starfsmenn fjmrn. að finna ákveðnar vörutegundir, sem þeir völdu ýmist einir eða í samráði við okkur, og reyna að gefa sem réttasta mynd af því hvernig þetta í heildina tekið liti út. Niðurstaðan er sem sagt sú, sem fram kemur í fskj., að það er mjög nálægt því að ríkið taki 50% af smásöluverðinu eins og ég áðan gat um. Ég held að það fari ekkert milli mála að þetta kerfi þarf allt að skoða. Vorum við held ég öll sammála að það þyrfti að gera.

N. leggur til að frv. verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Ég hef, hæstv. forseti, lokið framsögu minni, en þar sem svo vill til að aðeins ein brtt. er flutt við þetta frv. og ég er flutningsmaður hennar lít ég svo á að ekkert sé við það að athuga að ég geri einnig grein fyrir brtt. minni. Vona ég að engir af hv. þm. hafi neitt við það að athuga. Ég skal ekki halda hér langa eða mikla ræðu um þetta mál þó af mörgu sé að taka.

Það vita víst allir að ég tel mjög brýnt að neysluskattar verði lækkaðir. Ég veit raunar að allir þdm. mundu æskja þess að það væri hægt. Ég tel að þetta væri hægt, en aðrir telja að svo sé ekki að sinni. Öll eru þessi mál nú í athugun hjá hæstv. fjmrh. og ríkisstj. Hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir að hann muni á þriggja mánaða fresti láta gera úttekt á fjárhag ríkissjóðsins. Brtt. mín nú er þess efnis að framlengja vörugjaldið óbreytt um fjögurra mánaða skeið, því að þá gæfist einn mánuður eftir slíka úttekt til að athuga hvort unnt væri að lækka þetta gjald að einhverju leyti. Ég skal ekki segja að það þurfi endilega sérstaklega að lækka þetta gjald. Það heitir að vísu sérstakt tímabundið vörugjald og ég var víst einn þeirra sem upphaflega greiddi atkv. með þessu gjaldi. Það er nú að verða tíu ára, verður það á næsta ári, og hefur heldur hækkað en hitt.

En ljóst er að ef okkur á að auðnast að ná verðbólgu niður verður ríkið að einhverju leyti að koma til móts við fólkið. Ríkið verður að slaka á klónni og þá er það einmitt á þessum vörutegundum, þessum brýnu nauðsynjavörum, því flestar þær vörur sem falla undir þessa háu tolla eru mjög brýnar nauðsynjavörur. En ástæðan til þess að þær eru tollaðar svona mikið er sú, að þær voru ekki í gamla vísitölugrunninum. Allar ríkisstjórnir hafa keppst við að falsa vísitöluna, reynt að halda launum niðri með því að falsa vísitöluna, en auðvitað hefur það komið í bakið á öllum ríkisstjórnum þó það gerði það kannske ekki alveg fyrstu mánuðina eftir að fölsunin fór fram.

Ég held að heilbrigðast og eðlilegast sé að koma hreint til dyranna, segja fólki hvernig hlutirnir standa og nota ekki tolla og neysluskatta til að leggja á vörur sem ekki reiknast inn í vísitölu, til þess að telja fólki trú um að kjör þeirra séu betri en þau raunverulega eru, því að þyngjan talar sínu máli.

Ég held raunar líka að það sé vafasöm staðhæfing að ríkissjóður geti ekki þolað tekjumissi í þessu formi, að lækka neysluskatta, því ég fæ ekki betur séð en útgjöld ríkisins mundu lækka álíka og tekjurnar ef tekst með því að lækka gjöldin að sætta fólk við minni kauphækkanir og halda genginu stöðugra en ella, því að útgjöld ríkisins eru ekkert annað þegar upp er staðið — eða nánast ekkert annað — en beinar og óbeinar vinnulaunagreiðslur og gjaldeyrisnotkun. Svona er nú dæmið einfalt, ef horft er fram hjá ýmsum hagfræðikenningum sem gengið hafa sér meira og minna til húðar. Ég teldi þess vegna ekki neitt áhættusamt að lækka þennan skatt eða einhverja aðra neysluskatta og gera það mjög verulega og hressilega.

En aðrir menn eru á annarri skoðun og við því er ekkert að segja. Við fáum nú svigrúm til að ræða þessi mál og munum nota það svigrúm, væntanlega allra flokka menn, til að finna betri grundvöll næst þegar um þessi mál verður rætt. Ég er raunar þeirrar skoðunar líka og leyfi mér að láta það koma hér fram, án þess að ég ætli að fara að stofna hér til langra umræðna og síst illdeilna, að í neyðarástandi, kreppuástandi, sé algerlega heimilt og raunar mjög eðlilegt að reka ríkissjóð með halla ef fjárins er aflað inanlands. Raunar ráku Bandaríkjamenn styrjaldarrekstur í heimsstyrjöldinni og Víetnamstríðið mjög mikið með skuldabréfaútgáfu, innanlands auðvitað, eins og það er nú arðvænlegur atvinnuvegur að stunda styrjaldir. Og hvað væri þá um það þótt við tækjum einhver lán hjá sjálfum okkur til að losna úr þeim vanda sem við nú erum í? En út í þetta ætla ég ekki lengra að fara nú því að aðrir halda því fram að þetta sé of mikil einföldun mála.

Ég legg sem sagt til að þetta gjald verði einungis framlengt í fjóra mánuði, vegna þess að það gerir að verkum að við verðum fljótari að vinna ef við vitum að innan þessara fjögurra mánuða verður að gera einhverjar breytingar.

Ég endurtek þakkir mínar til samnefndarmanna minna og hæstv. fjmrh. fyrir mjög mikil og góð störf. Það er áreiðanlegt að þessi störf verða til þess að öll þessi mál verða tekin upp til athugunar. Það veit ég raunar að hæstv. ráðh. ætlar sér.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Mál það sem við erum að ræða nú hefur lengi verið hjá okkur í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar og er nú komið úr n. með þeim niðurstöðum sem hér hefur verið greint frá. Ég vil stuttlega gera grein fyrir afstöðu Kvennalistans í þessu máli.

Eins og menn vita voru þær hugmyndir á kreiki hjá okkur að æskilegt væri að lækka eitthvað það vörugjald sem hér um ræðir og lækka þar með neysluskatta ríkisins, en eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á mun nú hlutur ríkisins í smásöluverði þeirra vöruflokka sem hér um ræðir vera nærri 50%. Ég er út af fyrir sig hlynnt því að draga nokkuð úr þessari miklu neysluskattlagningu, einkum og sér í lagi nú á tímum minnkandi kaupmáttar launa. Á hitt er þó einnig að líta, að þessi skattur er mikilvægur tekjustofn ríkisins og að nú þegar framlög ríkisins til mikilvægra atvinnu- og félagslegra mála eru skorin jafnmikið niður og fjárlög næsta árs kveða um orkar nokkuð tvímælis að lækka þennan skatt og skerða þar með enn frekar það fé sem til skiptanna er fyrir landsmenn alla.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta vörugjaldsákvæði, sem við erum að fjalla um, sé ekki hægt að skoða eitt og sér, heldur verði það að endurskoðast í samhengi við fjármál ríkisins í heild. Á slíka endurskoðun tel ég rétt að setja viðráðanleg tímamörk til að tryggja að hún fari fram. Er ég því fylgjandi þeirri brtt. sem formaður n. flytur einn á þskj. 250 og kveður á um að umrætt vörugjald framlengist aðeins um fimm mánuði. Eins og nú háttar með stöðu ríkisfjármála og þær hugmyndir um nýja tekjustofna sem núv. ríkisstj. hefur uppi tel ég mikilvægt að rasa ekki um ráð fram og mun ég því ella greiða þessu frv. atkv. mitt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta er nú ekki í fyrsta skipti sem kemur til þess hér að framlengja enn einu sinni skatt sem upphaflega átti að vera mjög skammvinnur og tímabundinn. Raunar ber þessi skattur heitið sérstakt tímabundið vörugjald og átti að vera til mjög skamms tíma þó raunin yrði önnur eins og oft vill verða undir slíkum kringumstæðum.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þetta mál hefur fengið allítarlega umfjöllun í fjh.- og viðskn. þessarar deildar og á því skoðaðar ýmsar hliðar og þá með það í huga að hér er vissulega um meiri háttar tekjustofn fyrir ríkið að ræða. Ég get tekið undir það með framsögumanni, hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, og hv. síðasta ræðumanni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, að vissulega hefði verið mjög æskilegt að geta lækkað þetta gjald núna. Það hefði verið mjög æskilegt að geta t. d. tekið upp þær tillögur sem Morgunblaðið greindi frá 1. des. s. l. og eru um hugmyndir formanns nefndarinnar um að lækka þetta gjald niður í 15%.

Hins vegar held ég að bæði honum og öðrum í nefndinni hafi orðið ljóst að á þessu stigi var slíkt ákaflega erfitt og eiginlega ekki raunhæft. Það hefði auðvitað verið freistandi fyrir stjórnarandstöðu að flytja slíka till. inn í deildina með hefðbundnum hætti, en ég held að við gætum verið sammála um að það hefði verið sýndarmennskan ber. Þess vegna styðjum við Alþfl.- menn að þetta mál nái fram að ganga núna. Auðvitað væri það hreint ábyrgðarleysi ef þessi gjaldstofn félli niður um áramót.

Hins vegar lýsi ég stuðningi við þá till. sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson mælti hér fyrir, að heimildin til töku þessa gjalds nái til nokkuð skemmri tíma. Ég geri það með þeim rökum að við höfum alllengi, þm. Alþfl., lagt áherslu á að öll þessi gjöld, innflutningsgjöld og tolla, þyrfti að endurskoða í heild sinni. Ég veit að sú endurskoðun stendur yfir á vegum fjmrn. og hæstv. fjmrh. Með því að leggja til að þetta gjald gildi skemmri tíma en frv. gerir ráð fyrir teljum við okkur vera að knýja á um það og lýsa því yfir að þessari endurskoðun beri að ljúka sem allra fyrst og ég held að það sé einmitt mjög brýnt. Eins og fskj. með þessu frv. ber með sér er næsta lítið samræmi í hlutum og þessi gjöld eru mjög há. Ég held að það sé löngu brýnt að endurskoða þessi mál, eins og nú er verið að gera og því ber að fagna, en rík áhersla skal lögð á að þeirri

endurskoðun ljúki sem allra fyrst.

Lárus Jónsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð út af þesu máli.

Hæstv. fjmrh. hefur marglýst yfir því að hann muni beita sér fyrir því að endurskoða tollskrá og álagningu vörugjalds, sem hér er til umr., og fleiri óbeina skatta. Ég treysti því að út úr þeirri endurskoðun komi það, að verstu hnökrarnir verði sniðnir af álagningu þessa gjalds.

Undanfarna mánuði hafa skattar verið mikið lækkaðir. Tekjutap ríkissjóðs er einnig mikið af öðrum ástæðum. Þegar þjóðartekjur minnka og hætt er eyðslu umfram efni og leitast er við að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd minnka tekjur ríkissjóðs eðli málsins samkvæmt mjög mikið, þar sem ríkissjóður hefur miklar tekjur af eyðslu og kannske aldrei meiri en þegar umframeyðslan er sem allra mest.

Það mun koma í ljós við 3. umr. fjárlaga, sem áætlað er að verði hér á mánudaginn, að svigrúm til skattalækkana er eins og sakir standa því miður ekki meira en hefur verið notað. Ég tel einsýnt að byggja þurfi fjárlagaáætlun á lögum um tekjuöflun sem gilda allt fjárlagaárið. Ég er því andvígur till. hv. þm. Eyjólfs Konráðs og mun því greiða atkv. gegn till. hans, þess ágæta vinar míns, að þessu sinni.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég stend að sjálfsögðu að því að samþykkja frv. eins og það er lagt fram af hæstv. fjmrh. Þessi tekustofn er býsna stór. Það er gert ráð fyrir að á næsta ári skili þessi tekjustofn 1140 millj. kr. til ríkisins. Ef samþykkt væri nú að framlengja tekjustofninn aðeins til fjögurra mánaða væri þar með sköpuð óvissa um nær 800 millj. kr. tekjustofn í fjárlagadæminu. Ég held að það væri ósannfærandi fyrir ríkisstj. að standa þannig að málum og þess vegna harma ég að sjálfur formaður fjh.- og viðskn. skuli standa að till. um að framlengja þennan skatt aðeins til fjögurra mánaða.

Það er oft rætt um að ríkið eigi að slaka á klónni í sambandi við skattheimtu og það kann að vera rétt, en menn verða að gæta þess að á sama tíma sem menn tala um að ríkið eigi að slaka á klónni, — ég þarf auðvitað ekki að taka fram að spara þarf í rekstri ríkisins eins og mögulegt er, — á sama tíma sem menn tala um að minnka tekjur ríkisins, þá verður jafnframt að viðurkenna að menn verða að minnka þjónustu á vegum ríkisins og menn verða að minnka framlög ríkisins til þessa og hins. Ég geri ráð fyrr að við höfum svipaðan áhuga á að gæta aðhalds í ríkisrekstrinum. Ég tel mjög vafasamt og hef alltaf talið að menn tali einhliða í þessum málum, menn tali um að minnka skatta án þess að gera jafnframt grein fyrir því, hvaða þjónusta, hvaða framlög það eru sem á að minnka á vegum ríkisins. Það er vinsælt að tala um að lækka skatta. En það er ekki eins vinsælt að tala um að það eigi að minnka þjónustu á vegum ríkisins eða minnka framlög til ríkisframkvæmda. Mér finnst að það sé því varla hægt að ræða þessi mál nema í samhengi sé. Þetta eru tvær hliðar á einu og sama máli: Ef það á að minnka tekjurnar verður að draga úr útgjöldunum.

Mér finnst að efnahagsprógramm ríkisstj., miðað við mjög erfiða aðkomu og mjög erfið skilyrði, hafi hingað til tekist jafnvel betur en við þorðum að vona þegar verið var að undirbúa þetta prógramm. (Gripið fram í.) Þú ert ekki búinn að átta þig á því, hv. þm., að þetta er málamiðlun á milli leiftursóknar og niðurtalningar. Ég hitti ágætan mann, ég vil ekki nafngreina hann, á götu nýlega, og hann sagði við mig: Ég held að þið hafið hitt nokkuð naglann á höfuðið þarna með þessari málamiðlun á milli leiftursóknar og niðurtalningar. Og hann var samflokksmaður hv. þm. Egils Jónssonar.

Það eru einkum tvö atriði nú sem ég álít að séu langalvarlegust og erfiðust viðfangs í efnahags- og atvinnumálunum. Það er sjávarútvegsdæmið, eins og það er stundum nefnt, sá gífurlegi vandi sem steðjar að sjávarútveginum, og það er á hinn bóginn vandi ríkissjóðs. Auðvitað eru skiptar skoðanir um hvort það eigi að minnka verðbólgu með því að stofna til aukins halla á ríkisbúskapnum. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég held að það sé varasamt að reyna að leysa verðbólguvandann, reyna að koma á stöðugleika í efnahagskerfinu, með því að skapa halla í ríkisbúskapnum. Sumar þjóðir hafa virkilega farið flatt á því, eins og t. d. Svíar, þessi ríka þjóð, sem hafa búið við tiltölulega stöðugt verðlag á undanförnum árum, en þar sem hallinn á ríkisbúskapnum er bókstaflega að sliga þjóðina. Þeir gátu leyst þessi mál á tímabili með því að afla fjár innanlands í Svíþjóð til þess að jafna hallann. En svo kom að það dugði ekki til, það hrökk ekki til. Nú þurfa Svíar að afla stórlána í vaxandi mæli erlendis til að jafna hallann á ríkisbúskapnum. Þetta er stórkostlegt vandamál þar í landi. Þess vegna held ég að við ættum ekki að fara þá leið, heldur hina að reyna að haga málum þannig að fjármálum ríkissjóðs sé sæmilega borgið. Ég álít að samþykkt þessa frv. stuðli að því. Og ég vonast einlæglega til þess að stjórnarliðið, að undanteknum þá hv. frsm. n., samþykki frv. og samþykki tekjustofninn út árið. Hitt væri að mínu mati ósannfærandi málsmeðferð.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. 4. þm. Austurl. Það er afskaplega vinsældarlegt að tala um skattalækkanir og það freistast nú margir til þess á vissum stöðum og vissum stundum að tala um slíkt. Einhvern veginn held ég að ákveðinn hópur kjósenda hafi í vor haft einhverjar vonir um að slíkt væri í vændum. Nú gera þeir sér væntanlega ljóst að í náinni framtíð er slíks ekki að vænta. Og auðvitað verður það mál rökstutt og það tiltölulega haldgóðum rökum.

Það ber þó þess að gæta, að þó að hægt sé að sanna með tölum og rökum að bókhaldið verði að stemma, eins og kallað er, í báðum dálkum eru fjármál þjóða og stjórnmál þjóða oft og tíðum annað og meira en bara töluleg rök. Ég minni á stóran nágranna okkar í vestri, en allir sérfræðingar lýsa því yfir að á ferðinni sé þar ákveðin þróun í efnahagsmálum sem gangi beinlínis gegn öllum þeim kenningum í hagfræði sem til eru, gjaldmiðillinn styrkist dag frá degi án þess að til þess séu neinar aðrar forsendur en þær að menn trúa á gjaldmiðilinn, menn hafa traust á honum. Um leið eru þeir, hvort sem við erum því samþykkir eða ekki, að lýsa yfir ákveðnu trausti á stjórnvöldum. Ég held að þegar stjórnvöld taka upp á þeim ósið að vera ekki sjálfum sér samkvæm fyrir og eftir kosningar geti það ekki leitt til nema eins: Þó að bókhaldið stemmi í debet og kredit stemmir það ekki í debet og kredit hvað

gefnar yfirlýsingar og fylgni orða og athafna snertir. Þá missir fólk traust á þeim stjórnvöldum sem það hefur kosið yfir sig og um leið treystir það ekki heldur gerðum þeirra og hegðar sér eftir því.

Ég mætti kannske segja að frá mínum pólitísku dyrum séð væri mitt hagsmunamál að málið gengi þannig fram. En á móti kemur að við erum þrátt fyrir allan pólitískan ágreining saman að reyna að vinna að því markmiði að land og þjóð farnist nokkuð sæmilega. Ég ætla að styðja till. formanns þessarar n. um tímabundna framlengingu tímabundins vörugjalds, vegna þess að ég vil með því knýja á um að tollalög verði endurskoðuð og það sem allra fyrst. Menn verða að horfast í augu við þá einföldu staðreynd að tollar eru fyrirbæri sem verður horfið úr mannlegri tilveru nokkurn veginn fyrir aldamót því að tollar hafa að mörgu leyti óholl áhrif á allt efnahagslíf og stjórnmál. Bara til að nefna eitt dæmi, þá leiða tollar til þess, þegar þeir eldast, að flækjast og þvælast fyrir og fólk hættir að geta gert sér grein fyrir eðlilegri verðmyndun. Verðskyn fólks brenglast fyrir þessar sakir. Tollarnir hlaða ofan á vöruverð. Það er miklu eðlilegra, ef ríkið þarf að taka sína peninga einhvers staðar og það þarf það náttúrlega, að það taki þá úr annarri veltu, ekki með beinni skattheimtu af innflutningi eða á gjaldeyri réttara sagt. Því vil ég styðja till. formannsins í þeim tilgangi að það verði eitt atkv. á vogarskál þess að tollaendurskoðun fari fram sem allra fyrst.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Ég er fyllilega sammála þeim sjónarmiðum sem koma fram í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Þau eru skynsamleg og rökföst og það þarf að skapa svigrúm til að hrinda þeim fram. En ég tel yfirlýsingu fjmrh. vera samhljóða og kemur ekki á óvart því líklega hefur enginn maður sem á Alþingi situr nú barist eins gegn þessum sköttum. Ég tel því ástæðulaust að samþykkja brtt.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Svo að allt sé á hreinu verða menn að vera hér sjálfum sér samkvæmir. Hv. 3. þm. Suðurl. gleymdi algjörlega að skamma hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir að líkja efnahagsástandi Íslendinga í dag við Víetnamstríðið. (**EKJ:** Það gerði ég nú ekki.)

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. Ed. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Ég vil alveg sérstaklega þakka formanni n. Eyjólfi Konráð Jónssyni fyrir góða fyrirgreiðslu og nota þetta tækifæri til að mótmæla alveg sérstaklega þeim fréttum, sem komu í sjónvarpinu í gær, að hann hafi tafið afgreiðslu þessa máls. Ég hef átt mjög gott samstarf við formann n. og nm. alla. Það sem hefur tafið málið er að sjálfsögðu að n. hefur þurft að fá ákveðnar upplýsingar. Þær hefur hún fengið, eins og kom fram hjá formanninum í framsöguræðu hans, frá ágætu starfsfólki fjmrn.

N. hefur ekki klofnað í afstöðu sinni til málsins, en nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Nú hefur hv. 4. þm. Norðurl. v. Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður n., flutt brtt. um gildistíma frv. Ég veit ekki — ég er ekki nógu kunnugur þingsköpum þrátt fyrir áratug hér á Alþingi — hvernig það getur gerst að taka upp hluta af tekjuhlið fjárlaga á miðju fjárlagaári, hvort ekki þarf þá að taka fjárlögin öll upp, bæði gjalda- og tekjuhlið, það skal ég ekki segja um. Ég átta mig því ekki alveg á því hvað skeður ef þessi brtt. verður samþykkt. En enginn skilur betur hug hans og áhuga fyrir lækkun á aðflutningsgjöldum en ég, enda hef ég sjálfur verið talsmaður málsins og skoðanabróðir hv. flm. nú sem áður fyrr. Starfa minna vegna hef ég notað þá þekkingu sem ég hef öðlast sem innflytjandi til þess að gera Alþingi grein fyrir því að sú upphleðsla og álagning í prósentum sem verður við innflutning getur ekki gengið og þarf að breyta. En vegna stöðu ríkissjóðs get ég ekki samþykkt till. að sinni og legg því til að hún verði felld. Ég vil aftur á móti staðfesta mín fyrri ummæli, að ég mun reglulega á næsta ári eða á þriggja mánaða fresti leggja fram yfirlit yfir stöðu ríkissjóðs og framkvæmd fjárlaga. Ég hef skýrt frá því hvernig ég mun standa að því og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það einu sinni enn. En þetta geri ég til þess að þm. geti fylgst með gangi ríkisfjármála með stuttu millibili og þar með mætt breyttum forsendum ef tilefni er til, þannig að fjárlög verði ekki röng eins langan tíma og tilfellið er að átt hefur sér stað á þessu ári.

Ég vil undirstrika enn þá einu sinni þó, að sú endurskoðun sem hv. 8. þm. Reykv. talaði um er í gangi, hefur verið í gangi frá því að ég kom til starfa í rn. og ég reikna með að geta lagt fram á Alþingi í byrjun árs, líklega í mars-apríl, fullmótað frv. Að sjálfsögðu kemur þar vörugjaldið líka til endurskoðunar eins og segir sig sjálft. Frv. um virðisaukaskatt liggur hjá öllum þingflokkum, er þegar komið af stað í athugun hér á þinginu, fyrir utan þá ákvörðun mína að endurskipuleggja bæði tollstjóraembættið, Áfengisverslunina og Innkaupastofnunina. Þetta verður allt í endurskoðun á sama tíma. Og síðar á árinu, þegar um hægist fyrir Skattstofunni, mun ég láta gera úttekt á starfsemi hennar líka. Öll þessi vinna stefnir í þá átt að létta skatta og gjöld á almenningi og er í beinu framhaldi og beinu samhengi við þann anda sem kemur fram í öllum málflutningi flokksbróður míns, Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Þótt ég leggi hér til, og ég legg mikla áherslu á það, að till. hv. formanns fjh.- og viðskn. verði ekki samþykkt vona ég að hann geti verið ánægður með þær ráðstafanir sem ég hef lýst og býst við að verði til bóta.

Enn og aftur vil ég þakka gott samstarf við hv. fjh.- og viðskn. og góða afgreiðslu á þessu máli og harma þær fréttir sem í fjölmiðlum komu í gær varðandi afgreiðslu þessa máls.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég vil taka það skýrt fram að við í Framsfl. styðjum þetta mál. Það er vegna þess að fjmrh. hefur lagt það til og við erum í stjórnarsamstarfi, en ekki vegna þess að okkur langi sérstaklega til að leggja skatta áfram á þjóðina. Ég vil endurtaka að ég tek ekkert mark á tali um skattalækkanir nema menn geri jafnframt grein fyrir því hvaða þjónusta það er sem menn vilja minnka, hvaða framkvæmdaframlög það eru sem menn vilja draga úr á vegum ríkisins. Ef það fylgir sögunni tek ég mark á tali manna í þessu efni. Annars lít ég á það sem marklausan áróður.

ATKVGR.

Brtt. 250 felld með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafna-

kalli, og sögðu
já: EG, EKJ, KSG, KolJ, SDK, StB.
nei: EgJ, HS, JH, LJ, HÓ, SkA, TÁ, VI, ÞK, AG, ÁJ, DA, SalÞ.
Einn þm. (RA) fjarstaddur.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég segi nei að þessu sinni, en næst hafði ég hugsað mér að styðja Eyjólf Konráð Jónsson.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Lántaka vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:5 atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 37. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum 36. fundi.

Tímabundið vörugjald, frv. 50. mál (þskj. 53). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vildi leyfa mér að skora á hv. 4. þm. Norðurl. v. að flytja sams konar eða svipaða brtt. og hann flutti við 2. umr. við þetta frv., vegna þess að ef röksemdir standast hjá þeim mönnum sem mæltu gegn till., en þeir notuðu aðallega þær röksemdir að lög sem enduðu einhvers staðar á miðju fjárlagaári settu fjárlagadæmið allt fyrir framan ákveðið spurningarmerki, þá væru þeir þar með í rauninni líka að fullyrða að ekki væri hægt að taka fjárlagadæmið upp til endurskoðunar einhvern tíma á árinu. Það þýðir að þá búum við við þetta vörugjald út allt árið, því ef ekki er hægt að endurflytja lagafrv. um þetta efni að vori, ef sýnt er að þurfi að framlengja vörugjaldið í sömu upphæð, þá er ekki heldur hægt að taka það til breytinga. Þar með eru þessir menn að lýsa því yfir hér og nú að þetta vörugjald verður út þetta ár og þá ekki þess að vænta að það breytist fyrr en þá á árinu 1985.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Í tilefni af ummælum síðasta ræðumanns er alveg ljóst að ekki er hægt að taka upp till. sem þegar hefur verið felld. Það væri auðvitað hægt að flytja einhverja till. lítið eitt öðruvísi, en ég sé ekki að það sé neitt tilefni til þess.

Auðvitað er hægt að taka upp fjárlög hvenær sem Alþingi ætlar sér að gera það. Alþingi er æðsta vald og getur breytt sínum eigin ákvörðunum og ég fellst ekki á þau rök að það hafi ekki verið hægt að samþykkja brtt. mína þess vegna. Þetta er algerlega út í bláinn, en ég ætla ekki að fara að upphefja hér deilur um það. Ég tel mig með þessu hafa svarað spurningunni.

Ég er alveg sannfærður um að þessi lög verða tekin til endurskoðunar. Það felst í yfirlýsingum hæstv. fjmrh. að þeim verður breytt. Við erum nærri því allt árið um kring, af því að nú er þing farið að sitja meiri part ársins, að gera breytingar sem hafa áhrif á fjárlög. Það er þess vegna að mínu mati algerlega út í bláinn að það hefði ekki mátt samþykkja þessa till. En ég vona a. m. k. að það verði gerð breyting á þessum lögum og tollalögum almennt áður en árið er liðið, áður en það er hálfnað og meira að segja áður en fjórðungur þess er liðinn. Ég veit að það ætlar hæstv. ráðh. sér að gera. Hann er mikill ákafamaður og dugnaðarmaður og hefur gott starfslið. Ég treysti honum til þess að vera búinn að gera rækilega breytingu á þessum málum áður en þessi fjögurra mánaða frestur er liðinn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég greiddi atkv. áðan gegn till. hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, ekki af þeim efnislegu ástæðum sem hér voru raktar varðandi upptöku þessa gjalds eftir fjóra mánuði og athugun þess og endurskoðun, heldur einmitt vegna þess að eins og ástandið er núna hygg ég að ef hæstv. ríkisstj. mundi lækka þetta tímabundna vörugjald kæmi það niður á þeim málaflokkum sem síst skyldi. Við höfum séð hverjar afleiðingar hafa haft hjá þessari hæstv. ríkisstj. þær þrengingar sem hér eru í þjóðarbúskapnum og hvaða liðir það eru á fjárlögum sem eru sérstaklega teknir til meðferðar. Það er nefnilega rétt, sem hv. 4. þm. Austurl. kom inn á áðan, að auðvitað er allt tal um skattalækkanaloforð skrum eitt, ómerkilegt skrum í auglýsingaskyni eingöngu, ef ekki fylgir hvað á að lækka í útgjöldunum þar á móti. En það höfum við séð núna fyrir okkur í þessu fjárlagafrv. og meðferð hv. fjvn. á því, hvað það er sem hæstv. ríkisstj. leggur fyrst og fremst til að skorið verði niður og lækkað. Þar er ekki sparnaðurinn á ferðinni, heldur allt annað. Því treysti ég því ekki, ef ríkisstj. fær ekki fyllilega tekjustofn sinn í tímabundnu vörugjaldi allt árið, að hún ráðist ekki enn frekar á ýmis mál sem hún hefur þegar ráðist nægilega vel á.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er auðvitað rétt að til lítils er að flytja till. um að lækka og lækka álögur ef ekki fylgja einhverjar aðrar till. á móti. Ég minnist þess að í þinginu í fyrra eða hitteðfyrra voru umr. um rekstur Pósts og síma, eins stærsta fyrirtækis ríkisins, og sífellt verið að gagnrýna þann rekstur, sjálfsagt með réttu að mörgu leyti, en þegar það fyrirtæki gerði ráðstafanir til að hagræða í rekstrinum ætlaði allt af göflum að ganga og voru fluttar hér þáltill. til að reyna að koma í veg fyrir það. Menn geta ekki bæði sleppt og haldið og menn geta ekki bæði borðað kökuna og geymt hana. Auðvitað verða menn að hafa það í huga.

En það er eitt atriði sem ekki hefur verið minnst á í þessu sambandi varðandi skattana og það eru skattsvikin sem allir vita að eru útbreidd í þjóðfélaginu. Hvað skyldi vera hægt að lækka skattana mikið ef hver borgaði það sem honum ber að borga? Ég held að það fari ekkert milli mála og sé enginn ágreiningur um það á meðal þm., að skattsvik eru útbreidd meinsemd í þjóðfélaginu. Kannske væri það og raunar ekki kannske — áreiðanlega væri það nýtasta og skynsamlegasta sem þessi ríkisstj. gæti gert að gera nú herferð gegn skattsvikum í landinu og sjá um að menn, eftir því sem hægt er og það er áreiðanlega hægt betur en gert er nú, borguðu það sem þeim ber að borga. Neðanjarðarhagkerfið, svörtu peningarnir, við sjáum þetta allt saman fyrir augunum. Ég skal viðurkenna að það er erfitt að taka á þessu máli og það tekur tíma, en ég skora á hæstv. fjmrh. að beita sér nú fyrir því að á þessu sviði verði gert átak, þannig að hver borgi það sem honum ber að borga. Þar liggur höfuðmeinsemdin. Við skulum ekki gleyma því í umr. um þessi mál.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 31. fundur.

Laugardaginn 17. des., kl. 1.30 miðdegis.

Um þingsköp.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Ég vil aðeins spyrja einnar spurningar, áður en atkvgr. fer hér fram og þetta mál verður tekið fyrir áfram, hvenær þessi fundur var boðaður og hvernig. Einfalt svar við því, ef hægt er.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þessi fundur var boðaður með dagskrá, eins og hér er venja, og með símhringingu frá þinginu. Þannig var þessi fundur boðaður.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Er gengið úr skugga um að náðst hafi í alla með þeirri símhringingu? Það er næsta spurning sem ég spyr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti fól skrifstofu Alþingis að boða alla með símhringingu og ég hef ekki ástæðu til þess að ætla annað en það hafi verið framkvæmt. Ég hef ekkert annað fyrir mér í því en svo hafi verið. (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að ganga úr skugga um það?) Það er hægt að ganga úr skugga um það.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188, n. 229 og 232, 235, 242). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 242,1 felld með 24:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, ÓRG, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KSK, SJS, SvG.

nei: ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, IG.

GHG, GE, GA, KH greiddu ekki atkv.

Einn þm. (RH) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér er verið að greiða atkv. um hvort festa eigi í lög að Íslendingar, þjóðin öll, eigi þær auðlindir sem hafið kringum landið markar. Það er undarlegt að nú þegar í þessari atkvgr. skuli þm. segja nei við þessari lagagr. Það eru vissulega mikil tíðindi að hér á Alþingi skuli vera menn sem hafni því að þjóðin eigi þennan rétt. Ég segi já.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það hefur staðið pólitísk deila um hvort landið væri sameign, en það hefur hingað til aldrei staðið pólitísk deila um að auðlindir hafsins væru sameign þjóðarinnar og hefur það margoft verið notað í málflutningi af fulltrúum allra flokka. Ég skil ekki þá menn sem greiða atkv. gegn till. Hver á þá þessa auðlind? spyr ég þessa menn úr því að þeir fást ekki til að greiða till. atkv.? Ég segi já.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Íslendingar hafa þegar helgað sér landgrunnið allt með gögnum þess og gæðum. Till. þessi er því óþörf og ég segi nei.

Forseti (Ingvar Gíslason): Við 1. gr. frv. komu fram brtt. bæði á þskj. 235 og á þskj. 242. Nú hefur forseti komist í vanda um hvora till. skuli bera upp fyrr, en eftir nokkuð vandlega athugun hefur hann komist að þeirri niðurstöðu að það sé svo líkt á komið um efni þessara till. að erfitt sé að úrskurða um hvora skuli bera upp fyrr af efnisástæðum. Því hefur forseti úrskurðað að taka skuli fyrr til atkv. þá till. sem fyrr var borin fram, en það er till. á þskj. 235 frá Kjartani Jóhannssyni o. fl., og kemur sú till. til atkvæða. (**ÓRG:** Ég vil biðja um atkvgr. þannig að 3. til og með næstsíðasta mgr. verði bornar upp sérstaklega.) Í brtt. frá Kjartani Jóhannssyni? (**ÓRG:** Já.) Fyrirgefðu aftur? (**ÓRG:** Um önnur meginatriði.) Á að hafa þar skil, „Um önnur meginatriði“, og bera þetta upp í tvennu lagi? (**ÓRG:** Nei, í þrennu lagi. Út að „Hafa skal samráð“.)

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég tel að með þessari till. sé verið að fara fram á mjög óeðlilega atkvgr., því að aðeins í miðkaflanum, sem hv. þm. vill láta greiða atkv. um, er breyting gerð á greininni. Hitt eru allt saman atriði, sem eru þegar í frvgr. Þess vegna er eðlilegt að bera brtt. upp í heild í atkvgr. eða þá að skipta aðeins þeim köflum sem breytt er hér. Að öðru leyti held ég að ekki beri að fara að kröfu hv. þm.

Forseti (Ingvar Gíslason): Till. á þskj. 235 hljóðar þannig: „1. gr. orðist svo: 10. gr. laganna orðist svo:“ Síðan koma tvær mgr. og vill hv. 7. þm. Reykv. að þær séu bornar upp sér aftur að fjórðu? (**ÓRG:** Aftur að „Hafa skal samráð við“.) Aftur að „Hafa skal samráð við“. En þá yrði þetta í tvennu lagi, hv. þm. (**Gripið fram í:** Í þrennu lagi.) Það eru tvær fyrstu mgr. og síðan koma þær næstu, já.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil áður en kemur til afgreiðslu og atkv. um þessa brtt. og svo væntanlega það frv. sem hér er til meðferðar óska eftir að forseti geri glögga grein fyrir því hver er málsmeðferð áður en atkvgr. fer fram. Ég held að öllum hv. þm. sé ekki alveg ljóst hvernig hæstv. forseti er að afgreiða þetta mál. (**Forseti:** Ég held að hæstv. forseti viti fullkomlega hvað hann er að gera í þessu.)

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Á þskj. 235 er brtt. frá Kjartani Jóhannssyni o. fl. Þar segir að breytingar skuli gera á 1. gr., en síðan er tekinn upp alveg óbreyttur texti í fyrstu tveimur mgr. frá því sem er. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.)

Brtt. 235, 1.—2. mgr. felld með 25:13 atkv.
— 235, 3.—6. mgr. felld með 25:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GE, ÓRG, GA, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK.
nei: StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, GHG, FÞ, FrS, GSig, GB, GHelg, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, IG.
SJS, SvG, GeirG, PS greiddu ekki atkv.
Einn þm. (RH) fjarstaddur.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil vísa til þess sem Guðmundur H. Garðarsson hafði á orði áðan og ég vil enn fremur vísa til reynsluleysis míns á Alþingi. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að það var verið að greiða atkv. einungis um 1. lið brtt. 242. (**Forseti:** Nei. Það er annað.) Ég veit að það er annað mál, en ég vil að það komi fram að ég styð að fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar séu þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Ég vil gjarnan að það komi fram. (**Forseti:** Af þessu tilefni er sjálfsagt að þetta verði fært til bókar og atkvgr. breytt af því tilefni. Ég held að það sé ekki vandamál.) Já, ég misskildi að ... (**Forseti:** Það verður ekki vandamál af hálfu forseta.)

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil vekja á því athygli að hér hefur komið fram till. um hvernig haga beri atkvgr. um þetta mál og er hún ekki frá flm. till. Mér er þess vegna ekki ljóst hvort það er nokkur einasti maður í salnum sem vill að 10. gr. hljóði svo: „Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis um framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar“ o. s. frv. Ég tel að það liggi í hlutarins eðli að að sjálfsögðu er þetta fallið nema fram komi ósk frá flm. um að þeir líti svo á að þeir séu sáttir við að greinin hafi aðeins þetta innihald.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þingheimur er greinilega kominn í mikinn vanda. Til þess að greiða úr þeim vanda dreg ég seinustu mgr. til baka, úr því að hinar tvær mgr. eru fallnar. (**Forseti:** Það þykir mér vænt um. Þessi síðasta mgr. er fallin.)

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil benda bæði flm. og hæstv. forseta á að það er ekki hægt að skilja þetta að. Falli fyrri mgr. er tómt mál að greiða atkv. um þá seinni, þannig að spurningin er: Vilja menn þá ekki greiða atkv. um þá seinni? Ég vil biðja menn að hugsa sig aðeins um þegar þeir biðja um að slíta í sundur slíkar greinar. Seinni hluti greinarinnar er gagnslaus og út í hött að greiða atkv. um hann ef fyrri hlutinn fellur.

(**Forseti:** Forseti hafði ástæðu til að ætla að flm. skildi sjálfur sína till.)

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég þakka hlýhug deildarinnar í minn garð og tilburði hennar til að hjálpa mér við að skilja þessa tillgr. Ég vil benda hv. dm. á að fyrri mgr. getur mjög vel staðið ein sér og með því að óskað er atkvgr. um þessar greinar sitt í hvoru lagi gefst mönnum kostur á að fella hina síðari, ef þeim sýnist svo, og stendur þá fyrri greinin ein sér og stendur fyrir sínu að mati flm. (**Forseti:** Það verður að líta svo á að skilningur hv. flm. sé ofar öðrum skilningi.)

Brtt. 242,2 (1. mgr.) felld með 24:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SJS, SvG, GeirG, GE, ÓRG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK.
nei: MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, IG.
GHG greiddi ekki atkv.
1 þm. (RH) fjarstaddur.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Af því að hv. flm. þessarar till. er allur af vilja gerður að greiða götu starfs þd. og í ljósi þess skilnings sem var nokkuð ofarlega og kom fram áðan, að síðari mgr. þessarar till. gæti illa staðið ein sér, kallar flm. hana til baka.

Brtt. 242,2 (2. mgr.) tekin aftur.
1. gr. samþ. með 24:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, IG.
nei: SJS, SvG, GHG, GeirG, GE, ÓRG, GA, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK.
GHelg greiddi ekki atkv.
1 þm. (RH) fjarstaddur.
8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel að þetta sé úrslitagrein þess frv. sem hér liggur fyrir. Greinin gerir ráð fyrir að Alþingi afsali sér valdi í þessu efni í hendur sjútvrh. og fer þar með fram, ef greinin verður samþykkt, eitthvert mesta valdaafsal löggjafarsamkomunnar í hendur framkvæmdavaldsins sem dæmi eru til um. Ég mun því segja nei við þessari till. jafnframt því sem ég vil láta það koma fram að verði hún samþykkt, svo sem flest bendir til, mun ég fyrir mitt leyti sitja hjá að öðru leyti um greinar þessa frv. og segi nei.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég hefði talið eðlilegt að afgreiðslu þessa máls væri frestað þar til þing kæmi saman að loknu jólaleyfi, en þar sem svo verður ekki byggist afstaða mín í atkvgr. m. a. á eftirfarandi:

Þar sem ekki liggja fyrir nauðsynleg frumgögn né fastmótaðar hugmyndir um hugsanlega útfærslu veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samkv. fram lögðu frv., þrátt fyrir miklar umr. á Alþingi og eindregnar óskir margra hv. alþm. þar um, og þar sem ekki liggur fyrir hvernig leysa skuli gífurleg og nú þegar óleyst rekstrarvandamál útgerðarinnar, sem munu verða enn meiri við kvótakerfi á veiðum, get ég ekki á þessu stigi veitt þessu frv. brautargengi og segi nei.

Ég mun sitja hjá við atkvgr. um 2. gr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þar sem hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. hafa ekki treyst sér til að gera Alþingi grein fyrir grundvallarreglum þeirrar fiskveiðistefnu sem þau hyggjast móta í krafti þessarar lagagreinar á næsta ári er þess væntanlega ekki að vænta að Alþingi geti við þær kringumstæður framselt í hendur ráðh. allsherjarvald um þau mál, burtséð frá því hvaða ágreiningur kann að vera um leiðir. Þess vegna segi ég nei.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil gera svofellda grein fyrir afstöðu minni til þessa máls:

Enginn dregur í efa þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í stjórn fiskveiða hér við land vegna minnkandi þorskafla. Það frv. sem hér er til afgreiðslu felur í sér eitt mesta valdaafsal frá Alþingi til framkvæmdavaldsins sem um getur í þingsögunni. Með samþykkt þessa frv. er sjútvrh. nánast fengið í hendur alræðisvald um stjórn fiskveiða hér við land á næsta ári. Slíkt valdaafsal úr höndum Alþingis í svo gífurlega stóru og mikilvægu máli, sem skipt getur sköpum um afkomumöguleika og lífsafkomu heilla byggðarlaga og landssvæða, er með öllu óeðlilegt. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa, að áður en valdaafsal eins og hér um ræðir fer fram sé Alþingi gerð grein fyrir með hvaða hætti sjútvrh. ætlar sér að nota svo gífurlegt vald sem honum er veitt, verði frv. samþykkt.

Ekkert liggur enn fyrir um hvernig ráðh. hyggst framkvæma stjórn fiskveiða á næsta ári. T. d. er ekkert um það vitað, hvort tekið verður tillit til þeirra sjávarplássa á Íslandi sem nær einvörðungu byggja lífsafkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu. Ljóst má vera, verði það ekki gert eða aðrar ráðstafanir gerðar til tryggingar lífsafkomu þessara staða, að við blasir hrun í atvinnu og lífsafkomu þessa fólks.

Fjölda annarra spurninga er ósvarað og engar upplýsingar um þær hafa fengist. Meðan svo er að upplýsingar um grundvallaratriði og forsendur í stjórn fiskveiða næsta árs samkv. þessu frv. liggja ekki fyrir svo þm. viti í raun og veru til hvers samþykkt frv. kann að leiða er fásinna að standa að samþykkt þess. En frumskylda löggjafans er að gera sér grein fyrir því, til hvers sú löggjöf sem hér er sniðin kann að leiða fyrir einstakling og þjóðarheildina. (**Forseti:** Ekki ræðu.) Ég er að ljúka ræðu minni, herra forseti. Þetta er svo stórt og mikilvægt mál að ég tel fulla þörf á því að þm. fái að gera grein fyrir sinni afstöðu til þess.

Engar slíkar upplýsingar um hugsanlegar afleiðingar af samþykkt þessa frv. liggja fyrir. Þær upplýsingar verða að fást og þm. að fá þær í hendur áður en til þess er hægt að ætlast að þeir samþykki frv. af því tagi sem hér um ræðir. Meðan upplýsingar um forsendur og nánari útfærslu á hugmyndum sjútvrh. varðandi stjórnun fiskveiða næsta ár ekki liggja fyrir er ógerlegt að veita honum slíkt vald sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Í ljósi þess segi ég nei.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það hefur margoft komið fram í máli mínu að nauðsyn væri á öflugum stjórntækjum í þessari atvinnugrein, ekki síst við þær aðstæður sem nú ríkja. En það hefur jafnframt komið fram að ég teldi það grundvallaratriði að þingið legði meginlínurnar um þessi mál og væri þannig ábyrgt í heild sinni fyrir meginlínum í stefnumörkun. Þó að ég sjái þannig nauðsyn þess að til víðtækra ráðstafana verði gripið get ég ekki fallist á að valdaafsal verði með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og þingið firri sig ábyrgð með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Það hefur ekkert með ráðh. sjálfan að gera. Hann er einstök persóna í þessu dæmi. Þó ég treysti honum vel hljóta menn að taka prinsipafstöðu í máli sem þessu og því segi ég nei.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í gildandi lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands eru miklar og víðtækar heimildir fyrir sjútvrh., sem hafa æ síðan verið notaðar. Mér er ekki kappsmál að koma á kvótafyrirkomulagi, en eins og ástand og horfur eru er nauðsynlegt að taka upp slíkt ákvæði til eins árs. Ég hefði verið óláanlegur til að greiða atkv. með frv. sem ætti að gilda lengur en nauðsynlegt er að þetta form verði tekið upp. Með tilliti til marggefinna yfirlýsinga hæstv. sjútvrh. um að hafa samráð við hagsmunasamtök í sjávarútvegi og samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis tel ég ekki aðra leið færa en að samþykkja þetta frv. og ég segi því já.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Með skírskotun til þess sem hæstv. samgrh. sagði segi ég já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í ljósi þess að það er verið að leggja hér fram frv. til l. sem aðeins á að gilda í eitt ár og það kemur aftur fyrir þingið næsta haust, þannig að kostur gefist að sníða af þá agnúa sem vafalaust munu fylgja því að afsala jafnmiklu valdi frá þinginu og hér er verið að gera, en með skírskotun til hins alvarlega ástands sem nú er ríkjandi varðandi fiskstofnana segi ég já.

Brtt. 242,3 (1. mgr.) felld með 24:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GE, ÓRG, GHelg, HG, JS, JBH, KJóh, KH, KSK, SJS, SvG.

nei: FÞ, FrS, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS.

BÍG, EH, IG, GA, KP, GHG greiddu ekki atkv.

1 þm. (RH) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í þeirri atkvgr. sem nú fer fram er eingöngu verið að greiða atkv. um að skipuð skuli nefnd samkv. frv., skipuð fulltrúum fiskverkenda, útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks, sem á að fjalla um framkvæmd fiskveiðistefnunnar. Það hefur þegar komið fram hjá tveimur hæstv. ráðherrum, Matthíasi Bjarnasyni og Matthíasi Á. Mathiesen, að þeir treystu sér eingöngu til að samþykkja 1. gr. frv. með því skilyrði að haft yrði samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. (Gripið fram í.) Því hefur verið lýst yfir af sjútvrh., en sá sami ráðh. hefur staðið að alls konar lagasetningum og aðgerðum án þess að hafa slíkt samráð. (**Félmrh.:** Er þetta ræða?) Það var frammíkall hjá hæstv. félmrh. sem rétt er að svara hér. Fyrst hann er að reyna að hafa áhrif á grg. mína fyrir mínu atkv. er rétt að ég fái að svara. — Hæstv.

ráðh. hefur ekki leitað til samtaka sjávarútvegsins enn sem komið er, heldur eingöngu valið sjálfur þá einstaklinga sem hann hefur talið sér henta. Með þessari mgr. er verið að setja það skilyrði í lögin sem hæstv. tveir ráðherrar tilgreindu sérstaklega áðan að væri af þeirra hálfu alger forsenda fyrir því að frv. væri samþykkt. Þar með væri þingið að taka öll tvímæli af um að hæstv. sjútvrh. bæri lagaskylda til að hafa þetta samráð. Þess vegna segi ég já.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í fskj. með frv. er þess getið og skýrt tekið fram að sjútvrh. skipi nefnd eftir tilnefningu hagsmunaaðila til þess að fylgjast með framkvæmd kvótakerfisins, sama kvótakerfis og fyrirhugað er að taka upp samkv. þessu frv. eða í kjölfar þess. Í 1. gr. þessa frv. segir að það eigi að hafa samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Það er eitt af frumskilyrðum sjávarútvegsnefnda Alþingis að kalla til hagsmunaaðila og hlusta á aths. þeirra ef einhverjar eru. Ég tel því þessa till. óþarfa og segi nei.

Brtt. 242,3 (2. mgr.) tekin aftur.

Brtt. 242,4 felld með 25:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, ÓRG, GHelg, HG, JS, SJS, SvH.

nei: ÞS, AS, BÍG, EH, GHG, FÞ, FrS, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, IG.

GE, GA, JBH, KP, KJóh, KH, KSK greiddu ekki atkv.

1 þm. (RH) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eitt er að vilja leyfisbinda allar veiðar og annað að lögskipa að það skuli líka gert á trillubátum. Svo langt gengur meiri hl. í þessum málum í þessum sal núna í atkvgr. að hann hefur ekki einu sinni fyrir því að lesa hvað í brtt. stendur. Ég trúi því ekki að það beri að gagnálykta þannig af þessari atkvgr. að hæstv. sjútvrh. hafi, ef till. okkar er felld, heimild til að setja aflamark á trillur og handfærabáta. Ég segi já við þessari till.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Enn vil ég reyna að sýna í verki vilja minn til að létta á þingdeildinni um störf sín í þessu máli. Þar sem ég lít svo á að þessi grein till., sú 5., vísi til ákvæða í 10. gr., sem þegar hafa verið felld í atkvgr., þá held ég að hún sé einnig þar með fallin.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki út af fyrir sig að gera aths. við túlkun 1. flm., en engu að síður mætti bera þessa till. upp og láta hana vísa til 1. gr. eins og hún er nú orðuð eftir atkvgr. hér í deildinni með þeim skilningi að þrátt fyrir að þar sé ráðh. falið þetta vald skuli hann engu að síður fyrir fiskveiðistefnu næsta árs bera það upp hér á Alþingi.

Brtt. 242,5 tekin aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, GHG, FÞ, FrS, GSig, GB, GE, ÓRG, GA, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PS, StG, SV, StH, SJS, IG.

nei: GeirG.

3 þm. (SvG, PP, RH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar samþykkt var að vísa þessu máli til 2. umr. gerðum við það ýmsir á þeim forsendum að hæstv. sjútvrh. mundi við upphaf 2. umr. svara þeim mörgu og ítarlegu spurningum sem til hans hafði verið beint í umr. Við gerðum það á þeim forsendum að hæstv. ráðh. mundi við upphaf 2. umr. svara þeim spurningum, en til að greiða fyrir störfum deildarinnar og framgangi málsins samþykktum við að málinu yrði vísað til 2. umr.

Hér í nótt og snemma morguns voru bornar fram til hæstv. sjútvrh. fjölmargar nýjar fsp. og fjölmargar af þeim fyrri fsp. sem hann hafði ekki svarað voru ítrekaðar hér sérstaklega. Hæstv. sjútvrh. svaraði þeim engu að síður ekki við lok þeirrar umr. (**Iðnrh.:** Þess vegna verður nauðsynlegt að fá aðra 3. umr.) Nú er ég að koma að því, hæstv. iðnrh. Ég sé að hæstv. iðnrh. er fljótari að skilja en ýmsir aðrir hér í deild.

Við lok umr. um kl. 6 í morgun greindi hv. þm. Svavar Gestsson, formaður Alþb., frá því að menn hefðu lokið umr. þá í trausti þess að þegar við upphaf 3. umr. mundi hæstv. sjútvrh. svara þeim fjölmörgu efnisspurningum, grundvallarspurningum, sem til hans hafði verið beint við 2. umr. Í trausti þess að hæstv. sjútvrh. efni nú það fyrirheit að svara þessum spurningum og eiga við þm. orðastað um þetta efni segi ég já við því að vísa þessu máli til 3. umr. og vænti þess að við upphaf hennar kveðji hæstv. sjútvrh. sér hljóðs og geri grein fyrir svörum sínum við þessum spurningum.

Gjaldeyris- og viðskiptamál, frv. 133. mál (þskj. 168). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 252).

Neðri deild, 32. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum 31. fundi.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er rétt að í þessum umr. hefur verið beint til mín ýmsum spurningum og þeim var beint til mín aftur í nótt mörgum hverjum sem ég hafði þá þegar svarað í máli mínu áður. Hins vegar er rétt að við 1. umr. hafði verið ákveðið að fundi yrði lokið kl. fimm. Ég komst hér að

10 mín. fyrir fimm. Ekki hefur verið möguleiki til að ég gæti talað mjög lengi í þessum umr. og ég hef m. a. gert það af tilliti til annarra þm. sem að sjálfsögðu hafa þurft að koma fram með ýmsar skoðanir í máli þessu.

Ég vil aðeins víkja að aðdraganda þessa máls vegna þess að mikið hefur verið um það rætt. Aðdragandinn er sá eins og kemur fram í grg. með frv. að nefnd skipuð fulltrúum hagsmunaðila semur frv. á s. l. vetri og sú nefnd kemst að þeirri niðurstöðu að auka þurfi heimildir til handa ráðh. til að stjórna veiðunum, bæði til að auka sveigjanleika og einnig til að festa betur í sessi þær stjórnunaraðgerðir sem hafa verið notaðar fram að því.

Það sem fram kemur í þessu frv. er mjög svipað og kemur fram í því frv. nema sú nefnd vildi að vísu ganga enn lengra og gerði að tillögu sinni að ráðh. gæti með reglugerð ákveðið nánast allar landhelgislínur.

Þegar ég sá þetta frv. fannst mér þar vera fulllangt gengið og mjög mikilvægt væri að landhelgislínur væru fastar í lögum eða a. m. k. lægi fyrir ákveðið í reglugerð hvernig þeim skyldi háttað áður en slíkt frv. væri flutt.

Alltaf má deila um hvernig unnið skal að máli sem þessu. Ég fór þá leið að ég ræddi þetta mál og ýmis önnur á fjölmörgum fundum útvegsmanna víðs vegar um land, á Norðurlandi, Austurlandi, Suðurnesjum, Vestmannaeyjum svo eitthvað sé nefnt, ræddi þessi mál við þá menn sem best þekkja hér til.

Ég ræddi þessi mál einnig ítarlega á fundi LÍÚ á Akureyri og setti þar fram mínar skoðanir. Ég gerði það einnig á ársfundi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Ég gerði það einnig á Fiskiþingi og ég ræddi við ýmsa hagsmunaðila um þessi mikilvægu mál.

Áður en Fiskiþing kom saman lágu fyrir drög að frv. til að fá nauðsynlegar heimildir. Ég kallaði saman sjútvn. þingsins, kynnti þessi drög og fulltrúar á Fiskiþingi vissu um þessi drög þegar þeir ræddu mál þar.

Strax að loknu Fiskiþingi var samið frv. og drögunum breytt þannig að hægt væri að framkvæma það sem þar var samþykkt. Þar voru saman komnir aðilar af öllu landinu sem mjög vel þekkja til í sjávarútvegsmálum og ræddu þessi mál mjög ítarlega.

Að loknu Fiskiþingi kallaði ég aftur saman sjútvn. þingsins og lagði fyrir nefndirnar ný drög að frv. Það er nú að vísu ekki rétt, það var ekki gert á formlegum fundum. Það var gert þannig að því var dreift til þingflokkanna — mig minnir að það hafi verið á mánudegi — og ég óskaði eftir því að þingflokkarnir tækju þessi drög til umr. og meðferðar til að sjútvn.-menn þingsins gætu síðan rætt það á fimmtudegi og þingflokkarnir tekið málið fyrir á miðvikudegi.

Við komum saman á fimmtudegi og ræddum þessi mál. Þeim drögum sem lágu fyrir var dreift og það gert alveg skýrt að náið samráð yrði haft við sjútvn. þingsins og við hagsmunaaðila.

Vel má vera að mönnum finnist þetta vera ófullnægjandi og óeðlileg vinnubrögð. Ég hef setið á Alþingi alllengi og þau ár sem ég hef verið hér hefur ekki verið rík venja að ræða mál þannig við sjútvn. þingsins áður en þau eru lögð fram. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar að hér væri um svo stórt mál að ræða og mikilvægt sem ætti að vera hægt að ná góðri samstöðu um í þinginu að ég taldi það nauðsynlegt. Ég taldi að ég hefði tekið fullt mið af þeim vilja sem kom fram á þessum fundum frá þeim fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem þar voru staddir og höfðu rætt þessi mál í sínum þingflokkum.

Nú er það hins vegar alveg rétt að við höfum haft tiltölulega lítinn tíma fyrir mál þetta og vissulega hefði verið mun betra að hafa lengri tíma. En ég leyfi mér að fullyrða að ég lagði mig fram um það á fyrstu stigum málsins að hafa fullt samráð við stjórnarandstöðuna.

Hins vegar kom fljótt í ljós að skiptar skoðanir og mismunandi áherslur voru um ýmsa hluti og menn vildu margir hverjir fá meiri tryggingar fyrir því að fullt samráð yrði t. d. haft við hagsmunaaðila. Hagsmunaaðilarnir sjálfir, sem mjög vel þekkja til þessara mála, töldu að mjög varhugavert gæti verið á þessu stigi að festa það beinlínis í lagagrein af þeirri einföldu ástæðu að við höfum mjög mikið samráð við hagsmunaaðila um hinar ýmsu ákvarðanir varðandi loðnuveiðar, síldveiðar og annað slíkt. Þetta samráð var áður fyrr í mjög miklum mæli skriflegt með bréfum. Lögfræðingar töldu að það gæti orðið mjög þungt í vöfum og mjög mikil óvissa í kringum slík skrifleg samráð, hægt væri að draga í efa að réttur aðili hefði mætt og rétt hefði verið að samráðinu staðið því það er út af fyrir sig alveg rétt að það samráð sem haft er í landinu á ýmsum vettvangi er mjög mismunandi.

Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að komin er mjög ákveðin reynsla á samráð innan sjávarútvegsins og þeir aðilar sem hafa tekið þátt í því eru ánægðir með það.

Ég vil einnig taka fram að ég skipaði ráðgjafarnefnd í sjávarútvegsmálum fljótlega upp úr fundi LÍÚ á Akureyri þar sem ég skýrði frá því að ég teldi nauðsynlegt að gera það vegna hinnar mjög erfiðu stöðu í sjávarútveginum. Það er algjörlega rangt að þessi nefnd sé valin af einhverju handahófi mínu. Í henni er forstjóri Þjóðhagsstofnunar, en Þjóðhagsstofnun kemur mjög mikið inn í vandamál sjávarútvegsins. Þar er varaforstjóri Hafrannsóknastofnunar, Jakob Jakobsson. Þar er fiskimálastjóri, sem stjórnar Fiskifélagi Íslands, sem er mjög mikilvæg stofnun sjávarútvegsins. Þar eru formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og formaður Sjómannasambands Íslands. Frá fiskvinnslunni er Sigurður Markússon sem er forstjóri hjá sjávarafurðadeild Sambandsins og einnig stjórnarmaður í Sambandi ísl. fiskframleiðenda. Ég ræddi hans tilnefningu við fulltrúa vinnslunnar en þeir eru mjög margir. Þarna eru skreiðarframleiðendur og saltfiskframleiðendur, margir í frystiafurðum, lagmeti o. s. frv. Fyrir hana hefur einnig mætt Eyjólfur Ísfeld og einnig hefur mætt frá LÍÚ Þórhallur Helgason sem var í nefndinni sem samdi upphaflega frv. Ég vil því algjörlega mótmæla því að þarna séu menn sem ég hafi valið af einhverju handahófi og þá sem persónur. Þetta eru allt saman menn sem voru fyrir í þessu samráði og ég hafði að sjálfsögðu samband við þessi samtök. Ég leyfi mér að fullyrða að allir þessir menn hafa mikið traust meðal aðila í sjávarútveginum enda allir þar í æðstu forustu. Það hlýtur að vera eðlilegt að slíkir menn séu sérstaklega kallaðir til þegar við svo vandasöm mál er að etja.

Þessir aðilar hafa m. a. ritað grg. sem þm. hafa séð, um það sem þeir telja nauðsynlegt að komi inn í lög. Þessir aðilar hafa einnig komið fram með ábendingu um aflamark á næsta ári. Ég leyfi mér að fullyrða að aldrei hefur verið haft eins mikið samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá ákvörðun. Sjútvrh. ber að taka hana samkv. lögum.

Ég taldi hins vegar nauðsynlegt við þessar sérstöku aðstæður að láta fara fram endurmat á till. Hafrannsóknastofnunar. Hafrannsóknastofnunin hefur lýst yfir sérstakri ánægju sinni með að svo skyldi hafa verið gert. Sú niðurstaða varð síðan mín ákvörðun þannig að mér þykir út af fyrir sig leitt að heyra að menn telji að þessi samráð séu ekki nægilega trygg á sama tíma og þeir aðilar sem þarna eiga fyrst og fremst hlut að máli hafa lýst yfir ánægju sinni með þau. Á samráðsfundi í gær lýsti ég því fyrir þeim með hvaða hætti mál þetta yrði unnið og greindi frá því hér í þingdeildinni og spurði þá hvort þeir teldu ekki þann hátt sem ég sagði að mundi verða hafður á vera fullnægjandi og hvort þeir teldu ekki að okkar samskipti hefðu verið mjög treyst og tryggð með skipum ráðgjafarnefndarinnar. Greinilega kom fram að menn töldu að svo væri.

Í fyrsta skipti á þessum fundi mættu fulltrúar frá ASÍ eða fiskverkafólki. Þeir tjáðu sig ekki á þessum fundi enda var það í fyrsta skiptið sem þeir mæta á slíka samráðsfundi. Hins vegar var mikilvægt að þeir skyldu koma þá þegar inn í það og verða þar að sjálfsögðu í framhaldi málsins.

Hér hefur sérstaklega verið spurt um rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Ég vil út af fyrir sig lýsa yfir ánægju minni með að menn skuli hafa áhyggjur af þessum rekstrargrundvelli. Ég fagna því. Það er öllum ljóst að á s. l. vori voru samþykkt lög til að gera útgerð í landinu mögulega og rekstur sjávarútvegsins mögulegan.

Það er alveg rétt að afkoma sjávarútvegsins er þrátt fyrir þetta slæm og ekki mjög fallegt fram undan í þeim efnum. Af hverju ætli það sé að hagsmunaaðilar í sjávarútveginum vilja gera tilraun til að fara nýjar leiðir í skipulagi veiðanna og biðja um að fá um það fulla samvinnu við mig og biðja um að til þess séu veittar fullar heimildir til sjútvrn.? Það er vegna þess að þeir sjá það sem eina möguleikann til að geta haldið atvinnugreininni gangandi á næstunni að slík endurskipulagning fari fram. Þeir sjá það sem eina möguleikann til að koma í veg fyrir verulegt atvinnuleysi.

Við skulum taka sem dæmi eitt skip. Helstu rekstrarliðirnir eru laun sjómannanna, olían, viðhaldið og fjármagnskostnaðurinn. Allir eru sammála um að ekki verður gengið lengra í lækkuðum aflahlut sjómanna. Við stjórnum því miður ekki verðlaginu á olíunni erlendis. Við stjórnum ekki erlendum vöxtum sem hvíla af miklum þunga á útgerðinni. Viðhaldið er kostnaður sem erfitt er að ráða við af opinberri hálfu. Eina leiðin er því að draga úr almennum kostnaði við sóknina og reyna að auka verðmætin og til þess þarf nýjar leiðir. Um það snýst málið.

Hitt er svo annað mál, að jafnvel þótt okkur takist að draga úr sóknarkostnaðinum og auka aflaverðmætin er ekki tryggt að útgerð skipanna í landinu geti átt sér stað með skaplegum hætti á næsta ári. Það er langt í frá.

Menn tala gjarnan um að hið opinbera verði að koma hér inn með einhverjum hætti og aðstoða við útgerðina. Vel má vera að svo verði að gera en við verðum einnig að gera okkur grein fyrir því að við getum aldrei gert það í þeim mæli sem Norðmenn og Kanadamenn gera til dæmis. Upphæð sem samsvarar rúmlega ⅓ af fjárlögum íslenska ríkisins fer til styrktar útgerð í Norður-Noregi. Í Norður-Noregi býr ekki nema helmingi fleira fólk en á Íslandi og landssvæðið er álíka stórt og Ísland. Slíkt getum við ekki gert. Við sjáum ekki fram á það. Þess vegna þurfum við að leita annarra leiða.

Það er út af fyrir sig til lítils að fara með þær nýjustu opinberu tölur um tap útgerðarinnar sem hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði til og hafði fengið í hendur frá Þjóðhagsstofnun. Þær eru frá því í nóv. Þar er talið að tap togaranna sé um 20%. Það er alveg gífurlegt tap og rekstur togaranna er mjög erfiður.

Hins vegar eru margar skýringar á þessu tapi. Fyrst og fremst er það aflaleysið. Það er of mikill sóknarkostnaður, það er mikill fjármagnskostnaður sem fer sem betur fer lækkandi. Minni verðbólga er það sem raunverulega skiptir útgerðina mestu máli. Hin mikla verðbólga hér á undanförnum árum hefur gert greiðslubyrði útgerðarinnar nánast óbærilega vegna þess að upphækkun lánanna er svo þung útgerðinni og vextirnir og hefur gert úrgerðinni mjög erfitt fyrir. Þannig er þessi afkomumynd. Hún er mjög dökk og engin ástæða er til að draga þar neitt úr. Það er vá fyrir dyrum í þeim efnum og þess vegna vilja aðilar í útgerð leita allra leiða til að koma á nýju skipulagi. Ég hef tekið fram að við erum ekki farnir að sjá fyrir endann á því. Ég hef jafnframt sagt hér að verið er að vinna að útfærslu á kvótakerfinu í fullu samráði við hagsmunaaðilana. Ráðgjafarnefndin mun leggja fram ábendingu um slíkt kerfi og málið verður síðan lagt fyrir hagsmunaaðilana.

Ég hef margtekið þetta fram og ætla ekki að endurtaka það hér. Ég hef verið spurður hér um smáfiskadráp. Ég hef svarað því. Ég hef verið spurður hér um hugsanleg kaup og sölu leyfa. Ég hef svarað því. Ég sagði að vísu ekkert um erlendar veiðar. Hvernig dettur mönnum í hug að einhver ætli sér að fara að láta veiðileyfi ganga til útlendinga? Ég verð að segja að ég skil ekki svona spurningar. Við erum að segja upp veiðiheimildum erlendra þjóða. (Gripið fram í.) Svo er verið að spyrja mig um það. Við höfum beitt okkur sérstaklega fyrir því að segja upp þessum heimildum. Svo er verið að spyrja mig hvort ég ætli að fara að standa fyrir því að seldar verði veiðiheimildir til erlendra þjóða. Ég verð að segja að ég skil ekki slíka spurningu, en vænti þess að um það sé fullur skilningur og samkomulag í þinginu að við þurfum á öllu okkar að halda. Ég veit að allir eru þeirrar skoðunar. Við höfum ekkert aflögu handa öðrum og við eigum ekki að þurfa að ræða það frekar. Auðvitað á íslenska þjóðin öll fiskimið. Ég tek undir það og um það hefur aldrei verið pólitískur ágreiningur. (Gripið fram í.) Já, já, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson veit ósköp vel að ég mæli það af heilum hug. Hins vegar er óþarfi að mínu mati að setja slíkt ákvæði inn í þessi lög. Það er nú svo að ekki verður allt ákveðið í lögum sem betur fer. Menn geta ekki tryggt alla hluti í lögum. Hins vegar er mikilvægara en allt annað að það sé skýrt í vitund okkar og vitund þjóðarinnar og menn berjist hart fyrir þeirri vitund og fyrir þeim hugsjónum hvar sem er. Það hafa Íslendingar gert og staðið einhuga um það. Um það ættum við ekki að þurfa að ræða.

Ég hef rætt hér um atvinnuástandið og látið koma skýrt fram að við skipulag veiða er einmitt haft í huga að reyna að tryggja betur atvinnuástandið. Hins vegar er uggvænlegt að minni aflabrögð þýða minni vinnu og þess vegna verðum við að reyna að gera það besta úr.

Hér hefur verið spurt um siglingar. Ég kom ekki að því. Ég vil í því sambandi m. a. geta þess sem kemur fram í bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna:

„Þegar litið er til afla skipa sem siglt hafa með afla á erlendan markað kemur í ljós að aflamagn þeirra er minna en ella hefði verið. Vegna þess er nauðsynlegt að ákveða þegar í upphafi að útgerðarmönnum verði frjálst að ráðstafa aflakvóta á þann hátt sem þeir telja sér og skipshöfn sinni til mestra hagsbóta.“

Hér er vissulega um erfitt mál að ræða. En ég vil þó taka fram að við verðum að sinna okkar verðmestu mörkuðum. T. d. er gert ráð fyrir að karfaaflinn á næsta ári sé 110 þús. tonn. Í Þýskalandi eru verðmiklir markaðir sem við höfum alltaf sinnt. Þar höfum við fengið mun betra verð en fyrir frystan karfa og ég geri ráð fyrir að menn reyni að sinna þessum mörkuðum áfram. Það hlýtur að vera okkar stefna að framleiða á markaði þar sem við fáum mest fyrir vöruna. Það er nú ekkert flóknara en það.

Þessar siglingar hafa verið skipulagðar af Landssambandi ísl. útvegsmanna með heimild viðskrn. Sjálfsagt þarf að taka þau mál til einhverrar endurskoðunar eins og stundum hefur verið áður gert, en það liggur ekki fyrir enn þá hvernig það skipulag verður.

Spurt var um eftirlit og ég kom inn á það í mínu svari. Spurt var hvort eingöngu væri verið að tala um kvótakerfið fyrir togara en ekki fyrir báta. Í öllum þeim samþykktum sem hafa komið frá hagsmunaaðilunum er skýrt talað um að það sé bæði fyrir togara og báta. Hins vegar er ekki ljóst á þessu stigi hvað það kvótakerfi verður víðtækt. Við höfum kvóta í ýmsum veiðum. Við höfum kvóta í síld og það eru í sumum tilfellum heildarkvótar. Við höfum kvóta í humar og þar eru heildarkvótar. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort þessu skipulagi verður breytt eða áfram búið við heildarkvóta í einhverjum mæli.

Herra forseti. Ég hef reynt og var búinn að reyna áður í umr. að svara því sem hér hefur komið fram. Út af fyrir sig má endurtaka þær spurningar skipti eftir skipti. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða. Ég harma það að ekki skyldi takast betri samstaða í þinginu um málið og í reynd — (Gripið fram í.) — og í reynd hvað hv. þm. komu seint fram með sínar brtt. Alltaf hefur verið venja í þinginu að ræða mál við fulltrúa flokkanna í nefndum, það hefur alltaf gengið þannig fyrir sig, og síðan hafa þessir fulltrúar, hvort sem þeir eru í okkar flokki eða öðrum, komið með málin inn á þingflokksfundi hjá okkur. Þannig höfum við fetað okkur áfram. Það gerði ég og ég veit að hv. þm. Garðar Sigurðsson mælir af mjög heilum hug og mér þykir leitt að menn skuli vera að hnýta í hann í sambandi við þetta mál og kalla hann einhvern aðstoðarmann hjá mér eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson leyfði sér að gera. (**ÓRG**. Er það ekki kompliment?) Mér finnst það vera algjör óþarfi. Hv. þm. Garðar Sigurðsson er mjög vel að sér í sjávarútvegsmálum. Hann hefur verið til sjós á hverju einasta ári síðan hann kom hingað og enginn hér í þinginu þekkir betur til fiskimiðanna. Ég hef starfað með honum lengi í sjútvn. ásamt mörgum öðrum og hef haft mikið gagn af því í gegnum tíðina að hlusta á hans skoðanir. Ég verð að segja fyrir mig að mér þykir líka miður að hans flokkur skuli ekki vera tilbúinn að taka mið af þeirri miklu reynslu sem hann hefur. Ég hef gert það í gegnum tíðina og haft mikið gagn af. En um það ætla ég ekki að fara að deila. Menn verða að hafa ýmsar skoðanir í þessum málum. Ég vil segja að mjög mikilvægt er að þetta mál nái fram að ganga. Um það hefur orðið mikil og efnisleg umr. Greinilega hefur komið í ljós hver vilji þingsins er í þessu máli í þeirri atkvgr. sem nú hefur farið fram. Ég vænti þess að málið fái nú greiða afgreiðslu þannig að hv. Ed. fái einnig nokkurt ráðrúm til að fjalla um málið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Enn erum við hér 17. des. á fundi í hv. deild að ræða þetta mál, frv. til laga um breytingar á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Við vorum mikinn hluta gærdagsins að ræða þetta mál og leitast við að fá eðlilega meðferð á þeim brtt. sem fram höfðu komið og afbrigði höfðu verið leyfð við í umr. þá og fá viðbrögð frá stjórnarliðinu í þeim efnum og meiri hl. í hv. sjútvn. Það tókst loksins undir miðnætti að fá um það yfirlýsingu að hv. sjútvn. mundi fjalla um málið og framkomnar brtt. Þá var haldinn fundur í nefndinni, sem stóð um klukkutíma, frá kl. 12 á miðnætti til kl. 1 eða svo, en til baka kom málið frá nefndinni með yfirlýsingu um það frá meiri hl. að hann sæi ekki ástæðu til að taka í neinu tillit til framkominna brtt., gæti ekki stutt þær, og vísaði aðeins til þess sem fram hefði komið í nál. og af hálfu talsmanna meiri hl.

Þegar þetta lá fyrir voru hér á mælendaskrá allmargir þm. og við ræddum þetta mál í þingdeildinni til kl. hálfsjö í morgun. Þar töluðu menn frá einstökum stjórnarandstöðuþingflokkum hér í hv. deild og lýstu skoðunum sínum og viðhorfum og vonbrigðum yfir undirtektum meiri hl. sjútvn. við framkomnum till. og ekki síst því, að ekki skyldi vera haft fyrir því af hálfu meiri hl. að ræða við flm. brtt., sem ég var m. a. flytjandi að, ekki minnsta tilraun gerð til þess og einfaldlega útilokað af hálfu meiri hl. að taka þar nokkurt tillit til.

Eins kom það fram í þessum umr. með þögn hæstv. sjútvrh., sem ekki kvaddi sér hljóðs í umr. þá, að hann var ekki reiðubúinn á þeim fundi til efnislegra umr. um málið, þó að mörgum fsp. hefði verið til hans beint og ýmsum fsp. frá 1. umr. um málið hér í deildinni hefði verið skotið til 2. umr. vegna vilja hv. þdm. og þeirra, sem andstæðir eru frv. í núverandi mynd, að veita því framgang í trausti þess að hæstv. sjútvrh. svaraði þeim fsp. við upphaf 2. umr. sem ósvarað var af hans hálfu, og þær voru margar. Það traust, sem við sýndum með því að greiða hér fyrir framgangi málsins við 1. umr. þannig að það kæmist til nefndar, var misnotað með þeim hætti að hæstv. sjútvrh. sá ekki minnstu ástæðu til þess hér á fundi deildarinnar, þar sem málið var til 2. umr., — ég hef nú ekki tíma yfir það nákvæmlega hversu lengi sá fundur stóð, en ætli það hafi ekki verið í nálægt 10 tíma, varla undir því og kannske meira, — að ræða málið efnislega.

Ég verð að segja að þetta eru ekki skynsamleg vinnubrögð að mínu mati ef stilla á saman strengi í sambandi við málið. Það er fyrst eftir að atkv. hafa gengið í málinu og verið knúin fram atkvgr., sem nýlega er afstaðin, að hæstv. ráðh. kemur hér og lætur svo lítið að víkja að nokkrum þeim atriðum sem ósvarað var af hans hálfu. Enn er þó ýmislegt eftir og ég geri ráð fyrir að eftir því verði gengið við þessa umr.

Hæstv. sjútvrh. sagði það áðan undir lok máls síns, að vilji þingsins hefði nú komið fram í þessu máli. Hæstv.

ráðh. getur eflaust treyst því að niðurstaða þeirrar atkvgr. sem fram fór við lok 2. umr. breytist ekki í teljandi mæli við afgreiðslu málsins út úr hv. deild, en mér kemur það spánskt fyrir sjónir ef hann vill staðhæfa fyrir fram að málið hafi greiðan framgang í Ed. þingsins. Vilji þingsins liggur ekki bara í Nd., heldur hefur Ed. þar jafnan rétt til mála, eins og ekki þarf að fjölyrða um. Vilji þingsins hefur því ekki komið fram umfram það sem fyrir liggur í atkvgr. við lok 2. umr. í Nd.

En nú erum við komnir í 3. umr. um þetta mál og klukkan er um hálffjögur á aflíðandi degi. Það hefur svolítið vænkast frá því sem var um tíma í nótt í umr. hvað snertir fjölda þeirra þm. sem staddir munu vera í Alþingishúsinu, en það eru ekki öllu fleiri í sætum og í sal en voru hér undir morguninn í umr., þó að þeir séu komnir úr náttfötunum hæstv. ráðh., sem létu sér sæma að vera fjarverandi umr. um þetta mál áður en atkv. gengu. (**KP:** Ertu nú viss um að þeir sofi í náttfötum?) Ja, það er nú eftir að vita. Hv. þm. Karvel Pálmason getur e. t. v. staðið fyrir eða sett í gang einhverja athugun þar að lútandi. Það er ekki stórt í þessu efni. Þeir eru risnir úr rúmum sínum í Arnarnesinu og víðar og komu hér til atkvgr., en sjá ekki sóma sinn í því að sitja við 3. umr. Ég sé ekki hæstv. sjútvrh. hér. Mér þætti nú eðlilegt að hann reyndi að vera viðstaddur þessa umr. áfram. Og ég held að það væri ekkert úr vegi að hæstv. forsrh. a. m. k. sýndi sóma sinn í því að vera við umr., þar sem þetta er mál sem varðar hann og forustu hans flokks í þessu máli. Ég vil eindregið óska eftir því, herra forseti, að þessir ráðh. a. m. k. verði viðstaddir umr. á meðan ég flyt mál mitt. (**SvG:** Forsrh., hvar er hann?) Má ég reikna með því, herra forseti, að þessir ráðh. komi hér í þingsal? (**PP:** Ef þú verður skemmtilegur og stuttorður.) Hv. þm. Páll Pétursson hefur spígsporað hér um sali ókyrr nokkuð á þessum sólarhring, allt frá því að hann gekk í garð, gjóandi augum á ræðuhandrit manna rétt eins og forvitinn krakki og hlaupandi til ráðh. til að gera honum grein fyrir hvað megi vænta að hv. þdm. hafi mikið að segja í þessum efnum. Ég bið hv. þm. Pál Pétursson um að koma hér, þannig að hann geti með skilmerkilegum hætti gengið úr skugga um hversu mikið efni ég hef til að styðjast við, því að það leikur honum mikil forvitni á að vita. (**PP:** Ég sé að það er stór bunki.) Ég bið hv. þm. um að koma hér og kanna þetta, þannig að hann geti gert sínum ráðh. grein fyrir því. (**PP:** Ég sé það glögglega þaðan sem ég stend.) Er það nú alveg víst, hv. þm.? En eru hæstv. ráðh. á leið í salinn? (**Forseti:** Hæstv. forsrh. hlýðir á mál hv. þm. úr hliðarsal.) (**KP:** Hann er hér, hæstv. forsrh.) Hann er þar að tjaldabaki, en hæstv. sjútvrh.? (**Forseti:** Hæstv. sjútvrh. brá sér frá augnablik, en kemur að vörmu spori.) Já, ég treysti því að hæstv. sjútvrh. komi í þingsal.

Það hefur ögn ræst úr þar sem fyrrv. hæstv. sjútvrh. er þó viðstaddur, sem lét sig vanta við 2. umr. þessa máls. Nú hefur forustu Framsfl., hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh., formanni og varaformanni Framsfl., tekist að knýja samstarfsflokk sinn, Sjálfstfl., til að sporðrenna því frv. sem hér er til umr. í óbreyttu formi frá því sem það var lagt fram. Það er aðeins hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sem stóðst þann þrýsting sem á þingflokk Sjálfstfl. var lagður í þessu máli. Það kom berlega fram við atkvgr. áðan að það voru þung spor fyrir þungavigtarmenn í Sjálfstfl., hæstv. ráðh. Matthíasana tvo, sem undirstrikuð voru með þeim fyrirvara sem þeir gerðu hér þegar þeir gerðu grein fyrir atkv. sínu. Og ég fann ekki betur en að það væru einnig þung spor hjá sumum hv. þm. Framsfl., eins og þingbróðir hæstv. forsrh. Ólafur Þórðarson gerði grein fyrir og gaf til kynna þegar hann gerði grein fyrir atkv. sínu áðan. En þetta er ekki í fyrsta sinn eftir að núv. hæstv. ríkisstj. settist á stóla sem Framsfl. hefur tekist að beygja Sjálfstfl. undir sinn veldissprota í afdrifaríkustu málum — málum sem á margan hátt eru einsdæmi í íslenskri stjórnmálasögu. Ég vísa þar til þess sem fyrst var í verkum þessarar hæstv. ríkisstj., brbl. frá 27. maí s. l. varðandi launamál og fleira, þar sem núverandi forustu Famsfl., þeirri forustu sem braust til valda á árunum eftir 1980 og ýtti til hliðar þeim sem áður voru þar á oddinum, hefur nú tekist að knýja fram þá stefnu, þær fólskuaðferðir, sem þessi nýja forusta hefur gert að leiðarljósi sínu í sambandi við mikilverðustu mál.

Það mátti kannske eitthvað úr bæta losarabragnum sem var á ýmsu hjá Framsfl. fyrir ekki löngum tíma, t. d. frá þeim tíma þegar núv. hæstv. forsrh. fór með sjávarútvegsmál í fráfarandi ríkisstj. Það mátti sjálfsagt ýmislegt færa þar til betri vegar. Ég tók það fram í umr. fyrr á þessum sólarhring að hæstv. núv. sjútvrh. væri ekki sérstaklega öfundsverður af þeim arfi sem hann hefði tekið við af hæstv. núv. forsrh. og eftir samspil hans og hv. núv. 4. þm. Austurl. Tómasar Árnasonar, fyrrv. hæstv. viðskrh. Þessir tveir ráðh. Framsfl. úr fyrrv. ríkisstj. léku framvarðaleik í sambandi við sjávarútvegsmál í landinu, annar sem viðskrh. sem kostaði kapps um að koma gömlum skipum inn í íslenska fiskiskipaflotann og hinn að taka við þeim og tryggja að þau bættust við þann skraplista sem hæstv. þáv. sjútvrh. fylgdi og hafði að leiðarljósi í sambandi við fiskveiðistefnu þá er hann mótaði. (Gripið fram í.) Ég kem svolítið betur að því, hv. 4. þm. Austurl. Tómas Árnason. (**Forseti:** Má ég biðja menn úr öðrum deildum að vera ekki að hafa afskipti hér.) Hv. þm. er velkomið að vera hér, bæði að hlýða á mál og gjarnan að skjóta inn í mér til aðstoðar í þessu efni. Það er sannarlega margt sem ástæða er til að rifja upp úr hans afrekaskrá sem viðskrh. í fráfarandi ríkisstj. — atriði sem tengjast náið þeim vanda sem nú er við að fást í sjávarútvegsmálum á Íslandi. Hann neitaði því misseri eftir misseri og ár eftir ár að taka fiskiskip af frílista og koma í veg fyrir að smyglað yrði inn í íslenska fiskiskipaflotann með erlendu fjármagni og af erlendum fjármagnseigendum fiskiskipum til að stunda veiðar í íslenskri landhelgi og flytja aflann út. Vegna þess að hv. þm. hafði áhuga á að taka þátt í þessari umr. tel ég fulla ástæðu til að rifja þetta upp. Ég tel líka ástæðu til að rifja upp hvernig þessir hv. þáverandi forustumenn í ríkisstj. af hálfu Framsfl. stóðu að því að koma í veg fyrir breytta stjórnun í sjávarútvegsmálum, koma í veg fyrir breytingu á stjórnun fiskveiða og viðhalda úreltu kerfi og auka á vandann með því að dæla inn í landið skipi eftir skipi, gömlum skipum flestum hverjum, sem hafa stóraukið þann vanda sem nú er við að fást.

Ég vil hins vegar víkja aðeins frekar, áður en ég rek þessa sögu nánar, að tengslum þess máls sem hér er til umr. við kjaramálin, brbl. um launamál sem sett voru

s. l. vor, vegna þess að í þessum tveimur málum kemur það svo skýrt fram sem verða má hver er hugmyndafræði núverandi forustu Framsfl. í sambandi við stjórn vandasömustu mála í þessu landi.

Í sambandi við launamálin gekk Framsfl. til kosninga með þá stefnu að skammta bæri aflahlut í landinu, ekki bara launafólki heldur líka til sjómanna og annarra vinnustétta, með lagasetningu, með boðum studdum af lögum. Framsfl. hafði það á stefnuskrá sinni fyrir kosningarnar síðustu að það yrðu sett lög um launamál í þessu landi til tveggja ára og þar skyldi engu verða um þokað. Kjarasamningar skyldu felldir úr gildi og heimildir til frjálsra samninga á vinnumarkaði skyldu ekki vera til staðar. Þessu skyldi stjórnað með lögum, með valdi ráðh. Og hæstv. forustumönnum Framsfl., formanni og varaformanni, tókst eftir allmikla fyrirhöfn að fá Sjálfstfl. til að beygja sig og sporðrenna þessari stefnu, að vísu ekki til tveggja ára heldur til níu mánaða svo sem frægt er orðið.

Í sambandi við frv. um fiskveiðilandhelgi Íslands er fylgt sömu hugmyndafræðinni og í sambandi við launamálin. Það er sama viðhorfið til lýðræðis og lýðræðislegra vinnubragða sem þar endurspeglast og í sambandi við kjaramál í þessu landi, hlutaskiptin í þessu landi. Hér er ekki um að ræða að veita eigi eðlilegt lýðræðislegt svigrúm til að taka á þessum vandasömu málum, heldur er hér óskað eftir valdi til eins manns, til sjútvrh., til að fara með þessi mál, hafa valdið og skammta úr hnefa það sem hæfilegt er talið, að mati hæstv. sjútvrh., að gert verði úr íslenskum sjávarauðlindum. Hér er tekið svo stórfellt skref til valdaaukningar í þessum málum að engin fordæmi finnast fyrir slíku fyrr í sögu íslenskra stjórnmála varðandi atvinnulíf.

Ég benti í umr. fyrr á þessum sólarhring á hliðstæður sem draga mætti varðandi aðrar atvinnugreinar og væri kannske ástæða til að rifja það upp mönnum til frekari glöggvunar, sem nú eru viðstaddir umr., en ég vil alveg sérstaklega undirstrika hvaða líkindi eru með vinnubrögðunum í þessum tveimur stóru málum, kjaramálunum og þessu fiskveiðilandhelgismáli. Þar gengur sem rauður þráður í gegn það viðhorf núverandi forustu Framsfl. að stjórna skuli eftir lögmálum hins menntaða einveldis, eins og við höfum líkt þessu við. Það getur verið álitamál hvernig mönnum líst á þá menntuðu einvalda sem vilja nú fá þetta vald. Ég vil ekki fara að draga upp sögulegar samlíkingar, en ég býst við að ýmsum þyki að ekki sé allt of vænlegt að afsala því valdi sem hér er beðið um frá þinginu til þessara hæstv. ráðh. meðal annars í ljósi þeirrar málafylgju sem þeir höfðu á árum áður í sambandi við íslensk sjávarútvegsmál. Það eru þessi atriði sem eru kjarninn í þeirri umr. sem hér fer fram og sem við höfum lagt megináherslu á, sem hér höfum flutt brtt. um þetta mál, brtt. sem nú hafa verið felldar.

En það hefur verið gengið enn þá lengra í sambandi við að hafna framkomnum hugmyndum frá stjórnarandstöðunni í þessu máli, eins og berlega kom í ljós við atkvgr. sem fram fór áðan. Þar felldu 24 hv. þm. í þessari deild till. sem þannig hljóðaði:

„Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga.“

Ekki einu sinni þessi till. hlaut náð fyrir augum þess meiri hl. sem hér ætlar að knýja fram valdaafsalið til hæstv. sjútvrh. Það má ekki einu sinni liggja fyrir að þær auðlindir sem ráðh. á að deila og drottna yfir séu sameign allrar þjóðarinnar. Það má að mati þessara hv. manna, sem felldu þetta ákvæði áðan, ekki standa í íslenskri löggjöf, eins og hér var gerð till. um. Stefnuyfirlýsing af þessu tagi, sem felst í þessari till., ætti að mínu mati að vera nokkuð sjálfsögð og hún getur haft verulega þýðingu í sambandi við umr. og álitamál varðandi meðferð fiskveiðimála okkar og nýtingu fiskveiðilögsögu okkar á komandi árum. Því ber að harma það alveg sérstaklega að þetta ákvæði skuli einnig hafa fallið fyrir þeim meiri hl. sem hér hefur myndast og komið fram í hv. deild og beitti sér gegn því að tekið yrði í nokkru undir till. frá minni hl. úr stjórnarandstöðuliðinu.

Meðal þess sem fellt var við atkvgr. áðan var till. um að fiskveiðistefnu bæri að bera undir þingið og þinginu að gefast kostur á að taka afstöðu til fiskveiðistefnu með samþykkt þál. þar sem fram kæmu meginforsendur og stefnumið sem í þeirri fiskveiðistefnu eigi að felast. Þetta atriði þótti binda hendur hæstv. sjútvrh. um of. Því var einnig hafnað að nefnd yrði sett á laggirnar með stoð í lögum til að fjalla um framkvæmd fiskveiðistefnu — nefnd sem í ættu sæti fulltrúar þar til nefndra aðila, hagsmunaaðila, atvinnurekenda, sjómanna og verkafólks. Hæstv. sjútvrh. vísar til þess að hann sé reiðubúinn að hafa samráð, ekki skuli standa á því. En hvers vegna er þá hæstv. ráðh. og meiri hl. í hv. sjútvn. ekki reiðubúinn að setja slíkt ákvæði í lög?

Sama gildir um svo mikilsvert mál sem það, hvort heimilt eigi að vera að selja aflaleyfi eður ekki. Við gerðum hér um það till., þrír Alþb.-menn, að slegið yrði föstu í þessum væntanlegu lögum að óheimilt sé að selja aflaleyfi, en heimild sé hins vegar til flutnings á aflaleyfum í landinu. Ég tel að það sé mikil yfirsjón hjá þeim sem stóðu að því að fella þetta ákvæði og halda því þar með opnu lögum samkv. að aflaleyfi sé unnt að selja, að það sé ekki óheimilt. Ég hygg að það verði tekið eftir því víða um land hvernig að þessu máli var staðið af meiri hl.

Þá vekur það ekki síður furðu þegar það liggur fyrir að sami meiri hl. felldi það við atkvgr. áðan að ekki verði ákveðið aflamark á handfæra- eða línubáta. Þeir vilja ekki slá því föstu að lögum samkv. sé ekki verið að fást við að setja aflamark á trilluútgerð og línuútgerð í landinu. Þeir vilja halda þeim möguleika opnum að það verði farið að skammta alveg niður í smæstu báta. Það mátti heyra á hæstv. sjútvrh. áðan, þar sem hann greindi frá að hugmyndin væri að stefna að því að setja kvóta á allan flotann, ekki aðeins togara heldur einnig bátaflotann. Hann tók ekkert fram um handfærabáta eða línubáta í því sambandi. Þó hefur það fram komið hjá hæstv. ráðh. að hann telji koma til greina að undanskilja línuveiðar aflamarki.

Nú getur það e. t. v. að sumra mati verið álitamál hvað sé ástæða til að festa í lög og hvað sé nægjanlegt að fyrir liggi um yfirlýsingar. Ég held að það sé ástæða til að ræða það mál aðeins nánar.

Það hefur komið fram af hálfu þess meiri hl. sem samþykkti frv. óbreytt til þessarar umr. að halda skuli þessu máli galopnu, hafa vald ráðh. opið og óskert sem allra mest. Á því varð engin breyting. Ég tel afar athyglisvert hvernig afstaða manna að meiri hluta til kom fram í þessu máli í hv. þingdeild. Ég tel að það sé ekki aðeins varhugavert heldur stórvarasamt að haga

þannig löggjöf um mikilverðustu málefni, eins og þau sem hér er um að ræða, að leggja þar ekki meginlínur með ákvæðum í lögum, en ætla að láta sér nægja að vísa til grg., til ummæla hæstv. ráðh. og viðhorfa þeirra til málsins, jafnvel til yfirlýsinga sem frá þeim koma í blaðagreinum, en ekki eru viðhöfð á hv. Alþingi. Ég held að menn séu að stefna út á ansi hálan ís með því að ætla að byggja grunninn að ákvarðanatöku um hin mikilverðustu mál á slíkum yfirlýsingum, sem ekki hafa neina stoð í lögum.

Ég vara mjög við slíkri stefnu og ég minni á að líftími valdamanna, ráðh., er ekki alltaf sá sem þeir ætla. Það getur enginn sagt um það fyrir fram hversu lengi núv. ríkisstj. muni sitja að völdum. Við skulum vona að sá tími verði ekki langur. Það er ástæða til að láta þá von í ljós. — Það ber líka að hyggja að því, að þó að menn taki kannske afstöðu til mála út frá því hver skipar ráðherraembætti hverju sinni geta þar orðið á mannaskipti, enda er fráleitt að vera að byggja upp málflutning og taka afstöðu til mála í sambandi við löggjafaratriði eftir því hver það er og hverjir það eru sem skipa ráðherrasæti hverju sinni.

Herra forseti. Það er sannarlega teflt á tvær hættur með lagasetningu af þessu tagi og það er vissulega viðurkennt og skjalfært, liggur fyrir í meirihlutaáliti sjútvn. Það segir, með leyfi hæstv. forseta, framarlega í því áliti:

„Frv. hefur að geyma ákvæði um miklu ótvíræðari og víðtækari heimildir til handa sjútvrh. um stjórn og takmörkun fiskveiða en áður hafa þekkst eða finna má í gildandi lögum. Nefndin telur í sjálfu sér óæskilegt að Alþingi feli ráðh. víðtækt vald til ákvarðana án skýrra lagafyrirmæla um efnisatriði slíkra ákvarðana, en hefur eigi að síður kynnt sér eftir föngum þau rök sem liggja að baki þeirrar till. að auka heimildir ráðh. til þess að setja reglur um stjórn fiskveiða eins og nú háttar málum".

Hér kemur ótvírætt fram að meiri hl. tekur í nál. sínu undir þau meginviðhorf sem við höfðum túlkað sem erum í minni hl. varðandi afstöðu til þessa máls, en svo undarlega bregður við að meiri hl. fylgir ekki sjónarmiði sínu eftir, heldur handsalar hann valdinu áfram óbreyttu til ráðh. eins og ekkert hafi í skorist.

Til þess að rifja aðeins upp og líta betur á hvers konar vald það er sem hér er verið að framselja og vegna þess að hæstv. viðskrh. er nú kominn hér í þingsal, og hefur ekki sést mikið í stól sínum í deildinni undir þessari umr., vil ég segja hæstv. ráðh. frá því sem ég hef heyrt fleygt að standi til á hans verksviði, í sambandi við viðskiptamálin. Því hefur heyrst fleygt, hæstv. viðskrh., að það sé í undirbúningi á þínum vegum að sett verði ákveðið hámark á innflutning til landsins og þess sé að vænta að það verði e. t. v. borið fram frv. þar að lútandi að heimildir séu fyrir hæstv. ráðh. að setja slíkt hámark á innflutning til landsins og í þessu frv. eigi að felast heimild til hæstv. viðskrh. til að skipta innflutningi á milli þeirra aðila sem við hann fást og ákveða fjölda þeirra sem mega fást við slíkan innflutning. Það er út af fyrir sig kannske tími til kominn að það sé farið að líta á þau efni. Ég vil ekkert fortaka að það geti verið skynsamlegt og til álita, en æskilegt væri að heyra frá hæstv. viðskrh. hver hugur hans er til slíkrar málsmeðferðar og þess einnig að síðan eigi hæstv. viðskrh. að fá heimild til að ráðstafa leyfum og upphæðum varðandi dreifingu þessa innflutnings í smásölu til einstakra aðila, þetta eigi að vera á valdi hæstv. viðskrh. Það kæmi út af fyrir sig ekkert á óvart þó að frá hæstv. núv. ríkisstj. kæmi frv. af þessu tagi, sem flutt væri af hæstv. viðskrh., eftir að við höfum fengið frv. eins og það sem hér er til umr. um fiskveiðilögsögu Íslands og heimildir til sjútvrh. til að deila þar og drottna. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. Framsfl. gætu ekki haft mikið við það að athuga að hæstv. viðskrh. fengi slíkar heimildir og gæti ákveðið hversu mikið rynni til Sambandsins í sambandi við innflutning til landsins og til kaupfélaganna í dreifingu á honum. Mér þætti gott ef það kæmi fram í umr. frá hæstv. viðskrh. hvort sá orðrómur er á rökum reistur að hann ætli að koma með slíkt frv. inn í þingið að loknu jólaleyfi. (**Viðskrh.:** Hann er úr lausu lofti gripinn.) Er hann úr lausu lofti gripinn, hæstv. viðskrh.? Já, það er athyglisvert. Það er athyglisvert að ráðh. Sjálfstfl. ætla ekki að óska eftir hliðstæðum heimildum og þeir nú eru að afhenda sjútvrh. Framsfl. og þess sé þá kannske ekki að vænta að hæstv. fjmrh. ætli að fá hliðstæða heimild í sambandi við ríkisfjármálin, að hann geti þar skipt öllu upp, þurfi kannske að fá ákvarðandi heimild frá þinginu um hámark í tekjum og gjöldum, en geti síðan skipt niður eftir sínu höfði til smælingjanna í þjóðfélaginu út frá sínu góða hjartalagi. En hæstv. fjmrh. er ekki hér viðstaddur til að fjalla um það.

Eitt meginatriðið í afstöðu meiri hl. hv. sjútvn., meginröksemdin fyrir því að hún þyrfti nánast mót vilja sínum að standa að því að afsala völdum til hæstv. sjútvrh. varðandi málefni sjávarútvegsins með þeim hætti sem ráð er fyrir gert í frv., er stutt þeim rökum að það sé ekki ráðrúm til annars en afgreiða þetta frv. nú fyrir jólin. Það hafi verið svo naumur tími til stefnu, aðeins tíminn frá Fiskiþingi, sem haldið var í nóv. ef ég man rétt, og þar til nú fram að jólum til að taka á þessu máli og ganga frá löggjöf þar að lútandi. Ég gerði það að umtalsefni fyrr í umr. að ég teldi þetta vera fyrirslátt tóman og rökleysu. Ég held að það væri æskilegt, vegna þess að ég ætla að víkja nokkrum orðum að hæstv. forsrh. í þessu efni, að hann væri viðstaddur umr. í þingsal, ef virðulegur forseti vildi hlutast til um það. (**Forseti:** Já, ég skal athuga hvort ekki er hægt að ná í hæstv. forsrh.)

Meginröksemdir meiri hl. sjútvn. voru um að það hefði ekki verið hægt að taka hér á þessu máli fyrr en eftir að Fiskiþing hafði komið fram með sína stefnu. Hæstv. sjútvrh. hefur tekið undir það sjónarmið mjög ítrekað og því hefur jafnframt verið hafnað að það yrði dregið fram yfir áramót, þangað til þingið á kost á að koma saman, strax í byrjun næsta árs, að fjalla um þetta mál og veita því þá eðlilegu þinglegu meðferð með vandlegri skoðun málsins sem öll tök eiga að vera á. Það er ekki hægt að bera fram nein frambærileg rök fyrir því að nauðsynlegt sé að þetta frv. og þær heimildir sem hugmyndin er að veita samkv. því liggi fyrir fyrir jólaleyfi þingsins. Það er ekki nauðsynlegt að stýra íslenskum sjávarútvegi eftir almanakinu í öllum greinum, þó menn hafi tamið sér að líta þar til ákveðinna dagsetninga, svo sem ósköp eðlilegt er, og reyna að tengja ákvarðanir vertíðum. En það horfir einmitt nú svo í sambandi við vertíð og vertíðarbyrjun að ekki eru nú horfur á að það verði mikil sjósókn á fyrstu dögum komandi árs, m. a. talað um að fresta ákveðnum

þáttum veiða, eins og netaveiðum, fram um miðjan febrúar. Ég tel því að það séu engin frambærileg rök fyrir því að ganga þurfi frá þessu máli fyrir jólahlé og að það sé enginn skaði skeður þó að málið yrði til meðferðar hér í þinginu í janúarmánuði, enda auðvelt að ganga frá því og tryggja framgang þess fyrir lok þess mánaðar.

En vegna þess að ég óskaði eftir nærveru hæstv. forsrh. í umr. vil ég koma að því sem veit að fortíðinni í þessu máli og þeirri röksemdafærslu að það hefði ekki verið hægt að taka á breyttri stjórnun fiskveiða fyrr en eftir að samtök hagsmunaaðila, Fiskiþing og Landssamband ísl. útvegsmanna, hefðu gert samþykktir þar að lútandi svo til einróma, eins og við þekkjum frá þingum þeirra.

Ég hef nefnt það hér í umr. áður, en þar var hæstv. forsrh. ekki viðstaddur því að hann taldi ekki ástæðu til að hlýða á mál manna fyrr á þessum sólarhring við 2. umr. þessa þýðingarmikla máls, að það hefði verið ástæða til þess og full rök fyrir því að stjórnvöld og þeir sem með forustu fóru í sjávarútvegsmálum í fráfarandi ríkisstj. hefðu beitt sér fyrir breyttri stjórnun fiskveiða og tekið þar á málum með öðrum hætti en gert var. Ég hef þegar minnst á hlut þeirra hæstv. sjútvrh. og hæstv. fyrrv. viðskrh. í sambandi við skipastólinn og samspil þeirra í því máli. Ég held að það dyljist engum að ábyrgð þeirra á því hvernig nú er komið málum vegna þess hvernig á þeim var haldið af þeim á síðustu árum er mikil.

Hæstv. sjútvrh. fékk um það ábendingar og till. á undanförnum árum, öll þau ár sem hann gegndi embætti sjútvrh., að breytt yrði til um stjórn íslenskra fiskveiða. Hann fékk um það tillögur frá sérfræðiaðilum sem fjölluðu um þessi mál, m. a. í stofnun sem hann var framkvæmdastjóri fyrir því að hann hélt auðu sæti sínu. — Það var ekki aðeins að hann væri hér með þingsæti, sem sjálfsagt er meðan hann var í ráðherrastarfi, heldur hélt hann sæti sínu sem framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins þar til fyrir skömmu. — Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins var fjallað um þessi efni á árunum 1979—1981. Niðurstaða af þeirri athugun mála kom fram í grg. og skýrslu frá Rannsóknaráði ríkisins sem ber heitið „Þróun sjávarútvegs“ og merkt er: Rit Rannsóknaráðs nr. 5 1981. Þessi greinargerð er samhljóða álit starfshóps sem settur var á laggirnar af ráðinu sem hæstv. fyrrv. sjútvrh. var fyrr á árum framkvæmdastjóri fyrir, en hefur nýlega afsalað sér því starfi. Þessi hópur skilaði áliti sínu 7. sept. 1981, en kjarninn í álitsgerð hópsins var kominn fram áður. Ég er þess fullviss að hæstv. þáv. sjútvrh. hafði fullan aðgang að þeim gögnum og þeim viðhorfum sem lágu fyrir í þessum starfshópi áður en þetta álit kom fram, en það var nokkurn veginn á miðjum ráðherraferli hans sem sjútvrh.

Í áliti þessa starfshóps voru færð fram mjög gild rök fyrir því að taka upp gerbreytta stjórn fiskveiða að taka upp stýringu með því að leyfisbinda fiskveiðarnar eins og nú er gert ráð fyrir og taka upp aflamark á skip. En hæstv. þáv. sjútvrh. tók ekki undir þessi sjónarmið og tók ekki undir tillögur og málflutning í ríkisstj., t. d. af minni hálfu, um að þarna yrðu tekin upp ný vinnubrögð og brotið í blað. Hann var andvígur því að taka upp slíkar stjórnunaraðferðir. Ég staðhæfi það enn og aftur í þessari umr. að ég tel að við súpum nú illa seyðið af skammsýni hæstv. núv. forsrh. í þessum efnum. Aðstæðurnar til þess að taka upp breytta stjórn fiskveiðimála í landinu hefðu verið allt aðrar og vænlegri á þeim tíma þegar við höfðum meira að sækja í auðlindir hafsins, í mikilvægustu fiskstofna okkar. Og ég er viss um að það hefði runnið upp fyrir mönnum hve skammsýnn var samleikur þeirra hæstv. þáv. viðskrh. og hæstv. þáv. sjútvrh. í sambandi við skipastólinn og innflutning fiskiskipa og samspil þess við veiðarnar. Það er nefnilega nokkuð annað að þróa nýjar stjórnunaraðferðir þegar menn hafa úr einhverju að spila, þegar tími er til að aðlaga breytta stjórnun að aðstæðum og ganga rólega fram til verka. Tíminn til þess var kjörinn á árunum 1980 og 1981, þegar við höfðum þorskstofninn í blómlegu ástandi og þegar afli við landið var vaxandi. Það hefði verið ólíkt auðveldara að geta byrjað með stýringu veiða með aflamarki við slíkar aðstæður. En hæstv. þáv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson var ófáanlegur til að taka þarna upp breytt vinnubrögð og skellti skollaeyrum við tillögum færustu manna þar að lútandi.

Hæstv. þáv. viðskrh., sem ég sé að er nú kominn hér í hliðarsal og fagna ég sérstaklega nærveru hans, studdi vissulega flokksbróður sinn dyggilega í þessu efni því að þegar þessi mál voru til umr. kom það fyrir að hæstv. þáv. viðskrh. tjáði sig um þau opinberlega, bæði á þingi og í ríkisstj. Ég held að hægt sé að lýsa því í mjög stuttu máli hver var kjarninn í hans málflutningi. Hann hafði yfirleitt ekki um þetta mörg orð, en þau voru efnislega á þá leið: Það er mín skoðun að það sé nægur fiskur í sjónum. Ég veit að hæstv. fyrrv. viðskrh. getur staðfest þessi ummæli þegar þessi mál koma til meðferðar í hv. Ed. þingsins. (**Forseti:** Mér þykir ákaflega óviðeigandi að það sé verið að ávarpa menn, sem ekki eiga sæti í þessari deild, í þessum umr.) Herra forseti. Ég hef enga ástæðu að standa í viðræðum við menn úr öðrum þingdeildum, en hæstv. fyrrv. viðskrh. birtist áðan hér og blandaði sér inn í umr. og ég vænti að hæstv. forseti virði mér þetta til betri vegar þar sem hv. þm. hefur séð ástæðu til að blanda sér hér í umr. En ég skal ræða þetta mál með óbeinni hætti og taka fullt tillit til ábendingar hæstv. forseta þar að lútandi.

Ég var einn af mörgum sem vefengdi þessa málafylgju hæstv. þáv. viðskrh. Ég deildi ekki þeirri skoðun að það væri nægur fiskur í sjónum, sem hann bar fram þegar hann var að kynna ákvarðanir sínar um aukinn innflutning fiskiskipa á síðustu árum. Og þegar gengið var á hæstv. ráðh. vísaði hann oftast til þess, eins og hann gerir stundum þegar fátt verður um rökin, að hann hefði heyrt þetta hjá mætustu mönnum á árum áður, og nefndi gjarnan hv. fyrrv. þm. Lúðvík Jósepsson í þeim efnum. Það er oft að hv. núv. 4. þm. Austurl. vitnar til þess samþm. síns, sem hér sat á þingi á árum áður og reyndist manna skarpskyggnastur á málefni íslensks sjávarútvegs og stóð þar að með myndarbrag og framsýni. Hv. þm. Tómas Árnason og aðrir núverandi forustumenn Framsfl. ættu að reyna að læra af störfum og stefnu Lúðvíks Jósepssonar í sjávarútvegsmálum og þeim meginviðhorfum sem fylgdu hans störfum að taka á málum eftir aðstæðum, eftir því sem aðstæður byðu og því meginviðhorfi að treysta undirstöður í íslenskum sjávarútvegi.

Ég tel, herra forseti, að það sé mikil þörf á því að læra af reynslu undanfarinna ára í þessum málum, læra af

þeim mistökum sem þá voru gerð, og það er neyðarlegt að það skuli nú koma áframhaldandi í hlut Framsfl. að glíma við afleiðingarnar af þeim mistökum sem ráðherrar flokksins eru ábyrgir fyrir í mörgum greinum í sambandi við málefni sjávarútvegsins eins og þeim nú er komið. Ætla ég þó ekki að fara að skella neinni skuld á þá sem óeðlilegt geti talist því að ekki ráða þeir yfir ytri skilyrðum. En það voru aðrir þættir, sem snerta þetta mál, þar sem þeir fóru með valdið og hefðu getað haldið á málum með öðrum hætti, eins og nú er fram komið að brýna nauðsyn bar til.

Herra forseti. Það eru mörg atriði sem ástæða væri til að fara út í frekar en ég hef gert við þessa umr. Ég sé ástæðu til að víkja aðeins að því hvernig á þessum málum var tekið á vegum Fiskifélags Íslands á undanförnum árum, m. a. vegna þess að hv. 5. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, vefengdi það með frammíköllum við umr. fyrr á þessum sólarhring að um þessi mál hefði verið fjallað á Fiskiþingi með þeim hætti sem ég greindi þar frá.

Það er ekkert nýtt að á Fiskiþingi og hjá fiskifélagsdeildum víða um land hafi þessi mál verið rædd, nauðsynin á breyttri stjórnun í fiskveiðimálum landsmanna. Ég vil þessu til staðfestingar vitna hér til ummæla sem fram koma í grein í Ægi snemma á árinu 1983, grein sem rituð er þar af Jóhannesi Stefánssyni stjórnarformanni Síldarvinnslunnar í Neskaupstað um stjórnun fiskveiða, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungssamband fiskifélagsdeilda á Austurlandi hefur, eins og önnur fjórðungssambönd, fjallað mikið um stjórnun fiskveiða og þá einkum kvótaskiptingu á þorskveiðum, sem það hefur haft ákveðnar skoðanir á og því sérstöðu. Hætt er við að skoðanir mínar mótist nokkuð af tillöguflutningi og ályktunum fjórðungsþingsins. Þessi mál eru mjög viðkvæm og skiptar skoðanir um það hvernig á að taka á þeim. Þau verða ekki afgreidd með því að fullyrða, að þetta eða hitt sé hið eina rétta og að þessi eða hinn hafi ekki vit á hlutunum. Stjórnun fiskveiða okkar í dag er svo mikilvæg, að það verður að setjast niður og samræma skoðanir, finna lausn sem flestir er nálægt sjávarútvegi og fiskvinnslu koma geti sætt sig við. Fiskveiðin er miklu flóknari og erfiðari viðfangs í dag en áður var, þar sem ofveiði er á flestum fiskstofnum."

Ég tek fram að þetta er skrifað snemma á árinu 1983, þegar heimild var fyrir að veiða, ef ég man rétt, samkv. tillögum Hafrannsóknastofnunar 450 þús. lestir af þorski.

„Það var enginn vandi, þegar allir máttu stunda sjóinn að eigin geðþótta", segir áfram í grein Jóhannesar. „Engar takmarkanir voru á veiðum og þá héldu allir að alltaf yrði nógur fiskur á Íslandsmiðum. Bátar voru litlir og veiðarfærin fábreytt.

Það sem angraði menn mest voru aðgangsharðir útlendingar, sem veiddu upp í landsteinum.

Íslendingar eignuðust stærri skip, veiddu með botnvörpu og fiskuðu betur en útlendingar. Hins vegar kunnu þeir sér oft ekki hóf og hryggilegasta dæmið er þegar nýsköpunartogararnir veiddu smáfiskinn fyrir Norðurlandi og fóru með hvern farminn af öðrum í gúanó, eins og síld og loðnu.

Eftir langa og harðvítuga baráttu tókst að fá 200 mílna fiskveiðilögsögu viðurkennda. Við sátum einir að fiskimiðunum umhverfis landið. Þá var vandi að gæta fengins fjár eigi síður en afla þess. Fiskimiðin voru viðáttumikil og fjöldinn allur taldi að það væri nógur fiskur og því mætti veiða eftir vild.

Nokkur hópur vel menntaðra fiskifræðinga var tekinn til starfa á rannsóknarstofum og fiskirannsóknarskipum. Beitt var vísindalegum aðferðum til þess að gera grein fyrir því hvernig ástand hinna ýmsu fiskstofna væri. Í fyrsta sinn var hægt að sýna þjóðinni fram á hvað mætti veiða mikið, án þess að um ofveiði væri að ræða.

Auðvitað skjátlaðist fiskifræðingum, og þeirra vísindi eru ekki fullkomin, en ég held að það megi staðhæfa að rannsóknir þessara manna og aðvaranir um að ganga ekki of nálægt fiskstofnunum hafi bjargað ótrúlega miklu.

Margir trúðu ekki á þessar rannsóknir og töldu óþarfa að fara eftir ábendingum um ofveiði. Fáir hefðu líka trúað því að hægt væri að komast til tunglsins. En það var rannsóknum og vísindum að þakka að það tókst. Ljósasta dæmið eru rannsóknir á vorgotssíldinni eða suðurlandssíld, bannið við veiðum í nokkur ár og stækkandi stofn ár frá ári, stöðvun loðnuveiða þótt seint væri, takmarkanir á skeldýraveiðum svo að stofnar hafi haldist í horfinu ár eftir ár. Þá var komið að þorskinum, sem afkoma útvegsins og raunar þjóðarinnar hefur byggst á. Vísindamenn gáfu út svarta skýrslu um ofveiði þorsksins. Menn urðu að viðurkenna að alvara væri á ferðum, fara yrði með gát að veiðum. Þorskveiðar voru takmarkaðar við ákveðinn tonnafjölda á ári. Áformað var að vernda hrygningarstofninn. Það voru ekki allir ánægðir með veiðitakmarkanir og það var frá fjárhagslegu sjónarmiði æskilegt að veiða meira. Þrýstingur var alltaf á stjórnvöld að leyfa meiri veiði.

Reynt var að telja fiskifræðingum hughvarf. Oft var látið undan síga. Nú er því miður svo komið, að allt bendir til þess að of langt hafi verið gengið í þorskveiðum. Aflinn á þessu ári er vísbending um það. Að vísu hefur það alltaf verið svo í gegnum tíðina, að verulegar sveiflur hafa verið í afla frá ári til árs.

Stjórnun fiskveiða hefur verið í landinu undanfarin ár, aflahámark á mörgum fisktegundum og alls konar veiðitakmarkanir. Það eru eflaust allir þeir, sem nálægt sjávarútvegi koma, hvort sem það er á sjó eða landi, sammála í dag um, að ekki gilti lengur frelsið til þess að veiða að eigin geðþótta.

Hér vantar að koma á víðtæku samkomulagi um stjórnun fiskveiða og mótun ákveðinnar fiskveiðistefnu. Fiskifélag Íslands og Fiskiþing hafa lagt drjúgan skerf til þessara mála og rætt þau mikið."

Þetta segir í grein Jóhannesar. Síðan víkur hann í grein sinni í tímaritinu Ægi að þeim tillögum sem fram höfðu komið og samþykktar höfðu verið á Fiskiþingi og tillögum mþn. sem um þessi mál fjallaði samkvæmt ákvörðun Fiskiþings. Sú nefnd náði ekki saman um álit, en í áliti Hilmars Bjarnasonar, sem mælti fyrir áliti eins hluta þessarar nefndar, segir svo í fskj. með þessari grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnun botnfiskveiða árið 1983.

1. Heildarþorskafli verði 400 þús. tonn eða samkvæmt því sem fiskifræðingar telja eðlilegt til að viðhalda heildarstærð hrygningarstofnsins eins og hann er áætlaður nú, um 750 þús. tonn.

2. Heildarþorskafla verði skipt á milli báta og togara.

3. Fyrir áramót verði ákveðið aflahámark á ýsu, ufsa, karfa og grálúðu samkvæmt tillögum fengnum frá fiskifræðingum um það hvað veiða má úr þessum fiskstofnum á árinu 1983."

Síðan fylgir greinargerð með þessari till.

Það er athyglisvert að líta yfir þær hugmyndir sem til meðferðar hafa verið á Fiskiþingi um þessi efni og tillögur sem þar hafa komið fram um að tekið yrði upp kvótakerfi einnig varðandi veiðar úr þorskstofninum. Það hefði verið farsælla að stjórnmálamenn hér á árum áður hefðu hlustað á þessar raddir og leitast við að stilla saman hagsmunaaðila um að taka undir og styðja nauðsynlegar stjórnunaraðgerðir. Eins og ég hef getið um er allt erfiðara viðfangs í þessum efnum nú þegar þorskstofninn, mikilvægasti fiskstofn okkar, er kominn niður í það lága mark sem spár benda nú til. Það hefði sannarlega verið auðveldara viðfangs að glíma við breyttar stjórnunaraðferðir og þróa lýðræðislegar aðferðir við stjórnun veiðanna með eðlilegu samráði við þann mikla fjölda manna sem þar á hagsmuna að gæta, bæði í samtökum og innan einstakra byggðarlaga. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert. Þar er skammsýni fyrir að fara og ekki um það að fást úr því sem komið er. Það hefur margoft komið fram hjá mér fyrr á árum og nú við þessa umr. að ég teldi breytinga þörf á stjórnun þessara mála. Og því má segja að fátt sé svo með öllu illt að ekki fylgi nokkuð gott. Það sannast enn í sambandi við þetta mál og það frv. sem hér er til umr., þar sem gert er ráð fyrir breyttri stjórnun.

Sá þáttur sem ég er hins vegar algerlega andvígur í sambandi við þetta frv. er valdaframsalið til sjútvrh. í þessum efnum. Ég tel það ólýðræðislegt, ég tel það óvænlegt, ég tel það stofna í verulega hættu meðferð þessara mála og þeim árangri sem menn binda vonir við varðandi breyttar stjórnunaraðferðir. Það er þess vegna sem ég og aðrir hafa lagt fram brtt. og komið hér fram með hugmyndir um breytta meðferð þessara mála við þessa umr.

Ég vil enn skora á þá sem skipa meiri hl. í sjútvn. þingsins að líta á þetta mál áður en horfið verði að því óráði að afgreiða frv. út úr hv. þingdeild óbreytt, eins og virðist vera stefnan þegar litið er til þeirrar atkvgr. sem fór fram áðan.

Herra forseti. Ég ætla að sinni ekki að segja fleira um þetta mál, en ég geri ráð fyrir að það eigi ýmsir vantalað við hæstv. sjútvrh. um þetta efni og aðra sem standa að þessu máli sem meiri hl. hér, m. a. vegna þeirra fsp. sem hæstv. ráðh. ekki hefur séð ástæðu til að svara. Mesta áhyggjuefnið í tengslum við þetta stóra mál eru þær hugmyndir sem liggja að baki hjá þeim flokki sem þar fer með forræði innan núv. ríkisstj. Þær ofríkishugmyndir og ofstjórnarhugmyndir sem þar liggja að baki eru hliðstæðar því sem kom fram í sambandi við brbl.-setninguna um launamálin. Það eru pólsku stjórnunaraðferðirnar sem Framsfl. virðist hafa gert að sínu leiðarljósi.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þessu máli hefur nú miðað það hér í hv. deild að það er komið til 3. umr. og það hefur einnig gerst, sem menn höfðu reyndar beðið nokkuð eftir, að hæstv. sjútvrh. hefur komið í þennan ræðustól og flutt allnokkra ræðu og leitast við að svara í ýmsu því sem hann hefur lengi og mikið verið spurður um. Það er þá góðra manna háttur að þakka fyrir sig. Ég vil fara ofurlítið yfir svör hæstv. sjútvrh. og jafnframt lýsa minni afstöðu til nokkurra af þeim spurningum sem ég hef, eins og áður hefur komið fram, talið mikilvægt að hér yrðu ræddar og leitað yrði svara við.

Eitt af þeim atriðum sem mikið hefur verið spurt um, bæði hér á hv. Alþingi og víðar, í fjölmiðlum og í orðræðum manna á meðal, er hvort heimila skuli sölu á aflaleyfum eða sölu á kvóta. Ráðh. hefur nú lýst þeirri skoðun sinni að hann telji slíkt fyrirkomulag ekki æskilegt, að þar verði um beina sölu að ræða, og ég er honum þar sammála og sýnist það nú enn á sannast að um ýmislegt reynast hv. þdm. sammála ef þeir gefa sér tíma til að láta það koma fram. En það eru auðvitað fleiri hliðar á því hvernig aflakvóti gæti gengið milli manna eða milli skipa eða milli útgerðarstaða en að um beina sölu fyrir beinharða peninga yrði að ræða. Sumir telja eðlilegt að leyft yrði að skipta með einhverju móti á aflakvótum. En ég vil einnig taka vara við þeim hugmyndum og bendi á að þar með opnast fyrir sömu vankantana og ef um beina sölu væri að ræða. Þar með verður hreyfing á aflakvóta milli aðila, hugsanlega milli byggðarlaga eða landshluta, og þarf að gæta vel að því, ef slíkt verður leyft. Það er einnig mjög erfitt að tryggja að um einhvers konar greiðslur undir borðið verði ekki að ræða, ef verið er að heimila flutning á aflakvóta á annað borð milli manna. Ég hefði talið það eðlilegast og raunar alveg nauðsynlegt að aflakvóti yrði á einhvern hátt bundinn við löndunarstað eða atvinnusvæði, þannig að ekki gæti á tiltölulega skömmum tíma raskast verulega atvinnuástand og umsvif á einum stað vegna mikils flutnings á aflakvóta til eða frá staðnum. Væri óæskilegt og mjög hættulegt ef unnt væri að gera slíkt í krafti peningavalds. Þess vegna er það mín eindregin skoðun að varast beri slíkar hugmyndir.

Annað atriði sem ég hef nokkuð rætt í þessu sambandi er smáfiskadráp, þ. e. hvernig unnt verði að tryggja að ekki verði sótt meira í smáfisk en mögulega verður komist hjá, og einnig hitt, að sá fiskur sem upp kemur verði nýttur. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að fara ofurlítið ofan í hvað við er átt með smáfiski.

Nú vitum við að stærðarmörk hafa breyst í gegnum tíðina. Þau hafa þokast upp á við úr 43 cm í 47 cm og eru nú 50 cm. Þarna hafa ráðið ferðinni friðunarsjónarmið, en ekki sölumöguleikar á smáum þorski. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, því að verði slíkt aflastýringarkerfi sett á laggirnar er nauðsynlegt að endurskoða með hvaða hætti er aftur hugsanlega hægt að flokka og nýta þann smáfisk sem er vel seljanlegur eða kann að vera það, en hefur verið flokkaður sem smáfiskur hingað til. Það er ekkert sjálfgefið að við eigum að halda okkur áfram við þessi hin sömu stærðarmörk. Vel kann að vera rétt að athuga með hvaða móti er hægt að afla markaða og koma í verð einhverjum stærðarflokkum fiskjar sem liggja undir þeim mörkum sem menn hafa miðað við síðustu árin, þ. e. að því gefnu að eitthvert magn nýtist af slíkum fiski. Ég held að það megi ljóst vera af umræðum undangenginna ára í þessu sambandi að eitthvað af þessum fiski kemur upp á dekk. Hitt er svo annað mál, að hve miklu leyti hann hefur skilað sér í land á undanförnum árum. En það er alveg nauðsynlegt, ekki síst þegar minna er til skiptanna, að allur sá fiskur sem á annað borð er drepinn komi að landi og hann verði nýttur sem best. Þess vegna tel ég þetta vera

eitt af þeim stóru atriðum sem þurfa að skoðast jafnhliða. Það þarf með einhverju móti að tryggja að allur nýtanlegur þorskur sé hirtur, en samt má ekki hvetja til veiða á smáum þorski. Það þarf að tryggja að eftir þeim reglum sem settar eru verði farið og það þarf með einhverju móti að koma á sjálfvirku eftirlitskerfi í þessu sambandi. Ég held að það verði ekki betur gert með öðru móti en því, að einhverjir sjái sér beinan hag í því að nýta þennan afla.

Þegar frv. til l. um ríkismat sjávarafurða var til umr. á þessu hv. Alþingi hreyfði ég þeirri hugmynd, sem ég vil taka fram að er ekki mín upphaflega, að ákveðinn hluti áhafnar á fiskiskipum, sem leggur á sig vinnu við að nýta þennan smáfisk, skyldi fá hann í sinn hlut. Hins vegar skyldu yfirmenn, skipstjóri og aðrir yfirmenn sem ekki taka beinan þátt í þeim störfum sem þarna er um að ræða, ekkert fá í sinn hlut, lítið eða ekkert. Sömuleiðis skyldu útgerðaraðilar fá lítið eða ekkert í sinn hlut. Þetta er ein möguleg útfærsla á þessu sjálfvirka eftirlitskerfi, sem mundi þá þýða að þeir sem sæju sér beinan hag í því að þessi afli væri nýttur sæju um að hann kæmi að landi. Aðrir aðilar, svo sem eins og yfirmenn á skipunum og útgerðaraðilar, litu á þetta fremur sem kostnaðarauka og tímaeyðslu frá öðrum veiðum og mundu því ekki sjá sér hag í því að skip lægju í smáfiskiríi. Útgerðaraðilar mundu hvetja skipstjórnarmenn sína til að forðast slíkt, en áhöfnin, eins og ég sagði áðan, mundi hins vegar tryggja að sá afli sem þrátt fyrir það kæmi upp kæmi í land og yrði nýttur. Því er þannig farið, a. m. k. á togveiðum á mörgum slóðum, að það er óhjákvæmilegt að eitthvað af smáfiski lendi með í aflanum. Það er óhjákvæmilegt. Samsetning fiskjar er einfaldlega þannig á mörgum aflaslóðum. Ég tek þessa hugmynd hér aftur upp og ítreka hana, m. a. vegna þess að hæstv. sjútvrh. hefur ekki svarað því hér hvort um yrði að ræða aflamagns- eða aflaverðmætiskvóta. Það er lykilatriði í þessu sambandi og því þarf að svara og á því þurfa að finnast svör jafnhliða og þetta er skoðað.

Þá hefur einnig verið rætt hér um rekstrarstöðu útgerðarinnar í landinu. Hæstv. sjútvrh. hefur verið spurður að því aftur og aftur héðan úr ræðustól hv. Nd. hvaða lausnir væru í sjónmáli á rekstrarstöðu útgerðarinnar. Ráðh. tók svo til orða hér í dag að víst væri þar um dökka mynd að ræða, um 20% taprekstur á togurum nú um stundir, og þetta væri ekki efnilegt, það viðurkenndi ráðh. En miklu meira sagði hann ekki um þessi mál. Jú, hann sundurliðaði reyndar fyrir okkur í hverju helstu kostnaðarliðir í útgerð væru faldir, þeir lægju í launum, í olíu, í viðhaldi og fjármagnskostnaði. Þetta var fróðleg og rétt sundurliðun. En hún hjálpar okkur ekki mikið við það að fá svörin við því hvað eigi að gera. Hvað á t. d. að gera með nýtt fiskiskip? Við skulum segja að það sé smíðað innanlands á árinu 1980 og þá gæti staða þess hafa verið t. d. um síðustu mánaðamót hjá Fiskveiðasjóði Íslands eitthvað á þá leið að áhvílandi á skipinu væru 170 millj. kr. — við skulum segja 170 millj. kr. til að taka einfalda tölu. Mér þætti ekki ólíklegt að á þessu sama skipi hefðu þar af verið í vanskilum 30—40 millj. kr. með tilheyrandi kostnaði fyrir útgerðina. Þetta gæti verið togari í stærri hópnum, þar sem rekstrarstaðan er jafnvel enn þá erfiðari en hún er að meðaltali. Nú er það upplýst hér að svona skip, sem er kannske með 40 millj. kr. vanskil í fjárfestingarlánasjóðunum, sé nú rekið með 20% halla. Hvert stefnir þá fyrir þetta skip, sem þegar er með vanskil upp á 40 millj. kr. og er um þessar mundir rekið með 20% halla? Hvernig er þetta dæmi, hæstv. sjútvrh.? Þarf ekki einhverjar aðgerðir og það býsna fljótt ef þetta skip á að geta haldið áfram útgerð? Ég hefði haldið það. Það er kannske frumatriðið að svara þessari spurningu, hvernig á að bregðast við rekstrarvanda þessa skips, áður en við förum að tala um hvað mikið eigi að leyfa því að veiða á næsta ári, því mér er stórlega til efs, hæstv. sjútvrh., að þetta skip veiði nokkurn einasta titt á næsta ári ef ekki verður eitthvað að gert í rekstrarmálum þess. Það gæti farið svo að með öllu væri óþarft að vera að fjalla um aflakvóta fyrir þetta skip ef ekkert á að gera í því máli sem ég hef hér rakið. Þannig gæti dæmið litið út fyrir þriggja ára gamalt fiskiskip, þriggja ára gamlan meðalstóran skuttogara smíðaðan á Íslandi.

Það er fróðlegt í þessu sambandi að skoða ofurlítið þróun fiskverðs á undanförnum við skulum segja 2—3 árum til að horfa á hvert stefnir með fiskverð. Ég er hér með viðmiðun við gengi Bandaríkjadollars á því tímabili sem ég hér rakti. Ég er með viðmiðun fiskverðs í kg við gengi Bandaríkjadollars á þessu tímabili. Ég hef hana svo vegna þess að lánin eru í flestum tilfellum miðuð við gengi þess gjaldmiðils. Þannig er það býsna raunhæfur mælikvarði á stöðu skipsins, miðað við fjármagnskostnað, hvernig fiskverð á Íslandi hefur þróast undanfarin ár miðað við gengi Bandaríkjadollars. Ef við tökum fiskverðið í janúar árið 1981 fengust 3,17 kr. íslenskar fyrir kg eða rétt um 50 cent, 0,51 Bandaríkjadalur á þessum tíma. Það verð fór síðan heldur lækkandi á fyrstu mánuðum ársins 1981. Í maímánuði var það 0,42 Bandaríkjadalir, þokaðist nokkuð upp á við á síðari hluta ársins og var 47 cent í des. árið 1981 eða 0,46 dalir. Síðan fer það aftur lækkandi fyrstu mánuði ársins 1982 og er í júní komið niður í 40 cent og í ágúst ofan í 38 cent. Það kemst aftur upp í 46 cent í janúar árið 1983, en í maímánuði árið 1983 er þetta eina og sama kg af fiski 7,87 kr. og 0,34 Bandaríkjadalir eða 34 cent. Það hefur þarna fallið úr 51 centi í 34. Þannig er staðan í maímánuði, þegar þessi hæstv. ríkisstj. tekur við, og síðan hefur þetta með þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. hefur gert og áttu að verða til að bjarga útgerðinni endað þannig að hún er nú rekin með, í því tilfelli að um skuttogara sé að ræða, 20% halla. Til er í landinu langur listi af skipum sem eru undir hamrinum, sem eiga ekki fyrir skuldum og sem eiga það undir náð og miskunn að verða ekki boðin upp og seld hæstbjóðanda á næstu vikum og mánuðum, þ. e. ef einhver vill kaupa. Þannig er nú ástandið orðið, svo að við ræðum ofurlítið um rekstrarstöðu útgerðarinnar í dag. Og ætla menn svo að segja það hér að það séu einhverjar málalengingar að spyrja spurninga í þessu sambandi, þegar verið er að fjalla um mótun fiskveiðistefnu fyrir næsta ár? Mér er spurn því eins og ég sagði áðan kann svo að fara að öll okkar vinna sé unnin fyrir gýg í tilfellum margra skipa og margra útgerðaraðila ef ekki finnst skjót lausn á þessu máli. Ég tek undir með hæstv. fjmrh. þjóðarinnar, sem einn manna hefur haft kjark til að segja það opinberlega, a. m. k. einn manna úr hópi þessarar ríkisstj., að það sé ósköp einfalt í því tilfelli þar sem viðkomandi aðili á ekki lengur fyrir skuldum og vantar mikið upp á að draga yfir þær einhvers konar strik. Það

má auðvitað deila um útfærslu á því, hvort það verði feitt eða mjótt strik og með hvernig penna það verður dregið, en ég held að það sé alveg ljóst að skuldastaða íslenskra fiskiskipa í dag, þeirra nýrri, er þannig, að í ljósi þess ástands sem er í sjávarútveginum og þeirra horfa sem uppi eru um afla á næstu árum koma þessi skip ekki til með að bæta rekstrarstöðu sína þannig að þau ráði við þessar skuldir. Hafi menn verið í vafa um það framan af þessu ári og fram á haustið ættu menn ekki að vera það lengur eftir að spár Hafrannsóknastofnunarinnar litu dagsins ljós. Eftir að þær voru orðnar ljósar ættu þeir hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. ekki að þurfa að vera í vafa um það lengur að þeir þyrftu að leggja til einhverjar aðgerðir. Það hefur hins vegar, eins og ég áður sagði, lítið farið fyrir því enn hér á hinu háa Alþingi í umr. um þetta mál eða í umr. um þjóðmál yfirleitt að þessir menn svöruðu einhverju til um hvað þeir hygðust gera. Ég trúi ekki öðru en margir af hv. þdm., sem ýmist eru hér inni eða fjarverandi, gætu tekið undir þau orð mín að þetta sé í hópi forgangsverkefnanna í þessu máli. (**HBl:** Það er nú gott að koma því að.) Það er rétt, hv. þm. Halldór Blöndal, ég vona að það hafi komist nokkuð til skila hér að ég legg áherslu á að þetta mál verði hér rætt ásamt með öðru. Auðvitað mundi ég þiggja að hv. þm. Halldór Blöndal aðstoðaði okkur í umr. með sérfræðiþekkingu sinni og lýsti skoðunum sínum og síns flokks t. d. í þessu efni.

Það væri fróðlegt að fara ofan í það hér, og mætti gera það allítarlega, á hvaða forsendum og á hvaða vísindalegu niðurstöðum þær spár um afla og þær tillögur um æskilegan hámarksafla á næsta ári eru byggðar sem við höfum hér undir höndum og eru frá Hafrannsóknastofnun komnar. Herra forseti. Ég held þó að það sé ekki ráðlegt að ég leggi út í mjög fræðilega umfjöllun um hversu traustar þessar upplýsingar eru. Þó má öllum vera ljóst að það skiptir auðvitað höfuðmáli ... (**HBl:** að upplýsingarnar séu réttar.) Það er eins og ákveðnir menn hafa sagt hér: Sumir vilja meina að það sé nógur fiskur í sjónum og þetta sé ekkert vandamál, það sé bara misjafnlega mikil veiði. Aðrir hafa af þessu meiri áhyggjur og til eru þeir sem segja að það sé ekkert vit í því að menn fari fram úr þeim aflamörkum sem helstu sérfræðingar þjóðarinnar í þessum efnum leggja til. En nú liggur það þó fyrir að þessir færustu sérfræðingar okkar eru það hreinskilnir, hv. þm. Halldór Blöndal, sem fleiri mættu vera auðvitað og væri æskilegt, að þeir viðurkenna að slíkar spár séu miklum erfiðleikum bundnar og þar séu margir óvissuþættir. Þeir hafa m. a. viðurkennt að sú aðferð sem þeir hafa mest notað og reyndar nær eingöngu notað við mat sitt á stofnstærð, viðkomu og aðstæðum öllum hvað varðar okkar helstu nytjastofna, svonefnd VP-greining, sé meingölluð og hún sé mjög takmörkuð. Á henni eru m. a. þeir gallar að það er ákaflega erfitt að meta breyttan sóknarþunga, hvernig hann kemur inn í mat með þessari aðferð. Það hefur einnig komið í ljós að með þessari aðferð er lítt eða ekki hægt að gera greinarmun á því hvort göngur berast að frá öðrum veiðislóðum, öðrum hafsvæðum eða hvort við erum eingöngu með í höndum þann nytjastofn sem vex upp í kringum landið. — Mér þykir nú ólíklegt, hv. þm., að fiskur berist í miklum mæli frá öðrum hnöttum. Þó kann það að vera. (**KP:** Maður veit aldrei hvað mönnum dettur í hug.) Nei, það er rétt, hv. þm. Karvel Pálmason, enda kom þetta frá þér. (**HBl:** Það er nú ástæðulaust að fortaka það.) Enda kom þetta frá hv. þm. Karvel Pálmasyni. (**HBl:** Það er ástæðulaust að fortaka að það komi frá öðrum hnöttum svona að órannsökuðu máli.) Ef hv. þm. Halldór Blöndal vill hafa það hér með sem einn möguleika að fiskur berist í nokkru magni frá öðrum hnöttum má hann það mín vegna og það má gjarnan standa í þingtíðindum að hv. þm. Halldór Blöndal hafi gripið fram í og viljað koma því á framfæri, herra forseti, að hér kynni að vera um enn einn skekkjuvaldinn að ræða.

Ég hef spurt hæstv. sjútvrh. mikið að því, herra forseti, hvernig hann hyggist taka á því máli í þessu sambandi sem varðar siglingar fiskiskipa og sem varðar þær útgerðir sem undanfarin ár hafa að mestu leyti rekið sína starfsemi á þann hátt. — (Gripið fram í: Frá Grimsby.) Já, frá Grimsby m. a. — að sigla með ísfisk á erlendar hafnir og selja hann þar. Og heyrt hefur maður að til séu þær útgerðir sem nánast aldrei landi fiski hér innanlands nema þá í einhverjum undantekningartilfellum. Ég spyr sérstaklega vegna þess að menn hafa af því nokkrar áhyggjur að verði slíkt kvótakerfi sett á kunni að koma upp vandamál ef menn hugsi sér að hafa siglingar jafnóbundnar og þær hafa verið hingað til og að skipum standi það til boða í jafnmiklum mæli og verið hefur að sigla með fisk. Hæstv. sjútvrh. svaraði því til áðan að við yrðum að nýta okkar markaði og auðvitað verðum við að líta til þess einnig að ekki tapist niður verðmætir markaðir, en í ljósi þess mikla samdráttar sem nú er gerð till. um á næsta ári má öllum vera ljóst að atvinnuástand við sjávarsíðuna verður enn viðkvæmara og veikara á næsta ári en verið hefur hingað til. Það er einmitt þess vegna sem siglingar hafa verið mest gagnrýndar á undanförnum árum. Þær hafa verið mikið gagnrýndar vegna þess að það hefur komið fyrir að skip hafa verið í siglingum með fisk á sama tíma og verkafólk er atvinnulaust í landi. Sums staðar hafa verið að þessu nokkuð mikil brögð. Og nú vil ég setja upp dæmi fyrir hæstv. sjútvrh., ef hann heyrir mál mitt, sem er á þá leið: Skip hefur fengið ákveðinn aflakvóta og verið hefur að veiðum við skulum segja um það bil hálft árið og því hefur gengið vel. Það hefur náð nokkuð háu hlutfalli af sínum aflakvóa þegar á fyrstu sex mánuðum ársins. Það eru greindir og hugsandi menn sem standa að útgerð þessa skips, eins og víða er sem betur fer, og þeir setjast niður og fara að skoða sinn gang. Með hvaða móti komum við þeim hluta kvótans sem eftir er í sem best verð? Hvernig gerum við nú sem mest úr því sem við eigum eftir að afla? Og skyldi þá ekki einhverjum detta í hug að það er miklu hærra fiskverð í ýmsum nágrannalöndum og það kunni nú að vera býsna gott ráð, vegna þess að þeir hafa svo rúman tíma til að ná þeim aflakvóta sem þeim er heimilt að taka á þessu ári, að sigla nú með það sem eftir er eins mikið og þeir geta? Þeir reyna því að ná þannig aflasamsetningu að vel seljist og síðan hafa þeir nógan tíma til að velja sér heppilega löndunardaga og sigla með aflann. Að sjálfsögðu er því svo háttað að Landssamband ísl. útvegsmanna fjallar um þetta og gefur til þess leyfi, að því er mér skilst, að menn fái að sigla. En það verður auðvitað ákaflega erfitt fyrir þau samtök að standa gegn því að útgerðir, sem setja á þau mikinn þrýsting og bera við erfiðri afkomu, fái þau leyfi. Við

skulum gefa okkur að hér sé um að ræða útgerðaraðila sem ekki eru í beinum tengslum við neinar fiskveiðistöðvar og vinnslustöðvar í landi. Þeir telji sig því ekki hafa neinum sérstökum skyldum að gegna í því sambandi. Þetta sé kannske útgerð í einstaklings- eða félagseigu, sem ekki rekur fiskverkun, sem hefur landað hér og þar á árinu og telur sig ekki skuldbundna á nokkurn hátt til að halda uppi atvinnu í viðkomandi plássi eða plássum á síðari helmingi ársins 1984. Þessir skynsömu menn reikna sitt dæmi heima á sínar vasareikningsvélar og segja sem svo: Það kemur best út fyrir okkur að við siglum með það sem eftir er aflans á síðari hluta ársins. (**GSig:** Til að eiga fyrir olíu.) Til þess að eiga fyrir olíu. Og nota bene, hv. þm. Garðar Sigurðsson, olían er miklu ódýrari í útlöndum, og kemur það nú til viðbótar að þeir geta gert grand í því að sigla út með lítið í tönkunum og fylla þá í erlendum höfnum.

Ég hef, herra forseti, rakið þetta dæmi svona ítarlega til þess að sjútvrh., ef það má verða til þess, leiði hugann að þessu máli því þegar menn eru að tala hér um kvótasetningu er auðvitað nauðsynlegt að menn hyggi að þessu í tíma og þetta komi nú ekki allt í einu flatt upp á menn um mitt næsta ár. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, hv. þm. Halldór Blöndal. Það hefði sjálfsagt verið rétt að flytja um það brtt. En þær hafa nú ýmsar verið fluttar við þetta frv. og margar skynsamlegar, en samt ekki fengið góða meðferð hér. Afdrif þeirra hafa orðið heldur dapurleg. Þess vegna er ég ekki viss um, hv. þm., að það hefði orðið þessum ágæta málstað, þótt góður sé, til mikils framdráttar þó ég hefði flutt brtt. (**GSig:** Eru komnar nýjar tillögur?) Það eru ekki komnar fram nýjar till. (**GSig:** Þá getur ekki verið neitt skynsamlegt fyrirliggjandi.) Það voru, hv. þm. Við skulum vera á réttum stað í tímanum. Við erum staddir í 3. umr. þessa máls, ef þm. hefur ekki veitt því athygli. Það er hafin 3. umr. um þetta mál í hv. Nd. 2. umr. lauk hér á 7. tímanum í morgun og þá voru til umr. og lágu fyrir ýmsar skynsamlegar brtt. sem því miður hlutu, eins og ég sagði hér áðan, dapurleg örlög og allt of dapurleg auðvitað miðað við hversu þarfar þær voru. En hv. þm. Halldór Blöndal, sem mér skilst að sitji í sjútvn. af hálfu stjórnmálaflokks sem mun heita Sjálfstfl., getur auðvitað komið því á framfæri í sinni nefnd og við sína félaga, t. d. í sjútvn. hv. Ed., að taka upp þessa skynsamlegu hugmynd og fjalla þá nokkuð um hvort ekki þurfi m. a. að líta til þessara hluta.

Eitt atriði enn væri ástæða til að skoða sérstaklega í því sambandi, hv. þm. Halldór Blöndal, svo að allt sé nú rétt, og það er það, að slíkar siglingar, ef leyfðar verða, kunna að auka enn á ærinn aðstöðumun útgerðaraðila í landinu. Eins og ég hef hér rakið kann vel svo að vera að útgerðarmenn sjái sér mikinn hag í því að sigla með aflann. E. t. v. fer svo að ákveðnum aðilum verði það heimilt á næsta ári án mikilla eða nokkurra takmarkana, en aðrir aðilar, sem m. a. telja sig skuldbundna til að halda uppi atvinnu í sínum heimaplássum eða hjá þeim verkunaraðilum sem þeir eru annaðhvort tengdir á beinan eða óbeinan hátt (Gripið fram í.) treysti sér ekki til þess. Við skulum segja að þeir treysti sér ekki til þess og vilji ekki af mannlegum og siðferðislegum sjónarmiðum sigla með aflann á sama tíma og fiskverkunarfólk er atvinnulaust í landi. Þeir verða því að berjast við það allt næsta ár að landa sínum afla hér heima, kaupa dýrari olíu og fá lægra verð á sama tíma og öðrum verður hugsanlega leyft áfram að sigla úr landi með afla þegar ástæður eru jafnerfiðar og nú ber raun vitni um. Þetta væri einnig ástæða til að athuga í þessu sambandi. — Úr því að hugmyndir mínar hafa hér fengið svo góðan hljómgrunn, eins og fram hefur komið í mjög jákvæðum frammíköllum hv. dm., vænti ég þess að þær verði teknar til skoðunar. (**HBl:** Ég vona að þm. hætti nú ekki að tala samt.) Þm. á ýmislegt ósagt.

Það er eitt stórt atriði enn sem mikil ástæða er til að ræða í þessu sambandi og það er hvernig við getum nýtt sem best á allan máta sem fær er það hráefni sem berst að landi og tryggt að allt hráefni sem til fellur komi í land. Hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem oft og iðulega hefur fengið héðan úr þessum ræðustól háar einkunnir hjá þm. fyrir mikla þekkingu í þessum efnum, hefur verið mikill talsmaður þeirra sjónarmiða að hægt væri að leysa stóran hluta af vanda íslenskrar útgerðar með því að nýta betur þann afla sem við fáum með því að gera úr honum verðmætari vöru. Og það er annar hv. þm., varaþm. sem setið hefur á hinu háa Alþingi í vetur, sem hefur einnig verið talsmaður þessara sjónarmiði. Hann hefur flutt um það þáltill. sem ég tel mjög þarfa till. Hún hefur komið hér til umr. og fékk jákvæðar undirtektir í hv. Sþ. Sú till. til. þál. varðar fullnýtingu fiskafla. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. að láta nú þegar endurskoða lög nr. 81 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 32 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, og reglugerðir útgefnar samkv. framangreindum lögum með það að markmiði að fiskiskip verði skylduð til að koma með að landi allan fiskafla af öllum tegundum, svo og allan þann fiskúrgang sem til fellur í veiðiferð, enda sé tryggt að allur sá aflafengur sé verðlagður af Verðlagsráði sjávarútvegsins."

Hér erum við aftur komin að máli sem tengist því sem ég hef nú þegar fjallað hér nokkuð um, sem er nýting smáfisks, en til viðbótar er hér tekið á því, að að bestu manna yfirsýn væri unnt að skapa verðmæti úr ýmiss konar fiskúrgangi sem nú er í flestum tilfellum eða a. m. k. í miklum mæli fleygt í sjóinn. Flm. till. rekur ítarlega í grg. með hvaða hætti væri unnt að nýta þennan afla og gera úr honum verðmæta vöru, enda má hann gerst til þekkja sem sérfræðingur í þessum efnum.

Í tillgr. er gerð um það till. að allur aflafengur sé verðlagður af Verðlagsráði sjávarútvegsins þannig að það sé tryggt að menn fái eitthvað fyrir að koma með þetta hráefni að landi. Í því dæmi sem ég hef þegar talað nokkuð um, sem er nýting smáfiskjar, snýr það þannig við að nýting þess smáfiskjar sem til fellur í veiðiferð getur komið til viðbótar við það aflaverðmæti sem að landi kemur án umtalsverðs aukakostnaðar og það þarf ekki að verðleggja þann fisk nema sem broti nemur af fiskverði á fiski af fullri stærð. Fróðir menn hafa reiknað út að líklega mundi áhöfn skipsins, ef hún fengi ein smáfiskinn í sinn hlut, duga sem svaraði 20% af skiptaverði til að fá nokkuð góðan hlut og nokkuð vel borgað kaup fyrir það erfiði sem hún þyrfti að leggja á sig við að hantéra þennan fisk, ganga frá honum og koma með hann að landi. Þetta mundi þýða að fiskvinnslustöðvar í landi þyrftu ekki að greiða nema sem svaraði ⅕ af fiskverði fyrir þennan hluta aflans og samt högnuðust báðir aðilar; áhafnir skipanna sem kæmu

með fiskinn að landi fengju laun, þessum verðmætum væri bjargað fyrir þjóðarbúið og fiskvinnslan í landi fengi þarna ódýrt hráefni til að vinna úr. Eins og ég rakti áðan getur verið um að ræða t. d. þorsk á bilinu 40—50 cm langan, sem þótti a. m. k. hér á árum áður vel nýtanlegur, og ég hygg að enn muni vera hægt að fá fyrir þann fisk nokkuð gott verð á mörkuðum erlendis ef á það væri látið reyna.

Við umr. um fullnýtingu sjávarafla má svo auðvitað bæta því, sem reyndar er alltaf talað um þegar rætt er um sjávarútveg, að fara betur með aflann og gera meira úr hráefninu. Einnig með því móti, herra forseti, mun vera hægt að draga verulega úr því áfalli, sem menn sjá að íslenska þjóðarbúið muni verða fyrir ef af hinum mikla aflasamdrætti verður. Menn hafa nefnt háar tölur í því sambandi. Sumir eru jafnvel svo bjartsýnir að segja að 40 eða 70 þús. tonna aflasamdráttur mundi hverfa ef unnt yrði að tryggja 1. flokks meðferð og 1. flokks varning úr öllu eða sem næst öllu því hráefni sem á land berst.

Því er ekki að neita, herra forseti, að fólk víða í byggðarlögum landsins er mjög uggandi um sinn hag vegna þess ástands sem ríkir í sjávarútvegi. Uppsagnir hafa verið gerðar í stórum stíl og fólk í fiskvinnslu og jafnvel áhafnir á skipum á nú yfir höfði sér atvinnuleysi og er jafnvel þegar orðið atvinnulaust sumt hvert og er það illt. Enn verra er þó það, herra forseti, ef ekki tekst að tryggja með öllum tiltækum ráðum að sá afli sem við þó höfum úr að spila á næsta ári verði til að skapa sem allra mesta atvinnu og sem allra mest verðmæti hér á næsta ári. Það hlýtur að verða viðmiðunarpunktur númer eitt í umr. okkar hér um mörkun fiskveiðistefnu að þetta verði reynt og reynt til þrautar. Því hagar þannig til víða í sjávarplássum að stór hluti aflans kemur á land á skömmum tíma ársins. Þetta hefur auðvitað lengi verið svo. Tilkoma öflugra fiskiskipa eins og skuttogara hefur dregið að nokkru úr þessum sveiflum, en þær eru þó enn fyrir hendi í verulegum mæli. Nú setjast þeir aðilar sem þekkja vel til í útgerð þar sem svona hagar til niður og reikna það út, annaðhvort í huganum eða á blað eða hugsanlega á vasatölvur í ljósi þess mikla aflasamdráttar sem við blasir, hversu lengi þeir verði að ná sínum aflakvóta á næsta ári. Og dæmið lítur þannig út hjá sumum þeirra, t. d. þeim sem hafa stundað netaveiðar undanfarin ár, að þeir sjá sér vel mögulegt að ná þessum afla á 3—5 mánuðum á næsta ári. Og hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að þau fiskverkunarhús sem aðallega hafa byggt á afla frá þessum aðilum verða hugsanlega ekki starfrækt nema í 4—5 mánuði á næsta ári. Og hvað munu eigendur þessara húsa gera og hvað munu eigendur þessara báta gera þegar þeir standa frammi fyrir því að þurfa að borga sínu starfsfólki laun í 6—8 mánuði án þess að hafa nokkuð fyrir það að gera? Ætli þeim verði það ekki fyrst fyrir að segja fólkinu upp? Ætli rekstrarstaðan sé þannig hjá þessum aðilum að þeir ráði við að hafa fólk á launaskrá hjá sér í 6—8 mánuði þó þeir vildu það, þó einhverjir þeirra væru nú þannig sinnaðir, sem við skulum vona að væri, að þeir vildu leitast við það?

Ef við lítum til togaranna einnig snertir þetta þá að sjálfsögðu verulega. Þeirra úthald gæti komið til með að styttast úr því sem verið hefur undanfarin ár einhvers staðar á bilinu 320—340 dagar á ári, eftir því hversu hart hefur verið sótt, niður í 260—290 daga. Þannig yrðu þeir einungis 8—10 mánuði á veiðum með hliðstæðum afleiðingum fyrir þau hús og þær verkanir sem byggt hafa á afla frá togurum. Það er því ósköp eðlilegt að glöggir menn, sem verið hafa undanfarna daga að hugleiða hvaða áhrif þetta gæti haft á fyrirtæki þeirra og atvinnulífið á heimastöðum þeirra, hafi áhyggjur og beri nú nokkurn ugg í brjósti. Hver væru eðlilegustu viðbrögð þessara manna þegar svo er komið? Þau væru auðvitað að leita svara við því hjá þeim aðilum sem skylt er að svara: Hvernig hugsa menn sér að útfæra þetta kerfi á næsta ári? Hvernig verður reynt að komast hjá þeim vandamálum, sem vissulega geta orðið og vissulega blasa við, ef ekki verður á þeim gripið? Það er einmitt það, herra forseti, sem við höfum hér gert. Aftur og aftur höfum við ítrekað að það sé alveg nauðsynlegt að fá hér ákveðin svör, það sé alveg nauðsynlegt, áður en menn hefja þessa göngu, að svör fáist við ákveðnum spurningum. Ég er í hópi þeirra, herra forseti, sem hafa spurt sjútvrh. ítarlegra spurninga, en ég hef ekki fengið jafnítarleg svör.

Ég skal þó viðurkenna það og þakka það, að í dag reyndi hæstv. sjútvrh. að svara nokkrum þeirra spurninga sem við höfum borið fram, en því miður ekki öllum. Og ég ítreka því enn og aftur, herra forseti, áður en ég fer héðan úr þessum ræðustól, að þann greiða held ég að hæstv. sjútvrh. gæti mestan gert þessu máli að koma til dyranna eins og hann er klæddur í dag í þessu þinghúsi og svara í hreinskilni hvernig málin standa á hans bæ. Kannske verður þá svarið eins og það var í umr. á dögunum, að málin væru í mikilli óvissu. Mér er nær að halda, eftir þá umr. sem hér hefur farið fram, að það sé helsta svarið sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið í þessu máli hingað til.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Hér er tekist á um grundvallaratriði í stjórnarfari. Hér er tekist á um grundvallaratriði í sambandi við samskipti Alþingis og ríkisstj., framkvæmdavalds. Niðurstaðan í því máli mun síðan hafa áhrif á svo mörgum sviðum í þjóðlífinu að það er með ólíkindum. Því er mikil öryggis- og notatilfinning að finna að lýðræðið heldur vöku sinni þó að það kannske þreytist og syfji.

Vegna ummæla hæstv. sjútvrh. í ræðu sinni áðan um að brtt. við stjfrv. hefðu seint komið fram vil ég segja þetta: Í ræðu minni og fjölda annarra þingmanna komu fram í 1. umr. hugmyndir um að marka þyrfti miklu gleggri skil milli Alþingis og ráðuneytis, milli hlutverka þessara tveggja aðila í þessu máli. Ég lýsti sömuleiðis þessari skoðun minni á fyrsta fundi sjútvn. með ráðh. sem haldinn var 1. des. og ég hef oftlega komið þessum hugmyndum á framfæri á fundum í n. síðan. Menn hljóta að hafa gert sér grein fyrir þessum sjónarmiðum strax í byrjun þegar farið var að fjalla um þetta mál, enda hefur jafnan komið fram í máli ráðuneytismanna að þeir hafa komið að þessu atriði og sagt sem svo að þeir skilji auðvitað að þm. geti haft sitthvað við þetta að athuga. En þeir hafa hins vegar sagt að hinn bráði vandi leyfi ekki annað en að svona sé staðið að þessu í þetta sinn. Þannig að ég vísa því á bug að seint fram komnar brtt. hafi valdið því að menn hafi ekki fengið nægan tíma til að fjalla um þau atriði sem þar eru lögð fram. Það sem skiptir máli í þessum tveimur brtt. er það atriði að Alþingi marki höfuðlínurnar í málinu og rn. sjái síðan um nánari útfærslu.

Þessar aðfinnslur, þessi sjónarmið lágu fyrir alveg frá byrjun.

Ég vil gera aðeins að umtalsefni aðdraganda þessa máls. Hann hefur að vísu oftlega borið á góma áður í þessum umr., en ég vil aðeins lýsa því hvernig þetta horfir við mér. Í mörg ár hefur verið umr. um að sjávarútvegurinn ætti við vandamál að stríða. Talað hefur verið um vandræði í sambandi við gæði sjávarafurða, vandamál í sambandi við smáfiskadráp, vandamál í sambandi við verndun stofna, verðlagsmál, rekstrarvanda og hvaðeina. Þessi umr. hefur verið í gangi á ýmsum vettvangi, meðal hagsmunasamtaka sjávarútvegsins, meðal verkalýðssamtaka. Hún hefur verið á þingum LÍÚ og á Fiskiþingi. Þessi umr. hefur líka verið í dagblöðum. Allir sem hafa viljað sinna þessu á undanförnum árum hafa getað leitað sér upplýsinga um þetta á ýmsan hátt. Um þessi mál hefur verið skrifað, eins og ég segi, á mörgum vettvanginum. Birst hafa tímaritsgreinar um fiskihagfræði, hagnýtar upplýsingar og fræðilegar um stjórnun fiskveiða og hugmyndir um hvernig framfylgja eigi fiskveiðistefnu og hvaða markmið sú stefna eigi að hafa.

Þegar svo sá atburður gerist í haust að fiskifræðingar gefa út hina svokölluðu „svörtu skýrslu“ er eins og það komi alveg flatt upp á alla. Rn. segir: Það er ekki tími til að vinna upp nánari hugmyndir um útfærslu á fiskveiðistefnu. Við verðum að hafa þetta tilbúið um áramótin. Ekki er tími til að vinna það nánar. Við höfum ekki hugmynd um hvernig reikna eigi út kvótann nákvæmlega að öðru leyti en því að hann á að byggjast á meðaltali svo og svo margra ára. Við höfum ekki hugmynd um hvernig meðferð á kvótum eigi að vera að öðru leyti en að við viljum ekki láta selja hann. Mér sýnist að þar komi ráðuneytismenn af fjöllum. Maður spyr sig um hvað hafi þá verið fjallað í þessu ágæta rn. á undanförnum árum þegar þessi umr. hefur verið í gangi í þjóðfélaginu allt í kring. Þetta kemur að sumu leyti í ljós líka inni á Alþingi. Þar situr fjöldi manna sem hefur gott vit á útgerðarmálum. Þegar hins vegar að því kemur að menn þurfa að taka afstöðu til ýmissa grundvallarspurninga í sambandi við þessi mál er eins og menn séu óviðbúnir því að taka þetta föstum tökum. Manni býður stundum í grun að menn séu kannske fegnir því að vera leystir undan þessari ákvörðun í bili og láta bara rn. um þetta. Það losar þá við að taka afstöðu til þeirra grundvallarspurninga sem þarna eru á ferli. Það virðist m. ö. o. vera þannig að málsaðilar, bæði þingið og rn., séu að ýmsu leyti óviðbúnir því að leiða þessa umr. til þeirra grundvallarspurninga sem nauðsynlegt er.

Varðandi þátt sjávarútvegsnefnda í þessu hafa þær og nú síðast sjútvn. Nd. unnið mjög gott starf í þessu máli. Haldnir hafa verið tíðir fundir með ýmsum hagsmunaaðilum. Haldnir hafa verið góðir upplýsingafundir með mönnum úr rn. og ýmislegt hefur skýrst. Hins vegar er það skoðun mín að miðað við það sem menn hefðu átt að geta sagt sér um hvert þessi mál stefndu hefðu þessar ágætu nefndir þó getað notað miklu betur tímann í vetur. Ég minni á að þegar fréttist af svörtu skýrslunni á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins og síðan á Akureyri var fundur í sjútvn. Nd., ekki til að fjalla um dökkar horfur í sjávarútvegsmálum, heldur til að afgreiða brbl. Það voru ekki einu sinni brbl. frá núv. ríkisstj. heldur minnir mig brbl. frá fyrrv. ríkisstj. Þá hvarflaði nú að ýmsum hvort menn sætu kannske í gamla góða fílabeinsturninum. Síðan hefur ýmislegt gerst. Ég minni á að þegar dró að því að halda Fiskiþing þar sem menn vissu að þessi mál yrðu kannske á sinn hátt leidd til lykta var haldinn fundur í sjútvn. og þá var það að mig minnir um tilfærslu í fiskveiðisjóði vegna skreiðarmála. Vafalaust þarft mál, en maður spyr sig hvort þennan tíma, þessa tvo mánuði síðan í haust, hefði ekki verið hægt að nota til að undirbyggja þá umr. sem nú fer fram.

Hins vegar bendir lausleg athugun á tíðni funda í sjávarútvegsnefndum ekki til þess að þessi grein eigi við þá erfiðleika að stríða sem annars staðar er sagt vegna þess að fjöldi funda í þessum nefndum er u. þ. b. 8—10 yfir veturinn. Skýringin á því er kannske sú að menn reikna ekki með að vandamál sjávarútvegsins séu leyst á vinnutíma í Alþingi. Menn reikna kannske frekar með því að þau séu leyst á vinnutíma í Framkvæmdastofnun eða bönkum eða einhverjum sjóðum eða jafnvel bara í rn. eins og nú er komin till. um. Líklega hefur Alþingi aldrei mótað neina stefnu í fiskveiðimálum nema þegar landhelgin hefur verið til umr.

Ef við snúum okkur að frv. sjálfu og þeim brtt. sem nú er illu heilli búið að fella vil ég segja þetta: Í máli ýmissa í þessari umr. og 2. umr. kom fram að menn gerðu formið eitt að umræðuefni en gleymdu fiskveiðistefnu og þeim vanda sem við er að etja. Þá vil ég segja að frv. eins og það liggur fyrir í raun og veru er um form. Frv. fjallar um hvaða heimildir ráðh. skuli fá til að stjórna fiskveiðum. Frv. fjallar hins vegar ekki um hvaða markmið ráðh. eigi að hafa að leiðarljósi þegar hann beitir þessum heimildum. Það er því fullkomlega réttlætanlegt að fjalla um þetta hér í stóli út frá forminu vegna þess að eins og ég segi fjallar þetta frv. strangt tekið um form. Það fjallar um hvaða heimildir ráðh. fær til að stjórna fiskveiðum. Það gefur honum leyfi til að leyfa veiðar. Það gefur honum leyfi til að banna veiðar. Hann getur sektað menn, hann getur svipt menn leyfum en ekki er neinn krókur neins staðar um hvaða markmiðum eigi að stefna að. Það er því fullkomlega réttlætanlegt að fjalla um þetta formsins vegna.

Fiskveiðistefna er síðan náttúrlega annað mál. Ef frv. um fiskveiðistefnu væri til umr. væru umr. á annan hátt. Þá væri kannske rætt nánar og markvissara um það að hvaða markmiðum ætti að stefna í sambandi við byggð landsins, atvinnulíf í landinu og styrkingu byggðar í dreifbýli. Menn mundu fjalla nánar um stöðu vinnslugreina, stöðu útvegs, hvernig hægt er að bæta rekstrarstöðu þannig að menn geti byrjað að borga olíuna í staðinn fyrir að skulda hana, að menn geti borgað mannskapnum kaup, borgað viðhald, endurnýjað skip án þess að berjast sífellt í bönkum. Ef hér væri í raun og veru til umr. frv. um fiskveiðistefnu og þau markmið sem hún ætti að hafa í sambandi við þjóðlíf og atvinnustefnu mundu menn náttúrlega ræða alvarlega um hvernig t. d. á að skipta afla á milli skipa, ekki bara til að rekstrinn verði jafn bágborinn og s. l. 3 ár, heldur til að rekstur skipa gæti risið upp úr þessari öskustó sem hann virðist vera í. Menn mundu fjalla um hvernig þessi grein geti borið uppi byggð í landinu og atvinnulíf. Ég nefni þetta aðeins til að ítreka að í þessu frv. ríkisstj. eins og það liggur fyrir er ekki stafkrókur um hvernig eigi að tryggja þessum málum framgang í framtíðinni. Ráðh. er bara gefið leyfi til að gera ákveðna hluti.

Það eina sem í raun og veru hefur komið fram um fiskveiðistefnu rn. í þessum umr. er tvennt: Í fyrsta lagi að þriggja til fjögurra ára meðaltalskvóti verði notaður sem undirstaða að útreikningi kvóta og að kvóta megi ekki selja. Það eru í raun og veru bara þau tvö atriði sem hafa komið fram um hvernig útfærslan á þessu verði. Þetta var það sem ég vildi segja um eðli þessa frv.

Síðan geta menn spurt sig: Hvers vegna er svona frv. búið til og lagt fram á þann hátt að vald til aðgerða í þessu stóra hagsmunamáli sé fært allt á eina hendi? Þá er kannske fróðlegt að líta svolítið á sögu þessarar stjórnar. Hún hóf feril sinn með brbl. sem skv. ummælum hæstv. fjmrh. voru að vísu sett í hálfgerðum óvitaskap í vor. Upplýst hefur verið að menn vissu í raun og veru ekki hvernig ástandið var og náttúrlega ber að líta á þessi brbl. í því ljósi. En þessi brbl. höfðu þá stefnu klárasta að taka skýrt fram að ekki væri óskað samráðs við þá aðila sem aðgerðirnar bitnuðu á. Ekki var óskað samráðs af neinu tagi við verkalýðshreyfingu um þær aðgerðir sem ríkisstj. taldi þurfa.

Þarna birtist á vissan hátt það stjórnlyndi sem menn hafa síðan séð í ýmsum öðrum aðgerðum stjórnarinnar og nú sést þetta aftur. Nú kemur þetta aftur þannig fram að ákveðnir erfiðleikar eru á ferðinni, nú þarf að bregðast við, taka á vandanum og alveg eins og í vor er valdinu þjappað, það er styrkt og talið björgulegast til ráða í staðinn fyrir að taka á málinu þannig að allir gætu unnið saman, hver gæti unað vel við sinn hlut. Fyrir mér er þetta í raun og veru sama hegðanin og í vor, þetta er þessi brbl.-stjórnlyndisstefna.

Síðan geta menn spurt: Af hverju er þetta ekki í lagi, af hverju mega ekki ráðh. hafa slík völd? Ef þetta eru duglegir strákar og klárir menn og ef þeir koma hlutunum í verk, af hverju má ekki láta þá hafa völd og aðstöðu til þess? Til þess liggja að mínu mati ýmsar mjög veigamiklar ástæður. Í fyrsta lagi eiga lög, sett af Alþingi, að setja ramma og marka stefnu sem framkvæmdavaldið fylgir. Löggjafinn á að setja rammann og marka stefnuna sem framkvæmdavaldið síðan fylgir. Í þessu tilfelli hefur komið fram að Alþingi ætti að fjalla um hvernig menn umgangist og framselji kvóta, ekki síst þegar verið er að tala um að þúsundum milljóna verði dreift út í þjóðfélagið, stórkostlegum upphæðum, stórkostlegum auði. Um meðferð þessa fjár á síðan að fara eftir reglugerðum sem rn. setur. Þetta tel ég algjörlega óviðunandi.

Varðandi fyrirhugað samráð við sjútvn. þá er það gott og gilt. En við hvaða lög eiga sjútvn. að styðjast þegar stefnan verður mörkuð? Ég tel að vilji þingsins verði að liggja fyrir þegar sjútvn. taka þátt í — ef þær gera það — að móta þessa stefnu. Þetta er ein ástæðan fyrir því að ég tel rangt að framselja þetta vald svona einhlítt í hendur ráðh.

Þá er líka þess að gæta að ráðherrar eru líka þm., þeir eru þm. héðan og þaðan af landinu, úr þéttbýli og dreifbýli. Við getum spurt okkur hver reynslan af stjórnsemi undangenginna ráðh. sé. Sumir mundu segja t. d. að ástandið sem við erum að fara að takast á við núna í sjávarútvegsmálum sé kannske órækasti votturinn um reynsluna af framkvæmd ráðh. sem hafa gengið á undan. Hvað með fjölda togaranna? Hver réði innflutningnum á togurunum? Voru það ekki ráðh. með alræðisvald á þessum sviðum? Ekki virðast þeir þá hafa gætt þessara atriða vel.

Hér hefur verið fjallað svolítið um það að þrátt fyrir þann brýna vanda sem sjávarútvegurinn á við að stríða og enginn neitar eru ákveðin höfuðatriði sem menn verða að taka afstöðu til og eru raunar búnir að í atkvgr. hér á undan. Það er sorgarsaga.

Við þær brtt. sem voru felldar hér í dag komu fram ýmsar aths. Menn töldu að af tæknilegum ástæðum væri ekki gott að framfylgja þeim, það væri ekki gott að samþykkja þál. um svona mikilvægt mál, kannske væri betra að samþykkja lög. Skammur tími væri líka til stefnu og þetta hefði kannske horft öðruvísi við ef við hefðum verið að athuga þetta í haust en nú væri liðið að jólum og erfitt að koma þessu fram í tæka tíð. Þarna koma menn sér undan því að taka afstöðu til grundvallaratriðanna. Menn fara að kljást um tæknileg úrvinnslu- og útfærsluatriði áður en þeir í raun og veru taka afstöðu til aðalmálsins. Ef menn væru sammála um hvert valdsvið þingsins og valdsvið ráðh. væri í þessu gætu menn síðan sest niður og farið að deila um hvort lög eða þál. eða einhverjar aðrar aðferðir væru til þess betri.

Það er dálítið merkilegt að hér sitja menn við á Alþingi dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð. Menn sitja hér og setja lög um stóra hluti og smáa. Menn setja lög um sjúkratryggingagjald, um ýmis félagsleg réttindi, skattamál og hitt og þetta. Ekki trúi ég því að þingið vildi framselja úrskurðarrétt sinn í þessum málum, t. d. skattamálum eða félagsmálum. En þó er það svo að fiskveiðistefnan er undirstaða að þessum málum. Fiskveiðistefnan er undirstaða að íslenskum þjóðarbúskap. Allt annað, hvernig okkur gengur að fjármagna félagslega þjónustu, hvernig okkur gengur að útbúa skattamálin almennilega, er undir því komið að hér sé fylgt skynsamlegri stefnu í fiskveiðimálum. Hins vegar hefur Alþingi valið þann kostinn að hafa ekkert um fiskveiðistefnuna að segja og láta það vald algjörlega í hendur ráðh. en halda sér við sinn leist og leysa hin minni málin.

Ég held því fram að stefnan í fiskveiðimálum sé langtum mikilvægari fyrir lífskjör í þessu landi en öll hin málin sem þetta þing hefur fjallað um frá því í haust. Það mál er miklu mikilvægara en öll þau mál sem þetta þing mun fjalla um fram til vors. Og samt afsalar Alþingi þjóðarinnar sér í raun og veru réttinum til að setja um þetta lög. Það heldur bara umsagnarrétti og rétti til samráðs við ráðh.

Til viðbótar við þetta er hér líka verið að fjalla um stefnu í eignarréttarmálum, stefnu um það hvað ráði umgengninni við sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar. Þegar þessi þingdeild greiddi atkv. í dag um brtt. og þetta frv. var í raun og veru verið að greiða atkv. um afstöðu manna í þessum grundvallarmálum.

Ég vil ítreka að menn mega ekki líta svo á að þeir séu hér að greiða atkv. um tæknileg atriði í sambandi við útfærslu á fiskveiðistjórnun. Menn eru að taka afstöðu í máli sem snýst um undirstöðuatriði lýðræðis og stjórnarfars. Ég tel það gunguskap af hálfu Alþingis að koma sér hjá því að taka þessa umr. um verkaskiptinguna hreina og klára upp. Menn segja: Það verður að gera eitthvað strax, það verður að finna áhrifamikla leið til að stjórna, þingið er svo seinvirkt og þál. hefur ekki lagagildi. Hér er alls kyns úrsláttur, menn bara koma sér undan því að taka afstöðu til grundvallaratriða.

Þessi grundvallaratriði ganga í raun og veru að kviku lífsskoðunar þessara sömu manna. En svo virðist vera sem eina ferðina enn neyðumst við til að láta stjórnlyndið ráða, finna bara góðar leiðir til að stjórna þessu. Látum stjórnlyndið ráða og Alþingi kemst hjá því að takast á við það vandasama hlutverk að móta stefnuna, enda hefur það kannske aldrei mótað stefnu í fiskveiðimálum. Það er kannske þess vegna sem svona er komið. Og þá verður kannske ágætt fyrir hv. Alþingi að fylgja bara í slóð hæstv. ráðh., láta ráðh. um að marka stefnuna og láta ráðh. um að ryðja brautina. Svo koma 60 alþm. í röð á eftir í skjóli ráðh. og haldast í hendur og elta.

Ef svo verða síðar meir skiptar skoðanir um aðgerðir ráðh., ef deilur hefjast í þjóðfélaginu, ef átök verða milli stétta og milli byggðarlaga vegna þeirra ákvarðana sem eru teknar í rn. í fiskveiðistefnu, þá er ágætt fyrir þm. að geta sagt: Sko, við samþykktum þetta aldrei. Það var ráðh. sem samþykkti þetta. Ég skil ekkert í manninum að gera þetta. Það var alls ekki með mínu samþykki að hann færði kvótann frá ykkur og yfir á þennan fjörð. Ég skil ekkert í manninum, ég verð að tala við hann, þetta er ómögulegt.

Þannig geta alþm. komið sér undan því að taka afstöðu í þessu máli. Þetta eru náttúrlega þeir lausu taumar sem þeir vilja hafa næst þegar þeir mæta kjósendum sínum. Við sáum í dag þá fyrirvara sem menn gerðu og þær afsakanir sem menn höfðu í frammi fyrir því að greiða atkv. með þessu máli. Þetta verður síðan afsökunin sem verður látin gilda við næstu kosningar. Menn segja: Sko, ég samþykkti aldrei að leyft yrði að flytja kvótann hérna á milli fjarða, ég samþykkti það aldrei. Ég samþykkti bara að ráðh. mætti stjórna þessu en ég hefði aldrei samþykkt þessar umgengnisreglur við kvótann. Þetta eru svo miklir peningar sem verið er að fjalla um að um það hefði átt að setja lög. Þannig hefur Alþingi hvítþvegið hendur sínar. Ekki allir þm., heldur 14 þm. í sjútvn. höfðu samráð við ráðh. um það hvernig þessi stefna yrði mótuð. En um það voru engin lög.

Það sem gerist hugsanlega eftir helgina ef þetta ágæta frv. verður samþykkt er að þá er Alþingi í raun og veru að afsala sér réttinum til að hafa með þessi mál að gera. Þó að ég efist ekki um — skv. því sem ég hef séð til núv. hæstv. sjútvrh. — að hann hafi fullan vilja til að hafa fyllsta samráð bæði við þingið og hagsmunaaðila þá skiptir í raun og veru aðeins máli hver er ábyrgur á endanum. Og það ræður því hver skýtur sér undan ábyrgð og hver ekki.

Þetta hafa verið ýmsar almennar hugmyndir í sambandi við þetta frv. Enn þá er margt sem eftir er að ræða. Alþingi Íslendinga á eftir að ræða býsna margt í sambandi við sjávarútvegsmál. Ég vil ítreka að ég tel að Alþingi hefði átt að marka stefnu um það hvernig kvótar væru reiknaðir. Ég ítreka að annaðhvort með samþykkt þál. eða með lögum hefði Alþingi átt að ráða því hvaða reglur gilda um úthlutun kannske á þriðja þúsund milljóna króna verðmæta. Þessa umræðu ber þessu þingi skylda til að taka upp strax eftir áramót vegna þess að menn geta ekki hlaupið frá þessu svona og sagt: Ráðh. er nú að vinna í þessu, við skulum bara nota okkur þá reynslu sem verður komin í haust. Menn verða að halda áfram að ræða um þessi mál, menn verða að spyrja sig: Hvaða markmiðum á þessi fiskveiðistefna að ná?

Það er býsna margt sem menn horfa til með kvótann. Kvótinn á að leysa öll vandamál. Kvótinn á að vernda stofnana, leysa rekstrarvanda fyrirtækjanna, vernda byggð í landi og leysa gæðamálin. Og það eina sem hefur komið fram í allri umr. um hvernig þetta verður gert er að þeir segja: Kvótinn verður reiknaður út frá þriggja eða fjögurra ára meðaltali og kvótann má ekki selja. Þetta eru einu forsendurnar sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið þessu þingi til að hafa hugmynd um hvað hann ætlast fyrir í þessu máli.

Ég endurtek að lokum nokkra ákveðna punkta. Á stuttum þingferli mínum finnst mér einna leiðinlegast að hafa lent í þessu máli í dag. Mér finnst Alþingi hafa sett ofan, það hefur afsalað sér, það hefur komið sér undan því að taka afstöðu í merkilegu máli. Það mun síðan sitja hér á fundum í deildum, í Sþ., í nefndum og glíma við ýmis minni mál. Það verða væntanlega einhver á ferðinni, t. d. einhver kvennaskóli sem menn geta úttalað sig um. En mér þykir hlutur Alþingis rýr í þessu stóra máli. Ætli endi ekki með því að menn sitja með sinn skerta afla eins og fyrr og vona að það komi einhver happdrættisvinningur, einhver guðsgjöf, kannske þorskganga frá Grænlandi eða eitthvað sem dragi okkur að landi. En eins og stefnir hefur ekkert gerst, ekkert hefur komið fram á þessu Alþingi um það hvernig eigi að leysa rekstrarvanda, hvernig eigi að leysa vandamál útgerðar og vinnslu á Íslandi á næsta ári.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:9 atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 38. fundur.

Mánudaginn 19. des., kl. 10 árdegis.

Málefni aldraðra, frv. 161. mál (þskj. 243, n. 262). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Efni frv. er tvíþætt. Annars vegar er hækkun nefskattsins sem til Framkvæmdasjóðs aldraðra rennur svo framkvæmdamagn minnki ekki á næsta ári svo neinu nemi. Ótæmandi verkefni bíða og þurfa að eiga að hafa forgang í þjóðfélaginu og því eðlilegt að þau séu tekin öðrum tökum en aðrar athafnir sem fremur má hægja á við þessar aðstæður. Hins vegar er svo lagabreyting sem tekur af öll tvímæli um framlög til sjúkra- og hjúkrunardeilda og tryggir um leið mótframlag á fjárlögum til þeirra. Þannig verður nú 15 millj. kr. framlag á fjárlögum sem fram kemur í brtt. fjvn. í stað 11 sem þar var áður. Alls mun þetta þýða 61 millj. kr. framlög á næsta ári úr Framkvæmdasjóði aldraðra og af fjárlögum í stað 42 svo sem frv. til fjárlaga gerði upphaflega ráð fyrir. Heilbr.- og trn. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Núgildandi lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru númer 88 frá 31. maí 1976. Hafa verið gerðar á þeim þrjár minni háttar breytingar frá setningu þeirra með lögum nr. 42/1977, nr. 67/1979 og 38/1981. Frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands var lagt fram á Alþingi í febrúarmánuði 1976 eftir að hafa fengið ítarlega umfjöllun allt frá árslokum 1974 í nefnd sem skipuð var bæði fulltrúum hagsmunaaðila og alþm. Má segja að samþykkt frv. á Alþingi í maímánuði 1976 hafi verið veigamesti þátturinn í þeirri endurskoðun laga og reglugerðar um fiskveiðar sem gerð var um það leyti sem Íslendingar fengu full yfirráð yfir 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi sinni.

Enda þótt vel hafi verið að þessum lögum staðið og í þeim fjölmörg nýmæli á þeim tíma hefur þróunin í fiskveiðum og stjórnun orðið að mörgu leyti önnur en menn hugðu þegar lögin voru samþykkt. Ástand fiskistofna, aukinn, stækkaður og bættur fiskveiðifloti og ný tækni hefur valdið því hér eins og annars staðar að gripið er til nýrra og virkari stjórnunaraðgerða í veiðum og vinnslu í því skyni að nýta nytjastofna okkar á sem skynsamlegastan hátt. Nú er svo komið að beitt er ýmsum aðgerðum við stjórnun veiða sem engum komu í hug fyrir nokkrum árum. Má sem dæmi nefna þær sóknartakmarkanir sem verið hafa á þorskveiðum undanfarin ár og skiptingu aflakvóta milli veiðarfæra og báta.

Þar sem lögin frá 1976 hafa að ýmsu leyti reynst ófullnægjandi sem lagastoð fyrir ýmsum ákvörðunum varðandi skipulag veiða hefur verið leitað halds í lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948, en í þeim er víðtæk heimild til að setja reglur til verndar fiskimiðum í fiskveiðilandhelgi. Hins vegar hefur þetta skapað ýmis vandamál þar sem viðurlög við brotum á lögunum frá 1948 og lögunum frá 1976 eru mjög mismunandi. Enn fremur heimila lögin frá 1948 aðeins útgáfu reglna til verndunar fiskimiðum og hefur það skapað nokkra óvissu um lagagildi sumra reglna varðandi stjórnun fiskveiða sem nauðsynlegar hafa þótt og fyrirsjáanlegt er að þurfi að beita í framtíðinni.

Þá má og nefna að gildissvið laganna frá 1948 og 1976 er í mörgum tilvikum bundið við fisk og fiskveiðar, en nú eru stundaðar veiðar á ýmsum öðrum tegundum sjávardýra og er full ástæða til að setja heildarlög sem taka einnig til nýtingar þessara stofna.

Þann 4. maí 1982 skipaði þáv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson nefnd til að endurskoða lög nr. 81/1976, um veiðar í landhelginni. Fulltrúar hagsmunaaðila áttu sæti í þeirri nefnd. Í janúarlok 1983 skilaði nefndin frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelginni til ráðh. Ekki tel ég ástæður til að tíunda hér þær breytingar sem nefndin lagði til að gerðar yrðu á gildandi lögum en vísa í þess stað til grg. með frv. Ýmissa orsaka vegna var þetta frv. ekki lagt fram á síðasta þingi. Þurfa ýmsir þættir þess frekari athugunar við. Nauðsynlegt er að halda þeirri vinnu áfram, m. a. er mjög mikilvægt að breyta reglum varðandi stærð skipa og ákvörðun um landhelgislínu. En rétt er að taka fram að nefndin lagði til varðandi landhelgislínur að ráðh. fengi heimild til að breyta þeim með reglugerð. Að mínu mati er mjög óheppilegt að gera það með þeim hætti og rétt að athuga betur hvort ekki sé hægt að komast hjá því því mjög mikilvægt er að reglur um landhelgislínurnar séu fast mótaðar. Það er mikill þrýstingur á það alla tíð að breyta þessum línum og þess vegna getur verið mjög varhugavert að hafa það ekki bundið algerlega með löggjöf.

Hins vegar ber brýna nauðsyn til að þær breytingar sem lagðar eru fram í þessu frv. nái fram að ganga og eru ákvæði frv. sem hér eru lögð fram í meginatriðum efnislega samhljóða tillögum þeirrar nefndar sem ég vitnaði til.

Meginrökin fyrir breytingum á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi í þá átt að veita sjútvrh. auknar heimildir frá því sem nú er til stjórnunar og takmörkunar á fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni eru þessi: Vegna þess að ástand fiskistofna, einkum þorsks, hér við land er óvenjulega slæmt er brýn þörf á vísindalegri stjórnun á fiskveiðum landsmanna í enn ríkari mæli en nú á sér stað. Helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi og Fiskiþing hafa eindregið óskað eftir því að stjórnvöld auki verulega stjórn fiskveiðanna. Eigi að auka stjórn fiskveiðanna frá því sem nú er verður að umbylta núverandi fyrirkomulagi. Slíkt krefst rýmri heimilda til stjórnunar en nú eru í gildi. Skammt er liðið síðan

Hafrannsóknastofnun setti fram skýrslu um alvarlegt ástand helstu fiskistofna og bregða verður skjótt við til þess að koma megi á aukinni stjórn og takmörkun á fiskveiðum á næsta ári í samræmi við þær tillögur um aflamörk sem þegar hafa verið settar fram og kynntar.

Vil ég þá víkja að einstökum greinum frv. Í 1. gr. er fyrst kveðið á um að ráðh. fái heimild til að ákveða hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskistofnum og af sjávardýrum á ákveðnu tímabili að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Hér er gengið lengra en í lögum nr. 81/1976 þar sem slík heimild er bundin við að fiskistofn sé hættulega ofveiddur og viðkoma hans því í hættu.

Nauðsyn þess að auka vald ráðh. í þessu tilliti byggist fyrst og fremst á því að líta verður á alla fiskistofna og veiðar á þeim í heild sinni en ekki hvern og einn út af fyrir sig. Ef takmarka þarf verulega sókn í einn fiskistofn vegna þess að hann er í yfirvofandi hættu eykst sóknin óhjákvæmilega í aðra stofna með þeim afleiðingum að ofveiði getur átt sér stað á tegundum sem áður voru í jafnvægi. Af þessu höfum við bitra reynslu. Eitt nýjasta og gleggsta dæmið um þetta er þegar loðnuskipaflotinn sneri sér að þorskveiðum eftir að loðnuveiðar voru bannaðar. Sóknin í þorskstofninn jókst og hefur það átt sinn þátt í því hvernig nú er komið fyrir stofninum. Einnig má geta þess að sókn í karfa hefur verið mjög verulega aukin m. a. vegna takmarkana á þorskveiðum og hefur það orðið þess valdandi að karfinn er mjög mikið veiddur. Það liggur nokkuð ljóst fyrir að sú sókn sem hefur verið í karfann á undanförnum árum getur ekki haldið áfram í mjög mörg ár. Allt bendir til þess að stofninn sé í allverulegri hættu.

Vegna þessa samspils er ekki nægilegt að setja aflahámark einungis á þá fiskistofna sem eru hættulega ofveiddir heldur verður jafnframt að setja aflahámark á aðra helstu nytjastofna til að forða þeim frá ofveiði. Í fiskverndarmálum ber brýna nauðsyn til að grípa til aðgerða í tæka tíð áður en skaðinn er skeður. Því er nauðsynlegt að hægt sé að grípa inn í gang mála þegar m. a. vísindaleg rök mæla með því að svo sé gert.

Í 1. gr. er einnig gert ráð fyrir að ráðh. fái heimild til að skipta hámarksafla úr hverjum fiskistofni milli einstakra veiðarfæra, fiskiskipagerða og einstakra skipa. Gert er ráð fyrir að ráðh. geti ákveðið skiptingu hámarksaflans milli skipa m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipanna, stærð og gerð þeirra, svo og heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta milli skipa. Heimild til þess sem hér hefur verið rakið er nauðsynleg þegar hámarksafli úr einstökum fiskitegundum er verulega takmarkaður eins og nú verður raunin með helstu fiskistofna okkar.

Heimild ráðh. til að skipta þeim afla sem til skiptanna er hverju sinni gerir kleift að tryggja öllum, sem nytjað hafa fiskimiðin, rétt til að gera það áfram og að jafna tímabundnum aflasamdrætti réttlátlega niður á öll skip í landinu. Slík niðurjöfnun er nauðsynleg þegar áföll eins og það sem við nú stöndum frammi fyrir ber svo skyndilega að garði. Stjórnvöld geta með engu móti dæmt skip fyrir fram úr leik. Tíminn einn verður að leiða í ljós hvort skip stöðvast eða ekki. Á þessari stundu er ekki hægt að segja til um með fullri vissu hvernig staðið verður að þessari skiptingu, þ. e. hvort aflakvóti verður settur á öll fiskiskip eða gengið eitthvað skemmra í þá átt.

Þá liggur ekki endanlega fyrir hvernig skipta megi réttlátlega á milli skipa, t. d. hvort eigi að miða við veiði þeirra undangengin þrjú ár eða hvort tillit skuli taka til annarra þátta, t. d. stærðar þeirra svo eitthvað sé nefnt. *Ég vil taka fram í þessu sambandi að nú er unnið að því að reikna út aflakvóta skipa fyrir næsta ár miðað við reynslu undanfarinna ára og veiði skipanna undangengin þrjú ár.* Það er margt sem mælir með því að sú veiði sé lögð til grundvallar því í flestum tilfellum gefur aflinn góða mynd af því hvernig viðkomandi skipum hefur gengið og ætti því að gefa allgóða vísbendingu um hver afli þessara skipa gæti orðið á næsta ári. *Hitt er svo annað mál að ýmis vandamál* koma upp, m. a. í þeim tilvikum að skip hafa ekki verið að veiðum nema t. d. í eitt ár eða alls ekki verið að veiðum, og á ég þar við ný skip. Einnig getur verið um það að ræða að skip hafi lent í sérstökum óhöppum og verið frá veiðum. Því er nauðsynlegt að taka upp hlutlæga reglu sem tekur einnig til þessara vandamála og að því er nú unnið í þeirri ráðgjafarnefnd um sjávarútvegsmál sem ég skipaði í nóv. s. l. Nefndin hefur þegar skilað af sér tillögum um aflahámark á næsta ári eftir að Hafrannsóknastofnunin lagði fram tillögur í þeim efnum og í framhaldi af því hefur verið ákveðið hvert skuli vera aflamagn fyrir næsta ár. Nefndin vinnur nú að því að semja tillögur um skiptingu aflans með aðstoð Fiskifélags Íslands, en Fiskifélagið hefur mjög nákvæmar upplýsingar um aflann á undanförnum árum bæði að því er varðar einstakar tegundir, veiðar einstakra skipa o. s. frv.

Þær aðferðir sem nefndar hafa verið og taldar eru koma til greina hafa að sjálfsögðu bæði kosti og galla sem þarf að vega og meta. Rétt er að taka fram að stjórnvöld hafa nú betri möguleika en áður til að vega og meta hinar ýmsu stjórnunarleiðir sem til greina koma við þessar takmarkanir þar sem nú er hægt að prófa þær í þar til gerðu sjávarútvegslíkani sem spáir um framvinduna sé hin eða þessi leið valin. Gerð þessa reiknilíkans til að vega og meta áhrif breytinga á fiskveiðistefnu á afla og afkomu hefur staðið yfir í fjögur ár. Verkið hefur verið unnið í samstarfi nokkurra stofnana, einkum Raunvísindastofnunar Háskólans og Hafrannsóknastofnunar að frumkvæði sjútvrn. Markmið starfsins var að gera reikningslegt líkan af sjávarútveginum byggt á reynslu margra undangenginna ára sem gæti spáð nokkur ár fram í tímann, m. a. um þorskafla og afkomu veiðanna, að gefnum ákveðnum forsendum, svo sem um stærð, gerð og samsetningu fiskiskipaflotans, fiskveiðistefnu og ástand fiskistofna. Þetta reikningslíkan er þegar komið í notkun til að meta hinar ýmsu stjórnunarleiðir samhliða því að sami starfshópur og var við gerð líkansins vinnur að endurbótum og útvíkkun á reikningsaðferðum við stofnstærðarmat og mælingu sóknar í fiskistofna. En þessi vinna kom að allmiklu gagni við ákvörðun aflamarks fyrir næsta ár.

Með öðrum heimildum í þessari grein eins og þeirri að ráðh. geti sett reglur um leyfilega sókn tiltekinna gerða fiskiskipa með tilteknum veiðarfærum í ákveðna nytjastofna er m. a. verið að veita afdráttarlausari heimild til sóknartakmarkana þeirra sem notaðar hafa verið við takmörkun á þorskveiðum undanfarin ár, þ. e. svokallað skrapdagakerfi og þær takmarkanir sem bátar hafa sætt, t. d. páskastopp, stytting vetrarvertíðar, takmörkun netafjölda og fleira.

2. gr. frv. fjallar um auknar heimildir til dragnótaveiða. Öllum er kunnugt um að orðið hefur alvarlegur samdráttur í sölu á saltfiski og skreið undanfarið. Vegna þessarar óvissu á markaði er vert að íhuga hvort við getum með einhverjum hætti breytt okkar veiðiaðferðum þannig að fiskurinn sé gjaldgengari í flestar vinnslurásir, auka þannig veiðar í þau veiðarfæri sem skila betri fisk á kostnað þeirra sem lakari fiskinn veiða.

Mín skoðun er sú að við verðum með einhverjum hætti að reyna að auka veiðar með dragnót. Ég held að dragnótin geti í mjög mörgum tilvikum leyst netin af hólmi og skapað okkur miklu betra hráefni. Dragnótin hefur þá kosti að einfalt er að stjórna kjörhæfni veiðarfærisins sem tryggir að í hana veiðist ekki smáfiskur. Veiðarfærið er ódýrt og útgerðarkostnaðurinn sáralítill miðað við flestar gerðir veiðarfæra. Í núgildandi lögum eru heimildir til dragnótaveiða bundnar við báta sem eru minni en 20 metrar og við veiðitímabilið 15. júní til 30. nóv. ár hvert. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að heimilt sé fyrir ráðh. að veita leyfi til dragnótaveiða líkt og til annarra veiða sem háðar eru leyfum. Í þessu sambandi má geta þess að Norðmenn hafa aukið heimildir til dragnótaveiða í stað netaveiða og á s. l. vertíð stunduðu 150 norsk skip dragnótaveiðar í stað netaveiða með góðum árangri.

Hitt er svo annað mál að það hentar ekki á öllum svæðum vegna þess að það þarf að vera góður botn en netaveiðar fara að sjálfsögðu einnig fram á ósléttum og slæmum botni og í þeim tilvikum er ekki hægt að koma við dragnótaveiði. Rétt er að það komi fram að margvíslegir fordómar hafa verið í garð þessa veiðarfæris og hefur það af mörgum verið talinn hinn mesti bölvaldur. Þetta eru eftirstöðvar frá því að fjöldi dragnótabáta stundaði afleitar veiðar með smáriðnum vörpum sem engu slepptu. Í þessum efnum verður að fara af varúð og gæta hófs eins og í öðru. Við þurfum að þróa veiðarfærið í okkar þágu og við megum t. d. ekki nota það eins og þorskanót. Þess vegna þarf eins og með aðrar leyfisbundnar veiðar að móta reglur um gerð og notkun veiðarfærisins.

3. gr. frv. fjallar um leyfisbindinguna, en leyfisbinding veiða hefur viðurgengist hér á landi um langt skeið. Munu rækjuveiðar vera fyrsti veiðiskapurinn sem stjórnað var með leyfafyrirkomulagi. Með auknum takmörkunum á veiðum hafa jafnframt aukist afskipti stjórnvalda af þeim og er nú svo komið að togveiðar, línuveiðar og handfæraveiðar eru nær einu veiðiaðferðirnar sem ekki eru háðar leyfum stjórnvalda. Eins og kunnugt er eru heimildir til að gera ákveðnar veiðar leyfisbundnar ákveðnar í lögum eða reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Í höfuðatriðum er tilgangur með leyfakerfi tvíþættur. Í fyrsta lagi gerir það stjórnvöldum kleift að hafa áhrif á hverjir og hve margir geti stundað tilteknar veiðar á tilteknum svæðum. Í sumum tilfellum fá aðeins þeir leyfi sem búsettir eru við veiðisvæðin eða hafa stundað veiðarnar áður. Eins er oft nauðsynlegt að binda útgáfu veiðileyfa við ákveðna stærð skipa. Reynast þessar takmarkanir oft nauðsynlegar ef margir aðilar sækja um leyfi til sömu veiða. Í öðru lagi eru skipstjórum skipa settar ákveðnar reglur í leyfisbréfum sem þeim ber að fara eftir við veiðarnar, t. d. hámarksaflamagn, veiðisvæði, veiðarfæri, reglur um meðferð afla o. s. frv.

5. gr. frv. fjallar um auknar heimildir til togveiða. Þegar svo er komið að við verðum að takmarka veiðar á helstu nytjastofnum okkar eins og raun ber vitni verðum við að beina sókn hluta flota okkar í þær tegundir sem má vera að séu vannýttar. Það sem hér kemur helst til greina eru ýmsar kolategundir og steinbítur. Skv. núgildandi lögum eru togveiðar bannaðar á mörgum góðum kola- og steinbítssvæðum. Til að nýta megi þessa stofna er nauðsynlegt að hafa í lögum heimild fyrir rn. til að geta leyft takmarkaðar togveiðar á þessum svæðum. Með því móti er mögulegt að beina hluta flota frá þorskveiðum í kola- og steinbítsveiðar á ýmsum árstímum. Ég vil taka fram að það er einsýnt að þessari heimild verður að beita með varúð. Þegar þessi svæði eru ákveðin er nauðsynlegt að undirbúa það vel. Sömuleiðis þarf að fylgjast vel með veiðum, aflasamsetningu, stærð fisks o. s. frv.

Rétt er að taka fram að verði frv. þetta að lögum er óhjákvæmilegt, eins og ég hef áður vikið að, að endurskoða hinar almennu togveiðiheimildir skv. 3. gr. laganna. Verður slík athugun og endurskoðun þegar hafin og væri þá e. t. v. hægt að leggja frv. um þetta efni fram síðar í vetur. Endurskoðun þessi tæki þá einnig til réttinda einstakra skipa en mikið misræmi ríkir í þeim efnum og oft óeðlilegur vafi. Í þeirri endurskoðun má einnig taka til athugunar ýmislegt annað í lögum eftir að betur er ljóst hver verður niðurstaða um fiskveiðistefnu og stjórnun veiðanna næsta árið þegar niðurstaða hefur fengist.

Virðulegi forseti. Á mjög margan hátt ríkja óvenjulegar aðstæður í okkar fiskveiðum. Nauðsynlegt er að nýta þær miklu auðlindir sem eru við landið af fullri varúð og reyna að búa þannig um hnútana að þær geti nýst komandi kynslóðum sem allra best. Þessi fiskimið hafa alltaf verið grundvöllur búsetu í landinu, grundvöllur allra þeirra framfara sem hér hafa orðið og við sjáum í reynd enga aðra auðlind sem gæti komið í staðinn. Þegar til lengdar lætur leiðir óheft sókn í þessa auðlind til ofnýtingar á fiskistofnunum. Hver einstakur útgerðarmaður og sjómaður skeytir oft á tíðum ekki nægilega um áhrif eigin sóknar á afla og aflabrögð annarra. Þess vegna verður að skapa reglur sem tryggja að heildarhagsmunir þjóðarinnar séu fyrst og fremst hafðir í huga við nýtingu þessara auðæfa. Einnig er rétt að taka fram að sveiflur í tekjum sjávarútvegsins hafa mikil áhrif. Þessar tekjur eru uppistaðan í okkar útflutningstekjum og hafa ekki eingöngu áhrif á afkomuna í greininni sjálfri heldur hafa þær áhrif á allan þjóðarbúskapinn. Stuðla verður að sem mestu jafnvægi þannig að jafnar framfarir verði í hagkerfinu. Mikil veiði eitt árið sem getur orsakað mun minni veiði annað árið veldur því að okkar hagkerfi verður í stöðugum sveiflum.

Komið hefur fram í umr. um þetta mál að það hefði mátt standa með öðrum hætti að undirbúningi þess og það hefði þurft að koma mun fyrr fram. Það er út af fyrir sig alveg rétt að æskilegt hefði verið að mál þetta hefði komið fram mun fyrr svo að gefist hefði betri tími til að fjalla um það hér á Alþingi. Það er nú svo að miklar deilur hafa verið um það og skiptar skoðanir á undanförnum árum hvernig stjórnun veiðanna skuli vera háttað. Ég vil taka fram að sú nefnd sem skilaði af sér á s. l. vetri og var skipuð fulltrúum hagsmunaaðila lagði eindregið til að þær stjórnunaraðferðir eða mögu leikar til þeirra stjórnunaraðferða sem hér er fjallað um

væru fyrir hendi. Hins vegar hafa hin ýmsu hagsmunasamtök í sjávarútveginum ekki viljað ganga eins langt áður fyrr og þau eru tilbúin til að gera nú.

Að mínu mati var ekki hægt að undirbúa þetta mál með öðrum hætti en þeim að kynna sér sem best viðhorf hinna ýmsu aðila. Það hef ég gert m. a. með fundum með hagsmunaaðilum víðs vegar um landið, útvegsmönnum bæði á Norðurlandi, Vesturlandi, Suðurnesjum, Vestmannaeyjum og Austurlandi. Ég hef einnig sótt fundi samtaka í sjávarútveginum, svo sem þing Farmanna- og fiskimannasambandsins, aðalfund Landssambands ísl. útvegsmanna og Fiskiþing. Áður en Fiskiþing hófst kynnti ég fyrir nm. í sjútvn. þingsins drög að frv. um stjórnun veiðanna og einnig vissu fulltrúar á Fiskiþingi um þau drög. Strax að loknu Fiskiþingi var gengið frá frv. þar sem voru teknar upp heimildir sem gerðu kleift að beita þeim stjórnunaraðferðum sem Fiskiþing lagði til. Strax eftir þá helgi eða á mánudeginum var það sent þm. til þess að þeir gætu tekið það fyrir í sínum þingflokkum. Hygg ég að það hafi verið gert miðvikudaginn eftir að Fiskiþingi lauk. Á fimmtudeginum, ef ég man rétt, átti ég fund með sjútvnm. og fjölluðum við þá enn um frv. og hugsanlegar breytingar á því.

Almennt hefur komið fram að mönnum þykir helsti gallin við þetta frv. það mikla vald sem sjútvrn. fær ef það verður að lögum. Ég get fyllilega tekið undir það og á margan hátt er tekið tillit til þess í frv. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lögin gildi aðeins til eins árs sem er ekki venjulegt um löggjöf sem þessa. Með því er verið að undirstrika að hér sé um tilraun að ræða sem þurfi að taka upp, en nauðsynlegt að endurskoða svo fljótt sem auðið er.

Í öðru lagi kemur skýrt fram í frv. að samráð verði haft við sjútvn. þingsins og einnig kemur skýrt fram í grg. að náið samráð verði haft við hagsmunaaðila. Það samráð verður með þeim hætti, eins og þegar hefur komið fram, að skipuð hefur verið ráðgjafarnefnd sem í eru fulltrúar frá þeim stofnunum sem helst vinna að málefnum sjávarútvegsins og frá fulltrúum hagsmunaaðila, þ. e. útgerðarmanna, fiskvinnslu og sjómanna. Þessi ráðgjafarnefnd mun leggja fram tillögur um stjórnun veiðanna á næsta ári. Þegar þær liggja fyrir verða þær bornar undir fulltrúa hagsmunaaðila í sjávarútveginum, en um langan tíma hefur þróast samráð við þessa aðila og eru þeir oft kallaðir saman í sjútvrn. Ég hef þegar rætt við þessa aðila á fundi í s. l. viku og tjáði þeim með hvaða hætti þessi samráð færu fram og voru þeir, eftir því sem ég best veit, ánægðir með með hvaða hætti það yrði gert.

Ég spurði hagsmunaaðila sérstaklega að því hvort þeir teldu ekki að samráð við þá hefði verið mjög styrkt með því að setja upp þá ráðgjafarnefnd í sjávarútvegsmálum sem skipuð var í lok nóvember og var einróma álit aðila að svo væri. Ég vænti þess að menn hafi fulla vissu fyrir því að samráð við þessa hagsmunaaðila verði mjög náið, enda er í reynd ekki hægt að taka upp breytta tilhögun stjórnunar nema í mjög nánu samráði við þessa aðila. Þeir hafa tekið á málum af mikilli ábyrgð að mínu mati og ráðgjafarnefndin hefur sent ábendingar um nauðsynlegar lagaheimildir vegna stjórnunar fiskveiða 1984. Í þeim ábendingum kemur m. a. eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Nefndin bendir á eftirfarandi aðferðir sem slík lög þyrftu að rúma.“ Er þá átt við breytta löggjöf um stjórnun veiða.

„1. Allar fiskveiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu verði bundnar leyfi.

2. Heimilt sé að setja aflahámark á einstaka nytjastofna fyrir ákveðið tímabil innan árs, vertíðar eða árs.

3. Heimilt sé að skipta leyfilegum afla af hverri tegund milli skipa, m. a. með hliðsjón af afla á undanförnum árum, stærð þeirra og gerð.

4. Heimilt sé að flytja úthlutað aflamark á milli skipa að hluta til eða öllu leyti eftir því sem hlutaðeigendur koma sér saman um, en slíkur flutningur verði tilkynntur sjútvrn. þegar í stað.

5. Ef veiðum verður stjórnað með aflamörkum á skip í auknum mæli þarf að vera lagastoð til þess að rýmka veiðiheimildir, ekki síst til veiða á fisktegundum sem ætlað er að nýta betur en gert hefur verið. Í þessu fælist m. a. að rýmka þyrfti heimildir til dragnótaveiða verulega og leyfa togveiðar innan 12 mílna marka á kola- og steinbítsslóð. Einnig þarf að huga að því að endurskoða ákvæði um möskvastærð með tilliti til veiða á vannýttum fisktegundum. Almenn endurskoðun á togveiðiheimildum og mörkum á milli togveiðisvæða og annarra veiðistaða virðist einnig nauðsynleg við þessar breyttu aðstæður. Síðastnefnda málið þarfnast nánari athugunar og þarf að undirbúa betur en nú er kostur fyrir næstu vertíð.

6. Þörf er á skipulegu samráði við hagsmunaaðila til þess að ráða fram út álita- og ágreiningsmálum ef til þess kæmi að beita kvótakerfinu. Ekki þyrfti þó að lögfesta þetta, en tengja það lagasetningunni með yfirlýsingum ráðh.

7. Endurskoða þarf framkvæmd laga um upptöku ólögmæts sjávarafla með það fyrir augum að allur afli sem á skip kemur verði færður að landi. Leitað verði leiða til þess að veita nauðsynlega hvatningu í þessu skyni til þeirra sem hlut eiga að máli.“

Þessar ábendingar frá nefndinni sem eru undirskrifaðar af Óskari Vigfússyni, Kristjáni Ragnarssyni, Sigurði Markússyni, Þorsteini Gíslasyni, Jakob Jakobssyni, Jóni Arnalds og Jóni Sigurðssyni eru í reynd að mestu leyti efni þess frv. sem ég hef hér rakið.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að hafa lengra mál um þetta frv. Það hefur þegar orðið mikil umr. um það og er það mjög gott. Eðlilegt er að um það séu nokkuð skiptar skoðanir en málið verður samt að skoða í ljósi þess að við stöndum frammi fyrir mjög miklum erfiðleikum í sjávarútveginum og miklu skiptir fyrir ástand þjóðmála á næstu árum að tekið verði á þessum vandamálum af fullri einurð. Ég er ekki með þessu að segja að þetta frv. sem slíkt skipti þar algerlega sköpum, en það gerir okkur þó kleift að draga úr kostnaði við veiðarnar, það er enginn vafi á því. Það gerir okkur einnig kleift að koma málum þannig fyrir að aflaverðmæti aukist og meðferð aflans verði betri. Ef þær heimildir sem um getur í frv. eru ekki veittar er mín skoðun sú að mun minni líkur séu til þess að okkur takist að draga úr kostnaði við veiðarnar og auka verðmæti aflans.

Hér er vissulega um tilraun að ræða, en mikilvæga tilraun sem gæti varðað leiðina í framtíðinni. Aldrei verður tekið upp kerfi eða stjórnun veiða sem gilda mun um alla framtíð. Það verður að vera sveigjanleiki í stjórnuninni eftir aðstæðum á hverjum tíma, en nú eru

þær aðstæður að ekki verður hjá því komist að auka afskipti af veiðunum til nokkurra muna.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð ráðh. að gott sé að umræða eigi sér stað um mál sem þetta. En ég get ekki um leið lýst því yfir að sú umræða sem hefur átt sér stað um málið hingað til hafi verið nægjanleg. Því miður hefur þetta mál borið hér að með þeim hætti að allar umræður í þjóðfélaginu og jafnvel hér á Alþingi hafi verið takmarkaðar. Einnig vil ég taka undir þau orð ráðh. að við þurfum að gera okkur fullkomlega grein fyrir því þegar við fjöllum um þetta frv. og við eigum að undirstrika það að við erum öll sammála um að við viljum fara með fullri varúð að því að nýta þær auðlindir sem hér er verið að ræða um og við vitum að eru og hafa verið grundvöllur allra framfara hér á undanförnum áratugum. Þess vegna er mikið atriði þegar um jafn mikilvægt mál sem þetta er að ræða að kappkostað sé að um það verði samkomulag. Það hefur tekist hingað til þegar teknar hafa verið mikilsverðar ákvarðanir í sambandi við nýtingu fiskveiðilögsögu okkar að ná um þær fullu samkomulagi flokka og almennings í landinu. Í fyrsta skipti núna eiga þeir hlutir sér stað að þetta er gert með ákveðinni, ég vil nú ekki segja valdbeitingu, það er langt frá því, heldur með því að ganga fram hjá því að undirbúa þetta mál meðal allra þingflokka, almennings og hagsmunaaðila í landinu.

Við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í sjútvn. buðum rétt fyrir kl. 10 að fundi skyldi frestað í hv. deild svo að enn yrði leitast við að ná fullu samkomulagi í þessu máli. Við bentum á að ekki væri svo mikill skoðanaágreiningur um þetta mál að það hlyti að vera hægt. Hv. formaður tók ekki afstöðu í þessu máli, en ég vænti þess að hann hafi borið hæstv. sjútvrh. skilaboð okkar. En til okkar hafa ekki, svo ég viti til, komið nein skilaboð um að þess verði freistað að leita þessara leiða. Ég vil, ef vilji er fyrir því að okkar tilboði verði tekið, ítreka það og bið formann sjútvn. að segja af eða á um það hvort við mættum kannske fresta umr. og hefja frekari viðræður í n. (**VI:** Ég hef ekki borið þau boð enn þá, fékk þau rétt fyrir kl. 10. Því hefur ekki verið hafnað af forseta.) Ég skil það svo að ekki séu talin tök á að taka tilboði okkar. Þykir mér það mjög miður, en enn vil ég segja að jafnvel þó að svo sé gert sé enn til þess tími.

Hæstv. sjútvrh. nefndi áðan dagsetningu. Hann sagði að ákveðnir hlutir hefðu skeð miðvikudag eftir Fiskiþing. Við miðum okkar dagatal við merkilegan hlut, og ég vona stóran hlut, í okkar trú. En ég vona að í atvinnulegri sögu verði ekki þessi dagur áfram notaður sem viðmiðunardagur um stór mistök í sjávarútvegsmálum okkar Íslendinga, dagurinn sem Fiskiþing lagði til ákveðnar tillögur um kvótauppbyggingu hér og raunverulega var gengið frá því frv. sem nú liggur fyrir til umræðu.

Við erum núna að hefja okkur upp eftir öðrum framsóknaráratugnum. Þetta mál tengist fyrri áratug og hinum öðrum áratug Framsóknar dálítið mikið. Í lok fyrri áratugarins og nú í byrjun annars eru framsóknarmenn sjávarútvegsráðherrar á Íslandi. Mér finnst ekkert geta undirstrikað frekar hvað geysileg mistök hafa átt sér stað í stjórn sjávarútvegsmála á þessum framsóknaráratug en það frv. sem hér liggur frammi. Það er jafnan leið þeirra manna þegar mistök hafa orðið að biðja um aukið vald. Enginn stimpill er augljósari en þegar manni hefur mistekist eitthvað að leita þá sem fastast eftir því að halda verkinu áfram, fá aukið vald, jafnvel þó allt sé rangt gert og einmitt það á sér hér stað. Ráðh. og stefna sem hefur mistekist biður um aukið vald.

Og það er dálítið merkilegt að sá flokkur sem hefur talið sig vera umboðsaðila og stjórnunaraðila í landbúnaðinum skuli nú koma til sjávarútvegsins þegar hann er þar í forsvari og fara fram á að fá í sínar hendur allt vald þeirrar atvinnugreinar. Landbúnaðinum hafði þó við sömu skilyrði verið falið af sjálfum forustumönnum landbúnaðarsamtakanna að stjórna sínum eigin kvóta. Og ekki eingöngu að stjórna sínum eigin kvóta heldur einnig að búa til dómstól og úrskurða um þau deilumál sem upp skyldu koma.

Undanfarið sumar og þó sérstaklega frá valdatöku þeirrar hæstv. ríkisstj. sem nú situr hefur verið hér á landi mjög neikvæður áróður um sjávarútveg. Það byrjaði raunverulega með þeirri aðgerð hæstv. ríkisstj. að fella gengið, að lýsa því yfir að gengisfellingin væri nauðsynleg vegna sjávarútvegs og útgerðar á Íslandi. Annað eins öfugmæli hefur raunverulega varla heyrst. Stór hluti flotans stendur frammi fyrir því að allur afli yfirstandandi árs fer í að borga þann skatt sem ríkisstj. lagði á flotann með þeirri gengisfellingu. Nokkrir mánuðir liðu og þá skeður það, sem ég veit ekki til að hafi gerst í íslensku bankakerfi eða í íslensku sjóðakerfi fyrr, að allt í einu er kominn í dagblöð og fjölmiðla á Íslandi listi yfir skuldara Fiskveiðasjóðs Íslands. Þetta er mjög sérkennilegt og getur varla átt sér stað öðruvísi en að menn í æðri valdastöðum hafi leyft þetta. Gagnvart sökudólgunum eru þetta slík vinnubrögð og slík niðrun að varla er um það hægt að tala.

Bæði þessi atriði sem ég hef nefnt, gengisfellingin og þessi þáttur, eru verk ríkisstj. eða yfirboðara þessara stofnana og engra annarra. Annað hefur ekki raunverulega lítillækkað íslenskan sjávarútveg meir. Eða tal um að verið sé að bjarga útveginum með því að leggja á hann gengisbyrðar og svo láta það ske rétt á eftir að skuldalisti þessara fyrirtækja sé birtur opinberlega og aðilum nuggað upp úr stöðu sinni.

Á svipuðum tíma gerðist það sem hæstv. sjútvrh. nefndi hér áðan. Hæstv. ráðh. fór um landið og hélt fundi með hagsmunaaðilum og það skal hann hafa þakkir fyrir. Þar voru ýmis mál rædd eins og vera ber. Þar sagði hann hagsmunaaðilum og þeim sem sóttu þessa fundi m. a. frá skúffufrv. síns fyrirrennara og undirstrikaði að í því frv. væru þættir sem hann gæti ekki fellt sig við.

Á þessum fundum skýrði ráðh. frá því sem hann hefur reyndar margoft sagt á hv. Alþingi að hann væri mjög mótfallinn því að mikið vald væri fært í hendur rn. og sínar og á þessu hefði verið hamrað í sjútvn. og annars staðar, að menn væru yfirleitt mótfallnir því að færa ráðh. svona mikið vald. Fram kemur í grg. hæstv. sjútvn. í Nd., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur í sjálfu sér óæskilegt að Alþingi feli ráðherrum víðtækt vald til ákvarðana án skýrra lagafyrirmæla um efnisatriði slíkra ákvarðana.“

Menn lýsa því yfir hver sem betur getur, jafnt ráðh.

sem aðrir, að þetta sé óæskilegt þegar verið er að framkvæma það. Af hverju er það þá framkvæmt? Ég held að slík öfugmæli á hv. Alþingi falli raunverulega ekki inn í eðlilega umr. Í öðru orðinu segja menn að þeir séu á móti en um leið og þeir fara að greiða atkv. samþykkja þeir.

Það er reyndar oft leið þeirra sem vilja fá mál samþykkt að haga sér þannig að segjast vera á móti máli, ef það er illa séð, en samþykkja það síðan. Mér virðist einmitt að þessi vinnubrögð hafi verið notuð hér. Bæði hæstv. ráðh. og stuðningsmenn hans á Alþingi hafa rekið þessa pólitík, sagst vera á móti málinu en leggja sig nú alla fram við að fá það samþykkt á hv. Alþingi.

Í framhaldi af þessu fóru að koma ýmsar skoðanir fram hjá hæstv. ráðh., sérstaklega þegar hann kom á þing Landssambands ísl. útvegsmanna. Og skyldu þær ekki hafa verið í bjartsýnistón? Nei, ekki aldeilis. Það var nákvæmlega sami tónninn og áður hafði verið, sami tónninn og ríkisstj. hafði haft uppi gagnvart íslenskum sjávarútvegi. Talað var um að nú skyldum við reyna að skipuleggja málin þannig að við skyldum borga mönnum fyrir að liggja í landi. Ekki nóg með að því væri slegið upp oft og mörgum sinnum að þetta væri ein af leiðunum, minnka flotann með því að borga mönnum fyrir að vera í landi — aldrei var nú skilgreint hvernig skyldi farið að því — heldur var bætt við: Ja, við skulum leggja nokkrum togurum. Við ættum kannske að leggja togurunum hérna í Faxabugtinni vegna þess að þeir eru gerðir út frá stöðum sem eru fjölmennir og ekki ber eins mikið á því þó þeim sé lagt. Þar með var ekki verið að tala um að þessir togarar hafi á undanförnum árum veitt tiltölulega lítinn þorsk, aðalstofninn sem við viljum nú verja. Þessir togarar hafa á undanförnum árum fyrst og fremst — kannske til að bjarga atvinnu í stórum byggðarlögum — verið að veiða allt aðra fisktegund en við höfum þurft að verja aðallega. Togarar á Akranesi sem hafa eingöngu stundað karfaveiðar og togarar hér í Reykjavík sem hafa eingöngu stundað karfaveiðar.

Allt í einu var þessi lausn komin án þess að nokkur rök væru fyrir henni og án þess að ráðh. væri raunverulega að lýsa því yfir að hann væri fylgjandi þessari lausn, heldur var þetta nefnt, bæði að borga togskip í landi og að stoppa einhvern ákveðinn hluta togaraflotans. Þarna var verið að búa til hræðsluáróður og ekkert annað. Verið var að undirbúa fólk undir að hér kæmi fram lagasetning sem menn skyldu samþykkja. Verið var að búa til hræðslu í landinu, ekkert annað. Fram að þeim degi að Fiskiþing kom með sína tillögu hafði varla verið nefndur kvóti. Hin trausta ríkisstjórn á Íslandi hafði ekki myndað sér skoðun um það hvernig ætti að bjarga vandamálum sjávarútvegsins og aflaleysi.

Fiskiþing kom saman. Ég skal upplýsa hv. deild um hvað margir fulltrúar af Vesturlandi eru á Fiskiþingi. Það er einn. Fiskiþing kom saman og samþykkti ályktun um hvað gera skyldi og svo virtist sem allt í einu væru öll mál leyst. Út frá þeirri samþykkt var hægt að leggja þetta frv. fyrir Alþingi og út frá þeirri samþykkt var allt í einu hægt að fara að vinna í öllum tölvustofnunum þjóðfélagsins til að reikna út hvernig kvóta skyldi komið á. Þetta er sterk ríkisstjórn sem við höfum. Hún vill miklu frekar taka mark á einum fulltrúa frá Vesturlandi en okkur Valdimar og jafnvel þó Davíð væri með. Ekki var hægt að leysa þetta í gegnum Alþingi heldur var Fiskiþing allt í einu orðið þessi úrvalsleiðbeinandi í þessum málum.

Ég held að rétt sé að víkja að því sem ég sagði frá í upphafi. Við munum í auknum mæli þurfa að finna til þess að við erum að njóta afrakstrar framsóknarstjórnarstefnu í sjútvrn. Leiðin sem er valin til að koma þessu máli í gegn er einmitt af þeim toga. Þetta er valdaþörf ákveðins flokks, ákveðins kerfis í þjóðfélaginu sem verið er að koma þarna í gegn. Vinnubrögðin eru akkúrat í þeim anda. Bæði hjá alþm. og almenningi í landinu er skipulega lætt inn ótta. Og allt í einu er svo slegið fram lausnarorðinu: Við skulum láta sjútvrh. hafa öll völd til að stjórna fiskveiðum á Íslandi næsta árið. Eftir það skulum við svo líta á hvernig málin standa. Það er sagt en við vitum að þegar slík lög eru samþykkt einu sinni er erfiðara að ganga til baka.

Í þessu frv. felst mikil vantrú á samtök. Jafnvel þó að við höfum heyrt fyrir stundu úr ræðu ráðh. yfirlýsingar um að fulltrúar ýmissa samtaka hafi lýst því yfir að þeir teldu ekki æskilegt að lagabinda samráð finnst mér það frekar holur tónn. Ef við eigum að stjórna þessari náttúruauðlind rétt er ég ekki í neinum vafa um að besta leiðin til þess er að gera heildarsamtök bæði útvegsmanna og sjómanna og fleiri samtök sem ábyrgust, ekki aðeins að hægt sé að búa til einhvern samningsramma utan um þetta eða samráðsramma, heldur að þessir aðilar séu ábyrgir þegar verið er að taka ákvarðanirnar. Það sé ekki hægt að segja: Jú, þeir samþykktu það hjá LÍÚ og Sjómannasambandinu en það var bara samráð. Það er mikill munur á því að heita samráðsmaður eða maður sem skal taka ákvörðun með einhverjum aðila. Og mér finnst að í allri umræðu um þetta frv. og um hvaða munur sé þarna á milli sé allt of lítið úr því gert.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson fór nokkrum orðum um það í hv. Nd. að hverju stefndi í sambandi við íslenskan sjávarútveg og hvað það þýddi að setja slík valdalög yfir þá atvinnugrein. Ég held að ekki sé ástæðulaust að fara nokkrum orðum um uppbyggingu og eignarþátt almennings og einstaklinga í íslenskum sjávarútvegi einmitt þegar hér er verið að ræða um að fela ákveðinni ríkisstofnun eða rn. allt of mikil völd yfir þessari atvinnugrein.

Í lok síðustu aldar var hér allmikil skútuútgerð. Hún var að miklu leyti byggð á kapítali, það voru eigendur sem áttu nokkuð margar skútur. Miðað við okkar þjóðfélag mætti segja að þarna voru stórútgerðarmenn miðað við annað eignahlutfall í þjóðfélaginu. Ósköp skeður svipað þegar togaraútgerðin kemur og fer að hasla sér völl hér, að mynduð eru ansi myndarleg fyrirtæki, má segja allt að því stórútgerð. Við munum vel eftir fyrirtækjum eins og Kveldúlfi og Alliance, Einari Þorgilssyni í Hafnarfirði. Þetta voru fyrirtæki sem ráku allstóra útgerð, útgerð eins og nú á sér stað á Íslandi. Útgerð almennings var mjög lítil. Það voru þá helst árabáta- og trillukarlar. Alliance og Kveldúlfur áttu hér stórar fiskverkunarstöðvar, unnu sinn fisk og þurrkuðu og eins var með þá útgerð sem ég nefndi í Hafnarfirði.

Upp úr kreppunni byggja þessi fyrirtæki sig enn betur upp. Þeir leggja í að byggja miklar síldarverksmiðjur á Norðurlandi, bæði Alliance, Kveldúlfur og Einar Þorgilsson sem ég nefndi og reyndar Geir Þorsteinsson og fleiri. Þeir eru sem sagt sterkt atvinnuafl í þjóðfélaginu. Og mér er sem ég hefði séð þá höfðingja sem stjórnuðu

þessum fyrirtækjum standa frammi fyrir því að eitthvert ríkisapparat ætti að segja þeim fyrir hvað þeir skyldu gera. En látum það nú vera.

Skjótt skipast veður í lofti. Styrjöldin skall á og Íslendingar fiskuðu mikinn fisk fyrir Bretann og fluttu hann að meginhluta út ísaðan. En í lok stríðsins gerðist það að mynduð var hin svokallaða nýsköpunarstjórn með meginhluta Sjálfstfl., Alþfl. og Sósíalistaflokks. Þá var hafin atvinnuuppbygging, sérstaklega í sjávarútvegi. Þá var skipulögð uppbygging og endurbygging á íslenska togara- og bátaflotanum.

En það merkilega sem skeði þá var að þessir stóru aðilar, Kveldúlfur og Alliance, komu frekar að þessari uppbyggingu sem frekar litlir aðilar. Og ýmsir í togaraútgerð — ég vil ekki eigna þessum fyrirtækjum það — héldu því jafnvel fram að það væri alveg rangt að fara að kaupa ný skip, við gætum notað okkar kolakláfa sem við höfðum fætt Bretana á í stríðinu, við gætum notað þá enn um nokkur ár. Sú varð ekki raunin á en nýsköpunarstjórnin stóð fyrir stórkostlegri uppbyggingu. Milli þrjátíu og fjörutíu togarar komu og þeir dreifðust vítt og breitt um landið. Stór hópur vélbáta kom og eigendur þeirra vélbáta voru svolítið merkilegir kallar. Það var kannske trillukarlinn sem hafði róið hér út á Svið eða trillukarlinn sem hafði farið út í Keflavík og sótt sér í soðið. Vítt og breitt um landið gerist það allt í einu að almenningur á Íslandi er orðinn útgerðarmenn.

Nákvæmlega hið sama skeður í sambandi við togarana. Þeir dreifast vítt um landið. Þar eru búin til alls konar hlutafélög um að taka þennan eða hinn togarann til reksturs og útgerðar. Þetta er fyrsta stóra stökkið þar sem við færum hinum íslenska sjómanni raunverulega verkfærin upp í sínar eigin hendur til að stjórna þeim. Þetta er fyrsta stóra skrefið. (Gripið fram í.) Nei, í nýsköpuninni. (Gripið fram í.) Það er á annan máta, hv. þm. Vitaskuld á sér stað bylting þá en hún er á annan máta. Eins og ég sagði áður eru það eignaraðilar í landi, raunverulegt kapítal, sem eignast þessi skip en ekki alltaf, eins og ég nefndi áðan, skipstjórar og almenningur. Þó að það hafi átt sér stað í mörgum tilfellum þar var það þó óðruvísi byggt upp. En þetta verður miklu stærra og mikilfenglegra skref sem á sér stað þarna í sambandi við nýsköpunina.

Ég gæti rakið þessa sögu ár frá ári en ég ætla ekki að eyða tíma hv. deildar í það. En svo koma aðrir kaflar, aðrir þættir, önnur tímabil sem halda þessu áfram. Nákvæmlega sama skeður þegar við byggjum upp síldarflotann okkar, m. a. s. á tímabili viðreisnar. Sama skeður 1956 og 1958 þegar tappatogararnir koma. Og enn skeður það sama þegar togarabyltingin síðari á sér stað. Þetta eru eignir sem dreifast vítt um landið og lenda yfirleitt í höndum manna sem hafa verið sjómenn og félagslegir fulltrúar í byggðunum. Það á sér m. a. s. þannig stað að við rekumst nú á fyrrv. formenn verkalýðsfélaga víða í þeirri stöðu að þeir séu framkvæmdastjórar fyrir fyrirtækjum. Ég tel mína stöðu að mörgu leyti einmitt til komna vegna þessarar þróunar. Vegna þess að ég var í félagslegri forustu í mínu byggðarlagi er mér bara allt í einu ýtt út í að taka við forustu í svona atvinnuuppbyggingu. Þetta á sér stað hringinn í kringum landið.

Núna á að fara að stjórna þessu liði með valdi héðan úr Reykjavík án þess að í lögum sé bundið að þeirra samtök skuli vera ákvörðunaraðilar um leið. Mér finnst þetta svo fráleitt og svo mikil lítillækkun gagnvart þessu fólki að það tekur engu tali.

Bak við lagasamþykktina er eins og ég nefndi áðan margyfirlýst samþykkt Fiskiþings um að koma á kvóta. Ég veit að margir hafa á undanförnum árum lýst yfir: Ég er samþykkur kvóta. Það verður bara að koma kvóta á. Þeir eru mjög fáir sem hafa verið mótfallnir kvóta. Einn og einn hefur verið það varkár að hann hefur sagt: Ja, ég er hvorki með kvóta eða á móti kvóta. Ég vil sjá hvernig kvóti er. Þannig hef ég haldið á málum. Ég hef ekki viljað lýsa yfir að ég væri samþykkur einum eða neinum kvóta en ég geri mér fyllilega grein fyrir því að stjórna þarf íslenskum fiskveiðum. En að lýsa því einfaldlega yfir að ég samþykki kvóta hvernig sem hann verður, það er út í bláinn. Þegar menn fóru að skoða þá yfirlýsingu sem kom frá Fiskifélaginu um að setja skyldi kvóta og deila í með afla þriggja síðustu ára o. s. frv. fóru þeir allt í einu að átta sig: Ja, ég var nú kannske ekki samþykkur þessum kvóta. Ég var samþykkur kvóta sem færði miklu meira í minn hlut. Þeir eru fleiri og fleiri sem gera sér grein fyrir að sá kvóti sem við erum að tala um núna verður illframkvæmanlegur, því miður, kannske má segja það.

En þessi kvóti hefði að mínu mati verið framkvæmanlegur hefði verið tekið öðruvísi á málum, hefði verið farið að ræða þessi mál fyrr, hefði t. d. í september verið sest niður og tekin ákvörðun um að á næsta ári skyldu menn fara út í kvótann. Og ég segi að engin rök eru fyrir því að það skyldi ekki hafa verið gert. Svarta skýrslan var alls ekki sá hnykkur sem þurfti að kalla á okkur til að við þyrftum að stjórna fiskveiðum á Íslandi. Það er af og frá.

Kvótanum til ágætis hafa menn líka sagt að vel hafi tekist að stjórna síld- og loðnuveiðum á Íslandi með kvóta. Það er alveg rétt. Ég ætla ekkert að bera á móti því þó að ýmsir annmarkar séu, sérstaklega í sambandi við síldveiðina, sem væri hægt að tala talsvert um. Ég ætla samt ekki að gera það hér. En ég get aðeins sýnt hv. dm. súlurit um það hvernig tekist hefur að landa síldinni og hvað mikil skipulagningin er í gegnum þennan kvóta gagnvart veiðum og vinnslu. En loðnan og síldin eru vitaskuld allt öðruvísi fisktegundir. Þetta er torfufiskur sem hægt er að ganga í nokkurn veginn örugglega á ákveðnum stöðum og fiskileitarskip okkar hafa yfirleitt getað bent flotanum á hvar hann væri að finna. Vinnslan er líka öðruvísi. Loðnunni er landað dálítið tækifærislega, þ. e. raunverulega út frá því hvar miðin eru. Aldrei hefur verið undan því kvartað og ekki skiptir mjög miklu máli hvar loðnunni er landað í sambandi við atvinnu nema kannske á fjórum, fimm stöðum á landinu.

Aftur á móti skiptir kvóti á bolfisktegundum raunverulega máli fyrir hvert einasta mannsbarn. Hægt væri að láta síldarkvótann skipta máli fyrir hvert einasta mannsbarn ef honum væri svolítið stjórnað en hann er ekki gerður þannig að almenningur á Íslandi njóti vinnu og arðs af síldinni sem skyldi.

Bent hefur verið á ágæti kvótans á ýmsan veg. Á móti því er sjálfsagt ekki hægt að bera. Talað er um að betri nýting verði á fjárfestingu í útgerð. Ég geri ráð fyrir að svo megi vera ef hugmyndir þeirra sem eru með kvótann fyrir sig og vilja láta færa saman kvóta á milli skipa ná allar fram að ganga. Annar hópur segir: Það er

ekki sá kvóti sem ég vil. Ég vil ekki láta færa neitt á milli skipa. Það má ekkert sameina á milli skipa. Ákveðin rök eru fyrir því að það sé hættulegt. Sú skipshöfn sem er kannske með tvöfaldan kvóta, fær kvóta frá öðru skipi, er með tvöfaldar tekjur. Hvers eiga hinar skipshafnirnar að gjalda sem hafa verið dæmdar til að vera með lítinn kvóta? Þessi rök eru því frekar vafasöm og léttvæg í þessari umræðu.

Talað er um að kvótinn skili okkur betri fiski. Ég sé engar líkur á því að svo verði fyrir árið í ár. M. a. vegna þess að sótt verður í þann stofn sem við höfum í sjónum núna af engu minni hörku en gert hefur verið á undanförnum árum. Sá fiskur sem við höfum í sjónum eða við gerum okkur áætlanir um að sé í sjónum er svo lítill að hver fiskimaður þarf að byrja í upphafi árs ef hann á að tryggja að hann haldi sínum kvóta og sínum hlut í veiðarfærum. Enginn fiskimaður vill koma með síðasta fiskinn að landi eða vera síðastur með sinn hluta. Af öllu afli verður gengið til veiða á íslenskum fiskimiðum í ár hvort sem verður kvóti eða ekki. Þar af leiðandi eru líkurnar fyrir því að slík breyting á veiðiaðferð breyti einhverju um gæði afla dottnar upp fyrir.

En þessu fylgir annað sem kannske er miklu alvarlegra. Kvóti sem er afmarkaður á ákveðið fiskmagn eykur þá hættu sem mikið hefur verið rædd bæði hér á hv. Alþingi og meðal sjómanna og alls almennings í landinu, þ. e. að meira og minna af þeim afla sem á skip fæst sé kastað í sjóinn aftur. Það ýtir undir að sjómaður sem hefur fengið lélegt hal, smáfiskshal, kasti því í sjóinn aftur vegna verðleysis þess, vegna þess hvað er lítið verðmæti fyrir þann fisk að hafa. Ef þær sögur eru sannar sem okkur hafa verið sagðar, að þetta hafi átt sér stað á undanförnum árum, hlýtur það að eiga sér stað í margföldum mæli ef kvóti kemst á.

Ekki nóg með að við hér sunnanlands höfum verið átalin fyrir að veiða lélegan fisk sem sjálfsagt hefur stundum verið satt í sambandi við netaveiðarnar. Allt í einu kemur upp hvati til sjómanna að láta nú þriggja og fjögurra nátta fiskinn detta út fyrir í staðinn fyrir að færa hann í land. Svo vont sem það hefur verið að setja þann fisk í skreið er hann verr kominn í hafið aftur. Þá þýðir það raunverulega að sá kvóti, það aflamark sem er búið að tilkynna okkur núna, 220 þús. tonn, er ekkert nema nafnið. Menn halda áfram að slást um að veiða miklu meiri afla en þetta. Það verða ekki aðeins 220 þús. tonn, það verða jafnvel 240—300 þús. tonn. Og ekki nema 220 þús. til lands. Þetta er ein stærsta hættan sem við erum að bjóða heim með því kvótafyrirkomulagi sem rætt hefur verið um.

Talað hefur verið um að við sem höfum gagnrýnt kvótann bendum á fáar leiðir. Það er alveg rétt. Því miður hefur ekki verið svigrúm til að ræða á breiðum grundvelli hvaða aðrar leiðir væri hægt að fara en kvótaleiðina. Aðalorsök þess að sú umræða hefur ekki komist af stað er hversu seint þetta mál er á ferðinni. Ef tekin hefði verið ákvörðun í september í haust um að stjórna fiskveiði hér á næsta ári með kvóta eða með ákveðnum reglum hefði málið legið allt öðruvísi fyrir. Ég hef heyrt tillögur frá bæði togara- og bátaskipstjórum um að sú leið sem við ættum að fara núna þegar mál standa eins og þau gera hjá okkur í dag, allt illa undirbúið og allt verið að gera á síðustu stundu, auðveldasta leiðin til að stjórna aflasókn á Íslandi næsta ár sé að takmarka veiðidagafjölda, að byrja á því að framlengja þorskveiðibannið fram í miðjan janúar eða kannske lok janúar og um leið á ákveðnum dögum eftir þetta að banna allar fiskveiðar á Íslandi ákveðinn tíma.

Jafnframt þessu mætti lengja löndunartíma fiskiskipa, þá sérstaklega togara. Takmarka mætti úthaldstíma báta líka og þegar er byrjað að gera það. Þegar er byrjað að takmarka veiði báta á netaveiðum til 15. febrúar. Það mætti færa þetta út í auknum mæli. Ef í ljós kæmi eftir vetrarvertíð að enn þyrfti að takmarka aflasókn mætti hreinlega fyrirskipa ákveðið sumarfrí á íslenskum fiskiskipum. Það þýddi að aðalókostir kvótans yrðu lagðir til hliðar en aftur á móti væri hægt að hafa stjórnun á sókn í aflann. Sá þáttur sem launþegar á Íslandi hafa fyrst og fremst bent á er að með kvóta verður yfirvofandi atvinnuleysi hjá okkur. Og ekki aðeins með kvóta heldur líka með stjórnleysi, segja þeir. Það er alveg rétt. Með því að stjórna ekki og með því að hafa vitlausan kvóta vofir yfir okkur atvinnuleysi næstum því hvenær sem er, í hvert skipti sem þetta eða hitt skipið er búið með kvótann sinn blasir við atvinnuleysi í byggðinni.

Með því móti að fara að þeirri hugmynd sem ég hef nefnt hér er sem sagt hægt að skipuleggja þann tíma sem fólk þarf að leggja niður vinnu. Og það er ekki of mikil tilætlun að þetta fólk yrði þá tryggt með beinum launum annaðhvort á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs eða í gegnum eitthvert kerfi sem upp væri komið. (Gripið fram í.) Ég tók líka vetrartímann. Ég tók hugmynd Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að byrja einmitt núna, 20. des., og halda fram eftir janúarmánuði. Þetta má svo útfæra á ýmsan veg.

Hæstv. ráðh. nefndi að þróaðar hefðu verið samráðsleiðir við hagsmunaaðila. Ég skal ekki bera á móti því að miðað við sjónarmið rn. séu þessar leiðir vel þróaðar, en ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst þær ansi einkennilega þróaðar. Ég nefndi áðan að svo virðist sem ráðh. hafi tekið mjög mikið mark á tillögum Fiskiþings. Langt er frá því að ég geri lítið úr Fiskiþingi en það er ekki betur byggt upp en ég nefndi, að af öllu Vesturlandi er einn fulltrúi, ágætur maður. En til að taka stórákvörðun í slíku máli sem þessu finnst mér Fiskiþing frekar veigalítil stofnun til að leggja raunverulega fullnaðarákvörðun í hendur ráðh.

Þegar við erum að tala um Fiskifélagið, LÍÚ, Sjómannasambandið, Farmannasambandið, SH, SÍS, SÍF og Skreiðarsamlagið erum við oftast að tala um framkvæmdastjóra, stjórnarformann eða eitthvað þess háttar. Þegar við í sjútvn. Ed. eða í sameiginlegum sjútvn. fórum að spyrja þá höfðingja sem komu til okkar um umboð þeirra, hvernig þeir hefðu rætt þessi mál í sínum stjórnum, kom fram að LÍÚ hafði rætt þetta mál, ekki gert samþykkt um það á sínum fundi eins og okkur er öllum kunnugt um, en hafði til þess nefnd sem tók ákvörðun. Aðrar stofnanir sem þarna komu höfðu lítið eða ekkert rætt þetta mál enda höfðu þær ekki aðstöðu til þess vegna þess að ekkert hafði verið lagt fyrir þær og þær vissu ekkert um að þetta stæði til. Samráð við slíkar stofnanir og ágæta menn eru náttúrlega ekki nein félagsleg samráð. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef þessir menn hefðu ákvörðunartektarvald með ráðh. mundu þeir hafa öðruvísi samráð við sín félög en þeir virðast hafa haft í sambandi við þetta mál núna. Það liggur alveg í augum uppi.

Hér hafa verið nefndir samráðsaðilar. En í sambandi

við þetta mál er mín skoðun sú að sveitarstjórnirnar séu kannske einna mikilvægustu samráðsaðilarnir sem þyrfti að ræða við þegar út í slíka hluti er farið eins og hér er verið að leggja til. Það hefur ekki verið gert. En það var gert og hefur verið gert, eins og ég sagði áður í ræðu minni, þegar um svipuð mál og þessi hefur verið að ræða. Þá hafa fulltrúar rn. og ráðherrar sjálfir komið út og rætt á opnum almennum fundum um þessi mál. Þegar verið var að ákveða hólfin í fiskveiðilandhelginni var það gert á þann veg. Það á ekki að búa til þá grýlu að þetta mál sé einhvern veginn miklu erfiðara til umræðu en það mál, að ekki sé hægt að ræða það á slíkum vettvangi sem þá var gert. Það er af og frá.

Lítið hefur verið rætt um mesta vandamál íslenskrar útgerðar í dag, það hefur varla komið inn í þessa umr. Það er rekstrargrundvöllurinn, það er rekstrargrundvallarræfillinn. Hann þarf kannske ekki þegar á verður kominn kvóti. Kannske þarf ekki að hafa neinn rekstrargrundvöll fyrir bát sem hefur verið skammtaður 200 tonna kvóti. Ég veit ekki hvernig á að finna rekstrargrundvöll fyrir slíkt skip. Ég er alveg undrandi á að þessir síðustu dagar Alþingis skuli ekki vera að einhverju leyti notaðir til að láta Alþingi heyra eitthvað um hvað hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. ætlast fyrir í sambandi við rekstrargrundvöll flotans. Það er ekki nefnt á nafn. Það eina sem hefur verið upplýst reglulega í sambandi við þau mál er skuldalistinn sem var birtur. Það er það eina. Ekkert hefur verið tekið á þeim vandamálum hvernig um áramót á að koma íslenskum fiskiskipaflota af stað. Ekkert hefur verið talað um fjármagnskostnaðinn, ekkert nema að auglýsa í blöðum hvernig ákveðinn hluti flotans er kominn. Ég sé ekki að þessi kvóti leysi í einu eða neinu þann þátt málsins sem ég tel að sé engu síður mikilsverður en skipulagning veiðanna og ætti vitaskuld að vera samhliða þeirri umræðu og þeirri ákvörðunartekt sem þar á sér stað. Fyrir hvorugu er nokkur grundvöllur. Það er enginn grundvöllur fyrir kvóta, það er enginn rekstrargrundvöllur ef við höfum ekki almennilega skipulagningu á veiðunum.

Hæstv. fjmrh. er nú hér staddur en ekki er langt síðan hann var í þessum ræðustól og lýsti því yfir að vandamál útgerðar skyldu leyst með einu pennastriki. (**EgJ:** Þetta er nú ekki alveg rétt eftir haft.) Hv. þm. Egill Jónsson segir að ég hafi kannske sagt hér heldur mikið. Ég skal alveg strax taka það til athugunar og segja að vandamálin skyldu leyst með pennastriki. Og kannske er pennastrikið komið. Kannske er pennastrik Sjálfstfl. komið í íslenskri útgerð með því að afhenda rn. meginhluta af völdum og sjálfstjórn þessarar atvinnugreinar. Það hélt ég að ætti nú ekki eftir að verða hlutskipi Alberts, hæstv. fjmrh., að útfæra sitt pennastrik á þann máta. En með stuðningi og framgangi þessa máls er vitaskuld verið að útfæra það á þann veg. Það er ekkert pennastrik í sambandi við íslenska útgerð á hv. Alþingi annað en þetta. En þetta er ansi stórt pennastrik. Einnig finnst mér þetta fara svolítið einkennilega á skjön við skoðanir hv. 4. þm. Norðurl. v. í sambandi við frelsi, frelsi við uppbyggingu sláturhúsa o. þ. h. Ég er hræddur um að þeir þyrftu að vera ansi margir þorskarnir sem þyrfti að leiða úr Framsóknarfrystihúsum, taka í sporðinn á, ef hann ætlaði að fara svipaða leið og hann fór með hrútinn. Lítið verður nú úr frelsistali þeirra höfðingja ef allt á að snúast á þann veg að allt eigi þetta að fara undir kapítal Framsóknar.

Virðulegi forseti. Ég vil enn á ný taka undir þau orð hæstv. sjútvrh. að nýta þurfi auðlindir okkar fiskimiða af mikilli varúð og þar þurfi ákveðinnar skipulagningar við. En sú skipulagning þarf að vera í höndum allrar þjóðarinnar fyrst og fremst, hún þarf að vera ákveðin í samstöðu meðal allrar þjóðarinnar. Skipulagning sem verður fyrst og fremst með marki boða og banna gengur aldrei upp. Ef taka á raunverulegt athafnafrelsi af hinum duglegu og framtakssömu sjómönnum okkar með einhverjum mjög flóknum kvótareglum sem ég hef nú ekki farið út í að skilgreina til hlítar enda hægt að halda langt mál um, held ég að sé mjög illa farið.

Ef skipstjórinn sem núna á væntanlega að taka við Viðey Reykjavíkur en áður fiskaði á Snorra Sturlusyni 5 þús. tonn og hefur nú ætlað sér að taka annað skip og lyfta því upp og fara með skipshöfn sína þangað yfir, ef það yrði 2 þús. tonna kvóti eða eitthvað svoleiðis, ef á að lítillækka íslenskan dugnað á þann máta held ég að sé rangt að farið.

Ef skipshöfnin sem hv. þm. Árni Johnsen nefndi áðan á Friðriki Sigurðssyni í Þorlákshöfn á að hirða kvóta einhvers gamals skips þar en horfa á eftir sínum aflakvóta og dugnaði norður fyrir land — reyndar til ágætis dugnaðarmanna þar sem eiga fulla heimtingu á að fá góðan kvóta — en ef þannig á að að fara held ég að þessi leið dæmi sig dauða. Hún dæmir sig dauða vegna þess að í þessu frv. er fyrst og fremst valdahroki og tilraun til valdaátaka í þjóðfélaginu. Verið er að búa til vald sem á að ganga yfir allar eðlilegar reglur án þess að til þess valds og til þess að taka það vald séu kallaðir þeir aðilar sem eru jafnsjálfsagðir og hagsmunasamtök þeirra aðila sem þessi mál bitna á.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það eru 8 á mælendaskrá og ég hafði hugsað mér að halda áfram fundi a. m. k. til kl. 1 til 1.30. Ekki veit ég hvort okkur tekst að ljúka þessari umr. fyrir þann tíma og koma málinu til nefndar, en ef það tekst ekki, sem reyndar er nokkurn veginn víst að verður, verðum við að halda áfram í kvöld og þá í nótt eftir því sem tilefni gefast til, en erfitt er að segja til um hvenær hægt verður að halda deildafundi í dag vegna fundar í Sþ. og jafnvel þingflokksfunda. En ég vil biðja menn að vera undir það búna að hér verði fundir í dag, kvöld og nótt, eftir því sem tilefni gefast til. (**Gripið fram í:** Á morgun kannske líka?) Ja, þess vegna, en nú erum við aðeins að tala um daginn í dag.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. gat þess í upphafi ræðu sinnar áðan að ekki hefði verið leitað eftir því að fá þessari umr. frestað af minni hálfu. Það er rétt. Á óformlegum fundi sem sjútvn. hélt kl. 9 í morgun kom til umr. hvort slíkt væri mögulegt. Ég gat þess þar að ég teldi það óeðlilegt þar sem málið væri ekki komið til n. formlega enn þá. Þó að við höfum verið að fjalla um þetta óformlega, má segja, því að allir vita hvað hefur verið á spýtunni undanfarna daga fór ég ekki fram á þessa frestun. Ég vil að það komi hér skýrt fram enda fannst mér hv. 4. þm. Vesturl. hafa nóg að segja við þessa 1. umr. En ég tek það skýrt fram að þó að þessari umr. sé frestað legg ég höfuðáherslu á það sem nefndarformaður að við getum náð samstöðu í nefnd-

inni um afgreiðslu þessa máls þó að þar séu skiptar skoðanir. Á það skulum við láta reyna nú að lokinni 1. umr.

Aðeins ein aths. við ræðu hv. þm. þegar hann talaði um fulltrúa á Fiskiþingi. Rétt er að þar átti Vesturland tvo fulltrúa en ekki fjóra. Deildin á Akranesi var nefnilega endurvakin s. l. vetur og það var fulltrúi þaðan og einnig úr Grundarfirði svo að þeir voru tveir af Vesturlandi þannig að það komi fram sem réttara reynist. Þannig voru þessir fulltrúar kjörnir.

Fyrst ég er hingað kominn verð ég að fara nokkrum orðum um það frv. sem hér er til umr. Mikið er rætt í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmál almennt síðustu vikur og er það vel. En umr. þessi hefur ekki stafað almennt af sérstökum áhuga fyrir atvinnugreininni, heldur því að hjá þessum atvinnuvegi eru komin upp slík vandamál að atvinnugreinin riðar og þjóðfélagið er að byrja að gera sér ljóst að þangað verður ekki sóttur sá ómældi auður sem verið hefur undirstaða þeirrar velmegunar sem hefur einkennt þetta þjóðfélag undanfarin ár. Nú er svo komið að sú náma sem sótt hefur verið í og lengi hefur verið talið að væri óþrjótandi er að láta undan. Þeir fiskistofnar sem við höfum gengið í meira af kappi en forsjá eru komnir í verulega hættu. Við verðum því að nema staðar og hugsa okkar ráð. Þetta er að mínu áliti meginástæðan fyrir því að þetta frv. er fram komið. Um þetta held ég að flestir séu sammála. En þá kemur vandinn. Hvernig skal framkvæma þá stjórnun sem upp verður að taka? Hvernig er slíkt framkvæmanlegt svo það valdi sem minnstri röskun frá hinu þekkta? Hvernig verður þessi samdráttur framkvæmdur á veiðunum þannig að hann komi sem jafnast niður á skip og byggðarlög og þar af leiðandi á atvinnu fólks sem við sjávarútveg vinnur? Þannig er spurt og er það mjög eðlilegt.

Frv. það sem hér er til umr. boðar ekki stórfelldar breytingar — það vil ég undirstrika — á veiðiheimildum í fiskveiðilögsögunni þó að þær séu nokkrar. Aðalbreytingin er sú að lögfesta yfirstjórnun veiðanna í hendur sjútvrh. eins og fram kemur í 1. gr. frv. Margir draga mjög í efa að rétt sé að löggjafinn veiti einum manni svo mikið vald í stórmáli sem þessu og kom það greinilega fram hér í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. áðan. En við skulum líta nokkru nánar á málið.

Um árarаðir hefur tíðkast að sjútvrh. hafi leyfi til þess lögum samkvæmt að hafa uppi verulega stjórnun fiskveiða í fiskveiðilögsögunni. Ef við lítum á lög nr. 81 frá 31. maí 1976 ásamt breyt. á þeim lögum nr. 42 frá 13. maí 1977 getum við glögglega séð þess dæmi. Skal ég benda þar á nokkur, með leyfi hæstv. forseta.

Í 5. gr. áðurnefndra laga segir t. d.:

„Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra og takmarka þannig veiðiheimildir þær sem veittar eru í lögum þessum með því að banna notkun ákveðinna gerða af veiðarfærum á tilteknum veiðisvæðum í takmarkaðan tíma.“

Í 10. gr. sömu laga segir:

„Þegar rökstutt álit Hafrannsóknastofnunar liggur fyrir um það að einstakir fiskstofnar séu hættulega ofveiddir og viðkoma þeirra séu í yfirvofandi hættu getur ráðh. í samráði við hana og að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands sett reglur um hámark þess afla sem veiða má af hverri fisktegund á tilteknu tímabili, vertíð eða heilu ári.“

Hvað felur þessi grein í sér? Hún ákveður nánast fullt vald til sjútvrh. um algera stjórnun þessara fiskveiða. Eins og þorskstofninum er komið t. d. núna hefur hann í hendi sér skv. lögum sem eru fyrir hendi heimild til algerrar stjórnunar.

Í 12. gr. sömu laga segir:

„Ráðherra setur reglur um hvað eina sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fiskitegunda sem landa má.“

Þetta skulum við allt gera okkur ljóst þegar við fjöllum um þessi lög. Hvað er þegar fyrir hendi og hverju eigum við að breyta?

Í 14. gr. segir:

„Veiðar á rækju, humri, síld, loðnu, spærlingi og kolmunna í botnvörpu og flotvörpu skulu háðar sérstökum eða almennum leyfum ráðh. Ráðh. getur bundið leyfi þessi eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja. Ráðh. getur einnig ákveðið í reglugerð að aðrar veiðar á tiltekin veiðarfæri skuli háðar sérstökum eða almennum leyfum.“

Með því að vitna í þessar áðurnefndu greinar núgildandi laga vil ég aðeins vekja athygli á því mikla valdi sem — (Gripið fram í.) — Ég er að vekja athygli á því hvað stendur í þeim lögum sem við höfum í dag. Ég er að vekja athygli á því mikla valdi sem hv. Alþingi veitti sjútvrh. með lögunum frá 1976. Frá því að þessi lög voru sett eru, að mig minnir, búnir að sitja a. m. k. þrír sjútvrh. Auðvitað deila menn alltaf um hvernig farið skuli með lög og reglur sem á að framkvæma, en ég hef ekki heyrt neina alvarlega ásökun á þessa menn fyrir að þeir hafi haft þar uppi afleita stjórn á þeim málum. Þó að ég sé ekki flokksmaður hæstv. núv. sjútvrh. vil ég aðeins undirstrika að ég tel enga ástæðu til að halda að hann beiti þessum lögum verr en þeir aðrir ráðherrar sem á undan hafa setið og eru, að ég held, úr þremur flokkum, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Við skulum gæta að þessu þegar við erum að deila á það mikla vald sem ráðh. er hugsanlega fengið í hendur með þessum breytingum á lögunum. Þetta hefur verið fyrir hendi og ég tel mjög vafasaman áróður að halda því fram að sá sem situr í ráðherrastóli núna eða ráðherrar yfirleitt í framtíðinni verði mun hættulegri en þeir sem setið hafa í þessum stólum áður.

Eftir að hin „svarta skýrsla“ kom í haust er sest á rökstóla og farið að reyna að leita ýmissa ráða til að stjórna veiðunum. Þetta vitum við öll. Ég stytti mál mitt í það að mótmæli hafa verið höfð uppi síðan ég man fyrst eftir mér á LÍÚ-þingum um að taka alls ekki kvóta. Ég get sagt ykkur eins og er að mér brá í brún þegar ég heyrði núna eftir þingið á Akureyri að þeir samþykkja þar að meiri hluta að unnið verði að því að taka upp kvótaskiptingu á veiðum. Mælirinn heldur áfram og fyllist á Fiskiþingi. Þar virðist nást nokkurn veginn samstaða. Ég er ekki að gera lítið úr þeim fulltrúum sem þar eru þó að þeir tali ekki fyrir hvern einstakan aðila í hverjum hagsmunasamtökum. Þar kemur líka fram áskorun um að taka upp kvótaskiptingu, það eru 3 atkv. á móti, og þær reglur sem eru á fskj. með þessu frv. eru að stærstum hluta byggðar á þeirra óskum að því er virðist vera. Þetta skulum við gera okkur ljóst.

Við höfum staðið saman í sjávarútvegsnefndunum

um að kalla saman fólk og aðila og ég vil taka fullt mark á þessum mönnum. Við kölluðum saman fulltrúa frá LÍÚ. Þeir voru sammála um að taka þetta upp. Komið hefur bréf til okkar, mótmælabréf frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda. Þeir eru á móti kvótaskiptingu. Þeir voru einnig kallaðir til nefndanna til að skýra sín mál. Við kölluðum saman ASÍ-fólk eða fulltrúa þaðan og við kölluðum saman Sjómannasambandið og alla þessa aðila og ég held að nm. geti verið mér sammála um að allir þessir aðilar fundu ýmsa vankanta og neyðarúrræði við kvótakerfið. En enginn þeirra mælti á móti því að undanskildum fulltrúanum frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Þórarni Helgasyni. Hinir sögðu: Við verðum að taka upp einhvers konar stjórnun. Og það kom ekki fram hjá neinum hvað væri betra en það sem í loftinu lægi.

Við stöndum kannske í svipuðum sporum hér á Alþingi að vissu leyti. Það sem við skulum gera okkur grein fyrir og það sem mér finnst að sé harðast leitað eftir í þessari umr. og eftir því sem ég gat fylgst með í Nd. er óttinn um það hvernig þetta kemur niður á einstök skip og einstök byggðarlög. Hvernig fer minn maður? Hvernig fer mitt pláss út úr þessu? Það er sá ótti sem ríkir mest hjá mönnum. (**EgJ:** Sérhvert pláss.) Sérhvert pláss, segir þar, sem er með útgerð. Óttinn hjá þm. sem öðrum sem um þetta hafa fjallað er þessi: Hvernig fer minn staður út úr málinu atvinnulega séð og á ýmsan annan hátt?

Ráðh. er þegar með ráðgjafarnefnd í þessu máli. Hún er komin inn í lögin í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis og hagsmunaaðila sem eru þar nefndir í grg. Ég trúi ekki að við fáum öllu betra form á það mál en þarna sé unnið í þessum nefndum. Ég trúi því ekki á neinn ráðh. að hann gangi í algert berhögg við álit þessara aðila sem um málið fjalla og gangi til stjórnunar gegn sterkum mótmælum frá aðilum sem þarna eru til nefndir.

Frsm. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Athyglisvert er að þessa dagana ganga útgerðarmenn, stjórnmálamenn og alls konar menn um eins og frelsaðir væru. Þessi frelsun er svo yfirgengileg að helst mætti hugsa sér að slík frelsun hafi ekki átt sér stað frá kristnitöku í landinu. Þessir menn staglast sýknt og heilagt á kvóta og aftur kvóta. Kvótinn á að leysa öll hugsanleg mál. Kvóti á nú að veita allsherjar syndaaflausn, bæta upp misgerðir liðinna ára.

Það hefur verið deilt mikið um þennan kvóta og ekki að ófyrirsynju. Menn eru tortryggnir á hvernig framkvæmdin verður. Menn vita ekki hvað er fram undan. Ég hygg að það séu mikil mistök ef ekki verður leitast við í þessari deild að ná samkomulagi um hvernig menn vilja hafa þessa hluti. Ég hygg að ótrúlega skammt sé á milli manna í þessum efnum og ég skora á stjórnarsinna að beita sér fyrir því að ná allsherjar samkomulagi um þessi atriði.

Það er rétt að víðtækar heimildir eru uppi um stjórnun fiskveiða, en þó skortir á að hægt sé að binda fiskveiðarnar við ráðstjórn sem hugsað er að gera nú. Við höfum notað kvótakerfi eða skipulagningu á humarveiðum, rækju o. fl. en ekki varðandi þær tegundir sem menn hafa hvað mest fiskað hér við land og þótt hefur eðlilegt að ganga í eins og sjórinn væri ótæmandi. Þær svörtu skýrslur sem hafa birst á undanförnum árum segja okkur náttúrlega að sjórinn er ekki ótæmandi auðlind og við þurfum að gæta að okkur í þessum efnum. En ég vek athygli á að þær skýrslur sem hafa verið að berast hafa verið hver annarri svartari og menn hafa tekið misjafnlega mikið mark á þeim. Nú allt í einu á að nota þessa skýrslu sem fyrir liggur og menn eru hræddir sýknt og heilagt með því að allt sé að fara til fjandans. Ég leyfi mér að efast um að ástandið verði svo slæmt sem spáð er í þeim skýrslum sem nú hafa komið fram. Ég er sannfærður um að á þessum degi á næsta ári verði menn ekki búnir að veiða 220 þús. tonn. Ég er sannfærður um að það verði nær 260 þús. tonnum.

Víst er það frv. sem við erum hér að ræða um veigamesta mál sem Alþingi hefur fjallað um undanfarin ár og sá tími sem við höfum haft til að ræða þessi mál er allt of takmarkaður. Ég tel að undirbúningur málsins hefði mátt vera öðruvísi. Vitnað hefur verið í það að fyrr á árum, þegar menn þurftu að koma sér saman um svo veigamikið mál, hafi verið öðruvísi að því staðið. Má vera að mönnum hafi brugðið svo við þá skýrslu sem nú kom fram að menn hafi ekki farið í þann farveg, en ég tel það mjög miður að þess skyldi ekki freistað að taka upp meira samráð, meiri umræðu í þjóðfélaginu um þær breytingar sem gera á en gert hefur verið.

Vissulega eru til margar aðrar leiðir sem fara mætti en kvóti. Ég er ekki viss um að þær séu betri. Ég er viss um að kvóti kemur. Og ég verð að játa að kvótaskipting hlýtur að koma sem tilraun. En það sem ræður mikið afstöðu minni er tortryggni um það hvernig með verður farið. Hún gerir það að verkum að ég á mjög erfitt með að samþykkja þessa leið. T. d. má lengja löndunarfrí togaranna. Stöðva mætti veiðar lengur en gert er nú og það mætti koma til móts við fiskverkunarfólkið á þann hátt að greiða úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og reyndar til sjómanna líka til að bæta upp það tekjutap sem þar verður því að vissulega erum við að fjalla um sameiginlegt vandamál. Við verðum að leysa það sameiginlega hvernig sem það verður gert.

Í umræðum um kvóta koma margar spurningar upp og ég geri mér grein fyrir því að ekki er hægt að svara þeim nú. En spurt hefur verið: Hvernig fer með kvótaskip sem hefur legið í reiðileysi af óhjákvæmilegum orsökum en er síðan standsett? Hvað verður úr þeim kvóta? Hvað verður um þann kvóta skips sem er seldur úr byggðarlagi? Á kvótinn að fylgja skipinu eða á kvótinn að verða eftir í byggðarlaginu? Þetta hlýtur vissulega að koma til ákvörðunar hverju sinni en ekki vitum við hvernig með verður farið.

Mikið er rætt um það þessa dagana að auka þurfi gæði fisksins. Ég er því mjög sammála að það verður að gera því að við getum bætt okkur upp það verðmætatap sem verður hugsanlega með minni afla með því að gera fiskinn verðmeiri. Ég tel að þáttur í að gera aflann verðmeiri sé m. a. að stýra því á hvaða veiðar menn fara. Ég leyfi mér að halda því fram að skynsamlegt sé að línuveiðar verði utan kvóta. Bæði er að línuveiðar skapa ótrúlega mikla atvinnu í landi og líka að fiskur sem veiddur er á línu er mun verðmætari en sá fiskur sem berst að landi fyrir tilstuðlan annarra veiðarfæra.

Í 2. gr. frv. segir svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilar skv. sérstökum leyfum ráðh. Ráðh. getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.“

Fyrir nokkrum árum fór fram mikil umræða um dragnótaveiðar. Þessar veiðar voru bannaðar í Faxaflóa. Niðurstaðan varð sú að opna fyrir dragnótaveiðum á ný. Voru þær bundnar ströngum skilyrðum og leyfum úthlutað til vinnslustöðva. Ég studdi þessa breytingu og tel að hún hafi verið mjög skynsamleg. Frá því að veiðarnar voru leyfðar hefur þessi veiðiskapur gengið mjög vel og á síðasta sumri veittu þessar veiðar hátt í 200 manns atvinnu.

Ég skil grein þessa frv. á þann hátt að nú sé fyrirhugað að auka dragnótaveiðar í Faxaflóa. Fiskifræðingar hafa lengi bent á að á því svæði væri vannýttur koli sem sjálfsagt væri að veiða. Í þeim upplýsingum sem ráðh. dreifði fyrir nokkru kemur einmitt fram að áætlað er að veiða 17 þús. tonn á næsta ári sem er margfalt meira en var á þessu ári.

Ég legg áherslu á að þrátt fyrir aukningu veiða verði þess gætt að reglum verði fylgt en ýmsu má breyta og ýmislegt lagfæra. T. d. er bannað að koma með meira en 15% af bolfiski vikulega. Ástæðulaust er að binda þessa reglu við vikuna eina. Miklu fremur væri rétt að binda hana við mánuð. Þá tel ég ástæðu til að rýmka um leyfisveitingar á þann hátt að þær verði ekki eingöngu bundnar við vinnslustöðvar, heldur geti útgerðir eða bátar einnig átt þess kost að fá leyfi, því að komið hefur fram að þeir sem fiskað hafa fyrir þessar vinnslustöðvar hafa ekki fengið greiðslur á tilsettum tíma.

Þegar rætt er um kvóta má velta því fyrir sér hvort ástæða er til að taka tillit til rekstrarkostnaðar útgerðar, hvernig hún er rekin. Líka er spurning hvort ekki er ástæða til að hugað verði að því hverjir eru með bátana, hvort það eru fiskifælur eða ekki. Í áliti Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda kemur fram að þeir eru mjög uggandi vegna þessa kvóta og leggja áherslu á að óréttlátt sé að binda kvótann eingöngu við það sem fiskað er á undanförnum árum, taka verði tillit til margra annarra atriða. Í þeim efnum er ég þeim sammála. Ég skil ekki af hverju talan þrjú ár er notuð sem viðmiðun. Ég tel að hyggilegra sé að hafa þetta fleiri ár. Ég frétti áðan að þetta er sama fyrirkomulag og notað er í landbúnaðinum. Þegar þeir fóru að takmarka við sig völdu þeir þrjú ár. Kannske er þetta komið þaðan, ég veit það ekki, en ég furða mig á því af hverju þessi þrjú ár eru endilega tilgreind og spyr sjútvrh. hvort nokkuð mæli á móti því að t. d. sé miðað við fjögur ár og árinu sleppt sem nú er að líða.

Í umræðum um þetta mál hefur nær eingöngu verið talað um hagsmuni útgerðarinnar en lítið vikið að öðrum þætti. Á ég þá við vinnsluna. Fólkið sem vinnur aflann er að sjálfsögðu afar háð því hvernig til tekst með skipulagningu veiðanna. Nú er svo komið að hundruð manna ganga atvinnulaus víða um land. Einkum er þetta fiskverkunarfólk sem því miður hefur séð vofu atvinnuleysisins ár eftir ár á þessum árstíma. Á sama tíma sigla togarar með aflann og á sama tíma er stundaður stórfelldur útflutningur á ferskum fiski með flugvélum, útflutningur sem vart er talinn borga sig. Ástæða er til að íhuga hvort ekki er rétt að banna þennan útflutning eða takmarka hann mjög og takmarka verulega siglingar skipa á erlendan markað. Ég tel nauðsynlegt og reyndar sjálfsagt að fulltrúar fiskvinnslufólks fái að fylgjast með mótun fiskveiðistefnunnar og hafa áhrif á hvert stefnt er. Á fundum hjá Verkamannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands hafa þessi mál mikið verið rædd og er einróma álit fólks á þeim vettvangi að samráð sé nauðsynlegt í öllu þessu máli. Auðlindirnar í sjónum eigum við öll og hver einasti hlekkur þessarar atvinnugreinar er nauðsynlegur, jafnt útgerðarmenn, sjómenn og verkafólk í landi.

„Hvað er hraðfrystihús?“ spyr Úa Umba í Kristnihaldi undir Jökli. Og Umbi svarar: „Það eru íslensk fyrirtæki. Spaugararnir reisa þau fyrir styrk frá ríkinu, síðan fá þeir styrk af ríkinu til að reka þau, þvínæst láta þeir ríkið borga allar skuldir en verða seinast gjaldþrota og láta ríkið bera gjaldþrotið. Ef svo slysalega vill til að einhverntíma kemur eyrir í kassann þá fara þessir grínistar út að skemmta sér.“

Ekki ætla ég að halda því fram að Umbi sé sannorður í þessu tilviki en ég hygg að margur verkamaðurinn og verkakonan hugsi á þennan veg þegar þetta fólk stendur frammi fyrir því að frystihúsum er lokað af alls konar tilefnum, alls konar ástæðum. Eftir situr fólk atvinnulaust og heimili tekjulaus.

Ég hygg að Umbi fari ótrúlega nálægt sannleikanum í þessum efnum. Ég tel að það sé hlutverk ríkisstj. og alþm. að tryggja fólki samfellda atvinnu, tryggja rekstur frystihúsanna, ákveða fiskveiðistefnu sem tryggir rekstur þessara fyrirtækja. Ég óttast að verði ekki haldið fimlega á stjórnun fiskveiða komi það afar illa niður á mörgum byggðarlögum, sjávarplássum sem nú síðustu árin hafa búið við þær breytingar að þorskafli hefur sífellt minnkað en karfaafli og afli annarra fisktegunda aukist eitthvað. Dæmi eru um landssvæði sem eru sérlega illa stödd í þessum efnum. Þetta landssvæði er ég þekki til þarf skv. hugmyndum frv. að una við óbreytt ástand burtséð frá því hvort fiskigengd eykst þar eða ekki.

Til að vega upp á móti minnkandi afla er alls ekki nóg að koma á ráðstjórn eða skömmtunarkerfi á veiðar. Það verður jafnhliða að skipuleggja vinnsluna, halda uppi fullri atvinnu og auka verðmæti afla. Verkafólk í landi er líka fólk og um það verður að hugsa á annan hátt en nú hefur verið gert. Atvinnu fólks má ekki setja í kvóta því það er ekki nauðsyn og ekki eðlilegt.

Eins og ég sagði áðan er ég ekki í vafa um að kvóti verður tekinn upp. En þegar hann verður tekinn upp verður að huga að mörgu og valdsmenn verða að gæta sín svo að þessi kvótaaflausn skapi ekki allsherjar ringulreið, svo að mistök og geðþóttaákvarðanir skrifborðsstjórnenda verði ekki öllum útveginum til mikils tjóns. Gæðamál eru mönnum hugleikin í þessu sambandi. Þau mál geta líka skipt sköpum um afkomu þjóðarbúsins og forðað því að minnkandi afli kollkeyri afkomu þess, heimilanna í landinu, útgerðarinnar og fiskvinnslunnar. Við Íslendingar höfum til þessa stært okkur af því að standa betur að vígi en samkeppnisþjóðir okkar í þessum efnum. Hins vegar vita allir sem til þekkja að margfalt betur má gera því gæðamálum okkar er mjög áfátt.

Nú þegar líklegt er að afli verði eitthvað minni en áður verðum við að átta okkur á ástandi þessara mála. Gera verður þjóðarátak í gæðamálum og meðferð fisks. Með slíku þjóðarátaki er hægt að framleiða verðmeiri vöru og skapa meiri þjóðarauð. Ég fullyrði að við Íslendingar getum bætt aflaminnkunina upp og miklu meira en það verði skynsamlega á gæðamálum haldið.

Þegar þessi mál eru rædd fer umræðan oft á víð og dreif og hver kennir öðrum um. Fiskvinnslan kennir

útgerðinni um, sjómennirnir fiskvinnslufólkinu og fiskvinnslufólkið sjómönnunum. Vafalaust á hver sinn skammt í þessum efnum. Ekki er aðalatriði hver sökudólgurinn er, heldur hvernig betur verði gert. Ég hygg að helsta orsökin sé stundargræðgi og óstjórn sem bæta má úr, ekki aðeins með kvóta heldur á margan annan hátt.

Í þessu sambandi kemur í hug dæmi sem mér varð mjög hverft við á sínum tíma. Það var á vinnustaðafundi sem Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur hélt fyrir skömmu. Á þessum vinnustaðafundi útskýrði ég lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að öryggistrúnaðarmaður hafi vald til að stöðva vinnu sé öryggi starfsfólks hætta búin. Á fundinum var lögunum fagnað og einkum því hve vald öryggistrúnaðarmanna er ótvírætt. Í lok fundarins komu nokkrar konur til mín og spurðu mig þar sem yfirmenn og stjórar heyrðu ekki til: Heyrðu, hvernig er það, má öryggistrúnaðarmaður stöðva vinnu þegar hráefnið sem við erum að vinna er svo illa lyktandi og ógeðslegt að maður hefst varla við? Ég varð að játa að til þess hefði öryggistrúnaðarmaður ekki vald.

Ég veit líka dæmi þess að háseti eða hásetar á togurum hafi verið reknir fyrir að átelja meðferð fisks og þá einkum smáfiskadráp. Smáfiskadráp tala menn oft um en lítið er að gert. Ég hygg að smáfiskadráp viðgangist mun meir en menn vilja viðurkenna opinberlega. Taka þarf þau mál sérstökum tökum. Verknaður af slíku tagi er eitthvað það alvarlegasta sem við stöndum frammi fyrir nú um þessar mundir. Það eftirlitskerfi sem nú tíðkast er ónýtt. Það sanna ummæli skipstjórnarmanna og annarra sjómanna.

Ég óttast að kvótakerfið muni hafa í för með sér stóraukna hættu á smáfiskadrápi. Ekki er vafi á þegar menn hafa fengið úthlutað ákveðnum kvóta, heimild til að veiða ákveðið magn, að smáfiskur verði mönnum þyrnir í augum sökum þess að ekkert fæst fyrir hann. Hætta er á að þá taki menn til bragðs að henda slíkum fiski fyrir borð, velja það verðmætasta, kasta hinu. Ég tel að nú þurfi að stórauka eftirlit með smáfiskadrápi. Ég tel að núverandi kerfi sé gersamlega ónýtt. Það þarf að verja fjármunum til aukins eftirlits. Þeir fjármunir munu skila sér aftur og margfalt það.

Uppi eru margar skoðanir á því hvernig tryggja mætti betra eftirlit. Heyrt hef ég þá skoðun að sérstakir trúnaðarmenn verði skipaðir um borð í hvern fiskibát. Tel ég þá hugmynd ófæra því að ekki gengur að hafa tvo skipstjóra á hverjum bát. Það fyrirkomulag mundi einfaldlega ekki virka því að þeir sem slíkur trúnaður yrði falinn ættu afar óhægt með að gegna sínu hlutverki. Ég tel heppilegast að rn. leigi þrjá til fjóra 100—150 lesta fiskibáta til eftirlits. Áreiðanlegt er að þeir sem hvað minnsta kvóta fá eru fegnir að losna við skip sín til slíkra verkefna. Það er og ástæðulaust að hafa borðalagða menn og skrautmáluð skip til eftirlitsstarfa. Áreiðanlega verður mestur árangur af því að hafa í þessu venjuleg fiskiskip án sérstakra auðkenna. Þeir sem staðnir eru að verki við smáfiskadráp verði síðan sviptir sínum kvóta. Hér er svo mikið í húfi að ekki má sýna neina linkind.

Við fyrstu gerð frv. sem okkur sjútvn.- mönnum var sýnd var gert ráð fyrir að flotvarpa yrði bönnuð. Ég spyr: Hvers vegna var það ákvæði fellt úr frv.? (Gripið fram í.) Ég vil nú ekki meta veiðarfæri á trúfræðilegum grundvelli líkt og menn hafa gert með dragnót en ég lýsi efasemdum mínum með gildi flotvörpu. Í það veiðarfæri er vissulega hægt að fá mikinn afla. Hins vegar tel ég afar varasamt með tilliti til gæðanna að nota flotvörpu eins og gert hefur verið. Mér er kunnugt um að oft toga menn 6—8 klst. með flotvörpu og dæmi hef ég heyrt um 15 klst. tog. Slík vinnubrögð eru auðvitað fráleit. Eins og einn skipstjóri á Suðurnesjum orðaði við mig: Menn fá oft góðan afla með flotvörpu, stundum koma þeir með 60—70 lestir af kæfu, sem er þá tilvísun í hvernig ástand aflans er eftir langt tog.

Að síðustu langar mig til að spyrja ráðh. hvernig verði farið með hin einstöku byggðarlög. Vissulega kemur upp hjá hverjum og einum manni forvitni um hvort skipin eigi aðeins að fá kvóta eftir meðalafla s. l. þriggja ára eða hvort tekið verður tillit til einhverra annarra atriða. Það er nú svo að sum byggðarlög í landinu búa við atvinnuleysi og ég óttast að það atvinnuleysi verði meira ef ekki verður hvert einstakt tilfelli skoðað fyrir sig. Auðvitað er rétt að það er aflinn sem ákvarðar það hvort atvinnuleysi er eða ekki en aðgerðir manna í landi geta líka haft mikil áhrif á atvinnu fólksins.

Ég veit um byggðarlag sem hefur verið þannig statt á undanförnum árum að það hafa bátar streymt í burtu til annarra byggðarlaga. Það gerir það náttúrlega að verkum að minni afli berst á land í þeirri verstöð. Spurningin er sú hvort menn telja sig reiðubúna til að skoða það vandamál. Á þessum stað er viðvarandi atvinnuleysi alla mánuði ársins, þó verst sé það í jan., febr. og jafnvel í mars, að ég nefni ekki nóv. og des.

Ég ætla ekki að ræða þetta miklu lengur að þessu sinni en legg afar mikla áherslu á að Ed.-menn reyni að ná saman um það hvernig þessu frv. verði komið héðan frá deildinni. Ég er sannfærður um að lítið skilur á milli. Kannske er það fyrst og fremst tortryggni, ekki mikil efnisatriði. Það fór svo í Nd. að stjórnarandstaðan var með tvö álit, en í Ed. mun stjórnarandstaða koma með eitt álit. Best væri að við þyrftum ekki að vera að skiptast upp í stjórn og stjórnarandstöðu um svo þýðingarmikið mál sem hér er á ferðinni, mál sem varðar okkur öll. Það er mikils virði að við náum saman vegna þess að eftirleikurinn verður svo erfiður ef ekki tekst að ná sameiginlegri niðurstöðu. Það sem við leggjum áherslu á er að Alþingi fái að fjalla um þetta mál frekar, móta höfuðlínurnar. Ég hygg að betra sé fyrir ráðh. að svo sé gert og ég held að betra sé fyrir málið í heild að svo verði gert. Það gerir kannske stjórnarandstöðuna líka ábyrgari. Ekki er ég að gefa í skyn að hún sé óábyrg, heldur hitt að eftir því sem fleiri samþykkja málsmeðferð, því meiri telja þeir ábyrgð sína á því að þeirri stefnu verði framfylgt sem samþykkt er.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Virðulegi forseti. Það orkar ekki tvímælis að nauðsyn er að stjórnvöld hafi heimild til að mæta þeim vanda sem að ber þegar fiskistofn er hættulega ofveiddur og viðkoma hans því í yfirvofandi hættu. Slík heimild er fyrir hendi í lögum nú. Sá vandi sem nú er mestur í þessu efni varðar þorskstofninn. Fiskifræðingarnir gera tillögur um minnkun þorskveiða sem þýðir alvarlegan samdrátt í þjóðartekjum.

Fiskifræðingarnir gefa ráð sín á grundvelli sinna rannsókna. Svo gæti virst að ekki lægi kannske ljóst fyrir hvort ástand þorskstofnsins í dag er fremur að kenna líffræðilegum skilyrðum sjávarins en dánartölu fiskanna vegna veiða. En samt sem áður er nú nauðsyn gagngerra aðgerða til verndar þorskstofninum, svo mikið er í húfi. Spurningin er aðeins hvað eigi að gera. Hvaða aðferð á nú að beita? Mikilvægt er að sú aðferð sé rétt til fundin. Þegar það er metið þarf að hafa viss grundvallaratriði hugföst. Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Framleiðnin í íslenskum sjávarútvegi er meiri en annars staðar þekkist. Sú staðreynd skapar okkur yfirburði fram yfir aðra. Þrátt fyrir mikilvægi góðs skipakosts og veiðarfæra og tækjakosts er hugur og hönd mannsins það sem er mikilvægast. Sókn og keppni íslenskra sjómanna er og hefur verið drifkrafturinn. Þess vegna er mest um vert að afburðamennirnir sæki sjóinn og fái að njóta sín.

Það er ekki einungis mikilvægt að hver einstök útgerð beri sig heldur varðar það mestu þjóðhagslega. Þetta á ekki síður við eins og ástandið er í dag. Nú er sóknarmáttur fiskiskipastólsins of mikill miðað við þann takmarkaða þorskstofn sem um er að ræða. Það er ekki aðalatriðið að halda öllum skipaflotanum til veiða heldur hitt, að þau skip sem haldið er úti hafi sem bestan rekstrargrundvöll og skili sem mestum arði í þjóðarbúið. Einungis með því móti hafa stjórnvöld möguleika til að mæta með raunhæfum úrræðum þeim erfiðleikum og vandamálum sem óhjákvæmilega hljóta að koma til þegar veiðiskip heltast úr lestinni.

Það fjármagn sem til þessa þarf verður ekki tekið af öðru en því sem sjávarútvegurinn sjálfur leggur til þjóðarbúsins sem höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar. En hvernig kemur það frv. sem við hér ræðum heim og saman við þau grundvallaratriði sem ég hef vikið að? Kvótafyrirkomulagið eða skipting hámarksafla milli skipa, sem hér er lagt til, gengur þvert á þau grundvallaratriði sem ég hef hér vikið að. Þetta kvótafyrirkomulag á að stuðla að því að halda sem flestum skipum á veiðum. Þetta er í raun gert á kostnað þeirra sem m. a. vegna aflasældar hafa haft þolanlegastan rekstrargrundvöllinn þó að þau skip séu ekki aflögufær, heldur þvert á móti hafi barist í bökkum. Afleiðingin verður augljóslega sú, að rekstri þessara skipa verður stefnt í tvísýnu.

Á hinn bóginn verður þetta ekki heldur til að tryggja hlut þeirra sem verst voru settir áður. Þar þarf meira að koma til. Afleiðingar kvótafyrirkomulagsins, sem hér er lagt til, gætu vissulega orðið kvíðvænlegar. Stefnt er að jöfnuði með því að vængstýfa þá sem möguleika hefðu til að bjarga sér og stungið tálbeitu að hinum sem ekki geta hvort sem er náð sér til flugs nema meira komi til. Þegar útgerðin hefur verið þannig leikin með stjórnvaldsráðstöfunum á hún ekki annars úrkosti en að segja við stjórnvöld að þau verði að taka afleiðingunum af eigin gerðum og skapa skipunum rekstrargrundvöll, því að nauðsyn krefur að róið sé til fiskjar. Þegar svo væri komið gæti kvótakerfið, sem hér er lagt til, orðið örlagaríkt skref til þjóðnýtingar í sjávarútvegi með þeim afleiðinginum sem þá blasa við. Ekki yrði þá öruggt nema síður sé að við nytum þeirra yfirburða í þessari atvinnugrein gagnvart öðrum þjóðum sem við höfum gert fyrir framtak einstaklinga og félagssamtaka þeirra.

Það er vissulega ástæða til að vara við þeirri stefnu sem frv. þetta felur í sér með skiptingu hámarksafla milli skipa. Það er aðalatriðið. Umræður hafa orðið miklar um framkvæmd þessa kvótafyrirkomulags. Það er að vonum því að þar er margt óljóst svo að ekki sé meira sagt. Það er deginum ljósara að þar munu vegast á margvíslegir sérhagsmunir, stofnað verður til úlfúðar og illinda milli einstakra útgerða, einstakra útgerðarstaða og landshluta. Hætt er við að ýmis samtök, sem hingað til hafa gagnað útgerðinni best, geti í þeim leik orðið rifin á hol engum til gagns.

Í umr. um þetta mál hefur allmikið verið talað um að misráðið væri að fela í hendur sjútvrh. svo mikið vald sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Í mínum huga er þetta ekki aðalatriðið. Raunar hygg ég að best gæti farið á því að þetta vald sé einmitt hjá ráðh. sem ber pólitíska ábyrgð á gerðum sínum. Ég tek fram að ég ber fullkomið traust til núv. hæstv. sjútvrh. í þessum efnum. En framkvæmdin er ekki aðalatriðið fyrir mig heldur hitt, að stefnan sjálf er röng. Kannske hafa einhverjir fleiri haft sínar efasemdir. A. m. k. er gert ráð fyrir, ef frv. þetta verður að lögum, að þau gildi aðeins eitt ár. Er þá gjarnan á það bent að sjálfgert sé að fella kvótakerfið niður, ef reynslan verði ekki góð, þar sem lögin falli úr gildi í árslok 1984. Ég dreg ekki í efa heilindi þeirra sem ábyrgð bera á þessu atriði en bendi á að oft er það svo, eins og haft er eftir miklum lagaspekingi, að það sé varanlegast í lagasmíði sem fyrst er sett til bráðabirgða. Við þekkjum hér í okkar störfum á Alþingi hin ýmsu lög sem við framlengjum frá ári til árs. Ég legg því ekki mikið upp úr því að nokkru breyti þó að gert sé ráð fyrir aðeins eins árs gildistíma. Aðalatriðið er að við förum ekki inn á þá braut sem frv. stefnir á með því kvótafyrirkomulagi sem ég hef gert að umræðuefni. Við eigum ekki einu sinni að taka fyrsta skrefið í þá átt.

En lítum þá nánar á hvað eigi að vinnast að því er varðar þorskveiðarnar með fyrirhugaðri löggjöf á þessu eina ári, árinu 1984. Á því ári sem nú er að líða, 1983, er gert ráð fyrir að veidd verði 290 þús. tonn af þorski. Af þessu magni veiðir loðnuflotinn 25 þús. tonn, bátaflotinn sem stundar bolfiskveiðar og togaraflotinn veiða því samkv. þessu 265 þús. tonn á árinu 1983. Nú hefur sjútvrn. ákveðið að kvótahámark fyrir þorsk á árinu 1984 verði 220 þús. tonn. Skv. þessum tölum er gert ráð fyrir að minnka sóknina í þorskinn á næsta ári um 45 þús. tonn frá því sem er í ár. Þá er gert ráð fyrir að loðnuflotinn fari ekki á þorskveiðar á næsta ári og því ekki reiknað með loðnuflotanum bæði árin. Skv. þessu er það 45 þús. tonna minnkun á þorskafla sem á að ná með því að lögfesta það frv. sem við nú ræðum. Ef að líkum lætur má ætla að þessi 45 þús. tonna tala geti lækkað ef svo fer sem oft áður að aflakvóti verði hækkaður síðar á árinu frá því sem áætlað var í ársbyrjun. Enn fremur ber að hafa í huga að kvótakerfið stuðlar að því að fleygt verði meira af smáfiski en áður. Á það atriði hefur verið rækilega bent af ræðumönnum hér á undan mér. Ætla má því að það sem á að nást með ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður, geti orðið að raungildi miklu minna en 45 þús. tonna skerðing á þorskveiðum eða jafnvel óveruleg frá árinu í ár. Það er þá til að ná m. a. slíkum árangri sem frv. þetta er flutt. Til þess eru refirnir skornir.

Það er látið svo sem kvótakerfið, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, sé eina leiðin eða a. m. k. besta leiðin. Það á að koma upp kerfi sem gengur þvert á líftaug fisk-

veiðanna sem fært hefur okkur Íslendingum yfirburði yfir aðrar þjóðir með því að atorka íslenskra sjómanna hefur fengið að njóta sín í keppni við öflun verðmætanna. Til að ná samsvarandi aflasamdrætti í þorskveiðum og stefnt er að þarf ekki að grípa til slíkra örþrifaráða sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Það er hægt að ná slíkum árangri í varðveislu þorskstofnsins með þeim heimildum í lögum sem fyrir hendi eru. Þannig er hægt t. d., eins og vikið hefur verið að í þessum umr. af öðrum, að beita þeim heimildum sem nú eru í lögum til að koma við auknum veiðibönnum bæði togara og báta. Þannig má lengja páskabann netabátanna. Þannig má koma við almennu veiðibanni að sumarlagi og samrýma sumarleyfum sjómanna og verkafólks í fiskiðjuverunum einmitt á þeim tíma þegar átan er mest í fiskinum og hann er erfiðastur til vinnslu. Það er og hægt að hafa veiðibann í háskammdeginu þegar sjósókn er erfiðust vegna veðurfars og búa þannig betur að öryggi sjómanna um leið og sjómönnum verði betur tryggð þau mannréttindi að geta haft sín jólaleyfi með fjölskyldu sinni og ástvinum til jafns við annað fólk í landinu.

Það sem ég hef hér nefnt sem úrræði er ekkert nýtt. Það er raunar ekki framtíðarlausn á aðalvanda sjávarútvegsins. En það er heldur ekki úrræði þess frv. sem við hér ræðum nema síður sé. Eftir er hinn raunverulegi vandi sjávarútvegsins, sem ekki verður leystur nema með kerfisbreytingum og bættri skipan, svo sem á fiskverðsákvörðunum og á Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

Með tilvísun til þess sem ég hef þegar sagt tel ég hyggilegt að mál þetta verði ekki afgreitt áður en Alþingi frestar fundum sínum vegna jólahátíðarinnar. Auk þess er sú málsmeðferð ekki með öllu óeðlileg þegar litið er til þess hve lítill tími er til stefnu fyrir þessa hv. deild til að afgreiða málið ef það á að verða fyrir jól. Að vísu er það ekki nýtt fyrirbrigði að fljótaskrift geti orðið á þingstörfum síðustu daga fyrir þingfrestun eða þingslit. En hafa ber í huga alvöruþunga þessa máls, sem hér um ræðir og grundvallarþýðingu þess fyrir undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Við skulum og minnast þess að stjórnskipunarlög okkar búa svo um með deildaskiptingu Alþingis að lagagerðin megi verða sem vendilegast unnin. Það getur svo best verið gert að síðari þingdeild, sem fær frv. til meðferðar, gefist ráðrúm til þess að vega og meta það sem frá fyrri þingdeildinni kemur og leiðrétta og breyta því sem efni standa til. Skv. þessu gætu það ekki talist óeðlileg vinnubrögð að við hefðum þann hátt á að afgreiða þetta frv. nú til 2. umr. og n. þar sem það yrði til meðferðar þar til Alþingi kemur saman í janúarmánuði að loknu jólaleyfi.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. í trausti þess að leitað verði eftir samkomulagi í sjútvn. þessarar hv. deildar. Það er ekki það breið gjá á milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þessu efni að tímaskortur eigi að ráða mestu um hvort samkomulag verður eða ekki. Þetta er slíkt stórmál að tíminn er allt of naumur til þess að fastsetja kvótaskiptingu. Nægir að minna á umsögn Kristjáns Ragnarssonar, formanns LÍÚ, í Tímanum þriðjudaginn 8. nóv. s. l. Þar segir hann að tveir mánuðir séu of skammur tími til að setja fram fastmótaðar tillögur um kvótaskiptingu. En hvað má segja um 1—2 daga í hv. Ed. Alþingis?

Hv. Ed. Alþingi á að hafa 1—2 daga til að fjalla um þetta mál. Við sem fulltrúar fólksins í landinu getum ekki afsalað okkur þeim rétti að geta tekið afstöðu til þeirrar reiknireglu sem á endanum yrði fylgt um skiptingu kvóta milli skipa. Það koma mörg vafaatriði inn í dæmið þegar litið er á einstök skip. Þau hafa jafnvel gengið kaupum og sölum. Hafi duglegur skipstjóri keypt sér bát sem illa hefur gengið á undanförnum árum hefur hann keypt sér ólukkuna, þar með keypt sér minni aflakvóta sem mundi fylgja því skipi, en þveröfugt ef keypt hefur verið skip sem hefur fiskað undanfarin ár betur en önnur.

Í þessum hugmyndum er skipið orðið að aðalatriði eins og það sé óháð því hvernig skipinu hefur verið stjórnað og hverju velgengni þess er að þakka. Það veiðir ekkert skip án áhafnar. Það er því í mörg horn að líta þegar rætt er um kvótaskiptingu og getur komið misjafnlega niður á landshlutana og margir misrétti beittir. Það er því ekki neitt smámál sem við erum að tala um hér. Við getum jafnvel dæmt menn á hausinn, sem hafa staðið sig vel undanfarin ár, en lyft öðrum upp sem síst skyldi. Því er ekki hægt að ætla einum né neinum þm. að taka afstöðu til kvótaskiptingar á þessu stigi, þar sem við höfum ekki fengið neina reiknireglu eða neitt sem haldbært er í þessu efni. Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég skil ekki hvers konar fljótaskrift á að verða á þessu máli núna fyrir jólahlé. Það hefur komið fram a. m. k. hjá ýmsum aðilum að reiknireglan verður ekki tilbúin fyrr en jafnvel um miðjan eða endaðan jan., svo að ef til þyrfti að koma að kalla þing saman fyrr í jan., þá fyndist mér það ekkert frágangsatriði. En mér finnst aðalatriðið að við fáum að sjá út í hvað er verið að ganga og fáum að segja okkar álit á því efni og skoða það betur. Í trausti þess að reynt verði að ræða þetta betur í n. þar sem ég á sæti ætla ég að láta máli mínu lokið að þessu sinni.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Mér er fullljóst að tími er skammur til umr. um þetta mál og ég skal ekki vera langorður. Það er ekkert launungarmál að mér líst ekki sem allra best á þetta mál og mundi sjálfsagt verða tvístígandi að greiða fyrir framgangi þess nú ef ekki vildi svo til að Alþingi kemur saman aftur fljótlega, og þó að það hafi nú sett lög er alltaf hægt að breyta þeim lögum og jafnvel afnema á meðan þing situr. Ef svo væri ekki hefði ég kannske lagt til að frestað yrði að afgreiða málið þar til þing kemur saman að nýju en mun ekki gera það heldur reyna að greiða fyrir því að það verði samþykkt með öllum þeim annmörkum sem á því eru. Ég held að allir séu sammála um að mikið vandamál verður að framkvæma þessa kvótaskiptingu.

Hv. þm. Skúli Alexandersson nefndi hér t. d. ungan aflaskipstjóra sem fer af Snorra Sturlusyni, og hafði víst fiskað um 5 þús. tonn þar, á annað skip sem hafði fiskað 2 þús. Og þó að málið sé mér skylt af því að þetta er reyndar systursonur minn, en það skiptir ekki máli, er þetta táknrænt dæmi um það hve erfitt er að framkvæma slík lög og þetta verður auðvitað allt saman tekið til endurskoðunar.

En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var sú að mig langar að vekja athygli á tveim hugmyndum sem ég

setti fram í utandagskrárumræðum í Sþ. fyrir skemmstu. Önnur var þá að vísu kannske lítt hugsuð en hún var um það að við mundum hreinlega stöðva allar fiskveiðar t. d. frá miðjum desembermánuði og út janúarmánuð. Ég rökstuddi þetta með því að á þessum árstíma eru veiðar yfirleitt litlar. Vegna veðurs er oft mikið veiðarfæratjón, venjulega mikil olíunotkun og afli oftast lítill eins og ég sagði. Þetta er óhagstæðasti tíminn til að stunda sjóinn hérlendis, en það sem alvarlegast er, þetta er langsamlega hættulegasti tíminn. Þegar við þurfum að leggja flotanum hvort sem er svo og svo mikið á hverjum árstíma eða takmarka veiðar með þeim hætti sem hér er lagt til sýnist mér liggja í augum uppi að við eigum einmitt að gera það á þessum tíma og þá að skipuleggja, þó að það orð sé mér alltaf heldur leitt í munni.

Hv. þm. Skúli Alexandersson talaði hér áðan og sagði svo margt sem var eins og talað út úr mínu hjarta að við brostum báðir, en engu að síður held ég að þetta liggi í augum uppi. Raunar tók sá ágæti þm. undir þessa hugmynd í ræðu sinni áðan og það gladdi mig mjög. Ég hef talað um þetta við allmarga sjómenn og raunar landverkafólk líka. Þá kem ég aftur að þessu orði að skipuleggja. Það yrði þá með þeim hætti að landverkafólk mundi taka sér eitthvert frí á þessum árstíma og þá kannske eitthvað skemmra sumarfrí.

Raunar kemur fram og er til athugunar líka að stöðva veiðar alveg einhvern tíma að sumarlagi eins og hv. þm., sem ég áðan nefndi, kom inn á. Auðvitað yrði þá að sjá fyrir því að fólkið hefði einhver laun á þessum tíma, en það er alveg eins hægt að leysa og t. d. orlof o. s. frv. Hægt er að koma því öllu fyrir. Mér er fullkunnugt um að fiskvinnslustöðvarnar tapa líka á þessum tíma. Það er svo slitrótt vinna þar yfirleitt að allir tapa í rauninni á því. Það eru tiltölulega lítil laun sem fólk hefur oft, t. d. við uppskipun o. s. frv., en húsin tapa á þessum árstíma.

Í viðbót má kannske færa það fram sem rök að auðvitað þarf að gera við þessi skip, það þarf að gera við húsin og halda þeim við og lítil vinna er hjá iðnaðarmönnum og jafnvel verkamönnum einmitt á þessum árstíma. Það gæti kannske greitt fyrir atvinnu þessa fólks sem er meira og minna atvinnulaust í mesta skammdeginu ef þessi háttur yrði upp tekinn. Þá yrði viðhald húsanna framkvæmt, þá yrði gert við skipin og þeim komið í gott lag o. s. frv. Ég held sem sagt að þessi till. hafi kannske ekki verið eins vitlaus og ég sagði í umr. að hún kannske væri, a. m. k. vilji menn hugsa alvarlega um hana. Ég nefni hana hér af því að hæstv. sjútvrh. er hér viðstaddur, að hann hafi í huga — þó að ég viti að ekki sé hægt að koma því á í einni svipan — hvort þarna væri kannske ekki ein af þeim leiðum sem heppilegt væri að fara.

Hin hugmyndin var kannske svolítið meira hugsuð og enn þá mikilvægari. Hún er sú að við beitum núna krafti okkar og afli — því afllaus erum við ekki orðin — til að byrja í alvöru hagnýtingu fiskstofna á þeim hafsvæðum þar sem við eigum hafsbotnsréttindi og munum öðlast fiskveiðiréttindi ef rétt er á haldið. Vil ég þar fyrst nefna Reykjaneshrygg, að þar verði farið að stunda veiðar. Tilraunaveiðar verða þær að kallast og kannske þarf að styrkja þær eitthvað fyrst í stað. Farið verði að stunda veiðar á svæðinu vestur af Rokknum, á Rockall-hásléttunni allri og þar með talið Hattonbanka.

Um það komu t. d. fréttir að nú í okt.- og nóvembermánuði hefði norskur línuveiðari farið þangað og komið með fullfermi af boltaþorski, ýmist söltuðum eða flökuðum. Það finnst mér engin smáfrétt þó þetta sé bara eitt skip. Af hverju í ósköpunum senda Íslendingar ekkert skip á þessi mið? Á Rockall-hásléttunni fiskaði norskur línuveiðari og kom með fullfermi af frystum flökum og saltfiski til Noregs eftir tiltölulega stutta veiðiferð nú um mánaðamótin okt.-nóv. minnir mig. Enginn íslenskur bátur eða skip hefur farið þarna suður. Að vetrarlagi eru veður þarna líklega ekki eins hættuleg, a. m. k. ekki ísingarhættan, og hér á norðlægustu miðunum.

Það er heldur ekki lítils um vert, það er nánast algerlega nauðsynlegt að við byrjum á að hagnýta betur Jan Mayen-miðin. Eftir okkar samningum við Norðmenn tel ég ótvírætt að ef rétt er á málum haldið eigum við þarna helmings fiskveiðiréttindi á móti Norðmönnum. Samning okkar við Norðmenn ber að skilja með þeim hætti. Við eigum meira en helmingsréttindi að því er loðnuveiðarnar varðar vegna þess að við getum einir og höfum einir ákveðið aflahámarkið á loðnunni. Við eigum að hagnýta aðra fiskistofna á þessu svæði strax. Jafnvel þó að útgerðin verði með tapi á ríkið að koma þar inn í. Það eru að skapast réttarreglurnar í hafréttinum á þessu sviði og við þurfum að gæta okkar réttinda og halda þeim til haga.

Síðan ég hélt þessa ræðu fyrir hálfum mánuði eða svo í Sþ. hafa komið upplýsingar sem ég vissi ekki um þá frá okkar sérfræðingum og einum helsta sérfræðingi í hafréttarmálum í allri veröldinni, sem er að vinna fyrir okkur, sem staðfesta að við eigum réttindi á öllum þessum hafsvæðum sem ég hef verið að nefna. Þeim ber að halda til haga og vera nú ekki að tvínóna við þetta lengur. Þetta er búið að velkjast núna í 4 eða 4½ ár frá því að fyrsta till. í Alþingi var um þetta samþykkt. Nú er ekki lengur til setunnar boðið. Þegar okkar fiskstofnar eru í hættu, því í ósköpunum reynum við þá ekki að hagnýta þessi fiskimið sem eru okkar framtíðarfiskimið? Hér erum við ekki að deila um eitt ár. Látum vera hvernig þetta fer væntanlega meira og minna úrskeiðis. Ég treysti kannske engum manni betur en hæstv. sjútvrh. núv. til að framkvæma þetta af réttsýni því að ég þekki störf með honum lengi og vel. Þetta verður aldrei nema til eins árs, þessi ósköp sem við væntanlega samþykkjum hér, en þær tvær hugmyndir sem ég hef þegar gert grein fyrir eru þess eðlis að menn verða að hugsa um þær.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ekki kemur mér á óvart þó að þeir séu sammála um ýmsa hluti sem varða atvinnulíf og atvinnurekstur, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og hv. þm. Skúli Alexandersson. Ég þekki þá báða nokkuð og veit að þeirra sjónarmið falla að ýmsu leyti í sama farveg. Ég er þeim ósammála um ýmis atriði í þessu sambandi en þó get ég alveg tekið undir þá till. sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson reifaði áðan, að sú hugmynd yrði athuguð nánar að fiskveiðar yrðu hreinlega stöðvaðar frá miðjum des. og eitthvað töluvert fram eftir jan., tími sem allajafna er ódrjúgur af ýmsum ástæðum. Svartasta skammdegi og veður oft válynd. Þó að engu síður geti kannske komið harðari veður á útmánuðum held ég að þessi till. sé fyllilega athugunar virði.

En annað vildi ég segja í upphafi máls míns, virðulegur forseti. Nú er fundum hér fram haldið af miklum þunga. Hér hefur verið fundað frá kl. 10 í morgun og ekki gefið matarhlé sem er næsta óvenjulegt í störfum þingsins. Þm. eru sjálfsagt bærilega haldnir og þola vel að sleppa úr einni máltíð. Ég geri ekki ráð fyrir að það komi neitt að sök hér en þetta eru fremur óvenjuleg vinnubrögð og ég tek fram að ég er ekki að áfellast virðulegan forseta fyrir þetta. Ég veit að mjög er knúið á um að þetta mál geti náð fram að ganga. Hins vegar vil ég að hér komi fram og sé alveg tvímælalaust að mér finnst nokkuð mikil tilætlunarsemi að ætlast til að Ed. afgreiði þetta mál nánast á einum degi. Nd. hefur tekið sér afar rúman tíma til að fjalla um þetta mál sem er stærsta mál þessa þings og kannske langstærsta málið sem komið hefur til kasta Alþingis í mörg ár. Þá er ætlast til að við sem sitjum í þessari hv. deild slökum þessu í gegn heldur betur snarlega og það eiginlega bara á einum degi.

Nú veit ég að vísu að sjútvn. þessarar hv. deildar var búin að fjalla nokkuð um málið meðan það var í meðförum Nd. En það eitt dugir ekki til. Mér finnst það ansi mikil tilætlunarsemi og satt best að segja alls ekki nægilega gott að Ed. skuli ekki fá meira ráðrúm til að ræða þetta mikilsverða mál og þá fyrst og fremst meira ráðrúm til að ná samkomulagi sem ég held að sé alls ekki útilokað. Ég held að á síðustu sólarhringum hafi menn færst nær hver öðrum í þessu og ég held að alls ekki sé útilokað að um þetta megi ná samkomulagi ef menn gefa sér tíma og svolítið andrúm til þess og ég held að það skipti höfuðmáli. Það er grundvallarmunur á því hvort þetta mikilsverða mál er afgreitt út úr þinginu sem ágreiningsmál eða hvort unnt er með því að gefa sér örlítið lengri tíma að ná um það samkomulagi.

Þetta er frá mínu sjónarmiði meginatriði málsins núna á þessum stundum þegar á að knýja þetta í gegnum hv. Ed. án mjög mikilla umr. Auðvitað gætum við stjórnarandstæðingar valið þann sama hátt og þm. Alþb. höfðu í Nd. að þvælast fyrir þessu endalaust með linnulausu málþófi en það er ekki leiðin til að leysa þetta mál. Við leysum þetta mál ekki hér í ræðustóli frekar en önnur, það eru alveg hreinar línur. Við leysum þetta með því að leita samkomulags á fundum. Ég legg ríka áherslu á að nú þegar þessu máli verður vísað til nefndar, væntanlega áður en mjög langt um líður — við erum ekki miklir málþófsmenn hér í Ed. — verði þess freistað til hlítar að ná samkomulagi.

Menn hafa talað mikið um að verði þetta frv. samþykkt fari fram eitt mesta valdaafsal sem hér hafi átt sér stað. Það er sjálfsagt nokkuð djúpt í árinni tekið en nokkuð er þó til í því. Nú vil ég að skýrt komi fram sem raunar fleiri hafa hér sagt að ég vantreysti ekki hæstv. núv. sjútvrh. til að vinna þetta vandasama mál af alúð og samviskusemi. Hins vegar er ekki hægt að persónugera mál með þeim hætti og miða afstöðu við það. Það er alveg ljóst að þegar farið verður nánar ofan í saumana á þeirri úthlutun sem hér er gert ráð fyrir að fari fram muni koma fram nánast óteljandi vandamál, óteljandi ólík tilvik, sem taka verður tillit til, óteljandi matsatriði og úrskurðaratriði. Þeir eru sannarlega ekki öfundsverðir sem við þau þurfa að fást. Öllum er ljóst að einhvers konar stjórnun verður hér að koma til. Spurningin er bara hvernig og hverjir eiga helst að hafa þar hönd á. Gerð hefur verið grein fyrir sjónarmiðum míns flokks í málinu. Ég ætla engu við það frekar að bæta en ítreka aðeins að við munum ekki þæfa þetta mál hér. En ég legg ríka áherslu á að samkomulags verði leitað og legg enn ríkari áherslu á að málið fái hér þá eðlilegu umfjöllun að menn geti talað eins og þeim þurfa þykir, en því verði ekki hespað í gegn á óeðlilega skömmum tíma þannig að ekki gefist tími til að ræða málið eins og þm. þessarar hv. deildar þykir þurfa.

Umr. frestað.

Efri deild, 39. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 38. fundi.

Málefni aldraðra, frv. 161. mál (þskj. 243). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. 142. mál (þskj. 186, n. 280). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Þetta mál er einfalt í sniðum. Það er um framlengingu á sjúkratryggingagjaldinu svonefnda. Hv. fjh.- og viðskn. Nd. mælti einróma með samþykkt þessa frv. og við í Ed.-nefndinni höfum skoðað málið og mælum með að frv. verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188). — Frh. 1. umr.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þær umr. sem hér hafa farið fram hafa ekki enn dregist mjög á langinn. Aftur á móti tel ég að mjög margt gagnlegt hafi þegar komið fram. Hæstv. sjútvrh. gerði grein fyrir því frv. sem hér er til umr. og lagði áherslu á að aðalatriði og tilgangur þessa frv. væri að draga úr kostnaði við veiðar eða m. ö. o. að auka verðmæti fengins afla. Í frv. og markmiðum þess felst ákveðin viðurkenning á því að fiskistofnar við landið og innan lögsögu þess séu

sameiginleg auðlind landsmanna allra og að í ljósi þeirrar viðurkenningar sé réttlætanlegt að stjórna nýtingu afla með lögum.

Ef þessi efnisatriði standa, og þau gera það a. m. k. skv. málflutningi hæstv. ráðh., þá er verið að lögbinda aflann á okkar miðum sem grundvöll að tekjustofni. Þar sem hér er verið að setja lög um afnotarétt af eignum landsmanna skv. markmiðasetningu þessa frv., þá tel ég að þetta mál snerti alvarlega 40., 41. og 66. gr. stjórnarskrárinnar. Það eru þær greinar sem fjalla um meðferð fjármuna í eigu landsmanna og meðferð eigna einstaklinga. Því tel ég, svo að það sé ljóst alveg frá upphafi, óhugsandi að Alþingi Íslendinga feli ráðh. þessi völd ef ekki fer eitthvað á undan. Það sem á undan gæti farið væri þá annaðhvort nánari lýsing á því hvernig eigi að auka nýtingu sjávarafla með minnkandi tilkostnaði, hvort eigi að fella dóma yfir útgerðaraðilum, annaðhvort í ljósi einhverra dauðra talna eins og afla undangenginna ára, kaldrar skynsemi þar sem horft verði til rekstrarstöðu hvers einasta aðila, hún metin og vegin og ákvörðun tekin í ljósi hennar, tilfinningasemi, sem tæki þá kannske inn í þetta mat spurninguna um staðsetningu einstakra rekstraraðila víðs vegar um landið og spurninguna um það hvaða áhrif ákvarðanir hafa á heimamenn viðkomandi byggðar — eða einhverju samblandi af þessu öllu saman. Hin leiðin væri hugsanlega sú að reynt væri til þrautar að ná samstöðu alls þingheims, þannig að allur þingheimur taki á sig þá ábyrgð sem hér er verið að leggja á herðar honum, því að ábyrgðin er á herðum þingheims. Í þingbundinni stjórn ber ráðh. ekki ábyrgð nema gagnvart þeim sem fólu honum umboðið og í þessu tilviki er það stjórnarliðið. Stjórnarandstaðan hefur ekki formlega falið honum neitt umboð.

Í seinni tíð hefur reyndar orðið sú þróun, að menn hafa sótt nokkuð til þeirrar áttar sem hér er verið að leita í, þ. e. að löggjafinn feli ráðh. opið umboð til framkvæmda. Má þar minna á lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þar sem það fyrirtæki hefur umboð til skattheimtu og ráðstöfunar skattfjár. Þessi þróun er trúlega að einhverju leyti tákn síns tíma, en hún er alröng miðað við gefnar aðstæður.

Í dag hefur Alþingi umboð þjóðarinnar en ekki ráðh. og stjórnarskrá okkar takmarkar mjög rétt þingsins til að framselja þetta umboð. Ég tel það t. d. alveg fráleitt að samþykkja refsiákvæði, eins og farið er fram á í þessum lögum, vegna brota sem ekki eru skilgreind. Ég get tekið undir þann skilning, sem þegar er fram kominn, að fiskafli sé þjóðareign. En ég tel að þjóðin verði að hafa meira um málið að segja en núna, þ. e. sá sem fer með pólitíska ábyrgð í þessu máli hafi lagt grundvallarsjónarmið sín í dóm kjósenda. Núverandi stjórnskipun gefur þjóðinni ekki þennan möguleika. Ef hér væri um að ræða frv. ráðh., sem sæti í stjórn þjóðkjörins forsrh. og væri hér að framfylgja stefnu, sem meira en helmingur þjóðarinnar hefði stutt við kjör forsrh., þá væri framsal það sem hér er farið fram á ekki óeðlilegt. Við erum hér að ræða um grundvallaratriði stjórnskipunar fyrst og fremst. Að stjórnskipaninni óbreyttri tel ég núverandi stjórntæki, sem þegar eru fyrir hendi, nægjanleg. Ráðh. getur nú ákveðið hámarksafla flestallra fisktegunda nema þorskafla. Hann getur ákveðið fjölda sóknardaga. Hann getur ákveðið að loka miðum þegar rétt þykir. Ríkisstj. þessi, eða hvaða önnur sem að völdum situr, hefur fjármagnshlið þessa atvinnuvegar algerlega á sinni hendi og getur stofnað til aðgerða til að rétta við eða bæta rekstrargrundvöll útgerðarinnar í raun og veru eins mikið og hún telur sig geta til kostað. Hagsmunaaðilar hafa þegar sett fram ákveðnar hugmyndir um stjórnun fiskveiðanna. Það er því ekkert óeðlilegt að þeir beri einfaldlega ábyrgð á þeirri hlið sem að þeim snýr.

Höfuðatriðið er nefnilega ekki núverandi ástand, sem einkennist af væntanlegu tímabundnu aflaleysi, heldur hvort og þá hvernig eigi að stýra nýtingu sjávaraflans. Því tel ég eðlilegra að gefa þessu máli meiri tíma. Ef endilega þarf að ljúka þessu máli fyrir áramót, vegna þess að aðgerðir verða að byrja strax í upphafi nýs árs, þá hlýtur tillögusmið að vera svo langt á veg komin að það ætti að vera hægt að gera grein fyrir henni í dag. Við gerum okkur ljóst að það gerist ekki svo mikið á þeim dögum sem eftir lifa af þessu ári og að raunverulegra aðgerða af hálfu ráðh. verður ekki að vænta fyrr en þó nokkuð er liðið á næsta ár.

Heyrst hefur að stjórnarliðar séu því miður mjög bundnir af samningum sínum um stjórnarsamstarf. Stjórnarsamstarf flokkanna sem að ríkisstj. standa grundvallast á sameiginlegri yfirlýsingu. Þessi bönd á stjórnarliðinu einkennast fyrst og fremst af því að menn þora ekki að andmæla mótaðila sínum af hræðslu við að það kosti mótaðgerðir af hans hálfu og því hugsanlega enn meiri hrossakaup en þegar eru fyrir hendi. Þetta sjónarmið er mjög áberandi nú í ljósi þessa atburðar. En sumir hlutir eru þannig vaxnir að þeir eru afdrifaríkari en aðrir. Hér er um það að ræða að vegna stjórnarskipunar okkar — ég minni á að ríkisstj. er ekki fjölskipað stjórnvald — er annar stjórnaraðilinn að gefa hinum svo mikið vald að eftir þann dag sem lögin verða samþykkt verður Sjálfstfl. að kaupa öll sín áhrif á fiskveiðistefnuna með framsali annarra stefnumála. Og þá ræður Framsfl. enn frekar ferðinni en nú því að núverandi stjórnskipun er fyrst og fremst spurning um samstarf flokka en ekki manna. Óprúttinn maður í embætti sjútvrh., og þá vil ég undanskilja núv. sjútvrh. því að ég ætla alls ekki að gera því skóna að hann sé óprúttinn, gæti ef hann vildi hossað sér á þessu valdi heima í sínu héraði. Það væri að því leyti eðlilegt að kjósendur í hans kjördæmi yrðu einu kjósendurnir á landinu sem fá tækifæri til að leggja dóm á störf hans eftir á.

Ég tel að hér sé ábyrgð Alþingis að veði. Fiskveiðistefnuna verður að móta áður en Alþingi tekur ábyrgð á henni. Ráðh. hefur nægilegt umboð í dag til að bregðast við því tímabundna ástandi sem hér ríkir. Alþingi verður að fá meira ráðrúm til að ákveða að hve miklu leyti og hvernig það skapar sjávarútvegi sanngjarna rekstrarstöðu. Rekstrarvandinn er ekki nýr og það er meiri vilji til að taka á málum nú en nokkru sinni áður. En við verðum að fá tíma til að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Því lýsi ég því yfir hér og nú að ég styð fram komna hugmynd og tillögu hv. 4. þm. Vestf. um að málinu verði vísað til nefndar og sú nefnd fái tíma til að starfa, þannig að við skoðum málið aftur að þinghléi loknu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Það frv. sem við erum hér nú að ræða hefur þegar verið

mikið rætt hér í þinginu þó stundum hafi verið við erfiðar aðstæður. Þegar hefur komið fram ýmisleg gagnrýni á efni þess og meðferð alla. Eitt af því sem hefur verið gagnrýnt er hversu seint þetta stóra mál er hér fram komið og hversu lítill tími gefst til að fjalla um það. Ég vil taka undir þessa gagnrýni. Á hún reyndar ekki aðeins við um afgreiðslu þessa eina máls heldur um öll þau stóru mál sem við höfum verið að afgreiða hér undanfarna daga án þess að hafa haft tækifæri til að kynna okkur þau eins og æskilegt væri. Slíkar vinnuaðferðir eru ekki vænlegar til árangurs og m. a. þess vegna er ég uggandi vegna þess máls sem við erum hér nú að fjalla um og snertir afkomu landsmanna allra á einn eða annan máta.

Hv. 4. þm. Vestf. lagði til hér áðan að afgreiðslu þessa máls yrði frestað fram yfir jólaleyfi þm. Styð ég þá till. eindregið. Ég tel það tvímælalaust æskilegt að þm. hafi meira svigrúm til að fjalla um málið en nú gefst.

Annað sem mjög hefur verið gagnrýnt varðandi þetta frv. er hversu mikið vald það færir í hendur eins manns. Undir þessa gagnrýni vil ég taka heils hugar, enda er það eitt af stefnumiðum Kvennalistans að draga úr miðstýringu hvar sem því verður við komið í þjóðfélaginu. Þetta frv. gengur í þveröfuga átt. Það safnar allri stjórnun fiskveiða í hendur sjútvrh. og heftir þannig stórkostlega það svigrúm og þau áhrif sem aðilum í sjávarútvegi er nauðsynlegt að hafa til að reka þessa mikilvægu atvinnugrein. Við okkur blasir mikill vandi og það er vandasamt verk að taka hann réttum og réttlátlegum tökum. Það verk tel ég að einn maður geti ekki unnið eftir sínum sjónarmiðum einum saman. Við verðum að reyna að tryggja að fram komi sjónarmið sem flestra og að þau hafi áhrif á lausn vandans.

Á hinn bóginn er enginn vafi á því að við bágborið núverandi ástand fiskstofna á Íslandsmiðum er stjórnunar þörf. Hjá því verður ekki komist að setja reglur um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi okkar. Það er hins vegar mikilvægt að við þá reglugerð gæti sem flestra sjónarmiða og að samhengi hlutanna sé vandlega skoðað. Einhvers konar kvótaskipting virðist nú vera ein af fáum færum leiðum til að hafa stjórn á sókn í fiskistofna og stemma stigu við ofveiði. Kvótaskipting er ekki endilega af hinu illa. Hún getur haft ýmsar jákvæðar hliðarverkanir. Hún gæti t. d. stuðlað að betri meðferð sjávarafla þar sem magnið er fyrir fram vitað en tekjurnar ráðast af gæðunum. Einnig gæti hún dregið úr tilkostnaði í sjávarútvegi ef hún leiddi til þess að hægt væri að koma á betri samræmingu í veiðum og vinnslu.

Við Kvennalistakonur erum því ekki mótfallnar því að þessi leið sé skoðuð, en mikið finnst mér samt skorta á að fullnægjandi upplýsingar sé að hafa um hvers konar kvótaskiptingu er verið að ræða um. Eins finnst mér skorta á það að svör hafi fengist við þeim mörgu spurningum sem þessu máli fylgja. Það er mér fullkomlega ljóst að kvótafyrirkomulag á veiðum er grundvallarbreyting frá núverandi fyrirkomulagi, ekki aðeins hvað varðar fjárhagslegan grunn fiskveiðanna heldur hvað varðar þær grundvallarhugmyndir sem veiðar og sjósókn byggjast á hér á landi. Víðátta hafsins er nú takmörkuð, fiskurinn er líka takmarkaður, veiðimennirnir geta ekki lengur markað sér stöðu með því að vera fisknir eða með því að vera aflaklær. Við kvótafyrirkomulag fara þeir aðeins og sækja skammtinn sinn. Það er ógerlegt að spá fyrir um hvaða áhrif þessar hugmyndabreytingar munu hafa. En þær munu hafa áhrif og á því vil ég vekja athygli.

Að lokum langar mig til að beina fáeinum spurningum til hæstv. sjútvrh. Það má vera að þær hafi þegar komið fram og að þeim hafi verið svarað og það farið fram hjá mér í önn dagsins, en það gæti þá líka verið að þær hefðu farið fram hjá fleirum. Ég er mjög uggandi vegna þeirra áhrifa sem umrædd og eins og ég hef sagt nokkuð óljós kvótaskipting kann að hafa á atvinnu manna hér á landi, jafnt kvenna sem karla. Skv. fréttum í Morgunblaðinu 15. des. s. l. voru um 1200 manns atvinnulausir á 14 stöðum á Suður- og Vesturlandi. Fyrirsjáanlegt er að þær aðgerðir sem kunna að verða framkvæmdar á grundvelli þessa frv. gætu enn aukið á atvinnuleysi, bæði í þessum landshlutum og öðrum, og auk þess stuðlað að flutningi fólks á milli byggðarlaga, þar sem fyrirsjáanlegt er að atvinnumöguleikar innan byggðarlaga verði aðrir en nú er. Því langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh.:

1. Er einhverjar upplýsingar að hafa nú um skiptingu kvóta á milli byggðarlaga?

2. Hefur það þá verið kannað í rn. hvaða hliðarráðstafanir er hugsanlega hægt að gera í þeim byggðarlögum sem í hlut eiga?

3. Hefur verið kannað hvers konar byggðaröskun þessar aðgerðir gætu haft í för með sér og þá hvaða félagslegu afleiðingar aðrar af þeim kunna að hljótast?

Þetta eru stórar spurningar og þeim er ekki fljótsvarað. En ég tel ákaflega mikilvægt að einhverjar upplýsingar hér um komi fram við þessa umr. hér í hv. deild.

Að endingu vil ég hvetja til þess að menn gefi sér meiri tíma til að fjalla um þetta mál en nú er ráð fyrir gert og að menn reyni til fullnustu að ná samkomulagi um efni þess. Ég vil einnig benda á að aðrar þjóðir hafa margvíslega reynslu af aflaskiptingarkerfum ýmiss konar og að sú reynsla er til skjalfest. Ég tel það miklu skipta að menn leiti sér fanga sem víðast um lausn mála en til þess þurfa menn að hafa meiri tíma en hér er nú til ráðstöfunar.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Kvótafyrirkomulag er engum að skapi, a. m. k. fáum enda gengur slíkt fyrirkomulag á móti veiðimennskunni sem hefur verið grundvöllur sóknar okkar í sjávarafla. Þegar rætt er um að setja kvótafyrirkomulag á veiði landsmanna er um að ræða dæmigert mál þar sem hætta er á mistökum. Hvað sem gert verður má ætla það víst að enginn verði sáttur við sinn hlut. Hins vegar er til bóta og til að réttlæta svo hröð vinnubrögð sem hafa viðgengist í þessu máli að mjög víðtækt samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila sem að mörgu leyti hafa haft frumkvæði að umræddri stefnumörkun á neyðarstund.

Ég ætla ekki að víkja í máli mínu nú að einstökum þáttum í þessu máli en þó vil ég árétta að ég tel ástæðu til þess að efla mjög eftirlit og rannsókn á smáfiskadrápi. Ég tel einnig æskilegt að líta sérstaklega á þátt línu- og færaveiða í þessu dæmi þannig að þær veiðar verði hvetjandi í þeim aðgerðum sem nú er verið að marka stefnu um. Lína og net, lína og færi raska minnst eðlislægum þáttum náttúrunnar, minnst af þeim veiðarfærum sem við notum hér við land og þess vegna tel ég ástæðu til að horfa þar sérstaklega á.

Hv. 4. þm. Vesturl. hafði á orði í máli sínu í dag að

þær aðgerðir sem nú væri verið að ræða væru valdabrölt í sjútvrh. Ég held að þarna taki hv. þm. nokkuð stórt upp í sig. Ég held að þetta sé fyrst og fremst spurning um að þora að taka á vandanum. Það vald sem þarf að beita í þessum aðgerðum er ekki eftirsóknarvert, a. m. k. ekki hjá venjulegu fólki í venjulegum flokkum sem vilja ekki ganga lengra en réttur næsta manns nær. En þeir sem vilja byggja upp þetta þjóðfélag í stað þess að ala á upplausn og vandamálum, vilja horfast í augu við vandann og takast á við hann, vinna málið skynsamlega og með samvinnu og samstarfi við þá sem gerst þekkja í málinu. Þar tel ég að hafi verið sýnd góð viðleitni.

Þannig er margt sem kemur til og þarf að taka tillit til. Þjóð okkar er skemmtilega sundurleit í smærri málum, en þegar á reynir stendur hún einhuga saman. Nú reynir virkilega á, því að sjálfsögðu er mikil hætta á að einhver röskun eigi sér stað í hverri byggð. En við erum að tala hér um tilraun sem verður að vissu marki að spila af fingrum fram, breyta, bæta og leiðrétta jafnharðan og ég hef enga ástæðu til að óttast að þar verði misbeitt valdi með vilja. Allir hljóta að sjá að ekki er hægt að misbeita slíku valdi í okkar þjóðfélagi við þær kringumstæður sem nú eru. Það verður að taka slíkt tillit til allra þátta, allra landshluta. Þar kemur kannske það mesta aðhald sem stjórnvöld þurfa að hafa í þessu máli. Samt skulum við gera okkur fyllilega grein fyrir því að ef kvótafyrirkomulagi verður komið á til bráðabirgða eða til reynslu verður enginn ánægður. Málið snýst hins vegar um að hafa snör handtök og þess vegna er ástæðulaust að teygja mjög lopann. Það er ekki háttur vanra manna til sjós. Snör handtök til að varða leiðina í þágu framtíðarinnar eins og fram kom hjá hæstv. sjútvrh. í dag.

Ég undirstrika hins vegar að ég óttast mjög svo afgerandi kvótafyrirkomulag í sjávarútvegi eins og svo margir aðrir jafnvel þótt hér sé aðeins um tilraun að ræða. Æðakerfi sjávarútvegsins er svo margslungið að engan veginn er unnt að sjá fyrir endann á þeirri aðgerð sem um ræðir og óvissan er mikil. En ég tel að ekki verði komist hjá því í stöðunni að gera aðgerðir og ég treysti þeim fjölmörgu aðilum sem á næstu vikum vinna þetta mál af fingrum fram til að setja eins sterkan og burðarmikinn hrygg í þetta mál og nauðsynlegt er til að flestir geti unað svona hæfilega glaðir við sitt.

Hins vegar vil ég líka undirstrika að ég tel ástæðulaust að ala á of mikilli svartsýni þó að þessi tilraun eigi sér stað. Þarna er merkileg tilraun til að framkvæma ákveðna stjórnun, ákveðna hagræðingu og ekki er útlitið svo svart að fram undan sé stórkostlegur vandi. Það þarf sveigjanleika sem kemur kannske á vondum tíma þegar verið er að moka hinn margumrædda flór vinstri stefnunnar, en við getum ekki beðið lengur. Þess vegna held ég að menn eigi að standa saman um að ná málum fram og setja víðtækan og sterkan hrygg í málið.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er víst óhætt að viðhafa það ávarp að þessu sinni. Nú er búið að fjalla um þessi mál nokkuð efnislega og draga fram rök og gagnrök og ætla ég þess vegna ekki að fara yfir það málasvið. Ég kemst hins vegar ekki hjá því að fara hér örfáum orðum um vinnutilhögun varðandi þessa lagasetningu.

Ég minni á og undirstrika viðleitni hæstv. sjútvrh. sem hann viðhafði með því að kynna þetta mál fyrir sjútvn. beggja deilda. A. m. k. einn fundur var haldinn í hans rn. og annar hér síðar í hádeginu og er þetta að sjálfsögðu þakkarverð viðleitni af hendi hæstv. sjútvrh. til að miðla upplýsingum og koma fram skoðunum og sjónarmiðum áður en málið kom til meðferðar á Alþingi.

Ég minni líka á að hér fóru fram nefndarstörf með sameiginlegum fundum beggja þingnefnda. Það var að sjálfsögðu líka gagnleg ráðstöfun til að flýta fyrir umfjöllun og kynna málið þegar það kom til umr. á Alþingi. Nú er hins vegar komin röðin að Ed. Alþingis, þeim þm. sem skipa þessa virðulegu deild og þeim alþm. sem hafa tekið við þeim trúnaði að starfa í sjútvn. Ed. Alþingis. Í þeirri nefnd hefur í raun enginn fundur enn þá verið haldinn um þetta mál. Að því er mér virðist á að afgreiða það samt hér í kvöld. Þó er búið að boða þingflokksfund hjá þingflokki Sjálfstfl. og búið að boða fund í Sþ. Þetta er þá væntanlega tíminn sem þessari nefnd, sjútvn. Ed. Alþingis, er ætlaður til að fjalla um og taka ákvarðanir í þessu máli. Má þá hver sjá hvað það eru trúverðug vinnubrögð.

Ég hef lagt fram ósk á óformlegum fundi sjútvn. Ed. Alþingis sem haldinn var í morgun um grundvallaratriði í þessum málum. Ég geri mér ljóst að ekki er hægt að ætlast til að farið verði að rekja fyrir nefnd eða á Alþingi hvernig hinir einstöku framleiðslukvótar í sjávarútvegi verða eftir þessa lagasetningu. Nú hygg ég að fyrir liggi að Fiskifélag Íslands sé búið að setja upp slíka kvóta. En það er alveg augljóst mál að sú skipting þarf vandlegs undirbúnings við og augljóst að um hana sem slíka þurfa að fara fram fleiri en ein umr. á milli hinna einstöku hagsmunaaðila. Hins vegar eru viss atriði í þessu máli sem eru það víðtæk og þýðingarmikil að við þeim verða að fást svör.

Ég hef vísað í þessu sambandi til þess rökstuðnings sem ég er nú æðivel kunnugur, þ. e. um kvótauppsetningu í landbúnaði. Þó að það sé annar atvinnuvegur og kannske ekki alveg sambærilegt er ég þó alveg sannfærður um að ef menn hefðu verið búnir að vinna betur bakgrunninn að þeirri kvótauppsetningu hefði t. d. ekki verið notuð þriggja ára viðmiðun. Þriggja ára viðmiðunin í landbúnaði er ákaflega hæpin miðað við það hvernig framleiðslumál höfðu skipast síðasta áratug. Í sumum byggðarlögum hafði framleiðsla í landbúnaði aukist mikið, í öðrum hafði hún dregist saman og auðvitað hafði þarna gerst margt á milli, en það voru þessi þrjú ár sem voru látin ráða. Og hér á að hafa þetta eins. Hér á að miða við þrjú ár án þess að litið sé til þeirra breytinga sem hafa orðið á síðasta áratug t. d. Ég tel annað útilokað en að menn geri sér grein fyrir hvort þessi viðmiðun felur í sér breytingar eða tilfærslur á milli byggðarlaganna á þeim framleiðsluverðmætum sem þar hefur verið aflað.

Í öðru lagi og í beinu framhaldi af þessu hljóta líka að verða að liggja fyrir alveg fullar skýringar á því með hvaða hætti aðrar fiskveiðiheimildir, í síld, humri, rækju og loðnu koma til með að hafa áhrif á úthlutun veiðileyfa í t. d. þorskstofninn. Það eru svona grundvallarspurningar sem Alþingi, þingnefndir og einstakir alþm. eiga fullan rétt á að fá svör við.

Herra forseti. Ég vil að lokum vekja athygli á því sem kom fram í sjútvn. Ed. á fundi hennar í morgun. Þar kom fram hjá held ég öllum fulltrúum stjórnarand-

stöðuflokkanna að mikill vilji væri hjá þeim að komast að sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli. Hvernig til tekst með framgang þessa máls veltur verulega á því hvernig samstaða næst um það hér á Alþingi. Auðvitað er oft nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að beita sínum þingmeirihluta þegar hún telur sig geta lagt við hann að eigin vild en í því þarf ekki alltaf að felast mesti styrkurinn. Í málum sem þessum er mesti styrkurinn í því fólginn að ná um málið sæmilegri og þolanlegri samstöðu. Þess vegna met ég mikils það sem kom fram frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar á þingfundi í morgun og ekki hvarflar að mér að neinar meiningar séu þar á bak við aðrar en þær að leitast við að ná fram sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli. Kannske er það mesta óhappið í þessu, ef um óhapp er hægt að tala, að málið skyldi ekki fyrst fara af stað í þessari deild og verða unnið í sjútvn. Ed. Alþingis. Þá hefði m. a. ekki þetta sjónarspil átt sér stað í Nd. sem menn kalla málþóf. (**TÁ:** Það er ómögulegt að segja.) Ekki trúi ég því að hv. 4. þm. Austurl. hefði farið að standa að málþófi í þessari deild þó að hann sé til alls vís.

En ég hef sett fram mín sjónarmið. Ég legg mikla áherslu á að við þeim spurningum sem ég hef sett hér fram fáist svör og þá er sjálfsagt að sjá til með framhaldið.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá málefnalegu umr. sem hér hefur átt sér stað. Ég ætla ekki að lengja umr. en vil reyna að svara í nokkru þeim beinu spurningum sem til mín hefur verið beint. Hv. þm. Karl Steinar spurði hvers vegna rætt væri um þrjú ár þegar rætt er um skiptingu á afla. Það sem menn hafa hér fyrst og fremst í huga er að fá þverskurð af fortíðinni sem gæti gefið líklega mynd af möguleikum viðkomandi skipa á t. d. næsta ári. Það er nú svo í langflestum tilvikum að afli skipanna í fortíðinni gefur mjög mikla og góða mynd af möguleikum þeirra í framtíðinni. Maður sér þegar litið er á skip sem hafa verið lengi á veiðum að svo er. Hvort þessi ár eiga að vera þrjú, fjögur eða tvö er út af fyrir sig engin heilög regla. Ef árin eru fleiri er þeim mun líklegra að fleiri vandamál komi upp. Það verða þá fleiri skip sem ekki hafa verið í rekstri svo lengi, það eru fleiri skip sem hafa skipt um eigendur svo að eitthvað sé nefnt ef notuð eru fjögur ár. Hins vegar hefur verið um það rætt að líta einnig á hverju það mundi breyta ef einu ári er bætt við.

Ekki hefur verið tekin um það ákvörðun með hvaða hætti þetta verður gert. Nú eiga sér stað útreikningar hjá Fiskifélagi Íslands til að leggja á það fullt mat, en það sem hér býr að baki er að menn vilja hafa tryggingu fyrir því að dugnaður manna á undanförnum árum og ráðdeild þeirra varðandi afla fái notið sín í kvótanum. Þannig er það t. d. í Noregi þar sem er jafn kvóti, þ. e. öll togskip hafa sama kvóta. Það liggur alveg fyrir af hendi hagsmunaaðila að aldrei gæti orðið samstaða um að skipta aflanum jafnt. Menn leggja á það meginþunga að tillit sé tekið til þess hvernig menn hafa staðið sig í fortíðinni. En ég tek fyllilega undir það, að einnig eru aðilar sem hafa nýlega keypt skip sem ekki fá þá notið sín vegna þess að þeir hafa ekki fengið tækifæri til að sanna hvað í þeim býr eins og hinir. Og það verður alveg sérstakt vandamál að koma upp hlutlausum og hlutlægum reglum um hvernig taka skuli á slíkum undantekningartilvikum. Þau eru eftir því sem ég best veit ekki óskaplega mörg en þau geta verið alvarleg. Að því er nú unnið af ráðgjafarnefndinni að móta slíkar reglur og gera tillögur um það á hvaða grundvelli aflanum verði skipt.

Ég vil sem sagt taka skýrt fram að sú ráðgjafarnefnd sem vinnur nú að þessum málum mun gera tillögur. Ég vil t. d. taka fram að ráðgjafarnefndin gerði tillögur um heildarafla fyrir næsta ár og ég leyfi mér að fullyrða að aldrei áður hefur verið haft svo mikið samráð við hagsmunaaðila um ákvarðanir um aflamark á næsta ári. Það hefur fyrst og fremst verið sjútvrh. sem hefur tekið þær ákvarðanir eftir að Hafrannsóknastofnun hefur komið með sínar tillögur, en nú vann ráðgjafarnefndin mjög gott starf og lagði sjálfstætt mat á aflatölur fyrir næsta ár og skilaði niðurstöðu sem ég tók upp og fór eftir.

Ég hef einnig tekið skýrt fram við hagsmunaaðila að eftir að þessar tillögur verða komnar frá ráðgjafarnefndinni verða þær kynntar sjávarútvegsnefndum þingsins og hagsmunaaðilum á breiðari grundvelli en í ráðgjafarnefndinni og síðan verða ákvarðanir teknar. Ég vil einnig taka skýrt fram að að sjálfsögðu munu þessi mál koma aftur til umfjöllunar þingsins. Þau verða að gera það vegna þess að lögin eiga aðeins að gilda í eitt ár og að sjálfsögðu hefur þingið, ríkisstj. eða ráðherrar alla möguleika á því að taka málið aftur upp á Alþingi síðar í vetur. Einstakir þm. og sjávarútvegsnefndir hafa að sjálfsögðu slíkan möguleika og geta flutt málið aftur inn á Alþingi. Ég hef einnig greint frá því að taka þarf þessi lög til áframhaldandi endurskoðunar. Hér er ekki um neina lokaendurskoðun að ræða og ég minnti þar á reglur um stærð fiskiskipa og landhelgislínu. Þessi atriði þurfa helst að koma til meðhöndlunar á Alþingi í vetur. Þessi löggjöf verður því til áframhaldandi meðferðar hér.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að mjög mikilvægt er að um þetta mál ríki hin besta samstaða. Að sjálfsögðu er mikilvægt að svo sé á Alþingi. Það var einmitt með það í huga að ég kallaði strax og ég taldi málið liggja það skýrt fyrir á sjávarútvegsnefndir þingsins til að kynna málið og fara þess á leit að það væri tekið fyrir í þingflokkunum. Ekki er síður mikilvægt að góð samstaða ríki um málið við hagsmunaaðila sem eiga að búa við þessa löggjöf. Það er e. t. v. enn þá meira atriði. Hagsmunaaðilar allir hafa rætt þessi mál mjög mikið að undanförnu og þeir hafa komið fram með hugmyndir og sagt mjög skýrt að þeir vilji taka á þessum málum í samvinnu við sjútvrn. Þeir gera það vegna þess að þeir sjá enga aðra möguleika til að skapa bærilegan rekstrargrundvöll, en ég óttast nú að hann verði ekki einu sinni bærilegur á næsta ári. Þeir sjá ekki möguleika á að halda áfram því mikla kappi sem hefur verið um fiskimiðin, þar verði að draga úr. Það er e. t. v. nokkuð líkt þó að í minna mæli hafi verið þegar eigendur loðnuskipa komust að þeirri niðurstöðu að þeir þyrftu að koma sér saman um skiptingu aflans.

Nú er það svo vegna þess að mikið hefur verið talað um frjálsan atvinnurekstur í þessu sambandi, að eigendur loðnuskipanna eru e. t. v. þeir aðilar í útgerð sem eru hvað sjálfstæðastir og minnst háðir vinnslunni. Og það voru þessir menn og þessir aðilar sem komu sér saman um að breyta fyrirkomulaginu. Það var að vísu ekki alger samstaða en allir sem líta til baka á þessi mál eru sannfærðir um að hér var stigið rétt skref. Ólíunotk-

un hefur minnkað mjög verulega hjá loðnuflotanum og veiðarfæraslit hefur stórminnkað þannig að þar hefur átt sér stað mikill sparnaður.

Það var að mínu mati e. t. v. enn þá meiri ábyrgðarhlutur en allt annað að standa á móti því að taka á þessum málum og reyna að koma við sparnaði og skipulagi með hagsmunaaðilunum. Af því að Fiskiþing hefur komið hér til umr. þá eru þar þrátt fyrir allt menn alls staðar að af landinu sem hafa lifað og starfað í sjávarútvegi allt sitt líf. Í Landssambandi ísl. útvegsmanna er sama sagan, í Sjómannasambandinu og Farmanna- og fiskimannasambandinu. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að ekki er alger eining meðal þessara manna. En það er yfirgnæfandi meiri hluti sem krefst þess að forustumenn þessara samtaka geri tilraun til að koma á öðru skipulagi í samvinnu við sjútvrn.

Spurt var um það hér af hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni hvers vegna flotvarpan var felld út. Það er alveg rétt að þegar frv. var kynnt var grein um það að sjútvrh. væri heimilt að banna veiðar með flotvörpu. Aðalfundur LÍÚ samþykkti slíka tilhögun og ég taldi rétt að tekin væri afstaða til slíks banns. Ég vildi þá að alveg væri ljóst að ef Alþingi samþykkti slíka heimild yrði að vera ljóst að sú heimild yrði notuð. Hins vegar kom mjög skýrt fram á Fiskiþingi eftir að menn komu sér saman um að æskilegast væri að gera tilraun með kvótaskiptingu í eitt ár að þá væri ekki rétt að banna ákveðin veiðarfæri. Það var raunverulega forsenda þess að einstakir aðilar gátu sætt sig við slíka skipan, t. d. Vestfirðingar og Norðlendingar ýmsir. En það vita að sjálfsögðu allir að mismunandi sjónarmið eru í landshlutunum bæði að því er varðar veiðarfæri og hvort eigi að veiða fiskinn smáan eða stóran. Það er afskaplega mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir þá togstreitu sem oft vill verða á milli landshlutanna ef vel á að takast til.

Einnig komu fram spurningar frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, hv. 11. þm. Reykv., hvort fyrir lægju upplýsingar um kvóta á milli byggðarlaga og hvernig þetta mundi virka á atvinnuna. Ég vil taka fram vegna þess að raunverulega hefur komið fram hjá ýmsum að þetta frv. gæti orðið þess valdandi að atvinnuleysi færi vaxandi að ég tel það algerlega rangt. Ég tel að mun meiri líkur séu til að það muni fremur ganga í gagnstæða átt því að grundvöllurinn fyrir okkar atvinnu er að sjálfsögðu verðmætasköpun og það sem skiptir okkur mestu máli sem þjóð er að skapa sem mest verðmæti úr auðlindunum og með betra skipulagi. Þegar hér er um svo takmarkaðan afla að ræða getum við náð upp meiri verðmætum.

Það liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um kvóta eða um afla á einstakt byggðarlag með skipulegum hætti. Að sjálfsögðu liggja þessar upplýsingar allar fyrir hjá Fiskifélaginu. Það eru listar til um afla hvers einasta skips mörg ár aftur í tímann og það eru upplýsingar um afla í hverju einasta byggðarlagi mörg ár aftur í tímann þannig að þessar upplýsingar liggja í sjálfu sér alveg fyrir, rétt er að taka það fram. En ég held að mjög hættulegt sé að meta þetta mál í ljósi þessa. Við verðum hér fyrst og fremst að líta á heildarhagsmunina vitandi að komið geta upp ýmis staðbundin vandamál. Einmitt í ljósi þess sagði ég hér fyrir nokkru síðan að auðvitað væri best að fækka skipunum sem mest þannig að hin hefðu meiri möguleika og náttúrlega væri þá best að fækka þeim þar sem aðrir atvinnumöguleikar væru fyrir hendi. Í mínum huga er þetta mjög einföld skynsemi, a. m. k. þeirra sem vilja viðhalda fullri atvinnu í landinu. En það var ekki lengi að kvikna á ýmsum perum. Ég var sakaður um að vilja leggja hverjum einasta togara á Faxaflóasvæðinu og draga menn í nauðungarvinnu í álverið eins og það var orðað af nokkrum stjórnarandstæðingum. (Gripið fram í.) Ég veit að þetta hefði aldrei komið fram hér í hv. Ed., hér eru miklu hógværari menn. En ég er ekki að segja að það hafi endilega komið sérstaklega fram í þinginu en þetta kom mjög skýrt fram í fjölmiðlum. Auðvitað er það þetta sem málið snýst um. Það snýst um það að nýta auðlindirnar við landið þannig að við getum skapað atvinnu handa fólkinu og við verðum þá að nýta þær auðlindir sem við höfum ekki nýtt til að koma á móti þeim þar sem erfiðlega gengur, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Ég var búinn að lofa því að vera ekki langorður. En að sjálfsögðu getum við í sjútvrn. ekki farið að tala hér um hliðarráðstafanir. Það er að sjálfsögðu þjóðarinnar allrar að taka á því máli, byggja upp nýja atvinnuvegi í staðinn. Menn spyrja hvers konar byggðaröskun gæti átt sér stað. Ég tel að ekki eigi að þurfa að verða nein byggðaröskun vegna þessa hugsanlega skipulags vegna þess að við erum aðeins að reyna að finna réttláta leið til að jafna niður því mikla áfalli sem við höfum orðið fyrir og reyna að gera það besta úr hlutunum. Það er það sem allar þjóðir gera þegar þjóðfélög verða fyrir áföllum, þá fara menn þá leið.

Ég hef að sjálfsögðu ekki komið inn á öll þau atriði sem hér hafa komið fram. (Gripið fram í.) Já, varðandi línuna er það að segja að ég sagði eitt sinn í þinginu að ég teldi það koma mjög til álita að halda línuveiðinni utan við. Hitt er svo annað mál að ýmsir hagsmunaaðilar telja að mjög óráðlegt sé að gera það og það mundi sæta miklum mótmælum, t. d. togveiðiskipanna. Þetta er engan veginn útrætt mál. Það liggur alveg fyrir að ég hef sett fram ýmsar persónulegar skoðanir í þessum málum, bæði á aðalfundi LÍÚ, á Fiskiþingi og víðar. En ég vil taka skýrt fram að það er ekki mín hugmynd að þessar skoðanir verði sérstaklega ofan á. Ég hef alltaf sagt við hvert tækifæri að ég vilji taka sem mest tillit til hagsmunaaðilanna til að hægt verði að skapa sem mestan frið og samstöðu um málið. Ég hef að vísu varpað fram ýmsum skoðunum til að skapa umr. og ekkert hikað við það jafnvel þótt ég hafi oft verið gagnrýndur fyrir það, m. a. undanfarna daga, að ekki sé rétt af mér að vera að setja fram eina eða aðra skoðun því að það geti valdið vandræðum á milli aðila á meðan niðurstaða er ekki fengin.

Ég vil alveg taka undir það að það er mjög miður að mál þetta skuli ekki liggja allt saman ljóst fyrir. Ég hefði gjarnan viljað sjá að svo væri. Ég vænti þess að það liggi mun betur fyrir fljótlega upp úr áramótunum og þá sé hægt að segja alveg til um hvers konar skipulag við munum fara út í.

Það dettur held ég engum í hug að koma á fiskveiðistefnu á næsta ári nema í mjög nánu samráði við hagsmunaaðilana. Að ætla sér að fara af stað með eitthvað sem er í mikilli andstöðu við þá mun ekki stýra góðri lukku og mér dettur ekki til hugar að reyna slíkt. En um þetta verða höfð náin samráð, bæði við nefndir þingsins og hagsmunaaðila. Ég hef nú þá trú og ég veit að þm. hafa þá trú á lýðræðinu í landinu að ef eitthvað kemur

upp sem menn geta alls ekki sætt sig við verður því að sjálfsögðu breytt. Þingið hefur alla möguleika á að taka málið upp og ég held að einmitt þess vegna sé mikilvægt að þetta margumtalaða vald sé í höndum pólitísks aðila því að hægt er að taka hann og spyrja í þinginu. Menn spyrja ekki Fiskifélag Íslands t. d. hér á Alþingi. Ef það ætti að hafa þetta vald, hver yrði spurður um þá ráðstöfun hér á Alþingi? Sennilega yrði sjútvrh. að svara fyrir hönd Fiskifélagsins. Menn spyrja ekki hagsmunaaðilana hér. Einnig getur þingið hvenær sem er breytt lögum og mér finnst að allt of mikið hafi verið gert úr því hvað ráðherra fær þarna mikið vald. Það er vissulega rétt. En ég vil minna menn á að þetta vald er afskaplega vandmeðfarið og það er í reynd ekki hægt að fara með það nema í mjög náinni samvinnu við þá sem við það eiga að búa.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hv. nefnd sjái sér fært að afgreiða þetta mál eins fljótt og mögulegt er. Ég tel mjög slæmt að málið skyldi ekki koma fyrr hingað til deildar. Það er vissulega rétt og ég hefði að sjálfsögðu kosið að það hefði komið hingað mun fyrr. En að mínu mati er mjög mikilvægt að fá skýrar línur í það hvort Alþingi er tilbúið til að á þessum málum verði tekið með þeim hætti sem hagsmunaaðilar hafa lagt á áherslu og menn hafa verið að ræða að undanförnu. Ef því verður frestað og því verður hafnað og málið dregið fram yfir áramót kemur mjög mikil óvissa upp.

Ég vil einnig taka skýrt fram að mjög erfitt er fyrir okkur í sjútvrn. að taka ábyrgð á stjórn fiskveiða á næsta ári með þeim heimildum sem við höfum. T. d. eru togveiðarnar ekki leyfisbundnar og við höfum í reynd enga heimild. Við getum að vísu útvíkkað skrapdagakerfið, en skrapdaga í hvað? Í ofnýtta aðra stofna sem mundi þá setja þá stofna í mikla útrýmingarhættu? Ég vil leiðrétta þann misskilning sem hér hefur komið upp að vandalaust sé að stýra sókninni í fiskistofnana með þeim heimildum sem eru fyrir í lögum. Að vísu eru þær heimildir mjög víðtækar en þær voru hugsaðar á þeim tímum þegar mikið var af vannýttum fiskistofnum. Menn litu á karfann, ufsann, ýsuna og marga aðra fiskistofna sem vannýtta. En nú er ekki lengur um það að ræða svo að við getum ekki stýrt sókninni úr ofnýttum stofni yfir í vannýtta stofna. Segja má að öll hugsunin í þeirri löggjöf hafi byggst á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Mánudaginn 19. des., kl. 10 árdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 147. mál (þskj. 206). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði kemur frá Ed. þar sem það hefur hlotið afgreiðslu. Ég vona að hv. Nd. sjái sér fært að afgreiða frv. á sama hátt og Ed. og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er framlenging á skattstofni sem vinstri stjórnin ákvað 1978, 1. sept. það ár, skattstofni sem síðan hefur verið viðurkenndur í hálfan áratug. Þetta er þriðja ríkisstjórnin sem yfirtekur það góða bú sem þessi skattstofn vísar til, þ. e. hinn mikli hagnaður verslunarinnar í landinu verði látinn skila einhverju til hinnar sameiginlegu neyslu landsmanna, og er það vel að núv. hæstv. fjmrh. skuli sjá að það er skynsamlegt að framlengja þennan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hæstv. fjmrh. greiddi alltaf atkv. gegn þessum skatti á síðustu árum og hélt yfirleitt mjög langar og ítarlegar ræður um að þessi skattur væri til marks um skilningsleysi á hag verslunarinnar og fjandskap við hana.

Þegar 2. umr. fjárlaga fór fram áttum við nokkur orðaskipti, ég og hæstv. fjmrh., um þennan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, en þannig var að ég hafði lagt til að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði yrði tvöfaldaður frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og yrði gert ráð fyrir að hann skilaði 65 millj. kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í áætlunum hæstv. ríkisstj. Í tillögum Alþb. var gert ráð fyrir að breyting á skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði kæmi á móti ákveðnum útgjaldatillögum sem við bárum upp, enda er það venja okkar í Alþb. að flytja eingöngu ábyrgar tillögur. Við erum ekki að flytja yfirboðstillögur út í loftið, heldur fluttum við tillögur um ákveðin útgjöld og um tekjustofna þar á móti. Er það alveg óvenjulegt núna á seinni árum að stjórnarandstöðuflokkar sýni slíka ábyrgð á þann hátt sem við höfum gert í Alþb. Það er býsna ólíkt því sem var t. d. hjá Íhaldinu á valdatíma síðustu ríkisstj. Oft flutti það brtt. upp á hundruð millj. kr. án þess að væri fimmeyringur í tekjuöflun á móti.

Þegar málið var til meðferðar í hv. Sþ. þegar 2. umr. fjárl. fór fram mótmælti hæstv. fjmrh. hugmynd Alþb. um hækkun sérstaklega og sagði að hún væri í rauninni aftakavitlaus vegna þess að Sjálfstfl. væri á móti henni. Það þýddi þá að flokkar ættu aldrei að flytja tillögur um neitt annað en það sem Sjálfstfl. er samþykkur. Nú er það sem betur fer svo að menn spyrja ekki alltaf Sjálfstfl. áður en þeir flytja tillögur hér í þinginu og ekki einu sinni þm. Sjálfstfl. Þessi viðbára, þessi gagnrýni fjmrh., var því auðvitað út í hött, og auðvitað hefði verið eðlilegt að hann kæmi til móts við þau sjónarmið sem ég setti þar fram varðandi skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

En þrátt fyrir þá viðleitni fjmrh., sem ber að fara jákvæðum orðum um, að hann skuli vera kominn þó þetta langt á þroskabrautinni að sjá að það eigi að leggja skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og hann skuli vilja framlengja þannig þennan skattstofn vinstri stjórnarinnar 1978, er viðurkenning hans á mikilvægi þessa skattstofns örlítið í skötulíki því að hann leggur til að skatthlutfallið hér lækki úr 1.4% í 1.1% og þar af leiðandi lækki þær tekjur sem þessi skattur getur gefið af sér um þó nokkra upphæð. Af þeirri ástæðu var það sem minni hl. fjh.- og viðskn. í hv. Ed. flutti till. um að þessi sérstaki skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði

næmi 1.4% af skattstofni en ekki 1.1%. Flm. þessarar till. voru hv. þm. Eiður Guðnason, Ragnar Arnalds og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Þessi till. var því miður ekki samþykkt í Ed., þar sem hæstv. fjmrh. á þó sæti. Það er bersýnilegt að hann vill ekki þær tekjur sem hér var lagt til að aflað verði.

Það væri fróðlegt að heyra rök hans fyrir því að það eigi á árinu 1984 að fara að lækka sérstaklega skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hvaða nauðung er það sem rekur hann til að leggja til að það verði sérstaklega lækkaður skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði meðan verið er að hækka ýmsa aðra skatta í landinu hlutfallslega, t. d. útsvörin? Það er bersýnilegt að þau muni hækka nokkuð á næsta ári og það er einnig bersýnilegt að það mun taka hinn almenna launamann í þessu landi miklu lengri tíma að vinna fyrir sköttum ríkisins á næsta ári en á þessu ári vegna þeirrar kjaraskerðingarstefnu sem ríkisstj. hefur rekið. En á sama tíma og menn verða lengur að vinna fyrir sköttunum sínum á næsta ári en á þessu ári á að létta sérstaklega á versluninni með því að lækka á verslunar- og skrifstofuhúsnæði úr 1.4% af skattstofni í 1.1%. Svona framkoma er auðvitað alveg yfirgengileg, að á sama tíma og verið er að þyngja stórkostlega byrðar á launafólki í landinu, sérstaklega vegna kjaraskerðingarinnar, skuli það gerast að ríkisstj. flytji tillögur um að lækka skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þessi afstaða ríkisstj. kemur auðvitað ekki á óvart miðað við þann tillöguflutning sem hér hefur verið uppi t. d. varðandi það að lækka skatta í sambandi við fjárfestingu í hlutafélögum. Þar sér ríkisstj. ástæðu til að koma sérstaklega til móts við fólk, en þegar kemur að hinum almenna launamanni blasir við hið algera miskunnarleysi. Þessi stefna ríkisstj. birtist svo einnig í þessu undarlega frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, um það að lækka þann skatt úr 1.4% í 1.1%.

Ég tel, herra forseti, ástæðu til að ræða skattastefnu ríkisstj. mjög ítarlega og ég mun gera það hér þegar betra tækifæri gefst til. Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um þetta frv., en ég boða að ég mun hér flytja till. um að skatturinn verði 1.4% eins og gerð var till. um í Ed., þannig að í ljós komi hvort einnig hér í Nd. sé þannig háttað að stjórnarliðið vilji ekki tekjur af þessum góða skattstofni vinstri stjórnarinnar, sem hæstv. fjmrh. er nú á góðri leið með að viðurkenna, þó að það sé heldur í skötulíki, eins og kannske við var að búast, því að það er ekki von að menn taki út allan sinn þroska í einu skrefi, allt tekur sinn tíma. Ég boða þessa brtt. hér, herra forseti. (Gripið fram í.) Það var dapurlegt að hæstv. fjmrh. skyldi ekki geta svarað þessari einföldu fsp. hvernig á því stendur að hann er sérstaklega að lækka skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Mér þætti vænt um ef ráðh. sæi sér fært að reyna að svara því. Ég geri ekki miklar kröfur í þeim efnum, en tilraunin væri betra en ekkert.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég taldi ekki ástæðu til að tefja þennan fund með því að svara spurningu sem þegar er svarað í aths. við þetta frv., en ég ætla þó að leyfa mér að lesa það, fer þar í miðja aths., en þar stendur:

„Í frv. til fjárl. fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þeim sökum er frv. þetta lagt fram og er það efnislega shlj. lögum nr. 20/1983. Þó er lagt til að skattahlutfallið lækki úr 1.4% í 1.1%, en vegna minnkandi verðbólgu er það gert til að koma í veg fyrir að skattbyrði aukist milli ára.“

Þetta er svarið sem virðulegur þm. óskaði eftir að fá. Það er sem sagt prentað í aths.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Frestun á greiðslum verðtryggðra íbúðalána, frv. 47. mál (þskj. 256). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 50 er flutt frv. til l. um heimild til að fresta greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. sem gefin voru út skömmu eftir myndun núv. hæstv. ríkisstj. og fjölluðu brbl. um að ríkisstj. gæti að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands ákveðið að fresta greiðslu á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingarþátta og vaxta verðtryggðra lána hjá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og verðtryggðra íbúðalána banka og annarra lánastofnana er gjaldféllu á tilteknu tímabili eftir að lögin voru gefin út, ef lántakendur óskuðu.

Þetta frv. hefur hlotið afgreiðslu í hv. Ed. án ágreinings þar. Á því var gerð ein breyting. Tvö orð voru felld niður úr 2. mgr., orðin „eftir þörfum“. Að öðru leyti féllst hv. Ed. á að samþykkja það frv. sem hér er til umr.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta frv., en leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. 50. mál (þskj. 53). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir hefur þegar verið afgr. í hv. Ed. og ég vona að það hljóti einnig afgreiðslu í þessari hv. deild. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mun nú vera skammt eftir af þingstörfum fyrir hátíðar og gert ráð fyrir því að ljúka deildafundum fljótlega. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forseta að því, sem ég spurði hann um aðfaranótt s. l. laugardags, hvenær frv. um breytingu á kosningalögunum verður tekið fyrir á fundi Nd. þannig að það verði afgreitt til 2. umr. og nefndar áður en þing fer heim í jólahlé. Ég gerði ráð fyrir því að ljóst væri að frv. yrði afgreitt til nefndar og 2. umr. Ég hef ítrekað tekið þetta upp á fundum forseta þingsins og formanna þingflokkanna og ég hef ekki orðið var við annað en ég hafi átt þar, og þeir sem þetta mál hafa borið fyrir brjósti, góðan stuðning. Ég hef ekki orðið var við að menn hafi neitað þeim möguleika að þetta mál yrði tekið fyrir og þætti reyndar mjög sérkennilegt að slíkt gerðist því að hér er um að ræða mál sem flutt er af formönnum fjögurra stjórnmálaflokka. Þess vegna ítreka ég þessa spurningu, herra forseti: Hvenær verður frv. formanna fjögurra flokka um breytingu á kosningalögunum tekið fyrir?

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta mál hefur verið tekið upp á fundum forseta og formanna þingflokka þar sem forsrh. var viðstaddur. Þar kom í ljós að ekki var samkomulag um að þetta mál yrði tekið á dagskrá og því hefur forseti ekki treyst sér til að gera það nú. En hæstv. forsrh. gæti e. t. v. svarað betur um þetta.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekkert á móti því að ræða þetta mál eins fljótt og kostur er. En ég hygg að fullyrða megi að við 1. umr. verði miklar umr. um málið. Mér hefur ekki sýnst að nein tök væru á því að koma þeim viðræðum við og ljúka þeim fyrir þingfrestun. Þess vegna hefur það verð látið mæta afgangi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekkert sem mælir gegn því að hægt verði að ljúka 1. umr. um þetta mál og semja um hvernig hún fer fram. Það hafa engar tilraunir verið gerðar til slíks. Við erum að sjálfsögðu reiðubúin til þess í Alþb. fyrir okkar leyti að reyna að stuðla að því að það verði sem greiðust umr. um málið. Ég skora á hæstv. forseta Nd. að beita sér fyrir því að samkomulag verði gert um hvenær og hvernig málið verði tekið fyrir og það afgreitt frá 1. til 2. umr. Jafnframt vil ég beina því til hæstv. forseta að málið verði tekið fyrir þegar á dagskrá næsta fundar, þannig að ljóst sé að það sé komið í röð þeirra forgangsmála sem ræða á áður en þing fer í jólahlé.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur vakið mikla athygli hvað tekið hefur langan tíma að koma því í verk að þetta frv. væri lagt hér fram og er rétt að rifja upp í þessu sambandi að á s. l. vori fluttum við ýmsir þm. Alþb., Sjálfstfl. og Alþfl. sérstaka till. um að Alþingi kæmi saman 18 dögum eftir kosningar til að fjalla um breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipan. Röksemdin fyrir því var sú, að þar sem þingið væri orðið sammála um að núverandi kjördæmaskipan væri ekki réttlát lengur væri óviðunandi að þjóðin byggi lengi við kjördæmaskipan sem þingið væri orðið sammála um að væri óréttlát.

Nú gerðist það að þingflokkur Sjálfstfl. hljóp algerlega frá þessu samkomulagi, sem gert hafði verið, og myndaði ríkisstj. þar sem Framsfl. setti það að skilyrði að þetta mál yrði ekki tekið fyrir þá strax. Forusta Sjálfstfl. samþykkti að fórna kjördæmamálinu fyrir þessa ríkisstj. Það hefur svo verið fróðlegt að fylgjast með því hér í haust hvernig Framsfl. hefur áfram getað kúgað Sjálfstfl. í kjördæmamálinu. Það er greinilega alveg nýtt í stjórnmálasögu þessa lands að Framsfl. takist að kúga Sjálfstfl. í kjördæmamálinu. Forustumenn Sjálfstfl., Bjarni Benediktsson og Ólafur Thors, hefðu örugglega talið það einhvern tíma tíðindi.

Nú kemur greinilega í ljós að þessi kúgun nær ekki eingöngu svo langt að Sjálfstfl. samþykkti að geyma málið hér til haustþings, heldur virðist Sjálfstfl. ætla að láta Framsfl. komast upp með það að fyrst sé dregið vikum saman að leggja málið fyrir og síðan að koma í veg fyrir að málið færi til 1. umr. fyrir jólaleyfi. Ég vil spyrja hv. þm. Ólaf G. Einarsson, formann þingflokks Sjálfstfl.: Er það með samþykki Sjálfstfl. sem forsrh. hefur beitt sér fyrir því að 1. umr. fari ekki hér fram og er Sjálfstfl. þar með enn og einu sinni að samþykkja frestunar- og tafarkröfur Framsfl. í kjördæmamálinu?

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Mér þykir satt að segja einkennilegt að það skuli enn vera hafin umr. um þetta og með nákvæmlega sömu rangfærslum og á fyrstu dögum þingsins í haust, þá af hv. þm. Svavari Gestssyni. Það var þá rekið rækilega hverjir það voru sem komu í veg fyrir samþykkt till. um að Alþingi skyldi koma saman eigi síðar en 18 dögum eftir kosningar. Það var Alþb. Ég sé enga ástæðu til að vera að rekja þetta aftur. Það var gert hér í haust. (Gripið fram í.)

Ég skal gera það já. Ég svara spurningu hv. þm. þannig, að það er ekki með samþykki Sjálfstfl. að þetta frv. til nýrra kosningalaga er ekki tekið á dagskrá. Þetta er hins vegar eitt af þeim frv. sem hefur ekki náðst samkomulag um að tekið yrði til afgreiðslu fyrir þinghlé núna. En það er ekki með neinu samþykki Sjálfstfl. Þvert á móti hef ég á fundum formanna þingflokka og forseta lagt áherslu á og stutt þar ósk hv. þm. Svavars Gestssonar um að málið kæmi hér til umr. Það er enn mín ósk að þetta frv. komi til umr. og megi ganga til nefndar, þar með líka að kjörnar verði sérstakar stjórnarskrárnefndir sem gætu þá tekið til starfa í þinghléinu. Að þessu leyti eigum við sameiginlegar óskir, Alþb.-menn og sjálfstæðismenn.

Ég mundi telja heppilegt að það yrði kannað núna í fundarhléi hvort ekki væri möguleiki á samkomulagi milli þingflokka um að þetta mál kæmist til umr. Það er reyndar fleira sem ekki hefur orðið samkomulag um en mér þætti rétt að reyna enn hvort þingflokkar gætu ekki fallist á næði fram að ganga. Þar á ég sérstaklega við frv. um tekju- og eignarskatt. Ég veit að það hefur verið lögð misjöfn áhersla á það á fundum formanna þingflokka og forseta, en það er þó eitt af þeim málum sem ríkisstj. lagði áherslu á að næði fram að ganga. Mér sýnist þess vegna vera full ástæða til að formenn þingflokka og forsetar kanni á fundi sínum hvort ekki er möguleiki á að ná þessum málum fram.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að mótmæla þeim fullyrðingum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að samkomulag hafi verið gert um það við stjórnarmyndun að þetta mál yrði ekki þegar lagt fram. Þvert á móti var samkomulag um það gert að

málið yrði afgreitt fyrir næstu kosningar til Alþingis. Er það ekki það sem er aðalatriði málsins? Og ef hv. þm. gerir sér vonir um að kosningar til Alþingis verði nú eftir skamman tíma er það rangt. Ríkisstj. hefur ekkert slíkt í huga. Þetta mál verður afgreitt áður en næstu kosningar til Alþingis fara fram.

Hitt er svo annað mál, að ýmsir þm. hafa tjáð mér að þeir óski eftir að fá góðan tíma til að ræða þetta mál þegar við 1. umr., enda er hér um mjög stórt og viðkvæmt mál að ræða. Ég vil einnig vekja athygli á því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér, að á lista ríkisstj. voru og eru mál sem ríkisstj. telur mjög æskilegt að afgreiða, ef ekki nauðsynlegt, fyrir áramót, en í því samkomulagi sem hér var gert s. l. föstudag var þeim málum frestað til að fá samkomulag um framgang fiskveiðistefnu frv. Ég verð að segja að ef á að taka ný mál fyrir nú hljótum við að endurskoða afstöðu til tekju- og eignarskatts og útsvarsstiga.

Ég vil að þetta komi hér fram, en fyrst og fremst legg ég áherslu á að það hefur enginn verið kúgaður í þessu máli. Það er fullt samkomulag um það milli stjórnarflokkanna að þetta mál verði afgreitt fyrir næstu kosningar til Alþingis.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er mikill hugur í mönnum að fá umr. um þetta þjóðnauðsynlega mál, sem menn töldu á s. l. vori. Ég sé enga ástæðu til að taka upp umr. um það nema þá því aðeins að jafnframt, og ég kalla eftir því, komi hér til umr. árangur af starfi samkv. þeirri yfirlýsingu sem gefin var í grg. með frv. sem hér um ræðir og er svohljóðandi:

„Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst."

Ef það á að fara að taka upp umr. um þetta svokallaða kosningalagafrv. hér aftur verður eindregið kallað eftir tillögum í ljósi þessarar yfirlýsingar og það er alveg öruggt mál að eigi að fara að ræða þetta mál hér á síðustu dögum verður það ekki gert á nokkrum klukkutímum ef ekki á að fylgja í kjölfarið að standa við gefin fyrirheit og yfirlýsingar um að taka aðra þætti með. Ég held að rétt sé að menn geri sér ljóst að það verður ekki í nokkra klukkutíma sem umr. stendur um þetta mál, heldur í nokkra daga ef það á að fara að taka það upp núna á þessum grundvelli.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra að Sjálfstfl. geri einnig kröfu til þess að þetta mál verði tekið hér til 1. umr. áður en þing fer heim í jólaleyfi og vil ég þakka hv. þm. Ólafi G. Einarssyni fyrir þá yfirlýsingu. Þar með liggur fyrir að meiri hl. þm. hér á hv. Alþingi óskar eftir því að þetta mál verði tekið hér fyrir og afgreitt til nefndar fyrir jólaleyfi. Þar með liggur einnig fyrir að það er ekkert samkomulag innan ríkisstj. um að þessu máli verði frestað hér og nú, eins og hæstv. forsrh. var að gefa til kynna.

Hæstv. forsrh. sagði að samið hefði verið um það í ríkisstj. að þetta mál yrði afgreitt áður en næstu kosningar færu fram. Því miður er það nú þannig, hæstv. forsrh., að sú yfirlýsing er harla léttvæg vegna þess að hæstv. forsrh. fer með þingrofsvaldið og hann getur þess vegna rofið þing hvenær sem honum sýnist, nánast á fullkomlega löglegan og stjórnskipulegan hátt, án þess að þetta mál verði afgreitt. Sjálfstfl. hefur staðið þannig að þessari stjórnarmyndun að Framsfl. getur með þingrofsvaldið í hendi sér hvenær sem honum sýnist efnt hér til kosninga án þess að breyting á kjördæmaskipuninni sé afgreidd sem fullgild lög. Og það er einmitt staðreynd málsins, sem þetta hv. þing er að leitast við að fyrirbyggja, en sem Framsfl. er augljóslega að leitast við að tryggja, að hann hafi það áfram algerlega í hendi sér með þingrofsvaldinu, sem forsrh. hefur, hvort þessi kjördæmabreyting verður afgreidd eða ekki. Þess vegna er óhjákvæmilegt að Alþingi tryggi með lagasetningu að þessi breyting nái fram að ganga sem allra fyrst svo að þessi breyting verði ekki fórnarlamb í þingrofshendi núv. hæstv. forsrh. Það er þess vegna sem ég fagna því að Sjálfstfl. skuli nú hafa lýst því yfir, eins og gert var fyrir nokkrum mínútum, að hann vilji standa að því að þetta mál sé tekið til umr. og til nefndar fyrir jólaleyfi. Það gefur okkur til kynna að Sjálfstfl. hefur áttað sig á þeirri miklu hættu sem fólgin er í því að þetta mál geti drukknað með beitingu hæstv. forsrh. á þingrofsvaldinu. Að vísu veit ég að sjálfsagt hefur verið gert við myndun þessarar ríkisstj., eins og oft áður, samkomulag um að þingrofsvaldinu sé beitt með samþykki allra stjórnaraðila, en það eru hins vegar fordæmi og leiðir til þess að komast í kringum það atriði með því einfaldlega að reka þann aðila út úr stjórninni sem á móti því er og rjúfa síðan þingið þar á eftir. Um það eru ýmis dæmi úr íslenskri stjórnmálasögu, sem ég ætla ekki að fara að rekja hér. (**Iðnrh.:** Ýmis dæmi? Það er eitt einasta dæmi til.) Það eru til tvö dæmi a. m. k. sem sýna hvernig þessu má beita, bæði frá 1974 og 1931. Þess vegna er ljóst að eins og málinu er nú háttað hefur Framsfl. þetta mál algerlega í hendi sér vegna valds hæstv. forsrh. Ég er þess vegna ekki hissa á því að hann gæfi þá yfirlýsingu sem hann gaf hér því að hún er liðurinn í því að tryggja að Framsfl. hafi algert vald á kjördæmaskipunarmálinu. Ég vil því ítreka þau tilmæli, sem hér hafa komið fram og hv. þm. Ólafur G. Einarsson studdi hér áðan, að leitað verði samkomulags í fundarhléi um að taka málið á dagskrá og koma því til nefndar.

Hitt er svo merkilegt, að menn skuli koma hér upp í ræðustólinn, eins og hæstv. forsrh., og telja að kjördæmamálið sé eitthvað skiptimál á móti frv. um tekju- og eignarskatt. Það sýnir nú best viðhorf Framsfl. til kjördæmamálsins, að ef menn vilja ekki afgreiða eitthvert ómerkilegt skattafrv. frá fjmrh., sem ríkisstjórnarliðið er búið að velkjast með í nokkra daga, verði kjördæmamálið ekki afgreitt. Ég spyr hv. þm. Sjálfstfl.: Ætla þeir að láta fara svona með kjördæmamálið, að það sé gert að ómerkilegri skiptimynt fyrir minni háttar frv. um tekju- og eignarskatt, frv. sem er aðeins fyrir 3—4 dögum komið til þingsins í þeim búningi sem ríkisstjórnarliðið vill fá það samþykkt í? (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að stytta ræðu sína?) Já, ég er að ljúka máli mínu, herra forseti. Það frv. sem hér hefur verið um rætt hefur legið fullbúið og þm. kunnugt í níu mánuði, en sú útgáfa frv. um tekju- og eignarskatt, sem hér á að fara að ræða, sást fyrst á borðum s. l. föstudag.

Hitt er svo alveg ljóst, að það eru hér innan þings 2—3 menn, eins og hv. þm. Karvel Pálmason og eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, sem sjálfsagt ætla að beita

ræðuvaldi sínu til að reyna að skemma fyrir þessu kjördæmamáli eins og þeir geta. En það væri náttúrlega alveg út í hött ef þingið léti nokkra menn, sjálfsagt velflesta nema e. t. v. Karvel Pálmason innan Framsfl., komast upp með það að koma í veg fyrir að vilji meiri hl. þingsins gagnvart meðferðinni á kjördæmamálinu næði fram að ganga.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Að sjálfsögðu tefjast þingstörf þegar varaþm. sem birtast hér á Alþingi eru svo viðþolslausir af þörf fyrir að tjá sig að það verður að halda uppi næturfundum til þess að hægt sé að fullnægja óskum þeirra. Hv. 7. þm. Reykv. talaði um að það ætti ekki að gera þetta mál að skiptimynt. Hverjir gerðu þetta mál að skiptimynt í viðskiptunum í vor? Hverjir gerðu þetta mál að skiptimynt í viðskiptunum þegar þurfti að ræða um raforkumál? Var það ekki Alþb. sem gerði þetta að skiptimynt? Var það ekki það sem hv. 9. landsk. þm. var að vekja athygli á áðan í umr.? Auðvitað gerðu þeir þetta mál að skiptimynt á sínum tíma.

En hitt er athyglisvert, að það hefur verið upplýst hér hverjir ætla að svíkja þau fyrirheit sem gefin voru í grg. með þessu frv. Það er upplýst að Alþb. ætlar að svíkja öll þau fyrirheit, hvert einasta. Mannréttindamál dreifbýlisins skipta það engu máli. Alþb. ætlar að svíkja. Það er búið að afgreiða það að svíkja, hver einasti maður, ef trúa má hv. 7. þm. Reykv. Þeir svikarar skulu úthrópaðir um land allt. Og það mun ekkert þýða hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að ætla að leika einhverja brúðu í þeim efnum. Hann verður spurður að því beint fyrir norðan hvort hann ætli að svíkja í þessu máli eða hvort hann ætli að virða það sem stóð í grg. Hér er verið að takast á um hvort það eigi að vera tvöfalt kerfi í þessu landi gagnvart mannréttindum eða ekki.

Það er athyglisvert að hv. 7. þm. Reykv. telur sjálfgert að hann sé talsmaður fyrir Sjálfstfl. hér í ræðustól af og til. Hann er reiðubúinn að túlka hvernig sjálfstæðismenn standa að málum. Hann er búinn að lýsa því yfir að hann sé fulltrúi fyrir þá hér með því að undirstrika að hver einasti maður í liði Sjálfstfl. ætli að svíkja í þessu máli. Ég vil upplýsa hann um að það er öruggt mál að til eru menn innan Sjálfstfl. sem hafa hugsað sér að virða þessa grg., hafa hugsað sér að koma í veg fyrir að þannig verði að málum staðið að svikið verði það sem þar kemur fram. En það er ekki undarlegt þó að hv. 7. landsk. þm. telji að það séu svikararnir úr hans liði sem muni fá að ráða þessu. Þeir eru vanir að halda hér uppi málþófi þegar þeim sýnist til að koma í veg fyrir að meiri hl. Alþingis komi málum sínum áfram. Það eru vinnubrögðin sem þeir telja eðlileg í lýðræðisþjóðfélagi.

Ég skora á hv. 7. þm. Reykv. að gera sér grein fyrir því, að það er til þó nokkuð mikið skrifað um þessi efni og það væri hægt að sitja nokkuð lengi á tali ef menn nýttu sér það sem þar er að finna. Það er ekki víst að flytja þyrfti tvisvar sömu ræðuna til að koma þeim málum áfram.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það líður nú á þann tíma sem við höfðum hugsað okkur til fundar í fjh.- og viðskn. og ég vona nú að þessum þingskapaumr. gæti farið að ljúka.

Ég tel að það sé mjög óeðlilegt að ímynda sér að hægt sé að hespa af 1. umr. um mál eins og kjördæmamálið á fáum mínútum. Það er eftir mjög lítið af deildarfundartíma og það er samkomulag um nokkur mál sem verða að fá afgreiðslu áður en þingi er frestað. Ekki er við öðru að búast en ýmsir þurfi að tjá sig um þetta mál og ekki bara þeir sem tóku þátt í mótun þess í fyrravetur. Það eru hér margir nýir þm. Það eru hér tveir nýir stjórnmálaflokkar, sem ekki hafa tekið svo að ég viti endanlega afstöðu til þessa máls. Það er ekkert sem bendir til annars en að menn þurfi að taka sér nokkurn tíma til að ræða málið.

En hvað liggur á að þoka málinu áfram fyrir jól? Sú röksemd hefur komið fram að það sé nauðsynlegt að kjósa stjórnarskrárnefndir sem starfi í þinghléi og þeim sé heppilegt að starfa í þinghléi. Ég vil mótmæla þessu, því að með því að starfa í þinghléi er verið að útiloka utanbæjarþm. frá þátttöku í þessum nefndum. Ég vona að ekki sé meiningin að koma í veg fyrir að utanbæjarmenn, sem eru bundnir við störf í sínum kjördæmum og þurfa að fara þar um og halda fundi og eiga mjög óhægt með að sækja fundi hér til Reykjavíkur, taki þátt í mótun málsins.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson taldi fráleitt ef einhverjum sem hefði einhverjar efasemdir um þetta kosningalagafrv. ætti að haldast uppi að beita ræðuvaldi sínu, eins og hann orðaði það. Ég hélt satt að segja á laugardagsnóttina að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson væri mikill vinur málfrelsisins og vildi lofa mönnum að hafa tækifæri til að tjá sig úr ræðustól. Ég fullvissa hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson um að þessi ríkisstj. kemur til með að sitja lengi enn og hann verður bara að hafa biðlund og una sér við það að skrifa í Þjóðviljann, létta á sér þar, og koma svo hér sem varamaður og taka glæsilegan þátt í þingstörfum af og til. Það er ekki að kosningum komið og þess vegna liggur ekkert á að afgreiða þetta mál. Það getur vel beðið að taka það til 1. umr. þangað til eftir þinghlé og síðan höfum við allt vorþingið til þess að starfa að málinu.

En ég vil ítreka það við hæstv. forseta að reyna nú að hafa áhrif á að nefndir geti tekið til starfa. Annars verðum við að fá og er reyndar augljóst að við þurfum að fá lengra fundarhlé en til kl. 11.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er örstutt, að þessu sinni a. m. k.

Ég held að það sé mesti misskilningur hjá hv. 7. þm. Reykv. að það séu bara tveir þm. hér innan veggja sem þurfa sitthvað um þetta mál að segja og þó þeir væru ekki nema tveir er hv. 7. þm. Reykv. óhætt að trúa því og treysta að þeir munu tala hér lengi báðir, komi þetta mál með þessum hætti fyrir þingið.

Ég vil í áframhaldi af því óska eftir því og kalla eftir því hjá formönnum stjornmálaflokkanna öllum, hvað líði efndum á þeim gefnu yfirlýsingum og fyrirheitum sem fylgdu í grg. um að jafna búsetuskilyrði hjá þeim sem verst eru settir til jafns við hina. Hefur ekkert verið gert í því máli í þá níu mánuði sem þetta frv. hefur legið fyrir? Ég óska eindregið eftir að formenn stjórnmálaflokkanna komi í stólinn og segi okkur hinum óbreyttu af því hvað hefur verið unnið í þeim málum. Ég heyri það á hv. þm. Alþb., hv. 3. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykv., að þeir kæra sig ekkert um það mál. Það er einvörðungu kosningalagafrv. sem þeir eru með, sem hér var afgreitt á síðasta vori, en um hitt kæra þeir sig

ekki, það er greinilegt. (**Gripið fram í:** Hvaða rugl er þetta?) Hv. þm. hefði átt að vera hérna inni áðan þegar verið var að tala um málið, en ekki rjúka á dyr. Það er alveg sjálfsagt að tala við hann lengur í dag til að koma honum í skilning um hvað er verið að tala um, hafi hann ekki skilið það til þessa. En ég ítreka jafnframt að hv. 3. þm. Reykv. sem formaður Alþb. segi okkur til um hvað hann hefur lagt til varðandi það sem var í grg. með frv. frá því í vor og átti að jafna búsetuskilyrði. Hvar eru hans tillögur í þeim efnum? Ég kalla eftir þeim (**Forseti:** Ég vona nú að þessum umr. um þingsköp megi ljúka. Ég held að öll sjónarmið hafi komið hér fram. — Hv. 7. þm. Reykv. lofar því að tala mjög stutt um þingsköp.)

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir það.

Hæstv. forsrh. upplýsti áðan að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu samið um þetta mál, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Þess vegna er rétt að það sé spurt að því innan Framsfl. fyrst, hvað sú ríkisstj. sem samdi um þetta mál hafi gert til að vinna að þeim efnisatriðum sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að vitna hér í, áður en komið er hér til stjórnarandstöðunnar og spurt hvað hún hefur gert. (Gripið fram í.) Þess vegna er það eingöngu heimilisvandamál í Framsfl. hvað hefur verið gert í þessu máli. Og það væri þá nær fyrir hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson að spyrja samþm. sinn af Vestfjörðum og flokksbróður, hæstv. forsrh., hvað hann hafi gert áður en hann fer að þenja sig hér í ræðustólnum í garð annarra manna. Það hefur verið upplýst hér að það er skilningur hæstv. forsrh. að ríkisstj. hafi samið um þetta mál, þ. e. kjördæmamálið. Það voru orð hans hér. Ríkisstjórnarflokkarnir sömdu um þetta mál og það er þá væntanlega málið í heild sinni. Það er þess vegna eingöngu áður en að öðrum flokkum kemur spurning um hvað Sjálfstfl. og Framsfl. hafa gert hér. A. m. k. hafa þeir aldrei á þessum tíma komið til stjórnarandstöðuflokkanna til að vilja fá viðræður um þetta mál, sem þeir sömdu um samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh.

Ég er því ekki fylgjandi að tefja umr. um þetta mál. Menn geta fengið að tala hér eins og þeir vilja um málið og þá er hægt að halda næturfundi um málið, hv. þm. Karvel Pálmason, eins og voru haldnir hér á föstudag og laugardag, og það er alveg meinalaust af minni hálfu. (**Gripið fram í:** Þeir yrðu þá fleiri.) Já, já, það má halda jafnmarga næturfundi og menn vilja um málið, en eftir stendur eftir þessa umr., herra forseti, og það var mitt meginerindi hér að ítreka það, að Sjálfstfl. hefur lýst sig reiðubúinn að afgreiða málið til nefndar fyrir þinghlé og nú á eftir að koma í ljós á þessum sólarhring hvort Framsfl. tekst að kúga Sjálfstfl. enn á ný í þesssu máli og koma í veg fyrir að málið verði rætt. (**Forseti:** Ég vildi nú biðja menn um að fara að stytta þessar umr. um þingsköp. En enn hafa menn verið að biðja um orðið og ég veiti það í trausti þess að ræður sem haldnar verða verði mjög stuttar.)

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það kom hér fram að samið hefur verið um að áður en þessi ríkisstj. færi frá yrði gengið frá afgreiðslu þessa máls. (**ÓRG:** Það sagði forsrh. ekki.) Það voru orð forsrh. Hv. þm. hefði þurft að hlusta betur. (**ÓRG:** Ég hlustaði mjög vel.) Nú, ekki er það efnilegt hvernig hann hlustar þegar hann hlustar illa. (**ÓRG:** Hann sagði fyrir næstu kosningar.) En hitt vil ég undirstrika, að ég hef ekki spurt Alþb. að því hverjar þeirra tillögur séu varðandi efndirnar á yfirlýsingum í grg. Ég hef ekki átt von á neinum tillögum frá þeim og geri mér engar vonir um að þaðan komi neinar tillögur í jafnréttisátt í þessum málum. Það er alger misskilningur að ég muni nokkurn tíma spyrja hv. 7. þm. Reykv. hvað hann leggi til í þessum efnum. Undan slíkum spurningum kemst hann. Hann verður ekki að því spurður. (**ÓRG:** En hefurðu spurt forsrh.?) En svikararnir, sem ætla sér að koma kjördæmamálinu í gegn án þess að jafnréttismálin komist á dagskrá, eru órólegir núna. Þeir láta sig dreyma um það, að ef þeir geti komið þessu máli áfram með slíku móti komi hitt aldrei fram. (Gripið fram í.) Það verður gengið eftir því innan Framsfl. við forsrh. hvaða tillögur eigi að setja þarna fram. En ég vil undirstrika það enn einu sinni að ég tel enga von til þess að Alþb. leggi fram neinar tillögur í því máli.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil beina því til hv. þm. sem kvatt hafa sér hljóðs um þingsköp, að ég held að það væri skynsamlegra að þingflokksformenn ræddu þessi mál við forseta og þeir gætu gengið frá því og metið stöðuna varðandi þetta mál. En enn hafa þrír kvatt sér hljóðs og ég bið þá um og ítreka það að þeir tali mjög stutt. Hv. 3. þm. Norðurl. e. tekur nú til máls um þingsköp, en þessum umr. er þá lokið eftir að ég hef gefið þeim tveimur öðrum sem enn eru á mælendaskrá orðið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil nú ítreka þær spurningar sem komu fram frá hv. þm. Karvel Pálmasyni: Hvað hefur verið gert til þess að standa við það, sem er í grg., að jafna aðstöðumuninn í þjóðfélaginu um leið og þessi stjórnarskrárbreyting á sér stað? Liggi það ekki á borðinu verða áreiðanlega langar umr. um þetta mál áður en verður gengið frá því. Alþb. getur ekki skotið sér undan því að það var aðili að þessari grg., að þessu samkomulagi, og það má alveg eins spyrja Alþb.-menn að því og hverja aðra. (**ÓRG:** Hefur forsrh. verið spurður?)

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þessi umr. er kannske komin aðeins út fyrir það sem heita má þingsköp, en það er eðlilegt að menn ræði margt þegar kjördæmamálið ber á góma. M. a. hafa menn rætt nokkuð um yfirlýsingu sem kemur fram í grg. með frv. til l. um breytingu á kosningalögunum. Í þeirri yfirlýsingu er gert ráð fyrir alhliða átaki til jöfnunar lífskjaranna í landinu. Hv. þm. Framsfl., hv. þm. Stefán Valgeirsson og hv. þm. Ólafur Þórðarson, hafa spurt að því hvað hafi verið gert til að standa við þá yfirlýsingu sem þar um ræðir og þar kemur fram. Það er athyglisvert að þeir skuli spyrja stjórnarandstöðuna um þetta, en ekki hæstv. forsrh. Það kemur auðvitað engum á óvart þó að þeir séu orðnir lúnir á því að spyrja hæstv. forsrh., hv. þm. Stefán Valgeirsson og hv. þm. Ólafur Þórðarson, og þekkja menn þá sögu gjörla og verður hún ekki rakin hér þó margt beri við í umr. um þingsköp. En það sem gert hefur verið í þessu efni m. a. af hálfu stjórnarandstöðunnar, a. m. k. þar sem um Alþb. er að ræða, er það að við höfum ítrekað lagt til að gripið verði til sérstakra aðgerða til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Þegar við fórum með stjórnarmyndunar-

umboð í vor var þetta mál mjög á dagskrá af okkar hálfu og við 2. umr. fjárlaga nú lögðum við til að gripið yrði til sérstakra aðgerða í þessu skyni. Sú till. var felld af stjórnarliðinu, m. a. ef ég man rétt af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, hæstv. forsrh. og öllu því liði sem nú gengur hér fram og þykist vilja berja sér á brjóst sem sérstakir talsmenn landsbyggðarinnar. Það eru þessir menn sem hafa brugðist.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur nú að nokkru leyti svarað því, hvað við í Alþb. höfum m. a. lagt til hér í þá átt að jafna aðstöðumun fólks á landsbyggðinni. En vegna þeirrar svikabrigslyrðabunu sem stóð upp úr hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, ritara deildarinnar — **(Gripið fram í:** Háttvirtum.) Mjög háttvirtum ritara deildarinnar Ólafi Þ. Þórðarsyni, ef þetta dugar, herra forseti. — þá vil ég biðja þennan ágæta þm. þess, að ef hann ætlar sér að úthrópa svik mín á Norðurl. e. reyni hann að gera það þar, en reyni ekki að draga úr þessum ræðustól alla leið norður yfir fjöll með raddstyrk sínum einum saman, þó aldrei nema mikill sé.

Neðri deild, 34. fundur.

Mánudaginn 19. des., kl. 11.40 árdegis.

Frestun á greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána, frv. 47. mál (þskj. 256, n. 273). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 273 um frv. til l. um heimild til að fresta greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur tekið þetta frv. til meðferðar og mælir með því að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu Ed. Undir þetta rita allir nm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. 50. mál (þskj. 53, n. 272). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 frá 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum. Nefndin hefur fjallað um frv. og aflað ýmissa upplýsinga um gjald þetta. Nefndin mælir með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við málið.

Ég verð að vekja athygli á því, að því miður er þetta nál. ekki nógu vel úr garði gert. Það eru undirskriftir hér sem ekki eiga að vera. Ég sé hér nafn hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar. Það er fyrir mistök á þessu þskj. Hann fjallaði hins vegar um þetta mál í Ed. og undirritaði þar nál. Það vantar á handritið nafn Guðmundar Einarssonar og nafn Guðmundar H. Garðarssonar. Ég vek athygli deildarinnar á þessu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 147. mál (þskj. 206, n. 274). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Á þskj. 274 liggur fyrir nál. um 147. mál, þ. e. frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Fjh.- og viðskn. Nd. mælir með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er til umr. sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem hefur nú verið hér árviss í nokkur undanfarin ár. Í því frv. til breytinga á lögum sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir verulegri lækkun á þessum skatti. Nú hefur það gerst að verulegar álögur hafa verið lagðar á launafólkið í landinu, miklir fjármunir fluttir til atvinnurekstrarins í landinu og það liggur fyrir að afkoma verslunar virðist vera nokkuð góð um þessar mundir, þannig að það verður varla talin ástæða til þess núna og við þessar aðstæður að lækka þennan skatt. Ef vísað er til þess hversu mjög er lagt á launþegana í landinu, ef vísað er til þess að verslunin stendur tiltölulega vel virðist ekki vera aðstaða né heldur rétt eða sanngjarnt að lækka þennan skatt.

Hv. þm. minnast þess væntanlega líka að mörg undanfarin ár hefur það gerst um þetta leyti að Verslunarráðið ritar mönnum bréf þar sem farið er fram á að þessi skattur verði lagður niður eða minnkaður. Nú er það til marks um góðan hag verslunarinnar að ekkert bréf hefur borist um þessi jól, þannig að Verslunarráðið virðist una skattinum nokkuð vel um þessar mundir og því ekki ástæða til að ætla annað en það muni taka því vel og fagnandi að þessi skattur haldi áfram í sama fari og verið hefur. Í samræmi við þetta höfum við þm., auk mín Svavar Gestsson, Guðmundur Einarsson og Guðrún Agnarsdóttir, flutt till. um að skattprósentan verði óbreytt, þ. e. 1.4% af skattstofninum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 271 felld með 21:9 atkv.

6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 35. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 34. fundi.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. 147. mál (þskj. 206). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 283).

Tímabundið vörugjald, frv. 50. mál (þskj. 53). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 284).

Sameinað þing, 34. fundur.

Mánudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. 158. mál (þskj. 228). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969 og 17. nóv. 1983, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
1. Pétur Sigurðsson (A),
2. Guðrún Helgadóttir (B),
3. Páll Pétursson (A),
4. Friðjón Þórðarson (A),
5. Eiður Guðnason (B),
6. Ólafur G. Einarsson (A),
7. Stefán Benediktsson (B).

Varamenn:
1. Salome Þorkelsdóttir (A),
2. Hjörleifur Guttormsson (B),
3. Davíð Aðalsteinsson (A),
4. Þorsteinn Pálsson (A),
5. Jóhanna Sigurðardóttir (B),
6. Árni Johnsen (A),
7. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (B).

Fjárlög 1984, frv. 1. mál (þskj. 212, n. 263, 255, 257, 258, 259, 260, 264, 265, 266, 267, 275, 276, 278, 279, 281, 282). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur nú lokið störfum við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1984. Ég vil enn þakka samnefndarmönnum mínum fyrir mikil, tímafrek og erfið störf við þær aðstæður sem nú eru. Ég þakka starfsmanni nefndarinnar og starfsfólki fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir ómetanlega aðstoð. Þá vil ég leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir sérstaklega gott samstarf svo og öðrum ráðh. og einstökum þm.

Ég hef oft vitnað til þess, að á miðju sumri 1982 skrifaði fyrrv. fjmrh. í sunnudagsblað Þjóðviljans að þjóðarskútan stefndi niður í öldudal mestu efnahagskreppu síðari áratuga. Í sömu grein talaði fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ragnar Arnalds, um óvenjumargslungna erfiðleika og djúpa kreppulægð. Nokkrum mánuðum seinna samþykkti flokkur fyrrv. fjmrh., Alþb., að ástandið væri svo alvarlegt að gera þyrfti neyðaráætlun til margra ára til þess að kljást við vandann.

Á því djúpa kreppulægðarári 1982 drógust þjóðartekjur á mann saman um 4.5%. Í ár er talið að þjóðartekjur á mann dragist saman um 3.5%, en á næsta ári er alls ekki óraunsætt að búast við að þjóðartekjur á mann dragist saman þriðja árið í röð og þá líklega um 4—5%.

Sú djúpa kreppulægð sem fyrrv. fjmrh. talaði um í sunnudagsblaði Þjóðviljans á miðju sumri 1982 hefur því keppst við að dýpka og dýpkar enn þá meira á næsta ári en því sem nú er að líða ef svo fer fram sem nú er spáð um aflahorfur. Þetta er sú óhagganlega og alvarlega staðreynd sem við stöndum frammi fyrir við þessa fjárlagaafgreiðslu.

Þjóðin hefur fyrr orðið fyrir þungum efnahagsáföllum. Á árunum 1967 og 1968 hvarf síldin og jafnframt varð verðfall á útflutningsafurðum okkar. Á árunum 1974 og 1975 hækkaði olía á heimsmarkaði gífurlega, eins og kunnugt er, og hlutum við m. a. af því þungar búsifjar á þeim árum. Sá er hinn mikli munur á aðstöðu okkar nú og þá, að þegar þessi áföll dundu yfir skuldaði þjóðin sáralítið erlendis og ástand fiskstofna var svo gott að í lófa lagið var að stórauka aflann til þess að snúast gegn vandanum.

Árið 1966 voru erlendar skuldir þjóðarinnar aðeins 9.9% af þjóðarframleiðslu og árið 1973 17.8%. Í árslok

1981 skulduðum við miklum mun meira eða sem svarar tæplega 32% af þjóðarframleiðslu erlendis og nú er skuldastaða þessi komin í um eða yfir 60%, eins og margoft hefur verið bent á. Það verður að spyrna við fótum. Eyðsluskuldasöfnun verður að linna. Annars er fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar hreinlega hætt. Hvorug þeirra leiða, sem áður hafa verið farnar, að taka eyðslulán um stundarsakir og herða sóknina í sjávarafla, er fær nú. Nú dugir ekki annað en að láta sér nægja sírýrnandi þjóðartekjur og eyða ekki um efni fram á meðan þjóðarskútunni er siglt upp úr öldudal þessarar miklu efnahagskreppu, svo notuð séu orð fyrrv. fjmrh.

Auðvitað setja þessir gríðarlegu erfiðleikar og alvarlegu horfur mark sitt á þá fjárlagaafgreiðslu sem Alþingi er nú að leggja síðustu hönd á. Ég ræddi um það við 2. umr., að ef við tækjum jafnmikil erlend lán á næsta ári og jafnstóran hlut af þjóðartekjum í skatta og gert var árið 1982 hefðum við 5—6 milljörðum meira fé til ráðstöfunar samkv. fjárlögum og lánsfjárlögum en nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga. Hér er ég að tala um fast verðlag, það verðlag sem við reiknum með í þessari fjárlagaafgreiðslu. Þessi fjárhæð, 5—6 milljarðar, samsvarar þreföldum framlögum til vegamála í landinu og 5—6 földum framlögum til orkumála. Á þessu geta menn séð að ekki er um neina smámuni að ræða.

Í þessu samhengi vil ég leggja áherslu á nokkur meginatriði sem einkenna þessa fjárlagaafgreiðslu:

Í fyrsta lagi næst greiðslujöfnuður á ríkissjóði með um það bil 50 millj. kr. minni lántöku til A- og B-hluta ríkissjóðs en gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga. Þetta dregur úr erlendri lánsfjárþörf. Ég tel greiðsluhallalaus fjárlög með ekki meiri lántökum en stefnt er að með þessu afar þýðingarmikil í glímunni við efnahagsvandann, verðbólgu og viðskiptahalla. Með þessari niðurstöðu tel ég því mjög mikilvægu markmiði náð.

2. Rekstrarhalli verður á fjárlögum næsta árs samkv. till. fjvn. um útgjöld og meiri hl. fjvn. um tekjur ríkissjóðs á næsta ári. Þessi rekstrarhalli mun nema um 375 millj. kr. eða mun minni upphæð en raunverulegur rekstrarhalli var á fjárlagafrv., en þá var gjaldfærsla 480 millj. kr. vegna vegagerðar ekki tekin inn í frv., eins og skýrt var tekið fram í athugasemdum við það.

Þessi rekstrarhalli er okkur, sem stöndum að þessari fjárlagaafgreiðslu, að sjálfsögðu ekkert gleðiefni. Svo mjög hafa stjórnmálamenn á undanförnum árum forðast að gera fjárlög upp með rekstrarhalla að til flestra ráða hefur verið gripið til að lækka útgjöld á pappírnum til að lækka tekjur til þess að ná rekstrarjöfnuði. Nýjasta dæmið um þetta eru fjárlögin í ár. Þá voru útgjaldaliðir stórlega vanáætlaðir, eins og ég benti á við fjárlagaafgreiðsluna um líkt leyti í fyrra.

Nú er rekstrarhallinn sýndur svart á hvítu. Hann skýrist m. a. af því, að vextir af lánum til byggðalína eru teknir inn í A-hluta ríkissjóðs. Þar er um að ræða 267 millj. kr. Miðað við sömu bókhaldsvenjur og áður hefði rekstrarhallinn því verið um 100 millj. kr. Sá halli stafar allur af versnandi horfum frá því að frv. var samið. Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefðu tekjur ríkissjóðs orðið mun meiri en nú er ráð fyrir gert ef þær þjóðhagsforsendur, og m. a. sjávarafli, sem frv. var byggt á, hefðu staðist.

Í þriðja lagi vil ég taka fram, að þær brtt. sem fjvn. hefur flutt við 2. og 3. umr. þessa frv. nema einungis um það bil 330 millj. kr. eða innan við 2% af útgjöldum fjárlagafrv. Þá er undan skilin till. um lækkun á útgjöldum vegna forsendubreytinga og einnig till. um tilfærslur vegna þess að tekjur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni eru nú færðar teknamegin samkv. brtt. frá meiri hl. fjvn. og útgjöld á móti hjá Pósti og síma, Flugmálastjórn og Veðurstofu.

Mér er til efs að mörg dæmi sé unnt að finna um jafnlitla hækkun á fjárlagafrv. einkum þegar þess er gætt að mikið af þessum till. er flutt til að gera útgjaldaliði frv. eins raunhæfa og kostur er.

Í fjórða lagi vil ég benda á, að þegar fjárlagafrv. var undirbúið og var í meðferð fjvn. var gengið út frá þeirri grundvallarreglu að meta umfang og kostnað á sem raunhæfastan hátt við þann rekstur hjá ríkinu sem ekki er beinlínis ætlað að dragist saman eða hætti með öllu. Ætlunin er að byggja á fjárlögunum sem þannig eru frá gengin greiðsluáætlanir fyrir ráðuneyti og stofnanir. Þær greiðsluáætlanir verða notaðar til þess að fylgjast með rekstri ríkisstofnana í því skyni að rekstur þeirra sé í samræmi við fjárlög. Með þessum hætti næst yfirsýn yfir ríkisbúskapinn og við verður komið nauðsynlegu aðhaldi til að ná þeim sparnaði sem stefnt er að með fjárlögunum.

5. Þau fjárlög sem hér er verið að afgreiða marka ekki síst tímamót vegna þess að forsendur þeirra eru jafnframt stefna ríkisstj. m. a. í verðlags-, launa- og gengismálum. Við 3. umr. flytur meiri hl. fjvn. brtt. um rekstur svokallaðra B-hluta stofnana. Þær eru miðaðar við óbreyttar gjaldskrár á næsta ári. Þetta þýðir að standist forsendur fjárlaga eiga Rafmagnsveitur ríkisins ekki að þurfa að hækka rafmagnið á næsta ári, gjaldskrá Pósts og síma ætti einnig að haldast óbreytt og afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi. Þetta er stefna sem ég vona að veki verðskuldaða athygli.

Í sjötta lagi vil ég ekki síst leggja áherslu á það við þessa fjárlagaafgreiðslu að fjárlög fyrir árið 1984 ber að skoða sem áfanga. Þau eru áfangi í því að draga saman seglin í ríkiskerfinu, minnka ríkisumsvifin, þau eru áfangi í uppstokkun á ríkisbúskapnum öllum og þau eru ekki síst áfangi á þeirri leið að breyta og endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkisins. Öllu þessu starfi verður haldið áfram, eins og hæstv. fjmrh. hefur margoft lýst yfir.

Þetta eru nokkur þau meginatriði sem ég vil leggja áherslu á við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984.

Ég vík þá nánar að því hvað brtt. fjvn. við gjaldahlið og meiri hl. fjvn. við teknahlið munu hafa í för með sér ef þær verða samþykktar. Tölur sem ég nefni hér eru í millj. kr.

Beinar brtt. við 1. og 2. umr. hafa í för með sér hækkun útgjalda um 330 millj. kr. Gjaldfærsla vegagerðar, sem áður var ekki færð inn í frv., hefur í för með sér 437 millj. kr. hækkun. Lækkun launa vegna breyttra launaforsendna frv. hefur í för með sér lækkun útgjalda um 161 millj. kr. Hækkun tekna alls nemur 320 millj. kr. Þar af er verðjöfnunargjald af raforku 120 millj. kr. Sú breyting er gerð, eins og áður segir, að tekjur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni eru teknar inn í teknahlið frv. Þær eru áætlaðar 140 millj. kr. Á móti hækka rekstrarútgjöld Flugmálastjórnar, Veðurstofu og Pósts og síma.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs samkv. 1. gr. mundi samkv.

þessum tillögum líta þannig út: — Tekjur: Beinir skattar 2 milljarðar 916 millj. kr. Óbeinir skattar 14 milljarðar 524 millj. kr. Aðrar tekjur 454 millj. kr. Samtals verða tekjurnar þannig 17 milljarðar 894 millj. kr. Útgjöld eru samtals 18 milljarðar 240 millj. kr. og rekstrarhalli því um 375 millj. kr.

Fjvn. flytur ekki tillögur um styrk til blaðanna, en mér skilst að í farvatninu sé tillaga um það frá formönnum þingflokka. Er ekki gert ráð fyrir þeirri tölu í þessu yfirliti.

Eins og ég sagði áður eru vextir af byggðalínulánum komnir inn í þetta dæmi, þannig að hallinn væri rúmar 100 millj. ef um þá bókhaldsbreytingu væri ekki að ræða hjá ríkissjóði.

Lánahreyfingar mundu líta þannig út í samræmi við þessar tillögur: Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa 200 millj. kr. Innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé 636 millj. kr. Önnur innlend fjáröflun 278 millj. kr. Erlend lán 1 milljarður 636 millj. kr. Þau mundu lækka, eins og ég sagði áðan, frá því sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Samtals nemur þetta 2 milljörðum 751 millj. kr., en frá því dregst Til innlausnar spariskírteina 170 millj. og verður þá fjáröflun til A- og B-hluta á lánahreyfingum 2 milljarðar 581 millj. kr. Þar af er ráðstafað til B-hluta 1 milljarði 48 millj. kr. og til A-hluta því 1 milljarði 533 millj. kr. Frá því dragast 110 millj. vegna afborgana af veittum lánum í A-hluta. Heildarfjárhæð á lánahreyfingum inn í ríkissjóð er því 1 milljarður 643 millj. kr. Útstreymi á lánahreyfingum er: Til hlutafjárframlaga 76 millj. kr., afborganir af byggðalínulánum 150 millj. kr. og af öðrum lánum 1 milljarður 180 millj. kr. Lánajöfnuður yrði því þannig, að innborganir umfram útgreiðslur yrðu um það bil 415 millj. kr. Greiðsluafgangur yrði samkv. þessu yfirliti nálægt 19 millj. kr.

Rétt er að geta þess í sambandi við lánahreyfingar á fjárl. næsta árs að til greiðslu kemur á árinu úr ríkissjóði skyldusparnaður sem tekinn var á árinu 1978. Útstreymi úr ríkissjóði vegna þessa er áætlað tæplega 300 millj. kr. á næsta ári. Til sanns vegar má færa að önnur innlend fjáröflun á næsta ári, sem svo hefur verið kölluð og er áætluð 278 millj. kr., vegi upp á móti þessum greiðslum skyldusparnaðarins úr ríkissjóði.

Eins og ég gat um áðan eru greiðslur afborgana og vaxta af byggðalínum nú færðar á A-hluta ríkissjóðs, en þessar greiðslur voru áður í B-hluta. Þessar greiðslur eru 267 millj. kr. í vexti og 150 millj. kr. í afborganir. Samtals eru þetta 417 millj. kr. og má segja að nær allar þær erlendu lántökur sem bókfærast nú á A-hluta ríkissjóðs skýrist af þessari tilfærslu á byggðalínum úr B-hluta í A-hluta.

Í þessu sambandi er einnig fróðlegt að rifja upp að ríkissjóður mun greiða á næsta ári með Kröfluvirkjun nettó 355 millj. kr. Sé einnig haft í huga að rafmagn til húshitunar á að greiða niður um 230 millj. kr. á næsta ári kemur í ljós að ríkissjóður greiðir um 900—1000 millj. kr. með raforkukerfinu í landinu. M. ö. o.: ef orkukerfið ætti að standa undir sér sjálft yrði raforkuverð það miklu hærra að nærri nálgaðist milljarð ofan á það verð sem notendur nú greiða.

Menn tala um að orkuverð á Íslandi sé hátt, en hærra væri það ef ekki væri um þessar greiðslur úr ríkissjóði að ræða. Þessum tölum er hér varpað fram til umhugsunar.

Því hefur verið slegið fram sem gagnrýni á fjárlagafrv. að í því sé ekki gert ráð fyrir vöxtum af þeirri yfirdráttarskuld sem orðin er hjá Seðlabankanum á yfirstandandi ári. Í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984, sem liggur nú fyrir Alþingi, er leitað heimilda fyrir fjmrh. til að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á þessum greiðsluhalla. Gert er ráð fyrir að um tvö lán verði að ræða. Áætlaðar vaxtagreiðslur vegna annars þessa láns, sem fellur á árinu 1984, nema 39 millj. kr. og er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. í lið sem samtals er 139 millj. kr. til greiðslu á vöxtum til Seðlabankans.

Þá vík ég að breytingum á fjárveitingu til vegagerðar og afgreiðslu meiri hl. n. á svokölluðum B-hluta fyrirtækjum.

Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að heildarframlög til vegagerðar næmu 2.2% af þjóðarframleiðslu. Þá var miðað við þjóðarframleiðsluna eins og hún var áætluð á þeim tíma. Nú er gert ráð fyrir að hún verði minni og lækkar þetta heildarfjárveitingu til vegagerðar um 43 millj. kr. Sértekjur voru áætlaðar í frv.: Bensíngjald 603 millj. kr., þungaskattur 200 millj. og gúmmígjald 1 millj. kr. Samtals 804.5 millj. kr. Gúmmígjald er nú áætlað, ef ég man rétt, 1.5 millj. kr., bensíngjald er nú áætlað 663 millj. og þungaskattur 310 millj. Ríkisstj. hefur nú ákveðið að fella niður gúmmígjaldið og jafnframt að eigi minna en 50% af sköttum ríkisins af bensíni gangi til vegamála. Þetta kemur fram í vegáætlun sem samgrh. hefur nýlega lagt fram á Alþingi. Þar er gert ráð fyrir að bensíngjaldið hækki í samræmi við verðbreytingar á næsta ári. Þessi framlög þýða að 7—8% aukning verður að raungildi í vegaframkvæmdum á næsta ári.

Þá er þess að geta um vegagerðina að heildarfjárhæð sem gengur til vegagerðar er nú færð til gjalda, en hluti útgjaldanna, 480 millj., var ekki tekinn inn í fjárlagafrv. Þessi breyting hefur í för með sér 437 millj. kr. hækkun á útgjöldum væntanlegra fjárlaga, eins og ég sagði áðan.

Um afgreiðslu meiri hl. á B-hluta fyrirtækjunum vil ég taka þetta fram:

Gert er ráð fyrir að gjaldskrár Pósts og síma, afnotagjöld útvarps og sjónvarps, skattar Rafmagnsveitna ríkisins og farmgjöld með Skipaútgerð ríkisins verði óbreytt á næsta ári. Standist forsendur fjárlaga, launaforsendur, verðlags- og gengisforsendur, verður því ekki um neina hækkun á þessari opinberu þjónustu að ræða á næsta ári.

Þá er gert ráð fyrir að þessi fyrirtæki dragi saman seglin, lækki launaútgjöld sín um 2.5% og önnur rekstrargjöld um 5% að raungildi, eins og annars staðar hjá ríkinu. Tillit var þó tekið til þess að söluskattur er mikill hluti af öðrum rekstrargjöldum hjá Pósti og síma. Framlag úr ríkissjóði til Skipaútgerðar ríkisins er miðað við að óbreytt útgerð verði hálft árið. Eins og kunnugt er standa nú yfir viðræður milli skipafélaganna um að stofna eitt fyrirtæki sem annist allar strandsiglingar. Þess er vænst að niðurstaða verði fengin í því máli um mitt næsta ár. Ef svo verður ekki þarf að taka fjárhagsmálefni Skipaútgerðar ríkisins til endurskoðunar.

Áður en ég kem að breyttum forsendum fjárl. og tekjuáætlunarinnar vil ég víkja örlítið að þeim feiknalegu sveiflum sem orðið hafa í íslenskum þjóðarbúskap á síðustu árum.

Árið 1981 var metaflaár í sögu þjóðarinnar. Þá veiddust 460 þús. tonn af þorski, 256 þús. tonn af öðrum botnfiski og 640 þús. tonn af loðnu. Á árinu 1982, kreppulægðarári sem fyrrv. fjmrh. kallaði það ár, veiddust 382 þús. tonn af þorski, 280 þús. tonn af öðrum botnfiski, en engin loðna. Í ár veiðast að líkindum um 290 þús. tonn af þorski og 150 þús. tonn af loðnu. En á næsta ári á aflamarkið að vera 220 þús. tonn af þorski og 400 þús. tonn af loðnu. Þar er um að ræða meira en helmingi minna magn af þorski, þessum aðalnytjafiski Íslendinga, en á árinu 1981 og nærri helmingi minna en á kreppulægðarárinu, sem svo var kallað, eða 160 þús. tonnum minna.

Á kreppulægðarárinu 1982 voru innheimtir hærri skattar af þjóðarframleiðslu en nokkru sinni fyrr, 30.2%. Skattarnir voru þyngdir ofan á kreppuna. Eyðslan var þá í algleymingi. Hallinn á viðskiptum þjóðarinnar var slíkur að hann nam um 10% af þjóðarframleiðslu eða 6 þús. millj. kr. á meðalgengi ársins í ár. Ríkissjóður fékk auðvitað miklar tekjur af þessari eyðslu, bæði af innflutningi og eins söluskattstekjum. Eyðslan í þjóðfélaginu var svo ofboðsleg að Þjóðviljanum, blaði þáv. fjmrh., blöskraði. Hinn 26. jan. 1982 skrifaði þáverandi ritstjóri leiðara í Þjóðviljann sem hét „Hátt er lifað". Það segir í greindum leiðara:

„Á árinu 1981 fluttum við Íslendingar í fyrsta lagi inn álíka vörumagn af almennum varningi og inn var flutt á tveimur árum fyrr".

Á öðrum stað í nefndum leiðara segir:

„Á árinu 1981 fluttum við inn meira af bílum en nokkru sinni fyrr í sögunni, að einu ári undanskildu".

Þannig blöskrar blaðinu eyðslan á árinu 1981. Þessi ofsalega eyðsla hélt áfram allt árið 1982, en þá minnkuðu útflutningstekjurnar. Af þessu hlaust áðurnefndur viðskiptahalli og að skuldir þjóðarinnar hækkuðu úr 36.6% af þjóðarframleiðslu í ársbyrjun 1982 í 48% af þjóðarframleiðslu á einu einasta ári. Í lok þessa árs stefnir þetta skuldahlutfall í 60%, eins og margoft hefur verið bent á.

Verðbólgan stefndi í 130% fyrir nokkrum mánuðum. Nú er verið að afgreiða fjárlög þar sem gert er ráð fyrir að mikilvæg opinber þjónusta þurfi ekki að hækka á næsta ári. Árshraði verðbólgunnar mældist hinn 1. des. s. l. um 15.8% á mælikvarða framfærsluvísitölunnar. Nú er gert ráð fyrir að minnka mjög skattheimtu ríkisins í hlutfalli við þjóðarframleiðsluna og skilja þannig meiri fjármuni eftir hjá fólkinu. Nú er gert ráð fyrir að hætta umframeyðslu, draga úr viðskiptahalla og eyða honum helst með öllu. Við horfum fram á það á næsta ári að veiða aðeins 220 þús. tonn af þorski í stað 380 þús. tonna á árinu 1982. Þetta veldur auðvitað heimilunum miklum búsifjum. Það er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hafi minnkað í ár frá því sem hann var í fyrra, þegar umframeyðslan var mest, um 12% og enn mun kaupmátturinn síga á næsta ári. En þetta veldur ríkissjóði líka búsifjum ekki síður en heimilunum. Ríkissjóður hefur miklar tekjur af eyðslu. Það hefði miklar tekjur í för með sér fyrir ríkissjóð ef kaupmátturinn væri hinn sami á næsta ári og hann var á kreppulægðarárinu 1982. En hvað hefði það í för með sér ef kaupmátturinn væri hinn sami þegar veiðast 220 þús. tonn af þorski og þegar veiddust 380 þús. tonn? Það hefði í för með sér gífurlegan viðskiptahalla, sem aftur hefði í för með sér að skuldir okkar erlendis yrðu fljótar að fara yfir 100% af þjóðarframleiðslu. Hér er því ekki margra kosta völ. Þjóðarhagur krefst þess að fast sé haldið við þá stefnu sem mörkuð hefur verið.

Ég vil þá víkja að tekjuáætlun fjárlaganna eins og hún kemur fram í brtt. meiri hl. fjvn.

Þjóðhagsstofnun hefur að venju endurskoðað tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1984. Þessi áætlun er annars vegar gerð á grundvelli fyllri upplýsinga um innheimtuþróun á þessu ári, en nú liggja fyrir tölur um innheimtu tekna á fyrstu 11 mánuðum ársins. Hins vegar er í þessari áætlun tekið mið af breyttum þjóðhagsforsendum frá því sem gengið var út frá við gerð fjárlagafrv. s. l. haust. Forsendur fjárlagafrv. hafa nú breyst sem kunnugt er í veigamiklum atriðum vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í þjóðarframleiðslu á næsta ári umfram það sem áður var reiknað með. Með hliðsjón af þessu hefur ríkisstj. ákveðið að miða fjárlagagerðina við það að kauptaxtar verði um 4% hærri að meðaltali árið 1984 en í árslok 1983 í stað 6% áður. Í þessu felst að meðalhækkun kauptaxta milli ára 1983—1984 yrði 13% í stað 15% í fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun. Í ljósi þessa er nú gert ráð fyrir að tekjur í heild lækki 3% minna á næsta ári en áður var reiknað með eða um 17.5%—18 í stað 21%. Skýringin er annars vegar minni kauptaxtabreyting en áður var gert ráð fyrir og hins vegar er gert ráð fyrir að úr atvinnu dragi í kjölfar verulegs framleiðslusamdráttar.

Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að álagningu beinna skatta yrði þannig hagað að skattbyrði milli áranna 1983—1984 breyttist ekki og var þá gengið út frá 21% tekjubreytingu milli ára. Með hliðsjón af þeim breyttu horfum um tekjuþróun á næsta ári sem hér hafa verið raktar hefur álagning tekjuskatta verið lækkuð frá því sem áður var miðað við þannig að skattbyrði beinna skatta ríkisins verði hin sama á næsta ári og áætlað er á þessu ári. Þessar breyttu horfur fela í sér meiri samdrátt í neyslu á næsta ári en áður var reiknað með og hafa þar með áhrif á allar veltustærðir á tekjuáætlun fjárlaga. Í fjárlagafrv. var almennt gert ráð fyrir 4—5% samdrætti í veltu á næsta ári, en í endurskoðun Þjóðhagsstofnunar, sem liggur til grundvallar brtt. meiri hl., er miðað við 6—7% veltusamdrátt. Þar er gert ráð fyrir að kaupmáttur geti minnkað um 2—2.5% frá því sem hann var á síðustu mánuðum þessa árs. Ef fjárlagaforsendur hefðu haldist algerlega óbreyttar er það mat Þjóðhagsstofnunar að tekjuhlið fjárlagafrv. hefði hækkað um nálega 650 millj. kr., en vegna breytinga á þjóðhagsforsendum lækki sú tala um 250 millj. kr. og vegna breyttra forsendna í útreikningi tekjuskatts lækki tekjurnar um 90 millj. kr. Tekjuhækkunin verður því rúmlega 300 millj. kr. frá fjárlagafrv. og er þar um að ræða hækkun markaðra tekna fyrst og fremst, en tekjur ríkissjóðs sem ekki eru markaðar lækka beinlínis frá fjárlagafrv. vegna þessara breyttu þjóðhagsforsendna.

Það er athyglisvert í þessu sambandi að tekjuspá Þjóðhagsstofnunar lækkar tekjur ríkissjóðs miklum mun meira vegna breyttra þjóðhagsforsendna en gjaldahliðin lækkar um vegna 2% lækkunar launaforsendna. Lækkun útgjalda eru rúmar 160 millj. kr., en lækkun tekna 250 millj. og 90 millj. betur vegna lækkunar tekjuskattsáætlunarinnar. Svo sem áður segir má rekja hallann á rekstrarjöfnuði ríkissjóðs samkv. fjárlagafrv. og eins og hann verður eftir brtt. fjvn. til þessara breyttu þjóðhagsforsendna. Það má auðvitað segja að

þegar þessi sérstaki vandi kom upp hefði þurft að beita hnífnum, skera meira niður t. d. á sviði framkvæmda til að ná jöfnuði í rekstri ríkissjóðs. Þetta þótti þó ekki fært m. a. af því hvaða áhrif slíkar aðgerðir hefðu á atvinnu. Þá er og deginum ljósara að ekkert svigrúm var til frekari skattalækkana. Ég er þeirrar skoðunar, að ef nokkurt svigrúm hefði verið til hefði verið æskilegt að koma til móts við fólk í lækkun tekjuskatta. Ég tel að lagfæra þurfi skattkerfi óbeinu skattanna. Þar eru ljót dæmi um að skattur sé lagður ofan á skatt og ríkið taki óverulega mikið til sín af verði vöru. Samt sem áður tel ég eðlilegra að skattleggja fólk þegar það er að eyða verðmætum í stað þess að skattleggja það þegar það er að afla teknanna. Þegar fólk aflar tekna er það að draga björg í bú fyrir þjóðfélagið. Þá framtakssemi á síður að skattleggja en eyðslu.

Rétt er að taka fram í sambandi við tekjuáætlunina að skattur til Framkvæmdasjóðs aldraðra er hér áætlaður samkv. frv. til l. um þann sjóð sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Áætlað er að þessi skattur gefi 46 millj. kr., sem allar renni í þennan sjóð. Mér skilst að það sé prentvilla í þskj., að þar standi 46 þús. kr. einhvers staðar í sambandi við þennan sjóð, en það á að vera 46 millj. Ég vona að það verði leiðrétt.

Áður en ég vík að einstökum brtt. fjvn. vil ég taka fram að fjvn. flutti till. um lækkun á fjárveitingum til iðnfræðsluráðs við 2. umr. Þessi till. var ekki flutt með atbeina menntmrn. og því óviðkomandi. Þessi till. er ekki endurflutt við þessa umr., enda koma verkefni iðnfræðsluráðs til athugunar þegar lög verða undirbúin um framhaldsskóla, eins og fjölmörg önnur atriði.

Ég vík þá að einstökum brtt.

1. brtt. er við embætti forseta Íslands. Þar er tekinn upp 350 þús. kr. liður vegna embættistöku forseta, en forsetakosningar eru á næsta ári.

Menntamálaráðuneyti.

Raunvísindastofnun háskólans. Þar er ekki um að ræða brtt. sem hefur í för með sér breytingu á heildarniðurstöðu gjalda. Þar er einungis um tilfærslu milli viðfangsefna að ræða.

Kennaraháskóli Íslands. Till. er um að viðhald hækki um 200 þús. kr. vegna viðhalds gamla skólahússins.

Fjölbrautaskólar í Reykjavík. Liðurinn Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hækki um 650 þús. kr., en þar er um að ræða fjárhæð sem við nánari athugun var talið þurfa til að taka hluta af nýbyggingu í notkun.

Vélskóli Íslands. Till. er um að stofnkostnaður til tækjakaupa hækki um 500 þús. kr.

Grunnskólar. Liðurinn lækki um 72 þús. kr., en það er vegna breyttra launaforsendna.

Skólar fyrir þroskaheft börn. Liðurinn hækki alls um 187 þús. kr., sem skiptist eins og hér segir: Lækkun vegna launaforsendna er 53 þús. kr. og liðurinn sameiginleg þjónusta hækki um 240 þús. kr. vegna sumardvalar fyrir þroskahefta.

Vernd barna og ungmenna. Barnaverndarráð hækki um 400 þús. kr., m. a. vegna foreldraráðgjafar. Unglingaheimili ríkisins, yfirfærsla til B-hluta 104 þús. kr. vegna launaniðurfærslu.

Lánasjóður ísl. námsmanna. Yfirfærsla til B-hluta lækki um 51 þús. vegna launaniðurfærslu, forsendubreytingar.

Náms- og fræðimenn, framlög. Liðurinn Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum hækki um 330 þús. kr.

Ríkisútvarp, sjónvarp. Framlag til B-hluta hækki um 2.2 millj. kr. vegna afborgana af láni sem samið var um að ríkið tæki að sér að greiða á sínum tíma.

Þjóðleikhúsið, framlög. Yfirfærsla til B-hluta lækki um 805 þús. kr. vegna launaniðurfærslu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands lækki um 188 þús. kr. Lækkunin skýrist þannig: Lækkun vegna launaniðurfærslu 488 þús. kr., en 300 þús. kr. hækkun til greiðslu á þóknun til söngkóra.

Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu. Liðurinn hækki um 5 millj. kr. til þess að hægt sé að ganga betur frá verkáfanga í húsinu.

Listskreytingasjóður ríkisins. Stofnkostnaður hækki um 1500 þús. kr.

Listir, framlög. Liðurinn hækki alls um 360 þús. kr., sem skiptist sem hér segir: Önnur leiklistarstarfsemi hækki um 300 þús. kr. og nýlistasafn hækki um 60 þús. kr.

Húsfriðun. Liðurinn Byggða- og minjasöfn hækki um 100 þús. kr.

Ýmislegt vegna menntamála. Liðurinn hækki samtals um 350 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstaka liði: Kvenfélagasamband Íslands hækki um 150 þús. kr. og ýmis framlög um 200 þús. kr.

Landbúnaðarráðuneyti.

Áður en ég tek til við að skýra till. við landbrn. vil ég vekja athygli á því að á móti hækkunum sem þar koma kemur veruleg lækkun á niðurgreiðslum landbúnaðarvara, sem ég kem að síðar.

Búnaðarfélag Íslands. Liðurinn Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn hækki um 1 millj. kr.

Landgræðslu- og landverndaráætlun. Liðurinn hækki alls um 4 millj. 641 þús. kr. og skiptist sem hér segir á viðfangsefni: Landgræðsluáætlun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins hækki um 100 þús. kr., Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins hækki um 499 þús. kr., Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins hækki um 4 millj. 183 þús. kr. og Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi, um 58 þús. kr. Hér er gerð till. um að landgræðslu- og landverndaráætlun verði hækkuð sem nemur forsendum fjárlaga þannig að fullar verðbætur hafa verið hér teknar inn í þessa áætlun, eins og samið var um að gert yrði á sínum tíma.

Jarðræktarframlög. Liðurinn hækki alls um 45 millj. 370 þús. kr. og skiptist eins og fram kemur á fskj. Hér er um að ræða greiðslur vegna framkvæmda á fyrra ári sem eru samkv. lögum. Því miður sýnist nú enn skorta á að þessi liður sé það hár sem landbrn. telur að hann þurfi að vera.

Búfjárrækt, framlag samkv. lögum nr. 31/1973. Liðurinn hækki alls um 3 millj. 410 þús. kr.

Ýmis starfsemi landbúnaðarmála. Skógræktarfélag Íslands hækki um 60 þús. kr.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Liðurinn hækki alls um 14 millj. kr. Hækkunin skiptist sem hér segir: Mörkun fiskveiðistefnu hækki um 1 millj. kr. Nýir liðir: Stjórn fiskveiða 5 millj. kr. og Hafrannsóknir á djúpslóð 8 millj. kr.

Dómsmálaráðuneyti.

Almannavarnir ríkisins. Stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr. vegna kaupa á símstöð.

Prestaköll og prófasta. Liðurinn 0101 hækki um 700

þús. kr. vegna launa prests í London sem annast sjúkraþjónustu. Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt laun mannsins, en mun greiða á móti þessari fjárhæð til að þessi starfsemi geti haldið áfram, en mér skilst að talin sé mjög mikil þörf fyrir hana.

Ýmis kirkjuleg málefni. Liðurinn Hólar í Hjaltadal hækki um 60 þús. kr.

Félagsmálaráðuneyti.

Málefni fatlaðra. Liðurinn hækki um 750 þús. kr. og skiptist þannig: Sambýli 500 þús. kr., verndaðir vinnustaðir 250 þús. kr. Fjvn. og félmrn. munu fjalla sérstaklega síðar um þessar fjárveitingar.

Skálatún Mosfellssveit. Liðurinn hækki um 500 þús. kr. til að koma til móts við þessa stofnun vegna vistunar erlends einstaklings.

Jafnréttisráð. Önnur rekstrargjöld hækki um 100 þús. kr. vegna útgáfu á skýrslu sem ráðið hefur hug á að gefa út.

Vinnueftirlit ríkisins. Laun hækki um 300 þús. kr., önnur rekstrargjöld um 200 þús. kr. og sértekjur á móti um 500 þús. kr. Hér er ekki um að ræða samþykkt á auknum umsvifum þessarar stofnunar, heldur nánast leiðréttingu.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Samtök aldraðra, nýr liður, komi inn með 200 þús. kr. og ýmis framlög hækki um 200 þús. kr. Mun fjvn. síðar fjalla um þann lið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðalskrifstofur. Laun hækki um 360 þús. kr. vegna starfa læknis sem á að annast sérstakt verkefni í þrjú ár. Þessi staða kemur í stað skólayfirlæknisstöðu sem rn. hefur ekki ráðið í að undanförnu.

Tryggingastofnun ríkisins lækki um 67 millj. kr. vegna launaniðurfærslu, en hækki um 24 millj. 50 þús. kr. vegna daggjalda nýrra heilbrigðisstofnana.

Landlæknir. Liðurinn hækki um 250 þús. kr. vegna fræðslustarfsemi.

Ríkisspítalar. Liðurinn hækki alls um 17 millj. 550 þús. kr. vegna nýrrar starfsemi hjá ríkisspítölunum. Heilbrrn. og fjvn. munu fjalla nánar um skiptingu á þessum lið.

Landspítalinn. Stofnkostnaður hækki um 25.7 millj. kr. Þar af fari 16 millj. kr. til kaupa á hjartaþræðingartæki og 9.7 millj. til svonefndrar K-byggingar. Í fjárlagafrv. eru 2.3 millj. kr. til þessa verkefnis, þannig að 12 millj. eru til ráðstöfunar á þessu sviði. Með þessum tillögum er bætt aðstaða til hjartarannsókna sem skref í þá átt að taka upp hjartaskurðlækningar. Þá er staðfest stefna fjvn. að því er varðar svonefnda K-byggingu og vonandi kemst þetta nauðsynjamál á hreyfingu með þessari till.

Framkvæmdasjóður aldraðra. Liðurinn hækki um 19 millj. kr., þar af 4 millj. vegna hækkunar á sérstökum skatti og 15 millj. sem framlag úr ríkissjóði vegna framkvæmda við hjúkrunarheimili aldraðra, enda komi jafnhátt framlag á móti af sérstökum skatti sjóðsins til þeirra verkefna.

Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar. Liðurinn hækki um 6 millj. 980 þús. kr. og er þar nánast um leiðréttingu á fjárlagafrv. að ræða, en af vangá var ekki áætlað fyrir starfsemi sem hafði verið tekin inn í fjárlög í ár.

Heilbrigðismál. Liðurinn Krabbameinsfélag Íslands hækki um 4 millj. 608 þús. kr. og eru þá til ráðstöfunar 10 millj. kr. vegna krabbameinsleitarinnar, sem eins og menn þekkja er hið brýnasta verkefni, en fjvn. telur að með þessari brtt. sé hægt að reka þá starfsemi í sama horfi og hún er nú.

Til reykingavarna hækki um 100 þús. kr. og ýmis framlög hækki um 300 þús. kr.

Bindindisstarfsemi. Stórstúka Íslands. Liðurinn hækki um 100 þús. kr.

Fjármálaráðuneyti.

Tollstjórinn í Reykjavík. Önnur rekstrargjöld hækki um 300 þús. kr. vegna tollskóla.

Uppbætur á lífeyri. Liðurinn hækki um 800 þús. kr.

Styrktarfé og ýmis eftirlaun embættismanna. Þessi liður falli niður og eins liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur, en í staðinn komi einn liður, Styrktarfé og ýmis eftirlaun.

Ýmislegt undir fjmrn. Liðurinn hækki alls um 1 millj. 206 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: Milliþinganefndir hækki um 206 þús. kr. Aðgerðir gegn eiturlyfjum verði 1 millj. kr., en fjvn. taldi rétt að setja þessa fjárhæð á fjmrn. þannig að hægt verði að ákveða með hvaða hætti hún yrði best nýtt, t. d. til fræðslustarfs og einhverra annarra aðgerða í þessu máli.

Samgönguráðuneyti.

Póst- og símamálastofnun. Liðurinn verði 37 millj. 419 þús. kr., sem er nánast bókfærsluatriði. Þegar tekjur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni eru teknar inn í tekjuhlið frv. skilast þeir fjármunir út úr A-hlutanum með þessum hætti.

Vegagerð ríkisins. Liðurinn hækki um 437 millj. 260 þús. kr. og hefur þá verið tekið mið af spá um samdrátt í þjóðarframleiðslunni. Þessi gjaldfærsla hefur áður verið skýrð.

Strandferðir, framlög. Liðurinn Skipaútgerð ríkisins hækki um 12 millj. kr. og er það miðað við, eins og ég sagði áðan, að starfsemi Skipaútgerðarinnar verði óbreytt hálft árið.

Flóabátar og vöruflutningar hækki um 13 millj. 291 þús. að till. samvn. samgm.

Vitastofnun Íslands. Liðurinn Vitabyggingar hækki um 1800 þús. kr. Hér er um að ræða hækkun á vitagjaldi sem verður notuð til nýrra vita.

Hafnamál. Viðfangsefnið ferjubryggjur hækki um 500 þús. kr.

Siglingamálastofnun ríkisins. Stofnkostnaður hækki um 400 þús. kr. á móti hækkun skipaskoðunargjalds.

Flugmálastjórn. Liðurinn hækki alls um 62 millj. 151 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á gjaldategundir: Laun hækki um 36 millj. 837 þús. Önnur rekstrargjöld hækki um 20 millj. 938 þús. kr. Viðhald hækki um 4 millj. 376 þús. kr. Þessi mikla hækkun skýrist fyrst og fremst af því, að um er að ræða mótframlag Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem nú er í fyrsta sinn fært inn í fjárlög. Þessar tekjur bárust flugmálastjórn og er óhætt að segja að eins og flugmálastjórn hefur verið færð í fjárlög hafa ekki þar komið fram þau umsvif sem í raun eru. Nú er þessu breytt þannig að yfirsýn er hægt að fá yfir flugmálastjórn eins og önnur fyrirtæki. Tekjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar koma beint í ríkissjóð og síðan fær flugmálastjórn fjárveitingar eins og aðrar ríkisstofnanir.

Ýmis framlög. Liðurinn Tilkynningarskylda fiskiskipa hækki um 470 þús. kr.

Veðurstofa Íslands. Laun hækki um 10 millj. 765 þús. kr. og önnur rekstrargjöld hækki um 4 millj. 130 þús. kr., viðhald um 322 þús. kr. og stofnkostnaður um 1400

þús. kr. Sértekjur falli niður. Þetta er nákvæmlega af sömu ástæðum og ég rakti áðan um flugmálastjórn.

Iðnaðarráðuneyti.

Lánasjóðir iðnaðarins. Liðurinn Iðnrekstrarsjóður hækki um 10 millj. kr. Ekki er talið fært að leggja starfsemi Iðnrekstrarsjóðs niður að þessu sinni, en að málinu verður unnið áfram og þörf er talin á því að þessi fjárveiting til sjóðsins verði hækkuð með þessum hætti.

Iðja og iðnaður, framlög. Liðurinn Iðnþróun og tækninýjungar lækki um 500 þús. kr., en nýr liður bætist við, Rannsóknir á surtarbrandi, og verði 1800 þús. kr.

Orkusjóður. Liðurinn Verðjöfnunargjald hækki um 120 millj. kr., en þeir fjármunir renna til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða eins og kunnugt er.

Ýmis orkumál. Nýr liður komi þar inn: Háhitarannsóknir og verði 1200 þús. kr. og er ætlunin að þessir fjármunir fari til yfirborðsrannsókna á háhitasvæði í Öxarfirði.

Viðskiptaráðuneyti.

Liðurinn Niðurgreiðslur lækki um 65 millj. kr. Þar er um lækkun að ræða sem skýrist af því að vextir lækka eins og kunnugt er og þarf því að greiða minna af niðurgreiðslufé í vexti en áður. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta að inni í liðnum Niðurgreiðslur á vöruverði er auk beinna niðurgreiðslna framlag til Lífeyrissjóðs bænda og greiðsla á vaxta- og geymslukostnaði sem annars kæmi fram í hækkun vöruverðs. Í grg. með frv. er framlagið til lífeyrissjóðsins talið 46 millj. kr., en til að standa við lögbundnar greiðslur til sjóðsins mun sú tala vera nokkuð hærri og skiptingin á liðnum því vera í samræmi við það.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun, ýmis lán ríkissjóðs. Lánahreyfingar út hækki um 9.8 millj. kr. vegna uppgjörs lána Vestmannaeyjakaupstaðar og lánahreyfingar inn hækki um 2 millj. kr.

Auk þessara tillagna, sem ég hef nú hér farið yfir, flytur fjvn. till. til breytingar á 6. gr., sem ég tel að skýri sig sjálfar.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Við 2. umr. um fjárlagafrv. rakti ég að hverju stefndi við afgreiðslu fyrstu fjárlaga hæstv. ríkisstj. og vakti athygli á helstu atriðum sem mundu auðkenna væntanleg fjárlög fyrir árið 1984. Það sem síðan hefur gerst í meðferð málsins hjá fjvn. hefur staðfest það sem fram kom af hálfu minni hl. fjvn. í nál. við 2. umr. Það er því ekki þörf á að fjalla svo mjög um þetta frekar að öðru leyti en því að árétta það sem bent var á og nú er verið að staðfesta við lokaafgreiðslu málsins. Það er nú staðfest, sem í nál. okkar var haldið fram, að þrátt fyrir 9 millj. kr. tölulegan rekstrarafgang, sem sýndur var í fjárlagafrv., var það lagt fram með raunverulegum halla, sem nú er ljóst að mun nema í væntanlegum fjárlögum um 375 millj. kr. eftir að meiri hl. fjvn. hefur þó teygt tekjuáætlunina upp um 50 millj. kr. umfram þá áætlun sem Þjóðhagsstofnun hefur fyrir fáum dögum lagt fyrir fjvn. um tekjur ríkissjóðs á næsta ári, miðað við þær forsendur sem fjárlög byggjast á.

Lánsfjáröflun til A- og B-hluta fjárlaga er aukin um ríflega 800 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum eða um nálægt 50%. Á sama tíma er gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga að verðlagshækkanir á næsta ári nemi um 23—26% frá árinu 1983. Hér er þó ekki sýndur nema hluti af dæminu, því að ekki eru færðir til gjalda á næsta ári vextir af yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann um næstu áramót, en sú skuld mun nema um 1100—1200 millj. kr. núna um áramótin. Auk þess verður ekki að finna í fjárlögum næsta árs það viðbótarframlag til Byggingarsjóðs ríkisins sem frv. um húsnæðismál, sem nú er til umr. á hv. Alþingi, er byggt á. Er því ljóst að annað hvort er að þessu leyti markleysa, fjárlögin eða loforðin til húsbyggjenda, þ. e. ákvæðin í húsnæðismálafrv. um 240 millj. kr. aukin framlög til húsnæðismála. Verði þeirrar fjárhæðar aflað með lánsfé, en það á reyndar eftir sem áður að koma fram í fjárlögum, aukast lántökur ríkissjóðs ekki aðeins um 50%, eins og ég áðan gat um, heldur um nálega 63% frá núgildandi fjárlögum.

Fleira mætti til nefna, sem vantar í útgjaldahlið væntanlegra fjárlaga, svo sem það, að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er vantalið um 30 millj. kr. Það er því staðfest nú við 3. umr., sem haldið var fram við 2. umr. um málið og kom fram í nál. minni hl. fjvn., að ríkisstj. mun ekki standa við þá stefnuyfirlýsingu sína frá því í sumar að miða gerð fjárlaga fyrir árið 1984 við að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Það er þvert á móti stefnt í verulegan hallarekstur og skuldasöfnun. Hrun kaupmáttar launa hjá almenningi í kjölfar leiftursóknar ríkisstjórnarflokkanna gegn lífskjörunum hefur skert tekjur ríkissjóðs og við því hefur hæstv. ríkisstj. brugðist með skuldasöfnun og seðlaprentun það sem af er árinu og afgreiðsla fyrstu fjárlaga hennar sýnir að þeirri stefnu á að halda áfram og taka upp þann háttinn sem á var hafður þegar Sjálfstfl. bar ábyrgð á ríkisfjármálum á árunum 1974—1978.

Þegar hagur ríkissjóðs er með þeim hætti sem við blasir, þar sem hvort tveggja veldur, ytri aðstæður og stefna ríkisstj., þá er að mínum dómi, eins og ég lýsti yfir við 2. umr., almennt ekki efni til þess að flytja brtt. í því skyni að draga úr þeirri stórskerðingu ríkisframlaga til framfaramála sem nú er stefnt að. Ég stóð þó að flutningi einnar till. við 2. umr. í þá veru að framlag til dagvistarheimila yrði 20 millj. kr. hærra en ríkisstjórnarflokkarnir höfðu ákvarðað. Jafnframt benti ég í ræðu minni við 2. umr. á útgjaldaliði, þ. e. önnur rekstrargjöld hjá tilteknum stofnunum, sem væri eðlilegt að lækka, þar sem þeim væri á næsta ári ætlað rekstrarfé sem verður hærra að raungildi en það fé sem þessar stofnanir munu nota í ár. Þessar ábendingar um lækkun rekstrarútgjalda í þá átt að þau yrðu í samræmi við forsendur fjárlagafrv. námu hærri upphæð en sú viðbót sem gerð var till. um varðandi framlag til dagvistarheimila. Þessi till. var felld við 2. umr. Ég tel að það sé fullreynt að ekki er áhugi á því hjá stjórnarflokkunum að draga úr of háum fjárveitingum til rekstrarútgjalda og nýta það fé sem þannig sparaðist til að draga úr stórfelldri skerðingu til mikilsverðra framkvæmdaliða og mun því ekki flytja frekari brtt. við afgreiðslu þessara fjárlaga.

Hluti af þeirri stórkostlegu kjaraskerðingu sem launafólk býr nú við eru þær mjög miklu hækkanir sem stjórnvöld hafa ákveðið á þjónustugjöldum opinberra stofnana eftir að verðbætur á laun höfðu með lögum verið takmarkaðar og afnumdar eftir 1. okt. T. d. hafa gjöld Pósts og síma hækkað um 47.5% frá og með 1. júní s. l., en laun á sama tíma um nálega 13.5%. Við þennan mismun er launafólki ætlað að búa allt næsta ár

að öðru leyti en því að ríkisstjórnarflokkarnir hafa nú ákveðið að launahækkanir skuli takmarkast við 4% á næsta ári, og dugir það því ærið skammt gagnvart þeim hækkunum sem þegar hafa orðið á þessum gjöldum þótt þau hækki ekki á næsta ári.

Með þessum risahækkunum samhliða afnámi verðbóta á laun sem Póstur og sími nýtur varðandi launaútgjöld hefur sú stofnun úr svo miklu meira fé að spila á næsta ári en áður að á sama tíma og framlög á fjárlögum til sveitarfélaga til verklegra framkvæmda eru rýrð um 10% að raungildi, þá eykur Póstur og sími framkvæmdir sínar að raungildi um 38%. Þótt hér sé um gagnlegar framkvæmdir að ræða kann ýmsum að þykja að nokkuð hallist á og þegar þetta er haft í huga kynni jafnvel að hvarfla að stuðningsmönnum stjórnarflokkanna að of langt hafi verið gengið í því hjá ríkisstj. að nota sér bann við verðbótum á laun þegar þessar gríðarlegu hækkanir á þjónustugjöldum voru ákveðnar s. l. sumar og haust. Þessar hækkanir eru afstaðnar og þær mælast því ekki lengur sem vísitöluhækkanir og verðbólga, en hækkanirnar haldast og munu hvíla áfram á launafólki sem býr við stórskertan kaupmátt launa.

Hækkanir á þjónustugjöldum annarra ríkisstofnana hafa þó jafnvel orðið enn meiri. T. d. eru afnotagjöld hljóðvarps og sjónvarps nú 117% hærri en á sama tíma í fyrra, en á þessu tímabili hafa laun hækkað um tæplega 43%.

Eitt ríkisfyrirtæki er þó skilið eftir með óleystan vanda við afgreiðslu fjárlaga, þ. e. Skipaútgerð ríkisins. Framlag á fjárlögum til reksturs Skipaútgerðarinnar dugir ekki til þess að tryggja starfsemi hennar á næsta ári. Það vantar um 24.4 millj. kr., en það jafngildir um 22% af þeim tekjum sem Skipaútgerðin hefur allt næsta ár fyrir selda þjónustu. Verður naumast annað séð en að með nokkrum rétti megi bæta þessari upphæð við vantalin útgjöld ríkissjóðs á fjárlögum næsta árs og bætast þau þá við áætlaðan halla.

Eins og ég rakti við 2. umr. er í áætlunum um framkvæmdir í vegamálum á næsta ári gert ráð fyrir að gjöld af bensíni hækki til jafns við breytingar á byggingarvísitölu, þótt verðbætur á laun séu bannaðar með lögum í eitt og hálft ár enn. Verða þessi gjöld að meðaltali 44.4% hærri á hvern bensínlítra á næsta ári en í ár, en hækkanir kauptaxta eru áætlaðar um 13% milli ára. Jafnframt ætla stjórnarflokkarnir að láta ríkissjóð njóta góðs af þessum hækkunum á bensíni með auknum tekjum af tollum og söluskatti af bensíni og í stað þess að framfylgja þeirri stefnu, sem Sjálfstfl. hefur haldið á loft, um að tekjur ríkissjóðs af bensíni eigi að renna til vegamála, verður framlag úr ríkissjóði til viðbótar við markaða tekjustofna Vegasjóðs hlutfallslega minna á næsta ári en í ár. Er þó látið líta svo út að sú ákvörðun ríkisstj. að af heildartekjum af bensíni, þ. e. mörkuðum tekjustofnum og tollum og söluskatti af bensíni, skuli 50% að lágmarki renna í Vegasjóð jafngildi hækkun á framlagi ríkissjóðs frá því sem verið hefur.

Staðreyndin er hins vegar sú, miðað við þær tölur sem ég hef fengið frá fjárlaga- og hagsýslustofnun um tekjur af bensíni í ár, að framlag ríkissjóðs verður hlutfallslega lægra á næsta ári en í ár, þ. e. ríkissjóður heldur stærri hluta bensíntekna eftir en á þessu ári. Vegagerð ríkisins áætlar að á næsta ári nemi heildartekjur af bensíni 1706 millj. kr., þar af markaðir tekjustofnar Vegasjóðs 663 millj. Í væntanlegum fjárlögum er því gert ráð fyrir að bæta við mörkuðu tekjurnar 190 millj. kr. af hluta ríkissjóðs af bensínsköttum, þannig að til vegamála verði varið alls af bensínsköttum 853 millj. kr., sem eru 50% af heildarsköttunum, 1706 millj. kr.

Ef skoðað er hvernig þessu er háttað í ár, áður en 50% reglan var tekin upp, eru heildartekjur af bensíni áætlaðar í ár 1182 millj. Þar af fær Vegasjóður af mörkuðum tekjustofnum 469 millj. Þá hefði þurft að bæta við af öðrum tekjustofnum, þ. e. tollum og söluskatti af bensíni sem renna í ríkissjóð, 122 millj. kr. til þess að til vegagerðar rynnu alls 591 millj. kr., sem eru 50% af heildarsköttum af bensíni, sem eins og ég áðan nefndi eru 1182 millj. Framlag ríkissjóðs á þessu ári verður á hinn bóginn ekki 122 millj. heldur 152.4 millj. kr., þannig að í Vegasjóð renna á þessu ári 52.6% af heildarsköttum af bensíni. Ef sama hlutfall, þ. e. 52.6%, ætti að gilda á næsta ári, en ekki 50% eins og áætlað er, þá rynni í Vegasjóð 44.3 millj. kr. hærri upphæð en hér á að fara að ákvarða við afgreiðslu fjárlaga.

Hv. formaður fjvn. hefur gert grein fyrir því sem fram kom af hálfu fulltrúa Þjóðhagsstofnunar þegar þeir komu á fund fjvn. eftir 2. umr. Samkv. því sem fram kom á fundinum er ekki gert ráð fyrir því að áætlun um að draga úr launahækkunum um 2 prósentustig frá því sem áætlað var við gerð fjárlagafrv. hafi áhrif til lækkunar á áætluðu verðlagi, heldur er við það miðað að verðlagshækkanir verði jafnmiklar og áður var áætlað vegna þess að gengi krónunnar taki þeim mun meiri breytingum en ráðgert var. Kjaraskerðingar miðað við fyrri áætlanir verða því meiri en minni launahækkanir en áætlað var mundu einar sér valda.

Þjóðhagsstofnun hefur endurmetið tekjuáætlun fyrir ríkissjóð vegna nýrra upplýsinga er lágu fyrir þegar upphaflega áætlunin var gerð svo og vegna nýrra forsendna varðandi launabreytingar. Í þessari endurskoðuðu tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aðrar en tekjur af mörkuðum tekjustofnum lækki um 100 millj. kr. frá áætlun þeirri sem fjárlagafrv. er byggt á. Meiri hl. fjvn. hefur þó talið sig hafa ástæðu til að hækka tekjuáætlunina frá nýrri áætlun Þjóðhagsstofnunar um 50 millj. kr. Hvort áætlun þessara hv. nefndarmanna reynist réttari en spá Þjóðhagsstofnunar á tíminn eftir að leiða í ljós og þá um leið hvort þessi ákvörðun þýðir í reynd að rekstrarhalli ríkissjóðs á næsta ári reynist vanmetinn á væntanlegum fjárlögum.

Afgreiðsla fyrstu fjárlaga hæstv. ríkisstj. er markverð að ýmsu leyti. Horfið er frá yfirlýstri stefnu ríkisstj. um jafnvægi í ríkisfjármálum á næsta ári, en þess í stað ákveðin skuldasöfnun og hallarekstur sem leystur er með seðlaprentun.

Til viðbótar við þá stórfelldu skerðingu kaupmáttar launa sem þegar er að sliga þá sem verst eru settir í þjóðfélaginu er gert ráð fyrir aukinni skattheimtu, m. a. með hækkun vísitölutengdra skattstofna, en verðbætur á laun eru á hinn bóginn bannaðar með lögum. Og ríkisstj. hefur talið ástæðu til þess, einmitt þegar kaupmáttur er skertur svo sem raun ber vitni, að afnema allar hömlur á verðlagningu hvers kyns þjónustu, m. a. með þeim afleiðingum, sem ég nefndi dæmi um við 2. umr., þar sem t. d. kom fram að þeir sem hafa lífsframfæri af ellilífeyri og tekjutryggingu gátu í

desember í fyrra keypt 66.5% meira magn af heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur fyrir lífeyrinn en á sama tíma á þessu ári. Og nú fær gamla fólkið og aðrir neytendur þann jólaglaðning að fyrirhuguð sé 25% hækkun þessara útgjalda, þannig að eftir þá hækkun standa mál svo, að í des. í fyrra dugði mánaðarlífeyririnn fyrir 973.4 lítrum af heitu vatni, en eftir boðaða hækkun mun hann aðeins duga fyrir 467.9 lítrum, þ. e. í fyrra fékkst 108% meira magn fyrir lífeyrinn en eftir þá hækkun sem verið er að boða þessa dagana fyrir jól.

Enn eitt einkenni þessara fjárlaga er niðurskurður félagslegra framkvæmda á sama tíma og verið er að efna til ríflega 600 millj. kr. erlendrar lántöku til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Þá er ljóst að fjárveitingar til fjölmargra stofnana ríkisins eru með þeim hætti að þeim er ætlað fjármagn til rekstrarútgjalda sem er hærra að raungildi en það fjármagn sem þær nota á þessu ári.

Það sem þó fyrst og fremst gerir þau fjárlög sem hér er verið að afgreiða einstök, svo að þau marka tímamót, er sú ákvörðun Sjálfstfl. og Framsfl. að hefja aðför að því tryggingakerfi sem byggt hefur verið upp á undanförnum áratugum — aðför sem er upphafið að því að rífa niður þá afkomutryggingu sem hver og einn þjóðfélagsþegn hefur búið við með því að eiga rétt á ókeypis sjúkrahúsvist. Sú ákvörðun að ætla með þessum hætti að leysa tímabundinn vanda með að ná saman endum við afgreiðslu fjárlaga tryggir fjárlagaafgreiðslunni nú sérstakan sess í sögunni svo og þeim hv. alþm. sem að því ætla að standa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er í raun og veru ekki ástæða til þess við lokaumr. um fjárlög að hafa um þau mörg orð, því eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni hefur allt staðist sem haldið var fram af hálfu minni hl. fjvn. og þar með stjórnarandstöðunnar við 2. umr. málsins. Þannig þarf ekki miklu við að bæta og ég skal ekki hafa um það mörg orð. Ég vil aðeins ítreka nokkur atriði hér sem liggja ljós fyrir.

Því var haldið fram við 2. umr., að fjárlög fyrir árið 1984, sem hér er nú verið að leggja síðustu hönd á að afgreiða, yrðu afgreidd með halla. Það er nú staðreynd. Það er einnig staðreynd að lántökur verða samkv. því sem hér er nú verið að leggja til verulega auknar á árinu 1984 og þótti þó mörgum ærið nóg. Skv. þessu munu lántökur verða um eða yfir 60%, nokkuð yfir 60% líklega, af þjóðarframleiðslu. Enn fremur er ljóst að skuld af yfirdráttarlánum hjá Seðlabanka Íslands er utan fjárlaga. Þar er um að ræða 1100—1200 millj. 30 millj. vantar til að standa við framlag ríkissjóðs í Atvinnuleysistryggingasjóð, þannig að þar sé lagaskyldu fullnægt, og 240 millj., sem lofað er í framlögðu húsnæðismálafrv. hæstv. ríkisstj., hafa ekki enn séð dagsins ljós. Enn sem komið er er þar um að ræða marklaus loforð vegna þess að það fé er ekki tekið með við afgreiðslu fjárlaga á sama tíma og frv. er til umr. í þinginu.

Það er einnig ástæða til þess að segja örfá orð um þær 355 millj. sem á að taka af sjúklingum í heilbrigðiskerfinu. Vonandi komast stjórnarflokkarnir ekki fram úr því máli að framkvæma það eins og áformað er. Ítrekað hefur verið beðið um að fá að sjá eða heyra fyrirætlanir ríkisstj. í sambandi við útfærslu á þessum sjúklingaskatti, en ekkert slíkt hefur a. m. k. borist í hendur fjvn. þannig að það mál er allt óljóst. Vonandi guggnar hæstv. ríkisstj. á áformum þessum. Þó að það þýddi enn stærra gat í fjárlögunum væri það vissulega til vinnandi að leggja ekki þyngri byrðar á bök þeirra sem verst eru settir.

Þá hefur einnig komið fram, og það er reyndar löngu ljóst, að verulega eru niður skornar fjárveitingar til framkvæmda hinna ýmsu mikilvægu þátta. Ég ætla ekki að rifja það hér upp. Það hefur verið gert rækilega við 2. umr. málsins og ekkert hefur breyst að því er þann málaþátt varðar.

Það er líka eftirtektarvert nú við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984 að Skipaútgerðina á ekki að reka samkv. fjárlögunum nema hálft árið. Hvað þá á að taka við veit enginn. En samkv. fjárlagafrv. eins og það líklegast verður afgreitt hér á ekki að reka Skipaútgerð ríkisins nema hálft árið 1984.

Það er óhugnanlegt ef fleira stefnir í þá átt sem mál Skipaútgerðar ríkisins við afgreiðslu frv. Er allillt ef stefnir í sömu átt í ýmsum mikilvægum málaflokkum sem varða ekki hvað síst fólk úti um land sem þarf vissulega á slíkri þjónustu að halda.

Ég hygg að hv. formaður fjvn. hafi gleymt að geta þess hér, þegar hann gerði grein fyrir brtt., að í sambandi við Framkvæmdasjóð aldraðra er hækkun um 15 millj. kr. Það er gert í ljósi þess að jafnhátt framlag komi á móti og það verði notað m. a. til B-álmu byggingarinnar hér í Reykjavík. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta sé ljóst, en ég heyrði ekki hv. formann geta þessa í framsögu. Ég hygg að það hafi gleymst.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þennan þátt, en nú vænti ég þess að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur því að á þskj. 260 flyt ég ásamt hv. þm. Eiði Guðnasyni brtt. við 4. gr. frv. Það er liðurinn 11 399, Ýmis orkumál.

Það hefur svo oft verið talað um þann þátt fjármálanna hér á Alþingi, ekki bara að undanförnu heldur og mörg undanfarin ár, að í raun og veru ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð um hann, en ekki verður annað séð en núv. hæstv. ríkisstj., þó undarlegt megi teljast miðað við fyrri yfirlýsingar sömu manna og tillöguflutning hér á Alþingi, síðast við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári, ætli enn að halda áfram að ráðstafa tekjum sem fást fyrir orkujöfnunargjaldið á allt annan hátt en lög gerðu ráð fyrir þegar þau voru samþykkt 1980. Enn er það aðeins brot af þessum skatti sem á að renna til þess sem hann var upprunalega ætlaður til. Það er ástæða til að rifja það upp hér og nú, að fyrir ári fluttu þáverandi stjórnarandstöðuþm. Sjálfstfl. með hæstv. iðnrh., hæstv. samgrh., hæstv. forseta Sþ. og fleiri í fararbroddi till. um að ráðstafa meira af þessum skattstofni til þess sem upprunalega var ætlað. Allt virðist þetta nú fyrir bí. Þessir sömu hv. þm. og hæstv. ráðh. virðast nú, þegar þeir hafa aðstöðuna til að gera betur en áður hefur verið gert, ætla sér enn að nota verulegan hluta þessa skatts til annarra hluta en upprunalega var ætlað.

Ég vona að ekki hafi farið fram hjá neinum hv. þm. hversu gífurlega stórt mál hér er um að ræða. Hæstv. iðnrh. orðaði það svo hér fyrir stuttu, að hann óttaðist að hér væri um að ræða eitt mesta byggðavandamál sem uppi hefði verið um langa tíð. — Nú sé ég að hæstv. iðnrh. gengur í salinn. — Ég er sammála hæstv. iðnrh. um þetta. Þetta, sem er að gerast nú og hefur verið að gerast í nokkuð langan tíma og fer vaxandi, hefur í för

með sér að fólksflótti mun bresta á frá sumum svæðum, ef ekki þegar brostinn á frá ýmsum svæðum úti á landi, hingað á höfuðborgarsvæðið þar sem fólk þarf ekki að borga nema brot af þessum kostnaði heimilishaldsins samanborið við það sem er úti á landsbyggðinni víða. Þetta á ekki einvörðungu við um Vestfirði, þetta á miklu víðar við. Það er raunar furðulegt, svo mjög sem hér kreppir að, að hæstv. ráðh. úr dreifbýliskjördæmum, þar sem þetta er hvað þungbærast, skuli ekki hafa uppi burði til að láta þá peninga, sem eru teknir af skattborgurunum til þessa verkefnis, renna óskipta til að minnka þann gífurlega mun sem hér er á, létta þann gífurlega bagga sem fólk ber og er nú að sliga hundruð heimila í landinu, bara þessi þáttur einn, auk þeirrar kjaraskerðingar og annarrar plágu sem yfir gengur nú af hálfu hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþingis. Er með hreinum eindæmum að við afgreiðslu fjárlaganna skuli eiga að standa að þessu máli á þennan hátt.

Ég las í blaði, ég held í Morgunblaðinu, að hæstv. iðnrh. mundi gefa yfirlýsingu hér um að eitthvað skyldi nú gert á næsta ári og ég ætla að taka forskot á sæluna í trausti þess að hann komi á eftir og hafi eitthvað um málið að segja. Slíkar yfirlýsingar og margar yfirlýsingar í þá átt að nú skuli eitthvað gert höfum við heyrt hér á Alþingi mörg undangengin ár og undangengin þing. Og það er ástæða til að rifja upp þær umr. sem fóru fram hér fyrir hádegið og benda á að í sambandi við kosningalagamálið svonefnda voru líka gefin ótvíræð fyrirheit um að jafna búsetuskilyrði fólks í kjölfar breyttrar skipunar kosningalaga. Síðan eru níu mánuðir liðnir. Ekkert hefur gerst, ekki a. m. k. mér vitanlega, og ekkert liggur fyrir hér á þingi sem bendir til þess að það eigi að standa við gefin fyrirheit um að jafna búsetuskilyrðin.

Ég rifjaði upp áðan að hæstv. núv. iðnrh., málafylgjumaður mikill, var í broddi fylkingar sem flutti tillögu hér á Alþingi fyrir um ári þegar fjárlög ársins í ár voru afgreidd. Nú virðist hafa orðið héraðsbrestur í þeim herbúðum. Ekkert slíkt er sjáanlegt í þeim efnum þó að nú séu völdin komin í hendur hæstv. iðnrh., hæstv. samgrh., hæstv. forseta Sþ. og svo mætti lengi telja, sem hefðu til þess tækifæri að standa við góðu fyrirheitin, gefnu loforðin.

Þetta er nauðsynlegt að rifja upp hér því að enn eina ferðina á nú, að því er sýnist, að fara í þá átt að svíkja allt það sem lofað hefur verið. Í raun og veru á að taka ófrjálsri hendi skattpeninga almennings, sem ætlaðir voru til þessa þáttar, og ráðstafa þeim á annan veg. Og síst hefði ég trúað því að hæstv. iðnrh. gengi í broddi fylkingar þegar að því kæmi að taka slíka peninga ófrjálsri hendi. Hann veit þörfina á því að hér sé reynt að leiðrétta og létta byrðar. Honum er það mætavel kunnugt, eins og ég vona að hv. þm. öllum sé ljóst, og hversu brýn þörfin er á að hér verði bót á ráðin.

Ég hef því á þskj. 260 leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Eiði Guðnasyni brtt. við liðinn Ýmis orkumál, þ. e. jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 53/1980, sem ég hef gert hér að umræðuefni. Í staðinn fyrir 3 millj. komi 232,5 millj., sem er bara ráðstöfun á þessum skatti til þess verkefnis sem honum var ætlað. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að núv. hæstv. ráðh. sem hafa hér völdin og geta ráðið ef þeir vilja, hafi svo snúist hugur frá því sem var fyrir um ári að þeir ætli nú að standa gegn því að þetta réttlætismál nái fram að ganga.

Hæstv. iðnrh. sagði í umr. um daginn að hann réði þessu ekki einn. Það er út af fyrir sig rétt. En ég vil gjarnan í ljósi þeirra orða óska eftir því hvort og þá hverjir þm. stjórnarliðsins það eru sem ekki fást til að ganga þennan veg og samþykkja að þessir peningar fari til jöfnunar hitunarkostnaðar. Séu einhverjir þann veg klæddir í dag að vilja ekki þetta réttlætismál fram er nauðsynlegt að fá það upplýst. — Ég sé að hæstv. fjmrh. gaf merki. Líklega táknar það að hann væri einn þeirra. En ég minni þá á að hæstv. núv. fjmrh. var einn af flutningsmönnum brtt. við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári. Það þýðir ekki, hæstv. ráðh., að hrista hausinn. Þessu er hægt að fletta upp í þskj. Núv. hæstv. fjmrh. var meðal flm. að brtt. um að skila meira af þessu gjaldi til réttra aðila en þá átti að gera. Ég bendi hæstv. fjmrh., trúi hann þessu ekki, á að fletta upp í þskj. varðandi tillöguflutning við fjárlagaafgreiðslu í fyrra.

Þó að margt sé hægt að segja og margt hafi miður farið í sambandi við þá fjárlagaafgreiðslu sem hér á nú að fara fram, margt sé þar miður, er þessi þáttur ekki hvað síst svo gífurlegt vandamál fyrir svo mörg heimili í landinu að Alþingi getur ekki skotið sér undan því lengur að hér verði bót á ráðin. Með engum hætti er það hægt miðað við hvernig málið hefur æxlast, hverju hefur verið lofað og til hvers þeir peningar sem af almenningi eru teknir voru ætlaðir. Ég treysti því að hæstv. iðnrh., helst í broddi fylkingar stjórnarliðsins, gefi a. m. k. ótvíræða yfirlýsingu um að ekki skuli stefnt að eða reynt, heldur verði bætt um betur. Beiti hann sér ekki fyrir úrbótum núna við afgreiðslu fjárlaga verði hans orð a. m. k. ekki misskilin, þau verði rétt skilin, um að bætt verði úr þegar á næsta ári.

Kristín S. Kvaran: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fjölyrða svo mjög um fjárlagafrv. við 3. umr., það hefur verið gert við 2. umr., og mun ég því aðeins gera grein fyrir brtt. BJ svo og viðhorfum til þeirra efnahagsforsendna sem liggja að baki frv. ásamt þeim breytingum á forsendum sem fram eru komnar við launaútreikninga fyrir næsta ár. En fyrst vil ég alveg sérstaklega geta um hversu ánægjuleg breyting hefur orðið á einstökum liðum til batnaðar í meðförum fjvn. í síðustu umferð. Það hefur komið skýrt fram í máli formanns n. hverjir þeir liðir eru og ætla ég því ekki að fjölyrða nánar um þá, en vil jafnframt geta þess að því miður eru eftir margir óhreyfðir liðir sem að mínu mati eru mikilvægir. En það verður ekki við öllu séð.

Það virðist vera að við gerð þessa frv. hafi menn átt sér óskatölur, sem eiga sér litla stoð í raunveruleikanum til þess að byggja fjárlög næsta árs á. Það fer ekki mikið fyrir raunhæfni í frv., eins og þó hefur verið mikið hamrað á af hæstv. ríkisstj. og svo sem fram kemur í forsendum frv. Þetta segi ég vegna þess að það ber að taka inn í umr. og hafa í huga þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um þjóðhagsáætlun, tekjuáætlun, verðbólgustig, kaupmátt launa og verðlagsforsendur. Þær þurfa bara alls ekki að vera réttar frá sjónarmiði okkar sem stöndum utan stjórnar og alls ekki að vera réttar né á rökum reistar miðað við þau ummæli sem hæstv. fjmrh. lét falla hér við 2. umr. fjárlagafrv., en þá sagði hæstv. fjmrh., með leyfi forseta: Ég sagði að við hefðum ekki réttar upplýsingar um ríkisfjármál þegar

við fórum í kosningabaráttuna. Sum af kosningaloforðum okkar voru byggð á upplýsingum sem við héldum að væru réttar. Við höfðum þær ekki þegar við hófum okkar stjórnarmyndunarviðræður, fengum þær ekki fyrr en við sjálfir létum gera úttekt á ríkissjóði. Þetta eru mín orð.

Herra forseti. Svo mælti hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson við 2. umr. fjárlaga. Þetta er mikið alvörumál. Þessi ummæli segja okkur, ef staðfest verða, að stjórnin getur haldið réttum upplýsingum og sannleikanum um ríkisfjármálin frá þeim sem standa utan stjórnar á hverjum tíma. Hitt er þó mun alvarlegra mál, að með þessu er búið svo um hnútana að þeir aðilar sem hafa með að gera upplýsingar, áætlanir og ráðgjöf fyrir ríkisstjórn og fyrir hönd ríkissjóðs, eins og Þjóðhagsstofnun og fjárlaga- og hagsýslustofnun, eru nú sakfelldir. Þeir sem nú eiga sæti í hæstv. ríkisstj. og þeir hv. þm. sem styðja hana létu ekki svo fá orð falla í kosningabaráttunni um að allt væri komið í óefni í ríkisbúskapnum og að allt væri á hraðri leið til glötunar, svo ekki virðist að neitt hefði átt að koma þeim á óvart. Hafi þeir í því efni ekki haft réttar upplýsingar og ekki fengið þær fyrr en þeir sjálfir létu gera úttekt á ríkisbúskapnum vil ég fá svör og staðfestingu á því hér við þessa umr. frá hæstv. forsrh., sem að vísu er ekki í salnum núna, en ég vænti að hann ætli sér að vera viðstaddur fjárlagaumræðuna, og frá hæstv. fjmrh. hvort þetta eru réttmætar fullyrðingar og ef rétt reynist hvort ekki sé talið ófært að halda stofnunum sem slíkar upplýsingar veita uppi af almannafé til þess eins að því er virðist að spúa út röngum og villandi upplýsingum.

En hvort sem um er að ræða rangar og villandi upplýsingar eða réttar upplýsingar sem nú liggja fyrir, þá virðast mér meginforsendur frv. fremur hæpnar. Mér segir svo hugur um að það eigi eftir að koma fyrr í ljós en ráðgert er í dag af spám hve forsendum frv. er teflt á tæpasta vað. Nægir í því sambandi á þessu stigi að nefna gengið. Hætt er við að fyrr en varir þurfi að grípa til gengisfellingar og hvernig er þá komið fyrir forsendum frv.? Ég vil einnig vekja athygli á því, að frá því að frv. var lagt fram til 1. umr. hafa forsendur þess breyst — eða eins og formaður fjvn. sagði áðan „vegna fyrirsjáanlegs samdráttar þjóðartekna frá því sem reiknað var með". Það eru tveir mánuðir síðan þetta var lagt fram. Á góðu getum við nú átt von á næstu tveimur mánuðum.

Það sem þó vekur einna helst athygli mína við þá umfjöllun sem átt hefur sér stað um frv. er að það er alls ekki sama hvort um er að ræða Jón eða séra Jón í áhersluþáttum þessa frv. Við umr. um A-hluta frv. var fengin staðfesting á því að það stranga aðhald sem boðað hafði verið að gæta ætti kom skýrt fram í niðurskurði á verklegum framkvæmdum að því er varðar félagslegar framkvæmdir og þjónustu, svo sem skóla og dagvistarheimili, — já og heilsugæslustöðvar, ekki má nú gleyma þeim. Í því sambandi vil ég sérstaklega taka þann lið til umræðu að því er varðar Reykjavíkurborg, sem fékk heilar 100 þús. kr. til heilsugæslustöðva. Það verður auðvitað þess valdandi að borgin getur af eðlilegum ástæðum ekki staðið við lögsamdar skyldur sínar um veitta heilbrigðisþjónustu, sem eru auðvitað alveg forkastanleg vinnubrögð.

Eins og ég gat um áðan er staðið við hin ströngu viðurlög um aðhald og engar nýjar verklegar framkvæmdir að því er varðar skóla, dagvistarheimili og heilsugæslustöðvar. Það er sem sagt Jón. Sama aðhaldinu er ekki að heilsa þegar kemur að honum séra Jóni eða ýmsum B-hluta fyrirtækjum ríkisins. Sú reiknitala sem þá er notuð og lögð til grundvallar hækkunar fellur ekki undir hin ströngu viðurlög eða þær forsendur sem gert er ráð fyrir í frv. Nægir þar að nefna að fjárfestingar Pósts og síma stefna í að verða um 40% hærri á næsta ári en nú. Áfram skal haldið og markvisst með þessu gengið á kaupmátt launa og niðurskurð félagslegrar þjónustu sem er orðið eitt af því sem ríkisstj. hrósar og hreykir sér af, samanber sparnaðinn í rekstri sjúkrahúsa sem eingöngu á að koma fram í því að sjúklingar eiga að borga þann sparnað sjálfir. Kjör almennings eru stórlega skert og það leiðir aftur til þess að minna kemur í ríkiskassann, eins og fram kom í ræðu formans fjvn., vegna þess að launafólk þarf að halda utan um hvern eyri og velta honum fram og til baka til að reyna að eiga fyrir helstu lífsnauðsynjum, sem þó hrekkur ekki til, og er fólk í unnvörpum farið að taka lán fyrir daglegum rekstri heimilanna.

Verst koma þó aðgerðir ríkisstj. fram í því að ekkert bendir til þess að huga eigi að því sem þó hlýtur að vera undirstaða efnahagslífs okkar í framtíðinni, en það er iðnaður, og þó verður iðnaðurinn að taka við því fólki sem kemur á næstu árum út á vinnumarkaðinn. Því fyrr sem markvisst verður gengið fram af alvöru í því að tryggja stöðu, þróun og framgang iðnaðar og tekið verður til við uppbyggingu hans, því betra. Það er ekki nóg að tala um þessa hluti af innlifun og hafa allan skilning á þeim til að bera í kosningabaráttunni. Það þarf að efna þau fyrirheit sem gefin hafa verið á þessu sviði, vegna þess að iðnaður verður innan tíðar að verða undirstaða efnahagslífs okkar. Brtt. BJ miða því nær allar að því að rétta hlut iðnaðar í frv. á kostnað t. d. yfirstjórnar rn. þar sem við viljum að markvisst verði miðað að endurskipulagningu á borði en ekki eingöngu í orði. En engra breytinga virðist þar að vænta á næsta ári miðað við fjárlagafrv. Hvorki er miðað að kerfisbreytingum né í sjónmáli uppskurður í stjórnkerfinu. Við leggjum einnig til að ýmis fyrirtæki í eigu eða á framfæri ríkisins verði lögð niður og niðurgreiðslur og útflutningsbætur verði í áföngum lagðar niður. Allt á þetta að miða að því að fá vægi iðnaðar metið hærra en hingað til. Ég lýsti því við 2. umr. að við erum ekki að fara fram á 1100 ára aðlögunartímabil fyrir iðnað, svo sem reyndin hefur verið í landbúnaði, og enn er ekki séð fyrir endann á þeirri fyrirgreiðslu sem þar á sér stað þegar miðað er við iðnaðinn sem verður að mestu eða öllu leyti að standa undir þeirri ráðgjafarþjónustu sem honum stendur til boða.

Auðvitað hljótum við að þurfa að veita hinum ýmsu iðngreinum sömu tækifæri og landbúnaður og sjávarútvegur hafa haft og hafa. Við þurfum að sjá til þess að iðnaðurinn fái gefinn upp boltann svo að þeir sem að iðnaði standa geti gripið hann og unnið að því að skila íslenska þjóðarbúinu þeim arði sem hann vissulega býr yfir, en hefur aldrei haft nokkra möguleika til að koma fram í dagsljósið vegna ónógra tækifæra.

Herra forseti. Ég mun þá snúa mér að því að gera grein fyrir brtt. sem liggja fyrir á þskj. 267 við framlagt fjárlagafrv. það sem hér er til umræðu. Þessar brtt. eru frá Kristínu S. Kvaran, Stefáni Benediktssyni, Guðmundi Einarssyni og Kolbrúnu M. Jónsdóttur.

Lið 1 og 2 er hægt að líta á í samhengi vegna þess að það segir sig nokkuð sjálft að með þessum till. er einungis verið að undirstrika að það á ekki að vera álitinn lúxus að aka um á bifreið og eiga einungis að vera á færi hinna velmegandi.

Liður 3 er í samræmi við málefnagrundvöll BJ um að leggja niður Sölunefnd varnarliðseigna og að við sjáum okkur sóma í því að ætla ekki íslenskum ríkissjóði tekjur af amerísku skrani.

Liður 4, sem er um að sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu falli niður, er í takt við hugmyndir okkar um að efla íslenskan iðnað og leitast þar með við að styðja við bakið á innlendri framleiðslu.

Liður 5. Allt virðist nú geta orðið að tekjustofni fyrir ríkið og spurning um hvort ekki væri nær að stuðla að því að fólk sendi hvort öðru fleiri heilla- og hamingjuóskir. Ætli það veitti nokkuð af því á þessum krepputímum.

Liður 6 er um flugvallaskatt. Það er með hann eins og tímabundna vörugjaldið, að það tímabundna verður alveg tímalaust þegar allt kemur til alls. Þess vegna leggjum við til að flugvallaskattur falli niður.

Liður 7 er um að einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands falli niður. Það er dæmigert þegar fjármunir eru teknir upp úr öðrum vasanum og settir niður í hinn.

Liður 8 er um prófgjald iðnnema og er það sjálfsagt eina prófgjaldið sem er í fjárlögunum. Er alveg óþarft að ætla námsmönnum að bera þann hluta af fjárlögunum meðan ekki er staðið við gerða samninga við þá varðandi námslán.

Liður 9 er um yfirstjórn rn. Þar gildir sama röksemdin og ég gat um áðan, að við viljum láta fara fram endurskipulagningu og stefnubreytingu varðandi yfirstjórnir allra rn., en að nánar íhuguðu máli frá 2. umr. sleppum við menntmrn. og iðnrn., sem við álítum að veiti ekki af þeirri upphæð sem tilgreind er í frv. til að sinna þeim málaflokkum. Vegna nýrrar spár um samdrátt þjóðartekna lækkar launaliður frv. um 1.9%, eins og formaður fjvn. gat um áðan, en við höfum að sama skapi fært okkar till. nær hugmyndum frv. og lækkum útgjöld yfirstjórnar rn. um 8% í stað 10% áður. Þetta endurtekur sig við alla liði sem merktir eru rn.

Liður 10. Húsameistari ríkisins leggjum við til að verði felldur niður. Þetta embætti er að okkar áliti til óþurftar fremur en hitt.

Liður 11 og 12 falla undir þá röksemd sem ég hef þegar getið hér um vegna yfirstjórna í rn.

Liður 13 fellur undir þá skoðun okkar að landbúnaður hafi þegar haft nægan aðlögunartíma og geti farið að greiða fyrir þjónustu. Vegna þessa lækkum við framlag ríkisins til Búnaðarfélagsins, en hækkum á móti sértekjur þess.

Liður 14. Veiðistjóri. Hér fellum við niður embætti veiðistjóra og gerum það að till. okkar að jafnframt að sveitarfélögin taki að sér þetta verkefni.

Liður 15. Hér er um að ræða uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Við leggjum það til að þær lækki um 25%. Eins og ég gat um áðan er það í samræmi við málefnagrundvöll BJ að stefna að því að leggja útflutningsbætur niður í þrepum.

Liður 16. Yfirstjórn sjútvrn. Lækkun 8%.

Liður 17. Hér gildir sama röksemdin og við Búnaðarfélag Íslands. Sértekjur hækki, en framlag ríkisins lækki á móti. Það sama á við um næsta lið, lið 18, sem er Fiskifélagið.

Liðir 19 og 20 eru um lækkun yfirstjórnar rn.

Og þá er komið að lið númer 21, sem er Framkvæmdasjóður fatlaðra. Hér viljum við aðeins rétta af þann hlut sem lög gera ráð fyrir að sjóðurinn fái, en fjárlagafrv. gerir einungis ráð fyrir að hann fái 45% af því sem lög segja til fyrir um.

Liður 22. Ef halda á úti Þjóðhagsstofnun og sannað verður að hún veiti réttar upplýsingar, sem ég vonandi fæ svar við hér á eftir, er engin ástæða til þess að ríkið haldi uppi hagdeildum þeim sem frv. gerir ráð fyrir.

Liður 23 er lækkun yfirstjórnar svo og liður 24.

Liður 25. Þar leggjum við til nýjan lið upp á 5 millj. kr. sem lið í baráttunni fyrir aðgerðum vegna smygls og dreifingar á fíkniefnum. Það þarf að bæta aðstöðu tollyfirvalda að mun, þannig að allflestar aðgerðir renni ekki að meira eða minna leyti út í sandinn eins og nú.

Liður 26. Við leggjum til að þessi skattstofn verði lagður niður, þ. e. Fasteignamat ríkisins, en að þær upplýsingar sem þegar eru fyrir hendi í sveitarfélögunum, svo sem brunabótamat, verði nýttar og hafðar fyrirliggjandi á hverjum stað og sendar þaðan til byggða- og áætlunardeildar Framkvæmdastofnunar sem vel getur gegnt hlutverki þessu.

Liður 27. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins. Við álítum hana vera til óþurftar við íslenskar framkvæmdir og leggjum til að hún verði lögð niður.

Liður 28 er um lækkun yfirstjórnar.

Þegar komið er að Skipaútgerð ríkisins álítum við að vitaskuld þyrfti að hætta þeirri útgerð, en það verður væntanlega ekki gert á svipstundu. Þess vegna leggjum við til að dregið verði úr framlögum ríkisins, en að útgerðin geti farið að huga að því að standa undir sér þannig að þegar kemur að sölu þess fyrirtækis, eins og virðist standa til, verði fyrirtækið undir það búið þannig að væntanlegir kaupendur sjái sér hag að bjóða í það.

Liður 30. Nú viljum við fara að láta þörf iðnaðar fyrir þjónustu. Þess vegna höfum við engar sértekjur fyrir Iðntæknistofnun og leggjum til að öll framlög til iðntæknibjónustu og nýiðnaðarrannsókna verði hækkuð að mun.

Liður 31 stefnir í sömu átt: Nýr liður við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem er almennur styrkur að upphæð 22 millj., og Rannsókn og kynning á orkusparnaði 10 millj. kr. Varla mun nú af veita.

Liðurinn 32, þ. e. iðja og iðnaður, framlög. Hér er verið að greiða fyrir iðnþróun og tækninýjungum, iðnþróunarverkefnum og að fjölga iðnráðgjöfum.

Liður 33. Með tilliti til þess að hægt sé að byrja á stærsta virkjunarmöguleika okkar, sem er orkusparandi aðgerðir, hækkum við framlög til orkusparnaðar úr 2.5 millj. í 15 millj. kr.

Liður 34 er um lækkun yfirstjórnar.

Liður 35. Í samræmi við málefnagrundvöll BJ leggjum við til að horfið verði frá niðurgreiðslum í áföngum og leggjum til lækkun á þessum lið um 25%.

Síðasti liðurinn, sem er liður 36. Við leggjum einfaldlega til að liðurinn falli niður og að hlutafélög greiði sjálf þann kostnað sem hlýst af því að skrá þau.

Ég hef rakið þessar brtt. í stuttu máli og held að þær þarfnist ekki nánari skýringa, en vil ítreka að þeim spurningum sem ég lagði fram áðan vonast ég til að fá svör við í þessari umr. frá hæstv. forsrh. og hæstv.

fjmrh. Þær voru varðandi þau ummæli sem hæstv. fjmrh. viðhafði í umr. s. l. þriðjudag.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það er yfirlýst markmið ríkisstj. að fjárlög næsta árs séu raunhæf. Eina virkilega raunhæfa niðurstaðan sem komist verður að nú er hins vegar sú að það verður halli á ríkisbúskapnum á næsta ári. Sá halli hlýtur að leiða til meiri verðbólgu en ríkisstj. hefur boðað á næsta ári og sú niðurstaða er ekkert annað en svik við allt það fólk sem var reiðubúið til að leggja sitt af mörkum, leggja á sig miklar þrengingar til að ná niður verðbólgunni.

Ég hef margoft í umr. hér á Alþingi látið í ljós efasemdir um að grunnurinn sem þetta fjárlagafrv. er byggt á sé nægilega traustur. Það er nú komið í ljós að forsendur tekjuhliðar þess fá ekki staðist. Horfur og tillögur um minni fiskafla en áður var spáð breyta stöðunni til hins verra. Um það verður ríkisstj. ekki beinlínis kennt, ekki þessari ríkisstj. a. m. k., þótt flestir sem hana skipa beri sína ábyrgð á því hvernig nú er komið. Stór hluti þess vanda sem nú blasir við okkur er afleiðing rangrar stefnu undanfarinna ára, hömlulausrar sóknar í dýrmætustu fiskstofna okkar og fyrirhyggjulausrar fjárfestingar í fiskiskipum. Sú mynd sem við okkur blasir er ekki fögur, minnkandi þjóðarframleiðsla og tekjurýrnun, áframhaldandi viðskiptahalli og versnandi skuldastaða og enn eru ekki að fullu komin fram áhrifin af aðgerðum ríkisstj. í launamálum. Mín skoðun er sú, að samdráttur í einkaneyslu vegna minnkandi kaupmáttar eigi eftir að skekkja dæmið meira en séð verður af því frv. sem hér er til 3. umr., hafa enn meiri áhrif á allar veltustærðir í tekjuáætlun fjárlaga. Vonandi er ég þó verri spámaður en þeir vísu menn sem reiknað hafa eftir forskrift núv. ríkisstj.

Það er út af fyrir sig jákvætt að þær tölur sem sjá má tekjumegin í þessu frv. lýsa töluverðri bjartsýni stjórnvalda á því að ástandið verði betra en tilefni virðist til um þessar mundir, og ef þau hyggjast vinna að því með einhverjum ráðstöfunum, sem ekki hafa enn verið kynntar, er ekkert nema gott um það að segja svo framarlega sem ekki verður frekar ráðist að lífskjörum láglaunafólks. Það er svo e. t. v. óhófleg bjartsýni mín að láta slíkt í ljós eftir allt sem á undan er gengið. En lengi má mennina reyna.

Þetta frv. til fjárlaga fyrir árið 1984, sem nú er til 3. umr., er á margan hátt dapurlegt plagg. Úr því má lesa verðmætamat núv. ríkisstj. og afstöðu hennar til þeirra mála sem svo mjög varðar daglegt líf og velferð almennings. Við 2. umr. ræddi ég sérstaklega um þrjá málaflokka sem mér þykir lítill sómi sýndur af þeim sem ráða ferðinni í ríkisbúskapnum. Það eru byggingar dagvistarheimila, skóla og sjúkrastofnana.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka orð mín þá, en erfitt var að sitja undir atkv. um brtt. minni hl., einu brtt. sem minni hl. flutti, um hækkun á framlagi ríkisins til byggingar dagvistarheimila. Hvert einasta nei verkaði sem hnefahögg. Aukið dagvistarrými hefur verið baráttumál kvenna um áratugi og meðal forgangsmála hvert sinn sem þær setjast að samningaborði til að fá kjör sín bætt. Afstaða stjórnarflokkanna til þessa mikla hagsmunamáls gleymist ekki.

Við 2. umr. ræddi ég einnig um þær hugmyndir sem heyrst hafa til sparnaðar í heilbrigðis- og tryggingamálum. Það er nú komið í ljós, sem margir óttuðust, að hugmyndir um gjaldtöku af sjúklingum á sjúkrahúsum eiga sér einhvern hljómgrunn innan stjórnarflokkanna. Eftir allt hjalið um siðleysi í sambandi við álag á ferðamannagjaldeyri, sem var afnumið með brbl. á s. l. sumri, eru nú ýmsir slegnir siðblindu þegar þjónusta við sjúka er annars vegar. Og menn spyrja sig þessa dagana: Er e. t. v. ætlunin að nota jólaleyfi þm. til að setja brbl. um gjaldtöku fyrir sjúkrahúsþjónustu? Ég vil ekki ætla neinum svo illt. En ég er áreiðanlega ekki ein um að hafa orðið vör við miklar áhyggjur almennings út af þessum sjúklingaskatti, sem svo er kallaður, og ótta við að honum verði skellt á eftir áramótin. Ófrísk kona spyr hvort hún verði látin borga fyrir sængurleguna í febrúar. Önnur hefur áhyggjur af því að aðgerð sem frestaðist í haust verði nú aldrei framkvæmd því hún hafi ekki efni á því að liggja á sjúkrahúsinu. Austfirðingur spyr hvort fólki utan af landi sé það ekki nógu þungbært að þurfa að greiða þúsundir króna í fargjald til að komast í aðgerð á Landspítalanum þótt ekki verði farið að plokka af því peninga fyrir matnum þar.

Ég ætla ekki að tefja þessa umr. með fleiri dæmum. Þetta mál kemur að sjálfsögðu til meðferðar hér á sínum tíma, ef ráðamenn gera alvöru úr því að reyna þessa leið. Gegn því verður að berjast af fullri einurð. Ég er hins vegar ekki í vafa um að spara má í rekstri sjúkrahúsanna með margvíslegri hagræðingu, jafnvel án þess að það bitni á þjónustu við sjúklingana. Margar till. í þá átt eru í athugun og vel þess virði að reyna þær, þótt ég efist hins vegar um að unnt verði að ná fram öllum þeim sparnaði sem til er ætlast.

En ég vil ekki skilja við heilbrigðismálin án þess að minnast á þann þátt sem mestum sparnaði skilar þegar allt kemur til alls. Þá á ég við forvarnarstarf af ýmsu tagi, leit að sjúkdómum á byrjunarstigi, fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðir. Um þetta tel ég að við séum nokkuð sammála í fjvn. og hefðum viljað styðja betur við starfsemi af þessu tagi. Sem dæmi um leit að sjúkdómum á byrjunarstigi má nefna það stórmerka starf sem unnið hefur verið af Krabbameinsfélagi Íslands við leit að leghálskrabbameini með þeim árangri að meira en 60% minnkun hefur orðið bæði á tíðni og dánartíðni sjúkdómsins. Árangur hérlendis hefur vakið slíka athygli út um heim að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur valið Ísland sem fyrirmyndarland í verkefninu „Útrýming leghálskrabbameins". Krabbameinsfélagið hefur sett sér það markmið að engin íslensk kona deyi af völdum leghálskrabbameins árið 2000. Með þeirri upphæð sem fjvn. leggur til að Krabbameinsfélagið fái nú ætti að vera tryggt nægilegt fjármagn til þessa verkefnis á næsta ári. Þessari niðurstöðu fagna ég sérstaklega.

Fræðsla er einnig afar mikilvægur þáttur í fyrirbyggjandi aðgerðum á sviði heilbrigðismála og þann þátt þarf að efla miklu meira en fjárveiting næsta árs gefur tilefni til. Má þar nefna fræðslu um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma, umferðarmál, fíkniefni, mataræði og margt fleira sem stuðlar að heilbrigði og sjúkdómsvörnum. Á vegum landlæknisembættisins er unnið að útgáfu efnis af þessu tagi og nemar í læknis- og hjúkrunarfræðum hafa farið í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og miðlað þekkingu til unglinga. Þessa starfsemi ber að styðja og efla og koma henni víðar út um landið. Sú fjárveiting sem landlæknisembættið fór fram á í þessu skyni var ekki há eða aðeins sem samsvarar rúmlega

helmingi þeirrar upphæðar sem það kostar að reka eitt sjúkrarúm á ári. Ég fæ ekki varist þeirri hugsun að margir, sem þurfa á slíku rúmi að halda, hefðu komist hjá því ef þeir hefðu notið fræðslu fyrr og betur um þá þætti sem valda sjúkdómum þeirra. Sú upphæð, sem landlæknisembættinu er veitt núna, er skref í þessa átt, en aðeins skref. Á þessu sviði er gífurlega mikið ógunnið og það er nauðsynlegt að efla skilning meðal manna á gagnsemi slíkrar starfsemi. Það þyrftu t. d. ekki eins margir á hjartaaðgerð að halda ef þeir tækju tillit til og forðuðust þá umhverfisþætti sem vitað er að eru virkir orsakavaldar hjartasjúkdóma, eins og t. d. tóbak.

Það er reyndar ekki ástæða til að tína fleiri einstaka liði út úr frv. á þessu stigi máls. Ég vil aðeins vekja athygli á því að staða B-hluta fyrirtækja ríkisins er ærið misjöfn. Munar þar að sjálfsögðu mest um gróflegar gjaldskrárhækkanir einstakra stofnana á þessu ári, svo sem Pósts og síma sem ekki mun draga úr umsvifum á næsta ári, heldur auka þau, og Ríkisútvarpsins sem fengið hefur þegar 94% hækkun afnotagjalda á þessu ári. Sé miðað við tímabilið frá 1. september 1982 til 1. september 1983 nam hækkun afnotagjaldanna 117% á þeim tíma.

Án þess að ég sé að deila á þessar stofnanir sérstaklega vil ég í þessu sambandi minna á nauðsyn þess að rekstur stofnana og fyrirtækja á vegum ríkisins sé í stöðugri endurskoðun. Ég vil ítreka það sem ég sagði við 1. umr. um þessi mál, að sú aðferð sem einkum er notuð við gerð fjárlaga er meingölluð því hún beinlínis refsar fyrir sparnað. Þegar ákvörðuð eru framlög til stofnana og rn. er vitanlega reynt að taka tillit til óska og þarfa viðkomandi, en þá gildir svipuð regla og hjá þeim sem slá í bönkum. Þeir biðja venjulega um helmingi meira en þeir þurfa því reynslan hefur kennt þeim að upphæðin verður skorin niður. Ef einhver stofnun eða rn. beitir ítrasta sparnaði í rekstri er þeim refsað á næsta ári með því að fá svipaða framreiknun og sú stofnun sem eyddi um efni fram. Þau fá bara að heyra: Sko, þetta gátuð þið í ár. Þið þurfið þá ekki heldur meira núna. Ekki hvetur þetta til ráðdeildar. Algengara er vafalaust að stjórnendur stofnana biðji um hæstu upphæðir sem þeir þora að nefna og reyni síðan eftir megni að verja beiðnir sínar. Það er nauðsynlegt að endurskoða fastar fjárveitingar miklu oftar en gert er og helst allan fjárlagagrunninn reglulega.

Herra forseti. Ég vil að lokum mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur um aukið framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Við leggjum til á þskj. 259 að í stað 400 millj. undir lið 02 872 komi 450 millj. kr. Till. okkar um 500 millj. kr. framlag ríkisins til sjóðsins var felld við 2. umr., en nú viljum við reyna til þrautar að rétta aðeins grundvöll sjóðsins sem augljóslega er allt of veikur.

Þegar ég mælti fyrir brtt. okkar við 2. umr. færði ég fyrir henni ítarleg rök, sem ég tel ekki ástæðu til að endurtaka nú öll. Ég vil aðeins árétta að miðað við þrengstu útreikninga vantar allt að 167 millj. og 250 þús. kr. í þetta frv. til þess að fjárþörf sjóðsins á næsta ári sé mætt. Blasir því við að annaðhvort verði lögum og reglugerð sjóðsins breytt til að draga úr þörf fyrir lánveitingar eða að sjóðurinn verði að fá heimild til frekari lántöku. Fyrri kosturinn leiðir til misréttis þar sem framhaldsmenntun verður forréttindi en ekki raunverulegur valkostur þeirra sem vilja og getu hafa. Sá síðari leiðir til versnandi stöðu sjóðsins, sem þegar er svo aðþrengdur að tekjur af útlánum nema aðeins 44% af afborgunum af teknum lánum. Við teljum óráð hið mesta að auka á vaxtabyrði sjóðsins og teljum eðlilegra að ríkissjóður taki þá byrði á sig. Við freistum þess því enn að fá þingheim til að samþykkja hækkað framlag ríkisins til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Frsm. samvn. samgm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á hinum einstöku svæðum, svo sem á Faxaflóa, á Breiðafirði, Ísafjarðardjúpi og til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð allt til Grímseyjar og svo vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar. Enn fremur hefur n. fjallað um erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist viðkomandi byggðarlögum að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar. Þrátt fyrir að snjómokstursreglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum hafa íbúar í snjóþungum héruðum orðið fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum, enda má segja að þjónusta Vegagerðarinnar sé minnst þar sem snjóalögin eru mest. Til að minnka þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs fjárframlög til þeirra aðila sem að dómi n. eru verst settir að þessu leyti.

N. bárust nú umsóknir frá 62 aðilum. Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóri í samgrn. og Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins mættu á fundum n. og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu n. verulega að gagni. Fyrir hönd n. færi ég þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra störf.

N. fékk glögga grg. og endurskoðaða reikninga yfir rekstur flóabátanna. Til þeirra gengur langmestur hluti þess fjármagns sem n. úthlutar. Ýmsir aðrir aðilar, er styrk til landflutninga njóta, hafa einnig sent n. greinargóðar upplýsingar og reikninga um rekstur og annað er umsóknina varðar og er það mikil breyting til bóta. Enn fremur hafa einstakir nm. haft samband við flesta þá aðila sem styrk hafa fengið að undanförnu eða umsóknir sendu nú í fyrsta skipti, en það eru sex aðilar. Í mörgum þessum umsóknum kemur glöggt fram að aðstöðumunurinn er mikill hvað kostnað við allar samgöngur varðar og er n. fullkomlega ljóst að full ástæða væri til að hafa þessa styrki verulega hærri til að minnka þennan aðstöðumun. En á hitt ber einnig að líta, að margir munu þeir vera lítið betur settir sem enga umsókn hafa sent.

Í nál. samvn. samgm., sem er á þskj. 263, er gerð grein fyrir rekstri flóabátanna og vísa ég til þess sem þar stendur, en sé ekki ástæðu til að fara út í það frekar nema þess sé sérstaklega óskað.

Miklar umr. fóru fram í n. um rekstur sumra flóabáta. Sem kunnugt er hefur fjmrn. auglýst til sölu hlutabréf ríkisins í nokkrum fyrirtækjum, þ. á m. í þeim fyrirtækjum sem gera út flóabáta. Ef hlutabréf þessara báta verða seld og þar sem svo stendur á að aðrir en ríkið eiga að mestu eða öllu leyti þá báta sem stofnstyrks njóta úr ríkissjóði telur n. nauðsynlegt að gengið sé þannig frá málum að sett verði með einhverjum hætti

sú kvöð á stofnstyrkina, að ef slík skip hætta rekstri á þeirri flutningaleið sem stofnstyrkurinn er veittur til áður en eðlilegur endingartími skipsins er liðinn verði eigendur að endurgreiða styrkinn miðað við söluverð eða matsverð skipsins þegar rekstri er hætt. Enn fremur telur n. nauðsynlegt að það verði tryggt á öruggan hátt, t. d. með samkomulagi rekstraraðila flóabátanna og samgrn., að þeir skuldbindi sig til að halda að öllu leyti við ferðaáætlun á þjónustusvæði sínu og að ferðaáætlanir flóabáta verði samþ. af samgrn. Um gerð samkomulags og framkvæmd þess verði haft samráð við formenn samgöngunefnda Alþingis.

Mjög ítarlega var fjallað um hverja umsókn og náðist full samstaða um hverja fjárveitingu í nefndinni. Samkvæmt grg. þeirri, er nál. fylgir, leggur samvn. samgm. til að í fjárlögum 1984 verði veitt samtals 44 millj. 252 þús., sem skiptist sem ég mun hér gera grein fyrir, en það er 42.9% hækkun miðað við fjárlög yfirstandandi árs.

Þeir sem eiga eftir till. n. að njóta styrkja að þessu sinni eru: Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis 45 þúsund, til vetrarflutninga á norðanverðu Snæfellsnesi 45 þúsund, til vetrarflutninga í Dalahéraði 90 þúsund, til snjóbifreiðar í Austur-Barðastrandarsýslu 25 þúsund, til mjólkurflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu 100 þúsund, til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi 45 þúsund, til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi 35 þúsund, til vetrarflutninga í Bíldudal 35 þús., til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu 40 þús., til vetrarsamgangna við Ingjaldssand 70 þús., snjóbifreið í Önundarfirði 75 þús., snjóbifreið um Botnsheiði 40 þús., stofnstyrkur 70 þús., til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi 235 þús., til vetrarflutninga í Álftafirði, Norður-Ísafjarðarsýslu 40 þús., til vetrarflutninga í Ögurhreppi 25 þús., til vetrarsamgangna í Reykjafjarðarhreppi 25 þús., til vetrarsamgangna í Nauteyrarhreppi 25 þús., til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi 25 þús., til vöruflutninga í Árneshreppi 160 þús., til vetrarsamgangna í Árneshreppi 60 þús., til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi 25 þús., snjóbifreið á Hólmavík 30 þús., snjóbifreið í Austur-Húnavatnssýslu 15 þús., vegna vetrarsamgangna í Skefilsstaðahreppi 25 þús., snjóbifreið í Skagafirði 27 þús., til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshreppum 40 þús., Grímsey vegna flugs 250 þús., til vetrarflutninga í Ólafsfirði 35 þús., stofnstyrkur 30 þús., snjóbifreið í Dalvíkurhéraði 15 þús., til vetrarsamgangna í Svarfaðardal 45 þús., til snjóbifreiðar á Akureyri 30 þús., snjóbifreiðar í Grýtubakkahreppi 25 þús., snjóbifreiðar í Hálshrepppi, Suður-Þingeyjarsýslu 27 þús., til vetrarsamgangna í Fjallahreppi 60 þús., til snjóbifreiðar á Kópaskeri fyrir Öxarfjörð og nágrenni 40 þús., snjóbifreiðar á Þórshöfn 35 þús. og stofnstyrkur 75 þús., til vetrarflutninga á Bakkafjörð 70 þús., til vetrarflutninga á Vopnafirði 70 þús., til vetrarflutninga í Borgarfjörð eystra 80 þús., til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi 26 þús., til pósts og vöruflutninga á Jökuldal 25 þús., til vetrarflutninga á Jökuldal 40 þús., stofnstyrkur 130 þús., til vetrarflutninga í Möðrudal 25 þús., snjóbifreið á Fljótsdalshéraði 27 þús., snjóbifreið á Fjarðarheiði 280 þús., snjóbifreið á Oddsskarði 270 þús., stofnstyrkur 100 þús., snjóbifreið á Fagradal 45 þús., snjóbifreið, Stöðvarfjörður — Egilsstaðaflugvöllur 50 þús., til vetrarflutninga á Breiðdalsvík 60 þús., til vetrarflutninga Djúpivogur-Hornafjörður 100 þús., stofnstyrkur 60 þús., styrkur til Svínafells í Nesjum 27 þús. og til vöruflutninga á Suðurlandi 245 þús. Þessir minni styrkir gera 3 millj. 869 þús.

Þá eru það flóabátarnir. Það er til Akraborgar 6 millj., til Breiðafjarðarbátsins Baldurs 5 millj. 200 þús., til Langeyjarnesbáts 35 þús., til Mýrabáts 3 þús., til Fagraness 4 millj. og 900 þús. og stofnstyrkur 400 þús., Dýrafjarðarbátur 40 þús. og stofnstyrkur 35 þús., til Hríseyjarferju 1 millj. og 50 þús., stofnstyrkur 1 millj. 475 þús., Drangur 2 millj. 400 þús., stofnstyrkur 8 millj. og 100 þús., Mjóafjarðarbátur 880 þús. og Herjólfur 9 millj. 900 þús. Til bátanna leggur n. til að fari í heildarupphæð 40 millj. 383 þús.

Samtals eru þetta 44 millj. 252 þús.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er alkunna að kostnaður við hitun híbýla hvílir ákaflega misþungt á þegnum þessa lands og á hluta þeirra með þeim ofurþunga að þeir fá sannarlega ekki undir risið. Fyrir því var það að núv. ríkisstj. færði það til bókar í stjórnaryfirlýsingu sinni að jöfnun húshitunarkostnaðar skyldi aukin verulega, eins og þar segir. Í því skyni var þá þegar, við stjórnarmyndunina, ráðstafað aukalega 150 millj. kr. til þessara þarfa.

Í mörgum augljósum dæmum hefur aðkoma ríkisstj. að þjóðarbúinu verið rakin og kemur sú saga öll í einn stað niður, á vonarvölinn, og eiga þar orkumálin ekki síst óskilið mál. Landsvirkjun hafði á árinu 1982 verið rekin með 152 millj. kr. halla. Raunar hafði hún verið rekin með bullandi tapi allan óráðsíuáratuginn og hallinn jafnaður með erlendum lántökum, dollaralánum, svo grálega sem sá gjaldmiðill hefur leikið skuldara sína hin síðari árin. Á vordögum í apríl var svo málum komið að fyrrv. ríkisstj. sá þann kost grænstan að taka sér alræðisvald í orkuverðsmálum. Sem betur fór stóð það ofurvald stutt, þar sem það skyldi augljóslega notað í því skyni einu að setja Landsvirkjun endanlega á höfuðið. Í því sem öðru skyldi gjaldþrota- og greiðsluþrotastefnunni fylgt dyggilega. Með órækum vitnum má sanna að ef svo hefði farið fram sem horfði hefði taprekstur Landsvirkjunar numið a. m. k. 400 millj. kr. á árinu 1983. Sá halli hefði auðvitað ekki verið greiddur nema með nýjum erlendum lántökum, sem numið hefðu nær 10% þeirrar fjárhæðar sem menn treysta sér til að taka að láni erlendis á næsta ári. Ætli fjárveitingamönnum vorum hefði ekki þótt enn þrengjast fyrir dyrum sínum ef taka hefði þurft slíkar fjárfúlgur í þvílíkan rasshandarrekstur?

Í tíð þess sem nú fer með forræði orkumála skal það aldrei verða að Íslandsvirkjun verði rekin með tapi. Þvert á móti verður róið að því öllum árum að aflafé Landsvirkjunar verði nægilegt að vöxtum svo verja megi til framkvæmda. Annað er ótækur horbúskapur. Það er því að vonum erfitt um vik að hjálpa bágstöddum húseigendum meðan nauðsynleg bjargráð eru fundin fyrir undirstöður orkubúskaparins. Það er auðvitað ekki tekið út með sitjandi sældinni að reisa íslenskan fjármálabúskap úr öngþveiti, og ekki fremur orkubúskapinn en annað svo mjög sem orkukaup koma við pyngju allra húsráðenda. Allir sem hafa urmul af fjármálaviti gera sér grein fyrir að fjárhagsvandi húsrekenda vegna kyndingar verður ekki leystur nema lausn

sé fundin fyrst á rekstri orkufyrirtækjanna.

Allt útlit er fyrir sæmilega afkomu Landsvirkjunar á næsta ári. Gert er nú ráð fyrir óbreyttu orkuverði til fyrirtækisins árið 1984 og eins og það var ákveðið hinn 1. ágúst s. l. Ef ekki ber nýrra við mun Landsvirkjun verða rekin með 53 millj. kr. hagnaði á árinu 1984. Mega menn af þessu sjá gerbreytta stefnu stjórnvalda í framkvæmd.

Fleira er enn í athugun í orkubúskaparmálum, sem of snemmt er að ræða, en áhersla er lögð á aukinn sparnað í rekstri þar sem því verður við komið. Í orkufyrirtækjum sem öðrum fyrirtækjum sem iðnrn. hefur vanda af fer fram athugun á rekstri. Ég mun upplýsa Alþingi um niðurstöður þessara athugana jafnóðum og þær liggja fyrir. Á þessu stigi máls vil ég aðeins segja að mér þykja líkur benda til að gera megi þær endurbætur á ýmsum opinberum rekstri að leiði til hagkvæmni og sparnaðar.

Um heildarskipulag orkumálanna er ég ekki reiðubúinn að tjá mig í ítarlegu máli nú. Það er skoðun mín að í þessum efnum sé víða pottur brotinn sem bæta megi eða smíða nýja. Hugmyndir mínar stefna mjög til allrar einföldunar kerfisins, jafnvel svo að Íslandsvirkjun verði sem mest ein um hituna í orkuöflun og sölu, jafnframt því sem sveitarfélög fengju að kjósa sér verksvið og/eða aðild.

Eitt fyrsta verk mitt í stöðu orkuráðherra var að skipa orkuverðsnefnd undir forustu Þorv. Garðars Kristjánssonar alþm. og núverandi forseta Sþ. Auk hans eiga sæti í nefndinni Egill Jónsson alþm., Guðmundur Bjarnason alþm. og Sigurjón Fjeldsted borgarfulltrúi og skólastjóri. Nefndin var skipuð þann 14. júní s.l. og segir svo í skipunarbréfi hennar: „Skal hér unnið í samræmi við ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstj. um þetta efni. Nefndin skal gera tillögur að lagasetningum eða endurskoðun á gildandi lögum, áætlun um kostnað við aðgerðir og fjáröflun. Þá skal nefndin gera tillögur um ráðstöfun þess fjár sem ríkisstj. hefur ákveðið að verja til jöfnunar húshitunarkostnaðar á þessu ári umfram það sem í fjárlögum greinir."

Nefndin skilaði bráðabirgðaáliti 23. júní s.l. varðandi síðasta atriði í skipunarbréfi hennar. Er þar m. a. lagt til að kostnaður við rafhitun til húshitunar verði ekki hærri en 60% af kostnaði við óniðurgreidda olíu og húshitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk verði ekki hærri en 67% af óniðurgreiddu olíuverði, en þetta felur í sér að rafhitun verður 10% ódýrari en niðurgreidd olíuhitun.

Auk þess lagði nefndin til að varið yrði 7 millj. kr. til að greiða niður stofnkostnað nokkurra hitaveitna.

Niðurgreiðslur raforku til húshitunar voru auknar 3. júní s.l. úr 23 aurum á kwst. í 26 aura á kwst. og 1. ágúst s.l. úr 26 aurum á kwst. í 48 aura á kwst. Jafnframt voru olíustyrkir auknir úr 560 kr. á 1. ársfjórðungi 1983 í 790 kr. á 2. ársfjórðungi og í 910 kr. á 3. ársfjórðungi 1983, en þeir eru ákveðnir af viðskrn. eins og kunnugt er. Þá hafa verið veittir styrkir til hitaveitna, sem eiga við sérstaka erfiðleika að stríða, að upphæð 14.1 millj. kr. á árinu.

Orkuverðsnefnd hefur frá því hún var skipuð starfað að gerð tillagna um endurskoðun þessara mála og lagasetningu og hefur nýlega skilað tillögum til ráðh. Að undanförnu hefur rn. fylgst náið með þróun orkuverðs til upphitunar íbúðarhúsnæðis og hefur þess verið gætt að upphitunarkostnaði við hverja verðbreytingu væri haldið innan þeirra marka sem fólust í bráðabirgðatillögum orkuverðsnefndar. Ef við lítum aðeins á hlutfall kyndingarkostnaðar af óniðurgreiddri olíu og síðan hlutfall milli rafhitunar og olíuhitunar, þá kemur í ljós að í júlímánuði var hlutfall rafhitunarkostnaðarins 56% af óniðurgreiddri olíu, í október 59% og í desember 61% vegna skyndilegrar lækkunar olíuverðs þótt ekki munaði þar miklu. Aftur á móti hefur olíuhitunin verið í júlí 74% af óniðurgreiddri olíu, í okt. 70% og í des. 69% og munar ekki miklu frá markmiðum nú í þessum mánuði, desember, en hinn hlutfallslegi mismunur milli raforku og olíuhitunar hefur minnkað frá því sem hann var í júlí 24% niður í 12% nú. Á þessu sama tímabili eru ýmsar nýrri hitaveitur, s. s. Akureyrar, Akraness og Borgarfjarðar og Egilsstaða, með orkuverð sem er um 73% til 76% af óniðurgreiddri olíu.

Orkuverðsnefndin hefur unnið hið ágætasta starf, sem henni eru hér með færðar sérstakar þakkir fyrir, en nefndin mun enn um skeið verða til ráðuneytis í orkuverðsmálum.

Ríkisstj. hefur ákveðið að lagt verði fram á fyrstu dögum þings eftir áramót frv. til l. um jöfnun húshitunarkostnaðar til að létta verulega kostnað þeirra sem þyngstar byrðar bera vegna hitunar hýbýla sinna með niðurgreiðslu orkugjafa og ráðstöfun til orkusparnaðar.

Eins og kunnugt er ákvað fyrrv. ríkisstj. að verja 35 millj. kr. til niðurgreiðslu rafhitunar á árinu 1983. Auk þess voru á fjárlögum þeirrar ríkisstj. 29 millj. kr. til niðurgreiðslu olíuverðs eða samtals 64 millj. kr. til þessara þarfa. Í frv. til fjárl. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu eru áætlaðar 230 millj. kr. til niðurgreiðslu rafhitunar og 61.5 millj. kr. til niðurgreiðslu olíuverðs eða samtals 291.5 millj. kr. Þessir liðir hafa því hækkað samtals um 355% frá því sem var í tíð fyrrv. ríkisstj. það fer því ekki milli mála að ólíkt hafast menn að með þeim tölum sem nú er að finna í fjárlagafrv. til niðurgreiðslu á raforku og olíu.

Þeim tölum, sem nú er að finna í fjárlagafrv. til niðurgreiðslu raforku og olíu, verður ekki breytt út því sem komið er. Á því ber ég höfuðábyrgð og síðan ríkisstj. í heild. Það er auðvitað ekki fyrir það að synja að óánægju hefur gætt í þingliði ríkisstj. með að ekki skuli hærri fjárupphæðir áformaðar til þess arna. Er slíkt eðlilegt miðað við fyrri yfirlýsingar og kosningaloforð þar sem menn hétu að beita sér fyrir að einu og hálfu söluskattsstigi skyldi til þessa varið, en sú fjárhæð er nú talin nema 471 millj. kr. En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Fjárhagsstaða okkar er því miður miklu verri en svartsýnustu menn gat órað fyrir á vordögum. Við höfum ekki ráð á hærri fjárveitingum nú til þessara brýnu þarfa. Ég leyfi mér þó að fullyrða að fjármunirnir muni hrökkva til þess að verulega muni verða létt undir með þeim sem örðugast eiga með niðurgreiðslum og með þeim orkusparandi aðgerðum sem hafist verður handa um innan tíðar.

Hinn 7. okt. s. l. skipaði ég nefnd verkfræðinga til að gera tillögur um verkefni sem miði að orkusparnaði við upphitun húsnæðis. Var þess óskað að þeir lykju skýrslu um 1. áfanga 1. des. s. l. og var við þá tímaáætlun staðið. Það er sannfæring mín að stórátak í einangrun húsa er besta aðgerðin til að hjálpa þeim mest og fyrst sem erfiðast eiga. Sérfræðingarnir segja svo í lokaorðum sínum.

"Við teljum 1000 verstu húsin hæfilegan áfanga í

fyrstu orkusparnaðarátakinu. Heildarframkvæmdakostnaður orkusparandi aðgerða á þeim verður u. þ. b. 200 millj. kr. og kostnaður vegna fræðslu og tækniráðgjafar verður um 20 millj. kr. Við leggjum til að lánuð verði 80% af framkvæmdakostnaði, eða 160 millj. með 2.25% vöxtum til 16 ára, og að lánin verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Þegar á næsta ári, 1984, verði 30 millj. kr. ráðstafað í þessu skyni og auk þess verði 3 millj. kr. varið í tæknilegan undirbúning, námskeiðahald og kostnað við húsaskoðun og ráðgjöf til húseigenda."

Ef vel tekst til á ekkert að vera því til fyrirstöðu að ljúka þessum áfanga á árinu 1985. Ofangreind fjárfesting sparar í samræmi við endurgreiðslukröfur húseigenda 18.2 millj. kr. á ári í orkukaup, en af því fara um 80% í endurgreiðslur lána. Fyrstu tvö árin sparast húseigendum þannig 36.4 millj. kr., sem nálgast eigið framlag þeirra vegna fjárfestingarinnar. Ríkið sparar 12.3 millj. kr. á ári í niðurgreiðslu á orku, þannig að þær 20 millj. kr. sem varið er til fræðslu og tækniráðgjafar endurgreiðast á minna en tveim árum.

Ríkisstj. hefur ákveðið að á næsta ári verði 30 millj. kr. ráðstafað í þessu skyni og auk þess 3 millj. kr. varið til tæknilegs undirbúnings, eins og að framan greindi. Um fjármálaþátt þessa máls mun verða haft samráð við félmrn. og Húsnæðisstofnun, en félmrh. hefur fyrir nokkru tekið upp við húsnæðismálastjórn umræður um fyrirgreiðslu til húseigenda vegna orkusparandi aðgerða.

Við olíuverðssprenginguna 1973 voru 43% íbúðarhúsa í landinu kynt með olíu. Í dag eru það milli 6 og 7%. Rafhituð eru 13% og 80% njóta jarðvarma, þar af 60 frá ódýrum hitaveitum. Ákveðið er að nota heimildir í lögum og reglugerðum til að gera húseigendum að láta af olíukyndingu þar sem þeir eiga kost á innlendum orkugjafa. Að því búnu mundi innan við 1% húsa vera kynt með erlendum orkugjafa, olíunni. Til athugunar hlýtur að koma að aðstoða húseigendur til þess arna með lánafyrirgreiðslu. A. m. k. er ekki of í lagt að áætla til láns eða styrks það fé sem jafnóðum sparast í niðurgreiðslum.

Ég trúi að þess verði skammt að bíða að bærilegur tími rennur upp fyrir öllum landsmönnum í orkumálum, jafnt í húshitunarmálum sem öðrum. — En nú er hv. 3. þm. Vestf. mættur til leiks. (**KP:** Fyrir löngu.) Af því að hann vék orðum sínum að mér í ræðu sinni áðan ítreka ég þessa ákvörðun, sem ríkisstj. hefur tekið, um að lagt verði fram á fyrstu dögum þings eftir áramót frv. til l. um jöfnun húshitunarkostnaðar til að létta verulega kostnað þeirra sem þyngstar byrðar bera vegna hitunar híbýla sinna með niðurgreiðslu orkugjafa og ráðstöfun til orkusparnaðar. Þetta frv. verður á þeim grundvelli sem orkuverðsnefnd hefur þegar lagt drög að og að langmestu leyti, að því sem mér sýnist við fyrstu kynni, fellur það að þeim skoðunum sem ég hef um hvernig að þessum málum skuli staðið. Öllu reiptogi við fjárveitingavald um framkvæmd þessara mála hverju sinni verður að linna. Menn verða að hafa hér fast undir fótum.

Það liggur alveg ljóst fyrir að í þessum efnum býr margur við erfiðan hlut. Mjög misjafnlega er að landsmönnum búið að þessu leyti. Stefnuyfirlýsing og stefnumótun núv. ríkisstj. er skýr og tvímælalaus um að hækka og auka jöfnun húshitunarkostnaðarins. Við höfum deilt um þessi mál harkalega á liðnum þingum. Það lá alveg ljóst fyrir að eðli laganna, sem sett voru, um jöfnun hitunarkostnaðar var ekki túlkað á sama veg af þeim sem um þau mál fjölluðu. Og það er hverjum manni augljóst að lítið skyldi verða til þessara þarfa eftir þeim till. sem gerðar voru af hæstv. fyrrv. ríkisstj. — eins og ég rifjaði upp aðeins 35 millj. kr. til niðurgreiðslu rafhitunar þar sem nú er í fjárlögunum 230 millj. kr. Ég vænti þess fastlega að ákvörðun um lagasetningu í þessu skyni muni skila okkur verulega áleiðis. Ég ætla ekki að fullyrða að öllum muni að því búnu sýnast að við höfum náð á leiðarenda, en það langt áleiðis að hver taki á því á sjálfum sér, sem örðugast á í þessum efnum, að honum hafi verið rétt veruleg hjálparhönd.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Fjárlögin, sem nú eru til umr., svo og lánsfjárlög, marka ramma efnahagslífsins á Íslandi. Á þessari stundu er þess vegna ástæða til að staldra við og líta á stöðuna eins og hún blasir við þegar við afgreiðum þessi fjárlög.

Ég held að ljóst sé að fátt hafi meiri áhrif á afkomu okkar í bráð og lengd í þessu landi en hvernig til tekst í atvinnumálum og fjárfestingarmálum. Hvernig til tekst um stefnumörkun í þessum málaflokkum af hálfu ríkisstj. og Alþingis ræður í raun miklu um efnahagsþróun. Við höfum í rauninni fyrir augunum hvernig til hefur tekist og það er ekki fagur vitnisburður. Það eru ekki aðeins Kröflumálin sem hafa mistekist, eins og hv. formaður fjvn. gerði hér sérstaklega að umræðuefni áðan. Þær eru margar Kröflurnar. Þetta hefur líka átt sér stað í ýmsum atvinnugreinum. Ég minni á þá fjárfestingu sem hefur átt sér stað í landbúnaði og í fiskiskipastólnum á undanförnum árum, en nú sjáum við þess líka stað í versluninni sérstaklega.

En það er ekki eingöngu í þessum atvinnugreinum sem við horfum upp á að ekki sé rétt tekið á fjárfestingarmálum. Það á líka við í hinum opinbera geira. Það á líka við í opinberri fjárfestingu.

Við höfum haft ríka tilhneigingu til að fjárfesta of stórt miðað við þarfir, byggja of stórt miðað við þarfir. Við kunnum dæmi af heilsugæslustöðvum sem eru svo stórar að menn standa ekki undir því að reka þær. Við kunnum dæmi af fallegum sundlaugum, sem hafa verið reistar, en menn geta ekki haldið þeim opnum af því að það er svo dýrt að reka þær. Og við munum líka dæmi af sjúkrahúsum sem eru óþarflega stór miðað við þarfir. Það gengur illa að reka þau þess vegna ellegar þá að þau eru árum saman, jafnvel áratugum saman, í byggingu. Það hlýtur að vera sérstakt áhyggjuefni á þessari stundu hvernig til hafi tekist í þessum efnum og hvernig fram undan er í atvinnu- og fjárfestingarmálum, þegar við horfum upp á þá miklu kjaraskerðingu sem þjóðin hefur orðið að þola og nú hefur verið boðað að hún verði að þola í enn auknum mæli á næsta ári miðað við forsendur fjárlagafrv.

Fyrir fjórum árum varaði ég sérstaklega við því að ráðist yrði í of mikla fjárfestingu í skipastólnum. Þessi aðvörunarorð voru endurtekin af hálfu Alþfl. á öllum undangengnum þingum. Nú, í rauninni a. m. k. fjórum árum of seint, liggur fyrir að allir viðurkenna að skipastóllinn sé orðinn of stór. Þó var það svo að ekki gat Alþingi fengið sig til þess að taka á þessum málum meðan það var ekki of seint. Ég trúi því að margir hv.

þm. hafi séð fyrir hvert við vorum að fara í þessum efnum, en Alþingi tók ekki af skarið, Alþingi markaði ekki stefnu sem var raunhæf og skynsamleg af sjónarhóli Íslendinga. Ég rifja þetta upp nú vegna þess að ég held að enn sé ástæða til þess að líta á þennan málaflokk, fjárfestingarmálin, í heild.

Það stendur óbreytt að fjárfestingin í fiskiskipastólnum verður að dragast saman. Það stendur líka óbreytt, sem við Alþfl.-menn höfðum oft ítrekað á undanförnum árum, að við getum ekki leyft okkur mikla fjárfestingu í hefðbundnum landbúnaði þegar við verðum á sama tíma að greiða afurðirnar niður. Þá gildir það líka að ekki er ástæða til að greiða niður fjárfestingu í þessum greinum og stuðla þannig að aukinni fjárfestingu, eins og enn er gert eftir algerlega úreltri löggjöf. En við skulum líta á aðra þætti.

Það vekur athygli að nú er verið að fjárfesta í seðlabankahúsi, í útvarpshúsi, í stórri mjólkurstöð í Reykjavík, í kjötvinnslu, sem á að fara að rísa, og miklar fjárfestingar eru fram undan í verslun. Á sama hátt og við Alþfl.-menn vöruðum við þróuninni í fjárfestingu í skipastólnum fyrir fjórum árum og á undangengnum þingum hljótum við nú að vara við því, sem virðist vera að gerast, að það sé verið að fjárfesta að óþörfu langt umfram þarfir í verslunarrekstri og hins vegar að það sé verið að fjárfesta langt umfram þarfir í vinnslustöðvum landbúnaðarins — fjárfestingu sem ekki er líkleg til að skila arði. En ég vil líka benda á — og raunar gaf ræða hæstv. iðnrh. sérstakt tilefni til þess — hversu illa er komið í orkumálunum. Þetta er þó auðlind sem við verðum að byggja framtíðaratvinnurekstur á Íslandi á.

Hv. formaður fjvn. gerði sérstaklega að umtalsefni hversu mikið ríkið greiddi með byggðalínunum og hann rakti hversu mikið ríkið greiddi nú með Kröflu. En við erum að leyfa okkur ýmislegt fleira í þessum efnum. 300 millj. eða svo telja menn að þeir hafi efni á að leggja í umframkostnað við Blönduvirkjun. Þetta gerðist á sama tíma og hæstv. iðnrh. sér ástæðu til að gera grein fyrir því sérstaklega hér hversu illa við séum staddir í þessum málaflokki. Þetta hlýtur líka að vera okkur sérstakt umhugsunarefni.

Við hljótum að þurfa að taka til endurskoðunar yfirstjórn orkumálanna og hvernig við höldum á fjárfestingunni í orkusektornum, þannig að þeir fjármunir sem þangað fara nýtist vel. Það er nefnilega grundvallaratriði fyrir okkur, jafnvel þótt menn deili um eignaraðildina að stóriðjufyrirtækjum, að við séum samkeppnisfærir um sölu á orku til stóriðnaðarframleiðslu. Mér er stórlega til efs að við séum það í raun og sannleika um þessar mundir. En þetta verður að breytast ef menn ætla að halda hér uppi góðri atvinnuþróun.

Þessi orð, sem ég hef flutt hingað til varðandi fjárfestinguna, eru aðvaranir um hvernig menn eigi að hafa hemil á til þess að fjárfestingin fari ekki úr hófi fram og þannig að hún sé arðbær og gagnist þjóðinni. Við þurfum nefnilega á fé að halda í aðra hluti sem geta orðið til þess að bæta afkomu okkar. Við þurfum á fé að halda í fjárfestingu í tæknibúnaði í fiskvinnslu. Við þurfum á fé að halda í fjárfestingu í nýiðnaði og tæknibúnaði í iðnaði yfirleitt. Og við verðum að hafa nægilegt svigrúm til að geta fjárfest í nýjum íbúðum fyrir sífellt stækkandi hóp Íslendinga, þ. e. fyrir allan þann fjölda ungs fólks sem er að koma á vinnumarkaðinn, sem er að stofna til fjölskyldna. Þetta svigrúm verðum við að skapa með aðhaldi á öðrum sviðum.

Um atvinnumálin verð ég að segja það, að við verðum eins og ég sagði áður að haga stjórn orkumálanna þannig að við séum samkeppnisfær um sölu á orku til stóriðju þannig að uppbygging geti átt sér stað þar. En við verðum líka að nýta þá möguleika til útflutnings á almennum iðnaðarvörum sem eiga að geta verið fyrir hendi. Þetta á að geta gerst hjá ýmsum smærri iðnfyrirtækjum á Íslandi. Til þess þarf annars vegar hugvit og hins vegar aðgang að fjármagni. En stærst er þó í huga mínum sú viðhorfsbreyting að menn líti á sölumennsku á erlendum markaði sem raunverulega atvinnugrein og henni verði sinnt.

Sölumennska á erlendum markaði hefur orðið út undan í íslensku atvinnulífi. Það á við ekki bara í hinum hefðbundnu greinum eins og landbúnaði og sjávarútvegi, heldur líka í iðnaðinum. Í þessum efnum þarf að verða viðhorfsbreyting. Ég er sannfærður um að með slíkri viðhorfsbreytingu getum við fundið markað fyrir ýmsar af okkur landbúnaðarafurðum, ef hugvitið fær að njóta sín og það er ekki hneppt í einokunarfjötra. Ég er líka sannfærður um að við getum fundið útflutningsmöguleika fyrir margvíslegan iðnað ef hugvitið fær að njóta sín þar í framleiðslu og í sölumennsku. En til þess þarf ekki aðeins fjármagn, það þarf líka viðhorfsbreytingu. Í mínum huga er þetta eitthvert stærsta viðfangsefni sem við stöndum frammi fyrir í atvinnumálum eins og nú árar.

Þetta vildi ég segja í upphafi, herra forseti, vegna þess að ég tel að þessi atriði, grundvallarþættir atvinnumálanna, séu aldrei nægilega rædd og síst af öllu hér á Alþingi. Þess sér ekki stað að þessum málum sé sérstakur gaumur gefinn hér á þinginu né í þeirri fjárlagaafgreiðslu sem hér á sér stað. En þetta varðar þó grundvöllinn að afkomu okkar. Grundvallaratriðið verður að vera að létta byrði rangrar fjárfestingar af heimilunum og skapa svigrúm til betri lífskjara, ekki bara með því að létta af þessari byrði, heldur líka með því að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi með þeim hætti sem ég gerði hér grein fyrir áður, skapa þannig svigrúm til kjarabóta. Í huga mínum er þetta svo mikilvægt atriði að í hvert einasta skipti sem fjallað er um efnahagsmál, hvort heldur það er vegna þess að fjallað er um fjárlög eða lánsfjáráætlun, tel ég ástæðu til að ítreka þetta. Og þróunin hefur í rauninni sannað að yfirleitt hafa Íslendingar verið of seinir að átta sig. Það er reynslan sem við höfum staðið frammi fyrir núna þessa dagana þegar við höfum rætt sjávarútvegsmálin. Það er reynslan í landbúnaðarmálunum og það virðist ætla að verða reynslan í orkumálunum og í iðnaðarmálunum. Sú saga má ekki halda áfram að endurtaka sig út í það óendanlega, að Íslendingar grípi of seint á sínum vandamálum og horfi ekki fram á veginn.

Að þessu sögðu vil ég víkja sérstaklega að því fjárlagafrv. sem hér er til umr.

Ég vil minna á í fyrsta lagi að það voru tvö loforð sem stóðu hæst af hálfu ríkisstj. þegar hún var mynduð. Það var loforðið um hallalaus fjárlög eða jafnvægi í ríkisfjármálum og það var loforðið um að ekki yrðu auknar erlendar skuldir. Nú liggur fyrir að hvorugt af þessu verður efnt. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um hallann á fjárl. Hv. formaður fjvn. gerði sjálfur að

umtalsefni hér að það yrði halli á fjárl. hvað sem liði loforðum ríkisstj., hvað sem liði loforðum ríkisstjórnarflokkanna.

En það er líka svo, ef menn líta á lánsfjáráætlun ríkisstj., að ekki verður samdráttur í erlendum skuldum á næsta ári. Það verður ekki einu sinni svo að erlendar skuldir standi í stað. Þær munu aukast. Samkvæmt þeim áformum sem liggja fyrir í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að til endurgreiðslu á erlendum löngum lánum þurfi 3160 millj. kr., en á sama tíma er fyrirhugað að taka ný erlend lán sem nema 5 þús. millj. kr. og er þá ekki farið að hugsa fyrir því sem er afleiðing af meðferð fjárlaganna hér á Alþingi. Samkv. þessu munu erlend lán Íslendinga á árinu 1984 aukast um a. m. k. 2000 millj. kr. Þetta tel ég rétt að komi fram á þessari stundu.

Þar fyrir utan er að sjálfsögðu ástæða til að minna á það sérstaka loforð Sjálfstfl. og heitstrengingar formanns fjvn. að bensíngjaldið yrði tekið, þegar Sjálfstfl. kæmist í valdaaðstöðu, til vegamálanna í landinu. Ég þarf ekki að fara öllu fleiri orðum um það. Það var gert svo rækilega af frsm. minni hl. fjvn. hér áður, alþm. Geir Gunnarssyni.

Það liggur fyrir að ekkert þessara þriggja heita, tvö ríkisstjórnarheit og eitt sérstakt heit sjálfstæðismanna sem fara nú með fjármálin, verður efnt með þeim afleiðingum fyrir efnahagslífið sem við ættum öll að geta gert okkur grein fyrir, þeirri hættu sem í því felst á vaxandi verðbólgu og enn þá meiri erfiðleikum á komandi árum.

Um önnur einkenni fjárl. get ég verið fáorður að því er megindrættina varðar.

Í fyrsta lagi er það svo, að ofan á þá tekju- og kjaraskerðingu sem launafólk í landinu hefur orðið fyrir á árinu 1983 á nú að bæta aukinni kjaraskerðingu á árinu 1984 samkv. forsendum og stefnu fjárlaganna, eins og þau voru kynnt hér af hv. formanni fjvn., og ofan á tvöföldun á hitunarkostnaði, sem menn hafa búið við á árinu 1983 og mun halda áfram, og ofan á það að yfirleitt allar gjaldskrár hafa verið hækkaðar um 60—100% og meiri hækkanir eru á leiðinni. Þessi áframhaldandi kjaraskerðing er að verða óviðunandi fyrir heimilin í landinu. Ég vara við því að haldið verði áfram á þeirri braut og sá árangur, sem menn þó þykjast sjá að hugsanlega muni nást, verði að engu gerður með því að spenna bogann of hátt og ætla fólkinu allar þessar byrðar þannig að það kikni undan því.

Þá er þriðja einkenni fjárlaganna, en það er tilflutningur á sköttum frá fyrirtækjunum til einstaklinganna. Þetta varðar tekjuskattana í landinu. Það er lækkun á tekjusköttum á fyrirtækjum á sama tíma og verið er að hækka tekjuskattsbyrði einstaklinganna, launafólksins í landinu.

Auðvitað hefði kannske verið ástæða til þess fyrir stjórnarandstöðuna eða sérstaklega fyrir okkur þm. Alþfl. að flytja margvíslegar brtt. við þau fjárlög sem hér á að fara að afgreiða. En við höfum ekki gert það vegna þess að óvissan um útkomu þessara fjárlaga er slík að það er erfitt á að taka og vegna þess líka að menn hafa ekki fengið að vita forsendur fjárlaganna fyrr en í dag. Til þess að geta undirbúið brtt. þurfa menn að vita hverjar hinar raunverulegu forsendur fjárlaganna eru samkv. till. ríkisstj. En í fjh.- og viðskn. þessarar deildar varð samstaða um að flytja brtt., sem er hér á sérstöku þskj. og fjallar einmitt um skattbyrðina og leið til að lina nokkuð þá skattbyrði sem lögð er á fólkið í landinu.

Þessar till. fluttu í fjh.- og viðskn. fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem eru í stjórnarandstöðu. En þær koma að sjálfsögðu ekki til afgreiðslu við afgreiðslu fjárlaga. Þess vegna sáum við þm. Alþfl. sérstaka ástæðu til að taka efnisatriðin upp í till. sem kemur hér til umfjöllunar og er á þskj. 266. Þar er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga lækki frá því sem liggur fyrir í fjárlagafrv. eftir 2. umr. um 295 millj. kr., þar er gert ráð fyrir leiðréttingu á sjúkratryggingagjaldinu með sama hætti og fjvn. gerir ráð fyrir, en þar er gert ráð fyrir að tekjuskattur félaga hækki um 60 millj. kr. og niðurgreiðslur á vöruverði lækki um 220 millj. kr.

Þessar tillögur fela í sér í megindráttum annars vegar að komið er til móts við þá sem alverst standa í þjóðfélaginu, komið til móts við þá sem ekki njóta þó þeirrar hækkunar á persónuafslætti sem hefur verið boðaður, þá sem hafa svo lágar tekjur að þeir njóta þess ekki til að lækka á þeim skattana, og í annan stað á að draga úr skattbyrðinni á obba launafólks á miðtekjufólkinu í landinu. Þessir eru megindrættir þessarar till. um breytingar á fjárl. sem ég hef ástæðu til að mæla hér sérstaklega fyrir. En ég sé það, herra forseti, að klukkan er orðin eilítið meira en fimm og ég á því miður a. m. k. fimm mínútur eftir af ræðu minni. Ég býðst til að gera hlé á henni á þessari stundu. (**Forseti:** Já, því er tekið með þökkum og við höldum ræðunni áfram síðar.)

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 285, 286 og 288, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 50 shlj. atkv.

Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni að gera grein fyrir brtt. sem ég flyt ásamt öðrum þm. Alþfl. við það frv. til fjárlaga sem hér er nú til umr. og afgreiðslu. Brtt. er í stórum dráttum í því fólgin að lækka tekjuskatt á einstaklingum verulega og gera það með því að hækka tekjuskatt á félögum frá fjárlagafrv. og draga úr niðurgreiðslum á vöruverði auk þess sem sú hækkun, sem í raun hefur verið samþykkt á sjúkratryggingagjaldi, yrði nýtt í þessu skyni. Í þessu sambandi er rétt að líta á að skattlagning fyrirtækja hefur verið svo hagað um áratugaskeið a. m. k., en ekki liggja fyrir gögn um lengra tímabil, að tekuskattsprósenta þeirra væri ívið hærri en hæsti jaðarskattur einstaklinga í prósentum talið þegar saman er talinn sá jaðarskattur sem menn greiða af seinustu tekjum sínum í hæsta skattþrepi í tekjuskatt, í útsvar og í sjúkratryggingagjald. Þessi hefur verið stefnan í a. m. k. áratug og væntanlega mun lengur. Nú bregður út af þessari braut í þeim fjárlögum sem hér eru til afgreiðslu og fylgifrv. þeirra, frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Nú er gert ráð fyrir að prósentan hjá félögum verði mun lægri en jaðarprósentan er hjá einstaklingum. Þarna munar 7% prósentustigum. Það er vitaskuld engin tilviljun að valið hefur verið í undanfarinn áratug eða meir að hafa hér sömu prósentuna. Það er beinlínis til þess að menn laðist ekki til þess af einum eða öðrum orsökum að flytja tekjur frá einstaklingum til fyrirtækja og sleppa þannig við skatt, lenda í lægra skattþrepi en ef tekjurnar

væru skrifaðar á einstakling.

Það er fært fram sem rök í þessu máli af hálfu stjórnarsinna að þegar verðbólgan fari lækkandi eigi að lækka skattinn á fyrirtækjum af þeim sökum. Ég tel að þetta séu engin rök í þessu máli, vegna þess að um leið og menn gera það eru menn að bjóða upp á þá mismunun og þá hættu sem þeir einmitt hafa ekki viljað hafa í skattkerfinu. Það er nóg af smugunum samt þó að menn búi sér ekki til þessa smuguna líka. Af þeim orsökum teljum við eðlilegt að sami háttur verði á hafður og hefur verið undanfarinn áratug og líklega fleiri áratugi, að þarna standist á skattprósentur einstaklinga og félaga. Með þessum hætti er unnt að nýta þær tekjur sem fást af tekjuskatti á félögum til að lækka tekjuskatt á einstaklingum frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Í annan stað er í þessum tillögum gert ráð fyrir að lækka niðurgreiðslur um 220 millj. kr., en nýta það fé allt til að koma til móts við þá sem alverst eru settir í þjóðfélaginu, þ. e. þá sem ekki njóta neins af hækkun persónuafsláttar vegna þess að þeir eru skattlausir. Þessa fjármuni viljum við nýta með þeim hætti að það sé greiddur út til þeirra allt að hálfum persónuafslættinum. Með þessum till. er ljóst að byrðin af tekjuskatti einstaklinga í heild sinni mundi ekki vaxa frá því sem hefur verið að undanförnu og það væri hægt að smíða þann skattstiga, og ég hef reyndar staðið að því með öðrum að smíða hann, sem hefði í för með sér lægri skattbyrði hjá miðlungstekjufólki auk þess að koma til móts við þá sem alverst eru settir, eins og ég gerði grein fyrir áðan. Þessar tillögur vænti ég að fái góðar undantektir við afgreiðslu fjárlaganna og sömuleiðis að það megi síðan endurspeglast við afgreiðslu frv. um tekju- og eignarskatt þegar þar að kemur, hvort heldur það verður fyrr eða seinna.

Ég gat þess fyrr í ræðu minni að einkenni fjárlagafrv. væru mikil viðbótarkjaraskerðing, bæði vegna skattlagningar og eins vegna þeirrar stefnu sem felst í forsendum fjárl. umfram það sem þegar er orðið, og væri þó þegar fullsetinn bekkurinn í þeim efnum miðað við allar þær gjaldskrárhækkanir sem yfirmenn hefðu gengið á vegum hins opinbera og þann mikla samdrátt í rauntekjum sem menn hefðu orðið að búa við. Ég gerði líka að umtalsefni að það hefði verið stefna ríkisstj. að afgreiða hallalaus fjárlög, en það loforð væri ekki efnt, það hefði komið fram í máli formanns fjvn. að það yrði 375 millj. kr. rekstrarhalli á fjárlögum. Þá er reyndar ótalin ein skattlagningin enn, sem er svonefndur sjúklingaskattur, sem ég vil enn og aftur vara við að upp verði tekinn, vegna þess að í honum felst svo mikil niðurlæging, eins og talað hefur verið um að framkvæma hann, gagnvart þeim sem eiga að sanna fátækt sína til að sleppa við að greiða þennan skatt og niðurlæging fyrir þjóðfélagið sem er að hverfa af braut þeirri sem við höfum markað á undanförnum árum og áratugum um að sjúklingar njóti hjúkrunar án tillits til efnahags og enginn þurfi að fyrirverða sig fyrir að fara á sjúkrahús og njóta þar þjónustu, enginn verði af því niðurlægður jafnvel þótt fátækur sé og hann sé beðinn um að sanna fátækt sína svo að hann sleppi við að greiða hann. Slíkt má alls ekki koma fyrir.

En ég vil að lokum, herra forseti, gera eilítið að umtalsefni yfirlýsingu hæstv. iðnrh. næst á undan mér, sem var endurtekin í sjónvarpsfréttum í kvöld. Hæstv. iðnrh. hélt því fram kampakátur, bæði í ræðu sinni og í sjónvarpinu, að nú ætlaði hann að skylda 2000 íbúðaeigendur til að nota innlenda orkugjafa. Þegar hann var spurður að því hvort þetta gæti nú ekki orðið erfitt í framkvæmd hélt hann nú ekki og var enn kátari á svipinn. En ég hefði gjarnan viljað beina fáeinum spurningum til hæstv. iðnrh. í þessu sambandi, ef hann skyldi vera einhvers staðar nærtækur, en annars verð ég væntanlega að biðja aðra hæstv. ráðherra, sem reyndar eru ekki margir hér staddir, um að koma skilaboðum til iðnrh., ef hann skyldi vera heima hjá sér enn þá. — En spurningin er vitaskuld þessi: Hvernig ætlar hæstv. iðnrh. að framkvæma þessa skyldu til að nota ákveðna tegund af orkugjöfum? Hvernig ætlar hann að bera sig til að sjá um að það verði framkvæmt? Hvað gerist ef einhver neitar að fara að skyldu þessari? Ætlar þá hæstv. iðnrh. að standa vakt við húsdyrnar og gæta þess að maðurinn kyndi ekki með kolum eða olíu eða jafnvel viðarspreki, sem telst nú meira að segja innflutt? Ég verð að segja að yfirlýsing af þessu tagi, sem við heyrum frá hæstv. iðnrh. í dag og í sjónvarpinu í kvöld með svo miklu gleðibrosi, er gersamlega út í hött. Ég sé ekki fyrir mína parta nokkurn mun á því að hæstv. iðnrh. fyrirskipi mönnum að nota ákveðna tegund af orkugjöfum eða því að hann fyrirskipi mönnum að ganga í ákveðinni tegund af klæðum. Hér er verið að hlutast til um hvernig menn haga persónulegu lífi sínu.

Ég hélt að hæstv. iðnrh. væri nú í óheimskari parti Sjálfstfl., en ég fer að efast þegar maður heyrir yfirlýsingar sem þessar, yfirlýsingar um hluti sem í fyrsta lagi eru að mínum dómi gersamlega óframkvæmanlegir og í annan stað sem ég hélt að gengju sérstaklega þvert á stefnu Sjálfstfl., en væntanlega annarra flokka líka, þó að Sjálfstfl. tali hvað mest um frelsi einstaklingsins. Þarna er verið að hlutast til um það, með hvaða hætti menn kynda hús sín. Og ef menn geta hlutast til um það með þessum hætti, með boðum og bönnum og skyldum, geta menn alveg eins gefið út reglugerðir um hvernig menn skuli ganga klæddir. Það skyldi þó ekki liggja næst fyrir hjá hæstv. iðnrh. að krefjast þess að héðan í frá skuli allir ganga í ullarnærbuxum. Ég sé ekki verulegan mun á því. Það mundi væntanlega líka geta haldið mönnum hlýjum, sbr. þá umhyggju sem hann ber fyrir mönnum um kyndinguna sjálfa.

Hæstv. iðnrh. talar stundum um að menn nái ekki vopnum sínum. Ef svo fer fram sem horfir verða menn að standa vörð um kynditæki sín þegar hann kemur í heimsókn og ef áfram heldur á sömu braut verða menn jafnvel að ná brókum sínum þegar hann kemur í heimsókn til að sanna að þeir fari að boðum og bönnum hæstv. iðnrh.

Ég vil nú skora á þá menn aðra, sem sitja í ríkisstj. með iðnrh., jafnvel þó að þeir hafi glapist til þess að samþykkja þetta á ríkisstjórnarfundi, að þeir komi nú vitinu fyrir hann ef hugmyndin skyldi þá vera hans. Allavega tel ég að hér sé um fráleita aðferð að ræða. Menn geta vitaskuld gripið til ýmiss konar ráðstafana til að hvetja menn til að nota innlenda orkugjafa frekar en erlenda. Það eiga menn fyrst og fremst að gera með verðlagningunni. Menn geta létt mönnum að skipta úr erlendum orkugjöfum í innlenda með því að veita mönnum lánafyrirgreiðslu eða jafnvel styrki til skiptanna. En boð og bönn í þessum efnum eru ekki við hæfi íslensks þjóðfélags. Og ég endurtek það: Ef ríkisstj.

ætlar að fara að fyrirskipa með boðum og bönnum hvers konar kyndingu menn skuli nota og ætlar að standa vörð við dyr manna til að sjá um að menn noti nú rétta tegund af kyndingu, þá er allt of skammt í að menn gefi fyrirskipanir um aðra hluti eins og hvernig menn skuli ganga klæddir hvort heldur er ofan til eða neðan til á kroppi sínum.

Ég minnist þess sem Bjarni heitinn Benediktsson sagði í umr. einu sinni fyrir kosningar, þegar verið var að tala um frjálsræði annars vegar og það, sem þáverandi þm. og þáverandi formaður Framsfl. Eysteinn Jónsson kallaði að halda eftirspurninni inni í landinu með viðeigandi ráðstöfunum, en aðrir kölluðu höft og skömmtun. Þá sagði þm. Bjarni Benediktsson, sem ég trúi að hafi þá verið forsrh.: „Ég held að ég vilji nú frekar að konurnar velji hvað pær kaupi í matinn heldur en að Eysteinn geri það fyrir þær.“ Það er nákvæmlega sama prinsip sem við stöndum hér frammi fyrir í þeirri yfirlýsingu sem hæstv. iðnrh. hefur gefið.

Það var nú nóg komið, herra forseti, af glappaskotum ríkisstj. þó að þetta bættist ekki við í ofanálag. Og ég vil enn hvetja þm. stjórnarsinna til að koma vitinu fyrir hæstv. iðnrh. og ríkisstj. um leið og þeir hjálpa til við að leiðrétta fjárlögin í samræmi við þá brtt. sem ég hef hér flutt ásamt öðrum þm. Alþfl.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil fyrst gera grein fyrir fáeinum brtt. nokkurra þm. Alþb. við fjárlagafrv. eins og það nú liggur fyrir á þskj. 281. Þar endurflytjum við í fyrsta lagi till. um að hækka lítillega framlag til Námsgagnastofnunar eða um 2 millj. kr. frá því sem um er að ræða í fjárlagafrv. eins og það lítur út eftir 2. umr. Í annan stað erum við með tillögu um sérstakt framlag til sérkennslugagna upp á 1 millj. kr. Við fluttum þessar tillögur við 2. umr., en drógum til baka til 3. umr. í trausti þess að við fengjum einhverjar undirtektir við að sérmerkja handa Námsgagnastofnun litla upphæð í sérkennslugögn. En undir það hefur því miður ekki verið tekið í hv. fjvn. og þess vegna er þessi till. endurflutt.

Þá flytjum við í öðru lagi till. um að hækka framlag til Blindrabókasafnsins um heil 200 þús. Blindrabókasafnið fór fram á að fá 1 millj. kr. í gjaldfærðan stofnkostnað, þ. e. til þess að koma sér á laggirnar. Þessi stofnun er tiltölulega ný og býr við mjög þröngan kost. Ég tel að stjórnarliðið mætti gjarnan líta betur til þessarar stofnunar en gert hefur verið og athuga að sú beiðni sem Blindrabókasafnið lagði fram var í rauninni mjög hógvær og greinilega sett fram að vandlega yfirveguðu máli en ekki til að prútta við fjmrn. eins og oft er gert af stofnunum. Lagðar eru fram tillögur og óskir og síðan er hugmyndin á bak við þær iðulega sú að taka um málið snerru fyrst við fagrn. og svo við fjmrn. En hér er bersýnilega um að ræða till. sem er mjög vandlega undirbyggð og þannig hugsuð að ekki sé verið að fara fram á eyri umfram það sem þessi stofnun brýnast þarf.

Þó að það sé ekki mikil upphæð sem hér er farið fram á sýnist mér að rekstur Blindrabókasafnsins sé ekki tryggður með öðrum hætti en þeim að upphæðin verði hækkuð upp í 1 millj. kr. Ég vil segja við þá fjmrn.-menn sem hér sitja — að vísu utan salar sumir — að ég er sannfærður um að þessi upphæð dugir ekki eins og þeir eru með þetta í fjárlagafrv. fyrir Blindrabókasafnið á næsta ári. Það verður að bæta þarna einhverju við. Stofnunin kemst í strand á miðju næsta ári eða svo ef ekki verður bætt þarna örlitlu við.

Ég heiti á hæstv. fjmrh. og formann fjvn. að skoða þetta af vinsemd vegna þess að ég held að beiðni Blindrabókasafnsins hafi verið afskaplega vel unnin og ígrunduð af hálfu þess fólks sem hana vann, en undir beiðnina rituðu, ef ég man rétt, Helga Ólafsdóttir og Halldór Rafnar. Ég satt að segja þekki hvernig þetta fólk vinnur og hefur unnið á liðnum árum og ég veit að það er ekki að gera stærri kröfur á hendur íslenska ríkinu en brýnast þarf til að unnt sé að halda þarna uppi sæmilegri starfsemi.

Í þriðja lagi, herra forseti, flytjum við svo tillögu um að veita nokkurt fé í fyrirhleðslur vegna hamfarahættu á Skeiðarársandi gegn mótframlagi allt að 50% frá Viðlagatryggingu Íslands upp á 3.9 millj. kr. Hér er um að ræða endurflutning á till. frá fyrri umr. sem þó hefur lækkað nokkuð frá því sem var við 2. umr. í trausti þess að litið verði á málið með meiri skilningi nú. Mun hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gera nánari grein fyrir þessari till. hér á eftir.

Þá vil ég geta þess að ég mun fyrir mitt leyti styðja till. um Lánasjóð ísl. námsmanna sem er flutt af Kristínu Halldórsdóttur og öðrum þm. Kvennalistans og einnig till. um Framkvæmdasjóð fatlaðra sem er flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Helga Seljan.

Ég tel að út af fyrir sig hafi hv. fjvn. komið nokkuð til móts við þær óskir sem uppi hafa verið um fjármuni til að efla fræðslustarfsemi vegna ávana- og fíkniefna. Ég tel þó að í raun og veru sé mjög skammt gengið í því efni. Gert er ráð fyrir því að verja í þessu skyni sérstaklega 1 millj. kr. á fjárlögum ársins 1984 og það verði undir fjmrn. Mér finnst nú satt að segja að kannske sé út af fyrir sig ekki óeðlilegt að hafa þetta undir fjmrn. en ég minni á að í till. sem ég og fleiri þm. Alþb. fluttum við 2. umr. málsins var gert ráð fyrir að þessum fjármunum yrði varið í samráði við heilbrigðis- og trygginganefndir þingsins.

Ég vil skora á hæstv. heilbr.- og trmrh., sem hér er, og hæstv. fjmrh. að velta því fyrir sér hvort ekki væri rétt að reyna að fá heilbrigðis- og trygginganefndir þingsins til átaks í þessu efni, þ. e. fræðsluátaks og forvarnarstarfs vegna ávana- og fíkniefna. Ég held að mjög gott væri fyrir þingheim og þingnefndir að kynnast því starfi sem unnið er í rn. í sambandi við þessi mál. Það er talsvert unnið þar. Oft fer ekki mikið fyrir því sem best er gert í þeim efnum og ég held þess vegna að fengur væri að því að tengja heilbrigðis- og tryggingaefndirnar við þá starfsemi sem fram fer í rn., bæði í heilbrrn. og ekki síður í dómsmrn. Ég held að nefndunum væri hollt að kynnast þessum verkum þannig að líka yrði þá kannske auðveldara að undirbúa tillögugerð um fjárveitingar í þessu skyni á árinu 1985.

Nú er það þannig að í fjárlögum er þó nokkur upphæð í þessu skyni á ári hverju. T. d. er veitt úr gæsluvistarsjóði í sambandi við fræðslustarf vegna ávana- og fíkniefna og vegna áfengismála líka þannig að margt er þarna gert sem ég hygg að þm. hafi ekki fengið kost á að vita nægilega vel um. En ég held að mjög nauðsynlegt væri fyrir þá að kynna sér þetta til að þeir geti grundað sem best sinn tillöguflutning því að ég hef orðið var við að hjá hv. þm. er mikill áhugi á því að gera í þessum efnum átak.

Herra forseti. Ég vil þá aðeins víkja hér að einni till.

frá hv. fjvn., trúi ég, en hún er um Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég hef tekið vel í það fyrir mitt leyti að hjálpa til við að gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað, eins og hæstv. heilbrrh. hefur hér lagt til. Þörfin er brýn og eðlilegt að standa þannig að málum að reyna að tryggja sjóðnum sem besta stöðu gagnvart þeim miklu verkefnum sem hann á að sinna.

Ég vil hins vegar í þessu efni spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. fjmrh.: Hvaða hugmyndir hafa þeir um framlag til B-álmu Borgarspítalans á næsta ári úr þessum Framkvæmdasjóði aldraðra? Það er vafalaust erfitt fyrir þá báða að tiltaka upphæð nákvæmlega vegna þess að þeir þurfa að líta þarna á ýmis önnur verkefni sem kostuð verða sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Mér er það mikið kappsmál að vita þetta með B-álmu Borgarspítalans vegna þess að hér er um að ræða stórt og mikilvægt verkefni sem er nauðsynlegt að verði unnið að áfram. Menn þekkja þær áskoranir og bréfaskriftir sem til okkar hafa komið í þessu efni núna að undanförnu. Ég hafði látið mér koma til hugar að vegna þess hve hér er um stóra tölu að ræða gæti verið skynsamlegt að fjárveitingin til B-álmunnar yrði sérmerkt í fjárlögum ársins 1984, þ. e. tekið yrði fram sérstaklega undir liðnum Framkvæmdasjóður aldraðra að þar af ætti að fara til B-álmu Borgarspítalans svo og svo stór upphæð.

Nú eru á þessari hugmynd nokkrir meinbugir vegna þess að það er Framkvæmdasjóður aldraðra eða stjórn hans sem á að úthluta þessu fé lögum samkvæmt eða gera till. um úthlutun ráðh. Þannig er það í lögunum. Hins vegar varð ég á s. l. vetri var við að hv. alþm. höfðu áhuga á að vita hvernig Framkvæmdasjóðnum væri varið og þessi upphæð til B-álmunnar var þeim sérstakur ásteytingarsteinn. Ég var gagnrýndur mjög harðlega af ýmsum hv. þm. fyrir að stuðla að því að svo mikið fé fór til B-álmunnar. Og ég verð að segja eins og er að ég hygg að betra væri fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. ef fyrir lægi nokkurn veginn þegar við afgreiðslu fjárlaga hvað hann hugsaði sér í þessu efni jafnvel þó að sjóðsstjórnin væri ekki búin að ákveða úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra í einstökum atriðum.

Nú er það þannig að tvær hæðir af B-álmunni eru þegar tilbúnar og hafa verið teknar í notkun. Unnt er að taka stærri hluta B-álmunnar í notkun á árinu 1984. Ég tók eftir því í dag í framsöguræðu hv. formanns fjvn. að hann greindi frá því að tekin hefði verið inn upphæð í brtt. fjvn. um rekstur á nýjum daggjaldaspítölum. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. í framhaldi af því hvaða ný pláss á daggjaldaspítölum verða tekin í notkun á árinu 1984 samkvæmt þeirri tölu sem formaður fjvn. greindi frá í ræðu sinni í dag að gert væri ráð fyrir í slíka nýstarfsemi á næsta ári. Ég man ekki alveg hver talan var en fróðlegt væri að vita hvaða hugmyndir heilbrrn. er með um nýstarfsemi á daggjaldaspítölum á næsta ári. Ég geri ráð fyrir að B-álman sé þar inni en fróðlegt væri að vita hvaða fleiri stofnanir eru þar á blaði.

Varðandi fjárlagafrv. almennt, herra forseti, vildi ég víkja að nokkrum atriðum sem mér finnst að hafi komið fram í umr. í dag og að undanförnu reyndar líka og skipta ákaflega miklu máli. Í fyrsta lagi vil ég benda á að í fjárlagafrv. eins og það lítur út núna er gert ráð fyrir að launahækkanir milli ára verði mun minni en gert var ráð fyrir við umr. fjárl. Talað er um 4% í þessu sambandi og launaútgjöld fjárlaganna eða fjárlagafrv. hafa verið færð niður í samræmi við það. Þrátt fyrir þá launaniðurfærslu sem hér um ræðir er gert ráð fyrir að verðlagshækkanir séu þær sömu á árinu 1984 og áður var gert ráð fyrir. Þetta þýðir ekkert annað en að í verðlagsforsendum fjárlagafrv. er gert ráð fyrir meiri gengisbreytingu en áður var gert ráð fyrir vegna þess að annars hlyti verðlagstalan að hafa lækkað. Ég vek athygli á þessu hér ekki síst vegna þess að ég hef nokkrum sinnum vakið athygli á gengisstöðunni núna um áramótin hér úr þessum ræðustól og mér sýnist að fjmrn. og fjvn. viðurkenni að nauðsynlegt er að láta eiga sér stað á árinu 1984 meiri gengisaðlögun en áður var gert ráð fyrir í fjárlagafrv. Þetta er mjög stórt atriði varðandi almenna efnahagsmálastefnu á árinu 1984 og það er nauðsynlegt fyrir alþm. að átta sig á þessu. Hér er verið að boða það af hæstv. ríkisstj. að hverfa frá þeirri fastgengisstefnu sem hún hefur fylgt og taka í staðinn upp stefnu þar sem reynt yrði að aðlaga gengið þeim kostnaðarbreytingum sem orðið hafa innanlands og þeim breytingum sem orðið hafa á gengi samkeppnisgjaldmiðla okkar. Ég tel að þetta sé eitt stærsta málið í fjárlagafrv. eins og það stendur núna, að ríkisstj. skuli þannig hafa viðurkennt að þörf sé á meiri gengisaðlögun á næsta ári en gert hefur verið ráð fyrir.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég vekja athygli á því að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að vísitölutengdur tekjuliður eins og bensíngjaldið hækki um 44.4% milli ára meðan laun eiga að hækka um 13%. Það er fróðlegt í þessu sambandi fyrir hæstv. samgrh. að þegar brtt. fjvn. eru kynntar er því lýst yfir að nú eigi Vegasjóður að fá 50% af tekjum af bensíni á næsta ári. Þykja mikil tíðindi að þessu skuli nú vera lýst yfir og hæstv. samgrh. hafi í Vegasjóði öll þessi 50% og þetta sé þá væntanlega einhver breyting frá því sem verið hefur og hækkun mundu margir telja. En þegar málið er skoðað, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson greindi frá hér í dag, kemur í ljós að hér er um að ræða lækkun frá árinu 1983. Samkv. þeim upplýsingum sem fram komu hjá hv. þm. Geir Gunnarssyni í dag eru greidd í Vegasjóð af tekjum af bensíni 52.6% á þessu ári, en ríkisstj. gerir ráð fyrir því af örlæti sínu að verja í þessu skyni á næsta ári 50% af tekjum af bensíni. Hér skakkar nokkrum tugum millj. kr. sem verið er að taka þarna inn í ríkissjóð aukalega þrátt fyrir stórfelldar yfirlýsingar núv. ríkisstj. um að hún sé alveg sérstakur vinur vegalagningar í landinu, hún sé mikil vegalagningar- og vegagerðarríkisstj. Það er nú eitthvað annað þegar þetta er skoðað. Það á að hramsa þarna meira í ríkissjóð en verið hefur samkv. þeim upplýsingum, sem hér komu fram í dag frá hv. þm. Geir Gunnarssyni.

En svo vantar ekki dýrðina heldur þegar hæstv. ríkisstj. er að hrósa sér af því að ekki eigi að hækka taxta opinberra stofnana á næsta ári og sjónvarpið étur upp í bak og fyrir í fréttunum í kvöld og útvarpið líka að ríkisstj. sé nú orðin svo almennileg við fólkið í landinu að það eigi ekkert að hækka taxtana á næsta ári. Og hvernig ætli standi á því? Það stendur auðvitað þannig á því að það er búið að hækka taxta þessara stofnana svo rosalega að undanförnu, langt umfram launin, að þær verða bersýnilega í vandræðum með að koma sínum peningum í lóg á næsta ári.

Gleggsta dæmið um þetta er Póstur og sími, sem

hefur fengið 47.5% hækkun á sínum töxtum á meðan kaupið hækkar um 13%. Þessa miklu hækkun á töxtum Pósts og síma á síðan að nota til að auka framkvæmdafé stofnunarinnar um 38% frá því sem er á árinu 1983. Það er ekki kreppusniðið á þessari eftirlætisstofnun ríkisstj., Pósti og síma. Það á að stórauka þar framkvæmdir á sama tíma og verið er að skera niður í svo að segja allri félagslegri þjónustu. Það er auðvitað vegna þess að hæstv. samgrh. hefur tryggt að stofnunin hefur fengið svo miklar gjaldskrárhækkanir að hún er blátt áfram að springa af þeim gagnvart þeim litlu launalækkunum sem hafa átt sér stað. Þess vegna er það svo, að það er 38% aukning í framkvæmdafé þessarar stofnunar. Og mér finnst það varla þakkandi að ríkisstj. skuli ekki taka viðbótarhækkanir handa Pósti og síma til þess að stofnunin geti framkvæmt enn þá meira á árinu 1984 en gert er ráð fyrir að óbreyttum töxtum.

Það er einnig fróðlegt í þessu sambandi að skoða ýmsar fleiri opinberar stofnanir. Ríkisútvarpið hækkar sína taxta um 117% meðan kaupið hækkar um 43%. Það er ekki verið að kreppa að þeirri stofnun heldur.

Ég held að nauðsynlegt sé að menn átti sig á því að það sem er að eiga sér stað er að ríkisstj. er búin að heimila svo rosalegar hækkanir hjá opinberum stofnunum að ekki einu sinni hún þorir að láta hækka þar meira á næsta ári vegna þess að stofnanirnar hafa ekki með neitt meira að gera. Það var orðið hreint blygðunarefni í fjvn., að þegar talsmenn þessara stofnana komu á fundi hennar og gerðu grein fyrir fjárhag stofnananna var afgangurinn þvílíkur að annað eins hafði ekki sést þar um langt árabil. Þá var búið að rústa svoleiðis kaupið í landinu að stofnanirnar urðu að stórhækka sitt framkvæmdafé frá því sem áður hafði verið. Þetta er, herra forseti, annað megineinkenni fjárlagafrv. að mínu mati. Það er að þessar stofnanir eru látnar hlaða upp fjármunum og styrkja sína stöðu stórkostlega meðan öll félagsleg þjónusta í landinu að öðru leyti er látin setja niður.

Þriðja megineinkennið á þessu fjárlagafrv. er svo hallinn á fjárl. á næsta ári. Það er talað um að hann sé 375—380 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað er langt síðan fjárlög hafa verið afgreidd með slíkum halla og hvenær var það, hver var þá fjmrh. og úr hvaða flokki var hann? Þetta er einföld spurning fyrir þá í fjmrn. að fletta upp. Þeir geta jafnvel séð þetta í Hagtölum mánaðarins, ef taflan þar nær inn í fjmrh.-tíð Matthíasar Á. Mathiesen. Ég held að það séu enn þá síðustu ár hans fjmrh.-veldis í Hagtölunum, ef ég man rétt.

En auk þess að hallinn á fjárl. er upp á 375 millj. kr. er bersýnilegt að þar er um að ræða viðbótarvanda upp á fleiri hundruð millj. kr. Það er ekki gert ráð fyrir neinum vaxtagreiðslum af yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabankanum núna um áramótin, sem er þó upp á 1100 millj. kr. Á enga vexti að borga af þessu? Ætlar Jóhannes að hafa þetta vaxtalaust? Hvað eru háir vextir af yfirdrætti ríkissjóðs hjá Seðlabankanum um næstu áramót? Fær Albert, hæstv. fjmrh., þetta vaxtalaust? — og Jóhannes: Hverjir verða vextirnir og af hverju er ekki gert ráð fyrir þeim hér í þessu fjárlagafrv., sem hlýtur auðvitað að skekkja þetta dæmi upp á fleiri tugi millj. kr.?

Hvað er með Atvinnuleysistryggingasjóð? Þar vantar bersýnilega 30 millj. kr. til þess að sjóðurinn geti staðið við lágmarksskuldbindingar sínar án þess að komi til atvinnuleysis í rauninni. Það eru skuldbindingar Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna eftirlauna aldraðra. Það er bersýnilegt að 30 millj. vantar upp á það. Hver á að borga það? Samkvæmt lögum er það ríkissjóður sem á að standa undir þessu. Hvar á að taka þá peninga? Þarna er 30 millj. kr. gat.

Þá er að geta um stjfrv. eitt sem liggur fyrir hv. Alþingi. Ég veit ekki til þess að það eigi að afgreiða núna fyrir jólin að vísu. Það er frv. um húsnæðismál. Kannske hæstv. félmrh. vildi segja okkur frá því hvar það liggur núna í þingsölunum, afvelta einhvers staðar í nefndum og sent til umsagnar um allt land, norður á Melrakkasléttu og víðar og víðar, sem lengst virðist vera, af formanni Sjálfstfl., formanni félmn. Nd. Hvar er það frv.? Það gerir ráð fyrir 240 millj. kr. á næsta ári í húsnæðismál. Það er ekki fimmkall í fjárlagafrv. í það. Eiga menn að byggja hús úr lögum, úr bréfum, pappírum, eða hvað? Hvar eru þeir peningar?

Svo kom hér hæstv. iðnrh. í kvöld með yfirlýsingar um að nú ætti aldeilis að gera vel við þá sem eru að sligast undir of háum orkureikningum vegna húshitunar. Hann ætlar að flytja frv. strax eftir áramótin, bara strax eftir áramótin! Hann gat þess hins vegar ekki hvernig ætti að kosta þær breytingar sem það frv. hefði í för með sér. Hvað kosta þær breytingar og hvað mega þær kosta? Verður að afla til þess nýrra skatta? Þetta er sýnilegt. Ég sé hvergi að það sé afgangur í þessu fjárlagafrv. Alberts Guðmundssonar til að kosta aukið átak til að borga niður húshitunarkostnaðinn í landinu. Eiga menn að kynda með lögunum, pappírnum, frv.? Hvaðan eiga þessir peningar að koma og hvað eiga þessar yfirlýsingar að þýða gagnvart fólki þegar ekkert stendur á bak við, að því er virðist, annað en að hæstv. ráðh. ætli að fara að fara að flytja hér frv. eftir áramótin. Annað eins hefur nú gerst eins og að ráðherrar flytji frv. hér á hv. Alþingi. Það væri fróðlegt að vita hvernig hæstv. iðnrh. ætlar sér að ná í þessa fjármuni og með hvaða hætti hann ætlar að leggja þá á aðra landsmenn, vegna þess að ljóst er að það verður að leggja á skatta í þessu skyni, það er greinilegt.

Þegar þetta dæmi er gert upp varðandi húsnæðismálin, húshitunarkostnaðinn, gatið í fjárl., Atvinnuleysistryggingasjóð, vextina af yfirdrætti hjá Seðlabankanum og aðra þætti sem ég hef hér rakið, þá er greinilegt að um er að ræða mjög verulegan halla á ríkiskassa hæstv. fjmrh. 1984. Sá halli er mun meiri en nú er látið í veðri vaka. Og það mun koma í ljós þegar þetta dæmi verður gert upp, að nú er haldið á nýjan leik inn á braut skuldasöfnunar við Seðlabankann og seðlaprentunar. Það er sú stefna sem tekin er upp af núv. hæstv. ríkisstj., sem lofaði jafnvægi í ríkisfjármálum á árinu 1984 í stjórnarsáttmála sínum.

En það sem einkennir frv. til fjárlaga fyrir árið 1984 er hins vegar ekki fyrst og fremst það sem hér hefur verið rakið, heldur eru það hugmyndirnar um sjúkraskattinn, spítalaskattinn. Það eru þær hugmyndir sem gera þetta fjárlagafrv. algerlega sérstætt og marka því bás sem tímamótafrv. í fjármálastjórn íslenska ríkisins. Það á að fara að skattleggja sjúklingana. Það á að fara að skattleggja þá sem síst skyldi. Hæstv. ráðherrar hafa þó verið það aumir, eftir að þetta mál hefur verið tekið upp, að þeir hafa ekki gert grein fyrir því hvernig þeir ætla að útfæra þetta í einstökum atriðum. Það hefur

ekkert komið fram um það, þó að þeir hafi ítrekað verið spurðir um það, á hvaða stigi veikindanna þeir ætla að rífa þessa fjármuni af sjúklingunum í landinu. Hæstv. ráðherrar hafa ítrekað verið spurðir um þetta, hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega í jafnítarlegri ræðu og ég flutti um þetta mál fyrir nokkrum kvöldum. Hann hefur engu svarað. Og ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh., úr því að hann lætur svo lítið að vera hér viðstaddur núna við 3. umr. fjárlaga: Hvaða hugmyndir hefur hann um þennan spítalaskatt? Hvernig ætlar hann að láta innheimta hann? Hverjir eiga að borga hann? Og hvernig kemur þessi skattur inn í fjárhag sjúkrahúsanna í landinu? Hvernig kemur hann inn á ríkisspítölunum, hvernig á daggjaldaspítölunum, hvernig á hjúkrunarheimilunum? Vill ekki hæstv. ráðh. svara þessu nákvæmlega, vegna þess að hann hlýtur að vita hvað hann ætlar að gera í þessu efni? Það mun vera meiningin að hafa upp úr sjúklingunum 300—400 millj. kr. Þeir hljóta að vera búnir að gera sér grein fyrir því hvernig þeir ætla að slíta þessa peninga út? Ég skora á hæstv. heilbr.- og trmrh. að gera ítarlega grein fyrir því hvernig hann ætlar að hlaða sér minnisvarða með spítalaskattinum sem hér hefur verið rætt um.

Hv. þm. Lárus Jónsson gerði grein fyrir þessu hér á dögunum mjög lauslega og ég spurði í framhaldi af því hvernig þessum hlutum ætti að haga og hv. þm. Kjartan Jóhannsson flutti um þetta mjög ítarlegt mál hér á dögunum. Hvernig eiga menn að borga? höfum við spurt. Við höfum engin svör fengið. Ég endurtek spurningar mínar til hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. vegna þess að hér er um að ræða tímamót í þessu fjárlagafrv., þ. e. sjúkraskatturinn. Þetta eru sjúkrafjárlög hæstv. ríkisstj. sem hér er lagt til að afgreidd verði. Það er sú nafngift ein sem hæfir þeim ósköpum sem hér er lagt til að verði að lögum á hv. Alþingi.

Frsm. samvn. menntm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Að venju hafa menntamálanefndir Alþingis hist til að gera tillögur um hversu háttað skuli heiðurslaunum til listamanna samkv. sérstakri ákvörðun Alþingis.

Á þessu ári hlutu 15 listamenn heiðurslaun og hafa þrír þeirra fallið frá, Kristmann Guðmundsson rithöfundur, Sigurjón Ólafsson myndhöggvari og Tómas Guðmundsson skáld. Það er að sjálfsögðu jafnan álitamál hversu marga listamenn Alþingi skuli heiðra með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Þar er engin tala heilög og sannast sagna að ýmsir listamenn eru enn ótaldir sem vel ættu heima í þeirri sveit og skipuðu þar sæti með fullum sóma. En allt hefur sinn tíma og takmörk fyrir hversu langt hægt er að ganga hverju sinni.

Eftir að nm. höfðu rætt málið ítarlega og skipst á skoðunum urðu þeir sammála um að leggja til að 17 listamenn skyldu njóta heiðurslauna samkv. sérstakri ákvörðun Alþingis að þessu sinni eða þeim yrði fjölgað um tvo. Lagt er til að þeir sömu njóti heiðurslauna og áður og fimm nýir bætist við.

Heiðurslauna á næsta ári njóti samkv. till.: Finnur Jónsson listmálari, Guðmundur Daníelsson rithöfundur, Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur, Halldór Laxness rithöfundur og skáld, Hannes Pétursson skáld, Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur, Jóhann Briem listmálari, Jón Helgason skáld í Kaupmannahöfn, Jón Nordal tónskáld, María Markan óperusöngvari, Matthías Johannessen skáld, Ólafur Jóhann Sigurðsson rithöfundur, Snorri Hjartarson skáld, Stefán Íslandi óperusöngvari, Svavar Guðnason listmálari, Valur Gíslason leikari, Þorvaldur Skúlason listmálari.

Lagt er til að heiðurslaunin verði 100 þús. kr. á næsta ári eða samtals 1.7 millj. kr.

Nýir í þessum hópi eru:

Hannes Pétursson varð ungur eitt af fremstu skáldum sinnar samtíðar og hefur síðan í ljóðum sínum fundið persónulegan stíl á grundvelli traustrar ljóðhefðar. Hann hefur enn fremur sem ritgerðahöfundur lagt merkilegan skerf til íslenskra þjóðfræða og ritskýringa.

Jóhann Briem er einn af sérstæðustu listamönnum þjóðarinnar. Hann hefur í list sinni farið eigin leiðir og aldrei hvikað frá persónulegum stíl sínum og sterkri myndgerð, sem vakið hefur athygli þegar hún hefur komið fyrir almenningssjónir.

Jón Helgason skáld í Kaupmannahöfn. Kveðskapur hans er ekki mikill að vöxtum, en Jón er engu að síður eitt af höfuðskáldum íslenskrar tungu um okkar daga.

Jón Nordal. Hann vakti ungur athygli sem tónskáld og píanóleikari. Í tónsmíðum hans þykir kveða við þjóðlegan íslenskan tón jafnframt því sem þær sverja sig í ætt við ýmislegt hið besta sem verið er að gera með öðrum þjóðum. Hann hefur hlotið mikla viðurkenningu fyrir tónsmíðar sínar hér heima og erlendis.

Matthías Johannessen er mikilhæfur og fjölhæfur rithöfundur í bundnu máli og óbundnu. Sem ljóðskáld kom hann með nýjan ferskleika og einlægni inn í ljóðagerð síns tíma. Hann hefur auðgað skáldskap okkar að fjölbreytni og sótt yrkisefni sín víðar en algengt er um skáld. Hann er viðurkenndur meistari samtala.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að brtt. n. á þskj. 286 verði samþykktar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 289 og 290, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 39 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Reykv. og fsp. ætla ég að reyna að segja örfá orð.

Varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég hygg að ég geti ekki gefið hér yfirlýsingu um ákveðna upphæð sem fari til B-álmu Borgarspítalans í Reykjavík. En á þessu ári hefur verið úthlutað úr Framkvæmdasjóði aldraðra 40 millj. kr. Þar af hafa farið 22 millj. kr. til B-álmu Borgarspítalans í Reykjavík. Þessar ákvarðanir lágu fyrir flestar hverjar snemma á árinu og hv. þm. því gjörla kunnar. Nú er samkv. frv. og brtt. fjvn. við þetta fjárlagafrv. ætlað að verja 15 millj. til Framkvæmdasjóðs aldraðra og með lagabreytingunni í því frv. sem hér liggur fyrir eru tekin af tvímæli um að 15 millj. koma einnig á móti af hinum svokallaða nefskatti, sem eru höfuðtekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra. Til hjúkrunarheimila og þar með B-álmu á því að verja samtals 30 millj. kr., ef frv. og till. fjvn. ná fram að ganga.

Ég treysti mér ekki á þessu stigi málsins að segja hve háa upphæð B-álma Borgarspítalans fær af þessum 30 millj., en ef miðað er við hjúkrunarheimili og sjúkradeildir, sem veitt var fé til af Framkvæmdasjóði aldr-

aðra, þá var um að ræða auk B-álmunnar hér í Reykjavík dvalar- og hjúkrunarheimili á Sauðárkróki, sjúkradeild á Akureyri, hjúkrunarheimili á Egilsstöðum, hjúkrunardeild við dvalarheimili í Vopnafirði, sem tók til starfa á s. l. hausti, hjúkrunarheimili Höfn í Hornafirði, hjúkrunardeild á Hellu og sömuleiðis hjúkrunarheimili í Hafnarfirði, bæði DAS og sjúkradeild Sólvangs. Þessar framkvæmdir voru allar inni í myndinni á þessu ári. Á þessari stundu get ég ekki fullyrt hvernig stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra telur best að skipta 30 millj. sem væntanlega verða til ráðstöfunar, en ljóst er að stór hluti upphæðarinnar kemur til með að renna til B-álmu Borgarspítalans í Reykjavík.

Ég hef sagt það við formann fjvn., sem hann mun hafa gefið yfirlýsingu um í ræðu sinni í dag, að ég hefði í hyggju að bera þetta undir fulltrúa fjvn. áður en endanlega verður gengið frá þeirri úthlutun. Hef ég svo ekki meira um þetta mál að segja.

Varðandi fsp. hv. þm. um nýja starfsemi sem hægt væri að hefja í sjúkrahúsakerfinu á árinu 1984 miðað við húsnæði sem fullbúið verður til notkunar á því ári. Hér er um að ræða starfsemi í húsnæði taugalækningadeildar Landspítalans, bæklunardeildarinnar, og er reiknað með að taka það húsnæði í notkun á næsta ári. Það var farið fram á opnun nýrrar deildar við geðdeild og opnun móttökudeildar Landspítalans og sömuleiðis lítillar deildar við Kópavogshæli, sem Iðjuþjálfun nefnist. Það er gefið mál að fyrsta starfsemin sem ég gat um verður hafin á næsta ári. Þegar við erum búnir að fara yfir þá fjármuni sem fjvn. skammtar okkur í þessum efnum verður tekin ákvörðun um aðrar tímasetningar, en ég er að vona að starfsemi við tvo af þessum fjórum áföngum geti hafist samkv. þeim tillögum sem fyrir liggja frá fjvn.

Þá er einnig reiknað með að teknar verði í notkun deildir við þrjá daggjaldaspítala sem á næsta ári munu geta hafið starfsemi í nýjum húsakynnum. Það er í fyrsta lagi 2. hæð B-álmu Borgarspítalans, sem er talið að verði hægt að taka í notkun, hvenær sem það verður á árinu, 29 rúm. Í öðru lagi er endurbygging gamla sjúkrahússins á Selfossi, sem er í raun og veru lokið. Það er aðallega fyrir öldrunarsjúklinga. Þar er reiknað með 26 rúmum. Í þriðja lagi er sjúkrahús SÁÁ við Grafarvog, þar sem rúmafjölgun verður 40 við flutning starfseminnar frá Silungapolli, en sú starfsemi verður lögð niður. Enn fremur er gert ráð fyrir breytingum vegna beiðni sem rn. hefur borist um flutning á rekstrarkerfi dvalarheimila aldraðra yfir á sjúkrahúsakerfið. Það eru Dalbær á Dalvík, sennilega með um 15—20 rúm, Garðvangur í Garði með um 15 rúm og Dvalarheimili aldraðra í Kumbaravogi með um 10 rúm. Ég skal ekki á þessu stigi fullyrða hvort rn. staðfestir þessa rúmatölu, en yfir það verður farið fljótlega eftir áramót. Ég held að ég hafi þá svarað fsp. hv. þm. hvað þetta snertir.

Hins vegar langar mig að leiðrétta hv. þm. í því sem hann sagði um Vegagerðina og vegagerðardæmið, en því miður hef ég ekki nákvæma tölu með svo að ég verð að fara nokkuð eftir minni. Miðað við næstsíðustu hækkun á bensíngjaldi, en síðan hefur ekki orðið hækkun þar nema um nokkra tugi aura, voru ef ég man rétt um 37.9% af tekjum ríkisins sem fóru til Vegagerðarinnar, en með því sem formaður fjvn. upplýsti munu heildartolltekjurnar og skattar af aðflutningsgjöldum og skattar af bensíni fara í 50%. Þetta tel ég nú vera töluverða hækkun frá því sem verið hefur, en ekki lækkun eins og hv. þm. sagði. En það fer nú eftir því hvernig menn líta á ýmsar reikningskúnstir. Ég nota mína gömlu aðferð við útreikninga frá því að ég var í barnaskóla, en hins vegar er hann miklu meiri nútímamaður og notar því aðra útreikninga og aðrar tölur og hann getur því fundið út að þessi gjöld hafi lækkað í raunveruleikanum. En ég held að staðfesting nýframborinnar þáltill. til vegáætlunar sýni annað.

Hins vegar er ekki um að ræða hækkun frá því sem gert hefur verið ráð fyrir við framlagningu fjárlagafrv. því þar kemur greinilega í ljós að ríkisframlög lækka að sama skapi. En ég tel þetta eðlilega breytingu og sjálfsagða og lagði á það mikla áherslu. Hins vegar get ég huggað hv. þm. með því, að till. til vegáætlunar kemur því miður ekki til umr. nú fyrir jólin þó ég hefði gjarnan kosið að svo yrði. Því hafa ráðið töluvert langar ræður ýmissa annarra manna hér í þingsölum. En hún kemur til umr. þegar þing kemur saman aftur á næsta ári.

Ég vil minna á í þessu sambandi að vegáætlun var ekki afgreidd á síðasta þingi. Fyrrv. ríkisstj. sleit þingi áður en vegáætlun fékk afgreiðslu Alþingis. En hún tók ákvörðun um það að framkvæma till. til vegáætlunar þrátt fyrir það að Alþingi hafði ekki afgreitt hana og þrátt fyrir það að fyrri ríkisstj. gerði ráð fyrir nýrri skattheimtu á almenning með svokölluðu veggjaldi. Fyrri ríkisstj. tók ákvörðun um að framkvæma þessa vegáætlun og setja með lögum á nýtt veggjald. En þrátt fyrir þessa ákvörðun tók fyrri ríkisstj. aldrei endanlega ákvörðun um útgáfu brbl. um veggjald. Það var ágreiningur fyrir kosningar á milli Sjálfstfl. og stuðningsliðs ríkisstj. um þetta veggjald. Það var ekki samstaða um að leggja veggjaldið á eftir að núv. ríkisstj. var mynduð og því varð það að ráði að fjmrh. varð við þeim óskum að greiða til vegagerðarinnar þá upphæð sem veggjaldið gerði ráð fyrir. Frá því að ég tók við samgrh.-embættinu hef ég því orðið að sækja um það eiginlega hverju sinni að framkvæma þessa vegáætlun eins og hún hefði verið samþykkt, en var þó ekki samþykkt. Þannig var nú viðskilnaður fyrri ríkisstj. í þessum efnum. Og má víða koma þar við ef menn kæra sig um og vilja lengja umr. hér í hv. Alþingi.

Hv. þm. talaði um hækkanirnar sem urðu hjá Pósti og síma í tíð núv. ríkisstj. Þær voru orðnar áður. En nauðsyn var að breyta gjaldskrá póst- og símamálastjórnar á s. l. sumri og það var gert. Hins vegar má segja að ýmsar breytingar í rekstri hafi gert það að verkum að fjárhagur stofnunarinnar hefur verið skárri eftir því sem liðið hefur á árið. Þar ræður mestu árangur núv. ríkisstj. í baráttu við verðbólguna. Þar hefur Póstur og sími eins og fleiri notið góðs af.

Ég beitti mér fyrir því fyrir skömmu að lækkun varð á ákveðnum tekjuliðum Pósts og síma. Samtöl til útlanda, sem hafa verið mun dýrari héðan frá Íslandi en frá útlöndum til Íslands, hafa lækkað um 23.5% mest og niður í 8% eftir löndum. Til þeirra landa sem við eigum mest viðskipti við hefur lækkun orðið mest, t. d. á símtölum við Svíþjóð, Danmörk, Noreg, Þýskaland og fleiri lönd sem ég ætla ekki að nefna frekar. Ég tel að hér hafi náðst töluvert góður árangur sem flestir kunna að meta.

Þetta er einn þáttur í þeim áformum sem ríkisstj. hefur haft uppi, í fyrsta lagi að stöðva verðbólguna og í öðru lagi að snúa ofan af þeim miklu hækkunum sem orðið hafa á síðustu árum. Þetta er vitaskuld gerbreyting frá því sem var og hlýtur að vera ákaflega kvíðvænlegt og mikið feimnismál fyrir mann eins og þennan hv. þm. að vita til þess að verðbólgan í landinu hafi verið stöðvuð og farið sé að vinda ofan af þeim miklu hækkunum sem þessi hv. þm. stóð fyrir frekar en nokkur annar, þessi hv. þm. sem stóð fyrir því að neita í fyrri ríkisstj. um skynsamlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Það kemur því úr hörðustu átt þegar þessi hv. þm. er að belgja sig hér út í sölum Alþingis. Ef nokkur maður ætti að fara undir borðið þá er það þessi hv. þm. og láta ekki sjá sig hér í þingsölum. (**SvG:** Ráðh. er reiður.) Nei, hann er ekki reiður en hann skammast sín fyrir að þjóðin skuli hafa kosið jafnóvitran mann inn á Alþingi Íslendinga eins og Svavar Gestsson. Enda eru margir af kjósendum þess flokks sem sjá sannarlega eftir því eins og þessi hv. þm. stóð sig þegar hann var ráðh.

Svo vék hann að væntanlegu sjúklingagjaldi eins og hann kallar það. Viðskilnaður þessa hv. þm. var með þeim hætti að fjármál ríkisins voru rekin með dúndrandi halla sem fór vaxandi. Enda sá í iljarnar á karli þegar hann stakk sér fyrir borð og þorði ekki að taka lengur þátt í stjórn landsins. Hann vissi upp á sig skömmina og þetta er árangurinn af því, það verður að taka til og leggja á gjöld til að standa undir þeirri heilbrigðisþjónustu sem þjóðin ætlar að njóta og ætlast til að sé staðið undir.

Við vitum það mætavel að heilbrigðisþjónusta í þessu landi er mjög dýr og alltaf er verið að taka ný verkefni fyrir, verkefni sem kosta stórfé. Ég var rétt áðan að lýsa nýjum verkefnum. Hér í brtt. fjvn. er verið að hækka og bæta fyrir syndir þeirra sem voru á undan og ekkert gerðu í þessum efnum, skildu eftir sig þau minnismerki sem einmitt þessi hv. þm. ætti að þekkja betur en flestir eða allir aðrir.

Og hvað er nú verið að gera? Búið er að lýsa því yfir að flutt verði frv. um að leggja sérstakt gjald á þá sem leggjast inn á sjúkrahús á fullum launum, alveg voðalegt gjald, 300—600 kr. á dag að hámarki 10 daga á ári. Þetta gjald nær ekki til ellilífeyrisþega, það kemur ekki til með að ná til örorkulífeyrisþega og ekki til barna og unnið er að því að það nái ekki til þeirra sem minnstar tekjur hafa. Þetta heitir að leggja á sárþjáða sjúklinga.

Ég sé nú bara ekkert eftir Svavari Gestssyni eða mér að borga slíkt gjald, 300—600 kr. á dag í 10 daga á ári. Við erum ekkert of góðir til að greiða slíkt gjald. En sumir þurfa alltaf að gera allt tortryggilegt og þá sérstaklega þeir sem skildu allt eftir í rúst þegar þeir loksins hrökkluðust frá en hefðu auðvitað átt að fara frá löngu fyrr. Það er skaðinn sem hefur skeð að flokkarnir sem voru með þessum hv. þm. í ríkisstj. héldu of lengi út að gefa þeim lausan tauminn, að bíða eftir því að fá þá til skynsamlegra aðgerða. Það er þess vegna komið sem komið er. Það er vegna þess að þessir aðilar fengust aldrei til að taka á verkefnunum í þjóðfélaginu. Og loksins þegar eitthvað var gert var það gert 4—6 mánuðum of seint þannig að það kom ekki að gagni. Þetta vita allir menn og þetta veit maður eins og Svavar Gestsson mætavel. Þetta var höfuðástæðan fyrir því að hann þorði ekki aftur í ríkisstj., þorði ekki að eiga aðild að stjórnarmyndunarviðræðum.

Það liggur illa á Svavari Gestssyni þessa dagana, það vita allir menn. Af hverju? Það er af því að tekist hefur að vinna bug á verðbólgunni. Hún hefur komist niður í 30 stig miðað við árið. Verið er að snúa ofan af hinni miklu verðbólgu sem hefur verið í landinu. Vörur eru hættar að hækka í verði, þær eru þegar byrjaðar að lækka. Vextir hafa lækkað stórkostlega frá því í lok september og launþegar í landinu finna að hér hefur náðst góður árangur. Og af því að náðst hefur góður árangur í þessum málum og í efnahagsmálum, öfugt við það sem var á meðan fyrri ríkisstjórnaraðilar þurftu að þvælast með lík í lestinni eins og Alþb., verða þessir menn reiðir og það liggur illa á þeim. Það er skiljanlegt að veslings Svavar Gestsson sé aumur og reiður og það liggi illa á honum. Hann skammast sín að vísu fyrir allt sem hann hefur vangert á liðnum árum og veit hver stór sök hvílir á honum og hans flokki. En hann er að sumu leyti ánægður yfir því að enn þá heldur hann utan um svokallaða stjórnarandstöðu hér í þingi sem fylgir honum mjög vel eftir. Þessi stjórnarandstaða hefur ekki áttað sig enn þá á því hvað góður árangur hefur náðst. Hingað inn koma tveir nýir flokkar sem virðast ekkert hafa áttað sig og ekkert hafa skilið en hanga í rassinum á Svavari Gestssyni. Það eru ær og kýr þessara tveggja nýju flokka að hanga í rassinum á Svavari Gestssyni eftir það sem á undan er gengið. Tímans vegna ætla ég ekki að eyða meira púðri á Svavar Gestsson eða aftaníossa hans hér á Alþingi. Til þess gefst tækifæri á næsta ári.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það var sannarlega mál til komið að við fengjum að sjá framan í hæstv. heilbrrh. Matthías Bjarnason hérna loksins í essinu sínu á þessu þingi. Það hefur ekki gerst, svo ég muni, síðan þessi hæstv. ráðh. settist í stól sinn og kom til þings í haust að hann færi á slíkum kostum sem við þekktum hér áður fyrr. Það var sannarlega mál til komið að hinir tveir nýju þingflokkar sem hann vék svo kurteislega að í máli sínu áðan fengju aðeins að sjá framan í hæstv. ráðh. eins og hann á að sér að vera og eins og við þekktum hann á árum áður á síðustu þingum þegar hann viðhafði sinn Þingeyrarstíl í ræðustól á Alþingi. Það er sannarlega tilbreyting fyrir menn eftir að hann hefur legið í eins konar dvala að hann komi út úr híði sínu, þessu híði sem hann hefur legið í núna alveg fram undir svartasta skammdegið. Það er vissulega fagnaðarefni.

En tóku menn eftir því hvenær það var í ræðu hæstv. ráðh. sem hann æstist? Það var rétt áður en hann ætlaði að fara að svara til um sjúklingaskattinn. Þá einhvern veginn fór hæstv. ráðh. út úr því sálarjafnvægi sem hann hefur reynt að halda hér í ræðustól undanfarið og á hann rann hamurinn sem við urðum vitni að áðan. Ég fagna því sérstaklega að þessi hæstv. ráðh. skuli kominn út úr sínu skammdegishíði. Hann ætlar að verja þennan nýja skattstofn með því að segja að hann og Svavar Gestsson séu ekkert of góðir til að greiða 300—600 kr. á dag fyrir að fá að liggja inni á sjúkrahúsi. Svo ætlar hann að sleppa börnunum líka, hugsið ykkur hvað þetta er nú mildur maður, hæstv. heilbrrh. Hann ætlar ekki að leggja þennan skatt á börnin. Það má nú segja að mildin sé mikil á þessu heimili þar sem himins opnast hlið senn, svo vitnað sé í orð sem flugu hér um daginn.

En það var raunar annar reyfari sem ég ætlaði að

víkja að hér og við urðum vitni að í dag þegar hæstv. iðnrh. flutti tölu og gleðiboðskap. Ég mun koma að því mjög fljótlega. Ég vil hins vegar segja varðandi fjárlagafrv. milli 2. og 3. umr. að þar hafa orðið á nokkrar breytingar sem ástæða er til að lýsa ánægju yfir. Þokast hefur í rétta átt í nokkrum málum þar sem við stjórnarandstæðingar höfum ýtt á eftir með tillögu- og málflutningi í sambandi við fjárlögin. Ég nefni þar t. d. Iðnrekstrarsjóð eða lánasjóð iðnaðarins þar sem þau ánægjulegu tíðindi hafa gerst að framlagið hefur þrefaldast milli umr., úr 5 millj. kr. í 15 millj.

Vissulega var tími til kominn að hæstv. iðnrh. og hans lið sýndu einhver iðrunarmerki í sambandi við þessa aðför að aðalþróunarsjóði iðnaðarins. Þau hafa nú komið fram, að vísu ekki nægjanleg, í sambandi við þetta því að hæstv. ráðh. viðhafði þau orð við 2. umr. að hann mundi gera mun betur en fyrrv. ríkisstj. í þessum efnum.

Hvernig leit fjárlagafrv. út í sambandi við Iðnrekstrarsjóð, fjárlög gildandi árs? Jú, það var framlag sem nam 16.6 millj. kr. Ef það ætti að framreiknast og halda óbreyttu verðgildi er það ekki fjarri 25 millj. kr. sem þarna ættu að vera, en upphæðin sem fjvn. nú gerir till. um nær ekki því krónutölugildi sem núverandi fjárlög hafa að geyma. Munurinn er þar 1.6 millj. kr. Hér vantar því stórlega á að haldið sé sama raungildi og var á þessu ári. Minna má á að þarfir þessa aðalþróunarsjóðs iðnaðarins eru metnar af stjórn hans 35 millj. kr., upphæð þess ríkisframlags sem þörf væri á. En þetta er í áttina frá þeim ósköpum sem fyrir lágu þegar fjárlagafrv. var fram lagt.

Það gerðist líka að dregin var til baka till. um að fella niður framlög til iðnfræðsluráðs frá miðju næsta ári og leggja þá stofnun af eins og boðað var við 2. umr. Þeirri brtt. var stungið undir stól og hún dregin til baka. Það er ánægjulegt að ekki á að afleggja þá starfsemi sem hvergi var séð fyrir fjármunum til skv. till. meiri hl. fjvn. og ekki hefur mikið farið fyrir afsökunum í því efni frá þessum hv. talsmönnum.

Það gleður okkur að sjá að aðeins er lyft framlagi til Þjóðarbókhlöðu úr 2 millj. kr. í 7 millj. Það er þó óverulegt og ekki mikið til framkvæmda sem þar er um að ræða, en iðrunarmerki er það sem ástæða er til að fagna svo langt sem það nær. Þetta er varðandi nokkra þætti sem ég vék að við 2. umr. fjárlaganna.

Ég er hér með brtt. sem dregin var til baka við 2. umr. varðandi fjárveitingu til lækkunar húshitunarkostnaðar. Ég endurflyt till. um að framlag hækki um 190 millj. kr. eða samtals í 420 millj. til að lækka húshitunarkostnað með innlendum orkugjöfum. En þar fyrir utan er framlag vegna niðurgreiðslu á olíu sem hæstv. iðnrh. vék einnig að í ræðu sinni í dag.

Ég ætla aðeins að víkja að þessu máli en áður nefni ég till. sem við flytjum fjórir þm. Alþb. með Svavar Gestsson sem 1. flm. um landgræðslu- og landverndaráætlun. Við endurflytjum þar till. sem dregin var til baka við 2. umr. um fyrirhleðslur vegna hamfarahættu á Skeiðarársandi gegn mótframlagi allt að 50% frá Viðlagatryggingu Íslands. Við 2. umr. var till. okkar um 8.7 millj. kr. framlag en nú flytjum við till. um 3.9 millj. og höfum lækkað þessa upphæð um meira en helming. Að athuguðu máli í samráði við Vegagerð ríkisins hefur þetta verið gert. Hún hefur tjáð okkur og fleiri aðilar að hægt sé að ná skynsamlegum áfanga í sambandi við varnir á Skeiðarársandi til að forða því með fyrirhleðslu við Skaftafellsbrekku að Skeiðará í hlaupi — sem nú getur hvenær sem er, ekki síst vegna eldvirkni sem nú er uppi í Grímsvötnum og menn urðu varir við s. l. sumar — brjótist þar í gegn og grandi eða eyðileggi þá aðstöðu sem byggð hefur verið upp í þjóðgarðinum í Skaftafelli. Það er hún sem er sérstaklega í hættu í sambandi við Skeiðarárhlaup og þar fyrir utan stórar spildur af landi sem eru að gróa upp í Öræfasveit þar sem Skeiðará flæddi yfir áður en varnargarðar komu.

Mér þykir mjög leitt að hv. fjvn. skuli ekki hafa orðið við erindi almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu um framlag í þessu skyni því að hjá þessu verður ekki komist. Það er hið mesta óráð að ætla að draga það að grípa þarna til nauðsynlegra aðgerða í ljósi þess að hlaup getur komið hvenær sem er og æskilegt er að vinna þetta verk með skynsamlegum fyrirvara áður en til þess dregur. Ég vona því að þessi till. nái fram að ganga. Þetta er auðvitað ekki flokksmál sem slíkt en till. er fram borin vegna þess að ég er málum gerkunnugur þarna og hef verið beðinn um að fylgjast með þessu máli. Ég hef reynt að ýta á eftir því við hv. fjvn. Þegar hún tók ekki málið upp fékk ég liðsinni eins minna flokksmanna til að standa að brtt. um þetta efni og ég vek enn athygli á að upphæðin hefur verið lækkuð um meira en helming.

En þá kem ég að svolitlum reyfara, með leyfi hæstv. forseta, og hefði kosið að auk hæstv. iðnrh. sem hér er væri einnig hv. þm. Egill Jónsson hér nærri umr. því ég þarf aðeins að víkja að honum orði. Hann er nákominn hæstv. iðnrh. og mér þætti vænt um ef hann væri viðstaddur og einnig hv. þm. Guðmundur Bjarnason því ég kemst ekki hjá því að rifja aðeins upp þátt hans í reyfara nokkrum. Fyrri hluti hans átti sér stað fyrir kosningar en hefur síðan orðið framhald á nú eftir kosningar. Ég vil byrja á að vitna í svofelld ummæli sem birtust í fjórðungsblaðinu Þingmúla þann 4. júní 1983, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður gaman að fylgjast með störfum Sverris Hermannssonar í hans nýja vandasama embætti. Áhugi hans varðandi þann mikla málaflokk er löngu kunnur. Má þar til nefna flutning þingmála um virkjun í Fljótsdal og byggingu stóriðjuvers við Reyðarfjörð í tengslum við þá virkjun. Þá eru ekki síður kunn viðhorf Sverris varðandi málefni dreifbýlisins í þessu landi, bæði er varðar samgöngur, atvinnumál og lífskjör. Má í því sambandi minna á baráttu hans fyrir jöfnuði á orkuverði. Það er því mikið ánægjuefni að Sverrir Hermannsson skuli nú fá tækifæri til að takast á við þau stóru viðfangsefni sem honum eru jafnhugleikin og hann hefur nú forsjá fyrir í ríkisstj."

Höfundur þessara orða er hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson. Hann hefur orðið landskunnur ekki síst fyrir það ótrúlega afrek að skjótast inn á Alþingi flestum á óvart í tvennum kosningum, a. m. k. var svo í hinum fyrri þegar hann kom fyrst inn á þing 3. des. 1979. Jafnvel fór svo að hæstv. núv. iðnrh. sem greint var frá því snemma morguns að Egill væri kominn á þing — og ég hef 4. þm. Austurl. fyrir þeirri sögu — að hv. þm. á að hafa sagt, mér skilst jafnvel í Ríkisútvarpinu: Hvaða andskotans Egill? Svo undrandi var hæstv. núv. iðnrh. á að fá þessa samfylgd inn á hv. Alþingi. En síðar hafa þeir verið hér saman og að sjálfsögðu í ákveðnu samspili, þessir ágætu flokksbræður, hæstv. iðnrh. og

hv. 11. landsk. þm. Finnst ekki hv. þm.? (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess að 11. landsk. þm. verði kallaður í salinn en ég held að heldur erfiðara sé að ná í hv. þm. Guðmund Bjarnason.) Já. Þetta voru þær vonir sem hann batt við hæstv. nýjan ráðh. í embætti og vegna þess að hann kom óvænt inn á þing í síðustu kosningum einnig og munaði þar aðeins fáum atkvæðum, ef ég man rétt, á því að varaformaður Alþfl. sæti hér á þingi, hv. fyrrv. þm. Magnús Magnússon og núv. hv. 11. landsk.

Hann ritaði í það merka blað Þingmúla fyrr á árinu en tilvitnuð ummæli, þann 19. apríl, fjórum dögum fyrir kosningar, eru í grein sem ber yfirskriftina. „Lengur verður ekki beðið". Ég má til með að vitna í þetta því að það er alveg ljóst að hv. þm. er ekki síst kominn inn á Alþingi út á þessa grein og málflutning af svipuðu tagi sem hann ásamt hæstv. núv. iðnrh. flutti af miklum krafti í austfirskum blöðum á öllum framboðsfundum fyrir austan. Hvað hafði hv. 11. landsk. þm. að segja í blaði sínu fjórum dögum fyrir kosningar, þm. sem skaust inn á Alþingi á 11 atkv. ef ég man rétt, eða eitthvað þar um bil? Hann skrifar þar um orkujöfnunargjaldið sem svo mjög hefur verið til umræðu og voru fá umræðuefni hjartfólgnari stjórnarandstæðingum síðustu ríkisstj., einkum eftir að fór að líða á vetur. Hann segir þar:

„Þegar orkujöfnunargjald var ákveðið á Alþingi og frv. um ráðstöfun þess lögfest var ekki um neinn umtalsverðan ágreining að ræða. Að vísu voru till. okkar sjálfstæðismanna um viðtækari heimildir til niðurgreiðslu á orkuverði, svo sem um heilsugæslustöðvar og iðnaðarhúsnæði, felldar en það breytti engu um stuðning okkar við málið, það er skatt sem nam 1.5% á allan söluskattsstofn. Hér náðist því mikilvægt samkomulag milli stjórnmálaflokkanna. En skemmst er frá því að segja að þetta samkomulag hefur verið svikið. Í þeim efnum væri margt hægt að rifja upp, m. a. þá afstöðu Alþingis frá því í maí 1982 sem byggðist á yfirlýsingu ríkisstj. um að endurmetnar yrðu greiðslur vegna húshitunar til samræmis við frv. okkar Þorv. Garðar Kristjánssonar og Eiðs Guðnasonar og að sú skipan mála kæmi til framkvæmda í ágústmánuði 1982. En hér sem endranær tala tölurnar skýrustu máli og verða með engum hætti vefengdar. Orkujöfnunargjald, þ. e. 1.5% á söluskattsstofn, nam á árinu 1982 190 millj. kr. Samkvæmt fjárlögum þessa árs er sama gjald áætlað 316 millj. kr. Greiðslur vegna jöfnunar á orkukostnaði námu árið 1982 30 millj. kr. og á þessu ári eru fjárlagaheimildir 67 millj. kr. Fyrir liggur að væri þessu fjármagni ráðstafað eins og lög þar um gera ráð fyrir kæmi í hlut hvers heimilis sem býr við óhóflegan hitunarkostnað upphæð er nemur 20 þús. sem vissulega væri umtalsverð úrbót. Augljóst er að þessi mál verður að taka til nákvæmrar endurskoðunar við fyrsta tækifæri með það að markmiði að nauðsynlegs jafnaðar verði gætt í kjörum fólks í þessu landi varðandi kostnað við hitun á húsnæði, en eftir slíkum ákvörðunum er ekki unnt að bíða, enda engin þörf. Lög til að vinna eftir eru til staðar, skattur vegna þessa brýna verkefnis hefur verið lagður á og innheimtur. Fénu þarf að skila til fólksins sem þess á að njóta. Það verða menn að gera þegar í stað, annars verður það of seint."

Menn hafa heyrt tóninn, menn heyra orðin: 20 þús. kr. strax að kosningum loknum ef þið kjósið mig, hv. austfirskir kjósendur, eru orð hv. 11. landsk. þm. Og nú stendur hann hér með sínum orkuráðherra hæstv. sem hann batt eðlilega miklar vonir við þegar hann kæmi í stólinn. Og þessi hæstv. ráðh. sagði í sama virðulegu málgagni, Þingmúla, að að sjálfsögðu væri jöfnun húshitunarkostnaðar eitt brýnasta verkefnið. Nýskipaður iðnrh. Sverrir Hermannsson byrjar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur þegar ákveðið að verja 150 millj. kr. umfram fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 1983 til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis það sem eftir er þessa árs. Þetta er afskaplega mikilvægt fyrir afkomu heimilanna, einkum víðast hvar á landsbyggðinni þar sem húshitunarkostnaðurinn hefur verið að sliga heimilin."

Nú erum við staddir hér við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984 og hvar er nú komið loforðum þeirra félaga, hv. 11. landsk. þm. og hæstv. iðnrh., í sambandi við þetta mál þar sem ekki orkaði tvímælis um hvaða lög væru í landinu að þeirra dómi? Hvernig standa nú mál? Jú, m. a. má fræðast um það í Morgunblaðinu í gær, með leyfi hæstv. forseta. Ég held að fróðlegt sé í þessu sambandi að líta á fjöllesnasta eða stærsta blað landsins sem svo er kallað. Þar stendur í gær:

„Iðnrh. gefi yfirlýsingu við afgreiðslu fjárlaga. Samkomulag stjórnarliðsins eftir harðar deildur um fé til jöfnunar húshitunarkostnaðar.

Harðar deilur hafa staðið yfir innan stjórnarliðsins vegna áætlaðra fjárveitinga á árinu 1984 til jöfnunar húshitunarkostnaðar, sem upphafsmenn deilnanna telja ekki nægilegar, ef framfylgja á lögum frá 1980. Þm. sem harðast gengu fram í málinu hafa m. a. hótað að leita stuðnings stjórnarandstöðunnar við flutning brtt. við 3. umr. fjárlaga eftir helgi, og töldu þeir sig hafa meiri hl. á Alþingi með slíkum brtt. Á fimmtudag tókst iðnrh. að ná samkomulagi við þm., og samþykkti ríkisstj. í framhaldi af því á fundi sínum árdegis á föstudag að heimila ráðh. að gefa út sérstaka yfirlýsingu við 3. umr. fjárl., en í henni á að felast trygging sem umræddir þm. geti sætt sig við.

Skv. heimildum Morgunblaðsins verður yfirlýsing iðnrh. þess efnis að hann muni leggja fram frv. um orkumál strax að loknu jólaleyfi þm., en frv. á m. a. að fela í sér viðtækar aðgerðir á næsta ári til aukins orkusparnaðar.

Deilur þessar hófust innan þingflokks Sjálfstfl., og hafa 4 þm., þeir Egill Jónsson, Eggert Haukdal, Þorv. Garðar Kristjánsson og Halldór Blöndal, komið þar mest við sögu. Fengu þeir síðan stuðning úr þingflokki Framsóknar, þannig að þeir töldu sig geta náð þingmeirihluta með liðsinni stjórnarandstöðu.

Með lögum frá 1980 var ákveðið að bæta 1.5% ofan á söluskattsstofn, sem ganga skyldi til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Þessari upphæð hefur þó aldrei verið skilað að fullu til upprunalegs ætlunarverks síns og barðist þingflokkur sjálfstæðismanna harðri baráttu í tíð síðustu ríkisstj. til að fá þessa upphæð í heild á fjárlög og flutti m. a. um það sérstaka till. á Alþingi. Þá gerði Sjálfstfl. máli þessu sérstök skil í kosningastefnuskrá sinni í þá veru að framfylgja ætti lögunum frá 1980. Nú munu samtals áætlaðar um 290 millj. kr. á tveimur liðum til þessa í fjárlagafrv., en þm. hafa látið reikna út, að 1.5% söluskattsstig samsvari 420—470 millj. kr.

Samkomulag iðnrh. við samherja sína felst eins og áður segir í því að hann gefi út fyrrnefnda yfirlýsingu við 3. umr. fjárlaga. Fjárveitingar á fjárl. verða því ekki

hækkaðar, en loforð gefið um að húshitunarkostnaður verði jafnaður eftir öðrum leiðum."

Þetta má lesa í Morgunblaðinu í gær og virðist nú sem samviskan rumski einhvers staðar og menn hafi ekki allir í stjórnarliðinu gleymt því hvernig þeir stóðu að því að safna atkvæðum fyrir 23. apríl s. l. þegar þeir veifuðu framan í fólk úti á landsbyggðinni: 20 þús. kr. strax í kassann hjá ykkur eða í tóma budduna hjá ykkur eftir atvikum ef þið kjósið Sjálfstfl. Það er von að samviskan sé ekki alveg í lagi hjá þessum hv. þm. En hún kostar ekki mikið. Hún kostar þá yfirlýsingu frá hæstv. iðnrh. sem hér var gefin fyrr í dag um að hann ætli að flytja hér frv., efni ótiltekið, a. m. k. óskilgreint hvað í því eigi að standa. Þetta á að nægja til að tryggja hér atkvæði hv. þm. stjórnarliðsins sem belgdu sig út fyrir kosningar með þeim hætti sem ég hef vitnað til.

En hæstv. iðnrh. sagði m. a. í sinni ræðu í dag: „Ólíkt hafast menn að", og var að bera saman við störf fyrri ríkisstj. og sín eigin ótrúlegu afrek í þessu máli. Hann er ekki allur þar sem hann er séður, hæstv. iðnrh., og hann veit af því að hann hefur hv. 11. landsk. þm. á hælunum þó, hann er ekki alveg öruggur um sig. Því fann hann upp það snjallræði strax eftir kosningar að setja hv. 11. landsk. þm. í nefnd sem kölluð er orkuverðsnefnd og sem nýverið skilaði áliti til hæstv. iðnrh. Því miður fengum við lítið að heyra um tillögurnar hennar. En hér er hv. 11. landsk. þm., höfundur þessara till., viðstaddur og hæstv. ráðh. sem hefur fengið þær í hendur svo að við ættum að geta upplýst þingheim nokkurn veginn um hvað stendur í þessum tillögum.

Það er áreiðanlega ekki tilviljun að hæstv. ráðh. hefur valið dyggan fylginaut til verka í sambandi við þetta efni. Ég kemst ekki hjá því að rifja upp ummæli sem hv. 11. landsk. þm. viðhafði í viðtali við Dagblaðið 13. ágúst s. l. í ágætri grein sem ber heitið: „Ég var fæddur undir sjálfstæðisstjörnu." (**Gripið fram í:** Alveg rétt.) Menn geta nú aðeins spáð betur í spilin þegar þeir lesa hvað þar stendur eftir hv. 11. landsk. þm. og áttað sig á hvernig hæstv. iðnrh. fer að því að beisla hann og þá orku sem í honum er fólgin. Hann er spurður um úrslitin í síðustu kosningum, hvort þau hafi ekki komið honum á óvart. Og hv. þm. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég fékk heldur betri útkomu en ég bjóst við að gæti orðið það besta. Það skildi mikið á milli okkar Sverris Hermannssonar, hann hafði yfirburði í fyrsta sætið en þegar upp var staðið fengum við flestöll atkv. báðir" hvernig svo sem á að skilja það. (**Gripið fram í:** Þetta er í sambandi við prófkjörið.) Nú, það var prófkjörið. Þá fengu þeir flest atkv. báðir, já, já. En ekki mátti á milli sjá svo að hæstv. ráðh. þarf nú að gæta sín. „Svo gengu kosningarnar yfir og enn voru margir, kannske enn þá fleiri, sem voru vissir um að ég næði kjöri. Úrslitin 1979 hljóta að teljast hending en útkoman í ár er það ekki. Við bættum okkur meira en Sjálfstfl. gerði í nokkru öðru kjördæmi og fengum hærra hlutfall og miklu fleiri atkv. en flokkurinn hefur fengið nokkru sinni áður eða 400 atkv. fleira."

Menn muna eftir greininni sem var skrifuð fjórum dögum fyrir kosningar. 20 þús. kr. til hvers heimilis, hið stolna orkujöfnunargjald sem skila skal strax að kosningum loknum. Og áfram segir hv. þm.:

„Þetta gerir það að verkum að við erum tveir, Sverrir er ráðherra og Austfirðingar hafa nú með vissum hætti áhugaverðasta embættið í þessari ríkisstj., orku- og iðnaðarmál. Auðvitað verður eftir því litið að drengurinn standi sig. Svo verð ég væntanlega áfram í fjvn. og við skulum vona að völdin minnki ekki við að komast í stjórnaraðstöðu. Og þið skulið ekki láta líða yfir ykkur þó ég komist á þing næst."

Þetta hafði hv. 11. landsk. þm. að segja landsmönnum. Hann er ekki enn þá ráðh. í þessari grein „Undir sjálfstæðisstjörnu".

En hv. eftirlitsmaður, 11. landsk. þm., þyrfti nú að fara aðeins að athuga málin, að rækja hlutverk sitt, að hafa eftirlit með því að drengurinn standi sig, því að hvernig hefur þetta gengið upp með orkujöfnunargjaldið sem átti að skila með lækkun húshitunarkostnaðar? Niðurstaðan að þessu ári senn loknu er sú að lækkunin sem lofað var fyrir kosningar hefur orðið hækkun á orkukostnaði sem nemur um mánaðarlaunum lágtekjumanns, þess sem tekjutryggingu hefur, helmingurinn þar af vegna hækkaðs húshitunarkostnaðar.

Hæstv. ráðh. var í ræðu sinni við umr. áðan að reyna með galdratali eða tali sem honum er nokkuð lagið miðað við það að menn fari ekki of djúpt ofan í saumana á því sem verið er að segja að draga fjöður yfir hvað hefði gerst í þessum efnum síðan hann tók við völdum. 150 millj. voru tryggðar til að auka niðurgreiðslur á orku. En hvert lentu þær 150 millj., skattpeningur landsmanna? Þær nægðu ekki til að vega upp gjaldskrárhækkanirnar sem hæstv. ráðh. hefur heimilað Landsvirkjun og orkuveitum í landinu að taka til baka af landsmönnum. Hækkunin hefur orðið 17.4% að meðaltali þrátt fyrir niðurgreiðslur og þá ekki tekið tillit til þeirrar nærri 30% kauplækkunar sem hæstv. ráðh. og hans ríkisstj. hefur staðið fyrir á sama tíma.

Í leiðinni býsnast hæstv. ráðh. yfir því að ríkisstj. fyrrv. tók sér alræðisvald í orkuverðsmálum með mikilli hneykslan yfir þeim brbl. sem sett voru í apríl til að hið opinbera, ráðh. orkumála, gæti haft eitthvert eftirlit með gjaldskrám veitufyrirtækja. Hann vill ekkert slíkt vald hafa. Hann vill vera stikkfrí. Þetta á bara að ganga yfir. Nei, þetta er ólíkindatal svo ekki sé meira sagt.

Hæstv. ráðh. sem er orðhagur maður eins og þekkt er talaði um rasshandarrekstur ef ég hef náð því rétt niður sem hann sagði hér í dag. Þekkja hv. þm. þetta snilliyrði, rasshandarrekstur, sem mér skilst að hafi verið á orkufyrirtækjunum í landinu þegar hann tók við að hans dómi? Ekki hefur verið neinn rasshandarrekstur í sambandi við húshitunarmálin ef marka má stýringu og stjórn hæstv. ráðh. á þeim málum síðan hann tók við. Nei, það á ekki að vera neinn horbúskapur, sagði hæstv. ráðh., hjá orkufyrirtækjunum. Þar má ekki vera neinn horbúskapur en heimilin í landinu mega leggja á sig, þau mega taka á sig byrðarnar til þess að standa undir skattinum til stóriðjunnar í landinu til þess að Landsvirkjun geti borið sig á pappírnum og skilað sléttum reikningum. Hæstv. ráðh. segist ætla að skila þar 53 millj. kr. í hagnað á þessu ári. Það verður nú búskapur í lagi. En heimilin í landinu? Það kemur eitthvert frv. eftir áramótin og svo sjáum við til, segir hæstv. ráðh.

Já, það er margt athyglisvert, sem hæstv. ráðh. segir. Ég vil nú ekki tjá mig um heildarskipulag orkumála að svo komnu en þó er hann inni á einföldun. Hann er á því að Landsvirkjun verði sem mest ein í orkuvinnslu og sölu. Það eru hans hugmyndir. Hvaða lög voru sett hér

með atkv. hæstv. ráðh. þann 12. mars s. l.? Voru þau ekki þess efnis að Landsvirkjun yrði að mestu ein í orkuvinnslu og sölu? Um hvað er hæstv. ráðh. hér að tala? En þetta fyrirtæki sem við höfum tryggt nokkurn veginn einokun í raforkuframleiðslu í landinu má ekki hafa eftirlit af hálfu hins opinbera. Það á bara að vera frjálst í sinni verðlagningu, það má taka sem því þóknast. Þetta er boðskapurinn, þetta er samhengið.

Svo er að því ýjað í Morgunblaðinu í gær að nokkrir framsóknarmenn ætli að mynda sig til að veita hv. þm. Sjálfstfl. sem eitthvað eru með órólega samvisku — kannske hv. 11. landsk. þm. — einhvern stuðning til að bæta þar úr. Mál var til komið að maddaman færi aðeins að rumska. Því að svo sérkennilegur sem loddaraleikur Sjálfstfl. var fyrir kosningar í þessu máli verður þó að segjast svo að öllu sé til haga haldið að enn dæmalausari var málafylgja Framsfl. á þeim vikum og mánuðum því að sá flokkur átti þó að heita í stjórnaraðstöðu, í stjórnarsamstarfi við Alþb. Við gátum séð í gegnum fingur með eitt og annað við stjórnarandstöðuna á þeim tíma þó hún reyndi að fleyta sér billega og veifa 20 þús. kr. inn á hvert heimili dagana fyrir kosningar bara ef þeir fengju völdin. En Framsfl. stóð að því með Alþb., Sjálfstfl. og Alþfl. að skila tillögum um tekjuöflun til niðurgreiðslu raforku með sameiginlegu nál. 28. jan. s. l. En hvað gerði þingflokkur Framsfl. þegar hann fékk þetta samróma nál. í hendur? Nauðsynlegt er að rifja það aðeins upp, það er stutt lesning varðandi afgreiðslu á þessu nál. Þar segir:

„Þingflokkur Framsfl. gerði hins vegar svofellda samþykkt 15. febr. 1983 sem viðskrh. kynnti í ríkisstj.“ Svo kemur ályktunin:

„Þar sem ekki hefur enn tekist að ná fram hækkun á orkuverði til stóriðju sem nýta mætti til niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar samþykkir þingflokkur Framsfl. að ríkissjóður greiði niður til bráðabirgða verð á rafmagni til húshitunar af orkujöfnunargjaldi skv. lögum nr. 12/1980 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. frá 5. maí 1982.“

Þannig fór um það nál. Stærsti stjórnaraðilinn neitaði með þessari samþykkt að standa að tekjuöflun sem tekin var ákvörðun um í efnahagsráðstöfunum ríkisstj. 21. ágúst 1982. Hann smeygði sér undan með þessum hætti að vísa til tekna sem allir þm. hans höfðu staðið að að skipta upp við gerð fjárlaga ársins 1983, tekjum af svokölluðu orkujöfnunargjaldi. Og ekki nóg með það. Hefði nú Framsfl. bara viljað fresta þessu fram yfir kosningar, en þetta var bara eitt af aðalkosningamálum framsóknarmanna í baráttunni við Alþb., a. m. k. út um dreifbýlið. Ég veit að hv. þm. Stefán Valgeirsson sem er sá eini framsóknarmaður sem hefur haldið út að hlusta á þessa umr. getur staðfest þetta því að hann þarf ekki langt að leita. T. d. má þann 12. apríl 1983 lesa í flokksmálgagninu:

„Orkujöfnunargjaldið ekki notað í niðurgreiðslur. Hægt væri að lækka orkuverð til heimila verulega, segir Guðmundur Bjarnason.“

Nauðsynlegt er að halda til haga hvernig Framsfl. fór þó að því að halda þessum atkvæðum úti um landið, hvaða aðferðum var beitt til þess þó að þeim fækkaði nú um 7 þús. svona á heildina litið. Það var ekki síst með málflutningi af þessu tagi, heiðarlegum eða hitt þó heldur. Í þessu sama tölublaði Tímans segir:

„Greinilegt er að ekki er notaður nema hluti af orkujöfnunargjaldi til að greiða niður raforku. Gjaldið nemur um 300 millj. kr. og auk þess eru á fjárl. veittar 70 millj. kr. til verðjöfnunar á orku. Rúmar 100 millj. kr. eru notaðar til niðurgreiðslu. Ályktanir þingflokks framsóknarmanna um að orkujöfnunargjaldið gangi til að jafna orkuverð hafa verið virtar að vettugi af iðnrh. og fjmrh. Þeir sýna engan vilja til verðjöfnunar og gjaldið fer til annarra hluta að miklu leyti.“

Og síðan segir í sama blaði:

„Fjölmörg heimili og byggðarlög sem þannig eru í sveit sett að njóta ekki ódýrrar hitaorku greiða óheyrilegar fjárhæðir í hitunarkostnað á meðan orkujöfnunargjaldið rennur greiðlega í ríkissjóð en treglega úr honum.“

Og síðar í sömu forsíðugrein:

„Með því að nota allt orkujöfnunargjaldið til niðurgreiðslna á orku til þeirra sem mest greiða væri hægt að lækka rafmagnsreikninga heimilanna verulega en iðnrh. og fjmrh. þverskallast við og eyða peningunum í annað.“

Vitnað er í viðtal við hv. þm. Guðmund Bjarnason sem ekki hefur séð sér fært að vera á þingfundi í kvöld eða koma til þessarar umr. þó að ég hafi sérstaklega eftir því óskað og hann hafi fengið þau boð. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason, einn af þessum ungu efnilegu þm. Framsfl. sem komu inn 1978 og enn lafir inni á þingi — **(Gripið fram í:** 1979.) 1979, já, það er rétt. Ég þakka hv. 11. landsk. þm. fyrir, hann kom inn um svipað leyti, þeir voru félagarnir samferða inn á þing. Þessi hv. þm. sem gjörla má vita er í hálfsíðugrein í Tímanum þann 12. apríl m. a. spurður af blaðamanni:

„Ætluðust þm. ekki til að þetta fé færi til orkujöfnunar þegar lögin voru samþykkt?“ Og hv. þm. svarar: „Það var meiningin, en illa hefur gengið að jafna orkureikningana. Í vetur gerði þingflokkur framsóknarmanna samþykkt um að aukin yrði niðurgreiðsla á rafmagni af orkujöfnunargjaldinu, og sýndi það ótvíræðan vilja okkar í þessu efni. Eðlilega átti ríkissjóður að bera þann kostnað sem yrði vegna niðurgreiðslu. Þessu hefur lítt verið sinnt. Að vísu er búið að greiða smáræði niður í þremur áföngum ...“ o. s. frv.

Og síðar svolítið:

„Hvað væri hægt að lækka orkureikninginn mikið ef 1.5% af söluskatti færi til niðurgreiðslna? Það væri mikið, ég þori ekki að nefna það nákvæmlega. Það er talið að til þess að ná því marki sem við settum okkur í haust, sem er sambærilegt við nýjar hagkvæmar hitaveitur, þyrfti að leggja fram um 100 millj. kr. á verðlagi í desember.“

Og áfram heldur þm. og er spurður:

„Hverjir standa í veginum fyrir að orkujöfnunargjaldið er ekki notað nema að hluta til niðurgreiðslna? Það er auðvitað iðnrh. sem fer með þessi mál og fjmrh. heldur utan um ríkissjóð og komu þeir í veg fyrir að tillaga okkar um greiðslur úr Orkujöfnunarsjóði næðist fram. Hins vegar virðist ekki ávallt skorta fé, eins og þegar t. d. heilbrrh. lét sér detta í hug skömmu fyrir kosningar að greiða niður tannlæknakostnað úr ríkissjóði, þótt ekki væri hægt að finna fjármagn í sama sjóði til þess að jafna orkuverðið meira en þegar er gert.“

Og í lokin segir hann í þessu viðtali:

„Á meðan ekki er hægt að sýna vilja og getu til að ná fram stórhækkuðu orkuverði frá ÍSAL er í rauninni ófært að leyfa sér að nota ekki allt orkujöfnunargjaldið

til að greiða niður orkuverðið til þeirra heimila sem eru að kikna undan kostnaðinum."

Og ekki má gleyma garminum honum Starkaði sem daginn eftir vitnaði svo með einkar smekklegum hætti feitletrað í Tímanum í orkujöfnunargjaldið og Hjörleif og Ragnar sem stela þessu gjaldi þrátt fyrir hatramma baráttu Framsfl. um annað, verja sem sagt meira en ⅔ hlutum fjármagnsins í önnur útgjöld á vegum rn. sinna, segir Starkaður og annað af þeim toga. Ég vísa mönnum á að lesa þessi fræði, lesa rekstur kosningabaráttu Sjálfstfl. og Framsfl. úti um landið fyrir síðustu kosningar. Það var ekki síst með málflutningi af þessu tagi: 20 þús. kr. innan fárra daga ef þið kjósið mig. Það eru þeir vondu menn, Alþb.- menn, sem stela þessu frá ykkur fram hjá lögum. — Þetta var innihaldið og hverjar eru svo efndirnar? Hvar standa þessir menn nú? Hvar eru þessir menn sem þannig mæltu fyrir kosningar og ætla að láta hæstv. iðnrh. stinga upp í sig með loforðum um eitthvert frv. eftir áramót? Hér er slíkur leikur í gangi að óhjákvæmilegt var að víkja að þessu máli í tengslum við þessa fjárlagaafgreiðslu til að sýna fram á þennan svívirðilega loddaraleik því að ekki er hægt að kalla það öðru nafni sem hér er viðhaft.

Orkukostnaður heimilanna lækkar lítið þó að 11. landsk. þm. komi með tillögur og smeygi á borðið til hæstv. iðnrh. á meðan ekki er gert fleira. Hvenær á að koma að þessari lækkun hv. 11. landsk. þm.? Hvenær á að lækka húshitunarkostnaðinn? Það þarf þó nokkuð til að ná því stigi til baka sem hæstv. iðnrh. hefur hækkað orkukostnaðinn síðan fyrir kosningar. Það kostar nú skildinginn. Gaman væri að fara að sjá framan í eitthvað af efndunum í þessu máli. Hv. 11. landsk. þm. hlýtur að átta sig á því að eitthvað af þessum 11 atkv. sem fleyttu honum inn á þing kunni að hafa fallið til út á málflutninginn, út á greinarnar, út á ræðurnar sem hann flutti fyrir síðustu kosningar.

En Landsvirkjun skal ekki rekin með halla, segir hæstv. iðnrh. Það er meginmálið. Megi það kosta hvað sem er og ég ætla að skila henni hagnaði á næsta ári. 53 millj. hækkun á orkuverði til stóriðju. Jú, gott ef Alusuisse þóknast að greiða eitthvað til okkar. En það er nú sýnd veiði en ekki gefin og hæstv. iðnrh. er nú farinn að átta sig á því. Ég hef tekið eftir því hvernig hann hefur hagað orðum sínum um þetta mál hér að undanförnu.

Á það er lögð áhersla af hv. stjórnarsinnum og fyrr af hv. stjórnarandstæðingum að ég hefði gegnið fram með offorsi að þessu fyrirtæki, ég hafi alltaf klifað á því að þar væri lykillinn til þess að fá inn eðlilegar tekjur af orkusölu í landinu. Af þeirri braut verði nú að hverfa og hvergi með síðuðum þjóðum hagi menn sér með svipuðum hætti. Hæstv. iðnrh. hefur látið segja sér það og fengið um það greinargerðir og skýrslur og hv. 4. þm. Reykv. sem stendur í því að afla upplýsinga um þessi efni fyrir hæstv. ráðh., m. a. í stóriðjunefnd.

Hv. 4. þm. Reykv. hefur væntanlega greint hæstv. iðnrh. frá hvað Grikkir hafa gert núna nýlega. Hefur hann ekki komið því til skila? (**BÍG:** Ekki má maður koma inn í salinn, þá er byrjað að punda á mann.) Hefur hv. 4. þm. Reykv. ekki komið því á framfæri við hæstv. iðnrh. hvað Grikkir gerðu í þessum efnum í samskiptum við álverið í Grikklandi sem er erlent fjölþjóðafyrirtæki að 60% í eigu franska fyrirtækisins Pechiney? Sjálfsagt hefur hv. 4. þm. Reykv. þegar sagt iðnrh. frá því en hæstv. iðnrh. hefur ekki greint okkur frá því hér á Alþingi. En um það má lesa í Metal Bulletin þann 29. nóv. Hvað gerðu grísk stjórnvöld? Jú, þann 2. nóv. s. l. hækkuðu þau orkuverðið til álvers þar í landi, dótturfyrirtækis sem ber nafnið Aluminium de Grec upp á frönsku, úr 15 millum sem þeir greiddu í 21 mill. Og þeir boðuðu meiri hækkun úr 21 milli í 25 mill fljótlega fullverðtryggt. Ráða má af grein Metal Bulletin að álverið greiði þessi 21 mill en hafi vísað viðbótarhækkunarkröfunni til gerðardóms. Þannig er gengið fram í Grikklandi.

Verðið sem þarna er um að ræða er rétt rúmlega það sem metið er framleiðslukostnaðarverð hér á Íslandi núna, það verð sem við þurfum að fá, það verð sem vantar hér til þess að geta lækkað orkuna til heimilanna í landinu, en sem þessir hv. stjórnarsinnar telja að verði að sækja á hnjánum til hins erlenda auðfélags.

Herra forseti. Sú sérkennilega ræða, sú reyksprengja sem hæstv. iðnrh. kastaði hingað inn í dag við 3. umr. fjárlaga, yfirlýsingin sem Morgunblaðið greindi frá í gær, var til þess fallin að stinga upp í það lið í Framsfl. og Sjálfstfl. sem var eitthvað órólegt vegna frammistöðunnar í sambandi við húshitunarkostnaðinn í landinu, var með svolítið slæma samvisku vegna skrifanna og ræðnanna sem haldnar voru fyrir síðustu kosningar, forsíðufyrirsagnanna í Tímanum, Þingmúla og Morgunblaðinu: „Orkujöfnunargjaldið ekki notað í niðurgreiðslur". Og það skyldi nú ekki vera að Starkaður heyrði orð mín hér. Hann hafði sitthvað mjög skemmtilegt um þetta að segja sem ég hef þegar vitnað til.

Ég held að almenningur í landinu þurfi aðeins að líta til þessara orða og þeirra efnda sem eru við afgreiðslu þessara fjárl. í þessu máli, hvernig þar er staðið að. Ekki er alveg víst að langlundargeð þess fólks sé hið sama og sofandi samviska þeirra þm. sem reyndu að afla sér atkvæða vikurnar fyrir síðustu kosningar með þeirri túlkun sem ég hef hér viðhaft í sambandi við húshitunarkostnaðinn. Það væri efni í heila bók, en hér skal ekki meira sagt að sinni.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er nú heldur dapurlegt að sjá hversu fámennt er hér að hlusta á mikilvægar umr. um þjóðmálin og fjármálin. Það væri athugandi fyrir hv. 4. þm. Austurl., af því að ég vil auðvitað að það sé hlustað á þm. Austurl., hvort hann ætti ekki að nota styttri tíma og vera gagnorðari svo að einhver nennti að hlusta á tal hans. Þetta eru slíkar langlokur að menn gefast upp á þessu. Þetta er vinsamleg ábending.

Mér var sagt frá því að fyrr í kvöld hefði hv. 3. þm. Reykn. varpað fram þeirri fsp. til mín með hvaða hætti ég hygðist skylda, eins og það mun hafa verið nefnt, olíukyndurum að breyta til og taka í notkun innlenda orkugjafa. Það þekkja allir sem þekkja vilja með hvaða hætti hægt er að stuðla að þessu og það er með því að heimildir eru til þess í lögum og reglugerðum að svipta þá olíustyrk sem eiga kost á innlendum orkugjöfum. En ég bætti því við að svo einfalt er málið að vísu ekki að mínum dómi, heldur tel ég að þurfi að koma til hjálpar þessum aðilum. Og ég nefndi sérstaklega að það ætti ekki að vera umhendis fyrir það opinbera að láta af hendi rakna til þessara þarfa þann styrk sem nú er verið að greiða niður vegna olíunotkunarinnar. Ég þykist

samt vita að fleira þarf til. En hér er um afar mikilvæga stefnu og framkvæmd hennar að tefla, sem er ekkert nýtt fyrirbrigði, og minni ég á að þegar olíuverðsprengingin varð á sínum tíma voru á milli 40 og 50% allra húsa í landinu hituð með erlendum orkugjafa, olíunni. Þetta hafa menn nýlega fengið að sjá skýrslur um, að það virðist nokkuð auðgert að tengja öll hús, að undanskildum um 350 eða svo, við innlendan orkugjafa og leggja til hliðar erlendu olíuna. Að þessu verður stefnt, en auðvitað kostar það fjármuni, auðvitað kostar það fyrirhöfn og auðvitað kostar það óróður. Það verður enginn skyldaður með öðrum hætti en þeim sem ég hef nú nefnt.

Það er svo að heyra á málflutningi þeirra Alþb.-manna sem vandi húshitunarinnar sé alveg nýr af nálinni. Það er eins og hann hafi alls ekki verið til hér meðan þeir fóru með völdin. A. m. k. báru fjárveitingar á síðustu fjárlögum ekki vitni um að þeir gerðu sér grein fyrir að hann væri til. En þegar við höfum hækkað framlag til niðurgreiðslu rafhitunar um 700% hvíslast þeir á um hvernig menn ganga á bak yfirlýsingum sínum og loforðum. Ég hef ekki dregið neina dul á þá túlkun Sjálfstfl. á lögunum frá 1980 að 1.5 söluskattsstig skyldi að hans dómi renna til þessara þarfa. Það höfum við aldrei gert. En það voru þeir sem settu lögin sem túlkuðu þau með öðrum hætti og fullvissuðu menn um að það hefði ekki annað legið á bak við þá lagasetningu. Og þeir fóru náttúrlega næst um það sjálfir hvað þeir áttu við með setningu laganna.

Það var áreiðanlega löngun allra sem að þessum málum unnu að ná öllu þessu fjármagni til þessara þarfa nú. En hvað hefur núv. hæstv. ríkisstj. gert? Hún hefur lagt fram um 450 millj. af nýju fjármagni með því sem nú er á fjárlögum til þessara þarfa. 150 millj. kr. á árinu sem er að líða til viðbótar við þær 35 til rafmagnsniðurgreiðslunnar og 29 til olíuverðsniðurgreiðslunnar sem voru látnar af hendi rakna af þessum tveimur herramönnum sem sitja hér fyrir framan mig, hv. 3. þm. Norðurl. v. — eða er hann 4.? (**RA:** Hann er nú 3.) Hann er 3., já, hann stendur sig nokkuð vel reyndar — og hv. 5., síðasta, þm. Austurl., fyrrv. iðnrh. og fjmrh. 35 millj. kr. voru til niðurgreiðslu rafhitunar, en hér standa þeir á blístri af hneykslan yfir 230 millj. sem nú má finna. (Gripið fram í.) Rétt er það að við liggjum undir áföllum og ekki vegna þess að við höfum ekki verið menn til að standa við loforð okkar. En hvers vegna er það aðallega, hv. 5. þm. Austurl., sem okkur er ófært að standa við þessi okkar dýru loforð og þurfum til þess ráðrúm og tíma? Það var vegna þess hvernig skilið var við af þessum sömu herramönnum aðallega sem sitja hið næsta mér, hvernig við allan fjármálabúskap þjóðfélagsins var skilið af síðustu ríkisstj. Þarf að fara fleiri orðum um það? Þarf að setja langar tölur á um gjaldþrotabúskapinn, greiðsluþrotabúskapinn, sem hvarvetna blasti við? Fjárhagur ríkisins hefði áreiðanlega ekki þurft að standa miklu betur til þess að við hefðum samt tekið til þessara þarfa það sem við höfðum lofað að gera. En það hefur kostað tíma vegna þess að allt var þetta á hverfanda hveli.

Það hefur kostað tíma að skipuleggja þessi mál. Það hefur verið unnið hörðum höndum að því alveg frá því að þessi ríkisstj. tók við völdum. Og það er nýbúið að skila verki, vel unnu verki, sem ég hygg að megi byggja á í framtíðarskipulagi málanna. Ég endurtek þá yfirlýsingu mína að hér verður lagt fram frv. til laga sem markar fastmótaða stefnu í þessum sökum. Ég upplýsi enn fremur að ríkisstj. er ákveðin í því, að ef þeir fjármunir sem til þessara þarfa eru ætlaðir nú hrökkva ekki til muni málið tekið til sérstakrar athugunar á næsta ári. Okkur er nefnilega fullkomin alvara að koma til hjálpar þeim sem í erfiðleikum eiga þessa vegna. Okkur er fullkunnugt um ástæður þeirra. Við erum minnugir þeirra yfirlýsinga og loforða sem við höfum gefið þótt við séum ekki í bili færir um að standa við þær yfirlýsingar til fullnustu. En hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kveinkar sér auðvitað. Hann er sár og ákaflega móður frá því að hann fékkst við þessi verk og ekkert gekk, komst hvorki lönd né strönd í einu eða neinu, hvort heldur sem það var stóriðja eða með öðrum hætti að stjórna orkumálum okkar. Það er ljótt að þurfa að standa hér uppi og minna á þetta, sem að vísu allir vita. Ég tek það nærri mér því að mér er heldur vel til þessa manns persónulega. (**HG:** Það eru breyttir tímar.)

Í tillögum orkuverðsnefndar eru gagngerðar tillögur sem ég, eins og ég segi, hygg að megi byggja á framtíðarstefnu okkar í þessu, sem muni koma þeim sem örðugast eiga, sérstaklega og fyrst og best þeim, til hjálpar í þessum sökum. Á því er enginn vafi. Þetta verður framkvæmt og á því munu menn taka og á því munu þeir taka á sjálfum sér, sem örðugast eiga, að þeim verður komið til hjálpar. En þegar menn leyfa sér að halda því fram að afkoma orkuveitnanna og Landsvirkjunar hafi engin áhrif eða skipti engu máli í sambandi við lausn þessara mála sýnir það betur en nokkuð annað sem ég hef komist að raun um, að undantekningarlítið hafa Alþb.-menn ekkert vit á fjármálum — alls engan á rekstri og lítið sem ekkert á fjármálum. Það er einn einasti maður eða einn og hálfur eða svo í þau 16 ár sem ég hef bráðum átt sæti á þingi sem hefur haft einhvern urmul af viti á fjármálum. Það eru hv. þm. Geir Gunnarsson og Lúðvík Jósepsson, þegar hann vildi það viðhafa sem sjaldnast var. En hitt er urinn akur og þar með talinn hv. 3. þm. Norðurl. v., svo hörmulegt sem það nú var. (Gripið fram í.) Ragnar Arnalds, svo að enginn misskilji málið, enda hefði það ekkert misskilist. Það vita allir, þegar maður tekur djúpt í árinni með óvitið í fjármálum, við hvað maður á.

Hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson, spurði hvort ætti að kynda með nýjum lögum. Hann vissi hvernig átti að fara að því á þessu ári. Þá dugðu 35 millj. til þess arna. En hann veit ekki hvernig á að fara að því að beita 230 millj. + 61.5 í þessu skyni. Það eru gripir þetta, ég segi það satt, svo að ég minnist orðatiltækis Einars í Hvalnesi. Þetta eru gripir, ég segi það satt!

En ég þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta. Mér er ljóst að við eigum óunnin verkin að mestu. Við höfum aðeins gert bráðabirgðaráðstafanir í þessu skyni, en á bak við þær yfirlýsingar sem ég gaf um setningu laga til úrbóta í þessum efnum liggur fullkomin alvara, sem menn eiga eftir að þreifa á. Það skal ég fullvissa þá um og þarf ekki fleiri orð um að hafa. Það ljós mun renna upp fyrir mönnum innan rúms mánaðar eða svo.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þetta er orðinn heilmikill málfundur, sem hér er haldinn, kappræðufundur, og vissulega er alltaf gaman að taka þátt í kappræðum. Af hálfu okkkar Alþb.-manna hefur verið gerð skýr grein fyrir afstöðu okkar til þessa fjárlagafrv.

og þar er ekki ástæða til að bæta neinu við umfram það sem komið er og síst af öllu er ástæða til að kippa sér upp við þær afskaplega þunnskornu sneiðar sem að mér voru réttar áðan af seinasta ræðumanni. Svo þunnar voru þær að þær teljast ekki svara virði. Ég vek líka athygli á því að nú nálgast miðnætti og við eigum eftir að afgreiða allmörg mál í báðum deildum. Við eigum líklega eftir að leiða tekjuskattsmálið gegnum þrjár umr. og hafa hér umr. um kosningamál og við eigum eftir að fjalla um fiskveiðimál í Ed. í tveimur umr. og því kannske eðlilegt ef ekki er þeim mun meiri þörf á að reyna að stytta þessa umr. eins og kostur er. Mín reynsla er nú sú, að þau orð sem falla síðla kvölds við 3. umr fjárlaga falli gjarnan í grýtta jörð og fáir sem þau heyra og allra síst fjölmiðlar.

Ég stend hér upp einungis til að mæla fyrir till. sem ég flyt og skýrir sig sjálf. Þó þykir mér rétt að mæla fyrir henni hér. Það er till. á þskj. 288 þess efnis að fjárveiting til flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli falli niður. Um þetta mál hafa þegar orðið talsverðar umr. hér í þinginu í vetur og nú seinast fyrir tveimur dögum í Ed., þar sem þetta mál er sérstaklega á dagskrá.

Í þessari till. er í 2. lið vakin athygli á því að þessu fjármagni mætti verja með talsvert skynsamlegri hætti en ætlunin er að gera með fjárveitingu í flugstöð á Keflavíkurvelli, fjárveitingu sem öll er tekin að láni. Það er till. okkar að áfram sé unnið að hönnun flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurvelli og að því stefnt að hún verði af hæfilegri stærð en nú er áformað og hún sé einungis ætluð til afnota fyrir Íslendinga í millilandaflugi þeirra og til að sinna þörfum þeirra sem millilenda hér á landi á ferð sinni yfir Atlantshaf.

Það ætti að nægja að verja 10 millj. kr. til endurhönnunar á flugstöðvarbyggingunni, en jafnframt leggjum við þá til að 43 millj. sé varið sem fyrstu greiðslu til kaupa á nýrri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna í stað þeirrar sem fórst. Það er enginn vafi á því að björgunarþyrlan, sem Landhelgisgæslan eignaðist og átti í allt of skamman tíma, sannaði mikilvægi sitt og við ættum öll hér á Alþingi að gera okkur ljóst að slíka vél þurfum við Íslendingar að eiga og verðum því að endurnýja. Því er þetta mál hér flutt að ekki bólar á því í fjárlagafrv. að ætlað sé fé í þessu skyni og við teljum það mjög við hæfi að taka fé til fyrstu greiðslu til kaupa á þyrlu af því fé sem ætlað er til byggingar flugstöðvar.

Í þriðja lagi leggjum við til að 50 millj. kr. sé varið til kaupa á öryggistækjum og til lagningar slitlags á flugvelli landsins. Þessi upphæð er ekki valin af neinni tilviljun. Hér er einfaldlega um að ræða að tvöfalda framlag það sem varið er til kaupa á öryggistækjum og til uppbyggingar á flugvöllum landsins. Það er enginn vafi á því að fjármagn til þeirra hluta er alltof lítið og jafnvel mundi tvöföldun þess fjármagns, sem til þessara hluta gengur, vera í sjálfu sér ónógt miðað við þarfirnar, en þó væri hér um geysilega mikla framför að ræða ef um tvöföldun yrði að ræða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till. og þar sem ég vil svo sannarlega stuðla að því að þessari umr. fari senn að ljúka með því að vera sem fáorðastur læt ég þessi orð nægja.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ætli það væri hægt að kalla í hæstv. heilbrh.- og trmrh., ef hann væri hér enn þá í húsinu, í tilefni af nokkrum orðum sem mér finnst ég eiga vantalað við hann eftir þá ræðu sem hann hélt áðan? (**Forseti:** Það skal verða athugað.) Þakka þér fyrir.

Í ræðu minni fyrr í kvöld ræddi ég nokkuð um þann skatt sem gengur undir nafninu „sjúklingaskatturinn" og ég spurði hæstv. heilbr.- og trmrh. nokkurra spurninga í sambandi við þennan skatt jafnframt því sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh. ýmsar aðrar spurningar, bæði varðandi B-álmu Borgarspítalans og nýja starfsemi á daggjaldaspítulum á næsta ári. Ég fékk hjá hæstv. ráðh. nokkuð skýr svör varðandi sumt af því sem ég spurði um, t. d. í sambandi við nýja starfsemi á daggjaldaspítulum á næsta ári. Í svari ráðh. kom fram hvaða stofnanir það eru sem ætlunin er að hefji starfsemi á næsta ári, þ. e. ein hæð í B-álmu Borgarspítalans, SÁÁ sjúkrastöðin í Grafarvogi og auk þess gamla sjúkrahúsið á Selfossi, sem nú hefur verið gert upp til að reka þar hjúkrunarheimili. Ráðh. greindi einnig frá því að það væru horfur á að hluti af þeim deildum sem tilbúnar eru á Landspítalanum yrði tekinn í notkun á næsta ári. Það var þó ekki alveg ljóst af máli ráðh. hvað það væri sem verður kannske látið standa autt hluta ársins, en það virtist vera eitthvað vegna þess að fjármuni skortir til að setja starfsemina af stað. En á Landspítalanum eru nokkrar deildir tilbúnar, þ. e. sú deild þar sem taugasjúkdómalækningar hafa verið á Landspítalanum, en flust út í geðdeildarhús. Þar er ætlunin að koma fyrir aðstöðu til bæklunarlækninga auk þess sem gert er ráð fyrir að iðjuþjálfun hefjist á Kópavogshæli á næsta ári.

Ég tel, að það sé sérstakt fagnaðarefni og ástæða til að undirstrika að það skuli vera komin iðjuþjálfun á þessum stað. Ég held að það sé í rauninni svo að við hefðum þurft að sinna Kópavogshælinu miklu betur á liðnum árum en gert hefur verið og það á jafnt við um mína tíð sem heilbrmrh. og annarra.

Hæstv. ráðh. vefengdi þær tölur sem ég var með í sambandi við Vegagerðina, en ég benti honum á að hlutfall í Vegasjóð af bensíntekjum á þessu ári væri 52.6% eða nokkru hærra en ríkisstj. hefur í hyggju að láta á næsta ári, þ. e. 50% eins og kom fram í yfirlýsingu hv. þm. Lárusar Jónssonar, og ég fullyrti að þarna væri um lækkun á hlutfalli að ræða. Hæstv. ráðh. taldi að þetta væri til komið vegna þess að ég hefði lært einhverja aðra tegund af prósentureikningi en hæstv. samgrh. Það er nú ekki. Ég tel að þarna hafi verið tekin með öll framlög ríkissjóðs á árinu 1983. Hugsanlegt er að þarna sé tekið með inn í myndina það framlag úr ríkissjóði sem veitt hefur verið núna undir lok ársins vegna veggjaldsins sem ekki var lagt á og það sé það sem raski þessum hlutfallstölum eða breyti, en allt um það hafði ég þessa tölu, um 52.6% á árinu 1983, eftir framsöguræðu fyrir minni hl. fjvn. sem hv. þm. Geir Gunnarsson flutti hér í dag, að það væri 52.6% af tekjum ríkisins af bensíni sem færu í Vegasjóð á þessu ári, en 50% á næsta ári. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að athuga þessar tölur nánar síðan ég fékk þær upp í dag. Ég held að þarna sé örugglega alveg rétt reiknað og ábyggilega ekki fengið með neinni annarri tegund af prósentureikningi en tíðkast almennt og margir hafa lært hér t. d. eftir Elíasi nokkrum Bjarnasyni, sem var sá maður sem fræddi flesta Íslendinga í reikningi fyrr á öldinni. (**Gripið fram í:** Og samdi námsbækur?) Og samdi nokkuð góðar námsbækur.

Síðan kom hæstv. ráðh. að B-álmu Borgarspítalans

og ég tel ástæðu til að þakka honum fyrir þau svör sem hann þá gaf. Ég skildi hann þannig, að að vísu væri ekki hægt að gera ráð fyrir á þessu stigi hvaða upphæð þetta yrði nákvæmlega, en mér sýnist að fjárráð Framkvæmdasjóðs aldraðra séu þannig að unnt eigi að vera að koma nokkuð myndarlega til móts við B-álmuna á næsta ári. Ég ætla ekkert að þýfga hann um það frekar, enda tilgangslaust vegna þess að stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur ekki komið saman. Hins vegar gat hæstv. ráðh. þess, að hann mundi bera það undir fjvn., eins og hann orðaði það, áður en gengið verður frá framlögum úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 1984. Ég tel að það sé góðra gjalda vert og það sé að mörgu leyti skynsamleg aðferð að hafa það svo.

Hæstv. ráðh. svaraði spurningum skýrt og vel í sambandi við samgrn., í sambandi við B-álmuna og í sambandi við nýja starfsemi á næsta ári og ég endurtek þakkir mínar til hans fyrir það. Hins vegar umhverfðist hæstv. ráðh. þegar kom að sjúklingaskattinum og varð reiður og sár. Ég skil óskaplega vel að hann skuli þola illa að talað sé um þennan skatt eins og efni standa til. Það bendir til þess að ráðh. hafði innra með sér komist að þeirri niðurstöðu að óeðlilegt sé og óheppilegt að leggja þennan skatt á. Ég vona þess vegna að hæstv. ráðh. athugi þessi mál betur núna yfir hátíðarnar og komist að þeirri niðurstöðu að þessi skattheimta eigi ekki að eiga sér stað vegna þess að hún sé bæði t. d. siðlaus og vitlaus, svo að notuð séu orð hv. 6. þm. Reykv. sem sæti á í fjh.- og viðskn. og hefur að vísu ekki sést í þinginu til þessa, en heitir Ellert B. Schram. Það er því ekki aðeins sá vondi maður sem hér stendur og sem ekki ætti að láta sjá sig á Alþingi, að því er mér skilst, og helst þá að skríða undir borðin, eins og hæstv. ráðh. orðaði það svo smekklega hér áðan, — það er ekki aðeins ég sem hef þessa skoðun, heldur margir aðrir. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hefur þessi sjúklingaskattur verið samþykktur í þingflokki Sjálfstfl.? Hefur hann verið samþykktur í þingflokki Framsfl.? Ég vil fá um það upplýsingar hvort svo sé. Ég hygg að svo sé ekki og þess vegna eigi báðir þessir þingflokkar möguleika á að breyta ákvörðun í þessum efnum, þannig að það verði tekin stefna á eitthvað annað.

Ég held að það séu mjög margir sammála hv. 6. þm. Reykv. í þessu efni þegar hann segir í forustugrein Dagblaðsins fyrir nokkrum dögum, 16. des.: „Með þessari gjaldtöku, ef af verður, er brotið í blað í heilbrigðisþjónustu hér á landi.“ Og síðan segir hv. þm. í þessum leiðara að „sjúklingaskattur hvers konar væri ómanneskjulegur og ranglátur í sjálfu sér.“ Hann segir enn fremur: „Það er siðlaust að hafa sjúkt fólk að féþúfu og það er rangt að gera þá kröfu til tiltekins hóps í þjóðfélaginu, að hann borgi tvisvar fyrir þá heilbrigðisþjónustu sem allir eiga að hafa jafnan rétt og aðgang að.“ Síðan segir í þessum leiðara, með leyfi hæstv. forseta: „Ef Íslendingar vilja hafa jafnrétti og jafnræði í heiðri gengur sérstakur sjúklingaskattur þvert á alla réttlætiskennd.“ Og enn femur: „Ef slíkur skattur er viðurkenndur má alveg eins búast við því að önnur almenn þjónusta, svo sem þjónusta strætisvagna, rafveitna, löggæsla eða til að mynda lánaviðskipti hjá ríkisbönkum, verði skattlögð sérstaklega þegar efnaðir þjóðfélagsþegnar eiga í hlut og hvað með skólana? Má ekki búast við að börn efnaðra foreldra verði látin greiða sérstakt gjald fyrir skólagöngu sína með sama hætti og sömu fjölskyldur eiga nú að greiða innlegugjald fyrir sjúkravist?“

„Nýr skattur á sjúklinga er brot á fyrirheitinu um lækkun skatta“, segir hér enn fremur.

Eins og ég hef bent á, m. a. í hv. fjh.- og viðskn. Nd., væri eðlilegast að reikna sjúklingaskattinn sem part af skattastefnu ríkisstj. á árinu 1984. Hv. fulltrúar Sjálfstfl. í þeirri nefnd hafa ekki viljað fallast á þetta sjónarmið. Hér er greinilegt að ég á bandamenn meðal nm. úr Sjálfstfl., þar sem er þessi leiðarahöfundur Dagblaðsins, sem hefur ekki sést hér á þingi enn þá en á sæti í hv. fjh.- og viðskn. Hann telur að þessi nýi skattur á sjúklinga sé brot á fyrirheiti um að greiðslubyrði skatta verði ekki aukin.

Síðan segir: „Ef stjórnvöld hyggjast svíkja loforð sín, með siðlausri skattlagningu á sjúkt fólk, er auðvitað mun heiðarlegra að ganga hreint til verks og hækka tekjuskatta sem þessu nemur.“ Undir þetta tek ég fyrir mitt leyti. — Þá segir í lok forustugreinar DV frá 16. des. s. l. um þennan sjúklingaskatt, að það að leggja hann á er, með leyfi hæstv. forseta, „bæði siðlaust og vitlaust.“

Ég held þess vegna að hæstv. heilbr.- og trmrh. þurfi að átta sig á því að hann á ekki allsherjarstuðning við þetta mál í sínum flokki samkv. þessari forustugrein og ég stórefast um að þm. Framsfl. hafi samþykkt í sínum þingflokki að leggja þennan sjúklingaskatt á. Ég hef ekki heyrt þess getið að svo sé og ég skora á hæstv. heilbr.- og trmrh., þó að hann sé reiður núna í minn garð vegna þeirra orða sem ég lét falla fyrr í kvöld, að endurskoða hugmyndir sínar um sjúklingaskattinn. Þær eru að mínu mati siðlausar, þær eru brot á þeim siðferðilega grundvelli sem allt okkar þjóðfélag, og sérstaklega þó almannatryggingalögin, hvílir á, eins og hér hefur verið rakið mjög vel t. d. af hv. þm. Kjartani Jóhannssyni.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. var afar smekklegur í orðavali um margt sem hann tók eftir hér í þinginu. Get ég ekki tekið undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ég hafi haft sérstaklega gaman af því að sjá ráðh. í þessum ham. Satt að segja fann ég til með ráðh. í þessu efni. Hæstv. ráðh. fullyrti að ég væri reiður og ég skammaðist mín fyrir síðustu ríkisstjórnina í landinu. Ég sá aðeins einn mann sem var reiður og sem skammaðist sín hér í salnum, þegar hæstv. ráðh. flutti sína ræðu, og það var hann sjálfur. Það finnst mér benda til þess að hann geti verið á réttri leið og einhvers staðar bærist með honum réttlætiskennd sem gæti dugað honum til að leiðrétta þá hroðalegu hugmynd sem hann er núna að bauka við að láta embættismenn sína í heilbr.- og trmrn. reikna út.

Hæstv. ráðh. orðaði þetta svo, að hann ætlaði ekki að leggja þennan skatt á börnin. Skárra væri það nú. Þakka skyldi, hefði verið sagt. Og hæstv. ráðh. sagði einnig í reiðilestri sínum að hann ætlaði ekki að leggja þetta á aldraða og ekki heldur á þá sem ekki hefðu tekjur af fullri vinnu. Ég held að hæstv. ráðh. þurfi aðeins að átta sig á því hvernig þessir hlutir mega ganga fyrir sig. Á fólk sem leggst inn á sjúkrahús að afhenda skattaframtöl sín? Á það að leggja fram tekjuvottorð eða hvernig á fólk að sanna fátækt sína, svo að notuð séu orð sem fallið hafa í þessum ræðustól? Hæstv. ráðh. verður auðvitað að þola að þm. stjórnarandstöðunnar tali við hann fullum hálsi um siðlausar hugmyndir af

þessu tagi. Og auðvitað verður hæstv. ráðh. að átta sig á því, sem víða hefur verið bent á, að reiðin er ekki góður ráðgjafi í þessum efnum. Það væri fróðlegt fyrir hann að renna t. d. yfir Jón Vídalín í tilefni jólanna, um reiðina og það hvernig reiðin getur afskræmt skynsemi manna. Ég held að það ætti að vera hollt fyrir hæstv. ráðh. að líta yfir um jólin hvernig svona lagað getur farið með hina bestu og greindustu menn. Ég held þess vegna að það að ráðh. var reiður og hann virtist skammast sín bendi til þess að hann sé á réttri braut og að baki jólum getum við mætt nýjum ráðh. með nýjar og betri og skynsamlegri hugmyndir en þær sem hann hefur hér lagt fram. Þá munum við þm. Alþb. a. m. k. fagna þeim sinnaskiptum og erum reiðubúnir að styðja ráðh. í því efni.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það er margt búið að tala í þessu máli og flestallt viturlegt, þannig að ég hef kannske ekki miklu við það að bæta. Það er þó eitt atriði, sem tengist tillöguflutningi BJ í fjárlagamálum, sem ég vildi leggja enn einu sinni áherslu á, að við höfum haldið því fram að í núverandi fjárlagafrv. vanti markvissan sóknarþunga.

Fyrirtæki það sem hér um ræðir, þ. e. þjóðarbúið, er skuldugt upp fyrir eyru. Það er rekstrarhalli á þessu fyrirtæki og báðar þessar stærðir eru stærri en svo að sparnaður dugi til að jafna metin. Níundi áratugurinn er hafinn og nýsköpunar er þörf og hennar hefur reyndar lengi verið þörf. Eini atvinnuvegurinn sem hægt er að efla til muna í dag er iðnaður. Maður hefði haldið að iðnaðurinn ætti sér málsvara í þessari ríkisstj. En viti menn! Fjárlög sanna það rétt eina ferðina enn að þessir tveir flokkar, sem nú fara með stjórn, eru svo vandlega keflaðir af öðrum hagsmunaaðilum en iðnaðinum að iðnaðurinn má tóra á þeirri týru sem hann sjálfur getur haldið logandi. Ríkisstj. segir að hjól atvinnulífsins snúist hægt vegna þess ástands sem við búum við. Þess vegna var fært fjármagn frá launþegum til atvinnurekenda. Rekstrarstaða fyrirtækja í atvinnulífi á eftir að versna, segir ríkisstj. Ríkisstj. segir: Það er ekkert svigrúm. Ramminn er ákveðinn. Ef svo er verða menn að taka afleiðingum gefinna forsendna. Undirstaða bættra lífskjara og þar með þeirra framfara sem við öll trúlega viljum eru auknar tekjur. Auknar tekjur verða hvergi fengnar í dag nema í iðnaðinum. Iðnað þarf að efla til muna og til þess þarf fjármuni. Ef iðnaðurinn þarf að leggja þessa fjármuni fram sjálfur veikir það rekstrarstöðu hans, sbr. fullyrðingar ríkisstj. um rekstrarstöðu atvinnufyrirtækjanna. Því þarf ríkisstj. að koma til. Hún hefur ekki svigrúm til aukningar, segir hún sjálf. Það þýðir að hún verður að millifæra ef hún vill stíga skrefið inn í 9. áratuginn. Þess vegna miðast tillögur BJ við að dregið verði úr fé sem ætlað er til ráðgjafar og stuðnings við þá atvinnuvegi á Íslandi sem lengstan hafa haft aðlögunartímann og þeim fjármunum verði varið til nýsköpunar og sóknar í iðnaðinum.

Ekki meira um það. Þetta er kjarninn í okkar tillögum og við sjáum á morgun í atkvgr. hvern hug þessi ríkisstj. og stjórnarflokkarnir bera til þessarar atvinnugreinar, sem framtíð okkar er fólgin í.

Herra forseti. Hér hafa verið töluð ákveðin orð í kvöld. Það hafa verið nefndir aftaníossar. Get ég kannske lítið um það sagt annað en margur heldur mig sig. Hér í Nd. og væntanlega bráðlega í Ed. hafa fallið atkvæði í stærsta máli þessa þings um langan aldur. Það fjölgaði jólasveinunum snögglega þegar allir þm. Sjálfstfl. í hv. Nd. með einni undantekningu færðu Framsfl. þá stærstu jólagjöf sem nokkur flokkur hefur gefið öðrum nokkurn tíma, þ. e. algert einræðisvald yfir sjávarútvegsmálum Íslendinga. Ég vil ekki spá í hvernig gengnum forustumönnum Sjálfstfl. líður í hásölum við að horfa upp á þá niðurlægingu flokks síns í þessu máli sem hér er á orðin. En ég er a. m. k. viss um eitt, herra forseti, að meiri aftaníossar hafa ekki sést á þingi enn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég vildi nú leita eftir því við hæstv. forseta að fá hingað í salinn hv. 5. þm. Austurl. Hjörleif Guttormsson, svo að ég tali ekki á bak honum. Að öðru leyti skal ég lofa því að lengja ekki þennan fund, ef þm. vildi vera svo vinsamlegur að hlýða á mál mitt. Ég held hins vegar að ég megi til með að doka við þar til þm. kemur. Þetta verða ekki svo mörg orð. Ég vil ekki ljúka máli mínu áður en hann kemst hingað til að hlýða á það.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði mörg orð um yfirlýsingar mínar og raunar annarra sjálfstæðismanna fyrir síðustu kosningar. Mér þykir vænt um að hann skuli hafa rifjað þær upp. Til viðbótar við þær yfirlýsingar get ég sagt hv. þm. að ég hef eins og hann ferðast um kjördæmið síðan kosningar fóru fram. Ég held að ég hafi sagt það á hverjum fundi í Austfjarðakjördæmi að ég væri vel minnugur þess sem ég hefði sagt fyrir síðustu alþingiskosningar. Ég þarf þess vegna ekki að vera í felum með þær skoðanir.

Nú geta menn með ýmsum hætti velt því fyrir sér með hvaða hætti núv. ríkisstj. muni standa við stefnuyfirlýsingu sína og það er óþarft að fara að rifja upp tölur frekar en gert hefur verið, en það má minna á það til viðbótar því sem hefur hér áður komið fram og til frekari áréttingar, að með því sem fjárlög ákveða og ríkisstj. hefur þegar ráðstafað til þessara verkefna nemur sú upphæð 441 millj. kr. og þá fer nú mjög að saxast á eins árs tekjur af orkujöfnunargjaldi. En það er ekki heldur þetta sem skiptir máli, heldur hitt, hver verður niðurstaðan, hver verður kostnaðurinn, hver verða kjörin sem fólkið í þessu landi býr við á raforkuverði til húsahitunar.

Hv. þm. hafði um það orð að hér hefðu menn ekki kynnt efni þess frv. sem orkuverðsnefnd hefur skilað sem nál. til hæstv. iðnrh. Ég minni nú á að ekki er langt síðan orkuverðsnefndin skilaði því áliti. Ég hygg að það hafi þó verið á fyrstu dögum þessa mánaðar. En ég vil líka minna á að þótt mönnum finnist þetta e. t. v. nokkuð langur tími hygg ég að það hafi engin nefnd, sem hefur starfað að hliðstæðri tillögugerð eða hliðstæðri endurskoðun, skilað nál. á jafnskömmum tíma og orkuverðsnefndin gerði. Það hlýtur að vera eðlilegt að ekki sé farið að skýra hér frá einstökum þáttum nál. fyrr en búið er að fjalla um það í rn. og í ríkisstj. og ég hygg að það hljóti að teljast eðlilegt miðað við annir þessa mánaðar að sú yfirferð hafi ekki ennþá átt sér stað.

En hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur lagt fram sínar tillögur hér á Alþingi í till. til þál. Það er ýmislegt í hans tillögu ekkert mjög ósvipað tillögum orkuverðsnefndar þótt till. Hjörleifs sé hins vegar veigaminni. Það er hins vegar athyglisvert og ég hjó alveg sérstaklega eftir því í till. þm., að þar gerir hann ráð fyrir að

sem viðmiðun við kostnað við upphitun á meðalíbúð verði haft til hliðsjónar sex vikna kaup verkamanns. Þessi tala virðist ekki tekin af neinni tilviljun. Þegar tekið er meðaltal áranna fyrir embættistímabil Hjörleifs Guttormssonar var kostnaðurinn þessi. Þá tók það verkamann um sex og hálfa viku að vinna fyrir ársreikningi til húsahitunar. Á valdaferli Hjörleifs Guttormssonar þrefaldaðist þessi tala. Hún fór úr sex vikum og upp í rúmar átján vikur. Ég hygg að hvergi sé hægt að finna jafnskýra mynd af árangri af störfum eins ráðh. og þá sérstaklega þessa ráðh. og með þessum einfalda hætti, að orkuverð til húsahitunar hækkar eins og þarna kemur fram á fimm árum. Og það er engin hending hvernig þm. velur svo viðmiðunina inn í framtíðina. Það er ekki hægt að sækja þá viðmiðun inn í það umhverfi sem hann skapaði í raforkuiðnaði í þessu landi. Það verður að fara aftur fyrir hans tímabil. Það sem athygli vekur er að þm. gerir sjálfur tillögur um að embættisferill hans í þessum efnum gleymist.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir margar góðar ræður þótt ekki sjái ég ástæðu til að svara þeim að nokkru ráði þar sem fáum spurningum hefur verið beint til mín.

Ég mun ekki taka undir margar þær tillögur sem talað hefur verið fyrir, en þó vil ég lýsa stuðningi mínum við tillögu frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Eiði Guðnasyni á þskj. 257, tölul. 3. Hér er gerð till. um að þeir peningar sem teknir eru af þeim sem staðnir eru að verki við sölu ávana- og fíkniefna renni til fyrirbyggjandi aðgerða gegn þeim aðilum sem þá siðlausu iðju stunda sem þar er getið um. Að sjálfsögðu hljóta ávana- og fíkniefni, sem gerð eru upptæk, að verða eyðilögð. En það þarf að orða þessa till. þannig að ekki fari milli mála hvað hér er átt við.

Þá vil ég mæla með samþykkt till. frá þeim hv. þm. Svavari Gestssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur og Skúla Alexanderssyni, sem kemur fram á þskj. 281 í 2. tölul., en þar er gerð till. um að hækka framlag til Blindrabókasafns úr 800 þús. í 1 millj. Ég geri till. um að sú till. Alþb. verði samþykkt.

Þá vil ég geta þess að gefnu tilefni frá hv. þm. Ragnari Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., að í heimildargr. fjárlaga 6.18 er gert ráð fyrir að taka lán til kaupa á björgunar- og leitarþyrlu fyrir landhelgisgæslu, svo að fyrir því er hugsað.

Að gefnu tilefni vil ég einnig upplýsa hv. 3. þm. Reykv. um að ég hef allt frá því að ég tók við núverandi starfi mínu getið þess og fullyrt að ekki væri hægt að ætlast til þess að ekki yrði rekstrarhalli á fjárlögum í ár. Það ætti því ekki að koma neinum að óvörum hér. En ég vil líka upplýsa hv. þm. um að þetta er ekki í fyrsta skipti sem fjárlög eru afgreidd með halla. Síðast var rekstrarhalli á fjárlögum 1972 og aftur 1974, en bæði þessi ár var formaður fjvn. hv. þm. Geir Gunnarsson.

Þá talaði hv. 3. þm. Reykv. um vexti af yfirdrætti á viðskiptareikningi í Seðlabankanum, en eins og hv. þm. vita eru heildarvaxtagreiðslur í fjárlögum fyrir 1984 samtals 840 millj. kr. og þar af er greiðsla til Seðlabankans um 139 millj. En vextir af yfirdrætti á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum á árinu 1983 voru rúmlega 300 millj. kr. Í fjárlögum ársins 1984 eru áætlaðar 139 millj. kr. vegna yfirdráttarskuldar ríkissjóðs hjá bankanum og þar af vaxtagjöld vegna halla ríkissjóðs nú í árslok að fjárhæð 39 millj. kr. sem nú er búið að gera samninga um.

Herra forseti. Þegar komið er að lokum 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1984 er gagnlegt að huga nokkuð að þróun íslenskra efnahagsmála á árinu sem nú er að líða og horfum árið 1984.

Að loknum alþingiskosningum í aprílmánuði s. l. blasti við okkur Íslendingum efnahagsvandi svo mikill að þjóðin hefur ekki staðið frammi fyrir slíkum vanda um langt árabil. Efnahagsvandi sá sem við var að glíma átti rætur að hluta til í erfiðum ytri skilyrðum, en var ekki síður til kominn vegna slakrar hagstjórnar innanlands. Dregist hafði úr hömlu að takast á við þau efnahagsvandamál sem fyrir voru, en afleiðing þess var gífurleg óðaverðbólga, erlend skuldasöfnun og verulegur viðskiptahalli.

Ríkisstj. sem tók til starfa 26. maí s. l. greip þegar til róttækra efnahagsráðstafana. Megintilgangur þeirra ráðstafana var að draga hratt úr verðbólgunni, tryggja afkomu atvinnuveganna, stöðva erlenda skuldasöfnun og minnka viðskiptahalla við útlönd. Árangur þessara aðgerða hefur nú þegar komið í ljós. Hraði verðbólgunnar, sem var kominn í 130% á ársgrundvelli er nú kominn töluvert niður fyrir 30% og raunar gefa nýjustu mælingar til kynna mun lægri tölur. Viðskiptahalli sem var 10% af þjóðarframleiðslu er nú áætlaður 2%. Þá hefur tekist að tryggja afkomu atvinnuveganna og atvinnu í landinu og vextir hafa lækkað stórlega. Hins vegar er ljóst að nú eru verulegir erfiðleikar fram undan hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskvinnslu, sem m. a. stafa af minnkandi sjávarafla og erfiðum rekstrarskilyrðum til margra ára.

Þegar horft er til ársins 1984 er ljóst að þjóðarbúskapur okkar Íslendinga er í miklum andbyr um þessar mundir. Á undanförnum árum hafa efnahagsþrengingar í viðskiptalöndum okkar sett mark á afkomu útflutningsgreina landsmanna. Nú þegar séð er fyrir nokkurn efnahagsbata í viðskiptalöndum okkar er fyrirsjáanlegur verulegur samdráttur í sjávarafla, sem er helsta útflutningsvara okkar Íslendinga. Til að gefa nokkra mynd af hversu víðtæk áhrif á efnahagslífið þær aflatakmarkanir sem nú eru fyrirhugaðar hvað varðar þorskafla árið 1984 hafa má nefna að í stað tæprar 4% aukningar á útflutningi, sem þjóðhagsáætlun frá því í okt. s. l. gerði ráð fyrir, bendir margt til að útflutningur dragist saman um 3%. Þjóðartekjur eru í ár taldar dragast saman um 5.5% og gæti á næsta ári orðið svipaður samdráttur þjóðartekna landsmanna.

Af þeim upplýsingum sem ég hef rakið hér að framan má mönnum vera ljóst að fram undan eru miklar þrengingar og samdráttartímar sem þjóðin í heild verður að taka á sig. Ekki síður er mikilvægt að staðið sé að framkvæmd efnahagsmála á árinu 1984 á þann veg að sá árangur sem núv. ríkisstj. og þjóðin öll hefur náð í minnkandi verðbólgu verði ekki eyðilagður og þær fórnir sem landsmenn hafa tekið á sig verði ekki til einskis.

Þjóðhagsstofnun hefur nú endurskoðað tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1984. Forsendur fjárlagafrv. hafa nú breyst í veigamiklum atriðum vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í þjóðarframleiðslu á næsta ári umfram það sem gert var ráð fyrir áður. Með hliðsjón af þessu hefur ríkisstj. ákveðið að launaliðir, sem fram koma í fjár-

lögum á árinu 1984, verði um 4% hærri að meðaltali árið 1984 en í árslok 1983 í stað 6% sem gert var ráð fyrir í frv. Í þessu felst að meðaltalshækkun kauptaxta milli áranna 1983 og 1984 yrði 13% í stað 15% í fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun. Ekki er gert ráð fyrir minni verðbreytingum en áður þrátt fyrir minni launabreytingar, þar sem endurskoðuð tekjuáætlun gerir nú ráð fyrir að 5% svigrúm til gengisbreytinga á árinu 1984 verði að fullu nýtt. Í fjárlagafrv. var almennt gert ráð fyrir samdrætti í veltu á næsta ári sem nam 4—5%. Miðað við þær breyttu forsendur sem nú liggja fyrir og fyrirsjáanlegan samdrátt í þjóðarframleiðslu er nú gert ráð fyrir 6—7% veltusamdrætti.

Við gerð fjárlagafrv. var mörkuð sú stefna að skattbyrði beinna skatta skyldi ekki hækka sem hlutfall af tekjum greiðsluárs milli áranna 1983 og 1984. Haldið hefur verið fast við þá stefnu, enda þótt forsendur um tekjuþróun milli áranna 1983 og 1984 hafi breyst frá því sem var við gerð upprunalega fjárlagafrv. Enn má reikna með að tekjuhækkun milli áranna 1983 og 1984 verði um 16% og í samræmi við það er áætlað að álagning tekjuskatta til ríkissjóðs hækki um sömu prósentu milli áranna. Skattbyrði gjaldenda mun því að meðaltali haldast óbreytt sem hlutfall af tekjum greiðsluársins. Þar með er ekki sagt að skattbyrði allra gjaldenda standi í stað. Til að koma til móts við þarfir hinna lægst launuðu er gert ráð fyrir að skattbyrði þeirra, ef miðað er við tekjuskatta til ríkisins, lækki dálítið, en til að vega það upp verður ekki hjá því komist að auka sambærilega tekjuskattsbyrði þeirra sem hæstar tekjurnar hafa, en að meðaltali helst skattbyrðin óbreytt. Svipaðri stefnu hefur verið fylgt að því er eignarskattana varðar. Þar eru skattfrelsismörk hækkuð ívið meira en nemur hækkun á skattstofni milli ára. Hins vegar er skatthlutfallið ekki lækkað alveg til móts við minnkandi tekjur. Þetta hefur þær afleiðingar að þeir sem litlar eignir eiga koma til með að lækka í eignarskatti, en það er aftur vegið upp með ívið hækkuðum eignarskatti hjá eignameiri mönnum. Vissulega hefði verið æskilegt að ganga mun lengra en hér er gert til lækkunar á beinum sköttum, en því miður er ekki svigrúm til slíks við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu.

Niðurstöðutölur endurskoðaðrar tekjuáætlunar sýna að tekjur ríkissjóðs á árinu 1984 nema 17.9 milljörðum kr. í stað 17.4 milljarða kr., er fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Hækkunin nemur 409 millj. kr. Breytingar á einstökum tekjuliðum eru, að tekjuskattur lækkar um 87 millj. kr., gjöld af innflutningi eru hækkuð um 155 millj. kr., skattar af seldri vöru og þjónustu lækka um 134 millj. kr., aðrir óbeinir skattar hækka um tæpar 300 millj. kr. og aðrar breytingar nema 225 millj. kr.

Í framsögu formanns fjvn. hefur þegar verið gerð grein fyrir fjárveitingum á gjaldahlið frv. milli umr. Ég ætla aðeins að nefna helstu breytingar sem orðið hafa á útgjaldaliðum í meðförum fjvn. frá því að það var lagt fram.

Í fjárlagagerðinni voru af hálfu ríkisstj. í upphafi sett þrjú meginmarkmið. Í fyrsta lagi að ríkisbúskapurinn styðji hina almennu efnahagsstefnu ríkisstj., í öðru lagi að gera fjárlög á ný að raunhæfri áætlun um ríkisfjármálin og í þriðja lagi að draga úr umfangi ríkisins í þjóðarbúskapnum. Í meðförum þingsins og fjvn. hafa útgjöld hækkað um 844 millj. kr. Til vegamála, sem ekki var tekin afstaða til í upphaflegu frv., hækka framlög um 437 millj. kr., en aðrar breytingar á fjölmörgum viðfangsefnum eru 400 millj. kr. Sú ákvörðun ríkisstj. að miða við 4% launahækkun á árinu 1984 í stað 6% lækkar útgjöld A-hluta fjárlaga um 161 millj. kr. Eins og ég gat um við 1. umr. fjárlaga tel ég þýðingarmikið að Alþingi afgreiði fjárlög á þann veg að þau sýni útgjöld sem raunhæfust. Þá gat ég enn fremur um það að ég teldi að ríkið mætti ekki ganga lengra í skattheimtu. Niðurstöðutölur rekstrarjafnaðar sýna nú halla að fjárhæð 375 millj. kr. í stað 9 millj. kr. rekstrarafgangs samkv. upphaflegu frv. Þessum rekstrarhalla verður mætt með auknum lántökum þannig að greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu 1984 er sú sama og gert var ráð fyrir í upphaflegu frv.

Eins og fram hefur komið í umr. hér á hv. Alþingi er ekki gert ráð fyrir greiðslu lána hjá Seðlabanka Íslands, hvorki vegna þeirra lána sem nú þegar eru fyrir hendi né vegna þess greiðsluhalla sem fyrirséður er í ár. Að undanförnu hafa farið fram viðræður af hálfu fjmrn. við Seðlabankann um mál þetta og hafa samningar tekist við Seðlabankann um lántöku sem ekki hefur í för með sér greiðslur afborgana á árinu 1984, en vaxtagreiðslur vegna þeirrar lántöku rúmast innan vaxtaútgjalda sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Ég vil ekki draga dul á að ég hefði kosið að hafa jákvæðan rekstrarjöfnuð á A-hluta fjárlaga og greiðsluafgang á fjárlögum hærri en hér er stefnt að. En eins og ég gat um hér að framan tel ég ekki að hægt sé að ganga lengra í skattheimtu til ríkisins miðað við það ástand sem ríkir í efnahagsmálum okkar. Afgreiðsla Alþingis á þessu frv. eins og það liggur fyrir nú mun gera þær kröfur til ríkisstj. að hún vinni enn frekar að því að draga úr ríkisumsvifum.

Eins og ég gat um í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1984 er eitt af meginmarkmiðum með fjárlagagerð fyrir næsta ár að gera fjárlög að raunhæfari áætlun en verið hefur, þannig að tryggt verði að aðilar geti starfað innan ramma þeirra. Enn fremur gat ég um að mál væri til komið að spyrna við fótum og takmarka það óþingræðislega vald sem birtist í svonefndum aukafjárveitingum sem fjmrh. fer með. Ég hef ákveðið að skipa samstarfshóp þeirra aðila sem fara með helstu framkvæmdaþætti ríkisfjármála og forustumanna fjvn. Verkefni þessa starfshóps mun m. a. verða að tryggja nauðsynlegt eftirlit með inn- og útgreiðslum úr ríkissjóði, m. a. með gerð greiðsluáætlana innan fjárlagaársins, og ganga eftir að rekstur ríkiskerfisins verði í samræmi við þær greiðsluáætlanir, að leita eftir og hafa samstarf við rn. og stofnanir um að fyrirhugaður sparnaður sem kveðið er á um í fjárlögum ársins 1984 nái fram að ganga, að gera tillögur til fjmrh. um þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á tekna-, gjalda- og lánahlið ríkissjóðs svo að áformum ríkisstj. er varða ríkisfjármálin verði náð, að leita eftir að hafa samstarf við viðkomandi aðila um framkvæmd lánsfjár- og fjárfestingaráætlunar fyrir árið 1984, að gera tillögur til fjmrh. um áframhaldandi endurskipulagningu ríkisútgjalda sem hafa það að markmiði að draga úr ríkisumsvifum, jafnframt vinna að áframhaldandi bættri skipan eftirlits og aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum.

Eftirtaldir aðilar hafa verið skipaðir til að vinna að framangreindu verki: Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi, formaður, Lárus Jónsson, formaður fjvn.

Alþingis, Guðmundur Bjarnason, varaformaður fjvn. Alþingis, Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri fjmrn., Magnús Pétursson hagsýslustjóri, fjárlaga- og hagsýslustofnun. Sigurður Þórðarson deildarstjóri fjmrn. er ritari nefndarinnar.

Þá hef ég ákveðið að Alþingi verði gefin skýrsla um þróun og horfur í ríkisfjármálum á þriggja mánaða fresti og mun sú skýrslugerð verða í umsjón fyrrnefnds starfshóps. Enn fremur hef ég þann ásetning, að ef þær efnahagsforsendur sem fjárlög fyrir árið 1984 eru byggðar á breytast verulega mun ég leita eftir samþykki Alþingis fyrir breytingum sem þá verða nauðsynlegar á ríkisfjármálum, en ekki láta þær birtast í aukafjárveitingum sem Alþingi hefur ekki áhrif á. En eitt er ljóst og nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir að sú fjárlagagerð sem verið hefur allt árið í fjmrn. með samþykkt aukafjárveitinga er lokið. Menn verða að vinna og haga sér samkv. fjárlögum sem Alþingi hefur samþykkt.

Herra forseti. Um leið og ég lýk máli mínu tel ég mér skylt að þakka fjvn. allri, en sérstaklega formanni hennar og varaformanni, hv. þm. Lárusi Jónssyni og Guðmundi Bjarnasyni, fyrir mikið og óeigingjarnt starf við fjárlagagerðina. Þær ytri aðstæður sem nú eru í þjóðarbúskap okkar Íslendinga hafa kallað á mikla festu í störfum fjvn. Því hefur verið mikilvægara en oft áður að þeir aðilar sem sitja í fjvn. missi ekki sjónar af hagsmunum heildarinnar í öllu því sem berst á borð n. Ég tel að störf n. hafi verið með þeim hætti að sómi sé að og þakka nm. öllum gott starf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 36. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum fundi í Sþ.

Málefni aldraðra, frv. 161. mál (þskj. 243). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Gerð er breyting á tveimur ákvæðum gildandi laga. Önnur breytingin er sú, að markaður tekjustofn hækki úr 300 kr. í 460 kr. og í stað 60 þús. kr. í 3. málslið komi 92 400 kr. Hér er um að ræða 54% hækkun frá gildandi lögum.

Hin breytingin er sú að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunar- og sjúkradeildum fyrir aldraða með jafnháu framlagi og veitt er til sjóðsins á fjárlögum til þessara verkefna. Og jafnframt að styrkur þessi skuli teljast hluti af 85% framlagi ríkissjóðs samkv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hér er um það að ræða að til viðbótar mörkuðum tekustofni sjóðsins greiðir ríkissjóður samkv. till. fjvn. 15 millj. kr. Breytingin felst í því að 15 millj. af hinum markaða tekjustofni koma á móti til sjúkradeilda fyrir aldraða, þannig að hér sé um ákveðið ákvæði að ræða. Á þessu ári verði veittar 30 millj. til sjúkradeildanna, en að öðru leyti fari hinn markaði tekustofn til öldrunarstofnana.

Ég lýsti því yfir í Ed. að ég væri ákveðinn í því að endurskoða þessi lög á næsta ári svo að þessi ákvæði komi ekki til með að gilda nema á árinu 1984. Jafnframt lýsti ég því yfir, að ég mundi hafa samstarf við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og fjvn. Alþingis áður en gengið væri frá skiptingu á þessu fjármagni og menn beiti sér fyrir því við stjórn Framkvæmdasjóðsins að ekki verði gengið frá fjárveitingum eða tillögum nema að höfðu samráði við fjvn. eða þá fulltrúa sem fjvn. kýs til þessa verkefnis.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Á fundi heilbr.- og trn. í morgun kom þetta frv. nokkuð til umr., algerlega óformlega, þar sem ég hygg að nefndin eigi það öll sameiginlegt að hafa áhuga á að verða þess ekki valdandi að þetta mál tefjist. Það hafa hins vegar heyrst þær raddir meðal nm. að 2. gr. sé kannske ekki eins skýr og afgerandi og mörg okkar kysu, og þar sem ég á von á að nefndinni verði falið að afgreiða málið sem allra fyrst vildi ég leyfa mér að stytta þá leið með því að heyra hvað ráðh. hefði um það að segja ef nokkur orðalagsbreyting yrði gerð á þessari umræddu 2. gr. En hún hljóðar svo með leyfi forseta:

„Að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunar- og sjúkradeildum fyrir aldraða með jafnháu framlagi og veitt er til sjóðsins á fjárlögum til þessara verkefna“ o. s. frv.

Ég hefði viljað gera að tillögu minni að þetta væri orðað ofurlítið öðruvísi eða í þá veru „að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunardeildum og sjúkradeildum fyrir aldraða“ eins og segir í frv., en síðan yrði þarna nokkur orðalagsbreyting: „með jafnháu framlagi af mörkuðum tekjustofnum sjóðsins og nemur þeirri fjárhæð sem sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til þessara verkefna.“ Þetta þarf ekki að koma neinum á óvart vegna þess að í grg. með frv. segir orðrétt um 2. gr., með leyfi forseta:

„Til að skýr sé sá vilji sem að baki ákvæðisins lá í upphafi þykir rétt að orða það nákvæmar og er það gert með þessari breytingu. Samkvæmt því skal af mörkuðum tekjustofni sjóðsins greiða til hjúkrunar- og sjúkradeilda aldraðra jafnháa fjárhæð og sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til að sinna þessum verkefnum.“

Okkur þykir ástæðulaust að frvgr. sé minna afgerandi en grg. Ég tel því með öllu eðlilegt að þessu orðalagi verði breytt og ég geri ráð fyrir að till. um það komi fram í nefndinni. Það ætti ekki á nokkurn hátt að þurfa að tefja störf nefndarinnar og ég hygg að það gæti auðveldlega orðið samstaða um till. En vegna þess tímaskorts sem við erum í og með þeim vilja sem við öll höfum til að tefja málið ekki, þá held ég að það væri okkur öllum fyrir bestu að við fengjum að heyra hvort ráðh. hefur í sjálfu sér nokkuð á móti því að slík orðalagsbreyting yrði gerð, hvort sem hún yrði nákvæmlega svona eða ekki, en merkingin væri afgerandi.

Ég vil leyfa mér að benda á að í lögum um málefni aldraðra segir í 12. gr. um hlutverk Framkvæmdasjóðs í aldraðra í 3. lið:

„Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga og stofnunum fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 3. og 4. tölul., enda verði veitt jafnhátt framlag til Fram-

kvæmdasjóðs aldraðra á fjárlögum hvers árs á móti."

Ég held þess vegna að hér væri um samræmingu þessara laga að ræða og á erfitt með að sjá að það geti verið nokkuð á móti því að við fengjum að gera þessa breytingu. Ég mun í öllu falli leggja það til.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skýrði það nú nákvæmlega hér áðan að skv. skilningi mínum á þessari grein væri um það að ræða að á móti því framlagi sem ríkissjóður veitir á fjárlögum, 15 millj. kr., kæmu 15 millj. af hinum markaða tekjustofni. Alls yrði fjárhæðin því 30 millj. kr. Ég skal fúslega játa að það orðalag eða svipað og hv. þm. las hér upp er gleggra og meira í samræmi við aths. við lagafrv.

Frv. er samið í ákaflega miklum flýti og lagt fram fyrir helgina. Það eina sem ég hef að athuga við þessa breytingu er að þá þarf frv. að fara aftur til Ed. og þarf þá að vera tryggt að Ed. hafi ekki lokið störfum, því þá dagar frv. uppi. En þó frv. sé þannig orðað þá kemur það bæði fram í aths. og sömuleiðis í þeim orðum sem ég viðhafði áðan að hér er tvímælalaust um að ræða 15+15 millj. eða 30 millj. til sjúkradeilda, svo að frá því verður ekki vikið. Og jafnframt með þeim aths. og fyrirvörum sem ég gerði. Ef heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar getur tryggt það að frv. fari þannig breytt í gegnum eina umr. í Ed., þá set ég mig ekki uppi á móti þessari breytingu. En framkvæmdin verður með alveg sama hætti, ég er alveg öruggur um það, enda er það alveg skýrt og skorinorðað hér.

Forseti (Ingvar Gíslason): Án þess að ég ætli að fara að blanda mér í efnisumræður, þá vil ég geta þess að komið hefur til orða á fundum með forsetum beggja deilda og þingflokksformönnum að e. t. v. kynni slík till. að koma fram hér í deild og þá var að heyra á forseta Ed. að það mundi ekki valda neinum töfum þar. Ég vil að þetta komi fram.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna þessara orða hæstv. forseta vil ég taka það fram að ef sú hugsun er ríkjandi hjá einhverjum þm. að fara að koma með brtt. við þetta samkomulagsfrv., þá geta einstakir þm. áskilið sér rétt til að koma með margar brtt. við þetta frv. og náttúrlega lögin í heild. Ég geri ráð fyrir því að málið verði ekki svo einfalt í meðförum að það sé hægt að segja: Við ætlum að gera þetta hér, og svo renni það í gegnum Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 166. mál (þskj. 294). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 294 flytur meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar frv. í þremur greinum um tekju- og eignarskatt sem er 166. mál þingsins. Greinar þessar eru samhljóða greinum í því frv. sem er 129. mál þingsins og eru samsvarandi 1., 9. og 10. gr. þess frv. að öðru leyti en því að í 1. gr. er bætt brtt. sem kemur fram á þskj. 239. Hér er um það að ræða að hækka tölur í skattalögunum um það sem nemur skattvísitölu og síðan gildistökugrein.

Herra forseti. Í þeim tímaskorti sem nú er er ástæðulaust að hafa fleiri orð um þetta frv. En ég æski þess að það verði sent til fjh.- og viðskn. Nd. og fái skjóta meðferð þar enda ríður á að skattþegnar landsins fái að vita á hvern veg verður lagt á þá þegar næst verða lagðir á þá skattar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 37. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 35. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 166. mál (þskj. 294, n. 295). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 frá 1981. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að leggja til að það verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 294. Undir þetta rita allir nm. og þrír þeirra með fyrirvara, þ. e. Svavar Gestsson, Guðmundur Einarsson og Kjartan Jóhannsson. Fyrirvaralaust rita undir þetta Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Guðmundur H. Garðarsson.

Rétt er að fram komi þingheimi til glöggvunar að orðalagsbreytingu þarf við 1. gr. frv. 1. gr. þessa frv. á að hefjast svona:

„30. gr. laganna orðist svo" og síðan taldir upp málsliðirnir, þ. e. 1. liður 2500 í stað 5000, það á við arðgreiðslur, 2. liður á við sjómannafrádrátt, 3. liður við námsmannafrádrátt, 4. liður við heimilisstörf, 5. liður við lífsábyrgð, 6. liður við vexti, 7. liður við gjafir og 8. liður er lágmarksfrádráttur einhleyps manns.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Fyrst örlítil leiðrétting við leiðréttingu, því að hv. formaður nefndarinnar orðaði það svo að 30. gr. laganna skyldi orðast svo. Það getur ekki átt að vera, heldur að eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna.

Annars var erindi mitt hingað að gera grein fyrir fyrirvara. Nm. voru sammála um þetta, en nokkrir þeirra undirrita nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari varðar almenna skattlagningu í landinu, þá skattlagningu sem í tekjuskattsfrv. í heild er falin en ekki beinlínis þá liði sem hér um ræðir sérstaklega.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. 161. mál (þskj. 243, n. 296). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. við 161. mál þingsins á þskj. 243, frv. til l. um breytingu á lögum nr. 91 31. des. 1982, um málefni aldraðra.

Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með breytingu sem skráð er hér á þskj. 296. Hefur áður verið gerð grein fyrir þeirri breytingu.

Nm. voru allir viðstaddir og standa einhuga að þessari brtt. í trausti þess að hv. heilbr.- og trn. Ed. láti þessa breytingu ekki tefja framgang frv. og reyni að afgreiða það fyrir þinglok.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 296 (ný 2. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Neðri deild, 38. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 37. fundi.

Málefni aldraðra, frv. 161. mál (þskj. 298). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 166. mál (þskj. 294). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 222). — 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Frv. þetta er flutt af formönnum fjögurra flokka, Sjálfstfl., Framsfl., Alþb. og Alþfl.

Það hefur orðið að samkomulagi að mælt yrði fyrir þessu frv. nú en umr. yrði síðan haldið áfram á nýju ári að loknu jólahléi Alþingis.

Mál þetta er framhald af samkomulagi sem varð á síðasta þingi á milli þeirra flokka sem standa að flutningi málsins nú. Þá var flutt frv. um breytingu á stjórnskipunarlögum. Með því frv. fylgdu í grg. fskj. sem fólu í sér drög að nýjum kosningalögum og drög um breytingar á lögum um sveitarstjórnarkosningar. Þessi drög sem fylgdu stjórnarskrárfrv. á síðasta þingi voru hluti af því samkomulagi sem þá var gert og orðið hefur að samkomulagi að endurflytja þessi mál nú á þessu þingi. Þegar hefur verið lagt fram frv. til stjórnarskipunarlaga til staðfestingar á þeirri breytingu á stjórnarskránni sem samþykkt var á síðasta þingi og felur í sér fjölgun þm. úr 60 í 63. Og nú er flutt frumvarp til breytinga á kosningalögum í samræmi við þá breytingu. Rétt er að taka fram þegar í upphafi að óhjákvæmilegt er að mál þessi fylgist að því að þau eru hvort öðru háð og verða ekki samþykkt frá Alþingi sundurskilin.

Allmörg ár eru síðan umr. hófust um nauðsyn breytinga á kosningalöggjöf og kjördæmaskipan. Það var eitt af þeim verkefnum sem stjórnarskrárnefnd, sem skipuð var 1978, fékk til umfjöllunar, en hún hefur ekki skilað tillögum um þessi atriði. Fyrir því tóku þingflokkarnir þau mál í sínar hendur á síðasta þingi og eftir allmikla umfjöllun náðist það samkomulag sem fram hefur komið í breytingu á stjórnarskránni og því frv. sem hér liggur fyrir.

Allt frá endurreisn Alþingis hafa orðið allmiklar breytingar á kjördæmaskipan og kosningareglum eðli máls skv. í hátt við breytingar í þjóðlífi. Nú er svo komið að liðinn er allnokkur tími síðan síðustu breytingar voru gerðar á stjórnarskrá og kjördæmaskipan. Frá því að núverandi flokkaskipan festist í sessi hafa þrjár breytingar verið gerðar í þessum efnum, 1934, 1942 og 1959. Meginbreytingin var gerð 1959 þegar þm. var fjölgað í 60 og tekin upp hlutfallskosning í 8 kjördæmum. Sú breyting miðaði eins og hinar fyrri breytingar fyrst og fremst að jöfnun milli stjórnmálaflokka þannig að þeir fengju þingstyrk í eðlilegu samhengi við kjörfylgi sitt meðal þjóðarinnar. Nú er svo komið að ekki hefur fyrr liðið jafnlangur tími milli breytinga á kjördæmaskipan og kosningalögum eða hartnær aldarfjórðungur. Frá 1959 hafa orðið ýmsar breytingar sem gera nauðsynlegt að breyta þeirri skipan sem verið hefur í gildi á þessu tímabili.

Í fyrsta lagi hefur misvægi atkvæða eftir búsetu aukist frá því sem ákveðið var með löggjöfinni frá 1959 og í öðru lagi skortir á að jöfnuður ríki á milli flokka í samræmi við kjörfylgi þeirra. Af þessum ástæðum hefur þótt nauðsynlegt að breyta þeim reglum sem um þessi efni gilda. Það frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir veigamiklum breytingum. Höfuðmarkmið þeirra er að tryggja að þingstyrkur þeirra flokka og framboðsaðila sem fá kjörna fulltrúa á Alþingi verði í samræmi við kjörfylgi þeirra. Allt frá 1959 hefur nokkuð skort á að samræmi væri á í þessum efnum. Þannig hefur vantað 2—6 uppbótarsæti til að jöfnuður næðist milli flokka.

En þetta frv. miðar svo sem verða má að því að bæta úr skák í þessu efni.

Í annan stað er það markmið með þessu frv. að jafna vægi atkv. eftir búsetu. Ekki hefur farið hjá neinum að verið hefur verulegur ágreiningur innan allra flokka um jafnan atkvæðisrétt. Eigi að síður er það svo að nú er fyrir hendi almenn viðurkenning á því að leiðréttinga sé þörf í þessum efnum þó að menn greini á um það hversu langt eigi að ganga. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að dregið verði úr misvæginu og það verði heldur minna eftir þessa breytingu en það var árið 1959.

Í þriðja lagi er það markmið með þessu frv. að auka áhrif kjósenda á val frambjóðenda. Frá því að núverandi kjördæmaskipan og kosningareglur tóku gildi hafa þróast í stjórnmálaflokkunum nýjar reglur sem miða að því að auka áhrifavald kjósenda um val frambjóðenda. Flokkarnir hafa tekið upp prófkosningar í ýmsu formi, en ekki hefur náðst samstaða um samræmdar reglur eða framkvæmd á vali frambjóðenda með þessum hætti og því hefur þótt nauðsynlegt að auka áhrifavald kjósenda í þessum efnum. Frv. gerir ráð fyrir að ákvörðunarvald kjósenda um röð frambjóðenda vegi jafnt á við ákvörðunarvald framboðsaðila, en fram að þessu hefur hlutur kjósenda aðeins verið þriðjungur á móti valdi framboðsaðila.

Það hafa alltaf orðið mjög harðvítug átök þegar breytingar á kosningalöggjöf og kjördæmaskipan hafa átt sér stað. Alþingi hefur klofnað í fylkingar og miklar deilur hafa staðið með þjóðinni um þessi mikilvægu efni sem skipta lýðréttindi í landinu miklu máli. Það heyrir því til mikilla tíðinda þegar samkomulag hefur orðið um það meðal stærstu flokka þingsins að leggja fram frv. sem þetta til breytinga á kosningalöggjöf. Það er mikilvægur áfangi og markar óneitanlega þáttaskil í störfum Alþingis.

Auðvitað kunna að vera skiptar skoðanir um ágæti þessa frv. Það ber auðvitað þess merki að um er að ræða málamiðlun milli ólíkra skoðana. En engar sættir eru í þjóðfélaginu um áframhaldandi skipan mála eins og verið hefur vegna þess misgengis sem orðið hefur í vægi atkvæða og vegna hins að núverandi skipan hefur ekki tryggt þingstyrk í fullu samræmi við kjörfylgi. Breytingar eru af þessum sökum óhjákvæmilegar og því er þetta mál nú lagt fyrir Alþingi í frv. á nýjan leik eftir að það hafði á fyrra þingi verið kynnt með þeirri stjórnarskrárbreytingu sem þá var ákveðin.

Herra forseti. Ég geri það að tillögu minni að sérstök sjö manna nefnd verði kosin í þessari hv. deild til að fjalla um þetta frv. Svo og geri ég ráð fyrir að sú nefnd fjalli einnig um það frv. sem lagt hefur verið fram til staðfestingar á stjórnarskrárbreytingu þeirri sem gerð var á síðasta þingi.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til þessarar sérstöku nefndar og 2. umr. Ég vænti þess einnig að samsvarandi till. um nefndarskipun verði flutt og samþykkt í hv. Ed. og að nefndir beggja deildanna vinni sameiginlega að málinu.

Umr. frestað.

Efri deild, 40. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 0.15 eftir miðnætti.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188, n. 292 og 293, 291). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Sjútvn. Ed. hefur verið að störfum frá því að fundi lauk í þessari hv. deild í gær eftir því sem hún hefur getað við komið og er búin að fara ítarlega í gegnum frv. eins og hægt hefur verið að koma við á þessum tíma og hefur fengið til viðræðna við sig hæstv. sjútvrh. og fiskimálastjóra sem hafa þar svarað ýmsum spurningum sem nm. lögðu fyrir þá. Leitast var við eins og hægt var að ná samkomulagi í n. svo að hægt væri að skila sameiginlegu áliti en því miður tókst það ekki. Frá nefndinni berast því tvö álit.

Lítið er um þetta að segja frekar en sagt var við þá umr. sem hér var höfð í morgun. Nál. les ég ekki hér upp, það er á borðum hv. dm. og er ekki langt. En eins og ég sagði var leitast við eftir því sem mögulegt var að finna samstöðu í þessu máli og ber þar ekki mikið á milli. Allir eru sammála um að eitthvað þurfi að gera. Menn greinir aðeins á um aðferðir og hvað vald ráðh. skuli ná langt í þessum efnum.

Eins og fram hefur komið í ræðum um þetta frv. fer ekki á milli mála að hér erum við að ræða eitt stærsta mál sem komið hefur fyrir þetta þing um langan tíma. Það gera sér allir ljóst. Við erum að leggja til hvernig fara skuli með þá fiskistofna sem hafa verið okkar lifibrauð um aldaraðir. Í umr. manna á meðal kemur fram að flestir ef ekki allir eru mjög óánægðir með að þurfa að setja á svokallað kvótakerfi eða taka upp frekari leyfisveitingar til veiða en verið hafa. En ekki hefur verið bent á aðra heppilegri leið til að takast á við vandann.

Einnig hefur komið fram hér í umr. að sjávarútvegsnefndir beggja deilda hafa átt allmarga sameiginlega fundi með hagsmunaaðilum um þessi efni. Þar kom ljóslega fram að aðilar sáu ekki aðra leið en þessa til að takast á við stjórnunina þó engum væri það ljúft. Það var sem sagt samdóma álit þeirra allra nema fulltrúa frá einum aðilanum, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda sem eru á móti slíkri skipan, að þetta væri helsta leiðin. Síðan þekkjum við málin, að nefnd var skipuð 15. nóv. af sjútvrh. til að útfæra hugsanlegar reglur betur. Við höfum þegar séð fyrsta árangur af starfi hennar með tillögum um hvað menn skuli veiða mikið úr þessum fiskistofnum okkar á næsta ári. Þar eru staðfestar þær tölur sem því miður komu út úr mælingum fiskifræðinganna, að þar er um að ræða öllu dekkri mynd en við vorum að vona.

Nú er aðeins að vona það besta, að þessum ágætu nefndum takist að undirbúa þetta á sem bestan veg. Ég mæli eindregið með, ásamt þeim meiri hl. sem undir þetta nál. ritar, að ráðh. verði heimiluð þau völd sem þar um ræðir til að geta undirbúið og skipulagt þau mál eins og þau geta best orðið til tilrauna í eitt ár, 1984, með þessari fiskveiðistefnu. Að sinni ætla ég ekki að hafa fleiri orð hér um.

Frsm. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi

forseti. Orðið er áliðið og sjútvn. hefur verið að störfum svo til samfleytt frá því kl. 6 í gærkvöldi. Eins og fram kom hjá meiri hl. sjútvn. náðist ekki samkomulag. Minni hl. sjútvn. skilar svofelldu áliti:

„Nefndin hefur fjallað um frv. en þó haft til þess takmarkaðan tíma. Áður en frv. var vísað til nefndar í Nd., en þar hefur frv. verið samþykkt óbreytt, voru haldnir sameiginlegir fundir sjávarútvegsnefnda beggja deilda og rætt við nokkra aðila. Í þeim viðtölum kom m. a. fram að erfiðleikar í sjávarútvegi voru af ýmsum orsökum, þ. á m. vegna skorts á skipulagningu veiða og vinnslu og aflabrests. Við umfjöllun um frv. á hinum sameiginlegu fundum sjávarútvegsnefndanna voru nm. sammála um að nauðsynlegt væri að grípa til ákveðnari aðgerða við stjórn fiskveiða heldur en gert hefur verið. Nokkrir nm., bæði úr flokkum stjórnar og stjórnarandstöðu, lýstu yfir andstöðu sinni við þau ákvæði þessa frv. sem hafa að geyma miklu ótvíræðari og víðtækari heimildir til handa sjútvrh. um stjórn og takmörkun fiskveiða en áður hafa þekkst eða finna má í gildandi lögum.

Við teljum það rangt að fela ráðh. að marka aðalatriði fiskveiðistefnu. Sú stefnumörkun á að vera Alþingis. Ef sérstakar ástæður og tímaleysi gera það nauðsynlegt að veita ráðh. slíkt vald á að binda ákvarðanatöku ráðh. skyldu til samráðs við nánustu hagsmuna- og sérfræðiaðila.

Við sem stöndum að þessu nál. teljum að þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við undirbúning og framlagningu þessa frv. séu mjög ámælisverð.

Í fyrsta lagi er frv. það seint lagt fram að ekki hefur gefist tími til að senda það til umsagnar, svo að efni þess og tilgangur fengi eðlilega og nauðsynlega umræðu meðal hagsmunaaðila og almennings — og á Alþingi.

Í öðru lagi bendir flest til þess að jafnvel þótt fallist sé á skoðanir sjútvrh., að Alþingi beri að afhenda honum allt það vald sem hann óskar eftir skv. þessu frv., sé ástæðulaust að gera það fyrr en síðustu daga janúar n. k. Undirbúningur þeirra stjórnunaraðgerða sem fyrirhugaðar eru er það skammt á veg kominn að ljóst er að tillögum um þær verður ekki lokið fyrr en 1. febr. n. k.

Minni hl. sjútvn. lagði í nefndarstörfum höfuðáherslu á að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins og óskaði eftir því við sjútvrh. að hann gæfi yfirlýsingu um að hann legði að loknu þinghléi fyrir Alþingi þáltill. um mótun og framkvæmd fiskveiðistefnu fyrir árið 1984. Eftir langt samningaþóf var þessari ósk, og þar með samkomulagi hafnað.

Undirritaðir nefndarmenn munu leggja fram brtt. til staðfestingar áðurgreindu samningstilboði.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sat nefndarfundi sem áheyrnarfulltrúi og er aðili að þessu áliti."

Undir nál. rita Karl Steinar Guðnason, Skúli Alexandersson og Kolbrún Jónsdóttir.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég skal reyna að vera ekki langorður. Ég hafði eiginlega ekki búið mig undir að taka þátt í umr. en sé þó til þess ákveðna ástæðu vegna þess nál. sem liggur fyrir frá meiri hl. sjútvn. Ég vil undirstrika til að byrja með ákveðin atriði í mínum málflutningi við 1. umr. og þá aðallega það atriði að við erum hér ekki að tala um fiskveiðistefnu enn þá. Enn þá hefur hún í raun og veru aðeins verið rædd meira og minna utan þings en ekki innan. Við erum einfaldlega að tala hér um beint valdaafsal frá einum aðila til annars og vita þá allir við hvað er átt.

Þess vegna sló mig líka dálítið 2. mgr. meirihlutaálits sjútvn. og ég veit reyndar ekki hvernig hana skyldi skoða. Ég þekki alla þessa menn og þeir eru mætir. Ég veit nokkurn veginn hvað þeim gengur til og vil ekki gera þeim upp neinar sakir í þessu máli. En vegna þess að farið hefur verið fram á að Alþingi fái að lýsa áliti sínu á framkvæmd fiskveiðistefnu þó ekki væri nema í þál., en það tel ég mjög hógværa kröfu, tel ég mjög óheppilegt hjá meiri hl. sjútvn. að taka undir mjög ákveðna eina aðferð til stjórnunar og takmörkunar fiskveiða. Enda þótt ég geri mér grein fyrir að nál. ber ekki að skilja sem lög felst þó í því ákveðinn stuðningur og yfirlýsing sem menn geta byggt réttlætingu sinna gerða á.

Í raun og veru hefur ekki endanlega verið gefið neitt út um það hvort kvótakerfi verði beitt. Svo mikil umr. hefur farið fram í landinu á síðustu vikum að menn gera sér orðið ljósa grein þess að mjög margir aðrir hlutir eru mögulegir. Sjútvrh. minntist á í sinni fyrstu framsögu fyrir málinu að Háskólinn — að því er ég tel mig muna rétt — vinni að ákveðnu reiknilíkani á þessu sviði. Ef þetta reiknilíkan lægi fyrir gefur það náttúrlega möguleika á margs kyns öðrum aðferðum til stjórnunar og takmörkunar fiskveiða en endilega kvótakerfi.

Ég hef á tilfinningunni og ég held að svo sé um fleiri sem hér ganga um sali að kvótakerfi eigi eftir að skapa mjög mikla úlfúð milli manna, milli byggða og milli landshluta. Ég vildi beina því til þeirra aðila sem undirrita meirihlutaálit sjútvn. hvort ekki væri réttara að fella einfaldlega út þessa 2. mgr. Álitið stendur alveg eftir sem áður sem stuðningur við frv. sem slíkt án þess að þessir einstaklingar og þeir sem síðan greiða atkv. og styðja þetta meirihlutaálit verði skuldbundnir af kvótakerfinu sem hinni einu sönnu lausn. Jafnvel þó að hér sé ekki talað um nema eitt ár skulum við vera minnugir þess sem hv. 4. þm. Vestf. sagði okkur hér í upphafi að lögspakur maður hefði sagt: Þau lög vara hvað lengst sem aðeins voru sett til bráðabirgða.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Niðurstaðan í þessu máli er farin að skýrast og leiðir hefur skilið við afgreiðslu þess í Ed. Það sem kannske er athyglisverðast við það er að þar ræður, að því er ég hygg, mest sá ágreiningur sem var kominn í málið áður en það kom til Ed. og hefði betur verið byrjað að vinna þetta mál hér.

Það hlýtur að setja nokkurn kvíða að mönnum, eins hæpið og þetta mál allt saman er, að ekki skyldi hafa náðst um það samkomulag á Alþingi. Má þó enginn skilja orð mín svo að málaundirbúningur hæstv. sjútvrh. hafi verið þess valdandi. Það er athyglisvert í sambandi við þetta mál hvað ákaflega erfitt er að fá upplýsingar og raunar líka hvað nm. í sjútvn. Ed. og reyndar alþm. sem sæti eiga í þessari virðulegu deild virðist í rauninni varða lítið um þetta mál þegar um það er fjallað hér. Það er valdaafsalið sem menn kalla hér eftir, en við einföldum óskum, m. a. sem ég hef borið fram, er ekki hægt að fá svör og m. a. s. finnst mönnum þær jafnvel vera óeðlilegar. Þetta breytir hins vegar ekki því að þetta frv. styð ég, m. a. vegna þess að það hefur ekki lagagildi nema eitt ár. Þó hljóta raunar að búa með mönnum nokkrar efasemdir, miðað við hvernig umr.

hafa fallið, um að það nái verulegum árangri í skipulagningu veiða á næsta ári. En best er að sleppa allri svartsýni í þeim efnum. Þótt maður sé að sjálfsögðu með nokkrar efasemdir er eðlilegt á þessu stigi málsins að vona það skásta.

ATKVGR.

Brtt. 291,1 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, HS, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB.

nei: ÁJ, DA, EgJ, EKJ, JH, TÁ, VI, ÞK, AG, SalÞ.

2 þm. (LJ, HÓ) fjarstaddir.

Brtt. 291,2 felld með 11:8 atkv.

1. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, VI, AG, ÁJ, DA, EgJ, EKJ, JH, LJ, HÓ, SalÞ.

nei: SDK, SkA, StB, ÞK, EG, HS, KSG, KolJ, RA.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AG, ÁJ, DA, EgJ, EG, EKJ, HS, JH, KSG, KolJ, LJ, HÓ, RA, SDK, SkA, StB, TÁ, VI, SalÞ.

3.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 142. mál (þskj. 186). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 297).

Efri deild, 41. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 10 árdegis.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. 143. mál (þskj. 188). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 301).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 166. mál (þskj. 294). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 frá 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum. Frv. þetta er lagt fram í hv. Nd. og hefur hlotið afgreiðslu þar. Nauðsynlegt er að frv. þetta hljóti hér skjóta afgreiðslu af ástæðum sem öllum hv. þm. þessarar hv. deildar er vel kunnugt um, enda samkomulag um afgreiðslu á því fyrir jólafrí þm.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. stjórnarandstæðingum fyrir góða samvinnu í þessu máli og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 20 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. 161. mál (þskj. 298). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Þetta mál, frv. til l. um breytingu á lögum nr. 91 31. des. 1982, um málefni aldraðra, var hér til umr. í Ed. fyrir skömmu. Nú hefur svo farið að í Nd. var gerð smávægileg breyting á frv. Þó vil ég taka það skýrt fram að sú breyting er aðeins orðalagsbreyting af því tagi að gera frv. skýrara, þótt skiljanlegt væri flestum eins og það var fyrir.

Sú breyting sem gerð var í Nd. varðar 2. gr. frv. en í aths. við frv. kemur augljóslega fram hvað við er átt því að þar stendur: „Samkvæmt því skal af mörkuðum tekjustofni sjóðsins greiða til hjúkrunar- og sjúkradeilda aldraðra jafnháa fjárhæð og sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til að sinna þessu verkefni.“

En það orðalag sem samstaða varð um í Nd. er á þessa leið:

„Við 2. gr. Greinin orðist svo:

12. gr. 3. tölul. hljóði svo:

Að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunardeildum og sjúkradeildum fyrir aldraða með jafnháu framlagi af mörkuðum tekjustofnum sjóðsins og nemur þeirri fjárhæð sem sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til þessara verkefna. Styrkur þessi skal teljast hluti af 85% framlagi ríkissjóðs skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983.“

Ég held að það hljóti að vera augljóst að þetta orðalag er á þann veg að ekki á að misskiljast hvað við er átt.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en að hv. heilbr.- og trn.-menn séu fúsir að samþykkja þessa breytingu. Ég endurtek, hún er aðeins af því tagi að gera orðalag skýrara.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 302).

Efri deild, 42. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 10.30 árdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 166. mál (þskj. 294, n. 299). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur skoðað þetta mál. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt eins og það kom frá hv. Nd. Stjórnarandstöðuþm. skrifa undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 43. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., að loknum 42. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 166. mál (þskj. 294). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 303).

Þingfrestun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem þetta er síðasti fundur hv. Ed. fyrir jólahlé vil ég þakka hv. þdm. fyrir mjög svo ánægjulega samvinnu það sem af er þessu þingi. Sérstaklega er ástæða fyrir mig að þakka hv. þdm. fyrir umburðarlyndi í minn garð. Góð samvinna hefur gert það að verkum að störf í deildinni hafa gengið með eindæmum vel.

Ég vil sömuleiðis flytja skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsliði bestu þakkir fyrir þeirra störf og ánægjulega samvinnu. Ég óska þeim og hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs. Þeim sem um langan veg eiga heim að sækja óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil til starfa á hinu háa Alþingi á næsta ári.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar dm. vil ég þakka forseta góðar óskir í okkar garð. Sömuleiðis vil ég fyrir hönd okkar allra þakka forseta fyrir röggsama og réttláta fundarstjórn það sem af er þessu þingi og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég vil enn fremur nota þetta tækifæri til að óska starfsfólki þingsins öllu og fjölskyldum þess gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Vil ég biðja ykkur, hv. þdm., að staðfesta þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra. Ég vil ítreka mínar innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þdm. og alls starfsliðs Alþingis. Fundi er slitið.

Neðri deild, 39. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 10 árdegis.

Frestun á greiðslum vegna verðtryggðra íbúðalána, frv. 47. mál (þskj. 256). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 300).

Þingfrestun.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þar sem þetta er síðasti fundur deildarinnar fyrir jólahlé vil ég þakka hv. þdm. samstarf og samveru það sem af er þessu þingi. Ég þakka skrifstofustjóra og starfsliði þingsins öllu gott samstarf. Skrifurum deildarinnar þakka ég veitta aðstoð og varaforsetum þakka ég sérstaklega fyrir þá aðstoð sem þeir hafa veitt mér. Ég óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls nýárs. Margir eiga um langan veg að sækja til heimila sinna og þeim óska ég sérstaklega góðrar heimferðar og góðrar heimkomu, og ég vænti þess að við hittumst öll heil að loknu jólaleyfi.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þdm. þakka hæstv. forseta hlýleg orð og góðar kveðjur okkur til handa. Ég þakka honum fyrir góða og glaðværa og réttláta fundarstjórn á þessu þingi. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og vænti þess að við hittum hann heilan og hressan að jólahaldi loknu. Ég vil enn fremur þakka skrifstofustjóra og starfsliði öllu samstarfið og árna þeim öllum gleðilegra jóla. Ég vil biðja þdm. að rísa úr sætum og taka undir orð mín. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka hv. 4. landsk. þm. góð orð og árnaðaróskir hans til mín. Ég þakka hv.

þdm. fyrir undirtektir þeirra og jafnframt ítreka ég árnaðaróskir mínar til þdm. og segi þessum fundi slitið.

Sameinað þing, 35. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 11 árdegis.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. 158. mál (þskj. 228). — Ein umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 228 um frestun á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. des. 1983 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 23. jan. 1984."

Ég geri ráð fyrir því að verði þessi till. samþykkt verði þingi frestað í lok fundar Sþ. nú í dag.

Það mun ekki vera venja hér síðari ár að till. sem þessi fari til nefndar og geri ég því ekki till. um nefnd.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 304).

Fjárlög 1984, frv. (þskj. 212, n. 263 og 285, 255, 257, 258, 259, 260, 264, 265, 266, 267, 275, 276, 278, 279, 281, 282, 286, 288, 289, 290). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 265,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 266,1 felld með 35:20 atkv.
— 265,2—3 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 266,2 tekin aftur.
— 266,3 felld með 35:18 atkv.
— 265,4 samþ. með 35:8 atkv.
— 278,1 samþ. án atkvgr.
— 265,5 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 265, 6—7 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 267,1 felld með 37:5 atkv.
— 265,8 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 265,9 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 267,2 tekin aftur.
— 265,10—11 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 267,3 felld með 42:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SDK, StB, SvG, GSig, GeirG, GE, ÓRG, GA, GHelg, KolJ, KH, KSK.

nei: LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, EG, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, IG, JBH, JH, KSG, KP, KJóh, ÞK.

RA, SkA, SJS, HS, HG, JS greiddu ekki atkv.

Brtt. 267,4 felld með 39:8 atkv.
— 265,12—20 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 267,5—6 felld með 41:6 atkv.
— 265,21—30 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 267,7 felld með 40:7 atkv.
— 267,8 felld með 42:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: StB, EG, GE, GA, JS, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, KSK, SDK.

nei: SkA, StG, SV, StH, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GB, GGS, HÁ, HBl, HS, IG, JBH, JH, LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RH, SalÞ, ÞK.

SJS, SvG, GSig, ÓRG, GHelg, HG greiddu ekki atkv.

Brtt. 265,31—43 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 264,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 267,9 felld með 36:6 atkv.
— 267,10 felld með 38:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: KolJ, KH, KSK, SDK, StB, GE, GA, JBH.

nei: KP, LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, PP, PJ, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EG, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GB, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HS, IG, JH, ÞK.

KJóh, ÓÞÞ, PS, RA, SkA, SJS, SvG, EgJ, GSig, GeirG, ÓRG, HG, JS, KSG greiddu ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það getur verið umræðu- og íhugunarefni hvort leggja eigi niður ákveðnar stofnanir ríkisins, en það getur hins vegar ekki gerst með þessum hætti og því segi ég nei.

Brtt. 265,44 samþ. með 39:10 atkv.
— 264,2—4 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 281,1.a felld með 35:18 atkv.
— 257,1 felld með 31:25 atkv.
— 281,1.b felld með 35:20 atkv.
— 264,5 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 265,45—53 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 264,6—7 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 265,54 samþ. með 39:9 atkv.
— 259 felld með 39:17 atkv.
— 265,55 samþ. með 38:6 atkv.
— 264,8 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 281,2 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 264,9 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 265,56—57 samþ. með 38:2 atkv.
— 264,10—12 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 286 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 264,13—14 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 267,11—13 felld með 38:5 atkv.
— 264,15—16.a samþ. með 41 shlj. atkv.
— 279,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 264,16.b tekin aftur.
— 279,2 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 264,16.c tekin aftur.
— 267,14 felld með 40:6 atkv.
— 281,3 felld með 40:16 atkv.
— 264,17 samþ. með 43:3 atkv.

Brtt. 267,15 felld með 42:10 atkv.
— 258,I felld með 42:11 atkv.
— 264,18—19 samþ. með 48:1 atkv.
— 267,16 felld með 44:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StB, GE, KolJ, KSK.
nei: StG, SV, StH, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GSig, GB, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HS, IG, JBH, JH, KSG, KP, KJóh, LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, SalÞ, ÞK.
SkA, SJS, SvG, EG, GeirG, ÓRG, GA, HG, JS, KH, RA, SDK greiddu ekki atkv.
Brtt. 267,17 felld með 51:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KolJ, KSK, StB, GE.
nei: KP, LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RH, SalÞ, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GSig, GeirG, GB, ÓRG, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HS, HG, IG, JS, JBH, JH, KSG, ÞK.
KJóh, KH, SDK, EG greiddu ekki atkv.
1 þm. (GA) fjarstaddur.
Brtt. 267,18 felld með 38:4 atkv.
— 264,20 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 267,19 felld með 36:4 atkv.
— 264,21—23 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 267,20 felld með 41:4 atkv.
— 264,24—25 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 257,II felld með 36:21 atkv.
— 267,21 felld með 40:18 atkv.
— 264,26—28 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 267,22—23 felld með 48:4 atkv.
— 264,29—32 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 275 tekin aftur.
— 264,33 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 258,II tekin aftur.
— 264,34—38 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 267,24 felld með 38:6 atkv.
— 267,25 felld með 35:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, GSig, GE, ÓRG, GA, HS, HG, JBH, KSG, KJóh, KolJ, KH, KSK.
nei: PS, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, IG, JH, LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, PP, PJ, ÞK.
EG, GeirG, GHelg, GGS, KP, ÓÞÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (JS) fjarstaddur.
Brtt. 264,39—41 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 267,26 felld með 42:5 atkv.
— 276 samþ. með 33:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KP, KJóh, HÓ, ÓÞÞ, PP, RA, SDK, SkA, StG, SV, StH, SJS, SvG, SvH, TÁ, ÞS, AS, DA, EG, GSig, GeirG, GB, ÓRG, GA, GHelg, HÁ, HS, HG, IG, JS, JBH, JH, KSG.
nei: KolJ, KSK, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, SalÞ, StB, VI, ÞP, AG, ÁJ, BÍG, EH, EgJ, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GE, GGS, HBl, ÞK.
LJ greiddi ekki atkv.
1 þm. (KH) fjarstaddur.
Brtt. 264,42 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 267,28 felld með 40:3 atkv.
— 264,43—44 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 267,29 felld með 44:3 atkv.
— 264,45 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 255,a—b samþ. með 44 shlj. atkv.
— 264,46—51 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 267,30—31 felld með 38:7 atkv.
— 264,52 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 267,32.a felld með 40:10 atkv.
— 264,53.a samþ. með 39:6 atkv.
— 267,32.b—c felld með 39:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KJóh, KolJ, KH, KSK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, GE, ÓRG, GA, GHelg, HS, HG, JS.
nei: LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, SalÞ, StG, SV, StH, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GSig, GB, GGS, HÁ, HBl, IG, JBH, JH, ÞK.
EG, GeirG, KSG greiddu ekki atkv.
1 þm. (KP) fjarstaddur.
Brtt. 264,53.b samþ. með 45 shlj. atkv.
— 265,58 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 267,33 felld með 39:7 atkv.
— 260 felld með 40:11 atkv.
— 282 felld með 40:9 atkv.
— 264,54 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 267,34 felld með 40:5 atkv.
— 266,4 tekin aftur.
— 264,55 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 267,35 felld með 40:4 atkv.
— 265,59—61 samþ. með 37:1 atkv.
— 265,62—65 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 288,1 felld með 39:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkA, StB, SJS, SvG, GSig, GeirG, GE, ÓRG, GA, GHelg, HS, HG, KolJ, KH, KSK, RA, SDK.
nei: StG, StH, SvH, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, EG, GHG, EKJ, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, JBH, JH, KSG, KJóh, LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, SalÞ, ÞK.
SV, IG, JS greiddu ekki atkv.
1 þm. (KP) fjarstaddur.
Brtt. 265,66—69 samþ. með 39:3 atkv.
— 264,56.a—g. samþ. með 48 shlj. atkv.
— 257, III samþ. með 42:1 atkv.
— 264,56.h.4.30.—4.38. samþ. með 42 shlj. atkv.
— 289 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 264,56.h.4.39.a—c samþ. með 52 shlj. atkv.
— 279,3 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 264,56.h.4.39.d—n.6.21. samþ. með 46 shlj. atkv.
— 288,2 tekin aftur.
— 264,56.o.—p. samþ. með 48 shlj. atkv.
— 279,4 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 290 samþ. með 53 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 305).

Um þingsköp.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins gera

smáaths. vegna brtt. og nál. frá menntamálanefndum Alþingis. Ég sé að það hefur verið prentað sem nál. og brtt. frá samvinnunefnd menntamála. Sú nefnd er ekki til en embættismenn þingsins töldu að óþinglegt væri að kalla það svo að brtt. og álit væri frá menntamálanefndum Alþingis. Ég vil biðja hæstv. forseta að athuga hvort þingsköp leyfi að þetta sé leiðrétt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að hér er um augljós pennaglöp að ræða og verða þau að sjálfsögðu leiðrétt.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða sem eru í umsjá hennar, samkv. 36. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri (A),
Kristján Valdimarsson skrifstofustjóri (B).

Kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1984 til 31. des. 1987, samkv. lögum nr. 119/1950, um stjórn flugmála.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Birgir Ísl. Gunnarsson alþm. (A),
Skúli Alexandersson alþm. (B),
Páll Pétursson alþm. (A).

Varamenn:
Guðmundur Guðmundsson slökkviliðsstjóri (A),
Vilhelm Júlíusson (B),
Hallgrímur Sigurðsson flugumferðarstjóri (A).

Kosning tveggja manna í kjaradeilunefnd til fjögurra ára, frá 28. maí 1984 að telja til jafnlengdar 1988, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. laga nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Jóhann Á. Níelsson hrl. (A),
Hrafnkell Ásgeirsson lögfræðingur (B).

Kosning sjö manna nefndar til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum til listamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 29/1967, um listamannalaun.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari (B),
Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri (A),
Halldór Blöndal alþm. (A),
Bolli Gústafsson sóknarprestur (B),
Bessí Jóhannsdóttir kennari (A),
Gunnar Stefánsson bókmenntafræðingur (A).

Kosning stjórnar Fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára frá 1. janúar 1984 til 31. desember 1986, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt 1. gr. laga nr. 89/1947.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Már Elísson forstjóri (A),
Kristján Jónsson stýrimaður (B),
Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Karvel Pálmason alþm. (B).

Varamenn:
Kristján Ragnarsson framkvæmdastjóri (A),
Ólafur Karvel Pálsson fiskifræðingur (B),
Bogi Þórðarson fulltrúi (A),
Björn Dagbjartsson matvælaverkfræðingur (A),
Sigurður Gunnarsson sjómaður (B).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1983, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Halldór Blöndal alþm. (A),
Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri (B),
Jón Snæbjörnsson endurskoðandi (A).

Kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar frá 1. janúar 1984 til 31. desember 1985.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Sigurður Líndal prófessor (A),
Bjarni Guðnason prófessor (B),
Magnús Már Lárusson prófessor (A).

Kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, frá þinglokum til loka næsta þings eftir nýafstaðnar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Þorsteinn Pálsson alþm. (A),
Hjörleifur Guttormsson alþm. (B),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (A).

Kosning fimm manna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. janúar 1984 til 31. desember 1986, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. laga nr. 102 31. desember 1980, um Grænlandssjóð.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason alþm. (A),
Geir Gunnarsson alþm. (B),
Haraldur Ólafsson lektor (A),
Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri (A),
Kjartan Jóhannsson alþm. (B).

Kosning níu alþingismanna til að endurskoða gildandi lög um þingsköp Alþingis. Nefndina skulu skipa forseti sameinaðs þings, forseti efri deildar, forseti neðri deildar og einn frá hverjum þingflokki.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Þorv. Garðar Kristjánsson,
Salome Þorkelsdóttir,
Ingvar Gíslason,
Helgi Seljan,
Eiður Guðnason,
Stefán Benediktsson,
Ólafur Jóhannesson,
Kristín Halldórsdóttir,
Friðjón Þórðarson.

Um þingsköp.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil vekja athygli á 11. lið, um kosningu fjögurra manna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára, frá 1. júní 1983 til 8. júní 1987. Ég hefði nú talið rétt að fella niður dagsetningar þarna. Samkv. lögum á að kjósa þessa nefnd til fjögurra ára. Ekki er rétt að mínum dómi að stjórn fari frá 8. júní því að þá er Alþingi yfirleitt ekki að störfum. Ég legg því til að þetta verði leiðrétt og í tilkynningu til þeirra sem kosnir verða komi fram að þeir verði kosnir til fjögurra ára.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka fram að það er sjálfsagt að taka tillit til ábendinga hæstv. heilbr.- og trmrh. Það mun vera svo, að mörkin sem rétt er að miða við eru 1. apríl, en ekki 1. júní. Skrifstofustjóri var raunar búinn að vekja athygli mína á því. Ég hygg að það sé augljóst mál að þetta verði leiðrétt.

Kosning fjögurra manna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Stefán Friðbjarnarson blaðamaður (A),
Steingrímur J. Sigfússon alþm. (B),
Páll G. Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Jónína Mikaelsdóttir húsmóðir (A).

Kosning eins varamanns í útvarpsráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar í stað Tryggva Þórs Aðalsteinssonar.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörin væri án atkvgr.:

Gerður Óskarsdóttir, Reykjavík.

Aðgerðir gegn innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna, þáltill. 125. mál (þskj. 160, n. 269, 270). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna sem allshn. hefur haft til meðferðar. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund lögreglustjórann í Reykjavík, tollstjóra, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum og ráðuneytisstjóra dómsmrn. Nefndin mælir með samþykkt till. með þeirri breytingu sem flutt er till. um á þskj. 270.

Breytingarnar frá þáltill. í sinni upprunalegu mynd eru sem hér segir:

1. Um fjölda þeirra sem mynda samstarfshópinn. Í stað þess að tiltaka að í hópnum skuli vera níu manns er engin ákveðin tala nefnd þannig að það er á valdi dómsmrh. að ákveða stærð hópsins. Nefndin hallast þó frekar að því að samstarfshópurinn sé ekki of stór.
2. Með tilliti til þess að umræddur hópur á ekki að vera stjórnunartæki í eiginlegri merkingu þess orðs var talið rétt að orða niðurlag 1. mgr. á þá leið að hlutverk samstarfshópsins væri að samræma og skipuleggja auknar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna og einnig að hann athugi nýjar rannsóknaraðferðir í fíkniefnamálum.

Að öðru leyti voru engar breytingar gerðar á tillögunni.

Sem fyrr segir komu fulltrúar þeirra stofnana og embætta á fund n. sem einkum fjalla um það viðkvæma og erfiða verkefni sem fólgið er í því að reyna að afstýra þeim mikla þjóðarvoða sem felst í aukinni fíkniefnaneyslu á Íslandi. Miklar kröfur eru gerðar til þessara

aðila um árangursríkar aðgerðir án þess þó að þeim hafi enn sem komið er verið sköpuð fullnægjandi skilyrði. Þeir sem og þjóðin í heild standa frammi fyrir vágesti sem var svo til óþekkt vandamál fyrir nokkrum árum. Óflugir alþjóðlegir glæpahringar teygja anga sína um allan heim og með skipulagðri strfsemi reyna sendimenn þeirra, fíkniefnasalarnir, að veiða í sitt net grandalaust fólk sem uggir ekki að sér varðandi skaðsemi fíkniefna. Sérstaklega leggja þessir óþokkar sig fram um að reyna að gera ungt og reynslulítið fólk háð háskalegum fíkniefnum.

Íslendingar standa nú frammi fyrir því að þurfa að mæta þessum vágesti sem því miður hefur færst í aukana hérlendis á síðustu árum. Allt of margir hafa orðið fíkniefnum að bráð. Þessari óheillaþróun verður að mæta með öllum tiltækum ráðum. Efla verður enn frekar skipulagðar aðgerðir þeirra aðila sem eru í framvarðasveit í baráttunni gegn stöðugt meiri ásælni hinna ófyrirleitnu fíkniefnasala sem virðast hafa aukið starfsemi sína á Íslandi í tengslum við erlend skuggaöfl.

Sú þáltill. sem hér er til meðferðar er liður í þessari varnarbaráttu. Hún felur í sér auknar aðgerðir gegn innflutningi og dreifingu á ávana- og fíkniefnum. Þegar hefur verið unnið mikið starf á þessu sviði af hálfu löggæslu og tollgæslu sem og dómsvaldsins og réttarfarsaðila sem um þessi mál fjalla. En þessir aðilar eru ekki í stakk búnir sem skyldi til að mæta hinni hörðu, hröðu og neikvæðu þróun. Þess vegna verður m. a. Alþingi að koma enn frekar til skjalanna í hinni hörðu baráttu gegn skuggavöldunum, fíkniefnasölunum og dreifendum þessara efna.

Í fjárlögum ársins 1984 er veruleg fjárupphæð er verja skal í þessum tilgangi. Þessi þáltill. er enn einn þátturinn í þessari baráttu og í rökréttu samhengi við afstöðu Alþingis eins og hún birtist í fyrrnefndum lið fjárlaga. Allshn. kann hæstv. forseta þakkir fyrir þann skilning á mikilvægi þessa máls sem kemur fram í því að hann skuli nú taka þessa þáltill. inn á dagskrá í hinum miklu önnum þingsins. Allshn. væntir þess að sami skilningur ríki hjá hv. þm. og þeir samþykki till. til þess að það víðtæka samráðsstarf sem hér um ræðir geti hafist sem fyrst.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 306).

Þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þessi fundur er síðasti fundur Alþingis fyrir þinghlé vegna jólanna. Um leið og ég vil þakka alþm. og starfsfólki Alþingis gott og ánægjulegt samstarf á því ári sem nú er að líða óska ég þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Ég vona að við hittumst öll heil á nýju ári þegar Alþingi kemur saman.

Ragnar Arnalds: Ég vil fyrir hönd alþm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég vil einnig þakka honum góða forustu í þingstörfum og réttláta fundarstjórn. Ég óska honum, fjölskyldu hans og öllu starfsliði Alþingis gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Ég vil leyfa mér að vona að við megum öll hittast heil til starfa að loknu jólaleyfi. Má ég biðja þm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir góðar óskir í minn garð og undirtektir alþm. undir þær óskir. Ég ítreka óskir mínar um gleðileg jól og gott og farsælt nýtt ár til þingmanna og starfsfólks Alþingis.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 106. löggjafarþings, frá 20. des. 1983 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 23. jan. 1984.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég því hér með yfir að þessu þingi sem nú situr er frestað. Þingið mun verða kvatt saman eigi síðar en 23. jan. n. k.

Ég leyfi mér að óska hv. alþm., starfsliði Alþingis og Íslendingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Sameinað þing, 36. fundur.

Mánudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Hinn 9. janúar var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh. að Alþingi skuli koma saman til framahaldsfunda mánudaginn 23. jan. 1984, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis öllum óska ég gleðilegs árs, þakka liðið ár. Ég býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk mína að störf Alþingis, okkar allra, megi verða landi og þjóð til blessunar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar þm. Jafnframt vil ég óska hæstv. forsrh., öllum þm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári og býð alla velkomna til starfa á nýju ári.

Samkv. forsetabréfi því sem forsrh. hefur hér flutt er fundur settur í sameinuðu Alþingi.

Minnst látinna fyrrv. alþingismanna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Föstudaginn 13. janúar létust tveir fyrrv. alþm. Magnús Jónsson bankastjóri og fyrrv. fjmrh. andaðist á heimili sínu í Mosfellssveit aðfaranótt þess dags, 64 ára. Guðbrandur Ísberg fyrrv. sýslumaður andaðist miðdegis í Héraðshælinu á Blönduósi á 91. aldursári.

Magnús Jónsson var fæddur 7. sept. 1919 á Torfmýri í Akrahreppi. Foreldrar hans voru hjónin Jón Eyþór Jónsson bóndi þar, síðar á Mel í Staðarhreppi, og Ingibjörg Magnúsdóttir. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1940 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands 1946. Á árunum 1946—1948 var hann ritstjóri Íslendings, blaðs sjálfstæðismanna á Akureyri. Fulltrúi í fjmrn. var hann 1948—1953, framkvæmdastjóri Sjálfstfl. 1953—1960 og bankastjóri Búnaðarbanka Íslands 1961—1965 og aftur frá 1971 til dánardags. Frá 8. maí 1965 til 14. júlí 1971 var hann fjmrh. Við alþingiskosningarnar 1949 var hann kjörinn varaþm. Eyfirðinga og tók sæti á Alþingi vegna forfalla aðalmanns í nóv. 1951 og var á þingi út kjörtímabilið. Síðan var hann þm. Eyfirðinga 1953—1959 og þm. Norðurl. e. 1959—1974, er hann gaf ekki kost á þingsetu vegna heilsubrests. Alls sat hann á 24 þingum.

Jafnframt aðalstarfi var Magnús Jónsson valinn til ýmissa starfa í félagsmálum og þjóðmálum. Hann var formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna 1949—1955, átti lengi sæti í miðstjórn Sjálfstfl. og var varaformaður 1973—1974. Hann var formaður íslensku þingmannanefndarinnar á stofnþingi Norðurlandaráðs 1952, átti síðan sæti í ráðinu sem varamaður til 1959 og aðalmaður til 1965. Hann sat þing Alþjóðaþingmannasambandsins 1961 og 1964 og var þá formaður Íslandsdeildarinnar. Árið 1949 var hann skipaður formaður nefndar til þess að rannsaka kaup og kjör starfsmanna ríkisins, skipaður 1950 í stjórn skuldaskilasjóðs útvegsmanna, skipaður 1954 og 1958 í nefnd til þess að athuga leiðir til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Hann var í raforkuráði, síðar orkuráði 1954—1975 og formaður þess frá 1962. Í áfengisvarnaráði 1954—1965, kosinn í atvinnumálanefnd ríkisins 1955 og í milliliðagróðanefnd 1956. Hann var formaður úthlutunarnefndar atvinnuaukningarfjár 1959—1962 og formaður stjórnar atvinnubótasjóðs, síðan atvinnujöfnunarsjóðs 1962—1971. Í flugráði var hann 1961—1963. Árið 1961 var hann skipaður í endurskoðunarnefnd laga um stofnlán landbúnaðarins og 1962 í nefnd til þess að athuga um stofnun lífeyrissjóðs fyrir bændur. Hann var í stóriðjunefnd 1963—1965, var kosinn í áfengismálanefnd 1964 og varð formaður hennar. Í stjórn Kísiliðjunnar var hann 1964—1983, var formaður stjórnarinnar, og í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins 1972—1974. Árið 1972 var hann skipaður í nefnd til að endurskoða bankakerfið og í endurskoðunarnefnd laga um stofnlánadeild landbúnaðarins.

Magnús Jónsson ólst upp við sveitastörf og vann oft síðar á ævinni í sumarleyfum við heyskap á búi foreldra sinna í Skagafirði. Á námsárunum fékk hann í störfum sínum á sumrum nokkur kynni af atvinnuháttum við sjávarsíðuna. Hann var oft valinn til forustustarfa við lausn vanda í atvinnu- og byggðamálum og kom lífsreynsla hans og kunnugleiki að haldi þar og ekki síst í því aðalstarfi sem hann gegndi lengst, bankastjórastarfi í Búnaðarbanka Íslands.

Magnús Jónsson var alla ævi bindindismaður og áhugasamur um bindindismál. Hann var á skólaárum í stjórn Sambands bindindisfélaga í skólum og 1955—1957 var hann formaður Landssambandsins gegn áfengisbölinu, auk þeirra starfa á því sviði sem áður er getið.

Magnús Jónsson hóf ungur afskipti af stjórnmálum og var, eins og áður er getið, valinn til forustu- og ábyrgðarstarfa af flokksbræðrum sínum. Í fimm ár vann hann í fjmrn. og átti síðan sæti í fjvn. þangað til hann tók við bankastjórastörfum og var formaður nefndarinnar á síðasta þinginu. Hann var því vel undir það búinn að taka við starfi fjmrh. Í því starfi beitti hann sér fyrir nýrri skipan við gerð fjárlaga og stýrði fjármálum ríkisins af þekkingu og glöggskyggni bæði í góðu og óhagstæðu árferði.

Magnús Jónsson vandaði til allra verka sinna. Hann vakti ungur athygli í ræðustól fyrir mælsku og rökfestu. Hann var heilsteyptur, sanngjarn og ósérhlífinn og naut trausts samstarfsmanna sinna á Alþingi og í öðrum stofnunum. Á góðum aldri varð hann fyrir alvarlegri heilsubilun og hlaut þá að létta af sér störfum. Með kjarki og þrautseigju og dyggum stuðningi komst hann fljótlega aftur til aðalstarfs síns, sem hann gegndi með eðlislægri samviskusemi og árvekni til síðasta ævidags.

Guðbrandur Ísberg var fæddur 28. maí 1983 í Snóksdal í Miðdalahreppi í Dalasýslu. Foreldrar hans voru hjónin Magnús bóndi þar Kristjánsson og Guðrún Gísladóttir. Árið 1916 tók hann sér ættarnafnið Ísberg. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík 1916 eftir þriggja ára nám þar. Um haustið fór hann til Kaupmannahafnar og tók að nema hagfræði í háskólanum þar. Á árunum 1917—1919 var hann jafnframt námi starfsmaður í íslensku stjórnarráðsskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Haustið 1919 hóf hann lögfræðinám í Háskóla Íslands og lauk prófi 1923. Síðan rak hann málflutningsskrifstofu á Akureyri og stundaði jafnframt búskap á Möðrufelli í Hrafnagilshreppi. 1931—1932 var hann fulltrúi sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri, bjó þá á nýbýlinu Litla-Hvammi í Hrafnagilshreppi. Haustið 1932 varð hann sýslumaður í Húnavatnssýslu og gegndi því embætti til 1960. Hann var í framboði fyrir Sjálfstfl. og var kjörinn þm. Akureyringa 1931 og átti sæti á Alþingi til 1937, sat á 8 þingum alls. Formaður yfirkjörstjórnar Norðurl. v. var hann 1959—1967.

Guðbrandur Ísberg var tveggja ára þegar móðir hans dó og sex ára missti hann föður sinn. Innan fermingaraldurs fór hann að sjá fyrir sér sjálfur og vann á unglingsárum í sveit og á sjó. Hugur hans stefndi til mennta þegar aðstæður leyfðu. Hann nam í unglingaskóla í Hjarðarholti í Dölum og settist í 4. bekk Menntaskólans í Reykjavík tvítugur að aldri. Tæpa þrjá áratugi var hann sýslumaður og naut vinsælda í héraði. Hann stundaði lengi búskap jafnframt öðrum störfum, var áhugamaður um hestamennsku og átti góðhesta til æviloka. Á Alþingi átti hann fyrst sæti í sjútvn. og menntmn., síðar í landbn., allshn. og iðnn. Hann tók jafnan talsverðan þátt í umr. á þingi, var vel máli farinn og gagnorður. Á síðasta þingi sínu flutti hann að tilstuðlan forráðamanna Akureyrarkaupstaðar frv., sem varð að lögum, um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nú er hátt í hálfa öld síðan hann sá sér ekki fært að vera í framboði lengur vegna embættisanna og hvarf af Alþingi.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Magnúsar Jónssonar og Guðbrands Ísberg með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn rísu úr sætum.]

Sameinað þing, 37. fundur.

Þriðjudaginn 24. jan., kl. 2 miðdegis.

Framlenging leyfis frá þingstörfum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 23. janúar 1984.

Ellert B. Schram, 6. þm. Reykv., hefur ritað mér eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er senn á förum til nokkurrar dvalar erlendis og get af öðrum persónulegum ástæðum ekki sótt þingfundi óska ég eftir því að leyfi mitt frá þingstörfum verði framlengt til loka þess þings sem nú situr og þá án launa sem fyrr. Óska ég þess að varamaður minn, Geir Hallgrímsson, gegni áfram þingmennsku í minn stað."

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Geir Hallgrímsson utanrrh. á setu á Alþingi sem ráðh. Hann hefur setið fyrr á þessu þingi sem þm. og ég býð hann velkominn til starfa sem slíkan.

Útreikningur verðbóta, fsp. 53. mál (þskj. 56). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í lögum um stjórn efnahagsmála nr. 13/1979 er veitt heimild í VII. kafla til lánsviðskipta með ákvæðum þess efnis að greiðslur skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris. Ekki þarf að fjölyrða frekar um að verðtrygging er orðin mjög algeng í viðskiptum manna á milli. Hins vegar er ekki heldur hægt að neita því að allvíða og í mjög mörgum tilvikum hefur risið ágreiningur um hvernig reikna skuli verðbætur út. Staðreyndin er sú að hér er um hundruð ágreiningsmála að ræða í þjóðfélaginu og ástæðan er ósköp einföld. Reglurnar eru sumpart óskýrar, sumpart alls ekki til og enginn viðurkenndur úrskurðaraðili hefur verið tiltækur til að skera hér úr nema þá dómstólarnir, en dómstólaleiðin er seinfarin eins og kunnugt er.

Þess gætir mjög að seljendur fasteigna eða verksalar gera samning við kaupendur, áskilja sér í samningum og reikna sér verðbætur aftur í tímann, þ. e. verðbætur eru reiknaðar á samningsverð frá tímamörkum sem voru liðin þegar samningurinn um kaup eða verk var gerður. Í öðru lagi tíðkast nokkuð að verðbætur séu reiknaðar og innheimtar af eftirstöðvum greiðslu fyrir verk sem óunnið er eða ekki afhent kaupanda og/eða greiðslu fyrir verk sem óunnið er eða ekki afhent kaupanda og/eða af greiðslum sem ekki eru fallnar í gjalddaga þegar verðbætur eru innheimtar. Og í þriðja lagi eru verðbætur reiknaðar skv. meðaltali innan hvers vísitölutímabils, þ. e. hækkun vísitölu á tímabilinu deilt upp með dagafjölda hvers tímabils og meðalbreyting þannig lögð til grundvallar verðbótum af tímabilinu.

Ég hef fyrir framan mig eitt dæmið um þessa útreikningsaðferð í viðskiptum aðila þar sem kaupsamningur er gerður 6. apríl 1981. Nú var vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út í fyrri hluta des., síðan aftur í marsbyrjun og loks í júníbyrjun, en kaupsamningurinn er gerður 6. apríl. Og við hvað halda menn nú að kaupsamningurinn sé miðaður, þ. e. stofnverðið sem allt er reiknað út frá? Samningurinn sem er gerður 6. apríl er miðaður við vísitöluna eins og hún var í fyrri hluta desembermánaðar. Sú mikla hækkun sem í þessu tilviki verður frá desembermánuði 1980 og fram í marsbyrjun eða aprílbyrjun kemur öll seljandanum til óverðskuldaðs hagnaðar þannig að hér verður um verulega ósanngjörn viðskipti að ræða. Einnig er ljóst að ef dagvísitala er reiknuð eins og áður var getið kemur allt annað út úr dæminu en ef aðrar og venjulegri leiðir eru notaðar. Afleiðingin verður sú að í raun og veru er kaupandi að greiða mjög háa vexti auk verðtryggingar. Fullyrt er að í mjög mörgum tilvikum sé um að ræða fulla verðtryggingu með 25% vöxtum ofan á.

Ég þarf ekki að rekja hér hvílíkum vandræðum þetta hefur valdið hjá mjög mörgum sem hafa verið að kaupa fasteignir á liðnum mánuðum og misserum. Þar er mörg sorgarsagan sem ekki er ástæða til að fjölyrða hér um. Kaupendur hafa leitað til opinberra aðila til að ná leiðréttingu mála sinna, t. d. Seðlabanka Íslands, en í 41. gr. laga nr. 13/1979 segir að Seðlabankanum sé falið að setja reglur um verðtryggð viðskipti utan banka og lánastofnana. Hins vegar hefur farið svo að Seðlabankinn hefur lýst því yfir að verðtryggð viðskipti um afhendingu eignar sem hækkar í verði á afhendingartímanum í hlutfalli við verðbreytingar flokkist ekki undir lánsviðskipti og þar með ekki undir lög nr. 13/1979. Nú er að vísu mikið vafamál hvort þetta er rétt lögskýring hjá þeim seðlabankamönnum, en það skiptir ekki öllu. Aðalatriðið er að Seðlabankinn túlkar lögin á þennan veg og neitar að skipta sér af málinu frekar.

Hitt er rétt að taka fram, að í umsögn um málið sem Seðlabankinn gaf fyrir einu ári síðan kom skýrt fram að seðlabankastjórnin lítur svo á að útreikningur dagvísitölu með þeim hætti sem ég lýsti áðan væri algerlega óeðlileg. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, forseti.

Rétt er að minna á að í lögum er gert ráð fyrir því að sérstök nefnd geti verið úrskurðaraðili í málum af þessu tagi. En það hefur nú farið svo að þegar leitað hefur verið til þessarar nefndar sem getið er í 44. gr. laganna að fella skuli fullnaðarúrskurð í ýmsum ágreiningsmálum af þessu tagi hefur hún líka vísað málinu frá sér, í öllu falli ekki gefið nein svör við fsp. sem til hennar hefur verið beint. Þess vegna hef ég leyft mér að bera hér fram fsp. á þennan veg:

„Vill ríkisstj. beita sér fyrir því að settar verði skýrar reglur um útreikning verðbóta í viðskiptum þar sem kaupverð er tengt vísitölu verðlags eða byggingarkostnaðar?“

Ég álít að setja verði skýrar reglur. Þar getur komið tvennt til greina, annað hvort lagasetning eða útgáfa reglugerða og geta fleiri en ein lög vissulega komið þar til álita sem grundvöllur. Einhverja leið verður að fara til að leysa þann vanda sem hér er bersýnilega við að kljást hjá fjöldamörgum kaupendum fasteigna.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 56 flytur hv. 3. þm. Norðurl. v. þá fsp. sem hann hefur nú talað fyrir. Með því að þetta mál hefur verið nokkuð til skoðunar leyfi ég mér að víkja að því að í VII. kafla laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., sem fjallar um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, er tekið fram að Seðlabankinn hefur umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla eins og fram kom hér áðan. Í einu ákvæðanna, nánar tiltekið í 2. mgr. 41. gr. laganna, segir að um verðtryggð viðskipti utan innlánsstofnana fari eftir þeim reglum sem Seðlabankinn setur. Þó eru þau viðskipti undanskilin sem eru sambærileg þeim viðskiptum sem innlánsstofnanirnar stunda.

Um þessi síðasttöldu viðskipti gilda sömu reglur og um viðskipti innlánsstofnana, sbr. 1. mgr. 41. gr. Fsp. sem hér er til umr. beinist að verðtryggðum viðskiptum sem gerast utan innlánsstofnana. Viðskrn. óskaði því eftir greinargerð frá Seðlabankanum um framkvæmd á 2. mgr. 41. gr. laganna. Í grg. kemur fram að Seðlabankinn telji hvorki þetta ákvæði né önnur hefta rétt manna til að semja sín í millum um kaupverð t. d. fasteigna sem tengt sé vísitölu verðlags eða byggingarkostnaðar. Bankinn lítur m. ö. o. svo á að 2. mgr. 41. gr. nái ekki til viðskipta sem tengd séu vísitölu á þennan hátt. Þessa afstöðu rökstyður bankinn með vísan til 35. gr. laga nr. 13/1979, en í gr. segir að VII. kafli laganna gildi um skriflegar skuldbindingar þar sem skuldari lofar að greiða peninga fyrir verðmæti sem hafa verið seld eða afhent. Ég endurtek: sem hafa verið seld eða afhent. Þetta ákvæði segir bankinn að verði að túlka þannig að áðurnefndur kafli um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár gildi einungis um verðtryggingu hreinnar fjárkröfu eftir að myndun, verðákvörðun og afhending verðmæta er liðin hjá. Hins vegar gildi ákvæði kaflans ekki þegar kaupverð t. d. fasteignar er tengt vísitölu því að þá sé vísað til verðmyndunar fasteignarinnar.

Í lok greinargerðar sinnar segist Seðlabankinn hins vegar fúslega veita aðilum leiðbeiningar um hugsanleg samningskjör, sé um það beðið, enda þótt um viðskipti sé að ræða er falli utan gildissviðs VII. kafla laga nr. 13/1979 skv. túlkun bankans.

Með hliðsjón af þessari túlkun Seðlabankans og því að honum er falið að hafa umsjón með framkvæmd á ákvæðum VII. kafla umræddra laga verða reglur um útreikning verðbóta í viðskiptum þar sem kaupverð er tengt vísitölu verðlags eða byggingarkostnaðar aðeins settar með nýrri lagaheimild. Að vísu geta dómstólar hnekkt túlkun Seðlabankans en á það hefur ekki reynt.

Eins og þetta mál liggur fyrir í dag hefur ekki verið tekin ákvörðun um að afla lagaheimildar í því skyni að setja reglur af þessu tagi og er það svar við fsp. hv. þm. Hins vegar vil ég bæta við: Ástæða þess er einkum sú að fáar kvartanir hafa borist vegna skorts á slíkum reglum. Verði almenn vaxtalög sett, svo sem stefnt er að á þessu þingi, er eðlilegt að hafa þetta mál þá til athugunar og ákvörðunar um lagasetningu.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir svar hans. Það svar sem hann vitnaði til að komið hefði frá bankastjórn Seðlabankans varðandi þetta mál kom mér ekki í sjálfu sér á óvart. Það er í fullu samræmi við það sem áður hefur gerst í málinu að Seðlabankinn hefur vísað þessu máli frá sér. Ég hygg að viðskrh. sé kannske í nokkrum vanda staddur með að gefa út reglugerð á grundvelli laganna frá 1979 ef ágreiningur er uppi um hvort þau veita þann grundvöll til reglugerðarútgáfu sem til þarf. Ég ætla ekki að hætta mér út í að rökræða frekar hvort þau veita heimild til útgáfu reglugerðar til þess að leysa þennan vanda, enda held ég að ekki eigi að flækja málið um of með því að staðnæmast við það atriði.

Ef það er skoðun viðskrn. að þörf sé á lagasetningu í þessu skyni til að taka af öll tvímæli ber að setja lög af því tagi. Ég fagna því að hæstv. ráðh. var ekki neikvæður í afstöðu sinni til þess máls. Hann sagði einungis að ekki hefði verið tekin ákvörðun um að rn. beitti sér fyrir lagasetningu í þessu skyni og gaf jafnvel í skyn að til greina gæti komið að frv. um annað efni mundi einnig ná yfir þetta atriði þegar það yrði lagt fram síðar í vetur.

Ég vil hins vegar ítreka það sem ég hef þegar sagt að hér er um veruleg vandamál að ræða vegna þess að menn hafa gert samninga um verk í stórum stíl og af þeim hefur í mörgum tilvikum hlotist mikill ágreiningur

milli verkkaupanda og verkseljanda vegna ósanngjarnra ákvæða af því tagi sem ég vitnaði til áðan. Með hliðsjón af því að opinberum aðilum ber að reyna að tryggja að deilur séu settar niður í þjóðfélaginu og í öðru lagi að reyna að vernda almenning gegn ósanngjörnum samningsákvæðum ber ríkisstj. hverju sinni að hafa frumkvæði að því að komið sé í veg fyrir vanda af þessu tagi. Þess vegna vil ég eindregið hvetja hæstv. ráðh. til að láta ekki dragast um of að frv. af þessu tagi verði flutt í þinginu.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það kann að vera að túlkun Seðlabankans á hlutverki hans innan ramma laga nr. 13 frá 1979 verði ekki á móti mælt og honum beri þar af leiðandi skv. eigin túlkun ekki skylda til að fylgjast með þeim málum sem hér um ræðir meira en orðið er. Aftur á móti fer ekkert á milli mála að Seðlabankinn hefur ákveðnu hlutverki að gegna í mælingu og ákvörðun gengis íslenskrar krónu. Og vísitala er í raun og veru ekkert annað en mæling á fallandi gengi krónunnar og öll þau viðskipti sem henni tengjast eru þannig bæði afleiðing og hugsanlega orsök gengisstöðu krónunnar.

Rangur útreikningur verðbóta í kaup- eða verksamningum, sem leiðir til verðhækkunar framleiddrar vöru umfram mælt fallandi gengi krónunnar, leiðir til þess að umrædd framleiðsla stendur enn síður en ella undir kostnaði. Það er m. ö. o. verðbólguhvetjandi í sjálfu sér þegar útreikningur verðbóta er rangur þannig, eins og ég sagði áðan, að hann leiðir til verðhækkunar umfram mælt fallandi gengi. Þegar við horfum upp á að verksamningar, líklega nánast allan s. l. áratug, hafa verið gerðir með þeim hætti að þeir hafa leitt til verðhækkunar umfram mælingu á fallandi gengi getum við í hendi okkar séð hvaða afleiðingar þetta hefur haft fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Ég leyfi mér að fullyrða að hér sé um mjög alvarlegan þátt í okkar verðbólguvandamáli að ræða.

Að Seðlabankanum hafi ekki verið þessar aðstæður kunnugar er mjög erfitt að samþykkja vegna þess að við vitum að Seðlabankinn sjálfur hefur verið beint viðriðinn verksamninga með verðbótaákvæðum og aðilar tengdir Seðlabankanum hafa verið viðriðnir einhverja stærstu verksamninga sem gerðir hafa verið í þessu landi með verðbótaákvæðum. Menn hafa almennt notað svokallaða línulega mælingu á fallandi gengi krónu sem leiðir ósjálfrátt til þessarar verðhækkunar umfram fallandi gengi.

Ég tel þess vegna ástæðu til að þeir aðilar sem hér hafa að mínu viti brugðist á vöku sinni taki sér tak. Bæði á Alþingi að knýja sem fyrst fram lög sem beina þessum málum í heilbrigðan farveg, en fordæmi að slíkum lögum eru fyrir hendi hjá nágrannaþjóðum okkar, og hins vegar Seðlabankinn að taka sér einnig tak í þessum málum. Ef hann ekki vill sjálfur verði honum gert að fylgjast með þeim af meiri nákvæmni en hingað til hefur verið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Vel má vera að Seðlabankinn geti túlkað lögin með þeim hætti sem hér var gefið til kynna, en það er áreiðanlega mjög þröng túlkun. Aðalatriðið í þessu máli er að menn átti sig á því hvort þeir telji nauðsyn bera til að settar séu reglur um hvernig reikna skuli verðbætur í almennum samningum af þessu tagi. Við höfum hér dæmin fyrir okkur og þau hafa verið rakin og gefa greinilega til kynna að seljandi t. d. fasteignar geti búið sér til verðbólgugróða á kostnað kaupandans með þeim reglum sem hefur verið fylgt. Upphaflega voru þessar verðbætur hugsaðar þannig að ætlast var til þess að sérhvert verðmæti stæði fyrir sínu en það er á hinn bóginn svo að menn geta hagað útreikningi á þessum verðbótum þannig að seljandinn hagnast á kostnað kaupandans, en það var ekki ætlunin.

Við skulum taka einfalt dæmi um svona aðferð. Það er 30% verðbólga á þremur mánuðum. Þá segja menn: Það er þá 10% verðbólga á mánuði, og reikna út bætur miðað við 10% á mánuði. Þegar menn hafa gert það í þrjá mánuði í röð fá þeir ekki út 30% heldur 33%. Ef við tökum þannig 10% hvert ofan á annað erum við komin upp í 33%. Þarna er búið að búa til verðbólgugróða með reikningsaðferðinni einni.

Út frá þessu og hvað verðbætur eru almennar í viðskiptum hér held ég að fyllsta ástæða sé til að settar yrðu almennar reglur um þetta atriði. Ég held að við þurfum ekki fleiri dæmi en þetta til að sannfærast um það, þótt rekja megi fleiri dæmi.

Ef Seðlabankinn hefur rétt fyrir sér um það að þær lagaheimildir sem fyrir hendi eru séu ekki nægjanlegar til að settar séu almennar reglur um viðskipti af þessu tagi tel ég tvímælalaust að afla eigi nýrra lagaheimilda. Þetta er vegna þess m. a. að viðskipti af þessu tagi eru orðin það almenn og löggilt í þjóðfélaginu.

Þar á ofan er því við að bæta að ýmsar grannþjóðir okkar sem búa við langtum minni verðbólgu en við höfum vanist hafa séð ástæðu til að setja sér reglur um það hvernig vísitölubætur skuli reiknaðar í viðskiptum, t. d. hjá verktakafyrirtækjum, hvernig greint skuli niður á verkþætti eða hvað sé heimilt í þeim efnum.

Margir þm. vita að þannig reglur eru t. d. fyrir hendi í Svíþjóð þó að verðbólgan þar sé kannske innan við 10%. Það er vegna þess að menn telja nauðsynlegt að um þetta séu skýr ákvæði svo að menn þurfi ekkert að fara í grafgötur um hvað rétt er í þessum efnum og það sé ekki verið að snuða neinn og búa til reglur af handahófi — eins og hér hefur verið gert — með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og búið til óréttlæti. Það er að vísu óréttlæti af öðru tagi en það sem fyrir var áður en menn fóru yfir í verðtrygginguna, en engu að síður alvarlegt óréttlæti og kannske að sumu leyti alvarlegra. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að fram fari sérstök athugun á því máli sem hér um ræðir og aflað verði lagaheimilda til að setja þær reglur sem eru auðvitað bæði nauðsynlegar og skynsamlegar í þessu tilviki.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil aðeins segja það í framhaldi af þeim umr. sem hér hafa farið fram að ég mun skoða þetta mál í sambandi við væntanlega löggjöf um vaxtamál og taka þetta sérstaklega til athugunar. Síðan hefur Alþingi að sjálfsögðu tækifæri til þess að segja skoðanir sínar á því með hvaða hætti þm. teldu skynsamlegast að staðið í þessum efnum.

Þyrlukaup, fsp. 130. mál (þskj. 165). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Herra forseti. Brýna nauðsyn ber til að kaupa hið fyrsta nýjar þyrlur til björgunar- og gæslustarfa fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Helstu rök til stuðnings því máli eru að sinna þarf öryggisþjónustu við landsmenn og þá einkum sjómenn, sem segja má að hafi um of langan tíma verið sinnt of lítið í þeim efnum miðað við aðra landsmenn, ekki síst ef tekið er tillit til þess að þyrla er oftast eini kosturinn sem völ er á ef um bráðatilfelli er að ræða á hafi úti. Í langflestum útköllum varðandi sjóslys og aðra slíka skaða hefur öðrum tækjum ekki verið komið við, eða þá að þyrluaðstoð hefur augljóslega verið besti kosturinn.

Varðandi möguleika á þyrlu á stærð við TF Rán, sem Landhelgisgæslan missti, til að sinna þeim verkefnum sem um getur í lögum um landhelgisgæslu, öðrum en björgunarstörfum, má leiða að því sterk rök að þyrla á borð við TF Rán hafi verið fjölhæfasta tækið í eigu Landhelgisgæslunnar. Af þeim átta ólíku verksviðum sem Landhelgisgæslu er ætlað að sinna er þyrla á stærð við Rán mjög hæf til að annast sjö þeirra a. m. k. Þyrluútköllum í slysum á Íslandi fjölgaði áberandi s. l. vetur þegar frönsku Puma-þyrlurnar komu til landsins. Mætti halda að þá fyrst hafi augu landsmanna opnast fyrir því hvílíkt afburða björgunartæki öflug þyrla er. En Puma-þyrlurnar eru þannig gerðar að þær geta farið í nær hvaða veðri sem er stystu leið á þann áfangastað sem þeim er ætlað, á sama tíma og minni þyrlur þurfa oft að sveigja af leið undan veðri og vindum.

Þegar litið er á neyðarútköll þar sem þyrlur koma við sögu þá liggur fyrir að á árinu 1981 er TF Rán kölluð út 14 sinnum, 13 sinnum 1982, en 27 sinnum 1983. Árið 1981 er varnarliðið kallað út 10 sinnum, 1982 7 sinnum og 14 sinnum 1983. Samtals eru þyrluútköll vegna sjóslysa og slysa á landi árið 1981 alls 24, árið 1984 alls 20, en 1983 45 og tengist það komu frönsku þyrlanna sem ég gat um áðan. Það liggur því í augum uppi að hér er um slíkt tæki að ræða í þágu landsmanna að bregðast verður skjótt við þeim skorti sem nú ríkir hjá Landhelgisgæslu í þeim efnum.

Þá kemur að einum þætti sem einnig verður að taka tillit til. Það er varðandi viðhaldsaðstöðu. Það verður að segjast eins og er að líklega fyrirfinnst hvergi í víðri veröld jafnléleg aðstaða til viðhalds á flugvélum og í flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli. Skýlið er óeinangrað, óupphitað og hvorki vind- né vatnshelt. Það segir sig sjálft að þar sem ekki er betur búið að mönnum en svo að þeir þurfa oft krókloppnir á höndum að framkvæma erfiðar og flóknar viðgerðir á tækjum, sem verða að vera í fullkomnu lagi og sem oftast til taks, þar er verið að ganga verulega á öryggið.

Loftferðaeftirlit ríkisins hefur sett fram lágmarkskröfur til þyrlurekenda um viðhaldsaðstöðu. Flugskýli Landhelgisgæslunnar fullnægir ekki þeim kröfum. Samfara því að Landhelgisgæslan eignaðist nýjar björgunarþyrlur yrðu að fara fram gagngerðar endurbætur á þeirri aðstöðu sem um er að ræða, til þess að reka þessi tæki með fullkomið öryggi í huga. Það er mikilvægt að tekin sé skjótt ákvörðun um kaup á slíku björgunartæki og því hef ég borið fram fsp. til hæstv. ráðh. varðandi þetta mál.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 165 er borin fram fsp. um það hvort áformað sé að taka skjótt ákvörðun um kaup á nýrri þyrlu til Landhelgisgæslunnar í stað TF Ránar.

Þegar eftir að Landhelgisgæslan missti TF Rán hófust umræður um það hvernig úr yrði bætt. Ég held að það hvernig að verki hefur verið staðið komi skýrt fram í upplýsingum sem forstjóri Landhelgisgæslunnar, Gunnar Bergsteinsson, hefur gefið í bréfum.

Þegar þessi fsp. var lögð fram snemma í desembermánuði s. l. var óskað eftir upplýsingum frá Landhelgisgæslunni um það hvernig vinna gengi í þessu máli. Sem svar við því kom bréf þar sem svo segir:

„Áður en tekin yrði ákvörðun um kaup á þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna í stað TF Ránar, sem fórst í Jökulfjörðum hinn 8. nóv. s. l., þótti undirrituðum rétt að láta fara fram úttekt á flugrekstri Landhelgisgæslunnar með framtíðina í huga, til þess að kanna hvaða tegundir flugvéla og þyrla væru hentugastar til gæslu og björgunarstarfa, miðað við fyrri reynslu og með sérstöku tilliti til hagræðingar í rekstri. Áhersla skyldi lögð á að flýta athugun á þyrlurekstrinum svo að fljótlega væri hægt að gera tillögur um framtíðarskipun hans og þyrlukaup.

Fámennur hópur starfsmanna Landhelgisgæslu og hagsýslustofnunar vinnur að áðurnefndu verki og hefur hann nú þegar safnað nokkrum gögnum til þess að gera tæknilegan og rekstrarlegan samanburð á þeim tegundum þyrla sem helst koma til greina. Auk upplýsinga frá framleiðendum mun reynt að afla upplýsinga um reynslu rekstraraðila mismunandi þyrlutegunda. Strax og starfshópurinn hefur skilað tillögum um þyrlurekstur Landhelgisgæslunnar og þá gerð eða gerðir þyrla sem hagkvæmastar þykja munu tillögur verða lagðar fyrir dómsmrn. til ákvörðunar um þyrlukaup."

Þar sem dráttur varð á að þessari fsp. yrði svarað var óskað upplýsinga um það hvernig þessi vinna hefði gengið síðan þetta bréf var ritað 12. des. Síðustu upplýsingar koma fram í bréfi frá Landhelgisgæslunni sem ég vil leyfa mér að lesa með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af bréfi Landhelgisgæslunnar, dags. 12. des. 1983, um þyrlukaup skal eftirfarandi upplýst:

Leitað hefur verið upplýsinga um ýmsar þyrlutegundir, sem hentugastar þykja til gæslu og björgunarstarfa, og rætt við umboðsmenn sem til Reykjavíkur hafa komið. Nokkrir framleiðendur hafa gert verðtilboð og enn aðrir sent tilboð sem eru rétt ókomin.

Hinn 19. og 20. jan. fór starfshópurinn, sem að máli þessu vinnur, til Aberdeen ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum Landhelgisgæslunnar, fulltrúum úr dómsmrn., fjmrn. og fjvn. Alþingis. Heimsóttir voru nokkrir rekstraraðilar mismunandi þyrlutegunda og upplýsinga aflað um reynslu þeirra. Flugmenn Landhelgisgæslunnar fengu einnig tækifæri til að fljúga þyrlum sem þeim voru ókunnar og flogið hafði verið til Aberdeen frá Suður-Englandi sérstaklega í þeim tilgangi.

Ferð þessi tókst mjög vel og mun áðurnefndur starfshópur fyrir vikið eiga auðveldara með að vega og meta þau tilboð um þyrlur sem borist hafa eða eiga eftir að berast. Ekki er unnt að segja fyrir víst hvenær athugun starfshópsins verður lokið vegna þeirrar tafar sem orðið hefur á öflun upplýsinga og verðtilboða frá þeim þyrluframleiðendum sem sínt hafa málinu áhuga, en væntanlega verður það mjög fljótlega."

Við þessar upplýsingar forstjóra Landhelgisgæslunnar er ekki þörf að bæta mörgum orðum. Ég tel að hér hafi verið reynt að vinna á þann veg að sú ákvörðun sem tekin verður byggðist á sem bestum upplýsingum og yrði sem vænlegust fyrir þetta málefni í framtíðinni.

Eins og hv. alþm. er kunnugt var í fjárlögum þessa árs veitt heimild fyrir lántöku til þessara þyrlukaupa. Ég vonast því til að þegar þessum vandaða undirbúningi verður lokið verði sem fyrst hægt að taka ákvörðun um kaupin og framhaldið.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. þau svör sem hann hefur gefið og er þakklátur fyrir það sjónarmið, sem kemur fram hjá ráðh., að vinna eigi hratt og markvisst að afgreiðslu þessa máls. Það má geta þess hér, að sú könnun sem gerð var á vegum Alþingis, ráðuneyta og Landhelgisgæslu í Aberdeen er gerð í stærstu þyrluflughöfn í heimi, þar sem gerðar eru út 80 þyrlur, allt frá 6 farþega upp í 44 farþega, þyrlur af nær öllum gerðum sem notaðar eru í heiminum. Þessi útgerð flytur um það bil 1 millj. farþega á ári, nær allt farþega í tengslum við olíuborpallana á Norðursjó, og er þar unnið við hinar erfiðustu aðstæður oft og tíðum.

Þær þyrlur, sem um er að ræða og menn hafa helst horft á, eru af gerðinni Sikorsky eins og TF-Rán var, af gerðinni Bell, franskar Dauphin þyrlur frá sömu verksmiðju og Super Puma og einnig þyrla af gerðinni Westland. Þær þyrlur sem helst hafa verið skoðaðar, af gerðinni Sikorsky, Bell, Westland og Dauphin, eru af svipaðri stærð, taka 11—12 farþega. TF-Rán var 12 farþega vél. Super Puma vélin, sem gefur óneitanlega mun meiri möguleika, er um 20 farþega vél, mun stærri en einnig um það bil helmingi dýrari en þær aðrar þyrlur sem ég hef nefnt af stærðargráðunni 12 farþega.

Þetta eru allt atriði sem auðvitað koma til álita og viðmiðunar, en það er samdóma álit þeirra sem stunda þyrlurekstur í fullri alvöru að það sé grundvallaratriði að búa út mjög fullkomna rekstraraðstöðu fyrir þyrlurekstur og að það þurfi að hafa ákveðið rennsli, ákveðna þjálfun bæði í flugtíðni og þjálfun í viðhaldi á vélum. Það er e. t. v. þess vegna fyrst og fremst sem fram er komin sú ósk allra aðila, sem um málið fjalla, að keyptar verði tvær þyrlur til þessarar þjónustu sem fer sívaxandi og á eflaust eftir að skipta miklu máli í framtíðaröryggisþjónustu og gæslu á Íslandi.

Verðlagning á sjávarafurðum á Bandaríkjamarkaði, fsp. 130. mál (þskj. 165). — Ein umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sú stefna hefur verið ríkjandi varðandi útflutning á íslenskum sjávarafurðum að koma í veg fyrir verðstríð milli aðila á erlendum mörkuðum. Segja má að reynslan í heimskreppunni, þegar saltfiskmarkaður Íslendinga hrundi, hafi e. t. v. orðið til að móta þessa stefnu og allt til þessa hefur hún verið ráðandi.

Það er svo allt annað mál hvort stefnan sem slík er rétt eða hvort það beri að breyta um. Má í því sambandi benda á að t. d. Danir, sú mikla matvælaútflutningsþjóð, hafa algert frelsi með það hvaða aðilar selja matvæli til annarra ríkja og leyfa þeim að keppa þar um verð og gæði eins og þeim sýnist. Engu að síður höfum við viðhaldið því kerfi sem miðar að því að koma í veg fyrir verðstríð um útflutningsvörur landsmanna. Það hlýtur því að hafa vakið athygli manna almennt þegar á s. l. sumri hófst visst verðstríð á milli þeirra aðila sem sjá um sölu á frosnum fiski til Bandaríkjanna. Og eitt er víst: að forsendurnar fyrir því að veita tveimur aðilum þann einkarétt sem þeir hafa hljóta að vera þær að slíkt gerist ekki, ella er þá sannarlega að fleiri aðilar fái að spreyta sig á því að selja fisk úr landi.

Í ljósi þessa leyfi ég mér að bera fram fsp. til viðskrh. um hugsanleg afskipti stjórnvalda af verðlagningu á frystum sjávarafurðum frá Íslandi á Bandaríkjamarkaði:

„Hefur viðskrn. beitt sér fyrir aðgerðum til að samræma verðstefnu íslensku fisksölufyrirtækjanna tveggja í Bandaríkjunum?

Hefur rn. gert könnun á birgðum fyrirtækjanna nú á haustmánuðum, bæði hér heima og erlendis, miðað við sama tíma í fyrra?

Hvað hefur könnunin, ef gerð hefur verið, leitt í ljós?

Telur rn. eðlilegt að verðmunur hjá þessum fyrirtækjum nemi allt að 10 centum á hvert pund af samsvarandi vöru?“

Það skal fram tekið að fsp. þessi er frá Magnúsi Reyni Guðmundssyni og borin fram fyrir jól, en síðan hefur, eins og menn vita, orðið viss breyting varðandi verðlagningu þeirrar vöru sem hér er um spurt.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Vestf. var þessi fsp. flutt hér fyrir áramót af varaþm. framsóknarmanna úr Vestfjarðakjördæmi. Hv. þm. las upp fsp. svo að ég sé ekki ástæðu til að gera það aftur. Ég leyfi mér að svara fsp. í einu lagi þar sem hér er um svo tengd atriði að ræða að eðlilegt er að svo sé gert.

Ég vil taka fram að viðskrn. gefur út útflutningsleyfi fyrir freðfiski og fylgist þannig með útflutningsverði. Að því er snertir verð á frystum sjávarafurðum í Bandaríkjunum vil ég benda á að fisksölufyrirtækin þar eru bandarísk fyrirtæki og möguleikar rn. til þess að hafa áhrif á verðstefnu þeirra takmarkaðir. Að sjálfsögðu er möguleiki á því að hafa áhrif á verðstefnu þeirra í gegnum þau fyrirtæki sem eru eignaraðilar að þeim fyrirtækjum sem staðsett eru í Bandaríkjunum. Miðað við bandarísk lög er ekki hægt að samræma verð vöru og koma opinber fyrirmæli um verðlag þar af leiðandi ekki til greina.

Í haust heimsótti ég bæði fisksölufyrirtækin í Bandaríkjunum og átti ítarlegar viðræður við forstjóra þeirra m. a. um það sem þá hafði gerst og hv. þm. vék að áðan. Ekki er óeðlilegt að mat þeirra sem veita þessum fyrirtækjum forstöðu á markaðsástandinu geti verið mismunandi á mismunandi tímum. En tíminn einn verður ævinlega að leiða í ljós hvaða áhrif verðstefna fyrirtækjanna muni hafa á sölu afurða þeirra. Frá því að fsp. var flutt hefur breyting orðið á þannig að um er að ræða sambærilegt verð hjá báðum þessum fyrirtækjum nú.

Rn. gerði athugun á birgðum íslensku fisksölufyrirtækjanna nú í haust og náði sú birgðakönnun bæði til birgða sem til voru hér heima og eins hjá fyrirtækjunum þar vestra. Leiddi athugunin í ljós að freðfiskbirgðir í heild voru töluvert meiri á s. l. hausti en á sama tíma 1982. Síðan hefur ástandið breyst til batnaðar bæði vegna aukinnar sölu á Bandaríkjamarkaði og sölusamn-

ings við Sovétríkin. Enn fremur hefur að sjálfsögðu minnkandi fiskafli áhrif á birgðastöðuna.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka viðskrh. fyrir hans svar, en að einu leyti gætti þar þó misskilnings. Að sjálfsögðu er ekki verið að fara fram á að íslenska viðskrn. setji reglur fyrir bandarísk fyrirtæki. Spurningin er aðeins: Skila þeir aðilar sem selja frá Íslandi sambærilegu verði í erlendum gjaldeyri til íslenskra aðila sem eiga þann fisk sem þeir eru að selja, sé um sambærilega vöru að ræða?

Það hlýtur að vera verkefni viðskrn. að meta hvort þannig sé að þessum málum staðið að eðlilegt geti talist. Það getur ekki verið rétt að heimila einum að selja út á lægra verði en öðrum á hærra verði sömu vöruna. Þarna verður viðskrn. að koma inn í þetta mál ef það ætlar yfir höfuð að láta taka sig alvarlega sem afskiptaaðila af útflutningi af þessu tagi. Ég hygg að þess vegna hljóti viðskrn. að meta það hvort sú stefna er rétt að fela tveimur aðilum að sjá um söluna. Hún er því aðeins rétt að ekki geisi verðstríð milli þessara aðila. Ef það geisar hlýtur að vera eðlilegt að leyfa fleirum að selja og kanna hvort þeir eru færir um að selja á hærra verði.

Heildarstefna í áfengismálum, fsp. 137. mál (þskj. 175). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 175 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hvað líður störfum nefndar um heildarstefnumótun í áfengismálum?

Hefur nefndin skilað áfangaskýrslu, og ef svo er, hvernig hyggst rn. fara með tillögur nefndarinnar?"

Hæstv. fyrrv. ríkisstj. setti á laggirnar nefnd sem átti að vinna að stefnumörkun af opinberri hálfu í áfengismálum og gera þar um ákveðnar tillögur. Ástand þessara mála kallar vissulega á það að eitthvað sé aðhafst, að stjórnvöld marki heildarstefnu og gefi ákveðinn tón sem hægt sé að taka mark á og mið af.

Nefnd sú sem hér um ræðir hefur starfað vel að þessu verkefni, að ég hygg. Mörg mismunandi sjónarmið eru þar á ferðinni um markmið og ekki síður leiðir alveg sérstaklega, en mér er tjáð að nefndin hafi skilað — nú á haustdögum trúlega — áfangaskýrslu um málið til hæstv. ráðh. og þar séu tillögur um mörg veigamikil atriði í væntanlegri stefnumörkun. Ef svo er þykir mér vissulega ástæða til þess að hæstv. ráðh. upplýsi þingheim um hvernig þessu starfi miðar, hvaða tillögur eru helstar uppi og hvaða viðhorf og viðbrögð séu í rn. og hjá hæstv. ráðh. við þessum tillögum. Ég geri mér fulla grein fyrir vandamálinu við að framkvæma ýmislegt af því sem helst mætti til varnar verða, en á það verður þó að reyna.

Ég vil í framhaldi af þessari fsp. segja örfá orð til viðbótar, en hún skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Ég vara við því núna í hinni miklu og að mörgu leyti gagnlegu umræðu, held ég, um vímuefni og neyslu þeirra að láta umræðurnar snúast eingöngu um önnur vímuefni en áfengið. Þeir læknar sem gleggst þekkja hér til og þessi eldur brennur hvað heitast á greina frá órofa sambandi hér á milli og þeir leggja þessi efni svo að jöfnu að við skyldum varast að skella skollaeyrum þar við. Það er líka verið að stinga fólki visst svefnþorn gagnvart áfenginu með því að beina umræðum eingöngu að öðrum eiturefnum. Allt þarf þetta því að skoðast í samhengi. Ég hygg að nefndin hafi tekið málið þeim tökum og því er þarft að heyra það sem þegar er komið og hvað helst muni svo á döfinni í framhaldinu.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Nefnd sú sem hér um ræðir var skipuð á s. l. vori með vísun til þál., sem samþykkt var af Alþingi vorið 1981, *um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum* og að tillögu fjögurra manna nefndar sem fékk það verkefni að gera tillögur um áfengismál. Tillögur þeirrar ráðgjafarnefndar sem hér um ræðir voru lagðar fyrir þáv. heilbrrh. 17. des. 1982. Í samræmi við tillögur þessarar ráðgjafarnefndar var síðan skipuð 17 manna nefnd sem fékk það hlutverk að gera tillögur um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum. Nefndin var skipuð hinn 19. maí 1983 og hélt fyrsta fund sinn 30. júní. Í skipunarbréfi hennar var gert ráð fyrir að á fyrstu þremur mánuðum starfstíma síns ætti hún að vinna að sértillögum um átak í áfengismálum sem hægt yrði að hrinda í framkvæmd á næstu misserum og áður en ríkisstj. hefði endanlega ákveðið hvernig standa skyldi að stefnumörkun í þessum málaflokki.

Með bréfi 1. nóv. 1983 til heilbr.- og trmrh. sendi nefndin fyrrgreinda tillögu um sérstakt átak í áfengismálum. Hér var um að ræða tillögu í 11 aðalliðum og 24 undirliðum. Heilbrrh. kynnti þessar till. í ríkisstj. í fyrstu viku nóv. Þar að auki voru frá rn. send sérstök bréf til þeirra ráðh. sem þessi mál snerta sérstaklega, þ. e. fjmrh., menntmrh. og dómsmrh., til að kanna afstöðu þeirra til till. eins og þær snerta þessi rn. sérstaklega. Ríkisstj. hefur enn ekki fjallað um till. og heilbr.- og trmrn. hafa ekki borist viðbrögð fyrrgreindra rn. við þeim till. sem þeim hafa sérstaklega verið kynntar.

Næsta skrefið í þessu máli af hálfu rn. er að bera málið að nýju upp í ríkisstj. og fá svör ríkisstj. og þeirra rn. sem hlut eiga að máli við þessum frumtillögum nefndarinnar.

Skv. skipunarbréfi sínu vinnur nefndin nú að tillögum um sérstakt átak í vímuefnamálum og mun væntanlega leggja þær fyrir ráðh. í næsta mánuði að því mér er tjáð. Að því loknu mun nefndin taka til við höfuðverkefni sitt, en það er að gera endanlegar tillögur um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum.

Nefndinni hefur verið skipt upp í þrjár vinnunefndir sem fást við eftirtalin atriði:

1. Hvernig haga skuli tilbúningi, dreifingu og sölu áfengis.

2. Hvernig haga skuli áfengisvörnum, upplýsingastarfsemi, rannsóknum á og fræðslustarfsemi um áfengi.

3. Hvernig haga skuli meðferð áfengissjúkra og rekstri meðferðarstofnana.

Ekki er hægt að spá um það nú hvenær nefndin lýkur störfum, en í upphaflegum tillögum um þessi mál var gert ráð fyrir að nefndarstarfið gæti tekið allt að þrem árum.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans svo langt sem þau náðu. Það er greinilegt að fyrir liggja nú tillögur, sem hin

fjölmenna nefnd hefur lagt til að unnið yrði eftir, varðandi sérstakt átak í þessum efnum, sem vissulega er verðugt verkefni, og það verður að treysta því að hæstv. ríkisstj. fjalli um þetta mál í alvöru á þann hátt að afstaða verði til þess tekin hver þessara atriða skuli framkvæmd, hvað þeir telja sér fært að vinna að, því vissulega er málið vandasamt. Ég dreg ekkert úr því að þó að jafnfjölmenn nefnd og hér um ræðir hafi náð fullri samstöðu um margar tillögur er engu að síður erfitt að hrinda þeim í framkvæmd og þá alveg sérstaklega til þess að eitthvert gagn verði að þeim.

Það fer ekki hjá því að manni detti það í hug að það sem helst hefur heyrst frá hæstv. ríkisstj. í áfengismálunum er lítið annað en fréttir um einhvers konar umboðsmannasamkeppni í áfengissölu til ÁTVR, enda markaðshyggjan og frelsið samt við sig á þeim bæ og víða liggja hagsmunir sem hyggja þarf að og veita aðhlynningu. Ég veit að hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason hefur þar ekki um vélt, enda lýsti hann áður áliti sínu á þeim mönnum sem m. a. er að finna í umboðssölu áfengis þegar hann, með leyfi hæstv. forseta, nefndi slíka gróðaaðila einu nafni „gróðapunga".

Ég vil trúa því að hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason og ekki síður hæstv. dómsmrh. Jón Helgason vilji sannarlega aðhafast eitthvað í kjölfar þeirra tillagna sem nefndin hefur sett fram. Þær úrbætur verða ekki auðveldar í framkvæmd því næg mun andstaðan verða.

Ég ítreka aðeins það sem ég sagði um álit færustu lækna á sambandinu milli fíkniefnanna og hinum stóra þætti áfengisins þar, þörf stefnumörkunar og þörf sérstaks átaks sem hér var rætt um af hæstv. ráðh. að nefndin hefði lagt til og er augljóst. Aðgerða er svo sannarlega þörf, því að þegar svo mikið er í húfi mega menn ekki fljóta sofandi að feigðarósi.

Kvartanir vegna lögreglu, fsp. 137. mál (þskj. 175). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 175 fsp. til hæstv. dómsmrh. um ákveðin atriði er varða samskipti lögreglu og almennings.

Kveikja þessa máls er öllum kunn og ætla ég ekki að ræða hana hér. En af sömu orsökum hefur orðið mikil umræða um samskiptamál lögreglu og almennings á opinberum vettvangi og sýnist sitt hverjum. Viðbrögð manna hafa verið allharkaleg á báða bóga, en það fer ekki fram hjá þeim sem með fylgjast að lögreglan á sér ekki marga málsvara utan sinna eigin raða. Þessi umræða er þó gagnleg og nauðsynleg. Trúnaðartraust verður að ríkja milli lögreglu og almennings. Almenningur verður að geta borið virðingu fyrir lögreglunni. Það þýðir að það má ekki fara milli mála hvað leyfilegt er og hvað ekki, og það á bæði við um almenning og lögreglu.

Þessari fsp. minni er fyrst og fremst ætlað að opna nú og kynna mönnum mál sem örugglega þarfnast umfangsmeiri umfjöllunar en fsp.-tími gefur ráðrúm til. Ég tel mjög mikilvægt að fá hér að heyra mat hæstv. dómsmrh. á því máli sem hér er um fjallað og ég á von á að þetta verði ekki það síðasta sem við heyrum af þessu máli á þessu þingi.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 175 hefur hv. 8. þm. Reykv. beint til mín nokkrum spurningum um kvartanir og kærur vegna meðferðar lögreglu á fólki sem hún hefur afskipti af og mun ég leitast við að svara þessum spurningum eftir því sem tök eru á.

1. spurningin er: „Hve oft hefur það gerst á s. l. 10 árum, að lagðar hafa verið fram kvartanir eða kærur vegna meðferðar lögreglu á mönnum sem hún hefur afskipti af? Eru til tölulegar upplýsingar um slík atvik og þá um eðli þeirra og afdrif?"

Það liggja ekki fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda eða eðli þeirra tilvika þegar kvartað eða kært er út af framkomu lögreglumanna gagnvart borgurum eða við meðferð á mönnum sem hún hefur afskipti af. Mjög tímafrekt yrði að safna saman slíkum upplýsingum og þær yrðu allsendis ófullnægjandi þar sem skráning kæra á sér ekki stað hjá lögreglu nema varðandi alvarlegri kærur.

Rn. hefur fengið yfirlit um kærur á hendur lögreglumönnum sem borist hafa Rannsóknarlögreglu ríkisins frá stofnun hennar, þ. e. frá miðju ári 1977. Skv. því yfirliti hafa á þessu tímabili og til ársloka borist til Rannsóknarlögreglu ríkisins 17 kærur þessa efnis. Hafa þær allar verið sendar til ríkissaksóknara eftir rannsókn.

Þá er hér yfirlit um kærur á hendur lögreglumönnum í Reykjavík á s. l. tveimur árum. Hér eru einungis greind tilvik þegar kært er út af líkamlegu harðræði. Hvorki eru talin með þau atvik þegar kært er út af ókurteisi, móðgandi framkomu eða andlegu harðræði. Ekki eru heldur talin tilvik þegar kært er út af ólögmætri handtöku.

Í þessu yfirliti lögreglustjórans í Reykjavík segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík liggja fyrir upplýsingar um átta mál frá árunum 1982 og 1983 þar sem kvartað er eða kært vegna harðræðis sem menn telja sig hafa verið beitta af lögreglunni við handtöku. Málin varða átta manns, tvö þeirra sama manninn og í einu máli koma tveir menn við sögu. Í sjö þessara mála var um ölvunaratferli eða óspektir að ræða, í fjórum slagsmál og í einu meinta ölvun við akstur bifreiðar. Í eitt sinn óskaði leigubifreiðarstjóri aðstoðar, en í fimm tilvikum var lögreglan kvödd að veitingahúsi. Einn mannanna var handtekinn undir stýri bifreiðar, en hinir sjö voru í eða við veitingahús. Við handtöku voru fimm færðir í handjárn og allir átta fluttir á lögreglustöðina. Í sex tilvikum voru menn settir í fangageymslu og dvöldu þar frá einni til tíu klst. Einn mannanna var hafður í járnum í fangaklefa.

Sex mannanna lýstu meiðslum er þeir töldu sig hafa orðið fyrir af völdum lögreglunnar. Telja verður ljóst að þrír þeirra hafi orðið fyrir meiðslum í vörslu lögreglunnar, en óljóst hvort svo hafi verið um hina þrjá. Skv. vottorðum lækna voru meiðslin mar, rispur og eymsli, einkum í útlimum, en einn mannanna er talinn nefbrotinn og annar með brotið bátsbein í hendi. Tvö framangreindra mála voru send Rannsóknarlögreglu ríkisins til meðferðar. Annað þeirra var fellt niður af ríkissaksóknara, en í hinu er rannsókn nýlokið og hefur það verið sent ríkissaksóknara.

Kröfur um skaðabætur komu fram. Einu málinu lauk með því að lögreglustjóri áminnti tvo lögregluþjóna og bað viðkomandi afsökunar. Athugun tveggja mála er lokið og munu þau send ríkissaksóknara til fyrirsagnar

innan skamms, en þrjú mál eru til frekari meðferðar hjá embættinu.

Athugun og rannsókn þessara mála eru í heild mjög umfangsmikil, en fjöldi manna hefur verið yfirheyrður. Er tæpast unnt að fá glögga mynd af málavöxtum án þess að kynna sér rannsóknina í heild. Í því sambandi skal þá einnig bent á, sem áður var að vikið, að rannsókn nokkurra mála er enn ólokið.

Að lokum skal þess getið til fróðleiks að á árinu 1982 gistu fangageymslur lögreglunnar í Reykjavík 1919 einstaklingar í 6357 skipti, 1700 karlar og 219 konur. Það sem af er þessu ári er fjöldinn mjög svipaður. Að jafnaði gista flestir fangageymslu lögreglunnar um helgar, en þá eru oft 25—30 manns í fangageymslunni yfir sólarhringinn."

2. spurning: „Hve oft hefur farið fram rannsókn af slíku tilefni á s. l. 10 árum?"

Svar: Því miður eru ekki til neinar starfsreglur um skráningu kæra og kvartana og því eru þær almennt ekki skráðar. Nær undantekningarlaust fer fram rannsókn á öllum klögumálum og kærum. Margar kærur eru þess eðlis að þegar fyrstu upplýsinga hefur verið aflað gefst ekki tilefni til frekari rannsóknar.

3. spurning: „Hverjir hafa annast slíkar rannsóknir?"

Svar: Lögreglan annast almennt slíkar rannsóknir sem og aðrar rannsóknir. Skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 74 1974, um meðferð opinberra mála, á maður sem telur sig sæta ólöglegum harðræðum af hendi lögreglumanns rétt á að koma fyrir yfirmann lögreglumanns svo fljótt sem kostur er og bera fram kvörtun fyrir honum. Það eru því yfirmenn lögreglu sem annast rannsóknir, gjarnan æðstu yfirmenn hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða jafnvel hann sjálfur.

4. spurning: „Hafa slíkar rannsóknir einhvern tíma þótt gefa tilefni til aðgerða af hálfu ákæruvalds?"

Svar: Já. Nokkrum sinnum hefur ríkissaksóknari gefið út ákæru á hendur lögreglumönnum fyrir ónauðsynlega valdbeitingu, en oftar hefur hann þó fellt niður þau mál þar sem lögreglumenn hafa verið kærðir fyrir harðræði.

5. spurning: „Hafa fallið dómar í slíkum málum sem hér um ræðir?"

Svar: Á s. l. 10 árum hefur fallið einn dómur í Hæstarétti og einn dómur í héraði þar sem lögreglan var talin hafa farið út fyrir mörk nauðsynlegrar valdbeitingar. Auk þess má greina frá öðrum hæstaréttardómi þar sem ríkissjóður var dæmdur til greiðslu skaðabóta er maður handleggsbrotnaði í höndum lögreglunnar.

6. spurning: „Hvaða ályktanir dregur ráðherra af þeim upplýsingum sem fyrir liggja um þessi mál?"

Í áðurgreindri 38. gr. laga um meðferð opinberra mála segir:

„Lögreglumenn skulu gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann neins konar harðræði fram yfir það, sem nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum, né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum o. s. frv."

Í samskiptum við almenning þarf lögreglan óhjákvæmilega að beita valdi sínu, og þá iðulega líkamlegu valdi, til þess að halda uppi lögum og reglu. Hún skal þó ávallt hafa ofangreinda lagagrein að leiðarljósi. Lögreglan er tíðum í beinu sambandi við borgarana, t. d. í umferðinni svo dæmi sé tekið, og ríður á miklu að almenningur beri traust til lögreglunnar, eins og hv. fyrirspyrjandi ítrekaði hér áðan. Traustið er ekki einungis í því fólgið að lögreglan geti haft upp á afbrotamönnum, heldur einnig að lögreglan geti í daglegum samskiptum við borgarana sett niður ágreining og jafnað deilur, auk þess sem hún framfylgi boðum og bönnum sem almenningur á að hlýða. Mjög þýðingarmikið er, telji maður sig beittan órétti eða óhagræði, að hann eigi þess kost að bera fram kvörtun og hann megi treysta því að hún verði rannsökuð fljótt og af óhlutdrægni.

Það eru vissulega ágallar á því að lögreglan rannsaki sjálf kærur. Búast má við að getsakir komi fram um að lögreglumenn kunni að hagræða eða leyna sönnunargögnum eða að um samtryggingu milli lögreglumanna geti verið að ræða. Á hinn bóginn getur líka verið hætta á að of hart sé gengið fram í rannsókn svo því verði ekki haldið fram að verið sé að hlífa félögunum. Mjög oft á sér stað að samskipti lögreglumanns og borgara gerist milli þeirra tveggja og þá stendur staðhæfing gegn staðhæfingu án nokkurra vitna. Skv. réttarfarsreglum nýtur lögreglumaðurinn þess vafa sem vera kann í málinu. Á hinn bóginn verður að tryggja lögreglumönnum vernd gegn staðlausum kærum af hálfu þeirra sem þeir þurfa að hafa afskipti af. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég á því miður nokkuð eftir af svari því sem ég hafði gert ráð fyrir að gefa. Ég legg það í vald forseta hvort ég á að ljúka því nú eða á eftir. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. hefur um það að velja að ljúka þessu núna, og þá verður tími dreginn frá, eða ljúka því á eftir.) Ég er samþykkur því.

Í starfi sínu er lögreglumaðurinn oft í aðstöðu þar sem gerðar eru miklar kröfur til staðfestu og þors. Þegar framkvæmd starfs lögreglumanns er metin eftir á verður að veita nokkurt svigrúm, ekki eingöngu vegna lögreglumannsins sjálfs, heldur má ætla, eigi lögreglan stöðugt yfir höfði sér harðvítuga gagnrýni vegna framkvæmdar starfa síns, að hún freistist til að halda að sér höndum og gæta óeðlilegrar varkárni þar sem nauðsynlegt er að beint frumkvæði komi til. Ljóst er að slík þróun væri óæskileg.

Rétt þykir að geta hér lítillega meðferðar í öðrum löndum á þeim málefnum sem hér eru til umræðu:

Sérstök nefnd var sett á laggirnar í Danmörku árið 1966 í kjölfar mikilla skrifa í fjölmiðlum um kærur á hendur lögreglumönnum og rannsókn þeirra hjá lögreglu. Nefndin skilaði áliti árið 1968. Í nál. kemur fram að í flestum Evrópulöndum sæta kærur af þessu tagi engri sérstakri meðferð og eru í því sambandi talin upp Noregur, Svíþjóð, Finnland, Þýskaland, Holland, Belgía, Frakkland, Sviss og Austurríki. Í þessum löndum, eins og á Íslandi, annast lögreglan sjálf rannsókn á kærum á hendur lögreglumönnum og að lokinni rannsókn fjallar ákæruvaldið um þær rannsóknir sem og aðrar rannsóknir.

Í Danmörku hefur réttarfarslögum verið breytt á þann veg að sérstakri nefnd er falin rannsókn á kærum á hendur lögreglumönnum. Í nefndinni eiga sæti: lögreglustjóri, fulltrúar lögreglumanna og fulltrúar úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa.

Í Bretlandi skilaði sérstök nefnd, sem skipuð var af sama tilefni, tillögum árið 1962. Árin 1964 og 1965 voru

sérstakar reglur settar um meðferð kæra, en eftir sem áður er það lögreglan sjálf sem annast rannsókn þeirra.

Dómsmrn. taldi rétt að afla tillagna réttarfarsnefndar um meðferð mála þessara og vil ég lesa svar formanns nefndarinnar, dags. 20. þ. m., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vitna til bréfs yðar, hæstv. dómsmrh., dags. 6. janúar 1984, til réttarfarsnefndar, þar sem þess er óskað að nefndin taki til umfjöllunar frá sjónarmiði réttarfars í meðferð opinberra mála réttarfarsmeðferð við aðstæður þar sem fram eru bornar kærur eða umkvartanir vegna meints harðræðis af hálfu lögreglumanna í samskiptum við almenna borgara. Nefndin hefur rætt þetta erindi á þremur fundum og ákveðið að svara því þannig:

Nefndin gerir ráð fyrir að erindi ráðuneytisins sé eingöngu sprottið af umræðum sem farið hafa fram að undanförnu út af því hvort rétt sé að Rannsóknarlögregla ríkisins fari með rannsókn út af kærum á hendur lögreglumönnum um harðræði í skiptum við borgara. Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að brýnt sé að gagnkvæmt traust og trúnaður ríki milli almennings og löggæslunnar í landinu og sé því mikilsvert að mál af þessu tagi hljóti vandaða og óhlutdræga rannsóknarmeðferð frá upphafi. Nefndin lítur almennt svo á, að eigi sé rétt að mæla fyrir um sérstaka rannsóknarhætti að því er varðar sérstaka brotaflokka eða brot manna úr tilteknum stéttum nema einhverjar óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi. Leggur nefndin áherslu á að almennt er það helst trygging fyrir vandaðri rannsókn að hún fari þar fram sem fyrir hendi er kunnátta og þjálfun til slíkra starfa. Verður eigi talið varhugavert almennt að rannsókn út af kærum á hendur lögreglumönnum fari fram hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að þeir einir séu valdir til rannsóknarinnar sem hæfir eru og eigi hætta á að kunni að vera vilhallir. Æskilegt væri að lögfræðingar í þjónustu Rannsóknarlögreglu ríkisins stýrðu sjálfir slíkum rannsóknum og er hægt að koma slíku fyrirkomulagi á án nokkurra lagabreytinga.

Ef svo stendur á að starfsmaður Rannsóknarlögreglu ríkisins er hafður fyrir sökum eða hætta yrði talin á því af öðrum ástæðum að rannsóknarlögreglustjóri eða samstarfsmenn hans litu eigi óhlutdrægt á mál er eðlileg og sjálfsögð leið að neyta heimildar 8. gr. laga nr. 108/1976 um að setja sérstakan rannsóknarlögreglustjóra til að fara með rannsókn. Ef til vill þyrfti að rýmka heimild nefndrar greinar til skipunar seturannsóknarlögreglustjóra, en greinin á fyrst og fremst við þegar rannsóknarlögreglustjóri er beinlínis vanhæfur.

Hugsanlegt væri, ef svo yrði fyrir mælt, að ríkissaksóknari sjálfur eða samstafsmenn hans stýrðu jafnan rannsókn ef lögreglumaður er sakaður um harðræði í starfi. Sama mundi e. t. v. eiga við um önnur brot lögreglumanna í starfi. Samkv. 21. gr. laga nr. 74/1974 kveður ríkissaksóknari á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Í reynd annast hann þó ekki stjórn einstakra mála og ef til þess væri ætlast að hann stýrði rannsókn á hendur lögreglumönnum þyrfti e. t. v. að setja um það sérstakt lagaákvæði til að taka af öll tvímæli.

Nefndin fær ekki séð að aðrar breytingar en nú hefur verið drepið á séu æskilegar. Sérstaklega skal vikið að því að ekki er mælt með því að sérstök rannsóknarstofnun, einn maður eða nefnd, verði sett á fót í þessu skyni eigi einungis af því að slíkt mundi hafa í för með sér aukinn kostnað heldur fyrst og fremst af því að traust og vönduð rannsókn mundi síður tryggð með þeim hætti. Löggjöf um að rannsóknir þessar skyldu fara fram frá upphafi fyrir dómi mundi algerlega stangast á við þá stefnu sem mörkuð var með lögum nr. 109/1976, að frumrannsókn mála skuli eigi vera hlutverk dómara, og verður að vara sérstaklega við hugmyndum í þá átt. Niðurstaðan verður því sú, að rétt sé að umræddar kærur sæti almennum reglum um rannsóknir brotamála, en sérstakur rannsóknarlögreglustjóri yrði skipaður í hvert mál ef einhver hætta þykir á að rannsóknarlögreglustjóri eða starfsmenn hans muni verða vændir um að líta ekki óhlutdrægt á mál. Einnig gæti komið til mála að stjórn slíkra rannsókna verði í höndum ríkissaksóknara fremur en tíðkast skv. núgildandi reglum."

Þetta var álit réttarfarsnefndar.

Ég vil að lokum taka fram að ég tel ekki vafa á að þeir sem rannsóknum stýra hafa fullan vilja til að leiða fram það sem rétt er og að lögreglumönnum almennt eru ljósar skyldur þeirra til að upplýsa öll mál eftir bestu getu. Hins vegar er skráningu kæra af þessu tagi áfátt hjá lögreglustjóraembættum landsins og munu verða settar reglur um það í rn. hvernig skrá skuli kærur borgaranna á hendur lögreglumönnum. Annars vegar verða skráðar kærur á hendur lögreglumönnum fyrir refsiverðar athafnir, sem að lokinni rannsókn verða sendar ríkissaksóknara til yfirsagnar. Hins vegar verða skráðar kærur um ósæmilega framkomu lögreglumanna, sem ekki er refsiverð en getur sætt starfslegum viðurlögum. Þá er mikilsvert að kærandi fái upplýsingar um lyktir rannsóknar á kæru hans hjá lögreglunni.

Það er ljóst að aldrei verður með öllu komist hjá því hér á landi frekar en annars staðar að lögreglumenn hendi einhver mistök eða glappaskot sem aðra menn. En rannsókn slíkra atvika verður að vera hafin yfir gagnrýni. Rn. mun áfram vinna að því í samráði við þau yfirvöld sem á hefur verið bent og að öðru leyti með hliðsjón af þeim ábendingum sem fram hafa komið að móta nánar þær starfsreglur sem um ræðir. Er ekki enn með öllu ljóst hvort beinar lagabreytingar þurfa að koma til.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir mjög ítarlegt svar. Það kom svo mikið fram af upplýsingum og skoðunum í þessu svari að ekki vinnst nægur tími til þess að fjalla um það nú á þessum vettvangi.

Það er líka gleðilegt að heyra að þegar hafa átt sér stað nokkur viðbrögð vegna þeirra mála sem til umr. hafa verið og að þau beinast þá einkum að því að menn geri sér betur grein fyrir þeim vanda sem hugsanlega er þarna á ferðinni. Vandamálið er, eins og ég minntist á í inngangi mínum og hæstv. dómsmrh. tók undir, að mestu máli skiptir að trúnaðartraust milli almennings og lögreglu sé fyrir hendi. Það er vissulega hlutverk lögreglunnar að halda þessu trúnaðartrausti sem bestu. En það verður náttúrlega einungis gert með því að hún skoði sitt hlutverk mjög náið og geri strax þær úrbætur sem með þarf þegar sýnt er að þeirra er nauðsyn eða þörf.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. dómsmrh. og minni á það, sem ég sagði áðan, að líklega er þetta ekki

það síðasta sem maður heyrir af þessu máli á þingi nú.

Endurgreiðsla söluskatts af snjómokstri, fsp. 130. mál (þskj. 165). — Ein umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það stendur eins á um þessa fsp. og þá er ég mælti fyrir áðan í umr. að hún er komin frá Magnúsi Reyni Guðmundssyni varaþm. framsóknarmanna á Vestfjörðum og var lögð fram fyrir jól, en þar sem hann er ekki á þingi nú mæli ég fyrir fsp.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að sveitarstjórnarmönnum þessa lands hefur löngum þótt það lítil sanngirni að ríkið hagnaðist á því ef mikið snjóaði. Af þeirri ástæðu var leitað eftir því að hér yrðu sett lög sem tækju af allan vafa um hver væri vilji Alþingis í þessum efnum, sem sagt sá, að ríkið skyldi ekki hagnast á því gagnvart sveitarfélögum þó að snjór og ófærð yrðu til þess að auka þeim kostnað.

Ég held að ekki þurfi að rökstyðja þessa fsp. frekar, en ég ætla að leyfa mér að lesa hana upp, með leyfi forseta:

„1. Er þess að vænta að heimild samkv. lögum nr. 24 16. mars 1983 til endurgreiðslu söluskatts af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur verði notuð á þessu ári?

2. Hvenær mun reglugerð um þessi mál verða gefin út?“

Þessari fsp. leyfi ég mér að beina til hæstv. fjmrh. og vænti þess að fá skýr svör.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Fsp. er beint til mín á þskj. 165 og er hún svohljóðandi:

„Er þess að vænta að heimild samkv. lögum nr. 24 frá 16. mars 1983 til endurgreiðslu söluskatts af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur verði notuð á þessu ári?“

Svar mitt gæti verið stutt. Það er einfaldlega nei.

Samkv. lögum nr. 24/1983 er fjmrh. heimilt að endurgreiða sveitarfélögum söluskatt af kostnaði sveitarfélaga af snjómokstri. Heimild þessi hefur enn ekki verið nýtt vegna þeirra vandkvæða sem á því eru að framkvæma endurgreiðslur af þessu tagi með sæmilegum hætti. Menn verða að átta sig á því að vinnuvélaþjónusta er söluskattsskyld hvort sem hún er unnin fyrir aðra eða í eigin þágu. Snjómokstur annast sveitarfélög bæði með sínum tækjum svo og leigutækjum. Það er ákaflega erfitt fyrir skattyfirvöld að staðreyna hvenær umrædd tæki hafa verið að moka snjó eða vinna að einhverju öðru.

Í raun er hér um að ræða óframkvæmanlegt verk miðað við þann mannafla sem skattakerfið ræður nú yfir. Að mínu mati eru aðeins tvær leiðir færar í þessu efni. Önnur er sú að undanþiggja vinnuvélanotkun söluskatti. Slík undanþága yrði óheyrilega dýr og því alls ekki ráðlegt að svo stöddu að leggja til að svo verði gert. Hin er sú að taka upp einhvers konar styrkjakerfi, annaðhvort í gegnum jöfnunarsjóð eða ríkissjóð, til handa þeim sveitarfélögum sem þurfa að moka miklum snjó.

Ég tel að gæta verði hófs við að fela framkvæmdavaldi úrlausn óleysanlegra mála. En staðreyndin er sú, að við höfum lög í höndunum þar sem fram kemur afdráttarlaus vilji Alþingis. Ég tel að athuga ætti hvort styrkja mætti jöfnunarsjóðinn eða samband sveitarfélaga til að ráða fram úr þeim vanda sem lög þau sem hér eru til umræðu leggja á rn. En ég vil þó undirstrika að ég er sammála hv. 5. þm. Vestf. um að ósanngjarnt er að ríkið hagnist af snjómokstri sveitarfélaga. Ég er viss um að ekkert sveitarfélag í landinu yrði fegnara en Reykjavíkurborg ef þessi lög væru framkvæmanleg.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég kannast nú nokkuð við það mál sem hér um ræðir, þar sem varaþm. minn á sínum tíma, Hannes Baldvinsson, flutti þetta mál á Alþingi með mínu samþykki þegar ég var fjmrh. og það var hér til umfjöllunar fyrir tveimur árum. Því miður tókst nú ekki að fá málið afgreitt á þeim vetri. En veturinn eftir fluttu nokkrir þm. Framsfl. alveg hliðstætt frv., raunar örlítið víðtækara en fyrra frv., og það var samþ. á Alþingi á s. l. vetri.

Ég þarf ekki að ítreka það sem hér hefur verið sagt. Það er ósanngjarnt, það fyrirkomulag sem nú er, að ríkið skuli hagnast á miklum snjómokstri einstakra sveitarfélaga. Það var skýlaus vilji fyrir hendi hér í þinginu að endurgreiða söluskatt af snjómokstri. Ég er feginn því að hæstv. núv. fjmrh. er sömu skoðunar, að hér sé um sanngirnismál að ræða í fyrsta lagi og í öðru lagi, eins og hann sagði, að lögin eru afdráttarlaus um vilja Alþingis. Hvað kemur þá eiginlega annað til greina en að framkvæma lögin afdráttarlaust eins og ráðh. hefur verið falið?

Ég segi fyrir mig að ég varð mjög undrandi yfir svari hæstv. fjmrh. Mér kom ekki til hugar, þegar ég varð var við að verulegur dráttur hafði orðið á því að lögin kæmu til framkvæmda og endurgreiðslur hæfust, að skýringin á því gæti verið önnur en sú að það væri verið að semja reglugerð og undirbúa málið. En nú heyri ég í fyrsta skipti á þessu andartaki að ráðh. og ríkisstj. ætli sér að sniðganga vilja Alþingis og alls ekki að framkvæma það sem Alþingi hefur samþykkt. Þetta kemur mér mjög á óvart.

Ég verð að lýsa því yfir að ég sé ekki að fyrirkomulag á þessari endurgreiðslu sé óyfirstíganlegur þröskuldur. Það er vissulega hægt að láta einhvern aðila hjá ríkinu hafa nokkurt eftirlit með þessu, við skulum segja t. d. bara sýslumenn og bæjarfógeta eða lögreglu. Það fer nú ekki fram hjá mönnum hvort verið er að moka snjó eða ekki. Tökum t. d. snjóþungt byggðarlag norður í landi, við skulum segja Siglufjörð. Það ætti nú að liggja nokkuð ljóst fyrir og vera hægt að fá vottorð um það, við skulum segja frá lögreglunni á staðnum, hvenær snjómokstur hefur farið fram og hvenær ekki. Það má vel vera að skattyfirvöld þurfi að finna leiðir til þess að fylgjast með þessu, en þær leiðir eru áreiðanlega finnanlegar og mér finnst aldeilis fráleitt að eftir að Alþingi hefur lýst þessum skýlausa vilja sínum fari fjmrn. að sniðganga þann vilja.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Af því að það er nú fyrrv. fjmrh., forveri minn í starfi, sem hér talar vil ég benda á að hann hafði sjálfur tíma frá 16. mars fram að 26. maí á s. l. ári til að ganga frá þessu máli og gerði það ekki.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil nú fyrst þakka fyrirspyrjendum. Þó að fyrirspyrjandi sá sem lagði fsp. fram í upphafi sé því miður ekki viðstaddur tel ég að hér sé hreyft mjög nauðsynlegu máli. Mér er

kunnugt um að sveitarstjórnir víða um land hafa af því hinar mestu áhyggjur að þetta atriði skuli ekki hafa enn komist til framkvæmda, sem ég tel að sé mjög brýnt og nauðsynlegt. Ég verð því að segja að ég harma þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. er hann telur að vandkvæði á framkvæmd þessa ákvæðis geti orðið til að koma í veg fyrir að því verði framfylgt og að svar hans skuli nánast vera afdráttarlaust nei við spurningunni um það hvenær eða hvort þetta eigi að gera. Þetta tel ég að við getum varla sætt okkur við.

Ég hef nýlega fengið í hendur samþykkt bæjarstjórnar á Ólafsfirði, þar sem hún skorar á stjórnvöld að verða nú við þessu og láta þetta lagaákvæði koma til framkvæmda.

Ég tel að ef lögin eins og þau eru nú með heimildarákvæði eru ekki nægjanlega skýr, þá verði að taka þetta mál upp aftur, það verði þá að flytja brtt. við lögin svo það komi alveg fram hvernig á þessu máli verði tekið. Ég tel að það sé nú þegar fyrirliggjandi afdráttarlaus vilji þingsins, eins og kom fram fyrrv. hæstv. fjmrh., hv. þm. Ragnari Arnalds. Það var skýlaus yfirlýsing þingsins að þetta verði gert og ég tel að við verðum að hrinda því í framkvæmd.

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að hann teldi í raun að hér væri um sanngirnismál að ræða. Við erum sjálfsagt öll sammála um það. Við megum þess vegna ekki láta einhver vandkvæði við að koma þessu máli í framkvæmd koma í veg fyrir að lögum verði framfylgt. Hæstv. ráðh. benti að vísu á að það kynni að vera eða að það yrði þá hreinlega að létta söluskatti af greiðslum fyrir verk vinnuvéla. Ég vil ekki á þessu stigi taka undir að það sé nauðsynlegt, að við getum ekki fundið einhverja leið til að koma málinu fram án þess að fella söluskatt niður með öllu. En þó hef ég heyrt því fleygt líka að það gæti mjög mikils misræmis í t. d. greiðslum annars vegar fyrir vörubifreiðaakstur og hins vegar greiðslum fyrir vinnu sem framkvæmd er með vinnuvélum og það sé jafnvel til að þeir menn sem eru í vinnu með hvoru tveggja þessi tæki geti nú fært greiðslur þannig á milli annars vegar vörubifreiðanna og hins vegar vinnuvélanna að söluskattsuppgjör sé ekki rétt og þess vegna þurfi að skoða málið í víðara samhengi en bara hvað varðar snjómoksturinn. En það er þó það sem hefur komið fram í þinginu og það er yfirlýsing þingsins að fyrst og fremst verði þessum söluskattsgreiðslum aflétt hvað varðar kostnað sveitarfélaga við snjómoksturinn og ég get ekki sætt mig við að við reynum ekki að finna leið til að framfylgja þessu ákvæði og þá jafnvel með lagabreytingu ef það tekst ekki öðruvísi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er vissulega alveg rétt ábending hjá hæstv. fjmrh. að það leið einhver tími frá því að lögin voru staðfest og þar til ég fór úr fjmrn. Ég hygg nú að lögin hafi ekki verið staðfest fyrr en einhvern tíma undir lok aprílmánaðar og það hafa því liðið þarna kannske fjórar vikur þar til ég fór frá. Ég sá hins vegar til þess að það var farið að undirbúa reglugerð um framkvæmd þessa máls. Ég verð að segja það alveg í fullri hreinskilni að ég var svo sannfærður um að málið væri í ágætum höndum, þar sem var nýr fjmrh. sem mér datt ekki í hug annað en mundi framkvæma vilja Alþingis, að ég taldi það ekki skipta öllu máli að ganga endanlega frá reglugerðinni áður en ég hætti í fjmrn., enda var þeirri vinnu sem var verið að vinna að undirbúningi málsins ekki lokið. Ef mig hefði grunað að í fjmrn. kæmi maður sem ætlaði sér að svíkjast undan að framkvæma það sem hann sjálfur lýsir yfir hér í þinginu að sé afdráttarlaus vilji Alþingis hefði ég svo sannarlega reynt að nota þessa fáu daga sem þarna voru til ráðstöfunar til að ganga frá málinu. En mig grunaði þetta ekki og því fór sem fór.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef boðið alþm. öllum að koma upp í fjmrn. og kanna hvort úttekt fjármála, sem ég hef dreift og sem var gerð 26. maí, er rétt eða röng. Og ég vil spyrja: Var það meining hæstv. fyrrv. fjmrh. að bæta enn þá meira við skuldir í Seðlabankanum til að endurgreiða á miðju sumri af snjómokstri frá vetrinum áður? Með hvaða peningum átti þá að borga? (**RA:** Það átti ekki að byrja að borga fyrr en á þessum vetri.) Nú, bara þegar ábyrgðin var komin yfir á einhvern annan. Það skil ég vel því að fyrrv. ríkisstj. kom ábyrgð almennt yfir á næstu ríkisstj. og aðra aðila. Þannig voru öll vinnubrögðin — ekki bara í þessu máli heldur öllum. Þá hef ég ekki miklu meira um þetta mál að segja. Þá skil ég málflutning fyrrv. hæstv. fjmrh. (**RA:** Það snjóar ekki á sumrin.) Það snjóar á veturna.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka fjmrh. skýr svör og jafnframt að hann tók undir það, sem var meginatriðið í mínum málflutningi, að ekki væri sanngjarnt að sveitarfélög þyrftu að standa í auknum útgjöldum vegna snjómoksturs til ríkisins þegar árferði væri þannig. Hitt urðu mér að sjálfsögðu mikil vonbrigði að því skyldi hér vera slegið föstu að lögin væru óframkvæmanleg. En mér sýnist samt að það sé nú nokkur svikkur á þeirri afstöðu.

Í fyrsta lagi liggur ljóst fyrir að það yrði ærið margt sem ekki yrði framkvæmt ef sú stefna yrði tekin að allt það sem fyrrv. fjmrh. hefði getað verið búinn að koma í verk, en var ekki búinn að, yrði látið ógert. Einnig eru það ekki rök í þessu máli hvort það verður til að auka yfirdrátt í Seðlabanka Íslands eða ekki. Afstöðu til þessa máls hlýtur að verða að taka aðeins út frá því sjónarmiði einu hvort lögin séu þannig úr garði gerð að þau séu framkvæmanleg eða ekki. Ég vænti þess vegna að fjmrh. muni nú í rólegri yfirvegun meta hvernig hann telur skynsamlegast að andi laganna komist í framkvæmd, þ. e. að ríkið hagnist ekki á því þegar mikið snjóar, og má hver maður gera sér grein fyrir því að þó að Þjóðhagsstofnun setji nú fram ýmsar spár getur orðið erfitt að setja fram tekjuspá fyrir ríkið ef sú spá á endanlega að byggast á spá Veðurstofunnar fram í tímann heilt ár. Heldur ótraustur grunnur væri það.

Ég get tekið undir að það er hugsanlegt að fara þá leið að nota Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og endurgreiða og setja þannig þak á þær endurgreiðslur sem framkvæmdar eru. En ég vil eindregið undirstrika að það er engin friðarvon í þessu máli fyrr en það er komið í höfn og sá vilji Alþingis verður virtur að einhverjar endurgreiðslur eigi sér stað.

Ég hygg að fjmrh. sé ljóst að þeir sem m. a. munu að sjálfsögðu knýja á um lausn þessa máls eru þéttbýlissveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vegna þess tíðarfars sem hér hefur verið og annars staðar, enda er þetta ekki mál sem ætti að verða deiluefni milli landsbyggðar

og þéttbýlis. Spurningin er aðeins: Hvernig er skynsamlegast að standa að því að ná landi í þessu máli? Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. muni í rólegri íhugun beita sér fyrir lausn á því sem allra fyrst.

Útgáfa sérkennslugagna, fsp. 138. mál (þskj. 178). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 178 að flytja fsp. til hæstv. menntmrh. um útgáfu sérkennslugagna. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hyggst menntmrh. móta stefnu um útgáfu sérkennslugagna í samræmi við álit og tillögur nefndar er menntmrh. skipaði 27. jan. 1982, en nefndin skilaði niðurstöðum til menntmrn. í maí s. l.?

2. Hve miklu fjármagni hefur á s. l. 5 árum verið varið sérstaklega til kennslugagna fyrir nemendur með sérþarfir á grunnskólastigi?

3. Hve margir nemendur, sem njóta sérkennslu eða stuðningskennslu í eða utan almennu grunnskólanna, þurfa á sérkennslugögnum að halda?"

Vænti ég þess að fá greinargóð svör hjá hæstv. menntmrh. við þessum spurningum.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. 1. tölul. í fsp. á þskj. 178, spurningunni um stefnu í útgáfu sérkennslugagna, get ég svarað á þá leið að ég tel álit þeirrar nefndar sem skilaði áliti í maí s. l. og skipuð var 27. jan. 1982 vera mjög vel til þess fallið að vera haft að leiðarljósi á næstu árum við gerð og útgáfu námsefnis fyrir nemendur með sérþarfir. Fram til þessa eða til skamms tíma hefur ekki farið fram nein skipuleg útgáfa á sérkennsluefni, a. m. k. ekki á vegum Námsgagnastofnunar, en þetta gildir um öll svið sérkennslunnar. Í sérkennslunni hefur aðallega verið notast við almennar kennslubækur, þær umskrifaðar, einfaldaðar og styttar eða miðlað þekkingu með öðrum hætti. Þetta hefur verið í höndum hvers og eins kennara. Þá er algengt að sérkennsluefni sé samið af kennurunum sjálfum, en aðstaða þeirra til námsefnisgerðar er víðast mjög bágborin. Því liggur talsvert efni hjá sérkennurum í frumdrögum eða hálfunnið og það mætti e. t. v. nýta.

Það sem gert hefur verið og alveg er í samræmi við niðurstöður þessarar nefndar er að í okt. s. l. var ráðinn sérkennari til Námsgagnastofnunar í hlutastarf. Frá hans hendi liggja fyrir drög og framkvæmdaáætlun fyrir 1984 sem ég get gert grein fyrir sé þess óskað, en ég hygg að tímans vegna verði heppilegast að ég afhendi fyrirspyrjanda þá áætlun skriflega.

Í fsp. er 2. tölul.: „Hve miklu fjármagni hefur á s. l. 5 árum verið varið sérstaklega til kennslugagna fyrir nemendur með sérþarfir á grunnskólastigi?" Þá er fyrst til að svara um það sem fram hefur farið hjá Námsgagnastofnun. Skv. reikningum þeirrar stofnunar er kostnaður vegna útgáfu fyrir nemendur með sérþarfir og færður til verðgildis ársins 1983 þessi: Árið 1979 var engu fé varið til þessarar útgáfu. Árið 1980 voru það 9069 kr., 1981 134 730 kr., 1982 218 409 kr. og 1983 403 003 kr. Samtals eru þetta 765 211 kr. En á það er að líta að skv. áætlun nefndarinnar, ef hún er framkvæmd að fullu má ætla að á 5 árum fari rúmar 2 millj. í þessu skyni á ári.

Á vegum skólarannsóknadeildar menntmrn. hefur einnig verið varið nokkru fé í því skyni að undirbúa gerð sérkennslugagna eða sinna sérkennslu fyrir þann hóp sem hér um ræðir. Þá er fyrst til að taka að nefndarlaun þeirrar nefndar sem vitnað var til í upphafi fsp. voru 16 500 kr. Í öðru lagi var varið sem svarar 3ja mánaða kennaralaunum til þess að vinna að námsskrá fyrir nemendur með sérþarfir. Það var unnið í Öskjuhlíðarskóla. Námsskráin kom út árið 1983 og nefnist Hugmyndasafn fyrir samfélags- og náttúrufræði og var bráðabirgðaútgáfa unnin af kennurum skólans í samvinnu við Ingvar Sigurgeirsson fyrrv. námsstjóra. Enn má þess geta að aðrir námsstjórar í skólarannsóknadeild rn. hafa fjallað um sérkennslumál í tengslum við kennslu í námsgreinum og tengdum skólastarfi almennt. Starf af því tagi hefur ekki verið sérstaklega greitt í þessu skyni heldur fólgið í öðrum almennum störfum þessara námsstjóra.

3. liður fsp. er: „Hve margir nemendur, sem njóta sérkennslu eða stuðningskennslu í eða utan almennu grunnskólanna, þurfa á sérkennslugögnum að halda?" Þeir nemendur sem njóta sér- og stuðningskennslu í eða utan almenns grunnskóla eru þessir: nemendur í sérskólum 359, nemendur í sérdeildum 183, nemendur í starfsnámi og fullorðinsfræðslu 280, nemendur í sérskólum og sérdeildum samtals 822. Auk þess eru nemendur í stuðningskennslu í almennum grunnskólum samtals 4500. Hér er því samtals um 5322 nemendur að ræða.

Ég hygg, herra forseti, að með þessu sé fsp. svarað í höfuðdráttum.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa þörfu fsp. sem vekur athygli á þessu mikla vandamáli sem ég kannast mætavel við frá mínum kennaraferli áður. Einhver erfiðustu atriði sem þar komu upp voru tengd þeim sem á einhvern hátt áttu erfiðara með nám en aðrir, þurftu stuðningskennslu eða hjálparkennslu. Við ekkert, hreinlega ekkert var að styðjast til þess að létta þeim róðurinn nema eigið hyggjuvit svo langt sem það náði.

Á þessu öllu hefur orðið býsna mikil framför. Velunnarar og aðstandendur þeirra sem hér er um að ræða sérstaklega hafa unnið mikið og gott starf að því að kynna þessi málefni, útiloka fordómana sem áður voru í vissum greinum og unnið að því á öllum sviðum að reyna að létta því fólki sem hér á allra erfiðast róðurinn. Greinilegt er að nokkur árangur hefur hér af orðið, en auðvitað hlýtur spurningin að vera um það, þegar fjármagn er takmarkað eins og til námsgagnaútgáfu almennt, ónógt til hinnar almennu útgáfu hvað eigi þar að hafa forgang.

Ég leyfi mér að skora á hæstv. menntmrh. að sjá til þess að þessi námsgögn verði látin hafa forgang umfram önnur, alveg sérstaklega vegna þess að þeir kennarar sem fjalla hér sérstaklega um stuðnings- og hjálparkennslu eiga ekki í önnur hús að venda til þess að létta sínu fólki hinn þunga róður. Þessi námsgögn þurfa því alveg tvímælalaust að vera í öndvegi sett hjá Námsgagnastofnun og um það þurfa vitanlega að koma ótvíræð fyrirmæli frá rn. Ég treysti hæstv. menntmrh. til að sjá svo til að þessi námsgögn verði þar alveg sérstaklega í forgangi.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð og skýr svör við þeirri fsp. sem ég hef borið hér fram. Ég vil sérstaklega fagna því áliti hæstv. menntmrh. að hún telji að sú stefna sem mörkuð er í þessu nál. sé vel til þess fallin að vera höfð að leiðarljósi í útgáfu sérkennslugagna á næstu árum. Af þessum orðum hæstv. menntmrh. ræð ég að hæstv. menntmrh. muni framfylgja þeirri stefnu sem þar er mörkuð.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að Námsgagnastofnun hefur átt við mikinn fjárhagsvanda að etja. Og reyndar er það svo nú að starfandi er nefnd á vegum rn. til að finna lausn á fjárhagsvanda stofnunarinnar. Sá fjárhagsvandi sem stofnunin hefur átt við að glíma á undanförnum árum hefur ekki síst komið niður á útgáfu sérkennslugagna og það svo að til hreinna vandræða hefur horft. Það þarf raunar engan að undra það þegar við hugleiðum þær tölur sem við heyrðum hjá hæstv. menntmrh., að það hafi einungis verið varið á undanförnum fimm árum sem samsvarar 765 þús. kr. til sérkennslugagna. Og hæstv. menntmrh. upplýsir að það séu um 5300 nemendur sem á einn eða annan hátt þurfi á sérkennslugögnun að halda. Ég reiknaði það út í fljótheitum, eftir að þessar tölur komu hér fram áðan hjá hæstv. ráðh., að þetta þýðir 133 þús. á ári handa 5300 nemendum. Það þýðir það, að 27 kr. sé varið á ári fyrir hvern nemanda sem þarf á sérkennslugögnum að halda. Þetta er auðvitað til háborinnar skammar og það hlýtur öllum þm. að vera ljóst að þarna þarf virkilega að verða breyting á.

En nefndin bendir á í sínu áliti að tryggja verði markvissa og stöðuga útgáfu á þessum námsgögnum og það var einmitt tilgangurinn með þessari fsp. að fá fram afstöðu menntmrh. til þeirra tillagna sem þessi nefnd hefur sett fram. Tel ég að nefndin hafi skilað góðu starfi og lagt fram skýra stefnu í þessu máli sem mikill fengur er í um hvernig útgáfu sérkennslugagna skuli háttað næstu árin og hvaða sérkennsluefni sérstök áhersla skuli lögð á. Ennfremur tel ég eins og reyndar kemur fram í nál. að nefndin hafi gætt ýtrustu hagkvæmni í tillögum sínum. Hér er ekki um stóra upphæð að ræða sem áætluð er til sérkennslugagna miðað við allan þann fjölda nemenda sem þarf á þeim að halda. Fram kemur í áliti þessa fólks að það þurfi um 14 millj. á 5 árum. Það eru um 2—3 millj. á ári. En eins og fram kemur hjá hæstv. ráðh. hefur einungis verið varið 765 þús. á s. l. 5 árum þannig að hér þarf auðvitað að verða breyting á.

Ég vil að lokum beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvenær megi vænta þess að sú nefnd sem vinnur að lausn á fjárhagsvanda Námsgagnastofnunar skili niðurstöðum. Einnig væri fróðlegt að fá fram álit menntmrh. á þeirri hugmynd sem fram kemur í umræddu nál. en nefndin hreyfir þar þeirri hugmynd að til að örva námsgagnagerð verði stofnaður sérstakur sjóður á vegum Námsgagnastofnunar og nemi sjóðfé sömu upphæð og stofnuninni er gert að greiða í söluskatt af þeim námsgögnum sem dreift er ókeypis til skólanna. Það er umhugsunarefni að á sama tíma og stofnunin getur ekki séð nemendum skólanna fyrir námsefni skuli ríkissjóður taka söluskatt af þeim námsgögnum sem þó er hægt að gefa út. Ég vænti þess að við fáum hér að heyra álit hæstv. menntmrh. á þessari hugmynd um að stofna þennan sjóð til þess að örva námsgagnagerð og eins hvenær vænta megi þess að nefnd sú sem vinnur að lausn á fjárhagsvanda Námsgagnastofnunar skili niðurstöðum.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það eru þrjú atriði sem ég vil nefna. Í fyrsta lagi er það nemendafjöldinn sem ég gat um að nyti sérkennslu eða stuðningskennslu. Ég er ekki viss um að taka megi það svo að þeir 4322 nemendur sem njóta stuðningskennslu í almennum grunnskóla séu allir þurfandi fyrir sérkennslugögn í sama skilningi og hinn hópurinn. Þetta er e. t. v. ekki alveg hægt að fullyrða, en engu að síður er þó ljóst að sérkennslugögn þarf fyrir hluta þess hóps.

Víst er um það að þörfin er mikil. Hv. 2. landsk. þm. beindi til mín tveimur spurningum öðrum, annars vegar um það hvenær vænta mætti álits frá nefndinni sem kannar fjárþörf Námsgagnastofnunar. Þessi nefnd hefur nýlega skilað áfangaskýrslu en er enn að störfum og ég hygg að þess verði ekki mjög langt að bíða að hún ljúki alveg störfum. Ég tel að hún hafi þegar unnið mjög mikilsvert starf og ef haldið verður áfram með sama hætti geri ég ráð fyrir að tillögur nefndarinnar verði mjög gagnlegar.

Í öðru lagi bar hv. þm. fram spurningu um afstöðu mína til sérstakrar tillögu nefndarinnar sem stofnuð var um sérkennslugögn, sérstakrar tillögu um sjóðsstofnun. Þeirri spurningu get ég ekki svarað á þann veg að ég mæli eindregið með þessari sjóðsstofnun. Ég tel að þá hugmynd sem þarna kemur fram verði að skoða í almennu samhengi við fjármögnun verkefna Námsgagnastofnunar.

Sameinað þing, 38. fundur.

Þriðjudaginn 24. jan., að loknum 37. fundi.

Kennsla í Íslandssögu, þáltill. 164. mál (þskj. 277). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bráðabirgðasamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium, skýrsla (þskj. 59). — Frh. umr.

Enginn tók til máls.

Orkusparnaður, þáltill. 76. mál (þskj. 81). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um orkusparnað sem er á þskj. 81. Flm. auk mín er hv. þm. Kristín S. Kvaran. Ég vil lesa till. Hún er svona:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að semja reglugerð um orkusparnað sem m. a. feli í sér eftirfarandi:

a) Ef orka til húshitunar er greidd niður skulu greiðslur aðeins inntar af hendi vegna þeirra húsa sem uppfylla skilyrði núverandi byggingarreglugerðar um einangrun.

b) Eigendum húsa, sem ekki uppfylla þau skilyrði,

skal gefinn kostur á hagkvæmu lánsfé til að kosta einangrun húsa sinna, þannig að tryggð verði sem næst sambærileg nýting orku til húshitunar samkv. reglugerð sem samin verði þar um.

c) Ákveðnar verði hámarksupphæðir niðurgreiðslna til einstakra orkukaupenda. Upphæðirnar verði miðaðar við rúmmál húsa."

Í upphafi grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum vikum hafa orðið miklar umræður um virkjunarkostnað og verð á raforku á Íslandi. Ýmislegt hefur komið fram um þann vanda sem við er að glíma á sviði orkuvinnslu og orkusölu. Minna hefur verið rætt um orkusparnað. Það ætti þó öllum að vera ljóst að þegar orðið er dýrt að framleiða hverja orkueiningu er jafndýrmætt að spara hana."

Síðar í grg. segir:

„Á undanförnum árum hefur raforka verið nýtt hér í vaxandi mæli til húshitunar til að spara olíukaup. Af sömu ástæðu hefur nýting jarðvarma verið stóraukin. Í fréttabréfi Orkustofnunar nr. 3, okt. 1983, er grein eftir Jón Ingimarsson sem nefnist: „Húshitunarvandinn — leið til lausnar". Þar koma fram mikilvægar upplýsingar um orkunotkun til húshitunar og hversu mikla orku mætti spara með því að einangra þök og setja tvöfalt gler í hús þar sem slíkt vantar.

Í greininni kemur fram að það er arðbær fjárfesting af hálfu hins opinbera að veita fé til einangrunar húsa og draga jafnframt úr niðurgreiðslum. Lauslegir útreikningar á orkunni, sem vinnst með slíkum sparnaði og þeim fjármunum sem til væri kostað, benda til að hér sé á ferðinni „virkjunarkostur", sem gefi jafnvel ódýrari orku en næstu stórvirkjanir. Að auki er hann smærri í sniðum og nýtir jafnóðum framlagt fjármagn. Slíkri herferð til sparnaðar mundi fylgja aukin atvinna byggingamanna um land allt."

Í sambandi við þetta mál má segja mjög margt. Það má líta á a. m. k. þrjú atriði: Í fyrsta lagi er það húshitunarkostnaðurinn eða húshitunarvandinn svokallaði, í öðru lagi eru það niðurgreiðslur á orku og í þriðja lagi er það húseinangrun. Það má líta á hvort einangrun sé í samræmi við núgildandi staðla. Það má einnig líta á hvort ástæða sé til að herða einangrunarkröfur og breyta byggingarháttum.

Ef við lítum aðeins á fyrsta atriðið, sem er húshitunarkostnaður, þá er það svo, að nú eru um 10 ár liðin frá fyrri olíukreppunni. Viðbrögð okkar voru í fyrsta lagi aukin nýting innlendra orkugjafa, sem voru eðlileg viðbrögð, og olíustyrkir svokallaðir, sem voru líka eðlileg viðbrögð til þess að taka á þeim bráða vanda sem þá steðjaði að. Þriðja leiðin, sem kom til greina en við hins vegar fórum ekki hérlendis þá, var orkusparnaður. Þá leið fóru hins vegar flestallar þjóðir og í því skyni var þá erlendis haldið uppi margs konar áróðri til orkusparnaðar. Ég man t. d. eftir að í Englandi var rekinn áróður fyrir orkusparnaði með því að birta auglýsingu sem hét Shower with a friend — eða taktu einhvern með þér í sturtu. Þetta var lostafull auglýsing og hafði umtalsverð áhrif til orkusparnaðar, var mér sagt. Það er svo ekki fyrr en í seinni olíukreppunni, eða 1978, að menn hérlendis fóru verulega að veita athygli orkusparnaði eða bættri nýtingu á orku.

Það er hins vegar svo, að nýting orku til húshitunar er léleg. Þegar neytendur hafa setið frammi fyrir háum orkureikningum hefur þeirri aðferð verið beitt að greiða niður taxta rafveitnanna. Eins og ég kem að hérna síðar tel ég það í grundvallaratriðum vera ranga aðferð af ýmsum ástæðum því að ég tel að hún leiði til sóunar. Ég er hins vegar ekki að tala á móti jöfnun í húshitunarkostnaði, ég er bara að tala um breyttar aðferðir.

Eins og ég sagði í upphafi er augljóst að þegar hver orkueining er dýr í framleiðslu er jafndýrmætt að spara hana. Með sparnaði mundi orkureikningur húseigandans lækka og kostnaður þjóðarbúsins sömuleiðis.

Í framangreindri grein Jóns Ingimarssonar verkfræðings hjá Orkustofnun eru ýmsar mjög merkilegar upplýsingar. Þar er getið athugana sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gerði á orkunotkun húsa í fjórum bæjum á Íslandi. Þessir útreikningar voru miðaðir við 400 rúmmetra hús, sem er meðaleinbýlishús. Það kom í ljós að ársnotkun á olíu á rúmmetra í húsi var frá 3 lítrum og upp í 50 lítra, þ. e. 17-faldur munur milli sambærilegra húsa. Þegar athuguð voru rafhituð hús kom í ljós að dreifing á orkunotkun var frá 20 kwst. á rúmmetra á ári og upp í 240 kwst. á rúmmetra á ári, þ. e. 12-faldur munur á orkunotkun sambærilegra húsa. Ástæður fyrir þessum gífurlega mun á orkunotkun einstakra húsa eru auðvitað margar, þar á meðal t. d. aldur húsanna, heitfengi íbúanna og lífsvenjur, loftræsting og síðast en ekki síst einangrun. Athuganir sem voru gerðar á einangrun húsa í þessum sömu bæjum benda til þess að 15% þakflatar húsa sé óeinangruð, ef hægt er að taka mið af þessum niðurstöðum. Það mundi samsvara því að á Íslandi væru 250 þús. fermetrar þaka óeinangraðir. Það eru að ég hef reiknað held ég um 25 hektarar. Menn geta sér til gamans eða óhugnaðar, eftir því hvernig þeir eru innstilltir, reynt að ímynda sér 25 hektara óeinangrað hús og kostnaðinn við að halda þar inni allt að 25 gráðu hita.

Samkv. sömu gögnum má einnig áætla að í 10% gluggaflatar sé einfalt gler, en einfalt gler tapar umtalsverðri orku. Ef við yfirfærum það aftur yfir á landsvísu væru það um 43 þús. fermetrar glers í landinu.

Í áðurnefndri grein Jóns Ingimarssonar eru útreikningar sem benda til að bætt einangrun þaka, sem mundi kosta á að giska 250 millj., mundi spara um 80 millj. á ári. Þetta er aðsemi sem ég held að sé erfitt að slá við. Tvöföldun glugga mundi kosta um 110—160 millj., en mundi skila í orkusparnaði um 25 millj. á ári. Af þessum tölum er augljóst að það er verulega arðbær aðgerð að endurbæta einangrun húsa. Því er lagt til í þessari þáltill. að eigendum húsa, sem ekki uppfylla lágmarksskilyrði um einangrun, verði gefinn kostur á hagkvæmu lánsfé til að kosta einangrun húsa sinna. Til að fá hugmynd um það magn orku sem hér um ræðir, sem mætti spara, mætti jafnvel ímynda sér samkv. útreikningum — svona útreikningar geta nú verið á ýmsan hátt — að 90 gwst. mundu sparast, sem lætur nærri að sé um tíundi hluti Blönduvirkjunar. Það er því enn einu sinni augljóst að við erum að tala um mjög verulegar stærðir.

Ég hef hérna gert að umtalsefni grein Jóns Ingimarssonar og Orkustofnun. Síðan þessi þál. var lögð fram hefur bæst við mjög merkileg rannsókn. Það er rannsókn sem Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi létu gera í Grundarfirði. Það er Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen sem vann það verk. Þar er rannsakaður orkubúskapur 27 húsa og í skýrslu, sem er dags. 21.

nóv. s. l., er gerð grein fyrir ástandinu. Þetta er mjög merkilegt og mjög gott plagg og ég vil hvetja þm. til að kynna sér það. Í lokaniðurstöðum skýrslunnar segir, með leyfi forseta:

„Sýnd eru dæmi um afgreiðslu einstakra húsa [þ. e. hvernig unnið var að þessari könnun.] Orkunotkun þeirra húsa sem athuguð voru er að meðaltali 66% hærri en hún væri ef þessi hús væru einangruð í samræmi við byggingarreglugerð frá 1979. Dæmi eru um að hús eyði um 100—150% meira en skyldi. Árlegur kostnaður húseigenda við þessa orkusóun", segir enn í skýrslunni, „nemur að meðaltali um 11 800 kr. og sambærilegur kostnaður ríkisins nemur um 8 þús. kr. ef tekið er mið af niðurgreiðsluhlutfalli ríkisins í gjaldskrá RARIK.

Þörf er mikilla úrbóta. Ýmsar sparnaðaraðgerðir eru auðveldar í framkvæmd og skila sér fljótt, en aðrar eru erfiðar í framkvæmd og kostnaðarsamar. Heppilegt er að fljótlega verði tekin af hálfu hins opinbera afstaða til þess að hvaða markmiðum beri að stefna í orkusparnaði í húshitun og þá til hvaða aðgerða stjórnvöld ætli að grípa til aðstoðar húseigendum. Slíkt er æskileg forsenda fyrir því að geta gefið fólki góð ráð um val á aðgerðum til úrbóta og val á einangrunarþykktum. Þörf er á tækni- og rannsóknarvinnu við nokkra þætti þessa máls, svo sem leit að þunnri gólfeinangrun og þróun á stöðluðum litlum loftskiptakerfum með varmanýtingu. Ýmsar sparnaðaraðgerðir eru mjög hagkvæmar. Að ráðast gegn orkusóuninni er því þjóðhagslega hagkvæmt verkefni. Fólk virðist jákvætt og því er jarðvegur góður fyrir myndarlegt átak í þessum málum. Framtak húshitunarnefndar samtakanna hefur því góða möguleika á því að skila árangri, einkum ef viðbrögð stjórnvalda verða góð."

Þetta var úr skýrslu frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um athugun á húshitun á Vesturlandi.

Þetta var um húshitun og einangrun og nefndar nokkrar merkilegar stærðir í því efni. Það næsta sem mig langaði til að gera að umtalsefni eru niðurgreiðslur á orku og styrkir til húshitunar. Eins og áður segir þá er stórkostlega mikilvægt að bruðla ekki með dýrmæta auðlind. Til þess er nauðsynlegt að hafa í frammi bæði fræðslu og áróður. Á þetta hefur lengi skort verulega hérlendis. Kosturinn, sem hefur verið valinn hér, er hins vegar að létta fólki þessa byrði með því að greiða orkuna niður.

Á árunum 1974—1983 er heildarupphæð olíustyrkja rúmlega 1300 millj. kr. á verðlagi 1. júní 1983. Ef við lítum á þær tölur sem hér hafa verið birtar um ástandið í húsaeinangrun, þá er hér líklega um stórkostlega sóun að ræða. Sú aðferð að greiða niður taxta orkuveitna án þess að gera kröfur til húseigenda um einangrun húsa er í raun og veru þess eðlis að hún verðlaunar á vissan hátt þá sem sóa mestri orku. Þeir sem mestri orku sóa fá mest frá skattborgurunum. Eins og sést af þeim upplýsingum sem hér var talað um áðan, þá er geysilegur, þ. e. meira en tífaldur munur á minnstu og mestu orkunotkun húsa.

Það er grundvallaratriði, að ég tel, að verð orkunnar sé a. m. k. kostnaðarverð á hverjum tíma. Notendur eiga að sjá á reikningum sínum hvað orkueiningin kostar í raun og veru og hvað heildarorkunotkun þeirra kostar. Og þá upphæð eiga þeir að greiða orkuveitunum. Á þennan hátt eru orkuneytendur hvattir til ábyrgðar á notkun sinni og orkufyrirtækjunum tryggt eðlilegt rekstraröryggi.

Nú spyr kannske einhver: Hvað með jöfnun orkukostnaðar? Er hann að tala á móti jöfnun orkukostnaðar? Svo er ekki. Jöfnun orkukostnaðar er réttlætismál og réttlætiskrafa, en jöfnuði verður ekki náð með þeim niðurgreiðslum sem nú eru hafðar í frammi. Það er nefnilega í raun og veru ekki jöfnuður að skattgreiðendur þurfi að verðlauna þá sem mestri orku sóa. Það er hægt að hugsa sér margar aðgerðir sem stuðla að jöfnun hitakostnaðar og verka samtímis hvetjandi til orkusparnaðar, og það er aðalatriðið. Þannig mætti ímynda sér t. d. að hitunarkostnaður fyrir ákveðna stærð af íbúðarhúsi og ákveðna fjölskyldustærð væri greiddur niður með ákveðinni krónutölu fyrir hverja kwst. fyrir einhverja ákveðna notkun, t. d. upp í 15 þús. kwst. á ári. Síðan kæmi önnur lægri krónutala í niðurgreiðslur á kwst. fyrir t. d. 15—20 þús. kwst. orkunotkun á ári. Það er síðan ákvörðunaratriði hversu mörg þessi þrep yrðu og hvernig niðurgreiðslum yrði háttað. Það gæti síðan hreinlega verið spurning hvort þeir sem nota gífurlega mikla orku, þeir sem mætti kalla orkusóara eftir þeim upplýsingum og beinlínis þeim orðum sem eru við höfð í framangreindri skýrslu, hvort þeir sem nota gífurlega mikla orku eigi þá ekki hreinlega að greiða verð yfir kostnaðarverði fyrir orkunotkun sem er umfram eitthvert ákveðið mark.

Ég tel í raun að eini fyrirsjáanlegi hængurinn á svona fyrirkomulagi, svona þrepafyrirkomulagi á jöfnun orkukostnaðar, sé stjórnunarhliðin. En með þeim möguleikum sem nú eru til gagnasöfnunar og gagnaúrvinnslu og með því að vísa þessu heim í hérað, þar sem upplýsingar liggja fyrir á hverjum tíma um rúmmál húsnæðis og fjölskyldustærðir, ættu sveitar- og bæjarfélög á auðveldan hátt að geta greitt jöfnunargreiðslur á húshitunarkostnaði gegn framvísun orkureikninga neytenda. Jafnvel þótt menn hefðu af þessu fyrirhöfn þá er ávinningurinn af kerfi, sem er eitthvað í þessa áttina, óumdeilanlegur. Það sem vinnst er í fyrsta lagi: Að orka sem er seld á kostnaðarverði tryggir afkomu orkufyrirtækjanna. Í öðru lagi: Neytendur sjá hvað orkunotkun þeirra kostar á raunvirði á hverjum tíma. Í þriðja lagi: Það er unnið gegn orkubruðli með því að hafa orkuverðið stighækkandi. Og í fjórða lagi: Að sparnaður er í raun og veru verðlaunaður.

Eins og kemur fram í inngangsorðum kæmi þessu til viðbótar að einangrun samkv. ákveðnum stöðlum væri skilyrði fyrir greiðslu jöfnunargjalda. Það væri sem sagt gert að skilyrði fyrir því að menn fengju greidd þessi jöfnunargjöld að einangrun húsa þeirra væri samkvæmt ákveðnum stöðlum. Þess eru dæmi víða erlendis að húseigendum er neitað um að nota rafmagn til húshitunar ef hús þeirra eru ekki almennilega einangruð. T. d. munu vera til í Svíþjóð reglur um að menn fái ekki rafhitun í hús ef það eyði fyrirsjáanlega meira en einhverjum ákveðnum fjölda kwst. á ári.

Að síðustu vil ég víkja stuttlega að húsaeinangrun og því hvort jafnvel sé rétt að auka einangrunarkröfur frá því sem nú er. Á undanförnum árum hafa orðið verulegar umræður hér á landi um byggingaraðferðir. Tilefnin eru í fyrsta lagi hinar alþekktu alkalískemmdir í steinsteypu og í öðru lagi vaxandi notkun einingahúsa bæði hérlendra og innfluttra. Það vekur nefnilega athygli að ýmsar tegundir innfluttra húsa uppfylla miklu

strangari kröfur um hitanýtingu heldur en núgildandi byggingarreglugerðir á Íslandi gera ráð fyrir. Það væri virkilega þess virði að líta nánar á það atriði.

Ef við snúum okkur að alkalískemmdunum og því sem umræða um þær og rannsóknir hafa leitt í ljós þá var eitt af mörgu sem þar kom á óvart það, að hinn svokallaði hefðbundni íslenski veggur, steinsteypuveggur með einangrun innan á er líklega svo vægilega sé til orða tekið, mjög óskynsamlegur. Með tilliti til einangrunar skiptir það miklu máli varðandi þessa byggingaraðferð að það myndast kuldabrýr þar sem innveggir tengjast útveggjum og þar sem svalir eða önnur útskot tengjast steyptum flötum inni í húsinu. Það skiptir líka máli að í slíkum veggjum er talsverður vatnsgangur. Annars vegar að innan vegna loftraka innanhúss sem er yfirleitt meiri en í andrúmsloftinu fyrir utan. Þessi loftraki þéttist svo inni í veggnum. Einnig kemur síðan vatn að utan af eðlilegum orksökum, vegna íslensks slagveðurs. Þessi vatnsgangur er mjög skaðlegur ýmsum einangrunarefnum. Rannsóknir benda til að efni, sem hafa verið notuð til einangrunar í íslenskum húsum, þoli ekki þann mikla raka sem rannsóknir hafa sýnt að þessi byggingaraðferð orsakar í húsveggjum og raki í einangrunarefni skerði verulega einangrunargildi þess. Íslenskir byggingarfræðingar hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hafa gert margvíslegar athuganir á þessu og gefið út um þetta ýmisleg gögn sem eru mjög fróðleg. Það er líklegt að sú breyting á byggingarmátanum að færa einangrun húsa utan á útveggi þeirra mundi spara okkur stórfé með orkusparnaði, með útrýmingu kuldabrúa og þurrkun veggja. Að auki mundi það vera stórkostleg vörn gegn steypuskemmdum af líkum toga og alkalískemmdirnar eru því með þessu móti mundu útveggir verða jafnheitir árið um kring og sífellt þurrir. Þar að auki mundi ending steyptra húsa aukast vegna þess að mishitaspennur mundu hverfa úr burðarvirkjunum og hætta á sprungumyndun minnka. Það er almennt viðurkennt að einangrun utan á húsum hefur meiri kosti en gamla aðferðin. Eins og áður segir hverfa kuldabrýr og sparnaður þess vegna gæti hugsanlega numið allt að 13% á orkunotkun.

Að auki hefur verið metið að það mundi sparast allt að 7% vegna orku sem venjulega tapast núna frá hitapípum sem eru í illa einangruðum veggraufum í köldum veggjum.

Bara þessi tvö dæmi vísa til orkusparnaðar allt að 20% einfaldlega með því að færa einangrun húsa utan á húsveggina. Síðan er eitt sem mætti nefna í þessu sambandi og kannske okkur væri ríkt í hug núna eða hefði getað komið okkur í hug að undanförnu. Það er það að þetta byggingarlag leyfir verulega varmagengd í veggjunum sem eru kannske 25 gráðu heitir og þetta nýtist fólki til mikilla þæginda ef skammtímabilun verður í veitukerfi. Það er ágætt að vita af því að þegar hitaveitan er í þann veginn að syngja sitt síðasta á maður í húsinu sínu virkilega mikinn varma sem nýtist þá á köldum dögum og nóttum.

Ég ætla nú að fara að ljúka máli mínu. Þetta hafa aðeins verið lítil dæmi um atriði sem mætti líta vandlega á til að meta hvort það yrði þjóðhagslega okkur til hagsbóta að breyta byggingareglugerðum og herða kröfur um einangrun. Ég vil koma því hér að að í Reykjavík er nú í byggingu hús í eigu Sturlu Einarssonar byggingarmeistara. Þar er verið að gera ýmsar merkilegar tilraunir um þá hluti sem hér hefur verið lýst. Það er líka verið að gera tilraunir í öðrum málum sem miða við að lækka byggingarkostnað og að bæta hitanýtingu. Þar eru á ferðinni alveg gjörbreyttar aðferðir við upphitun húsa. Þetta er mjög lofsvert framtak, en það er umhugsunar virði fyrir okkur, þegar við erum að tala um mál sem hefur hugsanlega jafnmikið þjóðhagslegt mikilvægi, að frumkvæðið og kostnaðurinn við þessa framkvæmd skuli að mestu leyti koma frá einstaklingi. Ég held að við ættum að reyna að ná í skottið á okkur í byggingarrannsóknunum. Við höfum margt gert þar mjög vel, en við höfum hingað til verið í því hálfleiðinlega hlutverki að gera ekki betur en að finna á hverjum tíma aðferðir til að bæta fyrir gömlu syndirnar. Ég held að það þurfi að efla byggingarannsóknir til þess að við komumst svolítið fram úr sjálfum okkur og reynum að sjá hluti fyrir og girða fyrir að við föllum í gryfjurnar.

Herra forseti. Ég vil ítreka að ég er ekki að tala á móti jöfnun húshitunarkostnaðar. Ég er að tala um breytta aðferð við jöfnun húshitunarkostnaðar — aðferð sem ég tel að mundi leiða til aukins sparnaðar á orku, sem er stórkostlega mikilvægt.

Herra forseti. Ég mælist til þess að þessari till. verði vísað til atvmn. Sþ.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Í þessari tillögugerð Bandalagsmanna og í málflutningi hv. 4. landsk. þm. var margt rétt og skynsamlega athugað.

Ég minni á, sem hv. alþm. er kunnugt, að fljótlega eftir að núv. ríkisstj. settist á valdastóla var sett nefnd manna til að smíða frv. til laga um jöfnun húshitunarkostnaðar. Sú nefnd tók einnig með í sínar athuganir ýmsar aðgerðir til orkusparnaðar. Það þótti þó bera nauðsyn til þegar leið á starf hennar að fá til þess sérfróða menn að athuga sérstaklega um orkusparnað sem fælist í einangrun íbúðarhúsa sérstaklega og síðan annars íveruhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis, og 7. okt. kallaði ég til menn til þeirrar ráðagerðar.

Ég hef lýst því yfir — gerði það á síðustu dögum fyrir þingfrestun í des. — að fljótlega eftir að þing kæmi saman nú mundi verða flutt þetta frv. um jöfnun húshitunarkostnaðar. Ég skal ekki fullyrða hvort það tekst — hvorum megin næstu mánaðamóta það tekst, en það er mjög á lokaundirbúningsstigi. Ég væntí þess að þar verði í ákvæði sem fullnægi að mestu leyti eða ekki alveg öllu þeirri tillögugerð sem hér er á döfinni. Fyrir því get ég auðvitað lýst því yfir að ég er þessari tillögugerð í sjálfu sér samþykkur.

Margt hefur komið á óvart við þessa sérstöku athugun. Til að mynda eins og það, að hér skuli byggingareglugerðir vera vægari í kröfum vegna einangrunar en til að mynda í Svíþjóð. Endurskoðun hlýtur að verða gerð samhliða þessu á ákvæðum byggingareglugerða hérlendis.

Það er enn fremur í þessum till. að finna að greitt verði fyrir þeim með lánsfé og með öðrum aðgerðum sem vilja auka einangrun húsa sinna. Menn hafa enn fremur velt fyrir sér þeirri aðferð að hafa þak á niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði. **(Gripið fram í:** Ekki orkuverðsnefndin.) Ekki orkuverðsnefndin nei, en það eru fleiri í landinu sem eru að velta þessum hlutum fyrir sér en hún. Ég er að segja frá þessu sérstaka atriði varðandi húseinangrunina, að hjá þeim sérfræðingum kom þessi hugmynd fram. Ég get líka

upplýst til þess að draga úr ókyrrleik manna að þetta hefur ekki enn verið fellt inn í frv. En sú hugmynd hefur komið fram og ég nefndi það vegna þess að einn liðurinn í þessari tillögugerð er einmitt um að sett verði þak á slíkar niðurgreiðslur.

Eins og ég segi vænti ég þess að þetta mál skýrist alveg á næstunni og ég dreg ekki úr þeirri áherslu sem við hljótum að verða að leggja á sparnað í hvívetna á þessu sviði. Hitunarkostnaðurinn hvílir með ofurþunga á fólki og auðvitað er það yfirlýst stefna núv. ríkisstj. að lækka hann og jafna. Það er auðvitað meginatriði þess frv. sem orkuverðsnefndin hefur búið til, hefur gert tillögur um og eins og ég segi ég vænti að innan tíðar sjái dagsins ljós og menn geti þá hafið umræður um hvort því er eitthvað ábótavant. En ég vænti þess að þar verði stigið stórt skref í átt til jöfnunar rafmagns til heimilisnota og eins til þeirra nauðsynlegu framkvæmda, sem ég tel vera, að menn stórauki orkusparnað til að mynda með þeim hætti sem sérstaklega er gerð tillaga um í þessari þáltill.

Við eigum fleiri þáltill. sem frammi liggja og eru raunar á dagskrá í dag. Hér er ein, 104. mál á þskj. 125, um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði, upp á einar fimmtíu síður eða svo. Menn hafa hér sem betur fer ýmislegt til málanna að leggja. 1. flm. þar er hv. 5. þm. Austurl. og fer ég engum orðum um þá till. að honum fjarstöddum, en einhvers staðar hafa hans leiðir legið þannig að hann hefur uppgötvað að kannske bæri brýna nauðsyn til þess að hafa í frammi framkvæmdir og tillögugerð á þessu sviði einnegin.

En ég þarf ekki fleiru við þetta að bæta. Hér býst ég við að komið verði að fullu til móts við flest af því sem er meginatriði þeirrar tillögugerðar sem hérna liggur frammi.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. jákvæðar undirtektir hans undir þetta mál og vona að við megum sjá boðað frv. um orkusparnað o. fl. sem fyrst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Atvinnuleysi er nú meira en nokkru sinni fyrr hér á landi í hálfan annan áratug. Það er talið að um 4000 manns hafi verið á atvinnuleysisskrá í þessum mánuði þegar mest var en meðaltal mánaðarins er eitthvað talsvert á fjórða þúsund manns skv. upplýsingum sem ég fékk í dag hjá vinnumáladeild félmrn. Í sumum byggðarlögum er hér um að ræða stórfellt vandamál sem nær inn á nærri hvert heimili og yfirleitt er atvinnuleysisstigið í landinu tvöfalt á við það sem mest hefur verið áður á liðnum árum. Meginástæðurnar fyrir þessu atvinnuleysi eru ljósar. Annars vegar er um að ræða ytri áföll sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir en hins vegar er um að ræða afleiðingar stjórnarstefnunnar.

Eins og kunnugt er var ríkisstj. mynduð að sögn til þess að treysta atvinnuöryggið og sú gífurlega kjaraskerðing sem hefur átt sér stað hefur verið rökstudd með því að nauðsynlegt væri að halda fullri atvinnu í landinu. Kauplækkunin er nú orðin um þriðjungur á mjög skömmum tíma og spáð er áframhaldandi skerðingu launa á þessu ári um 8—10%. Þrátt fyrir þessa kauplækkun blasa atvinnuleysistölurnar við með þeim hætti sem ég hef hér lýst.

Þegar þjóðarbúið verður fyrir ytri áföllum og samdrætti í þjóðartekjum er ekkert fráleitara en að beita samhliða niðurskurðar- og kreppuráðstöfunum eins og núv. ríkisstj. hefur gert. Auk þessa hefur ríkisstj. lagt sérstaka áherslu á það að opinberir aðilar dragi sig út úr atvinnulífinu. Þannig beitir ríkisstj. aðferðum sem eru í grundvallaratriðum rangar með tilliti til þess vandamáls sem hér er á ferðinni. Nú væri þvert á móti ástæða til þess að beita framsækinni atvinnustefnu sem hefur það að markmiði að tryggja fulla atvinnu.

Fyrrv. ríkisstj. hélt þannig á málum að full atvinna var efst á blaði. Urðu önnur markmið efnahagsmála iðulega að víkja fyrir þessu aðalatriði og fyrir það guldu fyrrv. stjórnarflokkar í síðustu kosningum nokkuð. Ég tel engu að síður að þetta forgangsmarkmið hafi verið rétt vegna þess að í vinnunni felst uppspretta þeirra verðmæta sem til skiptanna eru á hverjum tíma í þjóðarbúinu. Í atvinnuleysi felst því veruleg sóun á verðmætum fyrir utan þá fyrirlitningu á mannlegum gildum sem birtast í atvinnuleysi.

Talið er að atvinnuleysi á Íslandi á þessu ári, 1984, muni samsvara því að óbreyttu að um 2400 manns verði atvinnulausir allt árið. Flestir sem ég hef rætt málin við telja þessa tölu stórkostlega vanmetna en hún segir samt nóg því með atvinnuleysi þessa fjölda fólks er bersýnilega verið að kasta á glæ verðmætum sem skipta milljörðum króna á sama tíma og þjóðarbúið hefur orðið fyrir áföllum af öðrum ástæðum.

Ég bendi einnig á að atvinnuleysi er tilfinnanlegra hér á Íslandi en í milljónaþjóðfélögunum vegna þess að hér er hlutur hvers einstaklings stærri en nokkurs staðar annars staðar. Þess vegna er það sárara hér en annars staðar þegar einstaklingnum er vísað á dyr og vinnuframlag hans léttvægt fundið.

Þá má benda á að hér á landi hafa flestir launamenn átt sínar íbúðir. Þeir hafa verið skuldugir en hafa getað borið skuldirnar vegna mikillar atvinnu. Atvinnuleysi þessa fólks hefði því í för með sér eignahrun er fram í sækti. Í atvinnuleysinu felst því sóun á efnislegum og mannlegum verðmætum. Því ber að gera allt sem unnt er til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Þess vegna á að setja sér það markmið nú þegar í upphafi ársins 1984 að beita öllum tiltækum ráðum til að tryggja hér fulla atvinnu þannig að enn um skeið verði Ísland eitt fárra landa þar sem allir hafa vinnu.

Alþb. telur að baráttan fyrir fullri atvinnu eigi að vera forgangsmál næstu mánaða og full atvinna eigi alltaf að vera efst á verkefnalista ríkisstjórna. Alþb. hefur sýnt það með stjórnarþátttöku liðinna ára að flokkurinn tekur þetta grundvallaratriði í efnahagsmálum fram yfir öll önnur.

Það er að vísu ljóst að til þess að tryggja fulla atvinnu verður að skipta um stjórnarstefnu því þegar erfiðleikar steðja að þjóðarbúinu magnar samdráttar- og kreppustefna ytri vandamál þannig að þau geta breyst í órjúfanlegan vítahring. Engu að síður er rétt að snúa sér hér strax á þessum fyrsta starfsdegi þingsins til hæstv. forsrh. og spyrja hann nokkurra spurninga:

1. Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi?

2. Hvað ætlar ríkisstj. að gera frekar í þessum efnum?

3. Hvaða fjármuni er ríkisstj. tilbúin til þess að tryggja í þessu skyni til að skapa fleiri atvinnutækifæri eða störf hér og nú?

Í þessu efni dugir ekki að vísa á störf sem verða til eftir mörg ár, hér þarf aðgerðir strax.

4. Ætlar ríkisstj. að hafa samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um úrlausn atvinnumála? Ef svo er þá hvernig?

5. Ætlar ríkisstj. að hafa samvinnu við stjórnarandstöðuna?

6. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstj. gert til þess að tryggja stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs á þessu ári?

Eins og kunnugt er kom fram við afgreiðslu fjárlaga nú í haust að Atvinnuleysistryggingasjóður stendur mjög völtum fótum á þessu ári. A. m. k. 30 millj. kr. vantar upp á greiðslugetu sjóðsins til að hann geti komið á móti því atvinnuleysisstigi sem var í landinu á árinu 1983. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ríkisstj. geri sérstakar ráðstafanir til að tryggja stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og henni er skylt að gera það skv. þeim lögum sem voru afgreidd um Atvinnuleysistryggingasjóð á árinu 1981. Af þeim ástæðum er þessi sjötta og síðasta spurning fram borin.

Ég ætla, herra forseti, ekki að fjalla um atvinnumálin í einstökum atriðum fyrr en ég hef heyrt svör hæstv. forsrh. en ég tel rétt og nauðsynlegt að Alþingi ræði nú þegar þessi mál og taki til þess nokkra daga ef þörf krefur á fyrstu dögum þingsins. Nú kreppir svo að fjárhag alþýðuheimilanna í landinu að ekkert annað verkefni er brýnna hér en að ákveða úrbætur. Jafnframt er nauðsynlegt að gera fólkinu í landinu ljóst að atvinnuleysi er ekki náttúrulögmál og það er mögulegt að snúa þessari öfugþróun við. Vissulega hefur atvinnuleysisvofan verið notuð til þess að undanförnu að hræða fólk frá því að gera kröfur um kauphækkanir. Þess vegna líka er nauðsynlegt að gera fólki nú ljóst að baráttan fyrir fullri atvinnu og kjarabótum í þessu landi, kjarabótum handa láglaunafólki, fer saman. Nú þarf að efla með landsmönnum bjartsýni og víkja frá því svartnætti skammdegisins sem hefur lagst yfir borg og bæ að undanförnu af mannanna völdum vegna þeirrar stjórnarstefnu sem fylgt hefur verið.

Ég hef borið hér fram nokkrar fsp. til hæstv. forsrh. sem hann hefur gengist undir að reyna að svara. Ég vona að þær séu það skýrar að hann treysti sér til að svara þeim hér og nú, enda er hér um að ræða atriði sem hann hefur áður tjáð sig um að nokkru leyti á opinberum vettvangi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að atvinnuleysi er hið versta böl. Sömuleiðis vil ég taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að gera ber hvað sem unnt er til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Af þessari ástæðu setur núv. ríkisstj. atvinnuöryggi efst í upptalningu þeirra markmiða sem hún hefur sett sér og fram koma í stefnuyfirlýsingu hennar. Hinu verður þó ekki neitað, að töluvert erfiðara er við að fást nú en var fyrir 1–2 árum.

Í fyrsta lagi verður því alls ekki á móti mælt að það atvinnuástand sem nú ríkir er að langstærstum hluta til orðið vegna erfiðleika í sjávarútvegi. Ég viðurkenni að samdráttur í opinberum framkvæmdum mun hafa einhver áhrif, það hefur mönnum ætíð verið ljóst. Staða ríkissjóðs er hins vegar sú, að ekki var um annað að ræða en að draga nokkuð úr fjárfestingu. En að mati þeirra sem um þessi mál fjalla er langmikilvægasti þátturinn vegna erfiðleika í sjávarútvegi. Þar hefur orðið gífurlegur samdráttur í þorskafla, úr 450 þús. tonnum fyrir tveimur árum niður í það sem nú er áætlað, 220 þús. tonn á árinu 1984. Öllum hlýtur að vera ljóst að slíkur samdráttur mun leiða til þess að minni atvinna verður við sjávarsíðuna. Það þarf einfaldlega færri vinnustundir til að vinna 220 þús. lestir af þorski heldur en 450, eða tæplega 300 eins og þorskaflinn varð á síðasta ári. Spurningin er því sú: Hvernig verður þessu áfalli dreift þannig að samdráttur í atvinnu verði sem allra minnstur?

Ríkisstj. hefur að sjálfsögðu iðulega fjallað um þessi mál og ákvað þegar í upphafi síns starfsferils að efla vinnumálaskrifstofu félmrn. þannig, að ekki yrðu aðeins birtar skýrslur þaðan um atvinnuástand í mánuði hverjum heldur einnig gerð ítarleg tilraun til að fylgjast með horfum á þessu sviði. Þess vegna sendi skrifstofan þegar á s. l. hausti út eyðublöð með spurningum til atvinnurekenda og sömuleiðis til sveitarfélaga og hefur óskað eftir og fylgt því vandlega eftir að fá upplýsingar um horfur í atvinnumálum bæði hjá atvinnuvegunum og hjá sveitarfélögunum. Svör hafa borist allvel frá atvinnuvegum en hins vegar nokkuð takmarkað frá sveitarfélögum. Það háir mjög í þessu sambandi að enn ríkir óvissa um það hvernig sjávarútvegurinn verður stundaður á næstu mánuðum, hvaða reglur þar muni gilda, en það mun vissulega hafa mikil áhrif á rekstur útgerðar, alveg sérstaklega togaraútgerðar.

Ég þarf ekki að fara hér mörgum orðum um atvinnuástandið á síðasta ári. Ég minni aðeins á það, að að mati atvinnumáladeildarinnar er talið að atvinnuleysi á síðasta ári hafi orðið um 1%, en var að meðaltali 1970—1982 um 0.5% af mannafla, og um 0.7% á árinu 1982. Þetta er aukning en þó leyfi ég mér að fullyrða að þessi aukning er minni en margir spáðu eins og vel má sjá í umræðum í fjölmiðlum um þau efni s. l. sumar.

Það er margt mjög athyglisvert í þessum upplýsingum sem vert er að skoða. Ég skal þó ekki eyða miklum tíma til að líta á það hér og nú. Þó vil ég nefna að það er áberandi að staðir eins og Reykjavík, Akranes, Akureyri og Selfoss skáru sig úr hvað atvinnuástand snertir á s. l. ári og voru með mun meira skráð atvinnuleysi á öllum mánuðum ársins en venja er til. Það er líka athyglisvert að í sumum greinum virðist eftirspurn eftir vinnuafli hafa dregist miklu meira saman á vissum svæðum landsins en áður hefur verið, t. d. í byggingariðnaðinum. Virðist svo sem mettun íbúðarmarkaðarins og reyndar lítil sem engin fólksfjölgun á sumum landsvæðum ráði þar mjög miklu um.

En fyrst og fremst vil ég fjalla hér nokkuð um horfur á fyrsta ársfjórðungi 1984. Þegar þau svör eru metin sem inn hafa borist er ljóst að atvinnustig verður nokkru lægra á þessum ársfjórðungi en á fyrsta ársfjórðungi ársins 1983. Hv. fyrirspyrjandi nefndi hér áðan að áætlað væri að 4000 manns yrðu atvinnulausir á þessum fyrsta ársfjórðungi. Í þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá atvinnumáladeildinni, vinnumálaskrifstofunni, er talið að það geti orðið 3000—4000 manns. Endanleg niðurstaða liggur þó alls ekki fyrir. Í þeim upplýsingum sem ég hef fyrir framan mig segir hér, með

leyfi forseta:

„Þetta ræðst þó vitaskuld endanlega af því hvenær fiskveiðar, sérstaklega togaranna, hefjast almennt, svo og af gæftum og afla sem hvort tveggja hefur verið með lakara móti frá áramótum. Þá er þess að gæta, að veðrátta í janúar hefur verið þannig að mjög hefur háð útivinnu svo sem í byggingariðnaði."

Ég held reyndar að þessi ástæða sé svo yfirgnæfandi í því mati sem hér kemur fram að það sé ákaflega erfitt að gera sér fulla grein fyrir því hvernig atvinnuástand muni verða fyrr en séð er hvenær togarar hefja veiðar. Væntanlega verður það mjög fljótlega.

Hér segir jafnframt að enda þótt veiðar hæfust með eðlilegum hætti nú í lok janúar sýni reynslan t. d. frá árinu 1982 að atvinnuástand komist vart í eðlilegt horf í fiskvinnslu fyrr en í marsmánuði. Niðurstaðan af þessu er því sú, að atvinnuhorfur á fyrsta ársfjórðungi 1984 séu ekki bjartar, sérstaklega að því er fiskveiðar og vinnslu snertir.

Hér kemur einnig fram mat á ýmsum atvinnugreinum og skal ég hlaupa yfir það. Um verksmiðjuiðnaðinn segir að í heild séu rekstrarskilyrði þar talin góð og er ekki spáð samdrætti á næstunni. Þvert á móti er vitað um aukningu atvinnutækifæra, t. d. hjá Álafossi og verksmiðjum SÍS á Akureyri, vegna aukins útflutnings. Erfiðleikar í þessari grein eru einkum tengdir innréttingasmíði og er nefnt sem dæmi fyrirtækið Hagi hf. á Akureyri, sem sagt hefur upp öllu starfsfólki sínu, þótt ekki liggi ljóst fyrir hvort fyrirtækið stöðvist.

En þegar á heildina er litið verður að telja atvinnuhorfur tiltölulega góðar í verksmiðjuiðnaðinum, enda eru sveiflur þar jafnan hægar og eiga sér langan aðdraganda.

Um byggingariðnaðinn segir að á síðasta ári virðist hafa orðið sú breyting hvað þessa starfsgrein snertir að eftirspurnin, sem áður var meiri úti á landi, hafi flust til höfuðborgarsvæðisins. Svo sem jafnan áður dró þó verulega úr þeirri þenslu síðustu tvo mánuði ársins, án þess að um atvinnuleysi væri þó að ræða að marki. Horfur á 1. ársfjórðungi ættu að vera þokkalegar á höfuðborgarsvæðinu ef veðurfar ekki hamlar, en utan þess eru atvinnuhorfur lakari vegna samdráttar í opinberum framkvæmdum og þeim breytingum sem virðast hafa orðið á íbúðabyggingum víða um land nú upp á síðkastið. Þegar á heildina er litið má gera ráð fyrir nokkrum samdrætti í byggingariðnaði á 1. ársfjórðungi þessa árs miðað við sama tíma í fyrra og 3. ársfjórðungi 1983.

Um málm- og skipasmíðaiðnaðinn segir að þar séu atvinnuhorfur alvarlegastar af öðrum greinum fyrir utan fiskveiðar og fiskvinnslu. Sérstaklega er þess getið að horfur séu alvarlegar í skipasmíði. Reyndar mun það ráða mestu um hvernig atvinnuástand verður í málm- og skipasmíðaiðnaðinum. Flestar meiri háttar stöðvar eru að ljúka nýsmíðaverkefnum og engin slík eru í sjónmáli af eðlilegum ástæðum eins og ástatt er í útgerðinni. Það hefur leitt til þess að þegar hefur verið gripið til uppsagna hjá Slippstöðinni á Akureyri og alvarlega horfir á Akranesi og í Stykkishólmi, sem reyndar hjá flestum stöðvum. Um þetta hefur ríkisstj. sérstaklega fjallað og mun ég koma að því hér á eftir.

Í niðurstöðum um þessa grein er vakin athygli á því að atvinnuhorfur ráðist í heild að mestu af því hver þróun verður í útgerð og fiskvinnslu. Takist ekki að tryggja áframhaldandi rekstur skipasmíðastöðva á landinu má gera ráð fyrir verulegum samdrætti atvinnu í þessari starfsgrein þegar á 1. ársfjórðungi ársins.

Frá verslun hafa ekki mikil svör borist, en það sem hefur borist bendir til þess að um nokkurn samdrátt sé að ræða og verslunarfólk er á atvinnuleysisskrá. Sérstaklega var svo á 1. og 3. fjórðungi sl. árs og gera má ráð fyrir svipuðu atvinnustigi á þessu ári.

Um bókagerð og prentun er einnig fjallað. Þessi atvinnugrein hefur tekið hvað mestum tæknilegum breytingum hér á landi síðustu ár. Fram til þessa hafa þær þó ekki leitt til minnkandi mannafla í greininni, fyrst og fremst vegna þess að ýmis verkefni sem áður voru unnin erlendis hafa verið flutt inn í landið. Síðustu mánuði hefur þó gætt nokkurs samdráttar vegna færri prentverka, sem talið er afleiðing almenns samdráttar og minni bóksölu. Gert er ráð fyrir að þessi samdráttur segi enn til sín á 1. ársfjórðungi 1984.

Ég læt þetta nægja sem almennar upplýsingar.

Ríkisstj. hefur að sjálfsögðu fjallað um þessi mál. Ég gat þess áðan að hún ákvað þegar í upphafi að efla umrædda skrifstofu, en ríkisstj. hefur nýlega samþykkt ályktun, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, um skipun atvinnumálanefndar. Ályktun þessi var samþykkt 10. janúar s. l.:

„Ríkisstj. samþykkir að setja á fót sérstaka atvinnumálanefnd. Verkefni nefndarinnar verði að gera tillögur um aðgerðir í atvinnumálum, m. a. þar sem atvinnuleysi skapast vegna erfiðleika í sjávarútvegi. Áhersla verði lögð á aðgerðir og hliðsjón höfð af ályktunum ASÍ og BSRB frá 10. maí 1983 og VSÍ frá 20. september 1983."

Í þessari samþykkt er jafnframt gert ráð fyrir að fulltrúa í þessari nefnd eigi ríkisstj., ASÍ, VSÍ, VMS og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Um þessa ályktun hefur verið fjallað við forustumenn þessara samtaka og er hún til meðferðar á milli þeirra og ríkisstj. og mun m. a. vera rædd í þeim viðræðum sem nú fara fram á milli ASÍ og VSÍ.

Mér þykir einnig rétt að lesa grg. sem þessari till. fylgdi, með leyfi forseta. Þar segir:

„Ríkisstj. hefur með víðtækum aðgerðum dregið mjög úr verðbólgu, stuðlað að jafnvægi, treyst undirstöður atvinnulífs og lagt grundvöll að sparnaði. Sá mikli aflasamdráttur sem fyrirsjáanlegur er á þessu ári mun hins vegar auka þann vanda sem við er að glíma, m. a. draga úr atvinnu og rýra þjóðartekjur. Ríkisstj. leggur áherslu á atvinnuöryggi og vill því mæta þessum erfiðleikum með markvissum aðgerðum í atvinnumálum. Jafnframt, til þess að varanlegur árangur verði af því sem þegar hefur unnist í efnahagsmálum og til þess að hagvöxtur fari vaxandi á ný, verða að eiga sér stað margvíslegar breytingar í atvinnumálum.

Stærstu heildarsamtök á vinnumarkaðnum hafa einnig með ályktunum og samþykktum á síðasta ári lagt áherslu á nýsköpun arðbærrar atvinnustarfsemi til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og ná árangri í baráttunni við verðbólguna. Um þessar aðgerðir, bæði til þess að

treysta atvinnuöryggi nú og stuðla að nýsköpun í atvinnumálum, er nauðsynlegt að náist breið samstaða. Því er lagt til að skipuð verði atvinnumálanefnd með fulltrúum ríkisstj. og helstu hagsmunaaðila í atvinnulífinu. Gert er ráð fyrir að nefndin geri tillögur til ríkisstj. um aðgerðir þar sem atvinnuleysi skapast, en nauðsynlegt er hins vegar að slíkar aðgerðir falli inn í þá framtíðarþróun atvinnumála sem að er stefnt."

Ríkisstj. hefur einnig sérstaklega fjallað um vanda skipaiðnaðarins. Hæstv. iðnrh. skipaði þegar 3. ágúst s. l. nefnd til að skoða þar ástand og horfur. Sú nefnd skilaði iðnrh. till. sem hafa verið til meðferðar í ríkisstj. og leyfi ég mér, enn með leyfi forseta, að lesa meginefni till. sem nefndin skilaði af sér:

„Nefndin leggur til að ríkisstj. afli heimildar til sérstakrar 150 millj. kr. erlendrar lántöku er varið verði til meiri háttar viðgerðar og endurbóta á fiskveiðiskipum. Jafnframt verði aflað heimildar til að veita 80% sjálfskuldarábyrgð Ríkisábyrgðarsjóðs vegna þessara lána.

Í allítarlegu áliti nefndarinnar yfir stöðu hinna ýmsu skipasmíðastöðva kemur fram að hún telur að með þessum aðgerðum megi tryggja skipasmíðastöðvunum viðunandi viðgerðarverkefni á árinu sem nú er hafið. Ljóst er að viðgerðarverkefni í þágu útgerðarinnar fara mjög vaxandi. Togararnir nálgast nú hver af öðrum 12 ára klössun og sú klössun er viðamikil og kostnaðarsöm.

1. spurningin var: Hvað hefur ríkisstj. gert til að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi? — Ég hef gert grein fyrir því sem ríkisstj. hefur þegar gert í þeim efnum.

2. spurningin er: Hvað ætlar ríkisstj. að gera í þessum efnum? — Þá skilst mér að spurt sé hvað hún ætli að gera frekar í þessum efnum.

Í fyrsta lagi mun ríkisstj. leggja á það áherslu að sú nefnd sem nú er fjallað um við aðila vinnumarkaðarins verði sett á fót. Ég geri ráð fyrir að sú nefnd taki til meðferðar atvinnuástand hvar sem atvinnuöryggi er talið stefnt í hættu og muni þá fjalla um bæði staðbundnar aðgerðir til að bæta atvinnuástand á slíkum stöðum og gera tillögur til ríkisstj. um heildaraðgerðir í þessu sviði. Í mjög mörgum tilfellum geta tiltölulega einfaldar staðbundnar aðgerðir dregið úr atvinnuleysi, en það er mjög breytilegt frá einum stað til annars. T. d. þar sem skipasmíðaiðnaðurinn vegur þungt getur aðstoð við þann iðnað dregið úr atvinnuleysi þótt ekki sé svo á öðrum stöðum. Ríkisstj. mun síðan jafnframt fjalla um þá till. sem hefur komið fram og ég hef lesið um skipasmíðaiðnaðinn. Nauðsynlegt er að það verði gert í tengslum við þær aðrar erlendar lántökur sem um er fjallað í lánsfjárlögum og fjallað hefur verið um í tengslum við fjárlögin. Ég vek athygli á að þar er okkur þrengri stakkur sniðinn en áður hefur verið.

Svo segir í þriðja lagi: Hvaða fjármuni er ríkisstj. tilbúin að tryggja í því skyni að skapa fleiri atvinnutækifæri hér og nú? Í þessu efni dugir ekki að vísa á störf sem verða til eftir mörg ár. Hér þarf aðgerðir strax.

Ég hef að hluta svarað þessu. Ríkisstj. mun fjalla mikið um atvinnumálin á næstu vikum og eflaust mánuðum, en ég vek athygli á því, sem ég sagði og er raunar að hluta svar við fyrri spurningu því að þessar spurningar tengjast mjög, að erlendum lántökum eru því miður miklu meiri takmörk sett nú en áður var. Erlend lán þjóðarbúsins eru nú rétt innan við 60% þjóðarframleiðslunnar. Erlendar skuldir voru um síðustu áramót um 48% þjóðarframleiðslunnar. Ef ég man rétt voru þær í byrjun ársins 1982 um 32% þjóðarframleiðslunnar. Þær jukust mjög mikið 1982—1983, m. a. vegna viðleitni fyrri ríkisstj. til að halda atvinnuástandi viðunandi með mikilli erlendri lántöku. Við Íslendingar hljótum sannarlega að spyrja okkur sjálfa að því: Hve lengi getum við haldið áfram á þeirri braut? Þess vegna verður að meta hvert tilfelli stórum betur nú en menn töldu e. t. v. nauðsynlegt áður. Við berum nú, að dómi erlendra aðila, mestar skuldir sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Ég vil hins vegar taka það fram að ég tel alls ekki útilokað að skoða erlendar lántökur þegar með því móti má koma í veg fyrir alvarlegt atvinnuleysi, en legg áherslu á að það verður að metast í hverju einstöku tilfelli. Ég tel atvinnuástand nánast einu afsökunina fyrir meiri erlendri lántöku.

4. spurningin: Ætlar ríkisstj. að hafa samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um úrlausn atvinnumála? Ef svo er, þá hvernig?

Ég hef þegar lýst þeirri till. sem ég flutti ríkisstj. 10. þ. m. og samþykkt var þá.

Og enn er spurt: Ætlar ríkisstj. að hafa samvinnu við stjórnarandstöðuna? Ríkisstj. er fús til að hafa samvinnu við stjórnarandstöðuna um þessi mál og skal ég sjá til að svo verði.

Þá er lokaspurning: Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstj. gert til að tryggja stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs á þessu ári?

Ríkisstj. hefur að sjálfsögðu fengið skýrslu um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og hvert stefnir með þá stöðu við það atvinnuástand sem nú er og mun að sjálfsögðu standa við þær skuldbindingar sem á ríkisstj. hvíla í þessu sambandi. Ríkisstj. hefur ekki enn fjallað um ákveðna fjáröflun í þessu skyni, en það mun verða gert ef fjármagn skortir, sem allt bendir til eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Ég vona svo að ég hafi svarað spurningum hv. fyrirspyrjanda og vil ljúka þessu með því að undirstrika það, sem ég sagði reyndar í upphafi míns máls. Ríkisstj. lítur atvinnuleysi mjög alvarlegum augum eins og kemur fram í stefnuyfirlýsingu hennar og er ákveðin í því að gera allt sem í hennar valdi stendur til að tryggja atvinnuöryggi, en ég verð jafnframt að leggja áherslu á hve svigrúm þjóðarinnar er miklu minna nú en það var fyrir einu og tveimur árum til að halda uppi atvinnu með erlendri lántöku. Við verðum þess vegna að kappkosta aðrar leiðir og grípa til erlendrar lántöku eingöngu í neyðartilfellum og þá meta mjög vel hvert tilefni. Þótt erfitt sé að grípa til erlendrar lántöku vil ég jafnframt leggja áherslu á að slíkt kemur til greina ef atvinnuástand krefst þess og aðrar leiðir eru ekki finnanlegar.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Atvinnuleysi er nú meira en nokkru sinni fyrr á undanförnum árum. Eins og fram hefur komið hér eru nú nær 4000 manns atvinnulausir, einkum í sjávarplássum en reyndar víða annars staðar. Margur gerir sér ekki grein fyrir því hversu erfitt ástand er hjá því fólki sem er atvinnulaust.

Hæstu atvinnuleysisbætur sem unnt er að fá fyrir einstakling eru 500 kr. á dag eða um 10 þús. á mánuði og væri gaman að vita hvort nokkur hér inni treysti sér að lifa á slíku.

Þetta ástand er óþolandi og úr því verður að bæta. Það er óþolandi að í þessu landi þar sem svo mikil auðæfi eru til sem raun ber vitni þurfi verkafólk að standa atvinnulaust án verkefna. Ég er sannfærður um að sé leitast við að breyta þessu er það hægt. Ég viðurkenni að erfið afkoma fiskvinnslunnar eða útgerðarinnar hefur mikið með þetta að gera. Því er ástæða til að spyrja hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggst gera til að leysa vanda útgerðarinnar.

Það verður að vera höfuðstefnumál hverrar ríkisstj. að sjá til þess að full atvinna sé í landinu. Svo er ekki í dag. Ég er sannfærður um að margur lítur á þær atvinnuleysistölur sem nú eru fyrir hendi sem hjóm eitt sem ekki beri að taka alvarlega. Það samræmist efnahagskenningum margra manna að hafa dálítið atvinnuleysi eins og sagt er og því tekur margur þessar atvinnuleysistölur ekki alvarlega, því miður.

Hæstv. forsrh. minntist á það áðan að fyrirhugað væri að skipa atvinnumálanefnd með þátttöku nokkurra aðila til að gera tillögur um úrbætur, koma með hugmyndir um hvað gera skuli. Ég vil lýsa því hér yfir að ég tel skipun slíkrar nefndar einskis virði nema henni sé tryggt fjármagn til að sýsla með. Ég hygg að ekki vanti skýrslur í þjóðfélagið, upplýsingar um hvernig ástandið er eða hugmyndir, það vantar fjármuni til að koma þessum verkefnum af stað. Og atvinnumálanefnd sem hefur ekkert vald eða enga fjármuni getur lítið gert og ber dauðann í sér.

Það var upplýst áðan að fyrirhugað væri að efla vinnumálaskrifstofu rn. og er allt gott um það að segja. Þessi vinnumálaskrifstofa hefur staðið sig vel. En það eitt að fylgjast með leysir engin mál og breytir engu. Þótt skýrslugjöf verði virkari á slíkri stofnun kemur það ekki atvinnulausu fólki til góða, því miður, ég óttast að svo sé.

Eitt er það sem ástæða er til að hafa orð á og kemur mér þá í hug mál sem margir hafa áhyggjur af, þ. e. sú þróun sem á sér stað varðandi fiskvinnsluna. Farið er að flytja ísaðan fisk út í stórauknum mæli í gámum. Mér er ljóst að miklir fjármunir fást fyrir þetta, en fólkið situr atvinnulaust á meðan slíkt er gert. Það hlýtur að vera óheilbrigt að flytja fiskinn út ósnertan af vinnuaflinu hér heima, það hlýtur að vera eitthvað að ef ekki er hægt að skapa þann grundvöll sem gerir það að verkum að hagstætt sé að vinna fiskinn betur. Ég vil beina þeirri spurningu til forsrh. hvort þessi mál hafi eitthvað verið athuguð, hvort eðlilegt er að fara þannig með fiskinn að hann fari beint út í gámum án þess að nokkur komi þar nálægt, nokkurt vinnuafl að marki.

Ég vil fullyrða að mjög langt er síðan að slík neyð hefur skapast hjá láglaunafólki eins og nú þessa mánuðina. Það er ekki aðeins sú kjaraskerðing sem dunið hefur yfir þetta fólk, heldur líka skortur á atvinnu. Margir eru að missa húsin sín og aðrir hafa vart ofan í sig að éta, þess eru dæmi. Úrræði virðast lítil til að hjálpa þessu fólki. Það er gott og blessað að skipa nefnd og gott og blessað að hafa góðan vilja, en fólkið hrópar á framkvæmdir, úrbætur og ekkert annað.

Vissulega má margt gera. Mér kemur líka í hug að fyrir nokkru frétti ég af því að fyrirtæki suður á Suðurnesjum er búið að biðja um fyrirgreiðslu í marga mánuði til að flytja inn vélasamstæðu sem getur fullunnið fisk, sett á hann rasp og komið honum í neytendapakkningar á þann veg sem við gerum með íslensku verksmiðjunum úti í Bandaríkjunum. Þetta fyrirtæki hefur markað fyrir þessa vöru og fái það þessa samstæðu gerir það að verkum að 40 manns fengju atvinnu, en fyrirgreiðsla fæst ekki. Menn daufheyrast við svona tækifærum, slíkum verkefnum, því miður.

Ég hef lagt hér fram nokkrar spurningar til forsrh. og ég vænti þess að hann svari þeim. Vissulega er rétt hjá honum að við þurfum öll að hjálpast að til að leysa þennan vanda og við þurfum að vera okkur þess meðvitandi öll að frumréttur hvers einasta manns er að hafa atvinnu.

Ég vænti þess að hafist verði handa við að leysa þann vanda sem nú er í atvinnumálunum. Fyrst og fremst verður það gert með því að koma útgerðinni í gang. Það er ekki bara kvótafyrirkomulag eða stjórnun fiskveiða sem þar er í veginum. Það er einkum það að tapið á togurunum — við getum deilt um það seinna hvers vegna — er það mikið að þeir treysta sér vart að fara út margir hverjir, en það verður til þess að atvinnuleysið heldur áfram ef ekki verður bætt úr.

Ég óttast því miður, þrátt fyrir að menn geri hvað þeir best geta til að leysa úr þessum málum að vegna stefnu ríkisstj., þeirrar kreppustefnu sem á sér stað, verði atvinnuleysi meira á þessu ári en verið hefur öll síðustu ár. Ég skora á stjórnvöld að gera hvað þau geta til að leysa þessi mál. Ég veit að verkalýðssamtökin munu vera fús til samvinnu um að leysa þessi mál eða koma með sitt framlag til þess, en eigi þessi samtök að taka þátt í atvinnumálanefnd eða slíku starfi ber það ekki árangur nema fjármunir séu annars vegar.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann hefur hér gefið. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þau benda til þess, að ríkisstj. hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað alvarlegt mál er hér á ferðinni. Það kom ekkert það fram í máli hæstv. forsrh. sem benti til þess, að ríkisstj. ætlaði sér að taka þessi mál föstum tökum og gera ráðstafanir til þess hér og nú að tryggja fólki í landinu störf. Hér dugir auðvitað hvorki að vísa á nefndir, hugmyndabanka eða nál. og plögg. Hér dugir auðvitað ekkert annað en það, að menn taki til höndum og skrái þau atvinnutækifæri sem möguleiki er á að skapa strax og það verði gengið í það með markvissri vinnumiðlun, í samvinnu aðila vinnumarkaðarins m. a., að tryggja það að fólk fái hér vinnu í landinu.

Ég bar fram fyrir hæstv. forsrh. sex spurningar. Sú fyrsta var sú: Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi? Svarið var: Efla vinnumálaskrifstofu félmrn. Og í hverju er þessi efling fólgin? Hún er sú að ráða einn mann til starfa á vinnumálaskrifstofu félmrn. Það er það sem þegar hefur verið gert í þessu efni. Það eru mikil afrek sem honum eru ætluð, þessum manni, sem á að leysa þessi stórkostlegu vandamál, og væri fróðlegt að vita í hvaða stjórnmálaflokki hann er.

Í öðru lagi spurði ég: Hvað ætlar ríkisstj. að gera í þessum efnum? Svarið var: Ríkisstj. ætlar að skipa nefnd. Áður hafa nú ríkisstjórnir skipað nefndir án þess að það hafi heyrt til stórkostlegra tíðinda eða menn

talið að með því væri fundin lausn á helstu vandamálum þjóðarinnar, eins og þau liggja hér fyrir.

Í þriðja lagi spurði ég: Hvaða fjármuni er ríkisstj. tilbúin til að tryggja í þessu skyni? Svarið var: 150 millj. kr. erlent lán í skipaviðgerðir. Það eru þeir fjármunir sem hér á að tryggja. Ríkisstj., sem ætlaði að stöðva erlendar lántökur og ætlaði að koma atvinnuvegunum á rekstrargrundvöll, hún er núna búin að finna þetta fangaráð, að útvega 150 millj. kr. í skipaviðgerðir. Það var svarið.

Og svo var spurt: Ætlar ríkisstj. að hafa samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um úrlausn atvinnumála, og ef svo er þá hvernig? Því var svarað af hæstv. forsrh. með því að hann las upp samþykkt ríkisstj. frá 10. jan. s. l. En það kom einng fram í hans máli að engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja slíkri nefnd nokkurn starfsgrundvöll, engar ráðstafanir. Eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason benti á hér áðan á hún enga fjármuni að hafa til starfsins.

Ég minni á það, að árið 1969 var um að ræða mjög svipað atvinnuleysi hér í landinu og nú er, raunar heldur meira. Þá gerðist það, að skipaðar voru atvinnumálanefndir, ein fyrir hvert kjördæmi, ef ég man rétt, og þessar nefndir fengu fjármuni, sem mig minnir að hafi verið 300—400 millj. kr., ef ég man rétt pappíra sem ég hef flett nýlega í þessum efnum. Þessar nefndir áttu að ákveða hvernig þessir fjármunir yrðu notaðir til að tryggja vinnu, til að sjá til þess að fyrirtæki, sem stæðu höllum fæti, væru völt, gætu starfað áfram og þar yrði áfram um að ræða atvinnu. Þessar nefndir voru stofnaðar með tilkynningu frá þáv. ríkisstj. sem birt var í jan. 1969. Þar getur núv. hæstv. forsrh. kynnt sér hvernig þessu var háttað. Þar var gert ráð fyrir því að þessar nefndir hefðu eitthvert vald, hefðu einhverja möguleika til að gera nokkuð sem máli skipti, en væru ekki bara bókhaldsnefndir, skráningarnefndir og hugmyndabankar eða hugmyndasparisjóðir til þess að benda á einhver úrlausnarefni í þessum efnum. Auðvitað verður að tryggja það, ef slíkar nefndir eiga að hafa einhvern tilgang, að þær hafi fjármuni til þess að benda á, þannig að unnt sé að leysa málefnin.

Ég tel þess vegna, herra forseti, að því miður hafi þessi fsp., sem ég bar hér fram áðan, sýnt fram á það, að ríkisstj. hefur enga grein gert sér fyrir því hvað hér er alvarlegt vandamál á ferðinni. Hún hefur ekki tekið þannig til hendinni að ástæða sé til þess að þakka fyrir það sérstaklega. Þvert á móti sýnist mér að það sé full ástæða til að ætla að það verði að verja til þess mörgum dögum á fyrstu starfsdögum þingsins að reka á eftir stjórninni og gera henni grein fyrir því hvað til hennar friðar heyrir í því að tryggja atvinnu í landinu. Atvinnuöryggið er efst á okkar lista, segir hæstv. forsrh. Ja, það er nú meiri árangurinn af því að hafa það efst á listanum. 4000 atvinnulausir skráðir í janúar á þessu fyrsta heila starfsári núverandi ríkisstj. Auðvitað er það svo, að talsverður hluti af þessum atvinnuvandamálum á rætur að rekja til ytri áfalla þjóðarbúsins. En hér er einnig um það að ræða, að samdráttar- og niðurskurðarstefna ríkisstj. hefur komið þannig niður á fólki, að í rauninni má segja að mjög verulegur hluti þessa atvinnuvanda eigi beinlínis rætur að rekja til stjórnarstefnunnar sjálfrar.

Hæstv. forsrh. bendir á það í máli sínu hér áðan að hérna séu þetta kannske fyrst og fremst erfiðleikar í sjávarútvegi sem við sé að glíma, það sé aflasamdráttur. Hvernig horfa þau mál nú við? Hvernig lítur það út þegar skoðaður er afli og rekstrargrundvöllur togaranna? Ef við lítum á þá 83 minni togara sem gerðir eru út í landinu og lítum á afkomu þeirra samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar, hvort sem um er að ræða greiðsluafkomu eða rekstrarafkomu, þá kemur í ljós að jafnvel þó að aflasamdrátturinn á árinu 1984 sé allur tekinn út fyrir sviga og hann leystur með sérstökum ráðstöfunum, þ. e. með því að draga úr sóknarkostnaði, þá vantar samt upp í 21% á það að togararnir hafi viðunandi rekstrarskilyrði. Þannig liggur það mál, eftir að ríkisstjórnin hefur starfað í nokkra mánuði við það höfuðverkefni að eigin sögn að tryggja rekstrarafkomu atvinnuveganna, að þessi meginatvinnutæki þjóðarinnar, minni togarana vantar fimmtung upp á rekstrargrundvöllinn. Og ég er hér að tala um rekstrargrundvöllinn sjálfan, burtséð frá þeim vanda sem auk þess skapast vegna aflaminnkunarinnar. Jafnvel þó að það gerðist að við gætum á þessu ári, 1984, aukið afla togaranna um 10% þá dygði það ekki heldur til að tryggja stöðu þeirra. Hallinn á minni togurunum alls á þessu ári er talinn verða um 250 millj. kr. og um 407 millj. kr. rekstrarhallinn og þó að aflinn ykist um 10% þá segir það ekki nema 250 millj. kr. upp í þetta bil, þannig að enn vantar þarna hátt í 200 millj. kr. til að tryggja rekstur þessara mikilvægu atvinnufyrirtækja. Það dugir því auðvitað ekki fyrir ríkisstj. að vísa í þessum efnum eingöngu á það að samdráttur hafi orðið í afla. Hér er um það að ræða að hún hefur ekkert gert í sambandi við rekstrargrundvöll þessara fyrirtækja. Hún hefur ekki séð neitt annað en að skera niður kaupið. Hún hefur ekki snert á neinu öðru. Þannig liggur þetta dæmi.

Það var fróðlegt að heyra yfirlit hæstv. forsrh. um þróun erlendra skulda að undaförnu. Auðvitað er það svo, að það verður að tryggja að þar sé hið skemmsta gengið. Hitt er hins vegar alveg ljóst, að ríkisstj. hefur í rauninni ekkert gert í þessum efnum heldur til að draga úr greiðslubyrði, til að draga úr þeim skuldabagga sem um er að ræða á baki þjóðarinnar að því er varðar erlendar lántökur. Í ræðu hæstv. forsrh. er svo talað um að auka enn erlendar skuldir með því að taka að láni 150 millj. kr. í skipaviðgerðir.

Af hverju skyldu erlendar skuldir hafa aukist hlutfallslega á s. l. ári? Það er fróðlegt að velta því fyrir sér úr því að hv. þm. Halldór Blöndal er svo vinsamlegur að spyrja mig um það. (**HBl:** Ég spurði ekki um hlutfallið.) Í þessum efnum hefur Þjóðhagsstofnun birt mjög skýrar niðurstöður þar sem fram kemur að það eru þrjár meginástæður til aukins hlutfalls erlendra skulda á s. l. ári. Það er í fyrsta lagi að viðskiptahallinn á árinu 1983 minnkaði ekkert umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir á miðju árinu, þrátt fyrir ráðstafanir núverandi ríkisstj. Ríkisstj. tókst ekki að draga neitt úr viðskiptahallanum. Í öðru lagi stafar þetta hækkandi hlutfall af því að ríkisstj. lækkaði gengi íslensku krónunnar mjög mikið á árinu, „sem hækkaði skuldirnar í verði miðað við innlenda framleiðslu“, svo ég vitni orðrétt í Þjóðhagsstofnun. Þriðja ástæðan var svo sú, sem innlendir aðilar fá ekkert við ráðið, að veruleg hækkun varð á gengi Bandaríkjadollars. Þetta eru meginskýringarnar á því að erlendar skuldir jukust hlutfallslega á s. l. ári. En ríkisstj. hefur í rauninni ekkert gert til að telja þetta niður, ekki nokkurn

skapaðan hlut. Hæstv. fjmrh. rekur nú A-hluta ríkissjóðs í fyrsta sinn með láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það hefur aldrei gerst áður.

Þannig standa þessi mál eftir aðeins nokkurra mánaða stjórn Framsfl. og Sjálfstfl. að atvinnuleysi er meira en það hefur verið í 15 ár, þó að atvinnuöryggi sé efst á blaði, og erlendar skuldir hafa ekkert minnkað. Þvert á móti bendir margt til þess að þær fari yfir 60% af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Og þegar spurt er um verðbólguna þá kemur einnig í ljós að opinberir aðilar, t. d. Þjóðhagsstofnun, hafa áhyggjur af því að hún fari stórkostlega vaxandi á þessu ári. Vegna hvers? Vegna þess að opinber þjónustufyrirtæki eru að hækka allar sínar gjaldskrár langt umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Þannig liggja þau þrjú meginviðfangsefni sem ríkisstj. þóttist mynduð til að taka á, atvinnumál, erlend lán og verðbólga, fyrir í byrjun ársins 1984. Það þurfti sem sagt ekki nema örfáa mánuði til þess að það kæmi í ljós frammi fyrir hverjum þeim manni sem heilskyggn er að stefna ríkisstj. tekst ekki að þessu leytinu til, vegna þess að hún hefur auðvitað þegar allt kemur til alls ekki gert nema eitt, og það er að lækka kaupið í landinu. Í því liggja hennar afrek alveg óumdeilanlega. Á öðrum sviðum hefur hún haft uppi fögur fyrirheit. En það er greinilegt að mikið vantar á að það takist að ná þeim markmiðum sem menn hafa í orði kveðnu keppt að. Það er alvarlegur hlutur, en við horfum framan í hann nú, að því miður virðist núverandi ríkisstj. ekki gera sér grein fyrir því hvaða hætta er fólgin í atvinnuleysinu fyrir okkar þjóð og fyrir þá einstaklinga sem verða að sæta þeirri niðurlægingu sem atvinnuleysið er fyrir hvern einasta mann sem þarf að kynnast slíku.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Ég hygg að það sé ekki mikill ágreiningur á milli hv. þm. og stjórnmálaflokkanna að hér í þessu landi eigum við að stefna að því að halda uppi fullri atvinnu — ekki bara vegna þess að atvinnuleysi er böl heldur líka vegna þess að við trúum því og vitum að framleiðsla og verðmætasköpun er eina leiðin til að tryggja bætt lífskjör í landinu. Ekki síst þess vegna hlýtur það að vera markmið hverrar ríkisstjórnar að stuðla að og stefna að fullri atvinnu og halda uppi arðbærri atvinnustarfsemi.

Það hefur fátt nýtt komið fram í þessum umr. og fáar nýjar upplýsingar komið fram í máli hv. fyrirspyrjanda, 3. þm. Reykv. Það var alveg ljóst, þegar upplýsingar komu fram um það fyrir jól að við yrðum að sæta verulegum aflatakmörkunum á þessu ári og veiða minni fisk en við höfðum ráðgert, að það kynni að leiða til samdráttar í atvinnu, tímabundins atvinnuleysis. Það kom þegar fram í umr. hér á hv. Alþingi á þeim tíma og síðan hefur verið unnið að margs konar undirbúningi til þess að bregðast við þessum aðstæðum, eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. Maður skyldi hins vegar hafa haldið að það kæmu fram nýjar hugmyndir í máli hv. 3. þm. Reykv. — hugmyndir að því hvernig ætti að bregðast við þessum vanda. Maður skyldi halda að hann hefði til reiðu tillögur til úrbóta í nafni síns flokks. Það kom ekkert slíkt fram í upphafsræðu hans. Í síðari ræðunni kom hann þó með úrlausn Alþb. Hún var sú að hefja markvissa skráningu á þeim störfum sem mögulegt væri að ráða í og standa að öflugri atvinnumiðlun. Það var allt og sumt. Þetta eru úrræði Alþb. Ég er ansi hræddur um að við leysum ekki þetta vandamál með atvinnumiðlun einni saman eða skráningu á störfum sem hugsanlega er hægt að ráða í. Hér eru miklu stærri og viðameiri verkefni sem við þurfum að takast á við.

Því var haldið fram þegar ríkisstj. ákvað efnahagsaðgerðirnar í vor sem leið og því var enn haldið fram þegar umr. fóru fram um þær ráðstafanir á Alþingi fyrr á þessum vetri að þessar ráðstafanir mundu hafa í för með sér víðtækt atvinnuleysi í stað þess að tryggja atvinnu, eins og markmiðið var með þessum aðgerðum. Því var haldið fram að aðgerðirnar mundu hafa slíkan samdrátt í för með sér að innlend verksmiðju- og iðnaðarframleiðsla mundi dragast stórlega saman, að innlend þjónustu- og verslunarstarfsemi mundi dragast stórlega saman og af þessum sökum yrði hér víðtækt atvinnuleysi af völdum ríkisstjórnarstefnunnar. En hvað hefur komið í ljós? Iðnaðurinn hefur sjaldan staðið betur að vígi og flest bendir til þess að það sé heldur aukning í þessum hluta atvinnustarfseminnar en samdráttur. Þjónustustarfsemin virðist standa nokkuð vel að vígi. Allar þessar hrakspár voru því algjörlega út í hött og fyrir þær hefur ekkert verð fengist í búð reynslunnar.

Kjarni málsins er auðvitað sá, að þessi vandi, sem við stöndum nú frammi fyrir og er augljós, að hér er ekki full atvinna, stafar af því að við höfum mætt nýjum erfiðleikum í sjávarútvegi. Við getum ekki aflað eins og við höfðum ráðgert. Þetta eru ástæðurnar fyrir vandanum. Ég geri ekki ráð fyrir því að hv. 3. þm. Reykv. hafi í fórum sínum ráð til að fjölga fiskunum í sjónum eða til að bæta gæftir og auka með því atvinnu. Þetta er vandamálið og þetta er hörð og bitur staðreynd, en við ráðum ekki þessum ytri aðstæðum og verðum þess vegna að bregðast við með öðrum hætti.

Hv. þm. minntist á rekstrarhalla útgerðarinnar. Skyldi hann ekki stafa af því að við getum ekki veitt sama magn og áður? Skyldi það ekki hafa nein áhrif á afkomu útgerðarinnar í landinu? Auðvitað er þetta ekki eini vandinn sem við er að etja í þessu efni, en skyldi það ekki líka vera þungur baggi sem útgerðin ber núna, þær klyfjar sem hún ber vegna óðaverðbólgunnar sem hér ríkti? Meginhluti rekstrarvanda útgerðarinnar stafar af verðtryggðum eða gengistryggðum skuldum. Hann stafar af þeirri óðaverðbólgu sem hér ríkti. Ætli það hafi ekki búið í haginn fyrir útgerðina að hér hefur verðbólga lækkað um meira en 100% prósentustig og vextir hafa farið lækkandi? Ætli þetta séu ekki aðgerðir sem leggja nýjan grundvöll til þess að byggja á heilbrigt atvinnulíf og heilbrigðan útgerðarrekstur? Þeir sjáandi sjá ekki, sem viðurkenna ekki þessa staðreynd.

Sannleikurinn er sá, að þær aðgerðir sem gripið var til hér s. l. vor komu í veg fyrir almennt víðtækt atvinnuleysi sem þá blasti við ef ekkert hefði verið að gert. Við stöndum núna frammi fyrir ákveðnum vanda í atvinnumálum, fyrst og fremst vegna breyttra aðstæðna í sjávarútvegi. Það er eðlilegt og sjálfsagt við þessar aðstæður að við freistum þess að ná sem víðtækastri samstöðu um aðgerðir. Við erum sem þjóð í harðri baráttu við sjálfa okkur til þess að vinna bug á mestu meinsemd sem grafið hefur um sig í okkar efnahagslífi. Við höfum náð verulegum árangri í þeim efnum, en það eru miklir erfiðleikar fram undan og það eru erfiðar ákvarðanir fram undan ef við ætlum að gera þennan árangur að varanlegum veruleika í okkar efnahagssögu. Það veltur auðvitað á miklu að við náum um þetta

víðtækri samstöðu. Þess vegna hefur verið rætt um og tekin ákvörðun um að leita eftir samvinnu við helstu aðila vinnumarkaðarins um tillögur í þessum efnum. Ég er alveg sannfærður um að með slíku samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins verður hægt að leggja grundvöll að markvissari og meiri uppbyggingu en felst í því að efla hér skráningu og atvinnumiðlun, eins og var eina úrræði hv. 3. þm. Reykv.

Það er að því spurt hvaða fjármuni atvinnumálanefndin eigi að hafa til ráðstöfunar. Ég tel eðlilegt að þessi nefnd meti í upphafi þau verkefni sem við stöndum nú frammi fyrir, hún geri tillögur um í hvaða verkefni þarf að ráðast, hún geri tillögur um það ef nauðsyn er talin til að settar verði upp atvinnumálanefndir í kjördæmunum og á grundvelli þessarar athugunar taki menn ákvarðanir um hvort afla þarf viðbótarfjármagns og með hverjum hætti og í hvað ríkum mæli.

Ég minni á það enn fremur í þessu sambandi að lögð hefur verið á það mjög mikil áhersla af hagsmunaaðilum á vinnumarkaðnum, bæði heildarsamtökum launþega og vinnuveitenda, að uppbygging atvinnulífsins fari fram á grundvelli arðsemissjónarmiða. Nýsköpun arðbærrar atvinnustarfsemi var kjörorðið í ályktunum þessara aðila á síðasta ári. Ég hef ekki orðið var við annað en um þessi sjónarmið væri allvíðtæk samstaða. Þessi nefnd verður auðvitað að gera tillögur út frá því meginsjónarmiði því að launþegar í þessu landi eiga mikið undir því að það fjármagn sem varið er til atvinnustarfseminnar skili sér með sem mestum arði. Þeir eiga reyndar allt undir því að þannig sé staðið að atvinnuuppbyggingunni að fjármagnið skili arði. Undir því eiga launþegar í landinu lífsafkomu sína. Í því eru fólgnir möguleikar okkar til að bæta lífskjörin á nýjan leik. Við verðum því að vanda þessi vinnubrögð. Það er eðlilegt að þessi nefnd, ef við ætlum að ná víðtæku samstarfi, vinni út frá þeim sjónarmiðum sem sett voru fram af hálfu aðila vinnumarkaðarins á s. l. ári.

Svigrúmið sem við höfum til aðgerða er auðvitað takmarkað og minna en oftast nær áður vegna þess að þjóðinni hefur verið steypt í svo mikið skuldafen. Það hefur verið rækilega á það bent í umr. fyrr. 1967 og 1968, þegar þjóðin gekk í gegnum erfiðleika m. a. vegna aflasamdráttar og verðfalls á mörkuðum erlendis, námu heildarskuldir þjóðarinnar í kringum 10% af þjóðarframleiðslunni. Núna nema skuldir 60% af þjóðarframleiðslunni. Auðvitað setur þetta okkur takmörk, en við verðum, ef við ætlum að stuðla hér að heilbrigðri atvinnuuppbyggingu, að vera reiðubúin að takast á við ný verkefni. Við verðum að fara gætilega í því að taka lán við þessar aðstæður, en það kann að vera skynsamlegt ef við erum að leggja út í arðbæra uppbyggingu í atvinnulífinu.

Það komu fram í máli hv. 3. þm. Reykv. miklar efasemdir um að það væri skynsamlegt að afla fjár til að efla skipasmíðaiðnaðinn í landinu. Það voru höfð um það stór orð að hér væri um undanslátt að ræða. Hvernig getur það farið saman að setja hér á stórar og miklar ræður um að ekkert sé verið að gera til þess að bjarga atvinnulífinu og gera svo lítið úr því að menn ræða það í alvöru að afla fjármuna til að verja í því skyni að treysta atvinnulífið á þessu sviði? Það er ekki mikið að marka þennan málflutning. Það er ekki heil brú í þeirri rökvísi sem hann er byggður á.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Neyðarástand er orðið hjá allstórum hópi á vinnumarkaðnum, ekki bara vegna atvinnuleysis heldur einnig og ekki síður vegna bágra kjara. Þeir lægst launuðu eru komnir í algjört þrot, svo og þeir sem verða að draga fram lífið á ellilaunum og örorkubótum. Tölulegar upplýsingar liggja ekki á borðinu, en það fer varla nokkur að andmæla þeirri fullyrðingu minni að í þessum hópi eru konur í miklum meiri hluta, fyrst og fremst einstæðar mæður og aldraðir einstaklingar.

Dagblöðin hafa verið ötul við að flytja okkur fréttir af þessu fólki — fréttir sem vekja hroll og knýja á um að eitthvað verði gert til aðstoðar þessu fólki. Morgunblaðið hefur ekki látið sitt eftir liggja. T. d. birti það 30. des. s. l. sex viðtöl við fólk. Það var talað við 88 ára gamla konu sem hafði 8 300 kr. á mánuði til að lifa af og 65 ára gamla konu sem hafði orðið að segja upp starfi til að geta annast sjúka móður sína á tíræðisaldri, en þær mægður og önnur systir á sjúkrahúsi mega láta sér nægja 8 000 kr. á mánuði til að lifa af. Það er talað við 62 ára gamla konu sem er 75% öryrki. Hún fær rúmar 8 þús. kr. á mánuði og kveðst alltaf hafa haft það erfitt fjárhagslega, en aldrei eins og nú. Ung kona, sem einnig er 75% öryrki, hefur svipaða sögu að segja. 75 ára gamall maður lýsir erfiðleikum sínum við að halda íbúðarholu sem hann hefur fest sér. Og loks er rætt við fjögurra manna fjölskyldu; karlmaðurinn atvinnulaus og sjúkur, eiginkonan vinnur úti fyrir 7 þús. kr. á mánuði, en greiðir 6 þús. kr. af þeim í barnagæslu. Þessi fjölskylda hefur orðið að leita á náðir Félagsmálastofnunar eins og svo margir aðrir að undanförnu. Þetta eru aðeins örfá dæmi. Sagt hefur verið frá fjölmörgum slíkum sem gerast æ algengari þessar vikurnar.

Það er heldur nöturlegt að sjá svo í sömu blöðum fréttir af sérlega góðri afkomu ýmissa annarra þjóðfélagshópa, sem m. a. sést af því að ásókn í laxveiði ætlar að verða með eindæmum á næsta sumri. Stangaveiðifélag Reykjavíkur er nú að leita að fleiri vatnasvæðum en það hefur ráð yfir í augnablikinu til að mæta þessari auknu eftirspurn. Sennilega valda einstæðar mæður ekki miklum erfiðleikum í þeim efnum.

Þegar kemur að atvinnuleysinu er hlutur kvenna þar einnig afar slæmur, eins og t. d. kom fram í frétt af atvinnuástandi í Grindavík í DV 11. þ. m., en þar segir, með leyfi forseta:

„Helga sagði að það væri einkennandi fyrir þetta atvinnuleysi, eins og alltaf áður, að það bitnaði harðast á konum. Af þeim 76 sem nú eru skráðir atvinnulausir eru 60 konur en 16 karlar. Karlarnir væru áfram við vinnu í fiskvinnsluhúsunum við ýmis störf, en konunum væri sagt upp."

Þessum konum gagnar lítið þótt vanti í nokkur störf á Vestfjörðum og Austfjörðum svo að flytja þarf inn erlent vinnuafl. Þessar konur eru bundnar við heimili og börn í Grindavík eða hvaða heimabæ sem er.

Um þessi mál, atvinnu- og launamál, ætla ég svo ekki að hafa fleiri orð að sinni. Ástandið er augljóst hverjum sem sjá vill og skilja. Við þurfum aðgerðir og það strax. Við þurfum aðgerðir sem tryggja öllum mannsæmandi líf, jafnvel þótt það kunni að kosta það að ríkisstj. þyrfti að slaka á klónni í baráttu sinni við að halda niðri verðbólgunni. Hvað launamálin varðar verð ég að játa að mér finnst það meiri háttar ósigur ef ekki tekst að hækka laun hinna lægst launuðu verulega og bæta þannig kjör þeirra eftir eðlilegum leiðum. En ef það

tekst ekki alveg á næstu vikum hlýtur ríkisvaldið að verða að koma til bjargar þeim verst stöddu, hvort sem aðstoðin heitir afkomutrygging eða eitthvað annað. Og vil ég spyrja forsrh. um afstöðu hans til þessa.

En í lengstu lög vil ég vona að takist að semja um verulega leiðréttingu launa og þá um leið lífeyris- og örorkubóta svo að þeir lægst launuðu og verst settu þurfi ekki að gerast bónbjargafólk.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel að hér fari fram mjög þarfar umræður að ýmsu leyti, þó að þær mættu kannske vera eitthvað frjórri. Ég get að vísu ekki stillt mig um að segja að mér finnst ekki mjög vel við hæfi þegar hv. þm. Svavar Gestsson talar með heilagleikasvip um göfgi síðustu ríkisstjórnar og talar um að í þeirri stjórnartíð hafi öll efnahagsmarkmið önnur þurft að víkja fyrir því að halda uppi fullri atvinnu. Þetta var eins konar afsökun fyrir því að verðbólgan þyrfti þá að vera 60—100%. Öll markmið varðandi verðbólguna urðu skv. þessu að víkja. Þetta er líka sett fram eins og afsökun fyrir því að á mesta góðæri sem yfir okkur hefur gengið fyrr og síðar skyldu menn safna upp erlendum skuldum. Það var allt í lagi.

Mér finnst þetta heldur billegt. Mér finnst það ekki bera vott um góða efnahagsstjórn ef menn telja sig þurfa 60—100% verðbólgu til að hafa fulla atvinnu. Mér finnst það ekki bera vott um góða efnahagsstjórn þegar menn hrúga upp erlendum skuldum á sama tíma og mesta góðæri sem við höfum nokkurn tíma lifað í aflabrögðum gengur yfir þjóðina. Ég held að við eigum að hafa þetta í huga þegar við ræðum þessi mál núna. Og fyrri ríkisstj. á náttúrlega sinn þátt í því hvernig komið er hér núna. Hún ber ábyrgð á þeirri erlendu skuldasöfnun sem ég hef hér gert að umtalsefni og þrengir stöðuna núna — eða ég tel að þessi erlenda skuldasöfnun geri það. Og hún ber sinn hluta ábyrgðarinnar á vitlausri fjárfestingu sem við höfum búið við hér á undanförnum árum og hefur orðið baggi á þjóðinni. Það er alveg ljóst.

Mér finnst það líka táknrænt þegar hæstv. forsrh. lýsir því yfir að hér áður — í tíð fyrrv. ríkisstj. — þurftu menn ekkert að vanda sig við það að meta lán sem tekin voru erlendis, menn þurftu ekkert að vanda sig við það. Nú þyrfti hins vegar að meta það mjög vandlega. Ég er ekki á sömu skoðun. Ég tel að alla tíð hafi menn átt að vanda sig mjög við að meta hvort það ætti að taka erlend lán eða ekki. Ég tel að það hafi verið ábyrgðarleysi og kæruleysi að hrúga upp erlendum skuldum á sama tíma og hér ríkti það góðæri sem ég hef áður lýst. Ég tel að það sé ábyrgðarleysi og kæruleysi að vísa vanda þannig á framtíðina.

En hæstv. forsrh. gekk lengra. Hann sagði: Núna getur samt verið — þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar — að við eigum að taka erlend lán til að reka atvinnuvegina, skildist mér. Ég held menn eigi að fara varlega í þeim efnum. Ég skildi reyndar hv. þm. Þorstein Pálsson, formann Sjálfstfl., þannig að hann gerði þær kröfur að erlend lán færu í arðbærar framkvæmdir. Hans yfirlýsing er þá ekki í samræmi við það sem mér fannst felast í orðum hæstv. forsrh.

Ég held okkur eigi ekki að standa á sama um að það sé skrifað um það í virtum erlendum tímaritum, m. a. hagfræðilegum, að við séum líklega skuldugasta þjóð í heimi. Ég held að okkur eigi ekki að standa á sama um það og ég held að við eigum að hyggja vel að því að slá ekki eigið met í þeim efnum. Þetta finnst mér nauðsynlegt að menn hafi í huga við núverandi aðstæður. Þetta er nefnilega alvörumál.

Mér finnst líka stundum að þegar menn ræða þau ytri áföll sem við segjum að við höfum orðið fyrir núna geri menn það nokkuð gálauslega. Menn taka gjarnan tvær tölur og segja: Ja, aflinn var 450 þús. tn í hittifyrra í þorski og 290 þús. tn í fyrra. Nú verður hann 220 þús. tn. Og svo segja menn: Og það sér auðvitað hver maður í hendi sér að þetta hlýtur að hafa geigvænleg áhrif í atvinnulífinu. — En áhrifin eru ekki svona mikil, herrar mínir. Menn hafa nefnilega sótt í aðrar fisktegundir í staðinn þegar þeir fengu ekki öllu meiri þorsk. Samdrátturinn í heildarafla á föstu verðlagi er ekki 50%, eins og menn gætu haldið af þessum málflutningi. Hann er 7.5—8% milli áranna 1982 og 1983. Hann er ekki 50%. Menn hafa sótt í annan afla. Og ef menn taka það líka með í reikninginn að sumt af því sem menn hafa sótt, eins og rækjan, er mjög verðmætt, þá má vera ljóst að verðmæti sjávarafurðaframleiðslunnar hefur minnkað enn minna. Það hefur ekki minnkað um 50%, ekki einu sinni um 7.5—8%. Verðmæti sjávarafurðaframleiðslunnar hefur minnkað milli áranna 1982 og 1983 um 5—6%. Við skulum hafa þessar staðreyndir á hreinu.

Auðvitað höfum við orðið fyrir ytri áföllum og auðvitað eru fram undan hjá okkur, að því er virðist, frekari áföll í þessum efnum. En við skulum þó a. m. k. halda stærðarskyninu nokkurn veginn í réttu lagi.

Þessi umræða var hafin út frá atvinnuástandinu. Ég vil ítreka það, sem hér hefur komið fram og ég vænti að sé skoðun allra þm. og allra flokka, að atvinnuleysi sé sóun á verðmætum, atvinnuleysi sé sóun á efnalegum verðmætum í fyrsta lagi og í annan stað og ekki síður sóun á mannlegum verðmætum og þess vegna beri að gera allt sem unnt er til að tryggja ævinlega fulla atvinnu. Þá hljóta menn að spyrja: Hvernig eigum við að bera okkur að við núverandi aðstæður til að tryggja fulla atvinnu? Hvernig eiga menn að sporna við fótum? Hvernig eiga menn að afla frekari atvinnutækifæra en við höfum núna?

Ég verð að segja að þær hugmundir sem hér hafa verið reifaðar þykja mér heldur seinfarnar. Að vísu kom upp að því er virtist stórkostlegur skoðanaágreiningur milli formanns Sjálfstfl. annars vegar og formanns Alþb. hins vegar. Annars vegar vildi formaður Alþb. skrá atvinnutækifæri, en hins vegar skilst mér að ríkisstj. vilji skrá atvinnuhugmyndir. Ég tel ekki mjög mikinn mun á þessu. Svo fóru hæstv. forsrh. og hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., að lýsa því hvernig menn ætluðu að bera sig til. Ég er ansi hræddur um að sumir verði þá að bíða nokkuð lengi eftir vinnu. Það átti nefnilega að gera þetta þannig að fá fyrst tillögur frá þessari nefnd, sem er nú ekki komin á koppinn enn þá. Það er bara búið að samþykkja að hún skuli stofnuð. Hún er nú ekki einu sinni byrjuð að starfa. — Fyrst á að fá tillögur frá nefndinni: Svo á að athuga hvað þær till. muni kosta. Síðan á að athuga hvort það gefi ástæður til þess að skipa fleiri atvinnumálanefndir, t. d. eina í hverju kjördæmi. Síðan á að

athuga hvað menn eru tilbúnir að samþykkja mikið af því sem nefndin hefur stungið upp á og hversu háa fjárhæð af því sem hún telur að það kosti. Síðan á að útvega fé til nefndarinnar í samræmi við þá fjárupphæð sem menn hafa samþykkt og væntanlega þá skiptingu hennar á kjördæmi. Og svo loksins kemur að því að úthluta þessu fjármagni. Ég er ansi hræddur um að sumir þeir sem atvinnulausir eru núna verði orðnir ansi langþreyttir á því að bíða eftir úrlausn.

Ég rek þetta svona, herra forseti, vegna þess að þegar gripið var til þeirra aðgerða í tíð viðreisnarstjórnarinnar, 1969 trúi ég það hafi verið, að setja upp atvinnumálanefndir af þessu tagi, þá fengu þær jafnframt fjárráð með það sama. Það greiddi fyrir því að það tækist að efla atvinnulífið með skjótum hætti á ný. Ég held að menn verði nefnilega að grípa fljótt í spottann að því er þetta varðar og menn geti ekki farið þá löngu braut sem hér hefur verið lýst af hálfu hæstv. forsrh. og af hálfu formanns Sjálfstfl.

En við skulum fyrst líta á hvaða fólk er atvinnulaust núna. Það leikur enginn vafi á því að það eru að langstærstum hluta konur sem unnið hafa í sjávarútvegi, í frystihúsum, í fiskvinnslu yfir höfuð tekið. Það er þá eitt meginverkefnið, sem við eigum að leysa, að finna atvinnutækifæri fyrir þetta fólk. Við þurfum að líta á það bæði í bráð og lengd. Ef við eigum að líta á það til lengri tíma held ég að það sé meira en mál til komið að við vöknum til vitundar um að það verða að finnast atvinnutækifæri í fleiri greinum en þessari fyrir þetta vinnuafl, að það þarf að eiga sér stað ný atvinnusókn, það verður að leysa ný öfl úr læðingi sem skapa atvinnutækifæri fyrir þetta fólk. Við þurfum að venja okkur við það að við getum slíka hluti, að trúa því ekki bara að við getum ekkert annað en það sem við erum að gera, en það hefur því miður einkennt íslenskt atvinnulíf allt of mikið á undanförnum árum. Menn hafa ekki haft uppburði í sér til þess að leita að nýjum sviðum og þeir hafa m. a. s. byggt upp atvinnuvegastjórnina og sjóðakerfið á Íslandi með tilliti til þess eingöngu að viðhalda því sem fyrir er í landinu í þessum efnum, en ekki að leita nýrra leiða. Þetta er staðreyndin.

Auðvitað tekur atvinnusókn af þessu tagi svolítinn tíma og við þurfum að bregðast fljótt við. Ég held að það sé þess vegna ástæða til að athuga gaumgæfilega hvað það er sem veldur því um þessar mundir að menn sigla frekar með afla en að láta vinna hann í landi, að menn senda aflann frekar óverkaðan úr landi en að láta vinna hann hér. Mér býður í grun að það sé ekki ágóðinn sjálfur sem ráði þar mestu, heldur ráði þar ekki síður og langtum frekar það að menn fái verðmæti greidd strax. Ef það er tilfellið geta menn auðvitað, ef þeir vilja efla atvinnu í þessari grein, gripið til ráðstafana til að greiðslur berist örar þegar í rauninni er um fjárhagsvanda að ræða frekar en afkomuvanda. Þá geta menn gripið til aðgerða til að draga úr því að aflinn fari óverkaður úr landi og atvinnutækifærum fækki. Það eiga menn þá að gera við núverandi aðstæður. Þetta er tillaga sem ég legg til að menn taki nú tillit til og skoði mjög vandlega: að hve miklu leyti er hér um ágóðavon að ræða, og að hve miklu leyti er um raunverulegan fjárhagsvanda að ræða.

Herra forseti. Ég gerði hér atvinnumálanefndina eilítið að umræðuefni. Það sem mér finnst einkenna viðhorf ríkisstj. varðandi þessa nefnd og reyndar hefur komið áður fram hjá mér er það sem reyndar hefur einkennt ríkisstj. í þessari atvinnumálaumræðu bæði fyrr og síðar: Of lítið, of seint. Og mér finnst það ómerkilegt þegar menn vísa stundum í umræðum sem þessum til þess að ef fylgt hefði verið óbreyttri stefnu fyrrv. ríkisstj. væri hér líka og ekkert síður atvinnuleysi. Mér finnst það vegna þess að það brennur alveg jafnsárt á þeim sem eru atvinnulausir hver svo sem afsökunin er eða hvort heldur atvinnuleysið hefði getað komið með einhverjum öðrum hætti. Hér duga engar afsakanir. Hér verður að snúa sér að því að tryggja fulla atvinnu og beina kröftunum í þá áttina.

Herra forseti. Þetta er eitt af okkar erfiðu viðfangsefnum um þessar mundir. En því miður kemst ég ekki hjá því að minnast eilítið á annað atriði líka. Það er að það er að verða algjörlega óviðunandi hve launakjör eru bág á Íslandi. Menn geta skilið að það þurfi að herða að um sinn, en ef við eigum að vera viðvarandi láglaunasvæði mörg misseri eða mörg ár vara ég eindregið við því. Og ef við eigum að horfa upp á að ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar eigi að búa viðvarandi við þá 30% kjaraskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir, þá vara ég eindregið við því. Hver hefði trúað því fyrir nokkrum misserum að slík kjaraskerðing yrði lögð á þennan hóp fólks í þjóðfélaginu, á ellilífeyrisþega og á öryrkja? En það hefur gerst. Og það getur ekki dregist öllu lengur að rétta líka hag þessa fólks. Það brýtur gegn réttlætisvitund okkar Íslendinga að láta brjóta svona á þessu fólki. Og það er andstætt allri þeirri umræðu sem farið hefur fram á Íslandi á undanförnum árum. Við megum ekki vera láglaunasvæði. Þess vegna verður það að gerast jöfnum höndum að menn taki á í því ástandi sem nú ríkir í atvinnumálunum til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi sem er líklegt til að spinna þá enn frekar upp á sig. Það hefur a. m. k. verið reynslan hjá mörgum öðrum þjóðum, að þegar menn hafa lent í þeim farveginum er erfitt að snúa við og tekur mörg ár. Það má ekki gerast hjá okkur. En við þurfum líka og ekki síður að hyggja að því hvernig við getum náð okkur upp úr þeim láglaunadal sem við erum nú lent í.

Það er vitaskuld mjög harður dómur um stjórnarstefnuna, bæði nú og á undanförnum árum, að árangurinn, og það m. a. s. þrátt fyrir nýliðið góðæri, skuli vera bæði atvinnuleysi í ríkara mæli en við höfum áður þurft að þola og líka að kjör skuli vera orðin svo bág sem raun ber vitni og að það skuli m. a. s. vera látið bitna á ellilífeyrisþegum.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. En ég legg ríka áherslu á það sjónarmið okkar Alþfl.-manna að hér verði rösklega tekið til hendinni og menn geri hvort tveggja í senn að tryggja fulla atvinnu og tryggja að við vinnum okkur upp úr þeim bágu kjörum sem við nú búum við. En til þess að það megi gerast þarf eitthvað meira en það sem ríkisstj. hefur boðað hér í dag.

Árni Johnsen: Herra forseti. Samkvæmt ræðu hv. 3. þm. Reykv. er það ekki markmið Alþb. að standa að því með ábyrgum aðilum að snúa vörn í sókn, setja á ný hrygg í íslenskt efnahagslíf og atvinnulíf til heilla mannlífi. Meginmarkmiðið sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. er að skapa upplausn, skapa næringu fyrir eigin kropp.

Það er gruggugt að heyra 3. þm. Reykv. halda því fram með alvörusvip að aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum þýði enga eflingu á atvinnulífi. Aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum hafa þýtt mikla eflingu og meiri stöðugleika en lengi hefur verið í íslenskum iðnaði og ýmsum greinum þjónustu. Stjórnarstefnan hefur þýtt eflingu í heild. Ekki má síður gleyma mannlega þættinum, bjartsýni fólks á framtíðinni, vegna þess að þótt illa ári í þeim hörðu aðgerðum sem nú eiga sér stað er auðheyrt hvar sem maður hittir hinn almenna borgara í landinu að hann hefur trú á því sem er verið að gera og að þær byrðar sem hann ber muni skila árangri.

Það kom fram í ræðu þm. að fólk væri að missa íbúðir. Eitt dæmi um slíkt er einu dæmi of mikið. En það fólk sem nú berst í bökkum við að halda sínum eignum, yfirleitt ungt fólk sem hefur byggt af kappi, væri búið að missa þær íbúðir sem það nú er þó að berjast við að halda ef ekki hefði verið gripið til þeirra stjórnunaraðgerða sem við lýði eru.

Fram kom í ræðu 3. þm. Reykv. að margt fólk byggi við slæmar aðstæður og það er rétt. Það fólk sem býr við verstar aðstæður í þjóðfélaginu í dag líður þó hvað mest fyrir uppsafnaðan vanda til margra ára vegna sinnuleysis þar sem Alþb. hafði of mikil áhrif. Það er þannig forkastanlegt að þurfa að hlýða á slíkan málflutning hv. þm. sem hefði betur sýnt eitthvað af sér þegar tækifæri var til að leggja til málanna en það hefur gleymst.

Hv. 3. þm. Reykv., Svavar Gestsson, steitir hér görn í málflutningi sínum, tóma görn eigin fátæktar í tillögum varðandi raunhæfar aðgerðir í stjórn landsins. Nær væri hv. þm. að láta af slíku garnagauli og leggja lið þeim sem skilja að samtaka áralag þarf til að komast út úr brimgarðinum.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti, örfá orð. Það vill gjarnan verða svo þegar farið er út í einstaka málaflokka að þá vilja umræður fara út í landsmál almennt og jafnvel uppgjör á pólitískum stefnum og allir hugsanlegir hlutir eru dregnir inn í umræðuna. Þó hafa staðreyndir málsins komið hér fram hjá ræðumönnum, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, og það er ískyggilega vaxandi atvinnuleysi sem virðist vera að þróast geigvænlega. Ég held að það sé vandinn sem við stöndum frammi fyrir.

Það flökrar ekki að mér að afneita þeim stóra vanda að þegar um samdrátt í langsamlega stærsta og mannfrekasta atvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum er að ræða eins og nú hefur átt sér stað og er framundan, segi það ekki til sín. Það flökrar ekki að mér að vera að neita staðreyndum í þeim efnum.

Hinu stöndum við frammi fyrir að líklega eru rösklega þrjú þúsund manns atvinnulaus á landinu og fer líklega vel yfir þrjú þúsund. En það sem ég óttast er að þessi tala eigi eftir að hækka. Og hún eigi eftir að hækka jafnt og þétt. Þótt deila megi um alls konar aðgerðir eins og fiskkvóta o. s. frv. stendur hver þjóð sem stendur frammi fyrir slíkum vanda um leið frammi fyrir þeim alvarlegu hlutum að atvinnuleysi heldur innreið sína. Það hefur verið stolt okkar hér á Íslandi að vera lausir við atvinnuleysið. Eins og við höfum verið frægir fyrir verðbólguna höfum við líka verið frægir fyrir það að allir hefðu atvinnu og að verðmætasköpunin væri þar af leiðandi meiri.

Nú má rekja hér alls konar tölur. Það má tína úr fiskvinnslunni og segja má að meginhlutinn af þessu sé fiskvinnslan. Ef þetta væri nú bara svo. Ég held að þessi vandi sé farinn að segja til sín víðar. Það eru kannske 3—4 staðir á landinu sem skera sig dálítið úr.

Það er Akureyri, öflugasti iðnaðarbær á landinu, með viðvarandi atvinnuleysi.

Það er Akranes, nú kröftugur sjávarútvegsbær og með býsna mikinn iðnað og þá sérstöðu líklega að aldurssamsetning á fólki á Akranesi er líklega ein sú hagstæðasta ef ég má nota það orðalag því að þar er svo mikið af fólki á góðum vinnualdri og mikið af ungu fólki í störfum.

Það er Selfoss í kjördæmi formanns Sjálfstfl. þar sem upp undir 100 manns eru á atvinnuleysisskrá. Ekki er þar sjávarútvegur. Að vísu sækir þar fjöldi manna verstöðvar og segir náttúrlega til sín þar af leiðandi. En atvinnuleysi þar hefur verið nokkuð viðvarandi. Ég býst við að hv. þm. Þorsteinn Pálsson geti skýrt það að Selfoss sé orðinn það stór að fleiri iðnaðarverkefni þurfi en mjólkuriðnað og þau þjónustuverkefni sem byggð eru upp í kringum landbúnaðinn. Engu að síður er það alvarlegur hlutur þegar farið er að vera þarna að staðaldri upp undir 100 manns á atvinnuleysisskrá.

Borgarnes hefur þá sérstöðu að þar fer engin fleyta á sjó, ekki til fiskróðra a. m. k. Þar eru komnir yfir 50 manns á atvinnuleysisskrá og hafa ekki verið svo margir á atvinnuleysisskrá sennilega síðan 1950 eða 1951. Þarna virðist samdráttur og kreppueinkenni sem hv. formaður Sjálfstfl. var að sverja af þjóðfélaginu áðan hafa gripið býsna sterkt um sig.

Byggðarlag eins og Sauðárkrókur. Mér er tjáð af formanni viðkomandi verkalýðsfélags að þar séu milli 40 og 50 sem ekki hafa unnið við sjávarafla á atvinnuleysisskrá. Þar er sami samdrátturinn og sama kreppan.

Í Reykjavík eru það sennilega 700—800 manns. Fjöldi Dagsbrúnarmanna fer hægt og sígandi upp á við, þó að vísu hluti af þeim mundi stunda verstöðvar eða leita til verstöðva. En allt ber að sama brunni, sú kreppa sem byrjuð var að segja til sín í minnkandi atvinnu — tók svo svona jólakipp — virðist vera að magnast býsna mikið aftur.

Menn spyrja gjarnan: Hvernig stendur á því að verið er að flytja vinnuafl inn í landið þegar það er atvinnuleysi? Þessu var svarað skilmerkilega af 7. landsk. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Hún nefndi að húsmæður sem hafa heimili og fjölskyldu eru uppistaða í frystiiðnaði og fiskvinnslu. Vitanlega er það rétt hjá hv. 7. landsk. að húsmæður með heimili, við skulum segja á Akranesi eða Suðurnesjum, fara ekki að fara austur á Firði, það sér hver maður. En þar til viðbótar er bara kostnaðurinn á þessum verstöðvum sá að fæði og húsnæði er milli sex og níu þúsund krónur. Í staðinn fyrir að lækka eitthvað þennan kostnað en selja ekki fæði eins og á veitingahúsum hér í Reykjavík er flutt inn vinnuafl erlendis frá. Ég skal ekki um það segja hvort þarna yrði einhver veruleg breyting, en alla vega er hastarlegt að dagvinnutekjur þess fólks sem e. t. v. mundi vilja sækja vinnu á þessum stöðum fari í fæði og húsnæði. Það hefur kannske möguleika á ellefu til fimmtán þús. kr. tekjum. Ferðir eru ekki borgaðar fyrir Íslendinga en þær eru borgaðar frá London fyrir útlendinga. Hver er þá mismunurinn hvað uppihaldskostnaðinn varðar? Ég held að líta þyrfti á þessa hluti þó að það mundi sjálfsagt

ekki gjörbreyta öllum hlutum.

Suðurnes virðast vera býsna ískyggileg. Þar virðist vera orðið viðvarandi atvinnuleysi. Ég held að við horfum fram á það. Þó að ég geti verið sammála 1. þm. Suðurl. með tilheyrandi titlum að það þurfi að vera arður af fyrirtækjum þá er það svo að ef atvinnuleysi heldur áfram að vaxa er ekkert prógramm fyrir hendi að byggja upp fyrirtæki eftir.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. 7. landsk. þm. að meiri hl. af þessu eru konur en það er vaxandi fjöldi karla. Ég held að þarna þurfi hvort tveggja að koma til. Ég held að það þurfi að vera ákveðnar skammtíma lausnir. Við eigum ekki að láta atvinnuleysi sem nú er milli 3—4 þús. fara upp í 6 eða 8 þús. Það hefur geigvænlegar þjóðfélagslegar afleiðingar í för með sér. Þarna verður að gera einhverjar ákveðnar skammtíma ráðstafanir og sjálfsagt er hægt að benda þar á margt. En síðan held ég að atvinnuprógramm, uppbygging íslensks atvinnulífs, þyrfti að vera hnitmiðaðra og ekki að koma bara fram í einhverjum skætingi á milli fulltrúa ríkisstj. þegar þeir þurfa að ná sér eitthvað niðri á 3. þm. Reykv.

Hvert er raunverulegt atvinnuprógramm ríkisstj.? Besta erindi sem ég hef heyrt um það var frá ríkisstj.-manni á landsfundi Sjálfstfl., hjá einum ræðumanni þar, Ragnari Kjartanssyni, og margt mætti af því læra. Ég hef nú ekki séð neina tilburði í þá átt hjá hæstv. ríkisstj. Því miður óttast ég að ég hafi rétt fyrir mér að þetta atvinnuleysi muni halda áfram að vaxa. Þegar það er komið í ákveðna stærð fer það að smita út frá sér og eitra út í þjóðfélagið á hinum ýmsu sviðum.

Hv. 1. þm. Suðurl. segir að við eigum ekki að vera að deila um þetta, við séum um þetta sammála. Vonandi erum við það, en við þurfum þá að einbeita okkur að einhverjum skammtímalausnum til að byrja með og síðan uppbyggingu á íslensku atvinnulífi. Það er talað hér um skipaviðgerðir, lán til skipaviðgerða. Ég held að það séu ákveðnar skipasmíðastöðvar sem annast viðgerðir sem uppsagnir liggi fyrir hjá og það er ekki eingöngu verið að tala um nýsmíði. Meginhluti íslenska kaupskipaflotans hefur allar sínar viðgerðir erlendis. Þeir bera það ekki við að hafa þær hérlendis. Þetta er einn þáttur af 200 sem tína mætti upp.

Ég tek ekki þátt í einhverjum skætingi á milli stjórnar og stjórnarandstöðu en vil ítreka þann ótta minn að það atvinnuleysi sem er í dag sem ég held að liggi einhvers staðar á milli 3–4 þús. eigi eftir að vaxa frá mánuði til mánaðar nema eitthvað verði að gert. Og þar er ríkisstjórnarinnar að grípa inn í. Geti verkalýðshreyfingin eitthvað gert í því stendur örugglega ekki á henni.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það er margt hægt að segja í þessari umr. og það er margt hægt að segja um það sem hér hefur komið fram, en það sem kannske er sárasti lærdómurinn er úrræðaleysi stjórnvalda enn þá einu sinni. Þessar ræður hefðu getað verið fluttar í fyrra eða fyrir fimm árum eða tíu árum. Einhverra hluta vegna tekst íslenskum stjórnvöldum og Íslendingum ekki að komast af þessu frumstæða atvinnustigi.

Sálfræðingar hafa gjarnan skipt atferli eða hegðun í tvennt. Þeir hafa sagt að ákveðið atferli sé andsvar við einhverjum aðsteðjandi áreitum. Þá eru frægasta dæmið hundar Pavlovs sem slefuðu þegar þeir sáu kjöt og lærðu síðan að slefa þegar þeir heyrðu hringt bjöllu. Þeir gerðu þetta ekki nema áreitið væri óumflýjanlega í umhverfinu. Þetta þykir heldur frumstætt. Við segjum að maðurinn hafi stóran heila. Hann hefur annars konar atferli, sem er frumkvæði. Það er atferli sem verður til án ákveðins áreitis, þ. e. framsýni.

Menn geta svo sem stytt sér stundirnar við að reyna að flokka íslensk stjórnvöld og reyna að finna í hvorn atferlisflokkinn þeirra hegðun falli, hvort þau sýni mikla fyrirhyggju eða hvort þau séu sífellt að bregðast við aðstæðum. Við getum sagt að íslenskt stjórnarfar sé skipulagður flótti. Ég held að það hljóti að vera að flest það sem íslensk stjórnvöld hafa aðhafst í þeim málum á undanförnum árum og jafnvel áratugum komi í fyrri flokkinn með hundunum hans Pavlovs, þar sem menn bregðast við einhverjum bráðum áreitum.

Einhverjar fyrstu minningar mínar úr pólitík eru tengdar því þegar menn voru að ræða um álverið í Straumsvík. Þá var talsverð atvinnumálaumr. Það var oft sagt: Við verðum að auka fjölbreytni íslensks atvinnulífs, við þurfum að renna undir það fleiri stoðum, við þurfum að byggja sterkari grunn, við þurfum að byggja og breyta. Við erum í raun og veru — þetta var fyrir tæpum 20 árum — að segja það sama enn þann dag í dag. Á þessum árum hefur þó ómældur auður runnið í gegnum þjóðarbúið. Samt má einungis lítið út af bera til þess að okkur reki upp á sker. Menn skyldu hafa í huga það sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði áðan. Við erum ekki að tala um skyndilega minnkun þorskafla úr 450 þús. tonnum niður í 220 þús. tonn. Við erum að tala um vanda sem hefur átt sér ákveðinn aðdraganda. Við erum að tala um aflaminnkun sem hefur verið stöðug síðan 1981. Við erum að tala um hugsanlega aflaminnkun 1983—1984 úr tæpum 300 þús. tonnum niður í 220 þús. tonn. Og við erum að tala um á sama tíma aukna nýtingu annarra fiskstofna. Það er svo sem nógu slæmt sem á okkur dynur, en það er ekki eina skýringin á því ástandi sem ríkir hjá okkur í dag, því miður.

Á hvern hátt sjáum við vilja stjórnvalda til sóknar í atvinnumálum t. d. í dag? Hvernig hefur vilji stjórnvalda birst okkur á undanförnum vikum eða undanförnum mánuðum til aukinnar sóknar í atvinnumálum? Sáum við einhver sérstök merki við afgreiðslu fjárlaga t. d.? Ég held ekki. S. l. fjárlög voru í raun og veru tiltölulega hugmyndasnauður og náttúrulaus niðurskurður. Það var ekki horft til sóknar. Ýmislegt af því sem ríkisstj. leggur til á vafalaust eftir að hafa áhrif, eins og hugsanlegar breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Það gæti hugsanlega leitt til fjármunamyndunar. Það er hins vegar alveg óvíst.

Umr. sem hér fara fram í kvöld eru í raun og veru stórkostlegt vantraust á atvinnustefnu og fyrirhyggju undanfarinna ríkisstjórna. Það er hinn beiski sannleikur. Nú er hnípið þing í vanda. Við eigum ekkert í handraðanum. Við eigum ekkert til að grípa til til þess að byggja upp efnahagslíf landsbyggðar sem enn þann dag í dag, eftir öll þessi ár og alla þessa umr. og alla þessa milljónatugi, er enn þá háð því að það gangi þessi eini togari og þetta eina frystihús á staðnum. Þetta er því miður afrekaskráin. Af þessu verðum við að reyna að draga einhvern lærdóm. Við erum orðin ansi slyng í að halda um það ræður hvað við þyrftum að gera, en við komumst einhvern veginn aldrei á það stigið að koma hlutum í framkvæmd.

Ég var að velta fyrir mér áðan hvernig stjórnarstefna áratuganna væri flokkuð í sálfræðiflokkunina hérna áður, hvort hún skyldi teljast til viðbragða við aðsteðjandi áreitum eða frumkvæði. Ekki fer mikið fyrir frumkvæðinu, ekki fer mikið fyrir nýsköpuninni. Hins vegar virðist manni að jafnvel stjórnvöld sem einungis brygðust við áreitunum, umhverfinu, hefðu kannske átt að draga lærdóm af því sem hér hefur verið aðsteðjandi, eins og ég sagði áðan. Þetta eru hlutir sem eiga sér aðdraganda. Síðasti fasinn byrjaði 1981. Ég er reyndar ekki viss um hvort sálfræðin ætti skilgreiningu yfir þetta allt. Það væri kannske helst að það væri þunglyndi. Það er það þegar menn gera helst ekki neitt nema þeir séu til þess píndir.

Í æsingnum við að kenna síðustu aflaminnkuninni um það sem aflaga fer og illa stendur í íslenskum efnahagsmálum í dag hafa talsmenn ríkisstj. lýst góðri stöðu iðnaðar og þjónustugreina. Ég vænti þess að launafólk í þeim greinum muni þá njóta þess í komandi samningum. Það er gleðilegt að heyra. En það er augljóst að ef svo fer sem horfir í sambandi við atvinnuleysi verður að grípa til skammtímaráðstafana. Það er réttlætanlegt við þessar aðstæður að taka lán til að freista þess enn þá einu sinni að gera eitthvað í nauðvörn. En ég held að hvar í flokki sem menn standa ættu þeir nú að grípa *þetta tækifæri líka til þess að sameinast um það að* marka atvinnustefnu, nota þetta hérna uppi til þess að reyna að spá fyrir um framtíðina og koma í veg fyrir að þeir séu sífellt gripnir í varnarstöðu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það væri að mínu mati full ástæða til að halda þessari umr. áfram og taka til þess næsta dag í Sþ. og væri ekkert á móti því að slíkt væri gert. Hæstv. forseti kýs hins vegar að reyna að ljúka þessari umr. núna. Finnst mér það satt að segja nokkuð sérkennilegt þegar málið stendur þannig, að t. d. veit ég að hæstv. forsrh. væri tilbúinn til þess að halda umræðunni áfram á fimmtudaginn. En það er forseti sem ræður hversu lengi fundir eru hér og mælendaskrá ákveður það líka. Af þeim ástæðum hlýt ég að reyna að stytta mál mitt mjög.

Mér finnst satt að segja ekki við hæfi að menn iðki útúrsnúninga með þeim hætti sem hv. 1. þm. Suðurl. gerði hér áðan, að ég tali nú ekki um líffærafræðina sem hv. 3. þm. Suðurl. flutti hér og ég ætla ekki að blanda mér í. Þessir útúrsnúningar 1. þm. Suðurl. voru með *þeim hætti að annars vegar sagði hann: Eina úrræði* Alþb. í atvinnumálum er skráning atvinnutækifæra. Með þessu móti er auðvitað hv. 1. þm. Suðurl. að reyna að gera lítið úr þeirri afstöðu og þeim málflutningi sem við höfum uppi í þeim efnum sem lúta að atvinnumálum.

Ég gæti rakið í nokkrum orðum hvaða úrræði það eru sem ég vildi beita í þessum efnum. Ég held að það þurfi að beita margþættum ráðstöfunum, skammtíma ráðstöfunum líka, m. a. á sviði innflutningsmála, m. a. með því að afla skipulega markaða fyrir okkar iðnaðarvörur, m. a. með því að ákveða kvóta á fiskiskip og í fiskveiðum með tilliti til atvinnuástands, m. a. með því að endurskoða reglur um siglingar skipanna, svo að ég nefni dæmi. Ég gæti nefnt ótal fleiri dæmi, m. a. að haga málum þannig varðandi erlent verkafólk að haft sé samráð við verkalýðsfélögin en ekki gengið yfir þau eins og gert er á Eskifirði samkvæmt blaðafréttum í dag. Hérna er um að ræða margþætt mál, tugi eða hundruð atriða sem þurfa að koma hér inn, og grundvallaratriðið er að ríkisstj. geri alltaf allt sem hún getur til að tryggja fulla vinnu en sé ekki fangi kreddutrúar á það að markaðslögmálin geti leyst þennan vanda. Ég held að markaðslögmálin geti ekki leyst þannan vanda.

Einn þátturinn í því að tryggja hér fulla atvinnu og halda sæmilega á þessum málum er að hafa yfirlit yfir vinnumarkaðinn svo að fyrir liggi hvaða möguleikar felast í íslenska vinnumarkaðinum. Og ég veit að hv. 1. þm. Suðurl. er kunnugt um að vinnumiðlun hér á landi er ákaflega slök eða engin öllu heldur, engin. Í minni tíð í félmrn. gerði ég tilraun til að láta endurskoða lög um vinnumiðlun. Það starf var falið nefnd undir forustu Sigurðar Guðgeirssonar prentara. Sú nefnd hafði ekki lokið störfum þegar ég fór úr rn. og ég veit ekki hvað henni líður síðan.

Þetta er eitt atriðið sem þarf að hugsa um og það á ekkert að vera að gera lítið úr slíku og afflytja mál manna með skætingi eins og hv. 1. þm. Suðurl. hafði uppi hér áðan. Og þegar ég bendi á þverstæðurnar í málflutningi núv. ríkisstj. varðandi erlendar lántökur og bendi á að hún ætli að fara að taka erlend lán til skipaviðgerða þá er það ósæmilegt af hálfu hv. þm. Þorsteins Pálssonar að taka þannig á málinu að ég sé *með þessu að gera lítið úr því að það sé tekið á þó* þessum þætti, málefnum skipasmíðanna. Því fer svo víðs fjarri. Ég tel að í rauninni hefði ríkisstj. þurft að ganga heldur lengra, m. a. varðandi Slippstöðina á Akureyri, og hefði þurft að grípa þar í taumana áður en kom til þeirra stórfelldu uppsagna sem þar hafa átt sér stað.

Ég held að við eigum að gera okkur grein fyrir því, að þegar við ræðum um þessi mál erum við sennilega að ræða um ein flóknustu vandamál okkar efnahagsmála um þessar mundir. Við leysum þau ekki með sálfræðilegum rannsóknaræfingum hver á öðrum eins og hv. 4. landsk. þm. iðkaði hér áðan. Ég held að málið sé ósköp einfaldlega þannig, að við stöndum frammi fyrir því að það er of lítil vinna í landinu. Og vinnusamdrátturinn kemur ekki bara fram í atvinnuleysistölunum heldur líka í stórkostlegum samdrætti á yfirtíð að undanförnu hjá fólkinu. Þetta kemur aftur fram í minni verðmætasköpun í þjóðarbúinu og þetta kemur líka fram í versnandi lífskjörum þess fólks sem býr við atvinnuleysi. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu.

Þannig horfir þetta við. Við þurfum í framhaldi af þessu að átta okkur á því hvað stjórnvöld geta gert til að tryggja að það fólk sem missir atvinnu hér geti fengið vinnu annars staðar og til að tryggja að það fólk sem kemur nýtt inn á vinnumarkaðinn, sem eru 2500—3000 manns á hverju ári, fái vinnu. Þetta eiga menn að setja sér sem verkefni frá degi til dags.

Ég sagði það áðan og segi það enn að mér fannst svör hæstv. forsrh. í þessum efnum vita gagnslaus. Mér fannst hann ekki gera sér grein fyrir því hvað þetta vandamál er orðið alvarlegt.

Ég hef gengið um vinnustaði í Reykjavík núna að undanförnu og ég hef gengið um vinnustaði á Akureyri. Ég hef fundið hvernig svartsýnin og mér liggur við að segja þunglyndið einkennir þessa vinnustaði. Mér finnst það vera höfuðverkefnið núna að reka þennan svartsýnisfjanda út, þannig að fólkið öðlist kjark og trú m. a. á að það geti rétt sín kjör. En það fer ekki hjá því að

menn sjái að ákveðnir stjórnarherrar hafi núna gjarnan viljað nota atvinnuleysisvofuna til þess að hræða verkafólkið í landinu frá því að rétta sinn hlut miðað við það mikla kauprán sem hér hefur átt sér stað.

Herra forseti. Hér er um að ræða athugasemd sem er í rauninni ósæmilega stutt miðað við tilefni málsins. Ég skal engu að síður ljúka henni af minni hálfu í þetta skipti í trausti þess að umræður um atvinnumál verði hér aftur síðar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka það fram að það er ekkert ósæmilegt við það að fylgja þingsköpum.

Hv. 3. þm. Reykv. lét orð falla að því að það hefði átt að fresta þessum umr. af því, að því er helst varð skilið, að hann gæti ekki talað lengi hér í kvöld. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að að hefði engu breytt. Það hefði ekki breytt þingsköpum þó að við hefðum frestað þessum umr. vegna þess að hv. þm. hefði ekki mátt gera nema örstutta aths. samkv. þingsköpum. **(SvG:** Þá kem ég bara aftur á fimmtudaginn, forseti.) Það hefur aldrei hvarflað að forseta að það yrði bundinn endi á ræðuhöld hv. 3. þm. Reykv., en ég treysti því og þykist reyndar vita að hv. þm. vilji hlýða þingsköpum eins og okkur öllum ber að gera.

Það eru aðeins tveir menn enn á mælendaskrá og ég tel að það sé einsýnt að við ljúkum þessari umr. nú.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hér hafa verið fluttar allmargar ræður og fjölmargt komið fram athyglisvert sem gæfi tilefni fyrir mig til að flytja langa ræðu og leiðrétta ýmislegt af því sem fram hefur komið, en ég mun þó aðeins drepa á fátt eitt. Sumar ræður hafa verið málefnalegar vel og athyglisverðar eins og t. d. ræða hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar sem ég býð velkominn aftur í sitt sæti og ég veit að flestir hér inni taka undir það með mér.

Ég verð að viðurkenna að sumar ræðurnar skil ég ekki til hlítar eins og atferlishugleiðingar eða sálgreiningu hv. þm. Guðmundar Einarssonar. Staðreyndin er bara sú — og það lærði ég sem verkfræðingur — að íslenskt þjóðfélag er ekki einfalt verkfræðilegt dæmi. Íslenskt þjóðfélag stendur saman af frjálsum einstaklingum og vitanlega fara hlutir mjög eftir því hvernig þessir einstaklingar haga sér. Ríkisvaldið ákveður ekki allt. Ríkisvaldið leitast við að skapa grundvöllinn fyrir þá til að starfa að sínum framfara- og áhugamálum. Það dæmi er miklu miklu flóknara en mér fannst þar koma fram og eiga þær vangaveltur satt að segja lítið erindi í þær umr. sem nú eru um alvarlegt atvinnuástand.

Hv. 3. þm. Reykn. fullyrti að ég hefði sagt að ekkert hefði þurft að vanda sig við erlendar lántökur áður fyrr. Ég sé nú að hv. þm. er farinn. Menn virðast gera það að vana sínum að kasta hér fram fullyrðingum og spurningum og hlaupa svo af fundum. Ég held að — (Gripið fram í.) Já, ég sé að hv. 3. þm. Reykv. er hér þó að ég viti að hann er upptekinn. En ég held að hæstv. forseti ætti að taka slíkt til athugunar. Ég sagði þetta aldrei. Vitanlega var alltaf vandlega skoðað þegar um erlenda lántöku var að ræða. En ég sagði: Vandinn er miklu meiri nú og það þarf að athuga enn betur og enn vandlegar að erlendar lántökur verði aðeins teknar til arðbærra og mikilvægra framkvæmda í atvinnumálum sem ekki verða leystar á annan máta. Það er alrangt að ég hafi ekki minnst á að leggja ætti áherslu á arðbærar framkvæmdir. Ég las till. sem ég sjálfur flutti í ríkisstj. og þar var undirstrikað að áhersla skyldi lögð á að um arðbærar framkvæmdir verði að ræða.

Hér hefur verið gert heldur lítið úr afleiðingum aflabrests. Ég viðurkenni vissulega að tekist hefur að draga úr þeim afleiðingum með ýmsum aðferðum, t. d. að auka afla á öðrum sviðum. Engu að síður er vafalaust og viðurkennt af öllum sérfróðum mönnum að þetta er meginástæðan fyrir því ástandi sem nú hefur skapast í atvinnumálum. Ég vek athygli á því af því að fram kom hér ranglega áðan hvernig þessi samdráttur varð. 1981 var þorskafli yfir 450 þús. lestir. Hann var um 370 þús. lestir árið 1982, rúmlega 290 þús. lestir árið 1983 og er nú talinn verða 220 þús. lestir. Á árinu 1982 brást einnig loðnuaflinn og talið var að það ár hefði aflaverðmæti í sjávarútvegi dregist saman um 16%. Það munar svo sannarlega um minna. Þetta er því vitanlega ákaflega stór áhrifavaldur. Því er mikilvægast í þessu máli öllu að stjórnun útgerðar, bæði af hálfu stjórnvalda og útgerðarmanna, fari sem best úr hendi. Þess vegna hygg ég að það ástand sem nú er sé langt frá því að vera að öllu leyti marktækt fyrir það sem kann að vera framundan.

Sú nefnd sem hefur starfað mjög ötullega og mikið að því að móta stefnu á sviði útgerðar gerir ráð fyrir því að skila af sér tillögum á morgun, í síðasta lagi daginn eftir. Ég vona að það verði á morgun. Þarna eiga allir hagsmunaaðilar aðild sem tengjast útgerðinni. Sem von er eru skiptar skoðanir þegar um svo margslungið mál er að ræða en ákaflega mikilvægt að reynt sé að ná sem víðtækastri samstöðu og að því er unnið. Ég vona að það takist því að mjög fer árangur eftir því að samstaða sé mikil. Í þessu sambandi er svo vissulega haft í huga atvinnuástand á hinum ýmsu stöðum. Ýmsir hafa t. d. talað um að leggja ætti svo og svo mörgum togurum, allt upp í 30 hafa verið nefndir. Enginn hefur treyst sér til að benda á hvar eigi að leggja þessum togurum. Hvernig halda menn að atvinnuástand yrði í sjávarþorpi þar sem einn togari er gerður út ef honum er lagt? Þetta vandamál er miklu stærra en mér finnst hafa komið fram í orðum sumra hv. þm. Ég nefni aðeins þetta að leggja togurum sem dæmi um hvað vandinn er mikill. Sums staðar kann það að vera unnt en mundi tvímælalaust draga úr atvinnu.

Menn hafa rætt um atvinnumálanefndina og talið hana koma að litlum notum ef hún hefði ekki fjármagn. Hver hefur sagt að hún fái ekki fjármagn? Eins og kom fram, hygg ég, hjá hv. 1. þm. Suðurl. er eðlilegt að nefndin fjalli fyrst um það hver þörfin er og geri einnig tillögur um slíkt en það verði ekki ákveðið einhliða af stjórnvöldum.

Hér hefur verið rætt töluvert um erlendar lántökur. Hv. 3. þm. Reykv. fór, fannst mér, dálítið í gegnum sjálfan sig þar eins og hefur reyndar þegar verið rakið. Reyndar verð ég að segja um ræður hv. þm. að fyrsta ræðan var málefnaleg. Sú síðari var það svo sannarlega ekki. Þar var auðsjáanlega pólitíkusinn í fyrirrúmi. En sú síðasta bar vitni batnandi manni. Og vitanlega þarf að ræða þannig um þessi mál.

Ég vil aðeins mótmæla einu sem hv. þm. sagði, að í síðustu ríkisstj. hefði allt verið látið víkja fyrir atvinnuspursmálinu. Við settum atvinnuöryggið efst á okkar

skrá, það er alveg rétt. En það var ekki með vilja að verðbólgumarkmið voru látin víkja, a. m. k. ekki af minni hálfu og minna flokksmanna. Staðreyndin er vitanlega sú að ekkert var og er mikilvægara til þess að halda viðundandi atvinnuöryggi en að ná verðbólgunni niður. Þegar menn tala og gera lítið úr árangri þessarar ríkisstj. er ég sannfærður um og reyndar hafa skoðanakannanir sýnt að mikill meiri hluti þjóðarinnar metur að verðleikum þann gífurlega árangur sem náðst hefur í verðbólgumálum. Verðbólga hefur sannarlega hjaðnað úr 130% í 15% og að sjálfsögðu er það það langsamlega mikilvægasta sem hefur verið gert til að halda fullri atvinnu. Það viðurkennir hver sanngjarn maður að 130—140% verðbólga hlaut að stofna hér til gífurlegs atvinnuleysis. Þetta er metið og það skapast eflaust tími til að ræða ýmsan annan árangur eins og t. d. að koma í veg fyrir að erlendar skuldir ykjust meira því þær voru þegar að nálgast 60% þegar þessi ríkisstj. tók við.

Í útgerðinni þarf sömuleiðis að líta á fjárhagsvandann. Þetta er alveg ljóst og komnar eru fram fyrir örfáum dögum tölur Þjóðhagsstofnunar um hver hann er. Þessar tölur eru nú einnig til meðferðar og það dæmi er vandleyst. Þarna eru vanskilaskuldir upp á 1.5 milljarð. Í tíð síðustu ríkisstj. var skuld breytt um 800 millj. fyrir útgerðina. Vanskilaskuldirnar eru núna 1.5 milljarðar og rekstrarvandamálið er einnig mjög stórt sem ég hef ekki tíma til að fara hér inn á. En það er rétt, og því nefni ég það, sem kom fram hjá einhverjum áðan að þennan vanda verður einnig að leysa.

Það mikilvægasta í þessu máli er því að tryggja að útgerðin geti gengið, tryggja henni rekstrargrundvöll og haga stjórnun þannig að sem best verði, m. a. í tengslum við atvinnu í landi. Að þessu er búið að vinna baki brotnu nú í fleiri vikur og sér fyrir endann á því nú í þessari viku eða á næstu dögum.

Ég vil vísa því algjörlega á bug sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að ég eða ríkisstj. geri sér ekki grein fyrir þessu ástandi, því fer víðs fjarri að við gerum það ekki. Við gerum það fyllilega og ég tel m. a. að þær upplýsingar sem nú koma fram í efldu starfi atvinnumálaskrifstofunnar sé liður í því og vissulega áfangi til þess að vinna megi að því að draga úr atvinnuleysinu, kannske með einhverri atvinnumiðlun þó ég telji mikilvægast að skapa atvinnuvegunum sjálfum aðstöðu til að ráða fleira fólk eftir ýmsum leiðum.

Að lokum vil ég aðeins koma inn á það sem hv. 7. landsk. þm. sagði áðan um afstöðu til launafólks. Ég tek mjög undir það með henni og hef margsinnis lýst því að það svigrúm sem notað er verði sem allra mest notað til að bæta afkomu láglaunafólks.

Ég vil einnig vekja athygli á því að fyrir milligöngu ríkisstj. en að ósk Sóknar og Framsóknar hefur nú verið í gangi ítarleg athugun á því hve fjölmennt þetta láglaunafólk sé. Þeirri athugun er ekki að fullu lokið. Kjararannsóknanefnd gerir ráð fyrir að geta skilað niðurstöðum um mánaðamótin. Því miður hefur ekki tekist að innheimta svör eins og að var stefnt. En af því sem tekist hefur að ná inn bendir allt til þess að fjöldi þeirra sem eru undir þeim mörkum sem hafa verið nefnd, þ. e. 15 þús. kr., sé langtum minni en margir gerðu sér grein fyrir. Því ber að fagna, en þarna er einhver hópur.

Ég tek undir það með hv. þm. að vafalaust eru kjör einstæðra mæðra — eða einstæðs foreldris á vist að segja í dag til að gæta jafnréttis — og þeirra sem búa við tekjutryggingu, þ. e. ellilífeyrisþega og öryrkja, lökust. En einnig þar hafa athuganir sýnt að þetta er mjög misjafnt. Allt annað á heimilum þar sem t. d. tveir ellilífeyrisþegar eiga fyrir heimili að sjá og mjög breytilegt eftir því hvort þeir eiga sína íbúð eða ekki o. s. frv. Það hefur verið unnið mikið starf í þessu, skattaskýrslur skoðaðar vandlega og jafnvel farið í einstakar skýrslur til þess að gera sér grein fyrir þessum hlutum. En ég tek sem sagt undir það með hv. þm. að tvímælalaust þarf að beina eins miklu og hægt er þangað og ég hygg að erfiðust sé afkoman hjá einstæðum foreldrum og nokkrum hópi af tekjutryggingaþegum, bæði ellilífeyrisfólki og öryrkjum, og það verður að lagfæra þeirra kjör.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. um of, en því er ekki að leyna að síðustu ræður talsmanna Alþb., hv. 7. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv., bera þess merki að síðari hluti þessarar umr. hefur farið fram með miklu meira raunsæi en upphafið. (Gripið fram í.) Þetta kom mjög glöggt fram í hinni hæfilega löngu ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann taldi það hafa verið ósæmilegan útúrsnúning af minni hálfu að tína það eitt til um stefnumið Alþb. í þessum efnum að setja á markvissa atvinnuleysisskráningu og leit að atvinnutækifærum. Þetta var ekki útúrsnúningur af minni hálfu, ég nefndi aðeins það eina dæmi sem hv. þm. nefndi í upphafsræðu sinni.

Í hinni hæfilega löngu ræðu kom hins vegar fram miklu meira raunsæi af hálfu þm. þar sem hann viðurkenndi að hér þyrftu að koma til margþættar ráðstafanir. Það væru engar einfaldar lausnir til og auðvitað er þetta kjarni málsins. Hann nefndi aðgerðir í innflutningsmálum, gera þyrfti sérstakar aðgerðir til þess að afla markaðar fyrir íslenskar vörur erlendis, ef ég hef skilið hann rétt, og margt fleira. Auðvitað er hér vikið að atriðum sem skipta meginmáli.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson fór hringferð í kringum landið og kom víða við í byggðum og nefndi tölur um atvinnuleysi, gerði að vísu ekki samanburð við sams konar skráningu á s. l. ári en ég held að einmitt þessi upptalning hafi kannske sýnt okkur að við þurfum að gera átak í því að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Við þurfum fleiri atvinnutækifæri í iðnaði þar sem við áður höfum fyrst og fremst stundað sjávarútveg eða landbúnað og það er að þessum verkefnum sem við verðum að hyggja.

Ég held hins vegar að við séum ekki ósammála um það að úr þessu leysum við ekki eins og hendi sé veifað. Við höfum verið að leggja grunn að því að hægt sé að takast á við verkefni af þessu tagi. Fyrsta skilyrðið var auðvitað að ná jafnvægi í efnahagsmálum og gera það mögulegt að byggja hér upp atvinnustarfsemi. Það var frumforsenda, að því hefur verið unnið. Menn mega ekki loka augunum fyrir þeirri staðreynd.

Hv. þm. taldi einnig nauðsynlegt að víkja frá arðsemiskröfum vegna skammtímalausna. Í þessum ummælum felst að minni hyggju talsverður undansláttur frá þeirri markvissu og ákveðnu ályktun sem hv. þm. stóð að innan Alþýðusambandsins í vor sem leið þar sem arðsemiskröfurnar voru meginmarkmiðið og höfuðatriðið. Auðvitað ætla ég ekki að útloka að menn víki í einstökum tilvikum slíkum sjónarmiðum til hliðar, en ég held að við þessar ráðstafanir sem við stöndum

frammi fyrir og við það víðtæka samstarf sem við þurfum að ná um þær verði arðsemiskröfurnar að vera leiðarljósið, ella stöndum við e. t. v. frammi fyrir því að skapa hér viðvarandi ástand með of lágum launum. Við bætum ekki lífskjörin í landinu nema með arðsemi atvinnuveganna. Ef við ætlum í of stórum mæli að víkja frá þessum kröfum getum við verið að skapa hér viðvarandi láglaunasvæði og það er ekki það markmið sem við erum að stefna að. Við gætum líka ef við gengjum of langt í þessu skapað okkur meira atvinnuleysi síðar því að með aðgerðum af þessu tagi er yfirleitt tjaldað til einnar nætur.

Hv. þm. minntist einnig á að merkasta framlagið til þessara umr. hefur komið fram á landsfundi Sjálfstfl. undir fyrirsögninni „Fyrir framtíðina" og minnti á ræðu Ragnars Kjartanssonar í því sambandi. Ég er honum um margt sammála. Þar var minnst á nauðsyn margþættra aðgerða til að efla íslenska framleiðslustarfsemi og markaðssókn fyrir hana erlendis. Allt þetta tekur tíma og undirstaðan er heilbrigður grundvöllur, jafnvægisástand í efnahagsmálum. Það er fyrsta skilyrðið. Þessum markmiðum verður ekki náð með einhverjum skyndilausnum eða undanslætti frá því að atvinnulífið skili arði.

Við höfum verið að vinna að verkefnum. Hér hefur ekki verið minnst á mjög viðamikið verkefni sem þessi ríkisstj. hóf undirbúning að og það eru stóriðjuframkvæmdir. Á því sviði hefur verið unnið mjög markvisst starf og við skulum vona að það geti skilað árangri. Þannig mætti lengi telja. Meginatriðið er að komið hefur fram í síðari hluta þessarar umr. viðurkenning á því af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar að þetta er miklu viðameira verkefni en svo að hægt sé að leysa það í einu vetfangi. Það sannfærir okkur um það að þau vinnubrögð sem lagður hefur verið grundvöllur að af hálfu ríkisstj. með því að setja á fót atvinnumálanefnd í samráði og samstarfi við aðila vinnumarkaðarins ef þeir eru tilbúnir að takast á við þetta verkefni er skynsamlegur háttur og vænlegastur til að leiða til happadrýgstrar niðurstöðu fyrir fólkið í landinu og þjóðarheildina þegar fram í sækir.

Efri deild, 44. fundur.

Miðvikudaginn 25. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem þetta er fyrsti fundur Ed. á nýbyrjuðu ári vil ég leyfa mér að óska hv. þdm. gleðilegs árs og þakka samstarfið á liðnu ári. Sömu óskir færi ég starfsfólki Alþingis. Ég vænti þess, að hið nýbyrjaða ár færi okkur öllum heilladrjúg störf í þágu lands og þjóðar.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. 167. mál (þskj. 307). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Í 1. gr. frv. eru nöfn 26 manna sem fullnægja þeim skilyrðum sem sett hafa verið af allshn. beggja þd. um möguleika á íslenskum ríkisborgararétti nú þegar eða á næstu mánuðum. Auk þess hafa rn. borist fleiri umsóknir sem ekki eru taldar fullnægja skilyrðunum. Þær verða einnig sendar allsherjarnefndum til frekari skoðunar ef þar kynnu að vera einhverjir sem Alþingi mundi fallast á að bættust í þennan hóp.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Skemmtanaskattur, frv. 152. mál (þskj. 218). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir lítið frv. um breytingu á lögum nr. 58 frá 1970, um skemmtanaskatt. Í frv. felst einungis að í stað þess að sveitarfélög með færri en 1500 íbúa séu undanþegin skemmtanaskatti að því er kvikmyndasýningar varðar nái þessi undanþága til sveitarfélaga með færri en 2500 íbúa.

Þeir staðir sem hér kæmu til greina eru ekki margir. Þeir sem bætast við þá sem nú þegar njóta slíkrar undanþágu eru þessir: Borgarnes sem í raun og veru hefur verið undanþegin fram til þessa og auk þess Sauðárkrókur, Siglufjörður og Neskaupstaður.

Tilgangurinn með þessu frv. er að gera rekstur kvikmyndahúsa á þessum stöðum auðveldari en nú. Hann hefur barist í bökkum, einkum eftir að samkeppnin við sjónvarpið kom til. Þegar þetta kemur til og svo hitt, að kvikmyndasýningar eru enn sem fyrr helsta skemmtun æskufólks á þessum stöðum sem víðar, þykir ástæða til að breyta þessu ákvæði laganna.

Þær fjárhagslegu afleiðingar sem þetta fæli í sér væru skv. upplýsingum ríkisbókhalds að 116 482 kr., sem komu inn af skemmtanaskatti og voru að mestu leyti af kvikmyndasýningum á þessum stöðum, rynnu ekki í þá sjóði sem lögin fjalla um. Stærri er nú þessi breyting ekki. Ég leyfi mér að vona að hv. þingdeild geti fallist á þetta frv. Ég vil geta þess um leið að núgildandi lög um skemmtanaskatt eru í heildarendurskoðun í þeim tilgangi að einfalda álagningu og innheimtu skattsins.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég fagna því að málefni kvikmyndahúsa skuli koma til umr. hér en ég tel að það frv. sem hér liggur fyrir sé fullmikil smáskammtalækning á vandamálum kvikmyndahúsareksturs í dag sem er mjög erfiður, ekki aðeins í byggðarlögum með 2500 íbúa og færri heldur um land allt og sérstaklega úti á landsbyggðinni. Ég skil ekki hvernig þessi viðmiðun er til komin, 2500 íbúar.

En ég vil ítreka það að vandamál þessa reksturs er mjög mikið vegna þess að svokölluð vídeóvæðing hefur gert það að verkum að fólk sækir kvikmyndahús minna en ella. Kvikmyndahúsin þurfa að gjalda þess að myndbönd eru leigð út sem ekki er leyfi fyrir að leigja út, svokölluð sjóræningjastarfsemi á sér stað og þrátt fyrir að nokkuð hafi úr henni dregið á hún sér stað enn

þá. En eðlilega hefur þetta komið mjög niður á kvikmyndahúsunum og ég fullyrði að þau eru allflest rekin með miklu tapi í dag.

Eitt er það sem rétt er að hafa í huga að hvergi nokkurs staðar í veröldinni er skattlagning á bíómiða eins mikil og hér. Það er 36.4% samtals sem greitt er af hverjum bíómiða í skatta til ríkisins. Ég leyfi mér því að spyrja hvort ekki sé hugsanlegt að koma til móts við þennan rekstur sem mjög er illa staddur, rekstur sem á fullan rétt á sér og, eins og hæstv. menntmrh. sagði áðan, færir mönnum góða skemmtan og oft á tíðum heilmikla menningu, a. m. k. annað slagið.

Ég tel að ekki sé nóg að gert með því að miða þetta við 2500 íbúa og að ekki eigi einungis að fella niður skemmtanaskattinn, heldur tel ég koma mjög til greina að fella niður söluskattinn. Það væri gaman að vita hvað bærist mikið af söluskatti af vídeóleigunum sem hafa sprottið hér upp eins og gorkúlur um allan bæ og um allt land. Ég er alveg sannfærður um að skil á þeim skatti eru alveg í lágmarki á þeim stöðum.

Ég spyr aftur: Hvers vegna eru þessi einstöku byggðarlög tekin út? Hefur ekki komið til umr. að þetta gangi yfir allt eða þá þau kvikmyndahús sem eru úti á landi? Svona leið var einu sinni valin í sambandi við rekstur samkomuhúsa. Ég held að þá hafi verið miðað við 1500 íbúa. Þá gátu byggðarlög sem voru í nágrenni við þéttbýli byggt upp góð félagsheimili á meðan þeir sem bjuggu í þéttbýli gátu það ekki vegna þess að þeir sem ráku samkomuhús í viðkomandi þorpi fengu alla skatta niðurfellda a. m. k. skemmtanaskattinn sem þá var miklu hærri, en hinir ekki. Ég held að það sé ekki af því góða að taka upp svona smáskammtalækningar. En ég veit að það er einungis skemmtanaskatturinn sem fellur undir menntmrh. Ég vildi því spyrja fjmrh. hvort hann hafi athugað það erindi Félags kvikmyndahúsaeigenda að fella niður söluskatt af kvikmyndasýningum. En skattlagning á bíómiða er 36.4%, sú hæsta sem þekkist í veröldinni í dag.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Virðulegi forseti. Ég vil aðeins svara spurningum hv. 6. landsk. þm. Fyrst var spurt hvernig viðmiðunin væri til komin, af hverju þessir tilteknu staðir yrðu undanþegnir skv. frv. Ástæðan er sú að hér er öðrum þræði um byggðamál að ræða. Hér er í flestum tilvikum um að ræða staði sem eru nokkuð einangraðir. Allir staðir sem eru með 2500 íbúa eða fleiri eru hér á suðvesturhorninu sem við hv. þm. eru þm. fyrir og/eða af Suðurlandi þannig að að því leyti er þarna röksemd fyrir því að gera þessa breytingu sem fyrst.

Að því er varðar gjöld af kvikmyndum almennt vil ég draga það fram hér, sem ég vænti að hv. þdm. sé flestum kunnugt, að skemmtanaskatturinn er 15% bruttó af kvikmyndum en söluskattur 19.3% af bruttóverði aðgöngumiðanna. Við þetta bætist 1.5% menningarsjóðsgjald, en þegar skemmtanaskatturinn er felldur niður er það jafnframt fellt niður líka, þannig að meginþátturinn í hinum opinberu gjöldum er söluskatturinn.

Hitt er svo annað atriði sem hefur mikil áhrif á stöðu kvikmyndahúsa eða ég vænti þess að muni geta haft mikil áhrif á stöðu þeirra og varðar einmitt það sem hv. þm. vék að um myndböndin og flutning efnis sem sýnt hefur verið í kvikmyndahúsum af myndböndum á þann veg sem hann nefndi sjóræningjastarfsemi. Án þess að ég fullyrði nokkuð um þá starfsemi er svo mikið a. m. k. ljóst að nái höfundalagafrv. það sem hér liggur fyrir hv. Alþingi fram að ganga mun staða kvikmyndahúsa, sem rétt hafa á því efni er flutt hefur verið þar, batna að þessu leyti til svo að ég vænti að það mál hafi áhrif á stöðu kvikmyndahúsa einnig. Ég vil ekki lengja þessar umr. að öðru leyti, frú forseti, en ég vænti þess að fleiri þm. hafi kvatt sér hljóðs.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs einungis til að fagna þessu frv. Það er ekki veigamikið, en hitt er ekki rétt sem hv. 6. landsk. þm. sagði að þarna væri verið að taka upp smáskammtalækningar. Ég held að hann hafi orðað það eitthvað svo. Það er kannske frekar verið að rýmka eitthvað um þessar smáskammtalækningar með því að færa þetta þó til fjölmennari staða. Ég tek undir mjög margt af því sem þm. sagði í sambandi við kvikmyndahúsarekstur að hann á mjög í vök að verjast, m. a. vegna þessarar vídeóvæðingar sem kölluð er, en hann átti nú raunar í vök að verjast, eða a. m. k. þau kvikmyndahús sem rekin eru af einkaaðilum, áður en þetta gerðist. Þessi skattlagning á kvikmyndahúsin er að mínu mati alveg óeðlileg eins og þm. sagði svo að við erum nú, held ég, nokkuð sammála í þessu efni.

En hæstv. menntmrh. sagði áðan að þetta mál væri allt í endurskoðun. Ég hygg að samþykkt þessa frv. mundi einmitt greiða fyrir því að skoðað yrði nánar hvernig ástandið er hjá öðrum. Þarna er um að ræða örfáa staði þar sem kvikmyndahúsarekstur að líkindum mundi leggjast niður ef þetta frv. ekki yrði samþ. Ég þekki a. m. k. til þess að rekstur gengur þannig á þessum stöðum að um verulegt tap er að ræða. Þetta er þó ein af þeim fáu skemmtunum sem fólkið getur sótt sem menningarlegar verða að kalllast og sérstaklega æskulýðurinn. Hann hefur þá í eitthvert hús að venda annað en danshús þó að þau geti verið góð svo langt sem þau ná. En ég held að það væri mikil afturför ef kvikmyndahúsarekstur á landsbyggðinni leggðist meira og minna niður. Eins og ég sagði: þó að þetta sé lítið mál er það þess vert að við reynum að afgreiða það og helst í einingu sem allra fyrst.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt aths. Menn leiðrétti mig þá ef ég hef einhvern rangan skilning á málinu, en þar sem hér er um skattheimtu að ræða þó að ráðstöfun þessara tekna fari svo fram með einhverjum sérstökum hætti, er þá ekki eðlilegra að fjh.- og viðskn. fjalli um þetta mál en menntmn.? Það var eiginlega mín spurning.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Það gefur auga leið að erfiðara er að reka starfsemi eins og kvikmyndahús í fámenni en í fjölmenni og þarf í raun og veru ekki að fara um það mörgum orðum. Ég vil fagna þessu frv. sem þm. fyrir landsbyggðarkjördæmi því að mér er vel kunnugt um að víða í kauptúnum og kaupstöðum eru talsvert verulegir erfiðleikar við að reka starfsemi á borð við kvikmyndahús. Það er staðreynd að unga fólkið sérstaklega sækir enn þá þrátt fyrir sjónvarpið verulega kvikmyndahúsin og það er ein af þeim skemmtunum sem unga fólkið getur notið úti á landsbyggðinni.

Ég vildi aðeins í sambandi við þetta mál vekja athygli á því að ég held að kominn sé tími til að gefa meiri gaum að möguleikum ungs fólks um allt land en ekki síst í kaupstöðum og kauptúnum úti um landið til að verja sínum tómstundum. Félagsheimilin sem voru gífurlega mikið félagslegt átak á sínum tíma voru þannig byggð að nánast var byggt utan um dansgólf og það var leiksvið. Menn hugsuðu ekki lengra á þeim tíma þegar félagsheimilin voru byggð. Nú hefur orðið talsverð breyting að því leyti til að ástæða er til að útvíkka þessa starfsemi víða í kaupstöðum og kauptúnum og raunar einnig hér á höfuðborgarsvæðinu, að herða róðurinn í því efni að gera ungu fólki mögulegt að verja sínum frítímum við sem heilbrigðastar aðstæður. Það er spurning hvort ekki væri einmitt ástæða til — og ég vil nú beina því til hæstv. menntmrh. — að taka þessi mál til endurskoðunar og athugunar. Þau eru kannske í athugun, kannske er starfandi nefnd sem er að fjalla um þessi mál, ég veit það ekki. En væri ekki ástæða til þess að taka þessi mál til heildarathugunar? Við sjáum það sem ferðumst um kauptúnin og kaupstaðina út um landið að iðulega er hópur af ungu fólki í kringum bensínafgreiðslustöðvarnar og sjoppurnar. Og hvers vegna er unga fólkið þarna? Það er þarna vegna þess að það hefur engan stað til að víkja að þó að að vísu hafi orðið geysileg bót í þessum efnum í sambandi við byggingu íþróttahúsa, sundlauga og slíkra mannvirkja þar sem þau eru. En eigi að síður er það staðreynd, t. d. á Austurlandi sums staðar, að unga fólkið hefur í raun og veru engan annan stað til að fara á utan þar sem íþróttamannvirkin eru, og það eru nú ekki allir í því eins og kunnugt er, heldur en í kringum sjoppurnar. Þetta sjá auðvitað þm. og allir sem eiga heima og ferðast um þessa staði. Þess vegna vildi ég vekja athygli á þessu og að ástæða væri til að hefja heildarendurskoðun á því máli að bæta enn aðstöðu fyrir unga fólkið, ekki síst í minni kaupstöðum og kauptúnum, svo að ég leggi nú sérstaka áherslu á það, en auðvitað gildir það sama um alla byggð í landinu.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil fagna þessu frv. en mig langar að spyrja hæstv. menntmrh. hvort ekki hafi komið til tals að hækka kannske þetta mark upp í 3 þús. Mér er nú kunnugt um að Húsavík rétt nuddast upp fyrir þessa tölu og ég hugsa að ekki séu minni erfiðleikar þar um rekstur á kvikmyndahúsi en kannske hjá þeim sem hafa 2400. Ég vil endilega koma þessu að en vil taka undir margt sem hér hefur verið sagt og sérstaklega með félagslegar þarfir úti á landsbyggðinni. Auðvitað er erfiðara fyrir minni sveitarfélög að hugsa vel um sín ungmenni, ekki síður á menntunarsviðinu en á félagslega sviðinu.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Þar sem talsmenn fjögurra stjórnmálaflokka hafa fjallað um þetta mál hér við 1. umr. frv. vil ég ekki láta hjá líða að segja skoðun mína á þessu máli þó að frv. geti nú tæpast fallið í flokk þeirra mála sem allra mikilvægust eða brýnust teljast og slík mál er kannske ekki alltaf þörf að þrautræða við 1. umr., oft gott að skoða þau í nefnd og taka þau síðan til nánari umr. við 2. umr. málsins. En ég vil í stuttu máli lýsa stuðningi mínum við frv. Ég tel að það horfi í réttlætisátt. Þessi mörk sem sett voru fyrir langalögnu og miðuðu við 1500 íbúa eru auðvitað löngu orðin úrelt. Það hefur orðið veruleg fjölgun íbúa í þéttbýli og margir þeir staðir sem áður voru með kannske 1000—1300 íbúa eru nú komnir yfir þessi mörk. Orðið hefur það mikil mannnfjölgun í landinu síðan lögin voru sett að breyting af þessu tagi er fullkomlega sanngjörn og eðlileg.

Svo geta menn auðvitað deilt um hvort á að setja mörkin akkúrat þarna eða einhvers staðar annars staðar. Ég á auðvitað afskaplega erfitt með að finna rök fyrir því að mörkin skuli vera við 2500 frekar en 3500 svo að nefnt sé dæmi. Eða jafnvel einhver önnur tala heldur hærri eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason benti á áðan. En sem sagt, ég tel að frv. horfi í réttlætisátt í öllu falli og mun persónulega veita því stuðning og trúi ekki öðru en að svipaður hugur sé hjá okkur Alþb.- mönnum almennt.

En ég vildi hins vegar vekja athygli á því að löggjöf um skemmtanaskatt er mjög úrelt orðin og gömul og væri auðvitað brýn þörf á að taka lögin í heild til endurskoðunar. Þegar ég var í menntmrn. var verið að endurskoða þessi lög og ég vissi ekki betur en það gengi allvel. Við áttum nokkra fundi og mér fannst að bara væri herslumunurinn sem á vantaði að því væri lokið. Ég hugðist flytja þetta frv. um breytingu á skemmtanaskatti á þinginu 1979/80 ef mér hefði enst líf sem ráðh. en svo varð nú ekki eins og menn þekkja. Síðan eru liðin allmörg ár eða 4 og ég trúi ekki öðru en að þessari endurskoðun í rn. hljóti nú að vera lokið. Ekki er hægt að leyna því að þessi löggjöf er á margan hátt nokkuð úrelt og þó að þetta eina atriði sé eitthvað fært til meira réttlætis er áreiðanlega margt fleira sem þarfnast endurskoðunar.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég er að vísu alveg sammála hv. 3. þm. Norðurl. v. að hér er sjálfsagt ekki um mikilvægasta mál þessarar þjóðar að ræða. Allavega komst þessi þjóð af í 1000 ár án þess að fara á bíó. En það fara þó nokkuð saman velgengnisár þessarar þjóðar og saga kvikmyndanna. En af því að hérna hefur spunnist örlítil umr. út af spurningunni um réttlætismörk gat ég eiginlega ekki á mér setið að koma hér aftur í ræðustól.

Það eru ákveðin örlög höfuðborga að oft er litið á þær eins og þær séu ekki hluti af því landi sem þær þjóna, sbr. hugtakið landsbyggðin og síðan Reykjavík rétt eins og Reykjavík sé ekki byggð á þessu landi. En þegar maður hugleiðir eðli þessa skatts sem er skattur á neytendur gæti maður út af fyrir sig alveg hugsað réttlætismörkin einhvers staðar í kringum 150 þús. manna byggð sem þýddi að fella mætti hann algerlega niður því að þessi skattur fjallar í raun og veru fyrst og fremst um möguleika einstaklingsins til að njóta þessarar skemmtunar en ekki möguleika fjöldans. Og að því leyti væri alveg réttlætanlegt að einstaklingur í Reykjavík hefði sömu möguleika og einstaklingur annars staðar á þessu landi til að njóta þessarar skemmtunar og þörf hans, ef þörf er fyrir hendi á annað borð, alveg jafn mikil. Því að ekki er heldur hægt að hugsa þá hugsun rökrétt að það hafi einhverjar óheillavænlegar afleiðingar fyrir kvikmyndahús úti á landi þó að hið sama gildi fyrir kvikmyndahús hér í Reykjavík. Þau taka ekki neitt frá þeim í þeim skilningi þó að þessum skatti væri aflétt af þeim líka.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti.

Það er augljóst að þetta litla yfirlætislausa frv. er að breytast í meiri háttar mál. Það er út af fyrir sig ánægjulegt, en ég vil fjalla um örfá atriði sem fram hafa komið.

Í fyrsta lagi var það nefndin sem um það mun fjalla. Það kom fram till. frá hv. 8. þm. Reykv. um að málið færi til fjhn. Það hefur verið venja á Alþingi að breytingar á lögum um skemmtanaskatt færu í menntamálanefndir. Auk þess er þarna um að ræða sérstakan tekjustofn sem er alveg markaður til menningarmála og málefni hans heyra undir menntmrn. Þetta hefur verið venja í málsmeðferð Alþingis.

Hv. 4. þm. Austurl. spurði hvort allsherjarendurskoðun á fjölgun ýmissa staða fyrir unglinga, skemmtistaða eða tómstundastaða, stæði yfir. Ég get svarað því að það út af fyrir sig er ekki í neinni sérstakri endurskoðun. Þetta er málefni sem snertir afskaplega marga þætti mennta- og menningarmála og ekki síst þó það sem mér þykir vera meginmál í þessu sambandi og vakti sérstaka athygli mína á þessum orðum. En mér hefur þótt um margra ára skeið vera of mikið um það þegar menn ræða um æskulýðsmál að vandinn sé fyrst og fremst talinn fólginn í því að ekki séu ýmsir staðir utan heimila fyrir tómstundir æskufólksins. Mér þykir skipta mestu máli að litið sé á heimilin sem samastað unglinga og þeirra stað ekki síður en foreldranna á þann veg að heimilin séu opin fyrir tómstundir unglinganna, fyrir unglingana og þeirra gesti ekki síður en þá heimilismenn sem fullorðnir eru. Vitanlega hefur sjónvarpið átt mikinn þátt í þróun í þessa átt, það hefur vissulega stuðlað að heimilisrækni landsmanna. Það efast ég ekki um. Engu að síður eru þessi vandamál fyrir hendi sem hv. þm. gat um, en til þeirra liggja ákaflega margþættar orsakir og ég er ekki sannfærð um að lausnin liggi í því að búa til fleiri samkomustaði sérstaklega fyrir unglinga. Það hefur ekki útrýmt unglingavandamálum að til séu skemmtistaðir fyrir unglinga. Um það mál mætti lengi fjalla. En æskulýðsmál almennt eru hins vegar á fleiri vegu til skoðunar í sérstakri nefnd sem skipuð hefur verið í tilefni af alþjóðlegu æskulýðsári sem verður 1985. Það er mjög vel þegið að fá ábendingar frá hv. alþm. sem öðrum í sambandi við það verk og það getur vel orðið kveikjan að útfærslu nýrra hugmynda.

Hv. 8. landsk. þm. Kolbrún Jónsdóttir minntist á nokkra staði sem væru mjög nálægt þeim mörkum sem um er fjallað í frv., sérstaklega Húsavík. Mun rétt vera að þar hafi fjölgað um 13 manns eða liðlega það frá því að prentaðar voru þær opinberu skýrslur sem ég hafði undir höndum og greina frá því að á Húsavík séu 2487 íbúar. Slík takmarkatilfelli koma vitanlega til sögunnar.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. spurði hvort skemmtanaskattslög væru ekki í endurskoðun. Það sagði ég í frumræðu minni, þau eru í endurskoðun. Þeirri endurskoðun er senn lokið en að því er varðar fyrri endurskoðun skemmtanaskattslaga lá fullbúið frv. ásamt greinargerð í menntmrn. 1976 en það frv. hefur aldrei verið flutt. Núna er unnið að því að gera þetta mál allt saman einfaldara og þannig úr garði að það verði greiðara í framkvæmd.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það er mikið rétt, að hér er ekkert stórmál á ferðinni en nauðsynlegt er að ræða þessi mál eins og hver önnur. Auðvitað er það til góða fyrir þessa staði að skemmtanaskattur skuli felldur niður af kvikmyndarekstri þar. En ég tel þetta vonda leið til að bæta þennan rekstur. Það er verið að flokka byggðarlög niður og vitandi það að kvikmyndahúsarekstur almennt er mjög illa staddur, að skattlagning á kvikmyndasýningar eða hvern aðgöngumiða er sá hæsti í heimi tel ég það mjög vonda leið. Hvers eiga t. d. Vestmannaeyjar að gjalda? Ekki eru Vestmannaeyjar síður einangraðar en Neskaupstaður t. d. Ég veit að kvikmyndahúsarekstur þar gengur mjög erfiðlega. Líka á Ísafirði og líka á Akranesi. Svo er reyndar um allt land. Vídeóvæðingin hefur vissulega haft ýmsa kosti í för með sér en fyrir þennan rekstur hefur þessi þróun haft mjög skaðvænleg áhrif. Aðsókn hefur minnkað mjög hrikalega og svo er annað sem menn kannske gera sér ekki grein fyrir en það er að verð á leigðum kvikmyndum erlendis frá hefur stórhækkað. Það kemur að vísu til af því að myndirnar koma fyrr til Íslands og það er svo sem ágætt, en eftir því sem þær koma fyrr eru þær dýrari. En það er vegna samkeppni þessara vídeóleiga sem það á sér stað.

Ég endurtek að ég held að þetta sé skref í áttina en ég tel að þetta sé afar vanhugsuð leið og ekkert vit sé í öðru en að fella niður þessa skatta almennt. Ég held líka að þessi niðurfelling geri sáralítið til að laga reksturinn. Þetta er svo lítið af allri þessari skattlagningu, 36.4%, og staðan er svo slæm. Ég tala nú ekki um ef þetta er spurning um 200 þús. kr. eða svo held ég að það lagi lítið fyrir þessi byggðarlög. Það þarf að koma meira til. Líka þarf að koma til niðurfelling á söluskatti og fleiri sköttum.

Kvikmyndahúsarekstur er mjög erfiður. Minnast má á að t. d. á Akureyri er aðeins eitt kvikmyndahús í dag. Hitt er hætt. Svona er þetta um allt land að hvert fyrirtækið á fætur öðru leggur upp laupana. En ég skora á fjmrh. sem hefur nú líka með þetta að gera og menntmrh. að láta fara fram endurskoðun á þessu máli. Ég veit að fyrir liggur erindi frá þeim sem með þetta hafa að gera og ég vænti þess að það verði skoðað alvarlega. En gaman væri að vita núna í lokin hvort könnun hefur farið fram á því hver hafa verið skil á söluskatt af þeim vídeóleigum sem eru víðs vegar um landið og hvort farið hefur fram athugun á því hvort ekki sé rétt að fella niður söluskatt af þessari starfsemi sem er að deyja út ef svo heldur fram sem horfir.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. Ég vildi aðeins tala svolítið skýrar um það sem ég gat um í sambandi við aðstöðu ungs fólks til að verja sínum tómstundum, sérstaklega í kauptúnum og kaupstöðum, og bið hæstv. menntmrh. að gera svo vel og fylgjast með því þannig að enginn misskilningur verði okkar á milli í þessu efni.

Það sem ég átti við var að fram færi heildarendurskoðun á okkar fyrirkomulagi í félagsheimilunum og sú endurskoðun beindist að því að gera félagsheimilin sem eru býsna rúmgóð víða meira að tómstundaheimilum unglinga og barna en þau eru í dag. Ég ætlaði ekki að segja það áðan að ég vildi að ráðist yrði í að byggja fleiri mannvirki af þessu tagi heldur hitt að félagsheimilin yrðu tekin til sérstakrar meðferðar í þá veru að þau yrðu meira félagsmiðstöðvar, t. d. í því formi sem tekið hefur verið upp hér víða í Reykjavík sem ég tel að sé til mikillar fyrirmyndar. Mér dettur ekki í hug að álíta að

slík starfsemi þróist á það stuttum tíma að unga fólkið flykkist þangað. Ég veit að misbrestur hefur verið á því hvað mikil sókn hefur verið en ungt fólk hefur mismunandi áhuga á hinum ýmsu sviðum. Það væri ákaflega mikilsvert að styrkja þessa starfsemi og ég er þeirrar skoðunar að bæði ríki og sveitarfélög ættu að taka höndum saman í þessu efni. Í raun og veru þyrfti víða að hafa sérstakan starfsmann í félagsheimilunum sem væri þar og hefði forystu um að koma á félagsaðstöðu fyrir unga fólkið ásamt því. En ég skal ekki flytja langt mál um þetta í dag, ég vildi koma þessu að í sambandi við þetta mál vegna þess að hæstv. menntmrh. var hér í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Hafnalög, frv. 136. mál (þskj. 174). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir til nýrra hafnalaga er endurskoðuð útgáfa af gildandi hafnalögum nr. 45 frá 1973. Þau lög eru þannig orðin 10 ára gömul. Frv. var lagt fyrir síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu og dagaði uppi í nefnd.

Ég hef látið gera lítils háttar breytingar á frv., aðallega 5. og 6. gr. þess. Í 5. gr. eru tekin út ákvæði um að Hafnamálastofnun skuli hafa yfir að ráða tækjum til dýpkunarframkvæmda. Ákvæði um deildaskiptingu stofnunarinnar, sem till. var gerð um í 6. gr., eru nú tekin út og vísað til reglugerðar. Í 22. gr. er tekin upp skylda Hafnamálastofnunar til að annast ákveðnar framkvæmdir eða hluta þeirra. Loks er í 30. gr. gerð till. um að árlegt framlag ríkissjóðs til Hafnarbótasjóðs verði eigi lægra en 15% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þessi tala er 12% samkv. fyrra frv. Aðrar breytingar eru smávægilegar lagfæringar á orðalagi í 8. og 22. gr.

Við endurskoðun laganna hafði nefndin sem samdi frv. m. a. ýmsar óskir og samþykktir Hafnasambands sveitarfélaga til hliðsjónar. Var tækifærið notað til að má ýmsa smærri agnúa af gildandi lögum, breyta röð ákvæða í rökréttara horf og gera ýmsar aðrar smærri breytingar, en fyrir þessum atriðum er gerð nánari grein í skýringum með einstökum greinum frv.

Aðalbreytingarnar sem gerðar eru frá gildandi lögum eru sem hér segir:

1. Í I. kafla frv. er, eins og í núgildandi hafnalögum, fjallað um yfirstjórn hafnamála. Sú breyting er helst í þessum kafla að ákvæði úr reglugerð um samstarfsnefnd um hafnamál eru tekin inn í 2. og 3. gr. frv. og jafnframt er heiti nefndarinnar breytt í hafnaráð. Með nafnabreytingunni og með því að taka ákvæði þessi inn í lögin er ætlunin að festa þessa tilhögun betur í sessi en verið hefur. Jafnframt er gert ráð fyrir því að varamaður frá Hafnasambandi sveitarfélaga og einn varamaður fyrir báða fulltrúa samgrh. eigi rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Ætlunin með þessari tilhögun er að gefa Hafnasambandi sveitarfélaga aukna möguleika til að hafa áhrif á gang hafnamála.

2. Í frv. eru tekin af öll tvímæli um að frumkvæði um hafnargerðir sé hjá eiganda hafnar og framkvæmdir við þær á ábyrgð hans. Jafnframt er gengið út frá því að hafnarstjórnir annist sjálfar framkvæmd allra annarra verkþátta en þeirra sem kostaðir eru að fullu af ríkissjóði, annaðhvort með eigin starfsliði, samningum við verktaka eða útboði. Um ofangreindar breytingar eru ákvæði í 22. gr. frv. Í mörg undanfarin ár hafa verið mjög ofarlega á baugi hugmyndir um að Hafnamálastofnunin hefði fyrst og fremst með höndum rannsóknir og áætlanagerð, en aukna áherslu skyldi leggja á það að sveitarfélög hefðu á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir fjárhagslegu og tæknilegu eftirliti stofnunarinnar eða þá að slíkar framkvæmdir yrðu boðnar út. Til móts við þetta sjónarmið hefur nú verið gengið til fulls.

3. Jafnframt breytingu samkv. liðnum hér á undan hefur verið stefnt að því í frv. að starfsemi Hafnamálastofnunar beindist meira en verið hefur að frumrannsóknum, tæknilegu eftirliti og áætlanagerð.

4. Í 26. gr. frv. er fjallað um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum. Þær breytingar verða helstar að ríkissjóður greiðir nú 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkv. nánari ákvæðum í reglugerð og 90% stofnkostnaðar við dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn samkv. nánari ákvörðun samgrn., en þessir liðir voru áður greiddir með 75% framlagi úr ríkissjóði.

Eðlilegt er að ríkissjóður greiði að fullu allar frumrannsóknir og jafnframt verði Hafnamálastofnun betur í stakk búin til að inna þær af hendi. Frumrannsóknir þurfa ekki að leiða til hafnargerðar. Þær geta verið tímafrekar og dýrar og því ekki óeðlilegt að kostnaðarþátttaka viðkomandi hafnarsjóðs hefjist ekki fyrr en með rannsóknum sem telja má beinan undanfara hafnarframkvæmda. Hvað varðar dýpkunarkostnað á aðalsiglingaleið getur verið um verulega þungan bagga á einstökum hafnarsjóðum að ræða og því rétt að ríkissjóður komi þar meira til móts við hafnarsjóðina en nú er.

Ég vil sérstaklega undirstrika að stofnkostnaður við mengunar- og slysavarnir í höfnum verður styrkhæfur um 75%, en er ekki styrkhæfur að neinu leyti samkvæmt núgildandi lögum. Einnig hafa verið gerðar breytingar á 8. gr. núgildandi laga með það í huga að koma meira til móts við óskir hafnarsjóðanna. Um þetta atriði eru ákvæði í 24. gr. frv. Tekin eru nú öll tvímæli af um það að vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántöku- og annar fjármögnunarkostnaður, kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána og gengistap á erlendum lánum teljist til styrkhæfs byggingarkostnaðar, enda verði kostnaðurinn til vegna kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í framkvæmdinni. Einnig er það skilyrði til greiðslu slíks kostnaðar að til hans hafi verið stofnað með heimild rn. og fjvn. Alþingis.

5. Í 10. gr. núgildandi hafnalaga eru ákvæði um gerð áætlunar um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. Jafnframt eru ákvæði um að áætlunin skuli gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þáltill. og að hún öðlist gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana. Óumdeilanlegt er að áætlunin hefur verið til mikils gagns eins og hugmyndin var þegar þetta ákvæði var sett inn í lögin. Ætlunin með þessu ákvæði var sú að fá Alþingi til að afgreiða áætlunina sem þál., enda fengi hún þá fastara form, svipað og vegáætlun. Hins vegar er ýmislegt ólíkt með þessum tveimur áætlunum, m. a.

fjáröflun, en eins og kunnugt er býr Vegasjóður við fastan markaðan tekjustofn. Einnig má nefna það atriði að vegaframkvæmdir eru algerlega kostaðar af ríkissjóði, en hafnarframkvæmdir eru blandaðar framkvæmdir ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Raunin hefur orðið sú, að þótt hafnagerðaráætlunin hafi verið lögð fyrir Alþingi á tveggja ára fresti hefur hún aldrei fengið þá meðferð sem gert er ráð fyrir í greininni. Vafasamt er að halda þessu ákvæði um meðferð áætlunarinnar á Alþingi til streitu og því gert ráð fyrir að áætlunin sé lögð fram sem þskj.

6. Mikilsverða breytingu frá gildandi lögum er að finna í 26. gr. þar sem segir m. a. að ríkissjóður greiði allt að 75% og 40% af kostnaði við hafnargerðir. Enn fremur segir í 27. gr. að fjvn. Alþingis geti ákveðið að fengnum tillögum samgrh., sem áður skal leita umsagnar hafnaráðs og hafnamálastjóra, að ríkisframlag til framkvæmda, sem eru styrkhæfar um 75% og 40%, verði lægra en þar greinir til hafna sem taldar eru fjárhagslega færar um að standa undir hærri kostnaðarþátttöku en 25% og 60%. Sá mismunur framlaga úr ríkissjóði sem þannig myndast rennur sem sérstakar tekjur til Hafnabótasjóðs.

Ein höfn, sem fellur undir hafnalög, hefur yfirleitt ekki notið ríkisstyrks til framkvæmda, þ. e. Reykjavíkurhöfn. Talið hefur verið að sjálfsaflafé hennar nægði til að standa undir eigin framkvæmdum og gildir því ekki um hana ofangreint ákvæði um að mismunur framlags úr ríkissjóði renni til Hafnabótasjóðs.

Telja má að almennt bættur fjárhagur hafnanna geti leitt til þess að sumar þeirra yrðu færar um að standa undir meiri greiðsluþátttöku en gert er ráð fyrir í lögunum sem lágmarki, en vafasamt er að ríkið styrki hafnir samkvæmt hámarksheimild til framkvæmda sem sjálfar geta að verulegu leyti staðið undir þeim af eigin tekjum.

7. Hér skal fjallað um gjaldskrármál og breytt fyrirkomulag þeirra, sbr. 13. gr. frv. Verði ákvarðanir um gjaldskrár hafnastjórna frá 1. febr. n. k. algerlega mál sveitarstjórna þarf að breyta þessari grein. Meðan grein í frv. er óbreytt getur umsögnin um hana verið á þá leið að allar breytingar á gjaldskrám hafna hafi eins og kunnugt er verið þungar í vöfum vegna ákvæða í gildandi lögum. Ekki er öllu lengur hægt að halda því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur, þ. e. að hver höfn um sig sæki um hækkun á gjaldskrá til samgrn. og gjaldskráin sé síðan birt sérstaklega í Stjórnartíðindum, en það hefur í för með sér að svo til samhljóða gjaldskrár 50—60 hafna eru birtar í Stjórnartíðindum tvisvar til þrisvar á ári. Í 13. gr. er því gert ráð fyrir að ein gjaldskrá sé sett fyrir allar hafnir á landinu sem lögin ná til, en þó er gert ráð fyrir heimild til fráviks frá þessari samfelldu gjaldskrá, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8. Nefndin sem samdi frv. tók sérstaklega til athugunar möguleika á að leggja niður landshafnarformið og að um landshafnir giltu sömu lög og um almennar hafnir. Þær þrjár landshafnir sem um er að ræða eru í Keflavík—Njarðvík, Rifi á Snæfellsnesi og Þorlákshöfn. Lögin um landshöfn í Keflavík—Njarðvík, sem er elst þeirra, voru upphaflega sett árið 1946. Landshafnarhugmyndin er þannig orðin nærri 40 ára gömul. Hún kom fram við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú ríkja og því rétt að endurskoða hvort sú sérstaða eigi áfram að gilda um þessar hafnir sem talin var vera fyrir hendi við setningu landshafnalaganna.

Höfuðrökin fyrir þessu fyrirkomulagi voru á sínum tíma, að engar nothæfar fiskihafnir væru til á ákveðnum landssvæðum, svo sem Reykjanesi. Þaðan væri hins vegar skammt á góð fiskimið og á þessi svæði sækti fjöldi aðkomubáta. Ekki væri hægt að ætlast til að eitt sveitarfélag stæði þannig undir hafnargerðarkostnaði við höfn sem þjónaði fleiri sveitarfélögum. Það kom og til að á þessum tíma greiddi ríkissjóður minna til almennra hafnargerða en nú er eða 40% samkvæmt lögum sem samþykkt voru sama ár og fyrstu landshafnalögin, en áður hafði ríkisframlagið verið enn lægra.

Hér er gerð tillaga um það, ákvæði til bráðabirgða I, að teknar séu upp viðræður við sveitarstjórnir á þessum stöðum um afhendingu landshafnarmannvirkja til þeirra til eignar og reksturs samkv. hafnalögum, ef samkomulag verður um.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 230). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 230 um breyt. á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1978, um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 frá 23. mars 1983 um breyting á þeim lögum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá 26. maí s. l. er því lýst yfir að áhersla verði lögð á að efla atvinnustarfsemi og atvinnuuppbyggingu til þess að auka hagvöxt og atvinnuöryggi. Í því skyni verði m. a. starfsskilyrði atvinnuveganna jöfnuð og samkeppnisstaða íslenskra atvinnugreina styrkt. Skattalögum verði breytt þannig að þau örvi fjárfestingu og eiginfjármyndun í atvinnulífinu.

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu skipaði ég snemma sumars nefnd til að undirbúa frv. til breytinga á skattalögunum. Er erindisbréf nefndarinnar dags. hinn 14. júlí s. l. Skyldu tillögur nefndarinnar liggja fyrir á haustmánuðum þannig að unnt yrði að leggja tillögur um þetta efni fyrir Alþingi á fyrri hluta þingsins. Nefndina skipuðu þeir Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi, sem var formaður hennar, en auk hans Geir Geirsson löggiltur endurskoðandi og alþm. Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Þorsteinn Pálsson. Nefndin vann mjög gott starf og skilaði áliti sínu í nóvembermánuði s. l. Er frv. það sem hér er til umr. samið af nefndinni í samvinnu við fjmrn. og grundvallast á hugmyndum nefndarinnar.

Í tengslum við þetta frv. annaðist nefndin samningu sérstaks frv. um frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri og var það lagt fram samhliða þessu frv. og eru náin tengsl á milli frumvarpanna beggja.

Öflugt atvinnulíf er forsenda allra efnahagslegra framfara og fullljóst er að afkoma almennings í þessu landi verður ekki byggð á öðru en traustu og þróttmiklu

atvinnulífi. Á undanförnum árum hafa margar greinar atvinnurekstrar átt í miklum erfiðleikum hér á landi, þar sem gætt hefur samdráttar og versnandi afkomu. Í þessum efnum þarf að snúa vörn í sókn og hefja nýskipun arðbærrar atvinnustarfsemi með aukinni þátttöku almennings. Sérstaklega þarf að auka eiginfjármyndun atvinnufyrirtækja og bæta möguleika þeirra til endurnýjunar atvinnutækja.

Til að skapa atvinnurekstrinum í landinu heilbrigðan rekstrargrundvöll og vaxtarskilyrði á ný er ljóst að breyta þarf mörgum atriðum í efnahagslífi okkar. Varðandi sum þessi atriði hefur verulegur árangur þegar náðst og er þar nærtækast að nefna þá verulega miklu lækkun á verðbólgunni sem orðið hefur í valdatíð núv. ríkisstj. En aðgerða er einnig þörf á öllum sviðum, m. a. í skattamálum. Er frv. því sem hér er til umr. ásamt fyrrgreindu fylgifrv. þess ætlað það hlutverk. Hefur frv. að geyma allmargþættar tillögur til breytinga á skattlagningu einstaklinga og atvinnufyrirtækja, sem allar stefna þó að þessu marki.

Mun ég nú víkja að helstu tillögum frv. og snúa mér fyrst að þeim breytingum er varða atvinnurekstur sjálfan. Þar eru meginbreytingarnar þríþættar: Í fyrsta lagi er lagt til að fjárfestingarsjóður verði tekinn upp í stað núverandi varasjóðs. Í öðru lagi er lagt til að breyting verði gerð á meðferð úthlutaðs arðs hjá félögum. Og í þriðja lagi er gert ráð fyrir breytingu á fyrningarhlutföllum.

Samkv. núgildandi lögum er félögum sem atvinnurekstur stunda heimilt að leggja allt að 25% af hagnaði í sérstakan varasjóð. Þessum varasjóði er einungis heimilt að ráðstafa til að mæta rekstrartapi. Sé sjóðnum ráðstafað á einhvern annan hátt ber að telja hina ráðstöfuðu fjárhæð til tekna að viðbættu 25% álagi.

Gildandi ákvæði um varasjóð hafa löngum þótt að ýmsu leyti gölluð. Sérstaklega hafa menn þó gagnrýnt ákvæðin um óheimila ráðstöfun hans. Það hefur reynst mjög erfitt í framkvæmd að meta hvenær varasjóði hefur verið ráðstafað í þessu sambandi og hvenær hann skyldi telja til tekna að viðbættu 25% álagi. Í mörgum tilfellum hefur varasjóðurinn í raun virkað eins og lækkun á skatthlutfalli félaga. Annar megingalli við ákvæði núgildandi laga um myndun varasjóðs er að heimildin hefur verið bundin við félög. Einstaklingum hefur ekki verið heimilt að leggja fé í varasjóð þó þeir stunduðu atvinnurekstur og hefur varasjóðsheimildin skapað visst misvægi milli atvinnurekstrar eftir því hvort hann er í formi félags eða á vegum einstaklings.

Með ákvæðum frv. um fjárfestingarsjóð í stað varasjóðs er stefnt að raunhæfari varasjóðsmyndun í atvinnurekstri, þ. e. stefnt að myndun varasjóðs sem ráðstafa má til frekari uppbyggingar og tekjujöfnunar í rekstrinum.

Í frv. er lagt til að einstaklingar og félög, sem hafa skattskyldar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, geti myndað fjárfestingarsjóð með frádrætti frá tekjum, allt að 40% af skattskyldum hagnaði ársins. Helming af tillagi í fjárfestingarsjóð skal leggja inn á bundinn reikning í banka eða sparisjóði, svonefndan fjárfestingarreikning. Reikningar þessir skulu vera verðtryggðir og bera sömu vexti og verðtryggðir reikningar við innlánsstofnanir almennt gera, þ. e. reikningar sem eru með svipuðum binditíma. Innborgun inn á þessa reikninga skal hafa farið fram fyrir 1. júní árið eftir lok þess almanaksárs sem tillagið varðar eða fimm mánuðum eftir lok reikningsárs sé það annað en almanaksárið. Fjárhæð sem lögð er inn á bundinn reikning má fyrst nota sex mánuðum eftir að innborgun hefur farið fram og skal hún hafa verið notuð innan sex ára frá því tímamarki.

Fjárfestingarsjóðurinn framreiknast árlega með verðbreytingarstuðli samkv. 26. gr. tekjuskattslaganna, þ. e. með sama stuðli og aðrar stærðir í skattalögunum. Þessi framreikningur á sér stað frá frádráttarári til ráðstöfunarárs sjóðsins. Verðbætur og vextir af innstæðureikningi eru skattskyld, en reikningurinn reiknast með í stofni við útreikning á verðbreytingarfærslu. Þetta þýðir raunverulega að einungis ákveðnir raunvextir af þessum reikningum verða skattskyldir.

Ef fjárfestingarsjóðnum er ráðstafað telst hann til skattskyldra tekna, en jafnframt því er heimilt að fyrna nýjan reikning, sem heimilt er að fyrna í fyrsta sinn á árinu samkv. skattalögum, eða eignir sem eru í smíðum og enn hafa ekki verið teknar í notkun.

Í þessum tillögum um fjárfestingarsjóð í stað varasjóðs felast róttækar breytingar. Horfa sumar þeirra til rýmkunar á þeim heimildum sem nú eru í lögum, en aðrar til þrengingar.

Til rýmkunar horfir eins og áður sagði að heimild til myndunar fjárfestingarsjóðs nær til allra aðila sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi, óháð rekstrarformi, en núgildandi ákvæði um varasjóð eru bundin við félög.

Í öðru lagi horfir til rýmkunar að heimild til ráðstöfunar fjárfestingarsjóðs er ekki bundin eingöngu við að verja honum á móti tapi, heldur er einnig heimilt að verja honum til að fyrna nýjar eignir.

Í þriðja lagi horfir til rýmkunar að tillög í fjárfestingarsjóð geta numið allt að 40% af hreinum tekjum, en tillög í varasjóð mega ekki nema meira en 25% af hreinum tekjum.

Á hinn bóginn eru ýmis atriði sem horfa til þrengingar eða takmörkunar á þeim heimildum sem fyrir eru varðandi varasjóðinn. Þannig er í fyrsta lagi myndun fjárfestingarsjóðs háð skilyrðum um fjárbindingu sem svarar helmingi af tillaginu sjálfu. Slíka bindingu er ekki að finna í lögum varðandi varasjóð.

Í öðru lagi er ákvæði um að skylt sé að ráðstafa fjárfestingarsjóði innan tiltekinna tímamarka, en ráðstöfun á núgildandi varasjóði er ekki háð neinum tímamörkum.

Í þriðja lagi horfir til þrengingar að fjárfestingarsjóðurinn framreiknast árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli og sú skattalega skuldbinding sem honum fylgir heldur því raunverulega verðgildi sínu, en núgildandi varasjóður framreiknast ekki og hefur því rýrnað verulega í verðbólgunni undanfarin ár og þar með sú skattalega skuldbinding sem á honum hefur hvílt.

Þegar þessi atriði öll eru skoðuð í samhengi og metin heildarútkoma þeirra verður ekki sagt að þegar til lengri tíma er litið felist lækkun á skattlagningu fyrirtækja í þeim tillögum er varða fjárfestingarsjóðinn, þó að þær kunni eitthvað að rýra tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti atvinnurekstursins þegar til skamms tíma er litið. Meginmáli skiptir þó að fjárfestingarsjóðurinn er mun raunhæfari við varasjóðsmyndun í atvinnurekstri en núgildandi ákvæði um varasjóð og hann er mun líklegri en núgildandi varasjóður til að stuðla að frekari

uppbyggingu og tekjujöfnun í rekstri. Eru þær tillögur um fjárfestingarsjóð sem ég hef rakið hér að framan og frv. hefur að geyma að verulegu leyti sniðnar eftir hliðstæðri sjóðsmyndun, sem heimiluð er í skattalögum flestra grannlanda okkar og þykir hafa gefið góða raun þar.

Að því er félögin varðar eru í öðru lagi gerðar tillögur um breyttar reglur um skattalega meðferð úthlutaðs arðs hjá hlutafélögum og skattalega meðferð þess fjár sem samvinnufélög greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði. Samkvæmt núgildandi lögum er helmingur þeirrar fjárhæðar sem hlutafélög greiða eða úthluta í arð frádráttarbær en þó má frádráttur aldrei vera hærri en nemur 5% af matsverði hlutafjár. Hjá viðtakendum þessa arðs er hann allur skattskyldur, en þó getur hver einstakur viðtakandi fært til frádráttar aftur allt að 12 700 kr. Þessar reglur hafa leitt til þess að iðulega kemur til tvísköttunar arðs, þar sem arður er að hálfu leyti skattlagður í félaginu sem úthlutar honum og að verulegu leyti aftur skattlagður hjá viðtakanda.

Í frv. er lagt til að úthlutaður arður úr hlutafélagi verði frádráttarbær að fullu hjá félaginu, þó ekki umfram 10% af matsverði hlutafjár. Jafnframt eru gerðar tillögur um nokkra rýmkun á frádráttarbærni úthlutaðs arðs í höndum móttkanda og mun ég víkja að þeim síðar.

Samkv. þessum tillögum er með öllu afnumin sú tvísköttun á úthlutuðum arði sem ríkt hefur að nokkru leyti hingað til og verður að telja að mörgu leyti mjög óeðlilega. Þá eru einnig rýmkaðar heimildir samvinnufélaga til að færa til frádráttar fjárhæðir sem greiddar eru félagsaðilum eða færðar þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Hafi þessi félög viðskipti við aðra en félagsaðila sína er þeim samkv. núgildandi lögum jafnan heimilt að draga frá skattskyldum tekjum arð af viðskiptum við félagsaðila sína á rekstrarárinu er nemi allt að ⅔ hlutum hreinna tekna, enda sé sú fjárhæð greidd félagsaðilum eða færð þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra. Þessi arður má þó aldrei samkv. gildandi lögum nema meira en 5% af viðskiptum félagsaðila. Í frv. er gert ráð fyrir því að þetta hámark hækki úr 5% í 7%.

Að því er atvinnureksturinn varðar eru loks í þriðja lagi í frv. gerðar tillögur um nokkra hækkun á fyrningarhlutföllum. Þau fyrningarhlutföll í skattalögunum eru ákveðin varðandi einstakar tegundir eigna. Þær hafa fram að þessu fyrst og fremst verið miðaðar við raunverulegan endingartíma þeirra, þannig að eignin væri komin niður í niðurlagsverð að loknum endingartímanum þó að sjálfsögðu hafi þarna verið um meðaltalsreglu að ræða.

Hin síðari árin hefur borið æ meira á úreldingu eigna vegna örra tæknibreytinga, þannig að endingartíminn einn ræður ekki úrslitum um þessi efni lengur. Í ljós hefur komið að núgildandi ákvæði um fyrningar nægja ekki í nærri öllum tilvikum til að færa eignir til raunverulegs verðs á hverjum tíma af þessum sökum. Í þessu sambandi má nefna örar tæknibreytingar á sviði tölvunotkunar, á sviði vöruflutninga, t. d. á sjó og á fjölmörgum öðrum sviðum. Hafa þessar breytingar í mörgum tilfellum gert eldri búnað úreltan eða verðminni en ráð var gert fyrir, oft löngu áður en raunverulegum endingartíma búnaðarins í hinum hefðbundna skilningi þess orðs var lokið.

Af þessum sökum eru gerðar í frv. tillögur um nokkra hækkun fyrningarhlutfalla. Þannig er lagt til að fyrningarhlutföll skipa og skipsbúnaðar hækki úr 8% í 10%, að fyrningarhlutföll verksmiðjuvéla og hvers konar iðnaðarvéla hækki úr 12% í 15% og að fyrningarhlutföll véla og tækja til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiða, tölvubúnaðar o. fl. verði hækkuð úr 12% í 20%. Jafnframt er lagt til að fyrningarhlutföll mannvirkja verði 2%—10% í stað 2%—6% áður. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að fjmrh. ákveði með reglugerð fyrningarhlutfall einstakra flokka mannvirkja eftir gerð, byggingarefni o. fl. Það má því fyrst og fremst búast við að hið aukna svigrúm sem gert er ráð fyrir í fyrningarhlutföllum mannvirkja verði notað varðandi einstakar óvaranlegar tegundir eigna.

Samkv. gildandi lögum um tekju- og eignarskatt er íbúðarhúsnæði í atvinnurekstri ekki fyrnanlegt. Í ýmsum tilvikum er þetta óeðlilegt. Má í því sambandi nefna verbúðir og vistarverur starfsfólks fiskiðjuvera víða úti um land. Þá eru einnig dæmi um að íbúðir séu leigðar út af félögum eða öðrum í stórum stíl í atvinnurekstrarskyni. Er lagt til að á þessu verði breyting og íbúðarhúsnæði sem notað er í atvinnurekstri verði almennt fyrnanlegt. Ekki er þó gert ráð fyrir að þessi breyting taki til íbúðarhúsnæðis í eigu manna nema heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í hans eigu í árslok fari fram úr tilteknum mörkum. Slík takmörkun þykir nauðsynleg til þess að reglur um fyrningu á útlögðu íbúðarhúsnæði verði framkvæmanlegar.

Ég hef nú lýst stuttlega tillögum frv. að því er varðar atvinnureksturinn, þ. e. tillögum um fjárfestingarsjóð, arð og hækkun fyrningarhlutfalla, og mun nú snúa mér að tillögunum er lúta að einstaklingum.

Helstu brtt. er að einstaklingum lúta skiptast í þrjá flokka svipað og varðandi atvinnurekstur. Í fyrsta lagi varða tillögurnar meðferð móttekins arðs og greiðslna í stofnsjóði samvinnufélaga, í öðru lagi fjárfestingu einstaklinga í atvinnurekstri og frádráttarbærni hennar með vissum skilyrðum og innan vissra marka og loks í þriðja lagi tillögur varðandi breytta eignarskattsmeðferð að því er varðar hlutafjáreign og stofnfjárinnstæðu í samvinnufélögum.

Ég vék hér áðan, þegar ég fjallaði um skattlagningu atvinnurekstrar og tillögur til breytinga á henni, að meðferð úthlutaðs arðs hjá hlutafélögum og færslna í stofnsjóði hjá samvinnufélögum. Að því er varðar skattlagða meðferð þessara greiðslna hjá móttakendum eru einnig gerðar tillögur til breytinga í frv. því sem hér liggur fyrir.

Samkv. gildandi reglum er fenginn arður af hlutafjáreign frádráttarbær hjá einstaklingum sem við honum taka. Þessi frádráttarheimild sætir svo tvenns konar takmörkunum. Í fyrsta lagi er móttekinn arður ekki frádráttarbær nema upp að 10% af nafnverði einstakra hlutabréfa eða hluta og í öðru lagi má frádráttur aldrei vera hærri en 12 750 kr. fyrir einhleyping og helmingi hærri upphæð fyrir hjón. Í frv. er ekki gerð tillaga um aðrar breytingar á þessum ákvæðum er þær, að fyrrgreind fjármagnsupphæð frádráttarins hækki úr 12 750 kr. fyrir einstakling upp í 25 þús. kr. og hækki samsvarandi fyrir hjón, þ. e. það er lagt til að þetta hámark frádráttarheimildarinnar tæplega tvöfaldist.

Þá gerir frv. einnig ráð fyrir því að frádráttarbær

hámarksupphæð, sem færð er félagsmanni í samvinnufélagi til tekna í stofnsjóð vegna viðskipta hans við félagið, hækki úr 5 í 7%.

Kunnara er en frá þurfi að segja að atvinnufyrirtæki á Íslandi hefur mjög skort eigið fé til rekstrar síns. Hefur sáralítið kveðið að því hér á landi að almenningur legði fé til slíks rekstrar, enda má segja að skattalög hafi ekki gert þann kost sýnu fýsilegan, auk þess sem almennan markað fyrir slík hlutabréf hefur skort. Í c-lið 4. gr. þess frv. sem hér er til umr. er að finna rammagrein sem ætlað er að gera það skattalega hagstætt fyrir almenning að festa fé sitt í slíkum rekstri og örva þar með eiginfjármyndun og fjárfestingu í atvinnulífinu. Samkv. þessari grein er frádráttarbært frá tekjum það fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í atvinnurekstri á tekjuárinu allt að 20 þús. kr. hjá einstaklingi og 40 þús. kr. hjá hjónum. Þessi aukning fjárfestingar þarf þó að fullnægja nánari skilyrðum, en um þau skilyrði er fjallað í frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri sem ég get um hér að framan og lagt var fram sem fylgifrv. með þessu frv.

Í því frv. er gert í stuttu máli ráð fyrir fjórum mismunandi tegundum fjárfestingar sem fullnægt geti skilyrðum til frádráttarbærni. Í fyrsta lagi myndun bundinna stofnfjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, sem verja skal til nýmyndunar eigin rekstrar síðar. Í öðru lagi bein og milliliðalaus fjárfesting í hlutabréfum hlutafélaga þar sem hlutafé er ekki undir 10 millj. kr., hluthafar a. m. k. 100 og viðskipti með hlutabréf eru frjáls. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir frádráttarbærni tillaga í starfsmannasjóði sem sérstaklega eru myndaðir til kaupa á hlutabréfum í hlutafélögum sem þeim eru tengd. Loks er í fjórða lagi gert ráð fyrir frádráttarbærni á fjárfestingu í hlutabréfum í sérstökum fjárfestingarfélögum sem mynduð yrðu til kaupa á áhættufé atvinnufyrirtækja og skuldabréfum þeirra.

Ég mun fjalla nánar um þessi sérstöku skilyrði þegar ég mæli fyrir áðurnefndu fylgifrv., en ég tel að með þessum ákvæðum sé lagður grundvöllur að opnari og eðlilegri viðskiptum með áhættufé í atvinnurekstri hér á landi. Tel ég að þetta geti leitt til aukinnar þátttöku almennings og aukningar á áhættufé í fyrirtækjum þegar frá líður. Til þess að svo verði í verulegum mæli þarf auðvitað fleira til að koma en breytingar á skattalögum einum saman. Viðskipti með hlutabréf þurfa að komast í fastara form þar sem slík bréf væru til sölu á almennum markaði, helst með skráningu sölugengis þeirra. Hugarfarsbreyting þarf að verða hjá forsvarsmönnum atvinnufyrirtækja í þá átt að opna félögin og gera eignaraðild að þeim eftirsóknarverða með úthlutun arðs og síðast en ekki síst þarf hugarfarsbreyting að verða hjá almenningi þannig að litið verði á kaup á áhættufé atvinnufyrirtækja sem raunhæfan kost við ávöxtun á sparifé ekki síður en ávöxtun þess í innlánsstofnunum eða í spariskírteinum ríkissjóðs. Slíkar breytingar gerast ekki í einu vetfangi, en telja verður að breyting skattalaga á þennan hátt, sem að framan er lýst, ætti að geta hrundið af stað þróun í þessa átt.

Þriðja megintillaga frv. varðandi skattlagningu einstaklinga hefur einnig þann tilgang að hvetja almenning til fjárfestingar í áhættufé. Lýtur hún að því að við ákvörðun á eignarskattsstofni einstaklinga verði heimilt að draga frá eigin innstæður á stofnfjárreikningum samvinnufélaga og hlutabréfaeign allt að 250 þús. kr. hjá einstaklingi og 500 þús. kr. hjá hjónum. Innan þessara marka gilda þá um þessar eignir sömu reglur og nú gilda um innstæður manna í bönkum og sparisjóðum.

Ég hef nú stiklað á stóru varðandi efnisatriði og tilgang frv. sem hér er til umr. Ég hef takmarkað umfjöllun mína við meginatriði frv. Varðandi útfærslu á þeim er að sjálfsögðu til fjölmargra tæknilegra atriða að líta sem ugglaust verður fjallað nánar um við meðferð málsins í nefnd.

Í flóknu máli sem þessu er vönduð nefndarmeðferð að sjálfsögðu nauðsynleg, en ég legg á það áherslu að slík meðferð þarf ekki endilega að taka langan tíma. Er mjög nauðsynlegt að afgreiðslu þessa frv. verði hraðað svo sem nokkur kostur er. Ástæðan er sú, að öllum ákvæðum þess öðrum en ákvæðum um frádráttarbærni áhættufjárfestinga er ætlað að gilda við skattlagningu á þessu ári. Er fyrirtækjum og þeim sem vinna við uppgjör og framtalsgerð því brýn nauðsyn á því að ljóst verði hið fyrsta hvaða reglur gildi um skattalegt uppgjör tekna og eigna ársins 1983. Dragist meðferð málsins í langan tíma hér á Alþingi er augljóst að það mun leiða til verulegra erfiðleika í skattkerfinu og hugsanlega svo að áhrif kunni að hafa á það næst að ljúka álagningu skatta á réttum tíma.

Að lokum nokkur orð um áhrif frv. á tekjur ríkissjóðs. Um árabil hafa verið vélteknar upplýsingar úr framtölum einstaklinga, sem hafa gert mönnum kleift að áætla fjárhagsleg áhrif einstakra brtt. í skattamálum þeirra með nokkurri nákvæmni. Sérstaklega hefur þetta gilt um tillögur er lúta að breytingum á skattstigum og öðrum þáttum í álagningarútreikningi skattalaganna. Slíkum véltæknum upplýsingum hefur ekki verið fyrir að fara varðandi einstaka þætti í skattalegu uppgjöri atvinnurekstrarins, enda er þar um mun flóknari þátt að ræða sem erfitt er að véltaka. Af þessum sökum hefur ætíð reynst erfitt að áætla nákvæm fjárhagsleg áhrif brtt. að því er atvinnureksturinn varðar. Á þetta einnig við um tillögur þessa frv. Það er ljóst að frv. þetta mun hafa einhver áhrif til lækkunar varðandi tekjur ríkissjóðs þegar til skamms tíma er litið. Sé hins vegar horft til lengri tíma ætti sú lækkun sem í upphafi kann að verða á tekjuskattinum að skila sér að fullu og ríflega það með öflugu atvinnulífi og auknum tekjum.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að gera það að tillögu minni að frv. verði vísað til virðulegrar fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það er mjög áberandi og eftirtektarvert einkenni á stefnu núverandi stjórnar að hún beitir sér fyrir hvoru tveggja í senn, annars vegar einhverri mestu lífskjaraskerðingu lágtekjufólks og meðaltekjufólks sem átt hefur sér stað um margra áratuga skeið, en hins vegar beitir hún sér fyrir lögfestingu ýmiss konar kjarabóta og fríðinda í þágu þeirra sem best teljast settir í okkar þjóðfélagi. Ég þarf ekki að orðlengja frekar um skerðingu lífskjaranna. Hún er daglega til umr. hér í þingsölum og meðal alls almennings, enda hygg ég að ekki hafi orðið þvílíkt neyðarástand á þúsundum og tugþúsundum heimila í landinu fyrr, a. m. k. ekki seinustu 20—30 árin, og við stöndum núna frammi fyrir.

Hin hliðin á stefnu stjórnarinnar, sem varðar kjara-

bætur og fríðindi til þeirra sem best eru settir í þjóðfélaginu, er því miður ekki eins mikið rædd, en er engu að síður athyglisverð. Ég ætla ekki að rifja upp þau mörgu mál sem hafa komið fram á þingi og varðað hafa ýmiss konar tekjutap ríkissjóðs í þágu þeirra sem hljóta að teljast allvel settir. En við stöndum hér frammi fyrir frv. af þessu tagi — frv. sem er flutt til þess að minnka skatta á tekjur manna og atvinnurekenda að sjálfsögðu á kostnað annarra skattgreiðenda í landinu um leið og verið er að fjölga stórlega þeim smugum og glufum sem eru á tekjuskattskerfinu og munu gera lögleg og ólögleg skattsvik eða skattundanþágur, skattundandrátt skulum við kannske öllu frekar orða það, auðveldari en áður var.

Þau ákvæði í frv. sem stefna í þessa átt eru þau í fyrsta lagi, að gildandi heimild um að draga frá tekjuskatti arð af hlutafjáreign er stórlega aukin og um er að ræða að upphæðin, sem er í núgildandi lögum, er tífölduð. Vissulega er ekki þar um tífalda aukningu að ræða frá því sem var þegar núgildandi skattalög voru sett, því að upphæðin var ákveðin í skattalögum 1981 seinast og um er að ræða tíföldun frá þeim tíma, en ætli það sé ekki a. m. k. fjórföldun. Ætli það sé ekki um að ræða a. m. k. fjórföldun á skattfríðindum frá því sem er í gildandi lögum, ef tekið er tillit til verðlagsbreytinga frá árinu 1981.

Í öðru lagi geta einstaklingar fengið veruleg skattfríðindi með því að auka eignir sínar í atvinnurekstri, fjárfesta í atvinnurekstri. Þar er um að ræða undanþáguheimild sem ekki er óskyld þeirri fyrri sem ég nefndi. Samanlagt nema þessar heimildir hjá hjónum 90 þús. kr. á ári, þ. e. skattfríðindi á hverjum mánuði af tekjum sem nema hvorki meira né minna en 7500 kr. Það er rétt að hafa það í huga að talið er að allra lægstu tekjur fólks séu nú í kringum 8 þús. kr. En þeir sem eru á lágmarkslaunum eru með tekjur í kringum 10 þús. Það er sem sagt um að ræða að næstum því jafnhá tekjuupphæð og nemur lægstu tekjum í þjóðfélaginu verður frádráttarbær við skattálagningu, að sjálfsögðu einungis hjá þeim sem hafa háar tekjur því að hinir bera ekki tekjuskatt og njóta þessa því á engan hátt. Menn þurfa raunar að vera verulega miklu hærri í skattstiganum en þetta til að njóta þessara hlunninda. Ég hygg að menn þurfi að fara alla leið upp í tvöfaldar þessar tekjur, sennilega a. m. k. í 15—20 þús. kr. tekjur á mánuði, til að þeir komist í tekjuskatt og þá fyrst er einhver möguleiki að menn njóti þessara fríðinda, enda segir það sig sjálft að menn þurfa að hafa verulegar tekjur til að eiga eitthvað afgangs, ekki síst eins og nú er komið málum hjá launafólki í landinu.

Vissulega er gjöf ríkisins til þeirra sem hér eru að þiggja gjafir ekki 7500 kr. á mánuði, því að það er tekjuupphæðin sem því nemur. Gjöfin til hátekjumanna í þjóðfélaginu, sem gefin er með þessum tveimur ákvæðum, er 45% af tekjuupphæðinni eða rétt um 3400 kr. á mánuði. Það er sú gjöf sem við stöndum frammi fyrir að núv. ríkisstj. ætlar að gefa hátekjumönnum í landinu, 3400 kr. á mánuði, ekki í eitt skipti heldur til frambúðar svo fremi að þeir rétti út hendina og nýti sér möguleikann.

Í þriðja lagi er verið að auka verulega skattfrelsi af hlutafjáreign og þar er um að ræða gjöf til hátekjumanna og stóreignamanna sem mun nema um tæpum 5 þús. kr. á ári. Það er vissulega lítil upphæð til samanburðar við þær sem ég nefndi hér fyrr, en þó dágóð summa.

Þetta gildir um einstaklinga, sem ekki eru í atvinnurekstri, en eru með þessum hætti að gerast þátttakendur í atvinnurekstri, væntanlega í fyrirtæki sem verið er að stofna, setja á fót. En ef við svo aftur á móti lítum á þá sem atvinnurekstur stunda, þá er vissulega þar um enn stærri og meiri hlunnindi og fríðindi að ræða. Þar er í fyrsta lagi sú regla að mönnum heimilast að taka 40% af skattskyldum hagnaði ársins og leggja í fjárfestingarsjóð. Vissulega er hér ekki um algert nýmæli að ræða, vegna þess að í núgildandi lögum er heimild til myndunar varasjóðs hjá félögum — ákvæði sem er á margan hátt hliðstætt þessu ákvæði, en verður nú afnumið. Við höfum löngum bent á það, við Alþb.-menn, að varasjóðsákvæðið í núgildandi lögum væri afar hæpið og ætti að afnema því að auðvitað er þar ekki um neitt annað að ræða en hrein skattfríðindi. En þótt við höfum nú verið í ríkisstjórnum og jafnvel átt fjmrh. um skeið hefur okkur ekki tekist að fá aðra flokka, sem við höfum unnið með, til fylgis við þessa breytingu, þannig að ákvæðið um varasjóðina hefur staðið áframhaldandi, enda gamalt að stofni til, mjög gamalt sennilega. Ég get tekið undir það, sem kemur fram hér í grg., að ákvæðin um varasjóðsframlag fyrirtækja eru stórgölluð í núgildandi lögum. En ég held að við séum svo sannarlega að fara úr öskunni í eldinn með því að taka upp fjárfestingarsjóði, sem eiga að koma hér í staðinn, enda er þar bersýnilega um að ræða miklu stærri og meiri hlunnindi og fríðindi en voru með gömlu varasjóðsákvæðunum.

Menn munu vissulega reyna að benda á það í þessu sambandi að eignaaukningin í atvinnurekstri lækki tekjur til skatts þegar þar að kemur með einum eða öðrum hætti, eins og vikið er að í grg. þessa frv. En ég hygg að það sé nú meira sjónblekking, sem menn átta sig til fulls á ef þeir lesa frv., enda er ljóst af því að í fyrsta lagi getur aldrei orðið um að ræða skattlagningu, hvorki fyrr né síðar, nema á ⅔ hlutum af þessum skattfríðindum, sbr. það sem skýrt er tekið fram í frv., heldur er það og að menn eiga kost á að fyrna þessi fríðindi bæði með sérstakri flýtifyrningu og sérstakri fyrirframfyrningu, þannig að ég hygg að almenna reglan verði sú, að menn eiga ekki í neinum vandræðum með að losna við það um alla framtíð að greiða skatt af þessum fríðindum þótt reynt sé að láta annað í veðri vaka á yfirborðinu.

Loks er það ákvæði frv. að fyrningar allar eru stórlega hækkaðar. Það þarf varla að útskýra það fyrir einum eða neinum hvaða afleiðingar það hefur í för með sér fyrir skattgreiðslur fyrirtækja eða skattgreiðslur reksturs sem einstaklingar hafa með höndum. Að sjálfsögðu dregur það stórlega úr skattgreiðslum allra rekstraraðila þegar fyrningar t. d. á vélum og tækjum eru hækkaðar úr 12% í 20%, á mannvirkjum úr 2—6% í 2—10%, á skipum úr 8% í 10% og á verksmiðjuvélum og tækjum og hvers konar iðnaðarvélum úr 12% í 15%. Hér er sem sagt verið að rétta atvinnurekstri hvers konar mjög miklar gjafir úr ríkissjóði, ekki bara í eitt skipti heldur áframhaldandi, svo lengi sem ákvæði þessi yrðu í gildi. Þar á ofan bætist að íbúðarhúsnæði sem notað er í atvinnurekstri verður nú fyrnanlegt samkv. almennum reglum, en það hefur ekki verið fyrnanlegt samkv. almennum reglum, heldur einungis samkvæmt mjög afmörkuðum sérreglum í

núgildandi skattalögum. Vissulega fara áhrif þessa ákvæðis nokkuð eftir því hvaða takmörkunarreglur verða settar í þessu sambandi, en ég hygg að hér sé farið út á afar hættulega braut, enda ljóst að eigendur fyrirtækja þurfa að sjálfsögðu að búa sjálfir í íbúðum, og er hætt við að með þessari breytingu á núgildandi skattalögum sé boðið upp á verulega misnotkun á ákvæðum skattalaga. Auðvitað segir það sig sjálft að allar reglur af þessu tagi eru til þess fallnar að bjóða upp á misnotkun. Það er ekki aðeins að hægt væri að misnota ákvæði af þessu tagi í sambandi við íbúðarhúsnæði, sem auðvitað er fyrst og fremst hugsað þegar fyrirtæki eiga íbúðir sem ætlaðar eru sérstökum starfsmönnum. En þarna er sem sagt um að ræða ákvæði sem væri mjög auðvelt að misnota, ef menn eru nógu klókir til, í þágu eigendanna sjálfra.

Sama gildir auðvitað um svo margt annað sem er ágalli núverandi skattakerfis. Það hefur mjög verið gagnrýnt að einstaklingar sem reka fyrirtæki geta stóraukið skattfrjálsar tekjur sínar með því að nota eignir sjálfum sér til handa sem skráðar eru af fyrirtæki. Bíllinn er mjög gott dæmi þessa. Launamaðurinn verður að borga skatt af öllum þeim tekjum sem hann ver til að reka bifreið sína, en atvinnurekandinn sleppur við það í flestum tilvikum. Hann getur látið þennan kostnað lenda á fyrirtækinu og þarf ekki að greiða skatt af þeim tekjum sem hann ver í þessu skyni. Þegar farið er út í það að gera mönnum kleift að fjárfesta og draga síðan fjárfestinguna frá tekjum sínum er auðvitað verið að ýta enn frekar undir það að menn misnoti þá möguleika sem á yfirborðinu eru ætlaðir í allt öðrum tilgangi og skapi sjálfum sér ýmiss konar fríðindi á vegum fyrirtækisins. Til þess að skapa þau fríðindi þarf þá væntanlega að fjárfesta í mörgum tilvikum, kannske kaupa nýja og dýrari bíla, og það er þá ekki nóg með að bíllinn sem fyrirtækið kaupir handa viðkomandi aðila sé rekinn af eigandanum, sem ekki þarf að greiða skatt af þeim tekjum sem varið er í þessu skyni, heldur verður fjárfestingin sjálf í bílunum tilefni til þess að minnka tekjur eigandans.

Ég þarf ekki að orðlengja að hérna er verið að skjóta mörgum stórum skotum á núgildandi skattalöggjöf og opna glufur og opna smugur sem gera mönnum kleift að skjóta tekjum undan skatti. Við höfum glæsilegt dæmi fyrir framan okkur eða hitt þó heldur þar sem er Glistrup hinn danski, sem nú situr í fangelsi eða er væntanlega á leiðinni þangað því að hann er víst nýsloppinn þaðan, en hann varð frægur að endemum fyrir að nota heimildir í skattalögum, sem auðvitað voru á yfirborðinu ætlaðar í mjög heiðarlegum tilgangi, á óheiðarlegan hátt og á þann hátt að hann gat sjálfur verið skattlaus árum saman. Ég er ekki í neinum vafa um að þetta frv. á ekki aðeins eftir að auðvelda miklum fjölda manna, sem ber lítinn tekjuskatt í dag og rekur fyrirtæki, að verða algerlega skattlaus og það á fullkomlega löglegan hátt, heldur mun það einnig fjölga verulega möguleikum manna til að skjóta tekjum undan skatti á ólöglegan hátt.

Ég nefndi í upphafi að hér væri um að ræða enn ein fríðindin í þágu þeirra sem best mega sín í þjóðfélaginu á sama tíma og almenningur verður fyrir gífurlegri kjaraskerðingu. Ég þarf ekki að minna á að það er auðvitað allur almenningur í landinu, sama fólkið og borgar meginhluta af útgjöldum ríkissjóðs í gegnum t. d. söluskatt og tolla, sem er aðaltekjustofn ríkissjóðs, sem verður endanlega að borga brúsann fyrir hátekjumennina, þegar tekjur ríkissjóðs dragast saman af völdum ákvæða þessa frv.

Því miður er ekki gerð nein grein fyrir því í frv. hver kostnaður ríkissjóðs af samþykkt þessa frv. verður. En á bls. 8 í frv. er viðurkennt að um verulega lækkun ríkistekna verði að ræða. Ég tel það aldeilis fráleitt af hæstv. ágætum fjmrh. að leggja fram frv. sem felur í sér verulega skerðingu ríkissjóðstekna án þess að nokkur grein sé gerð fyrir því hversu háa fjárhæð menn ætla að um sé að ræða. (**Gripið fram í:** Það er ólöglegt.) Raunar er það rétt ábending, sem hér kom, að það ber lögum samkvæmt að leggja slíka útreikninga fram hverju sinni.

Ég hygg að fundartími hv. deildar sé senn að verða búinn og skal nú reyna að ljúka máli mínu á sem allra stystum tíma hér í frá, þótt vissulega þyrfti og væri ástæða til að fjölyrða miklu meira um þetta frv. En það verður tækifæri til þess eftir að hv. fjh.- og viðskn. hefur fengið tækifæri til að fjalla um málið og það kemur hér til 2. umr.

Ég tel að þetta frv. þurfi hins vegar nokkra skoðun. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það þarf að flýta málinu, það þarf að hraða málsmeðferð. En menn verða hins vegar að gera sér grein fyrir því að það verður að leita vissra umsagna um þetta mál og við verðum að fá sérfræðinga til að útskýra ýmislegt í frv., sem alls ekki er fullkomlega ljóst og síst af öllu fyrir þá sem ekki hafa staðið að samningu þess. Því hygg ég að við verðum að taka okkur einhvern tíma til afgreiðslu þess. Raunar er það svo um tekjuskattsfrv. hér á Alþingi, að þau eru einhver mesti hrærigrautur sem maður hefur lengi staðið frammi fyrir. Ég hygg að það séu ein fimm stjfrv. sem hafa verið hér til umfjöllunar um tekjuskattinn, fyrir utan tekjuskattsfrv. einstakra þm. Það eru í fyrsta lagi brbl., sem hlutu hér staðfestingu fyrr í vetur, og það var frv. sem var flutt í desembermánuði um skattstiga og breytingar á ýmsum ákvæðum skattalaganna. Það er í þriðja lagi sá litli bastarður sem sniðinn var út úr því frv. og afgreiddur fyrir jólin. Og svo stöndum við núna frammi fyrir tveimur öðrum frumvörpum sem snerta tekjuskattinn. Ekki er því að undra þótt margur maðurinn verði ruglaður þegar tekjuskattsmál ber hér á góma og átti sig kannske ekki alveg á hvaða mál það er sem raunverulega á hér að ræða því að þessi ólíku frv. eru að sjálfsögðu ekki sérmerkt í dagskrá Alþingis. En eins og ég segi: það eru fimm frv. frá ríkisstj. sem bera sama heitið, tekjuskattur og eignarskattur, fyrir utan frv. þm.

Ég vildi svo segja það að lokum að ég tel þörf á því að örva sparnað í þjóðfélaginu. Ég hygg að þeir sem hafa staðið að samningu þessa frv. og hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. annars vegar og svo hins vegar við stjórnarandstæðingar hins vegar séum alveg sammála um að það þurfi að örva sparnað í þjóðfélaginu. Það má vissulega til sanns vegar færa að nokkrar greinar þessa frv. geti verið liður í þeirri viðleitni. En það er bara ekki farið eins að gagnvart öllum sem hlut eiga að máli. Launamaðurinn sem vill leggja sparnað sinn inn á bankareikning, sem bankinn getur síðan lánað út — (Gripið fram í.) Nei, það er ekki verið að opna honum leið að því leyti að ef hann kýs að leggja sitt fé inn á venjulegan verðtryggðan sparireikning — bankinn getur svo lánað það út til hvaða fyrirtækis sem honum sýnist — þá fær

hann ekki skattaleg fríðindi samkv. þessu frv. Hann verður að leggja féð í fyrirtæki. (Gripið fram í.) Hann verður að leggja féð í fyrirtæki. Það eru því einungis þeir sem við kaupsýslu fást, þeir sem fást við rekstur fyrirtækja nú þegar eða ætla sér að gera það með þessum nýju ákvæðum, sem munu njóta þessara fríðinda. En hinn almenni launamaður, sem kýs að leggja fé sitt á reikninga hjá opinberum bankastofnunum, nýtur þessara fríðinda ekki. (**Fjmrh:** Atvinnurekandinn ekki heldur, ef hann leggur inn á banka.) Og það tel ég að sé að sjálfsögðu aldeilis fráleitt, að ætla sér að skapa þann ójöfnuð að bara þessi sérstaka tegund fjárfestingar skapi mönnum skattfríðindi.

Að öðru leyti áskil ég mér rétt til að fjalla um þetta mál nánar við 2. umr. málsins.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Eins og hæstv. fjmrh. gat hér um ríður á miklu að þetta frv. geti komið til skoðunar í nefnd. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, Ragnari Arnalds, að þetta mál þarf talsvert mikla skoðun. Það er engin ástæða til annars en að við vinnum vel í þessu máli í fjh.- og viðskn. og fáum til viðræðu við okkur embættismenn og þá sem að samningu þessara frv. hafa staðið. Það er alveg rétt að nýmæli eru mörg í þessum frumvörpum og þau þurfa mikla skoðun. Ég leyfi mér því sem formaður hv. fjh.- og viðskn. að óska þess að þetta mál geti gengið til nefndar nú, þannig að hægt verði að fjalla um það formlega á fundi í n. í fyrramálið og síðan áframhaldandi. Það þarf raunar ekki að bíða með áframhaldandi umr. um þetta efni til 2. umr. um þetta mál, því að fylgifrv. kemur til umr. hér n. k. mánudag og það er um þetta sama efni og hægt að hafa almennar umr. um bæði frv. þótt annað þeirra gengi nú til nefndar og hægt væri að taka það formlega fyrir. Miðað við ummæli hv. þm. Ragnars Arnalds skilst mér að hann sé því samþykkur — enn frekar þegar hann veit að umr. heldur áfram n. k. mánudag. Ég leyfi mér að óska þessa, þannig að málið geti fengið skoðun í nefnd og verði grandskoðað á næstu dögum og vikum eftir því sem þörf krefur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 40. fundur.

Miðvikudaginn 25. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta er fyrsti fundur að afloknu jólahléi. Ég vil af því tilefni bjóða hv. þdm. velkomna aftur til starfa og óska þeim alls velfarnaðar á nýju ári.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, frv. 134. mál (þskj. 171). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Tilefni þess að þetta frv. var samið er þáltill. nr. 5 frá 1983, sem samþykkt var á Alþingi 1. mars á s. l. ári, um staðfestingu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og bókunar 1978.

Frv. sama efnis var flutt á síðasta þingi í byrjun marsmánaðar en náði ekki að verða afgreitt sem lög á því þingi. Um ítarlega grg. er vísað til athugasemda við þáltill. og einnig athugasemda við þetta lagafrv.

Með þáltill. voru tvö fskj. Í fyrsta lagi alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 og bókanir varðandi hann frá árinu 1978. Þetta frv., ef að lögum verður, er hugsað sem heimild til þess að unnt sé að framfylgja samningnum frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum og bókunum frá 1978. Einnig er ætlunin að lögin geri kleift að staðfesta breytingar á samningnum svo og aðra samninga um sama efni er kunna að verða gerðir.

Í viðauka I við samninginn eru ítarlegar reglur um varnir gegn mengun frá skipum. Flestar þeirra snerta ekki íslenskan skipaflota nema að mjög litlu leyti. Rétt þykir að fara þá leið hér á landi að setja reglur um þau atriði sem geta varðað íslensk skip sérstaklega til þess að geta fylgt ákvæðum samningsins og bókunarinnar gagnvart erlendum skipum í íslenskri lögsögu. Þess má geta í þessu sambandi að í lögum nr. 41 frá 1. júní 1979 kemur fram að innan efnahagslögsögunnar hafi Ísland lögsögu að því er varðar verndun hafsins.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgn. með 21 shlj. atkv.

Skipamælingar, frv. 135. mál (þskj. 172). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Samhljóða frv. þessu var lagt fyrir Alþingi í mars á s. l. ári en náði ekki fram að ganga.

Þann 18. júlí s. l. tók gildi ný alþjóðasamþykkt um mælingu skipa sem gerð var á ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í London 1969. Með þessari samþykkt var leitast við að samræma og einfalda þær aðferðir sem hinar ýmsu þjóðir viðhafa við mælingu skipa.

Skv. lögum nr. 50 frá 12. maí 1970, um skipamælingar, var samþykkt að Ísland staðfesti þessa samþykkt og hefur það verið gert. Hins vegar er nauðsynlegt að breyta lítillega lögunum frá 1970 um skipamælingar. Með þessu frv. er lagt til að Siglingamálastofnun Íslands verði heimilað að mæla skip eftir núgildandi reglum jafnframt nýju reglunum, svo lengi sem ástæða þykir til. Eftir núgildandi mælingareglum, svokallaðri Oslósamþykkt, er mælieiningin rúmlestir, en skv. nýju mælingareglunum er stærð skipa mæld í tonnum. Vegna þess að fjölmörg ákvæði í lögum og reglugerðum hér á landi nota rúmlestir sem viðmiðunarmörk mundi tonnaviðmiðun eingöngu valda ruglingi í skipamælingum hér á landi. Til þess að unnt sé að ákvarða rúmlestatölu skips, þegar stærð þess skv. hinni nýju mælingasamþykkt er fundin í tonnum, er nauðsynlegt að mæla skipið aftur skv. núgildandi mælingareglum.

Þá skal þess getið, að alþjóðasamþykktin frá 1969 nær aðeins til skipa sem eru 24 metrar að lengd eða

meira. Því er óhjákvæmilegt að hafa reglur, sem ráðh. setur að fengnum till. Siglingamálastofnunar um hvernig skip, sem alþjóðasamþykktin nær ekki til, skuli mæld. Heimildarákvæði þess efnis er í frv.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Skipun prestakalla, frv. 126. mál (þskj. 161, n. 201). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Menntmrn. hefur rætt þetta mál á fundi sínum. Hér er um þá breytingu á núgildandi lögum um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð að ræða að gerð er till. um að annar Vestmannaeyjapresta verði héðan í frá farprestur. Er um þetta fullt samkomulag innan kirkjunnar. Með hliðsjón af því, að þessi breyting hefur í för með sér sparnað á opinberu fé og stuðlar að betri kristni í landinu, þá mælir nefndin með að frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kosningar til Alþingis, frv. 31. mál (þskj. 31). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, er flutt hér til staðfestingar á brbl., sem útgefin voru hinn 22. apríl 1983, um það að heimilt væri að hafa kjördaga tvo, ef erfiðleikar yrðu svo miklir í samgöngum við kosningarnar sem fram áttu að fara þann 23. apríl, að ekki yrði unnt fyrir alla kjósendur að koma til kjörfundar þann dag.

Sem betur fer rættist betur úr en á horfðist með samgöngur, þannig að ekki kom til að hafa þyrfti kjördagana tvo. En þetta frv. er hér flutt til staðfestingar á þessum brbl.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 149. mál (þskj. 208). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 73 26. nóv. 1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Hér er um að ræða frv. sem var lagt fram í Ed. fyrir jól og var afgreitt þaðan í gegnum þrjár umr. Hér er um að ræða fylgifrv. með frv. til laga um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt sem liggur til meðferðar á hv. Alþingi. Hér er um að ræða nauðsynlegar breytingar sem þarf að gera í sambandi við útsvarsstigann. Eins og kemur fram í frv. er hér um að ræða tölulegar breytingar fyrst og fremst í sambandi við 26. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga og í athugasemdum við einstakar greinar frv. er greinilega fram sett það sem um er að ræða í sambandi við þetta litla frv.

Ég legg á það áherslu að þessi breyting á tekjustofnalögum þarf að afgreiðast samhliða breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt. Eins og hv. Ed. afgreiddi málið kemur fram í nál. frá félmn. Ed. að nefndin hafi fjallað um frv. og lagt til að það verði samþykkt óbreytt. Á fund nefndarinnar kom ríkisskattstjóri, Sigurbjörn Þorbjörnsson, og Magnús R. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, og gerðu nánari grein fyrir þessum breytingum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. gat um er hér um að ræða fylgifrv. með frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem er nú til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. En hluti þess frv. var þó afgreiddur sem lög núna fyrir áramót, þ. e. 1., 9. og 10. gr. þess stjórnarfrv. sem lagt var fyrir í upphafi. Það var gert að beiðni ríkisskattstjóra til þess að unnt væri að útbúa framtalsleiðbeiningar með eðlilegum hætti núna áður en framtalsfrestur rennur út.

Þetta frv. er þess vegna í rauninni sama málið og skattamálin í heild eru og í sjálfu sér ekki margt frekar um það að segja að öðru leyti en því að ljóst er að með þeim álagningarreglum sem ákveðnar hafa verið í mörgum sveitarfélögum verður um að ræða hækkun á heildarskattabyrði landsmanna til opinberra aðila milli áranna 1983 og 1984 sem hlutfall af tekjum greiðsluárs. Þessi hækkun er sennilega nokkuð misjöfn og vafalaust nokkuð misjöfn eftir byggðarlögum og aðstæðum en alla vega er ljóst að hér er um að ræða hækkun og hækkunin liggur ekki síst í því að sveitarfélögin taka meira til sín í gegnum útsvarið. Þess vegna er hér um að ræða frv. sem leynir nokkuð á sér þó að það sé auðvitað fyrst og fremst samræmingarfrv. við frv. um tekju- og eignarskatt.

Til viðbótar við þetta er augljóst mál, að sveitarfélögin eru að taka til sín stórkostlega auknar tekjur í gegnum gjaldskrár sveitarfélaganna. Verið er að hækka þær í sumum tilfellum mjög verulega, eins og t. d. hjá Reykjavíkurborg þar sem gert er ráð fyrir því að hækka gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur núna fljótlega, hefur mér sýnst, um 25% þannig að hækkanir á Hitaveitu Reykjavíkur eru komnar langt umfram allar aðrar verðlagshækkanir á tiltölulega skömmum tíma. Ríkisstj. mun hafa ákveðið að skipta sér ekki af þeirri hækkun sem þar er gert ráð fyrir skv. blaðaviðtölum sem ég hef séð við hæstv. iðnrh.

Það væri fróðlegt að inna eftir því hvort það verði almenn regla hér og nú að sveitarfélögin ákveði í einu og öllu allar sínar gjaldskrár án afskipta ríkisstj. og hvort engin viðleitni verði höfð uppi af hálfu ríkisstj. til að stemma stigu við þeim miklu hækkunum sem eiga sér stað í ákveðnum sveitarfélögum þar sem mér sýnist að Reykjavíkurborg, borgarstjórnaríhaldið hér í Reykjavík, gangi lengra en flestar aðrar sveitarstjórnir.

Er nú svo komið að mér er tjáð að í sumum tilvikum

er það ekki einasta svo að gjöldin af viðkomandi þjónustu beri uppi kostnaðinn af henni heldur hefur sveitarfélagið í nokkrum tilvikum tekjur af þessum gjöldum eftir að búið er að greiða tilkostnaðinn við þá þjónustu sem um er að ræða í hverju tilviki. Þannig að þetta er ekki lengur gjaldskrá fyrir tiltekna þjónustu hjá sveitarfélögunum heldur tekjustofn. Jafnvel þó að ríkisstj. hafi hugsað sér að leyfa sveitarfélögunum að hækka gjaldskrár þannig að þær standi undir kostnaði og væri fróðlegt að vita, eins og ég gat um áðan, hvort svo er, að ríkisstj. muni láta slíkt alveg afskiptalaust. En þá fyndist mér hitt engu að síður umhugsunarvert hvort ríkisstj. á ekki að setja þó þær reglur að menn séu ekki að hirða aukapeninga í sveitarsjóðinn á þessum ákveðnu gjöldum eins og vatnsskatti, sorptunnugjaldi og hvað það nú allt er sem sveitarfélögin leggja á.

Ég vildi sem sagt vekja athygli á þessu um leið og þetta frv. fer hér fram, herra forseti, jafnframt því sem ég spyr hæstv. félmrh. tveggja spurninga. Annars vegar hvort ríkisstj. er staðráðin í að láta sveitarfélögin alveg afskiptalaus framvegis varðandi sínar gjaldskrár og hins vegar hvort hann telur ekki eðlilegt að setja engu að síður þær reglur að sveitarfélögin séu ekki að hirða í sveitarsjóði aukatekjur af þessum gjöldum umfram þann tilkostnað sem verður til við að veita þá þjónustu sem um ræðir hverju sinni.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. þm. Reykv. varðandi þetta mál vil ég aðeins í fyrsta lagi geta þess að í sambandi við ákvörðun sveitarfélaga varðandi tekjustofnana skrifaði félmrh. fyrir hönd ríkisstj. sveitarfélögum og óskaði eftir því að þau gættu hófs í meðferð gjaldstofna sinna þannig að fara eins vægilega með þá eins og mögulegt væri miðað við ríkjandi ástand. Ennfremur var gefin út ákveðin tilkynning um að sveitarfélög gætu ekki reiknað með aukaálagi á útsvar eins og hefur verið í gildi undanfarin ár og var í gildi á s. l. ári nema um neyðarástand væri að ræða í viðkomandi sveitarfélagi með gildum rökum.

Sveitarfélögin tóku þessu mjög jákvætt og það kemur í ljós núna mjög fljótlega hvernig þau taka á þessu. En ég veit ekki til að neitt sveitarfélag hafi sótt um að fara framhjá gildandi lögum um 11% álagningu. Frekar hafa upplýsingar komið um að sveitarfélög ætla ekki að beita til fulls þessu ákvæði nema í færri tilfellum.

Í sambandi við það sem hv. þm. spurði um er það á allra vitorði að í yfirlýstri stefnuskrá ríkisstj. kemur fram að gert er ráð fyrir að sveitarfélögin sjálf taki ákvörðun um gjaldskrár þjónustugjalda sinna og fái til þess sjálfræði. Reiknað er með því að þetta komi til framkvæmda núna um næstu mánaðamót eða 1. febr. n. k.

Hins vegar er jafnframt rétt að upplýsa það að ríkisstj. hefur nýlega gert formlegan samstarfssamning við sveitarfélögin þar sem gert er ráð fyrir að hafa ákveðið samráð sem tekur mið af efnhagsstefnunni á hverjum tíma. Þar verða öll þessi mál sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga, ákvörðun sveitarfélaga í sambandi við framkvæmdir og annað rædd og allt sem skiptir máli í sambandi við efnahagsstefnu verður tekið til meðferðar.

Það hefur ekki verið sett ákveðin regla ennþá. Það er ákveðið að halda fund núna næstu daga með fulltrúum sveitarfélaga varðandi þetta ákvæði í sambandi við gjaldskrár, að sveitarfélögin sjálf ákveði gjaldskrár. Það er í sambandi við ákvörðun um verðlagsmál almennt. Þar verður gengið frá ákveðnum meginreglum við meðferð þessara mála. Sveitarfélögin sjálf eiga í mörgum tilfellum eftir að mynda sér verklagsreglu um það hvernig þau standa að slíkum ákvörðunum. Aðeins ein samtök sveitarfélaga hafa mótað þessa stefnu á undanförnum árum, það eru Hafnasamband sveitarfélaga þar sem tekin er sameiginleg ákvörðun um gjaldskrár hafna og verið hefur um nokkurt árabil. Þar er komið fast form á sem hefur gefist mjög vel.

Ég kannast ekki við og vil ekki taka gilt að óathuguðu máli að sveitarfélög hafi yfirleitt aukatekjur af þjónustugjöldum umfram það sem kostar að veita þá þjónustu. Ég kannast ekki við það atriði í rekstri sveitarfélaga og tel að það sé þá undantekning ef það er og á ekki von á að svo sé. Sem sagt, ekki hafa verið gefnar út neinar ákveðnar reglur ennþá um þetta atriði en eins og ég sagði áðan fer fram umr. núna milli viðskrn. og félmrn. við fulltrúa sveitarfélaganna um þá breytingu sem ráðgerð er miðað við stefnu ríkisstj. að komi til framkvæmda.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er alkunna og kom reyndar fram hjá hæstv. félmrh. að það er yfirlýst stefna ríkisstj. að sveitarfélög fái sjálf að ráða verðlagði á þjónustugreinum sínum. Yfirleitt held ég að reiknað sé með því að það taki gildi og komist í framkvæmd frá og með 1. febr. n. k. Þó hygg ég að eins og ástandið er erfitt að lagt verði til við sveitarfélögin að þau fari sem vægilegast í sakirnar. Það stendur alveg sérstaklega á fyrir mér því að í landinu eru lög sem veita mér úrslitaatkv. um orkuverð t. a. m. frá hitaveitum og á rafmagni til heimilisnota.

Ég mun þess vegna verða ákaflega staður til að samþykkja verulegar hækkanir yfirleitt á raforku til húshitunar eða á töxtum hitaveitna. En fyrir Reykjavíkurborg stendur alveg sérstaklega á. Taxti Hitaveitu Reykjavíkur er 21% af óniðurgreiddri olíu. Þær hitaveitur finnast þar sem taxtarnir eru 78% af óniðurgreiddri olíu og vill reyndar svo til að þær eru þann veg settar að þær þyrftu hærra til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar og nefni ég þar sérstaklega hitaveitur sem þó voru kallaðar hagkvæmar eins og t. a. m. Hitaveita Akraness, Borgarfjarðar og Akureyrar.

Borgarstjórn hefur samþykkt að sækja um staðfestingu iðnrn. á 25% hækkun á hitaveitutöxtum, lægra á öðrum töxtum sem gilda um þjónustu þessa fyrirtækis. Ég hef ákveðið að staðfesta það fyrir mitt leyti. Þá myndu taxtar hitaveitunnar e. t. v. vera u. þ. b. á milli 26 og 27% af óniðurgreiddri olíu eða töluvert miklu miklu lægri en gengur yfirleitt hjá varmaveitum landsins.

Vísitölufyrirkomulagið — að ég ekki segi geðveiki, vísitölugeðveiki — sem hefur verið í gangi í þessu landi um langa hríð hafði leikið þann veg þetta þjónustufyrirtæki að öll nauðsynleg þjónusta þess var að skreppa saman. Það hafði ekki fjármuni til eðlilegs viðhalds, hvað þá heldur að auka og bæta þjónustuna eins og mikil nauðsyn er á. Ef við tökum sem dæmi að fyrirtækið hafði ekki ráð á að ráðast í frekari orkuöflun t. a. m. í Nesjavallalandi við Þingvallavatn þar sem nú eru reyndar hafnar boranir.

Auðvitað kom ekki til greina að halda áfram að

svelta þetta glæsilega og lífsnauðsynlega fyrirtæki með þeim hætti sem gert hafði verið. Það er enginn búskapur. Þetta er gamla lagið sem gilti hér t. a. m. í stjórnartíð hv. 3. þm. Reykv., að geyma að borga skuldir sínar til morguns eða næsta mánaðar eða næstu ára, horfast ekki í augu við vandann og slá svo lán til þess að standa undir hallabúskapnum, greiðsluþrota- og gjaldþrotabúskapurinn. Við það ætlum við ekki að búa lengur. Með sérstöku tilliti til þessara ástæðna, þar sem hér er einvörðungu verið að fallast á hækkun taxta Hitaveitu Reykjavíkur sem er langt undir því sem yfirleitt gerist í landinu, getur þetta ekki verið gagnrýni vert.

Það er að vísu svo að mjög herðir að heimilum í landinu af ástæðum sem auðvelt er að rekja og var reyndar minnst á hér í gær þar sem ýmsir töluðu þó með öfugum formerkjum, þ. á m. mál sem rennur til þessa atriðis nú. En ég mun verða mjög staður að samþykkja neinar hækkanir meðan þann veg stendur á að allsherjar úttekt fer fram á stöðu orkuveitnanna í landinu, á Rafmagnsveitum ríkisins, á Orkustofnun, hjá Landsvirkjun og orkuveitum öðrum, eins og Akraness og Borgarfjarðar og Akureyrar. Það fer fram á þessu allsherjar úttekt og athugun á rekstrinum. Væntanlega verður gerð gaumgæfileg athugun og endurskoðun á öllum reglum og lögum sem um verð og orkuverð í landinu gilda. Þetta er það margbrotið og vangætt að á því er hin mesta nauðsyn. T. a. m. nefni ég, sem ég lýsti yfir fyrir hátíðar, að nú í þessari viku þó skammt lifi hennar verður skipuð nefnd til þess að endurskoða verðjöfnunargjald af raforku í því skyni að fella það niður enda verði séð fyrir fjárhag þeirra orkuveitna sem þessa gjalds hafa notið.

Allar þessar álögur, þessi skattheimta þvers og kruss, við hana er ekki búandi. Hægt er að nefna mörg dæmi sem engu tali taka í þessu sambandi og eru þó ekki öll kurl komin til grafar. Eins og ég segi, meðan verið er að reyna að ráða fram úr þessum miklu vandamálum og þessari vanhæfni sem orkumálin eru í skipulagslega séð verð ég áreiðanlega ákaflega staður að samþykkja neinar hækkanir sem máli skipta nema, eins og ég segi, þessa. Það blasti við fyrir löngu að við svo búið mátti ekki standa lengur hvað snertir þetta mikilvæga fyrirtæki og þegar við hugsum til þess að þetta er kannske aðeins ⅓ af því sem heimili á köldu svæðunum í landinu þurfa að greiða fyrir hitun híbýla sinna er þetta einn veginn ekki of í lagt.

Þetta vildi ég að kæmi fram þessa vegna, en ég ítreka að það er stefna ríkisstj. að í framtíðinni verði þann veg að þessum málum staðið að sveitarfélögin fái sem mest sjálfræði um verðlagningu á þjónustu sinni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þær fréttir berast með dagblöðum landsins að Thatcher sé búin að setja lög á sveitarstjórnir í Bretlandi til að koma í veg fyrir að þær vaði áfram með hækkanir á almenning í landinu. Annað tveggja hefur nú gerst að hv. 3. þm. Reykv. hefur gerst skoðanabróðir frúarinnar þar ytra eða að hv. 3. þm. Austurlands hefur villst út af hinni réttu línu. Ég ætla ekki að leggja á það dóm hvort heldur er en satt er það að ákveðið hefur verið að kanna hversu það gefist að láta sveitarstjórnir ákveða gjaldskrárstofna.

Lög eru stundleg eins og hæstv. iðnrh. veit hvort sem þau eru um setuna eða annað. Ég vil bæta því við að vissulega höfum við horft á það hér á stór-Reykjavíkursvæðinu að smærri sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarinnar hafa komist af með minni skattatekjur af borgurunum vegna þess að Reykjavíkurborg greiddi þeim raunverulegar fjárhæðir í gegnum sínar þjónustustofnanir. Hitt er svo annað mál að þegar slík stefna er mótuð eins og hér er verið að gera er rétt að spyrja sig að því hvort að það eigi við um öll þjónustugjöld að réttlátt sé að sveitarfélögin ákveði þau sjálf.

Eitt af þeim þjónustugjöldum sem ekki kemur til greina að sveitarfélög fái sjálf að ákveða er hið svokallaða námsvistargjald sem sett hefur verið á og er notað af stærri sveitarfélögum þessa lands sem tekjustofn, skattheimta á þau sveitarfélög þar sem skólakostur er ekki til staðar og nemendur eru sendir utan af landi til hinna stærri staða.

Sú spurning hlýtur fyrst að vakna þegar til þessa er hugsað hvort ekki sé þá eðlilegt að það sveitarfélag sem hefur borið ábyrgð á grunnskólanámi viðkomandi fólks geti sent reikning til þeirra sem fá þessa nemendur e. t. v. sem skattgreiðendur þegar þeir koma á þann aldur. Það hlýtur að vera stór spurning hvort eðlilegt sé að fjárveitingavald Alþingis eða Alþingi standi þannig að málum að það veiti svo mikið fjármagn til uppbyggingar skólakerfa á vissum stöðum að menn sjái sér hreinlega hag í því að byggja þar upp skóla langt fram yfir þarfir til þess að smala svo fólki annars staðar að í þessa skóla með það fyrir augum að hafa skattheimtu af öðrum sveitarfélögum.

Ég tel að þarna hljóti menn að staldra við og spyrja: Er það réttlátt að sveitarfélögin fái að ákveða sjálf námsvistargjald eins og gert hefur verið í þessu landi? Ég vil sérstaklega beina þeirri fsp. til félmrh. hvort hann hafi verið með þessi námsvistargjöld í huganum þegar hann ræddi um að sanngjarnt væri að sveitarfélög fengju að ráða sinni gjaldheimtu, sinni þjónustu eins og getið var um hér áðan. Ég vil taka fram að í þeim efnum hygg ég að skynsamlegt sé fyrir Alþingi að leggja hið bráðasta til breytingar á þeim lögum ef menn vilja komast hjá óþarflega hörðum deilum í þessu landi milli hinna smærri sveitarfélaga og hinna stærri.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegur forseti. Ég má til, þar sem í hlut á svo breiðvaxinn stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. sem hv. 5. þm. Vestf. er, að koma hér strax á framfæri leiðréttingu.

Þannig segir í Steingrímskveri: „Sveitarfélög ákveði sjálf gjaldskrá þjónustufyrirtækja sinna.“ Það stendur nefnilega ekki til að gera neina sérstaka athugun á þessu. Þessu er slegið í gadda í þessu kveri.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Til að fyrirbyggja misskilning vil ég endurtaka það sem ég sagði hér fyrr að ráðgerðir eru samráðsfundir milli viðskrn. og félmrn. annars vegar og fulltrúa sveitarfélaganna hins vegar um meðferð þessarar ákvörðunar ríkisstj. sem er í stefnu hennar og er rétt upp lesið hér af hæstv. iðnrh.

Hv. 5. þm. Vestf. spurði og talaði um skólakostnaðarlög eða réttara sagt um grunnskólalögin eða framkvæmd þeirra eins og þau eru og námsvistargjaldið sem Reykjavíkurborg hefur reynt að innheimta hjá sveitarfélögum með misjöfnum árangri því mörg sveitarfélög neita þessu. Ennþá hefur ekki verið kveðinn upp neinn

úrskurður um að þau væru skyldug til að greiða þetta gjald. Ég tel þetta gjald ekki undir þeim flokki þjónustugjalda sem við erum að tala hér um í sambandi við frelsi sveitarfélaga.

En hitt vil ég segja ákveðið og benda á að ekki má dragast öllu lengur að Alþingi taki þessi mál föstum tökum og setji skólakostnaðarlög. Það hefur staðið upp á Alþingi að setja lög um framhaldsskóla og þar í blandast þetta mál í sambandi við skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar skólakostnað. Skýr ákvæði vantar um þetta atriði, um þetta er deilt og ég tel að Alþingi verði sem fyrst að taka ákvörðun um það hvernig með þessi mál verður farið. Hér er vissulega um stórt mál að ræða því allir eru sammála um að allir eigi að njóta réttlætis og jafnréttis í sambandi við aðgang að menntun. Þetta er mál sem er alveg sérstaks eðlis og er laust við það sem við erum að tala um hér almennt um gjaldskrár og þjónustugjöld sveitarfélaga.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Já, það er mikill munur fyrir fyrirtækin í landinu, m. a. opinberu fyrirtækin, eftir að núv. ríkisstj. tók við. Ekki er nú hallærisbúskapurinn á þeim þessa dagana, þessum fyrirtækjum. Eins og hæstv. iðnrh. hefur margoft bent á er runnin upp gullöld og gleðitíð hjá þessum fyrirtækjum, þau hafa aldrei lifað upp annað eins. Það er sumstaðar þannig hjá þessum fyrirtækjum sem ríkisstj. hefur velþóknun á að þau eru í vandræðum með að koma gróða sínum fyrir þannig að maður gengur undir mannshönd að finna leiðir til að koma gróðanum í lóg eins og hjá fyrirtæki eins og t. d. Póst og síma sem er með margfalt og verulega miklu meira framkvæmdafé á þessu ári en á árinu 1983. Ekki er nú verið að klípa af því þegar þessi fyrirtæki eru annars vegar, ekki verið að fara nákvæmlega ofan í saumana á hlutunum þar heldur eru þau nánast með sjálfsafgreiðslu, þessi fyrirtæki.

Svo koma fyrirtækin hjá hæstv. iðnrh., þau eru að fá sjálfsafgreiðslu líka. Og þó hann ætli að vera staður að eigin sögn varðandi húshitunartaxta ætlar hann ekki að láta það gilda þegar kemur að orkufyrirtækjum í Reykjavík. Þá á allt að hækka upp úr öllu valdi, þá er hann ekki staður, þá leggur hann sig á hlemmiskeið og fer á kostum og lætur þetta hækka upp úr öllu valdi.

Auðvitað eru taxtarnir hjá þessum fyrirtækjum hér í Reykjavík partur af þeim lífskjörum sem fólkið býr við hér í borginni og auðvitað er ekki hægt fyrir hæstv. iðnrh. að láta sem ekkert sé þegar verið er að hækka Hitaveitu Reykjavíkur margfalt umfram það sem er um annað verðlag í landinu. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. iðnrh. að Hitaveita Reykjavíkur var oft hart leikin af ríkisstj. liðinna ára vegna þeirrar aðferðar sem þá var fylgt við að halda verðlagi niðri og gekk þó brösuglega eins og allir vita. Iðulega gekk það nærri fyrirtækjum eins og Hitaveitu Reykjavíkur eins og kunnugt er. En hitt er engu að síður ljóst að staðan er þannig núna að búið er að banna einum hópi í þjóðfélaginu að hækka við sig sína taxta, það er fólkið, bannað er að hækka verðlagið á vinnuaflinu, það er eini taxtinn sem má ekki hækka undir nokkrum kringumstæðum.

Ríkisstj. sagði þegar hún var mynduð að hún væri að afnema sjálfvirknina í efnahagskerfinu með því að taka vísitölukerfið úr sambandi. En hvað er það sem hefur í raun og veru gerst? Ríkisstj. hefur tekið vísitölukerfið úr sambandi og bannað sjálfvirknina á kaupið, þar er allt helfrosið og fast, en svo eru aðrir aðilar sem eru með sjálfvirknina í fullum gangi. Einkafyrirtækin fá að hækka eins og þeim sýnist, stöðugt er verið að tala um meira frelsi hjá einkafyrirtækjunum. Fyrirtæki sveitarfélaganna fá að hækka eins og þeim sýnist, þar er sjálfvirknin í gangi, þar er frelsið í blóma, þar er ekki verið að súta það þó að hækkað sé um 1—3% umfram það sem hefur verið og þarf vegna brýnustu verðlagsforsendna. Eins fá ríkisfyrirtækin að hækka grimmt, þar er sjálfvirkni hæstv. ríkisstj. í fullum gangi. Og bankarnir, þar er nú aldeilis sjálfvirknin eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson veit. Þeir fá að hækka vaðandi upp úr öllu valdi og vaxtamunur hefur í engu dregist saman hjá núv. hæstv. ríkisstj. Raunvextir eru núna hærri en þeir hafa nokkru sinni verið og liggja með ofurþunga á húsbyggjendum og atvinnufyrirtækjunum í landinu. Þannig að sveitarfélög, ríkisfyrirtæki, einkafyrirtæki, bankar, allir þessir aðilar fá að hækka eins og þeim sýnist sína þjónustu. Þar er allt svo óskaplega frjálst eins og konan sagði í Sjálfstæðu fólki og ég veit að hæstv. iðnrh. man hver hún var. Þar er nú aldeilis munurinn, þar er það frelsið. En þegar kemur að verkafólkinu í landinu liggur málið þannig að þar er allt saman rammslegið, þar eru hlutirnir gaddaslegnir fastir og ekkert má hækka, ekki neitt af neinu tagi. Það er þetta sem verið er að tala hér um, að það er sitt hvað Jón og séra Jón gagnvart þessari ríkisstj. Launamennirnir fá ekki að hækka vinnuafl sitt í verði en fyrirtækin búa við gullöld í landinu sem aldrei fyrr, mörg þeirra.

Hæstv. félmrh. sagðist ekki vilja viðurkenna að fyrirtæki sveitarfélaganna tækju meira en þyrfti til að standa undir tilkostnaði við ákveðna þjónustu. Ég fer fram á það við hæstv. félmrh. að hann láti gera úttekt á nýjustu taxtaákvörðunum borgarstjórnar Reykjavíkur og sú úttekt verði lögð fram hjá félmn. Nd. Ég fer fram á það við félmn.-menn hv. sem hér eru í salnum núna að þeir sjái til þess að þessi úttekt á töxtum borgarfyrirtækja liggi fyrir þannig að í ljós komi fyrir hæstv. félmrh. hvernig meirihl. í borgarstjórn Reykjavíkur hefur hagað ákvörðunum sínum á töxtum fyrirtækja að undanförnu. Ég er sannfærður um að í mörgum tilvikum hafa þessi fyrirtæki fengið hækkanir langt umfram tilkostnaðarnauðsyn. Þetta hefur verið sýnt fram á af borgarfulltrúum minnihlutaflokkanna í Reykjavík, m. a. Kristjáni Benediktssyni borgarfulltr. Framsfl. í ítarlegri grein sem ég sá eftir hann í blaðinu Tímanum fyrir nokkru sem ég geri ráð fyrir að hæstv. félmrh. lesi enn þrátt fyrir hinn nýja útgáfuaðila.

Þegar um er að ræða þessar miklu hækkanir hjá fyrirtækjunum verður væntanlega líka að horfa á það hvaða verðbólguáhrif þessar hækkanir hafa og hvaða vandi í efnahagslífinu nú veldur því að Þjóðhagsstofnun spáir auknum verðbólguhraða á næstunni. Hvað er það sem veldur því að Þjóðhagsstofnun spáir að verðbólgan fari vaxandi núna næstu mánuði? Það eru gjaldskrár fyrirtækja hæstv. iðnrh. sem hann á að sjá um. Í grg. Þjóðhagsstofnunar um efnahagsástandið í byrjun þessa árs sem send hefur verið forustumönnum stjórnmálaflokkanna kemur fram að hætta er á að framfærsluvísitalan „sýni örari breytingar á næstunni einkum vegna áhrifa taxtahækkana ýmissa þjónustufyrirtækja". Hér er bersýnilega um það að ræða að þessi fyrirtæki, m. a. opinber fyrirtæki, eru að breytast í einn helsta verð-

bólguvaldinn, efnahagsvandamálið, sem Þjóðhagsstofnun bendir í raun og veru á númer eitt þegar hún ræðir um að verðbólga muni fara hér vaxandi á næstunni. Þetta er þáttur sem verður að hafa hér til hliðsjónar líka.

Ég vil svo aðeins að lokum benda á að miðað við áætlun Þjóðhagsstofnunar verða skattar til sveitarfélaganna á þessu ári um 8.2% af tekjum greiðsluárs. Þessi tala var 6.8% á árinu 1983 þannig að ljóst er að álagðir skattar til sveitarfélaganna verða hærra hlutfall af tekjum greiðsluársins en nokkru sinni síðan 1974. Hæsta hlutfallið á undan árinu 1984 er árið 1975, þá fór þetta hlutfall upp í 7.6%. Það er mat Þjóðhagsstofnunar að þessi hækkaða álagning sveitarfélaganna þýði 7—800 millj. kr. í skattabyrði á landsmönnum í heild. Nauðsynlegt er að þetta liggi fyrir.

Ég fer fram á það við hæstv. félmrh. að hann útvegi félmn. Nd. upplýsingar og yfirlit um heildarálagningu sveitarfélaganna á þessu ári. Nú eru flest stærstu sveitarfélögin búin að ákveða sína útsvarsprósentu þannig að það ætti að liggja fyrir hvað álagðir skattar sveitarfélaganna verða háir sem hlutfall af tekjum greiðsluársins 1984. Það stefnir sem sagt á 8.2% af tekjum greiðsluársins sem er hæsta tala í 10 eða 11 ár, þannig stendur það. Þó að þetta frv. sem hér er á dagskrá láti lítið yfir sér felur það staðreyndir í sér engu að síður.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Auðvitað er eðlilegt og sjálfsagt að miðað við ríkjandi kringumstæður í þjóðfélaginu gæti ráðh. þess ekki hvað síst að ekki sé hreyft um of fram álögum á almenning í landinu umfram það sem verið hefur. Ég fagna því þess vegna að hæstv. iðnrh. gefur yfirlýsingu um að hann ætli sér að vera staður þó að vissulega, eins og hann greindi frá, kunni að koma til undantekninga í þeim efnum.

Hins vegar er ekki að sjá að hæstv. ríkisstj. sem heild hafi verið mjög stöð í því að taka til sín auknar álögur af almenningi í landinu við afgreiðslu t. d. síðustu fjárlaga og það virðist ætla að halda áfram, a. m. k. á sumum sviðum.

Ekki er síst ástæða til að bæjar- og sveitarstjórnir hugi líka að því að nánast er kreppuástand í þjóðfélaginu. Búið er að skerða kjör launþega meira en nokkru sinni hefur verið gert áður, a. m. k. um margra áratuga skeið, og ástæða til að vekja athygli þeirra bæjar- og sveitarstjórnarmanna á því sem ekki hafa vitneskju þar um ef þeir skyldu vera einhverjir sem ég hygg þó að ekki séu fyrir hendi. Því öllum hlýtur að vera ljóst hversu mikið er búið að rýra kaup og kaupmátt og kjör allra launþega í landinu á undangengnum nokkrum mánuðum.

Það er rétt sem fyrrv. hæstv. félmrh., núv. hv. 3. þm. Reykv., sagði áðan að taxtarnir á heita vatninu í Reykjavík eru partur af launakjörum fólksins hér. En þessi ágæti hv. þm. hefði átt að huga að þessu fyrr. Þetta er líka partur af launakjörum launafólks úti á landi, þ. e. raforkuverð og sá upphitunarkostnaður sem það hefur orðið að búa við og verður að greiða. Ekki var að sjá á hæstv. félmrh. fyrrv. ríkisstj. að hann tæki nærri sér að hrifsa til sín fjármagn sem búið var að skattleggja til að greiða til þessa fólks og nota það í annað. Þá heyrðust ekki hér yfirlýsingar um að það væri partur af launakjörum fólksins sem hér væri verið um að fjalla. Ég er ekkert hissa á því þó að hann sem þm. Reykv. taki þetta mál upp nú í því formi sem hann gerir. En mér hefði fundist að hv. þm. hefði átt að muna eftir þessu öll sín ráðherraár þegar hann hlunnfór launafólk víðs vegar út um landið, ekki síst á köldu svæðunum, með því að taka ófrjálsri hendi peninga sem hann átti að skila til þess.

Það er líka rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að í raun og veru er hin eina sjálfvirkni sem bönnuð er af kaupinu. En það er eins og mig minni — hv. 3. þm. Reykv. leiðréttir ef það er ekki rétt — að við afgreiðslu á brbl. ríkisstj. í lok síðasta árs, við bann á vísitölubótum, að hv. 3. þm. Reykv. svo og fleiri Alþb.-menn greiddu atkv. gegn þeirri brtt. okkar Alþfl.-manna að afnema líka sjálfvirknina hjá ríkinu. Ég hygg að þetta sé rétt, hv. þm. Svavar Gestsson, og mér þætti vænt um ef hv. þm. kæmi hér upp á eftir ef þetta er rangt og lýsti því yfir að hann hefði ekki greitt atkv. gegn þessu. Þá yrði flett upp á því til sönnunar. En það er auðvitað tvískinnungsháttur að greiða atkv. gegn því að afnema sjálfvirknina hjá ríkisfyrirtækjunum, að þau geti alltaf velt áfram eftir verðbólgunni, en á sama stigi að gagnrýna að það sé gert í sambandi við launin.

Hér hefur aðeins komið inn í umræðuna margumtalað námsvistargjald. Mér þætti fróðlegt að fá um það vitneskju t. d. hvaða afstöðu hæstv. félmrh. hefur til þess sem fyrrv. sveitarstjórnarmanns og framarlega í herbúðum sveitarstjórnarmanna í landinu, hvort hann telur slíkt námsvistargjald eiga rétt á sér eða eðlilegt. Mér þætti líka gaman að heyra afstöðu hæstv. iðnrh. í þessum efnum, hver hans afstaða er til þessa. Ég veit ekki betur en a. m. k. vel flestir ef ekki allir sveitarstjórnarmenn í hans kjördæmi hafi mótmælt þessari gjaldtöku. Þess vegna væri fróðlegt að heyra afstöðu hans.

Ef þetta á svona fram að ganga með því að Reykjavíkurborg líðist að taka slíkt gjald af skólafólki á þessu svæði sem kemur utan af landsbyggðinni hlýtur að koma upp sú eðlilega krafa frá hinum ýmsu t. d. sjávarplássum og fleirum úti á landsbyggðinni að greitt sé sérstakt gjald af því skólafólki héðan úr Reykjavík sem aflar mikilla tekna úti á landi við fiskvinnslu yfir sumarmánuðina. Það er ekki síður réttlætanlegt að taka upp slíkt gjald til þess að taka af fólki sem kemur á svæði til að afla sér stórra peninga á svipaðan hátt og menn ætla hér að fara að taka gjald af fólki sem kemur til þess að afla sér menntunar. Sem í raun og veru þýddi það einvörðungu ef af yrði að þetta fólk utan af landi mundi ílengjast og festast hér miklu frekar en nú gerist.

Ég vildi líka gjarnan heyra hver afstaða hv. 3. þm. Reykv. er í þessu námskostnaðargjaldi, hvort hann telur það eðlilegt og réttlætanlegt eða sjálfsagt að Reykjavíkurborg taki upp slíka gjaldheimtu af nemendum utan af landsbyggðinni. Það væri fróðlegt að heyra slíkt. Og með áframhald af þessu bíð ég eðlilega eftir því að fá þá vitneskju sem hér hefur verið beðið um. Ég geri mér vonir um að hún sé föl og komi hér fram.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég heyrði það áreiðanlega rétt að hv. 3. þm. Reykv. héldi því hér fram í ræðu sinni að það væri gullöld hjá ýmsum fyrirtækjunum í þessu landi. Hrein gullöld. Hvaðan ber mann að garði sem heldur slíku og þvílíku fram? **(Gripið fram í:** Ætli það séu ekki fyrirtækin sem þú hefur

velþóknun á?) Innan úr hvaða kú er talað? Við skulum, án þess að lengja þessar umr. mikið umfram það sem nú er þegar orðið, taka dæmi um fyrirtæki sem ég hef vissulega velþóknun á, undirstöðufyrirtæki í öllum ríkisbúskap okkar, eins og t. a. m. Landsvirkjun. Hvernig voru ástæður þess fyrirtækis þegar mig bar að hinum nýja garði í iðnrn.? (**Gripið fram í:** Spurðu Pálma.) Pálmi Jónsson, hv. 1. þm. Norðurl. v., er formaður stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins með prýði og er ekki sérstaklega vandabundinn Landsvirkjun svo ég viti, nema eins og við allir. (**Gripið fram í:** Fyrrverandi ráðherra.) Fyrrverandi ráðherra er hann, en hann var ekki yfir þeim þætti og það ætti hv. 3. þm. Reykv. að vera fullkunnugt, því öllum öðrum er það.

Þá stefndi hallarekstur Landsvirkjunar í 400 millj. kr. Það hafði verið búið þannig að henni árið 1982 að halli hennar varð 152 millj. kr. Hvernig var hann jafnaður? Með erlendri lántöku auðvitað, dollaralánum. Með hverju — og nú bið ég um útreikning og upplýsingar — ef svo hefði haldið fram sem horfði og 400 millj. kr. hallarekstur hefði orðið á Landsvirkjun árið 1983, með hverju átti að borga hann? Við þessu verða að gefast skýr svör, því annars er ekki tekið mark á málflutningnum, sem heldur því fram að það sé af einhverri sérstakri góðvild að teknar eru svo erfiðar ákvarðanir um stórhækkun orkuverðs til heimilanna í landinu til þess að þessi fyrirtæki verði rekin.

Menn þekkja e. t. v. þá útreikninga. Ef við hefðum greitt verðgildi raforkunnar, hefðum aðeins haldið við verðgildinu frá 1972—1982, þá hefði Landsvirkjun skuldað 100 millj. dollara minna en hún gerir í dag. Þetta heitir að fresta til næsta árs eða næsta áratugar því sem þyrfti að vinna á þessu nú. 100 milljónum dollara minna, ef við hefðum staðið undir og greitt verðgildi raforkunnar þennan áratug. En það var ekki gert og því er nú svo komið sem komið er, að menn uppskera eins og þeir sá og þetta hvílir á og skellur yfir með ofurþunga.

En ég vil líka minna þá á það, sem ofbýður hið stórhækkaða orkuverð, að á fjárlögum fyrir árið 1983, sem fyrrv. ríkisstj. afgreiddi, voru 35 millj. kr. ætlaðar til orkujöfnunar í landinu. Á þeim fjárlögum sem síðast voru afgreidd eru það 230 millj. kr. eða 700% hækkun milli ára.

Ég get upplýst það að sótt var á um hækkun hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Af ýmsum ástæðum var talin þörf á hækkun raforkuverðs Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Það varð samkomulag við borgaryfirvöld um það að ekki yrði um hækkun að tefla. Það varð samkomulag um það. Og ég held að ef ekki breytist annað stórlega til hins verra þá megi fullyrða að á árinu 1984 verði engar rafmagns- eða orkuverðshækkanir yfirleitt, ekki rafmagnshækkanir, segi ég. En þessi hækkun, sem ég tel sjálfsagða, verður hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Ég endurtek að ég mun verða mjög staður og reyna til hins ýtrasta að sporna gegn öllum orkuverðshækkunum, og hef enda enn sem komið er vald til þess. En þær röksemdir voru löngu fluttar fram við mig um nauðsyn Hitaveitu Reykjavíkur á hækkunum og hefði raunar þurft að koma fyrr til, hinn 1. nóv. raunar ef vel hefði átt að vera. En samkomulag varð um að fresta því þá.

Auðvitað er þetta þáttur í kjörum, þó það sé ekki í launakjörum, fólksins sem hér býr. Hverjum dettur annað í hug? Gengur einhver í grafgötur um það? Og þess vegna er það auðvitað sem menn hika við og hugsa sig um vandlega og taka ekki slíkar ákvarðanir eða samþykkja slíkar hækkanir nema í hinni ýtrustu nauðsyn.

Um það sem spurt var um námsvistargjald er mér ekkert umhendis að lýsa því yfir að það er mikill fleinn í mínu holdi. Og vænti ég þess að menn reyni til við að ná annarri skipan mála eða öllu heldur að ekki verið horfið að þessu fyrirhugaða ráði.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Vegna þeirrar fsp. sem hér hefur komið fram sé ég mig tilneyddan að koma aftur í ræðustól. Við erum að vísu komin langt frá því umræðuefni sem er hér á dagskrá. Ég vil í sambandi við þær óskir sem hv. 3. þm. Reykv. bar hér fram lýsa því yfir að ég mun að sjálfsögðu leita eftir því við Reykjavíkurborg að láta gera úttekt á því sem hann spurði um í sambandi við taxta fyrirtækja Reykjavíkurborgar og reyna að fá greinargóð svör fyrir félmn. og enn fremur upplýsingar um álagningaráform sveitarfélaganna 1984.

En ég vil benda á það sem staðreynd að aðeins örfá sveitarfélög í landinu eru búin að taka lokaákvörðun um álagningarprósentu. Fá þeirra eru búin að ganga frá fjárhagsáætlun fyrir árið 1984 en þessi mál eru nú til umræðu hjá flestum sveitarfélögum, a. m. k. stærri sveitarfélögum.

Ég vil einnig endurtaka það, að ég dreg mjög í efa þá fullyrðingu hv. 3. þm. Reykv. að sveitarfélögin misnoti álagningu þjónustugjaldanna. Ég þekki það ekki og ég vil benda á það, að ef við eigum að tala um einhver rök í þessu máli þá getum við bent á það að skuldastaða sveitarfélaga við síðustu áramót var neikvæð um yfir 500 millj. Svo erfið var fjárhagsstaða þeirra á s. l. ári.

Í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Vestf. fullyrði ég það, og ég veit að hann þekkir það ósköp vel sjálfur úr sinni heimabyggð eða sínu kjördæmi, að sveitarstjórnir í landinu gera sér fulla grein fyrir gjaldþoli sinna þegna. Ég tel að þeir séu það nálægt þeim vettvangi að þeir geri sér fulla grein fyrir hvernig þau mega beita sínum gjaldstofnum með tilliti til þeirra aðstæðna sem eru á hverju svæði. Það er alveg ljóst.

Í sambandi við námsvistargjaldið, af því hann spurði mig beint um það, vil ég lýsa því yfir að ég hef alltaf verið andvígur þessu gjaldi, og ef barist gegn því og beitt þeirri aðstöðu sem ég hef haft í samtökum sveitarfélaga til að mótmæla þessu gjaldi. Og mér er kunnugt um að fjöldi sveitarfélaga í landinu hefur mótmælt þessu gjaldi og alls ekki greitt það þó að óskað hafi verið eftir því. Eins og hv. þm. sjálfsagt vita er þetta gjald byggt á iðnfræðslulögunum sérstaklega. Það er vísað til þeirra þegar reynt er í sambandi við framhaldsskólana, aðallega fjölbrautaskólana, að ná þessu gjaldi af sveitarfélögunum.

Ég vil endurtaka að það er óhjákvæmilegt að Alþingi fari að takast á við þessi mál. Ég vona að hæstv. menntmrh. leggi fljótlega fram frv. til laga um framhaldsskóla og frv. til l. um skólakostnaðarlög sem taka af öll tvímæli um það hvernig á að fara með þessi mál. Á því er mikil þörf. Við höfum ekki efni á því í okkar þjóðfélagi að skapa ófrið milli þéttbýlis og dreifbýlis hvað þetta varðar. Við viðurkennum að allir eiga sama rétt á aðstöðu til náms og það er mjög óeðlilegt að gera

þann mikla mismun sem liggur í þessu gjaldi. Ég vonast til þess að unnt verði að koma því þannig fyrir að þetta gjald verði ekki innheimt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Verslunaratvinna, frv. 14. mál (þskj. 14). — Frh. 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Virðulegi forseti. Það er nú alllangt liðið síðan fyrri hluti umræðunnar um þetta mál, breyt. á lögum um verslunaratvinnu, fór hér fram, en frv. sem hér um ræðir og er nú á dagskrá gerir ráð fyrir að settar verði ákveðnar reglur varðandi leyfi til að stunda innflutningsverslun. Ég held að í rauninni hafi flest það verið komið fram sem máli skiptir um mál þetta í þeirri ítarlegu umr. sem fór hér fram fyrir hátíðarnar. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar þar um og vænti þess að málið fái skjóta og skýra meðferð í hv. fjh.- og viðskn., sem væntanlega fær málið til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Orkulög, frv. 60. mál (þskj. 65). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fyrir því getur varla fundist nokkur réttlætisvottur að menn geti auðgast á því eða setið yfir hlut annarra vegna þess eins að á landi þeirra sé jarðskorpan eitthvað þynnri en annars staðar. Þetta frv., sem ég mæli hér fyrir, er flutt út frá þeirri réttlætiskennd að við viljum ekki að menn auðgist með svo einkennilegum hætti eða vegna þess eins hvernig hagar til með jarðskorpuna á hverjum og einum stað. Þetta frv. felur í sér þá stefnumörkun, að sú orka sem fólgin er í háhitasvæðum sé sameign þjóðarinnar. Djúphiti yrði sem sagt almannaeign. Hins vegar er gert ráð fyrir að jarðvarmi á lághitasvæðum og yfirborðshiti yrði hvarvetna háður einstaklingsrétti landeigenda.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Alþfl. hefur lengi haft á stefnuskrá sinni að binda það í lög að eignarráð íslensku þjóðarinnar á landinu og miðunum séu sameign, að landið verði þjóðareign, að orkulindirnar verði sameign þjóðarinnar og byggðin í landinu háð vaxtarrými án þess að þurfa að greiða okurgjald fyrir. Viðgangur byggðar og atvinnu í landinu þarfnast þess að orkulindir fallvatna og jarðvarma séu virkjaðar í almannaþágu og landrými sé ráðstafað til mannvirkjagerðar. Það er vitaskuld gagnstætt öllu réttlæti að einstakir landeigendur geti hirt stórgróða vegna þess eins að þjóðarnauðsyn og alþjóðarþörf hafi gert lönd þeirra verðmæt án nokkurs tilverknaðar þeirra sjálfra.

Vegna þessarar stefnumörkunar hefur Alþfl. á undanförnum þingum flutt nokkur lagafrv., þar á meðal frv. til l. um endurskoðun á eignarnámsbótum sem gilda munu fyrst og fremst í nágrenni við þéttbýli. Í annan stað um að afréttir, sem ekki eru skilmerkilega í eign annarra, séu lýstir sameign þjóðarinnar og í þriðja lagi, svo ég telji aðeins þrennt, það frv. sem ég mæli hér fyrir.

Þetta lagafrv. fjallar sem sagt sérstaklega um þann djúphita sem fólginn er í iðrum jarðar og að gera hann að almannaeign.

Það má segja að hugmyndin um þjóðareign landsins sé jafngömul jafnaðarstefnunni og hún var í fyrstu stefnuskrá Alþfl. Sá hugsunarháttur hefur ríkt hér á landi til skamms tíma að landrými sé feikinóg og náttúruauðlindir takmarkalausar. Fleiri þjóðir hafa reyndar vaðið í þeirri villu. Nú er annað komið á daginn. Allt er þetta takmarkað og þjóðin deilir um auðlindir landsins, en óttast eyðingu lands og nytjafiska.

Þau frv. sem Alþfl. hefur flutt áður um þetta efni hafa oft mætt harðri mótspyrnu íhaldssamra afla, en það verður að segjast eins og er að þær hafa vakið þjóðarathygli og fengið undirtektir um land allt. Við höfum stundum orðað það svo, Alþfl.-menn, að grundvallarsetning íslenskrar stjórnarskrár ætti í rauninni að vera eitthvað á þessa leið að því er þetta mál varðar, að íslenska þjóðin öll, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á Ísland allt, gögn þess og gæði og miðin umhverfis það.

Það er vitaskuld ljóst að æðsta stofnun þjóðarinnar, Alþingi, fer með umráðarétt á þessari eign, en getur með sérstökum lögum og reglum veitt einstaklingum, fyrirtækjum og félagsheildum, t. d. sveitarfélögum, tiltekinn rétt til þessara gæða. Við jafnaðarmenn lítum svo á að það sé fráleitt að fjölmennar byggðir nái ekki að virkja nærtæk fallvötn til framleiðslu á orku og á sama hátt að virkja jarðhita til framleiðslu á hita, hvort heldur er til húshitunar eða iðnaðar. Við teljum fráleitt að einstakir landeigendur geti staðið í vegi fyrir framförum af þessu tagi.

Við teljum að sá jarðvarmi, sem ríki og samfélagslegt fjármagn og framtak þarf til almannanota, eigi að vera þjóðareign og taka skuli hann til almannaþarfa án stórgjalds til hugsanlegra landeigenda. Við teljum að það stríði gegn eðlilegri réttarkennd að land- eða lóðareigandi grípi af því offjár að þétt byggð hafi án hans tilverknaðar myndast í eða við landareign hans og þurfi vaxtarrúm. Það er af þessum sökum sem við höfum flutt þau lagafrv. sem ég gat um áðan varðandi sameign þjóðarinnar á landinu.

Að því er varðar það mál sérstaklega sem ég mæli hér fyrir, þ. e. breytingu á orkulögum, er það svo, að um það hafa oftlega áður verið flutt lagafrv. hér á Alþingi af fulltrúum ýmissa flokka og þm. Alþfl. hafa oft áður verið meðal flm. lagafrv. um almannaeign á jarðhita. Það má segja að megindrögin í því frv. sem ég mæli hér fyrir séu hin sömu og í þeim frv. sem áður hafa verið flutt, t. d. á árunum 1972–1977, og þar á meðal sem stjfrv. af páv. hæstv. iðnrh. Magnúsi Kjartanssyni og síðar sem þmfrv. sem flutt var af ýmsum þm.

Í þessu frv. er þó gerð ein veigamikil breyting frá fyrri frv., nefnilega sú, að sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra, sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu fyrir gildistöku laganna, skuli halda rétti sínum óskertum.

Eins og ég gat um fyrr í máli mínu er í þessu lagafrv.

greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum. Allur jarðhiti á lághitasvæðum er háður einstaklingsrétti landeigenda samkv. þessu frv., en annar jarðhiti, þ. e. á háhitasvæðum, er í almannaeign og í umráðum ríkisins samkv. þessu frv. Þó er gert ráð fyrir að þeir sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans fyrir gildistöku laganna eða keypt sér þar rétt til vinnslu hafi þann rétt óskertan áfram.

Samkv. þessu frv. er líka óheimilt að aðrir aðilar en ríkið og þeir sem leyfi ríkisins fá bori eftir jarðhita á háhitasvæðum. Ráðh. sá sem fer með orkumál hefur samkv. frv. heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa því með löggjöf hverju sinni. Með því er tryggt að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Í samræmi við 2. gr. orkulaga er Orkustofnun ætlað það hlutverk að ákveða nánar hver séu mörk háhitasvæða, en til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið að skylt sé að tilkynna henni allar boranir eftir jarðhita sem eru dýpri en 100 metrar. Enn fremur eru sett ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Með þessu frv., ef að lögum verður, eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafans til að setja eignarréttindum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum.

Það verður að segja að nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti fasteigna. Verðmæti fasteigna í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi. Það er líka ljóst að til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé, en þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar er vafasamt að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans á háhitasvæðum hlýtur að verða a. m. k. flestum einstökum landeigendum ofviða, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni.

Það er líka nauðsynlegt að nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði lúti stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir á sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfa sóunar og árekstra þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum sem áður hafa verið boraðar. Af þessum ástæðum hefur þótt rétt að tryggja með lögum, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að jarðhiti á háhitasvæðunum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeigenda af fasteignum sínum.

Að svo miklu leyti sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðinu ber honum að sjálfsögðu að fá fullar bætur fyrir.

Með þessu lagafrv. er fylgirit þar sem þekkt háhitasvæði eru talin upp. Það er reyndar gert í lagafrv. sjálfu og gerð grein fyrir því að líklegt sé að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna á Íslandi. Flest þessi háhitasvæði eru allhátt yfir sjó, en á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi og líklega í Eldvörpum, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn sem hitnað hefur við hringrás djúpt í jörðu. Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt að vinnsla jarðvarma á hverju svæði sé undir yfirstjórn eins aðila.

Í 1. gr. frv. er að finna skilgreiningu á háhitasvæðum. Jafnframt eru talin upp þau jarðhitasvæði sem ekki falla undir þessa skilgreiningu.

Í 1. gr. er líka kveðið á um að ríkið eigi allan umráðarétt til hagnýtingar á jarðhita- og háhitasvæðunum, en landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðunum og takmarkaður réttur til nýtingar á háhita landeiganda til handa. Síðan er tiltekið í 2. gr. að ríkið eigi rannsóknarréttinn að því er þessi svæði varðar og landeiganda sé skylt að leyfa þeim mönnum sem ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi aðgang að landareigninni í rannsóknarskyni, en skemmdir ef einhverjar verða skuli bættar að fullu eftir mati. Ákveðið er að leyfi ráðh. skuli bundið þeim skilyrðum að Orkustofnun eigi þess kost að fylgjast með rannsóknunni.

Í 3. gr. er tiltekið að til vinnslu jarðhita á háhitasvæði þurfi að öllu jöfnu leyfi Alþingis. Ráðh. sé þó heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu, eins og nánar er tiltekið í greininni. Síðan er tiltekið að þau sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki sveitarfélaga sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku þessara laga skuli halda rétti sínum óskertum. Nánari ákvæði eru síðan um hver sé réttur sveitarfélaganna og hvernig fara skuli með umsóknir sem berast og þá einkum og sér í lagi það sem þegar hefur átt sér stað á háhitasvæðum áður en lögin taka gildi. Það er þetta atriði einkum og sér í lagi, þar sem komið er til móts við sveitarfélögin og fyrirtæki þeirra og stofnanir, sem er frábrugðið því sem var í hinum fyrri frv. sem ég gat um.

Ég sé tæpast ástæðu til þess, herra forseti, að rekja efnisþætti öllu nánar. En ég vil leggja áherslu á að eins og þetta frv. er nú búið er leitast við að ná þeim markmiðum sem ég held að hafi komið fram í máli mjög margra þm. á Alþingi og hefur víða komið fram meðal almennings í landinu án þess að gengið sé svo langt í því að ríkið eignist allar orkulindir af þessu tagi að menn ættu að þurfa að hrökkva í kút þess vegna.

Eins og ég gat um er hér um það að ræða að taka háhitann sérstaklega fyrir og setja lög um það efni, en láta lághitasvæðin óhreyfð. Hugmyndin er sem sagt sú, að með því að flytja þetta í þessu formi geti fleiri um það sameinast, en það er ekki vansalaust að svo lengi sem þetta mál hefur verið í umr. meðal þjóðarinnar og á Alþingi skuli Alþingi ekki enn hafa haft uppburði í sér til að setja lög og taka afstöðu í þessum efnum. Það er slæmur ljóður á þinginu að það kinoki sér við ýmiss konar lagasetningu sem mjög brýn er í þessum efnum. Ég tel einmitt að það mál sem ég mæli hér fyrir sé af því tagi þó að þessi hafi því miður orðið örlög þess alloft. Þess vegna vil ég skora á alþm. að hyggja nú vel að þessu máli og koma þá frekar fram með brtt. og semja sig fram til lausnar á málinu en láta það enn einu sinni daga hér uppi óafgreitt.

Að endingu, herra forseti, vænti ég þess að við munum njóta ötuls stuðnings hæstv. iðnrh. í þessu máli og legg til að að lokinni umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn. þessarar deildar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég hygg að þing þau sem ég hef setið séu færri en hin, að ekki hafi komið fram frv. í þessa veru frá þm. Alþfl. Margt er í þessu frv. rétt og vel athugað. Ég vænti þess að þótt ég taki þann veg undir verði það ekki metið á þann veg að ég sé með öllu að fallast á grundvallarsjónarmið jafnaðarmanna til eignarréttarins. Ég er að vísu eignarréttarsinni og jafnvel séreignarréttarsinni, en á hinn bóginn er ég ákafur fylgismaður þess að hagsmunir fárra verði að víkja fyrir hagsmunum fjöldans og þá alveg einkum og sér í lagi í því falli sem einstaklingurinn getur ekki nýtt sér hagsmunina eins og hann í fæstum tilfellum getur eða einkum þegar um er að tefla háhitann í landinu. Þar verður þjóðfélagið sjálft að koma til skjalanna.

Ég hef leitað mér lögfræðilegrar aðstoðar og ráðgjafar til að gera athugun á eignarréttarmálum vegna háhitans, jarðhitans og virkjunarréttar. Það er rétt sem hv. 3. þm. Reykn. tók fram, það er ekki vansalaust að reyna ekki að ná festu í þessu máli og ég verð að segja að mér sýnist þetta frv. vera í átt til þess samkomulags sem við hljótum að leita eftir að við náum um þessi mikilvægu mál, að við höfum fast undir fótum. Að athuguðu þessu frv. og grg. þess held ég að það skilji ekki eins margt að og menn skyldu að ósynju halda. Ég mun þess vegna beita mér fyrir því í framhaldi af niðurstöðu þeirrar athugunar sem nú fer fram á vegum iðnrn. að þetta mál verði hið allra fyrsta tekið upp í því skyni að við náum samkomulagi sem hið háa Alþingi geti sæmilega við unað og við búið og þjóðin við búið á næstunni. Ég á von á því að þess verði ekki langt að bíða að þau atriði skýrist, en ég er auðvitað meðmæltur því að þetta frv. fái þinglega meðferð og athugun í sérstakri nefnd. Það getur líka orðið til hjálpar við að ráða þessu endanlegan farveg.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. undirtektir hans við þetta mál. Ég óttaðist það undir fyrri hluta ræðu hans að hann ætlaði að falla í sömu gryfjuna og maður hefur oft heyrt hjá hæstv. ráðherrum að ekki væri hægt að standa í þessu stússi vegna þess að málin væru í athugun í rn. sem orðið er heldur leiðigjarnt. Ég hef hlustað á það í ýmsum málum, þ. á m. í þessu máli einhvern tíma áður. En svo skemmtilega brá við að hæstv. iðnrh. féll ekki í það farið. Hann sagði að vísu að hann hefði leitað sér lögfræðilegs álits á þessu máli og um það er ekki nema gott eitt að segja, en að öðru leyti kvað við þann tón að sjálfsagt væri að reyna að ná samstöðu um málið og það gæti fengið þinglega meðferð. Ég læt í ljós sérstaka ánægju mína með þessi viðbrögð iðnrh. og að hann skuli vera sammála mér og okkur Alþfl.-mönnum um það mat að frv. í þeim búningi eins og það er hér núna sé á þann veg að verið sé að teygja sig til samkomulags þannig að sem flestir geti bærilega við unað.

Ég vænti þess að þeir lögfræðingar sem hæstv. iðnrh. hefur á sínum snærum og hefur til verksins ráðið hraði nú frekar störfum sínum. Ég veit að hæstv. iðnrh. getur verið harla drjúgur við að reka á eftir mönnum ef því er að skipta þannig að farið geti saman í starfi nefndarinnar við athugun á þessu frv. að njóta þeirra gagna sem hæstv. iðnrh. mundi þá fá í þessu máli. Það mundi geta auðveldað afgreiðslu málsins og ég lýsi yfir fullum vilja til samstarfs um málsmeðferðina. Eins og ég sagði í upphafsorðum mínum er það ósk okkar að menn teygi sig nú frekar til samkomulags um þetta mál og reyni að afgreiða það því að það er ekki vansalaust, eins og bæði ég og hæstv. ráðh. höfum bent á í máli okkar áður, að mál eins og þetta liggi óhreyft árum saman, komist ekki til afgreiðslu þegar í rauninni er orðin svo brýn nauðsyn á að setja lög um þetta efni og fyrir því almennur vilji og skilningur í þjóðfélaginu og síðast en ekki síst þegar ljóst er að væntanlega mun mikill meiri hl. alþm. gjarnan vilja setja lög sem eru í þá veru sem hér er mælt fyrir, svo að ég fari nú ekki út í að togast á um einstök orð, málsgreinar, kommusetningu eða þvílíka smámuni.

Sem sagt, herra forseti, þakka ég hæstv. iðnrh. fyrir þessar undirtektir og vona svo sannarlega að gott á viti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. 96. mál (þskj. 117). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér þskj. 117 að flytja frv. til l. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Frv. fjallar um að ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka, en aftur á móti börn, sem voru að hluta eða að öllu leyti á framfæri hins látna sjóðfélaga, skal makalífeyririnn ganga til barnanna fram til 24 ára aldurs. Heimilt er að framlengja þær greiðslur samkv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar ef um er að ræða langvarandi sjúkdóm, fötlun eða aðrar erfiðar félagslegar aðstæður barna sjóðfélaga.

Reglur um makalífeyri eru nokkuð mismunandi hjá lífeyrissjóðunum. Að því er varðar Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins gilda eftirfarandi reglur:

1. Við lát sjóðfélaga fær maki greiddan makalífeyri sem er 20% af greiddum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár.

2. Hafi sjóðfélagi verið tvígiftur og lætur eftir sig tvo maka skiptist makalífeyririnn milli þeirra í hlutfalli við þann tíma sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna á þeim tíma sem hann ávann sér lífeyrisréttindi. Mér er ekki kunnugt um að slíkt ákvæði um tvískiptingu makalífeyris sé hjá öðrum lífeyrissjóðum.

3. Í þriðja lagi er að auki heimilt, ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hafi sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, að greiða hlutaðeigandi makalífeyri eins og um ekkju eða ekkil væri að ræða.

Með þessu síðasta ákvæði, sem ég hef hér rakið, er því opnaður möguleiki á að greiða öðrum aðilum en maka makalífeyri. Breytingin sem í þessu frv. felst er að undir sérstökum kringumstæðum, ef sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka, geti makalífeyririnn gengið til barna sjóðfélaga fram til 24 ára aldurs. Ennfremur er lagt til að heimilt sé að framlengja greiðslur ef um er að ræða langvarandi sjúkdóm, fötlun eða aðrar erfiðar félagslegar aðstæður barna sjóðfélaga. Fordæmið er fyrir hendi, eins og ég hef áður frá greint, að aðrir en makar

geti fengið greiddan makalífeyri.

Eins og nú er háttað um reglur lífeyrissjóðanna fá börn látins sjóðfélaga greiddan barnalífeyri til 18 ára aldurs. Ef barn á ekki foreldri eða kjörforeldri á lífi er greiddur úr lífeyrissjóðnum tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga eða rúmar 1600 kr. Lífeyrisréttindi, sem einstætt foreldri hefur áunnið sér, tryggja því ekki afkomu barnsins lengur en til 18 ára aldurs. Jafnvel þótt einstætt foreldri hafi greitt áratugum saman 4% af launum sínum til lífeyrissjóðsins tryggja lífeyrisréttindi þess ekki fjárhagslega afkomu barnsins betur en hér hefur verið lýst. Munaðarlaus börn eða börn einstæðra foreldra eiga því ekki margra kosta völ þegar lífeyrisréttindi móður eða föður tryggja þeim aðeins þessa litlu lífeyrisupphæð til 18 ára aldurs. Hér er lagt til að opnaður verði möguleiki til þess að greiða barni sjóðfélaga lífeyri til 24 ára aldurs og í undantekningartilfellum til lengri tíma eins og hér hefur verið lýst.

Eins og fram kemur í grg. er það orðið æ algengara að ungt fólk fari í framhaldsnám að loknu skyldunámi. Þó vissulega sé það ekki algengt þá á ungt fólk oft bakhjarl í einni eða annarri mynd í foreldrahúsum á þeim tíma. En foreldralaus ungmenni eiga síður nokkurn slíkan bakhjarl við þær aðstæður. M. a. þess vegna er miðað við 24 ára aldur í þessu frv. Benda má einnig á það, að í frv. til barnalaga, sem var til meðferðar í 103. löggjafarþingi, var lagt til að framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns væri heimilt að ákveða allt til þess að barn nær 24 ára að aldri. Var þar vísað til þess að þetta ákvæði væri í dönskum barnalögum frá 1960.

Í annan stað hlýtur það að vera sanngirnismál að einstæðir foreldrar, sem mjög lengi hafa greitt í lífeyrissjóð, geti búið við það öryggi og réttlæti að lífeyrisréttindi, sem þeir hafa áunnið sér og skv. lögum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna renna til maka og barna sjóðfélaga, geti, ef maki er ekki á lífi, runnið til að tryggja m. a. skólagöngu barna þeirra til 24 ára aldurs. Einnig verður á það að líta að skv. barnalögum er nú heimilt að framlengja framfærsluskyldu meðlagsaðila til 20 ára aldurs vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna. Ekki hefur þó verið hugað að greiðslum vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna einstæðra foreldra sem ekki hafa til neins meðlagsskylds aðila að leita.

Ég vil benda hv. þm. á að líta á það sem fram kemur í grg. með þessu frv. Þar eru tekin tvö dæmi sem sýna ljóslega að við fráfall sjóðfélaga, sem lætur eftir sig maka og börn, nýtast áunnin lífeyrisréttindi miklu betur nánustu ættingjum, þ. e. maka og börnum, heldur en áunnin lífeyrisréttindi ekkju nýtast börnum hennar undir sömu kringumstæðum, jafnvel þótt hún hafi greitt jafnlengi og jafnmikið í lífeyrissjóð og sá sjóðfélagi sem lætur eftir sig maka og börn. Er munurinn í þeim dæmum tveim sem hér eru tilgreind um 5700 kr. á mánuði.

Þar sem lífeyrissjóðirnir hafa opnað möguleika fyrir það að makalífeyrir geti undir vissum kringumstæðum runnið til annarra en maka, þá tel ég það réttlætismál að opnað sé fyrir það að því er varðar börn einstæðra foreldra, ekkju og ekkla að makalífeyririnn geti undir ákveðnum kringumstæðum einnig runnið til þeirra. Ljóst er að afkoma foreldralausra barna getur verið mjög ótrygg og til að mynda komið í veg fyrir frekari skólagöngu þeirra þar sem greiðslu úr lífeyrissjóði lýkur við 18 ára aldur og ekki til neins meðlagsskylds aðila að leita. Það gæti því skipt verulegu máli fyrir foreldralaus börn og ungmenni að lögum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna yrði breytt á þann veg sem hér er lagt til. Er ég sannfærð um það að ekki getur verið um fjölmennan hóp að ræða, sem nyti réttar ef lögum um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna yrði breytt á þann veg sem hér er lagt til, og því varla mikill kostnaður fyrir lífeyrissjóðina samfara þessari breytingu. Það gæti aftur á móti haft veruleg áhrif á framtíð þeirra barna og ungmenna sem standa uppi foreldralaus, ef þessa frv. næði fram að ganga.

Þeir forustumenn lífeyrissjóða sem ég hef talað við um þetta mál og þá breytingu sem hér er lögð til eru sammála mér í því, að hér sé mikið réttlætismál á ferðinni, og einnig hitt, að ekki muni vera nema um óveruleg útgjöld fyrir lífeyrissjóðina að ræða, sem aftur á móti gætu haft mikla þýðingu fyrir þá sem réttar nytu samkvæmt breytingunni sem hér er lögð til. Ef frv. þetta yrði samþykkt er nauðsynlegt að stjórnvöld beiti sér fyrir því í samráði við aðra lífeyrissjóði í landinu að sett verði sambærileg ákvæði í reglugerð allra starfandi lífeyrissjóða í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða frekar um þetta frv. en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 119. mál (þskj. 146). — 1. umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl. Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut þar ekki afgreiðslu og er hér endurflutt. Flm. eru þeir alþm. er sæti eiga í Nd. Alþingis og kjörnir hafa verið sem stjórnarmenn í Rannsóknaráði ríkisins.

Meginefni frv. er það að 39. tölul. 3. gr. tollskrárlaganna breytist og orðist svo: „Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem ætlaður er til notkunar hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum."

Hér er m. ö. o. verið að fara fram á heimild með breytingu á tollskrárlögum til þess að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum ætluðum til vísindarannsókna á Íslandi. Í tengslum við þetta lagafrv. hafa sömu þm. hér í Nd. flutt till. til þál. í Sþ. um staðfestingu hins svonefnda Flórens-sáttmála. Meginefni þeirra þáltill. er að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að staðfesta aðild Íslands að alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda á varningi til mennta, vísinda og menningarmála, svonefndan Flórens-sáttmála UNESCO, en án viðaukabókunar sáttmálans. En jafnframt þessu, segir í þáltill., verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tollskrá.

Kannske má spyrja: Hví er verið að bera fram þetta frv. hér í Nd. og þáltill. í Sþ.? Svarið við því er m. a. að finna í nýju fréttabréfi sem út er gefið af Eðlisfræðifélagi Íslands. Þar er bent á þá furðulegu staðreynd, sem ég leyfi mér að orða svo, að tekjur ríkissjóðs af

innfluttum rannsóknatækjum í formi aðflutningsgjalda, tolla og annars eru meiri en framlag ríkissjóðs til raunvísinda í gegnum Vísindasjóð. Að því leyti væri Vísindasjóði betur borgið með því að afþakka framlagið úr ríkissjóði þegar maður lítur á það hvernig þetta bókhald kemur fyrir miðað við reynslu liðinna ára.

Þessi staðreynd bendir á hvílík nauðsyn er að gera breytingu í þessum efnum. Í fyrsta lagi að Ísland gerist aðili að Flórens-sáttmálanum svokallaða, en þá ekki síður — og það er mál sem hér er á dagskrá — að tollskrárlögunum verði breytt þannig að þessi gjöld verði niður felld. Þetta er ekki síst nauðsyn vegna þess að Ísland er í hópi þeirra Evrópuríkja sem einna minnst leggja til vísindalegra rannsókna og er þó kannske óvíða meiri þörf á grundvallarrannsóknum, sérstaklega á sviði vísinda, en einmitt hér á landi, því landi sem á svo margar auðlindir, lítt rannsakaðar og lítt nýttar.

Í þessu sambandi er ástæða til að minna á að nýlega hefur fjmrn. auglýst að ýmis tæki til rannsókna, gæðaeftirlits og vöruþróunar sem flutt eru inn af fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum fái niður felld aðflutningsgjöld eins og um tæki og framleiðslubúnað væri að ræða í samræmi við 12. tölul. þessarar sömu 3. gr. í tollskrárlögum. Þar sem flest stærri innlend fyrirtæki í framleiðslugreinum falla nú orðið undir þessa skilgreiningu eru það nánast eingöngu opinberar stofnanir sem ekki njóta þessara skilyrða. Þar með er brostin sú röksemd að ekki skuli mismunað í þessum efnum og jafnframt virðist nú talið gerlegt að taka afstöðu til þess hvaða tæki eru flutt inn til rannsóknar. Hér er um það að ræða að fella niður gjöld á vísindalegum tækjum og búnaði sem eingöngu er ætlaður til kennslu eða hreinna vísindastarfa að því tilskildu eins og sagt er í þeim Flórens-sáttmála sem ég nefndi, að þessi tæki séu ætluð til vísinda- og menntastofnana í opinberri eigu eða einkaeign sem fengið hafa heimild þar til bærra yfirvalda í innflutningslandinu til að flytja inn slík tæki eða búnað og eiga að notast án viðskiptalegs tilgangs undir eftirliti og ábyrgð þessara stofnana.

Hér er vissulega um nokkurt tekjutap fyrir ríkissjóð að ræða af innflutningsgjöldum. Þær tekjur sem ríkissjóður hafði af innflutningsgjöldum af þessum tækjum 1981 voru rúmlega 26 millj. kr. Af þeirri upphæð er ljóst að aðflutningsgjöld af vísindatækjum eru umtalsverð fjárhagsleg byrði fyrir íslenska rannsóknastarfsemi og veruleg hindrun á framförum á því sviði.

Íslenskar rannsóknastofnanir fjármagna tækjakaup sín annars vegar af fjárveitingum til tækjakaupa og hins vegar af eigin aflafé sem þær fá fyrir greidda þjónustu og rannsóknarverkefni sem greidd eru af utanaðkomandi aðilum, þ. á m. atvinnufyrirtækjum. Í báðum tilfellunum verður að telja álagningu aðflutningsgjalda óskynsamlega ráðstöfun, ekki síst eftir að slík aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af flestum atvinnufyrirtækjum í landinu. Fjárveitingar á fjárlögum til tækjakaupa eru venjulega af skornum skammti og eru því miður oft látnar mæta afgangi við afgreiðslu fjárlaga. Mörg dæmi eru til þess að þegar umsóknir um fjárveitingar til tækjakaupa hafa verið skornar niður nægir fjárveitingin ekki nema til greiðslu aðflutningsgjaldanna einna saman af hinum fyrirhuguðu tækjakaupum. Þá þykir sárt að sjá verulegan hluta naumra fjárveitinga renna aftur til ríkissjóðs. Þegar um ráðstöfun á eigin tekjum stofnana til tækjakaupa er að ræða sýnist jafn órökrétt að ríkissjóður skuli taka hluta af þeim tekjum í opinber gjöld, ekki síst þegar nú liggur fyrir sú stefnumótun að hvetja þær stofnanir sem tök hafa á að leita eigin tekna utan fjárlaga, þ. á m. frá atvinnuvegunum.

Það er í ljósi þessara röksemda sem frv. þetta er flutt hér í deild. Ég vildi mælast til þess að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 39. fundur.

Fimmtudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Starfsemi Íslenskra aðalverktaka, beiðni um skýrslu (þskj. 308). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Leyfið samþ. með 36 shlj. atkv.

Orkusparnaður, þáltill. 76. mál (þskj. 81). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Veiðar í erlendri fiskveiðilandhelgi, þáltill. 77. mál (þskj. 82). — Ein umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt öðrum þm. Alþfl. að flytja þáltill. sem fjallar um athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri fiskveiðilandhelgi. Samhljóða till. var flutt í fyrra og hittiðfyrra, en varð ekki útrædd.

Með leyfi forseta er till. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna möguleika á kaupum veiðileyfa og öflun veiðiaðstöðu fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu ríkja í Norður-Ameríku og Vestur-Afríku“.

„Svört skýrsla“ Hafrannsóknastofnunar, sem gerð var opinber í haust, minnti okkur á hve ástand fiskistofna umhverfis landið er alvarlegt. Ofveiði og versnandi skilyrði í sjónum hafa á undanförnum árum haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og má búast við að þessi staðreynd verði íslensku þjóðarbúi mikill fjötur um fót næstu árin. Viðbrögð við svörtu skýrslunni voru þau að binda allar veiðar leyfum og stefnt er að því að veiða um 100 þús. tonnum minna af þorski á þessu ári en í fyrra. Kvótakerfi, eins og fyrirhuguð stjórn fiskveiða hefur verið nefnd, mun hafa það í för með sér að fjöldi fiskiskipa verði verkefnalaus eða verkefnalítill á árinu. Menn hafa loksins almennt gert sér ljóst að

fiskiskip eru of mörg.

Í umr. um þessa till. í fyrra kom fram að allt væri í himnalagi, við ættum jafnvel að fjölga skipum, stækka skip og endurbyggja. Þessar raddir eru að mestu þagnaðar, en syndir fyrri ríkisstjórna sitjum við uppi með. Ég ætla ekki að tíunda hvernig með þessi mál var farið þá, en ég leyfi mér þó að fullyrða að þar hafi verið framin mörg óþurftarverk. En nóg um það.

Rætt er nú um að togarar þurfi að liggja mikinn hluta ársins í landi verkefnalausir, sem hlýtur að vera okkur áhyggjuefni. Því þykir okkur flm. rétt og hefur þótt það undanfarin ár að Alþingi feli ríkisstj. að kanna alla hugsanlega möguleika til að afla flotanum verkefna á nýjum slóðum, bæði til að nýta þessi stórvirku atvinnutæki og til að forða svo mörgum sjómönnum frá atvinnuleysi sem hugsanlegt er.

Það er ekki mjög langt síðan við Íslendingar stunduðum bæði loðnuveiðar og reyndar þorskveiðar líka í Barentshafi. Við stunduðum karfaveiðar við Nýfundnalandsstrendur. Það er ekki ýkjalangt síðan íslenskir útgerðarmenn gerðu út á síld við austurströnd Bandaríkjanna. Þar reið á vaðið einn af frumkvöðlum íslenskrar útgerðar á síðustu áratugum, Einar Sigurðsson. Hans skip stunduðu þessar veiðar í 1—2 ár. Þá minnist ég þess að við höfðum stundað miklar úthafsveiðar á Grænlandshafi við Bjarnarey og einnig stunduðum við lúðuveiðar við Grænland. Segja má því að Íslendingar hafi nokkra reynslu af úthafsveiðum og gáfu þær mikinn arð í aðra hönd á sínum tíma.

Vitað er um nokkur ríki sem aflað hafa sér tímabundinna heimilda til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi annarra ríkja. Má þar t. d. nefna bæði Japana, Kóreumenn og Austur-Evrópuþjóðir. Það er t. d. alkunna að pólsk fiskiskip hafa nú aftur fengið heimild til þorskveiða út af austurströnd Bandaríkjanna. Afla sinn selja þessi skip að nokkru leyti til bandarískra fyrirtækja. Annað dæmi sem kunnugt er er þátttaka íslenskra nótaveiðiskipa í veiðum á vegum eigenda norska verksmiðjuskipsins „Norglobal", sem hér kom töluvert við sögu loðnuveiða á sínum tíma. Þær veiðar áttu sér reyndar stað í fiskveiðilögsögu Máritaníu.

Í till. okkar er Vestur-Afríka tilgreind sérstaklega. Fyrir skömmu frétti ég hins vegar að Þjóðverjar veiða humar við strendur Sómalíu, sem reyndar er í Austur-Afríku. Þessar veiðar eru stundaðar með góðum árangri. Mér er kunnugt af viðræðum við þýska þm. að hugsanlega gætu Íslendingar fengið leyfi til veiða við strendur Sómalíu. Það er langt þangað og mörgum finnst þetta fjarrænn möguleiki, en eitt er víst, að Þjóðverjar telja þetta arðbærar veiðar. Hvers vegna ekki að kanna þessa möguleika? Gæti þetta ekki orðið arðbært fyrir okkur líka — eða þá við strendur annarra ríkja?

Við strendur Sómalíu veiða Pólverjar einnig. Reyndar hafa þeir aðgang að móðurskipi, en sú staðreynd að Pólverjar sækja á fiskimið annarra ríkja víða um heim sýna okkur að eftir einhverju er að sækjast.

Það má geta þess að fyrir fáeinum árum voru hér á landi á ferð fulltrúar stjórnvalda í Líberíu sem vildu efla til samvinnu við erlendar þjóðir um fiskveiðar í landhelgi síns heimalands.

Þegar umræða um stöðvun hvalveiða stóð sem hæst á Alþingi barst óformlegt boð frá Bandaríkjunum þess efnis að íslensk skip gætu fengið veiðiheimildir við strendur Bandaríkjanna gegn því að Íslendingar létu af hvalveiðum. Síðan mun hafa borist staðfesting á þessu boði og málið sent LÍÚ til umsagnar.

Okkur flm. er kunnugt um að undirtektir útvegsmanna eru jákvæðar. Á 44. aðalfundi LÍÚ, sem haldinn var á Akureyri 2.—4. nóv. s. l., var rætt um öflun veiðiheimilda á fjarlægum svæðum og eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Aðalfundurinn felur stjórn samtakanna að kanna hvort hægt sé að afla veiðiheimilda á fjarlægum svæðum, svo sem við Bandaríki Norður-Ameríku og Afríku".

Vegna tilboðs Bandaríkjamanna, sem vafalaust hafði áhrif á marga þm. þegar hvalveiðimálin voru til umræðu hér, spyr ég: Hefur eitthvað verið gert til að fylgja málinu eftir? Ætla má að lítið fari fyrir því, en fróðlegt væri að fá vitneskju um hvort eitthvað hefur skeð í þeim málum.

Sú skoðun hefur heyrst að óhugsandi sé að fá veiðiheimildir við strendur Bandaríkjanna án þess að þeir fái gagnkvæm réttindi hér við land. Þetta tel ég að sé misskilningur — eða hver hefur heyrt af veiðum Bandaríkjamanna við strendur Póllands? Þær fyrirfinnast ekki.

Hvað getum við boðið ríkjum t. d. í Afríku í stað veiðiheimilda? Jú, auðvitað gætum við boðið þeim að kenna þeim fiskveiðar. Slík þróunarhjálp, sem hægt væri að nefna svo, væri þeim mikils virði. Okkur væri mikils virði að fá að nýta vannýtta fiskistofna hjá þeim. Kanna þarf hvort ekki er víða um svo gagnkvæma hagsmuni að ræða.

Tilgangur þessarar þáltill. okkar er fyrst og fremst að það verði gengið úr skugga um hvort finna megi flota okkar, sem auðsjáanlega hefur of lítil verkefni hér, verkefni á fjarlægum miðum. Áreiðanlegt er að samfara því koma í ljós ýmis vandamál, en það er skoðun okkar flm. að íslenskir sjómenn og útgerðarmenn muni sigrast á þeim.

Þessa till. höfum við borið fram hvað eftir annað, en þrátt fyrir góðar undirtektir alþm. hefur ekki tekist að afgreiða hana. Nú hefur margt skeð einmitt á síðasta ári sem mælir mjög sterklega með því að till. verði samþykkt. Í fyrsta lagi nefni ég tilboð Bandaríkjamanna í tengslum við hvalveiðibannið. Í öðru lagi hefur LÍÚ nú í fyrsta skipti ályktað um málið og talið brýnt og hagkvæmt að kanna það. Í þriðja lagi hafa verkefni fiskiskipaflota okkar stórminnkað og verða skipin verkefnalaus nú í ár, jafnvel í marga mánuði.

Það kann hjá mörgum að virðast fjarlægur möguleiki að íslensk fiskiskip hefji veiðar við strendur Bandaríkjanna eða Afríku, en þetta gera aðrar þjóðir í ríkum mæli og telja mjög hagkvæmt. Fyrsta skrefið er að kanna hvort möguleikar eru á því að nýta íslenska fiskiskipaflotann eða hluta hans með þeim hætti sem till. okkar gerir ráð fyrir.

Ég legg til að að loknum umr. verði till. vísað til hv. atvmn.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil fyrst segja það sem mína skoðun, að mér finnst sjálfsagt að taka vel í þessa till., sem hér er flutt, og fjalla um hana ítarlega í n. Ég kveð mér ekki eingöngu hljóðs til að láta í ljós þá skoðun mína, heldur til að leiðrétta þau ummæli hv. flm. að ekkert hafi verið gert til að kanna

möguleika á veiðiheimildum eins og þessi till. fjallar um. Í allan vetur hefur verið unnið að því að kanna möguleika á að fá veiðiheimildir í bandarískri efnahagslögsögu og hafa þær tilraunir verið gerðar í samvinnu við sjútvrn. og LÍÚ.

Hins vegar verður ekki hjá því komist að taka það fram að á því eru ýmsir örðugleikar að afla slíkra veiðiheimilda, m. a. vegna þeirra reglna sem um þetta gilda í Bandaríkjunum. Það hefur komið fram hér í blöðum að fulltrúar LÍÚ hafa lagt land undir fót og kynnt sér þessi mál ítarlega, en komið heim einmitt með þá sögu að þarna séu ákveðnar tálmanir sem erfitt kynni að verða að yfirstíga. Þrátt fyrir þetta er sjálfsagt að ganga með fullnægjandi hætti úr skugga um hvaða möguleikar þarna eru á ferðinni og hvort unnt er að skapa þau skilyrði fyrir íslenska útvegsmenn að þeir teldu hagkvæmt að beina skipum sínum á þessi mið.

Það hefur enn fremur verið um það getið í blöðum að eitt útgerðarfélag hér á landi, Skagstrendingur hf., hefur leitað fyrir sér um að kaupa eða leigja verksmiðjuskip sem mundi veiða við vesturströnd Norður-Ameríku og þá með það fyrir augum að leggja afla á land í Bandaríkjunum til sölu þar, e. t. v. á vegum þeirra fyrirtækja sem Íslendingar eiga og reka á þeim slóðum.

Utanrrn. hefur gert allt sem í þess valdi stendur til að aðstoða þetta fyrirtæki í þessum tilraunum og m. a. falið sendiráðsfulltrúanum í Washington að fara með þessum íslensku aðilum til fundar við ráðamenn og útgerðaraðila sem mögulega væri unnt að hafa samvinnu við í Bandaríkjunum í þessu skyni. Niðurstaða hefur hins vegar ekki fengist þar sem margir þættir þessara mála eru enn ekki ljósir, en áfram verður unnið að lausn málsins eftir megni. Ég vonast til þess að í umr. í þingnefnd megi upplýsa um þessar tilraunir og að þn. geti komist að farsælli niðurstöðu varðandi afgreiðslu þessarar þáltill.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég kem hér upp til að lýsa stuðningi mínum við anda þessarar þáltill. og ég fagna því, sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, að í þessum málum er unnið. Mér er kunnugt um að það er búið að vinna allmikið í þessum málum. Eins og hann sagði fóru framkvæmdastjóri og hagfræðingur LÍÚ einmitt til Bandaríkjanna á s. l. hausti til að kynna sér þessi mál sérstaklega. Þar kom ýmislegt upp sem vert er að skoða. Við skulum alls ekki vera of bjartsýn á að þetta takist, heldur er nauðsynlegt að fylgja því sem fastast eftir að þarna sé reynt að komast að því samkomulagi sem við getum unað við, vegna þess að manni hlýtur að vera það ljúfara, þó að þurfi að leita á fjarlæg mið til að ná í afla sem við héldum fram undir þetta að væri nægur á okkar eigin miðum, að ræða um þá hluti en að þurfa sífellt að leggja svo og svo mörgum skipum af íslenska flotanum vegna verkefnaskorts heima fyrir. Þess vegna vil ég leggja áherslu á það og er meðmæltur því, að leitað sé allra ráða til að fá verkefni fyrir skipin á erlendum miðum á meðan svo stendur á sem er í fiskveiðilögsögu okkar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er ágætt að heyra þau jákvæðu viðhorf sem hér koma fram bæði hjá hæstv. utanrrh. og hv. 3. þm. Vesturl. En mér þykir hafa ríkt ótrúlegt tómlæti í þessu máli um ótrúlega langan tíma. Það er ekki í fyrsta skipti sem þessi till. er flutt hér í þinginu og það er ekki í fyrsta skipti sem við Alþfl.-menn vekjum máls á þessu máli. Þar að auki liggja fyrir ályktanir frá hagsmunaaðilum eins og LÍÚ. Mín skoðun er sú, að það sé ekkert verkefni nærtækara fyrir utanrrn., eins og háttar til í íslenskum þjóðarbúskap núna og þegar við verðum að takmarka veiðar á veiðislóðum okkar með þeim hætti sem við nú verðum að gera, heldur en að leita fast eftir heimildum fyrir okkur til að veiða á erlendum veiðislóðum. Við erum að skammta okkur veiðar í okkar eigin landhelgi, við erum að skera þær stórlega niður og við höfum vitað það og fundið að þetta væri í aðsigi. Sú skömmtun sem er fram undan er stórtækari en hefur áður verið, en við höfum verið að skammta veiðarnar í mörg undanfarin ár vegna þess að fiskiskipastóllinn hafi verið of stór.

Mér finnst að það hafi ríkt ótrúlegt tómlæti um þetta mál. Og þrátt fyrir þá grg., ef við köllum það nú svo, sem hæstv. utanrrh. gaf hér áðan um það hvað gert hefði verið, þá verð ég nú að segja að mér fannst það heldur rýrt. Ég verð að benda á það og þykist ekki brjóta neinn trúnað með því, að þessi mál hefur t. d. ekki borið á góma í utanrmn. nema í þau skipti sem ég hef vakið máls á þeim. Ég held að það sé meira en mál að þessu tómlæti linni.

Eins og komið hefur hér fram er það svo um fjölda þjóða að þær stunda veiðar utan lögsögu sinnar, sumar með þeim hætti að þær hafa eitthvað að færa þeim þjóðum sem slíkt leyfa í staðinn, sumar án þess, og hafa miklar veiðiheimildir. En í þessu sambandi kemst ég ekki heldur hjá því að minna á enn og aftur og ítreka, að þegar hvalveiðimálin voru til umfjöllunar í Alþingi barst sérstakt bréf úr bandarískra utanrrn. þar sem gefin voru vilyrði um að Íslendingar gætu stundað veiðar við Bandaríkjastrendur. Það fór ekkert milli mála. Og hvort sem mönnum þótti þetta bréf viðeigandi eða ekki og hvort heldur það hafði áhrif á afstöðu manna eða ekki, þá koma bréf með slíkum vilyrðum. Þar var ekki getið um neina sérstaka erfiðleika í þessu sambandi, eins og nú er verið að tína upp, vitnað til formanns LÍÚ og almennrar lagasetningar í Bandaríkjunum.

Ég tel alveg einhlítt að við tökum Bandaríkjamenn á orðinu hvað snertir boðskap utanrrn. þeirra og hefðum átt að vera búin að gera það fyrr og leita eftir því af meiri þrótti en mér sýnist að gert hafi verið. Ekki getum við gengið út frá því að bréfið hafi verið blekking ein og það ætti svo að koma í ljós að á þessu væru margvíslegir meinbugir. Það getum við ekki viðurkennt í máli sem þessu. Hér verður að sækja á af fullum þrótti. Í máli eins og þessu dugar auðvitað ekki að gefast upp fyrir fram. Menn verða að sækja fram, menn verða að sækja þá möguleika sem hér um ræðir.

Ég minni á það líka í þessu sambandi að grannþjóð okkar Færeyingar hefur aflað sér veiðiheimilda á margvíslegum erlendum veiðislóðum og gert veiðisamninga sem hún telur sér mjög hagkvæma og mikils virði efnahagslega séð. Færeyingar hafa staðið sig mjög vel í þessum efnum. Í sumum tilvikum hefur verið um einhverja gagnkvæmni að ræða, en hún hefur þá verið af því tagi að Færeyingar hafa haft af því hag.

Ég minnist þess líka að fyrir nokkrum dögum komu fram hugmyndir í opinberum fjölmiðlum um að við gætum lagt Grænlendingum lið með einhverjum hætti, t. d. varðandi landhelgisgæslu við austurströnd Græn-

lands, og fengið út á það t. d. heimildir til að veiða í þeirra landhelgi. Hefur þetta nokkuð verið kannað? Er þetta ekki líka atriði sem væri ástæða til þess að kanna?

Ég tók eftir því að hv. 3. þm. Vesturl., Valdimar Indriðason, varaði við of mikilli bjartsýni. Það er sjálfsagt góðra gjalda vert að vara við slíku. En ég legg áherslu á að í þessu máli eiga menn alls ekki að gefast upp fyrir fram, heldur verða menn að sækja fram af þrótti og afli. Og ég ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að ég tel að utanrrn. ætti við núverandi aðstæður að nota sem mest af starfskröftum sínum til að sækja mál af þessu tagi, eins og nú hagar til í íslenskum þjóðarbúskap. Það er ekkert sem getur skipt okkur jafnmiklum sköpum efnalega og að vel takist til í þessum efnum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég minnti á það við umr. um þessa till. hér fyrir ári að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem till. svipuð þessari væri lögð fram hér á hv. Alþingi. Þessi till. ber keim af því að það eru uppi erfiðleikar í íslenskum sjávarútvegi og umræða um þá erfiðleika kannske komin út á ýmis þau svið sem gefa ekki mikið í aðra hönd.

Það var borin fram hér till. — líkast til hefur það verið 1958 eða 1959 — á svipaðan máta og í svipuðum anda og þessi till. er, þ. e. að leita veiðileyfa við Vestur-Afríku fyrir þau skip sem þá voru að koma á Íslandsmið eða væntanleg, hinir svokölluðu tappatogarar. Það var ekki talið að það mundi verða pláss fyrir þau skip eða þau mundu nýtast við veiðar við Íslandsstrendur. Þess vegna væri æskilegt að búa sig undir það að koma þeim til veiða á erlendri veiðislóð.

Í sjálfu sér er það ekki gagnrýnisvert og sjálfsagt sjálfsagðir hlutir að kanna þessa möguleika en ég er mjög svartsýnn á arðsemi þeirra og á að veiðar á erlendri veiðislóð bæti mikið stöðu íslensks sjávarútvegs eða íslensks þjóðarbúskapar. Jafnvel þó við gætum fært þau rök fyrir okkar málflutningi að Færeyingar og Þjóðverjar geri þetta með góðum árangri þá er hægt að koma með þau mótrök og benda á að í dag reka Færeyingar togaraútgerð og fiskverkun með góðum árangri og skila góðum hagnaði og eru ekki í neinum vandræðum með það að reka sinn sjávarútveg. En því miður er allt aðra sögu að segja hér.

Og ég tel að ef við ætlum að fara að senda skip til Norður-Ameríku eða stranda Bandaríkjanna, til Vestur-Afríku eða allar götur til Sómalíu þá verði kostnaðurinn við þá útgerð það mikill að það verði allar líkur á því að lítið verði í aðra hönd þegar gert verður upp þegar skipin koma heim úr slíku úthaldi.

Við þær aðstæður sem nú blasa við í íslenskum sjávarútvegi held ég að önnur verkefni séu flestöll nærtækari en þetta. Og ég tel að það væri mikið nærtækara verkefni fyrir hæstv. utanrrh. og utanrrn. að vinna í því að afla okkur fullkomins réttar við Rockall og á því veiðisvæði — á því svæði sem allar líkur eru á að við getum aflað okkur aukinna veiðiréttinda og aukinna veiðimöguleika.

Það er ekki langt síðan það birtust í blöðum fréttir um að Norðmenn hefðu farið á þá veiðislóð og fiskað vel. Það eru ekki gerðar tilraunir með að senda íslensk skip á það veiðisvæði. Það hafa ekki verið heldur gerðar neinar tilraunir til þess að senda íslensk veiðiskip á þau veiðisvæði hér rétt út af austurströndinni þar sem Rússinn er að fiska ár eftir ár — stórir flotar af rússneskum veiðiskipum. Ég hef ekki trú á því að yrðu lagðir til þessara hluta einhverjir fjármunir ættu íslenskir fiskimenn ekki að geta fengið þar afla alveg eins og þeir rússnesku. Það væri mikið skemmtilegra fyrir íslenska landhelgisgæslu þegar hún væri að fara þarna „rúnt" og mynda þennan stóra flota sem er hér utan við 200 mílurnar að inni í þessum flota væri einn og einn Íslendingur, gæti verið að fylgjast með a. m. k. hvað Rússinn væri að gera og njóta þess afla sem er rétt utan við íslenska landhelgi.

Og alveg sama er um það að við vitum að við Íslandsstrendur, innan landhelgismarkanna, eru fiskimið sem eru því miður allt of lítið nýtt. Það hefur ekki verið gert út á lúðu hér á vesturkantana í fleiri, fleiri ár. Það er vegna þess að íslenskir útvegsmenn treysta sér ekki til þess að fara í neinar tilraunaveiðar. Væri það ekki kannske nær að leggja dálítið fjármagn í það að styrkja íslenskan útveg til þess að fara á slíkar veiðar, leita hér svolítið út fyrir landsgrunnsmörkin eða út í landgrunnskantana? Það eru líka taldar miklar líkur fyrir því að með línuveiðum gætum við fiskað miklu meira af löngu hér úti í köntunum en við gerum — hvað þá ef við sláumst í hóp með Rússum í karfanum hér út á Reykjaneshryggnum.

Þetta er ekki gert. Það er verið að tala um hina og þessa hluti aðra, það er verið að tala um vandræði, það er verið að tala um að við séum að leggja stórum hluta af flotanum og það blasir við í dag. En þau verkefni, sem eru kannske nærtækust, eru ekki skoðuð heldur rætt um verkefni eins og þessi till. hér gerir ráð fyrir. Í einstaka tilfellum er sjálfsagt að skoða þessi mál en að það sé einhver allsherjarlausn fyrir íslenska atvinnuvegi og íslenskan sjávarútveg; það get ég ekki tekið undir. Og að í þessari umr. skuli það fært sem rök fyrir því að við eigum að leita eftir veiðileyfum við strendur Bandaríkjanna að Bandaríkjamenn hafi boðið okkur þetta þegar umr. áttu sér stað á hv. Alþingi um hvalveiðibannið. Þá er nú langt seilst ef rökin fyrir því, að við eigum að leita eftir þessu, eru vegna þess bréfs sem hér kom inn á hv. Alþingi þegar við vorum að ræða hér um hvalveiðibannið. Þetta var af ýmsum, eins og hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, kannske talin ekki eðlileg málsmeðferð við þær aðstæður. (Gripið fram í.) Ja, mín afstaða í því máli, þegar það kom hér inn, var sú að þó að ég væri á móti hvalveiðibanni þá fannst mér það ekki þyngja eða styrkja okkar skoðun sem vorum á móti því að veiða hvalinn. Og að ætla að fara í slík viðskipti við eina eða aðra þjóð finnst mér fyrir neðan allar hellur.

Aftur á móti tek ég undir þá uppástungu, sem hefur komið í fjölmiðlum og hv. þm. Kjartan Jóhannsson nefndi hér áðan, að eiga ákveðið samstarf við næstu nágranna okkar eins og Grænlendinga. Við erum þá raunverulega að styrkja okkar landhelgi og færa hana út. Og vitaskuld eigum við að leita einhverrar samvinnu — og við höfum reyndar verið með samkomulag — við Færeyinga um veiðar á þeirra miðum og þeir fengið síðan aftur heimild hér hjá okkur. Það er sjálfsagður hlutur. En ég held að það sé að fara yfir lækinn til að sækja vatn að leggja til að íslenskur fiskiveiðifloti fari til Afríkustranda eða stranda Bandaríkjanna til fiskveiða eins og nú standa sakir.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að vísa heim til föðurhúsanna þeim

ummælum sem hér hafa verið við höfð af hv. 3. þm. Reykn. að utanrrn. hafi ekki gert það sem skylda þess bauð að kanna þá möguleika sem til staðar væru varðandi fiskveiðiheimildir við Norður-Ameríku. Það hefur verið gert af hálfu rn. sem unnt hefur verið til þess að afla upplýsinga í þessu skyni.

En umræður um þessi mál gefa tilefni til þess að leggja áherslu á það að auðvitað verður frumkvæðið að koma frá útvegsmönnum sjálfum. Það er ekki unnt að ætlast til þess að stjórnvöld hafi frumvæði að því að senda íslensk fiskiskip til annarra landa eða ákveðinna fiskimiða. Ef útvegsmenn sjálfir sjá sér ekki hag í því þá skil ég varla að grundvöllur sé fyrir slíkum veiðum. Íslensk stjórnvöld geta gert sitt til að skapa skilyrði fyrir því að útvegsmenn geti sent skip sín á þær veiðar sem þeir telja sjálfir hagkvæmt að stunda. En tæpast verður það gert með öðrum hætti en ríkisstyrk ef á að fara að senda íslensk fiskiskip til veiða þar sem útvegsmenn sjálfir telja sér ekki í hag að stunda veiðar. Á þetta hygg ég að nauðsynlegt sé að leggja áherslu.

Hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson benti á að rétt væri að við hygðum að veiðum bæði innan og utan okkar eigin efnahagslögsögu og vel getur verið að það sé ástæða til þess að tilraunaveiðar eigi sér þar stað með einhverjum opinberum tilstyrk. Það verður að kanna út af fyrir sig. En auðvitað er það opið íslenskum fiskiskipum að kanna veiðislóðir utan okkar eigin fiskveiðilögsögu og þar sem skip annarra þjóða stunda veiðar hvort heldur það er fyrir suðaustan land, hér á Reykjaneshryggnum eða á Rockall-svæðinu. Og auðvitað skiptir það máli í sambandi við tilraunir okkar til þess að staðfesta rétt okkar á hafsbotnssvæðum að fiskveiðar séu þar stundaðar þótt einkaleyfi til fiskveiða fylgi ekki sjálfkrafa með hafsbotnsréttindum. Allt þetta er vert íhugunar. En fyrst og fremst hlýtur það að vera framtak og frumkvæði útvegsmanna sjálfra í samræmi við það sem þeir álíta hagkvæmt og borgi sig sem á að ryðja brautina en íslensk stjórnvöld eiga auðvitað að fylgjast vel með og greiða götu íslenskra fiskiskipa til þess að stunda veiðar þar sem ábatavon er til staðar.

Það er einnig ástæða til að gera athugasemd við ummæli hv. 4. þm. Vesturl. þótt hann væri hófsamur í ummælum sínum varðandi það verkefni utanrrn. að leita réttar okkar á Rockall-svæðinu. En í því sambandi vil ég geta þess að einmitt þessa dagana fara fram viðræður af hálfu Íslands í Danmörku og áður hafa farið fram viðræður í Englandi og Írlandi um réttindi á Rockall-svæðinu. Hans G. Andersen ambassador hefur verið á ferðalagi um þessi lönd til viðræðna við þarlenda menn til þess að fjalla um hver réttarstaða þessara ríkja er á þessu svæði að þeirra mati og gera þessum löndum og fulltrúum þeirra ljósa grein fyrir skoðun okkar Íslendinga í þessum efnum. Það er og í samræmi við samþykkt þáltill. þar sem ríkisstj. var falið að leita samstarfs við þessar þjóðir um nýtingu hafsbotnsréttinda á Rockall-svæðinu og afmerka hafsbotnsréttindi okkar á Reykjaneshryggnum.

Ég vildi láta þessa þætti koma fram í umr. um þessa till. að gefnu tilefni en íteka og endurtek að mér finnst sjálfsagt að gengið sé úr skugga um hvaða möguleika við Íslendingar höfum til öflunar veiðiréttinda á fjarlægum slóðum og tengja þá rannsókn samstarfi við íslenska útvegsmenn vegna þess að án þátttöku þeirra verður ekkert gagn að öflun réttindanna.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef því miður ekki hlýtt á allar þessar umr. en vildi aðeins koma inn á það að á s. l. ári, eins og menn muna, kom þetta boð frá Bandaríkjamönnum svona. Það mátti a. m.k. skilja það svo að þar væri um ákveðna möguleika að ræða. Ég spurðist fyrir um það strax í vor hvaða möguleikar gætu verið þarna fyrir hendi. Við höfðum samband við söluaðilana í Bandaríkjunum. Þeir töldu að þarna væru tiltölulega litlir möguleikar og það var rætt um þessi mál bæði við sendiráð Bandaríkjanna og einnig við sendiherra okkar í Bandaríkjunum. Þarna hafa farið fram kannanir og fulltrúar frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna hafa farið til Bandaríkjanna og skoðað sig þar um og svo virðist sem þarna séu vissir möguleikar en á þeim eru mjög miklir annmarkar, t. d. þeir annmarkar að ekki er heimilt samkvæmt bandarískum lögum að skip, sem er smíðað annars staðar en í Bandaríkjunum, landi þar. Hins vegar virðist vera að þessar veiðiheimildir séu mjög eftirsóknarverðar.

Það hefur hins vegar vakið athygli mína að á fundi, sem haldinn var nýlega að því er mig minnir í Vínarborg og ég hef séð skýrslu frá um sjávarútvegsmál, lögðu fulltrúar Bandaríkjamanna á það mjög mikla áherslu að það er þeirra stefna að veiðar erlendra þjóða í landhelginni yrðu lagðar af þannig að segja má að það komi ekki alveg heim og saman við það tilboð sem við fengum ef tilboð má kalla.

Hitt er svo annað mál að ég hef talið að það væri nauðsynlegt að látið væri á það reyna hvað þarna væri að baki og hvort hér væri um einhverja raunhæfa möguleika að ræða.

Eftir að afli hér er orðinn svo lítill sem raun ber vitni má vera að íslenskir útvegsmenn sýni slíkum málum meiri áhuga — þeir hafa ekki gert það fram að þessu í þeirri trú að þeir gætu sótt sjó alla daga ársins hér við land — og það er náttúrlega algjör forsenda þess að slíkt geti gerst að þar sé raunhæfur áhugi fyrir hendi.

Hitt er svo annað mál að það berast stöðugt um það upplýsingar frá ýmsum þróunarríkjum að þau leiti eftir samstarfsaðilum í fiskveiðum. Það er þá á þeim grundvelli að í þessum ríkjum sé stofnað sameiginlegt félag viðkomandi lands, sem er tilbúið til að koma þar til veiða, og þessa þróunarríkis.

Ýmis lönd hafa lagt á það áherslu að ná veiðiréttindum hjá þessum ríkjum, m. a. Vestur-Þjóðverjar, og mér hefur skilist að þeir hafi ekki haft af því mjög góða reynslu en hitt er svo annað mál að það er sjálfsagt að hafa augun opin fyrir þessum möguleikum því að ef hér eru til skip, sem eru verkefnalaus, er því út af fyrir sig vel varið með þeim hætti að senda þau þangað til veiða ef það eru álitin heppileg verkefni og þessi skip útbúin til þess.

Ég vildi aðeins taka það fram í þessu sambandi. Það er mikið rætt um það að hér séu ýmsir fiskstofnar við land sem eru vannýttir og það er vissulega rétt. Þeir eru vannýttir vegna þess að það hefur ekki tekist að afla markaða fyrir þá stofna og að því þarf að vinna áfram.

Alþingi samþykkti fjárveitingu til sérstakrar könnunar á djúpslóð og sú fjárveiting verður að sjálfsögðu notuð til þeirra hluta en þar eru tegundir sem illa hefur gengið að selja. Það má sjálfsagt betur gera í þeim efnum. Það eru tegundir eins og langhali og gullax og fleiri tegundir sem eru út af fyrir sig ágætur fiskur en

ekki svona venjuleg markaðsvara, að því er virðist, og þarf því að gera átak í að afla þar markaða.

Ég vildi aðeins taka þetta fram í sambandi við þessa umr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég verð að segja það að ræða hv. þm. Skúla Alexanderssonar, 4. þm. Vesturl., vakti furðu mína. Hann kvartaði í fyrsta lagi yfir því að við hefðum ekki staðið okkur nógu vel við að nýta ýmsar veiðislóðir hér heima. Ég veit ekki hvað er til hindrunar í þeim efnum. Ég kannast ekki við að það hafi komið nein tillaga um lagabreytingar eða reglugerðarbreytingar frá þeim sama hv. þm. til þess að draga úr hindrunum sem þá ættu að vera í þeim efnum. Ég minnist þess ekki.

Er þm. fyrst og fremst að vitna til fisktegunda sem við höfum ekki markaði fyrir eins og kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh.? Það dugar náttúrlega lítið fyrir okkur að veiða fisktegundir sem við getum ekki selt. Þær bæta nú lítið hjá okkur stöðuna.

Hitt eru væntanlega allir sammála um að leita eftir framþróun í þeim efnum, þróa markaði og leita nýrra veiðislóða.

Hann óskaði eftir því að við fengjum veiðiheimildir á Reykjaneshryggnum utan landhelginnar og á Rockall. Þar þarf engar veiðiheimildir. Þetta er á alþjóðlegu hafsvæði. Þar getur hver sem er veitt. Og hv. þm. er heimilt að senda þá báta eða togara, sem hann ræður yfir, þegar í stað til þess að veiða þar með Rússum eða öðrum í hverjum þeim félagsskap sem honum sýnist. Það er ekkert sem hindrar það svo þetta er náttúrlega hlálegur málflutningur.

En í síðasta lagi var það aðaltillaga þm. að við skyldum ekki nota það sem okkur hefði verið boðið af hálfu Bandaríkjamanna. Það er eitthvað nýtt ef það eitt, að hlutir séu boðnir fram, eigi að verða til þess að menn vilja alls ekki nýta sér það svo menn ættu bara að fara í fýlu jafnvel þegar þeir eiga kannske efnahagslega mikið undir — og meira að segja þegar um er að ræða veiðileyfi sem hæstv. sjútvrh. sagði að væru að mörgu leyti eftirsóknarverð. Það voru hans orð: að mörgu leyti eftirsóknarverð. Og það kemur mér ekki á óvart að þau skuli teljast eftirsóknarverð svo mjög sem í þau hefur verið sótt. Ég held þvert á móti eins og kom fram hér í máli mínu áðan að það, að þetta skyldi vera boðið, sé sérstakt tilefni til þess að sækja á.

Þá verð ég að segja það að mér finnst að mótmæli hæstv. utanrrh. við málflutningi mínum hér áðan eigi alls ekki við. Hann sagði að ég hefði haldið því fram að utanrrn. hefði ekki gert það sem skylda þess bauð. Það voru reyndar ekki mín orð heldur sagði ég það mitt mat að það væri ekkert verkefni nærtækara og ekkert verkefni sem utanrrn. ætti að leggja eins mikla áherslu á eins og hagar til í þjóðarbúskap okkar en einmitt þetta og í málinu hefði að mínum dómi ríkt tómlæti.

Þegar orð hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. yfir þær athafnir, sem hafðar hafa verið í frammi í þessu máli, eru skoðuð kemur í ljós að þetta er einmitt rétt lýsing hjá mér; það hefur ríkt mikið tómlæti. Jú, hæstv. sjútvrh. sagði að hann hefði spurst fyrir út af þessu bréfi þarna frá Bandaríkjamönnunum, hann hafi spurt sendiherrana, þann íslenska í Washington skildist mér og þann bandaríska hér og hann hefði spurt sölusamtökin. Það hafa farið vestur menn og þeir hafa skoðað sig um og svo var greint frá því að Skagstrendingar hefðu verið á ferð og menn hefðu auðvitað greitt götu þeirra, reynt að útvega þeim viðtal og þar fram eftir götunum. Þetta er alls ekki það sem ég á við með því að menn haldi á þessu máli af festu og með sóknarhug. Þetta er einmitt það sem mér finnst til marks um tómlæti. Viðhorfin eru bara gjörólík. Utanrrh. taldi þetta vel að verið og hæfilega mikið að verið. Það ætti ekki að skipta sér of mikið af þessu, útgerðarmennirnir ættu að sækja á og þar fram eftir götunum. Mér finnst það ekki nóg, mér finnst þetta tómlæti.

Ég tel að eðlilegustu viðbrögð við þessu bréfi frá Bandaríkjunum sé að tilkynna utanrrn. þeirra, sem sendi okkur þetta bréf, að við tilnefnum hér með sendinefnd í viðræður til að koma þessu í framkvæmd, sækja á í þessu máli. Ég tel að það gildi um aðrar veiðislóðir, hvort heldur er við Grænland eða aðrar fjarlægari, að það sé hlutverk íslenskra stjórnvalda í þessari stöðu að leita eftir þeim möguleikum sem kunna að vera fyrir hendi — til þess höfum við m. a. utanrrn. að mínum dómi, — opna augu útgerðaraðilanna fyrir því, hverjir þeir möguleikar séu, upplýsa um málið og koma á samvinnu við útgerðarmennina um hvað sé álitlegast í þessum efnum, en ekki þetta gauf sem mér finnst vera í málinu núna.

Mér fannst eins og hæstv. utanrrh. legði þetta þannig upp, að það væri hugmyndin, af minni hálfu þá, væntanlega að ætla að fara að senda íslenska útgerðarmenn nauðuga að Afríkuströndum eða Ameríkuströndum eða ég veit ekki hvert. Væntanlega hefur ekki nokkrum manni dottið í hug að tala um að þeir geti ekki farið eða þetta sé óarðbært eða þeir vilji ekki fara og við getum ekki sent þá. Það hefur ekki nokkrum manni dottið í hug heldur að opna augu þeirra fyrir þessu, að sækja á fyrir hönd íslenska ríkisins. Ég hefði haldið að það væri þó nokkuð mikill munur á hvort tveir ágætir útgerðarmenn af Skagaströnd eru að þreifa fyrir sér á Vesturströnd Bandaríkjanna eða hvort það er íslenska ríkið, og utanrrn. fyrir þess hönd, sem sækir á við þau stjórnvöld sem hafa þetta í hendi sér. Mér finnst vera reginmunur á því. Þess vegna tel ég að íslensk stjórnvöld, íslenska utanrrn., eigi að leggja mjög mikla áherslu á þetta mál eins og hagar til í okkar þjóðarbúskap núna.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson segir gjarnan um eitt ákveðið mál að það sé svo mikilvægt að þar dugi ekkert minna heldur en harkan sex, í Rockall-málinu. Ég tel að í þessu máli eigi a. m. k. að vera harkan sjö eða átta miðað við þá hagsmuni sem í húfi eru.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég tel að þessi till. hafi fengið góðar undirtektir. Menn deila um hvort eitthvað hafi verið gert eða ekki neitt. Sitt sýnist hverjum um það, en það er mín skoðun, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að nokkurt tómlæti hafi átt sér stað í þessum málum og starf utanrrn. í þessu máli mundi hafa meira vægi til að koma því áfram, heldur en ef einstakir útgerðarmenn, eða jafnvel formaður Landssambands ísl. útvegsmanna færi í skoðunarferð til Bandaríkjanna. Mörg verkefni eru vissulega brýn í utanrrn., eins og komið hefur fram hér áður, en ég tel að þessu verkefni verði að sinna

sérstaklega og við þurfum að gá að því hvort sú tilkynning, sem kom hingað til okkar alþm. þegar verið var að ræða hvalveiðibannið, var markleysa ein, til þess eins að blekkja alþm., sem voru veikir fyrir þeim áróðri sem þá gekk yfir menn, hvort ekki eru fyrir hendi möguleikar á því að þetta tilboð standi. Við eigum að leita eftir að þeir standi við það sem gefið var í skyn og ég er sannfærður um að hafði áhrif á marga alþm. á sínum tíma.

Till. þessi fjallar um að þessi mál verði könnuð og það ítarlega. Mér kemur á óvart að heyra þann draugagang sem kom fram hér áðan hjá hv. 4. þm. Vesturl. Hann sér svartnættið eitt þegar minnst er á þessi mál. Ég fæ ekki séð hvað það getur skaðað að kanna þessi mál vel. Það er staðreynd að aðrir hafa stundað svona veiðar á þann hátt að arðbært hefur verið. Vestur-Þjóðverjar telja það arðbært, Færeyingar telja það arðbært, Pólverjar telja það arðbært og svona má lengi telja. Ég trúi að hægt sé að finna möguleika fyrir því að koma á arðbærum veiðum við strendur annarra ríkja. Það er a. m. k. fyrsta atriðið að kanna þessi mál, að ganga úr skugga um hvort við getum aflað íslenskum sjómönnum verkefna þar því fyrirsjáanlegt er — auk þess tekjutaps sem sjómenn hafa orðið fyrir — að þeir verða meira og minna atvinnulausir á þessu ári.

Ég endurtek að ég tel að þessi till. hafi hlotið jákvæðar undirtektir og ég vænti þess að í hv. atvmn. verði umr. jákvæðar og menn flýti afgreiðslu till. Þetta er eitt af þeim brýnu verkefnum sem þarf að afgreiða og varða íslenskan sjávarútveg í dag.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vil síður en svo gera lítið úr þeirri till. sem hér er til umr. Það er rétt að benda á það að í Hafréttarsáttmála er ekki einungis gert ráð fyrir því að ofveiði sé hindruð, heldur er líka gert ráð fyrir að hæfilegar veiðar séu stundaðar. Og svo mun vera ástatt allvíða í heimi að fiskstofnar séu vannýttir. Mér finnst sjálfgert að við könnum hvort einhverjar veiðiheimildir er hægt að fá annars staðar og get þess vegna stutt þessa till. enda veit ég að að því hefur verið unnið, þó að kannske megi þar enn þá betur gera.

Ég kveð mér nú hljóðs að sjálfsögðu vegna þess að mitt nafn bar hér sérstaklega á góma og vegna umr. um Rockall-svæðið. Það er alveg rétt að ég hef talið, og það fyrir mörgum árum, að við Íslendingar ættum að gera að því gangskör að tryggja þau réttindi sem við þar eigum, og ég tel ótvírætt að réttindi Íslands á þessu gífurlega mikilvæga og stóra svæði séu meiri en nokkurrar þjóðar annarrar. Ég vona að það komi á daginn fyrr en síðar, en auðvitað náum við ekki þessum réttindum nema við sjálfir göngum eftir þeim og tryggjum okkur þau þar með, með þeim hætti að stunda þar fiskveiðar. Þar er fiskur, það sannaðist í haust þegar norskur línuveiðari kom til baka með boltaþorsk af þessu svæði, hlaðinn af saltfiski, þorskflökum og ísuðum fiski. Kannske hefur íslenski þorskurinn verið þar. Að minnsta kosti var þar boltaþorskur. Þessar veiðar eigum við að sjálfsögðu að stunda og helga okkur þessi veiðisvæði. Að vísu er það svo að ekki er beint fyrir um það mælt að þær þjóðir, sem hafsbotninn eigi, eigi allar fiskveiðar yfir honum. Þær eiga þó a. m. k. allar botnlægar tegundir, þ. e. krabbadýr, skelfisk o. s. frv. Ég minnist þess nú, ég hygg að það hafi verið árið 1948 eða 1949, að stórblaðið New York Times skrifaði um það ritstjórnargrein eftir að Truman Bandaríkjaforseti hafði kastað eignarhaldi Bandaríkjanna á 200 mílur af hafsbotninum úti fyrir ströndum þess stórveldis. Þá skrifaði það blað: „Það hlýtur að enda með því að sá, sem botninn á, hann eignist einnig hafið og auðæfi þess þar yfir.“ Það liðu áratugir þangað til þetta sannaðist. Það kann vel að vera að svo fari að það líði áratugir þar til við höfum óskoraðan eignarrétt yfir hafinu á Reykjaneshrygg út í 350 mílur og yfir hafsvæðunum á Rockall-svæðinu, sem gæti orðið allt út í 400 eða 450 mílur á þessu sokkna landi, þessu grunnsævi, sem þarna er. Hér er um algjört stórmál að ræða. Ég ætlaði ekki að ræða þetta sérstaklega nú, nema af þessu gefna tilefni. Svo vel vill til að okkar hæfasti sérfræðingur í hafréttarmálum er nú einmitt að koma til landsins eftir ferð til London, Dublin og Kaupmannahafnar, þar sem þessi mál voru rædd og verða rædd á utanríkismálanefndarfundi á mánudaginn kemur. Þess vegna er kannske ekki tímabært að fara lengra út í einstök atriði.

Þetta gæti orðið stærsta mál þessa þings og hver einasti alþm. á að halda vöku sinni í því vegna þess að tíminn hleypur frá okkur. Hafrétturinn á þessu sviði er núna í mótun, alveg eins og hann var að því er varðaði 200 mílurnar árin 1972—1974. Þar lögðum við auðvitað okkar af mörkum og það hljótum við einnig að gera í þessu efni. Þess vegna get ég kannske sagt að ég er þakklátur þeim sem vöktu máls á þessu mikilvæga atriði hér í þessum umr., en þetta mál verður rætt nánar síðar.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þetta mun vera í þriðja sinn sem þessi till. er flutt hér á hv. Alþingi. Undirtektir virðast fara ögn skánandi í hvert skipti og mér heyrist að þær séu út af fyrir sig jákvæðar í þetta skipti, jákvæðari en stundum fyrr, en skelfing dauflegar og mér finnst að ástæða sé til þess að hnykkja ögn betur á meginatriðum málsins. Hæstv. utanrrh. setti fram þá kenningu að í þessu efni bæri útgerðarmönnum og útgerðaraðilum að sýna frumkvæði í málinu. Ef ég skildi kenninguna rétt þá gæti kanselíið lítt aðhafst, nema það lægi fyrir fyrirfram að það væri áhugi af hálfu útgerðaraðila. Nú vil ég vekja athygli á að þessi till. er um að íslensk stjórnvöld láti fara fram athugun á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða í erlendri landhelgi. Það gerist ekki með því að einstakir íslenskir útgerðarmenn kanni þetta mál. Það sem sker úr um það hvort þetta er yfirleitt gerlegur og fýsilegur kostur, er það hvort íslensk stjórnvöld undir forustu utanrrh. ná samkomulagi við erlend stjórnvöld, og þannig að það liggi fyrir hverra kosta íslenskir útgerðaraðilar ættu að njóta við þessar veiðar. Mér sýnist því alveg augljóst mál að það er öfugmæli að frumkvæðið eigi að koma frá öðrum, frumkvæðið á að koma frá íslenskum stjórnvöldum, um það er þessi till. Eðli málsins samkvæmt þá er hér um að ræða samkomulagstilraunir milli stjórnvalda. Áhugi og undirtektir útgerðarinnar hljóta síðan að mótast af því hvaða niðurstöður koma út úr þessum könnunum og út úr þessum samningum.

Ég t. d. spyr í framhaldi af blaðafregnum um áhuga Grænlendinga á samvinnu við Íslendinga, samvinnu sem gæti fólgið það í sér að af hálfu Grænlendinga væri okkur veittar veiðiheimildir úti fyrir austurströnd Grænlands gegn því að Íslendingar væru þar á móti kannske til viðtals og samkomulags um það að frá

Íslandi yrði veitt ákveðin þjónusta við fámennar og strjálar byggðir Austur-Grænlands sem er erfiðleikum bundið af hálfu stjórnvalda á Grænlandi. Frumkvæðið í þessu efni getur ekki komið frá blaðamönnum, það getur ekki komið frá einstökum útgerðaraðilum, það verður að koma frá íslenskum stjórnvöldum. Þess vegna spyr ég beinlínis? Eru íslensk stjórnvöld, er hæstv. utanrrh., reiðubúin til þess að leita eftir samkomulagi um slíka hluti við stjórnvöld á Grænlandi sem samkvæmt blaðafregnum hafa á þessu áhuga? Ef íslensk stjórnvöld beita sér ekki fyrir þessu sjálf þá gerist ekkert í málinu. Og ef íslensk stjórnvöld beita sér ekki ákveðið, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson nefndi, með því að senda sendinefnd og leita ákveðið eftir samkomulagi við Bandaríkjamenn þá gerist heldur ekkert í málinu. Það er ekki nóg þó jákvæðar undirtektir komi frá LÍÚ og þó að menn fari sendiferðir til þess að kanna aðstæður. Það þarf beinlínis að leita eftir því og auðvitað var kjörið tækifæri til þess, diplómatiskt og pólitískt, og alveg sjálfsagt að gera það í kjölfar þeirrar samþykktar, sem hér var gerð, að því er varðar hvalveiðar og þá þegar í stað. Fullyrðingar hv. þm. Skúla Alexanderssonar eða efasemdir um að þessar veiðar kunni að vera lítt arðbærar getum við ekki tekið mjög trúanlegar, meðan hann leggur ekki fram einhverjar upplýsingar um það. Ég held að það sé ekkert upplýst um það. Við vitum að þetta þykja arðbærar veiðar að því er varðar ýmsar aðrar þjóðir, en síðan fer það hversu arðbærar þessar veiðar eru eftir þeim skilmálum sem við getum náð. Við höfum ýmsar upplýsingar um það frá íslenskum útgerðaraðilum á vesturströnd Bandaríkjanna hversu ótrúlega arðbærar veiðar eru þar, og reyndar upplýsingar t. d. um kjör útgerðar og kjör sjómanna sem bera langt af því, sem íslenskir útgerðaraðilar og íslenskir sjómenn njóta þessa stundina.

M. ö. o. við ég einfaldlega leggja á það megináherslu að alrangt er að íslensk stjórnvöld eigi að bíða eftir frumkvæði einkaaðila eða útgerðaraðila. Þessir aðilar geta ekkert hreyft sig í málinu fyrr en það liggur fyrir hvaða samkomulagi stjórnvöld ná. Það sker úr um hvort þetta er fýsilegur kostur, hvort hann er arðbær fyrir einstaka aðila og þess vegna vil ég eindregið beina því til hæstv. utanrrh., og spyrja hann hér beinlínis, hvort hann og rn. hans séu reiðubúin til þess að taka upp samkomulagstilraunir við stjórnvöld í Grænlandi um þá hluti sem ég hef áður vikið að, — gagnkvæmt samstarf þessara þjóða, sem gæti kannske haft í sér falið veiðiheimildir íslenskra aðila við austurströnd Grænlands — og eins hvort hann sé reiðubúinn til þess að taka upp alvörusamninga við bandarísk stjórnvöld samkvæmt því tilboði, sem þegar liggur fyrir, og reyndar er hundgamalt frá þessum aðilum.

Sama er að segja um hæstv. sjútvrh. Hann vitnaði til þess sem er alkunna og staðreynd, að við erum eina meiri háttar fiskveiðiþjóðin í heiminum sem hefur ekki að eigin frumkvæði gert neitt í því að koma á markað þeirri miklu þekkingu sem við búum yfir í sjávarútvegsmálum, eins og allar aðrar meiri háttar þjóðir frá Japönum til Dana hafa gert í alþjóðlegu samstarfi. Ýmsar upplýsingar liggja fyrir um að tilboð hafa komið og óskir frá ýmsum þjóðum, vanþróuðum þjóðum, sem vilja koma sér upp öflugum sjávarútvegi, útgerð og fiskvinnslu. Nýjasta dæmi um þetta er samstarf Dana og Marokko-búa. Ekkert liggur fyrir um það og ekkert getur legið fyrir um að þetta sé óhagkvæmt og ófýsilegt fyrr en við leitum eftir því sjálfir og könnum það. Það þarf meira heldur en fyrstu bréfaskipti, það þarf rækilega rannsókn á hvaða hlutir koma hér til greina og það er alveg eins að því er frumkvæðið varðar. Við erum að flytja þessa till. vegna þess að að frumkvæði íslenskra stjórnvalda býr íslensk útgerð við meiri háttar takmarkanir á sókn í fiskstofna hér við land. Það liggur fyrir af hálfu íslenskra stjórnvalda að flotinn er allt of stór og hvað eftir annað er rætt um það hér í sambandi við mótun fiskveiðistefnu að það þurfi hreinlega að taka ákveðin skip úr umferð. Málið snýst þess vegna um frumkvæði íslenskra stjórnvalda ekki einstakra útgerðaraðila. Ég vil eindregið nota þetta tækifæri til þess að hnykkja á því að það á ekki að vísa þessu máli frá sér með því að beina frumkvæðinu eitthvað annað. Það á að koma frá stjórnvöldum sjálfum en ekki öðrum.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður beindi tveim fsp. til mín. Annars vegar hvort íslensk stjórnvöld væru reiðubúin að leita samkomulags við Grænlendinga um samstarf í fiskveiðimálum og þeirri spurningu get ég svarað játandi, þegar af þeirri ástæðu að íslensk stjórnvöld hafa þegar leitað eftir slíku samkomulagi og m. a. var þetta málefni til umr. á ríkisstjórnarfundi í morgun.

Þá spurði hv. síðasti ræðumaður hins vegar hvort við værum reiðubúnir að leita eftir fiskveiðiheimildum í Bandaríkjunum. Ég get líka svarað þeirri fsp. játandi, en á þessu stigi málsins er auðvitað fyrst að fá það fram með hvaða skilmálum Bandaríkjamenn veita slíkar fiskveiðiheimildir og gera útvegsmönnum það ljóst. Þær spurningar hafa verið settar fram og við væntum svara við þeim. Þau svör, sem við þegar höfum fengið, gefa tilefni til nýrra spurninga og upplýsinga að vestan. Ég get verið sammála síðasta ræðumanni um að slík upplýsingaöflun er verkefni íslenskra stjórnvalda og að henni hefur verið unnið, allt frá því að hið svokallaða tilboð kom fram frá aðstoðarutanrrh. Bandaríkjamanna þegar hvalveiðibannið var hér til meðferðar. Hins vegar var það tilboð með ýmsum fyrirvörum, eða a. m. k. ekki án fyrirvara, þannig að ekkert liggur á borðinu. Ég tel þó sjálfsagt að rétt sé að láta á það reyna hvað í því fólst. En ég hlýt að ítreka þá og endurtaka að ekki er tímabært að fara út í beinar samningaviðræður um fiskveiðiheimildir Íslendinga í efnahagslögsögu annarra ríkja fyrr en við vitum hvort áhugi sé til staðar hjá íslenskum útvegsmönnum að nýta sér þær fiskveiðiheimildir. Það þýðir lítið að eyða tíma og fyrirhöfn í að fá slíkar fiskveiðiheimildir ef þær verða ekki notaðar. Meira að segja getur það skaðað Ísland í samningaumleitunum við viðkomandi ríki á öðrum sviðum ef ríkið getur haldið því fram að við nýtum ekki þau hlunnindi sem viðkomandi ríki hefur þegar veitt Íslendingum. Þess vegna verður þetta að haldast í hendur, áhugi íslenskra útvegsmanna að nýta heimildirnar og samningar um að fá slíkar heimildir Íslendingum til handa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rekstrargrundvöllur sláturhúsa, þáltill. 89. mál (þskj. 98). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 98 hef ég leyft mér ásamt hv. 5. þm. Austurl. að flytja svohljóðandi till. til þál. um nýtingu og rekstrargrundvöll sláturhúsa:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina og láta fara fram gagngera athugun á sláturhúsum landsins með þessi meginmarkmið í huga:

1. Tryggður verði sem best rekstrargrundvöllur þeirra sláturhúsa sem nú standa lakast, m. a. með því að gera markvisst átak til þess að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo lengja megi nýtingartíma þeirra.

2. Sérstök áhersla verði lögð á að endurbæta eldri sláturhús svo viðunandi sé og ekki þurfi að ráðast í nýbyggingar. Sérstaklega sé þetta kannað þar sem sláturhúsavinna er snar þáttur í afkomu fólks í nágrenninu."

Málið eins og það er sett upp er nokkuð séraustfirskt að vísu. Það sýna tilvitnanir glöggt í grg. Við flm. leggjum þó áherslu á að þetta snertir mörg byggðarlög víða um land og við leggjum áherslu á heildarlausn í þessu máli þó að við vitnum sérstaklega til þeirra dæma sem okkur eru kunnugust.

Þetta mál hefur eins og í grg. segir verið lengi til umfjöllunar hjá stjórnvöldum. Ég vísa til grg. um leið og ég fer um málið fáeinum orðum en tel ekki ástæðu til að lesa hér yfir grg. sem fylgir með þessari till. enda kem ég inn á svipuð atriði í þeim fáu orðum sem ég mæli hér.

Tilraunir hafa verið gerðar um virka stjórnun og nefndir starfað að því verki. Ég átti sæti í þeirri síðustu sem lagði til ýmsar till. um samvinnu og sameiningu sem tryggja skyldi betri nýtingu. Fátt eitt hefur þar enn í framkvæmd komist enda hvergi nærri auðvelt þar sem hagsmunir rekast oft harkalega á, landfræðilegar aðstæður jafnt og atvinnulegar koma víða sterkt inn í myndina og enn streitast menn við að halda uppi því merki að nýbyggingar séu að allri gerð miðaðar við markað sem í raun er ekki til.

Nauðsyn góðra bygginga, nauðsyn ýtrasta hreinlætis draga flm. ekki í efa. Hreinlætiskröfur við dýrmæt matvæli eru mikil nauðsyn og skal þar ekki dregið neitt úr. Sama er að segja um aðstöðuna yfirleitt, að þar sé hagkvæmni gætt og vinnuaðstæður starfsfólksins séu sem bestar. Sjálfur vann ég í sláturhúsi sem unglingur þar sem vinnuaðstaða var ótæk, kaffistofa engin, hreinlætisaðstaða svo bágborin sem frekast gat verið. Þar gilti að slátra sem flestu og fláningsmenn réðu vinnuhraða og afköstum allra en hlutu einir umbun þess. Svo er að vísu enn allt um of en hér hafa mál vissulega breyst mikið og þau máttu svo sannarlega breytast.

En í þessu sem öðru fóru menn offari að mínu viti. Mörg sláturhús hafa verið reist þar sem ekkert hefur verið til sparað og farið eftir ströngum kröfum ímyndaðs amerísks markaðar. Oft er talað um vinnsluhætti landbúnaðarins og oftlega leiðast menn þar út í miklar öfgar svo sem oft vill verða um málefni landbúnaðar almennt. En sé litið til hins skamma nýtingartíma sláturhúsanna yfirleitt er þó öllum ljóst að hvergi hefur nægilega verið staðið að hagkvæmni og stærð þeirra verið allt of ríflega og hvergi til sparað. Afleiðingar hafa orðið meiri sláturkostnaður og ekki síður hitt að þessi dýru hús hafa svo lítið sem ekkert verið nýtt til annarra hluta.

Margir hafa bent á að endurbætur og lagfæringar þar sem aukið hreinlæti sæti í fyrirrúmi ætti að framkvæma sem víðast í stað dýrra nýbygginga. Sums staðar hefur þetta tekist með ágætum og mikil framför orðið án allt of mikils kostnaðar. Annars staðar hafa menn nær haldið að sér höndum umfram það allra brýnasta þar sem beðið hefur verið eftir nýbyggingunni sem óhjákvæmileg hefur verið talið. Erfitt hefur reynst að leggja slátrun niður þar sem hún á annað borð hefur verið. Ráða þar sjónarmið bænda varðandi fjárflutninga og atvinnusjónarmið að nokkru.

Flm. telja sjálfsagt að leggja af slátrun í ófullnægjandi húsakosti þar sem það er réttlætanlegt vegna vegalengdar til næsta sláturhúss og þar sem engin brýn atvinnuleg rök hníga að. Um það mætti nefna dæmi og að slíkum tillögum hef ég staðið í síðustu sláturhúsanefnd.

Flm. telja hins vegar að þar sem aðstæður kalla á aðgerðir og annmarkar eru á að leggja slátrun niður m. a. af búsetusjónarmiðum eigi að leita allra leiða til að tryggja hreinlæti og aðstöðu m. a. fyrir starfsfólk með endurbótum og viðbyggingum þar sem slíks er nokkur kostur.

Flm. benda gjarnan á Djúpavog sem dæmi þar um. Þar var um það rætt að annað tveggja yrði þar að gera, að leggja af slátrun eða ráðast í dýra nýbyggingu ella. Viðbyggingar- og endurbótaleiðin var valin og hún reynist vel viðunandi og verður enn frekar þegar lokið er því nauðsynlegasta. Orð eftirlitsmanns, dýralæknisins á Breiðdalsvík, hef ég fyrir því að heilbrigðiskröfum sé fullnægt enda ágætt starfsfólk og góð stjórnun til staðar.

Menn gleyma gjarnan í þessu sem öðru hinum mikilvæga þætti starfsfólksins sem oft ræður mest um það hvernig meðferð varan fær sem fer um hendur þess. Þar ræður ekki risavaxin steinsteypan ein.

Á Breiðdalsvík var að vísu útilokað að endurbæta það hús sem þar var en þar var líka reist allt of viðamikið og um margt of dýr bygging m. a. eftir kröfum þeirra aðila sem hafa með yfirstjórn þessara mála að gera og ekki dró Teiknistofa Sambandsins af sér heldur í því efni.

Útilokað var hins vegar allra aðstæðna vegna annað en að reisa sláturhús á Breiðdalsvík. Menn þar treystu á svipað ástand byggðar og bústofns í framtíðinni og þá var en riðuveikin setti alvarlegt strik í þennan reikning og nú er byggðin í verulegri hættu. Dýrt sláturhús með enn minni verkefni en fyrirhuguð voru vegna búfjármissisins er nú að sliga bændur austur þar. Hér er um svo dæmigert byggðamál að ræða að Byggðasjóður á hér ótvírætt hlutverk og vissulega er á það treyst að svo verði. Hins vegar verður að gera allt sem unnt er til að finna verkefni, vinnslu eða eitthvað annað sem nýja sláturhúsið fengi til að rétta sig af. Heimamenn hafa af veikum mætti reynt að gera þetta en hvorki haft bolmagn né aðstöðu til þess.

Þriðja dæmið eystra sem við flm. nefnum eru Öræfin, Hofshreppur, þar sem slátrunin og ýmislegt í kringum hana hefur verulega þýðingu í búsetu þeirrar blómlegu sveitar þar sem samvinna og samhjálp bænda er með því besta sem þekkist. Í engu er þar áfátt um hreinlæti og að sögn þeirra sem til þekkja utan að eru vinnubrögð og meðferð öll til fyrirmyndar. Öræfingar fullyrða að sveit þeirra stæði mun tæpar ef þessi þáttur yrði af lagður

enda gefur það auga leið. Þar er því nauðsyn að tryggja framhald slátrunar án óhóflegs tilkostnaðar og heimamenn hafa um leið hugmyndir sem fullnægjandi virðast ef utanaðkomandi aðilar kollvarpa þeim ekki með kröfum út í bláinn.

En meginefni þessarar till. lýtur einmitt að þessu tvennu, aukinni annarri nýtingu húsanna og nauðsyn hófs í endurbyggingu sláturhúsa þar sem þess er talin þörf.

Síðara atriðið ætti að vera auðvelt í framkvæmd ef annarleg sjónarmið og ímyndaðar markaðskröfur verða ekki ofan á svo sem verið hefur. Ekki skal úr því dregið enn til undirstrikunar að engu síðri almennar hreinlætis- og heilbrigðiskröfur þarf að gera og á að gera til innlends markaðar, innlendra neytenda. Það er eðlileg og sjálfsögð meginkrafa sem við leggjum áherslu á. Aðeins er um það að ræða að þó það sé gert er ekki nauðsynin mest að reisa ný stórhýsi eða viðhafnarhús.

Hitt atriðið um enn frekari nýtingu tengist óneitanlega frekari úrvinnslu sláturafurðanna fyrst og fremst. Víst er að enn erum við þar skammt á veg komin og engar einfaldar lausnir til. En sé litið til vinnslustöðvanna í mjólkurafurðum okkar og þeirrar geysilegu framþróunar sem þar hefur orðið mega menn sjá gerst hvað unnt er að gera með öflugu og samstilltu átaki. Þar hefur orðið bylting í vinnslu með aukna fjölbreytni og meiri gæði en menn gátu séð fyrir.

Ýmsar tilraunir í meðferð og vinnslu kjöts lofa góðu. Nú þarf að vinna sem markvissast að sams konar átaki þar og í mjólkurafurðum. Ýmsir áhugamenn um þessi mál telja þetta kleift og á mínum heimastað er einn slíkra áhugamanna sem telur að við eigum mikla möguleika m. a. í því að koma unninni eða sérpakkaðri gæðavöru á erlendan markað og fá fyrir hana viðunandi verð. Sláturhúsin geta áreiðanlega komið að góðu gagni við þessa úrvinnslu og pökkun enda sjálfsagt að huga vel að því, en vafalaust má huga að annarri meðhöndlun matvæla í sláturhúsunum og góðum sölum þeirra einnig.

Margt fleira mætti athuga sem ekki rækist á við hinn stutta nýtingartíma sem víðast er nú. Að verulegri könnun þessa þarf að vinna. Til þess er þessi till. flutt enda orð til alls fyrst. Till. þessi ef í framkvæmd kæmist ætti bæði að vera bændum og neytendum til hagsbóta enda eiga hagsmunir þessara aðila að fara saman sem allra mest. Þeir sem í mestum erfiðleikum eru í dag þurfa að fá aðstoð sem allra fyrst. Stefnumörkun um uppbyggingu sláturhúsanna þarf að vera sem skynsamlegust. Allra leiða þarf að leita til að fleiri verkefni færist í þessi hús sem annars nýtast ekki.

Rétt eftir að till. þessi var flutt birtust langar og fræðilegar greinar um sláturkostnað í Morgunblaðinu. Þar var annars vegar haldið fram ótrúlega háum fjárhæðum sem hreinum gróða sláturhúsanna almennt og var þar vissulega margt athygli vert sem sannarlega væri ástæða til að skoða. Hins vegar kom svo svargrein eins stærsta eða stærsta aðilans að slátrun hér og bar fáu saman í þessum tveimur greinum. Þessa get ég hér í lokin án þess að því máli öllu séu gerð skil enda um sumt óskyldir hlutir en nátengdir heildardæminu að sjálfsögðu. Það mál allt væri án efa tilefni mikilla umr. hér og þó aðallega á þeim vettvangi sem eðlilegastur og sjálfsagðastur er, á vegum Bændasamtakanna sem hér eiga stærstan hlut í hagsmunum öllum, ef þær fullyrðingar sem þarna voru fram settar eiga við rök að styðjast.

Svo og er hér vitanlega um mál að ræða af þeirri stærðargráðu hvað kostnað snertir að landbrn. hlýtur einnig að láta það til sín taka. Ég vísa aðeins til þessa en vil svo leggja til að að loknum þessa hluta umr. verði þessu máli vísað til hv. atvmn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs aðeins til að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa till. og ánægju með að hún skuli vera hér flutt. Ef þessi till. hefði verið flutt fyrir 15 eða 20 árum og fylgt fram með rökum á borð við þau sem hér voru flutt og rökstudd með ýmiss konar öðrum tilvitnunum er ekki vafi á að landbúnaðurinn væri betur staddur nú en hann er í dag. Offjárfesting í sláturhúsunum hefur valdið bændastéttinni gífurlegu tjóni og auðvitað neytendum líka. Hér hefur verið rangt að farið. Ég skal engan vera að ásaka. Menn voru bjartsýnir hér í eina tíð á þessu landi og töldu að nauðsynlegt væri að byggja þessi glæsihýsi m. a. til að tryggja sér erlenda markaði fyrir landbúnaðarvörur.

Sannleikurinn er nú samt sá, að þar sem ég þekki best til í Skagafirðinum, er kjötið úr litla húsinu miklu betra og það ber öllum saman um — ekki eyðilagðir hausar og ekki sprautað hárum inn í kjöt o. s. frv. Ég held að enginn Skagfirðingur efist um að úr þessu litla ódýra húsi, sem slagur stóð um einu sinni, sé afurðin betri en úr glæsihýsinu. Sem betur fer er það hús ekki orðið mjög skuldugt því það er orðið nokkurra ára gamalt, og á ég þar við stóra húsið, en að því er varðar litla húsið, þá er það ekki heldur skuldugt þó að það kostaði ekki stórfé en talsverða peninga að koma því í það horf sem nú er, og síðan hefur það keypt frystivélar o. s. frv. og þó er það mjög vel stætt og hefur getað borgað vel út afurðaverð til bænda.

En ég vona að ævintýrinu sé nú lokið með stóru sláturhúsin og að þessi till. muni m. a. stuðla að því að ekki verði oftar lagt út á þá braut. Og það er rétt að menn hugleiði að þegar verið er að tala um slæman hag launafólks af ýmsu tagi, og það er áreiðanlega rétt að hagur láglaunafólks er mjög bágborinn, þá er það svo með landbúnaðinn að líklega hafa erfiðleikar bænda, sérstaklega sauðfjárbænda, smábændanna, ekki um langa hríð verið eins miklir og einmitt síðustu árin, síðustu misserin. Þeir eru mjög miklir, m. a. af þessari offjárfestingu.

Í þessu sambandi er kannske ekkert úr vegi að vekja á því athygli að hér við Suðurlandsbraut er verið að reisa gífurlegt stórhýsi, nýja mjólkurstöð. Við skulum vona að þar verði rekstur hagkvæmur o. s. frv., en þar er um að ræða óstjórnlega fjárfestingu á þessum okkar erfiðleikatímum. Ég veit ekki betur en mjólkurafurðir í Reykjavík séu með ágætum og að þau húsakynni og sá vélakostur sem nú eru notuð hafi hæft okkur Reykvíkingum vel og hefðu kannske getað gert það í nokkur ár í viðbót. Það væri kannske eðlilegt að menn hugleiddu hvort það mætti ekki fresta þessari framkvæmd og reyna að greiða bændum eitthvað meira fé út því að þeir eru þurfi fyrir fjármuni. Það er enginn vafi á því. Þarna er pottur brotinn.

Ég ætla ekki að fara út í almenna umr. um landbúnaðarmálin, en þessi þáttur, offjárfestingin í vinnslustöðvunum, er ekki hinn minnsti í vandkvæðum bænda-

stéttarinnar. Þar koma og til afurðalán og meðferðin á þeim um langa hríð. Það er nú að verða breyting á því sem betur fer eftir langa og stranga baráttu og vonandi á landbúnaðurinn betri og glæstari framtíð fyrir sér en á horfist í dag.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vil taka undir það að hér er hreyft vandamáli sem vissulega er þörf á að athuga vel og ræða og væri hægt að ræða í löngu máli, sem ég ætla þó ekki að gera núna. Í þessari till. eru settar fram eðlilegar óskir um að reyna að koma þessum málum í besta horf sem hægt er. Hins vegar er því ekki að neita að markmiðin stangast e. t. v. nokkuð á, þannig að ef það á að koma upp góðum húsum, sem gera mögulegt að vinna vel úr framleiðsluvörum landbúnaðarins, þá kostar það alltaf nokkurt fjármagn.

Það er vegna orða síðasta ræðumanns um að hér hefði verið um gífurlega offjárfestingu að ræða í sláturhúsum sem ég vildi gera aths. og fyrirvara. Það var fyrir 20 árum eða rúmlega það reynt að gera áætlun um uppbyggingu sláturhúsanna og eftir henni var nokkuð farið þó að hún hafi aldrei verið að fullu framkvæmd, hygg ég vera. Víða um land hafa risið nokkuð vandaðar byggingar í þessu skyni. En þrátt fyrir það hefur jafnan verið erfitt að fá nægilega mörg sláturhús viðurkennd til útflutnings. Staðan er þannig og hefur verið þannig á undanförnum árum að við þurfum að flytja út allt að þriðjungi dilkakjötsframleiðslunnar, eða þannig hefur það verið á undanförnum árum og virðist jafnvel vera enn á þessu ári, en þeir aðilar sem við leitum til um kaup á vörunum setja skilyrði um gæði þeirra vinnslustöðva sem taka á móti framleiðsluvörunni. Hingað koma á hverju ári nokkrir sérfræðingar frá þeim löndum sem við erum að reyna að leita að mörkuðum í og skoða aðstöðuna og er misjafnt hvernig gengur að fá viðurkenningu á henni. Hér var t. d. á s. l. hausti fulltrúi frá Efnahagsbandalagi Evrópu. Það voru í mesta lagi held ég þrjú hús sem hann vildi viðurkenna sem algild til útflutnings. Hvernig stæðum við í dag ef þessi hús hefðu ekki verið til? Ég vildi vekja athygli á þessu, að menn varist fullyrðingar sem stangast e. t. v. að einhverju leyti á við raunveruleikann.

Það er nú þannig, held ég, að eins og sláturkostnaðurinn er byggður upp eru fjármagnskostnaður eða afskriftir ekki stór liður í heildarsláturkostnaði, þ. e. ekki fjármagnskostnaður bygginganna, þrátt fyrir húsin sem byggð hafa verið, en það leiðir svo aftur af sér að þeir sem staðið hafa í framkvæmdum alveg nýlega, eins og þeir aðilar sem nefndir eru í grg. till., og bera mjög háan fjármagnskostnað fá í gegnum sláturkostnað tiltölulega lítið upp í þann fjármagnskostnað. Það er vissulega vandamál. Hins vegar hefur ekki neinn getað sagt fyrir um hvort einhver á að hafa leyfi til að byggja sláturhús eða ekki. Það verður viðkomandi að taka ákvörðun um, ef hann fær fjármagn til slíkra framkvæmda.

Ég vil taka undir það, sem hér kom fram, að vissulega er þörf á því að koma upp frekari vinnslu á dilkakjöti til útflutnings. Það er orðin það mikil sérhæfing á markaði að hagkvæmt getur verið að nýta einhvern hluta af skrokknum á Íslandi og flytja annan hluta til annars lands og fá þannig hærra verð. En fyrir slíkum vinnslustöðvum þarf líka að fá leyfi viðkomandi innflutningslands. Menn hafa rekið sig á að ef það er ekki fyrir hendi er ekki hægt að flytja út á þennan hátt. Þar eru því miður gerðar ansi harðar kröfur um aðstöðu svo að veitt sé slíkt leyfi. Ástæðuna fyrir hinum hörðu kröfum sem eru gerðar hygg ég kannske ekki vera að öllu leyti þá að sláturhús í viðkomandi löndum séu svo góð, heldur hitt, að þessi leyfi eru alveg tvímælalaust notuð sem innflutningshindrun. Það er þannig með verslun á landbúnaðarvörum að hvert land leggur gífurlegt kapp á að vera sem mest sjálfbjarga og vernda sinn landbúnað. Allir telja lífsnauðsyn fyrir hverja þjóð að hafa landbúnað sem öflugastan og að hann fullnægi sem mest þörfum eigin þjóðar. Í því skyni eru þessar ströngu kröfur settar.

Ég vil taka undir það að mjólkuriðnaðurinn hefur náð mjög miklum framförum í fjölbreyttari vörum á undanförnum árum, sem fyrst og fremst eru vissulega nýttar fyrir innanlandsmarkað. Á hann þurfum við vitanlega að leggja mesta áherslu. Og þrátt fyrir að þarna sé um mikla gæðavöru að ræða er þó enn þá verra að flytja hana út en sauðfjárafurðirnar. En það hefur vissulega auðveldað mjólkuriðnaðinum að vinnslustöðvar mjólkur eru í notkun allt árið þannig að nýtingartíminn er miklu lengri en á sláturhúsunum þar sem tíðarfar okkar takmarkar ákaflega mikið notkun þeirra.

En varðandi byggingu þá sem verið er að reisa við Suðurlandsbraut og minnst var á í sambandi við mjólkuriðnaðinn, þá held ég að mönnum sé ekki ljóst að sú starfsemi sem þar á að fara fram er fyrst og fremst heildsala, þ. e. dreifing á mjólkurvörum á þetta sölusvæði. Frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík er dreift á milli 800 og 900 aðila og framleiðsluvörutegundirnar eru um 100 sem hún annast dreifingu á. Það er vitanlega langumfangsmesta heildsöludreifing á landinu. Sú bygging sem þarna er að rísa er því ekki mjólkurbú nema að örlitlu leyti, heldur fyrst og fremst dreifingarmiðstöð. Hin aukna fjölbreytni, sem við gleðjumst allir yfir á síðustu árum, hefur valdið því að þessi blómlega starfsemi er að sprengja gömlu húsakynnin algerlega utan af sér. Það geta allir séð sem þangað fara. Ég held að það væri mjög æskilegt að sem flestir sem um þetta ræða kynni sér þá aðstöðu sem þar er með eigin augum. — Mér var tjáð fyrir fáum dögum að þar væru á döfinni nær 30 nýjar tegundir, þ. e. athugun á því að auka fjölbreytni. Það bætist þá við dreifinguna til þessara 800—900 staða. Þá sjá allir að það hlýtur að kalla á betri aðstöðu og aukið húsrými.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, enda þótt það væri margt hægt um það að segja, en undirstrika að hér er á ferð málefni sem er full þörf á að haft sé vakandi auga á og að gert sé allt sem unnt er til þess að þar verði framvinda mála á sem hagkvæmastan hátt.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég get vissulega tekið undir nálega allt það sem komið hefur fram í þessari umr. og þar á meðal get ég tekið undir gagnsemi á flutningi þessarar till. Það ber þó að hafa í huga að hana verður að líta á sem ábendingu um vandamál á vissum stöðum og þá sérstaklega á þeim stöðum og kannske sérstaklega á einum stað, á Breiðdalsvík, þar sem rekstur sláturhússins stefnir í mikið óefni. Ég óttast nú að fyrri liður till. eins og hann liggur hér fyrir leysi ekki þau vandamál eða önnur slík. Það er alveg ljóst að þar verður m. a. á að líta að sláturhúsið var byggt á síðustu tímum, eftir að hin gómsæta verðtrygging gekk yfir

fjárfestingu í landbúnaði, og er útkoman á sláturhúsinu á Breiðdalsvík góð vísbending um hvernig slík lánatilhögun leikur nú íslenskan landbúnað, íslenska bændur sem þess góðgætis hafa notið. Ég óttast að jafnvel þótt tækist að finna upp einhver ný vinnsluverkefni, m. a. í sláturiðnaði, gæti sú starfsemi ekki skilað miklu fjármagni til að bæta þennan veika rekstur. Það hlýtur að vera lausn í þessu máli að breyta skuldum og færa þær til lengri tíma og fá þannig frekari grundvöll undir reksturinn. Mér finnst ástæða til að þetta komi hér fram vegna þess að það er meginvandamálið í þessu sambandi.

Mér finnst ástæða til að vekja sérstaka athygli á því sem kemur svo fram í 2. lið þessarar till. Þar finnst mér vera um sérstaklega raunhæfa og gagnlega ábendingu að ræða, sem sé þá, að það sé lögð áhersla á að endurbæta eldri sláturhús svo að viðunandi sé og ekki þurfi að ráðast í nýbyggingar. Ég held að það sé rétt að undirstrika þessa ábendingu, því að menn hafa í þessum efnum, og þá tek ég undir orð frsm., verið fullákafir í því að kasta því sem fyrir hefur verið og leggja út í nýja fjárfestingu þess í stað.

Ég get líka tekið á margan hátt undir orð hæstv. landbrh., sem hann lét falla við þessa umr. Sannleikurinn er sá, að í sláturhúsarekstrinum er fjárfestingin ekki það þyngsta og ekki það erfiðasta.

Það er líka vert að undirstrika það sem kom fram í ræðu hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni um erfið kjör bændanna í þessu landi. Það er kannske aðaltilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs í framhaldi af því að verið er að tala um erfiðan rekstur sláturhúsa, sem ég held að hljóti að heyra til undantekninga. Þær undantekningar eru við svipaðar aðstæður og á Breiðdalsvík. En eins og við vitum er sláturhúsareksturinn í þessu landi í raun alveg gulltryggður. Það eru engar skyldur á sláturleyfishöfum í þá veru að þeir verði að skila framleiðandanum ákveðnu verði. Þegar ekki er til staðar nægilegt svigrúm innan álagningarkerfisins er farin sú leið að skila minna fjármagni til bændanna en verðlagsrundvöllurinn kveður á um. Þannig m. a. er tryggður rekstur sláturhúsanna í þessu landi. Það er einmitt þetta sem hv. þm. Eyjólfur Konráð var að vekja athygli á í sinni ræðu. Núna í desembermánuði, kannske eitthvað fyrr, þegar haustuppgjör fór fram á kjötframleiðslu fyrir árið 1982, ekki fyrir árið 1983 heldur 1982, vakna menn upp við þann vonda draum að það vantar stórlega upp á að hægt sé að skila bændunum í þessu landi eðlilegu skilaverði fyrir framleiðslu ársins 1982. Það hafa ekki fengist enn þá skýringar á því vegna hvers þetta hefur orðið svo.

Við heyrðum hér nýlega miklar umr. um atvinnuleysi í landinu og erfiðleika hjá fólki í þeim efnum, og enginn skyldi úr því draga, en það má þá ekki gleymast að margir bændur á Íslandi, kannske langflestir sem stunda sauðfjárrækt, vöknuðu upp við þann vonda draum í desembermánuði s. l. að þá vantaði á launin sín fyrir árið 1982 upphæðir sem skiptu mánaðar- eða jafnvel margra mánaða launum. Og af hverju ætli þetta sé? M. a. vegna þess að það þarf að gulltryggja rekstur sláturhúsanna í landinu? M. a. vegna þess að það skiptir ekki svo miklu hvernig sláturhúsin í landinu eru rekin. Það skiptir ekki svo miklu máli hvað þar er mikið vinnuafl og hvað þar er mikill tilkostnaður. Ef eðlilegar álagningarreglur nægja ekki er leiðin gulltryggð, þ. e. að taka af launatekjum bændanna í þessu landi til að standa undir þessum rekstri. Svona er þessi mynd um þessar mundir.

Ég tek svo undir það að lokum, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð sagði hér áðan, að ekki er frekari ástæða að þessu sinni að fara út í almenna umr. um landbúnaðarmál, en stór þáttur, uppgjörsþátturinn frá s. l. hausti, verður náttúrlega ekki lengi lagður til hliðar í þessari umr. allri.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Aðeins örstutt.

Ég þakka þær undirtektir sem þessi till. okkar hefur fengið. Ég tek undir það með hv. þm. sem hér hafa talað, að auðvitað eru ekki aðstæður til þess nú eða ástæður að hefja almenna umr. um landbúnaðarmál. Sú umr. bíður betri tíma. Á dagskrá núna er m. a. till. frá okkur þm. Alþb. um landbúnaðarstefnuna í heild og hún kemur síðar til umr. og þá er hægt að koma þar ýmsu að sem full ástæða væri til í beinu framhaldi af því sem hér hefur verið sagt. Við leggjum þar m. a. áherslu á eitt atriði, sem aldrei verður of mikil áhersla á lögð, hinn mikla tekjumismun sem er hjá bændum og aðstöðumun þeirra einnig. Sá munur er gífurlegur og kom reyndar fram í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar þegar hann talaði um smábændurna og aðstöðu þeirra áðan.

Innan bændastéttarinnar er ekki minni tekju- og aðstöðumismunur en hjá öðrum stéttum, það er óhætt að láta það koma glöggt í ljós, og þar má kannske mörgum um kenna, en kannske bændasamtökunum alveg eins mikið og stjórnvöldum.

Það er rétt, sem hv. 11. landsk. þm. kom inn á, að fyrri liðurinn í till. okkar leysir ekki vandamál þess sérstaka staðar, sem ég minnti á hér, sem er Breiðdalsvík. Því miður er Breiðdalsvík ekki eini staðurinn sem svo er ástatt um að sláturhúsið stendur mjög illa. Patreksfjörður er annað mjög glöggt dæmi og átakanlegt í því efni. Ég tók það einmitt fram í minni framsögu og við gerum það einnig í grg., við flm., að þarna er auðvitað um greinilegt Byggðasjóðsverkefni að ræða annars vegar og vitanlega verður svo samhliða því sá stofnlánasjóður sem þarna er aðalaðili að að koma inn í þessa mynd til hjálpar og aðstoðar og á það hef ég lagt áherslu.

Ég ætla ekki að fara út í það hvaða kröfur hafa verið gerðar hér á undanförnum árum og áratugum varðandi útflutning okkar, sem við höfum verið að stefna að að yrði sem allra minnstur. Ég hef litið svo á að viðmiðun við útflutning hlyti að geta bundist við þau fullkomnu sláturhús sem nú þegar eru fyrir hendi í landinu, afkastamikil og stór sláturhús, þannig að við þyrftum ekki að hyggja svo mikið að því verkefni varðandi framtíðina. Ég vil svo leggja áherslu á að meginatriðin þrjú, sem við flm. erum með í þessari tillögu, eru um frekari nýtingu, nýja möguleika og þá um leið í úrvinnslu okkar landbúnaðarafurða, að það sé gætt hófs í öllum nýbyggingum og síðan síðast en ekki síst, sem er kannske það brýnasta alveg í augnablikinu, aðgerðir til aðstoðar þeim sláturfélögum sem hallast standa og eru nokkur á landinu. Ég veit um 3—4 a. m. k. sem standa höllum fæti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskeldi og klak sjávar- og vatnadýra, þáltill. 91. mál (þskj. 100). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra sem er 91. mál Sþ. Flm. auk mín eru þm. Geir Gunnarsson, Ragnar Arnalds og Steingrímur Sigfússon. Meginefni till. er að Alþingi feli ríkisstj. að undirbúa áætlun um eflingu fiskeldis, svo og heildarlöggjöf um fiskeldi þar sem m. a. verði ákveðin yfirstjórn þessara mála og stuðningur af hálfu hins opinbera. Áætlun þessi verði ásamt lagafrv. um fiskeldi lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í byrjun næsta reglulegs þings, þ. e. haustið 1984.

Markmið með áætlun þessari verði að eldi og ræktun sjávar- og vatnadýra geti sem fyrst orðið gildur liður í þjóðarbúskap og atvinnulífi hérlendis. Sérstök áhersla verði lögð á þá þætti sem skilað geti arði sem fyrst, svo sem á eldi á ungfiski úr sjó, en jafnhliða sköpuð aðstaða til víðtækra rannsókna og tilrauna með aðra þætti sem varðað geta framtíðarhagsmuni, svo sem klak- og seiðaeldi við íslenskar aðstæður.

Varðandi gerð áætlunarinnar gerir till. ráð fyrir að samráð verði haft við stofnanir sem að þessum málum hafa unnið eða eðlilegt er að um þau fjalli. Eru nefnd sem dæmi Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun, Rannsóknaráð ríkisins og Háskóli Íslands. Allir þessir aðilar hafa látið sig fiskeldismál skipta í einhverjum mæli en hlutur Hafrannsóknastofnunar verið þar mun minni en skyldi eins og ég vík að síðar. Við þessa upptalningu mætti bæta ýmsum, þ. á m. Fiskifélagi Íslands sem um árabil hefur stundað ráðgjafarstarf og nokkrar undirstöðurannsóknir í sambandi við fiskeldi og fiskirækt.

Sjálfsagt er að styðjast við reynslu sem þegar hefur fengist hér innanlands á þessu sviði og ekki síður að draga saman vitneskju um rannsóknir og reynslu erlendis í ræktun vatna- og sjávardýra. Þarf ekki lengra að fara en til Noregs til að átta sig á hversu skammt við Íslendingar erum komnir í fiskeldismálum. Norðmenn hafa brátt 100 ára reynslu að baki sem mjög margt má læra af, bæði til að stytta sér leið og læra af mistökum, en þó enn frekar til að fá viðspyrnu til sóknar á þessu sviði. Á það jafnt við um líffræðilega, tæknilega, rekstrarlega og félagslega þætti, svo og varðandi mótun löggjafar um fiskeldi.

Hins vegar verður ekki of oft undirstrikað að við Íslendingar munum ekki yfirfæra reynslu erlendis frá í þessu efni með árangri nema jafnhliða fari fram virk stefnumótun og rannsóknir hérlendis. Eins og tekið er fram í grg. með till. eru aðstæður hér svo gerólíkar því sem gerist í öðrum löndum þar sem fiskeldi er stundað að útilokað er að heimfæra beint niðurstöður annarra þjóða. Því skiptir afar miklu máli að yfir alla þætti sé farið vandlega og í réttri röð áður en lagt er út í mikinn kostnað eða byrjað á fjárfestingu í fiskeldi í stórum stíl þar sem reynsla er ekki þegar fyrir hendi. Á þetta er lögð áhersla í till. í sambandi við fyrstu aðgerðir, þ. e. að kanna almennar forsendur fyrir fiskeldi hérlendis sem best, m. a. varðandi fisktegundir, markað og arðsemi. Sérstök ástæða er til að horfa jafnt á hamlandi eða neikvæða þætti, bæði umhverfis- og markaðsskilyrði, sem og þau atriði sem skapað geta jákvæðan bakhjarl og sóknarstöðu við framleiðslu og samkeppni á erlendum mörkuðum.

Varðandi hið síðarnefnda er jarðvarmi og ómengað vatn í sjó og ferskvatni að sjálfsögðu ofarlega á blaði. Aðstaða til grundvallarrannsókna og tilrauna vegna fiskeldis og klaks sjávardýra er lítil sem engin fyrir hendi hérlendis og því er lögð áhersla á að slík aðstaða verði byggð upp á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar sem virðist sjálfsagður forustuvettvangur af opinberri hálfu. Er það í samræmi við gildandi lög um stofnunina þar sem meðal verkefna eru tilgreindar rannsóknir í fiskirækt og öllu sem að þeim lýtur sbr. 5. tl. 17. gr. laga nr. 64 frá 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Á Alþingi árið 1980 fluttu alþm. Magnús H. Magnússon og Árni Gunnarsson svohljóðandi till. um breytingu á þessu ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„5. tl. 17. gr. laganna orðist svo:

Tilraunir með klak og eldi þorsks og annarra nytjafiska með það fyrir augum að seiðum verði sleppt í stórum stíl þegar þau hafa náð þeim aldri að þau leita botns u. þ. b. 5 mánaða gömul. Seiðunum verði sleppt í hafið umhverfis landið þar sem vaxtarskilyrði þeirra eru talin best."

Þessi till. hv. þm. Alþfl. náði ekki fram að ganga. Ýmsir vísindamenn sem um fiskeldi hafa fjallað að undanförnu draga raunar í efa að sú aðferð sem ráð var fyrir gert í till. þeirra Magnúsar H. Magnússonar og Árna Gunnarssonar sé tímabær eða vænleg hér við land við núverandi aðstæður eins og vikið er að í grg. með þeirri till. sem hér er mælt fyrir. Engu að síður er réttmætt og nauðsynlegt að skapa Hafrannsóknastofnun aðstöðu til slíkra tilrauna og er raunar gert ráð fyrir því í stjfrv. til laga um Hafrannsóknastofnun sem lagt hefur verið fram í Ed. á yfirstandandi þingi sem 81. mál á þskj. 86. Skv. því segir í 17. gr. 7. tölul. um markmið Hafrannsóknastofnunar: „Að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera."

Mikilvægt er að strax verði hugað að aðstöðu fyrir stofnunina á þessu sviði og verði undirbúningur allur miðaður við uppbyggingu og þróun í áföngum. Í því sambandi þarf ekki síst að vanda staðsetningu með tilliti til allra aðstæðna, m. a. í sjó, við ströndina og upp að henni vegna tilraunaaðstöðu í eldislónum eða tjörnum svo og nálægt jarðhita og nálægt nægu vatni. Hafa ber í huga langtíma þróun slíkrar starfsemi þegar henni er valinn staður, bæði svæði fyrir byggingar og fjölþættar tilraunir. Þetta á við um sjávareldi og það sem því tengist en á sviði ferskvatnseldis er sjálfsagt að nýta þá aðstöðu og reynslu sem fyrir liggur, ekki síst hjá Veiðimálastofnun.

Athygli manna og áhugi á fiskeldismálum hefur til þessa að mestu einskorðast við ferskvatnsfiska og þá sérstaklega fiskirækt og veiði. Endurspeglast það m. a. í flutningi mála hér á Alþingi á undanförnum árum. Í því sambandi minni ég á þáltill. frá nokkrum þm. Sjálfstfl., þ. á m. Agli Jónssyni, um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum, en það var 284. mál á 103. löggjafarþinginu 1980—1981.

Á sama þingi flutti Guðrún Hallgrímsdóttir ásamt fleirum þáltill. sem var 191. mál 1980, um eflingu tækniþekkingar á fiskirækt, m. a. með því að láta reisa og reka tilraunastöð fyrir stríðeldi vatna- og sjávardýra. Hvorug þessara tillagna varð útrædd á þinginu. Í grg. með till. Guðrúnar Hallgrímsdóttur var m. a. vísað til

rannsókna sem gerðar höfðu verið hjá Háskóla Íslands varðandi eldi við stýranlegar umhverfisaðstæður, svokallað lokað eldi. Var að þeim málum unnið á vegum Verkfræðistofnunar Háskólans á árinu 1979 og 1980, m. a. varðandi möguleika á sjálfvirkri stjórnun með tölvubúnaði. Komu í því sambandi fram hugmyndir um að komið yrði upp sérstakri rannsóknarstöð á vegum Háskólans til að þróa svokallað lokað laxeldi.

Þá er að geta þess sem miklu skiptir fyrir undirbúning fiskeldismála að á vegum Rannsóknaráðs ríkisins er nú unnið að úttekt á stöðu og möguleikum vatna- og sjávareldis hérlendis. Var í því skyni skipaður starfshópur á vegum ráðsins 30. júlí 1982 undir forustu Sigurðar St. Helgasonar lífeðlisfræðings. Ritari hópsins er Úlfar Antonsson vatnalíffræðingur og starfsmaður Rannsóknaráðs og hefur hann mikið unnið að þessu máli síðan. Þess er að vænta að niðurstöður þessa starfshóps Rannsóknaráðs liggi fyrir á fyrri hluta þessa árs, 1984, og ættu þær að geta myndað grunn í þeirri áætlun um eflingu fiskeldis sem gert er ráð fyrir skv. þáltill. að ríkisstj. leggi fram ásamt frv. til laga um fiskeldi í byrjun þings næsta haust eins og áður hefur verið að vikið.

Ég hef hér gert grein fyrir meginverkefni og markmiðum með flutningi þessarar till. og vikið að nokkrum þáttum sem fram hafa komið og unnið er að á sviði fiskeldismála hér á landi. Í framhaldi af því vil ég draga fram nokkrar hugmyndir um æskilega þróun þessara mála og atriði sem rétt er að höfð sé hliðsjón af við undirbúning að heildarlöggjöf um vatna- og sjávareldi.

Rétt er að minna á að norsk löggjöf og reglugerðir um fiskeldi hafa verið endurskoðuð á síðustu 10 árum. Í Noregi eru gildandi heildarlög um eldi fisks og skeldýra frá 15. maí 1981 og bráðabirgðareglur sem þá voru settar á grundvelli þeirra laga, m. a. um úthlutun leyfa til aðila sem slíkt eldi stunda. Þá lágu fyrir hvorki meira né minna en 800 umsóknir sem síðan hafa verið til meðferðar hjá norskum stjórnvöldum. Hefur mikillar varfærni verið gætt við úthlutun nýrra leyfa með tilliti til ytri aðstæðna, hagkvæmni, markaða og byggðarþróunar.

Eitt meginmarkmið fiskeldisstefnunnar í Noregi skv. þessum lögum og reglum frá 1981 er að styðja við og efla atvinnulíf í byggðarlögum sem standa höllum fæti fyrir og hafa takmarkaða þróunarmöguleika á öðrum sviðum. Fiskeldi á þannig að nýta sem gildan hlekk í byggðarþróun í Noregi. Leyfi til fiskeldis á aðeins að veita til fámennari byggðarlaga og einkum þar sem hefðbundið atvinnulíf í landbúnaði og sjávarútvegi er á undanhaldi.

Ekki vekja minni athygli þau skilyrði sem sett eru varðandi eignarhald í fiskeldisfyrirtækjum skv. þessum norsku lögum. Þannig má ekki veita leyfi til fiskeldis einstaklingum eða fyrirtækjum sem hafa teljandi hagsmuni á öðrum sviðum, þó að undanteknum bændum og sjómönnum og litlum fiskiðnaðarfyrirtækjum í byggðarlögum. Með þessu er ákveðið unnið gegn því að utanaðkomandi hagsmunir nái undirtökunum í fiskeldisfyrirtækjum. Hins vegar er í reglunum frá 1981 í Noregi kveðið á um að samstarf og samvinnu aðilar heima fyrir í þessum málum eigi að meta sem jákvæðan þátt við úthlutun leyfa.

Þessi stefna Norðmanna er lærdómsrík fyrir okkur Íslendinga þar sem erlendir aðilar og hagsmunir eru þegar farnir að sækja á og hreiðra um sig í laxeldi hérlendis. Slíkt er í hrópandi mótsögn við þá sjálfstjórnarstefnu heimabyggða og smáfyrirtæki í fiskeldi sem Norðmenn virðast hafa að leiðarljósi. Ástæða er til að ætla að einmitt þessar reglur í Noregi ýti á stórfyrirtæki eins og Mowy, Alfa Laval og fleiri slík til að leita fyrir sér í öðrum löndum, m. a. hérlendis.

Þess má einnig geta að umsóknum um fiskeldi í Noregi er í fyrstu beint til stjórnvalda í fylkjum en sjútvrn. þar hefur síðasta orðið. Þá er gert ráð fyrir að stærð eldisfyrirtækja sé miðuð við 3000 rúmmetra heildarrými.

Við mótun löggjafar hérlendis sem till. gerir ráð fyrir er eðlilegt að horft sé til ákvæða í löggjöf landa eins og Noregs sem hafa mun meiri reynslu á sviði fiskeldis en Íslendingar. Hins vegar ber að varast að yfirfæra slík ákvæði nema að mjög vel athugðu máli inn í íslenska löggjöf. Sú áætlun sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir áður en afstaða er tekin til löggjafar á einmitt að auðvelda mönnum hér á Alþingi sýn til þessara mála. Skynsamlegt virðist að stefna að tiltölulega einfaldri löggjöf þar sem dregnar verði meginlínur sem síðan sé unnt að reisa á reglugerðar- og framkvæmdaatriði.

Meðal þátta sem taka þarf afstöðu til er yfirstjórn fiskeldismála, fjármögnun, rannsóknir, fræðsla og almenn ákvæði um fyrirtæki í fiskeldi sem unnt sé að byggja á skynsamlegar reglur um leyfisveitingar. Alveg sérstaklega þarf að ræða um hvernig tryggja megi skynsamlega dreifingu slíkra fyrirtækja, að teknu tilliti til arðsemissjónarmiða og varðandi hlut heimamanna í uppbyggingu þeirra og stjórnun.

Að mínu mati þarf að reisa rönd við að fiskeldi úti um land verði á hendi fárra fjársterkra aðila sem gera út í þennan rekstur t. d. héðan frá Reykjavík svo að ekki sé minnst á fjarlægari hagsmuni erlendra stórfyrirtækja. Þar með er ekki sagt, að við eigum að útiloka erlenda samvinnu til að auðvelda okkur að ná tökum á þessari grein, síður en svo. En allt á það að miðast við að tryggja varanlegt íslenskt forræði yfir rekstri, tækniþekkingu og markaðsmálum eins og frekast er kostur. Ég bendi á norrænt samstarf sem verið getur okkur hagkvæmt á þessu sviði, m. a. með stuðningi af Nordforsk og Nordisk industrifond.

Varðandi yfirstjórn og rannsóknir í fiskeldismálum vil ég undirstrika að enginn grundvallarmunur er á eldi ferskvatnsdýra og sjávardýra. Því þarf að tryggja samræmda yfirstjórn þessara mála og sem best tengsl þeirra stofnana og sjóða sem ætlað er að styðja við fiskeldi.

Hér verður að lokum minnst á nokkur atriði er varða nýsköpun og þróunarmöguleika á sviði fiskeldis. Eins og vikið er að í grg. er enn mörgum spurningum ósvarað varðandi hagkvæma nýtingu á veiðiám, hafbeit og eldi í kvíum. Nauðsynlegt virðist að efla mikið rannsóknir og gagnaöflun á þessu sviði, ekki síst varðandi laxeldi og tryggja fyllstu hlutlægni í slíkum rannsóknum. M. a. þarf að leggja áherslu á að auka endurheimtur og ná sem bestum afrakstri með stýringu og kynbótum á fiski. Þannig er keppikefli að auka hlut eins árs sleppiseiða af laxi sem skili sér þriggja ára til baka þar eð slíkur lax er að jafnaði mun stærri og verðmætari. Á sama hátt þarf að nýta betur þann lax sem skilar sér í árnar nú en dæmi eru um að 80% verði eftir í ánum að veiðitímabili loknu. Í því sambandi er ástæða til að minna á hvernig laxveiði var hagað á síðustu öld áður en laxveiðilög voru sett þann 14. febrúar 1885. Þá var haustveiði á laxi

mikið stunduð, t. d. í efri hluta Hvítár í Árnessýslu og þverám hennar, jafnvel allt til jóla og stundum lengur. Um það má lesa í fróðlegri skýrslu Bjarna Sæmundssonar náttúrufræðings um veiði á Suðurlandi frá árinu 1896.

Hin síðustu ár hafa fróðlegar og gagnrýnar greinar birst eftir íslenska fiskifræðinga og líffræðinga, m. a. Hákon Aðalsteinsson og Jón Kristjánsson í tímaritinu Ægi 3. tbl. 1982 þar sem bent er á hvernig margfalda megi afrakstur laxveiða með skynsamlegri nýtingu. Einnig bendi ég á grein eftir Jón Kristjánsson og Tuma Jónsson í 11. tbl. tímaritsins Freys 1981 um sveiflur í laxagöngum og orsakir þeirra. Þeir telja að hóflegur hrygningarstofn gefi af sér stórar laxagöngur. Of stór hrygningarstofn sé til tjóns sé markmiðið að halda laxagöngum sem stærstum og jöfnustum.

Á árum áður voru teknir úr Elliðaánum 5—6 þúsund laxar eða 3—4 sinnum meira en nú og ætla má að ýmsar bestu laxveiðiár okkar séu ofsetnar. Svipuðu máli gegnir um mörg silungsvötn sem hafa mætti af miklar nytjar með hóflegri veiði og ræktun. Þar talar reynslan úr Mývatni og Þingvallavatni skýrustu máli en áhugi er nú að vakna víða á landinu á að nýta veiðivötn. Þar má nefna átak í silungsveiðum í Fljótsdalshéraði sem hófst s. l. sumar fyrir forgöngu Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Of snemmt er að spá um niðurstöður úr því átaki en upphafið lofar góðu. Mikilvægt er að þeir sem ætla sér að stunda veiði sem atvinnu eða aukabúgrein leggi við hana alúð sem hverja aðra vinnu.

Hákon Aðalsteinsson vatnalíffræðingur hefur áætlað, á grundvelli mælinga sem þeir hafa gert Sigurjón Rist og Haukur Tómasson hjá Orkustofnun, að vötn nálægt ½ km ^{2} að flatarmáli og stærri séu á bilinu 70—80 þús. hektarar samtals. Varlega áætlað gefi þau af sér um 20 kg á hektara af fiski að meðaltali á ári eða 1500—2000 tonn. Þar af má líklega fá 1000 tonna afla af silungi í sæmilega aðgengilegum vötnum. Hér er því um umtalsverða möguleika að ræða í þjóðhagslegu tilliti, ekki síst þegar haft er í huga að fjárfesting vegna slíkrar veiði er tiltölulega lítil og á að geta skilað arði þegar í byrjun. En svo mikilvægt sem það er að nýta veiðimöguleika og eldi í ferskvatni meira og betur en nú tíðkast gæti verið eftir mun meiru að slægjast fyrir íslenskan þjóðarbúskap í eldi sjávardýra. Þar er óvissan hins vegar meiri en í vatnaeldi og nauðsynin á skipulegum vinnubrögðum og forustu af opinberri hálfu í upphafi enn auðsærri. Ég vísa í þessu sambandi til greinargerðar með þáltill. þar sem m. a. er vitnað til álits og greina eftir Björn Björnsson fiskifræðing. Hann segir m. a. í grein sinni í 9. tbl. Ægis 1983 eftirfarandi:

„Þó að tilraunir með seiðaeldi í stórum stíl séu ekki tímabærar hér á landi, þá tel ég hins vegar mjög æskilegt fyrir Íslendinga að hefja fljótlega tilraunir með eldi á þorski og öðrum sjávardýrum til manneldis. Þá á ég aðallega við að veiða ungfisk hér við land og koma honum fyrir í sérstökum eldistjörnum og ala hann þar upp til slátrunar (kaup á laxaseiðum kæmu þó einnig til greina). Mætti hugsa sér að sjómönnum yrði borgað visst fyrir hvern lifandi smáfisk sem þeir kæmu með að landi, með tilliti til verðmætis í eldi. Þannig fengist t. d. margfalt meira verð fyrir smálúðu heldur en smáþorsk. Einnig væri æskilegt að kanna hvaða fisktegundir eru hentugastar til fiskeldis á Íslandi. Nokkrar tegundir, sem kæmu vel til greina, eru þorskur, lúða, lax, ufsi og kræklingur. Það er trúlega hagkvæmasti kosturinn að vera með blandað eldi, t. d. lúðu, lax og krækling saman í eldistjörn. Þannig yrði lúðan á botninum, laxinn við yfirborð og kræklingurinn mundi hreinsa vatnið og nýta um leið alla tiltæka smáfæðu.

Grundvallaratriði við eldi á matfiski er að nota ódýrt fóður þar sem fóðurkostnaður er einn helsti útgjaldaliðurinn. Eldisstöðvar á Íslandi ættu að geta haft greiðan aðgang að ódýru fóðri, t. d. loðnu og jafnvel síld þegar verð á síld er lágt eða ekki er unnt að selja alla þá síld sem æskilegt er að veiða. Mætti hugsa sér að eitt eða fleiri nótaskip stunduðu fóðuröflun fyrir eldisstöðvar árið um kring þannig að sjaldan eða aldrei þyrfti að frysta fóður því að frysting hefði í för með sér mikinn aukakostnað. Einnig er mikilvægt við fiskeldi á Íslandi að nýta ódýran jarðhita til að halda eldivatni hæfilega heitu árið um kring til að vaxtarhraði verði alltaf nálægt hámarki.

Íslendingar standa nú á tímamótum. Fiskstofnar hér við land eru flestir fullnýttir, en fiskeldi gefur góða von um aukna framleiðslu á úrvalsfiski. Rannsóknir á fiskstofnum hér við land eru nú að komast í viðunandi horf, en rannsóknir á sviði fiskeldis eru hins vegar ákaflega rýrar enn þá. T. d. hefur Hafrannsóknastofnunin ekki aðstöðu til neinna tilrauna með lifandi fiska. Án mikilla rannsókna hér á landi er lítil von til að þróun fiskeldis á Íslandi taki hagkvæmustu stefnuna. Aðstæður hér eru svo gerólíkar aðstæðum annarra landa þar sem fiskeldi er stundað að útilokað er að heimfæra niðurstöður annarra þjóða beint. Áður en byrjað er á fiskeldi í stórum stíl er nauðsynlegt að láta fyrst fara fram nokkurra ára rannsóknir og hönnun til að koma í veg fyrir stórfelld mistök."

Þetta var tilvitnun í grein Björns Björnssonar fiskifræðings sem stundað hefur framhaldsnám á þessu sviði við háskóla í Kanada.

Í fskj. með þáltill. eru einnig birtar eftir Björn Björnsson nokkrar hugleiðingar um fiskeldi á Íslandi í kjölfar ráðstefnu um þorskeldi. Þar var um að ræða alþjóðlega ráðstefnu sem haldin var í Noregi í júní 1983 og sótt var af 120 vísindamönnum frá 13 þjóðum. Í þeirri samantekt er að finna mikinn fróðleik og gagnlegar ábendingar um það í hvaða röð gæti verið skynsamlegt fyrir Íslendinga að vinna að sjávareldi. Björn dregur ekkert úr þeirri óvissu sem þessu er samfara, en vekur einnig athygli á heillandi möguleikum ef vel tekst til. Hann segir þar m. a.:

„Tilraunir hafa sýnt að ekki er við umtalsverð tæknileg vandamál að stríða við eldi á stærri fiski (matfiski). Spurningin er bara hvort unnt er að ala fiskinn upp á nógu ódýran hátt hér á landi til að um hagnað verði að ræða. Til að svo geti orðið verðum við Íslendingar að nýta sérstöðu okkar út í ystu æsar."

Hann bendir á að eldi á matfiski virðist hafa marga kosti umfram hina hefðbundnu veiðimennsku og telur upp ýmis atriði því til stuðnings. „Af þessu leiddi," segir Björn, „að meðalverðmætasköpun á hvern fisk yrði margföld á við í náttúrunni og gæfi möguleika á að auka heildarfiskframleiðslu þjóðarinnar verulega. Auðvitað verður alltaf hagkvæmt að nýta hina náttúrulegu fiskistofna á hefðbundinn hátt hér við land, einkum með færri og ódýrari fiskiskipum. Hins vegar verður afrakstursgeta fiskistofna okkar ekki aukin verulega með núverandi veiðiaðferðum, en fiskeldi gæti

aftur á móti leitt til umtalsverðrar **viðbótar**."

Það er einmitt þessi viðbót við afraksturinn af fiskimiðum við landið sem verða þarf veruleiki sem fyrst með skipulegu eldi sjávar- og vatnadýra. Till. gerir ráð fyrir að fyrsta skrefið verði áætlun sem mótuð verði þegar á þessu ári og lögð fyrir Alþingi ásamt frv. til l. um fiskeldi í þingbyrjun á komandi hausti.

Herra forseti. Ég vænti þess að þessi till. fái góðar undirtektir hér á hv. Alþingi. Ég legg til að eftir að umr. verður frestað verði till. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðgerðir gegn skattsvikum, þáltill. 98. mál (þskj. 119). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 119 hef ég leyft mér ásamt Magnúsi H. Magnússyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni að flytja till. til þál. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Till. þessi felur í sér að nú þegar verði gert átak bæði á sviði skattrannsókna, skatteftirlits og meðferðar ákæru- og dómsmála í skattsvikamálum. Tillögur þessar miða að því að ná markvissari tökum á skattsvikamálum og bókhaldsbrotum og að gera alla meðferð skattsvikamála hraðvirkari og árangursríkari en nú er.

Færa má fyrir því ýmis rök að öllu skatteftirliti, skattrannsóknum og meðferð ákærumála í skattsvikamálum sé mjög ábótavant og að nauðsynlegt sé að grípa nú þegar til sérstakra aðgerða til að koma frekar í veg fyrir skattsvik.

Ljóst er að engin skipuleg úttekt hefur verið gerð á því hér á landi hve umfangsmikil skattsvikin eru, en í ítarlegri grein, sem Ólafur Björnsson prófessor skrifar í Vísi 8. okt. 1975, er reynt að varpa ljósi á það. Þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Sú aðferð hefir í seinni tíð einkum verið notuð til þess að gera sér grein fyrir þessu, að bera saman þjóðartekjurnar gerðar upp á grundvelli upplýsinga um magn og verðmæti þjóðarframleiðslunnar annars vegar og skattframtala hins vegar. Sá samanburður hefur verið gerður hér á landi, og samkvæmt þeim upplýsingum, sem mér eru um þetta kunnar, skakkar hér 10—11%, sem skattframtölin eru lægri en þjóðhagsreikningstölurnar. Þótt hafa beri hugfast við slíkan samanburð að við mat tekna til skatts er ekki fylgt nákvæmlega sömu reglum og við mat verðmætis þjóðarframleiðslu í þjóðhagsreikningum, auk þess sem niðurstöður þjóðhagsreikninganna verða aldrei fullkomlega áreiðanlegar, þá ætti hér þó að vera um nothæfan, grófan mælikvarða að ræða um það, hversu miklu skattsvikin nema fyrir þjóðarbúið í heild. Gera má ráð fyrir að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi þó meiru en þessu, þar sem líklegt er að það séu einkum tekjur er lenda myndu í háum skattstiga sem stungið er undan."

Þær upplýsingar sem hér koma fram hjá prófessor Ólafi Björnssyni eru fengnar úr 12. hefti rits Framkvæmdabankans, „Úr þjóðarbúskapnum", sem út kom í júní 1962 í grein eftir Torfa Ásgeirsson og Björn Braga Jónsson, „Þjóðarframleiðslan, verðmætaráðstöfun og þjóðartekjur 1945—1960". Í þessari grein kemur fram að jafnhliða tekjuframtalsaðferðinni voru þjóðartekjur fjögurra síðustu áranna, 1957—1960, áætlaðar sérstaklega skv. ráðstöfunaraðferðinni. Niðurstöðurnar sýndu hærri þjóðartekjur skv. ráðstöfunaraðferðinni en tekjuframleiðsluaðferðinni öll árin og voru þjóðartekjur 6—14% hærri skv. ráðstöfunaruppgjöri en tekjuframtalsuppgjöri. Í grein Ólafs Björnssonar, sem áður er vitnað til, kemur einnig fram, með leyfi forseta:

„En hverjir eru það sem koma tekjum sínum þannig undan skatti? Mér vitanlega hefir engin tilraun verið gerð til þess hér á landi að kanna það. En í bók eftir norskan hagfræðing prófessor Leif Johansen, sem lögð hefir verið til grundvallar kennslu í fjármálafræði í seinni hluta viðskiptafræði við Háskóla Íslands, er vitnað í athugun sem norska hagstofan hefir gert varðandi þetta. Niðurstaða hennar er sú, að tekjur launafólks teljist jafnan fram að fullu, og sama máli gegnir um allar tekjur af fiskveiðum, en í öllum öðrum atvinnugreinum sé því mjög ábótavant að tekjur þeirra, er stunda sjálfstæðan atvinnurekstur teljist fram."

Ég tel mjög brýnt að reynt verði að gera úttekt á því hér á landi hversu umfangsmikil skattsvikin eru í hverri atvinnugrein og hvernig t. a. m. einstaka stéttir eða atvinnugreinar geta hagnýtt sér glufur sem eru í skattalögunum eða ívilnandi ákvæði. Slík úttekt gæti komið að miklum notum fyrir stjórnvöld þegar reynt er að meta á hvern hátt best er að koma í veg fyrir skattsvik. Ég hef því einnig ásamt öðrum þm. Alþfl. lagt fram till. um að allsherjarúttekt verði gerð á þessum málum í þjóðfélaginu í hverri einustu atvinnugrein og hjá hverri atvinnustétt.

En ef við gefum okkur að tölur þær sem prófessor Ólafur Björnsson setur fram í sinni grein séu nærri lagi og meta megi skattsvikin til 10—11% af þjóðartekjum er hægt að fá nokkra mynd af því sem hér er um að ræða. Vergar þjóðartekjur á verðlagi ársins 1980 voru fyrir árið 1982 13 milljarðar 378 millj. kr. Ef sú upphæð er færð fram til verðlags 1983 miðað við gengisvísitölu í nóvember 1983 fæst út að vergar þjóðartekjur á verðlagi í nóv. 1983 eru 48 milljarðar 27 millj. kr. Ef 11% af þeirri upphæð eru dregin undan skatti er um að ræða að á árinu 1983 hafi undandráttur undan skatti verið 5 milljarðar 283 millj. kr. og eru þá söluskattssvikin ekki með talin. Hér er ekki um neina smáupphæð að ræða, eða um 33% af áætluðum heildartekjum ríkissjóðs fyrir árið 1984. Mér er ekki kunnugt um að önnur tilraun en ég hef hér lýst hafi verið gerð til þess að meta stærðargráðu skattsvika hér á landi og er þetta svipað þeim tölum sem fram hafa komið opinberlega í nokkrum öðrum löndum en ég mun koma að því síðar í mínu máli.

Nú er hér auðvitað um mat á skattsvikum að ræða en engu að síður tel ég að þessar tölur gefi okkur mjög ákveðna mynd af skattsvikunum ekki síst þar sem svipaðar tölur hafa komið fram í nokkrum öðrum löndum. Í þau sex ár sem ég hef setið á Alþingi hefur aldrei nein umræða svo máli skipti farið fram um skattsvik hér á hv. Alþingi. Þm. nefna þetta orð svona í framhjáhlaupi þegar verið er að ræða kjör manna almennt í þjóðfélaginu en að nokkur ítarleg umræða hafi farið fram um þessi mál og hvernig best sé að taka á þeim hef ég ekki orðið vör við þennan tíma.

Við erum ekki að tala um neina smáaura ef það mat er rétt að sem samsvarar yfir 5 milljörðum á verðlagi ársins 1983 hafi árlega verið stolið undan skatti. Í vetur hefur verið ítarlega fjallað um alvarlegt mál, þ. e.

samdrátt í þorskafla um 100 þús. lestir sem að mati fiskifræðinga þarf að vera á næsta ári og mundi þá gerbreyta öllum efnahagsstærðum í þjóðfélaginu, m. a. forsendum fjárlagafrv. Að mati Þjóðhagsstofnunar yrði um að ræða 12—13% samdrátt útflutningsframleiðslunnar sem nemur um 5 milljörðum kr. á næsta ári. Þetta er vissulega stór upphæð og mjög alvarlegt mál á ferðinni en þessi upphæð er þó kannske ekki nema þriðjungur þess sem stolið er undan skatti árlega.

Skattsvikamálin og hvað sé til úrbóta til að koma í veg fyrir skattsvik er samt sjaldnast rætt hér í þingsölum. Ég vona, herra forseti, að það hvað fáir hv. þm. sjá ástæðu til að sitja nú undir þessari umr. þurfi ekki að lýsa því að almenn deyfð og áhugaleysi sé í þingsölum um þessi mál. (**JBH:** Hverju lýsir það þá?) Herra forseti, hér eru aðeins fimm eða sex þm. sem sjá ástæðu til að sitja undir þessari umr. og ræða um skattsvik sem er þó alvarlegt mál í þjóðfélaginu þegar margir stórir hópar komast upp með að greiða ekki það sem þeim ber til samfélagslegra þarfa. En kominn er tími til að alvarleg umr. fari fram á hv. Alþingi um skattsvik í þjóðfélaginu og hvernig á markvissan hátt eigi við þeim að bregðast.

Ljóst er að aðeins brot af því sem dregið er undan skatti innheimtist vegna skatteftirlits. Skv. upplýsingum sem ég hef aflað mér hafa hækkanir hjá ríkisskattstjóra með viðurlögum vegna athugunar rannsóknardeildar ríkisskattstjóra orðið þessar á árunum 1981—1983: Frá 1. jan. til 31. des. 1981 innheimtast vegna þessa eftirlits tæpar 2 millj. 160 þús. kr. — ég undirstrika að þetta er með viðurlögum — frá 1. jan. til 31. des. 1982 innheimtust vegna skatteftirlits tæpar 3 millj. kr. og skv. tölum sem ég hef yfir 1. jan. til 24. nóv. á s. l. ári hafði þá innheimst vegna skatteftirlits rannsóknardeildar ríkisskattstjóraembættisins á árinu 1983 5 millj., 386 þús. kr., þar af rúmar 4.4 millj. vegna undandráttar á söluskatti og liðlega 900 þús. vegna tekjuskatts og útsvars.

Hafa ber í huga að þessar upphæðir koma inn vegna framtala sem ítarlega skoðun fá hjá rannsóknardeildinni en síðan er um endurálagningu að ræða í fleiri málum sem ég mun koma að hér síðar. Við getum einnig tekið dæmi af skattstofunum. Hækkanir með viðurlögum á söluskatti hjá öllum umdæmum nema tveimur árið 1980, eða alls níu skattstofum var eftirfarandi, en þessar hækkanir koma fram við samanburð á söluskattsskýrslum og ársreikningum: Vegna þessa eftirlits með söluskatti á skattstofum komu á árinu 1981 vegna söluskatts 1980 rúmlega 20 millj. kr. Við þetta unnu 8—12 menn. Ef tekinn er til samanburðar rekstrarkostnaður þessara níu skattstofa var hann á því ári, 1981 skv. ríkisreikningi um 24 millj. kr. eða um 4 millj. umfram það sem innheimtist vegna eftirlits með söluskatti á skattstofunum.

Hér ber einnig að hafa í huga að á skattstofunum er auðvitað um að ræða í einhverjum mæli endurálagningu. En ljóst er þó að sú endurálagning beinist frekar að framtölum hjá launþegum en atvinnurekstrinum þar sem skattstofurnar hafa margar hverjar ekki yfir þeim sérhæfða mannafla að ráða til að fara yfir flókin framtöl í atvinnurekstrinum og því er varla um stórar upphæðir að ræða sem innheimtast vegna endurálagningar á skattframtölum þó alltaf geti verið þar um undantekningartilvik að ræða.

Ef gerður er samanburður á því sem innheimtist vegna skatteftirlits hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra og launakostnaði þeirrar deildar kemur eftirfarandi í ljós:

Hækkun vegna rannsóknardeildarmála 1. jan. 1982 til 31. des. 1982 vegna eftirlits deildarinnar var tæplega 3 millj. sem kom inn í 13 málum sem tekin voru til ítarlegrar meðferðar af deildinni. Launakostnaður rannsóknardeildar var á árinu 1982 tæplega 3.5 millj. kr. eða ½ millj. fram yfir það sem innheimtist vegna eftirlits með framtölum. Þessar upphæðir eru vegna 13 mála og komu þar inn vegna stærstu málanna sem fyrir voru tekin á því ári og ítarlegasta skoðun fengu. En til sérstakrar meðferðar á því ári voru tekin í allt 207 mál sem ég mun nú koma að. Ljóst er að eitthvað getur innheimst vegna endurálagningar í þeim málum en á móti hljóta einnig að koma ívilnandi lækkanir vegna kæru framteljenda.

Ljóst er að hlutfallslega mjög fá mál eru ítarlega skoðuð árlega. Árið 1982 voru skráð framtöl félaga samtals 6030 og einstaklinga í atvinnurekstri 17 569, eða samtals 23 599 framtöl sem skráð voru. Það ár voru tekin fyrir hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóraembættisins 207 mál sem sérstaka meðferð fengu, eða tæplega 0.9% framtala félaga og einstaklinga í atvinnurekstri. Á því ári var einungis um að ræða 13 mál eða 20 úrskurði og kæruúrskurði sem upp voru kveðnir í rannsóknarmálum, eða tæplega 10% af þeim málum sem voru sérstaklega skoðuð. Þau voru að stærstum hluta söluskattsbrot, eða 2.3 millj. af 3 millj. tæplega sem inn komu vegna þessara sérstöku rannsókna.

Á árinu 1983 voru skráð framtöl félaga samtals 6433 og einstaklinga í atvinnurekstri 16 724, eða samtals 23 157. Af þessum 23 157 framtölum hafa 416 fengið sérstaka skoðun hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra, eða 1.8% framtala félaga og einstaklinga í atvinnurekstri, og rúmar 5.4 millj. hafa innheimst vegna framtala sem ítarlega voru skoðuð á s. l. ári, eða fram til 24. nóv. s. l., en um það hef ég þessar upplýsingar.

Ef reynt er að draga upp mjög grófa mynd af því hvað innheimtist vegna skatteftirlits samanborið við að 10—11% þjóðartekna séu dregnar undan skatti, eins og fram kemur í áður tilvitnaðri grein Ólafs Björnssonar prófessors frá 8. okt. 1975, þá kemur eftirfarandi í ljós ef tekið er sérstaklega fyrir árið 1982:

Í Hagtölum mánaðarins í nóv. s. l. kemur fram að vergar þjóðartekjur á verðlagi ársins voru á árinu 1982 13 milljarðar 378 millj. kr. eins og áður er getið. Ef sú upphæð er færð fram til verðlags 1982, en í fyrra dæminu tók ég 1983, miðað við gengisvísitölu, þá er um að ræða 29 milljarða 541 millj. kr. Ef tekin eru 11% af þeirri upphæð og gert ráð fyrir að sú upphæð gefi mynd af því hvað mikið var dregið undan skatti á árinu 1982, þá fæst talan 3 milljarðar 250 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir að svipað hlutfall hafi innheimst vegna eftirlits skattstofa á söluskatti á árinu 1982 eins og innheimtan gaf árið 1981 vegna innheimts söluskatts, þá gefur það framreiknað til ársins 1982 með lánskjaravísitölu um 30 millj. kr. Í rannsóknardeildarmálum innheimtist vegna eftirlits eins og áður er getið á árinu 1982 um 3 millj. kr. vegna þeirra mála sem ítarlegustu meðferðina fengu hjá deildinni. Samtals gefa því þessar innheimtur vegna skatteftirlits um 33 millj. kr. á árinu 1982. Ef skattsvikin hafa á því ári verið 3 milljarðar 250 millj. kr., eins og

áður er lýst, þá innheimtist vegna skatteftirlits á því ári aðeins liðlega 1% þess sem skotið er undan skatti. Reikna má einnig með að nokkuð innheimtist vegna endurálagningar í töluvert fleiri málum en þeim sem ítarlega skoðun fá, eins og áður er getið, en á móti kemur líka að nokkuð er um lækkun á álagningu að ræða vegna kæru framteljenda og ívilnandi ákvæða í skattlöggjöf. Að þessu samanlögðu er ekki fjarri lagi að áætla að vegna skatteftirlits hjá skattstofum og rannsóknadeild ríkisskattstjóra innheimtist 1—2% af því sem áætlað er að svikið sé undan skatti, ef notuð er sú viðmiðun sem ég hef áður lýst. Hér er auðvitað, og það ber að undirstrika, um áætlun að ræða sem gefur grófa mynd en engu að síður ekki fjarri lagi. Ekki síst þar sem 10—11% þjóðartekna sem áætlað er að skotið sé undan skatti hér á landi er sambærilegt við áætlaða tölu nokkurra annarra landa sem ég mun koma að síðar í mínu máli.

Með þessum tölum sem ég hef greint frá er ég á engan hátt að kasta rýrð á það starf sem unnið er á skattstofum eða skattrannsóknardeild ríkisskattstjóra. En þessar tölur gefa okkur það ljóslega til kynna að ekki er nægjanlega vel búið að skattstofum eða skattrannsóknardeild að því er mannafla, aðbúnað og allt eftirlit varðar og ljóst er að skattstofum og rannsóknardeild helst mjög illa á starfsfólki með sérþekkingu á sviði skattamála eða með bókhaldsþekkingu. Þessar tölur eru miklu fremur áminning til stjórnvalda um sofandaháttt og sinnuleysi í þessum málum og að stjórnvöld hafi ekki nægjanlega vel búið að skattstofnum og rannsóknardeild skattsvikamála til að hægt sé frekar að fyrirbyggja skattsvik. Afleiðing þess er að flóknari skattframtöl, t. a. m. fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri, fá mjög litla skoðun sérstaklega hjá skattstofunum. Allur tími og starfskraftur fer í að yfirfara launamannaframtölin og gefur auga leið að lítið kemur út úr því eftirliti, enda þeir flestir einstaklingar sem telja fram og hafa ekki atvinnurekstur með höndum og eru í lítilli aðstöðu til að svíkja undan skatti.

Um þennan þátt segir prófessor Ólafur Björnsson í áður tilvitnaðri grein í Vísi 8. okt. 1975, með leyfi forseta:

„Telja má víst að það sama eigi við hér á landi og í Noregi að tekjur launþega teljast jafnan fram að fullu. Skattyfirvöld hafa nefnilega það kverkatak á launafólki, hvað framtöl þess varðar, að launin eru gefin upp af atvinnurekendum þess. Ef atvinnurekandi gefur ekki upp það kaup sem hann hefur greitt, kemur það fram í auknum ágóða hans, þannig að hann yrði sjálfur að greiða skatt af því kaupi, sem hann gefur ekki upp. Aðeins þeir, sem sjálfstæðan atvinnurekstur hafa með höndum, hvort heldur þeir hafa aðra í þjónustu sinni eða ekki, hafa þannig aðstöðu til þess að koma tekjum sínum undan skatti. Þó er þessi aðstaða mismunandi eftir því hvers konar atvinnurekstur er um að ræða.

Í stórfyrirtækjum, sem vegna eigin þarfa verða að hafa nákvæmt bókhald má gera ráð fyrir að tekjur séu yfirleitt rétt framtaldar, bæði laun og ágóði. Að vísu er það „fræðilegur möguleiki" að slík fyrirtæki skili skattyfirvöldum fölsuðum reikningum en það er þó alltaf óhagræði, ef fyrirtæki eða einstaklingar sem ætla að brjóta lög þurfa að hafa fleiri eða færri starfsmenn sína í vitorði, því slest getur uppá vinskapinn síðar eins og mörg dæmi munu um, bæði hér á landi og víðar. Gera má því ráð fyrir að slíkt séu undantekningar.

Hvað snertir atvinnurekendur eins og bændur, útvegsmenn og innflytjendur, þá geta skattyfirvöld eftir ýmsum leiðum fengið upplýsingar um brúttótekjur þeirra. Þar sem skattar eru þó lagðir á nettó- en ekki brúttótekjur, verður slíkt eftirlit þó allt ónákvæmt.

Þá eru ótaldir þeir fjölmennu hópar, sem annast margvísleg þjónustustörf í smárekstri, þar sem fáir eða engir vinna nema eigandinn og fjölskylda hans, svo sem handverksmenn, smákaupmenn, leigubifreiðastjórar er keyra eigin bíl, tannlæknar, málflytjendur, þeir sem stunda einkakennslu o. fl. o. fl. Margir þessara aðila munu að vísu bókhaldsskyldir en það hefir lítið að segja í þessu sambandi því þeir geta sjálfir ráðið því, hvað í bækurnar er fært. Hér er allt virkt skattaeftirlit í rauninni óframkvæmanlegt."

Síðar í grein sinni segir Ólafur Björnsson, með leyfi forseta:

„Aðalatriðið er, að fjölmennar stéttir í þjóðfélaginu hafa til þess aðstöðu að ákveða sjálfar, hvað þær leggja fram til almenningsþarfa og hefir mér vitanlega ekki verið bent á neinar leiðir til þess að koma í veg fyrir slíkt."

Og áfram segir Ólafur:

„Viðbrögð skattayfirvalda við hinum síendurteknu áskorunum launþegasamtakanna um bætt skattaeftirlit, hafa því jafnan verið þau að herða eftirlitið með launþegunum sjálfum, þar sem þau gera sér ljósan vanmátt sinn til þess að framkvæma eftirlit með þeim, sem raunverulega hafa aðstöðu til þess að koma tekjum sínum undan skatti."

Síðar í grein sinni bætir hann við:

„Á sama hátt er hinu herta skattaeftirliti samkvæmt kröfu launþegasamtakanna beint gegn launþegunum sjálfum. Það er það eina, sem talið er framkvæmanlegt. Með þessu skapast mikið þjóðfélagslegt ranglæti gagnvart launafólki sem furðu gegnir að samtök launþega hafa hingað til lítt látið til sín taka. Launamaður, sem láist að telja fram 1—2% af tekjum sínum á á hættu að vera dæmdur í þungar skattsektir á sama tíma og allir ættu að vita, að ekkert er hægt við því að gera að fjölmargir skattgreiðendur telja e. t. v. aðeins fram þriðjung tekna sinna."

Af því sem hér hefur verið sagt má öllum ljóst vera að beina verður öllu skatteftirliti og skattrannsóknum í miklu meira mæli að atvinnurekstrinum sjálfum og einstaklingum í atvinnurekstrinum. Í 5. tölul. þeirrar þáltill. sem hér er til umr. er lagt til að ríkisstj. beiti sér fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, svo og framtalsreglum til þess að tryggja áreiðanlegri og fjölþættari upplýsingar um fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri. Endurskoða þarf sérstaklega í því sambandi frádrætti af tekjum í atvinnurekstri, þar með talinn risnukostnað, bifreiðafríðindi, launamat, afskriftir o. fl. Ég tel að endurskoða verði þær viðmiðunarreglur sem notaðar eru til að reikna einstaklingum í atvinnurekstri laun og tel að í mörgum tilfellum hljóti þær að vera allt of lágar og þessar tölur þurfi endurskoðunar við. Hægt er að gefa af því dæmi. Í viðmiðunarreglum til ákvörðunar reiknaðs endurgjalds tekjuárið 1982, skattframtal 1983, sem ríkisskattstjóri gaf út 1. febr. 1983, kom eftirfarandi í ljós:

1. Sérmenntaðir menn, sem unnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni, en undir þann flokk falla t. d. lyfjafræðingar, læknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafarsérfræðingar hvers konar, tannlæknar, sérfræðingar og fleiri. Meðaltal viðmiðunartekna þessara aðila vegna tekna 1982 var tæplega 20 þús. kr. á mánuði vegna skattframtals 1983.

2. Stjórnendur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en undir þann flokk falla t. d. iðnaður og iðjurekstur, innflutnings- og útflutningsverslun hvers konar og umboðssala, útgerð, verktakastarfsemi og persónuleg þjónusta. Þar var meðaltal viðmiðunartekna tekjuárið 1982 16 400 kr.

3. Menn sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi en gætu þó greitt laun sem samsvarar árslaunum allt að fjögurra starfsmanna. Viðmiðunartekjur þessara aðila vegna skattframtala fyrir árið 1983 eða tekna 1982 voru 12 300 kr.

4. Iðnaðarmenn, en undir þann flokk falla iðnaðarmenn við byggingarframkvæmdir hvers konar, járn- og vélsmíði, skipasmíði, blokksmíði, bifreiðaviðgerðir hvers konar auk annarra iðnaðarmanna. Viðmiðun árslauna þeirra fyrir árið 1982 var 126 þús. upp í 159 þús. eða að meðaltali um 11 600 kr. á mánuði fyrir árið 1982.

5. Og að lokum ef teknir voru menn sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en þar eru nefndir bifreiðastjórar, hreingerningamenn eða stjórnendur vinnuvéla og fleiri, þá var viðmiðun árslauna þeirra fyrir árið 1982 95 þús. kr. eða sem samsvarar tæplega 8 þús. kr. á mánuði.

Sé þetta dregið saman kemur í ljós að hæstu viðmiðunartekjur til ákvörðunar reiknaðs endurgjalds tekjuárið 1982, skattframtal árið 1983, voru sérmenntaðir menn sem starfa að sérgrein sinni ásamt sérmenntuðum starfsmanni svo og sérfræðingar á sérstöku sviði sérmenntunar sinnar með eða án aðstoðarmanna sem höfðu í árslaun 279 þús. á árinu 1982 skv. viðmiðun skattstjóra. En lægstu viðmiðunartölur höfðu menn sem unnu einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og höfðu í árslaun 95 þús. kr.

Til samanburðar má taka launþega á árinu 1982 en þá var lágmarkstekjutrygging 82 þús. Árstekjur skv. úrtaki kjararannsóknarnefndar voru á árinu 1982 hjá konum frá 106 þús. kr. upp í 165 þús. og hjá karlmönnum 150 þús. upp í 232 þús.

Skv. þessu geta þeir sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ákvarðað sér lægri laun en konur sem lægst höfðu launin skv. úrtaki kjararannsóknarnefndar, þ. e. konur í fatasaumi með 106 þús. kr. árstekjur 1982. En skv. viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra hafa menn sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi það sama ár í árslaun 95 þús. kr.

Það sem vekur nokkra furðu í viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra eru eftirfarandi ákvæði sem þar koma fram, með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglur sínar við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma og hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Þar sem raunverulegar tekjur í viðkomandi starfsgreinum geta verið misjafnar eftir skattaumdæmum og jafnvel innan þeirra er mat ríkisskattstjóra eingöngu byggt á launum í venjulegum vinnutíma, þ. e. 40 klst. vinnutíma ásamt gildandi orlofi skv. kjarasamningum."

Aðalreglan er því skv. þessu að miða við kjarasamninga og dagvinnutekjur en reikna verður þó með að um eftirvinnu sé að ræða einnig í þessum starfsgreinum svo og að um hærri laun sé að ræða en greitt er skv. kjarasamningum. Ég tel að af þessu megi ljóst vera að nauðsyn ber til þess að endurskoða það launamat sem lagt er til grundvallar hjá ríkisskattstjóra hjá þeim sem hafa með höndum atvinnurekstur.

Ég hef einnig reynt að afla mér upplýsinga um hvaða viðmiðun sé notuð varðandi risnu sem atvinnurekstur-inn getur haft frádráttarbæra. Eftir því sem ég kemst næst gilda ekki um það neinar fastar reglur en skv. reglugerð nr. 245 frá 31. des. 1963, um tekjuskatt og eignarskatt, kemur fram í ákvæði 27. gr. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þá má og draga frá risnu vegna atvinnurekstrar eftir mati skattstjóra enda verði hún talin sem skyldukvöð eða óhjákvæmileg til öflunar tekna."

Skv. þessu er það mat ríkisskattstjóra í hverju einstöku tilfelli hvað mikið megi draga frá í risnu vegna atvinnurekstrar en eftir því sem næst verður komist er ekki um neinar ákveðnar viðmiðunarreglur að ræða.

Í 3. tölul. þessarar þáltill. kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Að endurskoða refsilöggjöf og refsiákvæði einstakra laga, svo sem skatta- og bókhaldslaga, í því skyni að samræma þau og beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum fyrir afmörkuð brot í stað tímafrekra dómsrannsókna á flóknum, umfangsmiklum afbrotum sem leiða af sér refsivist í lengri eða skemmri tíma."

Ég tel, herra forseti að endurskoða þurfi öll skattsektarákvæðin í tekjuskattslögunum. Má þar t. d. nefna grein 107 en þar eru skattsektarupphæðir frá 5—10 þús. kr. sem ekki hafa breyst frá 1981 og eingöngu um fasta krónutölu þar að ræða.

Þegar tekið er tillit til þess hve öll rannsóknar- og dómsmeðferð tekur langan tíma í skattakerfinu er ljóst að það álag sem skattstjóri má bæta við vantalda skattstofna eða 25% er allt of lágt og að þeir sem svíkja undan skatti geta í raun hagnast á því þegar málin eru svo lengi í rannsóknar- og dómsmeðferð og aðeins kemur 25% álag ofan á þessa vantöldu skattstofna. Nýlegt dæmi er um það að tekjuskattsvikamál hafi verið í meðferð í kerfinu frá árinu 1977. Hægt er að taka dæmi um það hve þessar skattsektir eru í raun lágar og þurfa virkilegrar endurskoðunar við.

Á árinu 1981 sendi rannsóknardeild ríkisskattstjóra 23 mál til ríkisskattanefndar til úrskurðar sem rannsóknardeildin taldi að sekta bæri í. Aðeins var þó sektað í 8 þessara mála og námu skattsektir 206 þús. kr. En á árinu 1982 námu skattsektir aðeins 2 þús. kr. Á síðasta ári fram til 24. nóv. námu skattsektir 379 þús. kr. í 6 málum en ekki var sektað í tveim af þeim málum sem skattrannsóknardeild sendi ríkisskattanefnd.

Mín skoðun er sú að sektarákvæðum sé allt of mildilega beitt í skattasvikamálum. Í 107. gr. tekjuskattslaga eru ákvæði um að skýri aðili af ásetningi eða af stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt skal hann greiða sekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan er dregin. Í 1. mgr. 25. gr. laga

nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum er ákvæði sem kveður á um að skýri söluskattsskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um söluskatt hans eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma söluskattsskýrslur né þann söluskatt sem hann hefur innheimt eða honum ber að innheimta skal honum auk ógreidds söluskatts gert að greiða allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Þeim ákvæðum sem ég hef hér lýst hefur aldrei verið beitt að fullu, langt í frá. Í framkvæmd hefur aldrei verið um tíföldun á fjárhæð að ræða í sekt heldur er algengast að þetta sé frá 0.5 og upp í mesta lagi tvöföldun, þ. e. í stað þess að greiða sekt allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan er dregin, eins og kveðið er á um í lögum, er einungis um að ræða frá hálfföldun upp í mesta lagi tvöföldun á þeirri skattfjárhæð sem undan er dregin.

Af því sem ég hef sagt má draga þetta mál saman með einföldum hætti:

1. Ef tekið er mið af því sem kemur fram í grein Ólafs Björnssonar í okt. 1975, þar sem fram kemur að áætla megi að 10—11% af þjóðartekjum séu svikin undan skatti, þá er um að ræða að á verðlagi 1983 miðað við gengisvísitölu í nóv. 1983 hafi um 5 milljarðar og 283 millj. kr. verið dregnar undan skatti. Er það í kringum 1—2% af því sem næst inn vegna skatteftirlits.

2. Vegna þess hve skattstofur og rannsóknardeild hefur yfir lítt sérhæfðum mannafla að ráða til að rannsaka og hafa eftirlit með skattframtölum þá beinist öll skattrannsókn og eftirlit að launþegaframtölum á skattstofunum, sem eru einfaldari, en mjög lítið virðist vera rannsakað af framtölum einstaklinga í atvinnurekstri og framtölum fyrirtækja. Afleiðing þess er að miklu minna næst inn vegna skatteftirlits heldur en hægt væri ef þungi rannsóknarinnar beindist meira að atvinnurekstrinum og framtölum fyrirtækja.

3. Rannsókn og dómsmeðferð er öll of seinvirk og getur tekið mörg ár að kveða upp úrskurð í skattsvikamálum.

4. Skattsektarákvæðum er allt of vægilega beitt. Skattsvikarar eru í raun teknir silkihönskum af skattyfirvöldum og hinn langi dráttur sem er á rannsóknar- og dómsmeðferð hefur þær afleiðingar að skattsvikarar geta í raun hagnast á undandrættinum.

5. Það er ljóst að allt of fá framtöl einstaklinga og fyrirtækja í atvinnurekstri eru rannsökuð sérstaklega á hverju ári af rannsóknardeild ríkisskattstjóraembættisins eða tekin til sérstakrar meðferðar, eða á árinu 1982 207 framtöl af tæplega 24 þús. skráðum framtölum félaga og einstaklinga í atvinnurekstri eða innan við 1%. Og frá 1. jan. 1983 til síðari hluta nóv. höfðu aðeins verið skoðuð 416 af 23 000 skráðum framtölum félaga og einstaklinga í atvinnurekstri, eða innan við 1%.

6. Of lítið hefur verið gert í því að áætla umfang skattsvika og ekkert er vitað í hvaða atvinnugreinum eða hjá hvaða atvinnustéttum þau helstu eru.

7. Viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra til ákvörðunar reiknaðs endurgjalds tekjuárið 1982 virðist þurfa að endurskoða þar sem viðmiðunartölur eru mjög lágar með hliðsjón af tekjum launþega á hinum almenna vinnumarkaði eins og ég hef lýst hér áður. Risnukostnað og bifreiðafríðindi þarf einnig að endurskoða.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Þessi till. til þál. kveður á um:

1. Endurskoðun á lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74 1972, með síðari breytingum, í þeim tilgangi að stofna sérdeild við Sakadóm Reykjavíkur eða sérdómstól sem fengi a. m. k. eftirtalin afbrot til meðferðar: skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot og fleiri skyld brot.

2. Endurskoðun á lögum og meðferð opinberra mála með síðari breytingum. Sérstaklega skal athuga í því sambandi hvort hagkvæmt sé að fjölga og sérhæfa saksóknara í ákveðnum málaflokkum eða veita öðrum aðila, eins og ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra ákæruvald í skattsvikamálum.

Þessir tveir tölul. miða að því að gera alla rannsóknar- og dómsmeðferð fljótvirkari og skilvirkari en nú er raunin á.

3. Eins og ég hef áður um getið kveður 3. tölul. á um að endurskoða refsilöggjöf og refsiákvæði einstakra laga, svo sem skatta- og bókhaldslaga, í því skyni að samræma þau og beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum fyrir afmörkuð brot í stað tímafrekra dómsrannsókna á flóknum, umfangsmiklum afbrotum sem leiða af sér refsivist í lengri eða skemmri tíma.

4. Að undirbúa nauðsynlegar breytingar á bókhaldslögum nr. 51/1968 og reglugerð þar að lútandi er tryggi gleggri og áreiðanlegri fylgiskjöl með skýrum upplýsingum fyrir utanaðkomandi aðila, t. d. skattrannsóknarmenn, þar sem fram kemur nákvæmari sundurliðun reikninga. Enn fremur að skuldbinda alla aðila til að taka í notkun tölusett eyðublöð og reikningsform sem eru útgefin eða viðurkennd af opinberum aðilum, t. d. skattstofum.

5. Að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, svo og framtalsreglum til þess að tryggja áreiðanlegri og fjölþættari upplýsingar um fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri. Endurskoða þarf sérstaklega í því sambandi frádrátt af tekjum í atvinnurekstri, þ. m. t. risnukostnað, bifreiðafríðindi, launamat, afskriftir o. fl.

6. Láta tafarlaust fara fram gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfisins með það að markmiði að koma á skilvísara eftirliti við innheimtu söluskatts. Athuga hvort hægt væri að fækka undanþágum og lækka þar með söluskattinn. Ljóst er að í öllu skatteftirliti er það sem innheimtist vegna skattrannsóknareftirlits, langmest vegna söluskattssvika. T. a. m. að á árinu 1982 voru eins og áður er getið innheimtar tæplega þrjár milljónir kr. vegna skatteftirlits rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, þar af tæpar 2.4 millj. vegna söluskattssvika.

7. Lagt er til að aukinni hagræðingu og tölvuvæðingu verði komið á við upplýsingaöflun og úrvinnslu skattframtala og fylgiskjala.

8. Að ríkisstj. beiti sér fyrir að veitt verði stórauknu fjármagni til skattaathugana, einkum til rannsóknardeildar ríkisskattstjóraembættisins, þannig að hægt sé að taka til ítarlegrar rannsóknar u. þ. b. 10—20% skattframtala fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri árlega. En eins og fram kom í mínu máli áðan er það innan við 1% sem fær ítarlega skoðun. Eðlilegt er að skattsektarfé ríkisskattanefndar standi straum af rekstri deildarinnar að einhverju leyti. Að öðrum kosti verður

að koma til sérgreint fjármagn úr ríkissjóði eða frá hinu almenna skatteftirliti á framtölum launþega.

Ljóst er að allt of fá skattframtöl fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri eru rannsökuð sérstaklega á hverju ári þegar aðeins um er að ræða kringum 1% framtala. Það er ljóst að allt skatteftirlit og rannsókn kostar töluverða peninga en miðað við það hve mikið virðist vera dregið undan skatti og mikið er um skattsvik verður að ætla að hert skattaeftirlit og bætt dómsmeðferð mála geti skilað sér inn aftur í auknum tekjum til ríkissjóðs.

Þegar til þess er litið að í skattsvikum liggur eitt hrikalegasta misréttið og ein helsta meinsemdin í þjóðfélaginu er furðulegt, svo ekki sé meira sagt, að ekki skuli fyrir löngu hafa verið gerðar markvissar og skipulegar aðgerðir og úrbætur af hálfu stjórnvalda til að koma í veg fyrir skattsvik og bókhaldsbrot.

Víða í þjóðfélaginu má sjá af lífskjörum og lífsstíl manna að oft er hrópandi ósamræmi milli lífnaðarhátta og þess sem greitt er í sameiginlegan sjóð landsmanna. Hlýtur það að vera siðferðileg skylda stjórnvalda að koma í veg fyrir slíkt með öllum tiltækum ráðum og að á þessum málum verði tekið með einbeitni og fyllstu hörku.

Herra forseti. Ég vil í lokin til fróðleiks og upplýsinga greina frá því sem fram kemur í General Report útgefnu 1983 af International Fiscal Association. Þar kemur fram hvað áætlað er að undandráttur sé mikill í skatti í nokkrum löndum. Í fyrsta lagi kemur fram að í Bandaríkjunum sé undandrátturinn 10% af mögulegum skatttekjum. Í öðru lagi kemur fram að í Sviþjóð sé undandrátturinn 3.5—5.5% af brúttóþjóðarframleiðslu. Í Frakklandi er áætlað að 23% af tekjuskatti tapist vegna skattsvika. Í Finnlandi er áætlað að 3% af árlegum sköttum tapist, en í Kanada 10% af innheimtum tekjuskatti. Í Vestur-Þýskalandi er áætlað að sem samsvari 2% af þjóðarframleiðslunni sé stolið undan skatti en sú tala kemur fram í Business Week 13.3. 1978. Aðrar tölur sem ég hef hér greint frá koma fram í General Report, útgefnu 1983, eins og ég hef áður lýst. Eins og áður er getið kemur fram í grein í Vísi 8. okt. 1975 eftir Ólaf Björnsson að talið er að um 10—11% þjóðartekna séu dregin undan skatti hér á landi.

Herra forseti. Það er von flm. þessarar till. að stjórnvöld telji nú tímabært að gera alvarlegt átak í því skyni að breyta almennum launamannaskatti í sanngjarna tekjuöflunarleið fyrir samfélagið sem verði til þess að hver og einn þjóðfélagsþegn greiði það sem honum ber af sínum tekjum til samfélagslegra þarfa. Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mikill er máttur þingræðisins. Þótt við gæfum okkur að hvert einasta orð sem hv. frsm. þessa máls fór með áðan væri sannleikanum samkvæmt, þótt við gæfum okkur að hún byggi yfir óendanlegri þekkingu um það mál sem hún var að fjalla um og þótt henni væri gefinn innblástur og andagift spámannanna til að snúa skoðunum eða hræra hjörtu áheyrenda sinna hefði það engu að síður komið fyrir lítið, herra forseti, af þeirri einföldu ástæðu að hv. þm. eru ekki hér.

Kjarni þess máls sem hún flutti var vægast sagt heldur hrollvekjandi. Hriplekt skattakerfi, gagnslaust skatteftirlit og blindir eða lamaðir dómstólar, hvorki meira né minna. Hún fór með tölur, byggðar að vísu á áætlunum, byggðar á mati þekktra og viðurkenndra fræðimanna, og taldi líklegt að hvorki meira né minna en 30% af þjóðarframleiðslu Íslendinga væru svikin undan skatti, sem eru á milli 5 og 6 milljarðar kr. á verðlagi fyrra árs. Þó er sennilega óhætt að slá því föstu að þessar tölur eru mjög vanmetnar. Reyndar kemur það strax fram því að í þessum tölum er ekki talað um söluskattssvik.

Ef við færum nú hálfa leiðina og áætlum út frá neðanjarðarhagkerfi ýmissa grannþjóða okkar og gerum ráð fyrir að þessar tölur væru nær lagi 15% eða 15—20% værum við ekki að tala um þriðjung af ríkisbúskapnum, ekki þriðjung af fjárlögum ríkisins, heldur miklu nær helming.

Nú vill svo til að hér er í landi ríkisstj. sem er sannfærðari um eigið ágæti en margar aðrar ríkisstjórnir sem við höfum orðið að búa við um skeið. Við njótum nú t. d. forustu forsrh. sem komið hefur fram fyrir þjóðina í gervi siðferðispostula og farið vítt og breitt um landið og boðað þjóðinni hugarfarsbreytingu sem grundvallarforsendu fyrir bættum og blómlegri hag þjóðarinnar. Þegar umræður fara fram um skattsvik af svo hrikalegri stærðargráðu er hann ekki við.

Við vitum að við höfum hæstv. fjmrh. sem verður nú að una því að reka ríkisbúskapinn með verulegum halla, sem verður að una því að reka ríkissjóð, a. m. k. framan af þessu ári, mestan part með gúmmítékkaútgáfu úr Seðlabanka, sem verður að una því að reka Ahluta ríkissjóðs fyrstur fjármálaráðherra lýðveldisins með erlendum lántökum. Hér er fjallað um hriplekt skattakerfi, hér er verið að leggja fram tillögu um rannsókn og úttekt á þessu leka skattakerfi og aðgerðir gegn skattsvikum. Hæstv. fjmrh. er ekki við.

Síðan má náttúrlega minnast á hæstv. dómsmrh., æðsta siðgæðisvörð laga og réttlætis í landinu. Hann er ekki heldur við.

Í grg. með þessu frv. er haft eftir embættismönnum, með leyfi forseta, að það vantaði pólitískan vilja til að gera átak í þessum málum. Með þessari þáltill. er verið að reyna á þann pólitíska vilja eða viljaleysi. Það er hægt að greiða atkv. með ýmsum hætti. Það er hægt að greiða atkvæði með fótunum. Það gera menn í ýmsum þjóðfélögum sem kunnugt er. Og á þingi sums staðar er stundum viðhaft það form atkvæðagreiðslu að menn greiða atkvæði með nærveru sinni eða fjarveru, með því að ganga út um ákveðnar dyr. Ég fæ ekki betur séð en hugboð embættismannanna hafi fengið rækilega staðfestingu þessa síðdegisstund, að á Alþingi Íslendinga er ekki minnsti áhugi á þessu máli. Þetta er ekkert mál. Þriðjungur til helmingur af ríkisfjárlögum — ríkisbúskapnum — er svikinn undan skatti. Það er ekkert mál.

Ég get með engu móti, herra forseti, sefjað mig upp í það að trúa því að það skipti neinu máli sem sagt er um þetta mál úr þessum ræðustól í framhaldi af framsögunni. Það hvarflar ekki að mér að það skipti neinu máli. Í raun og veru liggur ljóst fyrir að það skipti engu máli að höfð hafi verið framsaga um þetta mál. Samkvæmt öllum vinnusparandi hugmyndum hefði verið réttast að leggja þetta mál fram til nefndar umræðulaust. Þess vegna ætla ég ekki að lengja þessa samverustund með þeim fáu áheyrendum sem hér eru. Nær væri að við héldum umræðum þá frekar áfram, sem einhvern áhuga

hefðum á þessu, niðri í kaffistofu.

Samt ætla ég að leyfa mér að tengja þetta einu öðru umræðuefni, af því að skattar eru nefnilega ekki lítill þáttur af kjörum manna. Þetta þjóðfélag er búið að vera í andlegri kreppu í hálft ár — eða að nálgast ár — út af efnahagsmálum. Þessa dagana ræða menn varla mikið um annað en hina nýju fátækt í íslensku þjóðfélagi. Menn ræða mikið um laun, um lægstu laun og afkomu hinna lægst launuðu. Nú vita allir menn að afkoma manna í þjóðfélagi sem býr við jafnútbreiddan skattundandrátt og jafnviðurkennd skattsvik og hér hefur verið lýst ræðst ekki nema að mjög litlu leyti af launum þeirra. Afkoma launþega ræðst þá í besta falli af því hver launin eru, hverjar ráðstöfunartekjurnar eru eftir skatt.

Nú standa yfir örlagaríkir kjarasamningar. Allir sem vettlingi geta valdið lýsa því yfir að þeir vilji endilega bæta kjör hinna lægst launuðu, en hver á fætur öðrum segir síðan: Það er ekki hægt að gera það með því að hækka launin þeirra. — Hvers vegna ekki? Það er vegna þess að ef laun eru hækkuð til eins hóps í þjóðfélaginu — kannske minnihlutahóps í þjóðfélaginu — treysta menn því ekki að þar verði látið staðar numið, heldur búast við því að verkalýðshreyfingin fái ekki við það ráðið að þessi launahækkun fari út yfir allt þjóðfélagið og af því leiði nýja verðbólguholskeflu og enginn verði neinu bættari. Þá segja sumir menn: Nær væri að gera þetta eftir félagslegum leiðum með tekjujafnandi aðgerðum sem yrðu samþykktar hér í þessum sal — m. ö. o.: við skulum taka upp afkomutryggingu. Fram hafa komið launþegaforingjar sem segja: Við höfum nú orðið enga trú á því, miðað við það launakerfi, það skipulag og sundurþykki sem ríkjandi er innan verkalýðshreyfingarinnar, að verkalýðshreyfingin geti leyst málið við samningaborð. Við höfum enga trú á því að út úr þeim samningum gæti það komið að raunverulegt kjör þeirra sem hið næsta hungursstigi búa, við alvarlega fátækt, verði bætt við samningaborðið. Þess vegna væri eðlilegra og eina færa leiðin að taka upp nýtt skattakerfi, fara leið úrbóta í gegnum skattakerfið, taka upp neikvæðan tekjuskatt þar sem tekjur yrðu borgaðar út til þeirra sem ekki næðu ákveðnu lágmarki launa.

Er þetta þá ekki leiðin? Við erum að tala um skattamál. Þetta er ákveðin leið í skattamálum. Tillögur hafa verið fluttar um að gera þetta. Þm. Alþfl. fluttu um það till. fyrr á þessu þingi, bæði við afgreiðslu fjárlaga og við afgreiðslu á frv. til l. um tekjuskatt fyrir jól. Þær voru felldar. Engu að síður segja margir: Þetta er eina leiðin. En síðan koma enn aðrir og segja: Nei, þetta er ekki heldur hægt, því miður. — Hvers vegna ekki? Það er vegna þess að skattsvik eru svo útbreidd í þjóðfélaginu og það hefur verið látið á það reyna svo rækilega, að ef ríkið ætlar að leggja skattframtöl borgaranna til grundvallar slíkum tekjujafnandi aðgerðum verður niðurstaðan allt önnur en sú sem til var ætlast. Menn vitna til reynslunnar frá fyrra kjörtímabili um hinar svokölluðu láglaunabætur sem byggðar voru á skattframtölum. Þær áttu að þjóna þessum tilgangi. Síðan eru talin upp ótal mörg fræg dæmi af stóreignamönnum, stórathafnamönnum í hverju byggðarlaginu á fætur öðru sem fengu tékka í pósti frá hinu allsráðandi og kærleiksríka ríkisvaldi og voru stimplaðir láglaunamenn. M. ö. o.: opinberlega viðurkenndir skattsvikarar. Þetta var mörgum manni mikið feimnismál, en það alvarlega í málinu er að þetta var svo útbreitt að menn segja: Það er ekki einu sinni hægt að framkvæma þessa tekjutryggingu vegna skattsvikanna.

Hvernig er það þá á hinn kantinn? Mér er ákaflega minnisstæð umræða sem varð á þingi fyrir u. þ. b. ári um tilraun til að koma á hátekjuskatti. Að vísu var frv. sett fram í formi skyldusparnaðar hátekjufólks og átti að vera örvæntingarfull tilraun til að bjarga einu félagslegu kerfinu enn, þ. e. fjárskortur húsnæðislánakerfisins. Þegar það mál var betur skoðað spurðu menn sjálfa sig: Hverjir eru nú hátekjumenn í þessu þjóðfélagi? Jú, hátekjumenn eru launþegar eða launþegafjölskyldur með tiltölulega hærri laun en gengur og gerist á vinnumarkaðinum. Það kom fljótlega í ljós að þær fjölskyldur sem ætla sér yfirleitt að ráðast í það stórvirki að koma sér upp þaki yfir höfuðið afla sér yfirleitt mikilla tekna, eftir því sem hægt er og er á valdi launþega. Það gera þær með því að fyrirvinnur fjölskyldunnar vinna báðar úti, maður og kona vinna bæði úti, reyna að vinna eftirvinnu, reyna að vinna aukavinnu og reyna að afla mikilla tekna. Ef þau ekki gerðu það þýddi ekkert fyrir þau að ráðast í það verkefni að koma sér upp þaki yfir höfuðið við þau skilyrði sem bjóðast hér á húsnæðismarkaði. Stór hluti — sem betur fer — af ungu fólki á þeim tíma og kannske enn átti þess kost að afla mikilla tekna til að standa undir drápsklyfjum skulda og útgjalda þau ár sem eru erfiðust í þessu efni. En þá koma aðrir og segja: Þetta er hátekjufólk. — Og þá er um að gera að bjarga hinu félagslega kerfi með því að skattleggja hátekjufólkið.

Þetta er enn eitt dæmi um hriplekt, gagnslaust og ónýtt skattakerfi sem þjónar engum þeim tilgangi sem menn vilja láta það þjóna. Jafnvel háar tekjur segja nefnilega ekkert um afkomu fólks. Það eru til dæmi um launþega í landinu sem hafa háar tekjur á vissu tímabili, að vísu oft sveiflukenndar, — það fer eftir árstímum og atvinnugreinum og aldri — bera að sjálfsögðu gífurlega háa skatta, en lifa við lífskjör sem þættu sennilega lítt öfundsverð jafnvel atvinnuleysingjum með grannþjóðum okkar, eins og t. d. byggingarbasl hátekjufjölskyldunnar er ágætt dæmi um. Hvað er þá orðið eftir af hugsjóninni um tekjujöfnunaraðgerðir í velferðarríki, að beita skattakerfi og tryggingakerfi til tekjujöfnunaraðgerða, þegar ekki er hægt að beita því til að rétta hlut þeirra sem hafa fyrir neðan mannsæmandi laun og geta ekki lengur séð fjölskyldu farborða — láglaunafólkið — né heldur getur það náð til hinna raunverulegu hátekjumanna, sem eru oft og einatt ekki hálaunafólkið í þjóðfélaginu, heldur þeir aðilar í þjóðfélaginu sem hafa aðstöðu til að koma bróðurparti tekna sinna undan skatti?

Þetta er best varðveitta opinbera ríkisleyndarmál Íslendinga. Afkoma fjölskyldna fer ekki eftir tekjum. Hún fer eftir aðstöðu til að koma tekjum sínum fram hjá skatti. Meðan svo er ber þetta svokallaða velferðarríki engan veginn nafn með rentu. Það er nánast eins og öfugmæli, nánast eins og móðgun, vegna þess að kjarni þeirrar tegundar af þjóðfélagi er einmitt fólginn í því að ríkisvaldinu sé unnt að beita félagslegum kerfum eins og skattakerfi og tryggingakerfi til að koma í veg fyrir óbærilega fátækt, sem menn vilja ekki sætta sig við að neinn þjóðfélagsþegn þurfi að búa við, og menn fjármagni dýr félagsleg kerfi, hvort heldur er í heilsugæslumálum, heilbrigðismálum, skólamálum eða lífeyrismál-

um, eftir efnum og ástæðum, þannig að þeir sem besta hafi afkomuna leggi fram sinn skerf ómældan til að fjármagna það og afleiðingin verði í átt til tekjujöfnunar fremur en að sú tekjujöfnun fari fram fyrir fram með því að koma í veg fyrir að mikilla tekna verði aflað. Þetta er í raun og veru vandamál sem þeir menn sem sitja í þessum sal, alþm., stjórnmálamenn úr hvaða stjórnmálaflokki sem þeir tilheyra, standa frammi fyrir í nærri öllum gerðum sínum.

Misræmið milli orða og athafna í máli stjórnmálamanna er orðið mikið. Það hefur komið óorði á stjórnmálin. Það hefur komið óorði á Alþingi. Það hefur komið óorði á stjórnmálastarfsemi. Fögur orð og fróm um vilja manna til slíkra aðgerða verða gjarnan innihaldslítil þegar til kastanna kemur í framkvæmd. Þarfir velferðarríkisins eru miklar, greiðslugetan er takmörkuð og ekki síst í sveiflukenndu þjóðfélagi, þegar illa árar í efnahagsmálum og tekjujöfnunaráhrifin eru ákaflega vafasöm. Hið þjóðfélagslega órétt-læti sem í þessu felst er svo mikið að það eru takmörk fyrir því hvað eitt þjóðfélag getur staðist lengi með því að setja kíkinn fyrir blinda augað og horfa á það ástand sem flestallir viðurkenna að er ríkjandi, en hver ríkisstj. á fætur annarri viðurkennir að hún annaðhvort getur ekki eða vill ekki breyta.

Við skulum vona að fjarvera ráðh. og fjarvera þm. í umr. um mál af þessu tagi þurfi ekki endilega að tákna algert áhugaleysi, þurfi ekki endilega að þýða að flm. þessa frv. verði að sætta sig við það. Þeir eru að flytja mál sem er stórmál, eitt af stærstu málum þjóðfélagsins, og þeir eru vissulega ekki að gera það bara til málamynda. Við skulum vona að í starfi þingnefndar reki þingið af sér slyðruorðið.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það er erfitt að sitja hljóður undir annarri eins eldmessu og flutt var hér af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og enn þá sárara þar sem meginhlutinn í hennar málflutningi er að mínu viti og minni reynslu réttur og sannur í öllum meginatriðum.

Það er ákaflega sárt til þess að vita að það virðist næstum því vera sama hverjir fara með ríkisfjármálin á Íslandi. Það virðist aldrei hægt að gera gangskör að því sem almenningi finnst ákaflega einfalt. Það er t. d. á allra vitorði, nema þá viðkomandi fjmrh., — frsm. hefur örugglega ekki átt neitt frekar við núverandi fjmrh. en forvera hans, þetta er gömul og ný saga, — að framtöl einstakra stétta og tekjur standast ekki á á nokkurn hátt og er það hverju barni augljóst. Skattayfirvöld og fjmrh. virðast samt vera algjörlega gagnslaus í þessum efnum. Það er sárt að segja það, en mér liggur við að segja að það skipti ekki miklu máli úr hvaða flokki viðkomandi fjmrh. er. Það er algjörlega vonlaust að fá gripið inn í þessi mál af nokkrum þrótti eða krafti.

Ég hef staðið í því um árabil, ber þó að taka fram að þorri embættismanna Skattstofunnar í Reykjavík er hinir gegnustu menn, að reyna að fá það leiðrétt þegar nokkrir verkamenn hafa ekki athugað að telja fram orlof sem tekjur. Þeir hafa bara tekið launaupphæðina frá atvinnurekandanum, en fengið svo frá Póstgíróinu eða orlofsgíróinu aðra upphæð, sem er orlofsupphæðin, og sér náttúrlega hver maður, þar sem opinber stofnun á í hlut, að þetta er ekki ásetningssynd, heldur mistök. Það er því hart að þeim skuli refsað við álagningu skatta. Skylt er þó að geta þess að fjöldi embættismanna er lipur og þægilegur í þessum efnum og hefur á þessu skilning. En á sama tíma og erfitt er að fá svona einfaldar leiðréttingar komast heilu stéttirnar upp með ýmislegt og eins og ég vil endurtaka veit það hver maður í landinu, nema viðkomandi skattayfirvöld sem setja kíkinn fyrir blinda augað eins og hér var rætt. Það skera sig úr þar ákveðnir hópar og ekki rétt að vera að tilgreina neinn sérstakan hér. Það er þó hægt. En þeir sem hafa sjálfstæðan rekstur, þetta gildir alls ekki um allar atvinnugreinar með sjálfstæðan rekstur, virðast koma býsna vel út úr þessu. Það eru ákveðnar atvinnugreinar eða hluti af atvinnugreinum sem innheimta söluskatt og stinga undan, þ. e. svokölluð svört atvinnustarfsemi. Fyrirtækið kemur kannske slétt út. Ágóðinn er sá að það er ekki skilað nema hluta af söluskatti. Hver kannast ekki við það á bílaverkstæði, svo eitt dæmi sé tekið, að boðið er upp á hvort menn vilji nótu og þá kosti verkið þetta, en ef það sé ekki nóta sé verðið þetta miklu lægra?

Það hefur til margra ára, svo lengi sem ég man eftir, verið rætt um mistökin varðandi söluskattinn, hvað mikið af honum kom til skila, og verður því alvarlegra mál eftir því sem söluskatturinn verður hærri. Endur fyrir löngu held ég að hann hafi verið 6 eða 7%. Nú er hann kominn upp í 22 eða 23%. Þá er undanskot söluskatts ekki orðið smáatriði. Hvað söluskattur er stór hluti af tekjum ríkisins treysti ég mér ekki til að segja, en satt að segja hef ég lengi horft undrandi á hversu gjörsamlega máttlaus skattyfirvöld virðast vera í þessu og þeir sem annast skattheimtu alla. Ég verð að segja það að ég er líka forundrandi á því að í Skattstofunni í Reykjavík er t. d. sérstök skattrannsóknardeild, en hún er ekki nema að örlitlum hluta látin vinna við rannsóknir. Þetta eru ekki brigslyrði í garð viðkomandi starfsmanna og sjálfsagt eru þessi mál flókin og snúin, eins og embættismenn segja, en þar er heldur ekkert gert til að reyna að grípa verulega á þessum málum. Og ég er hræddur um að ef ýmsir aðrir ættu í hlut, ýmsir lægri tekjuhópar í þjóðfélaginu, mundi nú vera tekið öllu fastara í. Meðferð þessara mála þar, og á ég ekki við daginn í dag, árið í ár, síðasta ár eða við skulum segja tvo síðustu áratugi, meðferð á málum sem hafa verið mjög alvarlega krítisk, hefur vægast sagt verið furðuleg. Það væri býsna gaman að fá allítarlegar upplýsingar um vinnubrögð í þessum málum. Það er hins vegar illmögulegt eða ekki hægt.

Ég verð að segja að sú eldmessa og sú ákæra sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti áðan er að mínu mati í meginatriðum rétt. Og ég vildi mega treysta því að sú nefnd sem fengi þessa till. svæfi ekki á henni þar til þingi verður slitið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 45. fundur.

Mánudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 160. mál (þskj. 231). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri á þskj. 231. Frv. það sem hér er til umr. er fylgifrv. með frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem ég mælti fyrir s. l. miðvikudag. Eins og ég þá gat um er í tekjuskattsfrv. lagt til að framlög manna til fjárfestingar í atvinnurekstri séu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum innan vissra marka, þ. e. 20 þús. kr. hjá einstaklingi og 40 þús. kr. hjá hjónum. Í frv. þessu er að finna nánari skilyrði fyrir frádráttarbærni slíkrar fjárfestingar og má því segja að það sé aðeins tæknileg útfærsla á þeim meginákvæðum sem er að finna í framangreindu frv.

Frv. þetta er eins og tekjuskattsfrv. undirbúið af nefnd þeirri sem ég skipaði 14. júlí s. l. Í framsögu minni með tekjuskattsfrv. fjallaði ég um nauðsyn eflingar atvinnulífs og þann tilgang skattalagabreytingar að renna styrkari stoðum undir atvinnurekstur landsmanna. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það nú og mun því að mestu halda mig við að ræða efnisatriði þessa frv.

Ýmsar ástæður liggja til þess að nauðsynlegt er að lögfesta reglur um nánari skilyrði fyrir frádráttarbærni framlaga manna til atvinnurekstrar. Er þar fyrst að nefna að æskilegt er að beina þessari fjárfestingu inn á ákveðnari brautir svo að hér á landi myndist fastmótaðar leiðir til fjárfestingar í atvinnurekstri, en það mun auðvelda almenningi mjög slíka fjárfestingu í framtíðinni. Þá verður að telja nauðsynlegt að veita þeim sem hyggjast festa sparifé sitt í áhættufjármagni í atvinnurekstri vissa lágmarkstryggingu fyrir því að þetta fé fari til fjárfestingar sem líkleg er til að gefa nokkurn arð og nokkra tryggingu fyrir því að ekki sé misfarið með fé þetta. Loks er nauðsynlegt að tryggja það að frádrátturinn nái einungis til raunverulegrar aukningar á framlögum manna til atvinnurekstrar, þannig að komið sé í veg fyrir misnotkun á frádráttarheimildinni.

Í I. og VI. kafla frv. er að finna ýmis sameiginleg ákvæði sem eiga við allar þær fjárfestingarleiðir sem heimilaðar eru skv. frv. Í II.-V. kafla er hins vegar að finna ákvæðin um þær fjármagnsleiðir til fjárfestingar sem heimilt verður að velja á milli og er sérstakur kafli um hverja þessara leiða.

Í fyrsta lagi er um að ræða svonefnda stofnfjárreikninga sem II. kafli frv. fjallar um. Þessir reikningar eru ætlaðir þeim einstaklingum sem hyggjast leggja út í nýjan atvinnurekstur í formi einkafyrirtækis. Í langflestum tilvikum yrði um að ræða menn sem stunda launuð störf er til reikningsins er stofnað. Þeir sem hyggjast hefja einstaklingsrekstur geta fengið fjárhæðir frádregnar innan framangreindra marka frá tekjum gegn því að leggja hina frádráttarbæru upphæð í heild inn á sérstakan bundinn reikning í banka eða sparisjóði fyrir lok tekjuársins. Þessar innstæður eru hugsaðar sem stofnfé í væntanlegum atvinnurekstri og verða þær bundnar á reikningnum í sex mánuði frá lokum tekjuárs og eru verðtryggðar skv. lánskjaravísitölu. Innstæðurnar verða notaðar til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum í hinu nýja atvinnufyrirtæki og það verður að ráðstafa þeim innan sex ára frá lokum innborgunarársins. Þeir sem hyggjast stofna til nýs atvinnurekstrar geta því safnað stofnfé inn á þessa reikninga í allt að sex ár áður en reksturinn hefst. Þegar reksturinn er síðan hafinn og tekið er út af hinum bundnu reikningum teljast ⅔ hlutar úttektarinnar til skattskyldra tekna, en þennan skattskylda hluta er heimilt að nota á sama ári til sérstakra flýtifyrninga á fyrnanlegum eignum eða sérstakra fyrirframfyrninga á eignum sem enn hafa ekki verið teknar í notkun. Með þessu móti kemur enginn hluti fjárfestingarreikningsins til skattlagningar við upphaf rekstrar, en skattlagningu er hins vegar einungis frestað og mun þessi flýtifyrning fyrr eða síðar leiða til þess að reglulegar fyrningar takmarkist eða hafi áhrif á útreikning söluhagnaðar. Fyrirmyndar að þessum stofnfjárreikningum er að leita í dönskum skattalögum, en þar hafa reglur um etableringskonto verið í gildi í þó nokkur ár og gefið góða raun.

Einn þeirra möguleika til frádráttarbærra framlaga til eigin einkarekstrar sem í frv. er að finna er fjárfesting í hlutabréfum. Fjárfesting í hlutabréfum hinna stærstu hlutafélaga yrði frádráttarbær við bein og milliliðalaus kaup einstaklinga á bréfum í þessum félögum. Skilyrði fyrir því að slík bein og milliliðalaus kaup séu frádráttarbær eru að hlutafé viðkomandi hlutafélags sé a. m. k. 10 millj. kr., að hluthafar séu eigi færri en 100 og að engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins. Þá er þess krafist að ársreikningur félagsins sé öllum aðgengilegur.

Sums staðar erlendis, þar sem hliðstæðar frádráttarheimildir eru við lýði, er frádrátturinn bundinn því skilyrði að fjárfest sé í félögum sem skráð eru á opinberu kauphingi. Slíku er ekki til að dreifa hér. Er því nauðsynlegt að setja sérstök skilyrði um þau félög sem heimilt er að kaupa hlutabréf af beint og milliliðalaust með þeim skattfríðindum sem um er að ræða. Eru í frv. gerðar allstrangar kröfur til þessara félaga, þannig að ljóst er að við núverandi aðstæður eru tiltölulega fá félög hér á landi sem fullnægja þeim skilyrðum. Auðvitað er það alltaf þó nokkurt matsatriði hvaða skilyrði eigi nákvæmlega að setja. Hvort eigi að gera kröfur til að hluthafar séu 100 eða einungis 75, hvort eigi að miða við 8 eða 10 millj. kr. hlutafé. Eðlilegt virðist þó að allstrangar kröfur séu gerðar í þessum efnum til að koma í veg fyrir misnotkun heimildarinnar.

Til fjárfestingar með frádráttarbærni í minni félögum verða menn að fara aðrar leiðir en bein og milliliðalaus kaup hlutabréfa í viðkomandi félagi. Er um tvær leiðir að velja skv. frv., annars vegar svonefnda starfsmannasjóði og hins vegar svonefnda fjárfestingarsjóði.

Í IV. kafla frv. er fjallað um starfsmannasjóði. Starfsmannasjóðir eru hugsaðir sem sameignarfélög, sem starfa í tengslum við tiltekin hlutafélög, og eru eingöngu myndaðir af starfsmönnum viðkomandi hlutafélags. Skal eina markmið starfsmannasjóðanna vera að kaupa hlutabréf í viðkomandi félagi. Þessir starfsmannasjóðir eru opnir öllum starfsmönnum viðkomandi hlutafélags og þeim einum. Þeir eru eins konar fjárfestingarklúbbur starfsmanna og er að sjálfsögðu

hvorki gert ráð fyrir skylduaðild launþega að sjóðnum né skyldu hlutafélags til að selja slíkum sjóðum hlutabréf.

Með starfsmannasjóðnum gefst starfsmönnum kostur á sérstökum frádrætti með því að leggja fé til hlutabréfakaupa í viðkomandi félagi og eru ekki gerðar jafnstrangar kröfur til félaga í þessum efnum og þeirra félaga sem heimilt er að kaupa beint og milliliðalaust af og ég ræddi um áðan, hvorki að því er varðar heildarfjárhæð hlutafjár né fjölda hluthafa. Hins vegar eru gerðar ákveðnar kröfur um fjölda starfsmanna félagsins. Þeir verða að vera a. m. k. 30 til þess að starfsmannasjóður verði stofnsettur og þarf félagssamningur að vera undirritaður af þriðjungi starfsmanna félagsins, eða a. m. k. 30 starfsmönnum ef fjöldi starfsmanna fer yfir 90. Aðilar að starfsmannasjóðum mundu sjálfir fara með atkvæði á hluthafafundum í hlutfalli við aðild sína að sjóðnum en lagt er til að enginn einn aðili geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni hlutafélags vegna aðildar sinnar að starfsmannasjóðnum.

Loks er í V. kafla fjallað um svonefnd fjárfestingarfélög. Hér er um að ræða hlutafélög sem sérstaklega yrðu mynduð til fjárfestingar í áhættufé atvinnufyrirtækja, skuldabréfum þeirra og annarri hliðstæðri fjármögnun. Það má t. d. nefna fjármögnun með kaupleigusamningum. Kaup einstaklinga á hlutabréfum í þessum fjárfestingarfélögum eru frádráttarbær innan þeirra almennu marka sem um slíkan frádrátt gilda. Eru gerðar strangar kröfur til þessara félaga varðandi ráðstöfun á fjármagni til fjárfestingar í atvinnurekstri. Þannig er þess krafist að 90% heildarfjármagns félaganna sé varið til fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum og a. m. k. helmingur þeirra fjármuna fari ávallt í fjárfestingar í áhættufjármagni.

Í ákvæði til bráðabirgða er reyndar gert ráð fyrir vissum aðlögunartíma til að þessum skilyrðum verði fullnægt og sérstök ákvæði eru um fjárfestingu í skuldabréfum samvinnufélaga. Þá eru gerðar þær kröfur að samanlögð fjárfesting fjárfestingarfélags í hlutabréfum, skuldabréfum og annarri fjármögnun eins og sama aðila fari aldrei umfram 10% af heildarfjármagni fjárfestingarfélagsins. Er þetta gert til að dreifa áhættu félagsins. Þá eru gerðar þær kröfur að hlutafé fjárfestingarfélags skuli a. m. k. vera 5 millj. kr. og enginn einn hluthafi geti farið með meira atkvæðamagn í félaginu á hluthafafundi en sem nemur 5%. Engar hömlur má leggja á viðskipti með hlutabréf slíks félags og ársreikningar þess skulu vera öllum aðgengilegir.

Þá er gert ráð fyrir því að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi eftirlit með starfsemi fjárfestingarfélaganna og um það gildi sömu reglur og gilda um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, eftir því sem við getur átt. Í frv. er gert ráð fyrir því að það komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 og gildi þannig vegna skattlagningar tekna ársins 1984, þannig að fjárfesting í atvinnufyrirtækjum eftir samþykkt þessa frv. á þessu ári yrði frádráttarbær við skattlagningu næsta árs. Hins vegar mun þetta ekki hafa áhrif á skattheimtu nú í sumar.

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að atvinnufyrirtæki á Íslandi hefur löngum skort eigið fé til rekstrarins. Hefur lítið kveðið að því hér á landi að almenningur legði fé til slíks rekstrar. Má segja að fram að þessu hafi skattalög gert þennan kost lítt fýsilegan. Tilgangur þeirra tveggja frv. um skattamál sem ég hef mælt fyrir er að breyta þessu ástandi og örva eiginfjármyndun og fjárfestingu í atvinnulífinu. Þannig yrði stuðlað að traustu og þróttmiklu atvinnulífi hér á landi sem er eina forsendan undir efnahagslegri velsæld almennings og auknum kaupmætti í framtíðinni.

Að loknum þessum umr., virðulegi forseti, legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég lét þess getið við 1. umr. um frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt á þskj. 230 að tekjuskattsumræðan hér í þinginu væri óneitanlega nokkuð flókin þar sem borist hefðu fimm stjfrv. á þessum vetri frá ríkisstj. um tekju- og eignarskatt auk þeirra mála um sama efni sem stjórnarandstöðumenn hafa flutt, og raunar ekki aðeins stjórnarandstöðuþm. heldur einnig stjórnarþm. Og það er ekki til að gera þessa flækju einfaldari að hér eru á ferðinni tvö frv. um sama málið, þ. e. þetta frv. á þskj. 231, sem nú er til umr., er angi af sama málinu sem var hér á dagskrá s. l. miðvikudag. Það frv. fór þá til nefndar. Satt best að segja er þetta mjög óvenjulegur málatilbúnaður, að ekki sé nú meira sagt, vegna þess að breytingin sem fólgin er í 1. gr. þess frv. sem hér er nú verið að ræða virðist vera nákvæmlega sama breytingin og felst í frv. sem rætt var í seinustu viku, þó þannig að í þessu seinna frv. er vísað í 4. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr., en ef flett er upp í núgildandi tekjuskattslögum þá er sá liður alls ekki til. Það er greinilegt að hér er í frv. verið að vísa til lagagreinar sem alls ekki er til. Skýringin á því er auðvitað sú, að menn gera sér vonir um að hún verði til vegna ákvæða í einhverju öðru frv. En það er auðvitað ekki mjög skýr og einföld málsmeðferð.

Auk þess má segja að það sé nokkuð óvenjulegt að samþykktar séu tvær lagagreinar sín í hvoru frv. um nákvæmlega sama efnið. Ef einhver munur kynni að reynast á þessum tveimur greinum vegna mismunandi orðalags og upp kæmi lögfræðilegur ágreiningur um hvernig túlka ætti þetta orðalag, þá kynni nú að vandast málið, hvor lagatextinn væri í gildi, sá sem samþykktur hefði verið skv. þskj. 230 eða sá lagatexti sem samþykktur hefði verið skv. þskj. 231. Yfirleitt er reynt að forðast svona tvíverknað með því einfaldlega að hafa textann um sama efnið einungis einn, en að frekari útskýringar séu þá gefnar í meðfylgjandi greinum í sama frv., eða þá í reglugerð eins og oftast mundi vera, ellegar þá í frv. sem alls ekki fjallaði um nákvæmlega sama mál eða í öllu falli ekki um sama efnisatriði.

Ég veit ekki hvort hv. þm. gera sér fullkomlega grein fyrir hvað ég er hér að fara nema þeir kynni sér þennan texta. En ég vek hér athygli á því að þetta er mjög óvenjulegur og í raun og veru einkennilegur málatilbúnaður að vera á ferðinni með tvö frv. um sama málið. Og ekki nóg með það, heldur líka lagatexta um sama efnisatriðið í báðum frumvörpunum, án þess að hann sé nákvæmlega eins orðaður í þeim báðum.

Um þetta mál var fjallað hér ítarlega á seinasta fundi deildarinnar og ræddi ég þá málið í heild. Ég einskorðaði mig ekki við efnisatriði frv. á þskj. 230, heldur fjallaði um málið í heild þannig að ég hef þar ekki miklu við að bæta. Ég held að fyrra frv. sé nú það sem liggur meira á að afgreiða vegna þess að það varðar að öllu

leyti skattálagningu þá sem nú á að eiga sér stað á næstu vikum og mánuðum, en frv. sem við erum núna að tala um er hins vegar ekki þess eðlis að því liggi mikið á. Það á ekki að koma til framkvæmda fyrr en á næsta ári og er því nóg að afgreiða það einhvern tíma fyrir þinglok ef það á að taka gildi.

En frá afgreiðslu þessara mála er það helst að segja að á fundi fjh.- og viðskn. í morgun komu fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambandi Íslands og þeir voru þar beðnir um umsögn um málið. Ég lagði tvær spurningar fyrir fulltrúa þessara samtaka. Í fyrsta lagi: ef ríkisstj. telur sig hafa efni á að eyða verulegum fjármunum til lækkunar á tekjuskatti, hvort telja beri þá að þessi lækkun tekjuskatts í þágu fyrirtækja í landinu sé sú brýnasta, sjálfsagðasta og sanngjarnasta, eða hvort ekki kynni að vera að einhverjar lækkanir skatta væru töluvert miklu brýnni að dómi þessara samtaka. Þetta er kjarni málsins og á því vek ég enn athygli.

Hin spurningin sem ég lagði fyrir var sú, hvort þessi samtök teldu ekki eðlilegra, ef út í það væri farið að gefa mönnum kost á að draga frá tekjum sínum fjármuni sem lagðir væru til fjárfestingar í fyrirtækjum eða til fjármunamyndunar, að allt fé sem lagt væri inn í bankakerfið væri frádráttarbært við álagningu tekjuskatts, hvort það væri ekki sanngjarnara gagnvart launafólki í landinu. Ég á von á að svör við þessum spurningum fáist innan tíðar þegar umsagnaraðilar skila áliti sínu.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. er eitt og annað í sambandi við þetta frv. sem enn þá þyrfti að athuga. Af skiljanlegum ástæðum er kannske ekki mjög mikið um tölulegar upplýsingar sem hægt er að skoða til að kanna áhrif frv. og þar af leiðandi eru áhrif þess nánast ókunn þeim sem um fjalla. Verður þá aðallega uppi spurning um tilgang. Tilgangurinn virðist í stuttu máli vera sá að reyna að auka ávöxtun einstaklinga á fjármunum sínum í atvinnurekstri.

Kannske að maður reyndi þá að spyrja einhverra spurninga til þess að reyna að draga hringinn utan um þetta mál örlítið þrengri svo að maður eigi hægara með að skoða það. Það væri í fyrsta lagi: Hvert væntir ríkisstj. að þetta fé renni, þ. e. þegar fólk fer að ávaxta sparifé sitt sem það annars hefur ávaxtað í bönkum, ef menn kjósa nú frekar að ávaxta það í atvinnurekstri? Í hvaða atvinnurekstur er vænst að þetta fé renni eða eru uppi einhverjar skoðanir á því hvað sé æskilegast?

Ekki verður nefnilega séð af öðrum athöfnum ríkisstj. að hún hafi uppi nein áform um að gera neinn atvinnurekstur í þessu landi girnilegri öðrum til fjárfestingar. Maður með einhverja fjármuni milli handanna í dag aðspurður um það í hvaða atvinnugrein hann vildi fjárfesta mundi trúlega setja sína peninga í sjávarútveg. Því að þó að margyfirlýst sé að það sé rekstur á fallandi fæti er það allavega eini atvinnureksturinn í dag þar sem nokkurn veginn er algerlega tryggt að þú tapar ekki þínum peningum því að endanlega getur þú átt von á annaðhvort að þurfa ekki að borga þær skuldir sem þú hefur stofnað til eða einfaldlega að þær verða strikaðar út og þurrkaðar burt með öllu. Hafa menn hugmyndir um hvað mikið fé verður losað til atvinnuveganna með þessum hætti?

Það er í raun og veru til lítils að vera að setja lög um hreyfingu fjármuna sem hér um ræðir án þess að menn hafi einhverjar vonir um að þau skili árangri og þá væntanlega vonir um einhvern mældan árangur.

Síðast en ekki síst: Hafa menn gert sér grein fyrir því hvaða áhrif ætla má að þetta hafi á kjör þeirra sem til greina koma? Við gerum okkur ljóst að ekki eru allir sem raunverulega eiga kost á því að njóta þessara kjara. Aftur á móti má hugsa sér að fólk sem getur lagt eitthvað af mörkum með þessum hætti geti átt von á tekjuaukningu í gegnum þetta, annars vegar vegna þess frádráttar sem það nýtur og svo hins vegar vegna þess að gegnum þessa ávöxtun hlýtur að skila sér fé til þessa fólks.

Í nágrannalöndum okkar virðast menn gera sér nokkuð góða grein fyrir því hvaða fjármuni getur verið um að ræða í efnahagslífi. Ég þekki það t. d. frá Þýskalandi að þar hafa menn, má segja, mjög haldgóðar upplýsingar um það hversu margir hafa efni á því að leggja fé til atvinnuveganna með þessum hætti, þ. e. að fjárfesta í hlutabréfum. Skattfrádráttur miðast þar nokkurn veginn við það að skapa ákveðinni tekjustétt fólks skilyrði sem síðan eru tekin til greina við ákvörðun á kjörum þess. Ég er að tala um að fólk sem hefur efni á því að ávaxta fé sitt og njóta tekna af því þurfi ekki á sambærilegum launum að halda í hlutfalli við eyðslu eins og það fólk sem ekki hefur tekjur sem gefa því kost á ávöxtun.

Í fjórða lagi er afleiðing af þessu einhver minnkun á skatttekjum ríkisins a. m. k. um einhvern tíma. Aftur á móti vænta menn þess að kjör atvinnuvega batni með þessum hætti. Það væri út af fyrir sig vel því að einhvern tíma í ósköpunum hlýtur að fara að koma að því að þessir atvinnuvegir hafi þau kjör að þeir geti farið að greiða því fólki sem þeir hafa á launum mannsæmandi kaup. Endanlegur árangur eru væntingar um eflingu atvinnulífs sem þá að lokum mundi skila aftur vegna aukinnar veltu auknum tekjum til ríkissjóðs.

Hérna eru á ferðinni og búnir að vera, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. tilgreindi áðan, þó nokkuð margir félagsmálapakkar til atvinnuvega allt frá brbl. frægu frá í vor og síðan í gegnum tillögur og hugmyndir í svipuðum dúr og þær sem hér eru fyrir hendi. Í sjálfu sér er hvað hugsunarhátt snertir ekkert nema gott um það að segja. En menn verða þó líka að fara að gera sér og öðrum grein fyrir því hvenær þeir ætlast til að þessir hlutir fara að skila launamanninum, þ. e. þeim sem á líf sitt undir þessum atvinnuvegum, einhverjum árangri. Og það þýðir að þessir hlutir verða að tengjast einhvers konar heildarmarkmiðasetningu þar sem menn gera sér sjálfum og öðrum grein fyrir því hver niðurstaðan og árangurinn á að vera og þá hvenær.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta frv. mjög mörg orð. Það er rétt sem hér hefur komið fram að þessar skattalagabreytingar eru orðnar mikill frumskógur og hreint ekki fyrir hvern sem er að átta sig á því án mikillar sérhæfingar, ef svo má að orði komast. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um að þetta sé það sem nú sé brýnast í skattamálum. Ég held að þar geti ýmislegt annað komið til greina og minni þar á tillögur sem við Alþfl.-menn höfum flutt um neikvæðan tekjuskatt handa þeim sem minnst bera úr

býtum. Satt best að segja held ég að menn séu gersamlega að renna blint í sjóinn hér. Menn vita nákvæmlega ekkert hvaða afleiðingar þær ráðstafanir sem hér er gert ráð fyrir muni hafa. En eitt sýnist mér þó ljóst, að þetta frv. er enn ein staðfestingin á því að það er skattastefna þessarar ríkisstj. að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari, að þetta er ríkisstj. fyrirtækjanna fyrst og fremst, ekki fólksins, vegna þess að stöðugt er gengið lengra í að leggja byrðar á einstaklingana samhliða því sem mildandi aðgerðir ýmiss konar koma fyrirtækjum og atvinnurekstri til góða. Það eru auðvitað ýmis ákvæði í þessu sem eru athyglisverð, t. d. eins og með starfsmannasjóði, en ég held að það mál þurfi mjög ítarlegrar athugunar við og mætti hugsa sér ýmislegt annað fyrirkomulag í því sambandi en hér er gert ráð fyrir og ég held að því verði ekki frekar en öðrum atriðum hespað af á skömmum tíma.

Ég hygg að sú nefnd sem fær þetta mál til athugunar þurfi að gefa sér mjög góðan tíma til að fjalla um þessi mál.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v. að að sjálfsögðu skýrist bæði þetta frv. og eins það frv. sem flutt var hér um skattamál s. l. miðvikudag við nánari skoðun í þingnefnd. Ég vona að mitt mál hér verði ekki til að lengja þessar umr. eða draga þær út af þeirri braut sem þær eru nú á og ég tel vera málefnalegar.

Ég vil aðeins lesa hér smáfyrirsögn á því blaði sem ég var með. Þetta frv. til l. er um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna, þ. e. einstaklinga, vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Fyrri spurningin til ASÍ á fundi fjh.- og viðskn. í morgun á því ekki rétt á sér í sambandi við þetta fylgifrv. vegna þess að hér er ekki verið að tala um skattskyldar tekjur fyrirtækjanna. Það er verið að tala um skattskyldar tekjur einstaklinga sem leggja fé í fyrirtæki. Og það er líka rangt að tala um að það væri eðlilegra að leyfa að það fé sem lagt er í bankakerfið almennt verði frádráttarbært en það fé sem lagt er í fyrirtæki. Ég held að það sé allt annað mál, peningar sem almennt eru lagðir inn í banka. Almennt hlýtur að ná yfir alla þá möguleika sem til eru við að leggja peninga inn í banka. Það nái þá yfir fyrirtæki á hlaupareikningum og alls konar viðskiptareikningum. En það er ekki til umræðu hér og hefur ekki verið gerð till. um það. Hér er bara verið að tala um að opna möguleika fyrir einstaklinga að taka þátt í atvinnurekstrinum.

En varðandi það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði, þá er það alveg rétt að tilgangurinn er að auka ávöxtun fjármagns einstaklinga í atvinnurekstri. Þetta þýðir einfaldlega það að hér er verið að reyna að styrkja vinnumarkaðinn betur en kannske hægt er að gera á annan hátt og stórauka atvinnutækifæri. Hér er ekki verið að tala um að atvinnurekandinn, sem er vondur maður að mér skilst, auðgist á þessu, heldur þveröfugt. Hér er verið að tala um að styrkja atvinnufyrirtæki og auka atvinnutækifæri. Fé rennur sem sagt í hringrás til fólksins. Gleggsta dæmið um það sem hér er verið að gera er t. d. stofnun og síðan rekstur á Eimskipafélagi Íslands, sem er almenningshlutafélag þar sem fátækir sem ríkir tóku höndum saman og lögðu misjafnlega mikið fé til stofnunar Eimskipafélagsins sem nú veitir um 1000 manns hér í Reykjavík atvinnu. Það er einmitt þessi möguleiki sem við erum að reyna að fylgja eftir.

Ríkisstj. hefur ekki sem slík ætlað sér að stýra fé inn á einn ákveðinn farveg eða atvinnugreinar. Fólkið sjálft verður að velja hvar það telur sínum peningum best fyrir komið, hvar áhættan er minnst og ágóðinn kannske mestur. Hvaða áhrif þetta hefur á kjör þeirra sem þess njóta að geta lagt í hlutafélag get ég ekki sagt á þessari stundu. Fé hefur verið lagt í fyrirtæki, sem alls ekki hafa gefið neitt af sér í langan tíma, þannig að þetta er áhættufé. Þar af leiðandi njóta þeir sem leggja í þessa áhættu betri kjara að því leyti en menn gera almennt þegar þeir leggja fé í banka. Þar er féð geymt í ákveðinn tíma og þegar fólk óskar eftir, ef féð er ekki bundið sérstaklega með samkomulagi við bankann, getur það tekið sína peninga út, hvenær sem það þarf á þeim að halda. Aftur á móti er áhættan í þessu tilfelli sú, að fólk getur kannske ekki selt þessi hlutabréf fyrirvaralítið eða þarf jafnvel að selja þau með afföllum þegar og ef það þarf skyndilega á þeim fjármunum að halda til annarrar notkunar.

En sem sagt, þetta er bara ein leið til viðbótar. Það er ekki verið að taka frá fólki neina þá ávöxtunarleið sem nú er fyrir hendi til að fá arð af peningum sem það kann að eiga afgangs. Það er bara verið að bæta við möguleika. Fólkið hefur þar með meira valfrelsi og það getur ekki skemmt nokkurn mann. Það er held ég rangt að gera það tortryggilegt með málflutningi í þá veru. En sem sagt, ég vona að sú leið sem hér er um rætt í því frv. sem hér er á dagskrá verði til þess að auka tekjumöguleika fólksins á sama tíma sem það styrkir atvinnurekstrinn í landinu. Og að sjálfsögðu er sú hringrás sem hv. 8. þm. Reykv. gat um áðan mjög sterkt inni í myndinni, en það er að um leið og atvinnurekstrargrundvöllur er styrktur og atvinnutækifæri aukin og fleira fólk hefur atvinnu, þá aukast tekjur ríkissjóðs að sama skapi og verða þá vonandi jafnframt hærri tekjur sem einstaklingar fá með þessum hætti. Hvenær framlag skilar ágóða í atvinnurekstri er erfitt að spá um. Ef maður sem fer út í atvinnurekstur hefði ákveðna hugmynd um það, þá væri lífið auðvelt, því að margir, kannske fleiri en menn grunar, fá aldrei nokkurn skapaðan hlut út úr atvinnurekstri og jafnvel missa allt sitt. Það er ómögulegt að segja hvernig fyrirtækjum reiðir af þegar til þeirra er stofnað. Niðurstaða og árangur verður að fara eftir hugkvæmni og dugnaði þeirra sem að því standa.

Ég skal ekki segja hvort ég hef nokkurt svar við því sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., Eiði Guðnasyni, sem hefur efasemdir um að þetta frv. sé það brýnasta í skattamálum. Ég held að það verði aldrei samkomulag um það meðal þm. hvað er brýnast eða hvað er ekki brýnast í nokkru máli. Þau 20 ár sem ég er búinn að sitja á þingi man ég ekki til að þingheimur hafi orðið sammála um slíkt. Og það getur vel verið að það sé ekki fráleitt að leggja áherslu á till. Alþfl. um neikvæðan tekjuskatt. En það er bara ekki það sem hér er um að ræða. Það er allt annars eðlis. Hér er verið að tala um að opna möguleika einstaklinga til fjárfestingar í fyrirtækjum. Ég held að menn megi til með að átta sig á því að hér er ekki verið að gera þá ríku ríkari og fátæku fátækari. Það getur vel verið að það sé verið að gera þá ríku fátæka. Það getur vel verið að á sama tíma sé verið að gera þá fátæku ríkari. Þetta dæmi er svo óendanlega óljóst, þegar farið er út í fyrirtæki, að það er ómögulegt

að segja fyrir fram hverjir verða fátækir og hverjir verða ríkir eða hvort allir halda hlutfallslega sínu.

Ég efast um að það sé rétt hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni að hér sé gengið lengra í að leggja byrðar á almenning en nokkru sinni fyrr eða þessi ríkisstj. stefni sí og æ í þá átt. Það er alveg þveröfugt. Ég held að það sé verið að létta hér á fólki með því að gefa því viðbótarmöguleika. Það er ekki verið að taka neina möguleika af fólki heldur að auka möguleika fólks til þess að ávaxta sitt fé.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til þess fyrir mig að lengja þessa umr. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að mæla nokkur orð.

Það má segja að aðalatriðið í þessu sé frv. sem mælt var fyrir á miðvikudaginn í liðinni viku og varðar nær eingöngu breytingu á hinum eiginlegu skattalögum. Frv. sem hér er til umr. nú er nánari útfærsla á því með hvaða hætti er heimilt að fara með þann frádrátt sem þegar var búið að mæla fyrir í hinu frv. og hugsanlega verður að lögum ef allt gengur að óskum í fjh.- og viðskn.

En það sem mér finnst að á skorti að hafi komið fram við þessar umr. er einmitt eitt af þeim atriðum sem sú nefnd sem um þetta fjallaði hafði að leiðarljósi, þ. e. með hvaða hætti er hægt að mynda áhugatengsl almennings við atvinnureksturinn í landinu og þá á þeim forsendum og miðað við það erindisbréf sem viðkomandi nefnd lagði til grundvallar í sínu starfi, þ. e. gegnum skattalög.

Í þessu sambandi hljótum við mjög fljótlega að koma að fjármunum og taka tillit til þeirra. Það er mín skoðun að lengi vel og það hafi jafnvel farið vaxandi í okkar þjóðfélagi hafi almenningur fremur haft horn í síðu atvinnurekstrar en hitt. Ég skal ekkert um það segja af hverju það getur verið til komið. Hugsanlega er það vegna atferlis einstakra manna í atvinnurekendastétt. Mönnum verða mislagðar hendur innan þeirrar stéttar eins og annars staðar. Það eru auðvitað til skúrkar í sumum hornum. En ég ætla ekkert að fjalla frekar um það.

Ég held að okkur sé brýn nauðsyn á að efla áhuga almennings á atvinnurekstri í landinu. Þá er spurningin hvernig við eigum að fara að því. Mér finnst sú leið sem hér er gerð tilraun til að fara alls ekki vitlaus, þ. e. reyna með ýmsu að gefa í skyn örlítinn fjármunalegan ábata í tengslum við að taka þátt með óbeinum hætti í atvinnurekstri, m. a. með hlutabréfakaupum. Sannleikurinn er sá, að flestöll íslensk fyrirtæki og hlutafélög, ekki síst hlutafélög, eru lokuð í dag. Hér eru gefnir möguleikar til ávöxtunar fjár sem sett er í atvinnurekstur. Hér er gert ráð fyrir, og það er raunar skilyrði, að félögin séu opin og með þeim hætti virkt eftirlit almennings á grundvelli fjármunalegrar þátttöku hans í fyrirtækjunum. Ég held að þetta geti ekki leitt af sér neitt annað en gott. Það er mín skoðun a. m. k.

Hér var vikið áðan að því og hugrenningar um það, hvaða fjármunafærslur þessi frumvörp gætu leitt af sér. Það skal viðurkennt að mjög örðugt er að gera sér grein fyrir því í þessu sambandi hvaða tekjubreytingar verða hugsanlega, mjög erfitt að ráða í hve ríkum mæli frádráttarheimildir verða notaðar. Auðvitað gætu menn reynt að setja upp eitthvert módel, ef ég má svo að orði komast, í því sambandi, en ég er ekki viss um að neitt vitrænt hefðist út úr því þótt ekki sakaði að reyna. Ég geri ráð fyrir að í fjh.- og viðskn. leiti menn eftir því og reyni með einhverjum hætti að gera sér grein fyrir því hvaða tekjubreytingar verða þarna hugsanlega á.

Þau orð féllu hér að með flutningi þessara frumvarpa, ef að lögum verða, sé verið að stuðla að enn frekari efnaskiptingu í þessu landi. Ég held að svo sé ekki. A. m. k. var það tilgangur með störfum nefndarinnar, og ég veit ekki annað en að þar hafi allir verið á einu máli um það, að hér væri verið að gera tilraun til að beina fjármagni frá eyðslu, og ég ætla ekkert að fara að skilgreina það nánar, í arðbær fyrirbæri, í atvinnurekstur. En um leið er það auðvitað lagt í vald einstakra manna, sem vonandi hafa með höndum eitthvert fé, hafa fé aflögu til að leggja fram með þessum hætti, í hvers konar rekstur féð yrði lagt. Ég skal játa að gaman væri að geta haft í slíku frv. einhvers staðar neðanmáls klausu á þessa leið: enda verði fjármagnið lagt í þjóðnýta framleiðsluiðju, eitthvað slíkt, sem yki þjóðarverðmæti. (**KSG:** Hver á að ákveða það?) Nei, það er ekki hægt. Það er útilokað að hafa slíka klausu eða gefa slíkt til kynna. Menn verða að velja og hafna í þessu tilliti. — Ef ég hef skilið hv. 8. þm. Reykv. rétt fannst mér ég heyra á milli línanna eitthvað á þá leið að sú ósk blundaði í hans brjósti að menn legðu fyrst og fremst fjármagn í þá iðju sem skilaði þjóðarbúinu arði, en miklu síður í ýmiss konar þjónustu.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi máls míns að ég ætlaði ekki að fara að lengja þessa umr. og ekki væri ástæða til þess. Málið er í umfjöllun hjá fjh.- og viðskn.

Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið þess efnis hversu bagalegt það er að um skattamál er oftast verið að fjalla hér í þinginu á síðustu stundu. Þetta er afskaplega bagalegt. Skattamál eru nokkuð flókin meðferðar. Þau þurfa í sannleika sagt mjög rækilegrar umfjöllunar við og ekki síst þar þurfa menn, eftir því sem föng eru á, að vanda til verka. Ég vil því taka undir að mjög bagalegt er, og eins og ég þóttist hafa vikið að áður er það ekki í eina skiptið nú, þegar þau eru nokkuð seint á ferðinni. Það er miður.

En ég ætla að vona að fjh.- og viðskn. — og veit það raunar — muni leggja töluverða vinnu í þessi mál, enda er það óhjákvæmilegt. Ég ætla satt að segja að vona að henni takist að afgreiða þessi mál og sjái menn einhverjar glufur eða smugur, eins og einn ágætur hv. alþm. komst að orði hér á dögunum, ætla ég að vona að það takist að loka þeim glufum og smugum. Það er a. m. k. mín ósk að það takist, séu slíkir varnaglar ekki nú þegar fyrir í þessum frumvörpum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vildi endilega reyna að lengja þessa umr., vegna þess að ég tel nauðsynlegt að við ræðum þessa hluti þó að kannske vantaði vissar upplýsingar sem við gjarnan vildum sjá.

Ég gleymdi víst að taka það fram áðan að mín afstaða til þessara tveggja frumvarpa, sem ég er að ræða samhangandi þó að annað sé farið frá deildinni til nefndar í augnablikinu, er alls ekki að fullu mótuð. Ég er að reyna að ræða þetta út frá þeim málsatriðum sem fyrir liggja og nánast að fiska eftir þeim hugmyndum sem gætu gert betur mögulegt að taka endanlega afstöðu til þessa máls.

Það er náttúrlega augljós staðreynd að eins og kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. um afstöðu fulltrúa

launþegahreyfingarinnar sem fram kom í morgun — það var reyndar afstaða einstaklinga en ekki formleg afstaða hreyfingarinnar sem slíkrar — litu þeir á þetta mál beint út frá hagsmunum sinna umbjóðenda og töldu þarna að verið væri að bæta möguleika aðila sem þeir töldu standa fyrir utan þann hóp. Þess vegna sáu þeir ekkert sérstaklega jákvætt eða gott við þetta frv. Að öðru óreyndu mundi ég samt sem áður vilja reyna að nálgast þetta mál með þeim hætti að gera enn þá ráð fyrir að þarna séu heilbrigð markmið á ferðinni.

Hæstv. fjmrh. tók undir þá túlkun sem ég reyndi að leggja í þetta frv., að þarna væri verið að reyna að hvetja fólk til að ávaxta sparifé sitt eða umframfjármuni í atvinnuvegum. Hann vildi nú reyndar meina það að atvinnurekandinn þyrfti ekkert að hagnast á því. Hæstv. fjmrh. gerði sig reyndar tvisvar í máli sínu sekan um það sem hann taldi öðrum mönnum til ávirðingar. Hann er dálítið feiminn við að ætla mönnum að hagnast á einhverju. Það er eins og menn hafi enn þá einhverja meðfædda fælni við slíku. Hann valdi það óheppilega dæmi um blómlegt almenningshlutafélag sem kallast Eimskip. Ég veit að þar talar hann kannske að ýmsu leyti þvert um hug sér þó að ég vilji ekki fara að gera honum upp neinar skoðanir. Eimskipafélag Íslands er að vísu almenningshlutafélag. Aftur á móti vitum við að þar eiga ýmsir aðilar mjög stóra hluti og hafa kannske töglin og hagldirnar í því fyrir þær sakir, þó að sumir eigenda séu náttúrlega þjóðþrifafyrirtæki, eins og Háskólinn. Aftur á móti hefur Eimskipafélag Íslands, vegna þeirrar undarlegu aðstöðu að vera óskabarn þjóðarinnar, öðlast mjög einkennilega aðstöðu í íslensku atvinnulífi. Þessi aðstaða, sem hefur verið á sumum sviðum einokunaraðstaða, hefur oft og tíðum gert keppinautum þess mjög erfitt fyrir og ekki bara keppinautum þess. Við vitum að þessi einokunaraðstaða hjá Eimskip hefur haft mjög óheillavænlegar afleiðingar á kjör manna í þessu landi. Eimskip hefur t. d. setið eitt að flutningum á ýmsum nauðsynjavörum og þar af leiðandi verið mjög ráðandi um verðmyndun viðkomandi varnings.

Hér er verið að tala um áhættufé, möguleika manna til að leggja fé sitt í fyrirtæki og taka áhættu. Það gerir enginn maður upp á grín að taka áhættu með sína peninga, þannig að eftir stendur það sem ég minntist aðeins á í máli mínu áðan — ég hef kannske ekki orðað það nógu greinilega — að menn hljóti að hafa einhverjar væntingar um hvert þetta fé rennur. Spyrji menn sig þeirrar spurningar: Hvar vildi ég leggja mitt áhættufé í dag? Ég geri mér þá grein fyrir að það getur alltaf eitthvað komið upp á þannig að ég get tapað mínu fé. Ég reyni þó að ávaxta það þar sem það er tryggast, ef það er ekki í banka. Og horfi menn þá til vinnumarkaðarins, til atvinnuvega í þessu landi, og spyrji sig: Hvar er líklegast að ávöxtun þessara fjármuna sé mest? Ef maður undanþiggur verslunina sem slíka, því að þar mundi freistingin e. t. v. vera hvað mest að ávaxta féð, þá er spurningin: Hvar er það næstum því gulltryggt að ég tapa ekki fé mínu algerlega? Ég nefndi áðan ákveðinn atvinnuveg þar sem slík trygging er í raun og veru fyrir hendi. Það sem ég átti við áðan er að við höfum atvinnuvegi hérna sem margyfirlýst er að þurfi að efla, eins og t. d. iðnað, nýiðnað og ýmsar nýjar atvinnugreinar. Ég held að það hlyti að verða að koma fram samhliða svona áformum einhvers konar afstaða í yfirlýsingum eða hreint og beint í málflutningi af hálfu ríkisstj. þar sem fram kæmi að hún vildi beina þessu nýja fjármagni, sem hún væntir að losa, í það sem kemur þjóðinni best, eins og hv. 5. þm. Vesturl. lét sig dreyma um með mér. Í samræmi við að hingað til höfum við gagnrýnt fjárfestingarstefnu í þessu landi í mjög langan tíma hljótum við að verða að gera fólki ljósa grein fyrir því hvernig rétt fjárfestingarstefna lítur út. Og þar sem þetta kemur nú allt saman að ofan frá ríkisvaldi hlýtur þetta tvennt að verða á einhvern hátt samstiga, þ. e. annars vegar væntingar ríkisstj. í peningamálunum sem slíkum og hins vegar væntingar hennar um hver árangurinn á að verða af þeim áformum. Árangurinn af þessu verður harla lítill ef fólk ávaxtar sparifé sitt bara í verslun. Árangurinn verður líka harla lítill ef fólk ávaxtar sparifé sitt í sjávarútvegi, þar sem skuldastaðan er enn þá það slæm að ekki er þess að vænta að það skili miklu í þjóðarbúið.

Ég var ekki að reyna á neinn hátt að gera þetta frv. tortryggilegt. Ég lýsti því strax í inngangi mínum að tortryggnin er á vissan hátt fyrir hendi og alls ekki hægt að horfa fram hjá henni. Það kemur að því að fólk fer að spyrja sig, sem ekki á kost á þessum kjörum: Hvenær kemur röðin að mér? Hvenær fæ ég svipaða afgreiðslu af hálfu þessarar ríkisstj. og það fólk sem hér um ræðir?

Það var talað um möguleika á módeli. Við höfum ákveðna möguleika á að gera okkur grein fyrir því hvaða fjármuni geti þarna verið um að ræða. Við höfum skattframtöl. Við vitum að þau eru nánast eins og sjóslys vegna þess að þau hafa orðið með árunum sífellt tortryggilegri plögg. Samt sem áður er hægt þó með nokkurri vissu að gera sér grein fyrir heimilistekjum. Það er t. d. til fyrirtæki hér í bæ sem heitir Lánastofnun ísl. námsmanna, sem hefur reynt að gera sér grein fyrir framfærslukostnaði einstaklinga og setja þar fram alveg ákveðnar tölur. Það kann að ríkja ákveðinn vafi á réttmæti þess útreiknings, en þar er t. d. áætlað að sex manna fjölskylda þurfi um 40 þús. kr. á mánuði til þess að komast af nokkuð sómasamlega. Þá má náttúrlega spá í hve margar sex manna fjölskyldur á landinu hafa tekjur umfram 40 þús. og ættu þá samkvæmt þessu að eiga möguleika á að nýta sér þennan skattafrádrátt. Þetta má leika eftir við mismunandi fjölskyldustærðir og þannig reyna á einhvern hátt að gera sér einhverja mynd af því hvað þarna er hugsanlega á ferðinni í krónum og aurum.

Hv. 5. þm. Vesturl. áttaði sig einhverra hluta vegna ekki á því í ræðustól hvernig sú undarlega afstaða sem hæstv. fjmrh. gerði sig líka sekan um til atvinnurekstrar og atvinnurekenda væri til komin. En ástæðan er sú, að viðskiptahættir á Íslandi hafa þangað til á þessari öld nánast verið með þeim hætti að Íslendingar litu þá aðila hornauga sem að þeim málum komu, einfaldlega vegna þess að þeir tengdust erlendum yfirráðum og ósjálfstæði þessa lands. Það hefur tekið fólk langan tíma, og er kannske ekki fullunnið enn, að átta sig á því að innlendir atvinnurekendur vinni raunverulega að hagsmunum þessa lands, en ekki eingöngu sínum eigin.

Ég ætla ekki að gera þessi orð mín miklu fleiri. Ég á, a. m. k. með vissum hætti, sæti í þeirri nefnd sem fjallar um þetta og vona þá að við getum kannske á einhvern hátt reynt örlítið að átta okkur betur á því hvað þarna er á ferðinni í fjárupphæðum. Það er ekki eingöngu um að

ræða að upplýsa okkur, heldur náttúrlega alla aðra. Þetta frv. hefur enn meira gildi ef hægt er að gera fólki grein fyrir því hverra möguleika það má vænta af ráðstöfun fjárins með þessum hætti.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hér er ekki mörgu við að bæta, en ég stend upp fyrst og fremst til að leiðrétta misskilning sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. Ég hafði gert það hér að umtalsefni í minni ræðu, bæði í dag og á miðvikudaginn var, að sú hlið sem helst væri jákvæð á þessu máli væri sú að hér væri verið að reyna að stuðla að innlendum sparnaði, þ. e. að hvetja menn til að leggja fram fé til fjárfestingar í atvinnuvegum og væntanlega stuðla þannig að auknum þjóðartekjum. Þetta er sú hlið málsins sem helst getur talist jákvæð, en neikvæða hliðin svo aftur á móti að það er verið að gefa þeim best settu í þjóðfélaginu skattalækkanir, gjafir úr ríkissjóði, til að stuðla að þeim markmiðum sem ég nefndi áðan.

Ég vakti máls á því þegar á miðvikudag, að ef væri verið að verðlauna menn fyrir að taka þátt í innlendum sparnaði og auka fjárfestingu og fjármunamyndun væri kannske eðlilegast að allir sætu þar við sama borð og innlegg á bankareikninga nytu þá sams konar skattalegrar meðferðar og þessi framlög. Hæstv. fjmrh. misskildi hins vegar orð mín allhrapallega. Væntanlega var það ekki vísvitandi, heldur af því að hann hafði ekki áttað sig á í hverju mínar hugmyndir fólust. Hann sagði að hér væri greinilega átt við hvers konar innlegg í banka, hvort heldur sem væri á hlaupareikning, ávísanareikning, sparireikning eða hvað sem er. Að sjálfsögðu hefur hvorki mér né neinum öðrum dottið í hug að sérhver inngreiðsla í banka gæfi mönnum skattundanþágu. Slíkt er auðvitað fjarri öllu lagi og gæti aldrei komið til greina, enda er ég hræddur um að það kæmi ansi lítið í kassann hjá hæstv. fjmrh. ef sú regla væri upp tekin.

Það sem mér og kannske mörgum öðrum hefur dottið í hug er að upp séu teknir sparireikningar, sem væntanlega væru þá bundnir til allmargra ára, kannske fimm ára, kannske tíu ára, og að inngreiðslur á þessa reikninga væru með einhverjum hætti verðlaunaðar með lækkun skatta. Vafalaust er hæstv. fjmrh. kunnugt um að í umr. um innlendan sparnað á undanförnum tveimur árum hafa komið fram hugmyndir af þessu tagi, m. a. frá þeim seðlabankamönnum hygg ég vera, og ég veit að hæstv. fjmrh. hefur verið að ræða slíkar hugmyndir í fjmrn. og vafalaust hefur ríkisstj. eitthvað á þær minnst. Menn þurfa því ekki að láta eins og þeir komi gersamlega af fjöllum eða þeir geti ekki skilið svona einfalda hluti. Málið snýst auðvitað um hvort það gæti komið til greina að verðlauna fólk almennt fyrir að taka þátt í því að draga úr erlendum lántökum með því að gefa því einhverja skattaívilnun ef það leggur fé inn á bundna sparireikninga, sem að sjálfsögðu þyrftu þá að vera bundnir til alllangs tíma.

Hér hefur verið rætt hvort það sé þjóðhagslega hagkvæmt að veita mönnum hlunnindi af því tagi sem þetta frv. felur í sér. Það hefur verið talað um hvort það væri öruggt að hér væri ævinlega um að ræða þjóðhagslega arðbær fyrirtæki. Auðvitað þarf ekki að rökræða það frekar. Það verður auðvitað allur gangur á því. Sum þau fyrirtæki sem menn leggja fé í og fá út á það skattalækkanir munu auðvitað aldrei geta talist nein sérstök þjóðþrifafyrirtæki, enn síður að þau séu þjóðhagslega hagkvæm. Önnur eru það vafalaust, kannske framleiðslufyrirtæki eða mikilvæg þjónustufyrirtæki. Það verður alltaf allur gangur á því. En fé sem lagt er í banka ellegar notað til að kaupa spariskírteini ríkissjóðs sem bundin væru til fimm eða tíu ára mætti tryggja að gengi til þjóðhagslega arðbærra fyrirtækja og til fjárfestinga sem þjóðin þarf virkilega að leggja áherslu á, til þess líka um leið að draga úr erlendum lántökum. (**Gripið fram í:** Ertu ekki með kosningayfirlýsingu Sjálfstfl. í huga?) Það skyldi nú vera að Sjálfstfl. hafi lýst yfir fylgi sínu við hugmyndir af þessu tagi einmitt í kosningastefnuskrá sinni. Ég þekki það ekki vel. Ég verð að játa að kosningastefnuskrá Sjálfstfl. er ekki það lesefni sem er mér kærast eða ég legg helst á minnið. Reynslan hefur verið sú að slíkar yfirlýsingar eru fljótar að fjúka þegar kosningar eru afstaðnar og það er þá helst að maður geti gluggað eitthvað í slíkar yfirlýsingar til að finna sér einhvern mat í kosningaræðu því að þar eru bæði skynsamlegar og óskynsamlegar tillögur. — En ég hygg sem sagt að þessi hugmynd hafi víða komið fram.

Ég vil taka fram að ég hef verið dálítið hikandi við að styðja hugmyndir um að menn geti lækkað skatta sína með einberum sparifjárinnlögum. Ég held að það séu vissulega tvær hliðar líka á því máli. T. d. held ég að ekki komi til greina að öll upphæðin, sem menn legðu inn á svona reikning, væri frádráttarbær frá skatti. Þá teldi ég mjög gróft í hlutina farið og þá gæti varla komið til greina annað en að fyrir hverjar 100 þús. kr., sem menn legðu inn á svona sparireikninga, fengju menn kannske 10, kannske 20, kannske 30 þús. kr. frádrátt. Það yrði að vera einhver lítill hluti af upphæðinni sem menn legðu inn sem stuðlaði að skattalækkun hjá mönnum. Hvatningin þyrfti ekki heldur að vera miklu meiri en það. Í dag njóta sparifjáreigendur þess að vextir af sparifé eru sem almenn regla skattfrjálsir, a. m. k. ef ekki er um vaxtaútgjöld að ræða hjá viðkomandi einstaklingi, og ég teldi það of í lagt að auk þess skattfrelsis sem menn fá og menn njóta í dag af vaxtatekjum fengju menn upphæðina alla dregna frá tekjum sínum. En það er einmitt það sem verið er að gera hér varðandi þá sem leggja fé í atvinnurekstur. Öll upphæð að ákveðnu marki verður frádráttarbær við skattálagningu. Það er auðvitað það fráleita í þessu máli, auk þess sem ég tel blátt áfram ósiðlegt að þeir einir fái þessar skattalækkanir sem eiga þess kost að leggja fé í fyrirtæki sem þeir vita fyrir fram að eru það örugg að þar er ekki verið að kasta fénu fyrir borð.

Vissulega á ekki hver sem er kost á því að leggja fram fé í áhættulaus fyrirtæki. Hinn venjulegi maður, sem hvergi hefur nærri atvinnurekstri komið og þekkir ekkert inn á þá hluti, væri að taka þarna miklu stærri áhættu en fjármálamaðurinn, en iðnrekandinn, sem hefur mikla reynslu á þessu sviði, eða hver annar atvinnurekandi. Hinn venjulegi maður ber ekki mikið skynbragð á þessa hluti og kann ekki að fjárfesta sitt fé svo að ekki verði þar um mikla áhættu að ræða, en sá sem hefur ekki gert neitt annað allt sitt líf en að fást við slíka hluti getur notað sína skattalækkun og sína fjárfestingu á þann hátt að áhættan sé heldur takmörkuð. Það er einmitt þessi þátturinn sem er ósiðlegur í þessu, að hinn venjulegi launamaður, sem ekki þekkir inn á þessa hluti, á ekki kost á að afla sér sambærilegrar

skattalækkunar með þeim einfalda hætti að leggja sitt fé inn á bankareikning og láta þá annaðhvort ríkisvaldið eða þá hina ágætu bankastjóra sjá um hina hliðina í hvaða tegund fjárfestingar féð fer.

Ég þarf ekki að orðlengja þetta frekar. Mér fannst bara nauðsynlegt, af því að ég vil gjarnan ræða þetta mál á málefnalegan hátt og skoða allar hliðar þess, að leiðrétta þann misskilning, sem hér kom fram hjá hæstv. fjmrh., að mér dytti í hug að allar greiðslur inn á reikninga í banka ættu að vera frádráttarbærar frá skatti. Þar yrði einungis um að ræða innistæður sem stæðu í tiltölulega langan tíma, sennilega þyrftu þær 5—10 ára bindingu, og í öðru lagi gæti ekki verið um að ræða nema hluta af greiðslunni sem væri frádráttarbær til skatts.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Frv. þetta var lagt fram á síðasta Alþingi og þá samþykkt, en er nú endurflutt til staðfestingar eins og stjórnarskrá lýðveldisins gerir ráð fyrir. Frv. var á síðasta þingi flutt af formönnum þeirra fjögurra stjórnmálaflokka sem fulltrúa áttu á Alþingi, en talið var eðlilegt að forsrh. flyttti málið nú til staðfestingar.

Um þetta mál var allítarlega rætt á síðasta þingi, m. a. í framsöguræðum formanna flokkanna, þótt segja megi að þá hafi verið fjallað meira um þær kosningalagabreytingar sem á þessu byggjast, en jafnframt var frv. reifað allítarlega í framsöguræðu formanns þeirrar nefndar sem með málið fór. Ég skal því ekki hafa um þetta mörg orð en rekja nokkur meginatriði.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að á Alþingi eigi sæti 63 þjóðkjörnir þm. og er þeim þar með fjölgað um þrjá. Þetta er ein meginforsenda fyrir þeirri kosningalagabreytingu sem liggur nú fyrir hv. Nd. Fjölgun þm. hefur iðulega verið deiluefni. Margir hafa viljað komast hjá fjölgun og talið æskilegt að halda þeirri tölu sem nú er, en jafnframt hafa verið uppi hugmyndir um verulega meiri fjölgun en hér er gert ráð fyrir. Allt hefur þetta markast af þeirri viðleitni að ná meiri jöfnuði milli atkvæða, óháð því hvar á landinu er, og sömuleiðis meira jafnvægi á milli þingflokka. Eftir mjög ítarlega yfirferð og athuganir varð niðurstaðan sú að fjölga þm. um þrjá. Tel ég fyrir mitt leyti að ekki hafi verið unnt, ef ná átti þeim markmiðum sem samkomulag varð um og ég nefndi áðan, að hafa fjölgun þm. minni en hér er gert ráð fyrir.

Í þessari 1. gr. eru jafnframt talin upp kjördæmin og engin breyting þar á gerð, en jafnframt eru í a-lið talin upp þau þingsæti sem hverju kjördæmi ber að hafa og þau þannig ákveðin í stjórnarskrá lýðveldisins. Þar er nokkur breyting frá því sem nú er. Nú eru 11 uppbótarsæti eins og hv. þm. þekkja en 49 þingsæti bundin við kjördæmi. Þessu er fjölgað hér þannig að 54 þingsæti eru bundin við kjördæmi. Þannig eigi Reykjavíkurkjördæmi a. m. k. 14 þingsæti, Reykjaneskjördæmi 8 þingsæti, Vesturlandskjördæmi 5, Vestfjarðakjördæmi 5, Norðurlandskjördæmi vestra 5, Norðurlandskjördæmi eystra 6, Austurlandskjördæmi 5 og Suðurlandskjördæmi 6. Þeim þingsætum sem bundin eru við ákveðin kjördæmi er því fjölgað.

Jafnframt segir í þessari grein: „A. m. k. 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar skv. ákvæðum í kosningalögum.“ Þessi þingsæti bætast að sjálfsögðu við þessi 54.

Og í c-lið segir: „Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum skv. ákvæðum í kosningalögum.“ Þessi nýju þingsæti sem við bætast eru því fyrstu jöfnunarsæti en jafnframt er ákveðið, eins og nánar er greint frá í kosningalögum, að nokkrum af þeim þingsætum sem bundin eru ákveðnum kjördæmum megi ráðstafa á milli flokka innan viðkomandi kjördæma til að ná þeim jöfnuði sem að er stefnt á milli flokka á Alþingi. Hér er þá aðeins um að ræða síðasta þingsætið í kjördæmum sem eru með undir 8 þingsætum.

Á 33. gr. stjórnarskrárinnar er gerð nokkur breyting með 2. gr. þessa frv. Mér þykir rétt að ég lesi 33. gr. eins og hún er nú í stjórnarskránni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði. Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.“

Í frv. er þessi gr. þannig orðuð:

„Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.“

Hér er því í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að kosningarréttur lækki úr 20 ára aldri í 18 ára aldur. Í öðru lagi er ákvæðið um ríkisborgararétt fortakslausara í gildandi lögum en hér er. Eins og ég las áðan segir þar: „Og eiga lögheimili hér á landi.“ Í 2. gr. frv. nú er fyrirvari um undantekningar frá þeirri reglu skv. ákvæðum laga um kosningar til Alþingis. Þessi undantekning er mikilvæg, alveg sérstaklega með tilliti til námsmanna erlendis, sem hafa eðlilega, ekki síst þeir sem eru á Norðurlöndum, sótt fast að eiga hér kosningarrétt þótt lögheimili sé af einhverjum ástæðum í því landi þar sem þeir eru við nám eða starfa tímabundið að námi loknu. Í þessari gr., eins og hún er nú orðuð, er þetta opnað miklu betur en nú er. Þannig skapast möguleikar til að ráða þessum málum til lykta í lögum um kosningar til Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég legg til að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt til að lýsa afstöðu minni í heild til þessa frv. Ég geri mér náttúrlega sjálfur grein fyrir því að afstaða mín til núverandi stjórnarskipunar litar kannske að einhverju

leyti skoðanir mínar í þessu máli. Ég verð að játa það að ég hef eftir þessa stuttu setu mína á þingi orðið, ef svo má segja, enn ákveðnari í andstöðu minni við þingbundið stjórnarfar eins og við búum við í dag. Það er í sjálfu sér kannske annar handleggur. En vitanlega lætur það mann ekki alveg lausan.

Burtséð frá þessari afstöðu minni er ég alls ekki sammála um nauðsyn þess að fjölga þm. þar sem greinilegt er að þessi fjölgun þjónar flokkunum en ekki fólkinu. Það er afskaplega lítill munur á því fyrir Íslending að vera þriðjungur úr atkvæði eða 40% úr atkvæði, á meðan sýnt er að atkvæði hans vegur ekki jafnt og annarra. Það er hætt við því að íbúar Seláss og Breiðholts hér í Reykjavík yrðu dálítið kringlóttir í framan ef þeim væri tjáð að atkvæði þeirra hefði tvöfalt meira vægi en íbúa á svæðinu frá Snorrabraut að Garðastræti. Mín afstaða til þessa máls mótast sem sé af því að ekki er hægt að sannfæra einn eða neinn um það, að þarna hafi fólkinu verið þjónað með einum eða öðrum hætti.

Ég hef aftur á móti tvær spurningar til ríkisstj. og þá hæstv. formælanda. Spurningarnar eru þessar: Er það ætlun ríkisstj. að afgreiða þetta mál á þessu þingi? Ef svo er, hversu lengi ætlar ríkisstj. sú sem nú situr að sitja eftir að frv. þetta hefur verið samþykkt?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ríkisstj. gerir ráð fyrir því að þetta frv. verði samþykkt á þessu þingi. Hins vegar hefur ríkisstj. ekki tekið neina ákvörðun um það að kosið verði eftir nýjum kosningalögum fyrr en kjörtímabilinu er lokið.

Stefán Benediktsson: Aðeins örstutt vegna greinargóðra svara hæstv. forsrh. En þá tel ég líka augljóst mál að núv. ríkisstj. leggur í raun og veru ekki mikið upp úr því hvorum megin hryggjar þetta mál liggur, þar sem hún telur sér, að því er ég fæ best séð af svörum hæstv. forsrh., fært að sitja eftir að búið er að samþykkja annars konar grundvöll að skipan þessarar ríkisstj. heldur en nú er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 41. fundur.

Mánudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Skipun prestakalla, frv. 126. mál (þskj. 161, n. 201). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.-3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að beina nokkrum spurningum til hæstv. forsrh. vegna ummæla og aðgerða ríkisstj. sem snerta samningamál.

Eins og kunnugt er hefur ríkisstj. marglýst því yfir að hún vilji frjálsa samninga án afskipta ríkisvalds og á ábyrgð samningsaðila, þ. e. launamanna og atvinnurekenda. Með tilliti til þessarar stefnu eru ýmis ummæli og aðgerðir hæstv. ráðh. undanfarna daga nokkuð undarleg.

Í Dagblaðinu Tímanum fimmtudaginn 26. jan. ítrekar hæstv. forsrh. fylgi ríkisstj. við frjálsa samninga. Þar er haft eftir honum, með leyfi virðulegs forseta:

„Við ætlumst til þess að aðilar vinnumarkaðarins semji sjálfir, án íhlutunar ríkisvaldsins, og við erum ákveðnir í að halda þeirri gengisstefnu sem við höfum markað. Ef samið verður um launahækkanir umfram það sem hægt er að bæta með gengissigi, það verða útflutningsatvinnuvegirnir að bera sjálfir. Ef þeir geta það, þá er það í lagi út af fyrir sig."

Þarna ítrekaði hæstv. forsrh. fylgi ríkisstj. við samninga og ábyrgð samningsaðila. Það er gott og vel. Hins vegar eru á baksíðu þessa sama eintaks af Tímanum svofelld ummæli þar sem hæstv. forsrh. er spurður um álit á launakröfum verkalýðsfélaganna í Straumsvík:

„„Þessar kröfur verkalýðsfélaganna í Straumsvík eru út í hött, að mati þeirra sem eitthvert skynbragð bera á efnahagsmál," sagði forsrh. „og ríkisstj. leggur áherslu á að þær fái ekki fram að ganga, enda er það einróma álit ríkisstj. að þessar kröfur séu óskiljanlegar.""

Ég ætla að endurtaka þetta: „Ríkisstj. leggur áherslu á að þær fái ekki fram að ganga, enda er það einróma álit ríkisstj. að þessar kröfur séu óskiljanlegar."

Nú spyr maður sig: Er þetta innlegg ríkisstj. í frjálsa samninga? Er þarna verið að semja án íhlutunar ríkisvalds?

Í sömu frétt segir enn fremur:

„Við erum að reyna að pína Svisslendingana til þess að greiða hærra raforkuverð, á sama tíma og þessar gífurlegu kröfur koma frá starfsmönnum í álverinu. Við byggjum kröfuna um hærra raforkuverð á betri afkomu álversins og áliðnaðarins, en við getum ekki gert hvort tveggja í einu, að ná fram hækkun raforkuverðsins og svona mikilli launahækkun starfsmannanna. Enda væri svona launahækkun, ef af yrði, til þess eins fallin að sprengja upp kröfur á almennum vinnumarkaði."

Þarna er verið að núa verkamönnum í ÍSAL því um nasir að þeirra aðgerðir komi hugsanlega í veg fyrir samninga um orkuverð. Það er e. t. v. meiningin að kauplækkun undanfarinna missera nægi ÍSAL til þess að greiða orkuhækkunina. Það hefur stundum verið sagt að erlend stóriðjufyrirtæki leiti þangað sem annaðhvort er að hafa ódýra orku eða ódýrt vinnuafl. E. t. v. ber að líta á launastefnu ríkisstj. í því ljósi að þegar orkan er orðin svo dýr sem raun ber vitni sé best að bjóða upp á ódýrt vinnuafl.

Viðtalinu við hæstv. forsrh. í þessu blaði lýkur með þessum orðum: „Enda væri svona launahækkun, ef af yrði, til þess eins fallin að sprengja upp kröfur á almennum vinnumarkaði."

Þetta eru skilaboð til verkamanna hjá fyrirtæki sem allir vita að gengur vel og er raunar lýst í viðtalinu. Það hefur jafnvel gefið til kynna að það væri fúst til að greiða hærra kaup og hefur sagst geta greitt hærra kaup.

En það eru fleiri en forsrh. hæstv. sem hafa sagt álit

sitt á þessum samningum. Hæstv. fjmrh. vill ekki láta sitt eftir liggja. Í DV þann 26. jan. má lesa eftir honum:

„Ég hef ekkert um það að segja sem forystumenn VSÍ og ASÍ kunna að vera að fjalla um. Það er stefna ríkisstj. að samningar eigi að vera frjálsir. Hún hefur hins vegar með óhrekjandi rökum sett það markmið að launakostnaður í landinu hækki ekki umfram 4% á árinu. Ef sú stífla verður sprengd á ríkisstj. þann eina rökrétta leik að skjóta málinu til þjóðarinnar í kosningum tafarlaust."

Þetta sagði hæstv. fjmrh. Þarna er fyrst í sama viðtalinu lýst þeirri stefnu að samningar eigi að vera frjálsir, síðan er sagt að þing verði rofið ef samningar fari fram úr því marki sem ríkisstj. setur. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ríkisstj. getur auðvitað lýst því yfir að hún haldi fram ákveðinni stefnu í gengismálum, eins og þegar hefur komið fram hjá hæstv. forsrh., þannig að auknum launakostnaði verði ekki velt út í verðbólguna. Hún getur líka haldið fram sinni ákveðnu launastefnu við sína starfsmenn. En það fer ekki saman að heita frjálsum vinnumarkaði því að samningar séu þar frjálsir og lýsa því svo yfir að þing verði rofið ef menn láta ekki að vilja ríkisstj. í þessum málum. Ég er ekki að hafa á móti því að málum sé skotið til úrlausnar þjóðarinnar en menn verða að gera upp við sig hvort menn vilja hafa frjálsa samninga eða hvort þeir vilja láta ríkisstj. setja um það lög og ráða því öllu. Þetta voru nokkur orð um hlut hæstv. fjmrh., og skilgreiningar hans á frjálsum samningum.

Að lokum vil ég geta hlutar hæstv. iðnrh. í þessum málum. Sá þáttur er garpslegur mjög og engum til setunnar boðið. Í tilefni af boðun verkfalls í Straumsvík sagði hæstv. iðnrh. eitthvað á þessa leið í útvarpi miðvikudaginn 25. jan.:

„Kröfugerðin er út í hött. Það kemur ekki til neinna álita að við henni verði litið eða á hana fallist. Ég hef að vísu ekki úrslitaákvæði um þetta eins og er — eins og er — því samningsfrelsi er í landinu. Þeirra ráða verður neytt sem duga til að hindra slíka ósvinnu og sprengingu í okkar efnahagslífi sem slíkt framferði mundi hafa í för með sér. Það verða gerðar ráðstafanir sem duga til að hindra að menn fari fram eins og þeir áforma nú í launamálum. Ég útiloka enga aðferð, við munum nota þá aðferð sem nægir."

Svo mörg voru þau orð. Þetta segir ráðh. í ríkisstj. sem hefur lýst sig fylgjandi frjálsum samningum og þetta segir ráðh. sem kemur úr þeim ríkisstj.-flokknum sem hefur stuðning við frelsi einstaklinga og félaga sem aðalatriði í sinni trúarjátningu. Þarna hefur ríkisstj. greinilega tekið afstöðu í þessu máli og er ekkert að liggja á því. Þarna er ýjað að því að einhverjum aðferðum eða aðgerðum verði beitt til að koma í veg fyrir að kröfur nái fram að ganga í frjálsum samningum.

Þegar hæstv. ráðh. segir: „Það kemur ekki til neinna álita að við henni verði litið eða á hana fallist," spyrja menn náttúrlega: Í hvaða umboði talar hæstv. ráðh.? Er hann að semja eða eru samningsaðilar frjálsir? Allir vita af fréttum hvaða áhrif þetta hafði á vinnustað og í samningasölum. Þar varð sprenging. Jafnvel er fullyrt að möguleiki til samninga hafi eyðilagst sem verið hafði að myndast. En þetta þótti hæstv. iðnrh. ekki nóg. Á ríkisstj.-fundi daginn eftir mælti hann fyrir því að ÍSAL yrði leyft að ganga í Félag ísl. iðnrekenda og að VSÍ fengi þar með fullt samningsumboð fyrir fyrirtækið og að auki var lýst sambærilegum áætlunum fyrir ýmis ríkisfyrirtæki.

Í þessu sambandi vakna ýmsar spurningar sem gaman væri að fá einhvern tíma svör við. Hvaðan kom frumkvæðið um þessa breytingu? Var þetta frumkvæði frá ríkisstj. eða var þetta frumkvæði frá ÍSAL? Þótti ríkisstj. frjálsra samninga þetta góður tími til þess að breyta samningsstöðunni á þennan hátt?

Rökin fyrir þessari breytingu eru að alla tíð hafi þótt stríða gegn samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að ÍSAL væri utan þessara samtaka. Þessi rök eru dálítið skondin því að í samtökum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar mun vera kveðið talsvert fast á um frelsi aðila samninga til samninga o. fl. sem þessi ríkisstj. hefur lýst sig hafa ákveðna afstöðu til. Þetta er stjórn sem fyrst afnam samninga og afhenti þá síðan að hluta og nú fer hún með offorsi gegn verkafólki og treður tillöguflutning þess í svaðið. Tíminn til að birta þessa ákvörðun er valinn daginn áður en boðað verkfall á að koma til framkvæmda í viðkomandi fyrirtæki.

Það sýndi sig líka hvað samningamálin bötnuðu við þetta síðara úthlaup iðnrh. Fulltrúar beggja samningsaðila lýstu því yfir margsinnis í fréttum þann dag að samningamál hafi stórlega spillst vegna þessara aðgerða. Þetta er hugur hæstv. iðnrh. til að leysa samningamálin í fyrirtæki sem er á hans málasviði. Þarna er fyrirtæki sem stendur vel, getur og jafnvel vill greiða hærra kaup en fær ekki vegna ríkisstj. og vinnuveitenda.

Það er aldeilis stórkostlegt að heyra þetta hjá ríkisstj. sem vill efla stóriðju og lofa íslensku verkafólki framtíðarinnar gulli og grænum skógum í stóriðjuverum. Þessi stjórn stendur þó í vegi fyrir því að hennar eigin þegnar njóti þeirra kjara sem fyrirtækið getur og vill bjóða. Ég hefði frekar haldið að ef hæstv. ráðh. á annað borð vildi skipta sér af samningum mundi hann berjast með verkafólkinu í verksmiðjunni til þess að ná þeim kjörum sem tiltæk eru og afla á þann hátt röksemda fyrir stóriðjustefnu sinni. Því að þar væri þá dæmi um atvinnurekstur sem gæti greitt fólki hærra kaup en annar atvinnurekstur í landinu sem sagður er standa á heljarþröm.

Þetta leiðir raunar hugann að því að hin stóru samflot, bæði verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda, virðast orðið standa gegn möguleikum verkafólks til þess að njóta þeirra lífskjara sem tiltæk eru. Í Straumsvík vinnur samflot atvinnurekenda í landinu gegn því að verkafólk njóti þeirra kjarabóta sem batnandi hagur fyrirtækisins leyfir. Hins vegar hafa formenn Iðju og Sóknar lýst vantrausti á getu verkalýðshreyfingarinnar til þess að bæta kjör hjá láglaunafólkinu því að samflotið í verkalýðshreyfingunni virðist jafnvel nota þetta fólk sem viðmiðun til þess að ná samningum fyrir aðrar stéttir.

Ég fullyrði að frelsi til raunverulegra kjarasamninga inni á vinnustöðum án utanaðkomandi íhlutunar mundi breyta og bæta hag þessa fólks stórkostlega, bæði fólksins í ÍSAL og fólksins í Sókn og Iðju. Ég ætla síðan ekki að fara lengra út í umræður um réttmæti kaupkrafna einstakra verkalýðssamtaka eða afstöðu vinnuveitenda til þeirra, enda tel ég að hvorki Alþingi né ríkisstj. eigi að láta eftir sér hafa um það á þessum viðkvæmu stundum sem nú eru.

Ég hef vikið að þætti þriggja ráðh. í því að útskýra

hugmyndir ríkisstj. um frjálsa samninga. Þeir varpa hver um sig nýju ljósi á þetta mál. Sá fyrsti styður frjálsa samninga í einni frétt og hafnar í annarri. Sá næsti bætir um betur, styður þá og hafnar í sömu frétt og sá þriðji styður þá hvergi en hafnar þeim algjörlega.

Ég beini hins vegar spurningum til hæstv. forsrh. Hann er oddviti ríkisstj. og forsvarsmaður á þessum málavettvangi. Þessar spurningar eru:

1. Í ljósi ýmissa ummæla hæstv. ráðh. spyr ég hver sé skilningur ríkisstj. á hugtakinu „frjálsir samningar á ábyrgð samningsaðila“ sem hún hefur þóst fylgja.

2. Telur ríkisstj. hættulegt efnahagsástandinu í landinu að starfsfólk einstakra fyrirtækja njóti þess sérstaklega í launum ef vel gengur?

3. Var það skv. ósk ÍSALs að felldar voru niður hömlur á aðild fyrirtækisins að samtökum íslensks vinnumarkaðar? Og ef svo er, hvenær var sú ósk borin fram síðast?

4. Telur forsrh. að yfirlýsingar fjmrh. og iðnrh. síðustu daga auðveldi frjálsa samninga?

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Það er í rauninni ekki undarlegt þó að kjaramál og staðan í samningamálum séu rædd ítarlega á hv. Alþingi núna. Þannig hafa mál skipast að undanförnu að það er ástæða til að ræða þau mjög ítarlega á hv. Alþingi, m. a. í því ljósi sem hv. þm. Guðmundur Einarsson hefur hér fjallað um þau, hvernig ríkisstj. hefur blandað sér í yfirstandandi kjaradeilu. En einnig er fróðlegt og nauðsynlegt að ræða um hvernig á því stendur að ríkisstj. tekur ákvörðun um að óska eftir því að ÍSAL gerist aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Ríkisstj. bað um að þetta erlenda stórfyrirtæki yrði aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Þetta tvennt er nauðsynlegt að ræða og fá ítarleg svör við því. Og þó að það kosti að það þurfi að vera fundir í hv. Nd. á öðrum tíma en algengt er tel ég það ekkert óeðlilegt því að hér er um svo stórt mál að ræða að ég tel eðlilegt og nauðsynlegt að það verði rætt hér í samhengi.

Fyrsta atriðið, sem ég vildi ræða hér, virðulegi forseti, er þetta: Ríkisstj. blandar sér í yfirstandandi kjaradeilu. Það gerist í fyrsta lagi með því að óskað er eftir að ÍSAL gangi í Vinnuveitendasamband Íslands með sérstakri ríkisstjórnarsamþykkt. Forsrh. hefur í þessum efnum borið því við að það sé nauðsynlegt að haft sé samráð um kjarasamninga. Þetta er ekki gild ástæða vegna þess að hægt var að samræma kjarasamninga við starfsmenn í álverinu öðrum kjarasamningum í landinu þó að fyrirtækið væri ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Auk þess er það svo að það hefur verið unnið talsvert samræmingarstarf á liðnum árum á samningum starfsmanna álversins annars vegar og í ríkisverksmiðjunum hins vegar. Þetta eru því ekki fullgild rök, en eru einu rökin sem hæstv. forsrh. hefur borið fram opinberlega í þessu efni.

Annar þátturinn sem lýtur að íhlutun ríkisstj. í kjarasamninga er yfirlýsing hæstv. fjmrh. um að ríkisstj. muni segja af sér ef menn dirfist að semja um meira en 4% kauphækkun. Hér er ríkisstj. auðvitað að ganga mjög freklega fram, eins og hv. 4. landsk. þm. lýsti í síðustu ræðu, og með mjög óvenjulegum hætti.

Þriðji þátturinn sem snertir íhlutun ríkisstj. í kjarasamningana kemur svo fram í yfirlýsingum og ákvörðun Sverris Hermannssonar, hæstv. iðnrh., um aðild ríkisverksmiðjanna að Vinnuveitendasambandi Íslands. Með þessari ákvörðun eru hæstv. iðnrh. og ríkisstj. að ákveða að styrkja annan aðilann í þessari kjaradeilu. Hæstv. forsrh. kýs að láta ríkisstj. opinbera stéttareðli sitt með þeim hætti að ríkisfyrirtæki gangi í Vinnuveitendasamband Íslands og snúist þannig gegn því fólki sem á þau fyrirtæki. Hér er verið að snúa við af þeirri braut sem mörkuð var af ríkisstj. 1971, vinstri stjórninni svokölluðu, sem var undir forustu framsóknarmanns eins og kunnugt er, en hún tók um það ákvörðun að ríkisverksmiðjurnar ættu að segja sig úr Vinnuveitendasambandi Íslands. Það var gert með bréfum sem voru skrifuð í iðnrn. af þáv. iðnrh., Magnúsi Kjartanssyni, í des. 1971.

Með þessari íhlutun er ríkisstj. vitaskuld að leggja sitt lóð á vogarskálina með atvinnurekendum á móti verkafólki í landinu. Ríkisstj. er með þessum hætti að efla Vinnuveitendasambandið stórkostlega, auka tekjur þess verulega, vegna þess að Vinnuveitendasambandið hefur tekjur sem eru fast hlutfall af launagreiðslum þeirra fyrirtækja sem eru aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands. Með þessum hætti eru hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. að taka um það ákvörðun að fyrirtæki fólksins í landinu, ríkisfyrirtækin, borgi herkostnaðinn gegn fólkinu sjálfu í kjaradeilum. Ég tel að hér sé um að ræða mjög alvarleg tíðindi. Er nauðsynlegt að þau verði rædd og spurningum verði svarað í þessu efni.

Það sem í öðru lagi vekur upp þessa umr. og er aðalástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár er sú ákvörðun ríkisstj. að ganga þvert á yfirlýsingar ríkisstj. frá 1966 um að það mætti ekki gerast að ÍSAL yrði aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Alþfl. samþykkti álsamninginn á sínum tíma, en hann setti eitt skilyrði. Það skilyrði var að ÍSAL yrði utan atvinnurekendasamtakanna. Hv. þm. Benedikt Gröndal gerði grein fyrir þessari afstöðu Alþfl. á sínum tíma og komst þannig að orði:

„Alþfl. hefur í afstöðu sinni til þessa máls tekið fram, að hann gerir það skilyrði að ÍSAL verði ekki í atvinnurekenda- eða iðnrekendasamtökunum.“

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu og samþykkt, sem gerð var í miðstjórn Alþfl. á þeim tíma, gaf þáv. iðnrh. afdráttarlausa yfirlýsingu og sendi bréf til Swiss Aluminium. Jóhann Hafstein, þáv. hæstv. iðnrh., gerði grein fyrir þessu í umr. á Alþingi og komst þá svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Inn í umræðurnar hefur spunnist það, hvort Alusuisse eða ÍSAL mundi verða þátttakandi í vinnuveitendasamtökum Íslands, og menn hafa lagt á það áherslu, að þeir yrðu það ekki, til þess að raska þá ekki jafnvægi í deilu milli íslenskra vinnuveitenda og verkalýðsfélaganna.“

Ég vek athygli á því að ég er hér að vitna í orð Jóhanns Hafstein.

„Í sambandi við þetta“, heldur ráðh. áfram, „barst mér svohljóðandi bréf frá Alþfl. dags. 15. apríl s. l.:

„Á fundi miðstjórnar Alþfl. 23. mars s. l. var gerð ályktun um afstöðu flokksins til byggingar álbræðslu í Straumsvík. Í þeirri ályktun er m. a. tekið fram:

Alþfl. telur að Íslenska álfélaginu hf. beri að sjálfsögðu að hlíta íslenskum lögum um skipti við stéttarfélög, en eigi ekki að ganga í samtök atvinnurekenda, iðnrekenda eða annarra sambærilegra aðila og hafa þannig áhrif á kjarabaráttu þjóðarinnar. Er það skilyrði

fyrir stuðningi Alþfl. við málið, að svo verði ekki.“

Hér lýkur tilvitnun í ályktun miðstjórnar Alþfl., en í bréfinu segir svo að lokum:

„Með tilvísun til viðræðna í ríkisstj. óskum við hér með eftir að fá staðfestingu viðkomandi aðila á, að þeir fallist á skilyrði þetta.“ “

Ráðherra heldur áfram: „Ég skrifaði svo samdægurs Swiss Aluminium og sendi afrit af þessu bréfi Alþfl. og fór fram á það, að fá staðfestingu á því, að þeir féllust á þetta skilyrði fyrir sitt leyti, áður en umræðu lyki hér í hv. deild, [þ. e. Nd.] og mér hefur borist bréf dags. 19. apríl frá Swiss Aluminium, þar sem segir svo efnislega, „að með vísun til þeirrar málaleitunar sem fram kemur í bréfi yðar 15. apríl 1966 viljum við staðfesta, að ÍSAL mun ekki gerast meðlimur vinnuveitendasamtaka á Íslandi.“

Þannig var alveg augljóst mál að það fylgdi sem skilyrði af hálfu annars stjórnarflokksins að þetta útlenda stórfyrirtæki gengi ekki inn í Vinnuveitendasamband Íslands. Og fyrir því voru alveg gild rök, þau rök sem fram komu í máli Jóhanns Hafstein og ég var að vitna til áðan. Það ber að vísu að viðurkenna að margir þm. töldu þetta skilyrði Alþfl. ekki mikils virði og bentu á að það væri mjög gagnslítið að byggja þetta skilyrði eingöngu á yfirlýsingu frá forstjórum Alusuisse. T. d. komst Einar Olgeirsson þannig að orði í þessari umr.:

„Hins vegar býst ég við, að það sé tiltölulega útlátalaust fyrir þennan hring að gefa yfirlýsingu um, að hann muni ekki fara í þessi samtök. Þessi hringur hefur næga möguleika samt að skipta sér af íslensku atvinnulífi og íslensku stjórnmálalífi, þótt hann gefi eitthvert slíkt bréf. En upp úr einni lítilli yfirlýsingu frá forstjóranum legg ég lítið.“

Hannibal Valdimarsson, sem þá sat á Alþingi og fjallaði um þetta mál, verandi forseti Alþýðusambands Íslands, komst þannig að orði:

„Skilyrði Alþfl. er einskis virði. Það er sett fram til þess að sýnast, en ekki til að þýða neitt.“

Mjög í sama streng tók Eysteinn Jónsson, sem var aðaltalsmaður Framsfl. í þessum umr. hér í Nd. þegar þær fóru fram, og Eysteinn Jónsson, þáv. formaður Framsfl., varaði mjög við því að þessu útlenda stórfyrirtæki yrði hleypt inn í Vinnuveitendasamband Íslands. Það er rétt að lesa ummæli hans hér vegna þess að mig grunar að núv. formaður Framsfl. hafi ekki gert það nýlega. Með leyfi virðulegs forseta komst Eysteinn Jónsson svo að orði:

„Við höfum oft deilt um, hvernig tekist hafi og ekki alltaf verið hrifnir hver af öðrum í sambandi við kjaramálin, satt að segja, svo að við séum hreinskilnir. En inn í þennan mikla vanda getur einmitt svona stórfellt atvinnufyrirtæki troðið sér með því að fara að styðja annan aðilann í þessu sambandi og þá auðvitað Vinnuveitendasamband Íslands.“

„Auðvitað Vinnuveitendasamband Íslands“, sagði formaður Framsfl. þá.

„Annaðhvort troðið sér í það,“ heldur hann áfram, „eða styrkt það, og þaðan er mjög stutt yfir í sjálfa pólitíkina, því að við skulum ekki vera með neina hræsni. Það er mjög stutt þaðan yfir í pólitíkina og við vitum vel hvað er hinum megin við þær dyr, þ. e. a. s. hvert sú leið liggur. En þeir í Alþfl. hafa einhverjar áhyggjur af þessu, talsverðar, því að þeim dylst þetta náttúrlega ekki, — þótt þeir hafi dregist inn í þetta, þá dylst þeim þetta ekki. Það kom stefnuyfirlýsing frá þeim um, að hvað sem öðru líður, þá væri það skilyrði af Alþfl. hendi, að þessi hringur gengi ekki í Vinnuveitendasambandið. Ég spurði svo blátt áfram, hvernig ætti að tryggja þetta. Hvar væri að finna í þessum plöggum öllum, að gengið væri frá þessu?

Og hvernig voru svörin?“ heldur Eysteinn Jónsson áfram. „Hann sagði,“ — Benedikt Gröndal — „að Alþfl. vildi að það yrði fengin yfirlýsing frá hringnum. Fengin um þetta yfirlýsing!“ segir Eysteinn Jónsson. „Herra Meyer frá hringnum sagði í viðtali við Morgunblaðið, að þetta mál væri ekki á dagskrá.“

Menn geta svo velt því fyrir sér innan sviga hvort hæstv. núv. form. Framsfl. mundi orða þetta svona og segja: „Herra Meyer frá hringnum“, þegar hann er að tala um þennan ákveðna mann.

„Herra Meyer frá hringnum sagði í viðtali við Morgunblaðið, að þetta mál væri ekki á dagskrá. Hann hefur víst ekki kynnt sér dagskrá Alþfl., eða hann telur hana ekki svo mikils virði, að það þurfi að taka tillit til hennar. En svo maður sleppi nú öllu spaugi, af því að þetta er alvarlegt mál, þá vil ég leyfa mér að spyrja: Hvaða hald er í yfirlýsingu frá hringnum um, að hann ætli ekki að ganga í Vinnuveitendasambandið og hvaða viðurlög verða ef hann gerir það samt? Á þá samningurinn að falla úr gildi, ef þeir gera það? Er það þess háttar yfirlýsing, sem Alþfl. ætlar að beita sér fyrir? Og hvar á hún að koma, á hún að koma inn í samninginn, eða hvar á hún að koma? Hún hefur ekki fundist í samningnum. Ein yfirlýsing, venjuleg. Þetta eru aðeins 45 ár. Það er víst miklu meira en meðal mannsævi. Og það má vera mikil trú, ef menn leggja upp úr yfirlýsingu frá hringnum, sem kæmi nú, og tækju hana sem góða og gilda vöru og tryggingu í þessu mikilvæga máli.“

Þannig kemur fram í máli Eysteins Jónssonar aftur og aftur að hann telur að hér sé um að ræða stórhættulegt fyrirbrigði, að þessi auðhringur muni troða sér inn í Vinnuveitendasambandið. Og hann er þeirrar skoðunar að réttast væri að setja það í lög að hann mætti ekki ganga í Vinnuveitendasambandið vegna þess að Eysteinn Jónsson hafði ekki trú á því að yfirlýsing handa Alþfl., gerð af íhaldinu í ríkisstj. 1966 dygði stundinni lengur.

Hins vegar hefur Eystein Jónsson örugglega ekki órað fyrir því að það yrði formaður Framsfl. sem afnæmi þessa yfirlýsingu. Sú er nú reisnin yfir leiðtogunum þar á bæ um þessar mundir.

En þrátt fyrir það, virðulegi forseti, að fjöldinn allur af þm. ræddi um að lítið hald væri í þessari yfirlýsingu verður hins vegar að viðurkenna það að álsamningurinn fór í gegnum þingið vegna þessarar yfirlýsingar sem Alþfl. var gefin. Þannig hafði hún pólitískt gildi út af fyrir sig. Og þess vegna er í rauninni með samþykkt ríkisstj. Íslands núna verið að brjóta gegn þeim anda, þeim forsendum, sem þessi samningur var byggður á á sínum tíma. Við skulum muna að hann fór hér í gegnum þingið með knöppum meirihluta. Það var enginn stór meirihluti sem rótaði þessum samningi í gegnum þingið á sínum tíma. Það voru 32 þm. sem viðreisnarflokkarnir höfðu á móti 28 þm. Alþb. og Framsfl. (**Iðnrh.**: Var það ekki nóg?)

Það dugði þá og verulegur hluti af þessum þm., hæstv. iðnrh., studdi samninginn í þeirri góðu trú að

ÍSAL yrði ekki látið fara inn í Vinnuveitendasamband Íslands og að það yrði a. m. k. ekki gert að frumkvæði ríkisstj. eins og það virðist vera núna, að frumkvæði ríkisstj. Steingríms Hermannssonar.

Í sambandi við þessa umr. og af því að hæstv. iðnrh. er að kalla hér fram í eins og fyrri daginn er rétt að víkja aðeins nánar að ummælum Jóhanns Hafstein, þáv. hæstv. iðnrh. En hann var spurður: Hvernig er staða ríkisstj. gagnvart ÍSAL þegar kemur til verkfallsboðunar hjá því fyrirtæki? Þarf þá ríkisstj. að grípa alveg sérstaklega inn í?

Ég mæli þetta af gefnu tilefni vegna þess að hæstv. núv. iðnrh. lýsti því yfir á dögunum að beita ætti starfsmenn álversins þvingunum, banna þeim að neyta verkfallsréttar, ef þeir ekki hlýddu ríkisstj. í einu og öllu. Þessi hótun Sverris Hermannssonar, hæstv. iðnrh., var auðvitað alveg dæmalaus af ráðh. í þessari stöðu.

En er það þá kannske þannig að hæstv. iðnrh. hafi talið að hann hefði alveg sérstakar skyldur við þetta fyrirtæki og meiri skyldur við það en önnur fyrirtæki í landinu? Honum bæri alveg sérstaklega að halda verndarhendi sinni yfir því og koma í veg fyrir að menn neyttu verkfallsréttar síns gagnvart þessu fyrirtæki? Höfðu verið gerðir einhverjir leynisamningar árið 1966 um að alveg sérstaklega ætti að halda utan um þetta fyrirtæki þannig að verkamenn þar gætu ekki beitt þeim mannréttindum að geta lagt niður vinnu til að knýja á um breytingar á kaupi og kjörum?

Það er ekki. Það er alveg skýrt úr umræðunum um álmálið á sínum tíma að ekki var um það að ræða að menn teldu að þá hefðu verið gerðir neinir baksamningar. A. m. k. sagði Jóhann Hafstein í umr. í svari við fsp. frá Einari Olgeirssyni:

„Því er þar til að svara að ríkisstj. hefur engar sérstakar skyldur gagnvart verkföllum í bræðslunni fremur en á vinnustöðum yfirleitt."

Þetta var alveg afdráttarlaus yfirlýsing frá Jóhanni Hafstein og hann bætti við: „Alusuisse á enga heimtingu á því að ríkisstj. grípi til sérstakra ráðstafana til að tryggja vinnufrið í bræðslunni." Þannig að fyrir þingheimi var það alveg skýrt að ekki var um það að ræða að gert væri ráð fyrir að þetta fyrirtæki ætti að njóta annarrar stöðu gagnvart lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur en önnur fyrirtæki í landinu umfram það sem beinlínis er kveðið á um í álsamningnum sjálfum.

En núv. hæstv. iðnrh. virðist vera þeirrar skoðunar að þetta fyrirtæki eigi að njóta alveg sérstakrar meðferðar. Og ég spyr: Hvað hefur gerst í tíð núv. ríkisstj. sem gerir það að verkum að þetta fyrirtæki eigi að njóta forréttinda þegar kemur að því að takast á við verkafólk í þessu landi?

Það er greinilegt, herra forseti, af þeim umr. sem fóru fram um álmálið á sínum tíma að allir þm., líka hæstv. ráðherrar, eins og hæstv. þáv. forsrh. Bjarni Benediktsson, höfðu mjög miklar áhyggjur af því skrefi sem væri verið að stíga með því að hleypa þessu erlenda fyrirtæki inn í landið. Og það kemur fram aftur og aftur í umr. að hættan sé ekki síst fólgin í því að þetta fyrirtæki seilist til áhrifa innan atvinnurekendasamtakanna í landinu og jafnvel innan stjórnmálaflokkanna og það eignist flokka og eignist blöð og eignist menn.

Þrátt fyrir þetta, þessar skýlausu yfirlýsingar árið 1966, hefur það nú gerst að ríkisstj. hefur einhliða tekið ákvörðun um að benda ÍSAL á að fara inn í Vinnuveitendasamband Íslands. Og spurningin er þá: Hvað hefur gerst? Er það allt rugl sem menn sögðu 1966? Er það endileysa og fjarstæða sem Eysteinn Jónsson lýsti yfir 1966? Er yfirlýsing Jóhanns Hafstein frá 1966 markleysa?

Nú er því að vísu borið við að samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar — það var nú eitt hálmstráið sem þeir fundu upp — væru þannig að þeir þyrftu alveg endilega að skella þessu fyrirtæki inn í Vinnuveitendasambandið. En hvernig stendur það mál? Ef það er svo að samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar reki ÍSAL inn í Vinnuveitendasambandið þá var yfirlýsing ríkisstj. 1966 lögbrot vegna þess að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem kveður á um þetta var gerð árið 1950. Aðild Íslands að henni varð til 1950. Þannig að hér er vitaskuld útilokað að bera fyrir sig aðild Íslands að samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Hvernig stendur á því að þessi samþykkt er gerð í ríkisstj. þegar engin umsókn liggur fyrir frá ÍSAL um inngöngu í Vinnuveitendasambandið? Eða liggur hún fyrir? Hvernig stendur á því að þessi samþykkt er gerð, ég vil segja, með ágreiningi í öllum stjórnmálaflokkunum? Mér er kunnugt um að innan Sjálfstfl. er verulegur ágreiningur um þessi vinnubrögð. Það kemur m. a. fram í samþykkt Alþýðusambands Íslands, en að henni stendur m. a. Björn Þórhallsson varaforseti Alþýðusambands Íslands. Hvaða nauðung er það sem rekur Sverri Hermannsson, hæstv. iðnrh., til þess að ganga gegn flokksfélögum sínum með þessum hætti? Og hvað á þetta að þýða hjá hæstv. forsrh.? Er hann endanlega að taka með þessu ákvörðun um að slá striki yfir svo að segja allt sem Framsfl. stóð fyrir hér fyrr á árum? Var hæstv. forsrh. beygður í ríkisstj.? Gerði hann kannske tillögu í ríkisstj. um þetta mál? Hvernig stendur á því að hans ríkisstj. tekur þessa ákvörðun? Ég held að óhjákvæmilegt sé að hæstv. forsrh. svari einnig þessum spurningum.

Nú hefur það komið fram að þrátt fyrir samþykkt ríkisstj. mun ekki hafa verið tekin ákvörðun í stjórn ÍSALs um að ganga í Vinnuveitendaamband Íslands. Og af því tilefni vil ég segja: Ég skora á hæstvirta ráðherra að halda þannig á málum að það gerist aldrei. Ég tel að það sé stórkostlega hættulegt ef erlent fjármagn fer þannig inn í atvinnurekendasamtökin. Það sé verið að marka braut hér í landinu sem við vitum ekkert hvert leiðir okkur.

Fróðlegt er að velta fyrir sér hvernig það Vinnuveitendasamband Íslands verður þegar kannske væru komin fleiri útlend stórfyrirtæki inn í það og væru farin að ráða þar svo að segja öllu. Væri það vinnuveitendasamband sjávarútvegsins á Íslandi? Svarið er nei. Það væri vinnuveitendasamband hinna erlendu stórfyrirtækja. Væri það vinnuveitendasamband hins almenna íslenska vöru- og þjónustuiðnaðar? Svarið er nei. Það væri vinnuveitendasamband hinna erlendu stórfyrirtækja. Væri það vinnuveitendasamband íslenskrar verslunar? Svarið er nei. Það væri vinnuveitendasamband ofurselt fjármunum útlendinga í einu og öllu.

Og hvernig væru þeir menn sem yrðu fyrir þeirri ógæfu að verða talsmenn þessa vinnuveitendasambands, væru t. d. í vinnu hjá því vinnuveitendasam-

bandi? Við höfum kynnst því hvernig því háttar með þá menn sem hafa tekið laun hjá Vinnuveitendasambandinu um árabil og verið talsmenn þess og síðan komist til metorða innan stærsta stjórnmálaflokks í landinu. Hvernig verða þeir menn sem yrðu framleiddir við skrifborð vinnuveitendasambands hinna erlendu stórfyrirtækja? Hugsi menn um það eitt augnablik hvað hér er að gerast. Hugsi menn um það eitt augnablik hvaða áhrif svona ákvörðun getur haft á samsetningu og stöðu og efnahagslegt sjálfstæði íslensku þjóðarinnar.

Íslenskir verkamann hafa á undanförnum árum lagt á það mjög mikla áherslu að ef þeir ættu að velja þá vildu þeir að sjálfsögðu frekar berjast gegn íslenskum kapítalistum en erlendum og hafa lagt á það höfuðáherslu þó að menn hafi haft skiptar skoðanir um stjórnmál að þá bæri að tryggja það að atvinnulífið væri í eigu Íslendinga skilyrðislaust. Nú er verið að ganga inn á nýja braut í þessu efni.

Ég endurtek, herra forseti, að ég skora á ríkisstj. að láta þetta ekki gerast. Ég skora á ríkisstj. að hugsa sitt mál vandlega áður en lengra er haldið á þessari braut. Ég tel í fyrsta lagi að aðild ÍSALs að Vinnuveitendasambandi Íslands væri stórháskalegt skref sem gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Í öðru lagi tel ég að aðild ríkisfyrirtækjanna að Vinnuveitendasambandi Íslands sé fráleit vegna þess hversu þeim fyrirtækjum er háttað.

Í þriðja lagi tel ég að ákvörðun ríkisstj. um aðild ÍSALs að Vinnuveitendasambandinu brjóti gegn þeim viðhorfum sem viðreisnarstjórnin og þar með Alþingi allt hafði 1966. Þannig hefur ríkisstj. brotið gegn þeim anda sem lá til grundvallar samþykkt álsamningsins á sínum tíma.

Í fjórða lagi tel ég að ákvörðun ríkisstj. um aðild ÍSALs að Vinnuveitendasambandinu sé enn frekari staðfesting á þeirri grundvallarbreytingu sem hefur orðið á Framsfl. sem nú telur ekki einasta við hæfi að starfa með hægri öflunum heldur gengur fram í því að styrkja þau með beinum ákvörðunum, bæði að því er varðar ríkisfyrirtækin og ÍSAL. Hér er nú svo komið að sá flokkur sem einu sinni í ályktunum sínum taldi sér skyldast að hafa samstarf og samvinnu við alþýðuhreyfingu þessa lands og var í upphafi sprottinn upp af brýnni þörf þeirra manna sem voru að berjast gegn erlendu kaupmannavaldi, telur sér ekki einasta rétt að hafa samstarf við afturhaldið í landinu, heldur leggur sig bersýnilega nú orðið fram um að hlaða undir íhaldið og hægri öflin og styrkja þau sem aldrei fyrr. Svona er komið þeim flokki. Það hefði Benedikt á Auðnum þótt sérkennileg latína.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Þessir tveir hv. fyrirspyrjendur hafa fjallað um sama mál svo eðlilegast er að reyna að svara þeim sameiginlega. Ég vil byrja með því að lesa 1. gr. í efnahagsmálakafla ríkisstj., með leyfi forseta.

„Festa verði sköpuð með raunhæfri gengisstefnu sem ásamt aðhaldssamri fjármála- og peningastefnu myndi umgjörð ákvarðana í efnahagslífinu. Að loknum aðlögunartíma beri aðilar vinnumarkaðarins ábyrgð á samningum um kaup og kjör í ljósi hinnar opinberu stefnu í gengis- og kjaramálum."

Í stefnuyfirlýsingunni er jafnframt fjallað ítarlegar um framkvæmd á þessum atriðum en ég læt nægja að lesa þennan kafla enda veit ég að allir hv. þm. lesa eins og áður var sagt stefnuyfirlýsinguna eflaust kvölds og morgna.

Á aðlögunartíma þeim sem nú er lokið hefur ríkisstj. náð þeim markmiðum sem hún setti sér með þeim brbl. sem gefin voru út 26. maí s. l. Tekist hefur að ná verðbólgunni úr um 130% í um 15% og er það reyndar töluvert betra en að var stefnt. Tekist hefur að draga úr viðskiptahalla sem var 10% árið 1982 í 2,5% og liggur nú fyrir endanlegt mat á honum. En viðskiptahalli á þessu ári stefndi í maí-júní-mánuði í allt að 10%.

Sömuleiðis hefur tekist að halda erlendum skuldum innan við 60% þjóðarframleiðslu eins og að var stefnt og vextir hafa verið lækkaðir um meira en helming og eru nú u. þ. b. 20% eða lægri á flestum lánum.

Hins vegar segir ríkisstj. jafnframt að hún muni skapa þann ramma sem aðilum atvinnulífsins, aðilum vinnumarkaðarins, er ætlað að starfa innan. Það hefur ríkisstj. einnig gert. Ríkisstj. hefur birt að hún muni ekki breyta gengi á þessu ári um meira en hámark 5% nema einhverjar sérstakar utanaðkomandi ástæður valdi. Ríkisstj. hefur einnig sagt að hún stefni að því að ná verðbólgu niður í 10% eða lægra í lok þessa árs. Ríkisstj. hefur í þjóðhagsáætlun sem lögð var fyrir hv. Alþingi í okt. s. l. gert ítarlega grein fyrir því hvernig þessum markmiðum megi ná. Í þeirri þjóðhagsáætlun kom m. a. fram að svigrúm til launahækkana innan þessa ramma er að meðaltali eða var þá að meðaltali talið vera 6%.

Eftir að tillögur fiskifræðinganna um verulegan samdrátt í þorskveiðum voru birtar endurskoðaði ríkisstj. þessi ákvæði. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar og ríkisstj. var þá sú að svigrúm til launahækkana, ef ná ætti þessum markmiðum sem ég nefndi, væri um 4%. Til viðbótar þessum markmiðum og sem ég gat ekki um áðan stefnir ríkisstj. að því að viðskiptahalli á þessu ári verði um eða innan við 1%.

Er þá ríkisstj. ekki að skipta sér af kjaramálum með því að gefa út slíka yfirlýsingu? Það hlýtur að vera. En ríkisstj. hefur gert það og það er satt að segja skylda ríkisstj. að birta þær forsendur sem aðilar vinnumarkaðarins geta farið eftir. Og það sem ég hef sagt í þessu sambandi er að kjarasamningar sem ganga langt umfram þetta samræmast alls ekki þessu markmiði. Þá munum við ekki ná verðbólgu niður í 10%. Þá munum við ekki ná því að viðskiptahalli verði um eða innan við 1%. Þá munum við ekki ná því að erlendar skuldir verði innan við 60%. Það er þetta sem ég hef sagt í þeim yfirlýsingum sem ég hef gefið og það mun ég halda áfram að segja.

Ég skal svo koma að nokkrum þeim atriðum sem hér hefur verið sérstaklega bent á og þá sérstaklega spurningum hv. þm. Guðmundar Einarssonar. Fyrsta spurningin var: Í ljósi ýmissa ummæla hæstvirtra ráðherra spyr ég hver sé skilningur ríkisstj. á hugtakinu „frjálsir samningar á ábyrgð samningsaðila" sem hún hefur þóst fylgja?

Ég hef þegar komið að hluta inn á þetta. Ríkisstj. hefur birt þann ramma sem hún ætlast til að aðilar vinnumarkaðarins starfi innan eða a. m. k. starfi innan ef þeir eru sammála þeim markmiðum sem ríkisstj. hefur sett sér í efnahagsmálum, í gengismálum, í

viðskiptahalla, í erlendum skuldum. Ríkisstj. hefur hvað eftir annað sagt að verði farið út fyrir þennan ramma muni þessi markmið ekki nást. Ríkisstj. hefur líka sagt að kjósi atvinnurekendur að semja um meira sé það á þeirra ábyrgð. Ég hef jafnframt sagt að treysti t. d. atvinnurekendur sér í þeim samningum sem nú standa yfir sér til að semja um meira skuli þeir ekki gera sér vonir um að því verði mætt með meiri gengisfellingu. Það verða þá útflutningsatvinnuvegirnir að bera og ég hef ekkert við það að athuga út af fyrir sig að þeir semji um slíkt ef þeir geta staðið við það án meiri gengisfellingar. Ríkisstj. mun standa gegn því að viðskiptahalli verði meiri en að er stefnt en það mun vissulega verða erfitt ef samið verður um meira en 4% launahækkun.

Önnur spurning: Telur ríkisstj. hættulegt efnahagsástandinu í landinu að starfsfólk einstakra fyrirtækja njóti þess sérstaklega í launum ef vel gengur? Ríkisstj. telur að ef gerðir verða samningar við einstök fyrirtæki sem brjóta verulega þann ramma sem ég hef lýst þá verði erfitt að standa gegn því að þeir sem langtum lægri launa njóta fái svipaðar hækkanir. Ég hefði satt að segja gaman af að spyrja hv. fyrirspyrjanda hvort hann sé mér ósammála um þetta. Hvað telur hv. þm. Guðmundur Einarsson? Telur hann virkilega ef starfsmenn ÍSALs fá 40, 30 eða jafnvel 20% hækkun að unnt verði að neita þeim lægst launuðu um a. m. k. eitthvað svipað og reyndar flestum öðrum í þjóðfélaginu því að þetta eru með allra tekjuhæstu mönnum í íslensku þjóðfélagi.

Ég segi því hiklaust að verði gerðir samningar við einstök fyrirtæki um verulega meiri launahækkanir en um er að ræða á hinum almenna markaði mun það þýða að slík launahækkun gengur í gegnum efnahagslífið og að þeim markmiðum sem við settum okkur verður ekki náð. Við skulum þá ekki tala um 10% verðbólgu í lok ársins. Við skulum tala um 20, 30, 40% eða jafnvel miklu meira í lok ársins.

Þriðja spurning: Var það skv. ósk ÍSALs að felldar voru niður hömlur á aðild fyrirtækisins að samtökum íslensks vinnumarkaðar? Ef svo er hvenær var sú ósk borin fram síðast? Um þetta fjallaði jafnframt aðallega ræða hv. þm. Svavars Gestssonar og get ég því komið inn á hans ræðu í svari við þessari spurningu.

Ríkisstj. eða hæstv. iðnrh. barst skeyti frá ÍSAL 19. jan. s. l. þar sem í fáum orðum sagt — skeytið er nú á ensku en ég fer efnislega með það hér — er farið fram á að ríkisstj. falli frá því ákvæði að ÍSAL verði ekki heimilt að gerast aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands þegar það kýs að gerast aðili. Hæstv. iðnrh. gerði grein fyrir þessari ósk ÍSALs á fundi ríkisstj. 19. jan. s. l. Málið var þá allítarlega rætt. Á fundi ríkisstj. 24. jan. lagði hæstv. iðnrh. jafnframt fram tillögu um þetta mál sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. samþykkir að fella niður skilyrði sem Swiss Aluminium Ltd. var á sínum tíma sett um að ÍSAL verði ekki félagi í samtökum vinnuveitenda á Íslandi, sbr. bréf iðnrh. Jóhanns Hafstein dags. 15. apríl 1966, sbr. einnig svarbréf Swiss Aluminium Ltd. 19. apríl 1966."

Um þetta urðu miklar umræður og var málinu frestað og athugað vandlega á milli funda, rætt við ýmsa menn sem þessu eru á einn eða annan máta tengdir. Þessi tillaga var síðan á fundi ríkisstj. 26. jan. síðastliðinn afgreidd með því skilyrði að ekki yrði um að ræða beina inngöngu ÍSALs í Vinnuveitendasamband Íslands heldur að félagið gerðist ef það óskaði fullur aðili að Félagi ísl. iðnrekenda og gæti þannig gerst óbeinn aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég geri á þessu ákaflega mikinn mun. Þær reglur gilda innan Félags ísl. iðnrekenda að þar getur enginn farið með nema 4% af atkvæðum þess félags hjá Vinnuveitendasambandi Íslands. Og þegar munu vera fjögur félög sem eru aðilar að Félagi ísl. iðnrekenda sem eru undir þessu þaki. Áhrif ÍSALs í Vinnuveitendasambandi Íslands verða því raunar aldrei nema brot af þessum 4%, af atkvæðum Félags ísl. iðnrekenda. Í mínum huga er þetta allt annað en bein aðild ÍSALs að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Ég vil einnig geta þess að upplýst er að ÍSAL hefur verið aðili að Félagi ísl. iðnrekenda að öðru leyti en að kjaramálum allt frá 14. júlí 1977 og sömuleiðis að ÍSAL hefur árum saman haft samning við Vinnuveitendasamband Íslands um fjölbreytta þjónustu, m. a. og ekki síst þegar kjaradeilur eru og greiðir til Vinnuveitendasambands Íslands þegar 0,2% af launagreiðslum hjá ÍSAL. Með þessari fullu aðild að Félagi ísl. iðnrekenda munu þær greiðslur til Vinnuveitendasambandsins verða 0,4%. Það eru því miklar ýkjur og öfgar að með þessu móti sé ÍSAL að gerast áhrifamikill aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Ég er þeirrar skoðunar að komið hafi í ljós frá því fyrrgreind og umrædd ákvörðun var tekin á Alþingi af hæstv. þáv. iðnrh. að ÍSAL gerðist ekki aðili að íslenskum samtökum atvinnurekenda, að sú ákvörðun var ekki rétt. Ég er þeirrar skoðunar að það sé langtum betra og heilbrigðara að launaákvarðanir hjá þessu fyrirtæki sem er í erlendri eigu verði í samræmi við það sem ákveðið er á íslenskum launamarkaði. Með því að þeir gerast nú fullir aðilar að Félagi ísl. iðnrekenda ef þeir óska og ákveða er ákvarðanataka um launagreiðslur hjá ÍSAL samræmd því sem ákveðið kann að vera hverju sinni af aðilum vinnumarkaðarins innanlands. Ég er ekki þeirrar skoðunar að heilbrigt sé að erlendur hringur ákveði þau laun sem hann greiðir í því fyrirtæki sem hann kann að eiga hér á landi án þess að tekið sé fullt tillit til þess sem tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði.

Ég er því þeirrar skoðunar að þarna hafi fundist skynsamleg lausn á þessu máli, sem sagt að þeir gerast fullir aðilar ef þeir óska að Félagi ísl. iðnrekenda en hafa ekki þau áhrif á Vinnuveitendasamband Íslands sem menn hafa hræðst.

Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi einnig nokkuð um aðild ríkisfyrirtækja að Vinnuveitendasambandi Íslands. Það er rétt sem hv. þm. sagði að ríkisfyrirtæki voru færð úr Vinnuveitendasambandi Íslands með samkomulagi í ríkisstj. 1971—1974. Hæstv. iðnrh. lagði fram á þessum sama fundi 24. jan. s. l. svofellda tillögu, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. lýsir sig samþykka ákvörðun iðnrh. um að fyrirtæki sem eru í umsjá iðnrn. sæki um aðild að samtökum vinnuveitenda. Þetta mál var einnig ítarlega rætt og geymt á milli funda og sú ákvörðun tekin að iðnrh. væri frjálst að gera þetta eins og hann leggur til og ráðherrar í ríkisstj. gerðu ekki aths. við það.

Ég held einnig að þarna beri að læra af reynslu. Mér

hefur ekki sýnst að reynsla undanfarinna ára sé jákvæð að því leyti að samningar við þessar verksmiðjur hafi verið í eins góðu samræmi við það sem gert hefur verið á hinum almenna vinnumarkaði eins og æskilegt er. Staðreyndin er sú að þessir samningar hafa iðulega gengið lengra en samið hefur verið um á hinum almenna vinnumarkaði. Yfirleitt hafa þessir samningar fylgt á eftir og orðið þeim vissulega til leiðinda og vandræða sem staðið hafa fyrir samningum á hinum almenna vinnumarkaði.

Það má einnig geta þess að samningar við ÍSAL hafa haft mjög mikil og víðtæk áhrif á samninga við ýmis iðnaðarfyrirtæki ríkisins. Þar hefur að sjálfsögðu verið viðmiðun og samanburður og iðulega erfitt að standa gegn því að ýmis launakjör sem hinn erlendi hringur kaus að veita sínum starfsmönnum yrðu veitt starfsmönnum íslenskra iðnfyrirtækja sem að sumu leyti hafa unnið við svipaðar aðstæður. Þá hefur þess að sjálfsögðu ekki verið gætt hvort afkoma þessara fyrirtækja hafi verið slík að undir slíkum launahækkunum yrði í raun og veru staðið.

Eins og kom fram í þeirri till. sem hæstv. iðnrh. flutti og ég las var þetta hans ákvörðun en hún var tekin án þess að mótmælt væri í ríkisstj. Ég tel að þessi ákvörðun hafi verið rétt. Ég tel eins og ég segi að reynsla undanfarinna ára hafi sýnt að æskilegast sé að stuðla að heildarsamningum um kaup og kjör í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg fleiri orð, virðulegi forseti. Ég hygg að áfram verði umr. hér um málið sem eðlilegt er og kem ég þá kannske síðar inn í þær umr. en vil aðeins undirstrika það að lokum — og reyndar hygg ég að ég eigi eftir að svara einni spurningu frá hv. þm. Guðmundi Einarssyni — að afskipti ríkisstj. sem slíkrar af þessum málum eru fyrst og fremst fólgin í að skapa, auglýsa og tilkynna þann ramma sem hún telur að fær sé íslensku efnahagslífi. Það hefur ríkisstj. gert og það mun hún gera áfram og leggja áherslu á að vilji menn ná þeim markmiðum sem að er stefnt verður ekki mikið vikið frá því sem sá rammi leyfir.

Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga þótt einstakir hæstv. ráðherrar kunni að hafa sínar persónulegu skoðanir á einstökum þáttum þessa máls. Ríkisstj. mun a. m. k. binda sig við yfirlýsingar sem tengjast þeirri efnahagsstefnu sem hún hefur sett íslensku þjóðinni.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Þegar sú ógeðuga aðferð er viðhöfð að veiða lunda í holu hans með krók, þá skal það ævinlega ske að hann ýtir kofunni fram fyrir sig og hún kemur á undan út. Ég hafði spurnir af því að hv. 3. þm. Reykv. ætlaði að beina fsp. til hæstv. forsrh. en ég vissi ekki að hann mundi ýta kofunni á undan sér. En það kom reyndar í ljós að svo var.

Áður en ég vík sérstaklega að ýmsum atriðum í máli hv. 4. landsk. þm., sem talaði eins og hann væri staddur hinum megin á sjöstjörnunni í öllu málinu, þá ætla ég að rifja hér upp atriði sem snerta aðild okkar að Alþjóðavinnumálastofnuninni, sem menn virðast gera lítið með í málflutningi sínum, þótt það séu að vísu lög. En Ísland gerðist aðili að þessari alþjóðasamþykkt um félagafrelsi og verndun þess 1950. Og það breytir engu um þó það hafi verið brotið, þessi aðild og þessi lög, með nótuskiptum 1966 hjá þáv. ríkisstj. Í þessari samþykkt segir svo, með leyfi virðulegs forseta, í 2. gr.:

„Verkamenn og vinnuveitendur skulu án undantekninga hafa rétt til þess að stofna og ganga í félög að eigin geðþótta án undangengins leyfis og séu þeir aðeins háðir reglum hlutaðeigandi félags um inngöngu í það.“ Og síðar í 5. gr.: „Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu eiga rétt á að stofna og ganga í félagasambönd og hverju slíku félagi eða sambandi skal heimilt að ganga í alþjóðasamtök verkamanna og vinnuveitenda.“

Þessi ákvæði eru ákaflega skýr og fyrir því stenst það ekki skv. lögum og reglum okkar, sem við skyldum halda í heiðri, að banna t. a. m. ÍSAL að gerast félagi í vinnuveitendasamtökum á Íslandi.

Á sínum tíma setti Alþfl. þetta skilyrði fyrir samþykkt sinni um samningana við Alusuisse. Og á þetta var fallist þótt það bryti í bága við lög. Það var ekki að vilja Sjálfstfl. þá og hefur aldrei verið. En samkomulag varð að nást. Þetta var gert með samþykkt í miðstjórn eða í flokksráði Alþfl. 23. mars 1966. Þetta eru auðvitað gersamlega úrelt viðhorf. Allt sem var lesið upp og vitnað í hjá Eysteini Jónssyni, ég tala nú ekki um Einari Olgeirssyni og Hannibal Valdimarssyni, er úrelt og einskis nýtt. Það eru gerbreytt viðhorf nema hjá einstaka kanarífugli sem enn kvakar í þessa veru. (**Gripið fram í:** Og Jóhanni Hafstein líka, var það ekki?) Við skulum ekki vitna gálauslega í látna menn. Það liggur alveg ljóst fyrir um hans afstöðu til þessa máls. Það sem hann las upp og vitnað var til var samið vegna samkomulags við Alþfl. á sínum tíma og var Alþfl. meiningar sem fallist var á af þáv. samstarfsflokki hans.

Það er líka löngu liðin saga, það veit hv. 7. þm. Reykv., að það sé í þágu verkalýðssamtakanna í landinu að kljúfa vinnuveitendasamtökin upp. Það er allt annað sem verkalýðssamtökin óska eftir. Þau óska eftir að fá að mæta þeim í heild sinni. Ég minnist þess þegar ég var í fyrirsvari fyrir verkalýðssamtök, sem ég var í 15 ár, hv. 3. þm. Reykv. hefur aðeins verið færilús á því skinni, að þá var það það versta sem upp á kom, eftir að hafa setið slímusetu kannske 40 daga og 40 nætur, að þurfa að elta uppi einstök fyrirtæki, sem ekki voru aðilar að heildarsamtökunum, þar sem menn voru gjarnan að nudda um einhver sérákvæði sér til handa eftir á.

Þótt þeir láti svo, þeir sem eru í fyrirsvari fyrir Alþýðusamband Íslands, að þeir séu andstæðir þeim vinnubrögðum að ÍSAL njóti og lúti íslensku forræði, þá er þeim ekki eins leitt og þeir láta. Ég hlýt að snúa máli mínu til hv. 7. þm. Reykv. sem hefur lagt starfsævi sína við starfsævi verkamanna á Íslandi alla sína tíð. Ætlar hann að fylkja liði og beita afli verkalýðssamtakanna til þess að knýja fram stórbætt kjör manna, sem hafa að meðaltali 32—34 þús. kr. á mánuði, meðan við sjáum ekki fram úr því hvernig við getum lofað fólki, sem er með 10 961 kr. á mánuði að fleyta fram lífinu? Ég þyrfti að fá svar miðstjórnarmanna Alþýðusambandsins við þessu. Og gjarnan hefði 3. þm. Vestf. mátt vera hér viðstaddur, einn úr miðstjórninni sem samþykkti mótmæli. Það er auðvitað hægt að hengja sig í yfirlýsingar eins og að menn boði frjálsa samninga. Og auðvitað hafa menn það fyrir framan sig að samningar eigi að vera frjálsir. En að á vinnumarkaðinum séu þau lögmál að vinnuveitendur í frjálsum samningum hafi aðeins hluta forræðisins en ríkið að einhverju leyti með

fyrirtæki sín utan við, það er úrelt og á ekki að eiga sér stað. Fyrir því er ég eindregið þessarar skoðunar, að öll ríkisfyrirtæki eigi að eiga aðild að allsherjarsamtökunum. Það er öllum aðilum fyrir bestu.

Hvað er það sem hv. 3. þm. Reykv. er í raun og veru að beita sér fyrir hérna þegar hann berst um á hæl og hnakka gegn því að ÍSAL í eigu auðhringsins Alusuisse lúti ekki íslensku forræði, heldur svissnesku, á íslenskum vinnumarkaði? Hvað er það sem verið er að biðja um með ýkjum og ofstæki, eins og því að þetta muni leggja undir sig samtök okkar og kaupa upp landið og að við stundum, eins og þeir hafa áður klifað á, landsölur? Auðvitað tekur þessi málflutningur engu tali. Hann gæti kannske upplýst hv. 4. landsk. þm. um það, hv. 3. þm. Reykv. hvað þessi fyrirsögn þýðir sem hann sjálfur, Svavar Gestsson, bjó til. Og hv. þm. Guðmundur Einarsson þarf ekki að láta eins og hann lætur hér uppi, að hann skilji ekki fyrr en skellur í tönnum.

Hvaða ís á að brjóta hérna, hvaða ís skyldi eiga að brjóta, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, með 40% kaupkröfu hjá fólki sem nýtur þeirra kjara að hafa 30—40 þús. kr. laun á mánuði? Og hvaða áhrif halda menn að það mundi hafa á íslenskt efnahagslíf ef þessir ísar væru brotnir? Þarf að tala í einhverjum muddum um þetta? Og ætlast einhver til þess af mér að ég haldi áfram að koma til dyranna eins og gert var hér og oftast hefur verið gert. ekki eins og ég er klæddur, að ég segi ekki frá skoðunum mínum í þessu efni, að ég segi ekki að ég muni beita mér gegn því af fullkominni hörku að slík ósvinna nái fram, sem mundi hafa þá fyrirmynd í för með sér að riðla öllu okkar efnahagskerfi? Hverjum dettur það í hug að ég muni segja eins og hér tíðkast og hefur reyndar alltaf tíðkast: Þetta verður auðvitað rætt í ríkisstj., við munum athuga þetta síðar. Aldrei komið til dyranna eins og menn voru klæddir. Til þess hef ég ekki skapsmuni og þeir eiga heimtingu á því, starfsmenn í ÍSAL, að vita mína afstöðu í þessu. Hún er þessi: að ég muni beita mér gegn því með öllum ráðum að þeir brjótist þannig í gegn, sem auðvitað yrði fyrirmynd fyrir alla aðra, ef þessir hálaunamenn næðu einhverju sem um munar nú.

Getum við ekki talað af hreinskilni um þetta? Hver var að tala um hræsni? (**Gripið fram í:** Þú gleymir vinnutímanum.) Hver var að tala um hræsni? Hvað veit hv. þm. um vinnutímann suður í ÍSAL? (**Gripið fram í:** Töluvert.) Jæja, á ég að æfa hann, hv. þm., æfa hann í því. Hann er styttri en tíðkast í nokkru öðru landi sem við þekkjum til. Þannig eru vinnustundir á ári samningsbundnar við ÍSAL 1632. Þær eru í Japan 2101, þær eru í Sviss 1904, þær eru á öðrum stöðum á Íslandi ekki 1632, heldur 1676. Þeir hafa í flestum atriðum betri kjör en hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni hefur tekist að ná fyrir sitt fátæka fólk. Og svo gera þeir Alþýðusambandsforkólfarnir þetta að þungamiðju baráttu sinnar að beita vagni sínum fyrir þessa hálaunamenn. Til lukku. En ég spyr: Ætlar hv. 7. þm. Reykv. að fylkja með í þessu liði? Það lék mér forvitni á að vita. Ég get svarað mér sjálfur. Auðvitað dettur honum það ekki í hug. Auðvitað dettur honum það ekki í lifandi hug. Hann horfir bara á þessa ósvinnu og getur auðvitað ekkert í þessu gert.

Nei, það er þá komið að því að fyrirsvarsmönnum Alþb. er hið mesta í mun að forræði fyrir svo gífurlega stórum vinnustað eins og suður í Straumsvík sé í höndum auðhringsins Alusuisse. Þannig er þetta dæmi. Og það er þýðingarlaust að bera á borð fyrir heilvita fólk að með því að þeir eignuðust aðild að samtökum íslenskra vinnuveitenda mundu þeir leggja þau undir sig. Það kemur ekki til nokkurra mála að horft verði aðgerðarlaust á það að auðhringur í Sviss fái að hafa einhver úrslitaáhrif á íslenskum vinnumarkaði. Fyrir þau sker er verið að reyna að sigla með því að þeir leiki ekki lausum hala hér.

Þeim verður ekki fyrirskipað að ganga í samtök vinnuveitenda á Íslandi. Það var um það samið í upphafi að þeir gerðu það ekki. Þess vegna verður sú krafa ekki sett fram. Þeir eru sjálfráðir að því. En bæði með vísun til þeirra laga og þeirrar stofnunar, Alþjóðavinnumálastofnunar, sem við erum aðilar að og af þeim ástæðum sem ég hef nefnt, þá eru þær hindranir, þau skilyrði numin brott á ríkisstjórnarfundi 26. þ. m. sem hindra að þeir geti gerst fullkomnir aðilar að vinnuveitendasamtökum.

Því ætla ég hér og nú að lýsa yfir, að eigi ég eftir að vera þar nær sem erlendur auðhringur semur við okkur um rekstur fyrirtækis síns á Íslandi, þá mun ég setja það að algeru skilyrði að þeir undirgangist allar skyldur í samtökum vinnuveitenda á Íslandi. Ég mun ekki semja um rekstur erlends fyrirtækis á íslenskri grund nema frá því verði gengið tryggilega að þeir eigi aðild að samtökum vinnuveitenda og þess gætt að forræði sé í íslenskum höndum og á íslenskum vinnumarkaði. Þannig snýr þetta dæmi við mér, umbúðalaust talað. Og það verður, þegar til lengdar lætur, íslenskum verkalýðssamtökum einnig til góðs.

Hvað með erlenda verkamenn á Íslandi? Þykir ekki sjálfsagt að þeir gangist undir skyldur okkar sem skv. vinnulöggjöf eru lagðar á herðar launþega og hafi þau réttindi? Að sjálfsögðu er þetta svona. Allt þetta er pólitískt þvarg og bull manna, sem vilja gildra til þess að koma kníeskoti á núv. ríkisstj. og eyðileggja þann stórkostlega árangur sem við höfum þegar náð, og varðar í því sambandi ekkert um fólkið hennar Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur eða Bjarna í Iðju. Þeir voru ekki að biðja um orðið utan dagskrár þegar verið var að upplýsa um kröfur þeirra, þegar þau mættu hér og lýstu yfir á opinberum vettvangi að þau teldu að ætti að einbeita sér að því að bæta hag þessa fátæka fólks. Það var ekki beðið um orðið utan dagskrár þá. En þegar verið var að trufla ÍSAL og Alusuisse í þeim möguleika, sem þeir kynnu kannske að bregða á, að sprengja hér upp íslenskan vinnumarkað, þá verða þeir snarvitlausir og koma hér upp og lesa gamla sálma löngu, löngu úrelta, sem enginn er farinn að hlusta á, ekkert nema falskir gamlir tónar, sungnir enn þá af mönnum sem kunna ekki rétt lag.

Já, hv. 4. landsk. þm. vildi væna mig um það að ég væri að skjóta skildi yfir ÍSAL, fyrir Alusuisse svo að þeir þyrftu ekki að borga eins hátt kaup. Ef þeir Alusuisse-menn hafa efni á að borga hærra kaup, þá þurfa þeir fyrst að borga mér hærra verð fyrir orkuna. Ég þarf að nota þá peninga til að létta sköttum af fólkinu í Iðju og hjá henni Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og til að bæta þeirra kjör áður en borguð verða hærri laun til starfsmanna sem eru með 30—40 þús. kr. laun á mánuði. Hvar eru umræður utan dagskrár vegna þessa fólks sem á ekki málungi matar? Nei, það er ástæða til

þess að standa hér upp á málþingi á hinu háa Alþingi með hrópyrði, skútyrði og köpuryrði landráðabrigsls þegar hálaunamennirnir í ÍSAL eru í kjarabaráttunni. Og það er auðvitað ekki vegna þess að þeim sé umhugað um þetta fólk, þessum hv. þm. Aðferðin er bara þessi að spana þetta upp ef þeir skyldu nú geta sprengt upp vinnumarkaðinn íslenska. Þetta sjá og vita allir.

Ef slíkt tilræði við íslenskt efnahagslíf næði fram að ganga, þá er það mín skoðun að núv. hæstv. ríkisstj. þurfi þegar í stað að segja af sér. Þá hefur henni mistekist ætlunarverk sitt. Þess vegna hlaut ég að tala opnum munni og segja hreinskilnislega frá því hver mín skoðun var á því til hvaða ráða yrði gripið og hvaða ráða yrði neytt. Og ég skammast mín ekki fyrir það. Ég endurtek öll þau ummæli mín og legg margfalda áherslu á þau. Menn mega svo halda því fram að það hafi orðið til þess að spilla samningum. Ef þeir samningar hefðu orðið til þess að sprengja vinnumarkaðinn upp, þá hafa ummæli mín þegar náð tilgangi sínum. Ef þeir ÍSAL-menn þola ekki að heyra það sem ég meina, skoðanir mínar, án þess að það sérstaklega styrki þá í baráttunni fyrir sanngjörnum kjörum, eins og þeir kalla sjálfir, þá verður svo að vera.

Nei, svarið við áskorun hv. 3. þm. Reykv. um það að ÍSAL gerðist ekki aðili að íslenskum samtökum vinnuveitenda er svona, að ég mun a. m. k. aldrei semja um stöðu erlends fyrirtækis á íslenskri grund nema það undirgangist allar skyldur sem við leggjum á herðar vinnuveitenda í þessu landi. Ekkert forræði kemur þar til greina af hálfu erlendra aðila. Ég hef að vísu hér í höndum margháttaðar upplýsingar, sem fróðlegt væri fyrir menn að kynna sér, um launakjör þar syðra, en ég læt hér staðar numið að sinni. (**SvG:** Hvað hefur forstjórinn?) Vafalaust er honum engin launung á því sjálfum, en ég sé ekki ástæðu til, nema það sé skatturinn sem spyr, að upplýsa neitt um það.

Það liggur ljóst fyrir að meðaltalslaun liggja töluvert yfir 30 þús. kr. í peningum fyrir utan margháttuð önnur kjör á þessum stað. (**SvG:** Viltu ekki afhenda þessar upplýsingar?) (**GHelg:** Er ráðh. ekki kunnugt um að það er vaktavinna í Straumsvík?) Mér er fullkunnugt um að það er vaktavinna og það er unnið 24 stundir í sólarhring og það eru þrískiptar vaktir oftast o. s. frv. o. s. frv. Þetta þekkjum við vel, að um er að ræða vaktaskipti og það er vaktaálag. Og eins og ég segi, það er sjálfsagt réttlátt að þeir séu verulega hærri en aðrir í launum. En lægsti taxti Dagsbrúnar, ef ég man rétt, er 10 961 kr. (Gripið fram í.) Ég fékk þær upplýsingar að þetta væri lægsti taxti Iðju, Dagsbrúnar og Sóknar, 10 691 kr. Það leiðréttist þá ef það er rangt. En meðaltalslaun þar syðra eru yfir 32 þús. kr. Það er sama hvernig menn velta þessu máli fyrir sér andspænis fyrirsögninni sem hv. 3. þm. Reykv. bjó til. (**SvG:** Hvaðan er þessi fyrirsögn?) Frá hv. 3. þm. Reykv. þegar hann var að brjóta ísinn. (Gripið fram í.) Ég þarf ekkert að lesa fyrir hv. þm. í þessum fræðum. En ég verð að segja að mér blöskrar málflutningur á borð við þetta. Þegar fólkið sem á erfiðast er vissulega þannig statt að það verður að koma til móts við það, og þegar menn eru að leita leiða til þess með öllum ráðum, þá er átakspunkturinn í öllum málunum færður suður í Straumsvík af hálfu forustu Alþb. Ég vildi óska þeim til sérstakrar lukku með það. Það er með ólíkindum að hlýða á slíkan málflutning og að þess sé krafist að forræði fyrir slíku stórfyrirtæki og áhrif svissnesks auðhrings verði óbifanleg hér á íslenskum vinnumarkaði. Þetta snýr auðvitað allt öfugt vegna þess að mennirnir vita ekki hvernig þeir eiga að snúast í málunum til þess að reyna að klekkja á ríkisstj.

Það er auðvitað mjög margt sem fram kom í ræðum hv. þm., sem ástæða væri til að drepa á. En að tala þannig við fullorðið fólk eins og þeir gerðu, að hér væri iðnrh. að halda hlífiskildi yfir ÍSAL, að þeir fengju ekki að borga verkamönnum eins og þeim kannske dytti í hug, láta sem þeir viti ekki hvernig staðan er í okkar þjóðfélagi, láta sem þeir hafi ekki hugmynd um að slíkt og þvílíkt, ef það gengi fram, mundi kollvarpa þeim árangri í efnahagsmálum sem við höfum þegar náð, yfir það ná engin orð.

Við erum ekki komnir að landi í þessum málum. Við eigum eftir mörg og erfið verkefni til úrlausnar. Við höfum ekki leyst hið geigvænlega sjávarútvegsdæmi enn þá. En að við í miðjum klíðum létum slíkt viðgangast, það kom ekki til mála. Og af því að það kom ekki til mála, þá hlaut Sverrir Hermannsson að segja frá þessari skoðun sinni hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Þetta sjá auðvitað allir menn. Og það er óþolandi hræsni sem menn beita hér fyrir sig þegar þeir tala um þessi mál í stöðugum muddum. Það er með ólíkindum að menn haldi áfram að láta sér til hugar koma að það blasi ekki við hverjum manni hvað þarna er á ferðinni.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er mikið í húfi þarna suður í Straumsvík. Það er hvorki meira né minna en sjálf hin markvissa efnahagsstefna ríkisstj., allur árangurinn sem náðst hefur í viðureigninni við verðbólguna frá því að ríkisstj. tók við völdum og til þessa dags. Þetta er kjarni þess máls sem hæstv. ráðh. hafa hér flutt. Hæstv. forsrh. spurði t. d. hv. þm. Guðmund Einarsson hvað hann héldi að af því leiddi ef starfsmenn í ÍSAL næðu 10, 15, 20, kannske 40% kauphækkun. Væri þá unnt, ef slíkt gerðist, að halda áfram að neita að bæta kjör hinna lægst launuðu? Hæstv. iðnrh. beindi hvössu augnaráði að hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og spurði: Ætlar þú að taka í þennan strenginn, hv. þm., formaður Verkamannasambands, formaður Dagsbrúnar, á sama tíma og það liggur ljóst fyrir að það á ekkert að gera, það hvorki gengur né rekur í samningum á vinnumarkaðinum um kjör hinna lægst launuðu? Og svo spurði hæstv. iðnrh.: Hvenær hefur það gerst að efnt hafi verið til utandagskrárumr. um málefni þess fólks sem búið er að þrýsta niður á örbirgðarstigið og á nú ekki málungi matar og vart til hnífs og skeiðar? Það er kannske rétt að byrja með því að svara þeirri spurningu.

Það hefur ekki þurft að efna til utandagskrárumr. um það mál, hæstv. iðnrh. Hér hafa verið lagðar fram tillögur hvað eftir annað á Alþingi, þar sem hæstv. ráðh. hefur verið gefinn mjög auðveldlega kostur á því að styðja aðgerðir sem mönnum bar saman um að hefðu orðið til að bæta einmitt kjör þeirra sem nú hefur verið þrýst niður á örbirgðarstigið í formi afkomutryggingar, án þess að nokkur minnsta áhætta væri tekin um að það leiddi til einhverrar kjarasprengingar á vinnumarkaðinum og kollvarpa hinum mikla árangri sem náðst hefur í viðureigninni við verðbólguna. Þessar tillögur hafa Alþfl.-menn flutt hér á þingi hvað eftir

annað. Þær hafa reyndar verið fluttar þing eftir þing, líka í tíð fyrrv. ríkisstj. og var þá hafnað af þáverandi stjórnarmeirihluta. Og þær voru fluttar nú. Þær voru fluttar í sambandi við afgreiðslu á brbl. ríkisstj. sem hétu því fagra nafni: Mildandi aðgerðir til að bæta hag þeirra sem verst eru settir. Þær voru fluttar aftur í sambandi við tekjuskattafrv. og að lokum við umr. um fjárlagafrv. Þegar þessar hugmyndir eru síðan nefndar í viðtali í dagblaði hér í Reykjavík, í viðtali við tvo verkalýðsforingja, kemur hæstv. forsrh. og segir: Þetta eru mjög athyglisverðar hugmyndir. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson lýsir því yfir í útvarps- og sjónvarpsþáttum að þetta séu mjög athyglisverðar hugmyndir. En engu að síður er það staðreyndin að búið er að fella þær tvisvar.

Ég nefni þetta vegna þess að hæstv. iðnrh. segir að afstaða manna til kjarasamninganna í ÍSAL byggist einfaldlega á þessu, að á sama tíma og ekkert hafi verið gert til að rétta hlut þeirra sem nú er búið að þrýsta niður á örbirgðarstig nái nánast ekki nokkurri átt svo mikið sem að hlusta á kjarakröfur starfsmanna í ÍSAL, vegna þess að þá sé allur hinn stórkostlegi ávinningur horfinn. Og síðan taka við hótanir um að þá muni það undur gerast að ríkisstj. muni segja af sér og þá væntanlega á þeirri forsendu að það verði mikill harmur kveðinn að þjóðinni ef til slíkra tíðinda dragi — eða hitt þó heldur. (**SvG:** Er ráðh. farinn úr salnum?) (**Fjmrh.:** Hvaða ráðh.?) (**SvG:** Iðnrh.) Það er alveg sýnilegt að hæstv. ráðh. er farinn úr salnum. En hvort vert er að spyrja um hvort það séu einhverjar skýringar á fjarveru hans, það veit ég ekki. Það er nú reyndar kominn í salinn hæstv. fjmrh., einn af hinum yfirlýsingaglöðu ráðherrum.

Það er ástæða til að spyrja einnar spurningar: Er sú fullyrðing rétt, að nái starfsmenn ÍSALs einhverjum árangri í sínum samningum, sem ekkert liggur fyrir um, liggi það þar með á borðinu að árangur ríkisstj. í viðureign við verðbólguna væri þar með fyrir bí? Það var sú spurning sem hæstv. forsrh. beindi til Guðmundar Einarssonar áðan. Ég skal svara því fyrir mitt leyti. Mér finnst engan veginn liggja á borðinu að svo sé. Má ég rifja upp að hingað til hafa menn oft í sambandi við samningamál nefnt að þau vinnubrögð sem tíðkast við kjarasamninga, bæði ÍSALs, ríkisverksmiðjanna og reyndar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, séu til mikillar fyrirmyndar. Hvers vegna? Vegna þess að þar hafa farið fram vinnustaðasamningar, vegna þess að þar hafa menn sameinast þótt þeir séu í ýmsum félögum, samningagerðin hefur farið þannig fram að félögin hafa gengið sameiginlega að kjarasamningum og þeir hafa verið leystir á þeirri forsendu að þrátt fyrir ólíka aðstöðu manna á vinnustaðnum hafa þeir verið leystir þar í heild. Þetta hefur þótt til mikillar fyrirmyndar. Það er einhver eðlilegasta og sjálfsagðasta krafa í sambandi við kjaramál að miða kaupkröfur við raunverulegar staðreyndir um afkomu viðkomandi fyrirtækis eða atvinnuvegar. Gerum nú ráð fyrir að þær staðreyndir liggi fyrir og séu mjög jákvæðar. Við vitum að hlutdeild launa í veltu- eða framleiðslukostnaði ÍSALs er tiltölulega mjög lág. Ég þykist vita að auðvelt væri að færa sönnur á að launakostnaður þessa aðila í samanburði við launakostnað í ýmsum grannlöndum okkar, þar sem hann er til mikilla muna hærri, sé einnig mjög lágur. Síðan vitum við að það hafa orðið umskipti á högum fyrirtækisins vegna þess að verð á álmarkaði hefur nú hækkað mjög verulega, birgðahald hefur mjög minnkað og aðstaða fyrirtækisins á allan annan máta batnað.

Hvers eðlis er þetta fyrirtæki? Þetta er útflutningsfyrirtæki, sem selur afurðir á erlendum markaði í erlendum gjaldeyri. Fyrsta spurning: Ef starfsfólkinu í ÍSAL yrði eitthvað ágengt í kjarasamningum, mundi þeim hækkunum þar með verða velt út í íslenskt verðlag til að auka íslenska verðbólgu? Ég fæ ekki séð það. Ég fæ engan veginn séð það. Það mun hafa nánar tiltekið svipuð áhrif og ef hæstv. iðnrh. yrði nú eitthvað frekar ágengt í samningum sínum við hinn erlenda aðila um hækkað orkuverð. Það yrði nettóhagnaður fyrir íslenskan þjóðarbúskap, án þess að verðbólguáhrif yrðu af þeim sökum nokkur. Síðan geta menn deilt um hvort fordæmisáhrifin yrðu til hins verra. Ef það er staðreynd að ríkisstj. ætlist til þess af atvinnurekendum að þeir semji, eins og hæstv. forsrh. sagði, innan ramma raunverulegrar afkomu og beri sjálfir ábyrgð á sínum kjarasamningum liggur ekkert fyrir um það. Aðstæður atvinnuvega geta verið mjög mismunandi. Og það er engan veginn sjálfgefið mál að þó að illa ári í sjávarútvegi, m. a. vegna þess að þar er fullkomin óvissa ríkjandi um nær alla þætti þess rekstrar, vegna þess að allan tímann frá því að ríkisstj. tók við völdum hefur hún ekki getað gert upp hug sinn eða mótað afstöðu sína um grundvallaratriði fiskveiðistefnu eða fjárhagslega endurskipulagningu þessa skuldum hlaðna atvinnuvegar, að kaupgjald megi ekki hreyfast í betur stæðum greinum. Það er mál sem ríkisstj. verður að eiga við sjálfa sig og þýðir ekki að varpa sökinni af því yfir á aðra. Það liggur ekkert ljóst fyrir og er engan veginn sannað að kauphækkun, jafnvel þótt samningar næðust um slíkt í ÍSAL, mundi kollvarpa einu eða neinu eða hleypa af stað neinu verðbólguhjóli í íslensku atvinnulífi. Það orsakasamhengi er allt annað en ef við lítum á fyrirtæki sem starfa á innlendum markaði eða selja afurðir sínar á innlendum markaði. Því er slegið föstu af hálfu ráðh. að þetta séu yfirgengilegar kröfur, þær séu reyndar svo yfirgengilegar að þær eigi ekki að ræða. Menn eiga jafnvel ekkert að hlusta á þær. Það er ósköp eðlilegt að menn byrji sína samningsstöðu með því að setja fram kröfur um að þeim verði bætt upp það sem þeir hafa misst í kjörum á þeim tíma sem liðinn er frá seinustu samningum, þegar fyrir liggur að um leið hafa orðið alger umskipti til hins betra hjá viðkomandi fyrirtæki. En auðvitað fullyrðir enginn neitt um hver niðurstaða kjarasamninga yrði, nema þá hæstv. ráðherrar sem byrja á því fyrir fram að lýsa því yfir að þarna eigi ekki einu sinni að hlusta á slíkt.

Það vill svo til að í Dagblaðinu í dag er opið bréf frá starfsmannni í Straumsvík til hæstv. iðnrh. Starfsmaðurinn segir að hann hafi lagt sitt litla lóð á þær pólitísku metaskálar sem hófu iðnrh. upp í stöðu alþm. fyrir Austurlandskjördæmi á sínum tíma. Hann gerir nokkra grein fyrir aðstæðum á sínum vinnustað og segir svo, með leyfi forseta:

„Nú er sem betur fer komin önnur tíð. Álverðið hefur sjaldan eða aldrei verið hærra, birgðir í lágmarki og hvert metið á fætur öðru er slegið hér suður í Straumsvík bæði hvað snertir straumnýtingu, magn framleiðslunnar og gæði. Og enn er gengið til samninga og starfsfólkið fer fram á það að fá að halda óbreyttum launum, en er þá sagt af óviðkomandi aðilum að það sé

svo mikil óáran í sjávarútveginum, hringormur í þorski, togarar alltof dýrir, frystihúsin undir hamrinum og Nígeríumennirnir borga ekki skreiðina, og þess vegna megi ekki hækka launin. Nei, kæri vinur, svoleiðis röksemdir eru ekki gjaldgengar fyrir sunnan Hafnarfjörð. Við svoleiðis röksemdum segja launamenn pass."

Það er ákveðin þversögn í því að segja við atvinnurekendur: Ríkisstj. hefur að vísu mótað sína stefnu almennt um hver sé greiðslugeta þjóðarbúsins, en það er hins vegar á ykkar valdi að bera sjálfir ábyrgð á kjarasamningum innan marka afkomu þessa atvinnuvegar. En áður en nokkuð er farið að láta á það reyna hverju menn fá áorkað í samningum er rokið upp til handa og fóta og gefnar yfirlýsingar út og suður í allar áttir með algerum fordæmingum á því að vera yfirleitt að hreyfa samningum. Allt er þetta síðan réttlætt með því að þetta sé óhæfa vegna þess að á hinum almenna markaði hefur ekkert gengið eða rekið í að bæta kjör hinna verst settu.

Hin raunverulega spurning er þá þessi: Hvað er það sem er líklegast til að kollvarpa þeim árangri sem ríkisstj. hefur náð í viðureign sinni við verðbólguna? Eru það þessir stórháskalegu hugsanlegu samningar í Straumsvík? Ég held ekki. Ég held að það sem væri líklegast til að kollvarpa ekki aðeins stefnu þessarar ríkisstj. heldur ríkisstj. sjálfri væri það ef þessi vetur á að líða allur þannig að ríkisstj. horfi á það aðgerðarlaust með öllu að umtalsverður hluti fólks á íslenskum vinnumarkaði og reyndar einnig fólk sem byggir afkomu sína á greiðslum almannatrygginga á að halda áfram að búa við kjör sem ofbjóða sómatilfinningu allrar þjóðarinnar. Og þetta eru tvö aðskilin mál. Ég vitnaði til þess áðan að hér á þingi hafa verið lagðar fram tillögur um lausn á því máli. Þær hafa verið lagðar fram ítrekað. Það hafa verið lagðar fram tillögur um lögbundin lágmarkslaun, 15 þús. kr. á mánuði, og það hafa verið lagðar fram mjög ítarlegar tillögur um afkomutryggingu eins og þm. kannast við.

Það var vitnað hér í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. af hæstv. forsrh. Það er rétt að vitna hér í annan kafla, um verndun kaupmáttar á bls. 5. Þar segir:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að bæta hag þeirra, sem verst eru settir, með eftirgreindum kjarabótum."

Síðan er það upp talið eins og menn kannast við. Staðreyndin í því máli er sú, að eina fólkið sem ekki naut neins hags af þessum svokölluðu kjarabótum var það fólk á vinnumarkaðinum sem verður að sjá sér farborða af lágmarkstekjunum, kauptryggingunni, þessum rúmlega 10 900 kr., sem og bótaþegar almannatrygginga. Þetta voru einu aðilarnir sem ekki nutu á nokkurn máta neins af þessu og reyndar er þeirra afkoma verri en hún var fyrir. Um þetta hafa verið tíunduð mörg dæmi og um það að afnema þetta hróplega misrétti voru tillögur okkar á sínum tíma.

Ráðherrar skáka í því skjóli að ekkert hafi verið gert til að bæta hag þessa fólks og á meðan megi ekkert gera á almennum launamarkaði. Til hvers leiða þær röksemdir að lokum? Þeir eru raunverulega að segja að enginn aðili í íslensku þjóðfélagi, enginn hópur launþega, hversu góð sem afkoma viðkomandi atvinnuvegar eða fyrirtækis kann að vera, megi hreyfa sig. Á sama tíma er upplýst og liggur fyrir staðfest og skjallega að sjálfir hafa þessir ráðherrar og þingmeirihluti þeirra ítrekað, oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, fellt það að gera sjálfsagðar ráðstafanir gegnum trygginga- og skattakerfi til að bæta hag þessa fólks, m. ö. o. til að koma á þessari lágmarkskauptryggingu, 15 þús. kr. með óbeinum hætti með því að hækka útborganlegan persónuafslátt gagnvart sköttum, sem kæmi þessum aðilum beint að haldi, án þess að hafa nokkur minnstu áhrif á verðbólgustig eða kaupsprengingu upp allan launaskalann. Þetta tvennt fer hvergi saman. Ég held að þessir ráðherrar ættu þess vegna að fara gætilega í því að bera fyrir sig samúð sína í garð þeirra sem verst eru settir meðan það liggur fyrir að þeir eru ófáanlegir til þess, eða hafa reynst það hingað til a. m. k., að gera það sem gera þarf þrátt fyrir stefnuyfirlýsingu í málefnasamningi ríkisstj., þrátt fyrir landsfundasamþykktir t. d. sjálfstæðismanna um að beita skuli skattakerfinu með þessum hætti og þrátt fyrir ítrekaðan tillöguflutning á Alþingi.

Ég verð að segja það eins og er að áhrif þessarar gífuryrtu yfirlýsingar ráðherranna eru fyrst og fremst þau að hleypa illu blóði í samninga sem voru á viðkæmu stigi. Þau þjónuðu engum tilgangi öðrum en þeim að gera ólíklegra en ella að samkomulag gæti tekist. Það var með öllu óþarfi að gefa slíkar yfirlýsingar með þeim hætti líka sem þær voru gefnar á þessum tíma. Og sú aðgerð að ríkisstj. beiti sér fyrir því að ÍSAL gerist aðili að samtökum íslenskra atvinnurekenda á þessum tíma verður vægast sagt að teljast í meira lagi hæpin. Meginröksemdin er síðan sú, að hvaða breyting sem verði til batnaðar á kjörum þessa starfshóps verði til þess að brjóta niður þau markmið sem ríkisstj. hefur sett sér í efnahagsmálum. Ég hef enga trú á að það sé staðreynd. Ég held að um þeirra mál sé sérstaðan slík að þessu verði ekki haldið fram með fullum rökum. Niðurstöður mínar eru því þær, að framferði ríkisstj. að þessu leyti hafi verið málunum yfirleitt til bölvunar og yfirlýsingar þeirra um að launþegar á Íslandi megi undir engum kringumstæðum hreyfa sig neitt í kjaramálum fyrr en eitthvað væri að gert til bóta fyrir hina lægst launuðu fá fyrst einhvern verulegan þunga og einhvern verulegan sannfæringarkraft ef það lægi fyrir að ríkisstj. hefði gert það sem í hennar valdi stendur til að rétta hlut hinna verr settu og það meira að segja með aðferðum sem ekki þyrftu að tefla í tvísýnu þeim árangri sem vissulega hefur náðst í verðbólgunni.

Guðmundur J. Guðmundsson: Virðulegi forseti. Þegar ég heyrði í hæstv. iðnrh. sællar minningar í síðustu viku var ég staddur á fundi í Verkamannasambandi Íslands og ég var sennilega einn af þeim fáu sem ekki reiddist vitundar ögn. Ekki var það nú vegna þess að mér líkaði málflutningur ráðh. heldur fóru að leita á mig ýmis gömul atvik. Til að hafa forsögu að þessum atvikum sem rifjuðust upp fyrir mér vil ég minna á að ég held að það hafi verið Adenauer, kanslari Vestur-Þýskalands, einn áhrifamesti stjórnmálaskörungur Vestur-Evrópu, sem efnislega mæltist eitthvað á þessa leið við gott tækifæri:

„Þegar maður sér og heyrir og þá ekki síður kynnist forsrh. íslenska lýðveldisins, Ólafi Thors, finnst manni nærri undarlegt að þetta sé forsrh. aðeins 200 þús. manna þjóðar. Maður skyldi ætla að hann væri betur kominn sem forsrh. 200 millj. manna þjóðar."

Þetta eru nú líklega einhver stærstu orð sem viðhöfð hafa verið um íslenskan þjóðhöfðingja. Því minnist ég

þessa að á árum fyrr — ég man ekki nákvæmlega hvort það var 1952 eða 1955 — höfðu verkamannafélagið Dagsbrún og nokkur önnur félög staðið í verkfalli. Til þess að herða á samningum — verkamenn voru orðnir aðþrengdir í þessu verkfalli — var boðað verkfall hjá vélstjórum í frystihúsum. Þetta þýddi að frostið hefði farið af frystiklefum húsanna sem voru yfirleitt full af fiski og þúsundir tonna hefðu eyðilagst.

Ólafur Thors hafði nokkuð annan hátt á en hæstv. iðnrh. Hann kallaði á sinn fund forustumenn boðaðs verkfalls, spjallaði við þá í upp undir 2 klukkustundir og óskaði eftir frestun verkfallsins og reifaði mál sitt skilmerkilega eins og hans var vandi og ræddi við viðstadda eins og jafningja. Forustumenn viðkomandi verkfalls eða verkalýðsfélaga — ég var nú ekki þarna staddur, þetta var fræg heimsókn — voru nú ekkert á því að lýsa yfir að verkfallinu skyldi frestað. Þó voru þeir allir löngu ákveðnir í að láta það ekki koma til framkvæmda. Í lok samtalsins sagði Ólafur: „Ég hefði gaman af að sjá ykkur ná kauphækkunum við frystihúseigendur þegar þeir eiga ekkert nema nokkur þúsund tonn af úldnum þorski í geymslunum. Farið þið nú út," sagði hann með sínum sérstæða hætti, „og svo eruð þið velkomnir aftur þegar þið eruð búnir að fá vitið og þá skal ég jafnvel bjóða ykkur upp á kaffi."

Þetta var eftirminnilegt samtal. Allt leystist þetta farsællega enda voru snillingar þarna á ferð eins og t. d. Eðvarð heitinn Sigurðsson og fleiri. En rök Ólafs á þessum fundi um úldna þorskinn voru óspart notuð á fundum Dagsbrúnar til að knýja fram frestun á þessum boðuðu verkföllum. Slík vinnubrögð, slík lagni og harka samtímis, verða ekki borin á hæstv. iðnrh. Hann hefur í þessari uppákomu í álverinu hagað sér eins og fíll í glervörubúð. Öll viðbrögð hans hafa einkennst af yfirlæti, hroka, ef ekki beinlínis valdníðslu. Með framkomu sinni hefur hann beinlínis kallað á verkfall í Straumsvík.

Annars er seta hans í ráðherrastól farin að verða nokkuð athyglisverð — það er verst að iðnrh. er ekki hér staddur. Sætleiki valdsins hefur stigið honum svo til höfuðs að jafnvel vinir þessa málsnjalla ráðh. eru farnir að undrast nokkuð. Hann hefur fyrirskipað sérstaka stafsetningu í rn. sínu og manni kæmi ekki á óvart þó að hann fyrirskipaði á næstunni sérstakan einkennisbúning meðal starfsmanna rn. Hann er farinn að tala af þvílíku yfirlæti að t. d. í síðustu viku var hann að ræða einhver fyrirtæki og sagði: „Fyrirtækin sem ég hef velþóknun á." Það er bara eins og drottinn allsherjar sé að tala. Og hann sagði hér áðan: „Þegar búið er að greiða **mér** raforkuverð. Þegar **ég** er búinn að fá ..." Hver sagði: „Ríkið, það er ég"?

Þetta er út af fyrir sig rannsóknarefni. En ég býst við að iðnrh. þurfi að bæta sig töluvert frá því sem verið hefur til að sagt verði um hann að æskilegt sé að hann væri iðnrh. hjá 200 millj. manna þjóð. Ég hugsa að flestum finnist nóg um þann málaflokk sem hann er ráðh. yfir. Ég held að með þessari framkomu, öllum þessum hótunum, öllum þessum hroka hafi hann beinlínis spennt upp þetta verkfall.

Ég skal ekkert um það fullyrða hvort möguleikar hefðu verið á að fá á því frestun. Það hefði mátt reyna það. En forsrh. sem ég minntist hér á áðan taldi ekkert eftir sér að ræða við menn, fara fram á þetta og nefna fyrir því rök. Þess í stað ganga hótanir. Þar sem **hann** sé á móti þessu og þessu muni það ekki ná fram að ganga. Ég held að ef einhver einn maður eigi sök á þessu sé það hæstv. iðnrh. Svona held ég að sé ákaflega óhyggilegt hjá ráðh. að haga sér í viðkvæmum málum. Iðnrh. er ekki viðstaddur svo að best er að spara frekari svigurmæli í hans garð þó að fleiri mætti til tína.

Nú þekki ég reyndar ekki ítarlega kröfur þær sem eru hjá starfsmönnum í Straumsvík. Hitt veit ég að þeir hafa talað um áfangahækkanir og þeir hafa talað um að fá kjaraskerðingu bætta og talað um að fá það í áföngum. Ríkisstj. hefur úrskurðað að það væri 40% lagfæring. Ég skal ekkert um það segja. Hins vegar er ákaflega villandi að tala um 30—40 þús. kr. kaup. Það er rétt hjá iðnrh. að kaup þarna er yfirleitt hærra en tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði. Það er hærra að því leyti að kauptrygging er eitthvað tæpar 11 þús. kr. Að vísu er nú lægsti taxti Dagsbrúnar svona um 9 600 kr. á mánuði í byrjunarlaun og kemst eftir 6 ár í 10 800 kr. Þeir munu vera með um 12 600. Ég held að kaup sé þarna hjá þeim sem lægstir eru um 12 600 og hjá þeim sem hæstir eru um eitthvað 18 þús. Ég býst ekki við að Vinnuveitendasambandinu ofbjóði það í sambandi við iðnaðarmenn en þarna er til viðbótar eins og kom fram í umr. um vaktaálag og gífurlega yfirvinnu að ræða.

Þarna hefur verið ófriðarástand. Verið hafa samfelldar uppsagnir á starfsmönnum. Andrúmsloft virðist vera þarna orðið býsna erfitt. Lagt er til grundvallar kaup sem á er vaktaálag, ekki einungis að þarna séu unnar þrjár vaktir, heldur er unnið þarna alla daga ársins. Að vísu kemur þarna ákveðið vetrarfrí fyrir þá helgidaga sem unnir eru en það er engin mínúta sem úr fellur. Hins vegar er vinnutími ekkert bundinn við þessa 1600 tíma. Það er óvíða meiri yfirvinna en á þessum vinnustað. Það er ákaflega villandi og óheiðarlegt af manni sem er hér iðnrh. og slær um sig hér sem fulltrúi réttlætisins að veifa slíkum tölum. Þessar tölur er hægt að koma með af miklu fleiri stéttum og hópum, ef tekin er yfirvinna, helgidagavinna og vaktavinna. (**Forseti:** Þar sem nú er komið að þingflokksfundatíma langar mig að spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni. Þessari umr. verður fram haldið á nýjan leik kl. 6. Það eru enn 3 hv. þm. á mælendaskrá og ef hv. þm. á töluvert eftir af sinni ræðu vildi ég óska eftir að hann mundi halda áfram sinni ræðu kl. 6.) Já, virðulegi forseti, það er eiginlega óráðið hvað ég tala lengi en ætli ég taki ekki ágætu boði forseta og haldi áfram þegar fundur verður boðaður að nýju. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Sannleikurinn er nú sá um þetta mál sem hér er á dagskrá að um það er hægt að ræða bæði í þrjá klukkutíma og tíu mínútur. Ég skal reyna að velja síðari leiðina og vil þá reyna að draga mál mitt saman.

Ég held að kröfugerð starfsmanna ÍSALs hafi verið ákaflega ýkt í fjölmiðlum. Ég held líka, eins og ég hef áður tekið fram, að framkoma og stíll hæstv. iðnrh. hafi verið ákaflega óheppilegur og hafi gert þarna erfiðara með alla samninga. Það vill nú verða svo á vinnumarkaði að upp koma ákveðin vandamál á vinnustöðum og sum þeirra eru ótrúlega oft staðbundin. Ég held að hluti af þeim vanda sem þarna er sé nokkuð staðbundinn. Hitt þarf hæstv. ríkisstj. ekki að láta sér koma neitt á óvart þó einhverjir launahópar í landinu vilji eitthvað rétta sinn hlut eftir það sem á undan er gengið.

Sannast að segja er ég ákaflega ókunnugur þessu fyrirtæki. Það félag sem ég á að veita forstöðu hefur ekkert með samningagerð þarna að gera og ég vil leiða minn hest frá því á þessu stigi að fullyrða þarna mjög ítarlega um kröfugerð. En af þeim viðtölum sem ég hef átt sýnist mér að allar tölur framámanna og fjölmiðla séu þarna ákaflega ýktar og þannig hafi verið haldið á þessum málum að það hafi skapað spennu og sé kannske torleystara en áður var.

En það er fleira sem hæstv. iðnrh. leggur til. Hann leggur til að fyrirtæki iðnrn. gangi í Vinnuveitendasambandið. Nú er það svo að þarna er verið að afhenda Vinnuveitendasambandinu, samtökum einkaaðila, ákveðið vald. Það er verið að framselja því vald sem ríkið hefur yfir sínum fyrirtækjum. Sannast sagna er ég einn úr þeim hópi sem hef oft verið ákaflega óánægður með það ósamræmi sem er milli almenns verkafólks og samninga ríkisstarfsmanna. En engu að síður, það er ákveðin vinnumálanefnd ríkisins. Hvar á að stoppa hluti af þessum starfsmönnum iðnrn.? Fyrirtæki iðnrn. falla undir BSRB. Verður það afhent Vinnuveitendasambandinu? Eða verður hluti af starfsfólkinu sem ríkið semur við og hluti af því sem Vinnuveitendasambandið semur við? Síðan er greiddur skattur til Vinnuveitendasambandsins, ekki er aðeins framselt vald yfir fyrirtækjum ríkisins heldur er greiddur skattur til Vinnuveitendasambandsins. Ekki skal ég fullyrða það á þessu stigi, vera má að gjöld í Vinnuveitendasambandinu hafi lækkað, en ég hélt að það væri meira en 0,4%. Það var það hér áður fyrr, en það hefur kannske lækkað, ég skal ekkert um það fullyrða.

Á svo að halda áfram? Ætlar ríkið að framselja t. d. samninga við ríkisbankana, áður en þeir verða seldir, til Vinnuveitendasambandsins? Á einhver hluti af bankastarfsmönnum að vera samningsaðilar við Vinnuveitendasambandið og hluti samningsaðilar við ríkisbankana? Í hvað er verið að fara þarna? Mér sýnist þarna hlaupið til ákaflega lítið grundað og það sem verra er að ekki er einu sinni tekið fram að t. d. í samningum við fyrirtæki iðnrn. sé áheyrnarfulltrúi frá ríkinu sem getur fylgst með málum.

Þessi mál eru öll ákaflega flókin og erfitt að ræða einstaka þætti þeirra. En ég verð að segja að þarna virðist mér ákaflega snarlega gripið til hendi. Ég er ekki viss um að það sé jafn vel grundað og hæstv. iðnrh. vill vera láta.

Hitt skal ég viðurkenna og hef aldrei farið dult með að oft hefur gætt ákaflega mikils ósamræmis milli ríkis og bæjarfélaga annars vegar við hliðstæða starfshópa og Vinnuveitendasambandsins hins vegar. Gagnrýni um það sem sjálfsagt kemur fram á eftir er á sínum stað. Mér dettur ekki til hugar að mótmæla því. Ég hef verið framarlega í þeim flokki að gagnrýna þau vinnubrögð.

Allt er þetta skiljanlegt hjá hæstv. iðnrh. og hjá þeim sjálfstæðismönnum. En leikurinn gerist hins vegar tvíbentari þegar þeir framsóknarmenn fara að ræða málin. Það er nú svo létt sannfæringin hjá hæstv. forsrh. að mér kæmi ekki á óvart þó að hann vippaði SÍS í Vinnuveitendasambandið. Hann hikar ekki við að segja um orð eins farsælasta foringja Framsfl., Eystein Jónsson — virtur vel, umdeildur, en er sakaður um annað heldur en vitsmunaskort í gegnum tíðina — að þetta sé löngu úrelt og bara óeðlilegt og óheppilegt. Ég vona að það kosti ekki of mikil læti þó lesið sé hér upp úr þingtíðindum, ég skal lesa lítið. Eysteinn Jónsson segir í ræðu:

„Ég nefni eitt dæmi, eitt atriði, sem verið er að ræða í sambandi við þetta sérstaka mál, þ. e. um þátttöku þessa álfyrirtækis í atvinnurekendasambandinu. Atvinnurekendasambandið er vitanlega mikið áhrifavald í íslensku þjóðlífi og hefur stórkostleg áhrif á þjóðarbúskapinn og eitt sem kemur upp í þessu sambandi er þetta: Á þetta fyrirtæki að vera í Vinnuveitendasambandinu og beita áhrifum sínum þar í íslenskum þjóðarbúskap? Menn geta náttúrlega alla vega leikið sér með orðið pólitík, en auðvitað er okkur ljóst að það er auðvitað pólitískt atriði hverjir hafa áhrif í atvinnurekendasambandinu eða Vinnuveitendasambandinu."

Og áfram í þessum dúr sem lesið var hér áðan hvernig Alþfl. ætlaði sér að tryggja að þeir gengju ekki í Vinnuveitendasambandið og síðan þessi fleyga setning Eysteins Jónssonar í þessari þingræðu:

„En að því er Morgunblaðið hefur eftir herra Meyer er svo að sjá að frá þessu hafi alls ekki verið gengið. Hringurinn telji það ekki á dagskrá." o. s. frv., o. s. frv.

Mér kæmi ekki á óvart eftir að hæstv. forsrh. er búinn að dæma þessar fullyrðingar fyrrv. formanns Framsfl. bull og vitleysu að næsta verkefni hans væri að kippa SÍS inn í Vinnuveitendasambandið til þess að fá samræmingu í hlutina. Það er þetta sama prinsippleysi, þessi tækifærispólitík. Einn daginn er algjörlega staðið á því að þetta sé pólitísk ráðstöfun að láta erlend fyrirtæki styrkja og efla Vinnuveitendasambandið. Nú er einhver hópur sem er í einhverjum erfiðleikum, — hæstv. forsrh., þá burt með prinsippin, bara inn í Vinnuveitendasambandið með þá. Ef Eysteinn Jónsson hefur sagt eitthvað hér áður fyrr eða aðrir framámenn Framsfl. og það kemur illa við mig, þá látum það bara detta. Þetta er þetta pólitíska prinsippleysi og mér kæmi satt að segja ekki á óvart þó að SÍS yrði nú vippað inn í Vinnuveitendasambandið þó að ekki hafi nú alltaf ríkt friður þar á milli án þess að ég vilji nú fara nánar þar inn í. (**Gripið fram í:** Er það nokkurt prinsippbrot?) Nei, ekki er það nú prinsippbrot, en dálítið er það nú hvimleitt þegar þarf að loka Vinnuveitendasambandið inni í öðrum enda hússins og Vinnumálasambandið í hinum og hafa sérstakan útgang fyrir hvern til að menn rekist ekki á. Þetta munum við Þorsteinn Pálsson báðir. Ég veit að Þorsteinn mundi fagna því, hv. 1. þm. Suðurl., ef hann fengi þennan hóp SÍS-manna undir sinn verndarvæng. Ég býst við að hann fái það ef þannig stendur á hjá forsrh., að hann þurfi að losa einhverja ákveðna klemmu. Það er ekki svo nojið með þessi prinsippbrot eða þessa samvinnuhreyfingu svona í augnablikinu þó hún gangi í Vinnuveitendasambandið.

Ég skal nú draga mál mitt saman. Ég vil þó aðeins segja að í sambandi við að talað hefur verið hér um að ÍSAL sé sá aðili sem helst hafi rutt veginn í þessum verksmiðjusamningum — já, það er nú svo, það er nú svo. Ég held að það hafi verið hv. 1. þm. Suðurl. — við höfum báðir lent í því að einn ákveðinn embættismaður, forstjóri járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, hann hafði bara samið fríhendis og sprengdi ÍSAL og allar ríkisverksmiðjurnar. Eftirlitið var nú ekki meira þar. Svoleiðis að það eru nú allir hlutir til í þessu. Nú, ég ætla ekki að fara ítarlega yfir í það.

Líka ætlaði ég að spara mér — því að hvorugur þeirra

er viðstaddur, hæstv. heilbrrh. eða fjmrh. — en það kom hér fram hjá iðnrh. þessi ást og umhyggja fyrir hinum lægst launuðu sem ekki hafa til hnífs og skeiðar eins og það var orðað. Síðan var lögð áhersla á hugmyndir Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur og Bjarna Jakobssonar. Þær hugmyndir voru að vísu þokukenndar en ýmislegt var í þeim sem rétt væri að athuga. Það er auðvitað allt komið fram þegar sá ágæti ráðh. og ágæti maður, hæstv. heilbrrh., hafði viðtal við Morgunblaðið og lýsti því yfir að stóraukin útgjöld hjá ríkissjóði í sambandi við tryggingar hefði hann alls ekki á dagskrá. Þetta er nú ekki alveg orðrétt haft eftir en efnislega var það á þessa leið.

Hæstv. fjmrh. talar um halla á ríkisfjárlögum og að binda sig við 4%. Á sama tíma eru menn hér að tala um ást og umhyggju fyrir þessu fólki sem hafi ekki til hnífs og skeiðar. Eg er reiðubúinn til þess að setjast bara hér á eftir með iðnrh. með allt sitt vald og jafnvel semja við hann svo sem ég hef vald til um að þessi ást hans og umhyggja komi fram í einhverjum samningum og verkum. Svona skrúðmælgi er ekki heppileg. Hún hljómar vel í ræðustól og jafn orðsnjall maður og hæstv. iðnrh. getur fært hana í góðan búning en bak við þetta býr ekki neitt. Það á enginn jafn erfitt með að ná samningum og það fólk sem á lægstu kauptöxtunum er.

Ég skal ljúka þessu *máli mínu*. Ég vil aðeins ítreka að mér finnst allt reka sig á annars horn í þessum umr. Hitt veldur kannske einhverri furðu hjá sumum það prinsippleysi sem ríkir hjá hæstv. forsrh. Ég lýsi því yfir að það veldur mér engri undrun.

Þorsteinn Pálsson: Frú forseti. Þessar umr. hafa um margt verið athyglisverðar. Því er haldið hér fram af hv. 4. landsk. þm. að það fari ekki saman að viðurkenna frjálsa kjarasamninga og að ríkisstj. áskilji sér rétt til að skjóta málum sínum til þjóðarinnar sjálfrar. Þetta eru furðulegar fullyrðingar og einstakt að þessu skuli haldið fram á hinu háa Alþingi.

Að vísu er það svo, að hagsmunasamtökin í þjóðfélaginu hafa mikil völd og mikil áhrif og menn hafa oft þurft að beygja sig fyrir þeim áhrifum. En ég held að það væri illa komið fyrir stjórnarfari í þessu landi ef ríkisstj. ætti að þola það að mega ekki undir neinum kringumstæðum lýsa því yfir að hún væri reiðubúin að leggja mál sitt undir dóm þjóðarinnar ef í það stefndi að hagsmunasamtök, sem ekki hafa til þess vald að móta hina almennu efnahagsstefnu, ætluðu að brjóta stefnu ríkisstj. á bak aftur. Þvert á móti held ég að það sé mikilvægast fyrir lýðræðið í landinu að ríkisstj. hafi ótvíræða stöðu og ótvíræðar heimildir til að marka og fylgja fram ákveðinni efnahagsstefnu og hafa rétt til að leggja sín mál undir dóm þjóðarinnar. Og það eru engin hagsmunasamtök svo mikilvæg í þjóðfélaginu að þessi grundvallarréttindi í lýðræðisstjórnskipulagi eigi að þoka.

Guðmundur J. Guðmundsson, hv. 7. þm. Reykv., flutti hér athyglisverða ræðu um margt. Einkanlega var þó athyglisvert að hann benti með mjög skýrum hætti á stjórnlipurð Ólafs Thors. Auðvitað getur það skipt máli að tekið sé á atriðum sem þessum með lipurð og festu. Það dæmi sem hann nefndi er auðvitað einstakt, þegar um er að ræða birgðir í frystigeymslum, þar sem almennt hefur ríkt það viðhorf í samskiptum aðila á vinnumarkaði að þrátt fyrir harðar kjaradeilur þá yrði ekkert það gert sem stefndi því í hættu að slíkar birgðir eyðilegðust og þjóðin hlyti af mikinn skaða. Um þetta hefur verið mjög almennt þegjandi samkomulag milli aðila á vinnumarkaði. Þegar í það efni var komið að stefndi í tvísýnu var ekki óeðlilegt að forsrh. blandaði sér á sínum tíma í það mál með þeim hætti sem varð.

Það hefur oft komið fyrir í okkar þjóðfélagi að menn hafi lýst því yfir að það væri ástæða til að grípa inn í kjarasamninga með lögum. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt að ríkisstj. segi þeim sem eru að starfa úti í þjóðfélaginu, þar á meðal aðilum vinnumarkaðarins, alveg skýrt og skorinort hver hennar stefna er og að hvaða markmiðum sé unnið og innan hvaða takmarka menn hafi svigrúm til að gera kjarasamninga. Ég held að það sé bæði heiðarlegt og rétt og þeir aðilar sem að þessu vinna eigi að fá fyrir fram að vita afstöðu og hug stjórnvalda.

Ég minnist þess að það hefur verið hótað lagasetningu án þess að það hafi verið nefnt á nafn af hálfu verkalýðsfélaga að boða til verkfalla. Ég minnist þess að ráðh. talaði um að það gæti að því komið að grípa yrði inn í með lagasetningu og höfðu engin verkföll þó verið boðuð. Þetta var þáv. hæstv. félmrh., nú hv. 3. þm. Reykv. Hann var einfaldlega orðinn þreyttur á samningaþófi og taldi vegna þreytu sinnar á að bíða eftir því að aðilar næðu samkomulagi í frjálsum samningum tilefni til þess að hóta því að grípa inn í samninga með löggjöf.

Ég minnist þess líka að hv. 7. þm. Reykv., í stöðu sinni sem formaður Verkamannasambands Íslands, taldi æskilegt og jafnvel óhjákvæmilegt að grípa inn í samninga með löggjöf og að lögfesta sáttatillögu. Sú skoðun fékk að vísu ekki hljómgrunn innan Alþýðusambandsins og varaformaður Verkamannasambandsins andmælti henni kröftuglega og taldi að það byði heim óeðlilegum afskiptum af frjálsum samningum. Allt þetta hefur gerst. Þessi ummæli eru miklu harkalegra inngrip og hótanir um lögþvinganir en nú hafa komið fram því að þau ummæli féllu án þess að nokkrar hótanir væru uppi hafðar um verkfallsboðun eða vinnustöðvun.

Ef við horfum síðan á efnisatriði varðandi aðild Íslenska álfélagsins að Félagi ísl. iðnrekenda er rétt að hafa ýmis atriði í huga.

Í fyrsta lagi erum við, eins og fram hefur komið í þessari umr., aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni, höfum undirgengist samþykktir hennar þar sem mjög skýrt er kveðið á um að það er óheimilt að leggja hindranir fyrir þátttöku launþega og atvinnufyrirtækja í samtökum vinnumarkaðar í viðkomandi landi. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að við virðum þessa samþykkt, þó að á sínum tíma hafi samkomulag verið gert á milli Alþfl. og Sjálfstfl. í viðreisnarstjórn þegar samningar um Íslenska álfélagið voru gerðir, og að þessum hindrunum sé aflétt í fullu samræmi við grundvallarreglur íslensks réttar um félagafrelsi og í samræmi við þær alþjóðasamþykktir sem við erum aðilar að, í þessu tilviki Alþjóðavinnumálastofnunin sem er ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Annað atriði sem skiptir máli í þessu sambandi er það, hvar úrslitavald um samninga liggur. Eins og sakir standa er það annars vegar hjá íslenskum verkalýðsfélögum sem eiga aðild að samningum og hins vegar er valdið úti í Sviss. Með því að þetta fyrirtæki gerðist aðili

að vinnuveitendasamtökum væri búið að draga úrslitavald um niðurstöðu samninga frá Sviss til Íslands. Ég tel að það sé talsvert mikils virði að það sé gert. Og ég furða mig á því að talsmenn sósíalisma og verkalýðshreyfingar á Íslandi skuli andmæla því að úrslitavald um samninga á Íslandi skuli fært frá Sviss til Íslands. Það er furðuleg afstaða af hálfu þessara aðila í þjóðfélaginu.

Við skulum einnig horfa á þá staðreynd að samningar stórfyrirtækja af þessu tagi hafa veruleg áhrif á almennan vinnumarkað og önnur fyrirtæki sem starfa í nálægð þessara stóru fyrirtækja. Ég veit að hv. 7. þm. Reykv. er vel kunnugt um að það veldur ákveðnum erfiðleikum í nágrenni þessara stórfyrirtækja, hvort sem það er í Straumsvík eða á Grundartanga, þegar samningar fara þar fram. Það veldur erfiðleikum í fiskvinnslu og öðrum atvinnufyrirtækjum sem starfa í nálægð þessara fyrirtækja og hafa ekki sömu aðstæður til að gera og ganga að kjarasamningum. Það er þess vegna fullkomlega eðlilegt að við gerum það að skilyrði, þegar við gerum samninga við erlent fyrirtæki af þessu tagi, að þau lúti hér almennum reglum og fari eftir þeim meginreglum í kjarasamningum sem hér eru í gildi og fylgi þeirri stefnu sem uppi er af hálfu atvinnufyrirtækjanna í landinu á hverjum tíma í kjarasamningum og brjóti hana ekki á bak aftur. Íslensk fyrirtæki sem starfa í samkeppni við þessi eiga mjög mikið undir því að þetta sé gert. Þetta veit ég að hv. 7. þm. Reykv. er mætavel kunnugt. Og ef við ætlum á næstu árum að gera samninga um fleiri fyrirtæki af þessu tagi verður það enn mikilvægara að við göngum svo frá öllum málum að þetta sé tryggt, enda mun það vera svo víðast hvar í heiminum, þar sem alþjóðleg fyrirtæki starfa, að innlend stjórnvöld gera fyrst og fremst þá kröfu til þessara fyrirtækja að þau fylgi í kjarasamningum þeirri almennu stefnu sem atvinnufyrirtækin í viðkomandi landi fylgja. Það er þjóðernisleg krafa, eðlileg krafa atvinnufyrirtækja í landinu að stöðu þeirra sé ekki raskað af erlendum fyrirtækjum og í þessu tilviki að launastefnunni í landinu sé ekki ráðið til lykta úti í Sviss.

Því er haldið fram einnig í þessari umr. að það muni breytast svo mjög aðstæður á íslenskum vinnumarkaði vegna þess að þessi fyrirtæki fái aðild að heildarsamtökum vinnuveitenda. Í hinu orðinu er því haldið fram að það sé verið að reyna að koma í veg fyrir að Íslenska álfélagið borgi hærra kaup en gerist og gengur á almennum vinnumarkaði. Og því er haldið fram að afkoma þess sé með þeim hætti núna og hafi kannske jafnan verið eða yfirleitt, að þar hafi verið hægt að greiða hærri laun en almennt gengur og gerist. Á sama tíma og verið er að leggja áherslu á þetta setja menn hér á miklar ræður um að það sé verið að ógna verkalýðshreyfingunni í landinu með því að þessi fyrirtæki gangi inn í samtök vinnuveitenda. Hvað er að óttast ef það hefur komið fram og ef það liggur fyrir að þessi fyrirtæki vilja borga hærri laun en önnur fyrirtæki? Hvað hafa launþegar þá að óttast? Að þessi fyrirtæki komist til áhrifa í samtökum vinnuveitenda? Ég sé ekki samhengið í þessum málflutningi þegar þessar staðreyndir liggja fyrir.

Því er haldið fram að óeðlilegt sé að fyrirtæki í eigu ríkisins séu aðilar að kjarasamningum í samfloti og samvinnu með fyrirtækjum á almennum markaði og það sé verið að ögra verkalýðssamtökum með þeim hætti. Ég veit ekki betur en að ríkisvaldið sé nákvæmlega á sama hátt og aðrir atvinnurekendur vinnuveitandi í samningum um kaup og kjör og komi fram sem slíkir. Ég minnist þess fyrir ekki mörgum árum að þáv. ríkisstj., sem hv. 3. þm. Reykv. átti þá sæti í, snupraði vinnuveitendur fyrir að hafa gengið öllu lengra í samningum en ríkisstj. taldi eðlilegt og ríkisstj. hafði gert í samningum við opinbera starfsmenn. Þá fengu vinnuveitendur snuprur frá þeirri ríkisstj. sem hv. 3. þm. Reykv. átti sæti í. Þetta sýnir mér að það eru engan veginn til rök fyrir því að það sé verið að ögra verkafólki í landinu með því að þessi fyrirtæki séu og starfi innan samtaka vinnuveitenda á almennum vinnumarkaði.

Þá verðum við einnig að hafa það í huga í sambandi við þessar umr. að það skiptir miklu máli hvernig staðið er að launaákvörðunum í einu þjóðfélagi. Menn greinir stundum á um hvort efnahagsleg afkoma einstakra fyrirtækja eigi að ráða úrslitum í þeim efnum eða almenn efnahagsafkoma þjóðarbúsins. Ég held að við verðum að huga vel að okkar málum þegar við mótum okkur og mörkum stefnu að þessu leyti til. Það er tiltölulega auðvelt, þegar reynt er að brjóta ísinn í kjarasamningum á ákveðnum afmörkuðum vinnustöðum, að höfða til þess að aðstaða þess vinnuveitanda sé betri en annarra og þarna sé hægt að greiða launahækkanir. En ef menn ætla að beita þessum rökum verða menn að vera samkvæmir sjálfum sér. Þá liggur alveg í augum uppi að þeir sem halda þessu fram hljóta að vera þeirrar skoðunar að það eigi að lækka laun hjá sjómönnum og fiskvinnslufólki af því að það er halli á rekstri sjávarútvegsins á Íslandi. Ég held að það væri í óefni komið ef við ætluðum að byggja launaákvarðanir í þessu þjóðfélagi á þessum forsendum og með þessum rökstuðningi. Ég trúi því ekki að leiðtogar sósíalisma og verkalýðshreyfingar, sem sitja hér á hv. Alþingi, séu í raun og veru þessarar skoðunar. Og ég trúi því ekki að hv. 7. þm. Reykv. byggi „solidaritet“ á þessum hugmyndum. Ég held að það mundi ekki þjóna hagsmunum þeirra sem við kröppust kjör búa í þjóðfélaginu. Það er einmitt þess vegna sem það verður að liggja alveg ljóst fyrir af hálfu stjórnvalda hver er hin almenna stefna í efnahagsmálum og innan hvaða marka menn hafa svigrúm til að semja. Og ég er alveg sannfærður um að fólkið í landinu metur það sem áunnist hefur á undangengnum mánuðum. Það veit að það, eins og allir aðrir í þjóðfélaginu, hefur lagt mikið á sig og það hefur ekki náðst þrautalaust að komast á það stig sem við erum á í dag. Við höfum náð verulegum árangri. Ég er alveg sannfærður um að fólkið í landinu vill að áfram sé unnið á þessari braut. Ég er líka sannfærður um að fólkið gerir sér grein fyrir að stöðugt gengi íslensku krónunnar er miklu áhrifameiri kaupmáttartrygging en nokkurt vísitölukerfi, miklu áhrifameiri kauptrygging, enda hefur það komið fram að matvælaliður framfærsluvísitölunnar hefur nú lækkað í fyrsta skipti í 15 ár án þess að til komi stórauknar niðurgreiðslur. Þetta er árangur af þessari stefnu, árangur af því að okkur hefur tekist að halda gengi íslensku krónunnar tiltölulega stöðugu, og það er á þessum grundvelli sem við hljótum að vinna. Ríkisstjórn Íslands hlýtur að gera borgurum þessa lands alveg fullkomlega grein fyrir því að hvaða marki hún vinnur og hún má aldrei viðurkenna að hagsmunasamtökin í þjóðfélaginu hafi það ægivald að hún megi ekki og geti ekki skotið málum sínum til

þjóðarinnar. Það er óeðlilegt, ólýðræðislegt og óþingræðislegt að halda því fram að hagsmunasamtök launþega og vinnuveitenda eigi að hafa það áhrifavald að ríkisstjórn landsins sé svipt þessum rétti og hafi ekki heimild til að gera þessum aðilum fullkomna grein fyrir sínum málum.

Þetta mál snýst auðvitað um það, hvort okkur tekst að halda hér áfram á þeirri braut, sem unnið hefur verið að, að ná jafnvægi í okkar þjóðarbúskap og leggja á þann veg grundvöll nýrrar atvinnuuppbyggingar, aukinnar framleiðslu og bættra lífskjara. Það snýst um þetta. Forustumenn Alþb. eru ekkert ásáttir við að við erum að ná árangri í þjóðfélaginu og það er möguleiki að gera hann að veruleika. Þeir vilja auðvitað efna til upplausnar í þjóðfélaginu. Það er einmitt þess vegna sem núna er reynt að nota þessa kjaradeilu í því skyni að efna til upplausnar. Það er draumur þeirra að koma ríkisstj. frá, ríkisstj. sem hefur komið á nokkurri festu og öryggi í þjóðfélaginu og á möguleika á að gera það að varanlegu ástandi. Tilgangurinn er að snúa þessu við, efna hér til þeirrar upplausnar að ríkisstj. fari frá, auðvitað með þeirri afleiðingu að verðbólgan æðir upp á nýjan leik, að við komumst á nýjan leik inn í þá ringulreið sem við stóðum frammi fyrir í vor sem leið. Og halda menn að það sé launþegum til hagsbóta, halda menn að í því ástandi mundi það gerast að matvælaliður framfærsluvísitölunnar lækkaði? Ég held ekki.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. komst þannig að orði að það væri mikil festa og mikið öryggi núna í efnahagsmálum Íslendinga. Það er fróðlegt að heyra þessa yfirlýsingu hjá þeim mönnum sem eru búnir að standa hér langtímum saman *kveinandi yfir því* að allt sé komið á *vonarvöl* í þjóðfélaginu og það megi enginn hreyfa sig, það megi ekki koma til að nokkur maður fái fimmeyrings kauphækkun þá sé voðinn vís. En ætli það sé mikil festa og mikil öryggistilfinning sem læsir sig núna um láglaunaheimilin á Íslandi? Ætli það sé ekki óskaplega mikil öryggistilfinning og festa sem lýsir sér í því fyrir mann, sem er með 15 þús. kr. á mánuði eða eitthvað þaðan af lægra, að fara út í búð að kaupa í matinn? Ætli það hríslist ekki um þetta fólk sérstök ánægja og gleði um þessar mundir þegar það fer að borga fasteignagjöldin *sem voru snarhækkuð umfram annað* af borgarstjórnaríhaldinu í Reykjavík? Ætli það sé ekki alveg sérstök ánægja, festa og öryggistilfinning sem lýsir sér hjá Reykvíkingum þessa dagana sem fá fréttina um 25% hækkun á Hitaveitu Reykjavíkur? Ætli þetta fólk sé ekki alveg sérstaklega ánægt og bjartsýnt núna þegar það þarf að fara að borga reikningana sína frá því í desembermánuði s. l.?

Þegar hv. 1. þm. Suðurl. er að tala um festu og öryggi þá er hann nefnilega ekki að tala um þetta fólk. Hann er að tala um allt aðra Íslendinga. Hann er að tala um tiltölulega mjög fámennan hóp manna, vegna þess að þessi stóri meiri hluti vinnandi alþýðu á Íslandi stendur núna í heimilisrekstri sínum frammi fyrir óleysanlegu dæmi, stendur frammi fyrir því að launin á unna vinnustund eru núna lægri að kaupmætti en nokkru sinni fyrr síðan 1953 samkvæmt opinberum tölum m. a. frá Þjóðhagsstofnun. Það fólk sem hér er um að ræða skynjar ekki öryggistilfinninguna, bjartsýnina og gleðina, sem hríslast um forkólfa Vinnuveitendasambands Íslands, sem eru núna að halda hátíðir til að fagna hinum nýja aðila, ÍSAL. Þetta fólk býr við allt annan hlut. Það er ekki gleðin eða hamingjan sem lýsir sér í fjárhag þess um þessar mundir. Það er þess vegna ekki þetta fólk sem formaður Sjálfstfl. er að tala hér um. Hann er að tala um allt annað fólk. Hann er að tala um lítinn hóp fjármagnseigenda hér í landinu, sem býr núna við gullöld og gleðitíð sem aldrei fyrr. Það er rétt, það fólk er til. *Og það er það fólk sem hann hefur hitt að máli.*

Hv. 1. þm. Suðurl. og hæstv. iðnrh. komu hins vegar upp um sig í ræðum sínum hér í dag, þegar þeir voru að ráðast að fólkinu í álverinu, hálaunafólkinu í álverinu, sem hæstv. iðnrh. tuggði upp aftur og aftur, hálaunafólkið í álverinu. Ætli það væri ekki rétt að hann færi að hitta eitthvað af þessu fólki og kanna hvaða lífskjör það hefur? Þegar hann var að tala um hálaunafólkið í álverinu, að það mætti ekki koma til greina að kaupið hjá þessu fólki hækkaði nokkurn skapaðan hlut, þá var hann ekki fyrst og fremst að ráðast að því. Það var ekki það sem vakti fyrir honum. Það var ekki það sem vakti fyrir þessum ræðumönnum íhaldsins hér í dag, heldur það að þeir vildu halda niðri lífskjörunum í landinu í heild. Fjöregg þeirra er kjaraskerðingin. Það má ekki koma til að nokkur maður í landinu geti náð kaupinu sínu upp vegna þess að þá er hin stórfellda kjaraskerðing íhaldsins í hættu. Það er þetta sem þeir eru að segja. Þeir eru að tala um það að hinn mikli fjöldi láglaunafólks í landinu, sem býr núna við 10 961 kr. á mánuði, þessi mikli fjöldi láglaunafólks má ekki hækka kaup sitt um krónu vegna þess að þá eru efnahagsmarkmið íhaldsstjórnarinnar undir forustu formanns Framsfl. í hættu. Þessir menn eru að tala um áldeiluna sem hluta af efnahagsvandanum í landinu eins og hann leggur sig, þeir eru að tala um áldeiluna sem hluta af fiskverðsvandanum, sem nú blasir við næstu daga, þeir eru í átökum núna, þessir menn, um að bjarga útgerðinni fram hjá sjómönnum og skerða enn skiptahluta sjómanna. Þær tillögur liggja nú fyrir í ríkisstj. með hvaða hætti sé hægt að skerða enn þá meira skiptahlutfall sjómanna í landinu. Þetta eru þeir að tala um. Og þeir eru að ræða um það með hvaða hætti álversdeilan getur hugsanlega haft áhrif á þessa mynd alla. Það er þess vegna sem þeir ráðast að þessu fólki í Straumsvík sem þeir kalla hálaunamenn. Þeir sjá að fjöreggið, sem er úr áli, er í hættu. Kauplækkunarstefnan er í hættu, kaupránið er í hættu. Það er þess vegna sem þeir leggja þessar áherslur, þessir hv. þm., hér í dag.

Hv. 1. þm. Suðurl. talar svo um það af mikilli kokhreysti að ekki megi viðurkenna ægivald hagsmunasamtakanna og það sé í rauninni það sem ríkisstj. sé fyrst og fremst að leggja áherslu á. Engin ríkisstj. hefur hlaðið eins undir annan aðilann og veitt honum annað eins vald og þessi. Engin ríkisstj. hefur aukið eins við ægivald Vinnuveitendasambands Íslands eins og núverandi ríkisstj., ekki aðeins með hinni almennu kauplækkunarstefnu, sem flytur fjármuni til í þjóðfélaginu, heldur líka með því að reka fyrirtæki fólksins, ríkisfyrirtækin, inn í Vinnuveitendasamband Íslands og með því að ÍSAL verði aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Með þessu móti er ríkisstj. að hlaða undir þetta ægivald sem aldrei fyrr.

Hæstv. forsrh., sem ku vera framsóknarmaður, virð-

ist ekki sjá neinn annan möguleika í þessari stöðu við að samræma kaup og kjör og kjarasamninga í landinu en að þvæla þessum fyrirtækjum öllum inn í Vinnuveitendasambandið. Ætli hæstv. forsrh. hafi gleymt því að það er til félagsskapur sem heitir Vinnumálasamband samvinnufélaganna? Hvernig er það, er kannske meiningin að næsta skref verði það að Vinnumálasamband samvinnufélaganna gangi í Vinnuveitendasamband Íslands? Það væri það eina rökrétta fyrir hæstv. forsrh. Ég vil leggja fram fsp. til hans um þetta mál og óska eftir að hann svari því. Ætlar hann að skella Vinnumálasambandi samvinnufélaganna inn í Vinnuveitendasamband Íslands? Það væri svo sem eftir öðru. Og síðan Framsfl. eins og hann leggur sig inn í íhaldið, það fer best á því, vegna þess að Framsfl. hallar sér nú orðið eingöngu yfir til hægri í íslenskum stjórnmálum. Hann sér ekkert annað úrræði, ekki neitt. Ég legg þessa fsp. hér fram til hæstv. forsrh.: Ætlar hann að beita sér fyrir því að Vinnumálasambandið gangi inn í Vinnuveitendasamband Íslands? Það væri það eina rökrétta. Ég er ekki að segja að mér finnist hæstv. forsrh. alltaf rökréttur, en það gæti þó verið að hann væri það í þessu tilviki. Er það meiningin hjá honum að beita sér fyrir því að Vinnumálasambandið gangi inn í Vinnuveitendasamband Íslands?

Hv. 1. þm. Suðurl. setur svo á langar ræður um það að auðvitað eigi ríkisstj. möguleika á því að víkja sér undan kröfum hagsmunasamtaka og segja af sér. Hv. 1. þm. Suðurl. hefur uppgötvað þann möguleika að ríkisstj. segi af sér. Ja, þvílík þekking á stjórnlagafræði og þingræði. Enginn stjórnarandstæðingur bannar ríkisstj. að segja af sér. Fyrir alla muni sjáðu til þess að hún geri það strax í dag. Og ætli það sé ekki þannig, að einmitt í forustu Sjálfstfl. séu menn sem grétu það þurrum tárum að einmitt þessi ríkisstj. segði af sér. Það þykja okkur stjórnarandstæðingum engin tíðindi þó að þessi ríkisstj. segi af sér. Hv. þm. sagði: Ríkisstj. hefur fullan rétt á því að segja af sér. Já, hún hefur fullan rétt á því að segja af sér. (Gripið fram í.) Hefur fullan rétt á því að segja af sér, sagði hv. þm. aftur og aftur, sem viðbragð við kjarasamningum sem ógnuðu kauplækkunarstefnu stjórnarinnar. Skyldi það vera þannig, að hæstv. forsrh. sé á þeim nótunum núna að ríkisstj. segi af sér? Er hann að hugsa um að nota sér þann rétt forsrh. að segja af sér? Fróðlegt væri að það kæmi hér líka fram, hvort svo er. Ætlar hann kannske að taka undir með formanni Sjálfstfl. um það, að ríkisstj. þurfi endilega að muna eftir þessum rétti sínum, þessum rétti til að frelsa sig undan okinu og segja af sér? Þjóðin yrði fegin, þjóðin yrði fegin því, einkum og sér í lagi þær láglaunafjölskyldur sem eru að slást við það þessa dagana að reyna að láta endana ná saman í fjárhag alþýðuheimilanna. Þar yrði fögnuður. Því skora ég á hv. 1. þm. Suðurl. að beita sér fyrir því, að hið allra fyrsta láti hann það verða að veruleika sem hann mælti hér áðan, að ríkisstj. segi af sér. Megi hann vinna það verk hið allra fyrsta að koma henni sem lengst í burtu. En ég spyr: Hefur hæstv. forsrh. sömu skoðun?

Hv. 1. þm. Suðurl. og reyndar 3. þm. Suðurl., sá ágæti maður sem þar situr, hafa talað um það hér í ræðum að Alþb. væri flokkur sem vildi beita sér fyrir upplausn í þjóðfélaginu. Það væri í raun og veru höfuðtilgangurinn með öllum okkar ræðum hér að við vildum upplausn og aftur upplausn. Það væri í raun og veru ekkert annað sem fyrir okkur vekti. Hvað á svona málflutningur að þýða? Og hvað hafa menn fyrir sér í þessu efni? Alþb. leyfir sér auðvitað sem stjórnarandstöðuflokkur og verkalýðsflokkur að gagnrýna þessa ríkisstj. Við gagnrýnum kauplækkunar- og kaupránsstefnuna, við gerum það, og beitum okkur mjög hart í þeim efnum. Við höfum auðvitað þennan rétt sem stjórnarandstöðuflokkur og skyldu líka að veita ríkisstj. lýðræðislegt aðhald. En að menn geti fundið dæmi þess að Alþb. hafi vikið sér undan skyldum á Íslandi á liðnum árum, það hygg ég að sé í raun ekki til. Alþb. var tilbúið til þess eftir kosningarnar s. l. vor að beita sér fyrir efnahagsráðstöfunum til að draga úr verðbólgu og til að tryggja fulla atvinnu í landinu. Alþb. hafði um árabil, hálfan áratug segja þeir nú helst ráðh. þegar þeir eru að tala um okkur, hafði um árabil tekið þátt í ríkisstj. í landinu til þess fyrst og fremst að tryggja fulla atvinnu og það tókst á Íslandi einu Norðurlanda. Nú blasir hins vegar við, um leið og Alþb. er farið úr ríkisstj., að þá er atvinnuleysishættan meiri en nokkru sinni fyrr. Það er vegna þess að full atvinna er ekki efst á listanum hjá ríkisstj. þegar allt kemur til alls.

Þess vegna er það að sjálfsögðu rangt og fullkomlega ósæmilegt að bera það á Alþb. að það gangi fram í því af einhverju ábyrgðarleysi að efna til upplausnar í þjóðfélaginu frammi fyrir þeim erfiðu vandamálum sem nú er við að glíma á Íslandi. Við höfum þvert á móti sagt aftur og aftur og ég segi það enn: Alþb. hefur verið og er enn tilbúið til þess að glíma við þau úrlausnarefni sem erfiðust eru á Íslandi í dag. Og ég er þeirrar skoðunar að það sé útilokað fyrir þessa ríkisstj. eða aðra að ráða við þau úrlausnarefni öðruvísi en að taka á málunum á miklu víðtækari grundvelli en gert hefur verið núna.

Ég tel að ríkisstj., sem byrjar sinn feril á því að berja verkalýðshreyfinguna, að traðka á réttindum verkalýðshreyfingarinnar, ég tel að sú ríkisstj. sé að dæma sig til árangursleysis í efnahagsmálum og einnig í baráttunni gegn verðbólgu og fyrir fullri atvinnu. Ég held að það sé rangt að hafa uppi slíka stefnu, að ráðast þannig á yfirgnæfandi meiri hluta landsmanna eins og þessi stjórn hefur gert. Hún hefur ráðist á þá menn, á það vinnandi fólk í landinu sem er yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar. Ríkisstj., sem þannig hagar sér, henni mistekst. Aftur og aftur hefur ríkisstjórnum mistekist að halda þannig á málum hér. Þær hafa reynt það, þessar kaupránsstjórnir undanfarinna ára og áratuga, þær hafa aftur og aftur reynt það. En það hefur komið í ljós að ríkisstj., sem ræðst gegn hagsmunum hins breiða fjölda vinnandi fólks, hún er að dæma sig til árangursleysis.

Hvar er hæstv. iðnrh.? Er hann farinn? Ég óska eftir að hann verði sóttur, herra forseti. (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. tilkynnti forföll svo að hann mun væntanlega vera farinn úr húsinu.) Þá óska ég eftir að umr. verði frestað þangað til hann kemur í húsið. (**Forseti:** Ég skal láta kanna hvort hann er í húsinu.) Geri ég þá hlé á máli mínu á meðan það er kannað? (**Forseti:** Hins vegar vek ég athygli á því, að þessari umr. var upphaflega beint að hæstv. forsrh. og fsp. fram borin til hans en ekki hæstv. iðnrh.) Það var hérna ráðh. nokkur í dag með hrópyrði, skútyrði og köpuryrði í garð stjórnarandstöðunnar, svo ég noti hans eigin orð, þannig að ég tel ástæðu og nauðsyn á því að svara þeim orðum hans. Ég get hins vegar beðið í ræðustólnum þangað til ráðh. kemur ef

þess er óskað. (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. hefur yfirgefið húsið. Eins og ég tjáði hv. þm., þá hafði hann boðað forföll það sem eftir væri þessa fundar. Ef það er ósk hv. þm. að hann sé viðstaddur umr. er ekki um annað að ræða en að fresta þessari umr. nú.) Ég þakka hæstv. forseta.

Sameinað þing, 40. fundur.

Þriðjudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, fsp. 130. mál (þskj. 165). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þann 7. maí 1982 samþykkti Alþingi lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og kaus stjórn fyrir væntanlegt fyrirtæki. Á grundvelli laganna var þann 4. júní 1982 stofnað fyrirtækið Kísilmálmvinnslan hf. með 25 millj. kr. hlutafé frá íslenska ríkinu. Skv. 3. gr. laganna skyldi stjórn félagsins gera skýrslu um starfsemi þess og athuganir og hún leggjast fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstj. heimilt að leggja fram allt að 200 millj. kr. í hlutafé til viðbótar, segir í lögunum.

Stjórn félagsins skilaði umræddri skýrslu til iðnrn. í jan. 1983. Var hún þá þegar send þingflokkum til kynningar og síðan lögð fyrir Alþingi af þáv. ríkisstj. í marsbyrjun 1983 með svofelldri þáltill.:

„Með vísan til 3. gr. laga nr. 70 frá 17. maí 1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði samþykkir Alþingi niðurstöður stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. dags. 7. jan. 1983 og ályktar að stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988."

Till. þessi varð ekki útrædd á þinginu sem rofið var þann 14. mars s. l. Áhersla var hins vegar lögð á það af iðnrn., að undirbúningi yrði haldið áfram, m. a. varðandi samninga vegna kaupa á vélbúnaði til verksmiðjunnar. Þann 19. maí 1983 samþykkti stjórn Kísilmálmvinnslunnar samning um kaup á tveimur 21 megawatta ofnum ásamt miklu af búnaði í verksmiðjuna frá vestur-þýska fyrirtækinu Mannesman Demag og var sá samningur undirritaður með eðlilegum fyrirvara þann 28. maí s. l. Er samningur þessi hagstæður og kaupverð búnaðar til muna lægra en áætlað hafði verið í skýrslu stjórnar fyrirtækisins hálfu ári áður.

Við ríkisstjórnarskipti í vor stóðu mál því þannig að miðað við þá stefnu sem fylgt hafði verið um uppbyggingu kísilmálmverksmiðjunnar sem íslensks fyrirtækis og að því tilskildu að Alþingi samþykkti niðurstöður stjórnar fyrirtækisins um uppbyggingu verksmiðjunnar fyrir árslok 1983 hefði verið unnt að gangsetja verksmiðjuna seint á árinu 1986.

Núv. ríkisstj. breytti hins vegar um stefnu á þessu sviði sem öðrum. Í stjórnarsáttmála hennar frá 26. maí 1983 má lesa eftirfarandi: „Nýjum aðilum verði gefinn kostur á eignaraðild að kísilmálmverksmiðjunni."

Núv. hæstv. iðnrh. gaf fljótlega út þá textaskýringu að hér væri um að ræða erlenda aðila og helst kysi hann að þeir ættu verksmiðjuna að fullu, a. m. k. að meiri hluta. Ekki hefur komið fram mér vitanlega hvort samstarfsflokkur sjálfstæðismanna, Framsfl., hafi skrifað upp á þá stefnu iðnrh. varðandi kísilmálmverksmiðjuna og væri æskilegt að fá það upplýst. Margir urðu hins vegar áhyggjufullir út af þessari stefnubreytingu og áhrifum hennar á framgang verksmiðjumálsins.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi sem haldinn var 21.—26. ágúst s. l. var m. a. samþykkt áskorun um að viðræður um eignaraðild útlendinga að verksmiðjunni yrðu ekki látnar tefja fyrir ákvörðun um framkvæmdir. Einstaka sveitarstjórnir eystra hafa einnig ályktað í svipaða veru. Afstaða mín og míns flokks, Alþb., til erlendrar stóriðju er fullkunn. Ég tel að með núverandi stefnu í stóriðjumálum sé á ný lagt út á háskalega braut undir forystu Sjálfstfl. hliðstætt því sem gerðist á viðreisnarárunum.

Vert er að minna á að í lögunum um kísilmálmverksmiðjuna er kveðið skýrt á um að ekki skuli minna en 51% af hlutafé vera í eigu ríkisins og stjórn fyrirtækisins skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

Lítið hefur heyrst um málefni verksmiðjunnar eftir stjórnarskiptin og ekkert bólar enn á tillögum hér á hv. Alþingi til að afla heimildar um framkvæmdir á grundvelli gildandi laga. Þó sagði hæstv. forsrh. í stefnuræðu sinni 18. okt. s. l.: „Framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði geta hafist á miðju ári 1984 ef Alþingi samþykkir." En tillögurnar vantar og þögnin í þessu stórmáli er að verða býsna löng af hálfu núv. ríkisstj. Því ber ég hér fram fsp. í þremur liðum til hæstv. iðnrh. um þetta mál svohljóðandi:

„1. Hvenær hyggst ríkisstj. leita eftir heimild Alþingis til að hefja framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði skv. lögum nr. 70/1982?

2. Hvenær er áformað að hefja framkvæmdir við verksmiðjuna og byrja rekstur hennar?

3. Hvað hefur gerst í viðræðum við erlenda aðila vegna hugsanlegrar eignaraðildar að Kísilmálmvinnslunni hf. og út frá hvaða forsendum er gengið í þeim viðræðum, m. a. varðandi orkuverð?"

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 5. þm. Austurl. vil ég taka þetta fram.

1. Ákvörðun hefur ekki enn verið tekin um tillöguflutning en gert var ráð fyrir í stefnuræðu hæstv. forsrh. í byrjun þessa þings að slík till. yrði flutt á yfirstandandi þingi.

2. Tekið er fram: Engin endanleg áform eru uppi um framkvæmdirnar enda mundi þá vera tími til kominn að leita samþykkis Alþingis. Menn hafa bundið vonir við að hefjast mætti handa á þessu ári um undirbúningsframkvæmdir. Verið er að ljúka forhönnun verksmiðjunnar og endurskoða stofnkostnaðaráætlun. Því verki verður lokið fyrri hluta febrúar n. k. Stofnkostnaður var í okt. 1983 áætlaður 65 millj. Bandaríkjadala. Frá því að ákvörðun er tekin um að byggja verksmiðjuna þarf minnst 4 mánuði þar til framkvæmdir á verksmiðjulóð geta hafist. Byggingartími verksmiðjunnar frá því að jarðvegsframkvæmdir hefjast þar til fyrri ofn hennar er gangsettur er um 2½ ár. Talið er æskilegt að framkvæmdir hefjist snemma vors. Verðákvæði samnings við Mannesman Demag falla úr gildi ef ekki hefur verið ákveðið að hefja hönnun og framleiðslu vélbúnaðarins fyrir 1. jan. 1986. Sé miðað við eðlilegan framkvæmdatíma og fresturinn nýttur til fullnustu jafngildir það því

að fyrri ofn verksmiðjunnar verði gangsettur á árinu 1988.

3. Þá tek ég fram í svari mínu að á vegum samstarfsnefndar stóriðjunefndar og Kísilmálmvinnslunnar hf. var gefið út kynningarrit um Kísilmálmvinnsluna h. f. Ritinu hefur verið dreift til fjölmargra aðila í Evrópu, Ameríku og Japan. Kynningarviðræður um eignaraðild hafa átt sér stað við nokkra aðila. Nú þessa dagana er verið að hafa samband við þá aðila sem kynningarritið var sent til og óskað eftir viðræðu við þá. Aðilum þeim sem rætt hefur verið við hefur verið gerð grein fyrir því hver sé framleiðslukostnaður raforku frá nýjum virkjunum á Íslandi. Kynningarritið hefur verið sent 14 aðilum í Evrópu, 5 í Japan og 14 í Kanada og Bandaríkjunum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég verð að segja að upplýsingar hæstv. iðnrh. koma mér nokkuð á óvart. Hafði ég þó ekki búist við því að hann gæfi hér ákvarðandi yfirlýsingar um þetta efni, þar sem þær hefðu vafalítið verið komnar fram með öðrum hætti. En samkvæmt því sem fram kom í hans máli er ljóst að allt er í fullkominni óvissu um framhald varðandi þetta fyrirtæki og hvenær ráðist verði í framkvæmdir við það. Það er ljóst, að vegna stefnubreytingar þeirrar sem hæstv. ráðh. hefur staðið fyrir og núv. ríkisstj. skrifað upp á tefjast framkvæmdir, bæði undirbúningur og framkvæmdir við þessa verksmiðju stórlega frá því sem áformað hafði verið. Eins og ráðh. greindi hér frá þá liggja ekki fyrir nein endanleg áform um framkvæmdir, eins og hann orðaði það að mér heyrðist.

Hér erum við að sjá uppskeruna af þeirri stefnu sem ríkisstj. og hæstv. ráðh. beitir sér fyrir í stóriðjumálum, að ætla útlendingum að ráða þar ferðinni. Það er horfið frá því að Íslendingar séu þarna frumkvæðisaðilar og forustuaðilar í þessum málum og geti tekið sínar ákvarðanir út frá íslenskum forsendum. (**Iðnrh.:** Og grætt á öllu saman.) Já, og fleytt rjómann af sölu orkuverðs og sköttum, eins og Morgunblaðið orðar það í ritstjórnargreinum sínum, sem á að vera uppskeran af stóriðjustefnu flokksins.

Þetta er þeim mun hörmulegra, þessar horfur og þessi stefnubreyting, sem allar aðstæður varðandi þetta fyrirtæki hafa reynst vera góðar og batnandi nú hina síðustu mánuði, fyllilega í samræmi við þær vonir og spár sem stjórn verksmiðjunnar lagði fyrir í sinni skýrslu. Þannig liggur það fyrir, að unnt er að fá hagstæð tilboð í framkvæmdaþætti vegna efnahagsástands í heiminum, m. a. úti í Evrópu og einnig hér innanlands. Í öðru lagi liggur það fyrir að kostnaðaráætlun varðandi verksmiðjuna er nú áætluð um 10% lægri en var mat stjórnarinnar í ársbyrjun 1983, sem hefur veruleg áhrif á arðgjöf fyrirtækisins, eða um 2%, þannig að miðað við þær forsendur sem þá lágu fyrir ætti arðgjöfin að metast um 15%. Í þriðja lagi er þess að geta, að verðlag á afurðum þessarar verksmiðju, kísilmálmi, hefur farið verulega hækkandi á undanförnum misserum, úr þeim öldudal sem ríkti 1981 og sérstaklega 1982, eða um 30—40%. Er það í samræmi við spár sem fyrir lágu um verðþróun á þessari afurð.

Ég tel að það sé hörmulegt hvernig til hefur tekist fram að þessu í þessu stóra máli fyrir íslenskan þjóðarbúskap, og þá ekki síst fyrir Austurland, þar sem þetta fyrirtæki á að rísa lögum samkvæmt og þar sem það kemur til með að hafa gífurlega þýðingu fyrir atvinnustarfsemi í fjórðungnum og orkunýtingu í framtíðinni.

Ég tel að það sé tilgangslaust að vera að tala um orkufrekan iðnað sem jákvæðan þátt í íslenskum þjóðarbúskap nema við Íslendingar sjálfir höfum þar forustu og forræði. Ég tel að þróunin í sambandi við þetta mál tali þar mjög skýrt og ótvírætt. Ég bendi á það, að stjórnarmenn í Kísilmálmvinnslunni, sem hafa ekki fengið að fjalla um þetta málefni nema óverulega að undanförnu, hafa sumir sama mat og ég í sambandi við eignaraðildarmálin. T. d. svarar Halldór Árnason, sem var stjórnarformaður þar til á aðalfundi í nóv. s. l., í viðtali í Þjóðviljanum 14. sept. s. l. spurningunni um eignaraðild útlendinga. Hann er spurður: „Telur þú erlenda eignaraðild nauðsynlega eða æskilega?“ Hann svarar: „Þær athuganir sem gerðar hafa verið á vegum stjórnar félagsins sýna að erlend eignaraðild er alls ekki nauðsynleg. Sýnt hefur verið fram á að nauðsynlegrar tækni og rekstrarþekkingar er auðvelt að afla bæði hér innanlands og erlendis. Mikilvægasta þekkingin og þjálfun starfsmanna verksmiðjunnar fylgir raunar með í kaupum á vélum og búnaði. Erlend eignaraðild er að mínu mati ekki heldur æskileg. Raunar tel ég að fyrir þeim sem prédika um erlenda eignaraðild sé líkt komið og þeim sem í byrjun aldarinnar vildu láta erlenda aðila byggja upp og eiga sjávarútveg á Íslandi. Nýting orkulindanna nú er hlutfallslega minna átak fyrir Íslendinga en uppbygging sjávarútvegs var þá.“

Hæstv. ráðh. nefndi hér kynningarrit sem sent hefði verið 20—30 aðilum erlendis. Ég óska eftir því að hæstv. ráðh. sjái til þess að alþm. fái þetta kynningarrit en ekki aðeins erlendir viðmælendur hans.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Kynningarritið er ekkert leyndarmálsplagg. Það verður séð svo um að hv. alþm. fái það sent. Við þurfum væntanlega ekki að eyða löngum tíma nú, við hv. 5. þm. Austurl. og ég, að þrætast á um þann mun sem er á stefnu flokka okkar til að mynda í stóriðjumálum og eignaraðild útlendinga að slíkum fyrirtækjum. Það er öllum mönnum fullkunnugt. Og það eflir ekkert sérstaklega stöðu hans í því máli þó að hann vitni hér í sérstakan kommissar sinn, sem hann hafði fyrir stjórnarformann í Kísilvinnslunni, um það hvaða álit hann hefur á aðild útlendinga að stóriðju, því að það var líka kunnugt fyrir fram.

Ég vil, vegna þess að arðsemi bar á góma hjá honum, upplýsa að enn vantar nokkuð á að endar nái saman. Það er talið að á vanti um 200 dollara fyrir hvert framleitt tonn til að arðsemi sé nægjanleg, þannig að það stæði vel undir framkvæmdum og rekstrarkostnaði. Og auðvitað er það alvarlegt mál. Það verður reynt til hins ýtrasta að finna aðila sem vill taka að sér áhættuna af rekstri þessa fyrirtækis.

Ég ætla ekki heldur að fara að rifja upp þá reynslu sem við höfum haft af meirihlutaeign okkar í járnblendiverksmiðjunni við Grundartanga. Það ætti hv. fyrirrennara mínum að vera fullkunnugt um. Kannske tekst að ráða fram úr því mikla vandamáli sem að því fyrirtæki hefur steðjað. Að því er unnið nú þessa dagana og hefur verið gert. En það er ýmislegt sem er jákvæðara í þeim sökum en maður fyrir fram gat átt von á um áhuga erlendra aðila að eign og rekstri verksmiðju

sem þessarar á Reyðarfirði. Og vissulega hefur það komið manni þægilega á óvart, því að satt best að segja var högum okkar þann veg háttað í þessum sökum, að engin sérstök ástæða var til þess að vera mjög bjartsýnn um viðtökur á erlendri grund, þegar Íslendingar sæktu þar um samvinnu um byggingu og rekstur slíkra fyrirtækja, af ástæðum sem ég hirði ekki að rekja frekar hér og nú. Um þetta höfum við deilt og um þetta höfum við þrætt langa hríð á haustþinginu og er ástæðulaust nú í þröngum fsp.-tíma aðýja frekar að því.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það var athyglisvert sem síðast kom fram í máli hæstv. ráðh. Deilurnar við Alusuisse vegna álversins í Straumsvík hafa ekki haft þau áhrif sem hann taldi á afstöðu erlendra aðila til Íslendinga og samskipta við okkur. Þetta er viðhorf sem ég hef túlkað hér á Alþingi í umr. um þessi mál, að virðing okkar og traust hefur einmitt aukist erlendis vegna þess málarekstrar. Á meðan þar var haldið eðlilega á málum var mönnum ljóst að Íslendingar væru viðræðuhæfir í reynd.

En hæstv. ráðh. fór hér með tölur sem ég held að sé alveg nauðsynlegt að leiðréttar séu því að hann sagði að enn vantaði 200 dollara á framleitt tonn til þess að fyrirtækið stæði undir sér. Hvaðan koma hæstv. ráðh. þessar upplýsingar? Verð á kísilmálmi nú í Evrópu er um 1250 dalir eða nærri því, og í Bandaríkjunum eru það 1300—1350 dalir sem innflytjendur fá fyrir kísilmálm um þessar mundir. Ég tel mig hafa upplýsingar um að skv. arðsemisútreikningum þurfi 1337 dollara á tonn til að fyrirtækið fleyti sér og standi undir vöxtum og afskriftum. (**Iðnrh.:** 1450.) 1337.

Umhverfismál, fsp. 146. mál (þskj. 196). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Það er ljóst að framtíð mannkyns veltur allmjög á því hvernig við umgöngumst náttúruna, hvernig við nýtum gögn hennar og gæði og hvort við berum gæfu til að spilla henni ekki svo mjög að ómögulegt verði úr að bæta. Því miður hefur maðurinn oft og víða gengið kæruleysislega um þá jörð sem hann hefur talið sig einan ráða yfir, eytt gróðri, blettað fagurt landslag með ósmekklegum mannvirkjum og spúð eitri yfir láð og lög. Auðlindaþurrð, eyðing lands og iðnaðarmengun steðja að okkur ef ekki er rækilega spyrnt við fótum. Við verðum að hætta að ganga í berhögg við lögmál náttúrunnar með ofnýtingu auðlinda, fyrirhyggjulausri mannvirkjagerð og óhóflegri umferð um viðkvæm landsvæði. Okkur er brýn nauðsyn að koma á jafnvægi á milli manns og náttúru. Til þess duga ekki orðin tóm. Við verðum að marka þessa stefnu með heildstæðri löggjöf um umhverfismál og nýtingu auðlinda.

Í upphafi þings var þm. birtur listi yfir þau mál sem ríkisstj. hygðist leggja fram á 106. löggjafarþingi. Þeirra á meðal var boðað frv. um umhverfismál á vegum félmrn. Til að ýta á eftir því máli lagði ég fram fsp. til félmrh. nokkru fyrir jólaleyfi þingsins. Hún er í þremur liðum á þskj. 196 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvenær hyggst ráðh. leggja fram frv. um umhverfismál sem boðað var í upphafi þings?

2. Hefur verið skipuð nefnd til að yfirfara áður gerð frv. um umhverfismál eða semja enn eitt um þau mál?

3. Ef svo er, hverjir skipa þá nefnd og hvenær hyggst hún ljúka störfum?“

Nokkrum dögum eftir að þessi fsp. var lögð fram var dreift hér á þinginu frv. til l. um umhverfismál. Það er á þskj. 268, lagt fram af sex sjálfstæðismönnum, þar sem 1. flm. er Gunnar G. Schram. Þetta frv. er að verulegu leyti samhljóða frv. um sama efni sem tvisvar áður hefur verið lagt fram á Alþingi, þ. e. árin 1978 og 1981, en hlaut í hvorugt skiptið afgreiðslu. 1. flm. frv. sem nú liggur frammi átti mikinn þátt í samningu fyrra frv.

Um frv. þeirra sjálfstæðismanna er margt gott að segja þótt ég ætli ekki að fjalla um það núna. Það bíður síns tíma. En þessi atburðarás er býsna einkennileg. Ríkisstj. boðar í upphafi þings frv. um umhverfismál og liggur þá beinast við að ætla að samstarfsflokkarnir í stjórninni hyggist koma sér saman um stefnu í þeim málum. Þegar ekkert bólar á frv. er lögð fram fsp. til að ýta á eftir, en áður en henni er svarað og upplýst um framgang málsins kemur fram frv. þm. úr aðeins öðrum stjórnarflokknum. Ég hlýt að biðja félmrh. að skýra það í svari sínu við fsp. minni hvað hér er á ferðinni, hvort um er að ræða ósamkomulag á milli samstarfsflokkanna í þessum umræddu málaflokki og hvort einkaframtak sjálfstæðismannanna sex er líklegt til að tefja að einhverju leyti eða jafnvel koma í veg fyrir að samstaða náist um umhverfismál í náinni framtíð. Það væri að mínum dómi mikill skaði.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Við fsp. hv. 7. landsk. þm. á þskj. 196 er svar mitt þannig:

Í samkomulagi sem gert var á milli stjórnarflokkanna við myndun ríkisstj. var eitt atriðið að sett yrðu lög um umgengni á landinu, verndun náttúru og auðlinda og áhersla yrði lögð á að auka gróður landsins. Í samræmi við þetta samkomulag ákvað ríkisstj. að leggja fram frv. til l. um umhverfismál og var félmrh. falið að setja það mál í gang með því að skipa í það sérstaka nefnd. 12. sept. s. l. var sú nefnd skipuð til að semja frv. til l. um umhverfismál. Í nefndinni eiga sæti Hermann Sveinbjörnsson deildarstjóri, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Markús Einarsson veðurfræðingur, Ólafur Dýrmundsson ráðunautur, Salome Þorkelsdóttir alþm. og dr. Sturla Friðriksson erfðafræðingur.

Það er rétt að rekja forsögu þessa máls nokkuð vegna þess að hún kemur inn í umr. Hún er sú, að hinn 4. mars 1975 skipaði þáv. ríkisstj. nefnd til að endurskoða og samræma ákvæði laga um umhverfis- og mengunarmál í því skyni að sett yrði heildarlöggjöf um þau efni og kveðið á um hvernig stjórnarfyrirkomulagi skyldi háttað á þessu sviði. Í nefndina voru skipaðir Gunnar G. Schram prófessor, sem var formaður, Knútur Hallsson skrifstofustjóri, varaformaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Edgar Guðmundsson verkfræðingur, Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri, Páll Líndal borgarlögmaður, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri og Þórður Ásgeirsson skrifstofustjóri. Nefndin samdi frv. til l. um umhverfismál sem Gunnar Thoroddsen þáv. félmrh. mælti fyrir á Alþingi í maí 1978 samkvæmt sérstakri samþykkt þáv. ríkisstj. Frv. hlaut ekki afgreiðslu.

Þann 13. júlí 1981 skipaði Svavar Gestsson þáv. félmrh. nefnd sem falið var að semja frv. til l. um umhverfismál. Það átti m. a. að fela í sér að helstu flokkar þeirra yrðu settir undir eitt rn. Í nefndina voru

skipaðir Árni Reynisson formaður, Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðh. og dr. Gunnar G. Schram. Nefndin samdi frv. um umhverfismál og lagði það fyrir ráðh. 30. sept. 1981. Í jan. 1982 fól Svavar Gestsson þáv. félmrh. þeim Stefáni Thors arkitekt og Ingimar Sigurðssyni lögfræðingi að yfirfara frv. þetta. Þeir Stefán og Ingimar komust að þeirri niðurstöðu að verulegrar stefnubreytingar væri þörf frá því sem frv. gerði ráð fyrir og sömdu síðan drög að frv. til l. um stjórnun umhverfismála og lögðu fyrir ráðh. hinn 12. mars 1982.

Þetta er forsaga þessa máls. Framhald þess varð ekki lengra hjá fyrrv. ríkisstj. en þarna segir.

Þegar félmrh. skipaði fyrrgreinda nefnd til að semja frv. voru henni afhent öll þessi frv. og öll þau fylgigögn sem fylgt höfðu þeirri vinnu sem þar hafði farið fram og óskað eftir því að hún kannaði og samræmdi viðhorfin sem í þessum frv. hefðu komið fram og semdi eitt heildarlagafrv. til að leggja fyrir Alþingið sem nú situr.

Nefndin hefur enn ekki lokið starfi sínu, en ég reikna með því að stjfrv. um umhverfismál verði lagt fram samkvæmt ákvörðun ríkisstj. ekki síðar en í marsmánuði n. k. Tel ég þá mjög æskilegt að þingnefnd taki það frv., svo og önnur slík sem hér hafa verið lögð fram eða kunna að verða lögð fram, til ítarlegrar umfjöllunar og athugunar því hér er vissulega um stórmál að ræða sem vanda þarf mjög vel til á allan hátt. Ég er fyllilega sammála hv. fyrirspyrjanda um það sem hjá honum kom fram í sambandi við þetta mál og þann forgang sem það þarf vissulega að hafa.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið á þessu stigi. Ég vil undirstrika að algjör samstaða er í ríkisstj. um þetta mál. Það frv. sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi og hv. 2. þm. Reykn. er 1. flm. að á ekkert skylt við ósamkomulag. Ég vænti þess að um þessi mál náist víðtækt samstarf hér á hv. Alþingi og ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að ekki dragist lengi, helst ekki lengur en fram í byrjun mars, að leggja fram heildarfrumvarpið um þessi mál, sem verður stjfrv., þannig að hægt verði að ræða ítarlega þessi mál á þessu þingi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hefja umr. um þessi mál á hinu háa Alþingi. Ég er sannfærð um að fá mál eru jafnbrýn og nauðsynleg og áhyggjur manna af eigin skemmdarverkum á móður jörð hafa sennilega aldrei verið meiri en einmitt nú.

Ég kom hins vegar hingað til að vekja athygli á því að ég tel að orðið sé mjög brýnt fyrir ríkisstjórn Íslands að leggja fram frv. til l. um breytingar á lögunum um stjórnarskrá Íslands í þá veru að stofnað verði umhverfismálaráðuneyti hér eins og annars staðar gerist, t. d. á hinum Norðurlöndunum. Það er áreiðanlega hemill á öllum aðgerðum í þessum málum að umhverfismál skiptast á a. m. k. þrjú rn. Þetta sýnir sig í alþjóðlegu samstarfi. Þar nægir t. d. að nefna, hæstv. félmrh., sem fer með umhverfismál, að haldin var í nóv. s. l. í Stokkhólmi ráðstefna umhverfismálaráðherra Norðurlandanna. Þar voru gerðar ályktanir um hin ýmsu mál; mengun sjávar, mengun í lofti og margt fleira. En því miður var þar enginn fulltrúi frá Íslandi. Þar var hvorki ráðherra né embættismenn. Þetta er öldungis óþolandi. Við þm. fáum svo kannske fyrir hreina tilviljun upplýsingar um hvað samþykkt er á slíkum ráðstefnum. Það gefur þó auga leið að mjög nauðsynlegt er fyrir okkur hér að taka þátt í slíku samstarfi.

Ég vil benda mönnum á að ég hef flutt hér fsp., sem ég vona að verði tekin fyrir í næsta fsp.-tíma, um afstöðu Íslendinga til tillögu Norðurlandanna um afstöðu til mengunarmála, sem vekja nú ugg í hugum fjölda manna, mengunar frá endurvinnslustöðvum úrgangsefna frá kjarnorkuverum. Við skulum ekki ganga í neinni blekkingu um að við séum svo langt frá öllu að slík ósköp nái okkur ekki. Það er margsannað mál og vísindamenn hafa sýnt fram á að fólki og fé stendur stórhætta af t. d. endurvinnslustöðinni í Windscale í Bretlandi. Hafstraumar bera þetta fljótlega til okkar og í fiskinn í sjónum. Það er áreiðanlegt að Alþingi Íslendinga þarf að vera á varðbergi um öll þau mál er varða mengunarmál í heiminum. (Forseti hringir.) Ég skal ljúka máli mínu, forseti.

Ég vil þess vegna einungis ítreka að ég tel að fátt sé brýnna í breytingum á lögum um stjórnarskrá Íslands en að stofnað verði hið allra fyrsta umhverfismálaráðuneyti þar sem einn ráðherra bæri ábyrgð á þeim málaflokki.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka félmrh. fyrir svör hans við fsp. og fagna þeirri yfirlýsingu að samstaða sé um umhverfismálin í ríkisstj. Eins og ég drap á áðan er hér um afar brýnt hagsmunamál okkar allra að ræða. Okkur er mikil nauðsyn að marka ákveðna stefnu í umhverfismálum með þessari löggjöf. Mikil vinna hefur þegar verið lögð í undirbúning að setningu laga um umhverfismál — vinna sem hefur dreifst á a. m. k. átta ár og væntanlega kostað mikinn tíma og nokkurt fé. Það væri mikill skaði ef tækist ekki að ná samstöðu um þessi mál á yfirstandandi þingi. Ég tel að nú sé einmitt rétti tíminn til aðgerða. Um þessar mundir eru í undirbúningi breytingar á stjórnskipan landsins og er þá tilvalið tækifæri til að koma skipulagi á umhverfismálin. Og ég tek undir þá skoðun síðasta ræðumanns að umhverfismálaráðuneyti er það sem koma skal.

Ég vona að þessar umr. hafi gefið til kynna vilja Kvennalistans í þessu máli og það gefst þá tækifæri til að ræða þessi mál nánar í tengslum við þau frv. sem til umfjöllunar verða væntanlega eftir nokkrar vikur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 7. landsk. þm. fyrir að taka þetta mál hér upp og þakka einnig hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið og skýrt hafa málið af hans hálfu.

En það er ekki að furða þó að spurt sé um þetta mál þegar það liggur fyrir í fyrsta lagi að ríkisstj. hefur þetta mál á málalista sínum fyrir yfirstandandi löggjafarþing. Síðan gerist það að einn af þm. ríkisstjórnarliðsins, Gunnar G. Schram, ásamt fimm öðrum hv. þm. Sjálfstfl. leggur hér fram frv. um sama mál, sem er að miklu leyti byggt á frv. sem fyrrv. félmrh. hafa látið vinna, annars vegar Gunnar Thoroddsen, sem hann mælti fyrir á árinu 1978, og hins vegar ég, sem var unnið í nefnd sem hv. þm. Gunnar G. Schram átti sæti í ásamt Árna Reynissyni og Eysteini Jónssyni.

Ekki tjáir þó að fara í smáatriðum út í þá sögu, þó fróðlegt væri hér, heldur ber að leggja áherslu á að það verði haldið á þessum málum þannig að við náum hér að eignast löggjöf um umhverfismál. Þá vil ég minna á

að það sem olli mestum vandkvæðum við að ná samkomulagi um þá tegund frv., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Gunnari G. Schram og fleirum, var að inni í því var þess ekki gætt sem skyldi að hafa — að talið var — samráð við heilbrigðisþáttinn og hollustuverndina í okkar landi. Það var greinilegt að eftir að lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit voru sett var ekki unnt að koma fram sams konar frv. um umhverfismál og áður hafði verið gert ráð fyrir. Það varð sem sagt að eyða nokkrum tíma í að samræma sjónarmið manna í stjórnkerfinu, annars vegar í heilbrigðismálum og hins vegar í öðrum umhverfismálum. Þess vegna var það sem tveir embættismenn, annars vegar Stefán Thors og hins vegar Ingimar Sigurðsson, voru fengnir til að reyna að samræma sjónarmið skipulagsyfirvalda og heilbrigðisyfirvalda. Þeir sendu svo frá sér frv. sem ég fékk í hendur og lagði fram í þáv. ríkisstj. en hún náði ekki að afgreiða.

Í því frv. voru ýmis mjög athyglisverð ákvæði að mínu mati, sem eru ekki í því frv. sem hv. þm. Gunnar G. Schram o. fl. hafa sýnt hér í þinginu. M. a. var í því frv. gert ráð fyrir sérstöku átaki til að bæta úr holræsamálum þéttbýlisstaða. Það var beinlínis gert ráð fyrir fjármögnun á því átaki. Ég tel að það sé í rauninni einhver versti bletturinn á þéttbýlissvæðinu hvernig með holræsamál er hér farið. Það er satt að segja ekki sæmandi menningarsamfélagi hvernig á þeim málum er tekið hér á suðvesturhorninu. Þess vegna tel ég mjög mikilsvert að þau mál verði tekin með þegar umhverfislagafrv. verður lagt hér fyrir af ríkisstj. síðar. (Forseti hringir.)

Ég vildi leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. félmrh. að um leið og hann leggur fram frv. ríkisstj. um umhverfismál í marsmánuði n. k. láti hann fylgja sem fskj. það frv. sem þeir Ingimar Sigurðsson og Stefán Thors unnu fyrir mig á árinu 1982 til þess að menn megi átta sig á því hvað það er sem þar var verið að leggja til.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir til flm. þessarar fsp. fyrir að vekja máls á þessu og ég vil fyrir hönd okkar Bandalagsmanna lýsa stuðningi við þessi mál og lýsa áherslu okkar á að á þeim verði tekið á þessu þingi. Það er viss uggur í brjósti okkar ef þetta mál kemur seint fram því að þá gæti lent í vandræðum með afgreiðslu þess.

Það er löngu komið að því að augu okkar Íslendinga opnist fyrir mikilvægi þessara mála. Á tveimur áratugum hafa umhverfismál tengst allri pólitík. Þau tengjast heimsmálum vegna auðlindanýtingar og skiptingar heimsins eftir auði og örbirgð, þau tengjast landsmálapólitík vegna mengunarmála og nýtingar fiskstofna, svo tekin séu dæmi. Þau tengjast sveitarstjórnarmálum vegna skipulagsmála, holræsamála, verndunar lands, verndunar minja, útivistarmála o. fl. Þannig mætti lengi telja og rekja dæmin um hvernig umhverfismál eru í raun komin inn á flest öll þau málasvið sem um ræðir.

Ég vildi koma hérna að, áður en ég hætti, því sjónarmiði mínu að um leið og löggjöf og stjórnsýsla í sambandi við umhverfismál eru mikils virði er af einstökum aðgerðum í þessum málum fræðslan allra mikilvægust. Við getum sett lög og við getum sett reglugerðir um nýtingu, um umgengni og fleiri og fleiri þætti, en ég held að þegar til lengdar lætur sé fátt náttúrunni meiri vörn en upplýstur þegn. Ég held að það sé langsamlega mikilvægasta aðgerðin í þessum málaflokki að efla fræðslu meðal almennings og stjórnvalda.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Það var í þingbyrjun að ákveðið var af hálfu nokkurra þm. Sjálfstfl. að endurflytja með nokkrum breytingum frv. um umhverfismál sem Salome Þorkelsdóttir o. fl. þm. Sjálfstfl. höfðu flutt á þingi 1980—1981 og hafði upphaflega verið flutt af þáv. félmrh. Gunnari Thoroddsen á þinginu 1978.

Það var gert til að minna á mikilvægi þessa málaflokks, sem ég held að enginn þurfi að fara í grafgötur um að hefur verið vanræktur af löggjafarsamkundunni. Þessi mál hafa verið á döfinni lengi, eins og kom fram í svari félmrh., og til að ýta á eftir málinu hér var þetta frv. lagt fram, endurflutt, skömmu fyrir jólaleyfi. Meginefni þess er sameining umhverfismála í einu rn. innan stjórnsýslunnar. Það er nú farið með umhverfismál í a. m. k. sjö rn. Það hefur staðið þessum málum mjög fyrir þrifum hve dreifð og sundurlaus stjórnsýslan er á þeim vettvangi.

Í öðru lagi er hér sérstaklega fjallað um mengunarmál, en eins og fyrri ræðumenn hafa bent á er þar víða pottur brotinn. Ég vildi í framhaldi af þessu fagna yfirlýsingu hæstv. félmrh. um að í vændum sé að framkvæma það sem kom fram í fskj. með stefnuræðu forsrh., að ríkisstj. hefði í hyggju að flytja frv. um umhverfismál. Það var að vísu eftir að sú ákvörðun var tekin að endurflytja það frv. sem hér liggur fyrir. Það eru ánægjuleg tíðindi og ég vona að það frv. sjái sem fyrst dagsins ljós. Þá gefst Alþingi og hlutaðeigandi þingnefnd tækifæri til að fjalla um öll þessi mál á heildargrundvelli. Við sem að þessu frv. stöndum töldum fulla ástæðu til þess að þau efnisatriði sem í því felast lægju fyrir Alþingi þegar að slíkri athugun kæmi. Þá gefst þingnefnd og Alþingi tækifæri til að fjalla um málið á breiðum grundvelli.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til ráðh. fyrir eindregna yfirlýsingu hans í þessum efnum og einnig þakkir til fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið máls á þessu hér í deildinni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er mjög tímabært mál til umr. og hefðum við áhugamenn um umhverfismál gjarnan viljað hafa séð árangur í sambandi við endurskoðun löggjafar fyrr en raun ber vitni. Það eru nú liðin um tólf ár síðan ég flutti um það till. í nafni Náttúruverndarsamtaka Austurlands á Náttúruverndarþingi, vorið 1972, að stofnað yrði sérstakt umhverfisráðuneyti. Sú till. fékkst þar samþykkt, með smábreytingum þó um að leitast yrði við að sameina sem flesta þætti þessara mála í einu rn. Ég átti sæti í Náttúruverndarráði þegar að þessum málum var unnið undir forustu Eysteins Jónssonar og sérstakar samþykktir voru um þetta gerðar á öðru Náttúruverndarþingi 1975. Í framhaldi af því hófst fyrir alvöru vinna innan ráðuneyta að undirbúningi að endurskoðun löggjafar með það að markmiði að sameina meginþætti þessara mála í einu rn.

Þá höfðu nýverið verið stofnuð á öðrum Norðurlöndum, í Noregi og Danmörku, sérstök umhverfisráðuneyti. Ég vil benda hæstv. félmrh. á að kynna sér, hafi hann ekki þegar gert það, hvernig þar var gengið til

verka í sambandi við þau efni. Þar var unnið skjótt og að mínu mati vel að því að koma á fót þessum rn., líklega var það 1973—1974 sem þau urðu til, og óhikað gengið gegn sérskoðunum og viðhorfum innan stjórnsýslukerfisins. Það er alþekkt að embættismönnum, ekki síst þeim sem lengi starfa, er annt um þau mál sem þeir sinna og reyna að halda utan um þau. En á Norðurlöndunum sem ég nefndi var gengið mjög skörulega til verks og teknir út ákveðnir þættir úr einstökum lögum og settir undir umhverfisráðuneytin. Það voru sem sagt klofin sundur lög og teknar einstakar greinar í vissum tilvikum og settar undir forsjá umhverfisráðuneytis í þeim löndum. Ég er ekki í vafa um að þau skref á Norðurlöndum sem þarna voru stigin voru farsæl og að það hefur dregist of lengi hér að sameina meginþætti þessara mála í umhverfisráðuneyti. Því á ekki að þurfa að fylgja aukin skriffinnska eða aukinn tilkostnaður, heldur þvert á móti meiri skilvirkni.

Vegna þess sem hv. 3. þm. Reykv., fyrrv. hæstv. félmrh., sagði hér um árekstur inn við heilbrigðisþáttinn, sem fram kom í tíð fyrrv. ríkisstj. þegar verið var að fara ofan í þessi mál, þá vil ég benda á að gert er ráð fyrir að löggjöf um hollustuvernd verði endurskoðuð ekki síðar en 1985. Þannig er tilvalið að mínu mati að fara yfir þessi mál og taka á þessum málaþáttum sameiginlega og láta það ekki verða hindrun á eðlilegri breytingu í sambandi við stjórnsýslu þessara mála þó að þar hafi rekist eitt á annars horn varðandi þá lagasetningu og það sem menn ætluðu sér í sambandi við umhverfismálin.

Áhrif nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi, fsp. 148. mál (þskj. 207). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 207 hef ég leyft mér að beina fsp. til hæstv. félmrh. um könnun þá á áhrifum nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi sem ráðh. setti af stað í nóv. s. l.

Á undanförnum árum hafa margvíslegar uppgötvanir verið gerðar á sviði sjálfvirkni og tölvunotkunar. Fyrirsjáanlegt er að þessar tækninýjungar muni hafa geysileg áhrif á atvinnulíf hér á landi í nánustu framtíð. Tala menn gjarnan um að breytingar þessar muni tilsvara nýrri iðnbyltingu. Augljóst er að miklu skiptir að tækninni verði beitt á þann veg að allir þegnar þjóðfélagsins njóti góðs af.

Ljóst er að aðstæður á vinnumarkaði munu breytast gífurlega við þessa tæknibyltingu. Líklegt er að mannaflaþörfin minnki til muna og að störfum fækki, fyrir utan þær breytingar sem á þeim kunna að verða. Á sama tíma má hins vegar búast við fólksfjölgun og auknum fjölda fólks inn á vinnumarkaðinn hér á landi. Það er því fyrirsjáanlegt að við óbreyttar aðstæður á vinnumarkaðnum að öðru leyti geta þessar tækninýjungar haft í för með sér gífurlegt atvinnuleysi ef ekki er vandlega á málum haldið strax frá upphafi. Hér eru því stór mál á ferðinni og mikilvægt fyrir landsmenn alla að vel takist til í þessum efnum.

En það eru ýmis atriði þessa máls sem snerta konur sérstaklega og mig langar til að vekja athygli á í umr. um þá könnun sem hér um ræðir. Fyrirsjáanlegt er að atvinnuleysi sökum aukinnar tæknivæðingar muni bitna allharkalega á konum, bæði vegna þess að þau störf sem í dag eru hefðbundin kvennastörf, eins og þjónustu- og skrifstofustörf ýmiss konar, koma til með að leggjast niður eða gjörbreytast fyrir áhrif þessarar nýju tækni og eins vegna þess að ófaglært fólk verður venjulega fyrst fyrir barðinu á atvinnuleysi og meiri hluti kvenna á vinnumarkaðnum í dag er í hópi ófaglærðra. Það er því ákaflega mikilvægt að við alla upplýsingaöflun sé tekið tillit til mismunandi stöðu kynjanna í þessu sambandi og hugað að aðgerðum til að jafna hana.

Annað atriði, sem snýr að konum sérstaklega í þessum málum, eru þær fréttir sem nýlega hafa borist af því að tölvuskermar geti valdið ófrjósemi og fósturláti hjá konum. Ég tel ákaflega brýnt að allra upplýsinga um áhrif af þessu tagi sé aflað nú þegar í upphafi. Að öllu samanlögðu er það mjög mikilvægt að vel sé fylgst með þeirri þróun sem þessi nýja tækni boðar, áhrifum hennar á vinnumarkaði og stöðu kynjanna þar, áhrifum hennar á atvinnuvegi landsmanna og framtíðarþjóðfélagsskipan hér á landi. Það skiptir öllu máli að við höfum stjórn á tækninni en látum hana ekki stjórna okkur.

Hér er mikið verk að vinna og því spyr ég hæstv. félmrh.: „Hvernig er háttað störfum þess starfshóps sem ætlað er að framkvæma könnun á áhrifum nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi í næstu framtíð? Hvernig miðar honum og hverjir skipa hópinn?"

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. á þskj. 207 frá hv. 11. þm. Reykv. er svohljóðandi:

Þann 9. nóv. 1983 skipaði ég starfshóp til að framkvæma könnun á áhrifum nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi í næstu framtíð. Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í starfshópinn: Haukur Helgason skólastjóri og Hilmar Jónasson, formaður Verkalýðsfélags Rangæinga, eftir tilnefningu launþegasamtakanna, Magnús Gústafsson forstjóri og Þorsteinn Geirsson skrifstofustjóri eftir tilnefningu samtaka atvinnurekenda. Síðan skipaði ég án tilnefningar Ingvar Ásmundsson skólastjóra formann starfshópsins og Gylfa Kristinsson, fulltrúa í vinnumálaskrifstofu félmrn., ritara hópsins.

Aðdragandinn að skipan starfshópsins er sá, að á 104. löggjafarþingi Alþingis var lögð fram till. til þál. um stöðu, þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum. Flm. voru sjö þm. Framsfl. Þál. var samþykkt á Alþingi 20. apríl 1982. Með leyfi forseta er þál. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd er geri athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum og á hvern hátt unnt er að stjórna þeirri þróun.

Jafnframt skal nefndin benda á kosti varðandi stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku á fyrrgreindu sviði. Sérstaklega skal athuga hvernig vinnumarkaðurinn geti aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu."

Í kjölfar þessa létu ýmsir aðilar í ljós áhuga á að ríkisstj. hefði frumkvæði að því að fram færi könnun á hugsanlegum áhrifum aukinnar tölvuvæðingar og sjálfvirkni á íslenskt atvinnulíf. Núv. ríkisstj. fól félmrh. að kanna undirtektir helstu samtaka launafólks og atvinnurekenda og boðaði hann til fundar með aðilum 5. sept. s. l. Undirtektir samtakanna voru jákvæðar og í framhaldi af því hefur framangreindur starfshópur nú

verið skipaður. Í honum eru tveir fulltrúar tilnefndir af launþegasamtökum og tveir eftir tilnefningu atvinnurekenda, enda er þess vænst að gott samstarf náist um framkvæmd könnunarinnar við aðila vinnumarkaðarins.

Í skipunarbréfi starfshópsins er nánar fjallað um verkefni hans. Segir þar m. a. að hann skuli framkvæma könnun sem ætlað er að leiða í ljós, eftir því sem unnt er, líkleg áhrif þeirrar nýju tækni sem nú ryður sér til rúms á mannaflaþróun á vinnumarkaði, framleiðni og samkeppnishæfni núverandi atvinnugreina svo og stofnun og viðgang nýrra atvinnugreina.

Á þeim stutta tíma sem hópurinn hefur starfað hefur hann haldið níu reglulega fundi. Á þeim hefur m. a. verið samþykkt starfsáætlun. Miðast hún við það að hægt verði að leggja fram áfangaskýrslu með vorinu.

S. l. tíu ár hafa verið skipaðir starfshópar í nágrannalöndum okkar til að rannsaka hvaða áhrif hagnýting nýrrar tækni hefði á efnahagslíf og þróun vinnumarkaðar í hlutaðeigandi löndum. Sá hópur sem félmrn. skipaði í nóv. s. l. hefur aflað sér skýrslna eða útdrátta úr skýrslum frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada, Þýskalandi og Norðurlöndunum öllum. Enn fremur hefur starfshópurinn kynnt sér gögn frá ýmsum stofnunum sem hafa með efnahags- og atvinnumál að gera, t. d. frá ILO, Alþjóðavinnumálastofnuninni í Genf, og OECD, Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnun Evrópu í París.

Þess má geta að dagana 6.—8. febr. n. k. gengst OECD fyrir umfangsmestu ráðstefnu um áhrif nýrrar tækni á atvinnulíf sem haldin hefur verið til þessa í heiminum. Mjög hefur verið vandað til ráðstefnunnar og hafa fjölmargir fræðimenn unnið að undirbúningi hennar um lengri eða skemmri tíma. Nú þegar hefur starfshópur félmrn. kynnt sér efni um 30 skýrslna sem hafa verið teknar saman vegna ráðstefnunnar og verða þar til umfjöllunar. Félmrn. hefur ákveðið að senda tvo fulltrúa á ráðstefnuna til að fylgjast með þeim umræðum sem þar verða.

Þótt of snemmt sé að fjalla um niðurstöður athugunar starfshópsins má almennt segja að kannanir hliðstæðra erlendra starfshópa hafi einkum beinst að því að leita svara við nokkrum grundvallarspurningum, t. d.: Hvaða þýðingu hefur rafeindatæknin í sambandi við samkeppnisaðstöðu á erlendum mörkuðum? Hvaða áhrif hefur þessi tækninýjung á atvinnustigið? Hvaða þættir ráða því hvort og hvenær atvinnugreinar taka nýja tækni í þjónustu sína? Hver er hlutur tækninnar í hagvextinum? Hverjar verða afleiðingar þess að láta undir höfuð leggjast að fjárfesta í nýrri tækni? Hafa tæknibreytingar áhrif á jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðnum?

Það vandamál sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir er að mannafli á vinnumarkaði eykst um 30 þús. manns næstu 20 árin. Við vitum að nokkrar atvinnugreinar geta ekki af ýmsum ástæðum tekið á móti þessu vinnuafli. Í öðrum má búast við að ný tækni geti jafnvel leitt til fækkunar starfsfólks, t. d. í fiskvinnslu og sjávarútvegi. Skv. áliti sérfræðinga mun iðnaðurinn ekki taka á móti jafnstórum hluta þessarar fjölgunar og áður hefur verið talið.

Af þessu leiðir að þjónusta og hvers kyns þjónustuiðnaður og nýiðnaður verði þær starfsgreinar sem í síauknum mæli munu taka á móti fjölguninni á vinnumarkaðnum og standa undir gjaldeyrisöfluninni. Í þessu sambandi koma til álita rannsóknir, sala tækniþekkingar t. d. á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu, millilríkjaviðskipti, sala á þjónustu við ferðamenn og margt fleira. Vel menntað vinnuafl er undirstaða allra þessara starfa og flestir eru sammála um að hún er mikilvægust í þessu máli. Því ber að leggja höfuðáherslu á góða undirstöðumenntun, þ. e. móðurmálskennslu, stærðfræði og ensku, auk þess mikla og almenna tæknimenntun.

Hvað varðar stjórnvöld atvinnumála þá þurfa þau að stuðla að sem snurðulausastri hagnýtingu nýrrar tækni í atvinnuvegum landsmanna. Í því sambandi verður að leggja mikla áherslu á góða samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Taka verður fullt tillit til afleiðinga á atvinnuþróun og atvinnuástand, umhverfismál, heilbrigðis- og hollustuhætti, náttúruauðlindir og margt fleira. Þeir sem hyggjast innleiða nýja tækni í atvinnurekstrinum verða að gera sér ljósar skyldur sínar við starfsmenn sína, gefa þeim hæfilegan aðlögunartíma og veita þeim tækifæri til þjálfunar eða endurmenntunar ef þörf er á.

Einnig þurfa stjórnvöld að endurskoða skipulag eftirmenntunar og endurmenntunar. Vegna þess að hér er um mikilvægt málefni að ræða legg ég áherslu á að starfshópurinn hraði störfum sínum. Mér er þó ljóst að verkefni hans eru það umfangsmikil að niðurstaða verður ekki hrist fram úr erminni ef svo má að orði komast.

Ég vil bæta því við að starfshópurinn hefur þegar haft samstarf við fjölmarga aðila hér í þjóðfélaginu og alls staðar hefur komið fram mjög jákvæður vilji til þess að taka höndum saman um að sinna þessu verkefni og gera þessa úttekt eins góða fyrir íslenskt atvinnulíf og efnahagslíf og tök eru á.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. greinargóð svör og eins vil ég þakka honum sérstaklega það framtak sem hann hefur þegar sýnt með því að koma þessari könnun af stað. Af svörum ráðh. er það ljóst að auk annarra hluta í þessu stóra verkefni verður tekið tillit til mismunandi stöðu kynjanna gagnvart þeirri nýju tækni sem hér um ræðir og fagna ég því.

Hins vegar kom fram hjá ráðh. að engin kona situr í þessum starfshóp sem fulltrúi þeirra er kvennastörfin vinna og er það mjög miður. Ég skora á hæstv. ráðh. að ráða nú þegar bót hér á og ítreka það sjónarmið hversu mikilvægt það er að hugað sé sérstaklega að mismunandi stöðu kynjanna á þessum vettvangi.

Enn fremur fagna ég þeirri yfirlýsingu ráðh. að það sé hans vilji að hópurinn hraði störfum sínum sem frekast má verða og hann hafi aðstöðu til að leita fanga sem víðast. Það held ég að sé ákaflega mikilvægt. En ég vil að síðustu mælast til þess við hæstv. ráðh. að þær upplýsingar sem hópurinn safnar og þær niðurstöður sem hann kann að komast að berist jafnharðan til alþm., þannig að Alþingi gefist færi á raunverulegri stefnumótun í þessum mikilvægu málum.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. vil ég lýsa því yfir að mér finnst engin ástæða til annars en að þær áfangaskýrslur sem nefndin hefur gert ráð fyrir að senda frá sér verði

afhentar alþm. og mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir því. Í sambandi við skipan nefndarinnar vil ég vekja athygli á því, að það var ekki algerlega á valdi ráðh. í þessu tilviki að hafa áhrif á það að kona yrði skipuð í þennan starfshóp, þar sem aðilar vinnumarkaðarins sáu um að skipa fjóra fulltrúa í hópinn en rn. lagði síðan til formanninn.

Ég mun að sjálfsögðu ræða þetta við starfshópinn og ekki hef ég á móti því að konur komi að þessu verkefni. Þetta er þýðingarmikið mál ekki síður fyrir konur en aðra þegna þjóðfélagsins og ég mun láta skoða það sérstaklega.

Táknmálskennska í grunnskólum, fsp. 146. mál (þskj. 196). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 196 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi táknmálskennslu í grunnskólum landsins. Undanfarið hefur töluverð umræða átt sér stað og þá ekki síst meðal unglinga um nauðsyn þess að taka upp almenna kennslu í táknmáli hér á landi. Hafa undirskriftalistar þess efnis gengið í skólum og annars staðar þar sem unglingar koma saman. Mun í ráði, eftir því sem ég best veit, að afhenda þá hæstv. menntmrh. ef það hefur ekki þegar verið gert. Það er út af fyrir sig athyglisvert að unglingar skuli taka frumkvæði í þessu máli en e. t. v. er það mönnum einkar ljóst á því viðkvæma aldursskeiði sem unglingsárin eru hversu brýnt það er að allir, ekki bara flestir, eigi þess kost að tala saman og segja næsta manni hvað í brjósti býr.

Það er næsta örðugt fyrir okkur, sem málið höfum, að gera okkur í hugarlund hvernig þeim líður sem ekki hafa völ á þessu, að því er okkur finnst, sjálfsagða tjáningartæki sem tungumálið er. En við vitum að neyð þeirra er stór. Hér á landi telst það sjálfsagt réttindamál og á að vera tryggt í stjórnarskrá lýðveldisins að allir hafi rétt á að tjá hugsanir sínar, hafi málfrelsi eins og það heitir. En samt er hér á landi nokkur hópur manna sem hefur litla möguleika á að nýta sér þessi mannréttindi vegna líkamlegrar fötlunar sinnar. Það hlýtur því að teljast sjálfsagt réttlætismál að koma til móts við þá einstaklinga sem í hlut eiga og tryggja þeim rétt og frelsi til að tjá hugsanir sínar jafnt og öðrum landsmönnum. Almenn kennsla í táknmáli í grunnskólum landsins er greið leið til þess að leiðrétta þetta misrétti og rjúfa einangrun þeirra sem mállausir eru, a. m. k. hvað varðar komandi kynslóðir í landinu.

Ég vil einnig vekja athygli á því að kennsla í táknmáli í grunnskólum hefur auk þessa almennt menntunargildi. Táknmál er annars konar tjáningarform en talað mál þar sem það byggist á að forma orð og hugtök með hreyfingum. Sem slíkt opnar táknmál nýja vídd í tjáningarmöguleikum manna og gæti stuðlað að auknum þroska barna á þessu sviði.

Í þriðja lagi býður táknmál upp á þá möguleika að verða alþjóðamál, eitt allsherjar esperantó allra þjóða, ef á þann veg er á málum haldið. Gildi táknmálskennslu er margvíslegt en brýnust er vitaskuld nauðsyn þess að rjúfa einangrun þeirra sem mállausir eru, þeirra sem standa hljóðir hjá í mannlegum samskipum. Því spyr ég hæstv. menntmrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir því að tekin verði upp kennsla í táknmáli í grunnskólum landsins.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Um það mál sem spurt er um hef ég leitað leiðbeiningа hjá forsvarsmönnum heyrnleysingja sjálfra. Ég vil leyfa mér að vísa til orða sem Guðlaug Snorradóttir skólastjóri Heyrnleysingjaskólans hefur tekið saman og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heyrnleysingjar fagna því hversu mikill sá áhugi er nú fyrir málefnum þeirra og vænta þess að allar umræður um þeirra mál verði til góðs þeim til handa. Heyrnleysingjar telja sig þó ekki vera í stakk búna til þess að takast á við það mikla mál að hefja kennslu á táknmáli í grunnskólum og vilja leggja fram skýringar máli sínu til stuðnings.

Táknmál eða móðurmáli heyrnleysingjans eins og það er kallað í dag hefur tiltölulega lítill gaumur verið gefinn hingað til. Heyrnleysingjarnir hafa notað þetta tjáningarform um aldir til þess að geta talað saman. Þetta merka kerfi hefur þróast sem mál á meðal þeirra og okkur sem heyrum hefur verið þetta framandi með því að við höfum meira litið á þetta sem ófullkomnar bendingar þeirra í milli fremur en kerfisbundið mál sem hefur ákveðna merkingu og boðskipti milli fólks.

Nú síðari ár hafa rannsóknir verið gerðar á Norðurlöndum og í Ameríku á táknmáli heyrnleysingja. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós, svo og opnað augu þeirra sem mest hafa um þessi mál fjallað, að hér er um tungumál að ræða sem hefur sína málfræði og sína uppbyggingu málfræðilega séð hreint eins og annað mál, en að sjálfsögðu er ekki hægt að túlka það beint frekar en annað tungumál. Það verður að taka tillit til þeirrar tungu sem málið er túlkað á eða af hverju sinni.

Ósk heyrnleysingjanna er því nú númer eitt að íslenska táknmálið fái meiri tíma til þess að þróast þeim til handa og vaxa á meðal þeirra áður en hægt verði að hefja markvissa kennslu á því fyrir almenning. Í dag hefur íslenska táknmálið um það bil 3000 orð ef allt er upp talið og er það að sjálfsögðu ekki nema lítið brot af íslensku máli. Heyrnleysingjar telja brýna þörf á að gera verði nákvæma athugun og greiningu á máli þeirra, jafnframt gerðar bækur á táknmáli, en ekki fyrr telja þeir að verði hægt að hefja markvissa kennslu á þeirra máli. Enn fremur álíta þeir einnig vafamál að það nái tilætluðum árangri að táknmál verði tekið til kennslu í grunnskólum landsins.

Fyrir það fyrsta eru ekki til nægilega margir þjálfaðir kennarar til að kenna en þeir verða að vera heyrnarlausir eða heyrnarskertir til þess að málið komi til skila.

Í öðru lagi telja þeir að réttara sé að kynna hvernig beri að umgangast heyrnarlausa og hvernig best sé að haga sér til þess að þeir skilji hinn heyrandi betur og svo hvernig hinum heyrandi beri að reyna að skilja hinn heyrnarlausa og gera sig skiljanlegan við hann. Hér er um málefni að ræða sem fyrst þyrfti að kynna og hlúa að. Síðan má e. t. v. athuga þær leiðir sem bestar verða til þess að kynna og kenna táknmálið, e. t. v. sem valgrein í skólum, e. t. v. með föstum þætti í sjónvarpi, þá eiga allir sem vilja kost á slíkri kennslu eða jafnvel og ekki síður í ákveðnum hópum þar sem hver og einn ræður því hvað tekið er fyrir, t. d. í námsflokkum hér svo að eitthvað sé nefnt."

Þetta voru orð skólastjóra Heyrnleysingjaskólans og

ég get tekið undir þau. Hér er um fólk að ræða sem gerst má um þennan vanda vita og ég hygg að skynsamlegt sé að haga sér eftir þeim ábendingum sem fram koma í því bréfi sem ég hef lesið, herra forseti.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka ráðh. greinargóð svör en ég hef ýmsar aths. við þessi svör. Það er auðvitað ekki beint verkefni forsvarsmanna heyrnleysingja að hrinda af stað kennslu í táknmáli eða undirbúa jarðveginn að slíkri kennslu þó að vitaskuld sé allt samstarf við þá bráðnauðsynlegt í þeim málum. Fyrst nú kemur fram að ekki eru til nægileg gögn til að hefja markvissa kennslu í táknmáli held ég að samt væri hægt að byrja með þeim 3000 orðum sem til eru eins og kom fram í máli ráðh. og þeirri þekkingu sem er nú þegar á þessu máli. Það væri hægt að byrja með örlitla kennslu t. d. í neðri bekkjum grunnskólans. Ég þekki litla 5 ára stelpu sem hafði kost á því að læra nokkur orð í táknmáli og hafði mjög gaman af, og var fljót að tileinka sér það, börnin gera þetta að leik. Þannig að hægt væri að ýta þessu úr vör þó að enn sé mikið starfs óunnið í þá veru að hægt sé að taka upp kennslu í táknmáli sambærilega t. d. við kennslu í erlendu máli.

Ég vil aðeins ítreka það að þegar sé reynt að fara af stað með einhvers konar almenna kennslu á því sem fyrir liggur. Eins tek ég undir þá hugmynd að í sjónvarpi verði fastur þáttur þar sem komið er upplýsingum á framfæri um það hvernig heppilegast er að umgangast heyrnarlausa eins og ráðh. orðaði það og þeirri kennslu í táknmáli sem við verður komið á þessu stigi málsins.

Sleppibúnaður björgunarbáta, fsp. 165. mál (þskj. 287). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Herra forseti. Þegar Sigmund Jóhannsson uppfinningamaður og teiknari hafði hannað nýjan sleppibúnað á gúmmíbjörgunarbáta og sá búnaður hafði verið reyndur fyrst, í febrúar 1981, lýstu helstu talsmenn í öryggis- og björgunarmálum þjóðarinnar því yfir að um byltingu væri að ræða varðandi öryggismál sjómanna, ekki aðeins byltingu á Íslandi heldur byltingu þótt víðar væri leitað. Þá tóku ákveðnir aðilar, svo sem rannsóknarnefnd sjóslysa, upp hanskann fyrir þennan búnað, stuðluðu að því að hann yrði kannaður og reyndur, og þróunin varð sú, að það voru gerðar nokkrar útgáfur af þessum sleppibúnaði gúmbjörgunarbáta og við ýmsar aðstæður var hann kannaður og prófaður á ýmsum stærðum skipa. Siglingamálastofnun viðurkenndi búnaðinn sama ár um sumarið og ýmsir tóku að láta setja þennan búnað í báta sína. Nær allir bátar Vestmannaeyjaflotans eru með þennan búnað, nær allir bátar á Hornafirði og einnig er búnaðurinn kominn í báta víða annars staðar.

Það var gerð fsp. á Alþingi fyrir tveimur árum um það, hverju sætti að ekki væri sett reglugerð um þennan búnað. Loksins kom reglugerðin 25. júní 1982. Það hefur síðan verið fremur hljótt um framkvæmd málsins. Þar sem um slíkt öryggistæki er að ræða, sem reyndustu talsmenn í öryggismálum sjómanna hafa lýst yfir, þá vekur það spurningar hvers vegna málið er ekki komið lengra á veg. Því hefur ekki verið fylgt eftir sem skyldi. Jafnhliða hefur verið leyfð uppsetning á búnaði sem ekki framfylgir þeim kröfum sem settar eru fram í reglum gefnum út af rn. Ég á þar við að samkv. þeim reglum sem eru í gildi á að vera sjálfvirkur sleppibúnaður með viðurkenndum sjóstýribúnaði, eins og það er orðað, þ. e. búnaðar sem á að losa gúmbjörgunarbát ef mannshöndin kemst ekki að honum.

Því hef ég lagt fram fsp. til samgrh. um hverju það sæti að leyft sé að setja búnað um borð í íslensk fiskiskip sem fullnægi ekki þeim kröfum sem besta tækið býður og á hinn bóginn um hvað líði að framfylgja þeim reglum sem settar hafa verið um uppsetningu á búnaði sem er ekki verri en Sigmundsbúnaður. Vænti ég að fá svör við þeim spurningum hjá ráðh.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við fyrri fsp., hvað líði uppsetningu löglegs sleppibúnaðar gúmmíbjörgunarbáta (Sigmundsbúnaðar) í íslensk skip samkv. reglugerð þar að lútandi:

Sjósetningarbúnaður gúmmíbjörgunarbáta samkv. reglum var kominn í um 400 skip í lok jan. 1984. Frá vélsmiðjunni Þór hf. Vestmannaeyjum eru komnir í skip um 130 sjósetningarbúnaðir gúmmíbjörgunarbáta, frá Vélsmiðju Ol. Olsen hf. Njarðvík eru komnir í skip um 265 sjósetningarbúnaðir og um 3 sjósetningarbúnaðir frá Stálvík hf. í Garðabæ. Afgreiðslufrestur er nú hjá öllum þessu aðilum á sjósetningarbúnaði og stöðugt verið að setja í fleiri skip eftir því sem afkastageta þessara framleiðenda leyfir. Siglingamálastofnun ríkisins hefur lagt megináherslu á að sjósetningarbúnaður verði sem fyrst settur í minni skipin. Ekki eru tök á að bíða með það. Þess vegna er sú leið farin sem nú er farin.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Herra forseti. Ég þakka samgrh. svör. Mér finnst að þær upplýsingar sem koma fram hjá ráðh. undirstriki aðeins það sem ég hef sagt um þetta mál. Það kemur fram að 130 búnaðir, svokallaðir Sigmundsbúnaðir, eru komnir um borð í skip og það er eini búnaðurinn sem til er, eini búnaðurinn sem er á boðstólum sem býr yfir sjálfvirkum sleppibúnaði. Það er ekki hægt að skilja þarna á milli þótt embættismenn geri það og ég ætla ekki að greina frá af hvaða ástæðum ég tel að það sé. Það er um að ræða í einu samhengi öryggisbúnað sem á að vera til staðar, sem á að bjóða upp á og á ekki að fara neitt á bak við hvað verið er að gera í þeim efnum. Það er undirstrikað í reglunum að í hverju skipi skal einn björgunargúmmíbátur vera með viðurkenndum sjóstýribúnaði og það eru komnir 265 búnaðir í íslenska flotann sem búa ekki yfir þessum möguleikum.

Ég hef ekki fengið svar við því hvers vegna leyfð er uppsetning á tæki sem býr ekki yfir þessum möguleika. Í skýringu ráðh. kom fram að það væri gert ráð fyrir að hægt væri að tengja sjálfvirkan sjóstýribúnað við þau tæki sem ekki hefðu þann möguleika í dag. En það er ekki búið að finna upp þann hluta tækisins sem ég ræði um. Það tel ég ekki aðeins hættulegt fyrir öryggi íslenskra sjómanna, heldur einnig undirstrika slæleg vinnubrögð þeirrar stofnunar sem á að hafa eftirlit með þessum málum, Siglingamálastofnunar.

Ég ætla ekki að ræða hér um gerð hvors tækisins fyrir sig. Það er fremur sérfræðinga að fjalla um slíkt. En ég vil benda á að þau 265 tæki, sem nú eru komin í flotann og eru reyndar samkv. upplýsingum sem fram hafa

komið í blöðum og hjá fréttastofum nýlega dýrari en það tæki sem býr yfir meiri möguleikum, byggjast á að gormabúnaður sviptir gjörð af gúmbjörgunarbát og skýtur honum frá skipi. Löglegir gormar samkv. kröfum Siglingamálastofnunar hafa ekki fengist framleiddir erlendis og því hefur verið bráðabirgðalausn að sjóða saman tvo gorma úr Bronco-bifreiðum. Það vita allir hvað það þýðir í öryggisatriðum að sjóða saman gorma sem búa við ákveðna þenslu í langan tíma. Þannig eru mörg atriði sem mætti benda á í þessu máli og ástæða er til að benda á og fjalla um, því hér er um líf manna að tefla, og er ástæða til að hvetja til þess að tekið sé fastar á í þessum málum og af meiri ábyrgð en verið hefur.

Það má benda á að Sigmundsbúnaður losar loftventil um leið og hann fer í gang og gúmbjörgunarbáturinn byrjar að blásast upp á leiðinni frá skipshlið, en á svokölluðum gormabúnaði sem byggist þó á hugmynd Sigmunds Jóhannssonar að öðru leyti en því að það er belgur annars vegar en gormur hins vegar, þá þarf að kippa í spotta eftir að björgunarhylkið er komið á flot.

Það er ástæða til að fjalla um þetta. Það eru nú nokkur ár síðan þessi búnaður var reyndur. Það var engin hreyfing í þessu máli á síðasta ári og það komu fram rangar upplýsingar frá Siglingamálastofnun fyrir nokkrum vikum um að það væri afgreiðslufrestur á þessum tækjum. Þannig er ekki allt sem skyldi í þessum efnum. Ég vildi því vekja athygli á málinu og hvetja til þess að gætt sé hagsmuna sjómanna til hins ítrasta í öryggismálum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að tala hér um tæknihlið þessa máls. Ég svaraði aðeins þeirri fsp. sem hér liggur fyrir og það svar sýnir að allmikið hefur gerst í sambandi við þennan sjósetningarbúnað, þar sem hann er þegar kominn í um 400 skip. En varðandi tæknihlið málsins og það sem snýr að Siglingamálastofnun, þá spurðist ég fyrir um það hjá siglingamálastjóra og hann gaf mér eftirfarandi svar, sem ég ætla að láta hér koma fram:

„Siglingamálastofnun ríkisins leyfir enn þá uppsetningu búnaðar þess sem Sigmund Jóhannsson hannaði og framleiddur er af vélsmiðjunni Þór hf. í Vestmannaeyjun þótt hann fullnægði ekki í öllum atriðum þeim kröfum sem gerðar eru til sjósetningarbúnaðar. Síðan þessi búnaður kom á markaðinn hefur verið unnið að ýmsum endurbótum á honum og þeim er enn þá ekki lokið. Það hefur verið ljóst um allnokkurn tíma að belgurinn sem blæs út og hreyfir sjósetningargálgann þolir ekki að vera samanbrotinn til lengdar. Hann veðrast, springur og verður lekur og þar með óvirkur. Síðan í sept. 1983 hefur vélsmiðjan Þór hf. leitað eftir belgjum sem þolað gætu veðrun og frost. Slíkur belgur hefur nú verið framleiddur sem sýnishorn erlendis og hefur reynst þola að blásast út í frosti án þess að springa. Vélsmiðjan Þór hf. mun því væntanlega skipta um belgi í öllum þeim sjósetningarbúnaði af þeirri gerð sem þegar hafa verið settir í íslensk skip.

Siglingamálastofnun ríkisins hefur þó ekki talið rétt að draga til baka heimild til að setja upp þennan búnað frá Vélsmiðjunni Þór hf. í Vestmannaeyjum í íslensk skip, því að þótt belgurinn kynni að vera orðinn lekur ef á þyrfti að halda í neyð er samt hægt að koma gúmmíbátnum í sjóinn á hefðbundinn hátt án þess að sjósetningarbúnaðurinn sé virkur. Hins vegar er þess vænst að vélsmiðjan Þór hf. muni fljótlega geta afgreitt nýja gerð af belgjum sem uppfylla muni kröfur til viðurkenningar hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

Önnur gerð sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta hefur verið hönnuð og framleidd af Vélsmiðju Ol. Olsen hf. í Njarðvík. Þar er notaður samanþjappaður stálgormur sem aflgjafi til sjósetningarinnar. Þessi búnaður hefur verið prófaður við 60 gráðu halla í gagnstætt borð við sjósetningu, eins og reglurnar krefjast, og með ísingu, og búnaðurinn hefur reynst standast þær kröfur sem Siglingamálastofnun ríkisins hefur gert. Þótt prófanir þessa búnaðar hafi staðfest nothæfni hans, þá hefur Siglingamálstofnunin krafist vottorðs frá erlendum framleiðanda gormanna um efnisgæði og fleira.

Þá hefur sjósetningarbúnaður sem Stálvík hf. Garðabæ hefur hannað hlotið viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins að afloknum prófunum nú í jan. 1984."

Það sem ég nú hef sagt eru upplýsingar frá siglingamálastjóra.

Í sambandi við þau orð sem hv. fyrirspyrjandi lét falla, þá skal ég fúslega taka undir að allt það sem lýtur að öryggi sjómanna og sjófarenda lít ég opnum augum og allar ábendingar sem fram koma og að gagni mega verða munu verða teknar til vinsamlegrar athugunar og ákvörðunar hverju sinni. Ég tel að allmikið hafi áunnist á þessum tíma þar sem þessi sjósetningarbúnaður er þegar kominn í 400 skip og framleiðendur hafa ekki við að framleiða til að fullnægja pöntunum. Ég vona að úr þessu rætist og að málum þoki vel áfram á nýbyrjuðu ári.

Fyrirspyrjandi (Árni Johnsen): Herra forseti. Tortryggni ríkir í þessum efnum milli stjórnvalda og sjómanna. Það er óeðlilegt þegar um slík mál er að ræða. Ég tel að þessi tortryggni ríki vegna þess að illa hefur verið á málum haldið af hálfu Siglingamálastofnunar. Sá belgur sem Sigmundsbúnaðurinn byggir á hefur aldrei brugðist þegar hann hefur verið reyndur. Það hefur verið leitað eftir því að fá sterkari belg. Sá belgur sem ræðir um er venjulegur lóðabelgur, hefðbundinn lóðabelgur, og framleiddur hefur verið sérstakur belgur mun sterkari, sem að sjálfsögðu tekur við af þeim fyrri. Það er reiknað með því í þessum búnaði að skipt sé um árlega miðað við gömlu belgina.

En málið snýst ekki um það. Málið snýst um það að Sigmundsbúnaður gerði miklu meiri kröfur en Siglingamálastofnun stillti upp varðandi annan búnað, mun strangari kröfur, t. d. það að hann þyldi ísbrynju sem væri 12—15 cm, en ekki 3—4 cm eins og Siglingamálastofnun stillti upp. Gormabúnaðurinn fraus fastur á sama tíma og belgbúnaðurinn þoldi 17 stiga frost. Sá belgur sem nú er notaður í þessum búnaði þolir 30 stiga frost.

Þegar allt er skoðað og tækniatriði málsins einnig er því um að ræða spurninguna um hvort á að velja besta tækið fyrir sjómenn eða ekki. Ég tel að rn. ætti að taka af skarið, láta ganga úr skugga um hvað er besta tækið og sjá til þess að annað tæki fari ekki í íslensk skip. Það á ekki að bjóða íslenskum sjómönnum annað en það besta í öryggistækjum og öryggisbúnaði og þarna er misbrestur á.

Símamál í Sandgerði, fsp. 168. mál (þskj. 309). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef borið fram eftirfarandi fsp.:

„Hvaða úrbætur eru fyrirhugaðar í símamálum Sandgerðinga?“

Tilefni þessarar fsp. er það að á undanförnum árum hafa verið bornar fram við símayfirvöld kvartanir um ástand í símamálum í Sandgerði án þess að nokkrar úrbætur hafi fengist. Og þar sem um þverbak hefur keyrt að undanförnu tók hreppsnefndin upp það mál og ályktaði eftirfarandi:

„Hreppsnefnd Miðneshrepps mótmælir harðlega því ástandi sem er í símamálum hér í Sandgerði og vekur sérstaka athygli á því öryggisleysi sem er samfara því að ekki næst samband út úr byggðarlaginu svo að klukkustundum skiptir. Þá er bent á að ekki næst samband innan byggðarlagsins og skiptir álagstími þar ekki máli.“

Til frekari skýringar er rétt að benda á að sjúkrabíll, læknir og lögregla eru staðsett í Keflavík og þegar ekki næst símasamband þangað þarf ekki að orðlengja hver alvara er á ferðum. Hvað varðar slökkviliðið, þá er það staðsett í Sandgerði, en útkallskerfi þess er stjórnað frá lögreglustöðinni í Keflavík og þar sem það er jafnalgengt að ekki náist símasamband úr Keflavík til Sandgerðis liggur í augum uppi að mál þetta er alvarlegt. Þá má benda á það sérstaklega að þegar óveður gekk yfir 4. jan. s. l. og stórtjón varð í höfninni í Sandgerði, þá var síminn óvirkur og gerist það alltaf þegar helst þarf á honum að halda sem öryggistæki. Þá kemur þráfaldlega fyrir að um helgar verði símar í Sandgerði óvirkir, þannig að ef hringt er t. d. úr Reykjavík í númer í Sandgerði, þá eru þessir símar á tali langtímum saman þó svo að þeir séu ekki í notkun.

Vegna þessa lélega símakerfis er enginn vafi á því að símanotendur í Sandgerði greiði mikinn aukakostnað þar sem það kemur mjög oft fyrir að samband slitnar í samtali og hringja verður aftur. Kveður svo rammt að þessu að með ólíkindum er.

Þá er rétt að geta þess að mjög oft fá símanotendur skakkt númer og veldur það að sjálfsögðu ómældum aukakostnaði. Þetta ástand hefur valdið mikilli ólgu meðal símnotenda í Sandgerði og hafa þeir sent póst- og símamálastjóra umkvartanir nokkrum sinnum. Nú hafa 186 símanotendur undirskrifað mótmæli og óskir um úrbætur, en þrátt fyrir það að þetta erindi hafi verið sent 9. jan. hefur þeim enn í dag ekki borist svar við því hvað fyrirhugað er að gera.

Ég vænti þess að hæstv. samgrh. svari því hvort fyrirhugað er að úrbætur eigi sér stað nú á næstunni.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Varðandi það sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að það hefði verið leitað til Póst- og símamálastofnunar um svör en þau ekki fengist, þá harma ég að slíkt skuli eiga sér stað, því að opinberar stofnanir eiga að svara slíkum fsp. sem þessum og á ekki að þurfa að koma til frekari orðaskipta út af því, því að slík svör eiga alltaf að liggja fyrir. En ef ég sný mér að því að svara þessari spurningu þá hefur ástandið í símamálum í Keflavík, Garði og Sandgerði að undanförnu verið óviðunandi. Það hefur leitt til þess að á síðasta ári var pöntuð starfræn rafeindastöð til stækkunar í Keflavík og ný stöð í Garðinum af sömu gerð.

Það er stefnt að því að taka þennan símabúnað í notkun um mánaðamótin mars/apríl n. k. Í framhaldi af þessu verður línum milli Keflavíkur og Reykjavíkur fjölgað úr 70 í 90 og línum milli Keflavíkur og Sandgerðis verður einnig fjölgað úr 20 í 30. Afkastageta símstöðvarinnar í Keflavík eykst verulega og þar með á afgreiðsla bæði í og frá Sandgerði að batna til mikilla muna. Símasvæðisumsjónarmaðurinn í Keflavík fylgist reglulega með símabúnaði stöðvanna sem hér um ræðir. Hann fer á 1—2 vikna fresti á allar stöðvarnar sem vinna undir símstöðinni í Keflavík. Vegna hinnar miklu símaafgreiðslu getur svo farið að skipta verði út símstöðvunum í Sandgerði og Vogum áður en langt um líður og þegar því er lokið verður símkerfið þarna í fullkomnu lagi fyrir þá miklu símaafgreiðslu sem fer fram á þessu svæði að dómi Póst- og símamálastofnunar.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka ráðh. skýr og glögg svör. Ljóst er af þeim að úrbætur eru fyrirhugaðar og það verulegar og ber að þakka það.

Sameinað þing, 41. fundur.

Þriðjudaginn 31. jan., að loknum 40. fundi.

Veiðar í erlendri fiskveiðilandhelgi, þáltill. 77. mál (þskj. 82). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rekstrargrundvöllur sláturhúsa, þáltill. 89. mál (þskj. 98). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskeldi og klak sjávar- og vatnadýra, þáltill. 91. mál (þskj. 100). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðgerðir gegn skattsvikum, þáltill. 98. mál (þskj. 119). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framkvæmd vegáætlunar 1982, skýrsla (þskj. 198).

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Skýrsla samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1982 var ekki tilbúin þegar þing var rofið og efnt var til kosninga á s. l. vori en ég lagði þessa skýrslu fram hér í byrjun desember og mun skýra hana í stórum dráttum.

Skv. vegáætlun 1981—1984 var heildarupphæð fjárveitingar til vegamála árið 1982 582.3 millj. kr. Þar sem verðforsendur höfðu breyst nokkuð frá því vegáætlun var samþ. árið 1981 var áætlun fyrir árið 1982 tekin til endurskoðunar. Við þessa endurskoðun hækkaði framlag til vegamála í 617.3 millj. kr. Hafði þá verið tekið tillit til niðurskurðar ríkisútgjalda upp á 7.8 millj. kr. Af þessari hækkun voru 20 millj. kr. í formi óafturkræfs framlags frá Framkvæmdastofnun ríkisins. Af þeirri upphæð fóru 10 millj. kr. til að verðbæta framkvæmdaliði skv. upphaflegri áætlun en 10 millj. kr. voru markaðar sérstaklega til svonefndra Ó-vega sem var nýr liður. Þessu til viðbótar voru veittar aukafjárveitingar úr ríkissjóði að upphæð 1.9 millj. kr., þar af 1.6 millj. kr. til Siglufjarðarvegar og 0.3 millj. kr. uppbót á launalið, stjórn og undirbúning. Ennfremur kom til viðbótar andvirði seldra happdrættisskuldabréfa vegna Norður- og Austurvegar, alls 3.9 millj. kr. Heildarútgjöld urðu þannig 623.7 millj. kr. og er það með því hæsta sem þau hafa orðið.

Markaðar tekjur voru skv. áætlun alls 389.7 millj. kr. Tekjur af bensíngjaldi voru áætlaðar 272.7 millj. kr. Þrátt fyrir mikla aukningu á bensínsölu á árinu varð innheimta 0.7 millj. kr. undir áætlun. Ástæður þess eru að hækkanir á bensíngjaldi komu mun seinna til framkvæmda en áætlunin gerði ráð fyrir. Tekjur af þungaskatti voru áætlaðar 116 millj. kr. en innheimta var 1.2 millj. kr. umfram áætlun. Þá voru tekjur af gúmmígjaldi 0.1 millj. kr. umfram áætlun. Alls urðu því markaðar tekjur 0.6 millj. kr. umfram áætlun.

Framkvæmdastofnun veitti óafturkræft framlag til vegagerðar. Helmingi þess fjármagns var varið til Ó-vega en hinn hluti þess fór á ýmsa framkvæmdaliði. Ríkisframlag var í vegáætlun 7.6 millj. kr. en hækkaði um 1.9 millj. kr. sem eru verðbætur á launalið stjórnar og undirbúnings að upphæð 0.3 millj. kr. og aukafjárveiting til Siglufjarðarvegar 1.6 millj. kr. Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán námu 200 millj. kr. skv. vegáætlun. Þar af fóru 170 millj. kr. til almennra framkvæmda og 30 millj. kr. til sérstakra verkefna, þ. á m. jaðarbyggðavega, hafísvega o. fl. Lánsfjáröflun hækkaði um 3.9 millj. kr. umfram vegáætlun sem er andvirði þess er inn kom af sölu happdrættisbréfa til Norður- og Austurvegar.

Að venju fór meginhluti fjárveitinga til viðhalds og nýbygginga á þjóðvegakerfinu. Til sumarviðhalds var varið 181 millj. kr. og er það meira að raungildi en áður hafði verið. Þrátt fyrir það er langt frá því að það fullnægi þörfinni. Undanfarin ár hafa fjárveitingar til viðhalds aðeins numið um eða undir 70% af áætlaðri þörf og meðan svo er hallar á ógæfuhliðina. Sést það best á því að öxulþungatakmarkanir á vorin færast enn í aukana á malarvegunum. Vorið 1982 þurfti víða að takmarka hann við 5 og 7 tonn og loka sumum vegum alveg um stundarsakir. Á fjölförnum vegum þurfti að takmarka þunga í allt að tvo mánuði.

Nokkurra breytinga verður vart í sumarviðhaldi sé það borið saman ár frá ári. Eftir því sem bundin slitlög lengjast og ná til fleiri af fjölfarnari vegum landsins er tiltölulega minna fé varið til heflunar en meira til mölunar, en viðhald slitlaga eykst jöfnum höndum. Á árinu 1982 var yfirborð nokkurra steyptra og malbikaðra vega fræst niður fyrir hjólför í stað þess að leggja yfir þá malbik. Var þetta verk boðið út og reyndist kostnaður um eða undir helmingi þess sem nýtt lag hefði kostað. Á árinu fór óvenjumikið viðhaldsfé til lagfæringar vegna vatnaskemmda sem urðu fyrst og fremst um vestanvert landið og í Öræfasveit.

Vetrarviðhald fór 11.5 millj. kr. fram úr áætlun og var það fyrst og fremst vegna óhagstæðs tíðarfars síðari hluta ársins. Það varð alls 56 millj kr.

Það hefur sýnt sig að batnandi vegir kalla á aukna þjónustu og breyttar umferðar- og flutningavenjur og hefur vetrarviðhald því ekki farið minnkandi að undanförnu. Sömu vegirnir eru dýrastir í viðhaldi ár frá ári og má af þeim nefna veginn um Hellisheiði, Breiðdals- og Botnsheiði, Oddsskarð og Fjarðarheiði, Siglufjarðarveg og Ólafsfjarðarveg.

Eins og ætíð þegar verðbólga verður meiri en áætlað er gengur það fyrst og fremst út yfir nýbyggingar. Það verður því ekki sagt um þær eins og viðhaldið að þær hafi náð hámarki árið 1982 enda þótt hlutur þeirra hafi verið tiltölulega góður. Fjárveitingar til vega, brúa og fjallvega námu alls 311.7 millj. kr. sem er 26 millj. kr. lægri tala en árið áður miðað við sama verðlag. Hluti af þessu mun stafa af því að ríkisstj. ákvað að fresta framkvæmdum á þessu ári að upphæð 7.8 millj. kr.

Ekki verða hér taldar upp einstakar framkvæmdir ársins enda þær tíundaðar í skýrslunni. Fyrst og fremst verður drepið á hvernig þær skiptast í liði og gerð grein fyrir nokkrum þeirra.

Fjárveiting til nýbygginga á þjóðvegum landsins var skv. vegáætlun 263.5 millj. kr. Af henni fengu stofnbrautir 209.3 millj. kr., þjóðbrautir 39.9 millj. kr. og Ó-vegirnir svokölluðu 10 millj. kr. en afgangurinn fór til girðinga og uppgræðslu. Stofnbrautaféð skiptist að vanda milli almennra verkefna, bundinna slitlaga og sérstakra verkefna. Hlutur almennu verkefnanna var nokkru stærri en hinna. Geta má þess, að bundið slitlag var lagt á 144 km og var orðið í árslok 651 km. Mest var lagt á árinu á Norðurlandi eystra, á rúma 30 km, en á tæpa 30 km á Norðurlandi vestra, en minnst á Vestfjörðum 8 km.

Eins og að undanförnu fengu sérstök verkefni stærstu fjárveitingarnar. Heita má að einu slíku verkefni hafi verið lokið á árinu en það er Hafnarfjarðarvegur í Garðabæ. Á Hafnarfjarðarvegi hafa að undanförnu verið langflest umferðarslys á þjóðvegum, 140 á árinu 1983 eða 15.5% af skráðum umferðarslysum á þjóðvegum landsins. Margir aðrir kaflar sem eru hlutar af þessum sérverkefnum voru teknir í notkun en aðrir eru styttra á veg komnir enda þetta verkefni sem tekur mörg ár að ljúka. Af stórum verkefnum sem hafin var vinna við má sérstaklega nefna Ó-vegina tvo, þ. e. vegina undir Ólafsvíkurenni og í Óshlíð. Eins og áður er getið fengu þessir vegir 10 millj. kr. framlag frá Framkvæmdastofnun ríkisins.

Til brúargerða var varið 24.8 millj. kr., þar af 19.7 millj. kr. til brúa lengri en 10 m. Mesta brúargerðin var

á Svarfðardalsá, en hún hófst 1981. Lokið var við brú yfir Eyjafjarðará hjá Hrafnagili sem einnig hófst 1981. Aðrar meiriháttar brýr voru á Jökulsá hjá Goðdölum og Fjarðará í Borgarfirði eystra. Til smábrúa var varið 5.1 millj. kr.

Fjárveiting til aðalfjallvega var 1.25 millj. kr. en 1.46 millj. kr. til annarra fjallvega. Taldir eru upp í skýrslunni þeir vegir sem fé var veitt til. Auk þess fengu þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum 1.25 millj. kr. og Bláfjallavegur 2.9 millj. kr. auk láns að upphæð 1 millj. kr. frá Framkvæmdastofnun.

Gerð er í skýrslunni grein fyrir ráðstöfun fjárveitinga til sýsluvega en hún nam 19.5 millj. kr. Fjárveiting til vega í kaupstöðum og kauptúnum var 43 millj. kr. 3/4 hlutum þess var skipt eftir höfðatölu milli 22 kaupstaða og 43 kauptúna með yfir 200 íbúa, en fjvn. skipti fjórðungi fjárins milli 35 þéttbýlisstaða.

Vegáætlun 1983—1986, 162. mál (þskj. 245). — Fyrri umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1983—1986. Hér er um endurskoðun á gildandi vegáætlun að ræða í samræmi við 10. gr. vegalaga nr. 6 1977.

Sem kunnugt er var till. til þál. um vegáætlun fyrir þessi sömu ár lögð fram á síðasta Alþingi en varð ekki útrædd. Þó lá fyrir afgreiðsla fjvn. Alþingis og ákvað fyrrv. samgrh. að framkvæma vegáætlun fyrir árið 1983 í samræmi við brtt. nefndarinnar, sbr. 191. mál þess þings. Þessi ákvörðun fyrrv. samgrh. var byggð á því, að fyrrv. ríkisstj. hafði samþykkt að gefin yrðu út brbl. um sérstakt veggjald sem áætlað var að gæfi 109 millj. kr. tekjur á árinu 1983. Af setningu þessara brbl. varð þó ekki, en eftir að núv. ríkisstj. tók við var ákveðið í ríkisstj. að ríkissjóður legði út þetta fjármagn til þess að unnt yrði að standa við útgjaldaáform vegáætlunarinnar.

Til upprifjunar skal á það minnt að á árinu 1974 kom upp svipuð staða, því á Alþingi síðla vetrar það ár var till. um vegáætlun heldur ekki afgreidd áður en þing var rofið. Hún var látin gilda fyrir það ár og síðan flutt á næsta þingi á eftir og var árið 1974 þá tekið með.

Áður en lengra er haldið vil ég fara nokkrum almennum orðum um forsendur þessarar vegáætlunar. Vorið 1981 samþykkti Alþingi till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð. Þar var ákveðið að hlutfall þjóðarframleiðslu, sem renna skyldi til vegamála, sbr. vegáætlun, yrði 2.2% á árinu 1983, 2.3% 1984, en 2.4% 1985 og síðar. Vegáætlun sú er lögð var fyrir síðasta þing var í samræmi við þessar forsendur, en vegna mikilla verðhækkana umfram verðlagsspá varð heildarfjármagn til vegamála á síðasta ári þó einungis 2% af þjóðarframleiðslu í stað 2.2%, eins og ráð hafði verið fyrir gert.

Efnahagsörðugleikar þeir sem nú er við að etja setja með tvennum hætti mark sitt á þá till. sem hér er lögð fram. Annars vegar er þróun þjóðarframleiðslu nú áætluð mun óhagstæðari en hægt var að sjá fyrir þegar fyrri vegáætlun var til meðferðar hér á Alþingi. Hins vegar er óhjákvæmilegt að lækka viðmiðunarhlutfall heildarfjármagns til vegamála af þjóðarframleiðslu lítið eitt á árinu 1984. Er nú miðað við 2.2% það ár, en hlutfall áranna 1985 og 1986 er í samræmi við langtímaáætlun í vegagerð, eða 2.4% af þjóðarframleiðslu.

Af framansögðu er ljóst að vegagerðin mun á því áætlunartímabili sem hér er til umfjöllunar hafa minna fjármagn til ráðstöfunar en ráð var fyrir gert í fyrri till. Lagt er til í þessari till. að þeirri skerðingu verði mætt með þeim hætti að sem minnstri röskun valdi á skiptingu fjármagns á einstaka útgjaldaliði og að ekki þurfi að breyta röðun verkefna.

Ég mun hér á eftir fara yfir meginþætti þessarar till. til þál.

Á fremstu síðu till. eru sem fyrr taldir upp þeir mörkuðu tekjustofnar sem áætlað er að renni til vegamála. Ekki þarf að fara mörgum orðum um bensíngjald og þungaskatt. Þeir tekjustofnar byggjast á spá um fjölda bifreiða og um notkun þeirra. Í grg. eru forsendur nánar raktar, en þær eru unnar í samvinnu við Þjóðhagsstofnun.

Í vegalögum frá árinu 1963 voru lögfestir markaðir tekjustofnar til vegamála og hafa megintekjur vegagerðarinnar frá þeim tíma komið frá þeim. Þessir tekjustofnar hafa frá upphafi verið bensíngjald, þungaskattur og gúmmígjald. Tekjur af þungaskatti hafa alla tíð runnið óskiptar til vegagerðarinnar. Hins vegar hafa aðrar álögur ríkisins á bensín en bensíngjald hækkað verulega á þeim tíma er liðinn er frá setningu vegalaga 1963. Sem dæmi um það má nefna að þá nam bensíngjaldið um 67% af heildarskatttekjum ríkisins af bensíni, en það hlutfall er nú komið niður í 39%. Svipaða sögu má reyndar segja um álögur á hjólbarða. Til að vega upp á móti þessari þróun hefur ríkisstj. ákveðið að gera tvær grundvallarbreytingar á tekjustofnum vegagerðarinnar.

Sú fyrri felur í sér að 50% af heildartekjum ríkissjóðs af bensínsölu skuli að lágmarki renna til vegaframkvæmda skv. vegáætlun. Til viðbótar bensíngjaldinu komi því aðrar skatttekjur af bensíni, söluskattur og tollur til vegagerðarinnar uns 50% markinu er náð.

Hin breytingin er að gúmmígjaldið er fellt niður frá og með árinu 1984. Með því er stigið mikilvægt skref í þá átt að minnka álögur á hjólbarða, en ástand þeirra hefur mikil áhrif á öryggi ökumanns og farþega.

Á annarri síðu till. er fjallað um skiptingu útgjalda. Um sumarviðhald er það að segja, að í langtímaáætlun um vegagerð var mörkuð sú stefna að auka bæri fjármagn til viðhalds vega og er þeirri stefnu fylgt í þessari till. Vegagerðin hefur eftir ákveðnum grundvallarreglum, sem notaðar eru á Norðurlöndunum, reynt að meta þörf veganna fyrir viðhaldsfé. Á árunum 1975—1982 er talið að til sumarviðhalds hafi verið varið 59—74% af metinni þörf. Í þessari till. er gert ráð fyrir að auka allverulega fjármagn til sumarviðhalds. Þannig er gerð till. um að í lok áætlunartímabilsins verði fjárveitingar komnar upp í um 83% af þörf. Hefur þá verið tekið tillit til þess að fjármagnsþörf eykst um 15% á ári vegna aukinnar umferðar.

Sú áhersla sem lögð er á þennan þátt vegamála er að mínu mati réttlætanleg. Fjármagn til sumarviðhalds hefur verið látið sitja á hakanum allt of lengi. Að mínu mati er rétt að stefna að því, að fjármagn til sumarviðhalds aukist nokkru hraðar en til vegamála almennt.

Rétt er að fara nokkrum orðum um kostnað við vetrarviðhald. Af eðlilegum ástæðum er kostnaður

þessi mjög breytilegur. Hefur hann á undanförnum árum orðið lægstur 80 millj. kr. en hæstur um 130 millj. kr., hvort tveggja á verðlagi ársins 1983. Þrátt fyrir miklar sveiflur milli einstakra ára má segja að kostnaður við vetrarþjónustuna hafi farið vaxandi frá ári til árs. Jafnframt því sem vegir hafa batnað hafa möguleikar vegfarenda til að komast leiðar sinnar að vetrarlagi að sama skapi batnað. Á hinn bóginn er þess að gæta, að miklir fjármunir fara í þessa þjónustu. Mætti í því sambandi velta því fyrir sér, hvort hún sé of dýru verði keypt, eða þá hvort fá mætti betri þjónustu fyrir sama fjármagn. Það væri áhugavert að gera tilraunir á þessu sviði, t. d. með því að auka þjónustu við vegfarendur haust og vor, meðan yfirleitt er fremur snjólétt, en draga í staðinn úr mokstri á erfiðari leiðum yfir háveturinn þegar kostnaðurinn er mestur og umferð jafnframt í lágmarki. Á s. l. ári varð hallinn á vetrarviðhaldi 25 millj. kr. og varð kostnaðurinn í heild því um 130 millj. kr.

Stærsti liður í skiptingu útgjalda til nýrra þjóðvega eru stofnbrautir, þ. e. fjármagn í stofnbrautir almennt. Þrátt fyrir að skv. þessari till. til þál. um vegagerð sé gert ráð fyrir minna fjármagni til vegamála en skv. vegáætlun þeirri er lögð var fyrir hið háa Alþingi á s. l. ári er lögð áhersla á að hlutur nýbygginga verði það stór að ekki þurfi að skerða þær að neinu ráði frá fyrri áætlun. Að þetta sé hægt byggist nær eingöngu á eftirfarandi atriðum:

1. Verðlagsþróun milli áranna 1983 og 1984 er metin hagstæðari en ráð var fyrir gert í fyrri áætlun.
2. Ekki var búið að skipta á einstakar framkvæmdir 10% þess fjár sem gert var ráð fyrir að kæmi í hlut nýbygginga á árinu 1984.
3. Gert er ráð fyrir að með auknum útboðum náist betri nýting fjárveitinga.

Um þriðja liðinn er það að segja að nú er orðið alllangt síðan Alþingi samþykkti að verk á vegum hins opinbera skyldu að öllu jöfnu vera boðin út. Vegagerð ríkisins hefur ekki nema að takmörkuðu leyti séð sér fært að hafa þennan hátt á. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að véla- og bílaeigendur víðs vegar um landið hafa haft nægilegan tækjakost til að annast þessi verk og hafa lagt áherslu á að fá að ganga fyrir öðrum um framkvæmdir. Að sjálfsögðu hefur Vegagerðin haft umsjón með þessum framkvæmdum og unnið hefur verið í samræmi við heimilaða taxta. Í sambandi við þetta mál er rétt að geta þess, að þegar frá eru skildar nokkrar tegundri tækja, sem sérstaklega eru notuð við viðhald á vegum, svo sem heflar og snjómoksturstæki, þá er vélaeign Vegagerðarinnar í lágmarki. Má því segja að eftir því sem einstaklingar og félög hafa eignast tæki og vélar til útleigu hefur Vegagerðin minnkað sína vélaeign að sama skapi. Til að sýna fram á þessa þróun má nefna mörg dæmi. Ég vil aðeins nefna tvö atriði.

Það fyrra er að fyrir um 20 árum voru 50% ýtuvinnu, sem unnin var af flokkum Vegagerðarinnar, unnin með eigin vélum. Nú er þessi tala komin niður fyrir 5% og síðustu ýturnar að ganga sér til húðar.

Síðara atriðið, sem ég vil nefna í þessu sambandi, er ámoksturinn. Fyrir tveimur áratugum fóru um 95% hans fram með eigin vélum en nú eru eigin tæki notuð í minna en 15% tilvikum.

Áður en ég lýk máli mínu um útboð verka í vegagerð vil ég nefna að breytingar á vinnumarkaðnum, sem átt hafa sér stað að undanförnu, benda ótvírætt til þess að útboð muni færast í aukana á næstu árum. Í fyrsta lagi vil ég nefna að á síðasta ári var gert samkomulag við Samband vörubifreiðastjóra um að framvegis mættu aðilar innan þess víkja frá töxtunum og vinna verk í ákvæðisvinnu. Varð það til þess að í sumar sem leið var auk stærri verka hægt að bjóða út margar minni háttar framkvæmdir í landshlutum þar sem engir stærri verktakar starfa. Þá kom í ljós að heimamenn reyndust geta unnið verkin fyrir lægra verð en áætlanir byggðar á hefðbundnum töxtum gerðu ráð fyrir.

Í öðru lagi má nefna atriði sem virðist ætla að beina vegagerð inn á sömu braut. Að undanförnu hefur öll starfsaðstaða vinnuflokka verið bætt og aukin í samræmi við nýsett lög og reglugerðir. Er svo komið, að viðlegukostnaður á hverja unna klst. er jafnmikill og þau laun sem greidd eru. Með reglugerð um starfsmannabústaði og starfsmannaíbúðir, sem gefin var út af heilbr.- og trmrn. á árinu 1982 var enn aukið við þessar kröfur. Er kostnaður við framkvæmd reglugerðarinnar talinn munu hækka viðlegukostnað um allt að 20% frá því sem nú er.

Ég nefni þetta atriði hér vegna þess að svo virðist sem samkeppnisaðstaða Vegagerðarinnar, þegar um er að ræða vinnu við mörg verk í vegagerð, hafi versnað stórlega því að einhvern veginn virðist verktökum takast að komast frá þessu á ódýrari hátt en Vegagerðin. Er í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja. Þessi atriði og reyndar mörg önnur, sum árstíðabundin, hafa orðið til þess að útboð verða nú hagstæðari og hefur verið talið óhætt að taka tillit til þess við gerð þessarar vegáætlunar.

Skipting fjárveitinga á einstakar framkvæmdir er í samræmi við langtímaáætlun í vegagerð og fyrri till. til þál. um vegáætlun sem ekki fékkst útrædd á síðasta þingi. Í stofnbrautum er haldið þeirri verkefnaskiptingu sem notuð hefur verið síðustu ár og gefið góða raun. Áhersla er lögð á bundin slitlög eins og undanfarið, enda er það sú aðferð, ásamt bættu viðhaldi, sem kemur hinum almenna vegfarenda mest til góða.

Árið 1983 voru lagðir rúmir 100 km af bundnu slitlagi. Þar af voru um 10 km. lagðir í minni breidd en tíðkast almennt, eða sem svarar einni akrein. Tilraun var gerð með þessa tilhögun í smáum stíl 1982 og með reynslu af henni var haldið lengra á þessari braut 1983. Með þessu móti má fá mun meira slitlag fyrir sama fjármagn og reynslan bendir til að þetta sé nægileg breidd á vegum þar sem umferð er tiltölulega lítil.

Til að ná markmiðum langtímaáætlunar þarf að leggja mun meira af bundnu slitlagi en gert var 1983. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til þessa verkefnis aukist á næstu árum og með því að mjókka slitlagið þar sem aðstæður leyfa ætti að vera unnt að ná markmiðum langtímaáætlunar.

Jafnframt því sem lögð eru bundin slitlög verður almennum verkefnum sinnt með svipuðum hætti og undanfarið, enda þurfa margir vegakaflar á því að halda áður en unnt er að leggja á þá bundið slitlag. Sérstök verkefni, eitt til tvö stærri verkefni í hverju kjördæmi, fá svipað fjármagn og áður. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að halda þessum verkefnum aðskildum frá hinum venjulegu verkefnum.

Utan við þessa þrískiptingu eru svonefndir Ó-vegir, Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúli. Vegna sér-

stöðu þessara vega þótti óhjákvæmilegt að taka þá út úr og ætla þeim sérstakar fjárveitingar. Frá upphafi var miðað við að framkvæmdir yrðu í þeirri röð sem að ofan greinir, en þó var reiknað með að framkvæmdir mundu skarast nokkuð. Í samræmi við þetta hefur aðaláhersla verið lögð á Ólafsvíkurenni og eru framkvæmdir þar nú nokkuð á undan áætlun. Var vegurinn tekinn til umferðar um mitt s. l. ár þó að enn sé þar margt ógert. Jafnframt hefur nokkuð verið unnið í Óshlíð og unnið hefur verið að ýmsum undirbúningsrannsóknum í Ólafsfjarðarmúla. Í þeirri vegáætlun sem hér er lögð fram er gert ráð fyrir að þessir vegir fái áfram fjárveitingu undir sérstökum lið.

Ég tel ástæðu til að fara hér nokkrum orðum um þróun í vegagerð hvað varðar sprengingar og jarðgangagerð. Á undanförnum árum hafa orðið nokkrar breytingar á vinnu við sprengingar. Borvélar eru orðnar kraftmeiri og stýribúnaður þeirra auðveldari og fljótvirkari í notkun, þannig að nú tekur borun mun styttri tíma, og þvermál á borholum hefur verið aukið úr 25—30 mm í 60—80 mm sem hentar mjög vel þegar verið er að sprengja grjót í miklu magni.

Um árabil hefur áburður verið notaður sem sprengiefni. Fyrst gekk það fremur illu, m. a. vegna þess að blöndun efna þarf að vera nákvæm og óþægilegra er að nota þetta efni ef borholur eru mjóar. Á síðari árum, þegar borholur voru almennt 60—80 mm í þvermál, var mun einfaldara og betra að nota áburð sem sprengiefni. Notaður er kjarni og hráolía í hlutföllunum 95% og 5% og blandað vel saman og geymt í tæpan sólarhring.

Samhliða þessu lækkaði kostnaður við sprengingar það mikið að í nokkrum tilvikum hefur verið hagkvæmt að sprengja klöpp og nýta sprengda grjótið í fyllingar, burðarlag eða til efnisvinnslu. Sem dæmi um þessa notkun má nefna efnisvinnslu í Hvalfirði, jöfnunarlag og olíumöl, burðarlag í virkjunarveg við Blöndu, burðarlag í Djúpveg, Kirkjubólshlíð, Óshlíð, þar sem sprengt grjót úr skákum og skurðum ofan vegar var notað í burðarlag.

Á næsta sumri er m. a. fyrirhugað að sprengja grjót í burðarlag á nýjan veg á Steingrímsfjarðarheiði og í Óshlíð eins og á s. l. ári. Sprengingar á efni til notkunar í burðarlag og efnisvinnslu kemur í nokkrum tilfellum í stað dælingar úr sjó.

Við jarðgangagerð hefur þróun í vélbúnaði notið sín öllu betur því að með bættum vélakosti hafa afköst í sprenginum jarðganga aukist verulega. Sem dæmi má nefna að með eldri tækjum, sem t. d. voru notuð við jarðgangagerð í Strákagöngum og í Oddsskarði, voru að jafnaði boraðir 3 metrar í hleðslu en nú eru með nýrri tækjum boraðir 4—5 metrar í hleðslu á sama tíma. En síðasta þrepið í þessari þróun tækjabúnaðar við jarðgangagerð er smíði stórra véla sem bora allt þversnið jarðganganna í einu. Í Noregi hefur á undanförnum árum verið lokið við um 15 km af jarðgöngum árlega. Þau hafa að hluta til verið unnin af vegagerðinni þar og að hluta til boðin út til verktaka. Til þessa hafa þessi göng verið unnin á hefðbundinn hátt en á síðasta ári fékk vegagerðin þar tvær stórar vélar til heilborunar.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um þann kafla í till. sem fjallar um þjóðvegi í þéttbýli. Um 20 ára skeið hefur Vegagerð ríkisins lagt ákveðið hlutfall af mörkuðum tekjum sínum til þjóðvega í þéttbýli. Þessi tilhögun hefur stuðlað að því að tekist hefur að setja bundið slitlag á þessa vegi, einkum þó í stærri þéttbýlisstöðum. Á síðasta þingi var það lagaákvæði sem til tók þetta hlutfall fellt niður úr vegalögum og skal framlagið nú ákveðið hverju sinni á Alþingi. Í þeirri till. sem hér liggur fyrir er lagt til að framlagið verði svipað að framkvæmdamætti og verið hefur undanfarin ár. Til að aðstoða þá staði sem styst eru á veg komnir hefur verið tekinn upp nýr fjárveitingaliður undir heitinu „Nýir þjóðvegir", bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum. Eins og nafnið ber með sér er hann eingöngu ætlaður til bundins slitlags og mun einkum koma minni stöðum til góða. Miðað við fjárveitingartillögurnar undir þessum lið og til þjóðvega í þéttbýli má ætla að það taki um fimm ár að ljúka því verkefni að koma bundnu slitlagi á alla þjóðvegi í þéttbýli.

Fjárveitingar til vélakaupa og byggingar áhaldahúsa hafa farið minnkandi að verðgildi undanfarin ár. Í till. er miðað við að svo verði áfram. Fjárfestingar Vegagerðarinnar hafa einkum beinst að tveimur verkefnum. Annars vegar til kaupa á vélum af þeim tegundum sem erfitt er að fá leigðar á almennum markaði svo sem veghefla, snjómoksturstæki, valtara og ýmis sérhæfð tæki til vega- og brúargerðar. Hins vegar hefur fjármagni verið varið í byggingu áhaldahúsa og annarrar aðstöðu út um land til að unnt verði að sinna þeim verkefnum í viðhaldi, þjónustu og nýbyggingum sem vinna þarf.

Auk beinna fjárveitinga á vegáætlun notar Vegagerðin afskriftafé véla og tækja svo og tekjur af rekstri verkstæða til fjárfestingar. Er það raunar mikill meiri hluti fjárins sem þannig fæst. Þörf verður fyrir fjárfestingu á báðum áðurnefndum sviðum á næstu árum í svipuðum mæli og verið hefur. Eðlilegt er þó við núverandi aðstæður að skerða þessar fjárveitingar umfram aðrar a. m. k. um sinn, og er till. miðuð við það.

Ég mun nú taka til umræðu verðugt athugunarefni að mínu mati. Þar á ég við breytingu á gjaldtöku dísilbíla þannig að í stað gjaldtöku á ekinn kílómetra komi gjald á orkunotkun í svipuðu formi og bensíngjald. Við breytingu vegalaga 1963 var tekinn upp sérstakur skattur á dísilbíla til samræmis við bensíngjald sem lagt er á eigendur bensínbíla. Þetta gjald var í upphafi fast gjald en var síðan breytt árið 1970 varðandi þyngri bíla í gjald á ekinn km. Þegar rætt var um þá breytingu komu tveir möguleikar til greina. Annars vegar var sú leið sem farin var, þ. e. gjaldtaka á ekinn km, og hins vegar gjald á orkunotkun í svipuðu formi og bensíngjald. Sú leið felur í sér að aðgreina þarf gasolíu eftir notendum og þá helst með litun þeirrar olíu sem ekki fer á bíla. Ástæður þess að fyrri kosturinn var valinn voru ýmsir tæknilegir örðugleikar við framkvæmd litunar auk þess sem hún hafði lítt verið reynd annars staðar.

Reynsla okkar af kílómetragjaldinu hefur hins vegar leitt í ljós ýmsa vankanta á því innheimtukerfi. Kerfið er ákaflega þungt í framkvæmd setja þarf sérstaka mæla í flesta bíla til að skrá notkunina. Innheimta gjaldsins fer fram þrisvar á ári og þurfa eigendur bílana að koma með þá jafnoft til aflestrar mælis. Útreikningur greiðsluskyldu fer fram í Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Til eftirlits með innheimtu og virkni mæla eru nú tveir starfsmenn í fullu starfi auk þess sem bifreiðaeftirlitsmenn og vegalögregla sinna eftirliti eftir því sem aðstæður leyfa.

Þetta eftirlit er hins vegar erfitt í framkvæmd og því er

nokkur óvissa um skilvirkni kerfisins. Heildarkostnaður við eftirlit og álagningu kílómetragjalds svo og kostnaður bifreiðaeigenda við mæla er lauslega áætlaður um 5 millj. kr. En þá er sleppt þeim aukakostnaði sem lendir á bifreiðaeigendum við að koma með bifreiðar til álestrar þrisvar á ári. Þá má loks nefna að aukinn fjöldi minni dísilbíla til einkanota krefst þess að eigendum þeirra sé ekki mismunað með gerólíku skattkerfi eins og raun er í dag.

Með tilliti til þeirra vankanta á kílómetragjaldinu sem að ofan er lýst hefur verið reynt að leita annarra leiða til innheimtu skatta af dísilbifreiðum. Nýtt innheimtukerfi verður til innheimtu skatta af dísilbifreiðum. Nýtt innheimtukerfi verður að tryggja að sem minnst hætta sé að undandrætti og að hægt sé að vinna að innheimtu með sem minnstum kostnaði. Setja verður sem meginmarkmið að skattur á bifreiðar verði hlutfallslega sá sami, hvort heldur er um að ræða bensín- eða dísilbíla.

Í þessu skyni hafa augu manna helst beinst að litun olíu en með henni skapast möguleikar á sams konar skattlagningu og beitt er á rekstur bensínbifreiða og er jafn skilvirk og innheimta bensíngjaldsins. Þessi háttur á gjaldtöku dísilbifreiða er víða viðhafður, m. a. í aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins svo sem í Finnlandi og í Kanada og Bandaríkjunum.

Hér á landi sem annars staðar er olía orkugjafi margs konar véla sem notaðar eru í mismunandi tilgangi. Því verður að auðkenna þá olíu sem nýtt er á bifreiðar ef innheimta á sérstakan skatt á rekstur dísilbifreiða með álögum á orkugjafa. Tæknilega séð virðist ekki skipta máli hvort olía á bifreiðar eða olía til annarra nota sé auðkennd og virðist ákvörðun í þeim efnum velta á því hvor hátturinn reynist hagkvæmari með hliðsjón á eftirliti og dreifingarkostnaði.

Frá sjónarhóli innheimtuaðila og eigenda dísilbifreiða ætti með litun á olíu að vera unnt að einfalda mjög gjaldtöku af rekstri dísilbifreiða ef miðað er við viðhald, eftirlit og innheimtu skv. núgildandi kerfi. Kostnaður bifreiðaeigenda við að fjárfesta í kílómetramælum og að halda þeim við yrði þá úr sögunni, svo og kostnaður innheimtuaðila við eftirlit aflesturs, tímafreka útreikninga á greiðsluskyldu og innheimtu. Gjaldskyldum aðilum mun fækka til muna þar sem gjaldskyldan legðist á fá en tiltölulega stór olíufélög í stað fjölda bifreiðaeigenda. Ennfremur skapar olíulitun möguleika á samræmingu í skattlagningu bensín- og disilbifreiða án þess að kostir dísilvéla í orkunýtingu, rekstri og endingu væru skert.

Skattlagning á rekstur dísilbifreiðar sem fólgin var í álögum á orkugjald hefur þó að því er virðist þrjá vankanta.

Það er í fyrsta lagi að nefna að eldsneytisnotkun þyngri bíla og þar með tekjur ríkisins aukast ekki í sama hlutfalli og sá kostnaður sem þeir valda vegna álags á vegina. Ef skattheimta ríkisins af rekstri bifreiða á að vera í beinu hlutfalli við kostnað ríkisins á rekstri þeirra, svo og ef halda á sömu skattahlutföllum eftir þyngd og í dag, yrði auk álags á orkugjafann að leggja á árlegt gjald sem tæki mið af þyngd bifreiða svipað og nú tíðkast.

Annar veikleiki tengist eftirliti því þrátt fyrir litun olíu verður auðvelt að afla hennar á lægra verði en ætlað er til reksturs bifreiða. Því er einsýnt að halda verður uppi eftirliti með olíunotkun en slíkt eftirlit er mun einfaldara en það sem beitt er í dag og virðist þess eðlis að fela megi það löggæslumönnum. Beinn kostnaður við eftirlit yrði því að líkindum óverulegur en óbeinn kostnaður kynni hins vegar að verða einhver vegna aukinna verkefna.

Eftirlit með olíunotkun yrði að líkindum framkvæmt þannig að tekið yrði sýnishorn úr eldsneytisgeymum dísilbifreiða og skiptir því miklu hve auðvelt er að greina sýnin. Með litun á olíu sem ætlaður er öðrum vélum en dísilvélum bifreiða má með einföldum samanburði á litaðri og ólitaðri olíu sjá hvort um misnotkun er að ræða enda er ókunnugt um aðferðir til þess að aflita litaða olíu. Á hinn bóginn er misnotkun líklegri ef lituð er sú olía sem ætluð er á bifreiðar því blanda má tiltölulega litlu magni af litaðri olíu við ólitaða án þess að merkjanlegur munur sjáist á lit blöndunnar. Með hliðsjón á eftirlitsmöguleikum virðist af framansögðu eðlilegt að draga þá ályktun að æskilegt sé að lita þá olíu sem ætluð er öðrum vélum en dísilvélum bifreiða.

Í þriðja lagi má nefna þann þáttinn sem snýr að dreifikerfi olíufélaganna. Við fyrstu sýn virðist olílitun krefjast þess að taka þyrfti upp a. m. k. að hluta til tvöfalt dreifikerfi með gasolíu og þyrfti að leita leiða til að leysa það vandamál með sem minnstum tilkostnaði. Að öðru leyti virðist ofangreind lýsing á möguleikum olíulitunar gefa tilefni til þess að draga þá ályktun að um vænlegan kost sé að ræða.

Með vegalagabreytingunni 1976 var flokkun vega komin í núverandi horf, þ. e. þjóðvegir flokkast í stofnbrautir og þjóðbrautir. Stofnbrautir eru nú taldar 3766 km á lengd skv. vegáætlun, af þeim eru 38 km óakfærar en 3728 km akfærar. Þessar tölur hafa breyst lítið undanfarin ár. Fram undir 1980 var meginákersla lögð á uppbyggingu stofnbrauta auk sérstakra stærri verkefna. Frá og með 1980 hefur hins vegar mikið fjármagn runnið til bundins slitlags. Á árunum 1980 til 1983 hafa 464 km af stofnbrautum fengið bundið slitlag en alls eru 707 km af stofnbrautum með bundnu slitlagi. Á þessum árum hefur uppbygging vega þó einnig verið sinnt svo og ýmsum stærri verkefnum, svo sem vegi um Ólafsvíkurenni sem opnaður var fyrir umferð 1980, Steingrímsfjarðarheiði væntanlega opnaður fyrir umferð árið 1984, Holtavörðuheiði, Víkurskarð opnað 1983 o. fl.

Þjóðbrautir eru taldar 4665 km á lengd og af því er 86 km taldir óakfærir en 4578 km akfærir. Þessar lengdartölur hafa einnig breyst lítið undanfarið. Meginákersla hefur verið lögð á uppbyggingu þessara vega og hafa að meðaltali verið byggðir upp 70—80 km á ári í þessum vegaflokki undanfarin ár. Lagning bundins slitlags er eingöngu framkvæmd í smáum stíl en alls hafa 548 km af þjóðbrautum fengið bundið slitlag.

Auk stofnbrauta og þjóðbrauta koma svo þjóðvegir í þéttbýli. Þeir teljast nú um 162 km. Af því eru 15 km óakfærir og er þar að mestu um að ræða skv. skipulagsuppdráttum sem ekki er enn þá þörf fyrir. Af 147 km akfærum eru 125 km með bundnu slitlagi. Hefur bundna slitlagið lengst jafnt og þétt undanfarin ár og má gera sér vonir um að allir þjóðvegir í þéttbýli fái bundið slitlag á næstu árum.

Miklir erfiðleikar eru nú í efnahagsmálum okkar og minnkun þjóðarframleiðslu hefur m. a. áhrif á framlag okkar til langtímaáætlunar í vegagerð. En þrátt fyrir þetta hefur ríkisstj. ákveðið að samdráttur verði ekki í

nýframkvæmdum vega á þessu ári og vona ég að bundið slitlag aukist um 30% frá fyrra ári og lagðir verði á um 130 lengdarkílómetrar á móti 100 km. á s. l. ári.

Það er persónuleg skoðun mín að þrátt fyrir framkvæmdir skv. þessari vegáætlunartillögu eigi að undirbúa á þessu ári lántöku til stóraukinna framkvæmda við vegagerð, einkum hvað varðar lagningu slitlags, og hraða undirbúningi að jarðgangagerð, verkefni valin sem stytta vegalengdir og lengja notkunartíma þeirra vega og færa byggðir saman í félagslega heild. Mörg dæmi má nefna í þessu sambandi. Ég vil fyrst nefna brú og veg yfir Dýrafjörð, tengingu Reykjanesbrautar úr Hafnarfirði í Breiðholt, leirurnar í Eyjafirði, tenging Vopnafjarðar við Hérað, slitlag á sandana í Skaftafellssýslu og hraða framkvæmdum um slitlag milli þéttbýlisstaða skv. langtímaáætlun. Ég vil einnig nefna veginn fyrir Hvalfjörð og svo Laxárvog, veg yfir Vatnsskarð. Ég vil einnig nefna að hraða á undirbúningi brúargerðar í Gilsfirði. Eg vil einnig nefna slæman kafla á Austfjarðarleið, Berufjarðarströndina. Allt kemur þetta til álita ef þetta spor er stigið til að hraða þessum framkvæmdum meira en langtímaáætlun gerir ráð fyrir.

Ég vil ekki láta hjá líða að minna á framkvæmdir eins og brú á Markarfljót og Ölfusá. Lántaka til þessara framkvæmda á að miða við arðsemi til vegaframkvæmda sem spara okkur útgjöld við rekstur og endurnýjun ökutækja, bæta samgöngur og gera okkur lífið léttara að búa í flestum héruðum þessa lands. Þær framkvæmdir skila sér jafnharðan í betri og ódýrari rekstri og þjónustu og með sparnaði í gjaldeyri.

Herra forseti. Ég vænti þess að þessi till. til vegáætlunar fái eins skjóta meðferð og hægt er. Mikil vinna var unnin á síðasta þingi við þessa vegáætlun. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessari þáltill. um vegáætlun vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. samgrh. fyrir þessa ræðu sem hann var að flytja, ekki síst fyrir það hvað mikil bjartsýni kom fram hjá honum og áhugi fyrir að koma vegum okkar í betra horf þó að syrti nú í álinn í sambandi við okkar möguleika um allar framkvæmdir.

Það er aðeins tvennt sem ég ætla aðeins að minnast á. Ég skildi hann þannig að þrátt fyrir að stefna hins opinbera sé sú að bjóða yfirleitt út framkvæmdir væri hann með þá skoðun sem margir okkar eru með að þarna þurfi líka að líta til þess að lítil atvinna er víða fyrir þá sem eiga vélar og bifreiðar á hinum ýmsu stöðum í landinu. Þess vegna eigi þetta ekki að vera stefnan eingöngu a. m. k. í sambandi við þessar framkvæmdir. Ég er mjög ánægður ef ég hef skilið ráðh. rétt að hann sé með þessa skoðun, að þetta þurfi að skoða mjög vel ekki síst þegar atvinnuástandið er eins og það er víða nú.

Í öðru lagi talaði hann undir lok ræðu sinnar um ýmsar framkvæmdir sem vissulega þarf að huga að sem fyrst og framkvæma þegar möguleikar eru á. En ég vil þó undirstrika það að Ó-vegirnir sitji fyrir. Það má ekki koma fyrir að við slökum þar nokkuð á vegna þess að um alla þessa vegi er stórhætta á ferðum. Við höfum séð það t. d. í sambandi við alla þessa vegi að það er bara lán að ekki hafa orðið meiri slys á þessum vegum en orðið hefur. Meira að segja fór það nú þannig í Ólafsfjarðarmúla að þar var mikið grjóthrun í besta mánuði ársins sem venjulega er, þ. e. í júlímánuði s. l. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hæstv. ráðh. að samkomulag var um röðun þessara framkvæmda og ekki dettur mér í hug að hrófla við því. Hins vegar get ég ekki annað en undirstrikað það sérstaklega að hættulegustu vegirnir sitji fyrir og þrátt fyrir það að þeir séu á langtímaáætlun verði hugað að því að flýta þeim eins og hægt er og láta þá sitja fyrir öllu öðru í framkvæmdum á næstu árum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Stefán Valgeirsson, þakka hæstv. samgrh. fyrir þá mjög ítarlegu og löngu skýrslu sem hann flutti þingheimi um vegamál. Satt að segja er skaði að það skuli ekki fleiri hv. þm. hafa gefð sér tíma og tækifæri til að vera hér í salnum og hlýða á ræðu hans.

Það er vissulega ánægjulegt að ekki skuli verða samdráttur í nýframkvæmdum og auka skuli eiga nokkuð lagningu bundins slitlags. Ég hygg þó að ef vilji væri fyrir hendi á hinum æðstu stöðum hefði mátt gera þarna nokkuð betur, því óumdeilt er að þetta er einhver arðbærasta fjárfesting sem við getum lagt í og gerir í rauninni miklu meira í að tengja saman byggðirnar og breyta lífi fólksins í landinu en reikningslegar tölur segja til um. Ég mun koma svolítið nánar að þessu hér á eftir.

Hæstv. ráðh. nefndi ýmis verkefni sem fram undan eru á næstu árum og talaði um möguleikann á að taka erlend lán til slíkra framkvæmda. Þó að ég og minn flokkur höfum ekki verið talsmenn þess að auka erlendar skuldir er eitt víst, að fáar framkvæmdir gefa okkur meiri arð en skynsamlegar framkvæmdir í vegamálum. Við þau verkefni sem hæstv. ráðh. nefndi sérstaklega vildi ég bæta einum eða tveimur.

Ég held að meðal þess sem ætti að athuga væri ekki aðeins brúargerð yfir Gilsfjörð, heldur yfir Álftafjörð líka. Þar eru áreiðanlega mjög góðar aðstæður til brúargerðar og styttir veg mjög mikið.

Ég held að þetta ætti að kanna, að ekki sé nú minnst á uppbyggingu vegarins vestur Mýrar, sem að vísu er á langtímaáætlun, en er verkefni sem getur varla beðið miklu lengur.

Í þriðja lagi vildi ég svo nefna athugun á brúargerð yfir Hvalfjörð. Það er nokkuð langt síðan fram hefur farið athugun á henni. Ég hygg að allar forsendur og breytingar í byggingartækni geri það að verkum að slík brúargerð kunni að reynast mjög fjárhagslega hagkvæm og ég hvet til þess að það mál verði kannað að nýju. Ég held að það sé fyllilega tímabært. Það mundi gerbreyta öllum viðhorfum í þessum landshluta ef það yrði t. d. ekki nema um 40 mínútna akstur milli Reykjavíkur og Akraness og kannske rétt rúmur klukkutími í Borgarnes eða varla það. Það mundi gerbreyta öllum sjónarmiðum á þessu landshorni. Nóg um það.

En ástæðan til þess að ég sagði áðan að e. t. v. mætti gera betur í nýframkvæmdum er sú, að þar sem talað er um fjáröflun til vegamála 1983—86, — þar er gert ráð fyrir tveimur breytingum að því er mörkuðu tekjustofnana varðar, gildandi tekjustofna, frá og með árinu 1984, — segir með leyfi forseta:

„Sú fyrri er, að ríkisstj. hefur ákveðið að 50% af heildartekjum ríkissjóðs af bensínsölu skuli að lágmarki renna til vegamála. Til viðbótar bensíngjaldinu koma því aðrar tekjur af bensíni uns 50% markinu er náð. Hin

breytingin er sú, að gúmmígjald er fellt niður."

Gúmmígjaldið átti auðvitað að vera búið að fella niður fyrir langalöngu. Það var tekjustofn sem skipti engu máli fyrir þessar framkvæmdir.

En þá kem ég að hinu. 50% af tekjum af bensíni skulu fara til vegagerðar. Nú veit ég að margir hv. þm. muna eftir umr. sem urðu hér á Alþingi þegar var verið að ræða fjáröflun til vegagerðar og átti að leggja á sérstakt gjald, svokallað krónugjald, sem aldrei varð úr en Alþfl. var raunar tilbúinn til að styðja.

Ég hygg að margir hv. þm. muni þá eftir hinni hörðu gagnrýni sjálfstæðismanna. Ég minnist ræðna, án þess að ég fari hér að vitna í þær, sem hv. þm. Lárus Jónsson og hæstv. núv. ráðh. Matthías Á. Mathiesen fluttu um að allt of mikið af skattheimtu ríkissins af bensíni færi beint í eyðsluhít ríkissjóðs en ekki til vegamála. Hefði nú hæstv. samgrh. hegðað sér í samræmi við stefnu síns flokks hefði hann auðvitað beitt sér fyrir því að enn þá hærra hlutfall af bensíngjaldinu rynni til vegamála en ekki í eyðsluhít ríkissjóðs. Sú breyting sem hér er gerð er að vísu í rétta átt, en gengur alltof skammt. Hér hefði sannarlega mátt taka meira af tekjum ríkisins af bensíni til framkvæmda í vegamálum, arðbærustu framkvæmda sem völ er á.

Nú hefur þessi ríkisstj. gengið afar rösklega fram í því að hækka bensínverð. Sennilega hefur hún gengið rösklegar fram í því en nokkur önnur ríkisstjórn fyrr og seinna. Þegar ríkisstj. tók við kostaði bensínið 16,20 kr. og síðan gengu hækkanirnar hver af annarri upp í tæpar 23 kr. þó að það væri að vísu lítillega lækkað nú fyrir stuttu. En á sama tíma hefur bensínverð víðast verið að lækka erlendis og á sama tíma er spáð frekari lækkun á olíuverði í löndunum í kringum okkur. Þessi ríkisstj. hefur því ekki sparað skattheimtuna gagnvart almenningi á bensíninu og Sjálfstfl. í þessari ríkisstj. hefur ekki verið trúr þeirri stefnu sinni, sem var í fyrra a. m. k., að láta meira af þessu fjármagni renna til framkvæmda í vegamálum.

Mig langar þá að lokum að víkja að fáeinum öðrum þáttum í ræðu hæstv. ráðh. Það er áreiðanlega rétt þróun að bjóða verk út í auknum mæli, sérstaklega stærri verk og raunar getur það einnig átt við um smærri verk líka. Það sýndi sig best við framkvæmdirnar í Ólafsvíkurenni hversu hagkvæmt þar var að bjóða út og vinna með stórvirkustu tækjum sem völ er á. Þetta gildir áreiðanlega um margar fleiri stórar framkvæmdir. En hitt er svo annað mál, að heima í héruðum hafa ýmsir sem komið hafa sér upp tækjum, vörubílum, ámoksturstækjum eða gröfum, nokkrar áhyggjur af þeirri þróun að stóru verktakafyrirtækin kunni í sívaxandi mæli að seilast til áhrifa og undirbjóða hvert verkið á fætur öðru þannig að verkefnin verði engin eftir fyrir heimamenn. Ég skil þessar áhyggjur ákaflega vel og vissulega gæti þetta leitt til þess að slík tæki hyrfu úr dreifbýlinu til stóru verktakafyrirtækjanna eingöngu, sem flest eru staðsett hér á suðvesturhorninu. Ég held þó og vona að þessi ótti manna sé ástæðulaus, því að ég er sammála því, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að yfirleitt geta heimamenn boðið betur þegar um er að ræða smærri verk á þeirra heimaslóð, þar sem þeirra vélakostur kemur að gagni, en auðvitað eru þeir ekki samkeppnisfærir um hin stærri verkin. Ég held því að þessi ótti sé ástæðulaus, en engu að síður er þó brýn ástæða til að huga að þessu sjónarmiði því að ég held að það væri mjög alvarleg þróun ef það yrði þannig að svona vinnutæki og vinnuvélar væru hvergi til nema hjá hinum stærstu verktakafyrirtækjum.

Annað var það svo að lokum sem var athyglisvert, fannst mér, og kom fram í ræðu hæstv. ráðh. Það var það er hann greindi frá því að viðlegukostnaður starfsmanna við vegagerð væri orðinn jafnhár launakostnaðinum, ég held vegna nýrra reglna sem settar hafa verið. Ég held að þarna sé ástæða til að íhuga sinn gang. Nú skal ekki úr því dregið að vel sé búið og sómasamlega að mönnum sem eru við vinnu við slíkar aðstæður sem vegagerð er utan þéttbýlis. Sannarlega skal ekki dregið úr því að þeir hafi góðan aðbúnað í hvívetna og enginn talar um að hverfa aftur til þess tíma sem var fyrir 25 árum, þegar menn sváfu við hálmdýnur úr samanslegnum rúmstæðum úr gömlu mótatimbri í tjöldum með lélegum tréflekum í botni. Það er enginn að tala um slíkt og sá tími kemur aldrei aftur sem betur fer. En hóf skal hafa á hverjum hlut. Hlýtur ekki að vera ástæða til að staldra við þegar starfsmennirnir sjálfir sjá ástæðu til að senda undirskriftalista til yfirmanna sinna hjá Vegagerðinni og óska eftir því og koma þeim skoðunum sínum á framfæri að öll frekari aukning og breyting á þessu sviði væri hrein sóun og ekki eftir þeirra óskum? Ég held að þarna sé ástæða — ég er ekki að segja til að draga úr, ég skal ekki segja það, en a. m. k. til að íhuga hvort þessi mál séu ekki í ágætu horfi eins og er.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil taka undir sérstaklega og fagna orðum hæstv. samgrh. um sérstakar lántökur til ákveðinna brýnna verkefna í vegagerð á Íslandi. Það er vissulega ánægjulegt ef hæstv. ráðh. ætlar að beita sér fyrir þeim sjónarmiðum innan ríkisstj. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. og öðrum ræðumönnum, sem hér hafa tjáð sig, um að fáar fjárfestingar séu jafnarðbærar í raun og fjárfestingar í uppbyggingu vegakerfisins og til varanlegrar vegagerðar og reyndar má segja það um samgöngumálin almennt.

Ég tel að brýnt sé að við höldum okkur við þau mörk sem við höfum dregið um ákveðið hlutfall þjóðartekna til vegamála. Það skiptir í sjálfu sér ekki öllu máli hvort tímar eru erfiðir eða góðir í því sambandi. Hlutfallið stendur fyrir sínu. Menn geta ekki skotið sér á bak við hvernig árar. Vegamálin eru jafngildur þáttur í þjóðarbúskapnum hvort sem er kalt eða hlýtt í ári. Þess vegna held ég að standa beri fast á því að við það verði staðið að framkvæmdir í vegamálum fái til sín það hlutfall þjóðartekna sem rætt var um í vegáætlun þegar hún lá hér fyrir hv. Alþingi í fyrra.

Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Norðurl. e. um Óvegaáætlunina. Það hefur verið og er minn skilningur að sú áætlun sé þannig sérmerkt, að náist fram sparnaður í einu verki komi hann öðrum sem aftar eru á listanum til góða og að sama skapi verði áætluninni hraðað ef verkefni komast þar fyrr til nota en áætlað hefur verið. Það er mikilvægt að þetta liggi fyrir. Ég hefði haft gaman af að heyra hvort hæstv. samgrh. er mér ekki sammála um þetta mat á þeirri áætlun, þó svo að hún sé inni á hinu almenna vegafé.

Í sambandi við Ó-vegina vil ég undirstrika það, og reyndar má segja svo um fleiri leiðir ef út í það er farið, að um þá gegnir ákveðinni sérstöðu vegna þeirrar

slysahættu sem getur hlotist af umferð um þá vegi. Við Íslendingar verjum miklu fé í slysavarnir bæði á sjó og landi. Það má segja að sérstakt átak í þeim efnum að laga hættulegustu vegi landsins sé því í senn arðsamar og þarfar framkvæmdir og slysavarnir.

Ég ætla ekki að svo stöddu að tjá mig frekar um einstaka liði þessarar áætlunar. Reynslan verður að skera úr um hvernig hæstv. ríkisstj. gengur að standa við fyrirheit sín í vegamálum. Ég vona hið besta og er reyndar nokkuð bjartsýnn á það eftir nokkuð svo skorinorða ræðu hæstv. samgrh. áðan.

Það væri fróðlegt að fara út í þær umr. sem hér voru að nokkru hafnar um útboð í vegagerð og mögulegar afleiðingar þeirrar stefnu. Ég vil að nokkru leyti taka undir þau varnaðarorð sem hér hafa verið sögð um að gera það ekki að svo algerri og fortakslausri reglu að það verði til þess að tæki til slíkra starfa afleggist og flytjist burt úr byggðarlögum hringinn í kringum landið. Það er alveg vitað að framkvæmdir í vegamálum hafa hjálpað heimamönnum við að halda og gera út slík tæki og það er nauðsynlegt engu að síður fyrir byggðarlögin að eiga þau, að hversu miklu leyti sem þau koma inn í almennar framkvæmdir í vegamálum. Hættan sem blasir við er auðvitað sú, að menn treysti sér þá ekki til að eiga ný og fullkomin tæki með þeim afköstum sem er boðið upp á í dag og verði þar af leiðandi ekki samkeppnisfærir þó svo að þeir hafi eitthvað betri aðstöðu hvað varðar búsetu á viðkomandi stöðum.

Sömuleiðis væri gaman að spjalla ofurlítið sem gamall vegavinnumaður um aðbúnað vegagerðarmanna. Hann hefur farið batnandi, eins og allir vita. Ég held að menn sjái þar kannske ekki trén fyrir skóginum. Ef það er orðinn einhver lúxus á Íslandi að hafa aðgang að heitu og köldu vatni á sínum vinnustað, geta farið í bað o. s. frv., hafa þar raflýsingu og annað slíkt, þá mega menn hafa þá skoðun fyrir mér. En ég held að það sé ekki og það eigi jafnt við um vegagerðarmenn og aðra. Sjálfsagt má finna dæmi þess að úthaldskostnaður sé jafnmikill og launagreiðslur í einstökum tilfellum, en menn sem til þekkja vita auðvitað að flutningar á slíku úthaldi eru stór liður og sjálf búseta fólksins á vinnustað er í sjálfu sér ekkert dýrari en hvar annars staðar að slepptum þessum liðum. Ég held að þau störf sem þar eru unnin séu það mikilvæg, eins og reyndar öll verk sem vel eru unnin, að það eigi ekki að sjá eftir því að búa sæmilega að því fólki sem þar starfar og í rifrildi um stóla eða bekki í því sambandi ætla ég ekki að blanda mér.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef raunar ekki miklu við það að bæta sem hér hefur komið fram, en vil aðeins drepa hér á örfá atriði, fyrst varðandi ræðu hæstv. samgrh. Ég er út af fyrir sig ekkert undrandi á því þó að ráðh. fari geyst og sé skorinorður í þessum málaflokki, því að þeir sem þekkja til þess persónuleika sem hann hefur að geyma vita að þar sem hann tekur á tökum, þar er vel tekið á. Ég fer ekki í neinar grafgötur um það. Verði einhvers staðar dragbítar á því að vinna vel að framgangi vegamála, og þá vegáætlunar í þessu tilfelli, fyrir næstu árin, þá koma þeir dragbítar ábyggilega annars staðar frá en frá hæstv. samgrh. Þetta má hann eiga frá mér og þetta má hver sem er hafa eftir mér hvar sem er í hans garð. Nóg er annað sem við hann er að athuga á öðrum sviðum þó að hann njóti þessa.

En aðeins í sambandi við það sem hér hefur komið fram. Auðvitað tel ég almennt og menn eru nokkuð sammála um það að einhverjar arðbærustu framkvæmdir sem hægt er að fara í í þeim efnum séu vegaframkvæmdir, hvað sem minn flokkur kann að segja um það að öðru leyti. Það má líka hafa eftir mér hvar sem er.

En varðandi upptalninguna sem ráðh. var hér með, áðan vil ég aðeins nefna eitt dæmi í viðbót. Við höfum líka Álftafjörð, það veit ég að ráðh. veit, en ég ætla ekki sérstaklega að tala um hann. En ég veit að ráðh. hefur bara gleymt því að nefna Breiðadalsheiðina. Hann hefur örugglega ætlað að gera það og ég vil koma því hér á framfæri til viðbótar þeim upptöldu verkefnum sem eru auðvitað miklu fleiri en bæði hæstv. ráðh. talaði hér um og aðrir sem komið hafa inn á önnur atriði. Það eru ótæmandi verkefni sem þarna er um að ræða að því er varðar framkvæmdir í vegum, sem eru nauðsynlegar framkvæmdir og geta í raun og veru skipt sköpum um það hvort áframhaldandi byggð verður á mörgum þeirra svæða sem um er að ræða þarna eða ekki.

Í sambandi við viðlegukostnaðinn þykir mönnum það kannske koma úr hörðustu átt að ég fari að tala um þá hluti hér, að þar sé kannske einum um of langt gengið. Ég er þó þeirrar skoðunar að það ætti að skoða, hvort það er ekki orðið óeðlilegt hlutfall í viðlegukostnaði þegar það er orðið næstum því eins mikið og launakostnaður. En Alþingi hefur sett þessar reglur. Þetta er eitt af því sem lögfest hefur verið á Alþingi að ég best veit. En ég er þeirrar skoðunar að það mætti hugsanlega koma þessum málum miklu betur og skynsamlegar fyrir báða aðila með minni tilkostnaði ef farnar væru aðrar leiðir í þessum efnum. Ég held að það geti verið, a. m. k. er það þess virði að það verði skoðað, miklu hagkvæmara beinlínis að kosta flutning þessara manna á tilteknum tímum til síns heima en láta þá liggja úti, án þess að ég ætli á nokkurn hátt að draga úr því að auðvitað er þessum mönnum nauðsynlegt að hafa sem bestan aðbúnað. En ég hygg að það sé vægt til orða tekið að nokkuð hafi verið gengið út í öfgar í þessum efnum.

Varðandi útboðin hef ég verið talsmaður þess að rétt væri a. m. k. að leiða hugann frekar í þá átt að bjóða út. Ég er þó sömu skoðunar og hér hefur komið fram að ég held hjá flestum ræðumönnum að það þurfi a. m. k. að hafa þar gát á. Ég veit dæmi úr mínu kjördæmi frá s. l. ári þar sem mikill styrr kom upp í sambandi við slíkt. Og ljóst er að það eru ýmis verkefni, ég tala nú ekki um á þessum samdráttartímum, sem nauðsynlegt er að heimaaðilar geti fengið að vinna á viðkomandi svæðum en ekki utanaðkomandi aðilar. Utanaðkomandi aðilar, segi ég og þá er ég að tala um aðila sem eru búnir að byggja sig upp til þessa. Það er fyrst og fremst hér á Reykjavíkursvæðinu sem slíkir aðilar eru fyrir hendi og geta í mörgum tilfellum, kannske flestum undirboðið.

En það er annað í þessu máli og ég vildi gjarnan beina spurningu til hæstv. ráðh. um það. Er það rétt, sem margir halda fram, að sá verktaki sem sá um framkvæmdir við Ólafsvíkurennisveginn sé um margt miklu samkeppnisfærari en nokkur annar vegna þess að hann fær allt innflutt án tolla og aðflutningsgjalda, öll tækin sem hann vinnur með? Ef það er rétt, þá er hér ekki um neinn samanburð að ræða. Þá er slíkum aðila gefið það mikið forskot til að vinna verkin fyrir miklu minna

fjármagn en öðrum að það liggur við að þar sé um einokun að ræða. Þetta hefur verið fullyrt við mig og ef hæstv. ráðh. veit um þetta þætti mér vænt um að hann segði til um það. Ég þykist vita að fleiri þm. hafi borist þetta til eyrna. Um sannleiksgildi þess veit ég ekki og því er spurt.

Um Ó-vegina er það að segja að til þeirra framkvæmda var ætluð sérstök fjárveiting og sé hægt að vinna þar á þann veg að eitthvað sparist í þeim tilteknu fjárveitingum, þá tel ég að það eigi að fara í einhvern annan Ó-veg, ekki að flytjast í aðra þætti. Ó-vegaframkvæmdirnar og fjármagnið sem til þeirra er ætlað á einvörðungu að vera þar. Ég skil það a. m. k. svo og ég treysti samgrh. til að sjá um að halda vel utan að þeim *peningum sem hugsanlega kunna að sparast í* Ó-vegaframkvæmdunum einhverjum og láta það ekki fara til einhverra annarra þátta í vegagerðinni. Þó að sparist á einum staðnum á Ó-vegunum, þá eru nóg verkefni fyrir hendi og vantar fjármagn á hina staðina til þess að flýta þar framkvæmdum.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þetta frekar. En mér þætti vænt um það, ef hæstv. ráðh. veit eitthvað um þessar fullyrðingar sem ég hef heyrt varðandi verktakann við Ólafsvíkurenni, hvort þær fá í raun og veru staðist, að hann gæti gefið upplýsingar þar um.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir undirtektir við þessa þáltill. og málefnalega umr. Ég ætla að fara aðeins örfáum orðum um þær ræður og þær fsp. sem komu fram.

Þá ætla ég fyrst að svara hv. 3. þm. Norðurl. e. hvort líta mætti svo á að ég væri inni á þeirri skoðun að taka tillit til atvinnuástands víða og bjóða ekki út verk, en ég held að hann hafi misskilið mig í því. Það sem hefur gerst í þróun þessara mála er að vegagerðin sjálf hefur dregið mjög saman seglin með vélaeign eins og ég sagði í minni ræðu. Á þann hátt hefur hún gert einstaklingum og samtökum þeirra fært að bjóða út að kaupa sér tæki til þess að vinna fyrir Vegagerðina. Hlutfallið af framkvæmdum Vegagerðarinnar í útboði er að mínum dómi of lágt enn þá en hins vegar hefur vélaeigendum verið tryggð með þessari breytingu frá því sem var fyrir tveimur áratugum stóraukin vinna. Ef við lítum á vélakost Vegagerðarinnar þá á hún í ársbyrjun 1983 aðeins 3 jarðýtur sem sýnir að orðið *hefur stórfelld aukning á þessu tímabili hjá einstaklingum*, ræktunarsamböndum og fleirum.

En það sem gerir það að verkum að við getum núna þrátt fyrir erfiðleika og þrátt fyrir þær fjárhæðir sem ég nefndi og eru í þessari till. til vegáætlunar haldið framkvæmdamætti í nýbyggingum byggist fyrst og fremst á útboðum. Það eru útboðin sem bjarga okkur í þessum efnum. Alþingi hefur lýst þeirri stefnu hvað eftir annað og markað þá stefnu og hér hafa þm. skammað ráðh. í fleiri en einni og fleiri en tveimur ríkisstj. og ríkisstofnanir, vegagerð, flugmálastjórn, hafnamálastjórn, að ekki sé nóg boðið út af verkefnum. Þess vegna segi ég það að ég verð að vera mjög harður á því að *ýta* við vegagerð og þessum aðilum að auka útboð en ekki draga úr þeim ef við ætlum að halda framkvæmdamætti. Hér hafa fleiri en ég nefnt margvíslegar bráðnauðsynlegar framkvæmdir. Eftir því sem við sleppum tækifærinu að fá framkvæmdir fyrir minna fjármagn, þess hægar gengur þetta.

Ég nefndi hér nokkur verkefni, sleppti öðrum. Hv. 3. þm. Vestf. nefndi hér Breiðadalsheiði. Ég nefndi ekkert verkefni sem verður leyst með jarðgangagerð. Ég nefndi jarðgangagerð og verkefnið á Breiðadalsheiði verður í framtíðinni jarðgangagerð eins og víða annars staðar og víða á Austfjörðum. En varðandi Ó-vegina sem fleiri en einn hafa tekið til máls um. Það er ekkert áhorfsmál að Ó-vegirnir eru tengdir hver öðrum og þessi stefna var tekin upp gagnvart þessum þremur Ó-vegum. Það var samkomulag um það á milli þm. þessara kjördæma, milli fjvn., vegagerðar og þáv. samgrh. að verkefnin yrðu unnin í þessari röð. Við það vil ég og ætla mér að halda mig að haldið verði áfram í *þeirri röð en ekki fært til annarra verkefna*. Þetta eru órjúfanlega samtengd verkefni sem hefur verið skipað í þessari röð sem raun ber vitni.

Út af því sem hv. 5. landsk. þm. sagði er sjálfsagt að líta á þau verkefni í sambandi við verkefni eins og Mýrarnar. Það er auðvitað allt undir þeirri upptalningu sem ég taldi í sambandi við aukningu á slitlagi. Ég nefndi sérstaklega sandana í Skaftafellssýslu vegna þess að þar er umferðin ekki það mikil að þar væri hægt með útboðum að leggja gífurlega mikið verkefni undir með einni akrein, tvöfaldri akrein á blindhæðum eins og hefur verið gert lítillega 1982 og nokkuð mikið á s. l. ári. En það dregur auðvitað ekki úr áhuga manna fyrir því að minnka eitthvað holurnar á Mýrunum.

Brú yfir Hvalfjörð. Í þessari langtímaáætlun er ekki gert ráð fyrir brú yfir Hvalfjörð eins og hv. þm. vita og gera sér grein fyrir. Í þessari áætlun er uppbygging og slitlag og það er nú komið nokkuð á veg. Fossvogurinn er í síðasta hluta þessarar langtímaáætlunar. Ég segi fyrir mitt leyti, ég ætla ekkert að berja höfðinu við steininn og segja að ekki komi til greina að breyta neinu. En eftir því sem við leggjum meira fyrir Hvalfjörð eru auðvitað líkurnar minni á að farið verði í þessi verkefni sem hv. þm. nefndi á næstunni.

Hér hefur komið nokkuð til umr. hve aðstöðukostnaður vinnuflokka er orðinn gífurlega hár. Verið getur að hundgömlum vegavinnumönnum eins og mér ofbjóði hvað þetta er orðinn hár kostnaður miðað við það að þá átti Vegagerðin ekki til einn einasta skúr fyrir verkamenn. Þá varð maður að láta sér nægja að búa í tjöldum og þá var ekki einu sinni prímus nema í annað hvert tjald og varð þá að berjast um þá á milli okkar strákanna. En nú er þetta orðið þannig að í nóvemberbyrjun var talið að kostnaður miðað við 12 manna vinnuflokk í sirka 10—15 km fjarlægð frá heimastöð væri 25 kr. á klst. Starfsmenn eiga að að keyra á vinnustað og aðstöðu þarf til að borða nesti. Skúraleigan er hæst, flutningur skúra og orka en þetta getur farið allt upp í 96 kr. á klst. Það er áætlaður kostnaður miðað við þessar nýju reglur um aðbúnað á vinnustöðum.

Ég fyrir mitt leyti er ekki að mæla því bót hvernig að okkur var búið á sínum tíma og engum manni dettur nú í hug að það verði tekið aftur upp. En líka má gera of mikið úr þessum hlutum, líka má gera of háar kröfur um þennan viðlegubúnað. Allt þetta kemur niður á þeim framkvmdum sem verið er að vinna að hverju sinni. Margt bendir til þess að hinir svokölluðu verktakar eða vélaeigendur geti samið við sína menn um það að krefjast minna og borga þeim meira út. Því má ekki reyna það ef menn vilja það heldur? Ég tel enga ástæðu

til að grípa þannig fram fyrir hendurnar á öllu og öllum. Vegagerðin hefur því orðið undir í þessari baráttu.

Mig langar til þess að leiðrétta eitt sem hv. 5. landsk. þm. sagði. Það var að þessi ríkisstj. sem núna situr hafi hækkað bensín meira en nokkur önnur. Bensínverð byggðist á forsendum fjárlaga síðustu ríkisstj. Bensínverðið var komið í eitthvað 19.30 kr. viku eftir að þessi ríkisstj. tók við. Það var hækkun sem varð vegna þeirrar ákvörðunar sem Alþingi sjálft tók. Bensín hækkaði svo aftur 12. júlí í 21.70 kr. Þetta voru sömu fjárlagaforsendurnar. En þrátt fyrir það varð að samkomulagi eins og hv. þm. gat réttilega um að ríkissjóður greiddi meira til vegagerðar vegna þess að ekki varð samkomulag um það á milli núv. stjórnarflokka að lögfesta þetta bensíngjald sem rifist var töluvert um áður en þingi var slitið. Þetta var greitt úr ríkissjóði og skal játa það. Það var kannske ekki með sérstakri gleði fjmrh. hverju sinni sem ég þurfti að sækja þetta. En þetta hafðist nú samt.

Ég tel að það eigi — og það á ekki neinn einn maður eða ríkisstj. að hæla sér af því — að ganga lengra til að auka þessar framkvæmdir. Mér þykir mjög vænt um að heyra að þm. almennt úr öllum flokkum taka undir það að auka eigi fjármagnið til vegagerðar þó að það sé gert með erlendum lántökum. Um annað er ekki að ræða.

Í sambandi við þá hlutdeild sem ríkissjóður fær af bensíngjaldinu tel ég að töluvert hafi áunnist. Ég vil nú leiðrétta sjálfan mig í minni frumræðu, ég sagði að það hefði farið niður í 39%. Hlutdeild af veggjaldi til Vegasjóðs fór 12. júlí niður í 37.9% svoleiðis að þetta fékkst þó upp um liðlega 12%. Ég vildi sannarlega fá meira en við skulum líka hafa það með í huga að þær hörðu efnahagsaðgerðir sem hafa verið gerðar til að berja niður verðbólguna hafa gert það að verkum að hér voru afgreidd fjárlög með miklum halla. Því er eðlilegt að ekki hafi náðst meiri árangur en þetta á þessu stigi. En ég vona svo sannarlega að hlutirnir snúist við og allir séu eiginlega fullsvartsýnir á að ekki megi draga meiri afla úr sjó en menn tala nú um. Sjórinn, fiskveiðar og fiskvinnsla, þetta er undirstaða okkar atvinnu ásamt öðrum atvinnuvegum. Um leið og við getum komist úr þessari kreppu og þessum öldudal og aukið þjóðarframleiðsluna er ég sannfærður um að afkoma ríkissjóðs breytist. Þá höldum við áfram þar sem frá var horfið að auka hlutdeild Vegasjóðs af bensíntekjum ríkisins.

Ég vona svo að eins og jafnan áður verði góð samvinna á milli þm. hinna einstöku kjördæma við fjvn. og Vegagerð ríkisins sem er reiðubúin að veita þm. allar þær upplýsingar sem hægt er og okkur beri gæfa til að afgreiða þessi mál með skaplegum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það að hér skuli hafa verið haldinn mjög stuttur fundur s. l. mánudag og að nú skuli vera þrjú mál á dagskrá, sem öll eru tekin út af dagskrá, sýnir hve allt skipulag starfsins hér í þinginu er gjörsamlega í molum. Þetta eru vinnubrögð sem eru engan veginn hinu háa Alþingi til sóma.

Ég man ekki betur en að höfundalög hefðu líka verið hér á dagskrá s. l. mánudag og ekki tekin þá til umr. Þau eru hér enn á dagskrá og enn eru þau tekin út af dagskrá. Það hljóta að liggja einhver mjög gild og veigamikil rök fyrir því að svona skuli vera staðið að málum hér. Það er ekki Alþingi til sóma að svona vinnubrögð skuli vera hér viðhöfð. Ég held að það þurfi verulegrar endurskipulagningar við í öllum störfum Alþingis, því að svo koma dagar sem menn sjá ekki út úr fyrir önnum, en aðra daga er staðið að með þeim hætti sem hér hefur nú verið gert og er sannarlega ekki til fyrirmyndar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég vil taka undir orð hv. 5. landsk. þm. um að það er mjög miður að svo skuli haga til með vinnubrögð í dag að ekki er hægt að taka fyrir neitt þeirra mála sem hér eru á dagskrá. En það má hv. 5. landsk. þm. vita að það er af ástæðum sem ekki varð við ráðið.

Ég las hér upp fjarvistir þm. áðan. Þar kemur fram að hv. 11. þm. Reykv., sem á 3. málið á dagskrá, er með fjarvistarleyfi og af óviðráðanlegum ástæðum gat hæstv. menntmrh. ekki mælt fyrir frv. um höfundalög í dag. Þá er eftir 1. mál á dagskrá, stjórnarskipunarlög. Þar á eftir að taka ákvörðun hjá þingflokkum um að kjósa í nefnd þá sem á að fjalla um það frv. og það var ekki tilbúið fyrir þennan fund.

Mér þykir þetta mjög miður. Ég gerði þær ráðstafanir sem ég gat til þess að hægt væri að taka málin fyrir hér í dag, en það fór sem fór.

Eiður Guðnason: Ég vil taka það sérstaklega fram, virðulegur forseti, að ég er ekki að álasa sérstaklega virðulegum forseta þessarar þingdeildar, heldur er hér við að sakast alla yfirstjórn þingsins, alla forseta í rauninni og kannske einnig líka formenn þingflokka þar sem ég á nokkurn hlut að máli. Á fundi formanna þingflokka í gær var m. a. fyrir forgöngu formanns þingflokks Alþb. rætt um þessi mál og þessi uppákoma hér í hv. Ed. í dag sýnir auðvitað að það er mjög brýnt að taka alla vinnuskipulagningu Alþingis til endurskoðunar. Svona hlutir eins og hér hafa gerst í dag mega ekki endurtaka sig.

Neðri deild, 42. fundur.

Miðvikudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Skipun prestakalla, frv. 126. mál (þskj. 16). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lán vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lántöku og fleira vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Þetta er Ed.-mál á þskj. 180 og hefur hlotið eðlilega meðferð í þeirri deild. Ég sé því ekki ástæðu til að halda hér sömu ræðuna í þessari hv. deild og ég hélt í þeirri fyrri, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon: Virðulegi forseti. Ég vil nota það fyrsta tækifæri sem mér gefst í þessari hv. þingdeild til að taka fram að ég er alfarið andvígur byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli á þeim forsendum og með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Á þskj. 195 í Sþ. er í till. til þál. gerð tillaga um aðra og skynsamlegri málsmeðferð að mínum dómi, þ. e. að hanna minni og hagkvæmari byggingu sem hægt sé að reisa í áföngum og taka í notkun eftir því sem þörf krefur smátt og smátt og jafnframt að fella slíka byggingu inn í eðlilega forgangsröð framkvæmda í íslenskum flugmálum.

Ég tek undir álit minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. og vil bæta því við sem ég hef hér gert. Það er út af fyrir sig ástæða til að ræða nokkuð sérstaklega um þátt annars stjórnarflokksins í þessu merkilega máli, þ. e. Framsfl. Hann er ákaflega athyglisverður. Í fyrsta lagi er athyglisverð sú byggðastefna þess flokks sem birtist mönnum í þessari forgangsröð í flugmálum Íslendinga þar sem 88 eða 80 millj. kr. lántökur á þessu ári ganga til þessarar fyrirhuguðu flugstöðvarbyggingar á sama tíma og allar fjárveitingar til framkvæmda í flugmálum innanlands eru um 50 millj. kr.

Skv. því frv. sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að 616 millj. kr. renni til þessara framkvæmda á næstu árum. Ef það verður í líkum hlutföllum og er í ár mun þetta eina mannvirki taka mikinn meiri hluta af öllu framkvæmdafé til flugmála á Íslandi á næstu árum. Ég tel það í engu samhengi við þær aðstæður sem við er að búa víða úti á landi og hér í Reykjavík reyndar líka í flugmálunum, það ástand sem ríkir í öryggisaðstæðum á flugvöllum og þann skort á tækjakosti sem við er að búa víðast hvar á landinu í þessum efnum.

Sú landsölustefna sem birtist í þessu frv., þessu samkrulli Bandaríkjamanna og Íslendinga í þessu íslenska samgöngumannvirki sem svo ætti að vera, er allmerkileg. Hún er sérstaklega merkileg þegar hún er borin fram og borin á brjósti framsóknarmanna sem lengst af hafa viljað standa í báða fætur sitt hvoru megin víglínunnar a. m. k. í þessum efnum. Það verður mjög fróðlegt að vita hvort allir hv. þm. þess flokks eru sáttir við þá málsmeðferð sem hér er gerð tillaga um. Það þættu mér nokkur tíðindi og þó kannske ekki í ljósi ummæla ýmissa framámanna þess flokks á hv. Alþingi undanfarið. Ég minni á ummæli formanns Framsfl. og núv. hæstv. forsrh. þegar rætt var um uppsetningu ratsjárstöðva fyrr á þessu þingi. Þá taldi hann það mál vel koma til greina ef við gætum eitthvað grætt á því athæfi.

Svipuð voru ummæli varaformanns flokksins og hæstv. núv. sjútvrh. þegar hann vildi fara út í einhvern samrekstur með Bandaríkjamönnum á björgunarþyrlum. Það er mín skoðun að við höfum efni á því að byggja okkar samgöngumannvirki sjálfir og við eigum að gera það ef við ætlum á annað borð að teljast sjálfstæð þjóð.

Sé hins vegar haldið inn á þessa braut sem hér er gerð tillaga um í ríkara mæli má spyrja sem svo: Hvar á þá að draga mörkin? Og ef við höfum ekki efni á að byggja okkar eigin flugstöðvar höfum við þá efni á að byggja flugvellina? Ef við höfum ekki efni á því að reka okkar eigin björgunarþyrlur höfum við þá efni á að byggja sjúkrahúsin til að taka við því fólki sem þyrlurnar flytja að? o. s. frv.

Því er eðlilegt að spurt sé þegar þetta mál er hér til umr.: Hvar vill hæstv. núv. ríkisstj. draga mörkin í þessum efnum? Er þetta fyrirboði annars meira af svipuðu tagi? Ástæða væri til að spyrja framsóknarmenn sérstaklega sem hluta af þessari ríkisstj. hvar þeir vilja draga mörkin. Er það einhvers staðar annars staðar? Eða er það kannske svo að þeir séu nú sokknir í landsölustefnuna alveg upp í háls eða er kannske farið að renna inn í eyrun?

Guðrún Agnarsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd Kvennalistans lýsa yfir andstöðu við þetta frv. Afstaða Kvennalistans til fyrirhugaðrar flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli hefur að vísu verið margítrekuð og jafnframt þær forsendur sem ráða þeirri afstöðu og nú síðast við umfjöllun þessa máls í Ed.

Meginástæður fyrir andstöðu okkar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er hér um að ræða forgangsröðun sem er í fullkomnu ósamræmi við almennt ástand ríkisbúskaparins og ekki síður við afkomu fjölmargra einstaklinga og heimila í landinu í dag. Segja má að val á slíkri forgangsröðun endurspegli verðmætamat sem tekur tildur og ytri velferðarmerki fram yfir afkomu og velferð einstaklinganna og fjölskyldnanna, það verðmætamat sem tekur auðgildið og hina dauðu hluti fram yfir manngildið og velferð hins lifandi. Hverjum dettur í hug að okkur vanti risavaxið glæsihús þegar vaxandi hluti þjóðarinnar á ekki fyrir nauðþurftum og enn fleiri horfast í augu við verulegar og alvarlegar þrengingar? Fyrir hvern er þessi forgangsröð? Að auki veit ég ekki betur en að það sé yfirlýst markmið ríkisstj. að grynnka á erlendum skuldum og taka ekki lán nema til arðbærra verkefna. Það virðist því í algjöru ósamræmi við þetta markmið að taka lán til þessarar fjárfestingar, sem virðist ótímabær, óþörf og óarðbær. Allt öðru máli gegnir um að bæta og laga aðstöðu starfsfólks við flugstöðina. Þess er þörf og það má gera án þess að til komi þessi stóra og dýra bygging.

Í öðru lagi er hér um að ræða flugstöð sem ekki er ætluð Íslendingum eingöngu en mun verða nýtt sem hernaðarmannvirki ef þurfa þykir. Íslendingar segjast vera friðelskandi þjóð og státa af því að bera ekki vopn að öðrum þjóðum. Á dögum Rómverja tryggðu menn friðinn með því að búa sig undir stríð. Í dag eru vopnin þess eðlis að eina leiðin til að tryggja frið er að búa sig undir frið, ekki stríð. Það er því andstætt hinni friðelsk-

andi hefð Íslendinga að vígbúast á landi sínu jafnvel þó að óbeinlínis sé og í annarra nafni. Rödd Íslands á að hljóma í þágu friðar.

Kvennalistinn lýsir andstöðu sinni gegn hernaðarhyggju og öllum þeim framkvæmdum sem auka hernaðarumsvif hvar sem er í heiminum því þær stuðla að hinu stigvaxandi vígbúnaðarkapphlaupi.

Í þriðja lagi eru Íslendingar sjálfstæð þjóð, þjóð sem hefur endurheimt sjálfstæði sitt fyrir rúmum 60 árum eftir að hafa glatað því í sex og hálfa öld. Þetta sjálfstæði er verðmætt og vandmeðfarið, ekki síst vegna þess hve þjóðin er smá. Það hindrar ekki að við höfum þau samskipti sem eðlileg eru við aðrar þjóðir, en Kvennalistinn telur eðlilegt að við Íslendingar sem sjálfstæð þjóð byggjum okkar flugstöð sjálfir þegar við höfum ráð á því og þá af þeirri stærð sem eðlilegt þykir miðað við fólksfjölda, fjárþol og þá flugumferð sem búist er við. Í stað þess að verja því fé sem nú er ætlað í flugstöð mætti sinna ótal öðrum verkefnum sem Kvennalistinn telur mun brýnni og mikilvægari. Nægir þá að minna á sveltandi lánasjóð, dagvistarheimili, skóla, sjúkrahús, þróunarhjálp og margt, margt fleira mætti telja upp.

Hæstv. fjmrh. komst svo að orði hér á Alþingi í umr. um annað mál að bygging Seðlabankahússins væri orðin að tákni í hugum fólks um peninga sem fólkið héldi að væri til í landinu. Þessi flugstöð er annar stafur í þessu táknmáli sem ríkisstj. talar nú við þjóðina. Því segi ég við hæstv. fjmrh. eins og annar maður sagði við annan ríkisstarfsmann út af öðru húsi: Fjmrh. ríkisins, ekki meir, ekki meir.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Það er vissulega löngu orðin þörf á að laga aðstöðu þá sem bæði starfsfólki og farþegum er boðið upp á á Keflavíkurflugvelli. Það er sama í hvert hornið er litið, hvort litið er á afgreiðslu flugvélanna og aðstöðu þess fólks sem við það starfar eða afgreiðslu farþeganna og þess fólks sem þar kemur nálægt, að það er brýn þörf úrbóta á öllum þessum sviðum og þar hefur allt of lengi verið beðið með framkvæmdir.

En þó að þörfin á úrbótum sé hins vegar brýn verða menn náttúrlega að taka einhverja skynsamlega póla í hæðina. Af þeim takmörkuðu gögnum sem ég hef séð um fyrirhugaða flugstöðvarbyggingu sýnist mér hún í fyrsta lagi allt of stór. Ég hræðist það fordæmi, sem maður þekkir víða að að þegar fólk hefur lengi búið þröngt og illa ætlar það sér gjarnan um of og flytur í óþarflega stórt og óþarflega dýrt. Ég hef ekki séð neina fullnægjandi réttlætingu þess að svo stórt hús þurfi sem ætlað er þarna fyrir sunnan.

Í öðru lagi vildi ég gera þá athugasemd, og það munum við væntanlega kanna nánar í nefnd að kostnaður á rúmmálseiningu í þessu húsi er aldeilis ótrúlega hár jafnvel þótt miðað sé við byggingar sem við getum sagt að að einhverju leyti séu sambærilegar. Við höfum að vísu enga algerlega sambærilega byggingu hér á landi en ef við tökum byggingar sem eru tæknilegs eðlis eins og í sambandi við heilbrigðisþjónustu og þess háttar sýnist mér af þeim takmörkuðu gögnum sem ég hef haft aðgang að þessi kostnaður í Keflavík vera alveg með eindæmum.

Ég tek undir það sem hefur komið hérna fram um forgangsröðun verkefna þessarar ríkisstj. Á sama tíma og það er á ýmsum sviðum brugðið við bæði of seint og of lítið held ég að þeim gífurlega miklu fjármunum sem á að verja þarna væri miklu betri staður fundinn annars staðar. Þá gætu menn haft hliðsjón af þeirri umræðu sem fer fram þessa dagana um þau bágu kjör sem fjöldi fólks í þessu landi þarf við að búa.

Ég treysti því að þau atriði sem snúa að stærð og kostnaði þessa mannvirkis verði tekin fyrir í hv. fjh.- og viðskn. þegar hún fær málið til umfjöllunar og læt bíða þangað til að segja meira.

Hjörleifur Guttormsson: Virðulegi forseti. Það mætti margt um þetta mál segja, en afstaða okkar Alþb.-manna til þess hefur komið fram við umræðu málsins og afgreiðslu í Ed., svo og í þeirri ræðu sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti hér áðan og í þeirri till. til þál. sem liggur fyrir hv. Sþ. og hann er 1. flm. að.

Ég tel mjög athyglisvert við þessa umr., eins og raunar í sambandi við meðferð málsins til þessa, að frá Framsfl. heyrist nánar ekkert í þessu máli. Það er enginn þm. flokksins sem treystir sér til þess að skýra fyrir hv. Alþingi hvernig á því stendur að Framsfl. skuli hafa gengist undir það ok sem Sjálfstfl. reisti honum við myndun þessarar ríkisstj., að taka upp í stjórnarsamning samkomulag um byggingu flugstöðvar með þeim hætti sem hér er um að ræða. Ég trúi því varla að hv. þm. Framsfl. séu svo beygðir í þessu máli að þeir treysti sér ekki einu sinni til að koma hér upp í ræðustól við 1. umr. þessa máls í Nd. til þess að skýra hv. þingdeild frá því hvaða ástæður liggja til þess að þeir eiga hlut að þessu máli, eins og hér kemur fram, og skýri það hvernig þeir réttlæti þá röðun framkvæmda í flugmálum okkar sem fram kemur með þessum áformum.

Ég beini máli mínu m. a. til hv. 6. þm. Norðurl. e., Guðmundar Bjarnasonar, sem hér situr og er vel kunnugur fjármálum sem fulltrúi í fjvn. og átti hlut að þeirri fjárveitingu til flugmála sem ákveðin var með afgreiðslu fjárlagafrv. og samþykkt fjárlaga hér fyrir jólin. Ég held að það liggi fyrir að sú upphæð sem hér er verið að ákveða að tekin verði að láni til flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli sé 12—13 sinnum meiri en það fjármagn sem ákveðið er að ráðstafa til framkvæmda á flugvöllum landsins á komandi ári, öryggistæki sem aðrir framkvæmdaþættir brýnir sem þar blasa við. Ég skora á hv. 6. þm. Norðurl. e. að koma hér og skýra fyrir okkur hvernig hann ætlar að réttlæta það fyrir kjósendum sínum og umbjóðendum í Norðurl. e. að eiga hlut að þessu máli. Ef það eru aðrir hv. þm. Framsfl. sem vilja hlaupa í skarðið fyrir hv. 6. þm. Norðurl. e., t. d. hæstv. ráðherrar flokksins sem hér sitja, þá væri það út af fyrir sig ekki síðra.

En það er margt fleira sem er athyglisvert við þetta mál, þetta stóra mál, og þá m. a. það hvernig að ákvarðanatöku var staðið í þessu máli. Menn gætu haldið að við hér á Alþingi værum nú að fjalla um það hvort gera ætti bindandi skuldbindingar varðandi byggingu þessarar flugstöðvar og það færi eftir atkvæðum manna hér á hv. Alþingi hvort skuldbindingar verði gefnar um þessi efni. En svo er raunar ekki. Með því væri a. m. k. hnekkt þeirri skuldbindingu sem hæstv. utanrrh. undirgekkst og gerði með undirritun skuldbindandi samnings við Bandaríkjastjórn 5. júlí s. l. um byggingu einmitt þessarar flugstöðvar. Það var ekki haft fyrir því að leita til Alþingis um þetta mál áður en hæstv. utanrrh. lét sig hafa það á s. l. sumri að gera

skuldbindandi samning um ekki minni upphæðir en hér er um að ræða. Þetta held ég að sé vert fyrir hv. alþm. að hafa í huga við meðferð þessa máls. Það ásamt mörgu öðru, sem gerst hefur eftir myndun þessarar ríkisstj., er lýsandi um það hversu stuðningslið hennar metur Alþingi, sem ekki var haft fyrir að kveðja saman að kosningum loknum þann 23. apríl s. l. til að fjalla um hin mikilsverðustu mál, heldur var þar beitt brbl.-valdinu og gengið fram með þeim hætti sem hæstv. utanrrh. gerði við undirritun þessa samkomulags um flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Ég þarf ekki miklu við að bæta í sambandi við það hversu fráleit sú röðun og áhersla er sem birtist í þessu máli, þó að menn vildu fara út í það að reisa nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, sem eðlilegt er að horft sé til í framtíðinni og nauðsynlegt að bæta þar aðstöðuna. Það hefur komið fram hjá okkur Alþb.-mönnum oft við meðferð þessa máls og liggur fyrir í þáltill., sem þm. flokksins hafa flutt á yfirstandandi þingi, að við erum því meðmæltir að reist verði flugstöð við hæfi á Keflavíkurflugvelli í samræmi við og felld að framkvæmdaáætlunum í okkar flugmálum.

Ég minni á það nú, þegar fjallað er um þetta mál, að heilir landshlutar búa þannig í flugmálum að ár hvert verða tafir á flugsamgöngum vegna þess að flugvellirnir eru þannig í stakkinn búnir að þeir verða eitt forarsvað þegar hlánar t. d. á vori. Og þarf ekki einu sinni vortímann til því þetta getur gerst eins vel um miðjan vetur ef bregður til hláku. Þannig er t. d. málum háttað á aðalflugvellinum á Austurlandi á Egilsstöðum. Hann hefur orðið ófær undanfarin ár æ ofan í æ af þessum sökum. Þar er nú ráðgert að leggja nýja flugbraut, svo sem nauðsynlegt er, flugbraut sem mun kosta 50 millj. kr., eða á bilinu 50—100 millj. kr. eftir því hversu stór áfangi verður tekinn. Ég tel að það sé ólíkt brýnni framkvæmd heldur en sú sem hér er verið að fitja upp á og ákvarðanir hafa þegar verið teknar um af hæstv. ríkisstj.

Þannig háttar til víðar en á Austurlandi. Það er hægt að fara um landshluta eftir landshluta til þess að finna verkefni sem ekki þola neina bið, öryggisverkefni í sambandi við okkar flugsamgöngur og nauðsynlegar framkvæmdir á flugvöllunum, framkvæmdir sem eiga að koma á undan nýbyggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. En ég endurtek það að við erum að sjálfsögðu þeirrar skoðunar, Alþb.-menn, að flugstöð þurfi að byggja þar, innan ramma áætlunar um flugframkvæmdir í landinu og án þess að farið verði í bónbjargaleit til Bandaríkjanna eins og gert er í sambandi við þetta mál.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður lýsti eftir skoðun Framsfl. á byggingu flugstöðvarinnar. Ég hygg að hv. þm. ætti að vera sú skoðun vel ljós því að í þeirri ríkisstj. sem við sátum saman í flutti fyrrv. hæstv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, hvað eftir annað tillögur um byggingu þessarar sömu flugstöðvar. Áður en hann flutti þær tillögur voru þær ræddar í þingflokki framsóknarmanna. Hann flutti tillögurnar með samþykki þingflokks framsóknarmanna. Á þessu hefur ekki orðið nein breyting.

Ég get hins vegar lýst þeirri skoðun minni að ég hef talið þessa flugstöð vera ansi stóra og hef kynnt mér það hvort ekki mætti byggja smærri flugstöð. Vitanlega má byggja smærri flugstöð. En skv. þeim upplýsingum sem ég fékk þótti mér ljóst að jafnvel miklu smærri flugstöð, án fjárhagsþátttöku frá Bandaríkjunum, yrði okkur dýrari en sú flugstöð sem hér um ræðir, því að það eru ýmsar lágmarkskröfur sem verður að gera og ekki verða umflúnar og eru margar mjög kostnaðarsamar. Ég nefni t. d. allar leiðslur, öll plön og allt annað sem í kringum þetta er.

Ég hef jafnframt lýst þeirri persónulegu skoðun minni að mér sýnist að Bandaríkjamenn ættu að greiða allan kostnað af þessu mannvirki því að þetta er liður í þeirri mikilvægu ákvörðun að aðskilja innlent þjóðlíf eins og hægt er frá hernum á Keflavíkurflugvelli. Ég tel að þeir eigi að bera kostnaðinn af því.

Þetta hefur ekkert breytst. Þingflokkur framsóknarmanna ræddi málið ítarlega áður en fyrrv. utanrrh. flutti málið inn í fyrrv. ríkisstj., eins og ég sagði, og sú afstaða hefur ekki breyst.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti hér um margt athyglisverða ræðu. Hann undirstrikaði það að samstarf við aðra væri ávallt á þann veg að þá skorti á um sjálfstæði þess sem stæði að samstarfinu. Þetta minnti mig þó nokkuð á það að einu sinni voru fóstbræður tveir á Vestfjörðum, Þorgeir Hávarsson og Þormóður Kolbrúnarskáld. Þau tíðindi gerðust að þeir voru að hvannatöku og voru þar framan í björgum. Þeir höfðu verið við þó nokkuð af deginum og Þormóður hafði lagt sig. Þegar hann vaknaði aftur undraði hann að Þorgeir fóstbróðir hans skyldi ekki vera þar til staðar og fór að kalla til að ná sambandi við hann. Þorgeir svaraði heldur seint og illa. Hinn spurði hvort hann væri ekki búinn að taka nóg af hvönn og þá kom þetta fræga svar þess sjálfstæðasta manns í anda hv. 4. þm. Norðurl. e. sem um getur. Hann kvað þá ætla að nóg væri upp tekið ef sú væri laus er hann héldi í núna. Þá hékk hann á einni hvannarótinni og gat ekki komist úr bjarginu og þótti sér slík minnkun að leita til Þormóðar að hann vildi heldur láta þar lífið en að biðjast aðstoðar.

Nú sýnist mér sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sé ekki líklegur til þess að lenda í sjávarháska eða neinu slíku en hann gæti átt það til að flækjast upp á fjöll á eftir rjúpu. Væri því fróðlegt að vita hvort honum þætti sér slík minnkun af ef Bandaríkjamenn kæmu nú á þyrlu og björguðu honum að hann vildi heldur láta þar líf sitt en að þiggja slíka aðstoð. Ég tel að það gæti firrt kostnaði ef þetta lægi fyrir. Fleira hef ég ekki um þetta mál að segja að sinni.

Guðmundur Bjarnason: Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. spurði eftir því áðan hvort ráðherrar Framsfl. gætu hlaupið í skarðið fyrir þm. Guðmund Bjarnason ef hann treysti sér ekki hér í ræðustól. Ég vil nú ógjarnan láta um mig spyrjast að ég geri það ekki og tel að ég geti gjarnan svarað hér fyrir mig sjálfur. En hitt er líka fram komið að hæstv. forsrh. hefur nú þegar lýst afstöðu okkar framsóknarmanna til þessa máls svo að ég þarf ekki að endurtaka það.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði einnig hvort ég og hvernig ég gerði mínum kjósendum grein fyrir þessari afstöðu. Það hef ég auðvitað þegar gert, bæði á framboðsfundum og almennum stjórnmálafundum og félagsfundum í mínu kjördæmi og mun að sjálfsögðu

halda því áfram eftir því sem ástæða er til eða þarf. En mál þetta er ekki nýtt, þetta mál er búið að vera lengi í undirbúningi. Ég hygg að það hafi verið á árunum 1974—1975 sem það var fyrst í undirbúningi, þá af hálfu þáv. hæstv. utanrrh., Einars Ágústssonar, svo að þetta er búið að vera á döfinni alllengi.

Við framsóknarmenn höfum lýst yfir að við teljum nauðsynlegt að byggja þessa flugstöð og að það sé liður í þeirri stefnu okkar, sem við höfum haldið fram, að aðskilja eigi þá starfsemi sem þar fer fram á vegum Bandaríkjamanna frá okkar íslensku innlendu starfsemi. Þau rök eru efst í huga mér þegar ég geng til atkvgr. um það mál sem hér liggur fyrir.

Þó er auðvitað ljóst að okkur greinir ævinlega á um það hvernig á að raða verkefnum í forgang, hvort einstök verkefni eru of stór eða of dýr o. s. frv. Um þetta verða eilíflega deilur. Ég get persónulega lýst því yfir að mig hefur undrað hvað þessi bygging þarf að vera og er áætluð stór og hversu ótrúlega dýr hún er. Ég hef hins vegar ekki neitt tæknilegt mat á því og verð auðvitað að treysta því að sú vinna sem unnin hefur verið af til þess fengnum mönnum sé gerð skv. bestu vitund, bestu samvisku og þetta sé sú aðferð sem við verðum að telja réttasta og eðlilegasta.

Fyrst ég er hins vegar kominn upp í ræðustól langar mig að beina einni spurningu til hæstv. fjmrh. varðandi ákvæði í 1. gr. frv. þar sem fjallað er um niðurgreiðslur, um heimild ráðh. til að fella niður eða endurgreiða gjöld af vinnuvélum sem notaðar verða við þessar byggingarframkvæmdir, hvernig menn hugsi sér það þegar þær vélar verða síðan trúlega aftur notaðar við ýmis önnur verkefni en beinlínis hér er verið að efna til. Ég hygg að ekki sé eingöngu ætlað að það séu Íslenskir aðalverktakar sem vinni þetta verkefni heldur geti þar að auki ýmsir aðrir verktakar komið til greina og þá líka með vélum sem þeir geta síðan notað við ýmis önnur verkefni. Þetta gæti skapað verulegt misrétti á milli hinna einstöku verktaka, t. d. við útboð og framkvæmdir við ýmis önnur verkefni sem ríkið lætur framkvæma — ég nefni t. d. vegagerð svo eitthvað sé tekið til — og gæti þá skapað verulegt misrétti eða misræmi milli stöðu þeirra verktaka sem bjóða í slík verk. Fyrir þessu hefur sjálfsagt verið hugsað. Hér er líka fjallað um það að ráðh. setji nánari reglur um fyrningar og annað á þessum vinnuvélum en það væri samt fróðlegt að fá að heyra örlítið frá ráðh. um þetta atriði.

Steingrímur J. Sigfússon: Virðulegi forseti. Það var ánægjulegt að heyra að hæstv. forsrh. hefur áttað sig á því að þessi flugstöðvarbygging sé ansi stór. Það er auðvitað að vonum, nú er lítið og sparneytið í tísku. Það er mín skoðun að við eigum að byggja litla og sparneytna flugstöð, ekki ansi stóra og eyðslusama.

Fróðlegt væri út af fyrir sig að fara nánar í það sem hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði um kostnað per rúmmetra í þessu mannvirki og skoða svolítið nýtinguna á rúmmetra þar. Þeir sem flækst hafa til útlanda og lent í þeirri ógæfu að leggjast í ferðalög, eins og Nóbelsskáldið sem hér er vitnað mikið til orðar það, vita að þessi flugstöðvarbygging fyllist af mannskap tvisvar á sólarhring í eina til tvær klst. og stendur þess á milli auð og tóm. Það er ekki merkileg nýting á slíku stórhýsi.

Ég bendi hæstv. forsrh. á að „ansi stóra“ flugstöð er hægt að byggja smátt og smátt ef hún er þannig hönnuð að hún bjóði upp á það. En þessi kassi á tveimur hæðum, að mestu leyti úr gleri og járnbentri margra metra þykkri steinsteypu þarf nánast að steypast upp og byggjast og gerast fokheldur allur í einu lagi og býður ekki upp á neina hagræðingu og neinn sparnað í því efni.

Það mætti benda þeim framsóknarmönnum og öðrum hv. þm. hér á að ódýrasta og einfaldasta lausnin við að aðskilja herinn frá öðru þjóðlífi á Íslandi væri að láta þann hinn sama her fara. Ég hélt í eina tíð að það væri stefna Framsfl. Svo mun ekki vera lengur.

Ég vil benda hv. skrifara eða ritara, Ólafi þ. Þórðarsyni, á að í sjálfu sér er enginn lífsháski á ferðum þó að leki svolítið í þessum kumbalda þarna suður í Keflavík. Morgunblaðið segir þannig frá því tvisvar á dag — ef það kæmi svo oft út — hvað slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli sé gott og hvað allur öryggisbúnaður þar sé til fyrirmyndar. Svo ég segi nú bara: Það má alveg leka ofan á farþega á Keflavíkurflugvelli fyrir mér ef það getur komið í veg fyrir að menn farist á öðrum flugvöllum á landinu.

Nú fyrir tveim eða þrem dögum síðan fór flugvél endanna á milli út í ruðning á flugvellinum á Ólafsfirði. Þar hafa staðið yfir í einhver ár framkvæmdir af miklum vanefnum við að reyna að lengja þá flugbraut en hefur þó ekki tekist að koma því í notkun enn þá. Hefði það hins vegar verið búið og gert hefði mátt koma þarna í veg fyrir tjón og fólki hefði ekki verið stofnað í lífsháska. Þess vegna bendi ég hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni sem hér sagði skemmtilega reynslusögu á að það mun vera víðar en á Ólafsfirði sem flugvellir eru hættulegir og öryggi manna er stofnað í voða með því að binda fjárveitingar okkar um ókomin ár í þetta mannvirki suður á Keflavíkurflugvelli sem í raun og veru tryggir ekki mannslíf á sama tíma og langt er í land um að öryggiskröfum sé fullnægt á flestöllum flugvöllum landsins.

Að síðustu vil ég segja við þennan sama hv. ritara þd. að það eru dýr björgunarlaun að selja fósturjörð sína fyrir líftóruna og mín er ekki þess virði — og hafðu það.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Deilur um hvort reisa skuli þessa flugstöð, hvernig skipa skuli kostnaði og hvenær hafa staðið lengi á þingi. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni þann ágreining, enda er hér verið að leita eftir heimild til lántöku vegna þessara byggingarframkvæmda en ekki verið að leita heimildar fyrir framkvæmdunum sjálfum.

Það liggur fyrir, bæði að því er sjálfan mig varðar og minn flokk, að við höfum verið fylgjandi því markmiði að greina í milli þeirrar starfsemi sem fram fer að öryggismálum á Keflavíkurflugvelli og almennrar flugþjónustu og samgöngumála. Að svo miklu leyti sem bygging nýrrar flugstöðvar er nauðsynleg til þess höfum við verið fylgjandi því og um það er m. a. s. ekki ágreiningur t. d. við Alþb. eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar.

Úr því sem komið er tjóar ekki að setja á langar tölur um stærð þessa mannvirkis. Það er athyglisvert að heyra að ágreiningur er um það innan ríkisstj. hvernig þessi bygging skuli fjármögnuð. Forsrh. lýsir enn þeirri skoðun sinni að hann telji að samningsaðili okkar um varnarmál eigi að kosta þessa byggingu að öllu leyti. En

það sjónarmið hefur greinilega orðið undir þrátt fyrir þau rök hans líka að ef Íslendingar byggðu minni flugstöð, en eingöngu á sinn eigin kostnað, telur hann hana mundu verða okkur sem slíkum dýrari framkvæmd en hér er ráð fyrir gert.

En þá vil ég koma að meginatriði þess máls sem ég vildi bera upp. Þetta er nefnilega frv. til l. um heimild til fjmrh. til erlendrar lántöku. Hér er um að ræða dýra og mikla byggingarframkvæmd, mikið mannvirki, sem kostar allt í allt 42 millj. dollara. Og hér er um að ræða heimild til að taka erlent lán að upphæð 616 millj. kr. á einum fjórum, fimm árum. Gert er ráð fyrir að sú upphæð verði á þessu ári um 100 millj. kr. Það er ekkert sjálfgefið við það, þótt menn séu fylgjandi þessu máli, að kostnaðarhlutdeild Íslendinga skuli vera algjörlega fjármögnuð með erlendum lánum. Það er engan veginn sjálfgefið. Nú þekkjum við margendurteknar yfirlýsingar stjórnmálaflokkanna um markmið þeirra í efnahagsmálum, þar sem aðalatriðin hafa verið skilgreind þau að snúa frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið að undanförnu, að leysa vandamál eftir hendinni og nærri því takmörkunar- og gagnrýnilaust með erlendum lánum, að stöðva erlendar lántökur, binda þær stranglega við arðvænlegar framkvæmdir og gæta þess vendilega að slíkar lántökur fari ekki yfir tiltekinn hundraðshluta af þjóðarframleiðslu. Miðað við þessar forsendur væri æskilegt að fá miklu nánari upplýsingar frá hæstv. ríkisstj. og fjmrh. um þetta mál. Ég vil þess vegna leyfa mér að beina nokkrum spurningum til hans og vona að þegar mál er jafnvel undirbúið og þetta vefjist ekki fyrir honum að svara.

Fyrsta spurningin væri: Hver er áætluð hin erlenda kostnaðarhlutdeild við byggingu þessa mannvirkis í heild eða hver er skiptingin milli kostnaðarhlutdeildar í ísl. kr. og erlendum gjaldeyri við framkvæmdina? Ég spyr vegna þess að það var áður fyrr beitt þeirri gömlu þumalfingursreglu að taka ekki erlend lán fyrir þeim hluta meiri háttar framkvæmda sem byggist á innlendum kostnaði.

Nú erum við að ræða, eins og ég sagði hér áðan, meiri háttar mannvirki. Helstu kostnaðarliðir þess eru væntanlega byggingarefnin sjálf, mikil og dýr vélanotkun, tækjanotkun og launakostnaður verktaka sem að þessari framkvæmd vinna. Hefur fjmrh. upplýsingar um hvernig þessi kostnaður skiptist? Hvaða skýringu hefur fjmrh. á því að ríkisstj. ákveður, miðað við ríkjandi aðstæður og yfirlýst markmið sín í efnahagsmálum, að fjármagna sinn hluta af þessum framkvæmdum eingöngu með erlendum lánum? Við hvaða rök styðst það?

Það sakar ekki að lokum að spyrja örlítið meira um framhaldið. Hér er um að ræða mannvirki í þjónustu ferða- og samgönguiðnaðar. Við höfum talað um að nauðsynlegt sé að leggja mat á arðsemi slíkra framkvæmda. Hefur eitthvað verið til þess hugsað fram í tímann, þegar kemur að því að taka þetta mannvirki í notkun og reka það, hversu arðvænlegt það kann að verða og hver verður hlutur helstu fyrirtækja í ferðamannaiðnaði og samgönguþjónstu, eins og flugfélaga, ferðaþjónustu, fríhafnar, við að bera uppi í rekstrinum kostnað við það? Er þessum aðilum jafnvel ætlað að taka, þegar fram í sækir, nokkurn þátt í byggingarkostnaðinum sjálfum?

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það rættist úr í sambandi við Framsfl. Það birtust hér tveir talsmenn hans í ræðustól eftir að ég hafði mælt nokkur orð til þeirra. Og það var nokkuð lærdómsríkt að hlýða á málflutninginn. Þar fór fyrir hæstv. forsrh., formaður flokksins, og var allur í hægri beygjunni. Hér áður fyrr var venjan að það væri vinstri — hægri og skipt nokkuð þétt, en nú er þar allt á sveig til hægri og inn í þá sveigju renndi sér hv. 6. þm. Norðurl. e. þegar hann fylgdi á eftir formanni sínum.

Helsta réttlæting hans fyrir því að ljá þessu máli lið er sú að fela herstöðvarhreiðrið á Suðurnesjum, að þessi flugstöð eigi að koma í veg fyrir að þeir sem til landsins koma og út úr landinu fara um Keflavíkurflugvöll verði ekki varir við herstöðina í þeim mæli sem nú er. Það er misskilningur hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að við Alþb.-menn leggjum eitthvert meginkapp á að aðgreina milli umsvifa hersins og þjóðlífs. Okkar stefna er að þessi her fari úr landinu og það sem fyrst og það verði þurrkaður burt sá blettur á íslensku þjóðlífi sem er herstöðin á Miðnesheiði. Við erum því ekki sammála þeim framsóknarmönnum og þeirri röksemdafærslu sem nægir hv. 6. þm. Norðurl. e. til að vera fylgjandi þessu dæmalausa máli.

En það eru ekki allir, hygg ég, þm. Framsfl., jafnvel ekki allir þeir sem lengi hafa verið þar á skipi með hæstv. núv. forsrh., alveg sama sinnis og hann og þeir ungu lærisveinar sem renna sér í hægri beygjuna á eftir honum. Ég held ég muni það rétt að við afgreiðslu fjárlaga bar það við að greidd voru atkvæði sem tengdust þessu máli, lántöku vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Ég held að það hafi komið fram við nafnakall að þeir sem nokkru eldri eru og raunar samþingmenn hv. 6. þm. Norðurl. e. þar í kjördæmi, hv. þm. Stefán Valgeirsson og hv. þm. Ingvar Gíslason, hafi þó séð sóma sinn í að sitja hjá. Þeir eru greinilega ekki orðnir eins þjálfaðir eða láta ekki eins vel að stjórn og þeir sem yngri eru og feta í fótspor núverandi formanns Framsfl. í þessu máli.

Rökstuðningur hæstv. forsrh. var alveg sérstakur og verður fróðlegt að fara í gegnum orðalagið þegar það kemur prentað í þingtíðindum. Honum hafði virst að það væri ansi stór bygging sem þarna ætti að reisa, en við nánari athugun komst hann að þeirri merkilegu niðurstöðu að þó hún yrði smækkuð, og það var ekkert tekið af um það hversu langt yrði farið niður, þá væri niðurstaðan alltaf sú að hún yrði dýrari en sú bygging sem þarna er ákveðið að ráðast í. Þetta er það veganesti sem hann réttir til þingmanna sinna í Framsfl., sem að meirihluta hafa væntanlega skrifað undir þessa röksemdafærslu. Þó hafa einstaka þm. Framsfl. eitthvað í blóðinu sem veldur því að þeir láta ekki jafnvel að þessari nýju hægri línu Framsfl. sem formaðurinn hefur nú lagt og flokkurinn fylgir.

Aðeins þetta, herra forseti, að lokum: Það kom fram í hv. utanrmn. og var upplýst við umræðu í Ed., að þegar mál þetta var þar til umræðu í sumar, rétt áður en hæstv. utanrrh. undirritaði skuldbindandi samkomulag við Bandaríkjastjórn um þessa byggingu, var óskað eftir sundurliðaðri áætlun varðandi þetta mannvirki þar sem hlutur Íslendinga er áætlaður röskar 600 millj. kr. Hæstv. utanrrh. sagðist ekki geta lagt neinar slíkar tölu fram og sagði að ég hygg, að þær lægju ekki fyrir, væru a. m. k. ekki handbærar. Þannig er staðið að undirbúningi máls sem ekki kostar minna en það sem hér um

ræðir, að sá sem undirritar fyrir hönd Íslands hefur ekki handbæra sundurliðun á einstökum kostnaðarþáttum. Það er ekki von að vel fari þegar þannig er staðið að verki og menn eru ekki sómakærari en þetta þegar verið er að fjalla um skuldbindingar af því tagi sem hér um ræðir.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum greindi hæstv. fjmrh. frá því að hann mundi segja af sér sem slíkur ef skuldahlutfall þjóðarinnar út á við færi yfir 60% af þjóðarframleiðslu. Nú er hann hér að mæla fyrir frv. sem gerir ráð fyrir 100 millj. kr. erlendri lántöku í flugstöðvargímald suður á Keflavíkurflugvelli og það urðu reyndar 600 millj. kr. alls sem hann ætlar að taka að láni erlendis í þessu sambandi. Og nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvenær má vænta þess að skuldahlutfallið nái því marki að hann segi af sér, eins og hann hefur nýlega lofað þjóðinni? Mér sýnist að það hljóti að koma að því ef hann heldur áfram á þeirri braut sem hann leggur hér til. Ég vildi fara fram á það við hæstv. ráðh. að hann gerði þingheimi nú grein fyrir því: Hvað er það mikið af þjóðarframleiðslu sem Íslendingar skulda í dag? Er ekki ljóst að það er um eða rétt yfir 60%? Og ef svo er, hvenær mun þá hæstv. fjmrh. segja af sér störfum og standa þannig við orð sín?

Í annan stað ætlaði ég að víkja aðeins að því, að það er mjög sérkennilegt hvernig þessi ríkisstj., sem yfirleitt hefur mjög á vörunum nauðsyn ráðdeildar og sparnaðar og aðhaldssemi í erlendri skuldasöfnun, hagar sér þegar kemur að þessari flugstöð. Þá er allt galopið. Þá má taka lán út og suður og það má ræða mál og afgreiða þau frá annarri hv. þd. án þess að fyrir liggi sundurliðaðar kostnaðaráætlanir um það mannvirki sem verið er að ræða um, eins og hv. 5. þm. Austurl. gat um áðan.

Ég fullyrði að þessi vinnubrögð hæstv. fjmrh. eru lögbrot. Þau brjóta í bága við lögin um skipan opinberra framkvæmda og lög um efnahagsmál o. fl. nr. 13 frá 1979, þar sem kveðið er skýrt á um að öllum svona frv. eigi að fylgja sundurliðaðar kostnaðaráætlanir. Ég skora á hæstv. fjmrh. að lesa þessi lög. Það er alveg afdráttarlaust, sem þar kemur fram, að hann má ekki ganga frá stjfrv. óðruvísi en að þeim fylgi kostnaðaráætlanir.

Auðvitað getur Alþingi breytt þessum lögum og auðvitað getur fjmrh. beitt sér fyrir því að breyta þessum lögum þannig að þetta verði framvegis með þeim hætti að fjmrh. þurfi ekki að taka neitt tillit til kostnaðar þegar hann sullast hér í gegnum þingið með hin ýmsu mál. En þetta stendur nú einu sinni í lögum nr. 13 1979, um efnahagsmál o. fl., sem kölluð eru Ólafslög. Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Vill hann ekki hlíta ákvæðum Ólafslaga í þessu efni og leggja þessar sundurliðuðu kostnaðaráætlanir fram — eða hyggst ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar breyta Ólafslögum að þessu leyti og fella þetta ákvæði niður úr þeim lögum? Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi fram. (**Sjútvrh.:** Fórst þú alltaf eftir þessu?) Ég fór alltaf eftir þeim, hæstv. sjútvrh. (**Sjútvrh.:** Aldrei man ég eftir því.) Nei, þú manst yfirleitt mjög illa það sem þú þyrftir helst að muna, hæstv. sjútvrh., og væri ástæða til að rifja ýmsilegt upp fyrir þér úr síðustu ríkisstj., en ætli ég geri það ekki undir öðrum dagskrárlið. Það er eitt og annað sem væri ástæða til að kenna þér úr þessum ræðustól og væri sjálfsagt hægt að verja tímanum verr til annars en að fræða þig um eitt og annað, m. a. úr síðustu ríkisstj., og þætti mér fróðlegt ef þú gætir nefnt mér dæmi um að fráfarandi ríkisstj. hafi afgreitt mál án þess að kanna hvernig kostnaði væri háttað í einstökum atriðum. Þar veit ég að fyrrv. ríkissstj. er til fyrirmyndar eins og um margt fleira. Við gætum farið yfir það í sameiningu, ég og hæstv. sjútvrh. En sjálfsagt hefur hann engan áhuga á því að rifja upp hvernig það gekk fyrir sig vegna þess að hann vill auðvitað gleyma allri fortíð Framsfl. eins og hún leggur sig. Þetta er svo suddaleg nútíð sem þeir búa við í Framsfl. núna. (**Gripið fram í:** Það gerir Blazerinn.) Það gerir Blazerinn, já, heyrist mér af pöllunum.

Ég held að það sé nauðsynlegt að fá fram, hæstv. fjmrh., hvernig stendur á því að þú ferð ekki eftir þeim anda sem felst í Ólafslögunum að þessu leytinu til og hvenær má vænta þess að skuldahlutfallið nái þessum 60% sem þú hefur sagt að ekki megi ná svo að þú ekki segir af þér störfum.

Hv. 5. þm. Vestf., ritari deildarinnar, kveður sér stundum hljóðs hér til að ræða um björgunarmál og fleira. Hann fór að tala um hvönnina Þorgeirs Hávarssonar áðan og vildi meina að við værum þeir kappar í Alþb. að heldur vildum við láta hvönnina slitna en að láta bjarga okkur. Fróðlegt er að heyra þessi ummæli hv. þm., sem er reyndar fulltrúi fyrir Vestfirði þar sem að víða vaxa hvannir. En það er einnig fróðlegt að velta þessu fyrir sér í samhengi við stefnu Framsfl. Ef þetta dæmi er hugsað aðeins lengra er ljóst að herinn má ekki fara vegna þess að hann gæti þurft að bjarga hv. 5. þm. Vestf. einhvern tímann úr lífsháska. Þannig er herinn óhjákvæmileg nauðsyn Framsfl. og a. m. k. 5. þm. Vestf. Ég held raunar að það sé svo illa komið fyrir hv. 5. þm. Vestf., ritara þessarar deildar, að hann vilji heldur að hvönnin slitni, en svo komi herinn og bjargi okkur. Mér sýnist að hann sé þannig á sig kominn í seinni tíð.

Herra forseti. Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var fyrst og fremst að inna hæstv. fjmrh. eftir þessum atriðum: annars vegar varðandi skuldahlutfall þjóðarbúsins út á við og hins vegar varðandi afstöðu hans til Ólafslaga og hvernig á því stendur að hann fer ekki eftir ákvæðum þeirra um kostnaðaráætlanir varðandi stjfrv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hér hljóðs er nokkur kafli í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan. En áður en að því kemur vil ég fara örfáum orðum um það sem hér hefur fram komið.

Ég sé ekki betur en almennt sé þingheimur sammála um það að byggja skuli flugstöð. Menn greinir á um stærð hennar og menn greinir á um kostnaðarþátttökuhlutfall í byggingunni. Ef við byrjum á kostnaðarskiptingunni þá virðast vera uppi þrenns konar sjónarmið varðandi þann þátt.

Í fyrsta lagi er það sem hér liggur fyrir í frv. um þau kostnaðarhlutföll sem þar er gert ráð fyrir. Í öðru lagi það sjónarmið þeirra Alþb.-manna sumra hverra að Íslendingar skuli standa að því einir og kosta það að öllu leyti. Að vísu verka þeir ekki allir mjög sannfærandi, þeir Alþb.-þingmenn sem hafa talað í þeim dúr hér. Í þriðja lagi er svo það sjónarmið sem kom fram hjá hæstv. forsrh. hér áðan. Hann taldi að Bandaríkjamenn ættu að kosta þetta einir. Því sjónarmiði er ég mjög

hlynntur. Ég er mjög hlynntur því að Bandaríkjamenn kosti þessa byggingu einir. Og raunar meira. Ég er hlynntur því að þeir taki meiri þátt í kostnaði við uppbyggingu, því ég er þeirrar skoðunar að hið bandaríska herlið sé ekki hér fyrst og fremst okkar vegna. Það er ekki hér fyrst og fremst í okkar þágu. Það er fyrst og fremst í þágu Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins. Og ef að menn eru á þeirri skoðun, þá á auðvitað að láta þá borga fyrir það sem þeir fá hér. Af hverju á að skattleggja íslenska borgara, íslenska skattþegna til þess að standa undir verulegum kostnaði vegna hers sem hér dvelst, hvort sem það er bandarískur her eða NATO-her? Ég held að það sé nóg skattaíþynging á herðum almennings þó ekki sé verið að leggja á hann aukaskatt vegna þessa, sem er meira og minna fyrir aðra en okkur. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að þeir ættu að byggja þetta einir og standa undir því einir.

Ég tek að sjálfsögðu undir það sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og fleirum, að auðvitað vantar peninga. Það vantar aukið fjármagn í framkvæmdir flugvalla og flugstöðvarbygginga víðs vegar um landið og það vantar stóraukið fjármagn í öryggisþjónustu alla á flugvöllum. Það eru því næg verkefni til að nýta þá peninga sem þarna er um að ræða að Íslendingar taki að láni til þessarar flugstöðvarbyggingar. Það eru næg verkefni til að nýta þá til annarra hluta, sumir segja nauðsynlegri, aðrir jafnnauðsynlegra. Ég sé þess vegna ekkert því til fyrirstöðu. Það er verst að hæstv. forsrh. er ekki hér inni. Ég vildi gjarnan beina því til hans, og trúi ekki öðru en hann geti haft þau ítök sannfæringu sinni samkvæmt, að beita sér fyrir því að þarna yrði breyting á og að Bandaríkjamenn borguðu þessa flugstöðvarbyggingu einir án þess að við stæðum þarna undir kostnaði að einu eða neinu leyti.

Um stærðarhlutföll í þessari byggingu ætla ég ekki að ræða. Ég skal ekkert um það segja hvort hún kann að reynast of stór. Tvo tíma notuð á sólarhring, sagði einhver hv. þm. hér áðan. Líklega yrði minni flugstöð notuð einhvern álíka tíma, kannske aðeins meiri, það má endalaust deila um hæfilega stærð á svona framkvæmd.

Að síðustu vil ég nefna, út af því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér, að líklega er það rétt að í þessu tilfelli, eins og að ég hygg mörgum fleirum og líklega hjá fyrrv. ríkisstjórn líka, hefur ekki verið farið að lögum í sambandi við að kostnaðaráætlanir fylgi frv., sem er þó lagaskylda. Og það er síður en svo að það sé neitt betra eða réttlætanlegra í þessu tilfelli með hæstv. núv. fjmrh. við stjórnvölinn en í hinum tilfellunum hjá hæstv. fyrrv. félmrh. eða fyrrv. fjmrh. Slík dæmi hygg ég að hægt sé að finna í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar, að ekki hafi verið farið að þessum lögum. Eftir sem áður er það ekkert réttlætanlegra í þessu tilfelli að hæstv. fjmrh. eða hvaða ráðh. sem er fari ekki að lögum í þessu efni sem öðrum. Til þess verður auðvitað að ætlast.

Það ætlar að verða vonlaus bið eftir hæstv. forsrh. til þess að hann heyri að hann á dyggan stuðningsmann hér í þessu sjónarmiði sem hann hér lýsti. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. komi því þá til hans. Ég efast ekki um að hæstv. fjmrh. mundi þiggja það með þökkum að losna við að taka þessar milljónir að láni fyrir Íslendinga og láta Bandaríkjamenn borga þetta sjálfa. Hitt er svo annað mál, að almennt held ég að þm. sé orðið ljóst, og kannske fyrir þó nokkru síðan, að erlendar lántökur, erlend skuldabyrði þjóðarinnar er orðin geigvænleg. Hún er komin yfir 60% af þjóðarframleiðslunni. Og þá kemur upp þessi spurning: Ef menn á annað borð ætla sér að taka lán til framkvæmda, hvaða framkvæmdir eru það sem eru þá arðbærastar? Er það þessi framkvæmd eða er það eitthvað annað? Ég heyri ekki betur en að þm. sem tóku til máls hér í gær í sambandi við vegáætlun, þeir voru að vísu fáir viðstaddir og mætti ætla að þeir sem ekki voru hér þá teldu þann þátt framkvæmda í þjóðlífinu lítils virði, en almennt voru þó þeir menn sem þar tóku þátt í umræðum sammála um það, að vegaframkvæmdir væru hinar arðbærustu framkvæmdir sem hægt væri að fara í á þessum tíma. Og menn voru sammála um það að réttlætanlegt væri að taka erlent lán til vegaframkvæmda vegna þess að það væru arðbærustu framkvæmdirnar sem við gætum farið í á þessum tíma. Í ljósi þess er nær að nota þá möguleika sem Íslendingar hafa til erlendrar lántöku í þær framkvæmdir sem eru arðbærastar og láta Bandaríkjamenn borga þessa flugstöð eina og sér.

Guðrún Helgadóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla að leggja inn nokkur orð um þá tvo þætti sem þetta mál snýst um. Ég mun láta bókmenntir landsins liggja, mér er ekki sú andleg speki gefin í ræðustól, en ætla að snúa mér strax að hinum fyrri þætti þessa máls, sem er ákvörðun um að taka 616 millj. kr. erlent lán.

Lítum á hvað þessar tölur þýða, þessar 616 millj. sem byggja á fyrir flugstöð á Keflavíkurflugvelli, væntanlega til þess að við hinir efnaðri borgarar landsins höfum notalegri útleið og innleið þegar við þurfum að fljúga til útlanda, yfirgefa landið eða koma til þess aftur. Lítum á fjárlög fyrir árið 1984. Ég ætla að leyfa mér að minnast á nokkrar tölur í þeim. Þá skulu menn hafa í huga þær 616 millj. sem nú á að taka að láni.

Til framkvæmda á öllum flugvöllum landsins er gert ráð fyrir 51.3 millj. Til dagvistarheimila handa börnum landsins 31 millj. 640 þús. Til allra hafnarmannvirkja á landinu 110 millj. 300 þús. Til allra sjóvarnargarða landsins 6 millj. 835 þús. Til allra vöruflutninga og flóabáta 44 millj. 252 þús. Til allra íþróttamannvirkja í landinu handa æsku landsins 20 millj. 500 þús. Til allra grunnskólabygginga í landinu 115 millj. 450 þús. Það kostaði okkur nokkra þm. heilmikla fyrirhöfn að harka út sem brtt. við fjárlög 12 millj. til að veita aðstöðu til krabbameinslækninga á Íslandi svo ekki þyrfti að senda fárveika sjúklinga til útlanda. Til allra sjúkrahúsbygginga og heilsugæslustöðva í landinu á yfirstandandi ári 115 millj. Til Framkvæmdasjóðs fatlaðra í landinu 40 millj. Til Framkvæmdasjóðs aldraðra 61 millj. Ég skal upplýsa hæstv. fjmrh. um að þessar tölur allar saman ná ekki 616 millj., en þá upphæð ætlar nú fjmrh. að taka að láni erlendis og auka þannig við erlendar skuldir til þess að byggja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Ég held að hv. þm. ættu að athuga í alvöru hvað hér er á ferðinni. Ég hef sagt það áður og segi það enn: Ég virði til fulls þá atvinnustarfsemi sem fer fram í sambandi við flug á Keflavíkurflugvelli, en ég held ekki að bygging flugstöðvar sé brýnasta framkvæmd í landinu einmitt nú.

Framsfl. hefur löngum haft hin skondnustu rök fyrir sínu máli. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason lýsti því áðan að þeir yrðu að fela þá smán sem hverjum

heiðvirðum Íslendingi stafar af erlendu herliði á Keflavíkurflugvelli. Við Alþb.-menn þurfum ekki að segja það einu sinni enn að við kunnum aðrar og þekkilegri aðferðir til þess. Við getum falið þann her með því að senda hann heim til sín. (**Fjmrh.:** Og fá annan í staðinn.) Ekki hef ég haft neinar spurnir af því hæstv. ráðh., en gerði einhver annar her sig líklegan til að koma í staðinn býst ég við að við hefðum sömu afstöðu. (**ÓÞÞ:** *Mundi hann hlýða?*) *Hvort hann mundi hlýða?* Ég hef nú ekki, hv. þm., orðið vör við að hinn erlendi her sem hér er hafi hlýtt einu eða neinu, heldur látið hlýða sér.

En áfram með þá meðferð á fjármunum sem hér er um að ræða. Er svo þessi flugstöð, sem nú á að byggja fyrir 616 millj. kr. erlent lán, arðbær stofnun — stofnun sem skilar auknum tekjum í þjóðarbúið? Að sjálfsögðu ekki. Þau rök eru ekki einu sinni fyrir hendi. Ég hlýt þess vegna að spyrja hæstv. fjmrh., sem þekktur er af umhyggju sinni fyrir þeim sem minna mega sín og gat þess seinast í gærkvöld að hann hefði fullan skilning á að það mætti hækka laun hinna lægst launuðu upp í 12 þús. kr. Nú er það svo, að við dauðlegar verur, sem erum svo eyðslusamar eins og þekkt er, fáum ekki fram á það séð að undir nokkrum kringumstæðum sé hægt að lifa af 12 þús. kr. — ekki fyrir eina manneskju hvað þá séu fleiri í heimili. (Gripið fram í.) Ég býst við að hundamatur kosti upp í 12 þús. kr. á mánuði fyrir myndarlegan hund og vel við aldur. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. hefur haft afskipti af ýmsum mannúðarmálum og talað töluvert um þau. Ég hlýt að spyrja alveg hreint út og vil fá svar við því: Finnst fjmrh. sanngjarnt að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái 40 millj. á meðan tekið er lán til flugstöðvarbyggingar upp á 616 millj.? Finnst hæstv. fjmrh. Framkvæmdasjóður aldraðra svo miklu ónauðsynlegri að rétt sé að hann fái 61 millj. á meðan tekið er lán að upphæð 616 millj. til að byggja flugstöð?

Ég held að hver heilvita manneskja hljóti að sjá fáránleikann í þessu. Enn sem komið er vinnur starfsfólkið á flugstöðinni alla sína vinnu. Hver einasti maður kemst til útlanda hvenær sem hann vill, hvernig sem viðrar og hvernig sem á stendur. Það er engin nauðsyn sem kallar á þessa framkvæmd einmitt nú. Ég á von á því, með þeirri glæstu framtíð sem bíður okkar vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar, að það verði leikur einn að byggja þessa flugstöð að nokkrum árum liðnum þegar búið er að hreinsa til eftir þær skelfilegu vinstri stjórnir sem hér hafa verið. Ég held að við hefðum öll þolinmæði til að bíða eftir því.

Ég hefði gjarnan viljað, hæstv. fjmrh., að stóra hjartað hefði slegið á allt annan hátt. Hugsum okkur að við hefðum viljað taka lán upp á 616 millj. í þágu þeirra málaflokka sem ég minntist á áðan. Það hefði verið gaman að spyrja þá Bandaríkjamenn, vini okkar, hvort *þeir hefðu ekki verið tilbúnir til að leggja 616 millj. á* móti til mannúðarmála. Það hefði ekki verið nema rétt mátulegt fyrir smábörnin og gamalmennin og konurnar sem þeir eru að myrða úti um allan heim, og nægir að nefna Mið- og Suður-Ameríku. Þá hefði ég kannske verið tilbúin að fallast á að hæstv. fjmrh. tæki erlent lán upp á 616 millj.

Ég held að hv. alþm. eigi að hætta að pexa hér um hvað ameríkanar eiga að borga, hvort herinn eigi að vera eða að fara, það liggur löngu ljóst fyrir, en við hljótum að krefjast hér svars við því fyrir hönd þjóðarinnar, sem borgar brúsann, hvort austur í fé í flugstöð, sem engan bráðvantar, sé virkilega með allra brýnustu málum þjóðarinnar í augnablikinu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti þau skilaboð úr ræðustóli að hans líftóra væri ekki þess virði að selja bæri landið þess vegna sem björgunarlaun. Ég geri ráð fyrir því að 100% þjóðarsamstaða sé meðal Íslendinga um að þetta sé rétt. Ég hef engar athugasemdir fram að færa. Ég tel að 100% þjóðarsamstaða sé um að þetta sé rétt.

Ég geri aftur á móti ekki ráð fyrir því þó að ég deildi nokkuð fast á hv. 4. þm. Norðurl. e. að formaður Alþb., hv. 3. þm. Reykv., teldi hann svo illa barinn að hann þyrfti að fara að veita honum sérstakt lið héðan úr ræðustóli. Ég átti ekki von á því. Hins vegar dró hann upp nýja mynd af þeirri staðreynd hvers vegna herinn væri hér á landi. Það er ekki til að fullnægja duttlungum vondra heimsvaldasinna eða neinna slíkra aðila. Herinn ku vera hér á landi til að bjarga lífi ritara deildarinnar. Þetta þóttu mér mikil tíðindi og satt best að segja þá hvarflaði ekki að mér að hugsast gæti að eitt mesta stórveldi heims kostaði svo miklu til bara vegna lífs ritara deildarinnar. Það hvarflar nú að mér að örlítill efi sé á því að hv. 3. þm. Reykv. trúi eigin fullyrðingum þegar hann lætur fjúka á þennan veg.

Það fer ekki á milli mála að við framsóknarmenn vildum gjarnan lifa í þeim heimi þar sem vopn væru ekki. Ísland er ekki vopnaframleiðsluland eins og hin friðelskandi Svíþjóð sem gjarnan er minnt á. Ætli sé ekki drepinn minnst maður á dag með sænskum skotvopnum. Það hefur nefnilega löngum þótt fínt á þingi Sameinuðu þjóðanna að Svíarnir stæðu upp og töluðu um frið á sama tíma og bisnessmenn þeirra um allan heim seldu vopn. Það hefur verið talið fínt að fylkja liði á eftir Svíum í þessari stefnu. Það hafa Alþb.-menn boðað að Íslendingar skyldu gera hvenær og hvar sem er. Okkur þykir sumum hverjum dálítið köld sænska utanríkisstefnan jafnvel þó þeir láti algjörlega ógert að skjóta á Rússana þegar þeir koma í skerjagarðinn því það væri náttúrlega alvarlegur hlutur ef þeir tækju upp á því að verja þetta land með vopnum, sænskum vopnum.

Hver og einn sem hefur kynnt sér atburðarás sögunnar frá heimsstyrjöldinni síðari minnist þess að þau orð Stalíns hafa orðið að veruleika þegar hann boðaði það að þessi styrjöld væri að því leyti sérstæðari en allar aðrar að sérhver sigurvegari mundi yfirfæra sína stjórnarstefnu og sitt stjórnarfyrirkomulag á þau herteknu lönd sem hann hefði unnið. Þannig má segja að dyggilega hafi verið að verki staðið. Evrópu er í dag skipt eftir þeirri línu sem sigurvegararnir skiptu forðum og stjórnarfyrirkomulagið hefur verið útfært. Sem betur fer af tvennu illu vorum við hertekin í seinasta stríði af þjóðum sem aðhylltust lýðræðislegt skipulag. En þær eru þó nokkuð margar þjóðirnar sem voru herteknar af þjóðum sem aðhyllast ekki lýðræðislegt skipulag á meginlandi Evrópu og búa við það enn. Það er dálítið merkilegt að í hvert einasta skipti sem komið hefur upp hér á landi að við ættum að láta herinn fara er eins og Rússar hafi séð sérstaka þörf á því að fara af stað og bjarga Alþb. á Íslandi. Það er óhugnanleg staðreynd fyrir Alþb. að fylgi Alþb. mundi hrynja eins og

spilaborg á þeim degi sem herinn færi. Það er óhugnanleg staðreynd fyrir hv. 3. þm. Reykv. Það er erfitt að eiga allt undir glæpnum. En svona standa nú málin.

Ég hygg að Norðmenn muni ekki að dómi heimsins vera færir um að leggja undir sig Rússland. Hins vegar virðist sem rússnesk starfsemi í Noregi sé ærið blómleg. Það skyldi þó ekki vera að hér á landi væru einnig menn á launum frá sömu stofnun og forseti og æðsti maður Rússlands var starfsmaður fyrir áður en hann fór í það embætti sem hann gegnir nú. Það skyldi þó ekki vera að það skipti máli að vita eitthvað um skoðanir Íslendinga og safna því saman og koma því inn á tölvuheila í því landi, Rússlandi.

Ég hygg að hv. 5. þm. Austurl. hafi gert sér grein að hluta til fyrir þessari hættu þegar hann skrifaði grein í blað þeirra Austfirðinga á seinasta ári og mæltist gegn því að það yrði verðlaun á Íslandi að útvega barnaferðir til Rússlands. En vel að merkja. Það er hægt að þyrla upp moldviðri þannig að menn skilji ekki það sem er að gerast. Það er hægt að halda því fram að það sé algjör glæpur hjá Íslendingum að semja um að ef reist yrði flugstöð á Keflavíkurflugvelli og komi styrjöld taki Bandaríkjamenn við húsinu. Eg vil spyrja þá sem þannig hugsa og tala: Hvaða hús í þessu landi haldið þið að sé öruggt að ekki verði tekið ef styrjöld skellur á á milli stórveldanna? Hvaða hús er það? Er það þetta hús sem við stöndum í? Ég hygg að allskonar blekkingarvefur á þessu sviði eigi ekki heima í þessari umr. Það er vissulega rétt sem kom fram hjá hv. 10. landsk. þm. að þær upphæðir sem hér er um að ræða eru svimandi háar. Það eru rök í málinu og hægt að hlusta á þann málflutning. En hitt að halda því fram að það sé landsal þó að við stöndum sameiginlega að því að byggja þessa flugstöð, er alveg makalaus hræsni.

Steingrímur J. Sigfússon: Virðulegi forseti. Það er aldeilis með ólíkindum hvað þessi hv. síðasti ræðumaður kemur víða við í máli sínu. Hér vitnar hann í Laxness og Stalín og fer í stuttu máli yfir utanríkisstefnu Svía og fer vítt og breitt um heimsbyggðina en talar sem minnst um það sem hér er verið að ræða um í dag sem er þessi flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli. Af því hann fór hér út í prósentureikning þá gerði ég það að gamni mínu að setja það niður á blað að sennilega væri 99,98% fylgi á Íslandi við þá skoðun að líftóra hv. þm. og ritara deildarinnar væri ekki frelsi fósturjarðarinnar virði. En þá eru eftir þessi 0,02% sem er svona um það bil eitt mannígildi á Íslandi sem er kannski á annarri skoðun.

Að síðustu af því að þessi hv. þm. talar hér af miklu gáleysi um mannslíf og vitnar fram og til baka ætla ég að segja við hann að lokum að ég vona hans vegna að hann standi ekki yfir höfuðsvörðun einhverra samlanda sinna í flugslysi á Vestfjörðum með splunkunýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Ólafur Þ. Þórðarson: Virðulegi forseti. Til að firra öllum misskilningi, þá er Fóstbræðrasaga ekki rituð af Halldóri Kiljan Laxness.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Þessar umr. hafa nú farið vítt og breitt um heiminn og erfitt fyrir mig að svara öllu því sem komið hefur fram í þessum umr. ef ég á að halda mig við flugstöð á Keflavíkurflugvelli, en ég verð þó vegna ýmissa spurninga sem hefur verið beint til mín að svara þeim eins og ég get.

Ég skal ekki mótmæla neinu af því sem kom fram í frumræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann er algjörlega andvígur byggingunni á Keflavíkurflugvelli. Það eru Alþb.-menn allir og hafa alltaf verið. Seinni árin hafa þeir talað um að byggja minni flugstöð til að ná einhvers konar samkomulagi en þeir hafa ekki náð fylgi við þá hugmynd sína. Þetta er pólitísk afstaða Alþb. og hefur alltaf verið. Það stangast á hugsjónir og þetta er orðin hugsjón hjá Alþb. að Keflavíkurflugvöllur skuli ekki fá flugstöð sem byggð er í samvinnu Íslendinga og Bandaríkjamanna. Þetta hefur verið yfirlýst afstaða Alþb. og kemur okkur ekki á óvart í þessum umr.

Ég vil líka taka undir allt það sem kom frá fulltrúa kvennaframboðs hér áðan sem lýsti því sem hann sagði sem skoðun Kvennalistans. Hv. 3. landsk. þm. er andvígur byggingu stöðvarinnar. Hún hefur fullan rétt til að vera það og kvennaframboðið, ég hef ekkert að athuga við það. Það getur alltaf verið umdeilanlegt hvaða framkvæmdir eru arðbærar og hvaða framkvæmdir eru ekki arðbærar. Ég segi að Keflavíkurframkvæmdin sé arðbær og einhver annar segir að hún sé ekki arðbær. Þarna bara stangast á skoðanir, þannig er það.

Það virðist vera að meiri hl. í þessari hv. d., eins og í Sþ. hafi þá skoðun að byggja eigi þessa flugstöð í samvinnu við bandarísku aðilana. Hv. 3. landsk. þm. lýsti andstöðu sinni við hernaðarhyggju og sagði: Fjármálaráðherra, ekki meir, ekki meir. Ég get bætt við: Ekki meir, ekki meir. Það er komið fjórum sinnum. Ég er á móti hernaðarhyggju líka og hefur ekkert með bygginguna á flugstöðinni í Keflavík að gera. Steinn Steinarr hefur áreiðanlega ekki verið með þessa byggingu í huga. Hann hefði líklega ort enn þá betra kvæði henni til stuðnings hefði hann verið á lífi.

Hv. 4. landsk. þm. tekur undir að laga þurfi aðstöðu á Keflavíkurflugvelli. Svo sannarlega er það rétt. Þá er ég ekki að hugsa um flugaðstöðu sem slíka heldur aðstöðuna fyrir starfsfólkið. Sumum hv. alþm. væri kannske hollt að hugsa svolítið til þeirra og fara suður eftir og skoða þá vinnuaðstöðu sem nú er fyrir hendi í gömlu byggingunni. Það gerðu þm. á sínum tíma, a. m. k. þeir sem sátu í utanríkismálanefnd. Ég fór að vísu ekki vegna þess að ég hef farið þangað tvisvar sinnum áður vegna kjaramálaráðs. En ég álít að þetta sé skynsamleg aðgerð og tek undir það með hv. þm. Guðmundi Einarssyni. Svo má enn þá deila um hvort þetta er of stór og mikil framkvæmd eða ekki, það er allt annað mál.

Hv. 5. þm. Austurl. taldi að það væri 12—13 sinnum meiri þörf fyrir fé til flugvallarbygginga og tækjakaupa á flugvelli úti á landi en það sem fer á þessu ári. Þetta hefur eiginlega verið sama sagan öll þau ár sem ég er búinn að vera hér á Alþingi. Sem flugráðsmaður hef ég komið með tillögu eftir tillögu flutta í samvinnu við flugráð og að beiðni þess ásamt hv. þm. Garðari Sigurðssyni og síðan hans eftirmanni í flugráði, Skúla Alexanderssyni, hv. 4. þm. Vesturl. Við höfum beðið alla hv. alþm. um að koma með till. sem þeir kynnu að hafa í fórum sínum frá kjördæmum sínum eða flugvöllum almennt um land allt í fjvn. í tíma þannig að flugráð gæti einhvern tíma fengið eitthvað nálægt þeirri

upphæð til framkvæmda á öryggisbúnaði og endurbótum á flugvöllum sem þyrfti. Það var aldrei hlustað á okkur. En strax og fjárlögum var lokað fóru tillögur að koma fram frá hinum og þessum þm. og kröfur um að þetta og hitt skyldi gera og framkvæma um land allt. Það fékkst aldrei samstaða um heildarfjárfestingar svo að um munaði til flugmála þannig að ekki er rétt af þm. að blanda almennt þeim framkvæmdum og því framkvæmdafé sem fer til landsbyggðarinnar við þá framkvæmd sem hér hefur verið hugsað um langan aldur. En Alþb. hefur tekist í pólitískum miklum minni hl. á Alþingi að koma í veg fyrir að málið kæmist einu sinni á dagskrá með neitunarvaldi sínu í ríkisstj.

Spurt var af, að ég held, hv. 5. þm. Reykv. hver áætluð kostnaðarhlutdeild ríkisins yrði í heildarframkvæmdum. (Gripið fram í.) Nei, nei. Skv. þeirri skrá sem hér er er hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson 5. þm. Reykv. Ég hef þær upplýsingar — ég vona að þær séu réttar, ég fer eftir minni, ef þær eru rangar áskil ég mér rétt til að leiðrétta þær — að í heildarframkvæmdir þarna suður frá sem tengjast að einu eða öðru leyti flugvallarhótelinu sé kostnaðaráætlunin upp á 20% þátttöku Íslendinga og um 80% þátttöku Bandaríkjamanna og þá er allt meðtalið.

Sami hv. þm. spyr um rök þess að fjármagna okkar hluta eingöngu með erlendum lánum. Rökin eru einfaldlega þau að við eigum ekki peninga til fyrir þessu eins og svo mörgu öðru þannig að við þurfum að taka erlend lán.

Ekki er hægt að segja um það nú hver hlutur annarra aðila sem kunna að hafa starfsemi á Keflavíkurflugvelli í framtíðinni er í rekstri þessarar stöðvar ef ég skildi þriðju spurninguna, spurningu um rekstur stöðvarinnar eftir að hún er fullbyggð, en að sjálfsögðu veit það enginn. Það á eftir að fá aðila til þess að reka þarna það sem reka þarf. Að sjálfsögðu kemur stöðin til með að hafa tekjur á fleiri sviðum en nú er þar sem meira rými er fyrir fjölbreyttari starfsemi í nýju stöðinni eins og hún er áætluð en er í þeirri gömlu í dag.

Hv. 3. þm. Reykv. spyr hvenær vænta megi þess að Albert Guðmundsson segi af sér. Hann bíður mjög óþreyjufullur eftir því að markmiðið sem hann náði, 60% í erlendum lánum af heildarþjóðarframleiðslu verði sprengt. Gert er ráð fyrir þessari lántöku í lánsfjárlögum fyrir 1984 þannig að þessi lántaka sprengir ekki þann ramma, því miður, virðulegi þm. Því miður verð ég víst að valda Alþb. vonbrigðum að þessu leytinu til. En hitt er annað mál að ekki má mikið koma fyrir til að sá rammi sem hann er með í huga springi og ánægjan verði öll hans og ég segi af mér. Það þarf ekki mikið til.

En hann talar um vinnubrögð fjmrh. sem brot á öllum lögum um kostnaðaráætlanir og vitnar í Ólafslög. Ég hef aldrei heyrt það áður að gera þurfi sérstaka kostnaðaráætlun við að fá lántökuheimild. Eins og réttilega kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. sem virðist vera sá eini sem hefur lesið fyrirsögn frv. og gerir sér grein fyrir því um hvað er verið að ræða er verið að ræða hér um frv. til l. um lántöku o. fl. vegna byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir svo að ég viti til, enda held ég að erfitt væri að gera hana þannig að hún stæðist.

Minn ágæti vinur og kollegi, 10. landsk. þm., skemmtileg eins og ávallt, en það er með mig eins og hundinn minn, úr því að hann er kominn hér á dagskrá, að mín frægð kemur að utan. En eftir að hafa hlustað á hv. virðulegan, elskulegan samstarfsmann minn hér, 10. landsk. þm., svo að ég tali nú ekki um hv. 4. þm. Norðurl. e. datt mér í hug nokkuð sem ég hef að sjálfsögðu ekki búið til. En þjóðþekktur maður í Bretlandi endaði bréf til mín vegna hundamálsins svokallaða á þann hátt og með þeim orðum að augljóst væri að manngildið færi minnkandi en annað gildi ykist að sama skapi. (**HG:** Hundingjaháttur.) Ég ætlaðist ekki til þess að hv. 5. þm. Austurl. tæki þetta til sín. En það er allt í lagi. Minn hundur móðgast ekki.

Það var fróðlegt að heyra upptalningu hv. 10. landsk. þm., sem var orðin ansi löng. Ég held hún hafi fundið út að allar stærstu og helstu framkvæmdir, sem áætlaðar eru á þessu ári og eru á fjárlögum, næðu ekki þeirri lántöku, 616 millj., sem ætluð er til flugstöðvar allt til 1987. Þá var minn ágæti vinur 10. landsk. þm. að tala um fjárlögin í ár og talaði eins og 616 millj., sem eiga að fara í flugstöðina, færu í hana í ár. Um er að ræða lántökur sem dreifast á árin allt til 1987. Ég vil taka fram að þessar lántökur hófust 1983 undir forustu þeirrar ríkisstj. sem 10. landsk. þm. studdi og hv. 3. þm. Reykv. sat í. Þetta er framhald af þeim lántökum sem hófust í tíð fyrrv. ríkisstj.

Ég vil benda á að hv. þm. hefði getað haldið áfram að telja upp fjárlagaliði og þá notað háar tölur, t. d. framlag til námsmanna. Þeir fá 400 millj. kr. á fjárl. plús 228 millj. kr. í lántökum erlendis og vantar 100 millj. kr. í viðbót.

Menn hafa misjafna skoðun á því hvað er rétt að gera og hvar er rangt að gera. Ég tel t. d. að það sem gert var af síðustu ríkisstj. í fjármálum hafi verið alrangt. Ég verð að láta mér lynda að taka við erlendum skuldum 60% af þjóðartekjum, hátt á annað þús. millj. í yfirdrætti í Seðlabanka og þurfa að afgreiða fjárlög með halla. Það er ekki glæsileg afkoma. Svo tala þessir blessaðir Alþb.-menn eins og þeir hafi efni á að tala um peningamál og hafa hátt til að fá fólk til að gleyma því sem liðið er þó að það sé nýliðið. Því verður ekki gleymt og því hef ég sagt, og fleiri ráðh. hafa tekið undir það núna nýlega, að fáum við ekki frið fyrir þessum skemmdarverkamönnum í fjármálum þjóðarinnar til að laga efnahaginn eigum við að fara frá með það sama og lofa þjóðinni að sækja þá aftur, vita hvort hún vill ekki fá þá aftur og búa við þá óreiðu og þá óðaverðbólgu sem hér var áður en núv. ríkisstj. tók við. — Og nú ætla ég að biðja hæstv. forseta að gefa hv. 3. þm. Reykv. orðið á eftir. Ég nenni ekki að hlusta á hann núna. (Gripið fram í.) Skemmdarverk? Vill formaður Alþb. frekar hafa það? Ef formaður Alþb. óskar sérstaklega eftir því að vera kallaður forustumaður fyrir skemmdarverkahóp er það hans mál. Ég ætla ekki að kalla hann það, en honum er frjálst að gera það. Það verða ekki mín orð. En úr því að hann óskar eftir því er best að það komi fram í þingtíðindum. (**SvG:** Þín ásökun liggur fyrir.) Það er engin ásökun. Það sem ég hef sagt eru staðreyndir og það er hverjum frjálst, og ég hef áður boðið það hverjum einasta þm. og hverjum einasta verkalýðsforingja, að koma upp í fjmrn. og staðreyna að það sem ég segi í tölum er rétt. Ég býð formanni Alþb. hér með sérstaklega að koma með þá fagmenn sem hann vill upp í fjmrn. og sannreyna það sem ég segi eða að leiðrétta það að öðrum kosti.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa orð mín fleiri. En það er

rétt hjá virðulegum ritara þessarar deildar að hér er um hápólitískt mál að ræða, sem Alþb. hefur svo lengi sem ég hef verið á Alþingi reynt að eyðilegga og tefja sérstaklega. Meðan Alþb.-menn voru í ríkisstj. vissu þeir að það var fullur vilji allra samráðh. þeirra að leggja málið fyrir Alþingi og fá það rætt, en með neitunarvaldi komu þeir í veg fyrir það. Það sama skeði í utanrmn. þegar málið var rætt þar. Nú er Alþb. ekki lengur í ríkisstj. og þá er það sjálfsagða lýðræðislega frelsi aftur komið á í vinnubrögðum Alþingis að mál fást rædd á dagskrá, eins og t. d. þetta mál.

Það er verið að tala um að þessi ríkisstj. hafi ekki viljað kalla Alþingi saman á einhverjum ákveðnum tíma í júlí til að ræða þessi og ýmis önnur efnahagsmál. (**Gripið fram í:** Það var krafa Alþingis.) Þar var ekki heldur farið að ósk Sjálfstfl. þegar rammasamningurinn við Rússa var gerður. Það var ekki talin ástæða til að kalla saman Alþingi þrátt fyrir ósk Sjálfstfl. þá. Um hvað eruð þið að tala? (**HG:** Á ekki að segja honum upp?) Hverjum? (**HG:** Samningnum við Rússa.) Það er ekki hægt fyrr en eftir fimm ár. Þannig var gengið frá honum að það er ekki hægt. Það er ákvæði í samningi ykkar við Rússa sem kemur í veg fyrir að honum sé sagt upp nema með fimm ára fyrirvara. (Gripið fram í.) Ekkert væri mér kærkomnara og ég skal muna eftir því, ég skal taka það upp. Ég skal sannarlega taka það upp því að það er mín skoðun að verri samningur hafi ekki verið gerður fyrir Ísland en sá bindandi samningur þar sem Rússar réðu ferðinni en ekki Íslendingar. Þetta mál þarf að taka upp hér. En þetta mál fékkst ekki rætt. Alþingi var ekki kallað saman þá. Stjórnarandstöðuflokkarnir þá fóru fram á það. Hvað eruð þið svo að tala um að brjóta lýðræðisreglur með því að kalla ekki saman Alþingi þegar ykkar duttlungar segja til um? Nei, áttið ykkur á því að fólkið í landinu er farið að vara sig á ykkur. Það er farið að vara sig á ykkur. Með vaxandi fréttaflutningi verður enn þá meiri tortryggni í ykkar garð. (**HG:** Hverjir gerðu þennan Rússasamning?) Alþb. Undir forustu Alþb. í ríkisstj. var hann gerður. (Gripið fram í.) Nei, þessi mál eru svo nýlega rædd opinberlega að hv. 5. þm. Austurl. veit betur.

Ég ber það ekki saman að ræða hápólitísk utanríkismál sem snerta stórþjóðir, og það einræðisþjóðir sem eru andstætt okkur að öllu leyti menningarlega séð og viðskiptalega séð, þjóðir sem hafa eins lokað kerfi og hægt er að hafa, þar sem jafnvel erlendir sendimenn fá aðeins 40 mílna ferðafrelsi, og hins vegar eina frjálsustu þjóð sem til er í heiminum, Ísland, þar sem ekkert eftirlit er með ferðafrelsi manna eða athafnafrelsi. Þá var ástæða til að kalla saman Alþingi og ræða málið.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel það fagnaðarefni, og taki það hver eins og hann vill, og ég tel það gæfu Íslands að samningar skyldu takast um varnir Íslands við Bandaríkjamenn meðan hugsunarhátturinn og yfirgangurinn í Sovétstjórnskipulagi er sá sem hann er. Guð hjálpi okkur ef Alþb. fengi einhvern tíma að ráða hvernig Ísland og framtíð Íslands væri borgið og í hvaða höndum Ísland og gæfa þess væri. (**SvG:** Það væri gott fyrir Ísland, hæstv. ráðh.) Það er einmitt þetta sem ég óttast mest, þ. e. sú rödd sem kemur frá formanni Alþb. núna. — það væri gott fyrir Ísland! Ja, guð hjálpi okkur.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Mér þykir fyrir því að þurfa að draga úr spennunni í þessum dramatísku umræðum um gæfu Íslands og framtíð þjóðar með lítilfjörlegum spurningum um efnisatriði þessa máls. En ástæðan fyrir því að ég kem hér upp aftur er einfaldlega sú, að hæstv. ráðh. virðist hafa misskilið mínar spurningar. Ég tel hins vegar að það skipti máli að fá þessar upplýsingar fram fyrir þá sem þurfa að taka afstöðu til málsins.

Ég spurði nefnilega ekki um kostnaðarskiptingu milli Íslendinga og Bandaríkjamanna í þessu efni, að því er varðar þessa framkvæmd. Þær upplýsingar eru gefnar í grg. með frv. á bls. 2, þar sem segir:

„Heildarkostnaður við byggingu flugstöðvarinnar, þar með taldar svæðislagnir, er áætlaður 42 millj. Bandaríkjadala og munu Bandaríkin greiða 20 millj. dala af þeirri upphæð. Hlutur Íslendinga, 22 millj. dala," o. s. frv.

Af þessu virðist mega vera augljóst að eitthvað hefur hæstv. ráðh. misskilið þetta þegar hann segir, að þessi kostnaðarskipting sé 20% í hlut Íslendinga en 80% í hlut Bandaríkjamanna. (Gripið fram í.) Hér segir: „Þar með taldar svæðislagnir" í þessari heildarupphæð. En hvað sem því líður gjarnan mættu þessar upplýsingar hafa komið fram í heild sinni í grg., en það var nú allavega ekki mín spurning. Mín spurning var þessi: Hver er skiptingin að því er varðar kostnað hér innanlands í íslenskum krónum og hins vegar erlendan kostnað, þegar við ræðum eingöngu um hlut Íslendinga við þessar framkvæmdir? Það finnst mér skipta máli að komi fram, þegar lagt er fram frv. þar sem óskað er heimildar til lántöku fyrir öllum hinum íslenska kostnaðarhlut. Að vísu nær sú lántökuheimild fimm ár fram í tímann, þ. e. hún spannar yfir árin í heild, 1983–1987 á ári hverju: 3 millj. dollara tæpar 1984, 4.5 millj. dollara 1985, 9.5 millj. dollara 1986, 4.7 millj. dollara 1987.

Ég endurtek: Spurningin er sú, er ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga, þegar við erum að fjalla um hlut okkar sjálfra, hina innlendu kostnaðarhlutdeild, að ætla sér fjögur ár fram í tímann að fjármagna það eingöngu með erlendum lánum? Fjmrh. segir: Við eigum engra annarra kosta völ á þessu ári vegna þess að innlent fjármagn er ekki til, hvorki væntanlega í formi skatta né heldur þá í formi lántöku á innlendum markaði. En þó svo kunni að vera á þessu ári, þá er ekki endilega þar með gefið að þær aðstæður verði óbreyttar á árunum 1985, 1986 og 1987. Eða er verið að slá því föstu að það efnahagslega kreppuástand sem nokkuð hefur dregist inn í þessar umr. og hæstv. fjmrh. að verulegu leyti réttilega kennir um forverum sínum í ríkisstj. — og má gjarnan bæta við enn einu sinni, hverra guðfaðir hann var, það er að vísu aukaatriði málsins, gerir hann virkilega ekki ráð fyrir því að einhver efnahagsbati kunni nú að nást á næstu þremur árum? Er ástæða til þess að slá því föstu nú þegar að enginn efnahagsbati verði á næstu þremur árum, sem gæti orðið til þess að við gætum fjármagnað a. m. k. verulegan hluta af okkar kostnaðarframlagi á innlendum lánsfjármarkaði? Væri það ekki fremur í samræmi við stefnu ríkisstj. um að snúa baki við stefnu fyrrv. ríkisstj., setja strönga takmörk á erlendar lántökur umfram þarfir og reyna að beina lánsfjáröflun opinberra aðila fremur að innlendum markaði?

Ég spyr sérstaklega vegna þess að að verulegu leyti

hlýtur kostnaður Íslendinga við þessar framkvæmdir, við þessa mannvirkjagerð, að vera í formi kostnaðar innlendra verktaka vegna innlendrar vinnuaflsnotkunar, og væntanlega að verulegu leyti innlends byggingarefnis. Ef menn meina eitthvað með því og vilja snúa við blaðinu að því er varðar óhóflegar erlendar lántökur, þá ber aftur að reyna að taka upp þá reglu, þegar aðstæður í þjóðarbúskapnum leyfa, að sá hluti meiri háttar framkvæmda sem er í eðli sínu innlendur kostnaður verði fjármagnaður innanlands. Þetta var raunverulega mín spurning. Ég endurtek þessa spurningu: Liggja fyrir einhverjar upplýsingar um það, sleppum hinu erlenda kostnaðarframlagi, hvernig þessi hlutföll eru? Hvað af þessum mannvirkjakostnaði, kostnaði við þessa mannvirkjagerð er innlendur kostnaður og hvað er í eðli sínu erlendur kostnaður? Og í framhaldi af því, væri þá ekki eðlilegra, gerandi ráð fyrir einhverjum efnahagsbata á næstu árum, að takmarka hina erlendu lánsfjáröflun við kostnað okkar í erlendum gjaldeyri á næstu árum? Um það var spurningin.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 42. fundur.

Fimmtudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Hagnýting Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar, þáltill. 172. mál (þskj. 313). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Takmörkun fiskveiða í skammdeginu, þáltill. 173. mál (þskj. 314). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Vegáætlun 1983—1986, 162. mál (þskj. 245). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Lækkun húshitunarkostnaðar, þáltill. 104. mál (þskj. 125). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði, en það er 104. mál Sþ. á þskj. 125, flutt af sjö þm. Alþb.

Það er óhætt að fullyrða að enginn einn þáttur veldur jafnmikilli mismunun í kjörum fólks hérlendis og ójafn húshitunarkostnaður. Á sama tíma og tæp 60% landsmanna eða 135 þús. manns búa við ódýrar hitaveitur þurfa 25% þjóðarinnar, 57 þús. manns, að greiða margfaldan kostnað fyrir hitun frá dýrum rafveitum og hitaveitum. Auk þess eru um 6% eða tæp 15 þús. manns sem enn búa við olíuhitun, en flestir þeirra eiga nú þegar völ á að tengjast innlendum en yfirleitt dýrum veitum.

Í grófum dráttum lítur dæmið þannig út að um þriðjungur landsmanna býr við mjög háan hitunarkostnað þrátt fyrir niðurgreiðslur á raforku og olíu til húshitunar. Miðað við gjaldskrá og vel einangrað húsnæði þarf þessi hluti þjóðarinnar að greiða um og yfir þrefalt meira fyrir hitun híbýla sinna en þau 60% sem njóta ódýrra hitaveitna. Fyrrnefndi hópurinn þarf að verja í húshitun að meðaltali sem svarar 10—12 vikna launum lágtekjufólks miðað við tekjutryggingu í dagvinnu, en síðartaldi hópurinn ver í þessu skyni sem svarar fjögurra vikna launum eins og gjaldskrám hefur verið háttað.

Í mörgum tilvikum — og á það legg ég áherslu — er munurinn þó langtum meiri og kostnaðurinn við húshitun hrikalegri, eins og raunar er rakið í grg. með till., m. a. með skýrum dæmum frá þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum.

Til margháttaðra aðgerða hefur verið gripið af stjórnvöldum á liðnum árum til að hamla gegn hækkun húshitunarkostnaðar og vaxandi mismunun eftir veitusvæðum. Þar má nefna niðurgreiðslu á olíu til húshitunar og margföldun á olíustyrkjum að raungildi eftir olíuverðstökkið veturinn 1978—1979, orkusparnaðaraðgerðir á mörgum sviðum undir forustu orkusparnaðarnefndar, sem skipuð var á árinu 1979, lög um lækkun og jöfnun hitunarkostnaðar sem sett voru vorið 1980, lán til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins frá árinu 1981 að telja, niðurgreiðslu á raforku til húshitunar í áföngum frá 1. okt. 1982 að telja, framlag til varmaveitna sem átt hafa í mestu fjárhagserfiðleikum, breytingu á orkulögum til að draga úr kostnaði og áhættu við borun eftir heitu vatni, jöfnun heildsöluverðs á raforku til allra landshluta skv. samningum um Landsvirkjun og nýjum lögum um fyrirtæki, baráttu fyrir leiðréttingu á orkusölusamningum við stóriðjufyrirtæki sem ásamt hækkandi fjármagnskostnaði valda mestu um erfiða fjárhagsstöðu Landsvirkjunar á undanförnum árum.

Með þáltill. er lagt til að skipulegt framhald verði á aðgerðum til að lækka og jafna húshitunarkostnað og að Alþingi feli ríkisstj. að gera tilteknar ráðstafanir í því skyni.

Tvennt er það sem veldur mestu um ójöfnuð í húshitunarkostnaði, mismunur á gjaldskrám veitufyrirtækja og ófullnægjandi frágangur húsnæðis. Aðgerðir til að lækka og jafna orkureikning heimilanna í landinu vegna húshitunar eiga því að beinast að hvoru tveggja, lækkun á hæstu gjaldskránum og skipulegum orkusparnaði, m. a. með endurbótum á húsnæði. Þáltill. tekur á báðum þessum þáttum eins og hér greinir.

Í till. er gert ráð fyrir að sett verði þak á húshitunarkostnað meðalíbúðar, 400 rúmmetra að stærð. Gjaldskrár verði við það miðaðar að ekki þurfi meira en svarar til sex vikna launa á ári skv. tekjutryggingartaxta fyrir dagvinnu til að greiða áætlaðan húshitunarkostnað slíkrar íbúðar. Við ákvörðun á þessu hámarki var höfð hliðsjón af hitunarkostnaði meðalíbúðar, 377 rúmmetra, eins og hún er metin í nýja vísitölugrundvellinum svonefnda, en þar er um eins konar vegið landsmeðaltal að ræða. Árskostnaður skv. þessum grunni væri á núverandi verðlagi 18 760 kr. Laun skv. dagvinnutekjutryggingu hjá Dagsbrún munu nú vera 2 530 kr. á viku eða 15 180 á sex vikum. Þar sem laun eru nú óeðlilega lág er í útreikningi gert ráð fyrir hækkun þeirra eða sem svarar 17 200 kr. fyrir sex vikur sem væri það hámark sem gjaldskrár tækju mið af varðandi húshitunar-

kostnað á ári frá ársbyrjun 1985 að telja. Hins vegar er gert ráð fyrir áfanga að þessu marki frá byrjun árs 1984 og þá miðað við að húshitunarkostnaður skv. gjaldskrá svari að hámarki til átta vikna launa eða sem nemur 22 900 kr. á ári.

Verkfræðistofan Fjarhitun, sem mikið hefur unnið að athugunum á húshitunarkostnaði fyrir opinbera aðila, hefur áætlað heildarkostnað af niðurgreiðslum skv. þessu sem hér greinir, en það kemur raunar fram nánar útfært í fskj. 11 með þáltill.:

Miðað við endanlegt markmið, sex vinnuvikur sem viðmiðun, þá þyrfti í niðurgreiðslur vegna íbúðarhúsnæðis 604 millj. á ári og vegna atvinnuhúsnæðis og félagslegs húsnæðis 206 millj. kr. til viðbótar eða 810 millj. samtals á ársgrundvelli. Miðað við áfangann frá upphafi þessa árs, sem þáltill. gerir ráð fyrir, væru þessar upphæðir vegna íbúðarhúsnæðis 421 millj. kr. og vegna atvinnuhúsnæðis og félagslegs húsnæðis 136 millj. eða samtals 557 millj. kr. Innifalinn í þessum tölum er kostnaður vegna niðurgreiðslu á rafhitun, dýrum hitaveitum og olíuhitun. Varðandi olíuhitun er gert ráð fyrir meðalorkuverði sem er rúmlega 10% hærra en við rafhitun.

Skv. þessu þyrfti, eins og ég gat um, um 420 millj. kr. til lækkunar á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis á árinu 1984 og að auki 136 millj. vegna atvinnuhúsnæðis og félagslegs húsnæðis, en talsvert hærri upphæðir á komandi ári miðað við sex vinnuvikna viðmiðunina.

Miðað við núverandi niðurgreiddan rafhitunarkostnað skv. gjaldskrá hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, sem er áætlaður um 29 þús. kr. á ári, væri hér um að ræða 40% lækkun, og hjá Hitaveitu Akureyrar, þar sem árskostnaður skv. gjaldskrá er áætlaður eins og gjaldskráin var 1. nóv.—1. febr. 34 800 kr. á ári, yrði um að ræða nálægt 50% lækkun. Kostnaðurinn hjá Hitaveitu Akureyrar, reiknaður á ársgrundvelli, er sem sagt nokkru hærri en niðurgreidd raforka til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða.

Varðandi markmið þáltill. um jöfnuð á húshitunarkostnaði kemur fram í útreikningum á fskj. 11 í viðauka I, að séu uppfyllt skilyrðin um lækkun á húshitunarkostnaði skv. lið 1 í till. er einnig náð þeim markmiðum um jöfnun hitunarkostnaðar sem þar er kveðið á um. Það sést raunar af töflu sem fylgir í grg., að eftir lækkun með aukinni niðurgreiðslu yrði munurinn á dýrum og ódýrum veitum 2.3-faldur miðað við átta vikna laun og 1.8-faldur miðað við dæmi 1, þ. e. sex vikna laun. Þessi munur hefur minnkað enn frekar eftir þá hækkun sem orðið hefur hjá Hitaveitu Reykjavíkur og væntanlega einnig hjá þeim veitum sem lægsta taxta hafa haft, en ég hygg að 25% hækkun hafi tekið gildi hjá Hitaveitu Reykjavíkur í gær eða 1. febr.

Niðurgreiðsla á innlendri orku er að mati flm. óhjákvæmilegt úrræði við núverandi aðstæður til að létta á þeim sem þyngstar byrðar bera. Hins vegar verður jafnhliða að tryggja stórátak í orkusparnaði, ekki síst með endurbótum á einangrun og öðrum frágangi húsnæðis, bæði íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis. Það er hin þjóðhagslega æskilega leið. Með henni á að vera unnt að bæta aðstæður þeirra til frambúðar sem nú greiða hæstu orkureikningana, enda njóti þeir forgangs við úthlutun styrkja og hagstæðra lána til úrbóta á húsnæði. Í þessum efnum má leita að fyrirmynd hjá hinum Norðurlöndunum, ekki síst í Danmörku þar sem stórvirki hefur verið unnið í orkusparnaði, m. a. með einangrun húsnæðis frá 1975 að telja.

Reynslan af orkusparnaðarlánum Húsnæðisstofnunar ríkisins hérlendis undanfarin ár sýnir ótvírætt að annað og meira þarf að koma til svo að hér náist viðunandi árangur. Örva þarf húseigendur, sveitarfélög og atvinnurekendur til aðgerða með því að bjóða fram styrki, m. a. í formi ráðgjafar á þessu sviði, svo og löng og hagstæð lán. Til að leiða í ljós með skjótum hætti hvaða árangri er unnt að ná í orkusparnaði með bættri einangrun húsnæðis er lagt til að sérstakt átak verði gert á völdum stöðum á landinu í endurbótum á húsnæði og einnig með fræðslu um orkusparnað. Niðurstöður af slíkum aðgerðum þurfa að vera mælanlegar og því er eðlilegt að leita samvinnu við þá fjóra þéttbýliskjarna, þ. e. Bolungarvík, Raufarhöfn, Neskaupstað og Hvolsvöll, þar sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Orkustofnun hafa staðið að víðtækum athugunum á húsnæði eins og fram kemur í fskj. 5 með þessari þáltill.

Miklu skiptir að gefa iðnaðarmönnum kost á þjálfun í endurbótum á eldra húsnæði og nauðsyn gæti verið á að hafa einhvern hóp manna í förum til byggðarlaga þar sem heimamenn geta ekki sinnt þessum verkefnum til fulls. Líkur benda til að eins og verkefnastaða er í byggingariðnaði nú um þessar mundir gæti átak í viðhaldi húsnæðis fallið vel að vinnumarkaði og komið í veg fyrir atvinnuleysi iðnaðarmanna og annarra er í byggingariðnaði starfa.

Þá er í þáltill. lagt til að komið verði upp ráðgjafarþjónustu í orkusparnaði undir eftirliti fjögurra aðila, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Orkustofnunar, orkusparnaðarnefndar iðnrn. og Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þessir aðilar myndi eins konar ráðgefandi stjórn fyrir slíka þjónustu, sem hafi í senn ráðgjafar- og samræmingarhlutverk með höndum. Samvinna við ýmsa aðila kemur þar til álita, m. a. við byggingarþjónustuna, sveitarfélög og samtök þeirra. Eðlilegt verður að teljast að þessi þjónusta verði færð með skipulegum hætti út í landshlutana og tengist þar m. a. starfi byggingarfulltrúa. Sérstakir orkuráðgjafar þyrftu að koma til, menn sem sérhæfðu sig í ráðgjöf á þessu sviði og ferðuðust um landið. Svonefndir „energikonsulenter“ í Danmörku gætu verið viss fyrirmynd að slíkri starfsemi. Ráðgjafarþjónustan gæti gefið mikilsverðar leiðbeiningar til þeirra aðila sem ráðstafa fjármagni til orkusparnaðaraðgerða því að miklu skiptir að það nýtist sem best og unnt sé að svara umsóknum um lán og styrkveitingar skjótt og greiðlega.

Eins og fram hefur komið kosta þær aðgerðir sem þáltill. gerir ráð fyrir verulegar fjárhæðir umfram það sem ráð er fyrir gert í áætlunum stjórnvalda vegna ársins 1984. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 230 millj. kr. í niðurgreiðslur vegna rafhitunar og í olíustyrki 61.5 millj. kr. eða samtals 291.5 millj. kr. Skv. þeim hugmyndum um áfangalausn á árinu 1984 sem fram koma í þáltill. þyrfti samtals 557 millj. kr. í heild vegna niðurgreiðslna, þar af 421 millj. kr. vegna íbúðarhúsnæðis.

Í því sambandi vil ég minna á að til að ná því markmiði sem hér er fram sett varðandi íbúðarhúsnæði flutti ég brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1984 þar sem gert var ráð fyrir að framlag til lækkunar húshitunar-

kostnaðar yrði 420 millj. kr. í stað 230 millj. kr. og tekna til þessa yrði aflað á þessu ári með hækkun orkuverðs til stóriðju og/eða með orkuskatti í samræmi við tillögur nefndar sem skilaði áliti 28. jan. 1983 um fjáröflun til lækkunar húshitunarkostnaðar, en í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar allra þáverandi þingflokka. Þessar brtt. mínar voru felldar við 2. og 3. umr. fjárlaga.

Iðnrh. hæstv. gaf hins vegar svofellda yfirlýsingu við 3. umr. fjárlaga hér í Sþ. þann 19. des. s. l., með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að lagt verði fram á fyrstu dögum þings eftir áramót frv. til l. um jöfnun húshitunarkostnaðar til að létta verulega kostnað þeirra sem þyngstar byrðar bera vegna hitunar híbýla sinna með niðurgreiðslu orkugjafa og ráðstöfun til orkusparnaðar."

Þetta mælti hæstv. ráðh. Sverrir Hermannsson þann 19. des. s. l., en nú er kominn 2. febr. og þing hefur starfað í tvær vikur eftir áramót. Fyrstu dagar þings eru því liðnir og ekkert bólar á frv. sem ríkisstj. boðaði fyrir jól að kæmi fram hér á fyrstu þingdögum eftir jólaleyfi. Skv. yfirlýsingu ráðh. á það frv. að fela í sér ákvæði um, eins og það var orðað, „að létta verulega kostnað þeirra sem þyngstar byrðar bera vegna hitunar híbýla sinna." Að fenginni þessari yfirlýsingu voru hér greidd atkvæði varðandi framlög á fjárlögum ársins 1984.

Nú er hæstv. iðnrh. fjarverandi, en ég hlýt að inna hér eftir því staðgengil hans eða hæstv. forsrh., sem ég vænti að sé hér í húsinu, og eftir nærveru hans er óskað, herra forseti, þannig að hægt verði að inna hann eftir hvað líði þessari frv.-gerð. (**Forseti:** Ég mun verða við þeirri ósk að kanna hvort hæstv. forsrh. er í húsinu og geti svarað þessari fsp.)

Herra forseti. Ég mun doka við á meðan það sést hvort hæstv. forsrh. kemur í þingsal. (**KP:** Er ekki forsrh. á landinu?) Það er eftir að sjá. (**Forseti:** Mér er tjáð að hæstv. forsrh. sé farinn úr húsinu og hér er nú fátt um ráðh. Að vísu er hæstv. félmrh. hér staddur. Aðra ráðh. sé ég ekki í augnablikinu.) Herra forseti. Það væri kannske eðlilegt að óska eftir nærveru einhvers ráðh. Sjálfstfl., ef þeir gætu leyst úr fsp. um þetta. Ég innti eftir því hvort einhver gegndi störfum hæstv. iðnrh. í fjarveru hans erlendis, en fékk þær upplýsingar að svo mundi ekki vera og hann hefði fært út það svið sem hann starfar á. (**Forseti:** Já, ég sá hér hæstv. ráðh. Sjálfstfl. áðan og reikna með því að einhver þeirra kunni að vera í húsinu enn þá og skal láta kanna hvort einhver þeirra... Ég sé að hæstv. fjmrh. er genginn í salinn og vænti þess að hv. 5. þm. Austurl. beini þá til hans fsp. sinni.)

Já, herra forseti, það mun ég gera, og ber vissulega vel í veiði því að hér er um fjárhagsmál að ræða og hæstv. iðnrh. mun vafalaust þurfa fulltingi hæstv. fjmrh. til þess að ná fram þeim fyrirætlunum sem hann boðaði hér og gaf yfirlýsingu um þann 19. des. í Sþ., yfirlýsingu sem ég vitnaði til hér áðan og vil leyfa mér að endurtaka, þar sem ég óska eftir að hæstv. fjmrh. leitist við að svara því hér á eftir ef hann vildi gera svo vel og getur veitt upplýsingar. Yfirlýsing hæstv. iðnrh. í Sþ. þann 19. des. varðandi húshitunarmál var svofelld:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að lagt verði fram á fyrstu dögum þings eftir áramót frv. til l. um jöfnun húshitunarkostnaðar til að létta verulega kostnað þeirra sem þyngstar byrðar bera vegna hitunar híbýla sinna með niðurgreiðslu orkugjafa og ráðstöfun til orkusparnaðar."

Í framhaldi af þessu minnti ég á að nú eru liðnar um tvær vikur af starfstíma Alþingis eftir jólaleyfi og því vildi ég inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort hann geti upplýst hvað valdi töfum á framlagningu umrædds frv. og hvenær þess sé að vænta að það verði lagt hér fram á Alþingi. Það eru margir sem bíða spenntir eftir að sjá efndir á orðum og yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. um lækkun hitunarkostnaðar, því að á starfstíma hennar hefur hitunarkostnaður ekki lækkað, heldur hækkað stórlega, þvert ofan í gefin loforð við stjórnarmyndunina s. l. vor. Hin stórfellda kaupskerðing sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir veldur því jafnframt að hitunarkostnaðurinn er þeim mun þungbærari, og þeir munu margir sem liggja nú með ógreidda reikninga frá veitufyrirtækjum og sjá enga leið til að standa í skilum með greiðslur.

Varðandi fjáröflun er í þáltill. vísað til nál. um fjáröflun til að jafna húshitunarkostnað, nál. frá 28. jan. 1983 sem prentað er sem fskj. 8 með þáltill. Ljóst er að þær tölur sem nefndin gekk út frá að afla þyrfti í þessu skyni eru úreltar, eins og ég raunar hef þegar að vikið, en þær fjáröflunarleiðir sem nefndin benti á eru í fullu gildi að mati flm. Mikilsvert er að um þær var samstaða í nefndinni þar sem sæti áttu fulltrúar frá þingflokkum sem studdu þáv. ríkisstj. og einnig frá stjórnarandstöðu.

Ástæða er til að gefa því sérstakan gaum að með átaki í orkusparnaði, eins og hér er lagt til, lækkar fljótlega sú upphæð sem verja þarf til niðurgreiðslna. Er eðlilegt að verja því fjármagni sem þannig verður til ráðstöfunar í aðgerðir í orkusparnaði, þ. e. til styrkja og til þess að greiða niður fjármagnskostnað vegna lána sem veitt yrðu á hagstæðum kjörum til að ýta undir orkusparandi endurbætur á húsnæði.

Eðlilegt verður að teljast að stefnt sé að breytingum á verðlagningu á innlendri orku til húshitunar sem geri kleift að ná viðunandi jöfnuði án þess að niðurgreiðslur þurfi að koma til í framtíðinni. Slíkar breytingar taka hins vegar óhjákvæmilega nokkurn tíma. Sama máli gegnir um tilhögun á niðurgreiðslum. Þar getur vissulega komið til álita einhver annar háttur en nú er viðhafður ef menn telja það skynsamlegra og ná betur settum markmiðum. Meginmáli skiptir hins vegar að húshitunarkostnaður verði lækkaður skjótlega frá því sem nú er hjá þeim sem þyngstar byrðar bera og samhliða verði hraðað varanlegum aðgerðum til úrbóta með orkusparnaði.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir meginatriðum þessarar þáltill. en vísa að öðru leyti til grg. með henni, svo og til 11 fskj. sem varpa ljósi á marga þætti húshitunarmálanna. Ég legg svo til að eftir að umr. um þessa till. hefur verið frestað verði henni vísað til hv. atvmn., sem einnig mun hafa fengið til meðferðar þáltill. um orkusparnað, sem hv. þm. Guðmundur Einarsson mælti fyrir hér í síðustu viku og fjallar að nokkru leyti um skyld atriði þessari till.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Vegna þeirra fsp. sem hv. síðasti ræðumaður beindi til mín sem fjmrh. í fjarveru iðnrh. hef ég það eitt að segja að ég veit ekki betur en frv. sé á lokastigi í undirbúningi í

iðnrn. Iðnrh. hefur rætt þetta í ríkisstj., en hve langt verður þangað til hann leggur það fram, því get ég ekki svarað án þess að hafa tíma til að kynna mér málið betur á þessu stigi. Vona ég að þetta svar mitt dugi að sinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði í sinni framsögu að jöfnun og lækkun húshitunar er eitt meginmálið í dag ef ekki á verr að fara en þegar er orðið og ef ekki á að stefna beinlínis að eyðingu byggða víðs vegar í kringum landið. En þetta er mál sem ekki er að koma upp í dag. Við höfðum ríkisstj. á undan þessari sem sat í 3½ ár og lítt miðaði í þá átt til jöfnunar eða lækkunar húshitunar á þeim tíma sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sat í iðnrn., því miður. (**Gripið fram í:** Hann sat þar miklu lengur.) Og sat þar lengur, já, við gætum farið aftur — (**SkA:** Við hvað á hv. ræðumaður?) En nóg eru þessi 3½ ár sem lítið gerðist á, hv. þm. Skúli Alexandersson.

En ég tek heils hugar undir það að þetta er eitt meginmálið og kannske eitt meginkjaramálið í dag í þeirri stöðu sem við erum nú. En stjórnvöld hafa daufheyrst við þessu, bæði núverandi og fyrrverandi ekkert síður. Það er engu líkara en þeir sem ferðinni ráða hverju sinni séu svo blindir á það ástand sem ríkir í þessum efnum á hinum svokölluðu köldu svæðum, að engu tali tekur. Það er undarlegt að kjósendur þessara einstaklinga, þessara flokka, sem með völdin hafa farið skuli ekki ýta betur við þessum herrum en gert hefur verið til þess að fá menn til að skilja vandamálið eins og það í raun og veru er.

Þeir sem ráðið hafa ferðinni í þessum málum undangengin ár, bæði núv. ríkisstj. og fyrrv. ekki síður, hafa svikið marggefin fyrirheit í þessu máli, tekið peninga ófrjálsri hendi sem áttu að fara í þetta en nýtt þá til annarra hluta. Þar var fyrrv. ríkisstj. engin undantekning nema síður væri. Þessi hefur þó verið heldur skárri í þeim efnum, tekið heldur minna ófrjálsri hendi en fyrrv. ríkisstj.

Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því almennt að t. d. núna í janúarmánuði þarf íbúðareigandi á stað eins og í Bolungarvík, verkamaður með lágmarkslaunin í kringum 11—12 þús., að borga 9 þús. kr. í upphitun á sinni íbúð þar í janúarmánuði. (**EJ:** Fyrir tvo mánuði?) Nei, fyrir einn mánuð. Ég heyri greinilega að meira að segja gleggstu menn hér inni í þessum málum eins og hv. þm. Egill Jónsson eru orðnir ruglaðir í ríminu í því hvað hlutirnir kosta í raun og veru og hvaða bagga fólk þarf að bera á köldu svæðunum.

Þess vegna segi ég það: Ég er undrandi á því að augu ráðandi manna í þjóðfélaginu skuli ekki opnast fyrir þessu gífurlega vandamáli, fyrir þessu gífurlega óréttlæti sem hér er um að ræða. Þetta á vissulega við um alla kjaramálaumræðu í þjóðfélaginu í dag. Besta og raunhæfasta kjarabótin þessu fólki til handa væri að lækka stórlega þann gífurlega bagga sem þarna er um að ræða hjá því fólki sem við þetta þarf að búa.

Varðandi efnisatriði þessarar þáltill. skal ég ekki mikið ræða. Hún er góðra gjalda verð út af fyrir sig en teljist innihald hennar gott núna hefði verið hægt í ráðherratíð fyrrv. iðnrh. að gera betur, ganga götuna í anda þess sem nú er lagt til, stíga miklu stærra skref til réttlætis en gert hefur verið. En eigi að síður tek ég undir allt sem hann sagði um það að hér er svo brýnt mál á ferðinni að úrbóta er þörf og það strax. Þess vegna segi ég að þáltill. þó góð væri gagnar ekki vegna þess að hér verður að gera hlutina strax. Það verður ekki beðið eftir því að þáltill., hversu góð sem hún er, fari sinn gang í gegnum þingið. Ég á ekki von á því. Það hafa þá breyst viðhorf hjá stjórnendum hverju sinni, meiri hl. Ég á ekki von á því að fyrir slíkri till. verði sérstaklega greið gatan, hvað þá heldur samþykkt ef lík viðhorf eru ríkjandi hjá núv. meiri hl. til stjórnarandstöðumála eins og oftast eru í þinginu. En þó svo væri tæki það of langan tíma. Fólk getur ekki beðið lengur eftir úrbótum í þessu máli, þær verða að koma strax.

Ég sakna þess að hæstv. iðnrh. skuli ekki vera hér til staðar vegna þess að vissulega var ég að vona að í þeirri yfirlýsingu sem hæstv. iðnrh. gaf hér rétt fyrir jól gæti maður eygt von til þess að augu manna væru að opnast fyrir því hversu þetta vandamál er gífurlega stórt og mikið. En enn bólar ekki á að það loforð hæstv. iðnrh. standist að frv. í þessa átt sjái dagsins ljós á þinginu. Ég tek undir vonbrigði hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um að forsrh. skuli ekki einu sinni vera staddur hér við þessa umr., sá ráðh. sem er fulltrúi fyrir það fólk sem þyngstar byrðar ber í þessum efnum, þ. e. Vestfjarðakjördæmi. (**EgJ:** Það er ekkert þyngra þar en annars staðar.) Ef hv. þm. Egill Jónsson hefur orðið undrandi við þessar tölur þá er það rétt. Það er ekkert vafamál. Undan því er ekki hægt að víkjast. En það væri full ástæða til að hæstv. forsrh. yrði kallaður í salinn til að hægt væri að fá um það upplýsingar frá honum hvort og með hvaða hætti er verið að vinna að þessu máli.

Ég sé að hv. 3. þm. Reykv., fyrrv. félmrh. í þeirri ríkisstj. sem lítið gerði í átt til réttlætingar, bendir nú á hæstv. samgrh. (**Gripið fram í:** Hann er af Vestfjörðum.) Það er rétt, hann er af Vestfjörðum. Spurningin er hvort það dugar. Það var líka Vestfjarðaþm., hv. þm. Svavar Gestsson, í fyrrv. ríkisstj. sem lítið sem ekkert gerði, hæstv. núv. forsrh. Ekki væri síst ástæða til þess að hann gæti svarað fyrir það sem gert hefur verið í þessum málum á undanförnum árum af því að hann bar ábyrgð á því líka í fyrrv. ríkisstj. ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni, ekki síst, sem í flestum tilfellum var kannske látinn ráða ferðinni. Ekki er að sjá að hæstv. forsrh. verði hér viðstaddur. (**GJG:** Hver réði?) Hver réði hvað? Er nú hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson genginn í salinn? Ja, það var tími til kominn eftir langvarandi fjarveru. (**GJG:** Hver réði ferðinni?) Já, hver réði ferðinni? Það er ekki eðlilegt að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sé með á því hver réði ferðinni þá eða a. m. k. hann vill ekki við það kannast. Verkin eru það slæm eins og þau voru framkvæmd þá. Alþb. var talið ráða ferðinni í meginþáttum þess stjórnarsamstarfs sem var í fyrrv. ríkisstj. A. m. k. hældu þeir sér oft af því Alþb.-menn hvað þeir hefðu komið góðu til leiðar í tíð þess stjórnarsamstarfs. (**Gripið fram í:** Það var mikið til í því líka.) Já, það má vera en það er þeirra eigin sögn. Ekki hafa aðrir sagt að það hafi verið góðæri. Það er þeirra eigin sögn.

En þetta mál snýr auðvitað að allri ríkisstj. en ekki bara forsrh. eða einhverjum tilteknum ráðh. Þetta snýr að allri ríkisstj., þetta snýr ekki síst að meiri hl. hér á Alþingi, hvað hann vill gera í málinu. Í raun og veru snýr þetta að Alþingi öllu hvort það ætlar áfram að láta slíkt herfilegt óréttlæti viðgangast eins og hér er um að ræða. Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Guðmundur J.

Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins, formaður samtaka lítilmagnans í þjóðfélaginu, þeirra sem verst eru settir, minnst bera úr býtum, taki undir það að hér þurfi róttækra aðgerða við og aðgerða strax þó að honum hafi ekki auðnast það að hafa áhrif til þess að það væri gert í tíð fyrrv. ríkisstj. því miður.

Ég vil að lokum, herra forseti, beina því til þeirra hæstv. ráðh. sem hér eru inni úr hvorum stjórnarflokknum sem það er að þeir íhugi nú gaumgæfilega hvort ekki sé nógu langt gengið í álögum á það fólk sem við þetta býr þegar farið er að borga allt upp í 9000 kr. á mánuði fyrir að kynda íbúðarhúsnæði á köldu svæðunum. (**EJ:** Allt upp í?) Ég sagði það. Hv. þm. Egill Jónsson hefur bara ekki tekið betur eftir og þó hélt ég að ég talaði það hátt að menn gætu heyrt það. En það virðist ekki vera um suma. Það er lokað fyrir augu og eyru ef menn vilja svo við hafa. (**EJ:** Það er annað orðalag.)

Ég held nefnilega að það hljóti að líða að því, kannske á næstu dögum, næstu vikum, tala nú ekki um á næstu mánuðum, ef fram heldur sem horfir í þessu efni, að þessi svæði tæmist raunverulega af íbúum. Þau tæmast og fólkið fer hingað í gósenlandið á Reykjavíkursvæðinu. Ekki er það þjóðfélaginu til hins betra. (**GJG:** Það eru lægri laun í Reykjavík en í Bolungarvík.) Eg held nú að hv. þm., formaður Verkamannasambandsins, ætti að líta í kringum sig í þjóðfélaginu, kynna sér launakjörin hvernig þau eru vítt og breitt um landið þegar hann talar um launamál. Eru lágmarkslaunin eitthvað hærri úti á landi en hér í Reykjavík? Ég er ekki eins hátt settur í hreyfingunni eins og þú. Eru lágmarkslaunin eitthvað hærri úti á landi en í Reykjavík? Skiptir það engu máli hvort viðkomandi einstaklingur sem er með sambærileg laun þarf að borga 8—9 þús. kr. á hverjum mánuði af sínum launum bara í þennan eina þátt heimilishaldsins eða hvort hann þarf að borga eins og hér í Reykjavík kannske upp undir 1000 kr. á tveggja mánaða fresti. En ég veit að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefur verið dragbítur á þetta innan Verkamannasambandsins að þarna yrði leiðrétting gerð og því talar hann nú sem hann gerir. Hann hefur verið dragbítur á það að þarna fengist leiðrétting, kjarajöfnun, með þessum hætti milli launþega enda er hv. þm. nú þagnaður.

Ég tek að síðustu, hæstv. forseti, undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að margir bíða ábyggilega spenntir eftir því að sjá þær tillögur eða það frv. í hvaða formi það kann að vera sem hæstv. iðnrh. lofaði hér fyrir jól að fram skyldi koma á fyrstu dögum þings eftir áramót. Sama hvar í pólitískum flokki menn eru, hvaða stjórnmálaskoðun sem menn hafa, trúi ég því ekki að þeir geti horft upp á að slíkt óréttlæti haldi áfram í þjóðfélaginu eins og það sem hér um ræðir að því er varðar hitunarkostnaðinn hjá launafólki og raunar öllum. Þannig að hver dagur sem líður verður til þess að æ fleiri flosna upp á þessum svæðum og flytja til þeirra svæða þar sem þessi kostnaður er ekki nema brot af því sem hann er á þeim stöðum sem ég hef hér verið að tala um.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna þeirra umr. sem hér hafa átt sér stað nú vil ég aðeins fullvissa hv. þm. um það að ráðherrar í ríkisstj. gera sér engu síður fulla grein fyrir mikilvægi þessa máls en þeir menn sem hér hafa tekið til máls. Ég vil upplýsa það hér vegna fjarveru iðnrh. að hann hefur unnið að þessu máli í fullu samræmi við þá yfirlýsingu sem hann gaf hér rétt fyrir jólin og mér er persónulega kunnugt um að það frv. sem hann er að vinna að er um það bil að komast í þann búning að hann mun fara að leggja það fyrir ríkisstj. Ég vil einnig geta þess hér í leiðinni að þegar er búið að ákveða hækkun á niðurgreiðslu upphitunarkostnaðar sem tekur gildi núna við næsta útreikning. Það er einnig óhætt að segja frá því hér að iðnrh. hefur þegar mótað ákveðnar orkusparandi aðgerðir í samráði við félmrh. og það er verið að ganga frá þeim málum þessa dagana af sérstakri verkstjórn. Tengdar verða saman aðgerðir iðnrn. og félmrn., þar með talin tæknideild Húsnæðisstofnunar, til að hrinda því máli í framkvæmd, því að náttúrlega skiptir mestu máli að hefja þessar framkvæmdir sem fyrst eins og hér hefur komið fram.

Ég vil einnig geta þess hér, svo að menn haldi ekki að ríkisstj. haldi að sér höndum í sambandi við þetta mikilvæga mál, að það er verið að hefja undirbúning og endurskoðun á verðjöfnunargjaldinu, m. a. sérstaka skoðun á því hvað hægt er að gera í sambandi við heildsöluverð á raforku frá Landsvirkjun.

Allt þetta tengist því mikilvæga máli sem við erum að tala um hér. Ég stóð hér aðeins upp til að leiðrétta þann misskilning, sem hér virðist koma fram hjá hverjum manninum á fætur öðrum, að það sé ekkert verið að gera í þessum málum. Það er alger misskilningur. Þetta er eitt af þýðingarmestu málum og ríkisstj. stendur öll heils hugar að því að reyna að finna úrræði sem duga, ekki til að athuga þau heldur til að framkvæma þau.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft mikilsverðu máli. Hv. 5. þm. Austurl. hefur í fararbroddi fyrir Alþb.-mönnum gert úttekt á stöðu upphitunarmála í landinu eftir að hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson hefur látið af störfum. Og sú úttekt er ekkert glæsileg. Sú úttekt er ekkert glæsileg og það þarf vissulega kjark til þess að færa sig svona um set yfir borðið, gera úttekt á eigin verkum og birta hér í þskj. Annaðhvort hafa menn gleymt því að þeir fóru með þennan málaflokk allan þennan tíma, báru á honum ábyrgð og áttu að standa þjóðinni skil á ákveðnum verkum, eða þá að menn telja að þrátt fyrir allt muni það gleymast en hitt lifa, að þeir hafa áhuga á því, eftir að þeir eru farnir úr stólunum, að bæta um betur.

Hvað var það sem gerðist undir stjórn hæstv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar í þessu máli? Jú, það er kunnara en frá þurfi að segja að þegar olíukreppan skall á á sínum tíma í ríkisstjórnartíð Ólafs Jóhannessonar áttu Íslendingar á hinum köldu svæðum þá von og það markmið að virkja ætti vatnsafl í landinu og koma raforku til húshitunar út um allt land og þá væri búið að bjarga málunum. Þá væri þetta komið í lag, þá gætu menn búið við sæmilegan valkost í upphitunarmálum í landinu. Allt kapp yrði lagt á að leysa það mál með hitaveitum þar sem það væri hægt. En hvað er það svo sem fer úrskeiðis? Undir forustu hæstv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar hækkaði Landsvirkjun sína gjaldskrá um 600% samkv. þeim upplýsingum sem er að finna í riti því sem fylgir þáltill. á bls. 6. Lesi menn bara sjálfir, um 600% á sama tíma og byggingarvísitalan í landinu tvöfaldaðist. Sem sagt, við stóðum allt í einu frammi

fyrir því að allt það sem við höfðum sett traust okkar á, að dreifa raforkunni um land allt og koma henni til hinna köldu svæða, það var orðið blekking, það skilaði engu. Niðurstaðan var svipuð og við hefðum notað olíu, munurinn var ekki stór. Það er spurning hvort það hefði ekki verið skynsamlegra að setja upp svartolíukyndistöðvar í öllum þorpunum miðað við niðurstöðuna.

Ég heyri að hv. 3. þm. Reykv. er þegar orðinn nokkuð órólegur í hliðarsal yfir þessari umr.

Það gerðist fleira á þessu tímabili. Það var farið í það að sameina Laxárvirkjun og Landsvirkjun og það var farið í það að afhenda Landsvirkjun virkjunarréttinn yfir bestu valkostum Íslands í virkjunarmálum. En blekið var varla þornað af þessum samningum þegar hækkanirnar dundu yfir. Vitið þið að Laxárvirkjun hefði grætt tugi milljóna á seinasta ári ef hún hefði fengið að hafa þetta raforkuverð? Það hefði orðið stórkostlegur gróði.

Hvað var það sem gerðist og við almennir þm. gerðum okkur enga grein fyrir áður en til þessara samninga var gengið og undir þá skrifað, sem við höfðum veitt Hjörleifi umboð til að vinna að? Við gerðum okkur ekki grein fyrir því að Landsvirkjun var raunverulega gjaldþrota ef hún hefði mátt sitja uppi með þá orkusamninga sem hún var búin að gera og íslenska ríkisstj. fyrir hennar hönd. Það var það sem blasti við. Hún þurfti 600% hækkun til að rétta sig af. Málið er ákaflega einfalt, það veit hæstv. fyrrv. iðnrh. Í gegnum raforkuverðið á Íslandi er verið að greiða stórkostlegan skatt vegna orkusölusamninganna við erlenda auðhringa. En spurningin er þessi og þar brestur mig allan skilning á hans tillöguflutningi: Hvernig stendur á því að hann getur réttlætt það að láta íslenskan almenning greiða það sem stóriðjan átti að greiða og bjarga þannig Landsvirkjun frá gjaldþroti? Hvers vegna lét hann ekki sauma að þeim þannig að það sæist hver ástæðan var? Hvers vegna þurfti hann endilega að fela það hver orsökin var með því að hleypa 600% orkuhækkun yfir landslýð? Ef hann á þessu stigi hefði látið virkja, allan þann tíma sem hann fór með þessi mál, látið virkja Blöndu, látið Rafmagnsveiturnar njóta þess að fá þá virkjun hagkvæma og selja á eðlilegu verði, þá væri staðan allt önnur í dag. Ef Landsvirkjun var orðin gjaldþrota vegna sinna samninga, þá þurftu eigendurnir að leggja henni fé ef hún átti að fá að starfa áfram. Það var það eina sem var réttlætanlegt í stöðunni. Það var það eina sem var siðferðilega séð réttlætanlegt í stöðunni.

Ég hygg að það sé hverjum einasta Íslendingi ljóst hverjar afleiðingarnar eru af því að þetta misvægi á sér stað í framfærslukostnaði í landinu. Afleiðingarnar eru m. a. þær að verkafólk í Reykjavík kýs heldur að vera atvinnulaust á höfuðborgarsvæðinu og hafa hina ódýru hitaveitu en að fara á þá staði þar sem fiskiþorpin eru og fá sér atvinnu. Það er betri kostur. Þannig standa málin. Og við flytjum inn erlent vinnuafl. (Gripið fram í.) Vill hv. 7. þm. Reykv. þá ekki gera grein fyrir því hvers vegna það er staðreynd að við flytjum inn erlent verkafólk á sama tíma og atvinnuleysi er í landinu? Ég tel að það sé sanngjarnt að gefa núv. iðnrh. nokkurt ráðrúm til að berjast í þessum málum áður en menn fara út í það að samþykkja tillögur frá fyrrv. iðnrh. um það hvernig núverandi ráðh. eigi að standa að verki. Mér sýnist það sanngjarnt.

Ég verð að segja það eins og er að ég hef ekki orðið fyrir meiri vonbrigðum með þróun nokkurra mála en þá að sú von, sem fólkið á köldu svæðunum átti eftir 1973 um að fá ódýra raforku til upphitunar um land allt, var gerð að engu með því að hleypa hækkunum Landsvirkjunar yfir eins og gert var. Hv. 5. þm. Austurl. hlýtur að gera sér grein fyrir því að það var hann sem bjó yfir þeim upplýsingum og þeirri þekkingu sem þá dugði til að taka réttar ákvarðanir, hefði hann metið stöðuna rétt. En með því að ganga endanlega frá því að afhenda bestu virkjunarkosti landsins til þessa fyrirtækis, sem var gjaldþrota, og leyfa því svo að hækka um 600% strax og blekið var þornað var hann endanlega að ganga frá því að það var engin útgönguleið góð úr þessu máli.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er ekki nema allt gott um það að segja að hér skuli vera komin á dagskrá till. til þál. um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar, sem hæstv. fyrrv. iðnrh. er 1. flm. að. Ég get að sjálfsögðu fagnað því og þá ekki síst vegna þess að það er æskilegt að stjórnmálaflokkarnir leggi í það nokkra vinnu hér á Alþingi að skýra stefnu sína í einstökum málaflokkum.

Það er mikil saga, sem ég ætla ekki að ræða hér en kom hér fram í ræðu síðasta hv. ræðumanns, að fjalla um þróun orkuverðs á þeim fimm árum sem Alþb. fór með forræði þeirra mála. En til að bregða upp ofurlítilli mynd af þeim málum er vert að benda á að á þeim tíma þrefölduðust allir raforkutaxtar í landinu að raungildi til. Þetta segir ákaflega mikla sögu þótt í stuttu máli sé.

Það ber líka að hafa í huga í þessu sambandi, að í raun var af fyrrv. ríkisstj. og þá fyrir forustu fyrrv. iðnrh. tekin ákvörðun um hverjar gjaldskrár raforkuiðnaðarins skyldu verða með æðimiklum fyrirvara. Þannig vill til að fyrir liggur bréf sem fyrrv. iðnrh., hv. núv. 5. þm. Austurl., gaf út þann 23. apríl árið 1982 þar sem kveðið er svo á um að jöfnuði í framleiðslukostnaði og gjaldskrám skuli náð með jöfnum hækkunum á tveimur árum, þ. e. árinu 1982 og árinu 1983. Þær hækkanir, sem þá var gefið fyrirheit um og gjaldskrár tóku mið af á árinu 1982 og eins og þær áttu að verða á árinu 1983, hafa ekki komið til framkvæmda. Sú gjaldskrárhækkun sem miðað var við að yrði á árinu 1983 hefur ekki orðið. Það hefur ekki verið fylgt því hækkunarplani sem lagður var grundvöllur að með bréfi iðnrh. sem dags. er í apríl 1982.

Það ber að hafa í huga í sambandi við þessa till., og það vil ég undirstrika, að efnislega er ég þar sammála mörgu. Ég er t. d. sammála því að rjúfa þá viðmiðun sem hefur verið á milli raforkuverðsins og olíu eða hitaveitna, sem raforkuverð til húshitunar hefur tekið mið af allt fram að þessum tíma. Hér er lagt til, að því er ég hygg í fyrsta sinn, að höfð verði nokkuð til viðmiðunar í þessum efnum kjör fólksins í landinu. Þessu er ég alveg sammála. Það er ekki ósvipuð viðmiðun sem var æði mikið notuð í störfum orkuverðsnefndar. Nú er talað hér um að ná fram ákveðnum árangri á árinu 1984, þ. e. 6 vikna launaviðmiðun miðað við hitun 400 rúmmetra húsnæðis. Það er athyglisvert, eins og ég hef nú sagt hér áður á Alþingi, hvernig þessi tala er fundin. Þetta er nefnilega meðaltalstala á húshitunarkostnaði frá árinu 1970 til ársins 1978. Ég hygg að það muni hafa verið 6½ vika. Flm. fer því aftur fyrir sitt ráðherratímabil til að finna viðmiðun. Það er hyggilegt.

Í 2. lið till. talar flm. um vegið meðaltal hitaveitna og töluna 2½. Ef við þetta yrði miðað mundi raforkuverð til húshitunar hækka frá því sem nú er, en ekki lækka. Ég hygg að þessi tala sé ekki mjög langt frá tveimur núna. Þá geta talnaglöggir menn séð hverju Alþb. reiknar með í þessum efnum. Hér hefur hæstv. félmrh. sagt frá því að þegar hafi verið gripið til aukinna aðgerða í húshitunarmálum. Þá þykir mér ekki ólíklegt að miðað sé við þá viðmiðun sem orkuverðsnefnd er með í sínu frv., sem er 1.8. Ef við miðum við hús sem er bærilega einangrað — ég sakna þess nú að hv. þm. Karvel Pálmason skuli ekki vera hér einhvers staðar nær — þá erum við ekki neitt mjög langt frá sjö vikna verkamannslaunum miðað við 400 rúmmetra húsnæði. Þessar tölur verður væntanlega hægt að fara nákvæmar yfir bráðlega, en við erum samkv. þeim upplýsingum sem félmrh. gaf hér áðan ekkert fjarri því að vera staddir á svipuðum slóðum og hæstv. iðnrh. telur að væri æskilegt í árslok 1984. Þetta er hins vegar ekki það sem skiptir sérstöku meginatriði í þessum efnum, heldur hitt, að menn eru nú hér með þessi mál í umr. á ekki svo mjög ólíkum nótum og það er mjög mikilvægt í þessu máli.

Í 3. lið till. er svo fjallað um stórátak til orkusparnaðar. Ég held að mjög mikil ástæða sé til að undirstrika þetta og félmrh. hefur líka skýrt það mál hér í umr. Það hefur verið unnið að því á milli tveggja ráðuneyta eftir að við skiluðum okkar skýrslum. Það hefur kannske eitthvað tafið málið, en það verður þá þeim mun betur undirbúið. Þetta er vert að benda á í sambandi við ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar þar sem hann talaði um 9000 kr. mánaðargreiðslu vegna upphitunar í Bolungarvík. Auðvitað fer þm. með réttar tölur, enginn skyldi efa það, en það sem skiptir sérstöku máli hér er að það er stór hluti af húsakostinum í landinu með þeim hætti að ekki er hægt að ná fram bærilegu verðlagi í húshitun með öðrum hætti en að laga húsnæðið. Það er ekki nokkur einasti vafi á að það sem hér er tilgreint af hv. þm. Karvel Pálmasyni er ekki vandað íbúðarhúsnæði. Mér sýnist fljótt á litið að þetta mundi spara í kringum sem svaraði 40—50 þús. kwst. á ársgrundvelli, en miðað er nú gjarnan við, og við höfum farið mjög rækilega yfir það mál, að hús sem hafa verið byggð á allra síðustu árum þurfi ekki nema liðlega 30 þús. kwst. á ársgrundvelli. Þetta sýnir gífurlegan mun. Og það er einmitt það sem er lögð áhersla á í þessu sambandi að reyna að laga og bæta úr þessum mikla mismun. Það er reyndar mjög í sama anda og kom fram í málflutningi og tillöguflutningi frá Bandalagi jafnaðarmanna, sem umr. fór fram um í þessari virðulegu deild.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Það er að sjálfsögðu líka hægt að taka undir og undirstrika 4. lið till. um sérstaka ráðgjafarþjónustu í þessum efnum. Ég vil hins vegar segja það sem mína skoðun að þar legg ég þó meira upp úr að farið verði í þessi mál og menn einbeiti sér að því að ná þar árangri í aðgerðum. Ég held að það sé nokkuð ljóst að menn vita hvar skórinn kreppir að og að árangri verður ekki náð nema með mjög markvissum aðgerðum.

Ég get tekið undir það sem hefur komið fram hjá öðrum hv. þm. að út af fyrir sig harma ég það að orkuverðsfrv. skuli ekki vera komið fram. Ég minni hins vegar á það sem fram kom í ræðu iðnrh. hér á dögunum við umr. um till. Bandalags jafnaðarmanna, að frv. yrði lagt fram öðru hvoru megin við mánaðamótin núna. Eins og menn vita er iðnrh. staddur erlendis og hygg ég að það hafi átt sinn þátt í því að frv. hefur ekki komið fram. En víst er um það að þar gefst gott tækifæri til að taka þessi mál til enn ítarlegri umfjöllunar og ég held að mér sé óhætt að segja að ég geti glatt minn kæra vin hv. þm. Karvel Pálmason með því, að þar kemur í ljós að við okkar kosningaloforð í þessum efnum verður staðið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er nú ekki svo að þessi hæstv. ríkisstj. sem nú situr hafi staðið við sín kosningaloforð. Henni hefur þegar tekist að svíkja ýmis af þeim. Ég minni þar bara á húsnæðismálin. Um það veit ég að hv. þm. Agli Jónssyni er fullkunnugt. Þar hefur ekki verið staðið við þau loforð sem gefin voru. En vegna þess að hann vék að hv. þm. Karvel Pálmasyni í ræðu sinni áðan og kvaðst sakna nærveru hans í þingsölum nú um stundir vil ég að fram komi að hann þurfti að víkja af þingfundi til þess að sitja miðstjórnarfund Alþýðusambands Íslands þar sem menn eru að ræða nú á þessum válegu tímum í kjaramálum varnaraðgerðir gegn hinum hrikalegu kjaraskerðingum þessarar ríkisstj. sem hv. þm. Egill Jónsson styður með ráðum og dáð. Ég veit ekki hvort honum finnst það frambærileg afsökun fyrir fjarveru um stundarsakir úr þingsölum en mér finnst það. (**EgJ:** Ég sagði þetta nú ekki með niðrandi orðum.) Nei, en engu að síður vék hv. þm. að því að hv. þm. Karvel Pálmason væri ekki staddur hér í salnum og því vil ég að þetta komi skýrt og greinilega fram.

Hæstv. félmrh. tók til máls áðan og greindi frá ýmsu af því sem verið er að vinna að í þessum efnum. Það er allt góðra gjalda vert. Þó að þessi ríkisstj. hafi svikið ýmis af sínum kosningaloforðum og loforðum sem hún gaf við upphaf síns ferils ætla ég ekki að vantreysta henni um alla hluti. Ég ætla að leyfa mér að hafa svolitla biðlund — hún er ekki búin að starfa mjög lengi — og láta á það reyna hvort hún gerir eitthvað í réttlætisátt í þessum mikilvægu málum, sjá þær tillögur sem hún mun leggja fram í þessum málum og sjá hvort þá verður staðið við þau hin stóru orðin. Ég ætla ekki að fella harða dóma yfir henni eftir þessa mánuði sem hún hefur starfað þó að hún hafi ekki komið öllu fram í þessum efnum. Þetta eru flókin mál og ekki á öllum sviðum mjög auðveld viðfangs. Það verður líka að sýna svolitla sanngirni í pólitík eins og annars staðar í mannlegu lífi.

Varðandi þá till. sem hér er til umr. þá er þetta auðvitað skynsamleg till. Hún skiptist í 4 efnisþætti sem hefur verið rækilega gerð grein fyrir þegar í þessum umr. og ég ætla ekki að endurtaka en að efni til og stofni er þetta skynsamleg till. Hún er vandlega unnin, a. m. k. á ytra borði, full af fskj., töflum, súluritum, línuritum og öllu sem nöfnum tjáir að nefna á því sviði þó að hún sé kannske óvenjulega þunnt plagg miðað við þá doðranta sem hv. 1. flm., fyrrv. iðnrh., beindi hér á borð þm. öllum stundum. Allt er gott um till. og hennar efni. En hvað þá?

Það sem mér finnst miður geðfellt í þessu sambandi er sá tvískinnungur og, ég vil leyfa mér að segja, sú bíræfni sem felst í þessum tillöguflutningi. Hv. 1. flm. þessarar till. hefur gegnt embætti iðnrh. um margra ára skeið, nánast allar götur síðan 1978 með einu stuttu

hléi. (**HG:** Hver stóð fyrir því?) Já, við stóðum fyrir því og kannske hefði það hlé á setu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í stóli iðnrh. að ósekju mátt vera miklu lengra en við fengum því ekki ráðið. En hvað þá? Hvers vegna gerði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ekki það sem hann nú vill gera þegar hann gegndi embætti iðnrh.? Hvers vegna var þetta ekki gert þá? Hvers vegna var ekki búið að þessu fyrir löngu? Það er þessi tvískinnungsháttur, þessi bíræfni, sem sumir mundu kannske segja að jaðraði við fullkomna ósvífni, hafandi verið fáa mánuði í stjórnarandstöðu og segja: Nú get ég leiðrétt öll þessi mál í einni svipan. Af hverju var ekkert gert allar götur síðan 1978? Kannske er fulldjúpt í árinni tekið að segja að ekkert hafi verið gert. Ég skal draga í land með það. En lítið var gert.

Ég minni hv. þm. Hjörleif Guttormsson á að þm. Alþfl. á þessu tímabili fluttu fjölmargar till. til lækkunar og jöfnunar hitunarkostnaðar. En hvað gerði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þegar hann vermdi stól iðnrh. hér mér til vinstri handar? Hann rétti upp hendina og greiddi atkv. gegn þessum till.

Ég veit ekki hvort menn halda að svona framkoma í pólitík sé til þess fallin að vera af hinu góða. Ég held þvert á móti að ekki þýði að bjóða fólki upp á svona framkomu. En þetta hafa hv. þm. Alþb. sýnt að undanförnu mætavel. Þegar þeir eru komnir í stjórnarandstöðu er blaðinu allt í einu gersamlega snúið við. Í dag höfum við allt aðra skoðun en við höfðum í gær. Í dag erum við í stjórnarandstöðu, í gær vorum við í stjórn og þess vegna höfum við aðra skoðun í dag en við höfðum í gær. Þýðir að bjóða íslenskum almenningi, vel upplýstu fólki, svona háttalag? Þessi till. sem hér er til umr. er dæmigerð fyrir svona framkomu. Ég held að það sé liðin tíð í íslenskri stjórnmálabaráttu að það þýði að haga sér svona. En þeir sem það vilja geta auðvitað haldið því áfram til eilífðarnóns og vonandi gera þeir það vegna þess að ég held að það verði þeim ekki til framdráttar, nema síður sé.

En ég endurtek að þetta er skynsemdartillaga. Hún hefði bara betur verið fyrr fram komin og hún hefði betur verið fyrr framkvæmd. Ég skal ekki, herra forseti, tefja þessar umr. mjög lengi. En svo sem aðrir sem hafa talað á undan mér legg ég þunga áherslu á það hversu mikið réttlætismál hér er um að ræða. Rifjast þá upp í huga mínum þegar hitaveita kom á Akranes og til Borgarness, hið mesta þjóðþrifafyrirtæki þótt dýrt sé og erfitt að standa undir afborgunum á tímum hágengis dollara. Þá sögðu menn: Þessar krónutöluhækkanir sem við höfum verið að fá í launaumslögin eru ekkert miðað við þá kjarabót sem lækkun hitakostnaðarins hefur verið. Þetta er auðvitað meginatriði í málinu.

Það eru mörg ár síðan ég benti á t. d., og var ekki einn um það, til hverrar búseturöskunar í landinu það mundi leiða ef þetta misræmi héldist og hversu dýr sú búseturöskun mundi reynast, ekki aðeins íbúum þeirra svæða sem flutt væri til heldur íslensku þjóðinni allri vegna þess að það er mál þjóðarinnar allrar að jafna þennan kostnað. Jöfnun og lækkun þessa kostnaðar er eitthvert mesta réttlætismál sem nú er á döfinni í íslensku þjóðfélagi. Þessi mikli munur sem menn búa við er sömuleiðis eitthvert mesta ranglæti sem nú er við lýði í íslensku þjóðfélagi. Þess vegna fagna ég þeim yfirlýsingum sem gefnar voru áðan af hálfu hæstv. ríkisstj. að verið sé að vinna að þessu. Ég veit að innan ríkisstj. eru áhugamenn um leiðréttingu á þessu sviði og enn um sinn ætla ég að leyfa mér að sýna henni svolitla biðlund og sjá hvort á næstu vikum koma ekki fram frá henni till. til úrbóta í þessum efnum.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég tek eindregið undir þá meginstefnu til jöfnunar hitakostnaðar um landið sem er komið að í þessari till. til þál. Eins og hefur komið fram í umr. er mismunur á húshitunarkostnaði á Íslandi einn þeirra þátta sem raska lífskjörum á Íslandi stórkostlega og skipta fólki í kjarafylkingar sem ráðast ekkert af launakjörum þess. Við höfum um þessa þætti ýmis fleiri dæmi. Á hv. Alþingi hefur áður í vetur verið vikið að atriðum eins og húsnæðismálum, skattamálum og því hvort ein eða tvær fyrirvinnur eru á heimili. Þessir þættir vega svo þungt í því að skipta fólki upp í lífskjarafylkingar að það liggur við að manni finnist hjákátlegt að horfa upp á að fólk skuli þurfa að takast á í miklum átökum í kjarasamningum um kannske örfá hundruð kr. þegar einstakar fjölskyldur búa við ójöfnuð upp á þúsundir króna vegna þessara þátta sem var vikið að hérna að framan eins og húsnæðismála og húshitunarkostnaðar.

Hérna hefur verið rætt og rifist mikið um orkuverð, stefnu undanfarinna stjórna og ástæður okkar fyrir háu orkuverði. Ástæðurnar fyrir þessu háa orkuverði eru náttúrlega margar. T. d. er gífurlega hröð fjárfesting í orkuframkvæmdum og lítið eigið fjármagn. Tekjur okkar af þeim samningum sem við þegar höfum um orkusölu til stóriðju eru lágar og óverulegar. Þetta leiðir hugann að því t. d. hversu skynsamlegt er að byrja nú á einni virkjuninni enn mitt í því ástandi í orkumálum sem um er rætt.

Ég ætlaði aðeins að koma aftur að óskamáli mínu sem er orkusparnaður. Mikið hefur verið rætt og ritað um orkusparnað. Birtar hafa verið tölur um gífurlega fjármuni sem hefur verið varið á undanförnum árum til jöfnunar húshitunarkostnaðar. Einnig hefur komið fram að þörf er á að gera miklu betur og veita miklu meira fé til þessa málaflokks ef á að jafna þann lífskjaragrunn sem fólkið í landinu stendur á. Þess vegna eru þær upplýsingar sem á undanförnum misserum hafa verið að berast um orkunýtingu í húshitun kærkomnar. Ég minni á nýlega könnun sem var gerð á Vesturlandi og kannanir sem hafa verið gerðar á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og eru með á fskj. í þál.

Augljóst er að þetta þjóðfélag sem nú telur sig vera í miklum kröggum hlýtur að gera skilyrðislausar kröfur til þess að húsaeinangrun verði stórlega bætt frá því sem nú er. Það getur ekki verið að við höfum hreinlega efni á því að láta orkuna nýtast jafnilla og hún gerir. Ég held að við höfum þegar nægar upplýsingar í þessum húseinangrunarmálum til að hrinda með litlum fyrirvara af stað miklu átaki til að bæta húseinangrun. Ég held líka að það sé girnileg ráðstöfun, ekki síst með tilliti til versnandi atvinnuástands víða um land. Því vil ég leggja mikla áherslu á að ég tel að bæði þeim fjármunum sem nú þegar er verið að verja til húshitunarjöfnunar og þeim fjármunum sem hugsanlega verður varið til viðbótar á þessu sviði á næstu misserum megi ekki sóa á þann hátt sem víða virðist gerast.

Í þessum umr. hefur verið vikið dálítið að till.

Bandalags jafnaðarmanna í orkusparnaði sem voru til umr. í síðustu viku. Þær gerðu ráð fyrir hagstæðum lánum til húseigenda og að það yrði skilyrði fyrir greiðslum til húshitunarjöfnunar að viðunandi einangrun hefði verið náð. Ef sýnt væri að viðunandi einangrun væri ekki hægt að ná í byggingu, t. d. vegna þess að hún væri svo gömul eða á einhvern hátt þannig úr garði gerð, væri eðlilegt að fjalla sérstaklega um slík tilfelli. En einhver arðsamasta aðgerð sem við gætum gert í okkar orkumálum í dag hlýtur að vera að einangra hús betur.

Það er líka mikilvægt atriði í þessum till. Bandalagsins að þessar orkujöfnunargreiðslur nái ákveðnu hámarki, þ. e. þak sé á þeim. Þetta þak má jafnvel miða við húsastærð eða fjölskyldustærð eftir því sem við á.

Svo er líka mikilvægt atriði í þessum till. að orkutaxtar séu ekki niðurgreiddir sjálfir heldur að niðurgreiðslum orkunnar sé komið til notenda á annan hátt. Þetta er mikilvægt vegna þess að það hefur sýnt sig að flakk með orkutaxta hefur valdið skuldasöfnun og rekstrarerfiðleikum hjá orkufyrirtækjum. Því tel ég rétt að söluverð orkufyrirtækjanna sé kostnaðarverð að viðbættu því sem má telja eðlilegan kostnað við rannsóknir og útþenslu veitukerfa t. d. en að niðurgreiðslum verði síðan komið til notenda utan orkutaxtanna sjálfra.

En ég lýsi fylgi mínu og okkar Bandalagsmanna við megintilgang þessarar þáltill. sem er jöfnun hitakostnaðar vegna þess að ég legg áherslu á að það er næstum því sárgrætilegt að á sama tíma og yfirlýst stefna allra stjórnmálaflokka í landinu er að stuðla að jöfnun lífskjara í þessu landi skuli vera einstakir málaflokkar, eins og ég nefndi húsnæðismál og hitunarmál, skattamál o. fl., sem valda svo stórkostlegum ójöfnuði, svo stórkostlegu misræmi milli fólks og milli landshluta að átök um krónahundruð í launasamningum verða næstum hjákátleg. Ég hef lokið máli mínu.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að víkja hér að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í umr. og óska eftir að þeir hv. þm. sem hér hafa talað og vikið að mér í máli sínu verði viðstaddir vegna þess að ég ætla aðeins að koma að því. Má vera að þeir séu allir í þingsal sem talað hafa nema hv. þm. Ólafur Þórðarson, sem ég sé ekki viðstaddan, en hann vék með nokkuð sérstökum hætti að mér í sambandi við þennan tillöguflutning svoleiðis að það mundi gleðja mig að sjá framan í hann hér með öðrum þm. í salnum. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til þess að hv. þm. verði hér viðstaddur. Ég veit að hann er á fundi úti í Þórshamri sem stendur.)

Það er, herra forseti, af nokkru fleira að taka en því sem ég ætlaði að víkja að varðandi málflutning hv. þm. Ólafs Þórðarsonar. Almennt vil ég lýsa ánægju minni með undirtektir hv. þm. við þessa þáltill. Það hafa verið jákvæðar undirtektir við efni hennar hjá eiginlega öllum sem hér hafa talað og menn hafa lýst fylgi sínu við þá stefnumörkun sem þar kemur fram í öllum meginatriðum. Þetta er auðvitað það sem máli skiptir, hvort menn greinir á um það sem til framtíðar horfir. Til þess er till. flutt að tekið verði á málum varðandi lækkun húshitunarkostnaðar og orkusparnaður verði einn liður til að ná fram slíkri lækkun, hvort menn eru sammála þar um markmiðin eða ekki. Hitt hefur svo farið í talsvert mál hjá hv. þm., sem ekki er óvenjulegt, að ræða um fortíðina og deila þar m. a. á mig sem fyrrv. ráðh. iðnaðarmála og orkumála á liðinni tíð. Ég er því nokkuð vanur að heyra ýmsa gagnrýni á mín störf þar og kemur það ekkert á óvart og þoli alveg að líta á þau mál og reyni að gera það hlutlægt, að meta hvað rétt er í þeim ásökunum sem þar eru fram bornar.

Varðandi fsp. mína til hæstv. ráðh. og talsmanna ríkisstj. um hvers sé að vænta um tillöguflutning af hennar hálfu í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. iðnrh. 19. des. s. l. kom fram að umrætt frv. væri í burðarliðnum. Við skulum vænta þess að þá líði ekki margir dagar þangað til að það sést hér inni á hv. Alþingi.

Hv. 11. landsk. þm. taldi að svo kynni að vera að ferðalag hæstv. iðnrh. til útlanda — hann mun hafa farið af landi brott í gærmorgun — kunni að vera ástæðan fyrir því að frv. er ekki fram komið. Hæstv. samgrh. tjáði mér að ráðh. væri væntanlegur á morgun. Þess er þá að vænta að við sjáum þessar till., sem að líkindum byggja að verulegu leyti á starfi þeirrar nefndar sem hv. 11. landsk. þm. hefur starfað í frá því í sumar varðandi þennan málaflokk sérstaklega.

Hv. þm. Egill Jónsson greindi frá því í máli sínu áðan að hann teldi að sú stefnumörkun sem hann hefði stungið upp á við iðnrn. í nál. ásamt fleirum væri að verulegu leyti í þá átt eða mjög nálægt þeirri stefnumörkun sem hér væri uppi varðandi lækkun húshitunarkostnaðarins. Ég lýsi auðvitað ánægju minni yfir því, ef það gengur eftir sem fram kom í hans máli, því þá væri vissulega verulegum áfanga náð.

Margt getur orkað tvímælis þegar menn eru að fjalla um þessi mál í almennum orðum. Tölur, einkum beinar kostnaðartölur og sambærilegar tölur, geta kannske leitt menn nokkuð nærri hinu rétta í þessum efnum þó að vissulega megi oft segja ósatt eða hagræða ýmsu með tölum — ég tala nú ekki um með prósentureikningi einum saman. Það skulum við líka hafa í huga. En vegna þess að það er deilt á störf fyrrv. ríkisstj. og mín störf sem iðnrh. að þessum málum sérstaklega vil ég í upphafi máls míns nú bera fram tölur sem komnar eru frá iðnrn. eftir að ég hætti þar starfi sem ráðh. og varða áætlaðan húshitunarkostnað miðað við gjaldskrár á hverjum tíma fyrir meðalíbúð 400 rúmmetra að stærð og þær niðurgreiðslur sem í gildi eru. Ég vil láta hv. þm. heyra þessar tölur. Hvað segja þær okkur?

Hinn 10. maí, þegar gjaldskrár veitufyrirtækja voru síðast ákveðnar á meðan ég gegndi starfi iðnrh., og hér tek ég aðeins Rafmagnsveitur ríkisins sem viðmiðun því það væri of langt mál að rekja það varðandi mörg veitufyrirtæki, var áætlað af ráðuneytinu að árskostnaður fyrir upphitun meðalíbúðar á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins væri 24 592 kr. og mun hærri ef ekki hefðu komið til niðurgreiðslur. Í októbermánuði, en þá höfðu gengið fram stórfelldar hækkanir á raforku fyrir tilstuðlan núv. ríkisstj. og aðeins að hluta verið mætt með auknum niðurgreiðslum, bera útreikningar iðnrn. vott um að húshitunarkostnaður sömu íbúðar hafi hækkað rétt um 4 100 kr. á ári eða í 28 898 kr. þrátt fyrir niðurgreiðslur. Þetta gerist á sama tíma og ríkisstj. stendur að þeim stórfelldu kjaraskerðingum sem allir þekkja. Greiðslubyrðin vegna húshitunarinnar hefur því hækkað til stórra muna umfram það sem þessar tölur bera vott um. Sá tími sem menn þurftu til að vinna fyrir húshituninni ... (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.)

Það er gott að hv. 11. landsk. komi og rökstyðji sitt mál hér á eftir. Það nægir ekki með einföldu framíkalli. Launin hækkuðu ekki sem þessum hækkunum nam. (Gripið fram í.) Engan veginn. Nú greindi hæstv. félmrh., sem hér kom, frá því að ríkisstj. hefði ákveðið að auka niðurgreiðslurnar væntanlega frá 1. febrúar. Ég fékk reyndar um það upplýsingar í morgun að standa mundi til, þó að ekki væri búið að ganga frá því í gjaldskrárútreikningi, að auka niðurgreiðslur um sem svaraði 6%, bæta þar við 6%. Að mati rn. er þá árskostnaður við upphitun sömu íbúðar eftir þá hækkun á niðurgreiðslum 1. febrúar 27 258 kr. á ári, en 2666 kr. hærri en var 10. maí s. l. Þetta eru tölur frá iðnrn. komnar og eru á sambærilegum grundvelli og segja sína sögu um hvað hefur verið að gerast í tíð núv. hæstv. ríkisstj.

Mér kom það dálítið spánskt fyrir sjónir að hv. 3. þm. Vestf., sem hefur vikið af fundi vegna annarra starfa, skyldi fara að bera í bætifláka fyrir núv. ríkisstj. í sambandi við húshitunarkostnaðinn og deila í rauninni sérstaklega á fyrrv. ríkisstj. vegna meðferðar mála í sambandi við þessi efni, en taldi að núv. ríkisstj. hefði verið heldur skárri ef eitthvað væri. Ja, það er hægt að komast að niðurstöðum með ýmsum hætti. Ég hef rakið hér tölur frá hæstv. núv. iðnrh. sem sýna hvað hefur gerst varðandi húshitunarkostnaðinn. Hann hefur hækkað að raungildi á þessum tíma og aukning á niðurgreiðslum hefur ekki haft við að hamla gegn hækkunum, vegna þess að hleypt hefur verið fram með samþykki ríkisstj. og með samþykki ráðh. Framsfl. í ríkisstj. stórfelldum gjaldskrárhækkunum hjá Landsvirkjun sem hv. þm. Ólafur Þórðarson var hér að býsnast yfir að ég hefði hleypt fram á mínum tíma sem iðnrh. Það var nefnilega fyrsta kveðjan til orkunotenda í landinu frá núv. ríkisstj. að veita Landsvirkjun alveg sérstaka 19% hækkun hinn 3. júní s. l. og bæta síðan um betur með því að heimila Landsvirkjun hækkun um 31% á heildsöluverði raforku hinn 1. ágúst s. l. Það er von að menn séu hér með ádeilur uppi, sem standa að slíku. Það finnst mér nokkur hreysti eftir slíkar aðgerðir þeirrar ríkisstj. sem staðið hefur fyrir stórfelldustu kjaraskerðingum í landinu sem sögur fara af í sögu lýðveldisins á þeim tíma sem hér um ræðir og ríkisstj. hefur setið við völd.

Það er ekki bara húshitunarkostnaðurinn sem skiptir máli, heldur hinn almenni orkukostnaður. Hvað ætli hann hafi hækkað í krónum talið fyrir meðalfjölskyldu, sem notar rétt tæpar 4 þús. kwst. af orku á ári? Hinn almenni taxti, sem allir landsmenn bera — ekki bara þeir sem eru með rafhitun hjá sér — hefur að mati iðnrn. hækkað um 5100 kr. á ári. Hækkun orkukostnaðar hjá meðalfjölskyldu, sem notar raforku að auki til upphitunar, hefur því verið um 8–10 þús. kr. eftir því hvort við göngum út frá þeirri hækkun sem nú hefur orðið og þeirri aukningu á niðurgreiðslum sem orðið hefur frá 1. febrúar eða þeim töxtum sem áður giltu og hafa færst inn í reikninga notenda frá 1. ágúst að telja. Þetta er nú frammistaða þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. Ólafur Þórðarson er dyggur stuðningsmaður við í sambandi við orkumál og orkuverð.

Það er von að blessaður þm. komi hér og blási mikinn úr ræðustól yfir gerðum fyrrv. ríkisstjórnar sem hann einnig studdi, að ég best veit, og átti sinn hlut að aðgerðum sem hann var að deila hér á að góðum hluta til. Framsfl. var þar á meðal, þó að hann hlypist undan merkjum í þeim málum sem mestu skiptu til að ná fram leiðréttingu á orkuverði til stórnotenda í landinu, sem fá hér raforkuna á gjafverði, sama við hvað er miðað, heiminn í heild eða nálæg lönd. Þar brást Framsfl., svo ekki sé nú talað um Alþfl. sem var þar í slagtogi þegar á reyndi á s. l. vetri. Ekki fannst mér sérstaklega skynsamlegt hjá hv. 5. landsk. þm., Eiði Guðnasyni, að koma hér til þess að hælast um yfir frammistöðu Alþfl. í þessum efnum. Hann ætti að hafa í minni frammistöðu síns flokks þegar á reyndi að ná fram leiðréttingum á raforkuverði til stóriðjufyrirtækja. Þótt ekki hefði verið farið lengra fram en að ná framleiðslukostnaðarverði fyrir orkuna, sem við seljum til stóriðjufyrirtækjanna, hefði verið unnt að lækka húshitunarkostnað þeirra sem nota raforku um 60% fyrir þær tekjur sem þannig hefðu fengist. Það er óhjákvæmilegt að rifja þessa sögu hér upp enn og aftur við þessa umr. þegar þessir hv. þm. telja sig þess umkomna að gera harðar árásir og láta stór orð falla í minn garð í sambandi við mína málafylgju varðandi orkuverðsmálin í landinu til húshitunar og til annarra þarfa. Það vill nú svo til, hv. þm. sem hér hafði mælt í þessari umr., að þskj. geyma orð manna og afstöðu til mála á undanförnum árum. Þau orð verða ekki aftur tekin né sú afstaða sem þar kom fram og sú afstaða sem þar kom ekki fram.

Hvaða afstaða var það sem þar kom ekki fram? Hún var sú, að fram til hausts 1980, þegar ég bar fram um það till. að krafist yrði endurskoðunar á orkusölusamningi við Íslenska álfélagið hf. svokallaða, orkusölusamningum við Alusuisse, höfðu engir þm. þessara þriggja flokka, sem bundust samtökum hér á s. l. vetri um að flytja till. sem þeir túlkuðu sem vantrauststill. á mig sem ráðh., höfðu engir talsmenn þessara þingflokka, Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl., séð ástæðu til þess að minnast á það einu orði frá því ég kom hingað inn á Alþingi, að raforkuverðið til stóriðjufyrirtækjanna væri of lágt og þar þyrfti einhverju um að þoka. Eftir að borin höfðu verið fram skýr rök fyrir því hvers konar kjarasamningar það voru sem við bjuggum við lögðu þessir hv. þm. og þingflokkar ekki í annað en að lýsa yfir almennu fylgi í orði við að leiðrétting þyrfti að nást fram á þessum samningum, en á borði reyndust þeir svikulir og hallir undir hagsmuni hinna erlendu aðila, eins og sýnt hefur verið fram á með skýrum rökum, með tilvitnunum í þeirra eigin orð og afstöðu þeirra á hv. Alþingi.

Ég ætla ekki hér að fara að rifja það upp í einstökum atriðum. Það er af svo mörgu að taka og spurning hvar ætti að byrja, hvort það ætti að fara að rifja upp blaðagreinar eftir hv. alþm. og leiðarljós þessara flokka eða hvort það ætti að fara að rifja upp afstöðu innan ríkisstj., sem liggur fyrir, eða hvort það ætti að fara að rekja kurteisisviðræðurnar sem fram fóru á bak við mig sem ráðh. við forráðamenn auðhringsins. Það hef ég gert ekki alls fyrir löngu. Það liggur fyrir í þingtíðindum. Þar mætti þó bæta við ýmsu fleira.

Þróun raforkuverðs í landinu og staða aðalorkuframleiðandans í landinu, Landsvirkjunar, frá árinu 1978 og frá því á árum fyrr, en kannske alveg sérstaklega frá þeim tíma, hefur, svo sem sýnt hefur verið fram á í athugunum og skýrslum sem fyrir liggja, þróast þannig, sem raun ber vitni, að fyrirtækið hefur talið sig þurfa stórkostlega hækkun á heildsöluverði til almennings-

veitna á þessum tíma, langt umfram hækkun byggingarvísitölu, til þess að jafna metin á því sem tapast í viðskiptum við álverið og Íslenska járnblendifélagið líka og velta því yfir á bök almennings. Það er gegn þeirri þróun sem leitast var við að fylkja liði hér á Alþingi og innan ríkisstj. á liðnum árum, en því miður ekki með þeim árangri sem þurft hefði vegna þess að baklandið var holgrafið. Talsmönnum auðhringsins hafði tekist það ætlunarverk sitt að hafa þau áhrif á áhrifamikla aðila í íslensku þjóðfélagi að þeir reyndust ekki menn til að standa uppréttir svo að ná mætti fram sanngjörnum íslenskum rétti í þessum viðskiptum. Nú glímir önnur ríkisstj. við þetta verkefni, mennirnir sem harðast deildu á mig fyrir málafylgjuna. Þeim sýnist ekki ætla að ganga allt of vel þó að aðstæður þessa auðfélags séu að eigin sögn þess og allra sem sjá vilja aðrar og betri þetta árið en var í þeirri kreppu og öldudal sem ríkti þegar ég var í forsvari, og hafði þó auðhringurinn full efni á að leiðrétta orkuverðið hjá álverinu í Straumsvík miðað við afkomu þess, enda vitað að sú álbræðsla er langsamlega arðgæfasta fyrirtæki í eigu auðhringsins, sem rekur að mig minnir um 12 álver eða eitthvað nærri því.

Þetta er nauðsynlegt að rifja hér upp miðað við þann málflutning sem hv. þm. sjá sóma sinn í að viðhafa hér í árásum á mig og mína málafylgju til að reyna að ná fram íslenskum rétti og tekjum inn í íslenskt samfélag fyrir raforkusölu.

Þá ætla ég að víkja aðeins nánar að hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, sem talaði hér áðan. Hann býsnaðist yfir því að ég hefði hleypt fram svo og svo mikilli hækkun hjá Landsvirkjun. Mér skildist á honum að ég hefði bara átt að setja hnefann í borðið, þegar ég kom í ráðherrastól, og segja: Hingað og ekki lengra. Þið fáið enga hækkun, a. m. k. ekki umfram verðlagsþróun. Það er eflaust það sem þm. átti við, geri ég ráð fyrir. Við skulum aðeins líta á það og hlut Framsfl. í þessu máli því að sú saga segir ansi mikið um vinnubrögð framsóknarmanna, hvað þeir telja boðlegt í samstarfi við aðra og hvaða sagnfræði þeir telja boðlegt að reyna að búa til og færa sér til betri vegar þó að annað liggi fyrir. (**ÓÞÞ:** Undir hvern heyrði þessi málaflokkur?) Þessi málaflokkur, orkumálin almennt, heyrði undir iðnrn. Verðlagning í landinu í aðalatriðum heyrir hins vegar undir, vegna þess að hv. þm. sá ástæðu til þess að spyrja um þetta, viðskrn. þar sem Tómas Árnason var ráðh. á þessum tíma. Nú ætla ég ekkert að fara að skrifa hv. þm. Tómas Árnason sem viðskrh. sérstaklega fyrir verðhækkunum á orkunni. En við skulum hafa það sem rétt er í þessu máli.

Þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var mynduð var viðhafður sami háttur og verið hafði í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar og ég hafði einnig starfað í varðandi ákvarðanir á gjaldskrám veitufyrirtækja og opinberum gjaldskrám. Sett var á laggirnar svokölluð gjaldskrárnefnd skipuð einum fulltrúa frá hverjum stjórnaraðila. Fulltrúi Framsfl. í gjaldskrárnefnd var Georg Ólafsson verðlagsstjóri og jafnframt formaður nefndarinnar. Hann var ekki fulltrúi viðskrn., heldur fulltrúi Framsfl., tilnefndur af honum sem pólitískur fulltrúi, en heyrði sem formaður nefndarinnar undir viðskrh. Það var þessi nefnd, undir forustu Georgs Ólafssonar og Tómasar Árnasonar sem hans yfirmanns, sem bar fram sínar tillögur við ríkisstj. varðandi öll opinber fyrirtæki. Till. gjaldskrárnefndar stönguðust oft á við till. rn. í ýmsum tilvikum. Þær gátu verið til lækkunar frá till. rn. og þær gátu verið til verulegrar lækkunar frá óskum opinberra fyrirtækja. En mótaðar voru tillögurnar þarna og yfirleitt voru það þær tillögur sem náðu fram að ganga í ríkisstj. í sambandi við verðlagningu opinberra fyrirtækja. (**ÓÞÞ:** Hvað með neitunarvaldið?) Og svo komum við að neitunarvaldinu. (**ÓÞÞ:** Voruð þið bara kúskaðir?) Svo komum við að neitunarvaldinu.

Það gerðist um áramótin 1981—1982 að úr gildi féllu ákvæði í lögum um verðlag og viðskiptahætti, minnir mig þau heita, sem höfðu veitt ríkisstjórnum aðstöðu til ákvarðana um verðlagningu hjá Landsvirkjun alveg sérstaklega frá árinu 1970 að telja. Það kom fljótlega, í byrjun árs 1982, upp það viðhorf af hálfu Landsvirkjunar að nú hefði Landsvirkjunarstjórnin sjálfdæmi til að taka þær ákvarðanir og setja á þær hækkanir sem hún teldi nauðsynlegar. Af hálfu lögfræðinga aðila, ríkisstj. og Landsvirkjunar, var þetta ekki vefengt.

Viðbrögð ríkisstj. við þessu urðu þau í fyrstu að leitast við að ná samkomulagi við Landsvirkjun um verðlagningu af sinni hálfu. Það var leitast við, og það var hv. 11. landsk. þm. að vitna í áðan, að í stað þess að Landsvirkjun setti fram mjög mikla hækkun, eins og hún óskaði eftir í aprílmánuði 1982, þá næði sú hækkun ekki þá fram að ganga, heldur yrði leitast við að leiðrétta gjaldskrár fyrirtækisins í átt við óskir stjórnar á lengra tímabili, enda var þess vænst á þeim tíma að takast mætti að ná fram leiðréttingu á orkuverði til stóriðjufyrirtækja sem unnið var að af hálfu ríkisstj. og iðnrn. á þeim tíma. En þegar leið á árið 1982 kom fram að stjórn Landsvirkjunar vildi ekki samningaleiðina við ríkisstj., vildi ekki fara að óskum ríkisstj. um þessi efni, heldur setti á meiri hækkanir en um hafði verið rætt. Það er í þeirri stöðu sem ég óska fyrst eftir því í ríkisstj. að mál gengju þannig eftir að sett yrði sérstök löggjöf sem tryggði ríkisvaldinu, iðnrn., ákvörðunarvald um verðlagningu hjá orkuveitum almennt.

Varðandi hitaveitur og rafveitur sveitarfélaga, þá hafði ríkisvaldið eftir sem áður tangarhald á verðlagningu vegna almennra ákvæða í orkulögum þar að lútandi. En Landsvirkjun lá augljóslega fyrir utan og hitt var raunar deiluefni, þannig að snemma árs 1983 fellst ríkisstj. á till. mína um að flytja frv. sem tryggði stjórnvöldum ákvörðunarvald um verðlagningu orkufyrirtækjanna almennt að Landsvirkjun meðtalinni. Þetta var samþykkt í ríkisstj. Frv. fer til Ed., kemst í gegnum 1. umr. og er vísað til iðnn. Ed.

Þar gerist það hins vegar að frv. stöðvast og situr fast. Hv. þm. gæti leitað sér upplýsinga hjá formanni iðnn. Ed. um hvaða ástæður lágu fyrir því. Ég get í stuttu máli greint frá meginástæðunni. Fulltrúar Framsfl. í iðnn. Ed. töldu sér ekki henta að styðja frv., sem ráðh. flokksins í ríkisstj. höfðu veitt heimild til og lýst yfir samþykki sínu við að flutt yrði. Og hvaða ástæður gætu hafa legið fyrir þessari afstöðu Framsfl., sem mér skildist að væri innan þingflokks hans eða a. m. k. hjá áhrifaaðilum í flokknum, hvort sem þingflokkssamþykktir voru fyrir því eða ekki? Jú, ástæðan var sú að framsóknarmönnum þótti þægilegt að geta hagað sínum kosningaáróðri, vegna þess að þeir þóttust sjá fram undan kosningabaráttu fyrr eða seinna á árinu, með þeim hætti að kenna mér sem iðnrh. um þær hækkanir sem Landsvirkjun þóknaðist að taka sér á raforku og

hindra að ég fengi stöðvunarvald í því skyni. Þetta var nú heiðarleikinn í vinnubrögðum Framsfl. í sambandi við það mál sem hv. þm. Ólafur Þórðarson sá sérstaka ástæðu til að fara að gera að árásarefni á mig. Þetta voru vinnubrögðin. (**StG:** Um hvaða nefnd var hv. ræðumaður að tala?) Ég er að tala um afstöðu fulltrúa Framsfl. í iðnn. Ed. þar sem þeir höfðu forustuna og formennskuna. Formaður n. var Davíð Aðalsteinsson. Við hann einan ræddi ég um þetta mál. (**StG:** Þú talaðir í fleirtölu áðan.) Já, hv. þm., ég hef ekki í minni núna hver hinn fulltrúi Framsfl. var í iðnn., nema það væri Stefán Guðmundsson sem þarna situr, en vitneskja mín um þetta efni er frá hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni. Og það var ekkert farið í launkofa með hvaða fyrirstaða væri þarna á ferðinni. (Gripið fram í.) Hv. þm. Stefán Guðmundsson. Það væri ástæða til að taka sér tíma til að rekja fleira í afstöðu og vinnubrögðum Framsfl. og málflutning hans um þessi efni frá þessum mánuðum. Ég hef reyndar gert það að hluta til áður í umr. á þinginu.

Síðan kemur að því eftir að á er leitað og eftir gengið í ríkisstj. að það tekst þó í öndverðum apríl að fá samþykki ríkisstj. fyrir setningu brbl. efnislega á þeim nótum sem frv. hafði verið flutt um sem ekki náði fram að ganga í Ed. um þetta efni. Síðan koma kosningar og þær ganga hjá. Ríkisstj. situr í nokkrar vikur að kosningum loknum. Landsvirkjun óskar eftir hækkun á sínum taxta um 31%. Málið fer til rn. fyrst, brbl. hafa verið sett, valdið er í höndum stjórnvalda, en í ríkisstj. varð það að niðurstöðu að gjaldskrárnefnd fjallaði um málið eins og verið hafði áður og gerði sínar till. Iðnrn. gerði till. til gjaldskrárnefndar að kosningum loknum um að engin hækkun yrði heimiluð hjá Landsvirkjun að þessu sinni. Það væri ekki forsvaranlegt að auka álögur á almenning og meðgjöf til álversins í Straumsvík eftir þeirri leið.

Þá kemur álit gjaldskrárnefndar, en ekki samhljóða. Minni hlutinn, Ragnar Árnason, í gjaldskrárnefnd studdi till. iðnrn., meiri hluti nefndarinnar, formaðurinn Georg Ólafsson, fulltrúi Framsfl., og Þórður Friðjónsson, fulltrúi sjálfstæðismanna í nefndinni, lögðu til 20% hækkun á gjaldskránni sem heimiluð yrði Landsvirkjun. Málinu var vísað til þriggja ráðh., landbrh., viðskrh. og mín, til að reyna að leysa þennan ágreining. Þar var sæst á 10% gjaldskrárhækkun til Landsvirkjunar, sem tók gildi 10. maí.

Þessi saga gæti verið holl til umhugsunar fyrir hv. þm. Framsfl., ekki síst fyrir hv. þm. Ólaf Þórðarson í sambandi við þau ádeiluefni sem hann hafði hér uppi á mig. (**EgJ:** En bréfið frá 1982?) Ég hef þegar, hv. þm. Egill Jónsson, um það rætt.

En það er fleira úr málflutningi hv. þm. Ólafs Þórðarsonar. Ég ætla ekki að elta ólar við öll þau rangindi sem hann gerði mér í sínu máli, en ég vil aðeins nefna þar eitt atriði til viðbótar til að sýna fram á inntakið og hugarfarið að baki í sambandi við málflutninginn.

Hann er að saka mig um það í sínu máli sérstaklega að bera ábyrgð á sameignarsamningnum við Landsvirkjun. Iðnrn. vann að því máli í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmála og raunar ákvæði sem komið var inn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar á sínum tíma um stofnun eins raforkuöflunarfyrirtækis. Þetta var stefnumál Framsfl., frá flokksþingum búið að vera, og í þessu efni voru Alþb. og Framsfl. samstíga þó að ekki hafi allir þm. þessara flokka endilega skrifað sérstaklega upp á þau efni. Mér er kunnugt um að í þessu efni hafði hv. þm. Ólafur Þórðarson sérstöðu í sínum þingflokki. Ég ætla ekkert að taka hana af honum. En Framsfl. hafði þetta sem stefnumið. Hv. þm. var að álasa mér fyrir að hafa gert þennan samning í stað þess að fara nú að virkja Blöndu á vegum einhverra annarra en Landsvirkjunar, en afhenda ekki Landsvirkjun virkjunarrétt á Blöndu. Hvaða afstöðu hafði formaður þingflokks Framsfl. í þeim efnum þegar til umr. var hér á Alþingi frv. til l. um raforkuver? Ég held að hv. þm. Ólafur Þórðarson ætti að fara í aukatíma til hv. þm. Páls Péturssonar eða rifja upp hans málflutning í sambandi við það efni. Jú, að mati hv. þm. Páls Péturssonar var það alveg meginkrafa að hið fyrsta yrði gengið frá því að mál þetta yrði tekið úr höndum Rafmagnsveitna ríkisins og afhent Landsvirkjun sem virkjunaraðila. Það var mjög hörð krafa, og hafði hann ýmsar kröfur uppi í sambandi við Blöndumál.

Málflutningur á þessum nótum, sem hv. þm. Ólafur Þórðarson hefur hér uppi, er með slíkum ólíkindum að ég átti ekki von á því að hann teldi sér hæfa að viðhafa slíkan ræðustíl hér og slíkan málflutning. Ég hef ekki orðið var við ósanngirni af hans hálfu í málflutningi með þeim hætti sem mér fannst koma fram hér og ég vænti þess að það sé fremur af vankunnáttu hjá hv. þm. en illvilja að hann fer hér með svo staðlausa stafi í mikilsverðum atriðum eins og fram komu í hans máli. Og læt ég við það sitja þó að að mörgu fleira sem fram kom hjá honum hefði þurft að víkja.

Hv. 11. landsk. þm. lýsti því yfir í lokin að við kosningaloforð Sjálfstfl. í húshitunarmálum yrði staðið. Það stendur í þingtíðindum og við skulum vona að eftir gangi. Hv. þm. sagði í þessari umr. og hafði gert það áður, og ég heyrði raunar að formaður flokks hans, nýlega kjörinn, hefði hent sömu lummu á lofti og komið á framfæri á kappræðufundi í Hafnarfirði nýlega, að húshitunarkostnaður hefði þrefaldast að raungildi þau ár sem ég hafi gegnt ráðherrastarfi iðnrh. Hv. þm. Egill Jónsson fer með margar tölur, en hann undirbyggir þær ekki alltaf með skýrum hætti. Ég ætla ekki að fara að hafa uppi ákveðnar staðhæfingar um þetta efni, vegna þess að ég er varfærinn í sambandi við tölur og tel að þær þurfi að skoða vel, en ég teldi æskilegt að hv. þm. sýndi þennan útreikning, hvernig hann er fenginn, og kæmi því á framfæri við þénanlegan hentugleika.

Svo vill til að ég innti einn embættismann í iðnrn. eftir því hvaða raunverðshækkun mundi hafa orðið á raforkutöxtum til húshitunar á þessu tímabili, frá 1978 raunar til þessa dags. Ég fékk upplýsingar um það núna rétt fyrir umr., þó með öðrum hætti væru en ég hafði gert ráð fyrir því að ég hef litið svo til að raunverðshækkunin hafi orðið veruleg á þessum tíma, sbr. þá miklu hækkun umfram byggingarvísitölu sem Landsvirkjun fékk og sumpart tók sér á undanförnum árum. En bráðabirgðatölur sem ég fékk um þetta bera því alls ekki vitni að hv. þm. Egill Jónsson fari með rétt mál, heldur skeiki þar verulega miklu, svo ekki sé meira sagt. Raunar sé raunverð raforkunnar, miðað við byggingarvísitölu og lánskjaravísitölu og niðurgreiðsluna sem nú er, ekki öllu hærra en var 1978. En þetta tek ég með fyrirvara á meðan ég hef ekki farið nánar ofan í það. (Gripið fram í.) Já, ég skora á hv. þm. Egil

Jónsson að fara yfir þessi mál og koma þeim útreikningum á framfæri þannig að það liggi þá fyrir.

Hann vék að því í sínu máli að viðmiðunartalan 2.5-falt vegið meðaltal, sem kemur fyrir í þessari þáltill., mundi valda því, ef ætti að nota hana, að ekki yrði um verulega lækkun á húshitunarkostnaði að ræða. (**EgJ:** Ég sagði að ef það yrði hækkun.) Ég vil upplýsa hv. þm. um það, sem raunar kom fram í minni framsögu, að það er hitt markið, viðmiðunin við vinnuvikur, sem verður ráðandi í því dæmi sem hér er um að ræða. Ég tók það sérstaklega fram að ef það gengi eftir sem lagt er til í þáltill., þá yrði munurinn, og þá miðað við taxta Hitaveitu Reykjavíkur eins og hann var fyrir 1. febr., u. þ. b. 1.8-faldur. Það er því það sem ræður, verði þær till. sem hér er mælt fyrir að veruleika, og munar þá ekki miklu í þeim hugmyndum sem við höfum uppi, hv. 11. landsk. og ég, í þessu efni. (**EgJ:** Sbr. 1. lið till.) Sbr. 1. lið till.

Herra forseti. Það væri ástæða til að víkja hér að ýmsum fleiri atriðum. Meginádeiluefni þeirra hv. þm. sem hér töluðu í minn garð var að ónóg hefði verið að gert í sambandi við húshitunarmálin þau ár sem ég gegndi ráðherrastarfi. Ég get vel undir það tekið að æskilegt hefði verið að ná fram öðru og meira en varð í tíð þeirrar ríkisstj. Meginatriðið var að bæta stöðu raforkuiðnaðarins með því að skapa honum eðlilegar tekjur af orkusölu til stóriðju. Um það stóðu átökin í sambandi einnig við húshitunarkostnaðinn, sbr. einnig álit þeirrar nefndar sem vitnað er til í þáltill. og skilaði samróma áliti 28. jan. 1983 og gerði það að tillögu sinni að tekjuöflun til að ná settum markmiðum ríkisstj. í sambandi við húshitunarkostnað yrði náð fram með leiðréttingu á raforku til stóriðju. Aðrar leiðir voru þar einnig nefndar til vara á meðan ekki tækist að ná þeirri leiðréttingu fram. En þátt þingflokks Framsfl. í framhaldinu rifjaði ég upp hérna um daginn. Ég ætla ekki að fara að hrella þá hv. framsóknarmenn með því að rekja það frekar hérna því að ég sé að þeir eru svolítið ókyrrir, a. m. k. hv. þm. Stefán Guðmundsson. Hann ætti að líta í þingflokkssamþykkt Framsfl. varðandi tekjuöflun til húshitunar, sem rakin er í grg. með þessari þáltill. Hún ber vott um þann hráskinnaleik og þau vinnubrögð sem þingflokkur Framsfl. taldi sér samboðin á þeim mánuðum sem þarna um ræðir. Það er leikur sem ég vildi ekki hafa verið þátttakandi í, það segi ég satt.

En um alla þá þætti sem vikið er að efnislega í þessari till. var fjallað í tíð fyrrv. ríkisstj. Í tíð fyrrv. ríkisstj. voru stigin ákveðin skref og staðið að aðgerðum. Því er það rétt, sem ég mælti í minni framsögu, að þessi till. byggir á þeim grunni sem þá var lagður, en hvetur til og markar stefnu um nauðsynlegar áframhaldandi aðgerðir. Því hef ég ekki neitt til þess að fyrirverða mig fyrir úr fortíðinni í þessum efnum eða í tengslum við þann tillöguflutning sem ég stend hér að ásamt sjö þm. Alþb. — tillögur sem fengið hafa góðar undirtektir, sem ég þakka, frá hv. þm. sem hér hafa rætt og tjáð sig um málið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, ef hlustað er á 5. þm. Austurl., að Framsfl. hefur stjórnað iðnrn. allt það tímabil sem hann var þar iðnrh. eða a. m. k. öllu því sem miður fór. Ég man ekki betur en þær fréttir bærust nokkuð snemma á því stjórnartímabili og því væri á lofti haldið af formanni Alþb. að þeir hefðu neitunarvald í þeirri ríkisstj. Ég veit ekki betur en það hafi nokkuð oft komið fram í umr. um utanríkismál að þeir hefðu neitunarvald í þeirri ríkisstj. Engu að síður lætur hæstv. fyrrv. iðnrh. sem hann hafi nánast verið látinn dansa nauðugur eftir línu Framsóknar allan þennan tíma. Það er út af fyrir sig spurning hvaða hlutverk menn vilja setja sig í. Ef hv. 5. þm. Austurl. þykir betra að fá það á sig að hann hafi dansað allan þennan tíma eftir línu framsóknarmanna, undir þrýstingi þeirra og frekju, hann hafi sem sagt hlýtt, ef hann telur það betra hlutskipti en hitt, að það sé borið á hann að hann hafi gert mistök, þá hann um það.

Ég vil undirstrika það sem olli mér mestum vonbrigðum með hæstv. iðnrh. Því að það verður að koma hér fram líka að margt var vel unnið af því sem gert var í hans iðnrh.-tíð. Ég er alveg sannfærður um það t. d. og hef ávallt verið að sú gagnasöfnun sem hann stóð að varðandi svissneska auðhringinn og álverið í Straumsvík var mjög til fyrirmyndar. Ég hef aldrei haldið öðru fram. En það sem mig undrar alveg sérstaklega varðandi ákvarðanatökuna um 600% hækkun 1980—1982 á heildsöluverði á raforku frá Landsvirkjun, sem ég tel að hann beri fulla ábyrgð á, er sú staðreynd að hann vissi að þessi hækkun var ekki komin til vegna þarfar Landsvirkjunar á að selja raforku á eðlilegu verði, hallinn var ekki vegna viðskiptanna við almenning, hallinn var við stóriðjuna. Þess vegna var þarna um skattlagningu á íslenska þjóð að ræða. Það vissi hæstv. iðnrh. Hvers vegna ætlaði hann þá Vestfirðingum og Austfirðingum að borga helmingi meira í slíkri skattlagningu heldur en þeim sem bjuggu á heitu svæðunum? Hvers vegna skattlagði hann þá ekki hitaveiturnar og sagði: Þið verðið að borga skatt vegna þessarar staðreyndar. (**HG:** Ég þagði ekkert um þær staðreyndir.) Hann lætur það óáreitt þennan tíma að raforkuverðið frá Landsvirkjun hækkar um 600% og veltir því yfir á notendur raforkunnar eins og með því móti komi það jafnt og réttlátlega niður í greiðslum vegna þeirra samninga sem gerðir höfðu verið og voru rangir og lélegir. (**KP:** Var ekki hv. ræðumaður með honum í stjórn?)

Þessi mál voru oft rædd innan Framsfl. og það er rétt hjá hv. 5. þm. Austurl. að þar var ekki einhugur um þessi mál að öllu leyti, það er alveg á hreinu. Hitt er svo annað mál að það þýðir ekkert að segja: Formaður þingflokks Framsfl. hafði þessa skoðun. Formaður þingflokks Framsfl. var ekki iðnrh. þetta tímabil. Það var hv. 5. þm. Austurl.

Þetta er annað atriðið sem ég hef ekki getað fyrirgefið, að þegar hv. 5. þm. Austurl. veit að verið er að fara í skattheimtu fyrir stóriðjuna skuli hann bresta manndóm til að leggja þann skatt þannig á þjóðina að það komi jafnt niður en taki ekki ákvörðun um að íbúar hinna köldu svæða séu látnir greiða helmingi meira eða ríflega það en aðrir vegna þess að þeir kaupa mun meiri raforku en aðrir. Þetta veit hv. 5. þm. Austurl. Það er þetta sem ég tel að hann þurfi að gera sínum umbjóðendum fyrir austan grein fyrir.

Hitt atriðið sem vekur undrun mína mjög er það, að fyrrv. hæstv. iðnrh. skuli ekki hafa talið sér skylt að gera Alþingi grein fyrir þeirri staðreynd að fjárhagsstaða Landsvirkjunar er orðin slík miðað við þá samn-

inga sem hún er búin að gera að það þurfi að veita henni 600% hækkun á heildsöluverði á sama tíma og byggingarvísitala tvöfaldast, og þetta dugi ekki einu sinni til til að koma henni í takt við verðlagsþróun í landinu. Hefði nú ekki verið eðlilegt að höggva frá og veita Jóhannesi Nordal *tíma til að glíma* við *vandann*? Var ekki sanngjarnt að hann sæti uppi með þann vanda Landsvirkjunar sem stjórnarformaður og gerði grein fyrir því á opinberum vettvangi, í blöðum landsins og fjölmiðlum, að samningarnir sem búið var að gera við stóriðjuna væru það lélegir að Landsvirkjun væri að fara á hausinn? Hefði það ekki verið stuðningur fyrir iðnrh. að fá slíka yfirlýsingu frá stjórnarformanni Landsvirkjunar? Var það ekki nauðsynlegt í baráttunni til að safna mönnum saman?

Hv. 5. þm. Austurl. vissi mætavel að málin stóðu á þann veg að þessa samninga þurfti að brjóta upp og hann var búinn að vinna vel að því máli að safna gögnum til að undirbúa þau átök. En hví í dauðanum tekur hann þá ákvörðun um það að velta vandanum yfir á þjóðina af fullum krafti í stað þess að láta fyrirtækið sitja uppi með hann og láta þá sem því stjórna þurfa að sækja fram? Hvers vegna gefur hann þeim tækifæri til að sitja í friði og spekt á bak við? Var þetta rökrétt? Þetta er ekki herkænska sem leiðir til sigurs. Það blasir við.

Ég tel að þegar hv. 5. þm. Austurl. heldur því fram að við höfum verið svikulir og hallir undir erlenda aðila, þá sé hann í reynd að koma því á framfæri að við höfum ekki viljað samþykkja einhliða hækkun á álverði án þess að fá að vita hvað bar á milli þáv. iðnrh. og auðhringsins í tölum. Það hlýtur að vera spurningin um það hvort við samþykktum einhliða hækkanir á álverið sem hann gerir að umræðuefni þegar hann ber það á okkur að við séum svikulir og hallir undir erlenda aðila. Finnst hv. 5. þm. Austurl. of mikið þó að við hefðum fengið að vita það á þessu stigi hvað bar á milli? Það lágu engin gögn fyrir um það hvað bar á milli. Það lágu engin gögn fyrir um það hvort þeir vildu hækka um 10, 20, 30 eða 100%, engar tölur. Það var sett á laggirnar nefnd til að ræða þessi mál. En hvernig var farið með þá nefnd? Fékk hún að tala við þessa aðila? Nei. Iðnrh. einn taldi sér skylt að annast slíkt þrátt fyrir tilvist nefndarinnar. Til hvers var hann þá með þessa nefnd?

Ég hygg að hver og einn sem vill skoða þessi mál af sanngirni hljóti að gera sér grein fyrir því að það verður ekki farið út í einhliða hækkun fyrr en það liggur ákveðið fyrir hvað hægt er að fá í samningum og hvað ekki er hægt að fá í samningum. Enn þann dag í dag standa málin þannig að við vitum ekki hvað hægt er að fá í samningum. Og það hefur enginn útilokað það að farið verði í einhliða aðgerðir ef það næst ekki fram sem þarf, það hefur enginn útilokað það. Ég vil minna hv. 5. þm. Austurl. á það, að núv. iðnrh. hefur lýst því yfir í ræðustól hér á þinginu að hann útiloki ekkert í þessum efnum ef því er að skipta. Það hlýtur aftur á móti að vera jafnt áhyggjuefni 5. þm. Austurl. sem mitt að sú von sem íbúar hinna köldu svæða fengu þegar ákveðið var að fara í innlenda orkuöflun til að leysa þeirra húshitunarvanda, sú von hefur brostið hvað hagkvæmni snertir. Þeir eru búnir að fá línurnar, þeir eru búnir að fá raforkuna, en verðið á raforkunni hefur hækkað svo mikið í millitíðinni miðað við annað verðlag í landinu að björgunin er ekki slík sem vonir stóðu til. Það er þetta sem hefur gerst. Og ég trúi því ekki að iðnrh., sem hefur verið við völd frá 1978 að mestu leyti fram á þennan tíma, geri sér ekki grein fyrir því þegar hann les þessa þáltill. og fer yfir úttektina á stöðu mála sem hér kemur fram. Hann hlýtur náttúrlega fyrst og fremst með tillöguflutningnum að vera að deila á þann sem er að fara úr stólnum en ekki hinn sem er nýtekinn við. Ég trúi því ekki að hann skilji þetta ekki.

Ég vil undirstrika það að ég tel að Landsvirkjun eigi að sjálfsögðu að lúta hliðstæðum lögum varðandi verðlagningu eins og önnur orkufyrirtæki í landinu á hverjum tíma. Og ég hef áhyggjur af því þegar núv. borgarstjóri Reykjavíkur lýsir því yfir að næsta krafa sé að heimta arð af eigin fé Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun, eins og komið hefur fram og þm. vita. Þá spyrjum við okkur sem erum utan af landi: Er það nýlendustefnan bláköld sem er að taka við í þessum efnum? Er það markmiðið sem Reykjavíkurborg sá með því að yfirtaka Blöndu og Fljótsdalsvirkjun, að hún væri komin í þá aðstöðu að geta farið að heimta arð af Landsvirkjun í borgarsjóð? Ef svo er, þá hljótum við að spyrja okkur að því hvort ekki séu enn þá minni líkur á því að það fólk úti á landi sem nú býr við þetta raforkuverð eigi von á réttlæti í framtíðinni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ekki fer hjá því að þeim hugsunum skjóti upp hvernig þingstörfum væri háttað og hvernig þau færu fram ef allir hv. þm. tækju jafnmikið af tíma þingsins í þessum ræðustóli eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., gerir.

En að þessu sinni — og nú skal ég ekki gerast langorður — var hv. þm. ekki aðeins langorður heldur afar stórorður. Hann kaus raunar að hafa þann háttinn á að fara langt á svig við meginefni þeirrar till. sem hér var til umr. Hann fór að rifja upp afskipti sín af álmálinu, af samningunum við Alusuisse. Ég held að hann hefði átt að láta það ógert. Hans ferill í því máli er ekki með þeim hætti að hann hafi þar af sérstakan sóma. Það sem mér fannst athugavert við málflutning hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar voru þau orð og þær einkunnir sem hann valdi samþm. sínum úr þremur öðrum flokkum, þ. e. úr öllum flokkum nema Alþb. sem þá áttu sæti á þingi. Hvað sagði hann? Hann sagði þó að hann notaði ekki það orð: Þið eruð landráðamenn. Hann sagði: Þið eruð svikulir og hallir undir hagsmuni erlendra aðila. Á íslensku er eitt orð yfir þetta, hann sagði: Þið eruð landráðamenn, og það eru stór orð.

Við þm. erum ekki óvanir því að heyra hv. þm. Alþb. nota viðlíka orðbragð um menn sem ekki eru þeim sammála. Ég vil segja að þetta er málflutningur sem er fyrir neðan allar hellur. Látið er liggja að því að hvergi séu góðir Íslendingar nema í Alþb. Allir hinir séu, svo að ég noti þau orð sem hv. þm. viðhafði úr þessum ræðustóli fyrir skammri stundu, svikulir og hallir undir erlenda hagsmuni. Svona málflutningur er prúðmenni á borð við hv. þm. Hjörleif Guttormsson, sem ég hef talið, algerlega ósæmandi. Svona málflutningur ætti í rauninni aldrei að heyrast hér á hinu háa Alþingi miðað við þær aðstæður og þá sögu sem við þekkjum. Vonandi kemur aldrei til þess að ástæða verði til að kalla neina menn slíkum nöfnum úr þessum ræðustóli. Ég fordæmi, herra forseti, harðlega málflutning af þessu tagi. Hann á ekki erindi í þingsali.

Hitt er svo annað mál að ég skil að hv. 5. þm. Austurl. skuli nota hvert tækifæri í næstum hvaða máli sem er til að koma að frammistöðu sinni í álmálinu. Ég skil það með vissum hætti vegna þess að þetta hlýtur að vera honum ákaflega þungt í huga. Mín skoðun er sú — og þar er ég ekki að kenna um illvilja eða illri meiningu, síður en svo — að fyrir klaufaskap tókst þessum hv. þm. meðan hann gegndi embætti iðnrh. að klúðra þessu máli þannig, að hnýta það í slíkan rembihnút, að fyrirsjáanlegar væru margra ára deilur fyrir erlendum dómstólum, gerðardómum út um allan heim hér um bil og hér heima um þetta mál. Fyrirsjáanlegt var að ekki var hægt að ná neinum samningum á næstunni. Málið var allt í einum rembihnút. Um það voru þrír flokkar á Alþingi sammála að beita yrði nýjum ráðum til að ná fram lausn í þessu máli og hæstv. þáv. iðnrh. hefði ekki borið gæfu til þess að fara rétt að málinu. Ég efast ekki um að honum gekk að sjálfsögðu gott eitt til. En eins og gengur og gerist í lífinu klúðruðust málin bara í höndunum á honum. Það var ekki rétt á þeim haldið. En að hann skuli nota þennan vettvang til að kalla þingbræður sína þeim nöfnum sem hann notaði áðan, viðhafa um þá þau orð og gefa þeim þær einkunnir sem hann gerði hér úr ræðustól finnst mér gersamlega ósæmandi og raunar með öllu óviðunandi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er greinilegt af ræðum samstarfsmanna úr fyrrv. hæstv. ríkisstj. að einkennilegt hefur andrúmsloftið verið innan veggja þeirrar ríkisstj., þeirra samstarfsaðila sem þar áttu hlut að máli. Menn hafa heyrt hér, ekki bara í dag heldur margoft, hvernig þeir brigsla hver öðrum að þetta eða hitt sé hinum að kenna en ekki mér.

Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni að hæstv. fyrrv. iðnrh. átti að hafa forgöngu í því að leiðrétta þetta sem hann ekki gerði. En hvorki Ólafur Þórðarson né aðrir framsóknarmenn geta þvegið af sér þann blett að hafa ekki fylgt því eftir að þetta næði fram að ganga. Allir þm. úr fyrrv. hæstv. ríkisstj. eru samábyrgir í þessu máli. Eða geta menn þvegið það af sér hér í umr. eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson og hver sem er raunar úr fyrrv. hæstv. ríkisstj. og þingliði hennar að hafa fellt hér margoft tillögur við afgreiðslu fjárlaga sem innifólu það að skila til baka þeim skatti sem á var lagður til þess að jafna þennan mun? Þetta gerðu þessir hv. þm. (**ÓÞÞ:** Hverjir bera ábyrgð á álsamningunum?) Á álsamningunum? Ég var nú ekki kominn að því. Ég skal tala um það við þig á eftir. En hvernig geta þessir menn fríað sig ábyrgð í þessum efnum sem margítrekað fella hér brtt. á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga um það að skila þessu fjármagni til réttra aðila? Ekki einn einasti af þingliði fyrrv. ríkisstj. getur fríað sig af þessu.

Á árinu 1983 átti að verja til jöfnunar í þessum þætti og lækkunar húshitunarkostnaðar 315 millj. kr. en það urðu aðeins 34 eða 35 skv. ákvörðun fyrrv. ríkisstj. Svo koma þessir ágætu hv. þm. hér upp og bera hvor annan sökum um að hinn sé eitthvað sekari en gagnaðilinn. Þeir eru báðir jafnsekir í þessu og það verður ekki af þeim þvegið. Og hvað sem hækkuninni á orkuverði til ÍSALs líður geta þessir menn ekki þvegið þann smánarblett af sér að hafa tekið þá peninga sem búið var að skattleggja fólk fyrir til þess að jafna húshitunarkostnað. Þessir baggar sem fólk verður nú að bera væru ekki eins þungir hefðu þessir hv. þm. skilað þeim peningum sem þeir áttu að gera til réttra aðila til þess að lækka þennan kostnað.

Ég hef hins vegar ekki á móti því að til viðbótar því sem búið er að skattleggja fyrir til lækkunar á orkuverði og húshitunarkostnaði komi líka hækkun orkuverðs til ÍSALs og það verði nýtt til hins sama. En fjármagnið var fyrir hendi, þessir hv. þm. bera ábyrgð á því að það var ekki notað til réttra hluta.

Um leið og hv. 5. þm. Austurl. er farinn úr ráðherrastólnum eftir að hafa margfellt brtt. frá þáv. stjórnarandstöðu um að skila þessum peningum til baka er það helber sýndarmennska að rjúka upp nú við afgreiðslu fjárlaga í des. og bera fram sams konar till. og við gerðum í stjórnarandstöðu af því hann er sjálfur kominn í stjórnarandstöðu, sams konar till. og hann margfelldi sem ráðh. Þarna hafa menn skoðanaskipti eins og að hafa buxnaskipti. Slíkir þm. verða ekki teknir alvarlega af almenningi. Svo augljós er sýndarmennskan sem fram kemur í slíkum málflutningi og slíkum verknaði að almenningur sér svo í gegnum hana að enginn getur í raun og veru tekið hann alvarlega. — Nema því aðeins — og það vona ég að sé því ekki er nú öllum alls varnað — að nú hafi menn loksins séð réttlætið og ætli að fylgja því. Sé svo er það auðvitað vel þótt seint sé.

Ég ætla ekkert að óska þess að hv. 5. þm. Austurl. komist aftur í ráðherrastól til að geta látið á það reyna hvort hann hefur breyst. Ég er ekkert sannfærður um það. En ég vona svo sannarlega að núv. hæstv. iðnrh. standi betur í stykkinu en forveri hans úr sama kjördæmi. (**EJ:** Er það eitthvað vafamál?) Ja, enn höfum við ekkert séð um það. Það er best að bíða með allar yfirlýsingar þangað til að menn sjá hvort hann verður eitthvað betri. (**EJ:** Er ekki búið að hækka raforkuverðið hjá ÍSAL?) Það er út af fyrir sig rétt, búið er að hækka það. En ég er síður en svo ánægður með það. Það er ekki nægilegt eitt og sér. Núv. hæstv. iðnrh. og hv. þm. Egill Jónsson stóðu að því að taka ófrjálsri hendi peninga sem búið var að leggja á fólk til þess að jafna þennan mun. Þannig að hv. þm. Egill Jónsson er enn í sömu sökinni og hinir, bæði hæstv. iðnrh. núv. og hæstv. iðnrh. fyrrv., allir úr sama kjördæminu, þrenningin öll. Allir eiga þeir þetta sammerkt. (**HBl:** Ekki Egill.) Það er rangt, hv. þm. Þú fylgist ekki með, enda ekki eðlilegt, maður sem sjaldan sést hér innan dyra. Það er ekkert við því að búast að þér sé kunnugt um allt það sem hér er að gerast. Og hv. þm. verður virt það til vorkunnar. (Gripið fram í.) Það er rétt. Það er ýmislegt að gera á þeim bæ nú. Mikið stendur til.

En svona líta þessi mál út fyrir almenningssjónum að hér eru menn að leika tveim skjöldum. Ég vil treysta því og trúa þangað til að ég sé annað að hæstv. núv. iðnrh. auðnist að stíga það gæfuspor að gæta hér meira réttlætis en forverar hans hafa gert og hann og hv. þm. Egill Jónsson gerðu við afgreiðslu fjárlaga í des. s. l.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það var aðeins örstutt vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið. Sú tilsögn sem ég leitaðist við að veita hv. þm. Ólafi Þórðarsyni virðist nú ekki hafa borið þann árangur enn sem ég vænti. Ekki var það að marka af hans málflutningi varðandi orkuverðshækkanirnar. Og að fara að blanda einhverju neitunarvaldi inn í þau efni held ég að sé nú nokkuð langsótt.

En það væri kannske ástæða til að spyrja í þessu sambandi: Hvað hefur breyst í afstöðu hv. þm. til þessara mála ef hann taldi hækkanir Landsvirkjunar í tíð fyrrv. ríkisstj. svo forkastanlegar en hefur engin orð uppi um þær hækkanir sem gengu fram í upphafi starfsferils núv. ríkisstj., 19% hækkun 3. júní, 31% að auki 1. ágúst? Um það hafa engin stór orð hér fallið. Hann vildi skýra afstöðu Framsfl. til einhliða leiðréttingar á raforkuverði til ÍSALs með þeim hætti að ekki hafi legið fyrir hvað bar á milli. Það var alveg ljóst hvað bar á milli. Auðhringurinn tók það skýrt fram í sínum skeytum að hann var ekki reiðubúinn til að leiðrétta orkuverðið nema hafa það þá á hreinu að fá ekki minna á móti í kröfum sér í hag. Inn á það var ekki gengið í minni tíð sem ráðh.

Og hv. þm. spurði: Hvers vegna fékk álviðræðunefndin ekki að tala við Alusuisse? Mig undrar satt að segja talsvert að slíkar spurningar skuli koma fram þegar það á að hafa verið öllum ljóst og fór ekki leynt að fulltrúar Alusuisse neituðu að fyrra bragði að halda áfram viðræðum við álviðræðunefndina og skelltu á hana hurðum og aflýstu við hana viðræðum. Aflýstu einhliða fundi sem ákveðinn hafði verið 3. mars 1982. Þetta ætti hv. þm. að rifja upp.

Hv. þm. Eiður Guðnason leggur mér hér orð í munn sem ég mælti ekki. (Gripið fram í.) Hann taldi að ég væri hér að gera mönnum upp sakir í sambandi við afstöðu til Alusuisse. Ég þarf ekki að búa neitt til í þeim efnum. Ég er ekki að fullyrða neitt um það hvað menn hafi gert af ásetningi og hvað valdi afstöðu manna af öðrum ástæðum án þess að menn geri sér grein fyrir því. Ég bendi hv. þm. að lokum aðeins á það að líta í eigið flokksmálgagn og lesa þar greinabálk sem birtist í öndverðum desember 1980 undir fyrirsögninni: Álverið er leiðarljós.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil segja það varðandi hækkanir sem orðið hafa hjá núv. ríkisstj. að orkumálin munu vafalaust koma hér til umr. þegar núv. hæstv. iðnrh. er við og eðlilegt að ræða þau á þeim vettvangi. Ég er dálítið hissa á því að hv. 5. þm. Austurl. virðist enn ekki hafa gert sér grein fyrir aðalatriðum í mínum málflutningi, þeim tveim atriðum sem ég lagði höfuðáherslu á, og hefur viljað fara út um víðan völl með það mál.

Ég tel að það hafi ekki legið nægilega ljóst fyrir, til þess að hægt væri að taka ákvörðun um einhliða hækkun raforkunnar, hvað bar á milli. Og ég tel að það liggi ekki enn þá fyrir hvað bar á milli.

En hinu vona ég að hv. 5. þm. Austurl. og hæstv. fyrrv. iðnrh. geri sér grein fyrir, að því hætti fulltrúi Framsfl. á sínum tíma þátttöku í álviðræðunefndinni að iðnrh. vildi þar stjórna vinnubrögðum nefndarinnar en treysti sér ekki til að bíða eftir því hver niðurstaða yrði og meta þá málefni eins og efni hefðu staðið til.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna síendurtekinna ummæla hv. fyrrv. iðnrh., 5. þm. Austurl. Það liggur fyrir að fyrir réttu ári var lagt fram frv. hér á Alþingi þar sem lagt var til að orkukostnaðurinn yrði að hluta tekinn út úr kaupgjaldsvísitölu af þeim ástæðum að ríkisstj. viðurkenndi nauðsyn þess að hækka orkuverð verulega umfram almennt verðlag í landinu. Þessi brýna nauðsyn var komin til af því að mjög óeðlileg skuldasöfnun hafði átt sér stað hjá orkufyrirtækjum með óhagstæðum erlendum lántökum. Ég hef ekki hjá mér hvaða tölur voru nefndar í þessu sambandi nú og vil ekki reyna að rekja það eftir minni, en síðasta ríkisstj., sú sem sat á undan þeirri sem nú situr, viðurkenndi hér á Alþingi bæði í orði og í þskj. að brýna nauðsyn bæri til þess að hækka orkuverðið mjög verulega umfram annað verðlag í landinu. Jafnframt var látin í ljósi sú skoðun að stjórnvöld yrðu að hafa tækifæri til þess að leiðrétta slíka hluti og koma við almennum efnahagsaðgerðum án þess að það leiddi sjálfkrafa til óðaverðbólgu, víxlhækkana kaupgjalds og verðlags. Svo þung áhersla var lögð á þetta mál þá að tillögur voru beinlíns um það gerðar að hækkun orkuverðsins yrði að hluta utan við kaupgjaldsvísitölu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Áður en næsta mál verður tekið fyrir vil ég segja eftirfarandi og skal ekki tefja fundinn lengi:

Hér á hinu háa Alþingi hefur verið dreift skýrslu, sem ég hef hér í höndunum, sem iðnrh. hefur látið gera um tækifæri fyrir þá sem fjárfesta vilja í kísilmálmvinnslu á Íslandi. Skýrsla þessi er ùm margt fróðleg og því mikilvægt að allir hv. þm. kynni sér hana. En nú er það svo að skýrsla þessi er lögð hér fram á enskri tungu, sem ekki er öllum hv. þm. nýtanleg, enda ekki inntökuskilyrði til setu á Alþingi að hafa vald á erlendum tungumálum. (Gripið fram í.)

Ég vil minna á sams konar aths. í umr. fyrir líklega tveimur árum um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnun, þegar þykkum doðröntum var dreift hér á ensku þm. til aflestrar. Ég vil því enn sem áður krefjast þess að öll gögn Alþingis verði lögð fram á íslensku ævinlega, svo að allir hv. þm. sem og aðrir þeir sem áhuga kynnu að hafa á þeim málum sem hér er fjallað um geti lesið þau. Annað er auðvitað engan veginn sæmandi. Þessari stofnun, hinu háa Alþingi, ber fyrst af öllu skylda til að standa vörð um íslenska menningu og tungu.

Ég bið því hæstv. forseta að sjá þegar í stað til þess að skýrsla iðnrn. verði skrifuð á íslensku eða þeir hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Geir Gunnlaugsson þýði skrif sín yfir á íslensku — ég vænti að þeir ráði við það — og henni verði dreift að nýju. Jafnframt fer ég þess á leit að þess verði gætt að gögn frá rn. landsins verði ævinlega lögð fram á íslenskri tungu. (**Gripið fram í:** Ég hef aldrei séð þau gögn á íslensku.)

En úr því að ég er komin í ræðustól vil ég leyfa mér að vekja athygli á öðru, sem ekki síður varðar störf Alþingis, en það er seta og viðvera hv. þm. stjórnarliðsins í þingsölum. Fyrir nokkrum mínútum gekk ég fram og taldi þm. sem eru staddir yfir höfuð í húsinu, þeir voru ekki allir í þingsölum. Þeir voru alls 25 af 60 og enginn ráðherra. Af þessum 25 þm., sem staddir voru í húsinu, voru 18 stjórnarandstæðingar. Hér hefur staðið yfir umr. um eitt þýðingarmesta mál okkar Íslendinga í dag síðan kl. 2. Klukkutímum saman var hér ekki ein einasta sála sem styður núv. ríkisstj. Hvers konar reisn er yfir hinu háa Alþingi og hvers konar virðing er þetta fyrir málflutningi stjórnarandstæðinga? Eru þetta

mennirnir sem tala hæst um virðingu fyrir lýðræði og frelsi? Ég held að menn ættu að hugsa vandlega um þetta.

En það er annað sem er athyglisvert einnig í sambandi við þetta. Svo hefur brugðið við í tíð núv. ríkisstj. að nokkuð fer saman viðvera stjórnarliða og viðvera sjónvarps og útvarps hér. Ég vil nú ekki segja að ég sakni sífelldrar yfirsetu sjónvarpsins með myndavélar sínar á okkur þm. hv. dag út og dag inn, eins og tíðkaðist hér í tíð fyrrv. ríkisstj., en fyrr má nú vera áhugaleysi þeirrar góðu stofnunar á störfum þingsins síðan núv. ríkisstj. tók við. Ég vil biðja menn að íhuga aðeins — þessar fáu sálir sem hér eru nú komnar til þings — hvort eitthvert samband kunni að vera á milli áhuga stjórnarþingmanna fyrir störfum þingsins og áhuga Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins á störfum þingsins.

Forseti (Helgi Seljan): Út af beiðni hv. þm. vil ég taka það fram að mér þykir hún réttmæt og eðlileg. Þessari skýrslu mun hafa verið dreift hér skv. sérstakri beiðni úr ræðustól þingsins hér um að hún lægi fyrir þm. til aflestrar. Ég mun koma því á framfæri við rétta aðila að sú eðlilega málsmeðferð verði við höfð að þessu plaggi verði dreift hér á Alþingi á íslensku, og þykist ég vita að það muni auðsótt þar sem þetta plagg er komið svo skjótt á borð þm. eftir að þess var óskað.

Ég tek undir það alveg sérstaklega með hv. þm. hversu viðvera þm. almennt er slök, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og ítreka það, sem hefur verið gert áður úr forsetastól af hv. aðalforseta Sþ., að þingskyldur þyrftu menn svo sannarlega að rækja betur og meir og af meiri samviskusemi en raun ber oft vitni um. Þessi dagur er kannske ekkert sérstakt dæmi frekar en aðrir dagar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég get tekið undir að æskilegt sé og nauðsynlegt að þskj. séu á íslenska tungu. En á hinn bóginn vitum við þm. að ýmsu er dreift hér meðal þm. sem er á erlendum tungumálum. Mér finnst svolítið erfitt að slá þeirri reglu fastri að þm. geti ekki fengið plögg án þess að þýðingarskylda hvíli á rn. Það hefur auðvitað mikinn kostnað í för með sér, svo ég tali nú ekki um tíðindi af Norðurlandaþingum sem er ekkert smáverk að snúa yfir á íslenska tungu. Þess vegna álít ég að þarna verði að hafa hóf á. Ég tek undir með hæstv. forseta að það sé eðlilegt að verða við beiðni varðandi þessa skýrslu, en ég held að ógjörningur sé að slá því föstu að ráðh. megi ekki biðja um að plöggum sé dreift meðal þm. nema þau séu á íslenska tungu. Það mundi einfaldlega valda því að þm. fylgdust ekki jafnvel með og ella nema slíku fylgdi óhæfilegur kostnaður.

Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum, þáltill. 109. mál (þskj. 136). — Ein umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. á þskj. 136 um framhaldsrannsóknir á ilmenitmagni í Húnavatnssýslum, eiginleikum þess og vinnsluhæfni. Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en náði ekki afgreiðslu þá. Till. hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram frekari rannsóknir á þeim ilmenitsvæðum, sem þekkt eru í Húnavatnssýslum, og leita nýrra svæða þar sem titanríkt basískt berg kynni að vera í verulegum mæli.

Skal rannsóknin beinast að magni titans og annarra verðmætra efna í berginu og vinnsluhæfni þeirra.

Niðurstöðum rannsóknarinnar skal fylgja frumáætlun um arðsemi, vinnslu, mannaflaþörf, fjárfestingarkostnað, markaðshorfur svo og önnur atriði sem rannsóknaraðilar telja máli skipta.“

Till. um sama efni var flutt á síðasta þingi, en fékk ekki þá umfjöllun sem tilskilið er. Það ilmenit sem hér hefur fundist inniheldur titan, sem er verðmætur léttur málmur sem m. a. er mikið notaður sem íblöndun við aðra málma. Langstærsti hlutinn fer þó til framleiðslu á málningarvörum þar sem við þekkjum það vel. Einnig er titan notað sem einangrun á suðuþráð og karbitþráð svo og við pappírsvinnslu, plastvinnslu o. fl.

Með flutningi þessarar þáltill. vilja flm. vekja athygli á hugsanlegum möguleikum til vinnslu þessa efnis. Þáltill. fjallar fyrst og fremst um rannsóknir á magni titans og annarra málma sem samhliða vinnslu þess væri hagkvæmt að nýta.

Vitað er um nokkra staði í Húnavatnssýslu þar sem ilmenit er að finna, en ilmenit er titansteind sem er helsta titanhráefnið í heiminum sem unnið er úr. Ilmenit er unnið bæði úr bergi og sandi og er það aðallega í basísku djúpbergi.

Þeir staðir sem nú eru þekktir í Húnavatnssýslum þar sem ilmenit er að finna eru Steinsvað í Víðidalsá, Urðarfell upp af Melrakkadal í Víðidal, Hólar og Skessusæti austan og norðan Víðidalsfjalls, Deildarhjalli í Vatnsdalsfjalli og fleiri staðir. Þær takmörkuðu rannsóknir sem fram hafa farið á þessum stöðum benda til þess að þar geti verið um mikið magn af basísku bergi að ræða, og hafa frumrannsóknir sýnt athyglisvert magn af titani, auk málmsteinda, í berginu.

Árið 1976 fól Framkvæmdastofnun ríkisins Baldri Líndal efnaverkfræðingi að kanna tilvist málmríkra steinefna í Víðidal. Í því sambandi voru gerðar efnagreiningar og málmskiljutilraunir á sýnum.

Árið 1978 var gefin út könnunarskýrsla Iðnþróunarstofnunar Íslands og Orkustofnunar um íslenskt ilmenit. Fram kemur í skýrslunni að þótt hlutfall titans og annarra verðmætra efna í íslensku ilmeniti sé e. t. v. lágt miðað við það sem best gerist erlendis, þá sé nú tekið til vinnslu berg sem sífellt minna innihald hefur verðmætra efna með hverju árinu sem líður, þar sem auðugustu námurnar eru nýttar fyrst og verið er að taka til vinnslu námur sem ekki þóttu vinnsluhæfar áður.

Í grg. er greint frá dæmum þar um.

Þá virðast rannsóknir sýna að á Íslandi sé titanauðugt berg í allmiklum mæli, einnig virðist kornastærð, aukaefni, harka bergsins o. fl., sem máli skiptir varðandi vinnsluhæfni, hagstætt íslensku ilmeniti.

Í skýrslu Orkustofnunar og Iðnþróunarstofnunar um íslenskt ilmenit frá 1978, sem áður er vitnað til, segir m. a.:

„Steinsvað. Gabbró sést á smábletti undir brú á Víðidalsá hjá Lækjamóti. Berg þetta er grófkornótt og inniheldur yfir 3% titanoxíðs. Sýni úr þessu bergi hefur verið rannsakað nánar af Baldri Líndal ... Titaninnihald reyndist þá samsvara 4.4%, sem tókst að auka við þyngdarskiljun ákveðinnar kornastærðar í um 25%

titanoxíðs, en talið var að þar mætti hæglega gera betur. Þarna við Steinsvað nær gabbróið rétt upp fyrir vatnsborð Víðidalsár. Útbreiðsla þess nærlendis er óþekkt, þar eð berg er allt hulið þykkum lausum jarðlögum. Hins vegar eru góðar líkur á að kanna mætti tilvist eða útbreiðslu gabbrósins þarna með jarðeðlisfræðilegum aðferðum."

Með tilkomu þeirrar miklu orkuvinnslu sem nú er unnið að í Húnavatnssýslu og nálægra tveggja þéttbýlisstaða, þ. e. Hvammstanga og Blönduóss, og þéttbýlla sveita virðast ýmis skilyrði vera fyrir hendi til framkvæmda og framleiðslu ef þær rannsóknir, sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir að fram fari, leiða í ljós að hagkvæmt sé að hefja vinnslu titans og annarra verðmætra efna á þeim stöðum sem þáltill. fjallar um.

Það má koma hér fram að ég geri mér ekki ljósa grein fyrir því hversu álitlegan kost hér er um að ræða. Þó tel ég víst að hann sé það álitlegur að óskynsamlegt sé annað en að rannsaka sem gaumgæfilegast þá staði sem hér um ræðir í þessari þáltill.

Það að lagt er til að rannsóknir fari fram á nefndum jarðefnum í því kjördæmi er við flm. till. erum fulltrúar fyrir er ekki óeðlilegt. En við minnum einnig á aðra mögulega staði, svo sem á nokkra staði á Austurlandi, sem sjálfsagt og eðlilegt er einnig að verði athugaðir þannig að myndin öll verði sem skýrust að rannsókn lokinni.

Það er að sjálfsögðu ástæðulaust að benda sérstaklega á mismun þess að vinna dýrmæt hráefni til iðnaðarframleiðslu úr íslenskri jörð eða flytja hráefnið óravegu hingað til vinnslu, eins og nú er gert. Okkur Íslendingum er það mjög nauðsynlegt að rannsaka og skoða þá kosti sem landið hefur að geyma. Íslendingar verða því aðeins efnahagslega sjálfstæð þjóð að takast megi að afla auðs úr því sem okkar eigið land og landhelgi hefur að geyma, án þess þó að ganga um of á stofninn sjálfan. Við verðum fyrst og fremst að læra að lifa af vöxtum þess sem landið hefur að gefa. Þannig búum við best í haginn fyrir afkomendur okkar.

Þótt nokkur vitneskja sé þegar fyrir hendi um verðmæt efni í jörðu hér á landi ber okkur að leitast við að bæta við þá vitneskju með frekari rannsóknum. Við þurfum að vinna að aukinni verðmætasköpun í landinu, sem byggist á því sem það hefur að gefa. Það er með þessi grundvallaratriði í huga sem flm. flytja þessa þáltill. og vonast til að hún njóti skilnings og fyrirgreiðslu hér á Alþingi.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til atvmn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Með sama hætti og þegar þessi till. var til meðferðar fyrir einu ári lýsi ég yfir stuðningi mínum við hana og vildi gjarnan greiða gang hennar í gegnum Alþingi eftir því sem í mínu valdi stendur. Ég undirstrika það hins vegar, sem kom raunar fram í framsöguræðu hv. flm. Stefáns Guðmundssonar, að ilmenit er víðar að vinna en í Húnaþingi og m. a. á Austurlandi. E. t. v. á ekkert byggðarlag djúpberg í jafnríkum mæli og einmitt það sem ég telst til. Ég vildi þess vegna leggja áherslu á að við frekari afgreiðslu málsins á Alþingi verði tekið tillit til þessa máls með það fyrir augum að þær námur sem menn hafa vitneskju um hér á landi verði teknar til rannsóknar.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt. Ég vil taka það enn og aftur skýrt fram, eins og hv. þm. vék að, að ég legg auðvitað áherslu á að allir kostir séu skoðaðir í þessu máli og að myndin sé sem ljósust. Þá fyrst er gagn að þessari athugun og ég vona að þá fyrsti skili hún líka árangri. En ég undirstrika að það er mín meining að allir kostirnir séu skoðaðir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Staðfesting Flórens-sáttmála, þáltill. 118. mál (þskj. 145). — Ein umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um staðfestingu Flórens-sáttmála en þá þáltill. flytja þeir alþm. sem sæti eiga í stjórn Rannsóknaráðs ríkisins. Hér er um endurflutning að ræða á þáltill. sem flutt var á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Með leyfi herra forseta hljóðar till. svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að staðfesta aðild Íslands að alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda af varningi til mennta-, vísinda- og menningarmála, svonefndan Flórens-sáttmála UNESCO, en án viðaukabókunar sáttmálans. Jafnframt þessu verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tollskrá."

Í framhaldi af því sem segir hér síðast í þáltill. vil ég geta þess að flutt hefur verið í Nd. á þskj. 146 frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. þar sem gert er ráð fyrir að tollskrárákvæðum verði breytt til samræmis við efnisatriði Flórens-sáttmálans ef Ísland gerist þar aðili. Spyrja má hvers vegna þessi þáltill. sé flutt um aðild Íslands að þessum sáttmála. Ugglaust mætti svara þeirri spurningu á ýmsan veg en ágætt svar og æði upplýsandi er að finna m. a. í frétt í síðasta fréttabréfi Eðlisfræðifélags Íslands. Þar er þess getið að tekjur ríkissjóðs af innfluttum rannsóknatækjum nemi hærri upphæð en framlag ríkissjóðs til raunvísinda gegnum Vísindasjóð. Væri þess vegna Vísindasjóði betur borgið með því að afþakka framlag úr ríkissjóði eins og það er frekar rökstutt og umrætt í fréttabréfi Eðlisfræðifélagsins.

Það var árið 1950 að á aðalfundi UNESCO sem haldinn var í Flórens á Ítalíu var samþykktur sáttmáli um niðurfellingu gjalda af efni til mennta-, vísinda- og menningarmála og ákveðið að leggja samninginn fyrir aðildarríkin til staðfestingar. Þessi samningur miðar að því að efla mennta-, vísinda- og menningarmálastarfsemi landanna og greiða fyrir streymi hvers kyns efnis, tækjabúnaðar og tækja á milli aðildarríkjanna í þeim tilgangi að stuðla að menningarlegum og efnahagslegum framförum innan vébanda þeirra.

Ísland er eitt af örfáum ríkjum í flokki svokallaðra þróaðra ríkja sem ekki hefur enn þá gerst aðili að þessum sáttmála þó svo hann hafi verið gerður þegar árið 1950. Í reynd hefur Ísland þó framfylgt ákvæðum sáttmálans að undanteknu ákvæðinu um aðflutningsgjöld af vísindatækjum en þau ákvæði er að finna í viðauka D við sáttmálann. Menntmrn. mun ítrekað hafa óskað eftir því við fjmrn. að gerðar yrðu þær breytingar á tollskrá sem gerðu kleift að uppfylla ákvæði samningsins og staðfesta hann en fjmrn. hefur hingað til færst undan því. Nú hefur það gerst fyrir

rúmu ári að fjmrn. hefur með auglýsingu tilkynnt að ýmis tæki til rannsókna, gæðaeftirlits og vöruþróunar sem að öðru jöfnu falla undir þennan viðauka D í Flórens-sáttmálanum og flutt eru inn af fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum fái niðurfelld aðflutningsgjöld eins og um tæki og framleiðslubúnað væri að ræða í samræmi við 12. tölulið 3. gr. í tollskrárlögum.

Þar sem flest stærri innlend fyrirtæki í framleiðslugreinum falla nú orðið undir þessa skilgreiningu eru það nánast eingöngu opinberar stofnanir svo sem Háskóli Íslands og rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem ekki njóta þessara skilyrða. Þar með er brostin sú röksemd að ekki skuli mismunað í þessum efnum. Jafnframt virðist tímabært og gerlegt að taka afstöðu til þess hvaða tæki eru flutt inn til rannsókna.

Það er í þessu tilefni sem þáltill. er flutt. Ljóst er að aðflutningsgjöld af vísindatækjum eru umtalsverð fjárhagsleg byrði fyrir íslenska rannsóknastarfsemi eins og fram kom í tilvitnun í fréttabréf Eðlisfræðifélagsins sem ég nefndi og veruleg hindrun á framförum á því sviði.

Það má aðeins bæta því hér við að ef við lítum á þær tekjur sem ríkissjóður hafði af heildarupphæð aðflutningsgjalda án jöfnunargjalds á slíkum tækjum árið 1981 er þar um u. þ. b. 26 millj. kr. að ræða. Af því sést að hér yrði um nokkurt tekjutap að ræða fyrir ríkissjóð en jafnframt hvílík byrði lögð er á íslenskar rannsókna- og vísindastofnanir sem verða að greiða þessi gjöld. Afleiðingin hefur verið sú því miður að innflutningur slíkra tækja hefur verið af mjög skornum skammti á undanförnum árum og þarf engan í sjálfu sér að undra. Íslenskar rannsóknastofnanir fjármagna tækjakaup sín annars vegar af fjárveitingum til tækjakaupa og hins vegar af eigin aflafé sem þær fá fyrir greidda þjónustu og rannsóknaverkefni sem greidd eru af utanaðkomandi aðilum.

Í þessu tilefni, herra forseti, væri kannske að lokum rétt að minna á að Ísland er skv. opinberum skýrslum rannsóknaráða Evrópu og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu í hópi þeirra þjóða sem minnst leggja til rannsóknastarfsemi. Við erum þar á bekk með þjóðum eins og Tyrklandi, Grikklandi og Spáni. Það er verulega innan við 1% af þjóðarframleiðslu sem árlega er varið til rannsókna og rannsóknarmála. Aðild okkar að þessum sáttmála og eftirfarandi breyting á tollskrárlögum sem ég gat um mundi eiga mikinn þátt í að bæta úr því ófremdarástandi, þeim þungu fjárhagslegu byrðum, sem rannsóknastarfsemi í landinu er búin af þessum sökum. Þess vegna er það von flm. að till. þessi fái jákvæðar undirtektir og verði þá vísað til nefndar, væntanlega utanrmn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil taka mjög undir efni þessarar till., en langar aðeins til að spyrja hv. 1. flm. nokkurra spurninga um leið og ég vek athygli á þeim málum en það eru tollalækkanir á efni fyrir myndlistarmenn.

Í grg. fyrir till. segir á bls. 2, með leyfi forseta:

„Ísland er eitt af fáum ríkjum í flokki svokallaðra þróaðra ríkja sem ekki hefur gerst aðili að sáttmála þessum. Ísland hefur þó í reynd framfylgt öllum ákvæðum Flórens-sáttmálans frá 1950 að undanteknu ákvæðinu um aðflutningsgjöld af vísindatækjum."

Nú hef ég reynt að fara í gegnum það sem ég hef getað aflað mér úr sáttmálanum sjálfum og ég skal viðurkenna að það er dálítið óljóst hvort vörur sem t. d. myndlistarmenn nota koma beinlínis undir ákvæði sáttmálans. Þó þykir mér það trúlegt vegna þess að hér er t. d. talað um að í viðaukabókun sem gerð var í nóv. 1976 nær tollalækkun yfir hljóðfæri og annan búnað til tónlistariðkana. Þá væri óeðlilegt að jafnsjálfsagðir hlutir eins og efni myndlistarmanna væri ekki þar með. Nú hef ég spurst fyrir um hvernig þessu sé háttað hjá tollstjóraembættinu. Þar hafa komið upplýsingar í þá veru að t. d. er 35% tollur á litum listmálara og 30% vörugjald. Á römmum er 17% almennur tollur og á teiknipappír 15%, vörugjald að vísu ekkert þar. Málaratrönur með 20% almennum tolli og málarapenslar 17%. Eins og mönnum er kunnugt reiknast þessi tollur af vöruverði, flutningsgjaldi, vátryggingu og öðrum kostnaði sem fer í að koma þessum vörum til landsins.

Það hefur um langt skeið verið baráttumál myndlistarmanna að fá þessar tollalækkanir í gegn. Það kann að vera að sáttmálinn snúist meira um flutning listaverka milli landa en mér þætti þá vænt um að 1. flm., hv. þm. Gunnar G. Schram, léti aðeins í ljós álit sitt á þessu efni því að ég er langt frá því að vera alveg viss hvort hægt er að benda á ákvæði í sáttmálanum sem fjallar beinlínis um þetta efni. En þess má geta að í niðurstöðum nefndar sem skilaði álitsgerð um starfsgrundvöll listamanna í nóv. 1982 skv. þáltill. sem samþykkt var á hinu háa Alþingi er ein till. nefndarinnar einmitt í þá veru að fara fram á niðurfellingu á gjöldum af efnisvörum myndlistarmanna og er þetta atriði eitt af þremur meginbaráttumálum þeirra sem þá nefnd skipuðu.

Ég vil að öðru leyti eins og ég sagði áðan lýsa stuðningi við þessa till. þó að mér þyki reyndar dálítið undarlegt að meira hefur borið á því nú en oft áður í þinginu að stjórnarþm. komi með tillögur um mál sem viðkomandi ráðh. og ríkisstj. væri í lófa lagið að gera hér og nú. En það er sama hvaðan gott kemur og auðvitað alveg sjálfsagt að staðfesta þennan sáttmála. Ég mun því veita því máli fylgi mitt en vildi sem sagt benda á þessi réttindamál myndlistarmanna.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 10. landsk. þm. fyrir ummæli hans áðan úr ræðustól og stuðning við þessa þáltill. og jafnframt fyrir að lýsa því yfir að það sé sama hvaðan gott kemur. Það er nú þegar komið nokkuð á fjórða áratug frá því að þessi sáttmáli var gerður og af einhverjum ástæðum hefur dregist að Ísland, eitt örfárra Evrópulanda, hafi samþykkt ákvæði hans.

Sáttmálinn fyrir utan viðaukabókunina tekur til eftirfarandi 5 flokka eins og reyndar kemur fram í grg. Í fyrsta lagi er þar um að ræða bækur, tímarit og skýrslur og hvers kyns sérútgáfur. Í öðru lagi listaverk, safngripi með menntunarlegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi. Í þriðja lagi sýningarefni og hvers kyns hljóðritað efni sem hefur menntunarlegt, vísindalegt og menningarlegt gildi. Í fjórða lagi vísindatæki og búnaður og það er það sem þessi till. snýst fyrst og fremst um. Í fimmta lagi vörur til afnota fyrir blinda.

Nú er það svo að ég tel mér nú kannske varla fært að kveða hér upp úrskurð um hvort þeir hlutir sem hv. 10. landsk. þm. nefndi, þ. e. efniviður til myndlistargerðar, fellur ótvírætt innan ramma þessa sáttmála. Mér er nær að halda, án þess að ég vilji þó fullyrða um það, að svo

sé ekki, að hér sé átt við eins og fram kemur í viðauka B þar sem segir: Listaverk, safngripir, þ. e. a. s. fullbúin listaverk, en ekki efnivið til gerðar listaverka í þeim skilningi. Þannig að mér býður í grun að svo sé skv. þessum sáttmála eftir því sem ég hef best eða næst komist.

Hins vegar vil ég taka undir þau orð sem hv. þm. lét falla um nauðsyn þess að undanþiggja opinberum gjöldum efni til listsköpunar og lýsa stuðningi mínum við þau sjónarmið sem hún bar fram hér í sinni ræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 43. fundur.

Mánudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 6. febr. 1984.

Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég mun ekki sakir veikinda geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sighvatur Björgvinsson fyrrv. alþm., taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhanna Sigurðardóttir
forseti Nd."

Með því að Sighvatur Björgvinsson hefur ekki setið áður á þingi á þessu kjörtímabili þarf að rannsaka kjörbréf hans. Vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að annast það verk. Á meðan er fundi frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og athugað kjörbréf Sighvats Björgvinssonar, 1. varaþm. Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi. Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréfið verði tekið gilt og samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Efri deild, 47. fundur.

Mánudaginn 6. febr., að loknum fundi í Sþ.

Skipun prestakalla, frv. 126. mál (þskj. 161) — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 161 er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð. Efni þessa frv. er að lagt skuli niður annað prestsembættið í Vestmannaeyjum, en þar hefur aðeins verið einn prestur starfandi um allmörg undanfarin ár. Í stað þess komi annar farprestur til starfa að kirkjunni. Annist hann þá prestsþjónustu í Vestmannaeyjum í forföllum sóknarprests. En eins og okkur er kunnugt er þar nokkur sérstaða þar sem mjög erfitt er fyrir nágrannaprest að gegna þar forfallaþjónustu og því nauðsynlegt að leysa það mál á annan hátt. Hins vegar nýtist slíkur farprestur þá víðar á landinu þegar á þarf að halda.

Það eru eindregin meðmæli með þessari breytingu frá Kirkjuþingi og Kjalarnesprófastsdæmi. Það var reiknað með að unnt yrði að afgreiða þetta frv. fyrir áramót og þess vegna er 3. gr. þess á þá leið að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1984. Ég vil biðja þá nefnd sem fær þetta mál til meðferðar að athuga að þarna mun þurfa breytinga við og þau öðlist þá gildi þegar við samþykkt eða þá einhvern tíma síðar en 1. jan. 1984.

Að svo mæltu legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Höfundalög, frv. 153. mál (þskj. 219). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Frv. til breytinga á höfundalögum, sem hér liggur fyrir, er samið af höfundaréttarnefnd sem skipuð var samkv. 58. gr. höfundalaganna nr. 73 frá 1972. Í höfundaréttarnefnd eru nú Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður, Björn Bjarman lögfræðingur og rithöfundur, Gaukur Jörundsson prófessor, Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri og Sólveig Ólafsdóttir stjórnarráðsfulltrúi. Nefndin hefur verið undir forustu dr. Gauks Jörundssonar.

Þetta frv. skiptist í tvo meginþætti. Annars vegar er um að ræða álagningu svonefnds höfundaréttargjalds á auð hljóð- og myndbönd ásamt tækjum til upptöku á slík bönd. Hins vegar eru í frv. tillögur um breytingar á réttarfars- og refsiákvæðum höfundalaganna. Hér verður á eftir fjallað um hvorn þáttinn fyrir sig, en bent skal á að með frv. er allítarleg grg. sem hefur m. a. að geyma ýmsar tölulegar upplýsingar sem máli skipta í þessu sambandi.

Ég vík þá fyrst að höfundaréttargjaldi.

Það er hlutverk og efni höfundalaga að veita mönnum réttarvernd á tilteknum andlegum verðmætum, bókmenntum og listum. Þegar höfundur hefur skapað tiltekið verk er honum veittur réttur til að hafa af því fjárhagslegar nytjar. Í þessu skyni er höfundi m. a. veittur einkaréttur til eftirgerðar á verkinu eða margföldunar á því og einnig er honum einum heimil birting verks í upphaflegri mynd eða breyttri í þýðingu og annars konar aðlögun, sbr. 3. gr. höfundalaganna. Veigamesta undantekningin frá meginreglu 3. gr. laga um einkarétt höfundar til að gera eintak af verki sínu er í 11. gr. laganna. Þar er leyfð eintakagerð án samþykkis höfundar og endurgjalds til hans ef eintökin eru höfð til einkanota eingöngu. Enginn má þó gera eða láta gera fleiri en þrjú slík eintök til notkunar í atvinnu sinni.

Undantekningarheimildin er bundin takmörkunum. Bann er lagt við mannvirkjagerð eftir verki sem nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist og eigi má leita aðstoðar annarra við eftirgerð verka sem njóta verndar samkv. reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttarlist. En nú er það svo, að tækniþróun síðustu ára hefur auðveldað alla eintakagerð svo mjög að þeir sem eiga hagsmuna að gæta telja helsta tekjustofni sínum veru-

lega ógnað. Á það jafnt við um höfunda sem flytjendur, útgefendur og framleiðendur hljóð- og myndrita ýmiss konar. Eintakagerð, sem áður þurfti töluverðrar sérkunnáttu við, hefur í seinni tíð orðið æ auðveldari með aðstoð nýrra og fullkominna upptökutækja sem fólk getur notað fyrirhafnarlítið á heimilum sínum. Eftir því sem eintakagerðin flyst í ríkari mæli frá höfundum og útgefendum inná heimilin verða höfundar af hefðbundnum og réttmætum greiðslum fyrir afnot hugverka sinna.

Má sem dæmi um þetta nefna þróun í hljómplötuútgáfu hér á landi. Á undanförnum árum hefur upplag góðrar hljómplötu minnkað úr því að vera 5—6 þús. eintök í 3000—3500 eintök. Hljómplata kostar nú um það bil 400 kr., en góð 60 mínútna kassetta aðeins 100—120 kr. Er því um augljósan sparnað að ræða og mikil freisting fyrir fólk að taka upp á nokkrar kassettur eftir plötunni og nota síðan aftur og aftur. Sömu möguleikar eru fyrir hendi um myndbönd.

Mikið hefur verið rætt og ritað um hvernig bæta megi höfundum þann fjármissi sem af margumræddri tækniþróun hefur leitt, og niðurstaðan hefur víðast hvar orðið sú, að sanngjarnasta leiðin væri lögfesting sérstaks gjalds á auð hljóð- og myndbönd og tæki sem ætluð eru til upptöku efnis á slík bönd. Hefur þetta gjald verið nefnt höfundaréttargjald þar sem því er ætlað að bæta höfundi tjón hans af tækni sem hann hefur enga möguleika á að ráða við.

Grunnhugsunin á bak við réttindi þau sem höfundi eru veitt í höfundalögum er sú að gera honum kleift að lifa af verkum sínum. Það er þýðingarlaust að segja höfundinum að hann geti séð við tækninni í upphafi og gert kröfu til höfundalauna í samræmi við mögulega notkun verksins. Slíkar kröfur geta gert útgefendum og framleiðendum ókleift að koma hugverkunum á framfæri í upphafi vegna gífurlegs kostnaðar. Mundi slíkt valda óhæfilega háu verði, t. d. á bókum og hljómplötum, en gera ólöglega eftirgerð enn þá eftirsóknarverðari og gróðavænlegri. Má þá búast við að á endanum sjái höfundar engan tilgang í því að koma verkum sínum á framfæri sem síðan gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Af þeim samanburði sem hér hefur áður verið gerður á verði hljómplatna og kassetta er augljóst að það munar ekki öllu fyrir kaupendur kassettanna hvort þær kosta t. d. 10—20 kr. meira eða minna, en það getur skipt sköpum fyrir rétthafana og því er þetta frv. nú lagt fram.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að við 11. gr. gildandi höfundalaga bætist tvær nýjar málsgr. Hin fyrri veitir höfundum verka sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti rétt til sérstaks endurgjalds vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd til einkanota. Til þess að standa straum af slíku endurgjaldi skal lagt gjald á tæki til upptöku verka á hljóð- og myndbönd, svo og á auð hljóð- og myndbönd og önnur bönd sem telja má ætluð til slíkra nota. Gjaldið skal greitt af tækjum og böndum, sem flutt eru til landsins eða framleidd eru hér á landi, og hvílir skylda til að svara gjaldi þessu á innflytjendum og framleiðendum. Um viðmiðun gjaldsins, fjárhæð þess og annað því viðkomandi skal sett reglugerð að höfðu samráði við heildarsamtök rétthafa svo og innflytjendur og framleiðendur.

Síðari mgr. 1. gr. frv. gerir ráð fyrir að samtök rétthafa, þar á meðal listflytjenda og framleiðenda, stofni sérstaka innheimtumiðstöð sem innheimti höfundaréttargjaldið. Skulu innheimtumiðstöðinni settar samþykktir í samvinnu við menntmrn. og þær staðfestar af rn. Verður í samþykktum þessum m. a. ákveðin skipting tekna með aðildarfélögum sem síðan sjá um úthlutun til sinna félagsmanna, en svo segir um þetta í grg. frv. á bls. 8 í lok þess kafla sem fjallar um 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Áskilnaður í 2. mgr. 1. gr. frv. um staðfestingu menntmrn. á samþykktum innheimtumiðstöðvar er í samræmi við gildandi lög og reglur um hin löggiltu höfundaréttarfélög, þ. e. STEF, SFH og Rithöfundasamband Íslands, á þá leið að samþykktir þeirra séu háðar staðfestingu rn. Þá er ákvæðið um framlög í úthlutunarsjóð hliðstætt ákvæðum í samþykktum höfundaréttarfélaganna."

Þessi leið út úr þessum vanda hefur víða verið farin og það eru nefnd dæmi um það einnig á bls. 5 í grg. með frv. Þar eru einnig fróðlegar upplýsingar um umfang upptöku til einkanota samkv. könnunum sem gerðar hafa verið.

Þá vík ég að síðara aðalatriðinu, um réttarfarsákvæði og viðurlög.

Á sama hátt og hröð tækniþróun gerir álagningu höfundaréttargjalds nauðsynlega verður hún einnig til þess að taka verður réttarfarsákvæði og refsiákvæði höfundalaga til endurskoðunar. Samkv. ákvæðum gildandi höfundalaga verður sá sem misgert er við að höfða mál þegar réttur er á honum brotinn. Á þeim tíma sem höfundalögin voru samin voru höfundaréttarbrot tiltölulega smáfelld miðað við stórfelldari brot sem hin nýjasta tækni gerir möguleg. Umfangsmikil og skipulögð brot á höfundarétti eru orðin alþjóðlegt vandamál sem hefur reynst erfitt viðureignar. Í grg. frv. á bls. 6—7 er fjallað um þennan vanda, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Að tilhlutan Alþjóðasamtaka hljóð- og myndritaframleiðenda (IFPI) var fyrir nokkru rannsakað, hvert væri umfang þessara lögbrota. Niðurstaða rannsóknarinnar benti til þess, að söluverðmæti ólöglegra hljóðrita næmi milli 1 og 1.2 millj. Bandaríkjadollara eða sem svarar 10% af heildarsöluverðmæti hljóðrita á markaði í heiminum."

Og síðar segir í grg. um sama efni: „Alþjóðleg samtök höfunda og annarra rétthafa og alþjóðastofnanir á sviði höfundaréttar, svo og Interpol, hafa látið þessi mál mjög til sín taka og gert tillögur um aðgerðir til að hamla á móti þessum skefjalausu lögbrotum."

Það er ljóst að hér á landi sem annars staðar eru möguleikar á umfangsmiklum brotum á rétti höfunda með ólöglegri hljóðritun á kassettur sem síðan er hægt að selja með miklum hagnaði. Hið sama á við um myndböndin. Í skýrslu myndbandanefndar frá 3. des. 1981 er fullyrt að hér á landi eigi sér stað stórfelld brot á höfundarétti og réttindum ýmissa aðila samkv. V. kafla höfundalaganna. Taldi nefndin brýna þörf úrbóta í þessu efni.

Nú á allra síðustu árum hafa myndbandaleigur sprottið upp víða. Að sjálfsögðu starfa þær flestar á fullkomlega löglegan hátt, en því hefur verið haldið fram með nokkrum rökum að hér á landi eigi sér stað ólögleg fjölföldun á myndbönd og mikill ólöglegur innflutning-

ur myndbanda eða að því eru færð töluverð rök að þetta eigi sér stað.

Þeir sem réttar síns hafa þurft að reka í þessu efni eiga alls ekki nægilega greiða né áhrifaríka leið til réttarvörslu. Þannig er við núverandi aðstæður hvorki kostur lögregluransnóknar né ýmissa úrræða sem völ er á í opinberum refsimálum, svo sem haldi muna, leit eða beitingu gæsluvarðhalds. Hafa því rétthafar sem gert hafa samninga í samræmi við alþjóðareglur um höfundarétt og fara að lögum átt í miklum erfiðleikum með að ná rétti sínum. Rétt er að hafa í huga að samkv. alþjóðasáttmálum, bæði Bernarsáttmálanum og alþjóðasamningi um höfundarétt, Genfarsáttmálanum frá 1952, hefur Ísland skuldbundið sig til að virða höfundarétt að verkum frá þeim þjóðum sem eru aðilar þessara samninga. Það er því ekki forsvaranlegt annað en að auðvelda þeim sem réttinn eiga að sækja hann fyrir íslenskum dómstólum.

Í frv. er því lagt til að farin verði svipuð leið hér og gert hefur verið hvarvetna á Norðurlöndum að Danmörku frátalinni, en þar í landi hafa einnig komið fram tillögur um breytingar í átt til opinbers réttarfars í höfundaréttarbrotum. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að brot á höfundalögum sæti opinberri ákæru. Ekki er þó um skilyrðislausa opinbera saksókn að ræða, heldur einungis að kröfu þess sem misgert er við og er honum ætíð heimil venjuleg málshöfðun.

Að lokum skal minnst á viðurlögin. Samkv. 54. gr. gildandi höfundalaga varða brot á þeim sektum eða varðhaldi allt að þrem mánuðum. Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að brot á höfundalögum varði sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Refsiviðurlög eru því hert og er það gert bæði til að auka varnaðaráhrif þeirra svo og til að greiða götu rannsóknar höfundaréttarbrota, sérstaklega að unnt verði að beita gæsluvarðhaldi eða öðrum þvingunarráðstöfunum í þágu rannsóknar alvarlegra brota.

Um aðrar greinar í frv. er það að segja að í þeim eru gerðar ýmsar lagfæringar á lögunum, sem leiða af þeim meginbreytingum sem hér hafa verið raktar.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að þessu máli verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt í eðli sínu ekki ósanngjarnt að gjald sé lagt á hljóðbönd og myndbönd, sem renni síðan til listamanna og eigenda flutningsréttar. Hins vegar hefur nú nýverið gengið hæstaréttardómur í Bandaríkjunum, sem mikla athygli hefur vakið, þar sem segir beinlínis að mönnum sé heimilt að taka upp efni úr sjónvarpi og annars staðar til einkanota og þá væntanlega án þess að nokkurt sérstakt gjald komi þar fyrir. Þessu una þeir illa sem hagsmuni hafa af framleiðslu kvikmynda vestur í Hollywood og hafa ekki farið neitt dult með það og munu ætla að beita áhrifum sínum á bandaríska þingmenn til að fá löggjöf breytt, svo sem tíðkast þar vestan hafs.

Hér er auðvitað um að ræða nýjan skatt á almenning. Þetta gjald hefur í för með sér að hljóðbönd og myndbönd hækka í verði. Hversu mikið veit enginn. Eins og kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. áðan verður gjaldið ákveðið í reglugerð, þannig að ekkert er um það vitað hversu mikil skattheimta verður hér á ferðinni. Ekki væri nú ófróðlegt að fá að heyra viðbrögð hæstv. fjmrh. við þessu nýja gjaldi. Hann er ekki staddur hér í deild núna. Hæstv. fjmrh. hefur margsinnis lýst því yfir að hann mundi segja af sér embætti verði nýir skattar lagðir á.

Hér er auðvitað ekki um annað að ræða en nýjan skatt. Ég endurtek að að vísu veit enginn enn hversu hár hann verður. Ég held að þessari gjaldtöku ætti að haga með þeim hætti að lækka samsvarandi aðflutningsgjöld á myndbönd, þannig að þau hækki ekki í verði frá því sem nú er. Þannig mun ég styðja að frv. nái fram að ganga þannig að aðflutningsgjöldin verði lækkuð sem nemur þessu gjaldi, sem renna á til listamanna og flytjenda, þannig að ekki verði um hækkun til almennings að ræða.

Nú er það alkunna að verðlag á hljóðböndum og myndböndum er allt að því tvöfalt hér á landi miðað við það sem er í löndunum í kringum okkur. Á tímabili var það svo að fá mátti þrjár myndbandspólur í Danmörku fyrir það sem ein kostaði hér. Það hefur aðeins breyst eftir að vörugjald var fellt niður, en engu að síður er gífurlegur verðmunur á þessu hér og erlendis. Þess vegna held ég að ekki sé á það bætandi að gera þessa hluti enn þá dýrari en þeir hafa verið fram til þessa. Og ég vil eindregið mælast til þess, og sjái sú nefnd sem frv. fær til meðferðar sér ekki fært að taka þá till. upp mun ég flytja hana sérstaklega, að þessi gjaldtaka verði ekki til að hækka verðið á þessum hlutum til almennings. — Raunar væri nú fróðlegt, virðulegi forseti, ef hægt væri að fá hæstv. fjmrh. hér stundarkorn inn í Ed. til að beina til hans einni spurningu sem ég vakti máls á áðan. (**Forseti:** Ég hef þegar látið athuga það.) Já takk.

Önnur atriði þessa máls, sem hér er fjallað um, get ég og við í Alþfl. út af fyrir sig lýst stuðningi við. Þarna eru gerðar eðlilegar breytingar. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. áðan, að falsanir á þessu sviði eru stóriðja glæpamanna sem gefa þeim mjög mikið í aðra hönd. Ég held að það sé nú ekki ástæða til að ætla að mikið sé um slíka starfsemi hér, en erlendis er þetta stóriðja á vegum skipulagðra glæpasamtaka, þar sem velt er milljónum og aftur milljónum dollara, og því miður hefur tæknimönnum ekki tekist að finna neinar leiðir til að koma í veg fyrir þetta. Þetta er auðvitað ekkert annað en venjulegur þjófnaður.

Það kann að vera svo, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. sé ekki í húsinu. (**HS:** Hann situr að tafli.) Já, það væri þá kannske rétt að óska eftir að hann gegndi þingskyldu sinni um stund. (**Gripið fram í:** Hann kemur í kvöld.) Já, ekki dreg ég það í efa.

En ég held að það sé alveg meginatriði þessa máls og raunar kjarni að hér er um nýjan skatt að ræða. — Já, það var, hæstv. fjmrh., vegna frv. til l. um breyt. á höfundalögum að ég vildi spyrja um afstöðu hæstv. fjmrh. til þessa gjalds. Nú er ljóst að þetta gjald, sem reiknað er með að lagt verði á myndbönd og hljóðbönd, er ekkert annað en nýr skattur á almenning. Og þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh.: Ætlar hann að greiða atkv. með því að nú verði lagður nýr skattur á fólkið í landinu, þá sem nota myndbönd og hljóðbönd, sem er verulegur hluti fólks, einkanlega kannske ungt fólk? Ætlar hæstv. fjmrh. að styðja þetta nýja gjald? Ég minnist þess, og það gera sjálfsagt fleiri, að hafa heyrt hann segja að hann mundi fremur segja af sér en stuðla að því að á væru lagðir nýir skattar. Ég minnist þess líka að hafa heyrt hæstv. fjmrh. segja í sjónvarp s. l.

mánudag við fréttamann: Hefur þú nokkurn tíma vitað að ég stæði ekki við orð mín? Og nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Ætlar hann að greiða atkv. með þessu nýja gjaldi, sem lagt verður á almenning samkv. frv.?

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það kann að vera að maður hafi ekki haft eyrun nægilega vel opin eða það ekki komið nægilega greinilega fram, en eru þegar uppi einhverjar hugmyndir um hvernig þessu gjaldi skal útdeilt, þ. e. með hvaða aðferðum eða með hvaða hætti menn ætla að láta þetta fé renna til þeirra aðila sem rétt eiga á því? Við búum við ákveðið fyrirkomulag á sviði hljómlistar, sem er í alla staði mjög ákjósanlegt, þar sem menn njóta þess beint hversu mikil afnot eru af verkum þeirra, en það verður ekki séð af því sem fyrir liggur hérna að hér sé um beint samhengi að ræða eins og fyrir hendi er í STEF-gjöldum. Mín fsp. hljóðar þannig: Hafa menn gert sér að einhverju leyti ljóst þegar, hvernig þær ætla að skipta tekjum af þessu gjaldi milli þeirra sem það eiga að fá?

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég lýsi samþykki mínu við þetta frv. Það er stigið mikið framfaraskref ef það verður samþykkt. Hins vegar tek ég undir þær efasemdir sem upp hafa komið hér varðandi skattlagninguna. Það var fyrir nokkru að rætt var um mál skyld þessu. Það var rekstur kvikmyndahúsa. Það er ljóst að þau hafa einkum goldið fyrir þá sjóræningjastarfsemi sem á sér stað í fjölföldun myndbanda. Er það mjög bagalegt og hvernig þeim málum hefur verið háttað. Þar að auki er starfsemi þeirra skattlögð svo hrikalega að engu tali tekur. Aðgöngumiðar í kvikmyndahús eru skattlagðir um 35.5%, sem er mesta skattlagning í veröldinni. Fyrir nokkru munu Samtök kvikmyndahúsaeigenda hafa sent fjmrh. erindi um það þar sem óskað var eftir að söluskattur yrði felldur niður. Mig langaði af þessu tilefni að spyrja að því hvort það erindi hafi verið athugað sérstaklega, en vissulega er þetta mál tengt dagskrármálinu.

Ég vona að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu til þess að hægt sé að koma sem fyrst í veg fyrir þá sjóræningjastarfsemi sem átt hefur sér stað. Og ég vænti þess að frv. verði afgreitt á þann hátt að almenningur þurfi ekki að þola meiri skattbyrðar en verið hefur og tek undir það með hv. 5. þm. Vesturl. að vel er athugandi að samþykkja þessa skattlagningu svo framarlega sem tryggt er að ríkið lækki sína skatta að sama skapi. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. svari þessu.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég vil aðeins þakka fyrir þær aths. sem fram hafa komið í sambandi við þetta frv. Það er eðlilegt að spurt sé um eitt og annað. Hér er um réttarsvið að ræða sem er í mótun víða um lönd og vissulega þurfum við að þreifa okkur dálítið áfram í ljósi bæði fenginnar reynslu og svo væntanlega reynslu framtíðarinnar einnig.

Að því er varðar spurningu hv. 8. þm. Reykv., þá er svarið þetta, að ætlunin er nú samkv. frv. að um fyrirkomulag á úthlutun þess fjár sem inn kemur eftir innheimtu höfundaréttargjalds verði settar reglur í samráði við heildarsamtök þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi. En ég vil leggja á það áherslu að mér þykir sjálfsagt að hafi hv. þm. ákveðnar ábendingar í þessu sambandi komi það fram við framhaldsumfjöllun málsins hér á Alþingi. Það yrði vafalaust til að greiða fyrir málinu og skýra allt þetta svið.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi náð spurningu hv. 5. landsk. þm. rétt, en hún er sú, hvort ég muni greiða því atkv. að gjald skuli innheimt af böndum og upptökutækjum sem flutt verða til landsins. Ég vil fyrst segja að hv. þm. og þm. almennt mega ekki útfæra afsagnarhótanir mínar yfir á allt sem til umr. er hér þegar ég tala um að ég eigi kannske ekki marga klukkutíma eftir í ráðherrastól hef ég í huga þann ramma sem Alþingi hefur samþykkt og birtist í fjárlögum. Þegar ég hef sagt að ég mundi ekki standa að auknum sköttum hef ég átt við hefðbundna skatta sem hafa verið hækkaðir nokkuð reglulega eftir því sem eyðsla ríkisins eða útgjöld hafa aukist frá ári til árs.

Við skulum á hinn bóginn hafa í huga að við erum hér að ræða um nýja tækni sem er að ryðja sér til rúms og er enn þá ekki búin að slíta barnsskónum og á eflaust eftir að þróast mjög mikið á tiltölulega skömmum tíma. Það eru hraðar framfarir á þessu sviði og hin nýja tækni kallar á nýjar ráðstafanir og ákvarðanir. Það gerir að verkum að líka er kallað á aukið álag á gjaldeyrisforða okkar. Allt er þetta keypt fyrir erlendan gjaldeyri sem þjóðin aflar. Gjaldeyrisforðinn hefur hingað til verið álagningarliður í innflutningi og þjóðfélagið hefur stólað á þær tekjur. Ég sé ekki að við getum orðið af innflutningstekjum sem við öflum þannig af þessum nýju tækjum og nýju myndböndum, hvort sem það eru hljóð- eða myndsegulbönd. Ég tel eðlilegt að sá gjaldeyrir sem fer í innkaupin skili því sem gjaldeyririnn skilaði áður — eða nokkurn veginn því sama — til þjóðfélagsins.

Ég mun nú greiða þessu atkv. og án hótunar um afsagnir, svo að það sé nú alveg ljóst, og tel að þessi fsp. hafi verið óþörf vegna þess að þetta er stjfrv.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er sem sagt ljóst að þó að hæstv. fjmrh. segist ætla að segja af sér ber ekki að taka það mjög bókstaflega. Hann segist ætla að segja af sér ef það verða lagðir á nýir skattar, en hann segist ekki ætla að segja af sér þótt að lögð séu á ný gjöld.

Hæstv. fjmrh. lækkaði á s. l. hausti aðflutningsgjöld af hljómplötum og myndböndum, en nú á að hækka það allt saman aftur. Nú á að gera almenningi að greiða enn þá fleiri krónur fyrir þessa hluti, gera þá enn þá dýrari en þeir eru í löndunum í kringum okkur, láta bilið breikka enn þá meira.

Hæstv. fjmrh. segir okkur annan daginn að nú ætli hann að segja af sér ef það verða hækkaðir skattar. Svo segir hann okkur hinn daginn að það beri ekki að taka allt of bókstaflega. Ég held að það sé rétt að menn íhugi þessar yfirlýsingar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég er nokkurn veginn sannfærður um að þessi mubla, sem ég stend í hér, er ekki smíðuð til að menn standi í pexi og leiki sér að því að gera öðrum upp skoðanir og orð sem ekki hafa verið sögð. Ég stend ekki og mun ekki standa að hækkunum á hefðbundnum sköttum. Ég hef aldrei nokkurn tíma látið orð falla um að ég mundi

segja af mér vegna þeirra. Það er eitt hverju ég treysti mér til að standa að og annað hverju ég treysti mér ekki til að standa að. Ef það er ekki nóg að hv. þm. heyri mig segja það hér og nú bið ég hann um að vitna í þau ummæli mín, fá þau úr skjalasafni þingsins, annaðhvort frá blöðum eða þingtíðindum, hvenær ég hef látið þau orð falla að ég muni segja af mér vegna þessa. Ég mun ekki standa að skattahækkunum. Það er annað mál.

Hitt er svo rétt að komi fram, að tollskráin almennt er í endurskoðun. Þeirri endurskoðun er lokið. Það er verið að reikna út niðurstöður þeirrar vinnu og mun frv. verða lagt fram hér á Alþingi mjög fljótlega. Þá fær hv. þm. Eiður Guðnason og þingheimur allur að sjá hvaða vinnu ég hef látið vinna í fjmrn. í þessum málum. Ég bið hv. þm. um að bíða þangað til frv. verður lagt fram með að dæma um hvað ég er að gera og hverju fjmrn. er að vinna að.

Ég bið hv. 6. landsk. þm. velvirðingar á því að ég svaraði ekki spurningu hans. Ég bara gleymdi því. Hann spurði um söluskatt á kvikmyndahúsum. Eins og ég gat um að mig minnir síðast þegar þetta mál var til umr., í síðustu viku ef ég man rétt, er þetta í endurskoðun í fjmrn. Ég get ekki sagt á þessari stundu hver niðurstaðan verður. En þetta er í vinnslu í fjmrn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Ég kem í stólinn fyrst og fremst til að fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. var að gefa hér um endurskoðun tolla- og skattalaga, að hún væri langt á veg komið og yrði unnt að leggja frv. fyrir Alþingi á næstunni. Hæstv. ráðh. hefur margsinnis lýst því yfir, m. a. úr þessum ræðustól, að hann hygðist láta endurskoða allan þann frumskóg tolla- og neysluskatta sem er með þeim ósköpum að sumar brýnustu lífsnauðsynjar eru kannske tollaðar og skattaðar um yfir 200%. Vara kostar á hafnarbakkanum 100 kr. en þegar búið er að leggja á hana toll og vörugjald og síðan álagningu kaupmannsins og svo söluskattinn ofan á allt saman fer vöruverðið kannske yfir 400 kr. Varan kostar komin til landsins 100 kr., kaupmaðurinn hirðir eitthvað í kringum 100, kaupmaður og heildsali ca. 50%. Þetta leggst ofan á öll þau gjöld sem þeir verða að reiða af hendi og síðan kemur söluskatturinn. Neytandinn borgar 400 kr., ríkið fær 200 kr. en kaupverðið er 100. Það er þetta mál sem hæstv. fjmrh. hefur verið að láta kanna að undanförnu og ég hef svo sannarlega reynt að stuðla að því og við í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deidar höfum unnið mikið að því með rn., Þjóðhagsstofnun og öðrum opinberum aðilum að reyna að komast til botns í þessu máli.

Það sem hér er verið að ræða um er auðvitað ákveðið vandamál á sviði menningarmála og auðvitað verðum við að finna einhverja lausn á því, eins og hæstv. ráðh. hér sagði. Hvort það verður kallaður sérstakur skattur eða eitthvað slíkt og hvort við hækkum eða lækkum í verði segulbandsspólur og þessi tæki, það er einmitt eitt af því sem verið er að athuga núna. Ég vildi helst ekki þurfa að taka þátt í því að rífast um það eða gera það að stórmáli á þessari stundu. Þetta hangir allt saman. Það er verið að vinna að þessu öllu og því fagna ég og vona að sem flestir eða kannske allir hv. þdm. geti tekið undir það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Kosning stjórnarskrárnefndar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Með tilvísun til 8. mgr. 15. gr. þingskapa er lagt til að kosin verði sjö manna nefnd til að fjalla um frv. til stjórnarskipunarlaga. Er því hér með lýst eftir tillögum þingflokka um menn í þá nefnd og vil ég biðja um lista.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Ragnar Arnalds (C),
Tómas Árnason (B),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Eiður Guðnason (C),
Valdimar Indriðason (A),
Stefán Benediktsson (C).

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til stjórnarskrárnefndar með 14 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. 150. mál (þskj. 209). — 1. umr.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Á þskj. 209 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breytingu á lögum nr. 97 frá 1980, um fæðingarorlof, og breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67 frá 1971, með síðari breytingum.

Meginmarkmið þessa frv. er að tryggja velferð barna og foreldra þeirra tímabilið eftir fæðingu barns. Það leggur til grundvallar mikilvægi barnaumönnunar og móður- og föðurhlutverksins fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga og fyrir þjóðfélagið sem heild. Lengi býr að fyrstu gerð og það er enginn vafi á því að bættar aðstæður ungbarnaforeldra skila sér margfalt til baka til þjóðfélagsins í formi betra mannlífs, aukinnar heilbrigði og færri félagslegra vandamála.

Á það er að líta, eins og segir í grg. með frv. með leyfi forseta, að „á undanförnum árum hafa þær breytingar m. a. orðið á högum fólks hér á landi að það er nú efnahagsleg nauðsyn fyrir fjölmörg heimili í landinu að hafa tvær fyrirvinnur. Á þetta einkum, en þó engan veginn eingöngu, við um þá aldurshópa sem nú eru að koma sér upp húsnæði, hasla sér völl í atvinnulífinu og eignast börn. Nauðsyn þess að hvert heimili hafi tvær fyrirvinnur sést m. a. á þeirri gífurlegu aukningu sem orðið hefur á atvinnuþátttöku kvenna undanfarin ár. Árið 1960 unnu um 29% kvenna utan heimilis, en árið 1982 voru 86.4% kvenna útivinnandi.“ Atvinnuþátttaka kvenna hefur sem sagt nánast þrefaldast á þessum 20 árum. „Það gefur auga leið að við slíkar aðstæður gefst konum lítið svigrúm til þess að sinna nauðsynlegri umönnun ungabarna. Heimilin bera það ekki fjárhagslega að önnur fyrirvinnan láti af launuðum störfum utan

heimilis til þess að sinna því mikilvæga hlutverki að annast um barn á fyrsta æviskeiði þess. Enn fremur fer þeim heimilum sífellt fjölgandi þar sem fyrirvinnan er aðeins ein, en nú mun um fjórða hvert barn í landinu vera á framfæri einstæðrar móður."

Það ber því brýna nauðsyn til að í skipan fæðingarorlofsmála sé komið til móts við þessar breyttu aðstæður kvenna og konum sé gert það kleift fjárhagslega að eignast börn. Það verður ekki gert nema með því móti að reynt sé að samhæfa hin mismunandi og félagslega nauðsynlegu hlutverk kvenna, móður- og fjölskylduhlutverk þeirra annars vegar og nauðsynlega þátttöku þeirra í atvinnulífinu hins vegar. Það er og eitt af meginmarkmiðum þessa frv.

Breytingar frá núgildandi lögum samkv. þessu frv. eru þessar:

Í fyrsta lagi er í frv. gert ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði fyrir allar konur. Greiðsla fæðingarorlofs tryggir móður næði og öryggi til samskipta við barn sitt eftir fæðingu þess. Þó að sex mánaða gamalt barn sé enn háð uppalanda sínum og sé hvergi nærri sjálfbjarga er það þó mun þroskaðra til að takast á við umhverfið en þriggja mánaða gamalt barn. Jafnframt er móðurinni gefið tækifæri til að ná sér eftir áreynslu barnsburðarins og aðlagast þeirri gjörbreytingu sem hann veldur á högum hennar.

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós hve mikilvægt það er fyrir velferð og þroska barns að náið og traust samband myndist milli þess og móður þess eða nánasta uppalanda þegar á fyrsta æviskeiði. Gildi móðurmjólkur fyrir ungabörn er ótvírætt bæði til næringar og verndar gegn sýkingum. Þó að allt sé betra en ekkert í þeim efnum hefur löngum verið miðað við a. m. k. sex mánuði sem æskilegan lágmarkstíma brjóstagjafar, en eftir þann tíma fer ónæmiskerfi barnsins að geta annað eigin vörnum. Jafnframt er brjóstagjöf mjög virk til að mynda sterk tilfinningatengsl milli móður og barns.

Núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir þremur mánuðum í fæðingarorlof. Er augljóst að þeir duga engan veginn til að uppfylla þessar lágmarkskröfur. Hér er því lagt til að fæðingarorlof lengist um þrjá mánuði og verði sex mánuðir. Til samanburðar má geta þess að í nágrannalöndum okkar er fæðingarorlof víðast hvar lengra en hér á landi. Í Frakklandi er fæðingarorlof fjórir mánuðir og fjórir til fimm mánuðir eftir aðstæðum í Noregi og Danmörku. Í Hollandi er fæðingarorlof sex mánuðir, níu mánuðir í Svíþjóð og í Finnlandi er það heilt ár, en þar er það lengst. Það er því ljóst að við erum nokkrir eftirbátar nágranna okkar á þessu sviði.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frv. að fæðingarorlofsgreiðslur miðist við full laun foreldris, þannig að foreldrið verði ekki fyrir fjárhagslegu tapi vegna fæðingarorlofs svo sem nú er. Í fyrsta lagi er með þessu verið að viðurkenna að störf þau er lúta að umönnun og uppeldi barna eru engu síður mikilvæg en störf á hinum almenna vinnumarkaði og að foreldrahlutverkið er a. m. k. jafnmikils virði og fyrirvinnuhlutverkið í krónum talið. Í öðru lagi er hér um beint fjárhagsatriði að ræða fyrir konur, sem annars munu lækka í launum við töku fæðingarorlofs og sem óvíst er að fjárhagur heimilanna geti borið, eins og ég gat um áðan. Sama gildir um feður sem velflestir eru hærra launaðir en mæðurnar og mundu því eflaust flestir lækka mikið í launum við töku fæðingarorlofs. Hér er því um að ræða mikilvægan þátt þess að feður geti nýtt sér þessi réttindi og borið aukna ábyrgð á umönnun barna sinna.

Eins og nú standa sakir er það aðeins lítill hluti feðra sem notfærir sér núgildandi heimild til fæðingarorlofs. Á síðasta ári munu karlar hafa verið aðeins rúm 4% þeirra sem fengu greitt fæðingarorlof hér á landi, á móti t. d. 33% í Svíþjóð.

Í dagblaðinu Tímanum 15. jan. s. l. er Jón Sæmundur Sigurjónsson deildarhagfræðingur í heilbr.- og trmrn. spurður að því, hvers vegna hann telji að svo fáir karlar notfæri sér fæðingarorlofsréttindi sín hér á landi.

Hann segir með leyfi forseta: „Reynslan erlendis er sú, að karlmönnum fjölgar yfirleitt hægt sem taka fæðingarorlof. Þeir eru feimnir á þessu sviði. En ekki ber að draga dul á að það kerfi sem við höfum sett upp er viss hindrun. Þarna virkar jafnréttisbaráttan með öfugum formerkjum. Núverandi kerfi þýðir nefnilega að fjölskyldan fer stundum mjög niður í launum ef karlmaðurinn tekur sér fæðingarorlof. Ef við hefðum hins vegar þann hátt á að launþegar héldu sínum föstu launum, þ. e. engin röskun yrði á þeirra högum við fæðingarorlof, þá má telja víst að meiri hvati yrði fyrir karlmenn að nota sér þessa heimild í lögum." Þess má geta í leiðinni að í Svíþjóð, þar sem þriðjungur fæðingarorlofsþega eru karlar, fá menn 90% launa sinna greidd í fæðingarorlofsgreiðslum auk þess sem kaupmáttur þeirra er mun meiri en hér á landi.

Í nágrannalöndum okkar er ekki óalgengt að fæðingarorlofsgreiðslur séu miðaðar við 70—90% af launum foreldra, nema í Frakklandi og Hollandi, þar sem foreldrar fá greidd full laun í fæðingarorlofi. Það er þó hæpið að bera saman fæðingarorlofsgreiðslu á þessum grundvelli því að vitaskuld eru laun og launakjör misjöfn eftir löndum. Hvað varðar aðstæður hér á landi þá vitum við að nú er svo komið fjárhag fjölmargra heimila að þau geta ekki séð á eftir einni einustu krónu af tekjum sínum. Því er hér lagt til að fæðingarorlofsgreiðslur miðist við full laun foreldris en ekki eitthvert prósentuhlutfall þeirra. Hins vegar gæti komið til álita að setja eitthvert þak á fæðingarorlofsgreiðslur þannig að þær færu aldrei upp fyrir ákveðna upphæð. Er það hugmynd sem mætti vel athuga í nefnd þeirri sem fær frv. til athugunar.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í frv. að allar konur fái a. m. k. óskert lágmarksfæðingarorlof án tillits til atvinnuþátttöku. Hér með er afnumið það óréttlæti gagnvart heimavinnandi konum sem viðgengst samkvæmt núgildandi lögum og í verki viðurkennd réttarstaða heimavinnandi móður og gildi starfa hennar fyrir þjóðfélagið í heild. Heimavinnandi konur sinna störfum sínum alla jafna án þess að fyrir komi nokkur greiðsla af hálfu þjóðfélagsins og tel ég það vera lágmarksviðurkenningu á störfum þeirra að þær sitji við sama borð og aðrar fæðandi konur.

Heimavinnandi konur búa oft einnig við fjárhagslegt óöryggi engu síður en útivinnandi konur, í sumum tilfellum jafnvel öllu meira. Er því jafnframt þess vegna brýnt að það öryggi sem greiðsla lágmarksfæðingarorlofs veitir nái einnig til þeirra. Þessu atriði hefur áður verið hreyft í frv. sem hæstv. núverandi félmrh. flutti á síðasta þingi en náði ekki að hljóta þar afgreiðslu.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að breytingar á lágmarksfæðingarorlofi miðist við 9. flokk taxta Verkamannasambands Íslands í stað 8. flokks skv. núgildandi

lögum, en í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins haustið 1982 var svo um samið að allir launamenn skyldu hækka um einn flokk 1. jan. 1983, þannig að þeir sem tóku laun samkvæmt 8. flokki VMSÍ þegar lögin voru sett taka nú laun skv. 9. flokki VMSÍ. Hér er því aðeins um eðlilega lagfæringu að ræða.

Í fimmta lagi er í frv. gert ráð fyrir að faðir eigi þess kost að taka fæðingarorlof í tvo mánuði með samþykki móður í stað þess eina mánaðar sem núgildandi lög kveða á um. Skerðist þá fæðingarorlof móður sem því nemur. Það er ekki síður mikilvægt að faðir hafi tök á að tengjast barni sínu sem nánast og sem fyrst og að foreldrum sé gefið tækifæri til að leggja grunninn að jafnri ábyrgð á börnum sínum. En til þess er sá eini mánuður, sem feður eiga nú rétt á skv. gildandi lögum, mjög naumur. Ekki er gert að skilyrði að hér sé um að ræða tvo síðustu mánuði fæðingarorlofs, heldur ráða foreldrar tilhögun orlofstökunnar sjálf án afskipta löggjafans.

Sveigjanleiki í tímaákvörðunum er æskilegur að þessu leyti vegna breytilegra aðstæðna fjölskyldna. Því getur faðir tekið orlof sitt hvenær sem er á þessum sex mánuðum svo fremi móðir sé því samþykk. Ákvæðið um samþykki móður er óbreytt frá núgildandi lögum og tekur sem fyrr mið af því að það er móðirin sem þarf að ná sér heilsufarslega eftir áreynslu barnsburðarins.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir að fæðingarorlof lengist um tvo mánuði sé um tvíburafæðingu að ræða, og um allt að fjóra mánuði eignist kona fleiri en tvö börn. Slíkar fæðingar eru fáar hér á landi svo að ekki er um neinn umtalsverðan kostnaðarauka að ræða af þessum sökum. Hins vegar er það ljóst að fjölburaforeldrar þurfa lengri tíma til að aðlagast breyttum aðstæðum en einburaforeldrar og að ýmis vandamál geta komið upp í þessu sambandi, eins og dæmi um fæðingu þríbura á Djúpavogi leiddi í ljós nýlega. Hér er því aðeins um sjálfsagt tilhliðrunaratriði að ræða.

Í sjöunda lagi er í frv. gert ráð fyrir að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eigi sama rétt á fæðingarorlofi vegna töku barns eða barna og aðrir foreldrar. Eðlilegt hlýtur að teljast að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar njóti sama réttar og aðrir foreldrar í þessu sambandi, þar sem tíma þarf til þess að aðlagast breyttum aðstæðum, bæði fyrir foreldrana og barnið. Einnig hér eru tilfelli svo fá að ekki mun vera um umtalsverða kostnaðaraukningu að ræða.

Þá er komið að kostnaðarhlið þessa frv. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að lenging fæðingarorlofs taki gildi í áföngum, þannig að við gildistöku frv. sem laga frá Alþingi lengist fæðingarorlof aðeins um einn mánuð og verði fjórir mánuðir, en lengist síðan um aðra tvo og verði sex mánuðir, eins og frv. kveður á um, ári síðar. Er þetta gert vegna þess að frv. felur í sér nokkurn kostnað fyrir ríkissjóð sem auðveldara ætti að vera að ráða við í áföngum miðað við núverandi stöðu ríkisfjármála.

Skv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins munu á síðasta ári hafa verið greiddar 121 millj. 743 þús. kr. í fæðingarorlof til 4258 fæðandi kvenna. Þessar greiðslur skiptast þannig að fullt fæðingarorlof fengu 2718 konur, ⅔ hluta fæðingarorlofs fengu 778 konur og ⅓ hluta fengu 762 konur. Ef allar konurnar hefðu fengið fullt fæðingarorlof, eins og frv. kveður á um, hefðu fæðingarorlofsgreiðslur hækkað um 21.7% og heildarupphæð þeirra orðið 148.2 millj. kr. Þarna bætast því við rúmar 26 millj. Ef miðað er við lágmarksfæðingarorlofsgreiðslur til allra kvenna, 4% hækkun á ári og fjögurra mánaða fæðingarorlof, ef við bætum m. ö. o. við einum mánuði, eins og fyrsti áfangi frv. gerir ráð fyrir, hækkar upphæðin um 74 millj. kr. og verður 2221 millj. kr. Ef við síðan gerum ráð fyrir að konurnar njóti fullra launagreiðslna þessa fjóra mánuði hækkar upphæðin enn um 61 millj. og verður tæpar 283 millj. kr. Þessar tölur eru byggðar á útreikningi kjararannsóknarnefndar á áætluðum meðallaunum kvenna á aldrinum 15—44 ára í janúar 1984. Með því að gera ráð fyrir 61% hækkun á taxtavísitölu áætlar kjararannsóknarnefnd að meðallaun kvenna á barneignaraldri mundu verða um 17 830 kr. í janúar 1984. Er sú tala lögð til grundvallar í þessum útreikningum sem Tryggingastofnun ríkisins annars annaðist.

Þar sem áætlað er að á þessu ári verði greiddar 137 millj. 300 þús. kr. í fæðingarorlof skv. núgildandi lögum telst kostnaður við fyrri áfanga þessa frv. alls vera u. þ. b. 145.6 millj. kr. Þegar við síðan bætum tveimur mánuðum við þá fjóra mánuði sem þá eru komnir, þannig að fæðingarorlof verði sex mánuðir eins og frv. kveður á um, munu fæðingarorlofsgreiðslur nema 421 millj. 800 þús. kr. miðað við sömu forsendur. Það eru sem sagt um 139 millj. kr. sem bætast við vegna framkvæmdar síðari áfanga frv. Er heildarkostnaður vegna þessa frv. þá orðinn 284 millj. 500 þús. kr.

Ef feður skyldu nýta sér fæðingarorlofsréttindi í auknari mæli við þessa lagabreytingu en nú er, þá má gera ráð fyrir að þessi upphæð hækki eitthvað vegna þess að meðallaun karla eru allmiklu hærri en meðallaun kvenna. Þetta er óvissuatriði sem því miður er ekki hægt að ná inn í þessa útreikninga.

Nú kann ýmsum að finnast að hér sé verið að fara fram á töluvert, að 285 millj. kr. á ári sé nokkuð há fjárhæð. En er sú fjárhæð nokkurn tíma of há sem við verjum til aðbúnaðar barna okkar? Er það ekki siðferðileg og samfélagsleg skylda okkar að horfa ekki í eyrinn þegar þau eiga í hlut? Við vitum jafnframt að ef við spörum á þessu sviði erum við að spara eyrinn og kasta krónunni. Það getur kostað okkur margar beinharðar krónurnar, þegar fram í sækir, að hafa sparað við barn í uppvexti. Það vitum við af fenginni reynslu. Hvaðan eiga peningarnir að koma? kann einhver að spyrja. En þá spyr ég: Hvaðan koma þeir peningar sem við erum yfirleitt að ráðstafa hér á Alþingi? Hvaðan koma peningar t. d. í uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir? Þar er um nokkurn veginn sömu upphæð að ræða í ár og ég er að tala um. Þar er um að ræða 280 millj. kr. Hvaðan koma peningar í nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, í afborganir af erlendum lánum o. s. frv.? Enn á ný er það spurningin hvernig við viljum skipta okkar sameiginlegu fjármunum, hverjum við viljum veita forgang að hverju við viljum hlúa.

Með þessu frv. er verið að leggja til að við kostum nokkru, óneitanlega nokkru til aðbúnaðar barna á fyrsta æviskeiði þeirra, að við kostum nokkru til aukinnar líkamlegrar og andlegrar heilbrigði landsmanna. Slík verkefni teljum við Kvennalistakonur vera forgangsverkefni, verkefni sem enga bið þola. En ef mönnum finnst nauðsynlegt að finna nýjan tekjustofn til að standa straum af kostnaði vegna fæðingarorlofs,

þá vil ég benda á að vel kæmi til álita að auka eitthvað hlut atvinnurekenda í þessum greiðslum. Mér sýnist að atvinnurekstur í landinu mundi bera slíkt nú um stundir. Þess ber þá að gæta að atvinnurekendur eiga hér nokkurra hagsmuna að gæta. Aukin heilbrigði og betri aðbúnaður einstaklinga skilar sér tvímælalaust og margfalt til baka í atvinnulífi þjóðarinnar.

Hins vegar er það engan veginn einsýnt að leita þurfi nýrra tekjustofna til að fjármagna þetta frv. Mér sýnist ekki vera í kot vísað hjá ríkissjóði þessa dagana ef marka má þau frumvörp sem nú eru til meðferðar í fjh.- og viðskn. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Ef frumvörp þessi verða að lögum þýða þau tekjutap fyrir ríkissjóð og það meira að segja óútreiknanlegt. Virðist ríkissjóð ekki muna um það í bili frekar en þann tekjumissi sem hann hefur borið vegna niðurfellingar gjalds á ferðamannagjaldeyri svo að eitthvað sé nefnt. Varla getur þó verið að okkur sé eigi fjár vant, heldur hlýtur málið að snúast um forgangsröðun verkefna eins og ég hef þegar bent á.

Eins og áður sagði er það megintilgangur þessa frv. að tryggja velferð barna og foreldra þeirra tímabilið eftir fæðingu barns. Á máli peninganna er verið að leggja til að við fjárfestum í auknum mæli í börnunum okkar, í aukinni líkamlegri og andlegri heilbrigði þeirra og foreldra þeirra. Konum hefur alla tíð verið það ljóst að börn eru ekki ókeypis frekar en annað í þesssari veröld. Vona ég að sá skilningur fari að skila sér út fyrir þeirra hóp hafi hann ekki þegar gert það.

Með þessu frv. er verið að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi, hina gífurlegu aukningu sem orðið hefur á atvinnuþátttöku kvenna á undanförnum árum og þá staðreynd að nú er það efnahagsleg nauðsyn fyrir fjölmörg heimili í landinu að hafa tvær fyrirvinnur. Hér er leitast við að samhæfa móður- og föðurhlutverkið annars vegar og fyrirvinnuhlutverkið hins vegar, leitast við að skapa svigrúm í þjóðfélaginu fyrir fólk, þá ekki síst konur, til að annast um börn sín á fyrsta æviskeiði þeirra. Þannig er leitast við að tryggja velferð barna og mæðra þeirra á fyrsta æviári barnanna sem allir vita að er einkar viðkvæmt fyrir báða aðila. Jafnframt er leitast við að gefa feðrum kost á að taka aukinn þátt í umönnun barna sinna. Með því er verið að stuðla að jöfnun foreldraábyrgðar og treysta innbyrðis tengsl fjölskyldunnar á þýðingarmiklu og viðkvæmu skeiði. Hér er einnig verið að viðurkenna almennt þjóðfélagslegt gildi móðurhlutverksins og þeirra starfa sem því fylgja, þar sem lagt er til að allar fæðandi konur njóti sama réttar án tillits til atvinnuþátttöku.

Að síðustu er hér verið að leggja til, þótt í smáu sé, breytt gildismat við forgangsröðun mála. Það er verið að leggja til að við veitum nokkrum fjármunum til þess að tryggja velferð þeirrar kynslóðar sem á að endurnýja þjóðfélagið og um leið velferð foreldra hennar sem í dag eru veigamikil burðarstoð íslensks þjóðfélags. Framtíð þessa lands býr í börnunum okkar. Það er því þjóðarhagur að hlúa vel að þeim

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég óska þess að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að hér er tvímælalaust um eitt þýðingarmesta mál þessa þings að ræða, sem vissulega verðskuldar vandaða skoðun og athugun. Í þessu frv., sem nú hefur verið gerð góð grein fyrir, er um tvíþættan megintilgang að ræða. Annars vegar um jöfnunina á réttindunum, hins vegar um lenginguna á þessum réttindum.

Á þessu stigi vil ég ekki tjá mig afdráttarlaust um hið síðara sem í raun er þó kannske meginatriði þessa frv. Ég á þar við hversu langur tími hér skuli gilda, fjórir mánuðir þegar við gildistöku laganna en sex mánuðir síðar. Vissulega er hér um æskilegt markmið að ræða, ég tek fyllilega undir það. Ég þykist hins vegar vita að ýmsum þyki langt gengið. Um það má líka deila hvar skynsamlegast og eðlilegast sé að draga þessi mörk og hversu langt skuli ganga. Þar vegur hinn almenni kostnaðarþáttur vissulega þungt. Ég dreg þó ekkert úr því að sá þáttur á ekki að vera ráðandi í þessu efni. Hins vegar er þetta mál sem önnur velferðar- og félagsleg málefni þess eðlis, að það hlýtur að skoðast í ljósi annarra málefna einnig og hlýtur að varða, eins og hv. flm. kom inn á, röðun um forgangsverkefni. Forgangsverkefni, sem þola enga bið, og síðan æskileg úrlausnarefni sem þoka ber fram í réttlætis- og velferðarátt.

Hv. flm. vék að þeim tímum sem við erum sögð lifa á núna, kreppu- og samdráttartímum sem við sjáum sums staðar greinilega merki um en annars staðar ekki, eins og hv. flm. kom réttilega inn á, þegar við þessa dagana erum að fjalla um mál hér á þinginu sem varðar stórkostlegt tekjutap ríkissjóðs. En vitanlega er þar einvörðungu um það að ræða að verið er að færa til fjármagnið í þjóðfélaginu á þann hátt sem þessi hæstv. ríkisstj. stefnir að. Volæðishjalið er reyndar orðið svo áberandi í umræðunni allri að það er auðvitað engin tilviljun. Það er notað til þess að þrýsta niður lífskjörum. En það er ekki síður notað til þess, og á það legg ég áherslu varðandi þetta mál sem önnur almenn velferðarmál, þetta volæðishjal er beinlínis notað til þess að má út eða draga sem allra mest úr ýmsum þeim félagslegu ávinningum sem hafa þó náðst á síðustu árum. Til þess eru refirnir skornir fyrst og síðast með öllu því volæðiskjaftæði, sem mig langar til að nefna svo, sem nú veður yfir þessa þjóð. Og þegar að því er stefnt af hæstv. núv. ríkisstj. leynt og ljóst að færa fjármagn þannig til, þá hljótum við líka, jafnframt því sem við reynum að þoka félagslegum réttlætismálum fram á við, að verja áunnin réttindi sem verðmætust eru þeim sem minnst hafa.

Ég dreg engan veginn úr mikilvægi þess þáttar sem þetta frv. fjallar um. Ég tek undir fjölmargt í rökum og málflutningi hv. flm. Hér er um aðkallandi verkefni að ræða. Við þurfum einnig að gera varðandi þetta verkefni nauðsynlegan samanburð við önnur verkefni þannig að þetta óneitanlega stóra stökk fram á við í fæðingarorlofsmálum sé valið umfram annað. Hv. flm. flutti fyrir því glögg rök hér áðan. Ég get tekið undir þau en jafnframt nefnt ýmis önnur velferðarmálefni okkar sem vissulega þarf að taka til athugunar jafnframt. Ég vil að því hyggja og skoða með jákvæðu hugarfari m. a. hversu langt er unnt að ganga, og það legg ég áherslu á, án þess að það komi þá niður á öðrum. Ég óttast, miðað við það hugarfar sem nú virðist ríkja, að ef menn ná eitthvað lengra á einu sviðinu sé það látið bitna á öðrum þýðingarmiklum málaflokkum.

Þennan jákvæða fyrirvara vil ég hafa nú, einkum þar sem hugmyndirnar sem á lofti eru nú í þjóðfélaginu eru

með mjög neikvæðum formerkjum, hvort sem er í heilbrigðis-, trygginga- eða félagsmálum. Stefnumiðið sem slíkt er hins vegar sjálfsagt og við það get ég lýst fyllsta stuðningi.

Að öðru leyti vil ég endurtaka að þarna er um stórt og þýðingarmikið mál að ræða sem vissulega ber að skoða vandlega og fá á sem farsælasta lausn. Auðvitað eigum við að stefna að því að vera ekki með þessar eilífu áfangalausnir, sem við höfum verið með, heldur reyna að finna á þessu máli frambúðarlausn þó hún verði kannske seint fundin svo að allir séu ánægðir og öllum þyki viðunandi. Saga þessa máls er vissulega saga áfanga, vissra áfangasigra, nokkurra sigra, en sannarlega þarf þar að ýmsu að hyggja, og raunar kom það fram í ágætri og greinargóðri framsögu hvernig þessi mál höfðu gengið til áður og hvaða misrétti ríkti í dag í þeim efnum.

Fyrsta lausnin var, eins og menn þekkja, bundin við Atvinnuleysistryggingasjóð með þeirri stífu viðmiðun vinnutekna sem þar var. Sú lausn var vissulega til mjög verulegra bóta fyrir stóran hóp í þjóðfélaginu, en málið var í grundvallaratriðum ranglega upp sett. Ég lýsti því yfir hér þá þegar. Útilokunin, hin algera útilokun sem í því fólst, var vitanlega stærstur annmarki á þeirri lagasmíð. Sá áfangi sem við stöndum nú andspænis sem staðreynd er að vísu miklu rýmri og alger útilokun er þar ekki á ferðinni, en veruleg mismunun vissulega. Og enn er það tekjumarkið sem ræður hér mestu. Á sínum tíma var mjög um þetta fjallað og viðmiðunin var alveg sér í lagi til umræðu. Ég man glöggt að við, sem vildum þá ganga lengra án þess að stíga jafnvel skrefið til fulls jafnaðar, mættum ýmsum mótrökum sem uppi voru höfð. Og ég efast ekki um að þau verði höfð uppi nú alveg eins og þá.

Grunninntakið hlýtur að vísu að vera það sem hv. flm. talaði um. Það hlýtur að vera fólgið í þeim möguleikum sem orlofið veitir foreldrum til samskipta við börn sín, til umönnunar barna sinna á þessu viðkvæma stigi. Það getur ekki verið, eins og margir hafa haldið fram, að grunni til beint framfærsluatriði. Hitt hlýtur að vera grunninntakið þó að framfærsluatriðið spili vissulega hér inn í og hafi m. a. verið notað til þess að skapa þá mismunun sem í þessum lögum felst í dag.

Það hafa þar af leiðandi alltaf verið uppi raddir sem hafa bent á möguleika hinna heimavinnandi foreldra, ef við orðum það þannig, til að vera hjá barni sínu án teljandi tekjutaps og annarrar röskunar. Þessar röksemdir höfum við heyrt hér í þinginu. Nú sé ég að hv. þm. Davíð Aðalsteinsson horfir á mig alvarlegum augum. En svo miklu lengra man ég þó en hann, að þær röksemdir voru svo sannarlega uppi hafðar hér. Þannig hafa hinar heimavinnandi húsmæður orðið um of út undan. En staðreyndin er oftast sú, að þær hafa ekki vegna sinna heimilisaðstæðna, m. a. ómegðar eða veikinda, komist út á vinnumarkaðinn og þar af leiðandi aldrei náð neinum vinnutekjum, einfaldlega af því að það var þeim útilokað. Þær komust ekki í þá aðstöðu. Ég nefni bændakonur, sem hafa verið nokkrum sinnum til umræðu hér, konur í sveit, sem hafa goldið þess t. d., ekki að þær hafi ekki unnið nóg utan heimilisins, þ. e. við þá atvinnugrein sem þær stunda, heldur að hlutur þeirra í vinnuframlagi búsins hefur verið herfilega vanmetinn. Svo mætti áfram telja. Vissulega ber okkur að ganga braut jafnréttis og jafnaðar til enda í þessu þýðingarmikla máli. Ég rifjaði upp í gærkvöld orð mín úr fyrri umr. um þessi mál þar sem ég m. a. lýsti síðustu lausn sem mikilsverðum en síður en svo fullnægjandi áfanga.

Hv. flm. gerði mjög góða grein fyrir kostnaðarhlið þessa frv. Mætti hæstv. ríkisstj. svo sannarlega nokkuð af því læra, því að hún leggur hér fram frv. sem bæði valda tekjumissi hjá ríkissjóði og útgjaldaaukningu án þess að hirða hið minnsta um að gera tilraun til að gefa þingheimi upplýsingar um hvað slíkt muni hafa í för með sér í tekjutap eða útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð. Vissulega er hér um að ræða talsverðar upphæðir, en ég tek líka undir það, að það eru upphæðir sem vissulega má færa full rök fyrir að sé vel varið, því að í fátt er okkar fjármunum betur varið en til þessa verkefnis, og þá fyrst og síðast ef það mætti verða til þess að auka hamingju fólks og lífsfyllingu í þessu þjóðfélagi streitu og lífsgæðakapphlaups.

Það væri freistandi að kalla hæstv. félmrh. hingað og inna grannt eftir afstöðu hans og hæstv. ríkisstj. í þessu máli. Ég þykist vita að hv. 5. þm. Vesturl., Davíð Aðalsteinsson, svari fyrir hann nokkurn veginn í því efni. Ég nefni hæstv. félmrh. sakir tillöguflutnings hans og málflutnings á s. l. þingi varðandi jöfnuð í þessum efnum. Þar var þetta mál sett á oddinn og síðan gert að meiri háttar kosningarmáli hans flokks svo að við, sem höfðum kannske haft öllu meiri sýnilegan áhuga á því, lentum jafnvel í varnarstöðu út af þessum sýndartillöguflutningi sem ég vil kalla. Ég minnist þess ekki, það kann að vera misskilningur, en ég minnist þess ekki að sjá þetta mál á lista hæstv. ríkisstj. yfir þau mál sem hún hyggst koma fram á þessu þingi. Nú leiðréttir hv. þm. Davíð Aðalsteinsson mig ef mig rangminnir. Þetta mál er kannske efst á óskalistanum, en ég man ekki eftir að hafa séð það þar. Og ríkisstj. ræður hér ferðinni sem í öðrum málum, þessi ríkisstj. alveg sérstaklega, því að hún er einhvern veginn þannig gerð að hún þykist lítið þurfa að spyrja þingið hvernig málum sé háttað, a. m. k. mjög lauslega, ef hún gerir það.

Hins vegar skal ég ljúka þessu máli mínu með yfirlýsingu um að hér er um þarft mál og gott að ræða. Það er mikils vert sem þáttur í almennri velferð þjóðfélagsþegnanna og við þurfum, þrátt fyrir minn fyrirvara sem ég gerði á þessu stigi, að stefna sem allra lengst bæði til aukningar og jafnaðar. Því ber að fagna þessu frv. og stuðla að vandlegri athugun og sem jákvæðastri afgreiðslu þess.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég fagna eindregið þessu frv. og vonast til að það fái stuðning á þessu þingi og að ekki verði dregið úr hófi fram að afgreiða það því að þetta er mjög brýnt hagsmunamál kvenna og barna. En þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem um það mun fjalla ætla ég ekki að hafa þetta mál mjög langt.

Síðasti hv. ræðumaður færði hér nokkur rök fyrir því að heimavinnandi foreldri verði ekki fyrir tekjutapi vegna fæðingar. Við eigum eflaust eftir að heyra það að heimavinnandi húsmæður verði ekki fyrir tekjutapi við að eignast börn vegna þess að þær séu ekki vinnandi. Þetta er mjög dæmigert fyrir mat á störfum heimavinnandi húsmæðra. En þær eru að vinna að bústörfum og ber að meta það vinnu. Og á meðan þær eru að fæða

barn hljóta þær að verða fyrir verulegri vinnuskerðingu við sín heimilisstörf og þurfa aðstoð. Ekki halda menn að þær sitji allan daginn með hendur í skauti sér. Þess vegna finnst mér það líka mjög brýnt að þær verði þessara réttinda aðnjótandi og konum verði ekki mismunað eftir því hvort þær eru útivinnandi eða heimavinnandi.

Eins og við vitum mæta vel taka sveitakonur þátt í bústörfum. Það vill nú svo til að ég var einmitt búkona í sveit þegar ég átti mitt síðasta barn. Ég veit mæta vel að þær sem unnu úti höfðu þennan rétt og fengu borgað frá ríkinu. En af því að ég vann við bústörf átti ég engan rétt. Þetta eru málefni sem ég held að konur skynji mun betur en karlmenn. En nú sé ég að þeim er farið að fjölga hér inni. Ég taldi þm. hér áðan og af 20 þm. í þessum sal voru fjórir og stundum fimm karlmenn hér inni, en þær þrjár konur sem eiga hér sæti sátu allan tímann. Þetta er dæmigert. Þetta á sér oft stað þegar verið er að tala um kvennamál. En þetta er, ekki bara mál okkar kvenna. Karlmenn eiga þátt í því að við ölum okkar börn og þeir eiga að bera ábyrgð á því líka. Ég vonast til þess að heyra álit fleiri karlmanna hér en því miður er tíminn farinn að þrengjast því að þessi fundur hættir kl. 4. En látið þið til ykkar heyra og takið afstöðu til þessa máls, ekki að drepa því á dreif með því að fresta því þangað til á næsta þingi.

Það kom fram hjá hv. flm. að millistigið yrði að fæðingarorlofið yrði lengt í fjóra mánuði. Það er aðeins um einn mánuð að ræða í viðbót við núverandi lög ásamt því að þarna yrði til viðbótar tekið tillit til allra kvenna, það yrði ekki skilið á milli heimavinnandi og útivinnandi húsmæðra í þessu sambandi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég kem hingað í ræðustól ekki síst vegna orða hv. 2. þm. Austurl. sem var svo vinsamlegur að víkja orðum sínum til mín. Ég vil fyrst segja honum að ég ætla mér ekki að gerast sérstakur talsmaður hæstv. félmrh. eins og hv. 2. þm. Austurl. var raunar að mælast til.

Eins og fram kom í máli hv. 2. þm. Austurl. var fæðingarorlof til umfjöllunar hér í þinginu fyrir örfáum árum og mér er ljúft að minnast þess að við hv. þm. áttum þá allnokkurn hlut að því máli. Það var að sjálfsögðu ríkisstjórnarmál en við áttum okkar þátt í að þoka því í gegnum þingið. Við áttum þá eins og nú báðir sæti í heilbr.- og trn. Ed.

Ég þakka hv. flm. fyrir ágæta ræðu. Að mínum dómi var sú ræða vel fram sett, málið skýrt og það ekki síst til fyrirmyndar að taka fram í lokin hvern kostnað frv. hefði í för með sér. Ég vil taka undir þau orð, sem hér féllu áðan, að það mættu fleiri leitast við að skýra nákvæmlega frá því, a. m. k. eftir því sem kostur er, hvaða kostnað hin ýmsu frumvörp hafa í för með sér sem hér eru flutt á hinu háa Alþingi.

Ég ætla ekki að taka efnislega afstöðu til þessa frv., hvorki þeirrar tímalengdar sem gert er ráð fyrir að gildi endanlega um fæðingarorlof né heldur hvort í einu og öllu eigi að gilda nákvæmlega sami réttur vegna heimavinnandi og útivinnandi foreldris. Hitt skal ég viðurkenna, að mér hefur ætíð sviðið sárt hversu hlutur heimavinnandi foreldris, og þá í langflestum tilvikum húsmæðra, er fyrir borð borinn. Ég hygg þó að hin síðari ár, þó að það hafi e. t. v. ekki komið nógsamlega fram, hafi öfugþróun margra ára fremur snúist við en hitt. Þetta skynjar maður kannske fremur af almennum umræðum um hlutverk húsmóðurinnar en í löggjöf eða öðrum stjórnsýslulegum ákvörðunum. Ég vil í þessu sambandi halda áfram og vitna aðeins til ummæla hv. flm. sem mér fannst fara býsna mörgum og e. t. v. of mörgum samanburðarorðum um það hvernig þessum málum væri háttað í öðrum löndum. Ég vil ekki neita því að eðlilegt sé að gera samanburð, kannske ekki síst við þær þjóðir sem okkur eru skyldastar og við höfum að mörgu leyti mikil samskipti við, en í þessu máli sem öðrum er að mínum dómi eðlilegast að miða að mestu leyti við þær aðstæður sem hér eru heima fyrir. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, að þær þjóðir sem hv. flm. var að bera okkur saman við eru komnar lengra á þróunarbraut félagslegra réttindamála á öðrum sviðum en þeim sem hér eru til umr., verulega lengra. Nú er ég sjálfur farinn að bera saman, þannig að öll föllum við í þessa gryfjuna.

Ég segi þetta ekki síst vegna þess að okkar þjóðfélag, enda þótt skylt sé og líkt að mörgu leyti þeim þjóðfélögum sem hv. flm. var að vitna til, er líka um margt mjög ólíkt. Sem betur fer, vil ég segja, þá er hér enn þá fyrir hendi samheldni fjölskyldunnar. Sem betur fer er það enn þannig hjá okkur að fjölskyldan gegnir ríkara hlutverki í okkar þjóðfélagi en mjög víða annars staðar. Þetta er mér síður en svo undrunarefni. Þar ræður að sjálfsögðu mestu smæð okkar þjóðfélags og nákunnugleiki fólksins hvers við annað. Sem betur fer, ég endurtek það einu sinni enn, þá á fjölskyldan sem slík auðveldara uppdráttar hér en annars staðar þar sem fólkið fellur fremur í skugga fjölmennisins. En þetta kallast e. t. v. ekki efnislegt innlegg, enda lofaði ég að fara ekki að taka glerharða afstöðu til frv.

Eins og hv. flm. skýrði frá, og gerði það samviskusamlega, hefur þetta frv., ef að lögum verður, gífurlegan kostnaðarauka í för með sér. Það er e. t. v. óleyfilegt að tala um kostnað þegar blessuð börnin okkar eiga í hlut. Þó hljótum við að vera svo hughraust að tala um kostnað. Eins og ég gat um áðan ætla ég ekki úr þessum ræðustóli að svara fyrir hæstv. félmrh. né aðra ráðh. í ríkisstj., sem ráða eftir atvikum nokkru í slíkum tilvikum, en með tilliti til þeirrar umræðu sem fram hefur farið um fæðingarorlof síðan við hv. 2. þm. Austurl. áttum drjúgan hlut að því að þoka þeim málum áfram hér í þinginu, þá geri ég ráð fyrir því að einhverjir, kannske geri ég það, spyrji hæstv. félmrh. hvaða áhuga hann hafi á þessu máli nú, hvort það sé kannske steingleymt. Ég get heitið hv. flm. því að bera fram þá ósk til félmrh. að hann greini frá því hvort þetta sé kannske einhvers staðar í skúffu ríkisstj. Ég veit ekki um það, ég er ekki kunnugur í þeim hirslum svo að ég get ekki tjáð mig um það.

En að endingu þetta. Ég sé það fyrir mér, og nú er ég e. t. v. farinn að fullyrða, að enda þótt gott fólk í Ed. og í heilbr.- og trn. legðist á eina sveif um að þoka slíku máli fram, þá læt ég mér til hugar koma að það yrði nokkuð þungt fyrir fæti. Og þá komum við að þeim fjármunum sem hér er um að tefla. Fjárlög eru að sjálfsögðu afgreidd fyrir þetta ár og þar er, eftir því sem ég fæ best séð, afskaplega lágt borð fyrir báru. Það er raunar ekki fyrir hendi. Í þessu sambandi hafa ræðumenn verið að gera samanburð á þessu máli og öðrum sem hér hafa verið flutt. M. a. var hér drepið á mál sem

viðkemur einstaklingum og atvinnurekstri jöfnum höndum. Mér finnst kannske ekki alveg rétt að blanda þessu saman. Við verðum stundum að viðurkenna góðan vilja til að efla atvinnustarfsemi í landinu. Við getum deilt um hvernig það er gert, hvort leitast er við að gera það á grundvelli skattalaga eða með öðrum hætti, við getum deilt um það. En ég held að hvað sem því líður séum við öll sammála um lokamarkmiðið, að efla atvinnureksturinn í landinu. En við getum deilt um meðulin. Það er auðvitað atvinnureksturinn sem leiðir allt annað af sér. Ef hann er öflugur getum við farið í þá sjóði og lengt fæðingarorlofið og aukið tekjur ríkissjóðs ef okkur býður svo við að horfa.

Sem formaður heilbr.- og trn. mun ég að sjálfsögðu gera mitt til þess að þetta mál fái rækilega meðferð eins og önnur mál og ég er svo heppinn að hafa mér til fulltingis í nefndinni hv. 2. þm. Austurl. eins og áður hefur komið fram. Ég efast ekki um að hann muni verða mér innan handar um alla meðferð málsins.

Umr. frestað.

Neðri deild, 43. fundur.

Mánudaginn 6. febr., að loknum fundi í Sþ.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að ræða stjórnarskrármálið. Ríkisstj. Gunnars Thoroddsens setti sér það markmið að leggja fyrir Alþingi frv. að nýrri stjórnarskrá. Það fór þó á annan veg. Stjórnarskrármálið var brotið upp og aðeins hluti þess kom til atkvæða á Alþingi áður en gengið var til nýrra alþingiskosninga. Sá hluti þess sem afgreiddur var snerist aðeins um kosningar til Alþingis og ímyndaða jöfnun á því sviði.

Þess skal þó getið að á bls. 3 í grg. með frv. því til stjórnskipunarlaga sem lagt var fram á 105. löggjafarþinginu, 206. máli, var svohljóðandi yfirlýsing gefin:

„Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frv. þessu sem sérprentað fskj. „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar". Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi þá að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun, þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Steingríms Hermannssonar var hvergi vikið að stjórnarskrármálinu og má segja að það sé rökrétt miðað við þá yfirlýsingu sem formenn flokkanna höfðu gefið. Nú hefur það aftur á móti gerst að mishratt eru trippin rekin. Flutt hefur verið aftur frv. til stjórnskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Það bólar aftur á móti ekki á neinum frv. þar sem þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna, þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.

Nú er það spurning mín til hæstv. forsrh. og þeirra sem málið varðar hvort þess sé að vænta að staðið verði við hina sameiginlegu yfirlýsingu og þá hvenær. Með því að kljúfa stjórnarskrármálið og halda því einu til haga er höfuðborgarsvæði telur sér henta voru kveiktir þeir eldar úti á landi er óvíst er að verði jafn auðslökktir eins og auðvelt var að kveikja þá.

„Þú skalt ekki hafa tvo mæla í húsi þínu" er sú verslunarsiðfræði sem Biblían boðar. Opinberir aðilar hika þó ekki við að brjóta þessa grundvallarreglu. Misjafn framfærslukostnaður eftir landshlutum hefur leitt til þess að á s. l. ári fjölgaði aðeins um 13 manns í fimm kjördæmum á Íslandi af átta. Fari svo sem horfir verður valdahlutföllum innan lýðveldisins Íslands þann veg komið fyrir aldamót að stór-Reykjavíkursvæðið ræður öllu landinu. Segja má að borgríkið Reykjavík hafi þá tekið við því hlutverki sem lýðveldinu var áður ætlað. Jafnframt virðist þjóðfélagið sem heild stefna til aukinnar miðstýringar.

Þess vegna er sá hópur Íslendinga allstór sem vill fá hrein svör við því í nýrri stjórnarskrá hvaða mál verði sérmál hvers byggðarlags eða landsvæðis. Þess vegna vil ég einnig leyfa mér að óska svars við því hvort núv. ríkisstj. hyggst á sínum starfstíma leggja fyrir Alþingi frv. til nýrra stjórnskipunarlaga um niðurstöðu af heildarendurskoðun á stjórnarskránni.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Áður en ég kem að spurningum hv. þm. vil ég geta þess að fulltrúar Landssamtakanna um jafnrétti og stjórnarskrá afhentu mér nú fyrir nokkrum mínútum mótmæli við fjölgun þingmanna og svofellt bréf sem ég leyfi mér að lesa með leyfi forseta:

„Undirskriftasöfnun þessi er mótmæli við fyrirhugaðri fjölgun alþm. Við teljum að fjölgun þeirra sé óþörf og einungis kostnaðarauki fyrir þjóðarbúið. Miðstýring höfuðborgarsvæðisins er nú þegar svo sterk að þar má engu við bæta. Þar eru höfuðstöðvar löggjafar- og framkvæmdavalds, fjölmiðlunar, fjármagns og þjónustu hins opinbera. Ef sú gjá sem þegar er mynduð milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins breikkar enn frekar mun það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið. Við slíku verður að sporna og stuðla að farsælli búsetu þjóðarinnar í landinu öllu á jafnréttisgrundvelli, enda er það ekki einkamál alþm. sjálfra að samþykkja slíka fjölgun, heldur þjóðarinnar.

Þessi undirskriftasöfnun er vísbending um vilja þjóðarinnar en telji alþm. þetta ekki nægjanlegt verður undirskriftum safnað um allt land."

Hér mun vera vísað til þeirrar breytingar sem samþykkt var á stjórnarskrá Íslands fyrir kosningar, þ. e. fyrri umferð, um fjölgun um þrjá og liggur nú að nýju fyrir hinu háa Alþingi. Ég skal ekki gera þetta að umræðuefni frekar en taldi rétt að koma þessu á framfæri, enda hygg ég að fyrirspurnin sé tengd þessari afhendingu.

Út af spurningum hv. þm. vil ég minna á það að fyrrv. forsrh., Gunnar heitinn Thoroddsen, lagði fram á Alþingi frv. til l. um breytingu á stjórnarskránni. Varð það mál ekki útrætt eins og menn þekkja. Eftir andlát Gunnars var stjórnarskrárnefnd endurskipulögð að nokkru, skipaður maður í hans stað í nefndina og hún valdi sér formann, Matthías Bjarnason alþm. Mér er kunnugt um að stjórnarskrárnefnd tók stjórnarskrárfrv. það sem hér var lagt fyrir í fyrra þegar til meðferðar og mun fyrir jól hafa sent það öllum flokkum á Alþingi og óskað eftir athugasemdum og tillögum. Mér er jafnframt kunnugt um að engar slíkar tillögur eða athugasemdir hafa enn komið svo ég ráðlegg hv. þm. að snúa sér til formanns þingflokks framsóknarmanna og kanna hvort frv. eða tillögurnar eru ekki þar.

Hv. þm. spurði einnig að því hvort þessi ríkisstj. hygðist ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar og leggja fram heillegt frv. um þær breytingar. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu fjalla um það strax og tillögur stjórnarskrárnefndar liggja fyrir. Og ég vona að það verði fljótlega. En ríkisstj. mun ekki leggja fram slíkt frv. fyrr en stjórnarskrárnefnd hefur lokið sinni meðferð. Nefndin var sérstaklega til þess kjörin af Alþingi og ég geri mér fastlega vonir um að þeirri meðferð sem þar stendur yfir á stjórnarskránni ljúki fljótlega og ríkisstj. fái slíkt frv. til meðferðar og það verði þá lagt fyrir Alþingi.

Ég vil svo aðeins að lokum taka undir það með hv. þm. að það er ákaflega mikilvægt að gætt sé jafnréttis og jafnræðis um landið og vitanlega kemur það fram í miklu fleiru en fjölda þingmanna og skiptingu þeirra. Það eru fjölmörg önnur atriði í stjórnarskránni sem þarf að taka til meðferðar í því sambandi og því að sjálfsögðu æskilegt að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar verði sem næst á sama tíma og breytingar eru gerðar á hlutfalli þm. milli dreifbýlis og þéttbýlis, enda hefur verið að því stefnt. Við skulum vona að það takist og þá þannig að menn geti verið sæmilega sáttir við niðurstöðuna.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu hafa ráð hæstv. forsrh. og grennslast fyrir um það hjá formanni þingflokksins hvaða bréf hann hefur í fórum sínum. En það breytir engu um það að fyrri spurningunni sem hér var sett fram og var um það hvað þingflokksformennirnir ætluðu að gera, þ. e. hvað formenn stjórnmálaflokkanna ætluðu í samræmi við það loforð sem þeir gáfu á sínum tíma, er ósvarað. Ég neyðist þess vegna til að lesa þann hluta spurningarinnar aftur í von um að þeir sjái sér fært að svara ef forsrh. treystir sér ekki til að svara fyrir þeirra hönd: Hvaða hugsun var á bak við þá yfirlýsingu þar sem segir svo í frv. frá því í fyrra:

„Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.“?

Hvers er að vænta í þessum efnum? Hafa þingflokkarnir sett af stað starfsnefnd til að vinna að þessu máli eða er ætlunin að svíkja í þessu máli? Er ætlunin að hafa þetta bara sem yfirlýsingu sem aldrei verður unnið eftir? Við þessu verða að sjálfsögðu að fást skýr svör.

Ég vil þakka Húnvetningum það framtak þeirra að þeir skyldu safna liði og skrifa undir áskorun til forsrh. Ég bið menn jafnframt að hugleiða hvort það þyki ekki nokkur tíðindi að jafnmikil samstaða hafi orðið um þetta mál þar norður frá í ljósi þess m. a. að stundum hafa verið deilur harðar í Húnaþingum þegar stórmál hafa verið á dagskrá. En ef svo fer sem horfir að ekkert á að gera með yfirlýsingu stjórnmálaforingjanna, þar sem lofað er frumvörpum af þeirra hendi, þá er ég hræddur um að fleiri muni rísa upp en Húnvetningar til að gera athugasemdir við þá breytingu sem verið er að framkvæma í valdahlutföllum í landinu.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar var vissulega tímabær, ekki síst í ljósi þeirra radda sem heyrst hafa utan af landsbyggðinni um efnisatriði þess máls sem hv. þm. bryddaði upp á. Ég vil taka undir þau orð hans að það er nauðsyn að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin voru í grg. með stjórnarskrárfrv. á s. l. vori um það að jöfnuð skyldi aðstaða manna sem mest og á sem flestan hátt miðað við búsetu í landinu. Þar er um sanngjarnt mál að ræða og þar er um réttlætismál að ræða.

Það er tímabært að því máli verði gefinn miklu meiri gaumur en gert hefur verið og þá í þeirri mynd sem hv. þm. nefndi og einnig á ýmsan annan hátt sem Alþingi hefur á valdi sínu. En fyrst og fremst er það vitanlega með löggjöf og ráðstöfunum stjórnvalda, sem uppsprettu sína geta átt hér á Alþingi, sem þessum málum verður betur skipað en nú er.

Hinu er ekki að leyna, og það kemur einmitt í ljós t. d. vegna þeirra yfirlýsinga sem við höfum heyrt nú á síðustu dögum um stjórnarskrármálið og kosningarréttarmál, að þessum tveimur málum er stundum illilega og ranglega blandað saman. Það hefur átt sér stað nú.

Ég nefndi áðan að það mál sem hv. þm. orðaði hér væri hið mesta réttlætismál. Það væri hins vegar hið mesta ranglætismál ef leiðrétta ætti það óréttlæti, sem búsetan í landinu og mismunandi skilyrði hafa í för með sér, með því að halda áfram eða gera enn verra hið mikla og stórtæka ranglæti sem tíðkast hefur í kosningarréttarmálum hér á liðnum árum og áratugum. Við stjórnarskrárbreytinguna síðustu, 1959, var stigið spor í rétta átt í þessum efnum. Þá náðist það hlutfall, við getum kallað það rangindahlutfall eða réttlætishlutfall eftir því hvernig menn líta á þetta mál, að íbúar í þéttbýli fengu atkvæðisrétt sem var meir en helmingi minni miðað við íbúa sums staðar í dreifbýlinu. Hlutfallstalan var 1:2,5. Þetta töldu menn viðunandi margir hverjir og raunar flestir hverjir miðað við að ekki er óeðlilegt að einhver munur sé þarna á. Stærðfræðilegt jafnrétti næst aldrei í þessum efnum.

Síðan seig á ógæfuhliðina. Ég minni aðeins á hvernig ástandið var hér í þessum efnum áður en þingflokkarnir tóku höndum saman á síðasta ári og komu fram mjög mikilvægri leiðréttingu. Þá var málum svo komið að þeir sem búa í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi höfðu fjórum sinnum minni atkvæðisrétt en margir sem í dreifbýli búa. Þetta var hróplegt ranglæti vegna þess einfaldlega að kosningarrétturinn er mannréttindi. Að svipta menn á þennan hátt kosningarrétti þannig að menn hafi aðeins ¼ hans miðað við aðra borgara landsins eftir búsetu er mikið og stórfellt ranglæti. Þess vegna var hér um mikið gæfuspor að ræða, mikið framfaraspor, þ. e. samkomulag þingflokkanna á síðasta ári sem þó gekk ekki lengra en að færa klukkuna til baka rúma tvo áratugi. Hlutfallið sem þá náðist fram

var u. þ. b. 1:2,5 eða rétt innan við það. Enn eru því íbúar á þéttbýlissvæðunum hér við Faxaflóa varla hálfdrættingar í kosningarréttarefnum á borð við þá sem víða í dreifbýlinu búa.

Ég hélt satt að segja að um þetta hefði náðst góð samstaða í þingsölum. Mér var að vísu kunnugt um að í hugum ýmissa þm. var gamla formúlan 1:4 uppáhaldsformúlan. Engu að síður virtist vera friður um þetta samkomulag. Ég vona að sá friður geti haldist og ég tek undir það með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það er hin mesta nauðsyn á því að frumvörpin nái fram, stjórnarskrárbreytingin um fjölgun þingmanna og breytingar henni samfara og einnig kosningalagafrv. sem lagt var fram en ekki afgreitt á síðasta þingi.

En ég vara við því að blanda þessum tveimur málum saman vegna þess sem ég hef hér sagt varðandi kosningarréttinn. Frá því verður ekki hvikað og raunar hefði átt að ganga miklu lengra í jafnréttisátt, en sú krafa var ekki gerð. En ef á að fara að velta málinu öllu hér upp á nýjan leik þá verður sú krafa vitanlega gerð. Réttlætið er vitanlega það að menn hafi sama kosningarrétt án tillits til þess hvar þeir búa á landinu. Hins vegar er hitt viðunandi, a. m. k. í bili.

Ég vara við því að velta málinu upp á þennan hátt vegna þess að það er mikill vilji fyrir því í þéttbýlinu að bæta úr því misrétti sem ríkir vegna búsetu í landinu með öðrum ráðum sem þarna eiga við og tiltæk eru og eðlileg og sanngjörn. En það væri kannske hætt við því að þeim vilja yrði spillt ef reka á trippin á þennan máta. Ég vil þess vegna minna á þessi atriði þegar sú umræða á sér stað hér á þingi sem nú stendur.

Í öðru lagi vil ég víkja að því mikla máli sem varðar heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, úr því að farið er að nefna það mál. Á það var minnst að fyrrv. forsrh., Gunnar Thoroddsen heitinn, bar fram á síðasta þingi frv. sem fól í sér heildarendurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Það var ávöxtur af mjög löngu, ítarlegu og vel unnu starfi stjórnarskrárnefndar á liðnum árum. Um það frv. varð víðtæk samstaða í nefndinni milli tveggja flokka sérstaklega sem voru fylgjandi frv. í öllum atriðum að því er heita má. Tveir flokkanna sem fulltrúa áttu í nefndinni — en þar sátu vitanlega fulltrúar allra þingflokka — höfðu hins vegar ýmsa fyrirvara og höfðu gert brtt. um allnokkrar greinar þessa frv.

Nú er það rétt eins og hæstv. forsrh. sagði að þingflokkarnir voru á síðasta ári beðnir um aths. og tillögur í þessu efni ugglaust með það í huga að ríkisstj. flytti þetta frv. á þessu þingi. En eins og hæstv. forsrh. sagði hafa engar slíkar tillögur borist. Ég er í sjálfu sér ekki mjög undrandi á því vegna þess að vitanlega hafa þingflokkarnir allir átt sína fulltrúa og fleiri en einn í stjórnarskrárnefnd. Á liðnu þingi voru þessi mál mjög ítarlega og margsinnis rædd í þingflokkunum. Í stjórnarskrárnefnd komu fram sjónarmið þingflokkanna sem fulltrúar þeirra þar lögðu fram. Það má segja að þar af leiðandi hafi öll þau sjónarmið sem menn höfðu í huga verið lögð þar á borðið og ekki sé mikils meir að vænta. Þess vegna veltir maður því fyrir sér hvort ekki væri í sjálfu sér jafnskynsamlegt eða skynsamlegra ráð nú fyrir ríkisstj. að flytja þetta heildstæðða frv. um endurskoðun á allri stjórnarskránni í þeirri mynd sem fyrrv. forsrh. lagði það fram. Það gengi síðan til stjórnarskrárnefndarinnar og til þingnefnda sem kjörnar eru til að athuga það. Mér býður í grun að ef bíða á eftir álitsgerðum eða tillögum þingflokkanna sé hæpið að þetta mál verði lagt fyrir þing.

Nú má e. t. v. segja að það bráðliggi ekki á að koma málinu fram á þessu þingi vegna þess að sé stjórnarskrárfrv. samþykkt þá ber þegar í stað að rjúfa þing og ég er ekki viss um að hv. þm. óski eftir þingrofi nú í vor. En á það er að líta að hér er um ákaflega viðamikið og merkilegt frv. að ræða sem varðar grundvöll íslenskrar stjórnskipunar. Það þarf mikla athugun og mikla skoðun á þingi og margra mánaða skoðun og umfjöllun hjá þingflokkunum og í stjórnarskrárnefnd. Þar af leiðandi held ég að ekki komi til greina að samþykkja slíkt frv. nú þó svo að það sjái dagsins ljós á þessu þingi. Í ljósi þessara athugasemda minna vil ég láta í ljós þá skoðun við hæstv. forsrh. og aðra hæstv. ráðherra að þeir taki til athugunar hvort á að láta það dragast öllu lengur að leggja fram stjórnarskrárfrv. fyrir Alþingi svo að Alþingi geti á lögformlegan máta tekið það til meðferðar og hafið um það umræður.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. beindi sinni fsp. til hæstv. forsrh. og til vara til formanna þingflokka. Nú er það ekki á mínu færi að svara fyrir þeirra hönd, en vegna þess að hæstv. forsrh. vék að störfum stjórnarskrárnefndar finnst mér rétt að hér komi fram nokkrar aths. frá manni sem starfað hefur í stjórnarskrárnefnd fyrir hönd Alþfl.

Í fyrsta lagi er þess að geta að frv. það til nýrrar stjórnarskrár sem flutt var á seinasta þingi af hæstv. fyrrv. forsrh. var flutt af honum. Það kom hins vegar rækilega fram að tveir stjórnmálaflokkar, Alþfl. og Alþb., höfðu þegar í starfi stjórnarskrárnefndar mótað sérstakar tillögur í ýmsum málum, sem fylgdu þar sem fskj., þannig að það er rétt að fram komi að um þetta frv. var ekki allsherjarsamstaða þingflokka á þessum tíma.

Í öðru lagi er þess að geta að einstakir þm. áskildu sér rétt til að flytja sérstakar brtt. og gerðu það við afgreiðslu málsins á síðasta þingi. Til dæmis rifja ég upp að við tveir þm. Alþfl. fluttum tillögur um að málið yrði leyst án fjölgunar þm., auk þess sem við lögðum til að það misvægi í atkvæðisrétti landsmanna, sem þrátt fyrir allt fólst í frv. svipað og gilti árið 1959, yrði ekki bundið til langframa í stjórnarskrá, heldur þá sem samkomulagsatriði í kosningalögum.

Í þriðja lagi er þess að geta að frá því að þetta var hafa tveir nýir þingflokkar bæst í þingsali. Það er sérstakt álitamál að þessir nýju þingflokkar eiga ekki aðild að stjórnarskrárnefnd.

Af svörum hæstv. forsrh. mátti ráða að stjórnarskrárnefnd væri nú kappsamlega að störfum. Hann vék að því að frv. hæstv. fyrrv. forsrh. hefði verið sent þingflokkunum til umfjöllunar. Af þessu tilefni vil ég taka það fram að sú samþykkt var gerð á þeim fyrsta og eina fundi sem stjórnarskrárnefnd hefur setið og var haldinn skömmu eftir þingbyrjun, þegar endurskipulagning nefndarinnar fór fram, þ. e. þingflokkur sjálfstæðismanna tilnefndi annan mann í stað fyrrv. forsrh. Ég tek undir það með hv. þm. Gunnari G. Schram að þess er varla að vænta að þingflokkarnir sem slíkir, hinir fjórir sem lengi hafa átt aðild að stjórnarskrárnefnd, bæti við mörgum aths. að svo stöddu. En ef skilja á orð hæstv. forsrh. á þá leið að endurskoðun stjórnarskrárinnar sé

kappsamlega í vinnslu stjórnarskrárnefndar, þá verð ég því miður að lýsa þeirri skoðun minni að ég held að það sé kannske á misskilningi byggt. Sumir virðast standa í þeirri trú að stjórnarskrárnefnd hafi lokið störfum að mestu með framlagningu frv. hæstv. fyrrv. forsrh., en svo er ekki ef rifjað er upp erindisbréf nefndarinnar. Hún átti ekki einasta að skila frv. að nýrri stjórnarskrá, heldur einnig endurskoðun á þingskapalögum um starfshætti Alþingis sem og skila tillögum um breytt form á svokölluðu persónukjöri. Þessum verkum er ólokið. Ef skilja mátti orð forsrh. á þá leið að hann teldi að stjórnarskrárnefnd ynni kappsamlega að þessu og það væri forsenda fyrir tillöguflutningi formanna stjórnmálaflokkanna, þá verð ég því miður að lýsa óánægju minni með að stjórnarskrárnefnd hefur ekki komið saman fyrir utan þennan eina fund sem haldinn var um það bil í upphafi þings, þegar kjörinn var formaður nefndarinnar. Ég vil þess vegna eindregið beina því til þeirra sem þarna ráða ferðinni, stjórnarflokkanna og auðvitað til formanns nefndarinnar, að ef einhver alvara fylgir hér máli er orðið tímabært að kveðja nefndina saman sem og fyrir þingheim að taka afstöðu til þess hvort gera eigi breytingu á skipan nefndarinnar þannig að nýir þingflokkar fái þar aðild.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil aðeins rifja upp að við afgreiðsluna á stjórnarskipunarlögunum á síðasta þingi fluttum við Ólafur Þórðarson brtt. sem hljóðaði þannig:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Við ákvörðun skatta á tekjur og eignir skal gætt jafnræðis þegnanna, þannig að til lækkunar komi sérstakur kostnaður vegna búsetu, eftir því sem nánar verður ákveðið í lögum."

Um till. voru greidd atkv. með nafnakalli og nokkrir þm. voru með fyrirvara fyrir sínu atkv. í samræmi við það sem hv. þm. Ólafur Þórðarson las upp úr grg. frv., þar sem formenn allra flokkanna sem flytja frv., og þetta er í grg. í frv., þ. e. þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., ætla að sjá um að samhliða þessum breytingum á stjórnarskipunarlögum verði gerðar þær ráðstafanir sem þar er getið. Spurningin er um hvort formenn flokkanna ætli að sjá um að við þetta verði staðið. Ég tek eftir því að í frv. sem nú liggur fyrir þinginu, sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson er 1. flm. að og formenn hinna fjögurra flokka sem á síðasta þingi fluttu sams konar frv., er búið að taka þessa yfirlýsingu út úr grg. Á að skoða það þannig að menn hafi sett þetta inn á fyrra stiginu til að friða einhverja hér í þinginu?

Ég verð að segja það í sambandi við ræðu hv. þm. Gunnars Schram, 2. þm. Reykn.: Um hvers konar réttlæti eru menn að tala? Það er fleira mannréttindi en aðeins vægi atkv. (**GGS:** Ég neitaði því ekki.) Nei, en það mátti skilja á máli þm. að það gæti illa farið ef menn ætluðu að breyta einhverju í því víðtæka samkomulagi sem hann taldi að hefði verið gert. Meiri hluti þingflokkanna stóð að þessu samkomulagi, það er rétt, en það voru ýmsir fyrirvarar. Það þarf fyrst að standa við þau loforð, sem gefin voru, sem áttu að koma í staðinn fyrir þessa breytingu. Það er það sem við erum að krefjast hér og nú að komi yfirlýsingar um, hvort við það verður staðið og þá hvernig.

Ég er að vísu ánægður með hver er formaður nefndarinnar sem er að fjalla um þetta mál, þ. e. hæstv. samgrh., sem er fulltrúi þess byggðarlags sem verst er sett. Ég vil ekki trúa því að óreyndu að hann knýi ekki á um að við þetta verði staðið og að þessi mál komi ekki til afgreiðslu fyrr en menn sjá fyrir endann á því hvernig á að gera það. Ég verð að treysta því. En ef á að knýja hitt fram verður eitthvað talað hér í deildinni um þessi mál og hvernig að því verki hefur öllu verið staðið. Það er alveg klárt mál. Það er nefnilega fleira mannréttindi en vægi atkvæða. Að vissu leyti var ég ánægður með það sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Reykn., að hann hafi skilning á því máli, en mér fannst hann ekki leggja nógu mikla áherslu á að það yrði að ganga fyrir og við sæjum það og landsbyggðarmenn hvernig þessi mál yrðu leyst áður en breytingin á vægi atkv. kæmi hér til afgreiðslu.

Ég ætla ekki að fara að ræða málið efnislega. En eins og nú horfir með landsbyggðina og það misrétti sem viðgengst í þjóðfélaginu væri ástæða til að taka slíkt til umr. hér á Alþingi ekkert síður í sambandi við þessi mál því að það er mikið misrétti. Og það verður í landinu og það verður hér fylgst vel með því hvernig formenn stjórnmálaflokkanna ætla að standa við þá yfirlýsingu sem er í því frv. sem var sett fram á síðasta þingi og þáverandi formaður Sjálfstfl., hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson, var 1. flm. að.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Því miður þá heyrði ég ekki nema hluta af þessari umr., en varðandi þau orð sem hv. 5. þm. Reykv. lét hér falla vil ég að eftirfarandi komi fram:

Það mun hafa verið í nóv. að stjórnarskrárnefndin var kvödd saman til fundar, og verkefni nefndarinnar var að kjósa nýjan formann í stað Gunnars heitins Thoroddsens. Sá hv. þm. sem ég nefndi lagði til að formannskjörinu yrði frestað. Að lokum voru fulltrúar þeirra flokka sem ekki eiga aðild að ríkisstj. sammála um að leggja ekki stein í götu þess að nýr formaður yrði kjörinn. Þar með var þetta mál afgreitt.

Eftir að ég hafði verið kjörinn formaður í nefndinni ræddum við stöðu málsins. Varð að samkomulagi í nefndinni að mér var falið sem formanni að skrifa öllum þingflokkum, bæði þeim fjórum þingflokkum sem eiga aðild að nefndinni og sömuleiðis þeim tveimur þingflokkum sem hafa bæst við síðan og senda skýrslur stjórnarskrárnefndar með ósk um að hver þingflokkur fyrir sig færi yfir þessar skýrslur og gerði sínar aths. Jafnframt var óskað eftir því í því bréfi sem ég skrifaði til þingflokkanna allra að þessi vinna yrði innt af hendi sem fyrst.

Það hefur ekki komið svar frá einum einasta þingflokki. Þeir eru því allir á sama róli hvað þetta snertir og þar verður ekki á neinn hallað. Eftir sem áður stendur að þess er óskað að yfir þetta verði farið þannig að stjórnarskrárnefndin geti farið yfir aths. þingflokkanna og reynt að ná samkomulagi eða ræða allar þær aths. sem þar koma fram.

Á fundi stjórnarskrárnefndar var jafnhliða rætt um önnur störf nefndarinnar, m. a. að vinna að undirbúningi tillagna um persónukjör. Það kom einnig fram í nefndinni ósk um að fyrrv. starfsmaður nefndarinnar ynni að þessum tillögum, en við það að hann var kjörinn í nefndina féll niður hans umboð sem starfsmanns. Hann tók sér umhugsunarfrest í þeim efnum. Ég talaði við hann einum tvisvar sinnum í desembermánuði og það er tiltölulega stutt síðan hann lýsti

yfir því að vegna anna og vegna annarrar vinnu, sem hann hefur tekið að sér, gæti hann ekki bætt þessu á sig. Ég hef því verið að reyna að útvega mann í þá vinnu. — En það var tekið fram á þessum eina fundi nefndarinnar að nefndin yrði ekki kölluð saman fyrr en lægju fyrir svör frá þingflokkunum, a. m. k. einhverjum þeirra, og það hefur engin ósk komið fram um að nefndin væri kölluð saman. Í raun og veru kemur fram í orðum hv. 5. þm. Reykv. allt að því ásökun vegna þess að nefndin sé ekki að vinna, hún hafi ekki verið kölluð saman til fundar. Þetta kemur mér algerlega á óvart.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða hér efnislega um þetta mál. Um það hefur verið rætt. Ég tel mikla nauðsyn bera til að þingflokkarnir fjalli um málið. Formenn þingflokkanna reyna að bræða saman sjónarmið hver innan síns flokks. Við vitum að hér er um mikið ágreiningsmál að ræða á milli þéttbýlis og strjálbýlis. Ég segi fyrir mitt leyti að ég vil vera í þeim hópi sem telur að nauðsynlegt sé að ná sáttum í þessu máli, nauðsynlegt sé að viðurkenna þær miklu breytingar sem hafa orðið á búsetu í hinum einstöku kjördæmum og taka mið af þeim jafnframt því að standa vörð um rétt strjálbýlis. Það er rétt, sem fram hefur komið í ræðum nokkurra manna, að það er fleira sem þarf að ræða um í þessu sambandi en vægi atkvæða. Og það hefur verið gert í stjórnarskrárnefndinni allt fram til þessa dags. Ég sé ekki að slíkar umræður sem þessar umfram dagskrárumræðu þjóni því að við finnum nokkra lausn á þessu máli. Ég held að hitt sé miklu skynsamlegri leið, að þingflokkar allir gefi sér tíma til að ræða skýrslu stjórnarskrárnefndarinnar og frv. sem lagt var fram og samþykkt á síðasta þingi og við reynum svo að ná samstöðu í málinu.

Ég legg á það mikla áherslu að samstaða náist. Það er viss ágreiningur, eins og t. d. um eignarréttarákvæði, einkum á milli Sjálfstfl. og Framsfl. annars vegar og Alþb. og Alþfl. hins vegar. Náist ekki samkomulag um þessi ákvæði gæti svo farið að menn næðu samkomulagi um sérstaka bókun, sérstakan skilning og álit á ákveðnum greinum, þannig að leiðir okkar gætu legið saman um flutning frv. á Alþingi og afgreiðslu þess þrátt fyrir að um einhvern ágreining sé að ræða. Á þetta legg ég áherslu. Þegar þetta hefur verið reynt til þrautar er auðvitað komið að því að sá meiri hluti sem skapast verður að taka afstöðu og flytja málið ef minni hluti vill ekki eiga samleið í flutningi málsins á þingi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en ég tel ófært annað en mótmæla því, sem kom fram í spurningu hv. fyrirspyrjanda, að formenn flokkanna kynnu að hafa í huga að svíkja þá yfirlýsingu sem var í frv. því sem lagt var hér fram í fyrra, og einnig fólst slíkt í því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði um það, að sú yfirlýsing er ekki í grg. nú. Mér er ekki kunnugt um að formenn flokkanna hafi nein svik í huga. Að sjálfsögðu er þessi yfirlýsing í þskj. og getur hver og einn flett henni upp. Grg. með stjórnarskrárbreytingunni nú er mjög stutt og vísar fyrst og fremst til þess sem kom fram í allítarlegum umr. um málið í þinginu í fyrra. Það er alveg út í hött að vera með slíkar yfirlýsingar. En ég vil hins vegar leggja áherslu á það, sem ég sagði áðan, að þetta tengist þeirri endurskoðun stjórnarskrárinnar sem er í gangi og þess vegna er beðið eftir henni.

Hér hefur verið rætt dálítið um vægi atkv. Ég vil láta koma fram að ég tel að eins og vægi atkvæða er nú orðið sé það óviðunandi fyrir íbúa þéttbýlisins. Ég er sömu skoðunar. Ef vægi atkvæða 1959 var nokkurn veginn rétt eins og þá var, segjum t. d. 1:1.8 eða 1.9 á milli Reykjaneskjördæmis og dreifbýlisins, gæti það varla verið óréttmætt nú að færa það til svipaðs hlutfalls. Ég verð því að taka undir það sem hv. þm. Gunnar Schram sagði hér áðan. Ég tel að leiðrétting á atkvæðavægi sé raunar mál út af fyrir sig. Hitt er svo réttlætismál að lagfæra hlut dreifbýlisins á fjölmörgum sviðum og því þarf vitanlega ætíð að halda áfram og ætíð að hafa í huga.

En ég stóð fyrst og fremst upp til að andmæla því að formenn flokkanna hefðu í huga að hverfa frá þeirri yfirlýsingu sem var gefin.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að efna hér til neinna efnislegra umr. um stjórnarskrármál, en hins vegar er ástæða til að ræða svolítið um æskileg vinnubrögð stjórnarskrárnefndar í tilefni af svörum hæstv. heilbrmrh. og formanns nefndarinnar.

Það er hverju orði sannara að á þessum fyrsta og eina fundi sem stjórnarskrárnefnd hefur haldið eftir að þetta þing kom saman var samþykkt að senda þingflokkunum frv. stjórnarskrárnefndar ásamt með séráliti og till. Alþfl. og Alþb. Í mínum huga var það að sjálfsögðu fyrst og fremst gert með hliðsjón af því að eftir seinustu kosningar eiga tveir nýir þingflokkar, sem ekki hafa átt beina aðild að málinu, setu á þingi. Það var þess vegna alla vega nauðsynlegt af þeim sökum að senda málið með formlegum hætti þeim til umfjöllunar. Hitt er annað mál hvort það getur orðið til frambúðar að stjskrn. ætli að haga störfum sínum þannig með bréfaskriftum milli þingflokka. Ég spyr þess vegna hæstv. *ráðh. og formann stjskrn. hvort hann hugsi sér* að nefndin komi ekki saman og sinni ekki öðrum störfum fyrr en honum hafa borist bréf frá þingflokkum. Ég vil vekja athygli á að þeir fjórir þingflokkar sem áttu sæti á seinasta þingi höfðu allir fjallað mjög ítarlega um þetta mál. Þeir höfðu átt þátt í því sem samkomulag tókst um í áliti stjskrn. og enn fremur skilað þar sérstökum till. og sérstökum grg. og markað sinn ágreining.

Ég held að stjskrn. geti ekki haldið áfram með þeim hætti að bíða eftir bréfaskriftum og grg. frá þingflokkum. Ég nefni eitt dæmi. Eitt af veigameiri málum, sem algjörlega er ólokið í starfi stjskrn. er spurningin um fyrirkomulag á persónukjöri. Ég get ekki ímyndað mér að það séu æskileg vinnubrögð í starfi nefndar af þessu tagi að vinna ekki að tillögugerð um það mál nema í formi bréfaskrifta, þ. e. taka við bréfum og álitsgerðum frá þingflokkum. Ég held að nefndin hljóti að þurfa að koma saman. Á seinasta þingi voru reyndar lagðar fram tvær till. um fyrirkomulag persónukjörs. Þær þarf m. a. að taka til afgreiðslu og athugunar, fyrir utan það að þetta mál er af hálfu nefndarinnar algjörlega óunnið.

Að því er varðar þriðja efnisatriðið, sem var þingskapalög og starfshættir Alþingis, hefur það gerst á þessu hausti að þingflokkarnir ásamt með forsetum þings hafa skipað sérstaka vinnunefnd í því efni. Vel má þess vegna vera að það sé ekki lengur á verksviði stjskrn., en engu að síður á nefndin ólokið mörgum verkefnum.

Ég vil láta það koma skýrt fram sem mína skoðun að

ég tel það óeðlilegt að nefnd af þessu tagi ætli sér að vinna að málinu aðeins eftir því sem henni berast bréf og álitsgerðir frá þingflokkum. Ég held að þau vinnubrögð geti ekki gengið. Þess vegna held ég að ef það vakir fyrir hæstv. ráðh. og formanni stjskrn. og stjórnarmeirihlutanum að vinna að þessu máli, þá verði það ekki gert með öðrum hætti en þeim að kalla saman til starfa þá nefnd sem falið hefur verið að vinna að málunum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. að ekki eigi að svíkja í þessu máli, þó að ekki fáist staðfest hvenær sé að vænta frv. frá stjórnmálaforingjunum. Ég vil undirstrika eitt atriði. Ég lít svo á að þar sem kosningalögin eru komin á dagskrá í þinginu sé óeðlilegt að ræða þau undir þessum lið, umræðum utan dagskrár. Það hefur aftur á móti verið gert og ég neyðist til að mótmæla því að í þeim kosningalögum sé gert ráð fyrir misjöfnum atkvæðisrétti á Íslandi. Í þeim kosningalögum er gert ráð fyrir hnífjöfnum atkvæðisrétti á Íslandi, dulbúnum að vísu, en framkvæmdum með því að rugla öllum atkvæðum í einn kassa til að meta hvað hver flokkur eigi að fá marga þm. Það er hnífjafn atkvæðisréttur. Því verða menn að gera sér grein fyrir. Stærðfræðilega er það hnífjafn atkvæðisréttur. (**Gripið fram í:** Ekki eftir kjördæmum.)

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr.

Ég hefði nú talið að það hefði þá verið nær að taka kosningalagafrv. til umr. og ræða það svo efnislega en að vera að þessu karpi utan dagskrár. — En erindi mitt hingað í ræðustól var það, að ég vil árétta að stjskrn. samþykkti að hafa þann hátt á að senda þingflokkunum skýrslur stjskrn. og óska svara frá þeim og jafnframt að vinna að undirbúningi að tillögum eða ábendingum um persónukjör. Það var jafnframt sagt á þessum fundi og allir nm. viðurkenndu að ekki væri reiknað með að stjskrn. kæmi saman fyrr en eftir nokkuð langan tíma því hún vildi gefa þingflokkunum þetta tækifæri. Það hefur verið margrætt í stjskrn. af fulltrúum hinna einstöku flokka að þeir vildu fá umboð hver frá sínum flokki áður en þeir tækju afstöðu í fjölmörgum málum. Það er óbreytt. Það er því ákaflega undarleg aðferð að vera nm. í nefnd og taka þátt í afgreiðslu þar, en koma svo fram í utandagskrárumr. á Alþingi og óska eftir því að nefnd sé kölluð saman. Hv. 5. þm. Reykv. hefði getað óskað eftir að nefndin kæmi saman án þess að koma fram í utandagskrárumr. á Alþingi. Það hefði verið vel hægt að ná í formann stjskrn. án þess.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja hér nokkur orð vegna þess að vinnubrögð í þingflokkum hefur aðeins borið á góma. Ég get fullvissað formann stjskrn. um að þingflokkur Framsfl. mun gera sínar athugasemdir við það frv. sem honum hefur verið sent og ég tel að það séu eðlileg vinnubrögð einmitt á þessu stigi að þingflokkunum gefist kostur á að fjalla um þetta mál og gera sínar aths. áður en það er lengra komið — og við þau frumvarpsdrög sem fyrir liggja er nauðsynlegt að gera aths.

Hins vegar er það svo, að hæstv. ráðh. okkar sjá okkur fyrir ærnum viðfangsefnum og okkur hefur því miður ekki unnist tími til í mínum þingflokki að taka þetta mál til meðferðar enn þá, en ég vænti þess að það geti orðið mjög bráðlega. Á hinn bóginn er þetta verk ekki hrist fram úr erminni á nokkrum mínútum.

Ég vona að hæstv. forsrh. eða ríkisstj. reyni ekki að nota þá töf sem orðið hefur á því að við svörum stjskrn. sem eitthvert skálkaskjól til að láta misrétti þrífast í landinu og sitja með hendur í skauti.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um kosningalög utan dagskrár. Þau eru á dagskrá nú þegar á þessum fundi og það gefst tækifæri til að ræða um þau þá og það er þinglegra og eðlilegra en gera það í umr. utan dagskrár. En óskemmtilegt þótti mér að hlusta á jafnágætan þm. og hv. þm. Gunnar G. Schram vera að fjasa hér um fjórfaldan atkvæðisrétt milli kjördæma í þessum ræðustól. Hann virðist gleyma og ekkert reikna með uppbótarþm., hvar þeir eru valdir, né heldur búsetu þm., þar sem 2/3 alþm. hafa á undanförnum þingum verið búsettir í þessum hlunnförnu kjördæmum, Reykjavík og Reykjanesi.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna vinnu í þingflokkum.

Það er rétt að þingfokki BJ barst þykkur bréfabunki í jólabaksturstíðinni fyrir jól og með óskum um að við gerðum grein fyrir aths. okkar í stjórnarskrármálinu fyrir 1. febr. Nú er það svo að BJ hefur afskaplega margt að segja í stjórnarskrármálinu og við höfðum raunar ákveðið að bíða þess að stjskrn., sem ákveðið hefur verið að kjósa í báðum deildum, og n., sem sömuleiðis hefur verið ákveðið að kjósa um þingsköp, hæfu störf og á þeim vettvangi m. a. ætluðum við að gera grein fyrir skoðunum okkar. Við töldum það betri leið en að setjast niður og skrifa. Það er betra að hafa um það umr. Ef ekki er önnur leið að koma þessu til skila en að skrifa um það grg. mun það væntanlega verða gert.

Ég vona að þetta mál komist í eðlilega umr. Það hefur haft undarlegan feril. Því var ýtt úr vör hérna um miðnæturskeið rétt fyrir jólin og skýtur núna upp kollinum. Það eru greinilega í þessu þungir undirstraumar. En þessi mál eiga skilið að vera til umr. á dagskrá og í dagsljósi því það er þarna af mjög mörgu að taka, m. a. því hvort það sé fólk eða fermetrar sem hafa kosningarrétt.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. af því hér hefur borið á góma aðild eða öllu heldur aðildarleysi hinna nýju þingflokka að stjskrn.

Þau samtök sem ég er fulltrúi fyrir hér á þingi hafa ekki sett á oddinn þau mál sem hér hafa verið til umr., en ég vil lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst sjálfsagt að stjskrn. verði endurskipulögð með tilliti til hinna nýju þingflokka og kannske ekki síst með tilliti til ummæla sem ég minnist að voru viðhöfð þegar drög að þeim stjórnarskrárbreytingum sem hér hafa verið nefndar voru lögð fram, þar sem einhver viðhafði þau orð — ég þori nú ekki alveg að fullyrða hver gerði það — að þessi drög væru gerð í anda landsins bestu sona. Dæturnar komu þar hvergi nærri.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel út af fyrir sig þarft að vakin er athygli á þessu máli af hv. málshefjanda hér, 5. þm. Vestf. Misréttismálin varð-

andi landsbyggðina hrópa í himininn á mörgum sviðum. En ég hafði ekki gefið upp von um að á þessum málum yrði tekið í samræmi við þær yfirlýsingar sem hér voru gefnar á síðasta þingi í samband við það frv. sem þá var til meðferðar og tengdist kosningalagabreytingum. Mér sýnist af umr. til þessa að það ríki hins vegar einhver trúnaðarbrestur milli manna innanvert í Framsfl., miðað við þau ummæli sem hér hafa fallið. En ég vil að það komi fram að innan Alþb. voru þessi mál til ítarlegrar umr. á síðasta þingi í tengslum við meðferð mála þá og síðan hefur það bréf sem sent var þingflokkunum frá stjskrn. verið kynnt í þingflokki Alþb. og verið áformað að ræða þessi mál enn frekar á þeim vettvangi.

Hins vegar liggja fyrir margar till. af hálfu Alþb. varðandi breyt. á stjskr. Þær eru ávöxtur af umr. sem fór fram í fyrra um þessi mál á okkar vettvangi. Ég tek undir að um þessi mál þarf að fjalla og það er mjög æskilegt, svo ekki sé meira sagt, að þar geti orðið samferða kosningalagabreyting og leiðrétting í þeim efnum þar sem sárast brennur á landsbyggðinni varðandi misrétti miðað við aðstöðu eftir búsetu.

Ég vil svo að endingu taka undir það, að sjálfsagt og eðlilegt er að hinir nýju þingflokkar, sem nú eru á Alþingi og ekki eiga aðild að stjskrn., fái tækifæri til að koma fram með sín sjónarmið og eftir atkvikum að kosin verði ný nefnd ef rétt þykir að þeir fái þar beina aðild. Ekki hefði ég á móti því að svo yrði.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þegar frá þessari umr. var horfið s. l. mánudag var það vegna þess að hæstv. iðnrh. hafði þurft að bregða sér frá og ekki var hægt að halda umr. áfram öðruvísi en hann væri viðstaddur vegna þess hvernig hann hafði hagað orðum sínum m. a. um starfsmenn álversins og fleira í þeim umr. sem fóru fram s. l. mánudag.

Umr. hófst eins og hv. þdm. muna vegna ákvörðunar um að ÍSAL yrði aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Af því tilefni beindi ég og hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson nokkrum fsp. til hæstv. forsrh. Í svari kom fram hjá hæstv. forsrh. að upphaf þessa máls, hugsanlegrar aðildar ÍSALs að Vinnuveitendasambandinu, var skeyti frá ÍSAL — eða eins og hæstv. forsrh. komst að orði: „Iðnrn. barst skeyti frá ÍSAL þar sem í fáum orðum sagt — skeytið er nú á ensku en ég fer efnislega með það hér — er farið fram á að ríkisstj. falli frá því ákvæði að ÍSAL verði ekki heimilt að gerast aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands þegar það kýs að gerast aðili."

Það er sem sagt augljóst mál að ÍSAL, sem sendir iðnrn. skeyti á ensku, hefur frumkvæði að því að komast inn í Vinnuveitendasamband Ísands. Það eru ekki klókindi eða stjórnviska hæstv. iðnrh. eða hæstv. forsrh. sem þessu valda eins og ætla hefði mátt af ummælum þeirra hér á dögunum þegar þeir voru að hrósa sér af þessari gjörð, að þeir væru með þessum hætti að koma í veg fyrir að hinn vondi auðhringur hefði úrslitaáhrif á íslenskum vinnumarkaði. Í ljós kemur að það er í raun og veru auðhringurinn sem hefur frumkvæði að því að biðja um — að vísu á enskri tungu — að hann sé felldur inn í það kerfi sem Vinnuveitendasamband Íslands hafur komið upp hér á landi.

Um leið og ÍSAL verður aðili að íslensku atvinnurekendasamtökunum er auðvitað verið að tryggja þessu stóra fyrirtæki möguleika til þess að fá menn í stjórn bæði Félags ísl. iðnrekenda og Vinnuveitendasambands Íslands. Verið er að losa um þær sérstöku reglur sem gilt hafa um vinnustöðvanir í Straumsvík. Það hlýtur að gerast um leið, eða hvað? Ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Er það ekki þar með svo að starfsmenn álversins hljóti að hafa sama rétt og aðrir launamenn í landinu til samúðarvinnustöðvana eða þátttöku í vinnustöðvunum á sama hátt og aðrir launamenn í landinu skv. lögum um stéttarfélög og vinnudeilur? Mér sýnist að ríkisstj. sé með þessu í rauninni að losa algjörlega um allar hömlur í þessu efni sem vissulega hafa verið á starfsmönnum álversins umfram starfsmenn annarra fyrirtækja í landinu vegna sérstakra ákvæða í lögum um álverið frá sinni tíð.

Hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. láta málið líta þannig út að þeir séu fyrst og fremst að reyna að koma í veg fyrir að þessi erlendi auðhringur ráði kaupinu á Íslandi. Skrifuð er mikil lofgjörð um hæstv. forsrh. í Tímann núna um helgina sem er svona svipuð og menn sjá stundum í póstinum hjá sér um Kim Il Sung, ágætan mann ekki alfjarri hér á hnettinum. En í þessari lofgjörð um hæstv. forsrh. Íslands er talað um að það sé mikil stjórnviska hjá honum að losa um þessa hluti þannig að hægt verði að koma í veg fyrir að hringurinn geti ráðið kauplagi í landinu. En í rauninni hefur það verið opinbert leyndarmál á liðnum árum að þeir menn sem vildu erlent fjármagn inn í landið í stórum stíl vildu gjarnan að þessi hringur borgaði hærra kaup en gekk og gerðist á hinum almenna vinnumarkaði í landinu til þess að gera slíka atvinnustarfsemi útgengilegri í augum launafólks en ella hefði verið. Þannig að hér var að einhverju leyti um að ræða vísvitandi stefnu sem fylgt var á sinni tíð og til þessa.

Hins vegar eru umræður um hátekjumennina í Straumsvík fyrir neðan allar hellur vegna þess að mikið af þessu fólki sem þar er vinnur við almennan launataxta vaktavinnu meira og minna allan sólarhringinn við afskaplega erfið skilyrði. Mér er kunnugt um að þarna er um að ræða fjölda fólks sem hefur jafnvel unnið hjá fyrirtækinu frá upphafi og hefur 15, 16 og 17 þús. kr. á mánuði. Það er fólk sem kannski hefur unnið hjá þessu fyrirtæki í 15 ár. Það þætti einhverjum lítið ef launaflokkurinn væri með þeim hætti ákvarðaður hjá þeim sjálfum.

Eitt af því sem kom fram hjá hæstv. forsrh. var að ákvörðunin um að setja ríkisverksmiðjurnar inn í Vinnuveitendasambandið hafi verið sérstaklega rétt og skynsamleg. En þetta er sami flokkurinn og tók ákvörðun um það 1971 að taka ríkisverksmiðjurnar út úr Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá héldu forustumenn Framsfl. langar ræður um hvað það væri skynsamlegt og nauðsynlegt og hvað þeir væru þar mikið að læra af reynslunni. En 12—13 árum seinna eru þeir komnir á allt aðra skoðun.

Þetta sýnir betur en margt annað hvers lags amaba Framsfl. er í íslenskum stjórnmálum. Hann hefur enga ákveðna lögun og hann tekur lit af umhverfi sínu. Þegar Alþb. er sterkt eins og var í kosningunum 1971 og Framsfl. er að semja við Alþb. er Framsfl. tilkippilegur til að semja um þau mál sem Alþb. leggur áherslu á. Þegar íhaldið er aftur á móti nokkuð öflugt eins og var

eftir síðustu kosningar fer Framsfl. alveg á hinn kantinn. Hæstv. núv. forsrh., formann Framsfl., munar ekkert um að steypa sér flikkflakk aftur fyrir sig í skoðunum í þessu efni eins og hefur komið fram í þessu máli og mörgum öðrum aftur og aftur.

Þetta vekur fyrst og fremst athygli á því hvers lags eintak af stjórnmálaflokki Framsfl. er. Hann er í rauninni meðaltal af umhverfi sínu deilt með tveimur, þremur eða fjórum eftir atvikum en hann ræður aldrei úrslitunum vegna þess að hann er niðurstaða dæmis þegar deilt hefur verið upp um styrkleika hinna þjóðfélagslegu afla í landinu. Þannig er þessi Framsfl. og hefur tekist með þeim hætti að halda sér í ríkisstj. lengur en nokkrum öðrum flokki á undanförnum árum vegna þess að flokkar eins og Alþb. og Sjálfstfl. hafa hjálpað honum, hlaupið undir bagga með honum af og til og haldið honum í ráðherrastólunum. Það skyldi þó ekki vera að einn meginhlutinn af þjóðfélagsvandamálunum á Íslandi stafaði af því að þessi sérkennilegi flokkur hafi verið hafður í ríkisstj. eins lengi og raun ber vitni um. Hæstv. iðnrh. mætti hugleiða það eitt augnablik.

Hæstv. iðnrh. fjallaði um það með nokkuð fróðlegum hætti hér hvernig hann umgengst grundvallaratriði og skilyrði. Eftir að ég hafði verið að ræða um að Alþfl. setti það skilyrði að ÍSAL gengi ekki í Vinnuveitendasambandið svaraði hæstv. iðnrh. því þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Á sínum tíma setti Alþfl. þetta skilyrði fyrir samþykkt sinni um samningana við Alusuisse og á þetta var fallist þótt það bryti í bága við lög.“ Þetta eru orðrétt ummæli hæstv. iðnrh: „...og á þetta var fallist þótt það bryti í bága við lög.“

Með þessum orðum er hæstv. iðnrh. að segja að yfirlýsing ríkisstj. 1966, viðreisnarstjórnarinnar, sem var forsenda stuðnings Alþfl. við álsamningana á sínum tíma, hafi verið beint lögbrot. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að það séu nokkuð stór orð hjá hæstv. iðnrh. að dæma forvera sína með þessum hætti lögbrjóta, en það gerir hann með alveg ótvíræðum hætti í þessu orðalagi. Hann segir að vísu síðan: „Það var ekki að vilja Sjálfstfl. og hefur aldrei verið en samkomulag varð að nást.“

M. ö. o. er Sjálfstfl. tilbúinn til að brjóta lög til þess að ná samkomulagi. Það er eina ályktunin sem hægt er að draga af því purkunarlausa valdatafli sem hæstv. iðnrh. þarna setur á svið og greinir frá. Þeir eru ekki vandir að virðingu sinni á þessum bæ þegar kemur að því að gefa samstarfsflokknum fyrirheit. Jafnvel lögbrot eru notuð í því skyni eins og hæstv. iðnrh. hefur rækilega lýst og þeir hika ekki við að hafa þann hnífinn upp í erminni að þeir muni ganga á bak þeirra yfirlýsinga strax og þeir fá tækifæri til.

Hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni hér eins og hv. 7. þm. Reykv. benti á: „Fyrst á að borga mér hærra rafmagnsverð, svo á að hækka kaupið.“ Ég held að fróðlegt sé í þessu sambandi að líta til þess að kauplækkunin sem orðið hefur á undanförnu einu ári hjá þessu stóra fyrirtæki suður í Straumsvík er í kringum 130 millj. kr. En rafmagnsverðshækkunin, hið ótrúlega afrek hæstv. iðnrh. Sverris Hermannssonar, hvað ætli hún geri? Hún gerir um 115 millj. þannig að skv. þeim upplýsingum sem ég hef hafa starfsmennirnir í álverinu þegar greitt allan kostnað af hinu ótrúlega afreki með kauplækkun sinni. Það er ekki að furða þó að iðnrh. geysist hér fram með stóryrðum og hæli sér af þessum mikla árangri og ráðist að hálaunamönnunum í Straumsvík í sömu ræðu.

Hæstv. iðnrh. er nefnilega býsna önnum kafinn við það þessa dagana að sýna fram á hvað vinnuaflið og rafmagnið er ódýrt á Íslandi. Hann hefur sent út bækling sem heitir „Fjárfestingartækifæri í kísilmálmiðnaði á Íslandi“. Þar kemur fram að þeir sem vilja fjárfesta í þessum greinum geta búist við því að rekast hér á mikla gullöld og gleðitíð fyrirtækjanna. Í fyrsta lagi er rafmagnið hér á landi á afar hagstæðu verði. Og ekki nóg með það heldur eru launin alveg sérlega hagstæð fyrir hin erlendu stórfyrirtæki skv. þessum auglýsingabæklingi sem iðnrh. hefur sent út um allan heim til að auglýsa hvað íslenskir verkamenn eru billegir og vinnuafl þeirra og rafmagn á Íslandi sáraódýrt.

Í þessum sérkennilega bæklingi á enskri tungu sem hann dreifði hér á Alþingi með eftirgangsmunum fyrir nokkru kemur líka fram að stjórnmálastaða á Íslandi er afskaplega heppileg og þægileg fyrir svona auðhringa að glíma við. Þess vegna er ekki að furða þó að þessi hæstv. iðnrh. hafi áhuga á því að halda niðri kaupinu í Straumsvík. Ef kaupið í Straumsvík hækkar mjög verulega hrynur auðvitað grunnurinn undir þessum auglýsingabæklingi um billega vinnuaflið á Íslandi sem hann sendi út um heim undanfarnar vikur.

Þessi bæklingur er alveg einstakur vegna þess að það hefur aldrei áður gerst að stjórnvöld, þ. e. iðnrn. — það er ekki fyrirtæki hér á landi eins og t. d. Landsvirkjun sem er að auglýsa þetta — tilkynni að verð á vinnuafli á Íslandi sé orðið svo billegt að auðvelt eigi að vera fyrir erlend stórfyrirtæki að fjárfesta hér eins og hæstv. forseti og formaður stóriðjunefndar hefur kannski áttað sig á. Það er mikið hrós fyrir hæstv. forsrh. Steingrím Hermannsson þegar hann er búinn að sitja sjö mánuði í ríkisstj. með íhaldinu að þá skuli vera sendur vítt um heim auglýsinga- og áróðurspési um að kaupið á Íslandi sé svo lágt að hin erlendu stórfyrirtæki mættu aldeilis þakka fyrir ef þau fengju það ódýra vinnuafl sem íslenskir verkamenn láta í té í Straumsvík.

Hér er um að ræða yfirgengilega sölumennsku á íslensku vinnuafli af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég hygg að svona vinnubrögð séu dæmalaus af ríkisstj. í þessu landi og hvort sem svo er eða ekki er hitt ljóst að hér er um að ræða gjörð sem er fordæmanleg.

Í plöggum frá bandarískra hermálaráðuneytinu Pentagon sem var lesið upp úr hér í þinginu 14. nóvember s. l. í utandagskrárumræðum um hugsanlega staðsetningu eldflauga hér á landi var tekið þannig til orða að Ísland væri kostajörð. Hæstv. iðnrh. hefur tekið að sér að auglýsa þessa kostajörð og tilkynna að hérna taki menn ekki mikið fyrir viðvik sín og að rafmagnið sé hér á lágu verði.

Í ræðu hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. reyndar líka kom fram aftur og aftur að þeir væru sérstakir talsmenn þess að þetta fyrirtæki væri undir íslenskum yfirráðum í kaupgjaldsmálum en að ég og Alþb. vildum svissneskt forræði. Hvers lags rugl er þetta eiginlega? Ég er reiðubúinn til þess hér og nú að standa að löggjöf ásamt hæstv. iðnrh. um að þetta fyrirtæki skuli í einu og öllu lúta íslensku forræði, þar með töldum íslenskum dómstólum svo ég nefni dæmi, þannig að það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. eða hæstv. iðnrh. að ætla að velta sér upp úr svona útúrsnúningum og bjarga sér á hundasundi rökþrota með þvælu af þessu tagi. Það

gengur alls ekki upp.

Í ræðu sinni fór hæstv. iðnrh. mörgum orðum um að kaupið mætti alls ekki hækka í Straumsvík, það mundi brjóta ísinn og hann vildi ekki brjóta ísinn. Tveimur dögum seinna birtist í Morgunblaðinu viðtal við hæstv. iðnrh. þar sem hann braut ísinn í kaupgjaldsmálunum og lýsti því yfir: „Ég geri mér ljóst að forsendur í fjárlögum — og nú er ég að segja mjög viðkvæman hlut — nægja ekki til að ná sáttum á vinnumarkaðnum.“

Forsendurnar í fjárlögum eru þær að kaupið megi hækka um 4%. Hæstv. iðnrh., eftir löngu og háværu hálaunaræðuna hér í Nd., er fyrstur ráðherra til kveða upp úr með það að þessar forsendur dugi alls ekki til að ná friði á vinnumarkaðnum. „Við leysum ekki nokkurn skapaðan hlut í þessu landi nema með samkomulagi og samningum,“ segir hæstv. iðnrh. og undirstrikar að sá rammi dugi ekki til sem hæstv. fjmrh. hefur miðað við í sínum yfirlýsingum, að kaupið megi ekki fara fram yfir 4%. Hæstv. fjmrh. gengur í raun og veru svo langt að í rauninni megi opinberir starfsmenn bara skipta með sér þessum fjórum prósentum, honum komi það í sjálfu sér ekki við hvernig þeir fara að því. Hæstv. fjmrh. virðist líta á fjárlögin sem launabindingarlög þannig að samningsfrelsi opinberra starfsmanna og annarra launamanna í þessu landi sé bundið við þessi 4% og megi ekki fara fram yfir það.

En var hæstv. iðnrh. sá eini sem braut rammann hans Alberts Guðmundssonar, hæstv. fjmrh.? Nei. Sömu daga og hæstv. iðnrh. gaf þessa yfirlýsingu kom önnur yfirlýsing frá hæstv. forsrh. Og hvað sagði hann? Sammála Sverri. Kom á óvart að Albert ætlaði að segja sig úr stjórninni yrði farið yfir 4% markið. Sammála Sverri. Þannig að tveir hæstv. ráðh., forsrh. og iðnrh., hafa lýst því yfir: Launastefna fjmrh. er tóm vitleysa. Það næst aldrei friður og aldrei neinir samningar um þá launastefnu sem hæstv. fjmrh. er með.

Hæstv. fjmrh. var spurður af blöðunum: Hvað ef farið verður út fyrir þennan ramma? Þá sagði hæstv. fjmrh.: Þá er ég farinn — og lýsti því yfir að þá færi hann úr ríkisstjórn ef brotinn yrði upp sá launarammi sem hann er með áherslur á.

Eins og Morgunblaðið minnti á núna um helgina eru þessar yfirlýsingar Sverris Hermannssonar og Steingríms Hermannssonar hæstv. ráðh. nákvæmlega sams konar og yfirlýsingar Ólafs Jóhannessonar í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar vorið 1977. Þá gaf Ólafur Jóhannesson yfirlýsingu um að kaupið ætti að vera minnst 100 þús. kr. Þessar yfirlýsingar hans höfðu auðvitað veruleg áhrif á launasamningana, sólstöðusamningana, sem síðar voru gerðir og í rauninni á þau efnahagslegu átök sem síðan hafa orðið í landinu.

Það er m. ö. o. ljóst að komin er hreyfing á hlutina hjá hæstv. ríkisstj. Hún er að gefa sig. Hún er að átta sig á því að hún kemst ekki lengur upp með þessa kaupránsstefnu í framkvæmd. Hún er að láta sig en hún er hrædd og ráðh. gefa taugaveiklunaryfirlýsingar hver á fætur öðrum á hverjum einasta degi.

Vandamálin eru auðvitað mörg. Eitt er álverið. Þar er verið að reka prófmál gegn ákveðnum hópi launamanna af ríkisstj. Annað er fiskverðið. Þar eru menn að velta því fyrir sér hvað þeir geti tekið mikið fram hjá skiptum, tryggt útgerðinni mikinn hlut fiskverðshækkunarinnar án þess að það komi í hlut sjómanna. Það þriðja eru samningar BSRB þar sem hæstv. fjmrh. hefur þegar gert ákveðið tilboð en forsrh. og iðnrh. segja að það tilboð sé ekki nóg, það þurfi að hækka og ekki þurfi að gera ráð fyrir því að þessi rammi haldi, rammi hæstv. fjmrh. dugi ekki til. Það fjórða er kjaradómur Bandalags háskólamanna sem menn eru að horfa á þessa dagana líka að komi núna í febrúarbyrjun. Og það fimmta eru svo samningar ASÍ.

Allt er þetta á hreyfingu núna einmitt þessa dagana og ástæðan fyrir taugaveiklunaryfirlýsingum hæstv. ráðh. er vitaskuld sú að þeir sjá ekki fram úr þessu vegna þess að þeir skynja að launafólk í landinu er óðum að átta sig á að það þarf að hrista af sér þá kaupránsstefnu sem þessir hæstv. ráðh. hafa beitt sér fyrir. Þeir óttast að allt sé að fara í einn hnút og um leið og það gerist fara ráðh. að fiska hver í sinni vökinni.

Hæstv. forsrh. gefur yfirlýsingar um að endilega verði að hugsa um láglaunafólkið og farið er að framleiða einhverja pappíra í forsrn. sem mér er sagt að hafi verið dreift sem trúnaðarmáli í 400 eintökum víðs vegar í landinu. Það er pappír í forsrn. um það hvernig á að koma til móts við fólkið, láglaunafólkið í landinu, hvaða aðferðir eigi að hafa til þess. Vill ekki hæstv. forsrh. láta stjórnarandstöðuna og fjölmiðlana fá þennan pappír? Það væri fróðlegt að sjá hann. Hæstv. forsrh. er farinn að fiska eftir atkvæðum fyrir Framsfl., hann finnur að ísinn er að bresta. Hæstv. iðnrh. er að brjóta ísinn og hæstv. forsrh. finnur að vökin nálgast hann óðum.

Ofan á þetta bætist svo það undarlega ástand í núv. ríkisstj. að þar eru ekki bara tvö stjórnaröfl, þau eru a. m. k. þrjú, þ. e. meiri hl. ráðh. Sjálfstfl., Framsfl. og síðan núv. hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson. Báðum hinum öflunum er sama hvernig fer með ríkiskassann hjá hæstv. fjmrh. og láta sig það einu gilda og gráta þurrum tárum þó að hann hlaupi út úr ríkisstj. og vilja reyndar helst af öllu losna við hann hið allra fyrsta.

Það var athyglisvert sem gerðist í umr. í þinginu á mánudaginn var að formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Suðurl., lýsti því yfir í sinni ræðu að það þyrfti að fara að huga að kosningum ef launamenn hefðu fram eitthvað af sínum kröfum. Ég er sannfærður um að hv. 1. þm. Suðurl. og hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson og þeir forustumenn Sjálfstfl. báðir sem eru utan ríkisstj. yrðu þeirri stundu fegnastir þegar núv. ríkisstj. legði upp laupana og hætti störfum vegna þess að þeir sjá að ríkisstj. er þegar farin að renna hratt niður hjarnið. Yfirlýsingar ráðh. benda til þess. Þessir tveir hv. þm., forustumenn Sjálfstfl., mundu gráta það þurrum tárum þó að ríkisstj. færi frá. Ég gæti trúað að þeir yrðu manna fegnastir að losna við að vera í vinnumennsku hjá Steingrími Hermannssyni formanni Framsfl. enda geri ég ekki ráð fyrir því að þeir telji sig borna til þess að vera um aldur og ævi í kaupamennsku hjá formanni Framsfl. (**FrS:** Það er rétt til getið.) Það er rétt til getið, sagði hv. þm. Friðrik Sophusson.

Nú er staðan þannig að ríkisstj. hefur setið í 8 mánuði. Hún hefur talað um festu og öryggi og að hún sé að leysa hin miklu efnahagslegu vandamál í þjóðfélaginu. Staðan er hins vegar þannig núna eftir aðeins 8 mánuði að kominn er brestur í stjórnarsamstarfið. Það er allt á fleygiferð hjá hæstv. forsrh., hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. Það er kominn brestur í stjórnarsamstarfið og þá er ekki lengur hægt að tala hér um festu. Ljóst er að ríkisstj. er á undanhaldi. Það er niðurstaðan af

umr. á hv. Alþingi og í fjölmiðlum síðustu vikuna.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. S. l. mánudag var hv. 3. þm. Reykv. bent á það þegar hann óskaði eftir að taka til máls um þetta efni utan dagskrár að málið mundi snúa að iðnrh. Hann hafnaði þeirri aðferð að víkja fyrirspurnum sínum og máli til hans og óskaði eftir að forsrh. sæti fyrir svörum. Og það var eftir honum látið auðvitað.

En síðan er það undir kvöldmat að iðnrh. þurfti að sinna nauðsynlegum erindum og gat ekki verið viðstaddur lengur en fimmtán mínútur fyrir sjö að þá stendur sami málshefjandi upp og krefst þess að iðnrh. sé kallaður á vettvang til umr. Þessi fundarstjórn þarf auðvitað endurskoðunar við, að hv. þm. geti sjálfir skammtað sér fundartíma og umræðutíma með þessum hætti. Að sjálfsögðu mundi ég hafa setið undir allri umr. ef orðræðan hefði að mér beinst eins og boðið var upp á.

En hvað skeður síðan s. l. fimmtudag? Auðvitað þarf að ræða þetta mál undir liðnum Þingsköp í Sþ. á morgun. Þar var málefni sem beinlínis snýr að mér og mínu embætti, lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar, tekið til umr. þrátt fyrir það að ég hafði áður lagt inn eindregna beiðni um að svo yrði ekki að mér fjarstöddum. Ég spurðist fyrir um það á þriðjudaginn var hvort það kæmi fyrir þá en því var neitað og var enda vitanlegt enda hafði ég opinbert fjarvistarleyfi úr þingi, að ég yrði ekki viðstaddur umr. á fimmtudag þegar steinninn er klappaður í fimm tíma, að því mér skilst og farið þar með upplýsingar sem að öðru jöfnu ég hefði talið nauðsynlegt að ég væri a. m. k. áheyrsla, að ég ekki segi að ég gæti setið fyrir svörum.

Þessa vil ég láta getið nú enda þótt hæstv. forseti sem nú stjórnar fundi beri enga ábyrgð á þessum tveimur atriðum þar sem hann var fjarri í fyrra skiptið og í síðara skiptið var fundur í Sþ. þar sem hv. 2. þm. Austurl. stjórnaði og tók fyrir mál sem hv. 5. þm. Austurl. hafði borið hér fram og flutti, maðurinn sem hefur gengið það langt að hann hefur krafist þess að einstakir þm. kæmu hér og hlýddu á mál hans. Þá þurfti ekkert á því að halda að hafa viðstaddan höfuðmálsvarann og höfuðaðilann að þessu máli. Þannig að eitt rekur sig nú á annars horn í þessu sambandi. En að þessu munum við auðvitað víkja síðar.

Það er undarlegt að heyra málflutning á borð við þann sem hann tíðkar, hv. 3. þm. Reykv., og með ólíkindum að aðeins skuli vera 8 mánuðir síðan hann var ráðh. í ríkisstj. sem stjórnaði vitlausara en nokkur önnur ríkisstj. hefur nokkru sinni gert í nokkru lýðræðislandi sem nokkur maður þekkir til. Og er síst of djúpt tekið í þessari ár. (Gripið fram í.) Þar sem allt endaði með þeim ódæmum að við höfum ekki dæmi um slíkt nema, ég skal ekki segja, ég er ekki kunnugur því hvort það fyrirfinnist eitthvað í Suður-Ameríku álíka. En ekki með þeim ódæmum samt að ég held.

Síðan kemur hann og setur á tölur að segja mönnum fyrir um hvernig eigi að stjórna landinu. Honum er það ekkert í mun að tekist hafi að ná þvílíkum árangri sem raun ber vitni um í verðbólgumálunum enda þótt hann lýsti því yfir ásamt öllum öðrum foringjum í stjórnmálaflokkum á Íslandi í síðustu kosningahríð að það væri mál málanna að vinna bug á þeirri miklu ófreskju. Nú er það ekki lengur neitt keppikefli, nú er keppikeflið allt annað, að hrinda af stalli stefnu núv. ríkisstj. sem þó hefur náð þessum ótrúlega árangri.

Öll umr. hér snýst nú auðheyrilega um ótta þessara hv. Alþb.-foringja, gáfumannadeildarinnar a. m. k. í þeirri fylkingu, við að samningar takist skaplegir á vinnumarkaðnum. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum til viðbótar um herleiðingu þeirra til Straumsvíkur. En ég var áreiðanlega búinn að óska þeim til lukku með það að hafa beitt afli sínu og ætla sér að reyna að beita afli sínu í Straumsvík til þess að brjóta ísinn. Til þess að brjóta ísinn — og allir vissu við hvað var átt og þarf ekki að fara í felur með tilganginn.

Ég var líka búinn að óska þeim til lukku með það að þeir beittu sér fyrir forræði Alusuisse á íslenskum vinnumarkaði og héldu snarplega á því máli. Svo þegar þeir koma úr þessum hernaði slyppir verða einhverjir aðrir en ég að votta þeim samúðina. Er nú verst að fjarstaddur er hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, sem flutti hér að vísu messur yfir mér fjarstöddum á dögunum, en þá gæti hann auðvitað jarmað undir í samúðarfalsettu vegna þess að hann er ekki fylgismaður og stuðningsmaður þessarar aðferðar sem Alþb. fann upp, að beina átakspunkti í vinnudeilum nú til Straumsvíkur. Og þegar ég talaði um hátekjumenn í Straumsvík þá var ég að tala um hann Guðmund J. Guðmundsson, hv. 7. þm. Reykv., um hans fólk til samanburðar sem hefur lágmarkslaun sem ekki ná ⅓ af því sem þeir hafa til jafnaðar verkamenn í Straumsvík.

Það er athyglisvert að þessir fulltrúar og forustumenn Alþb. skuli setja hér á endalausar tölur um hag og afkomu þessa fólks en eyða engu orði á fólkið hans Guðmundar J. Guðmundssonar hv. 7. þm. Reykv. í Dagsbrún eða Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur í Sókn eða verkakvennafélagsins Framsóknar eða Bjarna í Iðju. En þeim er alveg nóg boðið þegar verið er að setja fót fyrir pólitíska spekúlasjón þeirra suður í Straumsvík. Þá má ekki tala um það opnum munni, þá er það kallaður hroki þegar maður vill segja skoðun sína á því fyrirbrigði af fullkominni einurð.

Ég þarf ekki að bæta neinu við í sambandi við skoðun mína og afstöðu til aðildar ríkisfyrirtækja að vinnuveitendasamtökum. Ég ítreka það sem ég áður hef sagt að það er ekki gert til þess að veikja alþýðusamtökin eða þeim til tjóns. Mér er fullkunnugt um að það er vilji þeirra að eiga einhöfða risa að mæta og hefur lengi verið. Allt annað er úrelt og af sér gengin skoðun í þessum málum. Að þeir þurfi ekki að elta uppi eða snegla uppi ótal stærri fyrirtæki eftir að heildarkjarasamningar hafa verið gerðir. Það er að vísu einstaka löngun sem skýtur upp kollinum um það að brjóta ísana með því að leggja undir sig eitthvert lítið fyrirtæki. Slíkt hafa menn séð og e. t. v. minnast menn þess að allóvarlega þótti að samningamálum staðið uppi í Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og það er eins og mig minni að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi vikið aðeins að því í máli sínu hér á dögunum. En það er ekki af því góða til lengdar.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á orð mín um það að hér hefði verið framið lögbrot árið 1966 þegar fallist var á kröfu Alþfl. um að ÍSAL yrði ekki aðili að vinnuveitendasamtökum Íslands. Ísland er aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni og samþykkti reglur hennar um félagafrelsi með þál. árið 1950. Slík þál. hefur lagaígildi

og er tómur orðhengilsháttur að skjóta sér neitt fram hjá því. Þessi aðild okkar er lagaígildi enda þótt í þál. sé og verður þess vegna ekki flokkuð undir annað en lagabrot að mínum dómi. Mér er ályktun Alþingis alveg jafn verðmæt eins og það sem njörvað er í lagarammann og ég tek alveg nákvæmlega jafnmikið tillit til hennar. Því miður hefur á síðari árum færst í vöxt að þeir sem með framkvæmdavaldið fara hafa ekki sett sig í þær stellingar að taka fullkomið tillit til viljayfirlýsinga frá Alþingi. Því verður að breyta. Þessarar skoðunar er ég og því er það að það var meira en til hliðar við lagaákvæði að þessi yfirlýsing var gerð, heldur var það að mínum dómi lagabrot í nótuskiptum og kann ég ekki að meta það öðruvísi en svo að þarna sé farið fram hjá og í kringum lögin þó að í privatnótuskiptum sé. Hvers vegna skyldi maður ella halda að þetta hefði ekki verið að finna í aðalkjarasamningi nema fyrir það að menn vildu láta þetta fara í hljóði? Og kynni kannske að vera að finnandi væru fleiri fordæmi. En sé þetta svona verða þeir að eiga gagnrýni sem þetta framkvæmdu og þýðir ekkert annað en að standa frammi fyrir því, hver svo sem á í hlut.

Hér vék hv. 3. þm. Reykv. að bæklingi sem sendur hefur verið allmörgum fyrirtækjum í Ameríku, Kanada, í Evrópu — einum fjórtán — og Japan. Þar fór hann ýmsum orðum og mörgum um að hér væri með svívirðilegum hætti upplýst um stöðu vinnumála og launþega á Íslandi. Hann vitnaði auðvitað ekki orðrétt til þess arna. En hér er varðandi vinnuaflið á Íslandi byrjað á sérstökum meðmælum með því fyrir hæfni og menntun sem menn geta kynnt sér ef þeir svo vilja.

Hann lét þess getið að kostað hefði eftirgangsmuni að dreifa þessu hér. Mér var þakkað alveg sérstaklega fyrir skjót viðbrögð af hv. 5. þm. Austurl., flokksbróður hans, fyrir að hafa látið dreifa þessu einum hálftíma eftir að beðið var um það. Það voru nú allir eftirgangsmunirnir.

En hér er þessu vinnuafli hælt alveg sérstaklega og talið skara fram úr því sem annars staðar best gerist. Ekki er það að afflytja íslenskan verkalýð.

Svo er sagt í síðustu málsgreininni að hlutfallslega sé vinnuaflið á Íslandi ódýrara en gerist í Skandinavíu. Og nú er bara spurningin: Er þetta rétt eða rangt? Er verið að afflytja eitthvað? Bætt er við: „ ... og sérstaklega hagstætt ef borið er saman við Bandaríki Norður-Ameríku.“ Er þetta að afflytja eitthvað? Er farið með ósannindi að þessu leyti? (Gripið fram í.)

Til viðbótar er því bætt við að meðalvinnutímafjöldi vinnandi fólks á ári sé eitthvað aðeins meiri — somewhat greater, eins og hér stendur — en á meginlandi Skandinavíu. Þetta er nú það sem hér stendur og mundi ég enda hafa frumkvæði að því að þessum bæklingi verði snarað og hann komi fyrir almenningssjónir vegna þess að ég skammast mín ekkert fyrir hann. Annað mál er það að eðlilegt er að menn sem eru andstæðir þessari stefnu okkar um viðskipti við útlendinga um byggingu stóriðjunnar og rekstur hennar reki hornin í þetta. En þá eiga þeir að segja frá ástæðunum en ekki vera að skrökva til um það sem er þó hér bókað.

Sama er að segja um aflið. Auðvitað höldum við því fram að við séum samkeppnisfærir í orkunni enn þá. Ég hef ekki verið tilbúinn til þess af auðskildum ástæðum að festa mig við einhverja ákveðna tölu í því en þó hyggja menn það af þeim sem kunnugastir eru þessum málum að við séum enn allsæmilega samkeppnisfærir í orkuverði. Þetta er af þessum bæklingi að segja sem hér var verið að býsnast yfir.

Ég hafði aldrei sagt, hvorki í umr. á mánudag var eða áður eða síðar, að kaup mætti ekki hækka eins og hv. 3. þm. Reykv. tók hér fram. Hann er vafalaust að vitna til orða minna í umr. um Straumsvík. Ég taldi að allt annað yrði að ganga á undan því og við þyrftum að hefja samningaviðræður og ráða fram úr því hvernig við gætum komið til móts við fólkið sem örðugast á. Það voru mín orð. Allt annað er útúrsnúningur.

Ég taldi að við þyrftum að byrja á því áður en við tækjum umr. um fólkið í Straumsvík. Og ég beindi orðum mínum þá til hv. 7. þm. Reykv., hvort hann þyrfti ekki að fara að leggja eitthvað til þeirra mála. Hann sagði hér síðast og ég las það í ræðu hans sem ég kynnti mér rétt áðan að ýmislegt væri þokukennt í kröfum hinna lægstlaunuðu hjá Sókn og Iðju. Þá veit maður það. En ég held að við ættum hér heldur að verja tíma okkar til þess að ráða fram úr því hvernig við getum komið til móts við þetta fólk sem áreiðanlega berst í bökkum áður en menn beita orku sinni fyrir vagn starfsfólks í Straumsvík. Ég hef ekkert hikað við að segja frá þessu af því að þetta er skoðun mín. Menn geta þá skilið það sem einhver niðrandi ummæli og árásir á það fólk ef þeir svo vilja vera láta.

Launafólk — segir hv. 3. þm. Reykv. — er að átta sig á því að það verði að hrista af sér núverandi launastefnu. Ég fullyrði að allur almenningur, þ. á m. launafólk, styður ríkisstj. að yfirgnæfandi hluta til í starfi hennar í viðureigninni við verðbólguna. Og svo standa sakir enn. Á hitt ber að líta að við verðum að finna lausn á því að koma því fólki til hjálpar sem nú berst í bökkum og þeim heimilum sem eru við það að fara á hliðina fjárhagslega. Þetta er vandamálið okkar. Auðvitað eru fleiri vandamál eins og að leysa hið stóra sjávarútvegsdæmi. En allt er það á réttri leið. En undirstaða þess að vel og skynsamlega sé stjórnað í þjóðfélagi er vitanlega það að samkomulag takist við vinnustéttirnar í landinu. Annars er allt unnið fyrir gýg, það skulu menn vita. Menn hafa reynsluna af því. Og með hvaða hætti öðrum leysum við vandamálin en með samningum?

Ég hef engar tölur nefnt í þessu sambandi. Ég veit bara að 4% rammi er ekki nægilegur til handa því sem erfiðast á. (**Forseti:** Má ég spyrja hæstv. ráðh. hvort hann geti lokið ræðu sinni fljótlega. Við erum komin núna yfir á þann tíma þegar venjulega eiga að vera þingflokksfundir og þessari umr. verður nú að ljúka.)

Hæstv. forseti. Ég skal ljúka máli mínu. En öll er þessi umr. afar upplýsandi um þá málsmeðferð og málafærslu sem forustulið Alþb. temur sér. Ég á ekki von á því að sú herleiðing sem þeir fóru í til Straumsvíkur eigi eftir að verða þeim til ábata eða ávinnings. Öll er málafærslan með þeim hætti að með ólíkindum væri ef það tækist.

En ég bíð eftir því að þeir leggi því lið að við getum ráðið fram og úr því með hvaða hætti við getum hjálpað þeim sem þurfa á úrbótum að halda.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. febr. 1984.

Birgir Ísleifur Gunnarsson, 4. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs þings."

Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur hefur tekið áður sæti á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 2. febr. 1984.

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég sakir sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Siggeir Björnsson bóndi í Holti í Kirkjubæjarhreppi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhanna Sigurðardóttir,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs þings."

Hér fylgir kjörbréf Siggeirs Björnssonar og vil ég leyfa mér að biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og kannað kjörbréf fyrir Siggeir Björnsson, Holti í Kirkjubæjarhreppi, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, en eftir því er óskað að hann taki um sinn sæti Eggerts Haukdals á Alþingi. Eggert Haukdal er 6. þm. Suðurl.

Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréfið og ekkert séð athugavert, hvorki við það né kosninguna. Leggur því kjörbréfanefnd til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Siggeir Björnsson hefur áður átt sæti á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Sumarbústaðir að Hellnum, fsp. 130. mál (þskj. 165). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þann 29. des. 1981 kunngerði ríkissaksóknari að höfða bæri opinbert mál fyrir sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu á hendur fjórum einstaklingum sem höfðu valdið eignaspjöllum skv. 1. málsgr. sbr. 2. málsgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Málavextir voru að þeir höfðu í sameiningu laust upp úr miðnætti aðfaranótt fimmtudagsins 24. júlí 1980 eyðilagt undirstöður fimm sumarbústaða sem Landssamband íslenskra útvegsmanna hafði hafið byggingu á í landi jarðarinnar Skjaldartraðir í Breiðavíkurhreppi. Undirstöðurnar voru steinsteyptar súlur í plasthólkum, allt að 7 tommur í þvermál, eins og þar segir, 20 súlur undir hverju húsi, sem ákærðu rifu upp með dráttarvélum eða brutu og fleygðu síðan í opinn skurð á byggingarsvæðinu.

Samkvæmt ákæru þessari var þess krafist að ákærðu yrðu dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar. Sama dag og þetta var kunngert var sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu skrifað frá skrifstofu ríkissaksóknara og honum sent endurrit úr sakadómsbók ásamt ákvörðun ríkissaksóknara, hvar segir og að þess sé krafist að sýslumaður ljúki rannsókn málsins og taki það síðan til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru.

Vegna þessa hef ég, herra forseti, leyft mér að leggja fram fsp. hér í hæstv. Sþ. og hljóðar hún á þessa leið, með leyfi forseta:

„Hvað líður máli því sem ákæruvaldið höfðaði gegn aðilum sem eyðilögðu undirstöður að sumarbústöðum Landssambands ísl. útvegsmanna að Hellnum á Snæfellsnesi í júlí 1980?"

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir fsp. sem hann ber fram til mín um undirstöður sumarbústaða að Hellnum og hvað líði máli því.

Dómur í þessu máli, sem höfðað var með ákæru ríkissaksóknara 29. des. 1981 gegn fjórum mönnum fyrir eignaspjöll, var kveðinn upp í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 18. jan. s. l.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir upplýsingarnar, og ég læt það álit mitt í ljós, að þessi fsp., sem borin var fram á haustmánuðum, hafi átt nokkurn þátt í því að dómur var loks upp kveðinn í máli þessu.

Selveiðar við Ísland, fsp. 146. mál (þskj. 196). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hafa orðið talsverðar umræður um selveiði. Ástæðurnar eru ýmsar. Fyrst urðu umræður um selveiði vegna mótmæla sem voru upprunnar erlendis við seladráp. Á seinni árum hafa orðið

verulegar umræður um þessi mál innanlands vegna vaxandi vandamála í sjávarútvegi sem eru tengd hringormum í fiski. Kostnaður sjávarútvegsins af hringormatínslu er gífurlegur. Þar til s. l. vetur var hann einungis tengdur framleiðslu frystra og ferskra afurða en nú er svo komið að kaupendur saltfisks hafa einnig gert kröfu til hringormalausra afurða.

Fyrir rúmlega fjórum árum skipaði þáverandi sjútvrh. nefnd sem hlaut nafnið hringormanefnd. Nefndinni var m. a. ætlað að hafa yfirumsjón með rannsóknum sem þá þegar voru hafnar á vegum Hafrannsóknastofnunar á selastofninum við Ísland. Í nefndinni eiga sæti framkvæmdastjórar fimm stórra úflutnings- og fiskverkunarfyrirtækja auk formanns nefndarinnar, Björns Dagbjartssonar forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Vorið 1982 fór hringormanefnd inn á þá braut að hvetja til selveiða með greiðslu veiðilauna. Þessi aðgerð hringormanefndar sætti mikilli gagnrýni almennings, samtaka náttúruverndarmanna og Náttúruverndarráðs. Náttúruverndarráð ályktaði fyrst um málið sumarið 1982 og hefur nú nýlega sent aftur frá sér greinargerð sem birtist opinberlega í Morgunblaðinu 21. jan. s. l. Með leyfi forseta vil ég vitna í ákveðna kafla hennar. Þar sem rætt er í skýrslunni um ályktun Náttúruverndarráðs frá sumrinu 1982 segir m. a.:

„Átaldi ráðið þau vinnubrögð hringormanefndar að hrinda slíkum aðgerðum í framkvæmd, án þess að leitað væri álits aðila og stofnana sem málið snertir, svo sem Hafrannsóknastofnunar og Náttúruverndarráðs. Ráðið beindi þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún beitti sér fyrir setningu laga, er tryggðu að mál sem þetta fengi eðlilega umfjöllun stjórnvalda."

Þarna er í júlí 1982 óskað lagasetningar um selveiði.

Í áliti Náttúruverndarráðs sem birtist á dögunum er að finna ýmsar hugleiðingar um þessi mál og raunar er þar dregið í efa ýmislegt varðandi vinnubrögð og ályktanir hringormanefndar. Geta menn lesið það þar sjálfir. Þar kemur fram það álit Náttúruverndarráðs að ákvörðun um átak til fækkunar sela hafi í raun og veru verið tekin áður en rannsóknir hófust að neinu marki.

Önnur atriði sem gagnrýnd hafa verið eru í fyrsta lagi samsetning nefndarinnar, þ. e. að þar er enginn fulltrúi frá Hafrannsóknastofnun eða Náttúrufræðistofnun þrátt fyrir yfirlýst rannsóknarhlutverk nefndarinnar.

Í öðru lagi hefur verið gagnrýnd tregða á dreifingu þeirra skýrslna sem nefndin gefur út þar sem ýmsum opinberum rannsóknastofnunum hefur verið neitað um eintök. Fleiri hafa gert athugasemdir. Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu sendi nýlega frá sér fréttatilkynningu um málið þar sem komist var svo að orði m. a., með leyfi forseta:

„Aukafundur sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu lýsir undrun sinni á þeirri aðferð sem viðhöfð er við að halda niðri selstofni við landið þar sem skotmenn eru verðlaunaðir fyrir seladráp. Það hefur m. a. leitt til þess að bændur hafa orðið fyrir mikilli ágengni skotmanna, jafnvel á friðlýstum varplöndum og sellátrum. Sýslunefndin bendir á að mun eðlilegra væri að styrkja þá sem áður stunduðu selveiðar og höfðu af því tekjur þannig að þeir gætu áfram nýtt sér kópaveiði í ábataskyni."

Augljóst er að þetta mál hefur víða komið við sögu. Um það urðu fróðlegar umr. í des. s. l. í dagblöðum vegna óska skattstjóra um upplýsingar um upphæðir veiðilauna. Þeim óskum svaraði formaður hringormanefndar eitthvað á þá leið að þessi veiðilaun væru ekki skattskyld enda væru menn að sinna þjóðþrifastörfum.

Mitt í öllu þessu stendur sú staðreynd að fiskiðnaður landsmanna ber gífurlegan bagga vegna hringormahreinsunar. Þessi kostnaður er í milljónum og milljónatugum talinn, jafnvel hjá einstökum fyrirtækjum. Nýlegar fréttir frá Snæfellsnesi sýndu að vegna hreinsunar á saltfiskbirgðum hjá einu einstöku fyrirtæki nam kostnaðurinn, ef ég man rétt, um 4.5 millj. kr. Nýlega kom fram í fréttum að kostnaðarauki saltfiskvinnslunnar á s. l. ári hefur verið áætlaður um 100 millj. kr. Hér þarf að sætta mjög mörg sjónarmið. Sætta þarf sjónarmið fiskverkenda, útgerðarmanna, landeigenda, náttúruverndarmanna og almennings. En umfram allt þurfa aðgerðir að hvíla á traustum grunni þekkingar.

Ég vil að lokum vitna í greinargerð Náttúruverndarráðs sem birt var hinn 21. jan. s. l. og ég hef áður minnst á, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð vill ítreka þá skoðun sína, að brýna nauðsyn ber til að sett verði hið fyrsta lög um selveiðar við Ísland, er tryggi fullnægjandi stjórnun þessara veiða. Ráðið telur rétt í því sambandi, að sjútvrn. hafi yfirumsjón mála er selveiðar varða."

Síðan segir:

„Náttúruverndarráð vill að lokum taka það fram, að það er að sjálfsögðu ekki andvígt skynsamlegri nýtingu sela hér við land. Hins vegar vill ráðið enn vara við ótímabærum og hæpnum aðgerðum til fækkunar sela. Eins og fram hefur komið hér að framan er þörf miklu meiri rannsókna á fjölmörgum atriðum, er snerta hringormavandamálið. Þegar haft er í huga hversu gífurlegir hagsmunir eru hér í húfi verður það og að teljast nauðsynlegt að veita miklu fjármagni til hnitmiðaðra rannsókna."

Eins og komið hefur fram í þessu máli mínu hefur tvívegis a. m. k. verið ítrekuð þörf á setningu laga um selveiðar við Ísland. Því hef ég borið fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um það mál.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. vil ég taka fram að í ágústmánuði 1982 skipaði Steingrímur Hermannsson þáv. sjútvrh. nefnd til þess að semja frv. að lögum um selveiðar við Ísland. Í nefnd þessari voru fulltrúar frá Náttúruverndarráði, Búnaðarfélagi Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og rn. Nefndin skilaði frumvarpsdrögum í ársbyrjun 1983 að lögum um selveiðar við Ísland ásamt grg. og aths.

Frv. þetta hefur verið til athugunar m. a. í rn. Því er ekki að leyna að uppi er ágreiningur um ýmis ákvæði þessa máls milli náttúruverndarmanna, landeigenda og fiskvinnsluaðila varðandi hvernig að selveiðum skuli staðið. Að því er stefnt að endurskoðun frv. ljúki sem fyrst þannig að hægt verði að leggja það fram á yfirstandandi þingi. Ég vil hins vegar taka fram að ég tel mikilvægt að sem best samkomulag sé um mál þetta því að hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir fiskvinnsluna og fiskiðnaðinn og einnig eru mikilvæg sjónarmið uppi bæði hjá landeigendum og Náttúruverndarráði.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að yfirumsjón selveiðanna sé í höndum sjútvrn. sem með aðstoð

nefndar skipaðrar fulltrúum m. a. frá Náttúruverndarráði, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélagi Íslands og Fiskifélagi Íslands setji reglur um stjórn og skipulagningu veiðanna. Enn fremur er í frv. ákvæði um rannsóknir á selum og rétt landeigenda til selveiða. Hér yrði um heildarlöggjöf um selveiðar að ræða en nú eru aðeins í gildi sundurlaus lagaákvæði sem sum hafa aðeins takmarkað gildi.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. svör hans. Ég vona að boðað frv. um selveiði verði lagt fram hið fyrsta á þessu þingi. Ég held að mjög mikilvægt sé að ná þessum málum undir þannig stjórn að allir aðilar sem um þetta hafa fjallað megi við una. Framkvæmd þessa máls hefur alls ekki verið viðunandi á undanförnum árum og þær aðgerðir sem hafa verið viðhafðar til fækkunar sela hafa að mínu mati ekki byggst á þeim vísindalegu gögnum né þeirri sátt við almenning í þessu landi sem nauðsynleg er. Ég held að ekki væri ráðlegt að við ættum eftir að upplifa mörg sumur af þeim aðgerðum sem undanfarið hafa sést.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna þessari fsp. og því að uppi eru áform um að leggja fram frv. um selveiðar. Jafnframt vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvort sjófuglar, mávar, geti e. t. v. verið aðilar sem hýsi þær lirfur sem nauðsynlegar eru í þeirri hringrás að hringormurinn komist í fiskinn. Sú eina skilgreining sem á þessu er gefin er sú að það þurfi að vera dýr með jafnheitu blóði sem þarna er um að ræða. Það eru engin rök sem mæla með því að hugsanlegt sé að sú aukning hafi orðið á hringormi sem orðið hefur ef selurinn er einn sekur. Sýnist mér að rannsaka þurfi það sérstaklega með sjófugla. Gjarnan vildi ég vita hversu fróður hæstv. ráðh. er um þessi mál og kæmi sér þá vel fyrir okkur hina ef allur vafi yrði frá okkur tekinn í þessum efnum.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég á von á því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sem fyrrv. kennari og skólastjóri sé betur að sér í dýrafræði en ég. Ég get því miður ekki upplýst um þessa hringrás enda hygg ég að það sé rétt að rannsóknir séu ekki nægilega miklar á þessu sviði til þess að geta fullyrt um það. Hitt er svo annað mál að sannað hefur verið samband á milli selsins og orms í fiski. Hins vegar er vitað að útselurinn er miklu verri að þessu leyti en landselurinn. Það er kannske sérstaklega honum sem þarf að farga eftir því sem nokkrir möguleikar eru til því að hér er um slíkt vandamál að ræða í fiskiðnaðinum og um svo miklar tekjur að ræða fyrir landið að ég vil að vísu ekki fara með þær tölur. En ef ormurinn væri ekki til staðar í fiskinum og ekki þyrfti að eyða þeim vinnukrafti í frystihúsunum til þess að tína hann úr væri hægt að borga þar allmiklu betra kaup, ekki er ég í nokkrum vafa um það. Þannig að hér er að sjálfsögðu um mikið hagsmunamál að ræða.

Ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi Einarssyni að mikilvægt er að góð regla sé á þessum hlutum. Því miður er ekki hægt að nýta selinn með þeim hætti sem áður var og var hvatning til þess að halda honum í skefjum. Það er í raun og veru leitt til þess að vita hvað lítill skilningur er meðal annars ágætra náttúruverndarmanna í Evrópu á lífríkinu hér norður í höfum. Það er fullur skilningur á því meðal náttúruverndarmanna sem lifa í því umhverfi sem við lifum í en því miður hafa ýmsir sem berjast fyrir þessum málum annars staðar í heiminum afskaplega lítinn skilning á því hvað hér er í húfi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að skynsamleg löggjöf verði sett um nýtingu selastofnsins. Selveiði er gamall bjargræðisvegur á Íslandi og meðan hún var stunduð að eðlilegu marki ríkti hér jafnvægi í náttúrunni. Hefðbundin nýting selastofnsins hefur nú minnkað en það virðist helst haldast í hendur við fjölgun hringorma í fiski og verður fjölgunin a. m. k. að hluta til að skrifast á fjölgun selastofnsins.

Ég vil taka undir það sem sjútvrh. sagði áðan að vandinn af fjölgun hringorma í fiski er gífurlega mikill, undurmargar vinnustundir fara í að plokka orma úr fiski okkar. Nauðsynlegt er að halda þessum selastofni innan einhverra skynsamlegra marka. En það verður að gerast með siðsamlegum hætti. Selastofninn er auðlind og þessa auðlind ber okkur að nýta og halda þar með jafnvægi í náttúrunni. En ekki má gera það með siðlausu drápi eins og menn því miður leiddust út í fyrir tveimur árum. Við getum nýtt þennan sel og nýtum sem dýrmæta fæðu handa refum okkar sem nú verður að fara að flokka með búfé. Þetta eru sem sagt veiðar en ekki dráp. Á það þurfum við að leggja áherslu og veiða þessi veiðidýr með siðsamlegum hætti.

Ég er á því að við megum ekki eyðileggja möguleika þeirra manna sem vilja með hefðbundnum hætti nýta sínar jarðir og selveiðihlunnindi forn sem þeim hafa fylgt um langan aldur eins og þeir Vestur-Húnvetningar gera.

Ég vil líka taka fram að það er okkur ákaflega slæm auglýsing á alþjóðavettvangi að standa illa að þessum veiðiskap. Við köllum yfir okkur ómælda andúð manna víðs vegar um veröldina með því að skjóta sel, rífa af honum neðri kjálkann og skilja hann eftir. Við höfum ekki efni á því að kalla að óþörfu yfir okkur slíkar dembur í kjölfar hundamáls og fleiri leiðindaatvika.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sé það rétt hjá hæstv. sjútvrh. að ég sé honum fróðari um hringorma verður að játast hér og nú að ekki getur verið þar um mikla þekkingu að ræða. En ég vil eindregið koma því á framfæri að hann láti athuga hvort ekki séu fleiri dýr hugsanlegir sökudólgar varðandi hringorminn en snúi sér ekki einhliða að hernaði gegn selnum þar sem mjög margt bendir til þess að sjávarfuglar, mávarnir, eigi þar stærri hlutdeild en selurinn.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég ætla að gera örstutta athugasemd. Ég vil eindregið hvetja þm. til að kynna sér þá skýrslu Náttúruverndarráðs sem var gefin út og birtist í Morgunblaðinu þann 21. jan. s. l. Þar er á ágætan hátt lýst því helsta sem menn vita um lífsferil þessarar skepnu. Þar er svarað ýmsum spurningum sem hér hafa komið fram en þar eru líka á mjög ákveðinn máta dregnar í efa þær vísindalegu forsendur sem þessi selafækkunarstefna eins og henni er framfylgt núna stendur á.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Aðeins til að leggja áherslu á mikilvægi þessa máls fyrir fiskiðnað hér á landi og þá um leið atvinnumál víðs vegar og afkomu fiskverkunar vil ég geta þess að ég hef hér í höndum úttekt hjá einu fyrirtæki á Vesturlandi sem er studd rannsókn frá hendi Sölusambands ísl. fiskframleiðenda til þess að sannprófa nákvæmlega málið. Þessi úttekt náði yfir 600 tonn af saltfiski í vinnslu. Aukakostnaðurinn við að ormahreinsa þennan fisk var 4.4 millj. eða 3.38 kr. á kíló að jafnaði. Þessar tölur verða ekki véfengdar, þær eru studdar nákvæmri úttekt frá degi til dags á því tímabili sem þetta stóð. Þannig að hér sjá menn að það er ekkert smámál fyrir fiskvinnsluna og atvinnulífið í landinu í sambandi við sjávarútveg að þarna sé rétt á haldið.

Einnig liggur fyrir að frystihús á Vestfjörðum, í kjördæmi hv. 5. þm. Vestf., hafa sent frá sér töflur og upplýsingar um þennan kostnað á því svæði og skiptir hann milljónum króna. Og það sem gerir þetta mál enn alvarlegra en það að nú er sannað að hringormurinn er þekktur í nær öllum tegundum fisks sem veiddar eru á Íslandsmiðum. Það er einnig áhyggjuefni. Þess vegna er brýn þörf á því að rétt sé staðið að þessum málum og að útrýming selsins sé skipulögð á raunhæfan hátt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þá hafa fulltrúar hringormsins úr Framsfl. lokið máli sínu að sinni og er ekkert nema gott um það að segja að þeir vilji vernda einhverjar lifandi skepnur. En mig undrar það svolítið að Náttúruverndarráð birtir skýrslur sínar eingöngu í Morgunblaðinu. Ég hélt að ef Náttúruverndarráð hefði áhuga á því að kynna þessi svokölluðu vísindi sín sem ég tel nú ekki mjög mikilvæg eða merkileg, ef þeir hafa áhuga á að kynna þm. þennan málstað ástarinnar á selnum eigi þeir að senda hverjum þingmanni það plagg en ekki ætlast til að hinn almenni þm. pæli svo nákvæmlega í gegnum Morgunblaðið.

Leidd hafa verið mjög sterk rök að því að samband sé milli fjölgunar útselsins og aukningar hringorma í fiski. Ég tel að útselurinn eigi að teljast sekur og meðhöndlast skv. því þangað til náttúrufræðingar hafa sannað hið gagnstæða. Svo mikið er í húfi. Ég skal viðurkenna að það gæti hugsanlega haft neikvæð áhrif á okkar stöðu ef við færum að auglýsa mikið hversu mikinn áhuga við hefðum á að drepa útselinn vegna þess að kvikmyndaleikkonur úti í heimi eru vísar til þess að hafa áhrif á heimsmarkaði. Ég undrast það ekkert þó að einhverjir vilji vernda selinn, þetta er fallegt dýr og hefur mannsaugu eins og kunnugt er. Ég held að virðingarvert sé að menn elski selinn, þyki vænt um hann og vilji passa hann en ég hélt að það væri nóg að vera ástfanginn af eins og fimm þúsund selum en ekki fimmtíu þúsund selum.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Búið er að tala hér fyrir hönd hringormsins og síðasti ræðumaður talaði fyrir einhverju öðru. Ætli það sé ekki mál að reyna að mæla ofurlítið fyrir seli?

Ég hafna þeirri réttarfarsfræði sem síðasti hv. ræðumaður talaði hér fyrir að menn skyldu kallast sekir þangað til annað hefði sannast. Ég held að eðlilegra hljóti að vera að fara hina leiðina og afla sér upplýsinga um hvort selurinn einn sé hér virkilega höfuðsökudólgur og láta hann þá gjalda þess í einhverju en þó sem mannúðlegast ef svo er.

Ég kem því ekki heim og saman sem fram kom í máli hv. þm. Páls Péturssonar að hið náttúrlega jafnvægi hefði raskast vegna þess að menn hættu veiðum. Ég mundi ekki orða það svo. Að sjálfsögðu hefur hið náttúrlega jafnvægi verið einhvern veginn öðruvísi hér í fyrndinni. Veiðarnar á síðari árum og áratugum hafa síðan haft þar veruleg áhrif á en það eru einnig fleiri hlutir sem hafa raskast. T. d. má skoða það hvort fjöldi hringorma í hverjum fiski hafi ekki vaxið svo mjög sem raun ber vitni vegna þess að fiskunum hefur fækkað og þar með sé plássið minna fyrir hvern hringorm og þeir verða að leita fleiri saman í einn fisk. Úr því að menn eru komnir svo langt í hinum líffræðilegum hugleiðingum hér á hv. þingi á að vera allt í lagi að varpa þessu fram til umhugsunar, það er, held ég, ekki vitlausara en umræður um máva og annað slíkt sem borið hefur á góma.

En ég kom aðallega hingað til þess að hafna þeim orðum sem féllu í garð Náttúruverndarráðs. Ég tel að það hafi haft uppi og flutt þann eina rétta málstað að rannsaka beri náttúruna, læra að þekkja hans og nýta hana síðan út frá því. Að dæma sel fyrirfram til dauða að lítt rannsökuðu máli eru ekki þau vinnubrögð sem vísindamönnum sæmir. Ég held að við Íslendingar ættum því að vinda okkur í að rannsaka þessi mál og verja til þess einhverju fé. Reyndar er lítt sæmandi fyrir fiskveiðiþjóð að þekkja ekki betur til þessara hluta en raun ber vitni. Kemur þar til bæði lífshlaup hringormsins, eða selormsins eins og hann hefur nú heyrst kallaður í seinni tíð, og samspil hans við aðrar tegundir, við fisk, sel og lífríkið allt í sjónum. Þetta leiðir enn hugann að því hversu skammarlega litlu við Íslendingar verjum til hafrannsókna almennt. Þar þarf vissulega að verða bragarbót á og er hér enn eitt talandi dæmið um það.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal viðurkenna að mér þykir dálítið vænt um selinn. Þrátt fyrir það þykir mér enn vænna um Steingrím Sigfússon hv. þm. Það er kannske þess vegna sem mig langar að segja fáein orð. Mér ber auðvitað skylda til að leiðbeina ungum og nýjum þm. og leiðrétta þeirra missagnir og misskilning nema hvort tveggja sé. Ekki vegna þess að ég vilji neitt hæðast að því sem hann sagði, hann hefur sjálfsagt góðar meiningar í ýmsum atriðum.

En ég sagði aldrei að **menn** ættu að teljast sekir þangað til annað sannaðist, heldur selir. Það er svolítið annað. Ég veit ekki til þess að ég hafi nokkurn tíma haldið því fram að sökin væri eingöngu hjá selnum. Menn eiga auðvitað ekki að venja sig á að gera öðrum mönnum upp orð eða skoðanir. Sannleikurinn er alveg nægilega góður. Ég tel rétt að menn, og ekki síst þingmenn, eigi að halda sig við hann.

Ég þekki lítið til þessa Náttúruverndarráðs. Þar munu grasafræðingar vera í hvalrannsóknum og vilja hafa mikil áhrif í þeim efnum, láta senda sig út í heim á hvalaráðstefnur, nýkomnir ofan af hálendi Austfjarða að rannsaka skófir eins og kunnugt er og rétt. (**Gripið fram í:** Og skordýrafræðingar fást við orkumál.) Ég er alveg einfær um að sjá um dagskrána þessar mínútur. Síst ætti ég að vera á móti því að menn aðstoði okkur við að vernda náttúruna, ekki veitir af. Ég er heldur ekki á móti því að menn rannsaki þessa hluti. En eins og

kunnugt er hafa rannsóknir, upplýsingasöfnun og skýrslugerð tekið ærið langan tíma hjá líffræðingum. Það ættu menn að kannast við. Á meðan vísindamennirnir eru að kanna þetta held ég að við ættum að vinda okkur að því að drepa dálítið fleiri útseli til þess að fækka ormunum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég var því miður ekki viðstaddur upphaf þessarar umr. en heyrði síðustu ræðurnar sem fluttar voru og fyrstu ræðu hæstv. félmrh. Hann kom með upplýsingar í sambandi við kostnað við að hreinsa hringorma úr saltfiski og hefur þar nefnt þann þátt þessa hringormamáls sem hefur kannske orðið fyrst og fremst til að ýta undir þá miklu umræðu sem hefur orðið um þennan orm á undanförnum mánuðum, þ. e. þegar tekið var til hendi við að hreinsa hringorm úr saltfiski. En fram að árinu 1983 hafði saltfiskurinn verið seldur á erlendan markað án þess að haft væri fyrir því að hreinsa þennan aðkomuhlut úr fiskholdinu.

Allt í einu kom yfir markaðinn að kaupendur vildu ekki kaupa fiskinn með þessum aðskotahlut. Jafnvel gekk það svo langt að senda varð heilan fiskfarm til baka af mörkuðunum heim til Íslands til að láta hreinsa þetta. Þeir sem voru að framleiða saltfisk sátu í þeirri súpu að fullverka fiskinn án þess að ormurinn væri hreinsaður úr.

Ég vil þess vegna mótmæla þeim stóru tölum sem hv. félmrh. lagði fram í sambandi við þann kostnað sem væri við að hreinsa þennan aðskotahlut úr saltfiski. Við þær aðstæður sem eru í dag og við þá þróun sem fór í gang þegar vitað var að markaðurinn vildi ekki þessa aðskotahluti í fiskinum breytast allar aðstæður. Kostnaðurinn við að fjarlægja hringorm úr fiski núna í vinnslu í saltfiski er ekki nálægt því eins stór eins og þær tölur sem hæstv. félmrh. nefndi áðan.

Ég tel að að sumu leyti hafi þetta vandamál með hringorminn verið gert mikið stærra en efni standa til, m. a. vegna þessarar stöðu í sambandi við saltfiskinn. Mín tilfinning er sú að á síðustu árum hafi ekki orðið eins mikil aukning á hringormi í fiski eins og fram er haldið, aðallega hafi þetta átt sér stað vegna þess að minni fiskigengd hefur verið á miðunum og meiri hluti aflans verið fiskaður á grunnslóð, þ. e. á þeirri slóð sem þessi tilfærsla á milli selsins og fisksins á sér stað, en miklu minna veitt af göngufiski í hlutfalli við aflamagn.

Hítt vil ég efast um að þær miklu fullyrðingar um fjölda selsins séu á eins miklum rökum reistar og fram er haldið. Margoft koma ferðamenn á Rif og segja: Mikið óskaplega er selnum að fjölga. Það voru bara einir 10—15 selir þarna á Rifinu. Frá því að ég kom á Snæfellsnes hafa þeir verið þarna 10—15, kannske stundum 20 en aðkomumanninum og hinum ókunnuga finnst þarna hver selur sem hann sér vera aukaselur í hópnum. Þess vegna held ég í sambandi við þá aðför sem núna er gerð að selnum að þar skuli að öllu farið með gát.

Varnir gegn mengun sjávar, fsp. 168. mál (þskj. 309). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Norðurlandaþjóðirnar beittu sér fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um umhverfismál í Stokkhólmi árið 1971, þar sem ákveðið var að gera samning um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum. Samningur þessi var undirbúinn hér í Reykjavík í des. 1971 og samþykktur í Osló 15. febr. 1972. Ekki hafði í fyrstu tekist víðtækt samstarf um samninginn utan Norðurlandanna, en að lokum fór svo að tólf ríki sem aðild áttu að Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni ákváðu að gera slíkan samning. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að staðfesta samninginn varð að lögum 4. apríl 1973 og er þessi samningur ævinlega nefndur Oslóarsamningurinn.

Árið 1972 var haldinn fundur í London og þar var gerður samningur um víðtækari varnir gegn mengun hafsins og jafnframt unnið að því að fá fleiri þjóðir til samstarfs. Samningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það var undirritaður 29. des. 1972, svokallaður Lundúnasamningur, og fékk ríkisstjórn Íslands heimild til staðfestingar hér á hinu háa Alþingi 16. apríl 1973. Tekur þessi samningur til geislavirkra úrgangsefna sérstaklega, en Oslóarsamningurinn gerði það ekki.

Síðan hefur Alþingi samþykkt frekari viðaukabókanir við þessa samninga. Embætti siglingamálastjóra hefur annast framkvæmd þessara samninga þar sem ekki er sérstakt umhverfismálaráðuneyti hér í landi.

Árið 1974 var gerður samningur í París um mengun sjávar frá landstöðvum og samþykkti Alþingi staðfestingu hans 8. maí 1981. Er sannarlega ánægjulegt til þess að vita að Íslendingar hafa frá upphafi tekið þátt í þessu starfi. Í Parísarsáttmálanum er sérstaklega getið geislavirkra úrgangsefna, auk fjölda annarra efna sem sýnt er að valdi lífríki jarðarinnar skaða. Aðilar samningsins taka sér þá skyldu á herðar að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir losun þeirra í haf og umhverfi.

Norðurlandaþjóðirnar hafa áður borið fram tillögu um bann við losun geislavirkra úrgangsefna í höfin á fundi um Lundúnasáttmálann og var samþykkt tveggja ára bann við slíkri losun í febrúar 1983 meðan fram færu rannsóknir á umfangi mengunar. Áður höfðu nokkur lítil eyríki í Kyrrahafinu borið fram tillögur sem ekki náðu samþykki.

Árið 1947 var ákveðið að byggja fyrstu kjarnorkuvopnaverksmiðjuna í Englandi, í Cumberland, og árið 1952 var byggð önnur verksmiðja á vesturströnd Bretlands, sem nefnd er Windscale-verksmiðjan og vinna á hágeislavirk úrgangsefni frá kjarnorkuvopnaverksmiðjunni í geymsluhæft og endurnýtanlegt form. Ekki liðu mörg ár þar til menn gerðust uggandi um að Windscale-verksmiðjan væri nógu tryggilega búin tækjum svo að geislavirk efni kæmust ekki út í umhverfið. Önnur slík verksmiðja er raunar einnig á strönd Bretagne í Frakklandi, La Hague-verksmiðjan, en mælingar frá henni hafa ekki sýnt jafngeigvænlega geislun og frá Windscale.

Saga Windscale verksmiðjunnar er öll hin sorglegasta. Árið 1957 varð þar bruni sem talið er fullvíst að hafi orsakað 33 dauðsföll af völdum krabbameins. Síðan hafa mælingar sýnt að geislavirkni í fiski í Írska hafinu er t. d. fimm þúsund sinnum meiri en í fiski frá Íslandi. Bretar hafa þrjóskast við að gera úrbætur á tækjabúnaði verksmiðjunnar og nú er talið að allt að hálft tonn af plútóníum liggi á hafsbotninum milli

Írlands og Bretlands. Mælingar hafa þegar sýnt aukna geislavirkni í Norðursjónum og jafnvel allt norður í Barentshaf. Breska sjónvarpið BBC lét gera vandaðan þátt um Windscale á síðasta ári, sem vakti mikla athygli og nánast skelfingu. Kom þá m. a. í ljós að breski herinn hafði neyðst til að loka Írska hafinu um tíma vegna geislavirkrar froðu sem skolast hafði á land. Rannsóknir á ryki á heimilum í nágrenni verksmiðjunnar sýndu að hættulegt magn af plútóníum var í því og síðast en ekki síst að tíðni blóðkrabbameins í börnum á svæðinu var fimmfalt hærri en annars staðar á Bretlandi.

Ég taldi rétt að upplýsa hv. þm. um þessar staðreyndir áður en ég kem að meginefni fsp. minnar, en danski umhverfismálaráðherrann, Christian Christensen, hefur haft forgöngu um að Norðurlandaþjóðirnar flytji till. á fundi um Parísarsáttmálann í júní n. k. þar sem öllum þeim þjóðum sem reka slíkar endurvinnsluverksmiðjur verði gert að nýta allan fáanlegan tækjakost til að hindra útfall geislavirkra efna. Verksmiðjur í Sovétríkjunum, Bandaríkjunum og Japan hafa mun fullkomnari tækjabúnað en Windscale-verksmiðjan, enda sýna mælingar að sams konar hættuástand hefur ekki skapast vegna verksmiðjanna þar. Öll þjóðþing Norðurlandanna hafa nú lýst yfir samþykki við slíka till. og til þess er fsp. mín flutt að sams konar svar liggi fyrir frá íslenska þinginu.

Það er okkur til sóma hversu vel hefur verið unnið af hálfu Íslands í þessum efnum, og á þar ekki lítinn hlut Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri. Það er því ákaflega mikilvægt að á tímum niðurskurðar og sparnaðar verði ekki skornar niður fjárveitingar til þátttöku í fundum áðurnefnds alþjóðasamnings. Það væri sparnaður sem gæti orðið okkur dýr er stundir líða fram.

Fsp. mín liggur frammi á þskj. 309. Hún hljóðar svo og er til hæstv. samgrh.:

„Hyggst íslenska ríkisstjórnin taka þátt í flutningi till., sem Norðurlandaþjóðirnar munu bera fram til vísinda- og tækninefndarinnar, á fundi um Parísarsáttmálann um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, sbr. lög nr. 67/1981, sem haldinn verður í júní n. k., um að fyrirtækjum, sem endurvinna úrgangsefni frá kjarnorkuverum, verði gert skylt að nýta öll fáanleg tæki til að koma í veg fyrir mengun geislavirkra efna í umhverfinu?“

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Till. sú sem hér um ræðir fjallar um að endurvinnslufyrirtækjum, sem vinna geislavirkan úrgang frá kjarnorkuverum, verði skylt, þegar gerðar eru breytingar á þeim eða ný fyrirtæki reist, að nýta bestu fáanlegu tæki til að draga úr losun geislavirkra efna í sjó. Till. þessi var lögð fram af Dönum á síðasta aðalfundi um Parísarsamninginn sem haldinn var í júní 1983 í Berlín. Till. þessari var vísað til umfjöllunar fundar vísinda- og tækninefndar, sem haldinn verður á Írlandi í lok marsmánaðar n. k. Siglingamálastofnun ríkisins, sem sér um framkvæmd samningsins hér á landi, hefur þegar látið í ljós við fulltrúa Danmerkur stuðning við ofangreinda till., sem væntanlega verður tekin til endanlegrar umfjöllunar á næsta aðalfundi um Parísarsamninginn sem haldinn verður dagana 20.—22. júní n. k. í Osló.

Losun geislavirkra úrgangsefna í hafið frá landstöðvum er nú mjög til umræðu meðal aðildarríkja að Parísarsamningnum. Þess má geta að nú vinna aðildarríkin hvert fyrir sig að því að meta heildargeislun þess úrgangs sem losaður er í sjó frá landstöðvum. Þegar hafa komið fram upplýsingar frá nokkrum ríkjum, en vænst er frekari gagna strax á þessu ári.

Í Parísarsamningnum, sem gerður var 1974 og tók gildi 1978, en fyrir Ísland þó ekki fyrr en 19. júlí 1981, eru ákvæði um skyldur samningsaðila til að hindra og uppræta mengun sjávar frá geislavirkum efnum. Þó er í samningnum gert ráð fyrir að alþjóðastofnanir á sviði kjarnorkunýtingar, svo sem Alþjóðakjarnorkustofnunin í Vín og kjarnorkustofnun OECD í París, séu ráðgefandi um mengunarvarnir gagnvart geislavirkum úrgangi. Þetta ákvæði er sérstætt í samningnum þar eð aðildarríkin hafa algert frumkvæði gagnvart mengun sjávar frá landstöðvum sem og öðrum orsökum.

Þess er vænst að þegar ofangreindar upplýsingar um magn og geislun úrgangs liggja fyrir frá aðilum megi skjótlega meta hvort sérstakra aðgerða sé þörf.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að lýsa því yfir að tekin hafi verið jákvæð afstaða til till. Norðurlandaþjóða. Ég hygg að það sé nýtilkomið, en fagna því engu að síður. Hins vegar tók ég ekki eftir hvort ráðh. staðfesti að Ísland mundi eiga fulltrúa á júnífundinum, sem ég tel afar mikilvægt. Ég held að við Íslendingar þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að vinna að þessum málum.

Um niðurstöður rannsókna má auðvitað margt segja og margt er sjálfsagt ókannað. Hins vegar er ótvírætt að þegar liggja fyrir niðurstöður um geislavirk úrgangsefni sem hafa seytlað út í Írlandshafið frá Windscale-verksmiðjunni svo að skelfilegt er til að vita. T. d. hefur verið sannað að blóðkrabbameinstilfelli á börnum á stóru svæði kringum verksmiðjuna eru fimm sinnum algengari en annars staðar á Bretlandi. Ég tel því að gera verði allt sem í mannlegu valdi stendur til að þvinga þessi fyrirtæki, hvar sem þau eru í heiminum, til að nýta allan fáanlegan tækjabúnað. Það getur ekki verið einkamál nokkurrar einnar þjóðar. Umhverfismál varða auðvitað okkur öll, hvar sem er í heiminum. En ég skal ekki orðlengja það.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör og treysti því að fulltrúar siglingamálastjóra eða siglingamálastjóri sjálfur fái að fylgjast með þessum málum á fundum um sáttmálann.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning skal ég taka það alveg skýrt fram að ég tel sjálfsagt og eðlilegt að fulltrúi frá Íslandi verði á fundinum í Osló. Það eru margir fundir sóttir erlendis af Íslands hálfu sem eru mun minna virði en þessi.

Kvikmyndasafn Íslands, fsp. 168. mál (þskj. 309). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Virðulegi forseti. Þær raddir hafa orðið æ háværari hér á hinu háa Alþingi sem halda því fram að til lítils sé að flytja og fá

samþykktar þáltill. af ýmsu tagi því að oftlega verði lítið um framkvæmdir þó að vilji þingsins sé ótvíræður. Nefndir þingsins og einkum hinir starfsamari formenn þeirra hafa jafnvel verið gagnrýnd fyrir afgreiðslugleði og menn tala um í hálfkæringi að best væri að mál, og þó einkum þáltill. einstakra þm., lægju óafgreidd. Þessar raddir heyrast ekki að tilefnislausu því að fjarri fer því að vilji þingsins sé virtur í fjölmörgum málum. Fáir málaflokkar verða þá eins illa úti og þeir sem fjalla um listir og menningu, sennilega vegna þess að allt of margir hv. þm. og aðrir telja að menningarstarf sé ekki arðbært og þar af leiðandi hálfgerður þurfalingur á stjórnarheimilinu. Þess vegna hlýtur það oftlega örlög niðursetningsins. Það væri e. t. v. ekki úr vegi að hið háa Alþingi tæki sér einhvern tíma frá öðrum málum og efndi til umr. um hvað er, þegar allt kemur til alls, arðbært í þjóðfélaginu, hvers virði hugvit, sköpun og tækniþekking er hverri þjóð. Ekki síst mætti sú umr. snúast um hvernig sameina megi hina beinu og óbeinu arðsemi.

Fsp. mín, sem liggur hér frammi á þskj. 309, um hvort væntanlegt sé frv. til l. um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð, er nú borin fram öðru sinni. Fyrrv. hæstv. menntmrh. svaraði henni í fyrra skiptið, en nú er henni beint til annars hæstv. ráðh.

Saga þessa máls er í örstuttu máli sú, að á 102. löggjafarþingi lagði þáv. hæstv. menntmrh. Vilmundur Gylfason fram frv. til l. um breytingu á lögum um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð, lögum nr. 14/1978. Því frv. var vísað til ríkisstj. eftir að stjórnarskipti höfðu orðið í trausti þess að fjárhagsvandi sjóðsins yrði leystur síðar á árinu. Vandi sjóðsins varð þó ekki leystur til neinnar hlítar svo að vorið 1981 skipaði þáv. hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason nefnd til að kanna leiðir til eflingar Kvikmyndasjóði Íslands. Formaður nefndarinnar var Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur og lauk nefndin störfum haustið 1981. Nefndin taldi að nauðsynlegt væri að endurskoða lögin frá grunni og skilaði drögum að frv. um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð til ráðh. Síðan gerðist ekki neitt.

Hinn 16. nóv. 1982, rúmu ári seinna, bar ég fram fsp. til þáv. hæstv. menntmrh. um fyrirætlarnir hans í þessu máli og spurði hvort vænta mætti frv. á Alþingi í breyttu eða óbreyttu formi. Hann svaraði því þá til að það þarfnaðist breytinga, en yrði lagt fram „áður en mjög langt um líður", eins og ráðh. sagði orðrétt. Nú eru liðin þrjú ár og enn hefur ekkert gerst. — Þess ber þó að geta að fyrrv. ríkisstj. jók verulega framlag til sjóðsins árið 1983 eða í 5 millj. kr., en árið áður hafði það verði 1.5 millj. Á fjárl. ársins 1984 er það 6.5 millj. Þetta fé nægir engan veginn til að koma fótum undir öfluga kvikmyndagerð svo að enn leggja kvikmyndagerðarmenn aleigu sína að veði til þess að þeir geti framleitt kvikmyndir. Á þann hátt er engin von til þess að kvikmyndagerð eflist í landinu.

Á síðustu árum hafa komið frá námi fjölmargir vel menntaðir kvikmyndagerðarmenn sem fyllilega standa jafnfætis erlendum starfssystkinum, enda hafa nokkrir þeirra hlotið viðurkenningu erlendis. Land okkar er tvímælalaust hinn ákjósanlegasti rammi um vandaða kvikmyndagerð, svo að hér gæti hún orðið verulegur atvinnuvegur. Það er nefnilega misskilningur að ekki sé hægt að selja góða list. Kvikmyndagerðarmenn eru því ekki að biðja um að gefa sér neitt, heldur einungis að fara fram á að lánsfé liggi fyrir því að mikill kostnaður fylgir gerð kvikmynda. Jafnframt þarf að koma skipulagi á dreifingu íslenskra kvikmynda erlendis því að það verk er ekki unnið í hjáverkum. Síðast en ekki síst þarf að annast varðveislu þeirra fyrir alla framtíð.

Menn tala mikið hér um ný atvinnutækifæri og ljóst er að sú umræða er nauðsynleg. Menningarleg kvikmyndagerð getur orðið öflugur atvinnuvegur hér á landi ef unnið er skynsamlega að viðgangi hennar af hálfu ríkisins í samstarfi við kvikmyndagerðarmenn sjálfa. Ég vil því enn spyrja hæstv. núv. menntmrh.: Má vænta þess að frv. til laga um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð, sem unnið var á vegum nefndar, er fyrrv. menntmrh. skipaði, verði lagt fram á yfirstandandi þingi?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil svara fsp. hv. 10. landsk. þm. með sama hætti og fyrirrennari minn gerði fyrir þremur árum: Það verður lagt fram og innan tíðar.

Þetta frv. hefur verið til umfjöllunar í menntmrn. í tíð fyrirrennara míns í embætti, eins og sagt var hér í frumræðu, og sent ýmsum aðilum til umsagnar. Að því búnu var frv. svo prentað sem handrit með nokkrum breytingum í ljósi þeirrar umfjöllunar og umsagna. Þannig stóðu mál í fyrra, en frv. var hins vegar aldrei lagt fram. Hvort það hefur stafað af því að ekki náðist samstaða um það í ríkisstj. eða stjórnarflokkum eða af öðrum ástæðum, það hef ég ekki vitneskju um. En frv. hefur verið til framhaldsathugunar í menntmrn. eftir að ég tók við embætti eftir minni beiðni, bæði í tengslum við almenna athugun, sem gerð er á frv. og ég mun greina frá af hverju var hafist handa við aftur, og svo athugun sem fer fram á vegum rn. á stuðningi við listamenn almennt. Sérstaklega fer þetta starf fram hjá þeim starfsmönnum sem fara með kvikmyndamál í rn. og hjá stjórn Kvikmyndasjóðs og er stefnt að því að frv. verði lagt fram þegar þeirri athugun er lokið. Ég get ekki ímyndað mér annað en það verði mjög fljótlega.

Þá skal ég greina frá því hvers vegna ég bað um frekari athugun á þessu frv. Það var í þeim tilgangi að gera frv. einfaldara í framkvæmd. Mér þótti ekki nauðsynlegt að hafa þrjár stjórnir sem með þessi mál færu, eins og gert var ráð fyrir í frv., og búa til sérstaka stofnun, Kvikmyndastofnun. Mér þótti heldur skynsamlegra að standa svo að verki að Kvikmyndasjóður væri efldur og hlutverk hans fært út, verksvið hans væri víkkað. Þetta er ástæðan fyrir þeim breytingum sem er verið að vinna að núna í rn. og verða væntanlega tilbúnar innan skamms. Ég á ekki von á öðru en samstaða geti náðst um það í ríkisstj.

Ég hygg að það dyljist ekki neinum að íslensk kvikmyndagerð er fjarri því að vera nokkur niðursetningur. Við sjáum um það dæmi bæði nú og oft áður að íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru margir hverjir mjög góðir listamenn og dugandi í sínu fagi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir ágætt svar. Ég vona að orð fyrrv. hæstv. ráðh., „innan skamms", merki nú ekki í þessu tilviki það sama og svar fyrrv. hæstv. ráðh. sem sagði „áður en mjög langt um líður".

En ég þakka að þetta mál er í skoðun. Flestum var

okkur ljóst, sem frv. gerðum upphaflega, að þar um gæti orðið ýmis ágreiningur og við vorum auðvitað öll tilbúin að gera á því ýmsar breytingar og horfast í augu við að það mundi rn. gera líka. En aðalatriðið er að þessum málum verði komið í fastara horf en nú er. Ég ætla ekki að fara út í efnislega umr. um það fyrirkomulag nú. Ég geri það að sjálfsögðu við umr. þegar frv. verður lagt fram, en ég vona að það verði lagt fram svo að Alþingi gefist kostur á að taka afstöðu til þess.

Starfsskilyrði myndlistarmanna, fsp. 168. mál (þskj. 309). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Hinn 21. maí 1981 var samþykkt svohljóðandi þáltill. á Alþingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sex manna nefnd, er kanni starfsskilyrði myndlistarmanna hér á landi og geri till. um, hversu hið opinbera geti best örvað sjálfstæða listsköpun með því að myndlistarmönnum sé skapaður viðunandi starfsgrundvöllur. Nefndin skal hafa samráð við félög myndlistarmanna og þær stofnanir, sem starfa að myndlistarmálum.

Menntmrh. skal skipa nefndina samkvæmt tilnefningu þingflokka og Sambands ísl. sveitarfélaga er tilnefni sinn nefndarmann hvert. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði".

Í nóv. sama ár skipaði þáv. hæstv. menntmrh. nefndina og var formaður hennar Einar Hákonarson listmálari, en hann lét af störfum áður en nefndin skilaði áliti og við tók Sveinn Björnsson listmálari. Nefndin skilaði síðan áliti í nóv. 1982 og lagði áherslu á þrjú meginatriði sem mikilvæg væru til að starfsskilyrði myndlistarmanna mættu batna.

Í fyrsta lagi hvatti nefndin til þess að frv. sem þá lá fyrir Alþingi um listskreytingasjóð ríkisins næði fram að ganga, enda varð það að lögum 1982.

Í öðru lagi lagði nefndin áherslu á stofnun Launasjóðs myndlistarmanna sem nýttur væri á svipaðan hátt og Launasjóður rithöfunda. Meiri hl. nefndarinnar skilaði raunar drögum að frv. þess efnis.

Í þriðja lagi lagði nefndin áherslu á að tollum yrði létt af efni sem myndlistarmenn nota við list sína. Innfluttur varningur, svo sem litir, pappír, trönur, penslar og fleiri slíkar vörur, er hátollaður og því oft erfitt fyrir listamenn, sem oft þurfa að bíða þess lengi að verk þeirra seljist, að leggja út fyrir þessum vörum. Nefndin hvatti mjög til breytinga á lögum um tollskrá, sem léttu af þessum tollum.

Auk þessara atriða ræddi nefndin um greiðslu fyrir sýningarrétt og prósentuhluta af endursölu listaverka.

Síðan nefndin skilaði áliti í nóv. 1982 hefur lítið verið aðhafst svo að séð yrði, eins og svo oft áður, og væri raunar fróðlegt að vita hversu mörg slík nál. liggja rykfallin í skúffum ráðherra landsins. En nú í haust skipaði hæstv. núv. menntmrh. nefnd sem gera á almenna úttekt á fyrirkomulagi launa og styrkja til listamanna og gera tillögur um það. Í þessari nefnd er hv. þm. Halldór Blöndal formaður, en hann var 1. flm. áðurnefndrar þáltill. Aðrir í nefndinni eru Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld, Jón Sigurðsson skólastjóri á Bifröst og Baldur Guðlaugsson lögfræðingur. Ritari nefndarinnar er frá rn., Sólveig Ólafsdóttir.

Ekki hef ég neina ástæðu til að ætla annað en að þessi nefnd sé nú að störfum, en umfang verkefnisins er svo mikið að varla er að vænta tillagna á næstunni. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þá fsp. til hæstv. menntmrh. sem finna má á þskj. 309 og hljóðar svo:

„Er fyrirhugað að flytja frv. til l. um starfsskilyrði myndlistarmanna samkv. till. nefndar sem skipuð var 2. nóv. 1981 samkv. ályktun Alþingis og lauk störfum 21. nóv. 1982?"

Vil ég þá jafnframt biðja hæstv. ráðh. að upplýsa hvort aðgerðir í málefnum myndlistarmanna bíði meðan núverandi nefnd situr að störfum.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fsp. um lagafrv. um starfsskilyrði myndlistarmanna vil ég svara svo og gera í örstuttu máli grein fyrir aðalatriðum í niðurstöðum nefndar þeirrar sem samdi það frv. Það þarf ég að gera vegna þess að síðan það frv. var samið hafa aðstæður breyst á ýmsan veg. Það hafa komið nýjar reglur sem leysa nokkra þætti þess máls sem um er spurt.

Í fyrsta lagi var það myndskreyting opinberra bygginga. Á meðan nefndin sem um var fjallað starfaði voru sett lög nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins. Nefndin taldi því ekki þörf á því að fjalla frekar um þann þátt málsins. Árið 1983 voru veittar alls 768 þús. kr. til Listskreytingasjóðs og nutu þeirra fjármuna sjö listamenn. Það er ljóst að betur má ef duga skal og það þarf auðvitað betri aðstæður í ríkisfjármálum til þess að unnt sé að uppfylla til hins ýtrasta ramma þeirra laga.

Í öðru lagi vil ég fjalla um hugsanlegan launasjóð myndlistarmanna. Eins og málum er nú háttað eiga myndlistarmenn ásamt öðrum listamönnum aðgang að starfslaunum listamanna samkv. reglum um þau nr. 165 frá 1969, en nefndin frá 1982 taldi sanngjarnt að myndlistarmenn nytu hliðstæðrar fyrirgreiðslu varðandi starfslaun við það sem t. d. rithöfundar fá samkv. lögum nr. 29/1975, um Launasjóð rithöfunda. Þess vegna var samið umrætt frv. um launasjóð myndlistarmanna og það fylgir till. nefndarinnar.

Um þetta er það að segja að það eru fleiri hópar listamanna í landinu en rithöfundar og myndlistarmenn, sem hér hafa verið nefndir. Þess vegna þótti rétt, fremur en að flytja frv. sérstaklega, að gera heildstæðar tillögur um úrbætur til listamanna almennt í stað þess að snúa sér að málefnum eins og eins hóps í einu, eins og fram til þessa hefur verið gert. Þess vegna var 18. nóv. s. l. skipuð nefnd til að gera almenna úttekt á fyrirkomulagi launa og styrkja til listamanna með það fyrir augum að þeir fjármunir sem til þessa er varið nýtist sem best íslenskri list. Hv. þm. taldi upp nm. svo að ég mun ekki gera það, en nefnd þessi hefur að undanförnu unnið að öflun gagna, innlendra og erlendra, og mun á næstu dögum skila fyrstu hugmyndum sínum um fyrirkomulag launa og styrkja til listamanna almennt. Í framhaldi af því verður síðan unnið að frekari útfærslu og undirbúningi breytinga eftir því sem tilefni gefst til.

Í þessu sambandi er unnið úr skýrslu sem tekin var saman á vegum menntmrn. í tíð fyrirrennara míns og unnin var af dr. Magna Guðmundssyni. Úr þessari skýrslu hefur Sveinn Einarsson fyrrv. þjóðleikhússtjóri unnið og nefndin hefur þau gögn til hliðsjónar við starf

sitt. Skýrslan fjallar um á hvern veg opinberu fé er varið til lista í ýmsum löndum og er mjög ítarleg úttekt.

Nefndin frá 1982 lagði til að lækkaðir yrðu verulega eða felldir niður tollar eða önnur gjöld af efnivörum til myndlistarmanna. Þetta atriði verður nú athugað frekar í samráði við fjmrn. og endurskoðun tollalaga. Þetta atriði hefur líka verið til umfjöllunar á vegum rn. í sambandi við athugun á því hvað gera þarf til að við getum fullgilt Flórens-sáttmálann, sem var til umr. í hv. Alþingi alveg nýlega, en eitt af því sem þar kemur til skoðunar er einmitt efni til listsköpunar. Að því atriði gefst væntanlega tækifæri til að víkja nánar í sambandi við þriðju fsp. hv. þm. svo að ég mun láta þau atriði bíða til þess.

En þetta er í stuttu máli svarið: Frv. nefndarinnar frá 1981 er ekki fyrirhugað að leggja fram á næstunni, en taka hins vegar fyrir þetta mál ásamt málefnum um stuðning við listamenn í landinu almennt, og þær tillögur verða þá væntaanlega tilbúnar fljótlega.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Það er mikill munur á áhuga manna á hringorminum og menningunni. Ég verð því að leggja það á hv. Sþ. að hlusta á mig eina aftur og aftur, en að því leyti hygg ég að konur séu ólíkar karlmönnum að þær eru ekki eins vissar um að öllum þyki það skemmtilegt eins og þeim finnst þegar þeir eru lengi í ræðustól.

En ég vil þakka hæstv. menntmrh. enn fyrir svör hennar. Að sumu leyti skil ég ákaflega vel að hún telji rétt að sameina að nokkru hin ýmsu framlög til lista og menningar. Sannleikurinn er sá, að ef maður vill kynna sér þau framlög í heild í ríkisreikningi eða á fjárlögum er það býsna erfitt vegna þess að það fé er ákaflega dreift og satt að segja heldur óskipulega upp sett á báðum stöðum. Ég hef áður lýst því yfir að ég telji starfslaun miklu eðlilegri leið til eflingar lista í landinu en margumrædd listamannalaun, sem ég held að hafi um árabil nýst afar illa. Ég hef því ekkert við það að athuga að þessir sjóðir verði sameinaðir. Ég vona hins vegar að könnun rn. taki ekki allt of langan tíma svo að ég standi hér enn að þrem árum liðnum og spyrji hvernig gangi. En að öðru leyti fagna ég því að að þessum málum er hugað.

Staðfesting Flórens-sáttmála, fsp. 168. mál (þskj. 309). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Á þskj. nr. 145 er að finna till. til þál. um staðfestingu svokallaðs Flórens-sáttmála sem hæstv. menntmrh. minntist á áðan. Í grg. fyrir till. sem 1. flm., hv. þm. Gunnar G. Schram, talaði fyrir s. l. fimmtudag er að finna sögu sáttmálans og skal því ekki farið ítarlega út í hana, en hv. þm. bent á að kynna sér grg.

Sáttmáli þessi var samþykktur á aðalfundi UNESCO í Flórens á Ítalíu árið 1950 og fjallar um niðurfellingu gjalda af efni til mennta, vísinda og menningarmála, en sáttmálinn hefur aldrei verið staðfestur af ríkisstj. Íslands. Till. um staðfestingu hefur áður verið flutt á hinu háa Alþingi en þá fluttu hana hv. þm. sem þá sátu í Rannsóknaráði ríkisins. Till. varð þá ekki útrædd.

Í grg. hv. þm. Gunnars G. Schram segir svo, með leyfi forseta:

„Ísland er eitt af fáum ríkjum í flokki svokallaðra þróaðra ríkja, sem ekki hefur gerst aðili að sáttmála þessum. Ísland hefur þó í reynd framfylgt öllum ákvæðum Flórens-sáttmálans frá 1950 að undanteknu ákvæðinu um aðflutningsgjöld af vísindatækjum.“

Þetta vil ég leyfa mér að segja að sé ekki alveg rétt því að sáttmálinn kveður svo á að undanþeginn aðflutningsgjöldum skuli vera listaverk, safngripir með menntunarlegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi. Mér er fullkunnugt um að gjalda er krafist af listamönnum sem flytja verk sín til sýninga hérlendis og hið sama gildir um listaverk í eigu safna sem ekki á að selja en einungis sýna. Oft er hægt að fá þessi gjöld endurgreidd en mikið umstang fylgir þessu og hefur oft valdið sýnendum miklum erfiðleikum hér á landi. Ég vil upplýsa að af þessu hef ég beina reynslu sem fyrrv. stjórnarmaður á Kjarvalsstöðum. Hefur stjórnin og starfsmenn hússins orðið að standa í hvers kyns umstangi í kringum tolla af frægum verkum sem hafa verið um áratuga skeið á söfnum erlendis og eru ekki ætluð til annars en sýningar í menningarlegu skyni.

Hér er því mikilvægt hagsmunamál á ferðinni sem varðar starfsskilyrði listamanna. Yrði Flórens-sáttmálinn staðfestur er þetta vandamál úr sögunni og ekki síður mikilvægt að létta tollum af vísindatækjum að sjálfsögðu. Það er óvenjulegt að einstakir stjórnarþm. flytji tillögur um mál sem þetta þar sem ríkisstj. er í lófa lagið að staðfesta sáttmálann óski hún þess. Ég hef lýst stuðningi mínum við till. og mun styðja samþykkt hennar í hv. allshn. en vegna þess hvernig flutningi till. er hagað getur ekki talist óeðlilegt að fá upplýsingar um það beint hvort andstaða sé innan ríkisstj. um staðfestingu. Ég hef því leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. sem hljóðar svo og er á þskj. 309:

„Hvað dvelur framlagningu frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta Flórens-sáttmála, alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda af vörum til nota á sviði mennta-, vísinda- og menningarmála?“

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Allt frá árinu 1966 hafa komið fram frá ýmsum aðilum óskir um að Ísland gerist aðili að Flórens-sáttmálanum um niðurfellingu aðflutningsgjalda af efni til mennta-, vísinda- og menningarmála og þá má sérstaklega í því sambandi nefna Rannsóknaráð ríkisins. Lengst af hefur fjmrn. talið ýmis tormerki á því að breyta tollalögum í það horf að gerlegt yrði að staðfesta sáttmálann. Hafa þá verið færðar fram ýmsar ástæður tolltæknilegs eðlis, t. d. þær að erfitt væri að gera greinarmun á tækjum og búnaði til vísindarannsókna sem eingöngu væru notuð í því skyni og sams konar tækjum er nota má til annarrar starfsemi sem ekki þætti ástæða til að veita slíkar ívilnanir.

Þessi afstaða hefur að sjálfsögðu tafið mjög framgang þessa máls. Málið var þó enn á ný tekið upp af hálfu menntmrn. á s. l. hausti eða síðari hluta sumars og óskað viðræðna við fjmrn., m. a. var því skrifað og beðið um áætlun um kostnað sem leiddi af því að við staðfestum sáttmálann.

Nú hefur nýverið verið fallist á að athuga þetta efni og taka til frekari meðferðar í samvinnu við menntmrn. Það verður gert í tengslum við þá endurskoðun sem nú fer fram á tollalögunum og er langt komin. Vonir standa því til að ekki líði á löngu þar til íslensk löggjöf

verður þannig úr garði gerð að unnt verði að staðfesta títtnefndan Flórens-sáttmála.

Það skal tekið fram að mikla undirbúningsvinnu þarf þó í þessu máli. Þm. er væntanlega öllum kunnugt hve viðamikið plagg tollskráin er og sundurgreining á vörum þar mikil. Flórens-sáttmálann tekur til geysimargra vöruflokka þótt ekki séu þeir allir jafnviðamiklir. Í grófum dráttum er um að ræða nokkra flokka efnis:

1) Bækur, tímarit og skýrslur,
2) listaverk, safngripir með menntunarlegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi,
3) sýningarefni og hvers kyns hljóðritað efni með menntunarlegt, vísindalegt og menningarlegt gildi,
4) vísindatæki og búnaður.
5) vörur til afnota fyrir blinda.

Auk þessara vöruflokka er ýmislegt fleira sem athuga þarf ef viðaukabókun við sáttmálann yrði staðfest. Þar má nefna íþróttatæki, hljóðfæri og annan búnað til tónlistariðkana og efni og vélar til bókagerðar og útgáfu blaða, tímarita og skýrslna.

Þegar um slíka alþjóðasamninga er að ræða verður nákvæmnin að sitja í fyrirrúmi og tími að gefast til að vinna verkið vel. Það skal að lokum ítrekað að unnið er að þessu máli og stefnt að staðfestingu Flórens-sáttmálans svo fljótt sem verða má. Og það skal líka tekið fram að margt af þeim vörum sem undir þetta mundu falla eru þegar mjög lítið tollaðar og sumpart undanþegnar slíkum gjöldum.

Ég hygg, herra forseti, að með þessu sé fsp. svarað.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Þetta verður síðasta ræðan mín að sinni. Ég vil enn þakka hæstv. menntmrh. fyrir jákvæð svör. Ég vildi að ég fyndi fyrir þeirri vissu í hjarta mínu að allt kæmi þetta fram. En af slæmri reynslu undanfarinna ára hlýt ég að taka því með nokkrum fyrirvara. Ég held að þm. ættu að íhuga það nokkuð að hinar ýmsu tillögur sem hér eru bornar fram og koma til nefnda eru oftlega bornar undir þá embættismenn sem framkvæmdirnar eiga að sjá um. Ég held við könnumst öll við það tregðulögmál sem virðist vera þar á ferðinni og þá hræðslu embættismanna við allar breytingar, næstum sama hverjar þær eru. Ákaflega oft er sagt að þetta og hitt sé svo erfitt í framkvæmd að það sé næstum ógerlegt og annað slíkt. Ég er því ekki hissa þó að þeir starfsmenn tollstjóra hafi talið að hér þyrfti mikið verk að vinna. Ég efast ekkert um að það er rétt. En ég held að allt sé það leysanlegt og þessi staðfesting hafi dregist heldur lengi.

En sé stefnt að því að staðfesta sáttmálann innan mjög langs tíma fagna ég því og þakka fyrir svör hæstv. ráðh.

Námsvistargjald, fsp. 177. mál (þskj. 318). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 318 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„1) Hver er afstaða menntmrh. til innheimtu svokallaðs námsvistargjalds?

2) Telur ráðh. að þessi innheimta eigi sér lagastoð og ef svo er ekki, hvað hyggst rn. aðhafast í málinu?“

Oft hafa orðið umr. um hin svonefndu námsvistargjöld og um réttmæti þeirra. Þau eru vitanlega innheimt hér á Reykjavíkursvæðinu fyrst og fremst, af Reykjavíkurborg þó alveg sérstaklega. Nýlega hefur borist til okkar harðorð yfirlýsing um þessi námsvistargjöld og innheimtu þeirra frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Með leyfi hæstv. forseta vitna ég beint í þessa ályktun stjórnarinnar:

„Stjórn SSA mótmælir harðlega innheimtu námsvistargjalda. Í meira en hundrað ár hefur öll íslenska þjóðin lagst á eitt um að byggja upp og efla hjá sér stönduga og myndarlega höfuðborg. Vegna stöðu sinnar nýtur hún ýmissa sérréttinda svo sem í skólamálum. Á liðnum áratugum hafa landsmenn allir staðið að öflugri uppbyggingu skóla og annarra menntastofnana í höfuðborginni sem ekki síst á þátt í vexti og viðgangi hennar. Nemendur landsbyggðarinnar hafa því eðlilega sótt skóla til höfuðborgarinnar á vetrum þar sem viðkomandi stofnanir eru ekki til í þeirra heimabyggð. Á sumrin hafa þeir sótt í sín heimahéruð að afla tekna til að standa straum af kostnaðarsömu skólahaldi vetrarlangt í höfuðborginni. Stór hluti þessara landsbyggðarnemenda sest síðan að í höfuðborginni og gerist þar fullgildur skattþegi borgarinnar. Það er því augljóst að Reykjavíkurborg hefur margvíslegan hag af sínum utanbæjarnemendum sem þar stunda framhaldsnám. Nemendur úr höfuðborginni sem stunda framhaldsnám úti á landi þurfa ekki að greiða námsvistargjöld þessi.

Stjórn SSA telur því að námsvistargjöldin eigi ekki rétt á sér og þar að auki styðjist þau við ótraustan lagalegan grundvöll.“

Mér þykir rétt í tilefni þessara mótmæla sérstaklega og vegna fullyrðinga um að hæstv. núv. menntmrh. hafi skrifað undir heimild til handa Reykjavíkurborg til innheimtu námsvistargjalda sem fyrrv. ráðh. menntamála hafi tregðast við að spyrja hæstv. menntmrh. um álit á innheimtunni, lagastoð námsvistargjaldanna og aðgerðum ef á döfinni eru.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. 45. gr. laga nr. 68/1966 um iðnfræðslu hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla, skal það greiða námsvistargjald til þeirra skóla, sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemanda telst í þessu sambandi lögheimili þess atvinnurekstrar, er nemandinn stundar iðnnám við. Stundi nemandi nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á námssamning hjá meistara, skal lögheimilissveit nemands greiða námsvistargjaldið.“

Í greininni segir líka:

„Menntmrn. ákveður árlega námsvistargjald að fengnum sameiginlegum tillögum þeirra sveitarstjórna, sem að rekstri viðkomandi skóla standa.“

Og síðan segir:

„Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sbr. lög nr. 69/1962, annast uppgjör námsvistargjalds skv. þessari gr., milli þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga hverju sinni, af framlagi sjóðsins til þess sveitarfélags, sem inna á greiðslu af hendi, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn samþykkt greiðsluskyldu sína.“

Það er því ljóst að hér er um að ræða lagaheimild sem nær til nokkurs hluta náms en að öðru leyti þyrftu

námsvistargjöld að vera samkomulagsatriði milli sveitarfélaga. Það er ætlan rn. að námsvistargjöld sem á yrðu lögð með slíku samkomulagi yrðu ekki látin bitna á nemendum heldur yrði þar algjörlega um samkomulag og uppgjör milli sveitarfélaganna að ræða.

Hinn 29. nóv. s. l. undirritaði ég bréf til borgarstjórans í Reykjavík um námsvistargjöld. Bréfið frá borgarstjóra var frá 4. okt. s. l. En í bréfi menntmrn. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skv. heimild í 45. gr. laga nr. 68/1966 um iðnfræðslu fellst þetta rn. á að námsvistargjöld í iðnnámi verði skólaárið 1983—84 8 500 kr. í bóklegu námi og kr. 13 650 í verklegu námi í Iðnskólanum í Reykjavík. Einnig er fallist á að þetta gjald verði skólaárið 1982—83 5 100 kr. í bóklegu námi og 7 800 kr. í verklegu námi í skólanum. Rn. fellst á að námsvistargjald verði hið sama í iðnbrautum Fjölbrautaskólans í Breiðholti og í iðnnámi í Iðnskólanum í Reykjavík. Ekki er unnt að staðfesta námsvistargjald vegna annars en iðnnáms vegna skorts á lagaheimildum."

Í þessu bréfi felst afstaða rn. með tilvísun til gildandi laga og túlkun rn. á gildandi lögum um þetta efni.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. ráðh. að þarna er um takmarkaða lagaheimild að ræða um nokkurn hluta þess náms sem fram fer sérstaklega á þessu Reykjavíkursvæði og á þá sérstaklega við þá sem þurfa að stunda iðnnám. Þetta mál kemur að vísu allt saman inn á framhaldsskólalöggjöfina og skólakostnaðarlögin, sem við vonumst til að fara að sjá, þó að allt um of hafi dregist að þau mál væru tekin upp í heild. Þarna þarf vitanlega að verða ákveðið samkomulag milli sveitarfélaganna. Hér er vissulega um þungan bagga að ræða sem sveitarfélögin út um landið þurfa að inna af hendi fyrir sína nemendur sakir aðstöðuleysis sem þar er og í raun og veru alls óviðunandi.

Ég harma að hæstv. rn. og hæstv. ráðh. skuli hafa heimilað svo drjúga gjaldtöku til Reykjavíkurborgar vegna þess að ég hygg að þrátt fyrir öll lagaákvæði væri nauðsynlegast að breyta þeim frekar í réttlætisátt. Ég hygg að það sé rétt sem segir í ályktun stjórnar SSA að hér sé um miklu meiri ávinning að ræða fyrir Reykjavíkurborg en fjárhagslegt tap af skólasókn þessara nemenda.

Ég vil aðeins til þess að árétta þetta frekar vitna í grein skólastjóra framhaldsskólans í Neskaupstað, Smára Geirssonar, þar sem hann bendir enn frekar á hvaða ávinning Reykjavíkurborg hafi af því að námsmenn flykkjast hingað. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Námsmenn á höfuðborgarsvæðinu geta oft á tíðum búið á heimilum sínum á meðan þeir leggja stund á framhaldsnám. Landsbyggðarnemar þurfa hins vegar að vinna baki brotnu þegar færi gefst til að afla fjármuna til greiðslu námskostnaðar og nauðþurfta. Fjármunanna er venjulega aflað í heimabyggðinni en þeim síðan að sjálfsögðu ráðstafað þar sem nám er stundað. Þannig njóta Reykjavík og nágrannasveitarfélög góðs af því fjármagni sem námsfólkið flytur með sér auk þeirra tekna sem þau hafa af skólastofnunum sjálfum og starfsmönnum þeirra.

Ekki eru þetta þó alvarlegustu atriðin varðandi mismunandi möguleika eftir búsetu til að ganga menntaveginn. Alvarlegasta atriðið er án efa hinn svokallaði atgervisflótti sem felst í því að ungt fólk af landsbyggðinni sem heldur til náms til stór-Reykjavíkursvæðisins ílengist þar að námi loknu og sest ekki aftur að í heimabyggðinni eða annars staðar úti á landi. Þannig sogar Reykjavík og nágrenni til sín efnisfólk af landsbyggðinni með hjálp skólanna sem þar eru starfræktir.

Flestir skyldu ætla að Reykjavík og nágrannasveitarfélögin væru nokkuð ánægð með sinn hlut að þessu leyti en því fer fjarri. Lengi hafa ráðamenn á Reykjavíkursvæðinu lagt áherslu á að vegna hins mikla kostnaðar við að reka skóla fyrir námsmenn búsetta utan borgarinnar eigi Reykjavík rétt á að heimta námsvistargjöld af sveitarfélögum þeim sem nemendurnir koma frá. Þetta hefur verið reynt með misjöfnum árangri undanfarin ár en þó hefur rn. menntamála tregðast við að leggja formlega blessun sína yfir slíka innheimtu."

Eftir því sem kemur fram í máli hæstv. ráðh. hefur það nú verið gert, formleg blessun verið lögð á innheimtu þessara námsvistargjalda. Við því er í raun og veru kannske ekki mikið að segja miðað við þá lagastoð sem þó er fyrir þessu. En ég hlýt að skora á hæstv. ráðh. að huga vel að þessu máli í tengslum við þá nauðsynlegu endurskoðun sem fram fer og fram hefur farið allt of lengi á framhaldsskólalöggjöfinni sjálfri og skólakostnaðarlöggjöfinni tengdri því þannig að þetta misrétti verði leiðrétt, því misrétti er það og engin leið að halda öðru fram.

Staða heilsugæslulæknis á Eskifirði, fsp. 177. mál (þskj. 318). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 318 hef ég leyft mér að bera upp svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbrrh.:

„Hvenær má vænta þess að lögbundin staða við H-2 stöð á Eskifirði verði auglýst og annar læknir ráðinn til stöðvarinnar með búsetu á Reyðarfirði?"

Mörg ár eru liðin frá því að ég flutti hér fyrst á Alþingi frv. um að við heilsugæslustöðina á Eskifirði yrðu tveir læknar og annar þeirra yrði með búsetu á Reyðarfirði. Aðrir Austfjarðaþingmenn hafa þar staðið að heils hugar og vitað um þá nauðsyn sem á því var. Endurskoðun heilsugæslulaganna á árinu 1982 leiddi til þess að stjfrv. innifól í sér þetta ákvæði. Að því áliti stóðu fulltrúar allra flokka og þetta varð að lögum á þingi s. l. vor um að þarna skyldi vera H2 stöð. Það vil ég túlka svo að tveir læknar skyldu vera við stöðina þó að að vísu geti sú túlkun komið til greina að þar skuli vera allt að tveir læknar. Heimild er í sömu lögum um búsetu læknis á öðrum stað en heilsugæslustöðin er enda sé þar heilsugæslusel, þ. e. góð aðstaða fyrir lækni og sjúklinga til daglegra þarfa.

Eins og ég sagði áðan voru lög þessi afgreidd á s. l. vori en síðan hefur ekkert um málið heyrst opinberlega. Mér er hins vegar tjáð að hæstv. heilbrrh. og rn. hans hafi óskað eftir því að þessi staða yrði auglýst eða að fyrir henni yrði veitt heimild. Hins vegar skortir þar fjárveitingu og að nýjar stöður, þó að lögfestar séu með þessum hætti, verði ekki heimilaðar. Því er einnig haldið fram að nýafgreidd fjárlög muni ekki fela í sér fé til þessarar stöðu.

Ég veit að hæstv. ráðh. sem eru landsbyggðarhéruðin

mjög kunnug veit að þörfin kallar hér á enn frekar nú en þegar ég flutti þetta mál fyrst vegna fjölgunar í héraði m. a. Ég segi það hér að núverandi heilsugæslulæknir er að gefast upp, m. a. sakir álags sérstaklega vegna síldar- og loðnuveiða þar sem flotinn liggur oft langtímum saman einmitt á þessum tveimur höfnum, Reyðarfirði og Eskifirði, og álagið þar af leiðandi geysilegt á þeim tíma. Auðvitað á þetta við um fleiri staði en þarna er aðeins einn maður til að gegna þessari stöðu.

Að vísu skal tekið fram að heimildin sem er í heilsugæslulögunum um aðstoðarlækna eða íhlaupalækna, ef við viljum kalla það svo, á þessar stöðvar hefur bætt mjög úr þessu en hvergi nærri nóg. Það er mikill þrýstingur á um þetta mál heima fyrir í héraði þar sem eru nær tvö þúsund manns. Auk annars álags sem getið var um er ekki nema von að það sé órói hjá fólki sem horfir upp á vinnuálag þessa læknis og óttast að þrátt fyrir að nú virðist vera nokkurt framboð á læknum almennt verði á ný svo komið fyrir þessu heilsugæsluumdæmi að læknar komi og fari og engin festa verði í neinu. Sömuleiðis er eðlilegt að Reyðfirðingar kalli sérstaklega á þetta og vilji fá lækni til sín með búsetu þar sem nú mun loks vera orðið samkomulag í heilbrigðisráði Austurlands að verði ef annar læknir fæst að stöðinni.

Ég hlýt því með tilliti til þessa óvissuástands að leita svara hjá hæstv. heilbrrh. um það hvað fram undan muni vera í þessum efnum og því er um þetta spurt.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Með breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem gildi tóku á s. l. sumri var ákveðið að ný H1 stöð yrði á Grundarfirði en þar var áður H stöð, H2 stöð yrði á Eskifirði en þar var áður H1 stöð, H1 stöð yrði á Þorlákshöfn en þar var áður H stöð og H1 stöð yrði í Grindavík en þar var áður H stöð.

Heilbrrn. fór fram á leyfi til að auglýsa þessar stöður og að kostnaður við þær yrði tekinn inn í fjárlög. En við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár fengust ekki stöðuheimildir fyrir læknisstöðum á þessum nýju heilsugæslustöðvum og situr Eskifjörður því við sama borð og hinar stöðvarnar sem ég nefndi að þessu leyti. Alþingi hefur ekki veitt fjárveitingu til stöðvarinnar og er það í samræmi við það meginmarkmið sem ríkisstj. setti sér að fjölga ekki ríkisstarfsmönnum á þessu ári. Allar stöðuheimildir heilsugæslunnar í landinu voru notaðar á s. l. ári og ég geri ráð fyrir að það sama verði upp á teningnum á þessu ári þannig að um tilfærslur milli staða getur því ekki orðið að ræða.

Svar mitt við fsp. er því það að heilbrrn. getur ekki auglýst stöðu við H2 stöð á Eskifirði fyrr en stöðuheimild hefur fengist í fjárlögum. Þá mun ekki standa á rn. að auglýsa stöðuna. Hvort sá læknir verður síðar með búsetu á Reyðarfirði er mál sem enn ekki hefur verið tekin afstaða til en mun ekki verða látið standa á þegar heimild er fyrir hendi.

Einnig er eðlilegt í sambandi við þetta mál að þm. séu minntir á að til að hægt sé að breyta H stöð í H1 stöð og svo vel sé þá H1 stöð í H2 stöð þarf yfirleitt að auka húsnæði heilsugæslunnar á þessum stöðum og til þess þarf fjárveitingar þannig að starfsaðstaða skapist fyrir starfsliðið sem til viðbótar kemur. Ekki er því nóg að fá stöðuheimildir, einnig þarf að fá fjárveitingar til að bæta aðstöðu, breyta húsnæði eða byggja nýtt.

Þá þarf einnig að sjá læknum heilsugæslunnar fyrir íbúðarhúsnæði. Á undanförnum árum hefur fé sem runnið hefur til byggingar læknisbústaða og annarra íbúða fyrir starfslið heilbrigðisþjónustunnar verið mjög af skornum skammti. Búseta nýs læknis við H2 stöð á Eskifirði yrði hugsanlega að ákvarðast af því hvar hægt væri að afla honum húsnæðis.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég leyfi mér að segja örfá orð því að ég hef að mörgu leyti sömu sögu að segja og hv. fyrirspyrjandi hér áðan. Í lögum er nú heimild fyrir H1 stöð í Grundarfirði sem áður var H stöð og vitaskuld er mikill þrýstingur heima fyrir að fá lækni ráðinn í þessa stöð.

Það er svo að aðstaðan er öðruvísi nú en áður var. Hér áður fyrr þurftu menn að leita logandi ljósi að læknum og leggja mikið á sig til að fá þá til starfa í dreifbýlinu, sækja þá jafnvel til annarra landa. Nú eru hins vegar á boðstólum, að manni er tjáð, nægilega margir hæfir læknar til að fylla þær stöður sem heimildir eru fyrir úti um landið.

Það er svo með Grundarfjörð að þar eru íbúarnir í Eyrarsveit milli átta og níu hundruð og þó að fjarlægðin sé ekki nema 50 km. til Stykkishólms, en þaðan hafa þeir notið læknisþjónustu á liðnum árum, má geta nærri að þegar svona árar og dögum og jafnvel vikum saman er erfitt að komast milli þessara staða vex þrýstingurinn heima fyrir og fólkið sendir óskir, áskoranir og undirskriftalista um að slíkar heimildir séu notaðar.

Ég þakka ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hann veitti og viðurkenni að við afgreiðslu síðustu fjárlaga voru þessar heimildir ekki nýttar. En ég vil aðeins benda á að þessu máli er engan veginn lokið. Því verður haldið áfram vegna þess að hér er um réttlætismál að ræða sem þm. ber að styðja fyrir hönd sinna umbjóðenda.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Það kemur skýrt fram í máli hans að aðalhindrunin í vegi þess að í þessar stöður sé ráðið sé það meginmarkmið hæstv. ríkisstj. að fjölga í engu stöðum í heilbrigðiskerfinu. Mér skilst að hversu nauðsynlegar og sjálfsagðar sem þær eru skuli það ekki gert.

Ég varð þess var að fjárlagatalan í þessum lið hækkaði nokkuð milli 2. og 3. umr. vegna þess að einhverjar stöður höfðu komist inn á s. l. ári. Þeim hefur kannske verið laumað inn, kannske hafa það verið eðlilegar stöður sem var sagt að hefði orðið að taka inn við 3. umr. fjárlaga af þeirri ástæðu að það hefði verið óumflýjanlegt, það hefði þegar verið búið að ráða í þær stöður. Ekki hafði mér hugkvæmst að þrýsta á þessa stöðu á þann veg að henni yrði laumað þannig fram hjá og síðan komið á eftir og sagt að með þeim hætti yrði að sjá fyrir fjármagni til hennar. En þannig mun hafa verið um einhverjar stöður því þá skýringu fékk ég á þeirri hækkun sem varð á framlaginu til reksturs heilsugæslustöðva milli 2. og 3. umr. og hafa þá einhverjir örugglega notið þar góðs af. Ég reikna þá kannske helst með því að það hafi verið hér á þessu þéttbýlissvæði sem það hefur verið án þess að vita það nákvæmlega.

Ég hlýt að leggja áherslu á að á þessu fáist lausn sem allra fyrst. Ég átti samtal við heilsugæslulækninn í

morgun og hann ítrekaði enn þörfina á þessu, lýsti t. d. fyrir mér því vandræðaástandi sem nú er þegar loðnuflotinn siglir þarna í höfn og það annríki sem af því leiðir. Mér segir svo hugur um þrátt fyrir framboðið á læknum að ef heilsugæslulæknir mundi hætta nú, sem horfur eru á, yrði ekki auðvelt að fá einn mann til að gegna þessari stöðu og því óttast ég um framhaldið. Við höfum af því mjög slæma reynslu þegar menn eru að koma og fara og stöðugleiki er enginn í þessu. Það veit ég að hæstv. ráðh. skilur mæta vel.

Ég tek það skýrt fram að ég er sammála hæstv. ráðh. í því að við þurfum einnig að huga að því að viðunandi starfsaðstaða sé sköpuð handa því fólki sem til viðbótar er ráðið í heilsugæslukerfinu. Varðandi húsnæðið vill svo til að heilsugæslulæknirinn á Eskifirði á sitt húsnæði og íbúð heilsugæslulæknisins þar í læknisbústaðnum stendur auð þannig að ekkert er því til fyrirstöðu í dag að annar heilsugæslulæknir fái húsnæði á Eskifirði. Það er hins vegar ekki sú æskilega framtíðarskipan sem ég tel á þessu máli því að ég tel rétt að á stöðum þar sem aðeins 15 km eru á milli séu læknarnir búsettir hvor á sínum staðnum þótt þeir vinni við sömu heilsugæslustöðina og heilsugæslusel þá á hinum minni stað.

Ég segi það hér að þörf er mikilla úrbóta á aðstöðunni bæði á Eskifirði og Reyðarfirði. Á sínum tíma var reistur myndarlegur læknisbústaður á Eskifirði. Hann hefur verið látinn duga vegna þess að við þm. Austurl. höfum séð brýnni þörf á því og meiri ástæðu til þess að byggja upp heilsugæslustöðvar annars staðar á svæðinu. En nú er svo komið þeirri uppbyggingu að næsta verkefni á eftir Djúpavogi hlýtur að vera heilsugæslustöð á Eskifirði með viðunandi aðstöðu þar. Kannske ekki af þeirri gerð sem við sjáum því miður allt of mikið af, heilsugæslustöðvar sem eru í raun og veru allt of stórar og þurfa ekki að vera svona stórar og við berum auðvitað allir vissa ábyrgð á að hafa haft þannig — og síðan vel búið heilsugæslusel á Reyðarfirði ekki síður. Það bíður betri tíma en við þm. Austurl. höfum í huga að taka þessi verkefni fyrir um leið og við höfum til þess fjárráð á fjárlögum sem ég hygg að geti orðið með skynsamlegu áframhaldi og skynsamlegum fjárveitingum þegar á árinu 1985.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þrátt fyrir mikla fjölgun lækna virðast þeir nú ekki vera áhugasamir að sækja um öll héruð því nýlega voru auglýst þrjú héruð þar sem enginn læknir sótti um. En þau eru fámenn og afskekkt flest en þó er alveg sérstaklega í einu af þessu héraði vel búið að lækni og mjög sæmileg aðstaða við heilbrigðisþjónustu. Ekki mun standa á mér í þessum efnum ef fjárveitingar eru fyrir hendi að uppfylla skilyrði laga. Hins vegar vitum við að Alþingi er oft fljótt að samþykkja lög og oft tekur æði langan tíma að framfylgja þeim.

Mér finnst rétt í þessu tilfelli að segja örfá orð um þróun þessara mála frá því að lög um heilbrigðisþjónustu tóku gildi í ársbyrjun 1974. Þá voru 55 læknishéruð í landinu og heimild fyrir um 55 læknum en að jafnaði tókst aðeins að manna 50 héruð og tæplega þó. Stöður hjúkrunarfræðinga voru skv. eldri lögum 6 í héruðum utan heilsuverndarstöðva. Á 10 ára tímabili hefur breytingin orðið sú að læknar voru í árslok 1983 93, hjúkrunarfræðingar voru 77 og ljósmæður 18. Þessar tölur sýna ljóslega hvaða áhersla hefur verið lögð á að manna heilsugæslu í dreifbýlinu því mestur hluti þessa starfsliðs er á heilsugæslustöðvum sem hafa verið byggðar eða endurbyggðar úti á landi. Auk þessa hefur starfsliði heilbrigðisþjónustu utan Reykjavíkur fjölgað mjög verulega á öðrum sjúkrastofnunum en heilsugæslustöðvum þannig að starfsemin hefur í enn meira mæli færst nær fólkinu en áður var.

Eins og ég sagði áðan voru móttökur lækna yfirleitt þar sem þeir voru búsettir áður. Nú eru læknismóttökur á 74 stöðum utan Reykjavíkursvæðisins og á öllum þessum stöðum er að jafnaði einhver heilbrigðisstarfsmaður starfandi daglega. Til að ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu sé fullnægt þarf að fjölga verulega stöðum í heilsugæslu, bæði utan Reykjavíkur en ekki síður í Reykjavík sem vissulega hefur orðið á eftir við framkvæmd laga um uppbyggingu heilsugæslunnar. Alþingi gerði einnig ráð fyrir þegar lögin voru sett að dreifbýlið nyti forgangs sem það hefur að jafnaði gert síðan lögin tóku gildi.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Svo sannarlega skal ég taka undir með hæstv. heilbrrh. um að átakið í heilsugæslumálunum í framhaldi af þeirri löggjöf sem sett var um heilbrigðisþjónustu hefur orðið til þess m. a. að tryggja búsetuna út um land. Hér er nefnilega um eitt þýðingarmesta byggðamálið að ræða. Einmitt þessi uppbygging sem hefur orðið á heilsugæslustöðvunum út um land og sá forgangur sem þau mál hafa blessunarlega fengið hefur tryggt að fólk hefur laðast til þjónustu á þessum stöðvum miklu frekar en áður var. Myndast hefur festa og öryggi í þessum málum miklu betur en áður var og fátt orðið drýgra til að tryggja fólkinu öryggi og betri búsetu á þessum svæðum.

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 7. febr., að loknum 44. fundi.

Stjórnsýslulöggjöf, þáltill. 121. mál (þskj. 149). — Ein umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um undirbúning að setningu almennrar stjórnsýslulöggjafar og flyt þá till. ásamt fimm öðrum þm. hér í Sþ. Þau sjónarmið sem liggja að baki þessum tillöguflutningi eru fyrst og fremst tengd réttarörygginu í landinu. Stjórnsýslan er mjög mikilvæg og viðamikil grein framkvæmdavaldsins og miklu skiptir að á því sviði og í þeim efnum séu fyrir hendi ljósar, skýrar og ótvíræðar reglur sem ekki síst lúta að því hver er réttur borgaranna, hver ráð eru þeim tiltæk til þess að leita réttar síns til yfirvalda til þess að fylgjast með gangi mála sinna þegar þau eru til meðferðar hjá yfirvöldum landsins eða stjórnsýsluaðilum eins og nú er orðin tíska að nefna þá, hafa tækifæri til að koma þar að sjónarmiðum sínum, rökstyðja málflutning sinn og þá jafnframt kæra yfir úrskurðum, ákvörðunum niðurstöðu yfirvalda ef menn telja að á einhvern hátt hafi verið á hlut þeirra gengið.

Þótt undarlegt megi virðast höfum við ekki hér á

landi neina heildarlöggjöf í þessum efnum. Við höfum hins vegar á öðrum sviðum tiltölulega fullkomnar og ítarlegar lagasetningar um meðferð mála og þá á ég við réttarfarslöggjöf sem hefur verið fyrir löngu mjög ítarlega sett hér á landi, bæði um meðferð einkamála, löggjöf frá 1936 og ítarlegri löggjöf um meðferð opinberra mála eða refsimála sem síðast var sett og endurskoðuð 1974. Í þessum tvennum löggjöfum er fjallað mjög ítarlega um þau formsatriði sem gæta þarf við gang mála, hvernig standa beri að afgreiðslu mála fyrir dómstólum landsins og hvaða reglna ber þar að gæta og þá jafnan með hagsmuni þeirra aðila sem til dómstólanna leita eða eru ákærðir í huga. En þótt undarlegt megi virðast skortir algerlega sambærilega heildarlöggjöf um meðferð mála í stjórnsýslunni hér á landi. Því er þessi þáltill. flutt að bæta þar úr skák eða gera til þess nokkra tilraun.

Ég vil drepa hér á nokkur meginatriði í þessu efni mínu máli til skýringar sem er að finna í grg. með till. Þar er minnst á þá nauðsyn að hér séu settar reglur, bæði forms- og efnisreglur, varðandi undirbúning mála og úrlausn mála hjá stjórnvöldum, þ. á m. — og það er ekki síst mikilvægt — um rétt þegnanna til þess að fylgjast með meðferð mála hjá stjórnvöldum og koma þar að stjónarmiðum sínum og andmælum ef svo ber undir og menn telja nauðsyn á.

Íslenskur stjórnarfarsréttur byggist að mjög miklu leyti enn þann dag í dag á óskráðum reglum og viðurkenndar stjórnsýslureglur varðandi málsmeðferð eru mjög fáar hér á landi. Af þessu leiðir að þeir sem þurfa að leita réttar síns hjá stjórnvöldum standa gjarnan höllum fæti. Oft er ekki ljóst hver er réttur þeirra við málsmeðferðina, m. a. hvort þeir megi koma á framfæri skoðunum sínum og sjónarmiðum við málsmeðferð og ákvarðanatöku og þá í hvaða mæli.

Þar að auki skortir beinlínis skráðar og jafnvel einnig óskráðar réttarreglur um mörg mikilvægustu svið stjórnarfarsréttarins sem sérstaklega lúta að réttindum og skyldum borgaranna. Sem dæmi má taka útgáfu ýmiss konar leyfa en slík útgáfa er mjög algeng eins og menn vita og mörg eru þau leyfi sem hver einasti borgari þarf að sækja um jafnvel á hverju ári. Oftast er ekki að finna neinn lagabókstaf um það hvort stjórnvald skuli t. d. rökstyðja synjun sína um leyfi. Þá er ekki að finna ótvíræðar reglur um það hvort stjórnvaldi sé yfirleitt skylt að veita umsæjanda aðgang að upplýsingum sem synjunin um leyfi byggist á. Hið sama gildir í öðrum tilvikum að reglur skortir almennt um skyldu stjórnvalda til þess að veita hlutaðeigandi aðgang að upplýsingum um mál sem hann á hlut að og skyldu stjórnvalda til að rökstyðja almennt úrskurði sína. Hér fyrir hinu háa Alþingi hefur legið frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda sem mjög mundi bæta úr skák í þessum efnum þar sem slík upplýsingaskylda er lögð á stjórnvöld eftir nánar tilteknum reglum og kveðið á um rétt borgaranna til þess að fá aðgang að skjölum, heimildum sem mál þeirra varðar, en því miður hefur þetta frv. ekki náð fram að ganga.

Einnig skortir í íslenskum stjórnarfarsrétti almennar settar reglur eins og ég vék að áðan um heimild manna til að koma að andmælum við meðferð mála sem þá varða og eru til úrskurðar eða úrlausnar hjá stjórnvöldum. Mjög bagalegt er að menn skuli ekki hafa til þess ótvíræðan rétt. Málin eru afgreidd fyrir lokuðum dyrum án þess að hlutaðeigandi sé kunnugt um í fyrsta lagi hvenær mál hans er tekið fyrir og í öðru lagi að honum gefist tækifæri til þess að sjá þann rökstuðning sem uppkast hefur verið gert að um afgreiðslu málsins og, sjái hann ástæðu til, heimila honum að koma fram andmælum við þá meðferð sem til stendur að málið fái. Hér er um grundvallarréttaröryggis- og mannréttindaatriði að ræða sem tryggja ætti hverjum einstaklingi. Þarf naumast fram að taka að mjög vel er séð fyrir því í löggjöf nánast allra okkar nágrannalanda en getur varla heitið að stafur finnist fyrir í okkar löggjöf, slík almenn regla er ekki til eins og ég var að nefna.

Annað atriði sem auðvitað skiptir hér miklu máli er hæfi stjórnvalda, þ. e. spurningin um það hvort yfirvald sem með mál manns fer er vanhæft að einhverju leyti af einhverjum orsökum, hvort það hefur einhver tengsl við málið, persónuleg tengsl, frændsemistengsl við aðila málsins sem gera það vanhæft til að taka það til meðferðar og úrskurðar. Slíkar reglur skortir. Við höfum þessar reglur hins vegar í réttarfarinu og hvað varðar dómara en ekki á þessu sviði. Að vísu virðast flestir vera því sammála að skv. íslenskum lögum megi enginn taka þátt í meðerð mála í stjórnsýslunni ef úrslit málsins varða verulega hagsmuni hans og það er reglan sem gildir fyrir dómstólunum. Þessi réttarregla hefur þó verið margbrotin í íslenskri stjórnsýslu þrátt fyrir þá hættu sem það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér.

Hér á landi er ekki til embætti umboðsmanns Alþingis en það hefur verið stofnað í ýmsum nálægum löndum. Hlutverk umboðsmannsins er að taka við kærum og kvörtunum frá borgurunum sem telja að yfirvöld hafi á einhvern hátt gengið á hlut þeirra. Þá er unnt að koma fram leiðréttingum vegna aðgerða stjórnsýsluyfirvalda á ýmsan hátt með aðgerðum og fyrir tilstilli og atbeina umboðsmannsins. Þetta starf, þetta embætti, hefur ekki verið lögleitt hér á landi þótt till. hafi komið fram um það hér á þingi og það oftar en einu sinni. En það mundi mjög bæta hér úr skák ef menn sem telja að yfirvöld hafi gengið á rétt þeirra gætu leitað til hlutlauss embættismanns sem hefur það verkefni eitt að kanna mál þeirra og athuga hve mikill sannleikur er fólginn í gagnrýni þeirra á yfirvöld og komist til botns í því hvort yfirvald hefur misfarið með vald sitt í því máli sem skotið er til embættisins.

Starf umboðsmanns hefur verið lögtekið m. a. í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Kærur og kvartanir berast til þessara manna svo þúsundum skipta á ári hverju. Það sér hver maður hve mikilvægt það er fyrir borgarana að eiga þarna frjálsan og óheftan aðgang að embættismanni sem hefur vald til þess að kanna til botns slíkar kvartanir og kærur sem spretta vegna þess að grunur leikur á að um valdníðslu hlutaðeigandi yfirvalds hafi verið að ræða. Hér væri vitanlega miklu betur málum skipað ef þessar till. um íslenskan umboðsmann hefðu náð fram að ganga en því er ekki að heilsa. Þess vegna er enn meiri ástæða en ella væri að slík löggjöf um stjórnsýsluna sem ég er hér að mæla fyrir verði sett.

Þeir gallar sem ég hef nefnt hér varða ekki einungis stöðu borgaranna gagnvart yfirvöldunum þó að það sé kannske aðalatriðið, þ. e. réttaröryggi borgaranna, raunverulega vernd þeirra fyrir rangsleitnum úr-

skurðum stjórnvalda. Annað mikið atriði í þessu máli varðar starfsskilyrði stjórnsýslunnar sjálfrar. Skortur á skýrum og ljósum réttarreglum er mjög til baga þegar yfirvöld þurfa að leysa úr stjórnarfarslegum álitaefnum á hinum margvíslegustu sviðum. Hér er einfaldlega spurningin þessi: Hvar og hvernig eru vinnureglurnar sem yfirvöld eiga að starfa eftir? Þær skortir að verulegu leyti í íslensk lög. Hætta er þess vegna á því að úrlausnir verði handahófskenndar og skilvirkni miklum mun minni en æskilegt verður að telja af þessum sökum.

Það er þess vegna sem efni þessarar þáltill. gengur út á það að sett verði almenn stjórnsýslulög hér á landi, að ríkisstj. skipi nefnd til slíks. Það er annars vegar vegna réttaröryggissjónarmiðsins og hins vegar vegna hagkvæmnis- og skilvirknissjónarmiða. Ástæðulaust er að slíkar reglur séu alltof flóknar eða nákvæmar heldur verður að greina hér á milli aðalatriða og aukaatriða og er það kjarni þessarar ályktunar að ríkisstj. skipi nefnd til að semja frv. að almennum stjórnsýslulögum og leggja það fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Ég vildi aðeins að lokum nefna það og það er kannske fróðlegt út af fyrir sig að þegar við lítum til baka hafa verið gerðar tilraunir til þess að koma á laggirnar eða fá samþykkta slíka stjórnsýslulöggjöf. Á þinginu 1980 var borin fram till. til þál. af Ragnhildi Helgadóttur núv. menntmrh. um þetta sama eða mjög áþekkt efni, um undirbúning slíkrar almennrar stjórnsýslulöggjafar. Þessi till. var á sínum tíma samþykkt þann 2. apríl 1981. Þar var einnig gert ráð fyrir því að að framkvæmd málsins yrði unnið í nefnd. En hvað gerðist í þeim efnum? Málið sofnaði þar með. Nefndin var aldrei skipuð og málið er ekki lengra komið en á þeim tíma þegar Alþingi lýsti þó skýrum vilja sínum í þessu efni. Þess vegna er þetta mál kannske enn brýnna þegar við lítum til forsögunnar.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég fagna því að þessu máli er hreyft hér á Alþingi. Það er mikil þörf á setningu almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi einstaklinga.

Eins og hv. 2. þm. Reykn. sagði flutti ég till. til þál. um þetta á þinginu 1980 og hún hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hið fyrsta kanna, hvort tímabært sé að sett séu hér á landi almenn stjórnsýslulög.

Í því skyni sé skipuð nefnd til að fjalla um mál þetta og semja um það frv., ef ástæða þykir til.

Skýrsla og tillögur nefndarinnar verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en tveim árum eftir samþykkt ályktunar þessarar."

Ég vil geta þess, herra forseti, að niðurlag textans í till. þessari gerir ráð fyrir alllöngum undirbúningstíma. Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál er mjög flókið og það þarf mikla nákvæmni að hafa við til að slík lög komi að því gagni sem þarf fyrir einstaklingana, sérstaklega í skiptum þeirra við hið opinbera.

Um þessa till. var fjallað í allshn. Sþ. og hinn 17. mars 1981 var gefið út svohljóðandi nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur leitað umsagna frá Dómarafélagi Íslands, lagadeild Háskóla Íslands, réttarfarsnefnd og Lögmannafélagi Ísands. Nefndin mælir með samþykkt till."

Að þessu nál. kynntu hér í hv. Alþingi var till. samþ. og samkv. upplýsingum þáv. dómsmrh., hv. 1. þm. Vesturl. sem hér situr í salnum, veit ég ekki betur en að unnið hafi verið að þessu máli í dómsmrn., a. m. k. að einhverju leyti þótt svo kunni að hafa verið að því hafi ekki verið lokið þegar stjórnarskipti urðu. Ég vil hvetja til þess að því starfi verði lokið hið fyrsta.

Ég vil vekja athygli hv. n., sem fær till. til meðferðar, á atriðum sem fram koma í grg. með till. minni frá árinu 1980, hún var 117. mál þess þings, svo og í umr. um hana. Þar koma fram upplýsingar um norsku og sænsku stjórnsýslulögin og er rakið hver nauðsyn er á slíkri löggjöf, jafnvel þótt til væri að dreifa embætti umboðsmanns eða stjórnsýsludómstól. Ingibjörg Rafnar lögfræðingur vann grg. þessa og undirbjó málið að því er sérfræðilega hlið þess varðaði. Grg. og ýmislegt í umr. byggðist á hennar vinnu, sem ég tel að sé mjög vönduð og heppileg til að renna stoðum undir þetta mál. Einmitt ári áður hafði Lögfræðingafélag Íslands haft málþing um réttaröryggi í stjórnsýslunni, ef ég man rétt heiti umræðuefnisins, og þar flutti höfundur grg. með þáltill., Ingibjörg Rafnar, erindi um andmælaregluna, þ. e. þá reglu sem er mikið grundvallaratriði, þann rétt sem einstaklingar þurfa að hafa og geta notið til að koma sjálfir við athugasemdum um niðurstöður hins opinbera valds. Ýmsir aðrir lögfræðingar fjölluðu um þetta efni. Ég vil aðeins draga þessi atriði fram.

Á þessu málþingi komu einnig fram fleiri atriði sem styðja þetta mál, en ég hygg að í okkar þjóðfélagi, þótt lítið sé, sé mikil þörf á slíkum reglum, sem styðja einstaklinga í viðleitni þeirra til að gæta réttar síns gagnvart hinu opinbera valdi. Þótt því eigi vissulega í flestum tilfellum að beita til þess að vernda og hafa umsjón með einstaklingum er það oft svo að menn vita betur sjálfir hvað þeim er fyrir bestu og vilja a. m. k. geta tjáð sig um það og komið sínum rökum við. Það á einnig að geta einfaldað stjórnsýslukerfið að slíkar reglur séu til.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram að ég álít að Alþingi hafi á undanförnum árum sett allt of mikið af löngum, flóknum og leiðinlegum lagabálkum sem betur hefðu verið ófluttir. Ég vil taka skýrt fram að ég tel ekki þörf á að setja lög um hvaðeina. Þjóðin á að geta fylgt reglum þó að þær séu ekki skráðar á bók eða blað. Við vitum að munnlegar reglur — venjuréttur — geta verið alveg eins öruggar og skráð lög. Munnleg loforð eru t. d. jafngild þeim sem gefin eru skriflega o. s. frv. Ýmsar þjóðir fylgja föstum reglum á þessu sviði sem öðrum án þess að eyða löngum tíma í að semja og festa á bók skráðar reglur.

Hv. alþm. mega þó ekki misskilja mig, því að ég er fylgjandi þessari till. Ég álít að það svið sem hér er fjallað um, setning almennrar stjórnsýslulöggjafar, eigi fullan rétt á sér. En það getur tekið langan tíma að koma því í kring. Þá ber að hafa í huga að hv. Alþingi virðist ekki hafa ýkjamikinn áhuga á öllum þáttum þessara mála, eins og að var vikið í framsöguræðunni. Okkur er kunnugt um hvaða viðtökur frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda hefur fengið hér á hv. Alþingi. Ég verð að taka undir að þær till. sem hingað til hafa verið fluttar um það efni hafa verið í þeim búningi að þær hafa verið gagnrýni verðar. Einnig var minnst á það

að fluttar hefðu verið till. oftar en einu sinni um embætti umboðsmanns Alþingis. Ég er ekki viss um að okkur henti sú skipan mála, a. m. k. verða menn að gera sér grein fyrir því, þegar slíku er hreyft, að það kostar peninga. Og það er ýmislegt sem bendir til þess að embætti umboðsmanns Alþingis mundi fljótt hnoða utan á sig ærnum kostnaði og mætti jafnvel ráða þeim málum betur með öðrum og ódýrari hætti.

Ég er að vísu ekki nákunnugur stjórnsýslulöggjöf nágranna okkar á Norðurlöndum. Hér í grg. segir þó að í Noregi hafi slík lög verið sett 1967 og í Svíþjóð 1971. Það er vitað um Svía að þeir eru mjög hressir löggjafar, setja lög um mörg efni. En hafi þeir ekki sett slíka löggjöf fyrr en 1971 virðist hún hafa vafist eitthvað fyrir mönnum þar í landi líka. Þó má vera að þetta séu endurbætur á eldri löggjöf sem gilt hefur. Loks segir í niðurlagi grg. að í Danmörku hafi verið samið ítarlegt frv. til stjórnsýslulaga, hvort sem það er orðið að lögum nú eður eigi.

Ég vil geta þess sérstaklega að ég fagnaði till. hæstv. menntmrh. á sinni tíð um þetta efni, þótti hún allrar athygli verð. Hún var rædd og reifuð í dómsmrn. á minni tíð. Okkur þótti þetta efni áhugavert og var unnið að því nokkuð á þeim árum þó það kæmist ekki í höfn. Það er svo með fleiri góð mál, þegar í mörg horn er að líta, að þau ná ekki öll afgreiðslu þó að hyggja manna stefni til framtaks. Ég vil m. ö. o. taka það fram að þessi till. var athuguð gaumgæfilega í rn., eins og ég tjáði hæstv. menntmrh. á þeim tíma.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en fagna þessari framkomnu till. og vænti þess að hún verði skoðuð ítarlega eins og efni standa til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stuðningur við íþróttahreyfinguna, þáltill. (þskj. 159). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 159 hef ég leyft mér ásamt hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Norðurl. e. að flytja svohljóðandi till. til þál. um skipulagðan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og semja löggjöf um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna. Skal í því sambandi haft náið samband við fjöldahreyfingar á þessu sviði svo sem Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands.

Meðal áhersluatriða í löggjöf þessari skulu vera:

1. Sérstök rækt verði lögð við almenningsíþróttir og hvernig laða megi sem flesta til líkamsræktar.
2. Samstarf skóla og félagasamtaka um eflingu íþrótta verði stóraukið.
3. Hvers konar íþróttastarfsemi verði skipulega nýtt í þágu baráttunnar gegn vímuefnaneyslu.
4. Tekið verði upp ákveðnara og skipulegra form þess fjárhagsstuðnings sem hið opinbera veitir til íþróttastarfsemi.
5. Tryggð verði sem best nýting þess fjármagns sem veitt er til íþróttahreyfingarinnar í því skyni að stórauka þátttöku almennings og þá ungs fólks alveg sérstaklega."

Þar sem mér er kappsmál að þessi till. komist til n. flyt ég framsögu fyrir henni nú þó að fáliðað sé í salnum, eins og oft vill verða á þessum tíma. En vissulega hefði verið forvitnilegt að fá nokkra umræðu um stöðu ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar og stuðning hins opinbera við hana. Ég veit hins vegar að allir hv. þm. þekkja þessi mál býsna vel, hver frá sínum stað, vita um gildi þess arna, og ég veit að skilningur á þessu máli er mikill og góður hér á Alþingi.

Í grg. er vitnað til ýmissa þeirra forustumanna sem ég þekki best í ungmenna- og íþróttahreyfingunni fyrir austan, þar sem tekist hefur með skipulegu átaki að hefja ungmenna- og íþróttahreyfinguna úr býsna mikilli deyfð, sem hún var í á tímabili, í það að nú er hún mjög virk og öflug fjöldahreyfing, bæði á landsmælikvarða í almennum íþróttum og ekki síður í almenningsíþróttum og nýjum greinum sem menn hafa þar tekið upp.

Ég vísa til grg. um þá nauðsyn sem á því er að málefni þessarar hreyfingar séu tekin skipulega til meðferðar á þann hátt, ekki til ofstjórnar eða yfirráða hins opinbera á þessari hreyfingu heldur til verulegs stuðnings og ávinnings fyrir þessar hreyfingar, sem eru sérstaklega Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

Ég ætla að láta mér nægja, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í kjallaragrein í DV frá s. l. föstudegi eftir formann UÍA, Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands, Hermann Níelsson, sem er skrifuð beinlínis í framhaldi af því að málefni ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar er nú til meðferðar á Alþingi Íslendinga. Af því tilefni vekur Hermann Níelsson, hinn mikli áhugamaður okkar eystra um þessi mál, athygli á eftirfarandi, svo ég vitni orðrétt í hans mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Íþróttalög voru síðast endurskoðuð af Alþingi fyrir tæpum þrjátíu árum eða 7. apríl 1956. Þau skiptast í sex kafla og fjalla m. a. um: stjórn íþróttamála í landinu, íþróttasjóð, íþróttir í skólum, réttindi til íþróttakennslu, frjálst íþróttastarf og ýmis ákvæði. Lögin í sjálfu sér hafa verið ágæt og þjónað sínum tilgangi, en þróun þjóðfélagsins hefur á fyrrnefndu tímabili verið svo ör að endurskoðun og aðlögun hlýtur að vera tímabær.

Það er öllum ljóst að starf ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar frá upphafi hefur verið þjóðinni dýrmætt. Svo mun einnig verða um ókomin ár og jafnvel enn mikilvægara eftir því sem tímar líða. Stór hluti þjóðarinnar er félagsbundinn í íþróttahreyfingunni og þeir eru fáir sem ekki tengjast starfi hennar á einhvern hátt."

Síðan kemur kafli um fræðslustarf þar sem Hermann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikill meiri hluti barna og unglinga í landinu verður fyrir uppeldisáhrifum við leik og störf í íþróttafélögunum einmitt á mikilvægu mótunarskeiði einstaklingsins. Það er því brýnt að hreyfingunni verði gert kleift að halda úti góðu fræðslu- og menntunarstarfi, sérstaklega fyrir væntanlega leiðbeinendur sem margir hverjir eru fyrirmyndir æskufólks. Margt væri hægt að bæta og efla ef fjárhagslegur grundvöllur væri fyrir hendi. Ég vil nefna hér eitt dæmi um málaflokk sem mikið er til umræðu þessa dagana. Með átaki í fræðslumálum leiðbeinenda væri hægt að samræma aðgerðir gegn notkun og útbreiðslu ávana- og fíkniefna.

Greinarhöfundur dvaldist við nám í Svíþjóð fyrir tveimur árum og varð vitni að jákvæðri tilraun í sveitarfé-

laginu Lidingö í Stokkhólmi. Þar tóku félögin sig saman og héldu fræðslufundi og námskeið fyrir alla þjálfara barna og unglinga í sveitarfélaginu. Var þar rætt um áfengisneyslu unglinga, orsakir og afleiðingar. Síðan ákváðu leiðbeinendurnir (þjálfararnir) að ræða málin við nemendur sína og reyna að finna leiðir til áhrifa og úrbóta. Haldnir voru fundir einu sinni í mánuði þar sem leiðbeinendurnir báru saman bækur sínar og sögðu frá fenginni reynslu... Því miður hef ég ekki upplýsingar um árangur í tölum, en það er þó alveg víst að viðleitnin var af hinu góða og að mínu áliti líkleg til árangurs."

Síðan segir í grein Hermanns Níelssonar, með leyfi forseta:

„Íþróttir eru almenningseign og hið frjálsa íþróttastarf landsmanna óháð stjórnmálum, trúarbrögðum og kynþáttamismun. Mestu skiptir því að málefnið, sem svo mörgum er kært, fái þá meðferð að því verði ekki blandað inn í pólítískar deilur.

Allir íþróttaunnendur hljóta að fagna framkominni till. sem reyndar er eins opin og hugsast getur þannig að í raun er aðeins verið að gefa tækifæri til aðgerða. Líklegt verður að teljast að till. verði vísað til n. sem síðan leitar umsagnar a. m. k. ÍSÍ, UMFÍ og íþróttanefndar ríkisins c/o íþróttafulltrúa. Þar með væri tryggt að sjónarmið þeirra aðila sem gerst þekkja til nái fram að ganga. Þá er líklegt að ýmsir ágætir þm. hafi ýmislegt gott til málanna að leggja.

Sem formaður héraðssambands hvet ég félaga mína í öðrum landshlutum til að taka málið til meðferðar og gera þær ráðstafanir sem þeir telja réttar og nauðsynlegar málefninu til framdráttar."

Í lok greinar sinnar segir svo Hermann Níelsson:

„Í fyrsta lagi er það fræðslustarfið sem nær inn á öll önnur svið og er grundvöllur árangursríks starfs í þágu allrar þjóðarinnar.

Í öðru lagi er um að ræða starf að íþróttum og útivist fyrir almenning. Báðir fyrrnefndu þættirnir kæmu almennu félagsstarfi og afreksíþróttum til góða."

Hann endar svo sína grein á hvatningu til þm. um að þeir sýni fordæmi með því að trimma sjálfir og byggja þannig upp aukið starfsþrek og heilbrigði líkama og sálar:

„Kyrrsetustarfið brýtur niður þrek fólks ef ekki er séð fyrir meðfæddri og líffræðilegri hreyfiþörf mannslíkamans."

Þessum tilmælum kem ég á framfæri bæði til mín og annarra. En hann lýkur grein sinni á því að hvetja til samstöðu um eflingu ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Ef svo mætti verða að þessi till. yrði til nokkurs liðsauka við þessa hreyfingu er hún flutt og ég vísa aftur til grg. sem byggist að miklu leyti á rökstuðningi framkvæmdastjóra UÍA í mörg ár, Sigurjóns Bjarnasonar, sem má segja að hafi með miklum dugnaði hafið ungmenna- og íþróttahreyfinguna á Austurlandi til þess vegs sem hún vissulega hefur náð í dag, en sem segir jafnframt í grg. sinni að betur megi ef duga skuli og það sem fyrst og fremst vanti sé enn frekari uppörvun og enn frekari stuðningur hins opinbera við þau fjölmörgu mál sem þessi hreyfing starfar að til blessunar fyrir land og lýð.

Ég óska svo eftir því, herra forseti, að þessari till. verði að loknum þessum hluta umr. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 7. febr.

Undanþágur á íslenska flotanum.

Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um undanþágur til að gegna stöðum yfirmanna á íslenska flotanum, á þskj. 103, sent 31. jan.

Veittar undanþágur á tímabilinu 1. okt. 1982 til 1. okt. 1983:

Undanþágur til skipstjóra	161
Undanþágur til stýrimanna	437
Undanþágur til fyrsta vélstjóra	359
Undanþágur til annars vélstjóra	635
Samtals	1592

Undanþágur veittar í skipstjórastöður:

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:*
Hróbjartur Gunnlaugsson	0091	Helga RE-49	208/750	104
Guðlaugur K. Jónsson	1644	Róbert SH-142	?	104
Jóhann Harðarson	0242	Geir goði GK-220	160/750	105
Guðm. I. Ágústsson	0262	Ágúst Guðmundsson GK-95	184/660	190
Kristján B. Einarsson	0262	Ágúst Guðmundsson GK-95	184/660	190
Gísli Guðmundsson	0619	Jóhanna Magnúsdóttir RE-70	63/490	200
Ari Magnússon	1526	Ýmir HF-343	449/1650	220
Bjarni Halldórsson	0017	Búrfell KE-140	150/495	230
Guðm. Rúnar Hallgrímsson	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Garðar Þórðarson	0078	Haffari GK-240	230/800	230
Theodór R. Theodórsson	0212	Vatnsnes KE-30	132/490	230
Gunnlaugur Karlsson	0221	Vonin KE-2	162/600	230
Torfi Björnsson	0221	Vonin KE-2	162/600	230
Þórlindur Jóhannsson	0625	Hafborg KE-99	54/425	230
Georg Valentínusson	0686	Arnarborg KE-26	71/425	230

*Athygli skal vakin á að upplýsingar um heimahafnir skipanna sjást af einkennisstöfum þeirra, svo og af póstnúmerum samkvæmt þessum dálki.

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Valur Gunnarsson	0971	Boði GK-24	208/660	230
Örn Einarsson	1012	Örn KE-13	298/1450	230
Garðar Þórðarson	1081	Mánatindur GK-240	228/800	230
Þorgeir Þórarinsson	1636	Farsæll GK-162	35/300	240
Pétur Guðjónsson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Guðgeir Helgason	0203	Fjölnir GK-17	152/810	240
Guðgeir Helgason	0203	Fjölnir GK-17	152/810	240
Guðjón Helgason	0203	Fjölnir GK-17	152/810	240
Sigurpáll Aðalgeirsson	0434	Ólafur GK-33	36/240	240
Sigurður G. Steinþórsson	0509	Sigurþór GK-43	35/240	240
Sigurður G. Steinþórsson	0509	Sigurþór GK-43	35/240	240
Steinþór Þorleifsson	0509	Sigurþór GK-43	35/240	240
Jón Ásgeirsson	0920	Þórkatla GK-97	74/635	240
Pétur H. Pálsson	0975	Sighvatur GK-57	208/660	240
Guðjón Gíslason	0043	Elliði GK-445	147/750	245
Þórhallur Frímannsson	1231	Þorkell Árnason GK-21	65/350	250
Ármann Stefánsson	0728	Rán AK-34	58/350	300
Gísli Berg Jónsson	0778	Smári SH-221	63/270	340
Víkingur Halldórsson	0100	Jón Jónsson SH-187	141/800	340
Kristján Jónsson	0238	Hamrasvanur SH-201	168/825	340
Kristinn O. Jónsson	0245	Helga Guðmundsdóttir BA-77	169/660	340
Kristinn O. Jónsson	0245	Helga Guðmundsdóttir BA-77	169/660	340
Gísli Kristjánsson	0706	Haförn SH-122	88/400	340
Sigurjón Helgason	0706	Haförn SH-122	88/400	340
Gísli B. Jónsson	0778	Smári SH-221	63/270	340
Jón Dalbú Ágústsson	0994	Baldur	193/640	340
Óli Björn Gunnarsson	0078	Haffari SH-275	230/800	350
Óli Björn Gunnarsson	0078	Haffari SH-275	230/800	350
Bæring Aðalsteinsson	0853	Andri SH-21	64/280	350
Bæring Aðalsteinsson	?	Gustur SH-133	35/350	350
Bæring Aðalsteinsson	?	Gustur SH-143	35/350	350
Bæring Aðalsteinsson	?	Gustur SH-225	60/	350
Einar Hannesson	0368	Lómur SH-177	69/425	355
Stefán Hjaltason	0098	Brimnes SH-257	103/650	355
Ólafur Guðmundsson	0100	Jón Jónsson SH-187	141/800	355
Víkingur Halldórsson	0100	Jón Jónsson SH-187	141/800	355
Ríkarður Magnússon	0144	Gunnar Bjarnason SH-25	177/1000	355
Jóhannes Jóhannesson	0180	Jón Halldórsson RE-2	101/500	355
Guðmundur Svavarsson	0368	Lómur SH-177	69/425	355
Pétur F. Karlsson	0472	Jói á Nesi SH-159	57/370	355
Pétur F. Karlsson	0472	Jói á Nesi SH-159	57/370	355
Haraldur Guðmundsson	0582	Hringur SH-277	71/425	355
Haraldur Guðmundsson	0582	Hringur SH-277	71/425	355
Þorgrímur M. Benjamínsson	0893	Skálavík SH-208	46/355	355
Sigurður Valdimarsson	0918	Sigurvík SH-117	66/480	355
Einar Kristjónsson	1343	Garðar II SH-164	142/765	355
Magnús Guðmundsson	1343	Garðar II SH-164	142/765	355
Konráð Ragnarsson	1415	Fróði SH-15	143/765	355
Konráð Ragnarsson	1415	Fróði SH-15	143/765	355
Kristján Jónsson	0238	Hamrasvanur SH-201	168/825	360
Kristján Jónsson	0238	Hamrasvanur SH-201	168/825	360
Steinþór Guðlaugsson	1622	Guðlaugur Guðmundsson SH-97	160/900	365
Gylfi Helgason	1400	Karlsey	179/340	380
Gylfi Helgason	1400	Karlsey	179/340	380
Magnús Jóhannesson	0993	Ása ÍS-152	62/365	400
Óskar Jóhannesson	0046	Fagranes	134/495	400
Óskar Jóhannesson	0046	Fagranes	134/495	400
Magnús Jóhannesson	0993	Ása ÍS-152	62/365	400
Hörður Bjarnason	0180	Jón Halldórsson RE-2	101/500	400
Ólafur Ægir Ólafsson	0221	Vonin KE-2	162/600	400
Torfi Björnsson	0221	Vonin KE-2	162/600	400
Guðmundur Sigurðsson	0734	Sigurður Þorkelsson ÍS-267	34/1240	400
Helgi Geirmundsson	0734	Sigurður Þorkelsson ÍS-267	34/240	400
Jón G. Guðmundsson	0734	Sigurður Þorkelsson ÍS-267	34/240	400
Sævar Ægisson	0941	Örn ÍS-18	20/250	400
Theodór R. Theodórsson	0212	Vatnsnes KE-30	132/490	410

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Sveinbjörn K. Ragnarsson	0939	Halldóra Jónsdóttir ÍS-99	51/470	415
Ólafur Halldórsson	0616	Dagur SI-66	68/425	415
Rögnvaldur Guðmundsson	0939	Halldóra Jónsdóttir ÍS-99	51/470	415
Rögnvaldur Guðmundsson	0939	Halldóra Jónsdóttir ÍS-99	51/470	415
Reynir Ragnarsson	1109	Neisti ÍS-218	15/90	415
Árni Þorgilsson	1115	Sigrún ÍS-113	38/235	420
Árni Þorgilsson	1115	Sigrún ÍS-113	38/235	420
Þorgils Þorgilsson	1115	Sigrún ÍS-113	38/235	420
Þorgils Þorgilsson	1115	Sigrún ÍS-113	38/235	420
Eggert Jónsson	0956	Sif ÍS-225	83/375	425
Kristinn J. Guðjónsson	0239	Vestri BA-63	204/660	450
Herbert Andersen	0616	Dagur SI-66	68/425	451
Herbert Andersen	0616	Dagur SI-66	68/425	451
Guðjón Indriðason	0151	María Júlía BA-36	108/600	460
Njáll Torfason	0160	Barðinn RE-243	131/600	460
Stefán Egilsson	0610	Jón Júlí BA-157	35/235	460
Guðmundur Einarsson	1269	Snæberg BA-35	45/340	465
Ævar Guðmundsson	1269	Snæberg BA-35	45/340	465
Jón B. Andrésson	0057	Framnes ÍS-608	137/495	470
Ingvar Sveinsson	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	51/335	470
Þórður Sigurðsson	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	51/335	470
Einar Jónsson	1550	Guðmundur B. Þorlákssson ÍS-62	10/120	470
Ingvar Pétursson	0762	Ingibjörg ST-37	69/425	510
Ingvar Pétursson	0762	Ingibjörg ST-37	69/425	510
Gunnar Jóhannsson	1129	Sigurbjörg ST-55	17/146	510
Ástvaldur Pétursson	1436	Jón Pétur ST-21	39/305	510
Kristinn Vermundsson	1436	Jón Pétur ST-21	39/305	510
Benedikt Pétursson	1487	Ásbjörg ST-9	47/365	510
Theodór Magnússon	0789	Stefnir ST-150	36/220	520
Halldór Guðmundsson	0910	Vonin II SF-5	64/365	520
Benedikt S. Pétursson	1487	Ásbjörg ST-9	47/365	520
Daníel Pétursson	1065	Glaður HU-67	43/300	530
Sigurður Baldursson	1102	Nökkvi HU-15	29/185	540
Sævar Steingrímsson	0862	Týr SK-33	37/240	550
Róbert Guðmundsson	0616	Dagur SI-66	68/425	580
Ólafur Gunnarsson	0457	Gissur hvíti ÓF-50	71/400	580
Páll Kristjánsson	0457	Gissur hvíti ÓF-50	71/400	580
Haukur Jónsson	1105	Guðrún Jónsdóttir SI-155	48/290	580
Ingvar Guðmundsson	1068	Arnþór EA-16	53/290	601
Óðinn Valdimarsson	1305	Auðbjörg EA-22	47/320	601
Sigurður Konráðsson	1527	Særún EA-251	73/455	601
Hreinn Sk. Gíslason	0284	Anna ÓF-7	19/164	610
Guðjón Jóhannsson	0298	Áskell ÞH-48	73/425	610
Guðjón Jóhannsson	0298	Áskell ÞH-48	73/425	610
Hermann Daðason	0298	Áskell ÞH-48	73/425	610
Sævar Sigurðsson	0044	Brimnes EA-14	149/495	620
Anton Gunnlaugsson	0464	Haraldur EA-62	64/370	620
Agnar Indriðason	0797	Sænes EA-26	91/400	620
Björgvin Gunnlaugsson	1103	Otur EA-162	47/350	620
Björgvin Gunnlaugsson	1103	Otur EA-162	47/350	620
Gunnlaugur Gunnlaugsson	1103	Otur EA-162	47/350	620
Snorri Snorrason	1481	Dalborg EA-317	262/840	620
Aðalgeir Bjarnason	0586	Björg Jónsdóttir ÞH-321	76/425	640
Aðalgeir Olgeirsson	1053	Skálaberg ÞH-244	37/240	640
Sigurður V. Olgeirsson	1207	Geiri Péturs ÞH-344	138/580	640
Hreiðar Olgeirsson	1420	Kristbjörg ÞH-44	45/360	640
Svavar Pétursson	0740	Sigrún KE-14	65/370	670
Ólafur Halldórsson	0740	Sigrún KE-14	65/370	671
Guðm. Jóhannsson	1423	Seifur ÞH-265	22/210	681
Björgólfur Björnsson	1581	Halldór Runólfsson NS-301	29/195	685
Guðjón Egilsson	1000	Guðmundur Kristinn SU-404	229/660	750
Eiður Sveinsson	1603	Sunnutindur SU-59	299/1700	775
Guðmundur Hjaltason	1324	Bjarni Gíslason SF-90	101/425	780
Baldur Karlsson	0234	Arnar ÁR-55	187/600	815
Sveinn Steinarsson	0874	Gulltoppur ÁR-321	10/125	815
Sigurður Bjarnason	0980	Friðrik Sigurðsson ÁR-107	197/800	815

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Gísli Karlsson	1347	Jón Vídalín ÁR-1	451/1700	815
Halldór R. Ottanan	1562	Jón á Hofi ÁR-62	276/900	815
Bjarni Ragnar Jónsson	1126	Skálavík ÁR-185	45/275	820
Tómas Karlsson	0542	Hólmsteinn ÁR-27	54/280	825
Þórður Guðmundsson	1075	Hásteinn ÁR-8	47/335	825
Baldur Birgisson	1266	Jósef Geir ÁR-36	47/350	825
Baldur Birgisson	1266	Jósef Geir ÁR-36	47/350	825
Guðjón Aðalsteinsson	0721	Sigurbjörg VE-62	42/350	900
Einar Pálsson	0433	Draupnir VE-550	73/400	900
Hafsteinn Sigurðsson	0626	Jökull VE-15	35/340	900
Guðjón Aðalsteinsson	0721	Haftindur HF-123	42/350	900
Haraldur Traustason	0760	Sjöstjarnan VE-92	54/370	900
Einar Ólafsson	1062	Kap II VE-4	335/1065	900
Einar Ólafsson	1062	Kap II VE-4	335/1065	900

Undanþágur veittar í stýrimannastöður:

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Jóhann Sigurðsson	0118	Mælifell	1879/2150	101
Guðmundur Bárðarson	0229	Þór	693/3140	101
Brynjar Sigtryggsson	0246	Stuðlafoss	2308/2575	101
Örn Vilhjálmsson	0254	Sæborg RE-20	230/800	101
Aðalsteinn Halldórsson	1193	Skaftafell	1417/2000	101
Sigurjón Markússon	1193	Skaftafell	1417/2000	101
Valdimar Guðmundsson	1270	Bjarni Benediktsson RE-210	969/2820	101
Þórður Örn Karlsson	1299	Dísarfell	500/1400	101
Böðvar B. Þorsteinsson	1448	Jökulfell	500/2000	101
Sigurður Finnbogason	1571	Selá	1499/4400	101
Ólafur Guðmundsson	1577	Skaftá	1498/4400	101
Sigþór R. Rafnsson	1754	Goðafoss	1754/2800	101
Einar Guðmundsson	0091	Helga RE-49	208/750	104
Kristbjörn Gunnlaugsson	0091	Helga RE-49	208/750	104
Sturla Björnsson	0091	Helga RE-49	208/750	104
Einar Guðmundsson	0091	Helga RE-49	208/750	104
Birgir Andrésson	1018	Helga II RE-373	281/1125	104
Matthías Hannesson	1018	Helga II RE-373	281/1125	104
Einar Magnússon	0242	Geir goði GK-220	160/750	105
Einar Sigurðsson	0962	Óskar Halldórsson RE-157	242/1000	105
Atli B. Brynjarsson	1044	Hilmir II SU 177	305/1450	105
Kristgeir Hákonarson	0617	Hafnarberg RE-404	74/400	107
Jón Ólafsson	1283	Jón Finnsson RE-506	311/1200	107
Sigurgeir E. Jóhannsson	1388	Eldvík	1490/2200	107
Gísli Guðmundsson	1422	Hvalvík	3057/3000	107
Guðmundur Andrésson	1422	Hvalvík	3057/3000	107
Inga Fanney Stardal	1624	Keflavík	1600/2650	107
Benedikt Guðmundsson	1009	Þuríður Halldórsdóttir GK-94	188/870	190
Pétur Guðlaugsson	1009	Þuríður Halldórsdóttir GK-94	188/870	190
Ólafur H. Ingimarsson	0160	Barðinn RE-243	131/600	200
Einar Sölvi Guðmundsson	0619	Jóhanna Magnúsdóttir RE-70	63/490	200
Hálfdán Guðmundsson	0619	Jóhanna Magnúsdóttir RE-70	63/490	200
Hálfdán Guðmundsson	0619	Jóhanna Magnúsdóttir RE-70	63/490	200
Vilhjálmur Stefánsson	0973	Ljósfari RE-102	273/1150	200
Guðmundur S. Jóhannesson	0051	Faxi GK-44	190/645	220
Halldór P. Andrésson	0098	Brimnes SH-257	103/650	220
Jón Kristjánsson	0098	Brimnes SH-257	103/650	220
Hrafn Sveinbjörnsson	0638	Sæmundur Sigurðsson HF-85	38/250	220
Ingvar Snæbjörnsson	1048	Fífill GK-54	331/1350	220
Júlíus Ágústsson	1081	Fiskanes NS-37	51/315	220
Jón K. Jónsson	1202	Hringur GK-18	118/565	220
Guðmundur S. Jóhannesson	0012	Heimir KE-77	186/600	230
Sigurður Jóhannesson	0012	Heimir KE-77	186/600	230
Lárus Fjeldsted	0012	Heimir KE-77	186/600	230
Bjarni Halldórsson	0017	Búrfell KE-140	149/495	230

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Haukur Bjarnason	0017	Búrfell KE-140	149/495	230
Jón Pétursson	0017	Búrfell KE-140	149/495	230
Róbert Róbertsson	0017	Búrfell KE-140	149/495	230
Halldór P. Andrésson	0098	Brimnes SH-257	103/650	230
Hallgrímur Guðmundsson	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Hallgrímur Guðmundsson	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Kristmann Klemensson	0058	Jakob SF-66	102/425	230
Halldór Halldórsson	0076	Helgi S. KE-7	236/1000	230
Ómar Sigfússon	0076	Helgi S. KE-7	236/1000	230
Sigurður Benjamínsson	0078	Haffari SH-275	230/800	230
Jón Vestmann Jónsson	0089	Árni Geir KE-74	169/490	230
Grímur Bertelsson	0124	Gaukur GK-660	165/750	230
Einar Bragi Bergsson	0130	Júpíter RE-161	747/2640	230
Sigurdór Friðjónsson	0181	Mánatindur GK-240	228/800	230
Már Óskarsson	0212	Vatnsnes KE-30	132/490	230
Reynir Arason	0212	Vatnsnes KE-30	132/560	230
Guðmundur Agnarsson	0221	Vonin KE-2	160/600	230
Jóhann Harðarson	0242	Geir goði GK-220	160/750	230
Tryggvi Harðarson	0256	Albert Ólafsson KE-39	176/495	230
Óskar Ingibergsson	0256	Albert Ólafsson KE-39	173/495	230
Hörður Magnússon	0259	Jarl KE-31	207/660	230
Jón Oddgeir Baldvinsson	0288	Þorsteinn Gíslason GK-2	76/1400	230
Örn Ellertsson	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	51/335	230
Garðar Kjartansson	0503	Bergþór KE-5	56/370	230
Rúnar G. Einarsson	0597	Harpa GK-111	301/890	230
Viðar Jónsson	0686	Arnarborg KE-26	75/400	230
Gunnar Jóhannesson	0826	Jóhannes Jónsson KE-79	56/350	230
Gunnar Jóhannesson	0826	Jóhannes Jónsson KE-79	56/350	230
Einar Benediktsson	0965	Jöfur KE-17	224/900	230
Hallgrímur Kristinsson	0965	Ársæll KE-17	224/900	230
Sigurdór Friðjónsson	0971	Boði GK-24	200/660	230
Sigurður Davíðsson	0971	Boði GK-24	200/660	230
Einar Gíslason	0972	Pétur Ingi KE-32	207/800	230
Einar Þór Garðarsson	0972	Pétur Ingi KE-32	207/830	230
Jón E. Jónsson	0972	Pétur Ingi KE-32	207/800	230
Sigurður Jóhannsson	1014	Arney KE-50	195/800	230
Jón E. Jónsson	1033	Harpa RE-342	301/870	230
Rúnar G. Einarsson	1033	Harpa RE-342	301/870	230
Sigmar Kristjánsson	1033	Harpa RE-342	301/870	230
Sigþór Elíasson	1033	Harpa RE-342	301/870	230
Valdimar Gunnarsson	1033	Harpa RE-342	301/870	230
Sigurður Benjamínsson	1081	Mánatindur GK-240	228/800	230
Sigurjón Sigurðsson	1173	Sigrún GK-380	51/265	230
Reymar Einarsson	1209	Freyja GK-364	120/600	230
Sigfús Þorbjörnsson	1464	Sædís AR-14	30/214	230
Einar Bragi Bergsson	1558	Dagstjarnan KE-3	743/1950	230
Hafsteinn Þorgeirsson		Farsæll GK-162	35/300	240
Þráinn Andersen	0011	Sandafell GK-82	185/1100	240
Stefán Egilsson	0023	Már GK-55	101/400	240
Katarínus Jónsson	0088	Geirfugl GK-66	141/600	240
Árni Valur Þórólfsson	0093	Hrafn Sveinbjarnarson II GK-10	177/600	240
Árni V. Þórólfsson	0093	Hrafn Sveinbjarnarson II GK-10	177/600	240
Ólafur Sverrisson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Ólafur Sverrisson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Reynir Gestsson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Þórður Sigurðsson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Vilberg Ármannsson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Hjalti Sigurðsson	0109	Skúmur GK-22	146/400	240
Grímur Bertelsen	0124	Gaukur GK-660	181/750	240
Grímur Bertelsen	0124	Gaukur GK-660	181/750	240
Þór Sverrisson	0124	Gaukur GK-660	181/750	240
Egon Sveinsson	0145	Þorsteinn GK-16	178/720	240
Egon Sveinsson	0145	Þorsteinn GK-16	178/720	240
Egon Sveinsson	0145	Þorsteinn GK-16	178/720	240
Kristmann Skarphéðinsson	0203	Fjölnir GK-17	152/810	240
Guðgeir Helgason	0203	Fjölnir GK-17	152/810	240

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Guðgeir Helgason	0203	Fjölnir GK-17	152/810	240
Jónas Þ. Jónsson	0203	Fjölnir GK-17	152/810	240
Björgvin Eiríksson	0237	Hrungnir GK-50	199/1000	240
Steinþór Þorvaldsson	0237	Hrungnir GK-50	199/1000	240
Jón Oddgeir Baldursson	0288	Þorsteinn Gíslason GK-2	76/400	240
Einar Haraldsson	0434	Ólafur GK-33	36/240	240
Friðgeir Björgvinsson	0434	Ólafur GK-33	26/240	240
Ingimar Magnússon	0509	Sigurþór GK-43	35/240	240
Meyvant Einarsson	0597	Harpa GK-111	67/425	240
Arnór Valdimarsson	0597	Harpa GK-111	67/425	240
Arnór Valdimarsson	0597	Harpa GK-111	67/425	240
Meyvant Einarsson	0597	Harpa GK-111	65/425	240
Guðlaugur Gústafsson	0671	Máni GK-36	71/425	240
Guðlaugur Gústafsson	0671	Máni GK-36	71/425	240
Vignir Hjörleifsson	0686	Arnarborg KE-26	71/425	240
Bragi Traustason	0920	Þórkatla GK-97	74/635	240
Bogi Fransson	0920	Þórkatla GK-97	73/635	240
Tómas F. Sigurðsson	1013	Þórkatla II GK-197	198/800	240
Heiðar Guðmundsson	0922	Búðanes GK-101	62/425	240
Heiðar H. Guðmundsson	0922	Búðanes GK-101	62/425	240
Birgir Ingvarsson	1006	Hrafn GK-12	347/1125	240
Birgir Ingvarsson	1006	Hrafn GK-12	347/1125	240
Valur Guðmundsson	1023	Skarfur GK-666	217/900	240
Valur Guðmundsson	1023	Skarfur GK-666	217/900	240
Valur Guðmundsson	1023	Skarfur GK-666	217/900	240
Valur Guðmundsson	1023	Skarfur GK-666	217/900	240
Þorvaldur Hreinsson	1028	Hrafn Sveinbjarnarson GK-255	214/850	240
Sigurjón Sigurðsson	1318	Sigrún GK-380	51/240	240
Ómar Másson	1333	Sigurður Þorláksson GK-256	164/765	240
Ómar Másson	1333	Sigurður Þorleifsson GK-256	164/765	240
Ómar Másson	1333	Sigurður Þorleifsson GK-256	164/765	240
Baldur Sigurbaldursson	1512	Grindvíkingur GK-606	577/2700	240
Birgir Andrésson	1626	Hafrenningur GK-38	295/800	240
Hjörtur Jónsson	1626	Hafrenningur GK-38	295/800	240
Hafsteinn Þorgeirsson	1636	Farsæll GK-162	35/300	240
Sigurður Garðarsson	0021	Krummi GK-120	176/600	245
Finnbjörn Guðjónsson	0043	Elliði GK-445	147/750	245
Gunnar Maríusson	0219	Víðir II GK-275	126/400	245
Árni Ingvarsson	0963	Sigurjón GK-49	75/425	245
Stefán Stefánsson	0963	Sigurjón GK-49	75/425	245
Kristinn Pálsson	1011	Gígja RE-340	366/900	245
Ómar Sigfússon	1011	Gígja RE-340	366/900	245
Rúnar Guðjón Einarsson	1033	Harpa RE-342	301/870	245
Sigmar Kristjánsson	1033	Harpa RE-342	301/870	245
Guðmundur Jóhannsson	0167	Sigurjón Arnlaugsson HF-210	119/300	250
Gunnlaugur Guðmundsson	0419	Binni í Gröf KE-127	81/423	250
Guðmundur J. Ásgeirsson	1036	Happasæll GK-225	247/1000	250
Friðrik Magnússon	0220	Víkingur AK-100	950/2880	300
Sveinbjörn Péturssón	0728	Rán AK-34	58/350	300
Valdimar Ágústsson	1366	Akraborg	681/2080	300
Ragnar Berg Gíslason	0078	Haffari SH-275	230/800	340
Jón Guðmundsson	0079	Örn SH-248	88/400	340
Ólafur B. Guðmundsson	0100	Jón Jónsson SH-187	141/800	340
Guðmundur Gunnlaugsson	0210	Hafnarey SU-210	88/620	340
Þórður Þórðarson	0210	Hafnarey SU-210	88/620	340
Ægir Þór Ólafsson	0210	Hafnarey SU-210	88/620	340
Jón Ásgeirsson	0245	Helga Guðmundsdóttir BA-77	169/660	340
Jón Ásgeirsson	0245	Helga Guðmundsdóttir BA-77	169/660	340
Vignir Sveinsson	0480	Grettir SH-104	73/458	340
Vignir Sveinsson	0480	Grettir SH-104	73/458	340
Ragnar B. Gíslason	0706	Haförn SH-122	88/400	340
Eyþór Larentsínusson	0741	Ársæll SH-88	64/360	340
Eyþór Þorsteinsson	0741	Ársæll SH-88	64/360	340
Halldór V. Geirsson	0778	Smári SH-221	63/270	340
Magnús Guðmundsson	0848	Sigurvon SH-121	75/400	340
Pétur Erlingsson	0848	Sigurvon SH-121	75/400	340

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Þórður Þórðarson	0848	Sigurvon SH-121	75/400	340
Jens Óskarsson	0853	Andri SH-21	64/280	340
Ari Arason	0853	Andri SH-21	64/280	340
Benedikt Benediktsson	0853	Andri SH-21	64/280	340
Jens Óskarsson	0853	Andri SH-21	64/280	340
Jens Óskarsson	0853	Andri SH-21	64/280	340
Jóhann K. Björnsson	0853	Andri SH-21	64/280	340
Jóhannes Þórðarson	0853	Andri SH-21	64/280	340
Jón Ásgeirsson	0925	Þórsnes SH-108	69/370	340
Eyjólfur B. Ólafsson	0994	Baldur	193/640	340
Jóhann Kúld Björnsson	1106	Sif SH-3	117/425	340
Gísli B. Jónsson	1170	Andey SU-150	123/565	340
Sigurjón Helgason	1170	Andey SU-150	123/565	340
Bæring Aðalsteinsson	0554	Fanney SH-24	76/310	350
Örn Jónsson	0554	Fanney SH-24	76/310	350
Lárus Þorvarðarson	0630	Lýður Valgeir SH-40	53/340	350
Ragnar Þ. Bóasson	1244	Grundfirðingur SH-12	103/565	350
Ragnar Þ. Bóasson	1244	Grundfirðingur SH-12	103/565	350
Sölvi Sölvason	1399	Haukaberg SH-20	104/565	350
Magnús Gíslason	1399	Haukaberg SH-20	104/565	350
Páll G. Guðmundsson	1408	Runólfur SH-135	312/1750	350
Halldór Þorvaldsson	2602	Þórshamar GK-75	326/1900	350
Rúnar Magnússon	?	Gustur SH-143	35/	350
Vigfús Friðriksson	1304	Ólafur Bjarnason SH-137	104/500	355
Emil M. Kristjánsson	0368	Lómur SH-177	69/425	355
Börkur Guðmundsson	0100	Jón Jónsson SH-187	141/800	355
Smári Björgvinsson	0180	Jón Halldórsson RE-2	101/500	355
Sumarliði Kristjánsson	0241	Matthildur SH-67	104/495	355
Óðinn Kristmundsson	0241	Matthildur SH-67	104/495	355
Sumarliði Kristmundsson	0241	Matthildur SH-67	104/495	355
Kristinn Sveinbjörnsson	0368	?		355
Guðleifur Guðmundsson	0472	Jói á Nesi SH-159	57/370	355
Jónas Gunnarsson	0582	Hringur SH-277	71/425	355
Jónas Gunnarsson	0582	Hringur SH-277	71/425	355
Hallgrímur Árni Óttarsson	0670	Greipur SH-7	74/510	355
Smári Björgvinsson	0670	Greipur SH-7	74/510	355
Gunnþór Ingason	0720	Bervík SH-43	36/365	355
Sigurlaugur Egilsson	0893	Skálavík SH-208	46/335	355
Bergsveinn Jóhannesson	0918	Sigurvík SH-117	66/480	355
Ingólfur Aðalsteinsson	1134	Steinunn SH-167	135/565	355
Vigfús Friðriksson	1304	Ólafur Bjarnason SH-137	104/500	355
Guðleifur Guðmundsson	1415	Fróði SH-15	143/765	355
Unnar Leifsson	1136	Rifsnes SH-44	220/1000	360
Gylfi Helgason	1400	Karlsey	179/340	380
Gylfi Helgason	1400	Karlsey	179/340	380
Þorgeir Samúelsson	1400	Karlsey	179/340	380
Þorgeir Samúelsson	1400	Karlsey	179/340	380
Magnús Hauksson	0046	Fagranes	134/495	400
Óskar Halldórsson	0046	Fagranes	134/495	400
Ólafur Halldórsson	0077	Kári VE-95	101/600	400
Ásgeir Överby	0093	Ása ÍS-152	62/365	400
Hilmar Símonarson	0180	Jón Halldórsson RE-2	101/500	400
Bjarni Baldursson	0221	Vonin KE-2	162/600	400
Bjarni Baldursson	0221	Vonin KE-2	162/600	400
Ólafur Ægir Ólafsson	0221	Vonin KE-2	162/600	400
Bragi Einarsson	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Bragi Einarsson	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Gunnlaugur Einarsson	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Gunnlaugur Einarsson	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Sigurður Davíðsson	0616	Dagur SI-66	68/425	410
Arngrímur Kristinsson	0247	Hugrún ÍS-7	163/675	415
Arngrímur Kristinsson	0247	Hugrún ÍS-7	163/675	415
Kjartan Ragnarsson	0939	Halldóra Jónsdóttir ÍS-99	51/470	415
Karl Jóhann Jóhannsson	0939	Halldóra Jónsdóttir ÍS-99	51/470	415
Ásgeir Elíasson	0977	Jakob Valgeir ÍS-84	204/800	415
Þorleifur Ingólfsson	1419			415

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Halldór F. Guðmundsson	1115			420
Þorgils Þorgilsson	1115			420
Guðjón Kjartansson	1403			420
Þráinn A. Garðarsson	1403	Valur ÍS-120	41/335	420
Þráinn A. Garðarsson	1403	Valur ÍS-120	41/335	420
Haraldur Eggertsson	0062	Ásgeir Torfason ÍS-96	87/500	425
Haraldur Eggertsson	0956	Sif ÍS-225	83/375	425
Ægir Hafsteinsson	0965	Sif ÍS-225	83/375	425
Aðalsteinn Gíslason	0099	Þrymur BA-7	196/750	450
Brynjar Emilsson	0180	Jón Halldórsson RE-2	101/500	450
Eymundur Gunnarsson	0239	Vestri BA-63	204/660	450
Aðalsteinn Gíslason	0999	Þrymur BA-7	196/750	450
Ásgeir Einarsson	1016	Pálmi BA-30	278/960	450
Friðrik Jóhannsson	1638	Jón Þórðarson BA-180	191/1025	450
Hákon Bjarnason		Dagur SI-66	68/425	451
Marteinn Gíslason	0151	María Júlía BA-36	108/600	460
Guðmundur Ásgeirsson	0610	Jón Júlí BA-157	36/235	460
Einar Guðmundsson	1269	Snæberg BA-35	45/340	465
Halldór E. Egilsson	0057	Framnes ÍS-608	137/495	470
Guðmundur Magnússon	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	51/335	470
Guðmundur S. Pálsson	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	51/335	470
Örn Erlendsson	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	51/335	470
Brynjar Gunnarsson	1327	Framnes I ÍS-708	407/1750	470
Birgir Pétursson	0762	Ingibjörg ST-37	69/425	510
Birgir Pétursson	0762	Ingibjörg ST-37	69/425	510
Daði Guðjónsson	1487	Ásbjörg ST-9	47/365	510
Henry Guðmundsson	0789	Stefnir ST-150	36/228	520
Guðmundur R. Guðmundsson	0910	Vonin II SF-5	64/365	520
Karl Jóhannsson	0910	Vonin II SF-5	64/365	520
Daði Guðjónsson	1487	Ásbjörg ST-9	47/265	520
Birgir Karlsson	1100	Siglunes HU-222	101/425	530
Jón Jósepsson	0711	Ólafur Magnússon HU-54	57/280	545
Ólafur Gunnarsson	0457	Gissur hvíti ÓF-50	71/390	580
Stefán Birgisson	0457	Gissur hvíti ÓF-50	71/390	580
Stefán H. Árnason	1349	Sigluvík SI-2	450/1700	580
Einar Ingi Einarsson	1617	Drangur	64/600	600
Einar Ingi Einarsson	1617	Drangur	64/600	600
Sigfús Árnason	1305	Auðbjörg EA-22	47/320	601
Önundur Haraldsson	0158			610
Erhard Joensen	0297	Sjöfn ÞH-142	63/425	610
Hermann Daðason	0298	Áskell ÞH-48	73/425	610
Friðbjörn A. Pétursson	0298	Áskell ÞH-48	73/425	610
Guðjón Jóhannsson	0298	Áskell ÞH-48	73/425	610
Pétur Eyfjörð	0298	Áskell ÞH-48	73/425	610
Hjörtur Marinósson	1042	Vörður ÞH-4	210/800	610
Hjörtur Marinósson	1042	Vörður ÞH-4	210/800	610
Jakob Þorsteinsson	1094	Frosti II ÞH-220	132/500	610
Jakob Þorsteinsson	1094	Frosti II ÞH-220	132/500	610
Björn Þór Árnason	0044	Brimnes EA-14	149/495	620
Björn Sigurðsson	0162	Bliki EA-12	148/600	620
Arngrímur Jónsson	0797	Sænes EA-26	91/400	620
Guðmundur Sigursteinsson	0797	Sænes EA-26	91/400	620
Gunnlaugur Jón Gunnlaugsson	1103	Otur EA-162	47/350	620
Gunnlaugur J. Gunnlaugsson	1103	Otur EA-162	47/350	620
Hannes Sveinbergsson	1355	Björgvin EA-311	407/1850	620
Hannes Sveinbergsson	1355	Björgvin EA-311	407/1850	620
Hartmann Kristjánsson	1355	Björgvin EA-311	407/1850	620
Skúli Friðbjörnsson	0068	Kristinn ÓF-30	148/750	625
Skúli Friðfinnsson	0068	Kristinn ÓF-30	148/750	625
Skúli Friðfinnsson	0980	Friðrik Sigurðsson ÁR-107	199/800	625
Ingi A. Guðnason	1060	Guðmundur Ólafur ÓF-91	288/800	625
Guðmundur P. Jónsson	1020			625
Bjarni Sigmarsson	1530	Sigurbjörg ÓF-1	499/2000	625
Sigurbjörn Ólason	1236	Þórir SF-77		630
Jón Kristjánsson	0185	Sigþór ÞH-100	168/600	640
Leifur Þormóðsson	0185	Sigþór ÞH 100	168/600	640

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Heiðar Gunnarsson	0586	Björg Jónsdóttir ÞH-321	76/425	640
Eiður Aðalgeirsson	0586	Björg Jónsdóttir ÞH-321	76/425	640
Viðar Eiríksson	0586	Björg Jónsdóttir ÞH-321	76/425	640
Þorsteinn Jónsson	1053	Skálaberg ÞH-244	37/240	640
Már Höskuldsson	1420			640
Karl Geirsson	1475	Sæborg ÞH-55	40/1365	640
Svavar Pétursson	0740			670
Róbert Róbertsson	0740	Sigrún KE-14	65/370	671
Örn Guðnason	0641			675
Agnar Indriðason	0926	Þorsteinn GK-15	50/280	675
Birgir Andrésson	0252	Sæberg SU-9	275/1350	735
Ásgeir Ásgeirsson	1076	Guðrún Þorkelsdóttir SU-211	365/1100	735
Arnljótur Hlöðversson	1125	Vöttur SU-3	170/690	735
Guðlaugur Sigurðsson	1291	Votaberg SH-14	134/500	735
Guðlaugur Sigurðsson	1291	Votaberg SU-14	134/500	735
Fjalar Ólafsson	1398	Sæljón SU-104	142/750	735
Sigurður K. Jóhannsson	1278	Bjartur NK-121	461/2000	740
Sigurður K. Jóhannsson	1278	Bjartur NK-121	461/2000	740
Jóhann Árnason	1000	Guðni Kristinn SU-404	229/660	750
Arngrímur Friðgeirsson	1077	Þorri SU-402	203/765	750
Grétar Arnþórsson	1077	Þorri SU-402	203/765	750
Indriði Margeirsson	0925	Þórsnes SU-308	69/370	760
Ragnar S. Jónsson	0925	Þórsnes SU-308		760
Elmar Vestmann	1630			760
Friðrik Helgason	1020	Krossanes SU-5	288/800	765
Hilmar Hálfdánarson		Skálafell SF-95	99/	780
Runólfur J. Hauksson	0002	Akurey SF-52	86/500	780
Birgir Björnsson	0180	Jón Halldórsson RE-2	101/500	780
Bjarni S. Jónsson	0202	Jón Bjarnason SF-3	103/440	780
Jósep Leósson	0462	Eskey SF-54	70/425	780
Jósep Leósson	0462	Eskey SF-54	70/425	780
Kristján Haraldsson	0469	Hafnarey SF-36	81/500	780
Ólafur Hauksson	0469	Hafnarey SF-36	81/500	780
Jón Pálsson	0974	Skógey SF-53	207/660	780
Guðmundur E. V. Guðmundsson	0974	Skógey SF-53	207/660	780
Björn Gunnlaugsson	1324	Bjarni Gíslason SF-90	101/425	780
Guðmundur Hjaltason	1324	Bjarni Gíslason SF-90	101/425	780
Guðmundur Hjaltason	1324	Bjarni Gíslason SF-90	101/425	780
Kristján V. Karlsson	1426	Hvanney SF-51	101/425	780
Gísli T. Ívarsson	1473	Bjarni Herjólfsson ÁR-200	488/2200	800
Páll H. Pálsson	1473	Bjarni Herjólfsson ÁR-200	488/2200	800
Páll H. Pálsson	1473	Bjarni Herjólfsson ÁR-200	488/2200	800
Hafsteinn Sigurgeirsson	0013	Snætindur ÁR-88	88/500	815
Hafsteinn Sigurgeirsson	0013	Snætindur ÁR-88	88/500	815
Þórður Eiríksson	0163	Klængur ÁR-2	88/620	815
Þórður Eiríksson	0163	Klængur ÁR-2	88/620	815
Einar Einarsson	0217	Sæunn Sæmundsdóttir ÁR-60	148/500	815
Ármann Einarsson	0234	Arnar ÁR-55	187/600	815
Guðbrandur Sigurðsson	0249	Höfrungur III ÁR-250	221/850	815
Gunnar Harðarson	0249	Höfrungur III ÁR-250	221/850	815
Jón G. Gíslason	0249	Höfrungur III ÁR-250	221/850	815
Gunnar D. Magnússon	0250	Ísleifur ÁR-463	172/800	815
Gísli Þórarinsson	0261	Ögmundur ÁR-3	157/585	815
Jón Kr. Kristinsson	0323	Jóhanna ÁR-206	71/425	815
Pétur Ármann Jónsson	0323	Jóhanna ÁR-206	71/425	815
Sigurður Þ. Árnason	0323	Jóhanna ÁR-206	71/425	815
Hafsteinn Hafsteinsson	0482	Bjarnarvík ÁR-13	52/370	815
Steinar Guðjónsson	0482	Bjarnarvík ÁR-13	52/370	815
Einar Jónsson	0482	Bjarnarvík ÁR-13	52/370	815
Hafsteinn Hafsteinsson	0482	Bjarnarvík ÁR-13	52/370	815
Guðmundur Kristjánsson	0784	Sigmundur ÁR-20	57/350	815
Guðmundur Kristjánsson	0784	Sigmundur ÁR-20	57/350	815
Sigmar Jóhannsson	0784	Sigmundur ÁR-20	57/350	815
Elvar Ragnarsson	0892	Jón Helgason ÁR-12	60/425	815
Elvar Ragnarsson	0892	Jón Helgason ÁR-12	60/425	815
Jakob Jónatansson	0892	Jón Helgason ÁR-12	60/280	815

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Ólafur Rafnkelsson	0892	Jón Helgason ÁR-12	60/280	815
Einar Guðnason	1056	Dalaröst ÁR-63	239/660	815
Gylfi Ingólfsson	1056	Dalaröst ÁR-63	239/660	815
Gylfi Ingólfsson	1056	Dalaröst ÁR-30	239/660	815
Einar Ármannsson	1067	Jóhann Gíslason ÁR-30	243/600	815
Tómas Gíslason	1067	Jóhann Gíslason ÁR-42	243/600	815
Tómas Gíslason	1067	Jóhann Gíslason ÁR-42	243/600	815
Pálmar Björgvinsson	1070	Húnaröst ÁR-150	321/1420	815
Elías Baldursson	1084	Jóhann Friðrik ÁR-17	126/645	815
Tómas Ívarsson	1347	Jón Vídalín ÁR-1	451/1700	815
Magnús Hilmarsson	1386	Júlíus ÁR-111	30/240	815
Kristinn S. Kristinsson	1562	Jón á Hofi ÁR-62	276/900	815
Kristinn S. Kristinsson	1562	Jón á Hofi ÁR-62	276/900	815
Sveinn S. Steinarsson	9261	Ögmundur ÁR-3	157/565	815
Ásgeir Ólafsson	0200	Þorlákur helgi ÁR-11	146/620	820
Böðvar Sverrisson	1126	Skálavík ÁR-185	45/275	820
Jón Zophaníasson	0137	Njörður ÁR-38	105/565	825
Jón Zophaníasson	0137	Njörður ÁR-38	105/565	825
Zophanías Jónsson	0137	Njörður ÁR-38	105/565	825
Þórður Guðmundsson	1075			825
Sigurður Árnason	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Sigurður Árnason	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Sveinn Steinarsson	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Sigurður Gunnarsson	1266	Jósef Geir ÁR-36	47/350	825
Sigurður Gunnarsson	1266	Jósef Geir ÁR-36	47/350	825
Gísli Tómas Ívarsson	1473	Bjarni Herjólfsson ÁR-200	488/2200	825
Heiðar H. Kárason	1473	Bjarni Herjólfsson ÁR-200	488/2200	825
Páll H. Pálsson	1473	Bjarni Herjólfsson ÁR-200	488/2200	825
Páll H. Pálsson	1473	Bjarni Herjólfsson ÁR-200	488/2200	825
Geir Sölvason	0721	Sigurbjörg VE-62	42/350	900
Kristinn Andrésson	0136	Kristbjörg VE-70	109/550	900
Kristinn Andrésson	0136	Kristbjörg VE-70	109/550	900
Óskar Kristinsson	0236	Katrín VE-47	171/600	900
Guðmar Stefánsson	0244	Glófaxi VE-300	108/625	900
Kristinn Bjarnason	0263	Gandi VE-171	131/700	900
Kristinn Bjarnason	0263	Gandi VE-171	131/700	900
Emil Karlsson	0290	Þórir VE-16	68/350	900
Guðmundur Pálsson	0433			900
Friðrik Björgvinsson	0623	Júlía VE-123	53/280	900
Ingi Karlsson	0626	Jökull VE-15	35/340	900
Magnús Emilsson	0707	Ófeigur III VE-325	86/425	900
Magnús Emilsson	0707	Ófeigur III VE-325	86/425	900
Ólafur Ólafsson	0707	Ófeigur III VE-325	86/425	900
Birgir Karlsson	0759	Sjöfn VE-37	50/240	900
Valgarður Sigurðsson	0760	Sjöstjarnan VE-92	54/370	900
Ingibergur V. Bjarnason	0783	Nanna VE-294	61/360	900
Ástvaldur Valtýsson	0788	Arntýr VE-115	49/350	900
Daníel Jónsson	0795	Andvari VE-100	73/425	900
Guðmundur Einarsson	0795	Andvari VE-100	73/425	900
Ægir Hafsteinsson	0795	Andvari VE-100	73/425	900
Helgi Georgsson	0989	Sæbjörg VE-56	312/700	900
Magnús Guðmundsson	1035	Heimaey VE-1	251/1150	900
Magnús Guðmundsson	1035	Heimaey VE-1	251/1150	900
Kristinn Andrésson	0136	Kristbjörg VE-70	109/550	900
Sigurður Jónsson	0136	Kristbjörg VE-70	109/550	900
Guðmundur S. Einarsson	1258	Suðurey VE-500	147/765	900
Guðlaugur Friðþórsson	1297	Álsey VE-502	145/765	900
Guðlaugur Friðþórsson	1297	Álsey VE-502	145/765	900
Jón E. Guðmundsson	1297	Álsey VE-502	145/765	900
Pálmi Guðmundsson	1433	Sindri VE-60	297/1500	900
Gestur Gunnbjörnsson	1443	Bylgja VE-75	149/610	900
Sveinn Gíslason	1443	Bylgja VE-75	149/610	900

Undanþágur veittar í stöður fyrsta vélstjóra:

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Sigurður Ingason		Skálafell SF-95	100/700	
Halldór Pétur Andrésson	0098	Brimnes SH-257	103/650	101
Þorsteinn B. Bjarnason	0254	Sæborg RE-20	233/800	101
Hákon Jónas Hákonarson	0450	Geir RE-406	73/490	101
Kristján S. Vernharðsson	1003	Haukur	971/1320	101
Finn Kraft	1165	Þyrill	893/100	101
Einar B. Tómasson	1571	Selá	1499/4400	101
Jón Þorvaldsson	0091	Helga RE-49	208/750	104
Jón Þorvaldsson	0091	Helga RE-49	208/750	104
Ólafur B. Jóhannesson	0130	Júpíter RE-161	747/2600	104
Sigtryggur Guðmundsson	0130	Júpíter RE-161	747/2600	104
Víðir Valgeirsson	1018	Helga II RE-373	281/1150	104
Kristinn Björnsson	0617	Hafnarberg RE-404	74/400	107
Kristján Erlingsson	1422	Hvalvík	3057/3000	107
Víðir Valgeirsson	1018			108
Karl Þórðarson	0537	Gulltoppur GK-321	21/230	190
Óskar Aðalsteinsson	0160	Barðinn RE-342	131/600	200
Vilhjálmur Jónsson	0160	Barðinn RE-243	131/600	200
Jóhann Vilhjálmsson	0973			200
Bjarni Einarsson	1447	Ísberg	241/1000	200
Guðmundur Einarsson	1447	Ísberg	241/1000	200
Sighvatur Andrésson	0077	Kári VE-95	101/600	220
Guðlaugur Bjarnason	0243	Guðrún GK-37	182/900	220
Illugi Óskarsson	1121	Ársæll Sigurðsson HF-12	385/1200	220
Ingimundur Magnússon	0012	Heimir KE-77	186/600	230
Stefán Stefánsson	0017	Búrfell KE-140	150/495	230
Stefán Stefánsson	0017	Búrfell KE-140	150/495	230
Gunnar S. Bjarnason	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Halldór Hjartarson	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Halldór Hjartarson	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Árni J. Einarsson	0089	Árni Geir KE-74	168/495	230
Árni J. Einarsson	0089	Árni Geir KE-74	168/495	230
Árni Jens Einarsson	0089	Árni Geir KE-74	168/490	230
Halldór Valgeirsson	0181	Mánatindur GK-240	228/800	230
Halldór Valgeirsson	0181	Mánatindur GK-240	228/800	230
Jökull Einarsson	0212	Vatnsnes KE-30	132/490	230
Sævar Gunnlaugsson	0221	Vonin KE-2	162/600	230
Sævar Gunnlaugsson	0221	Vonin KE-2	162/600	230
Sævar Gunnlaugsson	0221	Vonin KE-2	162/600	230
Arnar Jóhannsson	0235	Stafnes KE-130	149/495	230
Björn H. Haraldsson	0242	Geir goði GK-220	160/750	230
Páll Þorsteinsson	0357	Þorsteinn KE-10	28/150	230
Árni Þór Ingvason	0359	Brimnes KE-204	34/235	230
Jóhannes Brynleifsson	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	52/335	230
Sverrir Víglundsson	0503			230
Gunnar Jóhannsson	0625	Hafborg KE-99	54/425	230
Gunnar Karlsson	0625	Hafborg KE-99	54/425	230
Jón G. Gylfason	0670	Greipur SH-7	74/510	230
Árni Einarsson	0708	Ólafur KE-49	35/350	230
Baldvin Nilsen	0715	Jón Garðar KE-1	21/190	230
Einar Jónsson	0715	Jón Garðar KE-1	21/190	230
Ólafur Ágústsson	0733	Reynir GK-47	72/425	230
Júlíus Gunnarsson	0787	Marz KE-197	78/450	230
Ólafur Sigurpálsson	0824	Ingólfur GK-125	22/210	230
Gunnar Jóhannesson	0826			230
Óli Þór Valgeirsson	0929	Svanur KE-90	38/240	230
Loftur Pálsson	0965	Jöfur KE-17	224/900	230
Loftur Pálsson	0965	Jöfur KE-17	224/900	230
Benóný Þórhallsson	0978	Víkurberg GK-1	318/1200	230
Sigurbjörn Jónsson	1014	Arney KE-50	197/800	230
Hallmann Sigurðsson	1209	Freyja GK-364	120/600	230
Sigurður Steingrímsson	1371	Guðfinnur KE-19	30/195	230
Ómar Sveinbjörnsson	1558	Dagstjarnan KE-3	743/1950	230

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Ragnar R. Þorgeirsson		Farsæll GK-162	35/300	240
Tryggvi Sæmundsson	0023			240
Sigurjón Magnússon	0088	Geirfugl GK-66	141/600	240
Guðbjörn Þorsteinsson	0088	Geirfugl GK-66	141/600	240
Guðbjörn Þorsteinsson	0088	Geirfugl GK-66	141/600	240
Sigurður Þórðarson	0093	Hrafn Sveinbjarnarson II GK-10	177/600	240
Sigurður Þórðarson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Guðmundur S. Lárusson	0120	Höfrungur II GK-27	179/750	240
Guðmundur S. Lárusson	0120	Höfrungur II GK-27	179/750	240
Björn Gunnarsson	0124	Gaukur GK-660	181/750	240
Björn Gunnarsson	0124	Gaukur GK-660	181/750	240
Gylfi Þórðarson	0145			240
Gísli Ófeigsson	0203	Fjölnir GK-17	152/810	240
Haraldur J. Jóhannsson	0203	Fjölnir GK-17	152/810	240
Jónas Þ. Jónsson	0237	Hrungnir GK-50	199/1000	240
Sigurður Garðarsson	0237	Hrungnir GK-50	199/1000	240
Sigurður Garðarsson	0237	Hrungnir GK-50	199/1000	240
Magnús Þorláksson	0288	Þorsteinn Gíslason GK-2	76/400	240
Magnús Þorláksson	0288	Þorsteinn Gíslason GK-2	76/400	240
Guðmundur Dagbjartsson	0434	Ólafur GK-33	36/240	240
Guðmundur Dagbjartsson	0434	Ólafur GK-36	36/240	240
Gunnar Einarsson	0597	Harpa GK-111	67/425	240
Jóhann Hjaltason	0671	Máni GK-36	71/425	240
Jóhann Hjaltason	0671	Máni GK-36	71/425	240
Ólafur Ágústsson	0733	Reynir GK-47	72/425	240
Ólafur Ágústsson	0733	Reynir GK-47	70/430	240
Steinþór Þorvaldsson	0865	Friðgeir Trausti GK-400	42/340	240
Einar Ingólfsson	0914	Þorbjörn GK-540	74/465	240
Sigurður Ólafsson	0914	Þorbjörn GK-540	74/635	240
Róbert V. Þórðarson	0920	Þórkatla GK-97	74/635	240
Mikael Hallgrímsson	0920	Þórkatla GK-97	74/635	240
Róbert Þórðarson	0920	Þórkatla GK-97	75/480	240
Barði Guðmundsson	0922	Búðanes GK-101	62/425	240
Ómar Hafsteinsson	0922	Búðanes GK-101	62/1425	240
Borgþór Baldursson	0951	Vörðunes GK-45	77/425	240
Borgþór Baldursson	0951	Vörðunes GK-45	77/425	240
Jóhann Guðfinnsson	0979	Víkurberg GK-1	312/1200	240
Sævar Gunnarsson	1023	Skarfur GK-666	217/1000	240
Sævar Gunnarsson	1023	Skarfur GK-666	217/950	240
Sævar Gunnarsson	1023	Skarfur GK-666	217/900	240
Guðmann Haraldsson	1028	Hrafn Sveinbjarnarson GK-255	214/850	240
Guðmann Haraldsson	1028	Hrafn Sveinbjarnarson GK-255	214/850	240
Guðmundur Bragason	1046	Albert GK-31	316/1450	240
Guðmundur Guðröðarson	1063	Kópur GK-175	240/900	240
Magnús Þorláksson	1063	Kópur GK-175	180/870	240
Sveinn Gunnarsson	1318	Sigrún GK-380	51/240	240
Sigmar Björnsson	1501	Þórshamar GK-75	326/1900	240
Hervar Gunnarsson	1512	Grindvíkingur GK-606	577/2700	240
Sigurður Þorláksson	1512	Grindvíkingur GK-606	577/2700	240
Gísli Sigurðsson	1626	Hafrenningur GK-38	295/800	240
Gísli Sigurðsson	1626	Hafrenningur GK-38	295/800	240
Einar Möller	0021	Mummi GK-120	176/600	245
Kjartan Björnsson	0043	Elliði GK-445	147/750	245
Guðjón Ólafsson	0219	Víðir II	126/400	245
Sigurlaugur Þorsteinsson	0686	Arnarborg KE-26	71/425	245
Þór Grétarsson	0963	Sigurjón GK-49	75/425	245
Eggert Andrésson	0963	Sigurjón GK-49	75/425	245
Árni Eðvaldsson	0978	Sigurpáll GK-375	250/1000	245
Steingrímur Svavarsson	1204	Jón Gunnlaugsson GK-444	105/565	245
Hilmar Guðbjörnsson	1321	Reynir GK-177	104/565	245
Sigurður H. Bernódusson	0171	Sandgerðingur GK-268	124/375	245
Bragi Finnsson	0573	Hólmsteinn GK-20	43/240	250
Ásmundur Björnsson	0709	Sveinn Guðmundsson GK-315	21/230	250
Guðmundur Þórarinsson	1128	Ingólfur GK-42	348/1000	250
Guðmundur Þórarinsson	1128	Ingólfur GK-42	328/1000	250
Sigurgeir Guðmundsson	1167	Sigurjón Arnlaugsson HF-210	119/300	250

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Björn Herbertsson	1209	Freyja GK-364	120/600	250
Ægir Frímannsson	1231	Þorkell Árnason GK-21	65/335	250
Friðrik Þorbjörnsson	1393	Sveinborg GK-70	299/1500	250
Júlíus Rafn Júlíusson	1393	Sveinborg GK-70	299/1500	250
Júlíus R. Júlíusson	1393	Sveinborg GK-70	299/1500	250
Sigurjón Reykdal	1449	Erlingur GK-6	299/1800	250
Sigurjón Reykdal	1449	Erlingur GK-6	299/1800	250
Steinar Guðbjörnsson	1449	Erlingur GK-6	299/1800	250
Steinar Guðbjörnsson	1449	Erlingur GK-6	299/1800	250
Þórður Þórðarson	0007	Anna AK-56	135/640	300
Eyvindur Eiðsson	0728			300
Björn Sigurjónsson	0078			340
Elías H. Elíasson	0100			340
Hinrik H. Hinriksson	0154	Sigurður Sveinsson SH-36	88/565	340
Hinrik H. Hinriksson	0154	Sigurður Sveinsson SH-36	88/565	340
Pétur Vigfússon	0238	Hamrasvanur SH-201	168/825	340
Björn Sigurjónsson	0778			340
Sigurður Sveinbjörnsson	0848			340
Einar Bjarnason	0994	Baldur	193/640	340
Guðmundur Kolbeinn Björnsson	1106	Sif SH-3	117/425	340
Skarphéðinn Ólafsson	0057	Framnes ÍS-608	137/495	350
Steinar Símonarson	0098	Brimnes SH-257	103/600	355
Elías Elíasson	0100	Jón Jónsson SH-187	141/800	355
Sigurður Bragason	0100	Jón Jónsson SH-187	141/800	355
Þorsteinn R. Hauksson	0144			355
Ægir Kristmundsson	0241	Matthildur SH-67	104/495	355
Ægir Kristmundsson	0241	Matthildur SH-67	104/495	355
Ægir Kristmundsson	0241	Matthildur SH-67	104/496	355
Sigurður Ásgrímsson	0368	Lómur SH-177	69/425	355
Guðmundur Emanúelsson	0504	Auðbjörg SH-197	45/350	355
Sigurjón Þórhallsson	0540	Halldór Jónsson SH-217	92/565	355
Sigurjón Þórhallsson	0540	Halldór Jónsson SH-217	92/565	355
Jón Gunnar Gylfason	0607			355
Jón G. Gylfason	0670	Greipur SH-7	74/510	355
Steinar Ólafsson	0893	Skálavík SH-208	46/335	355
Sigurlaugur Egilsson	0893	Skálavík SH-208	46/335	355
Guðmundur Ólafsson	1134			355
Stefán R. Egilsson	1304	Ólafur Bjarnason SH-137	104/500	355
Stefán R. Egilsson	1304	Ólafur Bjarnason SH-137	104/500	355
Jóhann Steinsson	1343	Garðar II SH-164	142/765	355
Jóhann Steinsson	1343	Garðar II SH-154	142/765	355
Sólbjartur Júlíusson	1415	Fróði SH-15	143/765	355
Sólbjartur Júlíusson	1415	Fróði SH-15	143/765	355
Hilmar Egilsson	1415	Fróði SH-15	143/765	355
Pétur Vigfússon	0238			360
Pétur Vigfússon	0238			360
Rúnar Reynisson	1074	Saxhamar SH-50	125/600	360
Gunnlaugur Einarsson	1136	Rifsnes SH-44	218/1000	360
Ragnar Konráðsson	1136	Rifsnes SH-44	218/1000	360
Hjálmar Benediktsson		Ása ÍS-152	60/365	400
Óli Jón Jónsson	0077	Kári VE-95	101/600	400
Helgi Geirmundsson	0734	Sigurður Þorkelsson ÍS-267	34/240	400
Gissur Skarphéðinsson	1052	Orri ÍS-20	259/960	400
Guðmundur Óli Lyngmó	1274	Páll Pálsson ÍS-102	462/2000	400
Friðbjörn Óskarsson	1274	Páll Pálsson ÍS-102	462/2000	400
Þorlákur Kjartansson	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Þorlákur Kjartansson	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Pétur Jónsson	1579	Guðbjörg ÍS-46	484/3200	400
Pétur Jónsson	1579	Guðbjörg ÍS-46	484/3200	400
Valgeir Jónasson	1579	Guðbjörg ÍS-46	484/3200	400
Guðmundur Lyngmó	1274	Páll Pálsson ÍS-102	462/2000	410
Friðbjörn Óskarsson	1274	Páll Pálsson ÍS-102	462/2000	410
Sigurgeir Þórarinsson	0309	Halldóra Jónsdóttir ÍS-99	51/470	415
Jón Ragnarsson	1313	Bessi ÍS-407	407/1750	420
Baldur Pétursson	0062	Ásgeir Torfason ÍS-96	87/500	425
Birgir Axelsson	0956	Sif ÍS-225	83/375	425

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Baldvin Leifsson	1056	Dalaröst AR-63	239/660	425
Aðalsteinn Haraldsson	0180	Jón Halldórsson RE-2	101/500	450
Sigurður Bergsteinsson	0239	Vestri BA-63	204/660	450
Sigurður Bergsteinsson	0239	Vestri BA-63	204/660	450
Gestur Jóhannesson	1638	Jón Þórðarson BA-180	191/1025	450
Jónatan Stefánsson	1640	Patrekur BA-64	200/800	450
Jón Már Sverrisson	0151	María Júlía BA-36	108/600	460
Viktor R. Þórðarson	0151	María Júlía BA-36	108/600	460
Gísli Matthíasson	1269	Snæberg BA-35	45/340	465
Gísli Matthíasson	1269	Snæberg BA-35	45/340	465
Birgir Karl Guðmundsson	0910	Vonin II SF-5	64/365	520
Sölvi Jóhannesson	0910	Vonin II SF-5	64/365	520
Smári Einarsson	1317	Grímsey ST-2	30/265	520
Guðbrandur Kristvinsson	1369	Gunnvör ST-39	20/200	520
Guðmundur Erlendsson	0876	Rósa HU-294	48/335	530
Ragnar S. Ingvarsson	0711	Ólafur Magnússon HU-54	57/280	545
Gísli Jónsson	1105	Guðrún Jónsdóttir SI-155	48/290	580
Bjarni Höskuldsson	1527	Særún EA-251	73/490	601
Almar Þórólfsson	0158	Oddgeir ÞH-222	163/700	610
Almar Þórólfsson	0158	Oddgeir ÞH-222	162/765	610
Vilhjálmur Ísaksson	0297	Sjöfn ÞH-142	65/425	610
Gísli Árnason	0298	Áskell ÞH-48	73/425	610
Gísli Árnason	0298	Áskell ÞH-48	73/425	610
Sigurbjörn Skírnisson	1042	Vörður ÞH-4	210/800	610
Olav Ögahals	1059	Hákon ÞH-250	414/1420	610
Olav Ögahals	1059	Hákon ÞH-250	414/1420	610
Sigurgeir Harðarson	1094	Frosti II ÞH-220	132/500	610
Sigurgeir Harðarson	1094	Frosti II ÞH-220	132/500	610
Bjarni Harðarson	0044			620
Gunnar Friðriksson	0464	Haraldur EA-62	64/370	620
Sturla Sigurgeirsson	0797	Sænes EA-26	91/400	620
Sigurður Leó Ásgrímsson	0797	Sænes EA-26	91/400	620
Jóhann Bjarnason	1355	Björgvin EA-311	407/1850	620
Valdimar Snorrason	1481	Dalborg EA-317	262/1000	620
Valdimar Snorrason	1481	Dalborg EA-317	262/1000	620
Vignir Aðalgeirsson		Hrönn ÓF-58	20/230	625
Ebeneser A. Jónsson	1281	Ólafur bekkur ÓF-2	461/2000	625
Hallgrímur Sverrisson	1530	Sigurbjörg ÓF-1	499/2000	625
Smári Thorarensen	1236	Þórir SF-77	125/565	630
Björn Hermannsson	0185	Sigþór ÞH-100	168/600	640
Kristján Eiðsson	0586	Björg Jónsdóttir ÞH-321	76/425	640
Karl Óskar Aðalsteinsson	1475	Sæborg ÞH-55	40/365	640
Kristján Þórhallsson	0641	Kópur VE-11	81/580	675
Óðinn Gunnarsson	0641	Kópur VE-11	81/580	675
Örn Guðnason	0641	Kópur VE-11	81/580	675
Friðrik Ö. Guðmundsson	1280	Rauðinúpur ÞH-160	461/2000	675
Valgarður Sigurðsson	1280	Rauðinúpur ÞH-160	461/2000	675
Kristján Sigfússon	0459	Geir ÞH-150	70/425	680
Páll Þormar	0926	Þorsteinn GK-15	50/280	680
Guðmundur Jóhannsson	1367	Faldur ÞH-153	18	680
Sigurður Vilmundarson	1609	Stakfell ÞH-360	471/2200	680
Sigurður Vilmundarson	1609	Stakfell ÞH-360	471/2200	680
Magnús Vilhjálmsson	1581	Halldór Runólfsson NS-301	29/195	685
Sigurður Hilmarsson	1216	Gullver NS-12	499/	710
Reynir Gunnarsson	1363	Snæfugl SU-20	436/1750	730
Bjarni Kristinsson	0155	Jón Kjartansson SU-111	775/2880	735
Hallgrímur Kristinsson	0115	Jón Kjartansson SU-111	775/2880	735
Hallgrímur Kristinsson	0155	Jón Kjartansson SU-111	775/2880	735
Atli Rúnar Aðalsteinsson	0252	Sæberg SU-9	275/1350	735
Atli Rúnar Aðalsteinsson	0252	Sæberg SU-9	275/1350	735
Elís Andrésson	1073	Guðríður Þorkelsdóttir SU-211	365/1100	735
Jóhann Valdórsson	1125	Vöttur SU-3	170/690	735
Jóhann B. Valdórsson	1125	Vöttur SU-3	170/690	735
Óskar Kristinsson	1312	Guðmundur Þór SU-121	17/150	735
Guðni Þór Gunnarsson	1346	Hólmanes SU-1	451/1700	735
Guðni Þór Gunnarsson	1346	Hólmanes SU-1	451/1700	735

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Páll Helgason	1398	Sæljón SU-104	142/750	735
Árni Jónasson	1567	Hólmatindur SU-220	499/2000	735
Guðmundur H. Þórarinsson	0226	Beitir NK-123	754/2640	740
Guðm. Helgi Þórarinsson	0226	Beitir NK-123	754/2640	740
Jón Már Jónsson	0226	Beitir NK-123	754/2640	740
Jón Már Jónsson	0226	Beitir NK-123	754/2640	740
Guðmundur Ölversson	1031	Magnús NK-72	252/1065	740
Björgvin Jónsson	1293	Börkur NK-122	711/2100	740
Sverrir G. Ásgeirsson	1293	Börkur NK-122	711/2150	740
Sverrir G. Ásgeirsson	1293	Börkur NK-122	711/2100	740
Jón Stefánsson	1548	Barði NK-120	453/1500	740
Jón Stefánsson	1548	Barði NK-120	453/1500	740
Magnús B. Þórlindsson	1548	Barði NK-120	453/1500	740
Sigurjón Óskarsson	0168	Sæbjörg SU-403	234/990	750
Sigurjón Óskarsson	0168	Sæbjörg SU-403	234/1000	750
Sveinn Kr. Sveinsson	1000	Guðmundur Kristinn SU-404	229/660	750
Þráinn Oddsson	1077	Þorri SU-402	203/865	750
Þráinn Oddsson	1077	Þorri SU-402	203/765	750
Finnbogi Jónsson	1275	Hoffell SU-80	462/2000	750
Rafn Valgeirsson	1275	Hoffell SU-80	462/2000	750
Reynir Jónsson	1359	Sólborg SU-202	138/750	750
Elvar Tryggvason	0210	Hafnarey SU-210	88/620	760
Hallur Gunnlaugsson	0210	Hafnarey SU-210	88/620	760
Guðni Kristjánsson	0925	Þórsnes SU-308	69/370	760
Hrafnkell Gunnarsson	0925	Þórsnes SU-308	69/370	760
Aron Árnason	1630	Krossanes SU-4	267/1000	760
Ríkharður Sigurðsson	1020	Krossanes SU-5	288/800	765
Birgir Guðmundsson	1054	Hvalsnes KE-121	102/425	765
Jóhann Hjaltason	1054	Mánatindur SU-95	102/425	765
Vilhjálmur Kristinsson	0002	Akurey SF-52	86/500	780
Gísli Páll Björnsson	0469	Hafnarey SF-36	81/500	780
Gísli Páll Björnsson	0469	Hafnarey SF-36	81/500	780
Torfi Þ. Friðfinnsson	0936	Æskan SF-140	70/580	780
Torfi Þ. Friðfinnsson	0936	Æskan SF-140	72/580	780
Guðmundur Sigurðsson	0974	Skógey SF-53	207/660	780
Guðmundur Sigurðsson	0974	Skógey SF-53	207/660	780
Sæberg Guðlaugsson	1206	Erlingur SF-65	95/700	780
Björn Gunnlaugsson	1324	Bjarni Gíslason SF-90	101/425	780
Torfi Þ. Friðfinnsson	1430	Æskan SF-140	70/580	780
Svavar Grétarsson	0163	Klængur ÁR-2	80/620	815
Svavar Gíslason	0163	Klængur ÁR-2	80/620	815
Guðmundur Garðarsson	0217			815
Kristján Sigmundsson	0234	Arnar ÁR-55	187/600	815
Kristján Sigmundsson	0234	Arnar ÁR-55	187/600	815
Karl Sigmar Karlsson	0250	Ísleifur IV ÁR-463	172/800	815
Guðmundur Ólafsson	0482			815
Kjartan Þ. Kjartansson	0784	Sigmundur ÁR-20	57/350	815
Sveinbjörn Hauksson	0784	Sigmundur ÁR-20	57/350	815
Einar Þórðarson	0892	Jón Helgason ÁR-12	60/485	815
Helgi Hallgrímsson	0892	Jón Helgason ÁR-12	60/425	815
Hallgrímur Birgisson	1056	Dalaröst ÁR-63	239/660	815
Sigurbjörn Ólason	1067	Jóhann Gíslason ÁR-42	243/600	815
Sigurbjörn Ólason	1067	Jóhann Gíslason ÁR-42	243/600	815
Sigurbjörn Ólason	1067	Jóhann Gíslason ÁR-42	243/600	815
Eðvarð Jóhannesson	1070			815
Hörður Jónsson	1084	Jóhann Friðrik ÁR-17	126/645	815
Ásgeir Hafliðason	1510	Guðfinna Steinsdóttir ÁR-10	130/560	815
Lárus Friðriksson	1562	Jón á Hofi ÁR-62	276/900	815
Lárus Friðriksson	1562	Jón Á Hofi ÁR-62	276/900	815
Einar Reynisson	0200	Þorlákur helgi ÁR-11	146/620	820
Magnús Guðjónsson	1126	Skálavík ÁR-185	45/275	820
Magnús Guðjónsson	1126	Skálavík ÁR-185	45/275	820
Kolbeinn Guðnason	0010	Fróði ÁR-33	103/750	825
Zophanías Jónsson	0010	Fróði ÁR-33	103/750	825
Rúnar Guðmundsson	0137			825
Tómas Karlsson	0542	Hólmsteinn ÁR-27	50/280	825

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Geir Valgeirsson	1075	Hásteinn ÁR-8	47/350	825
Geir Valgeirsson	1075	Hásteinn ÁR-8	47/350	825
Hörður Antonsson	1075	Hásteinn ÁR-8	47/335	825
Jónas Henningsson	1075	Hásteinn ÁR-8	47/335	825
Gunnar Einarsson	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Gunnar Einarsson	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Halldór Ásgeirsson	1266	Jósef Geir ÁR-36	47/350	825
Halldór Ásgeirsson	1266	Jósef Geir ÁR-36	47/350	825
Bragi Jónsson	0236	Katrín VE-47	171/600	900
Agnar Óskarsson	0244	Glófaxi VE-300	108/625	900
Stefán Óskarsson	0244	Glófaxi VE-300	108/625	900
Þórhallur Þórarinsson	0263	Grandi VE-171	131/700	900
Eysteinn Georgsson	0290	Þórir VE-16	68/350	900
Ragnar Sigurbjörnsson	0490	Gullborg VE-38	84/390	900
Brynjar Einarsson	0535	Haförn VE-23	36/256	900
Lýður Ægisson	0707	Ófeigur III VE-325	86/425	900
Einar Jónsson	0783	Nanna VE-294	61/360	900
Einar Arnarson	0788	Árntýr VE-115	49/350	900
Friðrik Ingvarsson	0795	Andvari VE-100	73/425	900
Guðfinnur Þorsteinsson	1035	Heimaey VE-1	251/1150	900
Guðfinnur Þorsteinsson	1035	Heimaey VE-1	251/1150	900
Eggert Ólafsson	1039	Gjafar VE-600	230/660	900
Gylfi Úranïusson	1199	Frár VE-78	124/400	900
Þorsteinn Sigtryggsson	1297	Álsey VE-502	147/765	900
Tryggvi Sigurðsson	1379	Dala-Rafn VE-508	142/750	900
Tryggvi Sigurðsson	1379	Dala-Rafn VE-508	142/750	900
Jón Freyr Snorrason	1401	Gullberg VE-292	347/1250	900
Ólafur Sigmundsson	1401	Gullberg VE-292	347/1250	900
Gísli Ingólfsson	1443	Bylgja VE-75	149/610	900
Gísli Ingólfsson	1443	Bylgja VE-75	149/610	900
Svanur Jónsson	1595	Helga Jóh VE-41	149/685	900

Undanþágur veittar í stöðu annars vélstjóra:

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Gunnar Jónsson	0226			
Sigurjón Sigurðsson	0016	Árvakur	382/1000	101
Ágúst M. Haraldsson	0159	Óðinn	839/5700	101
Benedikt Svavarsson	0159	Óðinn	839/5700	101
Sigurður Jón Jónsson	0229	Þór og Týr 1421	693/3140	101
Jóhannes Pétursson	0246	Stuðlafoss	2308/2575	101
Þorvaldur Sigurðsson	0246	Stuðlafoss	2308/2575	101
Kristján R. Walsh	0254	Sæborg RE-20	233/800	101
Sigurður Guðbjartsson	1010	Héðinn Valdimarsson	81/200	101
Baldur Jóhannsson	1010	Héðinn Valdimarsson	81/200	101
Hafsteinn Ingólfsson	1066	Ægir	927/8600	101
Jón Ingimundarson	1066	Ægir	927/8600	101
Sigurður Sigurðsson	1066	Ægir	927/8600	101
Sigurgeir Jónsson	1165	Þyrill	893/1100	101
Henrik Kraft	1165	Þyrill	893/1100	101
Kristján H. Magnússon	1193	Skaftafell	718/2000	101
Ómar Breiðfjörð	1193	Skaftafell	718/2000	101
Sigurbjörn G. Árnason	1205	Múlafoss	1395/1600	101
Sigurgeir Friðriksson	1328	Snorri Sturluson RE-219	969/2820	101
Sæmundur Magnússon	1328	Snorri Sturluson RE-219	969/2820	101
Steingrímur Nielsson	1335	Kyndill	500/1100	101
Ólafur Haraldsson	1345	Ingólfur Arnarson RE-201	969/2820	101
Ólafur Magnússon	1345	Ingólfur Arnarson RE-201	969/2820	101
Þórður Þórðarson	1345	Ingólfur Arnarson RE-201	969/2820	101
Hallgrímur Jónsson	1374	Grundarfoss	499/1250	101
Kristján Breiðfjörð	1421	Týr	923/8600	101
Ríkharð L. Agnarsson	1421	Týr	923/8600	101
Hjörtur Friðriksson	1425	Laxá	864/1600	101
Hjörtur Valdimarsson	1450	Skeiðsfoss	761/1800	101
Stefán Stefánsson	1450	Skeiðsfoss	1499/1800	101

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Arnar Magnússon	1468	Reykjaborg RE-25	29/300	101
Bjarni Vilhjálmsson	1469	Mar	769/2200	101
Magnús Þorsteinsson	1514	Arinbjörn RE-54	378/1800	101
Jón Hafsteinsson	1581	Halldór Runólfsson NS-301	29/195	101
Gunnlaugur G. Guðbjörnsson	1619	Askja	492/2250	101
Eyþór Guðlaugsson	1644	Róbert SH-142	15/140	101
Sturla Björnsson	0091			104
Guðlaugur Jónsson	1584	Róbert SH-142	5/70	104
Sigurjón Sigurðsson	0016	Árvakur	356/1000	105
Arnar Magnússon	1468	Reykjaborg RE-25	29/300	105
Sigurjón Ríkharðsson	1596	Helgey	-/860	105
Bjarni Einarsson	1388	Eldvík	1490/2200	107
Bjarni V. Jakobsson	1388	Eldvík	1490/2200	107
Alvar Alvarsson	1422	Hvalvík	3057/3000	107
Jean Noël Lareau	1422	Hvalvík	3057/3000	107
Guðmundur Þ. Valdimarsson	1624	Keflavík	1600/2650	107
Steinn Björgvin Jónsson	1018	Helga II RE-373	281/1125	108
Albert Sigtryggsson	1499	Flosi ÍS-15	29/300	108
Ingibergur Hraundal	1499	Sæljón RE-19	29/300	108
Magnús Þorsteinsson	1514	Arinbjörn RE-54	378/1800	108
Einar M. Þórðarson	0892	Jón Helgason ÁR-12	60/280	109
Oddur J. Halldórsson	1201	Guðbjörg RE-21	28/230	109
Hafsteinn Valgarðsson	1623	Suðurland	1000/2400	170
Guðmundur Björgvinsson	0160	Barðinn RE-243	131/600	200
Gunnar Ármannsson	0160	Barðinn RE-243	131/600	200
Birgir Jónsson	0619	Jóhanna Magnúsdóttir RE-70	63/490	200
Skúli Guðlaugsson	0731	Grunnvíkingur HF	53/350	200
Ólafur Jón Gústafsson	0973	Ljósfari RE-102	273/1150	200
Sigm. Ægir Björgvinsson	0973	Ljósfari RE-102	273/1150	200
Ólafur E. Pétursson	1091	Helgi Magnússon RE-41	15/188	200
Hjálmtýr Sigurðsson	0051	Faxi GK-44	190/645	220
Finnur Halldórsson	0098	Brimnes SH-257	103/650	220
Kristján Bogason	0098	Brimnes SH-257	103/650	220
Halldór Kjartansson	0115	Hvalur 6 RE-376	434/2100	220
Jónas Halldór Geirsson	0115	Hvalur 6 RE-376	434/2100	220
Eggert Elvar Jónsson	0117	Hvalur 8 RE-388	481/1800	220
Sveinbjörn R. Einarsson	0117	Hvalur 8 RE-388	481/1800	220
Björn Sigtryggsson	0243	Guðrún GK-37	182/900	220
Þorsteinn Sveinbjörnsson	0638	Sæmundur Sigurðsson HF-85	38/250	220
Grétar Guðnason	0997	Hvalur 9 RE-399	611/1900	220
Guttormur R. Magnússon	0997	Hvalur 9 RE-399	611/1900	220
Sæmundur Sigurðsson	0997	Hvalur 9 RE-399	611/1900	220
Halldór Svanbergsson	1020	Krossanes GK-5	288/800	220
Sigurður V. Grétarsson	1048	Fífill GK-54	331/1350	220
Jón Ólafsson	1081	Fiskanes NS-37	51/315	220
Reynir Baldursson	1121	Ársæll Sigurðsson HF-12	385/1200	220
Níels Björnsson	0368	Lómur SH-177	69/425	230
Guðmundur O. Sigurðsson	0012	Heimir KE-77	186/600	230
Sigurvin Æ. Sigurvinsson	0012	Heimir KE-77	186/600	230
Kristján Bragason	0017	Búrfell KE-140	149/495	230
Halldór Halldórsson	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Haukur Bjarnason	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Sigurður Þ. Adolfsson	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Ævar Þorsteinsson	0038	Happasæll KE-94	176/400	230
Kristmann Klementsson	0058	Jakob SF-66	93/425	230
Gunnar Kristinsson	0076	Helgi S. KE-7	236/1000	230
Guðbjörn Þorsteinsson	0082	Sandafell GK-82	185/1100	230
Böðvar Birgisson	0089	Árni Geir KE-14	168/495	230
Magnús Hafsteinsson	0089	Árni Geir KE-74	168/495	230
Magnús Hafsteinsson	0089	Árni Geir KE-74	168/495	230
Pétur Aðalgeirsson	0181	Mánatindur GK-240	228/800	230
Pétur Aðalgeirsson	0181	Mánatindur GK-240	228/800	230
Ásgeir Ásgeirsson	0212	Vatnsnes KE-30	130/490	230
Tómas Sigurðsson	0221	Vonin KE-2	162/600	230
Auðunn Þór Almarsson	0221	Vonin KE-2	162/600	230
Guðfinnur Kjartansson	0221	Vonin KE-2	162/600	230

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Ásgeir Torfason	0235	Stafnes KE-130	149/495	230
Rafn Magnússon	0242			230
Valdimar Birgisson	0256	Albert Ólafsson KE-39	176/495	230
Erlingur Einarsson	0256	Albert Ólafsson KE-39	176/495	230
Bjarni M. Jónsson	0311	Baldur KE-97	40/350	230
Lárus Ó. Lárusson	0311	Baldur KE-97	40/350	230
Halldór Valdimarsson	0359	Brimnes KE-204	34/235	230
Guðfinnur Sigurvinsson	0419	Binni í Gröf KE-127	81/410	230
Sigurður Björgúlfsson	0419	Binni í Gröf KE-127	81/423	230
Sigurður Davíðsson	0419	Binni í Gröf KE-127	81/423	230
Svanur Kristjánsson	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	51/350	230
Kristján V. Guðmundsson	0503	Bergþór KE-5	56/350	230
Sigurður Steingrímsson	0625	Hafborg KE-99	54/425	230
Rúnar Guðjónsson	0670	Greipur SH-7	74/510	230
Elvar Þór Jónsson	0708	Ólafur KE-49	35/350	230
Kjartan Einarsson	0733	Reynir GK-47	72/425	230
Vilhjálmur Hálfdánarson	0787			230
Bjarni Guðmundsson	0826	Jóhannes Jónsson KE-79	56350	230
Jón Sigurjónsson	0929	Svanur KE-90	38/240	230
Ólafur Georgsson	0965	Jöfur KE-17	224/900	230
Ólafur Georgsson	0965	Jöfur KE-17	224/900	230
Sigurður Þorgeirsson	0967	Keflvíkingur KE-100	265/750	230
Guðröður Eiríksson	1014	Arney KE-50	197/800	230
Guðröður J. Eiríksson	1014	Arney KE-50	197/800	230
Halldór H. Halldórsson	1032	Harpa RE-342	301/870	230
Þröstur Þorláksson	1209	Freyja GK-364	120/600	230
Jóhann Guðjónsson	1209	Freyja GK-364	120/600	230
Rafn Ingólfsson	1310	Ragnar Ben ÍS-210	30/265	230
Guðmundur B. Kristinsson	1361	Erlingur KE-45	235/700	230
Hafsteinn R. Magnússon	1558	Dagstjarnan KE-3	743/1950	230
Kristján Kristinsson	1558	Dagstjarnan KE-3	743/1950	230
Anton Narvæez		Farsæll GK-162	35/300	240
Sigurður Óli Sigurðsson	0011	Sandfell GK-82	185/1000	240
Árni B. Hauksson	0023	Már GK-55	101/400	240
Guðjón Hauksson	0023	Már GK-55	101/400	240
Kári Ölvisson	0067	Hafberg GK-377	160/495	240
Guðmundur Árnason	0088	Geirfugl GK-66	141/600	240
Kristinn A. Kristinsson	0088	Geirfugl GK-66	141/600	240
Birgir Pétursson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Pétur Gíslason	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Birgir Pétursson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Birgir Pétursson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Ísak Þórðarson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Viðar Geirsson	0103	Hrafn Sveinbjarnarson III GK-11	154/750	240
Kjartan Leo Smith	0120	Höfrungur II GK-27	179/750	240
Kjartan S. Scmidt	0120	Höfrungur II GK-27	179/750	240
Garðar H. Sigurðsson	0124	Gaukur GK-660	181/750	240
Jóhann D. Sverrisson	0124	Gaukur GK-660	181/750	240
Jóhann Sverrisson	0124	Gaukur GK-660	181/750	240
Steingrímur Njálsson	0124	Gaukur GK-660	181/750	240
Runi Sigurðsson	0145	Þorsteinn GK-16	179/750	240
Sigurður O. Sigurðsson	0163	Eldhamar GK-13	88/620	240
Bjarni Ragnarsson	0191	Skúmur GK-22	146/400	240
Gunnar Rúnarsson	0191	Skúmur GK-22	146/400	240
Karl Snorrason	0203	Fjölnir GK-17	152/820	240
Karl Snorrason	0203	Fjölnir GK-17	152/820	240
Björgvin Eiríksson	0237	Hrungnir GK-50	199/1000	240
Björgvin Eiríksson	0237	Hrungnir GK-50	199/1000	240
Ólafur Jóhannesson	0288			240
Ólafur Jóhannesson	0288			240
Sigurður G. Steinþórsson	0509	Sigurþór GK-43	35/240	240
Steingrímur Thorarensen	0509	Sigurþór GK-43	35/240	240
Steingrímur Thorarensen	0509	Sigurþór GK-43	35/240	240
Meyvant Einarsson	0597	Harpa GK-111	67/425	240
Kristinn Kárason	0671	Máni GK-36	71/425	240
Kristinn Kárason	0671	Máni GK-36	71/425	240

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Kári Hartmannsson	0727	Hraunsvík GK-68	56/370	240
Kári Hartmannsson	0727	Hraunsvík GK-68	56/370	240
Kjartan Einarsson	0733			240
Friðgeir Björgvinsson	0865	Friðgeir Trausti GK-400	42/340	240
Emil Ágústsson	0914	Þorbjörn GK-540	74/475	240
Helgi Th. Anderson	0914	Þorbjörn GK-540	74/465	240
Sigurður Ólafsson	0914	Þorbjörn GK-540	74/465	240
Þorsteinn P. Baldursson	0914	Þorbjörn GK-540	74/465	240
Michael Hallgrímsson	0920	Þórkatla GK-97	74/635	240
Hjörtur Jónsson	0922	Búðanes GK-101	62/425	240
Hjörtur Jónsson	0922	Búðanes GK-101	62/425	240
Stefán Harðarson	0922	Búðanes GK-101	164/475	240
Sigurður Þorsteinsson	0951	Vörðunes GK-45	77/400	240
Sigurður Þorsteinsson	0951	Vörðunes GK-45	77/400	240
Haraldur J. Jóhannsson	0975	Sighvatur GK-57	208/660	240
Einar Bjarnason	0979	Víkurberg GK-1	312/1200	240
Benony Þórhallsson	0979	Víkurberg GK-1	312/1200	240
Einar Bjarnason	0979	Víkurberg GK-1	312/1200	240
Reynir Sigurðsson	1006	Hrafn GK-12	347/1125	240
Reynir Sigurðsson	1006	Hrafn GK-12	347/1125	240
Bjarni Guðbrandsson	1023	Skarfur GK-666	217/900	240
Bjarni Guðbrandsson	1023	Skarfur GK-666	217/900	240
Ingimar H. Reynisson	1028	Hrafn Sveinbjarnarson GK-255	214/850	240
Ingimar Reynisson	1028	Hrafn Sveinbjarnarson GK-255	214/850	240
Ólafur Andrésson	1028	Hrafn Sveinbjarnarson GK-255	214/850	240
Ómar Ólafsson	1046			240
Erlingur Sæmundsson	1063	Kópur GK-175	243/870	240
Pétur A. Steinþórsson	1063	Kópur GK-175	204/870	240
Adolf Skarphéðinsson	1095	Hópsnes GK-77	120/560	240
Adolf Skarphéðinsson	1095	Hópsnes GK-77	123/550	240
Grétar Þorgeirsson	1318	Sigrún GK-380	51/240	240
Vilhelm Guðmundsson	1333	Sigurður Þorleifsson GK-256	164/765	240
Magnús Arthúrsson	1333	Sigurður Þorleifsson GK-256	164/765	240
Vilhelm Guðmundsson	1333	Sigurður Þorleifsson GK-256	164/765	240
Ólafur Þorgeirsson	1501	Þórshamar GK-75	326/1900	240
Ásmundur Jónsson	1512	Grindvíkingur GK-606	577/2700	240
Bjarni Guðbrandsson	1512	Grindvíkingur GK-606	577/2700	240
Jóhann Alfreðsson	1512	Grindvíkingur GK-606	577/2700	240
Magnús Reynisson	1512	Grindvíkingur GK-606	577/2700	240
Sigurjón Halldórsson	1512	Grindvíkingur GK-606	577/2700	240
Svanberg Finnbogason	1512	Grindvíkingur GK-606	570/2700	240
Svanberg Finnbogason	1512	Grindvíkingur GK-606	577/2700	240
Stefán Ásgrímsson	1626	Hafrenningur GK-38	295/800	240
Ragnar Þorgeirsson	1636	Farsæll GK-162	35/300	240
Rúnar Gunnarsson	0021	Mummi GK-120	176/600	245
Gunnar Magnússon	0043			245
Knútur Matthíasson	0171			245
Atli Örvar	0686			245
Róbert Brink	0963	Sigurjón GK-49	75/425	245
Eggert Andrésson	0963	Sigurjón GK-49	75/425	245
Gylfi Felixson	0978	Sigurpáll GK-375	203/1000	245
Magnús Sörensson	1204			245
Ágúst Ágústsson	1321			245
Karl K. Herbertsson	0068	Kristinn ÓF-30	148/750	250
Sæmundur Torfason	0573			250
Björn V. Björnsson	1128			250
Sævar Ingi Jóelsson	1167			250
Sigmundur Sigurðsson	1231			250
Guðmundur Andersen	1393			250
Arnar Gunnlaugsson	1449	Erlingur GK-6	299/1800	250
Einar Már Aðalsteinsson	1449	Erlingur GK-6	299/1800	250
Skafti Skúlason	1449	Erlingur GK-6	299/1800	250
Skafti S. Skúlason	1449	Erlingur GK-6	299/1800	250
Þorsteinn S. Jafetsson	1449	Erlingur GK-6	299/1800	250
Erlendur Þórisson	1453	Sigurvin GK-51	26/176	250
Gunnar Jónsson	1605	Haförn GK-90	296/1250	250

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Pétur Þ. Lárusson	0007			300
Guðjón Valgeirsson	0220	Víkingur AK-100	950/2880	300
Guðlaugur Gunnarsson	0220	Víkingur AK-100	950/2880	300
Þorsteinn Guðbjörnsson	0747	Sigurfari ST-117	13/66	300
Gestur Már Gunnarsson		Már SH-262	17	340
Tryggvi Gunnarsson	0078			340
Björgvin Ólafsson	0079	Örn SH-248	88/400	340
Júlíus Konráðsson	0079	Örn SH-248	88/400	340
Jón Guðmundsson	0079	Örn SH-248	88/400	340
Sveinn Ragnarsson	0154	Sigurður Sveinsson SH-36	88/565	340
Sveinn Ragnarsson	0154	Sigurður Sveinsson SH-36	88/565	340
Guðmundur Gunnlaugsson	0210			340
Teitur Guðnason	0210			340
Ægir Þór Ólafsson	0210			340
Sumarliði Bogason	0245			340
Ásgeir Árnason	0398	Gísli Gunnarsson SH-85	17/162	340
Ásgeir Árnason	0398	Gísli Gunnarsson SH-85	17/162	340
Gunnar Haraldsson	0480	Grettir SH-104	73/458	340
Gunnar Haraldsson	0480	Grettir SH-104	73/458	340
Gunnar Haraldsson	0480	Grettir SH-104	73/340	
Pétur W. Jack	0706	Haförn SH-122	88/400	340
Ragnar Berg Gíslason	0706	Haförn SH-122	88/400	340
Hilmar Sveinsson	0741	Ársæll SH-88	64/360	340
Hilmar Sveinsson	0741	Ársæll SH-88	64/360	340
Hörður Sigurðsson	0741	Ársæll SH-88	64/360	340
Hörður Sigurðsson	0741	Ársæll SH-88	64/360	340
Grettir Guðmundsson	0848	Sigurvon SH-121	75/400	340
Ægir Þór Ólafsson	0848	Sigurvon SH-121	75/400	340
Ari Arason	0853	Andri SH-21	65/280	340
Ari Arason	0853	Andri SH-21	65/280	340
Heimir K. Björnsson	0853	Andri SH-21	65/280	340
Jakob Ingi Jakobsson	0853	Andri SH-21	65/280	340
Pétur Guðmundsson	0925	Þórsnes SH-108	69/360	340
Guðmundur Lárusson	0994	Baldur	193/640	340
Rúnar E. Indriðason	0994	Baldur	193/320	340
Pétur Guðmundsson	1106	Sif SH-3	117/425	340
Pétur Guðmundsson	1106	Sif SH-3	117/425	340
Björn Sigurjónsson	1170	Andey SU-150	123/565	340
Hermann Bragason	1170	Andey SU-150	123/520	340
Jóhann K. Björnsson	1170	Andey-SU 150	123/565	340
Bergsveinn Gestsson	1222	Árni SH-262	17/160	340
Gestur M. Gunnarsson	1222	Árni SH-262	17/155	340
Haraldur Thorlacius	1311	Rúna SH-35	29/350	340
Sigurður Óli Sigurðsson	1311	Rúna SH-35	17/150	340
Einar V. Sigurðsson	0057			350
Gunnar Magnússon	0467	Grundfirðingur II SH-124	54/350	350
Hallgrímur Magnússon	0554			350
Sölvi Jónsson	0619	Sóley SH-150	63/490	350
Guðmundur Reynisson	0630	Lýður Valgeirsson SH-40	50/380	350
Pálmi Pálmason	0630	Lýður Valgeirsson SH-40	53/340	350
Sævaldur Fj. Eiríksson	1399	Haukaberg SH-20	104/565	350
Kjartan Gunnarsson	1408	Runólfur SH-135	312/175	350
Bjarni Jónasson	1585	Sigurfari II SH-105	431/2230	350
Valdimar Elísson	?	Gustur SH-143	35/	350
Pétur Bogason	0144	Gunnar Bjarnason SH-25	177/1000	355
Kristján Guðmundsson	0582	Hringur SH-277	71/425	355
Guðni Sigurðsson	0670			355
Hafþór Guðmundsson	0720	Bervík SU-43	36/360	355
Hafþór Guðmundsson	0720	Bervík SU-43	36/360	355
Ólafur B. Þórðarson	1304	Ólafur Bjarnason SH-137	104/500	355
Haraldur Ingvason	1415	Fróði SH-15	143/465	355
Magnús Ríkharðsson	?	Lómur SH-177	69/425	355
Steinar Þ. Birgisson	0378	Gísli Kristján ÁR-35	18/230	360
Fannar Eyfjörð	1400	Karlsey	178/320	380
Þorgeir Samúelsson	1400	Karlsey	179/340	380
Pétur S. Kristjánsson		Ása ÍS-152	62/365	400

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Þráinn Arthúrsson	0046	Fagranes	400	400
Ragnar A. Kristinsson	0093	Ása ÍS-152	62/360	400
Helgi Helgason	0734	Sigurður Þorkelsson ÍS-267	34/240	400
Theódór Theódórsson	0740	Sigrún KE-14	65/370	400
Ragnar Benediktsson	1274			400
Guðmundur Sigurvinsson	1274			400
Kristinn Skarphéðinsson	1274			400
Ásgeir Ásgeirsson	1302	Guðbjartur ÍS-16	407/1750	400
Ásgeir Ásgeirsson	1302	Guðbjartur ÍS-16	407/1750	400
Brynjólfur Bjarnason	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Brynjólfur Bjarnason	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Jón Hj. Jóhannsson	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Jón Hj. Jóhannesson	1536	Júlíus Geirmundsson ÍS-270	497/2350	400
Arnar Kristinsson	1579	Guðbjörg ÍS-46	484/3200	400
Arnar Kristinsson	1579	Guðbjörg ÍS-46	484/3200	400
Flosi Kristjánsson	1579	Guðbjörg ÍS-46	484/3200	400
Flosi Kristjánsson	1579	Guðbjörg ÍS-46	484/3200	400
Valgeir Jónasson	1579	Guðbjörg ÍS-46	484/3200	400
Unnsteinn Halldórsson	1638	Jón Þórðarson BA-180	191/1025	400
Ragnar Benediktsson	1274	Páll Pálsson ÍS-102	462/2000	410
Guðmundur Sigurvinsson	1274	Páll Pálsson ÍS-102	462/2000	410
Þórbergur Jóhannesson	1440	Siggi Sveinsson ÍS-29	27/100	410
Þórbergur Jóhannesson	1440	Siggi Sveinsson ÍS-29	27/300	410
Þórbergur Jóhannesson	1440	Siggi Sveinsson ÍS-29	27/300	410
Jakob Magnússon	0247	Hugrún ÍS-7	163/675	415
Jakob Magnússon	0247	Hugrún ÍS-7	163/675	415
Guðmundur Grétar Lúðvíksson	0939			415
Páll Benediktsson	0977	Jakob Valgeir ÍS-84	204/800	415
Skúli Bjarnason	1410	Dagrún ÍS-9	499/1800	415
Arnór Jónsson	1505	Heiðrún ÍS-4	294/1450	415
Arnór Jónsson	1506	Heiðrún ÍS-4	294/1450	415
Halldór F. Guðmundsson	1115	Sigrún ÍS-113	38/235	420
Halldór Magnússon	1115	Sigrún ÍS-113	38/235	420
Halldór Magnússon	1115	Sigrún ÍS-113	38/235	420
Jón Ragnarsson	1313	Bessi ÍS-410	407/1750	420
Sverrir Sigurðsson	1313	Bessi ÍS-410	407/1750	420
Sverrir Sigurjónsson	1313	Bessi ÍS-410	407/1750	420
Valgeir Guðmundsson	1313	Bessi ÍS-410	407/1750	420
Valgeir Guðmundsson	1313	Bessi ÍS-410	407/1750	420
Guðjón Kjartansson	1403	Valur ÍS-420	41/355	420
Sverrir Pétursson	1403	Valur ÍS-420	41/355	420
Sverrir Pétursson	1403	Valur ÍS-420	41/335	420
Ólafur Ragnarsson	0956	Sif ÍS-225	83/375	425
Gunnar Gunnarsson	0099			450
Skúli Haraldsson	0239	Vestri BA-63	204/660	450
Sveinn Vilhjálmsson	0239	Vestri BA-63	204/660	450
Gísli K. Birgisson	0269	Vestri BA-63	204/660	450
Erlendur H. Gylfason	0999	Þrymur BA-7	196/750	450
Gunnar Gunnarsson	0999	Þrymur BA-7	196/750	450
Gunnar Gunnarsson	0999	Þrymur BA-7	196/750	450
Hilmar Jónsson	1638	Jón Þórðarson BA-180	191/1025	450
Þórir Hálfdánarson	1638	Jón Þórðarson BA-180	191/1025	450
Gunnar P. Héðinsson	1640	Patrekur BA-64	172/250	450
Gunnar P. Héðinsson	1640	Patrekur BA-64	200/800	450
Sturla Berg Sigurðsson	0610			460
Bjarni O. Kristjánsson	0057	Framnes I ÍS-708	407/1750	470
Rafn Sigurðsson	0057	Framnes ÍS-608	137/495	470
Steinar Sigurðsson	0057	Framnes ÍS-608	137/495	470
Steinar Sigurðsson	0057	Framnes ÍS-608	137/495	470
Halldór B. Brynjarsson	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	51/335	470
Hólmgrímur Sigvaldason	0424	Gunnjóna Jensdóttir ÍS-117	52/373	470
Bjarni O. Kristjánsson	1327	Framnes I ÍS-708	407/1750	470
Gunnar O. Skarphéðinsson	1327	Framnes I ÍS-708	407/1750	470
Gunnar Ragnarsson	0565	Hilmir ST-1	28/205	510
Unnar Ragnarsson	0565	Hilmir ST-1	28/205	510
Þorsteinn Guðbjörnsson	0747	Sigurfari ST-117	13/88	510

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Þröstur Vilhjálmsson	0762	Ingibjörg ST-37	69/425	510
Þröstur Vilhjálmsson	0762	Ingibjörg ST-37	69/425	510
Magnús Þ. Jóhannsson	1129	Sigurbjörg ST-55	17/142	510
Hreinn Guðmundsson	1175	Donna ST-4	25/172	510
Hreinn Guðmundsson	1175	Donna ST-4	25/172	510
Þorvaldur G. Helgason	1436	Jón Pétur ST-21	39/305	510
Árni Magnús Björnsson	1487			510
Ásbjörn Magnússon	0789	Stefnir ST-150	36/228	520
Victor Ívar Ström	0910			520
Halldór Höskuldsson	1317	Grímsey ST-2	30/265	520
Ómar Guðmundsson	1369	Gunnvör ST-39	20/200	520
Árni Björnsson	1487	Ásbjörg ST-9	47/365	520
Ágúst Þorvaldsson	0694	Káraborg HU-77	13/215	530
Eggert Karlsson	1065	Glaður HU-67	43/300	530
Jón Grétarsson	1100			530
Vilhelm V. Guðbjartsson	0694	Káraborg HU-77	13/215	531
Steingrímur Garðarsson	0862			550
Guðlaugur Henriksen	0411	Aldan SI-85	15/155	580
Jóel Kristjánsson	1105	Guðrún Jónsdóttir SI-155	48/290	580
Finnur Hauksson	1511	Sif ÍS-90	15/150	580
Ólafur Haraldsson	0674	Njörður EA-208	12/150	600
Haukur Konráðsson	1060	Súlan EA-300	391/1800	600
Már Þórólfsson	0158	Oddgeir ÞH-222	163/700	610
Þórólfur M. Þórólfsson	0158			610
Grímur Laxdal	0284	Anna ÓF-7	20/164	610
Hreinn Gíslason	0284	Anna ÓF-7	19/164	610
Vilhjálmur Ísaksson	0297	Sjöfn ÞH-142	63/425	610
Magnús Jónsson	1042	Vörður ÞH-4	210/800	610
Magnús Jónsson	1042	Vörður ÞH-4	210/800	610
Robert Þórðarson	1042	Vörður ÞH-4	210/800	610
Þorgeir Björnsson	1059	Hákon ÞH-250	414/1420	610
Þorgeir Björnsson	1059	Hákon ÞH-250	414/1420	610
Arnþór Þorsteinsson	1094	Frosti II ÞH-220	132/500	610
Arnþór Þorsteinsson	1094	Frosti ÞH-220	132/500	610
Óttar Jóhannsson	1452	Þorleifur EA-88	29/300	611
Halldór Gunnarsson	0044	Brimnes EA-14	149/495	620
Gunnar Friðriksson	0464	Haraldur EA-62	64/370	620
Steindór Sigfússon	0464	Haraldur EA-62	64/370	620
Arngrímur Jónsson	0797	Sænes EA-26	91/400	620
Sigurpáll Guðmundsson	0797	Sænes EA-26	91/400	620
Gunnar Þórarinsson	0839	Sæljón EA-55	61/335	620
Gunnar Þórarinsson	0839	Sæljón EA-55	61/335	620
Örn Sverrisson	0839	Sæljón EA-55	61/335	620
Leifur Björnsson	1355	Björgvin EA-311	407/1850	620
Leifur Björnsson	1355	Björgvin EA-311	407/1850	620
Már Kristinsson	1355	Björgvin EA-311	407/1850	620
Már Kristinsson	1355	Björgvin EA-311	407/1850	620
Sigurbjörn Benediktsson	1414	Vinur EA-80	29/300	620
Hannes Haraldsson	1417	Sólrún EA-151	27/300	620
Arni Júlíusson	1476	Björgúlfur EA-312	424/2150	620
Óli Þór Jóhannsson	1476	Björgúlfur EA-312	424/2100	620
Reymar Þorleifsson	1481			620
Arngrímur Jónsson	1608	Baldur EA-108	295/1200	620
Arngrímur Jónsson	1608	Baldur EA-108	301/1250	620
Jónas Georgsson	0068	Kristinn ÓF-30	148/750	725
Konráð Sigurðsson	0068	Kristinn ÓF-30	148/750	625
Þorleifur Sigurbjörnsson	0284	Anna ÓF-7	20/164	625
Trausti Guðmundsson	0286	Ármann ÓF-38	22/165	625
Trausti Guðmundsson	0286	Ármann ÓF-38	22/165	625
Konráð Sigurðsson	0980			625
Kristinn Gylfason	1218			625
Ragnar S. Ólafsson	1281	Ólafur Bekkur ÓF-2	461/2000	625
Ragnar S. Ólafsson	1281	Ólafur Bekkur ÓF-2	461/2000	625
Ríkharður Sigurðsson	1281	Ólafur Bekkur ÓF-2	461/2000	625
Sigurður Ó. Jónsson	1281	Ólafur Bekkur ÓF-2	461/2000	625
Sigurður Ó. Jónsson	1281	Ólafur Bekkur ÓF-2	461/2000	625

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Þorsteinn Einarsson	1397	Sólberg ÓF-12	500/1800	625
Sverrir Fannbergsson	1397	Sólberg ÓF-12	500/1800	625
Hannes Árnason	1530	Sigurbjörg ÓF-1	499/2000	625
Ragnar Pálmason	1236			630
Jón Dan Jóhannsson	1442	Snæfell EA-740	300/1500	630
Ásþór Sigurðsson	0185	Sigþór ÞH-100	168/600	640
Einar Gústafsson	0586	Björg Jónsdóttir ÞH-321	76/425	640
Jón H. Óskarsson	1097	Guðrún Björg ÞH-355	16/163	640
Jón H. Óskarsson	1097	Guðrún Björg ÞH-355	16/154	640
Ásgeir Þórðarson	1186	Ásgeir ÞH-198	20/328	640
Tryggvi Bessason	1207	Geiri Péturs ÞH-344	138/580	640
Brynjar Þ. Halldórsson	1445	Fanney ÞH-130	22/230	640
Sigurjón Sigurbjörnsson	1445	Fanney ÞH-130	22/230	640
Karl O. Aðalsteinsson	1475	Sæborg ÞH-55	40/365	640
Bjarni Baldursson	0740	Sigrún KE-14	65/370	670
Bjarni Baldursson	0740	Sigrún KE-14	65/370	670
Gunnar Þ. Magnússon	0740	Sigrún KE-14	65/370	671
Óðinn Vermundsson	0740	Sigrún KE-14	65/370	671
Helgi Halldórsson	0641	Kópur VE-11	81/580	675
Indriði Hilmarsson	0641	Kópur VE-11	81/580	675
Kristján Þ. Þórhallsson	0641	Kópur VE-11	81/580	675
Örn Guðnason	0641	Kópur VE-11	81/580	675
Guðmundur Þór Óskarsson	0926	Þorsteinn GK-15	50/280	675
Þormóður Sveinsson	1280	Rauðinúpur ÞH-160	461/2000	
Hreinn Geirsson	0462			680
Ingi Viðar Ásgeirsson	0926	Þorsteinn GK-15	50/280	680
Jóhann Þorbergsson	1267	Faldur ÞH-153	18/153	680
Jóhann Berg Þorbergsson	1267	Faldur ÞH-153	18/153	680
Agnar Jónsson	1423	Seifur ÞH-265	22/210	680
Kristján Sigfússon	1423	Seifur ÞH-265	23/210	680
Róbert Þorláksson	1609	Stakfell ÞH-360	471/2200	680
Ragnar Sigurgeirsson	1189	Þorkell Björn NS-123	15/153	685
Þorsteinn Sigurbjörnsson	1250	Byr NS-192	33/250	685
Bjarki Björgúlfsson	1581	Halldór Runólfsson NS-301	29/195	685
Hörður Jónsson	1581	Halldór Runólfsson NS-301	29/195	685
Stefán Ö. Hjartarson	1581	Halldór Runólfsson NS-301	29/195	685
Karl Jóhann Birgisson	1587	Már NS-87	26/195	685
Eyvind Torshamar	1631	Fálkinn NS-325	30/260	685
Sveinbjörn Guðjónsson	1631	Fálkinn NS-325	30/260	685
Jón Þorgeirsson	1216	Gullver NS-12	331/1375	710
Charles Magnússon	0155	Jón Kjartansson SU-111	775/2880	735
Guðni Kristinsson	0155	Jón Kjartansson SU-111	775/2880	735
Hallgrímur Arason	0155	Jón Kjartansson SU-111	775/2880	735
Hreggviður Friðbergsson	0155	Jón Kjartansson SU-111	775/2880	735
Jóhann Bremnes	0252	Sæberg SU-9	275/1350	735
Þorsteinn Snorri Jónsson	0928	Þorsteinn SU-34	19/188	735
Guðmundur S. Ingimarsson	1076			735
Sævar Kristinsson	1125	Vöttur SU-3	170/690	735
Sævar Kristinsson	1125	Vöttur SU-3	170/690	735
Baldur Grétarsson	1291	Votaberg SU-14	134/500	735
Guðmundur Gylfason	1312	Guðmundur Þór SU-12	17/145	735
Gylfi Óskarsson	1398	Sæljón SU-104	142/750	735
Árni M. Jónasson	1567	Hólmatindur SU-220	499/2000	735
Gunnar Jónsson	0226	Beitir NK-123	754/2640	740
Stefán Björnsson	1031			740
Einar Sigurjónsson	1278	Bjartur NS-121	461/2000	740
Guðni H. Sigurðsson	1278	Bjartur NS-121	461/2000	740
Guðni H. Sigurðsson	1278	Bjartur NS-121	461/2000	740
Jóhann P. Gíslason	1293	Börkur NS-122	711/2150	740
Agnar Ásgrímsson	1495	Birtingur NK-119	453/1500	740
Agnar Ásgrímsson	1495	Birtingur NK-119	453/1500	740
Hermann Beck	1495	Birtingur NK-119	453/1500	740
Sigurgeir Jóhannesson	0168	Sæbjörg SU-403	234/1000	750
Þorlákur Helgason	1000			750
Sigurður Sigurbjörnsson	1077	Þorri SU-402	203/765	750

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Sigurður Þórðarson	1077	Þorri SU-402	203/765	750
Þorlákur Helgason	1077	Þorri SU-402	203/765	750
Árni Ólafsson	1277	Ljósafell SU-70	462/2000	750
Grétar Finnbogason	1277	Ljósafell SU-70	462/2000	750
Jón Ásmundsson	1277	Ljósafell SU-70	462/2000	750
Kristmundur Þorleifsson	1277	Ljósafell SU-70	462/2000	750
Steinn Eiríksson	1359	Sólborg SU-202	138/750	750
Sæmundur Guðmundsson	1359	Sólborg SU-202	138/750	750
Björn Pálsson	1497	Kambaröst SU-200	487/1740	755
Garðar Skarphéðinsson	1497	Kambaröst SU-200	487/1740	755
Magnús Aðils Stefánsson	1497	Kambaröst SU-200	487/1740	755
Hallur Gunnlaugsson	0210	Hafnarey SU-210	88/620	760
Einar Matthíasson	0925	Þórsnes SU-308	69/370	760
Haukur Heiðar Hauksson	0925	Þórsnes SU-308	69/370	760
Ragnar S. Jónsson	0925	Þórsnes SU-308	69/370	760
Aron Árnason	1630	Krossanes SU-4	266/890	760
Hreinn Guðmundsson	1630	Krossanes SU-4	266/890	760
Tryggvi Gunnlaugsson	1603	Sunnutindur SU-59	298/1700	765
Runólfur Hauksson	0002	Akurey SF-52	86/500	780
Ásgeir Guðnason	0202	Jón Bjarnason SF-3	103/440	780
Nökkvi Jóhannesson	0262	Ágúst Guðmundsson SF-95	100/700	780
Hreinn Geirsson	0462	Eskey SF-54	70/425	780
Jóhann Jónsson	0462	Eskey SF-54	70/425	780
Eggert D. Hallgeirsson	0936	Æskan SF-140	72/580	780
Ómar Fransson	0936	Æskan SF-140	72/580	780
Svavar Garðarsson	0936	Æskan SF-140	72/580	780
Svavar Garðarsson	0936	Æskan SF-140	72/580	780
Benedikt Sigurbergsson	0964	Gissur hvíti SF-55	165/800	780
Ágúst Runólfsson	0974	Skógey SF-53	207/660	780
Ágúst Runólfsson	0974	Skógey SF-53	207/660	780
Erlingur Ragnarsson	1043	Vísir H/F	149/550	780
Friðrik Bjarnason	1043	Vísir SF-64	149/550	780
Gísli Ágústsson	1043	Vísir SF-64	149/400	780
Kristinn Péturssson	1043	Vísir SF-64	149/550	780
Hrafnkell Ingólfsson	1264	Steinunn SF-10	103/425	780
Andrés Bragason	1324	Bjarni Gíslason SF-90	101/425	780
Jóhann Ólafsson	1324	Bjarni Gíslason SF-90	101/425	780
Jóhann Ólafsson	1324	Bjarni Gíslason SF-90	101/425	780
Reynir Þórðarson	1324	Bjarni Gíslason SF-90	101/425	780
Svavar Garðarsson	1430	Æskan SF-140	70/580	780
Steingrímur Einarsson	1473	Bjarni Herjólfsson ÁR-200	488/2200	800
Guðmundur Magnússon	0013			815
Guðmundur Magnússon	0013			815
Sigurður Garðarsson	0163	Klængur ÁR-2	88/620	815
Sigurður Garðarsson	0163	Klængur ÁR-2	88/620	815
Hrafn B. Hauksson	0217	Sæunn Sæmundsdóttir ÁR-60	148/500	815
Sigurður Þorsteinsson	0217	Sæunn Sæmundsdóttir ÁR-60	148/500	815
Sigurður Þorsteinsson	0217	Sæunn Sæmundsdóttir ÁR-60	148/500	815
Lúðvík W. Dowjak	0249	Höfrungur III ÁR-250	221/850	815
Sigurður Ólafsson	0249	Höfrungur III ÁR-250	221/850	815
Sigurður Ólafsson	0249	Höfrungur III ÁR-250	221/850	815
Jón D. Þorsteinsson	0250	Ísleifur IV ÁR-463	172/800	815
Einar Ingvason	0378	Gísli Kristján ÁR-35	18/230	815
Steinar Þ. Birgisson	0378	Gísli Kristján ÁR-35	18/230	815
Hafsteinn Hafsteinsson	0482	Bjarnavík ÁR-13	52/370	815
Skúli Gestsson	0482	Bjarnavík ÁR-13	52/370	815
Gestur Sigþórsson	0784	Sigmundur ÁR-20	57/350	815
Gestur Sigþórsson	0784	Sigmundur ÁR-20	57/350	815
Jón Kr. Kristjánsson	0784	Sigmundur ÁR-20	57/350	815
Sigmar Jóhannsson	0784	Sigmundur ÁR-20	57/350	815
Jón Þorvaldsson	0892	Jón Helgason ÁR-12	60/280	815
Sigurður Garðarsson	0892	Jón Helgason ÁR-12	60/425	815
Ármann Sigurðsson	0903	Skálafell ÁR-107	199/800	815
Andrés Kristjánsson	0980	Friðrik Sigurðsson ÁR-107	199/800	815
Björn Sigmundsson	1056	Dalaröst ÁR-63	239/660	815
Einar Reynisson	1056	Dalaröst ÁR-63	239/500	815
Þorkell Guðgeirsson	1056	Dalaröst ÁR-63	239/660	815

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Hallgrímur Þorsteinsson	1067	Jóhann Gíslason ÁR-42	243/600	815
Sveinbjörn Guðjónsson	1067	Jóhann Gíslason ÁR-42	243/660	815
Þorbjörn Gestsson	1070	Húnaröst ÁR-150		815
Nikulás Ívarsson	1084	Jóhann Friðrik ÁR-17	126/645	815
Magnús E. Lárusson	1315	Eyrún ÁR-66	21/230	815
Hörður Hólm Garðarsson	1434	Kristín ÁR-101	30/275	815
Hjálmar Guðmundsson	1434	Kristín ÁR-101	30/275	815
Hjörtur B. Jónsson	1434	Kristín ÁR-101	30/275	815
Hjörtur B. Jónsson	1434	Kristín ÁR-101	30/275	815
Hörður Jónsson	1434	Kristín ÁR-101	30/275	815
Hörður Hólm Garðarsson	1434	Kristín ÁR-101	30/275	815
Páll H. Jónsson	1510	Guðfinna Steinsdóttir ÁR-10	127/565	815
Ásgeir Ólafsson	1510	Guðfinna Steinsdóttir ÁR-10	127/565	815
Jón Baldursson	1529	Þorlákur ÁR-5	415/1500	815
Jón Baldursson	1529	Þorlákur ÁR-5	415/1500	815
Guðni Sigurðsson	1562	Jón á Hofi ÁR-62	276/900	815
Guðni Sigurðsson	1562	Jón á Hofi ÁR-62	276/900	815
Finnur Kristjánsson	1562	Jón á Hofi ÁR-62	276/900	815
Skúli Þórarinsson	0133	Álaborg ÁR-25	88/520	820
Ingi Þór Þórarinsson	0133	Álaborg ÁR-25	88/520	820
Benedikt Benediktsson	0200	Þorlákur helgi ÁR-11	146/620	820
Bjarnfinnur Sverrisson	0571	Fossborg ÁR-31	17/115	820
Hilmar Andrésson	0571	Fossborg ÁR-31	17/115	820
Emil Hólm Frímannsson	1126	Skálavík ÁR-185	45/275	820
Gylfi Jónsson	0010	Fróði ÁR-33	103/750	825
Gylfi Jónsson	0010	Fróði ÁR-33	103/750	825
Þorfinnur Jóhannsson	0137	Njörður ÁR-38	105/565	825
Eggert Guðlaugsson	0542	Hólmsteinn ÁR-27	54/280	825
Jónas Henningsson	1075	Hásteinn ÁR-8	47/350	825
Jónas Henningsson	1075	Hásteinn ÁR-8	47/350	825
Hörður Sigurðsson	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Kjartan Agnarsson	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Kristján Jóhannesson	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Páll H. Jónsson	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Þórir J. Þorsteinsson	1171	Kópur ÁR-9	103/565	825
Þorkell Markússon	1245	Stokksey-ÁR-50	161/765	825
Sigurður I. Sveinbjarnarson	1473	Bjarni Herjólfsson ÁR-200	488/2200	825
Baldur Bragason	0189	Valdimar Sveinsson VE-22	155/600	900
Pétur Valdimarsson	0189	Valdimar Sveinsson VE-22	155/600	900
Þórður Jónsson	0236	Katrín VE-47	171/600	900
Guðmar Stefánsson	0244	Glófaxi VE-300	108/625	900
Sigurður Kristinsson	0244	Glófaxi VE-300	108/625	900
Sveinn Símonarson	0263	Gandi VE-171	131/700	900
Viktor Hjartarson	0433	Draupnir VE-550	73/400	900
Ómar Kristmannsson	0626	Jökull VE-15	35/340	900
Elías Pétursson	0707	Ófeigur III VE-325	86/425	900
Ragnar Gunnarsson	0707	Ófeigur III VE-325	86/425	900
Þorsteinn Ólason	0707	Ófeigur III VE-325	86/425	900
Hákon Hákonarson	0759	Sjöfn VE-37	50/240	900
Haraldur Sverrisson	0759	Sjöfn VE-37	50/240	900
Gunnar Bogason	0760	Sjöstjarnan VE-92	54/370	900
Guðmar Stefánsson	0788	Árntýr VE-115	49/350	900
Rex Feanehough	0788	Árntýr VE-115	49/350	900
Sigurjón Júlíusson	0795	Andvari VE-100	73/425	900
Ársæll Árnason	0968	Bergur VE-44	243/750	900
Magnús Hlynsson	0989	Sæbjörg VE-56	312/700	900
Erlendur Júlíusson	1035	Heimaey VE-1	251/1150	900
Guðmundur Gunnarsson	1039	Gjafar VE-600	230/660	900
Gylfi Harðarson	1062	Kap II VE-4	335/1065	900
Gylfi Harðarson	1062	Kap II VE-4	335/1065	900
Kristján Hilmarsson	1098	Kristbjörg VE-70	109/550	900
Björn Óskarsson	1135	Þórunn Sveinsdóttir VE-401	125/650	900
Óðinn Kristjánsson	1146	Danski Pétur VE-423	103/500	900
Engilbert Eiðsson	1199	Frár VE-78	124/400	900
Óðinn Guðmundsson	1228	Stígandi VE-77	20/185	900
Birgir Jóhannesson	1297	Álsey VE-502	147/765	900

Nafn undanþáguhafa:	Skipsnr.:	Heiti skips:	Stærð/vélarafl:	Höfn:
Oddgeir Úraníusson	1297	Álsey VE-502	147/765	900
Sigurjón Ingvarsson	1298	Bjarney VE-501	147/765	900
Gunnar Kristjánsson	1312	Guðmundur Þór SU-121	17/150	900
Þorsteinn Úlfarsson	1379	Dala-Rafn VE-508	142/750	900
Sveinbjörn Jónsson	1401	Gullberg VE-292	347/1250	900
Gísli Sveinsson	1443	Bylgja VE-75	149/610	900
Magnús Hlynsson	1443	Bylgja VE-75	149/610	900
Sigurður Ólafsson	1443	Bylgja VE-75	149/610	900
Grímur Gíslason	1461	Herjólfur	1038/2400	900
Ágúst Borgþórsson	1472	Klakkur VE-103	488/2200	900
Oddsteinn Pálsson	1478	Bergey VE-544	339/1400	900
Kristinn Daníelsson	1595	Helga Jóh VE-41	155/685	900

Efri deild, 48. fundur.

Miðvikudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Fæðingarorlof, frv. 150. mál (þskj. 209). — Frh. 1. umr.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Í frv. því sem hér um ræðir eru fjölmörg atriði sem ástæða er til að fjalla um. Það hefur verið rætt um að hér sé á ferðinni eitt brýnasta verkefni þingsins. Það er auðvitað álitamál, en allavega er það brýnt og forvitnilegt og mikilvægt. Það hefur verið undirstrikað af flm. frv. að gildi móðurmjólkur sé ótvírætt. Það undirstrikar sagan. En til skamms tíma hefur það samt sem áður verið mikið deilumál hvort móðurmjólk væri eins nauðsynleg börnum og ýmsir vilja vera láta. Ég mun síðar í mínu máli koma að því hvers vegna ég fjalla hér sérstaklega til móðurmjólk.

Það er talað um í frv. að full laun foreldra eigi að vera viðmiðun í því hvernig fæðingarorlof er afgreitt. Það eru strax vandkvæði á þessu og strax mismunun, strax stefnt að ákveðinni óvissu, þannig að ekki er hægt að skipuleggja hvað um er að ræða mikil fjárútlát í því dæmi sem frv. gerir ráð fyrir. Grundvallaratriðið í þessu máli finnst mér vera það, að jafnaður sé réttur kvenna um fæðingarorlofs, að það gildi fyrir allar konur hvort sem þær eru heimavinnandi eða útivinnandi. Það er grundvallaratriði og á að vera fyrsti áfangi í þessu máli sem er mikið framfaramál. Flm. ræddi um að foreldrar eigi að leggja jafnan grunn að framtíð barnsins. Þetta er auðvitað svo sjálfsagt mál að óþarft er að taka það upp í slíku erindi. En þegar fjallað er um fæðingarorlof hlýtur að þurfa að taka tillit til ákveðinna þátta. Þar tel ég að mikilvægasti þátturinn sé einmitt brjóstagjöfin. Þess vegna á það að vera forgangsatriði þegar slík mál eru afgreidd. Það er fjallað um það í frv. að kjörforeldrar eigi að hafa sama rétt til fæðingarorlofs og aðrir foreldrar. Ég tel þetta ekki einhlítt. Ég tel að þarna eigi meira að ráða mikilvægi brjóstagjafar fyrir barnið.

Það hefur komið fram að það kostar um það bil 2% af fjárlögum að afgreiða fæðingarorlofið eins og frv. gerir ráð fyrir. Það eru ekki svo litlir peningar. Flm. benti á að við eigum að fjárfesta í börnum okkar með því að bjóða þeim það besta sem völ er á. Liður í því er auðvitað fæðingarorlof. Liður í því er sá tími sem foreldrunum gefst til að sinna barninu á fyrstu mánuðum, kannske viðkvæmustu mánuðum lífsins, þeim mánuðum sem barnið er brothættast á leið sinni til að verða þroskaður einstaklingur.

Bent er á það í frv. að nú sé svigrúm til þess hjá atvinnurekstri landsins að taka á sig auknar byrðar vegna fæðingarorlofs. Ég er ósammála slíkum málflutningi einhliða. Sá tími kann að koma, en nú þegar lagt er kapp á að treysta grunn atvinnurekstursins til að skapa aukin atvinnutækifæri verður að fara varlega í slíkum yfirlýsingum og að etja saman öflum sem óeðlilegt er að tengja saman.

Flm., hv. 11. þm. Reykv. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, blandar jafnvel útflutningsbótum til bænda inn í umr. um þetta frv. Ýmis slík atriði, sem reynt er að gera tortryggileg, er ástæðulaust að tengja slíku máli sem varðar rétt allra þegna á Íslandi. Það er spurt hvort ekki sé nær að setja 280 millj. kr. af útflutningsbótum í fæðingarorlof. Það er spurt hvort ekki væri nær að skipta þarna á milli. Það er ekki bændum að kenna hvernig þróunin hefur orðið í útflutningsbótum. Það er rangri stjórn í landinu að kenna. Þegar verðbólga var eðlileg á sínum tíma fékkst hátt hlutfall fyrir það kjöt sem var talið umframframleiðsla, allt að 70—80%. En að undanförnu hefur þetta hlutfall farið niður í 17—19%.

Það eru þannig fjölmörg atriði sem mér finnst ruglað saman í þessum málflutningi. Hins vegar er ástæða til að draga saman það sem skiptir mestu máli og það mun ég gera vegna þess að skorað var á okkur karlmenn í þessari hv. deild að láta til okkar heyra. Við höfum auðvitað sitthvað til málanna að leggja. Hv. 8. landsk. þm. Kolbrún Jónsdóttir hvatti til að karlmenn væru reiðubúnir til að taka á sig nokkra ábyrgð af barnsfæðingum. Ég held að það sé sjálfgefið mál. Ég vil þess vegna fjalla nokkuð um það atriði sem ég gat um í upphafi og ég tel mikilvægast, en það er brjóstagjöfin og það tímabil sem brjóstagjöfin er æskilegust fyrir barnið.

Það er engin spurning um það að brjóstamjólk er fullkomnasta næringin sem völ er á fyrir börnin. Í henni eru öll efni sem líkaminn þarfnast til vaxtar og hlutföllin eru ávallt rétt. Það er sama hvort um er að ræða brjóstamjólk konu sem hefur notið fjölbreyttrar nær-

ingar eða þeirrar sem hefur búið við næringarskort. Það er lítill munur þar á efnisinnihaldi, vítamínum, fitu og eggjahvítuefnum almennt. Það er að vísu svolítið breytilegt hlutfall á milli landa og segir auðvitað ákveðna sögu, en í meginatriðum er ekki um verulegan mismun að ræða. Þannig inniheldur brjóstamjólk konu öll eggjahvítuefni, fitu, steinefni og vítamín sem þörf er á til eðlilegs viðhalds og vaxtar. Hlutföll mjólkurinnar aðlagast sjálfkrafa kröfum barnsins eftir aldri. Og þar komum við að einum meginþætti, eftir aldri, vegna þess að þegar rætt er um það hvort auka eigi fæðingarorlof þá á að gera meiri greinarmun á því hvaða áhrif það hefur fyrir barnið og foreldrana annars vegar, hvaða áhrif það hefur líffræðilega, eða hvort verið er að stilla þessu upp sem einhverju puntdæmi og vitna þá til annarra landa, sem byggja ekki á rökum þessu efni, heldur pólitískri ákvörðun.

Á síðari árum hafa farið fram mjög auknar vísindalegar rannsóknir á gildi brjóstamjólkur. Ég minnist þess úr gagnfræðaskóla að þar stóð í kennslubók um brjóst eftirfarandi að mig minnir: Brjóst eru kirtlar sem gefa af sér mjólk eftir barnsburð. Í hvorum kirtli er safn af pípum sem framleiða mjólkina og skila henni að yfirborði geirvörtunnar.

Þetta umræðuefni er nú að verða að einhverju leyti fræðsla um brjóstamjólk og brjóstagjöf, en ég tel það nauðsynlegt vegna þess að nú eru nýir tímar sem sýna og sanna að það er nauðsynlegt að menn taki meira tillit til þessara hluta en gert hefur verið.

Þegar nýfæddu barni er gefið næringarefni sem ekki er sérstaklega ætlað manneskjum getur hið viðkvæma líffærakerfi þess brugðist hart við með myndun ofnæmis. Í kúamjólk er t. d. tvöfalt meira af eggjahvítuefnum en í mjólk úr konubrjósti. Og þessi efni, þetta efnishlutfall er ekki ætlað mannverum heldur kálfum. Það er álitið samkvæmt nýjum rannsóknum að sé barnið gefið slíkt óskylt efni í frumbernsku geti það valdið ofnæmi sem leiði til ýmissa óþæginlegra ofnæmiseinkenna gagnvart ýmsum fæðutegundum síðar á lífsleiðinni. Þar sem ofnæmi er algengt í fjölskyldum og þar af leiðandi oft arfgengt er foreldrum eindregið ráðlagt að reyna að gefa börnunum eingöngu brjóstamjólk fyrstu mánuðina.

Enn skortir á að frætt sé um þessi mál. Það hefur skort á að það sé gert af hálfu hins opinbera og af hálfu þeirra aðila sem sinna þessum þáttum í þjóðfélaginu. Ofnæmi eins og ég gat um, ofnæmiseinkenni geta lýst sér t. d. sem astma, exem eða húðútbrot. Þetta eru aðeins örfá dæmi af mörgum.

Því er ástæða til að taka tillit til brjóstagjafar að það getur skipt sköpum fyrir einstaklinginn allt lífið. Margt bendir til þess skv. rannsóknum vísindamanna síðustu ár að hafi barni verið gefin móðurmjólk fyrstu mánuði ævinnar sé það betur verndað gegn hjarta- og meltingarsjúkdómum en önnur börn. Brjóstabörn þjást sjaldan af offitu og ólíklegt er að þau fái nokkurn tíma þá tegund tannátu sem kölluð er pela-carius og herjar oft á smábörn. Þetta eru staðreyndir sem komið hafa fram í nýlegum rannsóknum. Tannskemmdir má að vísu oft rekja til þess að börnum er gefinn sykraður vökvi í pelann eða jafnvel hunang á túttuna. En það kemur fleira til. Brjóstabörn þurfa að hafa töluvert meira fyrir að ná mat sínum en pelabörnin. Mótstaðan er meiri í brjóstinu en túttu. En því fylgir líka að kjálkar og munnur barnsins þroskast betur og eðlilegar, betur og fljótar. Afbrigðilegur kjálki og munnvöxtur er óalgengur hjá fólki sem var á brjósti í bernsku. Þannig leiðir allt að sömu rökum. Þarna er um að ræða tímabil í lífi barnsins sem skiptir feikilega miklu máli. Það er viðurkennt að fyrstu 2—3 mánuðirnir eru sá tími sem brjóstið gefur mest af sér og á auðveldast með að sinna þörfum barnsins.

Þó að hér hafi verið lögð mikil áhersla á mikilvægi móðurmjólkur, þá er auðvitað í mörgum tilvikum ekki unnt að sinna þessu hlutverki af ýmsum ástæðum. Það geta komið til sjúkdómar, það getur komið til gerð brjóstsins og einnig getur komið til að ekki hafi verið kennt sem skyldi hvernig móðir getur ræktað og þjálfað upp brjóstagjöf til barns.

Það er annar góður kostur við brjóstamjólk hve auðmelt hún er. Það er t. d. staðreynd, sem allir feður vita, að hægðir barna eru alltaf mjúkar ef börnin eru eingöngu nærð á móðurmjólk. Það kemur einnig af því að pelagjöf veitir barni ekki sömu viðtæku tilfinningalegu reynslu og líkamlega uppbyggingu eins og brjóstagjöf móður veitir. Rannsóknir, sem framkvæmdar voru fyrir fáum árum í Cambridge á Englandi á hegðunarmismun brjósta- og pelabarna, sýndu að brjóstabörnin tóku oftar frumkvæðið um að hætta að sjúga þótt mæðurnar álitu að þau væru ekki búin að fá nóg. Þetta sjálfræði voru börnin búin að þroska strax á fyrstu vikum ævinnar. Pelabörn hafa sýnt að þau hafa ekki eins gott tækifæri til þess að sýna þennan sjálfsákvörðunarrétt.

Það er eins með konuna í hlutverki móður, þegar hún gefur mjólk, eins og þegar sótt er mjólk til mjólkurkýrinnar. Það þarf að mjólka reglulega og það þarf að mjólka á ákveðinn hátt til þess að brjóstið skili mjólk annars vegar, til þess að kýrin verði ekki geld hins vegar. Þarna þarf að skapa tíma, frið og aðstöðu til þess að móðirin geti sinnt sínu hlutverki.

Barn stækkar mest á fyrstu þremur mánuðum ævinnar, þyngist ef ég man rétt um um það bil 200 g á viku að meðaltali. Á næstu mánuðum þar á eftir þyngist barnið um liðlega 100 g á viku að meðaltali og síðari hluta fyrsta æviársins er vaxtarhraðinn um það bil 100 g á viku.

Fyrstu mánuðina nærist hvert barn á móðurmjólk þegar því verður við komið, með öllum þeim hlunnindum sem það býður upp á, en síðan kemur önnur fæða til. Ætla ég ekki að fjalla um þann tíma. Sá tími fellur utan þess tímabils sem gert er ráð fyrir að fæðingarorlof standi sem fjallað er um í þessari umr.

Í stuttu máli: ljóst er að það er hollt fyrir börnin og fyrir móðurina að hafa barn á brjósti, bæði andlega og líkamlega, bæði fyrir andlega og líkamlega heilsu þess. Það er þó ekki fyrr en á síðari árum sem hafa verið gerðar ítarlegar kannanir á þessum málum. Þær hafa m. a. leitt í ljós að ýmsa þá sjúkdóma sem fylgja menningunni er hægt að fyrirbyggja með brjóstagjöf. M. a. stuðlar móðurmjólkin að þroska taugakerfisins, er í rauninni aðalundirstaða þess að taugakerfi barnsins þroskist til fulls á eðlilegan hátt. Móðurmjólkin kemur í veg fyrir ýmsa sjúkdóma hjá barninu með því að bera í sér sýklavarnir og ónæmi gegn ýmsum sjúkdómum. Á þetta einnig við um ýmsa þá sjúkdóma sem teljast fylgja velferðarþróuninni, eins og t d. kransæðasjúkdóma. Það er talið að barn, sem hefur nærst á móðurmjólk

fyrstu mánuði ævinnar, fái síður kransæðasjúkdóma en önnur börn. M. a. þykir nú nokkuð sannað að hinir ýmsu ofnæmissjúkdómar sem hrjá fólk séu til komnir vegna þess að börnin hafi verið alin á kúamjólk eða á efnum ólíkum þeim sem móðurmjólkin býr yfir. Móðurmjólkin verndar gegn sjúkdómum í öndunarfærum og er í stuttu máli besta veganestið sem hægt er að veita einstaklingi sem er að leggja út í lífsbaráttuna, enda hefur móðurmjólkin þróast með mannkyninu og tekið breytingum jafnframt því og má því teljast hið fullkomnasta fæði.

Eins og ég gat um áðan er ekki alltaf hægt að bjóða barninu besta kostinn, brjóstagjöf. Þá kemur kúamjólk og annað til sögunnar. En þess ber að geta að kúamjólk, þurrmjólk sem er yfirleitt framleidd úr kúamjólk, sojamjólk eða geitamjólk búa ekki yfir sömu efnasamsetningu og móðurmjólk. Og í þeirri mjólk, í þeirri samsetningu eru engar varnir gegn þeim fjölmörgu sjúkdómum sem barninu er hætt við að fá. En til að annast þetta hlutverk móðurinnar, brjóstamjólkurgjöfina, verður móðirin að geta verið heima hjá barninu. Þetta er spurning um framboð og eftirspurn, því að um leið og hætt er að mjólka brjóst konunnar kemur að því, eins og ég gat um áðan, að þau hætta að framleiða mjólk. Mjólk er þannig mjög mismunandi og það er ástæða til að velta því fyrir sér hve mikill munur er á brjóstamjólk og annarri mjólk sem barninu er boðið upp á.

Ég hef fjallað nokkuð mikið um brjóst í þessu máli mínu. Um langan tíma hefur verið fjallað um brjóst meira á sviði tísku en vegna þess hlutverks sem þau eiga að gegna gagnvart barninu. Brjóst hafa þannig verið kyntákn á síðustu árum og áratugum, kannske fremur en að þau væru aflgjafi og uppspretta fyrir barn. Til skamms tíma a. m. k. hefur verið uppi sú kenning að það skipti ekki máli fyrir konur eða barn hvort sinnt væri brjóstagjöf eða ekki. Ég tel þetta atriði meginmálið sem kemur við sögu í því frv. sem hér um ræðir um lengingu fæðingarorlofs. Þar ber sífellt að sama brunni.

Brjóst konunnar sem forðabúr og uppspretta fyrir barn eru ákaflega litlar forðageymslur miðað við flest önnur spendýr. Þetta mun þó vera eitthvað breytilegt. En reglan þarf að vera á hlutunum, reglan að hægt sé að gefa barninu brjóst. Það er meginreglan til þess að hægt sé að viðhalda þessari heimtingu, þessu eðlilega ástandi sem barnið á að búa við. Þess vegna þarf hver móðir að hafa sama rétt til þess að sinna sínu barni. Og ég geri þar mikinn greinarmun á hvort um er að ræða móður eða föður. Þótt það sé mikilvægt að faðirinn sinni sínu barni, ekki bara á fyrstu mánuðum ævinnar heldur öllum skeiðum, þá verður þessu ekki stillt upp sem einhverju sérmáli kvenna. Þarna er um að ræða mál sem varðar hvern einstakling. Og það er óþarft að vera að blanda inn í pólitískum vangaveltum þegar fjallað er um þessi mál, t. d. útflutningsbótum og öðru því sem getið hefur verið hér um. Þetta er spurning um forgang. Það er ekki erfitt að láta sig dreyma um ákveðna hluti í þessum efnum, að fólk geti sinnt börnum sem lengst og best, en það verður líka að hafa það sjónarmið í huga að einstaklinginn má ekki vernda um of eða of lengi, þótt auðvitað gangi slíkt fyrir á fyrstu árum hvers einstaklings.

Það er einföld félagsleg pólitík í hátterni svartfuglsins eða langvíunnar í bjarginu. Þegar pysjan er orðin afdúnuð þá hendir langvían pysjunni í sjóinn til þess að hún bjargi sér sjálf. Þetta er stysta lýsingin sem hægt er að gefa á því hvernig auðvitað á að rækta upp einstakinginn einnig. En það verður sem sagt umfram allt að skapa tækifæri til þess að konan, móðirin sjálf, hafi þá aðstöðu sem ég lýsti og er meginmálið í þessu efni. Og þá þýðir ekkert að vera að tala um neitt jafnréttismál þar. Það er móðirin, sem skiptir mestu máli fyrir barnið á þessum fyrstu mánuðum, og það er ekki hægt að heimfæra að faðirinn skipti eins miklu máli. Þarna vegur móðurmjólkin mun þyngra og þess vegna hef ég fjallað um hana hér og þess vegna á að taka tillit til þess.

Það er einnig fátækleg lausn í sjálfu sér að ætlast til þess að faðir, sem á rétt á því að taka einn mánuð í fæðingarorlof, geti endilega á þeim mánuði byggt upp sterkt samband við barnið. Þetta hljómar fremur eins og skyndilausn þótt það sé við lýði í okkar lögum.

Þetta er margþætt mál og þarna koma til fleiri atriði. Konur í íslensku þjóðfélagi í dag hafa ekki allar jafna aðstöðu til að lengja það orlof sem þær gjarnan vildu taka frá sinni vinnu í sambandi við barnsfæðingar. Konur missa í mörgum tilvikum atvinnu ef þær taka lengra frí en þrjá mánuði. Það væri frekar þarna sem ætti að liðka til eins og á stendur varðandi atvinnurekstrinn í landinu. Þarna á að koma til móts við konuna, koma til móts við nýjan einstakling sem þarf að sinna af fullri alvöru. Það ætti að vera hægt að taka launalaust frí til að sinna barninu a. m. k. fyrstu sex mánuði í lífi barnsins vegna þess að þá, einmitt þá skiptir mestu máli að móðurmjólkin notist til fulls. Kona sem vinnur úti og ætlar að gefa barni brjóst missir í flestum tilvikum mjólkina. Stálmi brjóstsins þolir ekki slíka röskun. Þetta er svo viðkvæmt tímabil að hin minnsta þreyta getur breytt ekki aðeins magni mjólkurinnar heldur einnig efnisinnihaldi. Þetta er þannig brothættari þáttur en margur kannske hyggur.

Ég hef fjallað um þetta í alllöngu máli vegna þess að ég tel ástæðu til að snúa þarna við blaðinu og að menn geri sér betur grein fyrir því hvað móðurmjólkin skiptir miklu máli, ekki aðeins á fyrstu mánuðum heldur í uppbyggingu barnsins fyrir lífið allt, gegn sjúkdómum og mörgu öðru. Þetta er fjárfesting fyrir einstaklinginn og fyrir þjóðfélagið í heild, fjárfesting sem skilar sér í betri heilsu, sem skilar sér í minni kostnaði í sjúkraþjónustu, svo að dæmi séu nefnd.

Þess vegna væri æskilegast að móðir hefði a. m. k. sex mánaða fæðingarorlof. Og ég undirstrika: ég geri þar greinarmun á föður og móður. En hér er um að ræða mikla peninga og þar verður að vega og meta. Ég vil þó ljúka þessu máli mínu með því að undirstrika að fyrst og fremst þarf að jafna rétt allra mæðra, allra kvenna, hvort sem hann er miðaður við þrjá eða fjóra mánuði að það séu ekki bútaðar niður fæðingarorlofsgreiðslur til þessara kvenna eftir því hvar þær eru og hvað þær vinna. Þær gegna allar jafnmiklu hlutverki, því meginhlutverki sem er fæðing barns. Þetta er grundvallaratriði, sem allir eiga að geta sæst á. Hvort við förum síðan að tala um þrjá mánuði, fjóra, sex, tíu eða tólf eða þaðan af lengra, það fer að koma við okkar þjóðfélagsmynstur.

Ég vil aðeins undirstrika einnig að það kom fram í ræðu hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar, 5. þm. Vesturl., að við værum ekki komin eins langt á framfarabraut í

þessum efnum og ýmsar nálægar þjóðir. Þetta er ekki einhlítt og ég vil mótmæla þessum orðum. Þetta er í víðtæku samhengi, hvernig fjallað er um fæðingarorlof, barnauppeldi og fleira slíkt í okkar heimshluta. Ég tel t. d. að einn liður í slíku fyrirkomulagi í Svíþjóð gangi of langt, þegar kerfið, þegar embættismennirnir hafa orðið rétt til þess að grípa inn í og taka völdin af foreldrum í smæstu tilvikum og hreinlega ótrúlegum tilvikum, sem ég ætla ekki að fjalla hér um. Við eigum að miða okkar kerfi við íslenskar aðstæður, við okkar heimilislega þjóðfélag. Þar hjálpar maður manni. Það er liður í því sem ekki verður skipulagt með peningagreiðslum. Þó erum við sammála um að þarna eigi að vera grundvallarréttur. En fyrst og fremst á að leiðrétta það þannig að fólki sé ekki mismunað, að móðirin fái notið sín hvar sem hún er á okkar landi.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. góðar undirtektir við þetta frv. Það gleður hjarta mitt að menn skuli sýna þessu máli skilning. Mig langar til að fara þess á leit við virðulegan forseta að hæstv. félmrh. verði viðstaddur hér nú. Þetta mál heyrir undir hann og hans rn. og hann hefur marglýst því yfir að skipan þessara mála varði hann nokkru. Ég hef fáeinar spurningar sem mig langar til að beina til hans.

Mig langar fyrst að víkja orðum mínum að máli hv. þm. Árna Johnsen. Í máli hans kom fram mikill áhugi fyrir brjóstamjólk, brjóstagjöf og brjóstum yfirleitt og fagna ég því að aðrir en konur skuli láta sig þau mál einhverju varða og þá ekki síst hlutverk þessa líffæris sem lífgjafa barna. Hins vegar beindist mál hv. þm. um þessi efni dálítið í sömu átt og verið væri að tala um landbúnaðarmál. Það var talað um konur eins og hvern annan búpening að sumu leyti og borið saman við kýr, svartfugl og annað því um líkt. **(Gripið fram í:** Það er rangt mat.) Ja, þetta er mitt mat. Ég þykist vita að hv. þm. hafi gert þetta í góðri meiningu, en þarna er undirtónn sem fær a. m. k. konur eins og mig til að verða dálítið reiðar. Þegar við tölum um brjóstagjöf og gildi móðurmjólkur fyrir ungbörn erum við ekki að tala um landbúnaðarafurðir. Við erum að tala um persónulegan þátt og félagslegan fyrir manneskjur, fyrir utan þá næringarþýðingu sem hann hefur fyrir börnin. Ég þykist vita að hv. þm. hafi meint þetta svona og ég skal taka það þannig, a. m. k. að svo búnu máli.

Hv. þm. Árni Johnsen talaði um að ýmsu væri ruglað saman í málflutningi í framsögu um þetta mál. Hann talaði um að 285 millj. væru 2% af fjárlögum. Ég fæ ekki séð hvernig það stenst, en það er önnur saga. Síðan talaði hann um að verið væri að gera útflutningsbætur tortryggilegar. Það get ég ekki séð hvernig stenst heldur. Ég hef ekki nefnt það einu einasta orði að það ætti að skipta á útflutningsbótum og fæðingarorlofsgreiðslum, eins og hv. þm. nefndi. Ég nefndi hins vegar að þarna væri sama upphæð á ferðinni í árlegum greiðslum og sá kostnaður sem frv. felur í sér. Þetta gerði ég til að setja þá upphæð sem hér um ræðir í samhengi fyrir hv. þm.

Hv. þm. Árni Johnsen talaði töluvert um að ekki bæri að rugla saman atvinnurekstri og fæðingarorlofsgreiðslum. Það kom fram í fyrri hluta ræðunnar. Í seinni hluta ræðunnar kom fram að atvinnureksturinn ætti að liðka til til þess að konur gætu haft börn sín á brjósti. Á endanum komst hv. þm. því að þeirri niðurstöðu að málið væri atvinnurekstri eitthvað skylt. En hann talar um það í leiðinni að gera þyrfti konum kleift að fara í sex mánaða launalaust leyfi til að hafa börn sín á brjósti. Það er örfáum konum í dag kleift að fara í launalaust leyfi í sex mánuði.

Samanburður milli landa fór fyrir brjóstið á hv. þm. og líka fyrir brjótið á hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni á síðasta fundi Ed. á mánudaginn var, þegar þetta mál var flutt. Upplýsingar um tilhögun fæðingarorlofsmála í öðrum löndum eru hér settar fram fyrst og fremst sem upplýsingar en ekki sem rök fyrir málinu. Ég held að það skaði engan að vita nokkurn veginn hvernig nágrannaþjóðirnar haga sínum málum að þessu leyti. (Gripið fram í.) Þetta er ekki kvennamál, segir hv. þm., þetta snertir alla. Svo sannarlega snertir þetta alla. Og það eru mér mikil fagnaðartíðindi ef sú skoðun kemst á að þetta sé mál sem allir þurfa að beita sér fyrir.

Hv. þm. sagði líka að þetta væri ekki pólitískt mál, en þá vil ég spyrja hv. þm.: Er skipting sameiginlegra fjármuna landsmanna ekki pólitískt mál? Ég veit ekki betur en að við séum hingað komin á ólíkum pólitískum forsendum m. a. vegna þess að við höfum ólíkar hugmyndir um hvernig við viljum skipta þessum fjármunum. Þess vegna er tilhögun fæðingarorlofsmála pólitískt mál, undan því verður ekki vikist.

Móðirin skiptir meginmáli vegna brjóstagjafar, ekki faðirinn, sagði hv. þm. Einn mánuður er skyndilausn. Svo sannarlega er það skyndilausn, enda er í þessu frv. verið að fara fram á að föður gefist svigrúm í tvo mánuði, sem er enn harla lítið.

Fyrst ég er hér komin að lengd fæðingarorlofs, þá vil ég lýsa því yfir að mín persónulega skoðun er sú, að í rauninni þyrfti fæðingarorlof að vera níu mánuðir í það minnsta þannig að móðirin hafi tök á sex mánuðum og faðirinn á þremur mánuðum. Í frv. er hins vegar aðeins lagt til að fæðingarorlof verði sex mánuðir vegna þess að ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að svo stórt stökk, úr þremur mánuðum í níu mánuði, verður ekki tekið í einu vetfangi. Þess vegna er lagt til að það verði núna sex mánuðir og meira að segja í áföngum, eins og ég hef þegar greint frá.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um mál hv. þm. Árna Johnsen, en ég þakka honum þann stuðning sem fram kom í ræðu hans að öðru leyti. Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson minntist á það í ræðu sinni að e. t. v. væri óleyfilegt að tala um kostnað þegar blessuð börnin ættu í hlut. En þau eru einmitt ekki ókeypis, eins og stundum virðist hafa verið álitið, og ég held að það sé löngu tímabært að við gerum okkur grein fyrir því og við tökum mið af því í lagasetningu að það kostar peninga að hlúa að yngstu kynslóð þessa lands, það kostar peninga að koma upp líkamlega og andlega heilbrigðum einstaklingum.

Eins og ég sagði í framsögu með frv. er hér um að ræða fjárfestingu sem skilar sér margfalt til baka þegar fram líða stundir. Ef við spörum á þessu sviði erum við að spara eyrinn en kasta krónunni, því að svo að ég tali bara um peninga en ekki hinn mannlega ávinning getur það kostað okkur gífurlega fjármuni í heilsugæslu og við lausn félagslegra vandamála að spara við ungbörn og foreldra þeirra.

Hvað varðar fjármögnun frv. hef ég þegar bent á að um er að ræða forgangsröðun mála og einmitt þess

vegna er þetta pólitískt mál. Ég minntist á að vel gæti komið til greina að auka hlut atvinnurekenda í fæðingarorlofsgreiðslum eitthvað, ef mönnum þætti nauðsynlegt að finna nýjan tekjustofn til að standa straum af kostnaði vegna frv., enda ætti atvinnulífið í landinu beinna hagsmuna að gæta. En ég benti líka á að nýr tekjustofn væri e. t. v. ekki nauðsynlegur vegna þess að ríkissjóður er í dag tilbúinn til að bera ýmiss konar tekjutap, ef marka má ýmis þau mál sem hafa verið afgreidd á þessu þingi eða eru í afgreiðslu. En samt dettur mér ekki í hug að gnótt sé fjár í ríkissjóði, heldur veit ég að spurningin er hvaða málum stjórnendur ríkissjóðs vilja veita forgang.

Eins og kom fram í framsögu með frv. mun framkvæmd fyrri áfanga þess kosta um það bil 145.6 millj. kr., sem gerir heildarkostnað við fæðingarorlofsgreiðslur miðað við árið í ár tæpar 283 millj. Nú minnir mig að hæstv. félmrh. hafi látið þau orð falla í umr. hér á þinginu í haust að til greina kæmi að veita um 300 millj. kr. í ár til að greiða fæðingarorlof, sem er heldur hærri upphæð en hér er um rætt. Mig langar til að spyrja hæstv. félmrh. hvort þetta sé rétt munað hjá mér. Ef ekki, hvernig fórust honum þá orð um þetta? Og eins langar mig til að spyrja hæstv. ráðh. í leiðinni að því hver sé afstaða hans til þessa frv. almennt.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Raunar vissi ég ekki af þessum umr. á fyrri fundinum og gat því ekki komið því við að vera hér við umr. um það mikilvæga mál sem hér er á dagskrá í hv. deild. Ég hefði vissulega haft bæði af því gagn og fróðleik að hlusta á þessar umr. eftir því sem mér hefur verið sagt að þær hafi farið fram. Hér er vissulega um mikilvægt mál að ræða, lög um fæðingarorlof. Þetta er þýðingarmikið mál í okkar efnahagsmálum almennt og um leið jafnréttismál á vissan hátt.

Það var að mínu mati mikið spor fram á við þegar lög um fæðingarorlof voru sett 1980. Eins og flestum er sjálfsagt kunnugt voru þessi lög þá sett í sambandi við kjarasamninga og í samræmi við það samkomulag sem launþegahreyfingin í heild gerði við þá ríkisstj. sem þá sat að völdum. Sú löggjöf var að mínu mati og margra fleiri gölluð að því leyti að mikill munur var gerður á milli fólks í sambandi við þá löggjöf sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér ítarlega.

Ég gerði tilraun til að fá fram þá breytingu á frv. að allar fæðandi konur fengju jafnháa upphæð í fæðingarorlof. Það reyndist ekki hægt og ég dró þetta til baka þá af þeirri einföldu ástæðu að ef ég hefði haldið því til streitu — þetta var á síðustu dögum fyrir þinglok, fyrir jól 1980 — hefði ekki orðið um það að ræða að þetta frv. yrði að lögum. Hins vegar lýsti ég því yfir að ég mundi beita mér fyrir því að gerð yrði breyting á þessu síðar í réttlætisátt. Það var reynt en náði ekki fram að ganga. Ég vísa til frv. sem var flutt á 105. löggjafarþingi á þskj. 384 þar sem sú breyting er lögð til að þetta nái til allra fæðandi kvenna jafnt. Núgildandi 16. gr. orðist þannig:

„Foreldri sem lögheimili eiga á Íslandi eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi skv. ákvæðum þessarar greinar, hvort sem um er að ræða fólk í launuðum störfum á vinnumarkaði eða utan vinnumarkaðar."

Síðan er skilgreint nánar hvernig þetta er útfært. Skv. þessu hefði fallið niður sú mikla vinna sem núna liggur að baki töku fæðingarorlofs, þ. e. alls konar vottorð frá vinnuveitendum og ýmsum öðrum aðilum sem tekur mikinn tíma hjá Tryggingastofnun að vinna úr. Það þarf að hafa margt fólk í þessu og þessu fylgir mikil skriffinnska og bókhald. Sífellt er verið að skera úr ágreiningsefnum. Og það meira að segja svo að lögfræðingar þurfa að standa í því að úrskurða hvort viðkomandi móðir á rétt á fullu fæðingarorlofi eða ekki miðað við þau vottorð sem fyrir liggja frá hinum ýmsu atvinnurekendum. Þetta er með meiri háttar ágöllum í núgildandi lögum og framkvæmd þeirra.

Þetta náði ekki fram að ganga á 105. löggjafarþingi. Ekki virtist vera vilji fyrir því hér inni á hv. Alþingi að leiðrétta þetta þrátt fyrir að kvennasamtök í landinu létu rigna yfir alls konar samþykktum, fundarsamþykktum aðalfunda o. s. frv., um að leiðrétta það mikla misrétti sem þarna viðgengist.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var sett í hennar stefnuskrá að endurskoða lögin um fæðingarorlof, það er eitt af stefnumörkum sem þar kemur fram. Núna fyrir síðustu áramót lagði ég formlega inn til hæstv. heilbrrh. till. byggða á því frv. sem ég lýsti hér og ég beitti mér fyrir að fá leiðréttingu á með ósk um að það yrði tekið inn í þessa endurskoðun. Hægt er að segja það hér að þetta mál er núna til athugunar í heilbrrn. og fylgst er grannt með því hvaða stefnu það tekur.

Mér fyndist miðað við allar aðstæður að vissulega væri spor í rétta átt ef hægt væri að leiðrétta lögin um fæðingarorlof þannig að öll foreldri, hvort sem við tölum um foreldra eða mæður sem fæða barn, fái sömu upphæð í fæðingarorlof og leggja niður þetta vottorðafargan. Vottorð frá fæðingarlækni ætti að nægja um að konan hefði fætt barn. Það yrði lagt til grundvallar. Allt annað vottorðafargan yrði lagt til hliðar og málið gert miklu einfaldara en nú er.

Ég er ekki með þessu að leggja til að ef fólk hefur betri kjör í gegnum sérsamninga einhvers staðar megi það ekki gilda áfram. Þá vil ég benda á eitt atriði í sambandi við þetta mál sem hefur komið upp til viðbótar allri skriffinnskunni og óréttlætinu varðandi mismunandi greiðslur. Komið hefur í ljós að konur í verkalýðsfélögum hafa ekki sama rétt í sambandi við atvinnuleysisbætur vegna fæðingarorlofsins. Þegar hefur verið óskað eftir leiðréttingu á ýmsum slíkum atriðum en ekki hægt vegna laganna.

Ég get nefnt sem dæmi að kona sem fer úr launuðu starfi í barnsburðarleyfi fær veitt fæðingarorlof lögum samkvæmt. Verði hún síðar atvinnulaus telst barnsburðarleyfið til starfstíma eins og um venjulega launagreiðslu hefði verið að ræða og fær því konan greiddar atvinnuleysisbætur í samræmi við áunninn starfstíma að barnsburðarleyfi meðtöldu.

Önnur kona á sama vinnustað verður atvinnulaus um leið og sú fyrri. Hún hafði einnig verið í barnsburðarleyfi en ekki stundað launað starf þegar það hófst þannig að hún fær ekki greitt fæðingarorlof. Hafi þessi kona ekki stundað það mikla vinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir atvinnuleysið að hún nái 425 stunda vinnumarki fær hún ekki atvinnuleysisbætur þar sem barnsburðarleyfið bætist ekki við hjá henni eins og er réttur konunnar í fyrra dæminu.

Þetta hefur þegar valdið miklum leiðindum á a. m. k. þremur vinnusvæðum sem ég veit um og er eitt dæmi um hvað margt þarf að athuga í sambandi við svona

löggjöf ef menn eru á annað borð að tala um það að allar fæðandi mæður eða foreldri hafi svipaðan hátt.

Ég ætla ekki að tefja hv. þd. lengur í sambandi við þetta mál. Það er misskilningur að ég hafi talað um 300 millj. kr. upphæð í sambandi við framkvæmd fæðingarorlofsins skv. lögunum í dag. Ég hef ekki þá upphæð. Hins vegar veit ég það að breytingin, sem ég og fleiri höfum verið að berjast fyrir, mundi hafa kostað rúmar 70 millj. til viðbótar miðað við framkvæmd laganna eins og hún var á s. l. ári, þannig að það er alveg ljóst hver þessi viðbót yrði, ef öll foreldri fengju sömu upphæð miðað við lögin eins og þau eru nú. Að öðru leyti hef ég áhuga fyrir því að þetta mál þokist í réttlætisátt, en hins vegar tel ég ekki möguleika eins og okkar efnahagsástand er að ganga lengra en þetta. En ég vil ná því réttlæti sem ég hef hér lýst.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Það sannast í umr. um þetta mál sem oftar að það er vandrötuð leiðin til réttlætis. En ég vil draga það sérstaklega fram í sambandi við þær umr. sem hér hafa farið fram og þær umr. sem oft fara fram um fæðingarorlof, að menn ræða um fæðingarorlof og greiðslu í fæðingarorlofi út frá tvenns konar forsendum. Annars vegar er fæðingarorlof sem kemur til af því að litið sé á barnsburð og tiltekinn tíma í kringum barnsburð sem lögleg forföll frá launaðri vinnu og það sé bæði rétt og skylt að vera frá þeirri vinnu án þess að missa af launum á meðan. Þessi hugsun stuðlar að því að útivinnandi mæðrum sé gert kleift að vera heima og sinna nýfæddum börnum sínum eins og heimavinnandi mæður gera. Að þessu leyti er fæðingarorlofið hugsað til þess að gera útivinnandi mæðrum kleift að vera eins settar og heimavinnandi mæður eru, þó að engin greiðsla fæðingarorlofs komi til þeim til handa. Að þessu leyti til eru þær greiðslur sem um ræðir í þessu frv. runnar af tvenns konar rót, annars vegar til kvenna sem ella misstu laun sín, hins vegar til þeirra sem missa ekki tekjur við barnsburðarleyfið, vegna þess að þær eru heimavinnandi.

Vissulega geta menn haft það sjónarmið að það beri að greiða sem svarar launagreiðslu í þessu tilfelli að lágmarki 14 114 kr., eins og gert er ráð fyrir í frv., það beri að greiða hverju heimili eða hverri konu sem fæðir barn þessa upphæð í sex mánuði, hvort sem hún hefur misst af vinnutekjum sem þessu svarar eða ekki. Og þá erum við komin að spurningunni um forgangsröðun verkefna. Hér er verið að tala um greiðslur úr tryggingakerfi ríkisins. Á sama tíma stöndum við andspænis því að eiga í miklum erfiðleikum með að greiða hærri lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega. Þetta atriði dreg ég hér fram vegna þess að ég barðist fyrir því á sínum tíma ásamt öðrum þm. árið 1975 að fá lögleitt fæðingarorlof, sem var miklu víðtækara en áður hafði tíðkast, og ég er ævinlega þakklát fyrir samþykki Alþingis við það mál þó að það leysti vitanlega ekki allan vanda. Það var bæði mér og öðrum ljóst. En sú leið sem þá var farin til að fjármagna fæðingarorlofið var heldur ekki óumdeilanleg. Það var gert í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Og ástæðan til þess að þetta var gert var sú, að þeir baggar sem hvíldu á Tryggingastofnuninni voru mjög þungir og mönnum þótti þörf á því að veita auknu fé fremur í aðrar lífeyristryggingar sem of lágar þóttu.

Og nú er spurningin ef við erum að tala um forgangsröðun: Eigum við að láta þessar tryggingabætur ná til allra kvenna, hvernig sem atvinnuhögum þeirra er háttað og hvernig sem efnahag þeirra er háttað, á þann veg að kona hálaunamannsins, sem heimavinnandi er, fái sams konar laun í sex mánuði og einstæða móðirin, sem hefur ekkert nema vinnutekjur sínar sér og barni sínu til framfæris, fær í jafnlangan tíma? Þetta virðist mér vera spurning sem við verðum að svara hvert og eitt og láta ekki freistast af því sjónarmiði að við gætum e. t. v. látið fólk halda að við vildum gera allt fyrir alla með afgreiðslu mála hér á þingi.

Ég tel að við verðum að horfast hreinskilnislega í augu við þá staðreynd að það er mikill munur á kjörum þeirrar konu, sem hefur atvinnutekjur sínar sér til framfæris og fær fæðingarorlof til þess að geta verið heima og sinnt kornbarni sínu um skeið alfarið og helgað sig störfum á sínu heimili þann tíma sem hún nýtur fæðingarorlofs, það er mikill munur á kjörum þeirrar konu og hinnar, sem hefur nákvæmlega sömu heimilistekjur eftir og áður en hún eignast barn sitt. Vissulega koma einhver ný útgjöld til. Það er auðvitað rétt, sjálfsagt og eðlilegt. Ýmis ákvæði í tryggingakerfinu og skattakerfinu gera líka ráð fyrir því. Barnabætur eru t. d. hugsaðar í því sambandi. Fæðingarstyrkur er líka hugsaður á þennan veg. Niðurstaða mín er því sú, að sá hluti fæðingarorlofs sem er hugsaður fyrir heimavinnandi konur er tryggingartæknilega séð fæðingarstyrkur fremur en fæðingarorlof í skilningi vinnumarkaðarins.

Nú má vel hugsa sér að menn líti svo á, og það geta vissulega verið rök fyrir því að menn vilji greiða almennt miklu hærri fæðingarstyrk eða þá að auka rétt heimavinnandi mæðra ungbarna til að fá hlutdeild í samsvarandi greiðslum og fæðingarorlof er. Það má vel hugsa sér það. En ég hygg að skynsamlegra væri að gera það með öðrum hætti heldur en staðið væri að fæðingarorlofi kvenna sem misst hefðu af tekjum vegna forfalla í kringum barnsburð. Ég hygg að það væri skynsamlegra að standa að slíku með fyrirkomulagi frjálsrar tryggingar, með tryggingu sem fólk gæti keypt sér t. d. með því að skrá ósk um það á skattframtal sitt. Ég get ekki séð að það séu sömu rök fyrir fæðingarorlofsgreiðslum til beggja þessara hópa og er ég þó mjög fylgjandi því að sem mest sé metinn hlutur þeirra kvenna sem á heimilum starfa. Ég geri mér fulla grein fyrir því hvers virði sú vinna er sem þar er af höndum innt og að það eru verk sem vinna sig ekki sjálf. En við leysum það mál ekki með þessum hætti. Ég hygg að þar þurfi annað að koma til.

Ég vildi vekja athygli á þessu, hæstv. forseti, vegna þess að ég tel að þessi misskilningur, sem ég tel vera, að rugla saman þessum tvenns konar grundvelli sem undir greiðslunum væri, ég tel að sá misskilningur hafi e. t. v. staðið þessu máli nokkuð fyrir þrifum, ella væri e. t. v. hægt að ná lengri tíma og hærri greiðslum fyrir hið raunverulega fæðingarorlof. Hitt væri hærri fæðingarstyrkur og það er sérmál.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Ég harma að hv. flm., Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, skyldi snúa út úr ýmsum atriðum sem ég fjallaði hér um í þeim þætti þessa máls sem mér finnst varða mestu, möguleika barnsins á brjóstagjöf. Ég fjallaði um það vegna þess að í mjög ítarlegu erindi þm. afgreiddi hún þennan þátt

málsins í tveimur setningum. Mér fannst ástæða til að leggja meiri áherslu á það en svo.

Það er leitt að hv. þm. skyldi láta þau orð falla að ég fjallaði um konur sem búpening. Ég tel að því fari fjarri að ég hafi gert það. Ég gerði hins vegar að sjálfsögðu samanburð á móðurmjólk og kúamjólk, enda er það einn helsti orkugjafi barna lengst af. Það var óþarfa tilfinningasemi að taka það óstinnt upp.

Það eru margar spurningar sem vakna í þessu efni eins og kom fram hjá hæstv. menntmrh. Þarna er kannske fyrst og fremst spurning um aðstöðumun, þ. e. að skapa þarna fyrst og fremst möguleika fyrir þá sem virkilega þurfa á slíkri fyrirgreiðslu að halda. Ég gat einnig um það í mínu máli að í frv. væri gert ráð fyrir mjög óvissum útlátum, óvissum miðað við það að menn ættu að halda fullum launum, hvaða launum sem þeir hefðu, á fæðingarorlofstíma, bæði feður og mæður. Ég vil einnig árétta að það hefði verið réttara að segja nær 2% af fjárlögum. Sú tala sem þm. nefnir mun vera 1.7—1.8% af fjárlögum og því verður ekki haggað.

Það er spurning um ýmislegt sem kemur fram í frv., eins og t. d. hugmyndina um lágmarksfæðingarorlof. Þar er um að ræða greiðslur sem eru hærri en laun eru nú hjá allstórum hópi launþega í landinu. Það er spurning hvort menn fari hreinlega út í að eiga börn í stað þess að vinna venjulega og hefðbundna vinnu. Ekki ætla ég nú hv. þm. að það sé sjónarmiðið, þótt virkilega væri ástæða til að fjölga Íslendingum.

Hv. flm. gerði mér upp skoðun, að ég hefði í þessu máli fjallað um brjóstagjöf, sem er rétt og ég lagði megináherslu á, en að ég hefði almennt áhuga á brjóstum. Það voru orð hv. þm. Ég vil undirstrika það að í þessu tilviki fjallaði ég eingöngu um brjóst sem göfugasta líffæri almættisins í þágu barnsins. Engar aðrar skoðanir lágu þar á bak við. Ég vil einnig undirstrika að ég líkti á engan hátt konunni við svartfuglinn eða langvíuna í bjarginu, þótt hún sé með tignarlegri fuglum. Ég líkti þar við ákveðna aðferð við að þjálfa einstaklinginn upp í sjálfstæði, hvort sem það er dýr eða maður.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um fæðingarorlof er allrar athygli vert. Þegar svona mál eru til umr. er þó ástæða til að skoða hvað skuli hafa forgang og hvað ekki. Ég minni á að verkalýðshreyfingin hefur verið það baráttutæki sem varð til þess að koma á fæðingarorlofi. Það hefur verið útfært í ýmsum myndun og einkum með það að markmiði að bæta fólki upp tekjutap, sem það verður fyrir, vinnandi konum upp það tekjutap sem þær verða fyrir undir þessum kringumstæðum.

Hv. síðasti ræðumaður benti einmitt á það, að sú kona sem vinnur úti hlýtur að verða fyrir meiri tekjuröskun en þær sem eru heimavinnandi. Ég fylli þann flokk manna sem álít að svo sé. Ég tel að lenging fæðingarorlofs í sex mánuði sé stefnumið sem beri að huga að. Hins vegar koma upp efasemdir um hvenær það skuli gert, hvort það skuli gert á þessu þingi eða síðar, vitandi það að aldraðir og öryrkjar, láglaunafólk býr við svo kröpp kjör í dag að ég tel ástæðu til að úrlausn í þeim málum hafi forgang. Ríkisvaldið getur bætt úr, sérstaklega fyrir þeim sem eru öryrkjar og aldraðir, og ég verð að játa að mér finnst að nú, þegar efnahagsástandið er eins og öllum er ljóst. eigi það að ganga fyrir. Hins vegar tel ég mjög eðlilegt að þetta frv. verði skoðað með jákvæðu hugarfari og að stefnt verði að því að lengja fæðingarorlofið frá því sem verið hefur og allt að sex mánuðum. En ég ítreka það og það hlýtur að vera svo, að konur sem vinna úti verða fyrir meiri tekjuröskun en hinar sem heima eru. Við getum síðan deilt um það af hverju konur eru heima, af hverju þær eru ekki útivinnandi. Það geta vissulega verið ástæður fyrir því sem þá er hægt að koma til móts við. Það getur verið ómegð, það getur verið það að kona eigi fatlað barn t. d. og komist ekki út á vinnumarkaðinn þess vegna, en það er hægt að leysa þann vanda eftir öðrum leiðum.

Hæstv. félmrh. lýsti hér vilja sínum í þessum efnum, þ. e. að allar konur njóti fæðingarorlofs, og flutti reyndar um það till. á síðasta þingi. Lítið hefur nú farið fyrir því að þeim málum hafi verið sinnt síðustu mánuði og ekki við gerð fjárlaga. Ég tel það í grundvallaratriðum rangt að líta á málin þannig að allar konur verði fyrir sömu tekjuröskun þegar um þetta er að ræða.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Ég hafði nú ekki ætlað að blanda mér í þessar umr. þó að hér sé vissulega á ferðinni hið mikilvægasta mál sem þm. ber að gefa gaum. Tilefnið var það að hæstv. menntmrh. flutti hér ræðu og fjallaði nokkuð um lögin frá 1975. Við vorum þá á öndverðum meiði um eitt atriði og erum sýnilega enn, þó að við séum oftast sammála. Síðan gat hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason um þetta sama atriði.

Mér er alveg fullkunnugt um það, og ég held að öllum hér sé kunnugt um það, að meðal þess fólks sem á erfiðast uppdráttar er barnmarga fjölskyldan þar sem konan hefur aldrei getað unnið úti vegna ómegðarinnar. Jafnvel þegar launakjör voru best hér á landi og afkoman best, áður en þessi ósköp dundu yfir nú á síðustu árum og misserum, þá var alltaf til ein og ein fjölskylda í hverju þorpi þar sem var bláfátækt af þeirri ástæðu að konan gat ekki unnið úti. Hún átti kannske að sjá um 2, 3, 4 eða 5 ung börn. (**EgJ:** En í sveitum?) Og sveitum vafalaust líka, já, ábyggilega í hverri sveit, ég tek þetta dæmi t. d. í fjölmennari sveitum, auðvitað bæði til sjávar og sveita.

Það var mikilvægt framfaraskref sem stigið var með lögunum 1975, en þetta óréttlæti var vaxandi, það óx við þá löggjöf og það er ekki við þetta unandi. Það verður að finna einhverja lausn í þessu efni, hvað svo sem það er kallað, hvort sem það er kallað greiðsla með einhverju öðrum hætti til þessarar konu, en mér finnst alveg mega kalla það fæðingarorlof. Það er að vísu ekkert orlof og minna en hin konan fær sem á annað barn kannske löngu eftir að fyrra barnið fæddist. Ég þekki dæmi um það. Það er mjög vel efnað fólk á okkar mælikvarða, t. d. skipstjórafrú, sem var búin að koma upp sínum börnum, og það eru fleiri en eitt dæmi um það að sjálfsögðu. Maður hennar hafði verið hátekjumaður alla tíð þegar vel fiskaðist og vel gekk. Yngsta barnið var u. þ. b. 14 ára þegar hún fer út á vinnumarkað, bæði vegna þess að hana langar til að vinna og vera á meðal fólks og svo getur fólk auðvitað alltaf notað peninga, því að það er líka dýrt að eiga unglinga á framfæri og þurfa kannske að kosta þá í skóla fjarri heimilinu. Þessi konar vinnur svo úti. En síðan vilja þessi hjón gjarnan eignast eitt barn til viðbótar. Þá fær

hún fæðingarorlof. En konan við hliðina á henni, sem á fimm ung börn fær það ekki og maðurinn hennar kannske með mjög lág laun.

Þessi umræða hefur verið athyglisverð. Ég tek undir það sem hv. þm. Árni Johnsen sagði um þetta mál, þó að mál hans hafi kannske verið óþarflega ítarlegt og kannske að sumu leyti hefði hann viljað leggja meiri áherslu á það með löngu máli þar sem það er eðli málsins samkvæmt. Þetta sakar ekkert einstaka sinnum og þó að menn hafi kannske eitthvað brosað, bæði hann og við hin, þá er það alveg meinalaust af minni hálfu. (**Gripið fram í:** Hann brosti ekkert.)

En það er annað sem mér finnst líka dálítið kynlegt þegar ég hlusta á þessar umr. nú og áður. Það er þetta, þegar kvenfólkið fer að tala um að sum mál séu sérstök kvennamál. Ég get játað það að konur hafi kannske meiri áhuga á einu máli en öðru, en þetta mál er málefni okkar allra. Og það er ekki bara það að þetta sé ósmekklegt af blessuðum konunum, að vilja tileinka sér ákveðið málefni, heldur fer hitt enn þá meira í taugarnar á mér, þegar merkingu orðsins kvennamál er snúið gersamlega við. Í öllum orðabókunum mínum, og að ég held öllum íslenskum orðabókum þýðir þetta orð aðeins eitt. Mér er þó sagt að í nýjustu orðabók Menningarsjóðs sé farið að tala um kvennamál sem einhver sérstök málefni kvenna. Ég held að þetta málefni hljóti karlmenn einir að eiga. Þeir hafa átt það um allar aldir og þess vegna eru það vinsamleg tilmæli til kvenna að tala þá um málefni kvenna. Og ég segi þetta ekki bara í hálfkæringi, vegna þess að það er verið að brengla orðum í tungu okkar svo voðalega. T. d. gerðist það, ég hygg að það hafi verið 1972, að orsending kom frá utanrrn. um það að páv. utanrrh. Einar Ágústsson og Gromyko utanrrh. Sovétríkjanna hefðu átt skoðanaskipti. Ég vona, forseti, að mér fyrirgefist að koma með svona innskot, því að það gefst hérna tilefni að koma því á framfæri. Ég man eftir að ég var þá ritstjóri Morgunblaðsins og skrifaði dálítinn stubb í Staksteinum og sagði að menn gætu kannske skilið það að Einar Ágústsson hefði skipt um skoðun, en hvernig hann fór að því að fá Gromyko til að skipta um skoðun, það væri mér alveg óskiljanlegt, það væri í hálfkæringi. Engu að síður hefur þessi ranga túlkun á orðinu skoðanaskipti fest í málinu. Nú eru allir farnir að tala um skoðanaskipti þegar fólk er að skipta um skoðun. Skoðanaskipti þýðir auðvitað ekkert annað en eitt og það er að skiptast á skoðunum. En það eru nú vinsamleg tilmæli til kvennanna að láta af þessu, af því að málefni kvenna er nákvæmlega jafngott orð eins og kvennamál.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Mig langar aðeins til að koma meira inn í þessa umr. Ég hefði kannske gert það ítarlegar ef ég hefði verið hér við umr. frá upphafi. Það er þessi skilgreining, sem hér hefur komið fram, um það að skipta fæðandi konum eftir því hvort þær eru heimavinnandi eða á útimarkaði, sem mér finnst vera röng. Ég hef alltaf haldið því fram að hún væri röng. Mér finnst starf heimavinnandi húsmóður, sem hefur það aðalhlutverk að ala upp sín börn og sjá um heimilið ekki síður mikilvægt. Það er svo langt frá því að hægt sé að færa sönnur á að það sé ekki jafnmikils virði og hlutverk þeirra kvenna sem vinna úti, hvort sem það er heilt starf eða hluti úr starfi. Ég gæti flutt langt mál um þetta. Mér finnst að menn megi ekki fara að setja þarna eitthvert strik á milli sem eigi að staðfesta það að þarna eigi að gera mismun á. Ég vitna til sjónvarpsþáttarins í gærkvöldi um könnun kjararannsóknarnefndar á kjörum fólks. Hvað kom í ljós? Það kom í ljós að það eru miklu erfiðari kjör hjá því fólki þar sem annar aðilinn vinnur úti en hinn er heima og er ekki úti á vinnumarkaðinum. Það er gífurlegur munur á þessu. Og þetta sýnir okkur náttúrlega þá um leið og það er ekki síður þörf á því að heimavinnandi húsmóðir, sem elur barn, fái jafnháa fjárhæð og sú sem er á vinnumarkaðinum í sambandi við fæðingarorlof. Þetta liggur alveg ljóst fyrir.

Ég vildi aðeins koma meira inn á það sem starfsmenn Tryggingastofnunarinnar kvarta mest yfir núna í sambandi við framkvæmd gildandi laga og er rétt að vekja athygli á því. Þeir segja það alveg hiklaust að það sé ákaflega miklum vandkvæðum bundið fyrir ýmsa hópa kvenna að sanna atvinnuþátttöku sína við hin ýmsu störf sem meta á jafngild atvinnuþátttöku. Það eru t. d. sjómannskonur, konur bænda, konur sem stunda nám með heimilisstarfi og þær sem stunda atvinnurekstur. Í núgildandi lögum er það lagt í vald ráðh. að setja um þetta reglugerð, sem styðst við úttekt eða álit starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Það hefur reynst svo að þetta er nánast óvinnandi verk og hefur skapað ákaflega mikið ósamræmi og stundum leiðindaatvik, sem ég nefndi hér fyrr, að orðið hefur að synja konum um þennan rétt vegna þess að sönnunargögn hafa ekki verið talin fullnægjandi.

Ég hef því miður ekki í höndunum upplýsingar um framkvæmd þessa máls á s. l. ári, en ég hef hér töflu frá 1982. Þá væru greiddar 76.4 millj. kr. í fæðingarorlof vegna 4266 fæðinga, sem skiptust þannig að óskertar þriggja mánaða greiðslur voru fyrir 2401 fæðingu eða 55.3 millj., til þeirra sem fengu ⅔ hluta 13.2 millj., það voru 853 fæðingar, og til þeirra sem fengu aðeins ⅓ hluta voru 1012 fæðingar, 7.8 millj.

Ég ætla ekki að ræða þetta meira. Ég vil lýsa því yfir að ég hef áhuga fyrir því að þessi mál séu skoðuð og ég endurtek: það er ekki grundvöllur á þessu ári að stíga svo stór skref sem hér er verið að tala um í þessu frv. En það skref sem ég vil beita mér fyrir og er að beita mér fyrir er jafnrétti skv. gildandi lögum. Ég endurtek þetta vegna þess að einhver hv. þm. sagði hér áðan að það væri ekkert verið að vinna í þessum málum. Ríkisstj. er að láta athuga þetta mál og í trmrn. er verið að skoða málið miðað við það hvað hægt er að gera á þessu ári. Ég vonast fastlega til þess að í ríkisstj. náist samstaða um þetta mál og þrátt fyrir ummæli hæstv. menntmrh. er ég ekki í neinum vafa um það að hún ber mjög hag heimavinnandi kvenna fyrir brjósti. Ég efast ekkert um að við munum ná samkomulagi um það að þoka þessum málum í rétta átt.

Flm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þdm. góðar undirtektir við þetta frv. Mig langar þó til að segja fáein orð um nokkur atriði sem hafa komið fram.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. talaði um að þetta væri ekki málefni kvenna sérstaklega heldur okkar allra. Því er ég hjartanlega sammála og væri æskilegt að allir hefðu þá skoðun. Hins vegar hefur okkur konum stundum fundist það brenna við að þessum málum þokaði seint og þess vegna hafa þetta verið málefni, sem við höfum

látið okkur sérstaklega varða, enda koma þau eðlilega mjög við okkur og okkar líf. Ég vona að það verði ekki talið málinu til vansa þó að ég sé kona og beri það fram.

Ég held að við hv. 3. þm. Suðurl. getum notað hliðarherbergi til þess að tala um hvernig við skiljum hin ýmsu orð, þurfum ekki að gera það héðan. En það var þó eitt atriði í máli hans áðan sem mig langar aðeins að gera aths. við. Það er að hann hafi uppi einhverjar hugmyndir um það að frv. fæli í sér svo rýmileg réttindi að farið yrði að gera út á börn. Ég vil uppfræða hv. þm. Árna Johnsen um það að hámarksfæðingarorlofsgreiðsla í dag fyrir útivinnandi konur, sem ekki tilheyra BSRB, BHM eða Sambandi ísl. bankamanna, er 14 114 kr. og ég held að fáir geri út á það, auk þess sem það að ala upp barn er ekki spurning um 6 mánuði eða 9, heldur 20 ár þannig að þar er í stórt verkefni ráðist.

Hér hefur nokkuð verið fjallað um rétt heimavinnandi kvenna og borið saman við rétt útivinnandi kvenna. Hv. 6. landsk. þm. talaði um að það yrði meiri tekjuröskun fyrir útivinnandi konur en heimavinnandi að ala barn. Það má e. t. v. til sanns vegar færa, en við erum hins vegar, eins og ég sagði, að tala um upphæð sem nemur í dag 14 114 kr. þannig að ekki er það nú ofrausn. (**Gripið fram í:** Það þykir mörgum gott.) Ég veit að það þykir mörgum gott, en eitt misrétti réttlætir ekki annað. Og síðan er það líka að athuga að vitaskuld eru heimavinnandi konur vinnandi þó að þær hljóti ekki laun fyrir sín störf. Eins og ég sagði í framsögu með frv., þá er þetta aðferð til þess að viðurkenna, þó í litlu sé, að þær inni af höndum ákveðin störf fyrir þjóðfélagið sem sjálfsagt er að viðurkenna. Hins vegar er það annað mál og það er e. t. v. stærra mál í þessu samhengi að kjör heimavinnandi kvenna eru, eins og aðrir þm. hafa hér bent á, oft síst betri en hinna útivinnandi. Og til þessara heimavinnandi kvenna, sem búa við lök kjör, þurfum við að reyna að ná líka.

Annað atriði, sem sérstaklega varðar heimavinnandi konur, er að fjárhagsöryggi þeirra er oft enn ótryggara að sumu leyti en útivinnandi kvenna, vegna þess að þær geta ekki sjálfar aflað tekna heldur eru upp á annan einstakling, mann sinn, komnar með það. Og eins og við vitum öll er allur gangur á hvernig hlutirnir skiptast á heimili þannig að þetta er annað atriði sem varðar heimavinnandi konur sérstaklega.

En ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta atriði. Það hafa aðrir gert og ég vísa til þess sem ég talaði hér um í framsögu með frv. Ég vil þakka hæstv. félmrh. hans svör og fara þess á leit við hann að hann skoði alla efnisþætti þessa frv. vendilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Sala lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, frv. 178. mál (þskj. 319). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði á grundvelli kaupsamnings milli ríkisstj. og nýstofnaðs hlutafélags, Sigló h. f. í Siglufirði, sem dags. er í Reykjavík 17. des. 1983. Kaupsamningurinn er fskj. með frv. þessu. Kaupverð er 18 millj. kr. og er það lánað með verðtryggðum kjörum til 10 ára.

Þá er með frv. lagt til að felld verði úr gildi lög nr. 46 frá 19. maí 1972, um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði. Með lögum nr. 46 frá 19. maí 1972 var kveðið á um rekstur ríkisins á verksmiðju í Siglufirði til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða undir firmanafninu Lagmetisiðjan Siglósíld. Jafnframt þessu yfirtók ríkið verksmiðjuhús Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins sem þá var í eigu Síldarverksmiðja ríkisins.

Rekstur Lagmetisiðjunnar Siglósíldar hefur frá upphafi gengið misjafnlega og hafa erfiðleikarnir aukist hin síðari ár. Á árinu 1979 varð lagmetisiðjan Siglósíld fyrir miklum skakkaföllum vegna seinkunar á sölusamningum, farmannaverkfalls og óseljanlegra birgða sem leiddu af sér rekstrarstöðvun mánuðum saman.

Starfshóp þriggja manna var falið að kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins, rekstur og framtíðaráætlanir með *tilliti til* sölusamninga og hugsanlegrar uppbyggingar þess. Niðurstöður starfshópsins voru þær að ekki væri grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri við óbreyttar aðstæður. Hann taldi hins vegar rétt að kanna samsetningu lagmetisiðjunnar og fyrirtækisins Þormóðs ramma jafnhliða endurskipulagningu í rekstri og framleiðslu beggja fyrirtækjanna í því augnamiði að auka fjölbreytni og nýtingu í framleiðslu og renna þannig styrkari stoðum undir atvinnulíf í Siglufirði. Tillögur þessar voru ræddar við bæjarstjórn og atvinnumálanefnd Siglufjarðar í febrúar og mars 1980 án þess að niðurstaða fengist um framtíð fyrirtækisins.

Á árunum 1981 og 1982 seig enn á ógæfuhlið í rekstri fyrirtækisins með samdrætti í sölu og lækkandi verði í dollurum. Verðþróun innanlands var mjög óhagstæð á þessu tímabili, framleiðslugeta var illa nýtt og vélakostur orðinn slitinn. Afkoma Siglósíldar var mjög slæm árin 1980—1982. Árið 1980 var framleitt í 137 daga og var bókfært tap 1 329 894 kr. þrátt fyrir 1.5 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Ég tek það fram að þær tölur sem ég nefni eru á verðlagi hvers árs.

Árið 1981 var framleitt í 130 daga og var bókfært tap 3 799 825 kr. þrátt fyrir 1 millj. kr. framlag ríkissjóðs. Árið 1982 var framleitt í 90 daga aðeins og var bókfært tap 5 362 813 kr. þrátt fyrir 900 þús. kr. framlag ríkissjóðs. Samtals var tap fyrirtækisins á þessum árum 10 492 532 kr. þrátt fyrir 3.4 millj. kr. framlag ríkissjóðs.

Tap á rekstri Siglósíldar að frádregnu framlagi ríkissjóðs hefur verið fjármagnað með skuldasöfnun hjá viðskiptaaðilum og ríkissjóði og að hluta til með lántökum hjá endurlánum ríkisins. Breytingar á efnahagsreikningi hafa á sama tímabili verið þær að á árinu 1980 voru eignir alls 7 millj. 468 þús. kr. en skuldir alls 6 millj. 781 þús. kr. og eigið fé 686 þús. kr. Árið 1981 voru eignir alls 9 millj. 677 þús. kr. en skuldir alls 12 millj. 444 þús. kr. — ég sleppi krónum í þessum lestri mínum nú — og eigið fé því neikvætt um 2 millj. 766 þús. kr. Árið 1982 voru eignir alls 11 millj. 933 þús. kr. en skuldir alls 21 millj. 299 þús. kr. og eigið fé neikvætt um 9 millj. 365 þús. kr.

Þó að ekki liggi fyrir endanlegt uppgjör fyrir tímabilið janúar til maíloka 1983 þegar Þormóður rammi h. f. tekur við rekstri fyrirtækisins er ljóst að verulegt tap er á rekstri fyrirtækisins þetta tímabil og má það reksturs-

tap telja í millj. kr. Á árinu 1983 voru beinar greiðslur, framlög, úr ríkissjóði til Siglósíldar 7 millj. kr. Að auki var framlag í formi yfirtöku á tveimur lánum hjá endurlánum ríkisins að upphæð 10 millj. 84 þús. kr.

Í maí s. l. tók Siglósíld 10 millj. kr. gengistryggt lán hjá endurlánum ríkisins. Andvirði þess var varið til greiðslu á bráðabirgðalánum hjá ríkissjóði að upphæð 6 millj. 551 þús. kr. og greiðslu vaxta og kostnaðar á lánum hjá endurlánum ríkisins, 1 millj. 172 þús. kr., og greiðslulausa skuld að fjárhæð 2 millj. 277 þús. kr.

Skv. bráðabirgðauppgjöri á efnahagsreikningi í des. 1983 voru eignir fyrirtækisins taldar nema 15 millj. 904 þús. kr. en skuldir alls 20 millj. 290 þús. kr. og eigið fé því neikvætt um 4 millj. 386 þús. kr.

Í samráði við stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíldar skipaði iðnrn. í sept. 1982 nefnd til að fara yfir stöðu fyrirtækisins og gera till. til rn. um endurskipulagningu á rekstrinum. Í því skyni var nefndinni falið að kanna m. a. eignaraðild heimamanna, Framkvæmdasjóðs og ríkisins á endurskipulögðu fyrirtæki í lagmetisiðnaði, gera tillögur um uppgjör skulda að lokinni endurskoðun, setja fram rekstraráætlun nýs fyrirtækis ef til endurskipulagningar kæmi og gera tillögur um breytingar á lögum nr. 46 frá 1972 um Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Nefndin skilaði áliti þann 26. apríl 1983 og voru niðurstöður hennar í megindráttum þær að fyrirtæki sem framleiddi um 30 þús. kassa af gaffalbitum og 23 þús. kassa af niðursoðinni rækju ætti að geta skilað hagnaði ef það þyrfti ekki að standa undir fjármagnskostnaði vegna uppsafnaðra skulda og nauðsynlegar endurbætur yrðu gerðar á húsnæði og vélum.

Á grundvelli álits nefndarinnar gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma og Siglósíldar með sér samkomulag þann 16. maí 1983 um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Lagmetisiðjunnar Siglósíldar og var það samkomulag staðfest af iðnrn. og fjmrn. Rekstur Þormóðs ramma h. f. á Siglósíld hefur staðið í járnum þrátt fyrir að leigan fyrir verksmiðjuna hafði verið fremur lág, þ. e. 7% af framleiðslu eða um 300 þús. kr. frá 1. júní 1983 til 31. des. 1983. Rekstrar- og fjárhagsstöðu Þormóðs ramma h. f. er þannig háttað að fyrirtækið hefur ekki bolmagn til að koma rekstri Siglósíldar í það horf sem þarf til að gera reksturinn arðbæran.

Þegar fram kom áhugi aðila með reynslu í lagmetisiðnaði þótti rétt að athuga til hlítar hvort unnt væri að selja fyrirtækið. Í nóvembermánuði s. l. kom fram formleg ósk frá þessum aðilum um að kaupa lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, Siglósíld. Í byrjun des. skipaði ég þrjá menn í nefnd til að annast viðræður af hálfu ríkisins um sölu Siglósíldar. Nefndin átti allmarga fundi með fulltrúum fyrrnefndra aðila en þeir stofnuðu hinn 15. des. 1983 hlutafélagið Sigló h. f. með heimili og varnarþing í Siglufirði til að kaupa og starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld. Á fundi aðila 14. des. 1983 náðist samkomulag um sölu Siglósíldar með fyrirvara um samþykki iðnrh., ríkisstj. og Alþingis. Frá kaupsamningi var gengið og hann undirritaður 17. des. 1983 með nauðsynlegum fyrirvara. Meginatriði kaupsamningsins er í fyrsta lagi:

Ríkissjóður selur hlutafélaginu Sigló h. f. Lagmetisiðjuna Siglósíld og er kaupverð kr. 18 000 000.

Kaupverðið greiðist með útgáfu skuldabréfs til 10 ára. Bréfið er verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og ber hæstu leyfilegu vexti af verðtryggðum lánum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.

Við ákvörðun á kaupverði hefur verið tekið mið af fasteignamatsverði eigna fyrirtækisins og bókfærðu verði þeirra. Við mat á verði tækja verksmiðjunnar verður að taka tillit til að þau eru mörg hver úrelt orðin. Þá hefur verið reynt að meta viðskiptavild fyrirtækisins — „good will" — og þá aðstöðu sem fyrirtækið hefur byggt upp. Að öllu þessu athuguðu verður að telja 18 millj. kr. viðunandi verð.

Með frv. fylgir bráðabirgðayfirlit yfir efnahag Siglósíldar í des. 1983. Til samanburðar er rétt að geta þess að bókfært verð fastafjármuna er skv. yfirlitinu 13 millj. 941 þús. kr. Skv. bráðabirgðauppgjörinu eru heildarskuldir Siglósíldar miðað við des. 1983 20 millj. 290 þús. kr. Þar á móti á fyrirtækið veltufjármuni að fjárhæð 1 millj. 953 þús. kr. Skv. þessu er söluverð fyrirtækisins skv. kaupsamningnum u. þ. b. sama fjárhæð og þær skuldir sem á ríkissjóð falla vegna sölunnar.

Lán vegna kaupanna er tryggt veði með fyrsta veðrétti í eignum verksmiðjunnar, og afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Stofnendur ábyrgjast persónulega 25% af láninu. Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverðið er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu tveimur árum til að efla fyrirtækið.

Við samninga um greiðslukjör hefur verið tekið mið af þeim kjörum sem fjmrh. hefur boðið í almennu útboði á hlutabréfum í 15 ríkisfyrirtækjum, sbr. auglýsingu dags. 7. des. 1983. Þar er gert ráð fyrir að útborgun verði 20% og að eftirstöðvar verði lánaðar til allt að 10 ára. Hér hefur þó verið vikið frá kröfu um 20% útborgun. Telja verður að eftirfarandi atriði réttlæti slíkt frávik:

1. Með tilliti til þeirra gagngerðu endurbóta sem nauðsynlegar eru til að koma fyrirtækinu í rekstrarhæft ástand þykir óhjákvæmilegt að gera kaupendum kleift að leggja sem mest fé í fyrirtækið þegar í upphafi.

2. Fram hefur komið í viðræðum við kaupendur að þeir hyggjast fjárfesta í fyrirtækinu fyrir allt að kr. 12 millj. á fyrra helmingi þessa árs.

3. Ofangreindar aðgerðir gefa von um jafna atvinnu við fyrirtækið allt árið. Þetta mun því væntanlega efla atvinnulíf í Siglufirði.

Þá er í þriðja lagi í kaupsamningi reynt að tryggja svo sem frekast er kostur að starfrækslu Siglósíldar verði haldið áfram í Siglufirði, sem er meginatriði. Kaupendur skuldbinda sig m. a. til að halda starfrækslu Siglósíldar áfram í Siglufirði auk þess sem þeir binda í stofnsamningi tilgang hins nýja félags við að efla og styrkja atvinnulíf í Siglufirði. Þessu til tryggingar eru aðilar sammála um að í skuldabréfi verði heimildarákvæði þess efnis að gjaldfella megi skuldina ef skuldbindingar um starfrækslu í Siglufirði verða ekki haldnar.

Í samningsviðræðum aðila hefur eftirfarandi m. a. komið fram varðandi áform kaupenda um rekstur fyrirtækisins:

Í fyrsta lagi hyggjast þeir halda áfram framleiðslu gaffalbita.

Í öðru lagi hyggjast þeir vinna úthafsrækju sem veidd er úti fyrir Norðurlandi.

Í þriðja lagi hyggjast þeir vinna rækju sem veidd er í Barentshafi í samstarfi við breskt fyrirtæki til sölu á markaði í Bretlandi og í Bandaríkjunum.

Í fjórða lagi hyggjast kaupendur sjóða niður tilfallandi hráefni þann tíma sem ekki er unnið að síld.

Síðasttöldu atriðin tvö eru nýjung í starfsemi Siglósíldar og er vonast til að þetta geti orðið til þess að efla atvinnulíf í Siglufirði.

Til þess að unnt sé að starfrækja verksmiðjuna í samræmi við framanritað þarf að gera verulegar endurbætur á húsum og tækjum. Skv. áætlun eigenda hyggjast þeir fjárfesta á fyrra helmingi árs 1984 samtals um 12 millj. kr. til endurbóta á verksmiðjunni sem fyrr segir. Það er m. a. til að gera kaupendum kleift að framkvæma slíkar endurbætur á fyrirtækinu að fallið er frá kröfum um útborgun við sölu.

Kaupendur lögðu áherslu á að afhending færi fram hinn 1. jan. 1984. Bentu þeir í því sambandi á eftirfarandi:

1. Kaupendur hafa yfir að ráða allmiklu magni af ópillaðri rækju sem þeir geta hafið vinnslu á um leið og breytingum á verksmiðjunni er lokið.

2. Niðurlagning á gaffalbitum hefði að öllu óbreyttu átt að hefjast á vegum Þormóðs ramma í jan. Kaupendur hugðust hins vegar breyta tilhögun við þá framleiðslu í tengslum við aukna rækjuvinnslu í fyrirtækinu. Til þess að þetta mætti takast töldu þeir nauðsynlegt að geta hafið breytingar á verksmiðjunni eigi síðar en 1. jan. sl.

3. Fulltrúar kaupenda áttu í samningaviðræðum um vinnslu á hráefni frá Evrópu til sölu á Bandaríkjamarkaði. Forsenda þeirrar samningsgerðar var að þeir gætu hafið vinnslu í upphafi þessa árs.

Með vísun til þessa og þar sem 1. jan. 1984 var af öðrum ástæðum hentugur afhendingardagur var kaupsamningurinn látinn koma til framkvæmda þann dag svo sem frá honum var gengið með fyrirvara um samþykkt Alþingis.

Eins og vikið var að áðan var hinn 16. maí 1983 gengið frá leigusamningi milli Þormóðs ramma h. f. og ríkisins um leigu Siglósíldar. Skv. 7. tölulið þess samkomulags gildir samkomulagið í eitt ár og átti Þormóður rammi h. f. forkaupsrétt að Siglósíld að þeim tíma liðnum. Rétt er að benda á að í þessari grein samkomulagsins er gert ráð fyrir að söluverð á fyrirtækinu skuli vera sama fjárhæð og langtímaskuldir í maí 1983 með verðlags- og gengisbreytingum til kaupdags. Það var sem sé í þessum leigukaupasamningi sem svo mátti nefna gert ráð fyrir ákveðnu söluverði á fyrirtækinu sem mjög er í samræmi við það söluverð sem endanlega varð samkomulag um. Skv. þessari grein hefði kaupverð á verðlagi í des. 1983 verið um 18 millj. kr. eða sambærilegt því verði sem hér er samið um. Þetta er sérstaklega tekið fram því að fram hafa komið þær skoðanir að hér hafi verið um undirverð að tefla, en þá eru fleiri en undirritaður sem hafa um það vélt.

Telja verður að leiga eða yfirtaka Þormóðs ramma h. f. á Siglósíld hafi ekki verið heppileg frambúðarlausn. Eins og áður er að vikið er rekstrar- og fjárhagsstöðu Þormóðs ramma h. f. þannig háttað að fyrirtækið hefur ekki bolmagn til að koma rekstri Siglósíldar í arðbært horf. Önnur sjónarmið koma og til. Þormóður rammi h. f. sinnir togaraútgerð og hefðbundinni fiskvinnslu en yfirleitt, svo sem er á Ísafirði og víðar, hafa sérhæfð fyrirtæki sinnt niðursuðu rækju og skelfiskvinnslu. Viðskiptasambönd hins nýja fyrirtækis vega einnig þungt.

Samstarfssamningi Þormóðs ramma h. f. og Siglósíldar var því sagt upp með samkomulagi frá 1. jan. 1984 samhliða sölu Siglósíldar til hlutafélagsins Sigló h. f. svo sem fyrr greinir. Samkomulag viðræðunefndarinnar fyrir hönd iðnrn. og stjórnar Þormóðs ramma h. f. um uppsögn á leigumála var undirritaður 12. jan. 1984. Skv. samningnum féll leigumálinn niður 1. jan. 1984. Þá fellur stjórn Þormóðs ramma h. f. frá forkaupsrétti að fyrirtækinu skv. ákvæðum leigusamningsins frá sama tíma.

Þá er í samningnum ákvæði um uppgjör á viðskiptum aðila miðað við 1. jan. 1984. Er í samningnum frá því gengið að Þormóður rammi h. f. fari skaðlaus úr þeim viðskiptum. Í tengslum við gerð samkomulags um uppsögn á leigumála Þormóðs ramma h. f. og Siglósíldar var sama dag undirritað samkomulag milli ríkisstj. vegna Siglósíldar og Sigló h. f. sem kaupanda og Þormóðs ramma h. f. þar sem frá eftirfarandi atriðum var gengið:

a) Sigló h. f. kaupir rekstrarvörur og lausafé í eigu Þormóðs ramma h. f. vegna Lagmetisiðjunnar Siglósíldar.

b) Sigló h. f. tekur að sér að efna skuldbindingar Þormóðs ramma h. f. um síldarsöltun og fleira er hráefnisöflun varðar og gerðar voru í þágu Siglósíldar.

c) Þormóður rammi h. f. leigir Sigló h. f. nauðsynlegt frystirými vegna geymslu á hráefni og afurðum.

d) Þá skuldbindur Sigló h. f. sig til að greiða úr þeim skyldum er kynnu að falla á ríkissjóð vegna sölunnar.

e) Sigló h. f. tekur að sér að efna samninga við fastráðna starfsmenn verksmiðjunnar og skuldbinda sig til að veita lausráðnu starfsfólki, sem starfað hefur við lagmetisiðjuna á undanförnum árum, forgangsrétt til vinnu hjá fyrirtækinu.

Virðulegi forseti. Hér hefur verið gerð grein fyrir helstu atriðum í kaupsamningi þeim sem lagt er til að Alþingi samþykki með því að veita ríkisstj. heimild til að selja fyrirtækinu Sigló h. f. í Siglufirði Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Að lokinni 1. umr. legg ég svo til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 44. fundur.

Miðvikudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Lán vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180). — Frh. 1. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast á dagskrá vísaði ég til þess að skv. lögum er skylt að leggja fram með slíkum frv. mat á kostnaði og þjóðhagslegri arðsemi sem sú framkvæmd sem gerð er tillaga um gæti haft í för með sér. Hæstv. fjmrh., sem gerði grein fyrir þessu máli hér, bar brigður á þetta og hélt alllanga og sérkennilega ræðu og kom víða við, m. a. í dýraríkinu, eins og hans er von og vísa.

Þau lög sem ég vitnaði til voru lög um efnahagsmál o. fl. nr. 13 frá 1979, svokölluð Ólafslög, en þar segir í 13. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. Mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis.

2. Kostnaðarmat á tillögum frv. sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma.

3. Athuganir á hagkvæmni í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í því skyni að bæta rekstur og draga úr útgjöldum.

4. Athuganir á hagræðingu í starfsemi ríkisstofnana og fyrirtækja og í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við ríkið.

Þessi verkefni sín skal fjárlaga- og hagsýslustofnun leysa í samráði við hlutaðeigandi rn. og fjvn."

Það er þess vegna alveg ljóst, herra forseti, að með frv. um byggingu flugstöðvar í Keflavík á að liggja fyrir kostnaðarmat, þjóðhagsleg greining o. fl., og þetta mat á m. a. að berast viðkomandi þingnefndum í tæka tíð. Ég fullyrði því að vinnubrögð þau sem viðhöfð hafa verið í þessu máli séu ekki í samræmi við lögin um stjórn efnahagsmála o. fl. frá 1979.

Ég vil leyfa mér í fjarveru hæstv. fjmrh. að leggja fyrirspurnir um þetta efni fyrir hæstv. utanrrh.: Er hann reiðubúinn að tryggja að fyrir hv. fjh.- og viðskn. Nd. verði lagðir útreikningar og áætlanir sundurliðaðar í samræmi við lögin um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13 frá 1979? Það er alveg óhjákvæmilegt, ef þingið vill starfa að þessum málum eins og eðlilegt er, að þessar upplýsingar liggi fyrir. Og ég held að það sé ekki nokkur vafi á að lögin eigi hér við, þó að hér sé verið að tala um lánsfjárheimild fyrst og fremst, því að með frv. er auðvitað gerð tillaga um að Alþingi ákveði þær framkvæmdir sem hér um ræðir.

Ég held að það megi vafalaust finna þess dæmi á liðnum árum að menn hafi ekki sem skyldi sinnt þessum lagabókstaf. Hins vegar er hér um að ræða stóra framkvæmd sem talið er að kosti mörg hundruð milljónir króna. Það er verið að tala um 600 millj. kr. lánsfé fyrir íslenska ríkið og auk þess komi til fjármunir frá Bandaríkjastjórn. Hér er um að ræða svo stóra framkvæmd að það er auðvitað alveg óverjandi að stjórnarliðið láti þetta frv. fara hér í gegn án þess að kannað verði rækilega hvaða kostnað hún hefur í för með sér og hvernig ætlunin er að reka þessa flugstöð. Ég mun t. d. fara þess á leit við hv. formann fjh.- og viðskn. Nd., hv. þm. Pál Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., að hann tíni þessi gögn samviskusamlega saman úr fjmrn. og utanrrn. þannig að málið verði afgreitt með þeim hætti úr fjh.- og viðskn. Nd. að það sé fullboðlegt og í samræmi við þau lög sem kennd eru við fyrrv. leiðtoga formanns fjh.- og viðskn., hv. þm. Ólaf Jóhannesson. — En fsp. mín er til hæstv. utanrrh.: Mun hann tryggja að fyrir fjh.- og viðskn. verði lagðir útreikningar í samræmi við ákvæði Ólafslaga sem ég hef hér vitnað til?

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Um þessar mundir höfða ríkisstjórnarflokkarnir mjög til láglaunafólks í landinu að það haldi áfram að umbera í þögn og þolinmæði þá gífurlegu kjaraskerðingu sem það hefur orðið fyrir í kjölfar efnahagsaðgerða ríkisstj. Því er haldið fram að efnahagsleg staða þjóðarbúsins sé á þann veg að erlendar skuldir séu svo miklar og samdráttur þjóðartekna svo verulegur að jafnvel þeir sem við bágust kjör búa, ellilífeyrisþegar, öryrkjar, einstæðir foreldrar og þeir aðrir sem lægstar hafa tekjurnar, verði enn um ófyrirsjáanlega framtíð að búa við stórskert kjör miðað við lífsafkomuna fyrir ári. Er þó öllum ljóst að margt af þessu fólki býr við sult og seyru, að ekki sé talað um þá sem atvinnuleysið hefur bitnað á.

Sumir hæstv. ráðh. leggja sig nú fram um, þegar þeir boða áframhaldandi kjaraskerðingu, að höfða til þegnskapar þessa aðþrengda fólks og útmála þá geigvænlegu hættu sem efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar stafi af þeim viðskiptahalla og skuldasöfnun erlendis sem hlytist af því að launakjör og lífeyrisgreiðslur yrðu bætt svo að einhverju munaði. Allir verði að herða sultarólina og vinna sameiginlega að því að rétta við þessa bágu og hættulegu stöðu þjóðarbúsins.

Þegar þjóðin er ákölluð með þessum hætti ríður á miklu að þeir sem byrðarnar bera geti réttlætt það fyrir sér og sínum að ástæða sé til þess að taka þessar særingar ráðamanna alvarlega og launafólk sjái með eigin augum að allar aðgerðir stjórnvalda séu í samræmi við kröfur þeirra sjálfra til aðþrengdra alþýðuheimila, þ. e. að þeir sem breiðust hafa bökin beri mestar byrðarnar eða a. m. k. einhverjar byrðar og meðferð yfirvalda á erlendum gjaldeyri þjóðarinnar staðfesti staðhæfingar hæstv. ráðh. um að frekari skuldasöfnun erlendis leiði þjóðina í glötun.

Hefur fólk sem horfir opnum augum á það sem hefur verið að gerast fengið staðfestingu á því að samræmi sé milli orða og athafna hæstv. ráðh. svo að réttlætanlegt sé að gefa baráttulaust eftir verulega hluta launa sinna? Öðru nær. Þegar launatekjur stórrýrna að kaupmætti og svo mjög þrengir að þeim sem verst eru settir að þeir eygja ekki hvernig þeir eiga að láta launin endast til næstu útborgunar eru það á hinn bóginn atvinnurekendur sem njóta þess að raunlækkun launa almennings þýðir stórminnkun útgjalda hjá fyrirtækjum, þeir auka gróða sinn.

Eftir að lagasetningu hefur verið beitt til þess að þvinga launafólk og lífeyrisþega til að herða sultarólina m. a. vegna bágrar stöðu ríkissjóðs upplýsa dagblöðin að einmitt þeir menn sem harðast leggja að aðþrengdu alþýðufólki að sýna nú þegnskap til þess að bjarga ríkissjóði og þjóðarbúinu hafi látið ríkissjóð greiða niður kaup á einkabifreiðum sínum svo að nemur samtals 3.5—4 millj. kr. Geta lífeyrisþegar, einstæðir foreldrar, atvinnuleysingjar og láglaunafólk yfirleitt tekið alvarlega kröfur þessara ráðamanna um að það sýni þann þegnskap að sætta sig við óskert laun, við launakjör sem hæstv. ríkisstj. auglýsir nú út um allan heim sem ágóðavænlegan þátt í rekstri fyrirtækja á Íslandi umfram það sem gerist í öðrum löndum? Sýnilegt er að erlendir auðhringar eiga að geta treyst á að þessi lágu laun sem verkafólk býr nú við séu ekkert stundarfyrirbrigði.

Þess er því naumast að vænta að aðþrengt launafólk geti tekið alvarlega kröfur þessara sömu manna um að hafa engin viðbrögð uppi gegn stöðugri skerðingu

lífskjara þegar svo er staðið að dreifingu þeirrá byrða sem útmálað er að þjóðin verði að leggja á sig.

Það frv. sem hér til umr., frv. til l. um lán vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, er enn einn veigamikill þáttur í því efni að launafólk getur ekki tekið alvarlega kröfur ríkisstj.-flokkanna um að það láti yfir sig ganga stöðugt meiri rýrnun kaupmáttar launa til þess að gegna því hlutverki sem ríkisstj. hefur á það lagt í því skyni að slík rýrnun kaupmáttar launa leiði til samdráttar í innflutningi og úr skuldasöfnun þjóðarinnar dragi erlendis.

Ríkisstj.-flokkarnir hafa lagt á það áherslu að þær lántökur sem þó verði leyfðar verði að takmarka við þær allra arðbærustu framkvæmdir sem fyrirfinnist þar sem stefnt er að framleiðslu sem annaðhvort auki gjaldeyriseign þjóðarinnar eða dragi úr gjaldeyriseyðslu hennar. Og hvað eru svo þessir sömu flokkar — og þar má bæta garminum honum Katli, Alþfl., við — að leggja til að samþykkt verði á hv. Alþingi þá sömu daga og allt er gert til þess að leggjast á og halda niðri kröfum launafólks um að í einhverju verði linað á mestu lífskjaraskerðingunni sem er að koma mörgum á vonarvöl?

Hæstv. ríkisstj. og Alþfl. ætlast til þess á sama tíma að Alþingi samþykki að þjóðin taki erlent lán að upphæð áður en lýkur um 616 millj. kr. til þess að byggja nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, flugstöð sem jafnvel hæstv. forsrh. viðurkennir að sé of stór miðað við þarfir þjóðarinnar. Raunvextir dollaralána eru ærnir og ekki hafa fengist upplýsingar um hversu háan má áætla heildarfjármagnskostnað við byggingu flugstöðvarinnar, þ. e. hver vaxtakostnaður verður orðinn af lánunum þegar þau hafa verið endurgreidd. Og eins og áður hefur verið bent á í umr. er gert ráð fyrir að allur innlendur kostnaður við framkvæmdina verði greiddur með erlendum lánum. Um arðsemi af flugstöðvarbyggingunni þarf ekki að ræða, hin nýja mun verða miklum mun dýrari í rekstri en sú sem fyrir er.

Ljóst er að aðstæður til að taka á móti farþegum á Keflavíkurflugvelli mættu vera betri en nú. En hversu margvíslegar og brýnar voru ekki þær þarfir sem ekki var unnt að sinna við afgreiðslu fjárlaga fyrir síðustu áramót og brýnni en ný flugstöð í Keflavík? Enginn vildi leysa þær með stórfelldum lántökum erlendis heldur var ákveðið að lausn þeirra yrði að bíða betri tíma vegna þess að mark var tekið á upplýsingum um hvernig ástatt væri í efnahagsmálum og hvernig skuldastöðu þjóðarinnar væri komið og um væri að ræða þátt í ákvörðunum um að draga úr skuldasöfnun þjóðarinnar.

Sú ákvörðun sem ríkisstj.-flokkarnir ásamt Alþfl. leggja til að tekin verði um stórfelldar lántökur erlendis til byggingar of stórrar flugstöðvar einmitt nú eins og skuldamálum þjóðarinnar er háttað er ögrun við það fólk sem berst nú örvæntingarfullri baráttu fyrir því að láta stórskert laun duga fyrir lífsnauðsynjum heimila sinna og er á sama tíma talin trú um að það verði að leggja á sig og fjölskyldur sínar þessa lífskjaraskerðingu til þess að þjóðin geti grynnt á skuldum sínum erlendis.

Hér er verið að efna til nær 620 millj. kr. erlendrar lántöku auk vaxta til framkvæmdar sem er tímaskekkja eins og á stendur ef ætlast er til þess að láglaunafólk sem aðrir taki mark á fullyrðingum ráðamanna þjóðarinnar um þær forsendur sem þeir staðhæfa að séu grundvöllur fyrir raunverulegri nauðsyn á kjaraskerðingu jafnvel hjá gamalmennum og öryrkjum. Ef þetta frv. verður samþykkt hefur hver og einn launþegi og lífeyrisþegi gildar ástæður til þess að telja þær forsendur sem stjórnarflokkarnir hafa lagt til grundvallar stórfelldri kjaraskerðingu, uppspuna og lygi og staðfestingu þess að þeir sem að kjaraskerðingunni standa taki a. m. k. sjálfir ekki minnsta mark á sínum eigin rökstuðningi fyrir lífskjaraskerðingunni.

Þar fyrir utan ætti hverjum manni að vera ljóst, og ekki síst hv. alþm. sem hafa trausta þekkingu á því hvar framkvæmdaþarfirnar hvarvetna um landið eru brýnastar, að mjög víða brenna þær þarfir heitar í samgöngumálum, heilbrigðismálum, hafnamálum og skólamálum en um er að ræða varðandi aðbúnað fyrir farþegaflug á Keflavíkurflugvelli. Dreg ég þó ekkert úr því að þar þarf úr að bæta þegar þjóðin hefur betri efni á því en nú.

Ég satt að segja vorkenni þeim mönnum sem eru fulltrúar fólks úti á landsbyggðinni sem berst fyrir framfaramálum í sínum byggðarlögum, og nefni ég þar t. d. hv. 6. þm. Norðurl. e. Guðmund Bjarnason, að koma hér í ræðustól til að réttlæta þá ákvörðun sem hér á að fara að taka um lántöku sem mun áður en lýkur nema 600—700 millj. kr. til að reisa allt of stóra flugstöð á Keflavíkurflugvelli einmitt nú þegar viðskiptahalli og erlendar skuldir þjóðarinnar eru notuð sem grundvallarrök fyrir því að skera laun almennings svo stórlega niður að mörg heimili líða nauð.

Ég ætla í þessu sambandi ekki að fara mörgum orðum um þá fáheyrðu niðurlægingu sem felst í því að Íslendingar skuli ganga með betlistaf til herraþjóðarinnar á Suðurnesjum þegar bæta á aðstöðu til farþegaflugs á Keflavíkurflugvelli. Væri sú betliganga þó ein sér næg ástæða til þess að þetta frv. væri fellt. Um þetta þýðir ekki að ræða við dygga stuðningsmenn erlendrar hersetu á Íslandi en þann hóp fylla nú í þessu máli einstaklingar sem ég hugði að þyrftu lengri tíma til að tileinka sér aronskuna en raun ber nú vitni.

Léttvæg er sú afsökun fyrir þessum auknu tengslum við herliðið að með byggingu flugstöðvarinnar verði unnt að fela hernámsliðið fyrir augum allra þeirra innlendra sem útlendra manna sem gera sér ljósa þá þjóðernislegu niðurlægingu sem dvöl herliðsins og yfirráð þess yfir íslensku landsvæði eru sjálfsvirðingu þjóðarinnar. Sú smán verður að sjálfsögðu ekki falin frekar en hægt er að sópa niðurgreiddum Mercedes Bens undir teppið.

Um þennan þátt málsins ætla ég ekki að hafa fleiri orð en koma aftur að vali þeirra manna sem að þessu frv. standa á því hvaða framkvæmdir skuli sitja í fyrirrúmi á erfiðleikatímum í þjóðfélaginu. Þm. hafa yfirleitt talið sér skylt að leggja sig fram um að vinna að því að bæta úr erfiðleikum í samgöngumálum, stuðla að auknu öryggi í rekstri vanbúinna flugvalla og efla framkvæmdir á hafnamálum og skólamálum og tryggja viðunandi aðstöðu í heilbrigðismálum þar sem þessar þarfir eru brýnastar í þjóðfélaginu hvort sem er í þeirra eigin kjördæmi eða öðru. Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga voru framlög til þessara málaflokka skorin niður að raungildi og sérstaklega ákveðið að engar nýjar framkvæmdir í þessum málaflokkum yrðu hafnar á þessu ári. Þessa stefnu ríkisstj. studdu þm. stjórnarflokkanna með tilvísun til erfiðleika í efnahagsmálum, halla á ríkissjóði og of mikilla erlendra skulda þjóðar-

innar. En þeir eru nú á hinn bóginn að velja hvað skuli taka fram yfir það að framlög til slíkra nauðsynlegustu framkvæmda hvarvetna í landinu haldi raungildi og þeir hafa ákveðið hvað skuli meta meir en að leyft verði að hefja nokkra slíka nauðsynjaframkvæmd hér í þéttbýlinu eða úti á landsbyggðinni.

Það frv. sem hér liggur fyrir er staðfesting á því hvað hv. þm. stjórnarflokkanna og Alþfl. hafa valið. Val þeirra er ekki óskert eða aukið fjármagn frá fyrra ári til nauðsynlegustu framkvæmda í öryggismálum á flugvöllum úti á landi eða til byggingar flugafgreiðslustöðva þar sem engar eru fyrir. Val þeirra er ekki óskert fjármagn eða meira fjármagn til hafnamannvirkja, skólahúsnæðis, dagvistarmála eða sjúkrahúsa eða heilsugæslustöðva, val þeirra er ekki nýjar framkvæmdir í þessum málaflokkum. Nei, val þm. stjórnarflokkanna og Alþfl. er ekkert af þessu heldur stórfelld lántaka erlendis til þess að byggja einmitt núna nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli og sú framkvæmd er ekki skorin við nögl. Jafnvel aðalforinginn, hæstv. forsrh., er á því að líklega sé hún of stór, en hvaða máli skiptir það á þessum tímum fyrst um er að ræða flugstöð suður á Keflavíkurflugvelli?

Ljóst er að það láglaunafólk sem berst nú í bökkum vegna sífellt rýrnandi kaupmáttar launa og sér fram á áframhald á þeirri kaupskerðingu þarf sannarlega ekki að taka alvarlega þau rök sem stjórnvöld hafa beitt sem heilagri nauðsyn fyrir kjaraskerðingu. Þegar skuldir þjóðarinnar nema um 60% þjóðarframleiðslunnar þar sem verulegur hluti lánanna hefur þó verið tekinn til þess að auka gjaldeyrisöflun eða spara gjaldeyri fylgja þessir flokkar rökum sínum um nauðsyn þess að keyra alþýðu manna niður í sárustu fátækt með því að efna til nær 620 millj. kr. erlendra skulda til þess að byggja glæsibyggingu á Keflavíkurflugvelli. Til þessara framkvæmda á að auka skuldir þjóðarinnar um 10 þús. kr. á hverja fjölskyldu í landinu. Þessi upphæð dygði til þess að greiða 10 300 manns fimm þúsund kr. launahækkun á mánuði í heilt ár.

Stjórnarflokkarnir hafa lagt sig fram um að koma á framfæri við þjóðina því mati að hún sé illa stödd, hafi eytt um efni fram, búi við ofurþunga af skuldabyrði erlendra lána og að auknir erfiðleikar séu á endurgreiðslu þeirra lána vegna rýrnandi þjóðartekna, framtíðin sé uggvænleg og óvissu háð en út úr vandanum sé hægt að komast með því að skerða kjör launafólks stórlega og að þjóðin neiti sér um að uppfylla ýmsar brýnustu þarfir á nýrri fjárfestingu. En með því að leggja fram það frv. sem hér liggur fyrir þar sem lagt er til að efnt verði til um 620 millj. kr. erlendrar lántöku til glæsibyggingar á Keflavíkurflugvelli eru stjórnarflokkarnir að leysa almenning algerlega undan því að taka nokkurt minnsta mark á ákalli hæstv. ríkisstj. um þjóðarsamstöðu um lausn efnahagsvandans. Hæstv. ríkisstj. er með flutningi þessa frv. að gera hverjum manni ljóst að ekkert nema falsrök liggja að baki kröfu stjórnarflokkanna um að launafólk sætti sig við að þurfa að neita sér um brýnustu daglegar þarfir í heimilisrekstri og sífellt skertan kaupmátt launa. Hæstv. ríkisstj. er með flutningi þessa frv. að staðfesta að forsendur sem haldið hefur verið á loft sem rökum fyrir efnahagsaðgerðum hennar, sem ekkert hafa verið annað en kjaraskerðing hjá launafólki, eru falskar. Einasti tilgangur og markmið þeirra hefur verið að minnka hlut launafólks af verðmætasköpuninni í þjóðfélaginu, þeirri verðmætasköpun sem launafólk í landinu stendur undir með vinnu sinni.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég talaði um það síðast þegar ég kom hér í stól út af þessu máli að við í BJ áskildum okkur rétt til að gera ýmsar aths. varðandi stærð, rúmmál og kostnað við þessa byggingu. Við höfum kíkt á einstakar tölur í þessu efni og þær eru býsna fróðlegar.

Ef við segjum að byggingarkostnaður flugstöðvar sé 40 millj. dollara eru það um 1200 millj. kr. Rúmtak flugstöðvarinnar er 114 000 m^3 og það gerir byggingarkostnað á ellefta þúsund króna á m^3. Ef við tökum hins vegar tölu sem Arkitektafélag Íslands gefur út til viðmiðunar um kostnað fyrir rúmmálseiningu í vélvæddum húsum eru þær tölur 7545 kr. pr. m^3. Það er sem sagt næstum 50% hærri kostnaður á rúmtakseiningu í áætlaðri flugstöð en Arkitektafélag hefur gefið út um sambærilegar byggingar hér.

Ef við berum saman núverandi flugstöð og áætlaða flugstöð um flatarmál og rúmmál kemur í ljós að það er áætluð u. þ. b. tvöföldun á flatarmáli. Núverandi flugstöð er 7000 m^2, en ný flugstöð verður um 13 600 m^2. Það er sem sagt tæp tvöföldun. Rúmmálsaukning milli flugstöðva er hins vegar næstum fimmföld. Það verður næstum fimmföld aukning rúmmáls þó ekki sé nema tvöföld aukning flatarmáls.

Ef við lítum nánar á hina fyrirhuguðu byggingu kemur í ljós að um þriðjungur rúmmáls nýju flugstöðvarinnar, 34%, er nokkurs konar gróður- eða þakrými, þ.e. ónotað rými sem upprunalega var á elstu teikningum m. a. hugsað til að kynna íslenskan gróður. Það sem ég þekki af íslenskum villigróðri þarf ekki margra metra lofthæð, þannig að ég hygg að ef það væri eina forsendan fyrir þessum strúktúr mætti leysa það á lágreistari hátt. — Ef menn hafa áhuga á að byggja grasasafn er hægt að gera það einhvers staðar nær fleiri skólum og rannsóknarstofnunum landsins en Miðnesheiði er.

En ef við athugum síðan hvað þessi fyrirhugaði gróðurskáli í raun og veru kostar, ef hann er þriðjungur rúmmáls flugstöðvarinnar, þ. e. um 38 þús. m^3, þá eru það um 390 millj. kr. Ef þessum peningum skal varið til að hýsa íslenskan villigróður ber að lýta öðrum augum á ýmislegt sem fram hefur komið hér í umr. um fjármál, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson vék að áðan.

Við munum gera frekari grein fyrir þessum útreikningum okkar í þáltill. sem við hyggjumst leggja fram um endurskoðun hönnunar á væntanlegri flugstöð, en augljóslega er margt sem hægt er að færa þar til betri vegar.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við fyrri hluta 1. umr. þessa frv. í hv. Nd. og mun því einskorða mig við það sem komið hefur fram í seinni hluta umr. og fyrst og fremst svara þeim fsp. sem hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín. Þær voru á þá leið, hvort ég mundi leggja fram í fjh.- og viðskn. þessarar deildar, en til hennar verður þessu frv. væntanlega vísað, grg. um kostnað við byggingu flugstöðvarinnar svo og mat á þjóðhagslegu gildi hennar.

Ég get svarað þessum fsp. játandi. Það liggur fyrir kostnaðaráætlun varðandi byggingu þessarar flugstöð-

var, mjög sundurliðuð áætlun, og í höfuðatriðum hefur verið gerð lausleg grein fyrir kostnaðinum í utanrmn. Mér er einnig kunnugt um að við meðferð málsins í Ed. var mjög nákvæmlega farið út í kostnaðarhliðina í nefnd eða svo hefur mér verið tjáð. Þess vegna get ég svarað því án fyrirvara að þessar upplýsingar verða gefnar nefndinni.

Hins vegar er á það sjónarmið að líta að réttara er að gefa sundurliðaðar upplýsingar um kostnað við einstaka byggingarþætti í nefnd fremur en á opnum fundi, vegna þess að ætlunin er að bjóða þessa framkvæmd út, eins og þegar hefur verið gert við 1. áfanga jarðvegsvinnu, og þá er ekki rétt að þeir sem bjóða í verkið viti hver viðmiðun verkkaupa er nákvæmlega.

Það hefur sömuleiðis verið gerð ítarleg greinargerð af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunar hvað snertir rekstur slíkrar stöðvar. Sú áætlun er að vísu orðin nokkuð gömul og vera má að hún þarfnist endurskoðunar, en ég hygg að nákvæmari eða betri upplýsingar og áætlanir hafi tæpast verið gerðar um neina aðra byggingarframkvæmd eða fjárfestingu en einmitt þá sem við erum hér um að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í önnur einstök atriði, en þó vil ég láta það koma hér fram vegna ummæla hv. 4. landsk. þm. og vegna samanburðar hans á kostnaði á flatarmálseiningu og rúmmálseiningu sem og hugleiðingar hans um stærð flugstöðvar, að ég tel alveg sjálfsagt að út í þá sálma sé farið í nefndinni og hönnuðum byggingarinnar gefið færi á að skýra bæði stærðarmörk og kostnað við bygginguna. Ég vil taka fram að þessi flugstöð er ekki stærri en svo að flest fyrirtæki sem eiga að fá inni í hinni nýju flugstöð gera meiri kröfur um húsrými en þeim er ætlað í hinni nýju flugstöð. Að vísu má gera ráð fyrir að ýmsir rekstrarþættir verði upp teknir í flugstöðinni sem ekki hefur verið unnt að taka upp vegna þrengsla í hinni gömlu. Meðal annars tel ég ekki of mikla bjartsýni að ætla að bættur aðbúnaður farþega sem ferðast um Keflavíkurvöll og flugvélar sem þar lenda og njóta þjónustu verði til að auka umferðina um völlinn, auka tekjur af Keflavíkurflugvelli og flugstöðinni sérstaklega, þannig að ég tel hér um arðbæra framkvæmd að ræða sem muni standa undir því erlenda láni sem tekið er, sé heimild sú samþykkt sem frv. felur í sér.

Ég hef tekið sem dæmi að aðeins hagnaðurinn af rekstri fríhafnar er nægur til að standa undir afborgunum og vöxtum af því láni sem hér er um að ræða og nauðsynlegt er til að standa undir hluta Íslendinga í byggingarkostnaðinum.

Það er búið að ræða það áður að við Íslendingar göngum ekki með neinn betlistaf í hendi þótt við ætlumst til þess að Bandaríkjamenn greiði nálægt helmingi byggingarkostnaðar þessarar flugstöðvar. Hér hefur ýmist verið talið fyrir neðan okkar virðingu að samþykkja kostnaðarhlutdeild Bandaríkjanna eða þær raddir hafa heyrst að Bandaríkjamenn eigi að greiða allan kostnaðinn eða í það minnsta meiri hluta en nú er ráðgert. Ég vil af því tilefni láta koma hér fram að þessi framkvæmd kemur báðum þjóðum að gagni, Bandaríkjamönnum við framkvæmd eftirlitstarfs þeirra á Keflavíkurflugvelli og frá Keflavíkurflugvelli og okkur Íslendingum í almennri flugumferð um völlinn, þannig að ég tel að eftir atvikum hafi hér verið sæst á kostnaðarhlutföll sem eðlileg megi teljast og þess vegna fullkomlega í samræmi við þjóðarsóma.

Það er svo ástæðulaust að fjalla í mörgum orðum um þá málsástæðu eða rök, ef rök skyldi kalla, sem hv. 5. þm. Reykn. færði fram, þ.e. að framkvæmd þessi væri ögrun við launþega og væri í ósamræmi við þær kröfur sem til launþega eru gerðar nú, meðan við erum að komast út úr okkar efnahagsvanda. Ég vil aðeins svara því með því að halda því aftur á móti fram að hér er um framkvæmd að ræða sem á, ef vel er á haldið, að geta hleypt nýju blóði í ferðaiðnað okkar Íslendinga og skapað okkur Íslendingum tekjur og ætti þess vegna að vera einn þáttur í því að við komumst út úr okkar efnahagsvanda fyrr en ella.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er auðvitað rétt að sú flugstöð sem hér á að reisa er nokkuð dýr. Flugstöðvar eru dýrar. Það er líka rétt að hún er stór miðað við þær flugstöðvar sem við höfum haft. Þær hafa verið of litlar. Sannleikurinn er sá, að sú aðstaða sem er fyrir hendi á Keflavíkurflugvelli getur ekki flokkast undir annað en ónýtan skúr og er þjóðinni til skammar. Ég verð að segja það eins og er, að í hvert skipti sem ég kem þarna suður eftir fyrirverð ég mig einkum gagnvart erlendum gestum að þeim sé vísað í þetta afhýsi sem nefnd er flugstöð. Að mínum dómi hefur það verið mikill smánarblettur á þjóðinni lengi að hafa ekki búið betur að alþjóðlegum flugsamgöngum en raun ber vitni.

Nú vitum við reyndar að við höfum átt kost á því um nokkurra ára bil að koma þessum málum betur fyrir og hefja þessar framkvæmdir. Hefði verið betur ef farið hefði verið fyrr af stað með þær. Þá hefði kannske ekki staðið eins illa á í þjóðfélaginu og raun ber vitni, ekki verið búið að safna jafnmiklum erlendum skuldum og raun ber vitni nú. Þau rök sem menn hafa nú í þeim efnum hefðu þá ekki átt við í þeim mæli sem þau hugsanlega geta átt við nú.

En þegar menn skoða hins vegar þetta mál og standa frammi fyrir því að við verðum að reisa nýja flugstöð fyrir alþjóðaflugið, þá vil ég benda á að jafnvel þótt menn hafi talað um að hafa eitthvert annað byggingarlag á þessu húsi hefur ekki komið fram nein hugmynd sem sannanlega hefði minni útgjöld í för með sér fyrir Íslendinga. Menn hafa gagnrýnt að Bandaríkjastjórn taki þátt í kostnaði, jafnframt því sem menn hafa sagt að flugstöðin væri of stór. Þær hugmyndir sem þessir aðilar hafa kynnt um flugstöðvarbyggingu hafa borið með sér að útgjöld Íslendinga, miðað við þeirra hugmyndir, mundu verða enn þá meiri. Það er líka rétt, þegar við horfum á svo stórar tölur sem hér um ræðir og ég segi að vitanlega er sú tala stór, að menn geri sér grein fyrir því að hér er ekki um ársútgjöld að ræða, heldur útgjöld sem færast á mörg ár. Þegar menn taka samanburðartölur ættu menn að líta á það.

Það kom fram í einni ræðunni áðan að kostnaður á rúmmetra eða fermetra í þessari byggingu væri samkvæmt áætlun mjög hár miðað það sem menn hefðu kynnst hér, íslenskir arkitektar t. d., um verð á byggingum sem þeir teldu helst sambærilegar. Í þessu sambandi vil ég einungis segja að ég vona að menn reynist sannspáir um að þessar áætlanir séu ívið háar, og mér getur vel sýnst líka að þær séu ívið háar, og raunkostnaðurinn muni verða þó nokkuð lægri og þá geta menn fagnað því þegar þar að kemur.

Auðvitað sjá menn eftir þeim fjármunum sem til

þessara hluta fara og geta látið sér detta í hug ýmislegt annað sem okkur langar til að gera. En að mínum dómi er hér um svo óviðunandi ástand að ræða að ekki verður fram hjá því komist að ráðast gegn því. Þess vegna verður að ráðast í þessa framkvæmd á Keflavíkurflugvelli svo að þar sé búið að mönnum með sæmilegri reisn, þar á meðal þeim erlendu gestum sem hingað koma, þannig að menn þurfi ekki að fyrirverða sig fyrir þá aðstöðu sem þar er. Það er í rauninni kjarni málsins.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég er út af fyrir sig sammála hv. þm. Kjartani Jóhannssyni um að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er svo sem ekkert sérlega beysin og auðvitað hefði verið meiri mannsbragur á því að taka á þessu verkefni fyrir allmörgum árum, þegar umferð um Keflavíkurflugvöll var miklu meiri en nú. Farþegum hefur nefnilega fækkað mjög í Keflavík. Þekkja þm. sjálfsagt hvernig á því hefur staðið.

Ég get ekki fallist á að flugstöðin sé svo aum að ekki sé neinum í hana bjóðandi. Hún er auðvitað að hluta til gömul og léleg, en sumt af henni er viðunandi. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við hefðum átt að reisa flugstöð á Keflavíkurflugvelli, eins og önnur mannvirki af því tagi hér í landinu sem við höfum auðvitað þurft að nota, og gera það þá sjálfir, án þess að þurfa að betla peninga af útlendingum fyrir verkefninu, sem er auðvitað hreint hneyksli.

Saga flugstöðvarbyggingarinnar er orðin býsna löng. Ég man ekki hvenær við fengum mikið og voldugt fyrirtæki í útlöndum, Kampsax, til að gera fyrir okkur áætlun um flugstöð hér á Keflavíkurflugvelli, síðan eru líklega nær tveir áratugir, einhvers staðar á milli 15 og 20 ár. Þá stóð þannig á að mjög margar flugvélar millilentu hér á Íslandi á leið til Bandaríkjanna, vegna þess að flugdrægni þeirra var minni en nú, og það borgaði sig að lenda hér vegna þess að það var tiltölulega lítill aukakostnaður af því. Nú hins vegar, þegar olían er orðin svo dýr eins og raun ber vitni, kostar of mikið að lenda hér á Íslandi. Millilending hér eykur kostnaðinn á flugferðinni frá Evrópu til Bandaríkjanna um ca. 15—20% og það er of mikið þegar menn eru að slást á mjög lágum fargjöldum á þessari leið.

Á þeim árum sem þessi áætlun var gerð í samráði við danska og franska sérfræðinga settust þeir við, hinir færustu menn, og könnuðu hversu hratt farþegafjöldinn yxi á þessari flugstöð. Og aukningin var mjög hröð á þeim árum. Hún var ég man ekki hvað mörg prósent á ári, 10—15% á ári, jafnvel meira, og slík fjölgunarkúrfa stefnir auðvitað beint til himins. Síðan reiknuðu þeir þetta fram til 1980 eða 1990 og fengu það út samkv. hárréttum tölum auðvitað, að hér í Keflavík yrði viðkoma farþega nokkur hundruð milljónir á ári eða sem svaraði öllum Indverjum einu sinni á ári. Þetta er ekki neitt grín eða skrök, heldur staðreynd. Í samræmi við það gerðu þeir áætlun um gífurlega mikið mannvirki. Skýrslan, sem mig minnir að hafi verið áfangaskýrsla eins og stundum er, var upp á þrjú gífurlega stór bindi. Ég held að þessi skýrsla ein hafi verið miklu umfangsmeiri en samanlögð verk Halldórs Laxness og var þó auðvitað ekki lokaskýrsla.

Mönnum hraus auðvitað hugur við þessum ósköpum og hættu við allt saman. Þeir flettu bókinni sér til skemmtunar. Það gerði ég raunar líka. Ég hafði aðgang að henni. Hins vegar hef ég ekki haft neinn aðgang að upplýsingum um þessa flugstöð, ekki nema útlitsmynd í Morgunblaðinu þar sem mér fannst þetta af flugstöð að vera dálítið undarlegt hús, geysilega þykkir steinveggir og hvolfþök og dýrt og mikið fyrirtæki og ekki í neinum stíl við það verkefni sem þetta fyrirtæki á að sinna. Það má vel vera að það sé að hluta til misskilningur hjá mér. En hvernig stendur á því að þm. hv. fá ekki að vita meira um þessar áætlanir? Það eru hvorki meira né minna en 6—7—800 millj. sem við þurfum að leggja í þetta og menn hafa nú fengið upplýsingar út af minni málum en því. Menn eru að rífast hér um milljón hér og þar í vegakerfinu og togast á um nokkur hundruð þúsunda í grunnskólafjárveitingum, í hafnir o. s. frv. Þetta þekkjum við. Upplýsingar um 600—700 millj. í flottheitahús eins og þetta, dýrt hús, liggja ekkert á lausu.

Ég vildi leyfa mér að óska eftir meiri upplýsingum um þessa framkvæmd, kannske einföldustu grunnteikningum og útlitsteikningum svo menn gætu áttað sig á hvað hér er á ferðinni, vegna þess að þarna er auðvitað um gífurlega fjármuni að ræða.

Ég er ekki sömu skoðunar frekar en fyrri daginn og hæstv. utanrrh. og alls ekki á sömu skoðun og hann um að með fínni flottheitaflugstöð aukist hér umsvif og umferð véla. Það held ég sé fjarri lagi. Menn fara ekki að heimsækja flugstöðvar bara til þess að skoða fín hús, heldur lenda menn að sjálfsögðu á eins fáum viðkomustöðum og kostur er. Við höfum því í raun og veru á borðinu hversu margir koma þarna og fara. Sveiflur eru ekki ýkjamiklar og jafnvel þó þær væru talsvert miklar er það tiltölulega lítill hluti af þeim fasta fjölda sem við getum reiknað og höfum reiknað með undanfarin ár og er nú. Eins og efnahagsástandið er hjá þessari þjóð er ekki við því að búast að um aukningu verði að ræða á þessu ári og þeim næstu, ef haldið verður eins fast í kaupið til fólksins sem þarf að nota þessar flugvélar. Við getum meira að segja nokkurn veginn talið upp hversu margir fara hér um á mánuði eða yfir árið, því að langmest af þessu er auðvitað áætlunarflug og má giska á með nokkurri nákvæmni um önnur flug, leiguflug. Það eru svo og svo margar ferðir til Bandaríkjanna, Luxemborgar, svona og svona mikið í Evrópufluginu, Kaupmannahöfn og London og þar með upptalið. Við vitum nokkurn veginn hversu margir koma og fara þarna í gegn og af reynslunni þekkjum við nokkuð hversu miklum peningum menn eyða um leið og þeir fara þarna út eða inn. Þetta eru því ekki neinar dularfullar staðreyndir, heldur liggur nokkurn veginn ljóst fyrir.

Ég tel að við hefðum átt að byrja á þessu verki miklu fyrr og reisa flugstöð af því tagi þar sem gerður er fyrst ákveðinn kjarni og byggingarlagið haft þannig að hægt sé að bæta við eftir þörfum ef vaxandi verða. Ef menn hafa dálítið kynnt sér hvernig flugstöðvar hafa verið smíðaðar núna á undanförnum áratug, t. d. í Evrópu og raunar miklu víðar, má sjá að menn hafa einmitt notað þessa aðferð til að þurfa ekki að binda allt of mikið fé miðað við þá veltu sem þarna verður. Ég t. d. hefði teiknað þetta hús allt öðru vísi, miðað við útlitsteikningu í Mogganum, en hún er kannske ekki betri heimild en annað sem stendur í því blaði.

Ég vildi gjarnan fá, eins og ég sagði, meiri upplýsing-

ar um þetta mál eins og það er lagt fyrir hér. Hér er áætlun gerð um að við tökum eins og nú stendur á hjá okkur 600—700 millj. kr. erlent lán. Það er upphæð sem er talsvert miklu hærri — ja, hún er líklega um fimmfaldir þeir peningar sem fara til allra grunnskólabygginga í landinu á þessu ári svo dæmi sé nefnt. Það er óþarfi að rekja það. Mér finnst allt of flott og allt of mikið í lagt að bæta aðstöðuna í Keflavík með þessum rándýra hætti.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Forsrh. og fjmrh. hafa manna oftast undanfarna daga, vikur og mánuði barmað sér yfir efnahagsástandinu og litlu svigrúmi og beðið almenning um skilning og þolinmæði og lagt á hann þungar byrðar.

Í athugasemdum með frv. sem hér er til umr. stendur m. a., með leyfi forseta:

„Hlutur Íslendinga, 22 millj. dala, er háður samþykki Alþingis, en fyrirvari er um að áfangagreiðslur af hálfu Íslendinga verði ákveðnar í ljósi ríkjandi efnahagsástands á hverjum tíma á meðan á framkvæmdum stendur".

Er nú ekki nokkurt ósamræmi í þessum yfirlýsingum og þeim áformum um lántökur til óarðbærra framkvæmda, eins og þessa ótímabæra mannvirkis, sem hér eru til umræðu?

Í athugasemdum við einstakar greinar er svo tínt til hvernig lántökum þessum yrði skipt á milli ára. Það er talað um 2.9 millj. dala á árinu 1984, 4.5 millj. dala á árinu 1985, 9.5 millj. dala 1986 og 4.7 millj. dala á árinu 1987. Það er út af fyrir sig ágætt að vita til þess að við Íslendingar skulum hafa von í svona miklu lánstrausti í útlendum lánastofnunum. Við kvennalistakonur vildum gjarnan taka þátt í að ráðstafa upphæðum af þessari stærðargráðu til atvinnuuppbyggingar og annarrar arðbærrar fjárfestingar.

Þær stöllur mínar, Sigríður Dúna og Guðrún, hafa báðar lýst afstöðu Kvennalistans í þessu máli. Það eru aðeins tvær athugasemdir sem ég vildi gera vegna þeirra umr. sem hér hafa orðið.

Fjmrh. minntist í umr. hér 1. febr. á framlag ríkisins til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Mér finnst hart að heyra þessum málum jafnað saman. Mér finnst það að tryggja ungu fólki jafnrétti til náms, ungu fólki sem ætlar að greiða lán sín aftur verðtryggt, algjörlega ósambærilegt við erlenda lántöku til að byggja flugstöð sem nýtist að miklum hluta aðeins þeim efnameiri. Það er enginn vafi í mínum huga á hvor aðgerðin á að hafa forgang.

Í öðru lagi sagði utanrrh. áðan að hagnaður af rekstri flugstöðvarinnar mundi standa undir lántöku vegna þessarar byggingar og af því tilefni vildi ég gjarna spyrja hann: Til hvað framkvæmda eða aðgerða hefur hagnaður af rekstri fríhafnarinnar eða flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli farið hingað til eða ætlar utanrrh. að hagnaðaraukinn verði slíkur af rekstri þessarar nýju flugstöðvar að hann einn nægi til að greiða af lánunum?

Og ég vildi líka koma því hér á framfæri að mér finnst nær að byggja fyrst upp ferðaaðstöðuna úti um land en að byggja flott suður á Keflavíkurflugvelli.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Við fyrri hluta 1. umr. þessa máls fyrir viku beindi ég ítrekað fsp. til hæstv. fjmrh., sem er flutningsmaður málsins, en því miður án árangurs. Hér er verið að leita lagaheimildar til erlendrar lántöku, eins og menn hafa nefnt, rúmlega 600 millj. kr. til margra ára. Hér er verið að leita eftir heimild til að taka erlent lán fyrir hinum íslenska kostnaðarhluta við þessar framkvæmdir. Af því tilefni vildi ég spyrja í fyrsta lagi: Hver er hinn raunverulegi innlendi kostnaður við þessa mannvirkjagerð? Hversu stór hluti — þá er ég eingöngu að tala um hlut Íslendinga í þessum kostnaði — er raunverulega innlendur kostnaður, innlend vinnuaflsnotkun, innlent byggingarefni o. s. frv., og hversu stór hluti af þessu er óhjákvæmileg gjaldeyrisnotkun vegna innfluttra aðfanga?

Ég fékk því miður engin svör við þessum spurningum, en mér finnst þetta varða miklu varðandi afstöðu til þessa máls. Hér áður fyrr var sú þumalfingursregla viðhöfð að það ætti að stefna að því að taka ekki erlent lán við innlenda mannvirkjagerð eða opinberar framkvæmdir umfram það sem væri raunverulega gjaldeyrisnotkun við viðkomandi framkvæmdir, fremur ætti að stefna að því að afla fjár á innlendum lánsfjármarkaði ef þörf væri á lántöku fyrir hinum innlenda kostnaðarhluta.

Í annan stað er rétt að minna á að hæstv. ráðh. marglýsa því yfir — koma hér varla í ræðustól án þess að lýsa því yfir — að það sé eitt meginstefnumark núverandi ríkisstj. að snúa baki við óráðsíu fyrrv. ríkisstj. og stöðva erlenda skuldasöfnun, sem nú þegar er komin umfram hættumörk, sem skilgreinast af því hvað geti samræmst áframhaldandi efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Ég vek athygli á því að við erum ekki að tala um lánsfjáröflun til eins árs. Við erum að tala um erlenda lánsfjáröflun til að standa undir kostnaði Íslendinga við þessa framkvæmd til fimm ára. Nú svarar ráðh. því gjarnan til að því er þetta mál varðar að efnahagsástandið sé hér svo slæmt, eins og dæmin sanna, að þess sé ekki kostur á þessu ári að afla innlends lánsfjár. Í því efni rifja menn það upp að samkvæmt fjárlögum þessa árs er ríkissjóður rekinn með halla, hallarekstrinn er fjármagnaður með yfirdráttarlánum úr Seðlabanka, og samkv. lánsfjárlögum, sem enn er ekki lokið við að afgreiða, er þegar komið að þeim hættumörkum, þ. e. að erlend skuldasöfnun sé 60% af þjóðarframleiðslu, sem ríkisstj. hefur skilgreint svo að fram yfir þau mörk vilji hún ekki fara. Hæstv. fjmrh. hefur auk heldur áréttað það oftar en einu sinni að verði farið yfir þau mörk muni hann yfirgefa stólinn og viðurkenna að honum hafi mistekist.

Nú neitar því enginn að efnahagsástand Íslendinga á árinu 1984 er slæmt. Það á sér margar skýringar og það á sér langan aðdraganda. Hins vegar hlýtur markmiðið með aðgerðum ríkisstj. að vera að bæta þetta ástand. Ég á bágt með að trúa því að því sé slegið föstu tvö, þrjú til fjögur ár fram í tímann að efnahagsástandið geti ekki farið batnandi. Þess vegna er það, að þó að útilokað kunni að vera að afla innlends lánsfjár fyrir kostnaðarhluta okkar á þessu ári er óþarfi að slá því föstu að svo þurfi að vera um næstu ár. Þess vegna er spurningin: Má ekki láta nægja að þessu sinni að leita heimildar til að afla lánsfjár fyrir kostnaðarhlutdeild okkar á þessu ári, en hafa það a. m. k. opið að með batnandi efnahag gætum við reynt á næstu árum að fjármagna okkar hlut fremur með innlendu lánsfjármagni?

Þetta er sá almenni rökstuðningur sem fylgir mínum spurningum. En ég árétta spurningarnar. Þær eru:

Úr því að málið er svona vel undirbúið og það liggja fyrir nákvæmar kostnaðaráætlanir og það liggja jafnvel fyrir drög að einhvers konar arðsemismati á starfrækslu flugstöðvarinnar, þegar þar að kemur, er ekki hægt að fá upplýsingar um hvað telst óhjákvæmilega erlendur kostnaður og að hve miklu leyti er hér um að ræða innlendan kostnað, ekki bara í ár heldur á næstu árum? Og þá í framhaldi af því: Hvað hefur hæstv. utanrrh. um þetta að segja úr því að hæstv. fjmrh. gat ekki svarað þessu? Ef hann horfir næstu ár fram í tímann, telur hann að það kynni að vera fýsilegur kostur að auka notkun innlends lánsfjármagns og innlendrar lánsfjármögnunar varðandi okkar hlut í þessum framkvæmdum? Ég vona eindregið að hæstv. utanrrh. sjái sér fært að svara þessum fsp.

Að öðru leyti örfáar athugasemdir í tilefni af ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar áðan.

Meðan ég hlustaði á ræðu hans vaknaði sú spurning í hugskoti mínu hvenær sú stund kynni að renna upp í íslenskri umræðu um samskipti við erlendar þjóðir að hægt væri að ræða ágreiningsmál af þessu tagi án þess, í hvert einasta skipti sem menn opna munninn, að brigsla þeim meiri hluta þjóðarinnar sem er á annarri skoðun en þeir Alþb.-menn í utanríkismálum og í afstöðunni til samvinnu við önnur ríki um hugarfar landráðamanna og þjóðníðinga.

Hv. þm. nefndi að þessi framkvæmd væri alvarleg storkun við kjör láglaunafólks á Íslandi og staðfesting á því að þær upplýsingar sem stjórnvöld byggja á um efnahagsafkomu okkar væru mestan part sennilega lygi og uppspuni. Hann nefndi dæmi um framferði ráðh., sem ég skal seinastur manna verða til þess að réttlæta, þar sem þeir tvöfalda kannske kaup sitt með afslætti í bílaviðskiptum sínum á sama tíma og þeir flytja ræður sínar um nauðsyn þess að herða sultarólina. — En af þessu tilefni vil ég þó nefna eitt: Láglaunafólk á Íslandi hefur fyrr verið í vanda statt. Það er ekki nýtt. Það gerðist ekki eftir 1. júní á fyrra ári að það væri sérstakt og alvarlegt vandamál sem varðaði lágt kaup, lélega afkomu þess hluta sem verst hefur kjör á Íslandi. Það er staðreynd að kaupmáttur kauptaxta hefur farið minnkandi á Íslandi frá árinu 1978. Það er staðreynd að enginn einn hópur í íslensku þjóðfélagi hefur verið eins sárt leikinn af stjórnlausri óðaverðbólgu og það fólk sem verst hefur kjörin á Íslandi. Það er ástæða til að rifja upp þau ummæli fyrrv. þm. og andlegs leiðtoga Alþb., fyrrv. ráðh. Magnúsar heitins Kjartanssonar, þegar hann sagði að óðaverðbólgan væri sjálf gróðamyndunaraðferð braskaranna á Íslandi. Það er spurning hvort það er tilviljun að verðbólga á Íslandi hefur aldrei náð þvílíku hámarki ár eftir ár en eftir stjórnarþátttöku Alþb. Með hverri nýrri ríkisstjórn sem Alþb. hefur tekið þátt í eru fyrri verðbólgumet slegin. Og það er ástæða til að minna á að Alþb. hefur verið aðili að stjórn landsins allt frá árinu 1978 meira og minna samfellt og árangur þess í efnahagsmálum, árangur þess í kjaramálum, árangur þess við að draga úr hvort heldur er launamisrétti eða félagslegu misrétti, sem bitnaði hvað harðast á láglaunafókinu, er mjög harður dómur um þennan flokk og bendir til þess að það sé sitt hvað hástefndar yfirlýsingar þeirra um umhyggju fyrir þessu fólki og hins vegar árangurinn í verki. Það mætti kannske nefna orðið hræsni í þeim efnum. **(Gripið fram í: Hvað er á dagskrá, herra forseti?)**

Þessi orð eru sögð að gefnu tilefni, af því tilefni að hv. þm. Geir Gunnarsson sagði að þeir menn sem á annað borð væru fylgjandi þeirri framkvæmd sem heitir bygging flugstöðvar á Íslandi, þrátt fyrir jafnvel skiptar skoðanir um hvernig hún er fjármögnuð, gerðu sig seka um sérstaka storkun gagnvart láglaunafólki á Íslandi og reyndar væri þessi afstaða að því er varðaði samskiptin við Bandaríkjamenn þess eðlis að hún væri storkun við þjóðerniskennd Íslendinga. Ég er með öðrum orðum, herra forseti, að vísa þessum svigurmælum á bug og bið hv. alþm. og samflokksmenn hans að líta sér nær. Ef við erum að tala um t. d. efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga og getu þessa fámenna lýðveldis til að lifa af í hörðum heimi mundi ég halda fram þeirri skoðun að þeir menn sem eftir mörg ár í ríkisstjórn á Íslandi bera á því höfuðábyrgð að þessi þjóð skuldar nú um 60% af þjóðarframleiðslu sinni árlega, að greiðslubyrði erlendra skulda er að nálgast fjórðu hverja gjaldeyriskrónu, að einungis um helmingur af þeim gjaldeyri sem aflast nú er nothæfur til almennra nota, einfaldlega af þeirri ástæðu að fjórðungur er veðsettur vegna afborganna og vaxta af fyrri lánum og einn fjórðungur er hreinlega nauðsynlegur vegna aðfanga íslenskra útflutningsatvinnuvega, þeir menn sem sjálfir skilja eftir sig slíkan feril ættu að tala varlega um það, þó að ágreiningur sé í utanríkismálum, að þeir sem eru á öndverðum meiði í þeim málum geri sig ævinlega seka um, ef ekki hugarfar landráðamannsins, þá eitthvert ölmusuhugarfar eða betlihugarfar gagnvart samstarfsþjóðum okkar. Staðreyndin er sú, að sennilega hefur íslensku þjóðerni ekki verið hættara og getu okkar til að halda uppi sjálfstæðu þjóðríki heldur en eftir það algera stjórnleysistímabil sem ríkt hefur í þessu landi á undanförnum árum, ekki hvað síst fyrir tilverknað þjóðfrelsishreyfingarinnar sem kallar sig Alþb.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Suðurl., sem hélt því fram að farþegum færi fækkandi um Keflavíkurflugvöll. Ég vil taka það fram að með batnandi efnahagsástandi í heiminum tel ég ástæðu til að sú þróun verði að þeim fari fjölgandi. Öllum er kunnugt að farþegunum í Atlantshafsflugi Flugleiða hefur fjölgað.

Ég vil taka það skýrt fram að auðvitað verða þm. veittar allar þær upplýsingar sem óskað er eftir. Sannast sagna hélt ég að þeir hefðu fengið allstóra bók um flugstöðina fyrirhuguðu á Keflavíkurflugvelli. Því plaggi var a. m. k. útbýtt á fundi utanrmn., þannig að það ætti ekkert að vera til fyrirstöðu um upplýsingaöflun þm. til handa.

Hv. þm. greindi nokkuð frá sögu flugstöðvarmálsins og nefndi hina stóru flugstöð sem áætluð var til að byrja með. Ég vil að gefnu því tilefni undirstrika að áætlanir og teikningar af flugstöð á Keflavíkurflugvelli hafa verið endurskoðaðar í ljósi nýrra staðreynda og nýrra spásagna um farþegaumferð um flugvöllinn og flugstöðin eins og hún nú liggur fyrir hefur einnig verið minnkuð þrisvar til að mæta þeirri gagnrýni að við værum að byggja of stóra flugstöð. Það er sannfæring mín að svo sé alls ekki. Hér er um flugstöð að ræða sem verður að vera hlutverki sínu vaxin og því er það sannfæring mín að hér sé fremur um lágmarksstærð nýrrar flugstöðvar að ræða. Og reynslan á vonandi eftir að sýna að við hlið þessarar flugstöðvar rísi aðrar

byggingar um leið og sú starfsemi sem fram fer í nýju flugstöðinni krefst meira húsrýmis.

Þá þykir mér hlýða að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 7. landsk. þm. Kristínar Halldórsdóttur. Ég ætla mér ekki að jafna saman nytsemi fjárframlaga til Lánasjóðs ísl. námsmanna og þeirrar fjárskuldbindingar sem við undirgöngumst í tengslum við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. En þótt menn beri fyrir brjósti fjárhag Lánasjóðs ísl. námsmanna er alveg óþarfi að gera of lítið úr nytsemi mannsæmandi aðbúnaðar starfsfólks og farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll. Það eru ekki eingöngu hinir efnameiri Íslendingar sem það gera, heldur er sem betur fer svo komið að ferðalög til útlanda eru orðin almenningseign. Ég held að það hafi verið eitthvað um 80 þús. Íslendingar sem fóru til útlanda á liðnu ári. Þess vegna hygg ég að þessi bygging komi öllum Íslendingum að gagni sem aðalflugstöð landsins og það sé rökrétt röð framkvæmda að ganga mannsæmandi frá þessari flugstöð, jafnvel áður en unnt er að byggja flugstöðvar við alla flugvelli landsins. Í það minnsta á flugstöð þarna síst af öllu að sitja á hakanum og vera síðust í röðinni.

Þegar ég sagðist vonast til þess að aukinn hagnaður af nýrri flugstöð gæti risið undir afborgunum og vöxtum af því láni sem óskað er eftir heimild til að taka, þá kvaðst ég tala þar af bjartsýni. En til þess að nefna hvað í fang væri færst lét ég þess getið að hagnaður af fríhöfninni væri nægilegur til að standa undir afborgunum og vöxtum af því láni. Auðvitað er sá hagnaður innifalinn í núverandi tekjum flugvallarins, en þá má aftur benda á að af þeim tekjum er t. d. á yfirstandandi ári ætlað að greiddar séu í ríkissjóð 10 millj. kr. Hagnaður af Keflavíkurflugvelli stendur því að vissu leyti undir útgjöldum ríkissjóðs á öðrum sviðum og ef unnt er að auka þann hagnað er unnt að veita meiri fjármunum til framkvæmda flugmála annars staðar á landinu eða annarra nýtra þarfa þjóðfélagsins alls.

Hv. 5. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson varpaði fram þeirri fsp. hve mikill hluti af framkvæmdakostnaðinum væri innlendur og hve mikill hluti væri erlendur kostnaður. Ég man ekki nákvæmlega þessa skiptingu, en minnist þess að gjarnan var rætt um að við byggingarframkvæmdir gæti þessi kostnaður skipst til helminga. Þá má vel fallast á það með hv. þm. að æskilegt væri að við öfluðum innlends fjármagns fyrir helmingi af kostnaðinum hér innanlands, en þar sem við vitum að lánsfjármarkaði innanlands er íþyngt mjög með fyrirætlunum um lánsfjáröflun til ýmissa framkvæmda ríkissjóðs og fyrirtækja ríkissjóðs, þá er það ekki raunhæf leið í þessu tilviki. Það er nokkur afsökun að hafa ekki þá viðmiðun til hliðsjónar að óafturkræft framlag fyrir nálægt helmingi kostnaðar fæst erlendis frá og því er erlend lánsfjáröflun af okkar hálfu ekki nema helmingur kostnaðar flugstöðvarinnar í heild. Þótt ég geti hins vegar vel fallist á að æskilegra hefði verið að greiða eitthvað af byggingarkostnaði með innlendri fjármögnun.

Hér er auðvitað verið að veita heimild til heildarlánsfjáröflunar og það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni 3. þm. Reykv., að með samþykkt þessa frv. er Alþingi að fallast á þessa framkvæmd eins og Alþingi gaf grænt ljós á að byrja skyldi á framkvæmdinni með því að heimila 10 millj. kr. lántöku til byrjunarframkvæmda á s. l. ári, en það breytir ekki hinu, að auðvitað verður hér til meðferðar á hv. Alþingi á ári hverju við afgreiðslu lánsfjáráætlunar hve mikils skuli aflað á ári hverju til þessara framkvæmda, þannig að nánari útfærsla verður bundin þeim ákvörðunum þau árin sem byggingarframkvæmdir standa yfir. Í ljósi þessa er rétt að skilja þau orð í grg. frv., sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir gerði að umtalsefni, að slíkt gæti farið eftir efnahagsástandi hverju sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 164, n. 238, 254 og 321, 239, 248, 251, 253, 322). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Á þskj. 164 sem er 129. mál yfirstandandi hv. Alþingis er frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt en það er árlegur viðburður að leggja fram slíkt frv. Þetta frv. var rætt verulega við 1. umr., síðan sent til hv. fjh.- og viðskn. Nd. og hlaut þar ítarlega umfjöllun. Að henni lokinni skilaði meiri hl. hv. n. nál. á þskj. 238. N. klofnaði um málið. Minni hl. skilaði séráliti og flytur brtt.

Þar sem málið var ekki nægilega rætt fyrir jól var brugðið á það ráð með samþykki allra þingflokkanna að útbúið var nýtt frv. sem varð að lögum hinn 20. des. og þar með urðu tvær greinar frv. sem í upphafi var flutt af hæstv. fjmrh. að lögum fyrir jól. Þess vegna hefur meiri hl. nú lagt fram framhaldsnefndarálit sem er á þskj. 321, kallað aftur fyrri brtt. en flytur í staðinn brtt. á þskj 322.

Eins og fram hefur komið áður miðast þetta frv. við það að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði í heild hin sama sem hlutfall af tekjum greiðsluárs á árinu 1984, þ. e. á yfirstandandi ári, og var á s. l. ári.

Í þjóðhagsáætlun sem lögð var fram á Alþingi í okt. s. l. og í forsendum fjárlagafrv. sem lagt var fram snemma í haust var reiknað með að tekjur hækkuðu um 20% milli áranna 1983 og 1984. En í kjölfar nýrra upplýsinga um ástand fiskstofna vann Þjóðhagsstofnun að endurskoðun á áætlununum um tekjubreytingar milli áranna 1983 og 1984 og niðurstaðan af þeirri endurskoðun er sú að áætlað er að tekjur á mann á árinu 1984 verði 16.5% hærri en tekjur voru á árinu 1984. Hér er um að ræða meðaltalstölur að sjálfsögðu sem auðvitað geta verið breytilegar frá einum einstakling til annars. Þetta eru samanlagðar tekjur allra vinnandi manna eins og þær koma fram á skattskýrslum.

Brtt. meiri hl. eru fluttar til að ná því meginmarkmiði að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði óbreytt eins og ég sagði áður. En af þeim ástæðum sem ég hef nú lýst varð að breyta frv. og taka tillit til þeirrar endurskoðunar sem Þjóðhagsstofnun gerði og gera ráð fyrir lækkandi tekjum á milli áranna 1983—1984 úr 20%, eða 21% ef meðtalin er fjölgun gjaldenda, í 16.5%. Tilgangur þessara brtt. er þess vegna að lækka heildarálagningu tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds að frádregnum barnabótum og nýttum afslætti um 3%, þ. e. jafnmikið og nemur breytingu á áætluðum tekjum 1984.

Skv. tilefni þessarar lækkunar lægi beinast við að sjálfsögðu að tryggja að lækkunin jafngilti sömu lækkun

skattbyrði allra framteljenda. Til þess að ná þessu markmiði fullkomlega hefði þurft að lækka skattprósentur um 3/100 og persónuafslátt og barnabætur um sama hlutfall. Þannig yrði hæsta skattprósenta 43.6% í stað 45% sem er í frv., persónuafsláttur 28 470 kr. í stað 29 350 kr. og barnabætur með einu barni 5820 kr. í stað 6000 kr.

Meiri hl. telur þó rétt að í stað þess verði gengið enn lengra í ívilnunum til hinna tekjulægstu og til fjölskyldna með börn en þegar er gert með þeim breytingum sem felast í ákvæðum frv. eins og það var lagt fram í upphafi. Þannig verði hvorki persónuafsláttur né barnabætur lækkaðar frá ákvæðum frv. Því er óhjákvæmilegt að skattbyrði hinna tekjuhæstu aukist nokkuð og þess vegna lagt til að efsta skattprósentan lækki einungis í 44%. Á sama hátt er gert ráð fyrir að skattprósenta félaga verði einungis lækkuð í 50% en ætti að vera 49.5% skv. þeim forsendum sem ég hef rakið.

Þær breytingar sem meiri hl. gerir á þskj. 322 eru í fyrsta lagi að skattstigi tekjuskatts verði af tekjum að 170 þús. 22.75% en í frv. var gert ráð fyrir 23%, af tekjum frá 170—340 þús. kr. skattstofni komi 31.5%, en var 32% í frv. og af skattstofni þar fyrir ofan verði tekið 44% í stað 45% eins og var í frv. Og loks að skattprósenta félaga verði 50% í stað 51% eins og var í upphaflega frv.

Í stórum dráttum verður dreifing skattbyrðar eftir þessar breytingar mjög svipuð því sem að var stefnt með frv. Þó lækkar skattbyrði flestra undir meðaltekjum nokkuð á kostnað hinna tekjuhæstu í samræmi við það sem fyrr segir í og samræmi við þá stefnu sem ríkisstj. fylgdi þegar hún lagði frv. fram í upphafi og tekur það mið af efnahagsástandinu.

Í 4. lið á þskj. 322, sem eru brtt. meiri hl. — en meiri hl. samanstendur af hv. þm. Páli Péturssyni, Friðriki Sophussyni, Þorsteini Pálssyni og Geir Hallgrímssyni — er lagt er til að inn komi ný grein á eftir 8. gr. frv. og hún orðist svo:

„Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta."

Þessi nýja brtt. á rætur að rekja til þess að í nóv. s. l. komst tölvunefnd að þeirri niðurstöðu að sá aðili sem gefið hefur út slíkar skrár í Reykjavík á undanförnum árum hafi ekki rétt til slíkrar útgáfu vegna gjaldársins 1982. Byggði nefndin þessa afstöðu sína á ákvæðum laga nr. 63/1981 og 98. gr. laga nr. 75/1981 og 37. gr. laga nr. 73/1980. Þessi úrlausn tölvunefndarinnar orkar að sjálfsögðu tvímælis. En til þess að koma í veg fyrir misskilning og taka ákveðna afstöðu til þessa máls flytur meiri hl. þessa brtt. enda er nauðsynlegt að áliti meiri hl. að skattskráin geti legið fyrir og allir hafi aðgang að henni þegar endanlega hefur verið lagt á og kærufrestur er liðinn.

Í 5. lið brtt. er gert ráð fyrir því að 9. gr. frv. falli niður en hún varð að lögum hinn 20. des. s. l. ásamt 1. gr. frv. nokkuð breyttri. Nauðsynlegt var að ganga þannig frá þessu máli til þess að hægt væri fyrir ríkisskattstjóra að gefa út leiðbeiningar varðandi skattframtöl.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja frekar álit meiri hl. Undirstrika þarf rækilega að stefnan sem hæstv. ríkisstj. fylgir í þessu máli er sú að skattbyrði einstaklinga og heimila miðað við tekjur á gjaldárinu verði sú sama að meðaltali og hún var árið áður. Þetta þýðir m. ö. o. að menn með samsvarandi tekjur eru nákvæmlega jafnlengi að vinna fyrir beinum sköttum til ríkisins og þeir voru árið áður. Auðvitað er það rétt að tekjur manna geta breyst, hjá sumum lækka þær, hjá öðrum hækka þær. Til þess er ekki hægt að taka tillit í þessum brtt. né heldur í frv. fremur en gert hefur verið á undanförnum árum en þá hefur verið miðað við almennar launabreytingar í þjóðfélaginu og venjulega gert með svokallaðri skattvísitölubreytingu í fjárlagafrv. og fjárlögum á hverjum tíma.

Þegar umr. verða um þessi skattamál er oft gripið til þess ráðs að leggja saman útsvör sem renna til sveitarfélaga og beinu skattana sem renna til ríkisins. Vissulega er rétt að þegar þessir tvenns konar skattar eru lagðir saman getur orðið hækkun ef sveitarfélögin treysta sér ekki til að lækka útsvör í sama hlutfalli og hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið með flutningi þessa frv., verði það að lögum.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl., 2. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, gerði mikið mál úr því að ríkisstj. væri með þessum aðgerðum sínum og þeim brtt. sem hann hefði hér mælt fyrir og þessu skattafrv. í heild að lækka skattbyrðina á fólkinu í landinu. Hann talaði um það sérstaklega að skattbyrðin mundi ekki aukast á meðaltekjum og hún mundi lækka á hinum lægri tekjum.

Þegar 1. umr. fór fram um þetta frv. viðhafði þessi sami hv. þm., 2. þm. Reykv., nokkurn veginn sömu orð. Þó lágu þá fyrir útreikningar sem ríkisskattstjóri hafði gert sem sýndu svart á hvítu að tekjuskattsálagningin skv. frv. ríkisstj. var mun þyngri en álagningin hafði verið, að um raunverulega þyngingu skattbyrði væri að ræða. Í þeirri umr. fór reyndar svo á endanum að hæstv. fjmrh. viðurkenndi að verið gæti að menn yrðu lengur að vinna fyrir nýju sköttunum sínum en þeir hefðu verið að undanförnu. Í því fólst auðvitað fullkomin viðurkenning talsmanns ríkisstj. á því að verið væri að þyngja skattbyrði.

Hv. frsm. meiri hl. gerði líka sérstaklega að umtalsefni að verið gæti að ef menn reiknuðu útsvörin með kæmi einhver þyngin á skattbyrði sem auðvitað ætti ekki heima inni í þessum samanburði þegar menn væru að líta á góðverk ríkisstj. í þessu sambandi. En það er alveg sama þó útsvörin séu ekki tekin með, hvernig sem á málin er litið og miðað við þá launaþróun sem við búum nú við er um þyngingu skattbyrði að ræða hjá miklum meginþorra launafólks og ekki bara þeim sem eru með hæstar tekjurnar.

Talsmenn Sjálfstfl. ýmsir, þ. á m. formaður flokksins og varaformaður, hafa haft um það sterk orð að ég færi með lygaáróður þegar ég sagði að skattbyrðin væri að þyngjast og menn yrðu lengur að vinna fyrir sköttunum sínum. Þeir hefðu það á útreikningum hjá sér að svo væri ekki. Ég sagði mönnum í þeirri umr. að þeir skyldu bíða eftir því að sjá hvernig skattseðillinn liti út varðandi fyrirframgreiðsluna í febrúarmánuði. Nú hefur sá seðill birst mönnum.

Fjölmargir hafa haft samband við mig og sagt: Þetta reyndist rétt hjá þér, það er langtum hærra sem ég á að borga núna í skatta en var fyrir jól. Þannig er það þegar komið fram á launþegum þessa lands að skattbyrðin hefur verið þyngd. Fyrirframgeiðslan sem mönnum er

gert að greiða núna er langtum hærri í krónutölu en hún var fyrir jól hjá langflestum. Hjá öllum þeim sem ég hef hitt er um hækkun að ræða, meiri eða minni. Þar hafa menn það svart á hvítu því að ekki hefur kaupið breyst um eina einustu krónu milli desember og febrúarmánaðar.

Það er líka svo ef litið er á þetta frv. eins og það liggur nú fyrir að skattbyrðin eykst hjá meginþorra launafólks um 10—20%, þ. e. skattbyrðin sjálf er 10—20% þyngri, menn eru 10—20% lengur að vinna fyrir sköttunum sínum skv. því frv. sem hér liggur fyrir að samþykkt verði af hálfu meiri hl. n. heldur en þeir voru á seinustu mánuðum s. l. árs. Er þá miðað við að kaupið sé óbreytt, menn verði að búa við óbreytt kjör.

Ég hef orðað það svo að það væri mikil ógæfa hjá ríkisstj. að hún skyldi ekki hafa áttað sig á því að við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu bæri nauðsyn til þess að hún kæmi til móts við launafólkið í landinu í skattamálum. Launþegar hafa tekið ómældar byrðar, kjörin hafa verið skert um fjórðung, hjá sumum kannske meira, það fer eftir því hvernig viðmiðunin er tekin en af þeirri stærð er það alla vega.

Þessi sársauki er orðinn mjög mikill. Og um það hafa menn fengið sannanir á pappírum þessa dagana í rannsóknum kjararannsóknanefndar hvernig komið er hag láglaunafólksins hér á landi og hversu lágar tekjur margir búa við. Það er ágætt að eiga það á pappír en menn hafa ekki þurft annað en að ganga um í þjóðfélaginu og hitta fólk að máli til að komast að raun um að margt lágtekjufólk hefur átt í verulegum og þungum erfiðleikum. En það sem meira er, obbinn af launafólki hefur líka átt í örðugleikum eins og nærri má geta þegar kaupmátturinn hefur verið skertur með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Við þessar aðstæður var auðvitað rétt tækifæri af hálfu ríkisstj. til að ná tökum á verðbólgunni og rétta hag launafólksins að gera það í gegnum skattkerfið. Fyrir þessu höfum við talað. Í þá átt og í þá veru eru þær till. sem minni hl. n. flytur eða aðilar úr minni hl. ásamt öðrum. Ég skal rekja þær nokkuð nánar á eftir, þ. á m. hugmyndir sem varða það að rétta afkomu þeirra sem alverst eru settir. En áður en ég geri það kemst ég ekki hjá því að vekja sérstaka athygli á einu atriði í þessu skattalagafrv. ríkisstj.

Hún gerir ráð fyrir því að skattur á fyrirtækjum verði stórlega lækkaður. Tekjuskattur félaga var á liðnu ári og á liðnum þremur árum 65% af skattskyldum tekjum eða af tekjuskattsstofni félaganna. Nú eru uppi hugmyndir um að stórlækka þetta hlutfall. Hvers vegna skyldi tekjuskattur félaga hafa verið valinn 65% á liðnum árum meðan hæsti jaðarskattur hjá einstaklingum var 50%? Það er einfaldlega vegna þess að einstaklingar greiða líka sjúkratryggingagjald upp á 2% og útsvar sem var 12.1%. Þessi heildarjaðarskattur hjá einstaklingunum hefur því verið 64.1% á s. l. þremur árum.

Menn hafa talið nauðsynlegt — og það ekki bara á síðustu árum heldur allar götur — að tekjuskattshlutfall félaganna væri í samræmi við jaðarskattinn hjá einstaklingum í hæsta þrepi og gjarnan valið það svo að tekjuskattshlutfall félaganna væri 1—2% hærra. Skýringin er einföld: Menn vilja ekki að þeir sem atvinnurekstur stunda geti létt skattbyrði sína með því að hagræða framtölum með þeim hætti, og sjálfsagt lög-

legum, að máli skipti hvort tekjurnar lendi hjá fyrirtækinu eða hjá atvinnurekandanum, eiganda fyrirtækisins. Þetta er ekkert nýtt. Þannig hafa menn alltaf haft þetta.

Í fskj. með nál. á þskj. 254 er gerð grein fyrir því hvernig þessu skatthlutfalli hefur verið háttað allar götur síðan 1972. Þar geta menn gengið úr skugga um það svart á hvítu að skattur félaganna hefur ævinlega verið í nánd við jaðarskattinn í hæsta skattþrepi einstaklinga þegar tillit hefur verið tekið til sjúkratryggingagjalds og útsvars. Á þessari töflu kemur fram allt frá 1972 miðað við mismunandi álagningarreglur sem hafa verið í gildi hvert tekjuskattshlutfallið hefur verið í jaðarskatti hæsta skattþreps, hver sjúkratryggingagjaldsprósentan hafi verið, hver útsvarsprósentan hafi verið. Ef menn leggja þessar tölur saman komast menn ævinlega að raun um að þessar tölur, hæsti jaðarskattur einstaklinga og skattprósenta fyrirtækja, hafa fylgst að.

En nú á aldeilis að víkja út af þeirri braut. Nú er gerð till. af hálfu meiri hlutans um að þetta skatthlutfall félaganna skuli ekki aldeilis fylgja því sem hefur verið viðtekið að undanförnu heldur skuli hér búið til verulegt misræmi. Þeir gera ráð fyrir að þetta skatthlutfall verði 50% ef ég man rétt. Hvað þýðir það? Það á að vera 44% skattur hjá einstaklingunum í hæsta skattþrepi. Útsvarsprósentan er um 11%. Þar erum við komin í 55%, sjúkratryggingagjaldið er 2%, ef ég man rétt, þar erum við komin í 57%. Einstaklingarnir eiga að vera með jaðarskatthlutfall af tekjum sínum sem er 57% á sama tíma og félögin eiga að vera með skattprósentu upp á 50%.

Skv. þessari nýju reglu sem ríkisstj. hefur tekið upp geta þeir sem atvinnurekstur stunda og eiga sem sagt haft áhrif á það, hvort heldur fyrirtækin eru smærri eða stærri, hver heildarskattbyrðin af atvinnurekstrinum og einstaklingnum verður með því hvernig þeir haga framtalinu sínu og hversu miklar tekjur þeir telja sér og hversu miklar fyrirtækinu. Það er engin tilviljun að allar ríkisstj. að undanförnu hafa fylgt þeirri reglu að láta þessar prósentur fylgjast að til að koma í veg fyrir freistingu á misnotkun af því tagi sem ég hef hér rakið.

Talsmenn ríkisstj. færa það fram sem rök í þessu máli að verðbólgan sé að lækka og þess vegna verði að lækka prósentuna hjá félögunum. Það eru engin rök. Það eru ekki nokkur einustu rök. Ef skatturinn þarf að lækka svona mikið hjá félögunum út af verðbólgunni ætti skatturinn hjá einstaklingunum að lækka til samræmis við það þannig að skattprósenturnar héldu áfram að haldast í hendur. Þegar þeir því halda því fram að það sé nauðsynlegt fyrirtækjanna vegna og það séu rökin í þessu máli ættu þeir að horfa til einstaklinganna. Þau rök ættu allt eins að gilda þar.

Minni hl. n. flytur brtt. við þetta frv. eins og ég drap á áðan. Önnur þeirra varðar það að breyta þessu hlutfalli, hækka skattprósentuna hjá félögunum þannig að hún sé í samræmi við þá stefnu sem hér hefur verið fylgt áratugum saman, sé í samræmi við hæstu jaðarskattsprósentu hjá einstaklingum, að hún verði 58% því yfirleitt hefur verið valið — ef menn líta á þetta dæmi og menn hafa það í fylgiritinu — að hafa hana svo sem eins og einu prósentustigi yfir. Við það fær ríkissjóður vitaskuld tekjur. Við höfum látið áætla hversu miklar þær tekjur væru og talið að þetta fé hefðum við þó allténT til úthlutunar til að létta skattbyrðina á einstaklingunum.

Sú till. sem er á þskj. 251 varðar einungis tilflutning á skattbyrði miðað við þetta atriði. Það fé sem fengist með því að vera með samræmi í skattlagningunni á félögunum miðað við það sem er með einstaklingana er úthlutað til skattalækkunar á einstaklingana. Það þýðir að skattprósentan í miðþrepinu getur farið niður í 29.75% eins og þessi till. okkar gerir ráð fyrir.

Nú þykir mönnum kannski að ekki sé til fyrirmyndar að láta standa á 3/4 hlutum úr prósentustigi en fordæmið var þegar fengið frá fulltrúum meiri hl. sem höfðu valið skattprósentu af þessu tagi fyrir lægsta skattþrepið.

Með þessu móti má sjá til þess að skattbyrði hækki ekki á þeim meginþorra launafólks, miðtekjufólkinu í landinu, eins og það gerir í frv. meiri hl. n. og frv. eins og það kom frá ríkisstj.

Í fskj. með þessu nál. okkar er gerður samanburður á skattbyrðinni og hvernig hún myndi breytast miðað við þá breytingu sem við leggjum hér til. Þessi samanburður er birtur í fskj. 4 og er allítarlegur. Þar geta menn gengið úr skugga um að niðurstaðan af þessari breytingu er sú að skattbyrði léttist frá fyrra ári hjá hjónum með tekjur allt upp í 500 þús. kr. og hjá einstaklingum á tilsvarandi tekjubili og í annan stað að skattbyrði yrði léttari en gert er ráð fyrir í till. meiri hl. fyrir allan miðtekjuhópinn, þ. e. frá um 450 þús. kr. upp í 700 þús. kr. fyrir hjón en verður reyndar örlítið hærri á alhæstu tekjum.

Þessi breyting mundi þannig þótt hér sé ekki um mjög mikinn tilflutning á fjármunum að ræða verða til þess að koma lítils háttar til móts við stóra hluta af launafólki, miðtekjufólkið í landinu. En vegna þeirrar umr. sem hafði verið í gangi af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um það að skattbyrðin væri að lækka þá óskuðum við eftir því í minni hl. n. að ríkisskattstjóri framkvæmdi nýja útreikninga sem sýndu þennan samanburð miðað við till. meiri hl. eins og þær eru núna. Af þeim dæmum má sjá — þetta eru reyndar valin dæmi — að skattbyrðin hefur örlítið skánað frá því hún var í till. þeirra fyrir jól eða fyrr í vetur en engu að síður kemur í ljós ef menn fara í gegnum þessi gögn á fskj. 3 að miðað við þá tekjuþróun sem við búum við eru flestir 13—15% lengur að vinna fyrir sköttum sínum við núverandi aðstæður en þeir voru áður og að skattbyrðin hjá þeim hefur þyngst sem þessu nemur. Þær prósentutölur sem menn sjá í dálkinum eru sakleysislegar. Þær eru kannski 1.8% eða 2.2% eða 3.2%. En ef menn bera þær saman við það hver skattbyrðin var áður, en hún hefur kannski verið á bilinu 15—18% af tekjum eða upp í 20%, þá sjá menn að þyngingin er á bilinu 10—20%.

Um þetta geta menn lesið sér til í þessum fskj. nál.

Herra forseti. Ég vil jafnframt mæla fyrir annarri brtt. sem þeir sem skipa minni hl. í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar standa að ásamt Guðrúnu Agnarsdóttur sem reyndar sat flesta fundina og lýsti sig samþykka þeirri brtt. sem ég gerði hér að umtalsefni. Sú till. okkar fjórmenninganna varðar það að koma sérstaklega til móts við þá tekjuhópa í þjóðfélaginu sem alverst eru settir. Hún er þáttur í þeirri afkomutryggingu sem við Alþfl.-menn gerðum sérstaklega að umtalsefni fyrir kosningar og í stjórnarmyndunarviðræðum en ekki fékk þá hljómgrunn. Hún er hluti af þeirri leið sem við höfum talið að væri nauðsynlegt að fara til að jafna kjörin í landinu og til að sjá til þess að komið væri til móts við þá sem alverst eru settir. Ekki er þessi leið okkar þó varðandi afkomutrygginguna nema að hluta til fólgin í þeim brtt. sem hér eru fluttar. Við teljum nefnilega að það sé skylda atvinnuveganna í landinu að greiða hærri lágmarkslaun en greidd eru núna. Fyrir því hef ég áður talað hér fyrir hönd Alþfl. og við þm. Alþfl og reyndar fleiri hér í þinginu fluttum séstaka till. um að lágmarkslaunin yrðu hækkuð í 15 þús. kr. Það er einfaldlega út frá þeirri forsendu að ekki sé sæmandi í íslensku þjóðfélagi að greiða lægri laun en 15 þús. kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu og að meðtöldum öllum þeim álögum sem því vilja gjarnan fylgja, hvort heldur það heita bónusgreiðslur eða verkfæragjald, en að lægri skuli greiðslurnar ekki vera.

En jafnvel þótt menn komist að þeirri niðurstöðu að lágmarkslaun skuli vera þessi 15 þús. kr. munu ævinlega einhverjir hópar í þjóðfélaginu eiga við mikla örðugleika að stríða. Meðan menn hafa ekki samþ. að hækka lágmarkslaunin upp í þessa tölu eiga þeir við mjög mikla og ríka erfiðleika að stríða.

Þessi till. fjallar um það að greiða út afkomutryggingu til þeirra sem ekki ná tilteknum lágmarkstekjum skv. framtali. Menn finna gjarnan að því að miða við framtöl. Vissulega er það ekki skemmtilegasta eða besta leiðin og við höfum ýmis dæmi um að framtöl séu ekki nægilega góð vísbending um hverjar raunverulegar tekjur fólks séu. En við gerum á þessu mjög ákveðna fyrirvara. Þessar útgreiðslur eiga ekki að fara til neinna sem standa í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og hafa reiknuð laun sem nema meiru en 10% af tekjuskattsstofni af slíkum atvinnurekstri. Auðvitað má binda þetta fleiri skilyrðum ef mönnum sýnist en við sem að þessum till. standa, Svavar Gestsson, Guðmundur Einarsson og Guðrún Agnarsdóttir með mér, töldum að hér væri nægilega tryggilega frá hnútunum gengið. Með þessu skilyrði ætti ekki að vera hætta á misnotkun.

Þegar þetta er gert í upphafi árs og með þeim hætti sem hér er lagt til þannig að það liggi fyrir þegar leggja á á skatta og þegar farið er yfir framtöl er eftirleikurinn hægur í eftirlitinu. Það er verra ef menn ætla að fara að gera þetta aftur fyrir sig eins og henti fyrrv. ríkisstj. þegar hún ætlaði að búa til svokallaðar láglaunabætur sem urðu nú reyndar öfugnefni á því vegna þess að þær voru hærri eftir því sem tekjurnar voru hærri, bundnar ýmiss konar flóknum skilyrðum og útreikningar svo flóknir að ég held að hv. þm. hafi yfirleitt átt erfitt með að setja sig inn í þá.

Þetta er líka takmarkað við það að þetta greiðist ekki út til þeirra sem eru 20 ára eða yngri á tekjuárinu. Það er vegna þess að við teljum að þeir sem séu tvítugir eða yngri hafi yfirleitt stoð af foreldrum sínum og njóti þar að hluta til framfæris, jafnvel þó þeir hafi lágar tekjur. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að útgreiðsla til þessa hóps kæmi til álita.

En till. er annars eins og hún birtist á þskj. 253 á þá lund að sá hluti persónuafsláttar sem kann enn að vera óráðstafað eftir að honum hefur verið ráðstafað til þeirra skattgreiðslna sem nú er gert ráð fyrir skuli greiddur skattaðila, þó ekki hærri fjárhæð en nemur helmingi af heildarúpphæð persónuafsláttarins, og reyndar svo að ekki sé greidd út lægri krónutala en 200 kr.

Með þessu móti væri komið verulega til móts við þá

sem alverst hafa kjörin. (**Forseti:** Mig langar að spyrja hv. ræðumann hvort hann geti lokið máli sínu á mjög stuttum tíma eða hvort hann þurfi mjög langan tíma vegna þingflokksfunda.) Ætli ég geti ekki lokið henni á svo sem eins og tiltölulega mjög stuttum tíma. (**Forseti:** Já, þá skulum við halda áfram með fundinn um sinn.)

Við þennan tillöguflutning er því að bæta að hér er gert ráð fyrir að um 200 millj. kr. færu til þessara hluta. Það hefur verið hugmynd og kom reyndar fram í fjárlagaumr. að til þess að mæta þessum útgjaldaauka yrði dregið úr niðurgreiðslum um þessar sömu 200 millj. kr. Ég minnist þess, herra forseti, að hafa mælt fyrir slíkri till. við afgreiðslu fjárlaga þó hún fengi þá ekki hljómgrunn. En vitaskuld er enn möguleiki til að breyta þessum útgjaldapósti fjárl. ef menn þess æskja. Okkur er vitaskuld ljóst að lækkun niðurgreiðslna af þessu tagi muni þýða það að allir verði að greiða eilítið meira fyrir þau matvæli sem þetta mundi ná til, sem yrði þá væntanlega fyrst og fremst kjötmeti og jafnvel mjólkinni yrði hlíft, a. m. k. er það sú hugmynd sem við höfum rætt í mínum flokki. En þá er það svo að allir verða að taka þetta á sig en verið er að greiða til þeirra sem alverst eru settir í þjóðfélaginu. Þannig að hér væri um raunverulega jöfnun á aðstöðu að ræða. Allir tækju á sig eitthvað, en útgreiðslan kæmi til þeirra sem verst eru settir.

Þetta eru þær tvær till. sem ég leyfi mér, herra forseti, að mæla hér sérstaklega fyrir. Fram kemur í nál. minni hl. að mjög naumur tími hafi verið til að ganga frá þessu nál. og þess vegna hafi málið tæpast fengið eins nána athugun og æskilegast hefði verið. Það er kunnara en frá þurfi að segja að mikill eftirrekstur var af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um tíma fyrir jól að ganga frá þessu máli og þessum nál. Þess vegna var tíminn til frágangs á nál. heldur naumur. En nú hefur málið tafist og vissulega kynni að vera ástæða til þess og áskil ég mér rétt til þess fyrir mína hönd að líta nánar á málið þegar það kemur til 3. umr.

Að lokum einungis þetta, herra forseti. Ljóst er að frv. eins og það liggur fyrir frá ríkisstj. og nú frá meiri hl. n. mun þýða aukna skattbyrði í landinu. Fólkið er þegar farið að finna fyrir þeirri auknu skattheimtu í þeim fyrirframgreiðslum sem hafa verið ákveðnar og það er sama hvort við reiknum útsvarið með eða ekki. Auðvitað hefði verið æskilegt að gera meiri breyt. en hér er mælt fyrir af hálfu minni hl. en það var ekki talið tækt á þeim tíma sem til stefnu var þegar málið var til umfjöllunar og gengið frá nál. En ég er fastlega viss um að minni hl. n. er áhugasamur um að gera frekari úrbætur til hagsbóta launafólkinu ef ráðrúm gefst til þess og ef samvinnuvilji um það kemur upp af hálfu ríkisstj. En þau skref sem þó er hér mælt fyrir væru í áttina fyrir launafólkið, væru framrétt hönd, svo að segja, yfirlýsing af hálfu Alþingis um að það vildi koma til móts við þá sem lægst eru launaðir jafnframt því að þyngja ekki skattbyrðina á venjulegu meðallaunatekjufólki.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil vekja athygli manna á því að nú er Alþingi að afgreiða grundvallaratriði undir skattlagningu í landinu og er þegar séð að það verður ekki afgreitt þegar framtalsfresti lýkur. Einstaklingar neyðast því til að ganga frá framtölum sínum án þess að hafa hugmynd um eftir hvaða ákvæðum á að leggja á þá skatt. Af þessu tilefni vil ég beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. fjmrh. að hann beiti sér fyrir því við skattstjóra landsins að þeir verði rýmilegir við fólk þegar það óskar eftir frestun á framtalsskilum með skírskotun til þess að við hljótum að vera sammála um það, hæstv. fjmrh. og ég, að hvorki er æskilegt né siðlegt af stjórnvöldum að gera ráð fyrir að framtalsfresti einstaklinga sé lokið áður en hv. Alþingi hefur afgreitt þær reglur sem nota á við álagningu opinberra gjalda á þetta fólk.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns vil ég taka fram að það varð að samkomulagi fyrir jól að afgreiða þann þátt skattalagafrv. sem nauðsynlegur var til þess að hægt væri að fylgja fram reglum um álagningu og framtal eins og gert hefur verið undanfarin ár. Það er síður en svo einsdæmi nú að skattalagabreytingar hafi ekki legið fyrir þegar framtalsfresti hefur lokið og á það ekki að koma að sök, enda er ljóst að stefna ríkisstj. liggur fyrir og fjárl. hafa verið samþ. Í fjárl. er getið um það hvaða tekjur ríkissjóður ætlar sér af þessum sökum. Þetta vil ég að fram komi því að eðlilegt er að hv. síðasti ræðumaður þekki ekki forsögu málsins, enda átti hann ekki sæti á Alþingi fyrir jól.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Vonandi verður gott samstarf í þessari hv. deild um að hraða afgreiðslu frv. um tekjuskatt og eignarskatt eins og kostur er á. Að sjálfsögðu er alveg rétt hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að frv. er seint á ferðinni. Fari að bera á því að fólk hafi ekki nógan frest til að skila sínu framtali mun ég beita mér fyrir því að framtalsfrestur verði rýmkaður.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins færa hæstv. fjmrh. þakkir fyrir undirtektir hans.

Sameinað þing, 46. fundur.

Fimmtudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Friðarfræðsla, þáltill. 184. mál (þskj. 328). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lækkun húshitunarkostnaðar, þáltill. 104. mál (þskj. 125). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ilmenitmagn í Húnavatnssýslum, þáltill. 109. mál (þskj. 136). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Staðfesting Flórens-sáttmála, þáltill. 118. mál (þskj. 145). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stjórnsýslulöggjöf, þáltill. 121. mál (þskj. 149). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stuðningur við íþróttahreyfinguna, þáltill. 124. mál (þskj. 159). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kennsla í Íslandssögu, þáltill. 164. mál (þskj. 277). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveimur öðrum hv. þm., þeim Páli Péturssyni, hv. 2. þm. Norðurl. v., og Þorv. Garðari Kristjánssyni, 4. þm. Vestf., að flytja svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að í grunnskólanámi verði kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar aukin og við það miðuð að nemendur öðlist ekki aðeins þekkingu og skilning á sögu þjóðarinnar heldur og trú á landið og vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast í aldir".

Það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja því ég geri ráð fyrir að allir hv. þm. hafi fylgst með þeirri umr. sem átt hefur sér stað að undanförnu hér, einkanlega í blöðum, um kennslu í Íslandssögu í grunnskóla, bæði að því er varðar kennslu, kennsluhætti og menntastefnu. Svo sem eðlilegt hlýtur þar að teljast hafa komið fram ýmis sjónarmið býsna ólík og því er ekki að neita að ýmsir hafa af því verulegar áhyggjur að nemendur sem ljúka grunnskólaprófi séu í sumum tilvikum næsta fáfróðir um sögu þjóðar sinnar, en þekking á sögu þjóðarinnar hlýtur þó ásamt móðurmálsnámi að teljast einn af veigamestu grundvallarþáttum hins íslenska menntakerfis.

Fyrir nokkru birtu blöð niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð hafði verið á söguþekkingu hjá almenningi hér á landi. Nú er það auðvitað svo að slíkar skoðanakannanir ber ekki að taka bókstaflega, en vissulega gefa þær vísbendingu sem ekki er ástæða til að horfa fram hjá.

Dagblaðið Tíminn skýrði m. a. frá niðurstöðum þessarar skoðanakönnunar með eftirfarandi hætti: „Söguþekking 16—20 ára Íslendinga bágborin: Aðeins 13.1% vissu um fyrsta forseta Íslands. Aðeins 58.8% vita að Sveinn Björnsson var fyrsti forseti íslenska lýðveldisins samkv. skoðanakönnun sem fyrirtækið Kaupþing gerði nýlega. 17.5% héldu að það hefði verið Jón Sigurðsson, 5.7% að það hefði verið Ásgeir Ásgeirsson og heil 18% sögðust alls ekki vita það".

Enn fremur segir hér, með leyfi forseta: „Íbúar höfuðborgarsvæðisins virðast samkvæmt könnuninni vera aðeins betur að sér en fólk úti á landsbyggðinni, en 62.7% svöruðu spurningunni rétt. Í þéttbýli annars staðar á landinu svöruðu 55.9% rétt, en 52.9 í dreifbýli. Sé þeim, sem spurðir voru, skipt niður í aldurshópa kemur í ljós að aðeins 13.1% fólks á aldrinum 16—20 ára svaraði rétt. Eftir því sem fólk eldist virðist það betur að sér, en 83.9% fólks á aldrinum 56—67 ára vissi hver var fyrsti forseti lýðveldisins.

Hvenær var kristni lögtekin?

Þeirri spurningu svöruðu 49.8% rétt, en 50.2% rangt. Óverulegur munur var á svörum fólks eftir aldri, en 57.8% kvenna vissu svarið, en aðeins 41.9% karla."

Þessar niðurstöður skoðanakönnunarinnar, sem vissulega eru aðeins vísbending, hljóta að verða okkur öllum alvarlegt íhugunarefni.

Eins og ég vék að áðan hafa átt sér stað umræður og mikil greinaskrif í blöðum að undanförnu um þetta efni. Einn þeirra sem lagt hafa orð í belg í þessari umr. um sögu og menntastefnu er Arnór Hannibalsson lektor við heimspekideild Háskóla Íslands. Hann ritaði grein í Morgunblaðið viku af desember þar sem m. a. segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Frumgrunnur og tilveruforsenda smáríkis er ævarandi barátta þess fyrir fullveldi og sjálfstæði. Höfuðverkefni ríkisins er að skapa samstöðu allrar þjóðarinnar í þeirri baráttu. Ríkið hlýtur að beina orku sinni að því að Íslendingar öðlist ekki aðeins þekkingu og skilning á þjóðarsögunni heldur og að þeir hafi vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem við höfum komið okkur upp. Sjálfstæðisbaráttunni lýkur aldrei. Smáþjóðin á ætíð undir högg að sækja. Við ráðum því ekki hvað stórveldin telja sér í hag. — Líf okkar hér á Íslandi ber að skoða í ljósi baráttu okkar fyrir þjóðréttindum, bæði í fortíð og nútíð. Sé á því slakað, hvort heldur er í stjórnmálum, söguritun eða skólastarfi, erum við að svíkja sjálfa okkur.

Þar með er ég ekki að segja," segir áfram í þessari grein, „að ríkisvaldið eigi að segja sagnfræðingum fyrir verkum eða gefa út reglur um „viðurkennd vinnubrögð" sagnfræðinga. En það er tími til að íhuga hver skuli vera stefnan í menntunarmálum þjóðarinnar".

Flm. þessarar þáltill. taka undir þessi orð og telja ríka ástæðu til þess að Alþingi lýsi stefnu sinni í þessu mikilvæga máli með ályktun.

Ýmsum kann að þykja það orka tvímælis þar sem segir hér í tillgr. að kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar skuli ekki aðeins aukin, heldur og við það miðuð að nemendur öðlist ekki aðeins þekkingu og skilning á

sögu þjóðarinnar heldur og trú á landið og vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast ellefu aldir. Það kann að vera að ýmsum þyki þetta orka tvímælis, en ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera þáttur sögukennslunnar hér að efla með nemendum trú á landið og efla trú á það menningarsamfélag sem við höfum komið hér upp. Það má auðvitað spyrja sem svo: Hvað er það öðru fremur sem gerir okkur að þjóð? Það er auðvitað tungan, sagan og landið — það er þetta allt og meira til, það er þjóðarsálin, andrúm landsins og allt okkar umhverfi.

Á síðustu öld fór þjóðernisvakning um lönd og álfur, sem var aflvaki ótrúlegra framfara víða á Vesturlöndum, og fyrir frumkvæði ungra Íslendinga, sem þá stunduðu nám og störfuðu í Danmörku, tók íslenska þjóðin að vakna til vitundar um sjálfa sig, um þjóðerni sitt, um mál sitt og menningu. Í Nýjum félagsritum, sem út voru gefin að forgöngu Jóns Sigurðssonar og fleiri góðra manna, birtist árið 1845 vakningargrein eftir Sigurð Melsteð sem seinna varð prestaskólakennari. Greinin bar yfirskriftina „Um þjóðerni". Þar segir m. a. á einum stað, með leyfi forseta:

„ ... Þjóðernið er fólgið í öllu andlegu lífi þjóðanna, en er ekki bundið við málið eitt og bókmenntirnar, þó ég hafi tekið þetta hvorttveggja til, svo sem aðalatriði í þjóðerninu; það kemur einnig fram í öllum störfum og atgjörðum þjóðanna, í lögum þeirra, tilskipunum og allri þjóðlegri háttsemi. Eigi sannleikurinn að vera arðsamur og ávaxtarsamur í mannlegu lífi, ef menntanin á að vera annað en dautt nám, hlýtur hún að birtast hjá hverri þjóð á eðlilegan hátt, og í þjóðlegum búningi; þjóðirnar geta ekki tekið nokkrum framförum til hlítar, þær geta ekki náð neinum andlegum þroska með öðru móti en þær leggi allan hug og stund á að vernda hinn þjóðlega blæ á allri menntun sinni og lífsháttum, og halda honum við; en þessi blær er þjóðernið. Þjóðernið er heilagt, og réttindi þess eru órjúfanleg, eins og það er heilög skylda hvers manns að laga skapferli sitt, hreinsa hugarfar og siðferði ... Kristin trú hefur fyrst vakið sanna skoðun á þjóðerninu, því eins og hún kenndi að réttindi allra manna væru jöfn upphaflega, og með því afmáði þrældóm allan og ánauð, svo leiddi hún og í ljós þau sannindi, er áður voru ókunn, að allar þjóðir ættu sama rétt upphaflega, að „enginn væri munur á Grikkjum og Gyðingum", en að hver þjóð væri limur hins mikla þjóðfélags eður grein af mannkyninu."

Síðan þetta var ritað eru um 140 ár og það er jafnsatt í dag og það var þá. En ég hygg að ýmsum hafi svo virst að undanförnu að nokkuð hafi daprast tilfinning okkar fyrir þjóðerninu og fyrir menningarverðmætum, máli okkar og sögu. Nú kann vel að vera að þetta mál sé ekki rétt, en sé þetta rétt held ég að við þurfum verulega að sporna við, íhuga okkar gang og freista þess að bæta þar úr.

Nú legg ég á það þunga áherslu að enginn má skilja orð mín á þann veg að ég sé að skera upp herör og krefjast þess að þjóðerni og þjóðernisstefna sé sett í öndvegi framar öllu öðru. Öfgafull þjóðernisstefna er hættuleg og hrikaleg dæmi sögunnar sanna okkur það. Öfgastefnur af hverju tagi sem er eru hættulegar. Heilbrigt þjóðarstolt er allt annað en þjóðremba. Við eigum að vernda og varðveita íslenskt þjóðerni, jafnframt því sem við tileinkum okkur það besta úr menningarstraumum annarra þjóða. Svo ég vitni enn á ný til ritgerðar Sigurðar Melsteð, þá segir þar einnig með leyfi forseta:

„ ... Það er fullkominn misskilningur á eðli þjóðernisins, að leitast við að sporna við öllu útlendu, af því að það sé útlent, og byggja út öllu, sem er ekki beinlínis runnið af þjóðlegri rót; þjóðirnar verða eintrjáningslegar ef þær einblína alltaf á sjálfar sig en líta ekki til annarra; þá fer þeim eins og þeim manni, sem alist hefur alla ævi upp í heimahúsum og aldrei komið á mannfundi, þær verða sérgóðar og ósveigjanlegar á alla vegu ... því eins og maður er manns gaman, eins og samtök og samræður efla framfarir mannlegs anda, svo eru samgöngur og félagsskapur á milli þjóða eitt hið öflugasta ráð til að gera þjóðarandann fjölhæfan og forða lífi hverrar þjóðar frá því að verða einrænningslegt".

Viðhald og efling íslensks þjóðernis þýðir ekki að við eigum að einangra okkur frá öðrum. Við eigum að miðla öðrum því besta úr okkar margslungna og auðuga menningararfi og umfram allt eigum við að hlúa að þeim verðmætum sem við eigum. Að því miðar m. a. þessi þáltill. Hún miðar að því að kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar verði efld í grunnskólum þannig að nemendur viti meira um sögu þjóðar sinnar og séu betur að sér um hvernig líf þessarar þjóðar hefur þróast um aldirnar. Það er einn megintilgangurinn með þessari till.

Eins og ég sagði áðan kann vel að vera að ýmsum þyki að hér sé kannske farið inn á einhverjar brautir þar sem Alþingi ætti ekki að gera ályktanir, en ég er þeirrar skoðunar að Alþingi ætti vissulega að gera hér ályktanir. Ég tek skýrt fram að ekki er verið að vega að einum eða neinum með þessari till. Tilgangur hennar er fyrst og fremst að færa sögukennsluna í þann farveg sem till. gerir ráð fyrir, auka hana og efla.

Það fór svo að flm. þessarar till. eru aðeins úr þremur þingflokkum, en ég vil gjarnan láta þess getið að öllum þingflokkum var gefinn kostur á að eiga meðflutningsmenn að þessari till. En það fór svo að aðeins fulltrúar þriggja flokka þágu það. Nú þarf það ekki að gefa til kynna andstöðu við efni till. þó að svo hafi farið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Þar sem einn af flm. till. hefur í dag boðað veikindaforföll mælist ég til að umr. verði ekki lokið á þessum fundi, heldur verði henni frestað, en þegar umr. lýkur hér verði málinu vísað til allshn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa till.

Ég lýsi því yfir að fyrir mitt leyti ætti ég afar erfitt með að taka undir þann tillögutexta sem hér liggur fyrir. Það er ekki vegna þess að ég sé ekki sammála því að haldið skuli uppi góðri kennslu í sögu Íslands í grunnskólum landsins, heldur álít ég að það verði að endurskoða það sem stendur í sjálfum textanum. Ég held að við getum orðið sammála um það, hv. þm. Eiður Guðnason og ég, að dálítið varasamt er að lýsa því yfir að stefnt skuli að því að varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast. Í mínum málskilningi þýðir það að fyrst og fremst skuli halda því í horfinu en ekki efla það og bæta á alla lund. Ég held því að tillgr. þyrfti eitthvað að athuga.

Hins vegar er mér ekki ljóst hvers vegna þessi till. er komin fram núna. Skoðun mín er nefnilega sú, að

sögukennsla sé mun betri í skólum nú en hún var áður. Ég skal í stuttu máli gera grein fyrir hvers vegna ég segi það.

Sú mannkynssaga og sú Íslandssaga sem ég lærði, og ég geri ráð fyrir þar með flestir hv. þm., var saga yfirstéttarinnar. Hún var ekki saga fólksins í þessu landi. Við komumst í gegnum allt skólakerfið, til stúdentsprófs a. m. k., án þess að hafa hugmynd um einföldustu staðreyndir úr lífi alþýðu þessa lands. Við vorum hins vegar látin læra allt um helstu fyrirmenn. Það er vissulega áhyggjuefni að menn viti ekki hver var fyrsti forseti Íslands, en þó finnst mér annað skipta verulega miklu meira máli sem ekki var kennt þegar ég lærði sögu. Ég hygg af reynslu minni af mínum eigin börnum að heldur meira sé nú reynt að gefa börnunum einhverja hugmynd um það líf sem var lifað í þessu landi á árum áður en þegar ég var í skóla.

Annað er það sem a. m. k. í minni tíð féll blessunarlega úr sögukennslu þjóðarinnar og það var saga íslenskra kvenna. Þær virtust ekki hafa lagt mikið til þjóðfélagsins á þeim tímum. Ég vænti þess að nýlega menntaðir sögukennarar reyni nú frekar að taka það kyn með en gert var þá.

Þá skal Alþingi Íslendinga nú leggja þær skyldur á herðar sögukennara landsins að gefa ungu fólki trú á lífið og tilveruna í þessu landi. Ja, þeim er ekki lagt lítið á herðar. Sannleikurinn er sá, hv. þm. Eiður Guðnason, að það er hlutverk alþm. þjóðarinnar að efla með börnum landsins þá trú. Við skulum ekki víkjast undan því og skipa sögukennurum þjóðarinnar að klóra í bakkann fyrir okkur.

Þá mætti benda hv. þm. Eiði Guðnasyni og útvarpsráðsmanni á að sinna því líka í útvarpsráði að efla trú manna á tungu og menningu í þessu landi. Ég vil benda honum á að hlusta eins og dagstund á málfar í Rás 2 og vita hvort honum finnst það vera sérstaklega íslenskri tungu til framdráttar. Þá mætti hann gjarnan setjast niður, sem hann gerir eflaust oft, og hlusta á bullið sem veltur yfir þjóðina í formi útvarpsauglýsinga og sjónvarpsauglýsinga. Það er nefnilega ekki hægt að gera svona lagað afmarkað. Það þarf að gera samstillt átak og vera alvara í þessu máli.

Grunur minn er sá, að þessi till. fengi svipaða meðferð og þær umr. sem nú standa yfir um fræðslu um uppeldi til friðar sýna. Fjölmiðlar jagast nú um hvort ekki sé alveg gulltryggt að í fræðslu um uppeldi til friðar verði lögð áhersla á að það sé Íslendingum lífsnauðsynlegt að taka þátt í hernaðarbandalaginu NATO. Ég held ekki að virðing Alþingis aukist að neinu fyrir svona hræsnisbull.

Hér segir í grg., með leyfi forseta, og þetta er lagt fyrir okkur alþm.: „Við ráðum því ekki hvað stórveldin telja sér í hag." Vissulega ekki, en er í þessu falið að við eigum þar með að taka því þegjandi sem þeim kann að detta í hug? Ég held að þessi mál verði að skoða í einhverri heild.

Það er hárrétt sem hv. þm. sagði áðan að á síðustu öld varð mikil vakning meðal menntamanna í Kaupmannahöfn til bjargar íslensku þjóðinni. En hvernig fór sú vakning fram? Hún fór fram þannig að þar voru nokkrir menn sem skildu samhengið milli skáldskapar, milli tungumáls og milli menningar. Hv. alþm. vita það e. t. v. ekki, en Jónas Hallgrímsson var ekki einungis gott skáld, hann var ekki minni stjórnmálamaður. En hann var djarfari en stjórnmálamenn nú til dags.

Ég vildi koma þessum sjónarmiðum að vegna þess að ég held að svona till. sé fyrst og fremst yfirborðsleg. Ég er sammála flm. um að gera þarf verulegt átak til að efla með ásku landsins trú á land og þjóð. En ég er ekkert viss um að hún vilji varðveita það menningarsamfélag sem hún lifir nú í. Ég held að hún telji að það þurfi að batna töluvert til þess að hægt sé að hafa trú á því. Það er hlutverk okkar hér að bæta úr þessu. Og er ég alveg viss um að hv. þm. eru allir tilbúnir að taka höndum saman við það verk.

Ég vil því lýsa því yfir að að óbreyttu tel ég mig tæplega geta samþykkt þessa till. Ég er auðvitað fús til að skoða hana með opnum huga, en legg á það áherslu að hér þurfi að taka margt inn í fræðslu um líf og starf íslensku þjóðarinnar, fleira en hvenær fyrsti forseti tók við embætti eða hvenær síðasti kóngur dó og annað þess háttar. Það eru aðrir þættir sem þurfa að koma inn í sögukennslu þjóðarinnar.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm., hefur býsna sérstæðar skoðanir. Hún kaus að snúa út úr þessari till., vék að því að hér stæði að ætti að varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast um aldir. Já, það stendur í till., en hverjum hv. þm. dettur í hug, nema þá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem vill snúa út úr till. og vill gera lítið úr henni á sem flestan hátt, að till. miði að því að okkar menningarsamfélag staðni? Hverjum dettur það í hug nema hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, sem kannske hefur svolítið staðnaðan hugsunarhátt í þessum efnum, leyfi ég mér að segja?

Hún kallar þessa tillögu hræsnisbull, hræsnisbull sagði hv. þm. hér. (Gripið fram í.) Hv. þm. notaði þau orð og þau eru skráð í þingtíðindi. Hún sagði hér að þessi till. væri yfirborðskennd og hræsnisbull, og ég vil andmæla því. Það sem liggur að baki þessari till. er að Alþingi lýsi þeirri stefnu sinni að það vilji að kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar verði aukin og að hún miði að því að nemendur öðlist þekkingu og skilning á sögu þjóðarinnar. Ég skil satt að segja ekki hvað hv. þm. getur haft á móti þessum markmiðum. Hún hefur á móti því að það sé hluti sögukennslunnar að efla með íslensku æskufólki trú á landið og segir að það sé hlutverk okkar alþm. Það er hlutverk allra uppalenda og það er líka hlutverk þeirra sem fræða uppvaxandi kynslóð um sögu íslensku þjóðarinnar. Það á að vera það og hlýtur að vera það.

Hv. þm. vék hér að Ríkisútvarpinu, líklega vegna þess að ég á sæti í útvarpsráði. Það er alveg rétt að Ríkisútvarpið hefur veigamiklu hlutverki að gegna varðandi varðveislu og verndun íslenskrar tungu og það er líka rétt að þar hefur ekki tekist allt sem skyldi. Ég skal fúslega undir það taka. Ambögurnar sem dynja í hlustum fólks úr Rás 2 eru auðvitað til skammar og um það hefur margsinnis verið rætt í útvarpsráði og þar eru uppi aðgerðir til umbóta. Mönnum er ljóst að þarna hefur ekki tekist sem skyldi og þarna þarf að breyta til og láta af þeirri aulafyndni og amböguhætti sem þar hefur því miður riðið húsum í allt of ríkum mæli frá því að þessi rás tók til starfa. Þar þarf verulega að söðla um og er verið að vinna að því.

En ég skil satt að segja ekki þá andúð og andstöðu

sem kom frá frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur í garð þessarar till., sem ég tel vera mjög jákvæða og miða til umbóta. Það getur vel verið að henni finnist ekki mikið til þess koma þó að fólk viti ekki hvenær kristni var lögtekin á Íslandi. Mér finnst það. Mér finnst það skipta máli.

Ég ætlaði nú að leiða hjá mér umræður um kvennasögu sem hún minntist á. Að mínu mati er ekkert til sem heitir kvennasaga. Það er til mannkynssaga sem greinir frá konum og körlum. Það er ekkert til sem heitir kvennamenning. Það er bara til menning. Nógu eiga menn erfitt með að skilgreina hugtakið menningu þó að ekki komi þar til kvennamenning líka, sem er óskilgreint hugtak sem ég hef aldrei heyrt skýringar á. Ég held að það sé hættulegt að vera að greina þessa hluti upp í kvennasögu og karlasögu. Og hvað kemur næst; barnasaga? Ég held að þetta sé hættulegt og ég held að þetta sé tóm vitleysa í rauninni. Við eigum að tala um mannkynssögu og við eigum að tala um okkar menningu sem heild og auðvitað á að gæta þess að þar sé ekki hlutur eins eða neins fyrir borð borinn, hvort sem það eru konur eða karlar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að þessu sinni að hafa þessi orð fleiri.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Mér þykir fyrir því að ég heyrði ekki framsöguræðu fyrir þessari till., en ég stend upp til þess eins að lýsa fyllsta stuðningi við þá till. sem hér liggur fyrir á þskj. 277 og ég lýsi stuðningi við ýmsar þær röksemdir sem fram koma í grg. með till. Þar er m.a. vikið að því að kennsla í sögunni hljóti að vera ásamt móðurmálsnámi einn af veigamestu grundvallarþáttum menntakerfis á Íslandi.

Ég vil undirstrika það sem segir í þessari till. um trú á landið og vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast í ellefu aldir. Ég hygg að ekki sé ofmetin þýðing þess að fræða hina ungu kynslóð í skólum landsins um hverja fyrirhöfn það kostaði að fá frelsi fyrir íslenskt ríki. Ég hygg að hver einasti árgangur skólabarna eigi að fá fræðslu um hvaða erfiði það var að vera Íslendingur og berjast fyrir því að fá sjálfstæði þjóðar sinnar og menn eigi að fá fræðslu um hver samstaða manna í þessu litla landi kom hér til og hve sterk hún var og menn eigi að fá fræðslu um hvernig framfarir í landinu jukust að mun eftir að þjóðin fékk frelsi. Þetta atriði, að sýna með fróðleik fram á hvernig framfarirnar og frelsið haldast í hendur, skiptir mjög miklu máli fyrir þá kynslóð sem á að sjá um að varðveita frelsi þessarar þjóðar því að ef við eigum að renna stoðum undir áframhaldandi framfarir í landinu verður líka að ríkja skilningur á því að það kostar fyrirhöfn og baráttu að varðveita það frelsi sem fékkst fyrir fyrirhöfn og baráttu. Þess vegna tel ég það illa farið þegar lítið er gert úr þjóðernishyggju. Ég tel að fyrir þjóð eins og okkar, sem er jafnlítil og langt frá öðrum þjóðum, skipti þetta atriði einmitt mjög miklu máli til að auka samheldni manna, auka þrótt þeirra í allri lífsbaráttunni, bæði sinni eigin og sameiginlegri baráttu fyrir lífi þjóðarinnar og frjálsræði landsins. Af þessum sökum sé ég ástæðu til að lýsa yfir fyllsta stuðningi við þá till. til þál. sem hér liggur fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að Íslandssagan skuli í annað sinn vera komin hér inn í sali þingsins og menn telji það nokkru skipta hvernig að sögukennslu er staðið í landinu.

Vissulega er það rétt, sem hér kom fram hjá hv. 10. landsk. þm., að Jónas Hallgrímsson hafði mótandi áhrif í stjórnmálalegu tilliti, ekki svo lítil áhrif. Og ég man ekki betur en að Íslandssagan sem ég lærði legði áherslu á áhrif Fjölnismanna.

Ég hygg að það þurfi að koma hér nokkuð skýrt fram hvernig Íslandssögu menn vilja kenna. Hver eru markmið hennar? Persónulega var ég mjög sáttur við þá skýringu sem hæstv. menntmrh. gaf í svari sínu á sínum tíma um markmið Íslandssögukennslunnar. Mér er ljóst að e. t. v. telja einhverjir að sögukennslunni eigi fyrst og fremst að beina inn á þá braut að hún undirstriki hið stéttskipta þjóðfélag, að hún undirstriki að kjör manna hafa alltaf verið misjöfn. Þetta er einn af þeim þáttum sem vissulega er rétt að gefa gaum. En hinu mega menn engu að síður gjarnan gera sér grein fyrir, að um allar aldir var jafnræðið á milli hinna ríku og snauðu mjög oft áberandi. Skipstjóri slapp ekki lifandi ef skipið fórst. Hann fórst með því. Foringjar í pólitískum átökum í þessu landi sátu ekki heima og tefldu fram sínu liði. Þeir féllu undir vopnum eins og þeirra stuðningsmenn. Þegar hungur geisaði í þessu landi svarf ekki aðeins að kotungunum á Suðurlandi, heldur að biskupsstólnum einnig. — Ég held nefnilega að menn hafi gleymt því þrátt fyrir allt, þeir sem hafa tekið upp þann vopnaburð að hér eigi fyrst og fremst að boða stéttskipt þjóðfélag, að Íslendingar voru í mörgum kringumstæðum á einum bát. Og annaðhvort hélt sá bátur velli og náði landi eða hann fórst með manni og mús.

Ég skil ekki hvers vegna menn vilja gera lítið úr því að það eigi að vera eitt af verkefnum sögukennarans að efla trúna á landið. Það er sagt að stjórnmálamenn eigi að taka að sér að efla trúna á landið. Eitt af grundvallarverkefnum sögukennarans á að vera að benda á að þegar Íslendingum farnaðist illa í gegnum aldirnar voru það mennirnir sem brugðust en ekki landið. Það var ekki landið sem brást 1262, það voru mennirnir. Og hver sögukennari sem kemur sér undan því að taka á þessum punkti bregst að mínu mati því verkefni sem honum var ætlað að framkvæma.

Ég ætla ekki að fara að flytja hér langa ræðu um Íslandssögukennslu í skólum. Ég trúi því ekki að það sé þörf á því á Alþingi Íslendinga að gera slíkt. En mig undrar þegar menn telja að þeir séu þess umkomnir að gera lítið úr þeirri Íslandssögu sem kennd hefur verið í skólum og gera lítið úr þeirri kennslu sem þar hefur verið framkvæmd. Og það er dálítið skrýtið einnig ef það á að setja þetta þannig upp að það hafi gleymst að minnast á þátt kvenna. Mér er ekki ljóst hvort jafnvel í dag er sú kona til á þessu landi sem hafði jafnmikil völd og Ólöf Loftsdóttir á sínum tíma. Og ég er ekki viss um að á Vestfjörðum gerist þeir hlutir að kona stjórni jafnmiklum atvinnurekstri og Guðrún á Bæ gerði á sínum tíma, þó að menn hafi ekki verið sáttir við hvernig hún hélt á sínu atvinnurekendavaldi því að sennilega hefur það aldrei verið miskunnarlausara en þegar hún stjórnaði. Þeir áttu ekki einu sinni pottana, landsetar hennar sumir hverjir.

En hvað um það. Ef menn greinir á um Íslandssögukennslu er það eðlilegt að það mál sé afgreitt hér í sölum þingsins og sú stefna sé mótuð hvernig menn vilji

að að þeim málum sé staðið. Þess vegna þykir mér vænt um að það gerist aftur á þessum vetri að Íslandssagan sé talin þess virði að hún sé rædd hér í sölum þingsins.

Umr. frestað.

Búrekstur með tilliti til landkosta, þáltill. 120. mál (þskj. 147). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til. þál. um búrekstur með tilliti til landkosta, markaðsaðstæðna og nýrra búgreina sem ég flyt ásamt öðrum þm. Alþb. og er 120. mál Sþ. Till. er um það að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um búrekstur með sérstöku tilliti til þátta sem taldir eru upp í sex liðum. Ýmsar ástæður mæla með gerð slíkrar áætlunar og skýra margar þeirra sig sjálfar og óþarft að rekja þær en í grg. með till. segir svo um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Brýnt verður að telja að þegar verði hafist handa um að koma á farsælla sambandi milli búskaparhátta og landnýtingar og betra skipulagi fjárfestingar í landbúnaði. Þá er einnig ljóst að eigi að nýta sem best þá möguleika, sem gefast til skipulagningar nýrra búgreina, er heppilegast að það gerist samfara uppbyggingu þeirra. Í þessum efnum sem öðrum yrði það seint að vera vitur eftir á.

Tilgangur þessarar ályktunar er því ekki hvað síst sá að vekja athygli á þeim þáttum landbúnaðarmálanna sem rétt þykir að leggja sérstaka áherslu á og skulu hafa forgang í heildarendurskipulagningu atvinnuvegarins sem vikið er að í 6. lið."

Í 1. tölul. till. segir að leitast skuli við að færa búrekstur á hverjum stað til betra samræmis við landkosti en nú er. Með landkostum er hér átt við t. d. beitarmöguleika, bæði í afréttum og heimalöndum, ræktað land, ræktunarmöguleika og aðrar náttúrulegar aðstæður. Þörfin á aðgerðum á þessu sviði er óumdeilanleg. Nægir í því sambandi að benda á ofbeit á ýmsum afréttum í landinu eða í heimahögum en vannýtta möguleika á öðrum svæðum. Hefði verið hugað að þessum hlutum í tíma hefði mátt með stefnumörkun í fjárfestingu stýra þannig uppbyggingu í landbúnaði á undanförnum árum að mun betra samræmi ríkti nú hvað þetta varðar. En úr því sem komið er kann að reynast þörf róttækra aðgerða samhliða því sem brýnt verður að telja að framtíðarfjárfestingar í þessum atvinnuvegi komist sem allra fyrst í samhengi við slíka áætlun.

Í 2. lið segir að í framtíðinni skuli stefnt að því að framleiðslan — og hér er átt við landbúnaðarframleiðslu — á hverju svæði og á landinu í heild verði í sem bestu samræmi við markaðsaðstæður innanlands og hagkvæma möguleika erlendis. Leita þarf jafnvægis milli landnýtingar og hagkvæmnisjónarmiða og stefna að arðbærum landbúnaði er nýti sem best landkosti og framleiðslumöguleika hvers svæðis með hliðsjón af markaðsaðstæðum og hagsmunum neytenda.

Hér er auðvitað um margþætt verkefni að ræða. M. a. þarf að tryggja betur en nú er gert að til þess komi ekki að flytja þurfi t. d. daglega neyslumjólk eða aðrar daglegar neysluvörur milli landshluta. Leitast þarf við að samræma sem best hlutföll hinna ýmsu greina landbúnaðarframleiðslunnar markaðsaðstæðum og landkostum á viðkomandi svæði eða í viðkomandi landshlutum. Kanna þarf hvort ekki megi í mörgum tilfellum færa úrvinnslu afurða í meira mæli út á framleiðslusvæðin, skapa þar með atvinnu og minnka flutningskostnað.

Í sambandi við útflutning þarf að hafa hliðsjón af þeim margvíslega iðnaði sem byggir á hráefnum frá landbúnaði og þeirri atvinnu sem slíkum iðnaði fylgir. Ákveðnar tilraunir gefa góða von um að með endurskipulögðu og efldu markaðsstarfi og útflutningi unninnar gæðavöru í hæsta gæðaflokki takist að fá miklum mun hærra verð erlendis fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir en hingað til hefur tekist.

Í 3. lið er rætt um nauðsyn þess að uppbygging nýrra búgreina verði skipulögð með tilliti til aðstæðna, svo sem framboðs á hráefni til fóðurgerðar og annarra veigamikilla hagkvæmnisatriða, ástands vinnumarkaðarins og búsetusjónarmiða. Nýta skal sem best þá möguleika sem skapast til endurskipulagningar hefðbundins búskapar með tilkomu nýrra búgreina og hugsanlegt væri að færa til hefðbundna landbúnaðarframleiðslu í samræmi við lið 1 og 2 í þáltill., segir þar í 3. lið.

Í þessu sambandi er rétt að ítreka nauðsyn þess að skipulega verði að þessum hlutum unnið þegar frá upphafi og leyfum, t. d. til loðdýraræktar, verði dreift um landið með hliðsjón af fóðurframboði á hverju svæði þannig að tilkostnaður við framleiðsluna verði í lágmarki þegar í upphafi og samkeppnishæfni atvinnuvegarins sem mest frá byrjun.

Í sambandi við fiskeldi og fiskrækt er rétt að benda á öran vöxt þessara atvinnugreina í nálægum löndum og undirstrika nauðsyn þess að Íslendingar verði með í uppbyggingu á þessu sviði og tryggi sér hlutdeild í mörkuðum erlendis áður en það verður um seinan. Hér sem og reyndar víðar er full þörf á að vera vel vakandi gagnvart áhuga erlendra aðila til að komast hér inn í íslenskt atvinnulíf. Að sjálfsögðu er ekkert við það að athuga að menn leiti ráða og hafi samstarf við erlenda aðila á meðan verið er að koma nýrri tegund atvinnurekstrar á fót en slíkt eiga að vera tímabundnar undantekningar frekar en regla. Enda bendir margt til þess að við stöndum flestum betur að vígi hvað aðstöðu varðar, t. d. til loðdýraræktar og fiskeldis.

Í 4. lið segir að unnið skuli markvisst gegn frekari eyðingu byggða sem byggja afkomu sína að meira eða minna leyti á landbúnaði og þau svæði sérstaklega styrkt sem nú standa tæpast.

Um þennan lið eiga við ýmis rök fyrri byggðastefnu og gegn búseturöskun. Má í því sambandi benda á þau miklu verðmæti sem liggja í ræktuðu landi og byggingum sem fara munu forgörðum á stuttum tíma ef nytjar afleggjast auk sögulegra og menningarlegra gilda sem í húfi eru. Sagan er mikið rædd í þingsölum í dag og þess vegna les ég þetta aftur: Auk sögulegra og menningarlegra gilda sem í húfi eru. Hér þarf auðvitað landbúnaðurinn sem og aðrar greinar svo sem sjávarútvegur og iðnaður af öllu tagi og hvers kyns nýir atvinnumöguleikar að taka höndum saman ef vel á að vera.

Í 5. lið segir að stefnt skuli að því að í landbúnaði og við úrvinnslu landbúnaðarafurða verði lífskjör jafnari en nú er og sambærilegri við kjör starfsfólks í öðrum greinum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að aðstöðumun-

ur og afkomumunur innan bændastéttarinnar er gífurlegur, ekki síst vegna mismunandi skuldastöðu. Það er skylda stjórnvalda að reyna að jafna fremur en auka þann mun með sínum aðgerðum. Þá verður að forðast eftir mætti að úrvinnsluiðnaðurinn verði starfsvettvangur kyngreindra láglaunahópa sem því miður margt bendir til að nú sé og það í vaxandi mæli.

Í 6. og síðasta lið till. er svo fjallað um að slík áætlun sem hér um ræðir verði liður í heildarstefnumörkun í landbúnaði sem nauðsynlegt sé að fylgi í kjölfarið.

Slík heildarstefnumörkun er auðvitað stórt en engu að síður nauðsynlegt verkefni og stjórnvöld mega ekki ýta slíku á undan sér með skyndiráðstöfunum og bráðabirgðalausnum endalaust.

Herra forseti. Það er von mín að hæstv. ríkisstj. bregðist vel við þeirri till. sem hér er flutt ef samþykkt verður. Jafnframt er von mín að hv. þm. séu mér sammála um að í landbúnaði sem og í öðrum atvinnuvegum sé þörf skipulagningar, uppbyggingar og áætlunargerðar sem byggi á bestu fáanlegum upplýsingum um landsins gæði og möguleika og þarfir þjóðarinnar til að nýta þau á farsælan hátt.

Herra forseti. Að loknum þessum hluta umr. legg ég til að till. þessari verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skattsvik, þáltill. 169. mál (þskj. 310). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 310 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um úttekt á umfangi skattsvika ásamt hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, Eiði Guðnasyni, Jóni Baldvin Hannibalssyni, Karli Steinari Guðnasyni og Karvel Pálmasyni. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að koma á fót starfshópi sem hafi það verkefni að gera grein fyrir og leggja mat á eftirfarandi:

1. Umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingar um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.
2. Í hvaða atvinnustétt og atvinnugreinum skattsvik eigi sér helst stað.
3. Umfang söluskattssvika hér á landi.
4. Helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegastar til úrbóta.

Starfshópurinn skal skipaður einum fulltrúa skattyfirvalda, einum fulltrúa Þjóðhagsstofnunar og einum fulltrúa viðskiptadeildar Háskóla Íslands.

Niðurstöður skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. jan. 1985."

Eins og fram kemur í grg. þessarar till. liggur einnig fyrir Alþingi till. til þál. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum sem er 98. mál þingsins. Sú till. kom til umfjöllunar í Sþ. í s. l. viku og flutti ég um þá till. mjög ítarlega framsögu, bæði um aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að fyrirbyggja skattsvik og einnig það mat sem lagt hefur verið á umfang skattsvika áður fyrr hér á landi og í öðrum löndum.

Í þeirri framsögu kom einnig fram hve illa er búið að skattstofum hér á landi með þeim afleiðingum að lítið innheimtist vegna skatteftirlits og tiltölulega fá framtöl einstaklinga og fyrirtækja í atvinnurekstri fá ítarlega skoðun hjá skattstofum eða skattrannsóknadeild.

Í framsöguræðu minni í fyrri viku fyrir till. til þál. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum má segja að fram hafi komið kjarninn í því sem er rökstuðningur þess að nauðsyn er að fram fari úttekt á umfangi skattsvika og setti ég þar fram ýmsar tölulegar upplýsingar því til staðfestingar.

Mjög fáir þm. sáu ástæðu til eða gátu setið undir þeirri umr. sem fram fór í síðustu viku um skattsvikamál. Embættismenn hafa talað um að það vanti pólitískan vilja til að gera átak í þessum málum og er skattrannsóknastjóri einn þeirra. Í þeirri umr. sem fram fór hér um daginn kom m. a. fram hér í ræðustól að ekki væri ósennilegt að skattrannsóknastjóri hefði rétt fyrir sér, að pólitískan vilja vanti til að gera átak í þessum málum a. m. k. ef litið væri til þess hve fáir sæju ástæðu til þess að sitja undir umr. sem fram fór um skattsvikamál.

Ég vil mega vænta þess, herra forseti, að svo sé ekki og að vilji sé fyrir því á hv. Alþingi og hjá stjórnvöldum að átak verði gert í þessum málum til að fyrirbyggja skattsvik og að betri skil verði til ríkissjóðs á skatttekjum. T. d. er ótrúlegt annað en hæstv. fjmrh. sem hér situr í hliðarsal hafi eitthvað til málanna að leggja í sambandi við skattsvik þegar hann talar um að hægt sé að spegla sig í galtómum ríkiskassanum. En ég segi að það má furðu sæta hvað stjórnvöld hafa almennt lítið lagt sig fram við að finna leiðir til þess að koma í veg fyrir skattsvik og löngu orðið tímabært að alvarleg umr. fari fram á hv. Alþingi um það hvernig taka beri á þessum málum.

Ég skal ekki, herra forseti, ræða eins ítarlega um þetta mál og ég gerði hér í síðustu viku þó e. t. v. væri full ástæða og nauðsyn á, heldur mun ég leitast við að draga saman helstu atriði og upplýsingar sem ég hef aflað mér og rökstuðning fyrir því hve nauðsynlegt er að á þessum málum verði tekið.

Í fyrri viku vitnaði ég til þess að engin skipuleg úttekt hefur verið gerð á því hér á landi hve umfangsmikil skattsvikin eru ef undan er skilið að prófessor Ólafur Björnsson hefur reynt að varpa nokkru ljósi á það. Skrifaði hann um það allítarlega grein í okt. 1975. Mat hans var það að reikna mætti með að skattsvikin væru 10—11% af þjóðartekjum. Byggði hann það á því að ef bornar væru saman þjóðartekjur, gefnar upp á grundvelli upplýsinga um magn og verðmæti þjóðarframleiðslunnar annars vegar og skattframtala hins vegar, en sá samanburður hafði þá verið gerður hér á landi, þá skakkaði 10—11% sem skattframtöl væru lægri en þjóðhagsreikningstölur. Þessi samanburður ásamt tölum var fenginn úr 12. hefti tímarits Framkvæmdabankans, „Úr þjóðarbúskapnum", sem út kom í júní 1962 í grein eftir Torfa Ásgeirsson og Bjarna Braga Jónsson, „Þjóðarframleiðslan, verðmætaráðstöfun og þjóðartekjur 1945—1960". Hafa ber í huga að þær forsendur sem þarna er byggt á eru þjóðartekjur og verðmætaráðstöfun áranna 1945—1960. Hér er því um margra áratuga gamlar tölur að ræða og ljóst er að margt hefur breyst í þjóðfélaginu frá þeim tíma, auk þess sem í þeim upplýsingum sem fram koma er ekki gerð tilraun til að meta skattsvik eða undandrátt tekna eftir atvinnustéttum eða atvinnugreinum.

Í grg. með þessari þáltill. kemur fram að ef þær forsendur eru notaðar sem áður er vitnað til, að 10—

11% af þjóðartekjum séu ekki talin fram til skatts, er hægt að fá nokkra mynd af því sem hér er um að ræða. Vergar þjóðartekjur árið 1982 á verðlagi ársins 1980 voru 13 milljarðar 378 millj. kr. Ef sú upphæð er færð fram til verðlags 1983 miðað við gengisvísitölu í nóv. 1983 nema vergar þjóðartekjur á verðlagi í nóv. 1983 48 milljörðum 27 millj. kr. Ef 11% af þeirri upphæð eru dregin undan skatti hafa skattsvikin á árinu 1983 verið 5 milljarðar 283 millj. kr. og eru þá söluskattssvikin ekki meðtalin. En hér er um að ræða upphæð sem samsvarar um 33% af heildartekjum ríkissjóðs árið 1982. Ég tel að hér sé um mjög varlegt mat að ræða. Telja margir að hér sé um mun hærri upphæð að ræða og talað er um að undandráttur frá skatti geti verið allt að 20—25% af þjóðartekjum.

Í grg. með þessari till. eru rakin dæmi um mat á skattsvikum í ýmsum löndum þar sem úttekt hefur farið fram á umfangi þeirra. Athyglisvert er að í mörgum þessara landa, svo sem Noregi, Bandaríkjunum og Svíþjóð, er um svipað mat að ræða á því hverju skattsvikin nema.

Í umr. þeirri sem ég vitnaði til í síðustu viku setti ég fram upplýsingar sem ég hafði aflað mér um hverjar hækkanir með viðurlögum vegna athugunar rannsóknadeildar ríkisskattstjóra hafa orðið á árunum 1981—1982, þ. e. hvað inn hefur komið vegna skatteftirlits. Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að endurtaka þær tölur eða sundurliða þær hér eftir árum eins og ég gerði þá og vísa í því sambandi til þeirra umr. sem fram fóru hér í síðustu viku. En samandregið er á árunum 1981—1982 sú upphæð sem innheimtist vegna skatteftirlits rannsóknadeildar ríkisskattstjóra frá rúmum 2 millj. í rúmar 5 millj.

Taka má sem dæmi að á árinu 1983 innheimtist vegna skatteftirlits rannsóknadeildar ríkisskattstjóra fram til loka nóvember á s. l. ári um 5 millj. 386 þús. kr. en þar af voru rúmar 4.4 millj. kr. vegna undandráttar á söluskatti og liðlega 900 þús. vegna tekjuskatts og útsvars. Einnig er hægt að gefa mynd af því hvað hækkanir hjá skattstofum á landinu hafa verið miklar á undanförnum árum. Með viðurlögum hjá öllum umdæmum árið 1980 nema tveimur námu hækkanir á söluskatti hjá alls níu skattstofum eftirfarandi vegna skatteftirlits:

Árið 1981 komu vegna söluskatts 1980 inn rúmlega 20 millj. kr. vegna þessa eftirlits á skattstofum. Við þetta unnu 8—12 menn. Ef tekinn er til samanburðar rekstrarkostnaður þessara níu skattstofa var hann á því ári, árið 1981, skv. ríkisreikningi um 24 millj. kr. eða 4 millj. kr. umfram það sem innheimtist vegna eftirlits á söluskatti á skattstofum. Ef þessar tölur eru dregnar saman og reynt að gefa mynd af því sem innheimtist vegna skatteftirlits hjá bæði skattstofum og rannsóknadeild ríkisskattstjóra má áætla að aðeins innheimtist 1—2% af því sem áætlað er að svikið sé undan skatti.

Ljóst er að mjög fá mál fá ítarlega skoðun árlega. Árið 1982 voru skráð framtöl félaga 6 030 og einstaklinga í atvinnurekstri 17 569 eða samtals 23 559 framtöl sem skráð voru. Það ár voru tekin fyrir hjá rannsóknadeild ríkisskattstjóraembættisins aðeins 207 sem fengu sérstaka og ítarlega meðferð eða tæplega 0.9% framtala félaga og einstaklinga í atvinnurekstri. Það gefur auga leið að það er allt of lítið hlutfall þegar aðeins um 0.9% framtala félaga og einstaklinga í atvinnurekstri fá ítarlega skoðun af skatteftirliti okkar. Þegar svo stórar fjárhæðir eru í húfi sem ég hef nefnt og áætla má að skattsvik séu verður ekki hjá því komist að efla svo allt skatteftirlit og búa þannig að skattstofunum að þær geti sinnt sínu hlutverki með því að taka til ítarlegrar skoðunar a. m. k. 10—20% af framtölum félaga og einstaklinga í atvinnurekstri árlega.

Ljóst er einnig að endurskoða verður þær viðmiðunarreglur sem notaðar eru til að reikna einstaklingum í atvinnurekstri laun en í mörgum tilfellum er um allt of lágar upphæðir að ræða. Þessar tölur þurfa virkilega endurskoðunar við.

Í viðmiðunarreglum til ákvörðunar reiknaðs endurgjalds á tekjuárinu 1982 eða skattframtala 1983, sem ríkisskattstjóri gaf út 1. febr. 1983, kemur fram að hæstu viðmiðunartekjur til ákvörðunar reiknaðs endurgjalds tekjuárið 1982 eða skattframtala 1983 voru sérmenntaðir menn sem starfa að sérgrein sinni ásamt sérmenntuðum starfsmanni svo og sérfræðingar á sérstöku sviði sérmenntunar sinnar með eða án aðstoðar. Þeir höfðu í árslaun skv. þessum viðmiðunartekjum 279 þús. kr. á árinu 1982. Lægstu viðmiðunartölur voru menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sem höfðu í árslaun 95 þús. kr. Til samanburðar má taka launþega á árinu 1982 en þá var lágmarkstekjutrygging á árinu 1982 82 þús. kr. Árstekjur skv. úrtaki kjararannsóknanefndar voru á árinu 1982 hjá konum frá 106 þús. kr. upp í 165 þús. kr. og hjá karlmönnum frá 150 þús. kr. upp í 232 þús. kr. Skv. þessu geta þeir sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ákveðið sér lægri laun en konur sem lægst höfðu launin skv. úrtaki kjararannsóknanefndar, þ. e. konur í fatasaumi sem höfðu skv. úrtaki um 106 þús. kr. í árstekjur. En lægstu viðmiðunartekjur skv. ákvörðun ríkisskattstjóra voru á því ári 95 þús. kr.

Annað atriði sem ég vil benda á og endurskoðunar þarf við eru öll skattsektarákvæði í tekjuskattslögunum sem þarf að breyta. Má þar nefna t. d. 107. gr. í tekjuskattslögunum. Þar eru sektarupphæðir frá 5—10 þús. kr. sem ekki hafa breyst frá 1981 og eingöngu um fasta krónutölu að ræða. Ljóst er að skattsektarákvæðum er allt of mildilega beitt í skattsvikamálum. Í 107. gr. tekjuskattslaga er ákvæði um að skýri aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt skal hann greiða allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan er dregin. En í framkvæmd hefur aldrei verið um tíföldun á fjárhæð að ræða í sekt heldur er algengast að þetta sé frá 0.5 upp í mesta lagi tvöföldun. Enda staðfesta þær skattsektarupphæðir sem innheimtar hafa verið að hér er um mikla brotalöm að ræða.

Á árinu 1981 sendi rannsóknadeild ríkisskattstjóra 23 mál sem hún taldi að sekta bæri í til ríkisskattanefndar til úrskurðar. Sektað var í 8 þessara mála og námu skattsektir 206 þús. kr. á því ári. Á árinu 1982 námu skattsektir aðeins 2 þús. kr. Frá 1. jan. til nóvemberloka á síðasta ári námu skattsektir 369 þús. kr. í 6 málum en ekki var sektað í tveimur af þeim málum sem skattrannsóknadeild sendi ríkisskattanefnd.

Í stuttu máli má draga það saman á eftirfarandi hátt hve nauðsynlegt er að átak verði gert í skattsvikamálum og hve nauðsynlegt er að reynt verði að leggja mat á

umfang skattsvika í hverri einustu atvinnugrein og hjá hverri atvinnustétt:

Í fyrsta lagi má áætla að umfang skattsvika sé verulegt hér á landi ekki síður en í öðrum löndum þar sem úttekt hefur verið gerð á umfangi skattsvika og reynt hefur verið að leggja mat á skattsvikin og tekjutap í sameiginlega sjóði landsmanna af þeim sökum. Ef áætla má að 10—11% af þjóðartekjum séu svikin undan skatti eins og áætlað var fyrir tíu árum síðan samsvarar það 5—5.5 milljörðum árið 1983.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. þar sem hann er staddur í salnum hvort hann hafi engar áhyggjur af þessari þróun og skattsvikamálunum og hvort hann hafi ekki hugleitt þessi mál síðan hann settist í stól fjmrh., hvort ekki megi finna einhverjar leiðir til að uppræta skattsvikin og hvort ekki sé nauðsynlegt að átak verði gert í þessum málum. Við erum nefnilega ekki að tala um neinar smáupphæðir ef um er að ræða að 33% af áætluðum ríkistekjum á árinu 1982 séu svikin undan skatti. Menn eiga auðvitað ekki að leiða þetta hjá sér. Menn verða að taka á þessu máli og ég tel að það sé orðið löngu tímabært. Þess vegna beini ég þessari fsp. til hæstv. fjmrh. og einnig hvort hann hafi í hyggju að efla eitthvað skatteftirlit og aðbúnað skattstofa og rannsóknadeildar hér á landi. Því ef það sem innheimtist vegna skatteftirlits er aðeins kringum 1—2% af því sem talið er að stolið sé undan skatti er alveg ljóst að við búum ekki nægilega vel að skattstofum hér á landi.

Í þriðja lagi: Vegna þess hve skattstofur og rannsóknadeild hefur yfir lítt sérhæfðum mannafla að ráða til að rannsaka og hafa eftirlit með skattframtölum beinist öll skattrannsókn og eftirlit að launþegaframtölunum á skattstofunum, sem eru einfaldari, en mjög lítið virðist vera rannsakað af framtölum einstaklinga í atvinnurekstri og framtölum fyrirtækja. Afleiðing þess er að miklu minna næst inn vegna skatteftirlits en hægt væri ef þungi rannsóknarinnar beindist meira að atvinnurekstrinum og framtölum fyrirtækja.

Í fjórða lagi er ljóst að rannsókn og dómsmeðferð er öll of seinvirk og getur tekið mörg ár að kveða upp úrskurði í skattsvikamálum.

Í fimmta lagi er skattsektarákvæðum allt of vægilega beitt. Skattsvikarar eru í raun teknir silkihönskum af skattyfirvöldum. Hinn langi dráttur sem er á rannsókn- ar- og dómsmeðferð hefur þær afleiðingar að skattsvikarar geta í raun hagnast á undandrættinum. Mjög litlar skattsektir á undanförnum árum staðfesta að svo sé.

Ljóst er einnig að allt of fá framtöl eru rannsökuð sérstaklega ef tekið er tillit til þess að á árinu 1982 voru það aðeins 207 af 24 000 skráðum framtölum sem fengu sérstaka og ítarlega skoðun hjá skattstofum og skattrannsóknadeild.

Viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra til ákvörðunar reiknaðs endurgjalds 1982, þ. e. launamatið, virðist þurfa að endurskoða enda virðist það vera mjög lágt með hliðsjón af tekjum launþega á hinum almenna vinnumarkaði.

Varðandi úttekt þá á umfangi skattsvika sem lagt er til í þessari till. að fari fram kynnu menn að velta fyrir sér hvort slíkt sé framkvæmanlegt og hvort slík úttekt geti gefið marktæka niðurstöðu um skattsvik. Því er til að svara að með aukinni tölvuvæðingu og skráningu upplýsinga úr framtölum hafa skapast betri möguleikar til að leggja mat á skattsvik sem þjóðhagslega stærð. Í því sambandi má benda á þá skýrslu sem getið er um í grg. þessarar till. en vitnað er til skýrslu Þjóðhagsstofnunar sem kom út í okt. 1982 sem ber heitið „Framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga 1973—1978". Í yfirliti þeirrar skýrslu kemur fram að áformað er að þessi skýrslugerð verði framvegis liður í þjóðhagsreikningsgerð Þjóðhagsstofnunar. Í formála skýrslunnar kemur einnig fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í þessari skýrslu birtist í fyrsta sinn heildaruppgjör þjóðarframleiðslu eftir atvinnugreinum. Yfirlit þessi ná yfir tímabilið 1973—1978 að báðum árum meðtöldum og er áformað að þessi skýrslugerð verði framvegis liður í þjóðhagsreikningsgerð Þjóðhagsstofnunar. Jafnframt verði haldið áfram skýrslugerð um þjóðarútgjöld eða verðmætaráðstöfun en hún nær allt aftur til ársins 1945. Þessum tveimur uppgjörsaðferðum er ætlað að styðja hvor aðra og leiða til traustari niðurstöðu þjóðhagsreikninga. Auk þess er nú hafið í Þjóðhagsstofnun uppgjör þjóðhagsreikninga eftir þriðju uppgjörsaðferðinni, tekjuskiptingaraðferðinni. Tilgangur skýrslugerðar af því tagi sem hér birtist er margvíslegur. Má þar m. a. nefna að í skýrslunni er að finna svör við því í hvaða atvinnugrein verðmætasköpunin á sér stað. Enn fremur kemur fram hvernig skipting verðmætasköpunarinnar er milli þess sem launþegar bera úr býtum og hins sem fjármagnseigendur fá í sinn hlut vegna eigin vinnuframlags og til ávöxtunar og endurnýjunar þess fjármagns sem bundið er í framleiðslustarfseminni. Þá má nefna að framleiðsluuppgjörið sýnir heildarniðurstöður og verðmæti landsframleiðslunnar sem bera má saman við aðrar uppgjörsaðferðir."

Ég tel að mikill fengur sé í þessu riti Þjóðhagsstofnunar en þar koma fram ýmsar fróðlegar upplýsingar um þjóðhagslegar stærðir í þjóðfélaginu, svo sem ítarleg skilgreining á uppgjörsaðferðum í atvinnurekstrinum og leiðir til að fá fram skiptingu verðmætasköpunar milli þess sem launþegar bera úr býtum annars vegar og fjármagnseigendur hins vegar. Einnig er þar að finna allítarlega sundurliðun á rekstrartekjum, framleiðslu- og vinnsluvirði í einstökum atvinnugreinum, svo og rekstrarafgangi og sundurliðun launakostnaðar í einstökum atvinnugreinum. Í þessu riti er byggt á þrem uppgjörsaðferðum, í fyrsta lagi ráðstöfunaraðferð, í öðru lagi framleiðsluaðferð og í þriðja lagi tekjuskiptingaraðferð sem nánar er lýst í þessu riti.

Ég tel að m. a. þær upplýsingar sem þarna koma fram og áfram verður unnið að á vegum Þjóðhagsstofnunar ættu að koma að verulegum notum við það verkefni sem hér er lagt til að unnið verði.

Herra forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að hafa hér lengra mál um þessa till. nema tilefni gefist til. Mikið er í húfi að á þessum málum, skattsvikamálum, verði tekið og þau verði tekin föstum og ábyrgum tökum af Alþingi og stjórnvöldum því hér er um geysilegar fjárhæðir að ræða sem eru dregnar undan skatti, fjárhæðir sem renna eiga í sameiginlega sjóði landsmanna. Þegar til þess er litið að í skattsvikum liggur eitt hrikalegasta misréttið og ein helsta meinsemdin í þjóðfélaginu er furðulegt að ekki skuli fyrir löngu hafa verið gerðar markvissar og skipulegar aðgerðir og úrbætur af hálfu stjórnvalda til að koma í veg fyrir skattsvik. Víða í þjóðfélaginu má sjá á lífskjörum og lífsstíl manna að oft er mikið ósamræmi milli lifnaðarhátta og þess sem greitt er í sameiginlega sjóði

landsmanna. Það hlýtur því að vera siðferðileg skylda stjórnvalda að koma í veg fyrir slíkt með öllum tiltækum ráðum og að á þessu máli verði tekið af festu og fyllstu hörku.

Sú úttekt sem hér er lagt til að framkvæmd verði mundi skapa grundvöll fyrir opnari og upplýstari umræðu um þessi mál og gæti stuðlað að mótun markvissari heildarstefnu og aðgerða gegn skattsvikum. Því vænti ég að hv. þm. geti allir sameinast um að þessi till. fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessar umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég er ekki undir það búinn að svara þeim fsp. sem til mín bárust nú frá virðulegum síðasta ræðumanni en ég tel sjálfsagt að láta kanna hvernig að er staðið í rannsóknum á skattamálum almennt og hvað hægt er að gera til þess að þær verði virkari ef um veruleg svik er að ræða. Þær fullyrðingar tek ég ekki undir þó að ég telji sjálfsagt að þetta verði kannað.

Að gera ráð fyrir því að allt að 33% af áætluðum þjóðartekjum séu svikin undan skatti, það eru stór orð. Að sjálfsögðu ber að kanna sannleiksgildi þeirra. Hér er um það stórt mál að ræða að við höfum ekki efni á því að láta það sem vind um eyrun þjóta þegar virðulegur þm. ber slíkt á borð úr þessum hv. ræðustól. Ég reikna með því að ef fullyrðingarnar eru réttar þurfi að stórefla skatteftirlit hér á landi. En við skulum fyrst athuga hvort það er líka rétt að skattsvikarar séu teknir einhverjum silkihönskum, því að slíkt getur náttúrlega ekki gengið. En starfandi er skattrannsóknadeild.

Ég styð það að þessari till. verði vísað til allshn. og að sjálfsögðu verða þá þeir sem vinna að þessum málum fyrir hönd og í fjmrn. kallaðir til að gefa upplýsingar um hvernig að er staðið og hvað hægt er að gera til að ná betri árangri en hér virðist hafa komið fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hagnýting Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar, þáltill. 172. mál (þskj. 313). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. alþm. og þjóðin öll raunar kannast við þá umr. sem farið hefur fram um réttindi Íslendinga utan efnahagslögsögunnar, svokölluð hafsbotnsréttindi. Um þau mál voru fluttar og samþykktar þáltill. fyrir rúmum fimm árum. Þar á meðal var till. um að gæta réttinda okkar á svonefndu Hatton-Rockall-hafsvæði. Þar er um að ræða mjög stórt landsvæði þar sem enginn efi er á að fiskimið er að finna. Þetta hafsvæði ber að hagnýta. Það er með vilja gert að kalla þetta Íslandsmið, vegna þess að skv. ákvæðum hafréttarsáttmála eigum við hafsbotnsréttindi á þessu svæði, og þeim hafsbotnsréttindum fylgja allar lífverur á hafsbotninum, þ. e. öll krabbadýr og skelfiskur o. s. frv.

Ég tel heldur engan vafa leika á því, að þegar tímar líði fram muni þeir sem hafið eiga yfir sínum eigin hafsbotni einnig eignast allar auðlindir hafsins. Þannig varð þróunin. Truman Bandaríkjaforseti lýsti yfir eignarhaldi Bandaríkjamanna á 200 mílna hafsbotnsréttindum undan ströndum þess stórveldis. Það var árið 1945. Ég hygg að það hafi verið árið 1948 að stórblaðið New York Times vakti á því athygli í ritstjórnargrein að þeir sem hafsbotninn ættu mundu einnig eignast hafið yfir og öll þau auðæfi sem í því væru. Þetta gekk eftir á tveim til þrem áratugum og svo mun einnig fara að því er varðar hafsvæðið yfir botninum.

Ég hef rökstutt það í ræðum hér áður og skal ekki gera í löngu máli nú, að það séu allt aðrar reglur sem gildi um hagnýtingu fiskstofna á úthafinu svonefnda, þ. e. á hafsvæðinu utan við landgrunnið. Landgrunnið getur teygt sig allt út í 400—500 mílur þar sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi og svo háttar einmitt til hér suður af Íslandi. Það eru allt aðrar reglur sem gilda um hagnýtingu á úthafinu eða þeim hafsvæðum sem eru yfir hafsbotni sem viðkomandi þjóð á.

Menn vita það að einmitt núna þessar vikurnar er unnið ötullega að því að reyna að ná einhvers konar samkomulagi og samstöðu við Færeyinga, Íra og Breta um skiptingu þessa hafsvæðis eða sameign þess. Ef svo fer að þessar þjóðir taka ekki upp við okkur samninga eða halda áfram samningum við okkur, sem leiða til samkomulags, hljótum við Íslendingar að endurskoða okkar afstöðu og athuga með hvaða hætti við gætum gert einhliða ráðstafanir.

En í þeirri till. sem nú er flutt felst það fyrst og fremst að við eigum að hagnýta þessi Íslandsmið, ekki bara vegna þess að okkur vantar fiskimið, það er verið að skera niður veiðar okkar fallega og góða flota, sem kannske er eitthvað of stór, en að því verður vikið í umr. um aðra þáltill. sem hér liggur fyrir og væntanlega ekki á þessum fundi, en auðvitað eigum við að hagnýta þessi mið af því að það er enginn vafi á því að þar er að finna auðæfi. Það þarf að leita þeirra og það þarf að hefja þar veiðar til þess að nýta okkar flota og efla okkar atvinnulíf, en líka til þess að tryggja okkar framtíðarréttindi. Og það er það sem mest er um vert, því að það leiðir af sjálfu sér að nú í hinni öru þróun hafréttarins, þegar augu manna beinast fyrst og fremst að hafsbotnsréttindunum, verða það þeir sem þessi mið hagnýta sem öðlast venjurétt þar og styrkja sína stöðu þegar endanlega verður úr því skorið hverjum þessi réttindi tilheyri.

En ég ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma. Ég hef svo oft flutt þessi rök hér að ég held að ég sleppi því í þetta sinn, enda eru fáir hér í salnum núna. En þó að hér sé fátt manna nú tel ég mjög brýnt að víkja að máli sem er þessu náskylt, þ. e. hagnýtingu fiskimiða á Norður-Atlantshafi í samvinnu við grannþjóðirnar og svo auðvitað á okkar eigin vegum að svo miklu leyti sem okkur er það unnt.

Ég tel að þetta sé mjög brýnt mál, herra forseti, og þó að það sé ekki nákvæmlega það mál sem á dagskránni er, þá veit ég að mér leyfist að víkja að því. Það gat auðvitað ekki á dagskrá verið vegna þess að ótíðindi þau sem Alþingi ber að ræða þegar á þessum degi bárust okkur ekki til eyrna fyrr en nú í hádeginu í útvarpi landsmanna.

Ég tel að hér sé um svo gífurlega alvarlegt mál að ræða að Alþingi Íslendinga hljóti að hafa eyru opin. Og ég vona að það sem ég segi nú berist til eyrna Íslendinga allra, a. m. k. allra alþm., og þó að hér sé ekki staddur nema einn hæstv. ráðh., ég veit að þeir eru önnum kafnir við önnur störf, þá þætti mér vænt um að hann yrði látinn vita að hér væri verið að ræða þau mál sem

varða okkar framtíð og sem ég vil að komist á framfæri í Alþingi Íslendinga á þessum degi. En málið er auðvitað það, sem þið vitið sem hafið hlustað á hádegisútvarp, að Efnahagsbandalag Evrópu hefur ákveðið að leita eftir því við Grænlendinga, þegar þeir segja sig úr bandalaginu, að Efnahagsbandalagið fái veiðiréttindi á Grænlandsmiðum, væntanlega meira og minna ótakmörkuð, og borga fyrir 1½ milljarð ísl. króna, að mér skilst árlega.

Hver er sá maður sem lætur sér detta í hug að Efnahagsbandalagið, þó ríkt sé, geri þetta nema vegna þess að það ætlar sér að moka upp fiskinum á Grænlandsmiðum? Það er enginn vafi á því, það ætla þeir sér að gera. Það er kannske stórt orð að kalla þetta mútur eða tilraun til íhlutunar um innanríkismál. Það er heimilt skv. hafréttarsáttmála að selja veiðiréttindi. En það hlýtur að vera frumskylda íslenskra stjórnvalda að bregða nú hart við og reyna að koma í veg fyrir að slíkir samningar geti tekist. Það væri mikil vá fyrir dyrum ef Efnahagsbandalag Evrópu næði þessum réttindum og tækist að stráðrepa fiskstofna við Grænland eftirlitslaust. Það yrði miklu verra ástand en nú er, því að Grænlendingar hafa ekki, svo að ég viti til, varðskip eða neina aðstöðu til að fylgjast með veiðum stórs flota Evrópulanda ef hann fengi að valsa laus á þessum miðum. Ég taldi mér skylt, úr því að ég stóð hér hvort sem er í ræðustól, að vekja á þessu athygli. Það verður að bregðast mjög skjótt við þessu og gera Grænlendingum grein fyrir því að það væri ekki líklegt til þess að auka vináttusamband og samskipti Íslands og Grænlands ef þeir heimiluðu slíka rányrkju á sameiginlegum íslenskum og grænlenskum stofnum, og jafnvel þótt það væru einungis grænlenskir stofnar.

Ég veit ekki hvort mikil þörf er á því að fara lengra út í svo sjálfsagt mál. Þessu ætti hver einasti maður að gera sér grein fyrir og mér fannst að þessi dagur mætti ekki svo líða að ekki yrði vakið máls á þessu hér á hinu háa Alþingi. Ég verð að játa að vísu að fyrir fimm árum, sem ég nefndi, þegar farið var að tala um réttindi okkar á Jan Mayen-miðum, Reykjaneshrygg, Rockall-svæðinu og samskipti við Grænlendinga, þá voru menn býsna seinir til að gera sér grein fyrir hverra réttinda við ættum þarna að gæta. En ég vona að í þetta skipti sjái menn hver vá væri fyrir dyrum ef strax á næsta ári kæmi floti tuga eða hundraða skipa frá Efnahagsbandalaginu, sem þurrkaði upp grænlensk fiskimið, því að eftirlit gæti ekki orðið þar að neinu gagni.

Það sem við eigum að gera er auðvitað ekki að hindra Grænlendinga í sinni viðleitni að afla sér fjár, heldur miklu fremur að styrkja þá til þess að nýta sín mið í samvinnu með okkur. Við höfum þegar leyft Grænlendingum einum þjóða að landa afla í íslenskum höfnum og það er vel að við skyldum gera það. Við eigum að taka upp miklu nánari samskipti við Grænlendinga. Ég vil segja að það sé tímabært að taka upp viðræður, ekki bara við þá, heldur líka við Færeyinga og kannske að einhverju leyti við Norðmenn, um Jan Mayen-svæðið, um samstjórn á þessu svæði og á öllum norðurhluta Norður-Atlantshafs, samstjórn fiskimiðanna. Þá þyrftum við kannske ekki á kvótakerfinu að halda með þeim hætti sem við teljum okkur nú neydd til að innleiða. Það mætti kannske stjórna því öllu með allt öðrum og viðkunnanlegri hætti.

Hér er einn ráðh. kominn og hefur kannske heyrt eitthvað af því sem ég hef verið að segja. Ég vona að hann veki athygli annarra hæstv. ráðh. á þessu máli. Kannske hafa þeir heyrt þetta í útvarpinu og hafa e. t. v. þegar gert einhverjar ráðstafanir eða hugleitt hvaða ráðstafanir þeir geti gert. En í öllu falli hlýtur þetta mál að koma til umræðu aftur hér á hinu háa Alþingi, vonandi í næstu viku.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að þeir hafi verið margir Íslendingarnir sem hafi hrokkið við þegar þeir heyrðu fréttirnar í hádegisútvarpinu í dag. Ég þakka hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni fyrir að hafa flutt þær fréttir hér inn á Alþingi til umræðu og til undirstrikunar á því hvað það er alvarlegt mál fyrir okkur Íslendinga ef af því skyldi verða að Efnahagsbandalaginu tækist að semja við Grænlendinga um veiðar í þeim mæli sem virtist mega ráða af þeirri frétt sem Ríkisútvarpið birti í dag.

Við erum að vonast eftir að fá í vetur einhvern hluta af þorskstofninum, sem gert er ráð fyrir að sé að vaxa upp við Grænland, en hætt er við að þær vonir dofni ef af því yrði að Efnahagsbandalagsríkin fengju að sækja afla næstum óhindrað á Grænlandsmið. Og þarna er reyndar ekki eingöngu verið að hugsa um þorskinn heldur líka aðra fiskistofna, sérstaklega kannske karfann og rækjuna, sem eru þeir fiskistofnar sem við höfum talsvert sótt í.

Ég vil árétta hvert orð sem Eyjólfur Konráð Jónsson sagði um þetta mál og eindregið vekja athygli ríkisstj. á þessum vanda og vænti þess að ríkisstj. taki þetta mál strax til athugunar.

Í sambandi við þáltill., sem níu þm. Sjálfstfl. flytja um hagnýtingu Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar, nefndi ég í umræðum í hv. Sþ. fyrir nokkrum dögum einmitt þessa þætti, þ. e. frekari nýtingu þeirra svæða, sem liggja hér í útlandgrunni okkar, þ. e. Rockallsvæðið og Jan Mayen-svæðið. Ég sé ekki ástæðu til að ítreka það neitt frekar en lýsi fullum stuðningi mínum við þessa till., jafnt þennan fyrri þátt og seinni þáttinn líka. Einmitt nú, þegar þannig stendur á að verið er að skammta íslenska fiskveiðiflotanum veiði og fyrirsjáanlegt er að viss hluti flotans verði bundinn við festar og þannig eigi að fá rekstrargrundvöll fyrir þann flota sem á enn að vera á sjó, er till. sem þessi ákaflega tímabær. Við gerum ráð fyrir því að í hafinu umhverfis Ísland sé ýmsar þær fisktegundir að finna sem séu vannýttar og þar sé í marga fiskistofna hægt að sækja og nýta til að bæta okkar afla. Það eru ekki margir áratugir síðan við litum á aðra fiskistofna en þorskinn og síldina sem nokkurs konar tros. Og enn veit ég að til eru margir stofnar sem við getum bætt við þá stofna sem við nýtum nú. Við höfum bætt við ýsunni, við höfum bætt við lúðunni, keilunni og löngunni og allt hefur þetta orðið markaðsvara hjá okkur, að ógleymdum karfanum, en enn eigum við eftir að nýta frekar stofna eins og t. d. krabbadýr og kuðunga. Við gerum nú ráð fyrir því að enn megi nýta miklu betur í útköntum veiði á löngu og lúðu og nefndir hafa verið langhali og gulllax, en allt of lítið hefur verið gert af því á undanförnum árum að rannsaka veiðimöguleika og stofnstærðir þeirra fisktegunda sem ég hef hér nefnt.

Mér hefur verið sagt það í sambandi við grásleppuveiðina á vorin, og er það nú innan efnahagslögsögu okkar sem sá fiskur er sóttur, að ef svo fer að menn geti

ekki dregið daglega, ef eitthvað dregst að draga grásleppunetin, þá sé jafnan í þeim urmull af krabbadýrum. Þessu er nú kastað í sjóinn á svipaðan máta og fyrir nokkrum árum var ekki hægt að nýta ýmsar fisktegundir aðrar.

Ég vil sem sagt lýsa yfir stuðningi mínum við báðar tillögugreinarnar og vænti þess að þessi till. fái góða og fljóta meðferð hér í þinginu. Ég hef trú á því að það séu fleiri flokkar, og það stórir hópar í hverjum þingflokki eins og kemur fram hjá sjálfstæðismönnum, sem vilja standa að þessari tillögugerð.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Sem einn af flm. þeirrar þáltill. sem hér er til umr. þarf ég að sjálfsögðu ekki að leggja frekari áherslu á tilgang hennar eða ætlan, en hv. 1. flm. gerði. Ég vil þó leyfa mér að þakka síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Vesturl., fyrir undirtektir hans við efni hennar. Það sem hann sagði var allt rétt. Okkur er að sjálfsögðu skylt að gera hvað við getum til þess að leita að þeim auði sem við vitum að til er og við eigum enn eftir að ná tökum á, ekki til eyðingar og eyðileggingar, heldur til nytja fyrir land og þjóð.

En það var vegna þeirra aðvörunarorða sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hafði yfir hér áðan sem ég vildi standa upp og taka undir með honum, og reyndar hv. 4. þm. Vesturl. líka, taka undir þær aðvaranir sem komu fram í máli þeirra beggja. Það er enginn vafi að hér er stórhætta á ferðum fyrir fiskveiðar okkar Íslendinga. Og ekki aðeins fyrir okkur, heldur líka fyrir Grænlendinga og aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf, sem nytja þá fiskistofna sem þar er að finna.

Ég var á Grænlandi nokkra daga á s. l. sumri og komst í nokkra snertingu við þetta mál. Að sjálfsögðu er það búið að eiga nokkurn aðdraganda eða líklega allt frá því að Grænlendingar sjálfir hófu máls á því að draga sig út úr Efnahagsbandalaginu. Að sjálfsögðu getum við ekki kallað þetta mútur eða neitt þess háttar. Hins vegar er ljóst að þarna er verið að hafa áhrif á innanríkismál Grænlendinga. Það er verið að notfæra sér veikleika þeirra og erfiða aðstöðu gagnvart mörkuðum í Evrópu og líklega kemur fleira til en það.

Ég held að það sé skylda íslenskra stjórnvalda að kanna þetta mál til hlítar og ganga jafnvel strax svo langt að ná sambandi við grænlensku landsstjórnina og bjóða henni þá aðstoð sem við Íslendingar getum látið í té til að fyrirbyggja að af því verði sem um er rætt í fréttinni. Kannske er það of seint. En a. m. k. eigum við þá að gæta þeirra beinu hagsmuna okkar Íslendinga sem í hættu eru. Þá á ég að sjálfsögðu við það mikla veiðisvæði á Reykjaneshryggnum sem við erum því miður ekki búnir að fá þau yfirráð yfir sem við höfum samþykkt hér á Alþingi að sækja eftir og okkur ber samkvæmt hafréttarsáttmálanum, en við getum ekki fengið fyrr en fullgilding hans hefur átt sér stað. En það er hætt við að þessi floti, sem kemur frá Vestur-Evrópu, veigri sér ekki mikið við að dýfa sínum stórvirku veiðarfærum þar í sjó þegar hann fer þar um á leið á Grænlandsmið eða heldur þaðan. Þarna kemur til kasta hæstv. dómsmrh. og ríkisstj. í heild, að Landhelgisgæslan verði þannig búin að hún geti verið við öllu búin til að verja okkar eigin fiskveiðimörk í vestri.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að taka undir þessi varnaðarorð með þeim þm. sem hér hafa talað. Og ég vil mælast til þess við forseta Sþ., sem hér gegnir störfum nú, að hann komi þeim boðum til hæstv. ríkisstj. að hún kynni þm. hér eftir helgina hvað hefur verið gert í því til þessa að ná samkomulagi við aðrar þjóðir, sem stunda veiðar í Norður-Atlantshafinu, um sameiginlega fiskveiðistefnu. Ég hef spurst fyrir um þetta sjálfur hjá forstjóra Hafrannsóknastofnunar en hef ekki enn þá fengið nein svör frá honum. Ég mælist því til þess við forseta, sem hér gegnir störfum, að þessum óskum mínum verði komið til hæstv. ráðh. og þeir skýri þinginu frá því hér munnlega strax í næstu viku. Því að hér er ekki um nein smágamanmál að ræða. Þetta er eitt mesta alvörumál þingsins frá því að við fengum síðustu skýrslu um hag íslensku fiskstofnanna.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil í tilefni af því sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. lýsa því yfir að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og er sjálfsagt, eins og hér hefur komið fram, eitt af því hættulegra sem við blasir nú í sambandi við okkar fiskveiðistefnu og okkar efnahagsmál. Ég get lýst því yfir hér að ég mun beita mér fyrir því að þetta mál verði sérstaklega tekið til meðferðar í ríkisstj. Raunar er þegar búið að ræða það óformlega við hæstv. sjútvrh. og ég efast ekkert um að það mun verða tekið alvarlegum tökum nú þegar. Mér finnst málið það alvarlegt og hættulegt að ekki sé hægt að láta það dragast að einhver ákveðin viðbrögð komi frá íslensku ríkisstj. í sambandi við þetta tilboð Efnahagsbandalagsins til Grænlendinga. En eins og sagt hefur verið frá í fréttum er það þannig sett fram að búast má við því að erfitt verði fyrir Grænlendinga að standast slíkt tilboð. Þess vegna þurfum við eftir því sem okkur er fært að grípa þarna inn í á réttan hátt. Svo mikið er í húfi fyrir okkur sjálfa.

Ég vildi láta þetta koma hér fram af því að ég var svo heppinn að koma hér í dyrnar og hlusta á síðari ræðu hv. þm. og það sem hefur komið fram síðan.

Í sambandi við þá þál. sem hér er til umr. vil ég í leiðinni lýsa því yfir að ég er henni sammála og lýsi yfir stuðningi við hana.

Forseti (Ólafur Þ. Þórðarson): Ég vil bara lýsa því yfir vegna tilmæla hv. 12. þm. Reykv. að ég mun verða við þeim og koma þessu á framfæri.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er e. t. v. ástæðulaust að vera að bera í þennan bakkafulla læk, það virðast allir vera sammála í þessum efnum. En ég tel ástæðu til að þakka hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni fyrir að koma inn á þá frétt sem var í útvarpinu um að Efnahagsbandalagið býður bágstaddri grænlenskri þjóð stórfé, milljarða króna, til þess að fá þar veiðiheimildir. Sannleikurinn er sá, að eins og menn vita sækjum við í sameiginlega stofna. Stórkostlegar veiðar á Grænlandsmiðum þýða að þar er tekið af fiskstofni, t. d. eins og karfanum, sem við þurfum að nýta. — Karfinn hefur því miður verið ofnýttur nú í áratug, svo mikið að í 10 ár höfum við veitt tvöfalt meira af karfa en Norður-Atlantshafsfiskveiðinefndin hefur lagt til. — Ef kæmi til slíkra veiða er hætt við því að hinn stórvirki floti Vestur-Þjóðverja t. d. verði ekki lengi að ganga mjög á þann stofn og á okkar hagsmuni um leið. Þarna er auðvitað einnig um þorskveiði að tefla og ljóst að það er brýn nauðsyn fyrir okkur og Grænlendinga líka að með

þjóðunum geti tekist einhvers konar samstarf og hægt verði að stilla saman nýtinguna á fiskstofnum sem eru þarna sameiginlegir.

Það er ákaflega leitt að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera hér viðstaddur þegar rætt er um svo mikilsvert mál sem þetta því sannleikurinn er sá að auðvitað má engan tíma missa í þessum efnum. Það er rétt að hæstv. ráðh. hefur ýmsum hnöppum að hneppa um þessar mundir, það er verið að skipta *ársaflanum á 800 skip* eða svo og vandamálin eru auðvitað ærin bæði við það og annað, um fiskverð o. s. frv., en jafnvel þó að svo standi á dugar mönnum aldrei að líta aðeins á það sem stendur þeim næst heldur verða einnig að hafa auga á því sem fjær liggur.

Herra forseti. Ég þarf ekki að endurtaka það sem hv. þm. hafa verið að segja hér. Hv. þm. Skúli Alexandersson og Pétur Sigurðsson tóku undir mál hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og það geri ég einnig.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þakkarorð annarra hv. þm. til hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar fyrir að hafa vakið máls á því sem kom fram í hádegisútvarpi, sem ég því miður heyrði ekki, auk þess sem ég vil segja nokkur orð um þá þáltill. sem hann talaði hér fyrir. Ég vil lýsa því strax yfir að ég er eindregið fylgjandi því að þessi þáltill. verði samþykkt. Hún ber þess vott sem oft hefur komið fram í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar að hann fylgist vel með málum á þessu sviði, þessu lífshagsmunamáli Íslendinga að vera vel vakandi yfir þeim möguleikum sem Íslandsmið kunna að færa okkur Íslendingum. Hefur hann sýnt það og sannað í gegnum árin með málflutningi bæði hér heima og erlendis.

Ég hef ekki miklu við það að bæta sem hann sagði í sinni framsögu eða það sem hv. þm. bættu við í sínum ræðum. Ég vil þó segja að þessi þáltill. býður upp á marga möguleika umfram það sem fram hefur komið í ræðum hv. þm., umfram það sem hv. flm. sagði í sambandi við samstjórn fiskimiðanna. Það eitt væri ræðuefni út af fyrir sig hvernig við Íslendingar ættum að nálgast það atriði. Því miður höfum við ekki rætt það sem skyldi hvað hagsmunir Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga eru samtengdir í þessu efni en þó hefur það vakið hv. þm. til umhugsunar vegna þeirra ótíðinda sem hafa komið fram í því að Efnahagsbandalagið hyggst nú bjóða Grænlendingum fé í sambandi við sölu á veiðileyfum. Íslendingar geta ekki látið það lengur afskiptalaust né neitað að taka afstöðu til þess með hvaða hætti þeir ásamt þessum tveim þjóðum — og ég vil þá segja alveg sérstaklega Færeyingum — ber að taka þetta mál upp.

Ég held að þó þessi tíðindi séu mjög alvarleg fyrir okkur sem þau eru séu þau e. t. v. enn þá alvarlegri fyrir Færeyinga. Nú eru Færeyingar í ríkjasambandi við Danmörk og þar af leiðandi Efnahagsbandalagið þannig að öll sú umræða sem fram færi á milli Íslendinga og Grænlendinga sérstaklega í þessu máli sem og í sambandi við samstjórn fiskimiða í Norður-Atlantshafi eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson talaði fyrir gerir okkur kleift að nálgast þessi mál e. t. v. með enn sterkari hætti en við ella gætum. Ég tel mjög mikilsvert að Íslendingar hafi jákvæða afstöðu til Færeyinga í sambandi við þær viðræður sem fram hafa farið á milli þessara landa og hugsanlegra veiðiheimilda Færeyinga í íslenskri fiskveiðilögsögu en þær viðræður munu víst halda áfram í mars. Ég vil styðja eindregið þá hugmynd hv. þm. Eyjólfs Konráðs um að það dragist ekki að hefja viðræður við Grænlendinga og Færeyinga í sambandi við sjálfstjórn fiskimiðanna.

En þessi alvarlegu tíðindi að Efnahagsbandalagið hyggst fara þá leið að kaupa sér veiðiheimildir við Grænland tengjast fleiru en veiðunum. Þetta tengist *einnig þeirri stefnu sem Íslendingar hafa haft í sambandi* við fiskvinnslu og markaðsöflun erlendis fyrir sínar afurðir. Það að Efnahagsbandalagslöndin og þá sérstaklega Vestur-Þjóðverjar og Bretar kynnu að hefja veiðar með þessum stórtæku tækjum sem sérstaklega veiðifloti Vestur-Þjóðverja er við Grænland mun auðvitað þýða það að framboð á fiski og fiskiskipum frá Efnahagsbandalagslöndunum muni stóraukast, ekki aðeins í Vestur-Evrópu heldur einnig á öðrum mörkuðum svo sem í Bandaríkjunum. Það hefur áhrif á okkar stöðu þar til viðbótar þeim erfiðleikum sem við höfum í sambandi við þá samkeppni sem við heyjum við Kanadamenn sem eru með ríkisstyrki og þjóðnýttan fiskiðnað.

Þá er einnig vert að hafa í huga að tvær aðrar þjóðir hafa verið að sækjast eftir aðild að Efnahagsbandalaginu sem eru miklar fiskveiðiþjóðir, þ. e. Spánn og Portúgal. Þessar tvær þjóðir, en sérstaklega Spánverjar, urðu að hverfa með sína fiskiflota frá austurströnd Norður-Ameríku eftir að 200 mílurnar voru færðar út þar með þar af leiðandi samdrætti í eigin fisköflun sem hafði aftur í för með sér að staða Íslendinga styrktist mjög á saltfiskmörkuðum bæði á Spáni og Portúgal. Nú gæti það gerst við aðild þessara tveggja ríkja að Efnahagsbandalaginu sem margir búast við að geti orðið á næstu árum að flotar þessara þjóða myndu bætast við vestur-þýska flotann í þeim veiðum við Grænland meðan einhvern fisk verði þar að fá. Þá sjá menn náttúrlega hversu alvarlegt það er fyrir fiskveiðar Íslendinga með tilliti til bæði þeirra óhemju veiða sem þarna geti átt sér stað með minnkandi möguleikum á því að þorskurinn geti aftur komið frá Grænlandsmiðum yfir á Íslandsmið eins og gerðist hér áður fyrr, auk þess sem framboðið mundi aukast á þessum mörkuðum okkar og gersamlega að *mínu mati* leggja í rúst þá uppbyggingu í markaðs- og sölumálum sem við Íslendingar höfum verið að vinna að á undanförnum árum í Evrópu.

Rétt er að rifja það upp að á síðustu þremur árum hafa Íslendingar fjárfest geysilega mikið fé í markaðsuppbyggingu innan Efnahagsbandalagsins. Nægir þar að minna á fiskiðnaðarverksmiðju sem byggð hefur verið á vegum Íslendinga í Grimsby í Englandi og m. a. er hugsuð þannig í uppbyggingu og framkvæmd að staða Íslendinga yrði sterkari í sambandi við sölu sjávarafurða, ekki aðeins í Bretlandi heldur innan Efnahagsbandalagslandanna almennt. Þau nýju viðhorf sem kynnu að skapast ef Grænlendingar selja Efnahagsbandalagslöndunum veiðileyfi með þeim hætti sem skýrt var frá áðan upp á 1.5 milljarð árlega mundi gersamlega raska öllum okkar áætlunum óhjákvæmilega vegna þess að *áætlanir okkar Íslendinga hafa* byggst á nokkuð jöfnu framboði með tilliti til þekktra stærða í veiðum í Norður-Atlantshafi.

Ég mun ekki, herra forseti, hafa mitt mál miklu lengra um þetta. Ég ítreka að ég styð eindregið að sú

þáltill. sem var upphaf þessarar umr. fái hér skjóta afgreiðslu og að þm. sameinist um hana allir sem einn. En jafnframt vil ég leggja áherslu á það eins og hv. þm. hafa gert hér á undan mér að það vandamál sem við blasir ef Grænlendingar kynnu að semja við Efnahagsbandalagið um sölu veiðileyfa við Grænland er svo alvarlegt að hæstv. ríkisstj. hlýtur að taka þetta mál upp strax og gera viðeigandi ráðstafanir. Ég held að einnig sé nauðsynlegt í því sambandi að ríkisstj. hugi að því hvernig umræður eða viðræður geti átt sér stað milli Grænlendinga, Íslendinga og Færeyinga með þeim hætti að Efnahagsbandalagsþjóðunum sé gerð grein fyrir því hvað sé í húfi fyrir þessar smáþjóðir hér nyrst norður í Atlantshafi.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir lýsa yfir fylgi mínu við þessa þáltill. á þskj. 313 og vil færa flm. þakkir fyrir að vekja athygli á þessu en það er ekki nýtt. Hann hefur verið ötull stuðningsmaður þessa máls og ég held að þær fréttir sem við heyrðum nú í hádegisfréttum um þann hug sem menn bera til þess auðs sem er í hafinu við Grænland veki okkur til umhugsunar um það sem hér er að gerast og við kannske máttum alltaf búast við að gæti gerst.

Þetta er mikið hagsmunamál okkar Íslendinga og ég vil taka undir hvert orð sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði í þessum efnum. Ég þarf ekki mörg orð. Sem betur fer held ég að við Íslendingar eigum allir samleið í þessu máli og ég held að þegar svo er komið eins og nú hljótum við að standa saman, burtséð frá því hvaða flokkum við tilheyrum, því hér er um sjálft lífshagsmunamál þjóðarinnar allrar að tefla. Ég vænti þess að þetta mál fái skjóta afgreiðslu og ríkisstj. bregði hart við og fylgist grannt með því sem hér er að gerast.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Mér finnst ástæða til að láta það koma fram að í framhaldi af umr. áðan hef ég haft samband bæði við hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. Þeir eru báðir upptéknir á áríðandi fundum en ég fékk þær upplýsingar að þegar í morgun var haft samband við Pétur Thorsteinsson sendiherra um þessi mál. Hann er núna að ganga frá dagskýrslu um þetta mál og hefur verið í sambandi við bæði fulltrúa hjá Efnahagsbandalaginu og Grænlendinga. Það er sem sagt verið að vinna í málinu. Ég vildi láta þetta koma hér fram svo að hv. þm. viti að ríkisstj. er þegar að vinna í þessu máli og mun halda því áfram.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mig langar einungis að þakka öllum hv. alþm. fyrir undirtektir við þetta mál. Ég efaðist raunar ekki um að við værum sammála um að fylgja vel fram okkar réttindum. En aðalatriðið er þó hitt, að það þarf að hafa þessi viðbrögð skjót og gera meira en vinna á bak við tjöldin. Það þarf að láta alla vita að íslenska þjóðin ætli sér ekki að láta þegjandi og hljóðalaust bjóða sér það að auðvald Vestur-Evrópu verði notað til að gjöreyða fiskimiðunum umhverfis land okkar og í nálægð við Grænland.

Ég er mjög þakklátur hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf um það að þegar væri farið að gera dagskýrslu um málið eins og það var orðað. Ég efaðist ekki frá upphafi um það og þóttist vita að utanrrn. mundi þegar í stað safna upplýsingum, enda er það þess skylda og sendiráða okkar erlendis að fylgjast með og koma þessum skýrslum hingað heim til þess að hægt sé að byggja málflutning okkar og vörn í þessu tilfelli í stað sóknar venjulega á þeim upplýsingum sem þar liggja frammi. En engu að síður er ég mjög þakklátur fyrir að upplýst skuli vera og enginn þurfi að fara í neinar grafgötur um að íslenskir sendiráðsstarfsmenn og utanríkisþjónustan sé þegar farin að vinna að málinu. En það er ekki nægilegt. Það er auðvitað Alþingi fyrst og síðast sem þarf að taka afstöðu til málsins og láta til sín taka og mun það vafalaust gera strax í næstu viku eða svo. En í öllu falli er málið komið á þá hreyfingu sem ég ætlaðist til og vonaðist til að það mundi fá.

Ég vil víkja aðeins að ummælum hv. þm. Péturs Sigurðssonar viðvíkjandi Reykjaneshrygg og okkar réttindum þar. Ég held að það sé ekkert launungarmál þótt ég greini frá því að okkar sérstaki sérfræðingur í hafréttarmálum, dr. Talvani, sem unnið hefur fyrir Íslendinga nú á annað ár er sammála okkur sem höfum haldið því fram að við getum tekið okkur 350 mílur á Reykjaneshrygg án þess að hafa um það samráð við nokkurn mann og meira að segja alla leið frá efnahagslínu Grænlendinga og út á Hattonbanka. En ástæðan til þess að ekki hefur þegar í stað verið lýst yfir okkar eignarrétti á þessu er kannski meðfram sú að talið er eðlilegt að þreifa nokkru nánar á afstöðu nágrannaþjóðanna, Færeyinga, Breta og Íra, áður en við förum beinlínis yfir á það svæði sem má segja að þessi umr. fjalli um og þess vegna sé kannske eðlilegt að doka við í nokkrar vikur með það.

Það er út af fyrir sig alveg rétt að Hafréttarsáttmálinn hefur ekki verið staðfestur af nægilega mörgum þjóðum til þess að hann öðlist lögformlegt gildi. En hitt er jafnrétt að þessi regla er orðin réttarregla de facto eða í raun eða er að verða það og hún verður það því fyrr sem fleiri þjóðir taka að helga sér þessi réttindi. Fram að þessu höfum við byggt allar okkar aðgerðir allar götur frá 1974—1975 á lögum sem voru að skapast og flýtt fyrir þróuninni einmitt með því að taka okkur þessi réttindi í samræmi við ákvæðin sem voru að verða lög í raun, lög de facto. Þetta eru að verða lög de facto og eru í fullu samræmi við öll ákvæði 76. gr. hafréttarsáttmálans, sbr. 83. gr. Þess vegna er ekkert í veginum með að helga okkur fljótlega Reykjaneshrygginn. Það nægir út af fyrir sig að senda tilkynningu til aðalritara Sameinuðu þjóðanna um að þetta höfum við gert. Það munum við auðvitað gera alveg á næstunni. En eins og ég sagði áðan er hyggilegt að doka aðeins við meðan nokkuð frekar skýrist hvernig okkar samskiptum í hafsbotnsmálunum reiðir af varðandi nágranna okkar.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram til að forða misskilningi. Ég veit að Pétur út af fyrir sig er mér alveg sammála um þetta en menn kynnu að misskilja það að okkur væri ekki kleift að gera þetta nú. Þvert á móti er okkur fullheimilt að áliti allra sérfræðinga að taka okkur Reykjaneshrygg út í 350 mílur og alla leið frá grænlensku efnahagslögsögunni yfir á Hattonbanka. Og það er ekkert smáhafsvæði út af fyrir sig.

Mín skoðun er sú og ég held að erfitt verði að hrekja hana að allar botnvörpuveiðar hljóti nú þegar að verða bannaðar á svæði þar sem strandríki á hafsbotninn því að strandríkið á óumdeilanlega allan skelfisk, öll krabbadýr, allar þær lífverur sem ekki hreyfast öðru vísi en með snertingu við botninn. Ég fæ ekki séð hvernig á

að vera hægt að stunda botnvörpuveiðar öðru vísi en að koma einhverntíma upp með krabbadýr eða skelfisk. Þann sem það gerir á að færa að landi og sekta, jafnvel þó það væri bara steinn sem kæmi í botnvörpuna. Þess vegna er algjörlega óviðunandi að ekki skuli vera hreyft við þeim útlendingum sem hafa verið að strádrepa karfann á Reykjaneshrygg. Það hafa Rússar a. m. k. gert og enginn efi á því að Þjóðverjar mundu líka gera eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson vakti athygli á ef þeir væru hvort sem er að skaka á Grænlandsmiðum.

En hér er sem sagt um gífurlega stórt mál að ræða, eitt allra stærsta málið í landhelgisbaráttu og það er vel að komin er á það hreyfing. Ég þakka sérstaklega öllum þeim sem undir þetta mál hafa tekið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 9. febr.

Niðurgreiðsla á raforku.

Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn frá Stefáni Benediktssyni um niðurgreiðslu á raforku o. fl., á þskj. 73, útbýtt 9. febrúar.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hvaða upphæð hefur verið varið til niðurgreiðslu raforku til almennra neytenda á landinu öllu s.l. fimm ár, miðað við núgildandi verðlag? Hvert er heildarsöluverð raforku til almennra neytenda á sama tíma við sama verðlag?
2. Hver er heildarfjöldi almennra raforkukaupenda á landinu öllu? Hversu margir þeirra njóta niðurgreiðslna og hversu stóran hluta nota þeir af raforku seldri til almenningsnota?
3. Hvað mun raforkuverð til almennra notenda hækka mikið við yfirtöku Landsvirkjunar á skuldum og rekstri byggðalína og Kröflu? Hvenær kemur sú hækkun inn í orkuverðið?
4. Hvert er kostnaðarverð mínútulítra hjá Hitaveitu Akureyrar? Hvert er söluverð? Hver er niðurgreiðsluhluti í kr/mínl? Hvert væri kostnaðarverð mínútulítra ef hitað væri a) með raforku; b) með olíu?

Skriflegt svar óskast.

Upplýsinga varðandi fyrirspurnina hefur verið aflað m. a. hjá Orkustofnun, Landsvirkjun og Hitaveitu Akureyrar.

Svar við 1. lið:

Þegar talað er um „almenna raforkunotendur" er vanalega átt við alla notendur raforku aðra en stóriðjunotendur og Keflavíkurflugvöll. Gert er ráð fyrir að fyrirspyrjandi eigi við þessa notendur þegar hann talar um „almenna neytendur".

Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar hófust 1. október 1982.

Á síðasta ári (frá 1. okt. til áramóta) námu niðurgreiðslur 2 746 Mkr.

Niðurgreiðslur á þessu ári (til októberloka) nema 49 324 Mkr.

Heildarsöluverð raforku til almennra notenda er jafnt og heildartekjur almennra rafveitna að frádreginni sölu Rafmagnsveitna ríkisins til Keflavíkurflugvallar. Þessi sala hefur verið sem hér segir undanfarin ár. Við umreikning frá einu verðlagi til annars er stuðst við byggingarvísitölu í júlí hvers árs.

Ár	Á verðlagi ársins Mkr.	Á verðlagi 1982 Mkr.
1982	1 129	1 129
1981	597	921
1980	384	893
1979	244	901
1978	148	776

Svar við 2. lið:

Fjöldi almennra raforkunotenda er óljóst hugtak. Fjöldi rafmagnsmæla er skilgreindur, en það kostar fyrirspurn til allra rafveitna landsins að fá vitneskju um hann. Sá fjöldi er ekki hinn sami og notenda, því oft eru margir notendur á sama mæli, t. d. í fjölbýlishúsum, og sumir notendur hafa fleiri en einn mæli. Hins vegar lætur mjög nærri að allir landsmenn fái rafmagn frá rafveitum. Einungis rafmagn til húshitunar er niðurgreitt. Árið 1982 var um 13% af húsnæði landsmanna hitað með raforku, og lætur nærri að sama hlutfall íbúa landsins hafi búið við rafhitun. Nálægt 13% landsmanna hafa því notið niðurgreiðslu á rafmagni það ár.

Bein sala raforku til húshitunar 1982 var 292 GWh og að auki keyptu rafkyntar hitaveitur um 50 GWh, þannig að til hitunar húsa fóru beint og óbeint 342 GWh. Heildarsala raforku til almennra nota var á sama ári 1375 GWh. Um 25% raforkunnar til almenningsnota voru þannig niðurgreidd 1982.

Niðurgreiðsla á raforku náði þannig til um 13% landsmanna og 25% almennrar raforkunotkunar á árinu 1982.

Svar við 3. lið:

Yfirtaka byggðalína.

Eins og kunnugt er yfirtók Landsvirkjun 132 kV byggðalínukerfið af Rafmagnsveitum ríkisins, hinn 1. janúar 1983, og var það gert samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o. fl. frá 11. ágúst 1982. Í þeim hækkunum, er síðan hafa orðið á gjaldskrá Landsvirkjunar, hefur þegar verið tekið fullt tillit til aukningar á rekstrarkostnaði fyrirtækisins vegna yfirtöku byggðalínukerfisins og hefur meðalverð ársins 1983 hækkað vegna þessa viðbótarkostnaðar um 7,5%.

Krafla.

Upplýsinga hefur verið aflað um skuldir og rekstrarkostnað Kröfluvirkjunar og á grundvelli þeirra gerðar áætlanir fram í tímann um rekstrar- og viðhaldskostnað virkjunarinnar miðað við núverandi orkuvinnslugetu hennar. Eru niðurstöður þessara áætlana þær, að til þess að Landsvirkjun geti staðið undir aukinni greiðslubyrði vegna yfirtöku Kröfluvirkjunar, þyrfti samansöfnuð hækkun gjaldskrár Landsvirkjunar til og með 1. janúar 1986 að nema 27% og þá miðað við yfirtöku 1.

janúar 1984 og fast verðlag á grundvelli byggingarvísitölu 159 og USD 1 = kr. 30,00. Jafnframt er þá ekki gert ráð fyrir að til breytinga komi á skilmálum núverandi lána vegna Kröflu.

Rétt er að vekja athygli á, að í fyrirspurn þessari er blandað saman byggðalínum og Kröfluvirkjun. Byggðalínur hafa þegar verið yfirteknar af Landsvirkjun eins og að ofan greinir, en engin ákvörðun hefur verið tekin um yfirtöku Kröfluvirkjunar. Ef til þess kemur, að Kröfluvirkjun verði yfirtekin, er, eins og fram kemur hér að framan, óraunhæft að gera ráð fyrir að Landsvirkjun yfirtaki virkjunina með þeim fjármagnskostnaði, sem á henni hvílir.

Svar við 4. lið:

1. Samkv. bráðabirgðatölum úr rekstrarreikningi Hitaveitu Akureyrar fyrir árið 1983 eru niðurstöðutölur gjalda 171 Mkr. Seldir mínlítr. á mánuði voru 117 800, þannig að meðalkostnaðarverð er 1454 kr/mínlítr./mán.
2. Meðalsöluverð var um 826 kr/mínltr./mán., árið 1983. Núgildandi gjaldskrárverð (frá 1.8.83) er 1000 kr/mínltr./mán., sem jafngildir u. þ. b. 106 aurum/kWh.
3. Hitaveita Akureyrar nýtur engrar niðurgreiðslu.
4. Orkuverð Rafveitu Akureyrar til húshitunar með 3 stunda rofi er í dag 94 aurar/kWh.

   Ef gasolía yrði notuð til upphitunar í heimahúsum yrði orkuverðið 145 aurar/kWh.

Sameinað þing, 47. fundur.

Mánudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hafa borist:

„Reykjavík, 7. febr. 1984.

Gunnar G. Schram, 2. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Kristjana Milla Thorsteinsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Kristjönu Millu Thorsteinsson.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. febr. 1984.

Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Kr. Guðfinnsson, Bolungarvík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Einars Kr. Guðfinnssonar.

Ég leyfi mér að biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þessi til rannsóknar. Fundinum er frestað í fimm *mínútur.* — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréf Kristjönu Millu Thorsteinsson, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, og leggur til að kjörbréfið verði samþykkt.

Þá hefur nefndin einnig tekið til meðferðar kjörbréf Einars Kr. Guðfinnssonar, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi. Nefndin leggur einnig samhljóða til að kjörbréf hans verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Kristjönu Millu Thorsteinsson samþ. með 41 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Einars Kr. Guðfinnssonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Kristjana Milla Thorsteinsson undirritaði eiðstaf um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Kristjana Milla Thorsteinsson hefur unnið eið að stjórnarskránni. Einar Kr. Guðfinnsson hefur setið áður á Alþingi. Ég býð þau Kristjönu Millu Thorsteinsson og Einar Kr. Guðfinnsson *velkomin til starfa á Alþingi.*

Efri deild, 49. fundur.

Mánudaginn 13. febr., að loknum fundi í Sþ.

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 189, n. 333 og 340, 334). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga hafa nú legið fyrir Alþingi frá því í nóv. Í þessum plöggum svo og þjóðhagsáætlun, sem fram kom í byrjun haustþings, var dregin upp fremur dökk mynd af efnahagshorfum ársins 1984. Nú í upphafi árs eru ýmsir þættir þessa máls skýrari en var á haustdögum. Mörkuð hefur verið stefna í öllum meginþáttum fiskveiða og um það náðist víðtæk samstaða, hvernig svo sem fara kann um framkvæmd þeirrar stefnu sem menn hafa talið sig neydda til að marka. Hjá því fer aftur á móti ekki að fjárhagsstaða grundvallaratvinnuveganna er um margt erfið. Skuldir útgerðarinnar og landbúnaðarins eru miklar og er brýnt að unnið verði að varanlegri lausn þeirra mála á næstunni.

Sá þáttur efnahagslífsins sem er einna óvissastur er niðurstaða kjarasamninganna. Það er deginum ljósara að til þess að framhald verði á þeim möguleika í efnahagslífinu sem gætt hefur síðustu mánuði, þá þurfa samningar að vera í sem mestu samræmi við markaða efnahagsstefnu stjórnvalda. Á þessu byggir m. a. lánsfjáráætlun og lánsfjárlagafrv. sem hér er til umfjöllunar. Verulegar launahækkanir mundu augljóslega stefna í hættu þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni við verðbólgu. Þess vegna verður að grípa til annarra úrræða til að bæta kjör láglaunafólks. Í því efni tel ég mikilvægast að vinda nú bráðan bug að því að ráðast í lækkun verðlags á brýnustu nauðsynjum hvers einasta manns með lækkun tolla og annarra gjalda sem leggjast með miklum þunga á þessar vörur. Hæstv. fjmrh. hefur gefið um það yfirlýsingar að nú sé unnið að framkvæmd þessarar yfirlýstu stefnu ríkisstj.

Fjh.- og viðskn. hefur haldið fjölmarga fundi um lánsfjáráætlun, en því miður náðist ekki að afgreiða lánsfjárlögin úr nefnd og sem lög fyrir áramót. Þegar þing kom saman að nýju var tekið að vinna að málinu og hafa nefndinni borist margháttuð erindi og gögn og hún notið ágætrar aðstoðar embættismanna, sérstaklega starfsmanna fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar.

Erlendar lántökur eru verulegt áhyggjuefni og er mikilvægt að halda þeim innan þeirra marka að auka ekki erlendar skuldir þjóðarbúsins á árinu 1984 frá því sem er á árinu 1983. Í ljósi þessa gerir nefndin ekki tillögur um verulegar breytingar frá því frv. sem fjmrh.

mælti fyrir í des. Stefnt er að því að erlendar lántökur nemi ekki hærri fjárhæð en 4573 millj. kr. og er það 70 millj. kr. hærri fjárhæð en frv. miðaði við. Aftur á móti veltur á miklu hve vel hinu opinbera tekst að afla fjár á innlendum lánsfjármörkuðum, enda er það nauðsynleg forsenda þess að takast megi að fjármagna húsnæðislánakerfið og brýn verkefni hjá ríkissjóði eins og vegaframkvæmdir, en innlendi lánsfjármarkaðurinn styrkist að sjálfsögðu við hjaðnandi verðbólgu og raunvexti.

Til þess að örva innlendan sparnað hafa nýlega verið gefin út spariskírteini með fjölbreyttara formi en áður. Menn geta valið á milli verðtryggðra og gengisbundinna skírteina. Útgáfa þessara pappíra er byggð á heimild í lögum nr. 79/1983, sem samþykkt voru af Alþingi skömmu fyrir jól. Enn er ekki komin reynsla á sölu bréfanna, enda skammt um liðið síðan þau komu á markaðinn. Um skiptingu erlends og innlends lánsfjár vísast í fskj. I og II í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Meiri hl. n. mælir með samþykkt frv. með þeim brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Minni hl. mun skila séráliti. Ég ætla nú að gera nokkra grein fyrir þeim breytingum sem frv. hefur tekið við umfjöllun nefndarinnar.

Umfjöllun fjvn. um fjárlagafrv. leiddi til breytinga sem jafnframt hafa áhrif á lánsfjárfrv. Nauðsynleg heimild til erlendrar lántöku A- og B-hluta ríkissjóðs er nú metin alls 1 641 millj. kr. í stað 1 708 millj. kr. eins og var í frv. til lánsfjárlaga. Heimild til innlendrar lánsfjáröflunar er nú ákveðin 600 millj. kr. í stað 478 millj. kr. og deilist þannig að ríkissjóði, A- og B-hluta, eru ætlaðar 278 millj. kr. og Byggingarsjóði ríkisins 322 millj. kr. Ákvörðun ríkisstj. frá s. l. ári um að hækka veitt lán Húsnæðisstofnunar um 50% jók útgjöld stofnunarinnar um 280—290 millj. kr. 122 millj. kr. koma til greiðslu á árinu 1984 og er því sótt um lántökuheimild til fjármögnunar þessa verkefnis. Á árinu 1983 námu lánveitingar vegna þessa verkefnis um 160 millj. kr. og var það fjármagnað með 43 millj. kr. skuldabréfasölu og um 120 millj. kr. fjárútvegun ríkisins. Þá er hér jafnframt sótt um heimild til 200 millj. kr. skuldabréfaútgáfu vegna sérstakrar fjáröflunar til Byggingarsjóðs ríkisins, eins og kemur fram í aths. við lánsfjárlagafrv. Takist ekki að afla þess lánsfjár, sem lánsfjárlög gera ráð fyrir, er óhjákvæmilegt að útlánaáform Húsnæðisstofnunar komi til endurskoðunar.

Við afgreiðslu fjárlaga urðu þær breytingar að lánsfjáröflun til vegagerðar lækkaði um 87 millj. kr. m. a. vegna hækkunar á mörkuðum tekjum til vegagerðar. Á móti hækkaði fyrirhuguð lántaka byggingarsjóðs Rannsóknastofnana atvinnuveganna um 2 millj. kr. og stefnt er að lántöku hjá Póst- og símamálastofnuninni, alls 30 millj. kr., en heimild til þeirrar lántöku liggur fyrir í sérlögum. Í meðförum fjh.- og viðskn. er að auki gert ráð fyrir lántöku vegna kaupa á flugleiðsögutækjum flugmálastjórnar að andvirði allt að 17.4 millj. kr., en ekki var ætluð fjárveiting vegna þessa í fjárl. fyrir 1984.

Fyrir Alþingi liggur frv. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, þ. e. 140. mál. Þar er gert ráð fyrir að árlega verði lántökur til flugstöðvarframkvæmda ákveðnar í lánsfjárlögum. Hér er miðað við, eins og fram kemur í aths. lánsfjárlagafrv., að lántaka verði 88.3 millj. kr. Ég vek athygli á þessu vegna umfjöllunar um frv. um flugstöð í Keflavík sem liggur fyrir Alþingi til afgreiðslu.

Fjh.- og viðskn. taldi nauðsynlegt að gefin yrði nánari sundurliðun en fram kom í lánsfjáráætlun um ráðstöfun lánsfjár Landsvirkjunar til framkvæmda. Mörgum sýnist að Alþingi ætti að fjalla nánar en oft hefur verið um framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar, enda erlendar lántökur fyrirtækisins mjög miklar. Að höfðu samráði við iðnrn. er lagt til að framkvæmdum verði hagað í samræmi við þá skiptingu sem fram kemur í brtt. við 3. gr.

Á 4. gr. frv. er gerð eftirfarandi breyting:

Fyrirhuguð er lántökuheimild til grænfóðurverksmiðju í Skagafirði, alls 9 millj. kr. Ráðgert er að þetta lán endurgreiðist með auknu hlutafé eignaraðila, en verksmiðjan á í miklum fjárhagserfiðleikum. Þá er lántaka vegna sjóefnavinnslu á Reykjanesi hækkuð um 11 millj. kr. eða í 45 millj. og er þetta nauðsynlegt vegna vaxta og afborgana af eldri lánum. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum við saltverksmiðjuna á árinu.

Við gerð áætlunar fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar láðist að taka tillit til fjármagnskostnaðar vegna skuldbreytinga á lánum hitaveitunnar. Því er lögð til viðbótarlánsheimild að fjárhæð 14 millj. kr. Þannig nemur þessi heildarlánsfjárheimild alls 22.5 millj. kr. Þá fellst nefndin á ósk Hitaveitu Kjalarness um heimild til 25 millj. kr. lántöku til stofnframkvæmda við lagningu hitaveitu í hreppnum að því tilskildu að samkomulag náist um þá framkvæmd milli hlutaðeigandi aðila og að iðnrn. veiti rekstrarleyfi í samræmi við ákvæði orkulaga.

Í aths. við 7. gr. í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984 er greint frá 32 millj. kr. hækkun lánveitinga og lánsfjáröflunar Framkvæmdasjóðs. Gert var ráð fyrir að 6 millj. kr. rynnu til Landflutningasjóðs, en það á að vera til Útflutningslánasjóðs og leiðréttist hér með.

Við fjárlagaafgreiðslu á Alþingi fyrir árið 1984 var framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs hækkað úr 5 millj. kr. í 15 millj. kr. Í samræmi við þá afgreiðslu er því nauðsynlegt að breyta 22. gr. til samræmis við þetta.

Bætt er við nýrri grein í frv., 27. gr., þar sem frestað er gildistöku ákvæðis um lánveitingar Lánasjóðs ísl. námsmanna á árinu 1984. Því er, eins og var á árinu 1983, gert ráð fyrir að 95% af umframfjárþörf námsmanna verði mætt.

28. gr., sem verður 29. gr., breytist með tvennum hætti: Í fyrsta lagi þarf viðbótarheimild til erlendrar lántöku vegna lánsfjárlaga fyrir árið 1983. Í ljós hefur komið að fjármagnsútgjöld vegna Kröflu og byggðalínu reyndust hærri en áður var talið og því er sótt um heimild til 400 millj. kr. viðbótarlántöku í stað 340 millj. kr. Í öðru lagi er leitað heimildar til ríkisábyrgðar vegna lántöku Hitaveitu Vestmannaeyja og Hitaveitu Rangæinga á árinu 1983, alls 39.2 millj. kr.

29. gr., sem verður 30. gr., stendur óbreytt, en ég tel rétt að gera grein fyrir því að yfirdráttarskuld ríkissjóðs í árslok 1983 reyndist um 1220 millj. kr. Heimildar til þess að mæta þessari fjárþörf er að hluta leitað í 28. gr., sem verður 29. gr., 120 millj. kr., en að öðru leyti í 29. gr., sem verður 30. gr. Fyrir áramót var gengið frá láni í Seðlabankanum, alls 20 millj. SDR eða um 600 millj. kr., en eftir er að ganga frá eftirstöðvum yfirdráttarskuldarinnar.

Í aths. við frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun, nú lög nr. 79/1983, er þess getið að markaður hinna hefð-

bundnu spariskírteina ríkissjóðs hefði þrengst, en með lögunum er ríkissjóði gert kleift að bjóða fjölbreyttara form skuldaviðurkenninga. Í samræmi við ákvæði þessara laga öfluðust 43 millj. kr. á árinu 1983 sem ríkissjóður endurlánaði síðan Byggingarsjóði ríkisins. Þessi fjárútvegun kom í kjölfar ákvörðunar ríkisstj. í okt. 1983 um 50% hækkun lánveitinga til húsbyggjenda sem lán höfðu fengið 1982 og 1983.

Að lokum skal þess getið að í yfirliti, sem fylgdi frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983, var gert ráð fyrir erlendri lántöku Iðnþróunarsjóðs að fjárhæð 20 millj. kr. Hins vegar tók sjóðurinn engin erlend lán á árinu 1983 og hefur farið fram á að mega flytja lántökuáform þessi yfir á árið 1984. Hér er lagt til að erlendar lántökur á árinu 1984 til Iðnþróunarsjóðs hækki frá fyrri áætlun sem þessu nemur eða úr 30 millj. kr. í 50 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég tel mér skylt að geta þess hér og nú, að við umfjöllun þessa máls hef ég sannfærst um það enn betur en áður hve brýna nauðsyn ber til að breyta allri vinnu við umfjöllun fjármála ríkisins. Það sem nú er fjallað um í lánsfjárlögum á að mínu mati að vera hluti fjárlaganna sjálfra. Með öðrum hætti er nánast ógerningur að fá heildaryfirsýn yfir ríkisfjármálin. Lánsfjárheimildir eru nú í fjárl. sjálfum, lánsfjárlögum og fjölmörgum sérlögum. Allt þyrfti þetta að vera á einum stað og koma til umfjöllunar fjvn. Sá háttur sem nú er á í þessari umfjöllun hefur auðvitað torveldað störfin í hv. fjh.- og viðskn. og gert þau þunglamalegri og erfiðari, en þeim mun meiri ástæða er til að þakka samstarfið í nefndinni og nm. öllum, bæði stjórnarliðum og stjórnarandstöðu, ágæt störf.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. 4. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hl., að vissulega er ástæða til að íhuga breytingar á vinnubrögðum í sambandi við lánsfjárlög og hvort þau ættu ekki að vera með þeim hætti að fjvn. fjallaði þar meira um. Raunar hygg ég að ástæða sé til að íhuga gaumgæfilega verkaskiptingu milli fjh.- og viðskn. og fjvn. vegna þess að þessar nefndir fjalla um mjög skyld mál og áreiðanlega væri æskilegt að þar á milli væri meira samræmi í vinnubrögðum.

Frsm. meiri hl., hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, vék nokkrum orðum að hinu almenna efnahagsástandi í þjóðfélaginu og talaði m. a. um það áhugamál sitt sem ég veit að honum stendur mjög hjarta nær, þ. e. lækkun á tollum og aðflutningsgjöldum. Um þetta hefur verið talað hér allt þetta þing alveg síðan á haustdögum en afar lítið hefur séð dagsins ljós í þeim efnum. Við fáum bara að heyra að það standi yfir endurskoðun á þessum málum sem eigi að ljúka einhvers staðar í óljósri framtíð. Hins vegar eru lögð hér fram frumvörp um ný gjöld á almenning eins og gert var með frv. til höfundalaga. Þar er ekki verið að lækka aðflutningsgjöldin, þar er verið að auka á og hækka þau gjöld sem almenningur á að greiða. Þar skýtur því nokkuð skökku við.

Hæstv. fjmrh. hefur margsinnis lýst því yfir að hann muni segja af sér ef lagðir verða á nýir skattar. Hann hefur hins vegar líka lýst því yfir að hann muni ekki segja af sér þó að lögð séu á ný gjöld. Þarna skýtur svolítið skökku við. Þessi yfirlýsing hæstv. fjmrh. minnir raunar á þau ummæli hans á opinberum vettvangi að skattabyrði mundi ekki aukast á þessu ári, hins vegar yrðu menn að líkindum svolítið lengur að vinna fyrir sköttunum sínum. Þetta má auðvitað túlka og verður hver að túlka á sinn veg.

Í fjh.- og viðskn. var fjallað um frv. til lánsfjárlaga á allmörgum fundum. Nefndin naut þar góðrar fyrirgreiðslu og aðstoðar embættismanna, m. a. úr fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem veittu þær upplýsingar sem um var beðið. En þegar byrjað var að athuga þetta frv. kom í ljós að þar vantaði eitt og annað. T. d. þar sem fyrst var borið niður, við Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi, kom í ljós að gleymst hafði að reikna með fjármagnskostnaði eða afborgunum af lánum á þessu ári og líka hafði gleymst að taka tillit til þess að búið var að skuldbinda fyrirtækið til ákveðinna framkvæmda á yfirstandandi ári og gera um það verksamninga. Þetta hafði hvort tveggja gleymst.

Nú hefur verið flutt brtt. af hálfu meiri hl. við lánsfjárlagafrv. þar sem tekið er tillit til þess veruleika að borga þarf af lánum vegna þessa fyrirtækis á næsta ári. Hins vegar er ekki tekið tillit til þess að ríkið er skuldbundið með verksamningum á þessu ári til að inna af hendi ákveðnar greiðslur. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig verður brugðist við því máli? Verður leitað einhverra annarra leiða til að fjármagna þær framkvæmdir hjá Sjóefnavinnslunni hf. sem þegar er búið að semja um, sem þegar er búið að skuldbinda ríkið til að standa að? Væntanlega verður ríkissjóður skaðabótaskyldur ef ekki verður staðið við þá samninga. Það hygg ég að af sjálfu leiði. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Fyrst þetta var ekki tekið inn í lánsfjáráætlun eða lánsfjárlög hvernig verður þá brugðist við þessu? Ætlar ríkið að rjúfa samninga eða hverra leiða verður leitað til að standa við þessar skuldbindingar?

Ýmislegt annað kom í ljós þegar þetta frv. var athugað og meiri hl. stendur að ýmsum brtt. sem varða augljósa galla á frv. En það gildir um þetta frv. til lánsfjárlaga eins og svo oft áður að það gefur engan veginn rétta mynd af því sem til er ætlast, þ. e. hvernig lántökum ríkisins verður hagað á yfirstandandi ári. Minni hl. n. vill sérstaklega minna á að fyrirhugað er til viðbótar þeim lántökum sem greint er frá í frv. að taka sérstök lán til að efla innlenda skipasmíði. 150 millj. kr. hefur verið talað um þar og það er utan þessara lánsfjárlaga.

Í öðru lagi er fyrirhuguð lántaka til að styrkja stöðu útgerðarinnar. Þessa sér hvergi stað í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Þá er það enn fremur skoðun minni hl. n. að lántökur vegna atvinnuveganna á yfirstandandi ári séu verulega vanáætlaðar. Þá bætist eitt enn við, að talað hefur verið um veruleg vandræði bænda og að breyta þurfi lausaskuldum þeirra í föst lán. Kreppir þar skórinn meira nú en oft áður. Einhverja fjármagnsfyrirgreiðslu þarf væntanlega til þess að þetta verði unnt. Um það eru engin orð í þessu frv.

Skv. þessu frv. verður heildarlántaka á árinu 1984 4548 millj. Endurgreiðslur af löngum lánum eru áætlaðar 3160 millj. Hrein skuldaaukning er því tæplega 1400 millj. eða um 2% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Þá er einnig ljóst að nú stefnir í mikinn halla í ríkisbúskapnum. Skv. fjárlögum verður sá halli 388 millj. kr. og við það bætast síðan skattalækkanir í þágu fyrirtækjanna og atvinnurekstrarins sem enginn veit hversu háum upphæðum nema þegar öllu er á botninn hvolft.

Svo eru þar að auki á döfinni ýmis sparnaðaráform í ríkisrekstrinum sem enn þá a. m. k. hanga í lausu lofti velflest og verða e. t. v. aldrei annað en óraunhæfar tölur á blaði.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, taka fram að stjórnarandstaðan gerir ekki ágreining um einstök atriði í þessu frv. né flytur brtt. við það. Þm. stjórnarandstöðuflokkanna munu sitja hjá við afgreiðslu málsins en hins vegar greiða atkv. gegn hinni miklu skerðingu á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og til Erfðafjársjóðs, sbr. 16. og 18. gr. frv.

Rétt er að fram komi hér að lokum að hv. þm. Stefán Benediktsson, þm. Bandalags jafnaðarmanna, sat fund í fjh. - og viðskn. sem áheyrnarfulltrúi þegar fjallað var um þessi mál og styður hann skoðun minni hl. nefndarinnar.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það var eitt helsta ádeiluefni stjórnarandstöðunnar á þá ríkisstjórn sem hér var næst á undan að hún tæki erlend lán úr hófi fram og það var því ein helsta yfirlýsing núverandi stjórnar, þegar hún tók við, að stöðva yrði erlenda skuldasöfnun. Hæstv. fjmrh. hefur gefið ýmsar athyglisverðar yfirlýsingar um stefnumörkun sína í fjármálum í núv. ríkisstj. Hann hefur sagt að aukafjárveitingar verði ekki veittar og hann hefur sagt að ekki megi fara út fyrir þann launaramma sem finna má í fjárlögum ársins. Hvort tveggja þótti mér nokkuð hraustlega mælt og sérstaklega ef yfirlýsingar af því tagi eru tengdar hótunum um að segja af sér embætti. En ég hygg að sú yfirlýsing sem hæstv. ráðh. gaf um erlenda skuldasöfnun hafi ekki síður verið mjög djarfleg. Hann lýsti því yfir, að ef skuldastaða ríkisins færi yfir 60% af þjóðarframleiðslu á þessu ári hlyti hann að fara frá. Staðreyndin er auðvitað sú, að skuldastaða þjóðarinnar er rétt við 60% markið og um hreina skuldaaukningu er að ræða samkv. því frv. sem við erum hér að ræða um, eins og glöggt kom fram í máli seinasta ræðumanns. Hrein skuldaaukning verður tæpar 1400 millj. kr., þ. e. erlendar lántökur umfram endurgreiðslur á löngum lánum, og sú skuldaaukning sem þarna er um að ræða nemur hvorki meira né minna en 2% af vergri þjóðarframleiðslu. Það er því alveg ljóst að þegar af þessari ástæðu má ekki mikið út af bera svo að erlend skuldasöfnun og skuldastaða fari yfir 60% markið. Kannske verður það fyrst og fremst hinn mikli búhnykkur sem við fréttum af í hádeginu í dag sem verður ríkisstj. og ráðh. til bjargar. Ég hygg að erfitt hefði verið að standa við þessar yfirlýsingar ef ekki væru nú horfur á því blessunarlega, að verulega miklu meiri loðna veiðist í vetur en áður var búist við, jafnvel töluvert meira en þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir. Hún gerði ekki ráð fyrir nema 400 þús. tonnum, en veiðin gæti orðið meira en 50% meiri á þessu ári en þar var ráð fyrir gert. Þá hækkar deilitalan í hlutfallinu og skuldastaða þjóðarinnar verður eitthvað hagstæðari.

En staðreyndin er sú, að þó að við lítum á tölurnar í þessu frv. til lánsfjáráætlunar segja þær ekki alla söguna. Það eru ekki öll kurl komin til grafar. Við eigum eftir að fá stóra reikninginn úr útgerðardæminu. Þar verður greinilega um töluverða lánsfjárútvegun að ræða – lánsfjárútvegun sem engin von er til að almenn innlend sparifjármyndun leysi úr, heldur hlýtur að koma fram með beinum eða óbeinum hætti í erlendri skuldaaukningu. Hv. seinasti ræðumaður nefndi líka vanda landbúnaðarins. Þar má nú vera að um minni tölur sé að ræða, sem ekki séu alveg eins ógnvekjandi, en þó bersýnilega talsverður vandi sem leysa þarf. Einnig hefur komið fram að ríkisstj. hyggst taka lán til innlendrar skipasmíði og þau lán verða ekki tekin annars staðar en erlendis. Það eru sem sagt ansi mörg göt á lánsfjáráætluninni og sá boðskapur áætlunarinnar að aukning skulda verði ekki nema tæpar 1400 millj. kr. er mjög óviss þegar allt kemur til alls.

Þetta er reyndar í fullu samræmi við það sem gildir í ríkisbúskapnum öllum. Hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihluti hennar afgreiddi fjárlög með mjög verulegum halla, 388 millj. kr. halla, en það blasir hins vegar við að það var alls ekki endanleg áætlun um hallann á árinu vegna þess að því til viðbótar koma skattalækkanir í þágu atvinnurekstrarins sem við erum nú þessa dagana að fjalla um hér í þinginu. Því miður hafa ekki fengist upplýsingar af hálfu fjmrn. um hvað þær skattalækkanir hafa mikið tekjutap í för með sér á árinu og er þar borið við ýmsum erfiðleikum að áætla tekjutapið – erfiðleikum, sem vissulega eru fyrir hendi og engin ástæða er til að efast um að á eru. Þar er um að ræða verulegt skarð í tekjuhlið ríkissjóðsdæmisins sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlagadæminu eins og það liggur nú fyrir.

Sama gildir um ýmiss konar sparnaðaráform sem eru í fjárlagadæminu en enginn veit enn hvenig á að framkvæma. Hinn margfrægi sjúklingaskattur er kannske gleggsta dæmið um þá óvissu sem þarna er á ferðinni, ekki síst þegar meta má það að líkum að skatturinn verði alls ekki lagður á. Margar yfirlýsingar ráðamanna benda eindregið í þá átt að þeir séu að falla frá því að fara þá leið. Er það vissulega vel því að þarna var um að ræða algerlega fráleit og forkastanleg áform. Það breytir samt ekki hinu, að þarna er þá um gat að ræða á ríkissjóðsdæminu og verður að gera einhverja grein fyrir hvernig ætlunin er að fylla upp í það.

Menn skulu gera sér fulla grein fyrir því að skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabanka er í eðli sínu nokkurn veginn hliðstæð erlendum lántökum. Á því tvennu er ekki mikill munur frá hagfræðilegu sjónarmiði vegna þess að auðvitað er Seðlabankinn annaðhvort að leggja fram það fé sem hér um ræðir með hreinni seðlaprentun, sem hefur þá ekki betri áhrif á hagkerfið en óhófleg erlend lántaka, ellegar fé er tekið úr gjaldeyrisvarasjóðum og er þá munurinn enginn orðinn.

Ég vil svo að lokum segja það, að þó að ég telji það rétta stefnu, sem fram kemur í frv. til lánsfjárlaga, að skerða framlög til fjárfestingarsjóða og hafi eindregið beitt mér fyrir því meðan ég var í fjmrn. að framlög til sjóða yrðu töluvert takmörkuð frá því sem var, þá gerði ég alltaf verulegan greinarmun á því hvort um var að ræða verðtryggða útlánasjóði eða fjárfestingarsjóði sem leggja fram tiltekin framlög til nauðsynlegra mála og fá ekki fé sitt til baka. Verðtryggðir fjárfestingarsjóðir eiga að geta staðið nokkurn veginn undir sér sjálfir með þeim lánum sem þeir veita, lánum sem koma til baka með vöxtum og eiga að vera það vel tryggð að ekki verði nein veruleg afföll á. Framlög í þá sjóði eru þá bara hrein sjóðsaukning, hrein aukning eiginfjárstöðu þessara sjóða. Vissulega er eðlilegt að bæta í þessa sjóði á hverju ári einhverju, en það þarf ekki að vera í jafnríkum mæli og var meðan sjóðirnir voru óverð-

tryggðir og voru því að tapa eigin fé á hverju ári. Sama gildir hins vegar ekki um sjóði sem veita bein framlög til þjóðþrifamála án þess að fá það fé aftur til baka. Dæmi um þetta eru sjóðir eins og Framkvæmdasjóður fatlaðra og Erfðafjársjóður ellegar Kristnisjóður. Þannig má ýmis dæmi nefna. Ég tel að skerðing á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og til Erfðafjársjóðs sé úr hófi fram. Við stjórnarandstæðingar erum, eins og kemur skýrt fram í nál. okkar á þskj. 340, andvígir þessum miklu skerðingum og munum eindregið hamla þar á móti með atkv. okkar. Ég vil reyndar taka fram að þessi ábending í nál. er kannske ekki endanlega tæmandi upptalning á sjóðum sem verið er að skerða og skerðingum sem eru í hæpnara lagi. Í því sambandi vil ég nefna að biskup hefur bent á að Kristnisjóður hafi ekki verið skertur eins og aðrir sjóðir undanfarin ár og beri því að gjalda varhug við þeim skerðingaráformum sem eru í frv. varðandi þann sjóð. Ég hygg nú að formaður n. hafi haft í huga, eftir þá ábendingu sem fram kom, að taka það mál til endurskoðunar, átti reyndar von á því að hann nefndi það í framsöguræðu sinni áðan, en úr því hann gerði það ekki vil ég benda á að þarna er um að ræða sjóð sem stendur undir útgjöldum sem ekki skila sér til baka eins og um sé að ræða venjuleg útlán. Það hefur verið reynt að hlífa sjóðum af því tagi undanfarin ár og ég vona að svo verði áframhaldandi.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Augljóst er að það stefnir í verulega skuldaaukningu hjá Íslendingum gagnvart útlöndum áframhaldandi og við því ber að gjalda varhug og það er síður en svo, að lánsfjárlög, sem hér eru til umr., beri því ótvíræðan vott að verið sé að snúa við af þeirri braut, eins og höfðu þó verið gefnar ýmsar yfirlýsingar um.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Álit minni hl. fjh.- og viðskn. á þessu frv. til lánsfjárlaga hefur þegar komið fram og ætla ég ekki að orðlengja frekar um þau atriði sem þar eru tiltekin, það hefur þegar verið gert. Ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á þann þátt þessa frv. sem hvað mest sker í augun, einfaldlega það hversu gífurlegar fjárhæðir eru hér á ferð og hversu lítil tilraun er gerð til þess af hálfu ríkisstj. að móta í frv. margboðaða nýja stefnu í því hvernig slíkum fjármunum skuli varið. Ég fæ ekki betur séð en að í þessu frv. sé aðeins leitast við að halda í horfinu. Ég finn þar ákaflega litla nýsköpun í fjárfestingarmálum.

Eins og fyrr er í frv. til lánsfjárlaga m. a. verið að afla lántökuheimilda til ýmissa fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og langar mig aðeins til að gera þann hlut frv. að umtalsefni. Nú sem áður er almannafé notað í áhættusöm og umdeilanlega arðbær fyrirtæki, eins og t. d. fyrirhugaða steinullarverksmiðju og sjóefnavinnsluna á Reykjanesi, en eins og fram hefur komið eru málefni þess fyrirtækis greinilega í töluverðri óvissu. Eg vek athygli á því að ekki virðist um neina grundvallarstefnubreytingu að ræða að þessu leyti á milli ríkisstj. undanfarin ár. Áfram skulu tekin erlend lán og það til sömu þarfa og áður.

Samkv. frv. er áætlað að verja stærstum hluta af fjármagni til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs til Landsvirkjunar. Þar er alls um að ræða 900 millj. kr. og þar af er áætlað að verja 200 millj. til Blönduvirkjunar. Þó er ljóst að enga brýna nauðsyn ber til þess að veita nú fé til Blönduvirkjunar, því að eins og segir í grg. Landsvirkjunar varðandi lánsfjáráætlun 1984 er unnt með tilkomu Kvíslaveitu að anna innlendri orkueftirspurn næstu árin. Okkur ætti því að vera óhætt að spara okkur framlög til Blönduvirkjunar enn um sinn og minnka erlendar lántökur sem því nemur. Það er þó ekki gert í þessu frv. og ljóst er að með því að ætla fjármuni í ár til Blönduvirkjunar er ríkisstj. að stefna að aukinni stóriðju hér á landi á næstu árum.

Að vonum líst mér illa á slíka fjárfestingarstefnu. Þetta er sama stefnan og rekin hefur verið í þessum efnum undanfarna áratugi hér á landi og afleiðingar hennar sjáum við allt í kringum okkur í efnahagslífi þjóðarinnar og reyndar einnig mjög glögglega í því frv. sem hér er til umr., þar sem þar kemur fram að taka þarf yfir 350 millj. kr. erlend lán til að standa straum af fjármagnskostnaði við Kröfluvirkjun eina. Og á meðan milljónirnar renna möglunarlaust í sömu hítina og áður er verið að klípa af og spara á póstum eins og hjá Lánasjóði ísl. námsmanna og Framkvæmdasjóði fatlaðra. Þar munar ríkisstj. greinilega um krónurnar.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um frv. Frá sjónarmiði Kvennalistans markar þetta frv. óbreytta stefnu í fjárfestingarmálum landsins að undanskildum minnkandi framlögum til ýmissa sjóða, eins og ég hef tiltekið. Hér er í grundvallaratriðum um að ræða sömu fjárfestingarstefnu og þá sem hefur átt drjúgan þátt í því að leiða okkur út í það efnahagsástand sem við nú búum við. Ég mun því ekki greiða þessu frv. atkv. mitt.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir vel unnin störf við gerð þeirra lánsfjárlaga sem hér eru á dagskrá, bæði stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum, en þó vil ég sérstaklega þakka formanni nefndarinnar fyrir mikil og vel unnin störf. Ég sé ekki ástæðu til að svara mörgu sem hér hefur komið fram. Það er ýmislegt að sjálfsögðu sem ég og eflaust þm. allir hefðu viljað hafa öðruvísi en er. Vonandi verður það þegar þessi ríkisstj. hefur fengið svigrúm til að gera fjárhagsáætlanir, fjárlög og lánsfjárlög o. fl.

Ég vil þó segja hér nokkur orð um það sem kom fram í málflutningi hv. 5. landsk. þm. Ég tek mjög undir með honum þegar hann talar um að breyta þurfi um vinnubrögð og hafa verkaskiptingu milli fjvn. og fjh.- og viðskn. skýrari. Ég held að bæði það og ýmislegt annað í starfsháttum Alþingis megi gjarnan endurskoða. En ég bið hv. þm. um að sýna svolitla þolinmæði enn þá hvað varðar tollaendurskoðunina. Tollskráin er í endurskoðun. Hún er nú komin svo miklu lengra á leið en hún var síðast þegar hv. þm. minntist á þetta mál í þessari hv. deild að Þjóðhagsstofnun hefur skilað útreikningi á skránni og er nú verið að yfirfara hana í tolladeild fjmrn. Ég á því von á að nú fari að líða að þeirri stóru stund að hún sjái dagsins ljós.

Hvað varðar sjóefnaverksmiðjuna, þá er til hennar ætluð sú upphæð sem hæstv. iðnrh. taldi sig komast af með, þ. e. til að standa undir fjármagnskostnaði. Ég vona að það sé rétt áætlun, rétt mat hjá honum. Hitt er svo annað mál, að ég held að stjórn sjóefnaverksmiðj-

unnar hafi gengið heldur lengra en ætlast var til í framkvæmdum, þegar farið var út í tilraunaverksmiðju, þannig að ef hún hefur bundið sig umfram það sem Alþingi hefur samþykkt, þá verður að taka það mál upp sérstaklega. Hvernig við því verður brugðist veit ég ekki á þessari stundu. En ég mun kanna málið og svara hv. þm. betur síðar.

Hvað snertir það sem hv. þm. taldi vanta inn í þessi lánsfjárlög, þ. e. til að efla innlendar skipasmíðar, þá er það út af fyrir sig rétt. En ég er þeirrar skoðunar að efla eigi innlend fyrirtæki almennt á sama hátt, í hvaða atvinnugrein sem er. Aðstoð við íslenskan skipaiðnað eins og við höfum talað um hann, þ. e. að flytja viðgerðir á íslenskum skipum alfarið inn í landið, á að koma í gegnum bankakerfið. Það gerir það í dag. Ef skip fær viðgerð erlendis, þá hefur það ekki komið fyrir svo að ég viti til að staðið hafi á bankafyrirgreiðslu til að koma í veg fyrir að skipið fari á uppboð eða lendi í fjárhagsvandræðum erlendis. Ef aftur á móti sama skip fær viðgerð hér heima, þá eru oftast nær miklir erfiðleikar á ferðinni. Það verður að finna eðlilega fjáröflunarleið milli viskiptavinar og viðskiptabanka. Þetta eru þjóðbankar, þannig að dæmið er eitt og hið sama. En það er ekki eðlilegt að ríkissjóður þurfi hvað eftir annað að koma til skjalanna og starfa sem viðskiptabanki eða sem vátryggingarfélag. Það getur ekki haldið áfram. Það er eitt af því sem þarf að breyta. En að sjálfsögðu þarf það að vera eftir ákvörðunum ríkisstj. í gegnum ríkisbankana sem þessi fyrirgreiðsla á sér stað, en ekki beint á kostnað ríkissjóðs.

Lausafjárskuldir bænda minntist hv. þm. á líka. Það er nú verið að breyta því fyrirkomulagi sem áður var, að Búnaðarbankinn, sem sér um veðdeild landbúnaðarins, verði ábyrgur fyrir lántöku og útlánum eins og hann hefur verið og taki þá ábyrgð á undan Ríkisábyrgðasjóði. Er þetta breyting frá því sem áður hefur verið og mun Búnaðarbankinn þegar vera kominn af stað í þeirri vinnu.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá virðulegum þm. að það stefnir í 388 millj. kr. halla á ríkisrekstrinum. Það kæmi mér ekkert á óvart þó að hallinn yrði meiri. En hitt er annað mál, að ég hef sett á fót nefnd sem á að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Hún er að störfum eins og ég hef áður getið um, og er hún undir forustu ríkisendurskoðanda. Formaður og varaformaður fjvn. eru í þeirri nefnd, enn fremur hagsýslustjóri, forstöðumaður gjaldadeildar og ráðuneytisstjóri. Það verður því fylgst mjög náið með framkvæmd fjárlaga. Ég hafði áður kynnt það að ég mundi gefa yfirlit yfir stöðu ríkissjóðs á þriggja mánaða fresti. En ég hef hugsað mér að gera það um miðjan mars svo að það verður eftir aðeins tvo mánuði. Ég er alveg viss um að fyrrv. hæstv. fjmrh. er mér sammála um það og að allir þm. hljóta að vera sammála um það, að betra er að fá að vita stöðu fjármála ríkisins svo fljótt að Alþingi geti fjallað um vandamál, sem upp kunna að koma, strax og þau eru kunn í staðinn fyrir að bíða loka ársins hverju sinni. Ég vona að það sé þó breyting til batnaðar.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. talar um þær ádeilur á síðustu ríkisstj. sem hún þurfti að búa við og þá sérstaklega um erlendar lántökur. Erlendar lántökur voru komnar í 60% af þjóðarframleiðslu þegar þessi ríkisstj. tók við. Þær eru nú rétt innan við 60% af þjóðarframleiðslunni þó að þjóðarframleiðslan hafi heldur minnkað og er það vegna þess að erlendri skuldasöfnun var hætt. Ég vona að það stefnumark náist að halda erlendum lántökum innan við 60%. Ef ekki, þá endurtek ég það hér og nú: þá tel ég að stefna ríkisstj. hafi sprungið, þá eigi ríkisstj. að láta kjósa um sína stefnu og standa eða falla með henni. Ég hef ekki breytt um skoðun á því.

Ég hef oft getið um það, eins og kom fram í máli hv. 3. þm. Norðurl. v., að aukafjárveitingar eru ekki aðeins óeðlilegar, þær þýða bara það að mikil mistök og stórslys hafa átt sér stað við fjárlagagerðina. Og það er einmitt þess vegna sem ég hef hugsað mér að láta Alþingi fylgjast með því mjög reglulega hvernig framkvæmd fjárlaganna gengur, vegna þess að ég álít að við verðum í sameiningu, þm. allir 60, að koma fjárlögunum inn á þær brautir að þau séu marktæk áætlun fyrir komandi ár. Og að ætla fjmrh. að fara fram hjá lögum og búa til ný fjárlög eftir því sem með þarf frá degi til dags einsamall, það eru völd sem ég vil ekki að séu hjá fjmrh., hvort sem hann heitir Albert Guðmundsson, Ragnar Arnalds eða eitthvað annað. Þess vegna er það sem endurskoðun fjárlaga fer fram svo reglulega og aukafjárveitingar verða þá samþykktar af fjvn. og Alþingi en ekki af fjmrh. einum. Það er líka breyting.

Ég vil nú ekki viðurkenna að hallinn á árinu verði meiri vegna skattalækkana til fyrirtækja. Ég hugsa að hann gæti orðið minni við það að fyrirtæki eru sterk og atvinnugreinarnar eru sterkar og veita þá atvinnutækifæri. Það þýðir fleiri skattgreiðendur og meiri ríkissjóðstekjur. Það segir sig sjálft að ef skattgreiðendum fækkar og fyrirtækin ganga illa, eru fjárvana, þá verður þetta eins og það hefur verið og hefur stefnt í um lengri tíma, að þau eru í sívaxandi skuldasúpu við viðskiptabankana. Það gengur náttúrulega ekki að það sem á að fara til uppbyggingar og endurnýjunar og nýsköpunar á atvinnutækifærum fari í vaxtagreiðslur og fjármögnunarkostnað fyrirtækja. Það gengur ekki, það verður að stoppa, enda held ég að það sé þegar komið vel á veg.

Ég fagna því að hv. 3. þm. Norðurl. v. er sammála þeirri stefnu að skerða framlög til fjárfestingarsjóðanna. Ég veit að hann skilur vel hvað þarna er á ferðinni. Við getum deilt um hvaða sjóði er rétt að skerða og hve mikið, en þetta er það sem hefur verið ákveðið af þeim sem nú fara með fjármálin, svo að við verðum að búa við það væntanlega þetta árið. En að lokum vil ég segja að Kristnisjóður hefur orðið nokkuð illa úti í þeirri lánsfjárlagagerð sem hér er á dagskrá. Ég á von á því að tillaga komi um leiðréttingu við 3. umr.

Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. 11. þm. Reykv. í löngu máli. En ég vil biðja bæði hana og fleiri virðulega þm. að kynna sér hvað innan ramma námslánanna felst, hvað við gætum tvöfaldað marga af þyngstu framkvæmdaflokkunum ef við hefðum þá peninga til framkvæmda í staðinn fyrir til námslána. Ég er ekki að segja að það sé rangt að veita námslán, en ég held að það sé komið út í öfgar og ég mundi nú telja að 400 millj. + 228 millj. væru þó nokkur peningur. Það samsvarar a. m. k. þeirri upphæð sem fer í nokkuð marga framkvæmdaflokka.

Ég vil, virðulegi forseti, enda mál mitt með því að endurtaka þakkir mínar til fjh.- og viðskn. hv. Ed. og þá sér í lagi formanns nefndarinnar.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Augljóst er að allt starf fjh.- og viðskn. hefur

mótast af því að leitast við að halda í skefjum skuldum þjóðarinnar út á við og er ekkert nema gott um það að segja. Sú lánsfjáráætlun og þau lánsfjárlög sem lögð hafa verið fram undanfarið og það starf sem af þeim leiddi mótaðist líka af þessu. Ég hygg að allir séu sammála um, eins og reyndar fram hefur komið í máli manna, að skuldir þjóðarbúsins séu orðnar í hámarki og við megum í því efni vara okkur.

Ég vil taka undir það sem fram kom í máli nokkurra hv. ræðumanna áðan þar sem saknað var fjárhæða vegna skipasmiðjanna í landinu. Ég geri mér fulla grein fyrir því, og vitna þá til orða minna sem ég viðhafði áðan, að halda þarf skuldum þjóðarbúsins í skefjum. Ekki er það of lágt mark, ég skal viðurkenna það, að miða við 60% af þjóðartekjum. Hins vegar getur iðja verið svo mikilvæg að ekki verði undan því vikist að taka til hennar erlend lán. Ég segi þetta vegna skipasmiðjanna í landinu því að ég er þess fullviss að þar er um mjög mikilvægan iðnað að ræða, iðnað sem ekki hvað síst á framtíð fyrir sér vegna hins stóra og myndarlega fiskiskipaflota okkar sem augljóslega þarf gífurlegt viðhald á næstu árum.

En ég geri mér grein fyrir því að fjh.- og viðskn. hefur ígrundað þetta mál vel og hefur vafalaust gert sér að einhverju leyti í hugarlund með hvaða hætti væri hægt að koma til móts við skipasmíðastöðvarnar að þeirri fjárhagsaðstoð frágenginni sem vonir stóðu til að liti dagsins ljós í lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum.

Ég vil aðeins geta hér um annað mál sem drepið var á, þ. e. erfiða fjárhagsstöðu bænda. Ég geri síður ráð fyrir því að menn hafi hugað að erlendri lántöku í því sambandi. Hins vegar hygg ég að ekki hafi verið vanþörf á. Ég skal ekki fullyrða um það, en mér þætti ekki ólíklegt að sú fjáröflun sem óhjákvæmileg er vegna erfiðrar stöðu fjölmargra bænda í landinu kunni að reynast nokkuð erfið en vonandi reynist mögulegt að veita þá aðstoð sem rætt hefur verið um og nauðsynleg er.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um þessi lánsfjárlög. Það er fyrst og fremst hlutverk fjh.- og viðskn.-manna að gera það.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Eg skal ekki flytja langt mál um þetta að öðru leyti stóra og þýðingarmikla mál sem er eitt af stærri málum þingsins sem reglulega er fjallað um á hverju ári. Ég vil aðeins vekja athygli á því, af því að það hefur ekki verið undirstrikað sérstaklega við þessa umr., að við umfjöllun málsins í fjh.- og viðskn. hefur meginstefnunni í fjárfestingarmálum verið haldið. Meginstefnan í þessum málum er fólgin í því að hægja á heildarfjárfestingu í landinu. Á síðasta ári mun heildarfjárfestingin hafa orðið eitthvað í kringum 25%. Ég hef ekki séð lokatölur í því efni en ég hygg að það hafi verið nálægt 25.1% af þjóðarframleiðslunni þegar síðast var áætlað seinni hluta ársins í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni og er ástæða til þess að ætla að heildarfjárfestingin verði eitthvað í kringum 25%. En skv. lánsfjárlögum og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er fyrirhugað að hægja á heildarfjárfestingu um 6.3% og stefna að því að hún verði 23.4% af þjóðarframleiðslu á þessu ári ef þjóðarframleiðslan verður eins og gert er ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Nú heyrist mér að horfur séu á því að þjóðarframleiðslan kunni að verða eitthvað meiri því að skýrt hefur verið frá því að sennilega verði leyft að veiða þó nokkuð af loðnu umfram það sem ráðgert var þegar áætlun var gerð um heildarþjóðarframleiðslu. Ef það gengur eftir án þess að bæta við frekari fjárfestingu sýnist mér að svo gæti farið að heildarfjárfestingin á þessu ári kynni að dragast meira saman, jafnvel verða samtals undir 23% af þjóðarframleiðslu. Það er þó nokkuð verulegur samdráttur þegar tekið er tillit til heildarinnar. Þetta er kannske meginstefnan sem felst í lánsfjárlögunum og fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni.

Nú má auðvitað deila um það hvað eigi að draga mikið úr fjárfestingu. Ég hygg þó að flestir hv. alþm. séu sammála því að eins og sakir standa sé skynsamlegt að draga úr heildarfjárfestingu. Það má auðvitað deila um hvað á gera mikið af því. Þegar um samdrátt er að ræða verða ákaflega mörg álitamál hvert eigi að beina fjármagninu vegna þess að þrengra verður um vik en ef menn væru t. d. að auka á heildarfjárfestingu og má endalaust um það deila á hvað eigi að leggja höfuðáherslu eða hvað eigi að koma á undan öðru.

Um erlendu lánin er það að segja að við árslok 1983 námu þau 60% af þjóðarframleiðslu. Það eru margar ástæður fyrir því hvers vegna erlendar lántökur hafa aukist á undanförnum árum. Ég vil aðeins nefna þrjár.

Í fyrsta lagi höfum við óvefengjanlega lagt gífurkapp á vissar fjárfestingar. Það er alveg sérstaklega á sviði orkumála sem fjárfesting hefur verið mikil. Líklega yfir helmingur af öllum erlendum lánum hefur farið til orkumála. En við höfum alveg sérstaklega lagt áherslu á það á undanförnum árum að flýta fjárfestingu og framkvæmdum við hitaveitur vegna þess að olíuverðhækkanir hafa verið svo miklar að menn hafa séð sér hag í því að flýta þessum fjárfestingum með tilliti til utanríkisviðskiptanna og greiðslujafnaðar við útlönd. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þegar við erum búnir að greiða þau lán sem tekin hafa verið til hitaveitna — yfirleitt stutt lán, 8—10 ára lán, þau lengstu kannske 12 ár — njótum við gífurlegs hagræðis. Þessar framkvæmdir munu vonandi endast um áratugi með tiltölulega litlu viðhaldi. Hér erum við því í raun og veru að standa undir lántökum og greiðslubyrði um tiltölulega skamman tíma til framkvæmda sem koma til með að skila stórkostlegum arði í þjóðarbúið um áratugi. Ástæða er til að undirstrika þetta.

Í öðru lagi vildi ég nefna það sem hefur valdið verulegu um það að erlendu lánin hafa hækkað, þ. e. þróunina á gjaldeyrismörkuðunum. Við höfum tiltölulega langmest af okkar lánum í dollurum. Dollarinn hefur hækkað gífurlega núna á síðustu 2—3 árum. Út af fyrir sig væri fróðlegt að gera athugun á því hvaða þýðingu þetta hefur haft á heildarskuldir okkar í íslenskum krónum til útlána og einnig hvaða áhrif það hefur haft á greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum. Þetta hefur haft talsvert verulega þýðingu.

Nú hefur það hins vegar gerst að fiskistofnarnir hafa reynst miklu veikari en menn töldu að þeir myndu verða fyrir 2—3 árum síðan. Þá var gert ráð fyrir því að við gætum veitt 400—500 þús. tonn af þorski á ári og gífurlegt magn af loðnu eins og menn muna. Þetta hefur breyst. Þó veit maður nú aldrei fyrr en upp er staðið hvað ofan á verður í þessum efnum. Nú er talið að loðnustofninn sé miklu sterkari en við töluðum um fyrir tveimur mánuðum síðan eða varla það. Ég skal ekkert

segja um þorskstofninn, kannske er hann miklu sterkari en menn hafa gert ráð fyrir. Kannske verður meira af Grænlandsþorski á okkar fiskimiðum en gert er ráð fyrir í spádómum fiskifræðinganna en þeir gera einmitt ekki ráð fyrir að þorskur af Grænlandsmiðum komi yfir á okkar mið þannig að margt er í þessu sem erfitt er að spá um. Það var gagnrýnt mjög mikið og kannske réttilega að við ættum 52 loðnuskip sem lægju ónotuð. En hvernig verður þá gagnrýnin nú? Ætli sé ekki gott að grípa til þessa flota nú? Þannig að það eru miklar sveiflur í okkar sjávarútvegi bæði upp og niður og tiltölulega hraðar sveiflur eins og við þekkjum.

Í sambandi við viðmiðanir í þessum málum öllum er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að þær eru breytilegar því að miðað er við þjóðarframleiðsluna sem kannske fyrst og seinast byggist á aflanum. Ég heyrði það að hv. þm. Eiður Guðnason, 5. landsk. þm., ræddi um að hæstv. fjmrh. ætlaði að segja af sér, ef skuldasúpan færi yfir 60% eða eitthvað svoleiðis. (**Gripið fram í:** Ef skattar væru hækkaðir.) Nú, ef skattar væru hækkaðir, ekki ef hlutfallið — (Gripið fram í.) Jú, var það ekki. Mér fannst hann hafa sagt það ef ég heyrði rétt. Þá varð mér hugsað til þess ef loðnan tæki upp á því að synda eitthvað annað allt í einu. (**Fjmrh.:** Og ég með.) Ja, þá er spurningin þessi, hvort fjmrh. slæst í förina. Ég held satt að segja að þær viðmiðanir sem þarna er um að ræða séu það óábyggilegar að erfitt sé að festa hendur á þeim og miða alfarið við þær þó að menn noti þær sem mælikvarða af því að ekkert annað er tiltækt í þessum efnum.

Ég sé að hv. þm. Lárus Jónsson er að benda á klukkuna. Ég veit ekki hvort við höfum átt að fara á fund eða hvað. Ég er ekki vanur að halda langar ræður hér í deildinni en hafði áhuga á því að taka til máls um þetta stóra mál og gera að umræðuefni ýmsa þætti þess sem ég held að sé gott að ræða öðru hverju til að glöggva fyrir sér hvað er að gerast og hvernig framvindan er í þessum efnum.

Sjálfsagt er skynsamlegt að vera, má ég segja, hóflega svartsýnn í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Vissulega eru mörg vandamál sem við þurfum að fást við. Þ. á m. eru vandamál útgerðarinnar og vandamál bændanna en ríkisstj. er að fást við hvort tveggja. Ég vil t. d. benda á að vel kann að vera að við höfum einmitt núna möguleika á að leysa þessi mál að hluta til á þann hátt sem við höfum ekki getað gert fyrir eins og 1—2 árum síðan. En þannig háttar nú til á alþjóðlegum lánamörkuðum að það er gífurlega mikið framboð af peningum og sennilega er hægt að fá lán til allmiklu lengri tíma nú en hefur verið á s. l. svona þremur árum en þau lán sem við höfum tekið hafa verið mjög stutt. Vel getur verið að hægt væri að leysa þessi mál að hluta til án þess að auka við erlendar lántökur en taka heldur lán til lengri tíma og greiða upp þau sem eru til styttri tíma þannig að það hjálpi til við að leysa þessi annars erfiðu mál án þess að auka á erlendar skuldir hvað heildarupphæðina snertir.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mikið. Ég kem hér aðeins út af námslánunum vegna þess að hæstv. fjmrh. gerði þau sérstaklega að umtalsefni áðan í ræðu sinni. Námslánamálin eru mér vel kunnug. Mér er það vel kunnugt að það eru gífurlegar fjárhæðir sem fara í dag í Lánasjóð ísl. námsmanna. En mig langar til að upplýsa hæstv. ráðh. um sögu sjóðsins ef honum er ekki kunnug sú saga, en það er eiginlega samfelld sorgarsaga hvernig hefur farið um þau mál.

Þegar námsmenn leggja til í kringum 1975 að námslánin verði verðtryggð var hugmyndin sú að með verðtryggingu lána gæti sjóðurinn í framtíðinni staðið undir sér sjálfur, hann þyrfti ekki að leita í ríkissjóð eftir fjármagni. Vitaskuld þurfti sjóðurinn ákveðinn árafjölda til að ná því marki. Það sem síðan gerist er að í staðinn fyrir að veita til sjóðsins fé á fjárlögum er sjóðurinn látinn taka erlend lán til að standa undir skuldbindingum sínum. Og það er fjármagnskostnaður við þessi erlendu lán, sem sjóðurinn hefur orðið að taka, sem er þyngstur á metunum í þeirri fjárhæð sem til sjóðsins fer. Mig langaði aðeins til að minnast á þetta vegna þess að saga þessa sjóðs er í rauninni skólabókardæmi um ranga beitingu fjármagns.

ATKVGR.

Brtt. 334,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 334,2 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 334,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 334,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
7.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 11:7 atkv.
17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 11:7 atkv.
19.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 334,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
23.—26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 334,6 (ný gr., verður 27. gr.) samþ. með 11:1 atkv.
27. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 334,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
28. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
29.—32. gr. (verða 30.—33. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 50. fundur.

Mánudaginn 13. febr., að loknum 49. fundi.

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 346). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur orðið sammála um að flytja hér eina brtt., þ. e. að hækka töluna þar sem fjallað er um Kristnisjóð, sem kom hér til umr. áðan, úr

1 600 000 í 2 500 000. Leggjum við þessa brtt. fram skriflega.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 348) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 348 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 45. fundur.

Mánudaginn 13. febr., að loknum fundi í Sþ.

Umræður utan dagskrár.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum um að vera stuttorður. Þetta er orðin löng og æði slitrótt umr. og hefur farið svolítið illa vegna fjarvista ráðh. og annarra sem hér eiga hlut að máli. Hún hófst með spurningum um frjálsa samninga og beiðni um skilgreiningu á þeim vegna ummæla ýmissa ráðh. Hæstv. forsrh. hefur í raun svarað því sem þá var spurt um á þann hátt að hann hefur við ýmis tækifæri ítrekað bæði skilning sinn á frjálsum samningum og fylgi ríkisstj. þar við og minnt Sjálfstfl. á hvað frelsi og ábyrgð þýðir í þessu efni. Ég mun því ekki fara þar fleiri orðum um þótt örugglega sé þar ýmsa hluti að finna.

Aðrar spurningar vörðuðu aðildarmál ÍSALs að Vinnuveitendasambandi Íslands. Þar kom hæstv. iðnrh. mjög kröftuglega við sögu. Ég ætla ekki að elta ólar við ummæli hans ýmis. Ég ætla einungis að draga fram atriði sem ég tel að sé ástæða til að vekja athygli á. Komið hefur fram í máli hæstv. ráðh. að íslenskt forræði í samningamálum ÍSALs sé aðalrökstuðningur stjórnarinnar fyrir því að ISAL gerist aðili að VSÍ. Þá vakna spurningar eins og þessar: Hvers vegna kom þá frumkvæði frá ÍSAL? Er ÍSAL að hafa þar vit fyrir íslenskum stjórnvöldum? Hafa íslensk stjórnvöld þakkað ÍSAL fyrir þessa áminningu?

Maður gæti líka spurt sig: Hvert er þá forræðið núna? ÍSAL er ekki gengið í VSÍ og gerðir verða samningar. Hvert er umboð þeirra sem þar semja? Eru þeir strengbrúður sem stýrt er frá Sviss? Svona mætti spyrja ýmissa spurninga.

Ég ætlaði líka að vekja athygli á ummælum hæstv ráðh. vegna kaups og kaupkrafna þeirra ÍSALs-manna. Það er kapítuli út af fyrir sig. Veifað var upplýsingum um 30—40 þús. kr. laun. Gerð hefur verið grein fyrir því á öðrum vettvangi hvað hið rétta er í þessum efnum. Ég tel það ámælisvert að menn fari svo gáleysislega með staðreyndir sem gert var í umr. fyrir hálfum mánuði. Sömuleiðis var rætt um gífurlegar kröfur um hækkanir, allt að 40% hækkanir. Þá er fróðlegt að skoða gögn frá samninganefnd starfsmanna ÍSALs. Þar kemur fram að þessi svokallaða 40% krafa, sem fjölmiðlar hentu mjög á loft og reyndar ríkisstjórnin, er orðrétt þannig sett fram í gögnum frá samninganefnd starfsmanna ÍSALs í sumar, með leyfi hæstv. forseta:

„Samið verði um launahækkanir sem feli í sér að kaupmáttur launa 1. okt. 1983 verði eigi lakari en hann var að meðaltali 1982."

Þetta eru sem sagt hinar almennu kröfur sem verkalýðshreyfingin setti fram í sumar. Það er hins vegar reikningskúnst ríkisstj. og VSÍ og mat þeirra aðila á því hvernig launum og lífskjörum hefur hrakað í þessu landi ef þeir telja að 40% launahækkun þurfi til að mæta þessu áfalli.

Sömuleiðis kemur fram í fréttatilkynningu frá samninganefnd verkalýðsfélaganna að á fyrsta fundi í des. lagði nefndin fram hugmynd að bráðabirgðasamkomulagi sem fyrsta áfanga til kjarabóta. Tillagan um bráðabirgðasamkomulag fyrir áramót fól í sér í fyrsta lagi að samið yrði um 4—6% kauphækkun, en það er einmitt sá rammi sem hæstv. ríkisstj. gaf út og vildi að samið yrði innan á sínum tíma. Þetta er nú allt offorsið og þetta er nú heimtufrekjan þar fyrir sunnan. Ég tel nauðsynlegt að þessar upplýsingar komi fram í þessari umr. Að öðru leyti mun ég verða við óskum hæstv. forseta um að lengja þessa umr. ekki úr hófi.

Lán vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:5 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 164, n. 238, 254 og 321, 239, 248, 251, 253, 322). — Frh. 2. umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Margt gera alþm. skemmtilegra en ákveða skatta á þjóðina en samt sem áður er það óhjákvæmilegt verk og undan því verður ekki vikist. Það er hins vegar álitamál hvert á að vera form skattheimtunnar á hverjum tíma. Ríkið þarf tekjur, félagslegar framkvæmdir og þjónusta verða ekki greiddar nema með peningum. Að mínum dómi er tekjuskattur eðlileg leið til skattheimtu. Hann er réttlátari en margar aðrar leiðir sem til greina koma vegna þess að tekjuskatturinn getur haft og á að hafa áhrif til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu þannig að þeir beri byrðarnar sem fremur geta það.

Í þessari umr. hefur ríkisstj. og stjórnarflokkunum verið legið á hálsi fyrir það að létta heldur skatta á félögum. Því er til að svara að atvinnureksturinn í landinu verður náttúrlega að skrimta. Ef við stöðvum hjól atvinnulífsins hleypum við öllu í strand. Þá er ekki svo gott að ýta á flot aftur.

Menn hafa verið að deila hér um þegar þetta mál var bæði til 1. umr. og 2. umr. hvort tekjuskattsinnheimtan í ár sé há eða ekki. Mér finnst að ekki þurfi að deila um það. Tekjuskattsbyrðin þyngist á hærri tekjum og sem betur fer á mörgum gjaldendum. Hins vegar léttist tekjuskattsbyrðin vitund á lægri tekjum miðað við fyrra ár. Það er liður í þeirri kjarajöfnunarstefnu sem ríkisstj. vill marka.

Betra hefði verið að geta létt þessa skattbyrði enn meir af lægri og meðaltekjum og hækka skattleysismörk enn. En eins og ég sagði áðan þarf ríkið sitt. Ég geri ráð fyrir að skattgreiðendur telji, þegar að því kemur að borga, að tekjuskattar séu nógu háir í ár. En sem stjórnarliði fyrirverð ég mig ekki fyrir það og vísa til tekjujöfnunaráhrifanna.

Það sem mér þykir hins vegar ástæða til að fyrirverða mig fyrir er að við skyldum asnast til þess að sleppa sveitarstjórnum, svo sem borgarstjórn Reykjavíkur á skattborgarana með því frelsi sem þær hafa nú fengið til ákvarðana á gjaldskrám og útsvari. Auðvitað stórhækka útsvör milli ára og ég held að gjaldendur megi illa við því. Það er verulegt áhyggjuefni þegar ákvarðanir sumra sveitarfélaga — svo sem eins og borgarstjórnar Reykjavíkur sem ákveður útsvarsprósentu sem er miklu hærri en í fyrra þar sem hún verður greidd með verðmeiri krónum — að ákvarðanir sveitarfélaga skuli ekki vera í neinu samræmi við markaða stefnu ríkisstj. Mér finnst að hart sé til þess að vita þegar sumar sveitarstjórnir og fyrirtæki sveitarfélaganna misnota þannig frelsi sem við illu heilli gáfum þeim á sínum tíma. Það er það sem veldur mér áhyggjum en ekki hitt að tekjuskattsálagning á þessu ári sé í neinn máta óeðlileg.

Guðrún Agnarsdóttir: Ég leyfi mér að mæla hér fyrir brtt. við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum. Meðflm. mínir eru hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Einarsson, Kjartan Jóhannsson og Svavar Gestsson.

Brtt. þessari er ætlað að auka við heimildarákvæði til lækkunar á tekjuskattsstofni. Þau ákvæði fjalla almennt um þá sem vegna aldurs, sjúkleika, eignatjóns eða verulega skerts gjaldþols geta ekki staðið undir skattbyrðum sínum, og er þessa nú mikils þörf þegar litið er til atvinnumála þjóðarinnar. Ég ætla að leyfa mér að lesa 66. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni.

Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómi eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans."

Brtt. er þá svohljóðandi, að aftan við 2. gr. komi ný grein er verði 3. gr. og orðist svo, þ. e. í breyttum lögum:

„Aftan við 6. tölul. 66. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 21/1983) komi nýr tölul. sem orðist svo:

7. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests eða af öðrum skyldum orsökum."

Brtt. þessi er flutt vegna erfiðleika þeirra sem fólk lendir í þegar launatekjur milli ára lækka verulega. Lög um tekju- og eignarskatt taka nú ekkert tillit til aðstæðna fólks þegar svo stendur á að raunvirði launanna lækkar verulega milli ára án þess að fyrri liðir 66. gr. eigi við.

Við núverandi efnahagsástand má búast við að fjölmargir launamanna lækki verulega í rauntekjum milli ára og verði ókleift að mæta þeirri skattbyrði sem á þá er lögð. Má í þessu sambandi taka dæmi af sjómanni á aflaskipi sem haft hefur verulegar tekjur á þessu ári en þarf að hlíta kvótaskiptingu samfara verulega lægri tekjum á næsta ári. Einnig má minna á landverkafólk sem horfir upp á aflabrest og tekjurýrnun og mögulegt atvinnuleysi.

Meðan staðgreiðslukerfi skatta hefur ekki komist á verður ekki hægt að komast hjá sveiflum sem þessum. Vandi þessi er ekki nýr og hafa margir einstaklingar og fjölskyldur orðið fyrir honum. Hinar miklu samdráttaraðgerðir sem gripið hefur verið til upp á síðkastið kunna að leiða til þess að þetta tillitsleysi laganna við raunverulegar aðstæður bitni á enn fleirum en áður hefur gerst. Þess vegna er þessi brtt. flutt.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Reykn. gerði hér á dögunum grein fyrir áliti okkar í minni hl. fjh.- og viðskn. á því frv. sem hér um ræðir í nokkuð ítarlegu máli og hef ég þar ekki miklu við að bæta fyrir mitt leyti. Ég ætlaði aðeins að víkja hér að tveimur efnisatriðum.

Það er þá í fyrsta lagi varðandi þá till. meiri hl. sem lýtur að birtingu skattskráa. — Nú væri það betra, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. væri í salnum þegar verið er að ræða hér um tekju- og eignarskatt. Ég óska eftir því að hann verði kallaður hingað inn áður en lengra er haldið.

Áður en hæstv. ráðh. kemur vil ég aðeins víkja að öðru atriði sem snertir útsvarsmálin. Hv. 2. þm. Norðurl. v. orðaði það þannig, að sveitarfélögin hefðu misnotað það frelsi sem þeim „illu heilli var gefið". Nú er það svo að sá sem gaf sveitarfélögunum þetta frelsi illu heilli, að mati formanns þingflokks Framsfl., er hæstv. núv. félmrh. og ríkisstj. Það er ekki nýtt að framsókn hafi a. m. k. tvær skoðanir á hverju máli, oft miklu fleiri, stundum allar samtímis, en fróðlegt væri engu að síður að fá um það fréttir hvernig þessu víkur við hjá hæstv. félmrh., hvort uppi eru um það áform í Framsfl. að taka þetta frelsi af sveitarfélögunum sem hann illu heilli hefur veitt þeim, svo ég vitni enn í hv. þm. Pál Pétursson.

Það er alveg ljóst að sveitarfélögin hafa nýtt álagningarheimildir langt umfram það sem gert var ráð fyrir af hæstv. ríkisstj. þannig að útsvarsálagning á þessu ári er mörg hundruð millj. kr., líklega einar 500—600 millj. kr., umfram það sem vera ætti, miðað við ef menn vildu halda óbreyttu greiðsluhlutfalli á árinu 1984 og var á árinu 1983. Það er sem sagt undir forustu íhaldsins hér í Reykjavíkurborg og í landsstjórninni verið að hækka skattabyrði á landsmönnum, sérstaklega Reykvíkingum, þvert ofan í þau fyrirheit, sem kosningaáróðursmenn íhaldsins gáfu fyrir kosningar um að þeirra stjórn hér á borginni m. a. og á landinu líka, en forseti

borgarstjórnar Reykjavíkur er nú fjmrh., mundi hafa í för með sér lækkun á sköttum. En það liggur fyrir að ekkert er að marka það sem forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, núverandi fjmrh., og borgarstjórinn í Reykjavík, Davíð Oddsson, segja þegar kemur að málum eins og þessum. Þeir hika ekki við að stórhækka greiðslubyrði, stórhækka skattana frá því sem var. — Eitthvað hlýtur þetta nú að koma illa við þá þm. Sjálfstfl. sem lofuðu því fyrir síðustu kosningar að það ætti að afnema alveg skatta. Einn af þeim, sem situr yfirleitt hér í salnum, en er núna fjarverandi, hefur boðað forföll, lýsti því yfir hvað eftir annað í síðustu kosningabaráttu að beina skatta ætti að leggja niður eins og þeir legðu sig. Ég hef enga till. séð frá þessum þm. um það enn þá, en ég ætla að ræða það við hann þegar hann kemur næst í salinn.

Það er m. ö. o. greinilegt að íhaldið undir forustu Alberts Guðmundssonar og Davíðs Oddssonar er að hækka skattana gagnstætt því sem þessir menn lofuðu. Það er svo sem engin ástæða til að kippa sér upp við það þó þessir menn svíki loforð, þeir eru vanir því, en nokkuð fróðlegt er fyrir almenning að horfa á hvernig þessir menn haga sér þegar þeir fá að ráða einhverju. Er hæstv. fjmrh. nokkuð að koma? (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er upptekinn í umr. í Ed., en ég hef gert ráðstafanir til þess að hann komi hingað strax og hann losnar úr umr. í Ed.) Já, ég ætla að víkja hér að tveimur öðrum efnisatriðum engu að síður. Ég vona að hæstv. ráðh. komi fljótlega.

Það fyrra er varðandi málefni aldraðra sérstaklega. Á síðasta þingi flutti hæstv. fjmrh., þá þm. hér, ásamt hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni frv. til l. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt sem gerði ráð fyrir alveg sérstökum ívilnunum til handa öldruðum. Þetta frv. var til umræðu á síðasta þingi, þ. e. 1982—1983, og var samþ. á Alþingi þann 9. mars 1983 eða skömmu áður en þm. héldu heim og í kosningabaráttuna. Þarna var gert ráð fyrir að komið yrði mjög verulega til móts við aldraða skattgreiðendur. Ég man eftir að um þetta frv. urðu hér mjög miklar deilur. M. a. man ég eftir því að hv. þm. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm., gagnrýndi þá aðferð sem uppi var höfð í þessu frv. En það varð sem sé að lögum eftir nokkuð miklar umr. hér. Nú hefur hv. 3. landsk. þm., Guðrún Agnarsdóttir, mælt fyrir till., sem ég flyt ásamt henni og fleiri þm., um að komið verði til móts við aldraða einstaklinga. Við þær aðstæður sem nú eru er það alveg sérstaklega brýnt. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að átta sig á því, að í þeirri miklu rauntekjulækkun sem nú hefur orðið hjá fólki er það þannig, að hækkunin á skattgreiðslum frá desember- til febrúarmánaðar vegna 63% fyrirframtöku á gjöldum er eiginlega alveg óbærileg hjá mjög tekjulágum einstaklingum. Þetta er þannig fólk að það greiðir skattana sína fyrst af öllum, það vill gera skil við opinbera aðila, þannig að þar sé um að ræða hreint borð.

Nú hafði mér komið til hugar að koma þannig til móts við þetta fólk að flytja hér till. sem gengur út á að framtöl þess verði tekin til sérstakrar athugunar og fyrirframgreiðsla þess endurmetin með tilliti til líklegrar álagningar á árinu 1984. Vandinn er hins vegar sá, að þegar þetta endurmat hefði farið fram væri þetta fólk hugsanlega búið að greiða tvær til þrjár fyrirframgreiðslur samkvæmt þeirri álagningu sem þegar liggur fyrir. Þess vegna kemur þessi aðferð, sem mér hafði komið til hugar, fólkinu ekki að fullum notum. Í framhaldi af því hafði ég hugsað mér að leggja til við hæstv. fjmrh. að hann lýsti því yfir við umr. á Alþingi að skattstjórum væri gert að skyldu að beita sér fyrir að farið yrði yfir fyrirframgreiðslur þessa fólks sérstaklega þegar í stað, burtséð frá framtölunum sem slíkum, og reyna að kanna og meta í hverju tilviki hvort hér væri um að ræða upphæð sem er óbærilegt fyrir þetta fólk að greiða. Satt að segja hef ég hitt að máli þó nokkurn hóp af þessu fólki hér í Reykjavík og ég veit að eins er ástatt víðar í landinu. Þetta fólk kveinkar sér sáran undan því að þurfa að borga hækkun gjalda frá því í desember og fram í febrúar. Ég vil fara fram á það við stjórnarliðið, bæði hv. þm. Friðrik Sophusson og hv. þm. Pál Pétursson, sem stýra fjh.- og viðskn. Nd., að þeir hugleiði mjög vandlega hvort þarna er ekki unnt að koma við aðgerðum með þeim hætti að greiðslan á fyrirframgjöldunum verði þessu fólki ekki óbærilega þung og þannig verði frá málunum gengið að það verði ekki vanskilamenn með þessar sínar greiðslur. Sums staðar er mjög snúið að koma þessu við, eins og t. d. úti á landi þar sem framtalsfrestur er miklu lengri en hjá okkur í þéttbýlinu. Þess vegna yrðu að gilda um þetta nokkuð aðrar reglur en ég hafði látið mér detta í hug í öndverðu. Því hafði ég hugsað mér að fara fram á við hæstv. fjmrh. að hann léti koma fram hvaða skoðun hann hefði á þessu máli, hvort hann væri tilbúinn að lýsa yfir að það yrði farið sérstaklega yfir fyrirframgreiðslur þessa fólks og reynt að meta í hverju einstöku tilviki hvort ætla má að fyrirframgreiðslan sé greiðslugetu þess ofviða.

Hitt málið er líka eiginlega tilgangslítið að ræða nema hæstv. fjmrh. sé hér inni, en ég ætla þó að nefna það. Það snertir 4. brtt. meiri hl. á þskj. 322, en meiri hl. leggur til heimild eins og þar stendur:

„Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta".

Þessi setning, sem gert er ráð fyrir að komi aftan við 2. málsgr. 98. gr. skattalaganna, er nákvæmlega samhljóða stjfrv. sem flutt var á síðasta þingi um birtingu skattskráa. Það frv. var flutt þá vegna þess að tölvunefnd hafði úrskurðað að óheimilt væri að birta álagningarskrá og skattskrá og þess vegna væri nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það í skattalögunum. Tölvunefnd hefur litið svo á að óheimilt væri að birta álagningarskrár eða svokallaðar skattskrár með þeim hætti sem gert hefur verið mörg undanfarin ár en féll niður eftir að skattalög voru afgreidd á Alþingi. Ég held það hafi verið 1980. Fyrrv. ríkisstj. flutti þess vegna stjfrv. um að það væri heimilt að birta álagningar- og skattskrár og í aths. hennar við lagafrv. um það efni segir svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði um framlagningu á skattskrá hafa verið í lögum hér á landi frá því fyrst voru sett almenn lög um tekjuskatt á árinu 1921. Þessi ákvæði hafa jafnan verið skýrð þannig í framkvæmd að heimil væri opinber birting á upplýsingum þeim er fram koma í skattskrá, og um áratuga skeið hafa þessar skrár í ýmsum sveitarfélögum verið gefnar út og verið fáanlegar almenningi. Í nóvember s. l. komst tölvunefnd hins vegar að þeirri niðurstöðu að sá aðili sem gefið hefur út þessar skrár í Reykjavík á undanförnum árum hefði ekki rétt til

slíkrar útgáfu vegna gjaldársins 1982. Byggði nefndin afstöðu sína á ákvæðum laga nr. 63/1981, 98. gr. laga nr. 75/1981 og 37. gr. laga nr. 73/1980. Þessi úrlausn tölvunefndar orkar tvímælis að mati fjmrn.", stendur í grg. þáv. ríkisstj. „Ótvírætt er að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar í heild er til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og gegnir slík birting því að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Er mikilvægt að sá aðgangur sem almenningur hefur haft að upplýsingum úr skattskrám á undanförnum árum verði ekki þrengdur og þar með tekið fyrir þá umræðu um skattamál er gjarnan fylgir birtingu þessara upplýsinga."

Ég tel að það hafi komið fram í umr. um þessi mál á Alþingi að verulegur hluti þm. var þeirrar skoðunar að rétt væri að birta álagningarskrár með öllum þeim fyrirvörum sem hafa ber við þær vegna þess að kærur hafa ekki verið sendar inn og alls konar skekkjur liggja fyrir. Ég held hins vegar að þessi till., sem hér kemur frá meiri hluta fjh.- og viðskn. og hv. þm. Friðrik Sophusson mælti fyrir hér á dögunum, sé út af fyrir sig skýr svo langt sem hún nær og ég vil túlka hana með þeim hætti sem gert er í grg. með stjfrv. sem lagt var fram í fyrra, þ. e. að verði þessi brtt. samþ. sé heimilt að birta álagningarskrár á komandi sumri við útkomu tekju- og eignarskatts og auðvitað síðan í framhaldi af því skattskrár eftir að leiðréttingar liggja fyrir. Ef hv. þm. Friðrik Sophusson, hv. þm. Páll Pétursson og hæstv. fjmrh. telja að þessi túlkun af minni hálfu sé ekki rétt, hún gangi í raun og veru of langt og þess vegna sé röng sú túlkun sem kemur fram í grg. með stjfrv. sem ég las hér áðan, mundi ég telja óhjákvæmilegt að flytja brtt. við brtt. meiri hl. þar sem skýrt kæmi fram að heimilt væri að birta ekki aðeins skattskrá heldur einnig álagningarskrá þegar niðurjöfnun er lokið í viðkomandi byggðarlagi. Þá mætti orða till. þannig: Heimil er birting á þeim upplýsingum um álagningu skatta og endanlega skatta sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta. — Þannig séu tekin í orðalaginu af öll tvímæli um að ekki sé einasta heimilt að birta endanlega skatta, heldur einnig álagninguna þegar hún liggur fyrir.

Ég tel að óhjákvæmilegt sé áður en þessari umr. er lengra fram haldið að fá svör hæstv. fjmrh. og forustumanna stjórnarliðsins hér í hv. deild við þeim spurningum sem ég hef borið hér fram. Það er í rauninni ekki hægt að hafa svona umr. gangandi öðruvísi en að þessir menn séu viðstaddir, sérstaklega auðvitað hæstv. fjmrh. Ég veit að hann er bundinn í Ed., en þá þýðir það ósköp einfaldlega að umr. hér getur ekki gengið áfram og henni verður að fresta.

Hæstv. fjmrh. hefur beðið mig um að greiða fyrir því að svo miklu leyti sem ég get það að umr. um tekju- og eignarskatt gangi sem rösklegast fyrir sig og ég ætla ekki að setja á langar ræður um þá skattheimtu sem nú er að ganga hér fram af hálfu stjórnarliðsins, þessa kjarajöfnunarstefnu. Það var satt að segja yfirgengilegt að heyra það orð úr munni hv. þm. Páls Péturssonar, sem er að leggja til að lækka skatta hér á fyrirtækjunum í stórum stíl. Það er kjarajöfnun Framsfl. þessa dagana. Ég ætla ekki að fara að ræða það við hv. þm. Pál Pétursson, ég get gert það síðar, enda hafði fjmrh. beðið um að málum yrði flýtt. En hér hef ég nefnt tvö efnisatriði og ég verð að fá einhver svör við þeim áður en lengra er haldið, þannig að ef hæstv. fjmrh. er enn ekki tilbúinn að koma í salinn verð ég að biðja um orðið einu sinni enn, hæstv. forseti.

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir): Vegna beiðni hv. þm., þá er ég að láta athuga hvað langt líður þangað til hæstv. fjmrh. getur verið viðstaddur þessar umr. í Nd. En næstur á mælendaskrá er hv. 5. þm. Reykv.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs af gefnu tilefni, vegna ummæla hv. 2. þm. Norðurl. v. hér áðan um skattbyrði, og þá sérstaklega þau orð sem hann hafði um fyrirsjáanlega aukna skattbyrði vegna útsvarsálagningar sveitarfélaga. Eins og menn tóku eftir deildi hv. þm. á sveitarstjórnarmenn, ekki síst borgarstjórn Reykjavíkur, fyrir að hafa ekki í verki metið efnahagsaðstæður í þjóðfélaginu með þeim hætti að þeir reyndu að haga útsvarsálagningunni þannig, að greiðslubyrði beinna skatta í heild færi ekki hækkandi. Þetta var út af fyrir sig athyglisvert og getur skipt verulegu máli. Hv. þm. harmaði það að stjórnarmeirihlutinn hefði heimilað sveitarstjórnarmönnum að ráða einir gjaldskrám sínum með þessum hætti. Af þessu tilefni vil ég beina því til hans og sömuleiðis annarra nm. í fjh.- og viðskn., sem og félmn., hvort ekki er enn tími og tækifæri til að grípa hér í taumana.

Eins og kunnugt er liggur enn fyrir Alþingi frv. til l. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 149. mál. Það hefur verið afgreitt frá félmn. Ed. þar sem n. mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Ef ég veit rétt þá er þetta mál í höndum félmn. Nd. nú. Nú er spurningin hvort ekki er tækifæri til að grípa hér í taumana í n. og síðar meir í umfjöllun þingsins út af þessu máli. Það er nefnilega álitamál hvort sú pólitík var rétt hjá sveitarstjórnarmönnum að lækka útsvarsprósentuna sem slíka, eins og t. d. var gert í sumum tilvikum þegar útsvarsprósentan er lækkuð frá því sem hún getur verið í hámarki með undanþáguákvæði niður fyrir kannske 10% eða niður í 9.5%. Spurningin er hvort það er ekki á valdi Alþingis enn að grípa hér í taumana með þeim hætti að hækka það sem við gætum kallað „útsvarsfrelsismörk". Með öðrum orðum að klippa neðan af útsvarsálagningunni.

Ég segi þetta alveg af sérstöku tilefni. Um s. l. helgi var haldin hér í borg ráðstefna á vegum félagssamtaka sem heita Samhygð um efnið: „Er fátækt á Íslandi? — Hvað er hægt að gera strax." Það sem var athyglisvert við þessa ráðstefnu var að þar var ekki hvað síst saman komið það fólk sem sjálft er í daglegu návígi við þessa örbirgð. Þar var m. a. talsverður hópur einstæðra foreldra, sem lögðu á borð með sér í vinnuhópum launaseðla sína, fólk með raunverulegar heimilistekjur jafnvel á bilinu 11—15 þús. kr. Mér sýndist samkv. þeim upplýsingum sem þarna voru gefnar um láglaunafólkið, sem nú lepur dauðann úr skel og er ekki lengur þess umkomið að framfleyta sínum fjölskyldum, að það beri útsvar, verulegt útsvar jafnvel þegar um er að ræða slíkar hungurtekjur. Síðan koma til einhverjar milligreiðslur eins og bótagreiðslur almannatrygginga. Þá hverfa þeir vegna þess að hér er um að ræða útsvarsskyldar tekjur. Flestir foreldrar þekkja það að jafnvel af lítilfjörlegum sumartekjum barna kemur a. m. k. útsvarsgreiðsla.

Ég hef reyndar aðrar upplýsingar, frá starfsmanni

sem starfar við launabókhald og launagreiðslur í fjölmennu láglaunafyrirtæki, og hann kemst að sömu niðurstöðu: að ef menn vilji í alvöru kanna það að fara skattaleiðina til að mæta þessu fólki, þá sé ekki hvað síst nauðsynlegt að fara þá leið sem ég er að gera hér að umtalsefni, að klippa neðan af útsvarinu, að hækka útsvarsfrelsismörkin. Sú aðgerð mundi e. t. v. koma flestu þessu fólki að mestu raunverulegu gagni.

Hitt er svo á að líta, að verði þessi leið farin, að tekjur t. d. að upphæð 15 þús. kr. á mánuði eða 180 þús. kr. árstekjur verði gerðar útsvarsfrjálsar og kannske samsvarandi mörk, þ. e. útsvarsfrelsismörk tengd framfærslubyrði og tekjum, þá kann að koma upp vandamál sem snertir mjög aðra till. um tekjuskatt. Það er kannske aðalatriði þessa máls. Ég minni á þá till. sem við Alþfl.- menn höfum flutt í tvígang á þessu þingi og reyndar oftar áður og varðar meðferð á svokölluðum ónýttum persónuafslætti til tekjuskatts. Þá á ég við það, að upp getur komið sá árekstur, ef sú leið verður farin að hækka útsvarsfrelsismörk, að ónýttur persónuafsláttur, meðan hann er ekki útborganlegur, þó um lága tekjuskattsupphæð kynni að vera að ræða, nýttist ekki skattgreiðendum heldur félli til ríkisins.

M. ö. o., ef menn vilja fara þessa skattaleið þá tel ég að það væri mjög nauðsynlegt, ekki síst fyrir þá félmn. sem nú hefur þetta mál til afgreiðslu sem og við lokaafgreiðslu þessa skattamálafrv., að kanna það, hvort raunhæfasta leiðin væri ekki sú að tengja þetta tvennt saman: að hækka útsvarsfrelsismörk og því næst að taka upp þetta form neikvæðs tekjuskatts sem við Alþfl.- menn höfum lagt fram till. um. Þær eru þá í því fólgnar, alveg eins og tekjuskattur á að fara stighækkandi eftir tekjum upp á við, að það fólk sem er neðan við þessi mörk fái, í stað þess að greiða skatt, raunverulega útborgaðan neikvæðan tekjuskatt. Þar með erum við að nálgast það að skilgreina einhvers konar lágmarksafkomutryggingu.

Menn kunna auðvitað eins og venjulega að spyrja að því, er varðar útsvarsleiðina, hækkun á útsvarsfrelsismörkum, hvernig á að bæta sveitarfélögunum upp þennan tekjumissi? Nú er auðvitað ljóst að það er orðið of seint að fara þá leið, sem kannske hefði verið æskilegust, að sveitarfélögin væru frjáls að því að leggja á þá útsvarsprósentu sem þau vilja, jafnvel að hækka hana á hærri tekjur, gegn því að fara þessa leið að klippa neðan af útsvarsálagningunni eða hækka útsvarsfrelsismörkin. Það er kannske ekki lengur raunhæf leið. En þá er að kanna það, hversu stóran hlut í tekjustofnum sveitarfélaga hér er raunverulega um að ræða. Um það hef ég því miður ekki upplýsingar, en ég hygg að það ætti ekki að vera mjög erfitt að afla þeirra. En ef spurt er hvaða leið við viljum fara í því efni, þá liggur fyrir okkar till. Við teljum að tekjujöfnunaráhrif af þessum aðgerðum yrðu til mikilla muna meiri en að fara t. d. þá leið sem felst í niðurgreiðslu á búvöruverði. Við höfum m. ö. o. lagt það til og bent á þá leið, að lækka verulega þá upphæð sem varið er á fjárlögum til almennra niðurgreiðslna og koma öllum til góða, ekki síst tekjuháu fólki, og verja hluta af því fremur til að standa undir millifærslum af þessu tagi, sem mundu koma milliliðalaust betur að gagni þeim sem nú búa við raunverulega neyð.

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir): Vegna beiðni hv. 3. þm. Reykv. vil ég upplýsa það, eins og áður hefur fram komið, að hæstv. fjmrh. er bundinn við umr. í Ed. og óvíst hve lengi það verður. En ég mun gera ráðstafanir til að þessari umr. ljúki ekki fyrr en hv. 3. þm. Reykv. hefur fengið tækifæri til að fá svör við sínum spurningum.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Ég ætla eins og fleiri að bíða með hluta ræðu minnar ef svo kynni að fara að hæstv. fjmrh. kæmi í salinn.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur þegar gert grein fyrir afstöðu minni hl. í fjh.- og viðskn. til þessa frv. Það er náttúrulega margt um það að segja. Ég vil t. d. minnast á að nýlegar upplýsingar um afkomu almennings í þessu landi renna ekki beinlínis stoðum undir að fólkið í landinu eigi að bera hærri jaðarskatt en fyrirtækin. Ég legg mikla áherslu á að brtt. Guðrúnar Agnarsdóttur og fleiri nái fram að ganga. Það er mikilvægt að hafa ljósa heimild til að bregðast við skertu gjaldþoli. Nú berast á hverjum degi upplýsingar um stórkostlegra atvinnuleysi og meiri örbirgð en nokkru sinni fyrr. Þetta atvinnuleysi ásamt breytingum á afla mun vafalaust valda því að fjöldi fólks mun eiga í miklum erfiðleikum með að greiða skattana sína, þannig að ég held að brtt. hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur eigi endilega að ná fram að ganga.

Í framhaldi af því sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talaði um vil ég segja að nú fer saman að það berast á hverjum degi upplýsingar um innreið örbirgðar á Íslandi og Alþingi er um leið að fjalla um skattamál. Þó að vísu sé takmarkað hve hægt er að beita skattakerfinu til að hjálpa þeim sem allra verst hafa kjörin held ég að bæði nefndir Alþingis og deildir ættu virkilega að nota tækifærið til að gera þær breytingar sem hægt er að gera á skattakerfinu til að bæta hag þessa fólks.

Það er kannske ekki þinglegt að grautast mikið í skattamálum núna þegar langt er liðið fram á árið 1984, en það er ekki heldur þinglegt að horfa upp á það sem virðist vera að gerast og upplýsingar berast um á hverjum degi án þess að þing reyni á nokkurn hátt að bregðast við.

Ég hafði íhugað fleiri atriði sem ég vildi vekja máls á, en mun bíða þess að hæstv. fjmrh. gangi í salinn.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Vegna fsp. frá hv. 3. þm. Reykv., sem reyndar var beint fyrst og fremst til hæstv. fjmrh., en jafnframt til okkar hv. þm. Páls Pétursson varðandi túlkun á síðustu brtt. á þskj. sem við flytjum brtt. á, þá er það rétt, sem fram kemur hjá honum, að orðalagið er það sama og í frv. sem flutt var á 105. löggjafarþinginu, þ.e. þinginu 1982-1983. Ég hygg að það sé alveg ljós túlkun þessa ákvæðis að eingöngu sé um að ræða skattskrá, en skilgreining á því hugtaki mun vera sú að það sé skrá sem verður til eftir að kærufrestur er útrunninn. Reyndar varð sú breyting á með þeim lögum sem sett voru 1981 um tekjuskatt og eignarskatt að horfið var frá því ráði að gefa út álagningarskrár. Í stað þess var birt svokölluð skattskrá, en það er sú skrá sem búið er að leiðrétta eftir að kærufrestur hefur runnið út.

Á sínum tíma urðu miklar umr. um þessi mál. Þótti þá rétt að gefa aðeins út skattskrá vegna þess hve gífurlega margar kærur koma fram og oftsinnis gerist

það að menn lækka verulega í sköttum eftir að kærufrestur er liðinn.

Þannig má benda á að stundum er um áætlanir að ræða og eftir að kærufrestur rennur út breytast tölur mjög mikið. Man ég dæmi þess að birt var álagningarskrá þar sem efsti gjaldandi í einu sveitarfélagi reyndist eftir að kærufrestur rann út vera einn af þeim tekjulægri, enda hafði framtal ekki fundist og áætlaðar tekjur voru lagðar til grundvallar skattálagningunni. Í öðru lagi gerist það oftsinnis að ekki koma fram nægilega snemma ýmsar upplýsingar, t. d. varðandi tekjur af atvinnurekstri, sem eiga að koma fram í skattskrá, og koma fram mjög mörg tilvik þess efnis að við skatt bætist talsvert eftir að álagningu lýkur.

Þetta held ég þess vegna að sé skilningur á því ákvæði sem um er að ræða, en það er brtt. í lið nr. 4 á þskj. 239.

Ég ætla ekki, frú forseti, að hafa mörg fleiri orð um frv. sem hér liggur til umr. Nokkrar umr. hafa þó orðið um álagningu útsvara. Í því sambandi er nauðsynlegt að gera sér ljóst að það eru auðvitað bæjar- og sveitarstjórnir sem leggja á útsvar og hafa til þess heimild í lögum. Það er yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj. að gefa ekki út leyfi til aukaálags, en um það atriði er jafnframt ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Hins vegar eru það sveitarstjórnirnar sem bera pólitíska ábyrgð á álagningu útsvara og er útsvarsprósentan mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars.

Ein meginástæðan fyrir því að mörg sveitarfélög grípa til þess ráðs að halda 11% er sú að á undanförnum árum hefur verðbólgan verið miklu meiri en ráð var fyrir gert. Þannig hefur staða sveitarfélaganna versnað að mun og keyrði þó um þverbak í tíð síðustu hæstv. ríkisstj., sem hv. 3. þm. Reykv. átti sæti í, þegar verðbólguhraðinn fór upp í 130% um miðbik síðasta árs. Það er af þessum ástæðum fyrst og fremst sem það hefur gerst að ýmis sveitarfélög telja nauðsynlegt að rétta nokkuð hag sinn með því að halda útsvarsprósentunni fyrir ofan það sem eðlilegt gæti talist ef þau vildu að skattbyrði útsvaranna væri hin sama á yfirstandandi ári og á s. l. ári mæld sem hlutfall af tekjum greiðsluársins.

Þetta tel ég, hæstv. forseti, nauðsynlegt að komi hér fram því að þegar talað er um skattbyrði er oft verið að tala um tvennt í senn, annars vegar heildarskattbyrði af gjöldum til ríkis og sveitarfélaga og hins vegar eingöngu til ríkisins. Auðvitað er það frv. sem hér er til umr. einungis um bein gjöld til ríkisins, annars vegar tekjuskatta og hins vegar eignarskatta.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég aðeins koma inn í þessar umr. Það er í sambandi við það sem komið hefur fram í ræðum hv. þm. um sveitarfélögin sem mér finnst ástæða til að koma inn í umr.

Í fyrsta lagi vil ég mótmæla þeirri fullyrðingu, sem hér kom fram, að sveitarfélögin hafi misnotað það frelsi varðandi gjaldskrár og þjónustugjöld sem ákveðið hefur verið að veita þeim. Mér finnst ekki rökrétt að setja þá fullyrðingu fram. Við vitum að það er aðeins um eina gjaldskrá að ræða sem fram hefur komið síðan þessi ákvörðun var tekin, þ. e. hækkun á hitaveitugjöldum í Reykjavík um 25%. Ég vil geta þess hér að þó að það væri ekki í mínum verkahring sérstaklega óskaði ég eftir rökstuðningi fyrir þeirri hækkun og fékk hann. Ég fór yfir hann ásamt forráðamönnum Reykjavíkurborgar og sannfærðist um að ekki væri verið að misnota neitt frelsið sem sveitarfélögum var gefið með þessari sérstöku hækkun. Það voru fyrir hækkuninni eðlileg rök sem ég a. m. k. er samþykkur.

Í sambandi við útsvarsálagningu sveitarfélaganna almennt vil ég endurtaka það, sem ég hef áður sagt í hv. deild, að ekki liggur enn fyrir endanlega hvernig sveitarfélögin munu nýta álagningarprósentu sínu. Það eru ekki nema örfá sveitarfélög sem þegar hafa lagt fram fjárhagsáætlun fyrir þetta ár í endanlegri mynd og ekki nema örfá sem eru þegar búin að samþykkja hana, ef það eru þá nokkur nema Reykjavíkurborg. Mér er hins vegar þegar ljóst að flest sveitarfélögin hafa í hyggju að lækka þessa álagningarprósentu úr 12.1%, sem var almenn regla á árinu 1983, í 9.5—10.5% eða 10.8% flest þeirra. Aðeins Reykjavík er undanskilin með 11% í stað 12.1% sem var á s. l. ári.

Það er einnig kunnugt að félmrh. hefur gefið út opinbera yfirlýsingu um að sveitarfélögin geti ekki vænst þess að fá að nýta þá heimild sem er í tekjustofnalögum um 10% álag á árinu 1984 nema um algjört neyðarástand í viðkomandi sveitarfélagi verði að ræða. Ég get því ekki séð að hv. þm. geti talað í þessum dúr meðan málin liggja ekki ljós fyrir. Ég tel einnig ástæðu til í þessu sambandi að geta þess, sem raunar hefur komið fram opinberlega, að ríkisstj. hefur gert sérstakan samstarfssamning við sveitarfélögin sem þegar er farið að reyna á. Það stendur fyrir dyrum fundur með fulltrúum sveitarfélaganna um samræmingu á því hvernig sveitarfélögin munu standa að ákvörðun um gjaldskrár sínar og önnur þjónustugjöld með það fyrir augum fyrst og fremst að það verði samræmt efnahagsstefnu ríkisstj. og enn fremur að fyrirbyggja óeðlilegt misræmi milli gjalda sveitarfélaganna. Þetta stendur fyrir dyrum og ég reikna með því að ekki verði langt í að fundur verði haldinn. Þá er sjálfsagt að upplýsa hver sú niðurstaða verður.

Ég vil einnig geta þess í tilefni af ræðum hv. þm. hér að það er fullt samstarf á milli Sambands ísl. sveitarfélaga og félmrn. um öflun viðhorfa og ákvarðana sveitarfélaganna í heild um beitingu tekjustofna, bæði hvað varðar útsvarsprósentu og ákvörðun einstakra sveitarfélaga um afslátt, lækkun eða niðurfellingu útsvars t. d. til lífeyrisþega og lágtekjufólks. Þetta mál er nú í sérstakri meðferð hjá sveitarfélögunum og í fullu samráði og samstarfi við félmrn.

Vegna ummæla sem fram komu áðan hjá hv. 5. þm. Reykv. tel ég ástæðu til að vekja athygli á þeim og taka undir með honum. Ég sat þessa ráðstefnu s. l. laugardag með ungu fólki aðallega, sem ræddi vandamál sín af fullri hreinskilni og einurð, og mér fannst margt athygli vert koma þar fram. Það liggur fyrir að niðurstöður þessarar ráðstefnu og fólksins sem ræddi þarna bæði í heild og í smáhópum munu verða sendar sem ályktun og ég geri ráð fyrir að félmrn. fái þær formlega í hendur næstu daga. Ég mun draga af þeim ýmsar ályktanir því að ég tel að komið hafi þar fram margar skynsamlegar tillögur.

Ég vil að lokum, af því ég ætla ekki að fara að ræða í heild þessi mál, geta þess að félmn. Nd. hefur tekjustofnafrv. til meðferðar. Það er, eins og hv. þm. vita, ákvörðun um vissan frádrátt sem kemur í útsvarsálagninguna í samræmi við þá ákvörðun sem verður tekin um tekju- og eignarskatt. Er sjálfsagt að það mál verði

skoðað nánar hvort breyta á þeim fjárhæðum eða ekki.

En ég mun beita mér fyrir því og ég endurtek það hér að ég mun beita mér fyrir því, að félmn. Alþingis fái upplýsingar í stórum dráttum um ákvörðun sveitarfélaga um meðferð gjaldstofna á þessu ári, eins og ég gaf raunar yfirlýsingu um í umr. fyrr í deildinni. Þær upplýsingar eru þegar að berast inn á borð til mín og ég mun standa við þá yfirlýsingu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það kom hér skýrt fram í svari hv. 2. þm. Reykv. áðan, að með því orðalagi sem er á brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. er ekki gert ráð fyrir að heimilt verði að birta álagningarskrár, heldur aðeins endanlegar skattskrár. Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að heimila birtingu á álagningarskrám, það stuðli að umr. um skattamál sem er jákvæð, og þess vegna leyfi ég mér að leggja hér fram nýja brtt. við brtt. meiri hl. Það er till. sem flutt er af mér og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og er um að 4. tölul. í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 322 orðist svo:

„Á eftir 8. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagningu og endanlega útkomu skatta sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.“

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að óska eftir því að þessi till. verði tekin hér fyrir með afbrigðum, heldur væri ég fyrir mitt leyti mjög sáttur við þá málsmeðferð að till. yrði tekin til meðferðar við 3. umr., enda verði brtt. meiri hl. einnig dregin til baka til 3. umr.

Annað atriði, herra forseti, sem ég innti hæstv. fjmrh. eftir laut að fyrirframgreiðslum aldraðra og öryrkja á fyrri hluta skattársins 1984. Svör hæstv. fjmrh. liggja ekki fyrir, en ég held að það verði þá að bera spurninguna fram á ný við 3. umr., þ. e. hvort hæstv. ráðh. er reiðubúinn að gefa þær yfirlýsingar sem ég fór fram á, að gerð verði sérstök athugun á framtölum aldraðra og öryrkja með tilliti til þess hvort fyrirframgreiðslan er hærri en ætla má að endanleg skattlagning verði og að það verði litið sérstaklega eftir að greiðslubyrðin verði þessum einstaklingum ekki ofviða.

Varðandi þær umr. sem fram hafa farið hér um útsvarsmál vil ég skýra frá því að ég hef óskað eftir því í bréfi til formanns félmn. hv. Nd. að svarað verði alveg ákveðnum spurningum um tekjustofna sveitarfélaga. Í fyrsta lagi spyr ég um þá samráðsnefnd ríkisstj. og Sambands ísl. sveitarfélaga sem hæstv. félmrh. hefur greint frá að stofnuð hafi verið eða sé að fæðast. Í öðru lagi bað ég um sérstaka athugun á gjöldum til sveitarfélaganna þar sem grunur leikur á því að eitt sveitarfélag, Reykjavíkurborg, hafi tekið miklu hærri gjöld fyrir veitta þjónustu en nemur tilkostnaði við að koma þessari þjónustu á framfæri við íbúana í borginni. Og í þriðja lagi óskaði ég eftir að félmrh. útvegaði n. og þar með þinginu upplýsingar um álagningu útsvars á árinu 1984. Ég vænti þess að þessar upplýsingar komi fram þegar umr. um tekjustofna sveitarfélaga fer fram.

Hitt er líka alveg rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. gat um áðan, að ef menn vilja koma til móts við lágtekjufólk í sambandi við skattamál verður það að gerast í gegnum útsvarið. Þannig liggja þau dæmi. Lágtekjufólkið er að borga útsvar þó það greiði engan tekjuskatt til ríkisins. Í þeim efnum er auðvitað hugsanleg sú leið, sem mér hefur verið bent á, að hækkaður verði mjög verulega persónufrádráttur við útsvarsálagninguna. Einnig er sú leið til að álagning útsvarsins verði í þrepum, það verði stiglækkandi prósenta við álagningu útsvars eins og við álagningu tekjuskatts til ríkisins. Ég vil láta það koma fram að ég áskil mér og Alþb. allan rétt til að flytja slíkar brtt. við meðferð frv. um tekjustofna sveitarfélaga, en borgarfulltrúar Alþb. í Reykjavík lögðu einmitt fram slíka hugmynd, allnákvæmlega útfærða, við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar. Ég held að það sé mál sem verður að líta á sérstaklega. Mér hefur skilist að ríkisstj. telji að skoða eigi skattamálin alveg sérstaklega í tengslum við gerð kjarasamninga. Þá liggur auðvitað miklu nær að fara í útsvarið en tekjuskattinn.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég hafði raunar ætlað mér að ræða þetta mál að hæstv. fjmrh. viðstöddum. Hins vegar verður einhver dráttur á því og þess vegna mun ég ræða það núna. Tilefni þessara hugleiðinga minna er aukafrestur sem var gefinn núna á því að skila skattaframtali. Úr því sem komið er get ég ómögulega séð að þessi vikufrestur sem var gefinn skipti raunverulega nokkru einasta máli að öðru leyti en því að hann kannske kemur þeim til góða sem áttu í vandræðum við að telja fram.

Árið 1983 er liðið. Menn eru búnir að afla þeirra tekna sem þeir gerðu þá. Menn eru búnir að gera þær fjárfestingar, borga þær skuldir eða safna þeim skuldum sem til stóð á því ári. Að telja síðan fram á núverandi eyðublaði er bókfærsla sem ekkert breytist þó að einhver breyting yrði á því frv. sem hér er til umr.

Undirrótin að þessu er sú ósk að menn viti að hvaða skattareglum þeir ganga þegar þeir afla tekna eða gera aðra hluti. Það er skiljanlegt og ég styð það mjög. En þá hefðu reglur um þá álagningu sem nú fer fram þurft að vera tilbúnar í árslok 1982 þannig að þegar menn afla tekna eða fjárfesta eða hegða sér að öðru leyti eins og þeir óska í sínum fjármálum á árinu 1983 gætu þeir gert það eftir einhverjum skikk. En í því kerfi sem við höfum breytir nákvæmlega engu, að óbreyttu framtalseyðublaðinu, hvað gerist í þessari umr. hérna. Ég er ekki að vanþakka frestinn. Hann kom mér til góða eins og vafalaust fleirum en þær forsendur sem hafa verið gefnar fyrir honum tel ég algjörlega marklausar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Útsvar er flatur skattur og kemur þar af leiðandi miklu átakanlegar við þá sem eru tekjulágir en önnur skattheimta. Þess vegna er þetta í mörgum tilfellum ranglátur skattur og þarf að gæta mjög hófs í beitingu hans. Ég er veikur fyrir hugmyndum sem lúta að útborgun á öfugum tekjuskatti eða neikvæðum tekjuskatti og ég vil skoða það allt saman vandlega. Hitt er annað mál að eins og komið er nú fram á ár 1984 er lítið svigrúm til að gera það á þessu ári. En ég held að fullkomin ástæða sé til að hugleiða allar svona hugmyndir vandlega, því að vissulega er ástæða til að hafa áhyggjur út af fólki sem nú hefur tæplega málungi matar. Því miður er orðið þröngt í búi hjá allt of mörgum. Þessu fólki verðum við að reyna að hlífa eftir því sem við mögulega getum.

Ég er hins vegar ekki sammála því sem kom fram hér hjá hv. þm. Jóni Baldvin að skynsamlegt væri að nota

fjármuni sem annars fara til niðurgreiðslu á búvöruverði í þetta. Ég held að þeir niðurgreiðslupeningarnir verði mjög til tekjujöfnunar. Skv. nýlegri könnun sker það sig alveg úr að barnafjölskyldurnar eru miklu verr settar en aðrar. Mér finnst eðlilegt að álykta að þar sem margir eru munnarnir sé borðað tiltölulega meira þannig að aukaleg hækkun á búvöruverði kæmi vafalaust mjög illa við þetta fólk, þessar stóru fjölskyldur.

Það er kannske rétt hjá hæstv. félmrh. að það er strangt til orða tekið þegar ég held því fram að sum sveitarfélög hafi misnotað það frelsi sem þeim var veitt. Ég held þó að ekki verði um það deilt að borgarstjórn Reykjavíkur hafi notað frelsið alveg út í ystu æsar í þessu tilfelli. Auðvitað er skuldastaða sumra sveitarfélaga slæm. En sumir sveitarstjórnarmenn hafa verið glaðir í framkvæmdum sínum og jafnvel eru dæmi þess að þeir hafi lagt í mislukkaðar framkvæmdir. Það er hart aðgöngu að leggja á útsvör í þeim stíl sem hér hefur verið gert.

Forseti (Ingvar Gíslason): Brtt. sú sem Svavar Gestsson og Sighvatur Björgvinsson flytja fer til prentunar og henni verður síðan útbýtt a. m. k. áður en 3. umr. hefst.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Hér fer vissulega fram góð og gagnleg umr. um álagningu skatta í landinu og hvernig við eigum að dreifa skattbyrðinni sem réttlátast meðal þjóðfélagsþegnanna. Umr. þessi hefur staðið í allan dag og var líka í síðustu viku og auðvitað er það mjög eðlilegt. Við erum að fjalla hér um álagningu á beinum sköttum upp á 3 milljarða sem vissulega er stór tala og eðlilegt að rætt sé hvernig þessu sé sem réttlátlegast dreift.

En í s. l. viku og vikunni þar áður vakti satt að segja furðu mína umr. sem fram fór hér um tvö mál sem liggja fyrir þinginu um skattsvik í þjóðfélaginu. Í fyrsta lagi er það tillaga um aðgerðir til þess að fyrirbyggja skattsvik og í annan stað till. um úttekt á umfangi skattsvika. En það virðist sem svo að ekki nokkur einasti þm. hér inni hafi áhuga á að ræða um þau mál, skattsvikin í þjóðfélaginu. Við erum þó að tala hér um miklu stærri tölur en verið er að fjalla um í dag. Ég færði fyrir því rök í báðum þessum umr. hver áætla mætti að skattsvikin væru í þjóðfélaginu. Ég byggði það m. a. á mati sem lagt var á þessi mál fyrir nokkrum árum síðan en það gerði prófessor Ólafur Björnsson sem byggði það á þjóðhagsreikningstölum á árunum 1957–1960. Taldi hann að áætla mætti að skattsvik hér í þjóðfélaginu væru um 11% af þjóðartekjum sem eru þá um 5–6 milljarðar eða helmingi stærri tala en við erum að fjalla um hér í dag.

Samt virðast þm. ekki hafa nokkurn minnsta áhuga á að ræða um þessi mál, skattsvikamál í þjóðfélaginu. Ég tel að löngu sé kominn tími til að ræða þau mál. Sumir áætla jafnvel að frá því að þessar tölur voru settar fram hafi skattsvikin a. m. k. tvöfaldast. Þannig að hv. þdm. ættu að sjá að hér er ekki um neitt smámál að ræða. Það vekur auðvitað furðu ef hv. þdm. telja að þeir geti bara látið þessi mál afskiptalaus, að þeim komi ekki við þó að skattsvik séu ástunduð hér í stórum mæli. Þetta er vissulega mál sem Alþingi kemur við og Alþingi á að leggja línurnar um það hvernig á að taka á þessum málum.

Ég ræddi m. a. í mínu máli hve illa er búið að skattstofunum. Um það hef ég tölur frá embætti skattrannsóknastjóra hvað inn kemur vegna skatteftirlits bæði hjá skattstofunum og skattrannsóknastjóra. Ef litið er á þær tölur sem settar voru fram á árinu 1975, þ. e. þjóðhagsreikningstölur 1957—1960, og útreikningur skattsvikanna var byggður á þá innheimtist vegna skattsvika aðeins um 1% af því sem þá var áætlað að stolið væri undan skatti. Fyrir utan það að skattstofurnar eru svo illar búnar að mannskap að þær geta aðeins skoðað þessi venjulegu launamannaframtöl en ekki framtöl einstaklinga og fyrirtækja í atvinnurekstri. Það er eingöngu innan við 1% af fyrirtækjum í atvinnurekstri sem eru skoðuð nú hjá skattrannsóknarstjóra og þetta þarf vissulega að breytast.

Skattsektirnar hér á landi eru orðnar til háborinnar skammar. Upphæðin er í krónutölum núna í lögunum og hefur ekki verið breytt í nokkur ár. Skattsektarákvæðunum er ekki beitt eins og á að beita þeim, það er yfirleitt frá 0,5 upp í 2,5-földun sem skattsektirnar eru hér á landi þó að í lögum segi að beita megi allt að tíföldun varðandi þá upphæð sem stolið er undan skatti.

Ég taldi ástæðu, herra forseti, til að vekja athygli á þessu hér við umr. um álagningu á tekjuskatti og eignarskatti vegna þess að hér er virkilega um stórmál að ræða og ég tel tíma til kominn að Alþingi og alþm. láti sig þessi mál einhverju skipta vegna þess að ekki síst í þeim málum er misréttið falið í þjóðfélaginu og hve byrðunum er misjafnt dreift á þjóðfélagsþegnana. Eftir því sem fleiri komast upp með að stela undan skatti leggjast byrðarnar þyngra á þá sem eru þó skilamenn og standa í skilum með sinn skatt til þjóðfélagsins.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um það frv. sem hér liggur fyrir. Það er alveg ljóst og það vita þdm. að þetta frv. er lagt fram til þess að reyna að lækka skatta svo sem unnt er. Er að því stefnt að þeir verði ekki hærri, miðað við tekjur gjaldárs, en á s. l. ári. Þetta er höfuðtilgangurinn á bak við frv. og að sjálfsögðu felur það í sér mjög verulegar skattalækkanir miðað við tekjur á skattaári. Þetta vita menn. (**SvG:** Vill ekki hv. þm. nefna tölur um þetta?) Ég skal ekki, hv. 3. þm. Reykv., hafa uppi langa tölu um það, en ég minni hv. þm. á hvernig hann brást við þegar hann samdi við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma um lægra kaup en ella og lofaði skattalækkunum í þeim sömu svifum. Og ég bið hann um að reikna út hver skattbyrðin hefði orðið ef hann hefði staðið við þau verðbólgumarkmið sem sett voru fram samtímis. Ég bið hann um að rifja þetta upp. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. með almennum skattaumræðum, en hitt vil ég líka minna á og mætti hv. 3. þm. Reykn. einnig muna það, að þessir tveir ráðherrar voru ekki fyrr komnir í ráðherrasæti á árinu 1978 en þeir lögðu tekju- og eignarskatt á öðru sinni á sama árinu. Var það gert í septembermánuði 1978 og hygg ég að það sé algert einsdæmi.

En ástæðan fyrir því að ég stend upp er sú, að á þskj. 248 er gerð till. um að heimilt sé að lækka skatta ef gjaldþol skerðist verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests, eða af öðrum skyldum orsökum. Við vitum það sem höfum lengi fjallað um skattamál að höfuðókostur eftirágreiddra skatta er einmitt sá, að þeir koma illa niður þegar tekjur minnka verulega frá einu ári til

annars. Þessi mál hafa oft verið rædd hér í þingsölum. Ég vil aðeins minna á það, að þessi mál komu sérstaklega til umfjöllunar þegar loðnubresturinn varð og bæði loðnusjómenn og menn sem unnu í loðnuverksmiðjum urðu fyrir mjög verulegum tekjusamdrætti á einu ári. Sú ríkisstjórn sem lét af völdum á s. l. vori treysti sér ekki til að fella niður skatta á þessu fólki. Á hinn bóginn var skattstjórum skrifað og þeir beðnir um að gefa einstaklingum kost á frestun á greiðslu skatta sinna, en þó þannig að greiddir yrðu fullir refsivextir. Þeim var gert að skila skattinum að fullu og með fullum refsivöxtum, þó svo að samkomulag næðist við skattstjóra eða innheimtumenn ríkissjóðs um greiðslu. Ég vil aðeins minna á þetta atriði. Ég er ekki að halda því fram að sá fjmrh. sem þá sat hafi verið illviljaður í þessu máli, síður en svo. Þetta mál er á hinn bóginn svo víðfeðmt að stjórnvöld hafa ekki treyst sér til að setja þá almennu reglu að menn eigi að greiða lægri skatt ef tekjur verða verulega lægri eitt ár en annað, en svo njóta háu teknanna ef þær vaxa að nýju. Það hefur ekki verið farið út í þetta, enda er það nú ekki réttlæti. Eina leiðin til að bregðast við vanda af þessu tagi er auðvitað staðgreiðslukerfi skatta. Við bjóðum nýju ranglæti heim ef við leiðréttum þetta. Það hefur verið reynslan, það var reynsla síðustu ríkisstjórnar þegar hún var að fást við vanda þeirra sem miklar tekjur höfðu haft af loðnuveiðum og loðnuvinnslu, og hið sama gildir að sjálfsögðu nú og fyrir tveim, þrem árum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Vegna frýjunarorða hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vil ég segja það að ég tek undir allt það sem hún sagði um skattsvik. Ég vakti raunar máls á þessu við 1. umr. þessa máls og ég held að menn séu komnir að því að annaðhvort þarf að bæta eftirlit með framtali og sköttum eða hreinlega að fella þetta kerfi niður. Kerfi, sem í upphafi var hugsað til jöfnunar á lífsgæðum, held ég að sé orðið kannske einhver stærsta undirrót misréttis í þessu þjóðfélagi. Þetta birtist á ýmsan hátt. Við sjáum t. d. núna, þegar margra vikna, jafnvel mánaða þóf er í samningum um 2–4–6% kauphækkun, að þá skekkjast lífskjör milli fólks og milli stétta um tugi prósenta vegna þess, eins og sagt er innan gæsalappa, „að einn þarf að gefa allt upp, en annar ekki". Fólk er farið að telja þetta með þægindum í sambandi við störf, eins og að hafa góðan stól og bjarta skrifstofu að þurfa ekki að gefa allt upp til skatts. Ég vil endurtaka það að ég held að — ef ekki þetta þing þá næsta þing verði raunverulega að velta því fyrir sér hvort þetta lífskjarajöfnunartæki hafi ekki runnið sitt skeið til enda. Annaðhvort þarf að bæta það eða þá að fella það niður.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er örstutt athugasemd er kemur ekki á óvart þótt þeir framsóknarmenn húki við sama heygarðshornið með niðurgreiðslurnar sínar og hangi á því roði. En það er ástæða til að benda hv. 2. þm. Norðurl. v. á að fara nú í eldhús til hæstv. forsrh. og formanns Framsfl. sem eins og kunnugt er hefur upplýst þjóðina um að þó það kunni að vera hlutskipti hinna snauðu í þessu þjóðfélagi að lifa á vellingi sé það nú ekkert neyðarúrræði því að hann hafi alist upp við þennan velling sjálfur. Þessi grautargerð forsrh. er fræg orðin að endemum. En ég hygg að það sé kannske nær lagi að það fólk sem við þessi kjör býr lifi fremur á vatnsgrautnum óniðurgreiddum, því að hann er ekki niðurgreiddur, hv. þm., fremur en að leggja sér daglega til munns mikið af því ágæta niðurgreidda keti sem hv. þm. ber fyrir brjósti. Hafa þó niðurgreiðslurnar ekki síður því hlutverki að gegna að halda uppi óeðlilegri tilbúinni eftirspurn eftir offramleiðsluvörum en að virka sem tekjujöfnunaraðgerð. Ég er alveg fullviss um að sem tekjujöfnunaraðgerð er sú leið sem við boðuðum hér áðan, að beina þessu fjármagni beint til fólks t. d. í formi neikvæðs tekjuskatts, mun áhrifameiri en núv. kerfi.

Að því er varðar skattsvikin vil ég aðeins taka fram að þegar umr. fór fram um þáltill. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er kannske svolítið ósanngjarnt að segja að enginn þm. hafi haft áhuga á málinu. Það voru 3 eða 4 sem tóku til máls í því og einir 5 í salnum. Vorum við þó að tala um upphæðir eins og hér hefur verið nefnt, annars vegar tekjur ríkisins af beinum sköttum svona um 3 milljarða kr. og hins vegar mjög varfærið og íhaldssamt mat Ólafs Björnssonar um 10% af þjóðarframleiðslu, þ. e. um 6 eða 6–7 milljarða kr. í skattundandrátt og skattsvik sem allir þeir sem fást við endurskoðun og skattrannsóknir á Íslandi nú vita að hefur margfaldast síðan. Og mjög varleg áætlun nú er að þetta sé sennilega tvisvar sinnum það, þ. e. við værum þá að tala um kannske 13—14 milljarða, af fjárlögum ríkisins sem eru upp á 18 milljarða.

Páll Pétursson: Herra forseti. Bara örstutt athugasemd. Ég er nú sammála því hjá hæstv. forsrh. að vellingur er besti matur og það er hver fullsæmdur af því að neyta hans ef hann er vel tilbúinn. Hins vegar er líka gott að hafa kjöt með og ég held að það væri illa farið að koma í veg fyrir að fólk gæti neytt þess. Niðurgreiðslur hafa verið tíðkaðar hér um alllangt árabil og hafa verið notaðar fyrst og fremst sem hagstjórnartæki en ekki til að örva sölu á offramleiðslu eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vildi vera láta.

Ég verð að segja að mér þykja þetta ótrúlegar fréttir um skattsvik ef hér ætti að vera svikið undan skatti kannske upp á 12—14 milljarða eins og menn hafa verið að fullyrða hér í ræðustól með margföldun á ágiskun Ólafs Björnssonar. Ég vil vekja athygli á því að þegar Ólafur Björnsson áætlaði þessa tölu sína voru hér önnur skattalög og vonandi hefur okkur farið eitthvað fram í lagasetningu og innheimtu síðan. Það getur vel verið að veruleg skattsvik viðgangist hér en ég fæ mig ekki til að trúa svona að óreyndu fullyrðingum upp á 12—14 milljarða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 48. fundur.

Þriðjudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. febr. 1984.

Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna mjög mikilla anna í brýnni félagsmálastarfsemi óska ég eftir leyfi frá störfum á Alþingi í a. m. k. hálfan mánuð frá og með deginum í dag. Jafnframt óska ég eftir að 1. varaþm. Alþb. í Reykjavík, Ólafur Ragnar Grímsson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Ólafur Ragnar Grímsson hefur setið áður á þessu þingi og býð ég hann velkominn á ný til starfa á Alþingi.

Ég vil taka fram áður en við hefjum störf að eins og í dagskrá stendur er gert ráð fyrir tveim fundum Sþ. í dag. En ég vil vekja athygli á því að 1. mál á síðara fundi, sem er sameiginlegt hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga, þáltill., er samkomulagsmál hér í þinginu. Það verður gerð tilraun, ef þingið leyfir, til að afgreiða það mál til nefndar í dag til að flýta fyrir því. Til þess að svo megi verða verður þriðji fundur Sþ. í dag, einn fyrir utan þá sem eru á hinni prentuðu dagskrá.

Þá vil ég enn fremur taka fram að á síðasta fundinum verða umræður utan dagskrár.

Orkuveita Suðurnesja, fsp. 170. mál (þskj. 311). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Á undanförnum tíu árum hafa mjög margar nefndir fjallað um orkumál Suðurnesja. Eftir stofnun Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 1978 tekur stjórn þess málið upp og síðan hefur margvíslegur undirbúningur verið unninn, svo sem viðræður sveitarfélaganna sem hlut eiga að máli, umræður um sameiningu rafveitna sveitarfélaganna og Hitaveitu Suðurnesja og úttekt á dreifikerfum.

Í maí 1982 var samþykkt þál. um að skipa fimm manna nefnd til að semja frv. um Orkubú Suðurnesja. Með leyfi forseta vil ég lesa þál. sem vísað er til. Þar segir svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til að semja frv. til l. um Orkubú Suðurnesja.

Nefndin skal þannig skipuð: Tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og einn fulltrúi tilnefndur af iðnrn. Iðnrh. skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Nefndin hraði svo störfum að frv. verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Þetta er samþykkt í maí 1982.

Í ágúst 1982 var þessi nefnd skipuð. Hún hóf störf í janúarlok 1983. Þá voru haldnir fundir og gögnum safnað. Síðasti fundur nefndarinnar var haldinn 19. maí s. l.

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að nauðsynlegt er að ákveða framtíðarskipan orkumála á Suðurnesjum eins fljótt og auðið er. Í fyrsta lagi stendur óvissa um framtíðina í vegi fyrir því að framtíðarskipulag orkudreifingar, sölu og orkuöflunar á Suðurnesjum verði ákveðið. Háspennulína á Suðurnes var fulllestuð 1980, en með tilkomu raforkuframleiðslu við Svartsengi, þar sem framleidd eru 6—7 megawött, fékkst frestun á byggingu nýrrar línu. Það ber brýna nauðsyn til að ákveða fljótlega næstu aðgerðir á þeim vettvangi. Það eru geysilegir möguleikar til frekari gufuvirkjunar til rafmagnsframleiðslu á þessu svæði. Það má nefna gufu sem þegar er sleppt út í Svartsengi og það má nefna að ný hola er í Eldvörpum og önnur ný hola á Reykjanesi. Það er lræðilega hugsanlegt að þetta svæði geti framleitt tvisvar sinnum það magn raforku sem það nú notar. Það er hins vegar óhjákvæmilegt að framtíðarskipulag þessara mála sé sett í fastar skorður þannig að hægt sé að takast á við þessi verkefni.

Orkuverð á Suðurnesjum er mjög hátt. RARIK á og rekur háspennulínu frá spennistöð við Elliðaár til Suðurnesja. Fyrir orkuflutninginn tekur RARIK 17% álag á orkuverð Landsvirkjunar. Síðan bætist þar á söluskattur og verðjöfnunargjald. Þetta gerir það að verkum að Suðurnesjafólk greiðir verulega hátt verð fyrir raforku sína. Þetta mál hefur lengi þarfnast endurskoðunar og yrði vafalaust eitt af fyrstu verkefnum öflugs orkufyrirtækis þeirra Suðurnesjamanna. Það má nefna að það yrði veruleg hagræðing af sameiginlegum orkukaupum með sammælingu orkuveitna á Suðurnesjum. Sparnaður þar hefur jafnvel verið reiknaður milli 4 og 5%. Þessar ástæður og ýmsar fleiri liggja til þess að nauðsynlegt er að vinda bráðan bug að því að útkljá skipulag orkumála svæðisins. Þess vegna hef ég lagt fram fsp. til hæstv. iðnrh. um hvað líði framkvæmd þál. og undirbúnings undir Orkubú Suðurnesja.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. beinir til mín fsp. um í fyrsta lagi hversu langt sé komið undirbúningi að stofnun Orkuveitu Suðurnesja og í öðru lagi hvenær ráðh. hyggist leggja málið fyrir Alþingi.

Sem svar við þessari fsp. vil ég rifja upp að þál. um Orkubú Suðurnesja var samþykkt, eins og hv. þm. minntist á, árið 1982 og hljóðaði á þá leið, að Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til að semja frv. til l. um Orkubú Suðurnesja. Nefndin skyldi vera þannig skipuð, að tveir fulltrúar voru tilnefndir af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og einn fulltrúi tilnefndur af iðnrn. Síðan skipaði iðnrh. formann úr hópi nm. Í lokin var svo ályktað að nefndin hraðaði störfum og legði frv. fyrir næsta reglulega Alþingi, þ. e. Alþingi á síðasta ári, en úr því varð nú ekki. Í samræmi við þessa þál. skipaði fyrrv. iðnrh. eftirtalda menn í nefndina: Ragnar Aðalsteinsson hrl., formann, Eirík Alexandersson bæjarstjóra, Þórodd Th. Sigurðsson verkfræðing, Albert Karl Sanders bæjarstjóra og Margeir Jónsson útgerðarmann.

Á vegum iðnrn. hefur verið unnið að málinu að undanförnu og er það komið á góðan rekspöl. Hefur sú hugmynd komið fram að markmiðum þeim sem ætlað var að ná með stofnun orkuveitunnar verði náð með því að auka hlutverk Hitaveitu Suðurnesja þannig að hún fái að breyttum lögum hlutverk orkuveitu. Vænti ég þess að geta lagt frv. til l. um Orkubú Suðurnesja eða breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja fyrir þetta Alþingi og vænti þess fastlega að Alþingi fallist á málsmeðferðina og afgreiði það á yfirstandandi þingi.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. framkomnar upplýsingar í málinu og vona að hann af kunnri sókn sæki þetta mál eins fast og hann getur þannig að þessum málum verði við allra fyrsta tækifæri komið á rétta braut.

Skýrsla Stefáns Jónssonar o. fl. til utanrrh., fsp. 177. mál (þskj. 318). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. utanrrh. á þskj. 318 í III. lið. Mál þetta er þannig tilkomið að fyrir nokkrum vikum kom upp allviðamikið landráðamál í Noregi og í kjölfar umfjöllunar um þetta mál í fjölmiðlum hér á landi birtist í Morgunblaðinu útdráttur úr skýrslu sem nefndir menn hér í fsp., Bragi Jósepsson, Hannes Pálsson og Stefán Jónsson höfðu sent þáv. utanrrh. hinn 22. des. 1971.

Ég vil taka það fram til að það valdi ekki misskilningi að ég tel innihald þessarar skýrslu í sjálfu sér ekki skipta máli í þessari umr. heldur beinist fsp. einkum að því hvort hér hafi verið um trúnaðarmál að ræða, hver hafi brotið þann trúnað sem fólst í því að afhenda þessa skýrslu Morgunblaðinu og í þriðja lagi hvað hafi verið gert, hvort kannað hafi verið hvaða aðilar þarna eiga hlut að máli og hvort einhverjar aðgerðir séu í gangi til að upplýsa það mál og þá að draga þá aðila til ábyrgðar sem þá ábyrgð bera.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fyrsta spurningin hljóðar svo: „Er skýrsla sú sem Bragi Jósepsson, Hannes Pálsson og Stefán Jónsson sendu utanrrh. 22. des. 1971 merkt sem trúnaðarmál?" Svarið er: Skýrslan er merkt sem trúnaðarmál.

Önnur spurning hljóðar svo: „Hefur verið kannað hver afhenti Morgunblaðinu skýrsluna?" Svarið er: Morgunblaðið hefur ekki viljað gefa upp hvernig blaðið komst yfir skýrsluna.

Þriðja spurning: „Hver ber ábyrgð á vörslu og afhendingu trúnaðarskjala og annarra leyndargagna utanrrn.?" Svarið er: Meðferð trúnaðarskjala fer eftir því hvers eðlis þau eru. Þau eru flokkuð eftir mikilvægi. Trúnaðarskjöl eru fengin í hendur starfsmönnum rn. og sendiráðanna og öðrum aðilum eftir þörfum þeirra fyrir að fá viðkomandi upplýsingar. Ráðh. og aðrir yfirmenn rn. ákveða um dreifingu slíkra skjala. Um meðferð trúnaðarskjala Atlantshafsbandalagsins eru ákveðnar strangar reglur sem byggðar eru á reglum bandalagsins þar að lútandi. Aðgang að viðkvæmustu NATO-skjölum hafa aðeins þeir sem fengið hafa til þess sérstaka heimild utanrrh. Einungis þeir sem fengið hafa sérstaka heimild ráðuneytisstjóra utanrrn. geta fengið aðgang að öðrum NATO-skjölum. Ýmis viðkvæmustu skjöl NATO, t. d. varðandi hernaðarmál, eru samkvæmt ósk rn. ekki send því.

Fjórða spurning: „Sér ráðherra ástæðu til aðgerða vegna birtingar þessarar skýrslu?" Svarið er: Vegna birtingar úr hluta skýrslu þeirra Braga Jósepssonar, Hannesar Pálssonar og Stefáns Jónssonar sé ég ekki ástæðu til sérstakra aðgerða innan utanrrn. enda tel ég öruggt að hún hafi ekki lekið út frá rn., en vitað er að skýrslan var fjölrituð og því væntanlega til í fleiri eintökum. Hins vegar er ljóst af reynslu annarra þjóða og raunar okkar einnig að mjög áríðandi er að vera vel á verði í þessum efnum til þess að komast hjá upplýstrunum um trúnaðarupplýsingar sem valdið gætu Íslandi alvarlegu tjóni. Er því stöðugt reynt að tryggja eftirlit innan rn. varðandi meðferð og vörslu trúnaðarskjala.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel rétt að fram komi í sambandi við þessar umr. að ég óskaði eftir því á fundi utanrmn. hinn 30. jan. s. l. að utanrrh. hlutaðist til um að trúnaði yrði aflétt af þessari skýrslu og hún birt í heild þannig að hún lægi fyrir öllum sem opinbert gagn, þar sem eitt af dagblöðum landsins hefur komist yfir þetta trúnaðarplagg utanrrn. og birt úr því oftar en einu sinni glefsur, teknar að sjálfsögðu úr samhengi í þessari skýrslu.

Ég þekki ekki innihald þessa plaggs og veit að sjálfsögðu ekkert um það með hvaða hætti það hefur borist til fjölmiðla og vil ekki leggja neitt mat á innihald skýrslunnar sem slíkrar. En ég tel það eðlilega málsmeðferð að utanrrn. kanni a. m. k. hvort ekki sé ástæða til þess og hvort aðstandendur máls séu ekki reiðubúnir til þess að aflétta trúnaði á þessu gagni sem ritað er í árslok 1971 og það verði birt almenningi til aflestrar.

Fram kom hér áðan í máli hæstv. utanrrh. að hann teldi öruggt að þetta skjal væri ekki frá utanrrn. komið og það hefði verið fjölfaldað. Ég vil inna hæstv. utanrrh. eftir því með hvaða rökum hann styður það að þessi skýrsla sé ekki frá hans rn. komin og hvort könnun hafi farið fram á vegum rn. þar að lútandi til að undirbyggja þá fullyrðingu hæstv. ráðh.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Þau voru upplýsandi svo langt sem þau náðu. Ég verð þó að lýsa yfir furðu minni yfir mati hans á þessu máli því að hann telur sig annars vegar geta fullyrt að skýrslan hafi ekki borist úr hans rn. Þar með hlýtur hópur þeirra sem við þetta mál voru riðnir upphaflega að þrengjast nokkuð og því vera augljós möguleiki að komast fyrir um hver af þeim aðilum sem skýrsluna hafði undir höndum hefur látið hana Morgunblaðinu í té. Að öryggisvarsla Íslendinga í málum sem þessum eigi að hvíla á því hvort Morgunblaðið vill eða vill ekki gefa upp hver afhenti þeim skýrsluna virkar nánast eins og skrýtla á mann því að maður hefði haldið að öryggismálum hér væri betur komið en svo að menn væru upp á upplýsingar komnir sem kæmu frá einhverjum og einhverjum aðilum utan úr bæ. Ég get ekki samþykkt það fyrir mitt leyti að þetta mál sé það lítilsiglt burtséð, eins og ég sagði áðan, frá innihaldi skýrslunnar að pappírar sem merktir eru trúnaðarmál og koma inn í rn. en eru bornir þaðan af öðrum mönnum sem um málin hafa fjallað séu virkilega ekki þess eðlis að það þarfnist rannsóknar og að þess verði krafist að slík rannsókn komist að einhverri ákveðinni niðurstöðu og dragi þá menn til ábyrgðar sem við málið eru riðnir.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það sem hlýtur fyrst og fremst að vekja undrun í þessu sambandi er að gögn sem merkt eru trúnaðarmál af íslenskri ríkisstj. eru til fjölfölduð annars staðar með fullri vitund sömu aðila. Og þá víkjum við einnig að ritfrelsi í landinu: Nær það svo langt að ef dagblöð landsins komast yfir gögn

sem merkt eru trúnaðarmál sé talið eðlilegt og sjálfsagt að það birti innihald slíkra gagna? Það hlýtur í það minnsta að eiga sér stað undir þeim kringumstæðum að viðkomandi aðilar telja sig þess umkomna að leggja á það mat hvort gögnin séu svo mikilvæg að þau teljist ríkisleyndarmál eða ekki. Ég tel að útbreiddasta blað landsins hafi engan siðferðislegan rétt til þess ef gögnin eru merkt trúnaðarmál íslenskrar ríkisstj. að birta þar stafkrók. Og mig undrar það ef hæstv. utanrrh. telur að það sé verjandi að viðhafa þau vinnubrögð að spyrja þann sem hefur komist yfir slík gögn hvort hann sé reiðubúinn til að gera grein fyrir því hvar hann hafi fengið þau og fái hann nei þá sé það mál úr sögunni.

Hitt má vel vera að þetta sé orðið það úrelt að merkja þetta sem trúnaðarmál að eðlilegt sé að svipta það þeim stimpli og heimila hverjum sem er að lesa það sem þar stendur og þá ber að sjálfsögðu að gera það. En hitt er ákaflega sérstæður réttur ef það er tilfellið að komist menn yfir skjöl merkt trúnaðarmál sé látið þar við sitja að spyrja þá hvar þeir hafi fengið þau og í annan stað að hægt sé að birta úr því glefsur til að auka sölu á viðkomandi blaði ákveðinn tíma en jafnframt ekkert gert, ekki nokkur skapaður hlutur gerður til að leiðrétta það eða staðfesta hvort þarna sé um þær upplýsingar að ræða að óeðlilegt sé að þær séu sviptar trúnaði. Ég tel nefnilega, herra forseti, að það sé alvarlegt mál ef við erum komnir með einhverja Treholta innan utanrrn. með fjölfölduð plögg í sínum vörslum sem eru merkt trúnaðarmál hjá utanrrn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það sem mér kom einna mest á óvart í þessari skýrslu voru þau orð sem skýrsluhöfundar höfðu um starfsmenn utanrrn. Ég vildi af því tilefni spyrja hæstv. utanrrh. hvort til séu í utanrrn. fleiri skýrslur eftir sömu skýrsluhöfunda. Ég óska eftir því við hæstv. ráðh. að hann láti gá að því, því að mig grunar að svo sé.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Kannske væri ástæða til að spyrja hv. síðasta ræðumann hvort hann hafi lesið umrædda skýrslu og ef svo er hvar hann hafi þá komist yfir hana. Annars vil ég spyrja hæstv. utanrrh. í fyrsta lagi að því hvort hann geri sig ánægðan með þetta svar Morgunblaðsins og hvort það sé af hans hálfu endanlegt, m. ö. o. hvort ekki verði leitað á það að fá þar skýrari svör.

Í öðru lagi væri fróðlegt að fá upplýsingar um upplag þeirrar fjölföldunar sem virðist hafa farið fram á þessu trúnaðarplaggi, hvort þar hefur verið um fáein tölusett eintök að ræða, nokkra tugi eða nokkur hundruð. Og þá í framhaldi af því hverjir hafa fengið það undir hendur.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. enn hvort hann sjái ekki ástæðu til þess að vanda um við viðkomandi fjölmiðil og senda honum umkvörtun vegna þess hversu gáleysislega hann hafi farið með þetta plagg sem merkt er eins og allir vita hér sem trúnaðarmál.

Síðast væri svo fróðlegt að vita hvaða hugmyndir eða stefnu utanrrn. hefur hvað varðar tímalengd á leynd sem hvíla skuli yfir slíkum gögnum. Skal hún vera 25 ár, 50 ár eða skulu slík plögg um aldur og ævi hulin sjónum hins almenna þegns þessa lands?

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mér finnst einhver undarleg léttúð svífa yfir vötnum ráðuneytismanna vegna þessa máls. Það er eins og þetta sé einhvers konar leiðinlegt óhapp sem hafi skeð, að plögg sem eru merkt trúnaðarmál frá utanrrn. séu komin út um víðan völl. Ég held að menn hljóti að hafa þann metnað fyrir hönd rn. og ríkisstj. að reyna að komast til botns í því hvernig á því stendur að slíkt trúnaðarmál virðist vera á hvers manns vörum. Menn hljóta að sækja það fastar en svo að menn láti gott heita að fá eitt nei sem niðurstöðu slíkrar rannsóknar.

Í öðru lagi þá hlýtur þetta að vera, ef til lengri tíma er litið, spurning um það traust sem menn telja sig geta borið til skjalavörslu ríkisins, bæði almenningur og embættismenn.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Ég er sammála þeim hv. þm. sem hér hafa talað um það, að þetta mál er ákaflega alvarlegt. Það er ákaflega alvarlegt þegar það gerist að skjal, sem merkt er trúnaðarmál og geymt er í einu rn. landsins, hverfur með þessum hætti og birtist síðan í einum af fjölmiðlum landsins.

Hins vegar get ég ekki á nokkurn hátt tekið undir þau sjónarmið sem hér hafa verið reifuð m. a. af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og Steingrími Sigfússyni, þess efnis að ástæða sé til að leggja hömlur á frelsi fjölmiðla til að birta skýrslur af þessu tagi, eða birta yfir höfuð hvert það efni sem fjölmiðillinn kýs að birta. Kjarni málsins er sá, að við höfum litið svo á í þessu þjóðfélagi að fjölmiðlar hefðu ákveðið pólitískt hlutverk, gegndu ákveðnu hlutverki í þessu þjóðfélagi til að halda uppi viti borinni umræðu um þjóðfélagsmál, hefðu ákveðnu, sjálfstæðu hlutverki að gegna. Ég heyri ekki betur en að þessir hv. þm. vilji afnema þetta sjálfstæða hlutverk fjölmiðlanna og leggja í hendur rn. alræðisvald um það hvort birta megi þau skjöl sem fjölmiðillinn kýs.

Ég vil vekja athygli á því að mál eins og þetta, sem vissulega er alvarlegs eðlis, hafa komið upp víða í kringum okkur. Svipað mál kom upp á síðasta ári eða árinu þar á undan í Bretlandi og tengdist uppsetningu bandarísku varnarflauganna í Bretlandi. Vinstrimenn ýmsir í Verkamannaflokknum spurðu að því hvort fjölmiðlar þar í landi hefðu rétt til að birta þessi plögg. Þeir fögnuðu birtingu þessara plagga. Sama gerðist fyrir síðustu kosningar í Bretlandi þegar fjölmiðlar birtu þar trúnaðarskjöl sem undirnefndir ríkisstjórnarinnar höfðu samið. Þar var nákvæmlega sama uppi á teningnum. Þar datt þm. ekki í hug að afnema rétt fjölmiðla til að birta þessi skjöl. Þess vegna verð ég að segja eins og er að það kemur eins og köld vatnsgusa að heyra hér á hv. Alþingi raddir þess efnis að taka beri þennan rétt af íslenskum fjölmiðlum, enda þótt vitað sé að engum detti þetta í hug í þjóðþingum í kringum okkur.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hér er komið til umræðu mjög óvenjulegt og sérstætt njósnamál. Trúnaðarskjöl hverfa úr ákveðnu rn., að því er talið er, og birtast síðan í einu víðlesnasta dagblaði landsins. Það vill svo sérkennilega til í þessu máli, og það er nú m. a. þess vegna sem ég stend hér upp, að ráðh. sem er yfir þessu rn. heitir Geir Hallgrímsson, hv. þm. Reykvíkinga. En formaður útgáfustjórnarinnar, sem gefur út blaðið þar sem trúnaðarmálið birtist, heitir sama nafni, Geir Hallgrímsson. Ég stend hér upp til þess að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann hafi haft formann útgáfufé-

lagsins með sér í ráðum og farið eftir ráðleggingum hans þegar hann tók þá ákvörðun að láta þetta mál kyrrt liggja.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. lét að því liggja að fjölmiðlar hefðu þann rétt að birta upplýsingar úr þjófstolnum plöggum. Það vekur undrun mína að menn láti sér detta það í hug, ef menn brytust inn í skjalavörslur utanrrn. og hirtu þaðan þau plögg sem þeir vildu, að þeir hefðu frjálsan birtingarrétt á þeim gögnum, merktum „trúnaðarmál". Er hv. 1. þm. Vestf. ljóst út á hvaða braut hann er að fara?

Ef embættismennirnir eru saklausir, eins og hæstv. utanrrh. sagði, og hann getur fullyrt það hér að embættismennirnir séu saklausir, þá er aðeins ein skýring á því hvers vegna hann getur fullyrt það. Hver er hún? Að hann veit hvaðan plaggið er komið. Sá einn getur fullyrt að embættismennirnir séu saklausir sem veit hvaðan plaggið er komið. Því skyldu menn gera sér grein fyrir. Enginn annar getur fullyrt að embættismenn utanrrn. séu saklausir.

Ég ætla ekki að vera með neinar getgátur um hvaðan plaggið er komið. En það eru stór orð að lýsa því yfir að embættismennirnir séu saklausir. Það er yfirlýsing um það að hæstv. ráðh. viti hvaðan plaggið er komið.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég get ekki stillt mig um að leiðrétta atriði sem kom fram í máli hv. þm. Einars Guðfinnssonar. Flaugarnar sem hann nefndi eru ekki varnarflaugar. Það er mjög hættulegt að kalla þær varnarflaugar. Þær eru í eðli sínu árásarvopn og er einungis hægt að nota þær sem árásarvopn.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, spurðist fyrir um hvort utanrrh. ætlaði ekki að hlutast til um það að skjalið verði gert opinbert og kvaðst hafa minnst á það á fundi utanrmn. Ég vil af því tilefni segja að ég tel það ekki innan verkahrings utanrrn. að hafa frumkvæði að því að gera þetta skjal opinbert. Þeir sem sennilega hafa merkt þetta skjal sem trúnaðarmál eru væntanlega höfundar skýrslunnar. Þeir geta hvenær sem er birt þessa skýrslu ef þeir svo kjósa. Það verður þá að vera að frumkvæði þeirra þegar það verður.

Þá spurði hv. þm. hvenær trúnaði verði aflétt. Ég hygg að það hafi verið oftar en einu sinni gerð tilraun hér til að semja löggjöf um þessi efni, þ. e. um birtingu opinberra skjala. En þær tilraunir hafa, ef mig minnir rétt, runnið út í sandinn vegna þess að slíkar reglur er erfitt að setja. En ég get vel tekið undir það sem hér hefur komið fram í umr. að æskilegt væri að slíkar reglur væru til. Það sem kann að vera trúnaðarmál í eitt skipti þarf ekki að vera það um aldur og ævi.

Þá spurði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson: Á hvaða rökum er byggt að þessi skýrsla hafi ekki lekið frá utanrrn.? Ég hlýt fyrst og fremst að byggja þar á þeim umsögnum sem þeir menn er fara með vörslu trúnaðarskjala í utanrrn. hafa gefið mér. Einkum er athyglisvert að skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið er talið að þessi skýrsla hafi á þeim tíma sem hún var gerð verið í höndum allmargra manna. Þess vegna er frekar ætlandi að frá þeim sé þessi skýrsla komin en utanrrn. sem geymir trúnaðarmál með sérstökum hætti þar sem hver sem er hefur ekki aðgang að þeirri skjalageymslu.

Hv. þm. Stefán Benediktsson spurðist fyrir um það hvort ég hefði enga athugasemd að gera við það að skýrsla sem merkt er trúnaðarmál og send utanrrn. sé birt opinberlega. Auðvitað hef ég þá athugasemd að gera við það að slíkt er ekki eðlilegur framgangsmáti. En á hinn bóginn tek ég það ekki nærri mér, ekki eingöngu vegna þess að ég var ekki ábyrgur fyrir vörslu þessa skjals eða fylgdist með tilurð þess eða geymslu þegar það barst rn., heldur vegna hins að ég tel að þetta skjal hafi farið í gegnum hendur svo margra manna og efni þess sé — í það minnsta nú orðið — þess eðlis að það sem úr því hefur verið birt skaði ekki hagsmuni Íslands og raunar sé ég ekkert í því sem það gerir eins og nú standa sakir.

Þá ræddi hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson um þátt Morgunblaðsins í þessu efni og minntist sömuleiðis á það hvort ekki væri tími til kominn að svipta skýrsluna auðkenni sem trúnaðarmáli. Ég vil aðeins ítreka það að meðan engar reglur eru til sé ég ekki ástæðu til þess að utanrrn. hafi frumkvæði að þessu leyti heldur hljóti það frumkvæði að hvíla á höfundum skýrslunnar.

En ég hlýt að mótmæla mjög kröftuglega þeim getsökum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að einhverjir Treholtar væru innan utanrrn. Ég tel þetta mál eða annað ekki gefa tilefni til svo alvarlegra getsaka eða getgátna og vil því taka þau orð sem síðar féllu af vörum þessa hv. þm., að hann vildi ekki vera með neinar getgátur um það hvaðan plaggið er komið, góð og gild.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson taldi að um ákveðna léttúð væri að ræða af hálfu rn. varðandi þetta mál. Ég tel svo alls ekki vera. En hins vegar getur rn. ekki verið að eltast við rannsókn þessa máls þegar það er talið hafa verið í höndum allmargra manna og þessi skýrsla gat því hafa komið hvaðan sem væri. Ég hef kynnt mér nokkuð hvernig háttað er skjalavörslu trúnaðarmála í utanrrn. og að mínu mati er þar tryggilega frá öllu gengið. Ég sé enga ástæðu til að ætla að þeir sem ábyrgð bera á vörslu slíkra skjala séu ekki starfi sínu vaxnir og trúverðugir í alla staði.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi það sérstaklega athugandi að í þessu máli væri utanrrh. og formaður útgáfustjórnar Morgunblaðsins einn og sami maðurinn. Ég tek þetta ekki nærri mér, svo smekklega athugasemd sem hv. þm. gerir með þessum hætti. En ég get fullvissað hann um að starfshættir Morgunblaðsins eru í stuttu máli þeir að ritstjórn blaðsins er sjálfstæð og óháð útgáfustjórn. Útgáfustjórn kveður ekki á um það hvað er birt í Morgunblaðinu og hvað er ekki birt í Morgunblaðinu, það er á ábyrgð ritstjórnar. Þetta sjálfstæði ritstjórnar er þessum hv. þm. líklega óskiljanlegt, svo vanur sem hann er sósíalísku hugarfari og einræðishneigð þar sem öllu skal stjórnað af Flokknum með stórum staf og Stóra Bróður.

Ég get sagt það sem svar við fsp. hv. þm. að utanrrh. þurfti einmitt af þeim sökum sem ég nú hef skýrt ekki sérstaklega að hafa formann útgáfustjórnar með í ráðum. Ég tel að ég skilji á milli þeirrar ábyrgðar sem ég ber sem utanrrh. og þeirrar ábyrgðar sem ég ber vegna annarra trúnaðarstarfa. Ábyrgð mín sem ráðh. er óumdeilanlega sú sem hlýtur að víkja öðrum trúnaðarstörfum til hliðar. Meðan ég tel að ég þurfi ekki að víkja þeim til hliðar gegni ég þeim. En um leið og ég kemst að þeirri niðurstöðu að svo geti ekki verið mun ég segja

af mér öðrum trúnaðarstörfum en ráðherrastörfum.

Ég sé ekki ástæðu til fleiri orða um þetta mál að sinni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka auðsýnda velvild. Ég kem nú hér eingöngu upp vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur orðið á ákveðinn hátt tvísaga í þessu máli. Núna seinast segir hann að höfundar skýrslunnar séu einráðir um það hvenær þeir birti þessa skýrslu en í upphafi máls síns sem svar við minni fsp. sagði hann greinilega að ráðh. ákvæði dreifingu skýrslunnar. Þar með eru höfundar náttúrlega ekki einráðir um það hvenær skýrslan er birt eða öllu heldur geta þeir ekki gert það öðruvísi en í samráði við ráðh. Að ráðh. ákveði dreifingu skýrslunnar segir okkur náttúrlega fleira. Hann veit hvert skýrslunni hefur verið dreift, þ. e. hverjir hafa hana undir höndum, og ræður, eins og áður er sagt, hvenær birt er.

Ráðh. sagði annað í sínu máli núna seinast sem ég hjó eftir, ég vona að það hafi kannske að einhverju leyti verið mismæli. Hann sagðist ekki vera ábyrgur fyrir vörslu þessa skjals sem þýðir þá annað tveggja að hann telur sig einfaldlega ekki bera ábyrgð á því á einn eða annan hátt hvað verður um þetta skjal eða að hann veit að þetta skjal var farið til Morgunblaðsins áður en hann settist í ráðherrastól.

Ég get verið sammála hæstv. ráðh. um að innihald þessarar skýrslu, að svo miklu leyti sem maður hefur í það rýnt, skaðar ekki hagsmuni Íslendinga. En ég tel að sá skortur á málafylgju sem hér hefur orðið vart skaði hagsmuni Íslendinga.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Menn heyrðu hæstv. utanrrh. greina frá því að það væri hans mat að það skaðaði ekki íslenska hagsmuni að þessi skýrsla yrði í heild sinni birt almenningi. Hins vegar vísaði hæstv. ráðh. því frá sér og sínu rn. að beita sér fyrir birtingu skýrslunnar og það væri verkefni höfunda hennar að hafa um það frumkvæði. Ég tel þetta furðulega afstöðu eins og þetta mál er vaxið. Hæstv. ráðh. hefur ekki getað greint hér frá neinni könnun eða rannsókn þessa máls heldur aðeins viðtölum sem hann hefur átt við sína embættismenn varðandi vörslu gagna almennt og dregur af því sínar ályktanir. Það liggur þannig ekkert fyrir, engin niðurstaða rannsóknar um það hvaðan þessi skýrsla er komin í hendur Morgunblaðsins en þar hafa birst hlutar úr þessari skýrslu.

Ég tel það vera eðlilegt ef ekki skyldu þess aðila sem ræður yfir þessu gagni sem trúnaðarmáli fyrir hönd íslenska ríkisins að hann hafi að því frumkvæði að kanna bæði að eigin mati — og það mat höfum við heyrt hér frá hæstv. ráðh. — og að mati höfunda skýrslunnar, hvort ekki sé óhætt að birta þessa skýrslu. Ég tel að almenningur í landinu eigi kröfu á að sjá þetta málsgagn í heildinni eins og mál hafa þróast varðandi það. Ég skora á hæstv. ráðh. að endurskoða afstöðu sína og hafa um það frumkvæði að trúnaði verði aflétt af þessu málsgagni, láta þá einnig á það reyna gagnvart höfundum skýrslunnar og að hún verði út gefin.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég biðst velvirðingar á því að í síðustu ræðu minni láðist mér að víkja orðum að ræðum tveggja hv. þm. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurðist fyrir um það hvort til væru í utanrrn. fleiri skýrslur frá sömu mönnum. Um það er mér ekki kunnugt en ég get vel kannað hvort svo er eins og hv. þm. fór fram á.

Þá hélt hv. þm. Steingrímur Sigfússon hér ræðu og spurði hvort ég gerði mig ánægðan með svör Morgunblaðsins. Ég held það skipti nú litlu máli. Það er alkunna og ekki nýlunda að fjölmiðlar telja sig geta neitað því að segja hvaða heimildarmenn þeir hafa að fréttum sem þeir birta. Þetta svar hafa stjórnmálamenn þurft að sætta sig við af hálfu fjölmiðla oftar en einu sinni.

Þá spurði hv. þm. Steingrímur Sigfússon hve stórt upplag þessarar skýrslu væri. Ég veit það ekki en skýrslan sjálf ber það með sér að hún er fjölrituð og slíkt er væntanlega ekki gert nema um nokkurn eintakafjölda sé að ræða. Þá hef ég vikið að tímalengd sem ætti að vera tengd trúnaðarmáli og fjalla ekki frekar um það.

Hv. 8. þm. Reykv., Stefán Benediktsson taldi mig hafa verið tvísaga. Þetta er alger misskilningur. Það sem hann dró fram til vitnis um það var að ég hefði sagt að ráðh. réði dreifingu trúnaðarskýrslu og þess vegna ætti ég að vita hvert trúnaðarskýrslan hefði farið. Ég hef tekið það fram að þessi trúnaðarskýrsla er e. t. v. fyrst og fremst dreifð af hálfu höfunda eða þeirra sem hana sendu rn. en ekki af rn. sem slíku. Það sem ég vitnaði í dreifingu trúnaðarskjala var í sambandi við NATO-skjöl, að í ákveðnum tilvikum fær ráðh. einn þau trúnaðarskjöl. Í öðrum tilvikum verður hann að ákveða hvert þessi trúnaðarskjöl skulu fara til þess að viðkomandi embættismenn hafi þær upplýsingar sem þeim eru nauðsynlegar í starfi sínu. Það er allt annað mál. (Forseti hringir.) Ég held að það liggi ljóst fyrir að trúnaðarmál sem t. d. NATO merkir svo eru ekki trúnaðarmál eftir að NATO hefur sagt að um trúnaðarmál sé ekki lengur að ræða. Ef höfundar segja að ekki sé lengur um trúnaðarmál að ræða og birta skýrsluna getur utanrrn. ekkert frekar um það fjallað á hvaða stigi málsins sem er.

Þá sagði hv. þm. að ég hefði sagt að ég væri ekki ábyrgur fyrir vörslu þessa skjals. Ég er það auðvitað ekki fyrr en ég tek að mér starf utanrrh. Eftir það er ég ábyrgur fyrir vörslu trúnaðarskjala og skjalageymslu í utanrrn. og ber þannig ábyrgð á starfsmönnum rn. En ég vek athygli á því að þetta skjal er sent rn. 1972, ef ég man rétt. Um leið og ég ítreka að ég tel enga ástæðu til að ætla að það hafi lekið út úr rn. legg ég áherslu á að það fór um hendur það margra manna að því er talið er að það getur hafa borist frá ýmsum utan rn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég stend upp vegna síðustu orða hæstv. utanrrh. Hann greinir frá því að hann hafi ekki orðið ábyrgur fyrir störfum utanrrn. fyrr en hann tók við yfirstjórn þess. Má það rétt vera. Ég vil leita upplýsinga um það, hvort hann er að meina með þessu að það hafi orðið einhver mistök í rn. hjá fyrrv. utanrrh. Hann tók að vísu fram að hann liti svo á að embættismenn rn. hefðu ekki brugðist trúnaði. Þar með er að þrengjast hópurinn. Ef yfirmenn rn. og fyrrv. utanrrh. og starfsmenn í rn. hafa ekki brugðist trúnaði, hverjir gætu þá farið að standa fyrir þessu prentverki? Jú, hugsanlega gætu höfundar skýrslunnar fjölritað þetta. En setjum nú svo að höfundar skýrslunnar, þessir þrír nafngreindu menn, hefðu gert það og dreift til Morgunblaðsins eintökum af skýrslunni, því hefðu þeir

þá farið að merkja hana sem trúnaðarmál? Þetta er eitthvað sem ekki kemur heim og saman í mínum huga. Því hefðu þeir farið að óska eftir því? Því mér skilst að það sé samkvæmt þeirra ósk sem þetta er merkt í utanrrn. trúnaðarmál. (**Utanrrh.:** Ekki merkt í utanrrn. sem trúnaðarmál. Hjá sendendum sem trúnaðarmál.) Já, ég er að meina það. Og þess vegna kem ég því ekki saman, ef þeir hafa óskað eftir þessari merkingu eða sent þetta sem trúnaðarmál, því að ég geri ráð fyrir að höfundar skýrslunnar hafi sent hana sjálfir fremur en einhverjir milliliðir.

Ég lít svo á að þetta sé alvarlegt mál. Ekki það að efni þessarar tilteknu skýrslu sé kannske saknæmt þó að það komi fyrir almenningssjónir. En trúnaðarskjöl utanrrn. eiga að vera í öruggri geymslu og þau eiga ekki að vera í höndum margra í ljósriti. Þess vegna held ég að mikil nauðsyn sé að velta því fyrir sér hvar við erum eiginlega stödd.

Mér fannst nú ekki vel smekkleg aths. hjá vini mínum, hv. 3. þm. Norðurl. v., þar sem hann var að rifja upp tengsl formanns útgáfustjórnar Árvakurs og utanrrh. Ég hallast að þeirri skoðun, sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., að það væri mikið frelsi á ritstjórn Morgunblaðsins. Mér finnst það liggja í augum uppi að það frelsi sé meira en lítið, þar sem ritstjórn Morgunblaðsins kemur hæstv. utanrrh. í þennan vanda og efnir þar með til umræðna um rn., sem hæstv. utanrrh. ber ábyrgð á, starfshætti þar eða húsleka.

Geislavirk mengun í Norður-Atlantshafi, fsp. 177. mál (þskj. 318). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 318 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. utanrrh. um geislavirka mengun í Norður-Atlantshafi. Undanfarin ár hafa af og til birst greinar í erlendum tímaritum og okkur borist fregnir með margvíslegum hætti af losun geislavirks úrgangs á hafsvæðum jarðarinnar. Af þeim má ráða að losun slíks úrgangs í hafið sé umtalsverð og þá ekki hvað síst á hafdýpinu suður af landgrunni Íslands. Mun þannig vera um þennan úrgang búið að hann er í einhvers konar tunnum sem ekki eru betur úr garði gerðar en svo að áætlað er að um þriðjungur þeirra springi á leiðinni niður á hafsbotn, að annar þriðjungur þeirra springi innan 10 ára frá því að þeim er varpað í hafið og afgangurinn láti undan þrýstingi á hafsbotni og springi innan u. þ. b. 50 ára. Á árinu 1982 er talið að um 12 þús. tonnum af geislavirku efni hafi með þessum hætti verið sökkt í Norður-Atlantshafið.

Engum blöðum er um það að fletta hve ógnvænleg áhrif mengun af þessum sökum hefur á allt líf til lands og sjávar og ætti það að liggja einkar ljóst fyrir okkur Íslendingum vegna þess hve nátengd lífsafkoma okkar er afurðum sjávarins. Vitað er að mengun af þessu tagi skilar sér með tíð og tíma inn í lífskeðju jarðarinnar allrar og jafnframt er vitað að hægfara geislavirkni leiðir til ýmissa banvænna sjúkdóma í mönnum eins og blóðkrabbameins og getur einnig valdið erfðabreytingum ýmiss konar. Mengun vegna losunar geislavirks úrgangs í hafið hefur því í reynd í för með sér hægfara dauða fyrir allt það sem lífsanda dregur á þessari jörð og má jafna áhrifum hennar við áhrif gereyðingarsprengjunnar sem okkur eru nú fullkomlega ljós. Munurinn er aðeins sá að við sem nú lifum munum sennilega ekki farast af þessum sökum heldur afkomendur okkar og ekki í einu vetfangi heldur smám saman. Skammsýni og lífsfyrirlitningu þeirra sem fyrir því standa að menga náttúru jarðar á þennan máta eru engin takmörk sett og er það beinlínis tilvistarspurning fyrir jarðarbúa að stöðva nú þegar þessa óhugnanlegu aðför að lífsskilyrðum á jörðinni. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh. í fyrsta lagi: Hvernig er fylgst með og hvaða upplýsingar eru fyrir hendi í utanrrn. um losun geislavirks úrgangs í Norður-Atlantshaf og mengun sjávar af þeim sökum? Og í öðru lagi: Hafa stjórnvöld beitt sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir geislavirka mengun í hafinu kringum Ísland?

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þar sem hv. fyrirspyrjandi, 11. þm. Reykv., Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, greindi frá fsp. sérstaklega þarf ég ekki að endurtaka þær. Ég hef óskað eftir því að starfsmenn utanrrn. hefðu samráð við Siglingamálastofnun ríkisins sem annast framkvæmd milliríkjasamninga á þessu sviði við samningu eftirfarandi grg. sem er svar við fsp.

Ísland er aðili að svonefndri Lundúnasamþykkt frá 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna. Samþykktin var staðfest skv. heimild í lögum nr. 53 frá 1973, þ. e. lögum um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning er gerður var 29. des. 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það. Samþykktin hefur lagagildi á Íslandi sbr. 3. gr. laganna.

Í samþykktinni eru ákvæði er takmarka losun geislavirkra efna í hafið, þ. e. þegar úrgangi er varpað í hafið. Þannig er í samþykktinni í viðauka I lagt algert bann við losun efna sem eru geislavirk í ríkum mæli. Ef um er að ræða efni eða úrgang sem inniheldur geislavirk efni í litlum mæli á stjórnun skv. samþykktinni að tryggja að losun valdi ekki mengun sjávar. Er um það fjallað í viðaukum II og III. Eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða hefur verið í höndum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og Kjarnorkustofnunar OECD. Á Norður-Atlantshafi er eitt svæði þar sem losun geislavirkra úrgangsefna hefur átt sér stað í samræmi við eftirlitskerfi samþykktarinnar. Svæðið er um 4000 km² að stærð og er um 700 km suðvestur af Írlandi og 700 km norðvestur af Spáni.

Alþjóðasiglingamálastofnunin annast almenna framkvæmd samþykktarinnar í umboði aðildarríkjanna. Þar sem Siglingamálastofnun ríkisins sér um samskipti Íslands við stofnunina var ákveðið að fela henni að annast framkvæmd Lundúnasamþykktarinnar hér á landi. Í Siglingamálastofnun starfar sérstök mengunardeild. Tilkynningar ríkja um losun og almennar upplýsingar um þetta mál eiga að berast Siglingamálastofnun annaðhvort beint eða fyrir milligöngu utanrrn.

Ísland er enn fremur aðili að svonefndum Parísarsamningi um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Samningurinn var staðfestur skv. heimild í lögum nr. 67 frá 1981, lögum um heimild fyrir ríkisstj. að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, og hafa ákvæði hans lagagildi hér á landi sbr. 2. gr. laganna. Siglingamála-

ráðherra fer með mál er varða samninginn og annast siglingamálastjóri eftirlit með framkvæmd samningsins á vegum ráðh. sbr. 4. gr. laganna. Sérstök nefnd, svokölluð Parísarnefnd, var sett á stofn skv. samningnum og eiga fulltrúar frá öllum aðildarríkjum sæti í henni. Embættismenn Siglingamálastofnunarinnar hafa sótt fundi nefndarinnar fyrir Íslands hönd.

Í samningnum eru ákvæði er skuldbinda aðila til að takmarka stranglega losun geislavirkra úrgangsefna í frárennsli frá landi. Til skamms tíma hefur ekki þótt ástæða til að fjalla sérstaklega um þennan þátt mengunar hafsins á vegum Parísarnefndarinnar þar eð starfsemi annarra alþjóðastofnana hefur verið talin fullnægjandi hvað varðar mengunarvarnir. Frá árinu 1982 hefur þetta mál þó verið tekið sérstaklega á dagskrá hjá nefndinni. Vegna umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar í júní n. k. vinna aðildarríkin nú hvert fyrir sig að því að meta heildarmagn og geislun þess úrgangs sem losaður er í sjó frá landstöðvum. Er þess vænst að þessar upplýsingar liggi fyrir á júnífundinum þannig að hægt verði að meta hvort sérstakra aðgerða sé þörf. Reiknað er með því að komið verði á fót sérstakri eftirlitsnefnd þar sem fylgst verður með geislun í hafi.

Íslensk stjórnvöld hafa staðið að margvíslegum aðgerðum vegna losunar geislavirkra efna enda Ísland í sérstöðu vegna legu sinnar og þess hversu mjög Ísland er háð sjávarafurðum. Undanfarin ár hafa 4 ríki stundað losun geislavirks úrgangs, Bretland, Sviss, Belgía og Holland. Árið 1979 lét utanrrn. senda orðsendingar til stjórnvalda þessara ríkja og var lýst áhyggjum íslenskra stjórnvalda vegna slíkrar losunar.

Á fundi aðildarríkja Lundúnasamþykktarinnar í febr. 1983 var fjallað um tillögur um algert bann við losun geislavirks úrgangs. Ísland stóð ásamt hinum Norðurlöndunum að till. um að banna alla losun frá og með 1. jan. 1990 og um hert eftirlit fram að þeim tíma. Ekki náðist samkomulag um breytingar á Lundúnasamþykktinni en staðfest var ályktun þar sem aðildarríki voru hvött til að hætta losun þar til niðurstöður sérstakrar könnunar liggja fyrir. Í framhaldi af þeirri ályktun komu Norðurlöndin sér saman um að beina tilmælum til breskra stjórnvalda um að falla frá fyrirætlunum um að losa geislavirk efni s. l. sumar.

Mál þetta verður aftur á dagskrá á næsta fundi aðildarríkja Lundúnasamþykktarinnar 20.—24. þ. m. Magnús Jóhannesson, settur siglingamálastjóri, verður fulltrúi Íslands á fundinum.

Íslensk stjórnvöld hafa stutt tillögur um auknar rannsóknir á áhrifum geislavirks úrgangsefnis, t. d. á vegum Kjarnorkustofnunar OECD og Parísarnefndarinnar. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur hingað til aðeins fjallað um áhrif geislavirks úrgangs vegna losunar en tekur nú þátt í störfum nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna sem metur áhrif alls geislavirks efnis í hafinu.

Ég vænti þess að ég hafi svarað fsp. hv. þm. með þessari greinargerð.

Fyrirspyrjandi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. greinargóð svör og ég fagna því að ýmislegt er á döfinni og hefur verið á döfinni hjá stjórnvöldum í þessum efnum. Þó verð ég að segja að mér finnst þetta heldur hægfara. Við vitum að þegar er um stórkostlega hættu af þessum sökum að ræða. Ef ég skildi hæstv. utanrrh. rétt á að halda fund í júní í Osló þar sem tekin verður ákvörðun um aðgerðir. Það er að vísu ekki langt til júnímánaðar en heldur hefði ég viljað að við beittum okkur fyrr í þessu máli. Þetta er mál sem þolir enga bið.

Ég vil líka sérstaklega undirstrika nauðsyn þess að farið sé að huga að leiðum til að hreinsa upp þann úrgang sem þegar hefur farið í hafið að svo miklu leyti sem það er hægt. Ég veit að til þess þurfum við, og ekki bara við heldur öll þau ríki sem í hlut eiga, að veita umtalsverðum fjármunum í rannsóknir og þekkingaröflun á því hvað er hægt að gera til að hreinsa þennan úrgang úr hafinu. Tel ég að mjög mikilvægt sé og vil beina því til hæstv. utanrrh. að hann gefi þessu máli sérstakan gaum fyrir Íslands hönd á alþjóðavettvangi.

Annars hvet ég almennt til þess að þm. hafi vakandi auga með þessum málum og stuðli að því að við reynum að gera það sem í okkar valdi stendur til að hamla hér á móti.

Gæða- og öryggisreglur varðandi hjólbarða, fsp. 177. mál (þskj. 318). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 318 leyft mér að bera fram fsp. til dómsmrh. um gæða- og öryggiskröfur varðandi hjólbarða. Fsp. er svohljóðandi með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 8. mars 1983 um gæða- og öryggisreglur varðandi notkun og innflutning hjólbarða, svo og verulega lækkun innflutningsgjalda af hjólbörðum?"

Þál. sú sem hér um ræðir er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta setja gæða- og öryggisreglur um innflutning og notkun hjólbarða með hliðsjón af því sem tíðkast í grannlöndum okkar og kanna jafnframt hvort unnt sé að lækka verulega innflutningsgjöld af hjólbörðum."

Ég sé ekki ástæðu til að fylgja þessu úr hlaði með fleiri orðum, herra forseti.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur gert grein fyrir fsp. sem hann ber fram til mín um gæða- og öryggisreglur varðandi hjólbarða og byggðar eru á ályktun sem Alþingi samþykkti á s. l. ári. Eftir að þál. þessi barst dómsmrn. var hún send Bifreiðaeftirliti ríkisins og óskað eftir umsögn þess og tillögum um ráðstafanir í því sambandi. Í svari Bifreiðaeftirlitsins kemur fram að það telur að eftirfarandi ráðstafanir geti stuðlað að umferðaröryggi:

1. Felld verði niður eða lækkuð verulega innflutningsgjöld af hjólbörðum.
2. Settar verði reglur um að ekki megi flytja til landsins hjólbarða nema þeir séu af viðurkenndri gerð og á þeim séu öll merki framleiðenda.
3. Hjólbarðaverkstæði verði gerð ábyrg fyrir því, að ekki sé afhentur hjólbarði undir bifreið nema hann standist kröfur sem gerðar eru til hjólbarða undir bifreiðir.
4. Komið verði á eftirliti með innflutningi á hjólbörðum og vinnu hjólbarðaverkstæða.

Er Bifreiðaeftirlitið reiðubúið til samstarfs um að vinna nánari reglur er þetta varðar.

Í framhaldi af þessu skal tekið fram að til athugunar er í dómsmrn. með hverjum hætti setja megi þær reglur er feli í sér ákveðnari kröfur en nú eru í gildi um hjólbarða, þannig að áskilnaður verði um að á hjólbarða komi fram auðkenni og tilteknar upplýsingar um gerð hjólbarðans og eiginleika og að hjólbarðinn svari til þess ökutækis sem hann er ætlaður fyrir. Einnig er til athugunar hvernig koma megi fyrir eftirliti með innflutningi hjólbarða og eftirliti með starfsemi hjólbarðaverkstæða. Fellur þetta undir endurskoðun á reglugerð um búnað og gerð ökutækja, en sú endurskoðun er mjög brýn og er nú í undirbúningi.

Að því er varðar lækkun opinberra gjalda af hjólbörðum er þess að geta að þau mál heyra undir fjmrn. Þó má geta þess að ætlunin mun að fella niður gúmmígjald, en að öðru leyti munu tollalögin vera í endurskoðun og þar með þá reglur um innflutningsgjöld.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svar hans, en jafnframt verð ég að lýsa vonbrigðum með það sem fram kom í hans máli. Tillagan, sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi í fyrra, er alveg skýr og ótvíræð. Hún fjallar um það að Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta setja gæða- og öryggisreglur um innflutning hjólbarða. Hér felur Alþingi ríkisstj. ákveðið verkefni. Ég sé ekki hvers vegna ríkisstj. þarf að senda þetta verkefni Bifreiðaeftirliti ríkisins til umsagnar. Það er mér alveg óskiljanlegt hvers vegna ríkisstj. felur ekki dómsmrn. að láta setja slíkar reglur eins og Alþingi er búið að samþykkja.

Nú er það svo að hjól dómsmrn. mala ákaflega hægt. Það vitum við, sem fylgst höfum með endurskoðun umferðarlaganna, sem er búin að vera í gangi í mörg ár og vonandi fer nú að sjá fyrir endann á. Þetta er ákaflega einfalt mál. Á öllum Norðurlöndunum og í velflestum ef ekki öllum löndum Vestur-Evrópu eru í gildi alveg ákveðnar reglur, sem segja fyrir um það hvernig hjólbarðar skuli vera gerðir og hvernig merktir, svo að þeir séu leyfðir til notkunar á bifreiðum. Ég held að það væri einfaldast fyrir okkur að sníða okkar reglur t. d. eftir norskum reglum um þetta efni, eða þá sænskum sem eru bæði ítarlegar og fullkomnar. Ég sé ekki hvers vegna þarf að senda þetta Bifreiðaeftirlitinu til umsagnar. Alþingi er búið að marka stefnu í þessu máli. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að hæstv. dómsmrh. getur ekki svarað fyrir fjmrn., en engu að síður kom fram í hans máli að þessar tollareglur munu vera í endurskoðun.

Ég er ekki frá því að í ófærðinni í vetur hafi það haft sín áhrif hversu dýrir hjólbarðar eru. Það hafi kannske átt þátt í því umferðaröngþveiti sem hér hefur oft myndast í höfuðborginni og raunar víðar að ökutæki eru á lélegum hjólbörðum. Menn hafi ekki ráð á því að kaupa almennilega hjólbarða undir bíla sína vegna þess hversu dýrir þeir eru og hátt tollaðir. Sömuleiðis er alveg tvímælalaust að lélegir hjólbarðar eiga oft þátt í umferðaróhöppum og slysum, því miður.

Ég verð enn að lýsa vonbrigðum með þetta. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert að ætla sér að taka upp eftirlit með vinnu hjólbarðaverkstæða. Ég er hins vegar ekki viss um að það sé að byrja á réttum enda. Við eigum að tryggja það að hér séu einungis notaðir hjólbarðar sem standast öryggiskröfur. Ég ítreka það að Alþingi er búið að lýsa ótvíræðum vilja sínum í þessu máli með þál. frá 8. mars 1983 og ég skora á hæstv. dómsmrh. að beita sér nú fyrir því að svona reglur verði settar. Það er auðvelt að leita fyrirmynda því að slíkar reglur eru til hjá öllum Norðurlandaþjóðunum og öllum þjóðum í Vestur-Evrópu.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér að taka eindregið undir orð síðasta ræðumanns og vil minna hv. þm. á það sem ég sagði um sama efni á fundi hér í Sþ. 7. febr. s. l. en það er virðingarleysi framkvæmdavaldsins fyrir því sem Alþingi samþykkir. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. Eiði Guðnasyni. Það er alveg skýrt hvað Alþingi ákvað í þessu máli á síðasta þingi og það hlýtur að valda okkur þm. mikilli undrun þegar farið er að senda ákvarðanir Alþingis hinum og þessum aðilum úti í þjóðfélaginu til umsagnar. Það er rn. sjálft sem á að láta gera þá hluti sem við samþykkjum hér. Það væri vissulega athyglisvert og forvitnilegt að kanna hversu margar þáltill. liggja í hinum ýmsu ráðuneytum, samþykktar af hinu háa Alþingi og ekkert hefur verið gert með. Það væri sannarlega verkefni til að kanna.

Sannleikurinn er sá, að þegar Alþingi er búið að samþykkja tillögur, þá ber að framkvæma þær. En eins og margir hv. þm. kannast við stöndum við hér ár eftir ár og spyrjum um framkvæmd á okkar eigin samþykktum þáltill. til þess að vita hvar þær eru staddar. Það er hámark virðingarleysisins fyrir störfum okkar að þm. rétti hér upp hendurnar og samþykki hvers konar ágæt mál, sem hér eru lögð fram, og þau komist síðan alls ekki til framkvæmda. Ég vil því hvetja hv. þm. til að fylgjast mjög náið með því hvað verður um það sem þeir fá samþykkt hér á hinu háa Alþingi.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég ætla ekki að andmæla því að æskilegra væri að þetta mál væri lengra komið en raun ber vitni. Hins vegar vil ég láta það koma fram að ég sé ekkert óeðlilegt við það að leitað sé til Bifreiðaeftirlits ríkisins þar sem það er sá aðili sem sér fyrir hönd dómsmrn. um framkvæmd á öryggiseftirliti með bifreiðum. En eins og ég sagði er þetta nú til athugunar í rn. og ég mun gera mitt til þess að reyna að ýta því áfram. Vonast ég til að það muni þá eitthvað vera búið að sjást um þetta á næsta þingi svo að ekki þurfi að bera fram þessa sömu fsp. þá. Varðandi hins vegar þau gjöld sem lögð eru á hjólbarða, þá er það Alþingi sem ákveður þau með lögum og ríkisstj. verður að fara eftir þeim lögum. Þeim þætti er því á valdi Alþingis að breyta.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil upplýsa hæstv. dómsmrh. um að mál þetta var að sjálfsögðu afgreitt í allshn. Sþ. Málið var sent frá nefndinni til umsagnar Bifreiðaeftirlitsins svo að hæstv. dómsmrh. og rn. hans hefði hæglega getað fengið hana lánaða hjá hv. allshn. Sþ.

Sameinað þing, 49. fundur.

Þriðjudaginn 14. febr., að loknum 48. fundi.

Sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga, þáltill. 194. mál (þskj. 350). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða, þáltill. 186. mál (þskj. 331). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fríðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. 189. mál (þskj. 337). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Búrekstur með tilliti til landkosta, þáltill. 120. mál (þskj. 147). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Skattsvik, þáltill. 169. mál (þskj. 310). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Hagnýting Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar, þáltill. 172. mál (þskj. 313). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Sameinað þing, 50. fundur.

Þriðjudaginn 14. febr., að loknum 49. fundi.

Sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga, þáltill. 194. mál (þskj. 350). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umræðu. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Till. þessi til þál. er flutt af tólf þingmönnum sex þingflokka og með stuðningi flokkanna allra. Enn einu sinni sameinast Íslendingar því í varðstöðu um réttindi á sviði hafréttarins. Auðvitað vilja Íslendingar að Grænlendingar öðlist sem fyrst fullan mátt til þess í senn að vernda fiskimið sín og hagnýta þau skynsamlega. Fiskistofnarnir á Íslands- og Grænlandsmiðum eru meira og minna sameiginleg auðlegð þjóðanna og það er í senn skylda og hagsmunir þessara granna að vernda þá og nýta í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmálans og hafa um það samstarf.

Að svo miklu leyti sem Íslendingar kynnu nú að vera betur í stakk búnir til að sinna þessu hlutverki en Grænlendingar ber þeim þess vegna að sinna því. Þar kemur e. t. v. til greina aðstoð íslensku landhelgisgæslunnar sem við gætum að einhverju marki sinnt bæði á sjó og í lofti ef talið væri æskilegt.

Í annan stað er ljóst að fleiri þjóðir eiga mikilla hagsmuna að gæta í því að fiskistofnar norðursins séu verndaðir og fiskimiðin skynsamlega hagnýtt. Eðlilegt er þess vegna að treysta ekki einungis samvinnuna við Grænlendinga heldur líka Færeyinga, Dani, Norðmenn og Kanadamenn en hindra sókn annarra í sameiginlega fiskistofna þessara þjóða. Það hlýtur að koma til skoðunar í utanrmn., hjá utanrrn. og sjútvrn. og ríkisstj. í heild allra næstu daga því að örlagaríkar ákvarðanir sem skipt geta sköpum kunna að verða teknar á næstu vikum.

Þegar Íslendingar hófu lokabaráttu sína fyrir fullum yfirráðum 200 mílna efnahagslögsögu stóðu þeir einir Evrópuþjóða. Þess mættu nágrannar okkar sem þessara réttinda njóta nú minnast. Eðlileg samskipti og verkaskipting þeirra þjóða annars vegar sem eiga land að fiskimiðum og hins vegar fjarlægra iðnríkja felast í verslunarviðskiptum þar sem þau síðarnefndu kaupa sjávarafurðir sem útvegsþjóðirnar afla í skiptum fyrir kaup þeirra á iðnaðarvörum. Þetta er það eðlilegasta og þetta er beggja hagur.

Í vaxandi samvinnu þjóðanna sem lönd eiga að fiskimiðum norðurslóða munu sameiginlegir hagsmunir ráða eins og títt er í samskiptum þjóða þar sem hvorki er að finna þiggjendur né veitendur heldur samtvinnaða gæslu réttinda sem alþjóðalög tryggja þeim sem þau kunna þá að hagnýta. Öll verða mál þessi nú væntanlega rædd í utanrmn. svo og önnur samskipti við Grænlendinga sem einmitt eiga inni heimboð Alþingis og vonandi koma hingað fyrr en síðar.

Þótt allir þingflokkar standi að flutningi þessarar þáltill. legg ég því til, herra forseti, að henni verði vísað til hv. utanrmn. að lokinni umr. hér í dag í von um að hún fái þar skjóta afgreiðslu og geti komið fyrir fund í Sþ. á ný n. k. fimmtudag, væntanlega til einróma samþykktar. Þar með væri afstaða Íslendinga í hafréttarmálum einu sinni enn skýrt mörkuð.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kennsla í Íslandssögu, þáltill. 164. mál (þskj. 277). — Frh. einnar umr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í þessari umr. fyrst og fremst vegna staðhæfingar hv. 1. flm. þessarar þáltill. að ekkert væri til sem héti kvennamenning eða kvennasaga. Það er

mér sönn ánægja að fá að uppfræða hv. 5. landsk. þm. svolítið um þessi efni héðan úr ræðustól á Alþingi enda er nokkuð freklega eftir kallað.

Svo ég snúi mér fyrst að kvennamenningunni vil ég byrja á því að upplýsa hv. þm. um að konur og karlar eru ekki eins, ekki aðeins líkamlega heldur einnig menningarlega. Frá alda öðli hafa konur haft með höndum önnur störf en karlar og frá alda öðli hafa konur — en ekki karlar — gengið með börnin, fætt þau í þennan heim og annast um þau fyrstu æviárin. Þetta hvort tveggja gerir það að verkum að lífsreynsla kvenna og karla er ekki sú sama, þar á er óhjákvæmilega um nokkurn mun að ræða.

Þegar rætt er um menningu kvenna er því verið að ræða um þau viðhorf kvenna, hugmyndir og lífssýn sem eiga sér uppsprettu í sérstakri lífsreynslu þeirra, þeirri reynslu sem mótast af þeirri staðreynd að félagsleg staða kvenna hefur ávallt verið önnur en staða karla og að móðurhlutverkið hefur ekki verið og er ekki sama hlutverk og föðurhlutverkið.

Vitaskuld er hluti menningar sérhvers samfélags sameiginlegur konum og körlum og það er einfaldlega greiningaratriði en ekki þrætumál hvernig hinir mörgu og mismunandi þættir sérhverrar heildarmenningar fléttast saman og mynda þá samverkandi heild sem við í daglegu tali köllum einfaldlega menningu. Sú er niðurstaða allra þeirra vísindagreina sem við menningu fást.

Hitt er svo annað mál að menningarþættir eru misjafnlega sýnilegir í sérhverju samfélagi og þannig er því einmitt farið með menningu kvenna í íslensku samfélagi. Konur hafa löngum verið hinn þögli hópur þessa lands enda ekki einleikið hversu fáar konur hafa náð því að komast á spjöld þeirrar sögu sem við nefnum sögu Íslendinga.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson nefndi til tvær konur fyrr í þessari umr., þær Ólöfu Loftsdóttur og Guðrúnu á Bæ, báðar valdamiklar konur eins og hann tók fram. *Það er engin tilviljun að hv. þm. nefndi* þessar tvær konur. Hann veit um þær vegna þess að báðar voru karlmannsígildi eins og sagt er, báðar gegndu stöðu og höfðu völd sem sambærileg eru við hefðbundin völd og stöðu karla í íslensku samfélagi. Þess vegna er munað eftir þeim.

Við sem hér sitjum gætum sjálfsagt ef við legðum saman nefnt til ríflega tylft kvenna til viðbótar á sömu forsendum. Ég geri ráð fyrir að svokölluð söguþekking okkar þm. dugi samanlagt til þess. En spurningin er: Hvar er getið allra hinna kvennanna, allra þeirra þúsunda kvenna sem byggt hafa þetta land í 1100 ár? Hvar finnum við upplýsingar um ævi þeirra og störf og framlag þeirra til íslenskrar menningar? Svarið er einfalt: Hvergi.

Um þessar konur þegir Íslandssagan þunnu hljóði. *Það er því hárrétt athugað hjá hv. 1. flm. þessarar till.* að saga íslenskra kvenna er ekki til, hún er ekki til í þeim skilningi að hún er hvergi til niðurskráð, hún er ekki hluti af opinberri sögu Íslendinga. Eigum við þá þar með að álykta að íslenskar konur eigi sér enga sögu? Eigum við að álykta að störf unnin í svokölluðum kyrrþey séu engrar athygli verð? Eigum við að hugsa sem svo að konur þessa lands hafi aldrei hugsað neitt af viti, aldrei haft neitt sérstakt til málanna að leggja, aldrei borið líf þessa lands í höndum sínum? Svo við snúum okkur frá konunum sem unnu og vinna enn störf sín í þessum margfræga kyrrþey, þessi störf sem enginn tekur eftir og sem virðast vera ósýnileg og snúum okkur að þeim konum sem kvöddu sér hljóðs opinberlega af því að þær voru konur og vildu vekja athygli á málefnum kvenna, hvar er þeirra saga? Hvar er saga 100 ára skipulagðrar kvennabaráttu hér á landi? Hún er heldur ekki til í sögubókunum og fór hún þó ekki fram í neinum kyrrþey.

Staðreyndin er einfaldlega sú að í Íslandssögunni er að miklu leyti þagað um íslenskar konur. Af henni má ráða að þær beri það nafn með rentu að vera hinn þögli hópur íslensks samfélags eins og ég sagði áðan. Við þurfum reyndar ekki að skoða fortíðarsögu Íslendinga til að komast að þessari niðurstöðu. Okkur nægir að skoða þá mynd af nútíðarsögunni sem birtist okkur dags daglega í dagblöðunum. Þar er þagað þunnu hljóði um það sem konur hafa til málanna að leggja.

Það er því e. t. v. ekki svo undarlegt að hv. þm. Eiður Guðnason haldi að ekkert sé til sem heitir kvennamenning eða kvennasaga. Vitneskjan um það liggur ekki á lausu, henni er síður en svo otað að landsmönnum. Ég get þó upplýst hv. þm. um það að fræðimenn hér á landi jafnt sem í öðrum Evrópulöndum eru farnir að láta þennan vanrækta þátt sérhverrar þjóðarsögu til sín taka. Hér á landi hefur Kvennasögusafn Íslands starfað um árabil fyrir þrotlausan dugnað og eljusemi frú Önnu Sigurðardóttur. Við Háskóla Íslands er þegar kominn vísir að rannsóknum á sögu og menningu íslenskra kvenna og undanfarin tvö ár hefur verið kennt námskeið í kvennasögu við heimspekideild Háskóla Íslands. Fyrst ég er hér að nefna Háskóla Íslands þætti mér gaman að vita hvort hv. 1. flm. þessarar till. veit hver voru tildrögin að stofnun þeirrar merku stofnunar. Svari hann mér því ef hann má.

Sú þáltill. sem hér er til umfjöllunar virðist ganga út frá því að til sé einhver ein og óumdeilanleg Íslandssaga, að allir skilji söguna á sama máta. Því fer vitaskuld fjarri. Ég hef hér gert einn þátt söguskilnings að umræðuefni, aðrir ræðumenn hafa bent á aðra þætti. Kjarni málsins er sá að saga Íslendinga verður aldrei endanlega rituð í eitt skipti fyrir öll. Hún hlýtur ávallt að vera í sífelldri umfjöllun og endurskoðun af hálfu fræðimanna. Það vita allir sem nálægt fræðimennsku hafa komið að liggur í hlutarins eðli.

Jafnframt gengur till. út á það að efla skuli með börnum þessa lands ást og virðingu á sögu lands og þjóðar. Ég hef að sjálfsögðu ekki nema gott eitt um það að segja og þá er ég vitaskuld að tala um söguna í þeim skilningi að um sé að ræða sögu landsmanna allra en ekki sögu hluta þeirra.

Hitt er svo annað mál að það er til lítils fyrir Alþingi að skipa kennurum þessa lands að innræta nemendum sínum ættjarðarást, þeirri göfugu tilfinningu er ekki hægt að miðla nema kennarinn skilji hana sjálfur. Það er ekki hægt að skipa mönnum að hafa ákveðnar tilfinningar, yfir tilfinningar manna ná engar þáltill.

Hins vegar er hlutverk okkar sem hér sitjum að stuðla að því að á Íslandi fái þrifist mannlíf sem gefur tilefni til tilfinninga og hugsana af því tagi sem hér um ræðir. Það er okkar hlutverk fyrst og fremst að sjá til þess að hér þrífist réttlátt og lífvænlegt samfélag sem menn geta virt og borið ást í brjósti til. Þannig getum við þm. best stuðlað að þeirri trú og þeirri virðingu fyrir landi og þjóð sem þessi þáltill. fjallar svo grunnfærnis-

lega um.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er til umr. merkt málefni þar sem er sjálf Íslandssagan. Þrír hv. alþm. hafa hér lagt fram þáltill. um kennslu í Íslandssögu.

Ástæða er til þess að ræða nokkuð þau viðhorf sem koma fram jafnt í tillöguflutningi og grg. og þann bakgrunn sem er á bak við þessa till. og þá umr. sem fram hefur farið frá því þann 13. nóv. s. l. um sögukennslu í íslenskum skólum, því að augljóst er að flutningur þessarar till. er sprottinn upp af þeirri umr. sem Morgunblaðið hleypti af stað fyrir tilverknað blaðamannsins Guðmundar Magnússonar þann 13. nóv. s. l. og sem hefur orðið kveikja að meiri blaðaskrifum um þetta efni á þeim tíma sem síðan er liðinn en ég man eftir að hafa séð um Íslandssögumálefni og raunar um málefni skólanna almennt.

Það verður að segjast að um málefni skóla í okkar landi ríkir allt of mikið tómlæti í opinberri umr. almennt og þá ekki síður hér á hv. Alþingi. Sárast er þó að sjá oft og tíðum hvaða meðferð fjárveitingar til þessa grundvallarþáttar í fræðslustarfi þjóðarinnar fá þegar tekin er afstaða um skiptin á útgjöldum ríkissjóðs.

Ég ætla hins vegar ekki að ræða það hér sérstaklega að þessu sinni. Þessi þáltill. er afar almennt orðuð. Það er vissulega einkenni margra slíkra till. sem við fjöllum hér um en þegar rætt er um svo víðfeðmt efni sem kennslu í Íslandssögu hljóta menn að spyrja sig að því frekar en fram kemur í till. og fram hefur komið í máli hv. flm., hvað vakir fyrir honum, hvaða fyrirmæli eru það sem hv. Alþingi er ætlað að gefa framkvæmdavaldinu um kennslu í Íslandssögu.

Í upphafi þáltill. segir. „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í grunnskólanámi verði kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar aukin.“ Þetta er fyrsti efnisþátturinn. En hægt er að auka sögukennslu með ýmsum hætti og ég sé ekki að framkvæmdavaldið sé miklu nær um það hver sé vilji Alþingis í þessum efnum ef ekki fylgir nánari skilgreining á því ef löggjafarsamkoman vill gefa þær forskriftir með hvaða hætti slík kennsla skuli aukin og á kostnað hvers. Á það að vera á kostnað tíma nemenda, þess tíma sem þeir eyða í skólum landsins og njóta þar kennslu? Á það að vera á kostnað annarra námsgreina? Og svo sem inn í þessi mál blandast og ekki síst í dagblaðaumræðunni, hvaða stefna og viðhorf varðandi sögukennslu eru það sem hv. flm. bera fyrir brjósti og vilja að njóti þeirrar aukningar sem hér er verið að leggja til?

Að vísu segir í framhaldinu í till. orðrétt: „og við það miðuð að nemendur öðlist ekki aðeins þekkingu og skilning á sögu þjóðarinnar heldur og trú á landið og vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast í ellefu aldir.“ Það er vissulega ekki lítið lagt undir í þessum efnum hjá hv. flm. og ekki skal ég draga úr þýðingu þess að efla með mönnum heilbrigða trú á landið og möguleika okkar til lífsbjargar hér í landi okkar og að efla það menningarsamfélag sem hér hefur þróast því að ég vil trúa því að það sé það sem fyrir hv. flm. vakir þegar talað er um varðveislu á menningarsamfélaginu. En vegna þess hversu mjög almenn þessi till. er, þá hljóta menn að leita fanga í greinargerð fyrir rökstuðningi af hálfu hv. flm. Þar bregður fyrir nokkuð sérstökum atriðum sem óhjákvæmilegt er að vekja athygli á og leita kannske eftir enn þá dýpri rökum frá hv. flm. fyrir nauðsyn á eflingu Íslandssögukennslunnar en þar eru.

Helsta undirstaðan sem þeir setja fram í grg. sinni fyrir þeirri skoðun sinni að hér beri að brjóta í blað — því þannig skil ég hv. flm. og hv. 1. flm. sem mælti hér fyrir þessu, að brjóta ætti í blað varðandi Íslandssögukennslu — er dagblaðið Tíminn sem skýrði frá niðurstöðum skoðanakönnunar um söguþekkingu hjá almenningi hér á landi. Ekki er greint frá því hvenær hún kom fram í Tímanum þessi umrædda tilvitnun í niðurstöður skoðanakönnunar en birt er tilvitnun í greinargerðina í Dagblaðið og þar segir orðrétt:

„Söguþekking 16—20 ára Íslendinga bágborin: Aðeins 13.1% vissu um fyrsta forseta Íslands.“

Og síðan er þetta flokkað nánar hvernig þetta kom út:

„Aðeins 58.8% vita að Sveinn Björnsson var fyrsti forseti íslenska lýðveldisins samkvæmt skoðanakönnun sem fyrirtækið Kaupþing gerði nýlega. 17.5% héldu að það hefði verið Jón Sigurðsson, 5.7% að það hefði verið Ásgeir Ásgeirsson og heil 18% sögðust alls ekki vita það.“

Íbúar höfuðborgarsvæðisins virðast samkvæmt könnuninni vera aðeins betur að sér en fólk úti á landsbyggðinni“ — ég geri ráð fyrir og skil það af framhaldinu að það sé varðandi þetta merka atriði um fyrsta forseta lýðveldisins — „en 62.7% svöruðu spurningunni rétt. Í þéttbýli annars staðar á landinu svöruðu 55.9% rétt en 52.9% í dreifbýli. Sé þeim sem spurðir voru“ — ég bið hv. alþm. að taka eftir — „skipt niður í aldurshópa kemur í ljós að aðeins 13.1% fólks á aldrinum 16—20 ára svaraði rétt. Eftir því sem fólk eldist virðist það betur að sér en 83.9% fólks á aldrinum 56—67 ára vissi hver var fyrsti forseti lýðveldisins.“

Hér blasa við stórmerki mikil sem eru ein aðalkveikjan í þessum tillöguflutningi. Fólk sem komið er um og yfir miðjan aldur er talsvert betur að sér um þetta þekkingaratriði en fólk á aldrinum 16—20 ára, hver var fyrsti forseti lýðveldisins, Sveinn Björnsson 1944—1952. Heil skoðanakönnun er dregin fram í öðru aðalmálgagni ríkisstjórnarinnar til að leiða þessi stórmerku sannindi í ljós. Ég veit að hv. þm. átta sig á því að hér eru stórmerk sannindi á ferðinni. Ég býst t. d. við að ástæða þætti til að ég væri eitthvað betur að mér um þessi efni en þeir sem nú eru að ljúka skyldunámi vegna þess að ég á að muna þann tíma sem Sveinn Björnsson var forseti lýðveldisins og kom við sögu í mörgum málum svo sem kunnugt er.

Hinn meginrökstuðningurinn fyrir utan þennan er um hvenær kristni var lögtekin. Þar vill svo undarlega til að ekki er sama fylgni í skoðanakönnuninni varðandi hvað margir gata á því hvenær lögtekin var kristni á Íslandi eins og í þessu atriði varðandi fyrsta forseta lýðveldisins. En þeir ljúka þessari tilvitnun í könnun fyrirtækisins Kaupþings með að segja: „Þessar niðurstöður hljóta að vera alvarlegt íhugunarefni.“ Já, það er von að svo sé hermt að þetta sé alvarlegt íhugunarefni.

Nú ætla ég ekki að vefengja það að margt mættu menn vita betur um sögu þjóðarinnar og gildi þess að menn jafnt þekki það sem geta talist staðreyndir í þeim efnum og öðlist þekkingu og færni til að viða að sér

gjaldgengum heimildum varðandi sögu þjóðarinnar og draga af henni ályktanir. En ég hefði ekki viljað standa að tillöguflutningi sem þessum, reistum á jafnveikum grunni varðandi söguþekkingu landsmanna eins og hér kemur fram. Ég spyr hv. flm. og þar í hópi er sjálfur hæstv. forseti Sþ.: Hvað fleira en það sem þeir vilja bera fram hér ber vott um að sögukunnáttu þjóðarinnar hafi hrakað svo stórlega að nú sé nauðsyn til þess að spyrna við fæti? Hvað fleira rennir stoðum undir það og getur talist gjaldgengur vitnisburður um að menn séu svona mun verr að sér en á árum áður og að söguþekkingu og kunnáttu fari hrakandi? Ég er forvitinn að fá vitneskju um þessi efni því að hér er vissulega hreyft stóru máli um að auka kennslu í Íslandssögu.

En ég ætla í framhaldi af þessu að víkja aðeins að því sem er kveikja þessa tillöguflutnings, kveikja sem Morgunblaðið setti upp þann 13. nóv. eins og ég hef þegar nefnt og þar hefur endurspeglast á síðum þess blaðs og fleiri blaða síðan. Þann 15. nóv. skrifaði einn ritstjóra Morgunblaðsins leiðara í sitt málgagn undir fyrirsögninni „Engin Íslandssaga“ og byggir þar á skrifum blaðsins tveimur dögum áður, skrifum sem leitt hefur verið í ljós síðan að ekki eru nú betur saman sett af blaðamanni blaðsins en svo, að hann fór í ýmsum greinum ekki rétt með ummæli viðmælanda síns, Erlu Kristjánsdóttur námsstjóra í Íslandssögu. Hún sá ástæðu til þess að rita ítarlega grein í Morgunblaðið um þetta efni, m. a. til þess að skýra sitt mál og leiðrétta rangfærslur þann 24. nóv. s. l. En Morgunblaðið hefur yfirskriftina í þessum leiðara „Engin Íslandssaga.“ Þar segir í upphafi, með leyfi hæstv. forseta.

„Íslandssaga er ekki lengur sjálfstæð námsgrein í grunnskólum, hún hefur, ásamt fleiri svokölluðum „lesgreinum“ verið felld inn í námsgrein sem nefnd er samfélagsfræði ...“ Á þennan veg hófst grein hér í blaðinu á sunnudag um umritun Íslandssögunnar. Þar kemur jafnframt fram að skólarannsóknadeild menntmrn. stendur þannig að undirbúningi námsefnis í Íslandssögu, að nemendur í grunnskólum fá ekki nema takmarkaða fræðslu um sögu þjóðarinnar.“

Og síðar í leiðaranum segir:

„Það kemur á óvart að í kyrrþey skuli hafa verið ákveðið að hætta að kenna Íslandssögu í grunnskólum og hefja í hennar stað kennslu í samfélagsfræði ...“

Og enn síðar:

„Af þessari upptalningu er ljóst að búin hefur verið til námsgrein í grunnskólum sem spannar yfir allt það sem hæst ber í „umræðunni“ hverju sinni og vekur undrun að námsstjórinn skuli ekki tíunda friðarmálin sem hluta samfélagsfræðinnar.“

Já, friðarmálin hafa orðið Morgunblaðinu umhugsunarefni upp á síðkastið, eftir að þessi leiðari var skrifaður. Og enn segir Morgunblaðið:

„Er sú skipan í sjálfu sér furðuleg, að innan ráðuneytis skuli slík vinna innt af hendi, en hitt þó enn furðulegra að niðurfelling Íslandssögunnar á vegum menntmrn. skuli hafa komist til framkvæmda þegjandi og hljóðalaust án þess að valda deilum í okkar íhaldssama þjóðfélagi.“ Og þessu lýkur þannig: „Nú liggur sem sé fyrir að deild innan menntmrn. við Hverfisgötu hefur ákveðið að í grunnskólum á Íslandi skuli hætt að kenna sögu þjóðarinnar. Hvenær kemur röðin að tungunni?“

Ekki er farið fram með vægum orðum í ritstjórnargrein þessa fjöllesnasta blaðs landsins, málgagns sem eðlilegt er að líta svo á að túlki viðhorf hæstv. menntmrh.

Þessi skrif Morgunblaðsins urðu ýmsum öðrum tilefni til þess að taka með svipuðum hætti á þessu máli, að fjalla um þetta mál út frá matreiðslu Morgunblaðsins. Þar má nefna, án þess að ég ætli að fara að vitna þar til blaðaskrifa einstakra manna, Dagblaðið og Vísi þann 18. nóv. þar sem Haraldur Blöndal ritar grein undir fyrirsögninni „Aðför að þjóðerninu“ og er það fróðleg lesning.

Síðan kemur þar á sömu síðu hv. 3. þm. Vestf., sá er nú situr, Sighvatur Björgvinsson, með fyrirsögnina „Snorra Sturluson eða samfélag bavíana“. Af því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson situr nú á þingi get ég ekki stillt mig um að sýna mönnum aðeins stílbrögðin sem byggja á málflutningi Morgunblaðsins því að þessir tilgreindu menn hafa ekki haft fyrir því að kynna sér stöðu mála varðandi Íslandssögukennslu í landinu áður en þeir geysast fram á ritvöllinn fullir vandlætingar og hella úr skálum reiði sinnar, hafa ekki haft fyrir því að kynna sér mikið stöðu mála ef marka má af þeim blaðaskrifum. Þar segir Sighvatur Björgvinsson og vitnar í námsstjórann eða það sem eftir honum er haft:

„„Námið á að vera raunvirkara“, er eftir námsstjóranum haft. Raunvirkara? — Enn ein orðaflækjusmíð engrar merkingar til þokukenndrar tjáningar á reikandi hugsun gervivísinda í þeim eina tilgangi gerð að varpa blæ yfirborðsþekkingar yfir óljósan ruglanda. Eins konar málfræðilegur voodooismi; málkukl nútíma alkemista, samanrimpingur gats og rifu eins og nýju fötin keisarans.“

Það er gullaldarmál sem hér er á ferðinni. Það vefst ekki fyrir neinum að svo er.

Áfram var lopinn teygður í Morgunblaðinu um þessi efni af mönnum sem vilja telja sig málsmetandi og byggja á þeim dæmalausa málflutningi sem ritstjóri Morgunblaðsins byggði á leiðara sinn undir fyrirsögninni „Engin Íslandssögukennsla“. Vísa ég til þeirra skrifa því að þau eru aðgengileg þeim sem fletta Morgunblaðinu þessa síðustu mánuði.

Hins vegar hafa aðilar fjallað um þessi mál að undanförnu sem bera nokkra ábyrgð á því hvernig um þetta hefur verið fjallað, aðrir en hæstv. menntmrh. sem hér hefur svarað fsp. og látið í ljós sín viðhorf, menn sem hafa unnið sem ráðgjafar menntmrn. og íslenskra stjórnvalda um langa hríð eins og t. d. Wolfgang Edelstein sem er prófessor við háskólann í Vestur-Berlín, Freie Universität í Berlín og einn af stjórnendum Max Planck rannsóknastofnunarinnar. Hann hefur verið ráðgjafi menntmrn. varðandi þróun sögukennslu og kennslu í fleiri greinum frá árinu 1966 að telja og er maður sem er virtur á alþjóðavettvangi og þekktur fyrir vönduð vinnubrögð. Wolfgang hefur verið trúnaðarmaður margra menntmrh. hérlendis varðandi þróun sögukennslu og kennslu í samfélagsfræði sem er einn þáttur þessa máls sem gerður var að umtalsefni strax þegar Morgunblaðið hleypti af stað tortryggnisskrifunum varðandi það hvernig að þessum málum hafi verið unnið.

Wolfgang Edelstein leiddi vinnuhóp um þessi efni frá árinu 1974 að telja, en þá höfðu grunnskólalög nýlega verið samþykkt. Ég held að ástæða væri til þess fyrir þá hv. þm. sem hér standa að tillöguflutningi að fara yfir það hvernig mælt er fyrir í grunnskólalögum varðandi

fræðslustefnu í landinu og varðandi samfélagsfræðina sem Íslandssagan er hluti af eins og að því máli er unnið og hefur verið unnið á undanförnum árum af hálfu menntmrn.

Í 2. gr. grunnskólalaganna segir:

„Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun ... Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið."

Og í framhaldi í sömu grein:

„Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra."

Síðar í 42. gr. grunnskólalaga segir: „Menntmrn. setur grunnskólum aðalnámsskrá, þar sem m. a. skal kveðið nánar á um meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan, auk þess sem ákvæði skulu sett um:" — og það er undir stafliðnum d — „fræðslu um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði."

Þetta eru allt saman fyrirmæli í grunnskólalögum. Á grundvelli þessara fyrirmæla grunnskólalaganna hefur á vegum menntmrn. verið unnið að endurmótun námsefnis í Íslandssögu og ýmsum fleiri greinum og verið horfið að því ráði að samþætta þar ýmis þau atriði sem boðið var upp á fræðslu um — boðið og boðið ekki með mismunandi hætti — aðgreint á fyrri stigum. Ég er þeirrar skoðunar að sú stefna sem þar var tekin um samþættingu efnis á þessu skólastigi undir heiti samfélagsfræðinnar hafi verið rétt stefna og það sem unnið hefur verið undir þeim formerkjum hafi horft til réttrar áttar þó að eflaust megi finna að einu og öðru ef grannt er skoðað og menn geti haft mismunandi skoðanir á einstökum þáttum og málinu í heild að sjálfsögðu.

Wolfgang Edelstein ritar um samfélagsfræðikennsluna og þar með um þátt Íslandssögunnar í samfélagsfræðikennslu í Morgunblaðinu 8. febr. s. l. Hann bregst þar við þeim áróðri og fullyrðingum sem fram hafa komið í blaðaskrifum að undanförnu varðandi óvandaðan undirbúning í sambandi við þessi mál. Ég vil hvetja hv. alþm. að lesa hans grg. í tengslum við það mál sem hér er til umr. því að ekki er hægt að kalla margt af því sem sagt hefur verið eða sumt af því sem sagt hefur verið, þ. á m. af ritstjórn Morgunblaðsins, annað en tilraun til að sá fræjum úlfúðar og tortryggni gagnvart þeim aðilum sem unnið hafa á grundvelli laga og reglugerða og ákvarðana þar til bærra stjórnvalda að því að bæta kennsluefni í sögu, Íslandssögu og mörgum öðrum greinum sem tekið er á undir merki samfélagsfræðinnar.

Wolfgang Edelstein svarar þessum staðhæfingum mjög skilmerkilega í sinni vönduðu grein. Ég ætla ekki að hafa langar tilvitnanir í hans mál en með leyfi hæstv. forseta örfáar. Hann segir hér:

„Endurskoðun námsefnis í sögu, landafræði, svo og átthagafræði og fleiri efnisþáttum undir heitinu samfélagsfræði er hluti af heildarendurskoðun námsefnis í öllum námsgreinum og öllum árgöngum grunnskólans. Þessi endurskoðun hefur fylgt reglum og venjum sem allir geta kynnt sér."

Hann segir einnig:

„Það er hrein firra að halda að samfélagsfræði sé samsæri eða tilraun til vinstri innrætingar, svo sem hverjum verður ljóst á augabragði sem kærir sig um að berja námsefnið augum. Samfélagsfræðin er vísvitandi tilraun til að framfylgja markmiðsgrein grunnskólalaganna, og að svo miklu leyti sem þessi námsgrein er pólitísk er hún „borgaraleg", lýðræðissinnuð og tekur mið af velferð einstaklingsins."

Hann segir einnig:

„Það er fráleitt að gefa í skyn að ákvarðanir um breytingar á stöðu námsgreina, t. d. sögu og landafræði, hafi farið leynt. Hitt er svo annað mál að kennarar hafa verið sjálfráðir um þá ákvörðun hvort þeir kenndu samþætt efni eða héldu hefðbundnum hætti.... Þegar öllu er á botninn hvolft virðist óhætt að segja: (a) að fáar ákvarðanir í skólamálum hafi fengið eins rækilega, almenna og lýðræðislega umfjöllun og þær sem teknar voru um endurskoðun og nýskipan samfélagsgreina og (b) að fáar ákvarðanir hafi veitt kennurum sjálfum eins mikið svigrúm um framkvæmd. Enginn, sem ekki kaus svo sjálfur, var skyldaður til að taka upp nýtt efni eða nýja aðferð."

Hann rekur í þessari grein sinni hvernig gert er ráð fyrir að Íslandssögukennslu verði háttað þegar lokið er þeirri endurskoðun námsefnis sem nú er aðeins hálfnuð eða svo varðandi námsefni í samfélagsfræði og varar við því að menn séu að dæma út frá því sem nú liggur fyrir. Það ættu hv. alþm. að íhuga að ein ástæðan fyrir því að ekki er komin heildarmynd á Íslandssögukennsluna í samræmi við þessa endurskoðun er sú að ónógu fjármagni hefur verið veitt til þessarar starfsemi. Ef hv. Alþingi vildi álykta um að bæta þar úr og veita meira fjármagni til Námsgagnastofnunar eins og ég og fleiri hafa lagt hér til væri vel af stað farið með tillöguflutning.

Wolfgang Edelstein segir hér einnig:

„Deilur um skólastefnur eru deilur fullorðinna um viðhorf gagnvart börnum og umgengni við þau; um leið og deilt er um menningarleg og félagsleg markmið náms og skóla. Hin tiltölulega almenna samstaða um „bernskusinnuð sjónarmið" og „nýsköpunarstefnu" í skólamálum, sem ríkt hefur hér á landi s. l. tvo áratugi virðist nú nokkuð á undanhaldi. Við verðum sjálfsagt," segir hann, „að sætta okkur við að góðæri vaxtarskeiðsins er liðið í bili og harðæri virðast fylgja harðneskjulegri sjónarmið."

Ég bið menn að veita þessum orðum hans athygli. Hann vitnar til þeirra þrenginga í efnahagslegu tilliti sem einnig virðast ætla að fylgja þrengingar í sambandi við endurskoðun, tímabæra endurskoðun á námsefni og þau viðhorf sem þar eru að baki.

En hann vekur líka athygli á þessu: „Nýtt samfélagsfræðiefni hefur verið kennt í örfá ár í fáum árgöngum við erfið skilyrði. Þær umvandanir sem mest ber á t. d. um almennan þekkingarskort á sögu hljóta að snerta hefðbundna efnið og kennslu þess frekar en hið nýja sem er ekki komið í skólann nema að litlu leyti." Ég vek sérstaka athygli á þessu. Þeir sem eru að kvarta undan lélegri þekkingu nemenda geta ekki borið fyrir sig hið nýja efni því það sem mælt hefur verið t. d. í þessum frægu skoðanakönnunum um sagnfræðiþekk-

ingu er ekki mæling á kunnáttu nemenda sem hafa notið hins nýja kennsluefnis heldur hinna sem lásu Jónas frá Hriflu eins og ég gerði í barnaskóla eða kennslubók Þorleifs Bjarnasonar, kannske að viðbættri blessaðri símaskránni hans Þorsteins M. Jónssonar eins og hún var stundum kölluð, sú upptalning sem var að finna í hans riti á einstökum merkisviðburðum Íslandssögunnar á seinni tímum.

Wolfgang Edelstein mælir viðvörunarorð í lok greinar sinnar. Hann segir þar:

„Vilji menn ræða málefni skólans af alvöru og sanngirni verða þeir að leitast við að setja sig í spor nemenda og kennara. Ekki hefur borið mikið á þessari dyggð í umræðunni um samfélagsfræði að undanförnu. Hefðu menn lagt meiri stund á hana hefði þeim fljótlega orðið ljóst að samfélagsfræðin íslenska er tilraun til að bregðast við vandamálum náms og kennslu í samræmi við aðstæður jafnt á alþjóðavettvangi og úr heimahögum."

Ég læt þessar fáu tilvitnanir í grein Wolfgans Edelsteins hér nægja en hvet menn aftur til að kynna sér hana í heild.

Ég vil undir það síðasta hér varðandi þetta efni hvetja hv. flm. til að gera gleggri grein fyrir því, af því að þeir hafa nánast enga grein gert fyrir því með hvaða hætti þeir vilja að fram sé farið í sambandi við aukna kennslu í Íslandssögu. Vilja þeir lengri skóladag? Ef ekki, hvað á að víkja? Eru þeir að andmæla því að haldið verði áfram því verki sem að er unnið í sambandi við námsefnisgerð í samfélagsfræði að Íslandssögu meðtalinni eða ekki? Hvað vakir fyrir þeim í þeim efnum? Eru þeir reiðubúnir til að standa að því og berjast fyrir því að auknu fjármagni verði varið til þeirrar aukningar sem þeir teldu nauðsynlega, þ. á m. væntanlega endurhæfingarnámskeið fyrir kennara?

Ég tel að ekki sé frambærilegt af þeirra hálfu að standa að tillögugerð á svo veikum grunni eins og hér er fram komið, vegna þess að hún segir framkvæmdavaldinu nánast ekkert hvert skuli halda, með hvaða hætti og hvert skuli halda í þessum efnum. Það verður ekki gert með þeim orðum sem í tillögugreininni felast, nema menn vilji láta það vera í rauninni algjörlega óskrifað blað hvernig að því sé staðið.

Ég skal ekkert fullyrða um það hvernig t. d. hv. 1. flm. hugsar sér þessa aukningu á sögukennslu, hvort hann tekur undir með þeim mönnum sem telja það eitt meginatriði að menn viti hvaða ár kristni var lögtekin á Íslandi eða einstaka slíka þætti, þ. e. staðreyndaþætti svokallaða í sögunámi, hvort hann vill leggja áherslu á það frekar en viðhorfafræðslu eða innrætingu sem líka hefur verið til umræðu í tengslum við þetta. Um það hefur ekki mikið heyrst frá hv. flm.

Hér talaði hv. 11. þm. Reykv., Sigríður Dúna Kristmundsdóttir um einn þátt í sögukennslu, sem fyllsta ástæða var til að vekja athygli á í umr. um þetta mál, og það kynlega viðhorf sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm. og hv. 5. þm. Vestf. þegar þetta mál var hér til umr. síðast. Ég tek mjög eindregið undir það og tel raunar að eitthvað horfi þó til betri vegar við endurskoðun námsefnis sem nú stendur yfir varðandi þann þátt sem hefur legið utan garðs í sögukennsluefni hér og einnig í starfi skólanna, geri ég ráð fyrir, hjá kennurum, að halda fram þætti kvenna í sambandi við Íslandssöguna og starf þeirra kynslóða sem gengnar eru á undan okkur hér í landinu. Ég tel að sá þáttur þurfi að fá allt annan sess en þann sem við þekkjum sem gengið höfum í gegnum grunnnám. Ég tel að sú aðferð sem beitt er í sambandi við endurskoðun námsefnis, þ. e. að tengja Íslandssöguna fjölmörgum öðrum þáttum innan samfélagsfræði, auðveldi það að koma hlut kvenna, menningarframlagi kvenna og öðru því sem þar þarf að draga fram til skila með eðlilegum hætti.

Að lokum vara ég mjög eindregið, herra forseti, við umr. eins og hún hefur að hluta til gengið fyrir sig um endurskoðun á Íslandssögunni og þörfinni á að bæta þar um. Það er nánast ekki hægt að líkja því við annað en upphaf að eins konar galdraofsóknum eins og þar hefur verið gengið fram. Ég er ekki að mæla það til flm. till. en ég vitnaði hér til blaðaskrifa, þ. á m. fjöllesnasta blaðs landsins, Morgunblaðsins, sem vakti upp þessa umr. í nóv. s. l. og hefur gengið þar fram með þeim hætti í sínum skrifum um það að síst er til þess fallið að tekið verði á þessum málum þannig að til heilla horfi og unnt sé að stilla menn saman um að bæta úr varðandi þennan þátt í starfi skólanna, söguna og samfélagsfræðina, eins og hlýtur að vera áhugamál sem flestra.

Ekki er heldur hægt annað en að áfellast það, að menn sem vilja láta til sín heyra um þessi efni skuli byggja á þeim grunni sem Morgunblaðið gerði í ritstjórnargrein sinni 13. nóv. s. l. og láta það eitt nægja áður en þeir fara að kveða upp dóma varðandi stöðu Íslandssögukennslu í skólum landsins.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mælti hér skörulega fyrir málstað kvenna áðan og þarf þar engu við að bæta. Þó vil ég í krafti máltækisins „aldrei er góð vísa of oft kveðin" segja nokkur orð um stöðu, menningu og sögu kvenna.

Hv. þm. Eiður Guðnason trúir því ekki að til sé sérstök kvennamenning, bara menning, ekki nein kvennasaga, bara mannkynssaga. Það er kannske ekki nema von og hann er ekki einn um þessa skoðun. En þetta er enn eitt dæmi þess aðstöðuleysis kvenna, að þær hafa ekki verið gerendur og skrifendur sögu sinnar, en fyrst og fremst þolendur hennar. Þó hlýtur hv. þm. að samþykkja að konur og karlar eru frábrugðin og gegna mismunandi líffræðilegum hlutverkum. Hann hlýtur líka að samþykkja það að störf kvenna hafa frá örófi alda verið samofin og nátengd því kynhlutverki okkar að ala og annast börn. Í tímanna rás hefur svo þessi umönnun einnig færst yfir á alla þá sem minna mega sín í lífsbaráttunni vegna sjúkleika, aldurs eða annarra orsaka. Meginviðfangsefni kvenna hafa því iðulega verið bundin umönnun annarra og velferð, andlegri og líkamlegri, í smáu og stóru. Slíkt framlag, svo nátengt sem það er tilfinningum, er erfitt að meta til fjár, enda hefur það oftast verið tekið sem sjálfsagður hlutur. Þó er það ómissandi til að vefa þann vef samheldni og friðar milli mannanna sem hefur myndað það öryggisnet sem fleytir daglegu lífi þjóðanna áfram kynslóð fram af kynslóð.

Þrátt fyrir þetta mikilvæga hlutverk hafa konur svo frá alda öðli að auki unnið flesta þá vinnu sem þurfti til framfæris sjálfra þeirra og fjölskyldna við margháttuð störf. Hv. þm. getur tæpast dregið í efa að þessi störf hafi veitt þeim starfsreynslu sem þau unnu. En ekki bara starfsreynslu, heldur hafa hin nánu afskipti kvenna

af umönnun lífs gefið þeim lífssýn og verðmætamat sem eru rætur og undirstöður þeirrar menningar sem þær bera kynslóð fram af kynslóð. Hún er mótuð af sérstakri upplifun og reynslu og um hana gilda sömu lögmál og um aðra menningu. Hún er jafnframt hluti af heimsmenningunni og það mjög mikilsverður hluti.

En hvers vegna er henni afneitað? Og hvers vegna hefur hún verið næstum ósýnileg? Jú, konur hafa verið fyrir utan valdakerfi heimsins. Rödd þeirra og viðhorf hefur ekki verið með til að ráða stefnu eða mati, hvorki á sjálfum sér né öðrum. Menntunarskortur og efnahagslegt ósjálfstæði samfara hinum víkjandi, mjúku eiginleikum, sem lögð hefur verið áhersla á í fari kvenna, hefur gert það auðveldara að hlunnfara þær og skáka þeim í hefðbundin hlutskipti sín. Þegar svo konur hafa leitað út á hinn almenna vinnumarkað hefur meginþorri þeirra hafnað í störfum skyldum þeim sem þær vinna ólaunuð inni á heimilum sínum. Þá bregður svo við að þessi störf eru metin lægst til launa. Hvað ræður því eiginlega? Hvaða forsendur liggja til grundvallar slíku verðmætamati? Er hægt að ætla að við höfum valið okkur það hlutskipti sjálfar að vera ekki matvinnungar þrátt fyrir mikið vinnuframlag? Er það okkar sjálfviljug ákvörðun að gefa vinnu okkar og skipa fyrst og fremst ófaglærða láglaunahópa, án forræðis eða áhrifa til að breyta og bæta kjör okkar? Nei, það er líklegra að það séu einhverjir aðrir sem taka þessar ákvarðanir, en konur taka síðan afleiðingunum. Það er líklegt að þeir sem þarna vega og meta störfin þekki þau ekki af eigin raun og á eigin kroppi. Hinar rótgrónu venjur um hegðun og viðfangsefni kvenna og karla gera ekki ráð fyrir því að konur séu virkar í stefnumótun eða ákvarðanatöku þjóðfélagsins, né heldur að vinnuframlag okkar, hvort heldur er innan heimilis eða utan, sé jafnverðmætt til framfæris og vinnuframlag karla.

Þegar svo farið er að segja frá athöfnum manna og rás sögunnar, þá eru það ekki konur sem segja frá, það eru fyrst og fremst karlar. Og alveg á sama hátt og þeir meta og hafa metið framlag kvenna eftir þeim mælistikum sem lagðar hafa verið á verðmæti einstaklingsins, eins og t. d. að greiða þeim laun, þá meta karlar söguna út frá sínu sjónarhorni og sinni reynslu en sleppa fremur því sem þeir þekkja ekki af eigin raun.

Til gamans — og til að varpa ljósi á ólíkar áherslur karla og kvenna á sama vettvangi langar mig að nefna að sænski málvísindamaðurinn Kerstin Nordin Thelander hefur gert rannsókn á málnotkun kynjanna með því að rýna í ræður 56 sænskra þingmanna af báðum kynjum. Helmingurinn eru konur og helmingurinn karlar. Síðan spurði hún þá spjörunum úr.

Hvort skyldi svo karl eða kona hafa sagt oftar eftirfarandi orð: Barn, konur, foreldrar, menntun? Jú, alveg rétt, það var kona. Hins vegar tók karlmaður sér í munn orðin: Fyrirtæki, ég, framleiðsla. Að þessu komst Thelander með því að renna ræðum ofangreindra þm. frá árunum 1978—1979 í gegnum tölvu. Algengustu karlmannsorðin voru auk þeirra sem ég hef áður getið um: Burtu, hann, Svensson, Erik, ríkið, vinnumálaráðherra. Algengustu kvennaorðin voru: Skóli, allir, þörf, nemendur, rými — auk þeirra orða sem ég áður gat um. Án þess að fara ítarlegar út í ástæður þessa mismunar í málnotkun vil ég þó leyfa mér að álykta að þar sé að hluta til um ólíka menningarlega afstöðu að ræða.

Langflest ef ekki öll lýðræðisríki hafa það að meginmarkmiði að ná jafnrétti fyrir alla þegna sína. Þó að mörg þeirra standi á gömlum merg hefur samt engu þeirra enn tekist að tryggja konum jafnrétti á við karla í reynd. Þegar svo karlar reyna að gera gott úr hlutunum taka þeir gjarnan dæmi um herskáar, ófyrirleitnar konur sem hafa náð völdum vegna ættartengsla eða vegna þess að þær voru harðari og ákveðnari en þeir karlar sem sóttu í sama sess. Þær stjórna gjarnan í anda karla og hafa sjaldan eða aldrei komist í stöðu sína í valdi kvenleika síns.

En nú eru breyttir tímar og konur vilja ekki lengur vera meðsekar um áhrifaleysi sitt. Ótrúlegt langlundargeð þeirra er þrotið og þær vilja bæta kjör sín og leita þess eðlilega réttar sem þeim ber til að ráða meiru um lífsferil sinn og val og jafnframt að hafa meiri áhrif til að móta það þjóðfélag sem þær búa í. Þær vilja verða gerendur og skrifendur eigin sögu, ekki bara þolendur.

Konur hafa verið aðskildar hver frá annarri inni á heimilum sínum eða vinnustöðum, hver með sína persónulegu reynslu af vandamálum og áhrifaleysi, án þess að finna því samnefnara. Persónuleg reynsla hverrar fyrir sig hefur verið gerð að einkamáli og því ekki baráttumáli hóps. Það er því pólitísk aðgerð að uppgötva samræmi milli persónulegrar reynslu sinnar og annarra kvenna og gefa henni gildi. Þetta hafa konur fundið og jafnframt hefur reynslan kennt þeim að réttindi verða þeim ekki færð á silfurfati. Þær hafa lært að sækja þarf fram með staðfastri baráttu og þá er tryggara að vera liðmargur og standa þétt saman.

Konur vilja að mennskan og hið mjúka gildi komist að til að móta söguna og skrifa hana. Þess vegna er Kvennalistinn til og þess vegna stend ég hér.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef óskað eftir að fá að taka til máls hér utan dagskrár til að beina nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh., m. a. vegna þeirra blaðaskrifa sem orðið hafa undanfarna daga um sölu á hlutabréfum ríkisins í Eimskipafélagi Íslands.

Fyrst er þar til að taka að núv. ríkisstj. hefur ákveðið að selja ýmsar af eigum ríkisins, fyrirtæki, hlutabréf og sitthvað fleira. Við þessu er auðvitað ekkert að segja ef þetta er gert með réttum og lögformlegum hætti og allir þegnar ríkisins hafa jafna aðstöðu til að gerast kaupendur þessara ríkiseigna eftir efnum og ástæðum.

En við þessu er hins vegar eitt og annað að segja eins og að þessu hefur verið staðið. Ákveðnum hópi einstaklinga er t. d. gefinn kostur á að kaupa eitt ríkisfyrirtæki, Siglósíld. Það geri ég ekki að umræðuefni sérstaklega hér. Þess gefst væntanlega kostur í Ed. á morgun, þar sem það mál verður á dagskrá. En eins og ég sagði er tilefni þess að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár fyrirhuguð sala á hlutabréfum ríkissjóðs í Eimskipafélagi Íslands.

Hér er um að ræða ráðstöfun á almannafé og eftir blaðaskrifum undanfarna daga hefur verið staðið afar einkennilega að þessu máli öllu. Satt best að segja sýnist mér að þarna hafi verið brotin öll meginlögmál þess sem kalla mætti viðskiptasiðferði eða góða viðskiptahætti. Það er ríkið sem þetta gerir með sjálfan

fjmrh. í broddi fylkingar. Hvað er hér eiginlega á seyði?

Fyrst vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. að því: Hvernig víkur því við að hann greinir fjölmiðlum frá því 1. febrúar s. l. að borist hafi tvö tilboð í hlutabréf ríkissjóðs í Eimskipafélagi Íslands fyrir lok hins tilskilda frests, þ. e. 1. febrúar? Hinn 3. febr. eru tilboðin orðin þrjú eða fjögur og þar af, eftir því sem blöð greina frá, eitt tilboð sem hæstv. fjmrh. hefur sérstaklega kallað eftir.

Í öðru lagi. Í viðtali við Dagblaðið og Vísi hinn 3. febr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þessi tilboð eru öll í athugun," sagði Albert Guðmundsson fjmrh. í morgun, „m. a. hver raunverulega býður gegnum fasteignasölurnar. Bréfin verða ekki seld nafnlausum kaupanda."

Nú spyr ég: Hvaðan kemur hæstv. fjmrh. heimild til slíkra ummæla? Í auglýsingu rn. frá 7. des. s. l., þar sem þessi hlutabréf eru boðin til sölu, er engin slík skilyrði að finna. Og hvernig er hæstv. fjmrh. þess umkominn að banna einum aðila að kaupa einhvern hlut, sem boðinn er til sölu, í umboði annars? Ég hélt að það væri viðskiptafrelsi á Íslandi og ég hélt raunar að hæstv. fjmrh. væri sérstakur talsmaður viðskiptafrelsis.

Í þriðja lagi spyr ég vegna þess að fram kemur í grein í Morgunblaðinu s. l. föstudag að fjmrh., skv. upplýsingum lögmanns fjmrn., opni tilboðin jafnóðum og þau berast í rn. Sé þetta rétt er þetta auðvitað brot á öllum venjulegum reglum. Venjan er sú, að þegar leitað er tilboða eru tilboð opnuð í einu, samtímis, að viðstöddum þeim sem sent hafa tilboðin. Það eru m. a. um það ákvæði í reglugerð frá árinu 1959, um Innkaupastofnun ríkisins, að bjóðendur skulu hafa rétt til að vera viðstaddir þegar tilboð eru opnuð. Um þetta eru ákvæði í 5. gr. reglugerðar frá árinu 1959, um starfshætti Innkaupastofnunar ríkisins. Þessi venja mun líka vera viðhöfð þegar selt er húsnæði í eigu ríkisins eða bílar. Þá eru tilboðin opnuð öll í einu. Þau eru ekki opnuð eitt og eitt eftir því sem þau berast.

Það verður að segjast alveg eins og er, herra forseti, að þegar verið er að selja eignir ríkisins er það auðvitað höfuðatriði, og kannske meira atriði en að fá sem allra hæst verð, að almenningur geti treyst því að rétt og heiðarlega sé að málum staðið og að hvergi séu brögð í tafli. Nú er ég ekki að væna hæstv. fjmrh. um óheiðarleika, fjarri því, en hér hefur afskaplega óheppilega verið að málum staðið, óheppilega og einkennilega.

Það sér auðvitað hver maður í hendi sér hvaða afleiðingar það hefur þegar tilboð eru opnuð jafnóðum og þau berast: efni þeirra berst út og þá hafa bjóðendur auðvitað alls ekki jafna aðstöðu. Ég endurtek það og ítreka að þegar ríkið stendur að svona viðskiptum verður allur almenningur að geta treyst því að heiðarlega sé að málum staðið, rétt og eðlilega.

Ég hef borið hér fram þrjár spurningar til hæstv. fjmrh. Ég vona að hann geti svarað þeim. Ég hygg að það sé mál þeirra sem til þekkja að hér hafi afar einkennilega verið að málum staðið. Ég er ekki að segja óheiðarlega, en kannske fyrst og fremst óheppilega og klaufalega.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég er ekki búinn að kveðja mér hljóðs, en það er allt í lagi, ég skal taka til máls.

Ég vil fyrst, virðulegi forseti, taka það fram að í auglýsingu um sölu ríkiseigna er sérstaklega getið um að þau hlutabréf sem fjmrn. auglýsti yrðu seld hæstbjóðanda, fáist viðunandi boð. Einnig var það mikið rætt að gefa sem flestum kost á að eignast hluti í þeim fyrirtækjum, sem fjmrn. átti hlutabréf í, með því að taka fram í auglýsingunni að kaupendum verði gefinn kostur á að greiða allt að 80% kaupverðsins á tíu árum á verðtryggðum kjörum. Þetta var gert til þess að það yrðu ekki eingöngu þeir sem ættu kannske hvað mest af lausafé sem gætu ráðið því hvert bréfin færu, heldur þeir sem hefðu áhuga á miðað við að geta greitt þau upp á þessum langa tíma. Ég held að það sé óvanalegt í viðskiptum með hlutabréf að slíkur greiðslufrestur sé gefinn og er það einmitt vegna þess að ríkið á hér í hlut og ég vildi að sem flestir gætu átt tækifæri til þess að gerast þátttakendur í þeim fyrirtækjum sem eru til sölu.

Með leyfi fyrirspyrjanda fer ég eftir þeim spurningum sem ég fékk skriflegar í dag frá honum — ef ég má svara þeim í þeirri röð: Hve mörg tilboð bárust fyrir 1. febr. — tvö, þrjú eða fjögur?

Þau hafa líklega verið þrjú, en þriðja tilboðið var ekki opnað fyrr en eftir 1. febr., það fjórða þó nokkru eftir 1. febr.

Önnur spurningin var: „Bréfin verða ekki seld nafnlausum kaupanda", er haft eftir mér. Má ekki einn kaupa í umboði annars?

Að sjálfsögðu má hver kaupa. Ég veit ekki hver er bak við kaupanda eins og t. d. í tilboðum Eimskipafélags Íslands sjálfs. Eimskipafélagið hafði hug á að kaupa þessi bréf til að selja svo aftur öðrum. Eimskipafélagið á þegar óseld bréf. Hlutabréf eru til sölu — að vísu ekki ótakmarkað — fyrir þann sem vill kaupa, heldur lítið í einu, en þau eru til sölu. Eimskipafélagið hafði hugsað sér að kaupa þessi bréf sjálft til að dreifa þeim meðal landsmanna. Ekki hafði ég hugmynd um hvar þau bréf mundu endanlega lenda frekar en hjá öðrum tilbjóðendum. Þetta er því svolítið slitið úr samhengi.

3. Er rétt að tilboð hafi verið opnuð jafnóðum og þau bárust?

Það er alveg rétt. Tilboð voru opnuð jafnóðum og þau bárust. Ég minnist þess ekki að eitt einasta af þessum tilboðum hafi verið sérmerkt tilboð í þetta eða tilboð í hitt, ég minnist þess ekki. Og ég opna bréf eins fljótt og ég hef tíma til. Það kemur þó fyrir að bréf liggi nokkra daga óopnuð vegna anna í rn. eða anna í kringum mig.

Ég verð nú að segja alveg eins og er að ég hef ekki hingað til verið talinn afglapi í viðskiptum, nema síður sé. Ég er búinn að reka viðskipti og fyrirtæki bæði hérlendis og erlendis jafnframt því að vera atvinnumaður í íþróttum og það hefur yfirleitt gengið nokkuð vel. Þau fyrirtæki sem ég hef rekið hér, bæði í eigin nafni og í hlutafélagaformi, hafa líka gengið nokkuð vel og sum þeirra náð sér eftir kannske margra ára sjúkleika. Ég vísa því nú frá að mig skorti viðskiptavit. Ég held að fyrirspyrjandi hafi minni reynslu en ég í fyrirtækjarekstri — a. m. k. þekki ég ekki til þeirra fyrirtækja sem hann hefur spreytt sig á.

En hvernig er þá með hæstbjóðendur? Ég fer eftir auglýsingunni og segi: Ekkert tilboð í bréf Eimskipafélagsins hefur verið viðunandi. Og ekkert tilboðanna sem koma í Flugleiðir er heldur viðunandi í mínum huga. Er það virkilega vilji Alþingis að ég selji hæst-

bjóðanda af þeim bréfum sem liggja fyrir? Eimskipafélagið með sínar milljarðaeignir hefur 60 millj. kr. í hlutafé. Við erum hér að tala um milli 5 og 6% hlutabréfa í Eimskipafélaginu á 5 millj. eða svo. Ég trúi því ekki að nokkur alþm. vilji greiða því atkv. að ég taki hæsta boði sem nú liggur fyrir — fyrir utan að þetta stór hlutur, þó lítill sé kannske, getur verið ráðandi hlutur á aðalfundum Eimskipafélagsins vegna þess að hlutabréf Eimskipafélagsins eru dreifð vítt og breitt, ég mundi segja jafnvel um heiminn, og það er tiltölulega lítill hluti af hlutafjáreigninni sem er hverju sinni viðstaddur á aðalfundum.

Þar fyrir utan er Eimskipafélagið með interessu, ef ég má nota það orð, að 20% í öðru fyrirtæki, sem er líklega stærsti vinnuveitandi á landinu, þ. e. Flugleiðir. Þetta fylgir Eimskipafélagsbréfunum. Ég hefði líklega verið bæði „fool" og „crook", ég man nú ekki hvernig það var, hefði ég selt bréfin. Hefði ég selt bréfin hefði verið hægt að segja: maðurinn er kjáni og eitthvað hlýtur að vera gruggugt þarna á bak við — en ég gerði hvorugt. En það getur verið að í hugum einhverra sé ég hvort tveggja.

Ég held að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín bárust. Ég reikna með að fátítt sé að kaupendur geti fengið svo rúman greiðslutíma þannig að sem flestum verði gefinn kostur á að eignast bréfin. Og ég held að það hafi ekki verið staðið einkennilega að óskum um tilboð í þessi bréf og síst af öllu held ég að hafi verið brotið siðgæði í fjmrn. eins og að var staðið.

Það er rétt að ég hef greint fjölmiðlum frá tilboðunum, en ég hef ekki greint frá þeim eftir því sem þau bárust. Það hefur mikið verið spurt um þetta á löngum tíma, allt frá því að auglýst var. En ég vil gera greinarmun á því þegar boðið er út eitthvert verk og kallað er eftir samkeppni um að fá verk unnið til að fá það eins ódýrt og hægt er og því, sem er allt annars eðlis, þegar boðin er út eign þar sem reynt er að fá sem mest út úr boðunum. Það gengur nú þannig jafnvel hjá fasteignasölum að þeir segja hvaða boð eru komin — ef einhver aðili kemur og hefur áhuga fyrir kaupum segja þeir oft hvað boðið hefur verið mikið í viðkomandi eign til að fá meira út úr eigninni og sölunni. Það er ekki sama hvort verið er að kaupa vinnu, láta gera eitthvað fyrir sig í útboði, eða hvort verið er að óska eftir tilboðum þegar leitað er eftir hæsta verði í eitthvað sem þarf að selja. Það er oft þannig að menn þurfa kannske að selja hlutabréf og selja sínar eignir ódýrt vegna þess að þeir eru í peningavandræðum, þurfa að fá peninga sem fyrst. Þá eru það oftast nær peningamenn sem geta ráðið því hvað þeir fá viðkomandi eign á. Ég held því að ég hafi gætt hagsmuna ríkisins þarna eins og ég best kann. Ég seldi engum og kemur ekki til að ég samþykki neitt af þeim tilboðum sem fram eru komin í Eimskipafélag Íslands né heldur í Flugleiðir.

Ég held að það sé ljósara en nokkru sinni áður að hér vantar markað fyrir einmitt þær eignir fólksins sem eru í hlutabréfum. Það er margur fátækur maðurinn sem á bréf í Eimskipafélagi Íslands, sem ekki er há upphæð vegna þess að bréfin eru ekki rétt metin, og fólkið heldur að það sé ekki með nein verðmæti, en ef sömu bréf væru rétt metin væri fólkið með mörgum sinnum meira á milli handanna en það hefur í dag. Því þarf að koma hér markaður fyrir bréfin, þar sem hlutabréf og verðbréf yfirleitt eru skráð frá degi til dags. Það er í seðlabankalögunum að Seðlabankinn skuli annast þessa þjónustu og ég vona að þess verði ekki langt að bíða að Seðlabankinn láti verða af því.

Nú man ég ekki hvernig hlutafélagalögin eru, en ég held að nú sé búið að taka út úr lögunum að bjóða verði stjórn og stjórn verði að bjóða hluthöfum sem hafa forgang o. s. frv. Ég held að þegar fyrirtæki er komið yfir ákveðna stærð, ákveðna upphæð í hlutafé og ákveðinn fjölda hluthafa, sé tilkynningarskylda nóg. Við verðum að átta okkur á hvernig bréf í fyrirtækjum, sem við erum með, eru yfirleitt til komin og verðum líka að gæta þess að einhver braskkaupmennska eigi sér ekki stað þar sem yfirráð einstaklinga geta raskað þeim hlutföllum og þeirri ró sem er yfir annars góðum fyrirtækjum. Við verðum að gæta þess að þessari sameign þjóðarinnar verði dreift jafnt, en ekki þannig að hún raski eignarhlutföllum eða jafnvel valdahlutföllum.

Það er spurt í hvaða umboði ég hafi leyfi til að banna einhverjum að kaupa. Ég vil þá spyrja á móti: Hvar get ég annars staðar fengið valdboð en frá Alþingi að selja? Ég get ekki hlýtt neinu öðru en Alþingi. Ef samviska mín er ekki nóg í þessu eða einhverju öðru verð ég að taka afleiðingum af því að Alþingi setji ofan í við mig og breyti mínum ákvörðunum. Ég er reiðubúinn að leggja afgreiðslu mína á hlutabréfameðferð Eimskipafélags Íslands og væntanlega í Flugleiðum fyrir Alþingi. Hvaða vit er í því þegar mat á bréfum Flugleiða er eingöngu bundið við það sem við sjáum hér fyrir framan okkur, bílaleigu, hótel og þjónustu félagsins hér, en allt hið gríðarlega mikla net, sem fjárfest hefur verið í um víða veröld með eignum og „goodwill" sem kallað er, er ekkert metið? Hver ætlar að segja mér að Eimskipafélagið sé ekki meira virði en kannske hluti af því húsi sem þeir hafa skrifstofurnar í, um 60 millj.? Ég efast um að með lóð og öllu í hjarta miðborgarinnar fengist skrifstofubygging fyrir 60 millj. Það er verið að kaupa einn uppskipunarkrana. Hann á að kosta 45—50 millj. miðað við verðgildi í dag. Ég er reiðubúinn að taka dómi Alþingis og dómi þjóðarinnar á meðhöndlun minni á þessum bréfum.

Það er rétt að þegar boðið er í verk eru tilboðin opnuð öll saman, en þegar eignir eru seldar er reynt að leita að hæstbjóðanda. Það er eðlismunur á því. Ég hef því ekki heldur að mínu mati staðið þar rangt að, er reiðubúinn enn þá að hlíta dómi Alþingis. Höfuðatriðið er að rétt sé að staðið. Það er orðið höfuðatriði fyrir mig þar sem níðgrein sem um mig var skrifuð vegna þess að ég tók ekki boði þeirra sem ætluðu sér að ná þessum bréfum á 5 millj. með greiðslufresti er undirstrikuð með því að taka málið á dagskrá hv. Alþingis. Það hefur ekki fallið dómur Alþingis í þessu máli vegna mín sem ráðh. og vegna þess áburðar, sem kemur fram í þeirri grein sem hér er undirstrikuð með þessum hætti, að ég sé bæði „fool" og „crooked".

Það er nýtt fyrir mig hvort tveggja. Ég hef komist á sjötugsaldur án þess að gera flugu mein. Ég hef reynt að haga mér allt öðruvísi en að gera fólki einhvern grikk. Kannske að ég sé að gera það hér, gera þjóðinni illt. Almenningur verður að geta treyst því að rétt sé að staðið. Að sjálfsögðu verður Alþingi að dæma hvort hér hefur verið rétt að staðið.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að þetta mál verði lagt fyrir Alþingi og verði borið undir Alþingi. Og ég vil

fá að vita hvort ég hafi staðið hér rangt að málum, hvort ég hafi ekki gætt hagsmuna þjóðarinnar, hagsmuna ríkissjóðs í þessu tilfelli. Sem ráðh. hlýt ég að eiga kröfu til þess að vera þá dæmdur á Alþingi og mín störf úr því að málið er hér á dagskrá.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég tel ekki að ófyrirsynju að hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason hefur vakið máls á því sérkennilega fyrirbrigði sem heitir sala hlutabréfa í eigu ríkisins. Ég hygg að í því sambandi hljóti að vakna ýmsar spurningar sem eðlilegt er að ræða á Alþingi.

Í fyrsta lagi hlýtur að vakna sú spurning, hvort hæstv. fjmrh. hefur heimild til að selja hlutabréf í eigu ríkisins. Í öðru lagi vaknar sú spurning, með hvaða hætti eðlilegast sé að salan eigi sér stað. Og í þriðja lagi væri svo kannske gott að ræða í framhjáhlaupi hvort nauðsynlegt og skynsamlegt sé að selja hlutabréf í eigu ríkisins.

Varðandi fyrstu spurninguna, þ. e. hvort hæstv. fjmrh. hafi heimild til að selja hlutabréf í eigu ríkisins, þarf enginn að efast um svarið. Hann hefur enga heimild til að selja hlutabréf í eigu ríkisins. Hann er hins vegar nýlega búinn að fá afgreidd fjárlög fyrir árið 1984 þar sem vikið er að heimildum sem hann hefur til sölu á eigum ríkisins. Þar er hvergi minnst á þessi hlutabréf, ekki einu einasta orði. Þannig er alveg ljóst að hæstv. fjmrh. skortir allar lagalegar heimildir til sölu hlutabréfa og þegar látið er að því liggja í blöðum, bæði dagblöðum og fjölmiðlum öðrum, útvarpi og sjónvarpi, að hlutabréf séu til sölu í fjmrn. og fjmrh. sé að velta því fyrir sér hvort hann eigi að selja þessum eða hinum einhver hlutabréf er alveg fullkomlega ljóst að þetta er ekkert annað en tóm della frá upphafi til enda vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur ekki heimild til að selja hlutabréf. Það liggur ekkert fyrir um hvort Alþingi er reiðubúið að veita honum þessa heimild, liggur meira að segja ekkert fyrir um hvort ríkisstj. óskar eftir því við Alþingi að veitt verði til þess heimild. Og hvað eru menn þá að auglýsa hlutabréf og kalla eftir tilboðum og rökræða við fjölmiðla um hvort þessi eða hinn eigi að fá keypt viðkomandi hlutabréf, þegar vel getur svo farið að það sé alls ekki vilji fyrir hendi hjá ríkisvaldinu til að selja þessi hlutabréf? Hæstv. fjmrh. fer sem sagt ósköp einfaldlega ekki með málið, heldur Alþingi. Alþingi þarf fyrst að gefa honum heimild til að selja og þá fyrst, þegar Alþingi hefur veitt þá heimild, er hægt að fara að ræða við einstaka kaupendur og ræða í alvöru hvort líklegt sé að þessi eða hinn fái hlutabréfin keypt. Ég sé ekki betur en að það sem hefur verið að gerast undanfarnar vikur í þessu máli sé ósköp einfaldlega að menn hafa látið hafa sig að fíflum. Það er verið að skrifa langar greinar í blöð um hvort þessi eða hinn hafi átt að fá hlutabréf keypt, en það liggur nákvæmlega ekkert fyrir um hvort þessi hlutabréf eru til sölu, hvort þau eru fáanleg, eða hvort það er meiri hl. á Alþingi fyrir því að selja þessi hlutabréf. Ég dreg mjög í efa að sá meiri hl. sé fyrir hendi og ég vek athygli á því að það hefur ekkert komið fram um hvort Alþingi er reiðubúið að selja þessi ákveðnu hlutabréf.

Varðandi þá spurningu með hvaða hætti sala hlutabréfa ætti að eiga sér stað ef heimild væri fyrir hendi, þá held ég að þurfi ekki mörgu við að bæta það sem fram kom hér, bæði hjá fyrirspyrjanda og hæstv. ráðh. Ég hef nú ekki kynnt mér svo nákvæmlega hvernig að hefur verið farið í fjmrn., en ég vek á því athygli að hægt er að selja hluti með þrennum hætti: Í fyrsta lagi með því að leita tilboða, í öðru lagi með því að útboð fari fram og í þriðja lagi með því að uppboð fari fram. Ég held að aðalatriðið sé að það sé valin ein aðferðin, en ekki sambland af þeim. Og síst af öllu má þetta vera á þann veg að tilboða sé leitað og þau eigi að vera komin fyrir ákveðinn tíma en tilboðin séu jafnóðum opnuð og það kunni þá að fréttast hvað hefur verið boðið í þannig að þeir sem bjóða á allra seinustu stundu hafi aðstöðu umfram aðra til að hreppa þann hlut sem er til sölu. Annaðhvort verður salan að eiga sér þannig stað að tilboða sé aflað og það sé ósköp einfaldlega beðið þangað til ekki berast fleiri boð og þetta sé allt opið og gerist í fjölmiðlum, eins og nokkrir tilburðir hafa verið til. Það má ekki heldur vera einhver lokafrestur, þannig að það ráði úrslitum hver er seinastur að koma með tilboð. Svo er aftur hin leiðin, að það sé útboð, það sé bundið við ákveðinn tíma og að ekkert tilboðanna í útboðinu sé opnað fyrr en útboðsfrestur sé liðinn þannig að allir standi örugglega fullkomlega jafnt að vígi. Þetta er leið númer tvö. Þriðja leiðin er sú að selja hlutabréfin á uppboði þannig að allir viðstaddir eigi þess kost að bjóða. En sem sagt, án þess að orðlengja frekar um með hvaða hætti salan hefur verið boðuð í fjmrn. undanfarnar vikur, kannske skiptir það ekki öllu máli eins og málum er háttað, þegar vitað er að allar heimildir skortir, má alls ekki vera um að ræða einhvers konar sambland af útboðsleiðinni og uppboðsleiðinni þannig að menn geti haft spurnir af því hversu mikið einhverjir aðrir hafa boðið í viðkomandi bréf, menn geti síðan lagt fram tilboð í samræmi við það og verið þeir seinustu sem senda inn tilboð áður en frestur rennur út.

Lokaspurning mín í þessu sambandi var sú, hvort skynsamlegt eða nauðsynlegt sé að selja þessi bréf. Ég vil ekki yfirgefa þennan ræðustól án þess að láta þá skoðun mína í ljós að það er gjörsamlega ónauðsynlegt með öllu að selja þessi bréf. Það getur ekki gegnt neinum öðrum tilgangi en að friða þá sem hafa þá trúarkreddu í höfðinu að ríkið megi alls ekki eiga hlut í fyrirtækjum og eigi alls ekki að stunda atvinnurekstur. Ég veit vel að sjálfstæðismenn af yngri kynslóðinni hafa verið haldnir af þessum sjúkdómi. Þessi trúarkredda hefur verið að breiðast út og menn hafa sumir hverjir verið fársjúkir. Ég veit að þeir sem eru af eldri kynslóðinni eru yfirleitt miklu rólegri í þessum efnum og alls ekki þeirrar skoðunar, eftir því sem ég best veit, að ekki geti komið til greina að ríkið eigi hlutabréf í fyrirtækjum og jafnvel hafi atvinnurekstur með höndum. Þeim finnst þetta sjálfsagt heldur ofstækisfullt, en hafa þó leiðst til að hlaupa eftir því vegna þess ástands sem hefur verið ríkjandi innan Sjálfstfl. Þess vegna held ég að allt þetta umtal um sölu ríkisfyrirtækja og sölu hlutabréfa í eigu ríkisins sé til komið. Auðvitað verður það að vera matsatriði í hverju tilviki hvort eðlilegt sé að ríkið eigi hlut í fyrirtækjum eða ekki. Ég heyri að hæstv. fjmrh. kann vel að meta að ríkið skuli eiga hlut í Eimskipafélaginu vegna þess að hann tók þannig til orða áðan að hlutabréf gætu skipt verulega miklu máli á aðalfundum Eimskipafélagsins, væru mættir hluthafar eða eigendur hlutabréfa sem dreifð væru víða um land,

og þessi hlutdeild ríkisins væri því mjög mikilvæg. Ég er algjörlega sömu skoðunar og hæstv. ráðh. Ég hygg að meiri hl. Alþingis vilji alls ekki selja þessi bréf og vonast til að sú skoðun mín verði staðfest hér á þingi sem fyrst.

Hæstv. ráðh. var að fara fram á það við hæstv. forseta Sþ. að mál þetta fengi afgreiðslu hér í þinginu og Alþingi skæri úr um hvaða leið ætti að fara í þessum efnum og hvort hann hefði farið rangt að. Ég býst við að hæstv. forseta vefjist nokkuð tunga um tönn þegar hann ætlar að leggja þetta mál fyrir okkur hér í þingsölum og hann muni vænta þess að hæstv. fjmrh. leysi hann úr vandanum með því að flytja hér í þinginu eitthvert mál sem getur komið til atkvgr. Því auðvitað getur hæstv. forseti ekki haft frumkvæði að því að þingið taki afstöðu til málsins. Til þess þarf málið að koma frá ríkisstj. í einu eða öðru formi þannig að það sé hægt að taka það hér til afgreiðslu og meðferðar.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að óskynsamlegt og algjörlega ónauðsynlegt sé að selja hlutabréf í eigu ríkisins, að hlutdeild ríkisins gegni í flestum ef ekki öllum tilvikum ákveðnu hlutverki og það sé þá aðeins í undantekningartilvikum að til greina geti komið að selja þessi hlutabréf.

Ég vænti þess að meiri hl. Alþingis sé svipaðrar skoðunar og mundi eindregið mælast til þess að þessum einkennilega leik með hlutabréfin yrði hætt og úrskurður Alþingis í málinu fengist sem fyrst, en það verður því miður ekki öðruvísi en að hæstv. ráðh. flytji málið inn í þingið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ekki skal ég áfellast hæstv. fjmrh. fyrir að leggja ekki í að selja bréfin í Flugleiðum eða í Eimskipafélaginu. Við höfum heyrt af þeim boðum sem boðin hafa verið í Eimskipafélagsbréfin og vil ég láta í ljós þá skoðun mína að þarna sé um að ræða blómlega eign sem engin ástæða sé til fyrir ríkið að losa sig við. Bæði þessi fyrirtæki eru mikil þjóðþrifafyrirtæki ef rétt er á haldið og það er ekkert óeðlilegt þó að ríkið eigi hluta í þeim og geti líka haft nokkra hönd í bagga með rekstri þeirra. Tökum sem dæmi Flugleiðir sem gegna mjög veigamiklu hlutverki í að halda uppi samgöngum við landið og eru þar alveg í sérflokki af flugfélögum að vera. Það er mjög óskynsamlegt af þeim sem eiga að vera gæslumenn hagsmuna ríkisins ef þeir færu að sleppa hendinni af því fyrirtæki, ef svo mætti segja.

Ég er hjartanlega sammála þeirri niðurstöðu fjmrh., að ekki komi til greina að selja þetta. Hins vegar hef ég ekki verið algjörlega dús við sum ummæli sem fjmrh. hefur látið í hita leiksins falla við blaðamenn, bæði út af sölu hlutabréfa — nú síðast — í sérstöku fyriræki, Eimskipafélagi Íslands, og almennt áður um söluhorfur eða sölumöguleika á ýmsum öðrum fyrirtækjum. Það birtist auglýsing, dags. 7. des. 1983, þar sem fjmrn. auglýsir eftir tilboðum í hlutabréf ríkissjóðs í 15 fyrirtækjum sem þar eru upp talin og jafnframt er getið nafnverðs hlutabréfanna og að endingu um að hlutabréfin verði seld hæstbjóðanda fáist viðunandi tilboð. Síðan er nánar kveðið á um greiðslukjör.

Auðvitað hefur fjmrh. alltaf vitað það, og annað þarf fyrrv. fjmrh. ekki að ætla honum, að hann þarf að bera þetta undir Alþingi. Hann er ekki einráður á þessu sviði. Það stendur ekki í hans valdi að selja eignir ríkisins öðruvísi en fá til þess heimild Alþingis og þá þarf hann að hafa þingmeirihluta á bak við sig til að geta komið fram sölu, hvað svo sem hann kann að langa til að selja. Ég hef aldrei ímyndað mér að hæstv. fjmrh. hygðist reyna að fara fram hjá þessu. Hann hefur látið okkur samstarfsmenn sína vita mjög glögglega að hann hefur alla tíð munað þetta. Mér er ánægja að bera það.

En hann hefur hins vegar verið mjög óspar á að ræða ýmsa möguleika á sölu ríkiseigna og um það hefur myndast mikil og gagnslítil umr. Einstakir blaðamenn í landinu hafa sýnt þessu verulegan áhuga og gert þarna að mínum dómi úlfalda úr mýflugunni. Auðvitað getur vel komið til greina að selja einstök ríkisfyrirtæki og það getur verið allt í góðu lagi með það og þó að ríkið eignist hlutabréf í einhverjum fyrirtækjum eða jafnvel hafi komið þeim á fót er það ekki endilega sjálfsagður hlutur að ríkið eigi þau um alla tíð. Á þessum lista, þar sem hæstv. fjmrh. hefur lýst eftir tilboðum, eru fyrirtæki sem að mínum dómi kemur ekki til greina að selja. En sum þeirra er e. t. v. eðlilegt að selja. Þarna eru fyrirtæki sem ríkið hefur verið að aðstoða við að koma á fót og fyrirtæki sem velferð heilla byggðarlaga hvílir e. t. v. á. Fyrirtæki á þessum lista sem ég þekki best til kem ég ekki til með að samþykkja sölu á fyrir mitt leyti. Ég vil enn fremur geta þess að mér finnst það fremur ónærgætið við starfsfólk þessara fyrirtækja ef það fengi það á tilfinninguna allt í einu að starfsvettvangur þess væri kominn á uppboð.

Ég sé hins vegar enga ástæðu til þess að Alþingi fari að úrskurða eitt eða neitt í því efni. Mér finnst það liggja alveg ljóst fyrir að meiri hl. Alþingis er sammála fjmrh. um að ástæðulaust sé að taka þeim tilboðum sem borist hafa í Eimskipafélagsbréfin og skynsamlegra sé og réttara fyrir ríkið að eiga þau áfram. Ég sé enga ástæðu til að fara að gera hér neina formlega ályktun út af því.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf úr þessum ræðustóli áðan við þeim spurningum sem ég bar hér fram. En ég verð nú að segja eins og er að svör hæstv. ráðh. ollu mér nokkrum vonbrigðum. Ég spurði hversu mörg tilboðin hefðu verið. Hann sagði þau hafa líklega verið þrjú. Töluna fjóra nefndi hann raunar líka, hafa líklega verið þrjú. Þetta mál hefur í rauninni gengið svo furðulega fyrir sig að með ólíkindum er. Og ég verð að segja það, hæstv. fjmrh., að mér þykir ráðh. hafa verið nokkuð yfirlýsingaglaður í þessu máli.

Hinn 1. febrúar sagði hæstv. fjmrh. eftirfarandi í viðtali við dagblaðið Tímann og ég hef ekki séð það borið til baka eða leiðrétt. Þar segir með leyfi forseta:

„Ég ætla næstu daga að ganga frá sölu á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands“, sagði Albert Guðmundsson, „en það hefur komið fram velvilji í ríkisstj. um að þessi bréf verði seld. Eg tel tilboð það sem gert hefur verið í bréfin vera aðgengilegt, og það kemur frá Eimskipafélaginu sjálfu, sem síðan hyggst selja bréfin til félagsmanna sinna og starfsmanna.“ Síðan er hér vitnað í hæstv. forsrh. sem segist ekki sjá nokkra ástæðu til að ríkið eigi hlut í Eimskipafélagi Íslands.

Hér segir hæstv. fjmrh. alveg skýrt og skilmerkilega að hann ætli að selja þessi bréf. Ég fagna þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf hér áðan, að hann skuli nú hafa komist að þeirri niðurstöðu að ekkert af þessum

tveimur, þremur eða fjórum tilboðum, jafnvel ekki það sem kallað var eftir, sé þess eðlis að ástæða sé að taka því. Ég held að þetta sé alveg rétt ákvörðun. En hins vegar er svo það, sem hæstv. fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ragnar Arnalds, ræddi hér áðan, að sjálfsagt hefur hæstv. fjmrh. enga heimild til að gera þetta. Til þess þarf að koma samþykki Alþingis. Og mér sýnist ekkert benda til þess að meiri hluti sé fyrir því hér á Alþingi að selja þessi hlutabréf. Ég held líka að það sé rangt. Ég held að það sé ekkert á móti því, eins og hér hefur raunar komið fram hjá fleiri hv. þm., að ríkið eigi nokkra aðild að þessum stóru flutningafyrirtækjum eins og Flugleiðum og Eimskipafélagi Íslands. Ég held að það sé hreint ekkert óeðlilegt.

Önnur spurning mín fjallaði um þau ummæli hæstv. fjmrh. að þessi bréf yrðu ekki seld nafnlausum kaupanda. Ég hef enn ekki fengið skýringu á því hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að velja kaupendur með þessum hætti þar sem hann segir annars vegar að hér eigi að vera markaður með slík hlutabréf. Það er alveg rétt, það væri ekkert á móti því, það væri sjálfsagt æskilegt að hér væri markaður með slík hlutabréf þar sem menn gætu keypt og selt eftir vild, og þá væntanlega líka í umboði, eins og reglan er nú t. d. á bandaríska verðbréfamarkaðinum, þar sem sérstakir verðbréfasalar, kaupendur, versla í umboði annarra og fyrir almenning, eru fulltrúar þeirra sem fjárfesta í fyrirtækjunum. En hins vegar segir svo hæstv. ráðh. að það verði að hafa hér hönd í bagga og það megi ekki raska þeirri ró og þeim friði sem verið hafi um þetta. Ég skil það svo að eignarhlutföll í Eimskipafélaginu megi samkvæmt því ekki breytast mjög mikið. Það gæti raskað rónni ef þannig færi. Þetta tvennt rekur sig nú raunar hvort á annars horn að mér finnst.

Herra forseti. Það mætti rekja ýmislegt fleira úr þessum blaðayfirlýsingum hæstv. fjmrh. ef ástæða þætti til. Mörg ummælin eru vissulega þess eðlis að ástæða væri til að huga frekar að þeim, m. a. hve ráðh. hefur gengið illa að vera sjálfum sér samkvæmur um það hversu mörg þessi tilboð eru. En ég held að það gefi auga leið að það eru ekki heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir, þegar slík verslun á sér stað, að tilboðin séu opnuð jafnóðum og þau berast.

Ég endurtek það hér að ég er ekki að væna hæstv. ráðh. um neinn óheiðarleika í þessu máli, fjarri sé það mér. Ég veit að hann hefur mikla reynslu í rekstri fyrirtækja. En ég held samt að hann geti spurst nokkuð víða fyrir bæði í embættismannakerfi ríkisins og hjá kaupsýslumönnum sem stunda viðskipti og ég hugsa að hann þyrfti að leita lengi til að finna mann sem teldi þetta vera eðlilega viðskiptahætti. Ég held að fyrst og fremst hafi verið staðið afskaplega óheppilega og klaufalega að öllu þessu máli alveg frá upphafi. Það er það sem ég vil átelja og ég held að menn ættu að hafa það að leiðarljósi í framtíðinni, þegar slíkir hlutir koma til umræðu, að þannig eigi ekki að standa að sölu eigna ríkisins. Og ég sagði það hér áðan og segi aftur að það skiptir meginmáli að almenningur geti treyst því að hér sé rétt og heiðarlega að staðið.

Hæstv. fjmrh. vill að Alþingi taki afstöðu til þess hvort hann hafi farið hér rétt að eða hvort hér hafi verið farið klaufalega að eða jafnvel rangt. Hann getur auðvitað ekki fengið skorið úr því með öðrum hætti en að flytja sjálfur málið inn í þingsali með einhverjum hætti. Ég hef vakið máls á þessu hér utan dagskrár. En eins og hæstv. ráðh. veit þá leiða umr. utan dagskrár ekki til ályktana af sjálfu sér. Hæstv. ráðh. er svo þingvanur maður að hann veit það. Til þess að um mál verði ályktað verður að flytja það með þinglegum hætti, á þingskjali. Auðvitað mætti hugsa sé að flytja vantraust á hæstv. fjmrh. Ég tel engin efni til þess og mun ekki beita mér fyrir því. Ég átel að hér hafi ekki verið staðið rétt að verki, og það er allt annað hvað átalið er og gagnrýnt en að flytja vantraust á ráðh. Ég tel þetta mál ekki þannig vaxið að til þess séu efni, það tek ég skýrt fram, ekki á þessu stigi. Vilji hæstv. ráðh. fá fram vilja þingsins og skoðun verður hann auðvitað sjálfur að flytja málið inn í þingsali með þingformlegum hætti.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þetta eru býsna fróðlegar umr. Allt frá því að ríkisstj. tók við völdum hafa einstakir ráðh. haft uppi stór orð um það að eitt af helstu viðfangsefnum hennar í ríkisfjármálum sé að selja hlut ríkisins í einstökum fyrirtækjum eða jafnvel einstök fyrirtæki. Þessar umr. fara fram um tilraun hæstv. fjmrh. til að standa við þessa stefnuyfirlýsingu ríkisstj. sem virðist hafa tekist heldur óhönduglega. Nú lýsir fyrrv. hæstv. fjmrh. því yfir og aðrir taka undir að hæstv. fjmrh. hafi enga heimild til þess nema með því að leita fyrst samþykkis Alþingis.

Í annan stað gerist það, að formaður annars stjórnarflokksins, hv. 2. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson, lýsir því sem sinni skoðun að það sé trúlega enginn meiri hluti fyrir þessu stefnumarki ríkisstj. Og er sennilega sömu skoðunar og hæstv. fyrrv. fjmrh., að hér sitji á þingi svo margir „rólegir gamlir íhaldsmenn“ í öllum flokkum að heita megi nokkuð öruggt að það sé traustur meiri hluti slíkra manna fyrir því að þetta stefnumark komist ekki fram.

Það eru óneitanlega nokkur tíðindi ef formaður þingflokks Framsfl. lýsir því yfir að þingflokkur Framsfl. vilji enga aðild eiga að þessu stefnumarki ríkisstj. heldur fylli hann flokk hinna „gömlu rólegu íhaldsmanna“ sem vilji hér í engu gera neinar breytingar.

Í þriðja lagi áfellast menn síðan þær aðferðir sem hafa verið viðhafðar við þessa, eigum við að segja auglýsingu eftir tilboðum. Ég tek undir það með hæstv. fyrrv. fjmrh. að ég tel að sú aðferð hafi verið mislukkuð, þarna hafi verið blandað saman óskyldum aðferðum. Hæstv. fjmrh. segir að það sé nú sitthvað fasteignasala og fjmrn., og vera má að það sé, en eins og hann sagði sjálfur í upphafi málsins þá var í þessari auglýsingu lögð áhersla á að leita að hæstbjóðendum, og kaupendum skyldi gefast kostur á að greiða allt að 80% kaupverðs á 10 árum með verðtryggðum kjörum.

Hæstv. fjmrh. sagði að þetta hefði verið gert sérstaklega til þess að auðvelda öllum almenningi, ekki endilega hinum fjársterkustu aðilum, þátttöku í þessu. En þetta eitt út af fyrir sig er ekki nóg. Til þess að gera það, til þess að tryggja að allir séu jafnir frammi fyrir þessu tilboði, þá er það rétt, að sú aðferð sem viðhöfð var, að opna tilboðin jafnóðum og taka þá áhættu að fréttir bærust út, býður upp á grunsemdir um að hægt sé að koma upplýsingum á framfæri til þeirra sem í náðinni eru um að gera betri tilboð. Ég held að það þurfi ekki að felast í því nein gagnrýni á hæstv. fjmrh. sérstaklega þó að almennt taki menn undir það að þessi aðferð

dugar ekki. Hún er ekki hafin yfir gagnrýni. En hún þarf að vera það.

Þá er spurningin þessi og það er ástæðan fyrir því að ég stend hér uppi í pontu: Hvað ætlar hæstv. fjmrh. nú að gera? Þessi tilraun hefur mistekist; aðferðin þykir aðfinnsluverð og samstarfsmenn hans í ríkisstj. slá því föstu að jafnvel þótt hæstv. ráðh. leitaði eftir umboði Alþingis til að gera aðrar tilraunir til þessarar sölu, þá sé enginn meiri hluti fyrir slíku. Nú er spurningin: Hvað hyggst hæstv. fjmrh. gera? Við minnumst þess að hann hefur lýst því yfir aðspurður og oftar en einu sinni — ef hann minnist þess ekki sjálfur, að hann hafi ætíð staðið við stefnumið sín og hefur spurt með þjósti í sjónvarpsþætti: Vita menn nokkur dæmi þess að hæstv. fjmrh. hafi ekki ævinlega staðið við orð sín? Nú reynir á það.

Það er ljóst að hæstv. fjmrh. er hér í nokkrum vanda staddur og ég held að framhald málsins velti mjög á þeirri aðferð sem hann velur til þess að gera þetta. Ég fyrir mína parta lýsti því yfir að ég er ósammála flokksbróður mínum Eiði Guðnasyni í því, að það sé nokkur goðgá endilega að leita eftir sölu á hlutabréfum ríkisins í Eimskipafélaginu. Það eru engan veginn sjálfgefin rök í mínum huga að ríkið eigi, við gerbreyttar kringumstæður, að halda hlut sínum í Eimskipafélaginu. Hitt er annað mál, að ég er engan veginn þeirrar skoðunar að það sé réttlætanlegt að gefa þessi bréf eða láta þau af hendi á gjafverði. Það þarf að tryggja það, ef talið er æskilegt að þessi bréf séu seld, að það verði gert með þeim hætti að raunverulegt verðmæti þeirra fáist metið. Og þá er kannske komið að þeim kjarna málsins að aðferð hæstv. fjmrh. dugar ekki. Mér sýnist, eins og hann reyndar vék að í sinni ræðu, að eina leiðin til þess arna sé sú að framfylgja lögum um Seðlabanka Íslands um að koma hér á raunverulegum verðbréfamarkaði.

Hæstv. ráðh. vitnaði til Seðlabankalaganna, en þar segir með leyfi forseta í 15. gr., IV. kafla, um innlend viðskipti Seðlabankans og eftirlít með bankastarfsemi: „Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf og skal hann vinna að því að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna til og reka kaupþing þar sem verslað yrði með vaxtabréf og hlutabréf samkvæmt reglum sem bankastjórnin setur og ráðh. staðfestir."

Þetta sýnir að heimildin er fyrir hendi. Þetta er að mínu mati eina aðferðin sem gengur, ef á að reyna að selja hlutabréf í ríkisfyrirtækjum með aðgengilegum hætti, þ. e. að þau fáist metin að raunverulegu verðgildi og salan fari fram með þeim hætti að allur almenningur, sparifjáreigendur og þeir aðrir sem vilja festa fé í slíkum hlutabréfum, geti gert það á jafnréttisgrundvelli við aðra. Og þess vegna beini ég þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Mun hann ekki örugglega beita sér fyrir því innan ríkisstj. og við viðskrh. að þessu lagaákvæði verði hrint í framkvæmd, að þessi lagaheimild verði nýtt? Og í annan stað: Er hann ekki sammála mér um það að þetta sé raunverulega sú eina aðferð sem væntanlega er vammi firrt og hafin yfir gagnrýni til þess að koma þessari sölu á? Í þriðja lagi spyr ég hæstv. fjmrh.: Er nokkur ástæða fyrir hann að þola þau frýjuorð formanns þingflokks Framsfl. að óreyndu að hann hafi ekki meiri hluta fyrir þessu stefnumarki ríkisstj.? Má ekki treysta því að hæstv. fjmrh. láti á það reyna, afli sér heimildar Alþingis og taki þar með af tvímæli um að hann vill standa við þau orð sín, sem hann viðhafði í sjónvarpi, að hann muni gera sitt ýtrasta til að koma stefnumálum sínum í framkvæmd en segja af sér ella?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég er furðu lostinn yfir því að jafnágætur maður og hæstv. fyrrv. fjmrh., sem ég er margbúinn að segja að ég líti á sem góðan fjmrh. þrátt fyrir erfiðleika sem steðjuðu að og urðu til þess að ríkissjóðsdæmið varð kolvitlaust og öfugt þegar hann fór frá því, hafi ekki meiri vitneskju um þau mál sem heyra þó beint undir fjmrh. En ég skil þó að hann skuli ekki vita að túlkun embættismanna í fjmrn. er sú, að fjmrh. hafi fulla heimild til að selja hlutabréf án þess að fá samþykki Alþingis eða ríkisstj. En fjmrh. hefur ekki heimild til að selja fasteignir án heimildar á fjárlögum. Þetta er sú túlkun sem ég hef fengið hjá fjmrn. En á móti hef ég marglýst því yfir að þrátt fyrir þessa túlkun muni ég ekki ganga frá sölu á neinu án samstarfs og samvinnu við fyrst og fremst ríkisstj. og báða þá þingflokka sem að henni standa. Og ég hef gengið svo langt að segja að hver og einn þm. í þeim flokkum hafi neitunarvald gagnvart mér. Og við það stend ég.

Ráðh. skortir heimild til sölu, tóm della frá upphafi til enda, menn hafa látið hafa sig að fíflum. — Þetta er orðrétt það sem kom frá fyrrv. hæstv. fjmrh., 3. þm. Norðurl. v. Ég vona, þó nú fari að nálgast það, að ég þurfi ekki að tína til það sem ég er með í fórum mínum af afgreiðslum í heimildarleysi til fyrirtækja og stofnana, sérstaklega frá síðustu dögum fyrrv. hæstv. fjmrh. í starfi, til þess að undirstrika að hann er ekki þess umkominn að tala um að menn geri þetta og hitt í heimildarleysi. Hitt er svo annað mál, og það skil ég afskaplega vel, að lífsskoðanir mínar og hans stangast á og þar af leiðandi sér hann ekki neina skynsemi í né nauðsyn til að selja hlutabréf eða aðrar eignir ríkisins, þar sem mín lífsskoðun er sú að afsólíalísera þjóðfélagið, eins og ég sagði þegar ég kom í ráðherrastól, en hans lífsskoðun er að sósíalísera og sentralísera. Að það sé bara til að friða og róa þá sem ekki vilja að ríkið eigi hlut í fyrirtækjum, að nú skal selja hlutabréf og fyrirtæki, það getur vel verið að sé alveg rétt, því að hvergi í nokkrum stjórnmálaflokki eru framsæknari og framsýnni ungir menn en einmitt í Sjálfstfl. Og þeir vilja starfa sem slíkir en ekki undir oki eða fyrirskipunum miðstjónar ríkisins, hvorki í sinni daglegu vinnu né heldur inni á heimilum sínum, eins og stóri bróðir virðist jafnvel gera þar sem hugsjónirnar fæðast fyrir Alþb.-menn, sérstaklega kommúnistadeildina. Ég hef nú ekki hingað til talið fyrrv. hæstv. fjmrh. í þeirri deild, því eins og menn muna, þeir sem vilja rifja það upp, þá er Alþb. bandalag flokka þó kommúnistar séu þar áhrifamestir.

Mér þykir leitt ef hv. fyrirspyrjandi, 5. landsk. þm., telur að ég hafi ekki svarað spurningunni nægilega. Ég skal endurtaka það. Fjórða tilboðið, ég gat um það, það kom nokkru seinna en þau þrjú tilboð sem ég gat um að hefðu borist fyrir 1. febrúar. Það er eitt sem ég hef ekki getið um, að tilboð það sem var talið koma of seint frá Sjóvátryggingafélaginu var komið fram fyrst í formi bréfs, sem var skrifað 27., en það bréf staðfesti ósk kaupendanna, væntanlegra kaupenda Sjóvátryggingafélagsins um viðræður. Og svar mitt við því bréfi var að þeir gæfu tilboð. Það hafði því heyrst frá þessum aðilum löngu fyrir 1. febr. Um það spurði blaðamaður ekki. Og

ég tel alveg fráleitt ef þm. hafa ekki þann skilning á og virðingu fyrir því starfi sem blaðamenn vinna, að þeir gefi þeim eins miklar upplýsingar og séu eins opnir í viðtölum og mögulegt er.

Ég er alinn upp í þeirri grein sem er ein stærsta og fjölsóttasta listgrein eins og það heitir annars staðar. Það eru íþróttir, það er atvinnuknattspyrnan sem iðkuð er í veröldinni. Þar sem hún er iðkuð eru stærstu leikhús veraldarinnar, og ekki skrifað um annað meira í nokkur blöð neins staðar en einmitt það sem þar fer fram. Blaðamenn, sérmenntaðir og sérhæfðir blaðamenn í þeirri grein verða, það er þeirra lifibrauð, að ná góðu sambandi við þá sem stunda þá atvinnugrein. Það er frumskilyrði þeirra stóru félaga sem ég hef unnið fyrir að leikmenn séu aðgengilegir fyrir blaðamenn, vegna þess að saman og í samstarfi getur bæði blaðamaðurinn og félagið lifað, en án hvors annars er það ekki nokkur leið. Það er kominn tími til að senn hvað líður deyi út sá útkjálkahugsunarháttur að það beri að forðast blaðamenn, en við taki aftur á móti gott samstarf við blaðamenn. Hver og einn verður auðvitað að vega það og meta hvað hann vill segja. Ég hef svo langa lífsreynslu, ég hef talað við blaðamenn um víða veröld, að það segir mér enginn hvað ég ræði þegar ég tala við þá. Ég er opinn við þá, hreinskilinn, ég hef þeirra trúnað og þeir hafa minn trúnað, og þeir hafa aldrei brugðist mér, aldrei, og ég held áfram að vera það.

Þau fjárlög sem nú voru gerð síðast voru gerð meira fyrir opnum tjöldum en nokkurn tíma áður, enda veit þjóðin nákvæmlega frá upphafi til enda hvernig ástandið er með þjóðinni og ekkert þar falið. Ég verð ekki á neinum flótta undan blaðamönnum hér eftir frekar en hingað til, ég lít á þá sem nauðsynlega samstarfsmenn okkar alþm. Við erum ekki neinir prívataðilar sem eigum bara leyndarmál út af fyrir okkur. Allt sem við gerum, allt sem við vinnum að er þjóðarinnar. Blaðamenn hafa fullan rétt til að hafa aðgang að því.

Ég vil nú ekki svara hv. 5. landsk. þm. mikið, ég held ég hafi gert það. Ég trúi ekki öðru en ég hefi svarað þeim spurningum sem hann beindi til mín, ég trúi ekki öðru. Annars verður bara að hafa það, ég treysti mér ekki til að svara því betur, sérstaklega þá ekki með jafn litlum fyrirvara og gefst í þessu máli. Sem sagt, endanlega voru tilboðin fjögur, ég vona að það fari ekki á milli mála, og tvö eða þrjú komu fyrir 1. febrúar. En ég skal viðurkenna að eftir að ég óskaði eftir tölum frá Sjóvátryggingafélaginu kom umrætt bréf og það opnaði ég eftir 1. febrúar. Ef virðulegur þm. vill koma með mér upp í rn. núna þá getur hann fengið að sjá að þar liggja mörg bréf óopnuð, hafa legið þar tvo daga eða jafnvel lengur á skrifborðinu vegna þess að ég hef hreinlega ekki haft tíma til að opna þau — kannske af ótta við að flest þeirra séu hundabréf héðan og þaðan úr heiminum sem er aðeins tímaeyðsla að opna. En nóg um það.

En ég hef ekki ætlað mér, eins og fyrirspyrjandi gat um, að ganga frá sölu á næstu dögum. Það var víst vitnað í blaðagrein og þar hef ég líklega ekki verið nógu nákvæmur, því að ég trúi því að blaðamaðurinn hafi haft rétt eftir mér að tilboðin hafi verið aðgengileg. Þau hafa aldrei verið það í mínum huga, en það getur vel verið að ég hafi klúðrað svari mínu til blaðamannsins. Ég hef aldrei staðið þann blaðamann að því að hafa rangt eftir mér, aldrei, þannig að ég verð að standa við þessi orð eins og þau eru þar.

Bandaríkjamarkaðurinn er náttúrlega ekki til samanburðar hér, þar sem bréf ganga óskráð frá einum til annars. Það er allt annað mál og við getum ekki borið okkar markað saman við það. (**Gripið fram í:** Óskráð?) Óskráð, ekki á nafni, þau eru ekki skráð. Þú kaupir bréf, þú ert handhafi bréfanna, en það fyrirtæki sem þú átt hlut í ef þú kaupir bréf veit ekkert að þú átt í því og fær kannske aldrei að vita það. Og þegar þér eða hverjum öðrum eiganda fyrir sig dettur í hug að selja þau bréf, þá selur hann þau án þess að skrá neinn sérstakan nýjan eiganda. En hér hjá okkur er tilkynningarskylda við eigendaskipti þannig að ég eða hver sem selur bréf verður að fá að vita hverjum hann er að selja, vegna þess að á honum, seljandanum, hvílir tilkynningarskylda til fyrirtækisins um hver sé hinn raunverulegi eigandi bréfanna. En ef staðið er klaufalega að í embætti ráðh. og almenningur getur ekki treyst því að heiðarlega sé staðið, þá ber ákveðnum aðila, sem kemur með mál inn á Alþingi á þeim forsendum, að bera fram vantraustið. Það fer ekkert á milli mála. Það væri til of mikils mælst að ég tæki það ómak af viðkomandi og bæri fram vantraustið á sjálfan mig. Mér finnst það vera til of mikils ætlast, en vona að hv. 5. landsk. þm. bakki nú ekki eða guggni á verkefnum, sem hann hefur hafið, og sýni fram á þetta vald, annars verð ég sem einstaklingur að dæma í mínum huga öll hans stóru orð dauð og ómerk.

Hv. 5. þm. Reykv. skilur hvað hér er til umr. Hann skilur gang málanna. Ég er honum alveg sammála, að engin aðferð er hafin yfir gagnrýni, það er alveg rétt, hvorki sú aðferð sem ég nota né aðrar, enda þótt hún sé best að áliti eins eða annars. Þessi aðferð er góð að mínu áliti og þess vegna fer ég þessa leið, en hún er ekki hafin yfir gagnrýni, mikil ósköp.

En svo má ég til með að leiðrétta það, að það er ekki sitt hvað fasteignasala og fjmrn. Ef menn líta á 6. gr. sést þar að fasteignasala er eiginlega aðalverkefni fjmrn. Það er að selja fasteignir og hitt og þetta. Það er líklega ein stærsta fasteignasala landsins eða svo met ég það a. m. k. Hv. þm. segir: Hvað gerist næst? Auðvitað er það skylda okkar, þó ekki væri nema vegna þess að við erum með 5—6% af hlutafé Eimskipafélagsins og það er verulega áhrifamikið á aðalfundi félagsins og þetta er milljóna ef ekki milljarða fyrirtæki, okkur ber skylda til þess okkar vegna að vita hvers virði, raunvirði, þessi eign okkar í fyrirtækinu er. Og á sama tíma ber okkur skylda til að gæta hagsmuna þeirra einstaklinga sem eru hluthafar í Eimskipafélagi Íslands vegna þess hvernig Eimskipafélagið er tilkomið. Það á að vera enn þann dag í dag og er óskabarn þjóðarinnar. Þetta fyrirtæki var stofnað sem ákveðinn þáttur af sjálfstæðisbaráttu okkar og er það enn í dag. Og þess vegna ber okkur skylda til að fá rétt mat á bréfunum svo að það fátæka fólk sem önglaði saman til þess að geta verið þátttakendur í þessari frelsisbaráttu þjóðarinnar á sínum tíma og afkomendur þeirra viti nákvæmlega hvað þau hafa á milli handanna þegar þau eiga bréf Eimskipafélagsins, en séu ekki að losa sig við þau á þeim forsendum að þau séu einskis virði og varla þess virði að geyma þau, gott að losna við þau til þess eins að tapa þeim ekki.

Ein aðferðin og sú sem ég minntist á er náttúrlega sú kapitaliska aðferð að stofna hér til kauphings. Það eru ungir og framsýnir sjálfstæðismenn sem eru náttúrlega

þar í broddi fylkingar. Ég finn það, eins og ég hef oft sagt áður, að menn í öðrum flokkum eru svona í endurhæfingu þar frekar en hitt og eru á leiðinni inn í Sjálfstfl., svo að ég veit að ég hef stuðning úr Alþfl. frá góðum mönnum í sambandi við það að stofna hér kaupþing og gera alvöru úr því að fólk geti öðlast rétt mat á sínum verðmætum. (**Gripið fram í:** Framfylgja gömlum lögum.) Framfylgja gömlum lögum, það er þá kominn tími til að framfylgja einhverjum þeirra a. m. k. Nóg er af þeim sem ekki er framfylgt. Það er alveg rétt, næsta skrefið hjá mér er nákvæmlega sú leið sem virðulegur 5. þm. Reykv. gat um, að fá rétt mat á bréfin, hvort sem við verðum að gera það með því að láta fagmenn meta félagið, meta stöðuna og meta þá raunveruleg verðmæti bréfanna, ef það er fljótvirkara en að bíða eftir að hér komi á laggirnar kaupþing.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri, en ég er fullkomlega reiðubúinn til þess, og fer nú senn hvað líður að gera það ef fleiri aths. koma, að taka saman hverju hefur verið ráðstafað án heimildar af peningum í fjmrn. áður en ég kom þangað, ef talið er óleyfilegt að fjmrh. hefur boðið út þau hlutabréf sem fyrir hendi eru. Mun ég þá á næsta fundi, ef með þarf, koma með þá skrá. (**JBH:** Heyrir það ekki undir upplýsingaskyldu stjórnvalda?) Að? (**JBH:** Að upplýsa það sem hæstv. ráðh. er að boða að nauðsynlegt sé að upplýsa hvað úr hverju.) Ef farið er fram á það, þá skal ég gera það. En það heyrir kannske ekki beint undir upplýsingaskyldu stjórnvalda, ég veit það ekki, og þá svara ég án þess að vita það nákvæmlega. Það getur vel verið að það sé rétt hjá hv. þm.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil einkum gera að umræðuefni eitt atriði í ræðu hæstv. fjmrh. Það er sú túlkun embættismanna í fjmrn. að ráðh. hafi heimild til að selja hlutabréf upp á sitt eindæmi. Þessi túlkun tel ég að orki tvímælis og að svo komnu máli vefengi ég hana og held að hún geti ekki staðist. Það er a. m. k. í miklu ósamræmi við þá starfshætti sem við höfum vanist hér á Alþingi. Ef ríkið vill selja jarðarpart, þó það sé ekki nema partur úr einu koti, verður að setja um það sérstök lög. Ég finn ekki að sé neitt samræmi í því eða hægt sé að líta svo á að um hlutabréf í fasteign eða hlutabréf í fyrirtæki sem á fasteignir megi gilda allt önnur aðferð. Mér finnst að hlutabréf í fasteign megi líta á sem hluta fasteignar og ef þarf að setja lög um ómerkilega eyðijörð held ég að útilokað sé annað en það þurfi a. m. k. að vera á heimildagrein fjárlaga leyfi til þess að ríkið selji eign, a. m. k. eign sem er jafnverðmæt og 5% í hlutabréfum, t. d. þessi margumræddu 5% í Eimskipafélagi Íslands. Ég lít svo á að 5% í hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands jafngildi 5% af skuldlausri eign Eimskipafélagsins. Ég held að varla sé hægt að komast nær því hvers virði þau bréf eru.

Það getur vel verið að dugi að koma þessu á heimildagrein fjárlaga, en ég vil ekki láta þá túlkun ganga hér mótmælalaust í gegn að ráðh. hafi heimild án vafa. Ég vil hins vegar staðfesta það einu sinni að hæstv. fjmrh. hefur aldrei dottið í hug, og hann hefur gert okkur samstarfsmönnum sínum glögga grein fyrir því að hann mundi aldrei láta sér detta slíkt í hug, að selja eitt eða neitt af þessum bréfum nema hafa samráð við alla stjórnarþm. og hafa þá þar með meiri hl. á þingi fyrir sínum gerðum. Ég hef litið svo á að hver og einn stjórnarþm. hefði neitunarvald um slíkar sölur. Það væri líka mjög óskynsamlegt af ráðh. og það mundi aldrei henda hæstv. fjmrh. að fara að selja hlutabréf í trássi við meirihlutavilja Alþingis. Hann yrði valtur sá ráðherrastóll í framtíðinni ef ráðh. temdi sér þá starfshætti. (Gripið fram í.) Það er margt skynsamlegt sem hæstv. fjmrh. hefur sagt í þessari umr., en mér fannst nú örla á dómgreindarleysi hjá honum þegar hann var að tala um hina ungu sjálfstæðismenn af mikilli hrifningu áðan. Það eru góðir strákar þarna í bland, en það er misjafn sauður í mörgu fé og fáhittir í þessum hópi drengir sem eru afbragð annarra manna þó að þeir kunni að vera til.

Mér fannst hæstv. fjmrh. líka leggja of mikið kapp á að undirstrika nauðsyn þess að vera opinn við blaðamenn. Ég veit að samstarf við blaðamenn er mjög mikilvægt mönnum sem eru í pólitík og það er sjálfsagt að umgangast blaðamenn af nærgætni og auðvelda þeim störf þeirra eftir því sem mögulegt er. Nú kann ég ekkert á fótbolta, það vil ég taka strax fram, og hef aldrei verið atvinnumaður í íþróttum. Þó lít ég á að stjórnmálastarfið lúti alls ekki sömu lögmálum og fótbolti og í ráðherrastarfi sé meginatriðið að vinna skynsamlega miklu fremur en að segja frá því sem menn langar til að gera einhvern tíma í framtíðinni. Það tel ég að ráðh. okkar hafi yfirleitt gert.

Ég kom ekki heldur alveg saman þessu með að fjmrh. ætti að vera fasteignasali. Mér finnst að fjmrh. eigi að forvalta okkar þjóðarbú að svo miklu leyti sem það tilheyrir hans rn., og til þess verks hefur hæstv. fjmrh. minn fulla stuðning.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Í íslenskum lögum segir ljóst og skýrt að ríkisstj. megi ekki selja neina fasteign sína nema til þess sé heimild í lögum eða fjárl. (**Gripið fram í:** Fasteign.) Ég vil í framhaldi af því og með nákvæmlega hliðstæðum rökum og komu fram hjá hv. þm. Páli Pétursyni á undan mér segja að það liggur alveg í eðli máls að úr því ekki má selja hina ómerkilegustu fasteign án slíkrar heimildar í lögum getur ekki verið heimilt að selja hlutabréf, sem eru ávísun á eignarhlutdeild í miklum stóreignum, þ. á m. miklum fasteignum. Ég held að það liggi svo í eðli máls að það þarfnist ekki frekari skýringa, að þegar hlutabréfin eru raunverulega eignarhlutdeild í og ávísun á fasteignir í stórum stíl og svo stendur jafnvel á þar að auki að um er að ræða eign sem ríkið hefur forvaltað árum saman, jafnvel áratugum saman og varð sér úti um með heimild Alþingis á sínum tíma, þá geti ráðh. ekki upp á sitt einsdæmi tekið ákvörðun allt í einu um að selja þær eignir nema fyrir liggi eitthvert samþykki eða heimild Alþingis.

Það má vel vera að einhverjir góðir menn hafi túlkað lögin á þennan veg, en hæstv. ráðh. má ekki reiðast mér eða neinum öðrum þótt við séum á annarri skoðun. Satt best að segja virðist lagahlið málsins ekki breyta einu eða neinu í þessu sambandi og að óþarfi sé að orðlengja frekar um hana því hæstv. ráðh. hefur lýst því hér yfir að hann ætli ekki að selja þessar eignir nema samþykki Alþingis liggi fyrir. Sem sagt: hann ætlar að fara að eins og þessi lagatúlkun mín og hv. þm. Páls Pétursson sé rétt, í það minnsta þá til vonar og vara. (**Fjmrh.:** Það hefur aldrei annað staðið til og er margyfirlýst.) Aldrei annað staðið til og er margyfirlýst.

Þá má hann ekki heldur reiðast mér þótt ég bendi á það sem staðreynd að um þetta mál hefur verið rætt í fjölmiðlum af blaðamönnum og útvarpsmönnum og sjónvarpsmönnum eins og það sé verið að selja hlutabréf í fjmrn. um þessar mundir og eins og hæstv. fjmrh. hafi vald til að taka því tilboði sem honum sýnist skynsamlegast að taka. Þannig hefur verið um þetta mál talað á seinustu vikum. Svo sannarlega er þá ekki einskis vert að þetta mál er hér til umr. ef sá misskilningur leiðréttist og þau orð hæstv. ráðh. verða heyrumkunn að hann ætlar ekki að selja þessar eignir nema að fengnu samþykki Alþingis. (**Fjmrh.:** Löngu þekkt.)

Hann má ekki heldur reiðast því þótt svo sé tekið til orða að málið hangi í lausu lofti og það sé tóm della að halda uppi þessari rökræðu í fjölmiðlum, svo mjög sem það hefur verið tíðkað nú undanfarnar vikur. Þegar allt er í óvissu um hvort hlutabréfin verða seld, hvort þau eru yfirleitt til sölu, hljóta allir að sjá að málið er svo í lausu lofti að það verðskuldar ekki þá miklu athygli sem það hefur fengið í fjölmiðlum nú ellegar hjá þeim kaupendum sem hafa verið að ómaka sig við það jafnvel að skrifa heilu síðurnar í dagblöðin að undanförnu. Þeir hefðu getað sparað sér það ómak því hreint ekkert er víst að nokkurn tíma hafi verið raunhæft að þessi hlutabréf yrðu seld.

Hæstv. ráðh. ýjaði að því með nokkuð sérkennilegum hætti að ég hefði tekið einhverjar þær ákvarðanir í heimildarleysi sem hann hefði ekki gert mikið mál úr enn sem komið er en hefði í bakhöndinni. Ég segi það alveg heinskilnislega að ég hef ekki hugmynd um hvað hann á við. Og mér væri kært að hann upplýsti mig og aðra um það. Ég kannast ekki við að hafa tekið neinar ákvarðanir í heimildarleysi þegar ég var í fjmrn.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á að ákvarðanir fjmrh. um aukafjárveitingar eru ekki ákvarðanir í heimildarleysi. Ég hygg að hann sé haldinn þeim misskilningi að ýmsar aukafjárveitingar sem ég tók ákvörðun um, t. d. á seinustu vikum þess tíma sem ég var í fjmrn., hafi verið teknar í heimildarleysi, en svo er ekki. Samþykkt aukafjárveitinga af hálfu fjmrh. á sér lagastoð í lögum um skiptingu rn. og byggir þar að auki á mjög langri lagahefð sem ekki hefur verið vefengd. Ég hygg að þær aukafjárveitingar skipti hundruðum sem ákvarðanir hafa verið teknar um af fjmrh. á hverju einasta ári um mjög langt skeið. Ákvarðanir um aukafjárveitingar í minni tíð teljast því ekki heimildarlausar ákvarðanir, eins og mátti kannske skilja á hæstv. fjmrh. áðan. Þetta ákvörðunarvald fjmrh. byggir á ákveðinni lagastoð og langri framkvæmdahefð.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál og ég held að við ættum að geta lokið þessari umr. sáttir að kalla, en ég hygg að hún hafi ekki verið alveg að ástæðulausu og ekki til ónýtis.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Þau orð sem hæstv. fyrrv. fjmrh. lét hér falla um aukafjárveitingar er ekki í samræmi við það sem ég álít. Þeir fjárveitingaliðir sem Alþingi hefur samþ. og reynst hafa vanáætlaðir eru kannske eðlilegar aukafjárveitingar, þó að aukafjárveitingar sem slíkar hafi enga stoð í lögum, þó að fjmrh. hafi skapað sér hefð og þá sérstaklega á seinni árum. Það eru ekki þær aukafjárveitingar sem ég á við, heldur þegar nýir fjárveitingaliðir koma inn í fjárl. frá fjmrh. án þess að Alþingi hafi fjallað um þá. Það er það sem ég á við.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil aðeins segja um þetta mál, að það var eins og mig grunaði að hæstv. ráðh. hafði aukafjárveitingar í huga þegar hann mælti þau orð... (**Fjmrh.:** Ekki aukafjárveitingar.) Jú, það kallar maður aukafjárveitingar þegar fjmrh. tekur ákvarðanir um fjárveitingar sem ekki er gert ráð fyrir í fjárl. eða fjárlfrv. Það heita aukafjárveitingar og hafa alltaf heitið og þessar ákvarðanir fjmrh. hafa bæði í minni tíð og tíð fyrri fjmrh. byggst á lögum um skiptingu rn. þar sem skýrt er tekið fram að fjárlaga- og hagsýslustofnun taki ákvarðanir m. a. um aukafjárveitingar sem seinna eru staðfestar af Alþingi með fjáraukalögum. Er enginn munur þarna á. Það er ekki hægt að flokka aukafjárveitingar í tvo flokka, eins og hann virtist vera að gefa í skyn áðan. Það eru ósköp einfaldlega bara til fjárveitingar sem gefnar eru út eftir að fjárl. hafa verið afgreidd. Þær heita aukafjárveitingar. Ég hygg að þær hafi alls ekkert verið fleiri í minni tíð en í tíð margra annarra fjmrh. Þær gefa greinilega ekki tilefni til þeirra orða sem hæstv. fjmrh. mælti áðan.

Efri deild, 51. fundur.

Miðvikudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskatttur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 230, n. 338 og 355, 343). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað um þetta mál allítarlega og samhliða fjallað um mál 160 sem er fylgifrv. með því frv. sem hér er nú til umr., þ. e. frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Hv. alþm. hafa haft þessi frv. undir höndum um tveggja mánaða skeið. Allmikil umr. varð um efni þeirra hér við 1. umr. málsins og þau hafa líka verið rædd mikið opinberlega. Ég sé ekki ástæðu til að ég fari efnislega að ræða þetta mál hér við 2. umr., einkum og sér í lagi með hliðsjón af því að engar brtt. koma fram við frv. að öðru leyti en því að flutt er brtt. vegna orðalags eða mistaka í prentun og er það á þskj. 343 sem allir eru sammála um að þurfi leiðréttingar við.

En n. hafa borist ýmsar umsagnir um frv., þ. á m. frá samtökum atvinnurekenda, þ. e. Félagi ísl. iðnrekenda, Félagi ísl. prentiðnaðarins, Félagi ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtökum Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi ísl. rafverktaka, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi fiskvinnslustöðvanna, Sambandi málm- og skipasmiðja, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, Verktakasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Verslunarráði Íslands.

Enn fremur bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Má segja að þau samtök leggist gegn samþykkt þessara frv. eins og nú er ástatt. Skal ég ekki fara lengra út í að rekja efni þeirra skjala enda eru þau prentuð með nál. hv. minni hl. n.

Hins vegar gerðu þessi samtök atvinnurekenda tillögur um ýmiss konar breytingar sem eru í 8 liðum. Niðurstaðan varð sú að við í meiri hl. töldum ekki efni standa til þess að flytja þessar brtt., enga þeirra, og hygg ég að enn minna efni hafi minnihlutamenn talið standa til að verða við þessum óskum. Hér er auðvitað um samkomulagsmál að ræða á milli stjórnarflokkanna og við töldum eðlilegast og heppilegast eftir að hafa grandskoðað þessi frv. bæði að leggja til að þau yrðu samþykkt óbreytt.

Ég mun sem sagt ekki, hæstv. forseti, stofna hér til efnislegra umr. en auðvitað er ég reiðubúinn til að taka þátt í þeim ef aðrir telja það eðlilegt. Mér sýnist ekki vera ástæða til þess við þessa 2. umr. af þeim ástæðum sem ég þegar hef frá greint og læt því máli mínu lokið.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta tekjuskattsfrv. en eins og kunnugt er er það aðalefni frv. að lækka tekjuskatt í þágu þeirra sem eiga og reka fyrirtæki eða fjárfesta í atvinnurekstri.

Að ósk okkar í stjórnarandstöðu var frv. þetta sent fjölmennustu launþegasamtökum landsins meðal annarra, þ. e. til Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Frá báðum þessum samtökum bárust umsagnir. Ég tel að umsagnir þessara aðila séu einkar athyglisverðar. Af þeirri ástæðu höfum við sem skipum minni hl. n. látið prenta álit þessi sem fskj.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands þakkar það tækifæri sem því er gefið til að segja álit sitt á framlögðum frv. um tekju- og eignarskatt og frádrátt vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Ríkisstj. hefur með markvissum aðgerðum tekist að fjarlægja fjórða hluta kaupgetu almenns launafólks. Í framhaldi af þeim drjúga árangri hefur verið ákveðið að auka skattbyrði tekjuskatts og útsvars um nálega 1.5% tekna á þessu ári.

Atvinnureksturinn nýtur hinna lágu launa enda hefur afkoma í flestum greinum, utan sjávarútvegs, sjaldan verið betri. Til að styrkja fyrirtækin enn frekar eru nú til umræðu till. um hækkun afskriftahlutfalla, skattfrelsi fjárfestingar í atvinnurekstri, arðs af hlutabréfum og fjár sem notað er til hlutafjárkaupa. Starfsmönnum skal einnig heimilt með skattfrelsi að kaupa hlutabréf í því fyrirtæki sem þeir starfa hjá, í þeim fáu tilfelllum þar sem slík bréf kunna að vera til sölu. Til að tryggja að slík starfsmannafjárfesting fari ekki í rangan farveg er stjórn viðkomandi hlutafélaga tryggður fulltrúi í stjórn þess starfsmannasjóðs sem hlutabréfin kaupir.

Greinilegt er að umrædd frv. eru skýrt og markvisst framhald af fyrri ákvörðun stjórnvalda um tilflutning fjár í þjóðfélaginu. Stefnan hvílir öll á þeirri forsendu að fátækur maður, sem fær fé í hendur, sé líklegur til að nýta það í mat, klæði eða annað það sem þjóðfélaginu verður að litlu gagni. Sá ríki, sem lifir í vellystingum praktuglega, sé líklegri til að veita því í þjóðfélagslega nytsama framkvæmd.

Umsögnin er einföld: Tillögurnar eru eðlilegur þáttur í þeirri samfelldu stefnu ríkisstj. að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Alþýðusambandið getur ekki gert þá stefnu að sinni."

Virðulegi forseti. Ég hef lesið hér allt bréf Alþýðusambands Íslands vegna þess að ég tel að þar komi kjarni þessa máls einkar skýrt fram. Ég held að þessi umsögn sé ekki síður athyglisverð fyrir þá sök að hún var samþykkt einróma á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 2. febr. s. l. en í miðstjórninni eiga sæti menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Menn skulu sem sagt ekki halda að afstaða manna til þessa frv. fari endilega eftir því í hvaða stjórnmálaflokki þeir eru eða hvaða stjórnmálaflokki þeir fylgja að málum. Í miðstjórn Alþýðusambandsins voru allir sammála um að fordæma þetta frv., hvaða skoðanir að öðru leyti sem þeir hafa á þjóðmálum. Þetta segir kannske meiri sögu en flest annað sem hægt er að segja um þetta frv.

Einnig er niðurstaða stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja mjög athyglisverð en sú stjórn er líka skipuð mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum. Þessi niðurstaða kemur fram í nál. okkar sem skipum minni hl. n. Vegna þess að hér er um niðurstöðu jafnmikilvægra samtaka að ræða og þessarar stjórnar og þar sem þar koma fram ýmsar ábendingar vil ég vekja sérstaka athygli deildarinnar á þeim sjónarmiðum sem þar koma fram með því að lesa þá umsögn í heild sinni, með leyfi virðulegs forseta:

„Stjórn BSRB hefur verið sent til umsagnar frv. til l. um breyting á lögum nr. 75 14 sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983 um breyting á þeim lögum, og frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Í því sambandi ályktar stjórn BSRB eftirfarandi:

Í þeim kjarasamningaviðræðum sem nú standa yfir hefur BSRB lagt sérstaka áherslu á kjör hinna lægst launuðu, sbr. 1. lið kröfugerðar BSRB dags. 10. jan. 1984 sem hljóðar svo:

„Þegar í stað verði bættur hlutur þeirra sem við lökust kjör búa og við það miðað að enginn hafi dagvinnulaun undir 15 þús. kr. á mánuði. Hluti kjarabóta að þessu marki mætti felast í breytingum án beinnar hækkunar launastigans, t. d. hröðun uppfærslu sérstaklega milli lægstu launaflokka BSRB, hækkun barnabóta og tekjutryggingar lífeyrisþega, neikvæðum tekjuskatti og hækkun skattleysismarka við álagningu tekjuskatts og útsvars."

Eins og hér kemur fram telur BSRB að eins megi bæta kjör hinna lægst launuðu í gegnum breytingar á skattbyrði, þ. m. t. aukning neikvæðra skatta eins og með beinum kauphækkunum. Til að ígildi kröfunnar um 15 þús. kr. lágmarkslaun rúmist innan skattleysismarka miðað við árið 1985 og kaupmátt 15 þús. í sept. s. l. þyrftu skattfrelsismörk að hækka verulega.

Leggur BSRB áherslu á að hlutur láglaunafólks verði stórlega bættur með frv. þessum, en frv. stefna í gagnstæða átt. Frv. eru augljóslega sniðin með það í huga að létta skattbyrði atvinnurekenda og því telja stjórnvöld greinilega svigrúm fyrir hendi hjá ríkissjóði sem ætti fremur að verja til að gera stórátak í málefnum láglaunafólks.

Þá eru í frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri nýmæli um starfsmannasjóði. Í 13. gr. frv. kemur fram að opinberir starfsmenn eru þarna undanskildir.

Stjórn BSRB vill taka fram að hún telur starfsmannasjóði almennt mjög athyglisverða sem hluta úrlausna í

atvinnu- og efnahagsmálum. Á hinn bóginn er það form þeirra sem fram er sett í frv. of þröngt og alls ófullnægjandi. Bandalagið er því andvígt frv. eins og það liggur fyrir.“

Ég hef sem sagt kynnt hér tvö einróma álit stjórna fjölmennustu launþegasamtaka þjóðarinnar ekki síst vegna þess að í þessum álitum báðum er komið að kjarna málsins og þessar álitsgerðir, þessar umsagnir, tala því máli sem við sem skipum minni hl. n. viljum flytja við þessa umr. Við nm. í minni hl. teljum sem sagt miklu brýnna að bæta kjör lágtekjufólks með breytingu á skattalögum en að veita atvinnurekendum enn frekari skattfríðindi.

Við minnum líka á þá gífurlegu kjaraskerðingu sem öllum er ljós og m. a. er nefnd í umsögnum þessara launþegasamtaka. Við minnum á að kjaraskerðingin bitnar því harðar á fólki sem tekjurnar eru lægri en ljóst er að þeir verst settu munu í engu geta notið þeirra fríðinda sem felast í því frv. sem hér er til umr., bæði vegna þess að þeir verst settu eiga ekkert til að leggja til hliðar og skattfríðindin eru bundin við þá eina sem greiða tekjuskatt.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. en vísa til þess sem ég sagði við 1. umr. málsins og til annarra atriða sem fram koma í nál. okkar sem skipum minni hl. en það er fulltrúi Kvennalistans, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Eiður Guðnason 5. landsk. þm., *fulltrúi Alþfl., og svo ég fyrir hönd Alþb.* Ég vil láta þess getið að hér eru tvö mál á ferð og annað málið, það sem síðar er á dagskránni, er í beinum órjúfanlegum tengslum við málið sem nú er verið að ræða. Það liggur því í hlutarins eðli að vegna þess að við erum andvíg þessu frv. og leggjum til að það sé fellt erum við einnig andvíg frv. sem er meðfylgjandi og verður til umr. hér á eftir en höfum ekki séð ástæðu til að gefa út sérstakt nál. um það mál þar sem nánast er um sama málið að ræða.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég þarf svo sem ekki að hafa um þau frv. sem hér fylgjast að svo afskaplega mörg orð. Hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, hefur gert hér ágætlega grein fyrir afstöðu minni hl. fjh.- og viðskn. til þessa máls.

En örfáum orðum vildi ég þó bæta inn í þessa umr. Kjarni þessa máls er auðvitað sá að í þessum tveimur frv. kristallast með býsna skýrum hætti skattastefna og stefna ríkisstj. í efnahagsmálum. Í sem stystu máli eins og kemur raunar fram í neikvæðum umsögnum tveggja stærstu launþegasamtaka landsins sem prentaðar eru með þessu frv. er það stefna þessarar ríkisstj. sem hún fylgir fram ljóst og leynt að gera þá ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Þetta er ríkisstj. fyrirtækjanna, þetta *er ekki ríkisstj. fólksins. Það er kjarni málsins hér.* Þessi frv. sem hér eru til umr. eru ekki miðuð við að efla hag eða bæta stöðu láglaunafólksins. Þau eru miðuð við að bæta stöðu eignamannanna í íslensku þjóðfélagi, þeirra sem hafa fé aflögu til að leggja í fyrirtæki.

Nú er það ekki svo að það séu skattfríðindi út á það að leggja í hvaða fyrirtæki sem er, eingöngu örfá stórfyrirtæki sem fullnægja ákveðnum skilyrðum koma þar til greina. Þó að menn út um hinar dreifðu byggðir landsins vildu leggja fé í fyrirtæki á sínum heimaslóðum, t. d. í fiskirækt eða einhverri nýrri búgrein, geta menn það ekki og notið þessara skattfríðinda. Fyrst og fremst er sem sagt verið að hygla og hlúa að þeim sem eiga eignirnar, eignafólkinu í þjóðfélaginu. Það er stefna sem við í minni hlutanum eru andvíg.

Enginn veit hver áhrif þetta hefur á tekjur ríkisins, það kom mjög glöggt fram þegar þessi mál voru gaumgæfilega skoðuð í samráði við hina bestu sérfræðinga í fjh.- og viðskn. Enginn maður getur um það sagt hvaða áhrif þetta kann að hafa á tekjur ríkisins þannig að hér er enn einu sinni verið að renna blint í sjóinn.

Ég held að menn ættu að hafa það í huga og hugsa til þess að þessi hæstv. ríkisstj. sem nú situr er að breyta þjóðfélaginu með öðrum og áhrifaríkari hætti frá sínum sjónarhóli séð en nokkur önnur ríkisstj. hefur gert hér í langan tíma. Ég ætla að afsósíalisera þjóðfélagið, segir hæstv. fjmrh. og viðhafði þau orð síðast í gær í Sþ. Þessi ríkisstj. er að gera miklu meira, hún er að breyta þjóðfélagsgerðinni, hún er að afnema það kerfi velferðar og samhjálpar sem flokkarnir hafa verið sammála um að hér ætti að vera. Sjúkraskatturinn alræmdi eða sjúklingaskatturinn hvort sem menn vilja kalla hann er eitt dæmið um þetta. Frv. sem hér eru nú til umr. eru annað dæmi um að ekki er verið að aðstoða þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Þvert á móti er verið að koma í hvítvetna og með margvíslegum hætti til móts við þá sem síst þurfa hjálpar með, þá sem ráða fjármagninu og þá sem eiga eignirnar. Í nál. okkar segir undir lokin, með leyfi forseta:

„*Hér er komið að kjarna málsins.* Við undirritaðir nm. fjh.- og viðskn. Ed. teljum að miklu brýnna væri að bæta kjör lágtekjufólks með breytingum á skattalögum en að veita atvinnurekendum enn frekari skattfríðindi. Við leggjum því til að þetta frv. verði fellt.“ Þetta er kjarni málsins.

Mér barst í morgun, kannske meira fyrir tilviljun en annað, launaseðill konu sem hefur starfað um nokkurra ára skeið í iðnfyrirtæki hér í Reykjavík. Hún er einstæð móðir með eitt barn á framfæri sem er í framhaldsskóla. Nú ætla ég að segja hæstv. fjmrh. og hv. þdm. hvað þessi kona hefur í laun vegna þess að það er þjóðfélaginu til skammar. Auðvitað bera allir flokkar þar einhverja ábyrgð, mesta þó þeir sem stjórna landinu núna og hafa neitað að koma til móts við sanngjarnar kröfur um að bæta hag láglaunafólksins.

Þessi kona hefur fyrir viku vinnu 2536 kr. laun alls útborguð 10. febrúar 1984. Frádráttur sem er lífeyrissjóður, félagsgjald, starfsmannafélag og gjaldheimta er 381,45 kr. Heim fær þessi kona 2154 krónur. Nú spyr ég hæstv. fjmrh. og hv. stuðningsmenn þessarar ríkisstj.: Hvernig á einstaklingur að lifa á þessu kaupi, hvernig á einstaklingur að framfleyta sér og sínum á þessum launum? Ég segi: Það er ekki hægt. Þessi smánarlaun eru hneyksli og smánarblettur á íslensku þjóðfélagi, þau eru okkur öllum til skammar.

Fram kemur í þessu nál. að við teljum brýnna að bæta kjör þessa hóps, þessa fólks í þjóðfélaginu sem er viðlíka ástatt fyrir og þessum einstaklingi sem ég hef nú sagt frá, en að bæta kjör atvinnurekenda. Um það snýst þjóðmálabaráttan nú á stundum að bæta kjör þessa fólks, ekki að bæta hag atvinnurekenda, ekki að bæta hag fyrirtækjanna sem þegar virðast blómstra ef marka má frásagnir af afkomu hinna stærstu fyrirtækja sem nú halda senn aðalfundi og hafa verið að gera upp sína ársreikninga fyrir árið 1983. Þar er ekkert kvartað, þar er hagurinn góður, það fer ekkert á milli mála. En

það er þarna sem þarf að breyta. Þetta er smánarblettur á íslensku þjóðfélagi.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fjh.- og viðskn. vel unnin störf í sambandi við það frv. sem hér er til umr., þ. e. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt o. s. frv.

Ég átta mig nú ekki almennilega á þeim málflutningi sem uppi hefur verið hafður. Hæstv. 3. þm. Norðurl. v. gerir að sínum orðum umsagnir verkalýðshreyfingarinnar eða samtaka þeirra sem leitað var til og er ég út af fyrir sig ekkert óánægður með það, en hann segir að þetta frv. og næsta frv. á dagskrá séu einvörðungu til að lækka skatt þeirra sem eiga eða reka fyrirtæki. Það er ekki rétt. Það veit hann ef hann les frv. Það er líka skattafrádráttur fyrir einstaklinga og hjón sem leggja fé í fyrirtæki og eins af arði sem slík hlutabréf gefa. Ég hefði heldur viljað að jafnglöggur maður í fjármálum og hv. 3. þm. Norðurl. v. er... (Gripið fram í.) Það er að koma fram. — Ég hefði heldur viljað að hann liti þannig á að hér væri verið að auka möguleika fólksins í landinu til þátttöku í atvinnurekstri og þar með að skapa aukin tækifæri þeirra sem eiga peninga afgangs, hvort sem þar eru ríkir eða fátækir. Það er líka til fátækt fólk sem á eitthvað af aurum afgangs. Það tekur kannske lengri tíma fyrir það að eignast verulegar eignir, en það getur verið að safna í annaðhvort eigin sarp eða með það í huga að skilja eitthvað eftir handa börnum og barnabörnum. En alla vega er hugmyndin að allir taki á eftir getu til að skapa sterkari fyrirtæki, traustari grundvöll undir atvinnurekstur, hvort sem hann er í höndum einstaklinga eða samtaka. Og ég held að það komi einmitt þeim fátækustu, sem ekkert geta lagt til í slíkt fyrirtæki, mest til góða ef það er hægt að tryggja atvinnuöryggi, auka atvinnutækifæri. Ég mundi því telja þau slagorð sem hér eru notuð, að gera þá ríku ríkari og fátæku fátækari, marklaus með öllu. Þetta er alveg þveröfugt. Það er verið að skapa hér traustari grundvöll undir atvinnurekstri og auka atvinnutækifæri í landinu. Og það kemur öllum til góða.

En ég get ekki með nokkru móti breytt og mun ekki taka að mér að breyta fastmótaðri hugsjón, sem er pólitískt andstætt minni, frekar en virðulegum 3. þm. Norðurl. v. tækist að breyta minni skoðun á þjóðfélaginu. En hvað bendir meira til og undirstrikar þörfina fyrir að breyta þjóðfélaginu en einmitt það dæmi sem hv. 5. landsk. þm. kom með áðan? Það er þetta þjóðfélag sem við erum að taka við. Við erum búnir að vera 8 til 9 mánuði við stjórn og það ætlast enginn til þess að við gjörbyltum þjóðfélaginu á ekki lengri tíma, en ég tek svo sannarlega undir með hv. 5. landsk. þm. að þessu þjóðfélagi þarf að breyta og ég bið hann um að hjálpa okkur til þess. Við erum að reyna það. Það sem hér er lagt til og ég undirstrika er að gefa fólkinu í landinu tækifæri til að ávaxta sitt fé á annan og kannske betri máta en hingað til hefur verið gert. Fólk sem á peninga afgangs leggur þá nú í banka — reynir að ávaxta sitt fé þannig — og hefur þar viss skattfríðindi, en við erum að opna fleiri möguleika sem jafnframt treysta atvinnureksturinn í landinu.

Ég vil því taka undir það með hv. 5. landsk. þm. að í frv. kristallast sú stefna ríkisstj., og hún er ljós, að þessi ríkisstj. er ríkisstj. atvinnuveganna, þar með fyrirtækjanna, það er alveg rétt. Hún er ríkisstj. stöðugleika. Og þetta er ríkisstj. kosin af fólkinu og fyrir fólkið. Hún er kosin af fólkinu og hún er kosin fyrir fólkið. Það er einmitt vegna þess að fólkið í landinu vildi breyta stjórnarháttum. (**Gripið fram í:** Undir forustu framsóknar.) Undir forustu Framsfl. og Sjálfstfl., það segir sig sjálft, og án forsrh. Alþfl., það segir sig líka sjálft.

Ég vil taka undir að það er til skammar þegar fólk þarf að búa við svo lág laun að það nær ekki 11 þús. kr. á mánuði. Konan sem 5. landsk. þm. nefndi hefur rúm 10 þús. kr. á mánuði. Það eru lág laun, við vitum það og getum vel skammast okkar fyrir það. Það er einmitt þess vegna sem við viljum breyta þjóðfélaginu. Við erum á góðri leið með að gera það.

En ég vil ítreka þakkir mínar til virðulegrar fjh.- og viðskn. fyrir vel unnin störf og þá sérstaklega formanns hennar.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er alger misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að ríkisstj. hafi verið kjörin af fólkinu, af þjóðinni. Það er alger misskilningur á okkar stjórnkerfi og þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Þó að þessir tveir flokkar hafi núna slysast saman í ríkisstj. held ég að þjóðin hafi miður góða reynslu af helmingaskiptastjórnum íhalds og framsóknar í gegnum tíðina. Ég veit að það er engin allsherjar hrifning yfir því t. d. í Sjálfstfl. að starfa með Framsfl. undir þeim formerkjum sem nú er starfað eftir.

En það voru nú aðrir og alvarlegri hlutir sem ég ætlaði að minnast á hér. Hvað heldur hæstv. fjmrh. að konan sem ég sagði frá áðan, sem hefur 2154 kr. heim með sér á föstudögum, hafi mikið afgangs til að leggja í fyrirtæki í þjóðfélaginu? Ég skal segja honum það. Hún hefur ekki einn eyri og langt í frá, hún er áreiðanlega í mínus. Ég skil ekki hvernig hægt er að draga fram lífið á þessum launum. (**Fjmrh.:** Ég tók undir þetta með þér.)

Hæstv. fjmrh. segir: Við skulum breyta þjóðfélaginu. Jú, við erum sammála um að breyta þjóðfélaginu, en hann vill breyta því á annan veg en við. Hann er að breyta því til hagsbóta fyrir fyrirtækin í hvívetna, en tekur ekki undir það, sem er í nál. okkar í minni hl., að það þurfi að bæta kjör láglaunafólksins. Hvers vegna gerir ríkisstj. ekkert í því máli? Vegna þess að það er ekki pólitískur vilji. Sá pólitíski vilji var ekki fyrir hendi þegar var verið að mynda þessa ríkisstj. í sumar. Við Alþfl.-menn létum þá á það reyna. Sá vilji var ekki fyrir hendi. Ég óttast satt að segja að hæstv. ráðh. séu það langt fjarri, óravegu fjarri, venjulegu launafólki að þeir viti ekkert um hvernig kjör hinir lægst launuðu verða að búa við í þjóðfélaginu. Mér finnst allt þetta tal, allt þeirra hátterni, allur þeirra tillöguflutningur benda eindregið til þess að þeir viti ekki um þann napra veruleika sem snýr að hinum lægst launuðu í þjóðfélaginu. Ég held að þeir ættu að gera sér grein fyrir ástandinu eins og það raunverulega er hjá þeim sem eru tekjulægstir. Það er kannske ekkert mjög stór hópur, en sá hópur á við erfiðleika að etja og efnahagsráðstafanir þessarar ríkisstj. hafa komið feiknalega hart niður á því fólki. Það virðist bara ekki vera neinn vilji til að bæta þarna úr.

Ég held að ráðh. átti sig hreint ekki á því hvernig ástandið í þjóðfélaginu er. Þeir búa einhvers staðar óralangt í burtu. Og ég spyr hæstv. fjmrh. aftur: Hvað

heldur hann að fólk sem hefur 2500 kr. á viku hafi afgangs? Fátækt fólk á líka afgang, sagði hæstv. ráðh. áðan. Þetta er misskilningur. Fátækt fólk á engan afgang í dag og þeir sem hafa lægstu launin í þjóðfélaginu eiga engan afgang. Þessu verða menn að átta sig á og þess vegna eiga menn ekki að tala eins og hæstv. fjmrh. gerði hér áðan. Hvað sagði hæstv. ráðh.? (**Fjmrh.:** Hefur þm. aldrei verið fátækur?) Ég ætla ekkert að fara að rekja mín persónuleg mál úr þessum ræðustól eða lýsa mínum einkahögum, hvorki á unga aldri né nú. Þm. hafa ágæt laun. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki, hæstv. ráðh., að rekja slík mál héðan úr ræðustól. Ég skal segja hæstv. fjmrh. einhvern tíma í rólegheitum, þegar við sitjum tveir saman, frá mínum uppvaxtarárum. (**Fjmrh.:** Hér og nú.) Það er alveg sjálfsagt. Ég tel ekki ástæðu til að gera persónuleg málefni einstakra þm. að umtalsefni úr ræðustól. (**Fjmrh.:** Talaðu af reynslunni.) Við skulum ekki hafa hátt um það. Kannske hef ég ýmsa reynslu í þeim efnum sem hæstv. fjmrh. ekki grunar, en það getum við rætt seinna.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég á áheyrnaraðild að hv. fjh.- og viðskn. Ed. og hef því getað fylgst með gangi þessa máls. Ég hef lýst því yfir þar í viðræðum að ég er ekki andvígur þessu frv. eða tilgangi þess. Ég átta mig aftur á móti illa á orðum hæstv. fjmrh. þegar hann kemur hér í ræðustól og skilur ekki þann málflutning sem fram kemur í gagnrýni manna á frv.

Það liggur alveg ljóst fyrir að vinnuskipulagning með þeim hætti sem ríkisstj. hefur stundað bendir mjög eindregið til þess að gagnrýni sú sem hér er höfð uppi eigi þó nokkurn rétt á sér. Það fer ekkert á milli mála að þau atriði sem ríkisstj. er að lagfæra eru öll mjög á aðra hliðina og það skortir enn þá mjög alvarlega á að ríkisstj. sýni á einhvern hátt hug sinn í garð launafólks. Það fer ekkert milli mála, hvernig sem menn klóra í bakkann, að frv. af þessu tagi kemur láglaunafólki ekki á nokkurn hátt til góða, nema þá hugsanlega ef það yrði á einhvern hátt til að tryggja atvinnuöryggið. Ég get alls ekki tekið undir þann skilning hæstv. fjmrh., þó að hann hafi þar einhverja reynslu sjálfur sem hann státar af, að fátækir safni auði. Það er mjög undarlegur skilningur á fátæktinni.

Hæstv. fjmrh. segir að frv. sé ætlað að tryggja atvinnuöryggi í þessu landi, tryggja stöðu atvinnuveganna. Ég hef spurt að því áður í umr. um málið og spyr að því enn: Hafa menn á einhvern hátt gert sér grein fyrir því hvert fólk ætlar að beina þeim fjármunum sem gert er ráð fyrir að fyrir hendi séu? Þegar hjón eiga 10 þús. kr. afgangs og ætla að fjárfesta, hvar eiga þau að fjárfesta? Hvar er skynsamlegast að fjárfesta í þessu landi? Það vantar dálítið á að búið sé að ryðja brautina á einhvern hátt þannig að menn bæði átti sig á því hvar sé skynsamlegt að fjárfesta og hins vegar að það komi þjóðinni sem heild að gagni, ekki bara þeim einstaklingum sem eiga í hlut hverju sinni.

Við erum að breyta þjóðfélaginu, segir hæstv. fjmrh., og það má satt vera, en þá er aftur komið að þeirri gagnrýni, sem höfð er uppi af þeim sem á móti þessu frv. eru, að þær breytingar sem séð hafa dagsins ljós hingað til hafa greinilega verið mjög á annan veginn. Þetta er ríkisstj. atvinnufyrirtækjanna, segir hæstv. ráðh., þetta er ríkisstj. stöðugleikans. Sá stöðugleiki er ekki fyrir hendi á heimili þeirrar konu sem hv. 5. landsk. þm. var að tala um áðan. Það heimili og allmörg fleiri eru núna bundin skilyrðum mikils óstöðugleika, þar sem fólkið veit varla hvort það á til hnífs eða skeiðar frá degi til dags. Og því vil ég spyrja hæstv. fjmrh., vegna þess að ég tel að ríkisstj. gæti á þessu augnabliki lagt fram frv. og till. að margs konar úrbótum fyrir það fólk sem svo illa er statt í dag: Standa aðgerðir eins og frv. sem við erum að tala um núna raunverulega í vegi fyrir úrbótum til handa láglaunafólki? Þá á ég við úrbætur sem virkilega gera nokkurn veginn það sama fyrir það fólk og hér er verið að gera fyrir atvinnuvegina. Ég á við úrbætur eins og t.d. tvöföldun tekjuskattsmarka ellilífeyrisþega, hækkun tekjuskattsmarka almennt til þess að launafólk verði undanþegið tekjuskatti upp að vissum tekjum, breytingu á lögum um tekjur sveitarfélaga þannig að það fólk þurfi ekki heldur að greiða útsvar sem nánast engar tekjur hefur, eins og unga konan sem var til umræðu áðan. Þau opinberu gjöld sem er verið að taka af henni renna helst til sveitarfélags. Og það má nefna hluti eins og leigustyrk og þar fram eftir götunum.

Þetta eru allt saman hlutir sem hægt væri að ganga frá tiltölulega fljótlega og kynna í frv.-formi. En ríkisstj. hefur ekki sýnt þess nein merki enn þá að það sé ákveðinn vilji fyrir hendi til að taka á þessari hlið vandamálsins. Þess vegna vil ég spyrja aftur: Standa frv. eins og það sem við erum hérna að ræða um í vegi fyrir því að núv. ríkisstj. takist á við vanda launafólksins af svipaðri málafylgju og hér er á ferðinni?

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Ég ætla að vonast til þess að umr. endi ekki með ófriði einum saman, þær byrjuðu svo friðlega. En ég get ekki látið hjá líða að mæla nokkur orð, ekki síst vegna þess að ég átti svolitla aðild að því að koma þessu frv. á blað.

Lágar tekjur í landinu er nokkuð einkennandi fyrir þá umr. sem hér hefur orðið og þá ádeilni sem þessi frv. hafa orðið fyrir. Nú vil ég minna á það, eins og raunar öllum er ljóst, að það er enginn einn sem ber ábyrgð á of lágum launum of stórs hluta þjóðarinnar, hvorki núverandi né heldur fyrrverandi forusta Alþýðusambands Íslands né heldur núverandi eða fyrrverandi ríkisstj. Við berum auðvitað öll ábyrgð á *því ástandi* sem er. En þá er ekki óeðlilegt að menn spyrji sjálfa sig af hverju það stafar. Það væri kannske nærtækast að halda því fram að framleiðsluvörur þjóðarbúsins væru ekki nægilega verðmætar, það væri e. t. v. ekki nógu mikið til heildarskiptanna. Nú skal ég viðurkenna að launamunur er of mikill í þessu landi og á því berum við jafnframt ábyrgð öll saman. Það fer auðvitað ekki fram hjá neinum að hart hefur verið deilt á núv. ríkisstj. fyrir þann gífurlega launamun og fyrir of lágar tekjur, en ég vil þó minna á að hefði verðlag skrúfast áfram, svo sem líkur voru á á miðju síðasta ári, vita flestir í hvert gífurlegt óefni væri komið og að launamunurinn væri enn þá meiri en hann þó nú er. Þetta vitum við öll.

En mig langaði til að fara örfáum orðum, enda þótt það sé e. t. v. endurtekning frá 1. umr. um þetta mál, yfir þau stefnumið sem menn horfðu á þegar þessi frv. voru sett saman. Hávær umr. fjölmörg undanfarin ár um eyðslu fjár í nánast óþarfa hluti var e. t. v. það fyrsta sem gengið var út frá og menn höfðu í huga. Ég skal viðurkenna að menn eiga erfitt með að greina á

milli og ákveða nákvæmlega hvað er þörf fjárfesting, hvað eru þörf kaup og hvað er óþarfi. En í mörgum tilvikum eru menn það hughraustir að geta ákvarðað það. Ég segi alveg hreint eins og er, að m. a. það sem ég hafði í huga við samningu þessa frv. var það, og ég hafði gert mér grein fyrir því, að stór hópur fólks hefur haft og á, þessi ríkisstj. hefur ekkert með það að gera, allnokkra fjármuni með höndum, endurnýjað bílana sína árlega a. m. k. og stækkað við sig sínar íbúðir. Mér þótti heldur viturlegt að stofna til einhverra þeirra ráðstafana sem hugsanlega mundu veita því fjármagni sem það fólk hefur með höndum með beinum hætti út í atvinnulífið og m. a. með þeim hætti að mynda bein áhugatengsl milli almennings og atvinnulífsins í landinu. E. t. v. var tilgangurinn með samningu þessara frv., a. m. k. í mínum huga, einmitt sá að leitast við að mynda bein áhugatengsl almennings og atvinnulífsins í landinu. Ég fór aðeins út í þetta við 1. umr. málsins, en ætla ekki að gera það frekar.

Ég vil leyfa mér að vona það, að þegar og ef fjárstreymi eykst með þessum hætti til atvinnulífsins, atvinnufyrirtækjanna verði þau betur í stakk búin, og ég vil gera þá kröfu, til að greiða hærri laun. Það hagræði sem ég vonast til að atvinnulífið hafi af þessum ráðstöfunum beint og óbeint vil ég að leiði af sér hærri laun. Og því ekki það?

Auðvitað þurfum við að stefna að því að auka umfang innlendrar framleiðslu í þjóðarbúskapnum.

Ég skal viðurkenna að það hefur æfinlega verið matsatriði hversu langt á að ganga að því er varðar frádráttarheimildir og því miður, eins og margoft hefur komið fram, þá er mjög örðugt að gera sér grein fyrir þeim tekjubreytingum sem leiðir hugsanlega af samþykkt þessa frv.

Hv. 8. þm. Reykv. vék að vísu orðum sínum að hæstv. fjmrh., en hann vék að því núna í umr., eins og hv. þm. gerði við 1. umr. málsins, hvar yrði fjárfest, hvaða hlutabréf menn keyptu, í hvaða fyrirtækjum yrði fjárfest. Þessu er aldeilis ómögulegt að svara. En ég vil minna á að vegna starfsmannasjóðanna eru heimildir nokkuð rúmar. Þar er um að ræða alls ekki eins ströng skilyrði, þ. e. gerð eru skilyrði um 3 millj. í hlutafé. Þar eru tækifæri til að fjárfesta í miklu minni fyrirtækjum. Hinar almennu frádráttarheimildir og hin almennu kaup, bein kaup, á hlutabréfum varða stærri fyrirtæki, þar sem hluthafar eru í það minnsta 100 og hlutafé 10 millj. Það liggur því í hlutarins eðli að fjölmargar tegundir atvinnurekstrar koma þarna til.

Mig langaði í örfáum orðum að víkja að þeim umsögnum sem bárust fjh.- og viðskn., annars vegar frá Alþýðusambandi Íslands og hins vegar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Sannleikurinn er sá, að þar er afskaplega lítið fjallað efnislega um þessi frv. Það kann að vera í fórum fjh.- og viðskn. Umsagnirnar eru nokkuð almenns eðlis og nokkuð afdráttarlausar, ég skal viðurkenna það, en mér finnst veikburða tilraun vera gerð til að ræða málið efnislega. Það er a. m. k. mitt viðhorf til umsagnanna.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir svo á einum stað, með leyfi forseta:

„Starfsmönnum skal einnig heimilt með skattfrelsi að kaupa hlutabréf í því fyrirtæki sem þeir starfa hjá í þeim fáu tilfellum þar sem slík bréf kunna að vera til sölu".

Enn fremur segir: „Til að tryggja að slík starfsmannafjárfesting fari ekki í rangan farveg er stjórn viðkomandi hlutafélaga tryggður fulltrúi í stjórn þess starfsmannasjóðs sem hlutabréfin kaupir".

Til að tryggja að slík starfsmannafjárfesting fari ekki í rangan farveg. — Þetta er nokkuð neikvætt framsett hér. Ég held að það séu allir sammála um það, og ég skal vera viss um það, að allir starfsmenn sem kaupa hlutabréf eru því fylgjandi að fjárfesting fari ekki í rangan farveg vegna reksturs fyrirtækisins. Ég held að það liggi aldeilis í augum uppi. Og það atriði að í starfsmannastjórn sitji einn fulltrúi úr aðalstjórn félagsins er fyrst og fremst af þeim toga að mynda virkari tengsl þessa sjóðs við aðalstjórn fyrirtækisins, markmið og tilgang aðalfélagsins. Það er aðalatriðið í mínum huga varðandi fulltrúa aðalstjórnarinnar í starfsmannasjóðnum — a. m. k. var það í mínum huga þegar við settum þetta saman.

Enda þótt hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi farið yfir báðar þessar umsagnir og lesið þær samviskusamlega yfir og er það þakkarvert vil ég minna á síðustu málsgr. umsagnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þar sem sérstaklega er vikið að starfsmannasjóðunum og einmitt tekið fram að það sé mjög athyglisverð till. til úrlausnar á atvinnu- og efnahagsmálum. En það er engin tilraun — nú veit ég ekki um hvort fyrir liggja brtt., a. m. k. engin í umsögninni — gerð til þess að færa þetta þá til þess vegar sem menn geta sætt sig við. Menn segja að þetta sé mjög athyglisvert, en eru að því er virðist alls ekki tilbúnir að ræða það frekar efnislega og finnst mér það miður.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að hafa langt mál um þetta, en vegna sérstakra aðstæðna taldi ég rétt að segja hér örfá orð.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Þessar umr. hafa á köflum verið nokkuð almennar, sem kannske er von, og lotið að ríkisstj. og stjórnarstefnunni og ýmsu fleiru. M. a. hefur verið spurt um það hvort ríkisstj. hafi verið kosin af meiri hluta þjóðarinnar. Það þarf í sjálfu sér ekkert að deila um þetta mál. Þetta mál er þannig, að að þessari ríkisstj. standa tveir flokkar sem kosnir voru af meiri hluta þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Ég er að orða það hvernig þetta sé til þess að glöggva þetta í hugum manna. Ríkisstj. hefur 37 stuðningsmenn í þinginu á móti 23, svo að það þarf auðvitað ekki að deila um það, að þetta er ríkisstj. sem styðst við sterkan þingmeirihluta. Talað hefur verið um það hvað menn hafi sagt fyrir kosningar. Ég vil rifja það upp hvað við í Framsfl. sögðum fyrir kosningar. Við sögðum að það þyrfti sterka ríkisstj. til þess að gera ráðstafanir, sérstaklega gegn verðbólgunni sem í raun og veru var að færa allt í kaf. Ég ætla ekki að rifja það upp í löngu máli núna hvernig þetta gekk til í fyrrv. ríkisstj. Það gekk einfaldlega þannig til að það var aldrei hægt að fá Alþb. til að taka þátt í neinum ráðstöfunum sem urðu að gagni í baráttunni við verðbólguna. Það var ósköp einfalt. Og þar við sat.

Ríkisstj. hafði það höfuðverkefni efst á sinni stefnuskrá, eins og raunar fyrrv. ríkisstj., að stuðla að því að koma verðbólgunni niður á stig, sem væri svipað því sem er í nágrannalöndunum, nákvæmlega sama stefnuskrá. En þessi ríkisstj. hefur tekið allt öðruvísi á málum en sú fyrri eins og kunnugt er. Það er ástæða til að velta því aðeins fyrir sér við umræður sem þessar hvað hefði

skeð ef ekkert samkomulag hefði náðst í þinginu um að koma saman ríkisstj. sem markaði stefnu í því efni að hefta verðbólguna og koma henni niður. Hvað hefði skeð ef áfram hefði verið ósamkomulag um þessi mál? Ég held að það sem hefði skeð væri einfaldlega það í fyrsta lagi, að smátt og smátt hefði hallað á hina verri hlið hvað snertir þjóðarframleiðslu, rekstur fyrirtækja, þjóðartekjurnar, atvinnuöryggi o. s. frv., o. s. frv. Ég held að ef ekki hefði tekist í sumar að koma saman sterkum þingmeirihluta og sterkri ríkisstj. til að takast á við þetta, þessi mál og þetta ástand, þá hefði horft illa. Ég er ekki að segja að ekki hefði verið hægt að gera það með öðrum hætti en gert hefur verið, en ég álít að það hafi verið mjög þýðingarmikið að þetta tókst, mjög þýðingarmikið.

Ég hef trúað þeirri kenningu, sem ég held að Haraldur Guðmundsson hafi sett fram fyrstur, að verðbólgan gerði fátæka fólkið fátækara og þá ríku ríkari. Ég held að það sé rétt kenning í flestum tilvikum. Ég held nefnilega að fátæka fólkið hafi enga möguleika til þess að nýta sér verðbólgu. Hins vegar hafa þeir sem hafa betri efni möguleika til þess. Og það er það sem hefur verið að gerast í okkar þjóðfélagi um langan tíma. Þess vegna held ég, ef gagnálykta má út frá þessu, að það að ná niður verðbólgu muni, þegar til lengri tíma er litið, valda meira jafnrétti í þjóðfélaginu heldur en hitt. Ég held að það hefði aukið á misréttið ef ekki hefði tekist að hemja verðbólguna.

Alþb. sagði fyrir kosningar að það þyrfti að setja á neyðaráætlun verðbólgu. Og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hægt hefði verið að ná verðbólgunni niður án þess að til kaupmáttarskerðingar kæmi hjá öllum. En hvað hefði gerst ef þetta hefði ekki verið gert? Auðvitað hefði orðið kaupmáttarskerðing, auðvitað hefði orðið upplausn í landinu. Og það lá í raun og veru ekkert annað fyrir eftir kosningar í vor um þingmeirihluta en þann sem varð eftir langa samningafundi.

Hvað varðar skilgreiningu á þessari stefnu, þá er ég þeirrar skoðunar að þessi meginstefna hafa verið eins konar málamiðlun milli þess sem hefur verið kallað niðurtalning, sem við í Framsfl. vildum beita, og leiftursóknar sem Sjálfstfl. markaði á sínum tíma. Um það hvor stefnan hefur verið meira ráðandi í þessu efni má að sjálfsögðu deila. Árangurinn er sá, að í dag búum við við svipaða verðlagsþróun og verðbólgu og nágrannaþjóðir okkar og viðskiptaþjóðir okkar yfirleitt og það er gífurlega mikill árangur.

Kaupmáttur launa hefur minnkað. En hann hefur ekki minnkað um þriðjung eins og hv. þm. Ragnar Arnalds var að tala um áðan, hafði það að vísu eftir öðrum. Það er ekki rétt. Það er ósatt. Hann hefur minnkað um 11—12% segir Þjóðhagsstofnun. Það er hið rétta og sanna. Hitt er ósatt. Hann hefur minnkað misjafnlega mikið hjá fólki e. t. v., en þegar á heildina er litið hafa ráðstöfunartekjur eða raunveruleg laun manna lækkað um 10—11%, eða 11—12%, ég man nú ekki hvort var. (Gripið fram í.) Nei, þetta er það sem Þjóðhagsstofnun, sem er alveg hlutlaus stofnun í þessum efnum, setur fram og engin ástæða til að ætla að hún fari ekki rétt með. Hún hefur komist að þeirri niðurstöðu að kaupmáttur launa hafi minnkað um 10—12%, en hefði áreiðanlega lækkað meira ef ekkert hefði verið að gert og kannske enn þá meira hjá þeim sem síst skyldi, sem hefðu e. t. v. misst sína atvinnu.

Varðandi launastefnu ríkisstj. er það að segja að hún hefur haft þá stefnu að hækka lægstu laun. Þegar hún tók við var ákveðið að ráðstafa 450 millj. kr. til hinna tekjulægri í þjóðfélaginu og fjmrh. sagði mér áðan að þessi upphæð væri áætluð á þessu ári 650—700 millj. Þetta er kannske ekki mjög mikið, en það er þó nokkuð í þá áttina að hækka launin hjá þeim lægra launuðu. Ég hef tekið eftir því að fjmrh. hefur boðið verulega miklu meiri launahækkun hjá þeim lægst launuðu en hjá hinum eða 13%. (**Fjmrh.:** 13.3%.) 13.3% hjá þeim en 3% hjá þeim sem hærri laun hafa eða 3.5%. Það er því ekki rétt að það hafi ekki verið viðleitni í þessa átt. Það hefur í raun og veru ekkert verið dregið úr velferð í þjóðfélaginu. Það hefur ekki verið gert. Það er svipuð stefna sem ríkir í ýmsum velferðarmálum, t. d. fræðslumálum, tryggingamálum og heilbrigðismálum. Ég er þeirrar skoðunar að það ætti að breyta nokkuð um stefnu í tryggingamálum í þá veru, að þeir sem virkilega þurfa þess með fái meiri tryggingar en nú er. Menn kalla þetta tryggingar og þetta eiga auðvitað að vera tryggingar til handa þeim sem þurfa á því að halda af einhverjum ástæðum. Það hefur verið erfitt að fá tryggingafræðinga til að telja að mögulegt væri að breyta tryggingakerfinu í þessa veru. Ég held að það hljóti að vera hægt, og ég held að það ætti að gera það, vegna þess að við Íslendingar verjum miklum fjárhæðum í þessu skyni eins og kunnugt er.

Frv. sem hér er til umr. er hluti af þeirri stefnu sem ríkisstj. markaði í sínum stjórnarsamningi. Tilgangurinn með frv. er auðvitað sá fyrst og seinast, að reyna að stuðla að því með löggjöf að fólk beini meira af fjármagni sínu inn í atvinnulífið, til þess að efla atvinnulífið, til þess að styrkja atvinnulífið, til þess að skapa meiri verðmæti sem gætu síðar orðið grundvöllur að hærri launum í landinu. Þetta er náttúrlega tilgangurinn fyrst og seinast. Og það er kannske sérstök ástæða til þess nú að gera ráðstafanir af þessu tagi vegna þess að þjóðartekjurnar hafa minnkað hjá okkur einmitt núna á síðustu tveimur árum verulega, eða um 11—12% að því er mig minnir, sem er náttúrlega gífurleg minnkun þjóðartekna og þjóðarframleiðslu.

Það sem er kannske helsta viðfangsefnið í framtíðinni, auk þess auðvitað að reka áfram okkar undirstöðuatvinnuvegi, sjávarútveg og landbúnað o. s. frv., það er að efla iðnaðinn í landinu. Þar er vaxtarbroddurinn sem menn koma helst auga á, ekki síst í sambandi við orkuna. En það er kannske vandasamara að efla iðnaðinn en að efla sjávarútveginn og landbúnaðinn, vegna þess að þær atvinnugreinar höfum við lagt stund á um aldir og áratugi, þekkjum þær og kunnum betur til verka en í ýmsum nýjum iðngreinum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að alltaf verða einhver mistök í sambandi við uppbyggingu nýs iðnaðar eins og hefur verið hjá okkur og mætti auðvitað nefna mörg dæmi þess, en það á ekki að hræða menn frá því að reyna að stuðla að því að beina fjármagni í iðnaðaruppbyggingu. Það er fyrst og seinast tilgangurinn með þessu frv. að beina fjármagni til framleiðslunnar, skapa meiri verðmæti sem geta síðar orðið grundvöllur fyrir bættum kjörum.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir hefur leitt af sér umr. um stjórnar-

stefnu almennt og fyrirætlanir ríkisstj. í efnahagsmálum. Kjarni þessa frv. er eins og oft hefur hér verið tíundað sá að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Ég held að það sé ekki vafi. Er óskiljanlegt að stuðningsmenn þessa frv. skuli ekki viðurkenna blátt áfram að það er tilgangurinn með þessu frv. Það liggur alveg fyrir að í því ástandi sem er á alþýðuheimilunum í dag nýtur ekki fátæka fólkið góðs af þessu heldur þeir sem eiga eitthvað afgangs. Þeir sem fátækir eru setja sitt fé í að kaupa mat og klæði og hafa ekkert afgangs í dag. Ég held að menn þurfi ekki að rífast um það. Ég tel að ef menn vilja breyta til í þessum efnum, að gera atvinnulífinu auðveldara að blómgast, hefði verið ástæða til að leita annarra leiða en þessarar. Ég sé ekki annað en atvinnufyrirtæki gangi mjög vel í dag, miklu betur en nokkru sinni áður þannig að ónauðsynlegt er að ríkið fari að gefa þeim sem fé hafa skattívilnanir til að leggja til fyrirtækjareksturs.

Komið var inn á það áðan að þetta frv. væri liður í því að hverfa frá því velferðarkerfi sem við höfum búið við í þjóðfélaginu. Ég er fullviss um að svo er. Það tók langa og harða baráttu að koma þessu kerfi á. Velferðarþjóðfélagið hefur verið á margan hátt stolt okkar Íslendinga þrátt fyrir útúrboruhátt einstaklinga sem hafa leitað sér festu eða stuðnings í úreltum hagfræðikenningum erlendis frá sem duga þar sem ófrelsi og ánauð ríkir og þar sem þrælahald ríkir beinlínis, en slíkt á ekki við í okkar íslenska þjóðfélagi.

Við gerum okkur vissulega ljóst að velferðarkerfi sem mótast af öflugum tryggingum, heilbrigðisþjónustu og menntunarkerfi kostar mikla fjármuni. Nú þegar það hefur verið um nokkra stund hafa komið upp raddir um að of langt væri gengið. Þessar raddir hafa mátt sín of mikils núna, ekki vegna þess að kjósendur hafi kosið slíka stefnu yfir sig, það er rangt. Þegar kosningabaráttan fór fram vissu menn ekki t. d. annað en Framsfl. væri félagshyggjuflokkur, flokkur sem hefði trú á því að byggja upp þjóðfélag sem væri nær fólkinu en sú íhaldsstefna sem hér er verið að marka. En nú þegar búið er að mynda ríkisstj. umhverfast þessir piltar, selja sína sannfæringu þessum útúrborumönnum sem ekkert sjá annað en að gera þá ríku ríkari og fátæku fátækari. Það er mjög alvarlegt sem hér er að gerast.

Þegar sá þvættingur kemur hér fram að almenningur í landinu hafi kosið þessa ríkisstj. er langt gengið. Svo er ekki. (**TÁ:** Hvað sagði Haraldur?) Haraldur Guðmundsson ræddi ekki um þessa ríkisstj. sem betur fer. Ég vona að hann geri það ekki, ég hef ekki heyrt um það. En þegar kosningabaráttan átti sér stað var fólkið að kjósa allt annað en hér birtist.

Ég get verið sammála mönnum um að allur almenningur í landinu vildi komast frá þeirri verðbólgu sem fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstjórnir höfðu skapað. Það er alveg ljóst. Menn vildu færa fórn fyrir betri framtíð. Í því var t. d. fólgið að ráða niðurlögum verðbólgu. En að beita þeim aðferðum sem beitt hefur verið, að koma fólki niður á sultarstig, það var ekki hugmynd kjósenda að gera slíkt.

Gaman væri að vita hvort þetta frv. hafi verið sent til umsagnar Sambands ísl. samvinnufélaga og hvort það er í takt við hugsjónir samvinnustefnunnar að fara svona að. Ég hélt að það væri nú eitthvað annað. En kannske framsóknarmenn séu svo heillum horfnir að þeim komi það ekkert við lengur.

Aðalatriðið í þessu máli er að þeir sem grimmast vilja ganga gegn lífskjörum fólksins í landinu hafa hér haft yfirtökin og eru nú að ná fram sínu ætlunarverki. Auðvitað verður framkvæmdin þannig að allur almenningur er skattlagður fyrir þá auðugu einstaklinga sem hafa tækifæri til að leggja fé í þessi fyrirtæki og njóta skattívilnunar af. Eins og fram kemur er þetta þáttur í að breyta þjóðfélaginu á þann veg að koma því afturábak um nokkra áratugi. Það getur verið skoðun þessara manna að gera svo en ég er mjög andvígur þeim leiðum.

Fjmrh. tíundaði áðan að hann hefði þurft að þola fátækt í æsku. Margur hefur þurft þess. Hitt er annað mál að svo virðist sem þessi reynsla hafi framkallað þá biturð gagnvart þeim fátæku sem birtist í því að vilja gera enn fleiri fátækari en þeir væru annars. Kannske hefur það átt sér stað.

Ég minnist þess að einhvern tíma las ég það að maður bað mönnum fyrirgefningar vegna þess að þeir vissu ekki hvað þeir væru að gjöra. (Gripið fram í.) Ég er sannfærður um að fjmrh. veit ekki hvað hann er að gjöra en ég bið honum ekki fyrirgefningar því að mennirnir sem með honum sitja í ríkisstj. ættu þá að segja honum til.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Kannske er fullmikið sagt með því að taka undir með síðasta ræðumanni, hv. 6. landsk. þm., að fjmrh. viti ekki hvað hann er að gera. Fleiri standa að þessu máli en hann einn persónulega. En ég held að enn þá sé hægt að fullyrða og leggja enn og aftur áherslu á að fyrirætlunin kann að vera mjög góð en þeir sem að henni standa hafa enn þá ekki hugmynd um né geta á nokkurn hátt sýnt fram á hver árangur eða afleiðing þessara aðgerða er. Fjármagnið á að auka atvinnu, segja þeir. Þeir vita ekki hvaða upphæðir er hér verið að tala um og hafa lýst því yfir að þær upplýsingar sé í raun og veru ekki að hafa og ekki að fá. Þeir vita ekki hvert fjármagnið á að fara, ekki hvar verður fjárfest. Það er mjög alvarlegt mál að segja slíkt æ ofan í æ þegar margítrekað er í allri stjórnmálaumræðu hér, bæði á þessu þingi og undanfarandi þingum, að það sem einkum er að í þessu landi er röng fjárfestingarstjórn. Þá liggur eiginlega beinast við að áætla að þessi ríkisstj. hafi ekki áhuga á því að stjórna enda virðast mjög margar aðgerða hennar benda mjög eindregið í þá átt.

Hv. 4. þm. Austurl. benti réttilega á að verðbólga hefur þau áhrif á kjör manna að þeir ríku verða ríkari og þeir fátæku fátækari. En þá er að svara því hvað gerist þegar verðbólgan er horfin. Þá kemur í ljós hverjir að því standa að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Þá er ekki lengur hægt að kenna verðbólgunni um.

Ég sagði áðan að næstum virtist sem þessi ríkisstj. hefði ekki áhuga á að stjórna þó að hún marglýsi því yfir að hún sé hér til þess. Til þess eru fjölmörg dæmi. Í fyrsta lagi eru þau brbl. sem gefin voru út við upphaf þessa stjórnarferils. Síðar meir kom í ljós að ríkisstj. hafði varla haft grun um hvaða áhrif þau hefðu því árangur þeirra varð miklu meiri og skjótari en þeir höfðu nokkurn tíma gert sér í hugarlund að vænta mætti. Það kemur kannske einkum og sér í lagi til af því að menn hafa ekki, bæði þá og að því er virðist alls ekki nú heldur, enn þá gert sér grein fyrir því að laun eru ekki það sama og kjör. Kjör fólks eru allt annað en þau laun sem það hefur. Maður getur boðið fólki allstórar

fjárfúlgur í launum án þess að maður bæti í raun og veru mikið úr kjörum þess. Ég var á fundi á laugardaginn var. Þar stóð upp maður, einstæður faðir, með 18 þús. kr. laun. Þegar hann lagði niður fyrir okkur sitt dæmi, þ. e. þann kostnað sem hann þarf að útleggja mánaðarlega, kom í ljós að hann hafði afgangs 2 þús. kr. fyrir mat og klæðum.

Maður getur nefnt fleiri dæmi um áhugaleysi þessarar ríkisstj. á því að stjórna og það á sviðum þar sem henni hefur verið margbent á að hún gæti haft mikinn ávinning af því. Svo er t. d. í stórum fjárfrekum framkvæmdum eins og flugstöðinni þar sem henni hefur verið bent á að hugsanlega megi spara allt upp í 40% í byggingarkostnaði. En hún hefur ekki áhuga á að vita af því einu sinni.

Ég hef reyndar sagt að í sjálfu sér séu þau frv. sem nú eru á okkar borðum ekkert annað en það sem viðgengst víðast hvar í okkar nágrannalöndum þannig að í eðli sínu eru þau ekki óeðlileg. En menn geta þó ekki horft fram hjá því og mega ekki snúa sér undan þeirri gagnrýni með einhverjum frammíköllum og útúrsnúningi sem fram hefur komið, menn verða að viðurkenna að á þeim hvílir ákveðin sönnunarbyrði þegar málin eru gagnrýnd. Skiljanlegt er að menn vilja vita hvað í raun og veru er á ferðinni, hverjar eru afleiðingarnar og hver er árangurinn sem vænst er. Svarið er eitt, að fjármagnið auki atvinnu. Það segir í sjálfu sér ekki neitt og er enn þá ekkert annað en væntingar.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera langorður. Það er tvennt sem mig langar til að víkja aðeins að. Það er sjálfsagt rétt að hæstv. fjmrh. er kannske ekki alveg ljóst hvað er verið að gera með þessum frv. og hvað hann er að gera, en hinum háu herrum sem sitja með honum í ríkisstj. er það alveg fullkomlega ljóst. Hér er auðvitað stefnt að því ákveðna marki, sem ég minnist á hér áðan, að breyta þessu þjóðfélagi til hagsbóta fyrir hina efnuðu. Það eru hreinar línur.

Í öðru lagi vekur það mér ævinlega furðu þegar hv. þm. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., kemur í þennan ræðustól og segir: Hvernig væri ástandið ef ekkert hefði verið gert? Staðreyndin er sú, að það voru allir flokkar sammála um að það þyrfti að grípa til róttækra ráðstafana. Það var enginn flokkur sem taldi að það væri í rauninni valkostur að láta reka á reiðanum. Eftir samfellda stjórnarsetu Framsfl. frá 1971 var þannig komið í íslensku þjóðfélagi — **(ÓlJ:** Hún var ekki alveg samfelld.) Ja, svona næstum því, hv. þm. Ólafur Jóhannesson, það voru skömm hlé þar á. Eftir langa stjórnarsetu Framsfl. og margrómaðan framsóknarára-tug var verðbólgan komin lengra og ástandið orðið alvarlegra í íslensku þjóðfélagi en nokkru sinni fyrr. Svo kemur hv. þm. Tómas Árnason og segir okkur að nú hafi verið farin leið sem er sambland niðurtalningarinnar og leiftursóknarinnar. Það var þá niðurtalning í einu stökki. Það var engin niðurtalning, það var ekki nokkur niðurtalning sem hér átti sér stað. Þetta var bara ómenguð leiftursókn og meira að segja sýnu harðari og sýnu óbilgjarnari en sú sem Sjálfstfl. boðaði 1979 og framsóknarmenn sællar minningar börðust þá af mikilli hörku gegn og töldu að mundi leiða til hins mesta ófarnaðar fyrir íslenska þjóð, einkum fyrir láglaunafólkið. Það hefur nú sýnt sig að þessi útgáfa leiftursóknarinnar, sem er mun harðari og óbilgjarnari en nokkuð það sem boðað var 1979, hefur leitt láglaunafólkið í ógöngur. Hún hefur stöðvað verðbólguna á kostnað launanna, en dýrtíðin heldur áfram og kaupmáttarskerðingin er hrikalegri en nokkurn hafði órað fyrir. Við þm. erum nýbúnir að fá fréttabréf kjararannsóknanefndar. Vill ekki hv. þm. líta þar á síðustu bls.? **(Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að stytta mál sitt?) Já, ég mun stytta mál mitt, virðulegi forseti, ég er ekki vanur að tefja mjög lengi í þessum ræðustól, en ég ætla að ljúka við þessa setningu. Ég vil biðja hv. stjórnarþingmenn að skoða línuritið yfir kaupmátt lífeyristrygginganna sem er í fréttabréfi kjararannsóknanefndar. Og nú skal ég láta máli mínu lokið, virðulegi forseti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 343 (ný 13. gr.) samþ. með 9:3 atkv.
14.—16. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnuskyni, frv. 160. mál (þskj. 231, n. 339). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Með vísan til nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. við 159. mál, sem var hér á dagskrá áðan, og með hliðsjón af því að þetta mál hefur í rauninni verið rætt sem fylgifrv. með því máli sé ég ekki ástæðu til að fara neinum orðum um það frekar en þeim að meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég tók það fram þegar gerð var grein fyrir nál. vegna þess máls sem var hér seinast til afgreiðslu að söm væri afstaða okkar í minni hl. n. gagnvart þessu fylgifrv. Við leggjum til að það verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
2.—28. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Efri deild, 52. fundur.

Miðvikudaginn 15. febr., að loknum 51. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 363). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnuskyni, frv. 160. mál (þskj. 231). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Sala jarðarinnar Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, frv. 181. mál (þskj. 325). — 1. umr.

Flm. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Ég flyt ásamt hv. 2. þm. Austurl. og 11. landsk. þm. frv. þetta til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu. Þetta frv. er flutt að beiðni Jóns Sigurðssonar bónda á Hánefsstöðum í Seyðisfjarðarhreppi. Bæjarstæði hefur verið í eyði áratugum saman og eru engin mannvirki á jörðinni. Jón Sigurðsson ætlar að nota jörðina til beitar.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefur mælt með því að jörðin verði seld Jóni Sigurðssyni og fylgja meðmæli hreppsnefndarinnar prentuð sem fskj.

Ég vil taka það fram að þriðji maðurinn í hreppsnefndinni er Jón Sigurðsson, sem er oddviti, en hann skrifar ekki undir þetta bréf.

Ég vil geta þess að Jón Sigurðsson sendi jarðanefnd Norður-Múlasýslu bréf varðandi þetta mál, en það kom ekki í hendur flm. fyrr en eftir að frv. fór í prentun, þannig að það fylgir ekki sem fskj. með þessu máli. Ég ætla að leyfa mér að lesa bréfið, en það er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Jarðanefnd Norður-Múlasýslu.

Þar sem ég hef óskað eftir við landbrn. að ríkissjóður selji mér jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi óska ég eftir umsókn jarðanefndar Norður-Múlasýslu. Jörðin Bæjarstæði er landlítil jörð, húslaus og girðingar og ræktun engin, enda jörðin búin að vera í eyði í tugi ára, yfir 30 ár. Jörðina hef ég fyrirhugað að nota til upprekstrar. Hef ég mörg undanfarin ár þurft að sjá um smölun á þessu landi og sýnt að svo þurfi að vera áfram.“

Jarðanefnd hefur svarað þessu bréfi með svohljóðandi bréfi:

„Herra Jón Sigurðsson, Hánefsstöðum.

Í bréfi þínu til jarðanefndar Norður-Múlasýslu er leitað samþykkis nefndarinnar fyrir kaupum þínum á ríkisjörðinni Bæjarstæði. Þegar ég fór að athuga málið vegna væntanlegs fundar jarðanefndar áttaði ég mig á að samkv. 6. gr. jarðalaga telst erindi sem þetta ekki í verkahring jarðanefndar. Ég bið afsökunar á hversu dregist hefur að athuga þetta.

Virðingarfyllst f. h. jarðanefndar Norður-Múlasýslu.
Þorsteinn Kristjánsson,
Jökulsá, Borgarfirði eystra.“

Það mætti segja ýmislegt um þessar eyðijarðir allar saman, en tímans vegna held ég að ég sleppi því að mestu.

Þeir sem eru kunnugir á Austurlandi vita að á s. l. áratugum, við skulum segja s. l. hálfri öld, hafa lagst í eyði annesjajarðir og jarðir með fjarðaströndum, ég mundi segja í tugum, t. d. frá því að ég var að alast upp á þessum slóðum sem barn og unglingur. Svo hefur einnig verið í Seyðisfjarðarhreppi. Þar hafa lagst í eyði mjög margar jarðir. Það voru einar fimm jarðir setnar fyrir fjórum til fimm áratugum þar og allar hafa lagst í eyði nema ein jörð, Hánefsstaðir, sem Jón Sigurðsson býr á. Þessar jarðir eru ekki nytjaðar, en talsvert fé gengur til beitar á þessu svæði. Þarna eru þó yfirleitt landþrengsli. Ekki aðeins gengur þarna fé frá Hánefsstöðum, þar er tiltölulega fátt sauðfé nú, en úr Seyðisfjarðarkaupstað, þar er nokkur sauðfjáreign, og síðan kemur fé úr næstu fjörðum, t. d. Mjóafirði, verulega inn á þetta svæði.

En í sambandi við þetta mál vil ég sérstaklega geta þess að á undanförnum árum hefur verið talsvert mikið kal, sérstaklega í nýræktum, á þessu svæði. Ég veit að bóndinn á Hánefsstöðum hefur miklar áhyggjur af því máli því að sumar stórar nýræktir sem hann hefur ræktað á undanförnum árum eru svo til ónothæfar. Hefur verið ákaflega erfitt að blása lífi í þá nýrækt á nýjan leik og mun sjálfsagt taka sinn tíma. Fólk hefur því áhyggjur af þróun mála og hefur þess vegna áhuga á að tryggja sér beitarrétt og frekari möguleika á búskap en nú er.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa um þetta mál fleiri orð og legg til að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari og til hv. landbn. Ég mun láta fskj. sem ég hef lesið upp ganga til n. svo hún geti haft þau til afnota við afgreiðslu málsins.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Sem meginreglu vil ég lýsa þeirri skoðun minni að ég er yfirleitt andvígur því að verið sé að selja ríkisjarðir, almennt sagt og almennt séð. Ég held að ríkið eigi að eiga sínar jarðir áfram. Raunar væri þessu best fyrir komið ef þjóðin ætti allt land, eins og við Alþfl.-menn höfum raunar flutt um frv. Þess vegna er ég heldur andvígur því að verið sé að selja einstakar jarðir úr eigu ríkisins til einstaklinga, þó að slíkt geti átt rétt á sér í vissum tilvikum.

En meginástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli var, virðulegi forseti, að benda á það misræmi sem er varðandi ráðstöfun eigna ríkisins. Hér er verið að tala um eyðijörð, einhvern jarðnæðisskika sem hefur verið í eyði í áratugi, og um það þarf sérstaka löggjöf frá Alþingi, en svo þegar kemur til þess að selja hlutabréf ríkisins í stærstu fyrirtækjum landsins, sem eru milljóna og aftur milljóna virði og milljónatuga virði, virðist svo sem hæstv. fjmrh. geti tekið um það einfalda ákvörðun og atbeini löggjafans þurfi hvergi að koma þar að. Þetta er, held ég, misræmi sem okkur, sem sitjum hér á Alþingi, ber í rauninni skylda til að leiðrétta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 164, n. 238, 254 og 321, 239, 248, 251, 253, 322, 345). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 239 tekin aftur.
Brtt. 322,1 (1. gr. falli niður) samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 248 felld með 23:13 atkv.
Brtt. 251,1 felld með 21:11 atkv.
Brtt. 322,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 253 felld með 21:12 atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 251,2 felld með 21:12 atkv.
Brtt. 322,3 samþ. með 23:9 atkv.
6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 23:9 atkv.
7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 345 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 322,4 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 322,5 (9. gr. falli niður) samþ. með 29 shlj. atkv.
10. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 15. febr., að loknum 46. fundi.

Húsaleiga, frv. 157. mál (þskj. 227). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 227 um húsaleigu sem fylgi breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar. Frv. er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum um sama efni sem gefin voru út 22. apríl á s. l. ári.

Í sambandi við gildistöku nýrrar vísitölu framfærslukostnaðar með grunntölunni 100 í janúar 1968 ákvað kauplagsnefnd að reikna sérstaka vísitölu er sýndi breytingar á rekstrarkostnaði húsnæðis í Reykjavík. Skyldi húsnæðisliður hinnar nýju framfærsluvísitölu fylgja breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar eftir ákveðnum reglum og hefur svo orðið til þessa.

Þar eð þörf virtist vera fyrir slíka vísitölu til að ákveða verðbætur á umsamda grunnhúsaleigu ákváðu kauplagsnefnd og Hagstofan að birta þessa vísitölu í Hagtíðindum svo að leigusalar og leigutakar gætu notað hana í þessu skyni ef þeim sýndist svo. Engin lög voru sett um hana, útreikningur hennar og birting byggðist einvörðungu á ákvörðunum kauplagsnefndar þar að lútandi.

Vísitala húsnæðiskostnaðar 1968 var fljótlega mikið notuð í leigusamningum til ákvörðunar verðbóta á húsaleigu og virtist hún gegna þessu aukahlutverki sínu vel framan af. En á seinni hluta áratugsins 1971—1980 fór með vaxandi verðbólgu að bera meir og meir á ágalla sem var afleiðing þess að hækkanir vísitölunnar dreifðust mjög misjafnt yfir árið. Vegna þarfa framfærsluvísitölunnar hafði kauplagsnefnd ákveðið í upphafi að öll árleg hækkun fjármagnskostnaðar húsnæðis og fasteignagjalda skyldi ganga inn í hana einu sinni á ári, þ. e. við mars-útreikning hennar. Þetta þýddi að allt upp í 80% af árshækkun vísitölunnar kom fram í einu stökki í mars-framfærsluvísitölu.

Þessi annmarki kom ekki mikið að sök meðan verðbólgan hélst tiltölulega hófleg. Þegar kom að lokum áratugsins fór hann að verða tilfinnanlegur og að lokum keyrði um þverbak. Mars-vísitala eftirtalinna ára var sem hér segir hærri en desembervísitala næst á undan: 1979 28.9%, 1980 36.6%, 1981 38%, 1982 34.2% og 1983 51%.

Síðasttalda og langmesta hækkunin kom í kjölfar eftirfarandi hækkana á tólf mánaða tímabilinu frá mars 1982: júní 3.6%, september 5.9%, desember 4%. Við svo búið varð augljóslega ekki lengur unað. Að vísu voru vandræði af þessum sökum ekki mjög mikil að því er varðaði ársgamla húsaleigusamninga eða eldri, en öðru máli gegndi um samninga gerða eftir marslok 1982. Þar gátu leigutakar orðið fyrir óréttmætum fjárhagslegu áfalli er yrði þeim mun meira sem lengra væri liðið á tólf mánaða tímabilið frá apríl 1982.

Gera mátti ráð fyrir að grunnleiga skv. nýjum húsaleigusamningi, gerðum t. d. í febrúar 1983, tæki á einhvern hátt mið af markaðsleigu á þeim tíma og mundi þá 51% hækkun leigu frá 1. apríl 1983, skv. samningsákvæði um að húsaleiga fylgdi vísitölu húsnæðiskostnaðar, ekki eiga neinn rétt á sér. Hér bar auðsjáanlega nauðsyn til að gripið yrði til sérstakra ráðstafana. Varð niðurstaðan sú að gefin voru út brbl., sem fylgja sem fskj. með frv. þessu, til lausnar á þessum sérstaka vanda. Ákvæði þar að lútandi eru í 1. gr. brbl.

Með því að fyrir lá að vísitala húsnæðiskostnaðar frá 1968 var orðin ónothæf sem mælikvarði til ákvörðunar verðbóta á húsaleigu var talið rétt að koma á fót nýju kerfi til að gegna þessu hlutverki, sbr. 2. og 3. gr. brbl. Talið var eðlilegt að húsaleiga skv. leigusamningum, er lögin tækju til, skyldi fylgja hlutfallslegum breytingum meðallauna á næstliðnum þremur mánuðum og breyttist hún eins og verið hafði ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl. Hagstofan skyldi tilkynna opinberlega hver þessi breyting væri hverju sinni.

Skiptin frá hinni gömlu vísitölu húsnæðiskostnaðar til hinnr nýju tilhögunar voru, eins og við var að búast, ýmsum vandkvæðum bundin. En vel rættist úr. Hagstofan leiðbeindi, aðallega í símtölum, fjölda fyrirspyrjenda og þegar fyrir lá að breytingin leiddi til ósanngjarnrar niðurstöðu benti Hagstofan á eðlilega lausn, sem svo að segja alltaf var samþykkt af leigusala og leigutaka.

Auk hækkunar þeirrar á húsaleigu frá 1. maí 1983, sem ákveðin var í 1. gr. brbl., hefur húsaleiga, sem þau taka til, hækkað um 8.2% frá 1. júlí 1983, um 4% frá 1.

jan. 1984, eða sem svarar því sem laun hækkuðu almennt frá 1. júní og 1. október 1983 skv. brbl. nr. 54 27. maí 1983.

Það skal tekið fram að setning þessara brbl. hefur ekki sætt gagnrýni í fjölmiðlum og að í hundruðum símtala Hagstofunnar við aðila, sem voru að leita upplýsinga og aðstoðar, var aðeins í örfáum tilvikum látin í ljós óánægja með þær aðgerðir sem fólust í brbl. skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Land í þjóðareign, frv. 61. mál (þskj. 66). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um land í þjóðareign. Tilgangur þessa frv. er að lýsa óbyggðir Íslands þjóðareign. Með því yrðu öll þau landsvæði sem aðrir en ríkið hafa ekki eignarheimildir fyrir eign þjóðarinnar í heild sinni og í umsjá ríkisins og Alþingis. Þessi eign næði til allra fasteignaréttinda, svo sem vatnsréttinda, jarðhita, námuréttinda og annarra réttinda sem bundin eru eignarrétti lands en beitarréttindi og veiðiréttindi yrðu óbreytt frá því sem nú er. Þetta frv. er þáttur í stefnumörkun Alþfl. um sameign þjóðarinnar á landi sínu. Það var áður flutt árið 1981 af þm. flokksins í Nd. og var þá Sighvatur Björgvinsson 1. flm. þess.

Sannleikurinn er sá að Íslendingar eru orðnir harla réttlausir í landi sínu. Fróðlegt er til samanburðar að taka þann rétt sem menn hafa til umgengni við land sitt í ýmsum grannlöndum okkar. Það vill svo til að mér er kunnugt um hvaða rétt menn hafa í þessum efnum t. d. í Svíþjóð. Þar er almannaréttur slíkur að allir geta gengið um landið eða farið um það á skíðum, hver svo sem eigandinn er, með þeirri einu undantekningu að um lóð í kringum hús eða sumarhús eða þvílíkt sé að ræða. Allir hafa rétt til þess að fara um stöðuvötn, hver svo sem telst hafa eignarhald á þeim, allir hafa rétt til þess að baða sig við strönd, hvernig svo sem á stendur í þeim efnum með eignarréttinn. Allir hafa rétt til þess að tína ber, sveppi eða blóm hvar sem er. Allir hafa heimild til að tjalda nema inni á húsalóðum.

Þessi réttindi eru okkur Íslendingum í raun ekki tryggð. Alls konar ákvæði eru hér í gildi þar sem þessi almannaréttur er hindraður. Í sjálfu sér væri ástæða til að fara fleiri orðum um réttleysi landleysingjanna, svo að segja, þeirra sem á mölinni búa, þeirra sem ekki eiga land. En ég vek sérstaklega athygli á þessu í sambandi við þetta mál og hversu óþolandi þau boð og bönn eru orðin sem hér eru við lýði varðandi umgengni við landið.

En að því er varðar sérstaklega óbyggðir Íslands hefur Hæstiréttur Íslands í rauninni kallað eftir því að sett yrði löggjöf af því tagi sem hér er mælt fyrir. Skv. nýlegum hæstaréttardómi á enginn beinan eignarrétt að afréttum en skv. þeim sama dómi getur Alþingi ákvarðað eignarrétt ríkisins með lögum og það yrði ekki talið eignarnám. Hæstiréttur hefur sem sagt með þessum dómi sínum nánast bent á að þá löggjöf skorti sem hér er flutt frv. um.

Það deiluefni sem hér um ræðir varðaði Landmannaafrétt. Dómurinn gekk 28. des. 1981. Þá var krafa ríkissjóðs að honum yrði tildæmdur beinn eignarréttur að Landmannaafrétti en til andmæla gaf sig fram hreppsnefnd Landmannahrepps og Holtahrepps og ábúendur jarða í Holtahreppi og í nokkrum fleiri hreppum þar í grenndinni. Héraðsdómur féllst á kröfu fjmrh. en málinu var áfrýjað. Þegar það kom til úrlausnar í Hæstarétti varð Hæstiréttur reyndar ekki sammála um afstöðu sína en meiri hlutinn, þ. e. þrír dómarar af fimm, taldi að óyggjandi sönnun fyrir eignarrétti ríkisins hafi ekki tekist og tók þess vegna ekki til greina kröfu fjmrh. Í forsendum þessa meiri hluta kom fram að Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málsefni.

Niðurlag forsendnanna hjá meiri hluta Hæstaréttar er mjög athyglisvert. Þar segir:

„Hins vegar verður að telja að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða, en líta ber til þess að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afnota, sem lög eða venjur eru fyrir.““

Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari ritaði grein um þetta mál í tilefni af 75 ára afmæli Sigurðar Ólasonar. Með hans leyfi hefur meginefni þessarar greinar sem birtist reyndar síðar í Morgunblaðinu 26. jan. 1982 verið tekið inn í grg. með því frv. sem ég mæli nú fyrir. Í niðurlagsorðum sínum segir Gunnlaugur Claessen, hrl.:

„Niðurstaðan er nánast sú að enginn eigi beinan eignarrétt að afréttinum. Eignarrétti heimamanna er alfarið synjað og meiri hlutinn telur ríkið ekki hafa sannað sinn rétt nægjanlega. Niðurlag forsendnanna er hins vegar athyglisvert. Það er ljóst, að Alþingi getur ákvarðað eignarrétt ríkisins með lögum, og slík löggjöf yrði ekki metin sem eignarnám, a. m. k. ekki gagnvart þeim sem voru aðilar þessa máls.“

Ég tel að hér sé í rauninni um ákall frá Hæstarétti að ræða þar sem hann biður einmitt um löggjöf af því tagi sem ég mæli nú fyrir fyrir hönd þm. Alþfl. að sett verði. Sannleikurinn er sá að hér er í rauninni um tómarúm að ræða í íslenskum lögum. Það tómarúm ber Alþingi að fylla. Ég held að hv. Alþingi hafi látið dragast allt of lengi úr hömlu að setja einmitt skýr og ótvíræð lög um eignarhald á landi, lög sem væru í samræmi við nútímaþörf og væru í rauninni til þess fallin að styrkja búsetu í sveitum landsins og auðvelda nýjum kynslóðum að taka við búskaparréttindum. Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að kveða á um almannarétt til landsins og nytja þess. Þessu hefur löggjafinn í rauninni ekki sinnt af neinni alvöru eða einbeitni í marga áratugi.

Í rauninni búum við við löggjöf sem miðast við það að stór hluti þjóðarinnar séu landeigendur. En sú feikilega búseturöskun sem hefur átt sér stað á undanförnum áratugum hefur gert það að verkum að meiri hluti þjóðarinnar er í rauninni orðinn landleysingjar þó við segjum að Íslendingar eigi þetta land saman. Þess vegna bæri nauðsyn til þess að setja löggjöf um umferð

um landið líka, frjálsa umferð um landið.

Það er út frá þessum atriðum sem hugmyndir Alþfl. um þjóðareign á landi hafa verið markaðar. Fyrstu tillögur flokksins um þau mál voru lagðar fram á Alþingi af Braga Sigurjónssyni alþm. árið 1970. Þar var um að ræða till. til þál. um endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins, vötn og ár, jarðhita og námur. Í till. var lagt til að Alþingi legði fyrir ríkisstj. að hún léti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum, fjallavötnum, jarðhita svo og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu þar sem stefnt væri að því m. a. að allt hálendi landsins og óbyggðir yrðu lýst alþjóðareign.

Þessi till. tók ýmsum breytingum við frekari meðferð málsins. Henni var breytt verulega árið 1972 og árið 1976 fluttu þm. Alþfl. í Ed., þeir Bragi Sigurjónsson og Jón Ármann Héðinsson, síðan frv. til l. um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum. Þar höfðu þm. sem sagt breytt þáltill. um almenna stefnumörkun í þessum málum yfir í lagasmíð.

Þingmenn Alþfl. hafa einnig flutt sérstök þingmál þessu máli tengd, svo sem frv. til l. um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms og frv. til l. um breytingu á orkulögum. Þetta gerðist á þingunum 1974, 1976 og 1978. Með því og þeim tillöguflutningi sem Alþfl. hefur haft uppi síðan 1978 hefur verið fylgt þeirri stefnu, þar sem hér væri um mjög yfirgripsmikið mál að ræða sem varðaði fjölmarga þætti, að brjóta það upp í mörg mál. Það mál sem ég mæli hér fyrir er því einungis eitt af þeim en fyrir öðru þeirra hef ég mælt hér áður á þessu þingi.

Þetta frv. takmarkast sem sagt við það eitt að lýsa öll þau landsvæði þjóðareign sem skýlausar eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir. Lagt er til að það sé gert um öll landsvæði þar sem svo háttar til og auk þeirra um vatnsréttindi, jarðhita, námuréttindi og önnur fasteignaréttindi. Í framkvæmd mundi þetta þýða að allar óbyggðir Íslands yrðu lýstar þjóðareign ásamt flestum eða öllum afréttum og hálendissvæðum. Á þeim svæðum mun íslenska þjóðin eins og ég hef áður bent á gera tilkall til allra fasteignaréttinda sem bundin eru eignarrétti lands en beitarréttindi sem fylgja einstökum bújörðum, upprekstrarfélögum eða sveitarfélögum stæðu óskert svo og veiðiréttindi og allar aðrar eignarheimildir annarra en ríkisins sem sönnun er færð fyrir.

Stefna af því tagi sem tekin er með 1. gr. frv. mundi þá jafnframt afgreiða endanlega ýmis deilumál sem niðurstaða þarf að fást í. Þessi lagasetning mundi taka af öll tvímæli um eignarréttindi á afréttum sem dómstólar hafa verið að fjalla um á undanförnum árum og m. a. þá með þeirri niðurstöðu sem ég vitnaði til hér áðan í hæstaréttardóminum frá 1981.

Það er vel líklegt að ágreiningur geti orðið og verði um hvaða lönd og landgæði eignarheimildir annarra en ríkisins liggi fyrir. Þess vegna er í 5. gr. frv. þessa gert ráð fyrir að fjmrn. sem á skv. frv. að annast framkvæmd laganna láti kanna eignarrétt á öllu landi og landsgæðum utan heimalanda og birti opinberlega. Rn. skal gefa öllum þeim sem hlut eiga að máli kost á að koma fram breytingum og leiðréttingum á skránni og loks er lögð sú skylda á herðar að ef óvissa þykir ríkja skuli fjmrn. leita úrskurðar dómstólanna. Með þessu á að vera frágengið svo öruggt sé að ekki verði um neinar eignarupptökur að ræða né eignarnám heldur aðeins það eitt að lýsa þau landsvæði og landsgæði þjóðareign sem aðrir eigendur finnast ekki að.

Um önnur atriði vil ég vísa til grg. með frv. sem felur m. a. í sér aths. um einstakar greinar frv. sem ég tel ekki ástæðu til að fara í að öðru leyti en ég hef þegar gert. En það skal ítrekað að með frv. er ekki gerð till. um eignaupptöku eða eignarnám á landsvæði, hlunnindum, eða öðrum eignaréttindum sem eru eign annarra en ríkisins. Samþykkt frv. mundi engu breyta þar um. Einasti tilgangurinn er að lýsa yfir að land og landsréttindi sem aðrir eigendur finnast ekki að skuli eftirleiðis talin eign þjóðarheildarinnar og að um þá þjóðareign verði settar ákveðnar reglur sem tryggi bæði rétt og skyldur almennings gagnvart slíku landi og landgæðum.

Það er vel við eigandi að slíkt sé gert einmitt nú þegar þessi þjóð hefur nýlega varið miklu af fjármunum sínum til að bæta fyrir spjöll sem orðið hafa í umgengninni við landið og þegar rætt er um nauðsyn þess að vernda landið þannig að ekki sé á það gengið.

Ég vil að lokum, herra forseti, skora á hæstv. deild að taka þeirri áskorun Hæstaréttar um að fylla upp í það tómarúm sem er í íslenskum lögum varðandi þetta atriði. Það er ekki vansalaust að það skuli hafa dregist svo lengi. Nauðsynlegt er að setja skýr og ótvíræð lög um eignarhald sem sé í samræmi við nútímaþarfir. Það er í rauninni áfangi í því að gera öllum landsmönnum jafnhátt undir höfði í að njóta landsins. Ég tel, herra forseti, að hér sé um mikið réttlætismál að ræða og ég vænti þess að það fái góðar undirtektir í þessari hæstv. deild og legg svo að lokum til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn. hv. deildar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil hér taka eindregið undir meginstefnu þess frv. sem hv. 3. þm. Reykn. hefur hér mælt fyrir um land í þjóðareign. Þetta frv. var til umr. í sömu hv. deild þann 18. nóv. 1981 og þá lýsti ég og fleiri talsmenn Alþb. yfir eindregnu fylgi við meginstefnumörkun frv. Ég sé ástæðu til að taka sérstaklega undir lokaorð hv. frummælanda áðan, að nauðsyn ber til að löggjafinn setji lög um þessi efni og skeri þannig úr um alla óvissu varðandi eignarrétt á landi sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir.

Ég tel mikilsvert að ekki dragist lengur að löggjafinn fjalli um þetta mál og vilji Alþingis komi fram varðandi það. Afstaða okkar Alþb.-manna hefur komið fram varðandi þessi efni og liggur fyrir varðandi eignarrétt á náttúruauðlindum landsins. Ég vísa m. a. til till. Alþb. í tengslum við endurskoðun stjórnarskrárinnar en í þeirri skýrslu sem gefin var út í janúar 1983 þar að lútandi varðandi endurskoðun stjórnarskrár kom fram till. um 79. gr. stjórnarskrár með sérstakri till. af hálfu Alþb. Megintillaga stjórnarskrárnefndar var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„79. gr. stjórnarskrár orðist svo:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Eignarrétti og öðrum náttúruauðæfum skal skipað með lögum.“

Fulltrúar Alþb. í stjórnarskrárnefnd lögðu til að þessi grein orðist þannig:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign

Íslendinga. Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi. Eignarrétt á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Við eignarnám á landi í þéttbýli sem dreifbýli skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna.

Með þeim takmörkunum sem hér segir skal við það miða að eignarréttur haldist á jörðum, beitiréttur í óbyggðum og önnur þau hlunnindi í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum."

Þetta var tillaga Alþb. í tengslum við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég taldi rétt að koma því hér á framfæri hvert er viðhorf flokksins í þessu efni og jafnframt afstaða okkar til þess frv. sem hér var mælt fyrir áðan um land í þjóðareign.

Ég vildi svo aðeins að lokum vekja athygli hv. þd. á því að á árinu 1981 var gefið út sérstakt rit sem tengist þessu máli, í ritsafni sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands eftir Gunnar F. Guðmundsson og sem ber heitið Eignarhald á afréttum og almenningum, sögulegt yfirlit. Það er bók upp á 144 bls. og hefur að geyma, sýnist mér, verulegan fróðleik um þessi mál, þróun þeirra og umræðu varðandi þau fram að þessum tíma sem þetta efni er saman tekið. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Einstök atriði frv. geta vissulega þurft nánari skoðunar við og eðlilegt að þau fái athugun í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar.

Kristín Halldórsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og væntanlega flestum er kunnugt erum við hætt að fara um landið með eld og kvígur svo sem forfeður okkar gerðu og frægt er í sögum. Þegar rölti þessu með nautgripi og eld lauk þá var enn eftir nokkuð af landi, helst klettum og klungri, land sem talið var einskis nýtt og enginn vildi eiga. Í byggð hafa menn nú yfirleitt fengið einhverja pappíra því til sönnunar að þeir eigi ákveðna landskika, en auðvitað hefur enginn pappír um að hann eigi það land sem enginn hefur nokkru sinni eignað sér. Það er enn einskis manns land en hefur löngum verið nytjað til beitar, a. m. k. þau svæði sem næst eru byggð.

Á seinni árum hafa nytjar þessara svæða mjög aukist. Auk hinnar hefðbundnu beitar nota menn nú land þetta til virkjana og ferðamennsku og landið sem enginn vildi eiga hér fyrrum verður nú æ vinsælla. En þetta land á enginn. Enginn veit í raun hver ber ábyrgð á þessu landi. M. a. s. sýslumörk eru sums staðar svo óljós að ef sækja þyrfti sýslumann upp á hálendi er ekki alls staðar ljóst hvaða yfirvald ætti að sækja. Allt veldur þetta hinni mestu óreiðu og má í því sambandi gera sér í hugarlund hvernig væri ef þessar aðstæður ríktu í þéttbýli. Eigendur húsa eiga yfirleitt lóðarskika umhverfis hús sín sem þeir hugsa um af natni. Land þar fyrir utan, opin svæði o. fl., er í umsjá yfirvalda borgarinnar. Ef landamæri eru einhvers staðar óglögg fer allt í bál og brand, nágrannar rífast, svæði komast í óhirðu o. fl.

Þótt aðstæður í Reykjavík og nágrenni séu harla ólíkar og á hálendinu eru vandamálin svipuð og líkjast æ meira eftir því sem notkun á hálendinu eykst. Frv. það sem hér er til umr. gerir ráð fyrir að þetta einskismannsland falli undir ríkið, sé sameign allra Íslendinga. Hlýtur það ekki að vera sjálfsagðasti hlutur í heimi? Það hlýtur að vera mjög svo eðlilegt að ríkið hafi með að gera umsjón þessa landsvæðis og því fyrr sem hægt er að koma einhverri reiðu á þessa hluti því betra. Óreiðan vex eftir því sem lengra líður og þeim mun erfiðara verður að taka á þessu máli. Það er því í mínum augum engin spurning um það hvort svona frv. verður að lögum heldur hvenær.

Ég sé ekki ástæðu til að gera aths. við einstakar greinar þessa frv. en vona að það fái verðuga umfjöllun. Vissulega eru í því snertifletir við önnur mál sem lögð hafa verið fram á þessu þingi og sjálfsagt að skoða þau mál í samhengi.

Pálmi Jónsson: Virðulegi forseti. Frv. þetta felur í sér tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að þau landsvæði skuli teljast þjóðareign sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir. Í öðru lagi að fjmrn. annist framkvæmd laganna og hafi eftirlit og umsjón með öllum eignum og réttindum sem bundin verða eigu þjóðarinnar skv. 1. gr.

Frv. er gamall kunningi. Frv. af þessu tagi var flutt fyrir einu eða tveimur árum á Alþingi og undanfari þessa frv. voru ýmis þingmál Alþfl. á undangengnum þingum sem gengu misjafnlega langt í því að kveða á um að íslenska ríkið skyldi slá eign sinni á landið.

Varðandi það frv. sem hér liggur fyrir og fyrra meginatriðið má segja að í sjálfu sér sé æskilegt að úr því sé skorið hver eigi land og þau önnur réttindi sem landsvæðum eru bundin sem skýrar eignarheimildir liggja ekki fyrir um. Í mörgum tilvikum liggur þetta nú fyrir að mati a. m. k. þeirra sem notað hafa landið, þ. e. bændanna í landinu. Í mörgum tilvikum telja bændur landsins að fyrir liggi hver á t. a. m. afréttarlöndin og ekki sé nema í tiltölulega fáum tilvikum sem hægt sé að segja að þetta land eigi enginn eins og hv. síðasti ræðumaður Kristín Halldórsdóttir komst að orði hér áðan.

Hitt er hins vegar umhugsunarefni hvort gildandi lög í landinu kveði nógu skýrt á um eftir hverju skuli farið þegar úrskurðað væri um eignarrétt landsins. Það er auðvitað meginatriði þegar til þess kæmi að kveða upp úrskurð — sem í mörgum tilvikum mundi verða hlutverk dómstóla — um hvað af því landi sem einhver vafi leikur á um eignarráð yfir skuli teljast þjóðareign, ríkiseign skv. þessu frv. eða hvaða landsvæði það eru sem gildar eignarheimildir liggja fyrir um.

Það vill svo til að ég hef heyrt mjög virtan lögfræðing halda því fram í opinberu erindi að skjallegar heimildir sem gefnar eru út á tilteknum tíma eftir þeim reglum sem þá giltu um útgáfu afsala geti verið þess efnis að ekki sé víst að þau yrðu metin gild. Rökin fyrir því voru þau að ekki verði hægt að sanna að öll fyrri eigendaskipti á því tiltekna landsvæði einhvern tíma áður en skjalleg eignarheimild var gefin út hafi farið fram með lögformlegum hætti. Þetta verður vitaskuld aldrei hægt að sanna því ekki verður hægt að sanna að eigendaskipti í gegnum tíðina, allt aftur til landnámstíðar, hafi ævinlega farið fram með lögformlegum hætti og að einhver

sem talinn hafi verið eigandi landsins á því tímaskeiði — eða í ellefu aldir — hafi í raun verið löglegur eigandi þess. Þegar svo langt er seilst til raka af hálfu virtra lögfræðinga er von að setji að mönnum ugg sem telja að skjallegar eignarheimildir eigi að halda.

Þess vegna varpaði ég fram þeirri fsp. hér hvort ekki kynni að vera nauðsynlegt að um leið og slík lög væru sett sem hér er frv. að væri kveðið á um að þær skjallegu eignarheimildir sem fyrir liggja og eru til um eignarráð á tilteknum landsvæðum, þ. á m. afréttarlöndum, séu virtar og teknar gildar.

Enn má vitna til þess að í sambandi við þá hneigð dómstóla að úrskurða ríki í vil í sambandi við eignarráð á landi hafa lög um hefð, nr. 46 frá 10. nóv. 1905, ekki alltaf haldið. Í þessum lögum segir í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign."

Enn fremur:

„Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign, en 10 ára óslitið eignarhald á lausafé."

Í flestum tilvikum þar sem land er nýtt þrátt fyrir að skjallegar eignarheimildir liggi ekki fyrir hafa bændur landsins, samtök þeirra, félög þeirra eða sveitarfélög, farið með afréttarland, nýtt afréttarlönd og annast þau sem sína eign í áratugi og í mörgum tilvikum aldir. Nú segir auðvitað í lögum að hefð megi ekki vinna með ólögmætum hætti. En hafi land komist í hendur tiltekins aðila án þess að með ólögmætum hætti sé og hann farið með sem sína eign í tuttugu ár án þess að mótmælt hafi verið af einhverjum öðrum má a. m. k. með mínum leikmannsaugum skilja sem hann hafi unnið það fyrir hefð. Þetta hefur ekki alltaf haldið fyrir dómstólum og má nokkurri furðu gegna.

Þannig eru alls ekki eins skýr ákvæði í lögum og ætla mætti og jafnvel ekki eins skýr niðurstaða dómstóla í slíkum málum og maður kynni að ætla miðað við þau gögn og þau lög sem fyrir liggja í landinu.

Þetta vildi ég láta koma fram við 1. umr. um þetta mál og tel afar nauðsynlegt að ef farið væri í það að kveða á um eignarheimildir skv. þessu frv. yrði í fyrsta lagi skýrt að þær eignarheimildir sem fyrir liggja yrðu teknar gildar án slíkra útúrsnúninga sem ég kalla og heyrði í erindi hjá tilteknum virtum lagamanni. Eins tel ég að ástæða væri til að líta á þessi lög um hefð sem eru orðin nærri 80 ára gömul.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða um 1. gr. og þennan megintilgang frv. annað en að alltaf verður og alltaf hlýtur að vera heppilegt að ráðast í það verkefni, hvort sem það er gert fyrr eða seinna, að kveða skýrt á um hver land eigi og hver ekki. Eðlilegt er að það sé ríkiseign þar sem ekki eru eignarheimildir fyrir og þar sem land hefur ekki unnist fyrir hefð skv. íslenskum lögum.

Um annað meginatriði þessa frv., sem sé að fjmrn. skuli annast framkvæmd þessara laga ef sett yrðu og hafa eftirlit með öllum eignum og réttindum sem bundin eru í eigu þjóðarinnar skv. hinu fyrra meginatriði þessa máls, vil ég lýsa því yfir að ég er þessu öðru meginmarkmiði frv. algerlega andvígur. Meðferð þess lands sem frv. er ætlað að taka til er í mjög mörgum, mér liggur við að segja flestum, tilvikum verulega bundin landbúnaðarnotum og í mjög nánum tengslum við landbúnaðarlöggjöf sem gildir í landinu. Það er afar óheppilegt og að mínum dómi rangt að slíta þau tengsl í sundur. Ég tel þess vegna tvímælalaust rétt að það land sem er í eigu ríkisins falli undir meðferð landbrn. eins og það gerir að mestum hluta í dag.

Önnur atriði í þessu frv. skal ég ekki ræða hér. Það leiðir af því sem ég hef þegar sagt um annað meginatriði frv. að ég tel ekki rétt að það sé fjmrn. sem fái það hlutverk að láta kanna eignarrétt á öllu landi og landgæðum utan heimalanda lögbýla. Það ætti að vera annarra hlutverk, þeirra sem með þessi mál fara.

Páll Pétursson: Herra forseti. Örfá orð um þetta frv. Þetta er gamall draugur í þinginu. Eins og glögglega sést á athugasemdum við frv. þar sem rakin eru þingmál Alþfl. um eignarráð á landi er þetta einn þáttur í landbúnaðarstefnu Alþfl. sem ýtt var á flot með málafylgju Braga Sigurjónssonar í kringum 1970.

Ég þarf ekki að taka fram að ég er gjörsamlega andvígur því sjónarmiði sem Alþfl. hefur aðhyllst í þessu tiltekna atriði. Mitt sjónarmið er það að landinu sé best borgið í eign og umsjón bænda og rök mín fyrir því eru þau að ég held að þeir hafi besta þekkingu, hver á sínum bletti, og næmasta tilfinningu fyrir skynsamlegri umgengni við það. Mér er ljóst að á þessu getur verið misbrestur en að öðru jöfnu held ég að þeir sem þekkja hver sinn blett hafi fyrir honum meiri tilfinningu en þeir sem ekki þekkja og líta á þetta sem félagseign.

Hins vegar er alveg ástæðulaust fyrir bændur að amast við siðmannlegri umgengni annarra þjóðfélagsþegna um þessi lönd. Það vakir alls ekki fyrir mér. Ég tel að umgengni við landið eigi að vera allri þjóðinni frjáls og ekki megi stemma stigu við henni. Enn fremur þarf að framfylgja reglum eins og segir í 4. gr. frv. um ítölu og varnir gegn ofbeit og rányrkju, gróðurvernd og aðra náttúruvernd og veiðiskap ásamt með umgengnisrétti almennings og annað sem lýtur að afnotum lands og landgæða.

Það munu finnast ákveðin landsvæði hér sem 1. gr. frv. fjallar um. Þar segir:

„Þau landsvæði skulu teljast þjóðareign sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir.

Sama máli gegnir um vatnsréttindi, jarðhita, námuréttindi og önnur réttindi bundin eignarrétti lands, sem eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir."

Það munu finnast ákveðin landsvæði þar sem eignarréttur bændur er ekki tvímælalaus. Þau af þessum landsvæðum sem eru nýtileg beitarlönd hafa verið notuð og smöluð af bændum en til eru bréf fyrir mestöllu landinu, eignarheimildir á mestöllu landinu, bænda eða upprekstrarfélaga. Hins vegar varðandi þessi fáeinu landsvæði sem ekki eru vís óyggjandi bréf um eignarrétt á — til að skera úr um eignarrétt á þeim þyrfti málaferli. Þessi málaferli yrðu vafalaust dýr og sótt af kappi á báða bóga. Það er kostnaður sem ég gæti vel ímyndað mér að við gætum sparað ríkinu okkar.

Ég held að rétt sé að nota landið og við eigum að halda áfram að lifa á gæðum landsins og hafsins í kringum það eins og þessi þjóð hefur gert. Við eigum ekki að bregða fæti fyrir að það sé gert. 1. gr. frv. er nú orðuð með siðaðri hætti en margt annað sem hefur verið sett á prent úr landbúnaðarstefnu Alþfl. í frv.-

flutningi hér á Alþingi og lítur raunar nokkuð sakleysislega út: „... sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir.“ Þetta er að flestra dómi, held ég, frekar sakleysislegt. Þó er skilningur flm. engan veginn sakleysislegur og ef við flettum upp á athugasemd á bls. 5 vil ég fá að lesa, með leyfi forseta:

„Í framkvæmd mundi þetta þýða að allar óbyggðir Íslands yrðu lýstar þjóðareign ásamt flestum eða öllum afréttum og hálendissvæðum. Á þeim svæðum mundi íslenska þjóðin gera tilkall til allra fasteignaréttinda, svo sem vatnsréttinda, jarðhita, námuréttinda og annarra réttinda, sem bundin eru eignarrétti lands, en beitarréttindi þau sem fylgja einstökum bújörðum, upprekstrarfélögum eða sveitarfélögum stæðu óskert svo og veiðiréttindi og allar aðrar eignarheimildir annarra en ríkisins sem sönnun er færð fyrir.“

Það er sem sagt hugmynd flm. þrátt fyrir þetta tiltölulega meinlausa orðalag í 1. gr. að sölsa undir sig allar afréttir og hálendi landsins. Ég held að ekki sé hægt að tala um þetta framferði öðruvísi en sem rán og ég vil benda þeim mönnum sem svona hugsa á að rifja upp fyrir sér boðorðin.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru bara örfá orð. Búið er að ræða þetta frv. í líkum búningi og sama á undanförnum 14 árum þannig að óþarfi er að eyða miklum tíma í að ræða þetta mál. Ég tel að þetta frv. sé í sjálfu sér alveg óþarft að öðru leyti en því að það yrði kærkomið fyrir lögfræðinga vegna þess að líklegt er að af stað færu ýmis málaferli út af hálendinu. Ég held að þetta geti ekki orðið til annars eins og þetta er samið.

Það sem er í grg. á 5. síðu er bara draumur Alþfl.-forustunnar að þannig verði þetta í framtíðinni. En hér stendur í 1. gr.:

„Þau landsvæði skulu teljast þjóðareign sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir.“

Hver myndi eiga þetta annar en þjóðin ef enginn á það? Ég held að þetta sé algjör óþarfi. Ekki er verið að taka neitt land sem aðrir geta sannað að þeir eigi. Enginn þarf að halda að þó að þetta frv. verði að lögum leysi það nokkurt mál sem deilt verður um eða mál sem eru deildar meiningar um hver eigi. Þetta færi fyrir dómstólana í hverju einasta tilviki. Sem sagt, þetta væri vertíð fyrir lögfræðingastéttina í landinu. Annað sé ég ekki að þetta frv. geri. Vel getur verið að aðaláhugamál hv. þm. sé að koma af stað góðri vertíð fyrir þá. En svona frv. leysir ekki nein mál. Það skulu menn athuga.

Það hefur sjálfsagt verið mismæli hjá 1. flm. þegar hann flutti sína framsöguræðu að hann kallaði Gunnlaug Claessen hæstaréttardómara. Hann er ekki hæstaréttardómari, hann er hæstaréttarlögmaður. Það er ekki Hæstiréttur sem er að fara fram á þetta, það er starfsmaður fjmrn. og eftirmaður Sigurðar Olasonar. Hann skrifar þessa grein í tilefni af því að Sigurður var málflutningsmaður fjmrn. eða ríkisins í máli sem er hér fjallað um. Svo menn verða að athuga hvernig þetta er komið til. Hann er að gera þetta sem lögmaður fjmrn. en ekki sem hæstaréttardómari.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þetta frekar því í sjálfu sér er 1. gr. aðalatriðið í þessu frv., þetta er eitt mál. En að mínu mati er þetta alveg óþarft.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég get alls ekki verið sammála þeim málflutningi sem kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Stefáni Valgeirssyni, 3. þm. Norðurl. e. Hann talaði um það í þeim tón að hér væri fyrst og fremst verið að búa til vertíð fyrir lögfræðinga og nú mundu hefjast upp mikil málaferli ef þessi lög yrðu samþykkt. Ég veit ekki betur en að það hafi verið margvísleg málaferli í gangi og einmitt það tómarúm sem er í löggjöfinni hefur gefið tilefni til málaferla og mun gefa tilefni til sífellt vaxandi málaferla, einmitt það að það skuli skorta ákvæði um það sem gerð er tillaga um skv. því lagafrv. sem hér er flutt.

Ég tel líka að rangt sé hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, 3. þm. Norðurl. e., að halda því fram að Hæstiréttur hafi alls ekki í raun lýst eftir því að löggjöf af þessu tagi skorti. Ljóst er af þeim hæstaréttardómi og forsendum þess hæstaréttardóms sem ég las upp áðan að Hæstiréttur gat ekki úrskurðað eignarhald á landi vegna þess að lagaákvæði skorti. Hann hafnaði eignarhaldi heimamanna sem svo eru nefndir og hann hafnaði eignarhaldi ríkisins vegna þess að lagaheimildir væru ekki fyrir hendi og hann benti beinlínis á að Alþingi væri í lófa lagið að setja þessa löggjöf, það væri hlutverk Alþingis að setja þessa löggjöf. Nær getur Hæstiréttur ekki komist án íblöndunar í löggjafarvaldið að koma þeim skilaboðum til Alþingis og löggjafarvaldsins að þessa löggjöf sé eðlilegt að setja.

Þó að ég hafi þannig við kynningu þessa máls vitnað í grein eftir Gunnlaug Claessen hæstaréttarlögmann — sem ég vona að ég hafi ekki mismælt mig um að væri hæstaréttardómari áðan, en látum það liggja á milli hluta — tel ég að það sem hann hefur um þetta að segja byggist beinlínis á þessum úrskurði Hæstaréttar og að boðin séu bein frá Hæstarétti, eins bein og þau geta verið um að löggjöf af þessu tagi skorti. Það mun vitanlega gera enn þá erfiðara fyrir að úrskurða í málum þegar engin löggjöf er fyrir hendi. Þannig að vertíðin verði áreiðanlega ekki síðri hjá lögfræðingunum ef lagaákvæðin eru ekki fyrir hendi.

Hitt þótti mér harla einkennilegt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssyni, að ráðast eiginlega á dómstólana í landinu. Hann sagði héðan úr ræðustól að dómstólarnir hefðu úrskurðað ríkinu í vil í svona málum. Þetta er auðvitað árás á dómstólana í landinu. Ég veit ekki hvað hv. þm. hefur fyrir sér í þeim efnum en ég ætla ekki að gerast dómari yfir dómstólunum hér á þessum stað.

Þriðja ræðan sem hér var flutt var nú eiginlega gamall draugur og full af útúrsnúningum og skætingi, svo ekki sé nú sterkar tekið til orða, bón til alþm. um að fara að lesa boðorðin, umfjöllun um það að það frv. sem væri flutt fæli í sér rán og að hér væri verið að ganga á bændur og ráðast að þeim og rífa þá niður ef nokkur vegur var að skilja eitthvert samhengi í málflutningi hv. þm. Páls Pétursson. Hann gekk m. a. s. svo langt að segja að í þessu frv. væri fólgin stefna Alþfl. gagnvart bændum og eiginlega fjandskapur við bændur. Ég mótmæli þessum málflutningi og mér finnst hann alls ekki viðeigandi á þessum stað og þegar verið er að fjalla um mál eins og þetta.

Hitt var annað mál að þessi hv. þm., Páll Pétursson, lýsti þeirri skoðun sinni að landinu væri best borgið í eign og umsjón bænda. Það getur vitaskuld átt við í ýmsum tilvikum en reynslan er nú ekki allt of góð um það hvernig menn hafa leikið landið á ýmsum stöðum,

þeir sem hafa haft umsjón með ofbeit og því um líku. Það hefur þó orðið hlutverk þessarar samkomu hér að gefa sérstaka þjóðargjöf til að reyna að halda í við eyðingaröflin sem m. a. hafa verið ofbeit á landinu. Þannig að ég held að ekki sé hægt að kveða upp þann dóm kinnroðalaust að þessi umsjón landsins hafi tekist með svo miklum ágætum að allir geti þar verið stoltir af og ekkert megi um bæta.

Um þær ræður sem hér hafa verið fluttar vil ég að öðru leyti segja að mér fannst þó koma fram ríkari skilningur en mér hefur virst áður, t. d. í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, á því að eðlilegt væri að það sem ekki væru eignarheimildir fyrir teldist þjóðareign. Hins vegar velti hann vöngum yfir því hvernig ætti að úrskurða það og óskaði eftir því að það yrði sett inn í löggjöfina. Ég verð að segja að mér finnst eðlilegast að þegar slíkt mál er til úrskurðar sé það dómstólanna en ekki löggjafarvaldsins að úrskurða um það hver staða málsins sé. Við höfum yfirleitt haft þann hátt á að skipta þannig verkum í þjóðfélaginu og ekki eðlilegt að löggjafinn gangi þannig inn á verksvið dómstólanna eins og það hefur verið með eðlilegum hætti. En þó að okkur greini á um þetta atriði gat ég ekki annað fundið en að hv. þm. Pálmi Jónsson teldi að þetta frv. væri að ýmsu leyti eðlilegt.

Ég vil þakka þann stuðning sem kom fram í ræðum þm. Kristínar Halldórsdóttur og Hjörleifs Guttormssonar um leið og ég mótmæli þeim útúrsnúningum sem maður varð að hlusta á einkum og sér í lagi af hálfu hv. þm. Páls Péturssonar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 164, 322, 345). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þess máls sem ég hef að flytja vildi ég óska eftir að hæstv. fjmrh. yrði sóttur. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er víst bundinn núna á stundinni, en ég átti von á að hann væri hingað kominn.) Forseti. Ég á ekki erindi í ræðustól nema hæstv. fjmrh. sé í salnum. (**Forseti:** Við getum gert hlé. Ég á von á að hæstv. ráðh. verði hér innan mjög stutts tíma. Ég hef ástæðu til að ætla það, ef hv. þd. vill hafa biðlund á meðan. Rétt er að nota tímann og tilkynna þingheimi að ætlunin er að halda þessum fundi áfram klukkan 9 í kvöld og þá verður, ef þess er þörf, haldið áfram að ræða 1. dagskrármálið, en einnig verður tekið fyrir 10. dagskrármálið, lánsfjárlög 1984. — Hæstv. ráðh. gengur í salinn og ég vænti þess að hv. ræðumaður geti þá hafið ræðu sína.)

Herra forseti. Í umr. um það frv. sem hér er til umr. á mánudaginn var lýsti hv. þm. Svavar Gestsson áhyggjum okkar Alþb.-manna með tilliti til þeirrar miklu tekjulækkunar sem nú hefur orðið hjá fólki, verulegri rauntekjulækkun, þannig að hækkunin á skattgreiðslum frá desember- til febrúarmánaðar vegna 63% fyrirfram-

töku á gjöldum er sumu fólki næstum alveg óbærileg. Hv. þm. Svavar Gestsson lýsti því jafnframt að við hefðum hugsað okkur að flytja um það brtt. að framtöl þessa fólks yrðu tekin til sérstakrar athugunar og fyrirframgreiðsla þess endurmetin með tilliti til líklegrar álagningar á árinu 1984. Ljóst er að slík till. yrði of seint á ferðinni og að þetta fólk er byrjað að borga verulegar fyrirframgreiðslur. Því spurði hv. þm. Svavar Gestsson hæstv. fjmrh., sem því miður var upptekinn í Ed. og gat því ekki veitt nein svör, hvort hann væri tilbúinn að lýsa því yfir hér á Alþingi að skattstjórum væri gert að skyldu að beita sér fyrir því að farið yrði yfir fyrirframgreiðslur þessa fólks og þá sérstaklega elli- og örorkulífeyrisþega þegar í stað, burtséð frá framtölum sem slíkum, og reyna að kanna og meta í hverju tilviki hvort um væri að ræða upphæðir sem þessu fólki væru gersamlega ofviða. Ég vil vegna fjarveru hv. þm. Svavars Gestssonar taka upp spurningu hans til hæstv. ráðh. um hvort hann sé reiðubúinn að gefa þær yfirlýsingar hér að gerð verði sérstök athugun á framtölum aldraðra og öryrkja með tilliti til þess hvort fyrirframgreiðslan er hærri en ætla má að endanleg álagning verði.

Þetta var fyrra atriðið í máli hv. þm. Svavars Gestssonar. Hið síðara var um túlkun á þeirri till. sem hér liggur fyrir á þskj. 322, en hv. þm. lýsti því yfir að hann túlkaði hana þannig að samkv. henni væri heimilt að *birta opinberlega álagningarskrár á komandi sumri við* álagningu tekju- og eignarskatts og auðvitað síðan í framhaldi af því skattskrár eftir að leiðréttingar liggja fyrir. Ef þessi túlkun er hins vegar ekki rétt teljum við nauðsynlegt að leggja fram till. sem liggur fyrir á þskj. 345 og er brtt. við brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Við viljum fá svör um það frá hæstv. fjmrh., hvort hann telji að sú túlkun okkar sé rétt að samkvæmt brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. megi gefa út álagningarskrá og skattskrá eftir leiðréttingu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vona að ég hafi náð þeim spurningum sem til mín var beint. Það er vont að þurfa að vera á tveim stöðum í einu.

Önnur spurningin var varðandi 4. lið í brtt. þeim sem eru á þskj. 322 og ég vona að það nægi sem svar að ég er sammála túlkun 2. þm. Reykv. á þeim lið. En hin spurningin var í sambandi við framtöl öryrkja og aldraðra. Henni vil ég svara á þann veg, að það er ekki hægt að ákveða lækkun nema framtöl liggi fyrir. Á grundvelli reglugerðar nr. 798 frá 1983 er heimilt að lækka fyrirframgreiðslur, enda hafi rauntekjur á tekjuárinu lækkað um 25% eða aðrar aðstæður breyst sem réttlæta lækkunina. Umsóknareyðublöð liggja á skrifstofum skattstjóranna og þeim ber að skila með framtölum.

Á þessu stigi hef ég ekki önnur svör við fyrirspurnum hv. þm. Ég vona að þau nægi til þess að þetta mál hljóti endanlega afgreiðslu í þessari virðulegu deild í dag.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Má ég biðja hæstv. fjmrh. að vera viðstaddan. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er í salnum.) Herra forseti. Í framhaldi af ræðu hæstv. fjmrh. vildi ég benda á að það liggur fyrir, m. a. í gögnum sem nú liggja fyrir fjh.- og viðskn. Nd., að kaupmáttur ellilífeyris hefur rýrnað um 23—27% á

seinustu 12—16 mánuðum. Ég tel þetta að sjálfsögðu algerlega óviðunandi, en vil vekja athygli á þessu í sambandi við þær umr. sem hér fara fram um fyrirframgreiðslur skatta. Hér er því sem næst um þá hlutfallstölu að ræða sem hæstv. fjmhr. sagði að rauntekjusamdráttur þyrfti að nema til þess að hægt væri að endurskoða fyrirframgreiðslur. Nú liggur fyrir í gögnum að elli- og örorkulífeyrir hefur einmitt skerst um þessa prósentutölu. Er þá ekki fyllsta ástæða til að koma strax til móts við þetta fólk og létta af því fyrirframgreiðslunni a. m. k. sem þessu nemur? Ég tel að gera ætti allt sem unnt er til að koma til móts við þetta fólk. Ég vil beina því til hæstv. fjmrh. nú, þegar þetta er upplýst, hvort hann geti ekki beitt sér fyrir því, úr því að þessi gögn liggja fyrir, að það verði veittur almennur afsláttur til ellilífeyrisþega upp á 25% af fyrirframgreiðslunni þangað til að annar úrskurður hefur verið felldur.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil fyrst af öllu gera athugasemd við þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð. Auðvitað nær ekki nokkurri átt að hér sé verið sitt í hvorri deild að ræða frv. um tekjuskatt og eignarskatt og hæstv. fjmrh. hafi ekki tíma til að sitja hér í sal á meðan fram fara umr. Mér er vel ljóst að þó magnaður sé getur hann ekki skipt sér í tvennt. Þingið verður að skipuleggja vinnubrögð sín á annan hátt. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur umr.

Ég vil enn leggja á það áherslu varðandi fyrirframgreiðslu hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, eins og fram kom réttilega í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, að átt hefur sér stað 23% skerðing. Þetta fólk hefur ekkert til að borga af. Gera menn sér grein fyrir því að ellilífeyrisþegi sem ekkert hefur nema ellilífeyri, tekjutryggingu og svokallaða heimilisuppbót rétt losar 8 þús. kr. tekjur á mánuði? Hvað ætla hv. þm. slíku fólki að greiða? Af hverju á að taka? Ég held að það verði ekki hjá því komist að koma að einhverju leyti til móts við þetta fólk. Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að íhuga hvort ekki sé virkilega hægt að gera það. Þurfi lagabreytingu til, sem ég skal viðurkenna að ég er ekki alveg viss um, verður að gera hana. Ég býst við að hið háa Alþingi mundi gera allt sem það gæti til að greiða fyrir því að slíkt mál fengi hér hraða afgreiðslu.

Varðandi síðara atriðið af þeim tveimur spurningum sem ég lagði hér fyrir. Við stöndum auðvitað að þeirri brtt. sem liggur fyrir á þskj. 345. Það liggur nú fyrir að túlkun okkar á brtt. meiri hl. er ekki rétt, þannig að hún veitir ekki heimild til að birta endanlega álagningu eftir að skattakærur hafa farið fram. Við munum því halda til streitu brtt. sem liggur fyrir á þskj. 345.

En ég vil lengstra orða biðja menn að hugsa alvarlega um hvers konar vinnubrögð það eru af hálfu hins opinbera að vera að taka af fólki fyrirframgreiðslur sem ekkert hefur til að borga með. Það verður jafnvel að endurgreiða þær síðar á árinu. Þetta er gersamlega óviðunandi og ber að reyna að hindra af öllum mætti.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég held að þm. sem hafa setið fleiri þing en þetta þekki þær till. sem við Guðmundur J. Guðmundsson höfum flutt í þágu elli- og örorkuþega. Ætla ég ekki að telja þær upp. En þær eru í þeim anda sem nú hefur komið fram í ósk hv. næstsíðasta ræðumanns. Ég má því sleppa billega út úr þessum vanda. Ég mun taka til athugunar óskir hans um að fella niður fyrirframgreiðslurnar. Reglugerðarbreytingu þarf til, en hún er eflaust á valdi fjmrh. Ég mun taka þetta til athugunar með jákvæðu hugarfari.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að fara að óskum okkar þm. Alþb. og þm. Alþfl. og vil benda á að hann hefur lýst því yfir að hér verði gerð reglugerðarbreyting og fyrirframgreiðslur lækkaður eða niður felldar af elli- og örorkulífeyrisþegum. Það er sannarlega óvenjulegt að árangur verði slíkur sem hér hefur orðið af málflutningi okkar og fyrir það vil ég svo sannarlega þakka.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umr. hefur verið lögð áhersla á það af hálfu Alþb. að fram komi skýrt að heimilt sé að birta skattskrá um leið og einstaklingum er kynnt álagningin. Mér fannst svar hæstv. fjmrh. vera nokkuð loðið þegar hann gaf svar við þeirri fsp. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir lagði fram. Væri þess vegna æskilegt, áður en þessari umr. lýkur, að fá skýr svör við því frá hæstv. fjmrh. hvort að hann styður þá brtt. sem hv. þm. Svavar Gestsson og Sighvatur Björgvinsson hafa lagt fram svo að það liggi alveg ljóst fyrir áður en þessari umr. lýkur í ljósi þeirra góðu undirtekta sem virtust vera í ræðu hæstv. ráðh. hvort það er ekki rétt skilið að hann styðji brtt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins að það komi fram að nákvæmlega sams konar till. og hér er rætt um var flutt á síðasta Alþingi, þá m. a. með stuðningi þess alþm. sem nú situr í sæti hæstv. fjmrh. Mér kemur því ekki til hugar annað en að hann muni sjá til þess að framkvæmdin verði með þeim hætti sem hann sjálfur lagði til á s. l. vetri.

ATKVGR.

Brtt. 345 felld með 20:14, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GSig, GeirG, GE, ÓRG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, SighB, KJóh, KH, ÓÞÞ, SJS.

nei: ÞS, AS, GHG, SiggB, FrS, GB, KMT, HÁ, HBl, EKG, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, StG, SV, SvH, ÞP, IG.

6 þm. (GeirH, FÞ, KSK, PS, StH, SvG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var á síðasta Alþingi flm. að till. eins og þeirri sem hér liggur fyrir ásamt mér og hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni. Ég treysti því að ef þessi deild ekki samþykkir þessa till. geri hæstv. fjmrh. ráðstafanir til þess í Ed., þar sem hann á sæti, að hún verði þá samþykkt og standi þannig við afstöðu sína frá því á s. l. vetri. Ég segi já.

Brtt. 322,4 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

[Fundarhlé.]

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 349, sbr. 346). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga. Frv. hefur þegar hlotið afgreiðslu í virðulegri Ed. Alþingis. Í samræmi við stefnu ríkisstj. var efnahagsstefnan í launa-, gengis- og ríkisfjármálum mótuð við gerð fjárlaga og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984. Komið hefur fram að stefnt er að sem stöðugustu gengi krónunnar. Í ljósi erfiðrar afkomu í efnahagsmálum er aðeins svigrúm til launahækkana er nema 4%. Þessa dagana standa yfir kjarasamningar. Veltur á miklu að þeir komi út í sem mestu samræmi við markaða stefnu stjórnvalda svo að takast megi að fyrirbyggja uppgang verðbólgunnar að nýju hér á landi. Eins og allir vita er mikilvægt að viðhalda þeim stöðugleika sem þegar hefur náðst á undanförnum mánuðum. Má minna á að nýverið var tilkynnt um hækkun framfærsluvísitölunnar í janúarmánuði og nam hún 0.63% sem þýðir 7—8% á ársgrundvelli. Eins vita allir að slíkur árangur hefur ekki komið af sjálfu sér heldur með samstilltu átaki allra landsmanna. Það er deginum ljósara að launahækkanir umfram þann ramma sem stjórnvöld hafa lagt til munu fyrr eða síðar hleypa verðlaginu á skrið að nýju.

Á síðustu árum hefur verið mjög mikið um erlendar lántökur hér á landi til að fjármagna ýmsar fjármagnsfrekar framkvæmdir, einkum á sviði fjárfestingar, en einnig til að fjármagna almennan innflutning. Með þessu móti hefur verið haldið uppi mikilli eftirspurn og fullri atvinnu á síðustu árum. Nú er svo komið að það er mönnum áhyggjuefni hversu háar erlendar skuldir þjóðarinnar eru, en þær nema um 60% af þjóðarframleiðslunni. Lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga árið 1984 var byggt á ströngu aðhaldi í innflutningi og opinberum framkvæmdum. Allt kapp var lagt á að auka ekki skuldsetningu þjóðarbúsins og áformaðar erlendar lántökur voru takmarkaðar við það.

Við meðferð Ed. Alþingis hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv. til lánsfjárlaga. Í heild fellur sú afgreiðsla þó vel innan þess ramma sem settur hefur verið um erlendar lántökur alls 4573 millj. kr. og þar af renna 2871 millj. kr. til opinberra aðila. Meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. mælti með samþykkt frv. með þeim brtt. sem hann flutti á sérstöku þskj. Ég ætla nú að gera grein fyrir þeim breytingum sem frv. hefur tekið við umfjöllun n. í Ed.

Umfjöllun fjvn. um fjárlagafrv. leiddi til breytinga sem jafnframt hafa áhrif á lánsfjárfrv. Nauðsynleg heimild til erlendrar lántöku A- og B- hluta ríkissjóðs er nú metin alls 1641 millj. kr. í stað 1708 millj. kr. eins og var í frv. til lánsfjárlaga. Heimild til innlendrar lánsfjáröflunar er nú talin 600 millj. kr. í stað 478 millj. og deilist þannig, að ríkissjóði, A- og B-hluta, eru ætlaðar 278 millj. kr. og Byggingarsjóði ríkisins 322 millj. kr. Ákvörðun ríkisstj. frá s. l. ári um að hækka veitt lán Húsnæðisstofnunar um 50% jók útgjöld stofnunarinnar um 280—290 millj. kr. Á árinu 1984 koma til greiðslu 122 millj. og er því sótt um lántökuheimildir fjárlaga til að fjármagna þetta verkefni. Árið 1983 námu lánveitingar vegna þessa verkefnis 160 millj. kr. Var það fjármagnað með 43 millj. kr. skuldabréfasölu og 120 millj. kr. fjárútvegun ríkissjóðs. Þá er hér jafnframt sótt um heimild til 200 millj. kr. skuldabréfaútgáfu vegna sérstakrar fjáröflunar til Byggingarsjóðs ríkisins eins og fram kemur í aths. við lánsfjárlagafrv.

Við afgreiðslu fjárlaga urðu þær breytingar að lánsfjáröflun til Vegagerðar lækkaði um 87 millj. kr., m. a. vegna hækkunar á mörkuðum tekjum til vegagerðar. Á móti hækkuðu fyrirhuguð lántaka Byggingarsjóðs rannsóknastofnana atvinnuveganna um 2 millj. kr. og stefnt er að lántöku hjá Póst- og símamálastofnuninni alls 30 millj. kr. Heimild til þeirrar lántöku liggur fyrir í sérlögum. Í meðförum Ed. er að auki gert ráð fyrir lántöku vegna kaupa á flugleiðsögutækjum flugmálastjórnar að andvirði allt að 17.4 millj. kr., en ekki var ætluð fjárveiting vegna þessa í fjárlögum 1984. Fyrir Alþingi liggur frv. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Er það 140. mál Ed. Þar er gert ráð fyrir að árlega verði lántökur til flugstöðvarframkvæmda ákveðnar í lánsfjárlögum. Hér er miðað við, eins og fram kemur í aths. lánsfjárlagafrv., að lántaka verði 88.8 millj. kr. í ár. Ég vek athygli á þessu vegna umfjöllunar um frv. um flugstöð í Keflavík, sem liggur fyrir Alþingi til afgreiðslu.

Hv. Ed. Alþingis taldi nauðsynlegt að gefin yrði nánari sundurliðun en fram kemur í lánsfjáráætlun um ráðstöfun lánsfjár Landsvirkjunar til framkvæmda. Mörgum sýnist að Alþingi ætti að fjalla nánar en oft hefur verið um framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar, enda erlendar lántökur fyrirtækisins mjög miklar. Að höfðu samráði við iðnrn. var lagt til að framkvæmdum yrði hagað í samræmi við þá skiptingu sem fram kemur í 3. gr. frv. til lánsfjárlaga á þskj. 349.

Á 4. gr. frv. var gerð eftirfarandi breyting: Fyrirhuguð er lántökuheimild til grænfóðurverksmiðju í Skagafirði, alls 9 millj. kr. Ráðgert er að þetta lán endurgreiðist með auknu hlutafé eignaraðila, en verksmiðjan á í miklum fjárhagserfiðleikum. Þá er lántaka vegna sjóefnavinnslu á Reykjanesi hækkuð um 11 millj. kr., í 45 millj. kr. Er þetta nauðsynlegt vegna vaxta og afborgana af eldri lánum. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum við saltverksmiðjuna á árinu.

Við gerð áætlunar fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar láðist að taka tillit til fjármagnskostnaðar vegna skuldbreytinga á lánum hitaveitunnar. Því var lögð til viðbótarlánsheimild að fjárhæð 14 millj. kr. Þannig nemur lánsfjárheimild alls 22.5 millj. kr. Þá féllst fjh.- og viðskn. Ed. á ósk Hitaveitu Kjalarness um heimild til 25 millj. kr. lántöku til stofnframkvæmda við lagningu hitaveitu í hreppnum að því tilskildu að samkomulag náist um þá framkvæmd milli hlutaðeigandi aðila og að iðnrn. veiti veitunni rekstrarleyfi í samræmi við ákvæði orkulaga.

Bætt var við nýrri gr. í frv., 27. gr., þar sem frestað er gildistöku ákvæðis um lánveitingar Lánasjóðs ísl. námsmanna á árinu 1984. Því er, eins og var á árinu 1983, gert ráð fyrir að 95% af umframfjárþörf námsmanna verði mætt.

29. gr., sem var 28. gr., breyttist með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er þar viðbótarheimild til erlendrar lántöku vegna lánsfjárlaga fyrir 1983. Í ljós hefur komið að fjármagnsútgjöld vegna Kröflu og byggðalínu reyndust hærri en áður var talið. Því er sótt um heimild til 400 millj. kr. viðbótarlántöku í stað 340 millj. kr. Í öðru lagi er leitað heimildar til ríkisábyrgðar vegna lántöku Hitaveitu Vestmannaeyja og Hitaveitu Rangæinga á

árinu 1983, alls 39.2 millj. kr.

Hins vegar liggur hér frammi hjá formanni hv. fjh.- og viðskn. Nd. brtt. um heimild fjmrh. til endurgreiðslu á lendingargjöldum Flugleiða vegna Norður-Atlantshafsflugsins á tímabilinu 1. okt. 1983 til 31. des. 1984 og skal framkvæmdin ákveðin í samráði við fjvn. Alþingis.

Á það hefur verið bent að hvergi sé að finna lausn á fjárhagsvanda skipaiðnaðarins, útgerðar eða landbúnaðar. Jafnhliða því sem þessi mál eru í skoðun hefur verið afráðið að á þeim skuli ekki tekið í lánsfjárlögum. Því hljóta þessi mál að koma til kasta Alþingis síðar. Augljóst er þó að bankakerfið og lánastofnanirnar verða að leggja sinn skerf af mörkum til lausnar á erfiðleikum atvinnuveganna.

Hjá því fer ekki, að mjög miklu skiptir að innlendi lánsfjármarkaðurinn bregðist vel við sölu spariskírteina og annarra verðtryggðra skuldaviðurkenninga. Það er stefna núv. stjórnar að snúa af þeirri braut að leita ávallt í erlenda lánsfjármarkaði þegar afla þarf lánsfjár. Takist ekki að afla fjár til húsnæðislánakerfisins eða ríkissjóðs tel ég annað ekki koma til greina en að endurskoða útlánaáform Húsnæðisstofnunar og fjármál ríkissjóðs. Til þess að gera sölu spariskírteina álitlega var ákveðið að bjóða hærri vexti en áður. Nú eru til sölu 80 millj. kr. í formi verð- og gengistryggðra pappíra og hafa selst um 20 millj. kr. þegar.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta mál að sinni, en vona að hv. Nd. Alþingis bregði skjótt við og afgreiði þessi lánsfjárlög með hraði, því að það er farið að standa á samþykkt þeirra.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þá höfum við móttekið einn partinn enn af hinu undarlega afkomudæmi íslenska ríkissjóðsins. Við erum búin að fjalla um fjárlög, nú erum við að fjalla um lánsfjárlög, síðan munum við væntanlega fjalla um aukafjárveitingar og einstök frv. eru til umr. um lántökur. Svo höfum við óljósar yfirlýsingar um skuldbreytingar, þ. e. skuldbreytingar í sjávarútvegi, þ. e. skuldbreytingar í landbúnaði. Einhvern veginn hvarflar að manni að þó að menn nefni nú ákveðnar tölur, ef ég man rétt 1388 millj. skuldaaukningu sem reiknað er með að þessu sinni, viti menn raunar ekki neitt í hvað er verið að sigla. Ég held að það væri óvitlaust að einhver gerði tillögur um heilsteyptari umfjöllun á þessum málum.

En ef við víkjum nánar að frv. til lánsfjárlaga er eitt sem vekur athygli og það er að augljóst er að gert er ráð fyrir talsverðri innlendri lánsfjáröflun á þessu ári og eins og hæstv. fjmrh. orðaði það er treyst á að innlendi lánsfjármarkaðurinn bregðist vel við. Í þessu sambandi vakna ýmsar spurningar. Hvernig reiddi áætlaðri lánsfjáröflun á þessum markaði af á síðasta ári? Náðist það sem til stóð? Mér býður í grun að svo hafi ekki verið. Er einhver ástæða til að ætla að það muni ganga eitthvað betur að þessu sinni, jafnvel þótt menn bjóði fjölbreyttari form og jafnvel hærri vexti? Það hvarflar að manni sá grunur að jafnvel þótt menn væru til þess fúsir að leggja fram fé ættu þeir ekki til þess aur. Það er þá einhvers staðar meira til af peningum en menn verða varir við um þessar mundir. Ég er spenntur að vita hvar þeir peningar eru til. Það væri verulega skemmtilegt að sjá þá birtast og við skulum vona það besta. En eins og ég segi: Það er uggur í brjósti mér um innlenda lánsfjáröflun. Það er líka uggur í brjósti mér vegna þess að mér virðist að ef innlend lánsfjáröflun gengur ekki eins og til er ætlast muni þeir gjalda sem síst skyldu eina ferðina enn, þ. e. þeir Íslendingar sem eru að reyna að basla við að koma yfir sig þaki. Það hefur verið ansi oft höggvið í þann knérunn. Við vitum öll hvernig ástandið er á þeim bæ og mér þykir leitt að heyra að endurskoða verði útlánastefnu ef innlend lánsfjáröflun verður af skornum skammti. Mér finnst að það verði að taka á vanda húsbyggjenda í þessu landi á einhvern annan hátt en að skera niður lán til þeirra, ef svoköllud innlend lánsfjáröflun gengur ekki eins og til er ætlast.

Annað sem ég rek augun í þegar farið er yfir þessi plögg er að gífurlegar fjárhæðir er áætlað að taka til láns vegna virkjunarframkvæmda fyrir Landsvirkjun, 900 millj. Þar af eiga 200 millj. að fara í Blöndu. Þá spyr ég hvort menn ætli ekki að staldra við. Það hefur verið mikil umræða hér í vetur um hátt orkuverð, það hefur verið mikil umræða um peninga sem við verjum í orkuframkvæmdir og það hafa verið efasemdir um arðsemi þeirra. Spurningin er hvort þær 900 millj. sem ætlað er að verja að þessu sinni til orkuframkvæmda mættu kannske ekki bíða á meðan athugað er hvort einhvers staðar væri betra pláss fyrir þær. Hver ætlar að kaupa rafmagnið frá fyrirtækjunum sem 500 eða 600 millj. eiga að fara í á þessu ári? Að því er manni heyrist er fólkið í landinu að gefast upp á að kaupa það rafmagn og ekki virðast erlendir orkukaupendur bíða í löngum röðum. Mér sýnist því að það þurfi miklu haldbetri upplýsingar um áform og stöðu Landsvirkjunar og virkjunarframkvæmda í þessu landi áður en menn geta kyngt þessum stóra bita.

Það er talað um 400 millj. sem verði að afla vegna vaxta og afborgana af Kröflu og byggðalínum. Þessir peningar eru núna utan sviga í rafmagnsverðinu. Fróðlegt væri að vita hvað kwst., sem við erum að kikna undir, kostaði ef þessum peningum væri nú bætt við og þeir settir inn í dæmi sem þeir raunverulega eiga heim í. Mér þykir vanta illilega upplýsingar um stöðu framkvæmda við Kröflu og byggðalínur í þetta stóra dæmi.

Hérna erum við að tala um hundruð og þúsundir millj., eins og ef við tökum þessa tölu úr orkudæminu, frá Landsvirkjun, Kröflu og byggðalínum, sem dæmi: Við erum að tala þarna um einar 1200 millj. 1200 millj. koma hérna á okkar borð fylgiskjalalausar. Þetta kemur undarlega við menn þegar ekki eru liðnir tveir mánuðir frá afgreiðslu fjárlaga, þar sem menn bitust og sprengdu blóð undan nöglum sér út af örfáum þúsundatugum, við að reyna að bjarga 10 þús. hér og 10 þús. þar. Nú skal taka fyrir augun í nokkrar mínútur og afgreiða 1200 millj. í bransa sem virðist vera á hausnum í þokkabót. Mér finnst liggja við að þarna skorti lágmarks kurteisi.

Samkv. þessu frv. er reiknað með mjög verulegri skuldaaukningu. Það er reiknað með 1400 millj. kr. aukningu skulda, sem eru 2% af þjóðarframleiðslu. Við nálgumst eða erum komin yfir 60% markið, sem var þegar einhver ætlaði að segja af sér. Þrátt fyrir þá aukningu sem við höfum hér á blaði eru augljóslega ótaldir stórir póstar til viðbótar. Það er spurning hversu margir verða að segja af sér þegar þeir póstar eru allir búnir að skila sér. Ég minntist hérna á í byrjun hluti eins og skuldbreytingar í sjávarútvegi og skuldbreytingar í landbúnaði. Það eru ótalin önnur göt, eins og sjúklingaskattur sem mig minnir að hafi átt að skila 200 millj.

Það hefur farið lítið fyrir honum. Það hvarflar að manni hvort menn séu kannske hættir við að framkvæma hugmyndina og það gæti kannske farið svo að skuldir hækkuðu enn þá meir.

Að lokum vil ég segja að ég held að það hljóti að vera illt að vera málsvari fyrir þessa ríkisstj. Þetta er ríkisstj. sem lofaði því fyrir kosningar að hún ætlaði að hækka húsnæðislán til landsmanna upp í áður óþekktar upphæðir. Ef við lítum á plöggin kemur í ljós að húsnæðismálin eru einu sinni enn sett á gaddinn. Þau eiga að vera undir því komin að innlendur lánsfjármarkaður, peningar hjá fólki sem hefur ekkert að borða nema grjónagraut, geti staðið undir þeim.

Í öðru lagi lofaði ríkisstj. því að skattar yrðu lækkaðir á áður óþekktan hátt. Við vitum allir í hvaða átt skattadæmið er að fara um þessar mundir. Ef ég man rétt lofaði þessi sama stjórn því að erlendar skuldir mundu nú hætta að aukast. Þess sjást engin dæmi. Og ég spyr bara: Hvar er nú nýsköpunin, hvar er nýstefnan, nýjabrumið?

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. fyrsta frv. hæstv. ríkisstj. til lánsfjárlaga og jafnframt fyrsta frv. til lánsfjárlaga sem ráðherra Sjálfstfl. leggur fram síðan Matthías A. Mathiesen vann sér það til frægðar að verða mesti skuldakóngur í röðum íslenskra fjmrh. Það er ljóst að þetta frv. staðfestir að allar yfirlýsingar forustumanna Sjálfstfl. á undanförnum árum um hvaða stefna yrði tekin upp í ríkisfjármálum þegar þeir fengju völdin í sínar hendur hafa reynst rangar. Það er ekki aðeins að þetta frv. beri það með sér að ríkisstj., sem skerti kjörin í landinu um fjórðung með tilvísun til þess að nauðsyn væri að takmarka erlendar skuldir, leggur nú fram frv. til lánsfjárlaga sem staðfestir stórfellda aukningu erlendra skulda, heldur er hér einnig á ferðinni staðfesting á því að stórfelldur halli á ríkissjóði og peningaprentun í Seðlabankanum eiga að setja svip sinn á efnahagsstjórnina á árinu 1984.

Í þessu frv. er hvergi að finna minnsta vott um þá nýju atvinnustefnu sem talsmenn Sjálfstfl. voru að kalla á á árum áður. Þvert á móti felst í þessu frv. veruleg uppgjöf varðandi nýsköpun í atvinnumálum landsmanna. Það er t. d. ærið sérkennilegt að eftir öll stóru orðin um nauðsyn þess að brjóta í blað í orkuframkvæmdum og hefjast nú handa um stórfelldar virkjanir, sem ættu að skapa þjóðinni mikinn auð um ókomna framtíð, er ljóst að á fyrsta heila valdaári Sjálfstfl. í iðnrn. og fjmrn. verður mun minna um orkuframkvæmdir en á undanförnum árum. Öll stóru orðin, sem fyrrv. formaður Sjálfstfl., sem núv. iðnrh., sem núv. viðskrh. og aðrir talsmenn Sjálfstfl. á undanförnum árum hafa haft um nauðsyn þess að hefja nú stórt átak í orku- og iðnaðarmálum falla dauð með þessu frv. Hér er stigið verulegt sport aftur á bak hvað snertir ný tök á þessum málaflokki.

Er að finna í þessu frv. grundvöll að nýrri fjárfestingarstefnu í sjávarútvegi? Nei. Er að finna í þessu frv. grundvöll að nýrri fjárfestingarstefnu í landbúnaði? Nei. Er að finna í þessu frv. grundvöll að nýrri fjárfestingarstefnu í iðnaði? Nei. Er að finna í þessu frv. einhvern minnsta vott þess að ríkisstj. ætli að leggja grundvöll með atvinnustefnu sinni og fjárfestingarstjórn að betri þjóðarauði og meiri þjóðartekjum á seinni hluta kjörtímabilsins? Svarið er einnig nei. Ekkert slíkt er í þessu frv. Þetta er einfaldlega frv. um aukningu erlendra skulda, um staðfestingu á óbreyttu ástandi í fjárfestingarstjórn landsins og það sem meira er: staðfesting á uppgjöf Sjálfstfl. við að standa við allar stóru yfirlýsingarnar um orku- og iðnaðarmálin á undanförnum árum.

Herra forseti. Ríkisstj. knúði í gegn með lagasetningu slíka kjararýrnun að þúsundir Íslendinga búa nú við sára fátækt. Dæmin um fjölskyldur sem eiga ekki fyrir mat, sem geta ekki kveikt á sjónvarpi á heimili sínu, kveikt ljós eða hitað grjónagraut vegna þess að þær hafa ekki efni á að greiða rafmagnið svo að aftur verði opnað fyrir rafmagnið á heimilum þeirra eru fjölmörg. Dæmunum um börnin sem þurfa að spyrja foreldra sína hvers vegna ekki er boðið upp á venjulegan hollan mat á þeirra heimili fjölgar í hverri viku. Þessi mikla kjaraskerðing var gerð fyrst og fremst með tilvísun til þess að þjóðin hefði safnað svo miklum erlendum skuldum að það yrði að snúa þessari þróun við. Hæstv. fjmrh. skuldar Alþingi og þjóðinni svör við þeirri spurningu hvernig standi á því að í kjölfar þessarar miklu kjaraskerðingar leggur hann hér fram frv. sem felur í sér stórfellda aukningu á erlendum skuldum. Hæstv. ráðh. hefur gefið yfirlýsingu um að verði erlendar skuldir 60% af þjóðartekjum eða meir muni hann fara frá, þá eigi ríkisstj. að fara frá, þá sé stjórnarstefnan svo gjaldþrota að ríkisstj. eigi umsvifalaust að fara frá, svo vitnað sé orðrétt í hæstv. fjmrh. Þetta frv. ber með sér að nú skortir aðeins, á árinu 1984, örfá prómill upp á að þessu marki verði náð, þessu hættustigi verði náð og ríkisstj. verði skv. orðum hæstv. fjmrh. tafarlaust að segja af sér. Þetta er nú allur árangurinn. Þetta er öll réttlætingin. Og er ekki eðlilegt að spurt sé: Ef hin mikla kjaraskerðing var gerð til að draga úr erlendum skuldum og niðurstaðan er stórfelld aukning erlendra skulda, er þá ekki ljóst að aðferðin hefur verið röng, að hæstv. ráðh. hafa leitt þjóðina inn á braut kjaraskerðingar án þess að ná nokkrum árangri eftir þeim mælikvarða sem þeir sjálfir hömpuðu mest þegar þeir knúðu í gegn þvingunarlögin á launafólk í landinu?

Herra forseti. Þegar Sjálfstfl. fór með fjmrn. á árunum 1974—1978 safnaði hann stórfelldum skuldum. Núv. fjmrh. ætlar að halda fast við þessa stefnu Sjálfstfl., skuldastefnuna, hallastefnuna. Fróðlegt væri að fá útskýringar á því hjá hæstv. fjmrh. hvers vegna skuldastefnan og hallastefnan er svona góð, að um leið og Sjálfstfl. fær fjmrn. í sínar hendur er umsvifalaust horfið að því ráði að hlaða upp skuldum ríkissjóðs og reka fjárhagsbúskap ríkisins með þeim hætti að seðlaprentun er eina leiðin til að reka trippin.

Þetta er sérstaklega brýnt í ljósi þess, að sú seðlaprentun sem fjmrh. beitir sér fyrir er í rauninni ígildi erlendrar skuldasöfnunar hvað afleiðingar fyrir efnahagskerfið snertir. Þess vegna er kannske skiljanlegt, þegar hæstv. fjmrh. er farinn að dansa á 60% markinu hvað snertir hina erlendu skuldasöfnun og ráðherrastólarnir eru farnir að riða á afturfótunum samkv. hans eigin skilgreiningu, að hann bregði þá á það ráð, til þess að geta setið áfram í stólnum, að blekkja efnahagsstjórnina með því að safna skuldum við Seðlabankann og knýja á um innlenda seðlaprentun.

Herra forseti. Það hefur komið fram í þessum umr. að mikið skortir á að frv. til lánsfjárlaga veiti tæmandi

mynd af lánsfjárvanda atvinnuveganna. Inn í þetta frv. vantar verulegar upphæðir sem nauðsynlegar eru í samræmi við þarfir höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Einnig er ljóst að hæstv. fjmrh. byggir þá veiku grind sem í frv. felst á tveimur forsendum sem alls ekki munu standast.

Annars vegar á bankakerfið að leggja meira af mörkum til að leysa fjármögnunarvanda atvinnuveganna. Hæstv. fjmrh. hefur ekkert í höndunum sem bendir til þess að svo verði. Ef hann hefur náð í eitthvað slíkt töframeðal væri mjög æskilegt að hann lýsti því hér í ræðustól svo að þingheimur hefði tækifæri til að meta á trúverðugan hátt hvort þetta er rétt.

Í öðru lagi dró hæstv. ráðh. í efa að fjármögnunaráætlun til húsnæðislána mundi standast, sagði beinlínis hér að þá yrði að endurskoða alla húsnæðisstefnuna — eða m. ö. o.: sú húsnæðisstefna sem ráðh. hafa kappkostað og keppst um, forsrh., félmrh. og fjmrh., að lýsa sem glæsilegast á undanförnum mánuðum hvílir á svo veikum grunni að hæstv. fjmrh. er ekki einu sinni sannfærður um það hér og nú að hún kunni að standast. Það væri mjög fróðlegt ef forustumenn Sjálfstfl., sem lofuðu þjóðinni í síðustu kosningum 80% lánveitingu, gæfu skýringar á því hvernig stendur á því að jafnvel hinar takmörkuðu efndir sem þeir reyndu að koma í framkvæmd á því loforði á síðasta ári séu nú jafnhæpnar og hæstv. fjmrh. lýsti áðan.

Það er þess vegna ljóst, herra forseti, að þetta frv. þarfnast vandlegrar athugunar í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, einkum og sér í lagi í ljósi þess að sú venja var ekki viðhöfð nú, eins og oftast áður, að fjh.- og viðskn. beggja deilda ynnu saman að þessu máli. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að fjh.- og viðskn. gefi sér góðan tíma til að skoða það hrófatildur sem hæstv. fjmrh. hefur hér mælt fyrir. Þó hefur það þegar komið í ljós — á fundi n. í morgun — að í þessu frv. felst ein stefnunýjung. Það er mjög merkilegt á hvaða sviði hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl. hefur talið nauðsynlegt að brjóta í blað í þessu efni.

Biskupinn yfir Íslandi og kirkjuráðið gjörvallt komu á fund fjh.- og viðskn. í morgun og tilkynntu n. að í þessu frv. fælust einhver mestu samningssvik sem um getur í samskiptum ríkis og kirkju á undanförnum áratugum og þetta frv. væri í reynd aðför að frjálsu kirkjustarfi í landinu. Það hafði verið gerður samningur milli ríkisins og kirkjunnar í tíð Jóhanns Hafstein, sem ég veit að hæstv. fjmrh. metur mikils, þess efnis að Kristnisjóður fengi í sinn hlut ígildi launa prestakalla sem ekki eru setin. Allar ríkisstj. síðan og allir fjmrh. hafa staðið við þennan samning. Allir hafa viljað halda í heiðri þetta grundvallarlögmál í samskiptum ríkis og kirkju. En nú kemur Sjálfstfl., sjálfskipaður útvörður guðs á Íslandi og þjóðkirkjunnar, og ríður á vaðið með að taka Kristnisjóð í fyrsta sinn inn í lánsfjárlög til þess eins að staðfesta með formlegum hætti að samningurinn sem Jóhann Hafstein gerði við biskupinn yfir Íslandi verði svikinn. Það kom greinilega fram á þessum fundi, að ýmsir þeir menn í kirkjuráðinu íslenska sem hafa tekið trúanlegar yfirlýsingar Sjálfstfl. um stuðning hans við kristni og kirkju voru slegnir forundran yfir þeirri aðför sem í lánsfjárfrv. felst. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hér: Hverning stendur á því að hann telur svo nauðsynlegt að gerast nú á þessu eina sviði frumkvöðull, þ. e. rifta helgum samningi ríkis og kirkju um Kristnisjóð? Hér er ekki um neinar stórar upphæðir að ræða. (Gripið fram í.) Sú upphæð sem Kristnisjóður hefði átt að fá er litlar 3.8 millj. Það er ekki stór upphæð. Ætli það sé ekki aðeins meira en hæstv. iðnrh. varði til að framkvæma Hagvangsathugunina á Rafmagnsveitum ríkisins. En engu að síður, þó að þetta séu nú bara 3.8 millj., taldi fjmrh. nauðsynlegt að rjúfa þennan samning. Og ég spyr hér og óska eftir því að fjmrh. svari því strax við þessa umr.: Hvernig stendur á því að hann fyrstur allra íslenskra fjmrh. rýfur þann samning sem Jóhann Hafstein gerði við þjóðkirkjuna á Íslandi?

Herra forseti. Fram kom ein athyglisverð yfirlýsing í ræðu hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. var fyrir rúmri viku mjög stóryrtur opinberlega og hér í þinghúsinu um 4% ramma fjárlaganna varðandi launasamninga. Sjónvarpið birti viðtal, sem tekið var í hliðarsal Alþingis, þar sem ráðh. sat ábúðarmikill og alvarlegur og spurði fréttamanninn: Hvenær hefur þú vitað til þess að ég gengi á bak orða minna? Ráðh. endurtók svo í fjölmiðlum að allar tilraunir til að fara fram úr þessum 4% ramma væru tilraunir til að reka hann úr ríkisstj. Morgunblaðið, spurði hann álits á ummælum forsrh. og iðnrh. um þetta efni. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að það liti svo út sem þessir tveir hæstv. ráðh. væru að gera tilraun til að reka hann úr ríkisstj. Þetta voru stór orð og mikil. Einsdæmi er í sögu íslenskra stjórnmála að einn ráðh. hafi lagt embætti sitt að veði fyrir slík prósentumörk. Síðan hefur verið þögn um þetta mál, mikil þögn. Hæstv. fjmrh. hefur ekki sagt orð. Hæstv. iðnrh. hefur ekki sagt orð. Og það sem er öllu merkilegra: hæstv. forsrh. hefur ekki heldur sagt neitt um málið. En nú gerist það hér að hæstv. fjmrh. laumar einni lítilli setningu inn í framsöguræðu sína. Hann sagði „að kjarasamningar yrðu í sem mestu samræmi við þá stefnu sem ríkisstj. hefði markað". — Í sem mestu samræmi. Undanhaldið er hafið. Ráðherrastóllinn er heitur, mjúkur og góður og það á ekki að fórna honum fyrir einhver prósent fram yfir 4%. Fjmrh., blessaður, er byrjaður að undirbúa uppgjöf sína — merkilegt nokk — og hefur yfirlýsing forsrh. og iðnrh. reynst marktækari í þessu efni og þeim hefur tekist á þessum þagnardögum að fá hæstv. fjmrh. til að sjá að sér. Nú ætlar hann ekki lengur að standa við stóru yfirlýsingarnar, heldur er búinn að búa til formúlu sem á að nægja honum til að sitja áfram hvað sem gerist í kjaramálunum. Nú er það ekki lengur klippt og skorið við 4%. Nú er það ekki lengur alvöruþrunginn ráðh. sem birtist á sjónvarpsskermi og segir: Hvenær hefur þjóðin vitað til þess að ég gengi á bak orða minna? Nú er það hógvær og lítillátur ráðh. sem er hér í ræðustól byrjaður að tala um að kjarasamningar „verði í sem mestu samræmi við". Þetta minnir á fræga yfirlýsingu Ólafs Jóhannessonar, „Stefnt skal að", sem er orðin fræg að endemum í íslenskri stjórnmálasögu fyrir möguleika til að teygja hana og túlka í allar áttir. Auðvitað má þetta, „í sem mestu samræmi við", hljóta sömu meðferð. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða tölur er hann með í huga í þessu efni? Eru það 6% sem forsrh. nefndi? Eru það 7% eða 8% eða 5%? Hvar er sá rammi, svo notað sé þekkt orð, sem er „í mestu samræmi við" 4% rammann?

Herra forseti. Ég hef hér beint nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh. Hann hefur haft það fyrir venju hér í

þinginu — og það er góð venja — að svara öllum þeim spurningum sem til hans er beint. Ég vænti þess að svo verði einnig hér og nú í kvöld og tel fullvíst að svör hans verði til að greiða fyrir framgangi málsins í hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það vekur óneitanlega athygli að hæstv. fjmrh. er einmana hér í kvöld. Hún er fremur fáliðuð hæstv. ríkisstj. á þessum kvöldfundi þar sem Nd. ræðir lánsfjáráætlun í fyrsta sinn. Það vekur m. a. athygli að hæstv. félmrh. er ekki hér í kvöld. Á hann þó reyndar nokkuð í króganum sem verið er að tala um. Sá hæstv. ráðh. hefur greinilega ekki miklar áhyggjur af því hvaða fjármagn á að renna frá ríkissjóði til húsbyggjenda á þessu herrans ári 1984. Það kemur fram í 13. og 14. gr. lánsfjáráætlunarinnar og standa litlar 200 millj. þar fyrir hvorn lið. Nú veit ég ekki hversu grannt hæstv. fjmrh. þekkir til málefna Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, en hæstv. félmrh. ætti að gera sér grein fyrir því, að sá rammi sem hér er ætlaður þessum sjóðum til þeirra verkefna sem þeim ber að reyna að inna af hendi er mjög þröngur. Eins og horfir með fjármagn frá lífeyrissjóðunum, Atvinnuleysistryggingasjóði, skyldusparnaði, svo ekki sé nú minnst á þann innlenda lánsfjármarkað sem alltaf er vitnað í óskilgreint, þá er það þannig, að kunnáttumenn leyfa sér að draga í efa að sjóðirnir geti, miðað við það fjármagn sem þeim er ætlað frá ríkinu á þessu ári, haldið óbreyttri framkvæmdagetu. Það verða ekki 80% til allra húsbyggjenda, sem þeir lána út frá þessum tölum, það er alveg greinilegt. Það verða ekki 50%. Og verður ekki einu sinni magalendingin fræga, 30%. Það verður ekki einu sinni þessi fræga 30% magalending, þegar 80% til allra voru orðin að 30% og þó tæplega það.

Ég vek athygli á því hvaða hlut hæstv. ríkisstj. ætlar hér að verja til málefna húsbyggjenda, sérstaklega vegna þess að af fáu gumaði hún meira í kosningunum s. l. vor en einmitt því hve það yrði nú gaman, hve það yrði nú létt og þægilegt að verða húsbyggjandi á Íslandi, aðeins ef hún fengi að ráða. Þannig fer með þær efndir. Þess vegna hefði það verið fróðlegt ef hæstv. félmrh., sem ber ábyrgð á málefnum húsbyggjenda í landinu, hefði sýnt þessari umr. þá lágmarksvirðingu að vera hér til svara fyrir þá liði.

Ég vil enn fremur, herra forseti mótmæla harðlega þeim niðurskurði á framlögum til Erfðafjársjóðs og Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem fram kemur í 16. og 18. gr. frv. til lánsfjárlaga. Það er með öllu ólíðandi að þar skuli ráðist á garðinn sem síst skyldi og það er ákveðin stefna mannúðar sem kemur fram í þessu. Hér tala verkin og þau tala betur en orð, sem menn láta falla á tyllidögum, um það hverrar trúar þeir séu í þessum efnum. Hér birtist mönnum hugur hæstv. ríkisstj. til fatlaðra og aldraðra á þessu herrans ári 1984.

Að síðustu, herra forseti, vil ég svo gera aths. við 27. gr. Þar er verið að brjóta það samkomulag, sem ríkisvaldið og námsmenn gerðu sín á milli eftir margra ára samningaþóf, um það að námslán skyldu hækka í áföngum á tilteknu tímabili upp í fulla fjárþörf námsmanna. Ég tel þetta skýlaust brot á því samkomulagi. Á slíku broti hlýtur hæstv. ríkisstj. auðvitað að taka fulla ábyrgð.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég sakna hér hv. 7. þm. Reykv., virðulegs þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Ég vil þá leyfa mér að svara hv. 4. landsk. þm. nokkrum orðum. Hann hóf máls með því að gera með nokkrum almennum orðum lítið úr því frv. sem hér er til umr. og endaði þann kafla ræðu sinnar með því að segja að það væri óvitlaust ef einhver gerði nú tillögur til úrbóta. Ég vil taka undir þau orð. Það væri afskaplega gaman ef einhvern tíma kæmu tillögur til úrbóta frá þeim hv. þm. í staðinn fyrir ekkert annað en neikvætt tal þegar hann hefur komið í ræðustól þann stutta tíma sem hann hefur verið hér á Alþingi. Ég fagna því, ef við getum fengið góðar tillögur til úrbóta sem gengju upp í heildardæmi þjóðarinnar. Ég er búinn að vera hér á Alþingi í 10 ár og er fjmrh. og treysti mér alls ekki til að segja að ég hafi heildaryfirlit yfir störf Alþingis og jafnvel ekki það sem mér er trúað fyrir. Það er langt frá því að ég sé alvitur í fjármálum þjóðarinnar þó ég hafi verið átta mánuði í embætti. Ef hv. þm. gæti, án þess að hafa verið hér á Alþingi nema nokkra mánuði og þó hann hafi enga þekkingu á störfum fjmrn. og litla á fjármálum þjóðarinnar, látið okkur í té tillögur sem gætu leyst öll vandamál þjóðarinnar í einum hvelli, eins og hann virtist tala, þá væri ég fyrsti maður til að fagna því.

Ég vil upplýsa hann og aðra virðulega þm. um að lánsfjármarkaðurinn í ár er ótryggur. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því og ég hef ekki leynt áhyggjum mínum vegna þess arna. Ég á erfitt með að sjá að Atvinnuleysistryggingasjóður standi við sitt. Hann gerði það ekki s. l. ár. Aftur á móti treysti ég því nokkuð að lífeyrissjóðirnir standi við þau 40% skuldabréfakaup sem þeim eru ætluð, eftir tvo fundi sem ég hef átt með þeim. Þeir stóðu við heildarframlag sitt á s. l. ári þó ekki færi allt í þann farveg sem ríkisstj. þá óskaði eftir. Þeir keyptu 120 millj. af veðdeildum og öðrum aðilum en framkvæmdasjóðum þeim sem ríkisstj. hafði óskað eftir. Ég á ekki von á að þeir bregðist.

Bregðist eitthvað, þá hef ég margoft sagt hér að mér dettur ekki í hug að reyna að blekkja Alþingi né heldur almenning, og síst af öllu þá sem koma til með að reikna með lánum til húsbygginga. Ef við náum ekki þeim peningum sem við ætlum að ná í gegnum skuldabréfasölu þá verður að draga úr framkvæmdum. Ef við segjum eitthvað annað, þá erum við að blekkja því að erlendar lántökur verða ekki auknar og það verður ekki aukinn yfirdráttur í Seðlabankanum frekar en orðið er og ríkissjóður er afgreiddur með halla. Frekari álögur á fólkið koma ekki til greina. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að ástandið eins og það var þegar þessi ríkisstj. tók við er það slæmt að við höfum ekki efni á að gefa nein loforð. Það er kominn tími til þess að segja satt svo að ungt fólk leggi ekki í fjárfestingar sem standa svo hálfkláraðar árum saman og hlaða á sig kostnaði. (**SJS:** Á ekki að segja satt í kosningum líka?) Það er tími til kominn að einhver úr Alþb. fari að átta sig á því, að það er einmitt sannleikurinn sem gildir. (**SJS:** 80 prósentin?) Ég er að tala hér um staðreyndir, eins og þær blasa við í dag, en ekki kosningaloforð eða kosningaslagorð sem byggð voru á þeim upplýsingum sem lágu fyrir þegar flokkarnir undirbjuggu sig undir kosningabaráttu. Við verðum

að byggja á því sem reyndist vera staðreynd þegar núverandi stjórnarherrar komust í skjöl og sáu hvernig málin stóðu. Það var áður en virðulegur frammíkallandi kom til þings.

Það er rétt hjá virðulegum þm. Guðmundi Einarssyni, 4. landsk. þm., að ef þessi lánsfjáröflun bregst þá þarf að endurskoða útlánastefnuna. Það er alveg ljóst. Þetta hef ég margoft endurtekið og ég hef sagt hvernig ég hef hugsað mér að standa að því. Um miðjan mars kemur hér fram í fyrsta skipti endurskoðuð staða ríkissjóðs og endurskoðuð fjárlög eftir aðeins tvo mánuði frá því að þau eru gerð, vegna þess að þau eru komin út á svo ranga braut, að það þarf að þoka þeim stig af stigi inn á rétta braut, til þess að alþm. almennt viti með stuttum fyrirvara hvernig staðan er og við getum sameiginlega leiðrétt það sem aflögu hefur farið langa tíð í fjárlagagerðinni og að fjárlagagerð geti orðið það stýritæki sem hún á að vera, hver sem fer með stjórn. Og þó að mér takist ekki neitt annað en að fá fjárlögin endurskoðuð reglulega fyrir opnum tjöldum með öllum þm. frá einum mánuði til annars — ég hafði hugsað mér að leggja fram skýrslu á þriggja mánaða fresti en sé nú ástæðu til að gera það á tveggja mánaða fresti — þá tel ég að ég hafi átt erindi í þetta embætti.

Hv. þm. minntist á offjárfestingu í Landsvirkjun og raforkuiðnaðinum. Þar eru 900 millj., þar af 200 millj. í Blöndu. Ég vil bara upplýsa hann og aðra ágæta þm. um það að þessi upphæð, 900 millj., þó að hún sé stór í augum hv. 4. landsk. þm., er mikið niðurskorin miðað við þær óskir sem komu frá iðnrn. við gerð fjárlaga, mjög mikið niðurskorin. Ég get ekki svarað því á þessari stundu hvað raforkuverðið væri ef kostnaðurinn við Kröflu væri tekinn inn í raforkuverðið. Það er spurning sem virðulegur þm. óskar eftir að fá svar við. Ég vona að hann fái það í fjh.- og viðskn. Ef ekki, þá ætti hann að láta mig vita. Mér er ljúft að útvega honum það svar skriflega. En ég vil mótmæla því að frekar athuguðu máli frá því að virðulegur þm. hélt ræðu að reiknað sé með 2% aukningu skulda. Það er reiknað með að fjárlagadæmið eins og það liggur fyrir, verði það samþykkt í heild sinni eins og hér er lagt til, verði — ekki vel innan við, en innan við 60% af þjóðarframleiðslu. Það var það orðið þegar þessi ríkisstj. tók við. Hér er því ekki um skuldaaukningu að ræða að því marki sem virðulegur þm. gat um. Ég vil undirstrika það, til þess að það verði ekki hártogað, að ekki er um skuldaaukningu að ræða. Það hefur ekki farið fram úr 60% af þjóðarframleiðslu.

Hv. 7. þm. Reykv. hélt hér sína venjulegu ræðu í árásarstíl ef svo mætti segja. (**ÓRG:** Hún var mjög hógvær.) Mjög hógvær. Miðað við það að heldur hefur dregið niður í virðulegum þm. má til sanns vegar færa að hún var mjög hógvær. Líklega eru það vonbrigði yfir því að ná ekki kjöri sem gera hann hógværari en við eigum að venjast, en þó var hann ekki hógvær.

Hv. þm. segir að frv. sé staðfesting á uppgjöf og staðfesting á óbreyttu ástandi í peningamálum. Ég er ekki viss um hvað hann á við. Á hann við það ástand sem ríkti þegar sú stjórn sem hann studdi hvað mest og drengilegast fór frá? Það var sannarlega hrein uppgjöf. Öll sú vinna sem þar var unnin síðustu dagana bendir til uppgjafar og er staðfesting á óeðlilega slæmu ástandi í peningamálum. Hann segir að þúsundir Íslendinga búi við sára fátækt og er að gera því skóna að þetta sé árangurinn af nokkurra mánaða stjórnarsetu þessarar stjórnar, en ekki árangur af fyrrv. stjórnarsetu Alþb., sem fór þá með peningamálin, ekki framhald af því neyðarhrópi sem kom um fjögurra ára neyðaráætlun, svo mikla neyðaráætlun að þeir vildu jafnvel taka saman höndum við Sjálfstfl. til að bjarga þjóðinni frá því ástandi sem þeir höfðu búið henni.

Það er tiltölulega fátt í þessari upphrópunarræðu prófessorsins, virðulegs 7. þm. Reykv., sem er beinar spurningar til mín. Ýmist segir hann að skuldirnar hafi stóraukist, þannig hóf hann ræðu sína, eða hann segir að það vanti örfá prósentustig til að erlendar skuldir fari yfir 60% af þjóðarframleiðslunni. Rökréttur prófessorinn þar. En hann segir líka að aðgerðirnar í brbl. hafi verið rangar. Ég hef áður borið saman aðgerðir fyrrv. ríkisstj. með sínum brbl. og aðgerðir núv. ríkisstj. með sínum brbl. Þær þola fyllilega samanburð. Helsti munurinn er sá að núv. ríkisstj. greip til mildandi ráðstafana en fyrrv. ríkisstj. herti á þvingunum með auknum álögum á fólkið, með fleiri vörugjaldsflokkum og auknu vörugjaldi og það fór beint út í verðlagið, enda stefndi þá verðbólgan í 130%. Allt stangast hvað á annars horn.

Þá var talað um skuldasöfnun við Seðlabankann. Lokar virðulegur 7. þm. Reykv. augunum fyrir staðreyndum, fyrir því ástandi sem ríkti í yfirdrætti í Seðlabankanum og á öðrum sviðum þegar fyrrv. ríkisstj. fór frá? Eða á að reyna að blekkja fólk með því að hylja sannindi með upphrópunum og slagorðum sem blekkja ekki nokkurn mann lengur? Alþb. er tímaskekkja í íslensku þjóðfélagi og í íslenskum stjórnmálum sem blekkir engan mann lengur.

Ég skil það af málflutningi virðulegs 7. þm. Reykv. að hann boðar tafir á afgreiðslu í nefnd. Ég vona að hans iðja, sem hann stundaði með svo góðum árangri þegar hann var kjörinn þm., bregðist honum í þetta sinn, því að það liggur á að ganga frá þessu frv. endanlega sem fyrst.

Ekki er nú 7. þm. Reykv. trúverðugur þegar hann tekur upp hanskann fyrir Kristnisjóð eða íslenska kirkju. Hann er lítið trúverðugur þá. En ég vil taka það fram hér að ég ætlast til þess að kirkjan, hvort sem það er í gegnum Kristnisjóð eða aðrar stofnanir kirkjunnar, taki á sig hlutfallslega sömu byrðar og almenningur þarf að gera í landinu, virðuleg eins og sú stofnun er, og henni hef ég sýnt hlýhug og velvilja alla tíð, ekki bara úr ræðustól í orðagjálfri á Alþingi, hún taki á sig sömu byrðar og almenningur gerir þegar að kreppir eins og nú. Ég stend upp og segi henni það. Biskup hefur líka komið á minn fund, ekki bara fjh.- og viðskn., og ég segi honum nákvæmlega hverju ég treysti mér til að standa að, hvað ég treysti mér til að gera og hvað ég treysti mér ekki til að gera, þannig að hann veit nákvæmlega á hverju hann á von og hann veit nákvæmlega hvernig hann þarf að standa að sínum fjármálum. Það er ekki bara litla fólkið, það er ekki bara þjóðin annars vegar og kirkjan hins vegar, það eru allir þegnar þessa lands sem þurfa að taka á sig sínar byrðar. Öðruvísi verður ástandið, sem Alþb. skildi eftir sig í fjármálum, ekki lagað. Það held ég að öllum sé ljóst.

Annars er fróðlegt að rifja það upp fyrir virðulegan 7. þm. Reykv. að í lánsfjárlögum frá 1982 segir svo í 26. gr., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35 frá 1970 um

skipan prestakalla og prófastsdæma og Kristnisjóð skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 1 millj. 130 þús. kr. á árinu 1982."

Annað fengu þeir ekki í Kristnisjóð á því ári. En forveri minn, virðulegur 3. þm. Norðurl. v., veitti síðar aukafjárveitingu sem nemur 600 þús. kr., þannig að einnig þessi vörn Kristnisjóðs, sem ég er sannfærður um að Kristnisjóður er ekkert hrifinn af, bregst virðulegum 7. þm. Reykv. Hann segir að það sé hljótt um fjmrh. í tali hans um 4% rammann og prófessorinn og íslenskumaðurinn kallar það að vera kjaftaglaður þegar menn segja hug sinn. Betra íslenskuorð hlýtur að vera hægt að finna í Háskólanum.

Einsdæmi að ráðh. leggi niður embætti sitt eða leggi embætti sitt að veði fyrir samvisku sína, segir þar. Ég get fullvissað 7. þm. Reykv. um það, að þrátt fyrir það að ráðherrastólar kunni að vera heitir og mjúkir, eins og hann orðar það, mun ég standa við mín orð. Og bið ég virðulegan þm. að bíða þangað til á reynir en vera ekki með fullyrðingar, sem eru hreinar ágiskanir frá hans hálfu, um vilja minn og getu til að standa hér eftir sem hingað til við allt það sem ég ætla mér að standa við og hef lofað. Ég endurtek það og bið hann um að rifja upp hvenær hann hefur reynt mig að því að bregðast því sem ég hef lofað. Þessu hef ég lofað sjálfum mér. Náist ekki sá árangur að halda verðbólgunni á þeirri braut sem hún nú er, þá endurtek ég: ég hef ekkert í þá ríkisstj. að gera sem snýr við í baráttunni við verðbólguna. Og það hefur enginn séð mína hæla þegar á hefur þurft að reyna. Þannig er mín skapfesta á við ykkur alla hér ef þið rengið það. (**GHG:** Hvern einasta?) Hvern einasta. (**GHG:** Það efast ég um.) Virðulegur flokksbróðir minn getur haft sinn efa, hann hefur ekki þurft á því að halda enn þá að á það reyndi. (Gripið fram í.) Hann getur átt það eftir. (**GHG:** Við getum verið skapfastir hinir líka.) Ég held að ég hafi svarað þeim aðalspurningum sem komu fram hjá virðulegum 7. þm. Reykv.

Ég hef ekki neinu að svara virðulegum 4. þm. Norðurl. e. öðru en því, að hann á mikið eftir ólært ef hann getur ekki einhvern tíma orðið einmana innan um margmenni.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér hefur ýmislegt komið fram. Heldur þótti mér hæstv. fjmrh. of viðbúinn í varnarstöðunni í byrjun ræðu sinnar vegna þess að almennum aths. mínum um vinnubrögð í sambandi við þessi mál var alls ekki beint gegn honum. Ég benti á og bendi aftur á að menn eru að reyna að ná yfir dæmi sem er í mörgum bútum. Ég nefndi að þar eru fjárlög, lánsfjárlög og aukafjárveitingar. Síðan liggja fyrir þinginu einstök frumvörp um lántökur og síðast en ekki síst eru óuppgerðar stærðir um lánamál í sjávarútvegi og landbúnaði. Þetta stendur enn. Til viðbótar stendur líka að fyrir ýmsum öðrum þáttum, eins og t. d. ófylltum götum í fjárlögum sem samþykkt voru í des. s. l., eins og 200 millj. vegna sjúklingaskatts, hefur ekki verið gerð grein.

Ég ætla ekki að gera þetta mál langt. Það kom fram í svari hæstv. fjmrh. nokkuð merkilegt sem ég held að menn ættu að taka eftir. Þar kom fram að lánsfjárþörf húsbyggjenda í þessu landi á að sinna með endurskoðun á tveggja mánaða fresti. Þannig er sú lífsþörf sem húsnæði er, eins og vatn og loft er, þeirri dauðans óvissu undiropin að menn viti ekki í dag hvað við á að taka á morgun. Það er náttúrlega ekki hægt að bjóða það nokkrum einasta manni að fjármögnun húsnæðismála sé þeirri óvissu háð. Við sjáum ekki slíka óvissu í frv. til lánsfjárlaga varðandi lánsfjáröflun til annarra þátta. Ég held að ástæða sé til að spyrja hæstv. félmrh., sem ekki hefur séð ástæðu til að vera hér í kvöld, hvort hann telji þetta viðunandi svar til húsbyggjenda í þessu landi, sem margir hverjir eiga í meiri öng en orð fá lýst.

Ég ætla ekki að gera fleiri atriði að umtalsefni hér í kvöld. Þetta mál verður væntanlega tekið til gagngerðrar skoðunar í hv. fjh.- og viðskn. En ég bendi á að ummæli hæstv. fjmrh. og vísbending hans um hvernig húsbyggjendur í þessu landi eigi að endurskoða byggingaráform sín á reglubundinn hátt á næstunni hljóta að vera fréttaefni fyrir hæstv. félmrh.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það var mjög ánægjulegt að sá fjmrh. sem birtist í síðari hluta svarræðu sinnar var sá gamli góði fjmrh. sem þjóðin fékk að sjá í sjónvarpinu fyrir tveimur vikum og lýsti því yfir að færu launahækkanir fram yfir 4% væri hann farinn úr embætti. Ég vona að hæstv. ráðh. lái mér ekki þó að ég hafi hnotið um það í framsöguræðu hans að hann var skyndilega farinn að nota orðalag sem ekki var hans stíll, svo að ég vitni í gamalkunna lýsingu í þingsölum á fyrri árum, heldur var kominn með óljóst orðalag um kjarasamninga „í sem mestu samræmi við". Það var ósköp eðlilegt að ég hnyti um þetta orðalag því að það var ekki orðalag hæstv. fjmrh., skapfestumannsins mikla. Nú hefur sá ánægjulegi atburður gerst að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að þetta orðalag hafi verið alger misskilningur, kjarasamningar „í sem mestu samræmi við", því að allar hans fyrri yfirlýsingar um brotthvarf úr embætti fari launasamningar yfir 4% standi og þær standi jafnvel af slíkri hörku og einurð að samanlögð skapfesta alls þingheims dugi ekki til jafns við þá festu sem hvíli að baki þessari yfirlýsingu. Ég verð að segja hæstv. fjmrh. til hróss að mun líkar mér betur við svona yfirlýsingar en þá moðsuðu sem hann flutti í framsöguræðunni. Hins vegar tók ég eftir því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var eitthvað efins þegar hann hlýddi á þessa yfirlýsingu og hváði. En mér finnst engin ástæða til þess hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að vera að vefengja fjmrh. í þessum efnum, heldur eigi þingheimur að taka eftir því að hæstv. fjmrh. hefur endurtekið á ný sínar fyrri yfirlýsingar og þar með dregið til baka moðsuðuorðalag framsöguræðunnar. Ég fagna því, hæstv. ráðh. Ég hef ekki oft staðið hæstv. fjmrh. að því að ganga á bak orða sinna. (Gripið fram í.) Það er smámál sem ég ætla ekki að fara að rifja upp í öðrum sveitarfélögum. (**Gripið fram í:** En við þurfum helst að fá það á alveg hreint.) Ja, það snertir ekki fjmrh. í þessu samhengi. (**ÓÞÞ:** Þá trúi ég ekki að þú segir satt.) Jú, ég segi alveg satt í þeim efnum.

En úr því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson fór að vekja athygli á þessu máli er rétt að víkja aðeins að því að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, svo að notað sé hans óbreytta orðalag, að hann hafi komist í skjöl þegar hann tók við embætti sem hafi skyndilega opnað augu hans fyrir nýjum sannleika. Ég veit ekki betur en að allar skýrslur um ástand í ríkisfjármálum þjóðarinnar hafi legið fyrir í sumar og vor, og væri fróðlegt að vita hvaða

skjöl það hafi verið sem skyndilega opinberuðu hæstv. fjmrh. nýjan sannleika í þessum efnum þegar hann settist í ráðherrastól. (**Fjmrh.:** Uppgjör á ríkisdæminu.) Uppgjör á ríkisdæminu, segir hæstv. fjmrh. Það var ekki miklum efa undirorpið og fyrirrennari hans gerði mjög skýra grein fyrir því, að þegar hv. þáv. þm. Albert Guðmundsson og hv. þáv. þm. og núv. einnig, Eggert Haukdal, hlupust undan merkjum í tíð fyrri ríkisstj. var alveg ljóst að vissar stoðir brustu undan því að hægt væri að reka skynsamlegan fjárhagsbúskap í landinu þar sem ríkisstj. hafði ekki lengur starfhæfan meiri hluta á Alþingi. (**Fjmrh.:** Hann var aldrei í þeim stuðningsmannahópi.) Hæstv. ráðh. var nú vel og sómasamlega meðhöndlaður sem eins konar heiðursmeðlimur í þeim stuðningsmannahópi og má til þess færa fjölmörg dæmi úr þingsögu síðari ára.

Hæstv. ráðh. lýsti því hér yfir að ekki yrði meiri yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabankanum en þegar hefði orðið, ekki krónu meiri. Þetta er mjög merk yfirlýsing. Þetta er yfirlýsing í stíl við hin skýru mörk, 60%, 4% o. s. frv. Fari yfir þau mörk er stóllinn farinn, ráðh. úr embætti og allt í voða. (**Fjmrh.:** Stóllinn verður kyrr.) Það er rétt og kannske núverandi formaður eða varaformaður Sjálfstfl. setjist í hann í staðinn og taki við fjármálastjórninni. En ég tek jafnmikið mark á þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. og hinum fyrri, sem ég var að lýsa áðan.

Vegna þess að hæstv. ráðh. hefur sýnt það ágæta fordæmi að tölusetja þessi mörk sín mjög nákvæmlega væri æskilegt að hann upplýsti hér og nú hver þessi yfirdráttur er í dag nákvæmlega. Ef hann hefur það við hendina væri mjög gott að fá það upplýst, ella að við gætum fengið það í fjh.- og viðskn. næstu daga svo að við höfum upp á hár þau mörk sem hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir að ekki verði farið yfir. Að því leyti var ræða hans hér merk að hann bætti við þriðju mörkunum sem ekki verður farið yfir: þ. e. 60% mörkin, 4% mörkin og að núverandi yfirdráttur í Seðlabankanum verður ekki krónu meiri. Þar með hefur hæstv. ráðh. sett sér þrenns konar skorður sem eru mjög skýrar og afdráttarlausar.

Ég endurtek, herra forseti, að það mun nægja mér að fá upplýsingar í nefnd um þessi mörk, en ef hæstv. fjmrh. er með þær við hendina væri mjög æskilegt að þær kæmu fram strax í umr. Hv. þingheimur hefur nú hlýtt á þá stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að frá og með 15. febr. 1984 verði ekki farið yfir þau yfirdráttarmörk í Seðlabankanum sem eru við lok þessa dags. Ég get alveg fullvissað hæstv. fjmrh. um að það verður mjög fylgst með því hvort þetta mun standast.

Hæstv. fjmrh. þarf ekkert að óttast að ég ætli að tefja fyrir framgangi þessa máls. Það var mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh. áðan. Ég var eingöngu að vekja athygli á því, að hver sem á því ber ábyrgð var nú viðhöfð sú starfsvenja hér í þinginu, gagnstætt því sem hefur verið á öllum undanförnum árum sem ég fylgdist náið með þingstörfum og gegndi formennsku í fjh.- og viðskn. hv. Ed., að nefndirnar störfuðu ekki saman að gagnaöflun og viðræðum við ýmsa aðila úti í þjóðfélaginu. Þess vegna er óhjákvæmilegt að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar kalli til sín ýmsa þá aðila sem óhjákvæmilegt er að hún ræði við og kynni sér ýmis gögn sem komu til hv. fjh.- og viðskn. Ed. Ég get fullvissað ráðh. um að ég óskaði sérstaklega eftir því við formann n. að fá möppu með þeim gögnum áðan. Ég byrjaði því á að kynna mér málið undir umr. og er alveg fús að halda því starfi áfram. (**Gripið fram í:** Vill ekki hv. þm. þá hafa fundinn á morgun?) Það gæti út af fyrir sig alveg komið til greina að halda fund á morgun. Ég sé hins vegar ekki að það þjóni miklum tilgangi til að hraða afgreiðslu málsins. En ég hef nú þegar komið því til formanns fjh.- og viðskn., hv. þm. Páls Pétursonar, hvaða aðilar það eru í þjóðfélaginu sem við fulltrúar Alþb. munum sérstaklega óska eftir að fá til viðræðna. Það var a. m. k. ekki venjan á árum áður að stjórnarandstaðan sýndi slíka lipurð við ríkisstj. að tilkynna áður en mál komu til nefndar hvaða aðila þeir vildu fá til viðræðna. Þess vegna, hæstv. fjmrh., hafa vinnubrögð okkar á þessum sólarhring varðandi þetta frv. sýnt að því fer víðs fjarri að við ætlum eitthvað að tefja fyrir þessu máli. Það er hins vegar óhjákvæmilegt, fyrst ráðh. og ríkisstjórnarmeirihlutinn kaus að hafa þann hátt á að nefndirnar störfuðu ekki sameiginlega, að nefnd í Nd. gefi sér nokkra daga til að skoða gögn og fá aðila til viðræðna við sig.

Að lokum, herra forseti, kom fram í svarræðu hæstv. ráðh. staðfesting á samningsrofi hans við Kristnisjóð og íslenska kirkju. Það má vel vera rétt að hæstv. fjmrh. hafi gert herra biskupnum yfir Íslandi grein fyrir þessari afstöðu, en engu að síður sá herra biskupinn yfir Íslandi og kirkjuráðið gervallt ástæðu til að ganga sérstaklega á fund fjh.- og viðskn. þessarar deildar til að óska eftir því að Alþingi gripi fram fyrir hendur ráðh. og kæmi því í kring að staðið væri við þennan samning. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. vitnaði í áðan, að lagatexti hefur verið með ýmsum hætti hvað afgreiðslu Kristnisjóðs snertir á undanförnum árum, en aðalatriðið hefur verið að það hefur á hverju ári verið staðið við það fyrirheit að Kristnisjóður fengi ígildi þeirra launa sem samið var um í tíð Jóhanns Hafstein. Og það sem biskupinn og kirkjuráðið eru að fara fram á og það sem við ýmsir teljum sjálfsagt að staðið sé við er að þar til nýir samningar hafi verið gerðir milli kirkju og ríkis standi þessi samningur. Við höfum nákvæmlega sömu afstöðu gagnvart samningum milli ríkis og kirkju og samningaaðilar á vinnumarkaðinum, gerða samninga eigi að halda og það séu engar ástæður til að breyta þessari tölu nema að undangengnum viðræðum og nýjum samningi milli ríkis og kirkju. Einhliða rof á samningi í þessum efnum eru ekki rétt vinnubrögð.

Herra forseti. Við munum fá tækifæri við 2. umr. til að ræða málefni Kristnisjóðs og önnur atriði varðandi þetta frv., en það má hins vegar segja eins og sagt var hér fyrrum að af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá og það sem þér gerið hinum minnstu bræðrum mínum það hafið þér og mér gert. Það var eiginlega réttlæting hæstv. fjmrh. hér áðan að þar sem hann hefði skert kjörin hjá fátækasta fólkinu í landinu væri sjálfsagt að hann ryfi þennan samning við kirkjuna einnig.

Hins vegar er það mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh. að sú fátækt sem ég gerði að umræðuefni áðan hafi ríkt þegar Alþb. var í ríkisstj. eða erfitt sé að meta hvers eðlis hún er. Hér hefur í umr. í dag verið vikið að því að kaupmáttur ellilífeyris og örorkulífeyris í landinu hafi verið skertur um u. þ. b. fjórðung. Það fólk sem þarf að lifa af ellilífeyri og örorkulífeyri í þessu landi veit að sá fjórðungur gerir gæfumuninn milli þolanlegra bjargálna og fátæktar.

Hæstv. fjmrh. ætti að kynna sér að það eru um 5 þús.

Íslendingar nú a. m. k. sem þurfa að lifa af 8 þús. kr. á mánuði, hafa ekki meiri tekjur en þessar 8 þús. kr. á mánuði og hafa enga möguleika til þess að fá meiri tekjur. Á sama tíma er venjuleg leiga fyrir tveggja til þriggja herbergja íbúð hér í höfuðborginni 7—8 þús. kr. Þess vegna þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að afsaka sig almennt með illri stjórn Alþb. eða flytja slagorð um það til að hylja þá staðreynd að hann, sem á árum áður og á landsfundum Sjálfstfl. hældi sér af því að vera bjargvættur litla mannsins í þessu þjóðfélagi, hefur leitt yfir litla manninn í þessu þjóðfélagi erfiðari lífskjör, meiri fátækt, meiri eymd en nokkur þessara manna hefur kynnst í áratugi og meiri en flestir þeirra hafa nokkru sinni kynnst á ævi sinni. Það er skiljanlegt að hæstv. fjmrh. sé eilítið þungt hugsi yfir þeim verkum sínum.

En það er rangt hjá honum að allir eigi að bera byrðar um þessar mundir í þessu þjóðfélagi. Hann stóð sjálfur í því í dag í Ed. þessa þings að verja að skattar á fyrirtækjum væru lækkaðir, að hlutabréfaeigendur fengju bætt sín kjör, að gróðaöflin í þjóðfélaginu hefðu betri möguleika til að koma fjármagni sínu í fjárfestingu og yrðu að gjalda minna til sameiginlegra þarfa ríkisins en áður. Hann var önnum kafinn upp fyrir haus í Ed. í dag að verja það að hann er að færa eigendum hlutabréfa og gróða í þessu landi kjarabætur á sama tíma og hann er meginhöfundurinn að þeirri fátækt sem alþýða Reykjavíkur og alþýða þessa lands býr nú við í síauknum mæli.

Það er sérkennilegur dómur um ráðherraferil mannsins sem hældi sér af því að vera bjargvættur litla fólksins í þessari borg og í þessu landi að hann skuli hafa skapað sama fólki meiri fátækt, meiri eymd og meiri örbirgð en það hefur þekkt í áratugi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er ákaflega sérkennilegt að heyra hæstv. fjmrh. skammast út í fyrrv. ríkisstj. og aðgerðir hennar þegar öllum er ljóst að hann var guðfaðir þeirrar ríkisstj. Það var ekki fyrr en hann gaf sig fram með stuðning við þá stjórnarmyndun sem möguleikinn myndaðist til að hún yrði mynduð. Þessi hæstv. ráðh. og þáv. þm. hélt lífinu í þeirri ríkisstj. meðan hún lafði. Hann sér kannske eftir því, það má vel vera. En þetta eru staðreyndir sem menn verða að hafa í huga.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara út í mörg atriði hér í sambandi við þessi lánsfjárlög sem eru til umfjöllunar. Ég hef áður gert þau að umtalsefni, m. a. í sambandi við afgreiðslu á fjárlögum. En það eru fáein atriði sem mig langaði til að drepa á.

Fram kom í máli hæstv. ráðh. áðan að því er varðaði Kristnisjóð að hann yrði að bera sömu byrðar og aðrir. Nú veit ég ekki hvað hæstv. ráðh. telur að byrðarnar séu að jafnaði þungar ef þær eiga að vera hinar sömu hjá öllum. En sá niðurskurður sem boðaður er í lánsfjárlögunum er 35% af þeim tekjum sem sjóðurinn hefur gert ráð fyrir. Það er þó a. m. k. meiri niðurskurður og þyngri byrðar en menn sjá á ýmsum öðrum liðum. En það er einkennandi að þeim byrðum sem ríkisstj. ætlar þegnunum að bera er heldur misjafnt skipt niður.

Það hefur verið gert eilítið að umtalsefni í dag — ég gerði það m. a. og hv. 7. þm. Reykv. gerði það áðan — að kaupmáttur ellilífeyris hefði minnkað um u. þ. b. fjórðung á s. l. ári. En það sem meira er, kaupmáttur ellilífeyris hefur ekki verið eins lágur og hann er núna a. m. k. s. l. 14 ár, allar götur síðan 1970. Ég hef ekki gögn lengra aftur í tímann.

Það vill svo til, hæstv. ráðh., að fyrir jól bað ég um yfirlit í fjh.- og viðskn. um það hver hefði verið þróun kaupmáttar ellilífeyris á undanförnum árum. Svarið var svona lengi að fæðast að það kom ekki í möppurnar til okkar í n. fyrr en í dag. Kaupmáttur elli- og örorkulífeyris 1971 var 120. Á árabilinu 1972—77 hefur hann verið frá 118 og upp í 140. Á árabilinu 1978—80 var hann á bilinu 126—136. Á árinu 1981 var hann 124. Og á miðju árinu 1982 er hann 122. Kaupmátturinn hefur sem sagt verið á bilinu 122—140 að einu ári undanteknu, árinu 1976. En hvað er hann núna?

Fyrir seinasta ársfjórðung 1983 var hann 87.9 og hann er enn lægri núna. Þetta þýðir að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris hefur rýrnað um hvorki meira né minna en 28% frá því á miðju árinu 1982. Hann var byrjaður að rýrna í tíð fyrrv. ríkisstj. En þó hefur keyrt úr hófi á þessu ári. Hver hefði trúað því fyrir s. l. kosningar ef ég hefði staðið upp eða aðrir talsmenn Alþfl. og sagt: Eitt af því sem sú ríkisstj. mun gera sem verður hér mynduð af Sjálfstfl. og Framsfl. — eins og þá lá þegar í loftinu — verður að skerða svo kjör ellilífeyrisþega að kaupmátturinn rýrni um 28% frá því sem hann var á miðju ári 1982 eða að meðaltali 1982, því það var næstum því það sama.

Ég er alveg sannfærður um að talsmenn Sjálfstfl. og Framsfl. hefðu svarið fyrir að þetta gæti nokkurn tíma gerst. Það er alveg sama þó við lítum á svokallaða tekjutryggingu, þ. e. elli- og örorkulífeyri með tekjutryggingu. Það er svo til það sama uppi á teningnum. Þar var kaupmátturinn á miðju ári 1982 298.1 stig. En hann er kominn niður í 231.3. Það er um 24% rýrnun á kaupmætti að ræða hjá þessu gamla fólki sem hefur ekkert nema þetta og getur ekki haft neitt nema þetta vegna þess að það fær ekki tekjutrygginguna ef það hefur eitthvað annað. Það er ekki í lífeyrissjóðum.

Þetta er hrikaleg aðför að því fólki sem hefur lagt grunninn að því þjóðfélagi sem við búum í. Þetta er miskunnarlaus aðför að þessu fólki. Þetta held ég að menn ættu að hugleiða. Við teljum í Alþfl. að þetta sé algjörlega óviðunandi, hér hafi byrðunum ekki verið réttlátlega dreift.

Að lokum, herra forseti. Hæstv. fjmrh. staðhæfði áðan að það yrði sko ekki aukning á erlendum skuldum á árinu 1984. 60% er viðmiðunartalan, sagði ráðh. En í þessum 60%, jafnvel þótt þau verði haldin sem við eigum nú eftir að sjá, felst skuldaaukning vegna þess að það stendur svart á hvítu í þeim gögnum sem frá ráðh. sjálfum hafa komið að afborganir af erlendum lánum munu vera 3160 millj. kr. á næsta ári. En hann ætlar að taka lán sem eru 4548 millj. kr. Þarna er verið að taka lán umfram það sem greitt er upp á tæplega 1400 millj. kr. þannig að erlendu heildarlánin eru skv. gögnum ráðh. sjálfs hærri í árslok 1984 en 1983. Sú yfirlýsing sem gefin hefur verið um að erlendar skuldir verði ekki auknar stenst því ekki. Þær munu aukast skv. gögnum sem liggja fyrir frá ráðh. sjálfum um 1.5 milljarð, því sem næst.

Hæstv. ráðh. sagði líka áðan: Það verður ekki aukinn yfirdrátturinn í Seðlabankanum. En nú vekur það athygli að frá því að lánsfjárlögin voru lögð fram og þar til þau koma nú til afgreiðslu hafa fjárlög verið afgreidd

með halla upp á 388 millj. kr. Í lánsfjárlögunum eins og þau koma frá Ed. er ekki gert ráð fyrir því að mæta þessu með neinum hætti. Ekki króna til þess að mæta þessum halla á fjárlögum ríkisins upp á 388 millj. kr. Nú hefur hæstv. ráðh. sagt að ekki komi til greina að leysa þetta með auknum yfirdrætti í Seðlabankanum. Hvernig á þetta dæmi að ganga upp, hæstv. ráðh.?

Þegar hæstv. ráðh. var að tala um það áðan að nauðsynlegt væri að dæmið gengi upp vekur athygli að hér eru skildar eftir tæpar 400 millj. kr. sem liggur fyrir skv. fjárlögum og engin grein gerð fyrir því hvernig eigi að mæta því. Þetta dæmi gengur auðvitað ekki upp heldur. Þarna eru væntanlega — svo framarlega sem fjárlögin eiga að halda — viðbótarskuldir sem ríkissjóður mun stofna til sem hvergi eru komnar á pappír.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. frekar. Ég hef gert hér fáein atriði að umtalsefni. Ég mun að öðru leyti ræða þetta frekar við 2. umr. málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 48. fundur.

Fimmtudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 349, sbr. 346). — Frh. 1. umr.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Sameinað þing, 51. fundur.

Fimmtudaginn 16. febr., að loknum 48. fundi í Nd.

Kennsla í Íslandssögu, þáltill. 164. mál (þskj. 277). — Frh. einnar umr.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um kennslu í Íslandssögu. Í ályktuninni sjálfri er talað um aukna kennslu í sögu íslensku þjóðarinnar. Síðan kemur fram að kennslan á ekki aðeins að vera við það miðuð að nemendur öðlist þekkingu og skilning á sögu, heldur beri þeim að öðlast trú á landið og vilja til að varðveita ellefu hundruð ára menningarsamfélag.

Áherslan virðist raunar vera á aukna Íslandssögukennslu til að menn öðlist trú á land og vilja til að varðveita menningu. Að þessum niðurstöðum fengnum hljóta menn að hafa einhverja ástæðu til að efast um að fólk almennt hafi næga trú á land og að það skorti vilja til að varðveita þetta samfélag. Væntanlega leitum við þá rökstuðnings fyrir því í grg. Í grg. er hins vegar einungis það að finna að könnun í aldursflokknum 16 til 20 ára hafi leitt í ljós, svo tekin séu dæmi, að einungis 13.1% viti hver var fyrsti forseti Íslands og einungis 50% viti hvenær kristni var lögtekin.

Þetta eru niðurstöður sem geta vakið til umhugsunar um kennslu og þekkingu í Íslandssögu og þá geta vaknað spurningar eins og hver er eðlileg þekkingarprósenta í Íslandssögu, fer þessari þekkingu hnignandi og hvar eru hættumörkin, hvenær erum við komin niður á hættulegt þekkingarstig í Íslandssögu. Þetta er sem sagt könnun á þekkingu. Það er engin könnun á því hvað er trú á landið. Það er engin könnun á því hvort menn skorti vilja til að varðveita þetta samfélag. Það sé ég hvergi. Og mig langar til að spyrja: Hvað þarf að fá mikið á prófi í Íslandssögu til þess að vera gjaldgengur í hópinn sem hefur trú á land og vill varðveita menningu í þessu landi? Og menn geta þá líka spurt: Hvert er þá sambandið á milli þekkingar í Íslandssögu og ættjarðarástar?

Það fólk sem ég þekki af öllum aldursflokkum hefur sýnt trú á þetta land og vilja til að varðveita þetta samfélag með búsetunni hérna. Hérna hefur fólk búið í ár og árhundruð. Það hefur oft búið við kröpp kjör. Nú eru laun hér með því lægsta sem gerist líklega í vestrænum samfélögum og kjör eru krappari en á Vesturlöndum. Við búum hérna við, að því er okkur finnst, ævintýralega lágan meðalhita og rigningarsöm sumur, en við búum hérna samt. Og ég held að með þrautseigju sinni og búsetu í þessu landi hafi fólk sýnt vilja sinn til að varðveita þetta samfélag og sýnt trú á þetta land.

Mér finnst þáltill. mjög skrýtin vegna þeirrar undarlegu tvíhyggju sem þarna er, þar sem niðurstöður úr könnun á Íslandssöguþekkingu eru lagðar til grundvallar því, að manni virðist, að efast um nægilega trú á land og þjóð. Þessi ályktun hefði kannske verið eðlileg ef í grg. hafi verið talað um t. d. vaxandi landflótta frá þessu landi eða það gætti vaxandi vantrausts í landinu á getu Íslendinga til að ráða málum sínum sjálfir, til að ráða t. d. atvinnumálum sínum sjálfir, til að starfrækja sinn eigin atvinnurekstur, eða ef grg. hefði getað birt niðurstöður um að Íslendingar væru taglhnýtingar erlendra þjóða eða erlendra þjóðasamtaka í sambandi við skoðanamyndun. Þá hefði kannske verið ástæða til að flytja þessa þáltill. með þeim útlistunum sem þar eru.

Ég vil að lokum segja að þær upplýsingar sem í grg. eru geta kannske gefið ákveðna vísbendingu um ásigkomulag Íslandssöguþekkingar og Íslandssögukennslu, en þær hafa ekkert með trú á land og vilja til að varðveita þetta samfélag að gera.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég hlýt að lýsa ánægju minni með að hér skuli fara fram svo mikil umr. um menntamál og vona að það boði aðeins gott. Í þessari umr. hefur ýmislegt viturlegt verið sagt og raunar margt ógreindarlegt einnig og meti nú hver eftir sínum smekk.

Það er eitt atriði sem ég vildi víkja fáeinum orðum að með tilvitnun til orða 1. flm. — orða sem hann lét falla í fyrri hluta umr. fyrir viku. Hann tók svo til orða að hann teldi till. þessa mjög jákvæða og miða til umbóta. Þótt ég efist ekki um góðan tilgang flm. finnst mér till. ekki jákvæð, mér finnst hún neikvæð. Mér finnst hún neikvæð í garð kennara, nánast vantraust á kennara, og mér finnst þeir alls ekki eiga það skilið. Mér finnst þessi till. röng og rangt fram sett og ég kann ekki við umvöndunartóninn í henni. Hún er kannske dæmigerð fyrir viðhorf allt of margra, bæði stjórnvalda og foreldra, til kennarastéttarinnar. Þetta minnir mig svolítið

á viðhorf strangs föður til uppeldis barna sinna. Hann gerir miklar kröfur til móðurinnar sem uppalanda, en er sjálfur of upptekinn við veraldlegt vafstur til að leggja þar hönd að verki.

Við ætlumst til ákaflega mikils af kennurum þessa lands, en sjáum ekki sóma okkar í því að búa almennilega að skólastarfi í landinu. Börnin sendum við fram og aftur milli heimilis og skóla, stundum oft á dag í misjöfnu veðri, og hrúgum þeim saman í allt of stórar bekkjardeildir án tillits til þess að þau eru á ákaflega misjöfnu þroskastigi svo að kennarinn hefur enga möguleika á einstaklingskennslu. Þannig er ástandið víðast hvar í þéttbýlinu og víða í dreifbýlinu skortir kennara með tilskilda menntun og börnin fá ekki þá kennslu sem þeim ber skv. námsskrá.

Aðbúnaður kennara er fyrir neðan allar hellur. Þetta er láglaunastétt. Við virðum störf þeirra ekki meira en svo að þetta er láglaunastétt. Og við búum ekki sem skyldi að skólastarfi á annan hátt, t. d. varðandi námsgögn. Allt er þetta á sömu bókina lært. Þrátt fyrir þetta er ég af hjarta og af nokkurri reynslu sannfærð um að kennarar gegna störfum sínum yfirleitt af alúð og jafnvel í samræmi við þann vilja sem kemur fram í þeirri þáltill. sem hér er til umr. En það væri þeim mun auðveldara fyrir þá ef við byggjum betur að þeim og börnum okkar og öllu skólastarfi og sýndum í verki að við metum það þýðingarmikla hlutverk sem við höfum falið þeim. Ég get ekki fallist á að tilefni hafi gefist til þeirrar vantraustsyfirlýsingar sem mér finnst felast í till. og get því ekki stutt hana.

Víst eru niðurstöður könnunarinnar, sem vísað er til í grg. með till., nokkurt íhugunarefni, en ég er ekki þeirrar skoðunar að þær séu neitt afskaplega uggvænlegar eða að þær gefi tilefni til ályktana af hálfu Alþingis um íhlutun í Íslandssögukennslu í grunnskólum. Það hefði verið fróðlegt að hafa til samanburðar svipaða skoðanakönnun svo sem eins og 20 ára gamla. Ég efast raunar ekki um að Sveinn Björnsson hefði farið betur út úr þeirri könnun, einfaldlega vegna þess að hann var nær í tíma og á þeim árum var aðeins forseti númer tvö á Bessastöðum. Ef til vill hefðu líka fleiri vitað fyrir 20 árum hvenær kristni var lögtekin og mjög líklega hefðu þá fleiri getað svarað rétt til um ýmis minnisatriði önnur af þessu tagi. En það er langt frá því að mér finnist skoðanakönnunin neitt stórkostlegt áhyggjuefni. Aðstæður nú eru aðrar en þá.

Hvorki get ég talist sérlega aldurhnigin né úr hófi lífsreynd manneskja, en afskaplega er sá veruleiki sem ég ólst upp við ólíkur þeim veruleika sem börnin mín hafa búið við. Á það við um flesta þætti mannlegs lífs, skólahald, heimilislíf og tækifæri til frístundaiðkana. Þetta er alls ekki sambærilegt.

Að mínu viti hefur kennslutilhögun breyst talsvert frá mínum skólaárum. Nú er lögð meiri áhersla á þekkingarleit og skilning á námsefninu en þann utanbókarlærdóm sem einkenndi nám áður fyrr.

Hvað tómstundir varðar er svo ótrúlega margt, sem keppir um athygli og tíma fólks núna, sem ekki var til staðar fyrir 20 árum. Ég nefni bara tvennt sem mér finnst áhrifamest, sjónvarpið og tölvutæknina. Sjónvarpið er mikill tímaþjófur, ekki síst eftir að myndböndin komu til sögunnar, og því miður er það ekki nýtt sem skyldi til góðra hluta. Og nú er það tölvutæknin sem hvolfist yfir okkur með öllum sínum göllum og kostum.

Mér finnst einhvern veginn, þegar á allt er litið, að viðhorf fólks, hvort sem það er ungt eða miðaldra, eins og við erum flest hérna á Alþingi, en þó sérstaklega ungs fólks, hafi breyst á þessum 20 árum á þann veg að það horfir meira til framtíðarinnar en áður. Það er ákaflega upptekið af þeirri framtíðarsýn sem við því blasir: ómanneskjulegum tækniheimi í skugga vígbúnaðarkapphlaups, heimi þar sem mengun, gróðureyðing og auðlindaþurrð ógnar mannlífinu, heimi þar sem vélmenni hafa yfirtekið störf hins almenna verkafólks. Það er ekki að undra þótt ýmsir séu áhugalitlir um tölur og nöfn úr fortíðinni við þær aðstæður sem nútíminn hefur fært okkur.

Vonandi skiljast orð mín ekki svo að ég sé að gera lítið úr gildi þekkingar á sögu okkar og þá sérstaklega baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði og frelsi. Um það er ég sammála ýmsum sem talað hafa hér á undan mér. En ég tel enga ástæðu til að ætla að þessum þætti sé illa sinnt í grunnskólanámi miðað við þær aðstæður sem við höfum búið skólastarfi okkar.

En hver sem afdrif þessarar þáltill. verða hefur sú umr. sem hér hefur farið fram svo og sú umr. sem átt hefur sér stað í fjölmiðlum og manna á meðal verið athyglisverð og vonandi bæði til gagns og góðs.

Það er væntanlega orðið öllum ljóst að í gangi er gagnger endurskoðun á námsefni í samfélagsfræði, sem Íslandssagan er hluti af, og ég trúi að þeir sem þar um fjalla hafi gagn af þessari umr. Og vonandi lesa þeir gaumgæfilega ræður þeirra Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur og Guðrúnar Agnarsdóttur sem þær fluttu hér s. l. þriðjudag.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég verð að segja að mér koma viðbrögð þm. gagnvart þessari till., einkanlega þó þm. SK og þm. Alþb., sem hafa haft sig töluvert í frammi í þessari umr., verulega mikið á óvart. Viðbrögð þessara hv. þm. eru mér veruleg vonbrigði vegna þess að að mörgu leyti hefur málflutningur þeirra byggst á útúrsnúningum og því að gera þeim upp skoðanir sem standa að flutningi þessarar till.

Ég skal taka sem dæmi síðasta ræðumann, hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Hún sagði: Það er ekkert jákvætt í þessari till. Hún er vantraust á kennara. — Það er hvergi minnst á kennara í þessari till. — Hún er í umvöndunartón, sagði hv. þm. Ég kannast ekki við að þetta sé rétt. Það verður auðvitað hver að meta það fyrir sig. Ég kannast ekki við að það sé vantraust á kennarastéttina þó talað sé um að efla kennslu í sögu þjóðarinnar. Það er ekkert vantraust á kennarastéttina og fjarri sé það mér að halda því fram að kennarastéttin upp til hópa sé ekki starfi sínu vaxin. Mér dettur það ekki í hug og það er ekkert í þessari till. um það, ekki nokkur skapaður hlutur. Ég kannast ekki heldur við að það sé einhver sérstakur umvöndunartónn í þessari till. Ég tel hins vegar að till. sé jákvæð. Þarna eru þrjú meginatriði eða svo. Hvað er neikvætt við að efla kennslu í sögu íslensku þjóðarinnar? Og hvað er neikvætt við að glæða þekkingu og skilning nemenda á sögu þjóðarinnar? Hvað er neikvætt við að halda þannig á málum að það efli trú á landið og vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem við höfum byggt upp? Og hvar er sá umvöndunartónn sem síðasti ræðumaður gerði svo mikið úr hér?

Hv. síðasti ræðumaður talaði líka um þekkingarleit

og skilning andstætt því sem hún nefndi utanbókarlærdóm. Ég held að við séum kannske í þessum efnum, Íslendingar, töluverðir öfgamenn. Þegar koma einhverjar nýjungar fram á sviði kennslumála er slíkt sett upp jafnan sem annaðhvort eða. Þegar mengjafræðin átti að leysa öll vandamál í sambandi við reikningskennslu var það annaðhvort eða og þá var kúvent og öllu hinu gamla kastað fyrir róða. Hvað hefur gerst síðan? Pendúllinn hefur sveiflast til baka. Það er aftur byrjað að kenna reikningsbækur Elíasar Bjarnasonar í grunnskólanum, sem ég hygg að margir hv. þm. hafi kynnst af eigin raun á sínum skólaárum. Pendúllinn hefur sveiflast til baka. Það er gott og blessað að auka skilning og þekkingu og auðvitað verður það að vera með, en við komumst aldrei hjá því, ef við ætlum að kenna Íslandssögu, ætlum að kenna mannkynssögu, ef við ætlum að kenna landafræði og samfélagsfræðigreinar, að menn verða líka að læra staðreyndir. Það er ekki hægt undan því að sleppa, kannske má draga úr staðreyndalærdómi og auðvitað get ég fallist á að það hafi verið of mikið af slíku hér áður fyrr, en við eigum ekki að fara alveg í hina áttina og segja: Nú sleppum við öllum staðreyndum og tölum bara um skilning og þekkingu. — Það er bara ekki hægt. Og kannske hefur þessi samþætting greinanna — sem sumir hafa nú nefnt samþvætting — gengið allt of langt. Ég er þeirrar skoðunar að þar hafi verið gengið of langt. Það er ekki svo galið allt það gamla í skólakerfinu og við eigum ekki að kasta því fyrir róða umhugsunarlaust fyrir nýja hluti sem eru óreyndir. Við eigum auðvitað að vera opin fyrir nýjungum, en við eigum líka að halda í það sem gefist hefur vel. Ég held að þarna höfum við farið í íslensku skólakerfi vill vegar og verið heldur ginnkeypt fyrir óreyndum nýjungum. Pendúllinn hefur sveiflast heldur langt og heldur mikið og kannske heldur oft.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði hér áðan: Það segir ekkert í grg. um trú á landið. Það segir ekkert í grg. um að varðveita menningarsamfélagið sem við höfum komið hér upp. Þetta eru almenn atriði sem tillögumenn leggja til að Alþingi staðfesti með þeirri einföldu viljayfirlýsingu sinni sem hér er lagt til að þingið samþykki.

Ég vísa því enn einu sinni á bug að þessi till. feli í sér einhvers konar vantraust á kennara. Það er bara skoðun flm. að kennslu í sögu þjóðarinnar skuli auka frá því sem er. Það er ekkert verið að segja að þeir sem annast hana vanræki sín störf. Það er hvergi sagt.

Þá langar mig, herra forseti, til að víkja nokkrum orðum að ræðum sem voru fluttar síðast þegar þetta mál var til umr.

Það er víst svo að þau orð sem ég mælti hér um það sem nokkrir hv. þm. kalla kvennamenningu og kvennasögu urðu hin litla púfa sem velti þungu hlassi og komu margir hér og töluðu um það. Það kom hvergi fram í mínu máli, sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir gerði að umtalsefni, að karlar og konur væru eins. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann halda því fram og satt að segja skil ég ekki hversu tíðrætt henni varð um þann mun sem er á körlum og konum. Það hefur engu verið haldið fram í þá veru úr þessum ræðustól, svo að ég viti, að karlar og konur væru eins. Það dettur ekki nokkrum manni í hug. Það eru engir tveir einstaklingar eins, hvort sem um er að ræða karla eða konur. En ég varaði hins vegar við því og vara við því enn að menn fari að skipta menningunni upp í skúffur, að við förum að kynskipta sögunni. Þetta er okkar sameiginlegi menningararfur. Öll erum við menn. Samkvæmt íslenskri málvenju eru konur menn. Sem betur fer hefur dottið upp fyrir það orðskrípi sem menn voru með tilburði til að koma inn í íslenska tungu á haustdögum, orðið „þingkona". Sem betur fer hefur það ekki heyrst nefnt, enda á það ekki að vera til. Ég skal ekki draga úr því að það hafi lítið verið gert úr hlut kvenna í sögunni í gegnum aldirnar. En réttlætir það að við förum að tala um einhverja sérstaka kvennasögu? Við eigum að kappkosta að sagan sé þannig skrifuð að hver einstaklingur njóti þar sannmælis, eftir því sem við best getum skrifað og best getum dæmt.

Það hefur líka komið mér á óvart að þeir hv. þm. sem oftast koma í þennan ræðustól til að tala um frið í veröldinni, frið milli manna, frið milli þjóða, skuli beinlínis, að mér finnst oft og tíðum, gera allt hvað þeir geta til að egna til ófriðar, magna illvilja milli karla og kvenna. Mér finnst þarna skjóta skökku við, að ekki sé fastar að orði kveðið. Við erum öll menn og við erum öll jafnréttháir einstaklingar í þessu þjóðfélagi og við eigum að láta hvern einstakling njóta sannmælis alveg burtséð frá því hvers kyns hann er. Nóg um það.

Hér var vikið líka, og það gerði hv. þm. Sigríður Dúna, að stofnun Háskóla Íslands og spurði hún mig hvert væri tilefnið að stofnun Háskóla Íslands. Nú er ég ekki sérstaklega sögufróður, en svo mikið veit ég að það var ekkert eitt tilefni að stofnun Háskóla Íslands. Þau voru mörg og það var löng þróun. Það mun hafa verið 1881 sem fyrst var flutt frv. til l. um stofnun Háskóla Íslands hér á Alþingi, þó að háskólinn væri ekki stofnaður fyrr en 1911. Það var þjóðarmetnaður og þjóðarstolt að stofna hér háskóla. Menn geta auðvitað búið sér til og leitað að einhverri einni ástæðu og sagt: Þetta er ástæðan fyrir því að Háskóli Íslands var settur á stofn. Málið er bara ekki þannig. Það var þjóðfélagsþróun, aðild margra manna, sem varð til þess — **(Gripið fram í:** Og kvenna.) Já, að sjálfsögðu kvenna líka — að Háskóli Íslands var stofnaður. Og ef menn ætla að búa sér til einhverja einfalda söguskýringu á því að það hafi verið einn atburður, einn einstaklingur sem réði úrslitum um að Háskóli Íslands var stofnaður, eins og mér heyrðist hv. þm. vera að halda fram hér í ræðustól þegar hún tók mig upp í sögu, er það mikill misskilningur á eðli þeirra atburða sem leiddu til stofnunar Háskóla Íslands.

Það hafa ýmis stór orð verið látin falla um þessa till. hér og satt best að segja kemur mér það gersamlega í opna skjöldu hvað till. virðist koma miklu róti á hugi ákveðinna manna hér á hinu háa Alþingi. Hræsnisfull, sagði hv. þm. Guðrún Helgadóttir úr þessum ræðustól. Ber keim af galdraofsóknum, sagði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Hann nefndi galdraofsóknir í sömu andránni og efni þessarar till. Ég skil ekki hvað mönnum gengur til með slíkum málflutningi, mér er það gersamlega óskiljanlegt. Á hv. þm. við að það séu galdraofsóknir þegar talað er um að efla kennslu í sögu íslensku þjóðarinnar? Það er ekki heldur verið að tala um neina endurskoðun sögunnar, eins og hv. þm. var að dylgja um líka, fjarri því. Það er hvergi minnst á slíkt. Hins vegar veit ég að í ýmsum þeim löndum sem hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni eru býsna hjartfólgin og þar sem hann kannske hlaut sitt pólitíska uppeldi að einhverju

leyti á sér stað sífelld endurskoðun sögunnar. Menn hverfa þar út af síðum sögunnar eins og þeir hafi aldrei verið til og verða það sem Orwell kallaði í sinni ágætu skáldsögu „1984" á ensku að menn yrðu „unperson" þegar búið væri að fara um þá höndum endurskoðendanna. Það er líka í þessum löndum, þar sem þessi sérstaka tegund af skoðanafrelsi viðgengst, að menn þurfa jafnvel leyfi stjórnvalda til að eiga ritvél.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér ofbýður málflutningur þeirra Alþb.-manna um þetta efni. Það er engu líkara — og hlýtur raunar að vera — en að það hafi verið gerð flokkssamþykkt í þeim ágæta flokki um að vera á móti þessari till. Öðruvísi er ekki hægt að túlka málflutning þeirra um þetta mál. Það er sem sagt barist gegn því með oddi og egg að aukin verði kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar og barist gegn því að menn öðlist trú á landið. Þessu eru þeir Alþb.-menn andvígir ef dæma má eftir þeirra málflutningi hér.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði um að þessi till. væri byggð á einhverjum leiðara Morgunblaðsins. Þetta er alger misskilningur. Það greindu held ég öll blöðin frá þeirri skoðanakönnun sem vitnað er í í grg. með till. Meira að segja Þjóðviljinn greindi mjög ítarlega frá henni líka. Kannske voru það mín mistök að vitna ekki í Þjóðviljann í grg. Kannske hefði þá afstaða sumra hv. þm. orðið eitthvað önnur, hver veit.

Ég er líka ósammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þegar hann talaði hér í þá veru að hann gæfi ekki mikið fyrir það hvort menn vissu hvenær kristni var lögtekin á Íslandi. Mér finnst að það eigi Íslendingar að vita. Og mér finnst það mjög skrýtið ef fólk kemst í gegnum skólakerfið hér án þess að þessi staðreynd sitji þar eftir þegar námi er lokið.

Ég get sagt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni það að kveikjan að þessari till. var enginn leiðari í Morgunblaðinu. Kveikjan að henni var m. a. samtöl við 14 og 15 ára gamla nemendur í grunnskóla hér. Þeir hafa farið í gegnum alla bekki grunnskólans og lært það í Íslandssögu að þeir hafa fengið nasasjón af landnáminu, nasasjón með nokkurra vikna umfjöllun, hafa lært um Jón Steingrímsson og Jón Sigurðsson og þar með var draumurinn búinn. Þess eru dæmi að unglingar hafa farið í gegnum grunnskólann og lítið lært annað en þessa sundurlausu þætti. Þetta tel ég vera rangt. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að kenna meira í grunnskólanum en það sem ég hef rakið. Það kann að vera að þetta sé undantekning. Mér er líka kunnugt um að fólki tekst að fara hér í gegnum grunnskólann og læra mjög lítið um landafræði Íslands, en kannske þeim mun meira um landafræði ýmissa landa sem liggja okkur fjær og sum býsna langt í burtu. Nú er ég ekki að segja að ekki eigi að kenna eða miðla fróðleik um þau. Vissulega á að gera það, en ég held að það eigi hver einstaklingur að kunna sæmileg skil á landafræði síns eigin lands og sögu síns eigin lands. Ætli við gætum ekki verið sammála um það, og þó efast ég um að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson geti verið mér sammála um það, að sú þjóð sem glatar eða gleymir sögu sinni týnir sjálfstæði sínu kannske fyrr en varir? Það er m. a. þess vegna sem ég held að sé mikilsvert að við leggjum meiri rækt við kennslu í sögu íslensku þjóðarinnar en við höfum gert til þessa. Og enn einu sinni vísa ég því á bug að í þessari till. felist umvöndun eða vantraust á íslenska kennarastétt. Það er alrangt.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri, en ég mælist eindregið til þess að þessi till. verði samþykkt vegna þess að ég tel það skipta miklu fyrir virðingu Alþingis að það láti eitthvað frá sér fara í þessa veru.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil fagna fram kominni þáltill. um kennslu í Íslandssögu. Það er undarlegur boðskapur sem kom fram í ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur þar sem hún fór marga hringi í kringum sjálfa sig í málflutningi sínum, boðskapur sem hafði hvorki upphaf né endi, boðskapur sem ver ekki hagsmuni íslenskra kvenna né karla, boðskapur sem ver sjónarmið alþjóðaflatlendishyggju. Það er ekki í fyrsta skipti á hinu háa Alþingi sem svo berlega kemur í ljós að talsmenn Kvennalista eru hallir undir sjónarmið Alþb. Þetta kom fyrst í ljós í atkvgr. í haust hér á Alþingi um fjárlög. Þá var eftirtektarvert að fulltrúar Kvennalista greiddu ekki alltaf atkv. með till. sem þeirra fulltrúi í fjvn. hafði samþykkt en ef þm. Alþb. greiddu atkv. greiddu fulltrúar Kvennalista einnig atkv. (**KH:** Þetta er alveg öfugt.)

Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Eiðs Guðnasonar, um þann útúrsnúning sem kom fram í ræðu Kristínar Halldórsdóttur um kennarastéttina á Íslandi. Hér er verið að ræða um eitt af grundvallaratriðum íslenskrar menningar, íslenskrar þjóðar í fortíð og framtíð. Það er furðulegt þegar þm. gera slík mál að leiksoppi. Yfir landið flæðir alls kyns menning, tæknivædd og ótæknivædd, alls kyns innflutningur af ýmsu bergi brotinn sem hefur áhrif á okkar menningu. Með þessum sívaxandi þrýstingi frá alþjóðaflatlendishyggjunni er enn meiri ástæða til þess fyrir íslenska þjóð að gæta hagsmuna sinna, halda reisn sinni og standa upp úr þeirri moðsuðu sem hefur komið fram hér í ræðum ýmissa þm.

Ef maður ætti að taka mark á málflutningi hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur byggi íslensk þjóð við dauða og djöful í aðbúnaði í kennslu og menningarmálum þjóðarinnar. Ég mótmæli harðlega slíkri moðsuðu. Þetta ber vott um taugaveiklun sem við skulum varast og láta flæða hjá. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það er margt sem okkur ber að gæta að og huga að í íslensku skólakerfi. Númer eitt eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns er íslensk tunga. Ef við höldum ekki okkar tungu hreinni töpum við okkar sjálfstæði. Þáttur í þeirri þjóðrækt sem þarf að fylgja íslenskri tungu er íslensku- og sögukennsla samhliða í skólum landsins.

Við gagnrýnum oft aðrar þjóðir fyrir að skipta sér af einu og öðru hjá grönnum og öðrum þjóðum. En við skulum gera okkur grein fyrir því að við sitjum uppi með skólakerfi sem nýtist okkur á margan hátt en gerir samt sem áður ekki ráð fyrir höfuðatvinnuvegum íslensks þjóðfélags um langa hríð. Við sitjum uppi með skólakerfi sem byggir á dönsku kerfi, sænsku og ensku, skólakerfi sem er byggt upp fyrir iðnaðarsamfélög. Það er kannske þess vegna sem við búum við það að bæði sjávarútvegur og landbúnaður eru hornrekur í íslensku þjóðfélagi. Við erum með þessu skólakerfi að rækta okkar unga fólk frá þessum atvinnuvegum, rækta það inn á aðrar brautir sem við munum kannske byggja meira á í framtíðinni en við höfum gert. En engu að síður vanrækjum við þessar tvær greinar í okkar íslenska skólakerfi þar sem þeir skólar sem eiga að sinna sjávarútvegi og landbúnaði eru sannanlega hornrekur í

skólakerfinu. Þetta er einn liður í þjóðræktinni sem við eigum að taka upp og leggja meiri áherslu á með aukinni kennslu í Íslandssögu.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir harmaði fornar hefðir í kennslu. Ég er sammála þm. í þeim efnum að ástæða er til að þeir unglingar sem nú eru í skólum landsins eigi sama kost og var í kennslu áður fyrr þar sem lögð var mikil rækt við sögukennslu í skólum landsins. Það er því miður liðin tíð um sinn að því sé sinnt sem skyldi. Þess vegna ber að fagna till. sem vill stuðla að því að Íslendingar eigi þess kost að halda reisn sinni sem þjóð í hafi hinna stóru þjóða allt um kring. Ef það hefur nokkurn tíma verið nauðsynlegt að leggja áherslu á að skerpa persónueinkenni íslenskrar þjóðar er það í dag. Þetta ætti því ekki að vera deilumál á hinu háa Alþingi Íslendinga.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og eðlilegt má telja er umr. um þetta mál komin nokkuð út um víðan völl enda er hér verið að vekja máls á meiru en kennslu í Íslandssögu. Þessi till. gefur að sjálfsögðu tilefni til þess að rætt verði um skólamál almennt og stefnu í mennta- og skólamálum. Samt vil ég vekja athygli þm. á því að tillgr. fjallar ekki um stefnu í skólamálum almennt, hún fjallar aðeins um tvö atriði: Í fyrsta lagi að Alþingi æski þess að aukin verði kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar á grunnskólastigi og í öðru lagi að þar komi fram ekki aðeins aukin þekking og skilningur fólks á sögu þjóðarinnar heldur einnig aukin trú á landið og vilji til þess að varðveita það.

Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt, herra forseti, að þessi tillgr. fái að ganga til atkv. því að ég sé satt að segja ekki þann þm. á þjóðþingi Íslendinga sem gæti greitt svona till. mótatkvæði. Menn geta varla verið andvígir því að aukin sé kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar þegar menn hafa fengið upplýsingar um hvers eðlis sú kennsla er, m. ö. o. hvað stórt tímabil í þjóðarsögunni ekki vinnst tími til að kenna í íslenskum grunnskólum. Ekki geta alþm. á þjóðþingi Íslendinga verið andvígir þessu. Ekki geta heldur alþm. á þjóðþingi Íslendinga verið andvígir því að í kennslu í Íslandssögu og í íslenskri þjóðtungu sé reynt að auka fólki trú á landið og vilja til að varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast. Þess vegna held ég, herra forseti, að bráðnauðsynlegt sé að þessi tillgr. fái að ganga til atkv. til að menn fái að sannreyna hvort hér sé fólk sem sé andvígt því að Alþingi geri slíka ályktun.

Ekki fer á milli mála að mikil breyting hefur orðið á námsefni og kennsluháttum íslenskra skóla sem m. a. er reist á grunnskólalögum sem Alþingi hefur sett. Mikið tilraunastarf hefur átt sér stað í þessum skólum og miklar breytingar hafa verið gerðar, ekki bara á námsefni heldur á námsháttum. Ég átti að vísu ekki sæti á Alþingi þegar grunnskólalögin voru lögfest en öðlaðist sæti á Alþingi nokkru síðar og ég held að ég sé ekki einn þm. um að vita næsta lítið um þessar breytingar sem þó hafa verið reistar á lögum sem Alþingi hefur sett. Sú þekking og reynsla sem ég hef af þessum málum er í miklu meira mæli þekking sem ég hef öðlast sem foreldri barna á grunnskólaaldri heldur en fræðsla sem ég hef fengið sem alþm. Ég held að ég hafi ekkert minni áhuga á skólamálum almennt en flestir þm. M. ö. o., það er ákaflega lítið sem þm. vita um þær breytingar sem reistar hafa verið á lögum sem Alþingi hefur samþykkt.

Ég held að þetta hljóti að styðja mjög það álit margra manna, þ. á m. þm., að Alþingi eigi að gera sér meira far um en það hefur gert að fylgjast með framkvæmd laga svo að menn standi ekki hér uppi og þurfi meira og minna að byggja á umsögn annarra um hluti sem væri nær að þm. vissu sjálfir. Um framkvæmd jafnmikils lagabálks og grunnskólalögin eru væri mjög eðlilegt og ákjósanlegt að t. d. menntamálanefndir Alþingis, sem eiga að fjalla um grunnskólalögin, fengju að fylgjast með öllum þeim breytingum á ríkjandi kennsluháttum sem á þessum grunnskólalögum eru reistar og öllu því reglugerðaflóði sem út hefur verið gefið með tilvísan til grunnskólalaganna. Mér skilst m. a. að þessar reglugerðir — þó að ég geti ekki staðreynt það sjálfur — breyti í mjög verulegum atriðum þeim anda sem hefði verið í grunnskólalögunum að mati ýmissa þeirra sem áttu hlut í að samþykkja þau. Með þessu taka auðvitað ráðuneytin, handhafar framkvæmdavaldsins — og þetta er ekkert einsdæmi um grunnskólalögin, þetta á við um fjölda annarra laga — sér fyrir hendur að túlka lög sem Alþingi setur og gera jafnvel mjög veigamiklar breytingar á framkvæmdum með vísun í lagagreinar sem ég held að óhætt sé að fullyrða að alþm., þeir sem lögin settu, höfðu ekki hugmynd um og aldrei vakti fyrir þeim. Það er alveg fráleitt frá sjónarmiði Alþingis sem löggjafarstofnunar að setja lög og fylgjast síðan ekki með framkvæmd þessara sömu laga þegar þau eru komin til framkvæmdavaldsins.

Menn hljóta að viðurkenna að í þeim breytingum sem gerðar hafa verið í skólakerfinu, m. a. með framkvæmd grunnskólalaganna, hefur fjölmargt gott verið gert. En það er alveg fráleitt að halda því fram að þar hafi ekki líka verið gerð talsverð stór og mikil mistök. Ég vil aðeins minna menn á það að þau mistök eiga ekki öll upptök sín í menntmrn. eða hjá starfsmönnum þess.

Ég minni t. d. á þegar hrint var af stað að lítt athuguðu máli breytingum á námsefni grunnskólastigsins í stærðfræði og mengjakennslan var upp tekin. Það var ekki að tilhlutan menntmrn., skólarannsókna eða starfsmanna þess rn. Sú ákvörðun var tekin af fræðsluyfirvöldum í Reykjavík. Það voru þau sem hrintu að lítt athuguðu máli af stað nýju námsefni á grunnskólastigi í stærðfræði sem aðrir skólar eltu síðan uppi. Þetta var gert á svipuðum tíma og sams konar námstilhögun var verið að leggja niður í nágrannalöndunum eins og Danmörku vegna þess að hún var talin hafa gefið svo slæma raun. Ég get skýrt frá því sem foreldri á þessum tíma að mér hreint ofbauð hvernig þau trippi voru rekin. Börnin komu varla svo í skóla að hausti til að ekki væri búið að gerbreyta því námsefni í stærðfræði sem þau höfðu verið að nema veturinn áður. Ég var eitt þeirra foreldra sem lenti í því að fá barn eitt haust sem hafði tekið þátt í eða átt hlutdeild í allri þessari sögu mengjakennslunnar frá fyrstu bókum í gegnum aðrar bækur, í gegnum lausblaðaverkefni, í gegnum verkefni samin af viðkomandi kennurum. Svo gerðist það eitt haustið að barnið kom heim og sagði þau tíðindi sem ekki voru óvanaleg á þessum árstíma að nú væri komin ný bók í stærðfræði. Að vísu gætu börnin ekki fengið hana strax vegna þess að hún væri ekki til enn þá hjá Námsgagnastofnun, það ætti eftir að ljúka við prentun en hún mundi koma síðar og þetta væri bók sem að áliti kennarans væri ákaflega góð. Þegar dóttir mín kom

með bókina heim til sín í nóvembermánuði kom í ljós að þetta var reikningsbók Elíasar H. Bjarnasonar sem ég hafði lært sem drengur. Þá varð það niðurstaðan eftir allt saman.

Ég vil líka vekja athygli á því að að mínu áliti voru líka gerð mistök þegar tekin var sú ákvörðun af hálfu fræðsluyfirvalda að fara með dönskunám niður í 10 ára bekk. Sú ákvörðun var tekin af hálfu fræðsluyfirvalda með skírskotun til laga um grunnskólanám. Það kunna að vera einhverjir hér inni sem áttu hlut að samningu þeirra laga og ég leyfi mér að spyrja þá: Þegar þeir greiddu lögunum atkvæði voru þeir þá að greiða því atkv. að farið yrði með dönskunám niður í 10 ára bekk? Hver var reynslan af því? Reynslan af þessu varð sú að skólarnir sjálfir settu sig öndverða upp á móti þessum fyrirrætlunum. Nú er víðast hvar þar sem ég þekki búið að hörfa til baka með þessa ákvörðun þannig að í flestum skólum landsins er danska ekki lengur kennd í 10 ára bekk. Og ef menn eru að tala um vísindalegar aðferðir og vísindaleg vinnubrögð við nýjungar á borð við þetta þarf auðvitað saman að fara að fyrir liggi vísindalegar og kennslufræðilegar niðurstöður á því hvernig svona tilraunir hafa gefist. En mér vitanlega hafa slíkar skýrslur aldrei verið samdar. Ef hæstv. menntmrh. væri viðstaddur þennan fund, sem hann ekki er, mundi ég biðja hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því að úttekt yrði gerð t. d. á reynslunni sem af því hlaust að færa dönskunám niður í 10 ára bekk.

En ég vil taka mjög skýrt fram að þó ég nefni þarna tvö dæmi er ég engu að síður sannfærður um að stór hluti, jafnvel meginhlutinn, af þeim nýjungum sem hefur verið brotið upp á hafi verið þarfur, eðlilegur og réttur. En það þýðir ekki að allar tilraunir sem gerðar hafa verið séu af hinu góða. Ekki er æskilegt í skólamálum einnar þjóðar að það geti gerst að skólarnir séu svo gjörsamlega undirlagðir tilraunastarfsemi að það sem kennt er í einum skólanum sé ekki kennt í þeim næsta og menn upplifi það jafnvel að námsefnið breytist eftir kennurum. Ég kem t. d. úr hverfi þar sem eru mjög tíð skipti á kennurum. Getur verið að eitt og sama barnið njóti kennslu tveggja eða þriggja kennara yfir veturinn.

Fyrir nokkrum árum fékk ég sem foreldri bréf frá kennara í einum þessara skóla. Bréfið kvað á um að álit viðkomandi kennara væri að þær námsbækur í ensku sem gefnar eru út af Námsgagnastofnun væru ekki nothæfar. Mér skilst að þetta hafi verið tveir bókaflokkar sem gefnir voru út af Námsgagnastofnun og samdir af þeim aðilum sem sömdu námsskrá í ensku. Þess var óskað við mig sem foreldri að ég samþykkti að kaupa erlenda bókaröð, kennslubókaröð í ensku þar sem báðar þær bókaraðir sem Námsgagnastofnun gæfi út væru ónothæfar.

Eins og menn vita eru fjölmörg útgáfufyrirtæki, t. d. í Bretlandi, sem gefa út til sölu námsbækur í ensku og reyna síðan með auglýsingum og öðru sambandi við fólk að koma þessum námsbókum sínum á framfæri og selja þær. Ég reikna með því að þarna hafi verið um slíkt frumkvæði að ræða.

Ég hafði samband við skólastjórann í þessum skóla og spurði hann hvort þetta bréf væri sent með hans vitund, hvort niðurstaða skólans væri að þær námsbækur sem Námsgagnastofnun gæfi út væru ekki nothæfar. Skólastjórinn kom af fjöllum. Hann vissi ekkert um þetta. Ég hafði samband við fræðslustjórann í Reykjavík og spurði hann. Hann vissi ekki neitt, hafði ekki hugmynd um þetta. Og það þarf ekki að orðlengja það að þessi bók var keypt og kennd þennan vetur. Síðan kom nýr kennari næsta vetur og þá var hætt að kenna þennan bókaflokk.

Þetta kalla ég ekki vera æskilegt. Ég tel æskilegt að vera opinn fyrir nýjungum og opinn fyrir tilraunum í skólastarfi en ég tel nauðsynlegt að þær tilraunir séu undir einhverri ábyrgri stjórn þannig að einn sé ekki að reyna þetta á meðan annar sé að reyna hitt.

Auðvitað getur svona lagað gengið út í hreinar öfgar eins og gerðist hér um árið þegar börn við barnaskóla í Reykjavík voru mestallan veturinn að búa til pappírsmódel af hluta Rínardalsins og það var öll sú fræðsla sem menn fengu í þeim bekk í landafræði þann vetur. Ég reikna með því að fólk hafi verið talsvert vel að sér í þessum hluta Rínardalsins eftir þann vetur. En ég á ekki von á því að nemendur hafi vitað mikið annað a. m. k. eftir veturinn þann.

Og það er annað sem við þurfum að gera okkur grein fyrir. Þegar tekið er upp nýtt námsefni miðað við þær kennslustundir sem til ráðstöfunar eru í hverjum skóla er hætt við því að annað efni þurfi að víkja. Það nýja námsefni sem tekið hefur verið upp er allt saman þarft og gott og blessað. En menn gleyma alltaf að spyrja sig að því: Ef þetta efni er tekið upp er þá eitthvað sem þarf að víkja í staðinn úr námsskránni og hvaða námsefni er það? Því verður t. d. ekki á móti mælt að ýmislegt af því nýja námsefni sem tekið hefur verið inn í grunnskólakennsluna hlýtur að hafa rutt öðru námsefni út. Menn hljóta að verða að meta það og vega hvort er þarfara, þó að hvort tveggja sé gott og þarft út af fyrir sig, nýja námsefnið sem kom eða það námsefni sem látið var víkja.

Auðvitað verður alltaf tíska í öllu skólastarfi. Það er með skólastarf eins og flest annað í sambandi við mannlegt líf að þar verður fátt sannað svo óyggjandi sé, menn þurfa að byggja viðhorfin á sinni afstöðu, m. a. pólitískri afstöðu, og menn gera það óhikað. Fátt af þessu verður sannað með sömu aðferðum og menn beita í raunvísindum.

Þegar við flest sem hér sitjum inni vorum á grunnskólaaldri var sú tíska í grunnskólakennslunni að nota vinnubækur meira en í hófi. Þá átti að leysa öll vandamál í skólanámi með vinnubókargerð. Þá var kennurum uppálagt að framleiða vinnubækur ofan á vinnubækur sem áttu að vera það sem öllu bjargaði í sambandi við nám. Nú er þessi vinnubókatíska ekki lengur í skólakerfinu. Auðvitað kemur þá önnur tíska í staðinn. Og hver er hún? Hún er m. a. sú að menn segja: Ekki á lengur að fjalla um staðreyndanám heldur um þekkingarleit. Þetta er bara skoðun sem er alveg fullgild, alveg jafngild eins og hver önnur skoðun, en þetta er ekki eitthvað sem er vísindalega sannað. Því að svona hlutir verða aldrei vísindalega sannaðir. Aldrei verður vísindalega sannað að betra sé og líklegra til árangurs að kenna t. d. mannkynssögu án þess að nefna nöfn frekar en vísindalega er sannað að best sé til árangurs að kenna mannkynssögu með því að nefna nöfn. Þetta verður bara að byggjast á viðhorfi manna, á afstöðu, á tísku. Tískan er sú í dag og hefur verið að réttara sé að kenna slík fög án þess að nefna nöfn.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræddi um þetta í sinni ræðu. Út af fyrir sig getur sú afstaða hans verið

góð og gild að hann vilji láta skrifa Íslandssögu án þess að Hjörleifur Guttormsson sé nefndur þar á nafn. Sjálfsagt að verða við því. Án efa mundi það stytta Íslandssöguna allverulega ef Hjörleifs Guttormssonar væri þar hvergi getið. En það er hans afstaða sem ekki er hægt að byggja á neinum sérstökum vísindalegum rökum frekar en ég get byggt þá skoðun mína á vísindalegum rökum að það væri mjög æskilegt, þegar menn horfðu til baka t. d. til síðustu 5—6 ára og færu að skrásetja það sem þá hefði gerst, að þá væri Hjörleifs Guttormssonar að einhverju getið. Ég held að auðveldara verði fyrir menn að læra sögu s. l. 5—6 ára með því að Hjörleifs Guttormssonar yrði þar getið en með því að hans yrði þar ekki getið jafnvel þó, herra forseti, að það mundi lengja söguna eitthvað, einkum og sér í lagi ef oft þyrfti að vitna í hv. þm.

Síðan vil ég aðeins benda mönnum á annað. Mikið er talað um að námið eigi að byggjast á því að kenna börnum að vinna vísindalega, kenna börnum að leita sér heimilda. Heimildirnar eigi ekki að vera í kennslubókunum, heldur eigi börnin, 7, 8 og 9 ára gömul börn, að beita sér þannig í námi að leggja á sig vísindaleg vinnubrögð til að leita uppi heimildirnar í skólabókasöfnum og annars staðar. Ekki er ætlast til þess að kennararnir vinni þannig við kennsluna vegna þess að þess er krafist að í öllum slíkum fögum séu gefnar út sérstakar vinnubækur fyrir kennarana sem segi þeim nákvæmlega fyrir um frá A til Z hvernig þeir eigi að kenna námsefnið. Í þessum vinnubókum stendur m. a. s. hvað kennararnir eigi að segja varðandi hverja námseiningu, næstum því varðandi hvern einasta kennslutíma. En börnin fá engar slíkar leiðbeiningar. Þeirra nám á að felast í því að fara í skólabókasöfnin og leita sér heimilda til að öðlast vísindaleg vinnubrögð.

Kennslubækur sem þannig eru skrifaðar eru að sjálfsögðu ekki fullkomin kennslugögn. Í þessu tilviki er það bara kennarinn sjálfur sem fær fullkomið kennslugagn í hendurnar. Ég man ekki betur en að á flestum samkomum kennara sé ályktað oftar en einu sinni og oftar en tvisvar um nauðsyn þess að gefa út meiri og fyllri kennsluleiðbeiningar fyrir kennarana með námsefninu sem börnunum er ætlað að nema. En börnin fá þessi kennslugögn ekki fullkomin í hendurnar, þau verða að láta sér nægja nokkrar síður, tiltölulega fáar efnissíður sem í mörgum tilvikum eru mikið lagðar undir fallegar myndir. Þeim er síðan ætlað að leita það uppi í gögnum sem kennurunum er sagt frá í handbókum. Ég skora á alþm. að kynna sér þetta.

Þegar ég var í skóla fyrir að vísu nokkuð mörgum árum var tíðkan þveröfug. Þá voru bestu bækurnar taldar þær þar sem allt stóð sem nemandinn þurfti á að halda. Jafnvel orðasafnið fylgdi með þannig að nemandinn þyrfti ekki svo mikið sem að taka orðabók ofan úr hillu, t. d. í erlendu máli og fletta þar upp. Jafnvel orðasafnið var með í kennslubókinni. Kennslubókin þótti þeim mun betri þeim mun meiri upplýsingar sem hún gat gefið nemandanum um námsefnið.

Nú er talið æskilegt að hafa þetta þveröfugt, m. ö. o. að hafa sem fæstar staðreyndir í námsbókinni fyrir nemandann en sem flestar fyrir kennarann og ætlast síðan til þess að nemandinn leiti þetta uppi á skólabókasöfnum og annars staðar.

Hvort tveggja er þetta tíska, það er ekkert vísindalegt við þessar niðurstöður. Þetta eru bara ákvarðanir sem teknar eru vegna viðhorfs þeirra sem bækurnar semja. Mitt viðhorf er það að ég tel að auðveldara sé og einfaldara fyrir nemendur á grunnskólastigi á meðan námið er ekki orðið þeim mun flóknara að geta haft allar upplýsingar við hendina. Þeir sem bækur þessar semja eru hins vegar á þveröfugri skoðun. Þeir hafa fullt leyfi til þess. Þeirra skoðun er alveg jafngild eins og mín skoðun en þeir geta ekki sannað að hún sé rétt fremur en ég get sannað að mín sé rétt. Allt tal um vísindalega niðurstöðu í þessu sambandi er hreint rugl út í loftið. Því miður bera menn oft fyrir sig í slíkum umræðum alls konar kynngiyrðasmíð sem er verið að búa til til þess að gefa gömlum hugtökum einhvers konar mystískt yfirbragð þannig að venjulegt alþýðufólk skilji ekki hvað átt er við, þannig að fólk haldi að þetta séu einhver ógurleg vísindi sem þarna séu á ferðinni.

Því miður held ég að það sé reynsla allt of margra unglinga að þegar þeir koma á framhaldsskólastig þar sem gerðar eru miklar kröfur í námi vanti þá ekki bara undirstöðuþekkinguna í ýmsum námsgreinum heldur bresti því miður oft líka á að fólkið kunni að læra, að það kunni að leggja á sig þá vinnu og leggja fram þá vinnu sem raunverulegt nám á framhaldsskólastigi krefst. Ég þekki marga unglinga á aldrinum 15—19 ára og því miður er það þetta sem margir þeirra upplifa sem koma í framhaldsskóla þar sem farið er að gera kröfur til þess að fólk kunni að læra.

Herra forseti. Í lokin aðeins örfá orð. Auðvitað hlýtur Íslandssaga sem skrifuð er af Íslendingi að vera hlutdræg. Hún hlýtur að vera hlutdræg fyrir Íslendinga sjálfa. Hún hlýtur að vera allt öðruvísi en t. d., svo eitt dæmi sé nefnt, ef Tanzaníubúi væri að skrifa Íslandssögu. Þetta er ekki óæskilegt. Ég þekki ekkert þjóðríki þar sem kennsla fer þannig fram að það sé eins og útlendingar séu að kenna þjóðfélagsþegnunum um sitt eigið land. Jafnvel í stærstu löndum heims eins og Bandaríkjunum er sú skólastefna meðvituð rekin að fólki er þar innrætt virðing og ást á þjóð sinni og landi með meðvitaðri hlutdrægri kennslu Bandaríkjunum í vil. Bandarísk skólabörn byrja t. d. sinn dag með því að syngja hyllingarsöng til bandarískra fánans. Okkur finnst þetta ákaflega ómerkilegt. Við mundum aldrei byrja okkar skóladag á því að syngja hyllingarsöng til bandarískra fánans. Það mundi enginn Íslendingur gera, hvað svo sem Alþb. kann að segja um það. En Bandaríkjamönnum finnst þetta eðlilegt. Þeim finnst það eðlilegt, þegnum þessa stóra og volduga ríkis, að ala sín börn upp í ást á landi sínu og þjóð, stolti á menningu sinni, og það gera menn vísvitandi með því að halda hlut sinnar þjóðar fram í skólum. Hvað halda menn að verði um 240 þúsund manna þjóð ef hún í hópi allra þjóða heims telur sig hafa efni á því að láta einhverja náttúrulausa óhlutdrægni ríkja í uppeldi barna og unglinga og kennslu barna og unglinga í þjóðtungu og þjóðarsögu?

Herra forseti. Ef íslensku þjóðinni, þ. á m. okkur sem hér sitjum, hefði ekki verið kennd saga íslensku þjóðarinnar með þeim hætti sem þessi till. til þál. gerir ráð fyrir væri hér ekkert Alþingi.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að hafa mörg orð nú, ég hef þegar sagt það sem ég vildi koma á framfæri við umr. um þessa þáltill.

Hv. 1. flm. till., 5. landsk. þm., er sár yfir út-

úrsnúningi þm. á máli hans og finnst mér nú eiginlega að þá sé útúrsnúningurinn farinn að dansa polka um alla þingsali því að ekki er ljóst lengur hver er að snúa út úr fyrir hverjum.

Það er ekkert neikvætt við að efla kennslu í Íslandssögu, sagði hv. þm. Ég kannast ekki við að neinn þm., sem hefur talað hér úr ræðustól, hafi haft það á orði. Menn hafa hins vegar haft mismunandi hugmyndir um hvernig Íslandssögu ætti að kenna. Ég gerði að umtalsefni hér í Sþ. á þriðjudaginn var ákveðið atriði í sögukennslu og talaði um að ég lýsti fyllsta stuðningi við aukna kennslu í Íslandssögu svo lengi sem það væri kennsla í sögu allrar þjóðarinnar en ekki aðeins hluta hennar.

Öll erum við menn, segir hv. þm., og það er einmitt mergurinn málsins, líka með Íslandssöguna. Og þá spyr ég enn eins og ég spurði hér áðan: Hvar eru þeir menn í Íslandssögunni sem að kynferði eru konur? Eins og ég hef áður sagt þegir Íslandssagan um alla þessa kvenkyns menn, öðru nafni konur.

Ég nefndi tildrögin að Háskóla Íslands sem dæmi um hvernig þagað væri yfir hlut kvenna í sögunni. Vitaskuld er engin ein ástæða fyrir stofnun Háskóla Íslands. Það er yfirleitt engin ein ástæða fyrir einum einasta hlut, eins og við vitum öll. Hv. þm. minntist á að frv. hefði verið flutt hér í þinginu árið 1881 um stofnun þeirrar merku stofnunar, háskólans, en síðan var ekkert um framkvæmdir. Ég vil upplýsa hv. þm. um að 26. janúar 1894 boðuðu átta konur til fundar í Reykjavík til að stofna sjóð sem mætti verða til þess að hægt væri að hefja byggingu Háskóla Íslands. Þessi samskot, sem konurnar stóðu fyrir, urðu síðan til að ýta því máli áfram. Þetta er hvergi að finna í Íslandssögunni.

Það er líka einkar fróðlegt að rifja upp hvaða ástæður þessar ágætu konur höfðu fyrir því að vilja reisa þessa merku stofnun hér á landi. Hún var sú að þær vildu ekki sjá eftir sonum sínum, ungum og óhörðnuðum, í sollinn í Kaupmannahöfn. Ekkert af þessu finnum við á spjöldum hinnar opinberu sögu Íslendinga. — Það er kannske rétt að ég taki það fram að ekkert af þessu finnum við í Íslandssögukennslubókum.

Hv. þm. var svolítið sár yfir því að ég hefði sagt að hann hefði sagt að karlar og konur væru ekki eins. Hann sagði þetta ekki, ég sagði þetta, og leiðréttist það hér með. Konur eru menn skv. íslenskum málskilningi — maður þýðir kona. Ef það væri svo einhlítt, hvernig litist okkur þá á að hið fræga skáldverk Jóns Thoroddsens, Maður og kona, héti Karl og maður. Það gæti heitið það ef orðið maður þýddi jöfnum höndum karl og maður. Við gætum líka sagt í staðinn fyrir „kona er manni gefin“: maður er karli gefinn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ýmsum kann að finnast að þessi umr. um ekki orðfleiri till. en hér er til umræðu dragist nokkuð á langinn. En ég tel að hún sé á marga lund gagnleg. Margt af því sem hér er sagt er a. m. k. upplýsandi fyrir okkur sem leggjum þar við eyra. Og ég geri ráð fyrir að ýmsir sem fara yfir þetta efni í þingtíðindum muni undir það taka.

Ég hefði vissulega kosið að skóla- og fræðslumál væru til umr. á hv. Alþingi af öðru tilefni en þessari þáltill., að hér lægju fyrir til umr. veigameiri mál og betur rökstudd en er að finna í þessari till. varðandi skóla- og fræðslumál. Ég hefði kosið að við hefðum hér á Alþingi nú til meðferðar t. d. svo brýnt málefni sem frv. til l. um framhaldsskóla, sem staðið hefur í mönnum að taka afstöðu til á löggjafarsamkomunni árum saman, og það er harmsefni að enn skuli það frv. ekki sjá hér dagsins ljós.

Hins vegar eru umr. um þennan þátt skólamála og það sem á bak við liggur, þær deilur sem hér koma fram, gagnlegar því að þær varpa vissulega ljósi á allólík viðhorf manna til viðfangsefna og aðferða í sambandi við skóla- og uppeldismál.

Ég ætla að víkja að fáeinum atriðum í máli manna og þá ekki síst í síðustu ræðu hv. 1. flm., Eiðs Guðnasonar, þó að hann svaraði ekki því sem ég hafði vænst að hann svaraði nema að litlu leyti. Ég beindi til hans í fyrri ræðu minni ákveðnum spurningum sem ég taldi að svara þyrfti. Það væri þá fyrst og fremst skylda 1. flm. að veita svör í sambandi við efni þáltill., þar sem gert er ráð fyrir að auka kennslu í sögu íslensku þjóðarinnar. Hvar á að draga úr kennslu á móti, eða er þm. að gera ráð fyrir að lengdur verði sá tími sem nemendum er ætlað að sitja í skólum? (**EG:** Ég svaraði þessu áðan.) Ég tók ekki eftir því að hv. 1. flm. véki að því hvar hann vildi draga úr í sambandi við fræðsluefni á grunnskólastigi. Það er vissulega einn vandi skólanna, sem leitast hefur verið við að koma til móts við með endurskoðun á námsefni, m. a. í Íslandssögu og í samfélagsfræðum, að stöðugt er verið að gera auknar kröfur til skólanna í sambandi við fræðslu í ýmsum nýjum viðfangsefnum sem upp koma, m. a. fyrir tilstuðlan og hvatningu hv. Alþingis. Ég gæti þar margt til tínt, en menn hafa eflaust hver dæmi í sínum huga. Ég get m. a. nefnt kennslu varðandi ávana- og fíkniefni, svo eitt tiltölulega nýlegt dæmi sé tekið, og það sem tengist tækniþróuninni og nauðsynlegt er að sjálfsögðu að nemendur á grunnskólastigi fái nokkra innsýn í.

En þó að hv. þm. gæfi ekki skýr svör við þessu atriði, sem ég hér nefndi, kom þó ljóst fram í máli hans nú, sem ekki kom fram í framsögu, að hann virðist vera allandsnúinn þeirri endurskoðun kennsluefnis undir merkjum samfélagsfræði sem unnið hefur verið að frá árinu 1974 að telja. Hann kallaði samþættinguna öðru nafni samþvætting, taldi að það væri heiti sem sumir notuðu og mætti það teljast réttnefni, a. m. k. hefði verið gengið allt of langt í þeim efnum, sagði hv. þm.

Þetta er út af fyrir sig athyglisvert, en hins vegar kemur ekki skýrt fram hjá hv. þm. með hvaða hætti hann vill þá láta matreiða Íslandssöguna, nema ef það væri að halda sig áfram við þær bækur sem lengi hafa verið notaðar og enn er heimild til að nota við Íslandssögukennslu í skólum landsins, kennslubækur Jónasar Jónssonar frá Hriflu, Íslandssögu Þórleifs Bjarnasonar og Þorsteins M. Jónssonar. Það er kannske það sem hann vill að við höldum fast við og annað efni verði ekki á boðstólum.

Annar hv. Alþfl.-þm. kvaddi sér hljóðs yfir því að skólarnir og kennarar hefðu nokkurt sjálfræði í sambandi við val á kennsluefni. Það mátti skilja að honum þætti miður að menn væru að fjalla um t. d. Íslandssögubætti með öðrum hætti frá einum skóla til annars. En þetta endurspeglar þá staðreynd, sem fyrir liggur, að kennurum og skólum er heimilt að velja og hafna varðandi tiltækt námsefni og það hefur ekkert eitt námsefni verið löggilt þó að ljóst sé að hið endurskoðaða efni og samfélagsfræðikennslan sækja á, enda er þar verið að

gefa út nýtt og aðgengilegt efni, þó að eflaust megi að einhverju finna, enda er það frumraun. Þó hefur vakið athygli, ekki bara hér hjá þeim sem um það fjalla heldur alþjóðlega athygli, hvernig þar er staðið að málum. Svo vék hv. þm. að því sem varðaði trú á landið og varðveislu menningarinnar og hann sagði: Ja, það eru bara almenn atriði sem lagt er til að Alþingi staðfesti. — Hann viðurkennir þar með í rauninni að þau segi sáralítið, þau veiti sáralitla leiðsögn. Eitt af því sem hér hefur verið gagnrýnt er hversu almenn og þokukennd þessi till. er í rauninni miðað við að hér sé verið að veita framkvæmdavaldinu einhverja forsögn um *nýjar starfsaðferðir sem hlýtur* þó að *vera tilgangur* flm.

Svo vék hann að hlut kvenna í sambandi við Íslandssöguna og bætti nánast um betur frá fyrstu ræðu sinni. Auðvitað ber að virða viðhorf þeirra manna sem líta svo til að frásagnir og efni í Íslandssögu og mörgum fleiri greinum eins og það hefur legið fyrir til skamms tíma og liggur fyrir enn megi teljast fullnægjandi að því er varðar hlut kvenna. Þetta er viðhorf, en þetta er í mínum huga fráleitt viðhorf og undarlegt að það skuli vera fram borið hér af mönnum sem stundum vilja telja sig bera fram jafnaðarstefnu og sjá ekkert athugavert við það þegar helmingi Íslendinga eru sáralítil skil gerð og hlut þeirra í sögu þjóðar okkar. Það var hárrétt sem hér var bent á að þegar verið er að tína til réttlætingar, að þeim sé nú ekki alveg gleymt, eru það einmitt dæmin þar sem konurnar hafa gengið inn í hlutverk karla — Ólöf ríka sem ætlaði að fullnægja hefndarskyldunni og annað af því tagi.

Hv. þm. segir að þeir sem hér tali mest um frið vilji efna til ófriðar og illvilja milli karla og kvenna. Erfitt væri nú að berjast fyrir úrbótum í þessu þjóðfélagi ef menn ekki tækju á því þar sem hallar á. Þá væri til lítils barist, þá færi lítið fyrir jafnaðarmennskunni, þá færi lítið fyrir því að rétta lítilmagnanum hjálparhönd.

Ég fullyrði að sú Íslandssaga sem við höfum haft sem námsefni til skamms tíma er með öllu óviðunandi að þessu leyti enda ber hún merki tíðaranda þegar hún er rituð um 1915—1916 ef við miðum við texta Jónasar frá Hriflu. Kannske er ekki nein sérstök ástæða til að vera að veitast að honum en hart er að verða vitni að ummælum eins og þessum 70 árum síðar á Alþingi Íslendinga í sambandi við eitt brýnasta jafnréttismál í okkar landi, spurninguna um jafnrétti milli kynja.

Þegar hv. flm. vék að mínu máli sá hann ástæðu til að fara rangt með, rangtúlka mín ummæli og láta líta svo út að ég hafi talað um að þessi till. bæri vott um galdraofsóknir. Það voru ekki mín orð. Ég sé ástæðu til þess að leiða hv. þm. í sannleika um þetta fyrst hann hefur ekki hlýtt betur á mitt mál. Ég rakti hér þá umr. sem þessi till. er sprottin upp úr að mínu mati. Þótt hv. flm. segði að það hefði verið spjall við 14—15 ára unglinga sem vakti hana kemur till. fram á hv. Alþingi 19. des., eftir að fram höfðu farið allsnarpar umr. um meira en mánaðar skeið í fjölmiðlum í landinu. Það þarf dálítið hugmyndaflug til þess að halda að till. af því tagi með því almenna orðalagi sem hér er sé ekki tilkomin vegna þeirrar umr. Það var sú umr. sem ég vék að að minnti um sumt á galdraofsóknir. Ég skal vitna beint í það sem ég sagði um þetta efni. Ég sagði hér í fyrradag, að mig minnir:

„Ég vara mjög eindregið að lokum, herra forseti, við umr. eins og hún hefur að hluta til gengið fyrir sig um endurskoðun á Íslandssögunni og þörfinni á að bæta þar um. Það er nánast ekki hægt að líkja því við annað en upphaf að eins konar galdraofsóknum eins og þar hefur verið gengið fram. Ég er ekki að mæla það til flm. till. Ég er ekki að því. Ég vitnaði hér til blaðaskrifa, þ. á m. fjöllesnasta blaðs landsins, Morgunblaðsins, sem vakti upp þessa umr. í nóv. s. l. og hefur gengið þar fram með þeim hætti í sínum skrifum um það að síst er til þess fallið að tekið verði á þessum málum þannig að til heilla horfi og unnt sé að stilla menn saman um að bæta úr varðandi þennan þátt í starfi skólanna, söguna og *samfélagsfræðina, eins og hlýtur að vera áhugamál* sem flestra."

Þetta er tilvitnun í ræðu mína hér um daginn. Svo lætur flm. svo lítið að fullyrða að ég hafi líkt þessari till. við galdraofsóknir. Þetta er ekki heiðarlegur málflutningur og það er ekki friður innra með þeim manni sem sér ástæðu til að ganga þannig fram. En það er dálítið sérkennileg ástúð þeirra manna sem hér tala fyrir hinum gömlu viðhorfum, símaskrárstílnum forna í sambandi við sögukennsluna, staðreyndamiðluninni, sem á að vera inntak sögukennslu ef marka má ummæli þeirra eða a. m. k. leyfir maður sér að draga þær ályktanir að þeir telji að þar þurfi að halda fram svipað og gert var og gert er sumpart. Ég held að ástæða sé til að minna aðeins á það sem Erla Kristjánsdóttir segir um þetta í grein sinni í Morgunblaðinu 24. nóv. því hún túlkar viðhorf sem er hollt að hafa í huga um þetta efni. Hún segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í hefðbundinni sögukennslu hefur meginákersla verið lögð á að læra ákveðið inntak og leggja fjölmarga atburði frá liðinni tíð á minnið. Nú sýna niðurstöður rannsókna að nemendur gleyma ¾ af því námsefni sem þeir læra á þennan hátt innan tveggja ára. Og ef við berum þessar niðurstöður saman við eigin reynslu þá segir mér svo hugur um að margur lesandi, sem lítur af hreinskilni í eigin barm, komist að þeirri niðurstöðu að hann hefur ekki ýkja margt á takteinum úr sögunámi sínu úr barnaskóla. Manst þú t. d. lesandi góður eftir Hörmöngurum, Staðamálum, Stefánungum eða Stöðulögunum? Hér má einnig minna á hve fátt varð um svör í útvarpsþætti á þjóðhátíðardegi fyrir fáum árum er vegfarendur voru spurðir: Hver var Jón Sigurðsson?"

Ég held að hér sé nefnilega komið að þýðingarmiklu atriði sem varðar ekki sögulærdóm einan sér heldur fræðslu í skólum almennt og spurninguna um viðhorf til þess starfs sem þar er unnið.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði hér áðan, og ég verð að segja að hann bætti um betur eftir þau ósköp sem fram gengu af hans penna í Dagblaðinu og Vísi þann 18. nóv. s. l. Það var vissulega þörf á. Ég sé að hv. þm. hefur tekið sig nokkuð á frá því að hann henti sér í fang Morgunblaðsins í skrifum sínum í Dagblaðinu og Vísi með nokkuð sérkennilegu orðbragði á köflum. En hann var að finna að því áðan að ekki væri nóg matreitt ofan í börnin, þau hefðu ekki allt við höndina. Kennurunum væri ætlað að hafa allt við höndina til uppfyllingar en ekki börnunum. Þau ættu að læra vinnubrögð og hvernig ætti að afla sér heimilda en kennararnir fengju bara matreitt og nokkurn veginn forskrifað hvað þeir ættu að segja við blessuð börnin. Hann sagði, held ég, orðrétt: „Það er auðveldara að láta nemendur hafa allar upplýsingar við höndina." Það er ekki fram á lítið farið.

Það er nú skilningur á eðli skólastarfs og vanda skólastarfs sem felst í þessu!

Ég vil líka bæta því við til þeirra sem mesta dálætið hafa á staðreyndatuggunni sem ég leyfi mér að nefna svo, þ. e. ártalalærdómi og öðru af því tagi, að sum þeirra eru nú nokkuð á reiki. Saga er ekkert sem er 100% þó að svo sé reynt að láta líta út í útgáfum í einræðislöndum — sem hv. þm. Eiður Guðnason vék hér að og taldi mér sérstaklega kær — þar sem menn sjá ástæðu til að endurskoða sögu ráðandi flokks á 18 mánaða fresti nú síðast og endurskrifa textann. En það er ekki einu sinni svo í sagnfræði í okkar landi að allt sé gullslegið eins og látið er líta út þar sem menn gefa út löggilta texta. Meira að segja hef ég séð að menn deila um árið 1000, hvort það sé nákvæmlega á Alþingi árið 1000 sem kristni hafi verið lögtekin á Íslandi. Hér skiptir auðvitað eitt ár til eða frá ekki máli. En það er margt sem er á rannsóknarstigi og það þarf líka að gera nemendunum ljóst að sagnfræði er ekkert sem er óskeikult. Ég held að skammt verði komist í sambandi við fræðslu í þessu landi ef ítroðsluaðferðinni eftir formúlu Helgakvers á að beita í sambandi við þekkingarmiðlun í stað þess að veita nemendum lykla að þeim síflóknari veruleik sem ungmenni og reyndar fullorðnir líka búa við í nútímasamfélögum.

Vissulega getur sögukennsla ekki verið hlutlaus í þeim skilningi og það á ekki að gera kröfu til hennar um að hún sé það. Auðvitað verjum við meiri tíma til að miðla fróðleiksmolum um sögu eigin þjóðar en annarra þjóða, slíkt er okkar skylda. En þegar rætt er um söguþekkingu og þjóðerniskennd skulum við varast að líta svo á að skólinn hafi þar úrslitaáhrif einn sér. Áreiðanlega er mjög margt fleira í okkar samfélagi sem þar kemur til og margir aðrir sem bera þar ábyrgð, þ. á m. heimilin í landinu en ekki síður fjölmiðlarnir í landinu. Og vegna þess að hv. 1. flm. þessarar till. er starfandi í útvarpsráði vænti ég þess að hann íhugi einnig hlut ríkisfjölmiðlanna í sambandi við miðlun á fróðleik um sögu landsins og tunguna því að þeir mættu vissulega taka á þeim þáttum með skilmerkilegri hætti en gert hefur verið til þessa. Oft er verið að skrifa á reikning skólanna margt sem ætti heima hjá öðrum í reynd.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kvartaði yfir því að verið væri að taka stórar ákvarðanir, m. a. í fræðslumálum, án þess að þm. vissu í rauninni nokkuð um hvað væri að gerast. Með þessu er í rauninni hv. þm. að kveða nokkurn dóm yfir alþm., að þeir fylgist heldur illa með því sem verið er að gera hjá framkvæmdavaldinu. Vissulega er vandi okkar alþm. á sinn hátt hinn sami og kennaranna í skólum landsins og nemendanna í skólum landsins, að það er margt sem á borð okkar berst og að mörgu að hyggja. En hins vegar liggur fyrir að endurskoðun á sögufræðsluefni og öðru sem hefur verið tekið upp undir nafni samfélagsfræði hefur verið kynnt mjög rækilega á undanförnum árum með grg. eftir grg. og fréttatilkynningum. Sumt af þessu efni hefur verið sent beint til alþm. þannig að það er mjög einkennilegt að menn skuli vakna upp 13. nóv. eða 15. nóv. eins og Morgunblaðið og fara að láta líta svo út sem Íslandssagan hafi verið tekin af dagskrá í skólum landsins í einu vetfangi. Þetta er óheiðarlegur málflutningur í hæsta máta og ekki hægt annað en mótmæla honum.

Þó að við hljótum að halda þannig á sögufræðslu að það hlúi að rótum íslenskrar menningar og auki sjálfstraust með Íslendingum skulum við varast að sagan sé matreidd undir merkjum þjóðrembu. Það getur verið skammt á milli, þarna er vandratað. Ég sé ástæðu til að minna á að við erum í heimi sem er að verða æ nátengdari og hlýtur að gera kröfu til þess að reynt sé að varpa ljósi á kjör og aðstæður fólks um víða veröld sem best á þeim takmarkaða tíma sem menn hafa til umráða innan veggja skólanna.

Í grein dr. Wolfgangs Edelsteins, sem ég vitnaði til um daginn, er gerð skilmerkileg grein fyrir því hvernig þetta endurskoðaða námsefni í samfélagsfræðum er fyrirhugað í heild sinni. Þar geta menn kynnt sér það. Hann dregur það mjög skilmerkilega fram. Ég vil svo aðeins í lokin vitna til þess sem nýr námsstjóri í Íslandssögu, Erla Kristjánsdóttir, segir í niðurlagi greinar sinnar í Morgunblaðinu 24. nóvember, með leyfi hæstv. forseta. Það eru lokaorð hennar, ég get gert þau að mínum:

„Ekki vil ég efast um að þeir sem hafa geyst fram á ritvöllinn undanfarna daga beri hag Íslandssögunnar fyrir brjósti. Því vekur það furðu mína hversu illa þeir reka málstað sinn og hirða ekki um að kynna sér málavöxtu eða reyna að fara með rétt mál. Ekki er hægt að sjá að þeir velti fyrir sér á hvern hátt sé farsælast að standa að sögukennslu til að nemendur fái áhuga á sögu þjóðar sinnar og nýti sér hana til þroska og aukins skilnings. Ekki er heldur hægt að segja að þessir „málsvarsmenn" Íslandssögukennslu hafi lært að skoða heimildir, afla sér upplýsinga, vega þær og meta og draga skynsamlegar ályktanir."

Þetta er ritað í Morgunblaðinu 24. nóv. Síðan hefur margt verið ritað um þessi efni og orð Erlu Kristjánsdóttur eiga því miður við um sitthvað af því sem þar hefur verið sagt.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég er ekki lengur viss um hvaða ræðu ég flutti áðan. Ég þekkti hana ekki í umfjöllun manna, einkanlega ekki þegar Árni Johnsen fór um hana listamannshöndum. Ég held að ég sleppi því að víkja frekari orðum að ræðu hv. félaga míns í fjvn. Sú moðsuða lýsti honum sjálfum miklu betur en þeirri ræðu sem ég hélt að ég hefði flutt.

1. flm. þessarar till. var óhress með orð mín og er lítið við því að segja. Ég var að reyna að skilja og skýra út hvers vegna þessi till. væri komin fram að mínu viti. Mér virtist tilefnið vera áhyggjur flm. yfir því að ekki væri nægilega vel að sögukennslu staðið og ég var að reyna að útskýra hvers vegna ég gæti ekki stutt till. Því miður virðist það ekki hafa tekist nógu vel hjá mér, hvort sem það er mér að kenna eða móttökuskilyrðin eru svona afleit t. d. hjá Sighvati Björgvinssyni sem virðist telja að ég og fleiri sem talað hafa hér séum andvíg því að nemendur öðlist skilning á sögu þjóðarinnar og trú á landið og vilja til að varðveita menningarsamfélag okkar. Þetta er ósvífinn útúrsnúningur sem ég vísa beint heim í föðurgarð.

Annað atriði fannst mér þeir félagar í Alþfl. hafa misskilið illilega í máli mínu, teldu að ég væri algerlega andvíg staðreyndaþekkingu. Það voru ekki mín orð. Ég sagði það mitt álit að kennslutilhögun hefði breyst talsvert frá mínum skólaárum, þannig að nú væri lögð meiri áhersla á þekkingarleit og skilning á námsefninu

en þann utanbókarlærdóm sem einkenndi nám áður fyrr. Þessi breyting á kennsluháttum ásamt öllu því sem keppir um athygli manna nú á dögum er að minni hyggju ástæðan fyrir útkomunni í skoðanakönnuninni sem vitnað er til í grg.

Að lokum, fyrst ég er nú hingað komin, held ég að ég verði að halda uppi vörnum fyrir orðskrípið „þingkona“, eins og Eiður Guðnason orðaði það. Líklega hefðum við átt að halda fastar um það orð. Þá fengi ég kannske færri bréf með utanáskriftinni: Herra alþm., frú Kristín Halldórsdóttir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu um þetta mál þó að vel mætti gera það um svo mikilvægt efni. Það getur þó verið að ég geri það ef þessar umr. dragast á langinn enn um stund. En mér finnst rétt að láta nokkur orð falla.

Ég fagna því að þessi till. er fram komin og styð hana af heilum hug. Ég fagna því einnig að hún hefur vakið svo mikinn áhuga hjá mörgum hv. alþm. En ég er þó nokkuð undrandi á því að hv. alþm. skuli ekki geta verið nokkuð sammála um að styðja þessa till. og fylgja henni fram. Ég held að menn geti ekki haft á móti því að Íslandssögukennslu sé þannig hagað og hún sé við það miðuð að nemendur öðlist ekki aðeins þekkingu og skilning á sögu þjóðarinnar, heldur og trú á landið. Hins vegar geta menn haft ýmislegt að athuga við það menningarsamfélag sem við búum hér við og hefur þróast hér í ellefu aldir. Sumir okkar eru óánægðir með þetta menningarsamfélag, vilja breyta því eða jafnvel umbylta því. Þar verður hver að fylgja sinni trú og er frjáls að því að stunda sína iðju eins og verið hefur og verða mun.

Mér finnst einnig full ástæða til þess að svona till. sé borin fram. Ýmis tíðindi, sem manni hafa borist til eyrna á undanförnum mánuðum og vikum, benda nefnilega eindregið í þá átt að söguþekkingu okkar Íslendinga og þá einkum hinna yngri sé áfátt í ýmsum efnum. Ég held að sérhver þjóð sem vill treysta sjálfstæði sitt og efla hljóti að leggja áherslu á sögukennslu, að menn viti einhver deili á forfeðrum sínum í landinu og sögu þeirra frá því að landnám hófst til vorra daga.

Fallið hafa hér ýmis orð, sem þekkt eru frá gamalli tíð, um tilgangsleysi og fánýti þess að kunna mikið af ártölum og annað slíkt. Nú síðast lét hv. 5. þm. Austurl. orð falla í þá átt. Hann ræddi um staðreyndatuggu, ítroðsluaðferð o. s. frv. Þeir sem fengist hafa við kennslu í Íslandssögu munu þó nokkuð sammála um að það sé að öðru jöfnu ekki verra að kenna ártöl en hvað annað. Að vísu eru menn misjafnlega lagnir á að muna slíka hluti, en ég sé ekki að það sé nokkur leið að kenna sögu svo að vel fari nema leggja áherslu á nokkrar staðreyndir og nokkur ártöl. Ég ætla fáa Íslendinga svo illa búna að heiman að þeir geti t. d. ekki munað árið 1000, jafnvel þó að það væri árið 999, og þá tengt m. a. því að þá var kristni lögtekin hér á landi.

En svo er alltaf spurning: Eiga alþm. að eyða tíma sínum í að ræða um svona mál? Eiga þeir að láta sig svona málefni nokkru skipta? Ég tel alveg tvímælalaust að við eigum að taka okkur smástund öðru hverju til að fjalla um þessi mál og láta þar skoðanir okkar í ljós. Ég kæri mig ekki um að fá yfir mig að óathuguðu máli nýjar reglur í stafsetningu eða einhverja nýskipan í þeim málum án þess að geta borið hönd fyrir höfuð mér. Við skulum segja ef mönnum dytti nú í hug að skipa svo fyrir að hætt skuli að rita y í íslensku. Það mundu vafalaust ýmsir fagna því, en varla mundu allir hv. alþm. verða sammála um að svo ætti að fara. (Gripið fram í.) Já, það er eilífðarviðfangsefni að skrifa íslensku rétt og það líður varla sá dagur að hinir færustu menn í þeim efnum slái ekki upp í orðabók. Það vitum við báðir, ég og hv. 5. þm. Austurl. En hitt er svo annað mál, hvernig á að haga Íslandssögukennslunni. Ég álít að það þurfi að haga henni á þann veg að nemendur öðlist sem fyrst nokkurt yfirlit yfir söguna frá fyrstu tíð til vorra daga. Þar erum við Íslendingar svo heppnir að við eigum mjög ljósa og greinilega sögu um hvernig land okkar byggðist.

Jóhannes skáld úr Kötlum orðaði það í einu kvæða sinna á þann veg: „Fundu ey og urðu þjóð úti í gullnum sænum.“ Við höfum stært okkur af því að við höfum komið að landi okkar hér, það hafi beðið nánast eftir okkur og við höfum ekki þurft við neinn að deila um það. Við áttum rétt á að nema það og við eigum rétt á því enn í dag.

Íslandssögukennslu tel ég að þurfi að haga þannig að hún hvetji til sjálfsnáms og áhuga. Það er yfirleitt svo í skólum, bæði hér á landi og annars staðar, að menn gleyma mörgu af því sem þeir læra eða þykjast læra. En þá er það mest um vert að eftir sé einhver neisti sem hvetur menn til sjálfsnáms. Það mun drýgst. Menn gleyma því sem þeir hafa lært ef þeir hafa alls engan áhuga á að nema meira. Sjálfsnám er drýgst þegar til lengdar lætur. Og hvað sem um Íslandssögu Jónasar Jónssonar má segja og þó að hún hafi verið gagnrýnd allharkalega, sérstaklega nú á tímum, varð hún þó til þess að vekja áhuga margra manna á sjálfsnámi í Íslandssögu. Heill og heiður sé henni fyrir það. Hún hvatti margan ungan nemandann fyrr á árum til að afla sér frekari þekkingar á sögu lands og þjóðar. Það tel ég nokkurs virði.

Ég hef lagt hér áherslu á að nemendum þyrfti sem fyrst að gefa nokkurt yfirlit yfir söguna. Það er ekki hægt að ætlast til þess að troða skuli mjög mörgum staðreyndum eða ártölum í venjulegan nemanda allt frá landnámstíð til vorra daga, en það er þó skylt að benda á hæstu tindana og helstu kennileitin.

Vafalaust kannast allir hv. alþm. við hina frægu ritgerð Sigurðar Nordals um samhengið í íslenskum bókmenntum, þar sem hann vakti athygli fyrir mörgum áratugum á því samhengi sem býr í bókmenntum okkar allt frá því að þær hófust og fram á þennan dag. Ég veit ekki annað en sú ritsmíð sé í fullu gildi og mikils metin enn í dag. Á sama hátt þurfum við að átta okkur á samhengi sögunnar til að gera okkur að betri mönnum til að fást við vanda nútíðar og horfa til framtíðar. Við eigum að nota söguþekkinguna til að gera okkur sterkari í því starfi. Ef menn hafa áhuga á sjálfsnámi geta þeir auðvitað flett upp í bók sem ég held að hafi ekki verið nefnd í þessum umr. Það er Íslandssaga Jóns Jóhannessonar prófessors. Menn geta kannske litið í árbækur Espólíns, sem hafa æðimikinn fróðleik að geyma, ef þeir vilja heyja sér fróðleik frá fyrri tíð. Og menn geta lesið annála og öðlast af þeim ýmsan fróðleik og skilning á lífi og starfi þjóðarinnar frá alda öðli.

En fyrst og fremst álít ég alveg skilyrðislaust að við eigum að leggja ríka áherslu á að kenna ungu fólki

Íslandssögu til þess að það öðlist skilning á vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur, eins og Nordal orðaði það svo snilldarlega á einum stað, og verði hæfara til þess að takast á við vandamál þau sem við er að glíma bæði í nútíð og framtíð.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Nokkur friðsamleg orð um þetta mál. Hv. þm. Eiður Guðnason vék að vísu ekki orðum sínum að mér beinlínis, en hann vék að þeim sem tala fyrir friði og því tók ég orð hans til mín. Mig langar að minnast á örfá atriði í máli hv. þm.

Enn afneitar hann sérstöðu þeirri sem lífsreynsla kvenna færir þeim í menningarlegu og sögulegu tilliti. Ekki trúi ég því að hv. þm. geti afneitað því að það sem við köllum siðmenningu og tileinkum heimsbyggðinni allri er samtvinnað úr fjölmörgum frábrugðnum menningarbrotum sem spegla ólíka lífsreynslu og veraldarskynjun þeirra sem leggja fram menningarskerf sinn. Þessi margslungna fjölbreytni eykur menningarauðgi okkar allra og til að tryggja henni aðgang að heimsmenningunni verðum við að viðurkenna, virða og varðveita menningarbrotin og gæta réttar þeirra. Réttur kvenna til að skila sérstakri lífssýn sinni og menningararfi inn í þá menningarheild sem við búum við hlýtur að vera óskoraður. Getur hv. þm. haft nokkuð á móti því?

Hv. þm. minntist á þá sem oft koma í ræðustól og tala máli friðarins. Það var einmitt þá sem ég tók við mér. Nú erum við svo heppin, hv. þm. Eiður Guðnason og ég, að eiga samleið. Þetta segi ég okkur báðum til lofs en ekki til hnjóðs. Við eigum samleið í því að trúa á að efla þurfi frið á milli manna og að því þurfi að standa á virkan og jákvæðan hátt. Í samræmi við þá skoðun hljótum við að þurfa að leggja áherslu á það m. a. að glæða virðingu og ábyrgðartilfinningu einstaklinga fyrir menningarlegum fjölbreytileika, fyrir því að viðurkenna rétt annarra og sýna skilning og umburðarlyndi.

Hv. þm. fullyrti að við værum öll jafnrétthá og að við ættum að virða réttindi annarra til jafnræðis. Ég virði og er sammála síðari fullyrðingu hv. þm., en ég veit að sú fyrri er því miður röng. Við sætum ekki hér á Alþingi og hefðum áhyggjur af síversnandi kjörum láglaunahópa ef með okkur væri jafnrétti. Það væru ekki fyrst og fremst konur sem skipuðu slíka hópa ef með okkur væri jafnræði til atvinnutækifæra og menntunar.

Ég held ekki að neinn alþm. geti haft á móti því að auka kennslu í sögu þjóðarinnar, heldur er hér fyrst og fremst ágreiningur um nálgun og aðferð, jafnvel viðhorf. Ég hef t. d. ekki verulegar áhyggjur af því hve margir muni hvenær kristni var lögtekin á Íslandi. Hitt þætti mér skipta meiru að margir myndu og skildu orð Þorgeirs Ljósvetningagoða og tilraun hans til sátta á þeirri stundu. Enn fremur finnst mér líka skipta mun meira máli að menn lifi samkvæmt þeirri siðfræði sem kristin trú boðar en að þetta ártal geymist í minni.

Hv. þm. minntist á menntunarskort og mismunandi áherslur. En er ekki sá menntunarskortur, sem hann minnist á, fyrst og fremst að kenna þeim orsökum, sem fram komu skýrt í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur og eru alvarlegur ljóður á ráði okkar Íslendinga, að vanrækja það sem einna mestu máli skiptir fyrir áframhaldandi sögu þessa lands, þ. e. að búa börnum okkar viðunandi veganesti til lífsgöngunnar. Það er miklu fremur sú skammsýni og glámskyggni sem við alþm. þurfum að ná samstöðu um að reka á brott við ákvarðanatöku og fjárlagagerð þessa þjóðfélags.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Undir öllum þessum umr. um sögukennslu rifjaðist upp fyrir mér sögutími. Ég kom í fyrsta sinn í hópi tólf nemenda í tíma í hagsögu í erlendum háskóla og kennarinn, írskur hagfræðingur, spurði: Hver ykkar hafið lært sögu áður en þið komuð hingað? U. þ. b. helmingur rétti upp höndina og síðan spurði hann: Og hvaða sögu hafið þið lært? Einn hafði lært sögu breska heimsveldisins, annar hafði lært nútímasögu Indlands, þriðji hafði lært nýlendusögu latnesku Ameríku og þeir sem höfðu notið klassískrar menntunar í klassískum breskum skólum höfðu numið sögu Grikklands og Rómar. Þegar kom að mörlandanum svaraði ég því til sannleikanum samkvæmt, hugsandi á íslensku en þýðandi á ensku, að ég hefði lært allsherjarsögu mannkynsins auk Íslandssögu. Viðbrögð kennarans voru þau að hann stóð upp úr sæti sínu, hneigði sig djúpt og sagði: Lengi hef ég beðið eftir þessum manni. Gerðu svo vel. Þarna er sætið.

Fljótlega kom það nú á daginn með þennan alvitring af Íslandi að hann kunni að vísu að nefna nöfn grískra heimspekinga, kunni að nefna Platon og Aristóteles, en hafði ekki lesið rit þeirra. Ég kunni að nefna nöfn frægra leikskálda í grískri menningu, en ég hafði hvorki lesið né séð á sviði verk þeirra. Ég kunni að segja frá því að það fræga skáld Balsac hafði dáið af þeim fimmtíu þúsund kaffibollum sem í mannkynssögunni minni stóð að hann hefði lifað á, en ég hafði ekkert af verkum hans lesið. — Ég varð því að játa fyrir sjálfum mér að þetta afsprengi hefðbundinnar íslenskrar sögukennslu gat nefnt nöfn, sem þykir kannske ekki mikil dyggð, taldist hafa farið yfir geysivítt tímasvið, en söguþekkingin var að sjálfsögðu mjög í molum. (**Gripið fram í:** Var hún ekki best af þessum tólf?) Það fer eftir hvað er best, herra þm.

Einhver vék að símaskrárfræðum. Það er ekkert efamál að þeir nemendur sem þarna voru saman komnir og höfðu enga sögu lært gátu áreiðanlega ekki nefnt til jafnfræg nöfn og undirritaður. En ef við færum að bera saman þekkingu á vöggu vestrænnar menningar í Grikklandi annars vegar af þessari sögufræðslu en hins vegar af hefðbundnum klassískum breskum menntaskóla, þá er ég hræddur um að lítið hefði farið fyrir söguþekkingu undirritaðs.

Ég nefni þessa gamansögu fyrst og fremst vegna þess að hér hefur mikið verið talað um hefð íslenskrar sögukennslu. Nú er það svo að till. sem hér liggur fyrir er ósk um þrennt: Í fyrsta lagi að kennsla í sögu íslensku þjóðarinnar verði aukin. — Ef ég er spurður þessarar spurningar: Telur þú rétt að sögukennslan verði aukin? færi svar mitt mjög eftir því hvernig ætti að koma til skila aukinni kennslu í Íslandssögu og hvaða þætti í Íslandssögu ætti að taka upp sem áður hafa verið vanræktir. Ef ég er spurður: Viltu láta auka trú á landið? Jú, ætli ég svaraði því ekki játandi. En ef ég væri spurður: Hefurðu trú á því að trú á landið verði aukin með sögukennslu í skólum? léti ég uppi efasemdir. Og ef ég er spurður: Viltu láta varðveita það menningarsamfélag sem hér hefur þróast um aldir? þá er svarið að vísu já, en um leið kemur upp í hugann að það menningarsamfélag sem hér þróaðist um aldir er mestan part liðið undir lok. Það bændasamfélag sem hér var ríkjandi í Íslands þúsund ár er nú óþekkjanlegt.

Sá þjóðfélagsveruleiki sem mín börn munu lifa í er óþekkjanlegur frá þeim þjóðfélagsveruleika og því hugmyndaumhverfi sem móðir mín ólst upp við. — Þannig er þá eiginlega fátt um svör. — Auka, varðveita og efla trú á landið? Já, já. — En hvernig?

Þá er komið að hefð Íslandssögukennslunnar. Hefð sögukennslu í íslenskum barnaskólum var kennsla af einni bók. Og það er mín bjargföst sannfæring, bæði af bóklestri og kennslureynslu, að hvorki Íslandssaga né önnur saga, né yfirleitt nokkur fræði, verði kennd af einni bók. Skal ég þó taka það fram af því að ég er alinn upp við Íslandssögu Jónasar frá Hriflu að hún ber sem gull af eiri af flestum þeim bókum sem síðar hafa verið samdar í þessari grein fyrir þær sakir að þar var listamaður sem hélt á penna og kunni að skrifa sögu sem var áhugaverð og skemmtileg. En flest af því sem síðan hefur verið skrifað stenst þar yfirleitt því miður lítinn samanburð.

En hver var hefðin í framhaldsskólanum? Jú, ég vék að henni í gamansögunni sem ég sagði frá áðan. Það var farið hratt yfir sögu. Þetta voru yfirleitt bækur sem voru meira eða minna þýddar, stældar og stolnar af erlendum kennslubókum. En munurinn var einn: Víðast hvar í erlendum skólum, þar sem fengist er við kennslu af þessu tagi, þótt stuðst sé við eina textabók, þá er nemendum vísað á bókasöfn. Það hörmulegasta í íslensku skólastarfi lengst af hefur verið að íslenskir skólar hafa verið algerlega vanbúnir að öllum hjálpargögnum til kennslu. Bókasöfn voru fyrir fáum árum óþekkt í framhaldsskólum. Ég get sagt frá því, og kannske ekki alveg kinnroðalaust, að á mínum starfsferli sem skólameistari við ungan menntaskóla, þar sem ég lagði mig allan fram um að byggja upp slíkt bókasafn, — og áður en ég kvaddi skólann get ég játað að það bókasafn var kannske orðið óvenjuöflugt um það er lauk — var u. þ. b. þriðjungur af því gjafabækur frá erlendum sendiráðum eða erlendum stofnunum, þ. e. í þeim raunvísindum eða hugvísindum sem kennd voru. Að því er varðaði viðleitni til að koma upp bókakosti sem snerti íslenska sögu, íslensk þjóðfélagsfræði, var það fyrsta vandamálið hversu fábreytilegur og lélegur sá bókakostur var.

Ég held ég hafi sagt nóg. Ég held að hefð okkar, sem við viljum vegsama í kennslu á sögu íslensku þjóðarinnar, sé ekkert sérstakt til að vegsama. Ég held við höfum lagt henni allt of lítið lið. Ég held hún hafi verið of fábreytileg og af vanefnum gerð.

Á seinasta hálfum öðrum áratug voru gerðar tilraunir til breytinga á róttækan hátt á kennsluháttum á framhaldsskólastigi. Því kynnist ég nokkuð vel og af því má kannske draga nokkra lærdóma. Menn spyrja um menntastefnu, sjálfræði skólastofnana eða hlutverk ríkisvaldsins, menntmrn., yfirvalda skólanna. Það er kannske ómaksins vert að nefna í þessari umr. tilraunina sem þá var gerð um kennslu í ýmsum greinum sem tengjast þjóðfélagsfræðum. Hefð þess skóla sem ég er alinn upp í, sem er Reykjavíkur lærði skóli, elsti menntaskóli í heimi, eins og við segjum stundum MR-ingar, stofnaður 1056 svona nokkurn veginn, var sú, að orðið „þjóðfélagið“ var aldrei nefnt þar á nafn frekar en snara í hengds manns húsi. (**Gripið fram í:** Hvert er nákvæmlega ártalið?) — Við höfum þetta sisona. Það gæti verið satt.

Það voru ákveðin rök fyrir því að ekki var verið að kenna um þjóðfélagið. Sá skilningur ríkti að það væri ekki á valdi skóla og það væri ekki verkefni fræðara sem vildu kenna vísindi og nálgast sín viðfangsefni af hlutlægni að vera að fara með fræði þar sem enginn fastur punktur væri í tilverunni, þar sem viðleitni til hlutlægni væri yfirleitt mjög vandmeðfarin. Þennan fróðleik ættu nemendur að læra annars staðar en í skólum. — Þetta sjónarmið var mikið gagnrýnt á sinni tíð og tilraunir voru gerðar til að innleiða fræðslu um þjóðfélagið inn í skólana.

Nú er hægt að líta til baka yfir þessa tilraun og það er margt um hana að segja. Hvað er þjóðfélagsfræði, hagfræði, félagsfræðin og stjórnmálafræði, svo nefndar séu nokkrar slíkar greinar? Það fyrsta sem við rákum okkur á var að þessar greinar voru óíslenskar að mestu í hugsun og bókakostur, tímaritagreinar eða annað slíkt um þessi fræði var ýmist ákaflega fátæklegt eða jafnvel gersamlega ófullnægjandi. Tilraunirnar fóru síðan af stað í einstökum skólum og þær voru mjög misjafnlega framkvæmdar. Ég skal nefna nokkur dæmi.

Í einum menntaskóla á Íslandi var kennd heimspeki. Samkvæmt námsskrá skólans var aðalkennslubókin eftir Maurice nokkurn Comforth og hét Dialectical materialism. Um þessa bók er það að segja að hún er frumstætt áróðursrit eftir breskan stalínistakomma. Nú hefði engin goðgá verið að kenna þetta rit í námskeiði í heimspeki eða kenna einhverju marxíska heimspeki, ef það hefði verið þannig um hnútana búið að þetta hefði verið einn liður í víðtækara námsefni og tekið til gagnrýninnar skoðunar. — Í einum menntaskóla var gerð tilraun til að kenna hagfræði. Námsefninu var skipt þannig, að fyrir jól var kennt eitthvað sem hét „marxísk“ hagfræði og eftir jól var kennt eitthvað sem hét „borgaraleg“ hagfræði.

Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um að við getum spurt spurninga á borð við þessa: Hvert á að vera hlutverk skólanna, kennaranna, og hvert á að vera hlutverk fræðsluyfirvalda þegar tekin er ákvörðun um að innleiða kennslu í greinum af þessu tagi í skólunum? Á það að vera niðurnjörvað samkvæmt námsskrá og á því að vera skýrt af menntmrn. eða eiga skólarnir að vera sjálfráðir um þetta? Hver er tilgangurinn með þessari kennslu? Er hún tilraun til að færa fræði um þjóðfélagið inn í skólana, er hún tilraun til að gera það í anda og með viðleitni hlutlægrar gagnrýninnar umfjöllunar eða er hér með verið að efna til kennslu sem raunverulega er meira eða minna viðrun á hleypidómum kennara? Hverjir mennta kennarana til þess arna o. s. frv.?

Má ég nefna annað dæmi sem snertir sögukennslu. Mér var úthlutað því verkefni fyrir tveimur árum að rita kafla úr sögu Alþfl. Þegar ég hafði eytt mörgum mánuðum í að kynna mér hvaða gögn lægju til grundvallar urðu á mínum vegi m. a. nokkrar ritgerðir sem voru að efni til ritgerðir um sögu stjórnmála eftir nemendur við Háskóla Íslands. Það kom mér nokkuð á óvart, þegar ég fór að kanna innihald þessara ritgerða, að þarna var fjallað um sögu Alþfl. út frá heimildavali sem mér þótti með ólíkindum. Ég á einfaldlega við það, að þegar kannaðar voru heimildirnar kom það á daginn að þær voru flestar áróðursrit eftir menn sem voru yfirlýstir andstæðingar flokksins, gallharðir. Jafnvel þegar rætt var við stjórnmálamenn sem enn voru lífs og mundu þessa tíma, þá var einkum og sér í lagi rætt við

andstæðinga flokksins. Í sumum tilvikum fannst mér þetta vera eins og endurframleiðsla á áróðri liðinnar tíðar. Þetta var gefið út af pólitísku forlagi og ekkert um það að segja, en var þó að stofni til ritgerðir eftir nemendur í sögu við Háskóla Íslands.

Út frá mínum hugmyndum um tilraunir til hlutlægni og út frá mínum hugmyndum um það hlutverk háskólakennslu að reyna að kenna mönnum gagnrýna umfjöllun heimilda voru þetta vondar ritsmíðar. En það er ekki hægt að segja annað en að þessar ritsmíðar berast síðan um allt framhaldsskólakerfið, þar sem mikið er gert að því að skrifa einhverjar ritgerðir um stjórnmálaflokka eða stjórnmálastefnur. Grunur minn er sá, að þegar litið er á þær heimildir sem tiltækar eru í fátæklegum bókasöfnum skólanna séu þær mjög í þessum anda, þ. e. ákaflega gallaðar heimildir, oft og tíðum lítið annað en áróður, klæddur í búnað sagnfræði.

Ég nefni þessi dæmi einungis til að sýna fram á að það er mikill vandi á ferðum þegar þessi fræði eru kennd. Ég hef sjálfur tilhneigingu til að segja: Látið hina dauðu hönd menntmrn. sem mest fjarri skólunum vera, aukið sjálfræði þeirra. Samt er niðurstaða mín sú, þegar ég lít á þessa tilraun, að tilraunagerð af þessu tagi sé vafasöm, þegar við spyrjum einföldustu spurninga sem varða menntastefnu — hvað á að kenna í skólum, hverjum á að kenna og hvernig á að kenna? — eigi að reyna að hafa einhverja fyrirframgerða áætlun um hvernig þetta námsefni eigi að tilreiðast. Það verður að auðvelda skólunum að geta boðið upp á fjölbreytileika í námsefni. Því aðeins er þetta gerlegt að tilraunirnar séu ekki bara á valdi hvers einstaks kennara. Og það er alveg fyrir fram vonlaust að halda uppi slíkri kennslu ef ekki er þannig að skólunum búið að þeir hafi íslenskan bókakost, fjölbreytilegan bókakost þar sem koma fram andstæð sjónarmið og hægt er að vísa nemendum á heimildir og þjálfa þá í gagnrýninni umfjöllun, m. a. á pólitískum áróðri. Það verður að mega treysta því að kennarar nálgist þetta viðfangsefni sitt út frá þeirri skoðun að hlutverk skólans sé að kenna gagnrýna umfjöllun en ekki að boða skoðanir, boða trú eða innræta nemendum í skjóli þekkingarleysis þeirra.

Ég hef leyft mér að nefna þessi dæmi í almennri umr. um sögukennslu, en skal nú víkja aftur að tillögunni. Hún er áskorun á menntmrn. um að auka kennslu í sögu þjóðarinnar og látin er í ljós sú ósk að aukin kennsla geti leitt til þess að nemendum, sem þessarar kennslu verði aðnjótandi, eflist trú á landið og vilji til að varðveita menningarsamfélag okkar. Auðvitað er hér enginn inni sem segir nei við því að auka kennslu. Spurningin er hins vegar önnur, sem máli skiptir. Hún er spurningin um hvernig á að gera þetta. Hvaða menntastefna er það sem birtist okkur í starfi æðstu yfirvalda menntamála? Hvernig vilja þau fyrir sitt leyti standa að stjórn þessara mála? Hvert er þeirra hlutverk? Hvert er hlutverk skólanna?

Ég hef látið í ljós efasemdir um að tillögugerð af þessu tagi skipti nokkrum sköpum og læt það liggja á milli hluta. En um þessa umr. vildi ég aðeins að lokum segja örfá orð.

Sumum finnst vafalaust sem þessi umr. sé með öllu fánýt. Hún er á víð og dreif, hún lýsir ólíkum viðhorfum sem oft valda misskilningi — greinilega eftir því sem menn hafa hér talað — og sennilega leiðir hún ekki til neinnar niðurstöðu. En einhvern veginn er það samt sem áður hlutverk löggjafans að setja viðamikla lagabálka, lagabálka um grunnskóla — nafn sem ég helst ekki tek mér í munn — lagabálka um samræmdan framhaldsskóla. Það tekur langan tíma að koma slíkum lagabálkum í gegn og síðan ekki söguna meir. Umr. á Alþingi um skólamál, um menntastefnu, hafa yfirleitt verið ákaflega litlar og þá yfirleitt í því formi að fólk hefur lýst háleitum og göfugum markmiðum. En því sem máli skiptir í þessum umr., sem eru tækin til þess að framkvæmda aðferðirnar, það hvernig á að koma þessum háleitu markmiðum til skila, er látið ósvarað, er látið eftir í höndum annarra.

Við höfum oft vikið að því, Alþfl.-menn og Bandalagsmenn líka, að efla þurfi nefndastarfið á Alþingi og eftirlitshlutverk nefnda. Ég held að þessi mál séu einmitt dæmi um það. Það ætti ekki aðeins að vera hlutverk menntmn. að taka til umfjöllunar viðamikla lagabálka sem koma frá kansellíinu og koma þeim í gegnum þing, heldur ekki hvað síst að leitast við að fylgjast með því ár frá ári hvernig markmiðum þeirra lagabálka er fylgt eftir í framkvæmd og hvað er að gerast í skólakerfinu í raun og veru.

En fyrst og síðast vil ég segja það af minni reynslu að við skulum ekki gera of miklar kröfur til skólakerfisins. Við skulum ekki ætla skólunum allt of mikið. Við skulum fyrst og síðast reyna að viðurkenna að því eru takmörk sett sem hægt er að gera í skóla. Það er ekki hlutverk kennara að boða nemendum sínum með prédikun einhverjar skoðanir og einhver gildi. Hinu neita ég ekki að snjall og hugmyndaríkur kennari getur með fordæmi sínu haft mjög góð áhrif á nemendur.

Ég held að hæstv. fyrrv. dómsmrh., sem flutti ágæta hugvekju áðan, hafi nefnt lykilorð að öllu námi í ræðu sinni. Það er orðið „sjálfsnám". Skóli getur raunverulega ekkert gert nema í besta falli að hvetja nemendur til sjálfsnáms. Því það er ekkert nám til annað en sjálfsnám. Skóli sem er afþreyingarstofnun, letigarður þar sem dekrað er við nemendur út frá einhverri sérstakri tískustefnu í uppeldis- eða skólamálum, er oft og tíðum ákaflega vondur skóli, þó að allir þar hafi mjög í munni háleit orð um göfug markmið og ákaflega húmanísk viðhorf til fólks. Í þeim skilningi getur gamall skóli og íhaldssamur, sem í einhverjum skilningi væri vondur skóli en harður skóli, verið nemendum sínum, þegar upp verður staðið, miklu þarfari skóli. Ég held því að kjörorðið sem ég rakst einhvern tíma á í gönguferð niður við höfn í Boston gæti verið mottó í skólastarfi:

„Gefirðu hungruðum manni fisk, þá seðurðu hungur hans í einn dag. Kennirðu honum að veiða, þá hefurðu kennt honum til að sjá sér og sínum farborða ævina á enda."

Góður skóli er skóli sem kennir nemendum sínum að veiða: að afla sér þekkingar, sem endist honum ævina á enda, ekki í eitt skipti fyrir öll, heldur jafnt og þétt í lífi og starfi.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns um skóla unglinganna, hinn skipulagða skóla og skóla lífsins sem auðvitað er þegar allt kemur til alls hinn eini sanni skóli. En það skólakerfi sem hér hefur verið rætt um með íslenskukennslu, Íslandssögukennslu og öðrum greinum er undirbúningur að hinum æðri skóla, háskóla lífsins. Það þarf að

vanda þennan undirbúning mikið.

Blandað hefur verið inn í umr. friðarhjali sem nú er mjög í tísku. En ástæða er til að minna á að friður byggist á því að ekki sé gengið á rétt næsta manns. Það þýðir að sýna þarf ákveðna tillitssemi til að ögra ekki þeim sannleik sem er í næstu persónu.

Það er ótrúlegt hvað hægt hefur verið að flækja þetta mál í þessum umr., einfalt mál. Með leyfi forseta langar mig að segja eina stutta sögu af því hvað hægt er að tala skýrt og skorinort. Ég hlustaði á umr. fyrir nokkrum árum þar sem sérfræðimenntaðir menn voru að fjalla um það hvernig hús nættu að vera. Þetta urðu langar umr., stóðu í tvær klst. Loks tók til máls maður, Halldór Kristjánsson, bóndi frá Kirkjubóli. Hann sagði: „Ég veit hvernig hús á að vera. Það á að vera bjart, hlýtt og rúmgott. Þannig á hús að vera". Við höfum fjallað hér um Íslandssögukennslu og það er hægt að segja þetta í stuttu máli. Mergurinn málsins snýst um það að ein þjóð þarf að byggja á menningu og þar er tungan grundvallarþátturinn, sagan. Hún þarf að hafa land og hún þarf að hafa sjálfstæði.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál. Það voru aðeins örfá orð vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi að ég hefði ekki svarað þeim spurningum sem hann kvaðst hafa til mín beint. Aukakennslu í sögu þjóðarinnar á kostnað hvers? spurði hann. Ég sagði m. a. í minni ræðu að gengið væri næsta langt og nokkuð snemma í því að kenna börnum í grunnskóla ýmiss konar ítarlegan fróðleik um önnur lönd býsna fjarlæg önnur trúarbrögð eins og Islam, Múhameðstrú, þykkar bækur um það sem lagðar eru fyrir 13 ára börn t. d. Ég held að ýmislegt af þessu mætti bíða. Ég er ekki að segja að það ætti að víkja en það mætti bíða og saga þjóðarinnar sitja í fyrirrúmi meira en gert hefur verið í grunnskólum.

Mér fannst líka koma fram í máli hans misskilningur á því sem ég sagði áðan. Við höfum talað hér um mismunandi stefnur í kennslumálum og mismunandi hætti. Það er þetta annað hvort eða sem ég vísa á bug. Við eigum að geta blandað saman því gamla og nýja og notað það besta úr hvoru tveggja. Við eigum ekki að kasta öllu hinu gamla fyrir róða bara af því að það er gamalt og taka upp hið nýja bara af því að það er nýtt. Það verða að liggja önnur og veigameiri rök þar að baki.

Ég varaði sérstaklega við því í framsöguræðu minni fyrir þessari till. að við ættum ekki að stefna að eins konar eða neins konar þjóðrembu. Ég notaði nákvæmlega það orð. Hins vegar eigum við að efla heilbrigðan þjóðarmetnað og þjóðernisvitund. Ég hygg að hv. þm. geti lesið framsöguræðu mína og gengið úr skugga um að hér er rétt til vitnað þannig að hann rangfærir þegar hann talar um þjóðrembu í sambandi við það sem hér hefur verið rætt. Það er alls ekki hugsun eða ætlun okkar sem stöndum að flutningi þessrar till., fjarri sé því.

Ég andmæli því enn einu sinni að ég hafi talað hér gegn jafnréttishugsjón. Það hef ég aldrei gert. Ég hef sagt og segi aftur og enn: Hver einstaklingur á að fá að njóta sannmælis og þar á kyn ekki að skipta neinu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðhald á skipastólnum, þáltill. 105. mál (þskj. 127). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um viðhald og endurbætur á skipastólnum. Þessi till. er á þskj. 127 og hv. flm. auk mín eru eftirtaldir: Stefán Guðmundsson hv. þm., Þórarinn Sigurjónsson, Ólafur Jóhannesson og Stefán Valgeirsson. Tillögugreinin er orðuð þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því að viðhald og endurbætur á íslenska skipastólnum fari í ríkari mæli fram innanlands."

Eins og fram kemur er í till. aðeins vikið að viðhaldi og endurbótum á skipastólnum. Enda þótt svo sé má ekki líta svo á að ekki ríki áhugi meðal okkar flm. fyrir nýsmíði skipa hér innanlands. Hana þarf að sjálfsögðu að efla þótt ekki verði um það fjallað hér enda liggja í mörgu tilliti sömu forsendur að baki því að innlendur skipasmíðaiðnaður sé samkeppnishæfur við erlendan hvort heldur um er að ræða nýsmíði eða endurbætur. Hin ytri almennu skilyrði hafa áhrif á hvort tveggja.

Í mörgum tilvikum má halda því fram að mjótt sé á munum í þeirri skilgreiningu. Svo gagngerar geta endurbætur verið eins og dæmin sanna. Með tilliti til stærðar skipaflota okkar, þeirra gífurlegu verðmæta sem í honum eru fólgin og þess umfangs og undirstöðu sem leiðir af rekstri hans í okkar þjóðarbúskap er ekki sama hvernig til tekst um viðhald og endurnýjun skipastólsins. Um þetta hljóta flestir að vera sammála. Hitt kann að vera að menn greini á um það hvaða leiðir eru heppilegastar að settu marki, m. a. að hve miklu leyti stjórnvöld eigi að koma þar nærri og/eða með hvaða hætti þegar að flestra dómi augljósu hlutverki stjórnvalda sleppir stuðla eigi að sem eðlilegustum almennum ytri skilyrðum sem nýtast allri atvinnustarfsemi.

Sem betur fer er okkar skipasmíðaiðnaður allmikill að vöxtum nú þegar og hefur þrátt fyrir að mörgu leyti erfiðar aðstæður á undanförnum árum, m. a. þráláta öfugþróun á sumum sviðum efnahagsmála, spjarað sig furðu vel. Á þeim vettvangi vinnur töluvert á annað þúsund manns þannig að hér er um mikilvægan málaflokk að ræða í atvinnulegu tilliti. Ef rétt er að staðið má ætla að hér leynist töluverðir vaxtarmöguleikar.

Ef við lítum aðeins til fiskiskipaflotans er augljóst að um gífurleg viðhaldsverkefni verður að ræða á næstu árum. Miðað við ástand fiskstofna virðist ljóst að stærð flotans er í hámarki þótt ekki verði fastar að orði kveðið. Má því ætla að viðhaldsverkefni og endurbætur aukist að tiltölu samanborið við fyrri ár. Hér er síður en svo verið að ýja að því að nýsmíði verði stöðvuð með öllu heldur hitt að endurnýjunin verður að vera jafnari til lengri tíma litið en verið hefur til þessa.

Með tilliti til fjárhagslegrar stöðu útgerðar er viss hætta á því að bolmagn sé ekki fyrir hendi til eðlilegrar og nauðsynlegrar endurnýjunar um sinn. En hitt er þó sýnu verra ef ekki eru einu sinni fjárhagslegar aðstæður til að halda flotanum við og hann grotnar niður sem gæti leitt af sér nýja og e. t. v. óhjákvæmilega kollsteypu í innflutningi skipa.

Við þessar aðstæður getur innlendur skipasmíðaiðnaður átt í vændum enn harðari samkeppni við erlendan, að útgerðin freistist enn frekar til viðskipta erlendis þar

sem fyrir hendi er bolmagn til þess að bjóða betur. E. t. v. er hér um óþarfa svartsýni að ræða en ég tel óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir þeim hættum sem þarna kunna að leynast.

Auk þess hlýtur þegar allt kemur til alls að vera auðveldara að stuðla að jafnara viðhaldi þegar við höfum þau verk í eigin hendi hér innanlands. Eñ til þess að innlendar skipasmíðastöðvar, viðgerðarstöðvar anni þeim verkefnum þarf til að koma skipulag í ríkari mæli en verið hefur. Hér þarf til að koma nánara samstarf og fyrirhyggja útgerða, smiðja og skipasmíðastöðva, lánastofnana, tryggingafélaga og opinberra aðila. Það liggur í augum uppi að á miklu veltur að gott samstarf sé á milli þessara aðila og að þeir leggi sig fram um að vanda svo til verka að þessi mikilvægi þáttur, mér liggur við að segja útgerðar, sé ávallt rekinn sem hagkvæmast og ekki síst eins og ég gat um fyrr með tilliti til þeirrar stöðu sem er í sjávarútvegi um þessar mundir.

Ég mun ekki í minni framsögu leitast við að færa fram töluleg rök fyrir því hagræði að viðhald og endurbætur á sem stærstum hluta okkar skipastóls fari fram innanlands og á ég þá ekki eingöngu við fiskiskip. Ég hef fremur kosið að fara almennum orðum um efnið.

Svo sem fram kemur með flutningi þessarar till. blundar enginn efi í hugskoti okkar flm. um jákvæð áhrif þess sem till. felur í sér á þjóðarhag enda verði sú þjónusta sem hér er verið að fjalla um að mestu leyti samkeppnisfær við erlenda aðila, bæði hvað varðar verð og gæði. Í mörgum tilvikum hefur því verið haldið fram að hagkvæmara sé að kaupa þessa þjónustu erlendis eins og ég hef vikið að áður. M. a. hefur verið bent á að viðgerðarstöðvar séu þar mun betur í stakk búnar. Ennfremur hafa menn staðið frammi fyrir því að ýmiss konar fyrirgreiðsla hefur verið meiri, m. a. fjármögnun, og til muna auðveldari. Opinberir aðilar og bankar í viðkomandi löndum hafa svo ekki verður um villst séð sér hag í því að greiða fyrir í þessum efnum. Oft hafa heyrst háværar raddir sem bent hafa á að okkar aðstæður þoli alls ekki samanburð í því tilliti.

Með markvissum aðgerðum og samstilltu átaki þeirra sem málið varðar er ég sannfærður um að hægt er að ná betri árangri hér innanlands. Útgerðir og skipafélög verða að undirbúa betur áætlanir um viðhald og stefna í auknum mæli að fyrirbyggjandi viðhaldi, smiðjur og skipasmíðastöðvar að efla verk- og rekstrartækni og auka þar með framleiðni og veita betri þjónustu. Að undanförnu hefur sem betur fer komið fram viðleitni af hálfu samtaka skipasmíðastöðva, smiðja og útgerða til aukins samstarfs þessara aðila um betra og jafnara viðhald íslenska skipastólsins. Þar er vonandi verið að stíga heilladrjúg skref.

Svo sem þessi till. til þál. felur í sér er nauðsynlegt að opinberir aðilar leggi sitt af mörkum á grundvelli samstarfs, ekki síst yfirvöld iðnaðar og sjávarútvegs en einnig bankar og opinberir sjóðir, m. a. með því móti að auðvelda og auka fjármögnun. Með betra skipulagi á útvegur og iðnaður að geta eflst af gagnkvæmum, eðlilegum viðskiptum.

Herra forseti. Með samþykkt þessarar till. sem vonandi verður kæmi fram að mínum dómi mjög mikilvæg viljayfirlýsing Alþingis í þessum efnum. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en legg til að að loknum þessum hluta umr. verði till. vísað til atvmn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Með flutningi þessarar þáltill. er hreyft mikilsverðu máli sem vissulega hefur verið á dagskrá um langt skeið. Hér er till. um að Alþingi skori á ríkisstj. að beita sér fyrir því að viðhald og endurbætur á íslenska skipastólnum fari í ríkari mæli fram innanlands.

Ég hafði nú jafnvel leyft mér að skilja texta þessarar till. með þeim orðum sem fram koma í grg. að undir hugtakinu viðhald í till. væri einnig átt við nýsmíði en svo mun þó ekki vera ef marka má orð hv. 1. flm. sem hér talaði áðan. Ég held í rauninni að Alþingi þurfi að taka mun dýpra í árinni en gert er í þessari till. varðandi skipasmíðaiðnaðinn, ef á annað borð er farið út í það að álykta um þau efni, svo sem mjög eðlilegt hlýtur að teljast að gert sé. Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að minna hér á nokkur atriði frá liðinni tíð án þess að fara langt til baka vegna þess að það hlýtur að tengjast bæði umr. um þessi mál og athugun þeirra og skipulag varðandi framtíðina.

Það er ekki nema góðra gjalda vert að hv. fimm þm. úr Framsfl. flytji till. um þetta efni og vissulega hefði verið ánægjulegt að sjá slíka till. frá þeim svo sem 2—3 árum fyrr varðandi skipasmíðaiðnaðinn. Ég hefði a. m. k. glaðst yfir að fá stuðning af því tagi sem fram kemur í efni þessarar till. frá þm. Framsfl. á fyrri stigum á meðan ég bar nokkra ábyrgð á þessum málum sem ráðh. iðnaðarmála. Þá fór fram talsverð togstreita um þessi efni innan ríkisstj. sem ég hef raunar gert nokkra grein fyrir áður, þegar rætt var hér um breytingu á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands og aflamark í tengslum við það í umr. í desembermánuði á Alþingi.

Sannleikurinn er sá að um langt skeið höfum við ekki borið gæfu til þess, Íslendingar, að stilla saman þá þætti í atvinnumálum okkar sem varða sjávarútveginn og öflun og smíði tækja í hans þágu eins og æskilegt hefði verið og þá ekki síst varðandi fiskiskip. Við erum hér í sjávarútveginum með umtalsverðan heimamarkað, ekki bara miðað við okkar litla samfélag heldur jafnvel á alþjóðamælikvarða varðandi fiskiskip eins og ekki þarf að fjölyrða um.

Minnt er á í upphafi grg. að um síðustu áramót hafi flotinn verið 947 skip. Það eru líklega áramótin1982—1983 sem þar er um að ræða. Þetta er heildartala skráðra skipa Íslendinga. Þessa flota hefur að miklum meiri hluta verið aflað erlendis á löngu tímabili. Meðalaldur skipa er hér allhár þannig að ekki er eingöngu um að ræða síðustu 10 ár. Það er langt frá því. Hefðu menn borið gæfu til að stilla saman hagsmuni útgerðar og iðnaðar í landinu fyrr og betur en tekist hefur væri innlendur skipaiðnaður með allt öðrum hætti og betur í stakk búinn til að leysa sín verkefni af hendi fyrir íslenskan sjávarútveg, ef við leyfum okkur að tala þannig um hagsmuni atvinnugreina, sem ekki er óeðlilegt. En þessi hefur því miður ekki orðið raunin á.

Fiskiskipafloti okkar hefur verið endurnýjaður í stórum stökkum. Liðið hafa ár, jafnvel tugur ára, þannig að tiltölulega lítið hefur verið um nýsmíði og kaup og öflun nýrra skipa. Flotinn hefur úrelst tæknilega og varðandi aðbúnað að þeim sem á skipunum vinna. Þessar sveiflur endurspegla pólitísk viðhorf í landinu. Ég hef stundum orðað það svo eftir að hafa virt fyrir mér línurit eða súlurit af þessari endurnýjun að þetta endurspegli með vissum hætti tímabil vinstri og hægri stjórna á Íslandi á

dögum lýðveldisins. Það kemur nefnilega í ljós lengst af þessu tímabili, frá 1944, að það hafa verið vinstri stjórnir, stjórnir með aðild flokka sem kalla sig verkalýðsflokka, ásamt fleirum í samsteypustjórnum, sem hafa gert átak í endurnýjun flotans, lagt drög að öflun nýrra tækja sem sum hver hafa svo ekki komið til og skilað sér fyrr en aðrir eru teknir við og ber að sjálfsögðu að lesa úr slíkum línuritum með það í huga að það tekur tíma að smíða skip eins og önnur atvinnutæki. (**Gripið fram í:** Nýsköpunarstjórnin, var hún vinstri stjórn?) Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta hér, þá Íslandssögu þekkja hv. alþm. allvel.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson spurði hvort nýsköpunarstjórnin hafi verið vinstri stjórn. Hún var stjórn með aðild verkalýðsflokka sem ásamt framsýnni hluta borgarastéttarinnar, aðalflokks borgarastéttarinnar hér, Sjálfstfl., tók höndum saman við þá, m. a. og ekki síst um það brýna verkefni að treysta undirstöður lífskjara á Íslandi með endurnýjun á fiskiskipastólnum, sérstaklega togaraflotanum. Þar bar Framsfl. því miður ekki gæfu til að leggjast með á árar og hluti af Sjálfstfl. stóð þar utan við, sá hluti sem endurspeglar kannske að nokkru viðhorf sem komu fram eða voru býsna áhrifamikil í stjórnarandstöðu flokksins gagnvart síðustu ríkisstj. En ég ætla nú ekki að fara lengra út í þessa sögulegu upprifjun.

Ég minnti á að það væri fagnaðarefni að fimm þm. Framsfl. flytja slíka till. Ég segi það vegna þess að innan síðustu ríkisstj. var verulega um það deilt hver skyldi vera stefnan í þessum efnum. Þar fóru ráðh. Framsfl. með málefni sjávarútvegs og viðskipta og höfðu í hendi sér ákvarðanir og vald varðandi innflutning fiskiskipa. Það liggur fyrir hvað var aðhafst á þesum tíma þar að lútandi. Á sama tíma og reynt var að skjóta traustari fótum undir innlendan skipaiðnað og teknar þýðingarmiklar ákvarðanir með aðild allrar ríkisstj. að lokum til þess að bæta aðstæður hans, ekki síst með fjármögnun til nýsmíði skipa en einnig varðandi meiri háttar breytingar og viðhald, var loks tekin um það ákvörðun í ágústmánuði 1982 að stöðva innflutning fiskiskipa a. m. k. um tveggja ára skeið. Þessi ákvörðun var tekin að till. Alþb. sem hafði áður ítrekað flutt till. um að fiskiskip yrðu tekin af frílista og ráðstafanir gerðar af hálfu Íslands til að bregðast við óeðlilegri samkeppni vegna ríkisstyrkja til skipaiðnaðar í viðskiptalöndum okkar.

Æskilegt hefði verið að samstaða hefði orðið um stefnumörkun af svipuðu tagi löngu fyrr og að bæta aðstæður innlends skipaiðnaðar þannig að hann yrði samkeppnisfær a. m. k. miðað við þá mælikvarða sem lagðir eru þegar rætt er um samkeppni og samanburð í þeim efnum. Auðvitað er erfitt fyrir Ísland, ekki öflugra ríki en við erum, að taka upp samkeppni við lönd sem greiða niður með beinum ríkisstyrkjum nýsmíði fiskiskipa eða fjármagn til slíkrar nýsmíði eins og Norðmenn hafa gert um langt skeið og Bretar einnig. Ég tel það vera óeðlilegt langlundargeð sem ríkt hefur í þeim viðskiptum af okkar hálfu að reisa ekki skorður við þeirri samkeppni sem stangast auðvitað algjörlega á við þau yfirlýstu fríverslunarmarkmið sem hafa verið leiðarstjarna í viðskiptum hér undanfarin mörg ár.

Enn eru ókomin til landsins nokkur af þeim skipum sem heimildir voru veittar til að flytja inn í tíð fyrrv. ríkisstj., þ. á m. einhver af þeim pólsku togskipum sem Tómas Árnason hæstv. þáv. viðskrh. heimilaði innflutning á í október 1981 og í mars 1982 og sem hæstv. forsrh. var raunar búinn að gleyma þegar um þau spurðist í júní s. l. Verð þessara skipa eins og það var borið saman við nýsmíði hérlendis á síðasta sumri í dollurum talið var hins vegar aðeins innan við 10% hagstæðara en þeirra íslensku raðsmíðabáta sem ákvarðanir höfðu verið teknar um að smíða og greiðslukjörin á þessum innfluttu skipum lakari því þessi kjör breyttust stórlega frá því að fyrstu samningar voru gerðir við Pólverja. Þetta eru upplýsingar sem ég tel að séu nokkuð traustar og fengnar eru frá aðilum sem standa fyrir íslenskri nýsmíði á vegum Slippstöðvarinnar á Akureyri sem eðlilega báru þessi mál saman og þennan kostnað.

Ég tel að í rauninni vanti ekki mikið á það, ef nokkuð, að innlendar stöðvar séu samkeppnisfærar varðandi nýsmíði. Þá á ég við öflugustu skipasmíðastöðvarnar, Slippstöðina á Akureyri fremsta í flokki, en þá ekki að teknu tilliti til niðurgreiðslu og ríkisstyrkja í löndum eins og Bretlandi og Noregi.

Ég ætla hér ekki að fjölyrða um stöðuna varðandi stærð fiskiskipaflotans. Sú umr. hefur farið hér fram. Það er líka alveg ljóst að við getum ekki aukið þar við með hröðum hætti á næstunni en það á ekki að hrekja okkur frá því markmiði að búa íslenskar stöðvar undir það verkefni að leysa endurnýjun íslenska fiskiskipaflotans hér innanlands á samkeppnisfæran hátt miðað við eðlilegar viðskiptareglur. Það kemur að því áður en langt um líður að veruleg verkefni skapast á þessu sviði því að flotinn eldist, hann er þegar að meðaltali 17.5 ár, bátaflotinn um 20 ár og reyndar í sumum stærðarflokkum bátaflotans til muna hærri. Það er því stórt verkefni sem búa þarf íslenskan skipaiðnað undir að leysa, að fylla í skörðin eftir því sem nauðsynlegt og skynsamlegt getur talist því auðvitað þurfum við að fara þar fram miðað við hagkvæmni og eðlilegan afrakstur okkar fiskistofna.

Sé litið til togaraflotans eru 27 togarar nú orðnir 10 ára eða eldri, þ. e. um fjórðungur af okkar togaraflota. En í þessari þáltill. er meginhersla lögð á viðhald og endurbætur og augljóst er að á því verður að byggja öðru fremur í verkefnum fyrir skipasmíðaiðnaðinn hérlendis. Þá er skylt og þjóðhagslega skynsamlegt að sem allra mest af þeim verkefnum verði leyst í landinu, ekki aðeins í ríkari mæli, ég tel að þar þurfi að ná mun lengra þannig að til hreinna undantekninga heyri að leita þurfi til útlanda í sambandi við endurbætur og viðgerðir á skipaflotanum.

Parna skipta hinar fjárhagslegu aðstæður geysimiklu máli eins og hv. frummælandi benti hér á. Það eru þær aðstæður sem þarf að tryggja að séu viðunandi fyrir stöðvarnar þannig að á viðskiptaaðila þeirra sé ekki hlaðið óeðlilegum pinklum því að skiljanleg er sú krafa útgerðaraðila að reyna að komast yfir sem ódýrust tæki miðað við sambærileg gæði. Enginn getur andmælt slíkum sjónarmiðum. En hér þarf að líta á hinar þjóðhagslegu stærðir og þess hefur verið gætt allt of lítið hér á undanförnum áratugum að líta á atvinnulífið í landinu sem eina heild, gera ráðstafanir og áætla út frá því sjónarmiði hvað er þjóðhagslegt, að hverju ber að keppa, að lausn hvaða verkefna ber að keppa innanlands og horfa þá yfir hagsmuni einstakra atvinnugreina en reyna að leggja saman þá hagsmuni miðað við

þjóðhagsleg markmið, skoða möguleikana og gera ráðstafanir í samræmi við það. Það eru ekki fá störf sem við höfum flutt úr landi eða ekki náð inn í landið á undanförnum áratugum varðandi þjónustu við fiskiskipastól okkar og nýsmíði fiskiskipa, störf sem hafa orðið til t. d. og ekki síst hjá nágrönnum okkar í Noregi sem hafa nýtt íslenska markaðinn sér til hagsbóta og til að byggja upp sinn skipaiðnað og í tengslum við hann málm- og rafiðnað.

Varðandi viðgerðaþáttinn var vissulega að honum hugað í síðustu ríkisstj. ekki síður en varðandi nýsmíði. Þann 29. júní 1982 flutti ég svofellda till. í ríkisstj. um skipaviðgerðir innanlands, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagt er til að ríkisstj. stuðli að því að sem allra flest viðgerðarverkefni vegna fiskiskipa verði unnin innanlands.

1. Lagt er til að viðskrn. birti hjálögð drög að auglýsingu um meðferð lánsumsókna til langlánanefndar vegna breytinga, endurbóta, véla- og tækjakaupa í fiskiskip.

2. Þeim tilmælum verði beint til bankakerfisins að bankaábyrgðir séu veittar vegna viðgerða á fiskiskipum innanlands. Það er viðtekin regla þegar skip fer til viðgerða erlendis að veitt er bankaábyrgð til tryggingar greiðslu til hinnar erlendu stöðvar. Innlendar stöðvar hafa aldrei notið slíkrar fyrirgreiðslu.

3. Leitað verði skýringa á tilboði Danmarks Skibkreditfond varðandi hagstæðari kjör á lánum en almennt gilda."

Þessari till. fylgdi grg. þar sem m. a. er vikið að ólíkum fjármagnskjörum vegna viðgerða og viðhalds og till. um auglýsingu var svofelld:

„Auglýsing um meðferð lánsumsókna til langlánanefndar. Lánsumsóknir vegna breytinga, endurbóta, véla- og tækjakaupa í fiskiskip. Áður en lánsumsóknir verða teknar til afgreiðslu skal eftirfarandi staðfesting liggja fyrir:

1. Yfirlýsing frá Sambandi málm- og skipasmiðja um að verkið hafi verið boðið út skv. ákveðinni útboðslýsingu innanlands, a. m. k. tveim mánuðum áður en verkframkvæmd á að hefjast og skilafrestur tilboða hafi verið þrjár vikur sem komi til viðbótar fyrrgreindum tveggja mánaða fyrirvara. Verði ákvæðum skv. 1. lið hér að framan ekki við komið vegna ófyrirséðra orsaka, svo sem að aðalvél brotni, skip strandi eða þess háttar, skulu Samband málm- og skipasmiðja og Landssamband ísl. útvegsmanna leggja sig fram um að kanna viðgerðarmöguleika og tilboðsgerð innanlands innan viðráðanlegra tímamarka."

Þessi till. var samþykkt í ríkisstj. á fundi hennar 29. júní 1982, þó með fyrirvara um að hæstv. viðskrh., sem ekki var viðstaddur á þeim fundi, tæki undir efni hennar. Það varð allnokkur dráttur á því að hæstv. þáv. viðskrh. gerði upp hug sinn í þessu efni og það er ekki fyrr en 5. nóvember 1982 sem svofelld auglýsing var birt frá viðskrn. sem niðurstaða af meðferð og athugun þessarar till. sem ég hafði flutt 29. júní sama ár. Ég tel rétt að þessi auglýsing liggi hér fyrir hv. þm. til athugunar sem fjallar um þetta mál:

„Að marggefnu tilefni vill viðskrn. vekja athygli á að eftirfarandi reglur gilda um heimildir til vélaskipta, breytinga og endurbóta á fiskiskipum erlendis:

1. Allar viðgerðir eða endurbætur á skipum eru háðar gjaldeyrisleyfi og ber að sækja um það til gjaldeyrisviðskiptabanka áður en gengið er frá samningi.

2. Erlendar lántökur til þessara aðila eru háðar leyfi viðskrn. Ef um erlend lán er að ræða er ekki heimilt að láta hefja framkvæmdir við endurbætur á fiskiskipum erlendis nema slíkra heimilda hafi verið aflað áður.

3. Lántökur verða ekki heimilaðar nema aflað hafi verið tilboða innan hæfilegra tímamarka um framkvæmdina hjá innlendum skipasmíðastöðvum. Enn fremur verður leitað umsagnar Sambands málm- og skipasmiðja áður en leyfi er veitt."

Þó að í þessari auglýsingu sé ekki tekið á öllum þeim þáttum sem mín till. hafði um fjallað tel ég að hún hafi verið áherðing af hálfu viðskrn. um þetta atriði og því til bóta. Allt of mikil brögð hafa verið að því að útgerðaraðilar hér hafi stefnt utan með skip sín án þess að afla fyrir fram eðlilegra og nauðsynlegra leyfa, þ. á m. gjaldeyrisleyfa. Fyrst þegar skip er komið í slipp erlendis og viðgerð jafnvel langt komin hafa menn farið að skoða sinn gang og óska eftir gjaldeyrisfyrirgreiðslu í gegnum sína viðskiptabanka. Þarna er auðvitað mjög aftan að hlutunum farið og eðlilegt að tekið sé fyrir slíkt og aðilum gert ljóst að ekki er viðunandi að þannig sé gengið fram hjá innlendum iðnaði og ekki látið reyna á samkeppnistilboð varðandi meiri háttar breytingar sem oft og tíðum er hægt að skipuleggja og sjá fyrir með löngum fyrirvara. Það er slík endurskipun mála sem er knýjandi að mínu mati.

Nú er það svo að margt getur ýtt á útgerðaraðila að leita til útlanda með viðgerðir, jafnvel fleiri en beinir fjárhagslegir eða viðskiptalegir þættir, og ætla ég ekki að fara að rekja það hér. Þeim mun nauðsynlegra er að menn séu á verði um þessi atriði og auðvitað skiptir mestu að reyna að fá skilning aðila, útgerðaraðilans sem iðnaðar, á viðhorfum hvors annars þannig að menn stilli þarna saman sjónarmið sín og taki saman á þessu þýðingarmikla máli.

Ég tel sem sagt, herra forseti, að þessi till. sé góðra gjalda verð svo langt sem hún nær en vil ganga talsvert lengra í sambandi við þetta efni með það að markmiði að aðeins í undantekningartilvikum þurfi að koma til þess að leitað sé til útlanda með viðgerðir og viðhald á okkar skipastóli. Það á þá ekki síst við um fiskiskipastólinn en einnig þarf auðvitað að stefna að því að hið sama gerist varðandi kaupskipastólinn því einnig þar eru stórverkefni sem ganga innlendum höndum og fyrirtækjum úr greipum í allt of ríkum mæli.

Nýsmíðin er svo mál út af fyrir sig. Þar eigum við að setja markið hátt, hafa jafnt í huga hagsmuni íslenskrar útgerðar og þeirra fyrirtækja sem þar standa að málum og þjóðhagslega nauðsyn þess að halda sem flestum störfum hér í landinu og verkefnum og leysa þau hér á hagkvæman hátt.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að umr. um þessa ágætu till. til þál. hafa þróast með dálítið undarlegum hætti. Hér liggur fyrir till. til þál. þar sem kveðið er skýrt á um að hún fjallar um viðhald og endurbætur á skipastólnum. Það er enn endurtekið og talað hér um viðhald og endurbætur á íslenska skipastólnum. En hv. 5. þm. Austurl. ræddi hins vegar í löngu máli ekki um viðhald heldur endurnýjun og smíði á nýjum fiskiskipum. Hér er auðvitað um tvo aðgreinda þætti að ræða sem hvor um sig verðskuldar ríkulega umfjöllun hér á hinu háa

Alþingi. Þess vegna verð ég að segja að það er ákaflega undarleg málsmeðferð að rugla saman reytum þessara tveggja mála, svo mikilvæg og stór sem þau eru bæði og hvort um sig í sniðum. Út af fyrir sig er ég ekki að varpa rýrð á það að þetta mikilvæga mál sé leitt hér og nú inn á Alþingi. En ég hefði talið það betra verklag og dæmi um skipulagðari vinnubrögð ef menn hefðu reynt að halda sig við það mikilvæga þingmál sem hér liggur fyrir.

Ég tel að sú till. til þál. sem fyrir liggur um viðhald og endurbætur á skipastólnum sé í eðli sínu jákvætt og þarft mál. Vakin er athygli á því að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að hér séu öflugar skipaviðgerðarstöðvar og vissulega er það rétt. Það má leiða mörg rök að því að það sé mjög mikilvægt fyrir þjóð eins og Íslendinga að eiga sterkar og öflugar skipaviðgerðarstöðvar. Það er mikilvægt fyrir siglingaþjóð og það er mikilvægt fyrir fiskveiðiþjóð, auk þess sem það er vitaskuld þjóðhagslega hagkvæmt að geta framkvæmt skipaviðgerðirnar innanlands.

Ég vil vekja athygli á því að langstærstur hluti þeirra viðgerða sem fram fara á fiskiskipastólnum árlega fer fram innanlands. Mér liggur við að segja að það heyri frekar til undantekninga að útvegsmenn, a. m. k. þeir sem gera út fiskiskipin, sendi skip sín til útlanda í viðgerð. Það eru auðvitað dæmi um þetta árlega og eru í flestum tilfellum á því tilteknar skýringar, en í langflestum tilvikum kjósa íslenskir útvegsmenn að senda skip sín til viðgerðar og viðhalds árlega í íslenskar skipasmíðastöðvar. Þetta er auðskiljanlegt. Íslenskar skipasmíðastöðvar hafa vitaskuld mikinn aðstöðumun fram yfir erlenda keppinauta sína hvað þetta snertir. Það er kostnaðarsamt fyrir íslenska útvegsmenn að senda skip sín til útlanda til viðgerðar og viðhalds. Það tekur dýrmætan tíma frá veiðum og það kostar peninga að sigla skipunum til útlanda og það er líka dýrt og vefur utan á sig að halda uppi mannskap erlendis meðan unnið er að viðhaldsverkefnum. Einnig má nefna það, sem er augljóst, að oft og tíðum þykir mönnum örðugra að eiga viðskipti við ókunna aðila í framandi landi. Þess vegna kjósa þeir fremur að eiga viðskipti sín hér innanlands.

Það er nefnt í grg. þáltill., sem er því miður alveg rétt, að í mörgum tilvikum er auðveldara að fá fjármagnsfyrirgreiðslu erlendis þegar um skipaviðgerðir er að ræða. Þetta er staðreynd sem er ekki nokkur ástæða til að líta fram hjá og er vitaskuld þung á metunum þegar menn ákveða hvert þeir senda skip sín til endurbóta eða viðhalds. Þetta er staðreynd sem flestum hefur verið kunn en er engu að síður ákaflega alvarleg. Ég lít svo á að þessi till. til þál. um viðhald og endurbætur á skipastólnum feli fyrst og fremst í sér ákall til stjórnvalda að bæta hér úr. Ég lít ekki svo á að hér sé um að ræða ósk um tilskipun frá stjórnvöldum þess efnis að mönnum skuli meinað að fara með skip sín til útlanda til viðgerða, enda teldi ég það háttalag fjarstæðukennt. Vitaskuld á það að vera meginreglan í þessum viðskiptum sem öðrum að mönnum sé frjálst að leita hagkvæmra tilboða. Þannig á vitaskuld að standa að atvinnurekstri, að menn geti leitað hagkvæmustu leiða við reksturinn. Þess vegna tel ég það eðlilegt sjónarmið, sem fram kemur í grg. till., að leita beri leiða til þess að gera skipasmíðar og skipaviðgerðarstöðvarnar samkeppnisfærari en þær eru nú. En það ber ekki að kalla eftir stjórnvaldstilskipunum sem banna það að menn leiti til útlanda með skip sín í viðhald.

Ég skal nefna eitt atriði sem ég held að geti haft eitthvað að segja þó ég geri mér auðvitað ljóst að það skiptir engum sköpum. Það er staðreynd að olía til fiskiskipa er u. þ. b. 35% dýrari hérlendis en utanlands. Þetta hefur m. a. hvatt menn, sérstaklega á þessum síðustu og verstu tímum, til þess að sigla með fisk til útlanda. Auðvitað getur nákvæmlega það sama átt við um viðhald skipanna. Það hlýtur að ýta heldur undir menn að fara með skip sín til útlanda ef þeir geta orðið sér úti um ódýrari olíu um leið. Þetta er lítill þáttur í málinu, sem þó skiptir máli og ber ekki að líta fram hjá, en aðalatriði málsins á auðvitað að vera það sem ég hef rakið, að þessi viðskipti séu sem frjálsust eins og önnur viðskipti í landinu, að það sé algerlega á valdi þeirra sem að útgerðinni standa hvert þeir leita tilboða í verkin, en það sé ekki stjórnvalda að skipa þar fyrir.

Að svo mæltu lýsi ég stuðningi mínum við þessa framkomnu þáltill.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ekki er að sjá að mjög margir alþm. hafi áhuga á dagskrármálum dagsins í hv. Sþ. Þegar svo fáir hlusta má maður segja að þetta er líkast þokkalegum kunningjaklúbbi þar sem menn ræða í bróðerni um hlutina en verst er þó ef menn stinga af áður en þeir hafa heyrt mismunandi röksemdir í málunum.

Herra forseti. Ég hef hvorki hugsað mér að eyða í þetta löngum tíma né heldur að fjalla um þetta lið fyrir lið ítarlega. Till. felur í sér í raun og veru að óskað er eftir því að menn láti frekar gera við skipin sín innanlands en erlendis og ef það kostar eitthvað meira hér heima en í útlöndum eigi ríkið að borga mismuninn. Þetta er út af fyrir sig göfug hugsun, ekki síst þegar maður hefur það í huga að nú um allmargra ára skeið hefur útgerðin verið pínd til þess að kaupa miklu dýrari vöru hér innanlands en erlendis. Þessi vandi skipasmíðaiðnaðarins og skipasmíðastöðva í landinu hefur bara fengið að leggjast ofan á annan vanda í útgerðinni og var hann þó ærinn fyrir. Satt best að segja hefur verið haldið þannig á hagsmunamálum útgerðarinnar nú til langs tíma að ég teldi rétt að þegja sem lengst yfir því hefði ég verið ráðamaður í síðustu ríkisstj. Og ekki virðist það ætla að verða betra, ekki a. m. k. eru fyrstu skrefin á þá leið.

En sem betur fer á þessi till. ekki eins mikið erindi nú eins og oft áður vegna þess að menn hafa valið þann kostinn miklu fleiri að láta gera við skip sín, breyta þeim og lagfæra þau á ýmsan hátt hér innanlands en áður var. Ég held að ekki sé nema ein ástæða til þess og hún er sú að orðin er talsverð samkeppni milli þessara skipasmíðastöðva nú. Þær eru að bítast um verkefnin, bjóða í þetta, bjóða miklu betri kjör en áður var. Ég á von á því að það batni enn meira en áður af ýmsum ástæðum, t. d. varðandi fjármagnskostnað og annað, vexti, að menn beini viðskiptum sínum yfir til innlendra stöðva jafnvel án hvatningar.

Hitt er svo annað mál að þetta er eitt af þessum atvinnuspursmálum í landinu, að reyna að halda sem mestum verkefnum af þessu tagi innanlands til þess að íslenskar hendur fái vinnu við það. Þessi till. er sjálfsagt flutt aðallega með þær staðreyndir bak við eyrað að nú

smíða menn ekki ný skip hér innan lands, við höfum alveg nóg af skipum, og þá eru mörg hundruð manna sem þurfa að fá önnur verkefni í staðinn. Ég held að þetta sé í raun og veru kjarni þessa máls og aðalástæðan til þess að þessir ágætu fimm framsóknarmenn flytja þessa till., bæði menn af Norðurl. e. og austan úr Flóa og ofan úr Borgarfirði. Víðtækur áhugi til sjós og lands í raun og veru.

Það gleður eiginlega mitt hjarta að framsóknarmenn skuli nú fara að leiða hugann að hlutum sem snerta sjávarsíðuna. Í allmörg ár hef ég verið formaður í sjútvn. og það voru ágætir menn í þeirri nefnd og ekki voru framsóknarmennirnir lakastir, það er nú eitthvað annað. Hitt er annað mál að þeir máttu ekki alltaf missa tíma til að koma á fund. En þeir hafa sjálfsagt hugsað þeim mun meira um það heima.

Þrátt fyrir þetta almenna áhugaleysi framsóknarmanna á sjávarútvegi og skipasmíði og öllu því sem því tengdist hafa þeir jafnan haft ráðherra í þessum málum að undanförnu með misjöfnum árangri. Satt að segja rennur manni það svolítið til rifja að hugsa til þessara tíma á undanförnum árum hvernig farið var með þessa hluti, ekki síst öll þessi skipakaup og skipasmíðar sem hv. 5. þm. Austurl. var svo hrifinn af. Sannleikurinn er sá að þó að menn hafi þá hugað að viðgerðarþættinum ekki síður en nýsmíðinni, eins og hv. þm. orðaði það, áttu sér þar stað skelfileg mistök eins og sorglegt væri að rifja upp og ég hefði nú þagað yfir ef ekki hefði gefist tilefni. Ég er að sjálfsögðu ekki að saka þann hv. þm. um það allt saman. Hitt er annað mál að menn gerðu hér eitt asnastrik undir lokin sem átti að bjarga þessu öllu saman og það var að fara í þessa svokölluðu raðsmíði, ef menn hafa heyrt það. Þau eru einkennileg orðin mörg og þýða kannske oft allt annað en í þeim sjálfum felst. En raðsmíði þýðir að mörg skip eru smíðuð í röð á sama stað og alveg nákvæmlega eins, þ. e. fjöldaframleiðsla á skipum.

Í hverju var þessi raðsmíði fólgin? Tvö á Akranesi og tvö á Akureyri og eitt fyrir vestan o. s. frv. Auðvitað engin raðsmíði, allt annað en raðsmíði. Þau skip voru náttúrlega óskaplega dýr. Þau eru smíðuð án þess að nokkur kaupandi sé til, kannske í þeirri von að einhverjir vilji fórna sér og kaupa allt of dýrt skip sem getur alls ekki unnið fyrir sér, báta sem kosta talsvert á annað hundrað milljónir og enginn vill kaupa vegna þess að þeir vita að tekjur þeirra verða aldrei nægilegar til að greiða þessa raðsmíðabáta.

Auðvitað geta menn keypt skipin með því hugarfari bara að þeim komi peningamálin ekkert við. Menn hafa allt of mikið gert að því að undanförnu að ráðast í slíkt vitandi það að þeir geta ekki borgað og ákveðnir í því að borga ekki. Þetta er ákaflega slæmt og slíkt hugarfar er í raun og veru alveg óleyfilegt. Ég tel að útgerð eigi að bera ábyrgð á sínum rekstri, og þeir sem vilja bera ábyrgð á sínum rekstri kaupa ekki slíka báta, enda er ekki nema einn þeirra kominn á sjó og er enn á réttum kili eftir því sem ég frétti síðan. En til þess að hann sneri nú efri endanum upp þurfti að steypa í hann a. m. k. 70—80 tonn í kjölinn, býsna þungur.

Þetta var um raðsmíðina. Ef rétt er að verri greiðslukjör séu á pólsku skipunum sem eiga nú að fara til Vestmannaeyja og eru rétt ókomin en eru á þessum raðsmíðaskipum hlýtur það að þýða að ríkið hefur ætlað sér að borga eitthvað af fjármagnskostnaði fyrir hin skipin jafnvel þó að þau séu þannig að enginn geti keypt þau né vilji þau. Þau standa bara og bíða þar sem verið er að smíða þau og þau verða auðvitað sett á flot. En þau fara ekki til veiða ef enginn kaupandi fæst.

Ég held að það sé ekki rétt leið, sem var drepið á í síðustu ræðu, að „hvetja“ menn til að kaupa fremur íslenskt af þessu tagi en erlent og nota til þess alls kyns leyfi, bönn og fyrirskipanir, að menn skuli kaupa sér íslenskt skip en alls kyns takmarkanir settar á útgerðina um að kaupa ódýrara og erlent. Þetta þýðir að verið er að neyða menn með slíkum aðferðum til að kaupa dýrt, m. a. með því að fyrir skuli liggja umsögn Sambands málm- og skipasmiðja. Allir vita fyrir fram hvernig hún hlýtur að vera. (**Gripið fram í:** Þetta var í næstsíðustu ræðunni.) Já, næstsíðustu ræðunni, ég biðst innilega afsökunar. Ég er nú ekki að tala um persónur í þessum efnum. Það er bara þetta sem í slíkum vinnubrögðum felst. Að leita umsagna þessara manna er hálfgerður skrípaleikur því að allir vita nákvæmlega hvað þeir vilja sem eðlilegt er. Þeir vilja auðvitað fá þessi verkefni. Það myndum við vilja líka ef þetta væri okkar lifibrauð. En það er nú svona með nýsmíðina innanlands á síðustu árum að þau skip sem hafa verið smíðuð 1981 og 1982, akkúrat á þessum dýrðartímum sem var verið að lýsa hér fyrr, skulda langmest. Enginn hefur ráðið við að borga af skipunum sem eðlilegt er. Milli ára hafa vextirnir kannske verið 80—90%. Fyrir utan það að tekjum útgerðar hefur verið haldið niðri og þær hafa vaxið miklu hægar eins og menn þekkja undanfarin ár en tilkostnaðurinn. Það er enginn vandi að drepa hvern einasta atvinnuveg sem er stýrt með slíkum aðferðum og slíku hugarfari. En þetta hefur verið gert nú til margra ára. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því.

Ég tel að sem betur fer sé ekki eins mikil þörf fyrir þessa till. og áður. En ég tel út af fyrir sig ekkert athugavert við það að hún fái jákvæða afgreiðslu. Í þessu felst í raun og veru það að við ætlum að taka upp niðurgreiðsluaðferðina eins og útlendingarnir. Við bara viðurkennum það eins og það er ef þarna er mismunur á. Kannske er það rétt en þetta þýðir það. Þá fara menn síður að leita til útlanda með þessi verkefni og raunar hefur það dregist mjög mikið saman. Þá þurfa menn ekki að sækja um leyfi, eins og var sagt í ræðu áðan, tveim mánuðum áður en verkframkvæmd á að hefjast, hvað sem það þýðir.

Herra forseti. Þetta er eitt dæmi um það að duglegir og áhugasamir þm. leggja á sig að setja saman svona till. með óvenjulegri og skemmtilegri grg. til að sýna þjóðinni að þeir séu enn vakandi í málunum og beita sér fyrir því að vekja athygli annarra þm. og sinna kjósenda á þeim áhuga.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Aðeins örfá orð, enda ekki margir hér í salnum. Ég vildi aðeins lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. Þó að hún sé flutt af eintómum framsóknarmönnum, eins og síðasti ræðumaður sagði, þá getur hún verið góð fyrir það. Auðvitað reynum við eftir mætti að stuðla að því að íslensk skipasmíði fái sem flest verkefni í þeirri grein. Þar eigum við sérstaklega hæfa starfsmenn sem vinna verk sín vel. Það sem stendur þeirri starfsemi fyrir þrifum er ekki mannskapurinn heldur hvernig hefur verið farið með þessar stofanir í sambandi við fjármögnun. Það

hefur ekki verið hægt að kaupa af þeim þjónustu í flestum tilvikum vegna þess hvað þær hafa orðið að selja hana dýrt miðað við erlenda aðila. Það er vandinn sem við er að glíma.

Því miður er hæstv. fyrrv. iðnrh. ekki hér í salnum, en það hefði verið fróðlegt að ræða við hann um það sem hv. síðasti ræðumaður gat um í sambandi við nýjustu innlendu smíðarnar síðustu árin. Þar má finna hrikaleg dæmi sem allir forðast enn þá að ræða um, hvað skuli taka til bragðs þegar kostnaður við smíði skipanna er kominn langt fram yfir það matsverð sem á þeim er. Samt er haldið áfram. Hver á að borga mismuninn? Það kemur hvergi fram. Það er þetta sem er vandamálið. Og þetta er iðnaðarvandamál sem veltur beint yfir í sjávarútveginn en menn hafa aldrei viljað viðurkenna. Forráðamenn iðnaðarins geta ekki haldið áfram að velta því beint á útgerðina. Hins vegar hefur hún tekið við þessu undanfarin ár. Sem betur fer getum við ætlað að þetta sé að lagast núna vegna minnkandi verðbólgu, en hamingjan hjálpi þessum skipum sem hafa verið í smíðum innanlands síðustu árin. Hver skal borga? Á kannske að setja fleiri manns ómaklega á hausinn í útgerðarrekstri fyrir starfsemi eins og þar hefur verið framkvæmd? Og fyrrv. ráðh. sagði hér áðan að það hefði ekki verið gert nóg að slíkri smíði. Ég skildi hann a. m. k. þannig.

Og ég skil ekki þann reikning að þessi pólsku skip, þó að þau hafi dottið hér óvart inn í kerfið, séu orðin eins dýr og íslensk skip sem hafa verið smíðuð hér undanfarið. Það stenst ekki. Ætli þá hafi ekki gleymst verðbólgustigið sem komið var á annað hundrað prósent í millitíðinni? Það kæmi mér ekki á óvart. Svona má ekki fara að. Auðvitað þarf að vinna að því að íslenskar skipasmíðastöðvar fái sem mest verkefni. Það er ekki enn þá tímabært að stunda nýsmíði þó að það sé stutt í það. Við skulum ekki gleyma því að bátaflotinn er orðinn 20 ára gamall að meðaltali. Hann þarf á verulegri endurnýjun að halda og það hlýtur að vera spurning hvað á að liggja lengi yfir því að klastra í hann, endurnýja svo og svo mikið af honum fremur en hreinlega að úrelda hann og smíða nýtt í staðinn. Þetta hlýtur að verða það sem takast verður á við núna á næstunni.

Því miður er hæstv. iðnrh. ekki hér staddur. Ég hef grun um að á borðum hans séu tillögur í þá átt að innlendar skipasmíðastöðvar fái möguleika til að taka að sér viðhaldsverkefni núna á næstunni, fyrst og fremst til þess að geta haldið sínum starfsmönnum í þjálfun, haldið sínu góða starfsliði og haldið því í þjálfun. Þetta verður að ske. Annars vöknum við upp við vondan draum þegar við þurfum að fara að endurnýja og enginn maður er til í landinu sem kann til verka.

En ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég er samþykkur þessari till., að þessum verkefnum sé beint hingað heim eins og mögulegt er til þess að halda uppi skipasmíðastöðvunum og iðnaðarmönnum sem þar eru, svo að þeir hafi verkefni og séu í þjálfun í þeim verkum sem hljóta að bíða þeirra innan skamms tíma.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Íslenskur sjávarútvegur á í mjög harðri samkeppni erlendis. Þær þjóðir sem við m. a. erum að keppa við, Norðmenn og Kanadamenn, hafa tekið ákvarðanir um að beina miklum fjárhæðum frá öðrum atvinnuvegum yfir til sjávarútvegsins. Íslenskir sjómenn og fiskverkendur keppa við þessa aðila á þeim grunni. Ef við til viðbótar þyngjum samkeppnisaðstöðuna sem því nemur að taka yfir á sjávarútveginn erfiðleika í íslenskum skipasmíðaiðnaði hljóta menn að gera sér grein fyrir því að með slíkri ákvarðanatöku værum við að slá því föstu að lífskjör hér skuli verða lakari en hjá þessum þjóðum.

Ég vil ekki skilja till. á þann veg að það sé vilji flm. að þannig sé að málum staðið. Ég vil skilja hana í ljósi setningar sem hér stendur: „Með þáltill. þessari er gengið út frá því að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að sem mest af viðgerðum og viðhaldi skipaflotans fari fram innanlands, enda verði sú þjónusta samkeppnisfær við erlenda aðila bæði hvað varðar verð og gæði.“ — Með þeirri forsendu er ég stuðningsmaður þáltill. Að henni brostinni treysti ég mér ekki til að styðja hana, þannig að ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að mér fannst hv. 5. þm. Austurl. fara allmikið út um víðan völl í sínum málflutningi.

Þau atriði aftur á móti sem ráða þá mestu um hvort íslenskur skipasmíðaiðnaður sé samkeppnisfær og sá þáttur sem íslensk stjórnvöld þurfa að gefa gætur eru:

Í fyrsta lagi gengisskráning íslensku krónunnar. Röng gengisskráning, of há, drepur að sjálfsögðu íslenskan iðnað jafnt á þessu sviði sem öðrum.

Viðskiptakjör, þ. e. hvernig er staðið að fjármögnun hjá innlendum skipasmíðaiðnaði, hlýtur að vera það sem stjórnvöld þar næst þurfa að bera fulla ábyrgð á að sé hliðstætt þeim aðbúnaði sem er hjá erlendum skipasmíðastöðvum, sem við keppum við.

Þriðja atriðið, sem hlýtur aftur á móti fyrst og fremst að vera verkefni eigenda stöðvanna og þeirra sem þar vinna — að sjálfsögðu geta innlend stjórnvöld haft þar áhrif á — er að tæknibúnaður og framleiðni, verkkunnátta, sé fullkomlega til jafns við það sem er í hinum erlendu stöðvum.

En ég hygg að okkur sé öllum ljóst að hér á landi er um allmikinn markað að ræða á þessu sviði, sem æskilegt væri að yrði markaður hinna innlendu skipasmíðastöðva — æskilegt væri, segi ég, vegna þess að ég vildi að þannig yrði þróunin. En ég er sammála því, sem fram hefur komið, að ég tel fráleitt að með viðskiptafjötrum eða þvingunum sé hægt að leysa þessi mál til farsældar fyrir íslensku þjóðina.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um till. þá sem hér liggur fyrir, en þegar ég les hana og heyri þær umr. sem hér fara fram rifjast upp fyrir mér gamansaga sem sögð var um Ólaf heitinn Thors eitt skipti þegar hann var á fundaferðalagi og var á fundi á Álftanesi. Þá mun hann hafa gefið, eins og þá var tíðkað og reyndar síðar einnig, kosningaloforð. Eitt af loforðunum, sem hann gaf á fundinum, var að rafmagn skyldi koma í sveitina hið allra fyrsta. Þá mun Stefán á Eyvindarstöðum, bóndi þar, hafa kveikt ljós í salnum og nokkur hlátur orðið meðal fundarmanna, en Ólafur lét ekki slá sig út af laginu og sagði: „Þarna sjáið þið. Ég efni loforð mín strax.“

Þórarinn Þórarinsson fyrrv. þm., sem þá var í framboði fyrir Framsfl., hefur nú reyndar sagt mér að þetta sé þjóðsaga, þetta hafi ekki gerst nákvæmlega með þessum hætti, en sagan lifir og sagan er góð.

Ég rifja þetta hér upp, herra forseti, vegna þess að mér er kunnugt um að nú þegar hefur hæstv. viðskrh.

haft samband við bankana og gert ráðstafanir til þess að viðskiptabankarnir láti ekki erlenda aðila fá betri fyrirgreiðslu en innlenda þegar um er að ræða skipaviðgerðir. Það er alkunna að skuldir, sem hafa orðið til erlendis hjá fyrirtækjum sem gera við skip þar, hafa verið greiddar nánast umyrðalaust úr íslenska bankakerfinu, en hins vegar hafa erfiðleikar verið talsverðir þegar um hefur verið að ræða lánafyrirgreiðslu í innlenda skipasmíðaiðnaðinum, nema í gegnum Fiskveiðasjóð eins og það kerfi var þegar skipasmíðaiðnaðurinn var upp á sitt besta og það þótti framfaramál að byggja sem flest fiskiskip fyrir Íslendinga.

Að auki er mér kunnugt um að hæstv. iðnrh. skipaði nefnd, sem ég held að hafi lokið störfum, og hún fjallaði nákvæmlega um sama verkefnið sem hér er verið að leggja til að unnið verði af hálfu hæstv. ríkisstj. Formaður nefndarinnar er hv. þm. Ólafur G. Einarsson. Þessi nefnd hefur, að ég best veit, skilað einni áfangaskýrslu. Það sem liggur fyrir er að ákveða með hvaða hætti hægt sé að afla þess fjármagns sem þarf, en það sem vantar er fyrst og fremst fjármagn sem innlendu skipasmíðastöðvarnar og þeir aðilar sem framkvæma skipaviðgerðir geti haft til afnota til að veita sams konar lánafyrirgreiðslu og erlendir aðilar geta veitt.

Ég lít þess vegna svo á að allar þær yfirlýsingar sem hér hafa komið um stuðning við þessa þáltill. séu fyrst og fremst stuðningsyfirlýsingar við þær aðgerðir sem nú þegar hafa farið fram af hálfu hæstv. viðskrh. og hæstv. iðnrh. og vænti þess að fyllsti stuðningur verði sýndur í verki þegar afla þarf fjármagns til að gera þá draumsýn að veruleika sem kemur fram í efnisatriðum þessarar þáltill., sem auðvitað er góðra gjalda verð.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð til að lýsa stuðningi við efni þessarar till. Ég hygg að öllum sé ljóst að sá iðnaður sem hér hefur vaxið á þessu sviði, skipasmíðaiðnaður, er í nokkurri hættu staddur. Það væri mikið tjón ef sú mikla þekking og verkkunnátta sem er samsöfnuð í skipasmíðastöðvunum ryki út í veður og vind þannig að starfsfólkið dreifðist, missti vinnuna og hyrfi til annarra starfa. Ekki er auðvelt að safna slíkri þekkingu saman aftur. Það er satt best að segja ekki hægt, held ég, ef hún dreifist og fer út um hvippinn og hvappinn. Þess vegna er afar mikilvægt að hægt sé að tryggja íslenskum skipasmíðastöðvum verkefni þannig að þær geti haldið þeim starfsmannafjölda sem þar er núna.

En aðeins örfá orð varðandi það sem hv. 2. þm. Reykv. Friðrik Sophusson sagði áðan og þá nefnd sem starfað hefur hér að undanförnu. Það mun rétt vera að þessi nefnd hefur lagt til að 150 millj. fari til þessa verkefnis. Það fé mun hún væntanlega taka að láni með einhverjum hætti. Þess sér hins vegar engin merki í lánsfjáráætlun hæstv. ríkisstj. svo að kannske er tæpt að trúa því að þetta eigi að koma til framkvæmda.

Ég vona að þessi nefnd hafi ekki lokið störfum því að hún hefur ekki gefið sér tíma til að heimsækja allar stærstu skipasmíðastöðvar á landinu og kanna þar aðstæður. Sumar hverjar hefur hún heimsótt en ég veit t. d. að hún hefur ekki látið svo lítið að heimsækja skipasmíðastöðina Skipavík í Stykkishólmi sem er ein af þeim stærri. Þar er mjög alvarlegt ástand fram undan einmitt vegna verkefnaskorts. Ég lýsi þeirri von minni að hv. þm. Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl., komi því til skila til sinna flokksbræðra í þeirri nefnd að æskilegt er að nefndin kanni og heimsæki öll meginfyrirtæki á þessu sviði og geri tillögur um hvernig þessum iðnaði verði best við haldið. Þessi orð ætla ég ekki að hafa fleiri að sinni, herra forseti.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég stend hér upp öðru sinni fyrst og fremst til að þakka augljósan stuðning við þessa till. í meginatriðum. Það kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. að hann saknaði þess að nýsmíði skipa væri ekki tekin jöfnum höndum í meðferð þessarar till. Nú er ljóst að þessi ágæta till. verður til umfjöllunar í atvmn. og vel má vera að þar verði niðurstaða sú að gera till. víðtækari ef ég má svo að orði komast. Þó held ég fyrir mitt leyti að það sé, eins og raunar fram hefur komið í máli margra hv. ræðumanna, rík ástæða til að fjalla sérstaklega um viðhald skipastólsins.

En málum er hreyft með ýmsum hætti. Þáltill. eru í sannleika sagt oft af þeim toga að hreyfa málum og vekja upp umr. um mál. Við flm. kusum að gera það með þessum hætti. Að mínum dómi hafa ekki komið fram atriði í máli hv. ræðumanna sem sérstök ástæða er til að fara orðum um. Þó fannst mér koma fram svolítill misskilningur í viðbrögðum hv. þm. Garðars Sigurðssonar við þessari till. Ég hélt að það væri alveg ljóst af minni framsögu og raunar grg. með till. að ekki er verið að stefna með tillöguflutningnum að einu eða neinu styrktarkerfi varðandi skipasmíðar eða viðgerðir, síður en svo. Við viljum að allir þeir aðilar sem um þessi mál fjalla leggist á eitt, stofni til samvinnu í þeim tilgangi að gera þennan mikilsverða iðnað samkeppnisfæran nú og framvegis.

Ég vil fagna því sem fram kom — þeir reyna að fylgjast með, framsóknarmennirnir, eins og ég hafði nú raunar grun um — að þessi mál væru til meðferðar á vegum ríkisstj. og er ekkert nema gott um það að segja. Ég endurtek að ég fagna því. Hins vegar held ég að í svona málum geti oft verið þörf á því að fá ályktanir Alþingis. Eins og ég þykist hafa vikið að áður er oft betra að hafa breiðfylkingu þingsins að baki mjög mikilsverðum ráðagerðum.

Að svo mæltu vil ég endurtaka þakklæti mitt til hv. þm. fyrir góðar undirtektir við þessa till. Það er auðvitað von okkar allra að hún fái greiðan gang í gegnum þingið og verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 52. fundur.

Mánudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. febr. 1984.

Guðmundur Einarsson, formaður þingflokks Bandalags jafnaðarmanna, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Skv. beiðni Kristínar S. Kvaran, 1. landsk. þm., sem vegna veikinda getur ekki sinnt þingstörfum á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landskjörinna þm. BJ, Kristófer Már Kristinsson, Reykholti, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Kristófer Már Kristinsson hefur áður átt sæti á þessu þingi. Býð ég hann velkominn til starfa á ný.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. febr. 1984.

Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég mun ekki sakir veikinda geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Sveins Jónssonar. Vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður fundi frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og athugað kjörbréf Sveins Jónssonar, sem er 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi, en eftir því er óskað að hann taki sæti á Alþingi nú í veikindaforföllum hv. þm. Helga Seljans.

Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið eða kosningu þm. og leggur til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Sveinn Jónsson hefur áður átt setu á Alþingi. Býð ég hann nú velkominn til starfa á ný.

Efri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 20. febr., að loknum fundi í Sþ.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 364). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21/1983, um breyt. á þeim lögum, í fjarveru fjmrh.

Með frv. þessu er stefnt að því að ná því markmiði, sem sett var með fjárlögum, að skattbyrði tekjuskatts til ríkisins verði á árinu 1984 í heild hin sama sem hlutfall af tekjum greiðsluárs og var á árinu 1983. Í þessu felst að þær lækkanir á sköttum ársins 1983 sem ákveðnar voru með brbl. við valdatöku núverandi ríkisstj. haldist áfram á árinu 1984.

Þegar skattbyrði tekjuskatta ríkisins er metin dugar ekki að líta á ákvæði laga um tekju- og eignarskatt ein sér. Í því sambandi verður að hafa í huga sjúkratryggingagjaldið. Miðað er við í frv. sem hér er til umr. að heildarálagning tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds nemi sömu fjárhæð og reiknað er með í fjárlögum.

Í launaforsendum fjárlagafrv. var áætlað að meðaltekjur manna hækkuðu um 20% milli áranna 1983 og 1984. Þetta frv. var því upphaflega við það miðað að nettóálagning tekjuskatta ríkisins hækkaði í nákvæmlega sama mæli, en um 21% að meðtalinni fjölgun gjaldenda. Í því sambandi er nauðsynlegt að taka það enn á ný sérstaklega fram að við mat á skattbyrði milli ára er hér sem endranær, þegar þessi mál eru til umr., átt við skattbyrði þeirra gjaldenda sem standa í skilum við ríkissjóð með gjöld sín.

Í fjárlögum er hins vegar ætíð miðað við áætlanir um heildarfjárhæð innheimtra skatta og koma þá innheimtar eftirstöðvar fyrri ára inn í myndina. Vegna minnkandi verðbólgu munu óinnheimtar eftirstöðvar fyrri ára augljóslega vega hlutfallslega meira í heildarinnheimtu ársins 1984 en verið hefur á undanförnum árum. Verðbólgan mun því ekki lengur liðsinna þeim sem lent hafa í vanskilum með skattgreiðslur sínar. Er það skýringin á því að í fjárlögum er reiknað með meiri hækkun á innheimtum tekjuskatti milli ára.

Eftir að þetta frv. var upphaflega lagt fram vann Þjóðhagsstofnun að endurskoðun á áætlunum um tekjubreytingar milli áranna 1983 og 1984. Niðurstaðan af þeirri endurskoðun er sú, að áætlaðar tekjur á mann á árinu 1984 verði 16.5% hærri en tekjur voru á s. l. ári, en ekki 20% eins og áður hafði verið áætlað. Hér er um að ræða meðaltalstölur að sjálfsögðu, sem auðvitað geta verið breytilegar frá einum einstaklingi til annars. Þetta eru samanlagðar tekjur allra vinnandi manna eins og þær koma fram í skattskýrslum. Í framhaldi af þessum breyttu forsendum flutti meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. brtt. við frv. þannig að það næði hinu upphaflega markmiði um að tekjuskattur til ríkissjóðs yrði á árinu 1984 óbreytt hlutfall af tekjum greiðsluárs frá því sem verið hafði 1983. Þessar till. náðu fram að ganga í Nd. Í stórum dráttum verður dreifing skattbyrðar eftir breytingarnar mjög svipuð því sem að var stefnt með upphaflegu frv. Þó lækkar skattbyrði flestra undir

meðaltekjum nokkuð á kostnað hinna tekjuhæstu í samræmi við þá stefnu sem ríkisstj. fylgdi þegar hún lagði frv. fram í upphafi, og tekur það mið af efnahagsástandinu.

Í umr. um þetta frv. hér á Alþingi hefur mikið verið karpað um hvort í því felist hækkun eða lækkun á skattbyrði gjaldenda í heild eða í einstökum tekjubilum. Hefur í þessum deilum af hálfu stjórnarandstöðu verið þyrlað upp nokkru moldviðri talna um verulega hækkun skattbyrði á næsta ári og hafa þær fullyrðingar byggst á vægast sagt vafasömum forsendum í mörgum tilvikum.

Í fyrsta lagi hafa menn á stundum miðað við að tekjuþróun frá meðaltekjum ársins 1983 til meðaltekna ársins 1984 verði önnur og minni en við er miðað í forsendum þessa frv. Um þetta er það að segja að frv. þetta byggir á traustustu áætlunum sem völ er á um þetta efni. Að sjálfsögðu eru þær áætlanir ekki óbrigðular fremur en aðrar spár um framtíðarþróun. Hins vegar er ekkert það fram komið sem bendir til þess að tekjuaukning milli ára verði minni en áætlað er í endurskoðaðri þjóðhagsspá.

Í öðru lagi hafa þm. stjórnarandstöðu haldið á loft reiknuðum dæmum um skattbyrði einstakra ímyndaðra gjaldenda og talið að þau sýndu fram á að skattbyrði hækkaði milli ára. Er það sammerkt með öllum þessum dæmum að í þeim er miðað við sem lágmark 10% frádrátt gjaldenda. Að sjálfsögðu er gildi slíkra einstakra dæma mjög takmarkað. Hið eina raunhæfa mat á áhrifum frv. í heild fæst með því að beita því á úrtak gjaldenda sem sýnir raunverulegt vægi frádráttarliða hjá einstökum gjaldendum og skiptingu gjaldenda í tekjuflokka. Hefur þetta verið gert af hálfu fjmrn. og þá miðað við úrtak 10% gjaldenda í framtölum 1983. Sýnir niðurstaða þess úrtaks svo ekki verður um villst að í heild stendur skattbyrði tekjuskatts til ríkisins óbreytt milli áranna 1983 og 1984. Hafa þessir útreikningar verið framkvæmdir af Reiknistofnun Háskóla Íslands og vil ég sérstaklega benda á að algjörlega hliðstæðir útreikningar hafa legið til grundvallar við mat á áhrifum flestallra skattalagabreytinga síðustu 10 ár og hafa ætíð reynst gefa mjög góða mynd af áhrifum þeirra. Hafa margir hv. þm. stjórnarandstöðu, sem nú vilja beita öðrum aðferðum máli sínu til stuðnings, ekki borið brigður á spásagnargildi fyrrnefnds úrtaks á liðnum árum, þegar þeirra flokkar hafa staðið að ríkisstj., enda sýnir reynslan að því má treysta fullkomlega.

Í þriðja lagi hefur af hálfu stjórnarandstöðunnar oft verið gripið til þess ráðs að leggja saman útsvör, er til sveitarfélaganna renna, og beina skatta til ríkisins þegar áhrif þessa frv. eru metin. Um þetta efni þarf ég ekki að orðlengja. Hér er til umr. frv. til l. um tekju- og eignarskatt til ríkisins en ekki till. til breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaganna.

Vissulega er það rétt, að þegar þessir tvenns konar skattar eru lagðir saman getur komið fram nokkur hækkun á greiðslubyrði. Hún stafar þó ekki af þeim till. sem í þessu frv. felast, heldur af því að mörg sveitarfélög hafa ekki treyst sér til að lækka útsvör jafnmikið og lagt er til að gert verði varðandi beina skatta til ríkissjóðs með þessu frv.

Á grundvelli þess sem ég hef nú þegar sagt vísa ég á bug öllum fullyrðingum um að af samþykkt þessa frv. muni leiða almenna þyngingu á skattbyrði til ríkisins. Hitt er rétt, að af þessu frv. mun leiða nokkra þyngingu á skattbyrði þeirra sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu, en þeirri skattahækkun fylgir sambærileg skattalækkun þeim til handa sem minna mega sín.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að gera það að till. minni að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Sala lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, frv. 178. mál (þskj. 319). — Frh. 1. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Mig langar til að fagna frv. því sem hér er nú til umr. og sérstaklega að færa hæstv. iðnrh. þakkir fyrir vasklega framgöngu í þessu máli og raunar líka hæstv. fjmrh., þó ekki þeim sem talaði áðan heldur þeim sem situr í stólnum að staðaldri þó hann sé fjarverandi nú í nokkra daga, þ. e. hæstv. fjmrh. Albert Guðmundssyni, en þeir hafa sameiginlega unnið að því að endurskipuleggja þetta fyrirtæki, Siglósíld, sem hefur satt best að segja verið í mestu niðurlægingu um langa hríð. Það gefur að líta upplýsingar um allt þetta mál í fskj. með frv. sem hér er til umr., og skal ég ekki fara út í að tíunda öll þau ósköp sem þar er að finna varðandi fjárhag þessa fyrirtækis, en hitt veit ég af langri reynslu, að það hefur verið til mikillar armæðu mörgum mönnum, sem bæði hafa fengist við bæjarstjórnarmálefni og eins þjóðmálin sjálf, og raunar fólkinu í Siglufirði líka, því að aldrei hefur verið um neitt atvinnuöryggi þar að ræða, og menn hafa raunar vitað það oft á tíðum að ódýrara hefði verið að senda launin heim til fólksins þá þau voru greidd, en oft voru menn auðvitað launalausir, heldur en að reka fyrirtækið.

Allan þann tíma sem ég hef verið þm. og varaþm. fyrir Norðurl. v. hefur þetta verið árvisst vandamál og ósköpin hafa ágerst eftir því sem á hefur liðið. Nú eru það athafnamenn í Siglufirði og raunar líka á Ísafirði, sem kunna til verka og vilja hætta miklu fé, sem hafa tekið sér fyrir hendur að endurskipuleggja og endurreisa þetta fyrirtæki og gera það að öflugu atvinnufyrirtæki gagnstætt því sem verið hefur. Það hefur verið gagnrýnt að verð það sem þeir greiddu fyrir húsnæðið væri of lágt. Ég held að svo sé ekki. Ég held að það sé fullt verð. Raunar hefur það líka komið í ljós, sem menn kannske ekki vita, nú síðustu daga og vikur, þegar farið var að rífa innan úr húsinu það sem ónýtt var og var þar flest af tækjum og innréttingum ónýtt og raunar stórskemmt á því þakið líka, en þá kom í ljós það sem menn ekki vissu, að einangrun var meira og minna ónýt í húsinu og þurfti að endurnýja hana. Þannig fer ekkert milli mála að það er fullt verð greitt fyrir þetta húsnæði.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum, ég hygg að það hafi verið í janúarmánuði árið 1980, var haldinn mikill fundur í Siglufirði með bæjarstjórn, alþm. og kunnáttumönnum á sviði niðursuðuiðnaðar, og þar var rætt hvað gera skyldi við þetta fyrirtæki. Það hafði þá

verið stöðvað um lengri eða skemmri tíma eins og venjulega og menn hugleiddu hvað til ráða væri. Þar voru raunar líka fulltrúar verkalýðs. Þetta var sem sagt fjölmennur og út af fyrir sig ágætur fundur.

Það var eiginlega um þrjár leiðir að ræða: Sú fyrsta var að gera ekki neitt, fyrirtækið væri stöðvað og best væri að hafa það þannig. Ég segi ekki að menn hafi talið best að hafa það þannig, en kannske væri ekki annað að gera en hafa það þannig. Önnur leiðin var að láta í fyrirtækið talsvert mikla fjármuni eftir áætlunum sem gerðar höfðu verið. Minnist ég þess að Guðrún Hallgrímsdóttir var þar, ég hygg á vegum iðnrn., með ítarlegar áætlanir um endurbyggingu fyrirtækisins. Þriðja leiðin var að halda áfram á sömu braut, þ. e. að úr ríkissjóði væru greiddir styrkir eða kannske hétu það nú ekki styrkir heldur væri stöðugt greitt úr ríkissjóði til að reyna að standa undir launagreiðslum og kaupa hráefni o. s. frv., en láta allt vaða á súðum áframhaldandi. — Ég lýsti því þar yfir að ég gæti fallist á aðra leiðina sérstaklega, að það yrðu gerðar ráðstafanir til að endurbyggja þetta fyrirtæki og koma því í rekstrarhæft ástand og næst mundi ég fallast á leið númer eitt, þ. e. að opna fyrirtækið alls ekki, en leið þrjú dytti mér ekki í hug að samþykkja því að hún hlyti að leiða til óskapnaðar og ófarnaðar og sú hefur líka orðið raunin. Vandræðin hafa vaxið sífellt og er nú svo komið að engin leið var að koma fyrirtækinu í gang öðruvísi en að fá í það mjög mikið nýtt fjármagn og fyrst og fremst auðvitað kunnáttumenn og athafnamenn sem vildu hætta sínu fé og taka að sér að reka þetta merkilega fyrirtæki, sem það upphaflega var og átti að vera.

Það mun hafa verið í lok viðreisnartímabilsins, ætli það hafi ekki verið þingið 1969—70, sem þáv. iðnrh. Jóhann Hafstein flutti frv. um að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag, en það tókst ekki að koma því máli fram því að það var komið að lokum viðreisnar og við tóku önnur öfl í þessu þjóðfélagi sem ekki höfðu sama áhuga á að efla einkarekstur í landinu og töldu rétt að halda fyrirtækinu í hinu gamla horfi með sem sagt þeim afleiðingum sem Siglfirðingar og landslýður allur hefur haft fyrir augum á síðustu árum.

Ég endurtek, virðulegi forseti, að ég færi ráðherrunum þakkir fyrir atorku þeirra og óska Siglfirðingum og okkur öllum til hamingju með þetta framtak.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Skömmu fyrir jól vorum við þm. Norðurl. v. kvaddir á fund með hæstv. iðnrh. þar sem okkur var gefinn kostur á að sjá frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði ásamt grg. og drögum að kaupsamningi milli ríkissjóðs og væntanlegs kaupanda, Sigló hf., en það mál var þá í undirbúningi. Okkur var fengið frv. til þess að við segðum álit okkar á því. Hins vegar er mér kunnugt um að aldrei var leitað til stjórnar lagmetisiðjunnar, sem þó er skipuð lögum samkvæmt til að fara með málefni verksmiðjunnar. Í þessari stjórn eiga sæti m. a. fulltrúar bæjarstjórnar í Siglufirði og fulltrúar starfsmanna fyrirtækisins. Er skemmst frá að segja að stjórn fyrirtækisins hefur algerlega verið sniðgengin við alla þessa málsmeðferð. Formaður stjórnarinnar er Hannes Baldvinsson framkvæmdastjóri í Siglufirði.

Ég gerði mér ferð til Siglufjarðar til að kynna mér þessi mál milli jóla og nýárs og ræða við menn þar um hinar ýmsu hliðar þessa máls. Niðurstaðan varð sú, að við Hannes Baldvinsson formaður stjórnar Siglósíldar sendum iðnrn. sameiginlega álitsgerð, annar sem þm. kjördæmisins en hinn sem stjórnarformaður, enda er staðreyndin sú, að einmitt við tveir höfum átt talsvert náið samstarf okkar í milli til styrktar og stuðnings þessu mikilvæga fyrirtæki eftir því sem færi hefur gefist og allt frá því að gildandi lög um verksmiðjuna voru undirbúin og sett haustið 1971. Ég vil því leyfa mér, virðulegi forseti, í upphafi míns máls að byrja á því að lesa meginefni þessa bréfs, enda kemur þar fram afstaða okkar og helstu röksemdir í þessu máli. Við segjum þar m. a.:

„Við viljum strax taka það fram að við erum alls ekki andvígir breytingum á rekstri verksmiðjunnar eða lögum þeim sem um hana fjalla. Við höfum einmitt beitt okkur fyrir stórfelldum breytingum á rekstri verksmiðjunnar á liðnu ári, þegar Þormóði ramma hf. var leigð verksmiðjan og að því var stefnt í leigusamningi að fyrirtækin yrðu sameinuð með formlegum hætti á því ári sem nú er hafið. Þessi breyting virðist ætla að skila ágætum árangri og hefðu breytingar á lögum um fyrirtækið verið eðlilegt framhald af þeim skrefum sem þegar höfðu verið stigin til að endurskipuleggja rekstur og fjármál fyrirtækisins.

Enginn vafi er á því að samvinna lagmetisiðjunnar og Þormóðs ramma reyndist mjög vel og varð ekki síst til að styrkja rekstur Þormóðs ramma. Við erum hins vegar algerlega andvígir þeim áformum sem nú eru uppi um að slíta í sundur þau tengsl sem sköpuð hafa verið milli Siglósíldar og Þormóðs ramma og eyðileggja þann árangur sem náðst hefur í samrekstri þessara fyrirtækja með því að selja Siglósíld nokkrum einkaaðilum.

Í fyrsta lagi teljum við þessa skipulagsbreytingu óþarfa þar sem ekkert knýr á um að Siglósíld verði rifin út úr samrekstri með Þormóði ramma sem um hafði verið samið og reynst hafði vel — reyndar svo vel að væntanlegir kaupendur gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði í kaupsamningi að fá aðstöðu hjá Þormóði ramma og afnot af eignum þess fyrirtækis.

Í öðru lagi teljum við nokkra áhættu felast í því fyrir Siglufjörð, að fyrirtækið verði selt í hendur aðilum sem að hálfu leyti starfa utan bæjarins, nema ótvíræð trygging sé gefin fyrir því að rekstri fyrirtækisins verði haldið í fullum gangi á næstu árum, jafnvel þótt eitthvað fari úrskeiðis í áætlunum nýrra eigenda og hagnaðarvonir rætist ekki fyrst um sinn. Ekki er að sjá að nýir eigendur skuldbindi sig á viðhlítandi hátt til að halda uppi rekstri á komandi árum ef það hentar þeim ekki og eru ákvæði um þetta efni í kaupsamningi mjög ófullnægjandi.

Í þriðja lagi er ljóst að kaupverð fyrirtækisins er í engu samræmi við verðmæti eignanna. Menn sem fjölluðu um verðmæti eigna fyrirtækisins nú í haust töldu að lágmarksverð eigna væri a. m. k. 24 millj. kr., en umsamið verð er 18 millj. kr. Útborgun er engin þótt núv. fjmrh. hafi í haust sett skilyrði að a. m. k. fimmti hluti kaupverðs yrði almennt greiddur út við sölu ríkisfyrirtækja. Kaupendur setja aðeins 25% tryggingu fyrir greiðslu, en að öðru leyti er veð tekið í því sem þeir kaupa. Ljóst er því að kaupendur hætta litlu öðru en hlutafé. Hitt er vitað eftir reynsluna frá því í sumar, þegar rækjuvinnslan stóð sem hæst og fyrirtækið velti um 10 millj. kr. á hverjum mánuði, að Siglósíld getur skilað miklum hagnaði á skömmum tíma ef vel gengur.

Fáum er þetta betur ljóst en einmitt framkvæmdastjóra Þormóðs ramma, Sæmundi Árelíussyni, eða vélstjóra Siglósíldar, Guðmundi Skarphéðinssyni, svo og sparisjóðsstjóranum, Birni Jónassyni sem gjörþekkir fjármál Siglósíldar, en einmitt þessir sömu þrír menn hafa lagt fram 40% hlutafjár.

Okkur þykir það einkennileg meðferð á sameiginlegum fjármunum landsmanna að selja fyrirtæki sem búið er að endurskipuleggja og gengur ágætlega til manna sem ekki greiða raunvirði fyrir það sem þeir eignast og hvorki greiða hæfilega útborgun né veita venjulega tryggingu fyrir greiðslu kaupverðs.

Í fjórða lagi verður ekki hjá því komist að átelja harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við meðferð þessa máls. Þegar ákveðið er að selja fyrirtækið öðrum en þeim sem veittur hefur verið forkaupsréttur er ekki svo mikið sem leitað ráða hjá löglega skipaðri stjórn fyrirtækisins eða hjá bæjarstjórn Siglufjarðar, sem átt hefur fulltrúa í stjórn undanfarin 12 ár. Ekki er heldur gerð tilraun til að kalla þá til þátttöku sem hugsanlega hefðu viljað tryggja að heimamenn ættu meiri hluta hlutafjár í því fyrirtæki sem tekur við rekstrinum. Svo er að sjá að hinir nýju eigendur hafi fengið að ráða kaupverðinu sjálfir.

Þessar fjórar ástæður, sem við höfum hér nefnt, teljum við hverja og eina nægja röksemd fyrir því að hafna beri því frv. um sölu lagmetisiðjunnar Siglósíld sem undirbúið hefur verið."

Þetta var bréf okkar Hannesar Baldvinssonar sem svar við fsp. hæstv. iðnrh. um hvert væri álit þm. kjördæmisins á þessu máli.

Ég held að ekki verði hjá því komist að minna á að þetta afmarkaða mál má auðvitað ekki skoða eitt sér. Það er um leið hluti af stefnu. Það virðist vera stefna núv. hæstv. ríkisstj. að selja beri eignarhluti ríkisins í sem flestum fyrirtækjum sem ríkið á aðild að og jafnvel að selja ríkisfyrirtækin eftir því sem kaupendur finnast. Þetta er hluti af þeirri stefnu sem hæstv. fjmrh. nefndi hér í seinustu viku að væri sitt markmið, þ. e. að afsósíalisera þjóðfélagið, eins og hann sjálfur komst að orði, sem sagt að rífa niður þá félagslegu uppbyggingu í atvinnulífi sem unnið hefur verið að á undanförnum áratugum. Ríkið á ekki að eiga neina aðild að atvinnulífinu og hafa þar sem minnsta forustu. Auðvitað hljótum við alþm. að verða að svara þeirri spurningu, þegar fyrsta málið sem er mótað af þessari stefnu kemur til umr. hér á Alþingi, hvort við erum samþykkir þessari stefnu, hvort þetta er rétt stefna, hvort þetta er heppileg stefna fyrir íslenskt þjóðfélag.

Í atvinnumálum má svo sannarlega hugsa sér ýmsar leiðir varðandi eignarhald að fyrirtækjum. Í grófum dráttum mætti kannske hugsa sér þær þrjár leiðir:

Í fyrsta lagi ætti ríkið alls enga aðild að atvinnurekstri og kæmi þar hvergi nærri. Það virðist vera sú stefna sem núv. ríkisstj. fylgir að kröfu Sjálfstfl., enda mun hugmyndin þaðan komin og það munu fyrst og fremst vera ráðamenn Sjálfstfl. sem þetta þvinga fram.

Önnur leiðin er að ríkið sé alls staðar aðili atvinnurekstrar, eigi flest fyrirtæki. Við þekkjum í sumum löndum að þannig er málum fyrir komið. Ríkið á öll atvinnufyrirtæki og stjórnar þeim. Ég segi fyrir mig og ég tala þar einnig hiklaust fyrir Alþb.: Við höfnum báðum þessum leiðum alveg hiklaust. Við teljum alveg fráleitt að ríkið megi hvergi koma nærri og það eigi að vera eitthvert bannorð að opinberir aðilar standi að atvinnurekstri og við teljum það raunar alveg jafnfáránlegt og hitt að ríkið eigi öll fyrirtæki. Það teljum við ekki heppilegt og hefur slíkt aldrei falist í stefnu okkar.

Við höfum hiklaust haldið því fram að ætti að stefna að blönduðum rekstri þar sem öll þrjú meginrekstrarformin ættu rétt á sér, bæði ríkisrekstur, félags- og samvinnurekstur og svo jafnvel einkarekstur í ýmsum tilvikum. Við höfum hins vegar talið hiklaust að ríkið hefði forustuskyldu í atvinnumálum, það hefði hlutverki að gegna í mjög mörgum tilvikum og það ætti einkum að koma til sögu þegar þess gerðist sérstök þörf, enda hætt við að í mörgum tilvikum verði atvinnufyrirtæki ekki reist nema atbeini ríkisvaldsins komi til, forusta og jafnvel veruleg þátttaka.

Ég er ansi hræddur um að ef stefnu Sjálfstfl. hefði verið fylgt, þeirri stefnu sem núverandi forustumenn Sjálfstfl. virðast aðhyllast, þegar á döfinni var bygging áburðarverksmiðju eða sementsverksmiðju, þá hefði lítið orðið úr byggingu þeirra fyrirtækja ef þessum hægri sinnuðu kreddusjónarmiðum hefði verið gefinn laus taumur á þeim tíma og þau látin ráða ferðinni. Ég er líka ansi hræddur um að lítið hefði orðið um uppbygginguá gróðurhúsaglerverksmiðjum í landinu. Þótt vissulega hafi einkaaðilar komið þar við sögu og náð að byggja upp eitt eða tvö fyrirtæki er hætt við að á þessu sviði væri ákaflega lítil og léleg framleiðsla ef ríkið hefði þar ekki hlaupið undir bagga og haft þar alla forustu.

Þegar ákveðið var af fyrrv. ríkisstj. að beita sér fyrir því að reist yrði gróðurhúsaglerverksmiðja í Hólminum í Skagafirði taldi ég sjálfsagt og eðlilegt að bændur í Skagafirði ættu sem mesta aðild að því fyrirtæki, hvatti mjög til þess á heimavígstöðvum og vonaðist til að bændur gætu jafnvel átt meiri hluta í því fyrirtæki. En þeim mun betur sem það mál var skoðað, því ljósara varð að þess var ekki kostur. Hvorki bændur né búnaðarfélög höfðu sameiginlega fjármuni til að leggja í svo dýrt fyrirtæki að þeir gætu eignast þar meiri hluta. Endirinn varð að bændur og búnaðarfélög eiga ¼ í því fyrirtæki, en ríkið ¾ hluta. Ríkið tók að sér að standa fyrir þeim hluta sem einkaaðilar gátu ekki staðið undir.

Ég hygg að nákvæmlega eins standi á um mörg fyrirtæki sem nú er á döfinni að reisa. Það er verið að tala um saltverksmiðju á Reykjanesi. Ég er ansi hræddur um að það verði lítið úr áformum um sjóefnavinnslu þar ef kreddukenningar Sjálfstfl. eiga að ráða ferðinni.

Það er verið að tala um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þar koma greinilega aðeins tveir kostir til athugunar: annaðhvort að ríkið sé þar algjör forustuaðili eða málið sé afhent útlendingum. Því miður virðist ekki vera þar um aðra kosti að velja. Ef fyrirtækið á að vera íslensk eign verður ríkið að koma þar inn sem sá aðili sem veitir fyrirtækinu forustu og leggur fram meiri hluta hlutafjár.

Sama gildir um steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki, sem ákvörðun hefur verið tekin um að reisa. Að vísu verður ríkið þar ekki meirihlutaaðili, heldur minnihlutaaðili og mun eiga þar um 40% hlutafjár. Heimaaðilar verða þar ráðandi ásamt Sambandi ísl. samvinnufélaga og í samvinnu við ríkið. Það er hins vegar alveg ljóst að það fyrirtæki hefði aldrei orðið að veruleika og yrði aldrei að veruleika ef þau kreddusjónarmið hefðu ráðið í fráfarandi ríkisstj., af hálfu ráðh. Sjálfstfl. í þeirri stjórn, að ríkið mætti hvergi koma nærri.

Sem betur fer er Sjálfstfl. ekki einlitur flokkur. Sem betur fer eru þar ýmsir sem hafa skilning á því að kreddukenningar af þessu tagi séu skaðlegar fyrir íslenskt þjóðfélag. En því miður eru slík sjónarmið ekki í öndvegi í Sjálfstfl. um þessar mundir og þar ráða aðrir ferðinni, eins og glöggt hefur komið fram af stefnumótun þessarar stjórnar.

Ég hygg að gæfulegast væri fyrir þjóðfélag okkar að áframhaldandi væri ákveðin samstaða um það meðal forustumanna í stjórnmálalífi Íslendinga, í hvaða flokki sem þeir eru, að praktísk uppbyggingarstefna sé það sem eigi að vera ríkjandi og öll þessi rekstrarform eigi að koma til greina og hjálpa og styðja hvert annað eftir því sem hentugt þykir og nauðsynlegt. Og ég er sannfærður um að ekki er hægt að gera íslensku efnahagslífi og íslenskum atvinnumálum verri óleik en þann að kreddukenning hægri manna í íslenskum stjórnmálum verði þar ofan á.

Í sambandi við Siglósíld er kannske eðlilegt að rifjað sé upp hvers vegna þetta fyrirtæki var byggt í Siglufirði sem ríkisfyrirtæki. Þetta fyrirtæki var byggt sem ríkisfyrirtæki vegna þess að það voru Síldarverksmiðjur ríkisins sem settu það á stofn. Siglufjörður var miðstöð síldarvinnslunnar í landinu um langt skeið. Þar komst íbúatala upp í um það bil 3400 manns á sínum tíma. Gífurleg verðmæti voru sett á land í Siglufirði og þar var mikil uppbygging. En eftir að síldin hætti að vera jafnmikilvægur þáttur í íslenskum þjóðarbúskap, að ég tali nú ekki um eftir að hún hvarf með öllu, fór fólki að fækka í Siglufirði og það an varð einhver mesti fólksflótti úr einu byggðarlagi sem dæmi eru um hér á landi á síðari áratugum, a. m. k. ef miðað er við þéttbýliskjarnana. Á tiltölulega skömmum tíma fækkaði fólki í Siglufirði úr 3400 manns og niður í 2400. Þessi mikli samdráttur hafði fjöldamargar aukaverkanir í för með sér aðrar en þær að draga saman byggðina. Fyrirtæki fóru unnvörpum á hausinn, urðu gjaldþrota, og einkaaðilar í atvinnulífinu flúðu staðinn, þannig að einkaframtak á staðnum var um langt skeið ákaflega bágborið. Eftir sat mikill fjöldi fólks án atvinnu og bær með mjög litlar tekjur. Þetta bæjarfélag hefur því með ýmsum hætti dregist aftur úr öðrum sveitarfélögum vegna lélegra tekna um langt skeið. Það var talið eðlilegt að þjóðfélagið greiddi með einhverjum hætti þá skuld sem það skuldaði Siglufirði frá fyrri tíð og reyndi að hamla gegn því að byggðarlagið héldi áfram að eyðast. Þetta framlag var uppbygging Siglósíldar á sínum tíma á vegum Síldarverksmiðja ríkisins. Þess vegna gerðist það að ríkið setti upp niðurlagningarverksmiðju á þessum stað. Þetta hafa margir ekki almennilega skilið, en þetta er forsagan.

Ég er nú ekki sammála hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfi Konráð Jónssyni, um að rekstur þessa fyrirtækis hafi verið árvisst vandamál. Ég held að þetta sé ofsagt þótt ég viðurkenni að vísu að komið hafa tímabil þar sem þetta fyrirtæki hefur átt í töluverðum erfiðleikum. Ég held að t. d. mestallan áratuginn milli 1970 og 1980 hafi þetta fyrirtæki gengið allsæmilega og ekki hafi verið nein sérstök vandræði með rekstur þess. Mörg árin skilaði það hagnaði. (Gripið fram í.) Ég held að þetta sé misminni hjá hv. þm. Ég held að þau sé nokkuð mörg þau árin þar sem ekki var um margar eða miklar reddingar að ræða, eins og hann orðar það. Það var að vísu á hverju ári það vandamál að fyrirtækið þurfti að birgja sig upp af hráefni og iðnrn. og fjmrn. þurftu í sameiningu að hafa forustu fyrir því að útvega fjármagn til þess að kaupa hráefni. Vegna þess að það var óvenjuleg þjónusta að ríkið legði fram fé í þessu skyni þurftu þm. gjarnan að tryggja að þetta væri gert árlega, en þetta hefur verið gert í ein 15 ár og fjmrn. venjulega verið mjög tregt til og æðioft sagt að nú væri þetta í síðasta sinn sem slík þjónusta yrði reidd af höndum. Þannig er út af fyrir sig rétt að við höfum oft þurft að sinna þessu fyrirtæki, en það er ekki þar með sagt að fyrirtækið hafi gengið illa. Það skilaði oft hagnaði á seinasta áratug. Ég held að vandamálið sem ég hef nú verið að nefna hafi fyrst og fremst stafað af því að fyrirtækið hafi ekki nægilegt rekstrarfé. Eigandinn hafði ekki lagt fyrirtækinu til það rekstrarfé sem gæti tryggt að fyrirtækið gæti útvegað sér nægilegt hráefni á hverju hausti — eða þá að við getum snúið því við og sagt að bankakerfið hafi ekki verið nægilega lipurt að gegna þessari skyldu eins og þurfti.

Hins vegar er það staðreynd að fyrirtækið lenti í miklum vandræðum á árinu 1979 og 1980. Fyrst varð það fyrir því áfalli að hráefni skemmdist og varð að henda því og seinna varð það fyrir því áfalli að framleiðsla ársins var ekki flutt út. Skýringarnar á því voru margþættar. Þær voru m. a. þær að farmannaverkfall skall á og lamaði allan útflutning af þessu tagi um fimm vikna skeið og þegar síðan átti að flytja vöruna út hafði annað fyrirtæki í sama iðnaði, fyrirtæki Kristjáns Jónssonar á Akureyri, sent sams konar vöru í stórum stíl til Sovétríkjanna, en hún reyndist meingölluð. Þegar ljóst var að þessi framleiðsla Siglósíldar var á seinasta snúningi, ef svo má segja, ekki mátti bíða miklu lengur með að koma henni á markað, upphófst langt og mikið þóf um hvort ætti að flytja síldina út. Voru þar margir aðilar til kvaddir og voru að ráðslaga um það efni þangað til síldin varð endanlega ónýt. Þetta voru mikil áföll fyrir verksmiðjuna og var hún lengi að ná sér eftir þessi tvö áföll.

Svo bættist það við að verðlag framleiðsluvörunnar í Sovétríkjunum var ekki nógu hagstætt á árunum 1980, 1981 og 1982 og er það kannske ekki enn þá þó að það hafi nokkuð skánað, en fyrirtækið var í nokkuð einhæfum rekstri þar sem það var fyrst og fremst bundið við niðurlagningu á gaffalbitum.

En núna á síðustu árum hefur verið unnið að því að endurskipuleggja þetta fyrirtæki. Fyrirtækið hefur fengið alveg nýju hlutverki að gegna þar sem er framleiðsla á rækju. Rækjuvinnsluvélar voru keyptar til fyrirtækisins á s. l. ári. Þá fór rækja að berast til Siglufjarðar í fyrsta sinn um langt skeið og ný atvinnugrein skaut þar rótum. Ég tel að eftir að síðan var ákveðið að afhenda Þormóði ramma fyrirtækið til rekstrar, leigja það Þormóði ramma, hafi fyrirtækið verið komið á ágætan grundvöll. Staðreyndin er sú, að fyrirtækið hefur aldrei blómstrað jafnvel og einmitt á s. l. sumri í samvinnu við Þormóð ramma, sem leggur því til ýmiss konar aðstöðu. Ég hygg að þessi samvinna hafi verið báðum aðilum mjög til góða.

Í grg. með frv. þessu eru gefnar einhverjar vonir um að með yfirtöku nýrra eigenda á fyrirtækinu muni þar hefjast starfsemi sem alls ekki var fyrir áður. Ég vil vekja athygli á því að þessar fyrirætlanir og vonir eru ákaflega óljósar. Það er sérstaklega nefnt að eigendurnir ætli að útvega sér rækju úr Barentshafi og vinna hana

í Siglufirði. Ég veit ekki til að það sé nein sérstök nýlunda með Siglósíld, sem hefur einmitt unnið talsverða rækju sem veidd var af rússneskum veiðimönnum og seld nokkrum verksmiðjum hér á landi. Hefur verið allt útlit fyrir að sú samvinna gæti haldið áfram í einni eða annarri mynd. Það eina nýja við þessa margumtöluðu rækju, sem er sögð ættuð úr Barentshafi og á að vinna í Siglufirði, er að hún mun hafa verið flutt til Hollands og er í Hollandi um þessar mundir. Það vill svo óskemmtilega til að ekki er hægt að hugsa sér neinn stað á jarðarkringlunni þar sem er eins vont að eiga rækju og einmitt Holland. (**EKJ:** Þetta er ósmekklegt.) Er ósmekklegt að benda á þá staðreynd að rækjumarkaðurinn er í verulegri hættu um þessar mundir vegna eitrunar sem varð einmitt í Hollandi? (**EKJ:** Ekki rækja úr Barentshafi.) Nei, það var ekki rækja úr Barentshafi, en það er hins vegar... (Gripið fram í.) Já, en það er hins vegar vitað að rækja í Hollandi er öll undir mjög strangri eftirliti. Ég er ekki með þessum orðum að segja að rækjan úr Barentshafi sé eitruð. Auðvitað er ég ekki að segja það með þessum orðum. (**EKJ:** Ertu inni á því að skelfiskur falli með þessu?) En þegar menn reyna að telja mönnum trú um að í þessu ráðslagi, að flytja rækju annars staðar frá og vinna hana í Siglufirði, sé fólgið eitthvert sérstakt nýmæli, þá bendi ég á að í því er fólgin nokkur blekking. Þetta er ekki nýtt, það hefur verið gert áður, en þá á þann hátt að rækjunni var landað hér á landi, á Akureyri, og flutt til Siglufjarðar og unnið þar úr henni. Sú viðbót að rækjan hefur viðkomu í Hollandi er áreiðanlega ekki til að gera hana neitt seljanlegri þegar þar að kemur. Þetta er staðreynd sem engin ástæða er til að draga dul á þó að þetta sé kannske atriði sem ekki skiptir öllu.

Í sambandi við verðið, sem varð nokkurt umtalsefni hæstv. fjmrh., að 18 millj. kr. væri það verð sem hæfilegt væri og hvorki meira né minna, vil ég ítreka það, sem ég nefndi hér fyrr í minni ræðu, að úttektarmenn, sem skoðuðu þetta fyrirtæki nú á haustmánuðum, voru almennt sammála um að hæfilegt verð fyrir fyrirtækið væri 24 millj., en þeir sem ætluðu að kaupa fyrirtækið sögðu: 18 millj. og ekki krónu í viðbót — og það samþykktu hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh.

Hæstv. iðnrh. nefndi það áður að Þormóður rammi hefði átt forkaupsrétt að fyrirtækinu og hann hefði átt að fá fyrirtækið fyrir upphæð sem framreiknuð næmi um 18 millj. kr. Það er enginn vafi á því að hér hefur hæstv. iðnrh. eða reiknimeisturum hans orðið eitthvað á í messunni því að ef upphæðin er framreiknuð er hún eitthvað nær því að vera í kringum 20 millj. En staðreyndin er líka sú, að eftir að ríkið er búið að endurskipuleggja fyrirtækið á s. l. vori og búið að byggja upp þá ágætu samvinnu milli Þormóðs ramma og Siglósíldar sem byggð var upp á s. l. sumri og búið er að reka fyrirtækið heilt sumar með slíkum ágætum að framkvæmdastjóri Þormóðs ramma, sem þekkir til allra manna best, telur það nú vera gæfulegast fyrir sig að setja sína fjármuni í þetta fyrirtæki og stjórna því síðan, þegar þetta hefur gerst fyrir frumkvæði ríkisins er ekki víst að sú verðlagning, sem menn gátu hugsað sér að kæmi til greina í viðskiptum Siglósíldar og Þormóðs ramma á s. l. vetri, þegar fyrirtækið var afvelta, sé sú verðlagning sem sé við hæfi einu ári síðar. Þetta veit ég að jafnglöggur maður og hæstv. iðnrh. skilur mjög vel. Verðið sem úttektarmenn á s. l. hausti töldu hæfilegt var 24.6 millj. kr. nákvæmlega tiltekið.

Virðulegi forseti. Þetta mál er stórt mál fyrir Siglufjörð. Það er nú samt ekki þess vegna sem ég orðlengi svo um það, heldur er ástæðan líka sú, að þetta er fyrsta málið af mörgum sem boðuð hafa verið og eiga að stefna í þá átt að selja fyrirtæki ríkisins til einstaklinga. Það eru ákveðnir þættir þessa máls sem eru uggvænlegir varðandi þá stefnumótun og framkvæmd hennar. Fyrst og fremst er vafasamt að verið sé að selja mikilvægar eignir og atvinnufyrirtæki ríkisins til einstaklinga án þess að þeir greiði eðlilegt kaupverð fyrir það selda, án þess að þeir staðgreiði fyrirtækið að hluta til, sem þeir eru að kaupa, og án þess að þeir leggi fram eðlilegar tryggingar og veð fyrir því sem þeir kaupa. Þetta eru þættir málsins sem vísa langt út fyrir þetta mál og boða ekkert gott. — En meginatriði þessa sérstaka máls eru þau sem ég rakti hér í upphafi, að í fyrsta lagi er þetta algerlega óþarft og þjónar engum öðrum tilgangi frá sjónarmiði Siglufjarðar og íbúanna þar en þeim að fullnægja yfirlýsingum forustumanna Sjálfstfl. um sölu ríkisfyrirtækja, þetta er óþörf breyting og óhyggileg, í henni er fólgin veruleg áhætta fyrir bæjarfélagið og þar að auki eru vinnubrögðin og málsmeðferðin fyrir neðan allar hellur.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta mál er þannig vaxið og þess eðlis að mér sýnist ærin ástæða til að gera við það fáeinar athugasemdir. Kannske hefur ýmislegt af því sem ég hef fram að færa til gagnrýni á þetta mál þegar komið fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. sem er þessu máli gerkunnugur.

Fyrst er þá til að taka að ekki er óeðlilegt þó að menn hugleiði það að selja eignarhluta ríkisins í ýmsum fyrirtækjum þar sem vafamál er hvort ríkið eigi að vera að vasast í umræddum rekstri sem sennilega og í mörgum tilvikum væri betur kominn í höndum annarra aðila en ríkisins, einstaklinga og samtaka þeirra eða sveitarfélaga. En þá verður líka að hafa í huga hvernig ríkið hefur orðið aðili að margs konar rekstri. Þá hefur venjulegast verið sú skýringin og sú ástæðan að hlaupið hefur verið undir bagga með einstaklingsframtakinu þegar það hefur riðað til falls af ýmsum ástæðum, stundum einfaldlega vondum rekstri og stundum af öðrum aðstæðum sem erfiðara var að ráða við. Sú er mjög gjarnan skýringin á því hvers vegna ríkið er aðili að margs konar rekstri.

Eins og ég sagði, er engin ástæða til að berjast gegn því í sjálfu sér að ríkið selji eignarhluta sinn í ýmsum fyrirtækjum. En hins vegar er hreint ekki sama hvernig að þessum málum er staðið. Það verður að gerast með þeim hætti að hvergi sé ástæða til gagnrýni eða vantrausts á þá sem að þessu standa fyrir hönd ríkisins.

Áður hafa orðið um það umræður á hinu háa Alþingi hvernig hæstv. fjmrh. stóð að því að afla tilboða í hlutabréf ríkisins í Eimskipafélagi Íslands og Flugleiðum. Það var satt að segja mjög undarlegt hvernig að því var staðið. Þá voru tilboðin opnuð jafnóðum og þau bárust og yfirlýsingar hæstv. fjmrh. á hverjum degi voru í ólíkar áttir og í ólíka veru og rak sig hvað mjög á annars horn. Þar var um að ræða grundvallarbrot á því sem kalla mætti viðskiptasiðferði.

Mér sýnist að hér hafi líka svolítið undarlega verið að málum staðið. Fyrirtækið er auglýst til sölu með ákveðnum skilmálum. Síðan er gengið til samninga við

hóp einstaklinga um allt aðra skilmála. Það hefur ekkert verið kannað hverjir væru reiðubúnir aðrir til að ganga inn í kaup á þessu fyrirtæki með sömu skilmálum, ekki þeim skilmálum sem auglýstir voru heldur þeim skilmálum sem um var samið við þann hóp einstaklinga sem kaupir þetta fyrirtæki. Þykir ýmsum sem hér sé býsna undarlega að staðið og hafa raunar haft þau orð um að þetta sé gjöf en ekki sala.

Ég held að ýmsir aðrir aðilar og kannske langtum fleiri hefðu haft áhuga á þessum viðskiptum ef þeim hefði verið gefinn kostur á sömu kjörum og þeim hópi einstaklinga sem skv. þessu frv. ætla að kaupa þetta fyrirtæki og hafa raunar undirritað samninga um það. Þetta er mjög ámælisvert. Ég hélt satt að segja að þetta væri ekki það viðskiptasiðferði sem Sjálfstfl. berst fyrir.

Svo eru menn að tala um að hér sé verið að gera eitthvað svipað og gert var í Þýskalandi þegar verið var að breyta fyrirtækjum í almenningshlutafélög. Það er allt annað og gerólíkt. Hér er ekki um almenningshlutafélag að ræða. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hefur verið mikill talsmaður almenningshlutafélaga. Ekki er aldeilis verið að breyta þessu ríkisfyrirtæki í almenningshlutafélag. Þá hefði málið kannske horft öðruvísi við að mati ýmissa. Nei, hér eru örfáir hluthafar, hópur einstaklinga. Það er ekkert almenningshlutafélag sem hér er um að tefla, síður en svo. Almenningi var ekki gefinn kostur á að ganga inn í þessi kaup. Þetta gengur allt saman þvert á það sem sjálfstæðismenn eru stundum að segja almenningi, hversu fylgjandi þeir séu þátttöku alls almennings í viðskiptalífinu og almenningshlutafélög eigi að bjarga öllu því sem bjargað verður.

Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Ragnari Arnalds. Þetta fyrirtæki var farið að ganga mjög vel á s. l. ári. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. iðnrh. hver hafi verið framlegð fyrirtækisins á síðari hluta ársins 1983. Hann hlýtur að geta svarað því. Mér skilst að hún hafi verið nokkuð mikil og fullkomlega viðunandi, að ekki sé meira sagt. Rekstur þessa fyrirtækis gerbreyttist þegar úthafsrækjan kom til. Þá voru allar horfur á því að reka hefði mátt þetta fyrirtæki áfram í því samstarfi sem áður hefur verið á minnst öllum til hagsbóta og ríkið hefði getað haft af þessu verulegan hagnað. Nei, þá var hlaupið til og fyrirtækið selt — og ekki selt með venjubundnum hætti heldur eru ákveðin kjör í auglýsingu og síðan er gengið til samstarfs við hóp einstaklinga um að selja fyrirtækið með allt öðrum kjörum en tekið var fram í auglýsingunni. (**Iðnrh.:** Hvað á þm. við?) Þm. á við það að í auglýsingunni hygg ég að talað hafi verið um 20% útborgun í fyrirtækinu. Ég veit ekki betur. Ég hef að vísu ekki auglýsinguna við hendina en ég skora á hæstv. iðnrh. að lesa auglýsinguna upp. Ég hef ástæðu til að ætla að þetta sé rétt og talað hafi verið um 20% útborgun en svo er fyrirtækið selt útborgunarlaust. Það er þetta sem ég á við, hæstv. ráðh., og ég óska skýringa á því.

Þó svo að réttlæta megi og rökstyðja sölu á eignarhlut ríkisins í ýmsum fyrirtækjum hef ég miklar efasemdir um að hér sé rétt að farið. Þar við bætist, sem mér finnst vera meginatriði þessa máls, að ég held að ekki hafi verið rétt að þessari sölu staðið. Það gildir ekki bara um þetta fyrirtæki. Það gildir líka um það, sem ég hef áður gert að umtalsefni á Alþingi, hvernig staðið var að sölu hlutabréfa, eða því sem átti að verða sala hlutabréfa, í stærstu samgöngufyrirtækjum landsins, Flugleiðum og Eimskipafélagi Íslands. Ég tel að það hafi verið mjög ámælisvert hvernig þar var að staðið. Þegar ríkið stendur í viðskiptum af þessu tagi verður allt að vera á hreinu og hvergi má vera hægt að finna lögfræðilega eða annars konar agnúa þannig að ekki sé fullkomlega heiðarlega að staðið og allir njóti jafnréttis. Mér sýnist að svo hafi ekki verið hér.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Nokkuð hefur verið deilt um hvort selja ætti þessa verksmiðju eða ekki eða gefa hana eins og margur hefur orðað það. Ástæðurnar fyrir því að til þessarar ákvörðunar hefur verið gripið eru sjálfsagt margar en mér er tjáð að fyrir allnokkru síðan hafi farið fram athugun á þessum rekstri og menn hafi staðið frammi fyrir nokkrum kostum. Í fyrsta lagi að ríkið legði fé í að byggja upp verksmiðjuna og það myndarlega. Í öðru lagi að hætta rekstri. Í þriðja lagi að halda áfram á sömu braut og verksmiðjan var rekin á.

Þriðji kosturinn var valinn og var hann sennilega verstur. Það segja mér Siglfirðingar að ríkisvaldið eða iðnrn. hafi dregið lappirnar hvað varðar þetta fyrirtæki, ekki viljað veita því aðstöðu til að starfa á eðlilegan hátt. Því hafi fyrirtækið verið rekið á þann hátt sem margur hefur oft kallað „sósíalisma andskotans“ sem aftur hefur þýtt það að fyrirtækið hefur verið á brauðfótum og enginn sómi að rekstri þess. Ég hygg þó að upp á síðkastið hafi rekstur fyrirtækisins gengið betur en áður.

Stjórnarmenn Siglósíldar segja mér að þeir hafi ekki fengið að sjá reikninga fyrirtækisins fyrir 1982, hvað þá fyrir 1983. Væri fróðlegt að vita hvort þeir liggja fyrir, hvort rétt sé, sem margur hyggur á Siglufirði, að fyrirtækið hafi verið rekið með hagnaði á síðasta ári, hvort hægt væri að fá það upplýst, a. m. k. í nefnd þeirri sem með þetta fer. Ég á reyndar sæti í þeirri nefnd og mun inna eftir því þar ef ráðh. hefur ekki upplýsingar um það nú.

Að mörgu þarf að huga við afhendingu þessarar verksmiðju, t. d. því hvernig farið verður með réttindi starfsfólks sem þarna hefur unnið. Margt af þessu fólki hefur skapað sér réttindi með sinni vinnu, svo sem veikindadaga og tryggingar. Er þessu fólki beinlínis hent út eða er fyrirtækinu sem nú tekur við þessum rekstri gert skylt að standa við þær skuldbindingar sem voru á fyrri rekstri?

Átalið hefur verið hvernig staðið hefur verið að þessari breytingu og ég tek undir þau ámæli. Ég tel að ríkt hafi fullmikið offors við þessa breytingu og gjarnan hefði mátt leita álits stjórnar og/eða bæjarstjórnar. Einnig hefði verið eðlilegt að gefa fleirum kost á að taka þátt í þessum rekstri. Það er ekki ljóst hvers vegna þessir menn voru sérstaklega valdir. Voru þeir einu mennirnir sem sýndu áhuga eða voru þeir valdir eftir einhverjum sérstökum nótum? Fróðlegt væri að fá það upplýst.

Ég læt þá staðar numið við þessar spurningar og vænti þess að ráðh. svari þeim hér á eftir.

Ólafur Jóhannesson: Virðulegi forseti. Ég sakna þess að hvorki í athugasemdum við þetta frv. né í framsöguræðu hæstv. iðnrh. er vikið að tilteknum þætti þessa máls sem ég tel mjög mikilsverðan. Í 2. gr. laga nr. 46

frá 1972, um Lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagmetisiðjan vinnur að niðurlagningu, niðursuðu og hvers kyns fullvinnslu matarrétta úr sjávarafurðum og öðrum íslenskum hráefnum. Jafnframt annast lagmetisiðjan tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda."

Ég á að sjálfsögðu við þennan síðari hluta 2. gr. laga 46/1972. Mér er það fullkunnugt að þegar starfsemi þessarar verksmiðju var skilin frá Síldarverksmiðjum ríkisins og gerð að sjálfstæðri stofnun og sett um hana sérstök lög var þetta ein af ákvörðunarástæðunum. Ég vil fullyrða að hún hafi verið mikilvæg ákvörðunarástæða þó að ég neiti því ekki að atvinnusjónarmið voru líka höfð í huga.

Mér er ljóst að margt hefur breyst á þessum árum sem liðin eru frá 1972. Lagmetisiðnaði hefur sem betur fer farið fram. Enn fremur verður því miður að játa að viss vandamál hafa orðið á vegi Lagmetisiðjunnar, sumpart vegna hráefnisskorts sem stundum var fyrir hendi og í annan stað verður maður líklega að játa með nokkrum kinnroða að aldrei hefur verið staðið nægilega vel að því að búa Lagmetisiðjuna í stakk til að gegna þessu hlutverki. En þó að margt hafi breyst álít ég að enn sé full þörf á því hlutverki og því markmiði sem sett er í 2. mgr. 2. gr. laganna. Ég veit líka að nokkuð hefur verið hugað að því af hálfu stjórnar þessa fyrirtækis þó að það verði að játa að það hefur aldrei komist á þann legg sem hugsað var og þurft hefði því að tilraunastarfsemi á þessu sviði er vissulega nauðsynleg.

Ég sé það í athugasemdum með frv. að gert er ráð fyrir því að vissar nýjungar í rekstri eigi sér stað þegar hinir nýju eignaraðilar hafa tekið við og það er góðra gjalda vert. En að sjálfsögðu er það hvort slíkar fyrirætlanir komast í framkvæmd eða ekki algerlega háð ákvörðun og getu hinna nýju eignaraðila og þar er ekkert minnst á eða vikið að tilraunastarfsemi á borð við það sem segir í 2. mgr. 2. gr. enda býst ég við að varla verði talið eðlilegt að leggja slíka kvöð á einkaaðila. En einmitt í þessu atriði er ein réttlætingarástæðan fyrir því að talið var eðlilegt að þarna væri um opinberan rekstur að ræða af því að hann átti að ganga á undan og finna leiðir og gera tilraunir varðandi þennan mikilvæga atvinnurekstur sem miklar vonir voru og eru, að ég ætla, bundnar við.

Ég er á engan hátt að lýsa yfir andstöðu við þetta frv. enda er nú salan farin fram að því er ætla má í raun og veru en ég kann því illa að hvergi í umfjöllun um málefni Lagmetisiðjunnar Siglósíldar sé vikið að þessum þætti, þessu hlutverki sem henni var ætlað og ég tel fulla þörf á að sinna enn. Ég hef ekki getað séð í gögnum málsins sem lögð hafa verið fyrir Alþingi að þessu atriði hafi verið neinn gaumur gefinn, það er ekki minnst á það. Þess vegna langar mig til að beina þeirri spurningu til hæstv. iðnrh. hvort þessu hlutverki og þessu markmiði sem þarna er rætt um í 2. mgr. 2. gr. sé kastað fyrir róða, ekki sé lengur talin þörf á að standa að lagmetisiðnaðinum með þeim hætti að styrkja hann á þann hátt að fram fari á einum stað viss tilraunastarfsemi varðandi þetta atriði.

E. t. v. má segja, virðulegi forseti, að þessi spurning sé óþörf af því að með þessu frv. er gert ráð fyrir að lög nr. 46/1972 séu felld niður og ekki er í athugasemdum að finna neitt um að samsvarandi eigi að gilda framvegis hjá hinum nýju eignaraðilum enda, eins og ég sagði áðan, sjálfsagt dálítið erfitt að leggja slíka kvöð á þá. En allt um það, mig fýsir að fá yfirlýsingu frá hæstv. iðnrh. um þetta atriði, að þessu sé hér með kastað fyrir róða.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Það er auðvitað ekkert undarlegt við það, þótt menn orðfæri mjög í tilefni slíkrar lagagerðar grundvallarágreining, sem uppi er og öllum vitanlegur milli flokka um ríkisaðild að rekstri og framkvæmdum. Þess vegna komu þau atriði í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnars Arnalds ekki á óvart. Ég hélt að það væri ekkert nýtt, og síst fyrir honum, að flokka okkar til að mynda, Sjálfstfl. og Alþb., greinir á í grundvallaratriðum um þessi efni. Það er þó mikill misskilningur ef því er haldið fram að af hálfu Sjálfstfl. sé aðild ríkisins að rekstri bannorð. Það hefur það aldrei verið og það er það ekki. Við erum hins vegar þeirrar skoðunar, að best fari á því í flestu falli að ríkið hafi sem minnst bein afskipti af almennum rekstri, þar sem einstaklingar eða félagsskapur, samvinnufélög eða hlutafélög, geta að honum staðið og við hann ráðið. Í sérstökum tilvikum álítum við að ríkinu sé ekki eingöngu eðlilegt heldur og skylt að koma til skjalanna, t. a. m. ef þann veg stendur á að hætta er á að almennt atvinnuleysi bresti á, þá hlaupi ríkið tímabundið undir bagga. Ekkert er þetta nýtt af afstöðu Sjálfstfl. að segja. Hann hefur hins vegar lengi haft þá stefnu uppi að draga úr ríkisafskiptum. Í samræmi við það, og það er raunar ótalmargt annað sem því veldur, erum við hér með fyrir framan okkur frv. til l. um sölu á lagmetisiðjunni Siglósíld. En ég er ekkert viss um að þann veg væri málum komið nema fyrir það í hversu miklum erfiðleikum þetta fyrirtæki hefur átt um langt árabil og að ekki varð séð að fram úr þeim yrði ráðið til atvinnuuppbyggingar í Siglufirði nema með þeim hætti sem við nú stöndum frammi fyrir.

Ýmislegt er gagnrýnt í þessu, og satt best að segja heldur óskapfellilegt að heyra Alþfl.-menn sérstaklega víkja að því að ekki hafi verið með öllu heiðarlega að þessu staðið, og hlýt ég að vísa því algerlega á bug. Grandvar lögfræðingur iðnrn. var fyrir þeim þremur ungu mönnum, lögfræðingum, sem unnu að þessari samningsgerð. Fjmrn. tilnefndi einn, Gunnlaug Claessen og Framkvæmdastofnun ríkisins þann þriðja, Guðmund Malmquist. Að ætla að halda því fram að í einhverri auglýsingu geti bundist einhver skilyrði fyrir fram um endanlegan kaupsamning er auðvitað út í hött, eða að það er misskilningur minn á því hvaða meiningar liggja að baki orða hv. 5. landsk. þm. þegar hann vitnar til auglýsingar. Auðvitað er eigandinn ekki skuldbundinn að einu eða neinu. Þetta var í samræmi við almenna stefnumótun, sem hafði komið fram af hálfu fjmrh., um að við það skyldi að jafnaði miða að 20% söluandvirðis yrði greitt út. En allir menn sjá að slíka reglu er ekki hægt að móta til frambúðar í öllu falli. Auðvitað var það aðeins lauslegur rammi og óskuldbindandi í mesta máta fyrir þann sem með málefni þessa fyrirtækis fór, sem er iðnrh.

Yfir því var kvartað af hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnari Arnalds, að ekki hefði verið haft samráð við stjórn fyrirtækisins Siglósíldar. Ég hirði nú ekki um að rifja upp það samráð sem áður hefur verið haft við stjórn fyrirtækisins né heldur bæjarstjórn Siglufjarðar,

en einnig er gagnrýnt að ekki hafi verið ráðslagað við hana. En stjórn lagmetisiðjunnar hafði ekki verið að verki frá því að þetta fyrirtæki er snemma á vordögum með leigukaupasamningi, sem við getum kallað hann, *fært til fyrirtækisins Þormóðs ramma*. Ég leit nú þann veg á að þessi stjórn væri ekki að störfum og hefði raunar lagt nokkurn veginn upp laupana, þótt það væri ekki formlega, við þennan gerning, sem hv. 3. þm. Norðurl. v., þáv. fjmrh., stóð fyrir ásamt fyrirrennara mínum, hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni, og áttu af allan heiður, einnegin það að hafa fengið mér í hendur það kaupverð sem nú hefur verið samið um nákvæmlega, svo að menn hitta nú sjálfa sig fyrir þegar þeir hefja slíka þrætubókarlist.

Því er haldið fram að gefist hafi einstaklega vel þessi sameining við Þormóð ramma. Að vísu kom þar nýr afli og aukinn til og greiddi fyrir, en hvorugu fyrirtækinu nein undirstaða, og það liggur alveg ljóst fyrir að Þormóður rammi var ekki í neinum færum um að veita það fjármagn sem til þurfti til að byggja þetta fyrirtæki upp til frambúðar, fjarri öllu lagi. Og þegar nú stjórnarandstöðuþingmenn mæta hér hver á fætur öðrum og halda því fram að staðið hafi fyrir dyrum að þarna yrði um stórgróðafyrirtæki að tefla í Siglufirði, Siglósíld, þá er nú stungin tólg. Þeir menn sem það hafa kynnt sér, ekki menn eins og hv. þm. Karl Steinar, sem aldrei hefur fyrr á ævi sinni horft norður fyrir Arnarvatnsheiði en veit núna allt um málið, heldur þeir sem árum saman hafa staðið frammi fyrir því að bjarga þessu fyrirtæki frá stöðvun í atvinnuaukningarskyni í Siglufirði, þeir þekkja við hvaða erfiðleika þar hefur verið að glíma.

Menn segja: Skipulagsbreyting þessi var óþörf. En það liggur alveg ljóst fyrir eins og ég sagði að Þormóður rammi hafði ekki fjármuni til að gangast fyrir uppbyggingu þessa fyrirtækis, og hefur komið í ljós að sá kostnaður er miklu meiri en menn gerðu ráð fyrir einnegin við samningsgerðina, því þegar farið var að hefjast handa um viðgerðir hússins komu verulegar nýjar skemmdir í ljós.

Því hefur verið haldið fram að hér sé um ótryggan kaupanda og nýjan eignaraðila að tefla, af því sem ekki sé nægjanlega vel frá því gengið og tryggt, að fyrirtækið verði rekið í Siglufirði. Í kaupsamningnum eru einmitt ákvæði sem tryggja eiga þetta atriði. Það verður heimilt að gjaldfella skuldabréf vegna kaupanna ef skuldbindingar um áframhaldandi rekstur í Siglufirði eru vanefndar. Þá eru 50% hlutafjár í Siglufirði þannig að heimamenn hafa að því leyti neitunarvald um málefni félagsins og m. a. um áframhaldandi rekstur. Ég verð að segja það, að mér fannst einmitt í þessu efni vel og varfærnislega frá þessum atriðum gengið, vegna þess að það var eindreginn vilji minn að fyrirtækið yrði áframhaldandi rekið í Siglufirði og kom ekkert annað til greina. Mun þessum ákvæðum verða beitt að fullu ef eitthvað brestur í böndunum að því leyti. Ég vísa þar með þessu gagnrýnisatriði einnig á bug.

Þá er að því vikið að kaupsamningur sé í engu samræmi við *verðmæti eigna*. Það má kannske í þessu sambandi líka vitna til gerningsins frá því á vordögum milli stjórnar lagmetisiðjunnar Siglósíldar og stjórnar Þormóðs ramma, og mætti spyrja hvort það bendi til mikils samráðs og vandaðs undirbúnings þar sem ráðslagað væri við alla aðila, að lögfræðingurinn sem semur þetta skjal bætir hér við neðst að Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. kannast vafalaust við, þekktur og ágætur hæstaréttarlögmaður, hafi gert drög að þessu á grundvelli viðræðna fyrr í dag. Það er seinni part þessa dags sem frá þessu er gengið, en fyrr í dag, eins og þar stendur, hefur þessi hrl. gengið frá drögum á grundvelli viðræðna, og ber ekki að líta á þau sem neins konar tilboð frá öðrum hvorum aðilanum, heldur sem samningsgrundvöll. Má af því sjá að harkalega var unnið að framgangi þessa máls, enda lokið við það rétt áður en klukkan sló 12, svona kortér fyrir 12 getum við sagt, í tíð fyrrv. ríkisstj., áður en ný tók við, svo að menn þurftu að hafa hratt á hæli. **(Gripið fram í:** Hvað heitir plaggið?) Heitir plaggið? Það heitir Drög I. Og þar segir, með leyfi hæstv. forseta, 7. liður þessa samnings hljóðar svo:

„Samningur þessi um afnot og rekstur gildir í eitt ár frá yfirtökudegi að telja, en að því ári liðnu hefur Þormóður rammi hf. rétt til að kaupa eignirnar og réttindi tengd rekstrinum, svo sem vörumerki og viðskiptasambönd, á verði sem er sem næst þeirri fjárhæð sem Siglósíld skuldar nú sem langtímalán, með þeim breytingum sem leiðir af verðlags- og gengisbreytingum til kaupdags."

Og það hafa mínir menn reiknað út, sem ég treysti, að það sé nokkurn veginn nákvæmlega þessar umtöluðu 18 millj. kr., þannig að ef þetta verð er gagnrýnivert, þá hlýt ég að vísa til þess að mér var fengið það upp í hendur á fyrirrennara mínum í iðnrh.-stól og hv. 3. þm. Norðurl. v. sem fjmrh.

Um útborgun er frá því að segja að það sýndi sig að til þess að hinir nýju aðilar yrðu í færum um svo gagngerar endurbætur, kaup á nýrri niðurlagningarlínu og rækjupillunarvél og annað sem til þurfti, þótti nauðsyn til bera að greiða fyrir þeim með því að falla frá kröfu um útborgun. Og satt að segja átti ég ekki von á að þetta atriði yrði gagnrýnt af mönnum sem eru í félagsmálalegu fyrirsvari fyrir Siglufjörð á sjálfu Alþingi og hafa margt viðvikið unnið á undanförnum árum til að mynda fyrir Þormóð ramma og Siglósíld, sem Alþfl.-menn, ef þeir hefðu nennt að kynna sér málin, hefðu vafalaust eitthvert gagnrýnisorð um að segja. Það hefur mikið almannafé runnið til þessa fyrirtækis á umliðnum árum. Það þekkja allir þeir sem kynnst hafa þeim málum, ekki síst þm. Norðurl. v. Það var alveg ljóst að um slíka fjármögnun gat ekki verið áfram að tefla, það var alveg ljóst.

Ég fullyrði að ef ekki hefði verið brugðið á þetta ráð hefði þetta fyrirtæki lagt upp laupana, því að eins og ég sagði var Þormóður rammi í engum færum um að reisa það við eins og til þurfti. Allt þetta ber að hafa í huga þegar menn eru að ræða um kaupverð og greiðslukjör. Menn vilja ýmislegt á sig leggja og vildu um áratuga skeið til þess að efla atvinnulíf í Siglufirði eftir þau gríðarlegu áföll sem sá staður varð fyrir fyrir margt löngu og hefur reyndar ekki borið sitt barr síðan. Þetta framtak verður áreiðanlega eitt af því, að mínum dómi a. m. k. Eftir minni bestu samvisku geri ég þetta fyrir því að ég hygg að þetta verði eitt af því sem getur orðið staðnum og atvinnu þar til framdráttar.

Ég vil alls ekki segja að bæjarstjórn Siglufjarðar hafi sýnt þessu fyrirtæki tómlæti eða áhugaleysi, enda þótt maður hafi ekki orðið var við neitt frumkvæði af hennar hálfu fyrr né síðar. Ég tala þar af nokkurri reynslu af því að ég þekki til atvinnulífsins og átti hlut að máli um

alllangt skeið sem forstjóri í Framkvæmdastofnun. En ég tel vafalaust að aðgerðarleysi bæjarstjórnarinnar sjálfrar hafi orsakast af því að hún hafi ekki verið í fjármögnunarlegum færum um að veita aðstoð. Það má auðvitað svara því kalt til og segja: eigandi fyrirtækis þarf auðvitað ekki að spyrja aðra að því hvað hann gerir við það, ef menn eru að kvarta undan þessu samráðsleysi. En ég tel að öllum hafi verið vitanlegt hvað þarna fór fram. Bæjarstjórninni var kynnt salan í byrjun janúar og sent handrit að frv. eins og t. a. m. öllum þm. og það hefur ekkert heyrst af þeim vettvangi síðan. Það hafa engar aths. verið gerðar og ég lít svo á að þar með hafi hún út af fyrir sig ekkert sérstakt við þetta að athuga.

Gerður var samningur í mesta bróðerni milli Þormóðs ramma og Siglósíldar við hin nýju skipti og ég held að samkvæmt honum muni þessi fyrirtæki njóta styrks og stuðnings hvort af öðru eftir sem áður.

Ég held að ég hafi þá að mestu vikið að því sem gagnrýnt hefur verið af hv. stjórnarandstöðuþingmönnum. En hv. 9. þm. Reykv. Ólafur Jóhannesson bar fram fsp. í þá veru, hvernig gætt hefði verið gamla tilgangsins, sem var mikilvægur auðvitað á sínum tíma, um tilraunastarfsemi margháttaða sem þessari verksmiðju var ætlað að vinna vegna matvælaframleiðslu og þá auðvitað sjávarrétta. Hann svaraði sér sjálfur með því að segja það sem rétt er, að ekki þótti fært að gera einkaaðila það að taka við slíkum skilmálum. Eftirsjá er að þessu og hefði auðvitað átt að gefa þessa einföldu skýringu, annað tveggja í aths. við frv. eða í minni framsögu og eru það mistök. En svarið er afar einfalt að þessu leyti. Það ræddu menn en töldu ekki fært að setja fram sem skilyrði, enda trúi ég að ekki hefði verið að því gengið. Það er tekið fram að á ýmis ný ráð ætla þeir að bregða, en alls ekki neitt í átt við það sem upprunalega var gert ráð fyrir að þetta fyrirtæki hefði með höndum.

Á það er lítandi að lagmetisiðjan Siglósíld gat að mjög óverulegu leyti sinnt þessu mikilvæga hlutverki af ástæðum sem hv. þm. gat einnig um, af þeim ástæðum að það var aldrei þann veg um það búið, það var aldrei í stakk búið af eiganda sínum til að sinna því mikilvæga hlutverki og því fór sem fór. Þetta fyrirtæki hékk lengst af á horriminni og mér er til efs eða öllu heldur ég er sannfærður um að þetta fyrirtæki hefði lagt upp laupana fyrir margt löngu nema fyrir það að vegna atvinnuástands töldu menn nauðsynlegt að hlaupa undir bagga ár frá ári og stundum oft á ári til þess að það stöðvaðist ekki með öllu.

Það er rétt, og ég get svo sem upplýst það í þessu sambandi án þess að ég fari eftir neinum kreddukenningum, að ég mun vinna áfram að sölu ríkisfyrirtækja í minni umsjá. Ég get upplýst að að því er unnið að starfsfólk Landssmiðjunnar stofni með sér hlutafélag og kaupi það fyrirtæki. Það tilboð gerði ég starfsfólkinu á síðasta ári. Ég trúi að það sé komið langleiðina í undirbúningi og er ánægjulegt ef af því getur orðið. Auðvitað mun ég af fremsta megni vanda til slíkrar sölu, og ég trúi og vona að þeir menn sem til þeirra verka verði fengnir muni njóta þess trausts að ekki verði dregið í efa að farið sé að öllu með lögum og samkvæmt venjulegum viðskiptasiðferðisreglum. Enn fremur er alveg að því komið og hef ég beðið eftir mati óvilhallra manna í því efni, en auðvitað verður hægt að gagnrýna það eins og öll mannanna verk, að seldur verði hluti ríkisins í Iðnaðarbankanum, 27% sem ríkið á í Iðnaðarbanka Íslands, en að sjálfsögðu með öllum fyrirvörum um að hið háa Alþingi samþykki. Og enda þótt samningur hafi verið undirritaður og nýir eigendur í Siglósíld hafi hafið starfsemi, þá verður sá kaupsamningur auðvitað að engu ef hið háa Alþingi vill ekki svo vera láta. Ég tek þetta fram til upplýsingar svo að mönnum komi það ekki á óvart, enda ætti það ekki að þurfa að koma á óvart. Og ég verð nú að segja það, að mér sýnist það lýsa kreddu í meiri máta þegar hv. 3. þm. Norðurl. v. snýst gegn þessari sölu á Siglósíld, þar sem greinilega er verið að gera mjög athyglisverða tilraun til þess að reisa þetta fyrirtæki við með tvöföldu afli, ef svo má orða það. Að hanga þá í ríkisaðildinni og eigninni, það er ekkert nema kredda.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. minntist á kísilmálmverksmiðjuna og gat þess, sem rétt er, að þar væri sjálfsagt tvennt til, ríkiseign eða þetta mál yrði afhent útlendingum. Ég þarf víst ekki að endurtaka marggefnar yfirlýsingar mínar um það að ég mun kappkosta að fá útlendan aðila til að taka áhættu af þessum áhættusama rekstri þar eystra. Að vísu lítur það mál allt betur út en menn í upphafi þorðu að vona, en að því er ekki komið að hægt sé að taka ákvörðun um það. A. m. k. er ekki komið að því að lögð verði fram tillaga um slíkt á hinu háa Alþingi meðan ekki hafa að bestu manna yfirsýn náðst saman endar í áætluðum rekstri slíkrar verksmiðju. Meðan enn skortir 200 dollara fyrir hvert framleitt tonn á að slík verksmiðja geti borið sig vonast ég til að ekki sé til þess ætlast af mér að ég beri fram till. um slíka framkvæmd á okkar vegum, Íslendinga og ríkisins. Við getum í fyrsta falli byrjað að ræða saman um slíka framkvæmd þegar og ef verðlag á viðkomandi afurð, kísilmálmi, batnar svo að um greinilega hagstæða framleiðslu verður að tefla.

Virðulegi forseti. Ég er utan við efnið, mér er það ljóst. En að gefnu tilefni, vegna almennrar umr. sem hafin var af hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnari Arnalds um aðild ríkisins að fyrirtækjum og ríkisrekstri, hef ég vikið hér örfáum orðum að þeim fyrirtækjum sem ég nú nefndi. Ég sé svo ástæðu til að þakka hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir ágætar undirtektir við þetta mál. Og raunar þykist ég þess fullviss eftir formlegt samþykki þingflokka ríkisstj. á þessu frv. að það fái góða og greiða leið í gegnum hið háa Alþingi.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég lýsi furðu minni á málflutningi hæstv. iðnrh. þegar hann bregður þm. um leti og segir fullum fetum hér úr þessum ræðustól að menn nenni ekki að kynna sér málið. Hæstv. iðnrh. verður að finna þessum orðum sínum stað. Þetta er málflutningur sem ráðh. er ósæmandi og þetta eru ómakleg ummæli í garð þm. Hæstv. ráðh. væri auðvitað sæmst að biðjast afsökunar á þessum ummælum sínum. (**Iðnrh.:** Ég dæmi bara eftir ummælunum sjálfum.) Hæstv. ráðh. væri það sæmst. Þetta er málflutningur sem er satt best að segja fyrir neðan virðingu manns sem gegnir embætti ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

Tvennt vildi ég taka fram. Hæstv. ráðh. hefur staðfest að staðið var að sölunni á þessu fyrirtæki nákvæmlega eins og ég sagði: auglýst með þeim skilmálum að menn skyldu greiða 20% út. Síðan var samið við hóp

einstaklinga um að þeir skyldu ekki greiða út. Ef það kom í ljós eftir birtingu auglýsingarinnar að engir aðilar voru reiðubúnir að greiða út 20%, þá átti auðvitað að auglýsa fyrirtækið aftur með nýjum skilmálum svo að allir sætu við sama borð. Það er þetta sem ég gagnrýni og það er þetta sem hæstv. ráðh. hefur staðfest. Ég tel að með þessum hætti hafi ekki verið rétt að staðið. Í öðru lagi spurði ég hæstv. ráðh. hver hefði verið framlegð þessa fyrirtækis á síðari hluta ársins 1983. Ég þykist vita að hann hafi þær tölur. (**Iðnrh.:** Hver tekur það fram?) Ég skora á hann að birta þær og svara þessari spurningu minni, hver hafi verið framlegð fyrirtækisins á síðari hluta ársins 1983.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég skal einnig reyna að stuðla að því að umr. um þetta mál geti lokið á þessum fundi. Þó þarf ég að nefna hér örfá atriði. Hæstv. ráðh. var að gera því skóna áðan að lítið hefði samráðið verið við stjórn Siglósíldar á sínum tíma þegar fyrirtækið var leigt Þormóði ramma. Þetta er á miklum misskilningi byggt. Og þó að hæstv. ráðh. geti lesið upp úr einhverjum plöggum, þá verður lítið ráðið af því hvernig staðið var að málum. Það var staðið þannig að málum að nefnd vann að endurskipulagningu þessa fyrirtækis, og í nefndinni var stjórnarformaður Siglósíldar sem hafði því náin samráð við sína stjórn og lét hana fylgjast með því hvað væri að gerast. Það sem gert var var að sjálfsögðu í fullu samráði við stjórn Siglósíldar. Þessi málflutningur ráðh. fellur því algerlega um sig sjálfan. Vinnubrögðin hjá núv. ríkisstj. eru auðvitað í æpandi mótsögn við þessi vinnubrögð. Þarna var nefnd að störfum. Bæði voru þar aðilar frá fjmrn. og iðnrn., einnig frá stjórn Siglósíldar og raunar frá fleiri aðilum. En núverandi stjórn fer þannig að, að hún setur stjórn Siglósíldar gersamlega til hliðar. Hún kynnir henni ekki einu sinni málið, hvað þá meir, þó að sú stjórn sé enn starfandi og hennar kjörtímabili ljúki ekki fyrr en í vor nema lög um hana verði fyrr numin úr gildi. Síðan er stjórn Þormóðs ramma látin fara sömu leiðina. Stjórn Þormóðs ramma, sem var að meiri hluta til skipuð heimamönnum á Siglufirði, er sett af og í hana eru skipaðir menn í rn. hér syðra. Þar með hafa þeir í ríkisstj. fengið full tök á þessu máli. Þeir eru búnir að setja báðar stjórnirnar af og geta þar með riftað þeim samningum sem gerðir höfðu verið um þetta mál.

Hæstv. ráðh. sagði: jú, jú, málið var kynnt bæjarstjórninni, hvað eru menn nú að kvarta yfir því? Ég get upplýst að frv. var sent bæjarstjórn Siglufjarðar í janúarmánuði s. l. En hvenær ætli samningurinn um yfirtöku hinna nýju eigenda að fyrirtækinu hafi tekið gildi? Hann tekur gildi 1. jan. Hann hefur þegar tekið gildi þegar málið er sent bæjarstjórn Siglufjarðar til umsagnar. Að vísu má segja að þá hafi málið ekki verið fullfrágengið vegna þess að Alþingi átti eftir að fjalla um það og ganga endanlega frá málinu. En auðvitað kemur bæjarstjórnin að málinu nokkurn veginn fullfrágengnu þegar meira að segja hinir nýju eignaraðilar hafa tekið við fyrirtækinu, að vísu sem leigufyrirtæki til að byrja með, þegar bæjarstjórnin fær það til umræðu. Hún kemur því nokkurn veginn að gerðum hlut.

Hæstv. ráðh. orðaði það þannig, að ég væri með mínar kreddur og vildi hanga í því að þetta væri ríkisfyrirtæki og áfram rekið á vegum ríkisins. Auðvitað veit hæstv. ráðh. að þetta er ósanngjarn málflutningur miðað við það sem ég upplýsti í ræðu minni áðan og kom fram í bréfi okkar og í verkum okkar, þegar við afhentum þetta ríkisfyrirtæki í hendur Þormóði ramma með kaupleigusamningi og gerðum ráð fyrir því að ríkisfyrirtækið Siglósíld yrði þar með með tíð og tíma lagt niður. Við gerðum ráð fyrir því. Við sáum hins vegar að það var heppilegast að reka þessi tvö fyrirtæki saman og vitum að svo er enn, eins og best sést á því að hinir nýju eigendur treysta sér ekki til að reka þetta fyrirtæki nema það sé sett að skilyrði í samningi að þeir fái aðstöðu hjá Þormóði ramma og afnot af eignum Þormóðs ramma. Það sýnir best hversu gáfuleg þessi nýja ákvörðun er, að það er verið að rjúfa tengsl aðila sem unnu saman, það er verið að slíta þá í sundur, en samt sem áður er það sett að skilyrði að þeir vinni saman og að Þormóður rammi veiti þá aðstöðu sem hann hefur veitt á undnförnum mánuðum. Nei, auðvitað er það algerlega út í bláinn að halda því fram að ég haldi fast í það að hér sé um ríkisfyrirtæki áframhaldandi að ræða. Ég vil bara að þetta fyrirtæki fái að vera í friði í skjóli Þormóðs ramma eins og var búið að koma þessum málum fyrir á s. l. sumri að bestu manna yfirsýn heima fyrir. En hæstv. ráðh. staðfesti með orðum sínum hér áðan að hann ætlar að fylgja kreddukenningunum og harma ég það.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt langt síðan annar eins dóni hefur komið í ræðustól og hæstv. iðnrh. Hann lætur það ógert að svara þeim spurningum sem til hans er beint, en hefur uppi hvers konar glósur um þm. hér sem ekki tíðkast í þessari deild. Ég spurði hvort gætt hefði verið að því að verkafólkið, sem hefur unnið í þessu fyrirtæki, mundi njóta þeirra réttinda sem það hefði aflað sér hjá hinu fyrra fyrirtæki. Og ég spurði hvort reikningar fyrir árin 1982 og 1983 lægju fyrir og hefðu legið fyrir þegar sala fór fram eða samningar voru undirritaðir. Ég hef ekki fengið svör við því og ég óska eftir að þau svör komi.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason þarf varla að spyrja að því að það verði þá af öðrum aðilum séð um að verkafólk haldi réttindum sínum, ef þeir sem að sölu og kaupum standa ætla að bregðast skyldum sínum. Trúlega verður um það séð.

Lokauppgjör hafði ekki farið fram, en það verður séð um að sú nefnd sem fær þetta væntanlega til meðferðar fái allar lokaniðurstöður. Nokkurn veginn höfðu menn til hliðsjónar rekstursuppgjör, Þormóður rammi átti að sjálfsögðu að standa skil á því, en útkoman varð nú ekki eins og menn gerðu sér vonir um.

Hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason sagði í fyrri ræðu sinni að iðnrn. hefði ekki viljað veita fyrirtækinu aðstöðu til eðlilegs reksturs. (Gripið fram í.) Jæja, ekki var það tekið fram í fyrri ræðunni. Um fjölda ára hefur maður gengið undir manns hönd til að hjálpa þessu fyrirtæki í rekstri og langt umfram það sem velflest ef ekki öll fyrirtæki hafa orðið aðnjótandi. Ég hef áður vikið að hvers vegna.

Hv. stjórnarandstöðuþingmenn úr Alþfl. töluðu í fyrri ræðum sínum um hagnað af þessu fyrirtæki. Hvað á ég nú að halda þegar menn hafa slíkt orð uppi um fyrirtæki eins og Siglósíld? Er að furða þótt kannske hrökkvi af vörum mér að ég hirði um það að hv. þm.

hafi kynnt sí þetta mál? (**KSG:** Það eru ekki breytingar af sjálfu sér.) Hafi kynnt sér þetta mál allt saman eins og það er í pottinn búið á liðnum árum og áratug.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds sagði að hann hefði viljað að fyrirtækið fengi að vera í friði í umsýslu Þormóðs ramma. Það er hægt að færa járnkaldar sannanir á að Þormóður rammi gat ekki byggt þetta fyrirtæki nauðsynlega upp. Það rak það í örfáa mánuði með gamla laginu, með gamla dótinu sem allt var að niðurfalli komið, húsið sem annað. Niðurlagningarlínan var ónýt. Þetta veit hv. þm. þó að hann láti í annað skína núna. Til þess að rétta fyrirtækið við þurfti stórkostlegt fjármagn. Og nú, þegar virðist vera búið að leysa þá mikilvægu gátu, þá hafa menn allt á hornum sér bara til þess að leika einhverja stjórnarandstöðutilburði. Ég get ekki séð að annað og meira geti í þessu falist. Og þm. kjördæmisins, sem ætti að fagna slíku framtaki eins og það blasir við hverjum manni, þarf af einhverjum misskildum kredduástæðum að hafa allt á hornum sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 49. fundur.

Mánudaginn 20. febr., að loknum fundi í Sþ.

Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, frv. 196. mál (þskj. 352). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 352 er frv. til l. um breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán. Aðdragandi þessa máls er orðinn nokkur. Í desembermánuði 1982 skipaði þáv. landbrh. Pálmi Jónsson nefnd manna til að huga að afkomu bænda, m. a. með hliðsjón af árferðisáföllum og mismunandi tekjum bænda eftir búgreinum. Formaður nefndarinnar var Bjarni Bragi Jónsson, sem nú er aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, og aðrir nm. Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson bóndi í Eystra-Geldingaholti, Sigurður Líndal bóndi á Lækjamóti og Sigurður Sigurðsson bóndi á Brúnastöðum.

Nefndin skilaði tillögum sínum á s. l. hausti og segir m. a. í áliti sínu að breyting lausaskulda bænda í löng lán sé svo aðkallandi og eigi eðlilega samleið með ráðstöfunum sem verið er að gera til að lengja lán annarra þjóðfélagshópa og atvinnuvega að hefjast þurfi handa um framkvæmd þeirra aðgerða sem allra fyrst. Nefndin telur að meginástæður fyrir því að breyta þurfi skuldum svo fljótt eftir skuldbreytingu 1979 séu að nokkru þær sömu og þá, en einnig síðar til komnar ástæður. Aðalástæðurnar telur nefndin í fyrsta lagi ófullnægjandi frumfjármögnun fjárfestingar af lánshlutfalli og lánalengd sem einkum kemur hart niður á frumbýlingum. Í öðru lagi sérstök árferðisáföll, svo sem árið 1979 og aftur 1983, svo og langvarandi örðugt tíðarfar, en það hefur komið misjafnt niður eftir landshlutum. Í þriðja lagi hefur verið dregið skipulega úr framleiðslu sem haft hefur í för með sér að fjármagnskostnaður hefur aukist miðað við afurðatekjur. Í fjórða lagi hefur mikill og vaxandi hluti lánsfjárins verið verðtryggður án þess að lán hafi verið lengd í samræmi við það.

Við þetta má svo bæta, sem snertir þessa liði óbeint, að verðbólgan er bændum mjög þung í skauti og þá ekki síst sauðfjárbændum vegna þess hvað langur tími líður frá því að þeir þurfa að leggja fram fjármagn til rekstrarvörukaupa og þangað til afurðirnar fást greiddar að fullu.

Í áliti nefndarinnar kom fram að hún gerði ráð fyrir, eftir þeim gögnum sem hún hafði og unnin voru á vegum Stéttarsambands bænda, að 300—500 bændur væru í fjárhagsvanda staddir og þyrftu úrlausn sem næmi 100—200 þús. kr. hver. Heildarfjármagnsþörfin gæti því orðið allt að 75 millj. kr. Til samanburðar bendir nefndin á að skuldbreytingin 1979—80 hafi numið 17.5 millj. kr. sem jafngildi á núverandi verðlagi 84 millj. miðað við lánskjaravísitölu í sept. s. l.

Nefndin hvatti til þess að auglýsa sem fyrst að áformað væri að afla heimilda og fjármagns til þess að breyta lausaskuldum bænda árin 1979—83 í föst lán. Slík auglýsing var birt af veðdeild Búnaðarbankans í nóvember s. l. Umsóknir bárust frá 605 bændum. Fullnægjandi gögn fylgdu þeim ekki öllum og er unnið að því að bæta úr því. Umsóknir skiptast þannig milli kjördæma: Vesturland 122, Vestfirðir 20, Norðurl. v. 127, Norðurl. e. 101, Austurland 73, Suðurland 162, samtals 605. Aðeins þeir sem ekki fengu lán vegna ársins 1979 skv. lögum nr. 33/1979 eiga nú möguleika á skuldbreytingu vegna þess árs.

Tímabil það sem hin áformaða skuldbreyting tekur yfir hefur verið íslenskum landbúnaði sérstaklega erfitt vegna tíðarfarsins enda munu þrjú sumur á þessum tíma hin köldustu á öldinni. Sérstaklega var þó sumarið 1983 þungt í skauti og afleiðingarnar ekki að fullu orðnar ljósar enn. Gögn hafa enn ekki borist frá umsækjendum vegna ársins 1983 en með tilliti til þess sem að framan segir um niðurstöður af fyrri athugunum er augljóst að fjármagnsþörfin mun aukast verulega þó erfitt sé að nefna ákveðna tölu í því sambandi.

Lagafrv. það sem hér er lagt fram er að efni til hliðstætt því sem áður hefur verið þegar leitað hefur verið heimildar Alþingis til að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Í frv. felst þó það frávik varðandi tryggingu bankavaxtabréfa sem út verða gefin að Búnaðarbanka Íslands er ætlað að ábyrgjast bréfin. Sú ábyrgð er viðtækari en áður er hún var takmörkuð við varasjóð veðdeildar bankans en hann er vanmegna nú að taka nokkra ábyrgð. Ábyrgð ríkissjóðs byggist hins vegar á lögum nr. 28 19. maí 1976. Í 2. gr. laganna segir að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands.

Í 2. gr. frv. segir að lánakjör skuli ákveðin af stjórn veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins. En lánakjör eru háð samþykki landbrh. Einnig kom fram í áliti nefndarinnar að gera þyrfti sérstaka úttekt á fjárhagsstöðu þeirra bænda sem um þetta sækja, a. m. k. þeirra sem lakast eru settir, þar sem ekki sé víst að þessar aðgerðir geti náð til allra skv. ákvæðum laga og ekki víst að þau kæmu að fullnægjandi notum. Enn fremur er æskilegt að fyrir liggi úttekt á stöðu bænda á svipaðan hátt og nú er verið að kanna stöðu ýmissa annarra stétta í þjóðfélaginu. Þess vegna hefur ríkisstj. óskað eftir því að

Þjóðhagsstofnun geri slíka úttekt.

Ég vildi beina þeirri ósk til þeirrar nefndar sem fær þetta frv. til meðferðar að reynt verði að hraða afgreiðslu þess eftir því sem kostur er þar sem, eins og fram kom í máli mínu hér á undan, þörf er á að reyna að hefjast handa sem fyrst um þær aðgerðir sem gert er ráð fyrir í frv. Ég vil svo leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hér er nokkuð óvanalegt mál á ferðinni sem ég vildi gjarnan að yrði rætt að hæstv. fjmrh. viðstöddum sem nú stendur í samningum við starfsmenn ríkisvaldsins. Ég vildi fara þess á leit við hæstv. forseta að hann athugaði hvort ráðh. væri í húsinu og hvort hann gæti verið viðstaddur þessa umr. (**Forseti:** Ég hlýt að taka það fram að ég hygg að hæstv. ráðh. sé í London eða einhvers staðar erlendis. En það gætu aðrir ráðh. kannske betur upplýst en ég.) (**PP:** Hver fer með embætti fjmrh. í fjarveru hans?) (**Forseti:** Það gerir hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég get reynt að hafa samband við hann. Ef hv. þm. vill bíða eitthvað með ræðu sína skal ég gera gangskör að því að hæstv. heilbr.- og trmrh. verði hér til svara.) Nei, ætli við látum okkur ekki nægja að ræða við hæstv. fjmrh. þegar hann kemur til landsins. Einhvern tíma hlýtur að koma að því. A. m. k., herra forseti, ef ákveðið dýr í hans eigu hefur ekki farið með honum til útlanda má vænta þess að hann komi senn hvað líður til þess að huga að hundum sínum.

Það sem ég vildi gjarnan vekja athygli hv. þm. á í sambandi við það mál sem hér er til umr. er hversu óvanalegt það er. Í 1. gr. frv. stendur að lagt sé til að veðdeild Búnaðarbanka Íslands breyti í föst lán öllum lausaskuldum bænda sem þeir hafi stofnað til vegna fjárfestinga á jörðum og vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa frá og með árinu 1979 til og með ársins 1983. En, herra forseti, í gildi eru lög frá árinu 1979 þar sem öllum lausaskuldum bændastéttarinnar frá og með árinu 1970 til og með árinu 1979 var breytt í föst lán. M. ö. o., það stendur til ef þetta frv. verður samþykkt að breyta öllum lausaskuldum, sem bændastéttin hefur stofnað til s. l. 14 ár, í löng lán.

Í grg. með frv. er sérstaklega tekið fram að s. l. tvo áratugi hafi þetta fjórum sinnum átt sér stað. Ég vildi gjarnan fá að vita hjá hæstv. ráðh., þar sem mína þekkingu brestur lengra aftur í tímann en til 1970, hversu langan tíma af s. l. tveim áratugum bændur hafi sjálfir þurft að standa undir þeim lausaskuldum sem þeir hafa stofnað til vegna búrekstrar. Hvers konar framferði er það af stjórnvöldum að ætla að gera þannig upp á milli atvinnustétta í landinu að ein tiltekin atvinnustétt fái að breyta öllum sínum lausaskuldum frá 14 ára samfelldu tímabili í löng lán? Hvers konar vinnubrögð eru þetta, hvers konar sérréttindi eru það sem hér er verið að bjóða upp á af löggjafanum til handa einni tiltekinni atvinnustétt?

Það vill svo til að nú er árið 1984. Eins og þm. vita var samin fyrir nokkrum árum bók með því nafni. Höfundur þeirrar bókar samdi einnig aðra bók sem á íslensku er kölluð „Félagi Napóleon" þó að rétt íslensk þýðing á bókarheitinu á frummálinu sé „Dýragarðurinn" sem e. t. v. á betur við í þessu tilviki. Þar er sett fram sú kenning að allir séu jafnir en eigi að síður séu sumir jafnari en aðrir. Finnst mönnum eðlilegt, þó að nú sé árið 1984, að Alþingi og stjórnvöld mismuni fólki svo gróflega í réttindum eftir því hvaða störf það stundar að ákveðinn starfshópur í þjóðfélaginu fái að breyta öllum lausaskuldum sínum frá samfelldu 14 ára tímabili í löng lán á sama tíma og Lögbirtingablaðið, sem gefið er út af ríkissjóði, og Morgunblaðið og DV, sem gefin eru út af félögum sjálfstæðismanna, komast varla frá því að birta auglýsingar um nauðungaruppboð á eigum venjulegs launafólks? Því er ekki boðið upp á svona afgreiðslu, ekki einu sinni frá einu einasta ári hvað þá að hæstv. ríkisstj. bjóði launafólki upp á möguleika til að breyta lausaskuldum vegna íbúðakaupa og húsnæðisöflunar í lengri lán.

Það nær ekki nokkurri átt að hv. Alþingi skuli leyfa sér að gera svona upp á milli þjóðfélagsþegnanna hvað varðar lagaleg réttindi sem veita á. Sú grundvallarregla á að vera í íslensku stjórnarfari að við eigum allir að vera jafnir fyrir lögunum. Sumir eiga ekki að vera jafnari en aðrir. Það nær ekki nokkurri átt að Alþingi skuli gera sér leik að því að afgreiða breytingar eins og hér er um að ræða.

Það er fleira, herra forseti, sem er nokkuð óvanalegt við þann málatilbúnað. Skyldi það vera almenn regla í okkar þjóðfélagi að lántakendurnir fái hlutdeild í því að ákveða lánskjörin? Ef ég sæki eftir láni sem venjulegur launþegi, t. d. í banka, fæ ég þá eða fulltrúi minn að taka þátt í því að ákveða hvaða lánskjör mér skuli boðin, hvaða vexti ég eigi að borga af mínu láni? Nei, þetta er ekki sá háttur sem vanalega er hafður á um slík mál. Launþegar fá engin áhrif að hafa á slíkar ákvarðanir. En í 2. gr. þessa frv. er lagt til að ákvörðunin um lánakjörin á þessum lánum skuli tekin af stjórn veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. M. ö. o., fulltrúar þeirrar stéttar sem verið er að útvega lánin eiga að öðlast hlutdeild í því að ákveða hvaða lánskjör þeim skuli boðin. Ég vil biðja hæstv. landbrh. að svara þeirri spurningu hvort hann viti um eitthvert fordæmi fyrir því að slíkt hafi verið gert.

Í lögunum frá 1979, sem ég vitnaði í áðan um skuldbreytingarnar frá 1970—1979 vegna lausaskulda bænda, er ekkert svona ákvæði að finna. Þar er ekki gert ráð fyrir því að lántakendurnir fái að hafa áhrif á lánakjörin sem þeim eru boðin. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Getur hann fundið fordæmi um að svona hafi áður verið gert? Ég vildi gjarnan fá það upplýst. Finnst hv. alþm. þetta eðlilegur háttur á afgreiðslu mála? Ef þeim finnst það eiga þeir að láta eitt og hið sama ganga yfir alla því að allir viljum vér vera jafnir fyrir lögunum og allir landsmenn eiga að hafa sama rétt til sömu meðhöndlunar af stjórnvöldum. Í þessu landi erum við allir jafnir, þar eiga ekki sumir að vera jafnari en aðrir.

Ég vil líka, herra forseti, benda mönnum á að í 3. gr. er sú óvanalega afgreiðsla gerð að væntanlegum lántakendum er heimilað að veðsetja eigur ríkisins fyrir lausaskuldum sínum. Þar er gert ráð fyrir því að ábúendum á ríkisjörðum sé heimilt að veðsetja ríkisjarðirnar til tryggingar lausaskuldum sínum. Ég spyr: Er leigutökum í húsnæði ríkisins og stofnana þess, sem hafa tekjur af öðru en framleiðslu landbúnaðarafurða, heimilt að veðsetja ríkiseigurnar sem þeir leigja til tryggingar fyrir skuldum er þeir kunna að hafa stofnað til? Á maður sem er leiguliði hjá ríkinu ekki að hafa sama rétt án tillits til þess hvaða starfi hann sinnir? Eða

á hann að hafa meiri rétt ef hann framleiðir búvörur en hann hefur ef hann vinnur eitthvert launað starf á vegum ríkisins og stofnana þess?

Ég ætla ekki að draga í efa að þörf sé á að Alþingi afgreiði breytingu á lausaskuldum framleiðenda í landbúnaði frá 14 ára samfelldu tímabili í föst lán. Ég ætla ekki að draga það í efa. En ég spyr hæstv. ráðh.: Eru ekki fleiri framleiðendur í landinu en framleiðendur búvöru? Hvað um t. d. framleiðendur iðnaðarvöru? Hvað um þá sem vinna verðmæta framleiðsluvöru úr afurðum landbúnaðarins? Eru þeir ekki framleiðendur líka? Hafa þeir ekki líka stofnað til lausaskulda, svo að maður tali nú ekki um í heil 14 ár samfellt? Ég spyr hæstv. ríkisstj.: Hver er þeirra réttur? Hvernig stendur á því að þeir fá ekki að vera eins jafnir fyrir lögunum og sú atvinnustétt sem þetta frv. fjallar um? Og hvað um launafólkið sem er að missa eigur sínar á nauðungaruppboðum? Ekki stendur á að það sé krafið um fulla greiðslu fyrir allar skuldir sem það hefur stofnað til. Herra forseti. Á þetta fólk engan rétt? Á þetta fólk ekki að vera jafnt fyrir lögunum og þeir aðilar sem hér er verið að fjalla um og stjórnvöld eru búin að setja lög fyrir um breytingu á lausaskuldum s. l. 14 ár samfellt?

Herra forseti. Ég mun gera ráðstafanir til þess í samvinnu við aðra þá sem slíkt mál vilja með mér flytja að frv. verði lagt fram hér á Alþingi um breytingu á lausaskuldum launamanna í föst lán eftir nákvæmlega sömu fyrirmyndum og í anda nákvæmlega sömu reglna og hæstv. ríkisstj. leggur fram í þessu frv. Látum svo reyna á, herra forseti, hvort Alþingi Íslendinga vill lifa og starfa í anda þeirrar leikreglu að í þessu þjóðfélagi séu allir menn jafnir. Ég mun líka beita mér fyrir því að sams konar brtt. verði flutt við þetta frv. þannig að alþm. geti ekki skotið sér undan því að taka afstöðu með atkvæði sínu til slíks máls.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að frv. þetta er fram komið á hv. Alþingi og taka undir með hæstv. landbrh. um nauðsyn þess að hraða afgreiðslu þess. En um leið vil ég gjarnan beina því til hæstv. ráðh. að jafnframt því sem ég vænti þess að Alþingi greiði fyrir framgangi málsins í gegnum þingið verði unnið að undirbúningi á framkvæmd laganna eftir að þau hafa verið afgreidd þannig að þau framkvæmdaatriði sem við er að fást — og þau eru margvísleg — leiði ekki til þess að mjög mikill dráttur verði á því að unnt verði að hrinda málinu í framkvæmd.

Ég skal ekki fara út í þetta frv. efnislega í mörgum atriðum. Hæstv. landbrh. hefur skýrt tildrög þess og frv. efnislega. Fram hefur komið að frv. þetta er flutt í framhaldi af skipun nefndar sem skipuð var 10. des. 1982 til að kanna fjárhagslega afkomu bænda. Þessi nefnd starfaði undir formennsku Bjarna Braga Jónssonar hagfræðings, þáv. forstöðumanns hagdeildar Seðlabanka Íslands og nú aðstoðarbankastjóra þar. Nefndin skilaði bráðabirgðaáliti 11. maí s. l. og síðar tillögum sínum þann 9. sept. 1983. Síðan hefur mál þetta verið til meðferðar hjá landbrn. og ríkisstj.

Ég vil leggja á það ríka áherslu að tildrög þess að nefndin var skipuð og að frv. er nú flutt er mjög alvarlegur fjárhagslegur vandi bændastéttarinnar. Þessi vandi á sér rætur í nokkrum meginatriðum sem hér var lauslega drepið á. Ástæðulaust er að draga fjöður yfir það að árferði síðustu fjögurra ára af fimm hefur verið með þeim hætti að kalla má harðæri og hefði kostað felli á bústofni landsmanna ef slíkt árferði hefði dunið yfir fyrir einni öld eða tveimur. Fjögur af fimm síðustu árum hafa verið mjög köld og erfið, þrjú af þeim eru talin hin köldustu á þessari öld. Þeir sem verma sig í húsum inni við störf sín alla daga mættu gjarnan taka eftir þessu og leiða að því hugann að þær stéttir landsins sem eiga mikinn hluta af afkomu sinni undir veðri og vindum, sól og regni, árferði í landinu, hafa á þessum árum átt við harða kosti að búa.

Samtímis þessu hefur það gerst að vegna markaðsaðstæðna og fyrir stjórnunaraðgerðir hefur þurft að draga saman framleiðslu bændastéttarinnar sem jafnframt hefur komið harkalega við afkomu þeirra. Á sama tímabili, í þeirri verðbólgu sem hv. Alþingi er kunnugt um, hefur einnig verið tekin upp verðtrygging á lánum og hávaxtastefna. Slíkar fjármagnsbyrðar og verðtrygging á lánum koma harðar við landbúnaðinn og bændastéttina en, að ég hygg, við nokkra aðra atvinnustétt í þessu landi. Það stafar einfaldlega af því að fjármagn sem lagt er í hina hefðbundnu búvöruframleiðslu skilar seinna arði en það fé sem lagt er í flestar aðrar atvinnugreinar. Þess vegna hefur þetta ástand einnig átt mjög verulegan þátt í því að auka á erfiðleika bændastéttarinnar á þessu tímabili.

Ég skal ekki gera lítið úr því að einnig hafi verið um að ræða ófullnægjandi frumfjármögnun fjárfestingar, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, en ég hygg að þau þrjú atriði sem ég nefndi fyrr séu meginorsakir þess að við alvarlegan fjárhagslegan vanda er að eiga hjá bændastéttinni.

Í frv. því sem hér liggur fyrir og ekki er á nokkurn hátt óvenjulegt að gerð er greint frá því að ákvörðun um lánakjör skuli tekin af stjórn veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins og að fengnu samþykki landbrh.

Ég vil fyrst segja um þetta atriði að það er út af fyrir sig ekkert sérkennilegt enda þótt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni virtist svo vera áðan. Stjórn veðdeildar Búnaðarbanka Íslands er bankaráð Búnaðarbankans og þeir tveir fulltrúar sem nefndir eru til viðbótar eru stjórnarmenn í Stofnlánadeild landbúnaðarins. Og það er nú svo að Búnaðarbanka Íslands er ætlað að ábyrgjast þessi lán. Þannig að hér er ekki á nokkurn hátt óvanalega eða óeðlilega að farið.

Hitt vil ég segja um þetta atriði að hér skiptir auðvitað máli hvernig að er staðið. Það skiptir máli hvernig þau lánskjör verða sem ákveðin verða á þessum lánum, verði frv. þetta að lögum. Einnig skiptir það mjög miklu máli hvort tekst að framfylgja því, sem gert er ráð fyrir í till. nefndarinnar sem undirbjó málið, að 40% af þessari fyrirgreiðslu verði í reiðufé, verði í beinu lánsfé, vegna þess að ef það gerist ekki og fyrirgreiðslan verður nálega einvörðungu í skuldabréfaformi má búast við því að þau skuldabréf verði lítt seljanleg nema með stórum afföllum og fyrirgreiðslan þess vegna harla lítils virði. Þess vegna er þetta atriði ákaflega þýðingarmikið í framkvæmd þessa máls og ég treysti hæstv. landbrh. og ríkisstj. til að vinna að því að þetta geti tekist.

Ég held að ekki sé ástæða fyrir mig að fara út í önnur efnisatriði þessa máls nema að ítreka að ég legg nokkuð ríka áherslu á að leitað verði leiða til að framfylgja till. nefndarinnar sem málið hefur undirbúið um hluta af

þessari fyrirgreiðslu í lánsfé, í reiðufé, og enn fremur að lánskjörum á þessum bréfum verði haldið eins hagstæðum og mögulegt er.

Ég fullyrði að bændastéttin hefur þörf fyrir að svo verði á málum haldið.

Ég hef tilhneigingu til að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh. hvort önnur atriði sem að er vikið í skipunarbréfi nefndarinnar frá 10. des. 1982 hafi leitt í ljós það sem nefndinni er þar ætlað að kanna, þ. e. hvort greina megi misjafna afkomu hjá bændum milli landsvæða, og í öðru lagi hvort munur sé á afkomu bænda eftir því hvaða búgrein þeir stunda. Þessi atriði voru sett í skipunarbréf nefndarinnar með tilliti til þess að það harðindaskeið sem yfir okkur hefur gengið hefur án efa komið mismunandi við einstaka landshluta. A. m. k. sum árin hefur hvarflað að okkur sem erum bændur og hugsum um landbúnaðarmál hvort ekki sé alvarleg hætta á því að það fari að verða mjög mikill og áberandi mismunur á afkomu bænda eftir landshlutum. Þess vegna þætti mér fróðlegt að heyra hvort einhverjar upplýsingar hafa komið fram af hálfu nefndarinnar um þetta atriði eða hvort henni verði falið að vinna sitt verk eitthvað ítarlegar til að leiða slíkt í ljós.

Í öðru lagi var henni einnig falið að athuga hvort greina megi mismun eftir einstökum búgreinum. Því er ekki að neita að grunur leikur á að það ástand sem ríkt hefur í efnahagsmálum vegna verðbólgu, verðtryggingar lána og hárra vaxta kæmi mun harðar við sauðfjárbændur en mjólkurframleiðendur og framleiðendur ýmissa annarra tegunda búvöru vegna þess að sauðfjárbændur leggja inn sínar afurðir að meginhluta aðeins einu sinni á ári og verða að bera mjög mikla vaxtabyrði vegna rekstrar sinna búa annan tíma ársins. Enn fremur væri mér þægð í því ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa hvort eitthvað hefur komið fram um þetta atriði af hálfu nefndarinnar.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þá ræðu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti áðan. Þeim spurningum sem þar komu fram var að sjálfsögðu beint fyrst og fremst til hæstv. landbrh. og hann mun auðvitað svara þeim og þarf ekki neina aðstoð til. Ég vil aðeins segja að ég lít svo til að hér sé ekki um óvanalegt mál að ræða. Þetta frv. er flutt með svipuðum hætti og gert hefur verið áður varðandi landbúnaðinn og hv. þm. vék raunar sjálfur að í sínu máli. Hv. þm. gerði mikið úr því að gert væri upp á milli þjóðfélagshópa, á milli stétta í þjóðfélaginu. Þetta frv. varðar einn aðalatvinnuveg þjóðarinnar og ekki mun hafa farið fram hjá neinum að aðgerðir varðandi lengingu lána og skuldbreytingar hafa hvað eftir annað verið gerðar í þágu annarra atvinnuvega í þjóðfélaginu.

Hv. þm. talaði um að hér væri verið að breyta öllum lausaskuldum bænda í föst lán og það á fjórtán ára tímaskeiði. E. t. v. hefur hv. þm. lesið 1. gr. frv. fljótfærnislega, sem væri þó mjög ólíkt þessum hv. þm. sem við þekkjum hér í þingsölum til nokkurra ára, en þar segir, með leyfi forseta:

„... að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma."

Hér er sem sagt um fjárfestingarskuldir að ræða og skuldir vegna rekstrarvara í þessum atvinnuvegi. Hér er hvergi vikið að því að stefnt skuli að því að breyta í föst lán skuldum sem til er stofnað vegna persónulegra þarfa eða íbúðabygginga eða annars þess sem kemur ekki beint við atvinnurekstri.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hlýtur að átta sig á þessu ef hann hugsar sitt ráð, og þá betur en hann hefur gert að þessu leyti. Stundum væri honum þörf á að gera það betur en raun er á, sérstaklega og ekki síst þegar hann ræðir um landbúnaðarmál. Þrátt fyrir að verulegir erfiðleikar séu og hafi raunar oft verið í fjárhagsstöðu og efnahagsmálum bændastéttarinnar veit ég þess ekki dæmi að lánastofnun hafi tapað á lánum til bænda. E. t. v. vita aðrir slík dæmi en ég hygg að þau séu fá. Þess vegna er ástæðulaust að tala með þjósti og litlum velvilja og litlum skilningi í garð þessarar stéttar þegar um fjárhagsmálefni hennar er rætt á hv. Alþingi.

Ég vil ítreka það að ég mun fyrir mitt leyti leitast við að greiða fyrir því að frv. þetta fái liðlega meðferð í hv. Alþingi og greiða meðferð gegnum þingið og beina því enn til hæstv. ráðh. að leitast við að framkvæmd málsins taki ekki of langan tíma vegna þess að sannarlega eru margir sem bíða eftir því að unnt verði að koma þessu máli í framkvæmd. Þeir hafa raunar beðið eftir því nokkuð lengi og það hefur í för með sér að slíkir aðilar gera ekki aðrar ráðstafanir á meðan þeir bíða eftir þessari úrlausn. Sú úrlausn má þess vegna ekki dragast mjög lengi.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Hv. þm. Pálmi Jónsson, síðasti ræðumaður, hefur að nokkru leyti rakið þann misskilning sem virtist gæta í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar eftir það sem virtist vera, ef dæma má af máli hans, óvandaður lestur 1. gr. þessa frv. Ég skildi mál hans svo sem hann stæði í þeirri meiningu að hreinlega væri verið að færa bændum á silfurfati mikla fjármuni og gefa þeim þá og þeir ætluðu bara sjálfir að ráða þeim skilmálum sem gjöfin kæmi með. En eins og kom fram hér áðan er ekki um það að ræða, hér er ekki verið að gefa neinum neitt og hér er heldur ekki verið að lána mönnum út á einkaeyðslu, sólarlandaferðir, enda hafa bændur reyndar farið í fáar slíkar á undanförnum árum.

Hann talaði um forréttindi og sérréttindi. Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um að fáir yrðu fegnari að losna við að þurfa að búa við þessi forréttindi og sérréttindi — ef á þá að kalla það þeim nöfnum — en einmitt bændur. Mér er ekki kunnugt um að slík lán hafi á undanförnum árum verið á neinum gjafakjörum. Ef hv. þm. Sighvatur Björgvinsson getur upplýst okkur hér í hv. Nd. um það gerir hann það væntanlega á eftir, ef hann hefur þá haft fyrir því á annað borð að kynna sér lánakjör þessara lána eins og þau hafa verið hingað til.

Í sambandi við þetta tek ég undir með hv. þm. Pálma Jónssyni, 1. þm. Norðurl. v., um að miklu máli skiptir hvernig staðið verður að framkvæmd þessarar breytingar og á hvaða kjörum þau lán verða ef þau eiga að ná tilgangi sínum.

Ég tek undir það með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni — svo ég sé honum sammála um eitthvað í dag — að svo kann að fara og kann reyndar að vera svo þegar í dag að ýmsir fleiri þyrftu á slíkri aðstoð að halda á einhvern máta. En ég hefði heldur viljað leggja Sighvati Björgvinssyni lið til að berjast fyrir því að launþegar í þessu landi fengju þannig kjör að þeir þyrftu ekki á slíkum náðargjöfum að halda. (**SighB:** Er þetta þá

náðargjöf, herra þm., sem þú varst að enda við að mótmæla áðan?) Þú kallaðir þetta náðargjöf, ekki satt, hv. þm.? (**SighB:** Það er gott að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri.) Ef hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur ekki skilið orð mín get ég farið yfir það aftur að mér er ekki kunnugt um að hér standi til að gefa neinum neina peninga. Ég veit ekki betur en að bændur ætli að borga þessi lán til baka og það með fullum skilum eins og komið hefur fram að þeir eru manna líklegastir til að gera, hv. þm.

Dugar þetta þá um mína afstöðu? (**JBH:** Það fer eftir lánskjörunum, hv. þm.)

En ég leyfi mér að fullyrða að þó víða sé þröngt í búi um þessar mundir, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson eflaust veit, þá er það sennilega óvíða, ef þá nokkurs staðar, erfiðara en hjá mörgum bændum, sérstaklega þeim sem staðið hafa í miklum fjárfestingum á undanförnum árum á erfiðum greiðslukjörum og búið auk þess við samdrátt í framleiðslu og mjög óhagstætt tíðarfar. Þess vegna er ég fylgjandi því að lausaskuldum þeirra sem verst eru staddir í þeirri stétt verði á einhvern hátt breytt í löng lán eins og hér er gerð till. um. Hv. landbn. mun sjálfsagt skoða það með hverjum hætti þetta verður best framkvæmt og með hvaða kjörum sé nauðsynlegt að þessi lán verði ef þau eigi að ná tilgangi sínum.

Auk þess tek ég undir það sem hér hefur áður komið fram að ekki er verið að gera hér neitt sem er fortakslaust og fordæmislaust. Hliðstæðar ráðstafanir hafa þekkst og standa reyndar fyrir dyrum í ýmsum atvinnuvegum þjóðarinnar ef rétt er eftir þeim mönnum haft sem um það hafa talað. Þannig að ég held að ekki sé verið að gera bændur neitt jafnari en aðra. Út af fyrir sig er ég viss um að þeir væru manna fúsastir til að taka undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að allir ættu að vera jafnir því ég sé ekki annað en þeir högnuðust mest á slíkri jöfnun eins og staða þeirra er og hefur verið undanfarin ár.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég býst við að okkur hafi nú ekki komið á óvart ræða hv. 3. þm. Vestf. sem höfum heyrt hann ræða um landbúnaðarmál. En ég ætla ekki að fara að svara því á sömu nótum. Eins og ég sagði hef ég áhuga fyrir því að reyna að koma þessu máli sem fyrst til n., sem ég veit að mun fjalla ítarlega um það og þar sem það verður þá skoðað frá öllum hliðum. Hins vegar skal ég reyna að svara þeim beinu spurningum sem hv. 3. þm. Vestf. beindi til mín.

Ég ætla fyrst að leiðrétta að hér væri verið að breyta öllum skuldum bænda í föst lán. Það hefur komið fram hjá síðustu ræðumönnum að hér er um misskilning að ræða. Að einhverju leyti stafar hann kannske af frétt af þessu frv. þegar það var lagt fram. Ég vildi mælast til þess að það yrði þá leiðrétt, þannig að fram komi þær takmarkanir sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Í fyrsta lagi er aðeins um skuldir að ræða sem beinlínis er stofnað til vegna atvinnurekstrarins, afmarkaðra þátta hans, þ. e. fjárfestingar og fóðurkaupa vegna harðindanna sem orðið hafa á þessu tímabili.

Þar að auki er ákveði um að það verði að leggja fram nægjanlegt veð til þess að hægt sé að fá þessi lán. Er þá miðað við 75% af matsverði veðsins. Það mun vera lægra en þekkist í sumum öðrum atvinnuvegum, þannig að þar er síður en svo um nein forréttindi að ræða.

Hv. 3. þm. Vestf. sagði að það væri ekkert fordæmi fyrir því að ábúendur ríkisjarða megi veðsetja ábúðarjarðir sínar, eins og segir í 3. gr. En nákvæmlega það sama var í 3. gr. laga sem samþykkt voru á Alþingi 16. maí 1979 af þáv. stjórnarflokkum, sem hv. 3. þm. Vestf. var aðili að. Ég vil, með leyfi forseta, lesa 3. gr. þeirra laga:

„Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkvæmt lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánum."

Bændur á ríkisjörðum eru að því leyti verr settir en eigendur annarra fasteigna í landinu að þeir verða að fá leyfi fyrir því ef þeir vilja veðsetja hús sem standa á ríkisjörðum. Þeim er það óheimilt nema með samþykki landbrn. Hér er eingöngu um það að ræða að bændur fái að veðsetja sínar eigin eignir. En af því að þær standa á ríkisjörðum þarf þetta leyfi að fylgja.

Þá er spurning hv. 3. þm. Vestf. — eða fullyrðing um að bændur eða fulltrúar þeirra ákveði sjálfir lánakjörin. Það er gert ráð fyrir því, eins og hér hefur verið skýrt, að bankaráðið og auk þess fulltrúarnir í stjórn Stofnlánadeildar frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda ákveði þetta. Það er einmitt stjórn stofnlánadeildarinnar sem fjallar um lánakjör í landbúnaði og að því leyti er þarna um algjöra hliðstæðu að ræða. (**SighB:** Ég spurði um fordæmi fyrir þessu, hæstv. ráðh. Er það til?) Já, það er fordæmi um að þessir aðilar fjalla um aðrar lánveitingar í landbúnaði. (**SighB:** Þetta fordæmi er ekki til í lögunum frá 1979. Er það til í öðrum lögum?) Já, það er í lögum um stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins o. fl. (**SighB:** En í lögum um breytingu á lausaskuldum bænda? Er það til?) Ég hef svarað þessu. Það er fordæmi um aðrar lánveitingar til bænda.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. beindi til mín spurningum um hvort nefndin hefði skilað af sér öðrum verkefnum sem nefnd eru í erindisbréfi hennar. Það er ekki sundurgreining á milli landsvæða í nefndaráliti, en hins vegar kemur fram í umsóknum þeim sem veðdeildinni hafa borist hvernig lánsþörfin skiptist milli landshluta. Þar kemur ekkert fram heldur um skiptingu milli búgreina. En eins og ég sagði áðan hefur verið óskað eftir því við Þjóðhagsstofnun að efnahagsstaða bænda verði athuguð nánar og þá vænti ég að út úr þeirri athugun megi lesa hvernig þessum málum er varið.

Ég þakka svo þeim sem hafa tekið undir þetta frv. og mun, eins og kom fram í máli mínu áðan, reyna að vinna að öðrum þáttum þessa máls jafnhliða því sem Alþingi fjallar um það, þannig að sem fyrst megi hrinda því í framkvæmd ef Alþingi samþykkir lögin.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Hér er komið fram á Alþingi frv. sem var boðað í útvarpsauglýsingu frá veðdeild Búnaðarbanka Íslands og þannig fyrst kynnt landsmönnum síðustu helgina í okt. s. l. Þá urðu hérna utandagskrárumræður af því tilefni. Með leyfi hæstv. forseta langar mig að lesa aftur auglýsinguna. Hún var svona:

„Bændur. Ríkisstj. áformar að leggja fram frv. til l. um breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán. Þeir sem vilja notfæra sér þá heimild sem lögin kunna að

veita, verði frv. samþykkt, sendi umsóknir til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, Laugavegi 120, Reykjavík, fyrir 15. nóv. Umsókninni fylgi veðbókarvottorð og afrit af síðasta skattframtali þeirra sem ekki hafa þegar sent það til Stéttarsambands bænda."

Þetta var undirritað af veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Um þetta urðu umr. þó nokkrar. Það þótti ýmsum skjóta við skökku að það kæmi í hlut veðdeildar Búnaðarbankans að tilkynna ásetning ríkisstj. um setningu lagafrv. og það þótti líka dálítið langt gengið að auglýsa eftir umsóknum um lán skv. frv. sem ekki væri farið að draga til stafs um. Það var lögð fram spurning í þessari utandagskrárumræðu um hvort hæstv. landbrh. teldi eðlilegt að auglýst væri eftir umsóknum um lán sem ættu að byggjast á frv. sem ekki væri búið að semja.

En nú er frv. komið og þá er loksins hægt að líta á það. Nú verð ég örugglega merktur bændahatari af því ég voga mér að taka til máls um þetta, þó ég sé af bændum kominn og vilji helst að bónda aftur verða. Ýmislegt kemur í hug við lestur þessa máls og við að hlusta á þessar umr. Í fyrsta lagi er hérna á ferðinni enn eitt óstoppaða gatið í lánsfjármálum ríkisstj., sem nú eru reyndar til umr. í þessari hv. deild. Það var langur fundur í hv. fjh.- og viðskn. um lánsfjárlög og lánsfjármál stjórnarinnar í morgun og það verða vafalaust margir fundir um þau enn. Það hefur komið í ljós að lánamál og fjárhagsmál stjórnarinnar eru flókin og erfið, ekki síst þar sem til standa viðamiklar skuldbreytingar, t. d. í sjávarútvegi, sem alls eru ókunnar, og hér eru boðaðar skuldbreytingar í landbúnaði.

Fyrsta spurningin sem vaknar er þessi: Hvar á að afla þessara 150 millj. a. m. k.? Önnur spurningin sem vaknar er hvort ekki sé eðlilegt að fjh.- og viðskn. hv. deildar fjalli um þetta mál eins og önnur lánsfjármál um þessar mundir en ekki landbn. Ég legg til að þessu máli verði vísað til hæstv. fjh.- og viðskn. þannig að það geti komið þar til umr. um leið og önnur lánsfjármál ríkissjóðs liggja þar fyrir. Þetta er ein hliðin á þessu máli.

Önnur hliðin er sú að það setur að mönnum vissan ótta um nýjasta ramma ríkisstj., 60% rammann, sem á við hlutfall lána af þjóðarframleiðslu. Hann virðist nú vera orðinn ansi sveigjanlegur og teygjanlegur ef hann á að taka við þeim viðbótarskuldum sem þegar hafa verið boðaðar.

Næsta atriði sem ég vildi gera að umtalsefni eru reglur um úthlutun þessa fjár og markmiðið með þessari úthlutun. Þetta á við skuldbreytingar yfirleitt, á við skuldbreytingar í landbúnaði og skuldbreytingar í sjávarútvegi. Það er grundvallaratriði að mönnum séu kunn þau meginmarkmið sem skuldbreytingarnar stefna að. Það hefur ýmislegt verið rætt um sjávarútveg. Menn hafa talað um að ekki mætti búa svo um hnútana að allir séu dregnir upp á þurrt land, að hysjað sé upp um alla, skussana jafnt sem þá sem vel hafa staðið að sínum búskap. Allar þær röksemdir og umr. eiga við í sambandi við skuldbreytingar landbúnaðarins líka. Svona aðferðir hljóta að verða að verka á almenna réttlætiskennd þjóðarinnar í fjármálum og þá spyrja menn sig: Hvað með iðnaðinn í þessu landi og hvað með launamennina? Þannig er fullkomlega eðlilegt að þeim spurningum sé varpað hérna upp hvort við eigum þá að stefna að allsherjar skuldbreytingu fyrir alla, konur og karla.

Þetta vekur líka til umhugsunar um rekstrargrundvöll atvinnuveganna í þessu landi, t. d. landbúnaðarins. Við höfum í fyrsta lagi þannig fyrirkomulag, að í landbúnaði er greiddur af sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar mismunur á kaupgetu almennings og framleiðslukostnaði búvaranna. Ef þetta dugar ekki eru skuldirnar sem safnast á sama tímabili teknar og settar í poka og framlengdar með aðgerðum ríkisvaldsins. Ég á marga frændur í bændastétt sem eru löngu orðnir leiðir á svona gervirekstrargrundvelli. Ég held að það sé virkilega kominn tími til þess að menn athugi sinn gang og velti því fyrir sér hvort ekki sé hægt að finna heilbrigðari rekstrargrundvöll fyrir atvinnurekstur í þessu landi og þá í þessu tilfelli landbúnað, vegna þess að ég held að hugur bæði bænda og almennings í þessu landi standi til þess að hér sé öðruvísi staðið að málum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs var hv. varaþm. Sighvatur Björgvinsson að blása sig út í vonsku og allt á tómum misskilningi byggt og það var að brjótast um í honum einhver gömul vonska út í bændur. Nú hefur þessi misskilningur verið leiðréttur í flestöllum atriðum svo ég get mjög stytt mál mitt.

Ef hv. þm. hefði lesið frv. hefði hann séð það strax að þarna gat ekki verið um allar lausaskuldir bænda að ræða. Það eru 605 umsóknir sem síðan á eftir að flokka. Því miður eru miklu fleiri en 605 bændur á Íslandi með verulegar lausaskuldir, þó þeir hafi ekki sótt um skuldbreytingu og hyggist freista þess að borga þær með öðrum hætti.

Það er eðlilegt að velta fyrir sér þeirri spurningu á hverjum tíma, þegar farið er út í svona aðgerð, hvort sem það er fyrir þennan atvinnuveg eða aðra, hvort réttmætt sé að skuldbreyta. Ég er þeirrar skoðunar að það sé réttmætt og það skapi grundvöll til heilbrigðari rekstrar og skapi grundvöll til þess að í þessu tilfelli geti búskapurinn gengið og komist á réttan kjöl. Ég var þeirrar skoðunar á stéttarsambandsfundi 1976 og þá var ég tillögumaður að könnun á lausaskuldamálum sem voru svo undanfari lagasetningarinnar 1979. En í þeirri könnun sem Stéttarsambandið gerði kom mjög glöggt í ljós að þeir bændur sem fengu lausaskuldafyrirgreiðslu 1969, þ. e. næst áður, höfðu yfirleitt rétt úr kútnum. Þeir höfðu yfirleitt komið lagi á sinn búrekstur. Og þetta mun sannast, að þarna er um verulega úrbót að ræða.

Nú er þörfin alveg tvímælalaus. Það hefur verið bent á í þessum umr., sem menn að vísu áttu að vita, að það hefur verið harðæri um ýmsa hluta landsins undanfarin ár og að því leyti hafa þau verið mjög óhentug til búrekstrar. Illu heilli tókum við upp fyrir nokkrum árum vaxtaokurstefnu Alþfl. sem var nærri búin að ríða öllu atvinnulífi landsmanna að fullu og við erum svo sem ekki búnir að bíta úr nálinni með enn. Atvinnugrein eins og landbúnaður, þar sem fjármagnshreyfingar eru hægar, getur síst af öllu staðið undir vöxtum sem eru ákveðnir með þeim hætti sem við höfum mátt búa við á undanförnum árum, og dýrtíð kemur náttúrlega mjög illa við landbúnaðinn.

Það er eitt til viðbótar sem ég hef ekki tekið eftir að hafi komið fram í þessum umr., nema þá óbeint hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Guðmundi Einarssyni, að

verðákvörðunin stenst ekki. Það verðlag sem ákveðið er á hverjum tíma stenst ekki. Bændur ná ekki því verði sem þeim er ætlað. Ég get vitnað til einnar sýslu í kjördæmi mínu þar sem vantar um 20 millj. upp á að bændur fái skráð verð fyrir landbúnaðarafurðir 1983. Þetta eru svona 150—200 þús. kr. á bónda og er þá sem sagt mestallt kaup bóndans. Ef afurðirnar seljast ekki fyrir það verð sem fyrir þær er ætlast til að fáist kemur þetta náttúrlega þannig niður að þegar bóndinn er búinn að borga rekstrarvörur og tilkostnað við búrekstrinn stendur hann uppi slyppur eða hér um bil slyppur og sumir miklu verr en slyppir.

Ekki er hægt að búast við því að verslanir eða kaupfélögin geti endalaust lánað úttekt til rekstrarins og það er ekki hægt að búast við því heldur að bankarnir geti veitt skammtímalánafyrirgreiðslu á þessum nótum. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef ekki verður af þessari skuldbreytingu eru mjög verulegir erfiðleikar fyrir höndum hjá flestöllum þessum 605 bændum.

Það er ekkert einsdæmi að skuldbreyting sé gerð í landbúnaði. Við höfum kynnst miklu fleiri skuldbreytingum í sjávarútvegi en í landbúnaði og þær hafa komið að gagni. Sjávarútvegurinn væri löngu strandaður ef ekki hefðu komið til skuldbreytingar í sjávarútvegi. Skemmst er svo að minnast þess að skuldbreytt var fyrir nærri 200 millj. fyrir húsbyggjendur nú í sumar og haust.

Ég vil hvetja hv. landbn., sem að sjálfsögðu fær þetta mál til meðferðar, að vinna hratt að málinu og ég treysti því að hv. Alþingi beri gæfu til þess að afgreiða þetta mál sem fyrst. Það er mjög brýnt.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn þegar umr. fara fram hér á hv. Alþingi um málefni bænda að ef einhverjir verða til þess að spyrja spurninga eða gagnrýna mál af þessu tagi eru viðbrögðin gjarnan á sömu lund eins og t. d. kom mjög skilmerkilega fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Hann talaði um að hv. 3. þm. Vestf. hefði verið að skeyta skapi sínu á bændum, verið hér í einhverjum ham með vonsku í garð bænda, hnykkir síðan á með því að vandann bæri fyrst og fremst að rekja til þess sem hann kallaði vaxtaokursstefnu Alþfl. o. s. frv.

Eru einhver tilefni til þessara ummæla? Nei. Hv. 3. þm. Vestf. sagði ekkert efnislega um að þessi till. um skuldbreytingu til bændastéttarinnar væri óþörf. Hann lagði engan dóm á það, tók það skilmerkilega fram í sínu máli. Hann lagði hins vegar út af hugtakinu jafnrétti og hvort menn væru jafnir hér fyrir lögum. Hann spurði ákveðinna spurninga um það hvort aðrir aðilar í þessu þjóðfélagi eins og t. d. óbreyttir launþegar, sem sannarlega búa margir hverjir við hallæri þessi misserin, mættu eiga von á viðlíka fyrirgreiðslu. Hann spurði hvort aðrar atvinnustéttir — jafnvel stéttir sem njóta mun lakari fyrirgreiðslu í sjóðakerfi landsmanna og mætti ég þar t. d. nefna íslenskan iðnað — mættu eiga von á svipaðri fyrirgreiðslu eða hvort fordæmi væru fyrir því að þessar stéttir hefðu notið þess, ekki aðeins s. l. 14 ár heldur s. l. áratugi samfellt, að hér væru lögð fram og samþykkt á Alþingi lög af þessu tagi um skuldbreytingar, ekki aðeins í nokkur ár vegna hallæris sem talað er um í fjögur ár heldur samfellt í 14 ár og fjórum sinnum á undanförnum áratugum þar á undan. Spurningin er þessi: Eru Íslendingar jafnir fyrir lögum?

Og um vaxtaokursstefnu Alþfl., hv. þm. Ég ætla að láta mér nægja að rifja upp fyrir hv. þm. að það sem hann kallar því óvirðulega nafni er að finna í lagabálki sem kenndur er við formann Framsfl. og er hans stolt og eftirlæti í lífinu, sennilega mesta afrek í lagasmíð sem heitir Ólafslög. En þar var sett það markmið að stefnt skyldi að raunvöxtum í áföngum á tilteknu tímabili. Niðurstaðan varð hins vegar sú að framkvæmdin tókst ekki en hefur í tíð núv. ríkisstj. tekist a. m. k. svo vel að raunvextir hafa ekki í annan tíma verið hærri. Það skal síðan tekið fram að þessi lög voru að sjálfsögðu samþykkt af Framsfl. og þar á meðal þeim hv. þm. sem nú gefur sjálfum sér þessi eftirmæli.

Ef það er álit ekki einasta hæstv. landbrh. heldur núv. ríkisstj. og stjórnarmeirihluta á Alþingi að vegna hallæris í landbúnaði s. l. fjögur ár, og reyndar s. l. 14 ár og s. l. áratugi, beri nauðsyn til að setja slík lög er meginspurningin sú: Geta aðrir aðilar sem sannanlega geta fært sönnur á hörmulegan aðbúnað þessi misserin átt von á því að fá viðlíka fyrirgreiðslu?

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vitnaði í Orwell og Animal farm og orðtakið fræga: Sumir eru jafnari en aðrir. Ég vil vekja athygli á því, hv. þm., að þeir þrír þm. sem talað hafa hér fyrir þessu máli, hæstv. landbrh., hæstv. fyrrv. landbrh. og hv. formaður þingflokks Framsfl., eiga hér allir mikilla hagsmuna að gæta. Allir eru þessir hv. þm. atvinnurekendur í þessari starfsgrein. (**Gripið fram í:** Allt saman lán handa þeim.) Má ég, með leyfi hæstv. forseta, rifja upp að í 4. kafla laga um fundarsköp á Alþingi Íslendinga segir í 45. gr.:

„Enginn þm. má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.“

Ég vil bara biðja hv. þm. að hugleiða hvað í þessum orðum felst. Ég var að vitna í þingskapalög á Alþingi Íslendinga.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson færði rök að því að það mundi vera harla óvenjulegur afgreiðslumáti sem fælist í þessum lögum. Hvað er óvenjulegt við hann? Það er í fyrsta lagi að við erum ekki að tala um skuldbreytingalán núna í fyrsta sinn frá árinu 1979 skv. þessu frv. Við erum að tala um að þetta er orðinn fastur liður í stjórnarstefnu í landbúnaðarmálum. Þetta er eitthvað sem lánastofnanir, lánardrottnar, kaupfélög og aðrir slíkir aðilar geta gengið út frá sem gefnu, það er m. ö. o. regla en ekki undantekning sem við erum að fjalla um, skuldbreytingar með reglulegum hætti samfellt áratugum saman eru regla en ekki undantekning. Þá er spurt: Eru fordæmi fyrir því að aðrar stéttir í þjóðfélaginu njóti sömu kjara?

Í annan stað vakti hann athygli á því að óvenjulegt væri að ákvörðun um vaxtakjör við slík lán skyldi vera að hluta til í höndum lántakendanna sjálfra. Ekki fer á milli mála að þarna er kveðið á um að Stéttarsamband bænda skuli vera aðili að ákvörðuninni um vaxtakjör. Hvernig eru vaxtakjör yfirleitt ákveðin á Íslandi? Eins og hv. þm. vita er það í stórum dráttum á valdi Seðlabanka Íslands sem styðst við ákveðna löggjöf oft á tíðum og í samráði við ríkisstj. Það er hins vegar ekki hin almenna regla að vaxtakjör séu ákveðin af þeim sem taka við lánum. Eru vaxtakjör ákveðin af húsbyggjendum? Venjan er ekki sú. Þannig að ég held að það standist fyllilega sem hv. þm. sagði að þetta er hvort tveggja heldur óvenjulegt.

Ég vík aftur að spurningunni: Mega aðrar stéttir eiga von á sambærilegri fyrirgreiðslu? Það vill svo til að í hádeginu vorum við nokkrir fulltrúar þingflokks Alþfl. á viðræðufundi með Landssambandi ísl. iðnaðarmanna. Talsmenn iðnaðarins lögðu fram upplýsingar um hlut iðnaðarins í fyrsta lagi í atvinnustarfseminni í landinu, hversu margir þeir væru sem störfuðu innan vébanda Landssambands ísl. iðnaðarmanna og reyndar Félags ísl. iðnrekenda. Þeir gerðu nokkra úttekt á því hver væri hlutur iðnaðarins í hinni almennu lánastarfsemi í landinu, annars vegar að því er varðaði fjárfestingarlán og hins vegar að því er varðaði rekstrarlán. Þeir vöktu athygli á því að hinn hefðbundni iðnaður á Íslandi nýtur t. d. ekki þeirrar forgjafar í lánastarfsemi að njóta sérstakra kjara í sambandi við afurðalán og ef litið væri til lengri tíma væru lánskjör iðnaðarins mun lakari en annarra greina þrátt fyrir að þetta er sú atvinnugrein sem veitir hvað flestum atvinnu. Auðheyrt var á þeim að þeir töldu nú ástæðu til og nefndu það mál sem hér liggur fyrir sem fordæmi, að beina því mjög alvarlega til ríkisstj. að lagt verði fram á Alþingi sams konar frv. um skuldbreytingar í íslenskum iðnaði. Þeir nefndu t. d. þau áföll sem heilar starfsgreinar hafa orðið fyrir, eins og t. d. húsgagnaframleiðsla eða innréttingaframleiðsla, þeir nefndu t. d. stórt fyrirtæki norður á Akureyri sem nú er að leggja upp laupana og segja upp starfsfólki í stórum stíl vegna þess að það hefur verið kafsiglt af innflutningi. Nú spyr ég: Má vænta þess að talsmenn íslensks iðnaðar njóti jafn ljúflega og jafn greiðlega sams konar kjara og lagt er til hér? Megum við vænta þess að innan fárra daga verði lagt fram frv. um skuldbreytingar í íslenskum iðnaði og að kjörin í sambandi við það verði ákveðin með sama hætti og hér er gert ráð fyrir?

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði nóg að því er varðaði hlut launþega í þessum samanburði, hann boðaði að hann mundi flytja hér brtt. sem hv. þm. verða þá að taka afstöðu til og efnislega og jafnvel orð fyrir orð verður nákvæmlega með sama hætti og hér er lagt til að gildi varðandi bændur. Þá reynir á það hvort hv. þm. standa við það í verki að við séum allir jafnir fyrir lögum eða hvort sumir eru jafnari en aðrir.

Hv. 1. þm. Norðurl. v., hæstv. fyrrv. landbrh., notaði þau orð í ræðu sinni að hallæri hefði verið í landbúnaði á undanförnum árum. Samkvæmt því sem fyrir liggur um skuldbreytingar í landbúnaði hefur verið hallæri í landbúnaði s. l. áratugi. En ástæða er til að spyrja sjálfan sig: Hverjum er þetta í hag? Hverjir eru það sem ábyrgð bera raunverulega á þessari lánastarfsemi? Fram kemur í grg. að það muni fyrst og fremst vera venjulegar lánastofnanir og kaupfélög. Spurningin er þessi í ljósi yfirlýsinga ríkisstj. um stefnubreytingu í allri hagstjórn, um kröfu um aukna ábyrgð þeirra sem stýra fjármálastofnunum, um mat á arðsemi í lánveitingum: Hvaða áhrif hefur aðgerð eins og þessi, þegar hún hefur staðið ekki aðeins í nokkur ár, ekki aðeins við óvenjulegar kringumstæður, heldur áratugum saman, á störf þeirra sem lána fé? Hvað mundu þeir segja sem vita af áratuga reynslu að lánað fé í þessari atvinnugrein t. d. er alveg gulltryggt með ríkisábyrgð, því verður alltaf skuldbreytt undir öllum kringumstæðum, það er engin áhætta tekin? Hvernig litist talsmönnum núv. ríkisstj. á það ef þetta væri sú grundvallarregla sem ríkisstj. hyggst styðjast við í málefnum allra atvinnugreina? Ætli það yrði mikill árangur í viðureigninni við verðbólguna ef þetta yrði haft að leiðarljósi? Hverjir eru það sem fengið hafa þessi lán fyrst og fremst frá þessum lánastofnunum? Liggja fyrir einhverjar upplýsingar um það, hæstv. landbrh.? Liggur ljóst fyrir að það sé fyrst og fremst sá hluti bændastéttarinnar sem við lökust kjör býr sem notið hefur þessarar lánafyrirgreiðslu eða má vera að það séu fyrst og fremst hinir efnameiri bændur sem fengið hafa þessi lán? Hverjir eru það í landbúnaði sem fyrst og fremst hafa efnt til nýfjárfestingar á undanförnum árum?

Enginn er búmaður sem ekki kann að barma sér. Þrátt fyrir allan barlóm skulum við minnast orða hv. fyrrv. þm. Björns á Löngumýri sem sagði í frægu viðtali: „Það vill nú svo til, sem betur fer, að hér á Íslandi eru mjög margir sterkefnaðir menn í bændastétt.“ Hann tíundaði um það mörg dæmi. Þeir sem eitthvað þekkja til í sveitum og eitthvað hafa kynnt sér landbúnaðarstefnu og fyrirgreiðslu við þessa stétt manna vita að það er fjöldinn allur af mönnum í bændastétt, sem betur fer, sem eru miklu meira en bjargálna menn, sem eru efnamenn. Ég spyr: Væri ekki ráð að leggja fram einhverjar upplýsingar um það hvort þessi skuldbreyting er fyrst og fremst í þágu þeirra sem mest hafa umleikis, stærst reka búin, mest hafa beitt sér í fjárfestingu, eða til annarra? Byggir þessi stefna á því að fyrst og fremst eigi að bjarga þeim sem búa við verst skilyrði eða verst hafa rekið sinn búskap? Það væri ráð að fá það upplýst.

Ég er þeirrar skoðunar að öll stjórnun fjárfestingar á Íslandi, allt það sjóðakerfi sem hróflað hefur verið upp á undanförnum áratugum í þágu atvinnuveganna þar sem hver atvinnugrein hefur raunverulega eyrnamerkt sér sérstaka sjóði, sem síðan hafa löngum verið fjármagnaðir með sérstökum kjörum, lúta síðan þeim reglum að þeim er yfirleitt stjórnað af öflugum hagsmunaaðilum innan þessara sömu greina og veita og reka lánveitingapólitík, sem er í stórum dráttum rammskorðuð og íhaldssöm, þar sem lán eru ævinlega veitt eftir sömu gömlu formúlunni, jafnvel sjálfvirkum reglum til sömu aðilanna, að allt þetta kerfi sé ein meginundirrót verðbólgu á Íslandi, sé ein versta meinsemdin í íslenskri hagstjórn og þurfi að skera upp algerlega frá rótum. Ég veit að mjög margir í röðum hv. stjórnarþm. væru mér innilega sammála um þetta.

Þetta mál er kannske afsprengi af þessu úrelta og vitlausa sjóðakerfi. Þeir menn sem vilja kannske fitja upp á nýjungum, hvort heldur er í landbúnaði eða iðnaði, og efna til nýrrar starfsemi sem líkur benda til að geti skilað mikilli arðsemi og átt sér verulega framtíð, jafnvel á útflutningsmörkuðum, eiga oft í miklum erfiðleikum þegar þeir standa frammi fyrir þessu íhaldssama hefðbundna sjóðakerfi. Það er enginn sem hlustar á aðila sem ekki eiga beinna hagsmuna að gæta í kerfinu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég vil aðeins vekja athygli á því að það sem hér hefur verið sagt um þetta frv., í fyrsta lagi varðandi þá reglu að skuldbreytingar hafa farið fram áratugum saman í landbúnaði, í öðru lagi að lánskjörin eru ákveðin að hluta til af viðtakendunum sjálfum og í þriðja lagi að hér stendur skilmerkilega að ábúendur ríkisjarða mega veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar þessum lánum, allt stendur þetta óhaggað. Hins

vegar skortir mikið á að nægilegar upplýsingar hafi verið lagðar fram um það hverjum í hag þessar lánveitingar eigi að vera, það þarf að fást upplýst, áður en menn taka afstöðu til þess hvað hér er um mikla fjármuni að ræða, hvað miklum fjármunum hefur verið varið til þess á undanförnum gildistíma laganna frá 1979 og reyndar allan tímann aftur úr. Hver er staða bankakerfisins til að veita þessi lán? Hvaða framkvæmdir og hvaða fjárfestingar eru það fyrst og fremst sem verið er að niðurgreiða? Og síðast en ekki síst: Er ríkisstj., sem leggur fram svo stefnumarkandi plagg fyrir einn atvinnuveg í landinu, reiðubúin til að svara því hér og nú að aðrir atvinnuvegir, sem líkt er ástatt fyrir, muni njóta ekki lakari fyrirgreiðslu en hér er lagt til? Að lokum, herra forseti, legg ég til ef þessari umr. er haldið áfram að þeir þm. sem hér eru að tala um brýna eigin hagsmuni sín sjálfra stilli orðum sínum í hóf þegar þeir gagnrýna aðra eins og t. d. okkur Alþfl.-menn fyrir að gagnrýna landbúnaðarstefnu framsóknarmanna.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur vakið athygli við þessa umr. að hæstv. landbrh. og hv. formaður þingflokks Framsfl. hafa lagt á það mikla áherslu að þessu frv. verði hraðað í gegnum þingið. Engu að síður er ljóst að mjög skortir á að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir um þetta mál. Hér rakti síðasti ræðumaður nokkur þau atriði sem nauðsynlegt er að fá skýr svör við áður en Alþingi getur fjallað nánar um það með hvaða hætti á að afgreiða þetta frv. Er hæstv. landbrh. t. d. reiðubúinn að láta landbn. og fjh.- og viðskn. þessarar deildar í té úttekt á því um hvaða fjárfestingu er þarna að ræða, hverjir eru þeir aðilar sem hafa sótt um þessar skuldbreytingar og hverjar þær framkvæmdir sem þeir ætla sér að fjármagna með þessum hætti? Hver er tekjudreifing þeirra? Slík gögn eru algerlega nauðsynleg ef Alþingi á að geta tekið með sómasamlegum hætti afstöðu til þessa frv.

Það gengur ekki að stjórnarliðar séu að reka með þessum hætti, sem hér hefur verið gert, á eftir afgreiðslu mála þegar þeir sjálfir leggja þetta mál svo seint fram. Ef það er það brýna nauðsynjamál sem þeir hafa talað hér fyrir hefði það átt að vera komið fram fyrir mörgum mánuðum síðan. Upplýst er að nefndin hefur skilað af sér fyrir alllöngu síðan. Það er því eitthvað annað sem liggur að baki kröfunni um að hraða afgreiðslunni hér án þess að nægilegar upplýsingar liggi fyrir. Ef hæstv. landbrh. og formaður þingflokks Framsfl. vilja sjálfir stuðla að því að þetta mál verði afgreitt er nauðsynlegt að þeir beiti sér fyrir því að þessar upplýsingar verði lagðar fram. Einnig er óhjákvæmilegt, eins og hér hefur komið fram í umr., að þetta frv. verði skoðað í samhengi við það frv. til lánsfjárlaga sem er til afgreiðslu í þessari hv. deild. Fram kom í upplýsingum sem fulltrúar Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar gáfu á fundi fjh.- og viðskn. í morgun að þær skuldbreytingar sem hér er verið að tala um eru meðal þeirra gata sem eru í lánsfjárlagafrv. Fulltrúar þessara sérfræði- og stjórnunarstofnana höfðu engar upplýsingar um það með hvaða hætti ætti að fjármagna þessa skuldbreytingu. Þeir greindu jafnframt frá því að í lánsfjárlögum, eins og þau eru hér lögð fram í frumvarpsformi, sé ekki reiknað með því að þetta komi inn í dæmið. Þess vegna er alveg ljóst að með þessu frv. er verið að fara fram á breytingu á veigamiklum efnisþáttum lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga ef ætlunin er að reka skynsamlega hagstjórn á þessu ári. Þess vegna er fullkomlega eðlileg krafa að fjh.- og viðskn. fái að fylgjast náið með afgreiðslu þessa máls. Æskilegast væri að landbn. og fjh.- og viðskn. fjölluðu sameiginlega um málið, einkum og sér í lagi ef ljóst er að slík nauðsyn sé að hraða afgreiðslu eins og hér hefur komið fram í umr.

Ég vil þess vegna óska eftir því áður en þessari umr. lýkur að hæstv. landbrh. og formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar, hv. þm. Páll Pétursson, geri grein fyrir því hvort þeir eru reiðubúnir til að stuðla að því að þessar upplýsingar verði allar lagðar fram. Í öðru lagi að hæstv. ráðh. geri skýra grein fyrir því hvernig eigi að fjármagna þessa skuldbreytingu. Hvaðan á fjármagnið að koma?

Ljóst er að ríkisstj. hefur hengt sig aftan í ákveðið mark varðandi erlenda skuldsöfnun. Hæstv. fjmrh. hefur gert það með þeim hætti að hann hefur lagt sinn ráðherrastól að veði fyrir því að erlendar lántökur fari ekki yfir 60% af þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum. Á sama tíma er einnig ljóst að óleystur vandi atvinnuvega, húsbyggjenda og fjölmargra annarra aðila hleðst upp og enginn hefur hugmynd um hvernig eigi að leysa hann. T. d. kom fram á fundi fjh.- og viðskn. í morgun að menn draga mjög í efa, hæstv. félmrh., að það fjármagn fáist til húsnæðislánakerfisins eftir innlendri fjármögnunarleið sem ráðh. hefur marglýst yfir að verði útvegað þótt hann greini nokkuð á við hæstv. fjmrh. um það efni. Einnig kemur í ljós að hæstv. fjmrh. ætlar að hefja hér útboð á ríkisvíxlum innan tíðar sem verða í samkeppni við fjármögnun atvinnuveganna. Enn fremur kemur í ljós að hæstv. fjmrh. hefur bætt mjög kjör á sérstökum sparnaðarbréfum sem ríkið gefur út til þess að geta tekið enn meira af sparifénu í landinu — til ríkisins frá atvinnuvegunum — en gert hefur verið.

Það er þess vegna alveg ljóst að á sama tíma og þetta frv. er hér til umr. er fjmrn. önnum kafið við að finna upp alls konar kúnstir í formi nýrra ákvæða varðandi sparnaðarbréf og útgáfu ríkisvíxla, sem eiga örugglega eftir að verða með mjög sérkennilegum hætti, til að draga inn í fjmrn. og ríkiskassann æ stærri hluta af fjármagninu í landinu frá atvinnuvegunum. Í ljósi þess er enn brýnni nauðsyn á því að hæstv. landbrh. svari því hvernig hann ætli að tryggja það í samkeppni við ríkisvíxla og sparnaðarbréf fjmrn. að fjármagn fáist til þessara skuldbreytinga.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni en að gefnu tilefni frá hæstv. landbrh. og hv. þm. Páli Péturssyni ítreka að sé ætlunin að afgreiða þetta mál á næstunni er nauðsynlegt að þeir hafi forgöngu um að svör við öllum þessum spurningum liggi fyrir innan tíðar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ef hv. þm. hafa ekki tekið eftir því fyrr að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur tekið sæti hér á Alþingi vita þeir það a. m. k. eftir síðasta kast sem hann fékk í ræðustólnum áðan í sambandi við frv. sem hér er til umr. En þó fannst mér annað athyglisverðara, að ræða hv. þm. skyldi fara þannig í hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson að hann fyndi þörf hjá sér til að tala hér lengi til að reyna að verja þm. Sighvat Björgvinsson eins og hann gerði

áðan. Það hefur ekki komið fyrir svo ég muni til hér á Alþingi áður.

Hér hafa komið ýmsar spurningar fram um þetta frv. Í fyrsta lagi. Hvaða markmiði er verið að reyna að ná í sambandi við þessa skuldbreytingu? Öllum hlýtur að vera ljóst að um 1975 varð mikil breyting í sambandi við lánakjör. Þeir sem voru búnir að framkvæma t. d. á jörðum sínum áður bjuggu við allt aðrar aðstæður en þeir sem fóru í framkvæmdir og ég tala nú ekki um að kaupa jarðir eftir þann tíma. Það eru yfirleitt yngri bændurnir sem sitja uppi með þessa sérstöku aðstöðu. Eins og fram hefur komið í þessum umr. hafa a. m. k. þrjú af fimm síðustu árum verið þau köldustu á þessari öld. Enginn atvinnuvegur er jafnnæmur fyrir slíku og landbúnaðurinn. Þarna eru komnar fyrst og fremst tvær ástæður fyrir því að hallað hefur verulega á bændur, sérstaklega hina yngri. Ég tel að það markmið sem er verið að reyna að ná með þessari skuldbreytingu sé að greiða fyrir stórum hópi af yngri bændum, sem hafa verið í framkvæmdum á undanförnum árum og hafa lent í þessu harðæri. En þeir hafa ekki gefist upp. Ég þekki það dálítið. Það var hópur af mönnum t. d. í mínu kjördæmi sem var talið að stæði mjög illa að vígi þegar síðast var skuldbreytt fyrir fimm árum og við, sem athuguðum þessi mál þá, vorum mjög í efa að slíkt kæmi að miklu gagni fyrir þá sérstaklega, ef þróun í verðbólgumálum yrði svipuð og hafði verið, hvað þá ef verðbólgan færi hækkandi, eins og raun bar vitni. Það voru engin sældarkjör sem mennirnir fengu. Þeir fengu skuldbreytinguna með þeim kjörum að þeir urðu að borga lánskjaravísitölu á þessi lán. Þó hefur það gerst með flesta af þessum mönnum, sem fengu skuldbreytingu 1979, að það hefur lagast fyrir þeim á þessum fimm árum. Það er fyrst og fremst markmiðið.

Hér hefur verið gagnrýnt að veðdeild Búnaðarbankans skyldi auglýsa eftir því áður en frv. var lagt fram hér á Alþingi hvort menn sæju ástæðu til að sækja um skuldbreytingu. Þetta er bara aðferð til að reyna að kanna ástandið. Ég held að það sé ekki ámælisvert þó að hæstv. landbrh. vildi kanna hvernig staðan er í þessum málum áður en ákveðið er hvað gera skuli. En menn finna sér ástæðu til að gagnrýna hvað sem er, jafnvel það sem er sjálfsagt að gera.

Það er spurt um hvort t. d. húsnæðismálastjórn ákveði lánskjörin. Það er talað um að það sé sama og að bændur ákveði lánskjörin að bankaráð Búnaðarbankans geri það, sem er nú ábyrgðaraðili í fyrsta sinni að þessum bankavaxtabréfum. Ég veit ekki betur en húsnæðismálastjórn geri tillögur til ríkisstj. um lánakjör, um vexti af lánum, á sama hátt og t. d. stjórn Stofnlánadeildar gerir. Hún gerir tillögur um vexti og lánskjör, en það er ríkisstj. sem ákveður á hverjum tíma hvort hún samþykkir þær tillögur. Hér er því ekki í neinu breytt frá því sem er, ef ég man rétt, sem ég hygg, hvernig húsnæðismálastjórn hagar sínum vinnubrögðum.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson komst þannig að orði: Þessi lán sem er verið að niðurgreiða. — Hann hefur kannske mismælt sig. Hér er ekki verið að niðurgreiða neitt. Hér er verið að breyta lausaskuldum í lengri lán, þannig að þau séu viðráðanleg, í von um að það komi betri tíð, í von um að það verði ekki áfram þetta harðæri.

Menn eru að tala um að það verði að liggja upplýsingar fyrir um vegna hvaða framkvæmda er verið að hugsa þarna um að skuldbreyta. Þetta eru framkvæmdir sem ráðist hefur verið í á síðustu árum, eins og ég gat um áðan, og vegna þeirra kjara sem þeir menn sem hafa látið gera þær búa við standa þeir alls ekki jafnt að vígi og hinir sem voru búnir að framkvæma fyrir 1975. Það er verið að gera þetta vegna atvinnuvegarins, vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem eru í þessum atvinnurekstri, en það er ekki verið að gera það t. d. í sambandi við íbúðarhúsabyggingar eða þess háttar. Það á að taka alveg undan. Bændur fá vegna þeirra framkvæmda fyrirgreiðslu á sama hátt og aðrir húsbyggjendur sem hafa verið að byggja á síðustu tveimur árum.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ræddi um að það þyrftu að liggja fyrir hinar og aðrar upplýsingar áður en þetta frv. yrði að lögum. Nú er það svo að síðasta ár mun hafa verið eitt það versta fyrir bændastéttina í mörg ár. Það liggur alls ekki fyrir hvernig bændur komu út úr því ári, ekki fyrr en reikningar kaupfélaganna og annarra viðskiptaaðila liggja fyrir. Þessar upplýsingar er ekki hægt að fá, a. m. k. ekki í snarhasti. Hitt vita menn, að þetta var mikið erfiðleikaár og á þeim stöðum þar sem vantar nú fóður vegna tíðarfarsins í fyrrasumar, þ. e. á Vesturlandi og Vestfjörðum, er mjög erfitt á þessari stundu að gera sér grein fyrir því hvernig staðan er. Það fer auðvitað eftir árferðinu. Það er nú svo með landbúnaðinn að hann á allt undir árferðinu og þess vegna er erfitt við þessi mál að eiga. Ef væri farið eftir ósk hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að bíða með frv. eftir öllum upplýsingum sem hann virtist vilja fá, þyrfti að bíða lengi, kannske fram undir vor, vegna þess að það fer eftir vorinu hvernig staða þeirra manna verður sem vegna ársins í fyrra vantar nú fóður.

Ég held að það hafi verið hv. þm. Guðmundur Einarsson sem talaði um 150 millj. sem þyrfti til. Ég veit ekki hvaðan hann hefur þá tölu, 150 millj. Menn verða að vita hvað þeir eru að tala um. Það er mjög líklegt að um 300 millj. a. m. k. þurfi í skuldbreytingu. Ef útvega þarf 40% eru það ekki 150 millj., heldur 120 millj. Þetta er tala sem ég giska á án þess að hafa nokkuð fyrir mér annað en mína tilfinningu.

Það er ekkert nýtt varðandi bankavaxtabréfin. Þessar skuldir liggja fyrir og það er ekki ætlað að fá neina peninga gagnvart þeim. Það eru 40% af heildarupphæðinni, hver sem hún verður, sem vantar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar að sinni. Það a. m. k. ætti öllum þm. að vera ljóst frammi fyrir hvaða erfiðleikum landbúnaðurinn stendur og af hvaða ástæðum. Það hefur komið fram í ræðum hæstv. landbrh. og fyrrv. landbrh., þannig að ég ætla ekki að vera að halda hér lengri ræðu. En ég mun gera tilraun til þess að verða við óskum hæstv. landbrh., eftir því sem hægt er, að koma frv. í gegnum nefnd. Ég vonast til þess að hv. þm. sýni landbúnaðinum þann skilning að þeir setji ekki fótinn fyrir það að það verði gert mögulegt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það var með vilja að ég lét hjá líða í ræðu minni áðan að taka afstöðu til þessa frv. Ég nefndi það aldrei einu aukateknu orði að ég væri andvígur þessu frv., heldur sagði þvert á móti að það gæti vel verið að það væri þörf á svona afgreiðslu. Samt sem áður urðu viðbrögð formælenda frv. úr ýmsum flokkum eins og hér kom fram áðan.

Í 69. gr. þingskapa segir, með leyfi forseta:

„Ef þm. ... ber ... einhvern þm. brigslyrðum, ... þá skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítavert", og nefna þau ummæli, sem hann vítir."

Mér leikur forvitni á því að vita, hæstv. forseti, hvort það teljist eðlilegur og æskilegur starfsháttur hér að tala þannig um starfsbræður sína í þinginu að þeir fái kast í ræðustól. Ég tók sérstaklega eftir því að hv. þm. Stefán Valgeirsson hafði þau ummæli um mig að ég hefði fengið kast í ræðustól og hæstv. forseti deildarinnar sá enga ástæðu til að víkja að þeim ummælum orði. Það kann vel að vera að herra forseta finnist þetta eðlilegur framgangsmáti, en mér finnst það ekki. Mér finnst að þetta sé ekki sá háttur sem langreyndur þm., eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson, mundi á hafa undir öllum kringumstæðum er hann ræddi um andstæðinga sína hér úr ræðustól, að undanteknu því að vísu ef menn leyfðu sér að ræða um landbúnaðarmál vegna þess að þá eru þetta þau viðbrögð sem gjarnan koma frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og hans nótum.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að eftir því sem ég hlustaði meira á menn gera grein fyrir máli sínu áðan eftir því vissi ég minna um efnisatriði málsins. Í 1. gr. þessa frv. stendur að bankavaxtabréfin, sem þar er um rætt, skuli notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga á jörðum þeirra o. s. frv. Svo koma menn hér upp og fullyrða að hér sé ekki um að ræða lausaskuldir t. d. vegna íbúðarhúsabygginga á bújörðum bænda. Ég veit ekki betur en t. d. á skattframtölum séu slíkar húsabyggingar taldar til fjárfestinga á viðkomandi jörðum. Og ég vil taka undir með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að það er nauðsynlegt fyrir okkur að fá svona atriði upplýst. Er það rétt að hér eigi ekki að falla undir lausaskuldir sem hafa til orðið vegna húsbygginga á jörðum eða á að taka þær lausaskuldir undir þessa skuldbreytingu, eins og ég tel að 1. gr. fjalli um?

Í öðru lagi kemur í ljós hjá hv. þm., Stefáni Valgeirssyni, að það virðist ekki vera rétt, sem kemur hér fram í grg. með frv., að áætlað sé að fjárþörfin sé um 150 millj. kr. Hann nefndi helmingi hærri tölu, 300 millj. kr. Hér virðist talsvert fara milli mála. Ég sé ekki hvernig Alþingi, sem er að afgreiða lánsfjárlög, getur gengið frá afgreiðslu svona máls án þess að þetta liggi fyrir.

Í þriðja lagi er því haldið fram að hér eigi aðeins að breyta lausaskuldum vegna fjárfestingar í föst lán. Það er ekki rétt. Hér stendur í 1. gr., með leyfi forseta: „... svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma." Eru ekki fóðurvörur rekstrarvörur eða tilheyra þær fjárfestingarvörum? Ekki hélt ég að svo væri. M. ö. o. er ekki hægt að segja, eins og hér hefur verið haldið fram, að hér sé aðeins átt við lausaskuldir vegna fjárfestinga. Hér er líka átt við lausaskuldir sem til hefur verið stofnað vegna kaupa á rekstrarvöru, eins og fóðurvörur eru. Eitt rekur sig því á annars horn í ummælum þeirra manna sem hér hafa talað. Ég held að ég verði að snúa við skeytum þeirra til mín. Þeir ættu sjálfir að kynna sér betur og lesa betur efni þess frv. sem þeir eru að fjalla um.

Enn langar mig til að nefna að ég hef enga skýringu fengið á því hjá hæstv. landbrh. hvort einhver fordæmi séu þess að ákvörðun um lánakjör eins og hér um ræðir skuli tekin í samráði við fulltrúa lántakenda. Ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um að í lögunum frá 1979, þar sem skuldbreytt var frá og með árinu 1970 til og með árinu 1979, var stjórn veðdeildar Búnaðarbanka Íslands látin alveg einráð um að ákveða lánakjörin á þeim lánum sem hún átti að veita. Í þeirri lagagrein var ekkert ákvæði um að auk stjórnar veðdeildarinnar ættu fulltrúar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands að taka þátt í að ákveða lánakjörin. Ég spurði hvort eitthvert fordæmi væri fyrir slíku og ég hef ekkert svar fengið við því.

Það er alveg rétt að þessir fulltrúar taka þátt í ákvörðun á lánakjörum lána sem Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir. En þetta eru ekki lán sem Stofnlánadeild landbúnaðarins á að veita. Þetta eru lán sem veðdeild Búnaðarbanka Íslands, sem er allt önnur stofnun, á að veita. Ég veit ekki til þess að það sé nokkurt fordæmi fyrir því, þegar svona afgreiðslur eru gerðar, að fulltrúar lántakenda séu til kvaddir til að taka ákvarðanir með öðrum um lánakjörin. Og ég vil eindregið ítreka spurningu mína til hæstv. landbrh.: Getur hann nefnt okkur einhver fordæmi?

Enn langar mig til að vekja athygli hv. alþm. á því að auðvitað er ég ekki að segja með ábendingum mínum að hér standi til að breyta lausaskuldum bænda vegna ferðalaga þeirra til sólarlanda o. s. frv. í föst lán. Það er algjör tilbúningur hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. En við skulum setja orðið „launamaður" í staðinn fyrir orðið „bóndi" í 1. gr. frv. Þá kæmi í ljós, ef launamaður ætti í hlut, að launamanni væri heimilað að breyta í föst lán öllum lausaskuldum sem hann kynni að hafa stofnað til s. l. 14 ár vegna fjárfestingar í íbúðarhúsnæði, ekki bara vegna íbúðarkaupa og bygginga, heldur vegna allra endurbóta og viðgerða sem þar hefðu farið fram, og auk þess breyta í föst lán öllum kaupum á fjárfestingarvörum vegna heimilishalds. Og ég spyr: Ef hinn almenni launamaður mundi fá þetta, ætli væri þá mikið af lausaskuldum eftir sem hann gæti ekki risið undir? Menn skyldu hugleiða það. (**SV:** Er þetta hliðstætt?) Þetta er algerlega hliðstætt, herra þm., og mál mitt byggist á því einu að Alþingi svari þeirri einföldu spurningu, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni hér áðan: Eru stjórnvöld ekki reiðubúin að leyfa öllum aðilum, án tillits til þess hvaða starfsheiti þeir bera, að njóta jafns réttar fyrir lögum?

Ég held að enginn geti um það deilt við mig að það er ekki síður þörf á því að fólkið sem er að missa íbúðirnar sínar, fólkið sem aðeins telst hafa tekjur af launaðri vinnu, það getur enginn með réttu haldið öðru fram, þurfi ekki sambærilega fyrirgreiðslu og stjórnvöld ætla nú að veita bændastéttinni. Ég ítreka að ég ætla ekki um það að fjalla í mínu máli hvort meiri eða minni nauðsyn sé á þessari skuldbreytingu fyrir bændur. Ég vil aðeins að hv. Alþingi gefi öllum þegnum þjóðfélagsins sömu tækifæri, þannig að allir séu jafnir fyrir lögunum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Vegna orða hv. 3. þm. Vestf. með tilvísuninni í 69. gr. þingskapalaga vil ég sem forseti beina því almennt til hv. þdm., allra, að þeir reyni að komast hjá því að særa félaga sína hér í deild með orðum og ummælum. Hins vegar vona ég að hv. 3. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. e. jafni þetta mál sín á milli án þess að nokkrar vítur þurfi að koma til frá forseta.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Fyrr í þessari umr. bar ég fram ákveðnar fsp. til hæstv. landbrh. og hv. þm. Páls Pétursson, sem er í senn formaður þingflokks Framsfl. og formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Þessari umr. er nú að ljúka án þess að þeir hafi kvatt sér hljóðs. Þar af leiðandi hafa engin svör fengist við þeim spurningum sem bornar hafa verið fram til þeirra. Það er náttúrlega alveg ljóst að það er ekki aðferð til að ná góðri samvinnu við þm. um afgreiðslu mála að hafa að engu óskir um skýr svör um bæði málsmeðferð og efnisþætti.

Hér hefur hins vegar verið lögð á það rík áhersla að hraða þurfi þessu máli. Það hefur m. a. verið gert af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, formanni landbn., m. a. s. svo að hv. þm. sagði það beinlínis að þeir sem ekki vildu hraða þessu máli í gegnum þingið væru fjandmenn landbúnaðarins. (**SV:** Það sagði ég aldrei.) Gafst það fyllilega í skyn. Ég bið hv. þm. að bíða aðeins hér í salnum og gefa því gaum hver hefur verið hraði hæstv. landbrh. á meðferð þessa máls. (Gripið fram í.) Ég ætla að upplýsa hv. þm. Stefán Valgeirsson um það hvert hefur verið mat hæstv. landbrh. á því hvað þetta væri brýnt mál.

Það kemur í ljós í grg. þessa frv. að sú nefnd sem skilaði tillögum til rn. skilaði þeim í sept. s. l. eða fyrir senn hálfu ári. Í áliti þessarar nefndar kemur fram að breyting lausaskulda bænda í löng lán sé svo aðkallandi að hefjast þurfi handa um framkvæmd þeirra aðgerða hið allra fyrsta. En hvað gerði hæstv. landbrh. í septembermánuði? Undirbjó hann frv. til að leggja hér fram í upphafi þings? Nei. Hvað gerði hæstv. landbrh. í októbermánuði? Kom hann þá með frv. hér inn á þingið? Nei. Hvað gerði hæstv. landbrh. í nóvembermánuði? Ekkert heldur. Hvað gerði hann í desembermánuði? Ekkert heldur. Hvað gerði hann í jólaleyfinu? Ekkert heldur. Hvað gerði hann í janúar þegar þing kom saman? Ekkert heldur.

Það er fyrst um miðjan febrúarmánuð sem hæstv. landbrh. birtist hér á Alþingi og segir: Það verður að hraða þessu í gegnum þingið. Það má bara engan tíma missa. Og Stefán Valgeirsson rýkur hér upp í ræðustólinn og gefur það til kynna að hann ætli ekki einu sinni að afla nauðsynlegra upplýsinga því að það þurfi að hraða þessu máli svona mikið. Ég spyr hv. þm. Stefán Valgeirsson: Hvernig stendur á því, ef landbrh. gat tafið það nærri því í hálft ár að leggja fram frv. um þetta mál á Alþingi, að þingið megi þá ekki taka sér örfáar vikur til þess að fjalla um málið? Var hæstv. landbrh. kannske að tefja málið með þessum hætti vegna þess að það þyldi ekki skoðun hér á Alþingi? Það efast ég um. Við skulum ekkert vera að væna hæstv. landbrh. um það. Við skulum heldur ekkert vera að væna hæstv. landbrh. um að það séu alvarleg mistök hjá honum hvað hann leggur þetta frv. seint fram. Það hlýtur að vera eins og þessi lýsing gefur til kynna, sem ég hef hér rakið úr grg. frv., að málið sé ekki svo brýnt. Fyrst það þoldi hálfs árs bið hjá hæstv. ráðh. þolir það a. m. k. nokkurra vikna athugun hér á hv. Alþingi.

Það vil ég segja við hv. þm. Stefán Valgeirsson að hagsmunum bændastéttarinnar er ekki þjónað með því að leggjast gegn því hér á Alþingi að nauðsynlegra upplýsinga sé aflað. Svo mikill óhróður gengur nú almennt um bændur þessa lands að þeir menn sem leggjast gegn því að nauðsynlegar upplýsingar fáist um málefni bænda eru að renna stoðum undir grunsemdir og óhróður í garð bændastéttarinnar. Þeir eru í raun og veru að ganga erinda þeirra sem vilja ala á tortryggni gagnvart bændastéttinni í landinu. Þetta er slíkur bjarnargreiði við bændastéttina að ég skil ekki hvers vegna jafnskarpur maður og hv. þm. Stefán Valgeirsson endurtekur þennan leik hvað eftir annað á Alþingi. (**SV:** Ég skal svara þér þegar þú ert hættur að tala.) Já, ég fagna því sérstaklega. Þess vegna vænti ég þess að hv. þm. Stefán Valgeirsson, formaður landbn., geti tekið upp samvinnu við hv. þm. Pál Pétursson, þó þeir eigi erfitt með samvinnu hvað snertir mætingar á þingflokksfundum Framsfl. Þeir geti engu að síður tekið upp samvinnu um það, því að þeir eru formenn í landbn. og fjh.- og viðskn., að þessar nefndir fái báðar að fylgjast með gangi þessa máls, svo að tryggt sé að allar nauðsynlegar upplýsingar fáist fram um málið. Það er ekki heldur hægt að afgreiða frv. til lánsfjárlaga hér í deild án þess að þetta mál hafi fengið nákvæma skoðun.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson og reyndar hæstv. landbrh. líka höfðu mörg orð um það að hart væri í ári hjá bændum. Með þessu frv. er verið að leggja til að lausaskuldum bænda verði breytt í föst lán hvað snertir tímabilið frá 1970 til ársins í ár. Það hefur nú varla verið svo hart í ári öll þessi 14 ár að það séu meginrökin fyrir því að það þurfi að breyta slíku. Einhverjar aðrar ástæður hljóta því að hafa legið að baki á þessu tímabili, að hluta til a. m. k.

Í öðru lagi er það einnig ljóst að hér eru þúsundir af landsmönnum sem búa við a. m. k. jafnmikið ef ekki meira harðæri af völdum ríkisstj. heldur en bændur. Þess vegna er það ósköp eðlilegt, þegar hér er flutt frv. til þess að létta undir með bændastéttinni í landinu, að menn spyrji: Hvað um þá aðra Íslendinga sem búa nú við slíkt harðæri að verið er að bjóða eignir þeirra upp á degi hverjum, hv. þm. Stefán Valgeirsson? Það væri fróðlegt að landbn. þessarar deildar aflaði sér upplýsinga um hvað stór hluti bændastéttarinnar er kominn á það stig að verið sé að bjóða upp eignir þeirra. En þúsundir launafólks í þessu landi eru komnar á það stig að verið er að bjóða upp eignir þeirra. Hvað ætlar ríkisstj. að gera í málefnum þeirra? Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að ríkisstj. ætli ekki að gera neitt fyrst um sinn í málefnum þeirra. Hæstv. forsrh. var spurður að því fyrir nokkru hvað hann ætlaði að gera í málefnum þeirra fimm þúsund Íslendinga sem þurfa að lifa af 8 þús. kr. á mánuði, borga af því húsaleigu 6—7 þús. kr. og hafa afganginn fyrir mat, hita, rafmagni og öllum öðrum nauðsynjum — eitt þús. kr. sem afgangs eru. Hvað ætlar ríkisstj. að gera fyrir þetta fólk? Ekki neitt. Þar er ekki mikill hraði. Þar er ekki mikið harðæri. Þar liggur ekki mikið á.

Það er rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur sagt: Ef ríkja á sanngirni í þessu landi er nauðsynlegt að menn hafi auga á því um leið og þetta frv. er afgreitt: Hvað um alla hina? Enginn hefur lagst gegn þessu frv. Það er mesti misskilningur. Menn hafa hins vegar lagst gegn því að því verði hraðað svo í gegnum þingið að hvorki fáist nauðsynlegar upplýsingar um málið né svör við því hvernig eigi að fjármagna þessa breytingu eða svör við spurningunni: Hvað um alla hina sem eru komnir á það stig fátæktar og eymdar að verið er að taka af þeim eignirnar?

Herra forseti. Ég harma það að hvorki hæstv.

landbrh. né hv. þm. Páll Pétursson hafa orðið við sanngjörnum óskum um að fá eðlileg svör við spurningum. Það verður þá að koma í ljós hvaða afleiðingar það hefur fyrir meðferð málsins að þessir forustumenn ríkisstj. hafa ekki lagt sitt af mörkum til að stuðla að framgangi þess í þinginu.

En til viðbótar því sem áður hefur verið spurt um held ég að mjög nauðsynlegt sé að fram komi einnig í meðferð málsins í n. hjá hverjum þessar skuldir eru, hjá hvaða fyrirtækjum. Hverjir eru það sem hafa lánað bændum þessar lausaskuldir? Það liggur ljóst fyrir að ekki er aðeins verið að létta hér undir með bændum. Einnig er verið að veita ákveðnum fyrirtækjum tiltekna fyrirgreiðslu. Í sumum tilvikum er fyrst og fremst verið að greiða úr vanda þessara fyrirtækja. Lítið hefur verið vikið að þessari hlið málsins í umr. en nauðsynlegt er að fá fram hvernig þessar skuldir skiptast á milli einstakra fyrirtækja. Hvort hér er verið að nota bændastéttina að einhverju leyti og þann eðlilega stuðning sem hún á á Alþingi til að greiða fyrir ákveðnum fyrirtækjum, sem fyrst og fremst nota fjármagnið síðan til annarra hluta. Hvort sem það er til að reisa útvarps- og sjónvarpsstöð með Morgunblaðinu og Dagblaðinu í Reykjavík eða verja þeim til einhverra annarra hluta.

Þess vegna óska ég eftir því að hv. þm. Stefán Valgeirsson beiti sér einnig fyrir því að fram komi við meðferð málsins hjá hverjum þessar skuldir eru færðar í dag og með hvaða hætti þessu fjármagni verður ráðstafað til þessara fyrirtækja svo að við getum einnig metið málið í ljósi þess.

Að lokum, herra forseti, vil ég ítreka að sá hæstv. ráðh. sem tafði það í sex mánuði þarf að færa rök að því hvers vegna nú er allt í einu brýnt að þingið afgreiði málið á fáeinum vikum. Ég vænti þess að hæstv. landbrh. veiti svör við því áður en þessari umr. lýkur, annaðhvort á þann veg að hann samþykki óskir okkar um að málið fái eðlilega efnislega málsmeðferð í þinginu eða rökstyðji það hvers vegna mál, sem hann tafði í sex mánuði að leggja hér fram, þarf nú allt í einu að fara í gegnum þingið með sérstökum hraða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 53. fundur.

Þriðjudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. febr. 1984.

Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. á Austurlandi, Tryggvi Gunnarsson skipstjóri á Vopnafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd.“

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Tryggva Gunnarssonar. Leyfi ég mér að fara þess á leit við kjörbréfanefnd að hún rannsaki nú kjörbréf þetta. Á meðan verður fundi frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréf Tryggva Gunnarssonar, Vopnafirði, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi. Þess er óskað, að hann taki sæti hæstv. iðnrh. sem er á förum til útlanda í opinberum erindum.

Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið kjörbréfið. Gerir hún engar athugasemdir og leggur til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Tryggvi Gunnarsson hefur áður setið á Alþingi. Býð ég hann nú velkominn til starfa.

Gjaldskrá fyrir uppboðshaldara, fsp. 171. mál (þskj. 312). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Fyrr í vetur lagði ég fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um hverjar væru tekjur uppboðshaldara á árinu 1982 og fyrstu 6 mánuði ársins 1983 skv. gjaldskrá fyrir uppboðshaldara nr. 757/1981.

Í svari dómsmrh. við þeirri fsp. kom fram að tekjur uppboðshaldara á árinu 1982 voru rúmar 4 millj. og fyrstu 6 mánuði ársins 1983 um 3 millj. sem skiptist milli 27 embætta. Skv. gjaldskránni fá uppboðshaldarar 1% innheimtugjald. Innheimtugjald fyrir sölu fasteigna og skipa er 1% af þeirri upphæð sem innheimtist. Innheimtugjald fyrir sölu lausafjár frá kaupanda er 6% með gjaldfresti og 3% við staðgreiðslu og frá seljanda 4%.

Segja má að varla geti verið um erfið eða umfangsmikil störf að ræða hjá uppboðshöldurum. Lang algengast er að hér sé um hrein rútínustörf að ræða í því formi að auglýsa og tilkynna um uppboð en lítill hluti þeirra eigna sem auglýstar eru er tekinn til eiginlegra gjaldþrotaskipta.

Ljóst er af þeim upplýsingum sem fram koma að innheimtulaun hjá stærstu embættunum eru veruleg. Telja verður það óeðlilega tilhögun að einstakir embættismenn geti hagnast verulega á þessu fyrirkomulagi og haft af því miklar tekjur ofan á föst laun og önnur fríðindi hjá ríki og bæ. Því er nú á þskj. 312 lögð fram svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh.: „Áformar dómsmrh. að gera breytingar á þeirri tilhögun sem gilt hefur um innheimtulaun uppboðshaldara skv. lögum nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, sbr. gjaldskrá fyrir uppboðshaldara nr. 757/1981, sem sett er með stoð í þeim lögum? Ef svo er, hvenær má vænta þeirra breytinga og hverjar verða þær?“

Vænti ég að hæstv. dómsmrh. gefi skýr og greinargóð svör við þessari fsp.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 312 spyr hv. 2. landsk. þm. *um áform um breytingu á þeirri* tilhögun sem gilt hefur um innheimtulaun uppboðshaldara. Er í fsp. réttilega vísað í þessu sambandi til reglna í lögum um nauðungarupboð nr. 57/1949 og gjaldskrá fyrir uppboðshaldara nr. 757/1981 sett skv. þeim lögum.

Svo sem hv. þm. er kunnugt á fyrirkomulag á kjaramálum sýslumanna og bæjarfógeta sér rætur áratugi aftur í tímann, jafnvel aldir, og tengjast innheimtustörf þeirra víða inn í löggjöfina. Það fer saman að brýnt er orðið að endurskoða eða endurnýja slíkt fyrirkomulag en jafnframt er það nokkuð margþætt í framkvæmd.

Viðræður hafa verið milli dómsmrn. og fjmrn. um ýmsa þætti þessa málefnis. Þess er að vænta að hæstv. fjmrh. muni á næstunni leggja fyrir Alþingi lagafrv. þar sem m. a. verða ráðagerðir uppi um að sýslumenn og bæjarfógetar og jafnframt aðrir héraðsdómarar fái kjör sín ákveðin af kjaradómi. Mun þá gefast tækifæri til almennrar umfjöllunar um þau málefni sem þá verða í höndum Alþingis. Þegar afstaða Alþingis um málið liggur fyrir mun ráðuneytið taka til athugunar hvort frekari aðgerða er þörf.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og ég vil fagna því að hreyfing er á þessu máli innan ráðuneytanna, að breyta því fyrirkomulagi sem gilt hefur.

Hæstv. dómsmrh. *lét* þess getið s. l. haust að ástæða gæti verið til að endurskoða innheimtulaun fógeta og er örugglega brýnt mál að svo verði gert. Í Dagblaðinu s. l. sumar var viðtal við borgarfógeta í Reykjavík þar sem fram kom að hann sæi á þessu fyrirkomulagi marga galla og myndi ekki standa gegn breytingum. Í þeirri sömu grein var upplýst að tekjur borgarfógeta á árinu 1982 hafi verið að jafnaði um 130 þús. kr. á mánuði á því ári eða meira en tíföld laun verkamanna.

Meginskýringin á þessum háu launum var sagt að væri innheimtulaun. Auk innheimtulauna hafa uppboðshaldarar og aðrir embættismenn sem sjá um innheimtu ríkissjóðstekna, sín föstu laun sem voru í október s. l. frá 24—32 þús. kr. Einnig er í sumum tilfellum um að ræða aðrar greiðslur. Vil ég í því sambandi vitna til svara frá hæstv. fjmrh., sem komu fram hér í vetur, við fsp. minni um innheimtulaun vegna ríkissjóðstekna. Þar kemur fram um önnur laun og kjör innheimtumanna ríkissjóðs að sýslumenn taka laun skv. BHM-launaflokki 120—124, mismunandi eftir starfsaldri. Tollstjórinn í Reykjavík og yfirborgarfógetinn í Reykjavík taka laun skv. BHM-launaflokki 125 en yfirsakadómari og yfirborgarfógeti skv. BHM-launaflokki 127.

Yfirvinnugreiðslur til þeirra eru nokkuð mismunandi. Þannig fá sýslumenn og bæjarfógetar, sem ekki hafa löglærða fulltrúa, greiddar 27 yfirvinnustundir á mánuði. Yfirvinnugreiðslur til annarra sýslumanna og bæjarfógeta — þó ekki í stærstu umdæmum — nema 15 yfirvinnustundum á mánuði. Sýslumenn og bæjarfógetar í stærstu umdæmum auk tollstjórans í Reykjavík fá hins vegar enga yfirvinnu greidda.

Jafnframt þessu hafa verið gerðir samningar við umrædda aðila um greiðslu fyrir notkun þeirra á eigin bifreiðum í þágu embættanna. Samningar þessir eru mismunandi eftir umdæmum.

Þá hafa umræddir aðilar um nokkurt skeið fengið greidd *afnotagjöld* af síma sem nemur fastagjaldi. Nýlega var þeim reglum breytt á þá lund að nú er þeim að auki greiddur tiltekinn hluti af umframskrefagjaldi.

Um aðrar launagreiðslur til þeirra úr ríkissjóði er ekki að ræða. Hins vegar kunna þeir embættis síns vegna að hafa tekjur af öðru sem þá er ekki greitt úr ríkissjóði. Má þar nefna umboðsstörf þeirra í þágu Tryggingastofnunar ríkisins, störf þeirra sem uppboðshaldarar, störf þeirra í þágu sýslufélaga o. fl. þess háttar. Fjmrn. hefur ekki upplýsingar um tekjur þeirra vegna þessara starfa.

Ljóst er af þessari upptalningu að um umtalsverðar tekjur er að ræða, einnig umframtekjur af uppboðum eða vegna innheimtu á ríkissjóðstekjum. Þessu fyrirkomulagi er því nauðsynlegt að breyta. Eðlilegra væri auðvitað að þessir fjármunir rynnu í galtóman ríkiskassann hjá hæstv. fjmrh. til sameiginlegra þarfa landsmanna. Það er í fyllsta máta óeðlilegt að hagnaður einstakra embættismanna aukist í réttu hlutfalli við það sem uppboðum fjölgar og neyð þeirra fjölskyldna sem lenda með eigur sínar á uppboði. Því fagna ég því að breytingar eru í vændum á þessu fyrirkomulagi. En mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram í svari hæstv. ráðh. hvenær megi vænta þess að þetta frv. verði lagt fram og hvort við megum eiga von á því, hv. alþm., að þetta nái fram að ganga á yfirstandandi þingi þannig að það verði þá lagt fram hér tiltölulega fljótlega og að þm. hafi svigrúm til þess að fjalla um þetta mál hér á hv. Alþingi.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég sagði að frv. mundi verða lagt hér fram á næstunni um þetta mál og ég geri ráð fyrir að það líði ekki margar vikur áður en það kemur á borð þm. Ég veit að hæstv. fjmrh. hefur fullan hug á að fá það afgreitt eins fljótt og þm. telja sér fært að gera.

Rannsókn umferðarslysa, fsp. 193. mál (þskj. 347). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á sínum tíma ákvað norræna ráðherranefndin að tillögu Norðurlandaráðs að árið 1983 skyldi helgað umferðaröryggi á Norðurlöndum. Með þessari ákvörðun var vakin athygli á því að slysavarnir á landi eru ekki síður mikilvægar en slysavarnir á legi og í lofti. Vegna norræna umferðaröryggisársins hafa þessi mál verið í brennidepli.

Hér á landi hafði Umferðarráð allan veg og vanda af undirbúningi þessa máls. Það er vissulega ástæða til að fagna því og þakka það ágæta starf sem unnið var í þeim efnum, svo sem með meiri fræðslu og auknum áróðri í fjölmiðlum, námskeiðahaldi, umferðarvikum og ráðstefnum.

Norræn umferðarslysaráðstefna var haldin á vegum Umferðarlæknisfræðifélags Íslands í ágúst s. l. með þátttöku hinna Norðurlandanna. Á þeirri ráðstefnu voru sérstaklega tekin til meðferðar umferðarslysin og afleiðingar þeirra. Margt merkilegt kom fram á ráðstefnunni sem ekki er tími til að koma inn á hér. Þó vil ég, herra forseti, leyfa mér að benda á að í erindi

Davíðs Á. Gunnarssonar, forstjóra Ríkisspítalanna, kom fram að á einu ári hafi umferðarslysin kostað íslenska þjóðfélagið 440 millj. kr. eða álíka mikið og kostaði að reka Landspítalann það sama ár. Einnig kom fram hjá honum að kostnaður við eitt slys, þar sem viðkomandi einstaklingur verður varanlega fatlaður, samsvarar verði góðs einbýlishúss. Davíð Á. Gunnarsson sagði í erindi sínu að þjóðfélagið ætti að vera fáanlegt til að verja jafnmiklum peningum í að koma í veg fyrir slysin eins og það er tilbúið að borga eftir á. En afleiðingar slysa verða ekki eingöngu mældar í peningum. Það er aldrei hægt að meta þann sársauka sem því fylgir þegar alvarleg slys ber að höndum. Þar eiga margir um sárt að binda.

Samkvæmt 84. gr. umferðarlaga ber Umferðarráði að sjá um að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu. Því hef ég leyft mér að leggja fram á þskj. 347 fsp. til hæstv. dómsmrh. um rannsókn umferðarslysa. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvernig er háttað rannsókn umferðarslysa hér á landi?
2. Er fyrirhugað að skipa hér sérstaka umferðarslysanefnd sem hafi það hlutverk að rannsaka afleiðingar umferðarslysa, sbr. 84. gr. umferðarlaga?“

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn. hefur borið fram fsp. til mín um rannsókn umferðarslysa. Rannsókn umferðarslysa hér á landi er fyrst og fremst sú rannsókn sem fer fram á vegum lögreglu á slysum sem hún fær vitneskju um. Fer rannsóknin fram með sama hætti og rannsókn slysa og óhappa almennt að hætti opinberra mála, sbr. einkum 5. kafla laga nr. 74/1974. Rannsóknin miðast við að finna þá sem hlut eiga að máli, töku skýrslna af aðilum og vitnum, athugun á ástandi ökumanns, m. a. með tilliti til áhrifa áfengis, lyfja eða fíkniefna, rannsókn á vettvangi, m. a. með mælingum, gerð uppdrátta og ljósmyndun eftir því sem við á, og athugun á ökutækjum sem í hlut eiga. Leitað er eftir sérfræðilegri rannsókn þegar það á við. Fer þannig fram læknisrannsókn og efnafræðileg rannsókn svo sem þegar grunur er um ölvun við akstur eða akstur undir áhrifum lyfja eða fíkniefna. Enn fremur eru til kvaddir bifreiðaeftirlitsmenn ef öryggisbúnaði er áfátt eða meiri háttar slys hefur orðið.

Hér hefur í stórum dráttum verið lýst frumrannsókn vegna umferðarslysa. Það fer síðan eftir atvikum hvort rannsókn verður ítarlegri, hvort hún er send ríkissaksóknara til meðferðar, hvort máli lýkur með sektargerð án atbeina ríkissaksóknara eða að mál sé þess eðlis að skýrslur séu sendar vátryggingarfélögum án annarra aðgerða. Ekki er um að ræða aðra rannsókn á umferðarslysum hér á landi.

Hins vegar er safnað saman og unnið úr upplýsingum um umferðarslys og fást á þann hátt ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa. Þannig hefur Umferðarráð árlega staðið að úrvinnslu upplýsinga um umferðarslys eftir lögregluskýrslum frá árinu 1969. Var það verk unnið í framhaldi af könnun á umferðarslysum sem Framkvæmdanefnd hægri umferðar stofnaði til.

Í skýrslu Umferðarráðs kemur fram ýmiss konar skipting umferðarslysa. Eru þau flokkuð eftir mánuðum, eftir afleiðingum (dauði, meiðsli, eignatjón einungis) og eftir umdæmum. Einnig kemur þar fram aldursdreifing slasaðra og látinna og skipting þeirra eftir hópum vegfarenda í fótgangandi, ökumenn reiðhjóla, léttra bifhjóla og bifreiða.

Til fróðleiks skulu hér nefndar nokkrar tölur um fjölda umferðarslysa á síðasta ári og næstu fimm árum á undan til samanburðar. Þannig létust 18 í umferðarslysum á síðasta ári en 25 að meðaltali árin á undan. Slasaðir voru 613 á síðasta ári en 687 að meðaltali árin á undan. Lægst var talan 588 árið 1979 en hæst 1982, 768. Hér er einungis átt við umferðarslys sem lögregla hefur skráð. Hinir slösuðu skiptust þannig, að á síðasta ári voru 316 sem töldust hafa hlotið minni háttar meiðsli miðað við 381 árin á undan og 297 með meiri háttar meiðsli samanborið við 306 árin á undan. Af hinum slösuðu voru 257 fluttir á sjúkrahús á s. l. ári. Önnur skipting var þannig á s. l. ári að 210 voru ökumenn bifreiða, 18 ökumenn bifhjóla, 29 ökumenn léttra bifhjóla, 42 hjólreiðamenn, farþegar voru 212 og gangandi vegfarendur 111. Karlar voru 390 en konur 241. Var um að ræða fækkun í öllum þessum hópum miðað við meðaltal 1978-1982, nema í hópi ökumanna bifhjóla. Skýringu á því hvers vegna þessi fækkun umferðarslysa varð á síðasta ári miðað við árin á undan er hins vegar ekki auðvelt að gefa, enda koma margir þættir við sögu. Þessi fækkun varð hér á sama tíma og umferðarslysum fjölgaði á hinum Norðurlöndunum eftir fækkun slysa þar áratuginn á undan, en þetta var, eins og kom hér fram hjá fyrirspyrjanda á norrænu umferðaröryggisári.

Fleiri aðilar vinna úr upplýsingum um umferðarslys. Þannig vinnur lögreglustjóraembættið í Reykjavík úr upplýsingum um umferðarslys í Reykjavík og leitast við að finna orsök slysa, svo sem að aðalbrautarréttur er ekki virtur, umferðarréttur ekki virtur, of stutt bil milli bifreiða, ranglega beygt, röng staðsetning á vegi, ölvun við akstur, bifreið í ólagi o. s. frv. Enn fremur eru slysin flokkuð eftir því hvenær sólarhrings þau verða. Auk þessa tekur lögreglan í samvinnu við gatnamálastjóra saman upplýsingar um hvar umferðarslys verða. Sama á sér stað hjá fleiri sveitarfélögum og einnig Vegagerð ríkisins sem gefur út skýrslu um umferðarslys á þjóðvegum. Niðurstöður þessar eru hafðar til hliðsjónar við lagfæringu á vegum og gatnakerfi.

Enn má nefna könnun, sem unnin hefur verið á vegum landlæknis á vélhjólaslysum í Reykjavík á árunum 1981 og 1982, svo og ítarlega rannsókn sem Bjarni Torfason læknir gerði á umferðarslysum sem skráð voru á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík á árinu 1975. Veita þessar rannsóknir ýmsar athyglisverðar upplýsingar um umferðarslysin og eðli þeirra.

Í 84. gr. umferðarlaga er fjallað um hlutverk Umferðarráðs. Í 6. tölul. þeirrar greinar segir að það skuli vera hlutverk þess að sjá um að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu. Hér að framan hefur verið rakið hvernig Umferðarráð hefur staðið að úrvinnslu upplýsinga um umferðarslys sem lögreglan hefur gert skýrslu um. Umferðarráð hefur haft hug á því að vinna frekari skýrslur um umferðarslys og orsakir þeirra, eðli og afleiðingar. Hefur Umferðarráð árum saman farið fram á fé til slíkrar úrvinnslu í fjárlagatillögum, en fjárveitingar til Umferðarráðs hafa jafnan verið lækkaðar,

svo það hefur eigi treyst sér til að fara út í slíkar athuganir. Er ljóst að til slíkra athugana verður eigi stofnað nema með sérstöku fjárframlagi og undir stjórn sérhæfðs starfsliðs. Er eðlilegt að slík starfsemi fari fram undir umsjá Umferðarráðs og fjármagni verði beint til þess í þessu skyni. Af þeirri ástæðu verður naumast talið rétt að stofna til sérstakrar nefndar eða stofnunar til aðgerða á þessu sviði, þótt Umferðarráði muni þörf á ráðgjöf sem kann að vera mismunandi eftir því hvert viðfangsefnið yrði. Kann þar að henta að leita samstarfs við Háskóla Íslands, svo sem læknadeild og verkfræðideild. Til þessa er þó augljóslega þörf fjármagns og vilja til að láta það af hendi rakna í þessu skyni.

Ég vil svo að lokum taka undir orð hv. fyrirspyrjanda að það er mikils virði fyrir þjóðfélagið, hvernig svo sem á málið er litið, að allt sé gert sem unnt er til þess að draga úr því gífurlega tjóni og öðrum afleiðingum sem umferðarslys hafa.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Einhvern veginn hafði ég þá tilfinningu áðan þegar ég var að hlusta á svör ráðh., að fyrirspurnatímar hér á hinu háa Alþingi væru nú ekki ferðalag á frjóum akri frumlegrar hugsunar. Mikið lifandi dæmalaust eru þessi ráðherrasvör þreytuleg og embættismennirnir einhvern veginn haldnir eilífum doða þegar þeir eru að semja þessi svör. (Gripið fram í.) Þeir eru að verða heldur dapurlegir þessir þriðjudagstímar okkar hér. Ég kom þó ekki hingað aðallega til að segja þetta, heldur til þess að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa komið þessu máli hér á framfæri. Ég held að full ástæða sé til að vekja athygli á því. Ég vil hins vegar minnast á þessar þreytulegu skýrslur sem lesnar eru hér yfir okkur. Ég hef lesið það í dagblöðum bæjarins að skýrslur um umferðarslys séu vægast sagt ekki afskaplega áreiðanlegar, a. m. k. ekki fyrir okkur sem ekki höfum komið þar nálægt eða unnið að þeim. Skýrslur þær frá lögreglunni vegna slysa, sem hún hefur blandast í, eru afar ólíkar skýrslum sem læknar Slysavarðstofu hafa yfir að ráða. Ég held að mál sé til komið að við fáum úr því skorið hvernig umferðarslysum er háttað, hvor aðilinn hefur rétt fyrir sér. Læknir, sem rannsakað hefur umferðarslys og hæstv. ráðh. minntist á, heldur fram ærið miklu hærri tölu umferðarslysa en skýrslur Umferðarráðs, sem byggjast á lögregluskýrslum, gefa til kynna.

Af því að ég fór að tala um þreytulega afgreiðslu og þreytuleg svör þá vil ég minna á að hér hefur hvað eftir annað verið vikið að þessum málum. Fyrir örskömmu innti hv. þm. Eiður Guðnason enn eftir framkvæmdum á samþykktri till. um samræmingu á hjólbörðum sem fluttir eru til landsins. Hæstv. ráðh. minntist einnig á till. frá okkur hv. þm. Helga Seljan, sem hér var samþykkt í fyrra, um könnun á tíðni vélhjólaslysa. (Gripið fram í.) Jú, jú, þessar skýrslur liggja svo sem fyrir í skúffum rn. En það sem okkur þm. langar til að vita er: hvað ætlar ráðh. svo að gera? Það getur vissulega verið gaman að lesa skýrslur, en til þess eru þær gerðar að þær leiði menn að einhverjum aðgerðum.

Ég vil, af því að hæstv. heilbrrh. situr þarna einnig, leyfa mér að inna hann eftir hvers vegna ekki er hægt að afgreiða í hv. allshn. till. sem liggur hér fyrir um vistunarvanda öryrkja. Það hefur ekkert farið á milli mála að við stjórnarandstöðuþm. höfum átt afar erfitt með að fá nokkru máli fram komið í þinginu. Í tillögunni er um að ræða beiðni um að leysa vanda innan við 20 sjúklinga, sem hafa orðið sérstaklega illa úti í umferðarslysum, sjúklinga sem bókstaflega engin stofnun vill hafa. Við höfum fengið einhver óljós svör og orðsendingar úr rn. um að það standi nú til að kippa þessu í liðinn svo að óþarfi sé að vera að afgreiða hana. Og gengur nú hæstv. formaður n. í salinn, sem sjaldnast heldur fundi í þeirri góðu n., enda þarf ekki að afgreiða nein mál, því að þetta er allt saman á leiðinni frá rn.

En ég skal ekki taka meiri tíma, herra forseti. Ég vil bara minna á allar þessar tillögur, sem sífellt er verið að tala um hér og ýmist verið að samþykkja eða spyrja um þær ári seinna. Ég held að ég hljóti að hvetja hæstv. ráðh., sem hér sitja, til þess að fara að gera eitthvað í þessum málum, en vil að öðru leyti þakka hæstv. fyrirspyrjanda og jafnframt minna hæstv. ríkisstj. á að besta ráðið til að draga úr umferðarslysum og streitu í umferðinni er líklega að bæta hag landsmanna.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þegar ég les fsp. kemur í ljós að henni hefur þegar verið svarað, þar sem spurt var um hvernig rannsókn á umferðarslysum sé háttað. En mér fer nú eins og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að mér finnast svör ýmissa ráðh. vera ansi daufleg — lítt frumleg. Og það er eins og þeir láti embættismennina skammta sér hvað þeir, ráðh. sjálfir eigi að segja. Þeir eiga auðvitað að láta sjá að einstaka sinnum kvikni ljós hjá þeim sjálfum um það hvað megi gera til að bæta úr þessu hroðalega máli. Það er sama myrkrið.

Skýrslur eru til margra hluta nytsamlegar. Það þekkjum við frá gamalli tíð. En til hvers eru þær? Væri ekki upplagt að koma á nægilega góðu kerfi í skýrslugerðinni svo að úr skýrslunum megi eitthvað lesa, úr niðurstöðum skýrslnanna megi lesa hverjir eru mestu hættuvaldarnir og á hverju megi helst taka til að koma í veg fyrir slys, forða slysum, eins og íslenskufræðingarnir segja hér úr sérfræðingadeildinni.

Kjarni málsins er sá, að það sem máli skiptir er ekki að rannsaka afleiðingar slysa heldur að gera allt sem unnt er til að koma í veg fyrir þau. Það er eins og á skipunum. Það er auðvitað nauðsynlegt að hafa mjög fullkominn björgunarbúnað, en best er að þurfa aldrei að grípa til hans. Það er aðalatriðið. Það er ekki aðalmálið að vera nógu fljótur að kippa mönnum upp, sem hafa lent útbyrðis, heldur að haga skipi sínu þannig að enginn detti nokkru sinni í sjóinn. Í þessu máli gildir nákvæmlega það sama. Ég tel að það þurfi að finna einhverjar leiðir til að koma í veg fyrir þessi voðalegu slys og dýru, t. d. með því að bæta ökukennslu og herða á kröfum. Til greina kæmi að hækka það aldursmark þegar menn mega fara að aka bifreiðum. Hin mjög alvarlegu vélhjólaslys sem orðið hafa eru þannig, að ég tel að taka þurfi til mjög alvarlegrar athugunar hvers konar mótorhjól eigi hér að leyfa, hvort eigi að leyfa unglingum meðferð þeirra eins og gert hefur verið og hvort það eigi t. d. ekki að krefjast hreinlega meira prófs til að nota þessi tæki. (Forseti hringir.) Því þegar menn hafa tekið meira próf þá væru þeir komnir af unglingsárum. Slysin eru svo alvarleg að það þarf að grípa mjög hart á í þessum efnum og vera ekki hræddur um atkvæðin sín.

Herra forseti. Þá eru það að lokum örfá orð um

bílbelti sem kölluð eru, það er vont orð. Það er skylda að brúka bílbelti, en meira en helmingur ökumanna á Íslandi notar þau ekki. Það er alveg nauðsynlegt að nú þegar verði sett viðurlög við því að brúka ekki þessi bráðnauðsynlegu slysavarnatæki.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Mér er ekki nokkur leið að taka undir orð hv. 10. landsk. þm. um það að svör hæstv. ráðh. hafi verið meira þreytandi en gerist og gengur og hægt er að reikna með. Ég varð ekki vör við neina sérstaka þreytu í máli hæstv. ráðh. En við vitum það hv. þm. að auðvitað hljóta ráðherrar að verða að leita svara hjá sínum starfsmönnum. Það er nú ofætlan, held ég, að ætlast til þess að þeir geti í hverju svari sínu talað eingöngu frá eigin brjósti. Það eru staðreyndir sem þm. eru að biðja um og það er m. a. það sem ég var að leita eftir hér. Það kom ýmislegt fram í máli hæstv. ráðh. sem ég held að hafi verið gagnlegt fyrir okkur þm. að fá hér fram á Alþingi, því að aldrei verður of mikið gert að því að ræða þau alvarlegu mál sem umferðarslysin eru. Og ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði áðan í tölum um þau efni hvað þetta kostar þjóðfélagið.

Það var vissulega rétt sem hæstv. ráðh. sagði að slysum fækkaði á s. l. ári og má beinlínis rekja það til þess starfs sem unnið var hér vegna norræns umferðaröryggisárs. En til þess að halda þeirri stöðu held ég að sé brýn nauðsyn að það sé í raun umferðaröryggisár allan ársins hring, á hverjum degi og hverri nóttu.

Ég þakka hv. þm. sem tóku undir fsp. mína. Hv. 4. þm. Suðurl. talaði um að það væri ekki nóg að safna skýrslum, það þyrfti að gera eitthvað. Og auðvitað er það rétt. En hverjir eiga að gera eitthvað? Erum það ekki við sjálf sem ferðumst í umferðinni, ýmist akandi eða gangandi, sem eigum að leggja okkar af mörkum, m. a. með því að nota bílbeltin, eins og hv. 4. þm. Suðurl. kom inn á? Í því sambandi má upplýsa hann um það, ef hann veit ekki, að nú þegar eru komin fram tvö frv. í hv. Ed. einmitt í því skyni að bæta hér um. Það er bæði varðandi ljósanotkun bifreiða og að beitt verði sektarákvæðum ef bílbelti eru ekki notuð.

Hvað varðar skipun nefndarinnar sem ég var að tala um. Ég veit að það er unnið gott starf á vegum Umferðarráðs varðandi rannsóknir slysa, svo langt sem það nær, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. En ég er að tala um að það verði skipuð sérstök nefnd sem fjalli um það þegar alvarleg slys ber að höndum, þ. e. dauðaslys og alvarleg slys í umferðinni. Minna má á það, að Íslendingar eru þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir t. d. á flugslysum. Og það er starfandi sjóslysanefnd sem rannsakar orsakir sjóslysa. En það er engin slík nefnd starfandi varðandi umferðarslysin umfram það sem kom fram í máli hæstv. ráðh. Ég held að það sé brýn nauðsyn að koma á fót slíkri nefnd og ég tel að hún eigi að starfa á vegum Umferðarráðs, að það eigi að vera á þeirra hendi.

Ég vil segja það að lokum að það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í, eins og reyndar kom fram í máli hv. 4. þm. Suðurl. kannske í ofurlítið öðrum orðum. En það er aldrei of seint að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að fækka dauðaslysum og öðrum stórslysum í umferðinni. Ég vænti þess að það verði ríkur skilningur á hv. Alþingi á þýðingu þess að veita fjármagni til fyrirbyggjandi aðgerða.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þetta er þörf umræða. Hér hefur verið vikið nokkuð að bílbeltum eða öryggisbeltum. Ég átti nokkurn hlut að því máli þegar það var hér til umr. og samþykkt var að skylda menn til að nota bílbelti fyrir tveimur eða þremur árum. Þá fór það hins vegar svo, að ekki þótti fært að hafa viðurlög ef út af væri brugðið.

Nú er það hins vegar reynsla allra þjóða, þar sem ákvæði lík þessu eru í gildi, að þeim er ekki hlýtt nema viðurlög fylgi. Þess vegna held ég að brýnt sé að Alþingi samþykki nú hið fyrsta frv. sem liggur fyrir hv. Ed. um það að sektum verði beitt ef út af er brugðið um notkun bílbelta. Það er óumdeilanleg staðreynd að engin ein ráðstöfun, sem er jafn útlátalítil og það að spenna á sig bílbelti, getur sparað okkur jafn stórkostlegar fjárhæðir, ekki aðeins í beinum krónum, heldur getur líka sparað mannlegar þjáningar og örkuml sem aldrei verður til fjár metið. Þetta ættum við að hafa í huga. Þessi einfalda aðgerð, að skylda ökumenn og farþega til að nota bílbelti, getur sparað óhemju fúlgur fjár. Þess vegna má það ekki lengur úr hömlu dragast að koma þessum málum í það horf að þessum lögum verði hlýtt eins og til var ætlast. Og til þess virðist því miður vera sú eina leið að hafa sektarákvæði. Það hefur verið reynsla allra þjóða hér í kringum okkur að annars er þessum lögum ekki hlýtt. Og sé lögum ekki hlýtt þá eru þau verri en engin lög.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þessi umr. er þörf, en hitt er jafnframt hollt, að menn geri sér grein fyrir að með lögum útilokum við ekki umferðarslys á Íslandi. Ef málið væri svo einfalt þá væri bara að setja lög þar sem þau væru bönnuð. Ég hygg að það séu allmargir þættir sem komi þar inn í. Stærsti þátturinn er trúlega mannleg tillitssemi, hvort hún er nægilega mikil í umferðinni.

Það blasir aftur á móti við að mál eins og skipulagsmál hér á höfuðborgarsvæðinu eru í mjög miklum ólestri og valda umferðarslysum í stórum mæli. Við sem komum utan af landi eigum gjarnan erfitt með að átta okkur á því hvar Reykjavík endar, hvar Seltjarnarnes tekur við, hvar Kópavogur tekur við, hvar Garðabær, hvar Álftaneshreppur og hvar Hafnarfjörður. Hitt er þó öllu verra, að það er eins og þeir sem staðið hafa að skipulagsmálum hver fyrir sitt svæði hafi undir sumum kringumstæðum varla gert ráð fyrir því að það þyrfti að aka á milli svæðanna. Þannig er ástandið. Og það er grátlegt að horfa á það að beinlínis vegna togstreitu um hvar eigi að leggja vegi er afleiðingin sú, að umferðarslysum á ákveðnum gatnamótum og ákveðnum vegum fer ört fjölgandi.

Ég vil þess vegna eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. dómsmrh. að hann láti athuga í samráði við félmrh. hvort ekki er hægt að breyta yfirstjórn skipulagsins hér á stór-Reykjavíkursvæðinu á þann veg að tryggt verði í nánustu framtíð að vegir standist á milli þessara byggðarlaga og af þeirri ástæðu einni saman verði ekki fjölgað umferðarslysum hér á höfuðborgarsvæðinu.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég býst við

að það verði að beina fsp. til einhvers annars en mín ef menn ætlast til þess að fá sérstaklega frumleg svör þegar lesa á upp skýrslu eða gera grein fyrir hlutum þar sem fyrst og fremst á að byggja á staðreyndum.

En það var varpað hér fram spurningunni um til hvers skýrslur væru. Ég vil þess vegna undirstrika atriði sem kom fram í svari mínu áðan, að bæði lögreglan í Reykjavík og Vegagerðin skrá og flokka umferðarslys og reyna síðan að haga ákvörðun um skipulagningu umferðarinnar með tilliti til þess, þannig að af þessari reynslu sé reynt að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Í máli hv. 4. þm. Suðurl. kom fram ein ábending um það sem hann taldi að ætti að gera. Það væri að bæta ökukennslu og herða kröfur. Ég hélt að hv. 4. þm. Suðurl. væri kunnugt um það að nú var verið að gefa út nýja reglugerð um ökukennslu þar sem reynt er að leggja áherslu á að bæta hana og á þann hátt að stuðla að bættum akstri í landinu. Ég átti viðræður við ökukennara í sambandi við þessa endurskoðun. Þeir voru vitanlega áhugasamir um að reynt yrði að hafa ákvæði þannig, að árangur af þeirra starfi yrði sem bestur. En þeir bentu á það, að nemendum þeirra fyndist dálítið erfitt að sætta sig við það, þegar kennararnir væru að leiðbeina nemendum um það hvernig ætti að aka, að sjá síðan ökumenn, sem búnir væru að taka *próf áður, brjóta þær reglur sem* væru taldar grundvallaratriði í akstri. Það virðist því þurfa að halda kennslunni og áminningum áfram þó að menn hafi einhvern tíma tekið próf.

En vegna þeirrar spurningar sem fram kemur í seinni lið fsp., um sérstaka nefnd, vil ég undirstrika það að ég tel ekki rétt að hafa það einhvern sjálfstæðan aðila. Það eigi að vera — eins og umferðarlögin gera ráð fyrir — Umferðarráð sem fjalli um slíkt mál. Þá var líka bent á það að nauðsynlegt gæti verið að leita til sérfróðra aðila þegar fram þyrfti að fara ítarleg athugun. Og það fer eftir vilja Alþingis hversu miklu fjármagni er varið í þessu skyni. En ég held að heppilegt sé að það sé sá aðili sem er kunnugastur þessum málum, sem hafi yfirumsjón með rannsókn þeirra.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Það var aðeins vegna síðustu orða hæstv. ráðh. Það urðu mér nokkur vonbrigði að heyra að hann telur ekki ástæðu til að setja á laggirnar sérstaka nefnd innan Umferðarráðs sem hafi eingöngu með höndum að koma til þegar um mjög alvarleg umferðarslys er að ræða. Ég er honum ekki sammála og ég mun leggja mitt af mörkum hér á hv. Alþingi til að reyna að koma því máli áfram.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. dómsmrh., sem fram kom í lokaorðum hans hér áðan, að það er tóluverður misbrestur á því að ökumenn fari eftir settum reglum. Menn geta m. a. s. séð það þegar þeir horfa út um gluggann á þessu virðulega húsi. Hér fyrir utan húsið er umferðarmerki sem segir að bifreiðastöður séu bannaðar 20 metra í aðra áttina og 30 metra í hina. Hv. þm. geta séð þetta merki með því að líta út um gluggann. En hvað sjá menn líka? Menn sjá alla daga röðina af ráðherrabílunum sem er lagt hér fyrir utan þrátt fyrir þetta merki. Og hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það.

Athvarf fyrir börn og unglinga, sem neyta fíkniefna, fsp. 193. mál (þskj. 347). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Á. s. l. 20 árum hefur neysla vímuefna meðal ungs fólks á Vesturlöndum færst stórfelldlega í aukana. Ætla má af könnunum að víða hafi um 80% ungmenna á gagnfræða- og menntaskólastigi neytt eins eða fleiri vímuefna í því skyni að komast í einhvers konar vímuástand. Þegar ég tala um vímuefni á ég við einhvern eftirtalinna efnaflokka:

1) Róandi efni eins og áfengi, svefnlyf, valíum og önnur róandi lyf.
2) Örvandi efni eins og amfetamín, kókaín og ýmis megrunarlyf.
3) Kannabisefni eins og marihuana og hass.
4) Skynvilluefni eins og LSD og meskalín.
5) Kvalastillandi efni eins og ópíum, morfín, heróín, kódeín, petidín og metadon.
6) Lífræn leysiefni eins og lím, þynni og úðunarefni.
7) Ofnæmis- og sjóveikilyf.
8) Ýmis önnur efni eins og t. d. englaryk.

Lengi vel vorum við Íslendingar lausir við þennan vágest ef undan er skilið áfengi og þess var ekki neytt í verulegum mæli meðal barna og unglinga. Á s. l. árum hefur þó ástandið breyst til hins verra og virðist almenn vímuefnaneysla meðal barna og unglinga fara vaxandi. Engar tæmandi rannsóknir liggja fyrir um vímuefnaneyslu unglinga hér á landi en þó má draga ályktanir af þeim könnunum sem gerðar hafa verið. Ef ég má vitna í heilbrigðisskýrslur, fylgirit 1982, með leyfi forseta:

Ef bornar eru saman kannanir á áfengisneyslu 1972 og 1980 kemur fram að stöðugt fleiri unglingar telja áfengisneyslu eftirsóknarverða og að marktæk fylgni er á milli þessa viðhorfs og hærri tíðni eigin neyslu. Enn fremur að notkun áfengis meðal íslenskra unglinga hefur aukist verulega hin síðari ár. Unglingarnir drekka oftar og meira í hvert sinn en áður. Það var einnig ljóst af þessari könnun að áfengisnotkun fullorðinna er veruleg og vaxandi og trúlegt er að notkunarvenjur unglinga endurspegli þær venjur sem almennt tíðkast í landinu.

Árið 1970 kom fram í könnun að kannabis var nær óþekkt meðal 15 ára unglinga í Reykjavík. Síðari kannanir 1972 og 1980 sýndu að þeim unglingum sem hafa notað kannabisefni hefur fjölgað mikið. Enn fremur kom greinilega í ljós fylgni milli notkunar áfengis og kannabisefna.

Á allra síðustu árum hefur svo aukist verulega bæði framboð og fjölbreytni þeirra vímuefna sem eru á boðstólum og aldurshópur neytenda er orðinn breiðari. Samkvæmt upplýsingum þeirra sem vinna að málum unglinga er í dag hópur unglinga frá 13 ára aldri a. m. k., jafnvel yngri, sem neytir vímuefna reglulega. Þessi hópur notar flest þau efni sem aðgengileg eru á markaðnum hverju sinni. Í þessum hópi eru unglingar sem flestir eru hættir í skóla og margir án þess að hafa lokið lögboðnu skyldunámi. Þeir eru ekki í vinnu eða stunda hana stopult og eru að miklu leyti lagstir út. Þessir unglingar fjármagna neyslu sína á ýmsan hátt, með ígripavinnu, sölu og dreifingu vímuefna, eitthvað er um þjófnaði og önnur lögbrot og sögusagnir hafa

heyrst um vændi barnungra stúlkna. Þessi harði kjarni er e. t. v. um 20—30 börn og unglingar og hann hefur síðan óæskileg áhrif á svonefndan áhættuhóp sem telur marga tugi unglinga. Þar eru börn allt frá 10 ára aldri sem farin eru að nota vímuefni í einhverjum mæli. Og stöðugt verða þau börn yngri sem þreifa fyrir sér í þessum efnum. Oft er um að ræða einstaklinga sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður á heimili og í skóla og koma frá láglaunahópum þjóðfélagsins. Þetta er þó ekki einhlítt því að börn sem alist hafa upp við góðar aðstæður geta líka ánetjast vímuefnafíkn. Ótrúlegt er að nokkur ætli sér eða vilji verða háður vímuefnum en það sem byrjar annaðhvort sem flótti frá beiskum raunveruleika sem unglingurinn ræður ekki við eða þá sem fikt, rekið af ævintýralöngun eða löngun til að upphefja sig í augum félaganna, getur fyrr en varir orðið að líkamlegum og sálrænum bindandi vana og unglingurinn missir stjórn á neyslu sinni. Öll þessi vímuefni sem ég nefndi áðan geta valdið líkamlegum eða andlegum skemmdum, sum ef neysla þeirra er mikil og langvarandi, önnur geta haft varanlegt og óbætanlegt heilsutjón í för með sér, þótt þeirra sé aðeins neytt í eitt sinn. Dæmi um slík efni eru LSD, englaryk og sniffefni. Mörg þeirra barna og unglinga sem eru reglulegir neytendur vímuefna hafa þegar beðið tjón á heilsu sinni. Önnur eru í mikilli hættu. Þau ráfa um umhirðulítil og vanrækt á þeim stöðum þar sem unglingar leita saman í hjarðir, t. d. á Hallærisplaninu og Hlemmi. Sum eru illa haldin eða ósjálfbjarga og eiga í ekkert hús að venda vegna félagslegra vandræða eða þá að þau þora ekki heim. Flest þurfa þau læknismeðferð, hjúkrun og aðhlynningu í lengri eða skemmri tíma.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.: Hverjar eru aðstæður hér á landi til að veita athvarf og heilbrigðisþjónustu þeim börnum og unglingum sem eru illa haldin andlega og líkamlega um styttri eða lengri tíma vegna fíkniefnaneyslu?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Mjög verulegt átak hefur verið gert í geðheilbrigðismálum almennt síðasta hálfan annan áratug. Ný geðdeild hefur verið byggð á Landspítalalóð og 1970 var sett á stofn geðdeild barnaspítala Hringsins við Dalbraut í Reykjavík. Í hinni nýju geðdeild Landspítala var í byrjun gert ráð fyrir að yrði sérstök deild fyrir unglinga til að sinna geðrænum vandamálum þeirra en horfið var frá því ráði og það húsnæði sem ætlað var til þeirra nota fellt út af fyrstu byggingaráætlun, aðallega vegna afstöðu læknaráðs Landspítalans sem ekki taldi að verkefni af því tagi ætti að hafa forgang þá. Fíkniefnamál er tiltölulega nýtt vandamál hjá unglingum hér á landi og er því tæpast að vænta þess að sérstök fíkniefnadeild fyrir þennan aldurshóp hafi verið sett á stofn þar sem unglingadeild var ekki talin nauðsynleg á Landspítala fyrir almenna geðsjúkdóma.

Í þessu sambandi verður að minna á að áfengi er enn sem komið er algengasta fíkniefnið. Jafnframt verður að minna á þá skoðun geðlækna að fíkniefnaofneysla barna og unglinga er annaðhvort alvarlegt einkenni um geðræna kvilla eða geðsjúkdómur í sjálfu sér. Barnageðdeildin við Dalbraut hefur sinnt börnum og unglingum á göngudeild til 16 ára aldurs en aðallega sinnt þeim sem eru á aldursskeiðinu til 12 ára aldurs. Einkum á þetta við um þá sem hafa fengið þjónustu inni á sjúkradeildum.

Þegar um er að ræða alvarlega geðsjúkdóma hjá unglingum hafa geðdeildir fyrir fullorðna tekið við sjúklingum eftir því sem aðstæður hafa leyft. Jafnframt hafa afeitrunardeildir geðdeildanna tekið við unglingum sem hafa verið illa haldnir vegna fíkniefnaneyslu og fráhvarfseinkenna, hvort sem um hefur verið að ræða áfengi eða aðra vímugjafa. Jafnframt hafa barnadeildir og almennar lyflæknadeildir tekið við börnum og unglingum sem hafa haft líkamleg sjúkdómseinkenni, hvort sem þau hafa verið rakin til fíkniefnaneyslu eða annars.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur um nokkur undanfarin ár haft á forgangslista sínum um aukna starfsemi beiðnir um starfsmannaheimildir til að reka alhliða unglingageðdeild þar sem m. a. yrði rekin aukin heilbrigðisþjónusta fyrir unglinga sem neyta fíkniefna. Önnur starfsemi hefur þótt brýnni á ríkisspítölum þegar til kasta hefur komið að velja forgangsverkefni þannig að uppbygging þessarar deildar hefur beðið.

Í þessu sambandi verður að minna á að á síðustu árum hafa komið upp hér og verið kostaðar af opinberu fé fleiri stofnanir fyrir áfengissjúklinga en tíðkast í nokkru öðru landi. Taka verður til alvarlegrar íhugunar hvort ekki verður að endurskoða starfsemi þessara stofnana í heild svo að hægt sé að fá aldursflokkaskiptingu á stofnunum þeim sem þegar eru í notkun þannig að aldursflokki unglinga verði sinnt í auknum mæli í framtíðinni.

Heilbr.- og trmrn. hefur nú þegar óskað eftir umsögn landlæknis um það hvernig þær deildir, er að þessum málum vinna, geti tekið upp verkaskiptingu sín á milli. Um geðdeild barna á Dalbraut sérstaklega mun ég fjalla í svarinu við síðari spurningu hv. fyrirspyrjanda.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hv. heilbrmrh. fyrir svör hans. En mín spurning beindist í raun að mjög brýnu og bráðu vandamáli sem er á meðal okkar í dag. Þarna er um að ræða unga einstaklinga sem eru að farast í félagslegu brimróti, ef svo má segja. Það þarf að beita einhverjum aðgerðum núna. Ég virði þá útlistun sem hæstv. heilbrmrh. gaf á þeirri þjónustu sem er fyrir hendi en jafnframt veit ég að margir þessara einstaklinga komast aldrei til að njóta þessarar þjónustu. Þeir hrekjast á þeim stöðum þar sem þessi þjónusta nær ekki til þeirra og hún hefur ekki bolmagn til að leita þessara einstaklinga. Það er álitamál að hve miklu leyti þessir einstaklingar eiga eingöngu við geðræn vandamál að stríða og að hve miklu leyti þeir eiga við félagsleg vandamál að stríða.

Rætt var um fíkniefnamál og um að hefta útbreiðslu og minnka framboð efnanna skömmu fyrir þinglok síðasta þings og er það vel. Jafnframt var veitt 1 millj. kr. á fjárlögum og sú upphæð sett í umsjá fjmrh. til þess að verja til varnaraðgerða gegn fíkniefnum. Nú vill svo heppilega til að heilbrmrh. — ég held að ég hafi rétt fyrir mér — fer með starf fjmrh. í fjarveru hans. Mig mundi langa til að vita hvað ætti að gera við þessa 1 millj. kr. og hvort hægt væri að beita henni á einhvern hátt til þess að koma til móts við þarfir þessara barna.

Annað vildi ég líka benda á með tilliti til félagslegu aðstæðnanna. Það er að verða sífellt erfiðari fjárhagsafkoma fjölskyldnanna og eykur það á félagsleg vandræði þeirra. Ég vil benda á nýlega frétt í Hagtíðindum þar

sem fram kemur að sjötta hvert heimili landsins er á framfæri einstæðra foreldra eða 6 254 heimili þann 1. des. s. l. Þar af voru 393 einstæðir feður. Meiri hluti þessara heimila er því á framfæri einstæðra mæðra. Ef litið er til þess hvar konur skipast í launahópa, þ. e. í láglaunahópana sem sífellt eru að verða aðþrengdari, er það mikill ábyrgðarhluti fyrir stjórnvöld að herða sífellt takið á þessum hópum. Um áttunda hvert barn eða 8 232 íslensk börn alast nú upp á heimilum sem eru í forsjá einstæðra foreldra. Hvernig félagslegar aðstæður og framtíð er þessum börnum búin? Ég held að stjórnvöld verði að hyggja að því.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af þeirri viðbótarspurningu sem kom fram hjá hv. 3. landsk. þm. hvernig eigi að verja þessari 1 millj. til forvarnarverkefna, þá er verið að vinna að því í samráði við landlæknisembættið. Ég veit ekki hvort það er búið til fullnustu. En ég vil segja að hér er um tiltölulega nýtt vandamál að ræða, fíkniefnaneyslu og vaxandi áfengisneyslu.

Þegar ég var ungur var ekkert til sem hét fíkniefnaneysla og áfengisvandamál var sáralítið hjá börnum og varla til. Þetta hefur ekki versnað vegna versnandi efnahags þjóðarinnar því að það hefur verið mikil peningavelta og jafnframt mikil gróska í sambandi við þessa auknu fíkniefnaneyslu og áfengisneyslu. Það er ekki fátæktin sem hefur innleitt þetta. Það má kannske heldur segja að það hafi verið peningarnir sem hafi innleitt þennan ósóma.

Það sem er hendi næst er ekki að byggja alltaf ný og ný sjúkrahús og nýjar og nýjar greinar. Það er fyrst og fremst að uppræta þennan ósóma. Leiðin er fyrst og fremst að finna kvikindin sem standa að baki þessu smygli og nota þetta sem féþúfu til þess að gera börn og foreldra og nánustu aðstandendur að aumingjum á tiltölulega skömmum tíma. Þar liggur meinsemdin. Hún liggur hjá þeim glæpalýð sem þetta stundar og það er raunalegt til þess að vita að það skuli vera í jafn litlu þjóðfélagi og okkar. Þar á baráttan fyrst og fremst að vera til að koma í veg fyrir þetta vandamál.

Við skulum ekki reyna að koma hér öllu af stað með því að einblína á það að nú hefur syrt í álinn í fjármálum þessarar þjóðar og lífsafkomu. Ég sé ekki að það sé fyrir neina guðsvolaða aumingja peningalega að kaupa þessi fíkniefni eftir því verðlagi sem er verið að segja manni að sé á þessu eitri. Þeir fá það ekki sem hafa enga peninga. En hitt er rétt að þeir sem eru komnir út í þetta — og það þarf ekki þetta land til — leiðast til glæpaverka, innbrota og þjófnaða, til að komast yfir peninga. Þetta hefur verið flutt til landsins m. a. frá okkar nágrannaþjóðum þar sem þetta sama vandamál hefur verið við að stríða.

Við skulum reyna að sjá vítt yfir þetta vandamál. Við deilum ekki um að það er staðreynd að þetta vandamál er til og við þurfum að sigrast á því. Það gerum við fyrst og fremst með því að finna sökudólgana og koma því inn að hér sé um alvarlegan glæp að ræða, alvarlegri glæp en nokkurn annan, sem þetta fólk er að innleiða og hefur orðið þess valdandi að lífshamingja fjölda ungmenna og nánustu aðstandenda þeirra hefur hrunið í rúst.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. orð hans. Ég er sammála honum að við verðum að sjá vítt yfir vandamálið. Ég er líka fullviss um að vandamálið er flókið en ég vildi samt ítreka að það er rétt að við höfum haft það gott efnahagslega á síðari árum, miðað við fyrri tíð. En á sama tíma er alveg rétt hjá hæstv. heilbrrh. að aukist hefur framboð af þessum efnum. Þó að við höfum haft það slæmt áður höfðum við ekki þessi efni til að flýja til til að firra okkur þeim beiska raunveruleika sem við gátum ekki tekist á við. En í dag hafa börnin þau. Það er alveg rétt, það hafa verið meiri peningar milli handa fólks í seinni tíð, en til að afla peninganna hefur fólkið þurft að vinna mikið. Það hefur þurft að vinna svo mikið að samskipti við börnin og unglingana hafa verið vanrækt. Þess vegna er miklu meira rótleysi og brotnara fjölskyldumynstur í dag en áður var þegar efnahagur okkar var verri. Ég held að við megum ekki líta fram hjá þessu.

Ég vildi bara undirstrika að það er skylda okkar og ábyrgðarhluti að styrkja unglingana þannig að það sé sjálfstraust og sjálfsstjórn þeirra sem ræður því hvort þeir neyta vímuefna. Við getum ekki þurrkað burt vímuefni úr heiminum. Þau hafa alltaf verið til. Þau eru í jurtum sem vaxa í náttúrunni þannig að við getum ekki útilokað þau. Það sem við getum gert er að efla og styrkja sjálfstraust þeirra sem láta þau inn í líkama sinn. Þar getum við unnið saman.

Árni Johnsen: Herra forseti. Að firra okkur þeim beiska raunveruleika sem við er að glíma, sagði síðasti ræðumaður, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir. Þetta er svolítið stórt sagt en kannske ástæðulaust að segja það í því samhengi að eðlilegt sé að menn þurfi að firra sig beiskum raunveruleika á þennan hátt. Það getur ekki verið afsakanlegt en það getur verið skiljanlegt. Mér finnst ástæða til þess að taka undir orð hæstv. heilbrrh., að stærsta átakið til varnar hlýtur að vera í strangri löggjöf, ströngum viðurlögum gegn þeim aðilum sem flytja eiturlyf inn í landið.

Við vitum að á undanförnum árum hefur á skipulegan hátt aukist sala á eiturlyfjum í nágrannalöndum okkar, bæði veikum og sterkum eiturlyfjum. Þetta hefur haft áhrif á okkar samfélag. Þetta hefur einnig haft þau áhrif í nágrannalöndum okkar að aukist hafa rán og gripdeildir, líkamsmeiðingar á götum úti sem annars staðar. Einnig þetta er nýtt í okkar samfélagi sem við höfum orðið áþreifanlega vör við. Það undirstrikar kannske fyrst og fremst að við eigum að taka mjög fast og ákveðið á þessum málum.

Á margan hátt er hægt að ræða um fyrirbyggjandi aðgerðir en það hlýtur að verða gerður greinarmunur á hvort átt er við þann glæpalýð sem stundar innflutning á eiturlyfjum eða hvort átt er við þau fórnardýr sem verða fyrir barðinu á eiturlyfjunum.

Það er auðvitað ekkert algilt að geðrænir kvillar valdi því að börn og unglingar ánetjist eiturlyfjum, heldur er það kannske ekkert síður fikt og vanþekking. Það er einmitt á þessum sviðum sem við þurfum að taka okkur tak, að kynna æskulýð landsins meira en gert hefur verið þann skaða sem þessi eiturlyf og meðferð þessara svokölluðu vímuefna getur haft fyrir hvern og einn í okkar samfélagi. Þar þurfum við að taka á ekki síður en gegn því óhamingjusama fólki sem ber ábyrgð á því að flytja þessi efni inn í landið. En ég vil sem sagt árétta að

taka þarf fast og ákveðið á í þessum efnum og það er mjög tímabært.

Geðræn vandamál barna og unglinga, fsp. 193. mál (þskj. 347). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Síðari fsp. mín er nátengd þeirri fyrri.

Rannsóknaniðurstöður síðustu ára hafa sýnt fram á að geðræn vandamál fullorðinsára eiga langoftast rætur að rekja til bernskuára og óleystra tilfinningalegra vandamála uppeldisáranna. Jafnframt hafa rannsóknir innan barnageðlæknisfræði á síðustu árum sýnt fram á að séu geðræn vandamál barna og unglinga greind og meðhöndluð snemma eru meiri líkur á að hægt sé að hindra geðræn vandamál fullorðinsára.

Nýlega voru birtar niðurstöður könnunar sem gerð var á þroska og hag um það bil 200 fjögurra ára barna. Þessi könnun var reyndar gerð í samræmi við aðrar svipaðar kannanir sem hafa verið í gangi á Norðurlöndunum. Hún var framkvæmd á vegum barnadeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Samkv. mati á geðheilsu þeirra barna sem í úrtakinu lentu kom í ljós að um 20% barnanna eiga við vanda að etja og um það bil 12% verða að teljast við verulega slæma geðheilsu svo að þau þarfnast sérfræðilegrar aðstoðar. Það er ótvíræð þróun í heilsugæslu bæði barna og fullorðinna að beita fyrirbyggjandi aðgerðum og er jafnan þeim mun betri árangur ef snemma er gripið í taumana og á stemmd að ósi. Slík skoðun fjögurra ára barna þyrfti að skipa ákveðinn sess í fyrirbyggjandi starfi, sbr. reglulegar líkamlegar skoðanir til að meta heilsu barna.

Í niðurlagi könnunarinnar segir, með leyfi forseta, og mig langar að höfða enn fremur til þess sem ég sagði áðan um félagslegar orsakir vímuefnaneyslu:

„Tíðir samskiptaerfiðleikar í fjölskyldum margra barna í könnuninni leiða hugann að því hvort samskiptamynstur í fjölskyldum hefur breyst á undanförnum árum og hvort einhverjir sérstakir þættir valdi því að árekstrar eru tíðir. Það væri áhugavert ef framtíðarrannsóknir gætu varpað einhverju ljósi á í hverju þessir hlutir felast."

Enn fremur segir:

„Áhugavert væri ef einhver könnun færi fram á högum þessara barna eftir nokkur ár. Slíkar kannanir hljóta að vera mikilvægar, ekki síst ef einhvern tíma á að vinna markvisst starf að fyrirbyggjandi geðvernd hér á landi."

Reyndar ber niðurstöðum þessarar könnunar saman við aðra könnun sem gerð var af Sigurjóni Björnssyni fyrir um það bil 20 árum á 5—15 ára börnum þó að þær séu ekki beinlínis sambærilegar. Þar var líka um að ræða sama hlutfall, 20%. Það er enn fremur ljóst að þessi börn þurfa meðferðar við.

Geðræn vandamál unglinga mótast oft af sérstöðu þeirra. Þeir tilheyra hvorki hópi barna né fullorðinna í þeirri menningarlegu flokkun sem ríkir í þjóðfélaginu. Að því er ég best veit hefur enn ekki verið afmörkuð nein aðstaða til greiningar eða meðferðar á geðrænum vandamálum unglinga né heldur hefur fjármagni verið varið sérstaklega til að tryggja þeim hópi slíka umönnun. Hún er þó brýn og nægir að vísa til fyrri fsp. minnar um sérstök vandamál unglinga vegna vímuefnaneyslu.

Okkur er öllum ljóst að framtíð þessa lands býr í börnum okkar. Þess vegna er okkur nauðsynlegt að búa þau öll sem best undir lífið. Það er líka löngu ljóst að ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Auk þess að spara þjáningar, vandræði og tíma spara slíkar aðgerðir líka mikið fé þegar til lengdar lætur. Því vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.: „Hverjar eru aðstæður í heilbrigðiskerfinu til að sinna geðrænum vandamálum barna og unglinga?"

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Engin barnageðdeild var rekin hér á landi þar til 1970 að húsnæði var tekið á leigu af Reykjavíkurborg að Dalbraut 12 og opnuð þar barnageðdeild. Fram að því höfðu barnageðlækningar verið hluti af almennum geðlækningum. Á geðdeild barnaspítala Hringsins eru þrjár deildir, göngudeild, legudeild og dagdeild. Barnageðdeild veitir aðstoð börnum og unglingum með hvers konar geðræn vandamál til 16 ára aldurs. Meðferð byrjar oftast á göngudeild eða sem sérfræðirannsókn á öðrum sjúkrahúsum og er þá viðkomandi tekinn til meðferðar ef ástæða þykir til. Meðferð langflestra sjúklinga fer fram á göngudeild sem einstaklings- eða fjölskyldumeðferð. Um það bil tíundi hver sjúklingur er lagður inn á dagdeild eða legudeild. Á dagdeild eru sjúklingar um það bil sex tíma á dag. Það eru venjulega börn á aldrinum 2—8 ára sem búa á Reykjavíkursvæðinu. Á legudeild dvelja börn af öllu landinu og eru elstu börnin 12—13 ára. Á móti unglingum yfir fermingaraldri taka almennar geðdeildir, bæði geðdeildir ríkisspítalanna og Borgarspítala, en að einhverju leyti barnadeildir bæði Landspítala og Landakotsspítala.

Þess er vart að vænta að sérstök deild sé hér á landi til að sinna vandamálum fíkniefnaunglinga, þar sem meðferð fíkniefna og önnur geðræn vandamál fléttast þannig saman að erfitt er að skilja að.

Geðdeild barnaspítala Hringsins við Dalbraut er í leiguhúsnæði. Var húsnæðið tekið á leigu til 15 ára 1970 og rennur leigusamningur út í árslok 1985. Ítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar til að auka húsnæði barnageðdeildar með því að fá leigt meira húsnæði að Dalbraut 12 til starfseminnar, en ekki hefur náðst um það samkomulag við borgaryfirvöld. Það virðist því ekki vera í sjónmáli bygging barnageðdeildar eða sérstakrar deildar fyrir börn vegna fíkniefnaneyslu á Landspítalalóð og mun verða eftir því leitað að framlengja húsaleigusamning ríkisins við Reykjavíkurborg um húsnæði barnageðdeildarinnar á Dalbraut, er hann rennur út í árslok næsta árs. Þá mun að nýju verða gerð tilraun til að fá húsið allt að Dalbraut á leigu og jafnvel kemur til mála að fá það hús keypt, ef samkomulag næst um það við Reykjavíkurborg, en um það vil ég ekki fullyrða.

Í þessu sambandi má ekki gleyma því að fleiri aðilar stunda meðferð og þjónustu við unglinga með geðræn vandamál en geðdeildir ríkisspítala. Þar má helst nefna sálfræðideildir skóla og unglingaheimili ríkisins fyrir afbrotaunglinga. Því miður hefur samstarf þessara aðila oft verið brotakennt, en skortur á samstarfi hefur ekki stafað af tregðu ríkisspítalanna og deilda þeirra til samstarfsins, heldur af því að ýmsir þeir aðilar sem þessum málum sinna utan heilbrigðiskerfisins líta ekki á þessi vandamál sem sjúkdóma heldur eingöngu sem félagslegt vandamál, og er miður að slíkar skoðanir

skuli enn vera ríkjandi í þjóðfélaginu.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Mig langar að vekja athygli á einu atriði áður en ég þakka hæstv. heilbrmrh.

Það eru 51 þm. sem eru karlkyns og starfa í þessari stofnun og það eru níu þm. sem eru kvenkyns. Nú sitja hér inni og hlusta á umræðu þessa fimm karlar af 51, einn ráðh. að vísu, það eru sex, forseti verður að vera hér embættis síns vegna. Síðan eru hér fimm konur af níu.

Ég þakka hæstv. heilbrmrh. svör hans. Það hefur greinilega verið gert mikið átak í geðheilbrigðismálum barna og unglinga hérlendis og er það vel. Samt virðist vera að þörfin sé meiri fyrir slíka þjónustu en svo að unnt sé að anna henni. Á barnageðdeildinni eru rúm fyrir átta legubörn og átta dagdeildarbörn og það nægir hvergi nærri þeirri þörf sem er í þjóðfélaginu, því að biðtíminn eftir slíkri þjónustu er um það bil hálft til eitt ár. Heimili fyrir einhverf börn að Trönuhólum tók að vísu við nokkrum þeirra barna sem áður dvöldust á geðdeild barnaspítala Hringsins, en þar er líka langur biðlisti og mörg einhverf börn, sem gætu fengið meðferð sem mundi gera þeim lífið þolanlegra og kannske meira virði, dveljast nú á heimilum fyrir þroskahefta. Göngudeildin sem rekin er á geðdeild barnaspítala Hringsins er líka yfirhlaðin. Þar er um það bil tveggja til þriggja mánaða biðtími. Það er því greinilegt að til að sinna bara þeim vanda sem beinist að þessari ákveðnu stofnun, og þá undanskil ég þá þjónustu sem ráðh. tiltók annars staðar, þarf að auka starfslið við barnageðvernd. Flest börn sem sækja geðdeildina eru á aldrinum 4—10 ára og það er engin sérstök aðstaða til greiningar og meðferðar fyrir unglinga með geðræn vandamál á þessari stofnun. Á sama tíma og þörfin er svo brýn sem raun ber vitni er dregið úr starfsemi þessarar deildar án þess að sjá fyrir samsvarandi þjónustu annars staðar. Þarna álít ég að pottur sé illa brotinn og mig langar að spyrja hvernig hægt sé að réttlæta slíkt.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af síðustu orðum fyrirspyrjanda er það að segja að rn. hefur ekki að gera með mannaskipan og ráðningar í ríkisspítalakerfinu. Hins vegar hefur rn. lagt ríkt á það við stjórn ríkisspítalanna að fyllsta aðhalds sé gætt í rekstri og reynt sé að spara og draga eins og kostur er úr rekstrarkostnaði.

Við skulum líta á fjárlög í heild, á þá miklu þenslu sem hefur orðið í heilbrigðiskerfinu, bæði í uppbyggingu kerfisins og á fjölmörgum nýjum deildum og stofnunum á flestum sviðum. Við skulum einnig minnast ákvarðana sem við höfum nýlega verið að taka, eins og um átak í rannsóknum á hjartasjúkdómum, þó að sjálf skurðaðstaðan komi til með að bíða nokkuð. Við tókum ákvörðun um það við afgreiðslu fjárlaga að hefja byggingu K-deildarinnar á Landspítalalóðinni. Þetta kostar allt saman samfélagið fleiri hundruð milljóna. Við skulum einnig hafa í huga að flestar nýjar stofnanir sem við tökum í notkun kostar jafnháa upphæð á þremur árum að reka og byggingarkostnaðurinn er. Kostnaður við heilbrigðiskerfið hefur því sífellt verið að aukast. Og við höfum á undanförnum áratugum verið að sigrast á vissum sjúkdómum, sem okkur hefur tekist, eins og berklaveikinni svo að eitt dæmi sé nefnt.

En það er annað sem veldur miklu örari breytingu í heilbrigðismálum á næstunni og er að byrja og sérstaklega fyrir áhrif Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Við vorum nú nýlega að gera samning um forvarnarverkefni, sem ég undirritaði fyrir nokkrum dögum úti í Kaupmannahöfn. Þær aðgerðir miða allar að því að koma í veg fyrir sjúkdóma, fræða fólk um hvað er því hollt og hvað er óhollt, breyta lífsvenjum til þess að koma í veg fyrir veikindi og sjúkdóma, koma í veg fyrir að við þurfum að halda áfram að byggja yfir sjúkt fólk. Við verðum fyrst og fremst að veita í auknum mæli fjármagn til að koma í veg fyrir sjúkdómana, en ekki alltaf að einblína á það sem orðið er og að við þurfum að halda áfram að byggja upp nýjar stofnanir. Við verðum vitaskuld alltaf að vera að byggja upp nýjar stofnanir. Við verðum að byggja yfir nýja starfsemi með vaxandi þekkingu á sviði lækninga og heilbrigðismála. Ég vil í tilefni af þessari fsp. og umr. láta þessar þenkingar mínar koma fram.

Ég met mikils þessar fsp. Þær eru þess virði að þær séu ræddar og gaumur gefinn því að við þurfum sannarlega að hugleiða þennan þátt mála. Og það er til skammar fyrir þm., a. m. k. karlkynið, hvað illa er mætt við þessar umr. Ég verð nú að teljast, þó að ég sé ráðh., til karlmanna svo að hv. fyrirspyrjandi bætir þá einum við. En samt er slök mæting karlmanna við þessar umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Það er afskaplega ánægjulegt að vera svona innilega sammála einhverjum og ég gleðst yfir því að geta verið innilega sammála hæstv. heilbrmrh. í síðustu orðum hans hér.

Ég held að okkur sé til sóma sú rækt sem við höfum lagt við heilbrigðisþjónustuna, enda höfum við líka notið góðs af. Við höfum lengsta meðalaldur í heimi, hvorki meira né minna. Ég held að það sé alveg hárrétt stefna, sem hæstv. heilbrmrh. bar fyrir brjósti og mælti með hér, að fyrirbyggjandi læknisaðgerðir eru þær sem duga til lengdar, og sannarlega mundu þær draga úr hinum gríðarlega kostnaði heilbrigðisþjónustunnar. — En þá er annað mál. Það má segja að ef við hefðum varið fé til tóbaksvarna fyrr á árum hefðum við ekki þurft að byggja hjartaþræðingardeild eða skurðaðstöðu fyrir slíka sjúklinga, a. m. k. ekki í svo stórum stíl. Þess vegna verð ég að segja að við verðum að líta til dagsins í dag. Og það hryggði mig og hneykslaði við síðustu fjárlagagerð þegar landlæknir kom og bað um andvirði hálfs sjúkrarúms Borgarspítalans á ári til heilbrigðisfræðslu. Hann fékk fjórðung af því fé. Slíkt er ekki nógu gott.

Sameinað þing, 54. fundur.

Þriðjudaginn 21. febr., að loknum 53. fundi.

Úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna, þáltill. 203. mál (þskj. 365). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landnýtingaráætlun, þáltill. 106. mál (þskj. 128). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 128 er till. til þál. um landnýtingaráætlun. Flm. auk mín eru eftirtaldir hv. alþm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Helgi Seljan, Ingvar Gíslason og Jóhanna Sigurðardóttir. Till. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að hafinn verði undirbúningur landnýtingaráætlunar sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Drög að landnýtingaráætlun skuli liggja fyrir í árslok 1985. Við gerð þeirra verði áhersla lögð á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða."

Eins og hv. alþm. er kunnugt hefur slík till. verið flutt áður á undanförnum tveimur þingum, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Í bæði skiptin var till. flutt við mjög góðar undirtektir innan þings og utan. Ástæðan fyrir því að till. náði ekki endanlegri afgreiðslu var því síður en svo af þeim toga að andstaða ríkti gegn efni hennar, heldur hitt, að það skal viðurkennast að hér er um nokkuð viðamikið mál að ræða og eðlilegt að nokkurn tíma þurfi til athugunar.

Formlegar umsagnir bárust þeirri nefnd sem hafði málið til umfjöllunar á sinni tíð hér í þinginu. Mér vitanlega eru allar þær umsagnir mjög jákvæðar og eru að sjálfsögðu í fullu gildi, enda hafa forsendur ekki breyst að marki á svo skömmum tíma sem liðinn er síðan þær umsagnir voru látnar í té. Nú er þessi till. flutt í svo að segja óbreyttri mynd. Efni hennar og framsetning kemur því síður en svo ókunnuglega fyrir sjónir.

Að mínum dómi hefur ríkt alger samstaða um þetta mál og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að svo sé einnig nú og vísa ég þá ekki síst til minna meðflm. í því sambandi.

Með tilliti til þess sem ég hef sagt um fyrri málsmeðferð og að ekki er ástæða til að eyða miklu af dýrmætum tíma þingsins í að ræða tillögur sem hér hafa verið fluttar áður sé ég ekki ástæðu til að fara nema örfáum orðum um till.

Í sem fæstum orðum má segja að áætlun um landnýtingu sé ætlað að svara þeirri víðtæku spurningu hvað við ætlumst fyrir, hvernig við ætlum að umgangast landið. Slíkri spurningu verður að sjálfsögðu aldrei svarað afdráttarlaust í smáatriðum í eitt skipti fyrir öll. Eftirleiðis sem hingað til mun vafalaust verða breyting á nýtingu lands og landgæða og útilokað að allt verði séð fyrir í fjarlægri framtíð.

Að sjálfsögðu getur sitt sýnst hverjum um hvað eru landgæði og hvernig ber að umgangast landið. Verðmætamat hlýtur ætíð að verða afstættt og eftir atvikum ólíkt eftir því hver á í hlut. Ég vil leyfa mér að tala um landgæði og nefna landgæði hvort heldur er í efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Að mínu áliti er tilgangur áætlunar um landnýtingu fyrst og fremst eins konar sáttmáli um ráðstöfun og nýtingu lands á sem flestum sviðum. Ég geri mér nokkuð ljósa grein fyrir því að það er allt annað en áhlaupaverk að gera slíka áætlun um landnýtingu, eins og ég hef raunar vikið að áður.

Ég talaði um það áðan að sjónarmiðin væru fjölmörg og þarfirnar breytilegar. Þess vegna er óhjákvæmilegt að fjölmargir komi með einum eða öðrum hætti að þessu starfi, einstaklingar, samtök og stofnanir, ef menn á annað borð vænta árangurs og að afraksturinn verði sæmilega skýr heildarmynd. Þrátt fyrir allt ætti að vera mögulegt að ganga til slíks starfs með það markmið að sameiginlegu leiðarljósi að auka fremur en rýra landkosti.

Ég sagði í upphafi máls míns að óþarft væri að fara mörgum orðum um efni þessarar till. og þóttist ég færa nokkur rök fyrir því. Ég mun þess vegna ekki telja upp né heldur fjalla um einstaka þætti landnýtingar. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vitna til grg. sem fylgir till. Þar er drepið á nokkra helstu þætti landnýtingar. Ég leiði ekki hugann að öðru en hv. alþm. sé fullkunnugt um hvað gerð landnýtingaráætlunar felur í sér og þar með hvert er innihald þessarar till. Eins og ég talaði um áðan hefur till. auk heldur verið til umfjöllunar á tveimur undanförnum þingum og ekki ástæða til að vera með málalengingar.

Það er auðvitað von flm. að till. fái eðlilega og jákvæða meðferð. Með tilliti til þeirra jákvæðu viðbragða sem hún hefur fengið, eins og ég talaði um áðan, bæði utan þings og innan við fyrri umfjöllun finnst mér ástæða til að ætla að till. fái afgreiðslu á þessu þingi.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að till. verði vísað til allshn. að loknum þessum hluta umr.

Sveinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil koma inn í þessa umr. með örlítið innlegg, þar sem mat mitt er að hér sé um mjög athyglisverða till. að ræða. Það er rétt, sem aðalflm. sagði, að hún var tekin fyrir á síðasta þingi og fékk þá jákvæðar undirtektir og von mín er að þingið taki sömuleiðis jákvætt á þessari till. nú og hún fái nokkra afgreiðslu og fyrirgreiðslu.

Tillögur af svipuðum toga hafa verið hér til umr. áður. Ég minni í því sambandi á till. sem ég flutti á þskj. 453 á 103. löggjafarþingi. Hún fjallaði um svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað. Sú till. var endurflutt á þinginu þar á eftir.

Vinna af þessu tagi hefur verið reynd. Í því sambandi er rétt að geta svæðisskipulags sem var unnið fyrir Selfosshrepp, Ölfushrepp og Hveragerðishrepp. Einnig hefur verið unnið að kortagerð og vinnu af svipuðum toga víða um land. En því miður hefur þetta ekki fengið nægilega mikla fyrirgreiðslu og nógu almennan skilning sveitarstjórnarmanna og kannske ríkisvaldsins. Óneitanlega er hér um að ræða vinnu sem er nokkuð fjárfrek og verður ekki unnin á skömmum tíma, en hún er nauðsynleg til að auðvelda mönnum að taka réttar og góðar ákvarðanir og sjá til þess að árekstrar við landið verði sem minnstir.

Þessara sjónarmiða gætir nú meir og vonandi er vaxandi skilningur á þörf áætlana af þessu tagi. Við sjáum það hvarvetna að menn meta mikils friðun og ræktun bæði til lands og sjávar. Það er kannske sérstaklega hvað varðar sjávarútveginn og nýtingu auðlinda hafsins að skipulagningu og vissu aðhaldi er nauðsynlegt að beita, en það er ekki síður hvað varðar nýtingu landsins sem við þurfum að huga vel að. Því er það von mín að þessi till. fái hér skjóta afgreiðslu og ekki aðeins afgreiðslu heldur verði þá eitthvað unnið að þessum málum í framtíðinni og það á markvissan hátt til þess að við tryggjum að afkomendur okkar fái notið sem allra best þeirra landgæða sem hér er kostur á, en sú kynslóð sem í dag lifir fari þar ekki um og eyði og

skemmi fyrir komandi kynslóðum.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég kem upp aðeins til að lýsa stuðningi mínum við þáltill. sem hér er til umr. Byggðastefna hefur verið þó nokkuð mikið á dagskrá á þessu þingi og að nokkru leyti fyrir frumkvæði BJ. Má þar minna á þáltill. sem við fluttum snemma, í upphafi þings, um skipan byggðaáætlana. Þar kom fram, sem ég vildi aðeins minna á hér, að ég tel landnýtingaráætlun fram setta af hálfu ríkisvalds algjöra grundvallarforsendu fyrir því að menn geti útfært byggðastefnu með skynsamlegu móti. Slík áætlun, þegar hún kemur fram, er alltaf meira og minna metin pólitískt, það fer ekkert milli mála, eins og frsm. gat um, en þá eru menn líka að taka á málum þannig að þeir vita nokkurn veginn um hvað þeir eru að ræða. Það fer þá heldur ekkert milli mála á hvaða þætti menn kjósa að leggja áherslu og fer af byggðastefnuumræðunni sá bragur, sem oft hefur verið á á undanförnum árum, að menn slíta hluti nánast úr öllu samhengi við heildina og taka bæði ákvarðanir eða þátt í umr. án þess að horfa á nema mjög einangruð fyrirbæri í einu. Þess vegna tel ég þetta eitt með gagnlegri málum sem fram hafa komið á þessu þingi og styð það heils hugar.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Það er alls ekki ástæða til að lengja þessar umr. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka góðar undirtektir sem fram koma nú ekkert síður en fyrr.

Það er rétt hjá hv. þm., sem hér hafa mælt, að tillögur hafa verið fluttar í þinginu sem eiga skyldleika við þessa. Það ber vott um að margir hafa hugsað um þetta mál og flutt tillögur sem eiga skyldleika við þá sem hér er verið að fjalla um.

Við fyrri málsmeðferð hef ég jafnan verið bjartsýnn um að tillagan yrði afgreidd. Nú held ég að ég sé fullkomlega sannfærður um að svo verði. Ég veit að það verða fleiri en hv. þm. sem hér tóku til máls tilbúnir að leggja þar hönd á plóginn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Eins og þm. vita eru sveitarfélög skipulagsskyld. Með því er þeim að sjálfsögðu ætlað að skipuleggja landnýtingu innan síns svæðis. Þar er e. t. v. stigið fyrsta sporið inn á þá braut sem hér er verið að leggja til að lengra sé haldið á. Ég er hlynntur þessari till., en mér er jafnframt ljóst að undir ýmsum kringumstæðum getur það gerst að viðhorf sveitarfélags til þess hvað það teldi æskilegustu starfsemi innan síns svæðis þarf ekki ávallt að verða það sama og þjóðfélagsins um æskilega starfsemi á því svæði. Það eru slíkir árekstrar sem e. t. v. eiga eftir að gera þetta erfiðara í framkvæmd en það virðist við fyrstu sýn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar, þáltill. 107. mál (þskj. 129). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. á þskj. 129. Það er till. til þál. um breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar. Flm. auk mín eru hv. alþm. Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson og Stefán Guðmundsson. Tillgr. orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að gjaldskrársvæði símans verði stækkuð þannig að í meginatriðum gildi sami gjaldflokkur innan sérhvers athafna- og viðskipta- eða greinistöðvarsvæðis."

Eins og fram kemur í grg. hefur þessi till. verið flutt áður. Hún var flutt á liðnu þingi. Ég vil fyrst segja frá því að þá bárust umsagnir um málið og m. a. umsögn frá Póst- og símamálastofnun. Ekki verður annað sagt en að sú umsögn hafi verið mjög jákvæð og jafnvel talið mjög æskilegt frá sjónarhóli stofnunarinnar séð að gera þær breytingar á sem fjallað er um í till.

Þessi till. er afskaplega einföld að allri gerð. Raunar segir tillgr. sjálf allt það sem segja þarf um flutning þessarar till. Í grg. er vitnað til 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála frá 2. maí 1977, en þar er ákvæði sem kveður á um að stefnt skuli að því við gjaldskrárgerð að sömu gjöld gildi innan sérhvers svæðisnúmers, þ. e. innan 91, 92, 93, 94 o. s. frv. Nú er manni sagt að á því herrans ári 1977, þegar þetta var samþykkt, hafi menn e. t. v. ekki vitað hvað þeir voru að gera, en við flm. gerumst svo djarfir að vitna í þessa lagagr. og segjum: Hvar eru framkvæmdir í þessu efni? Það vantar æðimikið á að þessi lagagrein sé framkvæmd til fulls.

Eins og hv. alþm. er kunnugt voru samþykkt á árinu 1981 sérstök lög um lagningu sjálfvirks síma í sveitum. Sem betur fer hafa framkvæmdir við lagningu síma á grundvelli þeirra laga gengið nokkuð greitt og e. t. v. framar vonum miðað við áætlanir. Þetta hefur leitt af sér að reistar hafa verið fjölmargar minni endastöðvar með númerafjölda um og innan við 100. Sem kunnugt er gildir gjaldflokkur 0 innan endastöðva svæðanna. En mjög margar þeirra eru mjög smáar og fáir notendur, eins og ég gat um, og það þarf í allt of mörgum tilvikum að hringja á gjaldflokki 1, sem er margfalt dýrari, út af þessum svæðum og til ýmissa viðskiptaaðila. Till. sem hér er á ferðinni felur í sér að svæðin verði stækkuð enda þótt ég vilji taka fram að sú skipting sem hér er gerð till. um og tíunduð er í grg. er ekki algild í huga okkar flm. Hún er aðeins hugmynd og að sjálfsögðu byggð upp í samráði við Póst- og símamálastofnun. Þetta er ekki einvörðungu hugdetta okkar flm., skipulag á gjaldskrársvæðunum eins og við gætum hugsað okkur að þau litu út að tillögunni samþykktri. — En ég vil bæta því við, að eins og hv. alþm. er að sjálfsögðu öllum kunnugt um er sími til hagræðis hér í þéttbýlinu og hann er það í dreifbýlinu ekki síður. Að mínum dómi þarf einmitt að haga svo til að í dreifbýli sé síminn það tæki sem fólk á kost að nota án þess að greiða fyrir óhóflegt gjald.

Nú kann einhver að leiða að því hugann að till. fylgi allverulegur kostnaður. Satt er það. Svo gæti farið. Hins vegar vil ég minna á að Póst- og símamálastofnun hefur eftir því sem ég veit best á þessu ári haft í gangi talningu símaumferðar víðs vegar á landinu einmitt í því skyni að glöggva sig á því hvern kostnað, ef einhver er, stækkun gjaldskrársvæðanna hefði í för með sér, hvort því yrði samfara verulegur kostnaður. Því miður hef ég

ekki niðurstöður þessarar símaumferðartalningar, en sjálfsagt er hægt að afla þeirra upplýsinga hjá Póst- og símamálastofnun og vænti ég þess að sú nefnd sem fær tillöguna til meðferðar muni afla þeirra upplýsinga.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um till. Hún skýrir sig að mestu sjálf. Tilgangurinn með flutningi till. er augljós. Hann er að hamla gegn því að fólkið verði fráhverft því að nota síma vegna gífurlegs kostnaðar. Hitt skal ég viðurkenna, að enda þótt símakostnaður gæti orðið og sé mikill verður vonandi ætíð ódýrara að hringja en aka um svæðin.

Að þessum orðum sögðum legg ég til að till. verði vísað til allshn. að loknum þessum hluta umr.

Sveinn Jónsson: Herra forseti. Hér er vissulega um að ræða till. sem er skref í rétta átt, en ég hefði þó gjarnan viljað sjá skrefið tekið stærra. Ég er ekki alveg sannfærður um að þær tæknilegu hindranir séu í vegi sem menn vilja vera láta fyrir því að svo megi verða að eitt gjaldskrársvæði falli undir hvert svæðisnúmer. Kostnaður yrði e. t. v. einhver samfara þeim breytingum. Ég held að við ættum þó að reyna að yfirstíga hann svo að af breytingu þessari geti orðið. En ég vildi eftir sem áður sjá landið verða eitt gjaldskrársvæði og sama gjald gilda, sama hvaðan væri hringt og hvert á land sem væri. Þá fyrst væri tryggður nokkur jöfnuður þeirra sem á landsbyggðinni búa og hafa mátt búa við það um alla tíð sennilega að símakostnaður þeirra hefur verið langtum, langtum meiri en þeirra sem á þéttbýlissvæðunum við Faxaflóa búa og hafa notið þess að vera í nánu nágrenni stjórnstöðva ríkisvaldsins. Þetta er kannske fjarlægur draumur og þó veit ég það ekki. Þetta er spurning um vilja fyrst og fremst — vilja þm. til að búa landsmönnum öllum sömu kjör.

Það er nokkuð sem hefur áunnist á undanförnum árum sem er í svipaða átt. Það er verðjöfnun á raforku í landinu. Það hefur nú m. a. áunnist að Landsvirkjun afhendir raforku á aðveitustöðvum um allt land á sama verði. Rafmagnsveiturnar dreifa því síðan til notenda. Því skyldi ekki ríkisfyrirtæki eins og Póstur og sími einnig geta boðið sínum notendum upp á að greiða sama verð fyrir afnot af þjónustu, eins og þegar hefur áunnist á sviði rafdreifingar?

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég get alveg verið sammála hv. síðasta ræðumanni um hvert stefna skal í þessum málum, en við höfum á undanförnum árum reynt að taka eitt skref í einu af því að við höfum ekki talið að við kæmumst að markinu óðruvísi en að taka eitt og eitt skref. Það eru 2—3 ár síðan ákveðið var að ljúka á 5 árum við að koma sjálfvirkum síma til allra landsmanna.

Umr. hefur oft orðið um þessi mál hér á hv. Alþingi, þ. e. að reyna að jafna lífsaðstöðuna í landinu, og þá hefur verið rætt um símakostnaðinn sem er geysilega mikill víða, sérstaklega fyrir þá sem þurfa að leita utan af landi til stjórnvalda um alls konar upplýsingar og fyrirgreiðslu.

En það er mat okkar flm. að það þýði ekki að taka stærri skref og þess vegna flytjum við þetta mál í því formi sem hér liggur fyrir. Við teljum — eða ég tel a. m. k. — að það sem kom fram í máli hv. þm. Sveins Jónssonar hér áðan sé það sem stefnt er að, en bara spurningin hvenær náum við markinu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er lagt til að haldið sé áfram á þeirri braut að jafna símakostnaðinn í landinu. Ég geri mér aftur á móti ekki fullkomlega grein fyrir því samkv. þessari till. hversu stórt skref er verið að stíga og mér er ekki ljóst t. d. hvar athafna- og viðskiptasvæði greinast að fullu innan hvers kjördæmis.

Ég vil vekja athygli á því að t. d. á Vestfjörðum er einn fræðslustjóri og umdæmisstjóri fyrir Vegagerðina er á einum stað. Bankaútibú ná yfir misstór svæði og má t. d. um deila hvar séu endamörk eðlilegs viðskiptasvæðis. Við getum tekið sem dæmi Búnaðarbankann á Hólmavík. Hann er eina útibú Búnaðarbankans á Vestfjörðum. Hvar endar það viðskiptasvæði sem eðlilegt er að hann skipti sér af ef við göngum út frá sérgreiningu bankanna, þ. e. að einn banki eigi að skipta sér af landbúnaði fremur en annar?

Mín skoðun var sú, að næsta skref yrði að vera jafnt gjald innan hvers svæðisnúmers og þá er eitt skref eftir: eitt gjald á Íslandi.

Eins og allir vita var í upphafi farið í að ákveða gjald Pósts og síma eftir vegalengdum, þ. e. byggt var á því hve langar símalínurnar þyrftu að vera. Um leið og fyrst og fremst er orðið loftsamband á milli svæða, eins og það er að verða þvert yfir Breiðafjörðinn, milli Akureyrar og Reykjavíkur, hljóta forsendurnar fyrir því að mæla símalínurnar eftir hinum gömlu stæðum að vera brostnar. Mér sýnist að eðlilegt sé að þannig sé að málum staðið að við stefnum næst á að fá sama gjald innan hvers svæðisnúmers.

Ég stend hér upp og ræði þetta á þeirri forsendu að mér þætti vænt um ef flm. gerðu grein fyrir því ef þeirra hugmyndir um túlkun á athafna- og viðskiptasvæðum eru á annan veg en þarna er verið að tala um og vildi þá gjarnan vita á hvern veg.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Svo sem vænta mátti eru undirtektir fremur jákvæðar undir till. En það má kannske segja að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hafi haft fram að færa athugasemdir. Efnislega voru þær á þá lund að hér væri of skammt gengið.

Nú kom fram í umr. að einn hv. flm. þessarar till., Stefán Valgeirsson, greindi skilmerkilega frá því að með þessum tillöguflutningi væri ætlunin að ýta á að tekið væri ákveðið skref. Lögin standa auðvitað fyrir sínu, en hitt er staðreynd, að ekki hefur tekist að framkvæma, eins og ég gat um áðan, 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Ég vil taka það fram að ekki mundi ég hafa við það að athuga þótt hv. allshn. hagræddi þessari till. á þann veg að þar yrði svo mælt fyrir á hinu háa Alþingi að 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála skyldi koma til framkvæmda að fullu. Ég yrði síðasti maður til að hafa á móti því. Hér er spurningin um að leggja til hið mögulega og ná því fram. Í mínum huga er það fyrst og fremst markmiðið. Við setjum e. t. v. of oft markið of hátt, þó að í því felist að sjálfsögðu mikill manndómur að gera það, en stundum verðum við að láta okkur nægja skemmri skrefin.

Ég vil taka fram að þær ráðstafanir sem þessi till. felur í sér eru samkv. umsögn tæknimanna alls ekki af því tagi að úr verði lykkja á leiðinni að víðtækari gjaldskrárjöfnuði. Það er ekki um það að ræða.

Ég hef ekki þá þekkingu þó ég hafi í gamla daga lesið landafræði Bjarna Sæmundssonar — ég veit að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur gert það líka og kannske aðrar landafræðibækur — að ég geti skilgreint í smáatriðum athafna- og viðskiptasvæði eða hvernig á að flokka þau nákvæmlega niður.

En það er eitt svæði sem við Ólafur þekkjum nú nokkuð vel báðir. Það er hluti Vesturlandskjördæmis. Ég hygg að hann sé nokkuð sammála mér í því að athafnalega og viðskiptalega skiptist það kjördæmi í þrjá eða fjóra hluta. Ef hann hugleiðir þetta hygg ég að hann sé mér sammála, enda þótt hann viti jafnvel og ég að skiptingunni sem ég er hér að segja frá og hann hefur í huga sér, hefur í sumum tilvikum ekki verið fylgt, og fer ég ekki lengra út í það.

Ég vil endurtaka að sú skipting sem gerð er till. um í grg. er síður en svo í huga okkar flm. endanleg. Að sjálfsögðu verður þetta að meginhluta til í höndum Póst- og símamálastofnunarinnar, það segir sig sjálft. En tilgangur með tillöguflutningum er fyrst og fremst sá, að Alþingi ýti með þessum hætti á að þarna verði tekið spor að settu marki, gjaldskrársvæðin verði stækkuð.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég get fallist á það með seinasta ræðumanni að hið mögulega er að sjálfsögðu það sem við stefnum að og þurfum að ná fram. Hins vegar tel ég að það þurfi að ganga svo greinilega frá orðalagi á till. sem þessari að það liggi nokkuð ljóst fyrir hvað átt er við.

Á Vesturlandi nær viðskiptasvið Kaupfélags Borgfirðinga frá Ólafsvík að Akranesi að báðum stöðum meðtöldum, ef ég man þetta rétt, þ. e. ef ekki er búið að stofna sjálfstætt kaupfélag í Ólafsvík, en þá er spurning hvort gjaldskrá Pósts og síma á að breytast vegna þess að stofnað hafi verið þar sjálfstætt kaupfélag. Sú sama spurning mundi þá vakna einnig sé litið á Vestfirðina, að þetta mundi rekast allharkalega á, og spurning hvort hægt sé yfir höfuð að ganga út frá slíkri skiptingu því að viðskiptalega séð skiptast þeir í mjög mörg lítil og fámenn svæði.

Þegar ég vakti áðan máls á því hvað ég teldi eðlilegt næsta skref minnist ég þess að þegar við ræddum þessi mál allítarlega á sínum tíma innan fjórðungssambandanna, og það voru sérstakir fundir haldnir með framkvæmdastjórum fjórðungssambandanna og formönnum þeirra og við tókum símamálin fyrir, þá var þeim ráðum ráðið að það skyldi stefnt að því að fyrst yrðu hnútstöðvarnar sameinaðar, síðan svæðisnúmerin og að það yrði farið í að greiða fyrir hvert símtal með sérstöku skrefagjaldi sem seinna átti svo eftir að verða að veruleika til að tryggja að tekjur Pósts og síma yrðu nægilega miklar fyrir stofnunina þó að þessi breyting yrði framkvæmd.

Ég tel þess vegna að það hljóti að vera atriði sem hvert svæði horfir mjög grannt á hvort það verði um sambærilega þróun innan þess að ræða miðað við önnur svæði þegar ákvarðanir eru teknar eins og þessar. Ég tel að það hljóti að vera næsta skrefið að miðað verði við sama gjald innan hvers svæðisnúmers og ég undirstrika að ég tel að skrefagjaldið, sem byggðist á línunum, geti ekki verið grundvöllur fyrir viðmiðun í framtíðinni eins og það hefur verið til þessa.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfsmannasjóðir, þáltill. 208. mál (þskj. 371). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Viðhald á skipastólnum, þáltill. 105. mál (þskj. 127). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kennsla í Íslandssögu, þáltill. 164. mál (þskj. 277). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga, þáltill. 194. mál (þskj. 350, n. 368). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þá þáltill. sem hér liggur fyrir til umr. og skilar um hana áliti á þskj. 368. Leggur nefndin einróma til að þessi till. verði samþykkt.

Um þessa þáltill. þarf naumast að fjölyrða. Efni hennar er skýrt og hún er sjálfsögð. Stjórnvöld mundu vafalaust vinna að því markmiði sem þar greinir þó engin Alþingissamþykkt væri gerð. En það er í alla staði eðlilegt að Alþingi lýsi vilja sínum í þessu efni. Með samhljóða samþykki Alþingis er lögð mikil áhersla á mikilvægi þessa máls og hér er sannarlega um mikilvægt málefni að tefla fyrir Íslendinga og Grænlendinga og aðrar þær þjóðir sem hlut eiga að máli skv. þessari þáltill.

Ekki þarf að rökstyðja það mörgum orðum að bæði Íslendingar og Grænlendingar eiga efnahagslega afkomu að mjög miklu leyti undir sjávarafla. Skynsamleg nýting fiskimiða og skynsamleg verndun fiskistofna er báðum þjóðum nauðsynleg. Oft er ekki nægilegt að ein þjóð setji skynsamlegar reglur um þessi efni innan sinna fiskveiðimarka. Fiskur heldur sig vissulega á tilteknum miðum og gengur eftir tilteknum fiskislóðum en hann heldur samt ekki kyrru fyrir og færir sig gjarnan úr stað og heldur sig ekki eingöngu innan tiltekinna fiskveiðimarka einnar þjóðar og lætur fiskveiðimörk ekki hefta sína för, ef svo ber undir.

Ég ætla ekki að fara að ræða um hegðunarmynstur hinna ýmsu fiskitegunda en hvort sem sagt er meira eða

minna um það er ljóst að skynsamleg og skilvirk verndun fiskistofna verður oft að byggjast á samvinnu á milli þjóða sem eiga samliggjandi veiðisvæði eða göngusvæði. Að slíkri samvinnu er stefnt með þessari till. Með samþykkt þessarar till. ályktar Alþingi að fela ríkisstj. að kanna til fullnustu möguleika á samkomulagi við Grænlendinga um sameiginleg hagsmunamál, sérstaklega að því er snertir verndun fiskistofna og fiskveiðar og leita jafnframt nánari samvinnu þeirra ríkja, sem liggja að fiskimiðunum norðarlega í Atlantshafi, um verndun og nýtingu fiskistofna og önnur sameiginleg hagsmunamál.

Þegar hér er talað um að kanna til fullnustu er byggt á því, sem rétt er, að af íslenskum stjórnvöldum hefur nokkuð verið unnið í þessa átt að undanförnu þó að enn hafi eigi náðst sá árangur sem að var stefnt.

Í till. er við það miðað að leitað sé eftir viðræðum og samkomulagi við vina- og grannþjóðir á gagnkvæmnis- og jafnréttisgrundvelli. Af sameiginlegum hagsmunamálum er sérstök áhersla lögð á fiskveiði- og fiskverndarmál svo sem eðlilegt er. Þar er þörfin á samvinnu brýnust og það sýnist ekki leika á tveim tungum að um sameiginleg hagsmunamál sé að tefla. En vitaskuld verður það hvert ríki sem ákveður hvort mál er sameiginlegt hagsmunamál eða ekki.

Grænlendingar eru hér sérstaklega nefndir. Er það af gefnu tilefni svo sem alkunna er. Aðrar þjóðir sækjast mjög eftir veiðileyfum innan fiskveiðimarka Grænlendinga þegar þeir ganga úr Efnahagsbandalaginu. Ég ætla að við höfum fullan skilning á vandamálum Grænlendinga. Ég geri ráð fyrir því að okkur sé ljós sú nauðsyn sem á því er fyrir þá að fá tollfrjálsan aðgang að Efnahagsbandalagssvæðinu. Nú hafa fregnir borist um að samkomulag hafi orðið á milli Efnahagsbandalagsins og Grænlendinga um fiskveiðiheimildir Efnahagsbandalagsþjóða næstu fimm árin á fiskimiðum Grænlendinga.

Ég ætla ekki að gera það samkomulag að umræðuefni hér enda er ekki enn svo nákvæmlega um það vitað. En það er nokkuð augljóst mál að þetta samkomulag hlýtur að vera nokkurt áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga. Þó fer það að sjálfsögðu nokkuð eftir því hvernig framkvæmdin verður, hvort t. d. það eru Grænlendingar sem hafa forræði á þessum málum eftir sem áður, þ. e. hafa með stjórn fiskveiðanna að gera, setja reglur um þær o. s. frv. Það á að sjálfsögðu eftir að skýrast. En það getur farið eftir því hvernig framkvæmdin verður hversu nærri Íslendingar telja gengið sínum hagsmunum.

En hvað sem um það er dregur það síður en svo úr nauðsyn þess að þáltill. verði samþykkt. En það er nokkuð auðsætt að ef eitt ríki, eitt land, hleypir stórum fiskveiðiflota annarra þjóða inn á sitt yfirráðasvæði getur sú ákvörðun reynst örlagarík fyrir nágranna. En um þetta ætla ég ekki að ræða hér frekar að sinni. Rétt er að bíða þess að þetta skýrist nánar.

Þetta mál er ekki einskorðað við Grænlendinga. Eins og í till. segir á að leita samvinnu við aðrar þær þjóðir sem liggja að fiskimiðum norðarlega í Atlantshafi um verndun og nýtingu fiskistofna og um önnur hagsmunamál.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta mál en ég endurtek að utanrmn. mælir einróma með því að till. verði samþykkt.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. framsögumanni og fagna framkominni till., sem samþykkt á Alþingi styrkir mjög viðleitni ríkisstj. til að ná samningum við Grænlendinga um sameiginleg hagsmunamál.

Ég tel jafnframt rétt að gera í nokkrum orðum grein fyrir þeim afskiptum sem ég hef haft af þessum málum á undanförnum árum.

Skömmu eftir að ég tók við embætti sjútvrh. 1980 hafði ég samband við formann landsstjórnar Grænlands, Jonathan Motzfeldt, og lýsti áhuga fyrir því að ræða við hann um sameiginleg hagsmunamál á sviði sjávarútvegsins. Það varð til þess að mér var boðið í hálfopinbera heimsókn til Grænlands og fór þangað haustið 1981. Ég ræddi þá ítarlega bæði við formann landsstjórnar, Jonathan Motzfeldt, og sömuleiðis Lars Emil Johansen sem fór og fer með atvinnumál í landsstjórninni. Ég ræddi við þá um sameiginleg hagsmunamál í verndun fiskistofna og nýtingu þeirra á svæðinu á milli Íslands og Grænlands og fór með töluverðar upplýsingar frá okkar fiskifræðingum um þá fiskstofna, um áætlaðan hámarksafrakstur þeirra o. s. frv. Ég lýsti þá einnig áhyggjum okkar út af veiðum Efnahagsbandalagsins, einkum á karfa, sem hafa verið mjög miklar á þessu svæði í nokkur ár.

Þessar viðræður voru að ýmsu leyti mjög gagnlegar. Greinilega kom fram hjá Grænlendingum að þeir vildu eiga samstarf við okkur á sviði fiskveiða og reyndar ekki síður á sviði fiskvinnslu og markaðsmála þó það falli ekki beinlínis undir það sem hér er kannske fyrst og fremst til umræðu.

Hins vegar kom mjög greinilega fram að áætlun þeirra um úrsögn úr Efnahagsbandalaginu væri nánast háð því að viðræður yrðu við Efnahagsbandalagið um tollfrjálsan aðgang að bandalaginu og fjárstyrk. Kom greinilega fram að þeir töldu sig mundu eiga mjög erfitt með ýmsar framkvæmdir og þróun mála á Grænlandi ef þeir misstu þann fjárhagsstyrk sem þeir hafa haft frá Efnahagsbandalaginu og fóru reyndar ekkert leynt með það að þeir mundu ræða við Efnahagsbandalagið um veiðar gegn því að þeir fengju tollfrjálsan aðgang og fjárhagsaðstoð. Þeir sögðu mér að um þetta væri víðtækara samkomulag en innan stjórnarflokksins á Grænlandi og töldu jafnvel að slíkt gæti orðið forsenda fyrir því að málið næði fram að ganga í þeirri atkvgr. sem síðar varð um það. Engu að síður lögðu þeir áherslu á að þeir vildu ræða við okkur um þau mál en töldu það vart tímabært fyrr en reynt hefði á viðræður við Efnahagsbandalagið. Ég tjáði þeim að ég hefði ástæðu til að óttast að Efnahagsbandalagið leitaði eftir víðtækum fiskveiðiheimildum og varaði við því.

Ég vil geta þess að að mínu undirlagi komu þrír úr landsstjórninni til Íslands s. l. vor. Það var fyrst og fremst til viðræðu um samgöngur við Grænland. Það voru Jonathan Motzfeldt og Lars Emil Johansen og svo sá sem fer með menntamálin hjá Grænlendingum. Þá gafst einnig tækifæri til að ræða þessi mál, að sjálfsögðu einnig óformlega, og kom þá fram að þeir mundu ræða við Efnahagsbandalagið um einhvers konar samning af svipuðu tagi og ég hef þegar rakið.

Þetta hefur nú komið fram. Þær viðræður hafa átt sér stað og ég vil taka undir það með mönnum að ég tel fyllstu ástæðu til að hafa áhyggjur af þeim niðurstöðum

sem hafa orðið. Eftir því sem ég veit best er samið um veiðar Efnahagsbandalagsins á 57 880 lestum af karfa, 23 500 lestum af þorski og 4300 lestum af rækju. Þarna er um að ræða allan þann karfa sem Grænlendingar telja sjálfir að veiða megi á þeirra hafssvæði. Hins vegar er heildarþorskafli að þeirra mati töluvert meiri, eða um 53 þús. lestir, en heimild Efnahagsbandalagsins nær, eins og ég sagði, til 23 500 lesta. Gert er ráð fyrir því að Efnahagsbandalagið greiði 216 millj. danskra kr. fyrir þessar heimildir, þ. e. um 650 millj. ísl. kr., en jafnframt að Grænlendingar fái tollfrjálsan aðgang að Efnahagsbandalaginu.

Ég ræddi við Jonathan Motzfeldt nú í dag um þessi mál og lýsti fyrir honum áhyggjum okkar af þessum miklu veiðum. Jafnframt bundum við það fastmælum, sem var undirbúið fyrir nokkru, að við hittumst í Stokkhólmi á Norðurlandaráðsfundi en hann mun verða þar ásamt þremur öðrum meðlimum landsstjórnarinnar.

Ég tel að síðan eigi í framhaldi af því að taka upp formlegar viðræður við Grænlendinga um þessi mál. Ég lít svo á að hér sé fremur um óformlegan fund að ræða, enda undirbúinn með stuttum fyrirvara og fyrst og fremst til þess að koma á formlegum viðræðum.

Ég vil jafnframt geta þess að í þeim viðræðum sem ég átti við Grænlendinga voru nefnd ýmis atriði sem gætu orðið þeim að liði. Ég nefni löndunarrétt hér á landi, rannsóknastarfsemi á þeirra svæði austan Grænlands, þjálfun á mönnum, bæði til fiskveiða og vinnslu, samstarf við framleiðendur sjávarafurða o. s. frv. Þessu var öllu mjög vel tekið og lýst áhuga á slíku. Til að staðfesta okkar vilja heimilaði ég sem sjútvrh. Grænlendingum að athafna sig frá íslenskum höfnum og þeir hafa gert það. Hygg ég að þetta sé þriðja rækjuvertíðin sem þeir athafna sig frá Ísafirði, og er það þeim vitanlega ákaflega mikils virði því þeir eiga mjög erfitt með að stunda rækjuveiðar á milli Grænlands og Íslands án þess að hafa slíkar heimildir.

Rétt er að geta þess að við Íslendingar áttum og eigum reyndar enn í viðræðum við Efnahagsbandalagið um sameiginleg hagsmunamál á þessu svæði. Ég segi sameiginleg því Efnahagsbandalagið fer til næstu áramóta með málefni Grænlendinga og því aðeins óformlega unnt að ræða við þá þar til nú. Þeir viðræðufundir hafa orðið margir og valdið okkur verulegum vonbrigðum. Virðist vera ákaflega lítill skilningur á sameiginlegum hagsmunum, hvað þá á nokkrum rétti okkar. Allar kröfur Efnahagsbandalagsins um hlutdeild í afla hafa verið langtum meiri en við höfum getað sætt okkur við. Þannig að segja má að upp úr þeim viðræðum hafi slitnað fyrir u. þ. b. einu og hálfu ári og eru þær nú eingöngu bundnar við loðnuveiðar. Slíkur fundur fer fram á morgun og hinn daginn hér í Reykjavík, miðvikudag og fimmtudag.

Ég veit ekki hvort miklu er við þetta að bæta. En ég vil þó segja að ég held að mönnum verði að vera ljóst að Grænlendingar eru að stíga ákaflega erfitt skref með úrsögn sinni úr Efnahagsbandalaginu og mjög óljóst hvernig þeir ráða við þróun mála í sínu stóra landi með mjög takmarkaðar tekjur án erlendrar aðstoðar. Mér er tjáð að Danir muni áfram veita þeim aðstoð eins og þeir hafa gert en það hrekkur hvergi nærri til. Því verð ég að segja að mig undrar alls ekki út af fyrir sig að þeir hafi valið þennan kostinn, að selja í fimm ár, (samningurinn er gerður til fimm ára, Efnahagsbandalagið vildi fá hann til tíu ára).

Ég vil hins vegar undirstrika það, sem komið hefur fram bæði hjá framsögumanni og mér, að þarna er um mjög mikla sameiginlega hagsmuni að ræða. Ég endurtek jafnframt að ég tel að þær samþykktir sem hafa verið gerðar um veiðiheimildir fyrir Efnahagsbandalagið séu allt of háar, t. d. í sambandi við karfann sé samningur um 57 880 lestir mjög óraunhæfur. En við verðum þó að minnast þess að við veiðum líka miklu meira en fiskifræðingar leggja til og við eigum erfitt með að gera þá kröfu til Grænlendinga að þeir dragi úr þessum veiðum án þess að draga þá einnig mjög úr eigin veiðum. Þetta er sameiginlegur stofn okkar og Færeyinga. Ekki hefur náðst nauðsynleg samstaða með þessum þjóðum um takmörkun á karfaafla. Við getum ekki gert þá kröfu til einnar þjóðar að hún takmarki sinn afla ef við gerum það ekki sömuleiðis. Málið er því margslungnara en í fljótu bragði kann að líta út fyrir. En eins og ég hef sagt er mikilvægt að Alþingi lýsi sínum vilja í þessu máli og formlegar viðræður við Grænlendinga geti hafist sem fyrst. Og reyndar verða Færeyingar áreiðanlega að tengjast þeim viðræðum að einhverju leyti.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Frá því að nál. á þskj. 368 var dreift og þar til nál. var nú tekið fyrir hafa orðið ein verstu tíðindi sem við Íslendingar höfum fengið um margra ára skeið. Það eru þau tíðindi, sem hæstv. forsrh. hefur nú staðfest, að nágrannaríki okkar hafi gert samkomulag við forna fjendur okkar í veiðum á Íslandsmiðum um talsvert miklar veiðar á fiski á næstu veiðislóð við auðugustu fiskimið Íslendinga.

Við þekkjum það af reynslunni, Íslendingar, að það er lítill áhugi hjá fjarlægum þjóðum að varðveita fiskistofna í fiskimiðum sem liggja þeim mjög fjarri. Við þekkjum líka af reynslunni hvað við höfum þurft að leggja á okkur til þess að fá þessar þjóðir til að fallast á að flytja sig burtu frá okkar náttúruauðlind sem allt íslenskt efnahagslíf byggir á. Ég vil aðeins benda á að aðstaða Grænlendinga til þess að fylgjast með veiðum erlendra fiskiskipa og löndunum þeirra í erlendum höfnum, aðstaða þeirra til vísindalegra rannsókna og aðstaða þeirra til landhelgisgæslu er mun verri en okkar Íslendinga og þó höfum við þráfalt kvartað undan því að hafa ekki, á þeim árum sem við áttum í deilum við erlendar þjóðir um fiskveiðar á Íslandsmiðum, haft nægilega aðstöðu, hvorki til að fylgjast með löndunum þeirra í erlendum höfnum til þess að gæta landhelgi okkar nægilega vel né til þess að styðja okkar mál nægilega haldbærum, vísindalegum rökum. Ef okkar aðstaða hefur verið slæm í því sambandi hvernig halda menn að aðstæður Grænlendinga séu?

Ég vil láta í ljós mikla óánægju með að þessi vinaþjóð okkar og næstu nágranna skuli hafa gert þetta samkomulag án þess svo mikið sem að orða það mál við okkur vegna þess að við Íslendingar höfum ávallt verið reiðubúnir til að greiða fyrir Grænlendingum og grænlenskum fiskveiðum eins og við höfum framast mátt. Dæmi um það nefndi hæstv. forsrh. hér áðan þegar Íslendingar samþykktu að heimila grænlenskum rækjuveiðitogurum að landa afla sínum í vestfirskum höfnum en sú heimild af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur til allrar blessunar orðið til þess að þessi fátæka þjóð hefur

getað nýtt sín auðugu rækjuveiðimið sem hún hefði ekki getað ella. Þetta höfum við Íslendingar gert án þess að krefjast neinnar greiðslu fyrir og hefur verið sjálfsögð og eðlileg athöfn af okkar hálfu þannig að ég harma mjög að Grænlendingar skuli hafa gert svona samkomulag við gamla fjendur á Íslandsmiðum án þess að ræða málið við okkur.

Í þessu sambandi vil ég aðeins vekja athygli manna á því að um þessar mundir eru fiskifræðingar að vonast eftir að e. t. v. sé á leiðinni þorskganga frá Grænlandi á íslensk fiskimið sem e. t. v. gæti gert okkur mögulegt að afla nokkurs meiri fiskjar á vetrarvertíð í ár en líkur bentu til. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvaða líkur væru á slíku þegar stór fiskveiðifloti frá Vestur-Þjóðverjum og öðrum Efnahagsbandalagsþjóðum væri kominn í næsta nágrenni við auðugustu fiskimiðin á Íslandi.

Herra forseti. Það lítur út fyrir að strax í upphafi ársins 1985 muni floti ríkja Efnahagsbandalagsins halda til veiða í næsta nágrenni við auðugustu fiskimið Íslands. Eins og sakir standa er landhelgisgæsla okkar þannig búin að hv. Alþingi hefur ekki heimilað fjárveitingar til gæslunnar nema sem svarar til 33 mánaða úthalds þess flota sem gæslan hefur. Þetta samsvarar ekki því einu sinni, herra forseti, að hægt sé að halda tveimur skipum gæslunnar úti í senn. Ákveðinn hluta ársins er aðeins hægt að halda úti einu skipi Landhelgisgæslunnar en tvö skipanna verða þá bundin í höfn. Að áliti forstöðumanna Landhelgisgæslunnar munu þessi nýju tíðindi, að floti frá Efnahagsbandalaginu skuli væntanlegur á Grænlandsmið frá og með næstu áramótum, krefjast þess að eitt varðskip gæslunnar sé þar jafnan bundið á meðan hinar erlendu þjóðir stunda veiðar sínar á Grænlandsmiðum til þess að líta eftir því að fiskiskip frá þeim fari ekki yfir miðlínu til veiða á íslenskum fiskimiðum undan Vestfjörðum. Þetta þýðir að áliti forráðamanna gæslunnar, að ef ekki verður breyting á afgreiðslum Alþingis til Landhelgisgæslunnar mun verða svo verulegan hluta úr næsta ári að aðeins eitt varðskip getur haldist úti á miðunum undan Vestfjörðum sem varnaðaraðgerð gegn flota erlendra þjóða, sem eru að veiðum hinu megin við miðlínu. En ekkert skip Landhelgisgæslunnar verður tiltækt á öðrum fiskislóðum við landið og ekkert skip tiltækt hluta úr árinu til neyðarstarfa.

Ég vil aðeins rifja upp, herra forseti, að á þingi árið 1980 var samþykkt svofelld till. til þál., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skipa nefnd til þess að kanna hversu mikla og hvers konar gæslu 200 mílna efnahags- og mengunarlögsagan útheimtir og hvernig Íslendingar eru í stakk búnir til þess að gegna því hlutverki á viðunandi hátt. Hver þingflokkur nefnir einn fulltrúa í nefndina en dómsmrh. skipar að auki formann."

Þessi till. var samþykkt á Alþingi veturinn 1980—1981 og svona nefnd kjörin. Hún hefur starfað síðan en ekki skilað neinum till. enn. Nú er bráðnauðsynlegt að kallað sé eftir skilum á till. frá þessari nefnd því fyrirsjáanlegt er, eins og mál standa, að við horfumst í augu við stóralvarlega atburði í okkar efnahagslífi sem gætu orðið ef Landhelgisgæslan verður ekki efld til mikilla muna.

Það verkefni blasir því við Alþingi Íslendinga, fjárveitingarvaldi og stjórnvöldum að búa sig undir að takast á við mjög auknar fjárþarfir og rekstrarfjárþarfir Landhelgisgæslunnar. Ég vil skora á hæstv. ríkisstj., forseta Alþingis og nefndarmenn í umræddri nefnd að sjá til þess að nefndin ljúki sem fyrst störfum þannig að hægt verði að hefjast handa við að undirbúa Landhelgisgæslu Íslands undir það sem líklegt er að kunni að gerast eða geti gerst frá og með næstkomandi áramótum þegar samningur Efnahagsbandalagsins og Grænlendinga gengur í gildi svo við megum eiga von á því að fá fiskveiðiflota frá fjarlægum þjóðum aftur til veiða í næsta nágrenni við auðugustu fiskimið Íslendinga.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mig langar í upphafi máls míns til að færa hv. formanni utanrmn. og framsögumanni þakkir fyrir þau rökföstu alvöruorð sem hann flutti og veit ég að hann talar þar fyrir munn flm. allra. Auðvitað erum við öll sammála í þessu máli og kannske þess vegna ekki nauðsynlegt að halda hér uppi löngum umr. En þó hygg ég að gott sé að allnokkrir taki hér til máls og skýri sjónarmið sín og vafalaust kemur eitthvað nýtt fram í máli hvers einstaks. Ég leyfi mér líka að þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið og hæstv. utanrrh. fyrir upplýsingar sem hann hefur gefið í utanrmn. um það sem stjórnvöld hafa aðhafst í þessu máli þó að svo hafi farið, sem ljóst er, að alvarlegar horfir um þessi mál öll en okkur óraði fyrir þegar málið kom fram.

Það má vera að við höfum ekki gætt þess nægilega að brýna fyrir nágrönnum okkar Grænlendingum hvað mikið væri í húfi frá okkar sjónarmiði og hvað við gætum lagt af mörkum til þess að auðvelda þeim þau spor sem þeir nú stíga í átt til frelsis síns, en þá ætla ég engan einstakan að saka, nema þá kannske sjálfan mig.

Ég játa að ég gerði mér enga grein fyrir því til skamms tíma að svo gæti farið að gömlu nýlenduveldin mundu bjóða fégjald til þess að hagnýta auðlindir ríkis sem er að feta sig áfram til sjálfstæðis. Ég hélt að þetta mundi ekki gerast. Ég hélt að Grænlendingar mundu fá fullan aðgang að mörkuðum Efnahagsbandalagsins sem aukaaðilar án þess að þurfa í leiðinni að afsala sér fiskveiðiréttindum sínum. Maður átti kannski að hugsa sem svo að það væri kannske meiri hætta á ferðum ef boðið væri fé. Það er ekki ólöglegt skv. hafréttarreglum að selja veiðileyfi og það er því engin ástæða til þess að ásaka Grænlendinga. Þeir eru auðvitað í fjárhagslegum vandræðum. En ég hélt samt ekki að þær þjóðir, sem hafa státað af því að hafa hjálpað fyrri nýlendum sínum til að komast áfram efnahagslega og hafa sumar hverjar stutt þær vel og veitt þeim aðgang að mörkuðum sínum, mundu gera það sem nú hefur gerst.

Þess vegna er allt rétt sem hér hefur verið sagt um þá alvöru sem á ferðum er og einnig hvaða ráðstafanir hugsanlegt er að gera af okkar hálfu. Hefur þar verið minnst á t. d. að við mundum veita Grænlendingum einhver frekari réttindi til löndunar hér á landi en þeir nú þegar hafa og þeim þá kannski einum þjóða, að við mundum hjálpa þeim til að þjálfa væntanlega fiskimenn sína hér á landi og jafnvel sjá þeim að einhverju leyti fyrir fiskiskipum. Sagt er að við höfum nú of mikið af þeim og mér er það ekkert launungarmál að ég mundi vilja leggja töluverða fjárhagsbagga á íslensku þjóðina til þess að afstýra því að svo fari að þessi fiskimið við Grænland og sameiginlegir stofnar okkar og þeirra

verði meira og minna eyðilagðir, því að mér segir svo hugur um að þessar fjarlægu þjóðir muni reyna að ná öllum þeim afla sem þær geta og þar verði hvorki hlíft ungviði né að takmarkaðar verði veiðarnar nákvæmlega við það sem heitið er, nema þá að eftirlit verði strangara en á horfist eins og nú háttar.

Þessi mál öll eigum við auðvitað að ræða við nágrannaþjóð okkar og það er nú þegar gert. Ég vildi ganga lengra. Ég held að ekki væri óeðlilegt að tekin yrði upp einhvers konar sameiginleg landhelgisgæsla, ekki bara Íslendinga og Grænlendinga heldur kannske líka Færeyinga. Landhelgisgæsla okkar og annarra þjóða er að líta bæði eftir innlendum skipum og erlendum og því skyldi ekki verða samvinna þar á milli? Ég teldi sérstaklega nauðsynlegt að við stunduðum landhelgisgæslu á miðunum við Jan Mayen því öll þau mið eigum við að samnýta. Við eigum þau með Norðmönnum og við eigum auðvitað að sýna þann rétt okkar með því að taka þátt í því að verja þau fiskimið með Norðmönnum, sameigendum okkar að þessum auðæfum.

En það sem er kannske aðalatriðið — og þess vegna fyrst og fremst kvaddi ég mér hljóðs, auk þess sem ég vildi þakka fyrir þau orð sem hér hafa verið mælt — er að það er beinlínis skylt af okkar hálfu og líka af Grænlendinga hálfu að hafa mjög náið samstarf í tilfelli sem því sem hér um ræðir. Hafréttarsáttmálinn gengur allur út á það að þjóðirnar eigi að hafa samstarf, ekki einungis til að leysa deilumál heldur líka til að vernda auðæfi. Um þetta er fjallað t. d. í kaflanum um réttindin innan efnahagslögsögunnar í 5. kafla Hafréttarsáttmálans. Þar er einkum um að ræða greinar 61 og 62, en þó einkum 63 þar sem segir berum orðum að þar sem fisktegundir gangi á milli efnahagslögsögu tveggja eða fleiri ríkja eigi þær og skuli þær annaðhvort beint eða fyrir milligöngu svæðastofnana sjá um að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að vernda fiskstofna og sjá um eðlilega þróun og nýtingu.

Það er sem sagt skylda okkar Íslendinga, sem við kannske höfum vanrækt, að hafa slíkt samstarf við Grænlendinga og aðra nágranna okkar og þar með er það líka skylda þeirra að taka upp slíkt samstarf við okkur. Það er þetta sem við hljótum nú að gera. Það getur ekki öðruvísi farið en að þessu fimm ára tímabili ljúki þannig að þessi ríki Efnahagsbandalagsins hverfi af þessum miðum. Vonandi verða einhver ráð til að fá þau til að hverfa þaðan fyrr. Ég hygg jafnvel að þau úrræði kunni að finnast, ef rétt er að málum staðið, því að ljóst er að þjóðirnar sem eiga fiskimið hér á norðurslóðum — og nefni ég þá, auk okkar Færeyinga, Grænlendinga, Norðmenn og Kanadamenn — munu mynda með sér sterk samtök til að varðveita þessi fiskimið og auðæfi nyrstu hafa í okkar heimshluta. Það samstarf hlýtur að aukast ár frá ári. Nú eigum við að einbeita utanríkisþjónustu okkar og því fjármagni sem nauðsynlegt er að reiða af höndum til þess að tryggja þennan rétt okkar og nágranna okkar um aldur og ævi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ekki þarf að orðlengja að það voru vondar fréttir sem bárust í morgun af gerðum samningum milli Grænlendinga og Efnahagsbandalagsins um fiskveiðar í grænlenskri landhelgi. Þessi tíðindi kunna að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskan sjávarútveg.

Það var sannarlega ekki að ástæðulausu að tólf alþm. fluttu fyrir einni viku síðan till. þar sem lagt var til að Alþingi fæli ríkisstj. að kanna til fullnustu möguleika á samkomulagi við Grænlendinga um sameiginleg hagsmunamál, sérstaklega að því er snertir verndun fiskistofna og fiskveiðar. Þessa till. átti og þurfti að afgreiða með hraði og hún var tekin til umr. með afbrigðum s. l. þriðjudag, fyrir einni viku síðan, og gert ráð fyrir að hún yrði afgreidd úr Alþingi á fimmtudegi.

Ég hygg að það sé rétt sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson nefndi hér áðan að við Íslendingar höfum ekki gætt þess nægilega að brýna fyrir Grænlendingum sjónarmið okkar og hagsmuni í þessu sambandi ellegar benda á og reyna að semja um samstarf á þessu sviði. Og vafalaust má til sanns vegar færa að það ágæta frumkvæði sem í þessari till. felst hafi verið fullseint á ferðinni. Núna, einni viku síðar, liggur við að till. sé nokkuð seint á ferðinni til afgreiðslu, því að við erum búnir að missa af strætisvagninum hvað það snertir að ná einhverju samkomulagi við Grænlendinga um þessi mál. Þeir hafa þegar gert sína samninga við Efnahagsbandalagið.

Mér er ekki alveg ljóst hvers vegna till. var ekki afgreidd með þeim hraða sem ráð var fyrir gert þegar hún var flutt. Ekki kom fram í máli hv. formanns utanrmrn., Ólafs Jóhannessonar 9. þm. Reykv., hver væri ástæðan til þess að ekki varð af því að till. væri afgreidd s. l. fimmtudag. Ég vildi því spyrja hann hvernig á því standi.

Í öðru lagi finnst mér óhjákvæmilegt að fá nánari upplýsingar um það frá hv. talsmönnum ríkisstj. hvað gerst hefur í þessu máli af hálfu ríkisstj. frá því að fréttir bárust hingað til lands um að samningar væru í fullum gangi og viðræður milli Grænlendinga og Efnahagsbandalagsins um þessi mál og þar til samningur var gerður.

Hæstv. forsrh. nefndi það hér áðan að hann hefði átt viðræður við ráðamenn á Grænlandi, þar á meðal helstu forsvarsmenn landsins, um þessi mál fyrir nokkrum árum. Og það var fróðlegt að fá þá skýrslu sem hann gaf hér áðan. Einnig var fróðlegt að heyra um samtal sem hann hafði átt við forustumenn Grænlendinga í dag. En hitt kom ekki fram hjá hæstv. ráðh., hvað aðhafst hefur verið í málinu undanfarna daga og undanfarnar vikur.

Hv. þm. Ólafur Jóhannesson tók svo til orða hér áðan að stjórnvöldum bæri að vinna að þessu máli, hvort heldur þáltill. væri samþykkt hér á Alþingi eða ekki. Ég er auðvitað alveg hjartanlega sammála honum um það. Ég tel einsýnt að ríkisstj. beri að hafa ákveðið frumkvæði í þessu máli, jafnvel þótt það dragist í nokkra daga að till. af þessu tagi sé hér samþykkt og þótt við stöndum nú frammi fyrir því að hún er á ferðinni nokkuð seint.

En ég vildi sem sagt spyrja hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh. eftir atvikum — þeir verða að ákveða það hvor þeirra verður fyrir svörum í þessu efni — hvað ríkisstj. hefur aðhafst í þessu máli seinustu vikuna. Ég hygg að í ræðum hv. formanns utanrmn. og hæstv. forsrh. hafi ekki komið fram nægar upplýsingar um hvort við höfum algerlega setið aðgerðarlausir þessa viku sem liðið hefur eða hvort eitthvert frumkvæði hefur verið af hálfu ríkisstj.

Ég er ekki að fullyrða það, að unnt hefði verið með sterku frumkvæði ríkisstj. að koma í veg fyrir þessa

samningsgerð, ég er ekki að fullyrða það. Mér þætti hins vegar fróðlegt að vita hvort ríkisstj. hefur haft eitthvert frumkvæði sem teljandi getur talist þessa seinustu vikuna. Óneitanlega erum við dálítið seinheppnir, alþm., að vera að samþykkja till. í dag um þetta efni, sama daginn og Grænlendingar hafa gert samning við Efnahagsbandalagið um málið.

En þrátt fyrir þessi orð mín má enginn skilja þau á þann veg að ég sé andvígur því að þessi till. verði samþykkt. Ég tel þörf á að samþykkja hana og að hún eigi fullan rétt á sér engu að síður. Þess vegna mæli ég mjög eindregið með því að hún verði afgreidd hér í dag.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil geta þess strax í upphafi að ég fagna að sjálfsögðu þeirri till. sem hér liggur fyrir og legg á það mikla áherslu að hún verði samþykkt á þingi í dag. En það liggur jafnframt fyrir að það er heldur seint.

Mikil ótíðindi hafa nú gerst. Grænlendingar hafa leyft Efnahagsbandalaginu veiðar á 58 þús. tonnum af karfa, 23 þús. tonnum af þorski og 4300 tonnum af rækju skv. samningi til fimm ára. Hér er auðvitað um sameiginlegt hagsmunamál okkar allra að ræða og með ólíkindum að nágrannaþjóð skuli gera slíkan samning án þess svo mikið sem að ræða við Íslendinga. En menn skulu minnast þess að hér er ekki einungis við Grænlendinga að sakast heldur einnig Dani. Kemur þá aðild Dana að Efnahagsbandalagi Evrópu okkur enn þá í koll eins og áður hefur gerst gagnvart öðrum Norðurlandaþjóðum.

Ég get tekið undir hvert orð sem þeir hafa sagt sem hér hafa tekið til máls og tel ekki ástæðu til að eyða tíma hv. þm. með því að endurtaka það. En það er tvennt sem ég tel vert umhugsunar og hér hefur ekki verið nefnt. Hið fyrra er hvernig þetta gerðist. Hvernig gat þetta gerst? Og hið síðara er: Hver áhrif hefur þetta á norrænt samstarf?

Við skulum snúa okkur fyrst að því hvers vegna þessi samningur kemur okkur í opna skjöldu. Það er auðvelt að vera vitur eftir á. Hér tel ég að við höfum öll brugðist, þingið og ríkisstj. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson minntist áðan á þáltill. sem hér var samþykkt á útmánuðum 1981. Í kjölfar þess var kjörin nefnd þar sem þm. frá öllum þingflokkum, Færeyja, Grænlands og Íslands tóku sæti. Frá þessari nefnd hefur ekki heyrst hósti eða stuná. Vissulega var okkur ljóst að það háði mjög starfi þessarar nefndar að Grænlendingar áttu í erfiðleikum með sjálfa sig og sína pólitík vegna fyrirhugaðrar úrgöngu úr Efnahagsbandalaginu. En það breytir auðvitað ekki því, að vitaskuld hefðu þeir nefndarmenn átt að vera á verði og ræða þessi mál við Grænlendinga. En eins og ég sagði, það er auðvelt að vera vitur eftir á.

Ég vil geta þess líka að það var ekki einungis að þessi þingmannanefnd væri starfandi, heldur réði hún sér embættismannanefnd. Og maður hlýtur að spyrja: Hvað voru þessir embættismenn að gera? Hvað hafa þeir verið að gera allan þennan tíma? Ég vil benda hv. þm. á að hér á dagskrá Sþ. í dag er kosning nýrrar nefndar. Ég legg til að hún verði kjörin sem allra, allra fyrst og beðin um að sinna þessum málum öllu betur.

Það væri líka fróðlegt að vita um hvað þeir ræddu hæstv. utanrrh. og kollegi hans, Uffe Elleman Jensen, þegar hann heimsótti Ísland s. l. sumar. Menn tala hér um að þeir eigi viðræður við kollega sína frá öðrum þjóðum. Um hvað í ósköpunum ræða þeir ef þetta var ekki rætt? Þetta getur ekki hafa komið hæstv. utanrrh. á óvart. Ég trúi ekki að slíkir menn tali um daginn og veginn þegar þeir hittast við svo virðulegar samkomur.

Auðvitað máttum við öll vita að Efnahagsbandalag Evrópu mundi fara fram á þessar veiðar, ekki síst eftir að tekin var ákvörðun um að Grænlendingar færu úr bandalaginu. En ég held að grundvallarástæðan fyrir þessum skelfilegu mistökum sé kannske sú, að öll samskipti Íslendinga við Grænland hafa verið með endemum og fálmið eitt. Það er ekki rétt sem hér kom fram áðan í ræðu einhvers hv. ræðumanns að við hefðum gert vel við Grænlendinga. Það höfum við ekki gert. Ég hef áður rakið hvernig framkvæmd umræddrar þál. frá 19. maí 1981 hefði verið, og ekki er ómyndarskapurinn minni í sambandi við svokallaðan Grænlandssjóð, sem hér var samþykktur með öllum uppréttum höndum, og átti nú heldur betur að taka til við að styrkja samband Íslendinga og Grænlendinga. Og hvernig hefur það farið fram?

Ekki veit ég hvort sjóðsstjórnin sem kjörin var hefur komið saman. A. m. k. hefur þeirri hungurlús sem veitt var í sjóðinn ekki einu sinni verið komið út. Síðan eru a. m. k. tvö ár. Ég held nefnilega að þarna liggi hundurinn grafinn. Okkur hefði verið nær að sinna þessum málum. Það er rétt sem séra Bjarni sagði forðum: Það borgar sig að biðja. Við eigum þarna sameiginlegra hagsmuna að gæta og okkur hefði verið nær að bjóða Grænlendingum aðstoð, bjóða þeim jafnvel aðstöðu til veiða, bjóða þeim t. d. eitthvað af þeim togurum sem við höfum ekki átt að nýta sjálfir. Það er nefnilega alveg óþolandi að um þessi fiskimið sé ekki samráð. Og það höfum við auðvitað, eins og ég segi, öll átt að vita. Það er kannske við engan að sakast. Ég held að allir hafi þarna sofið á verðinum. Og það eigum við að viðurkenna.

Svo að vikið sé að norrænu samstarfi þá erum við að leggja af stað á laugardaginn kemur, kjörnir fulltrúar í Norðurlandaráð. Ég kvíði núna svolítið fyrir því. Ég tel að þetta þyngi verulega spor okkar þangað. Hvað er norræn samvinna og hvers virði er hún er við stöndum nú frammi fyrir því að vinaþjóðir okkar eru kannske að eyðileggja — ja, ég vil segja fjöregg þjóðarinnar, svo maður gerist nú hátíðlegur, ef fiskimið okkar eru í hættu á næstu árum vegna þessa ófarnaðar. Ég veit ekki almennilega um hvað við eigum að tala í því góða ráði ef ekki þetta.

Það er kannske ofur eðlilegt að Grænlendinga skorti hreinlega reynslu til að taka á þessum málum. En ég held að bæði Danir og Íslendingar hefðu átt að vera fullfærir um að sjá hvaða afleiðingar þetta getur haft. Auðvitað er það hárrétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði. Grænlendingar hafa ekki nokkra einustu möguleika til að hafa nokkra stjórn á þessum veiðum. Það gefur auga leið. Þeir eiga heldur ekki vísindamenn sem geta á nokkurn hátt annast þarna rannsóknir. Og ég tek undir það sem hann sagði: Ég er hræddur um að Íslendingar megi lesa upp og læra betur um alla umferð þarna fyrir norðan okkur.

Ég held þess vegna, hv. þm., að við verðum að bíta í það súra epli að viðurkenna að við höfum öll verið að gera eitthvað annað en við áttum að gera. Maður hlýtur einnig að spyrja: Hvað hefur utanrmn. verið að gera — og þar með sjálf ég sem sat þar tvo eða þrjá fundi í

sumar og skal á engan hátt bera sökina af mér. Erum við hér ekki stundum að fárast yfir einhverjum dómadags smáatriðum í stað þess að sjá um að þau undirstöðuatriði sem líf okkar byggist á séu nokkurn veginn í lagi?

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég held að þótt okkur þyki þau tíðindi sem okkur hafa borist í gærkvöldi og í dag ill megi þau ekki verða til þess að koma okkur úr jafnvægi eins og mér fannst þau hafa komið hv. síðasta ræðumanni úr jafnvægi.

Ég vil fyrst svara fsp. hv. þm. Ragnars Arnalds. Þeim fsp. var að hluta til svarað með ræðu hæstv. forsrh. en hann fór fram á það þegar fyrr í vetur að eiga viðræður við Motzfeldt, formann landsstjórnar Grænlendinga, og voru þær viðræður ákveðnar þá þegar í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi, en þessi beiðni var ítrekuð snemma í síðustu viku og þá með það fyrir augum að geta komið þeim af stað fyrir Norðurlandaráðsþing. Í þessum beiðnum okkar fólst tjáning þeirra áhyggna sem við höfðum af samningaviðræðum Grænlands og Efnahagsbandalagsins þar sem við hefðum hagsmuna að gæta hver niðurstaðan yrði, og þar sem við, eins og hér hefur verið bent á af hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni með tilvísun til Hafréttarsáttmálans, ættum rétt á að fjalla um fiskvernd og veiðar á þeim fiskstofnum sem ganga á milli efnahagslögsagna okkar landa.

Það er einnig svo að í ríkisstj. í vetur hafa farið fram umr. um að efla samvinnu bæði við Færeyinga og Grænlendinga og var raunar bent á að það ætti einnig að færa slíka samvinnu út gagnvart Norðmönnum, Dönum, Færeyingum og Kanadamönnum. Eins og ég skil þá till. sem hér er til umr. fjallar hún einmitt um það að efla samstarf við öll þessi lönd sem stunda veiðar eða eiga veiðiheimildir í norðanverðu Atlantshafi og þess vegna vil ég leggja áherslu á að þessi þáltill. verði samþykkt.

Ég hafði aðstöðu til þess á fundi utanrmn. að fjalla nokkuð um þetta mál. Þar vakti ég athygli á því að um leið og við vísum til 63. gr. Hafréttarsáttmálans, þar sem löndum sem eiga sameiginlega fiskstofna er skylt að ráðgast um nýtingu þeirra og vernd, væri um gagnkvæmni að ræða. Ef við höldum því fram að við eigum íhlutunarrétt um hve mikið er veitt af karfa á Grænlandsmiðum er ljóst að Grænlendingar hafa rétt til þess að fjalla um það hvernig við stundum karfaveiðar í okkar efnahagslögsögu. Þannig mætti nefna fleiri fiskstofna eins og t. d. loðnu. Við getum einnig nefnt rækjuveiðar í þessu sambandi o. s. frv. Ef við tölum um að þorskurinn gangi á milli efnahagslögsagna landa okkar hljótum við um leið og við krefjumst þess að Grænlendingar hafi samráð við okkur að vera reiðubúnir að hafa samráð við þá. Ég held e. t. v. að mesta yfirsjón okkar í þessu máli sé að hafa ekki haft samráð við Grænlendinga um nýtingu okkar eigin fiskstofna og hvernig við stundum fiskveiðar en vöknum fyrst upp þegar við teljum að hagsmunum okkar sé ekki fyllilega borgið.

Ég vil líka benda á að eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið hafa Grænlendingar ávallt verið reiðubúnir til þess að ræða við okkur. En þeir hafa hins vegar ekki treyst sér til að taka neinar ákvarðanir varðandi þau mál sem hér er um að ræða, e. t. v. fyrst og fremst vegna þess að þeir töldu sig ekki hafa forræði þessara mála meðan þeir voru í Efnahagsbandalaginu eða réttara sagt meðan Efnahagsbandalagið fór með forræði fiskveiðimála þeirra vegna aðildar Danmerkur að Efnahagsbandalaginu. Þeir töldu sig þá fyrst vera þess umkomna að fjalla um þessi mál á eigin ábyrgð þegar þeir væru komnir úr Efnahagsbandalaginu. Við skulum gera okkur þess grein að þeir samningar sem nú hafa verið gerðir við Efnahagsbandalagið eru gerðir af hálfu Grænlendinga í því augnamiði að þeir geti losað sig úr Efnahagsbandalaginu. Ég held líka að hollt sé fyrir okkur að velta því fyrir okkur hver staða okkar væri gagnvart Grænlendingum ef þjóðaratkvæðagreiðslan um þátttöku Grænlendinga í Efnahagsbandalaginu hefði farið örlítið öðruvísi en raun bar vitni. Ég hygg að þessi þjóðaratkvæðagreiðsla hafi farið fram fyrir tveim árum og þá samþykktu 52% Grænlendinga að segja sig úr Efnahagsbandalaginu.

En hvað hefði skeð hefðu 52% Grænlendinga samþykkt að vera áfram í Efnahagsbandalaginu? Þá hefði Efnahagsbandalagið áfram haft forræði þessara mála. Ég geri ráð fyrir að við Íslendingar hefðum búist við því að aðstaða okkar til samninga við Grænlendinga væri betri þegar Grænlendingar væru komnir úr Efnahagsbandalaginu. En til þess að svo mætti verða hafa Grænlendingar talið sér nauðsyn að semja við Efnahagsbandalagið. Þeir samningar sem nú hafa verið gerðir hafa af hálfu Grænlendinga miðast við það að tryggja þeim annars vegar áfram sömu eða jafnvel hærri fjárframlög úr sjóðum Efnahagsbandalagsins en þeir hafa haft undanfarin ár og hins vegar hafa þessir samningar gengið út á það að tryggja Grænlendingum tollfrjálsan aðgang útflutningsvara þeirra á markaði Efnahagsbandalagsins. Ég býst við því að Grænlendingar hafi talið sig ná þessum markmiðum sem ég hér hef getið um.

Við skulum heldur ekki loka augunum fyrir því að þau árin sem Efnahagsbandalagið hefur haft forræði á fiskveiðisamningum Grænlendinga hafa ríki Efnahagsbandalagsins stundað veiðar í grænlenskri efnahagslögsögu. Það er því að þessu leyti áfram sama ástandið eftir gerð þessa samnings og áður. Eftir þeim upplýsingum sem við höfum núna er því miður útlit fyrir að samið hafi verið við Efnahagsbandalagið um fremur auknar veiðar en óbreyttar veiðar Efnahagsbandalagsríkjanna í efnahagslögsögu Grænlands. Að því leyti til tek ég undir þau orð sem lýsa áhyggjum okkar Íslendinga yfir því hve mikið annars vegar ætlunin er að veiða í heild og hins vegar hve stóran hlut Efnahagsbandalagsríkin ætla sér í veiðunum. En við verðum að átta okkur á því að þessar veiðar hafa farið fram undanfarin ár og við hefðum þess vegna getað lýst áhyggjum okkar fyrr en í dag að gerðum þessum samningi.

Að sjálfsögðu er ekki minni nauðsyn að samþykkja þessa till. eftir gerð samningsins milli Grænlendinga og Efnahagsbandalagsins sem gerir þeim fært að losa sig úr Efnahagsbandalaginu. Við hljótum einmitt að nota tækifærið til þess að auka samskipti okkar og Grænlendinga. Það hefur verið gert með ýmsum hætti á undanförnum árum. Um það var Pétur Thorsteinsson sendiherra beðinn að semja skýrslu sem hann hefur gert nú í byrjun febrúarmánaðar. Þessi skýrsla mun verða send utanrmn.-mönnum, en frá henni var greint í höfuðatriðum á fundi utanrmn. í s. l. viku. Þar kemur

fram að samskipti okkar hafa sem betur fer farið vaxandi. Á grundvelli slíkra samskipta ættu að skapast betri skilyrði fyrir því að fjalla um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna.

Ég skal ekki orðlengja þessi mál öllu meira en ég þegar hef gert en vil aðeins leggja áherslu á það að lokum að við Íslendingar hljótum að gera okkur grein fyrir því að um leið og við vitnum til 63. gr. Hafréttarsáttmálans, um samráð þeirra þjóða sem sækja í sömu fiskistofna, er um gagnkvæmni að ræða. Það sem við ætlumst til af Grænlendingum skapar um leið skyldu af okkar hálfu að koma fram gagnvart Grænlendingum eins og við ætlumst til að þeir komi fram gagnvart okkur. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að Grænlendingar geta bersýnilega ekki látið í té fiskveiðiréttindi án þess að fá greiðslu fyrir og eins og nú er ástatt um íslenskan sjávarútveg efast ég um að við getum boðið Grænlendingum samsvarandi greiðslu miðað við kíló af sjávarafla og þeir fá með þessum samningi við Efnahagsbandalagið, að ég tali ekki um þann tollfrjálsa aðgang að mörkuðum Efnahagsbandalagsins sem fylgir með í kaupunum.

Það er rétt þegar menn ætla að stofna til samningaviðræðna að gera sér raunsæja grein fyrir samningsstöðu. Þetta eru staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við. Við skulum þess vegna ekki umfram allt áfellast Grænlendinga fyrir að gera þennan samning. Það væri síst af öllu til þess fallið að undirbúa jarðveginn fyrir samskipti þjóðanna í framtíðinni.

Ég sagði áðan að ég teldi að eftir gerð þessa samnings sé ekki síður nauðsyn á að samþykkja þessa þáltill. en áður og ég vil ítreka þá skoðun mína. Við hljótum að ræða við Grænlendinga um fiskvernd. Við hljótum að ræða við Grænlendinga, þótt við getum ekki greitt fyrir fiskveiðiréttindi í efnahagslögsögu þeirra, um hve mikil veiðin skuli vera af hinum mismunandi fiskistofnum. Við hljótum að ræða við Grænlendinga um gagnkvæm fiskveiðiréttindi t. d. hvað snertir loðnu og rækju þannig að fiskiskip hvorrar þjóðar um sig þurfi ekki að binda sig alltaf við miðlínuna milli Grænlands og Íslands. Við hljótum einnig að gera okkur grein fyrir því að enn þá er það deiluefni hvar efnahagslögsagan skuli skiptast á milli Jan-Mayen og Grænlands. Það mál er óuppgert í samskiptum okkar og Danmerkur fyrir hönd Grænlands. Við skulum einnig hafa í huga að það geti verið sameiginlegir hagsmunir okkar og Grænlendinga að hafa samstarf um landhelgisgæslu. Það er hverju orði sannara, sem hér hefur komið fram í umr., að við þyrftum gjarnan að styrkja okkar landhelgisgæslu. En það kostar auknar fjárveitingar til hennar og það skulum við muna næst þegar við göngum frá fjárlögum.

Við getum einnig haft í huga, t. d. varðandi landbúnaðarmál, að Grænlendingum gæti verið hagur í því að Grænlendingar kæmu hingað til þess að stunda sjóinn af íslenskum skipum, til að þjálfast og læra þau fræði sem bundin eru fiskveiðum.

Í þessu sambandi minnist ég þess að við höfum upplýsingar um að Norðmenn og Grænlendingar hafa rætt sín á milli. En eftir þeim upplýsingum sem ég veit bestar hafa ekki verið gerðir neinir fiskveiðisamningar milli þessara þjóða. Skýringin er væntanlega sú sama og varðandi samskipti okkar og Grænlendinga að Grænlendingar hafa hingað til ekki talið sig hafa forsjá þessara mála í eigin höndum og hins vegar að þeir hafa viljað ganga frá skilum sínum við Efnahagsbandalagið áður en þeir hæfu viðræður um þau efni við aðrar þjóðir. En Norðmenn hafa boðið fram samvinnu varðandi rannsóknir, varðandi nám og annað því um líkt sem við getum ekki síður gert.

Herra forseti. Ég vil aðeins að lokum taka undir þau orð ræðumanna er lýsa áhyggjum okkar Íslendinga yfir því að með samningi þessum séu festar veiðiheimildir Efnahagsbandalagsríkja næstu fimm árin og beina því til þm. að afgreiða þessa þáltill. Á grundvelli hennar hljótum við að gera okkur far um að efla samskipti við þessa nágrannaþjóð okkar og komast að samkomulagi við hana um fiskvernd, fisknýtingu og sameiginleg hagsmunamál á sviði sjávarútvegs en ekki síður á ýmsum og sem flestum öðrum sviðum um leið og við hljótum að leggja áherslu á að þær þjóðir sem hagsmuna hafa að gæta af fiskveiðum í Norður-Atlantshafi efli samvinnu sín á milli svo að við getum verndað fiskstofnana á þessum slóðum, ræktað þá upp og nýtt þá með þeim hætti að þeir verða lífsbjörg þjóðanna sem hlut eiga að máli.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það hefur komið fram hér að sá samningur sem Grænlendingar hafa gert nú við Efnahagsbandalagið komi mönnum verulega á óvart. Ég er ekki þeirrar skoðunar að ástæða sé til að láta sér þennan samning koma á óvart af þeirri einföldu ástæðu að Efnahagsbandalagslöndin, sérstaklega Þjóðverjar, hafa veitt verulegt magn við Grænland á undanförnum árum og hafa lagt á það áherslu á síðustu mánuðum, eftir að ljóst varð að Grænlendingar mundu segja sig úr Efnahagsbandalaginu, að tryggja hagsmuni sína að því er varðar veiðar við Grænland. Það kemur skýrt fram í þeim upplýsingum sem liggja fyrir að veiðar Þjóðverja hafa aukist verulega á undanförnum árum, sérstaklega eftir að þeir misstu fiskveiðiréttindi sín hér og úthafstogarar þeirra, sem voru útilokaðir á sínum tíma frá miðunum við Ísland, komust inn á miðin við Grænland í skjóli réttinda þeirra innan Efnahagsbandalags Evrópu. Það er ljóst að í þeim samningum sem nú hafa verið gerðir hafa Þjóðverjar fyrst og fremst lagt á það áherslu að tryggja þá hagsmuni sem þeir höfðu öðlast í skjóli samningsins sem Grænlendingar gerðu eða Danir fyrir þeirra hönd um fiskveiðilögsöguna þar á sínum tíma. Með þeim samningi afsöluðu Grænlendingar sér í reynd réttindum yfir fiskveiðilögsögunni. Höfum við Íslendingar t. d. þurft að ræða sameiginleg málefni okkar Grænlendinga höfum við ekki rætt við Grænlendinga heldur við embættismenn í Brüssel. Þetta hefur skapað mikla erfiðleika og þar hefur Íslendingum í reynd verið fremur illa tekið og verið slæm samskipti þar á milli. M. a. hefur það komið fram í því að aldrei hefur tekist að ná gagnkvæmum samningum um rækjuveiðar milli Grænlands og Íslands.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef síðastar, frá árinu 1982, er karfaveiði við Austur-Grænland 44 þús. tonn og voru það að mestu leyti eða nær eingöngu Þjóðverjar sem veiddu það magn. Samkv. uppkasti að samningi milli Grænlendinga og Efnahagsbandalagsins var gert ráð fyrir 57 þús. tonna karfaveiði, en virðist hafa endað með 57 800 tonnum. Upplýsingum ber ekki alveg saman því að fram kemur í síðustu upplýsingum að það muni allt koma í hlut Efnahagsbandalagsins eða

57 800 tonn, en í bráðabirgðatölum kom fram að hluta af því aflamagni rynni til Grænlendinga. Þessi afli fæst einnig við Vestur-Grænland. Hér er því ekki um veruleg frávik að ræða frá þeim afla sem áður hafði komið upp úr sjó. Hitt er svo annað mál að við höfum unnið með öðrum þjóðum og gerum enn, og það vil ég taka skýrt fram vegna þess sem hér hefur komið fram, að sameiginlegum rannsóknum á karfastofninum innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins og við höldum fundi á hverju ári um þessi mál. Einn slíkur fundur stendur einmitt yfir núna og sækir hann af Íslands hálfu dr. Jakob Magnússon. Það liggur fyrir að Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur mælt með því að veidd væru á ári 105 þús. tonn úr þessum karfastofni, en eins og menn vita hér veiddum við Íslendingar liðlega 120 þús. tonn á s. l. ári og höfum gert ráð fyrir að veiða 110 þús. tonn á þessu ári. Til viðbótar því magni er gert ráð fyrir að við Vestur- og Austur-Grænland séu veidd um 60 þús. tonn.

Að því er þorskinn varðar er stofninn við Austur-Grænland í sérstaklega slæmu ásigkomulagi. Fundur var haldinn nú alveg nýlega innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins, eða dagana 18. til 24. janúar, þar sem þar kemur fram að heildarstofninn sé ekki nema um 30 þús. tonn og hrygningarstofninn um 26 þús. tonn. Á árinu 1982 er áætlað að hafi verið veidd úr þessum stofni 27 þús. tonn, sem varð til þess að nokkurt hrun varð í honum svo ekki sé meira sagt. Á árinu 1983 eru hins vegar veidd úr þessum stofni 13 þús. tonn og till. var um það eftir þennan fund að ekki yrði veitt meira en 6 þús. tonn úr stofninum, en það hefur verið mikið vandamál að aðeins hluti af veiðinni hefur verið skrásett. Samkvæmt þeim till. sem núna liggja fyrir af hálfu Efnahagsbandalagsins og Grænlands er talað um 13 750 tonna veiði, sem er ekki í neinu samræmi við ábendingar vísindamanna.

Að því er varðar stofninn við Vestur-Grænland er í þessum till. gert ráð fyrir því að veiða 62 þús. tonn, sem er sambærileg veiði og hefur átt sér stað alveg upp á síðkastið. Það hefur verið nokkuð breytilegt hve mikið hefur verið veitt úr þeim stofni, en það var mest 1971 121 þús. tonn og síðan 1972 110 þús. tonn, en veiði úr stofninum við Vestur-Grænland er fyrst og fremst af hálfu Grænlendinga sjálfra.

Það hefur komið hér fram að það mundi hafa breytt verulega ef till., sem hér er til umr. og er út af fyrir sig góðra gjalda verð og er nauðsynlegt að ræða þessi mál hér, hefði komið til umr. hér fyrr. Er látið að því liggja að ekki hafi verið fylgst með þessum málum. Það hefur komið hér fram að margoft hefur verið rætt við Grænlendinga um þessi mál. Það hefur verið oft rætt um þau undanfarið milli utanrrn. og sjútvrn. og þau hafa verið rædd í ríkisstj. Ég leyfi mér að fullyrða að Grænlendingar hafa ekki, því miður, viljað ræða þessi mál fyrr en þeir hefðu gengið frá sínum málum gagnvart Efnahagsbandalaginu og í reynd ekki talið sig hafa formlega heimild til að fjalla um þau við aðrar þjóðir fyrr en þeir hefðu náð forræði yfir fiskimiðunum, sem þeir hafa ekki haft. Ég tel því vera algerlega rangt að það hefði breytt einhverju þótt þessi mál hefðu komið til umr. fyrr. Það hefur allan tíman legið fyrir að Efnahagsbandalagið mundi ekki vera tilbúið til að veita Grænlendingum tollfrelsi og fjárhagsaðstoð nema veiðiheimildir þeirra, sem væru sambærilegar við þær sem þeir hafa haft að undanförnu, væru tryggðar. Og það þarf ekki að koma neinum á óvart þó að þeir hafi gengið mjög hart eftir því við Grænlendinga að gera slíkan samning. Sá samningur er nú orðinn að veruleika og við því er ekki mikið að gera. Það er þó eitt ánægjulegt við þann samning, að Grænlendingar ná forræði í þessum málum sjálfir og þeir munu væntanlega losna við erlendar veiðiþjóðir úr sinni landhelgi — og að því stefna þeir því þeir þurfa á því að halda í framtíðinni að nýta sína fiskistofna sjálfir.

Ég vildi, herra forseti, láta þetta koma fram, en er ekki með því að draga á neinn hátt úr þeim áhyggjum sem ástæða er til að hafa af ofveiði stofnanna. En ég leyfi mér að fullyrða að það er alger misskilningur að það þurfi að koma mönnum á óvart að einhver slík niðurstaða hefur nú orðið, hvort sem menn bjuggust nú við því að um eins mikla veiði yrði að ræða og hér hefur komið fram eða ekki.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að þessi þáltill. yrði afgreidd frá Alþingi í dag. Gert hefur verið ráð fyrir því, með sérstöku tilliti til þess að hér er um samkomulagsmál allra þingflokka að ræða, að möguleiki væri að ljúka umr. og atkvgr. fyrir kvöldmat. Nú eru enn þá fjórir á mælendaskrá. Enn mun verða freistað að halda við það að ljúka málinu fyrir kvöldmat. Ég tek það fram að ekki er verið að takmarka umr. hér. Það verður þá að ráðast ef ekki tekst að afgreiða málið fyrir kvöldmat. Þá verður það ekki afgreitt fyrr en síðar. Það of seint að fara að boða fund í Sþ. í kvöld. — Ég vænti þess að menn verði svo góðir að hafa í huga það sem hér hefur verið sagt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er eiginlega tvennt sem menn hafa undir sem von er við þessa umr. og ræða jöfnum höndum: annars vegar áhyggjur okkar út af samningi Grænlendinga við Efnahagsbandalagið og hins vegar það sem er í rauninni efnisatriði þessarar till. og fer ekki að öllu leyti fyllilega saman við hitt.

Ég verð að játa að í mínum huga hefur það verið nokkurt áhyggjuefni um nokkra hríð hvernig þessi mál mundu þróast og sé eiginlega eftir því að hafa ekki gert það í enn ríkara mæli að umtalsefni en ég hef þó gert, bæði að því er varðar samninga af því tagi sem nú hafa séð dagsins ljós og hins vegar óleystan vanda að því er varðar markalínuna við Jan Mayen. Maður gerði sér vonir um að forræði Grænlendinga á þessum málum mundi þýða ákveðna möguleika fyrir Íslendinga og kannske gerir það það enn þá, en það sem gerst hefur veldur manni áhyggjum um þessar mundir engu að síður. Segja má að það sé leitt að till. eins og þessi, sem í felst vilji Alþingis til samvinnu og í rauninni ósk um samvinnu, skuli ekki hafa komið fram fyrr. Menn geta vitaskuld velt því fyrir sér hvort það hefði skipt máli eða ekki, eins og hæstv. sjútvrh. gerði, en skoðun mín er að það hefði a. m. k. ekki skaðað og hugsanlega hefðum við haft af því einhvern hag.

Hitt er ljóst, að Grænlendingar eru sjálfstæð þjóð sem er að fjalla um sína eigin hagsmuni. Spurningin sem snýr að okkur er þá hvernig við getum tryggt hagsmuni okkar í því sambandi. Við erum ekki að biðja Grænlendinga um að fórna hagsmunum sínum, en við hljótum jafnframt að krefjast þess að þeir fórni ekki hags-

munum okkar. Það held ég að eigi að vera kjarni málsins í samskiptum okkar við þá, jafnframt því að við komum að öllu leyti fram við þá á jafnréttisgrundvelli.

En það er í rauninni fleira nýtt í þessari till. en felst einungis í því sem sagt er um að leita samkomulags við Grænlendinga og þá kannske sérstaklega af þessu tilefni. Í till. felst að verið sé að leita eftir nánari samvinnu þeirra ríkja sem liggja að fiskimiðunum norðarlega í Atlantshafi. Við höfum vanið okkur á það, Íslendingar, að hugsa sérstaklega um fiskstofna okkar, gegnum landhelgisdeilurnar, sem okkar eigin og eins og þeir héldu sig á okkar slóðum ævinlega, en það er ekki tilfellið að því er varðar nema hluta af þeim. Þar eru flökkustofnar og það eru sameiginlegir stofnar. Ég ætla að leyfa mér að nefna kannske markastofna. Þar á ég við rækjumiðin t. d. á Dohrnbanka og á þeim slóðum. Með þessari till. erum við að taka þau mál upp. Sérstaklega erum við að brýna fyrir okkur að við þurfum að taka upp samvinnu við önnur ríki um einmitt þessa fiskstofna. Það höfum við gert í ákaflega takmörkuðum mæli. Ég veit að við höfum haft samvinnu við fiskifræðinga um ýmis atriði, en að því er varðar stjórnun veiðanna höfum við verið að mínum dómi heldur sinnulaus. Þess vegna fagna ég þeirri nýjung sem ég tel felast í till. að þessu leytinu og ég held að það sé áreiðanlegt að Alþingi hafi ekki með almennum hætti tekið afstöðu af þessu tagi fyrr. Fiskveiðimál okkar, landhelgismál okkar eru í rauninni með þessari till. að færast á nýtt stig, að mínum dómi, og ég held að það sé gagnlegt.

Ég tel að þessi till. sé gagnleg, eins og ég sagði, og ég tel að það sé gott að Alþingi birti með þessum hætti opinberlega vilja þings Íslendinga í þessu máli og láti það koma fram um leið og í henni felst, eins og ég hef sagt, tilboð og ósk. Ég held að það sé ekki rétt að of seint sé að gera þetta þó ég hefði gjarnan viljað að það væri gert fyrr. Ég held að það sé ekkert síður bæði rétt og nauðsynlegt að halda á málinu eins og þessi till. gerir ráð fyrir og taka upp samvinnu um verndun og nýtingu fiskstofnanna með almennum hætti að því er varðar grannþjóðir okkar og sérstaklega að því er varðar Grænlendinga, eins og hér hefur komið fram í máli margra ræðumanna.

Ég skal ekki, herra forseti, tefja þessa umr. öllu lengur. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að rétt sé að greiða fyrir því að þessi till. geti hlotið samþykki sem allra fyrst.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum um að teygja þessa umr. ekki um of svo að hægt verði að afgreiða þetta mál. Við Bandalagsmenn erum aðilar að flutningi þessarar þáltill. og við stöndum auðvitað heilshugar að henni enn þó þessar fregnir hafi borist um samningana í morgun. Ég held raunar að það þurfi ekki að koma neitt sérstaklega á óvart. Þarna hafa verið stundaðar veiðar að undanförnu og það hljóta að verða stundaðar veiðar þar áfram. Þetta er lifibrauð þeirra þjóðar sem þarna býr, og það er vandséð hvað við getum gert í þessu annað en að sinna okkar hluta af þessu máli, sem er m. a. það að standa við 63. gr. Hafréttarsáttmálans um gagnkvæm samskipti, gagnkvæm samráð þeirra þjóða sem eiga sameiginlega fiskstofna. Það er náttúrlega sá grundvöllur sem við verðum að undirbyggja þannig að við getum kinnroðalaust, þegar aðstæður leyfa næst, tekið upp samskipti um þessi mál.

Það er ljóst að samkvæmt Hafréttarsáttmála á að ríkja gagnkvæm tilkynningarskylda og samráð milli Íslendinga og Grænlendinga eða þeirra umboðsmanna um veiðar á þessum fiski. Við Íslendingar höfum ákveðinn orðstír í verndunarmálum fiskistofna og það er okkar að gæta hans. Það er hollt að líta í eigin barm og athuga hvort við höfum fylgt þeim reglum sem við viljum að aðrir fylgi. Það hafa komið hér fram athyglisverðar upplýsingar um veiðimagn á karfa.

Úr því sem komið er held ég að við getum lítið annað gert en að reyna að stuðla að sem mestri samvinnu þeirra þjóða sem þarna eiga hlut að máli og búa við þessi hafsvæði, eins og kemur fram í þáltill. Við skulum reyna að ganga á undan með góðu fordæmi með því að gæta okkar fiskistofna og gefa grönnum okkar aðgang að ákvörðunum í veiðimálum. Við skulum einnig umfram allt miðla Grænlendingum af okkar reynslu í útgerð, fiskvinnslu og landbúnaði ef þeir vilja okkar reynslu þiggja. Menn geta kannske af umræðum undanfarinna missera efast eitthvað um það eða velt fyrir sér hvað þeir eigi hingað að sækja. Þeir geta kannske hjálpað okkur að finna rekstrargrundvöllinn.

Ég held að það sé í raun engu við það að bæta sem hér hefur komið fram. Við skulum samþykkja þessa till. og reyna að standa við okkar hlut af því sem þar er farið fram á. Það er kannske fróðlegt líka í framhaldi af þessu að velta því fyrir sér að það er erfitt að stunda veiðar við Austur-Grænland án þess að sækja þjónustu á íslenskar hafnir. Það kann því svo að fara ef um verður að ræða aukna sókn á þessu svæði, að við fáum eitthvað meira af þessum skipum að vita heldur en undanfarið.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka undir það með öðrum þm. sem talað hafa í þessari umr. að það er að sjálfsögðu mikilvægt og eðlilegt að Alþingi álykti um að leitað verði samkomulags við Grænlendinga og aðrar nágrannaþjóðir okkar um sameiginlega hagsmuni er varða fiskistofna og fiskveiðar. Hins vegar hefur umr. þessi snúist nokkuð í það að fjalla um þá atburði, sem gerst hafa og við höfum frétt af nú á síðustu dægrum, að Grænlendingar hafa samið við Efnahagsbandalagið um veiði á tugþús. tonna af þorski og karfa sem hljóta auðvitað að vera okkur mikið áhyggjuefni þegar við erum að berjast við að skipta allt of litlum áætluðum afla á þessu ári á okkar fiskveiðiflota allan.

Þá hafa að sjálfsögðu komið inn í þessar umr. athugasemdir varðandi Landhelgisgæsluna og getu hennar til að þjóna sínu hlutverki. Það var einmitt það atriði í umr. hér á undan sem gerði það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs og skal reyna að stytta mál mitt. En í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar kom fram að á þinginu 1980—1981 hafi verið samþykkt þáltill. þar sem kosin var nefnd sem átti að fjalla um starfsemi Landhelgisgæslunnar. Ég á sæti í þeirri nefnd og er reyndar formaður hennar og verð því að gera örlitla athugasemd við það sem hv. þm. sagði, m. a. það að þessi nefnd hefði enga ályktun gert um sitt starf frá þessum tíma. En það er ekki alveg rétt. Nefndin hefur, eins og hann reyndar gat um, verið að störfum allan þennan tíma, við höfum safnað miklum upplýsingum og leitað eftir því hjá ýmsum aðilum, sem eiga hlut að máli

og eiga samstarf við gæsluna og eiga mikið undir hennar starfsemi, hvernig þeir vildu helst haga uppbyggingu hennar. Hins vegar sendi nefndin frá sér áfangaskýrslu á haustdögum 1981 en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Nefndinni var ætlað að ljúka störfum áður en þing kæmi saman að hausti. Þótt nefndin hafi þegar starfað mikið og aflað margvíslegra gagna er þess ekki kostur að ljúka störfum hennar fyrir þing. Hins vegar telur nefndin nauðsynlegt að koma á framfæri þessari áfangaskýrslu, bæði vegna afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 svo og til að veita Alþingi nokkrar upplýsingar um núverandi búnað og tækjakost Landhelgisgæslunnar og nýtingu hans."

Svo fór við fjárlagaafgreiðslu 1982, 1983 og 1984 að menn treystu sér ekki til þess að bæta við fjármagni til starfsemi Landhelgisgæslunnar þannig að hún gæti verulega aukið umsvif sín þrátt fyrir það sem við bentum á og ég hafði hugsað mér að fara lítils háttar í gegnum. En vegna tilmæla forseta ætla ég ekki að gera það til að tefja ekki tíma þó full ástæða hefði verið til. En það er fjármagnið sem ræður langsamlega mestu um *það hvernig til tekst við að byggja þessa starfsemi upp.* Hins vegar má segjast að sannist málsháttur inn „Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott" því að nefndin hefur ekki enn lokið störfum sínum og getur því á næstunni tekið nokkurt tillit til þeirra nýju viðhorfa sem nú hafa komið upp ef krafa verður gerð til þess og það verður álit fróðustu manna að Landhelgisgæslan þurfi að fylgjast enn betur og enn meira með miðlínu milli Íslands og Grænlands í sínum störfum.

Ég vil í sjálfu sér viðurkenna það og taka það á mig, að verulegum hluta til a. m. k., að störfum nefndarinnar hefur miðað allt of hægt og full ástæða er til að hraða þeim nú. Við vorum reyndar nú fyrir áramótin komnir á það stig að við töldum að við værum búnir að afla og safna öllum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar væru og við gætum nú sest niður til þess að skrifa skýrsluna eða ganga frá endanlegu áliti nefndarinnar. Ég heiti því að við munum reyna að hraða þessum störfum eins og kostur er. Hins vegar tel ég það mikið vafamál hvort það leiði til skjótra úrbóta í málefnum gæslunnar því þar ræður að sjálfsögðu fjármagnið ferðinni eins og ég hef áður getið um.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum forseta og reyna að hafa orð mín ekki mjög mörg en mér virðist samt að það breyti ekki ýkja miklu úr því sem komið er hvort ályktun í þessu máli er gerð í dag eða á morgun og raunar miklu eðlilegra að ályktun um þetta efni á fullskipuðum fundi.

Ég kemst ekki hjá því áður en umr. lýkur að vekja athygli á því að samkomulag var um það þegar till. var flutt að hún yrði afgreidd með hraði og að hún kæmi til afgreiðslu hér í Sþ. s. l. fimmtudag. Hins vegar mun það vera staðreynd að utanrmn. kom ekki saman fyrr en s. l. mánudag. Ég vil sem sagt ósköp einfaldlega benda á að fyrirspurn minni um þetta efni hefur ekki verið svarað hér í umr. og það er óútskýrt hvers vegna þessi dráttur hefur orðið.

Ég spurðist einnig fyrir um hvaða aðgerðir hæstv. ríkisstj. hefði haft í frammi til að ræða þessi mál við Grænlendinga frá því að fréttir bárust af því að yfirvofandi væru samningaviðræður milli Efnahagsbandalagsins og forustumanna Grænlendinga. Í ræðu sinni hér áðan gat hæstv. forsrh. þess að reynt hefði verið að ná sambandi við Motzfeldt, forustumann Grænlendinga, en ekki hefði tekist að ná sambandi við hann. Hins vegar kom fram fyrr í umr. að fulltrúar ríkisstj. og ráðh. hennar — þá fyrst og fremst forsrh. og hæstv. utanrrh. — hafa stefnt á fundi með Grænlendingum í tengslum við væntanlegan fund Norðurlandaráðs.

Ég er alls ekki að fullyrða að fundur með Íslendingum og forustumönnum Grænlendinga hefði gerbreytt stöðu þessa máls en ég er hins vegar ekki alveg sömu skoðunar og hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson sem virðist vera þeirrar forlagatrúar að það hefði örugglega engu getað breytt. Ég get sem sagt ekki útilokað það með öllu að það hefði einhverju getað breytt ef hv. utanrmn. hefði verið örlítið snarari í snúningum og ef hæstv. ríkisstj. hefði tekist að ná fram viðræðum meðal forustumanna Grænlendinga.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þá þáltill. sem hér er til umr. en ég harma þá afstöðu sem virðist koma fram í umr. til Grænlendinga. *Ég vil minna á að þegar Íslendingar voru að stíga* hliðstæð spor og Grænlendingar eru að stíga í dag rétt eftir 1900 var samið til 50 ára um fiskveiðar við Ísland og gjaldið sem greitt var kom aldrei í vasa Íslendinga heldur var það gjald sem auðveldaði fyrir viðskiptum hjá Dönum á fleski og smjöri til Bretlands. Við skulum fagna því að þessi fátæka þjóð hér fyrir norðan okkur fær þó greiðslur í dag, betri kjör en við áttum kost á á sínum tíma. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það er í alla staði eðlilegt að þeir reyni að ná samningum um sína lífshagsmuni og þeir hafa náð samningum. Það sem við þurfum aftur á móti að vera menn til að gera og nota næstu fimm ár til er að auðvelda Grænlendingum að nytja það hafsvæði sem er fyrir austan Grænland frá íslenskum höfnum. Gjaldið sem við förum fram á fyrir það hlýtur aðeins að vera eitt, það er að þeir virði fiskfriðunarsjónarmið á þessu hafsvæði og stundi ekki rányrkju. En ég vil undirstrika það að við *megum ekki vera svo þröngsýnir að við gerum okkur* ekki grein fyrir því að það hlýtur þrátt fyrir allt að vera merkilegur viðburður þegar þessi samningur er gerður hjá Grænlendingum. Þessi þjóð, nýlendan, eygir fram á möguleika til sjálfstæðis. Við skulum fagna því sem fyrrverandi nýlenda, minnugir þess hvað það færði okkur og vona og óska að það færi þeim jafn mikið.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. þm. Ragnar Arnalds hefur talað um að það muni hafa verið fastmælum bundið þegar till. þessi var flutt að hún yrði tekin til afgreiðslu á fimmtudag. Ég kannast ekki við þetta. Hins vegar vil ég segja að það var sammæli milli mín, 1. flm. og utanrrh. að fundur yrði haldinn á mánudag um þetta. Þess vegna ber ekki neinn einn öðrum fremur ábyrgð á því að fundur var ekki haldinn fyrr í utanrmn. en á mánudag. Það er þá samábyrgð sem þeir aðilar bera. — En ég bendi á að hv. þm. Ragnar Arnalds er einn af flm. þessarar till. Ef honum hefði verið umhugað um að málið væri afgreitt með þeim hætti sem hann hefur verið að gefa í skyn að samið hafi verið um, þá var hægur vandi hjá honum að hafa samband við mig eða 1. flm. till. Það gerði hann ekki og á fundi utanrmn. kom engin aths. fram um að fundur

hefði ekki verið haldinn fyrr og ekki fremur frá fulltrúa Alþb. en öðrum. Að halda því fram að það mundi hafa komið í veg fyrir samkomulag það sem gert hefur verið við Efnahagsbandalagið af hálfu Grænlendinga ef Alþingi Íslendinga hefði samþykkt þessa till. á fimmtudag er meiri barnaskapur en svo að það sé hægt að ætla nokkrum þm.

Ég hafði satt að segja haldið að skoðanir þm. á þessu máli væru mjög samhljóða og þeir mundu með öllum hætti greiða fyrir því að þáltill. næði samþykki. Ég byggði þá skoðun mína á því að þetta var þáltill. sem var flutt af fulltrúum frá öllum flokkum, tveimur frá hverjum flokki. Þess vegna verð ég að segja að ég hef orðið svolítið undrandi á þeim umr. sem hér hafa farið fram og ekki hafa verið með því marki brenndar að þær hafi borið því vitni að menn hefðu sérstakan áhuga fyrir því að koma þessari þáltill. frá sér. Satt að segja finnst mér sumt af því hafa verið svolítið með því marki brennt að við vildum telja okkur stóra bróður í samskiptum við Grænlendinga. Ef nokkuð ber að varast, ef það á að ná samningum við Grænlendinga, þá er það einmitt að láta skína í slíkt. Við eigum að vinna á jafnréttisgrundvelli að þessum málum, og kannske mjúku tökin dugi best ef því er að skipta.

Ég ætla ekki að ræða um fortíðina í þessu, af því það yrði of langt mál og það hefur líka verið vikið að henni, en það er auðvitað alveg fráleitt að þeir sem fylgst hafa með málum sem þessum geti sagt að sér komi eitthvað á óvart að svona samkomulag hafi verið gert. Það hefur einmitt verið unnið að því að ná svona samkomulagi. Og ég held að við ættum að fara varlega í það að svo stöddu að lá Grænlendingum í þessu sambandi. Ég held að eftir að það liggur nú alveg fyrir að þetta samkomulag hefur verið gert, eins og það áður lá í loftinu að það yrði gert, sé enn meiri ástæða til þess fyrir Alþingi Íslendinga að samþykkja þessa ályktun og enn meiri ástæða til þess fyrir íslensk stjórnvöld að halda fast á málinu og vinna að því. Það vona ég að verði gert með samstöðu alþm. en ekki pexi um aukaatriði.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég kem hér einungis upp til að staðfesta það sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að það var hér á miðvikudaginn í síðustu viku, eftir að samstaða hafði náðst með öllum flokkum og fram hafði verið lögð þáltill. sem hér er nú til umr., að við ráðguðumst hvort nauðsynlegt væri að halda fund í utanrmn. þann dag eða á fimmtudagsmorgun til að fá afgreiðslu á fimmtudaginn í síðustu viku. Ég lagði ekki á það áherslu og sagðist vera sáttur við að fundurinn yrði haldinn á mánudegi, þ. e. í gær. Það var m. a. vegna þess að mér var kunnugt um að fregnir um samstöðu íslensku stjórnmálaflokkanna höfðu þegar borist t. d. til Danmerkur. Það hringdu t. d. danskar fréttastofur í mig á miðvikudagsmorgni og vissu þá um að þessi samstaða hafði orðið. Fréttin var komin á framfæri: Alþingi Íslendinga var sammála í málinu. Þess vegna taldi ég ekki nauðsyn á því að hraða svo afgreiðslu að till. yrði samþ. s. l. fimmtudag.

En tilefni þess að hv. þm. Ragnar Arnalds hefur þarna eitthvað misskilið málið er sjálfsagt það, að þegar ég var að vinna að málinu á mánudaginn í fyrri viku hafði ég orð á því við forustumenn flokkanna að ég legði mikla áherslu á að till. yrði flutt strax á þriðjudeginum og tekin til fyrri umr. þá og síðan væri mér kappsmál að hún yrði strax tekin fyrir í utanrmn. og afgreidd á fimmtudeginum. Misskilningurinn er áreiðanlega þannig upp kominn. En ég er ábyrgur fyrir því alveg eins og formaður n. að till. var ekki rædd fyrr en á mánudegi. Ég taldi þess ekki þörf því að mér var kunnugt um það, sem utanrrh. hér upplýsti, að búið var að hafa samband við grænlensku forráðamennina og þeir höfðu boðist til að ræða við okkur jafnvel í þessari viku. Þess vegna kom það eins og köld gusa framan í mig í gærkvöld að búið væri að semja. Ég held að það sé engan um að saka í þessu efni. Það gat enginn látið sér detta annað í hug en að það kæmi út á eitt hvort við afgreiddum till. nú eða s. l. fimmtudag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 55. fundur.

Miðvikudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga, þáltill. 194. mál (þskj. 350, n. 368). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KMT, HÁ, HBL, SveinnJ, HG, IG, JS, JHelg, SighB, KolJ, KH, KMK, LJ, EKG, MÁM, ÓE, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, RH, SalÞ, SDK, SkA, StB, StG, SV, StH, SJS, SvG, TG, TÁ, VI, ÞP, ÞS, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, EG, GeirH, EKJ, FÞ, GSig, GeirG, GB, GE, ÓRG, GA, GHelg, ÞK.

5 þm. (JBH, KSG, KJóh, AG, FrS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í þessari till. er ályktað að fela ríkisstj. að kanna til fullnustu möguleika á samkomulagi við Grænlendinga um sameiginleg hagsmunamál. Það ber að harma að á þeim tíma sem liðinn er síðan till. kom fram hefur af hálfu ríkisstj. skort mjög á um að þessi mál væru tekin nægilega föstum tökum. Hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. utanrrh. hafa léð þessu máli þann þunga sem nauðsynlegur er og óhjákvæmilegur samkvæmt grundvallarhagsmunum íslensku þjóðarinnar.

Í trausti þess að hæstv. ríkisstj., sérstaklega hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., taki nú upp ný vinnubrögð í þessu máli og komi í veg fyrir frekari mistök en þeim hafa nú þegar orðið á í þessu máli segi ég já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 379).

Um þingsköp.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil mótmæla harðlega þeim ásökunum sem komu fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni þegar hann

gerði grein fyrir atkv. sínu. Ég tel það í hæsta máta óviðeigandi að þannig sé sá réttur notaður, eins og hann gerði hér áðan, þegar ekki er tækifæri til að svara.

Staðreyndin er sú, eins og fram kom í umr., að vandlega hefur verið fylgst með þessum málum og reynt að hafa á þau þau áhrif sem unnt er. Þessu var öllu lýst í gær og ég vísa á bug þeim ásökunum sem fram komu og eru ekki til að styrkja okkar málstað.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. getur ekki skotið sér undan þeirri staðreynd, að hvorki hann né hæstv. utanrrh. höfðu uppi hérlendis eða erlendis á þeim tíma sem liðinn var frá því að þessi till. var lögð fram og þar til þeir atburðir gerðust sem okkur eru kunnugir, aðgerðir sem gæfu til kynna að ríkisstjórn Íslands og Alþingi teldu þetta brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar.

Hæstv. forsrh. er þekktur að því að leggja land undir fót að minna tilefni og sækja heim viðræðuaðila, ef hann telur að slíkt sé nauðsynlegt. Það var ekki gert í þessu tilviki og það gerði hæstv. utanrrh. ekki heldur. Það kom ekki fram í umr. í gær nein staðfesting á því, að þessir tveir hæstv. ráðh. hefðu tekið málið þeim tökum sem gæfu til kynna að þeir gerðu sér grein fyrir því í verki, að hér væri verið að takast á við eitt brýnasta hagsmunamál Íslendinga. Þeir töldu sér greinilega trú um að málið væri með þeim hætti að þeir gætu látið hjá líða að veita því þann þunga. Það er alveg óhjákvæmilegt að við, sem eigum nú að greiða því atkv. hér á Alþingi að ríkisstj. taki málið áfram í sínar hendur, gerum það með þeim fyrirvara sem samviska okkar býður.

Það er ekki hægt að líta fram hjá því, þó að ég skilji vel að hæstv. forsrh. vilji fela þá staðreynd hér í þingsölum, að hann brást skyldu sinni sem forsrh. þjóðarinnar. Og hæstv. utanrrh. brást líka skyldu sinni sem utanrrh. þjóðarinnar í þessu efni. Það er skiljanlegt að þeir vilji fela slíka staðreynd og kveinki sér við því að á hana sé minnst hér í þingsölum. Hún stendur hins vegar eftir og það er alveg ljóst að um langa framtíð mun verða spurt að því, hvað forsrh. Íslands hafi verið að gera þessa daga og hvað utanrrh. Íslands hafi verið að gera þessa daga.

Ég ætla ekki að gera það mál nánar að umræðuefni hér. Það má þó, hæstv. forseti, vitna í — (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu með einni setningu. (**Forseti:** Ég vil taka fram að þegar menn óska eftir, að ræða um þingsköp ber mönnum að ræða um þingsköp en ekki efnisatriði máls.) Ég vona að hæstv. forseti komi þeim ábendingum á framfæri við hæstv. forsrh. einnig. (**Forsrh.:** Hann er búinn að gera það.) Ég var að ljúka máli mínu með því að geta þess, að það var greinilegt af ræðu hæstv. utanrrh. hér í gær að hann hafði séð ýmsa meinbugi á því að taka þetta mál þeim föstu tökum sem nauðsynlegt var.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal fara eftir tilmælum forseta og ræða um grg. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem brot á þingsköpum. Honum gafst í umr. í gær tækifæri til að taka efnisatriði málsins til meðferðar. En þá svaf þessi hv. þm. og sá ekki ástæðu til að taka þátt í umr. um málið. Kemur síðan og krefst nafnakalls um till., sem einhugur er um á Alþingi, í því skyni að rjúfa þá samstöðu sem er á meðal þm. í þessu mikilvæga máli. Þess vegna eru ásakanir hans út í hött og til þess fallnar að spilla fyrir málstað okkar Íslendinga.

Að lokum hlýt ég að vekja athygli á því, að ásökun hv. þm. í garð okkar forsrh. felst í því, að við höfum ekki hafist handa eftir að þessi þáltill. kom fram á þingi. Það er algjörlega ósatt vegna þess að á þeim tíma og raunar fyrr reyndum við að stofna til viðræðna við Grænlendinga, en efnislega voru þeir ekki reiðubúnir til þeirra fyrr en málið væri útkljáð af þeirra hálfu gagnvart Efnahagsbandalaginu. Þetta eru staðreyndir málsins.

Efri deild, 54. fundur.

Miðvikudagur 22. febr., að loknum fundi í Sþ.

Sala lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, frv. 178. mál (þskj. 319). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Vörumerki, frv. 201. mál (þskj. 358). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 358 er borið fram stjfrv. til l. um breytingu á lögum nr. 47 frá 2. maí 1968, um vörumerki. Með frv. þessu er lagt til að felld verði niður heimild til að áfrýja til iðnrh. ágreiningsmálum er varða skráningu vörumerkja. Þess í stað verði lögfest málsmeðferð með skipun sérstakrar áfrýjunarnefndar til að úrskurða í málum sem þessum.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. til l. um breytingu á einkaleyfalögum um sama efni. Lagt er til að ein nefnd úrskurði í ágreiningsmálum í báðum þessum málaflokkum og að heiti nefndarinnar verði í samræmi við það, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum. Lagt er til að nefndin verði skipuð þremur mönnum: Formanni skipuðum til þriggja ára í senn sem vegna eðlis nefndarinnar þykir rétt að verði lögfræðingur. Aðrir nm. yrðu skipaðir til starfa í nefndinni til að úrskurða í einstaka málum. Rétt þykir að hafa vissan sveigjanleika í vali annarra nm. en formanns þannig að skipa megi sérfróða menn eftir eðli ágreinings hverju sinni og gætu þar eftir atvikum komið til greina menn með sérþekkingu á sviði málfræði, viðskipta, tækni og lögfræði.

Forsaga þessara ákvæða um kæruheimild til ráðh. er sú að þegar lög um vörumerki voru samin árið 1968 voru dönsk lög um sama efni höfð mjög til hliðsjónar. Í Danmörku er skrifstofa vörumerkjaskrárritara sjálfstæð stofnun og ekki hluti af ákveðnu rn. Í dönsku lögunum er heimild til að skjóta ágreiningsmálum til ráðh. Hér á landi hagar málum þannig að vörumerkjaskrifstofan er hluti af iðnrn. Ljóst má vera að iðnrh. á hverjum tíma mun ekki úrskurða persónulega í málum af þessu tagi. Í reynd munu því starfsmenn þeir í rn. sem

annast vörumerkjamál almennt jafnframt úrskurða í sérstökum kærumálum sem skotið yrði til ráðh. Í málum er varða einkaleyfi og vörumerki er oft um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða. Því þykir rétt að tryggt verði sem ríkast réttaröryggi í stjórnsýslunni við meðferð þeirra mála.

Stjórnvaldskæra á úrskurði vörumerkjaskrárritara til iðnrh. er því óeðlilegt stjórnvaldsúrræði hér á landi, þar sem vörumerkjaskrárritari er jafnframt starfsmaður iðnrn.

Málskot til ráðh. skv. gildandi ákvæðum hafa verið fátíð á undanförnum árum, þ. e. um 1—2 á ári. Hugsanlega er skýringin á því sú að menn hafi ekki haft trú á kæruúrræði þessu og talið það óraunhæft. Því má búast við að kærumálum þessum fjölgi nokkuð verði frv. þetta að lögum. Ákvarðanir vörumerkjaskrárritara, sem ágreiningur hefur verið gerður um, hafa á undanförnum árum verið á bilinu 15—20 á ári.

Félag umboðsmanna eigenda vörumerkja og einkaleyfa hefur ítrekað óskað eftir breytingum á þessari tilhögun og hefur verið haft samráð við félagið við samningu frv. þessa.

Stjórnskipuð nefnd vinnur nú að heildarendurskoðun einkaleyfalaganna og mun nefnd þessi jafnframt taka vörumerkjalöggjöfina til athugunar. Búast má við að sú endurskoðun taki nokkurn tíma þar sem hér er um tæknilega og lögfræðilega flókin málefni að ræða. Hin öra tækniþróun liðinna ára hefur kallað á ítarlegri lagaákvæði um einkaleyfi. Sömuleiðis hefur ör vöruþróun og aukin áhersla á auglýsingar og kynningar á vörum undir ákveðnu vörumerki aukið þýðingu laga um vörumerki og kallað á öflugri réttarframkvæmd á sviði vörumerkjamála.

Vörumerkjaréttur er með vissum undantekningum bundinn skráningu merkis. Vörumerkjaskrárritari annast skráningu vörumerkja. Þar sem verulegir fjármunir eru oft lagðir í að kynna vörur undir ákveðnu vörumerki eru nokkrir hagsmunir í húfi fyrir rétthafa vörumerkis að fá vörumerki skráð. Vörumerkjaskrárritari tekur skv. 19. gr. vörumerkjalaga ákvörðun um að synja um skráningu ef hann sjálfur telur merkið ekki hæft til skráningar. Auk þess tekur vörumerkjaskrárritari við andmælum gegn skráningu eftir birtingu vörumerkis skv. 22. gr. og tekur ákvörðun um synjun ef andmælin eru metin gild.

Frv. felur í sér að ágreiningi skv. ofangreindu verði skotið til sérstakrar áfrýjunarnefndar og felld verði niður heimild til að skjóta máli til ráðh. eins og að framan er lýst.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þegar þessari umr. lýkur verði frv. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Einkaleyfi, frv. 202. mál (þskj. 359). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 359 er flutt stjfrv. til l. um breytingu á lögum nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi, með síðari breytingum. Með frv. þessu er lagt til að lögfest verði önnur málsmeðferð en verið hefur í þeim tilvikum sem rn. synjar einkaleyfisbeiðanda um einkaleyfi. Í stað ákvæða um að einkaleyfisbeiðandi geti krafist þess að synjun rn. á einkaleyfi verði tekin upp aftur og rannsökuð á ný af rn. er lagt til að komið verði á fót sérstakri nefnd til að úrskurða í ágreiningsmálum er varða skráningu einkaleyfa.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. til breytinga á lögum nr. 47 frá 2. maí 1968, um vörumerki, um sama efni. Vísast til grg. með því frv. um forsendur þeirrar lagabreytingar sem hér er lögð til. En megintilgangur frv. er að stuðla að auknu réttaröryggi í stjórnsýslunni við meðferð einkaleyfa.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessri umr. verði máli þessu vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Framboð og kjör forseta Íslands, frv. 180. mál (þskj. 324). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í frv. þessu má segja að sé um tvær leiðréttingar að ræða og breytingar til samræmis við gildandi kosningalög. Lögum til Alþingis hefur verið breytt þannig að kosningar fara fram á laugardögum og er í 1. gr. frv. gert ráð fyrir að breyta lögum um kjör forseta Íslands til samræmis þannig að í stað sunnudags komi laugardagur og fari kjör forseta því fram eins og til Alþingis á laugardegi.

Með kosningalagabreytingu þeirri sem gerð var 1959 eru felldar niður einstaklingsbundnar kosningar en hlutfallskosningar teknar upp. Ekki er um hlutfallskosningar að ræða við kjör forseta Íslands en segja má að láðst hafi að geta þess í kosningalögum eða breyta kjöri forseta Íslands þannig að þær yrðu áfram einstaklingsbundnar. 2. gr. er því leiðréttíng. Þetta er að sjálfsögðu orðin hefð og hefur verið framkvæmt svo þrátt fyrir breytingu á kosningalögum 1959, en rétt þykir og er vitanlega sjálfsagt að leiðrétta þó að seint sé.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa lengri framsögu um þetta mál en legg til að að lokinni umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Vísitala framfærslukostnaðar, frv. 210. mál (þskj. 373). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Sem ráðh. sem fer með málefni Hagstofu Íslands mæli ég fyrir frv. á þskj. 373 um frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan kauplagsnefndar.

Með lögum frá því í apríl 1939 hélt vísitalan innreið sína í íslenskt samfélag. Má segja að þá hafi hafist

vísitöluöld á Íslandi því að alla tíð síðan 1939 hefur framfærsluvísitalan verið miðdepill umr. og átaka á sviði efnahagsmála hér á landi, einnig á tímabilum er hún hefur ekki ákvarðað breytingar á ýmsum þeim þáttum efnahagslífsins sem hún stundum hefur verið tengd við.

Þá var og í lögum þessum ákveðið að komið skyldi á fót sérstakri nefnd, kauplagsnefnd, til að reikna vísitölu framfærslukostnaðar. Frá upphafi hefur þessi nefnd starfað í nánu samráði við Hagstofu Íslands. Nefndarmenn hafa verið þrír, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, annar tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og hinn þriðji, formaðurinn, tilnefndur af Hæstarétti. Hefur þessi skipan kauplagsnefndar haldist óbreytt til þessa.

Á vegum kauplagsnefndar og Hagstofu fór árin 1939 og 1940 fram könnun á neyslu launþega í Reykjavík og var fyrst framfærsluvísitalan með grunntölunni 100, miðað við verðlag í janúar til mars 1939, byggð á henni. Síðan 1939—1940 hefur grundvöllur framfærsluvísitölu verið endurnýjaður tvisvar, í bæði skiptin að undangenginni könnun á neyslu launþega í Reykjavík, enda hefur legið fyrir að miklar breytingar hefðu átt sér stað á samsetningu neyslu frá því að könnun var síðast gerð. Fyrri grundvöllurinn tók gildi 1. mars 1959 og var hann aðallega byggður á neyslukönnun 1953 og 1954. Síðari endurskoðun vísitölugrundvallar kom til framkvæmda í jan. 1968 og var sá grundvöllur byggður á neyslukönnun 1964 og 1965. Þessi grundvöllur, sem var ákveðinn með lögum nr. 70/1967, er enn í gildi. Sú ein breyting hefur átt sér stað að gildandi vísitala fékk nýja grunntölu, 100, hinn 1. jan. 1981, sbr. lög nr. 87/1980, um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Þegar um miðjan áttunda áratuginn var talið að neyslusamsetning 1968-vísitölu væri orðin úrelt og þyrfti því að endurskoða grundvöll hennar, en það var þó ekki fyrr en á hausti 1978 að kauplagsnefnd og Hagstofu var falið það verkefni með bréfi þáv. forsrh. dags. 19. okt. það ár. Höfðu þeirri ríkisstj. borist tilmæli um að vísitölugrundvöllurinn yrði endurskoðaður frá nefnd fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds er skyldi gera tillögur um endurskoðun viðmiðunar launa við vísitölu. Kauplagsnefnd og Hagstofan hófu þegar undirbúning að framkvæmd neyslukönnunar til endurnýjunar á grundvelli framfærsluvísitölu. Áhersla var lögð á að hraða verkinu og var því að mestu lokið um mitt ár 1981. Hefði nýr grundvöllur getað tekið gildi haustið 1981, en ævinlega verið skotið á frest þar til nú að ríkisstj. leggur fyrir Alþingi frv. um lögfestingu nýs vísitölugrundvallar sem byggður er á niðurstöðum neyslukönnunar 1978—1979. (**Forseti:** Ég verð að biðja hæstv. viðskrh. afsökunar á að ég gríp fram í, en mér skilst að þessu frv. hafi hreinlega ekki verið dreift hér á borðin og ég vil þess vegna tilkynna þm. að verið er að gera viðvart um það frammi og láta dreifa frv.) Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að hinkra. En ég held að frv. hafi verið dreift í gær í Sþ. og sé þar af leiðandi á borðum þm. í Sþ. En auðvitað á frv. sem flutt er í Ed. að liggja fyrir á borðum þm. þar líka.

Ég hafði í stuttu máli rakið forsögu þessa máls. En fjórðu neyslukönnuninni sem gerð hefur verið var hagað líkt og neyslukönnun 1964—1965. Aðalbreytingin er sú að hún tekur til launa launþegafjölskyldna á öllu höfuðborgarsvæðinu, þ. e. í Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellshreppi, Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðahreppi auk Reykjavíkur. Allar þrjár fyrri kannanir höfðu verið bundnar við Reykjavík eina. Tala virkra þátttakenda var 176, en í 1964—1965-könnun tóku þátt 100 fjölskyldur. Þá var og að þessu sinni gerð umfangsminni könnun á neyslu launþega á fimm stöðum utan höfuðborgarsvæðisins. Völdust til þess staðirnir Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður, Vestmannaeyjar og Hvolsvöllur. Aðaltilgangur neyslukönnunar utan höfuðborgarsvæðisins var að afla nokkurrar vitneskju um neyslusamsetningu launþega þar og bera hana saman við niðurstöður á aðalsvæði könnunar. Til þess að fá upplýsingar um neyslu launþega á hinum fimm stöðum er væru sambærilegar við niðurstöður könnunar á höfuðborgarsvæði hefðu þátttakendur m. a. þurft að vera fleiri á hverjum stað. Við samanburð, sem hefur nokkurt gildi, á samanteknum niðurstöðum könnunar á hinum fimm stöðum við niðurstöður á höfuðborgarsvæðinu kom í ljós að samsetning neyslu launþega á þessum stöðum er svipuð því sem er á aðalsvæði könnunar. Hér er þó um að ræða viss frávik og gætir þar mest meira vægis útgjalda til húshitunar og rafmagns úti á landi.

Stefnt var að því frá upphafi að væntanlega nýr vísitölugrundvöllur yrði byggður á niðurstöðum neyslukönnunar á höfuðborgarsvæði, en jafnframt var gert ráð fyrir að taka visst tillit til niðurstaðna af könnun úti á landi. Var það gert að því er varðar liði húshitunar og rafmagnsnotkunar. Talið var frágangssök að ganga lengra í þessu efni vegna örðugleika á öflun upplýsinga og stórfellds kostnaðar við að koma á fót og starfrækja kerfi er tæki til staða utan höfuðborgarsvæðisins. Í þessu sambandi verður að hafa hugfast að það eru hlutfallslegar breytingar á framfærsluvísitölu í heild og á einstökum þáttum hennar sem skipta meginmáli en ekki fjárhæð útgjalda í henni, svo og að ekki er ástæða til að ætla að hlutfallslegar breytingar vísitölu sem tekur einvörðungu til höfuðborgarsvæðisins séu í raun verulega aðrar en breytingar á vísitölu sem að hluta fylgir verðbreytingum utan þess.

Í aths. með frv. er gerð nánari grein fyrir tilhögun neyslukönnunarinnar 1978—1979 og að því er varðar niðurstöður er þar m. a. yfirlit með sundurgreiningu ársútgjalda samkv. þeim grundvelli sem lagt er til að verði lögfestur, ásamt með samsvarandi útgjöldum í gildandi grundvelli, hvort tveggja miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984. Í yfirliti þessu er og sýnd hlutfallsleg skipting útgjalda, annars vegar á nýjum grundvelli og hins vegar á gildandi grundvelli. Vísast til þess og til ýmislegs annars sem fram kemur í grg. með frv.

Rétt er að fram komi að reiknaðar hafa verið á þriggja mánaða fresti og á útreikningsstímum gildandi vísitölu vísitölur skv. nýjum grundvelli og hefur þá verðlag 1. jan. 1981 verði látið jafngilda tölunni 100. Hefur hér verið talið eðlilegt að sleppa húsnæðislið beggja vísitalnanna, þannig að samanburðurinn er fyrir vísitölu vöru og þjónustu. Miðað við verðlag í febrúarbyrjun 1984 er vísitalan samkv. nýja grunninum 395.5 stig miðað við janúar 1980 100 stig, en gildandi vísitala 398.1 stig. Hækkun nýju vísitölunnar á þriggja ára tímabili er sem svarar 0.65% minni en gildandi vísitölu.

Ef litið er á tímabilið síðan 1981 hafa breytingar vísitalna verið mjög svipaðar. Hækkun nýju vísitölunn-

ar er ýmist meiri, mest 1.3%, eða minni, mest 1.7%, en gildandi vísitölu.

Frv. það sem hér er lagt fyrir Alþingi er að efni til að mestu samhljóða ákvæðum í fyrri lögum, eins og kemur fram í aths. við einstakar greinar frv. Þó eru nýmæli í 3. gr. þess. Hingað til hefur ekki verið lögákveðið neitt um endurskoðun á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, en nú er lagt til í þessari grein frv. að kauplagsnefnd skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fram fara athugun á því hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölunnar. Skal slík athugun fyrst fara fram á árinu 1985. Hliðstætt ákvæði hefur verið í lögum um vísitölu byggingarkostnaðar, nú í 5. gr. laga nr. 18/1983. Þá er og lagt til í 3. gr. frv. að kauplagsnefnd, sé hún sammála, sé veitt vald til að ákveða að umræddri athugun lokinni að neyslukönnun skuli fara fram svo og að hún geti, ef hún er sammála, látið nýjan vísitölugrunn taka gildi án þess að koma þurfi til lagasetningar.

Ég hef í því sem ég nú hef sagt rakið nokkuð aðdraganda og sögu framfærsluvísitölunnar. Ég hef vikið að og gert samanburð á þeim vísitölugrunni sem hér er lagt til að verði lögfestur og þeim sem hefur verið í gildi frá 1981. Þar er ekki ýkjamikill munur á. Það sýnist eðlilegt að sé um að ræða útreikning á framfærsluvísitölu sé hann gerður með þeim hætti að hann sé í sem mestu samræmi við neysluþörf þeirra sem í landinu búa. Þess vegna er lagt til í 3. gr., eins og áður er tekið fram, að endurskoðun geti farið fram á fimm ára fresti og áður en slík endurskoðun fari fram, sem er geysiumfangsmikil og geysikostnaðarmikil, verði gerð athugun til undirbúnings því mikla verki.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv. Ég vísa til ítarlegrar grg. og þess samanburðar sem þar er á uppbyggingu þess vísitölugrunns sem nú gildir og þess sem unninn var samkv. könnuninni 1978—79.

Ég leyfi mér að vonast til þess að við getum í dag lokið 1. umr. þessa máls. Mér er fullkomlega ljóst að hér er um mál að ræða sem þm. vilja gjarnan gefa sér góðan tíma til að virða fyrir sér og athuga og sjálfsagt þarf hér að leita umsagnar og gefa aðilum tækifæri til að láta til sín heyra. Ég vildi þess vegna leyfa mér að mælast til þess við formann fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar að hann beiti sér fyrir samstarfi á milli fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda, þannig að sú vinna sem fram undan er nýtist fyrir báðar deildir þingsins.

Ég leyfi mér síðan, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Neyslukönnun sú sem lögð er til grundvallar í þessu nýja frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar er byggð á rannsóknum sem gerðar voru fyrir sex árum eða árið 1978. Vissulega kom til álita að taka í gildi þennan nýja neyslugrundvöll með setningu laga um það atriði og samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, en af því hefur nú ekki orðið, og síðan eru liðin sex ár.

Meginröksemdin fyrir flutningi þessa frv. er sögð sú af hálfu hæstv. viðskrh. að gamli neyslugrundvöllurinn frá 1964 sé orðinn úreltur og þörf sé á vísitölugrundvelli sem endurspegli betur en sá gamli gerir neyslu í þjóðfélaginu og breytingar á verðlagi hennar. En gallinn á þessu máli er augljóslega sá, að eftir þá gífurlegu kjaraskerðingu sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir á undanförnum mánuðum er neysla almennings í þjóðfélaginu orðin gerbreytt frá því sem var þegar neyslukönnunin fór fram árið 1978. Í Hagtölum mánaðarins má lesa að kaupmáttur kauptaxta miðað við vísitölu framfærslukostnaðar var talinn vera 98, nánar tiltekið 97.9, á árinu 1978 að meðaltali. Þessi grunnur er miðaður við 100 árið 1974, en hann er kominn niður í rétt um 73 stig 1983 og þar sem kaupmáttarfallið er einkum á síðari hluta árs 1983 er ljóst að kaupmátturinn á eftir að verða enn lakari á árinu 1984 en á árinu 1983 að meðaltali. Sem sagt: kaupmátturinn hefur bersýnilega fallið um fast að 30% frá því að neyslukönnunin var gerð á árinu 1978 og þar til nú um áramót og ég hygg að kaupmáttarbreytingin verði orðin verulega miklu meiri þegar þessi lög ættu að koma til framkvæmda. Mér virðist því að þessi gamla neyslukönnun sé alls ekki eðlilegur eða réttur grundvöllur undir nýrri vísitölu.

Það er vissulega rétt að þessi nýi neyslugrundvöllur endurspeglar neysluna í þjóðfélaginu með eðlilegri hætti frá ýmsum sjónarmiðum séð, t. d. að þarna er um að ræða allt höfuðborgarsvæðið og fimm staði utan þess, en ekki Reykjavík eina eins og áður var, og síðari könnun endurspeglar að sjálfsögðu betur skiptingu þjóðarinnar í starfsstéttir og þar með kaupgetu almennings en sú fyrri gat gert. Hins vegar hygg ég að breytingin á kaupmætti launa, sem orðið hefur núna seinasta hálfa árið, geri miklu meira til að raska neyslumunstri í þjóðfélaginu en nokkurn tíma þau atriði sem voru þó til hins betra í þessum nýja neyslugrundvelli. Þess vegna er ákaflega hæpið að taka þennan grundvöll upp, ef ske kynni að hann gæfi rangari mynd af neyslu almennings en sá gamli. Sá gamli tekur mikið meira tillit til nauðþurftaneyslu almennings. Grjónagrauturinn er miklu þyngri í gamla vísitölugrundvellinum en þeim nýja. Ég er ekki frá því að eins og ástatt er í þjóðfélaginu í dag og verður á næstu mánuðum sé flest sem bendir til þess að gamli grundvöllurinn sé þrátt fyrir allt skárri mynd af neyslunni í þjóðfélaginu en sá nýi. Auðvitað þarf þetta nánari athugunar við. Í öllu falli er mjög hæpið að slá því föstu á þessu stigi, án þess að málið sé nánar rannsakað, að það sé mikil bót að setningu þessara laga. Málið þarf því vandlegrar athugunar við.

Ég tel að heppilegast væri eins og á stendur að hraða sér í nýja neyslukönnun, láta hana fara fram á næstu mánuðum og taka þá upp nýjan vísitölugrundvöll á grundvelli þess. Úr því að þessi nýi vísitölugrundvöllur er búinn að bíða í sex ár skil ég ekki að það breyti neinu þó að það dragist í nokkra mánuði að hann verði tekinn upp eða nýr grundvöllur verði tekinn upp og það sé þá betra að styðjast við rétta mynd af neyslunni í þjóðfélaginu en að vera þar með algerlega úreltar tölur.

Annað kemur inn í þetta mál sem við verðum að gæta afar vel að og það er það sem gerðist í gær, að ríkisstj. fellst á það að bæta hag hinna lægst launuðu með ýmsum hætti, þótt ekki hafi það verið ákveðið enn í smáatriðum og ekki endanlega, en upplýsir að til standi að taka upp tekjutengdan barnabótaauka, hækka feðra- og mæðralaun og auka tekjutryggingu almannatrygginga og að þessi útgjöld, sem sannarlega eru af hinu góða, verði greidd með tilfærslu innan fjárlagadæmisins. Og þegar það bætist svo við að talsmenn vinnu-

veitenda og Alþýðusambands Íslands hafa upplýst að í þessu sambandi komi niðurgreiðslur alveg sérstaklega til álita, það komi sem sagt til álita að lækka niðurgreiðslur um ⅓ til að mæta þessum útgjaldaauka, sem er um 306—330 millj. kr. eftir því sem mér skilst, tekur þetta mál allt á sig gerbreytta mynd. 330 millj. kr. eru sem sé rétt um þriðjungur af niðurgreiðslum á árinu 1984 og þar sem þegar er nú liðinn rúmur einn og hálfur mánuður af árinu og verða örugglega liðnir tveir mánuðir af árinu áður en þessi niðurgreiðslubreyting gæti komið til framkvæmda mundi vafalaust verða um að ræða enn meiri niðurskurð á niðurgreiðslum það sem eftir væri ársins, sennilega allt að helmingi, en auðvitað hafa breytingar á niðurgreiðslum afar stórtæk áhrif á framfærsluvísitölu eins og kunnugt er.

Ég ætla ekki að fara að gera kjarasamningana, sem undirritaðir voru í gær, að sérstöku umtalsefni. Ég hefði svo sannarlega óskað launþegum hagstæðari kjara á árinu 1984 en horfur eru á að þeir fái skv. nýgerðum kjarasamningum. Það er ekki útlit fyrir að launþegar geri miklu meira en að halda í horfinu með því að fá í sinn hlut það sem felst í þessum nýgerðu kjarasamningum. En hitt er mjög mikilsvert, að þeir lægst launuðu fái nokkra úrbót með hækkuðum barnabótum, feðra- og mæðralaunum og hækkaðri tekjutryggingu þótt auðvitað hefðu þessar hækkanir mátt vera meiri og þótt auðvitað verði þær að engu gerðar. Ef þær verða allar teknar til baka með hækkun brýnustu lífsnauðsynja, þar sem matvörurnar eru, á þann hátt að niðurgreiðslur verði lækkaðar um kannske allt að helmingi og brýnustu lífsnauðsynjar eins og mjólkurvörur og kjötvörur og kartöflur hækki af þeim sökum mjög verulega í verði, þá óttast ég að þessi fyrirhugaða greiðsla úr ríkissjóði í þágu hinna lægst launuðu yrði nær öll ef ekki öll tekin til baka á fjölmörgum heimilum. Neytendur yrðu einfaldlega látnir borga þessa búbót sjálfir og þeir mest sem flesta hafa munnana að metta á hverju heimili.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta stóra mál, gerða kjarasamninga, þó að þeir snerti vissulega það mál sem við erum að ræða hér með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Hitt er ekki síður varhugavert, ef það er svo gert samtímis að lækka niðurgreiðslur á vöruverði, hækka þar með allar matvörur í verði, en skipta um vísitölugrundvöll á sama tíma, þar sem matvörur vega miklu minna en þær gerðu í gamla vísitölugrundvellinum og en þær gera kannske í þjóðfélagi okkar í dag eftir þá kjaraskerðingu sem orðið hefur. Þá er verið að falsa vísitöluna, þá er verið að gefa ranga mynd af þeim breytingum á framfærslukostnaði sem verða á því tímabili þegar breytingin er að ganga yfir. (**TÁ:** Vorum það ekki við sem beittum okkur fyrir henni?) Við, hv. þm. Tómas Árnason, vorum líklega aðallega við þegar við vorum saman í ríkisstj. Þá beittum við okkur fyrir verulegri niðurgreiðsluaukningu og ræddum það margsinnis að taka upp nýjan vísitölugrundvöll. Hins vegar var ég ávallt þeirrar skoðunar að það kæmi ekki til greina að taka upp nýjan vísitölugrundvöll strax eftir að búið væri að hækka niðurgreiðslur. Þess vegna var ég andvígur því vorið 1982 að við tækjum þá upp nýjan vísitölugrundvöll. Ég taldi ekki að það gæti komið til greina eftir að við höfðum aukið niðurgreiðslur svo verulega sem við gerðum veturinn 1982 og taldi að við yrðum að bíða nokkuð, þar til niðurgreiðslur hjöðnuðu verulega. Ég tel að það sé jafnrangt að taka upp nýjan vísitölugrundvöll og gefi jafnvillandi mynd ef verið er að lækka niðurgreiðslur á sama tíma.

Niðurgreiðslur vega núna 4.28% í framfærsluvísitölu og ef það t. d. gerðist að nýr vísitölugrundvöllur væri tekinn nú upp og jafnframt væru niðurgreiðslur lækkaðar um ⅓ mundi það þýða að það væri verið að taka út úr framfærsluvísitölunni ákveðna breytingu sem ætti sér stað í verðlagi hér innanlands. Lækkun niðurgreiðslna upp á ⅓ mundi nema um 1.42%, þ. e. þriðja hluta af því sem niðurgreiðslurnar vigta í vísitölunni, sem eru 4.28%. Og þó að þær séu vissulega áframhaldandi í nýju vísitölunni vigta þar miklu minna bæði matvörurnar og niðurgreiðslurnar. Þar af leiðandi væri með þessu verið að falsa vísitöluna, eins og ég nefndi áðan. Ég tel að ekki komi til greina að breyta vísitölugrundvellinum í tengslum við lækkun niðurgreiðslna, heldur beri ósköp einfaldlega að lækka niðurgreiðslurnar ef menn ætla að gera það og mæla síðan að nýju og tengja saman gamlan og nýjan vísitölugrundvöll. Það eru einu vinnubrögðin sem eru heiðarleg. Ég mun verða andvígur því að standa að þessum málum á annan hátt.

Hæstv. viðskrh. talaði um það í viðtali við fréttastofu útvarpsins núna í hádeginu að hann vænti þess að frv. þetta ætti greiðan gang gegnum Alþingi. Ég vil engu lofa um það af minni hálfu eða minna flokksmanna. Mér sýnist að þetta frv. sé á ferðinni á röngum tíma og er sérstaklega tortrygginn gagnvart því að það skuli vera mælt fyrir frv. hér daginn eftir að upplýst er að til greina komi að lækka niðurgreiðslur um ⅓. Það finnst mér óneitanlega vera nokkuð tortryggilegt. Auk þess sýnist mér að það sé ekki jafnsjálfsagt að taka upp þennan nýja vísitölugrundvöll nú og það var fyrir einu ári vegna þess að neyslan í þjóðfélaginu hefur breyst svo verulega.

Það var stundum kallað vísitölufölsun í tíð fyrri stjórnar og reyndar í tíð margra annarra stjórna þegar verið var að auka eða minnka niðurgreiðslurnar. Þessu var ég aldrei sammála. Ég tel ekki að það sé nein vísitölufölsun að lágtekjufólk fái þau hlunnindi sem fólgin eru í lágu búvöruverði. Ég tel það satt að segja nauðsynlegt að ríkisstjórnir almennt beiti sér fyrir lágu búvöruverði, hef alltaf verið hlynntur því að búvörur væru niðurgreiddar, bæði með hliðsjón af hagsmunum neytenda og raunar einnig með hliðsjón af þeirri þjóðhagslegu nauðsyn sem á því er að íslenskar búvörur séu á sem lægstu verði þannig að þær gangi út og seljist og vandi landbúnaðarins sé að sama skapi minni. Þess vegna hef ég aldrei tekið þátt í þeim fullyrðingakór, sem oft hefur verið uppi, að verið væri að falsa vísitöluna þegar niðurgreiðslur hafa verið auknar. En hitt tel ég vera ótvíræða fölsun á framfærsluvísitölu, ef breyting er gerð á vísitölugrundvellinum samfara því að gerð er breyting á niðurgreiðslum. Það má ekki eiga sér stað.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það er sitthvað sagt hér um vísitölufalsanir og menn bera af sér eitt og annað í þeim efnum. Auðvitað voru það ekkert annað en vísitölufalsanir og spilaleikur með vísitöluna þegar var verið að hækka niðurgreiðslur rétt áður en útreikningur framfærsluvísitölu fór fram og síðan komu verðhækkanir rétt á eftir, eftir næstu mánaðamót. Auðvitað spilaði hæstv. fyrrv. ríkisstj. á vísitöluna með þessum hætti, eins og margar aðrar ríkisstjórnir gerðu á undan

henni, hvort sem menn kalla það vísitölufalsanir eða eitthvað annað. Þarna var verið að möndla með vísitöluna með afar óeðlilegum hætti, en nú sýnist mér að hæstv. núv. ríkisstj. ætli að fara aðrar brautir í sínu vísitölumöndli og kannske verða sýnu stórtækari en þeirri fyrri þó tókst.

Ég hef allan fyrirvara um stuðning við þetta frv. og get raunar haft uppi í mjög mörgum greinum hin sömu rök og hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Norðurl. v., hafði uppi áðan, vegna þess að þau eru gild.

Það eru gild rök gegn þessu frv. Í fyrsta lagi er auðvitað alrangt að tala hér um nýjan vísitölugrunn vegna þess að þessi „nýi" vísitölugrunnur er síðan 1978—1979. Og það er alveg hárrétt að eftir lífskjaraskerðingu núv. ríkisstj. hefur neyslan breyst. Neyslumunstrið, ef nota má það orð, er annað. Ég fullyrði að það er annað þessa mánuðina en var 1978—1979. Það er alveg ljóst. Þess vegna gefur sá vísitölugrunnur sem menn eru að tala um núna og kalla nýjan en er í rauninni 5—6 ára gamall alls ekki rétta mynd af því hvað kostar að framfleyta sér og sínum í íslensku þjóðfélagi eins og það er í dag. Þess vegna er hann rangur og á ekkert erindi í notkun. Það á að reikna út nýjan grunn. Þegar ég segi nýjan, þá á ég við að það á að gera neyslukönnun núna og byggja vísitöluna á henni. Það verk þarf ekki að taka mjög langan tíma, eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni. Sömuleiðis eru það ekki heiðarleg eða æskileg vinnubrögð að fara núna að lögleiða ákveðinn grunn, sem byggist á ákveðnu neyslumunstri eða neyslumagni og skiptingu, ef síðan á að gerbreyta niðurgreiðslunum frá því sem grunnurinn er miðaður við. Það eru í hæsta máta óeðlileg og ég vil segja óheiðarleg vinnubrögð vegna þess að þá er allt komið í rugling og útgjöldin og skipting þeirra í rauninni allt önnur en reiknað er með. Þess vegna held ég að það sé alveg óhjákvæmilegt, ef á nú að breyta niðurgreiðslunum, sem kannske er ekkert óeðlilegt að taka tillit til þess í neyslugrunninum. Út af fyrir sig er kannske ekki mikið við lækkun niðurgreiðslna að segja. Ef þeir peningar, sem þar eru fluttir til, koma láglaunafólkinu til góða með öðrum hætti, skal ég ekki hafa á móti því. En þá verðum við að taka tillit til þess í þessum neyslugrunni. Það er tómt mál um að tala að nota grunn frá 1978—1979 á árinu 1984, miðað við allar þær breytingar sem átt hafa sér stað á þessum tíma. Þetta er kjarni málsins. Það er þess vegna sem ég og minn flokkur munum hafa allan fyrirvara um stuðning við þetta mál. Raunar held ég að við mundum beita okkur mjög gegn því að það væri afgreitt með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir ef það er sýnt að svona á að haga til.

Hæstv. ráðh. mæltist til þess að nefndir beggja deilda ynnu saman að athugun þessa máls og bendir það til að hann vilji flýta málinu mjög og koma því í gegn hér sem fyrst. Raunar bendir ýmislegt fleira til þess því að hæstv. ráðh. afhenti þingflokkum þetta mál sem trúnaðarmál s. l. mánudag og er það auðvitað góðra gjalda vert, en daginn eftir var málið ítarlega rakið í Morgunblaðsfrétt og síðdegis þann sama dag var það lagt fram hér á hinu háa Alþingi. Þannig rekur hvað annað og virðist mikið liggja á. En það er auðvitað ákvörðun formanna fjh.- og viðskiptanefnda hv. Ed. og Nd. hvort þessi hátturinn verður hafður á, þ. e. hvort sett verður samvinnunefnd í málið. Það eru formenn nefndanna, ef ég kann þingsköp rétt, sem taka þá ákvörðun. En auðvitað hljóta þeir að taka tillit til óska ráðh. í þessum efnum, geri ég ráð fyrir, þar sem báðir þessir hv. formenn eru nú úr stjórnarliðinu.

Svo vill til að ég á sæti í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, en ég verð vegna starfa í Norðurlandaráði fjarverandi næstu viku og vil þó gjarnan fá að hafa nokkuð um það að segja hvernig fjallað verður um þetta mál í fjh.- og viðskn. Ég hygg að venjan hafi verið sú, að meðan þing Norðurlandaráðs stendur yfir séu þingmál ekki keyrð af offorsi í gegnum þingið. Bæði eru margir ráðherrar fjarverandi svo og sjö þm. sem lögum samkv. eiga sæti í Norðurlandaráði og eru þar fulltrúar Íslands. Ég verð því að mælast til þess við hæstv. viðskrh. að hann hafi nokkra biðlund og þrýsti málinu ekki svo mjög fram sem mér heyrist að hann vilji, þannig að það geti fengið eðlilega umfjöllun í Ed. Að sjálfsögðu er ekkert við það að athuga að nefndin taki málið fyrir í næstu viku og sendi það til umsagnar, en ég held að þetta mál þurfi allítarlega athugun hér í þinginu og mælist eindregið til þess að hæstv. ráðh. sýni þá sanngirni að nefndir fái að fjalla um það og fái til þess eðlilegan tíma, þannig að hægt sé að athuga málið gaumgæfilega. Ég geri fastlega ráð fyrir að heildarsamtök launþega vilji hafa sitt að segja um þetta mál og það er nauðsynlegt að senda þetta mál til umsagnar nokkuð víða.

En ég ítreka að lokum, virðulegi forseti, að ég hef allan fyrirvara um stuðning við málið og ég geri það með þeim sömu rökum og hv. þm. Ragnar Arnalds rakti áðan, þ. e. að þessi neyslugrundvöllur er úreltur og enn þá verri verður hann ef nú á að fara að breyta niðurgreiðslunum. Þannig er tómt mál um að tala að hægt sé að samþykkja frv. með þeim hætti sem fyrir er lagt nú.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins fyrir hönd Kvennalistans leyfa mér að efast um réttmæti þess að fara í dag að taka upp nýja framfærsluvísitölu byggða á sex ára gamalli neyslukönnun á meðan við vitum að geysilegar breytingar hafa orðið á kaupmætti launa á s. l. sex árum og þar með á neyslu landsmanna. Það væri að mínu viti betra ráð að fara af stað með nýja neyslukönnun nú, eins og kom fram áðan.

Mér sýnist einnig að það sé einkar óviturlegt að ætla nú að fara að taka upp nýjan vísitölugrunn þar sem vægi matvæla stórminnkar. Við vitum að vægi þeirra í neyslu hefur hækkað síðan síðasta neyslukönnun var gerð. Þessi sex ára gamli grunnur fær því ekki staðist að því leytinu til. Ég hef því allan fyrirvara á máli þessu fyrir hönd Kvennalistans.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr.

Sagt er að þessi neyslukönnun sem grunnur að nýrri vísitölu sé seint á ferðinni. Ég vil nú ekki taka á mig í þeim efnum nema örfáa mánuði. Það er þá einhverra annnarra að taka það til sín. En ég tel að það hljóti nú að vera skynsamlegra að styðjast við neyslukönnun sem byggð er á árunum 1978—1979 en 1964—1965.

Efast er um að þessi könnun, sem gerð er 1978—1979, sé rétt miðað við daginn í dag. Það má vel vera. En ég held að við hljótum að vera sammála um að það

hlýtur að vera nær raunveruleikanum sem skoðað er 1978—1979 í þessum efnum en 1964—65. Það eitt hlýtur að mæla með því að við leggjum til að þessi neyslukönnun, sem gerð er, verði lögð til grundvallar.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að eins fljótt og mögulegt er eigi að hefja nýja könnun. Í 3. gr. frv. er kauplagsnefnd einmitt gert skylt að gera slíka könnun á fimm ára fresti. Leiði slík könnun til þess að nefndin telji ástæðu til endurskoðunar og að það sé gerð ný neyslukönnun, þá skal hún fara fram. Ég held að það sé ekki hægt að gera þetta hraðar en svo að á árinu 1985, þ. e. á næsta ári, verði um að ræða í upphafi árs könnun á því hvort ástæða sé til þess að athugun sé gerð á þessum hlutum. Samfara því að við erum að færa okkur nær í tímanum með því að leggja til grundvallar þessa neyslukönnun, 1978—1979, er því verið að gera ráðstafanir til þess að gerð verði neyslukönnun innan eins árs, þ. e. í upphafi ársins 1985, og síðan á fimm ára fresti.

Ég gat þess hins vegar í ræðu minni áðan og það kemur fram í grg. hver þróunin hefur verið frá 1981, reiknað út bæði samkv. grunninum frá 1964—1965 og 1978—1979. Það er vissulega rétt, sem hér hefur verið bent á, að matvörur vega minna í þessari könnun sem gerð er 1978—1979 en 1964—1965. En ég vík þá að öðru sem kemur þar á móti. Það er húsnæðisliðurinn, heimilisbúnaður og annað eftir því, það sem snýr að heimilinu sem slíku. Það vegur töluvert þyngra í nýja grunninum en þeim gamla. Þannig vegur hvað annað upp í þessum efnum. Ég held að þegar á allt er litið hljóti menn að vera sammála um að skynsamlegra sé að hafa nýrri neyslukönnun til viðmiðunar framfærsluvísitölu en eldri.

Þegar talað er um fölsun á vísitölu held ég að ég vilji ekki taka á mig neitt slíkt og kannast ekki við að hafa staðið að því. Ég þekki hins vegar dæmi um að vísitala var greidd niður í örskamman tíma til að hafa áhrif í vissum tilvikum. En ég held að þá rugli menn saman framfærsluvísitölu og áhrifum hennar til kaupgjaldsvísitölu þegar þær tvær vísitölur voru nokkuð nátengdar. En að hér sé um að ræða vísitölufölsun, því vil ég vísa á bug.

Hér komu fram aths. varðandi hugmyndir um tilfærslu innan fjárlagaársins 1984 til að mæta tillögum um sérstakar bætur til handa þeim sem lægri launin hafa. Mér finnst sjálfsagt að skoða alla möguleika. Ef þriðjungurinn af niðurgreiðslunum t. d. kemur sér betur fyrir þá lægst launuðu í mynd beinna bóta er auðvitað sjálfsagt að fara þannig að. Það hefur hins vegar engu verið slegið föstu um þau efni, en þeim hugmyndum, sem lagðar voru fyrir ríkisstj. af hálfu þeirra sem við ríkisstj. ræddu, að sjálfsögðu tekið jákvætt og einnig því að menn settust niður til að gera sér grein fyrir hvernig væri best að hagnýta það fjármagn og hvernig það kæmist best til skila til þeirra sem þurfa mest á því að halda.

Ég bendi á að þegar talað er um að neyslukönnun þurfi ekki að taka langan tíma held ég að menn geri sér ekki nægjanlega vel grein fyrir staðreyndum. Ég held að slík könnun taki töluvert lengri tíma en við kannske í fljótu bragði hvert og eitt okkar látum okkur detta í hug. Sú vinnsla fer fram með þeim hætti. Um leið og þetta frv. var samið beitti ég mér einmitt fyrir því að 3. gr. segði til um að neyslukönnun færi af stað eins fljótt og mögulegt væri.

Talað var um afgreiðslu málsins á þingi. Ég held að ég hafi tekið afar skýrt fram að ég óskaði eftir því að þetta mál yrði skoðað mjög vel í þeirri nefnd sem um það ætti að fjalla. Ég þykist nú þekkja þingsköpin nokkuð vel líka. Ég efast ekki um að hv. 5. landsk. þm. kann þau, en bæði sem fyrrv. forseti í þingdeild og fyrrv. formaður í fjh.- og viðskn. Nd. þykist ég minnast þess að ekki kæmi ósjaldan fyrir að ráðh. mæltist til þess að þannig vinnubrögðum yrði viðkomið. Þetta mál er þess eðlis. Hvað varðar viðræður og upplýsingar, sem aðilar koma með, mundi það hraða málinu hér í þingi að halda sameiginlega fundi. Það yrði töf af því að kalla sömu menn á fund til aftur að endurtaka það sama fyrir sjö þm. í Nd. og fyrir sjö þm. í Ed. (**EKJ:** Það verður athugað.) Ég átti alltaf von á því að hv. þm., formaður fjh.- og viðskn., mundi gera það. — Ég ætlast ekki til þess að um þetta fari hér fram umr. þegar þm. eru að sinna öðrum störfum á Norðurlandaráði. Ég sit þar sjálfur sem samstarfsráðh. og óska ekki eftir því að umr. fari fram um málið í Alþingi að mér fjarstöddum. Ég tel það vera í ráðherrastarfinu fólgið að fylgja málum eftir, sem ráðherrar leggja hér fyrir, og þm. eigi kröfu á því að þeir séu þar viðstaddir til að svara og veita fyrirgreiðslu eftir því sem þeir geta.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri. Ég vonast til þess að málið fái þá skoðun sem það þarf og þegar upp verður staðið geri menn sér grein fyrir því að við erum að reyna að færa okkur nær raunveruleikanum í þessu máli. Það sem hér er sagt í 3. gr. er einmitt til þess að svo verði í framtíðinni um vísitölu framfærslukostnaðar.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram í umr. er þetta mál alls ekki nýtt af nálinni. Það má rekja meðferð þess allar götur til ársins 1978. Þá var sett á fót, eins og kemur raunar fram í grg., sérstök vísitölunefnd, sem var skipuð fulltrúum launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, til þess að endurskoða viðmiðun launa við vísitölu. Það er einmitt að frumkvæði þeirrar nefndar sem þessi neyslukönnun fór af stað og var gerð með tilliti til þess að gera breytingar á mjög gömlu fyrirkomulagi sem gilti í þessum efnum og gildir enn.

Ég átti þátt í því sem ráðh. í ríkisstj. að setja þetta mál af stað og forsrh. hafði um það frumkvæði. Og ég held að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi gert það einnig. Ég man ekki eftir að hann hafi gert neinar aths., heldur hafi það verið samþykkt shlj. í ríkisstj. þá að gera þetta (**RA:** Aðstæður eru breyttar.) Já, aðstæður eru breyttar. Hv. þm. Ragnar Arnalds er kominn í stjórnarandstöðu. En málið hefur ekki breyst. Málið er alveg það sama og það var. Þörfin á því að aðlaga neyslugrunninn raunveruleikanum er nákvæmlega jafnmikil og var 1978 nema sýnu meiri vegna þess að vitanlega breytast neysluvenjur þjóðarinnar með tímanum. Ég fylgi þessu máli enn þó að hv. þm. Ragnar Arnalds geri það ekki nú, án þess að ég álíti að hann hafi í raun og veru gert nokkra tilraun, vildi ég segja, til að rökstyðja hvers vegna hann gerði það ekki.

Sannleikurinn er sá að samanburður á kjörum skiptir ekki máli vegna þess að það er reikningsdæmi sem alltaf er hægt að reikna út. Það er hægt að gera samanburð á kjörum eins og þau voru í fyrra og eins og þau eru nú alveg án tillits til þess hvernig þessari vinnu vindur fram. Það er reikningsdæmi. Ég held að það hljóti að

vera heilbrigð skynsemi sem segir mönnum að vitanlega verðum við að fylgja þessum mælingum á framfærslukostnaði í samræmi við þær neysluvenjur sem eru með þjóðinni á hverjum tíma. Þess vegna vil ég aðeins láta það koma fram að ég fylgi þessu máli.

Ef athuguð er skýrsla sem lögð er fram með frv. um neysluvenjurnar, þá kemur í ljós að það hefur orðið umtalsverð breyting á neysluvenjum þjóðarinnar á 15 árum. Hún kemur m. a. fram í því að matvörur vigtuðu 1978—1979 aðeins 21.4%, en 32.4% í neyslugrundvellinum 15 árum áður. Svo mætti auðvitað rekja um fleiri liði. Það hefur orðið veruleg breyting á og sjálfsagt að reyna að gera mælingu á framfærslukostnaði þannig úr garði að hún sé sem næst raunveruleikanum hverju sinni. Þegar af þeirri ástæðu tel ég sjálfsagt að þetta mál nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv. 198. mál (þskj. 354). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur frammi er samið af nefnd sem fyrrv. heilbr.- og trmrh. setti á fót í des. 1982 og falið var að gera tillögur um framkvæmd sjónverndarmála hér á landi. Þessi nefnd hefur lokið störfum og skilað ítarlegum tillögum um úrbætur og stefnumótun í sjónverndarmálum. Auk þessa frv., sem ég mæli hér fyrir, hefur nefndin skilað eftirfarandi tillögum: drögum að frv. til l. um gleraugnafræðinga, en fullbúið frv. hefur verið lagt fram fyrir alllöngu hér í hv. Ed., drögum og reglum um úthlutun hjálpartækja fyrir blinda og sjónskerta, drögum að reglugerð um augntækna, tillögum um verðlagningu gleraugna og niðurfellingu aðflutningsgjalda og tillögum um þátttöku ríkisins í gleraugnakaupum.

Það er álit þessarar nefndar að ekki sé annað fært en að skipa fyrir um þau mál er snerta stofnun sjónstöðvar með lögum vegna þeirrar samræmingar sem þeim er ætlað að hafa í för með sér og þess kostnaðar sem af þeim muni leiða og ég mun nánar víkja að hér á eftir og ekki síst vegna þeirrar réttarbótar er þau hafa í för með sér fyrir sjónskerta. Það er álit nefndarinnar að töluvert skorti á slíkt nú í dag. Heilbr.- og trmrn. tekur undir þessi sjónarmið nefndarinnar.

Með þessu frv. er sérstaklega tekið á eftirfarandi þáttum: starfsemi sjónstöðvar, skipulagningu sjónverndar í landinu, úthlutun hjálpartækja og hlutdeild hins opinbera í augnlækningaaðferum og samvinnu við aðra aðila sem sýsla með störf á þessu sviði.

Á undanförnum árum hafa verið sett margs konar lög til að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar sem á hjálp hafa þurft að halda. Má í því tilviki nefna almenn lög eins og lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sem féllu úr gildi við gildistöku laga nr. 41 á s. l. ári um málefni fatlaðra, og enn fremur má nefna sérlög eins og lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands nr. 35 frá 1980, en sú stofnun annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, svo sem prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Það er ekki vafi á að með tilkomu þeirra laga hefur hlutur þeirra sem þau voru gerð fyrir orðið stærri og betri.

Sú þjónusta sem veitt hefur verið á sviði sjónverndar, þ. e. félagsleg þjónusta og endurhæfing sjónskertra, hefur svo til eingöngu verið í höndum Blindrafélagsins, en það var stofnað árið 1939. Eins og kunnugt er hefur félagið verið einn helsti brautryðjandi í málefnum blindra hér á landi og helgað starfsemi sína hagsmunamálum blindra og sjónskertra ásamt Blindravinafélagi Íslands.

Um efnisatriði þessa frv. er það helst að segja að lagt er til að sett verði á stofn stofnun á vegum ríkisins er nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, þ. e. sjónstöð. Engin slík stofnun hefur verið fyrir hendi hér á landi til þessa. Þeir sem njóta mundu þessarar þjónustu yrðu fyrst og fremst þeir sem ekki geta við dagleg störf notað venjuleg gleraugu sökum sjóndepru.

Eitt af markmiðum slíkrar stofnunar yrði að tryggja að ávallt séu á boðstólum sem fullkomnust hjálpartæki fyrir sjónskert og blint fólk og að tryggt verði að viðgerðarþjónusta verði sem best. Þess vegna yrði að starfa innan stofnunarinnar sérþjálfað fólk til að leiðbeina sjúklingum og þjálfa þá til að ná sem fullkomnastri nýtingu þeirra tækja sem á boðstólum eru. Kappkosta þarf að ná til sem flestra sem á þessari aðstoð þurfa að halda, t. d. með ferð út á land í tengslum við augnlækningaferðalög á vegum heilbrigðisstjórnarinnar. Á vegum heilbrigðisstjórnarinnar hefur reglubundið verið haldið uppi augnlækningaferðalögum, en þau eru farin í lækningaskyni. Þjálfunarþátturinn hefur ekki verið ræktur sem skyldi, þ. e. endurhæfingin, og hið sama má reyndar segja um greininguna. Þannig liggur ljóst fyrir að margir þeirra sem þurft hafa á slíkri þjónustu að halda í tímanna rás hafi ekki notið hennar, þar sem sjúkdómsgreiningarþátturinn hefur ekki verið ræktur sem skyldi, og hafa blindir og sjónskertir verið skörinni lægra settir en t. d. heyrnarskertir og heyrnardaufir hvað þetta snertir.

Vert er að benda á að allt forvarnarstarf á þessum vettvangi skilar sér í sparnaði annars staðar innan kerfisins, eins og mörg dæmi sanna. Þannig hefur sýnt sig að með tilkomu heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og með reglubundnum ferðalögum á vegum þeirrar stofnunar út á land til að greina heyrnardeyfu sparast fjárhæðir í sérkennslu sem er miklu dýrari og umfangsmeiri en venjuleg kennsla. Rétt greining og rétt meðferð hefur leitt til þess að mörg börn hafa getað notið eðlilegrar kennslu.

Nú liggur ljóst fyrir að stofnun stöðvar sem þessarar kostar fjármuni. Nefnd sú sem vann að þessu máli lagði fyrir rn. áætlun um kostnað vegna þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra og fylgir áætlun þessu frv. Áætlunin tekur mið af verðlagi fyrir ári, en nefndin skilaði upphaflegum tillögum sínum hvað snertir þennan þátt í febrúar í fyrra. Þetta ber að hafa í huga við mat á kostnaði.

Til að byrja með er talið nægjanlegt að fá til starfa sérfræðinga í tvö stöðugildi, gleraugnafræðing í hálfu starfi, sjónþjálfa í fullu starfi og ritara í hálfu starfi. Í upphafi yrði reynt að tengja læknisfræðilega þáttinn við starfsemi augndeildar Landakotsspítala og þá lækna er þar starfa. Hvað snertir reksturskostnað er gengið út frá því í áætlun nefndar þeirrar sem vann að frv. að leigt

yrði rými í húsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð í Reykjavík að flatarmáli um 150 m² og gengið út frá því að húsið sé frágengið og leiga standi yfir í 10—15 ár. Á vegum Blindrafélagsins hefur verið unnið að innréttingu þessa húsnæðis með það fyrir augum að koma þar fyrir sjónstöð og er því ekki óraunhæft að taka það með í reikninginn. Rétt er þó að benda á að Framkvæmdasjóður þroskaheftra og öryrkja samkv. lögum nr. 47 frá 1979, nú Framkvæmdasjóður fatlaðra, hefur að hluta til staðið undir framkvæmdum við húsnæði Blindrafélagsins og mun rn. leggja á það áherslu að fé úr sjóðnum verði varið til að koma upp aðstöðu fyrir sjónstöð, þannig að leigugreiðslur féllu niður.

Hvað snertir stofnbúnað er reiknað með að hann kosti sem nemi 4 millj. kr. á verðlagi fyrir ári, en rétt er að geta að töluvert er komið af stofnbúnaði í búningi gjafa. Ég vil sérstaklega vekja athygli á að gert er ráð fyrir því í frv., sbr. 5. gr. 2. mgr., að ráðh. setji að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna útvegunar á hvers konar sérhæfðum hjálpartækjum fyrir sjónskerta í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatrygginga. Hér er um að ræða yfirfærslu til einstaklinga vegna þátttöku ríkisins í kaupum á hjálpartækjum, þ. e. rétt sjúklings. Hefur þessi kostnaður verið metinn á s. l. ári 500 þús. kr., sbr. þá áætlun sem fylgir frv. Hér eru lagðar til hliðstæðar reglur og varðandi heyrnartækjaúthlutun, en upphæðir eru allar miklu lægri.

Ég vil líka geta þess að í frv. stendur að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1984, en vil biðja hv. nefnd sem fær frv. til umfjöllunar að hafa í huga að ég legg til að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1985, þannig að það komi ekki til útgjalda á þessu ári, enda um það samið og allir aðilar á það fallist.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv. sem hér liggur fyrir. Hér er um sjálfsagt réttindamál að ræða að mínu mati. Hvað snertir frekari upplýsingar vísa ég til grg. með frv., sem er ítarleg, og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Ljósmæðraskóli Íslands, frv. 204. mál (þskj. 366). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir um Ljósmæðraskóla Íslands er samið af stjórnskipaðri nefnd sem í áttu sæti auk annarra fulltrúi frá skólanum og Ljósmæðrafélagi Íslands. Nefndin skilaði tillögum til ráðh. í janúarmánuði 1981 og hafa tillögurnar síðan verið til meðferðar í heilbr.- og trmrn. og menntmrn., en fram komu tillögur um að síðarnefnda rn. tæki að sér yfirstjórn skólans. Menntmrn. sýndi málinu ekki áhuga fyrr en eftir ríkisstjórnarskipti á síðastliðnu vori og var þá ákveðið að skólinn yrði áfram á vegum heilbr.- og trn.

Helstu breytingar sem lagðar eru til frá gildandi lögum eru þær, að gert er ráð fyrir því að skólinn hafi sérstaka skólanefnd í stað þess að lúta stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Gert er ráð fyrir sérstökum skólastjóra í stað þess að yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans sinni þeim störfum og kveðið er á um inntökuskilyrði sem eru *próf í hjúkrunarfræðum og starfsréttindi sem hjúkrunarfræðingur.*

Um ofangreindar breytingar þarf ekki að fjölyrða að öðru leyti en hvað snertir inntökuskilyrði, en með þeim er lögð til grundvallarbreyting á gildandi kerfi. Um þessa breytingu er þetta helst að segja:

Á undanförnum árum hefur orðið sú þróun á sviði heilbrigðismála hér á landi að til undantekninga telst ef fæðingar eiga sér stað utan sjúkrahúsa. Störf ljósmæðra í læknishéruðum landsins hafa því í ríkara mæli færst yfir á svið heilsugæslu, þ. e. eftirlit með verðandi mæðrum, mæðravernd, og eftirlit með móður og barni, ungbarna- og smábarnavernd, sbr. lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og reglugerð um heilsugæslustöðvar. Því hlýtur að þurfa að miða menntun ljósmæðra við breytta hætti. Til frekari skýringar vil ég benda á hina auknu aðsókn ljósmæðra í hjúkrunarnám, en hún gefur ótvírætt til kynna að þeim er ljós þörfin fyrir menntun í hjúkrunarfræðum. Með þessu er lögð til sú skipan að ljósmæðranám verði framhaldsnám hjúkrunarfræðinga. Má benda á að ljósmóðurfræði, eins og þau fræði eru nefnd á síðari tímum, eru sérgrein innan hjúkrunarfræðinnar, sbr. gildandi reglur hér á landi. Þessi þróun hefur einnig orðið í þeim nágrannalöndum sem búa við svipað heilsugæslukerfi og við, t. d. í Bretlandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv. þetta en legg áherslu á að það atriði sem mestu máli skiptir, þ. e. inntökuskilyrðin í skólann, hafa fengið gaumgæfilega umfjöllun í fullu samráði við fulltrúa skólans og Ljósmæðrafélag Íslands í þeirri nefnd sem kom hér við sögu.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Mig langar til að gera athugasemdir við þetta frv., einkum við 4. gr. þess. Þar stendur, með leyfi forseta: „Ráðherra skipar skólastjóra og skal hann vera fæðingarlæknir eða ljósmóðir, sem einnig hefur lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði."

Ég kysi að þessi grein ætti ótvírætt aðeins við ljósmóður. Mér finnst það mjög eðlilegt að ljósmóðir sé skólastjóri Ljósmæðraskóla Íslands en ekki fæðingarlæknir. Nú veit ég að vísu að ekki munu vera margar ljósmæður hér á landi í dag sem hafa jafnframt lokið BS-prófi í hjúkrunarfræðum. En það er von á þó nokkrum bráðlega og í ljósi þess held ég að æskilegt væri að viðhalda þeirri skipan á skólastjórninni sem nú er enn um sinn, þangað til grundvöllur er fyrir því að ljósmæður með slíka menntun geti sótt í einhverjum mæli um þá stöðu sem hér um ræðir.

Einnig langar mig til að lýsa áhyggjum mínum yfir því hvernig sífellt þrengir að hefðbundnum kvennamenntastéttum. Þetta varðar bæði ljósmæður og hjúkrunarfræðinga. Það eru sífellt gerðar hærri prófkröfur og kröfur um lengra nám í stéttum sem konur hafa mikið sótt í, og eins og ég segi hef ég svolitlar áhyggjur af því. Hins vegar veit ég ekki, en það kemur væntanlega í ljós

í nefnd, hversu nauðsynlegt það er að æskja þeirra skilyrða sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég ætla ekki að segja meira um þetta mál að sinni, en vildi aðeins að þessi atriði kæmu fram hér við 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Það vill nú svo til að hér er verið að gera verulegar breytingar. Það er verið að taka þennan skóla undan stjórnarnefnd ríkisspítalanna og setja hér á sérstaka stjórnarnefnd og tekið meira tillit til þeirra fagfélaga sem eiga hlut að máli. Í sambandi við skólastjóra þessa skóla þá hefur það verið í lögum, og hefur bara gengið nokkuð vel þó að nú sé lagt til að breyta því, að yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans skuli vera skólastjóri skólans. Hefur svo verið alla tíð og hefur prófessor Sigurður S. Magnússon gegnt því starfi á síðustu árum.

Varðandi menntun, þá hafa kröfur verið auknar til menntunar. Hefur mikið verið hampað þeirri breytingu sem hefur orðið á námi hjúkrunarfræðinga, mjög mikið. Á vegum þess rn. sem fer með það nám hefur nýlega verið staðfest ákvörðun fyrrv. menntmrh. um að færa allt það nám yfir á háskólasvið og leggja niður núverandi hjúkrunarskóla. Ef ég hefði verið spurður álits á því, þá hefði ég verið á móti því. Ég hefði verið alveg reiðubúinn að breyta og auka nám í hjúkrunarskóla. Við erum eina landið að undanskildu Finnlandi sem hefur tekið þetta nám upp, því að hliðstætt nám er ekki sambærilegt í Bandaríkjunum og ég veit ekki til þess að háskólanám í hjúkrunarfræðum sé í fleiri löndum, ekki að því er kunnugir telja. En ég tel að hlutur Ljósmæðrafélagsins í þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir sé góður, enda er frv. unnið í náinni samvinnu við félagið og fulltrúi félagsins átti sæti í umræddri nefnd.

Það sem veldur því að frv. hefur beðið svona lengi í stjórnkerfinu er ákveðið sinnuleysi tveggja ráðuneyta um hvar skólinn ætti að vera. Úr því var skorið, að þar yrði ekki gerð breyting á, svo að ég vænti þess að þetta frv. sé miklu nær því sem Ljósmæðrafélagið hefur óskað eftir og þetta sé víðtækara en t. d. varðandi skólastjórastarfið að binda það við eina ákveðna stöðu í heilbrigðiskerfinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Skipan prestakalla, frv. 126. mál (þskj. 161, n. 360). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Menntmn. hefur haft þetta mál til umfjöllunar og mælir með afgreiðslu þess eins og fram kemur í nál. Allir hv. nm. rita undir nál.

Það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þetta frv. um breytingu á lögum nr. 35 9. maí 1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð. Í 1. gr. er gert ráð fyrir því, að annað prestsembættið í Vestmannaeyjum verði lagt niður en í stað þess komi ein breyting í 2. mgr. 6. gr. laganna, þar sem gert er ráð fyrir heimild til að ráða tvo prestvígða menn til starfa.

Gildistökugrein frv. er ekki með þeim hætti að eðlilegt sé og því miður láðist okkur að breyta því við umfjöllun menntmn. Í 3. gr. er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. jan. Sá 1. jan. er nú þegar liðinn. Vil ég því leyfa mér að flytja hér skriflega brtt. þar sem segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég leyfi mér þá, virðulegi forseti, að leggja þessa skriflegu brtt. hér fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 382) samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 382 (ný 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Miðvikudaginn 22. febr., að loknum fundi í Sþ.

Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, frv. 196. mál (þskj. 352). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Til þess að koma í veg fyrir að hér þurfi að fara fram atkvgr. milli tveggja nefnda beindi ég þeim tilmælum til formanna þessara tveggja nefnda við umr. hvort þeir gætu ekki fyrir sitt leyti fallist á að nefndirnar fjölluðu sameiginlega um málið, a. m. k. um fjáröflunarþátt þess. Áður en atkvgr. færi fram væri æskilegt að þeir gætu upplýst hvort þeir gætu ekki fyrir sitt leyti samþykkt að nefndirnar fjölluðu sameiginlega um þann þátt málsins. Það er ljóst að fjh.- og viðskn. er að fjalla um lánsfjáráætlun og ekki er gert ráð fyrir þessu þar. Nauðsynlegt er að fjalla um málið í nefndinni. Ég vildi ítreka þessi tilmæli til formannanna tveggja áður en atkvgr. fer fram.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þessar till. liggja eigi að síður fyrir og ég hygg að hv. 4. landsk. þm. vilji ekki taka sína till. aftur — eða getur hann hugsað sér það?

Forseti getur lýst því yfir sem sinni skoðun að það sé eðlilegt að þessar nefndir starfi saman eftir því sem kostur er.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli deildarmanna á að á dagskrá þessa fundar, 16. tölul., er annað frv., sem fjallar um breytingu á lausaskuldum launafólks í löng lán, sem samið er með það frv. sem hér á að vísa til nefndar sem fyrirmynd. Ég tel mjög óheppilegt að ef um tvö svo lík mál er að ræða verði um annað fjallað í landbn. og hitt e. t. v. í fjh.- og viðskn. þegar í eðli sínu er um eitt og sama mál að ræða.

Ég sé ekki hvernig hægt er að flytja till. um að 16. málinu á dagskránni verði vísað til landbn. (**HBl:** Það liggur nú beinast við.) Það verð ég að sjálfsögðu að gera ef þessu máli verður vísað þangað, nema menn fallist á að báðar nefndirnar, fjh.- og viðskn. og landbn., skoði þessi mál sameiginlega.

Ég ítreka þá ósk að formenn nefndanna lýsi því yfir að nefndir þeirra muni fjalla sameiginlega um málið því ég hef ekkert, herra forseti, við það að athuga að landbn. fjalli líka um málefni launafólks.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég geri nú ráð fyrir að formaður fjh.- og viðskn. sé mér sammála í því að ekkert sé við það að athuga þó að þessar nefndir ræði þessi mál sameiginlega að einhverju leyti, en ég geri varla ráð fyrir að nefndirnar leysi þann fjárhagsvanda sem hér er verið að tala um. Ég hygg að það verði ríkisstj. að gera, en ekki nefndirnar. En ef það er álit sumra hv. þm. að við munum geta eitthvað í því gert er sjálfsagt að reyna það. Hitt er svo annað mál, að sams konar mál hafa alltaf farið í landbn. þau ár sem ég hef verið hér á þingi. Það væri þá verið að breyta út frá venjunni. Menn verða að athuga það.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég hygg að ekki sé um að ræða brtt. Tvær tillögur koma fram, tvær uppástungur. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. sagði, að venjan hefur verið sú, öll þau ár sem slík mál hafa komið fyrir, og ég var búinn að benda hv. þd. á það, að vísa þeim málum til landbn. Venjan og hefðirnar eru því fyrir hendi í þessu.

Það verður nafnakall um till. landbrh. skv. sérstakri ósk, en vegna þess hvað margir varamenn eru hafa skrifarar óskað eftir stundarkorni til að leiðrétta nafnalista deildarinnar.

Till. um að vísa málinu til landbn. samþ. með 22:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KMT, HÁ, HBl, EKG, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StG, SV, TG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, GB, IG.

nei: ÓRG, GA, GHelg, HG, JS, SighB, KH, KMK, SJS, SvG, GS, GeirG, GE.

Fimm þm. (JBH, KJ, StH, GeirH, FrS) voru fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þetta er ekkert stórmál. En ég vil taka mér í munn orð ágætis kollega míns úr þinginu, að það er aðalatriðið að málið sé afgreitt með lýðræðislegum hætti. Ég segi nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er rangt, sem kom fram áðan í ræðu hjá einum þm., að hér væri um að ræða einhverjar skuldir sem ríkissjóður Íslands ætti að borga. Þetta er alrangt. Ábyrgð á þessum skuldum ber Búnaðarbanki Íslands. Málefni hans eiga heima hjá landbn. Því segi ég já.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 363, sbr. 230). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég mæli hér í fjarveru hæstv. fjmrh. fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt nr. 75 1981, sbr. lög nr. 21 1983, um breytingu á þeim lögum, en frv. þetta hefur verið samþykkt nær óbreytt í Ed.

Þetta frv. er flutt í framhaldi af því atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að áhersla verði lögð á að efla atvinnustarfsemi og atvinnuuppbyggingu til að auka hagvöxt og atvinnuöryggi, m. a. með breytingu skattalaga í þá átt að þau örvi fjárfestingu og eiginfjármyndun í atvinnulífinu. Frv. var samið í samvinnu fjmrn. og nefndar sem til þess verkefnis var skipuð 14. júlí á s. l. ári. Í þeirri nefnd áttu sæti þeir Ólafur Nilsson, lögg. endurskoðandi, er var formaður nefndarinnar og auk hans Geir Geirsson lögg. endurskoðandi og alþm. Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Þorsteinn Pálsson. Nefndin vann mjög gott starf og skilaði áliti sínu í nóv. s. l. Í tengslum við þetta frv. samdi nefndin sérstakt frv. um frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri og eru náin tengsl milli frv. beggja.

Á undanförnum árum hafa margar greinar atvinnurekstrar átt í miklum erfiðleikum hér á landi þar sem gætt hefur samdráttar og versnandi afkomu. Í þessum efnum þarf að snúa vörn í sókn og hefja nýskipun arðbærrar atvinnustarfsemi með aukinni þátttöku almennings. Sérstaklega þarf að auka eiginfjármyndun atvinnufyrirtækja og bæta möguleika þeirra til endurnýjunar atvinnutækja. Hefur frv. að geyma allmargþættar tillögur til breytinga á skattlagningu einstaklinga og atvinnufyrirtækja sem allar stefna þó að þessu marki. Ég mun nú víkja að helstu tillögum frv. og snúa mér fyrst að þeim breytingum er varða atvinnureksturinn sjálfan.

Þar eru meginbreytingarnar þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárfestingarsjóður verði tekinn upp í stað núverandi varasjóðs. Í öðru lagi er lagt til að breyting verði gerð á meðferð úthlutaðs arðs hjá félögum og í þriðja lagi er gert ráð fyrir breytingu á fyrningarhlutföllum.

Skv. núgildandi lögum er félögum sem atvinnurekstur stunda heimilt að leggja allt að 25% af hagnaði í sérstakan varasjóð. Þessum varasjóði er einungis heimilt að ráðstafa til að mæta rekstrartapi. Sé sjóðnum á einhvern hátt ráðstafað á annan veg ber að telja hina ráðstöfuðu fjárhæð til tekna að viðbættu 25% álagi. Gildandi ákvæði um varasjóð hafa löngum þótt að ýmsu leyti gölluð. Sérstaklega hafa menn þó gagnrýnt ákvæðið um óheimilaða ráðstöfun hans. Það hefur reynst mjög erfitt í framkvæmd að meta hvenær varasjóði hefur verið ráðstafað í þessu sambandi og hvenær hann skyldi telja til tekna að viðbættu 25% álagi. Í mörgum tilfellum hefur varasjóður í raun virkað eins og lækkun á skattahlutfalli félaga. Annar megingalli við ákvæði núgildandi laga um myndun varasjóðs er að heimildin hefur verið bundin við félög. Einstaklingum hefur ekki verið heimilt að leggja fé í varasjóð þó þeir stunduðu atvinnurekstur og hefur varasjóðsheimildin skapað visst misvægi milli atvinnurekstrar eftir því hvort hann er í formi félags eða á vegum einstaklings.

Með ákvæðum frv. um fjárfestingarsjóð í stað varasjóðs er stefnt að raunhæfari varasjóðsmyndun í atvinnurekstri, þ. e. stefnt að myndun varasjóðs sem ráðstafa má til frekari uppbyggingar og tekjuöflunar í rekstrinum. Í frv. er lagt til að einstaklingar og félög, sem hafa skattskyldar tekjur af atvinnurekstri eða

sjálfstæðri starfsemi, geti myndað fjárfestingarsjóð með frádrætti frá tekjum allt að 40% af skattskyldum hagnaði ársins. Helming af tillagi í fjárfestingarsjóð skal leggja inn á bundinn reikning í banka eða sparisjóði, svonefndan fjárfestingarreikning. Reikningar þessir skulu vera verðtryggðir og bera sömu vexti og verðtryggðir reikningar við innlánsstofnanir almennt gera. Fjárhæð, sem lögð er inn á bundinn reikning, má fyrst nota sex mánuðum eftir að innborgun hefur farið fram og skal hún hafa verið notuð innan sex ára frá því tímamarki.

Fjárfestingarsjóðurinn framreiknast árlega með verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. tekjuskattslaganna. Verðbætur og vextir af innstæðureikningi eru skattskyld en reikningurinn reiknast með í stofni við útreikning á verðbreytingarfærslu. Þetta þýðir raunverulega að einungis ákveðnir raunvextir af þessum reikningum verða skattskyldir. Ef fjárfestingarsjóðnum er ráðstafað telst hann til skattskyldra tekna en jafnframt því er heimilt að fyrna nýjan reikning sem heimilt er að fyrna í fyrsta sinn á árinu skv. skattalögum eða eignum sem eru í smíðum og enn hafa ekki verið teknar í notkun.

Í þessum till. um fjárfestingarsjóð í stað varasjóðs felast róttækar breytingar. Horfa sumar þeirra til rýmkunar á þeim heimildum sem nú eru í lögum en aðrar til þrengingar. Þegar þau atriði öll eru skoðuð í samhengi og metin heildarútkoma þeirra verður ekki sagt að þegar til lengri tíma er litið felist lækkun á skattlagningu fyrirtækja í þeim till. er varða fjárfestingarsjóðinn, þó að þær kunni eitthvað að rýra tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti atvinnurekstursins þegar til skamms tíma er litið. Meginmáli skiptir þó að fjárfestingarsjóðurinn er mun raunhæfari við varasjóðsmyndun í atvinnurekstri en núgildandi ákvæði um varasjóð og hann er mun líkari en núgildandi varasjóður til að stuðla að frekari uppbyggingu og tekjuöflun í rekstri. Eru þær till. um fjárfestingarsjóð sem ég hef rakið hér að framan og frv. hefur að geyma að verulegu leyti sniðnar eftir hliðstæðri sjóðsmyndun sem heimiluð er í skattalögum flestra grannlanda okkar og þykir þar hafa gefið góða raun.

Að því er félögin varðar eru í öðru lagi gerðar tillögur um breyttar reglur um skattalega meðferð úthlutaðs arðs hjá hlutafélögum og skattalega meðferð þess fjár sem samvinnufélög greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði. Skv. núgildandi lögum er helmingur þeirrar fjárhæðar sem hlutafélög greiða eða úthluta í arð frádráttarbær en þó má frádráttur aldrei vera hærri en nemur 5% af matsverði hlutafjár. Hjá viðtakendum þessa arðs er hann allur skattskyldur en þó getur hver einstakur viðtakandi fært til frádráttar allt að 12 700 kr. Þessar reglur hafa leitt til þess að iðulega kemur til tvísköttun arðs þar sem arður er að hálfu leyti skattlagður í félaginu sem úthlutar honum og að verulegu leyti aftur skattlagður hjá viðtakanda.

Í frv. er lagt til að úthlutaður arður úr hlutafélagi verði frádráttarbær að fullu hjá félaginu, þó ekki umfram 10% af matsverði hlutafjár. Jafnframt eru gerðar tillögur um nokkra rýmkun á frádráttarbærni úthlutaðs arðs í höndum móttakanda og mun ég víkja að þeim síðar.

Skv. þessum till. er með öllu afnumin sú tvísköttun á úthlutuðum arði sem ríkt hefur að nokkru leyti hingað til og verður að telja að mörgu leyti mjög óeðlilega. Þá eru einnig rýmkaðar heimildir samvinnufélaga til að færa til frádráttar fjárhæðir sem greiddar eru félagsaðilum eða færðar þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu.

Að því er atvinnureksturinn varðar eru loks í þriðja lagi í frv. gerðar till. um nokkra hækkun á fyrningarhlutföllum. Þau hafa fram að þessu fyrst og fremst verið miðuð við raunverulegan endingartíma þeirra, þannig að eignin væri komin niður í niðurlagsverð að loknum endingartímanum, þó að sjálfsögðu hafi þarna verið um meðaltalsreglu að ræða. Hin síðari ár hefur borið æ meira á úreldingu eigna vegna örra tæknibreytinga þannig að endingartíminn einn ræður ekki úrslitum um þessi efni lengur.

Í ljós hefur komið að núgildandi ákvæði um fyrningar nægja ekki í nærri öllum tilvikum til að færa eignir til raunverulegs verðs á hverjum tíma af þessum sökum. Í þessu sambandi má nefna örar tæknibreytingar á sviði tölvunotkunar, á sviði vöruflutninga, t. d. á sjó, og á fjölmörgum öðrum sviðum. Hafa þessar breytingar í mörgum tilfellum gert eldri búnað úreltan eða verðminni en ráð var gert fyrir og oft löngu áður en raunverulegum endingartíma búnaðarins í hinum hefðbundna skilningi þess orðs var lokið.

Af þessum sökum eru gerðar í frv. till. um nokkra hækkun fyrningarhlutfalla. Þannig er lagt til að fyrningarhlutföll skipa og skipsbúnaðar hækki úr 8 í 10%, að fyrningarhlutföll verksmiðjuvéla og hvers konar iðnaðarvéla hækki úr 12% í 15% og að fyrningarhlutföll véla og tækja til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiða, tölvubúnaðar o. fl. verði hækkuð úr 12% í 20%. Jafnframt er lagt til að fyrningarhlutföll mannvirkja verði 2—10% í staðinn fyrir 2—6% áður.

Eftir sem áður er gert ráð fyrir að fjmrh. ákveði með reglugerð fyrningarhlutfall einstakra flokka mannvirkja eftir gerð, byggingarefni o. fl. Það má því fyrst og fremst búast við að hið aukna svigrúm, sem gert er ráð fyrir í fyrningarhlutföllum mannvirkja, verði notað varðandi einstakar óvaranlegar tegundir eigna.

Skv. gildandi lögum um tekju- og eignarskatt er íbúðarhúsnæði í atvinnurekstri ekki fyrnanlegt. Í ýmsum tilvikum er þetta óeðlilegt. Má í því sambandi nefna verbúðir og vistarverur starfsfólks fiskiðjuvera víða úti um land. Þá eru einnig dæmi um að íbúðir séu leigðar út af félögum eða öðrum í stórum stíl í atvinnurekstrarskyni. Er lagt til að á þessu verði breyting og íbúðarhúsnæði sem notað er í atvinnurekstri verði almennt fyrnanlegt. Ekki er þó gert ráð fyrir að þessi breyting taki til íbúðarhúsnæðis í eigu manna nema að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í hans eigu í árslok fari fram úr tilteknum mörkum. Slík takmörkun þykir nauðsynleg til þess að reglur um fyrningu á útleigðu íbúðarhúsnæði verði framkvæmanlegar.

Ég hef nú lýst stuttlega tillögum frv. að því er varðar atvinnureksturinn, þ. e. tillögum um fjárfestingarsjóð, arð og hækkun fyrningarhlutfalla, og mun nú snúa mér að tillögum er lúta að einstaklingum. Helstu brtt. er að einstaklingum lúta skiptast í þrjá flokka svipað og varðandi atvinnureksturinn. Í fyrsta lagi till. um meðferð móttekins arðs og greiðslna í stofnsjóði samvinnufélaga, í öðru lagi um fjárfestingu einstaklinga í atvinnurekstri og frádráttarbærni hennar með vissum skilyrðum og innan vissra marka og loks í þriðja lagi till. varðandi breytta eignarskattsmeðferð að því er varðar

hlutafjáreign og stofnfjárinnstæðu í samvinnufélögum.

Ég vék hér áðan, þegar ég fjallaði um skattlagningu atvinnurekstrar og till. til breytinga á henni, að meðferð úthlutaðs arðs hjá hlutafélögum og færslna í stofnsjóði hjá samvinnufélögum. Að því er varðar skattalega meðferð þessara greiðslna hjá móttakendum eru einnig gerðar till. til breytinga í frv. því sem hér liggur fyrir. Skv. gildandi reglum er fenginn arður af hlutafjáreign frádráttarbær hjá einstaklingum sem við honum taka. Þessi frádráttarheimild sætir svo tvenns konar takmörkunum. Í fyrsta lagi er móttekinn arður ekki frádráttarbær nema upp að 10% af nafnverði einstakra hlutabréfa eða hluta og í öðru lagi má frádráttur aldrei vera hærri en 12 750 kr. fyrir einhleyping og helmingi hærri upphæð fyrir hjón. Í frv. er ekki gerð till. um aðrar breytingar á þessum ákvæðum en þær að fyrrgreind fjármagnsupphæð frádráttarins hækki úr 12 750 kr. fyrir einstakling upp í 25 000 kr. og hækki samsvarandi fyrir hjón, þ. e. lagt er til að þetta hámark frádráttarheimildarinnar tæplega tvöfaldist.

Þá gerir frv. einnig ráð fyrir því að frádráttarbær hámarksupphæð sem færð er félagsmanni í samvinnufélagi til tekna í stofnsjóð vegna viðskipta hans við félagið hækki úr 5% í 7%.

Kunnara er en frá þurfi að segja að atvinnufyrirtæki á Íslandi hefur mjög skort eigið fé til rekstrar síns. Hefur sáralítið kveðið að því hér á landi að almenningur legði fé til slíks rekstrar enda má segja að skattalög hafi ekki gert þann kost ýkja fýsilegan, auk þess sem almennan markað fyrir slík hlutabréf hefur skort. Í c-lið 4. gr. frv. sem hér er til umr. er að finna rammagrein sem ætlað er að gera það hagstætt fyrir almenning með tilliti til skattálagningar að festa fé sitt í slíkum rekstri og örva þar með eigin fjármyndun og fjárfestingu í atvinnulífinu.

Skv. þessari grein er frádráttarbært frá tekjum það fé sem varið er til aukningar í fjárfestingu í atvinnurekstri á tekjuárinu allt að 20 þús. kr. hjá einstaklingi og 40 þús. kr. hjá hjónum. Þessi aukning fjárfestingar þarf þó að fullnægja nánari skilyrðum en um þau skilyrði er fjallað í frv. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri sem ég nefndi áðan og lagt var fram sem fylgifrv. með þessu frv. og kemur hér til umr. síðar. Í því frv. er gert í stuttu máli ráð fyrir fjórum mismunandi tegundum fjárfestingar sem fullnægt geti skilyrðum til frádráttarbærni:

1) Myndun bundinna stofnfjárreikninga í bönkum og sparisjóðum sem verja skal til nýmyndunar eigin rekstrar síðar.

2) Bein og milliliðalaus fjárfesting í hlutabréfum hlutafélaga þar sem hlutafé er ekki undir 10 millj. kr., hluthafar a. m. k. 100 og viðskipti með hlutabréf eru frjáls.

3) Gert er ráð fyrir frádráttarbærni tillaga í starfsmannasjóði sem sérstaklega eru myndaðir til kaupa á hlutabréfum í hlutafélögum sem þeim eru tengd.

4) Gert er ráð fyrir frádráttarbærni á fjárfestingu í hlutabréfum í sérstökum fjárfestingarfélögum sem mynduð yrðu til kaupa á áhættufé atvinnufyrirtækja og skuldabréfum þeirra.

Þriðja megintillaga frv. varðandi skattlagningu einstaklinga hefur einnig þann tilgang að hvetja almenning til fjárfestingar í áhættufé. Lýtur hún að því að við ákvörðun á eignarskattsstofni einstaklinga verði heimilt að draga frá eigin innstæður á stofnfjárreikningum samvinnufélaga og hlutabréfaeign allt að 250 þús. kr. hjá einstaklingi og 500 þús. kr. hjá hjónum. Innan þessara marka gilda þá um þessar eignir sömu reglur og *nú gilda um innstæður manna í bönkum og sparisjóðum.*

Ég hef nú stiklað á stóru varðandi efnisatriði og tilgang frv. sem hér er til umr. Ég hef takmarkað umfjöllun mína við meginatriði frv. Mjög nauðsynlegt er að afgreiðslu þessa frv. verði hraðað svo sem kostur er á. Ástæðan er sú að öllum ákvæðum þess öðrum en ákvæðum um frádráttarbærni áhættufjárfestinga er ætlað að gilda við skattlagningu á þessu ári. Er fyrirtækjum og þeim sem vinna við uppgjör og framtalsgerð því brýn nauðsyn á því að ljóst verði hið fyrsta hvaða reglur gildi um skattalegt uppgjör tekna og eigna ársins 1983. Dragist meðferð málsins hér á hv. Alþingi frekar en orðið er er augljóst að það mun leiða til verulegra erfiðleika í skattkerfinu og hugsanlega svo að áhrif kunni að hafa á það hvort næst að ljúka álagningu skatta á réttum tíma.

Að lokum nokkur orð um áhrif frv. á tekjur ríkissjóðs. Um árabil hafa verið vélteknar upplýsingar úr framtölum einstaklinga sem hafa gert mönnum kleift að áætla fjárhagsleg áhrif einstakra brtt. í skattamálum þeirra með nokkurri nákvæmni. Sérstaklega hefur þetta gilt um till. er lúta að breytingum á skattstigum og öðrum þáttum í álagningarútreikningi skattalaganna. Slíkum véltækum upplýsingum hefur ekki verið fyrir að fara varðandi einstaka þætti í skattalegu uppgjöri atvinnurekstrarins enda er þar um mun flóknari þátt að ræða sem erfitt er að véltaka. Af þessum sökum hefur ætíð reynst erfitt að áætla nákvæm fjárhagsleg áhrif brtt. að því er atvinnureksturinn varðar. Á þetta einnig við um till. þessa frv. Það er því ljóst að frv. þetta mun hafa einhver áhrif til lækkunar varðandi tekjur ríkissjóðs þegar til skamms tíma er litið. Sé hins vegar horft til lengri tíma ætti sú lækkun sem í upphafi kann að verða á tekjuskattinum að skila sér að fullu og ríflega það með öflugu atvinnulífi og auknum tekjum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er nú til umr. hefur hlotið meðferð í hv. Ed. og því fylgir annað frv., sem einnig er á dagskrá þessa fundar í hv. Nd. í dag. Þetta frv. er í rauninni einn veigamesti þátturinn í frumvarpsformi sem fram hefur komið í stefnu ríkisstj. vegna þess að frv. gerir ráð fyrir því að færa í lög mjög þýðingarmikil atriði í stefnu Sjálfstfl.

Það er athyglisvert að einmitt um þessar mundir, á sama tíma og rætt er um að skera niður þjónustu við almenning á vegum ríkisins, leggja skatt á sjúklinga, kemur hæstv. heilbrrh. og mælir fyrir eins konar neikvæðum skatti handa fyrirtækjunum, þ. e. því að fyrirtækin í landinu fái peninga úr ríkissjóði nánast endurgreidda meðan menn sveitast í blóðinu við það í kerfinu þessa dagana að finna leið til að leggja skatta á þá sem þurfa að kaupa hina félagslegu þjónustu í landinu. Þannig er frv. táknrænt. Það er eins og flagg dregið við hún af núv. ríkisstj. Hér er stefna íhaldsins komin í frumvarpsbúningi skýrari en — já, ég vil leyfa mér að halda fram nokkurs staðar annars staðar.

Og það er athyglisvert að þegar kemur að þessu máli

er allt látið lönd og leið í sambandi við ríkissjóð og afkomu hans. Það er sagt í ræðu hæstv. ráðh.: Það er erfitt að áætla nákvæm fjárhagsleg áhrif. Það er ljóst hins vegar, sagði hæstv. ráðh., að frv. hefði í framkvæmd einhver áhrif til skemmri tíma til lækkunar á tekjum ríkisins. Það kemur sem sagt fram að hér er ekki verið að tíunda hlutina nákvæmlega eins og þegar kemur að hinni félagslegu þjónustu. Hér er sullað upphæðum út úr ríkissjóði til að framkvæma stefnu ofstækisfyllstu stuðningsmanna Sjálfstfl. — Ég veit að vísu að samflokksmenn hæstv. fjmrh. láta sér það margir í léttu rúmi liggja hvernig ríkissjóður kemur út hjá honum um þessar mundir og það er bersýnilega ekki verið að taka tillit til afkomu þjóðarkassans þegar verið er að leggja þetta frv. hér fram.

Hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram nokkur frv. á þinginu í vetur og fékk nokkur frv. afgreidd núna fyrir áramótin. Það hefur ekki verið mikill hraði á þingstörfum að undanförnu, en beðið er um að þetta frv. fái alveg sérstakan forgang vegna þess að það liggi í rauninni líf á að hægt sé að taka tillit til þessa frv. og áhrifa þess, ef samþykkt verður, við álagningu skatta á árinu 1984. Þetta er með öðrum orðum forgangsmálið, hið stóra hugsjónamál íhaldsins í frumvarpsbúningi sem menn leggja ofurkapp á að fá hrint í framkvæmd. Og það er táknrænt fyrir þessa ríkisstj. að hún skuli vera svo smekklaus að láta hæstv. heilbr.- og trmrh., sem er að beita sér fyrir niðurskurði á félagslegri þjónustu, mæla fyrir þessu frv. í fjarveru hins mikla rammasmiðs, hæstv. fjmrh. Það er sláandi um hvaða áherslur þessi ríkisstj. leggur á málin.

Það fylgir þessu frv. engin grg. um hvaða áhrif þetta frv. hefur á afkomu ríkissjóðs, eins og ég gat um. En það er fleira sem vantar. Það liggur ekkert fyrir um það í þessu frv., hvorki í grg. þess né framsöguræðu hæstv. ráðh., hvaða áhrif þetta frv. hljóti að hafa á atvinnureksturinn. Hvaða áhrif eru það nákvæmlega sem frv. mun hafa á atvinnureksturinn í landinu? Hvernig mun það efla iðnaðinn í fyrsta lagi, sjávarútveginn, úrvinnslugreinar landbúnaðarins? Hvernig kemur það fram gagnvart versluninni? Það liggja ekki svo mikið sem fyrir hugleiðingar um það frá hæstv. ríkisstj. hvaða áhrif þetta muni hafa á atvinnureksturinn í landinu. Ég held þó að það hefði átt að vera unnt fyrir ríkisstj. að fá á því eitthvert mat hvaða áhrif svona frv. gæti í framkvæmd haft á atvinnulífið. Ég mun fara fram á það í þeirri n. sem þetta mál fær til meðferðar að Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdastofnun, eftirlætisstofnanir ríkisstj., einkum sú síðarnefnda, geri á því ítarlega úttekt hvaða áhrif lög af þessum toga mundu hafa á atvinnureksturinn í landinu. Hvaða áhrif mun það hafa á störf og hvaða önnur áhrif hefur slíkt frv., ef samþykkt verður, á atvinnureksturinn í landinu?

En það er fleira sem hæstv. ríkisstj. verður að svara áður en þetta frv. fer í gegnum þingið. Það er líka spurt: Hvaða áhrif telja menn að samþykkt svona frv. muni hafa á sparifjármarkaðinn í landinu? Hvaða áhrif mun svona frv. hafa á þá hörðu samkeppni sem nú er uppi og harðnandi samkeppni um lánsfé í landinu? Það er alveg greinilegt að ríkisstj. beitir nú svo að segja öllum atvinnugreinum í landinu samanlögðum á sömu milljónirnar. Það er svo grimm samkeppni um fjármuni í landinu þessa dagana að það hefur aldrei verið annað eins. Það er verið að ræða um það í fullri alvöru að lífeyrissjóðirnir hafi betra upp úr því að leggja sitt fé inn á bankabækur, almennar sparisjóðsbækur, en að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði. Það er sem sagt búið að gera fjármagnsmarkaðinn þannig að hann er þrengri en nokkru sinni fyrr. Hann er ofbeittur, eins og það var orðað. Auðvitað er samþykkt svona frv. innlegg í baráttuna um sparifé í þessu landi. Það er alveg ljóst. Og það er mál sem líka á að skoða.

Í þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, felast stórkostleg fríðindi fyrir ákveðna þætti fjármagnsins í landinu. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að einstaklingar sem fá greiddan arð af hlutafjáreign, sem njóta þegar nokkurs skattaafsláttar, fái nú um tvöfalt hærri afslátt en verið hefur. Þessi tala, sem hefur verið 12 750 kr., fari í 25 000 kr. hjá einstaklingum og 50 þús. kr. hjá hjónum. Og hverjir eru það sem leggja fé í hlutafjárkaup af þessum toga? Ætli það séu einstæðar mæður eða einstæðir foreldrar? Ætli það sé iðnverkafólk sem lifir á tekjutryggingunni einni? Þessi tala, sem þarna á að gefa skattfrjálsa, er tvöföld sú tala hjá einstaklingum sem gert er ráð fyrir að tekjutryggingin nemi samkv. því samningsuppkasti sem forseti Alþýðusambandsins og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins hafa undirritað. Tvöföld sú upphæð á hér að vera skattfrjáls þegar kemur að því marki að kaupa hlutafé. Ætli það sé þetta fólk sem á afgang í þessu skyni? Auðvitað ekki. Auðvitað er þetta frv. ekkert annað en liður í þeirri stefnu ríkisstj. að hampa fjármagninu á kostnað fólksins, vegna þess að núv. ríkisstj. telur að fjármagnið sé upphaf og endir alls sem gera skal og gera þarf og vinnan og þeir sem hana inna af hendi skipti litlu eða engu máli. Hér er komið að grundvallarátökunum í íslenskum stjórnmálum, grundvallardeilunni annars vegar um vinnu og hins vegar um fjármagn. Það er ekki að furða þó að Alþýðusamband Íslands sendi frá sér mjög harðorð mótmæli út af þessu frv. Það segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Greinilegt er að umrædd frv. eru skýrt og markvisst framhald af fyrri ákvörðun stjórnvalda um tilflutning fjár í þjóðfélaginu. Stefnan hvílir öll á þeirri forsendu að fátækur maður, sem fær fé í hendur, sé líklegur til að nýta það í mat, klæði eða annað það sem þjóðfélaginu verður að litlu gagni. Sá ríki, sem lifir í vellystingum praktuglega, sé líklegri til að veita því í þjóðfélagslega nytsama framkvæmd.

Umsögnin er einföld: Tillagan er eðlilegur þáttur í þeirri samfelldu stefnu ríkisstj. að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Alþýðusambandið getur ekki gert þá stefnu að sinni.

Reykjavík, 3. febrúar 1984.
Ásmundur Stefánsson."

Hér er komið að kjarna málsins. Hér er komið að þeim kjarna málsins sem ég gat um áðan varðandi áherslu á fjármuni og fjármagn annars vegar og vinnu og virðingu fyrir þeim sem skapa verðmæti með vinnu sinni hins vegar.

En í öðru lagi, fyrir utan arðinn af hlutafjáreign, er ætlunin að veita mönnum veruleg skattfríðindi út á fjárfestingu í atvinnurekstri. Hjón sem leggja fram 40 þús. kr. til fjárfestingar í eigin atvinnurekstri fá stóran hluta af þessari fjárhæð úr ríkissjóði í formi skattalækkunar, jafnvel allt að 40% ef þau hafa verulegar tekjur. Sama gildir um kaup á hlutabréfum í stórum hlutafé-

lögum svo og um framlög starfsmanna í sérstaka fjárfestingarsjóði, svonefnda starfsmannasjóði, og hlutabréfakaup í fjárfestingarfélögum.

Í þriðja lagi gerir þetta frv. um fríðindi fyrirtækjanna ráð fyrir því að eignarskattur á hlutabréfaeign verði stórkostlega lækkaður.

Í fjórða lagi er opnuð leið til þess í öllum fyrirtækjum, jafnt þeim sem rekin eru í félagsformi sem í nafni einstaklinga, að leggja 40% af skattskyldum hagnaði ársins til hliðar í svonefnda fjárfestingarsjóði og kemur sú upphæð ekki til skatts á því ári. Þessi heimild kemur í staðinn fyrir núgildandi varasjóðsheimild sem er nú að hámarki 25% af skattskyldum hagnaði og nær aðeins til fyrirtækja í félagsformi.

Í fimmta lagi eru fyrningarheimildir í atvinnurekstri verulega hækkaðar, fyrningarhlutfall véla hækkar úr 12% í 15—20%, skipa úr 8% í 10% og fasteigna úr 2—6% í 2—10%.

Minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. var skipaður fulltrúum allra stjórnarandstöðuflokkanna og niðurstaða minni hl. varð sem hér segir, eins og fram kemur á þskj. 355:

„Við undirritaðir nm. fjh.- og viðskn. Ed. teljum að miklu brýnna væri að bæta kjör lágtekjufólks með breytingum á skattalögum fremur en að veita atvinnurekendum enn frekari skattfríðindi. Við leggjum því til að frv. þetta verði fellt."

Undir þetta rituðu Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Ragnar Arnalds og Eiður Guðnason. Og undir þetta sjónarmið tökum við að sjálfsögðu.

Hér er um að ræða frv. sem er gjörsamlega fráleitt að samþykkja miðað við núverandi stöðu hér í þessu landi. Frv. gerir ráð fyrir tilflutningi fjármagns til fjármagnseigenda frá þeim sem síst skyldi á sama tíma og uppi eru hugmyndir um að leggja skatta á þá sem þjónustunnar njóta á vegum opinberra aðila í þessu landi.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, mun ég við meðferð málsins óska eftir nokkrum grg. frá opinberum aðilum þannig að það liggi m. a. fyrir hvaða fjárhagsleg áhrif frv. þetta, ef samþykkt verður, mun hafa á hag ríkissjóðs. Ég mun óska eftir upplýsingum um hvaða áhrif frv. þetta, ef samþykkt verður, mun hafa á atvinnulífið almennt og ég mun einnig óska eftir sérstakri úttekt á áhrifum þessa frv., ef samþykkt verður, á lánsfjármarkaðinn í landinu og sparifjármarkaðinn.

Ég vil að lokum leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. tveggja tæknilegra spurninga:

Í fyrsta lagi varðandi 4. gr. d- lið. Þar er gert ráð fyrir að við 3. málsgr. bætist nýr málsl. er orðist svo:

„Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi í þessu sambandi nema því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi 4 millj. kr. eða meiru, ef um einstakling er að ræða, en 8 millj. kr., ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut."

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því — það gengur ekki fram af þeim gögnum sem hér liggja fyrir — hvernig sú upphæð er fundin sem þarna er miðað við.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðh. þeirrar spurningar: Hvernig er ætlunin að framkvæma það ákvæði að íbúðarhúsnæði í atvinnurekstri verði fyrnanlegt? Í grg. frv. á bls. 7 og 8 í þskj. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Íbúðarhúsnæði í atvinnurekstri er ekki fyrnanlegt skv. gildandi lögum. Hefur þetta þótt óeðlilegt. Eru í því sambandi nefndar vistarverur starfsfólks fiskiðjuvera úti um land og íbúðir sem leigðar eru út af félögum eða öðrum í atvinnurekstrarskyni. Lagt er til að á þessu verði breyting, en þó er ekki gert ráð fyrir að íbúðarhúsnæði í eigu manna verði almennt fyrnanlegt og eru sett ákveðin mörk í frv. um þetta efni. Eftir þessa breytingu gilda að sjálfsögðu ákvæði 11.—13. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt um söluhagnað af fyrnanlegu íbúðarhúsnæði."

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því hvernig ætlunin er að framkvæma þann greinarmun sem þarna á að gera á milli íbúðarhúsnæðis sem er fyrnanlegt annars vegar og þess sem ekki er fyrnanlegt hins vegar. Og ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvernig ætlunin er að fara með þessar íbúðir gagnvart lögum um Húsnæðistofnun ríkisins. Er gert ráð fyrir að út á þessar íbúðir, sem byggðar eru og verða síðar fyrnanlegar skv. þessum lögum, sé hægt að fá almenn lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins?

Í frv. ríkisstj. um húsnæðismál, sem liggur fyrir hv. félmn., er gert ráð fyrir að félögum verði heimilt að reisa íbúðarhúsnæði, jafnvel til útleigu. Spurningin er þá sú: Er beint samband á milli þessara tveggja frv.? Er gert ráð fyrir að jafnframt því sem fyrirtæki byggi slíkt húsnæði í stórum stíl, 10, 20 eða 30 íbúðir, geti þau hin sömu félög fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, eins og gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj., en um leið verði það íbúðarhúsnæði fyrnanlegt, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.? Það er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir því hvaða tengsl eru á milli þessara tveggja frv. hennar.

Hv. formaður félmn. Nd., 1. þm. Suðurl., hefur frv. um húsnæðismál nú til meðferðar og sé ég að hann er einn af höfundum þessa frv. þannig að það kann að vera að hérna sé beinlínis kominn partur af húsnæðisstefnu ríkisstj. í grg. á bls. 7 og 8 í þskj. 230.

Ég tel óhjákvæmilegt, herra forseti, að þessum tæknilegu spurningum verði einnig svarað áður en umr. lýkur, en ég endurtek: Þetta frv. er fyrst og fremst til marks um þá áherslu sem núv. ríkisstj. leggur á að fjármagnið hafi allan forgang umfram vinnuna og þá sem verðmætin skapa í þessu landi.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns að það frv. sem hér er til umr. er vissulega einn veigamesti þátturinn í stefnu ríkisstj. Hér er nefnilega brotið í blað, horfið frá þeirri stefnu sem ráðið hefur undanfarin allt of mörg ár og lýsti sér m.a. í því að hv. 3. þm. Reykv. taldi ástæðu til að boða sérstakar neyðarráðstafanir við lok valdaferils síðustu ríkisstj. Hér er horfið frá slíkri stefnu. Nú er tekið til við að reyna að byggja upp sterkt og gott atvinnulíf sem getur veitt raunverulegar kjarabætur, ekki þær kjarabætur sem eingöngu byggjast á viðskiptahalla og söfnun eyðsluskulda í góðæri. Það eru falskar kjarabætur sem aldrei geta enst, en raunverulegar eru kjarabætur sem byggja á sterku og styrku atvinnulífi. Það er þess vegna sérstök ástæða til að fagna því máli sem hér liggur fyrir, fagna því að það er horfið frá þessari neyðarbraut Alþb. sem fetuð hefur verið allt of mörg undanfarin ár og hefur skilið við atvinnulíf landsmanna í rústum og er viðurkennt jafnvel af forsvarsmönnum þess flokks.

Hvert er megineinkenni atvinnulífs og efnahagslífs

landsmanna um þessar mundir? Því miður er ekki bjart um að litast í atvinnulífinu í dag þrátt fyrir að tekist hafi að vinda ofan af óðaverðbólgunni sem skapaðist vegna óstjórnar síðustu ára og þrátt fyrir að unnið hafi verið að margs konar nýmælum upp á síðkastið. Þrátt fyrir þetta er kyrkingur í atvinnulífi landsmanna. Sá kyrkingur stafar ekki af núverandi stjórnarstefnu, heldur af þeirri óstjórn sem einkennt hefur síðustu árin. Hann stafar af langvarandi verðbólgu sem hefur hvatt til rangra fjárfestinga og hefur jafnframt gengið á eiginfjárstöðu fyrirtækja.

Það er rétt sem fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðh. með þessu frv. að illa er komið í íslensku atvinnulífi einmitt vegna þess að eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja er mjög lök. Hún er lakari en almennt þekkist í löndunum í kringum okkur og það vekur yfirleitt athygli þeirra sem hingað koma og kynna sér íslenskt atvinnulíf hversu eiginfjárstaða fyrirtækjanna er lök. Ástæða þessa er það skilningsleysi sem ævinlega hefur ríkt í garð íslensks atvinnulífs og lýsir sér í því að menn líta svo á að ekki sé nauðsynlegt að standa vörð um atvinnulífið heldur megi ganga á hagsmuni þess. Menn ímynda sér að hægt sé að byggja upp viðunandi lífskjör í landinu án þess að standa vörð um atvinnulífið.

Þrátt fyrir að verðmæti sjávarafurðaframleiðslunnar hafi aukist um u. þ. b. 75% á föstu verðlagi 1978—1981 skildi hæstv. síðasta ríkisstj. þannig við þá ágætu atvinnugrein að þar var ástandið vægast sagt ömurlegt. Útgerð jafnt og fiskvinnsla bjó við slæmar aðstæður og jafnvel á metaflaárinu 1981 var svo komið að frystiiðnaðurinn í landinu var að stöðvast. Þess vegna kom svolítið á óvart að heyra að hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Reykv., skyldi hafa einhvern sérstakan áhuga á að vita hvaða áhrif það frv. sem nú er til umr. hefði á atvinnustarfsemina, á stöðu sjávarútvegsins. Þannig spurði hann í ræðu sinni og gat þess jafnframt að hann hygðist sérstaklega láta kanna þetta þegar mál þetta kæmi til kasta n. Nd. Vitaskuld er ástæða til að fagna því að hann hefur tekið slíkum sinnaskiptum og kærir sig nú um að vita svolítið um afdrif atvinnulífsins í landinu.

Við vorum svo lánsöm á árunum á undan að búa við aukinn afla sem skilaði okkur áfram. Vegna hins aukna afla og m. a. vegna aukinnar erlendrar lántöku tókst okkur að fleyta atvinnulífinu áfram þrátt fyrir að að öðru leyti væri illa að því búið. Þetta er skýringin á því að ekki kom til verulegs atvinnuleysis þrátt fyrir slæma stjórn efnahagsmálanna í tíð síðustu og næstsíðustu ríkisstj. En þau versnandi ytri skilyrði sem við stöndum núna frammi fyrir, minnkandi sjávarafli á flestum ef ekki öllum sviðum, koma okkur vitaskuld illa núna þegar atvinnulífið stendur svo veikum fótum fyrir sem raun ber vitni. Það eru vitaskuld ill tíðindi fyrir atvinnulífið og landsmenn alla að þjóðarframleiðsla skuli nú vera að minnka þriðja árið í röð og öllum er ljóst að spyrna þarf við fótum, það þarf að brjóta í blað, fitja þarf upp á nýjungum til þess að örva atvinnulífið að nýju.

Því miður hefur líka verið þannig að málum staðið á undanförnum árum að sparnaður innanlands hefur dregist saman. Það hefur verið eitt af undrum íslensks efnahagslífs að þrátt fyrir langvarandi óðaverðbólgu og óstöðugleika hefur sparnaður hlutfallslega verið þó nokkuð mikill hérlendis miðað við það sem gerist og gengur hjá þjóðunum í kringum okkur. Þetta hefur vakið furðu en vissulega hefur þetta verið aflvaki margs konar nýjunga í atvinnulífinu og þetta hefur verið forsenda fyrir því að það hefur verið hægt að vinna að ýmsum þjóðþrifamálum á undanförnum árum.

Hinn mikli sparnaður kemur fram í því að sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1961—1966 var hann u. þ. b. 27%. Á árunum 1967–1968, þegar urðu mestu efnahagslegu áföll sem sagan kann frá að greina á þessari öld, liggur mér við að segja, jafnvel þó að heimskreppan mikla sé meðtalin, hrapaði hann niður í 22%. Hann var á síðasta áratug að jafnaði um 25% en var þó mjög sveiflukenndur. Þar réðu mestu þau ytri áföll sem við urðum fyrir á þessum áratug og líka sú stefna sem fól það í sér að sparifjáreigendur gátu ekki ávaxtað innlánsfé sitt með eðlilegum hætti.

En það undarlega gerðist á síðustu árum valdaferils síðustu ríkisstj. að þessi sparnaður sem hafði hangið í því að vera fjórðungur af þjóðarframleiðslunni og það af meira hrapaði skyndilega. Þetta gerðist á árinu 1980 sem þó var einstaklega hagstætt ár hvað varðar öll ytri skilyrði. Það var hagstætt hvað varðaði sjávarafurðaframleiðsluna og það var hagkvæmt að mörgu öðru leyti. Þrátt fyrir það dróst sparnaður í þjóðfélaginu saman og hrapaði ofan í 19% og hafði ekki verið minni í þrjá áratugi. Og nú kemur allt í einu 3. þm. Reykv. og hefur geysilegar áhyggjur af því að þetta frv. sem hér liggur fyrir kunni að draga úr sparnaði í þjóðfélaginu, maður sem stóð að framkvæmd efnahagsstefnu með þeim hætti að sparifjármyndun landsmanna dróst saman um sem svaraði 7% eða þar um bil. Það lýsir dæmalausri kokhreysti, eða eigum við að segja yfirdrepsskap, að halda uppi slíkum málflutningi. En kannske lýsir það líka vilja hv. síðasta ræðumanns til að gleyma árunum á undan. Það er auðskiljanlegur vilji og ég skal vissulega taka þann vilja fyrir verkið .

Till. sem hér liggur fyrir mun vissulega efla sparnað í landinu. Og hún mun gera fleira að verkum. Hún mun beina þessum sparnaði inn í farvegi atvinnulífsins og leggja þannig drög að því að hægt verði að hefja atvinnulífið til vegs og virðingar að nýju. Það er markmið þessarar till. og það felur hún í sér og þess vegna er hún geysileg breyting frá þeirri stefnu sem framfylgt hefur verið undanfarin ár. Þess vegna er það rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að þetta sé einn veigamesti þátturinn í stefnu ríkisstj.

Það hefur verið eitt böl atvinnulífsins hérlendis að þurfa svo mjög að byggja á erlendum lántökum. Því miður sjáum við ekki fram á það á þessu ári vegna ytri áfalla að hægt verði að vinda ofan af erlendum lántökum en það hefur verið, liggur mér við að segja, að sumu leyti Þrándur í Götu atvinnulífsins hversu mjög það hefur þurft að byggja allt sitt viðurværi á erlendum lántökum. Við vitum vel að erlendu lántökurnar hafa orðið mörgum atvinnugreinum ákaflega þungar í skauti. Það hefur m. a. sýnt sig í sjávarútvegi þar sem útgerðin hefur orðið að fjármagna stofnframkvæmdir og fjárfestingar með erlendum dýrum lánum sem hafa hækkað að verðgildi langt umfram hækkun tekna útgerðarinnar, hækkun fiskverðsins m. ö. o.

Það er athyglisvert að á síðustu árum hefur hallað á ógæfuhliðina hvað þetta varðar vegna þess að menn hafa teygt sig lengra en innlendi sparifjármarkaðurinn hefur leyft. Menn hafa reynt að fjárfesta meira en

innlendur sparnaður hefur getað sagt til um. Fram kemur í ákaflega merku erindi Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra, sem hann flutti á ráðstefnu Stjórnunarfélags Íslands 21. okt. 1982, að ef litið er á lántökur landsmanna í heild á árunum 1970—1973 voru að jafnaði 80% þeirra innlendar en 20% erlendar. Árið 1982 hafði dæmið snúist við þannig að innlend lánsfjármögnun var aðeins 60% en erlend 40%. Þetta er alvarlegt mál. Þetta skýrist að hluta til í ræðu seðlabankastjóra þar sem hann skýrir frá því að á tímabilinu 1954—1982 hafi þjóðarframleiðslan farið hátt í að þrefaldast. Hins vegar hafi notkun erlends lánsfjármagns nálægt tífaldast en notkun innlends lánsfjár rúmlega fjórfaldast. Allt þetta rennir stoðum undir þá skoðun mína að við höfum gengið of langt í að nýta okkur erlent lánsfé og að við þurfum að hverfa af þeirri braut. Það verður m. a. gert með því að efla eiginfjármyndun atvinnulífsins, gera það að verkum að það þurfi hvorki að leita í jafnríkum mæli á innlenda lánamarkaðinn né þann erlenda eins og það hefur gert hingað til. Þetta frv. er mikilvægt skref í þá átt.

Það eru út af fyrir sig ekki mikil tíðindi að komast að því að vinstri menn á Íslandi hafi ekki mikinn skilning á því að efla þurfi atvinnulíf landsmanna. Ég hef þegar rakið í nokkru máli viðskilnað þeirra þegar þeir fóru úr síðustu ríkisstj. Það er líka fróðlegt að kynna sér þær till. sem þeir leggja fram. Núna þegar verið er að ákveða skattstigann leggja þeir til að stórauka skatta á félög. Þeir leggja til að skattar á félög verði u. þ. b. 15% hærri en þeir sem ríkisstj. gerir ráð fyrir. Þetta sýnir með öðru afstöðu þessara manna til atvinnulífsins.

Líka er eftirtektarvert að skoða þær till. sem lagðar voru fram á landsfundi Alþb. um eflingu atvinnulífsins. Það getur margar fróðlegar rósirnar að líta í þeim undarlega blómagarði. Tíundað er í einum tíu liðum í frásögn í Þjóðviljanum hvað beri að gera. Ég gríp niður í kafla um iðnað. Þar segir: Gera ráðstafanir til þess að iðnaðurinn geti framleitt vörur fyrir stærri hluta heimamarkaðar en nú er um að ræða. Þar með sparast gjaldeyrir um leið og möguleikar myndast til að taka við fleira fólki í vinnu en nú er kostur á. Ekki orð um það hvernig eigi að gera þetta. Auka á iðnaðarframleiðsluna með því að auka iðnaðarframleiðsluna. Þetta virðist vera tillaga Alþb. í iðnaðarmálum. Svipað er uppi á teningnum í öðrum málaflokkum og ekki ástæða til þess að fjölyrða þar um.

Ég vil endurtaka það að ástæða er til að fagna því frv. sem hér liggur fyrir. Það er skref í þá átt að búa betur að íslensku atvinnulífi, gera það sjálfstæðara gagnvart lánardrottnum og efla þátttöku almennings í atvinnulífinu. Allt er þetta til bóta.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða í löngu máli um þetta frv. og fylgifrv. þess sem er 160. mál og er á dagskrá hér á eftir. Ég vildi gjarnan geta rætt um þau bæði í örstuttu máli að þessu sinni til að spara fé og fyrirhöfn auk þess sem síðara frv. er mjög tengt því fyrra.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því að það er í senn athyglisverð en þó um leið nokkuð sérkennileg tilviljun að á sama tíma og þessar athyglisverðu umr. fara fram í dag um grundvallarlögmál frjálshyggjunnar fjallar einn helsti hugmyndasmiður þeirra ungra sjálfstæðismanna og frjálshyggjunnar um það í Dagblaðinu hvernig eigi að selja ömmu sína og kemst m. a. að þeirri niðurstöðu að eina sem standi þar í veginum sé að hann bresti formlegar eignarheimildir. M. ö. o. kemst þessi ágæti maður að þeirri niðurstöðu að það eina sem standi í vegi fyrir því að hann selji ömmu sína sé eignarheimildaskortur. (**Heilbr.- og trmrh.:** Getur hann bara ekki selt þig? Ekki er fjallað um það í frv. þó athyglisvert sé.

Ég vek aðeins athygli manna á því sem ætti að koma fram í þessari athyglisverðu umræðu í Dagblaðinu að möguleiki væri fyrir þann ágæta hugmyndasmið þeirra ungra sjálfstæðismanna að slá nú tvær flugur í einu höggi með því að leggja út í hlutafjárkaup í ömmu sinni því að þá gæti þessi ágæti maður í senn fengið skattafrádrátt — ef amma hans væri virt dálítið hátt og hundrað menn vildu slá í kaupin með honum — a. m. k. sem svaraði 10 millj. kr. og auk þess mundi hann öðlast þá eignarheimild sem hann nú brestur. Finnst mér það mjög miður að þeir sjálfstæðismenn skuli ekki ganga frá svona vandamáli eins helsta hugmyndasmiðs síns um leið og þeir taka fyrir önnur vandamál í hinu íslenska skattkerfi. Sakna ég þess mjög að í orðum síðasta hv. ræðumanns skyldi ekki vera fjallað um þetta mikla vandamál hugmyndasmiðs þeirra frjálshyggjumanna um brest á eignarheimildum manna til að selja ömmu sína.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi vekja sérstaklega athygli á. Það kemur raunar fram í báðum frv. en tengist meira frv. sem hér er á dagskrá á eftir en því sem er verið að ræða nú. Í grg. með 159. málinu, því frv. sem nú er verið að ræða, segir m. a. svo um helstu breytingar frv., með leyfi forseta:

„Það nýmæli er í frv. að einstaklingum verði heimilt að draga frá tekjum sínum árlega aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri allt að 20 þús. kr. hjá einstaklingi og 40 þús. kr. hjá hjónum. Ákvæði þessu er ætlað að örva beina þátttöku almennings í atvinnurekstri, bæði með nýmyndun eigin atvinnurekstrar og þátttöku í áhætturekstri í félagsformi."

Út af fyrir sig er lítið við þessu að segja annað en að það er ákveðin stjórnmálastefna sem þarna kemur fram. En í framhaldinu eru reistar nokkrar skorður við þessu. Þar segir að sett séu skilyrði fyrir því að fólki sé þetta heimilt. Í fyrsta lagi að um sé að ræða myndun bundinna stofnfjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, í öðru lagi að um sé að ræða framlög í starfsmannasjóði sem sérstaklega eru myndaðir til kaupa á hlutabréfum í hlutafélögum sem þeim eru tengd, í þriðja lagi að um sé að ræða fjárfestingu í hlutabréfum í sérstökum fjárfestingarfélögum sem munu yrðu til kaupa á áhættufé atvinnufyrirtækja o. s. frv. Í fjórða lagi að um sé að ræða fjárfestingu í hlutabréfum hlutafélaga þar sem hlutafé er ekki undir 10 millj. kr. og hluthafar eru a. m. k. 100 talsins.

Með þessum skorðum er sem sé komið í veg fyrir að fólk geti notið þessa skattahagræðis nema með því móti að kaupa hlutafé í stórum hlutafélögum þar sem áhrif hvers og eins eru næsta lítil. Ég ætla ekki að ræða um það mál út af fyrir sig hvort það er æskilegt og rétt að leyfa fólki að draga slíkt stofnframlag frá tekjum sínum til skatts. Um það geta menn deilt endalaust. En mér finnst mjög óeðlilegt að það skuli eiga að mismuna þannig að þetta sé heimilt því aðeins ef viðkomandi einstaklingar kaupa hlutafé í stórum hlutafélögum með yfir 10 millj. kr. í hlutafé og yfir 100 hluthafa. Þetta mun

útiloka fólk mjög víða á landinu frá því að taka þátt með sama hætti og t. d. Reykvíkingar í uppbyggingu atvinnulífs úti í hinum dreifðu byggðum.

T. d. hefur oft verið vakin athygli á nauðsyn þess á Alþingi að byggja upp úti í hinum dreifðu byggðum fjölbreyttari atvinnustarfsemi. Þar hafa verið nefnd dæmi eins og fiskirækt sem víða er farið að stunda að tilhlutan heimaaðila. Menn hafa verið að reyna að ýta undir slíka starfsemi til þess í senn að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið í dreifbýlinu, til að nýta í meira mæli en gert er nú náttúruauðlindir, svo sem eins og heitt vatn sem víða finnst úti í hinum dreifðu byggðum og hentar vel til fiskiræktar, og auk þess hafa menn talið þetta kjörið tækifæri til að stemma stigu við fólksflótta úr hinum dreifðu byggðum sem verður vegna þess að þar skortir fullunægjandi atvinnutækifæri við allra hæfi.

Það segir sig sjálft að þeir eru ekki margir staðirnir á landinu þar sem líklegt væri að hægt væri að stofna til starfsemi atvinnufyrirtækja þar sem hlutafé yrði yfir 10 millj. kr. og um yfir 100 hluthafa væri að ræða. Vel getur verið að þegar fram í sækir yrði þetta hægt en í flestum tilvikum þurfa svona fyrirtæki, eins og t. d. fiskiræktarfyrirtæki sem landsbyggðarmenn eru að reyna að reisa víða um land, oft af veikum burðum, að geta sannað gildi sitt áður en svo er komið að fólk úr fjarlægum byggðarlögum vilji leggja þeim fé í formi hlutafjárframlaga.

Ég veit um nokkur dæmi úr mínu gamla kjördæmi þar sem íbúar heillar sveitar, þar sem hætta er á fólksflótta, hafa tekið sig saman um að reyna að halda fólkinu heima m. a. með því að fitja upp á fiskirækt. Ég vil t. d. nefna eina svona tilraun sem nú er gerð í botni Ísafjarðardjúps. Þetta eru menn sem ekki aðeins stofna sitt litla félag heldur miðast framlag þeirra ekki síst við sjálfboðavinnu sem þeir leggja fram. Gjarnan njóta svona félög stuðnings þeirra aðila sem sveitina byggja. Í þessu tilviki eru þeir mun færri en eitt hundrað. Ef frv. yrði samþykkt óbreytt eins og hér er lagt til væri Alþingi að segja við fólkið í þessu byggðarlagi: Ef þið hafið hug á því að fá skattafrádrátt fyrir að leggja lið einhverjum atvinnurekstri í landinu verðið þið að gera það með því að kaupa hlutabréf í Flugleiðum hf. í Reykjavík, Eimskipafélagi Íslands hf. í Reykjavík, Hafskipum hf. í Reykjavík eða öðru slíku fyrirtæki. Þið njótið hins vegar einskis skattalegs hagræðis ef þið viljið reyna að styðja við uppbyggingu atvinnulífsins í ykkar eigin heimasveit með því að leggja fram fjármuni af eigum ykkar til þess að byggja upp fyrirtæki sem e. t. v. gæti átt mikla framtíð fyrir sér ef það fengi aðeins að sanna sig.

Ég vara, herra forseti, mjög við því að þessi stefna verði staðfest á Alþingi Íslendinga. Ég get út af fyrir sig fallist á að rétt sé að örva starfsemi hlutafélaga með svipuðum hætti og hér er gerð till. um. Um það ætla ég mér ekki að deila við þá stjórnarliða. En mér finnst það vera þveröfug stefna að halda þannig á málum að beina öllu fjárframlagi einstaklinga í þessu skyni frá hinum smáa rekstri úti á landsbyggðinni sem þarf raunverulega á stuðningi að halda og yfir í hlutafjárkaup á stórum fyrirtækjum eða í stórum félögum á Reykjavíkur- og Suðurlandssvæðinu og kannske kaup á hlutafé í nokkrum félögum á allra stærstu stöðunum úti á landi.

Þetta er ekki, herra forseti, sú byggðastefna sem ég held að menn almennt vilji styðja hér og þess vegna mun ég leggja mjög eindregna áherslu á það við þá n. sem fær frv. þetta til skoðunar að ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að rétt sé að taka upp svona aðferðir til að laða fé frá almenningi í hlutafélögin aðstoði hún frekar með þeim hætti fyrirtæki úti í dreifbýlinu, svo sem eins og fyrirtæki á sviði fiskiræktar, loðdýraræktar og aðra slíka starfsemi sem á mikla framtíð fyrir sér, með því að heimila mönnum sama skattalegan rétt gagnvart hlutafjárframlögum í þessum litlu fyrirtækjum og fólki er heimilað ef það kaupir hlutafé í stærstu fyrirtækjum landsins.

Ég lít á það, herra forseti, sem mistök að þessi ábending skuli ekki hafa komið fram við umr. í Ed. og vona að ekki sé of seint að koma fram með þessa ábendingu nú.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Ég hygg að það sé rétt sem fram hefur komið í þessari umr. að þetta frv. svo og það frv., sem er á dagskrá þessa fundar um frádrátt á skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri og fylgir með þessu frv. sem hér er til umr., séu meðal merkustu nýmæla sem fram hafa komið á þessu þingi. Það er alveg ótvírætt að sú stefnumörkun sem í þessum frv. felst er markverð og mun alveg vafalaust leiða til farsældar fyrir íslenskt atvinnulíf. Það er líka rétt að þau viðhorf sem koma fram í þessum frv. kristalla ágreining milli borgaralegra og sósíalískra sjónarmiða við stjórn landsins.

Þau nýmæli sem hér er um að ræða lúta bæði að atvinnufyrirtækjunum sjálfum, eins og hér hefur komið fram, og eins einstaklingunum. Atvinnufyrirtæki fá nú tækifæri til að draga frá tekjum sínum ákveðið hlutfall til að leggja í fjárfestingarsjóði. Ég held að við þær kröppu aðstæður í atvinnu- og efnahagsmálum sem við búum nú við sé afar mikilvægt að stuðla að aukinni fjárfestingu, stuðla að því að fjölga atvinnutækifærum og þessi ákvæði lúta að því markmiði.

Sömuleiðis er mikilvægt að hér er gert ráð fyrir rýmkuðum fyrningarreglum. Það skiptir miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf að það geti tekið þátt í þeim öru tæknibreytingum sem nú eiga sér stað og endurnýjað vélar og tækni í því skyni að auka framleiðni.

Að því er varðar einstaklingana eru hér einnig stigin mikilvæg skref, bæði að því er varðar meðferð arðs og færslur í stofnfjársjóði og eins að því er varðar aukna fjárfestingu í atvinnurekstri. Hvort tveggja horfir til mikilla framfara og stuðlar að því að gera möguleika manna jafnari en áður að því er varðar sparnað í almenna bankakerfinu og í atvinnulífinu. Mikilvægt er að styrkja stöðu atvinnulífsins í þessu tilliti.

Þær heimildir sem hér eru veittar í þessu skyni eru ýmsum takmörkunum háðar og ég hygg að færa megi alveg skýr rök fyrir því að á ýmsum sviðum eru þessar takmarkanir fullþröngar. Ég er í mörgu tilliti sammála því viðhorfi sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf. að því er varðar kröfur um fjárfestingu í hlutabréfum hlutafélaga þar sem gert er ráð fyrir að um sé að ræða hlutafélög sem hafi hlutafé er nemi 10 millj. kr. og að hluthafar séu a. m. k. 100. Ég hygg að það sé rétt að víða um land og einnig hér á þéttbýlissvæðinu komi fyllilega til álita að slaka á þessum kröfum. Þó að úti á landsbyggðinni hafi vaxið upp öflug fyrirtæki og stór sem falli undir þennan ramma er þar einnig mikið um

minni fyrirtæki og við verðum á næstu árum að leggja áherslu á uppbyggingu slíkra fyrirtækja. Ég tel þess vegna fullkomlega eðlilegt að í meðferð n. um málið verði þessar ábendingar teknar til athugunar í því skyni að kanna hvort þarna megi slaka á kröfum.

Fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv. fyrr í þessari umr. að að hans mati er hér verið að færa fjármagn yfir til einstaklinga á sama tíma og verið er að skera niður opinbera þjónustu. Ég held að nauðsynlegt sé að minna á í þessu sambandi að á undangengnum mánuðum hafa verið gerðar mjög víðtækar ráðstafanir á ýmsum öðrum sviðum skatta- og tryggingamála til að styrkja stöðu einstaklinga og fyrst og fremst þeirra sem við kröppust kjör búa. Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum voru sérstakar ráðstafanir gerðar í þessu skyni er fólu í sér hækkun á persónuafslætti, hækkun á barnabótum, tvöföldun á mæðra- og feðralaunum og hækkun lífeyristrygginga umfram almennar launabreytingar. Í skattafrv. sem liggur fyrir þessu þingi er gert ráð fyrir að greiðslubyrði tekjuskatts á þessu ári lækki nokkuð hjá þeim sem hafa meðaltekjur og lægri tekjur. Ríkisstj. hefur fallist á hugmyndir aðila vinnumarkaðarins um sérstakar ráðstafanir í þágu lágtekjufólks með hækkun barnabóta, en einnig hækkun á mæðra- og feðralaunum og hækkun á tekjutryggingu ellilífeyris.

Hér hafa sem sagt verið stigin þrjú mjög mikilvæg skref í þessa veru í þágu þeirra einstaklinga sem við kröppust kjör búa. En þegar hv. 3. þm. Reykv. ræðir um þessi málefni og ber saman sýnist hann gleyma þessum mikilvægu staðreyndum og gegnir það furðu. Enda þótt hann hafi að því er virðist fylgst vel með umr. um stjórnmál á undangengnum mánuðum virðast þessi mikilvægu atriði hafa farið fram hjá honum.

Óumdeilt er að atriði sem þessi hafa heillavænleg áhrif á atvinnureksturinn. Hér kemur auðvitað skýrt fram mismunandi afstaða manna til þess hvernig á að byggja upp þetta þjóðfélag. Sósíalistar vilja vitanlega byggja upp atvinnulífið með þeim hætti að það sé undir sem mestri ríkisforsjá. Þeir sem aðhyllast borgaraleg viðhorf skynja á hinn bóginn að mikilvægast er að atvinnulífið sjálft hafi sem mest frumkvæði að nýjungum, það hafi frumkvæðið að því að brjótast um og efna til nýmæla í atvinnurekstrinum. Þess vegna er nauðsynlegt að skapa því svigrúm til að takast á við þessi verkefni. Miðstýring leiðir ekki til mestra framfara, það sýnir reynslan.

Að því er varðar sparifjármarkaðinn er það alveg rétt að þetta frv. er innlegg í baráttuna um sparifé. Vitaskuld er það það. Við stöndum frammi fyrir ákaflega mikilvægum verkefnum í atvinnumálum. Við þurfum að efla atvinnulífið. Við viljum gera fjárfestingu í atvinnulífinu jafngilda öðrum sparnaði til að treysta atvinnulífið, til að fjölga atvinnutækifærum. Sósíalistar vilja vitaskuld draga úr þessu. Þeir vilja auka hin opinberu umsvif. Þeir vilja auka hina opinberu þjónustu á kostnað atvinnuveganna, á kostnað framleiðslunnar. Við erum að deila um grundvallaratriði í íslenskum efnahagsmálum. Komið hefur fram í þessum umr. að sósíalistar vilja komast út úr erfiðleikunum með eyðslu, við viljum komast út úr erfiðleikunum með vinnu og með því að skapa atvinnulífinu tækifæri til að vaxa og blómgast. Þessi frv. eru mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni, nýmæli sem ég trúi og treysti að marki þáttaskil í íslenskri atvinnusögu. — [Fundarhlé.]

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það voru fróðlegar ræður sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., og hv. 1. þm. Vestf. fluttu fyrr við þessa umr. Það voru einkum og sér í lagi tvö meginatriði sem þeir töldu þessu frv. til tekna. Fyrra atriðið var að með þessu frv. væri stuðlað að því að einstaklingum væri gefinn kostur á að leggja fram fjármagn í stórum stíl til eflingar atvinnulífsins og í öðru lagi væri þetta liður í þeirri stefnu stjórnvalda að styrkja fjármagnsgetu atvinnuveganna.

Við skulum líta á þessar tvær meginröksemdir frá öðrum sjónarhóli en gert hefur verið með tilvísun til þessa frv. Hvað er hv. ríkisstj. að gera á ýmsum öðrum sviðum? Hæstv. fjmrh. hefur ákveðið nýtt form á sparnaðarbréfum ríkisins til að gera þau girnilegri fyrir almenning í landinu og stuðla að því að ríkið fái í sinn hlut meira af því sparifé sem í umferð er í þessu landi. Hæstv. fjmrh. Sjálfstfl. hefur með þessum hætti gert sér sérstakt far um að styrkja samkeppnisstöðu ríkisins á hinum almenna sparifjármarkaði. Til viðbótar hefur fjmrh. ákveðið að taka upp þá nýbreytni að gefa út sérstaka ríkisvíxla í því skyni að hvetja fjármagnseigendur til að afhenda ríkissjóði fjármagn sitt til ráðstöfunar. Margt bendir til að þetta form ríkisvíxla verði með þeim sérkennilega hætti að á þeim verði engin ákveðin vaxtakjör, heldur verði í hverjum mánuði boðin út ákveðin upphæð ríkisvíxla og fyrirtækjum, bönkum og einstaklingum gefinn kostur á að senda tilboð til fjmrh. í einstakar milljónir, tugi milljóna af ríkisvíxlum, sem fjmrh. og Seðlabankinn láta síðan af hendi.

Það er þess vegna alveg ljóst að með þessum tveimur aðferðum hefur hæstv. ríkisstj. ákveðið að styrkja mjög möguleika ríkisins til að draga til sín fjármagn frá viðskiptabönkunum sem þjóna atvinnuvegunum, af því fjármagni einstaklinga og fyrirtækja sem ella væri sett í atvinnurekstur, og breyta þannig hlutföllum í fjármagnsskiptingunni milli ríkisins og atvinnuveganna ríkinu í hag. Þetta er stefna sem felur í sér stórfellda aukningu á ríkishlutdeildinni í ráðstöfun sparifjárins í landinu.

Í þriðja lagi hafa komið fram í fjh.- og viðskn. þessarar deildar upplýsingar sem benda til þess að hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. beiti sér nú fyrir því að lífeyrissjóðirnir í þessu landi hætti í verulegum mæli að ráðstafa fjármagni sínu til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og beini því í aðrar áttir. Nú skal ég ekki um það ræða á þessu stigi hvernig sú stefna mun nákvæmlega birtast. Það á eftir að koma í ljós. En það er a. m. k. ljóst að af hálfu þessara tveggja hæstv. ráðh. er nú verið að þreifa sig áfram með þriðju aðferðina, sem á að fela það í sér að færa fjármagn frá atvinnulífinu og sjóðum þess yfir í ráðstöfunarvald ríkisins. Það er þess vegna algjörlega út í hött og rangfærslur hinar mestu þegar þessir tveir hv. þm., Þorsteinn Pálsson og 1. þm. Vestf., eru að reyna að halda því hér fram að ríkisstj. sem hér er við völd sé eitthvað annt um að styrkja sérstaklega fjármagnsmöguleika atvinnuveganna í samkeppni við ríkisvaldið.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson er nefnilega að beita sér fyrir því að ríkisforsjá og ríkisvald hvað varðar ráðstöfun fjármagns á Íslandi aukist stórlega í þessari valdatíð Sjálfstfl. Það erum við, talsmenn Alþb., sem

erum að mæla gegn því að með þessum hætti sé hlutur ríkisins í fjármagnsdreifingunni aukinn. Við höfum þvert á móti lagt til að möguleikar atvinnulífsins í landinu í heild sinni til að ráðstafa þessu fjármagni í samvinnu launafólks og stjórnenda fyrirtækjanna væru stórlega auknir. En það er fjmrh. Sjálfstfl. og ríkisstj. Sjálfstfl. sem eru að finna hér upp, nánast í hverjum mánuði, nýjar aðferðir í formi nýrra gylliboða varðandi sparnaðarbréf ríkisins, varðandi ríkisvíxla og varðandi nýjar aðferðir um ráðstöfun á fjármagni lífeyrissjóðanna til að styrkja frekar hlutdeild ríkisins. Það er þess vegna alveg ljóst, að þegar litið er á málin frá þessum sjónarhóli verður það nánast eins og að skemmta skrattanum þegar þessir þm. mæla á þann veg hér að ríkisstj. sé að draga úr hlutdeild ríkisins. Það er mesti misskilningur.

Það sem ríkisstj. er hins vegar að gera með þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, er að skapa stóreignamönnum í landinu, sem eiga hlutdeild fyrst og fremst í stærri fyrirtækjum landsins, möguleika til að greiða minna af hlutafjáreign sinni og arðsemi þeirri, sem þeir fá út úr sínum fyrirtækjum, til almennra sjóða í landinu. Þá er ég kominn að seinni ástæðunni sem nefnd hefur verið þessu frv. til stuðnings, að það gefi almenningi í landinu kost á að leggja fram fjármagn til atvinnulífsins. Hvaða almenningi? Er það almenningurinn sem hefur 10—11 þús. kr. á mánuði. Eru það þær þúsundir sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson var að nefna áðan að ríkisstj. hefði sérstaklega í hyggju að koma til móts við með hliðarráðstöfunum í kjölfar kjarasamninga? Eru það þær þúsundir sem kjararannsókn Kjararannsóknarnefndar leiðir í ljós að þurfi að framfleyta sér og fjölskyldu sinni á launum sem nægja ekki fyrir húsaleigu, mat, hita og rafmagni?

Það er alveg ljóst að ríkisstj. hefur með kjarastefnu sinni stórlega skert möguleika fólks til að leggja fram fjármagn í atvinnulífið í landinu. Hvernig halda menn að ríkisstj. sem skert hefur lífskjörin um fjórðung geti komið hér og sagt: Við erum að efla möguleika fólks til að leggja fram fjármagn í atvinnulífið. Það er a. m. k. ekki mikið samræmi í því að byrja fyrst á því að skerða lífskjör fólksins í landinu um fjórðung og rúmlega það og koma svo hér og segja: Við erum að styrkja stöðu fólksins til að leggja peninga í atvinnulífið. — Það er að vísu rétt að með þessu frv. er verið að styrkja stöðu stóreignafólks og efnameira fólks til að leggja fram peninga með skattleysishætti í atvinnulífið, en allur fjöldinn, þúsundirnar, tugþúsundirnar í þessu landi hafa eftir valdatöku þessarar ríkisstj. haft miklu minni möguleika til að leggja peninga sína í útgerðarfyrirtækin í sinni heimabyggð, í iðnfyrirtæki í sinni heimabyggð, í þjónustuiðnað og ýmsar aðrar atvinnugreinar, sem menn vilja byggja upp í samvinnu allt í kringum landið, einfaldlega vegna þess að þúsundir heimila þurfa nú á öllu sínu fjármagni að halda til að halda sér lifandi, í húsaleigugreiðslur, mat, síma, rafmagn og klæði.

Þess vegna er það einnig ljóst, að þegar á þetta mál er horft í tengslum við það sem ríkisstj. er að gera í heild sinni hefur þessi ríkisstj. meir en nokkur önnur ríkisstjórn skert möguleika alls almennings í þessu landi til að leggja eitthvað af mörkum til þróunar atvinnulífsins.

Hér er fyrst og fremst á ferðinni frv. sem er gert fyrir þann mikla minni hl. í þessu landi sem eru fyrirtækjaeigendur, stóreignamenn og hátekjufólk. Þetta frv. er liður í þeirri stefnu ríkisstj. að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Það er ósköp eðlilegt að útgerðarfjölskyldurnar, sem eiga togarana og frystihúsin í kringum landið, fagni þessu frv. Það er ósköp eðlilegt að þeir sem hafa verið að stofna fyrirtæki til að búa til lek plaströr fagni svona frv. (**Gripið fram í:** Gúmmíslöngur.) Eru það gúmmíslöngur? Lekar gúmmíslöngur þá. (Gripið fram í.) Það er alveg eins með þetta frv. og frv. um lausaskuldir bænda, sem vikið var að hér fyrir nokkrum dögum, að einstakir þm. ættu að fara að tilkynna þá sérstöku fjárhagslegu hagsmuni sem þeir hafa sjálfir af þeim frv. sem til umr. eru.

Þegar litið er á þetta frv. í ljósi annarra aðgerða sem ríkisstj. er að gera er alveg ljóst, eins og ég hef hér sagt, að þetta er breyting á skattalögum sem fyrst og fremst stuðlar að því að styrkja hag fyrirtækjaeigenda, stóreignafólks og hátekjufólks, enda er alveg ljóst að það eru ákveðnir þjóðfélagshópar í þessu landi sem hafa öðlast miklu betri hag eftir að ríkisstj. tók við völdum. Einstaklingar sem reka eigin fyrirtæki, sem eru með ýmiss konar rekstur og fólk í vinnu, komast miklu betur af sem eigendur fyrirtækja og rekstraraðilar í dag en þeir gerðu áður. Þær fjölskyldur sem lifa á vinnu annarra í formi fyrirtækjareksturs hafa núna miklu meira til ráðstöfunar í þessu þjóðfélagi en þær höfðu áður. Þetta frv. er þess vegna flutt fyrir þær fáeinu þúsundir í þessu landi sem eru stóreignamenn og hátekjufólk og eiga stórfyrirtækin í þessu landi. Þetta er flutt fyrir fjölskyldurnar í Sjóvá og Eimskip, einkaútgerðarfyrirtækjunum í kringum landið og aðra sem eru aðilar að stóru, öflugu, kapitalísku fyrirtækjunum í þessu landi. Þetta er ekki frv. í þágu valddreifingar, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, enda kom það rækilega fram í ræðu hv. þm. að hann áttaði sig á því að gagnrýni þm. Sighvats Björgvinssonar hitti rækilega naglann á höfuðið þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson afhjúpaði hér að þetta frv. í þeim búningi sem ríkisstj. og Sjálfstfl. leggur það fram snertir á engan hátt það markmið að stuðla að þróun smárra fyrirtækja eða valddreifingu í atvinnulífi á Íslandi, heldur er þetta frv. gagngert sniðið fyrir kapitalísku risana í íslensku atvinnulífi, Hafskip, Eimskip og stóru einkaútgerðarfyrirtækin.

Sú ríkisstj. sem hér situr að völdum stuðlar að því að skerða lífskjör almennings meir og meir. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson vék að því í ræðu sinni að ríkisstj. vildi stuðla að því að bæta sérstaklega kjör þeirra verst settu og hefði nú í gær gert samkomulag við fulltrúa Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins um með hvaða hætti þetta yrði gert. Fyrst hv. þm. Þorsteinn Pálsson, sem fjölmiðlar upplýsa í gær og í dag að hefur verið aðili að þessu samkomulagi ásamt hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarmeirihl. hér á Alþingi við fulltrúa ASÍ og VSÍ, hóf umr. um þetta samkomulag hér, þá væri æskilegt að hann upplýsti nokkur atriði í þessu sambandi. (**SighB:** Ég held að það sé öllum fyrir bestu að hann þegi um það.) Nei, ég held að það sé öllum fyrir bestu að hv. þm. Þorsteinn Pálsson geri grein fyrir því hér t. d. hvort hann er sammála þeirri till., sem sagt er að Vinnuveitendasambandið hafi lagt fram, að 306—330 millj. kr. til þessara aðgerða verði aflað innan fjárlaga með þeim hætti að minnka niðurgreiðslur. Það hefur komið skýrt fram að þetta er tillaga Vinnuveitendasambandsins. Svo er sagt í fjölmiðlum a. m. k. og hv. þm. Þorsteinn Pálsson getur þá upplýst

ef það er ekki rétt. Hann hefur í samvinnu við hæstv. forsrh. tekið að sér að framkvæma þetta samkomulag og þess vegna er spurt að því hér: Á að afla fjár til þessara aðgerða, sem sagt er að eigi að bæta kjör hinna verst settu, með því að lækka niðurgreiðslur eða m. ö. o. með því að hækka verð á mjólk, kjöti og almennum lífsnauðsynjum fólksins í landinu? Ef svo er er alveg ljóst að hér er á ferðinni umfangsmikil kjarafölsun. Það er tekið með annarri hendinni sem látið er með hinni. Og þær fjölskyldur sem nú lifa fyrst og fremst á grjónagraut, sem eins og allir vita er búinn til úr mjólkurafurðum að verulegu leyti, þurfa að fara að greiða enn hærra verð fyrir þann fræga graut en þær hafa gert til þessa.

Í öðru lagi væri æskilegt að hv. þm. Þorsteinn Pálsson svaraði því hér hvort hann er sammála þeirri skoðun eftirmanns síns í framkvæmdastjórastóli Vinnuveitendasambands Íslands að ríkisstj. *muni ekki hér á* Alþingi flytja frv. um þau atriði sem hér hefur verið rætt um að væru liðir í þessu samkomulagi né heldur hrinda þeim í framkvæmd eftir öðrum leiðum nema það liggi fyrir að öll verkalýðsfélög í landinu samþykki þann kjarasamning sem forustumenn ASÍ og VSÍ gerðu í gær. Er það einnig stefna hv. þm. Þorsteins Pálssonar og ríkisstj. að framkvæma þessi mál með þessum hætti, að taka samningsvaldið af hinum einstöku verkalýðsfélögum í landinu með því að segja: Hinir lægstlaunuðu, hinir verst settu, þeir sem þurfa að lifa á 10 þús. kr. launum eða minna, fá ekkert til sín nema öll verkalýðsfélögin allt í kringum landið samþykki þennan samning óbreyttan? — Er það afstaða hv. þm. Þorsteins Pálssonar? Er það sú afstaða sem ríkisstj. hefur mótað?

Fyrr en þessum spurningum hefur verið svarað og báðum neitandi liggur ekkert fyrir um að þær aðgerðir sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson var að hæla sér af séu til að bæta kjör fólksins í landinu. Það væri þess vegna mjög æskilegt að áður en þessari umr. lýkur yrðu veitt svör við þessum spurningum.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði áðan að það væri sú grundvallarafstaða borgaralegra afla sem aðgreindi þau frá öðrum öflum að fólk ætti að komast út úr erfiðleikunum með vinnu. Þetta má vissulega til sanns vegar færa. Það hefur verið grundvallarstefna þessarar ríkisstj. að fólk eigi að vinna lengur og meira fyrir minna og minna. Fólk er nú mörgum klst. lengur að vinna fyrir hitareikningnum á mánuði, mörgum klst. lengur að vinna fyrir símareikningnum, mörgum klst. lengur að vinna fyrir rafmagnsreikningnum og einnig mörgum klst. lengur að vinna fyrir opinberum gjöldum, t. d. í Reykjavík. Alþýðusamband Íslands hefur t. d. gefið út sérstaka skrá yfir það hve mörgum tugum klst. í hverjum mánuði venjuleg launafjölskylda er nú lengur að vinna fyrir hinum einföldustu nauðsynjum síns heimilis. Er þetta stefna hinna borgaralegu afla, að fólkið í landinu eigi að leggja meira á sig, það eigi að vinna meira til að halda í sama horfi og áður, en á sama tíma, eins og með þessu frv., fái hinir ríku, efnameiri og eigendur fyrirtækjanna meira og meira fyrir minna og minna?

Að þessu leyti er kannske skilgreining hv. þm. Þorsteins Pálssonar rétt, að fjöldinn á að vinna, en fjármagnseigendurnir eiga að fá meira í sinn hlut fyrir æ minna og minna. Þeir eiga að leggja minna til sameiginlegra þarfa samkv. þessu frv. Þeir eiga að fá meira í sinn hlut skv. þessu frv. Þar er ekki verið að leggja vinnumælikvarðann til grundvallar. Þar er fjármagnseignin ein lögð til grundvallar. Það er þar sem skilur á milli þeirrar lífshugsjónar sem hann hefur gerst talsmaður fyrir hér og þeirrar sem við erum fulltrúar fyrir ýmsir aðrir hér í salnum, að við viljum að manngildið ráði því hvað er hreyfilögmál þjóðfélagsins, en ekki fjármagnseignin, eins og hún gerir í þessu frv.

Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur einnig lagt hér fram á Alþingi frv. um virðisaukaskatt. Samkvæmt því frv., ef að lögum verður, annaðhvort á þessu þingi eða snemma á næsta þingi, mun verðlag á matvælum stórlega hækka hér í þessu landi. T. d. á samningstíma þeirra kjarasamninga sem undirritaðir voru í gær mun, ef þetta stjfrv. verður samþykkt, verð á matvælum hækka jafnvel um rúm 20% á einum degi. Ef það fer svo saman að á sama tíma séu niðurgreiðslur skornar *niður kannske um þriðjung til að afla fjármagns í* ráðstafanir til góða launafólki og virðisaukafrv. tekur gildi einhvern tímann síðar á þessu ári, hvort sem það verður hérna megin við sumarið eða síðar á árinu, er alveg ljóst að ríkisstj. stefnir að því að stórauka enn framfærslukostnað venjulegra heimila í þessu landi á sama tíma og möguleikar fjármagnseigendanna og hlutabréfaeigendanna í stórfyrirtækjunum að skara eld að sinni köku hafa verið stórlega auknir.

Það er þess vegna með þessu frv. ekki verið að leggja grundvöll að því að í þessu þjóðfélagi geti allur fjöldinn tekið þátt í atvinnurekstrinum. Það er mesti misskilningur. Það er ekki stefna þessarar ríkisstj. að allur fjöldinn *geti tekið þátt í atvinnurekstrinum.* Ríkisstj. hefur þvert á móti gert allan fjöldann svo auman tekjulega séð að hann hefur engar stærðir afgangs til þess að leggja af mörkum til atvinnulífsins í landinu, hvort sem hann vill gera það með sparnaði eða með því að taka beinlínis þátt í fyrirtækjunum í gegnum eignaraðild. Það hefur engin ríkisstjórn á Íslandi svipt venjulegt fólk í þessu landi í jafnríkum mæli möguleikum á því að taka þátt í atvinnulífinu annaðhvort með sparnaði eða eignarþátttöku og þessi ríkisstj. Það er þess vegna algjörlega út í hött að þessir ungu fulltrúar Sjálfstfl., frjálshyggjunnar, komi hér upp í ræðustólinn og geri sig breiða, eins og þeir gerðu áðan 1. þm. Vestf. og 1. þm. Suðurl., í þá veru að hér sé verið að efla þátttöku fjöldans í atvinnulífinu og gera honum kleift að taka þátt í því. Það er verið að styrkja stöðu hinna fjársterku. Það er verið að styrkja stöðu stóreignafjölskyldnanna sem hafa raðað sér í kringum Eimskip, Sjóvá, Hafskip og stærstu útgerðarfyrirtækin í kringum landið til að geta haldið áfram að skara eld að sinni köku.

Þetta er frv. sem beitir skattalegum aðferðum til að draga fjármagnið saman á hendur æ færri og gera möguleika þeirra til að styrkja efnahagslega stöðu sína sífellt betri og betri. Að þessu leyti er þetta frv. í algjörri andstöðu við þá stefnu sem t. d. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lagði ríka áherslu á hér á árum áður og hins vegar meira í ætt við stefnuna um að selja ömmu sína eða gefa vændi frjálst að lögum og leyfa fíkniefnasölu að grassera í borginni skv. lögmálum markaðarins og hinna fjársterku, sem postuli nýfrjálshyggjunnar á Íslandi og innan Sjálfstfl. hefur boðað í blaðagreinum að undanförnu.

Það liggur fyrir að bæði Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa mótmælt

meginákvæðum þessa frv. Ég vek rækilega athygli á að þeirri samþykkt greiddu atkv. allir fulltrúar í stjórnum þessara samtaka. Í Morgunblaðinu í dag er birtur listi yfir þá sem eru í verkalýðsmálaráði Sjálfstfl. Ýmsir í þeim hópi sátu í stjórn Alþýðusambandsins og BSRB á þeim fundum þar sem þessi afstaða var mótuð. Í miðstjórn Sjálfstfl. eru líka menn sem hafa greitt atkv. gegn þessu frv. á vettvangi samtaka launafólks og ef menn skoða skrána yfir fulltrúa í verkalýðsmálaráði Sjálfstfl. er alveg ljóst að í þeim hópi eru einstaklingar sem standa að mótmælum Alþýðusambandsins og BSRB gegn þessu frv. Sjálfstfl. er sem betur fer ekki svo heillum horfinn að það sé ekki enn þá hægt að finna menn innan hans sem gera sér grein fyrir því hvað er hagsmunum almennings í landinu fyrir bestu og hvað ekki, hvað það er sem fyrst og fremst þjónar hagsmunum hinna ríku og hvað það er sem fyrst og fremst þjónar hagsmunum launafólksins í landinu. Ég held að æskilegt væri að hv. þm. Þorsteinn Pálsson kæmi hér upp og sýndi fram á hvað það væri í einróma umsögn Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þessi frv. sem er rangt. Hvað er það sem er rangt, hv. þm. Þorsteinn Pálsson, í afstöðu sjálfstæðismannanna innan stjórnar BSRB og sjálfstæðismannanna innan stjórnar Alþýðusambandsins til þessa frv.? Þorir hv. þm. að gera grein fyrir því hér í salnum? Þorir hann í rökræður við sjálfstæðismennina í samtökum launafólks um þetta frv. eða kemur hann bara, eins og hann gerði hér áðan, og breiðir um sig með almennum óljósum frösum um að hér sé verið að styrkja hag almennings í landinu, efla sparnað, draga úr ríkisumsvifum og þetta sé barátta milli borgaralegra afla og sósíalismans, þessir séu á móti, þessir séu talmenn sósíalismans, en þeir sem eru með þessu frv. séu talsmenn borgaralegra afla?

Er Björn Þórhallsson, miðstjórnarmaður í Sjálfstfl. og varaforseti Alþýðusambands Íslands, er greiddi atkvæði gegn þessu frv. í miðstjórn Alþýðusambandsins, á móti borgaralegum öflum skv. skilgreiningu Þorsteins Pálssonar hér? Er hann kannske einn af þeim vondu sólíalistum sem eru að berjast gegn þessu frv.? Er varaformaður BSRB, sjálfstæðismaður úr Hafnarfirði, sem situr í verkalýðsmálaráði Sjálfstfl. og líka greiddi atkv. gegn þessu frv., líka fjandmaður borgaralegra afla, einn af þessum vondu sósíalistum sem eru á móti þessu frv.? Væri ekki æskilegt að hv. þm. Þorsteinn Pálsson kallaði saman fund í flokki sínum og segði þessum mönnum að þeir væru að berjast gegn hinum borgaralegu öflum, ef hann ætlar að bjóða okkur hér í þingsal upp á þann málflutning að þeir sem tala gegn þessu frv. séu að tala gegn borgaralegum öflum? Er það kannske þannig að í æðstu forustustöðum í Sjálfstfl. sé fullt af mönnum sem eru á móti hinum borgaralegu öflum og hinni borgaralegu stefnu, það séu laumusósíalistar komnir inn í innstu raðir miðstjórnar Sjálfstfl. og skipi veglegan sess í stjórn verkalýðsmálaráðs Sjálfstfl.?

Auðvitað afsannar yfirlýsing BSRB og ASÍ meginkjarnann í málflutningi hv. þm. Þorsteins Pálssonar áðan. Hans eigin flokksmenn hafa svarað honum með formlegri yfirlýsingu sem send hefur verið Alþingi. Og ég fullyrði að ef menn skoða þær umsagnir sem Alþýðusamband Íslands og BSRB hafa sent Alþingi á undanförnum árum um hin ýmsu frv., sem hér hafa verið til meðferðar, hefur sjaldan ef nokkurn tíma verið tekið jafnsterkt til orða og í mótmælunum sem send eru gegn þessu frv. Ég skora á hv. þm. Þorstein Pálsson og 1. þm. Vestf. og aðra þm. Sjálfstfl. að skoða skjalasafn Alþingis og gá hvort alþýðusamtökin í landinu hafa nokkru sinni tekið jafnsterkt til orða í mótmælum sínum gegn frv. sem hér hefur verið lagt fram. Það gerðu það allir, ég endurtek það, sem í stjórn þessara samtaka sitja.

Hefur þetta frv. t. d. verið rætt í verkalýðsmálaráði Sjálfstfl.? Hefur það tekið einhverja afstöðu til þessa frv.? Er það eitt af óskabörnum Verslunarráðsins sem þessi nýfrjálshyggjuforusta í Sjálfstfl. leiðir hér fram — mennirnir sem annaðhvort eiga fyrirtæki eða hafa verið í forsvari fyrir fyrirtæki?

Herra forseti. Það er ljóst af þessu frv. að þeir sem að þessari ríkisstj. standa ætla að halda áfram á þeirri braut að efla fátækt þúsundanna í þessu landi, en styrkja eignastöðu og fjármagnsmyndun þeirra fáu sem hafa yfir verulegu afgangsfjármagni að ráða í þessu landi. Það er mikill misskilningur að þessi ríkisstj. sé að draga úr hlutdeild ríkisins í ráðstöfun fjármagns. Hún er í reynd að stórauka hlutdeild ríkisins með því að búa til sérstök gylliskilyrði á hinum nýju ríkisskuldabréfum, með því að finna upp sérstakt form á ríkisvíxlum og með því að reyna að fá lífeyrissjóðina til að hætta að leggja fjármagn sitt til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna og færa það yfir í annað.

Herra forseti. Ég vænti þess að áður en þessari umr. lýkur svari hv. þm. Þorsteinn Pálsson þeim spurningum, tveimur sérstaklega, sem ég bar fram til hans varðandi hver væri afstaða hans og ríkisstj. gagnvart því með hvaða hætti ætti að afla fjár til þeirra aðgerða sem þeir samþykktu í gær, hann og hæstv. forsrh., að standa að. Er hugmyndin um að gera það með minnkun niðurgreiðslna virkilega til umræðu? Er það jafnvel ætlun ríkisstj. að samþykkja hugmyndir Vinnuveitendasambands Íslands um það form? Og er ríkisstj. eða Þorsteinn Pálsson sérstaklega sammála þeirri yfirlýsingu framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins að það komi ekki til greina að neinar af þessum aðgerðum í þágu hinna verst settu í þjóðfélaginu komi til framkvæmda fyrr en hvert og eitt einasta verkalýðsfélag í þessu landi hefur samþykkt kjarasamninga? Ef slík væri afstaðan væri það ekki aðeins að þessir herramenn, þessir sjálfskipuðu fulltrúar frjálshyggjunnar sem tóku samningsréttinn af launafólkinu í landinu um mitt s. l. ár, helgasta réttinn sem launafólk hefur, sviptu honum burtu með lögum, hafi hafið feril sinn með þeim hætti, heldur ætli þeir líka að halda honum áfram með því að stilla hinum frjálsu samtökum launafólks í landinu upp við vegg með þeim hætti og segja: Við höfum tekið hina verst settu í landinu, hina fátækustu í landinu, sem gísla og þeir fá ekki auknar barnabætur, þeir fá ekki aukinn mæðrastyrk, þeir fá ekki hækkun lágmarkslauna nema þið samþykkið allir á línunni umræðulaust þann kjarasamning sem gerður hefur verið. — Þar með væri hinn formlegi samningsréttur af hinum einstöku verkalýðsfélögum, hvort sem það er á Suðurlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eða í Reykjavík, tekinn með því að nota hina fátækustu í þessu landi sem gísla í þessu skyni. Sú afstaða sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins lýsir í Morgunblaðinu í dag, að hann og Vinnuveitendasambandið ætli að beita fátækt fjöldans sem svipu og taka samningsréttinn af einstökum verka-

lýðsfélögum, væri kórónan á þá ríkisstj. sem hóf feril sinn með því að svipta samningsréttinum algjörlega burt. Og ég spyr hv. þm. Þorstein Pálsson: Er hann sjálfur í fyrsta lagi, er Sjálfstfl. í öðru lagi og er ríkisstj. í þriðja lagi sammála afstöðu forstjóra Vinnuveitendasambands Íslands?

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Í grg. með þessu frv. stendur m. a. með leyfi forseta:

„Ljóst er að einhver lækkun mun verða á tekjum ríkissjóðs við gildistöku frv. þótt sú lækkun verði ekki nákvæmlega mæld á þessu stigi."

Það er nú ekki að sjá og heyra að þessi væntanlegi tekjumissir valdi ráðamönnum eða þm. stjórnarflokkanna miklum áhyggjum, enda er hér um að ræða tekjutilfærslu til eftirlætisskjólstæðinga þeirra. Öðruvísi mér áður brá. Í hvert sinn sem hafa komið fram tillögur sem óhjákvæmilega leiða til fjárútláta eða tekjumissis ríkissjóðs, þ. e. tillögur sem fjmrh. eða ríkisstj. eru ekki þóknanlegar, svo sem eins og tillögur um framlög til fæðingarorlofsmála, dagvistunarmála, skólamála og þess háttar, þá er kallað eftir tillögum um sparnað á móti.

Fjmrh. lagði a. m. k. í upphafi ferils síns þunga áherslu á þá stefnu sína að fella ekki niður tekjur nema bent væri á aðrar leiðir í staðinn til tekjuöflunar. Ég benti t. d. á ummæli ráðh. í nóv. s. l. þegar hann var spurður hvort hann ætlaði að verða við óskum bókaútgefenda um að fella niður söluskatt af bókum. Ég vitna orðrétt með leyfi forseta í Morgunblaðið 12. nóv. s. l.:

„„Svar mitt er nei. Þetta er stór tekjuliður í fjárlögum og ég hef ekki fundið neina leið til sparnaðar á móti. Þá þykir mér ekki líklegt að það finnist leið til þess að fella þetta niður á næsta ári," sagði Albert Guðmundsson fjmrh., er hann var spurður í gær, hvort hann ætlaði að verða við óskum bókaútgefenda um að fella niður söluskatt á bókum.

Albert sagðist hafa kannað málið til hlítar og niðurstaðan væri, að engin smuga væri til að fella niður söluskattinn. „Þetta er stór tekjuliður í núverandi fjárlögum, eitthvað um 56 millj. kr. Ef fella á þetta niður verður að finna leið til sparnaðar upp á sömu upphæð, en hún hefur ekki fundist, og ég gef engar vonir um að hún finnist á næsta ári," sagði fjmrh."

Þetta sagði hann þá. Nú er ekki kallað á neinar tillögur til sparnaðar á móti þeim tekjumissi sem augljóslega fylgir þessu frv. ef það verður að lögum, þótt ekki sé hægt að segja fyrir um hvað það verði há upphæð. Engar áhyggjur þegar um er að ræða tekjumissi ríkissjóðs yfir til fyrirtækja sem þegar hafa fengið ómælda aðstoð hjá ríkisstj. við að halda niðri launum fólks svo að neyðarástand er orðið eða blasir við á mörgum heimilum.

Einn ræðumanna, ég held að það hafi verið 1. þm. Vestf., sagði hér áðan að það vekti athygli útlendinga hve eiginfjármunastaða fyrirtækja væri lök. Það vekur áreiðanlega ekki minni athygli útlendinga að Ísland skuli vera láglaunasvæði.

Ég þarf annars ekki að lýsa í löngu máli afstöðu Kvennalistans til þessa frv. Sú afstaða kemur fram í nál. minni hluta fjh.- og viðskn. Ed. Ég vil aðeins spyrja fjmrh. hvernig ríkisstj. hyggist bæta ríkissjóði þann tekjumissi sem boðaður er með þessu frv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Víst er það rétt að með því samkomulagi sem virðist hafa tekist á vinnumarkaðnum þá skulum við gera okkur fulla grein fyrir því að þar með hefur fátæktin verið fest í sessi á Íslandi. Þar með ganga menn út frá því sem gefnu að heilu atvinnugreinarnar í landinu eigi ekki að greiða mannsæmandi kaup. Engum blandast hugur um að þau grunnlaun sem um er samið sem lágmarkslaun eru ekki laun sem hægt er að lifa af. Þær atvinnugreinar í þessu landi sem ekki geta borgað meira kaup eru atvinnugreinar sem grundvallast á því að halda starfsfólki sínu neðan fátækramarka. Með samþykkt við slíka kjarasamninga er hæstv. ríkisstj. búin að festa fátækt í sessi hér á landi og með afstöðu sinni er forusta Alþýðusambandsins búin að fallast á það.

Og ég spyr: Fyrst menn eru nú farnir að selja þau réttindi sem áunnust fyrir mörgum árum, jafnvel áratugum, eins og þau að fólki á aldrinum 16—18 ára skuli ekki greidd lægri laun en svokallað fullorðið fólk á að fá, hvenær kemur þá að því að fallist verður á að skrá að nýju karla- og kvennataxta skv. samningum stéttarfélaganna?

Herra forseti. Þetta á ekki erindi inn í þessa umr., en ég vil aðeins vekja athygli manna á því, að eftir því sem ég best veit er hæstv. fjmrh. væntanlegur heim í kvöld. Við þær aðstæður sem nú eru orðnar held ég að ekki geti hjá því farið að Alþingi, a. m. k. stjórnarandstaðan og líklega alþm. allir, hljóti að krefjast þess að við fyrsta tækifæri fari hér fram umr. utan dagskrár á Alþingi, helst þegar á morgun, um þrjú atriði.

Í fyrsta lagi það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vék hér að áðan, hver á að verða framkvæmd ríkisstj. á fyrirheitinu við verkalýðshreyfinguna um hækkun mæðra- og feðralauna, barnabótaauka o. fl. Þetta verður að sjálfsögðu að liggja fyrir. Eini aðilinn sem getur gengið eftir svörum við þessari spurningu við þessar aðstæður er Alþingi Íslendinga.

Með sama hætti er það aðeins Alþingi sem getur gengið eftir svari við spurningunni: Eru einhver skilyrði sem hæstv. ríkisstj. setur og ekki hafa komið fram um þessa framkvæmd? Það er t. d. nauðsynlegt fyrir Dagsbrúnarverkamenn, sem halda sinn fund annað kvöld, að vita þetta áður en þeir ganga til atkvæða um þau samkomulagsdrög sem fyrir liggja. Hvaða skilyrði setur ríkisstj. verkalýðshreyfingunni fyrir framkvæmd á því fyrirheiti sem hún gaf verkalýðshreyfingunni varðandi þessa samninga?

Í þriðja lagi liggur fyrir sú afstaða fjmrh., sem hann hefur þráfaldlega lýst, að verði samið um hærra kaup en nemur 4% muni hann segja af sér. Þessa yfirlýsingu hefur hæstv. ráðh. þráfaldlega gefið frammi fyrir alþjóð, t. d. í sjónvarpi. Og það verður að liggja fyrir, herra forseti, áður en lengra er haldið hver er afstaða fjmrh. eins og málin standa. Ég held að alþm., ekkert síður stjórnarsinnar en stjórnarandstæðingar, hljóti að fara þess á leit að slík umr. geti orðið sem allra fyrst utan dagskrár hér á Alþingi og þá helst ekki síðar en á morgun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum almennt um efnahagsmálin og það ástand sem nú er orðið í okkar þjóðfélagi. Ég ætla aðeins að vekja athygli á því, að hv. 1. þm. Suðurl. tók í ræðu sinni áðan undir þær ábendingar og tillögur sem ég gerði um breytingu á þessu frv., þannig að ef það verður að lögum, sem er

umdeilanlegt hvort eigi að verða við þessar aðstæður, að maður segi ekki meira, ef það verður að lögum þá verði hinum smáa gefinn jafnmikill réttur og risunum í íslensku atvinnulífi. Ég treysti því að hv. þm., sem á sæti í fjh.- og viðskn., flytji þessa sameiginlegu skoðun okkar þangað inn og beiti sér fyrir því að í n. verði gerð sú breyting sem gera þarf á frv. til þess að þetta sameiginlega viðhorf, sem við lýstum báðir, nái fram að ganga.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Í aths. við þetta lagafrv. segir svo, með leyfi forseta:

„Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er gefið fyrirheit um að gerðar verði breytingar á skattalögum í því skyni að örva fjárfestingu og eigin fjármyndun í atvinnulífinu, en öflugt atvinnulíf er forsenda bættra lífskjara í landinu."

Ég býst við að menn hafi kannske ekki í annan tíma horft eins mikið til leiða til að bæta lífskjör í landinu eftir það sem hefur verið að gerast hér síðasta sólarhringinn, þegar verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur hafa tekið höndum saman um að staðfesta fátæktarstigið í landinu. Það hefur verið skrifað undir það opinberlega að laun í landinu hafi verið allt of há þangað til í maí s. l. og að nú sé búið að gera leiðréttingu. Og menn telja sig ekkert þurfa að sækja aftur fyrir sig í þeim efnum.

Hvað er þá til ráða og hvað ætla menn að gera til þess að bæta lífskjör í landinu á næstu mánuðum, næstu misserum, til þess að reyna að lyfta okkur upp af þeirri eymd sem ég tel að við séum komin í þegar við þurfum að beita þeim aðferðum að þeir sem lítið hafa neyðist til að láta af hendi kannske 300 millj. til þeirra sem alveg við hungurmörkin eru og að það eru taldar úrlausnir í efnahagsmálum?

Menn spyrja sig: Er þetta frv. dæmi um þær aðgerðir sem koma skulu í því skyni að bæta lífskjör í landinu? Kannske er þetta það eina sem ríkisstj. hefur lagt fram í þessum efnum á Alþingi. Ég man ekki eftir öðrum plöggum. Þá hlýtur maður að segja við sjálfan sig að ef ekkert er á prjónunum sem er fljótvirkara til að bæta lífskjör í landinu þá er sannarlega ástæða til ótta, vegna þess að eina ferðina enn á að beita á innlendan fjármunamarkað, en það hefur mjög verið í tísku undanfarna daga.

Í hv. fjh.- og viðskn. höfum við haft lánsfjármál ríkisstj. til athugunar. Þar er talað um að útvega u. þ. b. 1 000 millj. í sjávarútveg, það þarf að útvega 150—200 millj. í landbúnað, það vantar 200 millj. í gat sem varð eftir sjúklingaskattinn, það vantar líklega 500—600 millj. í húsnæðismálin. Og þessu á að bjarga, að því er manni skilst, á innlendum fjármunamarkaði með gylliboðum um víxla og verðbréf og annað sem áður hefur ekki sést. Ég held að það sé komin ofbeit á innlendan fjármunamarkað og ég trúi því ekki að í gegnum þessar fyrirhuguðu skattalagabreytingar skili sér þær aðgerðir sem muni leiða til þeirra bóta á lífskjörum íslenskra launþega sem eru óumflýjanlegar og hljóta að þurfa að verða með skjótum hætti eftir það sem menn hafa séð hér síðustu dagana.

Mig langar til að spyrja, af því að komist er að orði í aths. við þetta lagafrv. eins og ég lýsti í upphafi, hvort þetta sé ein af þeim aðferðum sem ríkisstj. í raun og veru reikni með að muni bæta lífskjör í landinu á næstu misserum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það undrar mig að ekki séu fleiri á mælendaskrá. Ég trúi því ekki að hv. þm. Þorsteinn Pálsson svari ekki þeim spurningum sem til hans var beint hér. Það væri satt að segja ærið sérkennilegur atburður í þingsögunni ef formaður stærsta stjórnarflokksins, sem hefði gert daginn áður samninga við aðila vinnumarkaðarins, neitaði að svara hér á þingi nema með þögn sinni spurningum um það efni. Því held ég herra forseti, að þessi umr. hljóti að halda áfram. Ég á a. m. k. eftir að nota rétt minn til að tala lengur. Þess vegna reikna ég með því að á kvöldfundi, sem hefst kl 9, muni þessi umr. halda áfram.

En ég vil vekja athygli á því, að þar eð ég vænti þess að vél Flugleiða frá London sé komin til landsins er hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason, jafnelskulegur, virðulegur og skemmtilegur og hann er nú, ekki lengur fjmrh., heldur er hinn raunverulegi fjmrh mættur í landinu og hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason, sem hér hefur talað fyrir málinu í embætti fjmrh., hefur ekki lengur umboð til að fara með málið. Ég tel þess vegna einsýnt í samræmi við almenna þingvenju að þegar þingfundur hefst hér kl. 9 til að ræða áfram um þetta mál, þá sé flm. frv., hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, mættur á staðinn. Það getur enginn annar ráðh. talað fyrir hans hönd í þessum umr. (**Gripið fram í:** Það er betra að hafa Matthías líka.) Ég leggst ekkert gegn því að hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason sé hér líka, bæði sem ráðh. og jafnvel í gegnum annan mann sem þm. En ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að hann hlutist til um það í matarhléi að hinn raunverulegi fjmrh. landsins hafi hann þá ekki sagt af sér, verði kominn hér í umr. kl 9 skv. eðlilegum þingvenjum, þar eð hann er væntanlega kominn til landsins. — [Fundarhlé.]

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Í umr. um þetta dagskrármál hefur verið dregið fram það sem gerst hefur á sviði kjaramála síðustu dægur. Ég tel ekki óeðlilegt að menn hafi áhuga á því að ræða þau málefni á hinu háa Alþingi. Hins vegar tel ég rétt að undir þessum dagskrárlið ræðum við skattamál en ekki kjaramál. Ég legg því til að við ræðum um kjaramál utan dagskrár í Sþ. á morgun. Ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn að svara þá á þeim vettvangi þeim fsp., sem til mín hefur verið varpað í þessari umr. um þau efni. En ég legg til að við höldum áfram umr. um þetta dagskrármál og ræðum það en ekki kjaramálin. Ég tel eðlilegt og rétt að við höfum þennan hátt á umr. og legg þetta þess vegna til fyrir mitt leyti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þess var farið á leit, ef það mætti greiða fyrir þingstörfum að öðru leyti, að umr. þær um kjaramál sem hafnar voru hér í dag og ég hygg að hv. 1. þm. Suðurl. hafi hafið fari fram á morgun, en dagskrármálið sem hér var á dagskrá fyrir kvöldmatinn verði rætt áfram. Við Alþb.-menn, sem höfum tekið þátt í þessum umr., erum fyrir okkar leyti tilbúnir til að standa að slíku samkomulagi, enda fari fram umr. um kjaramálin utan dagskrár á morgun á fundi í Sþ.

Ég kvaddi mér núna hljóðs til að staðfesta það samkomulag um vinnubrögð sem við fyrir okkar leyti

værum tilbúnir til að standa að. En í öðru lagi stóð ég hér upp til að minna á að í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins var enn þá einu sinni greint frá því að hæstv. forsrh. landsins hefði haft í hótunum við verkalýðshreyfinguna um það, að ef ekki hvert einasta verkalýðsfélag samþykkti svokallaðan kjarasamning, sem var undirritaður í gær af forseta Alþýðusambandsins og framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, þá féllu niður svokallaðar félagslegar ráðstafanir. Þessi hótun forsrh., endurtekin núna í kvöld, er algerlega einstæð og öll hin ósvífnasta. Maklegast væri auðvitað að kalla hæstv. ráðh. hingað þegar í stað til að standa fyrir máli sínu, eftir þetta blaður sem frá honum hefur komið, svo að ljóst verði hvað hann á við.

Nú stendur þannig á að eitt stærsta verkalýðsfélag landins, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, hefur hafið félagsfund til að fjalla um þessa svokölluðu kjarasamninga. Það er auðvitað hrikalegt að ætla nokkru verkalýðsfélagi að fjalla um kjarasamninga undir slíkum ummælum forsrh. landsins. Því verður hins vegar ekki breytt úr þessu og vonandi fæst úr því skorið á morgun hvað ríkisstj. ætlar að ganga langt í þessu efni og hvað hæstv. forsrh. á við með þeim hraklegu hótunum sem hann hefur haft í frammi utan þessara sala.

Ég vænti þess því að umr. á morgun verði til þess að greiða fyrir því að ljóst verði hvernig ríkisstj. hyggst standa að þessum málum, en síðustu hótanir hæstv. forsrh. komu fram í kvöldfréttum rétt áðan.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég fór fram á það við hæstv. forseta áður en fundi var frestað að hann sæi til þess að hinn raunverulegi fjmrh. landsins, sem kominn er til Íslands og lét hafa við sig viðtal í útvarpsfréttum kl. rúmlega 7, kæmi hingað til fundar í hæstv. Nd. Ég get fyrir mitt leyti fallist á að því verði frestað til morguns að ræða þessi mál. Þó held ég að rétt sé að ítreka að það er á þeim grundvelli að þær umr. verði þegar í upphafi fundar í Sþ., en ekki eins og stundum hefur verið tíðkað, að umr. utan dagskrár eru á fimmtudögum hafnar kl fimm, hálfsex eða jafnvel sex á fundum í Sþ., þannig að hvorki gefst þá nægilegur tími til að ræða málin né heldur tækifæri fyrir fjölmiðla að ganga frá eðlilegri frásögn af umr. næsta dag. Ég vil því láta það koma fram að ég skil það samkomulag sem hér hefur verið gert á þann veg að við munum kveðja okkur hljóðs utan dagskrár, einhver úr okkar hópi, í upphafi fundar í Sþ. og beina þeim spurningum sem við höfum hér borið fram til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Mér kemur satt að segja nokkuð á óvart sá háttur sem er á hafður af hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. í sambandi við stjfrv. sem tekin eru hér fyrir og rædd, að það skuli aftur og aftur gerast að stjórnarandstaðan ber fram fsp. við 1. umr. málsins um ýmis tæknileg útfærsluatriði viðkomandi frv., en hæstv. ráðh. sjá ekki ástæðu til að standa upp og sýna stjórnarandstöðunni þann sóma að gera tilraun til að svara fsp. eða þá a. m. k. að gera stjórnarandstöðunni grein fyrir því og þingheimi að þeir viti ekki svarið og þeir muni reyna að afla þess svo að n. sú sem fjallar um málið geti fengið upplýsingar um það. Ég hafði lagt þrjár fsp. fyrir hæstv. forfallafjmrh. sem verður til miðnættis, að mér er tjáð, í því starfi fyrir atbeina stjórnarandstöðunnar m. a., og þær fsp. ætla ég að endurtaka.

Ég spurði í fyrsta lagi að því, hvernig stæði á þeim tölum sem fram koma í d-lið 4. gr. frv. í sambandi við útleigu og fyrningargrunn íbúðarhúsnæðis sem telst ekki hluti af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Í þessari grein eru valdar tölurnar annars vegar 4 millj. og hins vegar 8 millj., ef um hjón er að ræða. Ég spurði hæstv. ráðh.: Hvað veldur því að þessar tölur voru valdar en ekki einhverjar aðrar? Það eru engar skýringar á því í frv. og engar skýringar á því hafa komið fram heldur í grg. frv.

Í öðru lagi spurði ég: Hvernig á að fara með húsnæðislán varðandi það húsnæði sem fyrnanlegt verður eftir frv. þessu, ef að lögum verður? Verður hugsanlegt að lána t. d. húsnæðissamvinnufélagi 80% úr Byggingarsjóði verkamanna og gefa sama húsnæðissamvinnufélagi, sem skrifað verður fyrir viðkomandi húsnæði, kost á að fyrna íbúðarhúsið eins og hver önnur atvinnutæki í samræmi við önnur ákvæði þessara laga og skattalaganna? Það væru býsna mikil tíðindi fyrir t. d. húsnæðissamvinnufélagið Búseta, sem var verið að segja frá í fréttum áðan að hefði safnað til sín 14-1500 manns, ef svo væri að fyrirtækinu sem slíku yrði gefinn kostur á að fyrna húsnæði með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir að gildi um almennar fyrningar atvinnurekstrar.

Þessar spurningar lagði ég fyrir hæstv. ráðh. og ég óska eftir að hann svari þeim eða geri grein fyrir því, ef hann ekki ræður við það, að hann muni útvega upplýsingar um málið í þeirri þingnefnd sem um það mun fjalla.

Ég fór fram á það við hæstv. ráðh. í þriðja lagi, og ég endurtek þá spurningu, að hann upplýsi þingheim um hver hann telur að sé líklegur tekjumissir ríkissjóðs á fyrsta ári ef frv. þetta verður að lögum. Eru það 10 millj., eru það 20, 30 eða 50? Hvaða tölur eru menn að tala um? Það kemur fram í grg. frv. og í framsöguræðu hæstv. ráðh., sem var skilmerkileg í alla staði, að vafalaust verði nokkur tekjumissir fyrir ríkissjóð í fyrstu, en það sé ekki á vísan að róa með hver sú upphæð verði. Nú hlýtur ríkisstj. hins vegar að hafa gert sér grein fyrir því nokkurn veginn hve há sú upphæð gæti verið sem hér er um að ræða og á að fara að gefa ákveðnum tegundum fyrirtækja í landinu. Þess vegna endurtek ég þessa spurningu mína til hæstv. heilbrmrh.

Herra forseti. Hér hafa fari fram allfróðlegar umr. að öðru leyti um frv. þetta, sem væri full ástæða til að fara rækilega út í og tíunda nokkuð vandlega og halda áfram nokkuð fram eftir kvöldi. Ég ætla ekki að tefja umr., en það er ýmislegt sem fram hefur komið, sem gefur samt tilefni til umr. og skoðanaskipta.

Ég hygg að segja megi að sú forusta sem nú er í Sjálfstfl. sé fyrsta forustutegundin sem kalla má „hugsjónaíhald“ í þessu landi. Það eru menn sem á stuttbuxnaárum sínum í Heimdalli hafa tekið ofstækisfulla trú á ákveðnar kennisetningar frjálshyggjunnar. Þessir menn eru t. d. býsna ólíkir núv. hæstv. heilbr.- og trmrh., sem er vaxinn upp úr vestfirsku andrúmslofti og atvinnulífi (**Gripið fram í:** Og vel vaxinn.) Hér er um að ræða skólabókarlærða menn sem hafa tekið trú á hina miklu ritningu frjálshyggjunnar, og þegar sá tónn er sleginn hér í umr. sem snertir einhver ákveðin atriði þessara trúarsetninga færist yfir ásjónu þessara manna ámóta svipur og menn þekkja af kvikmyndum er

trúboðar hefja augu sín til himins og segja: Sjá, ég boða þér mikinn fögnuð. Hér hef ég lausn á öllum veraldarinnar vandamálum.

Ég get ekki neitað því að mér fannst hv. 1. þm. Vestf., ungur maður og mætur, sem hér talaði fyrr, vera haldinn þessari trú með býsna afgerandi hætti og hið sama á við, því miður, um núverandi formann Sjálfstfl. Núverandi formaður Sjálfstfl. hefur tekið þessa trú og hann tekur trú í þessum efnum fram yfir reynsluna, fram yfir staðreyndir umhverfisins. Fyrrverandi formenn Sjálfstfl., eins og t. d. Ólafur Thors, voru ekki mikið að láta kreddurnar þvælast fyrir sér. Þeir létu staðreyndir umhverfisins ráða úrslitum um sínar pólitísku ákvarðanir. En þessir trúboðar nýju forustunnar í Sjálfstfl. taka trúna og kredduna alltaf fram yfir niðurstöður umhverfisins ef þetta tvennt stangast á.

Þannig er það t. d. með þessa hv. þm., 1. þm. Suðurl. og 1. þm. Vestf. Þegar þeir eru að tala um þetta óskabarn sitt, frv. sem hér liggur fyrir, er þeirra kenning sú, að þetta frv. hljóti í verki að hafa í för með sér stórkostlegan sparnað, sterkari eiginfjárstöðu fyrirtækjanna og þar með sterkara atvinnulíf. Þá vil ég spyrja þessa trúboða þeirrar spurningar sem kann að koma við grundvöllinn í þeirra kennisetningum: Telja þeir að þetta frv., ef að lögum verður, hafi eitt út af fyrir sig, í för með sér fjármunasköpun, verðmætasköpun í þjóðfélaginu? Hefur þetta frv. í raun í för með sér að fyrirtækin hafi betra svigrúm að öllu leyti, einungis af þessari ástæðu hér, eða er það af einhverri annarri ástæðu?

Ætli það sé ekki af þeirri ástæðu að menn bindi vonir við að staða fyrirtækjanna verði þeim mun sterkari til að halda hinum ýmsu kostnaðarþáttum sínum niðri, þ. á m. kaupinu? Samþykkt svona frv. ein út af fyrir sig mundi ekki sjálfkrafa draga úr launakostnaði fyrirtækja, ekki sjálfkrafa draga úr hráefniskostnaði fyrirtækja, ekki sjálfkrafa draga úr vaxtakostnaði fyrirtækja. Þannig er auðvitað með öllu fráleitt að í þessu sem slíku felist nokkur lausn á neinum vandamálum. Það er þess vegna rétt, sem hv. 4. landsk. þm. sagði hér fyrr í umr. í dag, að ef þarna eru einu lausnir núv. ríkisstj. á atvinnumálum eða ef þarna er eina nýsköpunarátak núv. ríkisstj. í atvinnumálum, þá er ekki mikils þaðan að vænta. Ég er algerlega sannfærður um að jafnvel þó að björtustu vonir þessara kreddutrúarmanna yrðu að veruleika mundi það ekki skipta sköpum í atvinnulífinu hér á næstunni. Það er þannig hjá þessari ríkisstj., þó hún sé búin að keyra kaupið niður um 30%, að það er kyrkingur í atvinnulífinu, eins og hér var lýst af talsmönnum Sjálfstfl. fyrr í dag. Þetta frv. eins og það lítur hér út mun ekki leysa úr þeim vanda.

Partur af þessari kennisetningu hv. þm. er sú, að eiginfjárstaða fyrirtækja á Íslandi sé sérstaklega slæm og þeir segja að það veki mikla athygli útlendinga að hún sé mjög slæm. Það væri fróðlegt að vita hverjir það eru, hvort að það væri Hannes Hólmsteinn, sem hefur fyrr borið á góma manna í dag, sem hefur kynnt þessi mál fyrir útlendingum um leið og hann sagði þeim frá ömmu sinni og hvernig honum gengi að selja hana. (Gripið fram í.) Vandi hans hafði falist í því að hann hafði ekki þinglýst eignarhald á kerlingunni, svo ég noti orð hæstv. ráðh.

Eiginfjárstaða fyrirtækja hér í þessu landi er talin mjög léleg og þeir segja, íhaldsmenn, kredduleiðtogar íhaldsins, í kvöld og dag að þetta hafi vakið mikla athygli útlendinga. Væri fróðlegt að fá upplýst hvaða útlendingar það eru sem eru sérstaklega að taka eftir þessu máli. Útlendingar hafa hins vegar verið látnir vita að því núna að undanförnu að vinnuafl sé mjög ódýrt á Íslandi. Það var sendur út auglýsingabæklingur frá Sverri Hermannssyni um það út um heiminn að vinnulaun væru svo sem ekki neitt neitt á Íslandi og væri allt í lagi fyrir fyrirtæki að koma hingað þess vegna. Hins vegar er þetta með eiginfjárstöðuna mál sem ég kannast ekki við að hafi verið kynnt sérstaklega fyrir útlendingum. — En hvað þýðir það þegar talsmenn kredduíhaldsins eru að biðja um betri eiginfjárstöðu? Þeir eru auðvitað að biðja um sterkari völd fjármagnsins í landinu. Auðvitað hafa einkafyrirtæki í landinu verið óttarlegar druslur. Það verður að segja það alveg eins og er að það er leitun á sæmilegu einkafyrirtæki í landinu sem stendur þokkalega í lappirnar, er nokkuð vel rekið og ber snyrtilega ábyrgð á sínum rekstri. Yfirleitt hefur þetta verið meira og minna hangandi í pilsinu á ríkinu. Þetta hefur verið kallaður pilsfaldakapítalismi. Auðvitað eru þeir ungu sjálfstæðismenn sem eru núna að beita sér fyrir þessu frv. að reyna að breyta þessu og styrkja kapítalismann hér í landinu þannig að hann þurfti ekki alltaf að hanga í pilsinu á stóru mömmu, þ. e. ríkinu. En auðvitað eru þessir menn, þessir talsmenn Sjálfstfl., þessir kreddumenn, ekki að heimta neitt annað en að fjármagnið verði sterkara í viðureigninni við fólkið en verið hefur. Það er sú grundvallarkrafa sem þessir ungu menn eru að setja fram. Og ég er sannfærður um að í íslenska þjóðfélaginu er slík ofuráhersla á eiginfjárstöðu fyrirtækjanna og sterkara fjármagn og samkeppnisstöðu fyrirtækjanna hættuleg og sérstaklega dýr einmitt á Íslandi. Ísland er fámennt land og við þurfum á því að halda að menn standi saman og fari vel með það sem hér er skapað, þau verðmæti sem hér verða til. Í vinnubrögðum kapítalismans, gróðaþjóðfélagsins, sem þessir piltar eru að reyna að innleiða hér felst sóun, í því þjóðfélagi felst sóun vegna þess að það er sundurvirkt og það eyðir og brennir verðmæti. Peningar hafa aldrei skapað verðmæti. Það er fólk sem skapar verðmæti.

Partur af þessum trúarbrögðum hv. þm. Sjálfstfl. er sá, að Alþb. hafi alveg sérstakan áhuga á að þjóðnýta öll fyrirtæki, gera öll fyrirtæki að ríkisfyrirtækjum, og það er alltaf sagt í leiðinni, svona eins og til að sannfæra sjálfan sig, um leið og lögð er á það áhersla að þeir sjálfir vilji frelsið, að hinir, andstæðingarnir, andskotarnir, vilji að ríkið reki allt draslið eins og það leggur sig, yfirtaki allt atvinnulíf hér í landinu, taki sjoppurnar, helst með valdaráni. Þetta gera þeir að sumu leyti til að hvítþvo sjálfa sig, gera óvininn sem svakalegastan til að gera sjálfa sig sem dýrlegasta. Auðvitað er það ekki þannig að Alþb. sé með einhverjar kröfur um að allsherjar ríkisrekstur sé lausn á öllum vandamálum í þjóðfélaginu. Alþb. er ekki ríkisrekstrarflokkur númer eitt. (**FrS:** Þú segir ekki.) Hv. 2. þm. Reykv. er núna risinn og kemur í salinn í fyrsta sinn í dag og er boðinn velkominn. Það er rétt að ég varpi á hann nokkrum orðum. (**FrS:** Ég er búinn að vera hérna.) Nei, þú hefur nú ekki sést fyrr. (**FrS:** Þá sér hv. þm. illa.) Ábyggilega betur en sá sem mælir við mig þessa stundina, sýnist mér. — Ég held að það sé rétt að ég ræði aðeins við hv.

2. þm. Reykv. af því að þetta kemur honum svo mjög á óvart með afstöðu Alþb.

Alþb. er flokkur sem leggur fyrst og fremst áherslu á lýðræðislega eignaraðild og lýðræðislegt eignarhald fólksins sjálfs og hafnar þannig eignarhaldi fjármagnsins. Alþb. er þess vegna ekki ríkisrekstrarflokkur, þó að þeir talsmenn íhaldsins kjósi að hafa hlutina þannig, það er mikill misskilningur. Og það er í rauninni mjög hættulegt fyrir forustumenn Sjálfstfl., eins og hv. 2. þm. Reykv., að gera tilraun til þess svona oft að ljúga því að sjálfum sér að Alþb., sá flokkur sem það er, hafi þessi sjónarmið. Það gæti endað með því, ef þeir segja þetta nógu oft, að þeir fari að trúa því sjálfir. Ég held nefnilega að í raun sé þetta ómerkilegur áróðursfrasi sem þeir nota fyrst og fremst til að bjarga sjálfum sér á hundasundi frá sínu eigin rökþrotabúi. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að á Íslandi er ágreiningurinn ekki annars vegar um hagnað og hins vegar um ríkisrekstur. Ágreiningurinn er annars vegar um vald fjármagnsins og hins vegar um lýðræðislegt vald fólksins. Það er grundvallarágreiningurinn í landinu og hann er á milli Sjálfstfl. og Alþb. Framsfl. sem ku vera í ríkisstjórn um þessar mundir, og þaðan er nú yfirleitt aldrei neinn maður í þessum sal nema þá hæstv. forseti, er þarna einhver staðar á milli að þvælast í einskismannslandi og það veit yfirleitt aldrei neinn hvar honum skýtur upp. Það getur verið hvar sem er því hann hefur engar grundvallarviðmiðanir. Hann kemur upp þar sem honum sýnist það heppilegast á hverjum tíma, er þannig rakinn hentistefnuflokkur og ræður engum úrslitum í þessum málum frekar en öðrum. Hann er meðaltal af umhverfi sínu, eins og ég hef áður sagt, og ekkert annað.

Hv. 1. þm. Suðurl. fór að ræða um það hér fyrr í dag, enn þá einu sinni, að ríkisstj. hefði gripið til stórkostlegra félagslegra ráðstafana. Þetta sagði hann í tilefni af ummælum mínum um að þetta frv. hefði í för með sér skattalækkun á fyrirtækjum á sama tíma og hæstv. heilbr.- og trmrh. er að leggja skatta á sjúklingana. Það var verið að tíunda hér stórkostlega þau afrek í félagslegum umbótum sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Þetta er eitt af þeim málum, herra forseti, sem verður að ræða hér mjög rækilega á morgun, þessar svokölluðu félagslegu úrbætur núv. ríkisstj. Hér er í rauninni um að ræða hundsbætur fyrir þá hrikalegu kjaraskerðingu sem hefur átt sér stað. Það er hins vegar mál sem við munum ræða nánar á morgun. Hv. 1. þm. Suðurl. lauk máli með því hér í kvöld að segja sem svo: Ég trúi og treysti því að þetta frv., ef að lögum verður, muni blása nýju lífi í atvinnurekstrinn á Íslandi. Þar með var komið að því grundvallaratriði sem ég vakti athygli á í upphafi máls míns. Hér er komið að trúnaðartrausti, hér er komið að trú, hér er komið að kreddu, ofstækisfullum viðhorfum sem eru í rauninni látin hafa allan forgang og staðreyndir umhverfisins látnar víkja. Þannig er nýja hugsjónaíhaldið farið að búa til frv. um frjálshyggjuna sem birtast þessa dagana og það fyrsta er hér á dagskrá í Nd. í dag. Þetta frv. markar vatnaskil, að mínu mati, í sögu Sjálfstfl. vegna þess að þetta mun ekki laga neitt fyrir atvinnurekstrinum þegar fram í sækir, mun í rauninni ekki breyta neinu um fjölgun starfa eða atvinnutækifæra í landinu. Hér er aðeins verið að uppfylla tilteknar kröfur ákveðinna trúarbragða, ákveðinnar kreddu, ákveðins ofstækis í innsta armi Sjálfstfl., sem fyrst nú hefur fengið fram vilja sinn innan Sjálfstfl., sem áður var litið á sem þröngan sérvitringahóp, en núna er kominn til valda meðan talsmönnum staðreyndanna og hinnar raunverulegu þróunar íslensks atvinnulífs hefur verið vikið til hliðar.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fsp. sem hv. 3. þm. Reykv. hefur borið fram vil ég leitast við að svara. Fyrsta fsp. varðar d-lið 4. gr., þ. e. þá upphæð sem kemur inn í d-liðinn: „Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi í þessu sambandi nema því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi 4 millj. eða meiru, ef um einstakling er að ræða, en 8 millj., ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut."

Ég spurðist fyrir um það áður en ég mælti fyrir frv. hvernig þessar tölur væru til komnar og mér var sagt að þessar tölur hefðu verið settar fram sem hæfilegt mat í þessum tilgangi. Nú má varðandi þessar tölur sem allar aðrar, sem eru byggðar á mati þeirra manna sem sömdu þetta frv. og þeirri efnismeðferð sem frv. fékk í fjmrn., deila um hvort þessi tala sé réttari en önnur. En ég hef ekki annað svar við þessari fsp.

Þá spurði hv. þm. um fyrningar húsnæðis til atvinnurekstrar, hver ætlunin væri varðandi fyrningar þess. Það þarf að hafa í huga í sambandi við það húsnæði sem ég gerði ítarlega að umræðuefni og er notað til atvinnurekstrar, að yfirleitt er það byggt á allt öðrum lánum og með allt öðrum hætti en húsnæðislánum, t. d. verbúðir og fleira, og því hlýtur þar að vera tekið tillit til lána hverju sinni. Það hlýtur að verða að fá frekari umfjöllun í nefnd. Ef um slíkt atvinnurekstrarhúsnæði er að ræða frá Húsnæðismálastofnun ríkisins þá hlýtur að mínu mati að verða tekið tillit til þess. Hitt er allt annað mál með það húsnæði sem ég gerði fyrst og fremst að umræðuefni í dag.

Um efni þriðju spurningarinnar: Hver er líklegur tekjumissir ríkissjóðs ef þetta frv. verður að lögum? fjallaði ég einnig ítarlega í framsöguræðu minni í dag, að því væri ekki hægt að svara að öðru leyti en því, að þegar til lengri tíma lætur væri hér ekki um tekjumissi að ræða, en hann væri fyrst í stað nokkur. Svar fékkst ekki við því og taldir á því margir tæknilegir annmarkar að reikna þann tekjumissi út frá ári til árs. En það sem á bak við þennan þátt frv. liggur er það að hér er verið að ýta undir, auka og styrkja undirstöðu atvinnulífs, undirstöðu fyritækja. Og mér finnst það algerlega rangt að farið sé að tala um að með því sé verið að styrkja sterkustu fyrirtækin í landinu og renna stoðum undir þeirra rekstur. Það er fyrst og fremst verið að stefna að því að renna styrkari stoðum undir íslenskan atvinnurekstur, og þá ekki síður þann sem er í smærri mæli en í þeim stærri.

Þegar við lítum á stærsta og veigamesta atvinnurekstrinn, sem þetta þjóðfélag byggir að verulegu leyti afkomu sína á, sjávarútveginn, þá er staða fyrirtækjanna með þeim hætti, að þar eru bullandi vanskil upp á örugglega yfir 2000 millj. kr. í stofnfjársjóðum, í bönkum, í skuldum við olíufélögin. Þetta gerir það að verkum að þessi fyrirtæki eru veikari, þessi fyrirtæki eiga verra með að taka á sig áföll eins og þau sem núna dynja yfir, minnkandi veiði, minnkandi aflabrögð á hvert fyritæki, á hvert skip, þau hafa minna umhendis og eru veikari að axla þessar byrðar.

Ég tel að það hefði gjarnan mátt vera miklu fyrr búið að samþykkja frv. með líkum hætti og þetta til þess að gera atvinnureksturinn sterkari og undirstöður atvinnunnar veigameiri fyrir þjóðfélagið. Því að það hlýtur að hafa það í för með sér að lífsafkoma þess fólks sem vinnur við þennan atvinnurekstur er um leið traustari. Eftir því sem atvinnureksturinn er veikari eru afkomuskilyrði allra þeirra sem við slíkan atvinnurekstur vinna að sama skapi veikari. Þess vegna fer hér saman hagur atvinnufyrirtækja og hagur þeirra sem hjá atvinnufyrirtækjunum vinna.

Mér er alveg sama um alla kreddur og kennisetningar. Ég hef alist upp við það að vinna fyrir mér frá blautu barnsbeini og ég hef líka alist upp við það að sjá veigalítil fyrirtæki sem ekki hafa mátt við neinu. Og þegar þau hafa kiknað undan ábyrgð og skuldabyrði, þá hefur það leitt af sér atvinnuleysi og versnandi efnahag alls þorra verkafólks, sjómanna og allra þeirra sem eiga líf sitt og afkomu undir slíkum fyrirtækjum. Þess vegna er það trú mín að réttara sé að fara út í þessar breytingar. En hvort þetta er nóg er önnur saga.

Ég tel að með breytingum á fyrningum, með breytingum á varasjóði fyrirtækja eigum við að stefna að því að fyrirtækin í landinu, atvinnureksturinn í landinu hafi traustari stoðir að byggja tilveru sína á. Hann geti tekið að sér að fjármagna sig meira sjálfur en þurfi ekki alltaf að sækja allt í opinbera sjóði. Það dregur úr þeirri samkeppni sem hv. síðasti ræðumaður lýsti hér í dag, samkeppninni eftir fjármagninu, ef fyrirtækin verða sterkari og geta lagt meira af mörkum. Það gerir líka það að verkum, að fyrirtækin verða alvörufyrirtæki en byggja ekki á því að samfélagið eigi úr sjóðum sínum að lána atvinnurekstrinum að fullu og öllu eða því sem næst. Þess vegna tel ég að hér sé um spor að ræða í rétta átt. Menn mega engan veginn hlaupa yfir það hver er viðleitnin á bak við þetta. En það er heldur ekki minnst á það sem snýr að einstaklingnum í þessu frv. Það hafa menn hlaupið alveg yfir að nefna. Ég tel það þó ekki síður mikilvægt fyrir heilbrigða atvinnustarfsemi og efnahagsstarfsemi.

Ég vil ekki taka undir það að hér jaðri við að fólk sé farið að svelta, eins og ræðumaður eins nýja flokksins sagði hér í kvöld, að fólk hafi ekki til hnífs eða skeiðar. Sem betur fer búum við í það góðu þjóðfélagi að allir hafa til hnífs og skeiðar en það eru ýmsir sem geta ekki veitt sér allt. (**Gripið fram í:** Veit ráðh. hvað margir hafa 8 þús. kr. á mánuði?) Veist þú nokkuð um það hvað margir hafa 8 þús. kr. á mánuði? Þú hefur ekki hugmynd um það. Þú veltir þér í peningunum sjálfur. (**ÓRG:** Það eru 5 þús. manns.) Vertu ekki með svona dellu og vitleysu. Hvaðan kemur það fólk sem fyllir veitingahúsin á hverju föstudags- og laugardagskvöldi? Er það vitnisburður um þjóðfélag sem er að fara á höfuðið? Og hverjir skildu svona við atvinnureksturinn, hverjir skildu svona við þetta þjóðfélag? Það voru þessir piltar hérna sem hlupu frá og þorðu ekki í ríkisstj. (Gripið fram í.) Þetta vita allir. Vertu ekki svona hræddur, Ólafur Ragnar Grímsson. Þú ert logandi hræddur. Þú skildir eftir sviðna jörð þegar þú fórst. Þið tókuð ekki þátt í stjórnarmyndun. Af hverju ekki? Þið þorðuð ekki. Af hverju talaði Svavar Gestsson um neyðaráætlun þegar hann var að skilja við? Af hverju þorði hann ekki í stjórn? (**SvG:** Ég hef ekki skilið við.) Hann lagði á flótta. Jú, þú skildir við stjórn landsins, þú hljópst frá, þú þorðir ekki að vera lengur. (Gripið fram í.) Þú varst búinn að haga þér með þeim hætti að þú þorðir ekki að vera lengur og þá hugsaðirðu: Ja, nú er best að fela sig um hríð. Ég hljóp á mig þegar ég talaði um neyðaráætlun fyrir þessa þjóð.

Eftir að hv. þm. var búinn að koma þjóðinni í þessa úlfakreppu og þegar búið er að rétta við, þegar búið er að sigrast á verðbólgunni, koma henni niður, þá muna þessir menn ekkert eftir þessu. Þeir bara setja fyrir augun alveg eins og hesturinn, þeir horfa bara beint fram, beint af augum, horfa ekki til hliðar af því að þeir þorðu ekki að standa frammi fyrir því að berjast, fyrir því að bæta það sem miður hafði farið. Flest af því sem miður hefur farið er af mannavöldum. Hins vegar er líka nokkuð sem er óviðráðanlegt og hvorki þessum mönnum eða öðrum verður kennt um. (Gripið fram í.) Nei, staða ríkissjóðs er af manna völdum. Hún er eitt af því sem tekið var við í rúst eftir menn sem ekkert vissu hvað þeir voru að gera og hlupu frá og þorðu svo ekki að standa við sitt. Það er alveg merkilegt að þó að þjóðin vilji ekki suma menn inn á þing og felli þá, þá ganga þessir draugar aftur. (Gripið fram í.) Er nú ekki hægt að halda eitthvað aftur af þessum hv. þm.? Ósköp er maðurinn eitthvað taugatrekktur og aumur og villtur og trylltur. Eitthvað hlýtur hann að skammast sín eftir allt saman. Þessi maður kemur hér og sperrir sig eins og montinn hani í ræðustólnum daginn út og daginn inn, hefur ekkert til málanna að leggja nema tæta allt niður í þessu þjóðfélagi og reyna að gera allt ómögulegt. Hverjir bera ábyrgðina á hvernig allt var komið? Það eru mennirnir sem þorðu ekki að taka þátt í ríkisstj., mennirnir sem stungu hausnum í steininn eins og strúturinn stingur hausnum í sandinn þegar hann verður hræddur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. tók þannig til orða um leið og hann... (**Forseti:** Hann gerir stutta athugasemd.) Gerir stutta athugasemd? Já, hef ég talað tvisvar. (**Forseti:** Já.) Já, þá geri ég smáathugasemd. (**Forseti:** Eins og hv. þm. veit hefur hann talað tvisvar, en hann hefur rétt til að gera stutta athugasemd.) Já, já, ég skal verða stuttorður, hæstv. forseti.

Hæstv. ráðh. tók þannig til orða þegar hann gekk úr ræðustólnum áðan að sumir menn hefðu stungið hausnum í steininn — í steininn sagði hæstv. ráðh. og mismælti sig þannig. Mér fannst að ráðh. væri nákvæmlega á sig kominn eins og hann hefði stungið hausnum í stein, barið höfðinu við stein því að hann fæst aldrei til að horfa á veruleikann og ræða um hlutina eins og þeir liggja fyrir í núverandi hæstv. ríkisstj. sem hann kom til valda undir forustu Framsfl. Þegar hæstv. ráðh. kemst í kastþröng og tryllist af bræði hér í ræðustólnum aftur og aftur, þá öskrar hann: Sviðin jörð, sviðin jörð sem þið skilduð við. Þessi hæstv. ráðh. gerir sér víst ekki grein fyrir því hvernig hann er búinn að leika kaupmátt launa, að hann er búinn að flytja milljarða til í þjóðfélaginu frá launafólki og almenningi.

Þegar hæstv. ráðh. er spurður um lífskjörin í landinu, hvað segir hann þá? Þá segir hann: Fólkið veltir sér um á veitingahúsum um helgar, laugardögum og kannske sunnudögum líka. Þetta er sami ráðh. og ber ábyrgð á lífskjörum aldraða og öryrkja í þessu landi. Það fólk veltist ekki um á veitingastöðum um þessar mundir. Og ekki heldur það fólk sem þessi hæstv. ráðh. ætlar að

fara að leggja á sjúklingaskatta. Það er ekki á veitingastöðum. Það er á sjúkrahúsum. Og ég segi við hæstv. ráðh.: Ef það er svo að menn eigi að skammast sín fyrir eitthvað, þá er það málflutningur af því tagi sem hann iðkar hér aftur og aftur, einkum og sér í lagi þegar hann hagar sér með þeim hætti sem hann gerði hér áðan þegar honum var bent á hvernig núv. ríkisstj. hefur leikið lífskjör hins almenna launamanns. Hann á að hugsa til þessa fólks áður en hann verður að fulltrúum annarra stjórnmálaflokka hér í þinginu með þeim ummælum og með þeim hætti sem hann gerði hér fyrr í kvöld. Og það skal ég fullvissa hæstv. ráðh. um, þannig að það sé alveg á hreinu, að honum verður svarað svo *lengi sem nauðsyn krefur úr þessum ræðustóli.*

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. heilbr. og trmrh. sagði rétt í þessu þegar síðasti ræðumaður var að fara úr ræðustólnum: Þú kannt ekki að skammast þín. Hæstv. ráðh. kann ekki að skammast sín. Maðurinn sem hefur skert kaupmátt ellilífeyris og örorkulífeyris um ¼. Maðurinn sem hefur skilið 5 þús. manns sem eiga afkomu sína undir Tryggingastofnun ríkisins eftir með 8 þús. kr. á mánuði. Svo segir hann hér í ræðustólnum: Það er bara lygi, það er bara einhver tilbúningur úr þessum hrokagikki og monthana sem hér var í ræðustólnum.

Hæstv. ráðh. ætti að beina fsp. sínum til þeirra stofnana sem heyra undir hann. Hann ætti að taka eftir þeim opinberu gögnum sem þær stofnanir senda frá sér. Það liggur ljóst fyrir að skv. þeim gögnum sem þær stofnanir sem heyra undir ráðh. sendu frá sér fyrir tveimur mánuðum síðan voru tæplega 5 þús. manns sem höfðu 8 þús. kr. á mánuði til að lifa af og ekki meira. (**Heilbr.- og trmrh.:** Þetta er afrakstur þinna verka.) Það er afrakstur, þetta er afrakstur — (**Heilbr.- og trmrh.:** Allt saman þér að kenna.) Allt saman mér að kenna? (Gripið fram í.) Er þetta maðurinn sem áðan var að tala um kjark? Maðurinn sem þorir ekki einu sinni að kannast við brbl. Maðurinn sem þorir ekki að kannast við að hafa skorið kaupmáttinn niður, maðurinn sem þorir ekki að kannast við það að nú ber hann ábyrgð á því að það eru 5 þús. ellilífeyris- og örorkuþegar sem hafa 8 þús. kr. á mánuði? Hver var að tala um kjark fyrir nokkrum mínútum síðan? Þorir ráðh. ekki að kannast við sín eigin verk? Þorir henn ekki að lítast um í þjóðfélaginu og skoða hvað fólk hefur í raun og veru? (**Heilbr.- og trmrh.:** Að sjá þennan sperrilegg.) Sperrilegg, já, hæstv. ráðh. getur talað um mont, sperrilegg, hana og allt sem honum sýnist. En allt það orðfæri sem ráðh. æfði sig í í bæjarstjórninni á Ísafirði á árunum áður dugir honum ekki til að dylja þá staðreynd sem hér blasir við, að hann fyrstur allra heilbrrh. í röskan áratug ber ábyrgð á því að kjör ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega eru nú komin á það stig sem þau voru á síðustu mánuðum viðreisnarstjórnarinnar þegar allir voru sammála um að þau væru svo óhæf að það var fyrsta verk vinstri stjórnarinnar sem þá tók við völdum að hækka elli- og örorkulífeyri.

Hæstv. ráðh. ætti að kalla til sín þær þúsundir sem muna þau þáttaskil og heyra hvað þær þúsundir sögðu um ráðherratíð Magnúsar Kjartanssonar og sögðu um þá ráðh. sem við tóku af honum og sem héldu, þrátt fyrir mikla efnahagserfiðleika, þeim kaupmætti hjá ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegum að hann hrapaði ekki niður eins og hæstv. ráðh. ber nú ábyrgð á.

Svo kemur hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason hér og segir: Það þarf kjark, það þarf kjark, þið þorðuð ekki, þið þorðuð ekki. Þið vilduð ekki fara í ríkisstj. Það er alveg rétt. Við vildum ekki fara í ríkisstj. upp á þær kröfur Matthíasar Bjarnasonar og Sjálfstfl. að ráðast svo gegn fátæka fólkinu í landinu að það yrðu þúsundir sem hefðu ekki afgangs nema 1—2 þús. kr. til að greiða mat fyrir sig og börn sín og varla það.

Hæstv. ráðh. ætti að vita að mikill hluti þess fólks, sem ég nefndi áðan og hefur bara 8 þús. kr. á mánuði til að lifa af, þarf að greiða kannske 5—6 þús. kr. í húsaleigu á mánuði. Hvað á það þá afgangs, hæstv. ráðh.? *Hvað ætli hæstv. ráðh. hafi á mánuði núna? Ætli* það séu ekki rúmlega 60 þús. kr.? Það er ósköp skiljanlegt að þessir menn séu komnir úr tengslum við þúsundirnar í landinu sem hafa 8—11 þús. kr. á mánuði og halda að þetta fólk flykkist á veitingastaðina um helgar.

Þessi borg er full af einstæðum foreldrum sem hafa 10—13 þús. kr. á mánuði. Það hefur verið sagt af hæstv. forsrh. og formanni Sjálfstfl. að þær aðgerðir sem ríkisstj. hefur verið að tala um að gera í framhaldi af kjarasamningunum mundi breyta mjög kjörum þessa fólks. Hvað sagði formaður einstæðra foreldra í útvarpinu í kvöld? Froða, sagði formaður einstæðra foreldra, blaðamaður á Morgunblaðinu, um þessar aðgerðir ríkisstj. Froða, var hennar óbreytta orð og hún varaði einstæða foreldra í útvarpinu í kvöld við að trúa þessum blekkingum.

En það er ósköp eðlilegt að þessir menn haldi áfram sínu striki þegar hæstv. ráðh. afhjúpar það hér í ræðustólnum að hann heldur að þetta þjóðfélag sé fullt af fólki sem hefur svo rúm kjör að það geti leyft sér að vera á veitingahúsum um helgar. Veit hæstv. ráðh. hvar forsrh. er í kvöld? Hann er í veislu. Hann getur ekki verið hér í kvöld vegna þess að hann er í veislu. Hvers vegna er hæstv. ráðh. hér í hlutverki fjmrh.? Vegna þess að fjmrh. var erlendis, ekki í opinberum erindum, kannske veisluferðalagi. Hverjir eru það sem stunda veislurnar í þessu þjóðfélagi? Vill ekki hæstv. ráðh. koma með skrá yfir veislurnar í ráðherrabústaðnum sem hafa verið haldnar síðan þessi ríkisstj. tók við, t. d. veisluna sem hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. héldu fyrir frönsku þyrluumboðsmennina sem voru að koma hingað fyrir nokkrum mánuðum síðan og var boðið í sérstaka veislu í ráðherrabústaðnum. (**Heilbr.- og trmrh.:** Varstu undir borðinu þarna?) Nei, það fréttist nú ýmislegt sem þessir höfðingjar eru að hafast að. (**SighB:** Voru menn undir borðum þarna eða hvað?) Við skulum ekkert leiða neinum getum að því hvar menn hafi verið.

Þessi ræða hæstv. heilbr.- og trmrh. í kvöld verður lengi í minnum höfð. Þegar hæstv. ráðh. var spurður um kjör þúsundanna sem þurfa að framfleyta sér á lífeyrinum frá Tryggingastofnun, elli- og örorkulífeyrinum, voru svör ráðh. að veitingahúsin væru full af þessu fólki um helgar, það hefði nóga peninga. Það er merkileg sýn sem ráðh. hefur á þetta þjóðfélag. Þess vegna er kannske ekki að furða að hann ætli að halda áfram að skerða kjör þessa fólks á þessu ári og á næsta ári þegar hann lifir í þeirri blekkingu að veitingahúsin séu full af þessu fólki. Ætli það séu ekki frekar þeir sem eiga að greiða minni skatta skv. því frv. sem hér er til umr. sem

sækja veitingahúsin um helgar heldur en öryrkjarnir og ellilífeyrisþegarnir?

Kannske er nauðsynlegt að forsvarsmenn ellilífeyrisþega og öryrkja í þessu landi bjóði hæstv. ráðh. í heimsókn til sín, bjóði hæstv. ráðh. að lifa af kjörum sínum í einn mánuð. Hvað ætli bensínið á Range Roverinn í einn mánuð kosti, hæstv. ráðh., þó hann sé gefins að hluta? Hvað ætli það kosti? Hvað ætli það séu mörg mánaðarlaun elli- og örorkulífeyrisþeganna sem hæstv. ráðh. hefur fengið í gjöf í afslættinum á Range Rovernum? Svo dirfist þessi ráðh. að koma hér og bera það á borð að örorku- og ellilífeyrisþegarnir stundi veitingahúsin um helgar vegna þess að þeir hafi svo mikið af peningum.

Herra forseti. Þessi umr. hefur orðið æði sérstök. Í henni hefur afhjúpast mjög rækilega viðhorf hæstv. ráðh. til fólksins í landinu. Hæstv. ráðh. neitar því að fátækt sé á Íslandi. Hann neitar því að hér sé fólk sem eigi erfitt með að hafa fyrir mat handa sér og börnum sínum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann er reiðubúinn að koma með mér niður í Ísbjörninn og niður í BÚR t. d. á morgun og ræða við einstæðu mæðurnar sem vinna í pökkunarsalnum í þessum tveimur frystihúsum, leigja hér í borginni og þurfa að borga 6,7 eða 8 þús. kr. á mánuði í leigu, 1—2 þús. kr. í hita og rafmagn, hlusta á þær gera grein fyrir því hvað þær hafi afgangs í mat og föt handa börnum sínum.

Það er staðreynd að fjöldinn allur af einstæðum mæðrum vinnur í þessum tveimur frystihúsum sem eru svo aðkrepptar að þær hafa orðið að breyta allverulega neysluvenjum síns heimilis til þess að hafa fyrir einfaldasta mat handa sér og börnum sínum. Þær hafa orðið að hætta að veita börnum sínum þá ánægju að fara í kvikmyndahús eða leikhús. Þær hafa orðið að koma til fjölskyldu sinnar og biðja um afgangsföt til að eiga klæði handa börnum sínum.

Þetta getur ráðh. allt fengið að heyra ef hann er reiðubúinn að stíga aðeins út úr stjórnarráðinu og til fólksins í þessu landi og kynnast því hvað hér er að gerast, hverjar eru afleiðingarnar af þeirri stefnu sem hæstv. ráðh. hefur verið fenginn til að framkvæma.

Ég veit, af því ég þekki sögu hæstv. ráðh. vel, að ef hann opnaði augu sín og færi út á meðal fólksins mundi hann snúa við á þessari braut. Ræða hans í kvöld sýnir eingöngu að hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason veit ekki hvað hann er að gera. Hann veit ekki að það þjóðfélagsástand sem hann er hér að skapa er í hrópandi andstöðu við öll þau helstu lífsviðhorf sem hann hefur þó haldið fram, bæði hér á árum áður þegar hann starfaði í heimabæ okkar beggja, Ísafirði, og þegar hann á Alþingi hefur barist fyrir kjörum elli- og örorkulífeyrisþega. Kannske er það skýringin að hann og e. t. v. fleiri séu orðnir svo lokaðir inni í rangölum stjórnarráðsins, svo uppteknir við þennan dans í kringum embættismenn og aðra ráðherra, svo uppteknir af þessari hringiðu stjórnsýslunnar og veisluhaldanna sem tilheyra ráðherrastörfunum, að smátt og smátt hafi hann losnað úr tengslum við það fólk sem hann hefur þó oft áður talið að hann ætti fyrst og fremst að tryggja að hefði mannsæmandi kjör. (**Heilbr.- og trmrh.:** Ég stunda ekki veislur.) Nei, vel má vera að hæstv. ráðh. stundi ekki veislur. Ég treysti orðum hans alveg í þeim efnum. En ég ítreka af miklum alvöruþunga, hæstv. ráðh., að það eru ekki ýkjur, það er ekki einhver retorik í ræðustólum á Alþingi, lýsingin á þeirri fátækt sem er að verða í landinu.

Ég verð að segja af minni reynslu að það var ekki fyrr en um miðjan þennan vetur sem smátt og smátt fóru að koma í ljós þau skýru dæmi sem nú blasa við um það líf sem þessi stjórnarstefna hefur boðið fjölda fólks. Ég á þá ósk í garð hæstv. ráðh., sem ber sérstaka ábyrgð gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum, að hann gefi sér nú tíma til að skoða rólega hvað er að gerast, hvað hefur gerst og hvernig ástandið er orðið.

Í þessum umr. hafa þær lýsingar sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson og hv. 1. þm. Vestf. gáfu til að réttlæta þetta frv. verið bornar saman við raunverulegt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar og stefnu ríkisstj. á öðrum sviðum. Því hefur verið lýst hér mjög rækilega að þessi ríkisstj. kappkostar að taka til ríkisins sífellt meira og meira fjármagn frá atvinnuvegunum og þeim viðskiptabönkum sem þjóna atvinnuvegunum. Þessi ríkisstj. hefur búið til sérstök ríkisbréf með gæðakjörum í þessu skyni. Hún er þessa dagana að finna upp sérstaka ríkisvíxla í þessu skyni og hún hefur hafið sérstök ríkisafskipti af lífeyrissjóðunum einnig í þessu skyni. (**SighB:** Og gengistryggð skuldabréf.) Þessu hefur ekki verið mótmælt enn í þessum umr. enda er það ekki hægt. Þessir trúmenn, sem hv. þm. Svavar Gestsson lýsti svo vel fyrr í umr., verða að reyna að horfast í augu við þennan veruleika einnig. (Gripið fram í.) Því hefur einnig verið lýst í umr. hvernig þetta frv. er fyrst og fremst í þágu skattfríðinda hinna efnameiri, hinna fjármagnssterku. Hvernig það gengur í raun og veru þvert á þá stefnu að gefa æ fleirum tækifæri til að taka á lýðræðislegan hátt þátt í mótun atvinnulífsins. Þetta er skattafrv. fyrir hina fjársterku í atvinnulífinu. Þetta er skattafrv. fyrir eignamennina í atvinnulífinu.

Það vekur vissulega athygli að hv. þm. Þorsteinn Pálsson, nýkjörinn formaður Sjálfstfl., hefur enn á ný haft þann hátt á í þessum umr. að koma og flytja almenna slagorðaræðu um þau viðhorf sem eiga að liggja að baki þessu frv. Þegar sýnt er fram á með málefnalegum rökum og fjölda dæma að veruleikinn er allur annar en málflutningur hans gaf til kynna ríkir þögn. Það vekur vissulega athygli að þessi nýkjörni þm. Sjálfstfl. og formaður hans treystir sér ekki til, hvað eftir annað á Alþingi, að fylgja eftir í málefnalegum umr. þeim sjónarmiðum sem hann hefur sett fram. Hann hörfar. Hann hættir við. Hann þegir. Það er vissulega mikil breyting frá því sem áður var varðandi Sjálfstfl. Geir Hallgrímsson hafði þó manndóm í sér við og við til að halda rökræðu sinni til streitu, flutti stundum mjög langar ræður á Alþingi af því tilefni, stundum dálítið leiðinlegar, en látum það vera. Það var þó tilraun af hálfu þáv. formanns Sjálfstfl. til að halda sínum sjónarmiðum til streitu á þinginu og taka þátt í rökræðum um málin. En núv. hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., hörfar, hættir og þegir.

Hv. þm. Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl., sést hér við og við í mýflugumynd. Það er þá helst að hann taki til máls þegar hann er að reyna að leiðrétta hæstv. fjmrh. Annars tekur hann ekki mikinn þátt í umr. Eins ætlar það greinilega að vera hér og nú, að hv. þm. Þorsteinn Pálsson flytur almenna slagorðaræðu um frv., en þegar hver þm. á fætur öðrum gerir veigamiklar athugasemdir og gagnrýnir hans málflutning er engu

svarað. (**FrS:** Gengur framsóknarmaður í salinn. Ég vek athygli á því.) Já, rétt er að vekja athygli á því að það kemur framsóknarmaður í salinn. (**ÓÞÞ:** Ég fór úr húsinu kl. 6, þá var hann enn þá í stólnum.) Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að hæstv. forseti þessarar deildar er einnig framsóknarmaður og stýrir fundum mjög svo vel þannig að við höfum ekkert saknað hinna neitt sérstaklega.

Herra forseti. Ekki er mikil ástæða til að ræða þetta mál miklu lengur fyrst þeir sem hér hafa talað, sá sem nú situr í sæti 1. þm. Vestf. og einnig formaður Sjálfstfl. Þorsteinn Pálsson, leggja ekki út í að halda áfram rökræðum um frv.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, ítreka þá ósk til hæstv. heilbr.- og trmrh. að hann gefi sér á næstu vikum tíma til að kynnast kjörum fólksins í þessu landi. Vonandi gerist það aldrei aftur í þingsögunni að sá maður sem ber ábyrgð á kjörum elli- og örorkulífeyrisþega svari með skætingi á þingi þegar talað er um fátækt þessa fólks, að það hafi næga peninga enda sé það á troðfullum veitingahúsum um allar helgar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 160. mál (þskj. 231). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd fjmrh. fyrir frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Frv. það sem hér er til umr. er fylgifrv. með frv. til l. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt.

Í tekjuskattsfrv. er lagt til að framlög manna til fjárfestingar í atvinnurekstri séu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum innan vissra marka, þ. e. 20 þús. kr. hjá einstaklingi og 40 þús. kr. hjá hjónum. Í frv. þessu er að finna nánari skilyrði fyrir frádráttarbærni slíkrar fjárfestingar og má því segja að það sé aðeins tæknileg útfærsla á þeim meginákvæðum sem er að finna í framangreindu frv. Frv. þetta er eins og tekjuskattsfrv. undirbúið af nefnd þeirri sem skipuð var 14. júlí á s. l. ári.

Ýmsar ástæður liggja til þess að nauðsynlegt er að lögfesta reglur um nánari skilyrði fyrir frádráttarbærni framlaga manna til atvinnurekstrar. Er þar fyrst og fremst að nefna að æskilegt er að beina þessari fjárfestingu inn á ákveðnari brautir svo að hér á landi myndist fastmótaðar leiðir til fjárfestingar í atvinnurekstri, en það mun auðvelda almenningi mjög slíka fjárfestingu í framtíðinni. Þá verður að telja nauðsynlegt að veita þeim sem hyggjast festa sparifé sitt í áhættufjármagni í atvinnurekstri vissa lágmarkstryggingu fyrir því að þetta fé fari til fjárfestingar sem líkleg er til að gefa nokkurn arð og nokkra tryggingu fyrir því að ekki sé misfarið með þetta fé. Loks er nauðsynlegt að tryggja að frádrátturinn nái einungis til raunverulegrar aukningar á framlögum manna til atvinnurekstrar, þannig að komið sé í veg fyrir misnotkun á frádráttarheimildinni.

Í I. og VI. kafla frv. er að finna ýmis sameiginleg ákvæði sem eiga við allar þær fjárfestingarleiðir sem heimilaðar eru skv. frv. Í II. og V. kafla er hins vegar að finna ákvæði um þær fjármagnsleiðir til fjárfestingar sem heimilt verður að velja á milli og er sérstakur kafli um hverja þessara leiða.

Í fyrsta lagi er um að ræða svonefnda stofnfjárreikninga, sem II. kafli frv. fjallar um. Þessir reikningar eru ætlaðir þeim einstaklingum sem hyggjast leggja út í nýjan atvinnurekstur í formi einkafyrirtækis. Þeir sem hyggjast hefja einstaklingsrekstur geta fengið fjárhæðir frádregnar innan framangreindra marka frá tekjum gegn því að leggja hina frádráttarbæru upphæð í heild inn á sérstakan bundinn reikning í banka eða sparisjóði fyrir lok tekjuársins. Þessar innstæður eru hugsaðar sem stofnfé í væntanlegum atvinnurekstri og verða þær bundnar á reikningnum í sex mánuði frá lokum tekjuárs og eru verðtryggðar skv. lánskjaravísitölu. Innstæðurnar verða notaðar til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum í hinu nýja atvinnufyrirtæki og það verður að ráðstafa þeim innan sex ára frá lokum innborgunarárs-ins. Þeir sem hyggjast stofna til nýs atvinnurekstrar geta því safnað stofnfé inn á þessa reikninga í allt að sex ár áður en reksturinn hefst. Þegar reksturinn er síðan hafinn og tekið er út af hinum bundnu reikningum teljast ⅔ hlutar úttektarinnar til skattskyldra tekna, en þennan skattskylda hluta er heimilt að nota á sama ári til sérstakra flýtifyrninga á fyrnanlegum eignum eða sérstakra fyrirframfyrninga á eignum sem enn hafa ekki verið teknar í notkun. Með þessu móti kemur enginn hluti fjárfestingarreiknings til skattlagningar við upphaf rekstrar, en skattlagningu er hins vegar einungis frestað og mun þessi flýtifyrning fyrr eða síðar leiða til þess að reglulegar fyrningar hafi áhrif á útreikning söluhagnaðar. Fyrirmyndar af þessum stofnfjárreikningum er að leita í dönskum skattalögum, en þar hafa reglur um etableringskonto verið í gildi í þó nokkur ár og gefið að talið er góða raun.

Einn þeirra möguleika til frádráttarbærra framlaga til rekstrar sem í frv. er að finna er fjárfesting í hlutabréfum. Fjárfesting í hlutabréfum hinna stærstu hlutafélaga yrði frádráttarbær við bein og milliliðalaus kaup einstaklinga á bréfum í þessum félögum. Skilyrði fyrir því að slík bein og milliliðalaus kaup séu frádráttarbær er að hlutafé viðkomandi hlutafélags sé a. m. k. 10 millj. kr., að hluthafar séu eigi færri en 100 og engar hömlur séu lagðar á viðskipti með hlutabréf félagsins. Þá er þess krafist að ársreikningur félagsins sé öllum aðgengilegur.

Sums staðar erlendis þar sem hliðstæðar frádráttarheimildir eru við lýði er frádrátturinn bundinn því skilyrði að fjárfest sé í félögum sem skráð eru á opinberu kaupþingi. Slíku er ekki til að dreifa hér. Er því nauðsynlegt að setja sérstök skilyrði um þau félög sem heimilt er að kaupa hlutabréf af beint og milliliðalaust með þeim skattfríðindum sem um er að ræða. Í frv. eru gerðar allstrangar kröfur til þessara félaga, þannig að ljóst er að við núverandi aðstæður eru tiltölulega fá félög hér á landi sem fullnægja þeim skilyrðum. Eðlilegt virðist að allstrangar kröfur séu gerðar í þessum efnum til að koma í veg fyrir misnotkun heimildarinnar.

Til fjárfestingar með frádráttarbærni í minni félögum verða menn að fara aðrar leiðir en bein og milliliðalaus kaup hlutabréfa í viðkomandi félagi. Er um tvær leiðir að velja skv. frv.: annars vegar svonenda starfsmannasjóði og hins vegar svonefnda fjárfestingarsjóði.

Í IV. kafla er fjallað um starfsmannasjóði. Starfs-

mannasjóðir eru hugsaðir sem sameignarfélög sem starfa í tengslum við tiltekin hlutafélög og eru eingöngu mynduð af starfsmönnum viðkomandi hlutafélags. Skal eina markmið starfsmannasjóðanna vera að kaupa hlutabréf í viðkomandi hlutafélagi. Þessir starfsmannasjóðir eru opnir öllum starfsmönnum viðkomandi hlutafélags og þeim einum. Þeir eru eins konar fjárfestingarklúbbur starfsmanna og er að sjálfsögðu hvorki gert ráð fyrir skylduaðild launþega að sjóðnum né skyldu hlutafélags til að selja slíkum sjóðum hlutabréf. Með starfsmannasjóðnum gefst starfsmönnum kostur á sérstökum frádrætti með því að leggja fé til hlutabréfakaupa í viðkomandi félagi og eru ekki gerðar jafnstrangar kröfur til félaga í þessum efnum og þeirra félaga sem heimilt er að kaupa beint og milliliðalaust af og ég ræddi hér um áðan, hvorki að því er varðar heildarfjárhæð hlutafjár eða fjölda hluthafa.

Hins vegar eru gerðar ákveðnar kröfur um fjölda starfsmanna félagsins. Aðilar að starfsmannasjóðum mundu sjálfir fara með atkvæði á hluthafafundum í hlutfalli við aðild sína að sjóðnum, en lagt er til að enginn einn aðili geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni hlutafélags vegna aðildar sinnar að starfsmannasjóðnum.

Loks er í V. kafla fjallað um svonefnd fjárfestingarfélög. Hér er um að ræða hlutafélög sem sérstaklega yrðu mynduð til fjárfestingar í áhættufé atvinnufyrirtækja, skuldabréfum þeirra og annarri hliðstæðri fjármögnun. Það má t. d. nefna fjármögnun með kaupleigusamningum. Kaup einstaklinga á hlutabréfum í þessum fjárfestingarfélögum yrðu frádráttarbær innan þeirra almennu marka sem um slíkan frádrátt gilda. Eru gerðar strangar kröfur til þessara félaga varðandi ráðstöfun á fjármagni til fjárfestingar í atvinnurekstri. Þannig er þess krafist að 90% heildarfjármagns félaganna sé varið til fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum og a. m. k. helmingur þeirra fjármuna fari ávallt í áhættufjármagn. Í ákvæði til brb. er reyndar gert ráð fyrir vissum aðlögunartíma til að þessum skilyrðum verði fullnægt og sérstök ákvæði eru um fjárfestingu í skuldabréfum samvinnufélaga. Þá eru gerðar þær kröfur að samanlögð fjárfesting fjárfestingarfélags í hlutabréfum, skuldabréfum og annarri fjármögnun eins og sama aðila fari aldrei umfram 10% af heildarfjármagni fjárfestingarfélagsins. Er þetta gert til að dreifa áhættu félagsins. Þá eru gerðar þær kröfur að hlutafé fjárfestingarfélags skuli a. m. k. vera 5 millj. kr. og enginn einn hluthafi geti farið með meira atkvæðamagn í félaginu á hluthafafundi en sem nemur 5%. Engar hömlur má leggja á viðskipti með hlutabréf slíks félags og ársreikningar þess skulu vera öllum aðgengilegir. Þá er gert ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi eftirlit með starfsemi fjárfestingarfélaganna og um það gildi sömu reglur og gilda um eftirlit með bönkum og sparisjóðum eftir því sem við getur átt.

Í frv. er gert ráð fyrir að það komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 og gildi þannig vegna skattlagningar tekna ársins 1984, þannig að fjárfesting í atvinnufyrirtækjum eftir samþykkt þessa frv. á þessu ári yrðu frádráttarbær við skattlagningu á næsta ári. Hins vegar mun þetta ekki hafa áhrif á skattheimtu nú á þessu ári.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 56. fundur.

Fimmtudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 22. febr. 1984.

Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Kjartan Ólafsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 22. febr. 1984.

Alexander Stefánsson, 2. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Jón Sveinsson lögfræðingur, Akranesi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 22. febr. 1984.

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna þingsetu 1. varaþm. taki 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Bragi Michaelsson framkvæmdastjóri, Kópavogi, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Með bréfum þessum fylgja kjörbréf viðkomandi manna og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd

að rannsaka þessi kjörbréf, en á meðan verður fundinum frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur kannað kjörbréf fyrir Jón Sveinsson lögfræðing, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Vesturlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið og leggur til að það verði samþykkt.

Ennfremur hefur kjörbréfanefnd athugað kjörbréf fyrir Kjartan Ólafsson ritstjóra, sem er 1. varaþm. landsk. þm. Alþb. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið og leggur til að það sé samþykkt.

Loks hefur kjörbréfanefnd kannað kjörbréf fyrir Braga Michaelsson, sem er 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, en 1. varaþm. Sjálfstfl. í því kjördæmi situr á þingi. Kjörbréfanefnd hefur athugað þetta kjörbréf og hefur ekki fundið neitt athugavert við það og leggur til að það sé samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Jóns Sveinssonar samþ. með 45 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Kjartans Ólafssonar samþ. með 49 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Braga Michaelssonar samþ. með 49 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Bragi Michaelsson, 1. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Bragi Michaelsson hefur unnið eið að stjórnarskránni. Ég býð Jón Sveinsson, Kjartan Ólafsson og Braga Michaelsson velkomna til starfa á Alþingi.

Þróunarstofur landshlutanna, þáltill. 209. mál (þskj. 372). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Átak í nýiðnaði, þáltill. 211. mál (þskj. 376). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosning sex þingmanna í nefnd, einn úr hverjum þingflokki, er hafi það hlutverk, ásamt þingmannanefndum frá Færeyjum og Grænlandi, að vinna að auknu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna, samkvæmt ályktun Alþingis frá 19. maí 1981.

Þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Pétur Sigurðsson,
Páll Pétursson,
Steingrímur Sigfússon,
Eiður Guðnason,
Stefán Benediktsson,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands undirrituðu kjarasamninga 21. febr. s. l. gaf hæstv. forsrh. út eftirfarandi yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin er í meginatriðum sammála Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands um úrbætur fyrir þá sem við lökust kjör búa, dags. 21. febrúar 1984, og er tilbúin til viðræðna um sérstaka tilfærslu fjármuna innan ramma fjárlaga í þessu skyni. Það er eindreginn skilningur ríkisstj. að þessar úrbætur stuðli að gerð heildarsamninga á vinnumarkaðinum innan þeirra marka um launabreytingar á næstu 15 mánuðum sem viðræðunefndir ASÍ og VSÍ kynntu á fundi með fulltrúum ríkisstj. í morgun." Undirritun: Steingrímur Hermannsson.

Síðan þessi yfirlýsing var gefin út hafa komið fram mjög mismunandi túlkanir á því hvað felist í raun og veru í þessari yfirlýsingu. Svo mikil er óvissan að í útvarpi og sjónvarpi í gær birtust yfirlýsingar frá hæstv. forsrh. annars vegar og forseta Alþýðusambands Íslands, Ásmundi Stefánssyni, hins vegar sem greindu mjög á um hvað fælist í þessari yfirlýsingu. Einnig er ljóst að mjög mismunandi sjónarmið hafa komið fram um það hvernig beri að fjármagna þær aðgerðir sem vísað er til í þessari yfirlýsingu, einkum og sér í lagi hafa fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og fulltrúar Alþýðusambands Íslands lýst ólíkum skoðunum í því efni.

Þessi mikla óvissa sem kemur í ljós á fyrstu sólarhringunum eftir að þessi yfirlýsing er gefin út hlýtur að hafa afgerandi áhrif á meðferð verkalýðsfélaga á þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru þennan dag. Ég hef því kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár á Alþingi til þess að spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. um efni þessarar yfirlýsingar og einnig um aðrar yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið, síðast í gær en einnig undanfarna daga.

Í dag mun fjöldi verkalýðsfélaga halda fundi um þessa kjarasamninga og fleiri fundir verða haldnir næstu daga. Ef fólkið í verkalýðsfélögunum allt í kringum landið á að geta myndað sér raunhæfar skoðanir á því hvað felist í þessum kjarasamningum er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherrar gefi hér í dag skýr og afdráttarlaus svör við því hvað þessi yfirlýsing feli í sér.

Einkum eru tvö meginatriði sem andstæðar yfirlýsingar hafa komið fram um. Bæði þessi atriði eru alger grundvallaratriði varðandi meðferð kjarasamninganna. Fyrra atriðið snertir á hvern hátt ríkisstj. hyggst fjármagna þær hliðarráðstafanir sem hún hefur samþykkt að gera í kjölfar samninganna. Fulltrúar Vinnuveit-

endasambands Íslands hafa látið í ljós það sjónarmið að hliðarráðstafanirnar beri að fjármagna með því að lækka niðurgreiðslur. Með því er lagt til að launafólkið í landinu borgi þessar aðgerðir sjálft í gegnum hærra vöruverð á mjólk, kjöti og öðrum almennum lífsnauðsynjum almennings í landinu. Verði þessi leið farin er ljóst að hæstv. ríkisstj. gefur með annarri hendi en tekur jafnóðum með hinni. Þá væri verið að blekkja fólk á ósvífnari hátt en dæmi eru til um: Launafólk látið standa í þeirri blekkingu um nokkurn tíma að verið sé að bæta kjör þeirra sem verst settir eru í landinu en síðan kemur ríkisstj. með reikninginn til þessa sama fólks með því að lækka niðurgreiðslurnar.

Sú upphæð sem nefnd hefur verið að væri hugsanlega til ráðstöfunar í þessum hliðaraðgerðum eru 306—330 millj. kr. Það er um það bil ⅓ af því fjármagni sem ætlað er til niðurgreiðslna á þessu ári. Ég spyr hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.: Er það rétt að ríkisstj. sé með það í athugun að fjármagna þessar hliðarráðstafanir í þágu hinna verst settu með því að lækka niðurgreiðslurnar?

Í öðru lagi: Hvað mundi verðlag á mjólk, kjöti og öðrum lífsnauðsynjum almennings í þessu landi hækka mikið ef minnkandi niðurgreiðslur yrðu notaðar að öllu eða verulegu leyti til þess að fjármagna þessar hliðarráðstafanir? Hver er sú prósentuhækkun á landbúnaðarafurðum sem kæmi í kjölfar þeirrar aðgerðar?

Í þriðja lagi: Eru hæstv. ráðherrar reiðubúnir að lýsa því yfir hér í dag að fjármögnun þeirra aðgerða, sem ríkisstj. mun beita sér fyrir, muni ekki hafa í för með sér neina hækkun á vöruverði? Eru hæstv. ráðherrar reiðbúnir að lýsa því yfir að almenningi verði ekki sendur reikningurinn fyrir þessar bætur til hinna verst settu í formi hærra vöruverðs, að ríkisstj. muni útvega þetta fé á þeim liðum fjárlaga sem ekki hafa í för með sér neina útgjaldaaukningu fyrir almenning í landinu? Nauðsynlegt er að fólkið í verkalýðsfélögunum allt í kringum landið fái skýr svör við því í dag hvort á að senda því reikninginn fyrir þessar aðgerðir eða hvort ríkisstj. hyggst hafa aðrar leiðir.

Annað grundvallaratriði, sem snertir framkvæmd þessara hliðarráðstafana, er fólgið í yfirlýsingu sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands gaf sama dag og kjarasamningarnir voru undirritaðir og sem hæstv. forsrh. tók undir í viðtali við útvarpið í gær. Þessir tveir forustumenn, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og hæstv. forsrh., lýstu báðir þeirri skoðun sinni að þessar hliðarráðstafanir í þágu hinna verst settu væru háðar því að öll verkalýðsfélögin í landinu samþykktu þá kjarasamninga sem forustumenn ASÍ og VSÍ undirrituðu.

Nú er það staðreynd, sem hv. þingheimi er kunnugt, að Alþýðusamband Íslands fer ekki með samningsréttinn í þessu landi. Skipulag vinnumarkaðarins á Íslandi er með þeim hætti að hvert og eitt verkalýðsfélag fer að fullu og öllu með réttinn til að semja um kaup og kjör. Hvorki Alþýðusamband Íslands né neinn annar aðili getur bundið hendur verkalýðsfélaganna. Sú tilraun, sem felst í yfirlýsingu framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands og hæstv. forsrh. í útvarpinu í gærkvöldi, felur í raun og veru í sér þá aðferð að fátækasta og verst setta fólkið í þessu landi er tekið í gíslingu. Sagt er: Þetta fólk, sem verst er sett í þessu landi, fátækasta fólkið, fær ekki neinar úrbætur í kjölfar hliðarráðstafana ríkisstj. nema öll verkalýðsfélög í landinu afsali sér hinum formlega rétti sínum til að semja hvert og eitt um kaup og kjör í sinni heimabyggð á Norðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi og hér sunnanlands. Með þeirri aðferð er á mjög ósvífinn hátt verið að svipta verkalýðsfélögin hinum raunverulega samningsrétti. Það er gert í skjóli þess að taka fátækasta fólkið í landinu í gíslingu og segja: Það verður ekki leyst úr þessari gíslingu nema verkalýðsfélögin afsali sér samningsréttinum.

Í viðtali við sjónvarpið í gær mótmælti forseti Alþýðusambands Íslands, Ásmundur Stefánsson, þessari túlkun harðlega. Hann lýsti því yfir, með leyfi hæstv. forseta, að það væri alger forsenda fyrir því að kjarasamningarnir voru gerðir að þessar hliðarráðstafanir kæmu til framkvæmda óháð því hvort öll verkalýðsfélögin samþykktu kjarasamninginn eða ekki. Því er óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. lýsi því yfir á Alþingi að þeir staðfesti þennan skilning forseta Alþýðusambands Íslands. Það verði staðið við þau fyrirheit sem gefin voru, óháð því hvort eitt eða fleiri verkalýðsfélög kjósa að fara aðra leið í samningsmálum en þá sem undirrituð var 21. febr. s. l.

Því verður ekki trúað að hér eigi að fara að taka upp þá nýjung í samskiptum ríkisvaldsins við aðila vinnumarkaðarins að ríkisvaldið stilli öllum hinum frjálsu verkalýðsfélögum upp við vegg og segi: Ef þið lútið ekki skilyrðislaust þeim heildarvilja sem hér hefur verið tilkynntur verður ekkert framkvæmt af þeim loforðum sem gefin hafa verið. Með því væri í raun verið að taka samningsréttinn aftur af verkalýðsfélögunum líkt og gert var s. l. vor, að vísu nú með þeim hætti að skáka í skjóli hinna fátækustu í landinu þegar réttindasviptingin væri framkvæmd.

Óhjákvæmilegt er að þeir félagar í verkalýðsfélögunum sem síðar í dag koma saman til funda — t. d. hefst fundur í verkamannafélaginu Dagsbrún kl. 5 og aðrir fundir verða haldnir í kvöld og á morgun — fái að heyra úr ræðustól Alþingis skýrt og skorinort frá hæstv. ráðherrum að ríkisstj. muni framkvæma þau fyrirheit sem hún gaf forseta Alþýðusambands Íslands algerlega án tillits til þess hvort eitt eða fleiri verkalýðsfélög verða utan við þessa samninga.

Þriðja meginefnisatriðið sem ég vil víkja að snertir hæstv. fjmrh. sérstaklega. Hæstv. fjmrh. hefur gefið á Alþingi, í sjónvarpi og í öðrum fjölmiðlum yfirlýsingu um að ef kjarasamningar fari yfir 4% mark sé það brot á stefnu hæstv. ríkisstj. og ríkisstj. eigi þá að fara frá. Ef hún geri það ekki muni hann segja af sér.

Þegar hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. gáfu um það yfirlýsingar fyrir nokkrum vikum síðan að vel gæti komið til greina að samið yrði um 6% launahækkun lýsti hæstv. fjmrh. því greinilega yfir að allt slíkt væri brot á stefnu ríkisstj. Slíkar yfirlýsingar væru gefnar á bak við sig og væru ekki í samræmi við skilning sinn á stefnu ríkisstj.

Fyrir viku síðan var hæstv. fjmrh. enn á ný spurður um þessa afstöðu sína á fundi hv. Nd. Áður en ég les tilvitnun í þá ræðu vil ég taka fram að nokkrum setningum á undan kom skýrt fram í máli hæstv. fjmrh. að hann var þar að tala um hinn fræga 4% ramma launahækkana í landinu. Hæstv. fjmrh. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég get fullvissað 7. þm. Reykv. um það að þrátt fyrir það að ráðherrastólar kunni að vera heitir og

mjúkir, eins og hann orðar það, mun ég standa við mín orð. Og bið ég virðulegan þm. að bíða þangað til á reynir en vera ekki með fullyrðingar, sem eru hreinar ágiskanir frá hans hálfu, um vilja minn og getu til að standa hér eftir sem hingað til við allt það sem ég ætla mér að standa við og hef lofað. Ég endurtek það og bið hann um að rifja upp hvenær hann hefur reynt mig að því að bregðast því sem ég hef lofað. Þessu hef ég lofað sjálfum mér." Nokkrum setningum síðar áréttaði hæstv. fjmrh. þessa staðfestu sína með því að lýsa yfir, með leyfi hæstv. forseta: „Þannig er mín skapfesta á við ykkur alla hér ef þið rengið það."

Nú er komið fram í túlkun þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið að samningsupphæðin er alls ekki sú 4% tala sem hæstv. fjmrh. hefur gert að þessu marki. Ég vil t. d. geta þess að í tveimur aðalmálgögnum ríkisstj. daginn eftir að samningarnir voru gerðir stendur á forsíðu Morgunblaðsins: „13.6% launahækkun á samningstímanum." Og á forsíðu hins stjórnarmálgagnsins, Tímans, stendur: „Laun í landinu hækka um 13% á næstu 10 mánuðum." Þess vegna er ljóst að þar sem málstaður ríkisstj. er túlkaður eru nefndar mun hærri tölur, jafnvel þrisvar sinnum hærri tölur, en hið fræga 4% mark hæstv. fjmrh. Í viðtali við Tímann í morgun segir hæstv. fjmrh., með leyfi hæstv. forseta: „Ég mun ekki bjóða BSRB upp á sams konar samninga og ASÍ."

Í kvöld kemur fullskipuð samninganefnd Bandalags starfsmanna ríkis og bæja saman til fundar. Þar mun sú trúnaðarsveit, sem opinberir starfsmenn hafa valið til þess að fara með sín kjaramál, fjalla um stöðuna í samningamálunum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að hér komi fram hvort hæstv. fjmrh. muni bjóða Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja sömu kjarasamninga eða sams konar og Alþýðusambandið hefur gert.

Einnig er nauðsynlegt að fram komi skýr svör við því hvort hæstv. fjmrh. er sammála Morgunblaðinu og Tímanum og þeim öðrum sem um þessi mál hafa fjallað að sú upphæð sem samið var um í kjarasamningunum fari langt fram úr þeim 4% ramma sem hann hefur hvað eftir annað, og síðast á þessum stað fyrir viku síðan, ítrekað að væri það mark sem hann mundi standa og falla með.

Að vísu er vitað að ýmsir forustumenn stjórnarliðsins hafa verið önnum kafnir við það síðustu tvo sólarhringa að finna aðferð fyrir hæstv. fjmrh. til að snúa sig út úr þessum yfirlýsingavanda. Þannig lýsti t. d. formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, því yfir áður en hæstv. fjmrh. sagði orð opinberlega um þessa samninga að hann mundi ekki segja af sér. Fjmrh. mundi sitja áfram. Í mjög sérkennilegu viðtali sem birtist í fréttatíma útvarpsins í gærkvöldi virtist hæstv. fjmrh. vera að reyna að feta sig áfram eftir þeirri braut að endurtúlka fyrri yfirlýsingar á mjög hlægilegan hátt. Að vísu voru fyrstu skrefin á þessari endurtúlkunarbraut fremur óviss en engu að síður nokkuð skýr. Þar var hæstv. ráðh. greinilega að reyna að feta sig eftir þeirri túlkun að sá rammi sem hann hefði talað um hefði alls ekki verið þessi frægi 4% rammi sem gæti kostað hann ráðherrastól heldur allt annar rammi. Það væri ramminn um útgjöld og tekjur ríkissjóðs. Ef útgjöldum vegna hliðarráðstafana yrði mætt með minnkandi útgjöldum á öðrum sviðum, þannig að heildarútkoman fyrir ríkissjóð sem slíkan, fært sem debet og kredit í dálkum ríkissjóðs, væri ekki útgjaldaaukning, væri þetta allt í lagi.

Þetta er greinilega sú túlkunaraðferð sem ýmsir ráðgjafar ráðh. eru að reyna að fá hann til að feta sig eftir. Þess vegna væri mjög fróðlegt að fá um það skýr svör frá hæstv. ráðh., sem hefur hvað eftir annað lýst því yfir, bæði hér á Alþingi og í fjölmiðlum, að hann muni standa og falla með 4% markinu, hvort hann ætlar að gera það. Það er alveg ljóst að yfir það hefur verið farið. Enginn maður treystist til að halda því fram að kjarasamningarnir séu 4% þó að deilt sé um það hve mikið yfir þessum 4% þeir eru. Er hæstv. ráðh. nú að reyna að feta sig áfram eftir þeirri braut að gera sjálfum sér kleift að sitja áfram í ráðherrastólnum þrátt fyrir öll stóru orðin í ljósi einhverrar skringilegrar endurtúlkunar á debet- og kreditdálkum fjárlaga sem nánustu ráðgjafar hans hafa verið að reyna að lesa honum síðasta sólarhringinn.

Þó er það kannske öllu mikilvægara en ráðherradómur hæstv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar að opinberir starfsmenn fái skýr svör við því hvort þeim verða boðnir sams konar samningar og Alþýðusambandi Íslands.

Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé í ljósi þeirrar yfirlýsingar sem hæstv. ríkisstj. gaf út að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. veiti skýr svör við þeim spurningum sem ég hef borið fram varðandi túlkun þessarar yfirlýsingar og hæstv. fjmrh. sérstaklega gefi þingheimi skýringar á því í ljósi fyrri yfirlýsinga sinna hér, sérstaklega yfirlýsinga sem hann gaf í hv. Nd. á miðvikudaginn í síðustu viku, hvort hæstv. ráðh. ætli að segja af sér í ljósi þess að farið hefur verið fram úr 4% rammanum eða hvort hann er búinn að læra einhverja sérkennilega endurtúlkun á fyrri orðum sem gerir honum kleift að sitja áfram.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Vissulega er þarft og nauðsynlegt að þessi umr. fari fram núna þannig að skýr svör fáist um afstöðu ríkisstj. í þeim kjaramálum sem nú eru til umfjöllunar í þjóðfélaginu. Vakið hefur athygli þm. að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands gerðu samninga á forsendum varðandi skattalækkanir en jafnframt að forsrh. og m. a. formaður Sjálfstfl. hafa haft uppi yfirlýsingar um að til þess að staðið yrði við þessi fyrirheit yrðu öll verkalýðsfélög í landinu að samþykkja þau samningsdrög sem fyrir lægju. Er virkilega mögulegt að ríkisstj. hafi haft í huga að standa þannig að málum? Er ekki ljóst að Alþýðusamband Íslands getur ekki gefið loforð fyrir hönd verkalýðsfélaganna upp og ofan í landinu og er hér verið að leika einhvern ljótan leik gagnvart verkalýðshreyfingunni? Er það virkilega ekki meining ríkisstj. að standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið án tillits til þess hvernig fer um afstöðu verkalýðsfélaganna í landinu, hvort það verða 10, 20, 30, 40 eða 90% þeirra sem samþykkja þessa samninga?

Ég tel að óhugsandi sé með öllu að ríkisstj. haldi á málum með þeim hætti sem yfirlýsingar forsrh. hafa gefið í skyn og sem reyndar hefur líka komið fram í máli formanns Sjálfstfl. þar sem hann talar um að hin einstöku félög megi ekki tefja framgang þessara ráðstafana.

Í annan stað vil ég sérstaklega gera það að umræðuefni hvernig það samrýmist hjá hæstv. ríkisstj. að greiða sérstaklega fyrir því að gerðir séu kjarasamningar upp á 5+2+3+3% við launþega innan Alþýðusambands Ís-

lands en ætla ekki, ef marka má yfirlýsingar fjmrh., að bjóða launþegum opinberra starfsmanna samsvarandi hækkanir. Hvernig samrýmist það hjá ríkisstj.? Telur hún að opinberir starfsmenn séu annars flokks starfsmenn eða hefur ríkisstj. kannske ekki fjallað um málið? Ég vildi gjarnan beina því til hæstv. forsrh. hvort hann sé e. t. v. ekki sömu skoðunar og fram kemur í viðtali við hæstv. fjmrh. í dag um að ekki eigi að bjóða sömu samninga eins og ASÍ hefur boðið. Er það skoðun forsrh. að bjóða eigi Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja það sama eða er hann sömu skoðunar og fjmrh. um að opinberir starfsmenn verði að vera í einhverju öðru þrepi, einhverjir annars flokks limir í þessu þjóðfélagi? Ég held að ljóst sé að á undanförnum árum hafi það verið reglan að þessir aðilar, Alþýðusambandið og BSRB, fylgdust að og að ríkið hafi sætt sig við að bjóða Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja það sama og samið hefur verið um á hinum almenna vinnumarkaði hjá Alþýðusambandi Íslands. Er hugmynd ríkisstj. að víkja nú algerlega út af þeirri braut? Við því vildi ég gjarnan fá svör hjá hæstv. forsrh.

Um framkvæmdina hefur þegar verið spurt, hvaðan eigi að taka þetta fé. En líka má spyrja: Hvenær er hugmyndin að þetta komi til framkvæmda hjá ríkisstj.? Sumt af því tengist að vísu afgreiðslu skatta en annað ekki, t. d. að því er varðar gamla fólkið í landinu. Þá vil ég sérstaklega spyrja ríkisstj. að því hvort hún telji það sæmandi og hvort það sé virkilega ekki meining hennar að gera neitt meira fyrir gamla fólkið í landinu en fram hefur komið í þessum svokallaða samkomulagsgrundvelli. Ég minni á að kjör ellilífeyrisþega og öryrkja hafa rýrnað um 24—28% á seinustu 12—14 mánuðum. Telur ríkisstj. virkilega að það eina sem þurfi að gera í því sambandi sé að hækka tekjutryggingu um 10%? Það er nú lítill hluti af þeirri kjararýrnun sem þetta fólk hefur orðið fyrir.

Í annan stað vil ég minna ríkisstj. á að það er fjöldi af gömlu fólki sem nýtur sem betur fer greiðslna úr lífeyrissjóðum. Afkoma þessa fólks, sem er þá ekki á tekjutryggingu, hefur rýrnað jafnmikið og þeirra sem á tekjutryggingunni eru. Ellilífeyririnn sem greiddur er úr Tryggingastofnun ríkisins ætti einmitt að vera sá stuðpúði sem væri til þess að draga úr þessari kjararýrnun. En hann hefur rýrnað um þessi sömu 24—28%. Nú er ekkert minnst á hann. Er ekki meining ríkisstj. að koma til móts við þetta fólk líka og hækka ellilífeyrinn yfir línuna sem nemur þeirri kjaraskerðingu sem átt hefur sér stað? Ég verð að segja fyrir mína parta að ég get ekki skilið hvers gamla fólkið á að gjalda ef svo fer fram sem horfir.

Að lokum vil ég sérstaklega gera að umræðuefni það frv. sem nú hefur með miklum asa séð dagsins ljós um breytingar á vísitölugrundvellinum. Það er mikill asi á því einmitt núna. Er það hugmynd ríkisstj. að þetta mál eigi að afgreiða nú einmitt þegar verið er að fást við þessa kjarasamninga? Er hér um einhvers konar leynisamkomulag að ræða innan ríkisstj. eða við einhverja aðila utan þings eða er hér hugmyndin að fela með einhverjum hætti það að tekið sé með annarri hendinni það sem gefið er með hinni? Vill hæstv. forsrh. gefa okkur skýringar á því hvers vegna einmitt nú sé ástæða til þess að afgreiða þetta frv., hvorki fyrr né síðar?

Að lokum, herra forseti, vildi ég sérstaklega spyrja að því hvort ríkisstj. telji það samkomulag sem hún hafi gert og ætli hugsanlega að standa við ekki vera afskipti af kjarasamningum. Ríkisstj. hefur talað mikið um það að undanförnu að aðilar vinnumarkaðarins ættu að koma sér saman og hún ætlaði ekki að hafa nein afskipti af því. Ég vil spyrja ríkisstj. hvort hún telji að þetta boðorð hafi verið haldið eða hver mörkin séu varðandi afskipti, ef þetta eru ekki afskipti af kjarasamningum, hvar mörkin liggi þá. Við þessu vildi ég gjarnan fá svör líka.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Að morgni s. l. þriðjudags óskuðu samninganefndir Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands eftir fundi með mér um þá samninga sem þá voru í gangi. Sá fundur var haldinn þann morgun og sat þann fund ásamt mér Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., og efnahagssérfræðingarnir Jón Sigurðsson og Þórður Friðjónsson. Á þessum fundi kynntu fulltrúar vinnumarkaðarins þá samninga sem í burðarliðnum voru. M. a. kynntu þeir og óskuðu eftir sjálfir að ríkisstj. hefði þau afskipti af þessum samningum að fært yrði fjármagn innan ramma fjárlaga til þeirra sem lökust kjör hafa skv. þeirri athugun sem kjararannsóknanefnd hafði fyrir nokkru gert.

Þetta mál var síðan rætt á ríkisstj.-fundi strax á eftir og ákvað ríkisstj. að verða við þeim tilmælum. Skrifaði ég í framhaldi af því Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands bréf það sem hv. fyrirspyrjandi, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur hér lesið. Í raun og veru lít ég svo á að bréf þetta skýri sig að fullu sjálft. Í þessu bréfi er fallist á í meginatriðum þær hugmyndir sem þessir aðilar höfðu sett fram um tilfærslu fjármagns innan fjárlaga til láglaunafólks og því heitið að ríkisstj. sé tilbúin til viðræðna við þessa aðila um slíka tilfærslu. Því svara ég fyrstu spurningu hv. þm. að engin ákvörðun hefur verið tekin um það hvaðan þetta fjármagn verður fært. Það mun ríkisstj. að sjálfsögðu athuga og eiga um samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að á þessum fundi var minnst á niðurgreiðslur. Það gerðu aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands. Því var ekki andmælt af fulltrúum Alþýðusambands Íslands en bent á að fleira kæmi til greina eins og t. d. útflutningsuppbætur. Ég get reyndar getið þess að aðilar hafa nefnt að vel komi til greina að tekjutengja barnabætur þær sem nú eru veittar og færa þannig frá hátekjufólki til lágtekjufólks. Allt þetta mun að sjálfsögðu athugað, og ég endurtek, í fullu samráði við þá aðila vinnumarkaðarins sem að þessu samkomulagi standa.

Í 2. mgr. samþykktar ríkisstj. og þess bréfs sem ég ritaði kemur fram að það er eindreginn skilningur ríkisstj. að umrætt samkomulag muni stuðla að heildarsamningum á vinnumarkaði, þ. e. á milli aðildarfélaga Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Þessi skilningur er að sjálfsögðu byggður á því sem kom fram á umræddum fundi. Ríkisstj. lítur á þennan skilning sem mikilvægan þátt og grundvallaratriði í samþykkt ríkisstj. Bregðist þetta mun ríkisstj. taka þessa samþykkt til endurskoðunar. Ég vona að það bregðist ekki og það þurfi ekki. En ef aðstæður á markaðnum breytast með því að samningurinn er felldur af einstökum félögum hlýtur ríkisstj. að skoða afstöðu sína til málsins í heild.

Út af fsp. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar vil ég segja í fyrsta lagi um ellilífeyrisþega að ríkisstj. mun vissulega ekki gleyma gamla fólkinu. Þegar hefur verið um það rætt að að sjálfsögðu verði að veita því úrbætur þótt þess sé ekki sérstaklega getið í þeim hugmyndum sem fram voru lagðar fyrir ríkisstj.

Í öðru lagi vil ég taka fram út af vísitölufrv. að ríkisstj. ákvað þegar hún tók við í maí að rétt væri að innleiða nýrri vísitölugrundvöll en við höfum notað til þessa og er orðinn hátt í 20 ára gamall. Þetta hefur lengi verið til umr. og segja má að það hafi tafist vegna þess að ríkisstj. taldi sjálfsagt að ræða þetta við aðila vinnumarkaðarins. Því kynnti hæstv. viðskrh. frv. fyrir kauplagsnefnd og eftir að það hafði verið rætt hjá Alþýðusambandi Íslands og eftir að ábendingar höfðu fram komið hjá fulltrúum í kauplagsnefnd um breytingar á frv. var ákveðið að leggja það fram. Ég lít svo á að um þetta hafi verið haft fullt samráð og get auk þess getið þess að áður hafði ég kallað fulltrúa ASÍ á minn fund til að gera þeim grein fyrir þessari áætlun ríkisstj.

Ég vil svo segja almennt um þann ramma sem menn hafa talað um að hafi verið sprengdur að mér sýnist það á töluverðum misskilningi byggt. Þegar ríkisstj. ákvað sitt efnahagsprógramm í upphafi síns starfsferils var gert ráð fyrir því að ná verðbólgu úr 130% niður í um 30% um síðustu áramót. S. l. október þegar ríkisstj. birti sína efnahagsáætlun fyrir það ár sem nú er var talað um að komast úr þessum 30% niður í 10% í lok þessa árs, sem hefði þýtt, eftir því hve hratt hefði gengið í upphafi, verðbólgu frá upphafi til loka ársins um það bil 15%.

En nú fór svo að töluvert meiri árangur náðist í lok síðasta árs en talið var að nást mundi. Verðbólgan varð um 15% í lok ársins í stað 30% og verðbólgan nú er um 10% skv. mati bæði Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka. Við höfum orðið fyrir nokkrum skakkaföllum með þorskafla og því var talið að aðeins rúmuðust 4% meðallaunahækkanir frá desemberverðlagi. Það er út af fyrir sig óbreytt. En miðað við að betri árangur náðist í lok ársins en áður var talið benti margt til þess að verðbólga í lok ársins með 4% launahækkun yrði aðeins um 7—8% í staðinn fyrir 10%, það næðist sem sagt meiri árangur. Ég get getið þess að í mjög nýlegum áætlunum Seðlabankans er áætlað að framfærsluvísitala 4 síðustu mánuði þessa árs með 4% hækkun launa hefði orðið 0.6.

Það sem í raun og veru hefur gerst með þeim samningum sem nú fara nokkuð fram úr og þýða meðalhækkun launa frá desemberverðlagi upp á um það bil 6.5% þýðir að við verðum að öllum líkindum í lok ársins með u. þ. b. 10% verðbólgu í staðinn fyrir 7—8% sem við hefðum kannske annars náð. Við erum því raunar alveg á því sem ríkisstj. setti sér.

En vegna þess að verðbólga komst töluvert neðar í lok þessa árs en áætlað var verður verðbólga frá upphafi til loka ársins engu að síður að mati Þjóðhagsstofnunar líklega um 11—12%. En ég vil þó geta þess að Vinnuveitendasamband Íslands áætlar að verðbólga verði frá upphafi til loka árs um 10% þrátt fyrir þessa samninga. Þessir samningar munu hins vegar setja aukinn þrýsting, einkum á viðskiptajöfnuð. Áætlað var að viðskiptajöfnuður mundi verða neikvæður í ár um ÷1% en gæti orðið, að mati Þjóðhagsstofnunar, eitthvað nærri ÷1.5%. Þó fer það mjög eftir því í fyrsta lagi hvernig viðskiptakjör þróast og í öðru lagi hvað veiðist mikið af loðnu og hvað fæst fyrir þær afurðir. Þannig er lögð rík áhersla á af þeim sérfræðingum sem um þessi mál fjalla að verið er að reikna hárfínt og reyndar utan þeirra skekkjumarka sem felast í slíkum reikningum.

Ég vísa því á bug að þessir samningar út af fyrir sig brjóti þann upphaflega ramma eða þá efnahagsáætlun sem ríkisstj. setti sér en við höfum tvímælalaust náð enn lengra í hjöðnun verðbólgu ef samningar hefðu verið nær 4% sem ég hef að mörgu leyti talið æskilegt.

Að lokum spurði hv. þm. Kjartan Jóhannsson um afstöðu mína til samninga við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ríkisstj. hefur ekki fjallað um þá samninga eftir að sú staða er komin upp sem nú er og ég get því ekki lýst afstöðu ríkisstj. og er ekki reiðubúinn að lýsa minni afstöðu. Þetta verður að sjálfsögðu rætt á næstu dögum. En vitanlega er öllum ljóst að þeir almennu samningar, sem gerðir hafa verið á vinnumarkaðinum, hljóta að hafa veruleg áhrif á þá samninga, sem gerðir verða við BSRB, en það mál er ekki rætt innan ríkisstj. enn.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég þakka þeim sem hófu þessa nauðsynlegu umr. sem er fyrst og fremst tilkomin vegna nýgerðra kjarasamninga.

Fjölmiðlar hafa leitað álits ýmissa á nýgerðum samningum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Þegar umsagnir þessar eru skoðaðar er áberandi hve vinnuveitendur eru miklu ánægðari með samningana en fulltrúar launafólks. Það segir vissulega sína sögu.

Það olli mér miklum vonbrigðum að enn einu sinni skyldi samið um sömu prósentuhækkun á öll laun, sem þýðir vitanlega ekkert annað en að því hærri sem launin eru, þeim mun hærri krónutala bætist ofan á þau. Vafalaust eru hæstu launin ekkert til að hrópa húrra fyrir en það er þó fjandakornið hægt að komast af á þeim, sem er meira en hægt er að segja um lægstu launin. Kjör hinna lægst launuðu eru orðin þjóð okkar til háborinnar skammar og þær leiðréttingar sem samningarnir kveða á um eru engan veginn nægjanlegar. Lágtekjumarkið er allt of lágt. Ég verð að segja að ég skil ekki röksemdirnar fyrir því að mismuna launafólki svo freklega eftir aldri eins og nú hefur verið samið um. Ég segi bara eins og Sighvatur Björgvinsson sagði í ræðustól í gær: Hvenær verður samið um launamismun kynjanna á nýjan leik? Nægur er sá munur á borði. Hvenær verður samið um hann opinskátt í orði?

Lágmarkstekjur eiga nú að verða 11 509—12 600 kr. á mánuði. Það eru öll ósköpin eftir allar yfirlýsingarnar um 15 þús. kr. lágmarkið sem af einhverjum ástæðum hefur verið haldið fast við í margar vikur þrátt fyrir stöðugt versnandi afkomu þess fólks sem um er að ræða. Vita menn ekki hver framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar er orðinn? Miðað við nýja vísitölugrunninn sem boðaður er í stjfrv. og verðlag í byrjun febrúar er framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar 43 400 kr. á mánuði fyrir utan húsnæðiskostnað. Það er því ekki að undra þótt lágtekjufólki gangi illa að ná endum saman jafnvel þótt tveir séu um að afla tekna, hvað þá þegar fyrirvinnan er ein.

Nei, lágtekjumarkið er of lágt. Og hvers vegna í ósköpunum eru þessir fáránlegu launataxtar ekki sniðnir neðan af launaskalanum úr því að allir viðurkenna að

þeir gefa ekki mannsæmandi laun? Jú, auðvitað vegna þess að launatengdu greiðslurnar, yfirvinnan og bónusinn, vaktaálagið og tryggingagreiðslurnar miðast við þessa lágu taxta. Það er kannske það skásta við þessa samninga að í þeim er ákvæði um endurskoðun á bónuskerfinu. Það gladdi mig að sjá einhvers staðar haft eftir formanni Verkakvennafélagsins Framsóknar að til greina kæmi að konur hættu að vinna skv. bónuskerfi. Sýnt hefur verið fram á að það taki sæmilega duglega konu í fiskvinnu u. þ. b. viku að vinna sig upp í bónus. Bónuskerfið býður upp á algjöra þrælavinnu. Mér eru í minni orð Aðalheiðar Fransdóttur sem lýsti bónusdegi í frystihúsi á ráðstefnu Alþfl. - kvenna um launamál kvenna á s. l. hausti. Hún sagði þar m. a. orðrétt, með leyfi forseta:

„En til þess að ná 200 í hraða, sem er topphraði, þurfum við að eyða orku sem samsvarar því að við færum á tveimur jafnfljótum til Hveragerðis og til baka aftur á 8 klukkustundum. Hver heilvita manneskja sér að þetta er hreint brjálæði. En svona þurfum við að vinna ekki einn dag heldur alla daga ársins til þess að hafa mannsæmandi laun. Eins og allir geta séð þá getur þetta aðeins brot af þeim konum sem við þessi störf vinna en því miður er alltaf einblínt á þennan litla hóp sem nær þessum bónus. Hitt gleymist aftur á móti að meiri hluti þeirra kvenna sem við þessi störf vinna eru aðeins með miðlungsbónus og vel undir meðallagi og þær þurfa ekki síður að hafa fyrir sinni vinnu en þær sem eru með hæstan bónus.

Ég er viss um að ég get með góðri samvisku, án þess að vanmeta störf annarra verkakvenna, sagt að það sé leitun að þeirri starfsstétt sem þarf að hafa jafnmikið fyrir launum sínum og konur í frystihúsum. En hversu lengi endast þær?"

Lagfæring bónuskerfisins og helst afnám þess er eitt brýnasta verkefnið til leiðréttingar á kjörum kvenna á vinnumarkaðinum. En það er nú ein sorglegasta niðurstaða þessara nýgerðu kjarasamninga að ekki bólar á nokkurri viðleitni til að taka sérstaklega á kjörum kvenna. Varla hefur það farið fram hjá nokkrum manni að konur hafa verið iðnar við fundahöld undanfarna mánuði. Þær hafa haldið hvern fundinn á fætur öðrum, hverja ráðstefnuna af annarri, um kjör sín og stöðu í þjóðfélaginu. Þær hafa rætt málin fram og aftur, kannað ástandið og unnið úr þeim könnunum niðurstöður sem hljóta að knýja alla til umhugsunar. Þær hafa unnið saman þvert á alla flokkapólitík og komist að þeirri einhuga niðurstöðu að ástandið sé óviðunandi og við svo búið megi ekki standa.

Skyldu öll þessi fundahöld, öll þessi umr., hafa farið fram hjá einhverjum? Hafa þeir ekki heyrt óánægjuraddirnar, lesið greinarnar, kynnt sér niðurstöður kannananna? Ekki er svo að sjá af nýgerðum samningum. Á það að verða óumbreytanlegt lögmál að ófaglærðir verkamenn hafi 14% hærra tímakaup í dagvinnu en ófaglærðar verkakonur, að karlar við afgreiðslustörf hafi 26% hærra dagvinnutímakaup en konur við sams konar störf, að karlar hafi 33% hærra tímakaup í dagvinnu við skrifstofustörf en konur? Þessar staðreyndir liggja á borðinu úr margvíslegum könnunum. En þess sér ekki stað í nýgerðum samningum að reynt sé að leiðrétta þetta misrétti.

Hvað kemur á daginn þegar samningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja við ríkið liggja fyrir? Getum við vænst þess að þar ríki meiri skilningur og vilji til úrbóta? Íslenska ríkið er stærsti vinnuveitandi landsins og ber sinn hluta af sökinni á því hvernig ástandið er. Því ber að sýna gott fordæmi. Ríkisstj. gæti sannarlega lagt sitt af mörkum og séð til þess að jafnréttislögunum væri framfylgt í hvívetna. Hún gæti líka séð til þess að hin hefðbundnu kvennastörf yrðu endurmetin. Hugsanleg leið og að mínu mati ákjósanleg er einfaldlega að hækka alla starfshópa þar sem konur eru fjölmennastar um tvo launaflokka. Ríkisstj. ætti auðvitað að koma til móts við kröfur kvenna um betri aðstæður, t. d. að því er varðar umönnun barna og endurmenntun.

Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja forsrh. og fjmrh. um afstöðu þeirra til þessara mála. Hver er afstaða ríkisstj. til þess augljósa misréttis sem konur búa nú við á vinnumarkaðinum? Hefur ríkisstj. fjallað um málin með tilliti til þeirrar miklu umr. sem á sér stað úti í þjóðfélaginu?

Í marga áratugi hafa konur barist af misjafnlega miklum eldmóði fyrir bættum hag sínum og betri kjörum og réttindum til jafns við karla. Margt hefur áunnist þótt ekki sé liðinn langur tími á mælikvarða mannkynssögunnar síðan fólki var mismunað gróflega eftir kynferði í launum fyrir sömu vinnu, síðan konum var meinaður aðgangur að mörgum menntastofnunum, síðan konur höfðu hvorki kosningarétt né kjörgengi. Flestum þykja þetta sjálfsögð réttindi kvenna nú á dögum en kannske finnst sumum í hjarta sínu þetta fjandans nóg. Konur geti bara verið ánægðar enn um sinn með það sem áunnist hefur.

Víst er um það að konur eru ákaflega þolinmóðar mannverur, langlundargeðið lygilega mikið. Þær hafa alltaf átt erfitt með að ná fram rétti sínum vegna ýmissa aðstæðna. Þær hafa að stórum hluta verið lokaðar inni á heimilum sínum, bundnar af umönnun, af hlutverki sínu, þjakaðar af þeim viðhorfum samfélagsins að einkenni hinnar góðu konu, eiginkonu, dóttur, móður, sé fórnfýsi og þolinmæði, hlutverk hennar sé að þjóna öðrum, fórna sér í þágu annarra, umfram allt vera sú kjölfesta — vel að merkja ódýr kjölfesta — sem heimilið, hornsteinn þjóðfélagsins, hvílir á.

En öðru hverju ofbýður konum. Þær rísa upp og sameinast um að leita réttar síns, leita viðurkenningar á því hlutverki sem þeim er ætlað að gegna en er lítilsvirt af samfélaginu, a. m. k. í beinhörðum peningum. Það er býsna þung og kröftug alda þegar konur sameinast um sín mál. Ein slík alda rís hátt þessa dagana. Ríkisstj. og öðrum vinnuveitendum ber að hlusta á þessar raddir og taka mið af þeim.

Hvað varðar tillögur Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins um úrbætur fyrir þá verst settu, sem greiddar verða úr ríkissjóði, er það náttúrlega stærsta áhyggjuefnið að slíkar úrbætur skulu vera skoðaðar sem liður í kjarasamningum og notaðar til að halda niðri lægstu launum. Slík niðurgreiðsla vinnuaflsins gæti hamlað öllum breytingum launa hjá viðkomandi hópum síðar meir þegar aðstæður batna. Hætt er við að atvinnurekendur ánetjist slíku ástandi.

Það er sígild lágmarkskrafa að laun verða að vera nægjanleg til framfærslu. Núverandi neyðarástand má ekki verða til þess að festa þessi laun við sultarmörkin.

Að hinu leytinu er svo auðvitað sjálfsagt mál að ríkið komi til liðs við þá verst stöddu með ýmsu móti og þær tillögur sem á borðinu liggja stefna í rétta átt. Það er

t. d. góð hugmynd að tengja upphæð barnabóta við tekjur en tekjumarkið er allt of lágt og þyrfti að vera töluvert hærra til að koma að einhverju raunverulegu gagni. Þá eiga meðlagsgreiðslur skv. þessum tillögum aðeins að hækka um 400 kr. á mánuði fyrir hvert barn, sem er fáránlegt. Þetta er varla fyrir gallabuxum á smákrakka.

Þær úrbætur sem fyrirhugaðar eru til handa einstæðum foreldrum ganga því alltof skammt þótt prósentutölur gefi annað til kynna. Þær sýna okkur einungis hve ástandið er smánarlegt og furðulegt hvað tekið hefur langan tíma að komast að þeirri niðurstöðu að kjör einstæðra foreldra þyrfti að bæta.

Eins sakna ég sérstaklega í þessum tillögum og það er sú hugmynd að greiða út ónýttan persónuafslátt sem ég tel sjálfsagt að fólk fái greiddan rétt eins og barnabæturnar ef þær nýtast ekki til frádráttar í skatti. Þessi hugmynd hefur oft komið upp og ég styð hana eindregið.

En að lokum, getum við nú ekki sameinast um að gera betur við elli- og örorkulífeyrisþega en lagt er til í hugmyndum Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins? 10% hækkun tekjutryggingar er ekki neitt. Hámarksupphæð fyrir einstakling hækkar ekki einu sinni um skitinn 400 kall. Hvernig getum við verið þekkt fyrir að búa svona að örorku- og ellilífeyrisþegum? Í rauninni er það lágmark að hækkun til þeirra nemi 25—30%. Kjör þeirra eru orðin svo aum að ekki má minna vera til að þau nái endum saman. Þau kjör sem við ætlum þessu fólki að búa við eru til vansæmdar.

En svo að ekki gleymist að svara spurningum þeim sem ég bar fram hér áðan ætla ég að endurtaka þær. Hver er afstaða ríkisstj. til þess augljósa misréttis sem konur búa nú við á vinnumarkaðinum? Hefur ríkisstj. fjallað um málið með tilliti til þeirrar miklu umr. sem á sér stað úti í þjóðfélaginu?

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Þeir kjarasamningar sem nýlega hafa verið undirritaðir milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands marka þáttaskil í nokkurra mánaða kjaradeilu og væntanlega stuðla þeir að víðtækri og almennri lausn á þeim deilum sem staðið hafa á milli vinnuveitenda og launþega um endurnýjun kjarasamninga. Að vísu er það svo að þessir samningar ganga nokkru lengra en efnahagslegar forsendur segja til um að skynsamlegt sé. Það er vitaskuld rétt að verðbólga hefði orðið minni á þessu ári ef þessir samningar hefðu verið gerðir nær hinum efnahagslegu forsendum. Þjóðartekjur minnka á þessu ári og það liggur í augum uppi og er almennt viðurkennt að kaupmáttarbreytingar hljóta ávallt að vera í nokkru samræmi við breytingar á þjóðartekjum ef jafnvægi á að haldast í efnahagsmálum. En það er hins vegar ljóst að þessir samningar ganga ekki lengra en svo að þau meginmarkmið sem núv. ríkisstj. hefur sett sér um lækkun verðbólgunnar eiga ekki að raskast að neinum mun þrátt fyrir þessa samninga.

Þess vegna er fullkomlega eðlilegt af hálfu ríkisstj. að hafa tekið vel þeirri málaleitan sem samningsaðilar báru upp um sérstakar aðgerðir í þágu þess fólks sem verst er sett við þessar aðstæður og í samræmi við það sem stjórnarflokkarnir hafa áður talað um í því efni. En kjarni málsins er sá, að árangur í baráttunni við verðbólguna hefur nú þegar orðið meiri en menn væntu í upphafi og þó að hér hafi verið gengið lítið eitt lengra en góðu hófi gegnir eru meginmarkmiðin ekki í hættu af þessum sökum.

Varðandi þá yfirlýsingu sem ríkisstj. gaf í tengslum við þetta samkomulag hafa risið upp spurningar um tvö atriði: annars vegar um fjármögnun aðgerðanna sem þar eru tilgreindar á sviði skattamála og tryggingamála og hins vegar um þann ákveðna skilning ríkisstj. að þessar aðgerðir séu þáttur í heildarlausn vandans. Að því er fjármögnunarleiðirnar varðar er ljóst að samningsaðilar óskuðu alveg eindregið eftir því að þessar aðgerðir yrðu fjármagnaðar með tilfærslum innan fjárlaga, þannig að það yrði ekki efnt til sérstakrar fjáröflunar í þessu skyni. Yfirlýsing ríkisstj. er í fullu samræmi við þessa ósk samningsaðila og er af þeim sökum alveg tilhæfulaust að ásaka ríkisstj. um að hún ætli að fjármagna þessar aðgerðir með sérstökum álögum á menn í hverra þágu þessar aðgerðir eru gerðar. Þetta er bein ósk samningsaðila sjálfra. Formlegar tillögur af þeirra hendi hafa ekki komið fram og af þeim sökum óskaði ríkisstj. eftir viðræðum við samningsaðila um með hvaða hætti ætti að standa að þessum tilfærslum. Það er eðlilegt að þær leiðir komi fram í þeim viðræðum og óeðlilegt væri ef menn mundu fyrir fram binda sig við einhverjar tilteknar leiðir í þeim efnum. Væri æskilegt og nauðsynlegt að það væri gert í fullu samkomulagi og samráði við samningsaðila.

Hér hefur einnig verið minnst á það, sem rétt er, að samningsréttur er lögum samkvæmt í höndum einstakra verkalýðsfélaga og einstakra atvinnufyrirtækja á hinn bóginn. Um langan tíma hefur það þó viðgengist að samningar hafa verið í höndum heildarsamtaka á vinnumarkaðinum og svo hefur einnig verið að þessu sinni og sérstakar ákvarðanir teknar um það innan Alþýðusambandsins að með þessa samninga yrði farið á þess vegum en ekki efnt til samninga þar sem hvert einstakt aðildarfélag Alþýðusambandsins væri aðili að viðræðunni. Sama var uppi á teningnum af hálfu vinnuveitenda.

Þegar samningsaðilar kynntu samninginn fyrir fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna og óskuðu eftir aðgerðum af hálfu ríkisstj. kom alveg greinilega fram svo sem tekið er fram í samningnum að hann er gerður á milli Alþýðusambands Íslands fyrir hönd aðildarsamtaka þess og Vinnuveitendasambands Íslands fyrir hönd aðildarfélaga þess og einstakra meðlima. Að sjálfsögðu er yfirlýsing ríkisstj. gefin í þeirri trú að samninganefndir þessara aðila hafi haft umboð og traust félagsmanna sinna til að gera þessa samninga. Það er ákaflega mikilvægt að þær aðgerðir sem fjallað er um í þágu þeirra sem verst eru settir séu þáttur í heildarlausn samninga, þannig að það gerist ekki eins og oft hefur gerst að einstök félög sem hafa sterkasta aðstöðu á vinnumarkaðinum hafa á stundum knúið fram meiri launahækkanir sér til handa en þeir, sem lakast eru settir, hafa fengið. Samningurinn var kynntur sem samkomulag á milli þessara heildarsamtaka fyrir hönd allra aðildarfélaga. Þetta gilti fyrir bæði samtökin og yfirlýsingin af hálfu ríkisstj. er auðvitað gefin í því trausti og þeirri trú að þessir samningsaðilar hafi haft umboð og traust sinna umbjóðenda. Ef það kemur hins vegar á daginn að einstök verðalýðsfélög og einstök fyrirtæki eða samtök vinnuveitenda lýsa yfir vantrausti á samninganefnd Alþýðusambandsins eða samninga-

nefnd Vinnuveitendasambandsins, þá er auðvitað komin upp ný aðstaða og eðlilegt, eins og hér hefur komið fram, að yfirlýsingin sé tekin til endurskoðunar í því ljósi. Á þetta verður auðvitað að reyna, að hve miklu leyti þessir samningar gilda fyrir vinnumarkaðinn í heild sinni, og við trúum því auðvitað þangað til annað kemur í ljós, að samninganefndir vinnuveitenda og launþega hafi haft umboð, og við skulum vænta þess, vegna vinnufriðar og festu í þjóðfélaginu, vegna hagsmuna launafólks og atvinnulífsins, að umbjóðendur samninganefndanna lýsi ekki yfir vantrausti á þær, heldur samþykki þær ráðagerðir og það samkomulag sem samninganefndirnar hafa komist að. Ég hygg að það yrði öllum til mestrar farsældar, bæði launafólkinu í landinu, atvinnulífinu og stjórnarfarinu í heild sinni.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í mjög almennum umr. um þau efni sem hér hafa verið rædd í dag, heldur bera fram fsp. um eitt ákveðið og að mínu viti mjög mikilvægt atriði. Ég get þó ekki stillt mig um að segja nokkur orð vegna ummæla hv. þm. Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstfl., sem talaði rétt áðan, þar sem hann lætur orð falla um að full ástæða sé til að taka til endurskoðunar þá yfirlýsingu sem ríkisstj. gaf um mjög takmarkaðar aðgerðir til úrbóta fyrir þá lægst launuðu í landinu, að þetta verði tekið til endurskoðunar, voru hans orð, ef eitthvað af verkalýðsfélögum sætti sig ekki við þá samninga sem gerðir hafa verið. Þetta er að mínu viti mjög alvarleg yfirlýsing. Ég held að ekki sé hægt að orða það öðruvísi en svo að þarna sé haft í hótunum við þau verkalýðsfélög sem eru að halda sína fundi þessa daga. Væri kannske gaman að vita, vegna fólksins sem myndar Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hefur fengið þau svör sem það hefur fengið frá hæstv. fjmrh.: Á kannske líka að draga yfirlýsingu ríkisstj. til baka ef þetta fólk neitar að fallast á þá kosti sem hæstv. fjmrh. hefur boðið því.

En það er annað sem ég vildi spyrja um og það varðar þann hóp í landinu sem hefur sér til lífsframfæris ellilífeyri með tekjutryggingu og í sumum tilvikum heimilisuppbót. Ég hygg að fsp. ætti að réttu lagi að komast til eyrna hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég sé hann ekki hér í salnum, en ég tek fram að ég get ósköp vel sætt mig við að spurningunni verði þá svarað af hálfu forsrh. eða fjmrh., sem öðrum spurningum hefur verið beint til.

Það hefur komið fram að í þeim kjarasamningum sem nú hafa verið gerðir er gert ráð fyrir að tekjutrygging til hinna allra lægst launuðu á vinnumarkaðinum hækki um 15.5%. Við vitum að það kom fram í könnun á kjörum láglaunafólks, sem birt var á vegum kjararannsóknanefndar fyrir fáum vikum, að sá hópur á vinnumarkaðinum sem tekjutrygging hefur náð til er ákaflega lítill. Hann verður að vísu eitthvað aðeins stærri nú þegar 15.5% hækkunin kemur til, en samt sem áður aðeins örlítið brot af fólkinu í verkalýðsfélögunum yfir landið í heild. En það er annar hópur í þessu landi sem líka lifir á tekjutryggingu. Það er sú tekjutrygging sem ekki er borguð af atvinnurekendum í landinu, heldur úr þeim sjóði sem hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson hefur í vörslu sinni og telur sig vilja passa ákaflega vel. Þetta fólk hefur ekki haft mikið fé sér til lífsviðurværis að undanförnu ekki einu sinni þær tæplega 11 þús. kr. á mánuði sem nú er verið að hækka um 15.5% hjá láglaunafólki á vinnumarkaðnum og mátti ekki minna vera. Þetta fólk hefur haft sér til lífsviðurværis á undanförnum mánuðum aðeins liðlega 8 þús. kr., ellilífeyri + tekjutryggingu + heimilisuppbót, og ekkert annað. Kjör þessa fólks hafa á síðasta tæpa ári síðan hæstv. núv. ríkisstj. tók við versnað mjög alvarlega. Það er öllum kunnugt. Og hvað á að gera fyrir þetta fólk nú? Á það að fá lágmarkshækkun upp á 15.5%, eða eiga þessir verst settu viðskiptavinir ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar bara að fá helminginn af þessum 15.5%? Ef hægt er að taka það sem stendur í Morgunblaðinu í gær eins og það er skrifað, þá er greinilegt að þetta fólk á ekki að fá nema rétt í kringum 8% í hækkun á þeirri heildargreiðslu sem það hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, þ. e. 5% á ellilífeyrinn, 10% á tekjutrygginguna, 10% á heimilisuppbótina, það er samtals um 8% á heildargreiðsluna.

Hæstv. forsrh. sagði úr ræðustól áðan að þó sé alveg öruggt að ríkisstj. muni nú ekki gleyma gamla fólkinu. Hæstv. forsrh. hefur viðhaft svipuð ummæli á undanförnum mánuðum meðan kjör þessara verst settu þegna þjóðfélagsins hafa verið að fara niður úr öllu valdi, þannig að það hefur varla fyrir salti út á þann margfræga graut sem hæstv. forsrh. hefur talið fullgott að það hefði til matar. Og spurning mín er þessi: Er hæstv. trmrh. eða, eftir atvikum, hæstv. forsrh. tilbúinn til þess að gefa um það yfirlýsingu hér að þetta fólk, elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar og heimilisuppbótar, fái nú þegar samhliða verkafólkinu á lægstu launanum alla kjaraskerðinguna bætta, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson minntist hérna á áðan? Ég væri að vísu fylgjandi því. En ég skal fara vægar í sakirnar og ég spyr bara um þetta eitt: Er hægt að fá yfirlýsingu um að þetta fólk, sem úr minnstu hefur að spila, fái nú þegar 15.5% ofan á þær greiðslur sem það nýtur nú frá Tryggingastofnun ríkisins?

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í upphafi þessarar umr. kvaddi sér hljóðs hv. 7. þm. Reykv. og beindi tilteknum spurningum til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. hefur enn ekki séð ástæðu til að svara þessum spurningum. Ég teldi eðlilegt að til þess að umr. gæti haldið áfram með eðlilegum hætti væri ráðh. þegar í stað knúinn til að svara þeim spurningum sem til hans var beint. Ég skora á hæstv. forseta að hvetja nú hæstv. fjmrh. til þess að stíga í stólinn þannig að hann geti gert grein fyrir svörum við þeim spurningum sem þegar hefur verið beint til hans. Ég tel að það sé algerlega óeðlilegt að hæstv. fjmrh. sitji á þrymli í allan dag án þess að taka afstöðu til þeirra mála sem beint hefur verið til hans.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram, að forseti hefur ekki vald til að knýja einn eða neinn til að tala né til að tala ekki. En ég geri fastlega ráð fyrir að hæstv. fjmrh. taki til máls og hann hefur nú kvatt sér hljóðs og tekur til máls. — Ég bið hv. 4. þm. Norðurl. e. afsökunar á þessu brengli, en það er til góðs fyrir þingheim.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Mér hefur borist til eyrna að hv. 7. þm. Reykv. og

líklega líka virðulegur 3. þm. Reykv. hafi saknað mín mikið þessa þrjá virku daga sem ég hef verið fjarverandi og þykir mér vænt um það. Ég veit þá að konan mín var ekki ein um það. (**Gripið fram í:** En Lucy?) Já, líklega Lucy. — Við skulum ekki móðga dýrið með því að bendla það of mikið við þá þm. sem ég gat um áðan. (**Gripið fram í:** Eða konuangann.)

Alþb. er nú farið að fara nokkuð út fyrir umr. með frammískotum eins og þessu, en það er ekkert fyrir neðan virðingu þeirra svo að ég tek það ekki nærri mér. Hitt er svo annað mál hvað forseta finnst um slík frammíköll.

En það er það furðulegasta að Alþb. hefur í dag eins og oft áður, og ég vitna í myndatökur og ummæli sem birst hafa í Þjóðviljanum, málgagni Alþb., kynnt sig sem samtök sem tala máli verkalýðs. Er það rétt? Er Alþb. opinberlega sá aðili sem kemur fram fyrir hönd verkalýðssamtakanna í baráttumálum þeirra? Ef ekki, hvers vegna haga Alþb.-menn sér eins og sjálfskipaðir forustumenn verkalýðssamtakanna í launamálum?

Nú vitum við öll að verkalýðshreyfingin samanstendur af fólki úr öllum stjórnmálaflokkum. Það hlýtur að vera nokkurn veginn sama hlutfall innan verkalýðshreyfingarinnar eins og dreifist almennt á stjórnmálaflokkana. Það væri gaman að fá um það yfirlýsingu frá formanni Alþb., hv. 3. þm. Reykv., hvort fullyrðingarnar sem eftir honum hafa verið hafðar eru réttar eða ekki. Er viðurkennt að Alþb. komi fram fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar á Alþingi og annars staðar sem málsvari hennar?

Ég heyrði fyrst núna af öllum þeim yfirlýsingum sem hafa verið gefnar í ríkisfjölmiðlum frá því á föstudagskvöld fram til dagsins í dag. Ég veit ekki hvaða yfirlýsingar hafa verið gefnar af ríkisstj. Ég veit ekki annað en það sem hefur komið hér fram og forsrh. hefur kynnt sem samþykkt ríkisstj. En þar kemur fram svar við einni spurningu frá hv. 7. þm. Reykv.: Hvernig hyggst ríkisstj. fjármagna tilfærslur þær sem væntanlegur samningur ASÍ og VSÍ gera ráð fyrir, en það eru 306 — 330 millj.? Ég vona að ég hafi tekið rétt eftir að þetta væri fyrsta spurningin sem til mín var beint. Þá verð ég, með leyfi forseta, að fá að lesa upp samþykkt ríkisstj. þó að hún hafi þegar verið lesin upp áður af hæstv. forsrh., en hún hljóðar svo:

„Ríkisstj. er í meginatriðum sammála Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands um úrbætur fyrir þá sem við lökust kjör búa, dags. 21. febrúar 1984, og er tilbúin til viðræðna um sérstaka tilfærslu fjármuna innan ramma fjárlaga í þessu skyni."

Ég sé ekki annað en að ríkisstj. hafi í fjarveru minni skammtað mér sem fjmrh. það hlutverk að færa til innan ramma fjárlaga það sem þarf til að mæta óskum verkalýðssamtakanna, þ. e. ASÍ, og vinnuveitenda líka. Ef það tekst ekki og sá árangur sem ríkisstj. hefur náð í baráttunni við verðbólguna er brotin á bak aftur og verðbólgan tekur sína gömlu stefnu, þá tel ég að stefna ríkisstj. hafi mistekist og ríkisstj. beri að láta fólkið í landinu ráða því, ekki einstaka æsingamenn, heldur fólkið í landinu, hvort það vill heldur að ríkisstj. haldi stefnuföst áfram baráttu sinni gegn verðbólgunni, vonandi með þeim árangri sem hún hefur náð hingað til, eða hvort fólkið í landinu vill aftur snúa á þá braut sem var farin undir forustu Alþb., þ. e. fara verðbólguleiðina. Þetta verður fólk að mínu mati að velja um. Mitt mat er að það á að kjósa ef stefna ríkisstj. heldur ekki.

Næsta spurning held ég að hafi verið um niðurgreiðslur, hvað mjólk mundi hækka og hvort ég sem fjmrh. mundi vilja lýsa yfir að ráðagerðir hefðu ekki áhrif til hækkunar á matvælum. Var það ekki? (Gripið fram í.) Já, eða vöruverði almennt. Það segir sig sjálft. — Við skulum ekki blekkja hvert annað. Ef sú leið verður farin að nota hluta af niðurgreiðslum, kannske ⅓ af niðurgreiðslu á vöruverði landbúnaðarafurða, hlýtur það að þýða tekjutap fyrir framleiðendur búvara, fyrir bændur. Það getur vel verið að það þýði auknar útflutningsbætur. Það getur vel verið að það komi krafa um að bæta upp það sem ekki selst vegna þess að að sjálfsögðu hlýtur vöruverð að hækka. Þá er stefna ríkisstj. í mikilli hættu. Það hlýtur að vera blindur maður sem ekki sér það.

En það er annað verra. Þessa svokölluðu frjálsu samninga, og þá svara ég því sem kom í 2. spurningu, þessa samninga milli ASÍ og VSÍ álít ég ekki hafa verið eins frjálsa og stefna ríkisstj. gaf tilefni til að ætla að þeir yrðu vegna afskipta ríkisstj. að ósk viðsemjenda. Ég held að það hafi verið feill ríkisstj. að taka þátt í þeim á þann hátt sem gert var.

Þá kem ég að öðru, sem er kannske enn þá alvarlegra, að ég lít á þátttöku ríkisins í þessum samningum sem niðurgreiðslu á launum atvinnurekenda til fólksins. Það er á móti minni lífsskoðun. Við erum að taka af fjárlögum, af niðurgreiðslum til bænda, peninga til að auðvelda samninga milli verkalýðshreyfingarinnar og VSÍ. Það er ekkert annað en að taka á sig hluta af launagreiðslum sem atvinnureksturinn á að geta staðið undir og á að geta staðið undir þeim mun betur vegna aðgerða ríkisstj., vegna lækkandi tilkostnaðar almennt í rekstri fyrirtækja, með lækkandi vöxtum og lækkandi verðbólgu.

Ég get ekki, vegna þess að ég hef ekki tekið þátt í neinum teljandi umr. um þessa samninga, staðfest eitt eða annað um hvort samningarnir gildi fyrir þau verkalýðsfélög sem ekki samþykkja þessa samninga. Ég get því miður ekki svarað þeirri spurningu.

Nú er spurt og mikið talað um þessi 4%, ef kjarasamningar fara yfir 4% mark eigi ríkisstj. að segja af sér. Nú var þetta 4% mark sett um áramót við gerð fjárlaga, þannig að eftir því sem tíminn líður og ekkert skeður hækkar þessi prósenta kannske þó að hún jafnist út yfir árið. En ég hef litið þannig á, að þegar hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. töluðu um 6% hækkun í staðinn fyrir þau 4%, sem er í forsendum fjárlaga, hafi þeir verið að tala um hinn frjálsa markað. Ég hef ekki látið eitt einasta orð falla um hinn frjálsa markað. Mér kemur hann ekkert við samkv. yfirlýstri stefnu ríkisstj. Ef hinn almenni markaður, í þessu tilfelli ASÍ og VSÍ, semur um meira er það hans mál svo lengi sem ríkissjóður eða breyting á fjárlögum kemur ekki þar inn í. Það virðist samt ætla að ske.

Það er orðið nokkuð reglulegt að virðulegur 7. þm. Reykv. kallar á afsögn mína af ópolinmæði. Ég verð að hryggja hann enn þá einu sinni í dag. Líklega verður hann hryggur í allan dag. Ef mér tækist nú það sem ríkisstj. hefur samþykkt, að færa til innan þess ramma sem fjárlögin gera ráð fyrir þannig að við þurfum ekki að grípa til yfirdráttar í Seðlabanka þess vegna, við þurfum ekki að auka prósentutölu erlendra lána í

hlutfalli af þjóðarframleiðslu og við þurfum ekki að leggja nýja skatta á fólkið í landinu, ef við getum orðið við samningum ASÍ og VSÍ án þessara tilfærslna, án þess að verðbólgan fari af stað í öfuga átt við það sem hún hefur verið síðan ríkisstj. tók við, þá lít ég ekki svo á að ramminn sé sprunginn. — En þegar ég fer úr þessum stól, sem gæti hugsanlega orðið mjög bráðlega, vona ég að sá aðalmaður sem virðulegur 7. þm. Reykv. situr fyrir verði kominn til þings. Þá gætum við kannske labbað niður og tekið skák til að dreifa huganum.

Það var spurt hvort ég mundi bjóða BSRB sömu samninga og náðst hafa milli ASÍ og VSÍ. Ég get ekki gert það. Ég get ekki á þessu augnabliki gert það. Ég þarf að fara eftir samkomulagi innan ríkisstj. og við ASÍ og Vinnuveitendasambandið og sjá hvort ég get það, hvort ég get komið slíku boði inn í ramma efnahagsmálanna. Ég veit ekkert um það í dag. Þetta verður að skoðast og það getur enginn ætlast til þess að einn ráðh. hlaupi til og svari slíkum spurningum fyrirvaralaust. Það þarf mikla vinnu fagmanna. Ég er ekki fagmaður á því sviði. Ég þarf að fá þá fagmenn sem hafa með þessi mál að gera til að kanna þau miklu betur áður en ég get svarað. Það getur vel verið að það mundi kæta virðulegan 7. þm. Reykv. ef næsti ráðh. svaraði, ég skal ekkert um það segja.

Auðvitað eru í fyrirtæki, hvort sem það heitir íslensk þjóð og þjóðfélag eða er einkafyrirtæki, tengsl á milli tekna og útgjalda. Hvernig í ósköpunum ætlar virðulegur 7. þm. Reykv. að reka nokkurn skapaðan hlut með útgjöldunum einum saman? Það væri gaman að sjá hann gera það. Ég veit það ekki, en mér var að detta í hug hvort það gæti leyst eitthvert sérstakt heimilisvandamál Alþb. ef ég færi sem fyrst. En þeir verða að bíða í nokkra daga. (**SvG:** Ég hygg, hæstv. ráðh., að það mundi leysa heimilisvandamál hjá öðrum flokkum.) Það er hugsanlegt. En ekki hjá Sjálfstfl., ef þú ert með hann í huga. (**SvG:** Mér datt það nú í hug.) Já, ég hélt mig lesa það úr andlitinu.

Ég vil taka það fram að hinn margumtalaði rammi fjárlaga verður skoðaður og það sem innan hans er og reynt að athuga hvort hægt er að mæta BSRB, ASÍ og VSÍ á þann hátt sem ríkisstj. hefur samþykkt þó að sú samþykkt sé mjög mikið á móti mínu skapi. Ég undirstrika að slík tilfærsla, vegna samkomulags milli atvinnurekenda annars vegar og verkalýðshreyfingarinnar hins vegar, er ekkert annað en niðurgreiðsla á launakostnaði fyrirtækjanna. Það er illa komið fyrir íslensku þjóðfélagi ef sú staðreynd blasir við að fyrirtækin hafi ekki fyrir launakostnaði starfsmanna.

Hvar á að taka það fé sem verður notað til slíkra niðurgreiðslna? Ég vildi gjarnan fá svar við þeirri spurningu líka. Ég hef ekki sem fjmrh. það fé undir höndum. Og ég tek undir það með þm., þ. e. 3. þm. Reykn. og öðrum sem hér hafa tekið til máls, að auðvitað þurfum við að gera meira fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en við höfum hingað til gert. Það er okkur til háborinnar skammar að gera það ekki. Ég tek undir það. En það er jafnmikið til skammar að í hvert skipti sem rætt er um launamál og allir syngja þennan sama söng „fyrir elli-, öryrkja- og lífeyrisþega" þá skuli alltaf vera sterkari fylking með því að hækka jafnt eða hlutfallslega meira fyrir aðra. Það er aldrei hægt að koma þeim skilningi inn í íslenskt þjóðfélag, hvorki hér á Alþingi né annars staðar, þó mikið sé um það talað, að hækka minna ... (Gripið fram í.) Fyrirgefðu. (**KÓ:** Ætlar þú þá að standa að því að elli- og örorkulífeyrisþegarnir fái bara helminginn af þessum 15.5%?) Ég er ekki farinn að skoða dæmið það vel að ég geti svarað þessu núna. En ég skal gera það mjög bráðlega. En það næst aldrei samkomulag um að hækka minna eða ekki neitt hjá þeim sem hafa það betra. Sjónarmiðið er alltaf það sama hjá þér og hjá mér og hjá öllum: Það er sjálfsagt að gera ráðstafanir, en þær mega bara ekki snerta mig. — Þetta er sjónarmið sem kemur í veg fyrir að við getum gert meira fyrir þá sem þurfa virkilega á hækkunum að halda til að lifa eðlilegu lífi heldur en hina.

Ég er t. d. alls ekki sammála hæstv. forsrh. um það að vegna þess að árangurinn af störfum ríkisstj. er betri en við var búist, verðbólgan hefur lækkað meira en við áætluðum, sé hægt að gefa eftir í baráttunni gegn verðbólgunni. Ég mundi segja: Það á að herða róðurinn. Það á að herða róðurinn og við eigum að vinna bug á ekki bara verðbólguvandanum, heldur á vandamálum þjóðarinnar yfirleitt með hliðstæðum samtaka átökum og við höfum beitt gegn verðbólgu. En að það sé réttlætanlegt að fara aftur í verðbólguátt bara af því að við erum komnir lengra en við gerðum ráð fyrir, því er ég alls ekki sammála.

Ég held að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint. Er það ekki rétt, virðulegi 7. þm. Reykv.? (**ÓRG:** Gjarnan má ráðh. tala áfram.) Já, já, ég veit það. En það var mikill söknuður í aths. formanns Alþb. áðan. Honum fannst dragast of lengi að ég kæmi upp í ræðustólinn. Ég veit að margt af því sem ég hef sagt er áreiðanlega nýtt, en þó mjög í þeim anda sem virðulegur 7. þm. Reykv. segir stundum þegar hann talar af viti. En það verður að vera svigrúm fyrir okkur, hvar sem við erum annars í flokki, til þess að viðurkenna að andstæðingurinn getur stundum haft nokkuð til síns máls.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Með hinni mestu ánægju beið ég eftir því að hæstv. fjmrh. tæki til máls. Og meðan hann talaði og þá um það bil er hann hafði lokið máli sínu rann upp fyrir mér hvers vegna við þurftum að bíða svo lengi á hv. Alþingi eftir svörum hans. Hann gekk, eins og sjá mátti, inn í hliðarherbergi og sneri þar skildinum. Hann setti hann á bak og hinn vígreifi, sókndjarfi hæstv. fjmrh., sem hér hefur hvað eftir annað á þessum vetri komið í ræðustól, bitið í skjaldarrendur og sagt: Innan við 4% eða ég er farinn, er nú kominn í skógarferð til að útskýra hvers vegna hann geti setið a. m. k. nokkra daga í viðbót. Þannig er það nú. Og það er það sem upp úr stendur af þeim svörum sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa gefið hér í dag.

Það vafðist heldur tungan uppi í hæstv. fjmrh. þegar hann upplýsti að ríkisstj. hefði alls engar ákvarðanir tekið um hvaðan þessar 300—340 millj. kr. ættu nú að koma. Og skýringin er einföld. Fjmrh. upplýsir að honum hafi verið falið það verkefni af ríkisstj. að redda þessu. Þannig er nú unnið á þeim bæ. Ríkisstj. heldur öllum spilum upp að brjóstinu á sér á sama tíma og hún ætlast til þess að hreyfing launþega í landinu leggi allt á borðið og leggi allt undir til að fá þær hundsbætur sem ríkisstj. ætlar að taka einhvers staðar úr ríkisdæminu — og ég segi hundsbætur.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson hafði þann skilning umfram aðra, sem hér hafa talað, að „det skal jo to til" og hugsanlega gætu einhverjir úr röðum atvinnurekenda fellt þessa samninga líka. Hvar stendur þá hæstv. ríkisstj. og hennar loforð, ef það er allt ómark og fyrir bí? Ég segi þetta vegna þess að þess eru dæmi að atvinnurekendahlið málsins sættir sig ekki við þessa samninga og aðra sem gerðir hafa verið undanfarið.

Það vill nú svo vel til að árið 1981, þegar samið var um lágmarkslaun hliðstætt og nú á að gera, felldi ákveðið aðildarfélag að Vinnuveitendasambandi Íslands þá samninga. Það var félag hárgreiðslumeistara sem felldi það að greiða sínu fólki þau lágmarkslaun sem þá var um samið. Því vil ég fara aðeins ofan í það mál að nú vill svo vel til, góðir þm., að á hv. Alþingi situr einmitt framkvæmdastjóri þess ágæta sambands, ef ég fer rétt með. Hún heitir Kristjana Milla Thorsteinsson og situr hér inni sem varaþm. fyrir Sjálfstfl. Er gott að hafa slíkan sérfræðing um þetta mál á þinginu í dag, þegar við ræðum þetta, því að þannig hafa kjör þess hóps verið, sem við það hefur mátt búa undanfarin ár að fá ekki greidd lágmarkslaun, að ég hygg að sé algert einsdæmi í íslensku þjóðfélagi. Það er algert einsdæmi að mönnum sé ætlað að lifa á undir 5 þús. kr. á mánuði, eins og rakið hefur verið og komið hefur fram í blöðum undanfarið.

Þau laun sem greidd hafa verið sem byrjunarlaun hárgreiðslunema hafa verið samkv. samningum 7775 kr. Það þýðir að útborguð laun hafa verið 6298 kr. Og enn þá verra hefur þetta verið, enn þá meiri hörmung hefur þetta verið hjá hárskeranemum, þar sem útgreidd laun hafa verið alveg niður í 5431 kr. Þá er ég ekki að tala um þá sem eru á heils árslaunum og fá jafnvel innan við 5 þús. kr., eins og dæmin sanna sem rakin hafa verið og því er ómótmælt. Þess vegna spyr ég nú: Ef svo fer að hið ágæta samband hárgreiðslumeistara og þá væntanlega samband hárskerameistara aftan í þeim eins og venjulega fellir þessa samninga, hvar stendur þá þetta fólk og hvað verður þá gert? Jú, ætli meistararnir fari ekki svipaða leið og 1981, að þeir bæti prósentuhækkun ofan á fastakaupið hjá sér og þá mundi eiga að bjóða þessu fólki í laun svo sem eins og 8100 kr. á mánuði fyrir hárgreiðslunemana og 7 þús. kr. fyrir hárskeranemana. Þeir sem eru á föstum námssamningi fengju þar af leiðandi enn þá lægri laun. Hvernig yrði aðstaða þessa fólks þá?

En það er ein gleðileg hlið á þessu máli. Hún er sú, að ef talsmenn Sjálfstfl., þm. jafnt sem varaþm., beita sér fyrir því að allir aðilar virði þetta samkomulag lít ég svo á að félag hárgreiðslumeistara sé skuldbundið til að greiða sínu fólki þaðan í frá lágmarkslaunin, 11 þús. og hvað það nú væri kr. Það væru vissulega gleðileg tíðindi.

En ég vildi vekja athygli hv. þm. og hæstv. ráðh. á því að það eru tvær hliðar á málinu og þess eru fordæmi að fleiri en verkalýðsfélög geri sig óánægða með slíka samninga. Við skulum gefa okkur að einhverjir atvinnurekendur væru þannig staddir í dag og þannig sinnaðir í dag að þeim þættu þessi lágmarkslaun ekki bjóðandi og ákvæðu að semja sérstaklega við sitt fólk og greiða því svo sem eins og lágmarkstöluna 15 þús. kr. á mánuði. Hvar eru þá ráðstafanir ríkisstj.? Hvar er þá þvingunin og skrúfan? Hér eru svoleiðis vinnubrögð á ferðinni af hálfu hæstv. ríkisstj. að óviðunandi eru. Ef þeir ætla að halda fast í þá túlkun sína að eitt skuli þarna yfir alla ganga og enginn megi fá sérstaka leiðréttingu á sínum séraðstæðum eru það óviðunandi vinnubrögð af þeirra hálfu, segi ég.

Ég vil nota tækifærið, úr því að ég er kominn í ræðustól, til að vekja athygli á því að það hafa verið fleiri hundsbætur eða hundslappir í þessum bótum ríkisstj., sem notaðar eru til að plástra saman þessa samninga. Ég vil þar vekja athygli á þeirri útreið sem námsmenn á Íslandi fá enn á ný af hálfu hæstv. ríkisstj. Það hefur komið fram í umr. hér á Alþingi áður að námslán eru nú skert og brotnir eru þeir samningar sem náðust eftir langt þóf milli ríkisvaldsins annars vegar og samtaka námsmanna hins vegar um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það á að höggva ekki bara einu sinni og tvisvar heldur þrisvar í sama knérunninn hvað þetta varðar. Nú skulu námsmönnum ekki greiddar sömu barnauppbætur sem aðrir eiga að fá. Þeir eru þar settir á bekk með atvinnurekendum og framfærslulánin sem þeir fá eru sett í hóp með annarri framfærslu frá atvinnurekendum. Þetta finnst mér skrýtin latína af hálfu hæstv. ríkisstj. Það er gaman til þess að vita að hv. þm. Friðrik Sophusson er stuðningsmaður þessarar stjórnar — sá sem mest hefur gumað af stuðningi sínum við námsmenn og sat í eina tíð af hálfu síns flokks í samstarfsnefnd sem gekk frá samkomulagi við þá, ef mig misminnir ekki, hv. þm. Nú stendur þú að því að ekki einu sinni og ekki tvisvar heldur margoft er vegið að námsmönnum á sama árinu á ýmsa vegu af hálfu þessarar hæstv. ríkisstj. Er ekki gaman, hv. þm., að vera aðili að þessu? Það er von að þú brosir.

Þetta segi ég sérstaklega til að vekja sérstaka athygli á þeirri útreið sem ungt fólk fær út úr þessu öllu saman vegna þess að í kjarasamningunum sjálfum, sem nú er verið að ræða um, er útkoma þess ekkert til að hrópa húrra fyrir. Hér er um sama fólkið að ræða í mörgum tilfellum, námsmenn. Og það þykir líka skrýtin latína, þar sem ég þekki til úti á landi í sjávarplássum, þar sem unglingar eru yfirleitt undirstaðan undir sumarvinnunni í fiskverkuninni og eru þar byrjaðir að vinna eins og fullorðið fólk 13—14 ára gamlir og farnir að fá sinn bónus í samræmi við sín afköst, að þeir skuli nú ekki eiga að teljast fullgildur vinnukraftur fyrr en 18 ára gamlir, 3—4—5 árum eftir að þeir eru farnir að stunda sjó við hliðina á fullorðnu fólki eða vinna í verkun við hliðina á fullorðnu fólki og skila þar sambærilegum og jafnvel betri afköstum. Það er vegið illilega að unga fólkinu. Og við gleymum því oft að það hefur stuttan sumartíma til að fleyta sér í gegnum skóla eða annað yfir veturinn. Ég hygg að það hljóti einhverjir hér inni að geta litið í eigin barm og minnst þess hversu vel mönnum entist sú hýra sem tókst að hafa inn á sumarmánuðunum til að framfleyta sér yfir veturinn.

En ég vil að síðustu vekja athygli á því, að svör við því sem ósköp eðlilegt var að spurt væri hér á hv. Alþingi, — um hvaðan ætti að taka þessa peninga, hvort einfaldlega ætti að taka þá upp úr öðrum vasa launamanna og setja það ofan í hinn, þessa peninga sem ríkisstj. ætlar að verja í þessu skyni, — hefur verið lítið um af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Það er þeim mun merkilegri þessi hræðsla þeirra við að segja nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum sem við vitum og það hefur komið fram einmitt núna í kvöld og næstu daga verða verkalýðsfélög úti um allt land og væntanlega

félög vinnuveitenda einnig að greiða atkv. um þessa samninga og þeim er ætlað að gera það í myrkri — því myrkri að ríkisstj. vill ekki láta toga út úr sér eitt einasta orð um hvernig hún ætlar að standa að þessu. Auk þess er fólki ætlað að gera það í því myrkri að það veit ekki hvort þjóðinni helst á fjmrh. sínum núverandi nokkrum dögunum lengur eða skemur.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Lengi hefur verið ljóst að ekki fara saman í þessu landi lægstu launin og verstu kjörin. Það eru mörg misseri síðan farið var að hafa orð á því að takast þyrfti á við þann vanda. Mismunur á lífskjaragrunni fjölskyldna í þessu landi vegna barnafjölda, vegna fyrirvinna, vegna húsnæðismála er viðfangsefni almannatryggingakerfis. Öllum er ljóst að okkar kerfi hefur lengi þarfnast almennilegrar hækkunar bóta og endurskipulagningar til að takast á við nýjar aðstæður. Eins og er tekur það ekki mið af þeim. Ríkið er nýlega hætt að styrkja húsnæðiskaup í formi niðurgreiddra lána. Það hefur heldur ekki tekið mið af þeim breyttu aðstæðum að nú er mikill fjöldi fjölskyldna í landinu í umsjá einstæðra foreldra. Þetta eru einungis dæmi um aðstæður sem ganga þvert á launastiga og verða ekki lagfærðar nema að takmörkuðu leyti í samningum. Þess vegna er augljóst að það er hlutverk Alþingis, hvort sem tillögur hafa komið frá ASÍ og VSÍ eða ekki, að jafna lífskjaragrundvöll þjóðarinnar þannig að vettvangur gefist fyrir frjálsa launasamninga. Ég tel að miklu lengra þyrfti að ganga í þá átt og það hefur raunar komið fram í þessum umr. Ganga þarf miklu lengra og allt öðruvísi í þá átt en tillögur ASÍ og VSÍ gera ráð fyrir.

Mikilvægt er að takast á við húsnæðismálin. Því verður ekki öllu lengur frestað að líta á húsnæðismálin út frá þeim sjónarhóli að í raun hafi verið ríkisstyrkir á undanförnum árum en þeim nýlega hætt og þar með hafi raskast lífskjaragrundvöllur þjóðarinnar á þann hátt að næstum má segja að launasamningar um 1—3% verði fáránlegir þegar menn eru að tala um húsnæðiskostnað eða mun á húsnæðiskostnaði sem getur numið þúsundum króna. Þetta er verkefni sem menn verða að takast á við.

Það hefur verið ljóst á undanförnum misserum að sækja þyrfti á báðum vígstöðvum, það þyrfti að sækja á um umbætur í almannatryggingakerfi og í launasamningum. Það vita forustumenn ASÍ og VSÍ eins og aðrir. Þeir gera sína samninga um launaliði og svo hafa þeir lagt fram hugmyndir um úrbætur í almannatryggingum. Það er gott ef það verður til þess að þessi mál komist á hreyfingu, almannatryggingamálin komist í umr. inn á Alþingi, en þar með er upp talið það sem verulega er gott um þetta samningamál.

Eins og þetta heildardæmi og hugmyndir um félagslegar úrbætur lítur út þá er ljóst t. d. að hugmyndin er að nota úrbætur í tryggingakerfi til að finna ódýrustu leiðina fyrir fyrirtækin í landinu til að komast hreinlega hjá því að starfsmenn falli úr hungri. Tryggingakerfið, sem var og á að vera til að tryggja velsæld fólks, er nú notað til að tryggja auðsöfnun fyrirtækja, eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, og til að halda fólki við hungurmörk. Þannig hefur það orðið hlutskipti tryggingakerfisins eða úrbóta á þeim vettvangi að verða nokkurs konar skiptimynt í samningum sem vilja kalla sig frjálsa.

Ekki hafa að vísu fengist um það almennileg svör hvaðan peningar verði teknir í þær úrbætur sem hugmyndir hafa verið á sveimi um en svo virðist sem að færa eigi peninga úr vösum fólks sem hefur lítið, barnafólks og fjölskyldufólks, í vasa fólks sem hreinlega er á sultarkjörum. Það eru lítilsigldar aðgerðir og leysa ekki vandann. Þetta eru tilfærslur milli launafólks innbyrðis en ekki þær tilfærslur milli launafólks og atvinnufyrirtækja sem hlutu að koma og verða að koma í kjölfar þeirrar lífskjaraskerðingar sem orðið hefur. Nú er það Alþingis að reyna að nota hugmyndaflug sitt til að útfæra skilvirkar aðferðir í almannatryggingakerfinu og þar mega húsnæðismálin ekki vera útundan. Látum þetta nægja um almannatryggingakerfið. Snúum okkur aftur að launasamningum.

Þessi stjórn hefur sagst fylgja frjálsum samningum. Henni hefur raunar gengið illa á köflum að halda puttanum frá þeim, sbr. afskipti hæstv. fjmrh. og iðnrh. og síðustu ummæli á þeim vettvangi. Þeir hafa átt þar við heldur ramman reip að draga en nú hafa rammarnir margumtöluðu og rammasmiðirnir haft þau áhrif að samningar, sem í orði kveðnu eiga að vera frjálsir samningar milli aðila vinnumarkaðarins um skiptingu þjóðarauðsins, um skiptingu þess sem er til skiptanna, eru orðnir lífvana reikningskúnstir um prósentur frá Þjóðhagsstofnun. Þannig hafa þessi mál snúist. Og hverjar eru þá forsendur þessara samningskúnsta um launaliðina? Þær eru meðaltöl.

Um mörg ár hefur efnahagsmálum á Íslandi verið stýrt, að því leyti sem þeim hefur verið stýrt, út frá meðaltalskompás. Stjórnmálamenn hafa tekið meðaltöl yfir alla mögulega hluti, yfir afkomu þjóðarbús, afkomu atvinnugreina, afkomu einstaklinga og búið til nokkurs konar meðaltalshundalíf fyrir fólk, fyrirtæki og ferfætlinga í þessu landi. Nýjustu dæmin eru frá síðustu viku þegar meðaltalsáætlunartölur frá reiknistofnunum ríkisstj. hafa orðið ráðherrunum smíðaefni í ramma. Þessir rammar hafa síðan verið notaðir, eins og ég sagði áðan, til að breyta frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins um skiptingu þjóðarauðs í reikningskúnstir um skiptingu á einhvers konar þjóðarframleiðslumeðaltalsaukningu.

Meðaltölin yfir rekstrarafkomu fengu á vissan hátt nýja merkingu um daginn þegar Þjóðhagsstofnun greindi frá meðaltalsskuldastöðu útgerðarinnar. Þar voru greindar í sundur skuldir á einstök skip. Þá kom í ljós að þar var ekki nema innan við einn tugur skipa, ef ég man rétt, sem bar tiltölulega langstærstan hluta skulda og vanskila og mismunur á skuldastöðu einstakra skipa var gífurlegur. Þá spyrja menn: Hvaða raunverulegar upplýsingar halda menn þá að meðaltal af skuldastöðu þessara skipa gefi til þess að reyna að reikna út hvaða afkomu fólk getur haft af því að vinna hjá þessum skipum?

Við getum tekið dæmi af svolítið öðrum vettvangi. Hugsum okkur að maður hafi 5 manns á framfæri og meðalaldur þeirra sé 40 ár. Svo fer hann fyrir jólin í Hagkaup og kaupir buxur á þessa 5 heimilismenn sína. Þá er spurningin hvort hann kaupir 5 buxur á 40 ára meðaltalsaldur. Nei, hann hlýtur að verða að taka með í reikninginn raunverulegan aldur heimilisfólksins. Setjum svo að það hafi verið 92 ára gamall tengdafaðir, 88 ára gömul tengdamóðir og börnin þrjú, 10, 7 og 3 ára. Þá er meðalaldur þeirra svo sannarlega 40 ára. En ólíklegt er að komið hefðu að gagni buxur sem voru

keyptar á þau fyrir meðalaldurinn 40 ára.

Ein aðalástæðan fyrir rekstrarerfiðleikum íslenskra atvinnuvega, ekki síst í sjávarútvegi og landbúnaði, er sú einmitt að stjórnvöld eru sífellt að búa til meðaltalsrekstrarforsendur fyrir fyrirtæki sem eru jafn ólík að afkomu og aðstæðum og tengdaforeldrarnir og börnin í dæminu áðan. Það er nefnilega svo að þar sem menn vilja láta taka sig alvarlega fylgir meðaltölum mat á óvissu þannig að menn geti gert sér grein fyrir hvort meðaltalið hafi eitthvert raunverulegt upplýsingagildi, þ. e. fyrir hversu ólíkan hóp af einstaklingum það stendur. Augljóst er að meðaltal gefur einungis upplýsingar ef hópurinn sem það stendur fyrir er sæmilega einsleitur. Þá erum við komin að spurningunni: Hversu einsleitur hópur er hópur þeirra íslensku fyrirtækja sem eiga að greiða launafólkinu laun í dag?

Sjávarútvegur stendur að meðaltali nokkuð illa. Líklegt er að þar eigi flest fyrirtæki við erfiðleika að stríða. En hvernig stendur verslun, iðnaður og þjónusta? Þar er ástandið alls ekki eins slæmt og í sjávarútvegi. Á nýjustu forsíðu VR-blaðsins stendur stórum stöfum: Verslunin getur greitt hærri laun. Þar stendur í leiðara, með leyfi forseta:

„Það liggur þó í augum uppi að miðað við umsvif í versluninni hér í Reykjavík, bæði hvað lengd, vinnutíma og fjárfestingu snertir þá hefur verslunin bolmagn til að greiða verulega hærri laun en samningar kveða á um fyrir dagvinnu. Engu að síður er viðkvæðið ætíð það sama, að verslunin hafi ekki getu til að hækka dagvinnulaunin. Þetta segja þeir sömu og láta sér ekki muna um að auka launakostnað fyrirtækisins um 60% með aukinni yfirvinnu án þess þó að auka tekjur fyrirtækisins á móti. Það er ekki furða þótt launþegar eigi erfitt með að skilja samhengið í slíku."

Á þetta er bent út af þeim vangaveltum um hvernig fyrirtæki standi. Ekki er nefnilega til neitt eitt meðaltal yfir land og yfir fyrirtæki og fólk, það er ekki til neitt eitt meðaltal sem getur gefið viðmiðun um hvað einstök fyrirtæki geti greitt sínu fólki. Þær upplýsingar eru í fyrirtækjunum sjálfum og þar á fólk að semja. Fólk á að semja í sjálfum fyrirtækjunum þar sem framleiðslan fer fram, þar sem upplýsingar liggja fyrir um afkomu þeirra, en ekki meðaltalshundalíf fyrirtækja á landsmælikvarða.

Við getum tekið dæmi um ÍSAL, það dæmi er oft tekið. Þar hafa ýmsir sagt að það liggi í raun og veru á borðinu 10—20% kauphækkun ef samningsaðilar fengju að semja, ef ÍSAL fengi að semja fyrir VSÍ og ef þeir launamenn í ÍSAL fengju að taka við þeim peningum fyrir ASÍ. Ég tel að hin stóru samflot í samningum skaði í raun og veru hagsmuni launþeganna og komi í veg fyrir samninga og komi í veg fyrir að launþegar geti notið þeirra kjara sem þeim bjóðast.

Fyrir liggur frá okkur Bandalagsmönnum í þinginu frv. um að launþegum verði leyft að semja inni á vinnustöðum við sína eigin vinnuveitendur. Þegar við sýnum verkalýðsforingjum þetta frv. segja þeir: Þetta gengur ekki. Þetta gengur ekki vegna þess að ef við brjótum þetta svona upp rofnar samstaðan, segja þeir. Nú spyr ég: Hvaða samstaða rofnar? Hvar er samstaða launafólksins í dag? Hvar er samstaðan sem hefði átt að ná fram betri kjörum en náðst hafa núna? Hvenær var síðast reynt að kalla fram samstöðu launafólks í þessu landi? Var það ekki 10. okt. þegar þing var sett og blásið var í lúðra úti á Austurvelli? Síðan hefur ekki verið höfðað til samstöðu íslenskra launþega og síðan hafa íslenskir launþegar ekki fengið færi á að sýna samstöðu sína. En það eru verkalýðsforingjarnir sem hafa sýnt samstöðu. Þeir hafa sýnt samstöðu um það að játa því og staðfesta að ríkisstj. hafi haft rétt fyrir sér með brbl.-setningu í vor. Þeir segja: Það er rétt að kaupmátturinn er 25% of hár og það er rétt að það þurfti að lækka launin. Og þeir segja: Tak skal du have.

Ég vil ekki láta þessu lokið án þess að koma aðeins inn í mál sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon minntist á áðan. Það er um námsmenn og námslán þeirra. Við skulum minnast þess, Íslendingar, að í dag er árið 1984 og það hefur lengi verið í máli manna að tala um hluti sem gerast árið 2000 og hluti sem mundu gerast á næstu öld, eða eins og sagt er, í framtíðinni. Málið er það að árið 2000 er eftir 15 ár og í dag eru að fæðast og byrja að ganga í skóla á Íslandi athafnamenn 21. aldarinnar. Hvernig eigum við að búa þetta fólk undir 21. öldina? Hvað vitum við hvað hún ber í skauti sér? Við vitum ekkert um það. Það eina sem við getum gefið þessu fólki er góð menntun. Við getum reynt að búa þetta fólk undir umhverfi sem við vitum ekki um. Það eina sem við getum gert er að þjálfa það og þroska það þannig að það geti nýtt sér þá möguleika sem 21. öldin ber í skauti sér. Og það er ekki lánleg byrjun að skera niður námslánin og framlög til skólamála eins og gerst hefur á þessu þingi.

Nú voru til umr. á þingi fyrir stuttu hugmyndir manna um það hvernig eigi að efla trú á landið og flutt var um það till. að kennsla í Íslandssögu yrði aukin til að efla trú á landið. Ég sagði í þeirri umr. að ég teldi ekki að Íslandssögukennsla mundi efla trú á þetta land. Við höfum nefnilega hérna fyrir okkur í dag það sem skiptir máli fyrir trú á landið. Hvað ætli unglingunum, 16—20 ára, sem voru spurðir í Íslandssögukönnuninni um daginn, þyki nú? Ætli þeir eflist í trú á landið, landið sem ætlar að fara að skera niður við þá launin sem eru á aldrinum 16—18 ára, sem eru líklega harðduglegasti vinnukraftur sem við nokkurs staðar eigum völ á? Við skulum spyrja þessa krakka um trú á landið. Við skulum spyrja þá hvort svona aðgerðir hafa ekki meiri áhrif á trú á landið en Íslandssögukennsla. Ætli foreldrum þessara barna, sem líka verða að hafa trú á landið til þess að geta kennt hana börnum sínum, eflist trú á landið, sem er skv. OECD-skýrslum í 6. eða 7. sæti ríkustu þjóða heims en er nú í þann veginn að staðfesta sultarkjör til 15 mánaða?

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða ekki langorður. Mig langar aðeins til að leggja áherslu á fáein atriði sem hv. 4. landsk. þm. vék reyndar að hér áðan. Má segja að hann hafi gert þeim atriðum allgóð skil sem ég tel máli skipta.

Af því að minnst var á sögukennslu áðan langar mig til að rifja upp dálitla sögu. Kerfisflokkarnir fjórir, Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb., urðu til í upphafi sem umbjóðendur ákveðinna afla í þjóðfélaginu. Í stórum dráttum skiptust umbjóðendur þeirra í atvinnurekendur, bændur og verkafólk. Skipting þessara hagsmunaafla milli flokkanna var nokkuð skýr í byrjun. Reytur hafa reyndar ruglast dálítið með árunum, helst á þann veg að Sjálfstfl. og Framsfl. hafa tengst innbyrðis í gegnum sameiginlega hagsmuni í sjávarútvegi, iðnaði

og verslun. Einnig hafa þessir tveir flokkar eignast ítök í verkalýðshreyfingunni. Alþfl. og Alþb. hafa lítil sem engin ítök í atvinnurekstri og það sem kynlegast er: þeir virðast vera að missa ítök sín í verkalýðshreyfingunni.

Það er a. m. k. mjög erfitt að túlka niðurstöðu þeirra samninga sem nú er verið að gera á annan veg en þann, að verkalýðshreyfingin hafi hreint og beint hafnað málflutningi Alþfl. og Alþb. A. m. k. er mjög lítið samhengi milli orða forustumanna þessara flokka og þeirra samninga sem nú er verið að gera, samninga sem óneitanlega eru, eins og hv. 4. landsk. þm. vék að, hreint og beint opinbert samþykki verkalýðsforustunnar við aðgerðum ríkisstj. frá því í fyrra. Það er það sem í raun og veru vekur manni hvað mestan óhug. Annaðhvort stafar þetta af máttleysi og ónytjungsskap verkalýðshreyfingarinnar, eða einfaldlega af því að það er sami rassinn undir þeim öllum þegar öllu er á botninn hvolft. Það er ómaksins vert að staldra hér við og skoða leikendurna í því stykki sem hér er sett á svið. Og þá á ég ekki við hér í þingsölum eingöngu, heldur líka úti á vinnumarkaðinum. Hverjir eru að semja við hvern? Hvaða stjórnmálaflokkar eru umbjóðendur VSÍ? Hve stórt er umboð Sjálfstfl. og Framsfl. í verkalýðshreyfingunni? Auðvitað geta þessir flokkar ekki annað en hlýtt þegar vinnuveitendur og Alþýðusambandið krefjast niðurgreiðslna á kjarasamninga.

En hve stór er hlutur Alþfl. og Alþb. í þessum samningum? Tengsl þeirra við verkalýðshreyfinguna eru óumdeilanleg. Verkalýðsforustan hefur lagt mikla áherslu á hlut og ábyrgð ríkisstj. sem beins aðila að þeim kjarasamningum sem nú er verið að gera. Ríkisstj. var reyndar aldrei alveg samkvæm sjálfri sér. Hún hafði stundum lýst því yfir að hún hefði engan áhuga á þátttöku eða íhlutun í frjálsa samninga, en annan daginn hét það eitthvað annað. Nú lýsir ríkisstj. yfir vilja sínum til að taka þátt í því að fylla upp í einhver af þeim götum sem á þessum samningum eru. Þar með er niðurstaðan orðin hin gamla og hefðbundna lausn, sem við þekkjum af langri reynslu, þ. e. óverulegar kjarabætur í samningum og svo félagsmálapakki. Átökum á vinnumarkaði hefur verið forðað með samhjálp allra, kaupmáttur launa miðað við seinustu áramót hefur verið tryggður út árið, ef gengið helst óbreytt. Kjaraskerðingin hefur verið lögtekin af öllum aðilum vinnumarkaðarins og svo er klórað í bakkann með aðstoð ríkisvaldsins í málefnum hinna lægst launuðu. Ef maður skoðar, eins og ég sagði áðan, leikendurna í þessu stykki, þá þarf enginn að verða neitt hissa. Samtrygging þessa flokkakerfis hefur leitt til þess að eina hagstjórnartækið á Íslandi eru launþegar upp til hópa. Og því verður ekki breytt nema þessir sömu launþegar fái þá aðstöðu að geta samið beint við þá aðila sem þeir vinna hjá.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Hér hafa menn þóst þess umkomnir að deila á þá kjarasamninga sem hafa verið gerðir, bæði leynt og ljóst, bæði undir rós og ekki, og þeir sem að þeim hafa staðið frá hendi launþega eru snupraðir hvað eftir annað, ég tala nú ekki um forustu Alþýðusambandsins, og hér hafa menn farið með ýmsa þætti á afar frjálslegan máta.

Það er alveg ljóst að þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið nú eru hvergi nærri nægjanlegir til að bæta upp þá kaupmáttarrýrnun sem átt hefur sér stað, sem hefur verið geysileg. Það hafa verið hirt úr launaumslögum fólks 25% af launum og menn stynja undan þeim byrðum sem á launþega eru lagðar. Verkalýðshreyfingin hefur leitast við að ná kjarasamningum, ekki í einn mánuð, ekki í tvo mánuði, heldur marga mánuði, án árangurs. Menn hafa viljað sigla, en ekki fengið byr.

Samninganefnd Alþýðusambandsins hefur hins vegar gert það sem mögulegt hefur verið til að ná samkomulagi, ná því sem unnt var að ná án þess að leggja til átaka. Ég er sannfærður um að það hefði mátt ná hærri prósentutölum með átökum, en menn töldu það ekki vænlegan kost. Það var sama hvar borið var niður í verkalýðsfélögunum um allt land, menn töldu það ekki vænlegan kost, þannig að minna varð úr því dæmi eins og það lá fyrir.

Það er vissulega þjóðarskömm að ekki skuli vera svo um hnútana búið að fólk fái a. m. k. 15 þús. kr. á mánuði, hver einasti maður. En það er nú einu sinni svo í lýðræðisþjóðfélagi, þar sem menn semja um kaup og kjör, að það eru tveir sem deila, atvinnurekendur og verkalýðssamtök. Í þessum viðræðum hafa atvinnurekendasamtökin þverlega neitað að ganga að kröfum, sem Verkamannasambandið setti fram fyrst, um 15 þús. kr. dagvinnulaun. Því er málum svo komið að semja varð um lægri upphæð.

Það hefur heyrst hér m. a. að ekkert hafi verið gert til að bæta úr varðandi launamisrétti karla og kvenna. Ég furða mig á svona málflutningi, sem er ekkert annað en bull. Það fór fram kjarakönnun fyrir nokkru. Þessi kjarakönnun sýndi að það var einkum kvenfólk sem var á lægstu töxtunum. Menn skyldu fara yfir samningana og lesa þá. Þá sjá þeir að þetta fólk fær sérstakar bætur. Ef eitthvað hefur verið gert hefur það verið gert á þann veg að það verða fleiri konur en karlar sem njóta þess. Því hefur meira að segja verið haldið hér fram að kauptaxtar væru misjafnir, eftir því hvort það eru konur eða karlar sem ynnu á þeim. Það er ekki rétt. Menn verða að finna þeim fullyrðingum sínum stað. Það er aftur á móti rétt að kvenfólk er af atvinnurekendum flokkað í aðra launataxta en oft og tíðum er eðlilegt. En það er rangt að taxtarnir skipti körlum og konum. Þeir sem tala um þessi mál og þykjast berjast fyrir jafnrétti karla og kvenna ættu að kynna sér taxtakerfið.

Þegar komið var að samningslokum stóðu menn frammi fyrir því að samþykkja þær niðurstöður sem samninganefndin komst að, sem fólu í sér að tekjutrygging var hækkuð um 10% og 5% almenn hækkun átti sér stað. Var talið að þetta séu um 15.5%. Þetta er í eitt af örfáum skiptum sem reynt er sérstaklega að semja fyrir þá sem verst eru settir og gekk mun betur en áður, þó vissulega mætti árangurinn vera meiri.

Inn í þetta dæmi kemur það, að samninganefnd fær fyrirheit frá ríkisstj. um sérstakar úrbætur fyrir þá sem verst eru settir. Er ætlað að verja í það yfir 300 millj. Ég vil að það komi fram að Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin bentu ekki á lækkun niðurgreiðslna sem leið til að fjármagna þær bætur. Það var bent á útflutningsbætur og það var bent á líka að þegar ríkisstj. vill finnur hún hundruð milljóna til að eyða í hvers konar þarfir. Síðast var það frv. þar sem 150 millj. fundust allt í einu. En ef niðurgreiðslurnar eru notaðar, sem vissulega er rætt um og Vinnuveitendasambandið hefur bent á og Alþýðusambandið rætt um, þó við höfum ekki bent á það sem leið, er rétt að átta sig á hvernig það virkar og

gægjast í þann pakka sem þarna er á ferðinni.

Samkvæmt því sem reiknað hefur verið út af hendi Alþýðusambandsins munar allverulega um þessar bætur, sérstaklega fyrir þá sem eru verst settir. Það kom fram í kjarakönnuninni að einstætt foreldri hafði hvað minnstar tekjur og versta afkomu. Samkvæmt því sem ríkisstj. gefur fyrirheit um og við treystum að verði efnt fær einstætt foreldri í dag samtals á mánuði 13 089 kr. Þar eru innifalin lágmarkslaunin, barnabætur, mæðralaun og meðlag. Þetta verður í stað þess að það er núna 13 089 kr. 16 938 kr. samkv. þessari yfirlýsingu eða 29.4% hækkun. Ef tekið er dæmi um einstæð foreldri með tvö börn fá þau í dag 16 þús. kr. út úr bótum sem í gildi eru í dag, en skv. fyrirheitinu fær þetta foreldri 21 999 kr. eða 37.5% hækkun. Ef við tökum einstætt foreldri með þrjú börn fær það í dag 19 425, en fær skv. þessu fyrirheiti 27 574 eða 42% hækkun í tryggingabætur. Vissulega er þetta áfangi og vissulega skiptir þetta máli og er ástæðulaust að gera lítið úr því fólki sem að því stendur að semja um þessa hluti og ástæðulaust að láta eins og ekkert hafi skeð. Þetta er vissulega jákvæður þáttur. Það hefur verið reiknað út hvað það kostar ef niðurgreiðslurnar yrðu notaðar til að fjármagna þessar bætur. Hafa bæði Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið reiknað það út og fengið sömu útkomu. Þá er lagður til grundvallar neyslugrundvöllur frá 1978—1979, sem er það nýjasta, reiknaður út af Þjóðhagsstofnun. Þetta er í fyrsta sinn í a. m. k. langan tíma sem tryggingabætur eru skilyrtar eftir tekjum. Ef við tökum dæmi um einstætt foreldri sem hefur 150 þús. kr. í tekjur á síðasta ári fær það foreldri úr þessu 25 800 eða 2150 kr. á mánuði. Ef ⅓ af kostnaði við niðurgreiðslur er tekinn til að fjármagna þetta, þ. e. ⅓ af niðurgreiðslum sem fara til að greiða niður kjöt, allar niðurgreiðslur hvað varðar nautakjöt, smjör og rjóma, kemur fram í þessum útreikningum, og hlustið nú vel á, að foreldri sem fær skv. þessum fyrirheitum 2150 kr. mundi missa 167 kr. Ef við tökum dæmi um foreldri með tvö börn fær það á mánuði skv. þessu 4300 kr., en mundi missa í niðurgreiðslum 292 kr. á mánuði. Ef við tökum dæmi um einstætt foreldri með þrjú börn fær það foreldri á mánuði 6450 kr., en mundi missa við niðurfellingu niðurgreiðslna 375 kr. á mánuði. Þetta er dæmi sem við teljum ástæðu til að skoða. Við höfum ekki lagt til að fara þessa leið, en ég held að það sé vert að skoða hvað þessir útreikningar sýna. Þegar menn eru að tala um að Alþýðusambandið eða verkalýðssamtökin hafi samið um að taka úr einum vasanum til að setja í annan verður að vera ljóst að fyrir þá sem verst eru settir kemur þetta svona út.

Það má vissulega deila um hvort tryggingabætur eru niðurgreiðslur launa. Því hefur verið haldið fram hér af mörgum. Þetta er dálítið sérstakt hugarfar til trygginga, finnst mér. Þetta er að vísu gamalt hugarfar. Þegar menn voru fyrst að koma tryggingunum á töluðu íhaldsmenn um að slíkt væri tilfinningavæl jafnaðarmanna sem væri gjörsamlega ónauðsynlegt, en mönnum hefur skilist smám saman að tryggingar eru notaðar til að jafna lífskjörin, hjálpa þeim sem minna mega sín og þá gjarnan á kostnað þeirra sem betur mega sín.

Við höfum talið rétt að nota þessa leið, að þrýsta á að ríkisvaldið gerði sérstakar úrbætur fyrir þá verst settu, og ég er sannfærður um að ef atfylgi verkalýðssamtakanna hefði ekki notið í þessum efnum hefði þetta aldrei verið gert — ekki undir þessari ríkisstj.

Það skiptir okkur minnstu máli hvort menn kalla þetta niðurgreiðslur á launum eða hvað þeir kalla það. Þetta er ófrjó umr. líkt og þegar guðfræðingar deildu um hvort var á undan, eggið eða hænan, en fyrir okkur er það staðreynd að með þessu móti getum við gert betur við þá sem verst eru settir. Auðvitað þarf að bæta úr fyrir gamla fólkinu, fyrir öryrkjum, og verður að þrýsta á það. Í þessum kjarasamningum fékkst það ekki fram, en við skulum vona að Alþingi og ríkisstj. takist að þoka þeim málum fram.

Það er mjög athyglisvert oft þegar gerðir eru kjarasamningar að þegar hækkað er við þá sem verr eru settir gagnrýna þeir sem betur eru settir mjög harkalega að fá ekki sömu bætur. Ef Jón Jónsson fær sérstaka hækkun, sem var lægra launaður en Páll Pálsson, þá setur Páll þetta þannig fram að hann hafi verið lækkaður í launum. Þetta eru vísindi sem við þekkjum úr verkalýðshreyfingunni og kannske sérstaklega hjá þeim sem eru andstæðingar verkalýðssamtakanna. En ég á von á að þessi söngur komi til með að heyrast nú á næstunni.

Það er staðreynd að menn eru ekki ánægðir með þessa kjarasamninga, en menn telja að lengra hefðum við ekki komist. Við stóðum frammi fyrir því að efna til átaka eða að mæla með þessum samningum. Það er þægilegt að sitja á Alþingi og láta frýjunarorð falla í garð launþega í landinu og segja að betur hefði mátt gera, en horfa fram hjá því að það hefði kostað veruleg átök á vinnumarkaðnum. Það huggulegt að sitja hér inni í hlýjum sölum í þægilegum stólum og segja verkafólki fyrir verkum — fólki sem víðast hvar um allt land býr við atvinnuleysi, fólki sem varla hefur ofan í sig og á. En þetta sama fólk hefur ekki lýst sig á félagsfundum verkalýðsfélaganna reiðubúið að efna til átaka og það er þess vegna sem þessir samningar eru gerðir.

Ég vek athygli á að þessir samningar eru með opnunartímabilum 1. september og 1. janúar. Við skulum vona að þá verði meiri og betri byr, en hann er ekki nú fyrir hendi.

Það heyrast þær draugaraddir hér annað slagið að erfiðleikar verkafólksins séu verkalýðsforingjum að kenna. Þetta er þekktur hugsunarháttur sem oftast nær kemur úr munni atvinnurekenda, en nú heyrist það annars staðar frá. Og það er sagt að ef fólkið semdi á sínum eigin vinnustöðum hvert fyrir sig mundi það ná miklu betri árangri. Vissulega mundi margt breytast, en það er ég sannfærður um að þeir sem verst eru settir færu verst út úr slíkum samningum. Þeir sem best eru settir og hvað grimmastir varðandi sjálfa sig mundu fá mest í sinn hlut ef svo yrði farið að. Staðreyndin er sú að þeir sem gera þessa samninga og bera ábyrgð á þeim frá hendi verkalýðssamtakanna eru að semja fyrir fólk og vegna fólksins í félögunum og það er það sem þrýstir á.

Ég treysti því og við teystum því að þau fyrirheit sem hér hafa komið fram verði efnd. Ef það yrði ekki gert á ég von á að meiri háttar átök mundu hefjast í þjóðfélaginu og þá mundi ekki skipta máli hvort einstök félög hafi samþykkt samningana eða ekki. Þeim mun verða rift hjá hverju einasta verkalýðsfélagi ef ríkisstjórnin stendur ekki við sín fyrirheit. Það er svo einfalt með þau mál.

Ég vænti þess að menn sjái að þeir kjarasamningar sem nú hafa verið gerðir eru í þeirri mynd að samninga-

nefnd Alþýðusambandsins hefur freistað þess að láta sem mest koma í hlut þeirra sem verst eru settir. Það er aðalsmerki þessara samninga. Og ég treysti því að verkafólk fái að vera í friði með að gera upp hug sinn um hvort það tekur þessum samningi eða ekki — í friði fyrir þeim sem reyna nú að skrumskæla það sem um hefur verið samið og gera tortryggilegt.

Ég endurtek að enginn í Alþýðusambandinu eða nokkru verkalýðsfélagi er ánægður með þennan samning, en staðreyndin er sú, að menn töldu sig vera komna að leiðarlokum og valið var á milli þess að taka þessu eða efna til átaka. Alþýðusambandið og formannafundir hafa metið hlutina þannig að rétt væri í ljósi þess hvert ástandið er á vinnumarkaðnum, kjaralega séð líka, að mæla með samþykkt þessara samninga. Og ég endurtek: Við skulum vona að þeir sem vilja gera betur geti gert það við betri byr á næstunni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla í máli mínu um það hvort rétt sé eða hafi verið rétt að ganga til þeirra kjarasamninga sem gerðir voru. Það er annarra hlutverk að fjalla um það og ákveða. Ég ætla ekki að hafa nein afskipti af því. Það er líka annarra hlutverk að meta hvort meira hefði verið hægt að fá en fékkst, t. d. með því að beðið hefði verið eftir niðurstöðum vinnudeilunnar í álverinu í Straumsvík. Það er líka annarra en mitt að meta það og ég ætla því ekki heldur að gera það. Það er líka annarra en mitt að meta hvort vilji sé til þess hjá félögum í verkalýðshreyfingunni að ganga til átaka eða ekki. Aðrir þekkja þar betur til en ég, aðrir eru færari til að meta það.

Ég leyfi mér hins vegar að varpa fram þeirri spurningu hvort menn haldi að staðan verði betri eftir eitt ár í fátækt. Með kjarasamningunum fer ekki á milli mála að fátæktin á Íslandi hefur verið fest í sessi. Krafan um 15 þús. kr. lágmarkslaun fyrir dagvinnu náði ekki fram að ganga. Sama dag og borið var út til félagsmanna í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur félagsbréf með hjartnæmri forustugrein eftir formanninn um nauðsyn 15 þús. kr. lágmarkskröfunnar boðaði þessi sami formaður félagsmenn sína til fundar. Á þessum fundi lagði hann til að forustugrein sín næði ekki fram að ganga en laun fyrir dagvinnu yrðu ákveðin 11 600–12 600 kr. á mánuði. Í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur eru skráðir rúmlega 10 þús. félagar. Af þessum 10 þúsundum voru rösklega 70 mættir til þess að samþykkja till. formannsins. 0.7% félagsmanna í V.R. ákváðu að stórum hluta félagsmanna skyldi haldið næstu 14 mánuði undir fátæktarmörkum. Þetta varpar talsverðu ljósi á ástandið í verkalýðs- og stjórnmálaumræðu á Íslandi í dag.

Ég ætla að rifja upp fyrir ykkur eina athyglisverða staðreynd sem ég minnist ekki að hafa heyrt menn ræða um fyrr. Í sjónvarpinu var skýrt frá því fyrir nokkrum dögum hver úrslit hefðu orðið í kjarakönnuninni sem gerð var að tilhlutan Kjararannsóknarnefndar. Munið þið eftir því að fréttamaður sjónvarpsins lýsti því þá yfir að honum hefði ekki tekist að fá neinn úr lægst launuðu hópunum til þess að koma fram og tjá sig? Þetta fólk þorir ekki einu sinni lengur að taka til máls. Það á ekki lengur neinn rétt. Þess rödd fær hvergi lengur að heyrast. Það er smánarblettur á okkar íslensku þjóð hvernig að þessu fólki er búið. Þegar það er beðið um að tjá sig um kjör sín, bregða hönd fyrir höfuð sér, vogar það sér ekki einu sinni fram á völlinn.

Stjórnvöld kölluðu til blaðamannafundar undir forsæti hæstv. forsrh. til að kynna þessa kjarakönnun. Til hvers? Hvaða boðskap höfðu þau að flytja? Hvert var svarið við niðurstöðum kjarakönnunarinnar sem staðfestu fátæktina á Íslandi? Ekkert. Forsrh. hafði ekkert að segja annað en að lýsa niðurstöðunni. Fátæka fólkið á Íslandi var virði einnar fjölmiðlamessu hjá hæstv. forsrh. Hann hafði ekkert annað til málanna að leggja en að skýra frá niðurstöðunni í fjölmiðlunum. Þar með var hann búinn að friða sína samvisku.

Fátæktin hefur verið fest í sessi með þessum samningum. Hún er fest í sessi með því að ákveða að atvinnurekstur á Íslandi skuli miðast við að greiða ekki nema 11 600—12 600 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf. Samþykkt hefur verið að hærri kröfur skuli ekki vera gerðar til þeirrar atvinnustarfsemi sem á að eiga sér hér framtíð og tilverurétt. Hvers konar atvinnurekstur er það sem menn eru með þessu að festa í sessi. Það er atvinnurekstur sem grundvallar starfsemi sína á starfskröftum fátæks fólks. Það er atvinnurekstur sem stendur og fellur með því að fólkinu sé haldið neðan fátæktarmarka. Það er atvinnurekstur sem gera mun Ísland að láglaunasvæði til frambúðar, fái hann að þrífast.

Vissulega er rétt að reynt er að fela þessa skelfilegu niðurstöðu, úr ekki bara þessum samningum heldur mörgum kjarasamningum fyrri ára, með litskrúðugum umbúðum. Það er rétt að auk samninganna við vinnuveitendur um launakjör á vinnumarkaðinum hefur verið samið, ekki við þessa ríkisstj. heldur margar ríkisstj. um aðgerðir á félagsmálasviði til nokkurra hagsbóta fyrir ákveðna og afmarkaða hópa láglaunafólks. Um þessar aðgerðir nú er fátt eitt vitað, m. a. ekki hvaðan peningarnir eiga að koma. Samkomulagið virðist ekki vera betur frá gengið en svo að ríkisstj. getur hafa sagst hafa efnt fyrirheit sitt með því einfaldlega að flytja fjárupphæðir úr einum vasa í annan hjá einum og sama launamanninum.

Þessi fyrirheit um takmarkaðar úrlausnir eru síðan gjarnan notuð til þess að leggja ofan á þau laun sem samið er um að eigi að greiða fólki fyrir starfsframlag þess. Þannig reikna menn út að einhver tiltekinn láglaunamaður, sem fær ekki nema 11 500—12 500 kr. fyrir vinnuframlag sitt í þágu íslensku þjóðarinnar, hafi í rauninni allt að því tvöfaldar þær tekjur. En þá gleyma menn jafnan að geta þess að verulegur hluti slíkra bókfærðra gervigreiðslna er fenginn með tilfærslu frá öðru láglaunafólki eða einföldum flutningi á fjármunum á milli vasa hjá einum og sama manninum.

Vissulega er þetta ekkert einsdæmi núna. Svona samningar hafa oft áður verið gerðir. En reynslan af slíkri samningagerð er sú að með slíkum gervitekjutilbúningi hafa hin raunverulegu launakjör láglaunafólksins í landinu, þ. e. a. s. það gjald sem fólkinu er ætlað að fá fyrir vinnu sína, stöðugt farið lækkandi. Hafa menn athugað það að sjaldan á umliðnum árum hefur það verið fjarlægara en nú að láglaunafólk geti lifað af launum sínum? Krafan um mannsæmandi laun fyrir dagvinnu hefur fallið einhvers staðar niður á vegferð verkalýðshreyfingarinnar og sú krafa á kannske aldrei eftir að rísa aftur.

Þessi aðferð, sem fólgin er í því að fela samninga um lág laun með millifærslum á milli vasa þessa sama

launafólks, er meginskýringin á því að fátæktin hefur á ný haldið innreið sína á Íslandi og er nú að festa sig í sessi án þess að menn hafi gert sér það fyllilega ljóst. Örugglega gegn vilja þeirra sem um þessi mál hafa fjallað hefur þessi aðferð við samningagerð orðið til þess að búa til hér á landi jarðveg fyrir atvinnustarfsemi sem byggir á lágum launum. Væri samið um laun í kaupi en ekki um laun í millifærslu þannig að gerð væri sú krafa til atvinnufyrirtækja í landinu að þau borguðu mannsæmandi laun hefði þessi jarðvegur fátæktarverksmiðjanna aldrei orðið til. Við höfum nóg annað að gera við starfskrafta okkar sjálfra og starfskrafta barna okkar og barnabarna en að ætla þessu fólki að stunda launuð störf hjá fyrirtækjum sem byggja á því að fólkið sé fátækt. Við höfum nóg önnur tækifæri en svo að við getum byggt okkar framtíð á slíku.

Herra forseti. Eitt dæmi í þessu sambandi vil ég nefna. Nýlega urðu forstjóraskipti við verksmiðju Sambands hraðfrystihúsa í Bandaríkjunum. Þangað réðist maður sem stjórnað hafði í Hampiðjunni hér á Íslandi, sem talið er eitt blómlegasta fyrirtæki í veiðarfæraiðnaði þó víðar væri leitað en hér. Sá maður hafði getið sér mjög gott orð fyrir stjórnun. Ef marka má blaðafregnir var hann ráðinn til Bandaríkjanna fyrir 7 millj. kr. árslaun. En á hvaða launum starfar fólkið í þessari fyrirmyndarverksmiðju? Það á nú von á að fá 11 600—12 600 kr. á mánuði fyrir full störf. Er þetta til fyrirmyndar? Er það svona framtíð sem við viljum búa okkar þegnum? Er það framtíð þar sem reynt er að tosa fólkið upp að fátæktarmörkunum, ekki upp fyrir fátæktarmörkin heldur upp að fátæktarmörkunum, með hvers kyns greiðslum úr ríkissjóði vegna þess að atvinnustarfsemin í landinu er byggð á því að atvinnufyrirtæki þrífist hér og blómstri sem byggja á því að fólkið sé fátækt sem þar vinnur? Hafið þið hugleitt t. d. að svo undarlega vill til að sú krafa sem reist var um 15 þús. kr. laun fyrir fulla dagvinnu er ígildi um 500 bandaríkjadollara og það eru þau mörk sem notuð eru til að skilja á milli þróaðra og vanþróaðra ríkja í fjölmörgum fjölþjóðastofnunum? Þau ríki þar sem menn hafa undir 500 dollurum í árstekjur eru talin vanþróuð en þau ríki þróuð þar sem menn hafa hærri tekjur. Svo undarlega vill til að baráttan fyrir mánaðarlaunum Íslendings var háð um markið sem sett er milli þróaðra og vanþróaðra ríkja í alþjóðastofnunum. Á þeim fátæktarmörkum er láglaunafólkið á Íslandi. Þó svo að í öðru tilvikinu sé talað um þjóðartekjur á mann og í hinu tilvikinu sé verið að tala um lágmarkstekjur á mánuði er þetta tilviljun, en undarleg tilviljun samt.

Herra forseti. Það er meira sem er nú í vændum en þegar er fram komið. Þann 1. mars n. k. á skv. lögum allt búvöruverð í landinu að hækka. Sú hækkun kemur nokkurn veginn jafnsnemma og fólkið fer að fá útborgaðar þær 11 600—12 600 kr. í mánaðarlaun sem nú var samið um. Mér skilst að nú þegar liggi fyrir að grundvöllur búvöruverðsins muni hækka um 3.5% án áhrifa þeirra samninga sem nú hafa verið gerðir á vinnumarkaðinum. Áttið ykkur á einu. Þegar er farið að reikna inn í hið nýja landbúnaðarvöruverð þá samninga sem búið er að gera á hinum íslenska vinnumarkaði áður en frá þeim er gengið. Á þessum fáu dögum sem eftir lifa af febrúarmánuði verður sú launahækkun, sem búið er að semja um en ekki búið að afgreiða, innreiknuð ekki bara í verðlagsgrundvöll búvöru hvað varðar launalið bóndans heldur líka til aukins kostnaðar við alla milliliðastarfsemi sem þar kemur fram. Öllum milliliðunum, öllum dreifingaraðilunum, öllum vinnslustöðvunum verður heimilt eftir nokkra daga að hækka búvöruverðið eða fá verðið á landbúnaðarvörunni hækkað þannig að búið verði að reikna inn í verðið að fullu til viðbótar við aðrar kostnaðarhækkanir sem orðið hafa á undanförnum mánuðum og vikum allar kauphækkanir sem enn eru ófrágengnar þannig að fyrirsjáanlegt er að þegar um næstu mánaðamót munu búvörur hækka að meðaltali um a. m. k. 7%, jafnvel allt að 10%. Hvað skyldi þá vera orðið eftir að þeirri 5% launahækkun sem verið er nú að afgreiða til launafólks? Skyldi mikið verða eftir í launaumslaginu strax þann 1. mars n. k. þegar búvöruverðið mun hækka um 7—10%?

Menn hafa rætt hér nokkuð um afstöðu hæstv. fjmrh. Menn hafa rætt um hvort þessi svokallaði rammi um ríkisfjárlögin sé sprunginn eða ekki. Það liggur að sjálfsögðu alveg fyrir hvað þar mun gerast. Launaforsendur fjárlagafrv. eru ekki bara reistar á launum opinberra starfsmanna, launaforsendurnar eru ekki síður reistar á forsendum um almenn laun í landinu vegna þess að allar framkvæmdir ríkisins til að mynda eru meira og minna unnar af fólki sem starfar skv. hinum almennu launasamningum.

Ef ég man rétt eru grófustu tölur úr ríkisfjárlögunum þær að um 15 milljarðar fara þar til rekstrar og um 2.5 milljarðar til framkvæmda, eða alls 17.5 milljarðar. Laun munu vera um 5 milljarðar og almannatryggingar um 5 milljarðar í þessu dæmi. Sú launahækkun sem nú hefur verið samið um mun því auka útgjöld ríkissjóðs um ekki minna en 250 millj. kr. Þar á móti má gera ráð fyrir að aukning á tekjum ríkissjóðs vegna aukinnar einkaneyslu verði ekki meiri en um 150 millj. kr. Þannig er þegar fyrirsjáanlegt að hæstv. fjmrh. er kominn í halla á ríkissjóði út fyrir ramma fjárlaganna um a. m. k. 100 millj. kr. Ef menn telja að 100 millj. í halla sé ekki að fara út fyrir rammann þá er mikil teygja í þeim römmum sem notaðir eru á heimili hæstv. forsrh. og eins víst að þær myndir sem í slíkum römmum hanga geti orðið allundarlegar í lagi.

En ég vek athygli á því hvernig ákvörðun ríkisstj. var tekin um staðfestingu á því að brjóta niður þá stefnu sem hæstv. fjmrh. hefur verið að reyna að fylgja fram í sinni fjárlagagerð og síðan. Menn þurfa ekki að vera neitt að karpa um það hér eða vera með getsakir um hver sé vilji og hafi verið stefna fjmrh. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir. Menn geta sannfært sig um það með því að skoða umr. á Alþingi og lesa blöðin. Mér býður í grun að íslenska sjónvarpið geymi enn vel og vendilega viðtal sem tekið var við hæstv. fjmrh. þar sem hann m. a. spurði fréttamanninn: Hefur þú nokkurn tíma staðið mig að ósannindum?

Það lá alveg ljóst fyrir og hefur legið hver er afstaða og vilji hæstv. fjmrh. Ég ætla aðeins að koma með eina litla tilvitnun um þau mál til að taka af öll tvímæli. 2. febr. s. l. skýrðu blöðin fyrst frá því að hæstv. iðnrh. hefði lýst því yfir að hann teldi ekkert áhorfsmál þó að farið yrði u. þ. b. 2% út fyrir ramma fjárlaganna í sambandi við samningagerð og samið yrði upp á 6% í stað 4% og forsrh. tók umsvifalaust undir þá afstöðu. Daginn eftir, þann 3. febr., hafði Dagblaðið & Vísir viðtal við hæstv. fjmrh. Það viðtal birtist undir fyrir-

sögninni „Steingrímur er tækifærissinni“ og var það haft orðrétt eftir hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„„Steingrímur Hermannsson er allt of mikill tækifærissinni. Hann hefur sjálfur samþykkt fjárlögin og forsendur þeirra sem gera ráð fyrir 4% launahækkunum en ekki 6%. Ég vil enga hentistefnu og ég get ekki skilið ummæli forsrh. á annan veg en þann að ég eigi að fara úr ríkisstj.“ sagði Albert Guðmundsson fjmrh. er hann var inntur álits á ummælum sem höfð voru eftir Steingrími Hermannssyni í DV í gær.“

Og ég held áfram beinni tilvitnun, með leyfi hæstv. forseta:

„Albert Guðmundsson sagði að honum bæri að fylgja þeirri stefnu sem mörkuð hefði verið með fjárlögunum. Fjárlögin hefðu sett launahækkunum þann ramma að þær yrðu ekki meiri en 4% og ef þessi rammi yrði sprengdur þá væri stefna ríkisstj. líka sprungin og hún ætti þá að fara frá.“

Ég efast ekki um að þetta sé rétt túlkun á afstöðu hæstv. fjmrh. enda er hægt að finna henni stað í fjölmörgum öðrum tilvikum. En hæstv. ráðh. skýrir líka frá því hér hvað gerðist raunverulega. Hann segir nefnilega orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég vil enga hentistefnu og ég get ekki skilið ummæli forsrh. á annan veg en þann að ég eigi að fara úr ríkisstj.“

Það var nefnilega lóðið. Hvenær var þetta samkomulag gert sem um er rætt? Þegar hæstv. fjmrh. var fjarverandi utanlands. Var hann látinn af því vita? Nei, hann las það fyrst í blöðunum í flugvélinni á leiðinni heim, grunar mig, eða hefur kannske ekki fengið af því fregnir fyrr en flugvél lenti í Keflavík. Var haft samráð við hæstv. fjmrh. um þá lausn að lofa tilteknum fjárveitingum úr ríkissjóði? Nei, það var ekki gert.

Hæstv. forsrh. skýrði frá því áðan að þess hefði verið óskað af aðilum vinnumarkaðarins að fá að ræða um þessi mál við ríkisstj. og hann hefði orðið við þeim óskum. Tókuð þið eftir því hvern hæstv. ráðh. tók með sér á þann fund? Það var ekki hæstv. fjmrh. af þeirri einföldu ástæðu að hæstv. fjmrh. var erlendis. Var það þá aðstoðarmaður hans sem átti að sjá um að framfylgja stefnu ráðh. á meðan hann var fjarverandi? Var hann kallaður til að vera forsrh. til ráðuneytis og sitja fyrir svörum á fundinum gagnvart aðilum vinnumarkaðarins? Nei. Aðstoðarmaður fjmrh., Geir Haarde, var hvergi nærri. Var þá e. t. v. til kallaður sá ráðh. ríkisstj. sem gegndi fjmrh.-embættinu í forföllum hæstv. fjmrh., þ. e. hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason? Nei. Hann var ekki heldur sóttur. Var þá kannske sóttur einhver kollega hæstv. fjmrh. úr ríkisstj., einhver annar ráðh. Sjálfstfl., til að tala við aðila vinnumarkaðarins og ganga frá málunum? Nei. Hver var sóttur? Fyrsti vonbiðill Sjálfstfl. um ráðherrasæti, formaður flokksins. Aðilar vinnumarkaðarins báðu um að fá að ræða við ríkisstj. Hæstv. forsrh. svaraði játandi. Hann mætti og formaður Sjálfstfl. sem situr utan stjórnar og er næsti vonbiðill flokksins í ráðherraembætti.

Herra forseti. Þetta er hin einfalda skýring. Þetta er skýringin á því að ekkert var við fjmrh. talað. Matthías Bjarnason hefði talið það skyldu sína að gera það ef hann hefði verið til kvaddur, maðurinn sem gegndi embættinu í forföllum ráðh. Geir Haarde hefði talið það skyldu sína hefði hann verið til kallaður, maðurinn sem á að vera hægri hönd hæstv. ráðh. Kollegar hæstv. ráðh. í ríkisstj. frá Sjálfstfl. hefðu talið það skyldu sína við hæstv. ráðh. (**Gripið fram í:** Nei.) Ég held að þeir hefðu talið það skyldu sína við hæstv. ráðh. að láta hann ekki koma svo heim til landsins að hann vissi ekki um þetta.

En það var einn maður í flokknum sem taldi það ekki vera skyldu sína að sjá um að hæstv. ráð. vissi hvað um væri að vera. Það var formaðurinn. (**Gripið fram í:** Steingrímur var búinn að skipta um fjmrh.) Það var nefnilega lóðið. Hæstv. forsrh. var búinn að skipta um fjmrh. Það var rétt sem hæstv. fjmrh. sagði í viðtali við DV þann 3. febr. og ég vitnaði til hér áðan þar sem hæstv. ráðh. sagði orðrétt:

„Ég vil enga hentistefnu og ég get ekki skilið ummæli forsrh. á annan veg en þann að ég eigi að fara úr ríkisstj.“

Það var einmitt þannig, herra forseti, sem hæstv. fjmrh. átti að skilja ummæli hæstv. forsrh. Þegar hann ekki skildi þau þegar þau voru mælt undir rós skyldi þannig frá málum gengið að hæstv. fjmrh. gæti ekki annað en verið það ljóst til hvers var af honum ætlast.

Herra forseti. Mér hefur alltaf verið vel við hv. þm. Albert Guðmundsson enda höfum við átt ágætt samstarf í þinginu. Mér er ljóst eins og öðrum þm. að hann vinnur erfitt starf. Hins vegar veit ég satt að segja ekki ef ég á að ráða honum heilt hvort ég á að ráða honum að halda áfram í ríkisstj. eða hætta. En það er eins gott að honum sé alveg ljóst, sem ég held honum sé, hvað það er sem forsrh. hans vill og hvað það er sem flokksbræður hans vilja.

Herra forseti. Þorsteinn bíður enn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var illa komið í efnahagsmálum Íslendinga, eins og öllum hefur verið ljóst. Alþb. hafði tögl og hagldir í þeirri ríkisstj., hældi sér m. a. af því á opinberum vettvangi að stefna þess hefði orðið ofan á í ríkisstj. og engin ríkisstj. sem Alþb. hefði setið í hefði tekið eins mikið tillit til stefnumiða þess og sú ríkisstj. sem fór frá á s. l. vetri. Afleiðing þess að stefna Alþb. varð ofan á í þeirri ríkisstj. er öllum ljós. Verðbólgan æddi áfram, var í 130%, og það stefndi hér í gífurlegt atvinnuleysi. Mikil skuldasöfnun átti sér stað erlendis og það svo mikil að efnahagslegu sjálfstæði þessarar þjóðar var hætt. Ríkissjóður var á hausnum.

Þetta fann almenningur. Almenningur fann að jörðin var að gliðna undir fótum fólks. Fólk sá fyrir sér upplausn og ringulreið í efnahagsmálum og var orðið ráðvillt. Fólkið í landinu þráði festu. Það sá að við stjórnarfar Alþb. varð ekki búið lengur.

Núv. ríkisstj. var síðan mynduð og hún greip til nokkuð harkalegra aðgerða í efnahagsmálum — aðgerða sem fyrst og fremst miðuðu að því að koma efnahagslífi landsins á fastan grundvöll og að á þeim grundvelli mætti síðan byggja sókn til bættra og betri lífskjara hér á landi. Allar skoðanakannanir sem framkvæmdar hafa verið síðan ríkisstj. var mynduð og síðan hún samþykkti aðgerðir sínar hafa bent til þess að fólkið í landinu hefur staðið á bak við aðgerðir ríkisstj. Fólkið hefur skilið að slíkra aðgerða var þörf.

Alþb. hefur setið með sárt ennið í stjórnarandstöðu. Á Alþb.-mönnum hefur brunnið óstjórnin, á þeim hefur brunnið hin æðandi verðbólga sem þeir skildu

við, á þeim hafa brunnið þær erlendu skuldir sem hlóðust upp í þeirra stjórnartíð. Þess vegna hefur Alþb. ekki náð neinni fótfestu í stjórnarandstöðu á Alþingi á þessum vetri.

Hitt hefur ekki farið fram hjá mönnum hér á Alþingi, að forustumenn Alþb. hafa mænt vonaraugum til þess mánaðar sem nú er senn að líða. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að ýmsir forustumenn Alþb. hafa spígsporað hér um hliðarsali með glott á vör í allan vetur og sagt: Ríkisstj. lifir fram í febrúar, þá mun verkalýðshreyfingin rísa upp og fella þessa stjórn.

Allar aðgerðir Alþb. hafa miðað að því. Alþb.-menn hafa með þetta markmið í huga reynt að vinna bak við tjöldin í allan vetur. Þessir dagar, sem nú eru að líða, eru því miklir vonbrigðadagar fyrir forustumenn Alþb., enda leynir það sér ekki. Þeir hafa orðið fyrir vonbrigðum með að tekist hefur að gera heildarkjarasamninga í landinu milli Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambandsins. Þeir hafa gert sér grein fyrir því að sama almenningsálit og hefur stutt þær aðgerðir sem ríkisstj. hefur gripið til stýrði þeim heildarkjarasamningum sem nú hafa verið gerðir.

Vonbrigði hjá Alþb. leyna sér ekki. Það þarf t. d. ekki annað en að lesa Þjóðviljann í dag og sjá það viðtal sem átt er við hv. þm. Svavar Gestsson í því blaði undir fyrirsögninni: Þarf nýja samninga. — Og þetta er ekki spurning. Þetta er fullyrðing. Hann heldur því fram að það þurfi nýja kjarasamninga, þá samninga beri að eyðileggja sem nú hafi verið gerðir. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir þessa samninga hefur ekkert reynt á áhuga verkafólks til þess að beita afli samtakanna til þess að ná fram skárri kostum. Það þýðir að samkomulagið segir ekkert til eða frá um mátt eða máttleysi verkalýðshreyfingarinnar í heild."

Þessi grein og þetta viðtal allt er ákall til verkalýðshreyfingarinnar um að rísa upp og hefja verkföll hér á Íslandi. Þetta er ekkert annað en áskorun um að þá samninga, sem nú hafa verið gerðir og hvert verkalýðsfélagið á fætur öðru er nú að samþykkja, skuli brjóta niður. Þetta viðtal og öll viðbrögð Alþb. við þessu máli eru raunar ekkert annað en gífurleg árás á miðstjórnarmann Alþb., forseta Alþýðusambands Íslands, Ásmund Stefánsson.

Þetta sýnir að nýgerðir samningar eru mikið áfall fyrir forustu Alþb. Samningarnir og afstaða Alþb. til þessa máls, þetta hvort tveggja, lýsa inn í þá gjá sundurlyndis og sundurþykkis sem nú er einkenni Alþb. Annars vegar eru hinir pólitísku forustumenn eins og hv. þm. Svavar Gestsson, þeir sem stundum eru skilgreindir sem menntamannaklíkan í Alþb., hins vegar eru faglegir verkalýðsforingjar sem vilja taka afstöðu eins og þeir telja að því fólki sé fyrir bestu sem þeir eru umboðsmenn fyrir.

Sannleikurinn er sá, að auðvitað er það alveg rétt sem hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni áðan þegar hann spurði: Í hvaða umboði talar Alþb. fyrir verkalýðinn í þessu landi? — Alþb. er enginn verkalýðsflokkur þó að reynt sé að koma því að í áróðri hvað eftir annað. Það er ekkert annað en áróðursplata sem Alþb. telur sér henta að spila hvað eftir annað. Fyrir hvaða verkamann talar t. d. prófessorinn og stjórnmálafræðingurinn, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson? Fyrir hvaða verkamann talar t. d. ritstjórinn, blaðamaðurinn og atvinnustjórnmálamaðurinn hv. þm. Svavar Gestsson? Fyrir hvaða verkamann talar íþróttakennarinn hv. þm. Steingrímur Sigfússon? Og þannig má áfram telja. (**SvG:** En Steingrímur Hermannsson, fyrir hvaða verkamenn talar hann?) Steingrímur Hermannsson hefur að mínu viti aldrei barið sér á brjóst og talið sig vera málsvara einhverrar ákveðinnar stéttar hér í landi, eins og þú, hv. þm. Svavar Gestsson, gerir. (**Gripið fram í:** A. m. k. SÍS.) Það er enginn af ykkur forustumönnum Alþb. sem með neinu umboði talar fyrir hönd launþega eða verkalýðs í þessu landi. (**SvG:** Ert þú með umboðið?) Eini maðurinn sem nálægt því gæti komist í þingsölum af ykkar hálfu er hv. þm. Garðar Sigurðsson, enda er hann óspar á að gagnrýna ykkur og telur að þið hafið ekki allt of mikið vit á því sem þið eruð að segja í þeim mörgu ræðum sem hann hefur haldið hér til að gagnrýna ykkur í vetur. (**SvG:** Þú hefur ekki umboð frá landsfundi Sjálfstfl.) Ég hef ekki umboð fyrir einn eða neinn úr verkalýðshreyfingu og hef aldrei talið mig hafa það, eins og hv. þm. telur sig hafa og ber sér á brjóst hér hvað eftir annað.

Þeir þm. sem hér tala fyrir Alþb. hvað eftir annað eru engir málsvarar launþega eða verkalýðssamtaka. Það er einn hv. þm., sem setið hefur í þessum þingsölum í vetur en er ekki hér nú, — varamaður er fyrir hann — sem er fulltrúi verkalýðsfélaganna. Það er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. En að honum hefur verið sótt af mikilli hörku innan Alþb. Það var ljóst að reynt var að fella Guðmund J. Guðmundsson út af Alþingi fyrir síðustu kosningar. Það hefur verið reynt að fella Guðmund J. Guðmundsson úr miðstjórn Alþb. Jafnvel hefur hann átt erfitt með að komast inn á landsfund sem almennur fulltrúi Alþb. En hann lætur greinilega þessar árásir hafa áhrif á sig. Þessar stöðugu árásir Alþb.-forustunnar á Guðmund J. Guðmundsson eru nú að skila sér í flokkshollustu hans í afstöðu til þessara samninga.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason, varaformaður verkalýðssambandsins, rakti hér mjög skilmerkilega, bæði í sinni ræðu áðan og í viðtali í Morgunblaðinu í dag, þau falsrök sem formaður Verkamannasambandsins, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, hefur beitt gegn þeim samningum sem hér hafa verið gerðir. Forseti Alþýðusambands Íslands, miðstjórnarmaður Alþb., Ásmundur Stefánsson, tók faglega afstöðu til þeirra kjarasamninga sem hér hafa verið gerðir. Árásir Alþb. á hæstv. ríkisstj. eru hjóm eitt hjá þeim gífurlegu árásum sem nú eru hafðar uppi, bæði hér á hv. Alþingi og utan þings, á Ásmund Stefánsson, þennan forustumann Alþb. Þessar umr. og öll afstaða Alþb. til þeirra samninga sem nú hafa verið gerðir og verkafólk úti um allt land er nú þúsundum saman að samþykkja benda til þess að Alþb. sé að gliðna. Það er að skiptast upp í menntamannaklíkuna, sem er að missa tengslin við fólkið í landinu og er að missa tengslin við launþegana í landinu, og annars vegar raunverulega verkalýðsforingja sem vilja taka faglega afstöðu til mála.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú staðið nokkuð lengi og fer að ljúka, þannig að ég ætla að stytta mál mitt frekar.

Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í að svara hv. síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Reykv. Hann spilaði gamla plötu sem er birt daglega í subbudálki Morgun-

blaðsins sem heitir Staksteinar, árásir svívirðilegar á Alþb. og talsmenn og forustumenn þess. Þar hefur verið reynt, svo lengi sem ég man og lengur, að halda þeirri kenningu fram að Alþb. væri klofið í frumeindir og jafnvel smærri hluta og einkum og sér í lagi þó annars vegar í menntamenn og hins vegar verkalýðsforustu.

Í þetta skiptið, eins og yfirleitt áður, gekk þessi kenning svartasta íhaldsins, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson er fulltrúi fyrir hér á Alþingi og var hegnt fyrir sem slíkum á landsfundi Sjálfstfl., ekki upp. Í þetta skipti hefði hann orðið að hafa Guðmund J. Guðmundsson, hv. 7. þm. Reykv., í hinum verri hópnum, menntamannahópnum sem svo er kallaður stundum. Staðreyndin er sú, að það hefur verið eitur í beinum íhaldsins á undanförnum árum og áratugum hvað Alþb. hefur verið sterkt.

Það eru ekki nema 15 ár liðin síðan því var lýst yfir í tveimur forustugreinum Morgunblaðsins að nú væri sú stund upp runnin að Alþb. yrði brátt úr sögunni. Þessi spádómur hefur síðan verið endurtekinn nokkrum sinnum, en það er engu að síður ljóst að Alþb. er verulegt stjórnmálaafl á Íslandi og ofstækisummæli hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar og hrakyrði hv. þm. um Alþb. geta þar engu breytt um.

Þessi umr. er auðvitað fyrst og fremst hafin vegna þess að það er verið að spyrja hæstv. ríkisstj. um tiltekin atriði varðandi kjaramálin. Auðvitað stendur íhaldið með atvinnurekendum í þessu máli. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Þorsteinn Pálsson eru auðvitað með umboð fyrst og fremst fyrir atvinnurekendavaldið í landinu. Auðvitað eru þeir í þessu máli eins og alltaf andvígir hagsmunum hins vinnandi fólks. Og það er sorglegt til þess að vita að fjöldi fólks í þessu landi, launafólks, hefur kosið þann stjórnmálaflokk sem þessir menn eru fulltrúar fyrir. Ég er hins vegar sannfærður um að sú kemur tíð að fólk áttar sig á því að Sjálfstfl. er ekkert annað en hagsmunagæsluaðili fyrir þrönga klíku fjármálavalds í þessu landi, sem launafólk á enga samleið með, ekki nokkra, enda verður launafólk og verkamenn hér í þessu landi að sitja langtímum saman og hlýða á hrakyrði íhaldsforustunnar, t. d. um hálaunamennina í Straumsvík sem fá greiddar 14 400 kr. á mánuði fyrir venjulega 8 tíma vinnu. Þetta fólk liggur undir stöðugum árásum íhaldsins í landinu.

Það er eðlilegt að þessir bandingjar fjármálavaldsins og Vinnuveitendasambandsins skuli reyna að gera sjálfa sig dýrlega með árásum á Alþb., eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði áðan. Og fyrir hverja eru þessir menn svo að tala hér í dag? Þeir eru spurðir tveggja spurninga. Hæstv. forsrh., sem er í vinnu hjá íhaldinu þessa dagana, er spurður: Fær launafólk þær félagslegu umbætur sem lofað hefur verið í yfirlýsingum ríkisstj. ef eitt verkalýðsfélag fellir samninginn? Og hvað segir forsrh.? Hann segir nei. Þá verður að endurskoða afstöðu ríkisstj. — Forsrh., sem ásamt íhaldinu beitti sér fyrir því að svipta launafólk frjálsum samningsrétti með ofbeldislögum á s. l. ári, sem aldrei kom í ljós að væri þingmeirihluti fyrir, segir nú: Ef þið ekki samþykkið nákvæmlega þann samning sem hefur verið skrifaður upp milli Vinnuveitendasambandsins og forustu Alþýðusambandsins fáið þið ekki neitt. Hækkun tekjutryggingarinnar um 10% verður af ykkur tekin, segir hæstv. forsrh. Hækkun vasapeninga aldraðra og öryrkja á stofnunum, sem er í yfirlýsingunni, verður af ykkur tekin. Hækkun mæðralauna verður af ykkur tekin. Hér hefur forsrh. Íslands komið fram með þvílíkum hroka, þvílíku hótunarvaldi gagnvart verkafólki þessa lands að ég fullyrði að það hefur aldrei áður gerst að forsrh. landsins hafi hagað sér með þessum hætti. Og þetta er endurtekið af sérstökum hjálparmanni og aðstoðarmanni hæstv. forsrh. í þessu máli, Þorsteini Pálssyni. Hann tekur undir og hefur forustu um þessar ósæmilegu hótanir í garð verkalýðssamtakanna. Þetta eru sömu mennirnir og alltaf eru að tala um frelsi. Allt skal vera svo frjálst, markaðurinn svo frjáls, verkalýðshreyfingin svo frjáls og frjálsir samningar skulu það vera. En þegar fólk hugsanlega kæmist að annarri niðurstöðu en tilvonandi fjmrh. Þorsteini Pálssyni og hæstv. forsrh. þóknast, þá á að rífa af gamla fólkinu hækkun á elli- og örorkulífeyri, þá á að rífa af þessu fólki hækkun á vasapeningum, þá á að rífa af því fólki sem þarna er um að ræða hækkun á mæðralaunum. Ég fullyrði að aldrei hefur forsrh. á Íslandi reynt að storka verkalýðshreyfingunni eins og Steingrímur Hermannsson hefur gert, hæstv. forsrh. Aldrei hefur nokkur forsrh. hagað sér þannig í garð íslenskra launamannasamtaka. Og það gerir hann auðvitað í trausti þess að með honum standi gervallt hið stéttarlega vald afturhaldsins í landinu sameinað í Vinnuveitendasambandinu, Sjálfstfl., Morgunblaðinu og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Verslunarráðinu og þessum valdaklíkum fjármagnsins sem ríkisstj. hossar og hampar.

Ég tel að þessi storkun hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar í garð verkafólks sé af því tagi að annað sé alveg óhjákvæmilegt, herra forseti, en að vekja mjög rækilega athygli á henni. Það hef ég gert nú og ég vona að sem allra flestir launamenn í þessu landi taki eftir þeim hroka SÍS – Verslunarráðs – valdaklíkunnar sem þarna kemur fram í ummælum hæstv. forsrh. Ég vona að launafólk taki sem flest eftir því að það er verið að segja: Þið eigið ekki að hafa vald til þess að hafa sjálfstæða skoðun, taka lýðræðislega afstöðu í þessu máli. Þið skuluð þegja og hlýða. — Það er það sem samvinnuleiðtoginn er að segja við Íslendinga þessa dagana.

Í öðru lagi var spurt um hvernig ætti að kosta þessar ráðstafanir. Hæstv. fjmrh. fór marga hringi í kringum sjálfan sig í þeim efnum í ræðunni sem hann flutti og endaði með því að spyrja þingheim: Hvernig á að kosta þetta, hvernig á að kosta þessar ráðstafanir? Hæstv. fjmrh. hafði engin svör í þeim efnum, vegna þess að afgreiðsla þessara mála fór fram meðan hann var í útlöndum meira og minna. Hann er svo lítilþægur að hann lætur formann ungra sjálfstæðismanna og aðra embættismenn í fjmrn. skammta sér þessa aðgerð þegar hann kemur heim og segir: Mér er úthlutað að færa til á milli fjárlagaliða debet og kredit. Reisn er yfir þessum manni, sem sagði framan í þjóðina í sjónvarpinu á dögunum: Ég stend alltaf við það sem ég segi. — Og stendur hann við það sem hann segir? Hvernig horfa þau mál nú? Hvað er það sem hæstv. fjmrh. ætlar að gera? Hvað er það sem fjmrh. ætlar að gera í þessari stöðu? Hvernig ætlar fjmrh. að ljúka þeim grínþætti sem hann hefur sett á svið fyrir þjóðina að undanförnu? Ætlar hann að hætta eða ætlar hann ekki að hætta? Fjmrh. ætlar örugglega að sjá til hvernig hlutirnir ganga

til á næstunni og hann ætlar að hóta því á hverjum degi, í hverjum fréttatíma Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins helst líka að hann sé að hugsa um að hætta. Hann ætlar aldrei að standa við það að hætta. Hann ætlar að hafa svona tvö, þrjú, fjögur mál undir í þessu efni. Hann ætlar að hafa kauprammann undir. Hann ætlar að segja: Ef launaramminn springur er ég farinn, ef verðbólgan byrjar aftur er ég farinn, ef hallinn á ríkissjóði eykst frá því sem nú er er ég farinn.

Hæstv. fjmrh. hefur núna nýlega sett met í hallarekstri á ríkissjóði: 1 milljarður 157 millj. 31. janúar s. l. gagnvart Seðlabankanum. Það er ljótasta tala sem þar hefur sést um árabil. Hæstv. fjmrh. ætlar að segja: Hún má ekki hækka um krónu, þessi tala, þá er ég farinn. (**Gripið fram í:** Ert þú að bjarga Seðlabankanum?) Og síðan er hæstv. fjmrh. búinn að finna eina tölu enn sem er sú, að fari erlendar skuldir upp í 60% af þjóðarframleiðslunni hætti hann. Nú eru erlendu skuldirnar komnar upp í 59.6 eða 7% samkv. yfirlýsingu sem við höfum í fjh.- og viðskn. Nd. frá Seðlabankanum. Allt þetta ætlar fjmrh. að hafa undir og úr þessum tölum býr hann til ramma sem er eins og fótboltablaðra, svo ég nefni nokkuð sem hæstv. ráðh. er hugstætt og kunnugt. (Gripið fram í.) Ég þekki það vel. En hæstv. fjmrh. ætlar sér að haga seglum eftir vindi í þessum efnum og það er alveg bersýnilegt að hann ætlar enn um sinn að láta forsrh. skammta sér stefnuna á næstunni. Hann ætlar að láta forsrh. komast upp með að storka sér með þeim yfirlýsingum sem fram hafa komið frá honum og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vitnaði til áðan. Það er greinilegt að Steingrímur Hermannsson forsrh. er að reyna að reka hæstv. fjmrh. úr ríkisstj. Hann rembist við það eins og rjúpan við staurinn. Hæstv. fjmrh. segir á hverjum degi að hann sé að hugsa um að fara og veltir því fyrir sér aftur og fram hvort hann eigi nú að fara. Niðurstaða í þeim gamanþætti þessara hæstv. ráðh. liggur ekki fyrir, en einn maður bíður eftir stól og hann heitir Þorsteinn Pálsson. (**Fjmrh.:** Þú ert samherji forsrh.) Hæstv. ráðh. Albert Guðmundsson. Satt best að segja held ég að ekki væri viðkunnanlegt að ég gæfi ítarlega skýrslu um hvaða skoðun ég hef á þessu vandamáli eins og sakir standa, en það gæti ég gert síðar ef þörf krefur.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og fleiri spurðu áðan: Hvernig á að borga félagsmálapakkann sem hér er verið að tala um, félagslegar aðgerðir? Það hafa engin svör komið frá hæstv. fjmrh. En það kemur fram hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni að það er verið að reikna eitthvað út hjá ASÍ og VSÍ. Og það er bersýnilegt að í fjmrn. og víðar er verið að reikna út að lækka niðurgreiðslur, að láta fólkið borga þær breytingar á tryggingabótum sem hér er um að ræða. Ég vil spyrja hv. þm. Stefán Valgeirsson, formann landbn. Nd.: Hefur Framsfl. samþykkt þá lækkun á niðurgreiðslum sem hér er á dagskrá? Er það ætlun þeirra framsóknarmanna að standa að því að hér verði um stórfellda hækkun að ræða á búvörum? Það er nauðsynlegt að þetta liggi líka fyrir.

Í þriðja lagi, herra forseti, ætlaði ég rétt að víkja að því að í ræðum sínum reyndu bæði forsrh. og Þorsteinn Pálsson að kenna Alþýðusambandinu um tvö tiltekin atriði í sambandi við þessa kjaramálaumr. Annars vegar var það, að í raun og veru bæri Alþýðusambandið fulla ábyrgð á hinum nýja vísitölugrundvelli og að hann væri tekinn hér inn. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Lítur hann svo á að Alþýðusambandið hafi samþykkt hinn nýja vísitölugrundvöll?

Það kom einnig fram í máli hv. þm. Þorsteins Pálssonar að hann telur að aðilar vinnumarkaðarins eigi hlut að máli þar sem um er að ræða lækkun niðurgreiðslnanna. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann lítur svo á að Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið muni við útfærslu þessara mála, eins og sakir standa nú, fallast á lækkun niðurgreiðslna.

Fjórða og síðasta atriðið, herra forseti, sem ég ætlaði að benda á í sambandi við þessa samninga er sú hörmulega staðreynd hvernig ýmsir hópar í þjóðfélaginu fara sýnilega lakar út úr samningunum þrátt fyrir yfirlýsingar um annað. Þessir hópar eru í fyrsta lagi aldraðir, sem hv. þm. Kjartan Ólafsson spurði um áðan. Það er ætlunin að hækka elli- og örorkulífeyri um 8—9% meðan talað er um að lægsta kaupið hækki um 15.5%. Það er sem sagt aðeins helmingurinn sem á að ganga til gamla fólksins. Og ég spyr hæstv. forsrh. aftur þeirrar spurningar sem hv. þm. Kjartan Ólafsson spurði áðan: Er þetta rétt að ríkisstj. ætli að láta þessa viðskiptamenn tryggingganna, verst setta fólkið í landinu, elli- og örorkulífeyrisþega, aðeins hafa 8—9% hækkun meðan aðrir eru með 15.5% í hinum lægstu launaflokkum?

Ég vek einnig athygli á því, að sú breyting sem gerð er á kjarasamningum samkv. niðurstöðum ASÍ og VSÍ með hinni miklu hækkun svokallaðrar tekjutryggingar án breytingar á viðmiðunartölum t. d. fyrir bónustaxta hefur í för með sér mun lakari stöðu kvenna á vinnumarkaði en verið hefur. Það kemur fram í viðtali við konur í frystihúsi í Þjóðviljanum í dag að þær eru að jafnaði eina viku að vinna sig upp í tekjutrygginguna áður en bónusinn fer að skila nokkrum sérstökum tekjum. Með þessu móti er verið að setja konur, fjölmennasta hóp launafólks í frystiiðnaðinum í landinu, í mun lakari stöðu gagnvart því að mörgu leyti slæma launakerfi sem bónusinn er. Það er hraklegt til þess að vita að þetta skuli gerast á sama tíma og umr. um launamál kvenna hefur verið háværari, sem betur fer, að undanförnu en nokkru sinni fyrr. Það er greinilegt að því miður hafa menn kosið að skella skollaeyrunum við þeirri umr. og láta sem ekkert sé. Af því verða konur auðvitað að draga þá ályktun að þær baráttuaðferðir, sem þær hafa beitt til þessa með fundum og aftur fundum og ráðstefnum og aftur ráðstefnum, duga ekki. Það þarf að efna til miklu víðtækari baráttu þar sem það kemur fram að konur, einkum í útflutningsatvinnugreinunum, ráða úrslitum um hvort þær greinar eru til og þar með hvort þessi þjóð lifir eða ekki.

En það er einnig athyglisvert, herra forseti, að horfa framan í að í þessum kjarasamningum skuli það fyrst gerast að það er verið að lækka kaupið á unglingunum, á unga fólkinu. Fólk á aldrinum 16 og 17 ára á ekki að fá það sem kallað hefur verið fullorðinskaup í þessu landi og við þekkjum — mörg okkar a. m. k. Hér er verið að stíga 40—50 ár aftur í tímann.

Ég harma að það skuli vera hægt að benda á þessi þrjú einkenni þessara aðgerða, þ. e. gamla fólkið, konurnar og unga fólkið, sem með sérstökum aðgerðum er sett til hliðar og látið gjalda þeirra ákvarðana sem hér er verið að taka, að ekki sé minnst á naglaskapinn

gagnvart námsmönnum sem kemur fram hjá ríkisstj. Það er sérstaklega tekið fram að þeir og atvinnurekendur megi alls ekki fá þann tekjutengda barnabótaviðauka, svo ég tali tungumál fjmrn., sem hér er um að ræða. Þeir leggja sérstaka lykkju á leið sína í þessum graut hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar, yfirlýsingunni sem dagsett er 21. febr., þessum vellingi. Þar leggja þeir sérstaka lykkju á leið sína og segja: „Barnabótaaukinn verði útfærður þannig, að þeir skattgreiðendur fái hann ekki sem hafa möguleika á framfærslu með öðrum hætti, svo sem vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, af eignum eða námslánum." — Eða námslánum! Það þurfti með öðrum orðum að tryggja alveg sérstaklega að þeir sem eru að læra og mennta sig og þurfa að lifa af námslánum vegna þess að þeir hafa ekki aðrar tekjur fái þetta alls ekki, að sú ósvinna sé stöðvuð að þetta fólk fái þennan tekjutengda barnabótaauka hæstv. forsrh. úr þeim vellingi sem þessi yfirlýsing er.

Niðurstaða umr. fram að þessu er sú, herra forseti, að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa ekki neitað því, það sé hugsanlegt, að fólk verði að verulegu leyti látið borga sjálft með minnkandi niðurgreiðslum þær umbætur í félagslegum efnum sem heitið er í yfirlýsingu ríkisstj. Og í öðru lagi stendur hótunin: Ef ekki samþykkja allir fær enginn neitt. Og það er nákvæmlega rétt, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur bent á bæði hér í dag og í gærkvöld, að það er verið að taka verst setta fólkið í landinu í gíslingu. Það er það sem samvinnuleiðtogarnir og afturhaldið í ríkisstj. eru að gera.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur dregið saman á mjög skýran hátt meginniðurstöður þessara umr. hvað snertir hæstv. forsrh. og formann Sjálfstfl.

Ég ætla þess vegna ekki að víkja mörgum orðum að því heldur fjalla nokkuð um hina sérkennilegu ræðu hæstv. fjmrh. í dag. Ég vil þó áður ítreka það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði að tvennt stendur upp úr málflutningi ráðh. og formanns Sjálfstfl., að þeir ætla að beita launafólk hótunum. Þeir hafa lýst því skýrt yfir að samþykkt ríkisstj. verði tekin til endurskoðunar ef öll verkalýðsfélög samþykkja ekki, sem þýðir í raun og veru að Þorsteinn Pálsson, kröfugerðarmaður fyrir hönd hins frjálsa markaðar, eins og hann var hér í gærkvöld, er nú orðinn kröfugerðarmaður um meira miðstjórnarvald í málefnum vinnumarkaðarins en hér hefur heyrst í langan tíma. Það er eins gott að þessir herrar miðstjórnar og ríkisvalds á vinnumarkaðinum komi til dyranna eins og þeir eru klæddir, miðstjórnardrottnararnir, sem vilja í reynd svipta hin frjálsu félög samningsréttinum. Í öðru lagi er einnig ljóst að ráðh. útiloka alls ekki að launafólkið eigi sjálft að borga þessar bætur.

Ég verð að segja við hv. þm. Karl Steinar Guðnason að hann var ærið þunnur sá útreikningur sem hann flutti hér um — (**Gripið fram í:** Var Karl þunnur?) — vísitölubæturnar og um áhrif niðurgreiðslnanna á vísitölu. Ég held að rétt væri að hann og félagar hans sem eru að skoða þessi mál átti sig í fyrsta lagi á því að síðan vísitöluneyslukönnunin 1978—1979 var framkvæmd hefur orðið allveruleg breyting á kjörum fólks í landinu. Sú neyslukönnun var gerð þegar tekjurnar voru hvað hæstar og hvað bestar í þessu landi. En nú hefur orðið tekjuhrap um fjórðung sem þýðir að neysluvenjur venjulegs fólks hafa gjörbreyst, eins og allir vita hér í salnum, á þessum tíma.

Í öðru lagi eru í þessum grunni, sem hann er að vísa til, teknar alls konar fjölskyldur á alls konar tekjubilum með laxveiðiútgjöld og utanlandssiglingar. Að leggja það hlutfall til grundvallar í matinu sýnir best að menn vilja ekki skoða raunverulega áhrifin á láglaunafólkið í landinu. Ef þetta á að vera til grundvallar sér maður hvers vegna hæstv. ríkisstj. hefur núna flutt frv. um breytingar á vísitölugrundvellinum. Það er eingöngu til þess að svindla á fólkinu í landinu, að taka þennan grundvöll í notkun á þessum tímamótum til þess að geta birt álíka svindltölur um áhrifin og sá ágæti þm., Karl Steinar Guðnason, rakti áðan. Ég ætla bara að vona að í þeim viðræðum sem fara fram um þessi mál átti menn sig á þessu atriði.

Einnig er rétt að hann og aðrir hafi í huga að ráðh. fá miklu meira út úr þessum kjarasamningum ef þeir ganga yfir BSRB og þau kjör sem þm. og ráðh. taka mið af, heldur en láglaunafólkið. Ráðh. Steingrímur Hermannsson og ráðh. Albert Guðmundsson fá um það bil helmingi hærri upphæð í sinn vasa eftir þennan kjarasamning en lægst launaða fólkið. Það eru nú öll ósköpin, það eru nú láglaunasamningarnir og samningarnir þar sem hinir verst settu eiga að sitja fyrir. Hæstv. forsrh. getur státað sig af því að fá mun meira í sinn vasa eftir þessa samninga en lægst launaða fólkið.

Hins vegar er rétt að lágtekjufólkið fær aðeins meira en ýmsir sem eru á miðlungs- og lægri tekjubilunum. En þegar borið er saman við hæstu tekjurnar í landinu er alveg ljóst að þeir fá mun meira í sinn hlut eftir þessum samningum en láglaunafólkið.

Það er því nokkuð ljóst eftir þessar umr. að fólk getur átt von á því að það verði að verulegu leyti látið borga sjálft þessar bætur og að ríkisstj. hefur tekið upp nýja miðstýrða hótunaraðferð gagnvart samtökum launafólks.

Einnig er ljóst í þriðja lagi að ríkisstj. hefur engin áform enn sem komið er um að láta elli- og örorkulífeyrisþega njóta nema lítils hluta af þeirri tekjuaukningu sem lægst launaða fólkið fær. Enn á að skerða hlutfallslega kjör elli- og örorkulífeyrisþega sjálfsagt skv. þeirri kenningu, sem hæstv. heilbr.- og trmrh. túlkaði hér í þingsalnum í gærkvöld, að það fólk hefði nóga peninga enda væri það að velkjast um veitingahúsin um helgar, svo að notuð séu hans óbreyttu orð. Þegar hann var að lýsa því góða ástandi sem ríkti hjá ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum og andmæla fullyrðingum okkar um bág kjör þessa fólks taldi hann við hæfi að lýsa því að það fólk væri að velta sér um veitingastaðina um helgar.

Herra forseti. Sögð er sú saga af hæstv. fjmrh. Albert Guðmundssyni, þegar hann var formaður Knattspyrnusambands Íslands, að hann hefði alltaf verið að hætta. (**AG:** Og hætti.) Og hætti loks eftir margra ára yfirlýsingaferil um að nú ætlaði hann að fara að hætta. Líka er alkunna að í borgarstjórnartíð hæstv. ráðh. var hann líka alltaf við og við að hætta. Við sem fylgdumst með málefnum Útvegsbankans meðan hann var formaður bankaráðsins fylgdumst líka náið með því að hann var alltaf að hætta þegar málefni Útvegsbankans bar á góma: hætti um næstu áramót, hætti í vor, hætti í haust,

alltaf að hætta. Við þekkjum þá sögu vel. Ég veit ekki hve oft hæstv. ráðh. tilkynnti mér að hann væri að reyna að hætta í Útvegsbankanum. Þess vegna má segja að þessi ég-hætti-still sé í raun og veru ekkert nýr hjá hæstv. ráðh. (**Gripið fram í:** Hann er alveg hættulaus.) Já, hann er nefnilega líka alveg hættulaus, það er alveg rétt sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson segir, og hann er líka merkingarlaus. Ekki ber að taka hann neitt alvarlega. Hæstv. ráðh. sannaði það svo rækilega í dag að allar þessar yfirlýsingar hans eru bara eintómt grín, þær eru lítilfjörlegur fjölmiðlaleikur, kannske í hæsta lagi ábending um hvernig liggur á ráðh. í það og það sinnið. En sem stjórnmálalegur veruleiki skipta þær engu máli. (*Gripið fram í.*) Auðvitað vita allir hér í salnum, eins og rakið hefur verið, að þessi rammi, sem hæstv. ráðh. var alltaf að tala um á undanförnum vikum, fólst í launahækkunum fjárlagafrv. Hann fólst ekkert í því hvort útgjaldahlið fjárlaganna sem slíkra mundi aukast eða minnka heldur eingöngu í 4% rammanum, hvað launahækkanir snertir.

Nú hefur hins vegar hæstv. ráðh. fundið það upp til þess að geta setið áfram í stólnum, að hann hafi alls ekki meint svoleiðis ramma heldur hafi hann meint það hvort nýjum útgjöldum væri hægt að finna form innan fjárlaganna án þess að halli myndaðist á fjárlögunum. Það er auðvitað allt annar rammi en sá sem ráðh. var að státa sér af. Kannske má segja að ráðh. hafi verið sniðugur að binda setu sína í ráðherrastól við þetta rammatal því að, eins og hið ágæta fyrirtæki Rammagerðin hefur sýnt, hægt er að búa til alls konar ramma. Hægt er að búa til kringlótta ramma, meira að segja er hægt að búa til ramma í þríhyrning, hægt er að búa til breiða og mjóa ramma, hægt er að búa til ramma úr plasti, ramma út gylltum viði, stálramma og alls konar ramma. Ef mönnum líkar ekki einn rammi er bara hægt að fara í annan ramma o. s. frv. eins og allir þeir vita sem labbað hafa inn í Rammagerðina og beðið um að eitthvert tiltekið verk sé rammað inn. Það er þessi allsherjar rammagerð á yfirlýsingum sem hæstv. ráðh. hefur komið sér upp.

Hann sagði líka hér: Ja, ég átti alls ekki við ASÍ og VSÍ. Ég hef aldrei skipt mér af því, segir hæstv. ráðh. orðrétt. Ég hef ekki sagt orð um hinn frjálsa markað, hann kemur mér ekki við, sagði hæstv. ráðh. orðrétt. Hann kemur mér ekki við, hinn frjálsi markaður. Í sömu ræðunni var hann svo ægilega rogginn yfir því að forsrh. hefði falið honum að útfæra samkomulagið sem hinn frjálsi markaður hefði gert við ríkisstj., þetta sem ráðh. kemur ekki við.

Auðvitað var yfirlýsing hans um 4% tengd samningum á hinum frjálsa markaði, það bera orðaskipti hans við iðnrh. og forsrh. skýrt vitni um. Þegar ráðh. sagði í Dagblaðinu og Morgunblaðinu að þeir væru að reka sig úr ríkisstj. átti hann ekki við BSRB-samningana, það var alveg skýrt. Hann átti við ASÍ- og VSÍ-samningana. Nú koma þeir honum allt í einu ekki við. Eða ber kannske að skilja þessa yfirlýsingu núna, þennan allra nýjasta ramma, svo að hann eigi við BSRB-samningana? Eða átti þessi 4% launarammi ríkisstj. bara ekki við neina samninga yfir höfuð?

Ef taka á það sem ráðh. sagði á einum stað í ræðu sinni mátti skilja það á þann veg að hann hefði neglt þessi 4% aftan í BSRB-samningana. Ef BSRB-samningarnir færu út fyrir 4% rammann væri það gegn stefnu ríkisstj., þá segði hann af sér ef ríkisstj. segði ekki af sér. Og auðvitað fer ráðh. fram úr þessum 4% í BSRB-samningunum. Það vitum við öll hér. Geir Haarde og Þorsteinn Pálsson og allt það lið verður búið að sannfæra hann á morgun, kannske í kvöld, um að það verði allt í lagi. Það samræmist þessum nýja hallaramma á fjárlögunum innan ramma fjárlaganna, þess vegna sé í lagi að samþykkja það. Ráðh. kemur hér upp og túlkar það eftir nokkra daga að þessir nýju samningar hafi nú ekki skapað halla á útgjaldaramma fjárlaganna og þess vegna sé í lagi að hann sitji áfram því að ríkisstj. muni þá geta staðið við hinn almenna efnahagsramma sem hún hafi sett hér.

Staðreyndin er nefnilega sú að ekkert mun gerast við ráðherraferil Alberts Guðmundssonar. Hann situr auðvitað áfram. (**Fjmrh.:** Það er ekkert annað, hvað sem verður.) Nei, það er alveg rétt. Það var mesti misskilningur hjá ráðh. að ég hafi eitthvað sérstaklega óskað eftir því að hann væri að fara úr þessari ríkisstj. Auðvitað vil ég helst að ríkisstj. fari öll frá. En að við berum í brjósti einhverja sérstaka ósk um að ráðh. fari, það er misskilningur.

En ráðh. var ekki búinn. Hann kom og sagði hér orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Samþykkt ríkisstj." — og þar átti hann við samþykktina sem forsrh. og Þorsteinn Pálsson gerðu — „er mjög mikið á móti mínu skapi." Hann sagði einnig að samningar þar sem ríkið tæki að sér að niðurgreiða laun atvinnurekenda væri orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, „á móti minni lífsskoðun". Þessi undarlegi ráðh. kemur og lýsir því yfir að grundvallaryfirlýsing ríkisstj. í kjaramálum sé á móti hans lífsskoðun. En auðvitað ætlaði hann að sitja áfram. Hvað er lífsskoðun á móti einum ráðherrastól? Samþykkt og stefna ríkisstj. er á móti skapi hans, móti lífsskoðun hans, móti grundvallarhugsjónum hans, en stóllinn er í samræmi við þetta allt saman og ráðh. situr áfram því að ráðh. er gersamlega stefnulaus. Þetta er bara eitt allsherjar blaður. Þessi ríkisstj. er með blaður-forsrh. og blaður-fjmrh.

Fljótlega kom í ljós á ráðherraferli hæstv. forsrh. á undanförnum árum að yfirlýsingar hans frá einum mánuði til annars og einu misseri til annars eru algerlega marklaust plagg. Það sama er nákvæmlega að gerast með hæstv. fjmrh., að tæplega einu ári frá því að hann tekur við embætti er hann búinn að gefa svo mikið af yfirlýsingum, mótsagnakenndum og fjarstæðukenndum, að niðurstaðan verður sú að almenningur hættir gersamlega að taka mark á því sem ráðh. segir. Ég tel þess vegna að það liggi alveg ljóst fyrir eftir þessa umr. að Albert Guðmundsson segir ekki af sér og þessi orðaleikur hans hér í ræðustól var eingöngu orðalag til að viðhalda smáspennu í fjölmiðlunum. Það var til að bakka hægt og bítandi út úr þessum miklu yfirlýsingum fyrri vikna.

Hæstv. ráðh. sagði fleira. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Það er illa komið fyrir íslensku þjóðfélagi ef fyrirtækin hafa ekki fyrir launakostnaði." Þetta er dómur hæstv. fjmrh. yfir þeirri launastefnu sem ríkisstj. staðfestir með samþykkt sinni 21. febr., að hún lýsti því að illa væri komið fyrir íslensku þjóðfélagi. (**Salþ:** Var það ekki ef?) Nei, það var nefnilega ekkert ef, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir. Það er skiljanlegt að þm. detti það í hug. (Gripið fram í.) Nei, það var ekkert ef. Hann sagði í fyrsta lagi: „Samþykkt ríkisstj. er mjög

á móti mínu skapi.“ Hann sagði í öðru lagi að hér væri verið að niðurgreiða laun fyrirtækjanna. Hann sagði í þriðja lagi: „Það er illa komið fyrir íslensku þjóðfélagi, ef fyrirtækin hafa ekki fyrir launakostnaði.“ **(Gripið fram í:** Ef.) Ef, já, það vita allir að þeir hafa ekki fyrir því í þessu samhengi. Það er ekkert ef. Það er illa komið ef o. s. frv. Og það er staðfest í yfirlýsingu ríkisstj. Því hefur verið lýst hér í dag. Það eru mæðralaun og feðralaun og barnabætur og allt þetta sem má bæta við. Þm. er væntanlega kunnugt um það. Ef ekki er hægt að afhenda þm. yfirlýsingu um það sem ríkisstj. hefur staðfest.

Formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir er í, hældi sér af því hér í salnum í gær að ríkisstj. hefði gert þetta. Hann sagði í dag að þetta markaði tímamót. En hæstv. fjmrh. segir að þetta lýsi því hvað illa er komið fyrir íslensku þjóðfélagi. Það er nefnilega nokkuð til í því að þessi samþykkt og þessir kjarasamningar staðfesta þá skoðun — og fjmrh. er nægilega heiðarlegur á þessum augnablikum í ræðu sinni til að viðurkenna það — að hér er verið að segja að svo illa sé komið fyrir atvinnulífinu í landinu eftir 9 mánaða valdaferil Sjálfstfl. og Framsfl. að þau geti ekki borgað launakostnaðinn í landinu.

Hæstv. fjmrh. sagði fleira í þessari makalausu ræðu. Hann sagðist ekki vera sammála forsrh. um það að vegna þess að einhver árangur hefði náðst í baráttunni gegn verðbólgunni væri núna í lagi að samþykkja aðgerðir sem ykju verðbólguna eitthvað, jafnvel þótt lítið væri. Hann er sem sagt ósammála þessu líka en hann ætlar engu að síður að sitja áfram.

Ég gæti haldið svona áfram, herra forseti, en ég tel ekki þörf á því því að í þessari ræðu hæstv. fjmrh. var fjöldinn allur af yfirlýsingum um að það sem ríkisstj. væri að gera væri á móti lífsskoðun hans. Því sem forsrh. væri að segja og gera og snertir grundvallarstefnu ríkisstj. væri fjmrh. algerlega á móti. Eitt væri svo andstætt hans skapi að hann gæti ekki staðið að því og þannig mætti lengi telja. Ráðh. sem tekur sjálfan sig alvarlega og segir það sem hæstv. ráðh. sagði í dag segir auðvitað af sér strax í dag. Hvernig á nokkur maður að geta verið í ríkisstj. sem er andstæð lífsskoðun hans, þegar forsrh. lýsir grundvallarstefnu ríkisstj. á þann veg að fjmrh. segir að hann sé algerlega ósammála. Hvernig er þetta hægt? Jú, þetta er hægt á þann einn veg að menn meta stólana meira en sannfæringu sína. Þess vegna er það nú þannig, hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, að það sannaðist sem ég sagði á miðvikudag í síðustu viku en hæstv. fjmrh. mótmælti svo digurbarkalega og ég vitnaði til í upphafi þessarar umr. í dag. Stóllinn reyndist nefnilega mjúkur og þægilegur og það skorti kjark til að standa við stóru orðin. Þessi mikla staðfesta, sem átti að vera á við allan þingheim, reyndist einfaldlega ekki fyrir hendi. Öll stóru orðin sem voru flutt í þessum sal s. l. miðvikudagskvöld í fyrri viku hafa reynst marklaus. Að þessu leyti hefur þessi umr. þjónað þeim ágæta tilgangi að allar þær yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið, tölusetningar tengdar setu hans í ráðherrastól, eru marklausar, hvort sem það eru 60% um erlendu skuldirnar, skuldirnar við Seðlabankann, 4% launahækkunarramminn eða útgjaldarammi fjárlaganna.

Það er vissulega nokkuð mikill áfangi í þingsögunni að menn skuli ekki lengur þurfa að hlaupa upp til handa og fóta þó að þessi hæstv. fjmrh. láti frá sér fara slíkar yfirlýsingar. Menn geta bara byrjað rólega á að yppta öxlum og láta eins og ekkert sé vegna þess að þessi ferill ráðh., yfirlýsingaferill, er einfaldlega stormur í vatnsglasi, ekkert sem máli skiptir, ekkert sem neinar afleiðingar hefur. Þess vegna held ég að hv. þm. Þorsteinn Pálsson verði að bíða lengi eftir því að fjmrh. Albert Guðmundsson fari úr ráðherrastól því að ræða hans í dag sýnir og sannar að ekki er til það stefnumál sem hæstv. ráðh. er svo mikilvægt að hann sé reiðubúinn að fórna ráðherrastólnum fyrir það.

Kristjana Milla Thorsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja hér nokkur orð vegna athugasemdar hv. 4. þm. Norðurl. e. og leiðrétta eitthvað af þeirri vanþekkingu og misskilningi sem kom fram í máli hans. Ég ætla að byrja á því að segja að hárskerar eru ekki í VSÍ og þess vegna tala ég ekki fyrir þeirra hönd. En það er rétt að hárgreiðslumeistarafélagið felldi þá samninga sem voru gerðir fyrir um það bil tveim árum að ég hygg. Í þeim var talað um að nemar í öllum iðngreinum fengju lágmarksdagvinnukaup fyrir allan sinn námstíma en það var þá tæpar 11 þús. kr. Þetta fannst hárgreiðslumeisturum ekki aðgengilegt. Þeim fannst ekki rétt að nemi sem væri að hefja nám fengi sama kaup og nemi sem væri að taka sitt próf og væri fullnuma.

Það hefur alltaf verið þannig í hárgreiðslu, að samningar við nema hafa verið gerðir eftir að samningar við sveina hafa verið gerðir. Þeir hafa fengið vissa prósentu af því sem sveinar hafa fengið. Undanfarin ár hefur hlutfallið verið þannig fyrir nema sem eru í starfsþjálfun jafnframt því að vera í skóla að þeir hafi fengið 70% af launum sveina fyrstu 6 mánuðina en hafa endað síðasta árið með 92% af launum sveina. Nemar verða sveinar og þeir eru í námi til þess að fá hærra kaup. Það væri kannske ráð að hækka heldur kaupið hjá sveinum því að þá fengju nemarnir hærri laun þegar þeir væru útlærðir. En hárgreiðslumeistarar hafa alltaf litið á það, að nemarnir eru í námi þó að þeir séu í vinnu um leið. Þeir vinna náttúrlega sína vinnu, mæta á morgnana og eru skyldugir að vera á staðnum þegar þeir eru ekki í skóla. En það er mjög takmarkað sem hægt er að láta nema vinna. Þó að þeir séu jafnvel búnir að vera í verklegu námi í Iðnskólanum er ekki hægt að láta þá taka viðskiptavini og klippa þá og lita hár eða gera hvað sem er og taka fullt gjald fyrir.

Það er dálítið annað viðhorf í hárgreiðslu en ýmsum öðrum iðngreinum. Þegar verið er að sinna viðskiptavini, þá er það gert fyrir framan hann en ekki á bak við kannske, eins og getur verið í öðrum iðngreinum. Ég tek bara trésmíði eða eitthvað annað til dæmis. Þá getur neminn verið á bak við og unnið kannske eitthvað og viðskiptavinurinn sér ekki hvað hann er að gera. En í hárgreiðslu og hárskeraiðn sér viðskiptavinurinn hvað er að gerast, svo að ég tali nú ekki um ef illa tekst til, þá sjá allir vinir og vandamenn og kunningjarnir og alheimur það líka og þá er nú ekki gott í efni. Og þó að hárgreiðslumeistararnir dragi það ekkert í efa að nemar þurfi að fá kaup eins og annað fólk, þá finnst mér þetta sýna lítilsvirðingu á þeirri kennslu sem nemum er veitt og virðingarleysi fyrir þeim tíma og fyrirhöfn sem meistarar leggja fram til þess að nemendur verði góðir sveinar. Og ekki nóg með það. Það þarf oft að nota ýmisleg efni til að þjálfa nemana. Hvergi kemur

greiðsla fyrir það. En varðandi samningana, sem nú eru til umræðu í ýmsum félögum, get ég náttúrlega ekki svarað á neinn hátt til um þá. Í fyrsta lagi hefur ekki verið fundur í hárgreiðslumeistarafélaginu og auk þess hef ég alls ekki atkvæðisrétt þar svo að ég hef ekkert um þau mál að segja.

En herra forseti. Ég hef þá trú að þessi mál verði til lykta leidd þegar formaður Iðnnemasambandsins hættir að skipta sér af þeim, ég tala nú ekki um að koma með órökstuddar sögur og ýmsar fullyrðingar í blöðum sem hann þorir ekki að segja hvaðan eru komnar eða nefna nein nöfn í sambandi við. Ég held að ef hárgreiðslumeistarar og hárgreiðslunemar fái að gera út um sín mál í friði, þá muni þetta enda með samkomulagi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Til mín hefur verið beint örfáum spurningum sem ég vil svara. Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hvort ríkisstj. hefði fjallað um jafnræði með konum og körlum. Já, ríkisstj. hefur gert það og m. a. samþykkt að hæstv. félmrh. flytji frv. um jafna stöðu karla og kvenna. Það mun mjög fljótlega verða lagt fram á Alþingi. Ef ég man rétt, þá hygg ég að það sé í 4. gr. þess frv. sem enn er undirstrikað að konur skuli fá sömu greiðslu fyrir sambærilega vinnu.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson spurði um gamla fólkið. Ég taldi mig hafa svarað því: Eins og ég sagði mun ríkisstj. að sjálfsögðu ekki gleyma gamla fólkinu. Ég fullvissa hv. þm. um að það fær sambærilega hækkun við þá sem aðrir fá í félagsmálapakkanum. Hvort endanleg útkoma verður nákvæmlega 15.5% skal ég ekki um segja. Allar þessar hugmyndir á eftir að vinna töluvert nánar en þær liggja fyrir núna.

Ég ætla ekki að eyða hér mörgum orðum í að svara hv. þm. Svavari Gestssyni og enn síður hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Þó vil ég segja það um hinn fyrrnefnda að ég starfaði með hv. þm. í ríkisstj. í rúm fjögur ár og líkaði það að mörgu leyti vel. Mér fannst maðurinn að mörgu leyti vænn og vilja sinna sínum málum og vilja leysa efnahagsmálin, koma verðbólgunni niður. Mér líkaði satt að segja vel það samstarf. Ég verð að segja að það olli náttúrlega miklum vonbrigðum að hv. þm. fór aftur og aftur bónleiður til búðar til sinna herra og kom aftur með skottið á milli lappanna og gat ekki gert það sem hann sjálfur vildi gera í viðureigninni við verðbólguna. Vitanlega þótti manni leitt að horfa upp á þann ræfildóm. En ég verð að segja það, að sá maður sem talar hér aftur og aftur eins og hann talar er allt annar maður. Ég hef aldrei kynnst slíkum geðklofa. Hér rís hann upp og talar þvert um það sem hann hefur talað í 4—5 ár. Mætti rekja það í langri ræðu. Ég held að slíkt atferli geti ekki verið hollt fyrir heilsu þessa hv. þm.

En hann beindi til mín örfáum spurningum. Hann spurði hvort ég héldi því fram að Alþýðusamband Íslands hefði samþykkt hinn nýja vísitölugrundvöll. Það sagði ég aldrei. Ég sagði að nýr vísitölugrundvöllur hefði verið kynntur fyrir kauplagsnefnd, þar sem ASÍ á fulltrúa, og mér er kunnugt um að hann var ræddur á formannafundi. Mér er líka kunnugt um að fulltrúi ASÍ í kauplagsnefnd gerði athugasemdir og þær voru teknar til greina. En á formlega samþykkt hef ég aldrei minnst.

Hann spurði einnig hvort ég teldi að ASÍ og VSÍ muni fallast á lækkun niðurgreiðslna. Engin ákvörðun hefur út af fyrir sig verið tekin um það og verður fjallað um það í samráði sem ég nefndi hér áðan. En því er ekki að neita að á þeim fundi sem ég sat með fulltrúum og reyndar allri samninganefnd þessara aðila kom þetta fram frá VSÍ og var ekki andmælt af ASÍ. En ég skal ekkert segja um það hver endanleg niðurstaða verður þegar um þetta verður rætt.

Hv. þm. las úr dagblaði um útfærslu á þessum hugmyndum og talaði þar um grautinn minn. En það vill nú svo vel til að hann var að lesa það sem ég fékk í hendurnar frá ASÍ og VSÍ orðrétt. Þetta er nákvæmlega orðrétt það sem mér var afhent á umræddum fundi og hefur birst þannig í blaðinu. Það er ekki stafur þar í sem er frá mér kominn. Þetta var okkur afhent og við féllumst á að athuga þessa útfærslu og það er nú í gangi. Það er verið að athuga það svo að hann verður að tala við sinn fyrrv., finnst mér nú eiginlega að ég verði að segja, samstarfsmann Ásmund Stefánsson um þessi mál, því að ég fæ ekki skilið þær ræður sem hér hafa verið haldnar af hv. Alþb.-mönnum nema sem árásir á þann mann. Ég fæ ekki skilið þær öðruvísi.

Hv. þm. sagði réttilega að við sem erum í háum launaflokkum fengjum miklu meiri krónutöluhækkun en þeir sem eru lágt launaðir. Já, því miður. Þessir samningar eru alls ekki eins og ég hefði skrifað þá ef ég hefði ráðið. Ég hefði viljað hafa þak á svona samningum, enga hækkun yfir ákveðnum launum og beina því þá miklu meira til láglaunafólks. En því miður hefur ekki verið hljómgrunnur fyrir slíku í þeim frjálsu samningum sem fram hafa farið. Ég skal ekkert fullyrða hvar það hefur strandað en því miður hefur það ekki orðið svo og er vissulega til umhugsunar.

Ég vona, herra forseti, að ég hafi svarað þeim spurningum sem fram hafa komið til mín.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. forsrh. áðan um hv. 3. þm. Reykv., um að hann væri nú allur annar maður en hann hefði þekkt hann áður, nánast umhverfður, þá verð ég nú að segja að í mínum augum er annar maður hér á þinginu miklu meiri hamskiptingur en hv. 3. þm. Reykv. Það er maðurinn Steingrímur „allt er betra en íhaldið“ Hermannsson, sem einu sinni var, og er nú forsrh. einhverrar verstu íhalds- og afturhaldsstjórnar síðari tíma. (**Forsrh.:** Það sést af því að það er íhald víða, hv. þm.) Hann er hamskiptingur, sá maður. (Gripið fram í.) Það eiga kjósendur einnig eftir að koma honum í skilning um að þessi hamskipti hafi ekki farið fram hjá þeim. Hvort það líði einhverjir mánuðir eða nokkur ár þangað til, það verður sagan að leiða í ljós.

Úr því að maður er kominn að þessum íhaldsmönnum á annað borð er best að afgreiða annan í leiðinni. Sá er hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson. Hann kemur stundum hér upp í ræðustól og fær þar flog nokkur og gusar í allar áttir úr skálum reiði sinnar yfir þessa og hina, hverja sem fyrir verða í það og það skiptið, og einu sinni sem oftar urðum það við Alþb.-menn í dag. Þá rifjaðist upp fyrir mér að sá ágæti hv. þm. ætlaði sér að verða formaður Sjálfstfl. hér á einni tíð og þá flutti hann auðvitað eins og aðrir kandidatar framboðsræðu. Hún var reyndar ekki betri en það að hann fékk hina háðulegustu útreið og varð eins og allir vita hvorki formaður né varaformaður þess flokks. (**SalÞ.:** Þetta er ósmekklegt.) Talandi um ósmekklegheit ætla ég, herra

forseti, með leyfi þínu, að lesa upp úr ræðu hv. þm. og sjálfstæðismanns Birgis Ísl. Gunnarssonar:

„Alþb. ætlar sér með öllum tiltækum ráðum að koma þessari ríkisstj. frá sem fyrst", sagði hann þar og áfram: „Alþb. hafði mikil völd hér í þessu þjóðfélagi s. l. 5 ár. Því fundust völdin góð og það naut þess að geta komið sínu fólki fyrir í kerfinu og að geta spillt fyrir eins og í stóriðju og orkumálum. Ég held hins vegar að það hafi komið glöggt í ljós í stjórnartíð Alþb. og í öllum viðbrögðum nú eftir kosningar þar sem nánast er snúið við blaðinu í öllum málum á einni nóttu. Ég tel að þetta hafi leitt í ljós að Alþb. er siðspilltasta stjórnmálaaflið á Íslandi. Þar fara menn sem einskis svífast. Á þeim bæ er ekki skeytt um skömm né heiður. Mannorð, hamingja, einkalíf eru þeim framandi hugtök þegar pólitískir andstæðingar eru annars vegar. Engir brosa gleiðar þegar svo ber undir, en engir hafa rýtinginn í erminni jafnvel brýndan og forustumennirnir í Alþb. Öll þeirra saga sýnir að tilgangurinn helgar meðalið. Við sjálfstæðismenn hljótum að bægja þeim frá valdastólunum um ókomna framtíð."

Ég held, herra forseti, að ég láti þennan lestur nægja úr áðurnefndri framboðsræðu hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar. Og það hefur þegar verið rætt um ósmekklegheit hér á þinginu. Ég þarf engu við það að bæta.

Ég vil þá segja vegna ummæla hans hér um að við hefðum engan rétt til þess að vera að tjá skoðun okkar á þeim kjarasamningum sem hér stendur til að staðfesta eða fella og þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. lætur þeim fylgja: Ég sem maður sem er alinn upp í sveit og hef frá blautu barnsbeini unnið margvísleg störf, verkamannavinnu, við landbúnað, stundað sjósókn, ekið vörubíl o. s. frv., tel mig hafa fullt eins mikinn rétt til þess og hver annar að tjá mig og lýsa minni skoðun á þessum málum, þó svo ég hafi álpast í háskóla og tekið þar próf í jarðfræði og reyndar ekki íþróttamennsku eins og hv. þm. fór hér með ranglega, en það skiptir ekki öllu máli.

Við hljótum, úr hvaða stétt sem við erum, við hvað sem við höfum unnið, að hafa leyfi til þess í þessari stofnun að lýsa skoðun okkar á þessum samningum og þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. ætlar að láta fylgja þeim.

Að síðustu vil ég fara nokkrum orðum um ræðu hv. 2. þm. Reykn. Kristjönu Millu Thorsteinsson, sem hér stóð upp og hélt uppi nokkrum vörnum fyrir félag hárgreiðslumeistara.

Í fyrsta lagi vil ég víkja að þeirri undarlegu staðhæfingu hennar að þetta verði nú allt í lagi ef formaður Iðnnemasambandsins hætti að skipta sér af þeim málum. Hvað eiga nú svona ummæli að þýða á hinu háa Alþingi? Formaður Iðnnemasambandsins má ekki skipta sér af málum þess fólks, hverra réttindi hann á að passa upp á og hverra samninga hann á að reyna að tryggja. Þetta eru furðuleg ummæli. Hverjum ber að hafa afskipti af þessum málum ef ekki einmitt fagfélagi þessa fólks? En ég veit hvað að baki liggur. Ég get getið mér til um hvað að baki liggur, að hárgreiðslumeistarar vilji einir og sér, hver á sinni stofu, horfandi framan í nemann titrandi á beinunum, hóta honum uppsögn, semja við hann um kaup og kjör. Það er einmitt þannig sem það hefur gerst. Það er meinið. Væri betur að stéttarvitund þessa hóps væri þannig, að þetta hefði ekki verið svona á undanförnum árum. Þá hefði ég trú á því að kjör þessa hóps væru nokkru betri er þau hafa verið undanfarið.

Það skiptir kannske ekki öllu máli að rífast hér um hvaða kostnað og ekki kostnað meistarar hafa af því að hafa þetta fólk í starfi hjá sér og vera að kenna því. Þó merkilegt kunni að virðast, þá fer ég einstöku sinnum til hárskera. Ég læt að vísu sjaldan greiða mér á slíkum stofnunum, en til hárskera fer ég þó og þar hef ég grun um að ég hafi verið klipptur af nemum sem ekki hafi verið komnir allt of langt í sínu fagi, og ég hef greitt fyrir það fullt verð.(**Gripið fram í:** Þú hefðir átt að fá afslátt.) Það er alveg rétt. En það var ekki um það að ræða í þessu tilfelli, enda fór ég ekki fram á slíkt.

En það sem mestu máli skiptir er þó það, að þessu fólki hefur verið boðið upp á að reyna að draga fram lífið jafnvel á innan við 5 þúsund kr. á mánuði undanfarna mánuði. Og svo vitum við að leiga á einni íbúð hér í höfuðstaðnum kostar kannske 7—8 þús. og þetta fólk hefur í sárafáum tilfellum, að því er best er vitað, nokkra möguleika á því að afla sér tekna annars staðar. Það er um það sem þetta snýst. Þetta fólk hefur ekki haft það framfæri sem Lánasjóður ísl. námsmanna býður sínu fólki og er margfalt hærra en þessu fólki er ætlað að lifa á.

Það var sagt hér að mjög lítið væri hægt að nota þetta fólk, það væri ekki hægt að láta það klippa af því að menn horfðu þar á verk þess strax og þeir stæðu upp og fengju spegilinn í hendur eða í síðasta lagi yrði hlegið að því þegar það kæmi heim. Þetta er ekki í samræmi við þá reynslu sem þeir menn hafa sem hafa skipt við slíkar stofnanir. Það hafa að vísu farið einhverjar sögur af því að nemar séu settir í að sópa fyrstu mánuðina, en þeir eru alla vega þarna í störfum. Og ef meistarafélagið getur ekki gert betur við nemana er eitthvað að gjaldskrá þessara manna. Það er ósköp einfaldlega það. Þá er eitthvað að gjaldskránni. Það þarf að fara ofan í saumana á því hvort það sé virkilega svo að þeir geti ekki greitt hærra kaup.

En vegna þess að launamál kvenna hafa verið mikið til umr. hér á Alþingi í dag og í öllu þjóðlífinu undanfarið er rétt að rifja það upp að í miklum meiri hluta er um konur að ræða í þeim hópi sem um er rætt. Og hér er um dæmigerðan kyngreindan láglaunahóp að ræða. Ég skora á þær konur sem hér eru inni og sitja á þingi að kynna sér kjör þessa hóps, því skv. upplýsingum frá áðurnefndu Iðnnemasambandi eru í þessum hópi upp undir 150 konur, en einungis um 15 karlar. Hér er því verðugt verkefni fyrir það kvenfólk sem er að halda uppi merki jafnréttislaunastefnunnar fyrir hönd kvenna. Og ekki skal standa á mér að leggja þeim það lið sem ég má.

Ég vil að síðustu segja það við hv. 2. þm. Reykn., Kristjönu Millu, að það mun verða fylgst grannt með því að gefnu tilefni hvaða meðferð þessi samningur, sem nú hefur verið undirritaður og til stendur að greiða atkvæði um, fær hjá félagi hárgreiðslumeistara. Það skal ég sjá um ef ekki verða aðrir til þess.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Alþb.-menn hafa verið mjög reiðir hér í dag. Þeir hafa flutt hverja stríðsræðuna eftir aðra og skammað ríkisstj. og vinnuveitendur fyrir þá samninga sem búið er að gera. Þeir samningar hefðu aldrei verið gerðir ef Ásmundur Stefánsson hefði ekki skrifað undir þessa samninga. Hvern eru þeir þess vegna raunverulega að skamma?

Þeir eru fyrst og fremst að skamma forseta ASÍ, Ásmund Stefánsson, blóðugum og miskunnarlausum skömmum, svo miskunnarlausum að það má merkilegt heita að mönnum detti í hug að taka hann ekki heldur fyrir á heimavelli og ræða við hann en að velja þingsalina til þess þar sem hann á enga möguleika til að verja sig. Þetta er athyglisvert.

Hvað er það sem gerir þá svona rosalega reiða? Jú, þeir hafa alllengi haldið fram ákveðinni kenningu. Ekki er hægt að stjórna landinu án okkar þátttöku. Þetta er búið að glymja í eyrum alveg miskunnarlaust. En til þess að þetta dæmi gengi upp þurftu þeir menn sem eru í lykilstöðum Alþb. í verkalýðshreyfingunni að hlýða Svavari Gestssyni, hv. 3. þm. Reykv., en þeir gerðu það ekki. Vegna þess að þeir hlýddu ekki tryllist liðið í dag.

Spurningin er aðeins þessi: Sveik forseti ASÍ Alþb. eða sveik hann alþýðu landsins sem hann var fulltrúi fyrir? Annað hvort hefur gerst. Það liggur ljóst fyrir skv. þeirri túlkun sem foringjar Alþb. hafa haldið hér uppi í dag. Þess vegna er fróðlegt að heyra hvað hann sjálfur hefur um þetta mál að segja í Þjóðviljanum þar sem hann er spurður og örlítið af efni blaðsins, mjög lítil klausa, er notuð til að koma á framfæri sjónarmiðum forseta ASÍ. Það er ekki mikið rúm í blaðinu sem fer í að koma þessum sjónarmiðum Ásmundar Stefánssonar á framfæri. Það er engin mynd höfð við hliðina af honum. En með leyfi forseta vil ég lesa það sem hann segir:

„Við hrópum ekki húrra fyrir þessum samningum. En það var mat okkar að þessi kostur væri betri en að efna til átaka á vinnumarkaðinum. Ég vil taka það fram að þessi samningur felur ekki í sér mat á hinum réttmæta hlut launafólks í þjóðartekjunum að okkar mati. En hann á að tryggja óbreyttan kaupmátt frá síðasta fjórðungi ársins 1983," sagði Ásmundur Stefánsson á blaðamannafundi í gær. „Þá er hér gerð alvarlegri tilraun en áður hefur verið gerð til þess að rétta hlut þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu sérstaklega."

Hann fullyrðir að verið sé að gera alvarlegri hluti en áður hafi verið gerðir til að rétta hlut hinna verst settu í þjóðfélaginu. Þetta eru athyglisverð tíðindi. Skyldi þá ekki fjmrh. sem situr yfir því tafli að koma þar inn í málin vera fulltrúi Alþb. í þingsölum? Merkilegt er að sú úttekt skuli vera gerð á störfum fyrrv. fjmrh. og þess sem nú er að forseti ASÍ lýsi því blákalt yfir að núna sé verið að gera alvarlegri tilraun en áður. Þetta eru stórar fréttir. Er þetta e. t. v. skýringin á því hvers vegna skothríðin á hæstv. fjmrh. hefur verið slík hér í húsinu í dag að það er eins og það sé grundvallaratriði að koma honum úr stólnum? Er það þessi samanburður á fjármálatíð hans og forvera hans í starfi, hvað viðhorf til láglaunafólksins í landinu snertir, að skothríðin er svona hörð?

Hver man ekki eftir samningum hæstv. fyrrv. fjmrh., Ragnars Arnalds, við læknastéttina? Var það viðhorfið til láglaunafólksins sem þar birtist? Ætli það hafi ekki verið láglaunafólkið sem fékk að borga? Það eru nefnilega stórir hlutir sem hér eru sagðir. Ég hygg að menn megi hugleiða í fullri alvöru að verið er að gera alvarlegri tilraun til að rétta hlut láglaunafólksins en áður hefur verið gert. Það hefur nefnilega yfirleitt ekki tekist, öll hækkun hefur farið upp í gegnum launastigana. Þannig hefur ástandið verið þegar við höfum áður glímt við þessi mál.

En hvert er álit formanns Alþb. á því sem verið er að gera? Einnig er farið út í að hafa viðtal við formanninn og spyrja hann ráða til að hafa alveg á hreinu hver stefnan eigi að vera, hvað fólkið í verkalýðsfélögunum, sem fer til að greiða atkvæði um þessa samninga, eigi að gera. Línan verður að vera skýr frá Moskvu, það dugar ekkert rusl í þessum efnum. Ekki dugar að Ásmundur Stefánsson segi fyrir um það hvað eigi að gera. Nei, línan verður að koma frá manninum sem hefur valdið. Myndastyttan er sett á stall og, það sem meira er, hann er ekki hafður í jakkanum en skyrtan er hvít og bindið á sínum stað. Það er breytingin sem varð miðað við verkalýðsforingjana, miðað við þær myndir sem við höfum áður séð.

Og hvað segir svo foringinn? Með leyfi hæstv. forseta: „Hér er teflt á ystu brún með kjör verkafólks og einingu verkalýðssamtakanna. Niðurstaða mín er því sú að nú þurfi að leggja allt kapp á að ná annarri samningsniðurstöðu sem tryggi í sér enn betri kjör verkafólks og treysti fremur einingu þess en mér sýnist þessi samningur gera," sagði Svavar Gestsson formaður Alþb. m. a. er Þjóðviljinn leitaði álits hans á samkomulagi ASÍ, VSÍ og ríkisstj.

Ekki fer á milli mála að Ásmundur Stefánsson hefur brugðist. Hann er ekki nógu góður til að stýra þessum málum. Það verður að fara í bakvarðarsveitirnar, það verður að fara til verkalýðsins sjálfs, setja nýjan á stall og fylkja liðinu aftur. Það er ekki jarðfræðimenntun sem sá maður hefur sem samdi fyrir hönd verkalýðsins. Ég hygg að ég muni það rétt að hann sé hagfræðingur að menntun. En það má vel vera að þegar svona ákvarðanir eru teknar, sem er leiðsögn hv. formanns Alþb. Svavars Gestssonar, fari svo að þeir sem hafa lært jarðfræði standi honum nær í túlkun en þeir sem hafa kynnt sér hagfræði.

Hv. þm. Svavar Gestsson hefur staðið lengi í stólnum í dag og engu að síður hefur hann ekki komið öllu á framfæri sem hann vildi sagt hafa. Ástæðan er sú að erfitt er að ætla að halda því fram hér að forseti ASÍ hafi brugðist sínum umbjóðendum. Það er erfitt verk, það gengur ekki upp að láta það komast til skila á skiljanlegri íslensku ef rökfræði er notuð. Þess vegna standa málin þannig að hinn almenni verkamaður hefur fengið fyrirmælin um að fella samningana.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefur oft staðið í stríði við gáfumannafélagið í Alþb. En að þessu sinni reyndist gamli maðurinn merkilega klókur. Hann ákvað að bíða. Gott og vel. Ef hinir spjöruðu sig ætlaði hann ekki að láta taka sig einan fyrir eins og oft hefur verið gert og ráðast á sig fyrir að hann hefði brugðist foringjanum, hv. 3. þm. Reykv., að þessu sinni. Hann ákvað að bíða. Nú stendur hann aftur á móti frammi fyrir því vali hvort hann með sinni afstöðu ætlar að koma í veg fyrir alvarlegri tilraun en áður hefur verið gerð til að rétta hlut láglaunafólksins í landinu. Ætlar hann að koma í veg fyrir það? Það er það val sem hv. þm. og verkalýðsforingi, Guðmundur J. Guðmundsson, stendur frammi fyrir.

Vissulega er erfitt að þjóna tveimur herrum. En það kemur mér mjög á óvart ef hann í þessari stöðu tekur ekki þá ákvörðun að bíða enn, athuga hvort fyrirmælin sem hafa farið á prent á Þjóðviljanum um að fella samningana verða virt í verkalýðsfélögunum úti um landið. Ef þau verða ekki virt og menn samþykkja að

taka þátt í því sem er alvarlegri tilraun en nokkurn tíma áður til að rétta hlut láglaunafólksins í landinu er ekkert vafaatriði hvað Guðmundur J. telur að rétt sé að gera gagnvart sínum umbjóðendum. Þess vegna hafa foringjar Alþb. í dag hellt úr skálum reiði sinnar vegna þess að þeir óttast að kjörorðið sem þeir hafa notað, „það er ekki hægt að stjórna þessu landi án okkar þátttöku", verði blekking. Þeir óttast að þeir menn sem bera ábyrgð á kjörum fátæks fólks telji það nær sínum trúnaði að standa þannig að málum að velja þann kost sem þeir telja bestan fyrir það en telji að hitt verði að vera víkjandi hvort það sé alveg í samræmi við stefnu foringja Alþb.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að marki, enda gerist nú áliðið dags og þær hafa staðið nokkuð lengi. aðeins örfá orð, athugasemd við ummæli sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lét falla áðan og vék þar sérstaklega að hv. 6. landsk. þm. Karli Steinari Guðnasyni, sem nú hefur beðið um fjarvistarleyfi og er að undirbúa fund í því verkalýðsfélagi þar sem hann hefur forustu.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vék að þeim útreikningum sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason vitnaði til og taldi þá afar tortryggilega og vildi sem minnst úr þeim gera. — Því miður er hv. þm. ekki hér í salnum, en ég sé mig knúinn til að gera þessa aths. — Ég tel nauðsynlegt að það komi fram í umr. að þessir útreikningar voru ekki gerðir að frumkvæði Alþýðusambandsins eða beiðni. Hins vegar veit ég, og hef fyrir því orð forseta Alþýðusambands Íslands, að hagfræðingar Alþýðusambandsins hafa yfirfarið þessa útreikninga og skoðað þá og hafa komist að sömu niðurstöðu og þessir útreikningar leiða til. Mér þykir það merkilegt þegar talsmenn Alþb. koma hér í ræðustól og rengja útreikninga sem Alþýðusambandið telur rétta. Ég hef ekki upplifað það áður, en einu sinni verður nú allt fyrst.

Annars hygg ég, herra forseti, að umr. í dag, gagnlegar eru þær, marki að vissu leyti tímamót. Ég hef ekki upplifað það áður í þingsölum að þm. Alþb. komi hver á fætur öðrum með formann flokksins í broddi fylkingar, hv. þm. Svavar Gestsson, síðan hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrv. formaður þingflokksins, hv. þm. Kjartan Ólafsson, ritstjóri málgagns Alþb., og hv. þm. Steingrímur Sigfússon, og ráðist — ekki bara leynt heldur ljóst á forseta Alþýðusambands Íslands og alla forustu Alþýðusambands Íslands vegna þeirrar niðurstöðu sem samningamálin hafa leitt til. Þetta þykir mér vera nokkur tímamótaviðburður. Ég ætla ekkert að spá í hvaða afleiðingar þetta muni hafa eða hvort það muni hafa afleiðingar, hvort það muni draga einhvern dilk á eftir sér, en ég bendi þm. á, eins og raunar hefur verið gert hér áður í kvöld í þessum umr., að það hefur ekki gerst hér áður að þm. Alþb. hafi með þessum hætti ráðist að forustu Alþýðusambands Íslands fyrir það sem hún hefur verið að gera í samningamálum. Þetta er nokkur nýlunda og athyglisverð nýlunda.

Það var vitnað áðan til ummæla forseta Alþýðusambandsins í Þjóðviljanum um samningana. Sömuleiðis var vitnað til ummæla formanns Alþb. Ummæli þessara tveggja manna fara nokkuð á svig og skjön. Þeim ber ekki saman. Ég tek undir það sem Ásmundur Stefánsson forseti Alþýðusambands Íslands segir. Ég held að mat hans á stöðunni núna sé rétt. Þó að hann sé ekki jarðfræðingur, eins og hér hefur komið fram, held ég að hann hafi margfalt betra jarðsamband en hv. þm. Alþb. sem hér hafa talað og ég held að hann viti miklu betur og sé í miklu nánari tengslum við fólkið á vinnustöðunum. Ég held að þar hafi hann miklu betra jarðsamband. Þess vegna held ég, og það er mín tilfinning og mitt mat, að niðurstaða hans, sem hann orðar með þeim hætti í Þjóðviljanum í dag sem hér hefur þegar verið vitnað til í umr., sé rétt.

Ég vil aðeins enn einu sinni, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu, vekja athygli á þeim sérstæðu atburðum sem hér hafa gerst í dag. Í fyrsta skipti í langan tíma, að ég hygg, eru forusta Alþb. og Alþýðusambandsins ekki samstíga. Og hugleiði menn þann ofsa og offors sem einkennt hefur málflutning hv. þm. Alþb. úr þessum ræðustól í dag, þann hávaða, þann tilfinningahita og þunga, hversu mikið þeim hefur verið niðri fyrir, hversu heitt þeim hefur verið í hamsi og sumir raunar reiðir, eftir því sem maður metur það hlustandi á þá í þingsölum. Þetta eru athyglisverð tíðindi og ég hygg að þau eigi eftir að verða mönnum ekki bara umhugsunarefni heldur umræðuefni í nokkuð langan tíma.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú farið fram hér á sjötta klukkutíma. Ég man ekki til þess þau ár sem ég hef verið hér á Alþingi að umræður utan dagskrár hafi verið með jafn sérkennilegum hætti og þessar. Það er enginn vafi á því að hv. þm. Alþb. hafa orðið fyrir geysilegum vonbrigðum. Þeir voru búnir að gera ráð fyrir að í þessum mánuði, febrúarmánuði yrðu einhver mikil umskipti í þjóðfélaginu. Að átökin á vinnumarkaðinum út af kaupi fólksins yrðu á þann veg að ríkisstj. mundi verða að fara frá.

Lítum aðeins á hvað hefur gerst. Ríkisstj. neyddist til að skerða samningsrétt takmarkaðan tíma vegna þess neyðarástands sem var í þjóðfélaginu. Þessi tími er liðinn. Nú settust aðilar vinnumarkaðarins að samningaborði til þess að gera samninga á frjálsum grundvelli. Hver varð niðurstaðan? Niðurstaðan varð sú að vinnumarkaðurinn gat ekki leyst þessi mál og setur eiginlega ríkisstj. upp við vegg þannig, að til að leysa þessi mál verður ríkisstj. að leggja fram visst fjármagn. Það er því alrangt sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann segist vilja láta í ljósi álit sitt á þessum samningum og því sem ríkisstj. lætur fylgja. Það er ekki ríkisstj. sem lætur eitthvað fylgja — þetta er eiginlega skilyrði, ég lít á það sem skilyrði hjá aðilum vinnumarkaðarins að þetta komi til ef þeir eigi að ná saman.

Þess vegna er það náttúrlega ekki rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni þegar hann er að spyrja mig hvað við framsóknarmenn viljum í þessu efni í sambandi við niðurgreiðslurnar. Það eru aðilar vinnumarkaðarins sem benda á þær leiðir sem komi til greina í þessu máli. Ég vil benda hv. þm. Svavari Gestssyni á það að ræða við sína menn í ASÍ og kanna hvort það sé virkilega meiningin að þeir geri kröfu til þess að hækka vöruverð, verð á landbúnaðarvörum fyrir fátækara fólkið í landinu. Það eru þeir, það eru aðilar vinnumarkaðarins sem benda á þessa leið.

Út af fyrir sig eru þær umr. sem hér hafa farið fram alveg út í hött. Það er búið að þrasa um þessi mál í allan dag. Það væri nær fyrir formann Alþb. að taka sína

menn, verkalýðsforingjana og tala við þá. Það eru þeir sem standa að þessum samningum. Það eru þeir sem hafa gert þessa kröfu til ríkisstj. Og ríkisstj. verður að meta þá kröfu. Vilja menn frið á vinnumarkaðinum? Eru þetta samningar sem eru þess virði að fórnað sé einhverju til þess að friður verði á vinnumarkaðinum?

En það er auðvitað skýring á þessu öllu. Menn hlustuðu hér á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson og hans ræðu. Hann er náttúrlega hálfærður út af því að þessi staða skuli vera komin upp. Vonbrigðin eru svo mikil. Það er rétt sem hefur komið fram hjá síðustu tveimur hv. ræðumönnum, Ólafi Þórðarsyni og Eiði Guðnasyni, að þetta er alveg sérstök staða. Það er alveg nýtt í þingsögunni að forustumenn Alþb., þeir sem hafa talið sig vera forsvarsmenn hinna fátækari stétta þjóðfélagsins, skuli eyða fleiri klukkutímum til að skamma sína forustu í verkalýðsstéttunum. Það er sérstakt og það eru engin undur þó að menn séu undrandi yfir því sem hér hefur farið fram á Alþingi í dag.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fara aftur í ræðustólinn í dag. Nú er náttúrlega löngu liðinn venjulegur fundartími. Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs var ræða hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Hún var ekki mjög skynsamlega tímasett, a. m. k. í þessum umr., því honum lá svo mikið á að koma því á framfæri að Alþb. og forusta þess stæði í ágreiningi við verkalýðsforustuna. Það hefði verið betra að hann hefði gert það fyrr í dag svo að menn hefðu getað svarað þessum athugasemdum á skikkanlegum tíma. Úr því hann hins vegar kaus að hefja matartímann kl. 7 með þessum árásum ætla ég að svara þeim og halda fundi áfram eins og nauðsyn krefur. Ég vænti þess að hv. þm. og aðrir skilji það, að hér er um að ræða þannig lagaðar ábendingar af hans hálfu, að ég segi ekki árásir, að það er óhjákvæmilegt fyrir mig að svara þeim í nokkru.

Það er ljóst að innan verkalýðssamtakanna eru núna skiptar skoðanir ekki bara um samningsniðurstöðu ASÍ og VSÍ heldur líka um vinnubrögð og aðferðir. Það eru deildar meiningar um það hvort menn eigi að beita afli samtakanna nú þegar eða síðar til þess að knýja fram niðurstöður. Það er ekki þannig í verkalýðssamtökunum í dag, að spurningin sé um það hvort þar er um að ræða vilja til að fara í verkföll, eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson og margir fleiri orða það hér stundum. Málið snýst ekki um það. Málið snýst fyrst og fremst um það að hæstv. núv. ríkisstj. réðist til átaka, stríðs við hinn almenna launamann og hinn breiða fjölda vinnandi fólks í landinu á s. l. ári. Það er ríkisstj. sem manaði til átaka. Þau átök hafa staðið yfir alveg frá því að ríkisstj. var mynduð. Þar getur verið um að ræða bæði kalt stríð og heitt eftir atvikum og eftir aðstæðum á hverjum tíma. Það ræðst m. a. af því hver eru hin faglegu skilyrði í einstökum verkalýðsfélögum í landinu. Það ræðst ekki af því hvað forustumenn einstakra stjórnmálaflokka kunna að segja á hverjum tíma. Það er nefnilega rugl hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, það er rugl sem hann heldur, að verkalýðsfélögum sé skipað fyrir verkum af einhverjum pólitískum forustumönnum. Það hefur aldrei verið þannig og það getur aldrei orðið þannig, vegna þess að verkalýðsfélög eru samsett, rétt eins og þjóðfélagið sjálft, af fólki með mjög mismunandi sjónarmið og skoðanir, einnig á stjórnmálum. Og til þessara þátta verða hinir faglega kjörnu trúnaðarmenn að taka tillit á hverjum tíma. Og það eru í rauninni ekki eingöngu pólitísk viðhorf þessara forustumanna, sem ráða úrslitum á hverjum tíma um hin faglegu rök, heldur er það samsetningin í verkalýðsfélögunum og viðhorfin þar á hverjum tíma. Það er nefnilega ekki þannig í verkalýðsfélögunum eins og í sumum samvinnufélögum þar sem kaupfélagsstjóravaldið ákveður að hafa hlutina alltaf eins og Framsfl. þóknast (**Gripið fram í:** Er það þannig hjá KRON?) Í KRON er það ekki nærri nógu gott, hv. þm. Hins vegar er eitt og annað reynt til þess að virkja félagsmenn í KRON. Það mætti vera miklu betra.

En aðalatriðið er það, að þegar tekin er ákvörðun um kaup og kjör og kjarasamninga þá er það gert á faglegum grundvelli þeirra verkalýðsfélaga sem ákveða þetta á hverjum tíma. Ég bendi hv. þm. Eiði Guðnasyni á það, að um leið og menn eins og formaður Sambands byggingamanna, formaður Málm- og skipasmíðasambandsins segja það fullum fetum að þeir telji þetta hvergi nærri nógu góða samninga, þeir telja þetta slæma samninga, og Jón Helgason, formaður Einingar á Akureyri, segir segir í Alþýðublaðinu í dag: „Þetta eru nauðungarsamningar" — um leið og mennirnir segja þetta þá segja þeir: Miðað við þær aðstæður sem nú eru, baráttuaðstæður í þjóðfélaginu, þá verður þetta yfir okkur að ganga í bili, en við áskiljum okkur allan rétt til þess að sækja viðbótarkjarabætur á síðari stigum. Það er þetta sem hér er að gerast í þjóðfélaginu.

Ég bendi á það að í forustuliði ASÍ standa mál núna þannig, að stærsta verkamannafélag í landinu er með fund, þar sem verið er að fjalla um þessa hluti, og forustumaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Guðmundur J. Guðmundsson, hefur lýst því yfir að hann sé mjög gagnrýninn á þessa samninga. Hann er ekki að fylgja þar, hv. þm. Ólafur Þórðarson, neinni flokkslínu. Ég segi þetta í fullri vinsemd vegna þess að ég held að það sé óskynsamlegt fyrir stjórnmálamann eins og Ólaf Þórðarson, sem einhvern tíma gæti lent í því að taka við af Steingrími Hermannssyni í efsta sætinu fyrir vestan, eins og hann langar til, það er óskynsamlegt fyrir hann að lifa í þeim heimi að Alþb. taki við fyrirskipunum eða forustumenn Alþb. í verkalýðshreyfingunni taki við einhverjum einfeldningslegum fyrirskipunum. Það er ekki svo. Alþb. er rétt eins og aðrir íslenskir stjórnmálaflokkar afurð umhverfis síns. Við höfum hins vegar kosið að leggja áherslu á hagsmunamál verkalýðsins á hverjum tíma að bestu getu og leggja okkur fram um það. Vafalaust má um það deila hvernig það hefur tekist, en Alþb. hefur það hlutverk í þjóðfélaginu að leggja áherslu á þennan þátt í þjóðfélags- og stjórnmálabaráttunni. Maður eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson á ekki að vera að einfalda hlutina fyrir sér með þeim hætti sem hann gerði hér áðan.

En það er ágreiningur um þessa samningsniðurstöðu mjög víða, líka innan Alþfl. Ætli hv. þm. Eiður Guðnason hafi nokkuð rætt við varaformann þingflokks Alþfl. Er það ekki hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir? Er það ekki rétt hjá mér? Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, varaformaður þingflokks Alþfl., af því hún er nú fjarverandi og ekki hér tilbúin til þess að tala við formann þingflokksins, talar hér í Þjóðviljanum í dag. Hún segir, með leyfi hæstv. forseta, og þetta mætti formaður þingflokks Alþfl. lesa: Ekki samningar láglaunafólksins. Og síðan segir hv. þm. Jóhanna Sigurðar-

dóttir orðrétt og mér er ekki kunnugt um að hún hafi lagt leiðréttingu inn á Þjóðviljann í dag. Hún segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir sem standa að þessum nýja kjarasamningi guma af því að hann sé sigur fyrir láglaunafólkið. Mér finnst það því kaldhæðin niðurstaða að þegar upp er staðið fær láglaunamaðurinn í beinum launagreiðslum sömu upphæð og sá sem hefur 33 þús. kr. í tekjur á mánuði." Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir alþm. og einn félaga í framkvæmdanefnd um launamál kvenna í viðtali við Þjóðviljann í gær.

Í ræðu sinni hér í dag gagnrýndi hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason þau ummæli mjög harðlega að ekki væri neitt reynt að gera til að koma til móts við jafnréttissjónarmið kvenna í launamálum. Hann veittist mjög harkalega að því, af miklum tilfinningahita, offorsi. Honum var heitt í hamsi, svo ég vitni nú í ræðu formanns þingflokks Alþfl. þegar hann var að lýsa mér hér áðan.

Ég áttaði mig á því þegar ég las þetta blað hverjum Karl Steinar Guðnason var að svara. (**Gripið fram í:** Hann tók það fram í ræðu sinni.) Hann beindi spjótum sínum að hv. 7. landsk. þm. Kristínu Halldórsdóttur. En hann er nákvæmlega að svara varaformanni þingflokks Alþfl. Og ég spyr þá þingheim sem enn situr hér í matartímanum: Er þetta ekki stórkostlegt sögulegt augnablik, að Alþfl., þingflokksformaðurinn og varaformaðurinn, séu farnir hér í hár saman í þingsölum? Að Alþfl. sé eitt flakandi flak, rjúkandi rúst í ágreiningi um þessa kjarasamninga? (**Gripið fram í:** Finnst þér það ný tíðindi?) Nei, en þeir eru ekki svo margir nú orðið að það er nokkru sérkennilegra en fyrr hefur verið. Og varaformaður þingflokks Alþfl. bætir svo við, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil að lokum segja það, að í þessum samningum kemur ekki fram nein viðleitni til að stíga skref í þá átt að koma á launajafnrétti kynjanna í þessu landi. Það staðfestir auðvitað að konur hafa mikið verk að vinna í þeim efnum á næstunni".

Þetta finnst mér mjög athyglisverð niðurstaða. Og ég er sammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að því er varðar sérstaklega bónusgreiðslurnar til kvenna, sem eru miðaðar við lægri taxta en tekjutryggingunni nemur.

Ekki ætla ég nú að gera svo mikið úr þessum ágreiningi hv. formanns þingflokks Alþfl. og varaformanns þingflokksins að við liggi að það sé stór stund sem við upplifum nú af þeim ástæðum. Ég ætla ekki að gera það eins og hann fór að útmála ágreining innan Alþb. varðandi þessa kjarasamninga. Ég er sannfærður um að það eins og fleira leysum við í Alþb. alveg hjálparlaust. Hitt er alveg rétt hjá hv. þm., að þegar við erum að ræða um kjaramálin núna þá kemur sjálfsagt fram tilfinningahiti og það að mönnum sé heitt í hamsi og fleira af því taginu. Og af hverju er það? Það er m. a. vegna þess að við teljum að sú samningsniðurstaða sem nú liggur fyrir gangi út frá því að fólkið í landinu, vinnandi fólk í landinu sé með laun fram eftir næsta ári, 1985, sem eru lægri að kaupmætti fyrir hverja unna klst. en hér hefur nokkru sinni verið í 30 ár. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kallaði þetta innsigli á fátæktina á Íslandi og spurði: Verður betri baráttuaðstaða þegar menn eru búnir að vera fátækir í eitt og hálft ár? Það voru hans orð en ekki mín. Ég held að baráttuaðstaðan verði ekki betri þá. Og ég bið menn að skilja að það sé eðlilegt að bæði mér og fleirum sárni það, að ekki sé meira sagt, að staðan skuli vera þannig að þetta fólk hér í landinu, sem býr við hraklegust kjörin, skuli núna e. t. v. þurfa að horfa fram á það að búa við þessi kjör fram á næsta ár, einnig elli- og örorkulífeyrisþegar. Þetta er óþarfi líka vegna þess að þetta þjóðfélag er auðugt. Það er óþarfi vegna þess að þjóðfélagið, íslenskt verkafólk skapar mikil verðmæti. Hér er spurningin um það að skipta þeim verðmætum sem skapast öðruvísi en nú er gert.

Ég bið menn að skilja það og virða að það kunni að verða vart við tilfinningahita eða jafnvel gremju í tali einstakra manna, ekki bara úr Alþb. heldur líka t. d. úr Alþfl. sem talað hafa hér í dag, þegar menn horfa fram á þetta ástand. Það er ekki vegna þess að Alþb. sé það keppikefli að keyra þjóðfélagið út í blóðug stéttaátök, eins og Ólafur Þórðarson lærði einu sinni og les enn þá úr þessum ræðustól, en getur ábyggilega einhvern tíma lært betur. Það er ekki vegna þess, heldur er það vegna þess að við teljum að íslenska þjóðfélagið skapi það mikil verðmæti að það þurfi ekki að dæma láglaunafólk í þau kjör sem hér er verið að tala um, hvorki gamalt fólk, konur né ungt fólk, eins og sérstaklega er dregið inn í þessa mynd.

Ég gæti margt fleira sagt um þær ræður sem hér hafa verið haldnar af þeim hv. þm. Eiði Guðnasyni og Ólafi Þórðarsyni. Ég ætla þó ekki að þreyta þolinmæði þingheims og hæstv. forseta miklu lengur þó að það sé margt sem maður vildi fleira segja. En það er eitt sem hér kom fram sem ég held að sé alveg nauðsynlegt að sé mótmælt hér og nú. Það var í ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, formanns landbn. Nd. Hv. þm. sagði að ríkisstj. hefði orðið að samþykkja lækkun niðurgreiðslna vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins hefðu sett það sem skilyrði. Hann orðaði það þannig. (Gripið fram í.) Þá hefur það bara verið ranglega eftir tekið hjá mér. Ég tók svo eftir að þm. orðaði þetta svona, og að ríkisstj. gæti í raun og veru enga björg sér veitt í þessu máli vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins væru búnir að skammta henni tiltekinn hlut.

Ég skal fúslega játa að ég er mjög ósammála mörgum forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við niðurgreiðslumál. Ég hef alltaf talið að niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, sérstaklega á kjaraskerðingartímum eins og nú er um að ræða, kæmu láglaunafólkinu sérstaklega til góða. Og ég ætla að leyfa mér að láta það koma fram, þó að það mál komi síðar fyrir í Nd. þar sem ég sit, að mér finnst ekki að það sé nauðsynlegasta kjarabótin einmitt núna, á þessum kjaraskerðingartímum, að setja í gang hinn nýja vísitölugrundvöll sem mælir matvöruna og sérstaklega búvöruna miklu léttar en þessar vörur eru núna í daglegum lífsnauðsynjum fólks. Ég bið þá stjórnarliða sem enn sitja hér í salnum að velta því fyrir sér hvort það er endilega alveg rétt að keyra þennan nýja vísitölugrundvöll, þ. e. nýju neyslukönnunina, núna í gegnum þingið. Ég held að það væri nær að nota þann gamla áfram, því að ég held að neyslustigið hjá fjölskyldunum í landinu sé núna miklu líkara því sem það var þegar gamli grunnurinn varð til en það var þegar nýrri grunnurinn var tekinn 1978 og 1979. Ég fer því fram á það við þá stjórnarliða sem enn eru hér í salnum að hugleiða mjög vandlega hvort það er ekki skynsam-

legt að hinkra við með það að keyra þennan nýja vísitölugrundvöll í gegn.

Það var þetta, herra forseti, sem ég vildi koma á framfæri. Og ég tel ástæðu til að þakka hæstv. forseta Sþ. fyrir þolinmæði í fundarstjórn á þessum langa degi utandagskrárumræðna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. vinsamleg orð í garð forseta. Forseti hefur ekki gert neitt annað en það sem honum var ljúft og skylt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil hér og nú undirstrika að þær hugmyndir eru ekki frá ríkisstj. komnar að það eigi að fara að lækka niðurgreiðslur. Þær hugmyndir komu frá aðilum vinnumarkaðarins, en ég hygg að ég fari nokkuð rétt með þegar ég segi að þær hafi fremur komið frá atvinnurekendum en launþegum. Þó eru mjög skiptar skoðanir innan launþegahreyfingarinnar á þessu atriði. En ég hygg einnig að ég fari rétt með að forseti Alþýðusambands Íslands hefur lagt til að þarna yrði fremur tekið af útflutningsbótum en niðurgreiðslum.

En ég vænti þess að mér gefist kostur á að njóta fleiri kennslustunda í afurðum umhverfisins, stjórnmálaflokkunum, og fái skýrari skilning á því seinna meir hvers vegna foringjar Alþb. hafa eytt heilum degi í það að ráðast að forseta ASÍ. — Ég vil taka það fram að mér er fullkomlega ljóst hvers vegna hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er reiður. Mér er líka fullkomlega ljóst hvers vegna hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er reiður og er búinn að vera miður sín þann tíma sem hann hefur verið á þingi í vetur. Það er skýrt í félagsfræðinni með einföldu orði. Það er kallað tignartap.

Starfsmannasjóðir, þáltill. 208. mál (þskj. 371). — Ein umr.

Flm. (Kristjana Milla Thorsteinsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kynningu á starfsmannasjóðum, sem er 208. mál í Sþ., þskj. 371.

Flutt hefur verið frv. til l. á þskj. 231 um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Í því frv. er að finna nánari skilyrði um frádráttarbærni framlaga til atvinnurekstrar, sem sett eru fram á þskj. 230 í frv. til l. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt.

Í frv. um frádrátt frá skattskyldum tekjum er gert ráð fyrir mismunandi leiðum til fjárfestinga sem gera framlög til atvinnurekstrar frádráttarbær frá skatti.

Í fyrsta lagi er um að ræða möguleika til að leggja fé inn á sérstakan stofnfjárreikning sem bundinn er minnst í sex mánuði, en verður að notast sem stofnfé innan sex ára frá því að innborgun fór fram.

Í öðru lagi er um að ræða kaup á hlutabréfum í hlutafélögum milliliðalaust. Til þeirra félaga sem kaupa má hlutafé í eru gerðar nokkuð strangar kröfur um fjölda hluthafa og upphæð hlutafjár. Einnig er þess krafist að ársreikningur viðkomandi félags sé öllum aðgengilegur og ekki lagðar neinar hömlur á viðskipti með hlutabréf félagsins.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir að framlög í svonefnda starfsmannasjóði verði frádráttarbær frá skattskyldum tekjum.

Að lokum er um að ræða kaup á hlutabréfum í félögum sem ekki uppfylla þau skilyrði sem áður um getur.

Öllum þessum leiðum er það sameiginlegt að þeim er ætlað að hvetja almenning til meiri framlaga til uppbyggingar atvinnulífsins en verið hefur hingað til.

Það ber margt til þess að almenningur hefur ekki lagt mikið fé milliliðalaust í fyrirtæki. Ein ástæðan er að frjáls sparnaður hefur verið í lágmarki vegna þess að ekki hefur þótt fýsilegt að spara saman fé meðan verðbólga var mikil og raunvextir neikvæðir. Einnig hefur lengi vantað verðbréfamarkað þar sem hægt er að kaupa og selja verðbréf og hlutabréf á frjálsum markaði. Hluti sparnaðar landsmanna hefur verið þvingaður í formi skyldusparnaðar og gjalda til ýmissa sjóða. Þvingaður sparnaður nemur nú helmingi heildarsparnaðar. Skortur er því á fjármagni sem nýta mætti í nýjan og arðbæran atvinnurekstur þar sem sýnt er fyrir löngu að undirstöðuatvinnuvegir Íslendinga, landbúnaður og sjávarútvegur, geta ekki skapað þann fjölda nýrra starfa sem þörf er á í náinni framtíð.

Árið 1981 vann 52.1% af mannafla þjóðarinnar við þjónustustörf, en 26.4% við iðnaðarstörf. Búast má við enn fleira fólki í þess konar störf á næstu árum. Til þess að störfum fjölgi nægilega mikið þarf nýsköpun og endurskipulagning í þessum greinum að eiga sér stað, bæði með stofnun nýrra fyrirtækja og með því að hlúa að þeim sem fyrir eru. Til þess að svo megi verða þarf áhættufé sem ekki er alltaf hægt að krefjast að hið opinbera leggi fram. Byggja þarf á grunni starfandi fyrirtækja og ekki síst að stofna ný sem mundu leita nýrra leiða í framleiðslu og hvers kyns þjónustu svo þróun og framfarir geti átt sér stað.

Tilkoma örtölvunnar hefur valdið byltingu í tækniheiminum og mun ég ekki reyna að lýsa öllum þeim undrum sem henni fylgja. Sérfræðingar í tölvufræðum segja að við stöndum enn aðeins á þröskuldinum að þeim tækniheimi sem mun opnast mannkyninu á næstu árum. Mikilvægt er að vera viðbúinn að nýta þá þróun, fylgjast vel með og ýta undir að hugvit og framtak einstaklingsins fái að njóta sín þar til fulls.

En til þess að þeir sem vilja geti sett á stofn ný fyrirtæki eða endurbæta önnur þurfa þeir að hafa aðgang að fjármagni, eins og áður segir, en ekki að þurfa sífellt að bíða eftir frumkvæði hins opinbera. Þær leiðir til að fá frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri sem ég nefndi áðan eru allar hvati til almennings til aukinna framlaga til atvinnurekstrar.

Stofnun starfsmannasjóða í þessu skyni er að ég hygg nýmæli hér á landi. Sjóðirnir eru hugsaðir sem sameignarfélög sem starfa í tengslum við tiltekin hlutafélög og eingöngu mynduð af starfsmönnum viðkomandi félags með því eina markmiði að kaupa hlutabréf þess félags. Með slíkum kaupum gefst starfsmönnum viðkomandi félags kostur á að draga tillag sitt frá skattskyldum tekjum. Enn fremur fá þeir tækifæri til aukinna áhrifa á starfsemi fyrirtækjanna.

Ekki er ætlast til að sjóðurinn sem heild fari með atkvæði aðila sinna á hluthafafundum, heldur ráði hver aðili um sig atkvæðum sínum í hlutfalli við eign sína í sjóðnum. Enginn einn aðili getur þó farið með meira atkvæðamagn en 5% af heildarhlutafé hlutafélags vegna

aðildar sinnar að sjóðnum. Tel ég það mikinn kost við sjóðina að hver aðili ráði yfir sínu framlagi sjálfur.

Stofnun sjóða hjá hverju félagi gerir ráð fyrir minnst 30 starfsmönnum hjá félaginu og að hlutafé þess sé a. m. k. 3 millj. kr. Slíkir sjóðir eru líklegir til að vekja áhuga starfsmanna og hvetja til framleiðniaukningar. Þar sem menn hafa lagt fram fé til fyrirtækja sem þeir vinna við hefur það gefist mjög vel og veitt starfsmönnum aukin ítök í stjórnun félaganna.

Mönnum hefur orðið tíðrætt hér um laun almennings og slæma afkomu við umr. sem hafa orðið um frv. um tekju- og eignarskatt og frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna hlutabréfakaupa og fjárfestingar í atvinnurekstri. Ekki skal dregið í efa að láglaunafólk á lítið aflögu til fjárfestinga og hlutabréfakaupa. Neysla undanfarna mánuði bendir samt til þess að talsvert af fólki hafi meira fé handa á milli en þarf fyrir brýnustu nauðsynjum. Það væri þjóðhagslega hagkvæmara ef eitthvað af því fé rynni frekar til uppbyggingar atvinnulífsins fyrir framtíðina en til tafarlausrar neyslu sem að skaðlausu mætti e. t. v. fresta um nokkurn tíma. Átak í sparnaði mundi einnig draga úr þeim verðbólguhugsunarhætti sem allt of lengi hefur verið hér á landi.

Þar sem fyrrnefndir starfsmannasjóðir eru nýmæli í fjárfestingum almennings þarf að kynna þá starfsmönnum og stjórnendum fyrirtækja. Gefa þarf út upplýsingabæklinga um að hvaða gagni slíkir sjóðir geta komið í atvinnulífinu og hvernig hægt er að stofna þá. Slík kynning gæti verið á vegum viðskrn. Hugsanlegt er að rn. feli ýmsum hagsmunasamtökum, svo sem starfsmannafélögum og samtökum atvinnurekenda, að gefa út slíka fræðslubæklinga um gagnsemi og nauðsyn slíkra sjóða án þess að miklu væri kostað til.

Þetta kann að þykja lítið mál, en ég hef þá trú að starfsmannasjóðir geti gegnt lykilhlutverki í framtíðinni og þess vegna megi ekki láta undir höfuð leggjast að koma tilgangi þeirra á framfæri við sem flesta.

Herra forseti. Það er von mín að nánari upplýsingar um títtnefnda starfsmannasjóði verði til þess að þeir verði stofnaðir sem víðast og þátttaka almennings í bráðnauðsynlegri uppbyggingu atvinnulífsins aukist á þann hátt.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég til að málinu verði frestað og vísað til allshn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 51. fundur.

Föstudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 363, sbr. 230). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 160. mál (þskj. 231). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Jarðhitaréttindi, frv. 127. mál (þskj. 162). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. sem ég flyt um jarðhitaréttindi en það er 127. mál þingsins. Með frv. er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Gert er ráð fyrir að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því að 100 metra dýpi en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða eru undir yfirborði einkaeignarlands á meira en 100 metra dýpi, verði í höndum ríkisins, þ. e. almannaeign, sameign þjóðarinnar.

Fyrir nokkru síðan mælti hv. 3. þm. Reykn. fyrir frv. til l. um breytingu á orkulögum en það gerir ráð fyrir að orka háhitasvæðanna sé sameign þjóðarinnar. Það frv. er nær samhljóða frv. sem Magnús Kjartansson fyrrum iðnrh. flutti á mörgum þingum, fyrst sem stjfrv. þrívegis 1972—1974 og síðan þrívegis sem þmfrv. ásamt fleirum 1974—1976. Það frv. er gott mál en náði ekki fram að ganga á fyrri þingum.

Frv. það sem hér er flutt um jarðhitaréttindi er víðtækara, þar eð það tekur til alls jarðhita hvort sem er um að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði. Í 6. gr. frv. segir:

„Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr. Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.“

1. gr. frv. er þannig:

„Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi. Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.“

Í þessu felst meginstefnumörkun frv., þ. e. að mörkin milli einkaeignarréttar á jarðhita og almannaeignar eru dregin við 100 metra undir yfirborði, en til þessa hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita, bæði á og í jörðu. Þótt þessum rétti hafi verið sett ýmis takmörk er enga reglu eða ábendingu að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær, né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. T. d. kemur það fram hjá prófessor Ólafi Lárussyni í riti hans, Eignarréttur.

Í frv. þessu er á því byggt að löggjafinn geti sett almennar takmarkanir að eignarrétti að landi, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar. Hér er því um almenna takmörkun á

eignarrétti að ræða, að því er varðar heimildir landeigenda til að nota og ráðstafa jarðhita, en ekki þess háttar eignarskerðingu að varði bótaskyldu skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Í grg. með frv. er fjallað allítarlega um þetta atriði og er í því sambandi vitnað til ritgerðar Ólafs Jóhannessonar prófessors, núv. hv. 9. þm. Reykv., en hún er frá árinu 1966 og ber nafnið „Um eignar- og umráðarétt að jarðhita". Svo og er vitnað til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í grg. með frv. sem hann flutti á Alþingi 1945 um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Þessir tveir fræðimenn og þingskörungar virðast í aðalatriðum hafa verið sammála um eignarréttarviðhorf í þessu efni. Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar í nefndri ritgerð voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn af núgildandi lögum, þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf, ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Umrædd ritgerð hans fylgdi frv. til l. um jarðhita, sem lagt er fyrir Alþingi árið 1956. Var það mikill bálkur í 66 greinum og var í 8. gr. þess að finna svohljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr."

Sést af þessu að 100 metra mörkin og almannaréttinn hefur borið áður á góma varðandi jarðhita í tillöguflutningi hér á hv. Alþingi. Ég vek athygli á ákvæði 11. gr. varðandi sérstöðu og forgangsrétt sveitarfélaga, en þar segir: „Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr."

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög, sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum fyrir gildistöku laganna, skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Er á því byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitarfélags verði notaður til almenningsheilla, og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna. Skv. 8. gr. er og ráð fyrir því gert að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds og einnig að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þetta þykir vera sanngirnisatriði.

Auk þessarar stefnumörkunar um eignar- og umráðarétt jarðhita er leitast við að fella inn í frv. ákvæði um jarðhita úr gildandi lögum, fyrst og fremst III., V. og VII. kafla orkulaga nr. 58/1967, þannig að hér sé um að ræða heildarlög um jarðhita. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verði haldið efnislega auk þess sem kveðið er á um skyldu ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Þá er gert ráð fyrir að áður en ráðh. veitir jarðhitarannsóknarleyfi eða leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu svæði, svonefnt jarðhitaleyfi, skuli leitað umsagnar Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs.

Rétt er að taka fram að með frv. þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga, þeim er varða jarðhita.

Virðulegi forseti. Frv. þetta var lagt fram síðla á síðasta þingi og þá sem stjfrv. en fékk þá ekki umr. Undirbúning að þessu máli má rekja til ákvæðis í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. sept. 1978 þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign. Á grundvelli þess ákvæðis hófst undirbúningur að frv.-gerð um jarðhita á vegum iðnrn. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens frá 8. febr. 1980 var einnig ákvæði þess efnis að lög skyldu sett um eignar- og umráðarétt jarðhita. Sú staðreynd, að tvær ríkisstjórnir, sem hér hafa setið s. l. 5 ár, tóku ákvæði um að sett skyldi löggjöf varðandi jarðhitaréttindi upp í stjórnarsáttmála, sýnir hversu brýnt og mikilsvert mál hér er á ferð. Sama sýna raunar margar atrennur frá fyrri árum og áratugum hér á hv. Alþingi til að setja heildarlög um jarðhita, allt frá árinu 1937 að telja. Raunar verður að staðhæfa að rannsóknir á jarðhitasvæðum, ekki síst á háhitasvæðum, eru erfiðleikum bundnar í mörgum tilvikum vegna óvissu um jarðhitaréttindi. Ég minni í því samhengi á till. til þál., sem flutt var á síðasta þingi af páv. ríkisstj., um skipulega rannsókn háhitasvæða landsins og nýtingu þeirra til iðnaðar og orkuvinnslu, en þetta frv. um jarðhitaréttindi var flutt á þinginu hinu síðasta um svipað leyti og nefnd þáltill. var lögð fram. Ég hef ekki heyrt um áform af hálfu núv. ríkisstj. í tengslum við þessi mál. Og raunar gekk ég úr skugga um það, áður en frv. þetta var lagt fram, að hæstv. núv. iðnrh. hugðist ekki taka málið upp hér á hv. Alþingi.

Jarðhitinn er stórkostleg auðlind sem farið er að hagnýta til mikilla hagsbóta fyrir þjóðina. Nýting hans, ekki síst á sviði margháttaðs iðnaðar, fer væntanlega ört vaxandi í náinni framtíð. Löggjafinn þarf því að sjá sóma sinn í að skapa almennan lagaramma um þá hagnýtingu. Þarf það viðhorf að sitja þar í öndvegi að þessi auðlind eins og önnur helstu náttúrugæði lands okkar sé sameign þjóðarinnar.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lágmarkslaun, frv. 191. mál (þskj. 342). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta á sér nokkra forsögu þó svo að það sé sýnt í fyrsta skipti í frv.-formi á því þingi sem nú situr. Forsaga þess er sú, að á árunum 1980 og 1981 var svipuð staða á íslenskum vinnumarkaði eins og nú hefur verið. Þá var rætt um samninga sérstaklega með hliðsjón af hagsmunum láglaunafólksins og þá eins og nú kom upp sú staða að það virtist mjög erfitt, jafnvel ógerningur að gera með frjálsu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins kjarasamninga sem færðu hinu raunverulega láglaunafólki kjarabætur án þess að þær kjarabætur gengju jafnframt upp allan launastigann. Þetta er ekki nýtt vandamál hér á Íslandi. Það er búið að vera nokkuð lengi við lýði. Ástæðan er sú hvernig menn hafa byggt upp sín launakerfi.

Launakerfin eru gjarnan byggð þannig upp, að þeir sem betri hafa launin miða sig við tiltölulega lágt taxtakaup, lágt grunnkaup og leggja ofan á það alls konar álags- og hlunnindagreiðslur, sem eru jafnvel stærsti hlutinn af þeirra launatekjum, þegar upp úr umslaginu er talið. Þetta er gert í tvennum tilgangi, jafnvel þrennum tilgangi. Í fyrsta lagi til þess að dylja raunveruleg launakjör tiltekinna launastétta. Þetta kemur t. d. mjög glögglega í ljós í þeim neyslukönnunum sem gerðar hafa verið bæði á vegum Hagstofu Íslands til undirbúnings á nýjum vísitölugrundvelli og í úttekt Þjóðhagsstofnunar á skattframtölum einstaklinga og hjóna. Þar kemur í ljós að meðaltekjur í landinu og meðalútgjöld venjulegrar fjölskyldu eru miklu meiri en látið er í veðri vaka að launþegar hafi að meðaltali í tekjur þegar vitnað er í gerða kjarasamninga. Ástæðan er m. ö. o. sú, að vísvitandi hafa menn byggt sér upp launakerfi, sem er þannig gert að tiltölulega tekjuháir hópar sækja sér verulegan og jafnvel meiri hluta tekna sinna með alls kyns álags- og viðbótargreiðslum ofan á lág grunnlaun. Það er verið að byggja launakerfið þannig upp raunverulega til að halda því leyndu, a. m. k. í opinberri umr., hver raunveruleg launakjör eru. Það kemur hins vegar í ljós, þegar athuguð er úttekt á skattaframtölum og gerðar eru neyslukannanir eins og gerðar voru 1978, að tekjur fólks eru miklu meiri en látið er í veðri vaka. Þegar þessar niðurstöður voru fyrst kynntar fyrir fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar, og á ég þá við niðurstöðurnar úr neyslukönnuninni 1978 og niðurstöðurnar úr úrtaksathugun Þjóðhagsstofnunar á skattframtölum frá svipuðum tíma, voru ýmsir sem ekki vildu við það kannast að rétt væri með farið. En hvaða Íslendingur er það sem t. d. lýgur á sig tekjum á skattframtali? Það gerir ekki nokkur maður. Þær upplýsingar sem þarna komu fram eru því a. m. k. haldbærar í þá átt að harla ólíklegt er að tekjur fólks séu lægri en fram kom í þessum úttektum. Launakerfið sem menn hafa komið sér upp er m. ö. o. þess eðlis að tiltölulega vel launaðar stéttir miða sitt grunnkaup við lága taxa en síðan bætast álagsgreiðslur þar ofan á. Höfuðskýringin er sú, að með þessu eru menn að dylja sín raunverulegu launakjör.

Mér er t. d. skýrt frá því, að úttekt á þeim kjarasamningum sem nú hafa nýlega verið gerðir við starfsmenn ÍSALs bendi til þess að raunveruleg launahækkun skv. þeim kjarasamningum, þegar metin eru öll slík atriði, sé 17—18%. Þegar upp verður staðið verður hins vegar látið í veðri vaka að aðeins hafi verið samið um 5—7% launahækkun til handa þessu fólki, til þess eins að vekja ekki athygli láglaunafólksins í þjóðfélaginu á því hversu miklu rýrari hlut það ber frá borði.

Í öðru lagi er ástæðan fyrir uppbyggingu svona launakerfis sú, að ítrekað hafa stjórnvöld haft afskipti af samningum aðila vinnumarkaðarins eftir að þeir hafa lokið sinni samningagerð. Þá hafa stjórnvöld gjarnan gripið í taumana og reynt að breyta niðurstöðum samninga, reynt að færa til innan launþegahópsins frá þeim betur launuðu og til hinna lægra launuðu. Þetta hafa menn t. d. gert með þaki á vísitölubótum og alls kyns slíkum aðferðum sem alþekktar eru. Með því að miða laun sín við tiltölulega lágan grunn eru hærra launaðir hópar að reyna að koma í veg fyrir að þetta sé hægt. M. ö. o., þeir eru að byggja upp sína launataxta þannig, að ef á með einhverjum ráðum á grundvelli kjarasamninga að koma þeim lægst launuðu til hjálpar, þá sé það ekki hægt öðruvísi en svo, að það sem á að gera fyrir láglaunafólkið gangi upp í gegnum allt launakerfið.

Ég man eftir því að á árunum 1979 og 1980 gerðum við Alþfl.-menn og Alþb.-menn ítrekaða könnun á þessum málum, þar sem m. a. var athuguð ýmiss konar útfærsla á þaki á vísitölubætur til þess að reyna að koma láglaunafólkinu sérstaklega til hjálpar. En jafnvel þótt við miðuðum þá við ótrúlega lág laun á pappírnum kom það út úr þessum athugunum að undir það þak féllu ávallt 85—90% af öllum launamönnum innan ASÍ, þar á meðal t. d. flestallar iðnaðarmannastéttir, sem voru þó ekki almennt taldar til allra lægst launuðu hópanna. Þetta er sem sé önnur skýringin á því að menn hafa byggt launakerfið svona upp. Betur launaðir hópar hafa með slíkum hætti bókstaflega komið í veg fyrir það að hægt sé að veita lægst launaða fólkinu kjarabætur án þess að þær kjarabætur gangi jafnframt upp allan launastigann.

Þriðja ástæðan fyrir þessu launakerfi er svo sú, að afstaða vinnuveitenda hefur ávallt verið slík, að þeir hafa verið miklu fúsari að semja um launahækkanir við hærra launaða hópa heldur en láglaunafólkið. Gangurinn hefur gjarnan verið sá, að haft hefur verið samflot í kjarasamningagerð um almenn atriði, þar á meðal tiltölulega lága prósentuhækkun á grunnkaupi. Síðan hafa sérkjarasamningarnir komið á eftir og í þeim sérkjarasamningum hafa hinir betur settu samið um alls konar hlunnindi og fríðindi sér til handa. Slíkir samningar mega undir engum kringumstæðum, það er sameiginlegt áhugamál þeirra og vinnuveitenda, koma fram sem hækkun á grunnkaupi heldur birtast þeir í formi alls konar álags- og hlunnindagreiðslna. Síðasta dæmið eru kjarasamningarnir hjá ÍSAL, sem munu fela í sér 17—18% hækkun þegar allt er metið, en látið verður líta út fyrir að bjóði upp á 5—7% eins og láglaunafólkinu er ætlað að fá. Þetta eru út af fyrir sig engin ný sannindi sem ég er hér að rekja. Þetta hefur legið fyrir alllengi og varð til þess m. a., eins og ég sagði áðan, að við fórum að skoða það í þáverandi þingflokki Alþfl. árið 1980 hvort ekki væri hægt að fara einhverjar aðrar leiðir. Við tókum okkur sérstaklega saman um að athuga þetta í umboði þingflokksins, ég og hv. þáv. þm. Vilmundur Gylfason, og meðal þeirra niðurstöðu sem við komumst að var að leita fyrirmynda í öðrum löndum um lausn á sambærilegum vandamálum. Fyrirmyndin sem við fundum var sú fyrirmynd sem t. d. Franklin Roosevelt Bandaríkjaforseti gaf með lögum sínum um lágmarkslaun o. fl. frá 1938 og Frakkar með lágmarkslaunalögum sem ég veit nú ekki hvenær sett voru upphaflega. Eitt fyrsta verkefni nýkjörins Frakklandsforseta, jafnaðarmannsins Francois Mitterand, var einmitt að hækka þessi lágmarkslaun, sem ákveðin eru með lögum í Frakklandi, umfram þau mörk sem almenn verðhækkunartilefni gáfu tilefni til. Hans fyrsta verk í embætti eftir að hann hafði náð kjöri var að hækka láglaunamarkið franska um 5% umfram verðhækkanir. Þessi tvenn lög, bandarísku lögin frá 1938 með seinni tíma breytingum og frönsku lögin eins og þau eru í gildi núna, útveguðum við okkur fyrir milligöngu bandarískra og franska sendiráðsins og fengum leyfi skrifstofustjóra Alþingis til að láta þýða ákvæði þessara laga á íslensku. Fylgja þau ákvæði sem fskj. með frv. þessu ásamt

þýðingu á bandarískum bæklingi um bandarísku lágmarkslögin sem bandaríska vinnumálaráðuneytið gaf út. Ég vil taka fram að bandarísku lágmarkslaunalögin eru ekki lengur í gildi því að eitt af fyrstu verkum núverandi forseta Bandaríkjanna eftir að hann kom til valda var að afnema lög um lágmarkslaun í Bandaríkjunum í samræmi við þá stefnu sína að slík afskipti eigi stjórnvöld ekki að hafa af málum. Þarna eru m. ö. o. tveir forsetar, fulltrúar tveggja mismunandi stefnumiða, annars vegar hinn íhaldssami forseti Bandaríkjanna sem felldi niður einhver merkustu lög sem Franklin Roosevelt setti árið 1938 í Bandaríkjunum um lágmarkslaun og hins vegar franski jafnaðarmaðurinn Mitterand sem lét það verða eitt sitt fyrsta verk að hækka markið í lágmarkslaunalögunum frönsku um 5% fram yfir verðhækkunartilefni.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um ástæður þess að stjórnvöld taka þær ákvarðanir að setja lög um lágmarkslaun. Slík ákvörðun felur það eitt í sér að stjórnvöld, í þessu tilviki Alþingi Íslendinga, væru að taka þá einföldu ákvörðun í fyrsta lagi: Hvaða laun eru það lægst sem Íslendingar og íslensk stjórnvöld telja verjandi að þegnum þessa þjóðríkis skuli boðið? Í öðru lagi: Hvers konar atvinnustarfsemi er það sem á að eiga sér framtíð í þessu landi?

Þegar menn taka ákvörðun, eins og gert hefur verið í samningum aðila vinnumarkaðarins nú, um að lágmarkslaun í landinu skuli vera milli 11 600 og 12 600 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu, þá eru menn ekki bara að taka ákvörðun um að sá hluti vinnuaflsins sem vinni slík störf skuli vera neðan fátæktarmarka. Með slíkum ákvörðunum eru menn líka að taka skuldbindandi ákvarðanir fyrir framtíðina um hvers konar atvinnustarfsemi eigi að þrífast í landinu. Menn eru að taka þá ákvörðun fyrir framtíðina að skapa hér á Íslandi þess konar jarðveg á vinnumarkaðnum að hér eigi að þrífast og geti þrifist atvinnufyrirtæki sem eigi ekki að borga mannsæmandi laun. M. ö. o. eru menn að taka ákvörðun um að Ísland eigi að vera frambúðarláglaunasvæði.

Það gefur auga leið að ef lágmarkslaun á Íslandi væru 20 þús. kr. í dag fyrir fullan starfsdag á mánuði í stað 11 600 — 12 600 kr. væru menn ekki bara að taka ákvarðanir um hvað mannsæmandi væri talið að greiða í laun fyrir fulla vinnu á Íslandi, menn væru líka að taka ákvarðanir um það fyrir framtíðina hvers konar atvinnustarfsemi eigi að þrífast. Það er ekki æskilegt og ekki eftirsóknarvert að í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins skuli menn vera að festa þá stefnu í sessi eftir því sem árin líða fram að dæma ákveðinn hluta þjóðfélagsþegnanna til að búa við fátækt og að gera ráð fyrir að hér á Íslandi skuli þrífast atvinnustarfsemi sem eigi afkomu sína undir því að fólkið sem þar starfi sé fátækt.

Út af fyrir sig má segja að það sé ákvörðun verkalýðshreyfingar og eigi að vera í frjálsum kjarasamningum að semja við aðila vinnumarkaðarins, semja við atvinnurekendur um hvert þetta láglaunamark skuli vera. En það hefur nú ekki tekist betur til en svo á umliðnum árum að gamla krafan um mannsæmandi laun fyrir dagvinnu virðist alveg gleymd. Hún heyrist ekki lengur nefnd. Hún hefur ekki sést í kröfugerðum verkalýðshreyfingarinnar um margra ára skeið. Hér eru menn farnir að ganga út frá því sem gefnu að fólk eigi ekki að geta lifað af dagvinnutekjum. Ef fólk eigi að lifa eðlilegu lífi eigi annaðhvort allir sem unnið geta á heimilinu að vinna úti eða þá að þeir sem útivinnandi eru afsali sér öllu eðlilegu fjölskyldulífi til þess eins að hafa í sig og á.

Út af fyrir sig er ekkert að segja við þeirri stefnu, sem verið hefur í samningamálum aðila vinnumarkaðarins nokkuð lengi, að draga inn í samningaviðræður um almenn launakjör í landinu atriði eins og félagslegar úrlausnir sem fást frá ríkissjóði, ríkisvaldi og Alþingi. Slíkt er eðlilegt og réttlætanlegt að gera við tilteknar aðstæður um tímabundið skeið, t. d. ef þjóðin verður fyrir tímabundnu áfalli. En ef það er orðin regla í kjarasamningum að auk þess að semja um almenn vinnulaun þurfi verkalýðshreyfingin stöðugt, kannske árum saman, að byggja upp lágmarkslaun með því að semja við ríkisvaldið um alls konar tilfærslur frá einum launþeganum til annars eða jafnvel milli vasa hjá sama launþeganum eru menn að festa í sessi lágmarkslaun í landinu sem eru lægri en svo að það sé hægt að lifa af þeim. M. ö. o.: til þess að fólkið geti framfleytt sér, til þess að fólkið geti haft í sig og á verði auk þeirra launa sem fólkið ber úr býtum með einhverjum hætti að sjá því fyrir framfærslu úr ríkissjóði. Þetta hefur aldrei verið hugsjón félagshyggjunnar, þetta hefur aldrei verið það sem jafnaðarmenn börðust fyrir þó því hafi verið haldið fram í gær. Þetta er framfærslusjónarmiðið sem var ríkjandi hjá íhaldsöflunum á árunum áður — það sjónarmið að almannatryggingarnar væru framfærslueyrir og fólki sem þyrfti á almannatryggingu að halda bæri að sækja sér þangað hálfgert sveitarframfæri.

Þegar aðilar vinnumarkaðarins eru farnir að gera kjarasamninga þar sem lægstu launin duga ekki einu sinni fyrir nauðþurftum, heldur þurfi fók að fá svo og svo mikla peninga aukalega með tekjutilfærslum úr ríkissjóði til þess eins að geta lifað, þá er verkalýðshreyfingin farin að taka undir með sjónarmiðum afturhaldsins eins og við þekktum það fyrir 30 árum, því þá er hún að segja: Við eigum að taka ákveðinn hluta launafólks á ríkisframfærslu, á sveitarframfæri, vegna þess að atvinnulífið í landinu getur ekki borgað mannsæmandi laun.

Við getum deilt endalaust um hvort aðstæður hafi verið til þess í samfélagi okkar á undanförnum árum að gera hagstæðari kjarasamninga þar sem fólk hefði getað fengið laun sín greidd í peningum fyrir framlagða vinnu fremur en með tilfærslum eins og nú eiga sér stað. Sú deila mun ekki leiða til neinnar sérstakrar niðurstöðu og við getum haldið henni lengi áfram. En ég held að um það verði ekki deilt að þessi stefna við kjarasamningagerð hefur orðið til þess að það er fjarlægari möguleiki í dag en hefur verið um langan aldur að fólk geti framfleytt sér á dagvinnutekjum og þá á ég við lægst launaða fólkið.

Hugsið ykkur hversu fráleitt það er, eins og ég hef áður á minnst, að það skuli viðgangast í okkar samfélagi, það skuli þykja siðlegt í okkar samfélagi, eins og gerðist hér og mörg dæmi eru um, og nefni ég sem dæmi það sem gerðist um s. l. áramót. Þá eru hér í Reykjavík, á gamlárskvöld og nýársdagskvöld, flestöll stærstu dans-, skemmti- og veitingahús bæjarins opin fyrir fólkið sem vill fara út að skemmta sér. Bara aðgöngumiðinn kostaði þá 1 800 — 2 500 kr. Hjón sem fóru inn á slíkan stað á gamlárskvöld eða nýárskvöld til að halda upp á nýja árið og kveðja það gamla munu með öllum

kostnaði þegar allt er talið hafa eytt á þessari einu nóttu í mat, áfengi, aðgöngumiða og leigubíla 8—10 þús. kr. Þetta er álíka upphæð og ætlast er til að láglaunamaður á Íslandi þiggi í verkalaun fyrir heils mánaðar starf. — Og vita menn það, herra forseti, að öll þessi rúmgóðu dans- og skemmtihús í Reykjavík voru full af fólki báðar þessar nætur og komust færri að en vildu? Hvernig geta menn horft upp á svona hluti gerast í þjóðríki eins og Íslandi, þar sem enginn þarf að líða skort, þar sem enginn þarf að búa við neyð? Hvernig getur verkalýðshreyfingin, Alþingi og stjórnvöld, stjórnmálaflokkarnir yfir höfuð að tala, hvernig geta þessir aðilar liðið að það skuli vera fólk í þessu landi sem ætlast er til að þiggi álíka fjárhæð í verkalaun á mánuði fyrir fullt starf og ein hjón fóru með til að skemmta sér fyrir á gamlárskvöld s. l. hér í Reykjavík?

Ef verkalýðshreyfingin nær ekki betri árangri í kjarasamningum en þetta verða stjórnvöld auðvitað að grípa inn í með því að ákveða hvað stjórnvöld vilji að teljist mannsæmandi lágmarkslaun á Íslandi. Með því eru stjórnvöld að ákveða tvennt: Í fyrsta lagi hvað menn telja að þeir megi minnst borga í laun fyrir fullt starf fullfrísks manns eða konu hér í landinu og í öðru lagi hvers konar atvinnustarfsemi eigi að eiga sér framtíð í þessu landi. Við eygjum mikið af tækifærum, Íslendingar, til að byggja upp okkar atvinnulíf. Við þurfum ekki á því að halda að skapa atvinnutækifæri í láglaunagreinum bara til þess að fólkið hafi eitthvað að gera. Við höfum nóga aðra möguleika á fjölmörgum sviðum atvinnustarfsemi, þar sem atvinnufyrirtækin geta borgað góð laun, og þorri þjóðarinnar býr við slíkar aðstæður. Og við eigum ekki að skilja hinn fátæka minni hluta eftir bara vegna þess að hann er alls staðar í minni hluta. Hann er í minni hluta í þjóðfélaginu, hann er í minni hluta meðal kjósenda, hann er í minni hluta í verkalýðshreyfingunni og á sér því hvergi málsvara. En samviska okkar býður okkur að skilja hann samt ekki eftir, eins og við höfum gert á undanförnum árum.

Í því skyni að reyna að leysa þetta vandamál er það frv. til laga flutt um lágmarkslaun sem ég hef hér lagt fram. Það felur það eitt í sér að við Íslendingar gerum það sama og gert hefur verið í Frakklandi, gert var í Bandaríkjunum, gert er í Bretlandi, jafnvel gert í vanþróuðu ríki eins og Singapore, að við setjum lög um hver lágmarkslaun sé leyfilegt að borga í þessu landi og þau launalög taki til allrar atvinnustarfsemi í landinu hvað sem hún heitir. Halda menn t. d. að það sé nokkurt vit í því að einhver blómlegasti útflutningsiðnaður okkar, útflutningur á íslensku prjónlesi, skuli byggjast á því að konur vinni á heimilum sínum við að búa til þessa hluti og þiggja í verkalaun kannske 200—300 kr. á dag? Þetta er einhver dýrasti fatnaður sem sést í búðum erlendis. En fólkið á Íslandi sem býr þetta til gefur vinnuna sína eða allt að því. Þetta fólk á sér ekki heldur marga málsvarana. Það eru ekki margir innan verkalýðshreyfingarinnar sem telja sig þess umkomna að semja fyrir það. Til skamms tíma hafa kjörin verið skömmtuð því einhliða af atvinnurekendum án þess að það hafi nokkurn rétt til íhlutunar í þau mál. Þetta er eitt dæmið af mörgum sem við verðum að hugleiða, verðum að horfa á og má ekki gleyma. Og halda menn að það sé nokkurt vit í því, þegar rætt er um „blómleg fyrirtæki" á Íslandi eins og t. d. Hampiðjuna, sem talið er vera eitt blómlegasta fyrirtæki í veiðarfæraiðnaði um alla vestanverða Evrópu, að framkvæmdastjóra fyrirtækisins er hrósað upp í hástert fyrir góða stjórn og hann er ráðinn sem framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna úti í Bandaríkjunum fyrir 7 millj. króna árslaun, að því er blöðin segja? En á hverjum byggist þessi atvinnustarfsemi, þetta blómlega fyrirtæki hér í bænum? Það byggist á því að það hefur fátækt fólk fyrir vinnuafl, sem hefur þetta 10—12 þús. kr. á mánuði í full laun. Á það er aldrei minnst. Á það er aldrei minnst að slík fyrirtæki eru fátækraverksmiðjurnar á Íslandi. Þetta eru sams konar fyrirbæri, þó við nýtískulegri og skárri aðstæður búi, og fátækraverksmiðjurnar voru í Englandi áður en verkalýðshreyfingin reis þar á legg. Og þetta er fólkið sem íslenska verkalýðshreyfingin hefur skilið eftir og liggur óbætt hjá garði.

Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að hækka kaupið við þetta fólk er í rauninni sú, að þeir sem hafa tvöföld og þreföld laun segja: Nei, við föllumst ekki á að þessu fólki sé veitt sérstök úrlausn nema við fáum a. m. k. tvöfalt eða þrefalt meira. Á meðan þetta er meirihlutaskoðun við samningaborð aðila vinnumarkaðarins mun þetta fátæka fólk liggja óbætt hjá garði.

Það er því mín tillaga að þetta vandamál sé leyst af stjórnvöldum með sama hætti og það hefur verið gert annars staðar þar sem menn hafa horfst í augu við svipað vandamál og ég hef hér um rætt.

Enda þótt ég geri í 1. gr. í þessu frv. þá till. að lágmarkslaun verði miðuð við 15 þús. kr. á mánuði fyrir fullt starf dettur mér ekki í hug að nokkur einstaklingur, hvað þá heldur fjölskyldufaðir eða móðir, geti framfleytt sér og sínum fyrir slíkar tekjur. Jafnvel 15 þús. kr. duga hvergi nærri til þess eins að fólk hafi í sig og á. Ætli það léti ekki nærri að ef menn ætluðu að lifa af dagvinnunni væru 20-22 þús. kr. dagvinnutekjur ekki of í lagt til þess eins að hafa fyrir nauðsynlegasta fæði og klæðum? Verkalýðshreyfingin mat hins vegar aðstæður þannig að hún vildi ekki við ríkjandi aðstæður fara fram á meira en 15 þús. kr. og því er sú tala sett inn í frv. sem ég hér flyt, en tekið fram í grg. að auðvitað þurfum við að stefna hærra. Við þurfum að stefna að því marki sem verkalýðshreyfingin setti sér einu sinni, þó það markmið virðist nú vera gleymt, að fólk eigi að geta lifað eðlilegu lífi af dagvinnutekjum, síðan eigi hver og einn að taka ákvörðun um það sjálfur, án þess að hann sé neyddur til þess, hvort hann vill leggja á sig aukavinnu og fjarveru frá eðlilegu fjölskyldulífi til að vinna fyrir vörum eða þjónustu umfram daglegar þarfir eða hvort hann vill sætta sig við að eiga fyrir helstu nauðsynjum og láta vera að vinna meira en dagvinnu nemur.

Herra forseti. Auðvitað eru margvíslegar leiðir til að framkvæma frv. eins og það sem hér um ræðir. Í bandarísku lögunum voru t. d. ekki aðeins sett ákvæði um lágmarkslaun fyrir dagvinnu. Í þeim lögum eru einnig talsvert yfirgripsmiklir lagabálkar um önnur félagsleg réttindi, t. d. eins og vinnu barna, vinnu við landbúnaðarstörf, vinnu útlendinga, mætingaskyldu og annað slíkt. Í bandarísku lögunum er einnig kveðið á um álög fyrir yfirvinnu og helgidagavinnu þar sem þau eru lögbundin. Það er hins vegar ekki gert í frönsku lögunum. Þar eru bara sett ákvæði um lágmarkskaup fyrir dagvinnuna eina, en aðilum vinnumarkaðarins látið eftir að semja um hvaða álög skuli koma ofan á lágmarkskaupið fyrir eftirvinnu og helgidagavinnu.

Eingöngu út frá því sjónarmiði að hafa sem allra

minnst afskipti af frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins hef ég valið þá leið í þessu frv. að leggja aðeins til að lögbundið sé lágmarkskaup fyrir dagvinnu án þess að snert sé við öðrum atriðum í samningum aðila vinnumarkaðarins. Ég er fús til þess og meira en fús að ljá stuðning við þá breytingu að jafnframt yrði ákveðið í slíkum lögum hvaða prósentur mætti reikna lægstar ofan á lágmarkskaup í dagvinnu fyrir eftir- og helgidagavinnu. Ég er meira en fús til að fallast á slíka breytingu. En ég vil vekja athygli manna á að jafnvel þó svo að svona frv. um lágmarkslaun yrði samþykkt mundi það í engu breyta frjálsum samningum sem gerðir eru milli aðila vinnumarkaðarins. Allir samningar sem gerðir eru milli aðila standa óraskaðir. Allir samningar, sama hvort eru um kaupliði, bónusgreiðslur og annað slíkt, standa óraskaðir. Það eina sem frv. segir er þetta: Hvað svo sem aðilar semja um í kjarasamningum á Íslandi er óheimilt að greiða fólki lægri laun fyrir fullan vinnudag en sem svarar því að það beri úr býtum fyrir heils mánaðar starf í dagvinnu 15 þús. kr. Ef umsamin laun aðila vinnumarkaðarins nægja ekki til þess að fólkið fái þessar tekjur fyrir fulla dagvinnu, hvort sem þær eru greiddar út fjórum sinnum á mánuði, þ. e. vikulega, eða einu sinni á mánuði, verður atvinnurekandinn að borga uppbót á það kaup sem hann ella greiðir þannig að kaupið nái 15 þús. kr.

Hafi fólk hins vegar meiri launatekjur fyrir dagvinnu — ekki fyrir yfirvinnu, heldur dagvinnu — en nemur 15 þús. kr., þó svo umsaminn taxti sé lægri, eins og á sér stað hjá ýmsum hærra launuðum hópum, þ. e. þeir semji um tiltölulega lágan taxta, en sæki sér þó kannske helmings- eða jafnvel 80% viðbót ofan á kauptaxtann með alls lags álags- og hlunnindagreiðslum, þannig að launin þannig útreiknuð fari upp fyrir 15 þús. kr., þá hafa þessir aðilar þar með náð láglaunamarkinu, farið upp fyrir það. Þá kemur ekki hækkun á slíkt kaup. M. ö. o. er frv. hugsað út frá hagsmunum láglaunafólksins eins. Það er hugsað út frá þeirri einföldu kenningu, að hvað svo sem verkalýðshreyfing og vinnuveitendur telja sér sæma að semja um, jafnvel þó að þessir aðilar telji sér sæma að semja um kaup fyrir fulla dagvinnu sem sé 11 600—12 600 kr. á mánuði, þá sé ekki heimilt að borga fyrir vinnu íslenskra handa minna en sem svarar 15 þús. kr. á mánuði hið minnsta fyrir fullt starf.

Yfirvinnutekjur koma að sjálfsögðu ekki inn í þetta mál. Nái fólk t. d. ekki nema 12 þús. kr. á mánuði í dagvinnutekjur, en hafi 4 þús. kr. í yfirvinnutekjur, þá fær það sínar yfirvinnutekjur, en dagvinnulaunin hækka úr 12 þús. í 15 þús. Þarna er aðeins verið að setja láglaunamark. Niður fyrir það fyrir vinnu í dagvinnu mega launagreiðslur ekki fara á Íslandi.

Það eru fleiri, herra forseti, sem verður að taka slíkar ákvarðanir um en starfandi fólk. Hvað um þá sem vegna aldurs eða sjúkleika geta ekki lagt fram starf í þágu þjóðfélagsins þó þeir fegnir vildu? Einnig það fólk verður að eiga sér einhverja lífskjaratryggingu. Á því máli er tekið í ákvæði til bráðabirgða með þessu frv., en þar er gert ráð fyrir að lágmarkstrygging elli- og örorkulífeyrisþega skuli vera 16 870 kr. á mánuði fyrir hjón og 9 697 kr. fyrir einstakling. Lægri fjárhæðir eigi þessir aðilar ekki að bera úr býtum. Ég held að allir séu sammála um að lægri megi fjárhæðin ekki vera til þess að þetta fólk geti haft fyrir brýnustu nauðþurftum.

Þessar tölur eru ekki valdar út í loftið. Þetta eru þær upphæðir sem aldraða fólkið og öryrkjarnir mundu fá ef hæstv. ríkisstj. hefði látið óskertar þær elli- og örorkubætur sem búið var að semja um að þetta fólk mundi fá ef hæstv. ríkisstj. hefði látið kjör þess í friði. Þetta eru sem sé elli- og örorkubæturnar eins og þær ættu að vera í dag ef hæstv. ríkisstj. hefði ekki haft afskipti af málunum til lækkunar á framfærslueyri gamla fólksins og öryrkjanna.

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu fús til að veita allar frekari upplýsingar sem ég get um framkvæmd laga af þessu tagi, bæði í Frakklandi, Bandaríkjunum, Bretlandi og Singapore. Mínar bestu heimildir eru frá Frakklandi og Bandaríkjunum og nokkrar af þeim prentaðar sem fskj. með frv. þessu. Einnig eru láglaunaákvæði í gildi í Bretlandi og Singapore, eftir því sem ég veit, og e. t. v. víðar. Er sjálfsagt að láta þeirri n., sem væntanlega fær þetta mál, slíkar upplýsingar í té.

Ég vænti þess, herra forseti, að þessu máli verði vel tekið og það verði skoðað í fullri alvöru því að ég er alveg sannfærður um það, miðað við reynslu ekki bara nýjustu kjarasamninga heldur síðustu ára, jafnvel áratuga, að þetta er eina lausnin sem til er út úr þeim taxtafrumskógi sem búið er að búa til í samningum milli aðila vinnumarkaðarins og mun örugglega halda ákveðnum hluta þjóðfélagsþegnanna neðan fátæktarmarka um ókomna framtíð, þannig að tiltekinn hluti þjóðfélagsþegnanna muni á næstu árum einskis fá notið í þeim framförum, uppbyggingu og lífskjarabót sem við getum vonandi átt von á. Og menn þurfa ekki að láta sér detta það í hug að ef stjórnmálamennirnir, ef Alþingi ekki fæst til þess að afgreiða hagsmunamál láglaunafólksins með einhverjum slíkum hætti eins og hér er gerð till. um verði aðrir til þess. Það er því miður fullreynt.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. 176. mál (þskj. 317). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. 2. þm. Reykv. frv. á þskj. 317 til l. um breyt. á lögum um skipan opinberra framkvæmda. Shlj. frv. hefur verið flutt nokkrum sinnum á undanförnum þingum, en hefur ekki fengið afgreiðslu.

Með lögum nr. 63/1970 voru fest í lög ákvæði um skipan opinberra framkvæmda. Í 13. gr. þeirra laga er ákvæði um að verk skuli að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó er heimilt að víkja frá útboði ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð teljist ekki munu gefa góða raun, en fá þarf umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Þá segir enn fremur í þessari lagagr. að verkinu skuli ráðstafað á grundvelli samningsverðs eða eftir reikningi, ef tilboð séu óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg.

Þessi ákvæði kveða ótvírætt á um að meginreglan átti að vera sú, að útboð á vegum ríkisins og ríkisstofnana skyldi vera meginreglan. Þetta má enn fremur sjá með

því að skoða grg. frv. laganna um skipan opinberra framkvæmda, sem fylgdi þegar frv. var lagt hér fram á hv. Alþingi, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Frv. gerir ráð fyrir að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fáist.“ Og í aths. við 13. gr. segir: „Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða öðrum ástæðum.“

Í reynd hefur framkvæmd orðið nokkuð á annan veg. Það hefur verið upplýst hér á hv. Alþingi í fsp.-tíma nokkrum sinnum hvernig þetta hefur orðið í raun, þ. e. hve útboð séu stór þáttur í verklegum framkvæmdum nokkurra ríkisstofnana, og til viðbótar við þær upplýsingar, sem þá komu fram, hef ég sjálfur aflað upplýsinga frá þeim þremur stofnunum sem helst hafa með að gera verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins, þ. e. Flugmálastjórn, Vita- og hafnamálaskrifstofu og Vegagerð ríkisins.

Víkjum fyrst að Vegagerð ríkisins og hugum að því hve greiðslur til verktaka voru stór hluti af heildarverkum þessarar stofnunar. Árið 1978 voru greiðslur til verktaka 11%, 1979 12%, 1980 voru verk verktaka 18.8% og 1981 voru greiðslur til verktaka 20.2% af heildarframkvæmdum, 1982 25% og 1983 28%. Rétt er að taka fram að hér er ekki eingöngu um útboðsverk að ræða, heldur líka um að ræða verk þar sem samið er sérstaklega við verktaka.

Hjá Hafnamálastofnun var hlutfall útboða af framkvæmdum árið 1978 14.7%, 1979 14.6%, 1980 17.8%, 1981 16.25%, 1982 17.93% og 1983 38.26%. Hjá Flugmálastjórn hafa þessar hlutfallstölur verið þannig: Árið 1978 13%, 1979 24%, 1980 19%, 1981 13.2%, 1982 eru útboðin 56.9% og 1983 31.6%. Að auki hafa verktakar unnið án útboðs 20% af verkunum 1982 og 1983 12.9%.

Af þessum tölum má sjá að því fer fjarri að upphaflegum tilgangi laganna hafi verið fylgt og ljóst er að ríkisstofnanir hafa með ýmsum ráðum reynt að komast hjá því að hafa útboð á sínum verkum. Þegar hugað er að því hver sé lagagrundvöllur fyrir því að reynt sé að komast hjá þessu þrátt fyrir nokkuð ótvíræð ákvæði í lögum hafa forustumenn þessara stofnana vitnað til þess að 3. mgr. 21. gr. laganna hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.“

Þessi grein hefur verið notuð til að skjóta sér á bak við það að láta útboð ekki fara fram, heldur að stofnununum sjálfum sé falið að annast viðkomandi verk með eigin tækjum og eigin mannafla. Þetta frv. er um að auka við þessa grein sem notuð hefur verið sem undankomuleið í þessu efni. Er lagt til að aftan við þau tilvitnuðu orð sem ég las áðan, í 21. gr., komi setning sem hljóði svo: „Engu að síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.“

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um hvað það hlýtur að öllu jöfnu að vera hagkvæmara fyrir ríki og ríkisstofnanir að hafa útboð á sínum verkum. Ég geri mér að vísu fulla grein fyrir því að auðvitað er það ekki einhlítt frekar en annað. Þannig geta aðstæður verið að eðlilegt sé og rétt að vinna ákveðin verk af viðkomandi stofnunum eða jafnvel semja við ákveðna verktaka. Ég þykist t. d. vita að Vegagerð ríkisins telji sig þurfa að hafa í sinni eigu allmikið af tækjum t. d. til snjóruðnings á veturna, sem þá sé hægt að nota til nýbygginga á sumrin, en engu að síður held ég að nauðsynlegt sé að gera mun betur í þessum efnum.

Mér er kunnugt um af viðræðum við forstöðumenn hinna ýmsu stofnana að t. d. Vegagerð ríkisins hefur mikinn áhuga á því að auka útboð á sínum vegum. Hitt verður að segjast alveg eins og er, að starfsmenn Vegagerðar ríkisins kvarta undan því að þótt þeir sjálfir hafi áhuga á að hafa útboð á einstökum framkvæmdum af sinni hálfu sé mjög algengt að þm. í viðkomandi kjördæmum komi til Vegagerðarinnar og óski eftir því að ekki fari fram útboð á ákveðnum verkum vegna þess að það séu til staðar menn í viðkomandi kjördæmi sem þurfi að fá vinnu fyrir sinn bíl eða sín tæki. Ég held að þetta séu ákaflega mikil skammsýnissjónarmið. Við urðum t. d. vitni að því, að þegar útboð fór fram á veginum fyrir Ólafsvíkurenni á síðasta ári tók verktaki þetta verk að sér fyrir um það bil helming þess verðs sem Vegagerð ríkisins treysti sér sjálf til að vinna verkið fyrir og áætlun hljóðaði upp á.

Ég held líka að reynslan sé sú, að þegar um venjuleg vegagerðarverkefni er að ræða séu heimamenn mun betur í stakk búnir og hafi miklu betri aðstöðu en utanaðkomandi menn til að ná þessum verkum á hagstæðu verði. Af þessu hef ég reynslu úr stjórn Landsvirkjunar. Þar er undantekningarlaust boðið út þó um smáverk sé að ræða, t. d. smærri vegir innan virkjanasvæða eða að virkjunarsvæðum. Allir slíkir vegir hafa verið boðnir út. Um þá hefur verið samkeppni, en niðurstaðan hefur yfirleitt verið þannig, að heimamenn hafa átt lægstu boðin og náð þessum verkum. Það hefur sýnt sig að þeir hafa staðið mun betur að vígi en utanaðkomandi fyrirtæki til að fá slík verk. Ég er nefnilega viss um að þegar fólkið í kjördæmunum fer að skynja að hægt er að nýta það fjármagn sem veitt er til kjördæmanna, þegar það sér að hægt er að fá mun meira framkvæmt fyrir peningana á grundvelli útboða en ef Vegagerðin sjálf t. d. gerði þetta eða semur við einstaka verktaka, skynji fólkið fljótt að sú leið borgar sig til lengdar að ná fram því sem er ódýrast. Ég hygg t. d. að þeir Snæfellingar hafi skynjað að með því að hægt var að vinna það tiltölulega stóra verk sem þar var unnið fyrir helming þess fjármagns sem Vegagerðin sjálf treysti sér til að vinna það fyrir, þá er þó hinn helmingur fjárins afgangs í framkvæmdir annars staðar í kjördæminu. Fjármagnið sem veitt er til þessa kjördæmis nýtist því mun betur.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en ég geri það að till. minni að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr. í hv. deild.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er sammála því að brýnt er að auka útboð opinberra framkvæmda og það er ekkert vafaatriði að eigi að nýta betur það fjármagn sem varið er til framkvæmda á vegum ríkisins er sú aðferð skilvirkust að auka útboðin. Hins vegar vil ég leiðrétta þann misskilning, sem mér fannst koma fram í ræðu hv. flm., að það væri lögunum að kenna eða þm. að ekki væri meira boðið út. Það er að hengja

bakara fyrir smið. Það er ekkert í lögunum sem kemur í veg fyrir að þannig sé að málum staðið. Það eru ráðherrar í hinum ýmsu greinum sem hafa brugðist, hafa ekki séð til þess að andi laganna væri framkvæmdur, og það hefur verið vitað að stofnanaveldið hefur snúist gegn því að standa að útboðunum eins og stofnunum er ætlað að gera skv. anda laganna.

Ég tel að brýnt sé að ná árangri með auknum útboðum. Það blasir aftur á móti við að viss aðlögun þarf að eiga sér stað. Það þarf að gæta þess hvernig að útboðum er staðið, m. a. að hvert útboð fyrir sig sé ekki óþarflega stórt. En hitt, að þingmenn hafi verið til vandræða á þessu sviði, er nokkuð sem ég get ekki trúað að eigi við rök að styðjast. Ég vil spyrja t. d. um brúarsmíði hjá Vegagerðinni: Ætli það séu menn úr hinum ýmsu kjördæmum sem vinni við þær framkvæmdir? Ég veit ekki betur en þeir komi flestir héðan og séu settir inn í áhaldahúsin yfir vetrartímann, í það minnsta þeir sem stjórna verkunum. — En ég vil ekki leggja höfuðáherslu á að deila um þetta, heldur hitt, að ég vil taka undir það að við þurfum að auka útboð í verklegum framkvæmdum og mér finnst að ráðherrar eigi að framkvæma það og geti framkvæmt það eftir lögunum og það fari ekkert á milli mála að það er óeðlilegt ef styrkleiki embættismannavaldsins er sá að menn geti skotið sér undan því að framkvæma það sem tvímælalaust er andi laganna eins og þau eru nú.

Einar Kr. Guðfinnsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hér hafa talað, að það ber brýna nauðsyn til að efla mjög útboð frá því sem nú er. Það leikur ekki á tveimur tungum að útboð hafa í rauninni orðið til þess að lækka kostnað við fjölmargar framkvæmdir og hafa gert það að verkum að unnt hefur verið að ráðast í fleiri og stórvirkari framkvæmdir en ella hefði verið. Þetta hefur komið fram t. d. við fyrri umr. um sambærileg frv., sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og hv. þm. Friðrik Sophusson hafa flutt áður eins og fram kemur í grg. þessa frv., og þetta hefur líka komið fram við annan samanburð og kom rækilegast fram í sumar við framkvæmdir undir Ólafsvíkurenni. Þess vegna leikur ekki á tveimur tungum að útboð er í eðli sínu þannig að þau koma sérstaklega því fólki til góða sem býr heima í héruðunum og þarf á að halda þeim þjóðnauðsynlegu framkvæmdum sem verið er að vinna að.

Ég held að það sé misskilningur, sem stundum kemur fram, en kom sem betur fer ekki fram í þessum umr., að útboð mæti andstöðu manna heima í héraði. Ég hygg að málin hafi skipast þannig að heima í héruðum séu menn almennt á þeirri skoðun að brýnt sé að auka útboðin. Menn hafa séð það svart á hvítu á undanförnum árum að útboðin verða til þess að lækka framkvæmdakostnað og auka möguleika á auknum framkvæmdum. Og þetta er auðvitað hagur fólksins heima í héraði.

Útboðin hafa gert fleira. Þau hafa beinlínis orðið til þess að styrkja atvinnustarfsemina í hinum dreifðu byggðum. Ég vil minna á að mjög verulega hefur færst í vöxt að útboð eigi sér stað við ýmsar byggingarframkvæmdir hins opinbera. Til að byrja með býst ég við að ekki hafi verið mjög óalgengt að stórir og sterkir verktakar sunnan úr Reykjavík hafi átt mjög drjúgan hlut að máli við slíkar byggingar, en nú hefur þetta snúist við. Verktakar heima í héraði hafa orðið að vera samkeppnishæfir. Þeir hafa orðið að byggja sig upp með tækjum og vélum og verkkunnáttu til að geta einmitt tekist á við þessi verkefni. Þar af leiðandi hafa útboðin beinlínis orðið til þess að efla verktakastarfsemina og renna þannig fleiri stoðum undir atvinnulífið heima í héraði. Fyrir vikið eru útboðin í eðli sínu æskileg og jákvæð byggðastefna. Og við verðum að horfa á að heimamenn hafa alltaf ákveðna yfirburði hvað þetta snertir. Það er dýrt að halda úti vinnuflokkum, það er erfitt fyrir byggingarmeistara og aðra verktaka að fylgjast með verkum fjarri sínum höfuðstöðvum og ég býst við að það hafi orðið reynsla fjölmargra stórra verktaka að sá kostnaður sem var því fylgjandi að vinna að verkum fjarri höfuðstöðvunum hafi reynst meiri en þeir bjuggust við í upphafi. Af þessu stafa vitaskuld yfirburðir heimamanna hvað þetta snertir. Og ef útboð munu færast í vöxt á öðrum sviðum, eins og t. d. varðandi vegagerð og annað, mun það leiða til nákvæmlega þess sama. Verktakar á því sviði heima í héraði verða að bregðast við því ástandi, munu vinna meira saman en þeir hafa gert og þar af leiðandi munu þeir eflast í starfsemi sinni. Ég vil þess vegna taka undir þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram, að ástæða er til að fagna öllum röddum sem hvetja til þess að efla útboð og útboðsstarfsemi í landinu.

Bragi Michaelsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með að þetta mál skuli vera komið á ný inn í þingið. Ég vil taka undir að mikil nauðsyn er að efla útboðsstarfsemi, bæði á vegum opinberra aðila og einstaklinga. Sem dæmi má nefna að ég starfa við fyrirtæki sem býður mikið út og hef orðið var við það í mínu starfi að aðilar utan af landi sækja nú í ríkari mæli í að bjóða í verk á höfuðborgarsvæðinu, sem leiðir til þess að það eflir atvinnustarfsemi um landið. Ég held því að það þurfi ekki með nokkru móti að skaða atvinnustarfsemi í hinum dreifðu byggðum landsins þó að útboð fari fram, heldur þvert á móti, eins og hv. 4. þm. Reykv. tók fram, muni það efla atvinnustarfsemi úti um land.

Ég veit að á Eskifirði var boðin út bygging sýslumannsbústaðar og þar voru það bæði heimamenn og aðkomuaðilar sem buðu í. Þar voru það heimaaðilar sem tóku að sér verkið og stóðu sig með prýði, eftir því sem ég hef best getað kynnt mér, og sýnir það að aðilar úti um land geta verið fyllilega samkeppnishæfir.

Ég get líka upplýst hér að ég hef nýverið boðið út smíði eldhúsinnréttinga í framkvæmdum sem mitt félag, sem er byggingarsamvinnufélag ungs fólks í Kópavogi, er með. Það var boðið út núna nýverið og þar kom fram að fyrirtæki utan af landi eru síður en svo með óhagstæðari tilboð en fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 183. mál (þskj. 327). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 327, ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Jóni Baldvin Hannibalssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni, að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Þetta er í þriðja sinn sem þetta frv. er lagt fram hér á hv. Alþingi, en áður var það til umfjöllunar á 104. og 105. löggjafarþingi. Þó að þetta frv. hafi verið flutt tvívegis áður hér á hv. Alþingi er ég engu nær um afstöðu þm. til þessa frv. eða hvort það eigi yfirleitt hljómgrunn á hv. Alþingi.

Í byrjun þings 1981 er frv. fyrst lagt fram og mælt fyrir því 19. okt. Urðu engar umr. um málið utan framsögu og lá frv. allt þetta þing, haustið og veturinn, í nefnd án þess að nefndin, sem var fjh.- og viðskn., sæi ástæðu til að afgreiða málið á einn eða annan hátt úr nefndinni. Síðan er frv. lagt fram aftur fljótlega á s. l. þingi, en fær aftur alveg sömu meðferð. Framsöguræðan er flutt, engar umr. verða og síðan liggur frv. allt þingið í fjh.- og viðskn. án þess að málið fái þar afgreiðslu.

Ég vil nú freista þess, herra forseti, ásamt nokkrum öðrum þm. að leggja fram málið á nýjan leik í von um að það fái nú aðra og betri meðferð en á undanförnum þingum. Nú er hér ekki um að ræða flókið mál, sem vefjast ætti fyrir þm. að taka afstöðu til, né heldur er um að ræða frv. sem hefur aukin útgjöld í för með sér. Hér er eingöngu um að ræða að tilraun er gerð til að leita nýrra leið til að fá fram úttekt á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu, reyna að grisja þann frumskóg sem öll kjaramálin og tekjuskiptingin eru komin í í okkar þjóðfélagi. Það er allt og sumt. Ekki virðist veita af þegar kjaramálin eru komin í þá sjálfheldu og þann hnút að niðurgreiða þarf úr ríkissjóði stóran hluta af kjarabótum til láglaunafólks og það fullvinnandi fólks sem skilar sínu dagsverki ekki síður en þeir betur settu. Það er auðvitað fráleitt og þjóðfélaginu til skammar að atvinnureksturinn hagnist á þessu fyrirkomulagi á kostnað fullvinnandi láglaunafólks.

Efni frv. er að greiða fyrir kjararannsóknum á þann hátt að Kjararannsóknarnefnd fái aðgang að upplýsingum úr skattframtölum, sem að mati okkar flm. er auðveldasta og fljótvirkasta leiðin til að fá fram gleggri upplýsingar en nú er raunin um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. — Frv. felur raunar í sér tvennt:

Í fyrsta lagi að Kjararannsóknarnefnd fái aðgang að upplýsingum um kjaramál úr skattframtölum, en samkv. núgildandi lögum hafa Hagstofan og Þjóðhagsstofnun aðgang að þessum upplýsingum.

Í öðru lagi, sem er það mikilvægasta, að Kjararannsóknarnefnd hafi áhrif á í samráði við ríkisskattstjóra með hvaða hætti óskað yrði ítarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert. Með því að ríkisskattstjóri ákvæði í samráði við Kjararannsóknarnefnd hvernig atvinnurekendur skuli sundurliða upplýsingar um launakjör á launamiðum sem sendir eru ríkisskattstjóra opnuðust nýir möguleikar til kjararannsókna og upplýsinga, en eins og nú er er einungis unnt að fá úr skattframtölum upplýsingar um heildarlaunagreiðslur, en ekki sundurgreindar upplýsingar um laun fyrir dagvinnu, yfirvinnu, bónusgreiðslur fyrir vaktavinnu, greiðslur fyrir ákvæðisvinnu, greiðslur í veikinda- og slysatilvikum eða sérstakar greiðslur sem ekki falla undir neitt af því sem ég rakti, svo sem yfirborganir og þess háttar.

Þó að kjararannsóknir með úrvinnslu úr skattframtölum hafi vissulega sína galla, þar sem margir hafa aðstöðu til að gefa ekki upp allar sínar tekjur, er þó ljóst að með þeirri leið sem hér er stungið upp á opnuðust nýir möguleikar til að afla mun ítarlegri og sundurliðaðri upplýsinga um tekjur einstaklinga og uppruna þeirra en nú er gert og er það m. a. tilgangur þeirrar breytingar sem hér er lögð til. Ég tel óhætt að fullyrða að enginn þekkir í raun þann frumskóg sem kjaramálin eru í. Hvað eru yfirborganirnar, kaupaukarnir, ómælda yfirvinnan, bílastyrkir og duldu greiðslurnar á vinnumarkaðinum mikill hluti af raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu? Hver er hlutur láglaunahópanna í því sem greitt er fram hjá kjarasamningum? Er það ekki í raun orðið þannig að það eru að stærstum hluta til ófaglærða verkafólkið og konurnar sem sitja eftir á töxtunum og hlutdeild þeirra í yfirborgununum og kaupaukunum sé lítil? Um þetta veit enginn nákvæmlega. Og hvernig er hægt að fá botn í tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu? Hvað er sanngjörn tekjuskipting og hvað er eðlileg tekjuskipting? Hvernig á að koma í veg fyrir launamisrétti kynjanna t. d. eða leiðrétta og auka hlut láglaunahópanna í tekjuskiptingunni ef aldrei er hægt að fá upp á borðið hvernig tekjuskiptingin í þjóðfélaginu er — sú tekjuskipting sem fram fer utan við kjarasamningana, utan við launataxtana?

Við vitum t. d. um það að launamisrétti kynjanna ríkir á vinnumarkaðinum, en við vitum ekki nákvæmlega um hvað það er mikið og hvernig það skiptist innbyrðis milli starfsstétta. Ef bæta á hlut láglaunahópanna í þjóðfélaginu á sanngjarnan hátt og uppræta launamisrétti kynjanna verðum við að vita með allgóðri vissu hvernig hin eiginlega tekjuskipting er, hvernig undirheimur kjaramálanna og kaupaukanna er, sem ekki kemur fram í kauptöxtum og kjarasamningum. Þessi undirheimur kjaramálanna virðist ekki þola dagsbirtu og erfitt hefur reynst að ná fram samstöðu milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að opna dyr undirheima kjaramálanna, sem er forsenda þess að hægt sé að koma á sanngjarnri tekjuskiptingu hér í þjóðfélaginu. Við verðum að fá fram hlutföll hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt, þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakerfa sé mest ákvarðandi um launatekjur hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutekjur, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir. Þetta er forsenda þess að hægt sé að skipta því sem til skiptanna er á sanngjarnan og eðlilegan hátt. Miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja um kjaramálin er ekki hægt að draga réttmætar og sanngjarnar ályktanir af þróun launa- og kjaramála undanfarna áratugi, en forsenda þess að hægt sé að beita raunhæfum aðgerðum til að bæta kjör þeirra verst settu er að fá fram upplýsingar um tekjuskiptinguna, auk þess sem þekking á frumskógi kjaramálanna er alger forsenda fyrir því að efnahags- og kjaramálum verði stjórnað af einhverri skynsemi og sanngirni með einhverjum árangri og án alvarlegra árekstra.

En nú kynni einhver að spyrja: Af hverju eiga stjórnvöld að vera að vasast í þessu? Á þetta ekki að vera verkefni aðila vinnumarkaðarins? Svarið við því er að aðilum vinnumarkaðarins hefur ekki tekist að koma á sanngjarnri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Ástæða þess er einkum sú, að kauptaxtarnir, sem ávallt er um deilt í kjarasamningum, segja okkur aðeins til um raunveruleg kjör láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Og staðreyndin er einnig sú, sem við verðum að horfast í

augu við og taka á, að atvinnurekendur hafa í gegnum árin komist upp með að ráða einhliða meira og meira um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Þegar svo er komið hlýtur það að vera hlutverk stjórnvalda að upplýsa eins og kostur er um staðreyndir í málinu, beita sér fyrir því með rannsóknum og könnunum að fá upp á borðið hina raunverulegu tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Það er ekki lengur hægt að horfa upp á hvernig teknar eru handahófskenndar ákvarðanir, sem í raun bitna á þeim lakast settu því að allar forsendur vantar, þekkingu og yfirsýn yfir þann frumskóg sem kjaramálin og launamálin almennt eru.

Á s. l. Alþingi, þegar frv. þetta var til meðferðar í fjh.- og viðskn., var það sent til umsagnar Kjararannsóknarnefndar, en eins og þm. vita eru aðilar að Kjararannsóknarnefnd Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Kjararannsóknarnefnd treysti sér ekki til að gefa út sameiginlega umsögn um málið, en þess í stað kom umsögn frá ASÍ sérstaklega og frá Vinnuveitendasambandinu. ASÍ lýsti stuðningi sínum við frv. og taldi að það mundi greiða fyrir kjararannsóknum. Aftur á móti mælti Vinnuveitendasambandið gegn samþykkt frv., en í umsögn þess sagði m. a., með leyfi forseta:

„Kjararannsóknarnefnd er sjálfstæður samstarfsvettvangur Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar. Nefndin er með öllu óháð stjórnvöldum og um hana gilda engar lagalegar reglur aðrar en bráðabirgðaákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, að því er varðar kostnað af starfsemi hennar. Meðan aðilar hafa ekki gert með sér frekara samkomulag um starfsemi nefndarinnar mælir Vinnuveitendasambandið gegn hvers konar lagasetningu er nefndina varðar".

Herra forseti. Þetta eru auðvitað furðuleg viðbrögð hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, sem erfitt er að átta sig á, því með samþykkt frv. væri Kjararannsóknarnefnd ekki beitt lögþvingunum á neinn hátt varðandi starfsemi sína, heldur væri þvert á móti opnuð ný leið til að auðvelda kjararannsóknir ef Kjararannsóknarnefnd vildi notfæra sér þá leið. Enginn skyldar hana til að notfæra sér þá leið, heldur er með þessu frv. opnuð hagkvæm og fljótvirk leið til kjararannsókna — og kjararannsóknir eru hlutverk Kjararannsóknarnefndar.

Í þessu frv. felst einungis að auðvelda kjararannsóknir og ekkert annað. Því er furðulegt að Vinnuveitendasambandið, sem er aðili að Kjararannsóknarnefnd, skuli hafna því að fá fram lagasetningu sem greiða á fyrir kjararannsóknum hér á landi, sem ég trúi ekki að nokkur mæli á móti að stórlega þurfi að auka og bæta verulega. Hafi Vinnuveitendasambandið önnur úrræði til að fá fram á fljótvirkan og hagkvæman hátt frekari upplýsingar um kjararannsóknir en við höfum, þá á Vinnuveitendasambandið auðvitað að láta slíkt koma fram en hafna ekki alfarið leið sem stungið er upp á til úrbóta í þessu máli.

Ég vil benda nm. í fjh.- og viðskn. á, að ef ekki tekst eining um að opna fyrir Kjararannsóknarnefnd slíkan möguleika mætti hugsa sér að áætlunardeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem s. l. þrjú ár hefur gefið út rit um vinnumarkaðinn með upplýsingum sem byggðar eru á sérstakri úrvinnslu upplýsinga sem eru á launamiðum og eigendaframtölum, fengi slíka lagaheimild til að auðvelda þær kjararannsóknir sem Framkvæmdastofnunin hefur staðið fyrir um vinnumarkaðinn á undanförnum árum. En eins og áður er getið, er mjög takmarkaðar upplýsingar hægt að fá úr skattframtölum um sundurliðun á heildarlaunagreiðslum og sundurliðun á vinnutíma og kjörum launþega á vinnumarkaðinum almennt.

Það má einnig benda á að með samþykkt frv. væri löggjafarvaldið fyrst og fremst að auðvelda framkvæmdavaldinu að fara að vilja Alþingis, sem fram kom þegar Alþingi samþykkti þáltill. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum fyrir 3—4 árum sem enn hefur ekki komist til framkvæmda. Till. þessi var margþætt og yfirgripsmikil og laut að upplýsingaöflun og úrvinnslu fjölmargra þátta er snerta kaup og kjör í landinu. Í þeirri till. var bent á að Kjararannsóknarnefnd í tengslum við Þjóðhagsstofnun ynni það verk sem var gert ráð fyrir í till.

Má einnig benda á í þessu sambandi að umsagnir aðila vinnumarkaðarins og Kjararannsóknarnefndar voru mjög jákvæðar gagnvart till. Og ég vil benda á, herra forseti, í því sambandi að Vinnuveitendasambandið virðist hafna því að Kjararannsóknarnefnd fái aðgang að úrvinnslu skattframtala og að einnig hefur það hafnað því að Kjararannsóknarnefnd fái að hafa hönd í bagga með hvernig upplýsingar eru sundurliðaðar í skattframtölum, að í till. sem ég hef hér getið og Vinnuveitendasambandið stóð að umsögn um þar sem mælt var með samþykkt till. fólst að upplýsingar sem aflað yrði samkv. þeirri till. yrðu fengnar einmitt frá skattstofum m. a. og þar með úr skattframtölum. Ég vil einnig benda á, herra forseti, að í þeirri umsögn, sem var sameiginleg umsögn ASÍ, VSÍ og Vinnumálasambandsins, kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Undirrituð samtök eru eindregið sammála því að brýna nauðsyn beri til að efla starfsemi á þessu viði. Jafnframt vilja samtökin minna á það starf sem á þeirra vegum hefur verið unnið á þessum vettvangi um leið og þau ítreka þá skoðun að nauðsynlegt sé að starfsemi af þessu tagi njóti fyllsta trausts aðila vinnumarkaðarins og því sé æskilegast að þær kannanir, sem ályktunin gerir ráð fyrir, fari fram á þeirra vegum. Þær stofnanir sem átt er við eru annars vegar Kjararannsóknarnefnd og hins vegar hagdeildir samtakanna."

Með öðrum orðum: Í þessari umsögn mælir Vinnuveitendasambandið með að könnun og úttekt á launakjörum og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu fari fram. Í þeirri till. fólst m. a. að leitað yrði upplýsinga úr skattframtölum til þess að fá fram tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. En þegar kemur fram frv. á hv. Alþingi sem auðvelda á Kjararannsóknarnefnd þessa leið og raunar að fara eftir því sem stóð í till. sem Vinnuveitendasambandið gaf jákvæða umsögn um, þá kemur annað hljóð í strokkinn og VSÍ hafnar þessari till. og mælir gegn því að hún verði samþykkt og að Kjararannsóknarnefnd fái aðgang að upplýsingum úr skattframtölum.

Hér er mikill tvískinnungur á ferðinni hjá Vinnuveitendasambandinu og undarleg þversögn fólgin í þessari afstöðu. En væri sú leið farin sem lögð er til í þessu frv., sem ég undirstrika að hvergi skyldar Kjararannsóknarnefnd í starfi, heldur fyrst og fremst auðveldar henni starf og upplýsingaöflun, mundi slíkt fyrirkomulag í

úrvinnslu, sem hér er lagt til, tryggja að þeir hagsmunir, sem helstu samtök atvinnurekenda og launþega eiga að gæta í þessum efnum, væru að fullu tryggðir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta frv. við 1. umr. þessa máls nema tilefni gefist til. Ég vildi þó mega vænta þess að þetta frv. fái aðra og betri meðferð en það hefur fengið á undanförnum þingum og að hv. fjh.- og viðskn., sem fær þetta mál til meðferðar, afgreiði nú málið úr nefnd þannig að þm. gefist kostur á að taka afstöðu til þessa frv. um nýjar og bættar leiðir til kjararannsókna, sem ekki virðist veita af í okkar þjóðfélagi, eða þá að fram komi aðrar hugmyndir sem mundu ná sama markmiði.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 57. fundur.

Mánudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 24. febr. 1984.

Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Sverrir Sveinsson veitustjóri, Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Sverris Sveinssonar.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. febr. 1984.

Friðjón Þórðarson, 1. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Sturla Böðvarsson sveitarstjóri, Stykkishólmi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Sturlu Böðvarssonar.

Ég vil leyfa mér að óska þess að kjörbréfanefnd taki þessi kjörbréf til rannsóknar. Á meðan verður fundinum frestað. Fundinum er frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur kannað kjörbréf fyrir Sturlu Böðvarsson, sveitarstjóra í Stykkishólmi, en hann er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vesturl., en eftir því er óskað að hann taki nú um sinn sæti hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar á Alþingi. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

Þá hefur og kjörbréfanefnd athugað kjörbréf fyrir Sverri Sveinsson, Siglufirði, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v., en eftir því er óskað að hann taki sæti hv. þm. Páls Péturssonar sem er fjarverandi um sinn. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréf Sverris Sveinssonar og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Sverris Sveinssonar samþ. með 35 shlj. atkv.

Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Sturlu Böðvarssonar samþ. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að þeir hafa hvorugur áður setið á Alþingi, Sturla Böðvarsson og Sverrir Sveinsson, munu þeir nú vinna eið að stjórnarskránni.

Drengskaparheit unnið.

Sturla Böðvarsson og Sverrir Sveinsson undirrituðu eiðstaf um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú hafa þeir Sturla Böðvarsson og Sverrir Sveinsson báðir unnið eið að stjórnarskránni, og býð ég þá velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 27. febr., að loknum fundi í Sþ.

Þinglýsingalög, frv. 195. mál (þskj. 351). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 351 er frv. til l. um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39 10. maí 1978. Frv. fjallar um breyttar reglur um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir. Er frv. flutt í tengslum við frv. sem liggur fyrir deildinni um breytingu á umferðarlögum, þar sem gert er ráð fyrir breyttri skipan á skráningu bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja. Reglur um þinglýsingu skjala er varða bifreiðir byggja á umdæmaskráningu. Verði umdæmaskráning bifreiða felld niður raskast að óbreyttum þinglýsingarlögum tengsl milli skráningar og þinglýsingar. Þarf því að aðlaga þinglýsingareglur að þessu leyti nýjum skráningarreglum ef þær verða lögfestar og fjallar frv. um það efni.

Í frv. er við það miðað að skjalinu verði þinglýst á heimavarnarþingi eiganda bifreiðar og er það í raun og veru óbreytt fyrirkomulag þó miðað sé við það hvar bifreið er skráð. Við flutning bifreiðar verður hins vegar ekki þörf á nýrri þinglýsingu eða sendingu skjala milli umdæma. Þess í stað er gert ráð fyrir að upplýsingum um að skjali hafi verið þinglýst á bifreið verði komið í ökutækjaskrá Bifreiðaeftirlitsins þannig að þar liggi jafnan fyrir upplýsingar um hvort og þá hvar skjali hafi verið þinglýst, en hins vegar ekki upplýsingar um efni skjals. Upplýsingar um það yrði einungis að fá við embættið þar sem skjali var þinglýst.

Við fyrri umræður um breytt skráningarkerfi bifreiða þótti nokkur óvissa um það hvernig þinglýsingu yrði hagkvæmast komið fyrir miðað við að áfram yrði heimilað að veðsetja bifreiðir og að veðsetning veitti veðhafa svipaða vernd og verið hefur. Þær leiðir sem þá koma helst til álita hefðu væntanlega haft í för með sér aukna pappírsvinnu við sendingu skjala milli umdæma með hættu á mistökum. Þær leiðir hefðu og trúlega að einhverju leyti dregið úr viðskiptaöryggi og rétti veðhafa.

Einnig kom til álita að koma á fót einni þinglýsingastofu fyrir allt landið við Bifreiðaeftirlitið eða borgarfógetaembættið í Reykjavík. Með tölvuvæðingu Bifreiðaeftirlits og embætta þinglýsingardómara verður nú unnt að koma upplýsingum þeim sem hér um ræðir í ökutækjaskrá um leið og skjal er móttekið til þinglýsingar. Verður að ætla að með þessum hætti verði unnt að halda uppi fullu öryggi í sambandi við þinglýsingu auk þess sem aðgangur að upplýsingum að þessu leyti yrði greiðari svo sem við kaup og sölu bifreiða.

Rétt er að taka fram að færsla í ökutækjaskrá Bifreiðaeftirlitsins á upplýsingum um þinglýsingu skjala er varðar bifreiðir er þegar hafin við borgarfógetaembættið í Reykjavík og mun það að óbreyttu skráningarkerfi hafa í för með sér ýmiss konar þægindi fyrir bifreiðaeftirlit, borgarfógetaembættið og bifreiðaeigendur. Skiptir þetta verulegu máli í Reykjavík þar sem þinglýsing og skráning fer ekki fram á sama stað. En einnig á öðrum stöðum mun þetta hafa í för með sér hagræði og er við það miðað að upplýsingar um þinglýsingar á bifreiðum við önnur embætti verði og færðar í ökutækjaskrána og að því verki megi ljúka á árinu.

Hæstv. forseti. Ég tel eigi þörf á að víkja frekar að efni þessa frv. en legg til að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Skipun prestakalla, frv. 126. mál (þskj. 161). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Framsal sakamanna, frv. 122. mál (þskj. 152, n. 320). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Allshn. hefur fjallað um það frv. um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum sem hér er til 2. umr. Hefur n. skilað um það áliti á þskj. 320. Eins og það nál. ber með sér leggur allshn. til að frv. verði samþykkt.

Með þessu frv. er stefnt að því að setja almenn lög um framsal sakamanna. Slík lög eru nú ekki fyrir hendi en í 9.—11. gr. almennra hegningarlaga eru ákvæði um framsal sakamanna. Um framsal sakamanna á milli Norðurlandanna gildir samræmd löggjöf, sbr. íslensku lögin nr. 7 frá 1962.

Þetta frv. skiptist í fimm kafla. I. kaflinn er um efnisreglur, þ. e. skilyrði fyrir framsali sakamanna. II. kaflinn er um réttarfarsreglur, þ. e. meðferð framsalsmála. III. kaflinn fjallar um aðrar ákvarðanir í tengslum við framsal. IV. kaflinn fjallar svo um aðra aðstoð í sakamálum og loks eru svo í V. kafla nokkur lokaákvæði.

Þetta lagafrv. er byggt á lögum sem sett hafa verið á Norðurlöndum um framsal sakamanna. En þau lög munu hafa verið sett með tilliti til samninga sem gerðir hafa verið um þetta efni á vegum Evrópuráðsins. Hafa Norðurlöndin önnur en Ísland fullgilt aðalsamninginn, sbr. bls. 9 í grg. með þessu frv. Ísland hefur skrifað undir en ekki fullgilt. Verði þetta frv. að lögum getur Ísland fullgilt samningana. Þeir eru birtir sem fskj. með þessu frv., sbr. bls. 25—45 og fer ég ekki út í þá.

Ísland hefur verið talið bundið af gagnkvæmum framsalssamningum við nokkur lönd, sbr. bls. 8 og 9 í grg. þar sem greint er frá því hverjir þeir samningar eru. Verði þetta frv. að lögum er eðlilegt að þeir samningar verði endurskoðaðir þannig að tryggt sé að þeir séu í samræmi við þessi væntanlegu lög og Evrópusamningana. Það mun vera í samræmi við almenna réttarvitund hér á landi að varlega eigi að fara í framsal sakamanna og að það eigi sér því aðeins stað að tilteknum skilyrðum sé fullnægt.

Ekki þarf að eyða orðum að því að framsal á sakamanni er mjög alvarleg íhlutun í frelsi einstaklings. En ákvæði þessa frv. eru í samræmi við þá almennu réttarvitund hér á landi, sem ég drap á, þar sem þær reglur sem hér eru settar um framsal virðast mjög varfærnislegar og skynsamlegar. Í skilmerkilegri grg. með frv. er gerð grein fyrir þeim og fer ég ekki nánar út í það enda mun hafa verið gerð grein fyrir því í framsögu á sínum tíma. Ég get aðeins undirstrikað það sem segir á bls. 10 í grg. þar sem dregin eru saman grundvallaratriði sem byggt er á í Evrópusamningnum. Ég sé ekki ástæðu til að lesa þau upp en vísa til þeirra.

Ég held, virðulegi forseti, að ekki sé ástæða til að ég fari að fjölyrða frekar um málið. Allshn. er sammála um að mæla með því. Læt ég þá máli mínu lokið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Gleraugnafræðingar, frv. 63. mál (þskj. 68, n. 374, 375). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta frv. til l. um gleraugnafræðinga til umfjöllunar síðan síðla á haustdögum. Nefndin hefur haft samband við Apótekarafélag Íslands. Jafnframt hefur verið leitað upplýsinga hjá Ingimar Sigurðssyni deildarstjóra í heilbr.- og trmrn. varðandi þetta mál, en hann var formaður nefndarinnar sem samdi þetta frv.

Ég þarf ekki að taka það fram hversu brýnt er að lögfesta starfsréttindi fjölmargra starfshópa í þjóðfélaginu, enda hefur það verið gert á undanförnum árum.

Allir nm. rita undir þetta nál. Það var einhugur um málið. En á sérstöku þskj., þskj. 375, eru brtt. við frv.

1. brtt. er á þann veg að nefndin leggur til að í stað heitisins gleraugnafræðingur komi: sjóntækjafræðingur. Þessi breyting á fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, að mönnum þótti gleraugnafræðingur heldur þröngt

heiti, þrengra en heitið sem varð ofan á í þessari umfjöllun, þ. e. sjóntækjafræðingur.

2. brtt. er á þá lund að í 4. gr. komi á eftir orðunum „ótakmarkað starfsleyfi": að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr. Þessi breyting varðar fyrst og fremst leyfisveitingu á grundvelli starfsreynslu, og sú leyfisveiting verður í höndum ráðh. eins og gert er ráð fyrir í frv., en einnig þarf til að koma umsögn sömu aðila og nefndir eru í 2. gr. frv.

3. brtt. er ekki stórvægileg. Þar gerum við ráð fyrir að 6. gr. orðist á þessa lund: Óheimilt er að ráða til hvers konar sjóntækjafræðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

Í fjórða og síðasta lagi leggjum við til að heiti frv. breytist og verði frv. til l. um sjóntækjafræðinga.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að fjalla um þetta frekar. Eins og ég sagði var einhugur um þessa málsmeðferð í nefndinni.

ATKVGR.

Brtt. 375,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 375,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 375, 3 (ný 6. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 375,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frv. 197. mál (þskj. 353). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir frv. til l. um virðisaukaskatt á þskj. 353. Almennur skattur á neyslu hefur um alllangt skeið verið langstærsti tekjustofn ríkissjóðs. Það liggur því í augum uppi að fyrirkomulag og framkvæmd slíkrar skattlagningar skiptir gífurlega miklu máli, ekki einungis fyrir afkomu ríkissjóðs heldur og fyrir afkomu og velferð landsmanna allra og þróun atvinnuvega þjóðarinnar. Hugmyndir um að gerbreyta núverandi neysluskattskerfi hljóta því að teljast með mikilvægustu viðfangsefnum Alþingis. Er þess því að vænta að það frv. um virðisaukaskatt sem ég mæli nú fyrir hljóti rækilega umfjöllun á Alþingi.

Eins og alkunna er er núverandi almenn neysluskattsinnheimta í formi söluskatts. Söluskattur hefur verið innheimtur hér á landi í einhverri mynd allt frá árinu 1945 að undanskildum árunum 1946 og 1947. Á árunum 1945—1960 var innheimtur fjölstigasöluskattur en með nokkuð mismunandi hætti. Var hann nefndur ýmsum nöfnum svo sem veituskattur, söluskattur, innflutningssöluskattur og framleiðslusjóðsgjald, útflutningssjóðsgjald, farmiðagjald og iðgjaldaskattur. Skattstofnar eru ólíkir eins og nöfnin gefa til kynna.

Ef dregnir eru saman meginþættir þess söluskattskerfis, sem í gildi var fyrir breytinguna 1960, má segja að söluskatturinn hafi verið fjölstigaskattur þar sem skattur er lagður á sölu á hinum ýmsu stigum framleiðslu og dreifingar. Reyndist þetta kerfi vera mjög þungt í vöfum og erfitt að hafa raunhæft eftirlit með því undir lok gildistíma þess, m. a. vegna fjölda takmarkatilvika og erfiðleika á að draga skýr mörk milli skattskyldrar og skattfrjálsrar sölu. Með lögum nr. 10/1960, um söluskatt, var gerð mikilvæg breyting á álagningu og innheimtu söluskatts hér á landi frá því sem áður hafði verið. Innheimta söluskatts grundvallast enn í dag á þeim lögum þótt gerðar hafi verið nokkrar breytingar á þeim.

Söluskattur er nú lagður á andvirði seldra vara og þjónustu í innlendum viðskiptum og á innfluttar vörur til eigin nota eða neyslu innflytjanda eins og nánar er ákveðið í lögum og reglugerðum. Söluskatturinn er almennt bundinn við síðasta stig viðskipta eða sölu til neytenda og er því eins stigs söluskattur, en frá þeirri meginreglu eru nokkrar undantekningar. Söluskattur leggst einnig á fjölmörg aðföng fyrirtækja, svo sem fjárfestingu, orku og ýmsar óvaranlegar rekstrarvörur og fæst í slíkum tilvikum yfirleitt hvorki endurgreiddur né frádreginn innheimtum skatti af sölu.

Allir þeir sem selja eða afhenda í atvinnuskyni vörur eða verðmæti og allir þeir sem inna af höndum vinnu eða þjónustu eru skattskyldir með þeim takmörkunum sem lög og reglur ákveða. Þannig greiða t. d. fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga söluskatt á sama hátt og aðrir söluskattsgreiðendur.

Fjölmargar undanþágur eru nú frá hinni almennu söluskattsskyldu við sölu á síðasta viðskiptastigi. Ákvæði um þær er að finna í lögum, reglugerðum og einstökum ákvörðunum fjmrh.

Ein meginforsenda þess að söluskattskerfi sem okkar geti orðið þjált og skil söluskatts örugg er að söluskattsskyldan sé almenn og undanþágum sé haldið í algeru lágmarki. Hér á landi eru undanþágur frá söluskattsskyldu orðnar svo margar, að þær hafa þegar veruleg áhrif á alla framkvæmd kerfisins og öryggi þess. Undanþágum fer sífellt fjölgandi en ásóknin í undanþágur hefur vaxið mjög með hækkun skatthlutfallsins.

Undanþágurnar eiga sér stað með margvíslegum hætti. Þannig eru t. d. tilteknar vörutegundir og þjónusta undanþegnar söluskatti, sala til tiltekinna aðila svo sem endurseljenda og í vissum tilvikum til annarra aðila er undanþegin og sala tiltekinna aðila eða atvinnugreina er undanþegin söluskatti. Þá er söluskattur af tilteknum vörum, tækjum og efnivörum endurgreiddur í vissum tilfellum. Í mörgum tilvikum er afar erfitt að ákvarða hvort sala er söluskattsskyld eða ekki. Á það t. d. við um sölu til ýmissa framleiðenda en þá fer söluskattsskyldan eftir því hvort um er að ræða sölu á hráefnum eða óvaranlegum hjálparefnum til framleiðslu.

Hin ýmsu undanþáguákvæði söluskattslaga og -reglna valda mismunun í samkeppnisaðstöðu atvinnugreina og framleiðsluaðferða eins og uppsöfnunaráhrifum og hafa þessi áhrif söluskattsins að þessu leyti farið vaxandi með hækkun söluskattshlutfallsins. Ljóst er að neytendur beina vali sínu fremur að vörum og þjónustu sem undanþegnar eru söluskatti en þeim sem eru söluskattsskyldar. Þannig getur söluskattur haft áhrif á neysluvenjur sem leitt geta til óeðlilegrar eða óheppilegrar dreifingar framleiðsluaflanna. Sem dæmi um mismunun að þessu leyti má nefna að vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð er undanþegin

söluskatti fari vinnan fram á byggingarstað. Séu húshlutir hins vegar framleiddir í verksmiðju verður salan söluskattsskyld. Í þessu tilviki veldur söluskatturinn mismunun milli framleiðsluaðferða og kemur jafnvel í veg fyrir eðlilega vélvæðingu eða hagræðingu við framleiðslu, enda þótt nokkuð hafi dregið úr þessari mismunun með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús.

Almennt má segja að erfitt sé að halda sölu á söluskattsskyldum og söluskattsfrjálsum vörum aðgreindum á smásölustigi. Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur undanþágum frá söluskattsskyldu í smásölu sífellt fjölgað. Til að finna söluskattsstofninn hjá hinum ýmsu innheimtuaðilum þarf því að beita sérstökum reikniaðferðum sem aldrei verða nákvæmar en sífellt verða flóknari eftir því sem undanþágum fjölgar. Af þessu leiðir aukna fyrirhöfn, bæði fyrir þá sem innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð og skattyfirvöld, og erfitt er orðið fyrir hina söluskattsskyldu aðila að kunna skil á hinum fjölmörgu undanþáguákvæðum og sérreglum um söluskatt.

Söluskatturinn er ekki hlutlaus þótt aðalreglan sé sú að hann sé einsstigsskattur. Hann leggst t. d. á ýmis mikilvæg aðföng fyrirtækja, svo sem orku, orkugjafa og viðhaldsþjónustu, auk þess sem hann er innheimtur af flestum fjárfestingarvörum. Af þessum ástæðum felur núgildandi söluskattskerfi í sér uppsöfnun skatts sem valdið getur m. a. ófyrirsjáanlegri mismunun á samkeppnisaðstöðu meðal hinna ýmsu atvinnugreina. Áhrif uppsöfnunar geta þar með haft áhrif á val neytenda á neysluvörum og þau hafa tilviljanakennd áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara bæði á erlendum og innlendum markaði í samkeppni við vörur framleiddar erlendis.

Veigamiklir gallar eru á söluskattskerfinu hér á landi eins og hér hefur verið rakið. Þar vega uppsöfnunaráhrifin og hin flóknu undanþáguákvæði þyngst, en söluskattskerfið hefur óneitanlega einnig kosti.

Framkvæmd söluskattskerfisins hefur verið afar ódýr og litlu hefur verið til kostað. Þegar gerður er samanburður á kostnaði við framkvæmd einstakra skattkerfa verður um leið að íhuga hvort ríkjandi framkvæmd á hverjum tíma fullnægi þeim kröfum sem talið er eðlilegt að gera til hennar, svo sem varðandi öryggi, eftirlit með skilum o. fl. Telja verður að svo hafi ekki verið að því er söluskatt og eftirlit með honum varðar, einkum með tilliti til hækkunar hans á síðustu árum og aukins mikilvægis í tekjuöflun ríkissjóðs. Af þessu leiðir að samanburður á kostnaði milli hinna ýmsu skattkerfa verður vart raunhæfur miðað við ríkjandi framkvæmd.

Söluskattsskyldir aðilar eru hlutfallslega fáir miðað við heildarfjárhæð söluskattsins en það er nokkur kostur. Því fylgir hins vegar áhætta að innheimta svo hátt söluskattshlutfall sem hér er gert á einu og sama viðskiptastiginu og hefur sú áhætta aukist með hækkun skatthlutfallsins.

Af framansögðu er ljóst að núv. söluskattskerfi er að mörgu leyti mjög gallað. Liggur raunar í augum uppi að við núverandi kerfi verður ekki búið til langframa nema með róttækum umbótum á því. Þegar menn hafa hugleitt möguleika á slíkri endurskipulagningu neysluskattsálagningar er eðlilegt að leitað hafi verið fyrirmyndar hjá grannlöndum vorum í þessum efnum. Er skemmst frá því að segja að í allflestum löndum Evrópu hefur virðisaukaskattsformið orðið fyrir valinu. Má raunar rekja þá þróun að verulegu leyti til stofnunar Efnahagsbandalags Evrópu. Markmiðið með stofnun bandalagsins var m. a. að stuðla að fríverslun landa í milli. Í upphafi var höfuðáhersla lögð á niðurfellingu innflutningsgjalda í viðskiptum milli aðildarríkjanna. Fljótlega varð þó ljóst að hin mismunandi skattkerfi þjóðanna voru hemill á sókn þeirra að settu marki. Samræming skattlagningar á vöru, eftir að hún er komin inn fyrir viðkomandi landamæri, var ekki síður mikilvæg en samræming innflutningsgjalda.

Aðildarríkin settust því á rökstóla um þetta efni og eftir áralangar viðræður og rannsóknir á hinum ýmsu skattkerfum var ákveðið árið 1967 að samræma neysluskattkerfi landanna á þann hátt að virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Skyldi breytingin vera um garð gengin fyrir 1. janúar 1970. Þegar til kom varð þó af ýmsum framkvæmdaástæðum að veita rýmri tímamörk. Árið 1973 höfðu hins vegar öll ríkin sem stóðu að stofnun Efnahagsbandalagsins tekið upp virðisaukaskattskerfið.

Sú samræming, sem átti sér stað á neysluskattskerfum Efnahagsbandalagsríkjanna og þær rannsóknir sem fóru fram á skattamálum í því sambandi, leiddi til þess að ýmsar Evrópuþjóðir, sem stóðu utan bandalagsins, tóku einnig upp virðisaukaskatt. Var virðisaukaskattur þannig t. d. bæði innleiddur í Noregi og Svíþjóð.

Þrátt fyrir að virðisaukaskattur hafi verið innleiddur í flestum löndum Evrópu er framkvæmd skattheimtu þó mjög mismunandi. T. d. er skatthlutfallið mjög mismunandi frá einu landi til annars, svo og hvaða starfsemi er skattskyld og hver ekki.

Í mörgum löndum Evrópu eru í gildi fleiri en eitt skatthlutfall eftir því hvaða starfsemi á í hlut og er fjöldi skatthlutfalla og flokkun einstakra tegunda af vörum og þjónustu á þessi skatthlutföll mjög mismunandi eftir löndum. Þó er lægsta hlutfallið undantekningarlaust á matvörum og öðrum nauðsynjavörum.

Undanþágur um mismunandi skatthlutföll eru þó ekki í samræmi við þá hugmynd sem liggur að baki virðisaukaskatti. Auk þess skapar slík mismunun milli hinna ýmsu tegunda vöru og þjónustu torleyst vandamál við einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur því einungis verið notað eitt skatthlutfall og stefnan innan Efnahagsbandalagsins hefur verið sú að samræma reglur aðildarríkjanna þannig að eitt og sama hlutfall gilti um alla starfsemi innan hvers aðildarríkis.

En hvaða skilyrði þyrfti þá almennur neysluskattur, sem kæmi í staðinn, að uppfylla? Slíkur skattur þarf að vera hlutlaus gagnvart framleiðslu, dreifingu og neyslu. Hann má því ekki mismuna einstökum framleiðsluaðferðum, viðskiptaháttum eða atvinnugreinum og ætti að hafa sem minnst áhrif á almennar neysluvenjur. Einnig skiptir miklu máli að ákvörðun skatts og innheimta sé eins einföld í framkvæmd og kostur er jafnt fyrir atvinnulífið sem ríkissjóð og í því sambandi þarf skattstofninn að vera glöggt afmarkaður og ótvíræður.

Til þess að skatturinn geti talist hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluafla á hinar ýmsu framleiðslugreinar verður skattkerfið að hafa þá eiginleika að skattfjárhæð sé óháð fjölda viðskiptastiga, þ. e. óháð því hve varan fer mörg viðskiptastig áður en

endanlegum neytanda er náð. Hundraðshluti skattfjárhæðar af vöruverði verður að vera sá sami, hvar sem kaupandi festir kaup á vörunni og framleiðsluaðferð, svo sem hvort vara er handunnin eða verksmiðjuframleidd, á ekki að skipta máli. Skattkerfið ætti þannig ekki að hafa nein áhrif á það við hvaða dreifingaraðila kaupandi kýs að hafa viðskipti og kerfið verður einnig að vera þannig úr garði gert að það hindri ekki eðlilega hagræðingu við framleiðslu eða dreifingu.

Hlutleysi skattsins gagnvart almennu neysluvali felst í því að hann hafi ekki áhrif á val neytenda milli hinna ýmsu neysluvara. Því markmiði verður best náð með því að skatturinn breyti ekki verðhlutfallinu milli neysluvaranna.

Krafan um hlutleysi neysluskatts gagnvart utanríkisviðskiptum snertir bæði innflutning og útflutning. Að því er innflutning varðar felur hlutleysið í sér að skatturinn sé nákvæmlega jafnhár á innfluttar vörur og sams konar vöru sem framleidd er í landinu sjálfu og seld er á sama verði og hin innflutta vara. Varðandi útflutning verður að undanþiggja útflutningsvörur skatti til að algjöru hlutleysi verði náð þannig að skatturinn hafi ekki áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra útflutningsvara á erlendum mörkuðum.

Mikilvægi þess fyrir Íslendinga að skattkerfið sé hlutlaust gagnvart utanríkisviðskiptum fer vaxandi eftir því sem aðflutningsgjöld og viðskiptahömlur landa í milli minnka, en breytingum í þá átt hefur enn fremur fylgt samræming neysluskattskerfa flestra Vestur-Evrópuríkja þar sem utanríkisviðskipti eru gerð óháð slíkum skatti. Ljóst er að verð á íslenskum útflutningsvörum, sem að einhverju leyti bera í sér söluskatt, getur átt erfitt með að keppa á erlendum mörkuðum við verð á framleiðsluvörum annarra þjóða sem eytt hafa áhrifum söluskatts á framleiðsluverðið með breytingum á skattkerfum sínum.

Þar sem virðisaukaskattsformið gefur möguleika á því alhliða hlutleysi sem að framan er rakið er ekki að undra að hann hafi verið mjög til athugunar á undanförnum árum hér á landi. Hafa tvær viðamiklar skýrslur verið samdar um málið að tilhlutan fjmrn. Sú fyrri á árinu 1971 og hin síðari á árinu 1975. Haustið 1982 fól fyrirrennari minn í fjmrh.-embætti, Ragnar Arnalds, síðan hópi embættismanna að semja drög að lagafrv. um málið. Var þessu starfi haldið áfram í rn. eftir ríkisstjórnarskiptin s. l. vor og lauk starfinu snemma vetrar. Í nóvember s. l. lét ég síðan dreifa frv.-drögunum sem handriti til kynningar á málinu. Er það frv. sem hér er til umr. nánast óbreytt frá áður kynntum drögum þannig að þm. ættu nú þegar að hafa haft nokkurt tækifæri til að kynna sér málið.

Virðisaukaskattur er í sjálfu sér einungis annað form á söluskatti en hingað til hefur tíðkast hér á landi. Skatturinn er lagður á söluverð vöru og þjónustu á öllum viðskiptastigum. Skatturinn er fjölstigaskattur þar sem fyrirtækjum, jafnt á sviði frumgreina, úrvinnslugreina og þjónustugreina, er gert að innheimta skatt af heildarandvirði seldra vara og þjónustu. Skatturinn hefur hins vegar ekki margsköttun í för með sér því að við skil á skattinum í ríkissjóð mega fyrirtækin draga frá innheimtum skatti af heildarsölu þann skatt sem þau greiða við kaup á vörum og hvers konar aðföngum. Þannig skilar hvert fyrirtæki í ríkissjóð aðeins skatti af virðisaukanum sem hjá því myndast, þ. e. mismuninum á útskatti og innskatti.

Orðið „virðisauki“ í þessu sambandi er fremur tæknilegt hugtak en hagrænt því hér er ekki beinlínis átt við hinn hagræna virðisauka sem skapast í hverju fyrirtæki heldur mismuninn á milli ákveðinna stærða sem nánar er skilgreindur í þeim lögum og reglum sem um skattinn gilda á hverjum stað.

Aðaleinkenni virðisaukaskattsins er að hann leggst í raun aðeins einu sinni á sama verðmætið, hversu oft sem það gengur milli viðskiptastiga, og verður hann því hlutlaus gagnvart söluverði til hins endanlega neytanda. Þessu marki er náð með frádráttarheimildinni á hverju viðskiptastigi sem ég nefndi áður. Það er einkum þessi eiginleiki virðisaukaskattskerfisins sem skilur það frá öðrum söluskattskerfum þar sem uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir mismunandi mikið eftir því hve varan eða verðmætin fara um mörg viðskiptastig áður en hinum endanlega neytanda er náð.

Til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með upptöku virðisaukaskatts þarf hann að meginstefnu til að ná til allrar vöru og þjónustu. En eins og ég drap á áðan er mjög erfitt í framkvæmd að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi eins og nú er gert í söluskattskerfinu, auk þess sem undanþága einstakra vörutegunda á fyrri stigum mundi skapa mikla framkvæmdaörðugleika.

Frá tekjuöflunarsjónarmiði hins opinbera er og mikilvægt að skattskyldan sé sem almennust en það gefur einnig möguleika á að beita lægra skatthlutfalli en ella. Víðtæk skattskylda hefur úrslitaþýðingu um framkvæmd slíks kerfis og öryggi þess en jafnframt er víðtæk skattskylda forsenda hlutleysis gagnvart neysluvali og framleiðsluaðferðum eins og áður hefur komið fram.

Með hliðsjón af þessu er meginregla frv. sú að öll almenn sala á vörum og þjónustu er skattskyld. Vil ég ítreka það og leggja á það áherslu að hin almenna skattskylda er slíkur grundvallarþáttur varðandi framkvæmd virðisaukaskattskerfisins að telja verður hana forsendu þess að skynsamlegt sé að innleiða kerfið. Telji menn ekki fært að víkka skattskyldukerfið verulega frá því sem nú er í söluskattinum væri verið að fara úr öskunni í eldinn með upptöku virðisaukaskatts.

Þrátt fyrir þær áherslur sem ég hef hér lagt á víðtæka skattskyldu er tæknilega mögulegt að halda tilteknum afmörkuðum þáttum utan skattskyldunnar og í nokkrum tilvikum getur verið hagræði í því í framkvæmd. Í öllum þeim löndum, sem tekið hafa upp virðisaukaskatt, eru einhverjar undanþágur frá hinni almennu skattskyldu.

Eins og áður hefur komið fram gera grundvallarreglur virðisaukaskattskerfisins ráð fyrir fullri undanþágu af sölu úr landi, en einnig er hugsanlegt að undanþiggja sölu á skýrt afmörkuðum vörum eða þjónustu sem ekki hefur í för með sér mismun á samkeppnisaðstöðu eða erfiðleika í framkvæmd.

Undanþágur frá virðisaukaskatti eru í grundvallaratriðum tvenns konar:

Annars vegar er ákveðnum þjónustusviðum haldið algjörlega utan kerfisins. Þessi þjónustusvið eru upptalin í 2. málsgr. 7. gr. frv. Meðal þeirra má nefna þjónustu sjúkrahúsa og hliðstæðra stofnana, félagslega þjónustu ýmiss konar, þjónustu lækna og tannlækna, þjónustu banka og vátryggingarstarfsemi. Þessir aðilar verða að greiða innskatt af aðföngum og fá hann ekki

frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattskyldunni þar sem þeir bera innskattinn, en undanþágan frá skráningarskyldunni mun í þessum tilvikum einfalda framkvæmd kerfisins, án þess að fórnað sé öðrum umtalsverðum hagsmunum. Hliðstæðar reglur eru settar um smáfyrirtæki.

Hinn meginflokkur undanþága felst í því að endurgjald fyrir tiltekna vöru eða þjónustu er við ákveðnar kringumstæður heimilt að draga frá heildarveltu við uppgjör skattsins. Þessar undanþágur eru taldar upp í 10. gr. frv. Meðal þeirra má nefna vöru og þjónustu sem seld er úr landi, sölu skipa og loftfara og flutninga milli landa.

Áhrif þessarar tegundar undanþágu eru mun víðtækari en hinnar fyrrnefndu þar sem þeir aðilar er hér um ræðir hafa í flestum tilvikum heimild til frádráttar á innskatti þannig að engin uppsöfnun skatts á sér stað í verði hinnar undanþegnu vöru og þjónustu.

Almenna reglan er sú að virðisaukaskattur er greiddur af allri vöru og þjónustu án tillits til þess hver kaupandinn er. Sala úr landi er þó undantekning frá þessari meginreglu. Hliðstætt því sem nú gildir um söluskattinn eru skráð fyrirtæki í raun undanþegin virðisaukaskatti af sölu úr landi. Þau fá að draga innskatt af aðföngum frá innheimtum útskatti af sölu á innanlandsmarkaði eða fá hann endurgreiddan að svo miklu leyti sem hann er hærri en útskatturinn.

Við skattlagningu á innflutta vöru koma aðallega til tvær aðferðir. Önnur þeirra gerir ráð fyrir innheimtu virðisaukaskatts af öllum innfluttum vörum, strax við tollmeðferð, en með hinni aðferðinni er skatturinn aðeins innheimtur af innflutningi til neytenda við tollmeðferð, en skráð fyrirtæki greiða ekki skatt við tollmeðferð innflutnings.

Ef fyrri aðferðin er notuð skiptir ekki máli hver innflytjandinn er því að skatturinn er innheimtur hvort sem um er að ræða neytanda eða skráð fyrirtæki sem flytur inn vöruna til endursölu. Þegar skráð fyrirtæki flytur inn vöru fær það virðisaukaskattinn, sem það greiðir við tollmeðferð, frádreginn útskatti af sölu og skilar mismuninum í ríkissjóð.

Margt bendir til þess að fyrri aðferðin, þ. e. innheimta virðisaukaskatts strax við tollmeðferð, sé öruggari í framkvæmd hér á landi, m. a. með tilliti til þeirra erfiðleika sem á því eru að ákvarða við tollmeðferð vara til hvaða nota þær eru ætlaðar. Þetta vandamál er vel þekkt í núgildandi söluskattskerfi hér á landi. Er því gert ráð fyrir að hún verði lögleidd, sbr. ákvæði X. kafla frv.

Heimild fyrirtækis til að draga innskatt af aðföngum frá útskatti af sölu er veigamesta einkenni virðisaukaskattskerfisins. Með henni er komið í veg fyrir tvísköttun eða uppsöfnun skatts í framleiðslu- og dreifingarkostnaði.

Ef stefna á að algeru hlutleysi virðisaukaskatts verður að fylgja þeirri grundvallarreglu að skráð fyrirtæki hafi heimild til að draga allan innskatt frá útskatti. Þess vegna er ekki nægjanlegt að frádráttarheimildin nái til innskatts af fullunnum vörum, sem keyptar eru í þeim tilgangi að selja þær aftur í óbreyttri mynd, eða hráefna og hálfunninna vara, sem keyptar eru til frekari vinnslu. Heimildin nær til innskatts af hvers konar aðföngum, svo sem vélum, fasteignum, flutningatækjum, skrifstofuvélum og öðrum tækjum og efni sem á þarf að halda við reksturinn. Enn fremur nær heimildin til innskatts af öllum öðrum rekstrarkostnaði, til að ná algeru hlutleysi skattsins.

Reglur um frádrátt á innskatti af kaupum á fastafjármunum, svo sem vélum, áhöldum og fasteignum, eru nokkuð mismunandi í hinum ýmsu ríkjum sem tekið hafa upp virðisaukaskattskerfið. Tvær aðferðir eru einkum notaðar. Önnur þeirra gerir ráð fyrir fullri frádráttarheimild á innskattinum um leið og kaup á fastafjármunum fara fram. Hin reglan dreifir hins vegar frádráttarheimildinni á nokkur ár frá því að kaupin fara fram, hliðstætt því sem gert er með afskriftum. Þar sem síðari aðferðin er notuð verða fyrirtækin að fjármagna virðisaukaskattinn þann tíma sem tekur að fá hann endurgreiddan eða dreginn frá útskatti. Í frv. er gert ráð fyrir að fyrrnefnda aðferðin verði notuð.

Enda þótt meginreglan sé sú að heimilt sé að draga innskattinn frá útskatti við skil til ríkissjóðs er samt sem áður eðlilegt að takmarka frádráttarheimildina í nokkrum tilvikum. Kaup aðfanga eða kostnaður getur verið þess eðlis, að ekki sé eðlilegt að veita fullan frádrátt á innskatti. Að sjálfsögðu er innskattur af einkaneyslu eiganda fyrirtækis ekki frádráttarbær. Sama gildir um vörur og önnur aðföng sem notuð eru til að greiða starfsfólki laun í hlunnindum eða með öðrum hætti.

Réttmætt getur verið að takmarka frádráttarheimildina á fleiri sviðum en hér hefur verið nefnt og er það víða gert. Þar má nefna risnu, bifreiðakostnað og önnur þau útgjöld sem tengjast oft persónulegri neyslu eigenda eða starfsmanna. Eru takmarkanir af þessu tagi í 13. gr. frv.

Þau fyrirtæki sem skv. frv. er gert að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni verða að gera hann upp og skila honum í ríkissjóð á grundvelli skráningar í bókhaldi. Verður að telja að upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts muni hafa í för með sér aukna fyrirhöfn fyrir þau fyrirtæki sem innheimta munu skattinn. Stafar þetta af því að vegna frádráttarheimildarinnar á innskatti verður að gera meiri kröfur til bókhalds en nú er gert að því er varðar skráningu á gögnum um kaup á aðföngum. Er allítarlegar reglur um bókhald að finna í VII. kafla frv. Er þar m. a. lagt til að skattskil virðisaukaskatts miðist við afhendingartíma og bókhaldslega færslu vörunnar en ekki peningalegar greiðslur. Frv. byggir því á svonefndri reikningsaðferð eins og núverandi söluskattslög.

Með sama hætti og nú á sér stað um söluskatt verða skráð fyrirtæki að gera skil á innheimtum virðisaukaskatti með ákveðnu millibili. Skilunum þurfa að fylgja upplýsingar um útskatt og innskatt á hverju greiðslutímabili.

Skv. gildandi söluskattsreglum er aðalreglan sú að greiða skuli söluskatt mánaðarlega. Fellur hann í gjalddaga 15. næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og er eindagi skattsins 10 dögum síðar.

Vinna skattyfirvalda og framteljanda vex í hlutfalli við fjölda uppgjörstímabila. Að þessu leyti er því hagkvæmara að uppgjörstímabilin séu lengri og færri. Hins vegar hafa lengri uppgjörstímabil í för með sér lengri gjaldfrest á skattgreiðslum til handa fyrirtækjum og þar með minnkandi raungildi skatttekna ríkissjóðs. Auk þess verða skattfjárhæðir, sem fyrirtækin verða að greiða hverju sinni, hærri. Af því leiðir einnig að meiri

sveiflur verða á innstreymi skatts í ríkissjóð og á greiðslugetu fyrirtækjanna. Á það ber hins vegar að líta að við upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts lækkar sú skattfjárhæð sem hverju fyrirtæki ber að skila í ríkissjóð. Með hliðsjón af þessum atriðum er lagt til í frv. að árlegum uppgjörstímabilum verði fækkað úr 12 í 6. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir breytingu á því að eindagi skattsins sé 25. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Lenging uppgjörstímabilsins með þessum hætti leiðir að sjálfsögðu til að tekjur ríkissjóðs minnka á því ári sem breytingin gengur yfir og benda lauslegar áætlanir til þess að tekjulækkun af þessum sökum gæti orðið allt að 8—10%.

Landbúnaður og fiskveiðar hafa um margt sérstöðu sem leiðir til þess að eðlilegt virðist að lögleiða sérstakar reglur um virðisaukaskattsmeðferð þeirra. Báðar þessar greinar eru að mestu utan núverandi söluskattskerfis. Meiri hluti þeirrar fjölgunar gjaldenda sem verður við upptöku virðisaukaskattskerfis kemur úr þessum tveimur greinum eða milli 5 og 6 þús. gjaldendur. Ríður því á miklu að finna leiðir sem einfaldað gætu virðisaukaskattsuppgjör þessara aðila. Í IX. kafla frv. er að finna tillögur í því efni.

Ef virðisaukaskatturinn næði til útgerðar með sama hætti og annarra greina yrðu útgerðarfyrirtækin að innheimta fullan skatt af sölu til fiskvinnslunnar og skila honum í ríkissjóð að frádregnum innskatti. Fiskvinnslufyrirtækin fengju síðan þennan skatt endurgreiddan eins og annan innskatt vegna sölu úr landi.

Vegna þess að afli útgerðarfyrirtækjanna fer að mestum hluta til vinnsluaðila, sem síðan selja framleiðsluna úr landi, en aðeins lítill hluti hans er seldur beint til neyslu á almennum markaði innanlands kemur mjög til greina að fara aðrar leiðir til uppgjörs á skatti útgerðarinnar. Hefur verið áætlað að sá innskattur sem leggjast muni á útgerðina vegna kaupa á skattskyldri vöru og þjónustu nemi að meðaltali 10% af andvirði sjávarafla. Við kaup vinnslustöðvanna á afla er gert ráð fyrir að þær greiði verðmæti hans að viðbættum 10% skatti, en það svarar meðaltalsinnskattinum hjá útgerðinni. Innskattur og útskattur útgerðarfyrirtækjanna ætti því að verða nokkurn veginn jafnhár. Útgerðarfyrirtæki verða hins vegar að innheimta fullan skatt af sölu til annarra en vinnslustöðva. Hjá útgerðarfyrirtækjum almennt er gert ráð fyrir uppgjörsskilum á hinum reglulegu skiladögum, en þeir sem smábátaútgerð stunda munu þó almennt einungis skila skýrslu einu sinni á ári.

Um fiskvinnslu eru ekki settar aðrar sérreglur en þær er leiðir af sérstöðu útgerðar. Fiskvinnslufyrirtæki verða því að greiða útgerðinni 10% virðisaukaskatt ofan á verðmæti afla en 21% skatt af öðrum aðföngum. Þar sem meginhluti framleiðslu fiskvinnslufyrirtækjanna er seldur úr landi er skattur ekki innheimtur af þeirri sölu. Fá fiskvinnslufyrirtækin innskatt sinn því að mestu endurgreiddan úr ríkissjóði að loknu hverju reglulegu uppgjörstímabili.

Búrekstur er eina atvinnugreinin í landinu sem yfirleitt er ekki háð bókhaldsskyldu skv. ákvæðum laga um bókhald. Það verður því afar mikilvægt að laga virðisaukaskattkerfið þannig að landbúnaðinum að framkvæmd þess valdi ekki verulegri fyrirhöfn fyrir bændur og skattyfirvöld. Enn fremur má benda á að landbúnaðurinn hefur nokkra sérstöðu að því er varðar tímasetningu tekjustreymis, en tekjur bænda koma að verulegu leyti inn löngu eftir að rekstrarkostnaður fellur til. Segja má að í landbúnaði séu margar litlar rekstrareiningar sem selja nær allar afurðir sínar til fárra vinnslustöðva. Frá þeirri meginreglu eru fáar undantekningar.

Framangreind atriði og reyndar fleiri eru þess valdandi að ástæða er til að huga að sérstakri meðferð landbúnaðarins í virðisaukaskattkerfi hér á landi eins og í flestum öðrum löndum sem tekið hafa upp þetta kerfi. Í frv. er valin sama leið og lýst var hér að framan varðandi fiskveiðar. Áætlað hefur verið að innskattur í landbúnaði muni verða að meðaltali 9% af andvirði landbúnaðarafurða. Bændur innheimta útskatt frá vinnslustöðvunum sem nemur þessu meðaltalshlutfalli. Útskatturinn ætti því að verða svipuð fjárhæð og innskatturinn. Með þessum hætti fá bændur jafnaðan þann innskatt sem þeir hafa þurft að greiða af aðföngum sínum með útskatti innheimtum af vinnslustöðvunum. Vinnslustöðvarnar greiða bændum því 9% í skatt sem telst innskattur stöðvanna og kemur til frádráttar þeim útskatti sem þær heimta við sölu á framleiðsluvörum sínum. Bændur eiga síðan að skila einni virðisaukaskattskýrslu fyrir hvert ár og skal hún fylgja skattframtölum þeirra fyrir það ár. Eftir álagningu þinggjalda ber þeim síðan að greiða það sem útskattur kann að hafa farið fram úr innskatti, en eiga rétt á endurgreiðslu mismunarins ef innskatturinn er hærri. Þar sem 9% útskattur á, eins og að framan greinir, að samsvara að meðaltali innskatti af aðföngum bænda er ekki við því að búast að hér verði um verulegar fjárhæðir til greiðslu eða endurgreiðslu að ræða.

Við kaup á varanlegum rekstrarfjármunum getur þó tímabundið komið til allverulegra endurgreiðslna. Til að flýta fyrir þeim eru sett ákvæði 30. gr. um heimild og stundum skyldu skattstjóra til að fallast á beiðni bænda (og smábátaútgerðarmanna) um skemmri uppgjörstímabil. Framangreind ákvæði um innheimtu bænda á 9% útskatti gilda einungis ef selt er til vinnslu- eða dreifingaraðila. Af sölu til annarra verða bændur að innheimta hið almenna 21% skatthlutfall. Nemi slík sala 50% eða meira af heildarsölu viðkomandi fellur niður heimildin til árlegs uppgjörs og ber þessum aðilum að skila skýrslu og skatti á reglulegum gjalddögum.

Skv. gildandi söluskattsákvæðum er sala bygginga og hvers konar fasteigna undanþegin söluskatti. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald þeirra er einnig undanþegin söluskatti. Undanþágan á þó ekki við um vinnu við framleiðslu byggingarvara eða byggingarhluta sem fer fram í verksmiðju eða á verkstæði, heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu sem unnin er á byggingarstað. Söluskattsskyldan við húsagerð og aðra mannvirkjagerð nær því einungis til efniskostnaðar við mannvirkjagerðina og þar með til þeirra hluta sem framleiddir eru í verksmiðjum eða unnið er að á verkstæðum. Sömu reglur gilda um viðhald mannvirkja.

Ókostur framangreindrar undanþágu er sá, að söluskatturinn verður hærri á verksmiðjuframleiddum byggingarhlutum en þeim sem unnir eru með hefðbundnum byggingaraðferðum. Þessi ókostur er tilfinnanlegur og kann að standa í vegi fyrir hagræðingu í byggingariðnaði, enda þótt nokkuð hafi verið úr þessu dregið með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðar-

hús. Er aðkallandi að bæta þar úr þannig að söluskatturinn valdi ekki mismunun eftir framleiðslu- og byggingaraðferðum.

Vegna þess að áður nefnd undanþága miðast við hvar vinnan fer fram getur verið afar erfitt fyrir byggingarfyrirtækin og ákvarða skiptingu milli söluskattskyldrar og söluskattsfrjálsrar sölu. Enn fremur hafa skattyfirvöld litla möguleika til að sannreyna þá skiptingu með nákvæmni. Á þetta t. d. við um innréttingasmíði og uppsetningu þeirra sem yfirleitt fer fram bæði á verkstæði og byggingarstað.

Þegar vinna og efni er selt í einu lagi, t. d. eftir tilboði, getur einnig orðið torvelt að ákvarða skiptinguna milli efnis og söluskattskyldrar vinnu annars vegar og undanþeginnar vinnu hins vegar.

Við upptöku virðisaukaskatts hér á landi verða allir þeir sem reka sjálfstæða starfsemi í byggingariðnaði skráningarskyldir. Verða þeir að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni eins og aðrar greinar atvinnurekstrarins. Áætla má að fjölgun gjaldenda verði rúmlega 1800 í þessari grein.

Undanþága á sölu byggingarfyrirtækja frá virðisaukaskatti á hliðstæðan hátt og nú á sér stað í söluskattskerfinu hefur margvíslega ókosti í för með sér. Með því yrði vikið frá grundvallarreglum kerfisins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vandamálin við núverandi framkvæmd söluskatts í byggingariðnaði yrðu þau sömu, og að svo miklu leyti sem hægt yrði að leysa þau yrði að gera það með sama hætti. Undanþágan hefur þann kost helstan að gjaldendur yrðu færri í kerfinu.

Því er gert ráð fyrir í frv. að full skattskylda verði jafnt á vinnu við húsbyggingar og mannvirkjagerð sem á efniskostnað. Full skattskylda hefur í för með sér umtalsverða hækkun á byggingarkostnaði einkaaðila, ríkis og sveitarfélaga. Skráð fyrirtæki fengju hins vegar að draga innskattinn frá útskatti.

Ætla má að ekki sé vilji til að haga skattlagningunni þannig að hún hafi í för með sér verulega hækkun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Þess vegna þarf að huga að öðrum leiðum til að vega á móti þessum hækkunum. Kemur þá helst til greina að veita fjármagni sem nemur tekjuaukanum af skattlagningu á vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis til húsnæðismála, annaðhvort í formi aukins lánsfjármagns með hagstæðari kjörum en nú tíðkast eða í formi styrkja til húsbyggjenda. Rétt er að benda á að hér er um viðkvæmt og erfitt vandamál að ræða sem finna þarf fullnægjandi lausn á áður en virðisaukaskatturinn kemur til framkvæmda.

Í frv. er gengið út frá því að virðisaukaskatturinn skili jafnmiklum tekjum og gjöld byggð á söluskattsgrunni gera nú. Hefur verið áætlað að til þess að ná þessu marki þurfi virðisaukaskatturinn að vera 21%, en nú eru gjöld af söluskattsstofninum 23.5% eins og kunnugt er. Er í aths. með frv. gerð rækileg grein fyrir því hvernig þetta skatthlutfall er áætlað og læt ég hér nægja að vísa um það efni til þess er þar stendur, en vil þó undirstrika að veigamiklir þættir þeirrar áætlunar hljóta að vera óvissu háðir.

Í frv. er einnig gengið út frá því að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskattstekjunum verði óbreytt frá því sem verið hefur.

Það atriði varðandi upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts sem hvað viðkvæmast er eru líklega áhrif skattkerfisbreytingarinnar á verðlag í landinu. Ýmis tormerki eru á því að segja nákvæmlega fyrir um hver þessi verðlagsáhrif verða. Í aths. við frv. er þó reynt að áætla þessi áhrif og er niðurstaða þeirra áætlana að verð á vörum til einkaneyslu muni í heild hækka um 3.8%. Hækkun þessi er þó mjög misjöfn eftir einstökum þáttum einkaneyslunnar. Langmest yrði hækkunin eðlilega á þeim þáttum sem nú eru undanþegnir söluskatti, einkum á matvælum, og er áætlað að þar nemi hækkunin milli 18 og 19%. Aðrir þættir mundu hækka minna, eins og t. d. útgjöld vegna húsnæðis, ljóss og hita um 2—3%. Flestir aðrir þættir einkaneyslu mundu lækka nokkuð í verði. Eins og rakið er í aths. með frv. eru þessi verðhækkunaráhrif þó líklega ofmetin. Einkum liggur í augum uppi að lækkaður framleiðslukostnaður innanlands vegna brottfalls uppsöfnunaráhrifa söluskatts muni skila sér aftur í lækkuðu vöruverði þegar frá líður.

Í þessum efnum held ég að meginatriði sé að ekki er stefnt að aukinni skattheimtu hins opinbera í heild með upptöku virðisaukaskattsins. Skattbyrði landsmanna í heild verður því óbreytt eftir upptöku kerfisins. Skattarnir kunna hins vegar að dreifast með öðrum hætti en verið hefur hingað til. Ef mönnum sýnist að dreifing skattbyrðarinnar eftir upptöku virðisaukaskattkerfisins sé óheppilegri en nú er, t. d. vegna hækkunar á matvælum, þá hvet ég þá til að skoða hvort ekki megi leiðrétta þann mun eftir öðrum leiðum áður en þeir dæma virðisaukaskattkerfið óalandi og óferjandi af þessum sökum.

Þar sem virðisaukaskatturinn er fjölstiga skattur og frv. gerir ráð fyrir sárafáum undanþágum frá skattskyldu er ljóst að veruleg fjölgun verður á gjaldendum við upptöku kerfisins. Er áætlað að fjöldi framteljenda til virðisaukaskatts verði 19 500 í stað 9 000 í söluskattinum nú og er þar um ríflega tvöföldun að ræða. Tæpur helmingur þeirra sem framtalsskyldir yrðu við upptöku virðisaukaskatts fellur þó undir þá einföldu uppgjörsaðferð varðandi landbúnað og smábátaútgerð sem ég rakti áðan. Er þar með dregið mjög úr þeirri aukningu á kostnaði og fyrirhöfn sem af fjölguninni mundi leiða.

Nú vinna aðeins 20—25 starfsmenn hjá skattyfirvöldum störf er snerta eingöngu söluskattinn. Fjölga yrði verulega starfsmönnum við upptöku virðisaukaskatts, en samanburður á kostnaðarauka verður ekki raunhæfur vegna þess að auka þyrfti verulega aðhald með núgildandi söluskatti. Mjög lauslega áætlað má reikna með að við upptöku virðisaukaskatts þyrfti að tvöfalda fjölda starfsmanna frá því sem nú er í söluskattinum.

Skattkerfisbreytingunni sjálfri fylgir talsverður kostnaður. Þar yrði fyrst og fremst um að ræða kostnað við margs konar undirbúning og breytinguna. Áður hefur þess verið getið að gjaldendum fjölgar og verða fyrirtæki að skila uppgjöri og greiða virðisaukaskatt sem nú greiða ekki söluskatt. Auk þess má búast við að uppgjör á skatti verði yfirleitt nokkuð viðameiri fyrir fyrirtæki en uppgjör á söluskatti. Þessu veldur frádráttur innskatts og sérstök færsla hans í bókhaldi. Þetta ætti þó ekki að breyta miklu fyrir fyrirtæki sem nú selja bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur til neytenda og verða af þeim sökum að færa innkaup og sölu þessara vara aðgreind í bókhaldi. Þegar á heildina er litið verður að telja að virðisaukaskattskerfið hafi í för

með sér kostnaðarauka bæði fyrir skattyfirvöld og gjaldendur.

Herra forseti. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir aðdraganda þess að fyrir Alþingi er nú í fyrsta sinn lagt fram frv. til l. um virðisaukaskatt eftir áralangar umr. í þjóðfélaginu um þetta málefni. Þá hef ég rakið í grófum dráttum örfá meginatriði frv. Í þeim efnum hef ég orðið að stikla á stóru, enda málið einstaklega umfangsmikið.

Kerfisbreytingu úr söluskatti á síðasta viðskiptastigi fylgja fjölmargir kostir, en slíkri breytingu fylgja einnig ókostir. Að mínu mati eru kostirnir þessir:

Kerfið kemur í stað núgildandi söluskattskerfis, sem er stórlega gallað og erfitt í framkvæmd, og leysir sjálfkrafa ýmis vandamál söluskattskerfisins. Virðisaukaskattur stórbætir samkeppnisaðstöðu íslenskra atvinnuvega, jafnt á heimamarkaði sem við útflutning. Virðisaukaskatturinn er algjörlega hlutlaus gagnvart framleiðsluaðferðum, viðskiptaaðferðum og neysluvali. Á móti þessu kemur að virðisaukaskattskerfið er flóknara og dýrara í framkvæmd en núgildandi kerfi, bæði fyrir ríkissjóð og þá sem skattinn innheimta. Þá er ljóst að kerfisbreytingin mun valda verulegum tilflutningi á skattbyrði milli vöruflokka og þjónustu og þar með e. t. v. á milli þjóðfélagshópa.

Það liggur í augum uppi að þm. geta ekki mótað afstöðu til þess hvort kostirnir eða gallarnir séu þungvægari í svo flóknu máli sem þessu nema með rækilegri skoðun á frv. og mati á áhrifum þess og þeim möguleikum sem fyrir hendi eru til að bæta með öðrum hætti þá hækkun á einstökum þáttum einkaneyslu sem af samþykkt frv. kann að leiða.

Ég legg til að málinu verði vísað til n. og legg áherslu á að það fái þar rækilega umfjöllun. Hitt vil ég einnig benda á, að eigi þess að vera nokkur kostur að innleiða kerfið um næstu áramót þarf málið rösklegrar meðferðar í þinginu. Í aths. með frv. er lögð á það áhersla að verulegan tíma þurfi til undirbúnings og er talað um ár frá samþykkt frv. í því sambandi. Ég tel að slíkur undirbúningur ætti að geta tekist á 8—9 mánuðum ef vel er á haldið, en dragist fram á vorið að afgreiða málið er ljóst að ekki getur orðið um að ræða gildistöku frv. fyrr en í ársbyrjun 1986.

Að svo mæltu legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. sagði er þetta umfangsmikið frv. sem þarf mikla umfjöllun í n. og ég ætla ekki að hafa mörg orð um það hér þar sem ég á sæti í þeirri n. sem fær frv. til meðferðar. En mig langar samt hér og nú til að leyfa mér að efast um að eins og nú háttar málum sé rétti tíminn að taka upp það fyrirkomulag á skattheimtu sem hér er lagt til.

Ljóst er að virðisaukaskattur mun hafa áhrif á verðlag í landinu. Að vísu er mjög erfitt að reikna það út og það er e. t. v. eitt af megineinkennum þessa frv. hversu óútreiknanlegt það er. Það er út af fyrir sig spurning hvort það sé verjanlegt að fara fram með jafnstórt mál sem er jafnóljóst og það er á þessari stundu. Það er annað mál. Hins vegar er ljóst, þrátt fyrir þessa erfiðleika í útreikningi, að matvörur koma til með að hækka um 18—19%. Þetta er ákaflega viðkvæmur neysluþáttur og ekki síst í dag ef við tökum mið að þeirri kaupgjaldsþróun sem orðið hefur á undanförnum misserum. Frá mínum bæjardyrum séð er því mjög varhugavert að fara af stað með skattafyrirkomulag sem eykur þyngd þessa þáttar enn.

Hæstv. fjmrh. bað menn að skoða aðrar leiðir til þess að reyna að vega á móti þessu og til þess er ég vitaskuld tilbúin en þá jafnhliða umfjöllun um virðisaukaskatt en ekki eftir að hann hefur verið settur á. Það er margt annað í þessu frv. sem þarf að athuga en ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri við þessa umr.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú flutt langa og ítarlega ræðu um þetta frv. til l. um virðisaukaskatt. Ég hef ekki hugsað mér að fjalla um þetta frv. í löngu máli, síður en svo. Ég vildi segja hér örfá orð.

Það er laukrétt sem fram hefur komið að lengi hefur verið til umr. að breyta því skattkerfi sem hér hefur verið og á því lagastoð að meginhluta frá 1960 enda þótt söluskattur hafi verið innheimtur fyrr. Það er mín skoðun að á undanförnum árum hafi menn jafnvel heykst á því að gera betrumbætur á núverandi söluskattskerfi. E. t. v. á það að hluta til rót að rekja til þess að menn hafa um skeið haft í huga mjög mikla breytingu á innheimtu svipaðs skatts, eins og hér er komið fram, upptöku virðisaukaskatts, sem er náttúrlega ekkert annað en söluskattur með öðru formi.

Ég vil, eins og hv. síðasti ræðumaður, ekki síst vekja athygli á þeim skattbreytingum og nýjum gjaldstofnum sem upptaka virðisaukaskatts hefði í för með sér. Það er nokkuð sterkt kveðið að orði, að mér finnst, í aths. með frv. enda þótt mér finnist að hæstv. ráðh. hafi farið mildilegum orðum um það. Mér finnst vera tekið nokkuð sterkt til orða í aths. með frv. á þá lund að óhjákvæmilegt sé að hafa sama skatthlutfall, einu gildir hvaða starfsemi eigi í hlut. Að vísu er hér getið um undantekningarákvæði en þau eru að mínum dómi alls ekki nógu víðtæk. Ég viðurkenni að undantekningar frá slíkri skattheimtu, eins og raunar hefur sannast með innheimtu söluskattsins, eru erfiðar í framkvæmd og valda því miður ruglingi. Hins vegar er rétt sem komið hefur fram að ef menn ætla að taka upp þennan virðisaukaskatt og hafa sem flesta þætti vöru og þjónustu þar inni í, m. a. matvæli, er augljóst að neysluvöruverð hækkar verulega og allt upp undir 20% á matvöru. Þetta er miklu meiri hækkun en svo að maður sjái fram úr þeim afleiðingum, a. m. k. í augnablikinu, sem það hefði í för með sér.

Ég segi þetta síður en svo vegna þess að ég sé á móti því að athuga og hafa sífellt í athugun okkar skattkerfi. Að mínum dómi er eðlilegt að það breytist með breyttum þjóðfélagsháttum, með breyttum viðskiptaháttum. Ég tek undir það, það er eðlilegt sjónarmið. En hins vegar megum við vara okkur á því að taka þarna of stór stökk í því sambandi að gera ekki greinarmun á hinni ýmsu starfsemi. T. d. varðandi matvöruna vil ég, eins og raunar hefur verið gert, grípa örstutt niður í aths. með frv. en þar stendur:

„Þrátt fyrir að virðisaukaskattur hafi verið innleiddur í flestum löndum Vestur-Evrópu er framkvæmd skattheimtu þó mjög mismunandi. T. d. er skatthlutfallið mjög mismunandi frá einu landi til annars, svo og hvaða starfsemi er skattskyld og hver ekki.

Í mörgum löndum Evrópu eru í gildi fleiri en eitt skatthlutfall eftir því hvaða starfsemi á í hlut og er fjöldi

skatthlutfalla og flokkun einstakra tegunda af vörum og þjónustu á þessi skatthlutföll mjög mismunandi eftir löndum. Þó er lægsta hlutfallið undantekningarlaust á matvöru og öðrum nauðsynjavörum.“ Að vísu mun það vera svipað eða sama í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Þetta leiðir huga okkar að sjálfsögðu að því að þrátt fyrir að þau lönd, sem hér er getið um, hafi búið við þess konar skattheimtu, sem hér er verið að fjalla um, hefur ekki tekist af ýmsum ástæðum að koma á sama skatthlutfalli. Ég hygg að í mörgum tilvikum hafi verið gengið til baka, ef ég má svo að orði komast, þ. e. a. s. skatthlutfall hafi verið lækkað frá því sem upphaflega var framkvæmt við gildistöku virðisaukaskatts í viðkomandi löndum.

Það eru margar fleiri spurningar sem vakna að sjálfsögðu en þessar. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel út af fyrir sig ekki að það þurfi að vera óeðlilegt í öllum tilvikum að neyslu sé með einhverjum hætti stýrt á grundvelli skattlagningar. Ég tel að í sumum tilvikum geti það verið fullkomlega réttlætanlegt. Hitt er það að erfitt er að greina þarna sundur, þ. e. a. s. setja á einn bekk það sem við viljum kalla eðlilega og brýna neyslu, nauðþurftir, og svo á annan bekk eyðsluna. Þarna er erfitt að setja mörk á milli og ekki síst þegar við förum að huga að því hvað byggir upp framtíðarstoðir í okkar efnahagskerfi. Ég skal viðurkenna að það sem okkar efnahagskerfi þyrfti kannske fyrst og fremst á að halda í dag væri að okkur væri lagnara og við gengjum fremur fram í því en hitt að framleiða margt af því lífsgæðaglingri sem við þurfum að eyða dýrmætum gjaldeyri til að kaupa. En ekki meira um það.

Komið hefur fram í máli hæstv. ráðh., sem er jafnframt skýrt í aths. með frv., að upptaka og framkvæmd virðisaukaskatts hefur í för með sér verulega meiri kostnað en innheimta söluskattsins. Að þessu þarf að sjálfsögðu að huga. Sannleikurinn er sá að innheimta söluskattsins hefur kostað sáralítið. Þar hafa að vísu ekki mjög margir komið til miðað við innheimtu eða skil á virðisaukaskatti ef upp yrði tekinn. Það er ekki víst að menn séu tilbúnir til þess að auka á þessu sviði kostnað vegna innheimtu skatts. Það þarf að meta, ekki síst hvort þessi skattur innheimtist betur og eðlilegar, sem ég út af fyrir sig efast ekki um þegar um er að ræða að innheimta skatt á fleiri viðskiptastigum en einvörðungu í hinu síðasta. Ég efast ekki um að skatturinn myndi fremur skila sér þegar um er að ræða lægri fjárhæð hverju sinni sem innheimtur er. Skv. frv. er gert ráð fyrir að virðisaukaskatturinn yrði 21%. Með þeirri prósentu er skilað viðlíka fjárhæð og núverandi söluskattur ásamt söluskattsauka og orkujöfnunargjaldi sem samanlagt gerir 23,5%. Ég geri fremur ráð fyrir að þeir útreikningar sem hér eru séu réttir. Hitt vil ég minna á að ég hef grun um að til grundvallar þeirri tölu liggi það að virðisaukaskattur, ef upp yrði tekinn, leggist á í langtum fleiri tilvikum en samstaða mundi verða um.

Ég lofaði því að tala ekki langt mál um þetta frv. Ég vil að síðustu leggja áherslu á að fjh.- og viðskn. vandi ekki síður til verka um þetta frv. en önnur sem hún fjallar um. Við skulum ekki gera hér breytingar breytinganna vegna, síður en svo. Við þurfum að athuga þetta mjög vel. Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Ég er ekki í mínu máli að mæla gegn því í sjálfu sér að upp verði tekinn einhver slíkur skattur sem þetta frv. felur í sér. Ég vil aðeins leggja áherslu á að menn reyni eftir föngum að gera sér grein fyrir viðverandi efnahagsaðstæðum — og e. t. v. langvarandi, eftir atvikum góðar eða slæmar — og að við reynum að sníða þetta sem best eftir því hagkerfi og þeim aðstæðum sem við búum við hér heima.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég fagna framlagningu þessa frv., frv. til l. um virðisaukaskatt. Skattlagning er oft rædd á Alþingi og oft hefur virðisaukaskattur verið nefndur sem betra kerfi en það kerfi sem við nú notum, en menn hafa ekki treyst sér til að setja neitt á blað í þá veru. Nú hefur fjmrh. gert það og ber það vitni um röskleika hans og dugnað að gera það. Hins vegar tel ég að umfjöllun um þessa skattlagningu þurfi að vera mjög ítarleg. Ég lít svo á að þetta séu fyrst og fremst frumdrög, sem síðan verði skoðuð vandlega í fjh.- og viðskn., og þessu frv. verði breytt á þann hátt sem viðunandi telst. Hafa þarf í huga að hætta er á að þessi skattlagning raski ýmsum hlutum óeðlilega, einkum hvað varðar matvöruna, en ég er viss um að hægt er að finna leið til að komast hjá miklum erfiðleikum í þeim efnum.

Við fyrstu sýn tel ég skattinn áætlaðan of háan, 21%. Þennan skatt á að innheimta af miklu fleiri þáttum en gert er með söluskatt og því tel ég að virðisaukaskattsprósentan gæti verið lægri. En það á eftir að koma í ljós. Öllum er vel kunnugt að söluskattssvik eru veruleg í þjóðfélaginu. Mætti herða þá skattheimtu mjög frá því sem nú er þó að seint verði það gert til fullnustu þannig að allt skili sér. Staðreyndin er sú að söluskatturinn er of hár og það er mikil freisting fyrir þá aðila sem þurfa að innheimta söluskattinn að svíkja hann undan. Því er það gert í stórum mæli. Það er svo með öll skattkerfi að tímans tönn vinnur á þeim og menn læra að spila á skattkerfið. Þess vegna eru uppi umræður um að breyta fyrirkomulagi nú.

Ég tel einnig að samfara því að breyta um kerfi þurfi að huga að því að leggja niður tekjuskattinn sem er einn ranglátasti skattur sem innheimtur er í dag. Það raskar miklu líka, en þar eiga tryggingarnar að koma á móti að mínu mati. Ég leyfi mér að spyrja fjmrh. hvort ekki hafa verið hugað að því að skoða það mál í samhengi við þetta. Ég tel að tekjuskattskerfið hafi verið ágætt á sínum tíma og þjónað sínum tilgangi, en í dag er það úreltur skattur og ranglátur, vegna þess að það eru svo fjölmargir í þjóðfélaginu sem geta í raun ákveðið hversu háan tekjuskatt þeir greiða. Því þarf að breyta líka.

Við umr. í fjh.- og viðskn. verða þessi mál sjálfsagt skoðuð vandlega. Ég treysti því að fundinn verði viðunandi millivegur þar sem menn geta mæst. Og ég endurtek: ég fagna því að nú er í alvöru farið að huga að þessum breytingum sem geta verið til stórra bóta ef vel er að staðið. Jafnframt þarf í leiðinni að fella niður tekjuskattinn. Það þarf að nota það lag sem þessar breytingar hafa í för með sér. Þá er hægt að breyta fleiru til batnaðar, til réttlátara horfs en er í dag. Ég óska eftir að fjmrh. upplýsi okkur um það hvort einhverjar umr. hafi farið fram um þau mál.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Vegna fsp. hv. 6. landsk. þm. til mín um hvort rætt hafi verið um að leggja niður tekjuskatt þegar frv. það til

virðisaukaskatts sem hér liggur fyrir var í smíðum, þá held ég að það hafi ekki verið rætt í þessu samhengi. Hitt er annað mál, að ef fjh.- og viðskn. getur komið með hugmyndir, sem gera okkur sjálfstæðismönnum kleift að standa við kosningaloforð okkar um að leggja niður tekjuskatt sem fyrst, þá fagna ég því. Það er verið að kanna hvaða leiðir við getum farið til þess að leggja niður tekjuskatt í áföngum. Spurningin var um það hvort það hefði verið kannað í þessu samhengi, við samningu þessa virðisaukaskattsfrv. En það var ekki gert svo ég viti til.

Karl Steinar Guðnason: Ég fagna þessu svari hæstv. fjmrh. og bendi jafnframt á, fyrst hann nefndi kosningaloforð, að Alþfl. hefur haft það á stefnuskrá sinni lengi að afnema tekjuskatt. Treysti ég því að við fáum atfylgi sjálfstæðismanna til þess að gera svo. Við erum reiðubúnir til þess og ég tel að það megi ekki bíða lengi að svo verði gert. Ég geri mér grein fyrir að það verður sjálfsagt að gerast í áföngum, en það er mikils virði að stíga fyrstu skrefin og hverfa frá því ófremdarástandi sem er í þessum málum í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 27. febr., að loknum fundi í Sþ.

Jarðhitaréttindi, frv. 127. mál (þskj. 162). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. 176. mál (þskj. 317). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 183. mál (þskj. 327). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Lágmarkslaun, frv. 191. mál (þskj. 342). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. 31. mál (þskj. 31, n. 329). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um það frv. til l. sem hér er á dagskrá, frv. til l. um breytingu á lögum nr. 52 frá 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, sem er staðfesting á brbl. um sama efni. N. mælir með því að frv. verði samþykkt. Fram skal tekið að Pálmi Jónsson og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Kirkjusóknir, frv. 192. mál (þskj. 344). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 344 er frv. til l. um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl. Frv. þetta er upphaflega samið af svokallaðri kirkjulaganefnd er skipuð var til þess að endurskoða kirkjulöggjöfina. Að tilhlutan kirkjuráðs var frv. lagt fyrir kirkjuþing á árinu 1982 er gerði á því smávægilegar breytingar. Á síðasta vetri var frv. lagt fram á Alþingi en fékk ekki umfjöllun. Frv. er nú aftur lagt fram í óbreyttri mynd og mun ég hér drepa á nokkur atriði í frv. og einkum ákvæði er teljast vera nýmæli.

Núgildandi ákvæði um sóknir og sóknarnefndir er fyrst og fremst að finna í lögum nr. 36/1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsfunda. Auk þess er að finna ákvæði um þetta efni í öðrum lögum, einkum lögum nr. 35/1970, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Í I. kafla þessa frv. er vikið að umdæmaskiptingu innan þjóðkirkjunnar. Sóknin er grunneining í þeirri umdæmaskiptingu. Um skiptingu landsins í prófastsdæmi og prestaköll og hvaða sóknir tilheyra hverju prestakalli er ekki fjallað í þessu frv. enda er það gert í lögum nr. 35/1970, um skipan prestakalla, prófastsdæma og um kristnisjóð.

Í II. kafla frv. er fjallað um kirkjusóknir og skipan þeirra, um sóknamörk, skiptingu kirkjusókna, sameiningu þeirra og um það hvenær og hvernig sókn verði lögð niður. Hér er um fyllri ákvæði að ræða en nú eru í gildandi lögum.

Ákvæði í 4.—6. gr. frv. um breytingu á sóknamörkum, niðurlagningu sókna o. fl. er að mestu efnislega samhljóða ákvæðum í 11.—13. gr. laga nr. 35/1970. Þó er rétt að benda á að í gildandi lögum er tilskilið að kirkjumálaráðherra staðfesti breytingar er kunna að vera gerðar á mörkum sókna og sóknarskipun, að undangenginni umfjöllun viðkomandi safnaða og hér-

aðsfunda og að fengnum tillögum biskups. Í frv. er einungis gert ráð fyrir afskiptum ráðh. af slíkum málum ef tillögur ná eigi samþykki viðkomandi safnaða og héraðsfunda. Það kann að orka tvímælis að breyta frá gildandi ákvæðum í þessu efni og er því rétt að nefnd sú er fær málið til umfjöllunar taki þetta til athugunar.

Í 3. gr. er kveðið á um að í kirkjusókn skuli að jafnaði eigi vera fleiri en 4000 sóknarmenn og eigi færri en 100. Hér er fyrst og fremst um viðmiðunarreglu að ræða. Í lögum nr. 35/1970 um skipan prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð eru í gildi þær viðmiðunarreglur að í Reykjavíkurprófastsdæmi skuli jafnan vera svo margir prestar að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali en í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis er miðað við að 4000 manns komi á hvern prest.

Það er nýmæli að tilgreina lágmarksfjölda sóknarmanna. Í nokkrum sóknum eru færri en 100 sóknarmenn. Spyrja má hvort með þessu ákvæði sé verið að þvinga fram fækkun sókna. Svo er raunar ekki. Eins og fyrr greinir er hér um að ræða viðmiðunarreglur. Það er undir vilja sóknarmanna komið hvort þeir kjósa að leggja niður sókn og sameinast annarri og þarf slíka ákvörðun m. a. að leggja fyrir aðalsafnaðarfund. Víða kann að vera heppilegt að sameina tvær eða fleiri sóknir í eina þar sem landfræðilegar og félagslegar ástæður mæla með því. Umrætt ákvæði ætti að ýta undir þessa þróun án þess þó að þvinga hana fram. Þetta atriði verður þó að sjálfsögðu athugað nánar í nefnd.

Í III. kafla er fjallað um sóknarmenn og rétt þeirra til kirkjulegrar þjónustu og að nokkru um stöðu þeirra og réttindi og skyldur innan sóknar og þar af leiðandi innan þjóðkirkjunnar. Hér er gert ráð fyrir að lögfesta þá meginreglu að skírn sé forsenda fyrir því að menn tilheyri þjóðkirkju.

Rétt er að vekja athygli á ákvæðum 9. gr. Þar er tilgreindur réttur sóknarmanna til guðsþjónustu. Í sóknum þar sem sóknarmenn eru 600 hið fæsta skal almenn guðsþjónusta haldin hvern helgan dag. Í sóknum þar sem eru færri sóknarmenn er guðsþjónustan bundin við annan hvern, fjórða hvern eða áttunda hvern helgan dag eftir nánari reglum þar um. Það kann að orka tvímælis hvort rétt sé að binda guðsþjónustuskylduna í lögum með þeim hætti sem hér er gert og rétt er því að mál þetta verði athugað nánar í þeirri n. sem fær málið til umfjöllunar.

IV. kafli frv. fjallar um safnaðarfundi, m. a. verkefni þeirra, starfshætti, fundarboðun, ályktunarfærni o. fl. Ákvæði frv. um þetta efni eru ítarlegri en ákvæði gildandi laga.

Í V. kafla er ákvæði um sóknarnefndir, skipun, störf og starfshætti. Skv. gildandi lögum eru þrír sóknarnefndarmenn þar sem sóknarmenn eru færri en eitt þúsund, en annars fimm. Skv. 14. gr. frv. er gert ráð fyrir að fjölga sóknarnefndarmönnum þannig að þeir verði þrír þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1000 hið fæsta mega sóknarmenn vera 7 og 9 ef sóknarmenn eru fleiri en 4000. Frv. gerir ráð fyrir að kjörtímabil sóknarnefnda verði fjögur ár í stað sex ára skv. gildandi lögum.

Skv. 22. gr. er lagt til að safnaðarfulltrúar verði kosnir af sóknarnefndum í stað þess að þeir eru nú kosnir á safnaðarfundi. Er hér fylgt ályktun kirkjuþings frá 1978 um þetta efni en nauðsynlegt er að safnaðarfulltrúar séu í nánum tengslum við sóknarnefnd á hverjum stað.

Í 24. gr. er það nýmæli að gert er ráð fyrir að biskup geti sett sóknarnefndum erindisbréf.

Í VI. kafla er ákvæði um starfsmenn sókna. Er þar um nokkur nýmæli að ræða sem ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um.

VII. kafli fjallar um héraðsfundi og héraðsnefndir. Í 36. gr. er kveðið á um að í hverju prófastsdæmi skuli starfa þriggja manna héraðsnefnd sem er framkvæmdanefnd héraðsfunda. Ætti þetta að efla kirkjulega starfsemi innan hvers prófastsdæmis og horfa því til bóta.

Ég hef hér rakið helstu atriði frv. þar sem um nýmæli er að ræða og legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 28. febr. 1984.

Ragnhildur Helgadóttir, 10. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég verð á næstunni erlendis í embættiserindum leyfi ég mér að óska þess, að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Guðmundur H. Garðarsson hefur setið áður á þessu þingi og býð ég hann velkominn á ný til starfa.

Sameinað þing, 59. fundur.

Þriðjudaginn 28. febr., að loknum 58. fundi.

Framkvæmd laga um jafnrétti kvenna og karla, beiðni um skýrslu (þskj. 380). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin samþ. með 37 shlj. atkv.

Bygging tónlistarhúss, þáltill. 217. mál (þskj. 385). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Uppbygging Reykholtsstaðar, þáltill. 216. mál (þskj. 386). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Húsnæðismál námsmanna, þáltill. 117. mál (þskj. 144). — Ein umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. á þskj. 144 um húsnæðismál námsmanna. Þar segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna sérstaklega á hvern hátt megi bæta úr þeim mikla húsnæðisvanda sem námsmenn utan Reykjavíkur og nágrennis búa við vegna staðsetningar Háskóla Íslands og flestra sérskóla.

Áhersla skal á það lögð að ljúka þessari könnun svo fljótt sem kostur er."

Í grg. með þáltill. segir m. a.:

Stærstu árgangar Íslandssögunnar eru það æskufólk sem nú er á aldrinum 18—25 ára. Menntun, og þá sérstaklega framhaldsmenntun, er orðin mun algengari en nokkru sinni fyrr. Menntastofnanir framhalds- og sérnáms eru aðallega á Reykjavíkursvæðinu. Námsfólk utan af landsbyggðinni leitar því í miklum mæli til höfuðborgarinnar eftir menntun sinni. Þannig hefur skólakerfið verið byggt upp.

Á undangengnum árum hafa verið settir á stofn fjölbrauta- og menntaskólar víða um landið, auk menntaskólanna sem voru fyrir. Á skólaárinu 1982—1983 voru 5733 nemendur utan Reykjavíkur í þessum skólum, þar með taldar framhaldsdeildir grunnskólanna.

Í grg. eru taldir upp 19 framhaldsskólar, sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu, sem um 1800—2000 landsbyggðarnemendur sækja. Sem dæmi um hlutfall nemenda í þessum skólum má nefna að í einum skóla sem telur um 400 nemendur eru 168 af landsbyggðinni. Í öðrum skóla eru nemendur alls 285, þar af 125 utan höfuðborgarsvæðisins. Einnig þekkjum við hlutfallið 84:50, 44:29, einnig 230:100, svo að aðeins nokkuð sé nefnt, en það segir okkur samt sína sögu.

Í Háskóla Íslands munu skráðir nemendur nú vera um 4013, þar af utan höfuðborgarsvæðisins 923 nemendur. Það er hins vegar alveg ljóst að landsbyggðarnemendur eru í raun miklu fleiri en þessar tölur gefa til kynna þar sem mikill fjöldi þeirra hefur flutt lögheimili sitt til Reykjavíkur meðan á náminu stendur.

Öllum er ljóst að húsnæði er ein af forsendum þess að hægt sé að stunda nám hér í Reykjavík. Álitið er að um 5500—6000 íbúðir séu til leigu í Reykjavík. Ásókn í þær er gífurleg, sbr. umfjöllun Leigjendasamtakanna svo og skýrslu frá árinu 1982 sem Félagsstofnun stúdenta lét gera um húsnæðisaðstöðu háskólastúdenta sem er mjög fróðleg skýrsla. Samkeppni um of fáar íbúðir gerir það að verkum að mikil fyrirframgreiðsla og tiltölulega há húsaleiga eru oft forsenda fyrir því að íbúðir fáist á leigu. Þetta eykur mjög allan tilkostnað landsbyggðarnemenda við öflun menntunar í Reykjavík og mismunar þess vegna fólki vegna búsetu sinnar. Stór hluti þeirra 5733 nemenda, sem nú stunda undirbúningsnám utan höfuðborgarsvæðisins, á eftir að leita á þennan þrönga húsnæðismarkað.

Ég sé ekki ástæðu til að nefna við framsögu málsins hugsanlegar leiðir til úrbóta. Þar koma sjálfsagt nokkrir kostir til greina. Ég veit að skólastjórar viðkomandi skóla hafa velt þessu máli mjög fyrir sér og sumir þeirra hafa nokkuð ákveðnar skoðanir á því.

Með tillöguflutningi þessum, ef samþykkt verður, treysti ég á skilning og velvilja núv. ríkisstj. til að bregða skjótt við og leita sem skynsamlegastra leiða til úrbóta. Það er ástæða að fagna því alveg sérstaklega að í því frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins sem núv. félmrh. hefur lagt fram er farið inn á þá athyglisverðu braut að opna námsmönnum leið inn í húsnæðislánakerfið vegna félagslegra íbúðabygginga.

Eftir að hafa átt viðræður við marga skólamenn og fjölda nemenda, er þessi mál snerta, er mér ljósara en áður hversu brýnt er að hefjast nú handa um úrbætur. Það er sorgleg staðreynd að á hverju ári verður nokkur hópur nemenda að hverfa frá námi vegna þess ástands sem nú er ríkjandi í húsnæðismálum námsmanna. Hér verður að sporna gegn þeirri óheillaþróun. Það eru sjálfsögð mannréttindi að hafa sem jafnasta aðstöðu til mennta og við það verður að sjálfsögðu að standa. Efnahagur nemenda og/eða þeirra er þeim næst standa á ekki að geta skipt sköpum um möguleika viðkomandi nemenda til framhaldsmenntunar.

Ég geri mér ljósa grein fyrir því að margir telja að nú sé ekki efni til mikilla átaka í þessum málum. Minnkandi þjóðartekjur blasa við sem þýðir minni framkvæmdagetu þess opinbera. Breytt stefna efnahagsmála hefur þó þegar skilað jákvæðum árangri. Hefur ástandið í þjóðfélaginu nú um skeið verið á nokkuð annan og betri veg en fyrr. Því tel ég að nú sé lag til að hugsa og kanna á hvern hátt megi hér best að vinna. Með flutningi þessarar till. til þál. er reynt að vekja til umræðu og leita leiða til að bæta úr því slæma ástandi sem nú ríkir og búa betur í haginn.

Herra forseti. Ég vil að loknum þessum hluta umr. leggja til að till. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli, þáltill. 145. mál (þskj. 195). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Mætti ég spyrja, herra forseti, áður en ég hef að mæla fyrir till., hvort hæstv. utanrrh. sé af landi brott eða er hér í salnum einhver sem gegnir þá því virðulega embætti fyrir hans hönd ef svo er. (**Forseti:** Ég veit ekki betur en hæstv. utanrrh. sé í landinu. Það mun verða athugað.)

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem ég flyt ásamt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og Skúla Alexanderssyni og er þetta 145. mál Sþ. Till. er um að hanna minni og hagkvæmari flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli í stað þeirrar sem nú er áformað að reisa. Sjálf tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að í stað þess að halda áfram framkvæmdum við fyrirhugaða flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli verði þegar í stað hafin hönnun

minni og hagkvæmari flugstöðvar sem Íslendingar reisi sjálfir. Skal að því stefnt að fyrsti áfangi slíkrar byggingar komist í notkun fyrr en núgildandi áform ríkisstj. um fyrirhugaða flugstöðvarbyggingu gera ráð fyrir.

Því fé sem skv. fjárlögum er áformað að nota til byggingarframkvæmda á næsta ári verði varið á eftirfarandi hátt:

Til að hanna minni og hagkvæmari byggingu sem hægt er að reisa í áföngum.

Til kaupa á öryggistækjum og búnaði fyrir flugsamgöngur.

Til uppbyggingar flugvalla fyrir innanlandsflug.

Til annarra forgangsverkefna í samgöngu- eða félags- og menningarmálum.

Á fjárlögum þeim sem afgreidd hafa verið fyrir árið 1984 er áformað að verja 88 millj. 770 þús. kr. til áðurnefndrar flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli á þessu ári. Þess má geta til fróðleiks að á sama tíma er allt framkvæmdafé til flugmála innanlands áætlað 51 millj. 300 þús. kr. Nú liggur fyrir að verulegur hluti þess fjármagns rennur til að greiða upp skuldir vegna framkvæmda á fyrri árum. Því verður um næsta lítið framkvæmdafé til flugmála innanlands að ræða á þessu ári.

Nýjustu áform gera ráð fyrir að 616 millj. kr. renni úr íslenska ríkiskassanum á næstu árum til þessarar flugstöðvarbyggingar. Það er skoðun flm. að með því að reisa minni og hagkvæmari byggingu í áföngum megi bæði draga úr þessum kostnaði og dreifa honum yfir lengra tímabil auk þess sem slík bygging yrði hagkvæmari í rekstri. Því gerum við það að till. okkar að þessi áform verði endurskoðuð eins og ég hef hér rakið.

Gagnrýni okkar á þá byggingu og þann framkvæmdamáta, sem hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að fylgja, beinist ekki síst að þeirri tegund flugstöðvarbyggingar sem nú eru áform um að reisa. Eins og menn vita er þar um að ræða mikinn kassa á tveimur hæðum, um 6000 fermetrar hvor, og inni í þeirri byggingu er mikið gróðurhús sem, eins og fram hefur komið nýlega í blöðum, mun vera tvöfalt stærra en stærsta gróðurhús á Íslandi, 38 þús. rúmmetrar að stærð.

Í staðinn fyrir slíka flugstöðvarbyggingu teljum við eðlilegra að taka til fyrirmyndar byggingar eins og reistar hafa verið á undanförnum árum og áratugum í mörgum nágrannalöndum. Má þar nefna flugstöðvarnar í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, Glasgow og Luxemburg. Þær fela í sér möguleika á áfangaskiptingu og hægt er þar að bæta við nýjum álmum eftir þörfum á hverjum tíma. Sú bygging sem nú er gerð tillaga um býður ekki upp á slíka möguleika. Hana verður að reisa alla í einu og gera fokhelda alla í einu án tillits til þess hver þörfin er fyrir bygginguna þegar í upphafi.

Þá má einnig benda á að væri tekinn sá kostur að reisa fyrsta áfanga af öðruvísi hannaðri byggingu væri mjög auðveldlega hægt að koma slíkum áfanga, fyrsta áfanga, í notkun mun fyrr en ætla má að sú bygging sem nú er áformað að reisa, komist til nota. Stefán Benediktsson, hv. þm. Bandalags jafnaðarmanna, hefur gert og látið frá sér fara nokkra athugun á þeirri byggingu sem hér um ræðir. Gerir hann því skóna að þar megi að ósekju spara 300—400 millj. kr. með öðruvísi hönnun.

Í raun og veru sjást engin skynsamleg rök fyrir því að byggja þetta gróðurhús þarna suður á Keflavíkurflugvelli á einhverjum veðrasamasta stað landsins. Því munu óhjákvæmilega fylgja ýmsir tæknilegir erfiðleikar að byggja það gróðurhús, gera það þétt og síðan að reka það. Þeirri starfsemi sem þar á að koma fyrir, sem er loftræsting flugstöðvarinnar fyrst og fremst, má koma fyrir í húsnæði sem er brot af þeirri stærð og haga því þannig að það verði mun ódýrara í rekstri og byggingu. Reyndar vilja menn nú ekki kannast við það hvaða tilgangi þessi glerskáli utan á og inni í byggingunni eigi eiginlega að þjóna. Helst er talað um að þar séu á ferðinni fornir stórveldisdraumar um glæsta framtíð Íslands sem leiðandi afls í millilandaflugi á Norður-Atlantshafi.

Þá komum við að öðrum þætti þessa máls sem eru breyttar forsendur í flugsamgöngum okkar Íslendinga. Eins og allir menn vita hafa þar gengið yfir miklir erfiðleikatímar. Í flugi yfir Norður-Atlantshafið hefur ríkt hörð samkeppni sem hefur komið illa við flugfélög okkar Íslendinga og þar hefur orðið um verulega fækkun farþega að ræða þó nokkuð rofi nú til. En það er fleira sem hefur breytt þessari mynd. Þar koma einnig til ýmsar tæknilegar ástæður, breytingar á flugvélum og breyttar ferðavenjur, vaxandi eldsneytiskostnaður í millilandaflugi sem gerir millilendingar og stuttar dvalir, eins og hér tíðkuðust, mjög óhagkvæmar í raun fyrir flugfélögin. Reiknað er með að 10—15% viðbótarkostnaður bætist við á Norður-Atlantshafsflugleiðinni vegna millilendingar á Íslandi. Langdrægi flugvéla hefur einnig farið vaxandi og breiðþotur nútímans geta flogið 10—11 klukkustundir án lendingar, eða, svo dæmi séu tekin, getur ein og sama breiðþotan flogið frá sunnanverðri vesturströnd Bandaríkjanna, Los Angeles eða San Fransisco norður yfir Norður-Íshafssvæðin og niður yfir Grænland og Ísland og lent í London án þess að taka eldsneyti.

Flugleiðir hafa farið í nokkrum mæli út í það að fljúga yfir Norður-Atlantshafið án millilendingar á Íslandi og það kann að fara svo að þær neyðist til að fara út í að gera það í vaxandi mæli til að halda samkeppnisstöðu sinni á þeirri flugleið.

Það er fleira sem má nefna þó smátt sé sem kann að breyta þeirri mynd sem ríkti þegar sú flugstöð sem nú stendur til að reisa var hönnuð. Á síðasta sumri gerðu Flugleiðir tilraunir með beint millilandaflug til útlanda frá Norðurlandi. Farnar voru nokkrar ferðir milli Akureyrar og Norðurlanda og þó að sú tilraun gæfi ekki jafngóða raun og menn höfðu vænst er nú sagt að mjór sé mikils vísir og aldrei er að vita nema þessi ferðamáti fari vaxandi í framtíðinni. Á það hefur verið bent að staðir á Norður- og Austurlandi, svo sem Egilsstaðir, liggi vel við flugumferð til Evrópu og í framtíðinni kynni það að reynast hagkvæmt að byggja þar upp flugvöll sem að einhverju leyti þjónaði millilandaflugi. Þá má og benda á að framboð á sætum með skipum milli Íslands og nágrannalandanna hefur farið vaxandi og í vaxandi mæli kjósa menn nú þann ferðamáta að ferðast með farþegaskipum og taka jafnvel bifreið sína með. Á þeim vettvangi verða flugsamgöngurnar naumast samkeppnishæfar á næstunni.

Ýmislegt fleira mætti tína til sem gerir það að ég tel aldeilis nauðsynlegt að þau áform sem réðu ákvörðun manna á sínum tíma um þessa flugstöð og hönnun hennar, verði tekin til endurskoðunar. Í raun og veru er þrjóska þeirra aðila, sem ráðið hafa ferðinni í þessu

máli á því að viðurkenna þessar staðreyndir, óskiljanleg.

Við gerum það að tillögu okkar að flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli verði, eins og aðrar framkvæmdir í flugsamgöngum þjóðarinnar, teknar inn til heildarendurskoðunar og felldar inn í þá forgangsröð í flugsamgöngumálum sem eðlileg má teljast. Það hefur oft áður í umr. hér á hv. Alþingi komið fram hversu bágar ástæður eru víða á flugvöllum og flugstöðvum úti á landi og reyndar má nefna Reykjavíkurflugvöll og flugstöðina þar einnig.

Til fróðleiks má geta þess að farþegar í innanlandsflugi á vegum Flugleiða voru á síðasta ári skv. upplýsingum frá blaðafulltrúa félagsins á þriðja hundrað þúsund. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra fer um þá flugstöðvarbyggingu sem nú er notuð á Reykjavíkurflugvelli. En stærð hennar er eins og allir vita einungis brot, eða kannske er rétt að segja brotabrot, af því stórhýsi sem hæstv. ríkisstj. ætlar nú að láta reisa á Keflavíkurflugvelli. Þar er farþegafjöldi þó ekki nema 20—30% meiri en fer um Reykjavíkurflugvöll á ári hverju eða eitthvað á fjórða hundrað þúsund. Þess vegna er í fljótu bragði óskiljanlegt hvers vegna nauðsynlegt er að taka í einu lagi svo stórt stökk upp á við í stækkun húsnæðisins. Auk þess hefur verið á það bent að það húsnæði, sem þar hefur verið hannað, nýtist mjög illa og ekki hefur verið kannað hvort einhverjir möguleikar felast í því að dreifa meira en nú er gert í áætlunum flugfélaganna þannig að húsrýmið nýtist betur af þeim sökum.

Það er nokkuð sérkennilegt til þess að hugsa hversu margar bónfarir oddvitar núverandi stjórnarstefnu hafa lagt á sig til að gráta út fé í þennan minnisvarða sjálfstæðisvitundar forustumanna flokka sinna sem þeir vilja nú reisa á Keflavíkurflugvelli. Það er svo sem skiljanlegt í ljósi þeirra erfiðu fara vestur um haf að þeim gangi erfiðlega að kyngja því að í ofanálag við þá reisn, sem yfir þeim þætti málsins er, bætist nú það að um veruleg axarsköft og afglöp sé að ræða í hönnun þessarar byggingar.

Við Íslendingar höfum gjarnan talið okkur gestrisna þjóð. Við viljum taka vel á móti gestum okkar og ógjarnan láta saka okkur um kotungshátt í samskiptum þjóðanna. Ég veit svo sem ekki hvernig orðið kotungsháttur er skilgreint norður í Fljótum eða inni í Laugarási en ég þekki engan kotungshátt aumlegri en þann að slá um sig og ætla að vera stór í sniðum á kostnað annarra. Ég er hræddur um og það er mín sannfæring — að flugstöð sem byggð verður fyrir þessa tegund fjármagns verði aldrei annað en kofi í augum þeirra manna sem vita hver aðdragandinn að byggingu hennar er. Í slíkum kofum verður aldrei tekið vel á móti gestum. En það mætti gjarnan gera og í mínum hug með fullri reisn í flugskýli eða flugstöð af hóflegri stærð sem við Íslendingar hefðum reist sjálfir, hvort sem það yrði látið standa á Keflavíkurflugvelli eða einhvers staðar annars staðar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfsmannasjóðir, þáltill. 208. mál (þskj. 371). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Takmörkun fiskveiða í skammdeginu, þáltill. 173. mál (þskj. 314). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Við umr. á haustþinginu um takmörkun fiskveiða, sem urðu miklar eins og hv. þm. þekkja, setti ég fram þá hugmynd að reynt yrði að draga sem mest úr fiskveiðum í svartasta skammdeginu, þ. e. frá t. d. miðjum desembermánuði og út janúarmánuð en á þeim tíma eru yfirleitt ekki mikil aflabrögð. Þá er venjulega mikil olíunotkun og oft mikið veiðarfæratjón en þar að auki er þetta hættulegasti tíminn til að stunda sjóinn. Menn voru hér sammála um að einhverjar ráðstafanir yrði að gera til að takmarka fiskveiðar eftir að spár höfðu komið um að stofnarnir væru í hættu og að við yrðum að draga úr veiðum okkar. Niðurstaðan varð sú að menn sameinuðust hér meira og minna og meira og minna nauðugir, hygg ég, um að reyna að koma á einhvers konar kvótakerfi. En sjálfsagt eru allir opnir fyrir því að athuga samhliða aðrar leiðir sem mér virðist vera eðlilegri og þá vonandi þá leið sem ég hér hef vikið að.

Kvótakerfið getur aldrei orðið sanngjarnt. Það er sama af hve mikilli sanngirni reynt yrði að ákveða þessa kvóta, alltaf hlýtur að verða þar misrétti og mikill ágreiningur manna á milli og milli héraða. Það er nú einu sinni svo að þó að í öllum þjóðfélögum, líka lýðræðisþjóðfélögum, þurfi að setja ákveðnar reglur eiga þær helst að vera almennar en ekki geðþóttaráðstafanir stjórnvalda. Ef t. d. yrði ákveðið að banna með öllu eða að mestu leyti fiskveiðar á þeim tíma sem ég nefndi, einn og hálfan mánuð um háveturinn, t. d. í hálfan mánuð um páskana og þá einn mánuð, skulum við segja, að sumri, væri auðvitað búið að koma á mikilli takmörkun veiðanna. Einhver var að stríða mér með því að ég væri að leggja til að stytta árið niður í 9 mánuði í stað 12. Það má kannske segja að sú sé hugsunin, þ. e. að við getum að mestu leyti búið við almennar reglur en ekki sérstaka skömmtunarstjórn.

Ég vil bæta því við að yfir vetrarmánuðina er yfirleitt mjög lítil atvinna, t. d. hjá iðnaðarmönnum og þess vegna mjög hæfilegt að stunda þá viðhaldsstörf, bæði í fiskvinnslustöðvum og á fiskiskipaflotanum og bæta kannske atvinnu nokkuð með því. Að hinu leytinu er vinna líka mjög strjál um hátíðarnar í frystihúsum og frystihúsin yfirleitt rekin með miklu tapi á þeim mánuðum vegna frídaga og hvers konar frátafa. Sama má segja um tímann í kringum páskanna, þá er vinna mjög óhagkvæm og þess vegna væri sjálfsagt að athuga að takmarka fiskveiðar á þeim tíma.

Þá væri ekkert óeðlilegt að t. d. mánaðartíma á sumrin væru fiskveiðar stöðvaðar, kannske ekki sama mánuðinn alls staðar eða á öllum skipum, heldur dreift að einhverju leyti, en þá eru sumarleyfi og kæmi sér

áreiðanlega jafnvel fyrir fólk að vita fyrirfram hvenær vinna yrði engin eða takmörkuð og geta hagað sínum fríum eftir því. Ég hygg líka að æskilegt væri að frí yrðu að einhverju leyti tekin um háveturinn.

Mönnum finnst þetta kannske nokkuð langsótt en við Íslendingar erum ekki alveg ókunnugir svona vinnubrögðum. Mér dettur t. d. í hug Siglufjörður. Á uppgangsárum Siglufjarðar var venjulega gífurlega mikil vinna frá því í apríl, maí og út októbermánuð eða fram í nóvember þegar búið var að útskipa síldinni. Síðan var sáralítil vinna um háveturinn. En ég held að Siglfirðingar hafi ekki búið við neitt lakari kjör fyrir þetta eða notið lífsins neitt síður en hinir sem reyndu að puða árið um kring. Vinnan var gífurleg á meðan hávertíðin stóð en minni þar á milli en kannske hefur útkoman ekkert verið lakari þegar upp var staðið.

Sama hátt þekkjum við frá fyrri tíð þegar vertíðir voru hér stundaðar mest sunnan- og suðvestanlands. Þá var unnið nótt og dag á meðan á hávertíðinni stóð en menn höfðu síðan hvíldartíma þar á eftir.

Ég er ekki að leggja til að hverfa aftur til þeirra hátta enda gætum við það sjálfsagt ekki þó að við vildum því að allar aðstæður hafa breyst. En það má þó hafa hliðsjón af því að þetta var gert og þá í miklu meiri mæli en ég er hér að tala um. Hér yrðu þetta þó ekki nema 2—3 mánuðir þar sem menn mættu fyrirfram ganga út frá því sem vísu að við fiskvinnslu og veiðar hefðu þeir litla eða enga atvinnu og yrðu þess vegna að haga sínum málum þannig að stunda einhver önnur störf og taka sín frí á þessum tíma.

Í okkar löggjöf og varðandi okkar störf er málum þegar þannig fyrir komið að menn fá greidd laun í fríunum, þ. e. orlofskerfið. Það mætti hugsa sér að bæta það að einhverju leyti, að gera það víðtækara, þannig að menn hefðu einhver laun á þessum tíma þegar vinna lægi meira og minna niðri. En ég hygg samt að fólk mundi sjálft haga sínum fjármálum þannig að það gæti séð sér farborða á meðan slík stöðvun væri.

Ég ætlast ekki til þess að menn muni hér og nú ákveða í einstökum atriðum hvernig þessu kynni að verða hagað í framkvæmdinni enda verður málinu vafalaust vísað til n. og þá væntanlega atvmn. sem ég geri tillögu um þegar við ljúkum þessum fyrri hluta umr. Það sem hér er á ferðinni er einungis að vekja á því athygli að til eru fleiri leiðir en kvótakerfi og allsherjarskömmtun. Við þekkjum þetta, lokað er einstökum veiðisvæðum þegar þar er smáfiskur.

Við höfum gengið mjög langt í því að reyna að vernda okkar fiskstofna og teljum það okkar aðalsmerki og þurfum að halda því á lofti bæði innanlands og erlendis að við hyggjumst ekki stunda rányrkju. Kannske ríður aldrei meira á því en einmitt nú að gera öllum lýðum þetta ljóst því að verið er að sækja á nálæg fiskimið okkar eins og við þekkjum úr umr. hér síðustu vikurnar af öflugum flotum Efnahagsbandalagsins og þar með að skerða okkar lífsbjargarmöguleika alveg eins og Grænlendinga. Svo berast af því fréttir nú að Efnahagsbandalagsríkin séu að reyna að nota síðustu mánuðina sem Grænlendingar eru í því bandalagi til að ryðjast líka inn á Jan Mayen miðin og heimta þar veiðiréttindi sem samningur okkar við Norðmenn gerir ekki ráð fyrir. Auðvitað þurfum við að stöðva þá í þeirri ásókn.

Herra forseti. Ég vona að menn taki þessum tillögum með opnum huga og skoði þær. Ég held að þær megi nota a. m. k. samhliða öðrum ráðstöfunum og draga úr þeim ósköpum sem óhjákvæmilega verða samfara framkvæmd kvótakerfisins.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég fagna till. og málflutningi hv. flm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar í sambandi við till. Ég lít svo á að hann hafi verið að lýsa því yfir — og hann sagði það reyndar í ræðustól — að það væri fleiri leiðir hægt að fara til að skipuleggja sjósókn á Íslandsmiðum en þá kvótaleið sem valin var fyrir áramótin og verið er að undirbúa núna. Ég vænti þess að jafnvel fleiri þm. Sjálfstfl. séu stuðningsmenn þess að farin hefði verið önnur leið en sú leið sem valin var, þ. e. sú leið hefði verið farin að takmarka sjósókn í skammdeginu og svo á öðrum ákveðnum tímabilum ársins, eins og hv. flm. lýsti í ræðustól áðan. Með því að slík yfirlýsing er komin fram á hv. Alþingi geri ég jafnvel ráð fyrir að það sé meiri hluti á hv. Alþingi fyrir því að sú leið sem þar er gert ráð fyrir hefði verið farin, en ekki sú leið sem nú á að fara. Það er sem sagt að koma í ljós að sú samþykkt sem gerð var hér fyrir áramótin var af þeim toga að meiri hluta Alþingis var raunverulega þrýst til að samþykkja ákveðið valdaafsal — valdaafsal sem var á þann veg að hv. alþm. höfðu ekki möguleika eða tíma til að skoða hvað raunverulega var að ske með því. Það er að koma í ljós að jafnvel er meiri hluti á hv. Alþingi fyrir að fara aðra leið en nú hefur verið valin. Hér eru fimm flm., en eins og ég sagði áðan geri ég ráð fyrir að það séu fleiri menn úr Sjálfstfl. sem standa að þessari till. en flm. Ég tel fulla ástæðu til að ætla að eins sé ástatt um aðra flokka, að menn séu hlynntir till.

Það verður sjálfsagt ekki snúið til baka með það kvótakerfi sem nú er verið að koma í kring. Flestir álíta að þar hafi verið gerð mistök og við blasa alls konar vandamál vítt um landið. En eðli till. þessarar er þó þannig, að við hljótum að líta fram á við og áætla hvort ekki á einmitt að fara þessa leið þegar takmarka skal sókn í íslenska fiskistofna — og ekki eingöngu við þær aðstæður, heldur einnig fara að þeirri sjálfsögðu kröfu íslenskra sjómannasamtaka á undanförnum árum að um hátíðar verði ekki róið á Íslandi. Víða um land hafa skip ekki verið að veiðum frá því rétt fyrir jól og fram yfir áramót, en aðrar útgerðir hafa talið það æskilegt að sækja sjó á þessum tíma. Í till. kemur fram að eins og við reyndar vitum öll, hv. alþm., er skammdegið bæði hættulegt tímabil og ódrjúgt til veiða. Er því ósköp eðlilegt og sjálfsagt að orðið verði við kröfu sjómannasamtaka um að þá verði skylda að gefa frí.

Ég geri ekki ráð fyrir að í öðrum löndum sé sjór sóttur eins stíft og á Íslandi. Í næstu löndum, t. d. í Noregi og Færeyjum, er sjósókn á allt annan máta en hér. Þar er tekið tillit til helgidaga. Þar er komið inn á laugardögum og verið í höfn yfir helgina. Þetta þekkist ekki á Íslandi. Það er sótt eins stíft og ég nefndi áðan. Raunverulega er bakgrunnur þessarar till. að stór hluti fiskveiðiflotans er að veiðum yfir stærstu hátíðar kristinna manna, þ. e. á jólum, páskum og hvítasunnu. Þetta er talið allt að því sjálfsagt á Íslandi. Ég held að það mundi ekki skekkja þjóðarbúið mikið þó að ákveðið yrði að þessar stórhátíðar yrðu frítími fyrir íslenska sjómenn engu síður en aðrar atvinnustéttir á landinu. Mikilvægast er þó skv. þeirri till. sem hér er flutt, að þess verði leitað og ákveðið verði að á Íslandi

verði ekki sóttur sjór í mesta skammdeginu, þ. e. seinni hluta desember og fram í janúar.

Ég fagna þessari till. og vænti þess að hún fái góða leið í gegnum Alþingi.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Þessi till. til þál. er um stöðvun veiða að mestu leyti frá því um miðjan desember og fram eftir janúarmánuði og er meiningin góð, ef svo má segja. Hins vegar tel ég vera nóg komið af höftum og bönnum á íslenskan sjávarútveg þó ekki sé farið að bæta þessu við. Ég sé ekki annað en þarna sé um viðbót að ræða við það sem þegar liggur fyrir í þessum efnum.

Reynsla undanfarinna ára er sú, að útgerðir og fiskvinnslustöðvar hafa í æ ríkara mæli reynt að haga sínum rekstri þannig að hægt væri að gefa bæði sjómönnum og fiskvinnslufólki sem mest frí í kringum hátíðar, einkum jól og nýár. Hins vegar eru víða uppi vandamál. Við skulum gera okkur ljóst að t. d. fyrir þá sem stunda togaraútgerð, og við getum nefnt bæði stóra og smáa togara, hefur einmitt þessi árstími verið hvað hagkvæmastur til siglinga. Ég held að enginn okkar leggist á móti því að við nýtum ferskfiskmarkaði okkar eins og við getum. Það má öllum vera kunnugt að sölur fyrst eftir áramót eru yfirleitt hæstu ísfisksölur ársins. Þess vegna vil ég ekki leggja höft á þá sem stunda þá starfsemi.

Ég held að það séu í vaxandi mæli eingöngu stærstu skipin sem sjái sér hag í að stunda veiðar í svartasta skammdeginu. Nú þegar höfum við reglur, sem hafa verið í gildi í allmörg ár, um t. d. þorskveiðar. Línubátum sem stunda þær er bönnuð veiði frá 21. des. og fram yfir áramót. Þarna er um að ræða reglugerð og hefur hún verið framkvæmd undanfarin mörg ár.

En það skal tekið fram, og er 1. flm. Eyjólfi Konráð kunnugt um þá afstöðu mína, að ég er ekki á móti því að stuðlað sé að sparnaði í öllum rekstri, síður en svo.

Ég tel óæskilegt að við förum að blanda till. til þál. um minnkandi veiðar á þessum árstíma inn í það fyrirkomulag sem við samþykktum að hafa á veiðum, kvótakerfið, áður en við fórum í jólafríið, eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. áðan. Hann vildi fara að blanda þarna inn í annarri leið en valin var í sambandi við kvótafyrirkomulagið. Það er enginn okkar að lýsa sérstakri blessun yfir því. Hins vegar var málið sent hv. Alþingi til úrlausnar. Við urðum að taka upp stjórn á veiðum. Það má deila um aðferðir og það er margt og mikið fundið að kvótakerfinu, en það á eftir að leiðrétta það og færa til bóta, það er ég viss um. Við skulum ekki hlaupa frá því á fyrstu dögum þings eftir áramót án þess að búið sé að reyna á það eins og gera þarf.

En ég vil aðeins láta það koma fram varðandi þáltill. að ég er stuðningsmaður þess að gefa fiskvinnslustöðvunum og útgerðunum sem frjálsastar hendur um hvernig þau fyrirtæki vilja haga sínum rekstri á þessum árstíma sem öðrum. Ég er mótfallinn frekari höftum en þegar eru á íslenskum sjávarútvegi.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. kom inn á margt af því sem ég vildi sagt hafa hér í sambandi við stjórnun á fiskveiðum. Vandræðin eru auðvitað öll út af því að við höfum ekkert stjórnað undanfarin ár. Þar er bresturinn í þessu öllu saman. Við höfum vaðið í þessa auðlind af þvílíkri blindni að við höfum ekkert út í það hugsað hverjar afleiðingarnar yrðu. Þarna höfum við lamist um og barist hver á sínu sviði.

En það er of seint að rifja þetta allt saman upp án efa. Það er komið sem komið er. Tillögumönnum get ég verið sammála að mestu leyti, að það sé æskilegt að minnka sókn á þessum tímum. En þetta rekur sig á annað sem við þurfum að hafa í huga um leið. Útgerðin er í kaldakoli eins og allir vita. Ég reikna með að alþm. þekki þá sögu alla. Í samningum er bundið að hluta t. d. togara verður að greiða þennan tíma sem skipin liggja eða eiga að liggja eftir þessari till. Og ekki bætir það stöðuna.

Annað kom hv. 3. þm. Vesturl. inn á líka. Það voru siglingarnar á þessum tíma. Þær eru mjög hagkvæmar. Það mundi enn gera stöðu þessara útgerða verri, sem reyna þó að bjarga sér þarna, og ekki er á bætandi. Það eru því margar hliðar á þessu. Sjómenn, og ég tala sennilega fyrir hönd þeirra, verða allir fegnir að fá frí um jólin. Það er ekki nokkur sjómaður sem ég þekki sem hefur ánægju af að rjúka út rétt fyrir jól og vera úti alla jóladagana og yfir áramótin. Það er ekki nokkur ánægja fyrir þá. Það vilja allir vera heima hjá sínum fjölskyldum. En það verður að gera fleira en gott þykir í þessum efnum. Þarna er vissulega ýmislegt að athuga.

Það er líka gaman að geta á sumrin tekið sér sumarfrí eins og aðrir menn og vera ekki bundnir af því að vera úti á sjó hvenær sem útgerðinni þóknast, ef ég má orða það svo. Menn geti fengið sína vissu frídaga, t. d. eins og margir miða nú við í landi, verslunarmannahelgina. Ég er viss um að því yrði vel tekið meðal sjómanna ef þeir fengju frí allir saman um verslunarmannahelgina.

Þar sem minnst hefur verið frekar á stjórnun fiskveiða þá er það mér svolítið viðkvæmt mál þegar verið er að skíta, vil ég segja, fyrirgefið forseti, í þennan aflakvóta. Mér finnst sú gagnrýni vera afar hæpin. Þegar loksins er verið að taka dálítið alvarlega á þessum hlutum og menn horfa til þess sem skeð hefur undanfarin ár, þá er endilega farið að agnúast út í það að loksins er farið að stjórna þessu eða gera tilraun til þess. Og þeir menn sem samþykktu það góðu heilli hér á Alþingi að taka upp stjórn á þessum veiðum, ja, mér sýnist sumir þeirra jafnvel vera að hugsa um að renna frá þessu atkvæði sínu. Ég vona að það komi ekki til.

Hitt er annað mál, að ef það skyldi reynast meiri fiskur í sjó hér við Íslandsstrendur en ég og fleiri telja, þá verður hægur vandinn að breyta þessu á miðju ári. Ef við sjáum að allt er að kafna í fiski, þá er allt í lagi að breyta þessu bara eins og með loðnuna, að auka þann skammt sem hver fær. Gerir nokkuð til þó að því yrði skipt nokkurn veginn jafnt á þær hræður sem enn þá vilja lifa á þessu? Það er enn þá til í landinu fjöldi fólks sem þykist ekki hafa aðra möguleika til að sjá sér farborða en að stunda sjó og sækja sinn hlut í sjó. Það eru ekki allir sem taka þetta í landi, sem betur fer.

Ég get vel skilið viðhorf þeirra manna sem eru á móti öllum þessum boðum og bönnum, sem svo eru kölluð. Mér er ekkert vel við þau heldur. En við neyðumst til að taka upp takmarkanir vegna þess hversu komið er. Það sem réttlætir það er að ég tel að fiskurinn sé nánast á þrotum. Ég held að ég verði að rifja aðeins upp hvernig það hefur gengið til um nokkra fiskistofna okkar undanfarin ár. Ég skal gera það í örstuttu máli.

Við veiddum þorsk við Vestur-Grænland. Það var

sagt að ekki væri hægt að fiska þar upp, það væru skaflar af fiski þarna, það væri ekki hægt að fiska hann upp. Þessi uppgrip voru þó uppurin á örskömmum tíma og þar var ekki fisk að fá í lengri tíma. Nú er hann loksins eitthvað að glæðast, þó ekki þannig að það sé hrópandi húrra fyrir því. Austur-Grænlandsveiðin fór sömu leiðina, bæði karfi og þorskur, sömuleiðis miðin í Hvítahafi og við Bjarnarey. Þetta er saga sem ég þekki og ég veit að þið þekkið, a. m. k. flest ykkar. Þetta hefur allt saman verið klárað upp. Og ef við förum í Norðursjóinn fæst ekki nema fisktittir þar nú orðið. Þar er eintómur smáfiskur. Það er búið að fiska alla stærri fiska upp. Síldin var kláruð þar. Við tókum allir þátt í því, Íslendingar að þurrka það upp. Það átti auðvitað að vera svo mikil síld þar að það væri ekki hægt að veiða hana upp. Þó tókst að gera það um skeið. Hún var friðuð í fjölda ára. Ef við tökum Suðurlandssíldina þá fór alveg eins þar. Hún var friðuð í mörg ár til þess að ná henni upp. Nú er hún loksins að hjarna eitthvað við. Og þó göngum við ekki nógu vel um þann stofn, því að þar fer margt forgörðum því miður. En það er þó sýnd viðleitni til að reyna að ráða bót þar á.

Þá má nefna norsk-íslenska síldarstofninn. Þið vitið hvernig fór fyrir honum. Hann er e. t. v. núna fyrst eftir fjölda ára að ná sér eitthvað. Mig minnir að það séu 16 ár síðan hann hætti að veiðast í nokkrum mæli. Nú er kannske einhver von um að þar sé eitthvað að rætast þar úr. Ég gæti haldið áfram miklu lengur. Og þetta er ekkert einsdæmi hvað fisk varðar, þetta á við um allar tegundir sem mannskepnan umgengst. Hún fer svona með þær, það er ekkert nýtt.

Og aðeins í enda ræðu minnar, herra forseti, vil ég minna þingheim á að árið 1844 reru nokkrir menn úr Höfnum suður út að Fuglaskerjum og sóttu þangað tvo fugla.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það var ánægjulegt að heyra skynsamlegar raddir í þessum málum, og ég vona að þó að menn hafi ekki viljað trúa mér þegar ég hef verið að tala í þessum efnum taki þeir ofurlítið mark á þaulreyndum togaraskipstjóra eins og hv. þm. Tryggva Gunnarssyni.

Það hefur verið drepið á margt í þessari stuttu umr. þó að verið sé að fjalla um tiltölulega afmarkað mál sem ekkert kemur kvótamálinu við eða stjórnun fiskveiða. Hv. flm. með hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson í broddi fylkingar eru hér að leggja til að dregið verði úr veiðum í svartasta skammdeginu. Og það sér hver maður hver hefur átt hugmyndina að því. Bak við þessa till. er skynsamleg hugsun, eins og jafnan þegar sá hv. þm. fjallar um mál af þessu tagi.

Það er galli við till. að hún er nokkuð óljós. Það er ekki sagt nákvæmlega um hversu lengi eigi að stöðva veiðar og hverja eigi að stöðva. Sannleikurinn er sá, að sjósókn er aldrei eins takmörkuð og í skammdeginu. Það eru náttúrlegar ástæður sem valda því. Það eru hin miklu veður síðast í nóvember og einnig hluta af desember og janúar sem takmarka mjög sókn í fisk.

Ég verð að segja að ef menn ætla sér að stjórna fiskveiðum með því að stöðva sóknina í kannske einn mánuð eða einn og hálfan mánuð á þessu tímabili, þá er lítið dregið úr veiðum með þeirri aðferð. Það er rétt að auðvitað er dýrara að stunda sjó í mikilli ótíð og af því leiðir náttúrlega að minna er að hafa, mikið reynt á menn, skip og veiðarfæri.

Margir hafa verið að segja það í þjóðfélaginu á undanförnum árum að fiskveiðar og fiskvinnsla séu okkar stóriðja. Tilkoma togaranna eftir 1970 gjörbreytti þessum atvinnuvegi landsins. Í staðinn fyrir að menn gátu aðeins verkað fisk í takmarkaðan tíma með tímabundnu atvinnuleysi víða um landið var togurum dreift út um allt land og fólk hafði jafna og stöðuga vinnu árið um kring. Með bættum tækjakosti og betri meðferð á fiski hefur þetta reynst okkar stóriðja.

Það er svo með stóriðju, eins og annan iðnað sem er stundaður af svo mörgu fólki og er svo mikils verður, að ekki er praktískt að tala um að stöðva hana í einn eða tvo eða þrjá mánuði á árinu. Það er enginn vafi á að togararnir okkar, a. m. k. talsverður hluti togaraflotans, verða að stunda sjó þessa vetrarmánuði þó að frátafir verði að sjálfsögðu af náttúrlegum ástæðum. Hitt er svo annað mál og snertir kannske ekki beint þessa till., að það hlýtur að vera hægt að stöðva togaraflotann yfir jólahátíðina, nokkra daga. Það þarf ekki að rugla dæminu mjög mikið. Það er vel hugsanlegt. Ég man þá tíð þegar ég var á togurum í gamla daga og þótti nú heldur súrt í broti að vera einhvers staðar úti í Ballarhafi á meðan fjölskyldan sat í kringum jólatréð. Þetta hafa menn þurft að láta sig hafa og menn lifa það svo sem af. Sannleikurinn er sá að oftast eru jól þegar sjómennirnir koma heim eftir langa útivist, hver svo sem mánuðurinn er.

Herra forseti. Inn í þessa umr. hefur blandast ákaflega einkennilegt tal, m. a. það að háttv. þingheimur hafi verið þvingaður til að koma ákveðnu lagafrv. í gegnum hið háa Alþingi. Þetta eru nokkuð stór orð. Við þessi orð er að sjálfsögðu ekki hægt að standa og þeim mun meiri óþarfi er að vera að hafa þau yfir. Það verður enginn þvingaður til neins.

Hitt er svo annað mál, að ef menn skoða þau lög sem sett voru hér í maí 1976 og afgreidd voru úr Ed. síðari hluta maímánaðar, síðasta mál þingsins, ef menn nenna bara að lesa það, þá eru í þeim lögum heimildir til að gera þetta allt saman. Það hefur verið settur kvóti á alls kyns veiðar nú til langs tíma. Allir þekkja rækjukvóta, humarkvóta, síldarkvóta, loðnukvóta o. s. frv., heildarkvóta og kvóta á skip. Það hefur verið kvóti á skip á síldveiðum með nót, kvóti á skip á loðnu og kvóti á skip á þorski. Ég nenni satt að segja ekki að hafa þetta yfir einu sinni enn. Menn vilja bara ekki vita þetta. Hafi verið heimilt samkvæmt þeim lagaramma sem teiknaður var, ég þori nú varla að nefna orðið rammi hér, að skammta t. d. loðnuskipunum 800 tonna þorskkvóta á vertíðinni, þá hlýtur það að hafa verið gert samkvæmt lögum. Sú lagabreyting sem varð í desember s. l. var ósköp einfaldlega samþykkt til að taka af öll tvímæli um að þetta væri hægt. Það þurfti ekki lagabreytingar til að binda togveiðar leyfum. Það var heimilað í síðustu málsgr. 14. gr. laganna frá 1976. Sú heimild var fyrir, enda brúkuð margsinnis. Lagabreytingin litla, kannske óþörf, er fór í gegnum þingið í desember, var einungis til þess að menn gætu ekki farið í mál ef kvóti var settur á þannig að þetta yrði lögfræðilega klárt. Því hafði verið beitt til langs tíma að binda togveiðar leyfum. Hafi menn ekki vitað það, þá hefðu þeir þurft að kynna sér það.

Það er ákaflega leitt þegar menn brúka stór orð. Hvað þýðir orðið „valdaafsal“? Hvað skyldi „valda-

afsal" þýða? Hver afsalaði sér hverjum völdum með samþykkt frv.? Hver var það, frá hverjum og til hvers? Einhver sem talaði hér og skrækti út úr sér mörgum ræðum við hverja einustu umr. í vetur var að tala um að Alþingi væri að afsala sér völdum. Hvaða völd hafði Alþingi í þessum efnum? Hafi verið fært vald frá einum aðila til annars, þá var það frá togaraskipstjórum sem veiddu þorskinn, til sjútvrn. Alþingi hefur aldrei nokkurn tíma mótað fiskveiðistefnu á Íslandi. Menn geta samt tuggið vitleysuna svo oft í sjálfs síns eyru að þeir eru farnir að trúa henni.

Það er nokkuð mikið sagt þegar þm. standa hérna upp og segja að flestir álíti kvótaskiptinguna mistök. Það eru ákaflega skiptar skoðanir í þessum efnum. Það eru auðvitað margir sáróánægðir með sinn hlut. Hver verður ekki óánægður yfir því að mega aðeins veiða 40 fiska á þessu ári miðað við 100 árið 1981? Skiptingin kemur að vísu öðruvísi niður. Það er reiknað með meðaltali þriggja ára og ákveðið hlutfall af því sem hver má fiska. Ég hef ekki heyrt að menn séu í alvöru á móti því að jafna þessum byrðum, að menn fái þá í hlutfalli við það sem þeir hafa til unnið. Eiga aflamennirnir og hinar duglegu skipshafnir þeirra ekki að fá að njóta einhvers þess sem þeir hafa gert vel á undanförnum árum? Ég held að flestir séu sammála um það.

Hitt er annað mál að í sambandi við þessa leið eru mjög mörg og erfið vandasöm úrlausnarefni. Það er eins og þegar verið er að selja skip á milli landshluta. Menn þekkja dæmi um að rækjubátur er seldur að vestan og suður með sjó. Hvað á hann að gera við rækjukvóta, bátur úr Hornafirði eða Vestmannaeyjum? Það er skipt um skipstjóra, sem fiskar meira á öðru skipi, en hefur ekki eins mikla möguleika á nýja skipinu á að fá nægilegan aflakvóta o. s. frv. En höfuðóánægjan held ég að sé hjá þeim sem fá enn skertan þorskveiðikvóta vegna sérveiðileyfa sem þeir hafa brúkað á undanförnum árum. Þeir sem hafa mokað upp skel í Breiðafirði fá frádrátt á sinn þorskkvóta og skapar það mikil vandkvæði þar, ekki skal ég draga neitt úr því. Sama er að segja um síldveiðar. Þeir sem hafa fengið síldveiðileyfi fá skerðingu á sínum þorskkvóta — að vísu mjög litla, munar næstum engu á þeim. En þeir sem hafa verið á humarveiðum fá líka talsvert mikla skerðingu á þorskafla. Annar bolfiskafli skerðist ekki umtalsvert sem kunnugt er.

Fyrir nokkrum árum var mikið fundið að því að loðnuskip ættu tækifæri á að ná sér í þorsk og annan bolfisk, og það var sagt: Þeir hafa nóg af loðnunni og þess vegna skulu þessir menn ekki taka þorskinn frá togurunum og bátunum.— Mikill hluti loðnuflotans var smíðaður í þeim tilgangi að veiða bolfisk ekki síður en síld og loðnu og hafði gert það til margra ára. Mér fannst alltaf mjög ósanngjarnt að taka þennan afla af loðnuskipunum vegna þess að þeir höfðu sótt í þessa fiskistofna til margra ára. Hvað er verið að gera núna þegar þrengir að? Þá líta menn svo á að allar veiðar hljóti að takmarkast vegna þess að ekki er hægt að vísa í neinn stofn sem ekki er fullnýttur a. m. k., og sumir stofnar sem hafa verið skrapveiddir á undanförnum árum eru því miður greinilega ofveiddir.

Menn líta á heildaraflasummuna í landinu sem einn pakka sem beri að skipta á milli þeirra sem sækja sjó á Íslandi. Sumir hafa tækifæri til að ná með tiltölulega einföldum og oft ódýrum hætti í annan afla. Er þá ekki sanngjarnt að þeir láti eitthvað af sínum bolfiskafla í staðinn? Kannske eru menn ekki sammála um það, en þetta er kjarni málsins.

Það er enginn vandi að leysa þessi mál og gera alla ánægða. Þeir sem eru að velta sér núna upp úr óánægjunni í landinu fá þakkir fyrir. Auðvitað er ákaflega óvinsælt að láta taka af sér aflamöguleika. Í þessum efnum voru ýmsar leiðir mögulegar, en að mínum dómi er þetta eina leiðin þó slæm sé og mjög erfið í framkvæmd. Hún ber í sér vott af sanngirni, jafnræði og jafnrétti. Hinar leiðirnar voru bara slagur, eins og fyrri daginn, um kökuna, miskunnarlaus bardagi sem þýddi að sumir hefðu fengið talsvert miklu meira en í kvótanum, en aðrir að sama skapi minna. Eigum við að berjast fyrir frumskógalögmálinu í þessum efnum?

Herra forseti. Nú er ég einnig aðeins kominn út fyrir pistil dagsins, en það var gefið tilefni til. Ég hef gaman af að tala um þetta. Það er allt í lagi. Það gerir svo sem ekkert til þó að við ræðum hér einhver mál af viti á meðan menn eru að stjórna Norðurlöndunum í Stokkhólmi, sem auðvitað hefur aldrei tekist.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Tryggva Gunnarssyni að við tókum alls ekki nógu fljótt á þessu. Sannleikurinn er sá, að það er auðveldast að byrja á slíkri skipulagningu þegar mikill fiskur er til.Það var kjörið tækifæri 1981. Við hefðum ekki einu sinni þurft að drepa öll þessi kvikindi. Við hefðum getað átt bærilega innstæðu. Við hefðum kannske ekki farið eins illa með fiskinn. Við hefðum getað nýtt hann betur.

En það er eins og hv. þm. sagði: Þessum málum hefur ekki verið stjórnað fyrr en í óefni er komið. Hver treystir sér til þess að mæla með því að sleppa öllum lausum í þetta? Hver treystir sér til þess? Vonandi er miklu meiri þorskur til en spáð er, eins og er með loðnuna. Enginn fiskifræðingur sá nema tvær loðnur á rúmmetra í sjó. En þetta var ekki svona. Allt í einu gaus upp loðna, milljón tonn á þröngu svæði. Ég ætla að vona að það sama verði upp á teningnum í þorskveiðinni. Þá skulum við, hv. þm. Tryggvi Gunnarsson og ég (**Gripið fram í:** Fagna báðir.) — fagna báðir með viðeigandi hætti.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það er sorglegt hve hv. 4. þm. Suðurl. er með kvótann á heilanum sem allsherjarlausn. Það má ekki minnast svo á fiskveiðar eða kvótafyrirkomulag að kvóti eigi ekki að ríkja um aldur og ævi í fiskveiðimálum hjá hv. þm. Þetta eru hans ær og kýr. Ég vil vara við þessu sjónarmiði sem er í fyllsta máta hættulegt og á að berjast gegn því af alefli að kvótakerfi ríki fremur en neyðin býður. Slík miðstýring sem hv. þm. Garðar Sigurðsson mælir sífellt fyrir er ekki í þágu okkar þjóðar né okkar sjómanna og útvegsmanna. Kvóti sá er um ræðir kemur til af illri nauðsyn og við skulum vona að það fyrirkomulag vari sem styst og að úr rætist fremur en menn hafa þorað að vona.

Það skýtur einnig skökku við þegar hv. 4. þm. Suðurl. lýsir því yfir að menn séu ekki neyddir til neins. Ég minnist þess að þegar greidd voru atkvæði um það hvort leyfa ætti hvalveiðar eða ekki stóð hv. þm. hér í pontu og hrópaði upp að hann væri með hvalveiðum en neyddist til að greiða atkvæði á móti þeim. Þetta er ekki í samræmi við það sem hv. þm. sagði hér áðan um

kvótafyrirkomulagið fyrir íslenska sjómenn á veiðunum í kringum landið.

Allt sem dregur úr sókn á sjó hlýtur að draga úr afla. Það er einn sá liður sem allt byggist á í þeirri stöðu sem íslenskur sjávarútvegur býr nú við. Þess vegna hlyti niðurfelling á veiðum í einn mánuð eða sex vikur, hvað sem er, að draga úr afla. Þess vegna er sá þáttur tekinn inn í þá till. sem hér um ræðir að ef þarf að koma til stýring á þessum veiðum án þess að beinlínis sé um kvóta að ræða hlýtur að vera skynsamlegt að miða við ákveðinn tíma ársins, þann tíma sem erfiðast er að sækja og þann tíma sem skilar í heildina hvað minnstum afla. Þarna rekast þó auðvitað á launamál, bæði sjómanna og landverkafólks, og það er ekkert sjálfgefið að unnt sé að framkvæma þetta á þennan hátt nema með margháttuðum breytingum tengdum launagreiðslum og slíku. En þetta er þó þess virði að það sé skoðað og kannað ofan í kjölinn.

Ég vil undirstrika að kvótafyrirkomulag sem um ræðir nú er neyðarbrauð í þeirri stöðu sem menn telja að sé skynsamlegast að miða við. En það á auðvitað að vera eðlilegast að sjómenn, útvegsmenn og þeir sem sinna daglegum störfum í sjávarútvegi geti metið það sjálfir hvar sem er og hvenær sem er hvernig þeir vilji haga sinni vinnu. Það undirstrikar einnig það miðstýringarvald, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Suðurl. og ég vil mótmæla, að hann sagði áðan að það hefði átt að byrja á kvótafyrirkomulaginu þegar aflinn var mikill. Þá á hreinlega ekkert að vera að tala um kvóta. Þá eiga menn að vera frjálsir að því að vinna eins og þeim sýnist. Það er furðulegt að maður sem hefur gripið í sjómennsku af og til skuli láta slíkt og því líkt út úr sér.

Allt var skynsamlegt sem hv. þm. Tryggvi Gunnarsson lét hér frá sér fara en ég er sannfærður um að hann er í sjálfu sér algjörlega á móti kvótafyrirkomulagi og mælir því ekki bót nema á meðan neyðarbrauð er, þótt hv. þm. Garðar Sigurðsson hafi viljað gera hans orð að sínum.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég ætla að halda mig við þá till. sem hér er flutt en hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því að fiskveiðar verði mjög takmarkaðar í svartasta skammdeginu."

Ég vil leyfa mér að halda því fram að það hafi verið stefna á undangengnum árum að takmarka fiskveiðar eftir því sem talið er skynsamlegt eins og verða má í svartasta skammdeginu. Þannig voru loðnuveiðar stöðvaðar í des., þorskveiðibann tók gildi í des. Hitt er svo annað mál að ekki er hægt að banna mönnum að gera alla hluti í svartasta skammdeginu. Það bannar enginn manni að bjarga húsinu sínum frá skemmdum jafnvel í svartasta skammdeginu og jafnvel þótt menn þurfi að fara út að nóttu til. Á vissum tímum er ekki hægt að banna mönnum að sækja í ákveðna fiskstofna. T. d. er ufsinn verðmætastur í svartasta skammdeginu. Það er, eins og hér hefur komið fram, fiskur sem er mjög verðmætur á erlendum mörkuðum um áramót. Rækjuveiði innfjarða er talið heppilegt að stunda í svartasta skammdeginu. Skelveiðar á Breiðafirði, skelin er tiltölulega hagstæð einmitt á þessu tímabili en fer síðan rýrnandi þegar komið er fram á þennan tíma nú, þannig að þessi mál eru með margvíslegum hætti.

Ég er þeirrar skoðunar að mjög erfitt sé að draga ákveðna línu í þessum efnum. Hér verði að reyna að stjórna og koma á reglum í fullu samráði við hagsmunaaðila og ég tel að það hafi verið gert á undanförnum árum. Að vísu hafa verið ágreiningsmál uppi milli sjómanna og útvegsmanna um hvort ekki væri rétt að stöðva allan flotann t. d. um áramót. Það hefur sérstaklega verið áhugamál sjómanna að gera það og það hefur verið gert að langmestu leyti. En eftir hafa staðið ákveðin skip sem stundað hafa siglingar árum saman og sinnt ákveðnum mörkuðum sem eru okkur Íslendingum verðmætir.

Einnig þarf að hyggja að því í þessu sambandi hvenær við gerum mest verðmæti úr okkar auðlindum. Ég hef enga trú á því að sjómennska verði almennt stunduð í tímavinnu og skv. almanaki. Þar verða menn að reyna að vega og meta eftir því sem menn best þekkja til í viðkomandi verstöðvum og eftir þeirri þekkingu sem þeir hafa á viðkomandi fiskistofnum og þar er erfitt að setja um ákveðnar reglur. Hitt er svo annað mál að það er mjög eðlilegt að menn reyni að komast hjá því, og ég skil þessa till. þannig, að sækja sjó þegar verst er tíðarfarið og ég held að íslensk sjómannastétt hafi gert það og það leiki sér enginn að því að fara út í slíka hluti. Hins vegar liggur alveg fyrir að það var slík tilhneiging m. a. í loðnuveiðinni á sínum tíma. Menn sóttu mjög fast í mjög vondu veðri og það lá við slysum. En það var áður en kvótafyrirkomulag var tekið upp í loðnuveiðinni.

Ég ætla ekki að fara að blanda þessari till. saman við almenna stjórnun fiskveiða enda mun aldrei verða hægt að flokka takmörkun á fiskveiðum í svartasta skammdeginu undir beina stjórnun fiskveiða. Þar eru önnur sjónarmið sem koma fram og slík takmörkun getur aldrei komið í staðinn fyrir stjórnun fiskveiða. En ég vildi aðeins benda á að ég tel að menn hafi leitast við á undanförnum árum að takmarka fiskveiðar í svartasta skammdeginu án þess að það kæmi um of við þá verðmætasköpun sem verður að eiga sér stað í landinu og veitir ekki af um þessar mundir.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mig langar aðeins til að þakka ræðumönnum öllum fyrir þessar umr. og fyrir það sem þeir hafa sagt. Við höfum kannske ekki verið alveg sammála um alla hluti, en ég held þó að málin hafi skýrst og þessi tími því ekki illa notaður.

Ég vil aðeins víkja að örfáum atriðum, sem gætu valdið misskilningi, í ummælum manna hér. Með leyfi forseta les ég upphaf grg. till., sem við hér ræðum, en það er svona:

„Þegar menn nú telja sig tilneydda að setja reglur um meiri eða minni takmörkun fiskveiða virðist liggja beint við að draga mjög úr veiðum á þeim árstíma þegar þær eru í senn óhagstæðastar og hættulegastar. Fiskvinnsla er einnig óarðbær á þessum árstíma og atvinna slitrótt hjá landverkafólki."

Að þessu vék ég í framsöguræðunni, þó kannske ekki nægilega skýrt. Ég býst ekki við að mér hefði dottið í hug að flytja þessa till. ef ekki háttaði þannig til, að það þarf að stöðva flotann meira og minna á hverju ári ef fiskigengd verður ekki meiri en spáð er. Og þá er það auðvitað augljóst mál að það ber að gera þegar veiðarnar eru allt í senn: hættulegastar, dýrastar og

veiðarfæratjónið mest og olíunotkun mest og aflinn nýtist hvað verst í landi og vinnuaflið, á hátíðisdögum og í erfiðleikum skammdegisins. Um þetta held ég nú að menn þurfi ekkert að deila. Auðvitað er þetta takmörkun veiða en það er heldur ekki orðað sterkara en takmörkun veiða. Hér kom fram að siglingar gætu verið hagstæðastar á stærstu og öflugustu togurunum um áramótin. Ég skal ekkert neita því að það gæti verið ástæða til að það væri heimilað þó að þessi till. yrði samþykkt. Hún er ekki afdráttarlaus um að það eigi að stöðva allar veiðar. Eins má kannske segja um innfjarðarveiðar á skelfiski að það gæti vel verið hægt að stunda þær að einhverju leyti.

Till. er auðvitað flutt fyrst og fremst til þess að fá umr. á dálítið annað stig og kannske á nokkuð annan veg en hún var hér fyrir áramótin þegar menn sáu ekki annað en kvóta. Við vitum að það eru kvótar hér á mörgum veiðum, og ég er sérstaklega þakklátur hæstv. sjútvrh. fyrir að rekja það hér að við verðum sjálfsagt að notast við hann að einhverju leyti í sumum veiðum, en við getum áreiðanlega mildað hann með þessum hætti. Nú kann svo að fara, og vonandi fer svo, að þorskveiðar verði mun meiri en fiskifræðingar hafa spáð. Það kann jafnvel svo að fara að það verði eins með þorskinn og loðnuna að það verði hægt að afnema kvótann. Kvótinn í loðnuveiðum núna er búinn, það tekst ekki einu sinni að veiða þá loðnu sem fiskifræðingar telja nú eðlilegt að veiða. Ég segi: við getum öll fagnað yfir því að þessi hluti kvótans er þegar hruninn vegna þess að loðnan varð meiri. Sérstaklega óska ég auðvitað hæstv. sjútvrh. til hamingju með að þurfa þó ekki að kljást við þetta.

Það getur verið að þegar komið er fram yfir mitt ár séu svo og svo mörg skip búin með sinn kvóta og verði þess vegna kannske bundin í lengri tíma. En ég er að leggja til hér að hafður verði sem einhvers konar viðmiðunartími einn og hálfur mánuður í svartasta skammdeginu, síðan um páska, þegar vinnuafl nýtist illa og miklir frídagar eru, og jafnvel hvítasunnuhelgi líka eins og hér var stungið upp á og síðan í sumarfríatímanum. Það er alveg rétt að nægilega mörg höft eru fyrir í sjávarútvegi, en það er náttúrlega verið að setja á núna mestu höftin sem um getur. Kvóta á öll skip sem takmarkar veiðitímann og auðvitað aflamagnið. Það má kannske segja að það mundi lítið draga úr veiðum að stöðva flotann eitthvað lengur en gert er. Það er alveg rétt að megnið af flotanum er stöðvað um sjálfa hátíðisdagana. Ég er að leggja til að það verði gert lengur. Það dregur kannske ekki nein ósköp úr veiðum, en það sparar a. m. k. það fé sem fer í að reyna að afla þessara fáu titta sem þá fást með langdýrustu veiðum sem stundaðar eru á landinu, og maður er þá ekki að hætta mannslífum á sama tíma eða vera með smáfleytur á sjó.

Mér finnst þetta vera svo augljóst mál að að þessu beri að hyggja og ég efast ekkert um að hæstv. sjútvrh. og hverjir þeir sem með stjórn þessara mála fara í framtíðinni muni gera það. En aðalatriðið er að hafa manndóm í sér, eins og hér hefur gerst í þessum umr., til að skoða allar leiðir, einn og allir sem til máls hafa tekið, til þess að ræða málin öfga- og hleypidómalaust og reyna að skýra þau frá öllum sjónarmiðum. Svo kann að fara, og vonandi fer svo, að þessi kvóti verði ekki eins bölvaður og ég hef haldið. Hann er búinn í loðnuveiðunum og vonandi verður fiskigengd það mikil að hann verði ekki jafnerfiður í framkvæmd eins og á horfist nú. Þess vegna skulum við bara bíða og sjá.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta það að kvótafyrirkomulag loðnuveiðanna hefur alls ekki verið afnumið. Það hafa verið gefnir út nýir kvótar til skipanna nú. (Gripið fram í.) Það hafa verið gefnir út nýir kvótar til skipanna. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ákveðið magn, 60 þús. tonn, verði skilið eftir og þau skip sem hafa lokið við sína kvóta geti veitt úr því, en það er jafnframt bundið því skilyrði að siglt sé með það magn til fjarlægustu staðanna. Það sem skiptir máli nú varðandi loðnuna er að við náum sem mestu af henni og það verður að tryggja að afköst verksmiðjanna í landinu öllu séu notuð.

Það er rétt að fram komi að sum skipanna eru u. þ. b. að ljúka við sinn kvóta. Ef algert frjálsræði ríkti áfram í þessu efni mundu takmarkast möguleikar þeirra skipa sem eiga hvað mest eftir. Ég vildi því aðeins leiðrétta það að það hefur ekki verið afnumið kvótakerfið í loðnuveiðunum. Það er hins vegar alveg rétt að vafasamt er að við náum þessu magni. Loðnan er komin að hrygningu og kannske er ekki eftir nema vika, í mesta lagi 10 dagar að því er þá göngu varðar sem er komin hér inn á Faxaflóa. Hins vegar er nokkurt loðnumagn sunnan við Reykjanes. En ef ein ganga kemur í viðbót, það gæti gerst, við vitum það ekki, þá gæti það breytt stöðunni þannig að þetta magn gæti náðst. Það er ekki rétt að fullyrða neitt um það enn þá að útilokað sé að ná þessu magni, þótt ég taki undir það að það er á engan hátt öruggt að svo muni gerast, því miður.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Mín tilfinning er sú að ráðh. hafi komið hér upp í ræðustól fyrst og fremst til að staðfesta það að loðnukvótinn sé að vissu leyti hruninn og varla sé hægt að tala um að lengur sé kvóti í sambandi við loðnuna. Ráðh. sagði að allar líkur bentu til að ekki næðist að fiska það magn af loðnu sem talið væri í lagi með og að heimilað hefði verið og jafnframt að einhver hluti loðnuskipaflotans væri þegar að verða búinn með sinn kvóta. Ef forsendur kvótans eru ekki brostnar við þær aðstæður að ákveðinn hluti loðnuskipaflotans verður að hætta veiðum þrátt fyrir að ekki sé búið að veiða það magn sem gefið er út að leyfilegt sé þá veit ég ekki hvað það er, ef sá kvóti er ekki hruninn og forsendan fyrir því að það sé kvóti og skiptiregla í gangi, ef skipum er bannað að veiða á sama tíma og ekki næst að fiska það magn sem leyfilegt er að fiska.

Þessi umr. hefur farið svolítið út um víðan veg og á ýmislegt verið drepið. Hv. 3. þm. Vesturl. Valdimar Indriðason taldi að nóg væri komið af höftum í sambandi við rekstur íslensks sjávarútvegs. Ég get tekið undir það og ég hugsa að við sem fáumst við þann rekstur séum allir sammála um, að þegar sé komið nóg af alls konar höftum í sambandi við þau mál. En stærstu höftin sem sett hafa verið á íslenskan sjávarútveg er sá kvóti sem ég veit ekki betur en hv. þm. Valdimar Indriðason stæði hvað ákveðnast að að settur skyldi. Ég hef ekki heyrt hv. þm. mótmæla því að settar hafi verið alls konar takmarkanir á veiðar. M. a. nefndi hann í ræðu sinni að verið hefur þorskveiðibann hjá línubátum

ákveðið tímabil í kringum áramót. Þetta er líka þvingun og dálítið sérstök þvingun að því leyti til að það er ýmiskonar kostnaður sem til fellur sem hv. þm. Tryggvi Gunnarsson benti á að myndi koma ef ætti að fara að banna skipum að veiða ákveðin tímabil.

Útgerð sem stendur nú þegar illa verður að standa frammi fyrir því að borga ákveðnum hluta skipshafnar kaup eftir að búið er að fyrirskipa slík stopp sem þorskveiðibannið er um áramót. En rétt er að upplýsa að ekki lendir allur mannskapurinn í því að fá kaup frá útgerðinni meðan á þorskveiðibanni stendur, það eru aðeins yfirmennirnir á skipunum. (**Gripið fram í:** Þeir dýrustu.) Þeir dýrustu, en hinum hópnum, þ. e. hásetunum, er gert að góðu að fara heim og hafa ekkert kaup. Því miður mun vera algengt að þessir skipverjar geri lítið af því að tilkynna sig til atvinnuleysistryggingaskráningar og standa því slyppir og kauplausir frammi fyrir þessu banni. Þetta er eitt af því sem sjálfsagt væri að taka til frekari umr. en aðeins að nefna í svona framhjáhlaupi á hv. Alþingi.

Sjálfsagt er að undirstrika það sem hv. þm. Tryggvi Gunnarsson sagði að ef á að fara að fyrirskipa veiðibann kemur það niður á útgerð sem öll stendur nú illa að þurfa að borga þetta kaup. En þegar slíkt er gert á það vitaskuld að vera þannig að það séu aðrir en þessir illa stæðu útvegsmenn sem standi bak við það að borga kaup á þessu tímabili og vitaskuld á það að vera nákvæmlega eins í sambandi við þorskveiðistoppið. Það er ranglátt að ætlast til þess að útgerðir, sem er fyrirskipað að hætta veiðum, séu um leið ábyrgar fyrir þessum hluta rekstrarkostnaðarins. Nógu erfitt er að standa undir öðrum föstum kostnaði. Þarna á strax að koma til opinber aðili, Atvinnuleysistryggingasjóður vitaskuld að hluta og þá að öðru leyti einhver önnur stofnun, sem grípi þarna inn í til að standa undir kaupi sjómanna og verkafólks sem er bundið þessum atvinnurekstri. Ég veit ekki betur en að ákveðnir hópar í þjóðfélaginu taki sér ákveðið frí yfir áramót, sumir nokkra mánuði yfir sumarið, og eru á fullum launum hjá okkur úr okkar sameiginlegu sjóðum. Er meira til ætlast að slíkt hið sama væri gert gagnvart sjómönnum þegar talin væri þörf á að stöðva fiskiskipaflotann vegna þess að of lítill fiskur væri í sjónum og takmarka þyrfti sóknina?

Hv. þm. Tryggvi Gunnarsson nefndi í sambandi við kvótann að við skyldum ekki halda uppi mjög mikilli gagnrýni á hann. Nauðsynlegt hefði verið að setja þennan kvóta á. Ég geri ráð fyrir að við séum öll meira og minna sammála um að setja þurfti einhverja stjórnun á en við erum mismunandi ánægð með þá leið sem farin var. En hinu er ég ekki sammála hjá hv. þm. að hægt sé að bjarga þessum málum ef nógur fiskur er í sjónum einhvern tíma síðar á árinu. Því verður ekki bjargað nema fyrir ákveðinn hluta flotans. Ef við ætlum að fara að bjarga því eða bæta við kvótann fyrir Sunnlendinga og fyrir Vestlendinga eftir að komið er fram í apríl standa málin þannig að aðalaflavon bátaflotans á þessu svæði er lítil. Þegar komið er fram um miðjan apríl er orðin mjög lítil aflavon á þorski á bátaflotann hér sunnan- og vestanlands. Einhver leiðrétting á aflakvóta þegar komið er fram í síðari hluta apríl eða síðar á árinu kemur þessum útgerðum og þessum byggðum að mjög litlu gagni.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson hélt hér merka og langa ræðu og tók í upphafi mjög undir það sem hv. þm. Tryggvi Gunnarsson nefndi að hann óttaðist að lítill fiskur væri í sjónum og hefði aldrei verið minni. Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði með allmiklu yfirlæti að enginn hefði viljað trúa honum í sambandi við þetta og þar væri loksins kominn einn sem tryði þessari kenningu. Ég hef ekki orðið var við að hv. þm. hafi efast um að staðan í sambandi við þorskstofninn og reyndar fleiri fiskstofna okkar er mjög alvarleg. Við erum sjálfsagt öll sammála um að fara þarf að með mikilli varúð. Það þarf ekki að trúa einum eða neinum um það sérstaklega. Ég held að við séum öll sammála um það og berum ákveðinn kvíðboga yfir því að þarna standi hlutir illa.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson mun hafa höggvið eftir því í ræðu minni áðan að ég nefndi að þm. hefðu verið þvingaðir til að samþykkja lögin um aflakvótann fyrir áramót. Hv. þm. bar mjög ákveðið á móti því að það hefði verið gert. Reyndar er staðreynd að það var gert, ekki að verið væri að þvinga neinum skoðunum upp á menn, því hef ég ekki haldið fram, en því var ákveðið þvingað hér í gegnum þingið á mjög stuttum tíma. Og hvað var það sem átti sér stað? Þvingunin var fólgin í því að Alþingi fékk ekki nægan tíma til að ræða þessi mál. Það var það sem ég var að undirstrika hér áðan. Ég er nokkurn veginn viss um að ef þessi mál hefðu verið tekin til umr. fyrr í haust hefði orðið önnur niðurstaða í sambandi við kvótaafgreiðsluna og annað þessum málum samfara. Í því fólst þvingunin.

Í öðru lagi ítrekaði hv. þm. Garðar Sigurðsson það mjög hér að með þeirri lagabreytingu sem gerð var fyrir jólin í sambandi við kvótann hefði engu verið breytt. En þetta er allt allt annað en okkur var sagt þegar var verið að afgreiða þessi mál hér á hv. Alþingi fyrir jól. Þá var okkur sagt að ef þessi lög yrðu ekki afgreidd væri ekki hægt að stjórna fiskveiðum á Íslandi, þá gæti ekki rn. tekið þær ákvarðanir sem nauðsynlegar væru til að stjórna og fyrirskipa kvótann. Þess vegna kemur það alveg þvert á að nú skuli koma yfirlýsingar á hv. Alþingi um að þessi lög hafi ekki skipt neinu máli, þau hafi raunverulega verið allt að því marklaus. Deila má um þessa hluti báða, um gildi laganna, um hvort menn hafa verið þvingaðir til aðgerða eða samþykktar, en aðalatriðið í sambandi við þessa málaafgreiðslu fyrir jólin var að verið var að breyta um verkháttu. Jafnan undanfarið þegar um verulegar breytingar hefur verið að ræða í sambandi við stjórnun fiskveiða á Íslandi hafa þær verið gerðar á allt annan máta en gert var nú. Það hefur verið gert á þann máta að málin hafa verið rædd í þingflokkum, í hagsmunasamtökum, í sveitarstjórnum og á fundum vítt og breitt um landið. Það var það sem ekki var gert í haust. Það varð raunverulega ákveðinn trúnaðarbrestur á milli þjóðarinnar og Alþingis. Alþingi tók sér allt í einu vald til að útkljá þessi mál án þess að ræða við aðila um málið.

Ótal margt má ræða um kvótann eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson gerði áðan. Ég vil ekki lengja þessa umr. en þó benda á að það eru að koma í ljós í sambandi við kvótann ýmsir annmarkar sem verða allillyfirstíganlegir. Við blasir eftir því sem ég hef heyrt um útgerð frá þeim góða útgerðarstað Grímsey, að ef þar fiskast svipað og undanfarin ár verði búið að afla þar upp í kvótann í lok mars. Hvað eiga Grímseyingar þá að gera? Ég veit um að vestur á Snæfellsnesi voru þrír aðilar sem keyptu sér smábáta á síðasta ári og

hugðust stunda veiðar á þeim í ár. Til þess er nú leikurinn gerður þegar keyptur er fiskibátur. Þessum bátum er öllum úthlutað aflakvóta í kringum 50—60 tonn. Það sér hver maður að hverju stefnir í slíkri útgerð. Það sér hver maður að í mörgum tilfellum í sambandi við kvótann þýðir það að viðkomandi aðili verður að hætta útgerð, hann verður að gefast upp.

Jöfnum höndum er verið að segja að þessi kvóti skuli aðeins gilda í eitt ár og þá skuli stokka upp og þá skuli koma aðrar nýjar reglur. Ég get ekki ímyndað mér að það hafi verið meiningin með þessari kvótasetningu að þetta eina ár verði til þess að fjölda margir útvegsmenn hringinn í kringum landið þurfi að leggja eða hætta sinni útgerð, gefast upp. Ef það hefur verið meiningin hefur sú meining ekki komið fram í umr. á hv. Alþingi og ég trúi ekki að það hafi verið meiningin. Það hlýtur því að vera krafa okkar alþm. til þeirra sem nú eru að útbúa kvótann raunverulega í okkar nafni að svona hlutir verði ekki látnir ske, hvorki að að því stefni að útgerð þurfi að stöðvast í Grímsey, þeim góða útgerðarstað, í lok mars né heldur að margir útvegsmenn þurfi að hætta útgerð vegna ákveðinna takmarka í sambandi við þessa kvótagerð.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Ég þarf reyndar ekki að svara hv. 4. þm. Vesturl. út af loðnunni, en þó get ég ekki stillt mig um það af því að þetta snertir öll þessi mál. Það var svolítið misjafnt hvenær menn byrjuðu á loðnuveiðum. Menn byrjuðu misjafnlega snemma og þeir sem byrjuðu fyrst voru búnir á undan hinum, þannig að ég er sammála hæstv. ráðh., að kvótinn sé ekki hruninn þó að þetta dæmi hafi komið þannig upp. Þá kusu útgerðarmennirnir bara að byrja á misjöfnum tíma og það er eðlilegt að þeir endi líka á misjöfnum tíma.

Örfá orð út af ræðu hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssonar. Hann sagði að það gæti komið upp sú staða að það væri búið að fiska þann þorsk sem raunverulega væri um að tala í vertíðarlok hér sunnanlands t. d. í apríllok. Þá séu skipin, sem þar eru, búin með sinn aflakvóta hvað þorsk varðar. Það var vitað fyrir fram að ekki væri hægt að fiska jafnmikið og við höfum gert. Við vissum það um áramót og það var ætlast til þess að við skipulegðum veiðar okkar þá. Þó að lögin væru að vísu ekki samþykkt fyrr en seinna, þá var strax um það talað að þau mundu virka aftur fyrir sig. Þetta vissu allir. Og þar sem ég nefndi að við gætum bætt við þessi aflamörk seinna á árinu, þá fyndist mér það ekkert óeðlileg aðferð. Að vísu skal játað að það kæmi illa við Sunnlendinga og Vestlendinga, ef við héldum okkur við gamla fyrirkomulagið á vertíðinni, því að þá var það þannig fyrir norðan og austan að fólk sópaðist þaðan suður á vertíðina og fiskurinn var tekinn hér á vertíðinni. En það er liðin tíð. Við lifum ekki á þeim tímum núna að við flytjum fólkið að norðan til þess að vinna hér á suðvesturhorninu hvað þetta varðar. Þetta er náttúrlega slæm hreppapólitík, verður sagt án efa. En svona er þetta nú samt. Stjórnun þessara veiða er því aðeins til komin að við erum hræddir. Við erum öll hrædd um að fiskveiði í sjónum sé á mjög miklu hættustigi, það sé verið að ganga þar of langt. Og þess vegna er þessi krafa gerð.

Það var reyndar rétt, sem hefur komið fram hjá hv. þm., ég man ekki hverjum eða hvort þeir voru fleiri en einn. Það hefur verið reynt að stjórna. Hæstv. ráðh. nefndi það líka. Það hefur verið reynt að stjórna undanfarið. Það hefur bara ekki tekist. Ég minnist þess að árið 1981, að mig minnir, var reynt að fara eftir tillögum fiskifræðinga og mörg önnur ár reyndar líka. Ég held að það sé rétt með farið að það ár lögðu fiskifræðingar til að veidd yrðu 350 þús. tonn og 360 þús. ákváðu stjórnvöld. Því var að vísu aðeins breytt. En útkoman varð 490 þús. tonna þorskafli það ár. Þetta var stjórnin á því ári. Og svona var þetta hvert einasta ár. Þess vegna er komið sem komið er. Við höfum alltaf farið fram úr þeim mörkum sem um hefur verið talað. En með þessu móti er reynt í fyrsta skipti að sporna alvarlega við, að ekki verði veitt meira en hæfilegt er talið. Ég sé enga ástæðu til annars en að það megi endurskoða þetta seinna á árinu. Þótt það verði að hluta erfiðara fyrir Sunnlendinga og Vestlendinga að sækja þennan aukaafla, þá hefur þekkst og við höfum séð sunnanbáta bæði fyrir norðan og austan og höfum ekkert á móti því að sjá þá þar. Ég held því að þeir geti sótt þennan viðbótarfisk þangað ef hann er ekki á þeirra miðum. Þar sem við sækjum oft á þeirra mið, þá er það ekki nema eðlilegt að það geti verið gagnkvæmt.

Hv. 4. þm. Vesturl. kom víða við og ég skrifaði nú ekki marga punkta hjá mér. Þó var það eitt. Mig minnir að hann hafi orðað það svo að kvótalögin eða hvað á að kalla þau hafi verið sett í óþökk flestra aðila og það hefði verið öðruvísi staðið að þessu áður. Þá hefði verið talað við hagsmunaaðila. Ég man ekki betur en þessi áskorun kæmi frá næstum öllum samtökum. Ég get nefnt Farmanna- og fiskimannasambandið, Landssamband ísl. útvegsmanna og Fiskifélag Íslands. Þessi samtök öll mæltu með þessu fyrirkomulagi og þetta var búið að ræða t. d. í fiskideildunum um allt land. Og þaðan kom þessi samsuða frá Fiskiþingi hér í Reykjavík sem er samkoma allra þeirra aðila. Hún kom þaðan. Að vísu var vitað mál að ekki voru allir þar sammála. En þetta var niðurstaða þeirra samt sem þeir létu fara frá sér. Og eins mun hafa verið með hin samtökin. Það er þess vegna ekki alveg rétt að þetta sé gert í óþökk skyldra aðila.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins af þessu tilefni undirstrika að það sem vakir fyrir flm. þeirrar till. sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst það, hvort ekki sé vegur að fara öðruvísi að þegar nauðsynlegt er talið að takmarka fiskveiðar meira en gert er með kvótakerfinu. Það er rétt, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, að það var þrýstingur frá hagsmunaaðilum sem réði úrslitum um það að heimildir til þess að taka upp kvótakerfið voru veittar á Alþingi nú fyrir jólin og hefði ekki verið gert að öðrum kosti. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda voru einu hagsmunaaðilarnir sem mæltu gegn því á þeim tíma eins og við öll raunar vitum.

Ég vil einnig út af ræðu hæstv. sjútvrh. taka fram að þannig hefur verið haldið á takmörkun fiskveiða á þessu ári að línuveiðar hafa verið örvaðar núna í svartasta skammdeginu, janúar og febrúarmánuði með því að helmingur af þorskafla skuli vera utan við kvóta en ekki á öðrum tímum ársins. Aðeins þessi ráðstöfun ein gefur tilefni til þess að því máli sé hreyft hvort ekki sé réttara að slík tilhliðrun sé gefin á öðrum tíma en þessum þegar sjósókn er erfiðust og hættulegust og vekur einnig umhugsun um hvort rétt sé að miða

aflaárið endilega við almanaksárið, hvort ekki væri réttara að miða aflaárið t. d. við 1. febr. eða 15. febr., þannig að fiskveiðar í svartasta skammdeginu mættu afgangi. Þessi hugsun er líka á bak við þennan tillöguflutning.

Við vissum það fyrirfram að kvótakerfið eins og það var hugsað af Fiskifélaginu og hagsmunaaðilum sjávarútvegsins mundi ekki verða réttlátt í öllum greinum, til þess eru afbrigði of mörg. Það liggur líka fyrir að afli hefur verið tregur í sumum byggðarlögum á síðustu árum borið saman við önnur þannig að þessi byggðarlög fara verr út úr kvótaskiptingunni en ella mundi.

Í sambandi við umr. um þessi mál hér á þingi og einnig í sjútvn. hefur komið fram að sjútvrn. mun athuga sérstaklega hvort rétt sé að bæta þeim byggðarlögum aflamissinn sem verst hafa farið út úr fiskveiðum á liðnum misserum. Það mál hlýtur að koma nú til endurskoðunar.

Það er rétt sem hv. 3. þm. Austurl. sagði áðan að stjórnun fiskveiða hefur tekist misjafnlega og við vitum raunar að kvótakerfið sem slíkt felur ekki í sér neina óskalausn á því máli. Viðurkennt er jafnvel af helstu talsmönnum þess kerfis að í tregum afla er þessi veiðiháttur síður en svo þannig vaxinn að hann tryggi verndun fiskstofna. Einmitt þegar fiskstofnar eru veikari en búist hafði verið við er kvótakerfið hættulegra en hinn hátturinn að reyna að takmarka veiðar á ákveðnum tímum.

Ég skal ekki fara út í þá sálma sem hv. 4. þm. Vesturl. gerði hér áðan, að ræða sérstaklega um hagsmuni ákveðinna landsvæða, fjórðunga, í sambandi við fiskveiðistefnuna. Það má vera að rétt sé hjá honum að Suður- og Vesturland fari illa út úr þessari skiptingu að þeirra dómi sem þar búa. Hitt er alveg ljóst að að dómi Norðlendinga er svo ekki og heldur ekki að dómi Austfirðinga, svo að ég viti, a. m. k. ekki norðan til. Sú ráðstöfun að ufsinn sé utan við kvótann nú til 20. febr. s. l., sú ráðstöfun að línufiskur sé að hálfu utan við kvóta í janúar- og febrúarmánuði er að sjálfsögðu fyrst og fremst gerð fyrir Suður- og Vesturlandið þar sem gæftir eru betri á þessum tíma. Það vita menn og einnig hitt að ufsaveiðar verða ekki stundaðar með árangri á þessum árstíma nema hér sunnanlands.

Ég vil beina því til þeirrar n. sem fær þetta mál til meðferðar að reyna að hraða afgreiðslu þessarar þáltill. og einnig að athuga hvort rétt sé að víkka hana, íhuga hvort rétt sé að minnast þar á fleiri árstíma en svartasta skammdegið, einkum með það í huga hvort ekki geti náðst víðtækt samkomulag um að haga stjórnun fiskveiða með öðrum hætti en gert er nú á þessu ári.

Sverrir Sveinsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja orð í belg í þessari umr. Hún hefur verið mér um margt fróðleg og varpar líka skýru ljósi á það ástand sem í þjóðfélaginu er og ekki óeðlilegt að hún hafi tekið þá stefnu sem raun ber vitni. Ég hygg að ekki sé óeðlilegt að þetta tengist kvótasetningu á fiskveiðar og ég hygg líka að ekki sé óeðlilegt að skoðað sé í raunhæfu ljósi hvort ekki sé rétt, eins og fram kemur í grg. með þáltill., að tengja saman viðhald skipanna og þá takmörkun sóknar sem nauðsynleg er.

Það er ósköp eðlilegt að umr. hafi verið með þessum hætti nú vegna þess að umr. um fjárlögin fyrir áramótin fór saman við umr. um takmörkun fiskveiða. Ljóst er að þegar búið var að kveða á um hvað þessi takmörkun var mikil urðu menn uggandi um sinn hag. Eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Vesturl. áðan um hvernig ástandið yrði í Grímsey ef þeir væru búnir að ljúka sínum kvóta í mars þá geta Grímseyjarnar orðið nokkuð margar í kringum Ísland í þessu tilliti.

Af því að fram kom í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar fyrr í umr. um ástandið á Siglufirði, hvernig menn hefðu þreyð svartasta skammdegið þá, er þess að geta að atvinnulíf var þá með allt öðrum hætti en nú er. Þess vegna fagna ég því að í grg. kemur fram að tekjumissi sjómanna verði að mæta með einhverju móti eins og fram hefur komið í umr. og þar nefndur sérstaklega Atvinnuleysistryggingasjóður.

Það er alveg skýrt í mínum huga að árangur varð af kvótasetningu á loðnuveiðum. Ég sá hann raunverulega virka. Það var búin að vera nokkuð mikil umr. um hvort ætti að skipta loðnuveiðunum á milli skipanna og menn voru ákaflega uggandi um hver viðbrögð útgerðarmanna og sjómanna yrðu í því efni. Ég sá á Siglufirði veiðarnar breytast úr því kappi sem þær voru stundaðar af og yfir í það að vera stundaðar með skynsamlegum hætti — þá á ég við sóknina — bæði með tilliti til meðferðar skipa og áhafna. Þetta held ég að við séum að nálgast nú. Við verðum að standa á annan veg að veiðum og vinnslu aflans í landi og ekki er óeðlilegt að þá sé litið til þess skammdegis þegar veður eru válynd og hugleitt með hvaða hætti væri þá hægt að tengja saman nauðsynlegar viðhaldsviðgerðir skipanna og takmörkun veiðanna.

Eins lýsi ég því hér yfir að ég er fylgjandi því að þetta mál verði skoðað og mun styðja það að þetta verði sent ríkisstj. til skoðunar. Auðvitað getum við endalaust deilt um áhrif aflaminnkunar á einstaka landshluta og ég tek fram að ég mun ekki lengja þessa umr. að neinu leyti. Þessi þáltill. gerir ekki ráð fyrir því að við förum hér ítarlega út í umræður um stjórnun fiskveiða, eins og sjútvrh. tók fram, heldur vildi ég aðeins tjá mig í þessu efni, að ég held að þarna sé mál sem verulega er skynsamlegt að skoða núna og einmitt í sambandi við þá takmörkun sem við neyðumst til að horfa fram á á þessu ári. Væntanlega kemur þorskurinn seinna á árinu og þá veiðist hann kannske annars staðar en á hinum hefðbundnu vertíðarsvæðum en þjóðin öll mun njóta góðs af því. Það er ekki lengra síðan en þegar loðnukvótinn var aukinn þá var það strax reiknað út í áhrifum hjá Þjóðhagsstofnun hvað þetta varðaði þjóðarafkomu okkar, íbúa landsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Átak í nýiðnaði, þáltill. 211. mál (þskj. 376). — Ein umr.

Flm. (Kristófer Már Kristinsson): Herra forseti. Það verður ekki séð af fundarmætingu að sjávarútvegsmál séu ofarlega á vinsældalista þeirra sem starfa í þessari virðulegu stofnun. Það er að sjálfsögðu eftir sem áður heiður og forréttindi að fá tækifæri til þess að ávarpa þá hv. þm. sem hér eru inni og hinar virðulegu innréttingar.

Erindið er annars að ég mæli hér fyrir till. til þál. um átak í nýiðnaði, sem er 211. mál í Sþ. á þskj. 376.

Meðflm. mínir eru hv. þm. Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir og Stefán Benediktsson. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir aðgerðum til eflingar nýiðnaði sem feli í sér eftirfarandi:

1. Þáttur áhættulána til atvinnuvega verði aukinn með tilliti til athugana á nýiðnaðarmöguleikum, vöruþróun, markaðssetningu og fleiri þáttum er leitt geti til nýsköpunar, svo sem upplýsingaöflun, leyfisframleiðslumiðlun og mati á hugmyndum uppfinningamanna.

2. Iðnþróunarsjóðir landshluta fái annaðhvort afmarkaðan tekjustofn frá ríki, t. d. hluta af söluskattsinnheimtu landshlutans, eða beint framlag úr Byggðasjóði. Framlag Byggðasjóðs verði aldrei minna en framlag sveitarfélaganna sem að sjóðnum standa.

3. Kannað verði hvar hagkvæmt er að koma á fót nýiðnaðarsvæðum með tilliti til betri nýtingar, t. d. á hafnaraðstöðu og orkuveitum.

4. Stofnað verði alhliða tæknibókasafn er sniðið verði að þörfum atvinnuveganna.

5. Iðnrn. verði falið að láta gera fræðslu- og áróðursefni fyrir útvarp og sjónvarp og til dreifingar meðal almennings um möguleika einstaklinga og samtaka þeirra í nýiðnaði.

6. Leitað verði færra leiða til að tryggja iðnaðarfyrirtækjum orku á samkeppnishæfu verði."

Í grg. er vitnað í stefnuskrá Landssambands iðnaðarmanna um nýiðnað, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nýiðnaðarstarfsemi verður til á tvennan hátt. Annars vegar með því að byggja á grunni starfandi iðnaðar, en hins vegar með stofnun nýrra fyrirtækja vegna nýrra og áður óreyndra framleiðslumöguleika. Iðnþróun getur ekki orðið hér á landi, nema lögð sé áhersla á báða þessa þætti."

Íslendingar hafa yfirleitt verið bjargálna menn. Oft hefur þó sorfið að í plágum og hallærum. Þjóðin hefur ávallt kosið þá leið að yfirvinna vandann og sigrast á neyðinni — aldrei uppgjöf eða aðlögun, heldur endurreisn og baráttu. Nú er hvorki um plágu né hallæri að ræða, heldur stöndum við frammi fyrir afleiðingum áratuga skammsýni stjórnvalda í gegnum tíðina og nú verður ekki annað séð en til þess sé ætlast að þjóðin beygi sig, aðlagist vondri pólitík og vitlausum stjórnarathöfnum. Á þetta verður ekki fallist.

Herra forseti. Í umr. undanfarnar vikur hefur verið lögð áhersla á hin smáu skref og varað við stórum skrefum og yfirboðum. Þetta er skynsamlegt. Sú þáltill. sem hér er mælt fyrir leggur áherslu á stutt skref — e. t. v. ekki eftir troðnum slóðum, en að mati flm. vel þess virði að þau séu tekin.

Lagt er til að iðnþróunarsjóðir í höndum heimamanna fái til ráðstöfunar hluta af því fjármagni sem fer í gegnum Byggðasjóð. Í þáltill. er jafnframt bent á þá leið að afmarka tekjustofn fyrir þessa sjóði, t. d. hluta af innheimtum söluskatti innheimtumanna ríkissjóðs innan kjördæmis. Þarna eru mörg ljón í veginum, enda er á þetta bent fyrst og fremst til að vekja athygli manna á leiðum af þessu tagi sem vísast verða að raunveruleika þegar búið er að efla lýðræðislega uppbyggð yfirvöld í héruðum, koma á þriðja stjórnsýslustiginu.

Það er skoðun flm. að aðilar í héraði séu best í stakk búnir til þess að meta af óbrjálaðri skynsemi þá kosti sem til greina koma í atvinnuuppbyggingu. Það er ekki heldur léttvægt í þessu efni að í þessari ráðstöfun, þ. e. opinberu framlagi til iðnþróunarsjóða, felst viðurkenning löggjafans á því brautryðjandastarfi sem unnið er hér heima í héruðum. Að sjálfsögðu eru hinu háa Alþingi allir vegir færir í þá átt að skilyrða þetta framlag svo sem þurfa þykir.

Umr. um atvinnumál hafa verið fyrirferðarmiklar á yfirstandandi þingi. Það er maklegt. Hryggilegt er að enn skuli ekki hafa tekist að renna fjölbreyttari og styrkari stoðum undir íslenskt atvinnulíf en raun ber vitni, þrátt fyrir heróp og margítrekaðar viljayfirlýsingar stjórnvalda í gegnum tíðina. Það er skoðun mín að bjargráðum þessarar þjóðar verði ekki ráðið á stjórnarskrifstofum og gildir þá einu hversu frjóir hv. þm. eru í leit sinni að nýjum atvinnutækifærum og viðfangsefnum fyrir landsmenn. Hér þarf sameiginlegt átak þjóðarinnar allrar og frumkvæði þeirra sem vilja og nenna.

Þjóðin hlýtur að krefjast þess að með skynsamlegri lagasetningu skapi hið háa Alþingi þær aðstæður í samfélaginu sem duga til nýrrar sóknar og bættra lífskjara. Forsenda þess arna er upplýsingastarf, ekki einungis til að vekja almenna forvitni og áhuga á nýiðnaðarmöguleikum sem leið til sjálfsbjargar, heldur einnig til þess að eyða fordómum og tortryggni í garð fyrirtækja í landinu, stórra og smárra. Hér er ekki átt við einhvers konar innrætingarstarfsemi af einu eða öðru tagi, heldur upplýsingar sem sáir í þann akur sem væntanlega er plægður í skólum landsmanna. Lagt er til að gert verði fræðslu- og áróðursefni fyrir útvarp og sjónvarp og jafnframt til dreifingar meðal almennings. Efnið þarf ekki að einskorða við nýiðnaðarhugmyndir. Tilvalið er að nota þessa leið til að vekja athygli starfandi fyrirtækja í iðnaði og iðnaðarmanna á margvíslegum faglegum nýjungum. Slíkt er mjög tíðkað í nágrannalöndunum og gefur góða raun.

Fyrr á árum var til á vegum samtaka iðnaðarmanna vísir að tæknibókasafni sem nú er, eftir því sem næst verður komist, „búið gemma" eins og börnin segja. Nauðsyn þess að atvinnuvegirnir og áhugafólk um þá eigi greiðan aðgang að upplýsingum og ítarefni er augljós. Það er skoðun flm. þessarar till. að þjóðin hafi hreinlega ekki efni á að sniðganga í þessu sambandi þá tækni sem nútíminn býður upp á við geymslu og dreifingu upplýsinga og þekkingar. Deila má um hvar varðveita skuli safn sem þetta, en skynsamlegt virðist að það verði sett í þá Þjóðarbókhlöðu sem nú rís. Hlýtur það að skapa aukna möguleika á að nýta betur upplýsingar, tækjakost og mannafla.

Ýmislegt bendir til þess að raforka til stóriðju frá nýjum orkuverum hérlendis verði ekki samkeppnisfær við orkuverð erlendis. Það er því sennilegt að hlutdeild orkufrekrar stóriðju í vaxandi vinnumarkaði verði lítil á komandi árum. Fátt bendir til þess að þetta sé tiltakanlega vont. Víða um heim er lögð aukin áhersla á smá og meðalstór fyrirtæki. Innan Efnahagsbandalags Evrópu var s. l. ár helgað smáum fyrirtækjum. Nú er smátt og stórt út af fyrir sig afstæð hugtök, en á hérlendan mælikvarða hljóta t. d. þau skilyrði sem birtast í 11. gr. frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri að teljast meinlegur galli á annars góðu máli.

Það er margt sem mælir með smáum fyrirtækjum frekar en stórum. Má þar t. d. nefna að atvinnutækifærin eru ódýrari. Það er auðveldara að dreifa þeim. Verði

fyrirtækin fyrir skakkaföllum eða fari þau á hausinn eru afleiðingarnar síður alvarlegar. Þau eiga auðveldara með að bregðast við nýjungum og óvæntum aðstæðum, þ. e. aðlögunarhæfni þeirra er meiri. Það er ekki heldur lítils virði að sérhver einstaklingur hefur meiri möguleika á að njóta sín sjálfum sér og öðrum til heilla í smáum einingum en stórum.

Það er ljóst að það ráðast ekki allir í það að stofna fyrirtæki. Það er einnig ljóst að ekki komast öll fyrirtæki sem stofnuð eru á legg. Þess vegna er brýnt að auka þátt áhættulána þannig að menn stofni ekki eignum sínum og heill fjölskyldu sinnar í voða frekar en brýna nauðsyn ber til vilji þeir stofna fyrirtæki. Í nágrannalöndunum er talið að u. þ. b. fjórðungur fyrirtækja komist á legg, verði að raunveruleika. Ekki er ósennilegt að raunin sé svipuð hér. E. t. v. er það hugmynd þeirra sem líta á gróða og frelsi sem bannorð að félmrn. eigi að hafa forgöngu um sköpun þeirra atvinnutækifæra sem þjóðin þarfnast svo brýnt. Slíkt er að mínu mati ekki líklegt til árangurs. Hér þarf að berja bumbur og blása í herlúðra og safna liði í baráttu til bjargálna.

Á dagskrá þessa fundar á þskj. 337 er till. til þál. um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll. Í till. sem hér er mælt fyrir er einungis verið að fara fram á að þessi kostur verði kannaður, t. d. í tengslum við stóriðju, með það fyrir augum að nýta betur orku og hafnarmannvirki.

Með skilyrtum orkusölusamningum er fyrst og fremst átt við tímabundna samninga til þess m. a. að hjálpa nýjum fyrirtækjum yfir byrjunarörðugleika. Sala á tímabundinni umframorku er til athugunar hjá mörgum orkusölum. Það verður ekki séð að auðvelt sé að setja almennar leikreglur í þessu sambandi, heldur er líklegt að orkuseljandi, hvort heldur er ríki eða sveitarfélag, verði að gera sérstakan samning fyrir hvern og einn sem njóta vill sérstakra kjara á einhvern hátt.

Herra forseti. Stefna í atvinnumálum verður aldrei afgreidd í eitt skipti fyrir öll. Hún verður stöðugt að vera í endurskoðun og þarf að þróast með aðstæðum á hverjum tíma og á hverjum stað. Vandamál íslenskra fyrirtækja, svo sem vöruþróun, fjármálastjórn og markaðsmál, eru ekki sérískensk, en það eru sennilega ranghalar stjórnsýslukerfisins og peningastofnana. Það er skynsamlegt að stefna að því að breyta núgildandi lögum um hlutafélög eða semja ný með það fyrir augum að taka mið af sérstöðu minni hlutafélaga, til þess m. a. að minnka skriffinnsku og afskipti hins opinbera af innri málum fyrirtækja og draga úr lagaboðum, fyrirmælum og alls kyns formsatriðum.

Hér skal einnig tekið undir þá skoðun, að það getur varla stefnt hagsmunum hins opinbera í voða né viðskiptalífinu í hættu þó að smáfyrirtæki í landinu séu látin sem mest í friði.

Ég mæli svo með því að að lokinni umr. verði málinu vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 28. febr.

Fylgirit með ríkisreikningi.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fylgirit með ríkisreikningi, á þskj. 215.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvernig skiptast eftirfarandi tveir liðir milli kynja (samkvæmt fjölda og fjárhæð) í fylgiriti með ríkisreikningi fyrir árið 1982:
   a) föst yfirvinna
   b) starfsmannabílar?
   Sundurgreina skal þessar upplýsingar samkvæmt ráðuneytum og stofnunum, sé þess kostur.
2. a) Hverjar eru launagreiðslur, bifreiða-, risnu- og ferðakostnaður þeirra stofnana sem taldar eru upp í skýringum ríkisbókhalds í fylgiritinu, tl. 6?
   b) Eru þessar stofnanir undanþegnar þeirri upplýsingaskyldu sem kveðið er á um í lögum nr. 31/1982, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreikninga og fjárlaga, nr. 52/1966?

Skriflegt svar óskast.

Svar við 1. tölulið:

eyti nir — fyrirtæki — sjóðir	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)						Starfsmannabílar (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals		Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
UTI:												
ÐSTA STJÓRN RÍKISINS	**6**	**741**	—	—	**6**	**741**	**73**	**1790**	**1**	**7**	**74**	**1797**
l Embætti forseta Íslands	2	158	—	—	2	158	2	25	—	—	2	25
l Alþingi	—	—	—	—	—	—	53	1620	1	7	54	1627
l Ríkisstjórn	4	583	—	—	4	583	8	83	—	—	8	83
l Hæstiréttur	—	—	—	—	—	—	8	83	—	—	8	83

Ráðuneyti Stofnanir — fyrirtæki — sjóðir	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)						Starfsmannabílar (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals		Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fj
01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI	**3**	**307**	—	—	**3**	**307**	**29**	**481**	**2**	**15**	**31**	
101 Aðalskrifstofa	1	166	—	—	1	166	1	30	—	—	1	
102 Þjóðhagsstofnun	—	—	—	—	—	—	8	276	—	—	8	
901 Húsameistari ríkisins	1	43	—	—	1	43	14	145	2	15	16	
902 Þingvellir, þjóðgarður og Þingvallanefnd	1	98	—	—	1	98	6	30	—	—	6	
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ	**267**	**5805**	**65**	**824**	**332**	**6629**	**256**	**1795**	**95**	**356**	**351**	
101 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	20	168	4	16	24	
201 Háskóli Íslands	3	245	1	51	4	296	26	196	12	93	38	
202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum	1	116	—	—	1	116	2	45	—	—	2	
203 Raunvísindastofnun Háskólans	1	56	—	—	1	56	23	95	6	15	29	
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	1	33	—	—	1	33	4	18	1	5	5	
231 Náttúrufræðistofnun Íslands	1	32	—	—	1	32	1	4	—	—	1	
232 Rannsóknaráð ríkisins	1	29	—	—	1	29	3	59	1	4	4	
301 Menntaskólinn í Reykjavík	3	44	3	12	6	56	1	1	—	—	1	
302 Menntaskólinn á Akureyri	1	58	—	—	1	58	2	8	—	—	2	
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	1	51	—	—	1	51	3	31	—	—	3	
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	2	136	1	12	3	148	1	1	1	1	2	
305 Menntaskólinn við Sund	—	—	—	—	—	—	2	1	1	2	3	
306 Menntaskólinn á Ísafirði	1	36	—	—	1	36	1	13	—	—	1	
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	10	29	2	6	12	35	4	2	—	—	4	
308 Menntaskólinn í Kópavogi	1	10	—	—	1	10	1	13	—	—	1	
321 Kennaraháskóli Íslands og Æfinga- og tilraunaskóli	3	54	—	—	3	54	7	27	5	4	12	
331 Íþróttakennaraskóli Íslands	1	35	—	—	1	35	12	28	3	4	15	
351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík	2	101	—	—	2	101	—	—	—	—	—	
352 Flensborgarskóli, Hafnarfirði	1	63	—	—	1	63	—	—	—	—	—	
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1	52	—	—	1	52	1	47	—	—	1	
354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi	1	72	—	—	1	72	1	35	—	—	1	
355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	1	38	—	—	1	38	—	—	—	—	—	
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	1	40	—	—	1	40	—	—	—	—	—	
357 Framhaldsskóli á Selfossi	1	37	—	—	1	37	1	39	—	—	1	
358 Framhaldsskóli í Neskaupstað	—	—	1	37	1	37	—	—	—	—	—	
422 Námsgagnastofnun	1	53	—	—	1	53	7	62	—	—	7	
423 Námsefni á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, endurskoðun	—	—	—	—	—	—	6	62	1	1	7	
431 Iðnfræðsluráð	1	60	—	—	1	60	—	—	—	—	—	
501 Tækniskóli Íslands	1	54	—	—	1	54	2	60	—	—	2	
506 Vélskóli Íslands	3	94	1	21	4	115	1	19	—	—	1	
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1	6	—	—	1	6	—	—	—	—	—	
514 Iðnskólinn í Reykjavík	1	66	—	—	1	66	—	—	—	—	—	
515 Iðnskólar utan Reykjavíkur	2	38	—	—	2	38	—	—	—	—	—	
518 Fiskvinnsluskólinn	1	14	—	—	1	14	2	22	—	—	2	
521 Hjúkrunarskóli Íslands	—	—	—	—	—	—	1	4	1	4	2	
522 Nýi hjúkrunarskólinn	—	—	1	10	1	10	—	—	—	—	—	
523 Fósturskóli Íslands	—	—	1	15	1	15	—	—	3	3	3	
542 Húsmæðraskólinn Varmalandi	—	—	4	33	4	33	—	—	—	—	—	
551 Húsmæðraskólinn Hallormsstað	—	—	—	—	—	—	—	—	1	1	1	
561 Myndlista- og handíðaskólinn	2	68	—	—	2	68	1	19	—	—	1	
562 Leiklistarskóli Íslands	1	16	—	—	1	16	—	—	—	—	—	
601 Héraðsskólinn Reykholti	1	23	—	—	1	23	5	20	—	—	5	
602 Héraðsskólinn Núpi	1	29	—	—	1	29	3	20	—	—	3	
603 Héraðsskólinn Reykjanesi	—	—	—	—	—	—	1	12	—	—	1	

neyti anir — fyrirtæki — sjóðir	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)						Starfsmannabílar (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals		Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
)4 Héraðsskólinn Reykjum	1	22	—	—	1	22	2	16	—	—	2	16
)5 Alþýðuskólinn Eiðum	1	12	—	—	1	12	2	27	—	—	2	27
)6 Héraðsskólinn Skógum	—	—	—	—	—	—	1	17	—	—	1	17
)7 Héraðsskólinn Laugarvatni	1	17	—	—	1	17	1	17	—	—	1	17
)9 Héraðsskólinn Laugum	3	19	2	1	5	20	1	19	—	—	1	19
)0 Grunnskólar, Reykjavík	19	835	4	133	23	968	—	—	—	—	—	—
10 Grunnskólar, Reykjanesi	24	776	3	79	27	855	—	—	—	—	—	—
10 Fræðsluskrifstofa, Reykjanesi	1	28	—	—	1	28	8	63	10	20	18	83
11 Þjálfunarskóli ríkisins, Bjarkarási	1	11	—	—	1	11	—	—	—	—	—	—
12 Þjálfunarskóli ríkisins, Lyngási	1	38	—	—	1	38	—	—	—	—	—	—
13 Þjálfunarskóli ríkisins, geðdeild við Dalbraut	—	—	1	25	1	25	—	—	—	—	—	—
16 Þjálfunarskóli ríkisins, Skálatúni	1	12	—	—	1	12	1	5	—	—	1	5
17 Þjálfunarskóli ríkisins, Sólborg, Akureyri	—	—	1	20	1	20	—	—	—	—	—	—
30 Grunnskólar, Vesturlandi	12	229	2	20	14	249	—	—	—	—	—	—
30 Fræðsluskristofa, Vesturlandi	1	28	—	—	1	28	14	53	4	10	18	63
40 Grunnskólar, Vestfjörðum	22	195	7	37	29	232	—	—	—	—	—	—
40 Fræðsluskrifstofa, Vestfjörðum	1	28	—	—	1	28	2	9	—	—	2	9
50 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	19	212	1	5	20	217	—	—	—	—	—	—
50 Fræðsluskrifstofa, Norðurlandi vestra	2	32	1	21	3	53	9	48	9	31	18	79
60 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	34	530	4	29	38	559	—	—	—	—	—	—
60 Fræðsluskrifstofa, Norðurlandi eystra	2	61	—	—	2	61	7	25	8	24	15	49
70 Grunnskólar, Austurlandi	23	280	3	18	26	298	—	—	—	—	—	—
70 Fræðsluskrifstofa, Austurlandi	1	28	—	—	1	28	4	27	3	13	7	40
80 Grunnskólar, Suðurlandi	29	357	7	57	36	414	—	—	—	—	—	—
80 Fræðsluskrifstofa, Suðurlandi	1	27	—	—	1	27	5	41	1	3	6	44
81 Grunnskólar, óskipt	—	—	—	—	—	—	10	24	3	4	13	28
84 Kjarvalshús, greiningarstöð	—	—	—	—	—	—	2	2	2	1	4	3
85 Öskjuhlíðarskóli	—	—	1	53	1	53	2	24	1	2	3	26
87 Barnaheimili, dagvistir þroskaheftra barna	—	—	—	—	—	—	3	3	1	1	4	4
89 Heyrnleysingjaskólinn	—	—	1	29	1	29	1	5	1	10	2	15
96 Barnaverndarráð	—	—	—	—	—	—	1	15	—	—	1	15
01 Landsbókasafn Íslands	2	47	—	—	2	47	—	—	—	—	—	—
02 Þjóðminjasafn Íslands	1	33	—	—	1	33	6	25	3	5	9	30
02 Örnefnastofnun	—	—	—	—	—	—	1	13	—	—	1	13
06 Listasafn Einars Jónssonar	2	22	—	—	2	22	—	—	—	—	—	—
07 Listasafn Íslands	—	—	1	33	1	33	—	—	1	15	1	15
11 Náttúruverndarráð	7	38	11	67	18	105	28	186	8	64	36	250
ANRÍKISRÁÐUNEYTI	**—**	**—**	**—**	**—**	**—**	**—**	**14**	**377**	**1**	**18**	**15**	**395**
1 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	1	18	—	—	1	18
02 Varnarmáladeild	—	—	—	—	—	—	3	74	1	18	4	92
11 Lögreglustjórinn Keflavíkurflugvelli	—	—	—	—	—	—	10	285	—	—	10	285
NDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**22**	**878**	**—**	**—**	**22**	**878**	**234**	**2515**	**24**	**66**	**258**	**2581**
01 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	5	108	1	2	6	110
06 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	2	83	—	—	2	83	56	669	7	17	63	686
01 Skógrækt ríkisins	10	431	—	—	10	431	56	574	8	22	64	596
05 Landgræðsla ríkisins	2	101	—	—	2	101	14	335	1	4	15	339
01 Landnám ríkisins	—	—	—	—	—	—	3	66	—	—	3	66
02 Mat á landbúnaðarafurðum	—	—	—	—	—	—	10	120	—	—	10	120

Ráðuneyti Stofnanir — fyrirtæki — sjóðir	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)						Starfsmannabílar (Fjárhæðir í þús. kr.)				
	Karlar		Konur		Samtals		Karlar		Konur		Samtals
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi Fjá
243 Sauðfjárveikivarnir	1	33	—	—	1	33	25	236	—	—	25
244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	—	—	—	—	—	—	2	30	—	—	2
246 Veiðimálaskrifstofan	—	—	—	—	—	—	4	77	—	—	4
247 Yfirdýralæknir	4	110	—	—	4	110	6	44	—	—	6
299 Landbúnaðarmál, ýmis verkefni	—	—	—	—	—	—	1	2	—	—	1
501 Bændaskólinn Hvanneyri	1	44	—	—	1	44	16	145	3	3	19
502 Bændaskólinn Hólum	1	39	—	—	1	39	4	66	1	16	5
503 Garðyrkjuskóli ríkisins	1	37	—	—	1	37	32	43	3	2	35
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**7**	**196**	—	—	**7**	**196**	**107**	**2705**	**13**	**79**	**120**
101 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	1	12	—	—	1
202 Hafrannsóknastofnun	5	138	—	—	5	138	16	124	—	—	16
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1	28	—	—	1	28	18	151	1	7	19
215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða	1	30	—	—	1	30	58	2332	3	8	61
299 Sjávarútvegsmál, ýmis verkefni	—	—	—	—	—	—	11	48	—	—	11
901 Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, skrifstofa	—	—	—	—	—	—	3	38	9	64	12
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI	**71**	**3181**	**10**	**207**	**81**	**3388**	**356**	**6199**	**20**	**130**	**376**
101 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	4	22	—	—	4
103 Kosningar	—	—	—	—	—	—	2	3	—	—	2
202 Ríkissaksóknari	2	116	—	—	2	116	1	41	—	—	1
203 Borgardómarinn í Reykjavík	9	408	2	104	11	512	1	11	—	—	1
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	5	275	—	—	5	275	1	20	—	—	1
205 Sakadómur Reykjavíkur	15	567	7	65	22	632	6	75	—	—	6
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík	—	—	—	—	—	—	17	378	—	—	17
208 Rannsóknarlögregla ríkisins	1	83	—	—	1	83	5	102	1	16	6
212 Bæjarfógeti Akranesi	1	32	—	—	1	32	1	49	—	—	1
213 Sýslumaður Borgarnesi	1	32	—	—	1	32	1	67	—	—	1
214 Sýslumaður Stykkishólmi	1	32	—	—	1	32	5	138	1	2	6
215 Sýslumaður Búðardal	—	—	—	—	—	—	6	72	1	1	7
216 Sýslumaður Patreksfirði	1	35	—	—	1	35	1	87	—	—	1
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	1	55	—	—	1	55	1	15	—	—	1
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	1	32	—	—	1	32	7	48	—	—	7
219 Sýslumaður Hólmavík	1	51	—	—	1	51	2	13	1	38	3
221 Sýslumaður Blönduósi	1	32	—	—	1	32	15	133	7	11	22
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	2	32	—	—	2	32	18	79	—	—	18
223 Bæjarfógeti Siglufirði	1	48	—	—	1	48	1	20	—	—	1
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði	3	54	—	—	3	54	1	22	—	—	1
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	1	48	—	—	1	48	5	134	—	—	5
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	1	31	—	—	1	31	1	142	—	—	1
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði	1	32	—	—	1	32	1	48	—	—	1
228 Bæjarfógeti Neskaupstað	1	54	—	—	1	54	1	15	—	—	1
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	1	32	—	—	1	32	6	56	—	—	6
230 Sýsluaður Höfn Hornafirði	—	—	—	—	—	—	1	61	—	—	1
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	1	56	—	—	1	56	1	108	—	—	1
232 Sýslumaður Hvolsvelli	—	—	—	—	—	—	3	61	—	—	3
233 Bæjarfógetinn Vestmannaeyjum	—	—	—	—	—	—	1	16	—	—	1
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	—	—	—	—	—	—	22	240	—	—	22
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	2	70	—	—	2	70	10	244	3	15	13
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði	—	—	—	—	—	—	13	193	2	6	15
237 Bæjarfógeti Kópavogi	2	87	—	—	2	87	2	47	1	15	3

ıneyti anir — fyrirtæki — sjóðir	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)						Starfsmannabílar (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals		Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
38 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum	1	59	—	—	1	59	1	36	—	—	1	36
41 Hegningarhúsið í Reykjavík	1	38	—	—	1	38	1	1	—	—	1	1
42 Litla-Hraun, vinnuhæli	1	32	—	—	1	32	20	118	—	—	20	118
43 Kvíabryggja, vinnuhæli	1	27	—	—	1	27	4	33	—	—	4	33
44 Fangelsi við Síðumúla	1	41	—	—	1	41	1	15	—	—	1	15
45 Vistun kvenfanga	—	—	—	—	—	—	—	—	1	1	1	1
47 Eftirlitsstofnun með brotamönnum	2	44	—	—	2	44	2	17	—	—	2	17
51 Landhelgisgæsla	4	488	1	38	5	526	14	184	—	—	14	184
52 Bifreiðaeftirlit ríkisins	1	25	—	—	1	25	13	483	—	—	13	483
53 Almannavarnir ríkisins	—	—	—	—	—	—	3	44	—	—	3	44
54 Sjómælingar Íslands	—	—	—	—	—	—	1	1	—	—	1	1
55 Umferðarráð	1	60	—	—	1	60	1	30	1	1	2	31
62 Löggildingarstofan	1	31	—	—	1	31	1	57	—	—	1	57
81 Dómsmál, ýmis verkefni	—	—	—	—	—	—	11	19	—	—	11	19
82 Löggæslukostnaður ýmis	—	—	—	—	—	—	1	3	—	—	1	3
84 Áfengis- og fíkniefnamál	—	—	—	—	—	—	1	4	—	—	1	4
01 Þjóðkirkjan	—	—	—	—	—	—	4	146	—	—	4	146
02 Prestaköll og prófastsdæmi	—	—	—	—	—	—	113	2241	1	24	114	2265
03 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	1	42	—	—	1	42	1	7	—	—	1	7
ÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**4**	**272**	—	—	**4**	**272**	**45**	**1130**	**4**	**45**	**49**	**1175**
01 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	1	28	—	—	1	28
01 Skipulagsstjóri ríkisins	1	43	—	—	1	43	1	73	1	18	2	91
51 Brunamálastjóri ríkisins	1	54	—	—	1	54	3	81	—	—	3	81
52 Endurhæfingarráð	—	—	—	—	—	—	1	23	—	—	1	23
53 Jafnréttisráð	—	—	—	—	—	—	—	—	1	8	1	8
54 Vinnueftirlit ríkisins	2	175	—	—	2	175	38	924	1	11	39	935
57 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta	—	—	—	—	—	—	—	—	1	8	1	8
81 Vinnumál, ýmis verkefni	—	—	—	—	—	—	1	1	—	—	1	1
EILBRIGÐIS- OG TRYGGINGA-ÁLARÁÐUNEYTI	**67**	**4079**	**6**	**411**	**73**	**4490**	**337**	**5693**	**168**	**1001**	**505**	**6694**
01 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	4	14	1	35	5	49
01 Landlæknir	1	122	—	—	1	122	6	77	—	—	6	77
02 Ríkisspítalar, skrifstofa	6	525	2	103	8	628	10	164	6	3	16	167
1 Rannsóknastofa Háskólans	6	519	1	127	7	646	18	392	4	101	22	493
2 Blóðbankinn	—	—	—	—	—	—	1	30	—	—	1	30
9 Matvælarannsóknir ríkisins	1	80	—	—	1	80	1	11	—	—	1	11
1 Geislavarnir ríkisins	—	—	—	—	—	—	1	50	—	—	1	50
2 Heilbrigðiseftirlit ríkisins	1	32	—	—	1	32	1	56	—	—	1	56
3 Tryggingaeftirlitið	1	37	—	—	1	37	—	—	—	—	—	—
4 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	2	156	1	10	3	166	3	41	6	22	9	63
5 Hollustuvernd ríkisins	1	16	—	—	1	16	1	26	—	—	1	26
1 Landspítalinn, rekstur	23	1474	1	78	24	1552	140	2710	30	187	170	2897
2 Landspítalinn, kvennadeild	1	125	—	—	1	125	11	280	1	39	12	319
3 Kleppsspítali	6	307	—	—	6	307	38	669	23	150	61	819
4 Vífilsstaðaspítali	6	246	—	—	6	246	16	316	9	20	25	336
5 Kristneshæli	4	297	—	—	4	297	5	82	37	91	42	173
6 Kópavogshæli	4	57	1	93	5	150	6	92	2	38	8	130
7 Vistheimilið Gunnarsholti	4	86	—	—	4	86	5	133	1	2	6	135
1 Sjúkrahús og læknabústaðir	—	—	—	—	—	—	4	90	—	—	4	90
1 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar	—	—	—	—	—	—	56	361	46	312	102	673

Ráðuneyti Stofnanir — fyrirtæki — sjóðir	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)						Starfsmannabílar (Fjárhæðir í þús. kr.)				
	Karlar		Konur		Samtals		Karlar		Konur		Samtals
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi Fjá
392 Berklavarnir	—	—	—	—	—	—	1	30	—	—	1
393 Skólayfirlæknir	—	—	—	—	—	—	1	15	—	—	1
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	—	—	—	—	—	—	1	12	—	—	1
398 Daggjaldanefnd	—	—	—	—	—	—	1	9	—	—	1
399 Heilbrigðismál, ýmis verkefni	—	—	—	—	—	—	3	4	2	1	5
481 Bindindisstarfsemi 0102 Áfengisvarnaráð	—	—	—	—	—	—	3	29	—	—	3
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**32**	**1656**	—	—	**32**	**1656**	**77**	**1746**	**7**	**17**	**84**
101 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	3	38	—	—	3
103 Ríkisbókhald	—	—	—	—	—	—	2	11	3	1	5
104 Ríkisfjárhirsla	—	—	—	—	—	—	1	11	—	—	1
201 Ríkisskattstjóri	3	389	—	—	3	389	5	97	—	—	5
202 Skattstofan í Reykjavík	1	74	—	—	1	74	5	17	1	2	6
203 Skattstofa Vesturlands	1	86	—	—	1	86	3	25	1	1	4
204 Skattstofa Vestfjarða	1	80	—	—	1	80	1	33	—	—	1
205 Skattstofa Norðurlands vestra	1	74	—	—	1	74	1	21	—	—	1
206 Skattstofa Norðurlands eystra	1	84	—	—	1	84	4	14	—	—	4
207 Skattstofa Austurlands	1	75	—	—	1	75	1	17	—	—	1
208 Skattstofa Suðurlands	1	75	—	—	1	75	2	13	1	1	3
209 Skattstofa Vestmannaeyja	1	73	—	—	1	73	—	—	—	—	—
211 Skattstofa Reykjaness	1	73	—	—	1	73	1	22	—	—	1
214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1	74	—	—	1	74	1	11	—	—	1
251 Gjaldheimtan í Reykjavík	1	82	—	—	1	82	5	92	1	12	6
261 Tollstjórinn í Reykjavík	—	—	—	—	—	—	1	23	—	—	1
263 Tollgæsla	16	313	—	—	16	313	6	247	—	—	6
402 Fasteignamat ríkisins	1	62	—	—	1	62	18	373	—	—	18
901 Innkaupastofnun ríkisins, framkvæmdadeild	1	42	—	—	1	42	13	648	—	—	13
981 Húseignir ríkissjóðs	—	—	—	—	—	—	1	4	—	—	1
999 Ýmis verkefni	—	—	—	—	—	—	3	29	—	—	3
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**94**	**3689**	**5**	**85**	**99**	**3774**	**636**	**8570**	**56**	**337**	**692**
101 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	1	29	—	—	1
211 Vegagerð ríkisins	—	—	—	—	—	—	551	6466	50	269	601
325 Rekstrardeild ríkisskipa	6	428	5	85	11	513	2	27	—	—	2
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan	—	—	—	—	—	—	18	298	2	22	20
332 Vitamál	—	—	—	—	—	—	4	94	—	—	4
333 Hafnamál	—	—	—	—	—	—	1	7	—	—	1
341 Siglingamálastofnun ríkisins	1	56	—	—	1	56	8	409	—	—	8
342 Sjóslysanefnd	1	34	—	—	1	34	1	44	—	—	1
471 Flugmálastjórn	83	3073	—	—	83	3073	32	974	2	22	34
651 Ferðamál	1	22	—	—	1	22	2	24	1	13	3
652 Veðurstofa Íslands	1	32	—	—	1	32	9	97	1	11	10
656 Landmælingar Íslands	1	44	—	—	1	44	7	101	—	—	7
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	**5**	**203**	—	—	**5**	**203**	**140**	**2095**	**19**	**73**	**159**
101 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	4	21	—	—	4
201 Iðntæknistofnun Íslands	2	64	—	—	2	64	23	238	7	44	30
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1	53	—	—	1	53	35	528	2	2	37

uneyti anir — fyrirtæki — sjóðir	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)						Starfsmannabílar (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals		Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
04 Verkstjórnarnámskeið	—	—	—	—	—	—	3	21	—	—	3	21
06 Námskeið í stjórn vinnuvéla	—	—	—	—	—	—	2	11	—	—	2	11
07 Eftirmenntun í iðju og iðnaði	—	—	—	—	—	—	2	3	—	—	2	3
98 Eftirlit með starfsemi álversins	—	—	—	—	—	—	1	6	—	—	1	6
99 Iðja og iðnaður	—	—	—	—	—	—	1	1	—	—	1	1
01 Orkustofnun	1	43	—	—	1	43	51	902	10	27	61	929
02 Rafmagnseftirlit ríkisins	1	43	—	—	1	43	18	364	—	—	18	364
IÐSKIPTARÁÐUNEYTI	**1**	**86**	—	—	**1**	**86**	**14**	**211**	—	—	**14**	**211**
01 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	1	11	—	—	1	11
02 Verðlagsstofnun	1	86	—	—	1	86	13	200	—	—	13	200
IAGSTOFA ÍSLANDS	—	—	—	—	—	—	**1**	**11**	—	—	**1**	**11**
01 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	1	11	—	—	1	11
02 Þjóðskrá	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
ÍKISENDURSKOÐUN	—	—	—	—	—	—	**9**	**161**	—	—	**9**	**161**
01 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	9	161	—	—	9	161
JÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN	—	—	—	—	—	—	**2**	**22**	—	—	**2**	**22**
01 Aðalskrifstofa	—	—	—	—	—	—	1	11	—	—	1	11
82 Rafreiknar	—	—	—	—	—	—	1	11	—	—	1	11
A-hluti samtals	**579**	**21093**	**86**	**1527**	**665**	**22620**	**2330**	**35501**	**410**	**2144**	**2740**	**37645**

LUTI:

ORSÆTISRÁÐUNEYTI	—	—	—	—	—	—	**10**	**360**	—	—	**10**	**360**
71 Byggðasjóður	—	—	—	—	—	—	10	360	—	—	10	360
ENNTAMÁLARÁÐUNEYTI	**9**	**524**	—	—	**9**	**524**	**51**	**415**	**14**	**50**	**65**	**465**
01 Happdrætti Háskóla Íslands	4	289	—	—	4	289	3	60	—	—	3	60
11 Háskólabíó	1	62	—	—	1	62	1	12	—	—	1	12
22 Námsgagnastofnun — skólavörubúð	—	—	—	—	—	—	1	6	1	6	2	12
79 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni	—	—	—	—	—	—	2	49	—	—	2	49
71 Unglingaheimili ríkisins Kópavogi	1	48	—	—	1	48	6	16	6	10	12	26
71 og 972 Ríkisútvarpið — hljóðvarp — sjónvarp	—	—	—	—	—	—	36	230	7	34	43	264
73 Þjóðleikhúsið	2	90	—	—	2	90	—	—	—	—	—	—
74 Sinfóníuhljómsveit Íslands	—	—	—	—	—	—	1	16	—	—	1	16
76 Menningarsjóður og stofndeild	1	35	—	—	1	35	1	26	—	—	1	26
TANRÍKISRÁÐUNEYTI	**15**	**1261**	**1**	**22**	**16**	**1283**	**10**	**438**	—	—	**10**	**438**
01 Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	1	81	—	—	1	81	5	314	—	—	5	314
11 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	4	458	—	—	4	458	—	—	—	—	—	—
21 Sala varnarliðseigna	10	722	1	22	11	744	5	124	—	—	5	124
ANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	**106**	**1401**	**17**	**112**	**123**	**1513**	**75**	**910**	**2**	**1**	**77**	**911**
07 Tilraunastöðin Reykhólum	—	—	—	—	—	—	1	30	—	—	1	30
08 Tilraunastöðin Möðruvöllum	—	—	—	—	—	—	1	18	—	—	1	18

Ráðuneyti Stofnanir — fyrirtæki — sjóðir	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)						Starfsmannabílar (Fjárhæðir í þús. kr.)				
	Karlar		Konur		Samtals		Karlar		Konur		Samtals
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi Fj
209 Tilraunastöðin Skriðuklaustri	—	—	—	—	—	—	2	11	—	—	2
211 Tilraunastöðin Sámsstöðum	—	—	—	—	—	—	1	14	—	—	1
221 Áburðarverksmiðja ríkisins	102	989	17	112	119	1101	62	746	2	1	64
236 Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti	1	148	—	—	1	148	—	—	—	—	—
237 Stórólfsvallarbúið	1	97	—	—	1	97	1	3	—	—	1
238 Fóðuriðjan Ólafsdal	1	76	—	—	1	76	1	9	—	—	1
239 Grænfóðurverksmiðja Flatey, A-Skaftafellssýslu	1	91	—	—	1	91	1	28	—	—	1
246 Laxeldisstöð Kollafirði	—	—	—	—	—	—	3	39	—	—	3
271 Landgræðslusjóður	—	—	—	—	—	—	1	8	—	—	1
272 Sóttvarnarstöð ríkisins, Hrísey	—	—	—	—	—	—	1	4	—	—	1
25 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI	**1**	**25**	**—**	**—**	**1**	**25**	**24**	**470**	**—**	**—**	**24**
211 Fiskimálasjóður	—	—	—	—	—	—	1	15	—	—	1
222 Síldarverksmiðjur ríkisins	—	—	—	—	—	—	22	444	—	—	22
272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins — bygging	1	25	—	—	1	25	1	11	—	—	1
27 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	**1**	**44**	**—**	**—**	**1**	**44**	**9**	**71**	**—**	**—**	**9**
271 Byggingarsjóður ríkisins	1	44	—	—	1	44	3	15	—	—	3
371 Lánasjóður sveitarfélaga	—	—	—	—	—	—	3	28	—	—	3
972 Bjargráðasjóður Íslands	—	—	—	—	—	—	3	28	—	—	3
28 HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ	**—**	**—**	**—**	**—**	**—**	**—**	**10**	**69**	**10**	**66**	**20**
271 Tryggingastofnun ríkisins — lífeyristryggingar	—	—	—	—	—	—	5	44	—	—	5
272 Tryggingastofnun ríkisins — sjúkratryggingar	—	—	—	—	—	—	—	—	5	44	5
273 Tryggingastofnun ríkisins — slysatryggingar	—	—	—	—	—	—	—	—	5	22	5
274 Atvinnuleysistryggingasjóður	—	—	—	—	—	—	1	1	—	—	1
311 Ríkisspítalar — þvottahús	—	—	—	—	—	—	4	24	—	—	4
29 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	**61**	**1128**	**11**	**138**	**72**	**1266**	**34**	**557**	**1**	**33**	**35**
101 og 102 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins — Lyfjaverslun ríkisins	52	893	9	101	61	994	16	221	—	—	16
103 Innkaupastofnun ríkisins	1	46	—	—	1	46	11	191	1	33	12
931 Arnarhvoll — húseign	1	28	—	—	1	28	1	22	—	—	1
932 Borgartún 7 — húseign	4	99	2	37	6	136	—	—	—	—	—
934 Tollstöðvarhús við Tryggvagötu	—	—	—	—	—	—	1	22	—	—	1
971 Ríkisábyrgðasjóður	3	62	—	—	3	62	2	33	—	—	2
981 Fasteignir ríkissjóðs, ýmsar	—	—	—	—	—	—	3	68	—	—	3
30 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	**72**	**2656**	**27**	**636**	**99**	**3292**	**392**	**6108**	**49**	**401**	**441**
101 Póstur og sími	59	2161	27	636	86	2797	316	4975	36	254	352
211 Vegagerð ríkisins — áhaldahús	—	—	—	—	—	—	45	690	—	—	45
321 Skipaútgerð ríkisins	6	296	—	—	6	296	4	73	—	—	4
331 Vitamálastjórn — áhaldahús og Seljavegur 32	—	—	—	—	—	—	10	185	—	—	10
332 Hafnabótasjóður	3	10	—	—	3	10	2	5	—	—	2
333 Landshöfn Þorlákshöfn	—	—	—	—	—	—	8	56	—	—	8

eyti nir — fyrirtæki — sjóðir	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)						Starfsmannabílar (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals		Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
4 Landshöfn Keflavík-Njarðvík	4	189	—	—	4	189	—	—	—	—	—	—
2 Sérleyfissjóður	—	—	—	—	—	—	1	18	—	—	1	18
3 Ferðaskrifstofa ríkisins	—	—	—	—	—	—	2	52	3	22	5	74
4 Ferðaskrifstofa ríkisins — hótelrekstur	—	—	—	—	—	—	4	54	10	125	14	179
NAÐARRÁÐUNEYTI	**269**	**1682**	**57**	**217**	**326**	**1899**	**171**	**3119**	**9**	**92**	**180**	**3211**
1 Sementsverksmiðja ríkisins	261	1434	56	182	317	1616	19	398	2	34	21	432
2 Landssmiðjan	—	—	—	—	—	—	12	252	—	—	12	252
3 Gutenberg, ríkisprentsmiðja	—	—	—	—	—	—	1	19	—	—	1	19
4 Siglósíld, lagmetisiðja	4	175	1	35	5	210	1	20	—	—	1	20
0 Iðnaðarrannsóknir	—	—	—	—	—	—	1	7	—	—	1	7
2 Laxárvirkjun	—	—	—	—	—	—	9	214	—	—	9	214
4 Kröfluvirkjun	—	—	—	—	—	—	2	45	—	—	2	45
7 Fljótsdalsvirkjun (Bessastaðaárvirkjun)	—	—	—	—	—	—	3	45	—	—	3	45
1 Rafmagnsveitur ríkisins	1	42	—	—	1	42	110	1865	7	58	117	1923
1 Jarðboranir ríkisins	—	—	—	—	—	—	11	237	—	—	11	237
1 Orkusjóður	3	31	—	—	3	31	2	17	—	—	2	17
B-hluti samtals	**534**	**8721**	**113**	**1125**	**647**	**9846**	**786**	**12517**	**85**	**643**	**871**	**13160**
A- og B-hluti alls	**1113**	**29814**	**199**	**2652**	**1312**	**32466**	**3116**	**48018**	**495**	**2787**	**3611**	**50805**

Grunnskólar Sundurliðun	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
710 REYKJANESUMDÆMI	**24**	**776**	**3**	**79**	**27**	**855**
1000 Kópavogur, grunnskóli	**5**	**168**	**1**	**40**	**6**	**208**
1100 Seltjarnarnes	**2**	**61**	—	—	**2**	**61**
1200 Garðabær, grunnskóli	**3**	**105**	—	—	**3**	**105**
1400 Hafnarfjörður	**3**	**155**	**1**	**27**	**4**	**182**
2200 Keflavík	**2**	**95**	—	—	**2**	**95**
2300 Grindavík	**1**	**31**	—	—	**1**	**31**
2400 Njarðvík	**1**	**33**	—	—	**1**	**33**
2500 Gullbringusýsla	**3**	**43**	—	—	**3**	**43**
2502 Hafnahreppur	1	18	—	—	1	18
2504 Gerðahreppur	1	18	—	—	1	18
2506 Vatnsleysustrandarhreppur	1	7	—	—	1	7
2600 Kjósarsýsla	**4**	**85**	**1**	**12**	**5**	**97**
1603 Bessastaðahreppur	1	13	—	—	1	13
1604 Mosfellshreppur v/Varmárskóla 1605 Mosfellshreppur v/Brúarlands	2	64	—	—	2	64
1613 Kjalarneshreppur	—	—	1	12	1	12
1614 Kjósarhreppur	1	8	—	—	1	8
730 VESTURLANDSUMDÆMI	**12**	**229**	**2**	**20**	**14**	**249**
3000 Akranes	**1**	**47**	—	—	**1**	**47**

Grunnskólar Sundurliðun	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
3500 Borgarfjarðarsýsla	**2**	**27**	**1**	**8**	**3**	**35**
3504 Leirárhreppur	1	13	—	—	1	13
3505 Andakílshreppur	—	—	1	8	1	8
3508 Reykholtsdalshreppur	1	14	—	—	1	14
3600 Mýrasýsla	**2**	**49**	**—**	**—**	**2**	**49**
3604 Stafholtstungnahreppur	1	19	—	—	1	19
3606 Borgarneshreppur, grunnskóli	1	30	—	—	1	30
3700 Snæfellsnessýsla	**6**	**85**	**—**	**—**	**6**	**85**
3702 Eyjahreppur	1	18	—	—	1	18
3704 Staðarsveitarhreppur	1	5	—	—	1	5
3706 Neshreppur utan Ennis	1	7	—	—	1	7
3707 Ólafsvíkurhreppur, grunnskóli	1	23	—	—	1	23
3709 Eyrarsveit	1	10	—	—	1	10
3711 Stykkishólmshreppur, grunnskóli	1	22	—	—	1	22
3800 Dalasýsla	**1**	**21**	**1**	**12**	**2**	**33**
3804 Laxárdalshreppur	—	—	1	12	1	12
3805 Hvammshreppur, grunnskóli	1	21	—	—	1	21
740 VESTFJARÐAUMDÆMI	**22**	**195**	**7**	**37**	**29**	**232**
4000 Ísafjörður	**3**	**55**	**1**	**7**	**4**	**62**
4100 Bolungarvík	**1**	**23**	**—**	**—**	**1**	**23**
4500 A-Barðastrandarsýsla	**3**	**11**	**2**	**6**	**5**	**17**
4501 Geiradalshreppur	—	—	1	4	1	4
4502 Reykhólahreppur	2	7	—	—	2	7
4503 Gufudalshreppur	1	4	—	—	1	4
4505 Flateyjarhreppur	—	—	1	2	1	2
4600 V-Barðastrandarsýsla	**5**	**39**	**1**	**4**	**6**	**43**
4601 Barðastrandarhreppur	—	—	1	4	1	4
4602 Rauðasandshreppur	1	7	—	—	1	7
4603 Patrekshreppur	1	17	—	—	1	17
4604 Tálknafjarðarhreppur	1	7	—	—	1	7
4606 Suðurfjarðahreppur	2	8	—	—	2	8
4700 V-Ísafjarðarsýsla	**5**	**37**	**1**	**6**	**6**	**43**
4701 Auðkúluhreppur	—	—	1	6	1	6
4702 Þingeyrarhreppur	1	12	—	—	1	12
4703 Mýrarhreppur	1	6	—	—	1	6
4704 Mosvallahreppur	1	4	—	—	1	4
4705 Flateyrarhreppur	1	8	—	—	1	8
4706 Suðureyrarhreppur	1	7	—	—	1	7
4800 N-Ísafjarðarsýsla	**—**	**—**	**1**	**8**	**1**	**8**
4803 Súðavíkurhreppur	—	—	1	8	1	8
4900 Strandasýsla	**5**	**30**	**1**	**6**	**6**	**36**
4901 Árneshreppur	1	5	—	—	1	5
4902 Kaldrananeshreppur v/Drangsness	1	8	—	—	1	8
4903 Kaldrananeshreppur v/Klúku	1	4	—	—	1	4
4904 Hólmavíkurhreppur	1	9	—	—	1	9

Grunnskólar Sundurliðun	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
4906 Fellshreppur	1	4	—	—	1	4
4908 Bæjarhreppur	—	—	1	6	1	6
750 NORÐURLANDSUMDÆMI VESTRA	**19**	**212**	**1**	**5**	**20**	**217**
5000 Siglufjörður, grunnskóli	**1**	**20**	**—**	**—**	**1**	**20**
5100 Sauðárkrókur	**2**	**40**	**—**	**—**	**2**	**40**
5500 V-Húnavatnssýsla	**4**	**33**	**—**	**—**	**4**	**33**
5501 Staðarhreppur	1	5	—	—	1	5
5503 Ásbyrgi-Laugabakki	1	15	—	—	1	15
5504 Hvammstangahreppur	1	8	—	—	1	8
5506 Þverárhreppur	1	5	—	—	1	5
5600 A-Húnavatnssýsla	**3**	**46**	**—**	**—**	**3**	**46**
5603 Húnavellir	1	13	—	—	1	13
5604 Blönduóshreppur	1	17	—	—	1	17
5609 Höfðakauptún	1	16	—	—	1	16
5700 Skagafjarðarsýsla	**9**	**73**	**1**	**5**	**10**	**78**
5701 Skefilsstaðahreppur	—	—	1	5	1	5
5703 Staðarhreppur	1	4	—	—	1	4
5704 Varmahlíð	1	18	—	—	1	18
5705 Lýtingsstaðahreppur	1	12	—	—	1	12
5706 Akrahreppur	1	7	—	—	1	7
5707 Rípurhreppur	1	7	—	—	1	7
5709 Hólahreppur	1	8	—	—	1	8
5711 Hofsósskóli	2	9	—	—	2	9
5713 Haganeshreppur, Sólgarður	1	8	—	—	1	8
760 NORÐURLANDSUMDÆMI EYSTRA	**34**	**530**	**4**	**29**	**38**	**559**
6000 Akureyri, grunnskóli	**6**	**212**	**—**	**—**	**6**	**212**
6100 Húsavík, grunnskóli	**2**	**53**	**—**	**—**	**2**	**53**
6200 Ólafsfjörður, grunnskóli	**3**	**28**	**—**	**—**	**3**	**28**
6300 Dalvík, grunnskóli	**2**	**25**	**—**	**—**	**2**	**25**
6500 Eyjafjarðarsýsla	**10**	**96**	**2**	**14**	**12**	**110**
6501 Grímseyjarhreppur	1	3	1	4	2	7
6502 Svarfaðardalshreppur	1	7	—	—	1	7
6504 Hríseyjarhreppur	2	13	—	—	2	13
6505 Árskógshreppur	1	12	—	—	1	12
6506 Arnarneshreppur	1	8	—	—	1	8
6509 Þelamerkurskóli	1	16	—	—	1	16
6510 Hrafnagilshreppur	—	—	1	10	1	10
6511 Saurbæjarhreppur	1	8	—	—	1	8
6512 Öngulsstaðahreppur	1	10	—	—	1	10
6513 Hrafnagilshreppur v/miðskóla	1	19	—	—	1	19
6600 S-Þingeyjarsýsla	**6**	**74**	**1**	**8**	**7**	**82**
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	1	8	—	—	1	8
6602 Grýtubakkahreppur	1	12	—	—	1	12
6605 Stórutjarnaskóli	1	18	—	—	1	18
6606 Bárðdælahreppur	—	—	1	8	1	8
6607 Skútustaðahreppur	1	10	—	—	1	10
6608 Reykdælahreppur	1	12	—	—	1	12
6612 Hafralækjarskóli	1	14	—	—	1	14

Grunnskólar Sundurliðun	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.)					
	Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
6700 N-Þingeyjarsýsla	**5**	**42**	**1**	**7**	**6**	**49**
6701 Keldunesshreppur, Skúlagarður	1	9	—	—	1	9
6702 Öxarfjarðarhreppur	1	9	—	—	1	9
6704 Presthólahreppur	1	6	—	—	1	6
6705 Raufarhafnarhreppur	1	10	—	—	1	10
6706 Svalbarðshreppur	—	—	1	7	1	7
6707 Þórshafnarhreppur	1	8	—	—	1	8
770 AUSTURLANDSUMDÆMI	**23**	**280**	**3**	**18**	**26**	**298**
7000 Seyðisfjörður, grunnskóli	**1**	**25**	**—**	**—**	**1**	**25**
7100 Neskaupstaður	**1**	**19**	**—**	**—**	**1**	**19**
7200 Eskifjörður	**2**	**22**	**—**	**—**	**2**	**22**
7500 N-Múlasýsla	**4**	**38**	**1**	**7**	**5**	**45**
7501 Skeggjastaðahreppur	—	—	1	7	1	7
7502 Vopnafjarðarhreppur	1	18	—	—	1	18
7503 Hlíðarhreppur	1	6	—	—	1	6
7504 Jökuldalshreppur	1	6	—	—	1	6
7509 Borgarfjarðarhreppur	1	8	—	—	1	8
7600 S-Múlasýsla	**10**	**118**	**2**	**11**	**12**	**129**
7602 Vallahreppur	1	8	—	—	1	8
7603 Egilsstaðahreppur	1	26	—	—	1	26
7604 Eiðahreppur	1	11	—	—	1	11
7605 Mjóafjarðarhreppur	—	—	1	5	1	5
7609 Reyðarfjarðarhreppur	1	14	—	—	1	14
7611 Búðahreppur	2	17	—	—	2	17
7612 Stöðvarhreppur	1	11	—	—	1	11
7613 Breiðdalshreppur	1	13	—	—	1	13
7614 Beruneshreppur	1	6	—	—	1	6
7615 Búlandshreppur	1	12	—	—	1	12
7616 Geithellnahreppur	—	—	1	6	1	6
7700 A-Skaftafellssýsla	**5**	**58**	**—**	**—**	**5**	**58**
7701 Bæjarhreppur	1	8	—	—	1	8
7703 Hafnarhreppur, grunnskóli	1	29	—	—	1	29
7704 Mýrahreppur	1	6	—	—	1	6
7705 Borgarhafnarhreppur	1	8	—	—	1	8
7706 Hofshreppur	1	7	—	—	1	7
780 SUÐURLANDSUMDÆMI	**29**	**357**	**7**	**57**	**36**	**414**
8000 Vestmannaeyjar	**2**	**60**	**1**	**12**	**3**	**72**
8100 Selfoss	**2**	**62**	**—**	**—**	**2**	**62**
8500 V-Skaftafellssýsla	**4**	**30**	**1**	**4**	**5**	**34**
8502 Kirkjubæjarskóli	1	13	—	—	1	13
8506 Hvammshreppur	2	12	—	—	2	12
8507 Dyrhólahreppur	1	5	1	4	2	9
8600 Rangárvallasýsla	**8**	**61**	**3**	**23**	**11**	**84**
8601 A-Eyjafjallahreppur	1	5	—	—	1	5
8602 V-Eyjafjallahreppur	1	5	1	3	2	8

Grunnskólar Sundurliðun	Föst yfirvinna (Fjárhæðir í þús. kr.) Karlar Fjöldi	Karlar Fjárhæð	Konur Fjöldi	Konur Fjárhæð	Samtals Fjöldi	Samtals Fjárhæð
8603 A-Landeyjahreppur	1	5	—	—	1	5
8604 V-Landeyjahreppur	1	6	—	—	1	6
8605 Fljótshlíðarhreppur	1	6	—	—	1	6
8606 Hvolhreppur, grunnskóli	2	20	—	—	2	20
8607 Rangárvallahreppur	—	—	1	17	1	17
8609 Holtahreppur	1	14	—	—	1	14
8611 Djúpárhreppur	—	—	1	3	1	3
8700 Árnessýsla	**13**	**144**	**2**	**18**	**15**	**162**
8701 Gaulverjabæjarhreppur	1	8	—	—	1	8
8702 Stokkseyrarhreppur	1	12	—	—	1	12
8703 Eyrarbakkahreppur	1	8	—	—	1	8
8706 Hraungerðishreppur	2	8	—	—	2	8
8707 Villingaholtshreppur	—	—	1	6	1	6
8708 Skeiðahreppur	1	6	—	—	1	6
8709 Gnjúpverjahreppur	—	—	1	12	1	12
8710 Hrunamannahreppur	1	18	—	—	1	18
8711 Biskupstungnahreppur	1	12	—	—	1	12
8712 Laugadalshreppur	1	5	—	—	1	5
8713 Grímsneshreppur	1	13	—	—	1	13
8716 Hveragerðishreppur	2	31	—	—	2	31
8717 Ölfushreppur	1	23	—	—	1	23
Samtals	**163**	**2579**	**27**	**245**	**190**	**2824**

Svar við 2. tölulið a)

Upplýsingar um þau atriði, sem talin eru upp í a lið, liggja ekki fyrir í ríkisbókhaldi.

Svar við 2. tölulið b)

Aðilar, sem skiluðu ekki ríkisbókhaldi upplýsingum í fylgirit með ríkisreikningi fyrir árið 1982, voru níu að tölu. Af þeim hafa fjórir ekki skilað ársreikningum til ríkisbókhaldsins á liðnum árum. Þeir telja starfsemina ekki falla undir ákvæði laga um stofnanir og fyrirtæki ríkisins. Í samræmi við þá afstöðu skiluðu þeir ekki upplýsingum í fylgiritið. Þeir eru: Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands ásamt Veiðistjóra.

Tveir aðilar, Síldarútvegsnefnd og Brunabótafélag Íslands, hafa haft hliðstæða afstöðu. Þeir hafa þó skilað ríkisbókhaldi ársreikningum sínum og hafa þeir verið birtir í ríkisreikningi. Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða skila ársreikningum til birtingar en þessum sérstöku upplýsingum í fylgiritið fyrir árið 1982 skiluðu þeir ekki. Skálholtsskóli skilaði hvorki ársreikningi fyrir árið 1982 né þessum sérstöku upplýsingum.

Eins og að framan greinir telja sex af þessum níu aðilum starfsemi sína ekki falla undir ótvírætt ákvæði laga um stofnanir og fyrirtæki ríkisins, en þrír skiluðu ekki umbeðnum upplýsingum án þess að slík afstaða kæmi fram.

Efri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 29. febr., kl. 2 miðdegis.

Framsal sakamanna, frv. 122. mál (þskj. 152). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sjóntækjafræðingar, frv. 63. mál (þskj. 397). — 3. umr.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Það var örstutt aths. sem ég vildi beina til n. Það er breytt um orð. Í frv. er held ég talað um gleraugnafræðinga. Hér er komið heitið sjóntækjafræðingar. Það er kannske spurning um íslenskt mál, en hefur ekki orðið „sjóntækjafræðingur“ víðari merkingu en aðeins lýtur að gleraugum? Hvað með stjörnukíkja og önnur slík verkfæri?

Ég vildi að þetta atriði væri athugað og það færi ekki óbreytt út úr hv. deild ef eitthvað væri við þessa nafngift

að athuga. Ég mælist til að það sé kannað — eða kannske að n. geti upplýst um hvort þetta orð stangast á við aðra starfsemi sem er þegar fyrir hendi.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Að mínum dómi og ég hygg nm. í hv. heilbr.- og trn. á þetta heiti, sjóntækjafræðingur, alls ekki að valda neinum ruglingi. Við færðum rök fyrir því að í stað orðsins „gleraugnafræðingur" kæmi „sjóntækjafræðingur" vegna þess að sú iðja sem hér er um að ræða er nokkuð víðtækari en hið fyrra heiti gefur til kynna. Þess er að geta að starfsemi í þá veru er mjög fábreytt ef þá nokkur í landinu, sem hv. 3. þm. Vesturl. vék að og taldi að gæti villt mönnum sýn. En í 5. gr. frv. er nokkuð skýrt kveðið á um hver starfsemin undir handarjaðri sjóntækjafræðinga er og verður. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Sjóntækjafræðingur annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ. e. sölu gleraugna og vinnslu þeirra.

Sjóntækjafræðingi er einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggi tilvísun og/eða forskrift læknis."

Í 10. gr. frv. er þess getið að ráðh. setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

Þetta tvennt og það sem ég fyrst sagði um þessa iðju held ég að skýri það enn og aftur að þarna á ekki að verða um neinn misskilning að ræða. Heitið „sjóntækjafræðingur" er að mínum dómi fullkomlega grundvallað og skýrt í lögunum sjálfum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 88, n. 362). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til lögræðislaga og skilað um það áliti á þskj. 362. Það nál. vildi ég mega lesa, með leyfi forseta. Þar stendur svo:

„Nefndin hefur farið yfir frv. og rætt það á nokkrum fundum. Á fund n. komu Guðrún Erlendsdóttir dósent, sem var formaður þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem frv. samdi, og Ólöf Pétursdóttir ráðuneytisfulltrúi er var ritari nefndarinnar. Gáfu þær upplýsingar og skýringar og svöruðu fsp. Fyrir nefndinni lá umsögn stjórnar Geðlæknafélags Íslands. Mælti hún með samþykkt frv. en benti á þrjú atriði, er hún taldi rétt að breyta. Voru það aðallega orðalagsbreytingar. Þá komu á fund n. fulltrúar frá félaginu Geðhjálp. Komu þeir með ábendingar um nokkrar breytingar. Að athuguðu máli leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var ekki á fundi er málið var endanlega afgreitt í n."

Rétt er að taka fram að ekki er nákvæmt sem segir í þessu nál. að það hafi verið umsögn frá stjórn Geðlæknafélags Íslands sem lá fyrir hendi. Hið rétta er að þar er um að ræða umsögn eða álitsgerð yfirlækna við geðlæknadeild ríkisspítalanna.

Hér er um mikilvægt mál að tefla á margan hátt. Það er talsvert flókið og í því eru lagatæknileg atriði. Tel ég rétt að fara um það nokkrum orðum.

Frv. er, eins og kemur fram í athugasemd, samið af nefnd sem dómsmrn. skipaði í nóv. 1980 til að endurskoða lögræðislögin. Í nefndinni áttu sæti Guðrún Erlendsdóttir dósent, sem var formaður nefndarinnar, Björn Þ. Guðmundsson prófessor og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari. Ritari nefndarinnar var Ólöf Pétursdóttir ráðuneytisfulltrúi.

Í lögræðislögum er fjallað um mjög mikilvægt réttindasvið, lögræði, bæði sjálfræði og fjárræði, en ekki fer á milli mála að þessi grein gerhæfis er hin mikilvægasta og lögræði því tvímælalaust meðal allra dýrmætustu mannréttinda. Þess vegna verður að búa svo um hnúta í löggjöf að það njóti öruggrar réttarverndar. Eru lögræðislög byggð á því sjónarmiði. Allir menn njóta rétthæfis en hins vegar verða menn að hafa náð vissum þroska til að njóta gerhæfis, lögræðis í þessu sambandi, og að á ráði þeirra hafi ekki síðar orðið þeir annmarkar að reynst hafi nauðsynlegt að svipta þá þessum rétti. Segja má í stuttu máli að réttaröryggið í þessu sambandi felist fyrst og fremst í því að lögræðissvipting verður aðeins ákveðin með dómi af dómara.

Þetta frv. skiptist í nokkra kafla. Í I. kafla er fjallað um hvenær menn verða lögráða, sjálfráða og fjárráða. Er það í samræmi við gildandi lög að undanskildum nokkrum orðalagsbreytingum sem gerð er grein fyrir í athugasemdum frv. II. kafli fjallar um lögræðissviptingu og brottnám lögræðissviptingar. Reglur hans eru í meginatriðum, að fráskildum nokkrum orðalagsbreytingum, í samræmi við gildandi lög. Þó er rétt að benda á eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi er tekið skýrt fram að mál til lögræðissviptingar og brottnáms lögræðissviptingar skuli sæta afbrigðilegri meðferð einkamála.

Í öðru lagi er í 5. gr. kveðið svo á að auk þeirra aðila sem nú geta krafist lögræðissviptingar, geti félagsmálastofnun einnig gert það eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar.

Í þriðja lagi eru í 7. gr. reglur um málsmeðferð sem að nokkru víkja frá þeim reglum sem nú er farið eftir. Farið hefur verið með þessi mál að hætti opinberra mála en gert er ráð fyrir því að nú sæti þau afbrigðilegri einkamálameðferð og að skv. því verði það t. d. borgardómarar sem kveða á um lögræðissviptingu og fleiri reglur eru settar í þessari 7. gr.

Í 8. gr. eru fyrirmæli um birtingu úrskurða um lögræðissviptingu. Þar segir svo í 3. mgr., sem er í samræmi við gildandi lög, með leyfi forseta:

„Ef um fjárræðissviptingu er að tefla skal dómari einnig annast um að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign eða hér skrásett skip, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða getið er í verslanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn á varnarþingi fasteignar eða skipa og verslanaskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum yfirlögráðanda og öðrum þeim stjórnvöldum, sem um hann þurfa að vita."

En því les ég þessa gr. hér upp að fyrsta ábending fulltrúa Geðhjálpar, sem mætti á fundi nefndarinnar, var að fella niður birtingu á úrskurði í Lögbirtingablaði. Ástæðan fyrir þeirri ábendingu af þeirra hálfu var sú að þeir töldu að gengið væri of nærri hlutaðeiganda með því. En þar sem réttaráhrif fjárræðissviptingar eru miðuð við þessa birtingu, sbr. 22. gr. frv., gat allshn. ekki séð að unnt væri að fella þessa birtingu niður og sá ekki annan hliðstæðan kost betri.

Í 9. gr. eru svo ákvæði um brottnám lögræðissviptingar. Ég leyfi mér nú að vísa til hennar. Þar eru ekki verulegar breytingar frá því sem nú er en önnur ábending fulltrúa Geðhjálpar varðaði einmitt þessa grein. Reglan skv. 9. gr er sú að til þess að fella niður lögræðissviptingu þarf dómur að ganga. En ábending frá fulltrúa Geðhjálpar var á þá lund að lögræðissvipting sem staðið hefði í eitt ár skyldi sjálfkrafa niður falla ef ekki væri leitað endurstaðfestingar á henni innan þess tíma. Allshn. gat ekki fallist á þessa hugmynd.

Segja má að í III. kafla frv., sem fjallar um bráðabirgðavistun manns á sjúkrahúsi án samþykkis hans, sé um að ræða aðalnýmæli þessa frv. Að vísu eru nokkrar breytingar gerðar á öðrum ákvæðum gildandi laga en í þessum kafla er fyrst og fremst um nýmæli að ræða í lögræðislögunum. skv. 31. gr. gildandi lögræðislaga er reglan sú að svipta þarf mann sjálfræði ef vista á hann í sjúkrahúsi án samþykkis hans. Auk þess er krafist samþykkis dómsmrn. Nú er heimilt að svipta mann frelsi til bráðabirgða en slík frelsissvipting má ekki vera lengri en tveir sólarhringar án þess að krafa sé gerð til dómara um sjálfræðissviptingu sem dómara ber að taka strax til meðferðar. Þetta er sú regla sem nú gildir. En í frv. er farið inn á þá braut að heimila nauðungarvistun á sjúkrahúsi í allt að 15 sólarhringa án þess að sjálfræðissvipting þurfi að koma til. Reyndar er talið að hér sé að verulegu leyti um að ræða staðfestingu á praxís af því að framkvæmdin hafi orðið önnur en lögin gera ráð fyrir og vísa má í því sambandi til þess sem kemur fram í álitsgerð geðlækna. Reglur þær, sem í frv. er að finna, eru settar af tillitssemi við sjúkling og til þess að komast hjá þeirri harkalegu aðgerð sem sjálfræðissvipting er. Hjá henni virðist oft hægt að komast í þessum tilvikum. Í könnun, sem gerð var á Kleppsspítala, kom fram að af 114 sjúklingum, sem þar voru vistaðir gegn vilja sínum árin 1977 og 1978, voru aðeins fjórir sviptir sjálfræði með dómi. Yfirlæknar við geðlæknadeildir ríkisspítalanna mæla eindregið með þessari aðferð.

Í 13. gr. frv. er sérstaklega mælt um þetta og segir þar, með leyfi forseta:

„Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

Þó má hefta frelsi manns, ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má eigi standa lengur en tvo sólarhringa nema til komi samþykki dómsmrn.

Með samþykki dómsmrn. má vista mann gegn vilja sínum til meðferðar í sjúkrahúsi ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og vistun þykir óhjákvæmileg að mati læknis. Í greinum þeim sem á eftir fara eru settar nánari reglur um þetta efni.

Rétt er að geta þess að í álitsgerð yfirlækna við geðdeildirnar bentu þeir á að heppilegra væri að þeirra dómi að miða þarna við þrjá sólarhringa en ekki tvo, að það mætti sem sagt vista mann í þrjá sólarhringa án þess að samþykki dómsmrn. kæmi til. Allshn. taldi ekki rétt að lengja þá frelsisskerðingu sem átt getur sér stað án atbeina dómsmrn.

Eins og ég mun áður hafa sagt eru aðrar ábendingar stjórnar geðlæknanna minni háttar orðalagsbreytingar, svo sem varðandi 13. og 14. gr. Allshn. taldi þær álitamál og því ekki rétt að flytja þær sem brtt.

Skv. greinum þeim sem fjalla um nauðungarvistunina segir að dómsmrn. skuli þegar í stað taka beiðni um frekari nauðungarvistun en segir í 13. gr. til afgreiðslu. Það skal kanna málavexti og getur, eftir því sem ástæða er til, aflað skýrslna þeirra manna sem málinu eru kunnugir. Þar skal án óþarfs dráttar ákveða hvort vistun skuli heimiluð eða ekki. Um þetta er svo frekar mælt í 17. gr. Þar segir:

„Á vegum dómsmrn. skal starfa trúnaðarlæknir sem rn. getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til vistunar. Trúnaðarlæknir rn. hefur jafnan heimild til að kanna ástand sjúklings sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum."

Ein meginbreytingin eða ábendingin frá fulltrúum Geðhjálpar var varðandi efni það sem felst í þessari 17. gr. Þeir lögðu til að það yrði sérstök nefnd en ekki dómsmrn. sem úrskurðaði um nauðungarvistun á sjúkrahúsi. Ég held að rétt sé, til að gefa hv. dm. hugmynd um það sem fyrir þeim vakir, að ég lesi upp þá ábendingu eða till. sem þeir voru með. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stofnuð skal fjögurra manna nefnd með jafnmörgum varamönnum. Í nefndinni skulu eiga sæti einn lögfræðingur, einn læknir, einn sálfræðingur og einn aðstandandi skjólstæðings eða fyrrverandi skjólstæðingur.

Nefndinni berast allar beiðnir um vistun á sjúkrahúsi sem varir lengur en tvo sólarhringa. Nefndin er dómsaðili sem ákvarðar hvort þörf er á beiðni um lögræðissviptingu. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur. Í sérstökum tilvikum getur nefndin gefið leyfi til að framlengja vistun á stofnun um eina viku umfram þá 14 daga sem nefndir eru í 19. gr. frv. Slíkt yrði þá fyrst og fremst gert til að komast hjá beiðni um lögræðissviptingu.

Skal nefndinni búin starfsaðstaða og henni jafnframt tryggður aðgangur að þeirri sérfræðiþjónustu sem þurfa þykir til að leysa þau verkefni sem nefndinni berast.

Öllum málum er varða vistun og mögulega beiðni um lögræðissviptingu skal vísað tafarlaust til landlæknis. Hann skal tafarlaust leggja málið undir úrskurð fyrrgreindrar nefndar. Nefndinni ber að hafa að leiðarljósi hagsmuni og velferð þess einstaklings sem fjallað er um hverju sinni. Ef ágreiningur rís er hægt að senda úrskurð nefndarinnar til almennra dómstóla og skal þá farið með málið sem einkamál."

Herra forseti. Ég hef talið rétt að lesa þessa tillögu fulltrúa Geðhjálpar upp vegna þess að þar er gert ráð fyrir gerbreytingu frá því kerfi sem meiningin er að lögfesta með frv., þ. e. að það verði nefnd sem fjalli um þetta en ekki dómsmrn.

Allshn. gat ekki fallist á þessa hugmynd. Telur hún að hún mundi verða of fyrirferðarmikil í framkvæmd. Yfirlæknarnir við geðdeildirnar hafa ekki mælt með nefnd. Þeir telja 17. gr. frv. eins og það er með ákvæðunum um trúnaðarlækni rn., sem þeir telja að eigi að vera sérfræðingur í geðlækningum, fullnægjandi.

Hin stjórnskipaða nefnd sem samdi frv. komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að hafa ákvæði um nauðungarvistun í lögræðislögunum í stað þess að setja sérstök lög um þetta efni. Geðlæknarnir mæla í sínu áliti eindregið með því að ákvæðin séu í lögræðislögunum. Sannleikurinn er þó sá að þetta sýnist vera algert álitamál og trúlega má færa ýmis rök fyrir því að um þetta efni séu sett fyrirmæli í sérstökum lögum, svo sem vera mun á Norðurlöndum, í Bretlandi og Bandaríkjun-

um, að því er segir í aths. við þetta frv. En um það skal ég ekki ræða hér frekar af því að allshn. mælir með þeirri skipan sem frv. gerir ráð fyrir að lögfesta.

Í IV. kafla er í rauninni ekki um efnisbreytingar frá núgildandi lögum að ræða en hins vegar nokkrar orðalagsbreytingar og vísast um þær til athugasemda. Sama máli gegnir að mestu um V. kafla frv. Sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um hann en vísa til aths.

Ég hef þá, virðulegi forseti, gert örstutta grein fyrir nokkrum þeim breytingum á gildandi löggjöf sem þetta frv. hefur að geyma og sérstaklega vikið að þeirri nýlundu sem þar er fyrst og fremst um að ræða, þ. e. III. kaflanum, og þá um leið vikið að þeim ábendingum sem fram komu hjá þeim aðilum sem ég nefndi. En eins og fram kemur í nál. og ég hef þegar tekið fram leggur allshn. til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—41. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Skógrækt, frv. 212. mál (þskj. 377). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 377 er frv. til l. um breytingu á lögum um skógrækt nr. 3 6. mars 1955. Saga skipulegrar skógræktar á Íslandi nær nú yfir 85 ár. Upphaf skógræktar er almennt miðað við árið 1899, en það ár fékk Daninn Karl Gruyter leyfi landsstjórnarinnar til að koma upp trjáreit á Þingvöllum. Reitur þessi sem er í brekkunum austan Almannagjár skammt frá Öxarárfossi, minnir okkur nú á starf frumherja skógræktar hér á landi.

Með samþykkt laga nr. 54 22. nóv. 1907, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, var af hálfu hins opinbera hafið skipulegt starf að skógræktarmálum. Markmið þess starfs hafa jafnan verið þau hin sömu og lýst var í 1. gr. áðurnefndra laga, en þar sagði: Skógrækt skal hefja með því markmiði að friða og bæta skóga þá og skógarleifar, sem enn eru hér á landi, rækta nýja skóga og leiðbeina landsmönnum í meðferð skóga og gróðursetningu. Að þessu verkefni hafa skógræktarstjóri og Skógrækt ríkisins unnið, en hlutur skógræktarfélaga og einstaklinga er einnig stór.

Þeir þættir skógræktarstarfsins sem mest áhersla hefur verið lögð á eru verndun skógarleifa og ræktun nýrra skóga til að bæta og fegra landið. Reynslan hefur líka sýnt að á ýmsum svæðum landsins má rækta skóg til viðarframleiðslu. Horfa menn þar m. a. til þess árangurs sem náðst hefur í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu, en á árinu 1969 veitti Alþingi 500 þús. kr. fjárveitingu til framkvæmda við sérstaka áætlun um skógrækt á bújörðum þar. Skógræktargirðingar skv. Fljótsdalsáætlun eru nú á 12 jörðum og ná yfir um 450 hektara. Fyrst var plantað þarna 1970 og hafa hæstu lerkitrén þegar náð 5 metra hæð. Mikill og vaxandi áhugi er nú fyrir því meðal forvígismanna skógræktarmála að hafist verði handa um enn frekari skógrækt í þeim tilgangi að koma upp nytjaskógum á bújörðum og leggja þannig grunninn að nýrri búgrein hér á landi. Er fyrirhugað að unnið verði að slíkri ræktun með skipulegum hætti og á grundvelli sérstakra áætlana um nytjaskóga. Með ræktun nytjaskóga er verið að leggja í sjóð fyrir framtíðina. Slík fjárfesting fer oftast ekki að skila tekjum fyrr en eftir 25—30 ár. Er því talið nauðsynlegt og eðlilegt að hið opinbera stuðli að því að þessi nýja búgrein geti orðið að raunveruleika hér á landi. Því er þetta frv. flutt.

Með frv. er lagt til að inn í skógræktarlögin komi nýr kafli, IV. kafli undir fyrirsögninni „Um ræktun nytjaskóga á bújörðum". Meginatriði frv. eru þessi:

1. Ríkissjóður styrkir ræktun nytjaskóga á bújörðum í þeim héruðum landsins þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni.

2. Styrkur ríkissjóðs má nema allt að 80% stofnkostnaðar við undirbúning skógræktar landsins.

3. Sett eru ýmis skilyrði fyrir styrkveitingunni, svo sem að gerð hafi verið skógræktaráætlun fyrir viðkomandi svæði og fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda um skógræktarlandið og framkvæmdir.

4. Settar eru reglur um meðferð skógræktarlandsins, aðilaskipti að réttindum yfir því og umráð Skógræktar ríkisins sé út af brugðið. Er þessum ákvæðum ætlað að tryggja að framlög ríkisins til ræktunar nytjaskóga nýtist til þess verkefnis. Ræktun nytjaskógar tekur langan tíma og því er nauðsynlegt að frá upphafi séu til staðar skýrar og ótvíræðar reglur um það land sem ráðstafað hefur verið til slíkrar skógræktar.

5. Skv. frv. skal nefnd heimamanna vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar, en yfirumsjón með ræktun nytjaskóga verður í höndum Skógræktar ríkisins. Tekið er fram að Alþingi skuli árlega skipta því fé sem veitt er til ræktunar nytjaskóga milli hinna einstöku skógræktaráætlana.

Eins og áður sagði er frv. þessu ætlað að vera grundvöllur nýrrar búgreinar hér á landi. En þessi búgrein verður ekki stunduð hvar sem er á landinu. Náttúrleg skilyrði til skógræktar á Íslandi eru mjög misjöfn eftir landshlutum svo og svæðum innan landshluta. Skv. frv. er það skilyrði styrkveitingar að skógræktarskilyrði séu vænleg í viðkomandi héraði og verður við gerð skógræktaráætlana að leggja mat á það atriði.

Í grg. frv. eru nefnd fimm svæði sem vænlegust þykja til skógræktar með viðarframleiðslu að markmiði, en önnur svæði kunna þar einnig að koma til greina. Gerð sérstakra skógræktaráætlana skv. frv. á að tryggja að framlög til ræktunar nytjaskóga verði veitt til þeirra staða þar sem árangur af skógræktinni er sem öruggastur hvað varðar náttúrleg skilyrði og veðurfar.

Erlendis hefur víða verið farin sú leið á þeim stöðum þar sem skilyrði til skógræktar eru áþekk því sem hér gerist að hið opinbera hefur með sérstökum framlögum styrkt menn til að koma upp skógi. Horfa menn þá ekki síst til þeirra jákvæðu áhrifa sem skógræktin hefur á umhverfi sitt og þess að langur tími muni líða þar til skógræktin fer að skila viðkomandi skógareigendum tekjum. Í flestum tilvikum er ræktandinn að leggja í sjóð fyrir komandi kynslóðir. Hann friðar land sitt og leggur í kostnað við skógræktina og umhirðu skógarins. Í þessu frv. er lagt til að ríkið veiti sérstök framlög er

geti numið allt að 80% af stofnkostnaði við ræktun nytjaskóga. Frá Norður-Noregi og Norður-Svíþjóð höfum við dæmi um að slík framlög nemi allt að 90%.

Eins og fram kemur í fskj. 1 með frv. er kostnaður við að koma upp nytjaskógi umtalsverður. Þar eru plöntukaup stærsti kostnaðarliðurinn eða rúm 50% af stofnkostnaði. Sú hlutfallstala frv. að framlag ríkisins geti numið allt að 80% af stofnkostnaði er við það miðuð að ræktendur þurfi ekki sjálfir að leggja fram verulegt eigið fé í upphafi, heldur geti þeir með eigin vinnuframlagi að mestu greitt sinn hlut. Mikilvægt er líka að bændur og starfslið þeirra í sveitum vinni að skógræktarstarfinu undir handleiðslu kunnáttumanna og þekking á þessari nýju búgrein breiðist út í sveitunum og verði grundvöllur aukinna atvinnutækifæra þar. En ræktandinn verður sjálfur að annast viðhald og hirðingu skógarins og girðingar eftir að plöntun er lokið og bera kostnað af því.

Þá er rétt að undirstrika að frv. gerir ekki ráð fyrir sjálfvirku framlagi ríkisins til nytjaskóga, heldur þarf Alþingi hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga að ákveða hversu miklu fé verði varið til þessa málaflokks.

Ég rek hér ekki efni einstakra ákvæða frv. en vil þó vekja sérstaka athygli á þeim ákvæðum þess sem lúta að meðferð á því landi sem ráðstafað hefur verið til ræktunar nytjaskóga. Í sumum tilvikum eru þetta ströng ákvæði og leggja kvaðir á skógræktarlandið og eiganda þess. Slíkt er hins vegar nauðsynlegt með tilliti til þess langa tíma sem ræktun nytjaskóga tekur og framlags samfélagsins sem heildar við upphaf ræktunarinnar.

Sinni eigandi skógræktarlandsins ekki skyldum sínum varðandi hirðingu og viðhald er Skógrækt ríkisins skv. frv. heimilt að gera nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Sé um ítrekaðar vanefndir að ræða eða brotið er gegn ákvæðum laga um meðferð skógræktarlands getur Skógrækt ríkisins valið á milli þess að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk eða leysa til sín skógræktarlandið, að fengnu samþykki tilgreindra aðila.

Þá hefur Skógrækt ríkisins jafnan forkaupsrétt að skógræktarlandinu næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum, þ. e. ábúanda og sveitarstjórn, en forkaupsréttur verður þó ekki virkur þegar jörðinni í heild er ráðstafað til þeirra skyldmenna sem tilgreind eru í 1. tl. 26. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976. Í frv. eru einnig sérstakar reglur um ákvörðun kaupverðs þegar forkaupsrétti eða innkaupsrétti er beitt og er þá tekið tillit til framlags ríkisins í upphafi.

Þá er í frv. lagt til að 20. gr. skógræktarlaganna frá 1955 verði felld niður, en skv. henni er heimilt að styrkja ræktun barrskóga á jörðum og jarðaskikum. Þó að tilgangur þeirrar ræktunar hafi ekki eingöngu verið beinar fjárhagslegar nytjar er talið eðlilegra að fella þá heimild niður samfara upptöku ákvæða um ræktun nytjaskóga. Einnig er lagt til að 23. gr. skógræktarlaganna verði breytt í þá veru að orða greinina sem heimild, miðað við það fé sem veitt er til þessa verkefnis á fjárlögum hverju sinni.

Fyrir nokkrum árum var hafist handa við að endurskoða skógræktarlögin frá 1953 í heild. Nefnd sú sem unnið hefur að því verkefni hefur ekki lokið störfum. Ég taldi hins vegar ekki rétt að láta lagasetningu um ræktun nytjaskóga á bújörðum bíða hugsanlegar endurskoðunar skógræktarlaganna í heild.

Ég nefndi hér fyrr að áhugi bænda og Skógræktarinnar á því að hefjast handa um ræktun nytjaskóga er mikill. Þannig hafa 40 bændur í Eyjafirði lýst sig reiðubúna til að hefja slíka skógrækt á 900 hekturum lands. Hópur bænda í Árnessýslu er einnig tilbúinn til að hefjast handa og í Suður-Þingeyjarsýslu og Borgarfirði hefur verið unnið að könnun á möguleikum ræktunar nytjaskóga. Á öllum þessum stöðum hafa búnaðarsamböndin og skógræktarfélögin unnið að málinu í samráði við Skógrækt ríkisins. Alþingi hefur líka þegar í verki sýnt áhuga sinn á framgangi þessa máls með 500 þús. kr. framlagi til ræktunar nytjaskóga við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984. Það er því mikilvægt að þetta frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi svo að unnt verði að hefjast handa á komandi vori. Vil ég því biðja þá nefnd sem fær þetta til meðferðar að reyna að vinna þannig að meðferð málsins að slíkt megi takast.

Ég vil svo leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég er eindregið hlynntur því frv. sem hér er flutt enda þótt ég sé að vísu, sem áhugamaður um skógrækt, kannske fyrst og fremst með það í huga að skógur á Íslandi geti orðið íbúum landsins til yndisauka og til fegurðarauka fyrir landið. Hitt er mér ekki alveg jafnljóst, hversu mikil not verða af skógum fyrir landbúnað þegar fram líða stundir. En ég tel að þau áform sem í þessu frv. felast eigi fyllsta rétt á sér í ákveðnum mæli ef ekki er um allt of stórar fjárhæðir að ræða og sjálfsagt sé að gera tilraunir í þessa átt og að ríkið styðji þá viðleitni með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Í frv. er bersýnilega um tvenns konar stuðning að ræða. Það er annars vegar stuðningur skv. 2. gr., styrkir til þeirra sem vilja koma upp trjálundum á jörðum sínum, og svo hins vegar skv. 3. gr., styrkir til ræktunar nytjaskóga á bújörðum þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg. Ég vil taka það fram um fyrri áformin, sem munu eiga stoð í núverandi skógræktarlögum, að ég teldi eðlilegra að orða þetta á þann veg að heimilt væri að styrkja þá sem vilja koma upp trjálundum á landi sínu. Vegna þess að ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar vildi ég koma þessari ábendingu á framfæri. Mér finnst ekki að það eigi að setja það að skilyrði fyrir því að menn geti fengið styrk til þess að koma upp trjálundum að þeir eigi jörðina þar sem trjálundurinn er ræktaður. Það getur vel staðið á með ýmsum hætti, að menn hafi fengið leigða nokkra hektara lands til skógræktar eða þá keypt ákveðið landsvæði út úr jörð og ætla sér að rækta þar skóg án þess að um búrekstur sé að ræða hjá viðkomandi aðila. Þá finnst mér að þeir sem vilja friða landið og auka skóg á Íslandi með því að leggja til mikið fé, erfiði og vinnu, eigi jafnan rétt til þess þótt þeir séu ekki jarðeigendur eða búrekstraraðilar eins og þeir sem búrekstur stunda. Ég vona að menn geri sér fulla grein fyrir því sem ég á við. Hugmynd mín um breytingu er fyrst og fremst sú að þarna væri orðunum „á jörðum“ í 2. gr. frv. breytt í: „á landi“. Það hefur að sjálfsögðu dálítið víðtækari merkingu og mundi ná til fleiri aðila. Ég hygg að kostnaðarauki af þessu þyrfti ekki að vera svo yfirþyrmandi og í öllu falli væri þetta sanngjörn og eðlileg niðurstaða.

Varðandi hitt málið að ríkissjóður styrki ræktun

nytjaskóga á bújörðum þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg ætla ég ekki að öðru leyti að fjölyrða um þau áform. Vel má vera að þetta reynist raunhæft en það má líka vera að svo fari að eftir 25—30 ár verði ekki þau not fyrir íslenskt timbur sem menn hyggja nú. Það er auðvitað alltaf tekin einhver áhætta í þessum efnum. Ég er alveg reiðubúinn að styðja það að þessi áhætta sé tekin en ég vil vekja athygli á því að ekki þarf endilega að fara saman að skógræktarskilyrði séu vænleg, eins og segir í 3. gr. frv., annars vegar og svo hins vegar að skógræktarskilyrði séu vænlegust, eins og segir aftur síðar í frv. þar sem bent er á fimm sérstök héruð þar sem skógræktarskilyrði séu vænlegust. Ég vænti þess að skilja megi frv. og þennan mun á þessum tveimur orðum á þennan veg, að styrkir til ræktunar nytjaskóga séu ekki bundnir við þau tilteknu svæði sem nefnd eru á bls. 4 með teikningum á bls. 5. Þó að þetta séu áreiðanlega vænlegustu svæðin eru vafalaust fleiri svæði á landinu sem eru vænleg, eins og segir hér í 3. gr. Ég vona að það eigi að skilja frv. á þann veg að þau geti einnig komið til greina.

Ég nefni bara sem dæmi þar sem ég þekki til, að á nokkrum stöðum í Skagafirði er talið að skógræktarskilyrði séu vænleg og reynslan hefur sýnt það. Hins vegar dettur mér ekki í hug að halda að þau séu jafn vænleg og á þeim stöðum sem hér eru tilgreindir, enda er það ekki eitt af þeim svæðum sem hér eru nefnd. Það eru vafalaust betri skógræktarskilyrði á Héraði eða innst í Eyjafirði svo að nefnd séu dæmi. Vafalaust eru þar vænlegust skilyrði.

Ég vona að það sé réttur skilningur hjá mér, hæstv. ráðh. andmælir því ef það er misskilningur, að það sé gert ráð fyrir því að fleiri svæði geti komið þarna til greina en þau sem eru tiltekin í grg.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir undirtektir hans við frv. Ég held að í huga flestra, sem hafa áhuga fyrir skógrækt, sé það ekki aðalatriði hver sé eigandi landsins. Aðalatriðið er að sjá skóginn vaxa og árangur nást af þessu starfi. Það er vitanlega eðlilegt að í nefnd verði íhugaðar orðalagsbreytingar á því atriði sem ég var að minnast á.

Ég kom sérstaklega upp til að ítreka það, sem ég sagði í *minni framsöguræðu*, að í grg. frv. eru nefnd fimm svæði sem vænlegust þykja til skógræktar með viðarframleiðslu að markmiði, en önnur svæði kunna þar einnig að koma til greina. En ég held, miðað við það takmarkaða fjármagn sem horfur eru á að veittar verði í þessu skyni á næstu árum og miðað við að hvað tilkostnaðurinn er mikill, að ráðlegast sé að hefjast handa á þeim stöðum þar sem menn eru sammála um að árangurinn sé vænlegastur, þó að hitt sé engan veginn útilokað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Fjarvistarréttur foreldra, frv. 175. mál (þskj. 316). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til l. um fjarvistarrétt foreldra vegna veikinda barna. Meginefni frv. kemur fram í 2. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er foreldri að ráðstafa allt að einni viku árlega af áunnum rétti sínum til fjarvistar vegna veikinda til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni verðskrá.

Þetta er mjög einfalt frv. en mikilvægt og um leið er hér gerð tillaga um sanngirnismál.

Í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna fyrir rúmu einu ári var samþykkt að veita félagsmönnum BSRB og BHM heimild þá sem hér er gerð tillaga um, þ. e. að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri. Þetta var ekki algert nýmæli í þeim samningum því að árið áður hafði verið fallist á sams konar ákvæði í samningum ríkisins við starfsmannafélagið Sókn. Þetta hefur hins vegar lengi verið krafa opinberra starfsmanna og raunar krafa almennu verkalýðsfélaganna, enda heimildir af þessu tagi í gildi víða um lönd þótt ekki hafi þær fram að þessu verið teknar upp hér nema hjá opinberum aðilum.

Ég held að það þurfi ekki að rökstyðja neitt sérstaklega að eðlilegt er að foreldrar hafi rétt til að vera heima og sinna veikum börnum innan vissra marka. Þegar ákvæði af þessu tagi er búið að vera í gildi um skeið hjá opinberum starfsmönnum, starfsmönnum ríkisins og starfsmönnum sveitarfélaga, er auðvitað líka löngu kominn tími til að slík ákvæði nái til allra launamanna, hvar sem þeir vinna. Þess vegna er þetta frv. flutt hér.

Það þarf tæpast að taka það fram að Alþýðusamband Íslands hefur lagt talsvert þunga áherslu á að mál þetta næði fram að ganga í kjarasamningum, en það hefur ekki orðið enn. Hins vegar er málið þess eðlis að ekki er óeðlilegt að löggjafinn grípi inn í og samræmi reglur um þetta efni á vinnumarkaðinum, auk þess sem eðlilegt er þá að miða við einhver ákveðin fastmótuð mörk um hverjir geti notið þessara réttinda og hverjir ekki. Ljóst er að það sama gildir um þessi réttindi og sum önnur á vinnumarkaðinum, t. d. bara veikindaréttinn eða réttinn til uppsagnarfrests, að menn verða að vera í nokkuð fastri vinnu til að þeir geti öðlast slíkan rétt eðli málsins samkvæmt.

Þegar lögfest var hér á Alþingi árið 1958 að launþegar gætu notið uppsagnarfrests, jafnvel þótt þeir ættu ekki samningsbundinn rétt til þess, og veikindaleyfis, en þetta var gert með lögum nr. 16 9. apríl 1958, þá þótti óhjákvæmilegt að skilgreina hverjir ættu þennan rétt. Var miðað við að viðkomandi hefði verið hjá sama atvinnurekandanum í heilt ár, sem aftur var skilgreint sem 1800 vinnustundir. Ég tel eðlilegt að þau réttindi sem hér er gerð tillaga um verði bundin sama skilyrði og veikindaleyfið almennt skv. lögunum eða uppsagnarfresturinn. Því er hér vísað sérstaklega í 1. gr. laga nr. 16 9. apríl 1958, með síðari breytingum, og till. gerð um að þeir sem njóta réttar skv. þeim lögum njóti réttar skv. þessu frv.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., sem skýrir sig að öðru leyti sjálft og er þess háttar réttlætismál að ekki er þörf á að fjölyrða um.

Ég vil láta þess getið að við breytingar á lögum nr. 16

9. apríl 1958 munu þau lög hafa verið gefin út að nýju síðar. Það mun hafa verið 1978 sem þau voru gefin út að nýju um sama efni, en með lítils háttar breytingum. Því mundi vera réttara að vísa í lögin frá 1978 í 1. gr. fremur en að vísa til upphaflegu laganna frá 1958 með síðari breytingum. Það hefur mér orðið á að gera þegar frv. var flutt, enda hefur ekki verið gefið út lagasafn síðan þessi lagabreyting var gerð og því áreiðanlega fleirum en mér sem getur orðið fótaskortur í þessum efnum þegar ekki liggur fyrir á einum stað hvað eru gildandi lög á hverjum tíma. Er það reyndar mál út af fyrir sig hversu útgáfa lagasafnsins hefur dregist úr hófi fram og fyrir löngu orðið óskiljanlegt með öllu og raunar hálfgert hneyksli og veldur stórfelldum vandræðum. En það var ekki tilefni þess að ég steig í ræðustól, heldur hitt að mæla fyrir þessu frv., sem ég legg til að verði vísað til hv. félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 182. mál (þskj. 326). — 1. umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968, með síðari breytingum. Flm. auk mín eru hv. þm. Karl Steinar Guðnason, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason, Helgi Seljan, Stefán Benediktsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Á síðasta þingi flutti ég frv. sem var ætlað að hafa nokkur áhrif til bóta á öryggi í umferðinni. Það frv. hlaut ekki afgreiðslu. Það frv. sem hér er flutt er sama efnis að viðbættu nýju ákvæði skv. 2. gr. um réttindi skólabifreiða.

Um alllangt skeið hefur umferðaróhöppum fjölgað hér á landi ár frá ári. Meiðslum og dauðaslysum hefur fjölgað og eignatjón er geysilegt. Þrátt fyrir aukna löggæslu og bætta umferðarlöggjöf næst ekki sá árangur sem vænst var.

Oft verða óhöppin vegna þess að gangandi vegfarandi verður þess ökutækis, sem óhappinu veldur, ekki var í tæka tíð eða stjórnendur ökutækja, sem rekast á, gera sér hættuna ekki ljósa fyrr en of seint.

Í nokkrum löndum hefur ökutækjum verið gert að aka með ljósum allan sólarhringinn árið um kring. Víða eru ökumenn hvattir til þess að aka með ljósum á daginn ef skyggni er ekki gott. Margir verða við þeirri áskorun en aðrir ekki. Þá verður jafnvel enn erfiðara að forðast hættu þegar á eftir 3—4 bifreiðum sem aka með ljósum kemur ein ljóslaus. Allir sem reynslu hafa af akstri vita að t. d. þeirrar bifreiðar sem kemur á móti í umferðinni verður mun fyrr vart ef hún ekur með ljósum þó að albjartur dagur sé. Af þessum ástæðum hafa t. d. „Greyhound" langferðabifreiðarnar í Bandaríkjum Norður-Ameríku ekið með ljósum allan sólarhringinn í meira en hálfa öld. Svíar hafa ekið með ljósum allan sólarhringinn í allmörg ár og eru eina Norðurlandaþjóðin sem náð hefur því marki að fækka umferðaróhöppum. Finnar hafa fylgt fast á eftir með mjög góðum árangri. Bifreiðar framleiddar í Svíþjóð eru nú þannig gerðar að á þeim tendrast ökuljós um leið og bifreiðin er ræst. Það má einnig geta þess að Norðmenn eru með í athugun að beita sér fyrir því að skylt verði að nota full ljós við akstur allan sólarhringinn hjá þeim.

Öldruðum í umferðinni fer fjölgandi og þótt kannanir sýni að aldraðir ökumenn valdi ekki slysum öðrum fremur, nema síður sé, þá er þó ljóst að þetta ákvæði í umferðarlögum mundi auka öryggi allra sjóndapurra í umferðinni, bæði ökumanna én þó einkum gangandi vegfarenda.

Einn af hverjum 14 körlum sem aka bifreið er skv. erlendum skýrslum haldinn svonefndri „rautt-grænt" litblindu, þannig að slíkir ökumenn eiga erfitt með að greina rauða og græna hluti við vissar aðstæður, en bifreið með ljósum sjá þeir vel.

Í skýrslu, sem landlæknisembættið hefur tekið saman um slys í umferð, kemur fram sú hörmulega staðreynd að í aldurshópnum 7—20 ára eru slysin algengasta dánarorsökin hjá okkur og á aldrinum 17—25 ára eru umferðarslysin ein algengari dánarorsök en nokkur önnur. Allra ráða verður því að leita til að tryggja rétt ungra vegfarenda. Aukið öryggi varðandi skólabifreiðar er þáttur í þeirri viðleitni. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að bifreiðar sem notaðar eru til að flytja skólabörn skuli vera sérstaklega auðkenndar með þar til gerðum skiltum. Ég vil í sambandi við þetta atriði geta þess að ég hef aðeins spurst fyrir um þetta atriði og hef fengið þær upplýsingar að það sé mjög einfaldur búnaður að koma slíkum merkjum fyrir á bifreiðum.

Þegar norræna ráðherranefndin ákvað á sínum tíma að tillögu Norðurlandaráðs að árið 1983 skyldi helgað umferðaröryggi á Norðurlöndum var vakin athygli á því að slysavarnir á landi eru ekki síður mikilvægar en slysavarnir á legi og í lofti. Vegna norræna umferðaröryggisársins hafa þessi mál verið í brennidepli. Hér á landi hafði umferðarráð allan veg og vanda af undirbúningi umferðaröryggisársins og það er vissulega ástæða til að fagna því og þakka það ágæta starf sem unnið var í þeim efnum, svo sem með meiri fræðslu, auknum áróðri í fjölmiðlum, námskeiðahaldi, umferðarvikum og ráðstefnum.

Það má líka geta þess að einmitt vegna áhrifa af þessum áróðri umferðarráðs er greinilegt að notkun ljósa, t. d. úti á þjóðvegum, hefur aukist mjög mikið á s. l. ári. Norræn umferðarslysaráðstefna var haldin á vegum Umferðarlæknisfræðifélags Íslands í ágúst s. l. með þátttöku hinna Norðurlandanna. Á þessari ráðstefnu voru sérstaklega tekin til meðferðar umferðarslysin og afleiðingar þeirra. Í erindi sem Davíð Gunnarsson forstjóri ríkisspítalanna flutti kom fram að á árinu 1982 hafi umferðarslysin kostað íslenska þjóðfélagið 440 millj. kr. eða álíka mikið og það kostaði að reka Landspítalann það sama ár. Það kom einnig fram hjá honum að kostnaður við eitt slys, þar sem viðkomandi einstaklingur verður varanlega fatlaður, er álíka mikill og eitt gott einbýlishús kostar.

Það er oft minnst á það, og með réttu, að frv. sem hv. alþm. flytja séu útgjaldaaukning fyrir ríkissjóð og ekki fylgi alltaf með hvernig mæta eigi þeim útgjöldum. Með þessu frv. er ekki verið að leggja aukin útgjöld á ríkissjóð umfram aðra þegna. Hér er fyrst og fremst verið að leggja til lagabreytingu og ákvæði í umferðarlögum sem leggja ákveðnar skyldur á herðar ökumönnum. Kostnaðarauki fyrir hvert ökutæki er óveru-

legur ef haft er í huga hver kostnaður er af slysum. Ljósin eyða að vísu orku og perur þarf e. t. v. að endurnýja oftar, en ég sé þó ekki að slíkur viðbótarkostnaður, sem svarar e. t. v. til einnar aukafyllingar á bensíntankinn á ári, og einhver perukaup gætu haft úrslitaþýðingu ef haft er í huga að með því að aka með ljósum eru ökumenn hver og einn að leggja sitt af mörkum til að auka umferðaröryggið og fækka slysum.

Mikilvægi ljósanotkunar er að vissu leyti tvíþætt. Úti á þjóðvegum er það tillitssemi við aðra ökumenn sem á móti koma að nota ljósin, þ. e. að láta vita af sér fyrr en ella. Í þéttbýli er fyrst og fremst um að ræða tillitssemi við gangandi vegfarendur. Í yngstu aldurshópunum og þeim elstu eru þeir sem ekki hafa allir fullt sjónskyn. Eins eru margir gangandi vegfarendur hreyfihamlaðir að meira eða minna leyti og viðbragðsflýtir skertur vegna aldurs eða af öðrum ástæðum. Svo eru einnig þeir sem eru sjóndaprir. Ökuljós veita þessum vegfarendum aukið öryggi.

Það er vitað að umferðarlögin eru í heildarendurskoðun, en ástandið hjá okkur er svo slæmt að við megum ekki bíða. Ákvæði sem þetta frv. fjallar um eru einföld og geta tekið gildi strax eftir samþykkt frv. og þar má vænta árangurs.

Ég vil, herra forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Það er með hálfum huga að ég kem hér upp þar sem átta af hv. fulltrúum þessarar deildar eru flm. þessa frv. um notkun ljósa. Ég er þar ekki algerlega sammála, en tel þó rétt að á það sé bent hér. Auðvitað er ég sammála frsm. og flm. öllum um að við verðum að gera allt sem kleift er til þess að hafa sem mest öryggi í umferð og forðast slys. En ég dreg stórlega í efa að við gerum það með því að skylda öll ökutæki landsmanna til þess að vera alljósa allt árið. Í gildandi lögum, sem eru mjög þröng má segja, segir með leyfi forseta í 2. gr.:

„Ljósatími: Tími frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás er ljósatími. Ákvæði laganna um ljósatíma gilda einnig, þótt á öðrum tíma sé, í þoku og við önnur svipuð birtuskilyrði."

Það fer ekki milli mála að á s. l. ári bar áróður umferðarráðs og annarra aðila, sem vinna hér af miklum dugnaði að því að reyna að gera öryggi okkar sem mest í umferðinni, mikinn árangur. Sá áróður sem beitt hefur verið t. d. á sumrin í sambandi við akstur úti á vegum, þar sem er mikið ryk og slæm birtuskilyrði, hefur gefið ákaflega góða raun. Mér sýnist það vera orðið þannig á þjóðvegunum, að í allflestum tilvikum séu ljós höfð uppi við þau skillyrði. Fólki finnst þetta orðið sjálfsagður hlutur, ekki síst af því að útvarp og aðrir fjölmiðlar minna iðulega á þetta. Ég held að ástandið þar sé ekki eins slæmt og ætla mætti af þessu frv. Hins vegar er ég viss um að það yrði erfitt að framfylgja ákvæðum frv. ef það yrði að lögum. Hér er talað um að setja í lög að við keyrum t. d. í Reykjavíkurborg og annars staðar alljósa á björtum dögum, t. d. um Jónsmessuleytið. Ég held að það yrði ákaflega erfitt fyrir löggæsluna að fylgjast með slíku, en mér skilst að það eigi að vera sektarákvæði sem eigi að beita ef þessu er ekki fullnægt af hverjum bifreiðareiganda. Ég vara við því að setja slík lög sem ekki yrðu framkvæmd. Þess vegna vildi ég varpa því fram hér við flutningsmenn og þá nefnd sem um málið mun fjalla hvort ekki væri rétt að undanskilja ákvæðinn tíma ársins. Ég er ekki ósammála því að láta þetta gilda yfir skammdegið, yfir dimmasta árstímann, en að á mesta birtutímanum hjá okkur á okkar ágæta landi væri það ekki bundið á þennan hátt. Ég þekki ekki hvernig þessum málum er háttað erlendis en ég dreg í efa að það ætti við okkur öll að hér væru allir akandi alljósa á sólskinsdögum, t. d. í Reykjavík eða annars staðar á þéttbýlisstöðum á landinu. Ég er dálítið hræddur um að þetta verði brotið.

Ég leggst ekki á móti því að öryggis sé gætt eins og hægt er, en ég mæli með því að þetta verði skoðað vel og slík ákvæði látin gilda á þeim árstímum sem fyllsta þörf væri á. Sömuleiðis verði á góðviðrisdögum á sumrin, sem eru allt of fáir hér hjá okkur, þegar ryk er mikið og aðrar aðstæður erfiðar úti á þjóðvegum, haldið áfram þessum áróðri. Hann hefur geysimikil áhrif og flestir nota þá ljós.

Í sambandi við skólabifreiðarnar er ég algerlega sammála flm. að gera þarf átak til að setja upp þær varnir sem mögulegt er. Hins vegar verður að gæta þar mjög mikillar varúðar, því að það getur einnig orðið hættulegt ef sett eru ströng lög og við gerum rétt þessara bifreiða það mikinn að svo gæti farið að börnin missi tilfinninguna fyrir því að gæta sín. Því þau teldu sig alltaf eiga réttinn. Þau eru því miður of mörg gangbrautarslysin hér og annars staðar. Það er þess vegna ákaflega brýnt að gangbrautir séu nógu vel merktar og gengið örugglega frá öllu þar sem menn keyra fram hjá eða mæta slíkum bifreiðum. Á slysum af þessu tagi er ekki síst hætta t. d. hér utan við borgina og í dreifbýlinu. En ég er því fylgjandi að þetta sé kannað mjög ítarlega. Þetta er áreiðanlega atriði sem þarf að taka mjög föstum tökum, að gera skólaaksturinn sem öruggastan. Enginn má misskilja orð mín svo, að ég sé á móti því að við gætum sem mests öryggis í umferðinni. Ég óttast aftur á móti að ekki verði farið sem skyldi eftir þessum reglum með ljósin, ef að lögum verður, og bendi þess vegna á hvort ekki væri rétt að kanna þetta frekar.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns. Ég er mótfallinn því að lögbinda ljósanotkun bifreiða, eins og gert er ráð fyrir í umræddu frv., og tel það óþarft. Ég held að það sé á misskilningi byggt þegar vitnað er í erlend lög varðandi ljósanotkun. A. m. k. sums staðar er miðað við að ljós séu kveikt á bifreiðum á hraðbrautum þar sem leyfður hámarkshraði er ekki undir 120 km eða á bilinu 120—160 km. Þetta finnst mér svolítið annars eðlis en um er að ræða í okkar landi, sem undirstrikar aðeins að við höfum sérstöðu. Er vart hægt að ætlast til þess að hérlendis séu erlendar hugmyndir allar jafngildar. Þó stafar vissulega ekki vaxandi hætta af því að kveikja ljós. Auðvitað er ekki verra að hafa kveikt ljós á bifreiðum, en skylduboð af slíku tagi tel ég óþörf og óæskileg í samfélagi okkar.

Það má hins vegar meta hvort ástæða er til að breyta ljósatíma eitthvað, færa hann eitthvað til eftir árstímum, breyta gildandi lögum.

Ég vil vekja athygli einnig á einu atriði sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Valdimar Indriðason, fjallaði um, þ. e. að hafa tilfinningu fyrir hlutunum, að börn hafi tilfinningu fyrir því að virða réttinn. Ég held t. d. að það muni ekki hvetja fólk almennt til að fara sparlega

með orku að lögbinda notkun ljósa á bifreiðum árið um kring, hvað lítinn spöl sem menn aka. Það hlýtur að vekja þá tilfinningu að kannske sé ekki ástæða til að slökkva ljós sem logar á röngum tíma. En allt hefur þetta áhrif í orkunotkun okkar og skiptir auðvitað máli í ákveðnu aðhaldi og uppeldi, aga, sem hver og einn verður að setja sjálfum sér.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég vil byrja á að þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir að taka undir þýðingu þess að tryggja þurfi sem mest öryggi í umferðinni, þrátt fyrir að hann efist um gildi þessa ákvæðis sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að nota ökuljós allan sólarhringinn allan ársins hring, eins og hv. 3. þm. Suðurl. lýsti sig reyndar mótfallinn.

Hv. 3. þm. Suðurl. nefndi hér þau rök að þetta gæti haft þýðingu varðandi aga, það væri verið að tala um að fara ætti sparlega með orku landsins á sama tíma og löggjafinn, ef ég tók rétt eftir, ætlaðist til að menn ækju með ökuljós í tíma og ótíma. Ég held nú einmitt að rökin fyrir því að nota ljósin séu svo þung á metunum að varla sé hægt að efast. Ég legg áherslu á að þarna er verið að gera þá kröfu til hvers einstaks ökumanns sem ekur einhvers konar ökutæki að hann leggi sitt af mörkum til að spara, til að koma í veg fyrir umferðaróhöpp og jafnvel slys. Það er megintilgangurinn með þessu frv. þegar við ökum með ljósum erum við ekki einungis að vernda okkur sjálf. Við erum að taka tillit til annarra og við erum að láta vita af okkur til að koma í veg fyrir slys eða óhöpp. Þetta er meginmálið.

Það kom hér fram að menn notuðu mikið ljós. Það er einmitt það sem ég var að tala um og styrkir kannske þennan málstað, að notkun ökuljósa hefur aukist gífurlega mikið af því að menn eru farnir að meðtaka þýðingu þess öryggisins vegna að aka með ljósum.

Með hliðsjón af veðurfari hjá okkur held ég að þeir dagar séu miklu færri sem ekki væri ástæða til að nota ljósin skv. umferðarlögunum eins og þau eru núna. Það er oftar dimmviðri og ef það er sólskin er það rykið úti á þjóðvegum og þá ber að nota ljós.

Ég vil skýra frá því að þegar við vorum að fjalla um þetta frv.,, þ. e. varðandi notkun ökuljósanna, á s. l. þingi í allshn., þá fengum við ýmsa sem hafa með þessi mál að gera, bæði menn frá umferðarráði, forstöðumann Bifreiðaeftirlitsins og frá lögreglustjóranum í Reykjavík, á fund nefndarinnar. Það voru allir sammála um þýðingu þess að af því væri mikið öryggi í umferðinni ef hægt væri að koma ljósaskyldu á. En menn gera sér líka grein fyrir því að það verður erfitt því að það eru svo margir einstaklingar á móti slíku, hafa ekki trú á því og vilja ekki, eins og við þekkjum mörg, láta setja lög að þeirra mati að óþörfu, þ. e. þvinga menn til ýmissa aðgerða, sem ekki séu nauðsynlegar, með lagasetningu.

Í því sambandi rifjast upp fyrir mér þegar lögleiðing bílbelta var til umr. á hv. s. l. þingi. Ég var í hópi þeirra sem voru ekki sannfærðir þá um að það þyrfti að lögleiða notkun bílbelta. Mér er ljúft að láta það uppskátt núna vegna þess að það kom fram í Morgunblaðinu um daginn að ég hefði haft frumkvæði í þessu máli á þingi. Það er misskilningur og ég vil leiðrétta hann hér. Hins vegar beygði ég mig að sjálfsögðu undir lögin. Meðan þetta mál var til umr. í þinginu fór ég að nota bílbeltin og nú sest ég ekki upp í bíl síðan öðruvísi en að spenna beltið, meira að segja sem farþegi í aftursæti ef það eru belti þar. Ég hef sannfærst um að þetta er eitt að þýðingarmestu atriðum sem skipta máli varðandi umferðaröryggið. Þá erum við að vernda okkur sjálf og löggjafinn að taka af okkur ráðin í raun og veru. En ég beygi mig undir að nauðsynlegt var að setja þessi lög. Nú er ég meðflm. hv. 6. landsk. þm. sem á væntanlega eftir að mæla fyrir frv. um að sektarákvæðum verði beitt í þessu efni. — Ég vildi aðeins nefna þetta hér í leiðinni.

Ég vil einnig benda á það — ég veit ekki hvort hv. þm. hafa tekið eftir því — að ef menn aka á eftir strætisvögnum getur að líta að strætisvagnar í Reykjavík eru núna komnir með skilti sem á stendur: „Við notum ökuljósin". Þetta hlýtur að segja sitt. Þetta er í Reykjavík. Þetta er frá umferðarráði. Það er verið að leggja áherslu á þýðingu þess, þó að ekki séu komin lög, að nota ökuljós. Og hvers vegna er það gert? Það er ekki gert af því að það sé óþarfi. Það er verið að reyna að fækka slysunum. Þó ekki væri fækkað nema um eitt umferðarslys væri það þess virði.

Mér dettur í hug að nefna einnig að í framhaldi af ráðstefnu Umferðarlæknisfræðifélagsins var gerð samantekt frá þeirri ráðstefnu og ýmsar tillögur lagðar fram. Þar er bent á þýðingu þess að skylt verði að nota ökuljós á hvaða tíma sólarhrings sem er.

Það er eitt atriði enn sem ég vildi líka minnast á. Þegar við ræddum um málið í allshn. á síðasta þingi ræddum við um að e. t. v. væri rétt að taka eitt skref í einu og byrja t. d. á að lögleiða notkun ljósa þannig að sleppa tímanum yfir hásumarið, t. d. frá 1. apríl og til 1. september, þ. e. að miða við skólatíma skólabarna. Ég var fyrir mitt leyti tilbúin að ganga til móts við þetta og gera slíka tilraun. Þetta kom fram þegar við ræddum við þá sem hafa þekkingu á þessum málum og komu á fund nefndarinnar. Síðan hefur einn af þeim sem kom á fund n., sem hafði trú á að þetta væri rétt leið, hefur talað við mig og sagt mér að hann hafi skipt um skoðun og sé gallharður á því að rétt sé að lögleiða ljósaskyldu að fullu, þ. e. allan sólarhringinn allan ársins hring. Þessu vildi ég gjarnan skýra frá við þessa umr.

Það var minnst hér á að varhugavert gæti verið vegna skólabifreiðanna að ganga of langt þannig að litið yrði á það sem sjálfsagt að börnin ættu allan rétt og þess vegna yrði aðgæslan kannske ekki í lagi. Þetta er hugsað þannig, að skólabifreiðarnar hafi sama rétt og strætisvagnar hafa í Reykjavík. Í mínum huga er sérstaða skólabíla þó öllu meiri því að ég tel að leggja eigi þá skyldu á ökumann sem ekur með skólanemendur, t. d. úti á landsbyggðinni, að hann gæti þess að fara ekki af stað fyrr en börnin eru komin yfir götuna eða veginn. Hann á að bera slíka ábyrgð og aðrir ökumenn, sem koma annaðhvort á móti eða á eftir, eiga hreinlega að bíða þangað til skólabifreiðin er farin af stað. Þetta er atriði sem skiptir öllu máli. — Það má líka nefna að slíkur réttur skólabifreiða viðgengst erlendis og er talinn svo sjálfsagður að engum ökumanni dettur í hug að brjóta slíkar reglur. Þetta viðgengst t. d. í Bandaríkjunum, svo að ég nefni dæmi.

Ég held að ekki sé ástæða til þess fyrir mig að segja fleira, herra forseti. En allshn. tekur væntanlega allar þær ábendingar til gaumgæfilegrar athugunar sem hér hafa komið fram. Það er meginmálið að þetta mál fái umfjöllun hér á þingi og látið verði á það reyna hver

hugur hv. alþm. er til þessa frv., ef það mætti verða til þess að fækka slysum eða koma í veg fyrir þau og þar með auka öryggið í umferðinni.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil taka undir umr. um víðtækar aðgerðir til varnar umferðarslysum. En ég verð að láta í ljós það álit mitt vegna reynslu af miklum akstri um allt land, á þjóðvegum sem í þéttbýli, að mér finnst hægt að treysta fólki fyrir þessum þáttum í akstrinum. Mér finnst óþarft að setja lögboð sem slíkt á bifreiðastjóra þessa lands. Ökumenn sýna mikla tillitssemi um allt land í umferðinni varðandi notkun ljósa. Það á við bæði í þéttbýli sem strjálbýli. Mér finnst virðingarvert hvað ökumenn eru fljótir að kveikja ljós þegar þess er þörf. Það eru sem betur fer margir bjartir dagar í okkar landi og engin ástæða til að kveikja ljós á bifreiðum þá. Mér finnst að þarna eigi fólk að velja sjálft. Ég tel ástæðu til að treysta því til þess. Þetta finnst mér grundvallaratriði í málinu.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég er meðflm. að þessu frv., sem ég tel mjög þarft, og frumkvæði 1. flm. mikils virði. Ég bendi á að það eru settar ótal reglur um búnað bifreiða, um ýmsa þætti er varða öryggi í umferðinni og hvers konar reglur og lög sem öll stefna að því að auka öryggið, koma í veg fyrir limlestingu og dauða. Ég tel að samþykkt þessa frv. yrði til að fækka umferðarslysum frá því sem verið hefur.

Ég furða mig á þeirri andstöðu sem hér er varðandi þetta. Mér finnst ekki ástæða til að bíða með að setja lög sem þessi því menn eiga ekki að ráða því hvort þeir limlesta annað fólk, hvort þeir verða öðrum að bana. Ég lít svo á að lögfesting ljósanotkunar verði til þess að mun færri slasist í umferðinni. Ég mæli þetta af eigin reynslu og ég bendi á að á síðustu árum og mánuðum hafa æ fleiri farið að nota ljós, talið það sjálfsagt og eðlilegt. Vegna þess að svo er komið ætti að vera mjög létt verk að gera ljósanotkun að skyldu. Það yrði engum til tjóns, en mörgum til gagns og sparaði í raun mikið fjármagn í heilbrigðiskerfinu þegar upp er staðið.

Ég endurtek: Ég skora á hv. þdm. að greiða fyrir þessu frv. og hafa í huga að með því móti er verið að gera umferðarmenninguna betri og e. t. v. að bjarga mannslífum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Þjóðólfshaga I, frv. 213. mál (þskj. 378). — 1. umr.

Flm. (Árni Johnsen): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi í Rangárvallasýslu. Flm. auk mín eru hv. þdm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Valdimar Indriðason og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Frv. fjallar um það að ríkisstj. sé heimilt að selja Stefáni Jónssyni bónda jörðina Þjóðólfshaga I í Holtahreppi í Rangárvallasýslu. Við sölu á jörðinni skulu námuréttindi og réttur til efnistöku undanskilin, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf ábúanda, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal mat dómkvaddra manna ráða. Sé áformuð sala á jörðinni Þjóðólfshaga I eða hluta hennar skal ríkissjóður eiga forkaupsrétt fyrir hlutfallslega sama verð og jörðin var seld á, að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina og eignum ábúanda.

Í grg., sem fylgir frv., segir að jörðin Þjóðólfshagi I í Holtahreppi í Rangárvallasýslu sé þjóðjörð og upphaflega ein af jörðum Þykkvabæjarklausturs. Stefán Jónsson fékk ábúð á jörðinni árið 1981 og tók við af föður sínum sem bjó þar um áratugi. Keypti Stefán nýtt íbúðarhús af föður sínum og önnur nothæf hús jarðarinnar. Hann hyggst reisa ný útihús og m. a. þess vegna hefur hann áhuga á að fá jörðina keypta.

Með frv. fylgir fskj. þar sem hreppsnefnd Holtahrepps mælir með því að Stefán Jónsson fái keypta ábúðarjörð sína, Þjóðólfshaga I í Holtahreppi.

Ég legg til að að lokinni umr. sé málinu vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 29. febr., kl. 2 miðdegis.

Kirkjusóknir, frv. 192. mál (þskj. 344). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Skipun prestakalla, frv. 126. mál (þskj. 383 (sbr. 161)). — Ein umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Skv. þingsköpum mun eðlilegt að n. fái til yfirlestrar frv. sem breytt hefur verið í Ed. Ed. hefur gert þá einu breytingu á þessu frv. að gildisákvæði laganna er breytt. Skv. frv. var til þess ætlast að lögin gengju í gildi 1. jan. s. l. Sá dagur er nú liðinn og hefur í staðinn verið sett inn grein þess efnis að lögin öðlist þegar gildi. Menntmn.-menn hafa rætt þessa breytingu sín á milli og sjá ekki ástæðu til þess að n. fjalli sérstaklega um frv. Mæla þeir með að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 403).

Kosningar til Alþingis, frv. 31. mál (þskj. 31). — 3. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er um staðfestingu á brbl., sem gefin voru út 22. apríl 1983 til þess að heimilt yrði að hafa kjördaga tvo við kosningarnar sem þá fóru fram, ef veður og aðstæður hömluðu kjörsókn.

Um þetta mál er í sjálfu sér ekkert að segja og sjálfsagt að Alþingi staðfesti það eins og lagt hefur verið til af þingnefndum í báðum deildum þingsins.

Það sem ég vildi vekja athygli á, herra forseti, er hins vegar það, að á dagskrá funda Nd. hefur að undanförnu verið annað mál um kosningar til Alþingis. Það er framhaldsumræða um frv. til l. um kosningar til Alþingis sem hér hefur verið lagt fyrir hv. deild af formönnum stjórnmálaflokkanna fjögurra. Það er svokölluð kjördæmabreyting sem þeir hafa náð samkomulagi um útfærslu á og flutt frv. til staðfestingar á hér í hv. deild.

Fyrir jól knúði Alþb. á um það að málið kæmist til meðferðar hér, ekki til þess að taka það sérstaklega út úr öðrum málum sem snerta stöðu byggðarlaganna í landinu, heldur til þess að þetta mál fengi eðlilega afgreiðslu hér í þinginu. Við umr. gerðist það að hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., gerði grein fyrir frv. af sinni hálfu og síðan var umr. frestað. Síðan eru liðnar margar vikur. Alþingi hefur þegar starfað þó nokkrar vikur það sem af er þessu ári og málið hefur verið hér ítrekað á dagskrá í hv. Nd. Nú er auðvitað ekki ástæða til að umr. um þetta mál fari fram endilega í dag, vegna þess að hæstv. forsrh., formaður Framsfl., er fjarverandi. En ég hef hér kvatt mér hljóðs til að vekja athygli á því að málið er ekki á dagskrá dagsins í dag, sem mér finnst óeðlilegt, þó að það verði ekki tekið fyrir. Ég kveð mér og hljóðs til þess að leggja á það áherslu við hæstv. forseta Nd. að hann sjái til þess að það verði aðstaða til að ræða þetta mál strax á næsta fundi Nd. þegar frsm. og flm. viðkomandi frv. eru hér viðstaddir.

Ég tel í rauninni algerlega óeðlilegt hversu það hefur dregist að meðhöndla þetta mál. Ég vona að það sé ekki til marks um það að þeir sem að því stóðu í upphafi séu að hlaupa frá því nú. Ég vil í tilefni af umr. um þetta mál, sem fram fóru hér fyrir nokkru, láta koma fram að sú yfirlýsing sem fylgdi málinu í fyrravor um jafnréttismál byggðanna er að sjálfsögðu í fullu gildi enn þá, a. m. k. af hálfu Alþb., og væntanlega annarra þeirra flokka sem að henni stóðu. Frá henni á ekki að hvika að mínu mati í neinu. Við munum í Alþb. leggja mjög ríka áherslu á það að við hana verði staðið og ganga eftir því við hæstv. núv. ríkisstj.

Hins vegar er eitt meginmálið það að fjalla hér um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Jafnréttismálin verða einnig að koma hér til umr., jafnréttismál byggðanna. Á þau leggur Alþb. mjög þunga áherslu og mun fyrir sitt leyti ekki líða það að þau mál verði vanrækt af núv. hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég taldi mig tilknúinn til þess að koma þessari aths. á framfæri vegna seinagangs í meðferð á máli þessu hér á hv. Alþingi, þ. e. frv. sem formenn fjögurra stjórnmálaflokka flytja um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er vel að Alþb. hefur notað jólin og það sem liðið er af þessu ári til að taka þá ákvörðun að það ætli að standa við það að jafnréttismál á fleiri sviðum verði til afgreiðslu hér í þinginu. En það skýtur mjög skökku við að slá því hér fram að þeir Alþb.-menn ætli að ganga eftir því við hæstv. ríkisstj.

Ég vil minna á það alveg sérstaklega að það frv. sem hv. 3. þm. Reykv. vék hér að áðan er flutt af formönnum stjórnmálaflokkanna, ekki af ríkisstj. Og ef þeir ætla að vera sjálfum sér samkvæmir hljóta þeir, formenn stjórnmálaflokkanna, að setjast niður og fara að klára það verk sem þeir lofuðu á sínum tíma, þannig að það sé eitthvað annað og meira en skrum í þingsölum sem birtist í yfirlýsingum eins og þeirri sem hér kom fram. Mér þætti sanngjarnt að þeir færu að setjast niður og klára sitt verk, þannig að hægt væri að ræða þessi mál nokkuð samhliða hér í þinginu.

Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að hv. 3. þm. Reykv. hefur notað jólin og þennan tíma ársins til að taka þá ákvörðun að hann og hans flokkur séu reiðubúnir að standa við þetta. En þá er líka rétt að þeir fari að koma sér að verki og fari að vinna þau frv. sem þeir lofuðu að koma á framfæri.

Ég tel rétt, herra forseti, að vekja á því athygli að mál afgreiðast ekki hér í þinginu með yfirlýsingum um að þeir ætli að gera þetta eða hitt, heldur með því að þeir leggi fram frv. til staðfestingar á þeim yfirlýsingum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. á kost á því að fylgja Alþb. varðandi aðgerðir til jöfnunar á lífskjörum í landinu ef hann hefur einhvern áhuga á því. Fyrir þinginu liggur frv. frá hv. 5. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni og fleiri þm. Alþb. um jöfnun húshitunarkostnaðar. Ég hef ekki orðið var við það að hv. þm. Framsfl. hafi lagt sérstaka áherslu á að knýja það mál í gegnum þingið. Þeir eiga enn kost á því að bæta ráð sitt í því efni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég hygg að sú ábending sem hér hefur komið fram um það að nokkur seinagangur hafi verið á um þetta tiltekna mál, sem hv. 3. þm. Reykv. minntist á, sé réttmæt. Það hefur verið tiltekinn seinagangur í því, ég skal viðurkenna það. Það er hins vegar ekki forseta að kenna. Ætla ég ekki að útskýra það að öðru leyti en því að það hafa af ýmsum ástæðum komið fram beiðnir til forseta um að þessu máli verði frestað og ég hef tekið tillit til þess.

En af þessu tilefni vil ég lýsa yfir því nú að það var meining mín að taka það sérstaklega til meðferðar milli flm. og mín hvenær þetta mál gæti komið til umr. þannig að við gætum farið að vinna eðlilega að meðferð þess, eins og að sjálfsögðu ber að gera um þetta þingmál sem önnur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég minnist þess að í félmrh.-tíð hv. 3. þm. Reykv. flutti ég hér till. til þál. um að reiknuð skyldi út framfærsluvísitala á hinum ýmsu stöðum á Íslandi. Ég man ekki betur en hann hafi lagt sérstakt kapp á að drepa það mál, koma í veg fyrir að hægt væri að fá á hlutlausan hátt úttekt á því, hvaða þættir það væru aðallega sem yllu ójöfnum framfærslukostnaði, en vissulega hefði slík grunnrannsókn þurft að vera undanfari þess að hægt væri að flytja hér frv. eins og formenn stjórnmálaflokkanna hafa lofað að gera.

Og minnugur þess að þar kom mjög skýrt fram hans afstaða til þess hvað hann teldi eðlilegt og sanngjarnt í þessu sambandi, þá liggur það alveg ljóst fyrir að ég sé ekki ástæðu til að skipta um stjórnmálaflokk.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. 5. þm. Vestf. þá er það rétt að ég lagðist á sínum tíma gegn því fyrir mitt leyti að greiddar yrðu mismunandi vísitölubætur eftir landshlutum. Ég hef aldrei talið að slíkt gæti komið til greina. Hins vegar var ég þá og er enn þeirrar skoðunar að það eigi að hafa dýrtíðaruppbætur í landinu. Hv. þm. styður hins vegar ríkisstj. sem hefur bannað með lögum alla vísitölu í tvö ár, ekki aðeins fyrir landshluta og byggðarlög, heldur fyrir landið allt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil undirstrika að sú þáltill. sem hv. 3. þm. Reykv. lagði sérstakt kapp á að drepa fór fyrst og fremst fram á það eitt að útreikningarnir skyldu fara fram. Og sá sem ekki þorði að horfa framan í útreikningana hefði nú varla verið maður til að hagnýta sér þá. Það liggur þess vegna ljóst fyrir að hér er verið að reyna að slá ryki í augu þingheims með því að bera því við sem kom hér fram á eftir.

Ég vil undirstrika það að hv. 3. þm. Reykv. sýndi þar vissulega sitt rétta andlit þegar hann lagðist gegn því að þessir útreikningar færu fram.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 404).

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, frv. 134. mál (þskj. 171, n. 394). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um framkvæmd alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum er stutt. Það er tvær greinar. Frv. er flutt til þess að Ísland geti gerst aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum sem gerður var í London í nóv. 1973 og bókun frá 1978. Samningurinn öðlaðist gildi í febr. 1983.

Samgn. fékk Kristin Gunnarsson deildarstjóra í samgrn. og Hjálmar Bárðarson siglingamálastjóra á sinn fund eins og fram kemur í nál. á þskj. 394. Það kom fram í þeirra máli að það væri mjög erfitt að ekki skyldi takast að ljúka þessu máli á síðasta þingi. Það var lagt fyrir Ed. á síðasta þingi en umr. varð ekki lokið. Það hafa orðið erfiðleikar í sambandi við þetta mál nú þegar.

Samgn. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Skipamælingar, frv. 135. mál (þskj. 172, n. 393). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breytingu á lögum nr. 50 frá 12. maí 1970, um skipamælingar, í samræmi við alþjóðasamþykkt um mælingu skipa sem Ísland er aðili að.

Kristinn Gunnarsson deildarstjóri í samgrn. og Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri komu á fund n. og ræddu þessi mál. Lögðu þeir áherslu á að málinu yrði hraðað gegnum þingið.

Samgn. hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. 223. mál (þskj. 392). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Í framhaldi af ákvörðun fiskverðs nú fyrir skömmu og vegna hinnar alvarlegu stöðu varðandi afla á þessu ári hefur þótt nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir í sjávarútvegi. Er þetta frv. flutt vegna þess í því skyni að lækka útflutningsgjald af saltfiski sem er framleiddur á árinu 1984, en þessi útflutningsgrein hefur átt við mikla erfiðleika að etja upp á síðkastið. Og það er augljóst að þeir erfiðleikar verða einnig á árinu 1984, eins og glöggt kemur fram í áætluðu rekstraryfirliti frystingar og söltunar í febrúar 1984 eftir að fiskverðsákvörðun fór fram.

Ég vil einnig taka það fram að lækkun á útflutningsgjaldi af saltfiski er í reynd forsenda þess að það tókst að ná samkomulagi um fiskverð. Þeir aðilar sem standa í forsvari fyrir þessari útflutningsgrein fóru þess á leit að útflutnignsgjald yrði lækkað verulega og minna gjarnan á það, að hér áður fyrr var afkoma þessarar greinar mun betri og þá var gripið til þess ráðs að hækka útflutningsgjald á saltfiski og skreið. Var því mun hærra útflutningsgjald af þessum greinum en af freðfiski.

Það er að mínu mati mjög óæskilegt að slík mismunun eigi sér stað. Hins vegar verður það að viðurkennast að þessi grein á við sérstök, vonandi tímabundin, vandamál að stríða og þess vegna eðlilegt að taka tillit til þess. Hér er þó ekki um mikla lækkun að ræða, aðeins 1.5% af framleiðslu ársins 1984 sem nemur 38 millj. kr. Eftir sem áður mun þessi grein útflutnings eiga við mikinn hallarekstur að stríða og ekki er fyrirsjáanlegt hvernig henni muni takast að brúa það. Hins vegar má gera ráð fyrir því að söltun á fiski muni dragast saman og aukin áhersla verði á frystingu. Nú þegar má sjá þess mörg merki.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langt mál um þetta einstaka frv. það skýrir sig sjálft og er einfalt að gerð. Ég legg til að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt hafa upp á síðkastið verið að berast upplýs-

ingar m. a. frá Sjómannasambandi Íslands um afkomuhorfur sjómannastéttarinnar á þessu ári. Af því tilefni ræddi ég í gær við hæstv. sjútvrh. um þessi mál og óskaði eftir því við hann að hann gæfi á Alþingi í dag tilteknar upplýsingar um fyrirætlun stjórnvalda í þeim málum ef einhverjar slíkar upplýsingar lægju fyrir. Ég óskaði eftir því að þessar umr. gætu orðið á Alþingi í dag og þá utan dagskrár, en hæstv. ráðh. benti á að á dagskrá fundarins væri mál sem varðaði aðgerðir ríkisstj. í fiskveiðimálum þar sem þessar umr. gætu mætavel fallið undir og er það mál nú hér á dagskránni. Ég vil aðeins taka þetta fram til þess að það komi fram að þær upplýsingar sem ég óska eftir að hæstv. ráðh. gefi koma honum ekki á óvart og eiga fullt erindi inn í þessa umr. Ég hafði samráð um það við hann í gær, herra forseti, gerði honum viðvart um að ég mundi taka þetta mál upp undir þessum dagskrárlið enda á það þar heima.

Það liggur fyrir, herra forseti, skv. úttekt Sjómannasambands Íslands, að sú stétt launamanna í landinu sem á fyrir sér mesta kjaraskerðingu allra launastétta eru íslenskir sjómenn. Sjómannasamband Íslands hefur gert lauslega athugun á framtíð þessarar atvinnustéttar sem lítur þannig út, svo tekin séu tvö dæmi, annars vegar af vertíðarbát og hins vegar af togara: Vertíðarbátur tiltekinn, sem Sjómannasamband Íslands miðaði við, sem hafði á árinu 1982 1119 tonna afla mun á árinu 1984 ekki fá heimild til að fiska meira en 652 tonn. Skerðing hjá þessum bát á afla er 42%. Á verðlagi 1984 var verðmæti afla þessa báts 10 millj. 180 þús. krónur en verður ef hann nær þeim afla sem honum er úthlutað á árinu 1984 aðeins röskar 6.5 milljónir kr. Skerðing á aflaverðmæti er þarna 35%. Hvað varðar afkomu sjómannsins á þessum bát, þá fékk hann í aflahlut fyrir aflann sem fiskaðist á árinu 1982, á verðlagi 1984, 270 þús. kr. tekjur en mun bera úr býtum á þessu ári aðeins 150 þús. kr. Skerðingin á tekjum þessa manns mun nema 44%. Það skal tekið fram að þessi vertíðarbátur sem Sjómannasamband Íslands miðaði við hefur síldveiðileyfi annað hvert ár og fékk síðast leyfi haustið 1983. Þessi bátur fær því ekki slíkt leyfi í ár og skv. kvótakerfinu á hann ekki völ á öðrum leyfum utan hefðbundinna botnfiskveiða en djúprækjuveiðum.

Þessi bátur sem hér er um að ræða er síður en svo einsdæmi heldur má ætla að sama staða verði uppi hjá tugum ef ekki hundruðum slíkra vertíðarbáta. Tekjuskerðingin hjá sjómönnunum á föstu verðlagi frá 1982 á þessum skipum mun nema 44%.

Ef tekið er dæmi af togara hins vegar, t. d. vestfirskum togara sem er í hópi aflahæstu skipa landsins, þá var afli þess togara á árinu 1982 4 563 tonn, en mun verða, skv. reglunum sem ákveðnar hafa verið á árinu 1984, aðeins 3 168 tonn. Verðmæti afla þessa togara á verðlagi 1984 varð, eins og aflinn var 1982, 34 millj. 300 þús. kr., en verður, miðað við þann kvóta sem hann hefur fengið úthlutað, 22 millj. 470 þús. kr. Skerðing á verðmæti aflans sökum kvótakerfisins er 34%. Aflahlutur sjómanns á slíkum togara, eins og aflinn var 1982 á verðlagi í ár, nemur ígildi 670 þús. kr., en verður 439 þús. kr., raunhlutur háseta þó öllu lægri eða 307 þús. kr. þannig að þarna er um skerðingu að ræða á tekjum sjómanns á slíkum togara á milli 35 og 40%.

Út af fyrir sig mætti segja að þetta væri e. t. v. mögulegt ef hér væri um að ræða uppákomu eins árs. En það kemur líka fram í athugunum Sjómannasambands Íslands að allt frá árinu 1977 hefur tekjum sjómanna stöðugt verið að hraka í samanburði við aðrar stéttir. Ef við setjum tekjur sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna sama sem 100 árið 1977, þá voru tekjur sjómanna árið 1983 1 156, tekjur verkamanna 1 314, tekjur iðnaðarmanna 1 258. Sjómenn höfðu þá aðeins fengið í sinn hlut 1977—1983 88% af þeim hlutfallslegu launahækkunum sem gengið höfðu til verkamanna og rétt um 90% af þeim hlutfallslegu launahækkunum sem gengið höfðu til iðnaðarmanna. Á öllu þessu árabili frá árinu 1977 og til ársloka 1983 höfðu íslenskir sjómenn m. ö. o. stöðugt verið að tapa í tekjum miðað við aðrar stéttir og held ég þó að hvorki verkamenn né iðnaðarmenn hafi talið sig of sæla af sínum tekjum. Þannig að það er síður en svo að þessi atvinnustétt hafi átt eitthvað aflögu eftir undangengin ár til að taka á sig 35—42% kjaraskerðingu á einu ári. Miðað við þau áform sem nú eru uppi varðandi tekjumál þessarar stéttar er gert ráð fyrir verulegum lækkunum á tekjum hennar samanborið við aðrar stéttir á þessu ári. Í árslok 1984 mun sjómenn því skorta um 30% upp á að hafa fengið álíka breytingar á tekjum sínum frá 1977 og samanburðarstéttirnar verkamenn og iðnaðarmenn. Ég held að menn geti sagt sér það sjálfir hvaða afleiðingar þetta muni hafa á afkomu sjómannastéttarinnar.

Í viðtali við Óskar Vigfússon, formann Sjómannasambands Íslands, sem birtist í Alþýðublaðinu í dag, er þetta mál m. a. tekið sérstaklega fyrir. Þar kemur fram í viðtali við Óskar að fyrir liggja nú útreikningar hjá Þjóðhagsstofnun sem sýna að verði ekki um að ræða sóknarminnkun hjá skipum sem botnfiskveiðar stunda mun sjómannastéttin aðeins fá 37% þess aflahlutar sem sjómenn hafa fengið í sinn hlut s. l. þrjú ár. Ef um 10% sóknarminnkun verður að ræða munu sjómenn fá 52.7% aflahlutar síðustu þriggja ára. Ef um 30% sóknarminnkun verður að ræða þýðir það um 71.9% meðal aflahlutar síðustu þriggja ára hjá þessum skipum.

Formaður Sjómannasambands Íslands tekur fram í þessu viðtali að svo gífurleg röskun sé nú fyrirsjáanleg á högum sjómannastéttarinnar á þessu ári að sjómenn hljóti að krefjast þess að allt tekjumyndunarkerfi stéttarinnar, allt það kerfi sem byggt hefur verið upp út frá aflahlut til þess að ákveða sjómönnum laun verði tekið til endurskoðunar á árinu.

Tekjutrygging sjómannanna er nú tæpar 16 þús. kr. á mánuði og er þá miðað við allt að 18 stunda vinnu á sólarhring. Óskar Vigfússon tekur fram að engin önnur stétt í landinu láti bjóða sér slíkt. Vinna sjómanna fyrir þessu kaupi, tekjutryggingu 16 þús. kr. á mánuði, getur orðið allt upp í 468 stundir á mánuði og getur þá hver sem vill reiknað það út að tímakaup sjómanna við störf norður í Dumbshafi er kr. 31.50 á unna klst. Ég held að ekki þurfi að fara mörgum orðum um hvað þetta þýðir fyrir þessa tilteknu atvinnustétt.

Það eru því tvær spurningar sem ég vil á þessu stigi málsins, leggja fyrir hæstv. sjútvrh. Þær eru þessar:

1. Mun hann fallast á að taka bráðlega til endurskoðunar og endurákvörðunar það kerfi og þau aflamörk sem að öllu óbreyttu munu hafa þau áhrif á kjör íslenskrar sjómannastéttar að þeir verði annað hvort atvinnulausir á miðju ári eða bónbjargamenn ef hvort tveggja ekki verður?

2. Hvernig eiga menn, sem hugsanlega tapa milli 35 og 42% af tekjum sínum á einu einasta ári, að geta staðið í skilum um greiðslu opinberra gjalda?

Mín síðari spurning er því sú: Hefur hæstv. ríkisstj. eitthvað hugað að því máli eða mun hæstv. sjútvrh. beita sér fyrir því innan ríkisstj. að ef svo fer sem horfir að þessi atvinnustétt verði fyrir jafn gríðarlegri tekjuskerðingu eins og um ræðir muni ríkisstj. grípa til sérstakra aðgerða til þess að fresta eða fella niður greiðslur opinberra gjalda til ríkisstjóðs af launum sem eru í engu sambærileg við þau launakjör sem þessir menn búa við nú í dag?

Í öðru lagi vara ég hæstv. ráðh. mjög eindregið við því að frv. til l. um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983 um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins nái fram að ganga.

Mér er kunnugt um að nú á þessari stundu eru sjómenn úti á fiskimiðunum að búa sig undir að senda hæstv. ráðh. og ríkisstj. allri sameiginleg mótmæli í skeytum frá öllum íslenskum fiskiskipum sem veiðar stunda. Ég vara hæstv. ráðh. mjög eindregið við því að ef hann skellir skollaeyrum við þessum mótmælum sem á leiðinni eru frá íslenska fiskveiðiflotanum er ekki víst að mörg íslensk fiskiskip láti úr höfn sem í höfn koma á næstu dögum.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka fram að það er afskaplega undarlegur málflutningur þegar því er haldið fram að sökum kvótakerfisins hafi svo og svo mikil skerðing komið hér yfir landið. Ég veit satt best að segja ekki hvað slíkur málflutningur á að þýða, því hvað er það sem hefur gerst í okkar þjóðfélagi? Við höfum tekið á móti þeim boðskap að okkar þorskstofn sé í verulegri hættu, sá hluti okkar auðlinda í sjónum sem við byggjum að langmestu leyti okkar afkomu á. Það var sameiginleg niðurstaða þeirra sem mest eiga hagsmuna að gæta í þessu sambandi að fara bæri varlega í veiðar á árinu 1984 og takmarka afla. Niðurstaðan varð sú að binda afla við 220 þús. lestir.

Menn hafa m. a. haldið því fram að það hefði verið miklu betra að setja ekki á slíkt kerfi og berjast um þetta litla aflamagn með venjulegum hætti, sem hefði þýtt að bátaflotinn hefði haft u. þ. b. 74 þús. tonn á vertíðinni til að slást um. Hefði það fært mönnum meiri tekjur, hefði það fært sjómönnum betri kjör? Það er í þessu ljósi sem er nauðsynlegt að ræða þetta mál jafnvel þótt ég sé ekki með því að draga úr því mikla vandamáli sem bæði sjómenn og allir aðrir sem byggja afkomu sína á sjómennsku og fiskvinnslu standa frammi fyrir.

Til mín hefur verið beint tveimur spurningum, í fyrsta lagi hvort þau aflamörk verði endurskoðuð sem nú er gert ráð fyrir? Svarið við þeirri spurningu er já vegna þess að beinlínis var gert ráð fyrir því þegar ákvörðunin var tekin að slík endurskoðun færi fram í apríl. Sú endurskoðun þarf að fara fram eins fljótt og nokkur kostur er, m. a. með tilliti til vetrarvertíðar. Ég vil einnig taka fram, vegna þess að hv. þm. var að tala hér um bát sem ekki mundi hafa síldveiðileyfi í haust, að engar ákvarðanir hafa verið um það teknar. Það vill nú svo vel til að loðnuveiði er mikil og hefur fært hluta af sjómannastéttinni auknar tekjur.

Einnig er rétt að benda á það, sem ekki hefur komið nægilega fram, að gert er ráð fyrir að loðnuveiði hefjist á næsta hausti áður en haustleiðangri lýkur því að vísindamenn hafa þegar lagt til að loðnuveiði á næsta hausti verði 300 þús. tonn. Slíkur kvóti hefur verið samþykktur fyrir loðnuveiðarnar norður af landinu. Að vísu er sá galli að við erum ekki einráðir um þennan stofn og skv. samningi við Norðmenn eiga þeir um 15% hlutdeild sem gæti orðið einhversstaðar u. þ. b. 100 þús. tonn. Það að loðnuveiðin hefst nú aftur þýðir að sjálfsögðu að þau skip munu fá minna af öðrum fiski og þau 52 loðnuskip sem hafa verið hér á veiðum hafa verið aðilar að síldveiðunum. Það er engin launung að ég er þeirrar skoðunar að þau eigi að sjálfsögðu að fara út úr síldveiðunum til að gefa meira rúm fyrir báta sem ekki hafa rétt til þessara veiða. Það mundi því verða til þess að það kerfi, ef svo má kalla, að bátarnir hafi síldveiðileyfi aðeins annað hvert ár, verður að sjálfsögðu tekið til endurskoðunar nú á næstunni í framhaldi af þessu.

Þannig að þegar þessi mál eru skoðuð verða menn að sjálfsögðu að taka tillit til ýmissa slíkra þátta. Þegar litið er til þess afla sem bátaflotinn fær er oft á tíðum ekki hugleitt — vegna þess að ekki hefur enn verið úthlutað aflamagni fyrir humarveiðina — að margir þessara báta hafa einnig humar. Þannig að að líta eingöngu á þær tölur sem nú hafa komið yfir botnfiskinn gefur sem betur fer ekki alveg rétta mynd.

Hitt er svo annað mál að þetta felur í sér mikla erfiðleika fyrir sjómannastéttina og sjávarútveginn í heild sinni. Ég tek undir þau orð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að erfiðleikar í þessari atvinnugrein og í þessari stétt manna verða meiri en almennt gerist í landinu. Þeirra kjör munu mjög rýrast. Hitt er svo annað mál að ég fullyrði að ef við reynum ekki að skipuleggja þessar veiðar muni kjör þeirra rýrast enn meir. Þrátt fyrir allt er það sem skiptir meginmáli að við getum á nýjan leik byggt upp kjör þessarar stéttar á næstu árum, sem hafa ekki verið allt of góð að undanförnu þó að oft hafi verið mikið úr því gert.

Ég leyfi mér að fullyrða að það sem hefur farið verst með kjör íslenskrar sjómannastéttar er það vísitölukerfi sem hér hefur ráðið ríkjum á undanförnum árum vegna þess að afgangsstærðin í því kerfi hefur orðið útflutningsvara. Ég get tekið sem dæmi síldarverðið sem hefur farið lækkandi á erlendum mörkuðum á undanförnum árum. Fyrir mörgum árum var afkoman í þeirri grein tiltölulega góð. Síðan hefur vinnslukostnaður í landi hækkað jafnt og þétt og laun þeirra sem vinna við síldina í landi og veita henni þjónustu, einnig hækkað jafnt og þétt sem leitt hefur til þess að fiskverðið hefur orðið afgangsstærð vegna þess að markaðsverðið, erlendi markaðurinn, leyfði ekki meira.

Þetta samspil í þjóðfélaginu hefur fyrst og fremst orðið til að rýra kjör sjómanna, það leyfi ég mér að fullyrða, og engin stétt hefur farið eins illa út úr því eins og þeir. (**Gripið fram í:** Er það verra en þorskleysið?) Nei, hv. þm., það er ekki verra en þorskleysið því það er verst af öllu, ekki aðeins fyrir sjómenn heldur allt þjóðfélagið. En ég vil aðeins koma þessu á framfæri þótt ég viti að hv. þm. sé ekki sömu skoðunar. En það vill nú svo til að það sem við fáum fyrir vörur á erlendum markaði er undirstaða kjara okkar en ekki einhverjar reiknitölur.

Að því er varðar síðari spurninguna, hvort gerðar

munu verða breytingar á innheimtu opinberra gjalda vil ég taka fram að það mál hefur verið rætt bæði milli mín og fulltrúa sjómanna og það hefur einnig verið rætt í viðkomandi ráðuneyti og er til athugunar. Ég ætla hins vegar ekki að gera neitt lítið úr því að jafnvel þótt hér sé um mikinn tekjusamdrátt að ræða er það einnig hjá öðrum og á það er bent að stundum sé erfitt að taka eina ákveðna stétt út úr að því er varðar innheimtu opinberra gjalda. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé mjög réttlætanlegt í þessu tilfelli vegna þess að sveiflur í tekjum sjómanna eru mun meiri en hjá öðrum stéttum og þeir hafa jú manna mest farið þess á leit að upp væri tekið staðgreiðslukerfi skatta sem kemur einfaldlega til af því að meiri sveiflur eru í þeirra tekjum. Þannig að það er til athugunar hvort hægt er að koma við slíkri tilhliðrun að því er varðar innheimtu opinberra gjalda hjá sjómönnum en niðurstaða liggur ekki fyrir.

Kjartan Ólafsson: Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur upplýst að hæstv. sjútvrh. hafi boðið upp á að undir þessum dagskrárlið í dag gæfist kostur á að fjalla nokkuð um þau alvarlegu mál sem sérhvert sjómannaheimili í landinu stendur frammi fyrir um þessar mundir eftir þá geigvænlegu lífskjaraskerðingu sem þar er orðin.

Hæstv. ráðh. hóf mál sitt hér á því að vara við því að menn kenndu kvótakerfinu um þá skerðingu sem þarna liggur fyrir. Það er mál út af fyrir sig. Ég ætla ekki að kveða upp dóm í þeim efnum. Ég ætla að láta liggja á milli hluta hvort lífskjaraskerðingin hjá sjómannastéttinni eigi rætur að rekja til minnkandi fiskstofna í hafinu eða til þess fyrirkomulags sem tekið hefur verið upp við veiðarnar. Hvort heldur sem er, þá stendur sú stóra staðreynd eftir að kjörin hjá sjómönnunum hafa ekki aðeins skerst um þau 25% sem er hin almenna kjaraskerðing í landinu á valdatíma núv. ríkisstj., heldur um mun meira. Ég hygg að það sé síst of mælt að staðhæfa að hjá þessari einu þjóðfélagsstétt láti nærri að kjaraskerðingin sé í kringum 40% og í ýmsum tilvikum reyndar meiri.

Það þarf ekki að fara orðum um hvílíkt áfall það er fyrir útgerðarfyrirtækin í landinu þegar afli sem á land berst minnkar með þeim hætti sem fyrirsjáanlegt er að verði á þessu ári borið saman við það sem var fyrir 2—3 árum. Hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hafa enda viðurkennt að óhjákvæmilegt væri að grípa til sérstakra ráðstafana til að mæta að nokkru vanda útgerðarinnar í landinu. Er það bæði eðlilegt og sjálfsagt út af fyrir sig, en það hefðu mátt fylgja þar með ráðstafanir sem sýndu skilning á því að þessi mikli aflasamdráttur kemur ekki síður við það fólk sem í sjávarútveginum starfar bæði á sjó og landi og þá ekki síst sjómannastéttina. En svo furðulega vill til að þegar hæstv. ríkisstj. með hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar fer að svipast um í leit að fjármunum til að færa til útgerðarfyrirtækjanna í þeirra mikla vanda er ekki gripið til þess að færa fjármuni frá ýmsum öðrum atvinnugreinum í landinu sem búið hafa við mjög góða afkomu, ekki síst á þeim tíma sem þessi ríkisstj. hefur setið að völdum, og færa þaðan til undirstöðu okkar þjóðarbúskapar, sjávarútvegsins. Nei, í þess stað er gripið til þeirrar furðulegu ráðstöfunar að ganga enn frekar á hlut sjómannanna með því að færa fjármuni frá Aflatryggingasjóði, sjóði sem hefur það meginhlutverk að tryggja greiðslur til þeirra sjómanna í landinu sem verða fyrir alvarlegum aflabresti, frá þeirri deild sjóðsins sem ekki er unnt að líta öðruvísi á en sé í rauninni í eigu sjómanna. Það er þarna sem ríkisstj. sér helst ástæðu til að leita fjármuna í vanda útgerðarinnar, þ. e. að ganga í vasa þeirra sem á fiskveiðiflotanum starfa og skerða með þeim hætti enn frekar þeirra kjör og afkomuöryggi. Það er þetta sem ég vil hér leyfa mér að mótmæla alveg sérstaklega.

Og ég vil leyfa mér að gera mér þær vonir að ríkisstj. a. m. k. hugsi sig vel og vandlega um áður en hún stígur þetta skref til fulls.

Hæstv. sjútvrh. minntist hér úr ræðustól áðan á það, að í raun og veru hafi það verið vísitölukerfið sem hafi valdið því að sjómenn hafi ekki hlotið betri kjör en orðið er. Mér sýnist þetta vera angi af þeim málflutningi sem er áberandi af hálfu talsmanna ríkisstj. um þessar mundir þegar þeir segja: Á undanförnum árum hafa lífskjör launafólksins í landinu verið miklu betri en þjóðarbúið hafði efni á og það er vegna þess að þetta vísitölukerfi var í gildi, þá var alltaf verið að borga fólki hærra kaup en í raun og veru voru til fjármunir fyrir í landinu.

Ég verð að segja að þetta er málflutningur sem engan veginn fær staðist að mínu viti. Vísitölukerfið, sem svo mjög hefur verið fordæmt af talsmönnum núv. ríkisstj. og þeir hafa afnumið og bannað með lögum, hafði að sjálfsögðu ýmsa galla sem sitt hvað mætti um segja. En aðalatriði málsins var þó að það tryggði launafólki — og sjómönnum þá einnig vegna þess að yfirleitt hefur fiskverðið í meginatriðum fylgt launum — ákveðið afkomuöryggi sem í rauninni mátti ekki minna vera. En það sem ráðh. er að segja með þessu er það, að nauðsynlegt hafi verið að grípa til þess að lögbanna vísitölugreiðslur á laun til að fólkið sem vinnur í landi hefði það ekki of gott og skerða þess kjör um 25%, og er þá að gefa í skyn að þannig ætti þá e. t. v. að vera mögulegt að bæta kjör sjómannastéttarinnar. En það er nú ekki aldeilis að þau hafi batnað við þetta. Þvert á móti hafa þau, eins og áður sagði, versnað eftir að vísitölukerfið var afnumið og bannað með lögum langt umfram kjör annarra launastétta í landinu.

Ég held að það hljóti að koma til alvarlegrar skoðunar eins og þessum málum er öllum háttað og ef ekki fæst þar nokkur lagfæring á, ef ekki fást gerðar sérstakar ráðstafanir af hálfu opinberra stjórnvalda til að bæta kjör sjómanna, sem er að mínu viti ekki síður aðkallandi en að tryggja afkomu útgerðarfyrirtækjanna, ef þetta ekki fæst, þá hlýtur sú spurning að vakna mjög alvarlega: Er það hlutaskiptakerfi, sem hefur verið grundvöllurinn að ákvörðunum um launagreiðslur til sjómanna, nothæft lengur? Mér sýnist að ef framhaldið verður eins og nú horfir, miðað við aflaspár fyrir þetta ár, ef það ástand verður varanlegt um nokkurn tíma, þá muni það ýta mjög undir að sjómannastéttin hljóti að krefjast launatryggingar mjög verulega umfram þær 15—16 þús. kr. sem þeir nú hafa á flotanum sem þá lágmarkstryggingu sem þeir hafa fyrir sínum mánaðarlegu tekjum. Og ég held að ef menn settust við samningaborð og ef maður hugsaði málið á þeim grunni að hlutaskiptin væru ekki lengur aðalviðmiðunin, heldur væri spurt um laun fyrir þá miklu vinnu sem þarna er innt af hendi, oft og tíðum tvöfalt á við almennan vinnudag í landi, þá gæti ekki hvarflað að nokkrum

manni að launatrygging upp á 15—16 þús. kr. væri neitt nálægt því sem þar gæti talist vera við hæfi.

Ég vil vekja athygli á að það ástand sem þarna er komið upp einmitt núna hlýtur að kalla mjög á að menn skoði einnig þessi mál vel og vandlega. Ég læt mér ekki detta annað í hug en slík endurskoðun hlyti að leiða til verulegra kjarabóta fyrir okkar sjómannastétt, og þær kjarabætur eru ekki annað en sjómannastéttin hlýtur að teljast eiga fyllsta rétt á, miðað við heildaraðstæður í okkar þjóðarbúskap og miðað við það vinnuframlag sem hún leggur fram til okkar sammeiginlegu þjóðartekna.

Ég hef lokið mínu máli, herra forseti.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin sem hann gaf, þó að ég verði að segja eins og er að þau reynast nú tæpast fullnægjandi. Það er ánægjulegt til þess að vita að hann skuli hafa tekið það upp á vettvangi ríkisstj. að ríkisstj. reyndi að greiða fyrir sjómannastéttinni sem verður að taka á sig mikinn kjaraskell, m. a. með því að ívilna mönnum sem þess þurfa í greiðslu opinberra gjalda.

Ég vil aðeins minna á það að ég held að ég muni það rétt, þó ég hafi ekki skattalögin við hendina, að þar séu ákvæði sem beinlínis heimili að skattstjórar veiti skattaafslátt, bæði frestanir á greiðslum og niðurfellingar á álögum þegar um er að ræða mikið tekjutap. Þannig að þarna er aðeins spurning um tvennt. Í fyrsta lagi að vekja athygli manna á þeim rétti sem þeir eiga og í öðru lagi að ríkisstj. beiti sér fyrir því sérstaklega og hafi um það frumkvæði að þetta ákvæði sé framkvæmt gagnvart þeim sem þess eiga að njóta og þá sérstaklega sjómönnum í þessu tilviki. Þarna er ekki spurt um neitt annað en að hæstv. ríkisstj. framfylgi ákvæði sem ég man ekki betur en að sérstaklega hafi verið sett inn í skattalög einmitt um tilvik eins og þetta.

Það er út af fyrir sig ágætt og þarft að menn skuli vera að ræða þetta í ríkisstj. en menn skulu huga að því jafnframt að fyrirframgreiðsla opinberra gjalda er þegar hafin. Ríkisstj. ákvað mjög háa fyrirframgreiðsluprósentu þannig að þegar er komið að því að þessir menn séu rukkaðir um háa fyrirframgreiðslu af launum sem stöðugt fara lækkandi. Þannig er engin ástæða til að bíða með ákvarðanir í þessu sambandi. Langbest væri að sjálfsögðu að frá því yrði gengið sem allra fyrst áður en lengra er haldið, að þessu ákvæði verði framfylgt gagnvart sjómannastéttinni.

Spurning mín til hæstv. ráðh. um hvort til stæði að hækka kvótamarkið var nátengd þessari spurningu. Því aðeins er ástæða til að bíða með aðgerðir í þessu máli að hæstv. ráðh. hafi nú þegar tekið ákvörðun um að hækka þetta mark þannig að sú fyrirsjáanlega kjaraskerðing sem ella verður komi ekki fram. Það er alveg ástæðulaust að vera að bíða fram í apríl eftir því.

Ef hæstv. ráðh. er nú á þessari stundu ekki reiðubúinn til að taka slíka ákvörðun um hækkun á aflamarkinu tel ég að hann, sem einn af meginhöfundum núv. skattalaga, eigi að beita sér fyrir því að þessu ákvæði, sem ég man ekki betur en að sé í skattalögunum, verði framfylgt og hæstv. ríkisstj. hafi um það frumkvæði. Við skulum gera okkur grein fyrir því, eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði, að hluti af þeirri lausn sem á að veita útgerðarmönnunum, atvinnurekendahliðinni í sjávarútvegi, er einmitt fólginn í tilfærslu frá launþegunum í þessum atvinnuvegi, frá sjómönnum til útvegsmanna. Hluti af lausninni er óframkominn enn, þ. e. sú skuldbreyting sem á að gera fyrir aðila í útvegi. Þá rís auðvitað sú spurning: Hyggjast menn ekki láta það sama ganga yfir alla? Hver er réttur sjómanna þar? Menn sem þurfa að búa við 44% launahrap milli ára, hvernig skyldi staða þeirra vera til að greiða opinber gjöld og afborganir og vexti af þeim skuldbindingum öðrum sem þeir hafa á sig tekið?

Menn hafa verið að segja í blöðum og víðar að till. um að sama sé látið ganga yfir launafólk og atvinnurekendur sé grínmál. Það sé grínmál ef lagt sé til að launafólk í landinu fái sömu meðferð hjá löggjafanum og atvinnurekendur. Það sé t. d. grínmál ef lagt er til að veita sjómönnum svipaða fyrirgreiðslu varðandi breytingu á lausaskuldum í langtímalán eins og veita á atvinnuveitendum þeirra, útgerðarmönnunum. Þetta sýnir best hvers konar hugsunarháttur hér ræður ríkjum þegar launafólkið á ekki að fá sama rétt fyrir lögum og veita á þeim sem hafa tekjur af eigin eignum og eigin atvinnurekstri.

Herra forseti. Við getum endalaust deilt um hvort það er kvótakerfið eða náttúrlegar aðstæður í sjónum sem veldur því að tekjutapið hjá sjómannastéttinni verður 35—44%. Það er ekki meginatriðið í málinu. Meginatriðið er auðvitað niðurstaðan sjálf, sú niðurstaða að enginn ágreiningur er t. d. á milli mín og hæstv. sjútvrh. um tekjutapið. Þessar niðurstöður skulum við ekkert vera að fela með deilum um hvað henni valdi. Það bætir ekkert hag sjómannastéttarinnar að ráðh. haldi því fram að tekjutap hennar stafi af því að aðstæður í sjónum séu með þeim hætti að ekki sé óhætt að fiska meira. Ekki fjölgar það krónunum í vasa sjómannanna. Ekki auðveldar það sjómönnum að greiða opinber gjöld. Þannig að við skulum ekki gera deiluna um ástæðuna fyrir þessu að meginatriði í málinu. Meginatriðið í málinu er auðvitað sú niðurstaða, eins og hæstv. ráðh. réttilega lýsti, að sjómenn þurfa að taka á sig miklu meiri kjaraskerðingu en aðrar stéttir í þjóðfélaginu eftir að hafa tekið á sig meiri kjaraskerðingu en aðrar stéttir hafa þurft allt frá árinu 1977. Spurningin sem þeir spyrja Alþingi og stjórnvöld að er ekki fyrst og fremst spurningin um hvernig stendur á þessu heldur spurningin: Á að láta þetta yfir okkur ganga án þess að rétta svo mikið sem litla fingur til hjálpar á sama tíma og verið er að hjálpa atvinnurekendum í atvinnugreininni sem við störfum við, m. a. með því að taka tekjur frá okkur og flytja til þeirra? Um hvort sú niðurstaða sé fyllilega réttmæt sem menn byggja þetta svokallaða kvótakerfi á geta menn hins vegar deilt um til eilífðar.

Ég er sammála ráðh. um það — og ég held að flestir séu nú farnir að komast á þá skoðun sem við Alþfl.-menn stóðum lengi einir að — að fiskveiðiflotinn er allt of stór fyrir þann afla sem eðlilegt er að taka af Íslandsmiðum. Langt er síðan svo varð og lengi vel stóð Alþfl. einn uppi með þá skoðun að það yrði að reyna að spyrna við fótum og koma í veg fyrir að fiskiskipastóllinn héldi áfram að stækka. Ég minni á að ekki eru nema örfá ár síðan það var talið til meiri háttar afreka og menn úr öllum flokkum stóðu upp og klöppuðu fyrir sjútvrh. sem hratt þeirri ákvörðun Kjartans Jóhannssonar að stöðva innflutning á fiskiskipum á meðan

tækifæri og tími var til þess.

Hvar er ábyrgð þessara manna nú? Hver er ábyrgð hæstv. forsrh. Steingríms Hermannssonar sem tók sig til fyrir fjórum árum og hratt slíkri ákvörðun út frá þeirri kenningu að það væri allt í lagi að halda þessu áfram? Hann er hlaupinn frá öllu. Hver er látinn borga reikninginn? Sjómannastéttin og þjóðin í heild. Um það deilum við því ekki lengur. Um það deildum við — kannske ekki við hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson, heldur við Alþfl.-menn og þorri hans flokksbræðra, þ. á m. núv. formaður hans flokks. Við deildum um það fyrir þremur og fjórum árum síðan að við héldum því fram að þetta myndi enda með hreinu hruni ef haldið yrði áfram þeirri stefnu Steingríms Hermannssonar að flytja inn fleiri og fleiri skip sem veiða minni og minni fisk. Nú deila menn ekki um þetta lengur. Nú liggur það fyrir. Nú hefur reikningurinn verið sendur sjómannastéttinni og þjóðinni í heild svo deilan stendur ekki um að fiskistofnarnir, eins og ástatt er fyrir þeim nú, nægja ekki fyrir þann mikla fiskveiðiflota sem byggður hefur verið upp í landinu. Það breytir engu þar um hvort aflað er 220 þús. tonna af þorski eða 280—290 þús. tonna. Jafnvel þó farið væri upp undir 400 þús. tonna ársafla mundi flotinn samt sem áður vera of stór fyrir hagkvæmastan rekstur.

En það munar talsvert miklu í þjóðhagsdæminu hvort menn halda sig við þau 220 þús. tonn sem aflamarkið miðast við nú eða hvort menn fara upp í 260 eða jafnvel 280 þús. tonn þegar upp verður staðið. Mín skoðun er sú, að koma muni í ljós eftir kannske ekki allt of langan tíma, þegar frá öllum kjarasamningum hefur verið gengið sem byggjast á þjóðhagsáætlun sem miðar við 220 þús. tonna ársafla, þá verður þess sjálfsagt ekki langt að bíða að hæstv. ráðh. og ríkisstj. breyti þessum ákvörðunum til hækkunar. Það mun að sjálfsögðu létta nokkuð af sjómönnum þeim kjaraskelli sem þeir ella yrðu fyrir ef haldið yrði við þessar viðmiðanir.

En hvað skyldi gerast í landinu á öðrum sviðum þegar og ef slík ákvörðun verður tekin í kjölfar kjarasamninga? Þegar og ef sú ákvörðun verður tekin þegar allir eru búnir að skrifa undir lága kjarasamninga sem taka mið af þjóðhagsreikningum út frá því að aðeins 220 þús. tonn verði veidd af þorski í ár, hvað skyldi gerast í þjóðfélaginu í kjölfar slíkra kjarasamninga, verði síðan ákveðið að lyfta markinu um kannske 40—60 þús. tonn og skulum við þá líta framhjá hagsmunum sjómanna í því sambandi?

Það er ákaflega einfalt mál hvað þá skeður. Þá streyma talsvert meiri fjármunir inn í landið en við reiknum með núna. Og hvert fara þeir? Þeir fara í launaskrið svokallað. Þeir fara í launahækkanir framhjá kjarasamningum til aðila sem geta knúið fram hækkanir til sín fram hjá kjarasamningum eftir að frá kjarasamningum hefur verið gengið. Og hvaða aðilar eru þetta? Skyldi það vera lágtekjufólkið? Skyldi það vera fólkið í fiskvinnslunni t. d. sem nýtur launaskriðs af þessu tagi, sem getur sótt sér launahækkanir fram hjá kjarasamningum í formi ýmiss konar hækkaðra hlunnindagreiðslna, svo sem eins og greiðslna í bifreiðastyrki, fyrir óunna yfirvinnu o. s. frv.? Nei. Það verður ekki þetta fólk sem nýtur þess þegar hæstv. sjútvrh. — eins og ég er fullviss um — hækkar þetta mark eftir að lokið er öllum undirskriftum kjarasamninga milli aðila vinnumarkaðarins. Það verða þeir betur stæðu sem þá hrósa sigri. Það verða þeir betur stæðu sem þá fá að njóta þeirrar aflaaukningar í formi launaskriðs, í formi hækkaðra greiðslna fyrir óunna yfirvinnu, hækkaðs bifreiðastyrks o. s. frv.

Skyldi það ekki vera að hið eina sem tefur ákvörðun hæstv. ríkisstj. í þessu máli sé að enn hefur ekki verið frá öllum kjarasamningum gengið sem miðast við þjóðhagsspá þar sem aðeins er gengið út frá 220 þús. tonna ársafla? Eins og ég segi, menn skyldu gera sér grein fyrir því að það munar mikið um hver tíu þús. tonnin í því sambandi.

Annað vil ég einnig nefna í hálfgerðu framhjáhlaupi, hæstv. forseti, um þetta mál. Það er sú einfalda staðreynd að komið hefur fram talsverður meiningarmunur milli sérfræðinga um ástandið í hafinu. Ég tel ekki að sá meiningarmunur breyti neinu um þá meginstaðreynd að íslenski fiskiflotinn er allt of stór miðað við eðlilegan afrakstur af íslenskum fiskimiðum. En menn benda á mjög athyglisverðar staðreyndir í sambandi við ástandið í sjónum sem vissulega geta stutt að því að e. t. v. sé ekki ástæða til að miða við það lága aflamark sem þjóðhagsspáin gengur út frá. Það er rétt, menn þurfa ekki að hafa fyrir því orð fiskifræðinga, menn geta leitað álits sjómanna á því. Það er rétt að ástandið á fiskimiðunum hefur verið þannig undanfarin misseri alllengi — t. d. undan Vestfjörðum þar sem ég þekki talsvert til, að vísu ekki af eigin reynd heldur af afspurn — að þar hafa sjómenn orðið varir við talsvert mikinn fisk. Togaramenn hafa lóðað þar á mikinn fisk en oft ekki aflað mikils vegna þess að fiskurinn hefur ekkert staðið undir, hann hefur verið dreifður um allan sjó í leit að æti. Á þessum tíma hafa línubátar aflað ákaflega vel. M. ö. o. fiskurinn sem ekkert hefur við að vera, ekkert æti hefur á þessari fiskislóð, sækir í línuna. Um leið og æti kemur dregur úr línuaflanum en afli togaranna verður feikimikill.

Þessir sömu menn benda einnig á þá athyglisverðu staðreynd að nú á undanförnum árum hefur þyngd allra árganga af þorski farið lækkandi. Dregið hefur úr þyngd allra árganga af þorski. Þetta bendir til þess að annaðhvort séu miðin ofsetin af smáfiski ellegar hitt að of lítið æti sé í sjónum fyrir þann fisk sem í ætið sækir. Það er alveg sama hvor ástæðan er rétt, niðurstaðan hlýtur í öllum tilvikum að vera sú sama: Miðin eru ofsetin af smáum fiski. Úrræðið til að greiða úr þeim vanda til þess að gamli fiskurinn fari aftur stækkandi er sú að fækka smáfiskinum sem sækir í ætið.

Ég veit ósköp vel að ekki er auðhlaupið að því fyrir menn sem ekki búa yfir sérfræðiþekkingu, eins og er nú um flesta okkar stjórnmálamenn, að fella dóm í slíkri deilu. Ég treysti mér ekki til þess, hæstv. sjútvrh. treystir sér sjálfsagt ekki til þess heldur og ég efast um að nokkur hér inni myndi treysta sér til slíkra hluta. En spurningin er m. a. sú: Er e. t. v. hægt að gera eitthvað til að ganga úr skugga um hvort verið getur að þessir ungu fiski- og líffræðingar hafi eftir allt saman rétt fyrir sér? Því að ef þeir hafa rétt fyrir sér, virðulegur forseti, þýðir það að allir þeir efnahagserfiðleikar sem við erum að tala um núna eru blekking. Ef það er satt sem þessir ungu líffræðingar og fiskifræðingar eru að segja eru allir efnahagserfiðleikar á Íslandi, sem byggjast á því að fiskurinn í sjónum sé að ganga til þurrðar, blekking.

Er hægt með einhverju móti að athuga hvort mögulegt sé að sjónarmið þessara manna séu e. t. v. rétt? Já,

það er hægt. Með hvaða hætti? T. d. með því að láta kanna lengra aftur í tímann hvers konar fiskur það var, sem kom af Íslandsmiðum á árunum hér áður þegar fiskurinn af öllur árgöngum var talsvert þyngri en hann er í dag. Hvað voru t. d. bresku togararnir að veiða, sem lágu hér upp að og innan við fjórar mílur á árunum áður, tugum og hundruðum saman? Öll þessi skip lágu í smáfiski. Hvað voru verksmiðjutogararnir að veiða áður en til 50 og 200 mílna útfærslunnar var gengið? Þeir voru að fiska smáfisk. Hvaða fiskur var það sem fyrst og fremst kom á land mjög víða á Íslandi þaðan sem þorskveiði var hvað mest stunduð?

Við skulum átta okkur á því að þegar við erum að tala um smáfisk í þessu sambandi erum við ekki að tala um nein kóð heldur fisk undir 47 cm á stærð. Það er líka til önnur aðferð til að ganga úr skugga um hvort verið geti að þessar ábendingar hinna ungu líffræðinga og fiskifræðinga séu réttar, t. d. sú aðferð, ef Alþingi vildi fallast á að gera þær breytingar á lögum, að hæstv. sjútvrh. væri heimilað að leyfa nokkrum togurum, fjórum, fimm, sex togurum, að stunda tímabundið tilraunaveiðar með veiðarfærabúnaði eins og notaður var fyrir árið 1975, þ. e. með sömu möskvastærð og þá var notuð, sama hlerabúnaði og sama veiðibúnaði og sjá hvaða fiskur kæmi út úr slíkum veiðum, hversu mikill og hvers konar fiskur það væri.

Virðulegi forseti. Þó svo að vísindamenn deili mjög hart um þessi mál núna og séu hvergi nærri sammála og þó svo að hvorki ég né nokkur annar stjórnmálamaður þori að fella þann dóm um þau deilumál að á það sé hættandi að taka mark á þeim sem gagnrýna kenningar Hafrannsóknastofnunar um ástandið á miðunum af þeirri einföldu ástæðu að taki menn þá áhættu að líta fram hjá viðvörunum Hafrannsóknastofnunarmanna eru menn að taka áhættu um framtíðarundirstöðu grundvallaratvinnuvegs íslensku þjóðarinnar, held ég engu að síður að menn eigi að leita leiða — ef slíkar leiðir eru til sem ég held að séu — til að kanna og athuga hvort verið getur að sjónarmið þessara yngri manna eigi rétt á sér. Það er hægt, eins og ég segi, að gera með því að kanna aflaskýrslur nokkuð aftur í tímann, kanna hvers konar fiskur það var sem kom á land af Íslandsmiðum áður en þessir svokölluðu erfiðleikar, sérstaklega í þorskstofninum, komu upp.

Aðra aðferð mætti reyna ef Alþingi féllist á að gera þær breytingar að heimila hæstv. sjútvrh. að láta stunda tilraunaveiðar með sams komar veiðibúnaði eins og notaður var fyrir árið 1975 áður en menn tóku upp þá stefnu um veiðarnar sem þessir yngri fiskifræðingar segja að sé ástæðan fyrir því að ástandið á þorskstofninum sé eins og það er nú. Þetta er í fyrsta lagi spurning um vilja löggjafans og í öðru lagi um vilja sjútvrh., en ég held að svo mikið sé í húfi að menn eigi að reyna að ganga úr skugga um það hvort þessi nýju viðhorf fiskifræðinga og líffræðinga séu rétt, að menn eigi að leita leiða til þess að kanna hvort svo sé án þess að tekin sé áhætta um veiðar sem e. t. v. gæti gert vont ástand verra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Beinar niðurgreiðslur til neytenda, frv. 205. mál (þskj. 367). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 367 er flutt af þremur þm. í þessari deild, hv. þm. Guðmundi Einarssyni og Jóni Baldvin Hannibalssyni auk mín. Frv. er flutt í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi er því ætlað að vera fyrsti áfangi á leiðinni út úr þeim vítahring sem langvarandi niðurgreiðslur á sömu framleiðsluafurðum eru orðnar en margra ára saga óslitins niðurgreiðslubákns hefur ruglað alla eðlilega verðþróun neysluvöru á innanlandsmarkaði, skekkt verðmyndunarkerfi landbúnaðarins, torveldað æskilegar breytingar á framleiðsluháttum og kostað þjóðina óhemju mikla fjármuni sem betur hefði verið hægt að verja.

Í öðru lagi er megintilgangur frv. sá að neytendur fái aukið val um til hvaða vörutegunda niðurgreiðslunum er varið en með núverandi fyrirkomulagi njóta neytendur einskis góðs af þeim miklu fjármunum sem varið er til niðurgreiðslna úr ríkissjóði nema þeir kaupi tilteknar vörur. Þessar vörur eru þrátt fyrir niðurgreiðslurnar svo dýrar að þær geta sumar hverjar ekki lengur talist til daglegrar fæðu láglaunafólks, e. t. v. að mjólkinni einni undantekinni. Kindakjöt, smjör og ostar, svo nefnd séu dæmi um niðurgreiddar vörur, eru meðal dýrustu fæðutegunda í landinu og ódýrari neysluvörur hafa í æ ríkara mæli komið í staðinn fyrir þær sem daglegar fæðuvörur alþýðuheimila í landinu.

Þá hafa einnig orðið mjög miklar breytingar í mataræði manna. Nýjar fæðutegundir, t. d. grænmetistegundir, hafa komið upp sem eru miklu ríkari þáttur í kosti fólks en var hér áður. Fjölmargir forðast ýmsar þær afurðir sem mest eru niðurgreiddar eins og t. d. hvers konar dýrafitu og gera það af heilsufarslegum ástæðum. Að sjálfsögðu er í hæsta máta óeðlilegt ef t. d. fólk, sem af heilsufarslegum ástæðum verður að neita sér um tiltekna afurð, eins og t. d. smjör eða rjóma, en neytir í staðinn þess sem talið er vera heilsuríkara fæði þarf að verða af því hagræði sem niðurgreiðslurnar ella geta veitt.

Fyrst ríkissjóður er á annað borð að verja sameiginlegum fjármunum landsmanna til að greiða niður vöruverð ættu menn í fyrsta lagi að velja til þess þær vörutegundir sem eru dagleg neysluvara lágtekjufólks og barnmargra fjölskyldna og í öðru lagi að gefa fólkinu sjálfu færi á að ráða því eftir aðstæðum og neysluvenjum hvers og eins hvaða vörutegundir það velur sér til niðurgreiðslu. Allir borgum við í þennan sameiginlega sjóð sem fé er tekið úr til niðurgreiðslu á vöruverði. Hvaða vit er í því að t. d. fjölskylda, sem af einhverjum ástæðum lifir að mestu á grænmetisfæðu eða fitusnauðum kosti, er skattlögð eins og aðrir til að afla fjár til niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum? Hvaða ástæða er til þess að vegna jafnvel heilsufarslegra ástæðna þurfi þessi fjölskylda að verða af því hagræði sem niðurgreiðslurnar veita?

Sambærilegar tillögur eins og í frv. þessu koma fram hafa oft heyrst um breytingu á ráðstöfun niðurgreiðslna. Nú síðast voru þær orðaðar af Magnúsi Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, en hann lagði einmitt til í blaðagrein að einhver sambærileg leið og hér um ræðir yrði valin í

tengslum við efnahagsúrræði.

Hér er ekki lagt til að út á þessa braut sé lagt í tengslum við einhvers konar millifærslur eða vísitölumöndl enda tel ég að þetta mál eigi ekki þar heima. Þarna er aðeins lagt til að gera þá breytingu á niðurgreiðslunum sjálfum, að fólkið, sem á að njóta niðurgreiðslnanna, fái í auknum mæli frjálst val um í hvaða skyni það vill nota þá fjármuni sem til þess eiga að renna úr hinum sameiginlega sjóði í þeim tilgangi að greiða niður vöruverð. Hvers vegna má t. d. maður, sem af einhverjum ástæðum velur sér frekar Sólblóma ofan á brauð en smjör, t. d. af heilsufarslegum ástæðum, ekki alveg eins njóta hagræðis af niðurgreiðslum í formi lækkaðs verðs á Sólblóma? Hvers vegna þarf endilega að neyða þennan aðila til þess að neyta smjörs ef hann vill njóta góðs af þeim niðurgreiðslum sem hann er skattlagður fyrir?

Íslenskar landbúnaðarvörur hafa verið greiddar niður á innlendum markaði í áratugi. Upphaflega var farið inn á þá braut til að koma í veg fyrir verðhækkun á þessum afurðum og þau áhrif sem það mundi hafa á vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta er enn þá skýringin. En breytingarnar hafa orðið þær að niðurgreiðslufjárhæðin á föstu verðlagi frá árinu 1970 hefur þrefaldast. Við höfum greitt samfellt frá árinu 1970 niður verð á sömu fáu afurðunum og niðurgreiðslurnar hafa þrefaldast á þessu árabili.

Menn geta sagt sér sjálfir hvaða áhrif það hefur á verðmyndun og eðlilega framleiðsluhætti þegar svona lengi er greitt svona mikið niður verðið á svona fáum afurðum. Því að það er algjörlega rangt að þessi niðurgreiðsla nái til afurða landbúnaðarins alls, niðurgreiðslan nær aðeins til hluta af þessum afurðum, til fárra tiltekinna vörutegunda. Vegna þess t. d. að niðurgreiðslan nær ekki til landbúnaðarins alls í sama mæli skekkir það stórlega allt verðmyndunarkerfi landbúnaðarins og hvetur framleiðendur í landbúnaði til að framleiða vörur sem e. t. v. er ekki æskilegt að þeir framleiði frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, heldur væri nær að fólkið snéri sér að framleiðslu á vörum sem meiri þörf er fyrir, hægt er að selja á lægra verði og ástæða er til að ætla að skili sér betur í auknum tekjum til bændastéttarinnar.

Þegar niðurgreiðslur eru hvorki verulegur hluti af framleiðsluverði afurðanna né heldur verulegur hluti af tekjum þeirra neytenda sem slíkar vörur kaupa má segja að niðurgreiðslurnar hafi ekki teljandi efnahagsáhrif umfram það sem þeim er ætlað, þ. e. að hafa áhrif til verðlagslækkunar frá því sem ella ætti sér stað. En eins og ég sagði, þegar niðurgreiðslur eru orðnar mjög miklar fara þær að hafa alls konar aukaáhrif sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi né ætlast til.

Niðurgreiðslurnar á íslenskum landbúnaðarafurðum eru nú ekki aðeins orðnar og hafa verið lengi mjög hátt hlutfall af framleiðslukostnaði þeirra innanlands. Þessar niðurgreiðslur sem sóttar eru með skattlagningu á almenning eru líka orðnar mjög hár hluti af tekjum neytenda. Má sjá það t. d. af þeim einfalda samanburði að frá 1970 til 1982 hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna heimila hækkað um 97,5% en niðurgreiðslur úr ríkissjóði hafa á sama tíma hækkað um 225%. Af þessu má sjá að niðurgreiðslurnar hafa orðið sífellt vaxandi hluti af tekjum heimilanna, stöðugt meiri hluta af tekjum sínum hefur launafólkið orðið að borga í ríkissjóð til að greiða niður sömu fáu afurðirnar sem í æ ríkara mæli hafa lent út fyrir daglega neyslu fólks þar sem aðrar vörur hafa að verulegu leyti tekið við hlutverki þeirra.

Herra forseti. Ég held að ástæðulaust sé að hafa öllu fleiri orð um þá einföldu till. sem hér er lögð fram. Hún er mjög einföld því að hún felur í sér að u. þ. b. helmingurinn af áætluðum niðurgreiðslum úr ríkissjóði verði notaður eins og honum er nú varið til lækkunar á vöruverði fárra tiltekinna afurða landbúnaðar. En hinum helmingi áætlaðra niðurgreiðslna verði varið með beinum greiðslum til neytenda eftir reglum sem ríkisstj. setur í samráði við aðila vinnumarkaðarins þannig að neytendur fái að ráða því í meira mæli sjálfir á hvaða vörutegundir þessar niðurgreiðslur koma.

Að sjálfsögðu má gera sér í hugarlund ýmsar aðferðir til þess að koma þessum beinu niðurgreiðslum við. Ef t. d. hverjum íslenskum ríkisborgara sem búsettur er í landinu væri greidd föst fjárhæð, tiltekin fjárhæð til hvers og eins 16 ára og eldri og helmingi lægri fjárhæð vegna barna og unglinga yngri en 16 ára, mætti með þessum hætti greiða hverri fjölskyldu um 20—22 þús. kr. í beinar niðurgreiðslur ef niðurgreiðslur á árinu 1984 yrðu svipaðar og þær voru á árinu 1982. Þetta er ein aðferð sem hægt er að nota og sér það hver og einn að þetta skiptir fólk talsverðu máli. Það er meira en mánaðartekjur láglaunamanns sem þarna er um að ræða sem fólk er skattlagt fyrir til þess að greiða niður verð tiltekinna afurða. Hver og einn mundi að mínu viti geta ráðstafað þessum fjármunum betur út frá eigin þörfum. Ef hann fengi fjármunina beint í hendur og gæti valið með hvaða hætti hann notaði peningana mundi hver og einn landsmaður geta komist að betri og hagfelldari niðurstöðu um ráðstöfun þessa fjármagns en einhver nefnd sem skipuð er af ríkissjóði og velur sér lambakjöt, smjör, rjóma og mjólk.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Breyting á lausaskuldum launafólks í löng lán, frv. 206. mál (þskj. 369). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þar sem fyrir nokkrum dögum var raunar mælt fyrir þessu frv., þegar fjallað var um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, get ég að þessu sinni haft mjög fá orð um frv. þetta.

Frv. lýtur að þeirri einföldu spurningu hvort allir landsmenn eigi ekki að vera jafnir fyrir lögum. Ef Alþingi setur lög um breytingu á lausaskuldum framleiðenda í landbúnaði í löng lán frá og með árinu 1979 til og með árinu 1983 eftir að hafa breytt lausaskuldum sömu aðila frá og með árinu 1970 til og með árinu 1979 með slíkum hætti, hvaða ástæða er þá til að taka ekki með sambærilegum hætti á vandamálum launafólksins?

Frv. er samið á grundvelli þeirrar afgreiðslu sem hæstv. ríkisstj. leggur fyrir Alþingi að gerð verði á málefnum bændastéttarinnar. Öll þau rök sem höfð voru uppi um það frv. eiga jafnt við um þetta þannig að

ég vísa einfaldlega til framsöguræðu hæstv. landbrh. þar um, að því þó fráskildu að upplýsingar liggja fyrir í Lögbirtingablaðinu og í uppboðsauglýsingum Morgunblaðsins og DV um ástæður launafólks þar sem hver auglýsingin rekur aðra með kröfum um nauðungaruppboð á eigum launafólks. Hins vegar hef ég ekki orðið var við að í þessum ágætu þremur blöðum reki með sama hætti hver nauðungaruppboðsauglýsingin aðra á bújörðum og fasteignum bændastéttarinnar. Þannig að ef nokkuð er þá liggja fyrir haldbærari og ítarlegri upplýsingar um neyðarástand launafólks en nú liggja fyrir um neyðarástand framleiðenda í landbúnaði þó að ég ætli síður en svo að draga í efa að þar sé árferði erfitt, þar eigi bændur við mikla erfiðleika að etja, m. a. varðandi söfnun lausaskulda.

Eina vandamálið sem eftir stendur, virðulegi forseti, er raunverulega að taka ákvörðun um til hvaða nefndar málið eigi að fara. Umrætt frv. um breytingu á lausaskuldum bænda í löng lán var sent til landbn., jafnvel þó að hæstv. fjh.- og viðskn. fjalli um fjáröflunina. Mér finnst raunar þetta frv., þó að eðlislíkt sé því frv. sem áður var afgreitt, vart eiga heima í landbn. Þar sem neitað var að senda frv. um breytingu á lausaskuldum bænda í löng lán í fjh.- og viðskn. reikna ég með því að svipuð eða söm sé afstaða deildarinnar til þess frv. Hún telji ástæðulaust að frv. fari í fjh.- og viðskn. þar sem hún hlýtur að komast að sömu niðurstöðu um þetta frv. eins og um það sem ég mundi vilja kalla í gæsalöppum „fylgifrv. þess" á þskj. 196. Svo ég sé mér ekki fært annað, herra forseti, eins og málum er komið en að leggja til að frv. verði vísað til félmn. og 2. umr. að sjálfsögðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 60. fundur.

Fimmtudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Þróunarverkefni á Vestfjörðum, þáltill. 229. mál (þskj. 401). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Takmörkun fiskveiða í skammdeginu, þáltill. 173. mál (þskj. 314). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Átak í nýiðnaði, þáltill. 211. mál (þskj. 376). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár er samkomulag sem fjmrh. hefur gert við verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík. Þetta samkomulag er svohljóðandi:

„Aðilar eru sammála um að samræma launataxta og ýmis önnur kjör Dagsbrúnarmanna sem vinna hjá hinu opinbera launakjörum opinberra starfsmanna sem vinna sambærileg störf. Aðilar eru sammála um að skipa starfsnefnd til að vinna að frekari útfærslu og skal hún hafa lokið störfum eigi síðar en 10. mars n. k. Samkomulag þetta gildir frá 1. mars 1984."

Þetta samkomulag, sem gert er 28. febr. s. l., er undirritað af fjmrh. og ráðgjöfum hans og forustumönnum Dagsbrúnar.

Ég fagna mjög þessu samkomulagi og einkum þeim sinnaskiptum sem hafa átt sér stað í fjmrn. Alþýðusambandið hefur fyrir hönd verkalýðsfélaganna lagt á það mikið kapp á undanförnum árum að ná þeirri sanngjörnu og réttlátu kröfu fram að fólk sem vinnur hlið við hlið, fólk sem annars vegar er í almennu verkalýðsfélagi og hins vegar á samningi BSRB, njóti hliðstæðra kjara. Þessi viðleitni hefur lítinn árangur borið. Rn. hefur ekki talið ástæðu til að hlusta á rök í því máli. Margoft var t. d. farið fram á þetta við Ragnar Arnalds, hæstv. fyrrv. fjmrh., en ekkert gekk. Það var síðast fundur um þessi mál í desembermánuði. Þann fund átti Alþýðusambandið með fulltrúum fjmrn. En árangur varð enginn. Samkomulag Dagsbrúnar og fjmrh. er því mikil og góð tíðindi og sýnir að hjartalag ráðh. er gott, hann veit hvar eru skilin á milli misréttis og jafnréttis, hann áttar sig á að ekki er sanngjarnt að greiða fólki mismunandi kaup eftir því hvaða verkalýðsfélagi það tilheyrir.

Á undanförnum árum hafa hin almennu verkalýðsfélög misst hundruð félaga sinna yfir í félög opinberra starfsmanna. Með því móti hefur fólkið fengið betri kjör en verkalýðssamtökin hafa getað samið um. Ríkið og sveitarfélög hafa ástundað það siðleysi að neita verkalýðsfélögunum um sömu kjör og þau hafa samið um við BSRB. Í veigamiklum atriðum er mikill munur bæði hvað varðar kaupgreiðslur og einkum hlunnindi á milli þessara aðila. Samkomulag þetta kveður á um samræmingu. Ég spyr fjmrh. í hverju þessi samræming sé fólgin. Er gert ráð fyrir algerri samræmingu eða ekki? Er gert ráð fyrir að verkamenn fái nú sambærilegan rétt hvað varðar yfirvinnu, persónuuppbót í desember, orlofsrétt, laun í veikinda- og slysatilfellum og sama lífeyrisrétt?

Tímakaup í yfirvinnu er almennt 1% af mánaðarlaunum hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga. Hjá ASÍ-félögum er eftirvinna greidd með 40% álagi á dagvinnutaxta og næturvinna með 80% álagi. Mismunur á tekjum vegna þessa eina ákvæðis er, miðað við 10 stundir í yfirvinnu, 4.6% BSRB-félagsmönnum í vil. Ef gáð er að persónuuppbót í desember er hún þannig: Ríkisstarfsmenn sem náð hafa þriggja ára starfsaldri fá svokallaða persónuuppbót sem greidd er í des. og var á s. l. ári 3 431 kr., sem eru 24% af 11. launaflokki. Fyrir

verkamenn á lágmarkstekjum væri þetta 2.9% tekjuuppbót á s. l. ári. Að meðaltali má telja uppbótina ígildi 1—1½% í kaupi. Hvað varðar orlofsrétt er það svo að langflestir félagsmenn ASÍ búa við lágmarksrétt, þ. e. 24 daga orlof og 10.17% orlofsfé. Ríkisstarfsmanni er tryggður hliðstæður lágmarksréttur og til viðbótar þrír orlofsdagar við 40 ára aldur og 10 ára starfsaldur og enn þrír dagar í viðbótarorlofi við 50 ára aldur eða 18 ára starfsaldur. Þetta þýðir að þeir sem lengstan hafa orlofsrétt hjá ríkinu fá 13.04% í orlof, þeir sem hafa næstmest fá 11.59% í orlof, en aðrir fá það sama og gerist hjá félögum Verkamannasambandsins og Alþýðusambandsins. Mjög er vafasamt hvort meta á orlofsrétt til peninga, en ef litið er á dæmið frá kostnaðarsjónarmiði atvinnurekenda má búast við því að hver dagur væri metinn á 0.4—0.5%. Hvað varðar laun í veikindum og slysatilfellum eru réttindi opinberra starfsmanna mun meiri en gerist hjá almennu verkalýðsfélögunum. Mesti réttur hjá opinberum starfsmönnum er 360 dagar, en hjá hinum almenna verkamanni verður hann hæstur 90 dagar. Eftir 10 ára starf fær BSRB-maður laun í 120 daga í veikinda- og slysatilfellum, eftir 15 ára starfsaldur 180 daga og eftir 20 ára starfsaldur 360 daga.

Mér er ljóst að verkamannafélagið Dagsbrún hefur ásamt verkakvennafélaginu Framsókn farið hvað verst út úr þessum samanburði á undanförnum árum. Þau eru í mestu návígi við Vinnuveitendasambandið, sem hefur gætt þess vandlega að ríki og bær semji ekki við þessi félög um sambærilegar kjarabætur og félagsmenn BSRB hafa. Þessu er víða öðruvísi farið úti á landi. Hin einstöku verkalýðsfélög hafa notið skilnings þeirra sem ekki eru sífellt vaktaðir af Vinnuveitendasambandinu. T. d. hafa verkamenn hjá Keflavíkurbæ haft desemberuppbót í áraraðir. Svo mun vera á fleiri stöðum að samræming hefur átt sér stað. Það er hins vegar mikið verk óunnið og víða ríkir mikið skilningsleysi. Þess vegna hafa Alþýðusambandið og hin einstöku félög reynt að þrýsta á.

Í tilefni af umræddu samkomulagi hefur Alþýðusambandið ritað fjmrh. eftirfarandi bréf, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum höfum við ítrekað leitað eftir því við fjmrn. að fólki innan Alþýðusambands Íslands í störfum hjá ríkinu verði alls staðar tryggð sambærileg kjör og opinberir starfsmenn njóta. Við fögnum þeim sinnaskiptum sem samningurinn við Dagsbrún sýnir að orðið hafa í rn. og óskum hér með eftir því að fá vilja rn. staðfestan skriflega með almennri yfirlýsingu gagnvart aðildarfélögum okkar, þannig að þau geti hvert á sínu svæði gert ráðstafanir til leiðréttinga á kjörum þeirra félagsmanna sem starfa hjá ríkinu".

Undir þetta ritar Ásmundur Stefánsson forseti ASÍ.

Ég fullyrði og tel mig hafa rök fyrir því, að víðs vegar um land allt er ástæða til þess að samræma kjör verkafólks og opinberra starfsmanna þó eldurinn brenni hvað heitast á konunum í verkakvennafélaginu Framsókn í Reykjavík. Einnig mun ástæða til samræmingar hvað varðar starfsmannafélagið Sókn og vitna ég þá til viðtals við formann starfsmannafélagsins Sóknar, sem var í einu dagblaðanna í gær. Þar segir hún, með leyfi forseta:

„Ég gleðst auðvitað fyrir hönd Dagsbrúnar ef þeir fá kjör sín bætt. Hins vegar held ég að fjmrh. geti ekki látið þetta eiga við Dagsbrún eina þegar öll félögin eru að gera samninga," sagði Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar.

Sókn á enn eftir að gera samning við fjmrn. og sagðist Aðalheiður vona að Albert yrði þá eins vinsamlegur og hann hefði verið við Dagsbrúnarmenn. Sagði hún að Sókn yrði að gæta þess að vera samstíga BSRB þegar sá samningur yrði gerður. Þótt innan BSRB væri einnig fólk í lágum launaflokkum væru þó ýmis kjaraatriði sem bæri á milli. Sumarfrí væru lengri og betri kjör í veikindatilfellum. Þá sagði hún: Sóknarkonur sækja það fast að fá pláss á dagheimilum sem rekin eru í tengslum við sjúkrahúsin."

Ég spyr fjmrh.: Er hann reiðubúinn til að verða við tilmælum ASÍ? Er ekki sjálfsagt að uppræta hvarvetna það misræmi sem á sér stað í þessum efnum? Ég treysti því að hin ríka réttlætiskennd ráðh. njóti sín í þessum efnum. Verkafólk um land allt væntir svars. Verkafólk um land allt mun fylgjast með lyktum þessara mála.

Það er ástæða til að fordæma þau viðbrögð sem átt hafa sér stað í stjórnarherbúðunum gagnvart þessu samkomulagi, þar sem stjórnarsinnar ganga ýlfrandi um sali og fordæma fjmrh. fyrir þessa gjörð. Almenningur í landinu undrast þessi viðbrögð og spyr: Ætlar Sjálfstfl. að taka fram fyrir hendurnar á ráðh., ætlar stjórnarliðið að hindra þetta sanngjarna og réttláta samkomulag? Ég spyr formann Sjálfstfl.: Hvað átti hann við þegar hann sagði í Ríkisútvarpinu í gærkvöld: Þetta mál verður tekið föstum tökum í Sjálfstfl.? Er meiningin að koma í veg fyrir þetta samkomulag? Er ætlun Sjálfstfl. að gerast sérstakur málsvari fyrir það óréttlæti og ósanngirni sem viðgengst í launamálum milli félaga BSRB og almennra verkamanna? Hvað skeður vitum við ekki nú, en eitt er víst, að verkafólk stendur fast að baki Albert Guðmundssyni fjmrh. í þessum efnum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Undanfarna daga hef ég orðið fyrir nokkuð þungum ásökunum vegna embættisgjörða minna sem fjmrh. Ástæðan er sú, að ég hef í krafti þess embættis sem ég gegni gert samkomulag við verkamannafélagið Dagsbrún um að þeir félagsmenn Dagsbrúnar sem vinna hjá ríkinu njóti sambærilegra kjara og starfsfélagar þeirra sem eru meðlimir BSRB. Þessa leiðréttingu tel ég svo sjálfsagða að ég taldi rétt að lagfæra þetta misrétti þegar í stað þegar ósk barst um það frá verkamannafélaginu Dagsbrún. Við þá gjörð mína hef ég ekki talið að ég væri að blanda mér í þá almennu samninga sem standa yfir á hinum almenna vinnumarkaði. En telji hv. Alþingi að ég hafi brotið af mér í embætti með því að leiðrétta kjör þeirra verkamanna sem hjá ríkinu vinna verð ég að sjálfsögðu að taka afleiðingum af þeirri gjörð minni.

Það hefur mikið verið um það rætt og ég mikið um það spurður hve mikið samkomulagið, — sem ég sé ekki ástæðu til að lesa hér upp, virðulegur 6. landsk. þm. las það upp, — kostaði ríkissjóð, hvort ég væri sjálfum mér samkvæmur þegar ég annars vegar vara við of háum launasamningum á almennum markaði, vara við því að fjárlagaramminn verði sprengdur í samkomulagi við launþegasamtökin, og hef látið þá skoðun í ljós að þá væri stefna ríkisstj. sprungin. Ég vil svara með því að vitna, með leyfi forseta, í greinargerð sem ég hef fengið frá launadeild fjmrn. Hún endar svo, og það ætti að svara þeim fsp. sem að mér beinast um kostnað við þær embættisgjörðir mínar sem þekktar eru:

„Í heild má segja að nokkuð gott samræmi sé á milli launa Dagsbrúnarmanna og manna í þeim störfum sem sambærilegust geta talist hjá BSRB. Samræming gæti hugsanlega haft nokkur áhrif í lægstu launaflokkunum, 9.—12. launaflokki ASÍ, sem eru neðan dagvinnutekjutryggingar. Kostnaður af slíku gæti orðið nokkrir tugir þúsunda fyrir ríkissjóð á ári.“

Sérstakri starfsnefnd er falið að útfæra samkomulagið við Dagsbrún og meðan hún hefur ekki lokið tillögugerð er rétt að geyma sér allar fullyrðingar um hvaða fordæmisáhrif samkomulagið hefur fyrir aðra aðila vinnumarkaðarins. Nú vil ég taka það fram að þessi sérstaka samstarfsnefnd milli fjmrn. annars vegar og Dagsbrúnar hins vegar er u. þ. b. að taka til starfa. Ég get bætt við að verði orðið við öllum kröfum Dagsbrúnar undantekningarlaust gæti þessi upphæð hugsanlega orðið um 1 millj. kr. Svo há er sú upphæð sem hefur þyrlað upp öllu því moldviðri sem á mér hefur dunið undanfarna daga. Hefur það virkilega verið þess virði?

Síðan er talað um þau keðjuverkandi áhrif sem þetta samkomulag gæti haft. Mér er sagt að því fylgi ákaflega lítil keðjuverkandi áhrif vegna þess að á fáum stöðum um land allt starfi hlið við hlið í sambærilegum störfum ríkisstarfsmaður og verkamaður. Það eru til ríkisstarfsmenn sem yfirmenn í fyrirtækjum, en það eru ekki talin sambærileg störf á við störf óbreytts verkamanns.

Ég er þannig gerður að ef ég er beðinn um að leiðrétta misrétti geri ég það ef ég get. Í máli sínu minntist hv. 6. landsk. þm. á ósk Alþýðusambands Íslands sem er sambærileg við þær óskir sem komu frá verkamannafélaginu Dagsbrún. Mér finnst alveg sjálfsagt að leiðrétta það misrétti eins og allt annað. Stundum getur verið kostnaðarsamt að leiðrétta misrétti, en misrétti getur enginn alþm. stutt.

Hvernig get ég sem fjmrh. horft upp á að tveir menn vinni hlið við hlið sömu störf, annar með fulla atvinnutryggingu, með verðtryggðan lífeyrissjóð, sérstaka matarpeninga, sérstaka klæðispeninga og fleira og fleira, en hinn alls ekki neitt af þessum hlunnindum og lægri laun? Þeir vinna saman kannske áratugi hlið við hlið. Er þetta rétt? Hefur okkur virkilega mistekist að byggja upp íslenskt þjóðfélag þannig að menn geti með sóma sagt — þá er ég að tala um forustumenn þjóðarinnar: Það líður enginn skort? Það eru náttúrlega til lágmarkslaunaflokkar í öllum þjóðfélögum. En mér finnst það vera að fara í öfuga átt þegar er verið að skipta vinnuhópum eins og verkamönnum í mismunandi stóra lágmarkslaunaflokka. Þetta er misrétti sem ég tel að hefði fyrir löngu átt að leiðrétta, enda hefur komið í ljós að sú ósk verkamannafélagsins Dagsbrúnar hefur áður verið borin fram í fjmrn., ekki einu sinni heldur oftar. Mér er líka kunnugt um að fjmrh. hafi tekið vel í þessar óskir, en aldrei orðið úr framkvæmd.

Ég er reiðubúinn að taka ábyrgð á þessari framkvæmd og afleiðingum af henni. En kostnaðurinn — mér liggur við að skjóta hér inn í: ég ætla að biðja engan um að hlæja — kostnaðurinn við þessa embættisgerð mína, — ef við verðum við öllum kröfum Dagsbrúnar, sem stendur að sjálfsögðu ekki til, það stendur til að ræða, ég veit ekki hvað kemur út úr þeim nefndarstörfum — gæti ég trúað að væri ekki miklu meiri en kostnaður við ferð þeirra félaga okkar sem nú eru á Norðurlandaráðstefnunni. (Gripið fram í.) Ég efast um það, og lái mér hver sem vill. Ég tel að fólk — hér er um ófaglært fólk í lægstu launaflokkum að ræða, — eigi að bera úr býtum sömu laun fyrir sömu vinnu hvort sem það er í BSRB eða verkamannafélaginu Dagsbrún.

Ég held að ég hafi svarað þeim fsp. sem að mér hafa beinst frá virðulegum 6. landsk. þm. og þakka honum fyrir að vekja athygli á þessu máli á hv. Alþingi. Svo mikið hefur dunið á mér sem fjmrh. undanfarna daga að slíkt var nauðsynlegt. En eitt vil ég segja honum sem svar við erindi ASÍ, að ég vildi gjarnan fá það betur skilgreint hvað ASÍ er að tala um, þ. e. að fá að vita nákvæmlega hve margir tilheyra aðildarfélögum ASÍ og vinna sambærileg störf við hliðina á ríkisstarfsmönnum. Ég held að það séu ekki margir. Hvert verkalýðsfélag gerir sinn sérsamning við ríkisfyrirtæki um land allt, en ég er reiðubúinn að skoða það með sama velvilja og erindi Dagsbrúnar ef það berst inn á mitt borð.

Auðvitað á ekki að líða misrétti neins staðar. Þessi gjörð mín sýnir að ég er reiðubúinn að vinna að því að jafna rétt sem ég tel að fólk eigi að hafa, og það hefur komið fram í minni embættisgjörð — eða er einhver þm. hér inni úr einhverjum flokki sem ásakar mig fyrir þetta? Er einhver hér inni sem vill viðhalda misrétti milli verkamanna sem vinna hlið við hlið? Ég er reiðubúinn að ræða við hann á allt öðrum nótum.

Ég tel að ég hafi svarað fsp. fyrirspyrjanda, virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Umræður forustumanna stjórnmálaflokkanna og sérstaklega stjórnarflokkanna um kjarasamningamál nú að undanförnu hafa verið með fádæmum sérkennilegar. Ráðherrar hafa gefið yfirlýsingar út og suður, oft æði mótsagnakenndar, sem hafa svo verið dregnar til baka strax daginn eftir. Þekkjum við býsna mörg dæmi þess á einni viku. Fremstir í þeirri fylkingu yfirlýsingaglaðra forustumanna hafa verið hæstv. forsrh. og raunar einnig formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson. Þessir forustumenn stjórnarflokkanna gáfu þá einstæðu yfirlýsingu nú fyrir skemmstu að ef ekki yrðu öll verkalýðsfélög á landinu til þess að samþykkja kjarasamninga þá sem Alþýðusambandið hefði gert við Vinnuveitendasambandið yrði ekkert gert, ekki nokkur skapaður hlutur, í þágu láglaunafólksins í landinu. Sem betur fer fór með þá yfirlýsingu eins og fleiri, sem gefnar hafa verið að undanförnu, að hún var dregin til baka fljótlega eftir að menn höfðu farið að hugleiða hvaða afleiðingar svo fáránlegar yfirlýsingar hlutu að hafa.

Þessi flóðbylgja af ábyrgðarlausum, ómerkilegum yfirlýsingum, sem borist hefur frá stjórnarherrunum, lýsir satt best að segja slíkum flumbrugangi og forustuleysi í stjórn landsins að ég hygg að það séu fá eða engin dæmi um slíkt hér á landi. Og nú er enn einn hvellurinn orðinn og ekki sá minnsti. Formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, lýsir því yfir í útvarpsfréttum í gærkvöld að hæstv. fjmrh. hafi drýgt mikla synd og gefur alveg ótvírætt til kynna, svo að það gat varla misskilist, að Sjálfstfl. væri rétt í þann mund að taka ákvörðun um mjög harða refsingu til handa sínum fjmrh. Morgunblaðið, aðalstuðningsblað Sjálfstfl., birtir leiðara í morgun þar sem vegið er mjög hart að hæstv. fjmrh., svo ekki sé meira sagt. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hvað svo sem stjórnskipulegum rétti ráðh. líður verða þeir að taka mið af pólitískum stuðningi. Án

meiri hluta á Alþingi geta þeir ekki setið. Fallist meðráðherrar Alberts og þingflokkar ríkisstj. ekki á samninginn sem hann gerði, veitir stjórnarskráin honum enga vernd lengur."

Hvað þýða þessi orð? Þau þýða ekkert annað en að ráðh. beri að segja af sér ef forusta Sjálfstfl. sé honum ekki sammála. Stjórnarskráin veitir honum ekki lengur vernd til að sitja í þessum stól. Það er ósköp einfaldlega verið að gefa það mjög skýrt og ákveðið til kynna að hæstv. fjmrh. eigi að segja af sér.

Hver er svo sök ráðherrans? Jú, hann hefur gert samning við verkamannafélagið Dagsbrún um samræmingu á kjörum nokkurra Dagsbrúnarverkamanna við þau kjör sem félagsmenn í BSRB njóta. En nú hlýtur fyrsta spurningin að vera: Hvað er í raun og veru svona merkilegt við þennan samning að það veiti tilefni til þess moldviðris sem hér hefur gengið yfir undanfarna daga og hæstv. fjmrh. réttilega nefndi svo hér rétt áðan? Er það virkilega rétt, sem óspart hefur verið gefið í skyn af samráðherrum hæstv. fjmrh., að hann hafi ekki heimild til að gera slíkan samning?

Ég verð að segja alveg eins og er að ég var mjög undrandi þegar ég las yfirlýsingu hæstv. forsrh., sem því miður er nú fjarverandi, að til stæði eftir nokkra daga að taka þennan samning fyrir og staðfesta hann í ríkisstj. og gaf óspart til kynna að samningurinn yrði ekki endanlegur nema hann hlyti samþykki í ríkisstj. Getur það virkilega verið að hæstv. forsrh., sem er í fyrirsvari fyrir núv. ríkisstj., viti ekki meira um valdsvið sitt en svo að hann láti slíka fullyrðingu frá sér fara? Nákvæmlega sama kom fram hjá hæstv. sjútvrh. sem gaf óspart til kynna að hann mundi ekki mæla með þessum samningi þegar hann kæmi til afgreiðslu í ríkisstj.

Auðvitað eiga allir ráðh. og allir alþm. að vita hvernig málum er háttað að þessu leyti. Þeir eiga að vita að hæstv. fjmrh. hefur fulla heimild til að gera kjarasamninga skv. gildandi lögum og skv. þeim venjum sem ríkt hafa í þessu landi. Hann er alls ekkert skyldugur til að leggja slíka samninga fyrir fram fyrir ríkisstj. þótt oft mundi það vissulega vera gert, sérstaklega ef um væri að ræða samninga sem snertu mikinn fjölda manna. Ég hygg t. d. að aðalkjarasamningur BSRB hafi ævinlega verið kynntur í ríkisstj. áður en endanlega var frá honum gengið.

En hitt held ég að sé líka staðreynd, að sérkjarasamningar ríkisins við aðildarsamtök BSRB hafi nær aldrei verið ræddir í ríkisstj. áður en þeir voru undirritaðir. Satt best að segja eru gerðir nokkrir tugir — ég þori nú ekki að fara með hærri tölu, kannske ná þeir eitthvað á annað hundrað — samninga hjá fjmrn. sem aldrei eru bornir undir ríkisstj., hafa ekki verið bornir undir ríkisstj. árum saman, líklega áratugum saman. Enda er þar venjulega um svo flókin mál og smáatriðakennd að ræða að ekki hefur verið talin eðlileg verkaskipting að öll ríkisstj. væri með nefið niðri í hverju smáatriði sem verið væri að semja um af hálfu fjmrn.

Nei, staðreyndin er sú að samningar af því tagi sem hæstv. fjmrh. hefur gert við verkamannafélagið Dagsbrún eru ekkert einsdæmi. Hundruð slíkra samninga hafa verið gerðir á undanförnum árum án þess að nokkurn tíma hafi orðið slíkur hvellur sem nú út af því. Ástæðan er sú að samráðherrar hafa að sjálfsögðu treyst sínum fjármálaráðherrum fyrir því að annast mál af þessu tagi. Eins og fjmrh. hefur mátt treysta því að sjútvrh. væri ekki með nefið niðri í hverri samningsgrein, sem hann væri að fjalla um við hin ýmsu verkalýðsfélög, hefur sjútvrh. getað treyst því að hann gæti tekið ýmsar þær ákvarðanir sem lög heimila honum án þess að fjmrh. væri með nefið niðri í þeim málum. Þannig hefur þetta gengið fyrir sig í flestum ríkisstj. allt þar til nú að upp er komið ástand sem á fáa sína líka.

En er þá efni samningsins svo merkilegt að það geti verið tilefni til slíkra stóryrða sem uppi hafa verið höfð af samráðherrum fjmrh. og formanni Sjálfstfl. undanfarna daga? Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um efni samningsins, það þekkja allir. Efni hans er einfaldlega að menn sem vinna sambærileg störf í þágu ríkisins njóti sömu kjara. Á því er því miður allur gangur að fullt samræmi sé í þessum málum. Upp kemur ósamræmi sem stendur kannske um nokkurt skeið en síðan er leitast við að samræma það aftur. Ég tek undir það sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan: Eru virkilega einhverjir hér í þessum sal sem eru á móti því að slík samræming eigi sér stað? Ég trúi því tæpast.

Það var ekki alveg rétt sem fram kom rétt áðan hjá hv. fyrirspyrjanda, Karli Steinari Guðnasyni, 6. landsk. þm., að á þeirri tíð þegar ég var í fjmrn. hefðu menn verið algjörlega lokaðir fyrir allri samræmingu á kjörum BSRB-manna annars vegar og þeim kjörum sem giltu á hinum almenna vinnumarkaði hins vegar. Þetta er alls ekki rétt. Það má vel vera að ekki hafi alltaf náðst full samræming og ég hygg að alltaf sé eitthvert ósamræmi í gangi og hefur líka vafalaust verið meðan ég var í fjmrn. á ýmsum sviðum. En stundum var það leiðrétt eftir nokkurn tíma í samræmi við kröfur verkalýðsfélaga og umræður um þessi mál eins og gengur. En það er hinn mesti misskilningur að mál eins og þetta hafi ekki stundum verið á döfinni.

Ég ætla ekki að fara að rekja kjarasamningamál sem uppi voru í minni tíð enda yrði það býsna langt mál upp að telja. En ég get nefnt hér eitt einasta dæmi. Ég nefni bara haustið 1982 þegar fjmrn. gerði samning við starfsmannafélagið Sókn. Ég veit ekki hversu kunnugur Karl Steinar er þeim málum en þó hygg ég að hann hafi fylgst það vel með að hann viti að þá átti sér stað nokkur samræming á málum BSRB-manna og Sóknar. Ég minnist þess ekki að orðið hafi neinn hvellur út af þessu eða að núv. hæstv. forsrh., sem þá var sjútvrh., hafi svo mikið sem spurt um þetta mál í ríkisstj. þó að honum væri sagt frá því.

Það getur staðið misjafnlega á hvernig til tekst með samræmingarmál af þessu tagi. En ég vísa því algjörlega á bug að í fyrrv. ríkisstj. hafi verið andstaða gegn slíkri samræmingu. Ég hygg að það hafi allan tímann verið unnið að samræmingu með ýmsum hætti þótt auðvitað væri ekki alltaf orðið við öllum þeim kröfum sem gerðar voru eins og gengur. Það er af og frá að það sé einhver stórsynd, sem hæstv. fjmrh. hefur drýgt, að standa fyrir samræmingu af því tagi sem hann hefur nú staðið fyrir.

Nefnt hefur verið í umræðum manna um málið að þessar ákvarðanir hæstv. fjmrh. hafi áhrif á kjarasamninga annarra stéttarfélaga. Vissulega er það alveg rétt. Auðvitað verða menn alltaf að gera sér grein fyrir því, þegar svona samræmingarmál eru á ferðinni, að þau geta haft áhrif á fleiri aðila en verið er að semja við rétt í augnablikinu. Auðvitað hlýtur þessi samningur hæstv. fjmrh. að hafa áhrif á samninga Sóknar við ríkið og

áhrif á samninga Alþýðusambands Íslands við ríkið, það segir sig sjálft. Ég efast ekkert um að hæstv. fjmrh. hefur gert sér fulla grein fyrir því. Ég fagna því alveg sérstaklega að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir núna rétt áðan að hann mundi taka vel í að halda þessu samræmingarstarfi áfram og mundi sýna fullan skilning á þörfum bæði Sóknar og yfirleitt Alþýðusambandsfélaganna á því að kjörin yrðu samræmd.

Ef munur er á kjörum þeim sem ríkisstarfsmenn njóta og þeim kjörum sem t. d. Dagsbrún nýtur eða Sókn er alltaf mikil hætta á því að með því sé verið að þvinga félagsmenn hinna almennu verkalýðsfélaga til að ganga inn í starfsmannafélög ríkisins. Það er óeðlilegt að ríkið hafi uppi þvingun af því tagi. Fólk verður alltaf að vera vakandi fyrir því að þarna sé samræmi þannig að starfsmenn á hinum almenna vinnumarkaði geti tekið ákvarðanir um hvort þeir eru félagsmenn í t. d. verkamannafélaginu Dagsbrún eða í einhverju aðildarfélagi BSRB út frá öðrum rökum en þeim að það séu hreinlega betri kjör hjá öðrum aðilanum.

Ég hygg að stefna hæstv. fjmrh. í þessum efnum sé alveg laukrétt og ég get tekið undir flest þau rök sem komu fram hjá honum áðan og hann flutti máli sínu til stuðnings. Ég hygg að þeir sem ekki hafa skilning á nauðsyn þess samnings sem hæstv. fjmrh. var að gera verði að teljast alveg sérstaklega forstokkaðir í þessum málum. Mér virðist að upphrópanir og æsingur forustumanna Sjálfstfl. og Framsfl. út af þessu litla máli segi satt best að segja miklu meira um þá sjálfa en um þann samning sem hæstv. fjmrh. var að gera.

Ég vil að endingu leyfa mér að spyrja hv. alþm. Þorstein Pálsson, formann Sjálfstfl., fyrrv. framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands: Á að líta svo á að það sé orðið stefnuskráratriði hjá Sjálfstfl., sérstakt kappsmál Sjálfstfl., að viðhalda óréttlæti af því tagi sem hér var verið að leiðrétta, að kjör Dagsbrúnarmanna verði að vera lakari en kjör ríkisstarfsmanna? Ef svo er, hvenær gerðist það? Gerðist það þegar fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins varð formaður Sjálfstfl.?

Ég vil líka taka undir með fyrirspyrjanda, hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, og spyrja Þorstein Pálsson að því hvað yfirlýsingar hans í útvarpinu í gærkvöld áttu raunverulega að merkja. Það hefur verið upplýst hér, og það á hv. þm. að vita, að hæstv. fjmrh. hefur beitt valdi sínu í fullu samræmi við þann rétt sem hann hefur meðan hann skipar þessa stöðu. Lítur formaður Sjálfstfl. á sig nú orðið sem einhvers konar yfirfjmrh. landsins? Það má vel vera að forustumönnum Sjálfstfl. takist að knýja fjmrh. til afsagnar út af þessu máli, ég vil ekki um það fullyrða. Miðað við tóninn sem er að finna í leiðara Morgunblaðsins í dag getur maður a. m. k. átt von á þessu.

En væri nú ekki kominn tími til fyrir forustumenn Sjálfstfl. og Framsfl. að gera sér grein fyrir því að í stjórnarsamstarfi ríkir ákveðin verkaskipting? Menn verða að sætta sig við að henni sé framfylgt.

Ég fer ekki dult með það að ég hef oft verið ósammála hæstv. fjmrh. Við höfum deilt um ýmislegt hér á hv. Alþingi og ekki síst nú á seinni mánuðum. En mér virðist að í þessu tilviki hafi hann svo sannarlega gert það eitt sem eðlilegt og heilbrigt getur talist og ég fagna alveg sérstaklega yfirlýsingum hans áðan.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði að umræðuefni þær yfirlýsingar sem gengið hafa á víxl í blöðunum að undanförnu milli stjórnarsinna og þó sérstaklega ráðherranna og formanna flokkanna. Það fer ekki á milli mála að þessar yfirlýsingar hafa stangast á og þess vegna er nauðsynlegt og rétt að menn leiti svara við því hvað sé að marka af þessum yfirlýsingum, hvað það sé sem eigi að gilda. Alþingi á kröfu á því að vita hvað sé fram undan, þjóðin á kröfu á því að vita hvað sé fram undan, hver sé stefna ríkisstj. og hvert framhaldið verði.

Ég get tekið sem dæmi að hæstv. forsrh. tók svo til orða að með aðgerðum sínum hefði fjmrh. farið langt út fyrir sitt verksvið og að svona löguðu hefði hann aldrei kynnst í stjórnarsamstarfi. Nú vill svo til að forsrh. er verkstjóri í ríkisstj. Maður hlýtur að spyrja: Til hvaða aðgerða ætlar hann að grípa ef hann telur að hæstv. fjmrh. hafi farið langt út fyrir verksvið sitt? Eða getur hann unað því að svo fari fram í ríkisstj. að einstakir ráðh. fari að hans dómi langt út fyrir verksvið sitt og láti svo þar við sitja og gott heita? Hvað þýðir þessi yfirlýsing hæstv. forsrh.? Til hvaða aðgerða ætlar hann að grípa? Hvernig ætlar hann að sjá til þess að hver sé á sínu verksviði eftir því sem hæstv. forsrh. skilgreinir það?

Hæstv. forsrh. hefur líka sagt í blöðum: Svona lagað getur enginn einn ráðh. ákveðið. Nú hefur því verið andmælt hér í dag. Hver er skoðun þess ráðh., hæstv. sjútvrh., sem fer með forsrn. í dag, á þessu máli? Er hann sömu skoðunar og forsrh. um að svona lagað geti enginn einn ráðherra ákveðið, eða viðurkennir hann að vald af þessu tagi sé í höndum einstakra ráðh. eins og hér hefur verið sagt í dag? Við þessu væri líka gott að fá svör.

Ef það er skoðun ríkisstj. í heild að ráðh. hafi ekki valdsvið til að taka ákvarðanir af þessu tagi, er þá ákvörðunin ómark? Hvernig ætlar ríkisstj. að láta koma fram að þessi ákvörðun sé ómark? Þessa hljóta menn að spyrja þegar ráðh. gefa yfirlýsingar af því tagi sem ég hef rakið. Ekki dugar að gefa bara yfirlýsingar ef ekki kemur ljóst fram hvert sé hið raunverulega innihald þeirra og hvaða afleiðingar þær hafi.

Hæstv. samgrh. hefur sagt: Ég er andvígur þessum samningum. Hvernig ætlar hann að láta þann vilja sinn birtast? Hvaða ráð hefur hann til að hnekkja þessum samningum ef hann er andvígur þeim? Fróðlegt væri að fá að vita hvaða ráð hæstv. samgrh. hefur undir rifjum sínum til að standa við þessa yfirlýsingu sína. Eða á yfirlýsingin að vera innantóm og bara lýsa viðhorfum mannsins og síðan sé þar með búið og basta? Við höfum svo sem heyrt áður að yfirlýsingar væru ómark, að þær væru innantómar. Það er eitt af því sem er að í okkar þjóðfélagi.

En það er nú svo, hæstv. forseti, að þær yfirlýsingar sem hafa gengið seinustu dagana hafa átt sér nokkurn aðdraganda. Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli hv. þings á því að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir í þessu yfirlýsingaflóði að í rauninni sé ekkert að marka fjmrh., hann ætti að lifa eftir því sem hann er að segja. En það vill svo til að hæstv. fjmrh. hefur sagt nokkurn veginn nákvæmlega það sama um hæstv. forsrh., að hann ætti að hugsa meira um að fara eftir því sem hann segir.

Hvað felst í þessum yfirlýsingum? Í þessum yfirlýsing-

um felst það að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. eru í fjölmiðlum að lýsa hvor annan ómerkinga. Þeir eru að lýsa því yfir að ekki sé að marka það sem hvor um sig segir. Þetta eru býsna alvarlegar ásakanir. Hvernig geta þeir menn setið saman í ríkisstj. og starfað saman sem bera hvor annan þeim sökum að ekki sé að marka það sem þeir segja? Ég hefði reyndar gjarnan viljað heyra álit annarra ráðh. í ríkisstj. á því hvort forsrh. tali fyrir munn ríkisstj. í heild þegar hann lýsir því yfir að ekki sé að marka fjmrh. Eða hvort hæstv. fjmrh. sé talsmaður Sjálfstfl. í ríkisstj. að því er varðar viðhorfið til forsrh. Það væri fróðlegt að fá svör við því.

Í þeim yfirlýsingum sem hafa gengið seinustu daga hefur hæstv. fjmrh. reyndar einnig tekið svo til orða að hann hafi ekki getað fengið neinn botn í það hjá hæstv. forsrh. hvernig ætti að fjármagna þann félagsmálapakka sem var samþykktur að honum fjarverandi. Nú eru liðnir allmargir dagar síðan þessi ákvörðun var tekin og það er meira en mál til komið að ríkisstj. geri þinginu grein fyrir því hvernig hún ætli að mæta þessum útgjöldum. Ég held að flestir þm. hafi verið sammála um að þessar félagslegu aðgerðir væru að ýmsu leyti góðra gjalda verðar og gætu hjálpað ýmsum þeim sem verst eru staddir í þjóðfélaginu. En hinni spurningunni er ósvarað hvernig eigi að mæta þessum útgjöldum ríkissjóðs.

Nú veit ég ekki hvort mér dugar að spyrja hæstv. fjmrh. úr því að hann hefur verið að spyrja hæstv. forsrh. og ekki fengið botn í málið með því. Ég veit ekki hvort ég á að spyrja hæstv. starfandi fjmrh. þegar ákvörðunin var tekin, hæstv. samgrh. Matthías Bjarnason, hvort hann hafi þau svör á reiðum höndum. Hæstv. forsrh. dugar víst ekki að spyrja í dag því að hann er fjarverandi. Hæstv. starfandi forsrh., hæstv. sjútvrh., gæti hugsanlega látið uppi álit sitt á þessu máli.

Sannleikurinn er sá að eins og þessi yfirlýsingagleði gengur fyrir sig er ekki ljóst að ríkisstj. hafi neina eina ákveðna stefnu. Helst er svo að sjá að ríkisstj. hafi jafnmargar stefnur og ráðh. eru margir. Þess vegna standa hv. alþm. hér í þessum stól og neyðast til að spyrja ekki einhvern einstakan ráðh. út úr í hans málaflokki heldur verða þeir helst að spyrja ráðh. alla um álit þeirra á þessu máli og síðan verður að sjá til hver samnefnarinn verður og hvort einhver meiri hluti er fyrir einhverri sérstakri stefnu í ríkisstj. eða ekki. Þetta er það ástand sem við búum við.

Í öðrum löndum hefði það ekki verið talið til fyrirmyndar að yfirlýsingar gengju á víxl með þeim hætti sem þær hafa gert hér á Íslandi. Ég er ansi hræddur um að í öðrum löndum flokkaðist sumt af þessu undir sirkus þar sem ein yfirlýsingin er gefin í dag og önnur á morgun. Minnt var á það áðan í sambandi við félagsmálapakkann að hæstv. forsrh. og jafnvel aðrir talsmenn stjórnarinnar, þ. á m. formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, hefðu byrjað á því að tala um að öll verkalýðsfélögin þyrftu nú að samþykkja svo samkomulagið hafi pakkagildi. Síðan var það orðið að sem flest af þeim þyrftu að samþykkja og loks var það orðið meiri hlutinn. Þannig hrundu yfirlýsingarnar frá degi til dags.

Þegar ráðherrar gefa yfirlýsingar er ætlast til að þær séu marktækar. En við höfum vanist því hér á Íslandi að undanförnu að það sem ráðherrar segja sé einmitt ekki að marka og það standi ekki frá degi til dags.

Í framhaldi af þessu, herra forseti, get ég ekki stillt mig um að rifja upp yfirlýsingar formanns Sjálfstfl., Þorsteins Pálssonar. Hann sagði í fyrstu að honum litist svo á að hér væri um opinn víxil að ræða og þá var hann að tala um samkomulag hæstv. fjmrh. og Dagsbrúnar. Hann sagðist vona að hér væri um misskilning að ræða og málið væri ekki eins alvarlegt og það liti út fyrir. Hann sagði að þetta hefði komið sér á óvart, einkum og sér í lagi vegna þess að hæstv. fjmrh. hefði lýst andstöðu við samninga ASÍ og VSÍ og sýnt af sér aðhald í fjármálum. Þetta voru ummæli formanns Sjálfstfl. um ráðh. Sjálfstfl., hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson, í Stykkishólmi kvöldið sem hann frétti af þessum samningi. Vel að merkja, hann sagði m. a. að hann vonaði að þetta væri ekki eins alvarlegt og það liti út fyrir.

Daginn eftir, í gær, kemur ný yfirlýsing frá formanni Sjálfstfl. Þá lítur hann þetta mjög alvarlegum augum, það kom í útvarpinu í gær. Hann sagði að þetta væri mjög alvarlegt mál og Sjálfstfl. mundi taka strangt á þessu. Ég spyr af gefnu tilefni: Er málið alvarlegt í dag eða er von um að það verði ekki alvarlegt í dag eftir ræðu hæstv. fjmrh.? Það væri fróðlegt að vita viðhorf Sjálfstfl. til þess í dag hversu alvarlegt málið sé.

En þessar yfirlýsingar Sjálfstfl. gera auðvitað kröfu til hans um að hann svari ákveðnum spurningum. Ef hann ætlar að taka strangt á þessu máli, hvað þýðir það? Þýðir það að hæstv. fjmrh. eigi að fara eða vera eða fær hann „gult spjald“ eins og gerist í fótboltanum? Fær hann alvarlega áminningu með alvarlegum augum? Þessari spurningu á þjóðin heimtingu á að fá svar við. Verður hann eða fer hann eða fær hann bara gult spjald? Menn eiga ekki að leika sér að svona yfirlýsingum. Það er alvörumál þegar stærsti stjórnmálaflokkur landsins gefur yfirlýsingu af því tagi sem gefin var í gær.

Í þessu umsagnaflóði sagði hæstv. sjútvrh. að hann ætlaðist til þess af Sjálfstfl. að hann stæði við stefnu ríkisstj. Ég spyr: Hvaða stefnu? Hvaða stefnu ríkisstj.? Var ekki hæstv. fjmrh. með digrar yfirlýsingar um að hann ætlaði að standa við stefnu ríkisstj. í launamálum, sem var 4% launahækkun yfir árið? Síðan fékk hann bágt fyrir þegar honum þótti það ekki alveg nógu gott hjá ríkisstj. að ákveða eitthvað annað. Hver er stefna ríkisstj.? Hver er stefna ríkisstj. í ríkisfjármálum? Óuppgert dæmi sem engum hefur verið gerð grein fyrir og hæstv. fjmrh. kvartar undan því að hæstv. forsrh. geti ekki gefið sér neinar leiðbeiningar sem hann getur fengið botn í. Hver er þá stefna ríkisstj. í ríkisfjármálum? Hvaða stefnu er verið að tala um að standa við? Og vel að merkja: Sagði ekki hæstv. fjmrh. að hann stæði alltaf við sitt? Hvað var það sem hæstv. fjmrh. ætlaði að standa við ef það var ekki þetta markmið í launamálum? Var það eitthvert markmið í ríkisfjármálum? Hvað þýðir yfirlýsingin um að hann ætlaði að standa við eitthvað og hvað var það sem hann ætlaði að standa við? Kannske er ráðh. í ríkisstj. vorkunn, hvaða titil svo sem þeir bera, að lifa við þetta ástand. En ég vorkenni þjóðinni samt meira.

Úr því að við erum að tala um vorkunnsemi væri kannske fróðlegt að heyra frá hæstv. fjmrh. hvernig honum líði þessa stundina að því er varðar viðhorfið til annarra ráðh. Það er ekkert langt síðan hann lét þess getið í blöðum að þær yfirlýsingar, sem tveir af ráðherrunum, þ. e. hæstv. forsrh. og iðnrh. ef ég man rétt, höfðu uppi í launamálum, gætu ekki þýtt neitt annað en

að þeir væru að hrekja sig úr ríkisstj. Finnst hæstv. fjmrh. að þær yfirlýsingar, sem hann fær að heyra frá samráðherrum sínum núna, bæði í eigin flokki og í öðrum flokkum, séu af þessu tagi? Ég hefði gjarnan viljað heyra það frá hæstv. fjmrh.

Ég hef hér rakið fáeinar af þeim yfirlýsingum sem hafa verið gefnar. Það sem ég tel að þjóðin eigi kröfu á að fá að vita er hvað er að marka af þessum yfirlýsingum. Hversu mikið af þessum yfirlýsingum er ómark? Er það að marka þegar forsrh. talar um að ráðh. fari út fyrir verksvið sitt? Hefur það einhverjar afleiðingar að ráðh. fari út fyrir verksvið sitt eða er þetta rangt hjá forsrh. og verður dregið til baka á morgun? Hvað þýðir yfirlýsingin frá formanni Sjálfstfl. í gær og hvað þýða þær yfirlýsingar aðrar sem ég hef hér rakið? Og síðast en ekki síst: Hver er stefna ríkisstj. í þessu máli?

Það er í rauninni eitt sem þjóðin á kröfu á og það er að fá að vita hvað er að marka og hvað er fram undan og hvað ríkisstj. ætlast fyrir og hvað Sjálfstfl. ætlast fyrir í þeim málum sem hér eru tekin til umfjöllunar.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Einhvern tíma var mælt: „Fjallið tók jóðsótt og fæddist lítil mús." Ég held að það megi segja núna. Við höfum heyrt gífuryrtar yfirlýsingar undanfarna daga. Sjálfstfl. sameinaðist í annað sinn á stuttum tíma og allt var sett í gang. Svo gerist ekkert. Blaðran sprungin.

Það er erfitt að standa í sporum hæstv. fjmrh. núna. Fyrir skemmstu var hann skammaður vegna þröngra ramma sem hann sagðist hvorki eiga léreft né málningu til að útfylla almennilega. Nú reynir hann að bæta kjör hinna verst settu og lægst launuðu og þá snúast hans eigin menn gegn honum. En það er honum líklega einhver huggun harmi gegn að hann nýtur í þessu máli væntanlega mikils stuðnings. Hann nýtur stuðnings utan þings og hann nýtur stuðnings í þessu máli, eins og komið hefur fram, innan þings þótt það séu kannske ekki hans eigin flokksmenn.

Enn þá einu sinni höfum við séð áhrif samflotsins. Núna fyrir stystu sáum við hvernig VSÍ neyddi ÍSAL til að bíða með samninga þangað til VSÍ og ASÍ höfðu undirritað. Núna koma VSÍ og sveitarfélög og reyna að þrúkka niður launum fyrir 150 láglaunuðum Dagsbrúnarverkamönnum. Það er aldeilis ótrúlegt hvernig vanahugsun og nauðhyggja samflotsins heldur niðri launum í þessu landi misseri eftir misseri og ár eftir ár.

Auðvitað á að vera samræmi innan vinnustaða í launum. Það er aldeilis ótrúlegt að til skuli vera menn sem mæla því bót að fólk á sama vinnustað í sömu vinnu sé á mismunandi töxtum. Það er raunar svo að sveitarfélög eru víða búin að gera þær lagfæringar og leiðréttingar sem þarf í þessum málum. Um það eru ýmis dæmi. Hvað eru forsvarsmenn Reykjavíkurborgar að skipta sér af samningum sem fjmrh. er að gera? Þeir hafa sína ramma og hann hefur sína. Ef hann á meira léreft og meiri málningu en hann hugði er hann sá eini sem á að hafa umráðarétt yfir þeim gögnum. Vonandi verða síðan á næstu misserum teknar upp viðræður við aðrar lágt launaðar stéttir hjá ríkinu þótt forsvarsmenn þeirra njóti ekki persónulegs vinfengis við hæstv. fjmrh. Þannig gefst tækifæri til frekari samræmingar á launum á vinnustöðum.

Um viðbrögð stjórnarflokkanna í þessu máli vildi ég segja ýmislegt. Það var nákvæmlega sama hvar á jarðarkringlunni forkólfar þeirra voru, hvort þeir voru í Stokkhólmi eða Stykkishólmi, það fyrsta sem þeim datt í hug að algerlega óathuguðu máli var að fordæma skilyrðislaust plagg sem þeir höfðu hvorki heyrt né séð. Það var fordæming á viljayfirlýsingu um að samræma laun hjá hinum lægst og verst settu. Það þurfti enginn að hugsa málið. Það sagði enginn: Ég vil nú sjá þetta, ég vil heyra um þetta gögn. Þetta var fordæmt. Nú er komið í ljós hvað felst í þessu. Þetta eru kannske tugir þúsunda, í mesta lagi hundruð þúsunda. En þetta var fordæmt að óathuguðu máli. Þá spyrja menn: Hvers vegna var þessi skilyrðislausa fordæming án þess að vita nokkuð um hvað málið snerist? Var það kannske til þess að rýma við stallinn? Það skyldi þó ekki vera að það hafi verið það sem á bak við bjó? Þeir eru kannske orðnir leiðir og vilja losna við einhverja.

Athyglisvert var að sjá hvenær Sjálfstfl. er heill og óskiptur. Í fyrra skiptið sem Sjálfstfl. var heill og óskiptur var hann að beita þvingunum í Búnaðarbankamálinu. Í seinna skiptið sem hann er heill og óskiptur er hann að standa gegn því að bætt séu laun 150 lágt launaðra Dagsbrúnarverkamanna. Í fyrra skiptið sagði við mig góður sjálfstæðismaður að það hefði verið huggun harmi gegn ef bölvaður flokkurinn hefði nú verið skiptur og staðið klofinn að ósómanum. Ég er viss um að það eru margir sem hugsa eins núna. Það væri huggun harmi gegn ef hann hefði ekki verið svona sammála í gær. Þessi flokkur sameinast alltaf þegar síst skyldi. Nú á líklega að sameinast um að bola fjmrh. flokksins í burtu vegna þess að á einum degi var frá Stykkishólmi og Stokkhólmi byggð svo há girðing í kringum stjórnarbústaðinn að erfitt verður að sjá hvernig hann kemst inn aftur.

Ég fagna frumkvæði ráðh. í þessu máli. Hann hefur fullan rétt til að semja um þessi mál, þau eru á hans málasviði. Það er réttlætismál til margra ára að innan vinnustaða ríki samræmi í launagreiðslum og augljóst mál að enginn getur móti því mælt. En fróðlegt verður að heyra svör formanns Sjálfstfl., hvort, í framhaldi af þeim yfirlýsingum sem okkur bárust á öldum ljósvakans, neyða á fjmrh. til afsagnar þegar hann reynir að jafna lífskjörin í landinu.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. utan dagskrár snertir þá kjarasamninga sem hafa verið í deiglunni margar undanfarnar vikur. Það er ekki langt um liðið síðan heildarsamtök vinnumarkaðarins, samninganefndir Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, náðu samkomulagi um lausn kjarasamninga og endurnýjun þeirra með ákveðnum tilteknum hætti. Samhliða því samkomulagi var borin fram sérstök ósk til ríkisstj. um sérstakar aðgerðir í skatta- og tryggingamálum til aðstoðar þeim sem verst eru settir í landinu. Það var samdóma álit ríkisstj. að verða við þessum tilmælum í þágu þessa fólks í landinu enda ber ríkisstj. að gæta hagsmuna þess við þær aðstæður sem við lifum við í dag.

Niðurstaða þessara kjarasamninga gerði ráð fyrir almennum launahækkunum í nokkrum áföngum. Á hinn bóginn var ekki gert ráð fyrir að hreyft væri við öðrum kjaraatriðum í hinum almennu kjarasamningum. En eins og menn vita hefur það löngum verið svo að verulega stór hluti kjarabóta hefur fengist með breytingum á öðrum kjaraatriðum en hinni almennu

launahækkun. Þróunin hefur smám saman verið sú að sérkröfur þessar hafa í reynd verið meginatriði kjarasamninga.

Að þessu sinni varð það niðurstaða samninganefndanna að gera samning um almennar launahækkanir og ekkert annað. Það var vafalaust gert í ljósi þeirra þröngu efnahagslegu aðstæðna sem við búum við. Ekki var við þessar aðstæður unnt að endurnýja kjarasamninga með verulegum launahækkunum vegna þess að það hefði okkar efnahagslíf ekki þolað. Annaðhvort hefði það leitt til víðtæks atvinnuleysis ellegar nýrrar verðbólguholskeflu. Þeir sem að þessum samningum stóðu gerðu sér grein fyrir þessu. Það er að vísu álit margra að þarna hafi verið gengið fulllangt, boginn hafi verið spenntur til hins ýtrasta. Ég er þeirrar skoðunar að ekki hefði mátt ganga lengra við endurnýjun kjarasamninga að því er kauphækkanir varðar. Það hefði fært okkur af leið og leitt til þess að verðbólga hefði orðið meiri en að er stefnt. Við getum vænst þess innan þeirra samninga sem heildarsamtökin náðu að ná því markmiði að verðbólga verði hér ekki meiri en í okkar helstu viðskiptalöndum.

Þessir kjarasamningar eru nú til umfjöllunar meðal verkalýðsfélaganna. Flest þeirra samþykkja samningana. Það eru þó eins og ævinlega ólíkar skoðanir og komið hefur fram núna að af ýmsum aðilum er markvisst unnið að því að fella þá í því skyni að stuðla hér að upplausn, koma ríkisstj. frá og verðbólgunni á. Að þessu er unnið í pólitískum tilgangi. Fyrsta stéttarfélagið sem reið á vaðið og felldi kjarasamningana var verkamannafélagið Dagsbrún. Ég tel óeðlilegt að ríkisstj. gangi við þessar aðstæður til samninga við stéttarfélag, sem hefur fellt heildarkjarasamningana, og samþykki hluta af viðbótarkröfum þess. Ljóst er að það fellir kjarasamningana af þeim sökum að það hefur ekki náð fram öllum sínum kröfum. Hluti af þessum kröfum hefur verið samþykktur af hæstv. fjmrh. Ég tel óeðlilegt af ríkisstj. hálfu að ganga þannig til móts við það stéttarfélag sem hefur riðið á vaðið með að fella samningana. Það hlýtur að leiða til meiri óvissu við afgreiðslu þessara samninga og stofna verðbólgumarkmiðum ríkisstj. í meiri hættu en orðið var.

Með þessum samningi er heldur ekki verið að binda kjarasamninga við Dagsbrún á einn eða annan hátt. Þeir sem að samningunum standa vita ákaflega lítið um raunverulegt efni þeirra, hvaða áhrif þeir hafa fyrir ríkið, hvaða áhrif þeir koma til með að hafa á samninga annarra stéttarfélaga við ríkið og hvort þeir muni hafa áhrif úti á hinum almenna vinnumarkaði. Fyrir þessa sök tel ég einnig óeðlilegt að ganga að þessum samningum við svo búið. Ég tel einnig að þegar um svo veigamikið mál er að ræða, sem menn gera sér ekki grein fyrir hversu víðtæk áhrif hefur, eigi að fara með málið á þann veg að það sé atriði sem varðar ríkisstj. alla. Það var ekki gert í þessu tilviki.

Ég minni á að ríkið hefur ekki haft neina samninga í gildi fyrir þessa aðila. Það er því verið að semja um breytingar á samningum sem ekki hafa verið og ekki eru í gildi á milli viðkomandi aðila. Ég minni einnig á að hvergi kemur fram í þessum samningum að þeir séu sérstaklega gerðir fyrir lágtekjufólk eða þá sem við allra kröppust kjör búa. Hér er um almenn atriði að ræða sem gilda alveg burtséð frá því hvaða laun menn hafa.

Í kjarasamningum er það ævinlega svo að kaupkröfur eru studdar samanburðarrökum. Eitt stéttarfélag hefur áunnið sér sérstök kjaraatriði sem annað hefur ekki áunnið sér. Þá koma á víxl kröfur um að þessi kjaraatriði flytjist yfir til annarra félaga. Allar þessar kröfur eru studdar hugmyndum um jafnrétti og sanngirni og þegar þröngt er á dalnum og þrengingar í efnahagsmálum og ekki er hægt að rökstyðja kaupkröfur með vaxandi þjóðartekjum eru þær ævinlega studdar einhverjum samanburðarviðmiðunum af þessu tagi. Það eru frjálsir kjarasamningar í landinu, það eru nokkur hundruð stéttarfélög í landinu og eðlilega ganga kjarasamningar þeirra nokkuð á víxl. En þegar aðstæður eru sem þessar eru þessar samanburðarkröfur alltaf meginuppistaðan og rökstuðningur fyrir breytingum á kjarasamningum. Það er ekkert nýtt. En niðurstöður kjarasamninga, sem eru byggðar á þessum hugmyndum, geta auðvitað haft sömu efnahagslegu afleiðingar, og jafnvel miklu meiri efnahagslegar afleiðingar ef þetta færist yfir vinnumarkaðinn í heild sinni, eins og almenn launahækkun. Þetta vita allir, gera sér allir fullkomlega ljóst.

Á það hefur verið minnst hér hvort það sé eitthvert sérstakt kappsmál Sjálfstfl. að viðhalda ósamræmi í launakjörum manna. Fsp. um þetta kom fram frá hv. þm. Ragnari Arnalds sem gegndi áður starfi fjmrh. og gegnir furðu að hann skuli koma fram með slíka fsp. Ég veit ekki betur en að í Þjóðviljanum í morgun, málgagni Alþb., sé fullyrt að verkalýðshreyfingin hafi um nokkurra ára skeið knúið á dyr fjmrn. með kröfur af þessu tagi en ævinlega fengið svarið nei. Hverjir voru það sem sátu í fjmrn. á þessum tíma? Um hvaða menn er Þjóðviljinn að fjalla í forustugrein sinni í morgun? Hverjir eru það sem svöruðu verkalýðshreyfingunni með þessum orðum? Hverjir eru það sem höfnuðu samræmingu á launakjörum? Hverja er Þjóðviljinn að gagnrýna? Hv. þm. Ragnar Arnalds, þáv. fjmrh., og Þröst Ólafsson sem stjórnaði kjarasamningum í fjmrh.-tíð Ragnars Arnalds. Það þurfti að víkja Þresti Ólafssyni út úr fjmrn. til að þessar kröfur yrðu samþykktar.

Ég er ekki að halda því fram að þessir ágætu menn og hv. þm. hafi staðið gegn þessum kröfum af því að þeir hafi viljað viðhalda einhverju óréttlæti í þjóðfélaginu. Þvert á móti er ég alveg sannfærður um að þeir hafa viljað vinna að því í krafti sinna valda að stuðla að auknu jafnrétti. Þeir höfnuðu ekki þessum kröfum af því að þeir væru á móti því að jafna kjör manna eða leiðrétta misrétti. Þeir stóðu ekki í langvarandi málaferlum einmitt út af atriðum sem þessum af því að þeir væru á móti jafnrétti eða því að samræma launakjör. Þeir gerðu sér einfaldlega grein fyrir því að það að samþykkja kröfur af þessu tagi á einu bretti gæti haft víðtækar efnahagslegar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir ríkissjóð, sveitarfélög og almenna vinnumarkaðinn. Þeir störfuðu líka við þær aðstæður á síðari hluta síns tímabils að þjóðartekjur fóru minnkandi og aðstæður voru þá orðnar erfiðar í okkar þjóðarbúskap. Þeir þurftu að gæta aðhalds og sýndu það í verki. Og það er hrein hræsni að koma hér upp í dag og bera mér það á brýn og öðrum sem hafa sett spurningarmerki við þessa samninga að það stafi af einhverri mannvonsku að hafa efasemdir um þetta atriði.

Ég hef lýst því yfir að ég líti á þetta sem alvarlegt mál og ég hef rökstutt hér hvers vegna. Ég er sammála hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að það er mikilvægt fyrir

stjórnmálamenn að gæta sín þegar yfirlýsingar eru gefnar og gefa ekki út yfirlýsingar öðruvísi en að þeir hafi flokka sína á bak við sig og þeir geti framkvæmt það sem sagt er. Ég hef það eitt sagt um þetta að þessi samningsgerð væri í mínum augum og míns flokks alvarleg og við mundum bregðast við henni í samræmi við það. Við munum að sjálfsögðu ræða þetta innan okkar flokks og meta þessar aðstæður á þeim vettvangi. Í fullu samræmi við þau viðhorf, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson lýsti, munum við gera grein fyrir þeirri niðurstöðu þegar við höfum innan okkar flokks rætt þetta efni til hlítar og gera þá opinberlega grein fyrir okkar niðurstöðum. En ég hef hér rökstutt mína afstöðu og skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Sá hv. þm. sem hér var að ljúka máli sínu talaði sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands. Hann talaði hér ekki sem formaður stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar. Hann flutti sína ræðu eins og hann mundi hafa flutt fyrir einu ári síðan áður en hv. þm. var kjörinn á Alþingi og áður en hv. þm. var kjörinn til að veita stærsta flokki þjóðarinnar forustu.

Hv. þm. var ekki spurður um sitt álit á kjarasamningunum. Hv. þm. var ekki beðinn um að leggja mat á þá fátæktarsamninga sem gerðir hafa verið af aðilum vinnumarkaðarins og sjá munu til þess að um næsta 14 mánaða skeið mun hópur launafólks á Íslandi vera neðan fátæktarmarka. Menn vita ósköp vel og þurftu ekkert að spyrja um það hvaða álit fyrrv. formaður Vinnuveitendasambands Íslands hefði á því máli. Hann var spurður um álit sitt á afskiptum ríkisstj. af málum sem stjórnmálamaður. Menn biðu eftir því að heyra niðurstöðu hans um það hver væri afstaða Sjálfstfl. til þess ágreinings sem virðist hafa komið upp milli ráðh. í þeim flokki. Sú niðurstaða er engin. Hv. þm. sagðist ekki hafa annan boðskap að flytja, sem hann gæti flutt í nafni flokksins, en þann að hann liti málið alvarlegum augum. Hann sagðist ekki hafa umboð til að segja neitt meira. Hann lýsti því yfir að hann hefði ekki flokkinn á bak við sig fyrir neinu meira en því að flokkurinn liti atburðina alvarlegum augum. En niðurstaða flokksins í málinu er engin.

Við þyrftum ekki, hv. þm., að spyrja neitt um álit fyrrv. framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands á kjarasamningum sem dæma fólk til að reyna að framfleyta sér á 11 600—12 600 kr. mánaðarlaunum, sem ekki er hægt. Við vissum ósköp vel að fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands er slíkum samningi samþykkur. En niðurstaða hans sem flokksformanns, niðurstaða Sjálfstfl. í málinu, er engin. Þar virðast nú fara fram einhvers konar rannsóknarréttarhöld, einhvers konar rannsóknardómur, þar sem sakborningur fær sennilega ekki einu sinni að vera viðstaddur. Kviðdómendur sitja enn á fundum í þinghlokksherbergi Sjálfstfl. Formaður kviðdómsins kom hér áðan með þau skilaboð til Alþingis að niðurstaðan væri engin fengin í málunum en þau væru litin mjög alvarlegum augum.

Það var aðeins eitt atriði sem fram kom í rökstuðningi hv. þm. Fyrstu rök hans voru þau að hann sagði að það sem honum fyndist vera athugaverðast við þetta mál allt saman væri að hæstv. fjmrh. skyldi hafa gengið frá svona samkomulagi við Dagsbrún vegna þess að Dagsbrún hefði fellt kjarasamninginn sem Alþýðusamband Íslands gekkst fyrir og önnur samtök hafa skrifað undir. Þá vaknar spurningin: Hefði verið í lagi að fjmrh. gerði svona samning við Dagsbrún ef Dagsbrún hefði samþykkt þennan fátækrasamning? Var málið m. ö. o. það eitt að það er glæpur Dagsbrúnar að hafa fellt þennan kjarasamning, þess vegna hafi verið rangt af hæstv. fjmrh. að gera samkomulagið, en ef Dagsbrún hefði samþykkt hefði þetta verið allt í lagi?

Herra forseti. Þetta mál er raunar ákaflega einfalt og þarf ekki allar þær miklu og löngu umr. og öll þau stóru orð sem um það hafa fallið. Það er ekkert launungarmál, ekkert deiluatriði, að forræði hæstv. fjmrh. í þessu máli er algerlega óskorað. Ráðh. þarf ekki, ef hann ekki svo kýs sjálfur, að leggja gerðir sínar undir ríkisstj. til samþykktar. Fjmrh. situr ekki í leyfi annarra ráðh., hann þarf ekkert að bera undir þá sínar gerðir nema hann vilji það sjálfur. Hver og einn ráðh. hefur fullt forræði á sínum málaflokki.

Því aðeins að um það sé samið milli stjórnarflokka fyrir fram að einhver tiltekinn málaflokkur skuli ekki afgreiddur nema með atkvgr. í ríkisstj. ber að fara eftir því. Það eru dæmi um slíkt. Það gerðist t. d. varðandi flugstöðvarmálið í stjórnarsáttmála síðustu ríkisstj. að stjórnarflokkarnir sömdu um að slíkt mál skyldi ekki afgreitt nema með samþykki allra ráðh. Ég minni á annað deilumál sem reis í síðustu ríkisstj., svokallað Helguvíkurmál. Það var ekkert um það samið að það mál þyrfti að bera undir aðra ráðh. í ríkisstj. enda fór hæstv. utanrrh. sínu fram í málinu því hann hafði fullt forræði á því. Alveg eins er það með kjarasamningagerð hæstv. fjmrh. Ekkert hefur verið um það samið milli stjórnarflokkanna að hæstv. fjmrh. ætti ekki að geta ráðið þeim málum, sem undir hann heyra, til lykta. Ráðh. þarf ekki svo mikið sem að spyrja aðra ráðh. álits á því sem hann gerir, hvað þá heldur að það sé háð samþykki þeirra.

Það er hreinn dónaskapur af forsrh., eins og hann hefur haldið á þessu máli, að lýsa því yfir að hann muni kalla ríkisstj. saman til fundar þegar á morgun og láta þar ganga atkv. um hvort fjmrh. hafi rétt til að gera það sem hann hefur gert. Hvers konar yfirlýsingasmiður er þessi maður sem er oddviti ríkisstj.? Hvernig heldur hann að hann geti leikið þá ráðh. sem undir hann heyra? Heldur hann að hann geti kallað þá fyrir, hæstv. fjmrh., hæstv. sjútvrh. og einhvern ráðh. annan og tekið bara ákvörðun um það, af því að honum falli ekki einhver niðurstaða í málaflokki sem undir þessa ráðh. fellur, að bera málið undir ríkisstj. og láta aðra ráðh. samþykkja það eða fella?

Hæstv. fjmrh. á mjög einfaldan leik í þessu máli ef hæstv. forsrh. ætlar að fylgja þessari skoðun sinni fram. Hann neitar að sjálfsögðu að láta atkv. ganga um mál í ríkisstj. sem er algerlega undir hans forræði. Það eru dæmi um slíkt áður og hæstv. fjmrh. getur vitnað í þau. Komið hefur fyrir að hann hafi orðað það á ríkisstjórnarfundum að gera tilteknar aðgerðir, t. d. til hagsbóta fyrir öryrkja og aldraða, sem falla undir aðra ráðh. Þeir hafa þá risið upp hinir reiðustu og skipað fjmrh. að þegja, honum komi þetta ekkert við því þetta sé mál sem undir þá heyri en ekki hann. Og hæstv. fjmrh. hefur orðið að fallast á það. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur bent fjmrh. á það á ríkisstjórnarfundum að honum eigi ekki að koma málefni gamla fólksins og

öryrkjanna við. Síðan kemur hann og úttalar sig um það hvernig hann ætli að fella í ríkisstj. þær aðgerðir sem hæstv. fjmrh. hafi beitt sér fyrir.

Hæstv. fjmrh. hefur fullt leyfi til að gera það sem hann hefur gert. Með undirskrift sinni hefur hann skuldbundið ríkissjóð. Menn skulu gera sér grein fyrir því að þessi undirskrift er fullgild og ef menn ætla að breyta henni — t. d. ef forsrh. gerir það, sem hann getur gert, að setja fjmrh. af, þarf hann ekkert að bera það undir Alþingi. Hann getur tekið þá ákvörðun sjálfur að setja t. d. fjmrh. af og skipa hv. þm. Þorstein Pálsson í hans stað og gefið honum þar með tækifæri til að ógilda það samkomulag sem hæstv. fjmrh. hefur gert. Mundu þeir sem njóta eiga hagræðis af því samkomulagi sem hæstv. ráðh. hefur undirskrifað þá öðlast skaðabótarétt vegna þess að undirskrift hæstv. fjmrh. er bindandi og endanleg og þeirri skuldbindingu getur enginn breytt nema að sá hinn sami baki ríkissjóði þar með skaðabótaskyldu. Um það verður því ekki deilt að forræði hæstv. fjmrh. að málinu er algerlega óskorað og hann þarf ekki að leggja niðurstöðu sína undir mat neinna annarra ráðh. nema hann sjálfur vilji. Með einfaldri neitun getur hann svarað fram komnum tillögum um að þetta mál sé afgreitt með atkvgr. í ríkisstj. vegna þess að búið er að afgreiða málið og búið er að skuldbinda ríkissjóð og aðra aðila hvað það varðar.

Þá hafa komið fram hjá hæstv. fjmrh. svör við þeirri spurningu hversu háar fjárhæðir hér séu í húfi. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson talaði um það áðan að upplausn og óðaverðbólga gæti fylgt í kjölfarið. Það er þá ódýrasta upplausn sem sögur fara af á Íslandi ef allt þjóðfélagið er nú að leysast upp fyrir 1 millj. króna. Upplausnirnar eru þá ekki seldar dýru verði. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst að málið, sem allt þetta fjaðrafok er út af, stendur um 1 millj. króna. Hvað er þessi 1 millj. króna? Á s. l. ári átti hæstv. heilbr.- og trmrh. skv. ákvörðun ríkisstj. að spara 100 millj. króna. Hann gerði ekkert til að framkvæma það. Sú fjárhæð sem menn eru að blása sig út af hér er 1% af því sem hæstv. heilbr.- og trmrh. tók að sér að lækka útgjöld síns ráðuneytis um á s. l. ári og gerði ekki. Með því aðeins að framfylgja 1% af því sem honum var ætlað að gera væri búið að þurrka út áhrifin fyrir ríkissjóð af því samkomulagi sem hæstv. fjmrh. hefur gert.

Skv. nýafgreiddum fjárlögum hefur þessi sami ráðh., hæstv. heilbr.- og trmrh., tekið að sér að lækka útgjöld síns ráðuneytis um 300 millj. kr., spara um 300 millj. kr. Ekkert einasta sparnaðaratriði hefur enn litið dagsins ljós. Síðan fer þessi sami maður í blöðin og úthrópar hæstv. fjmrh. fyrir að hafa sett allt á kaf í þjóðfélaginu með 0.3% útgjöldum á móti því sem þessi sami maður tók að sér að spara á árinu. Það er nóg fyrir hæstv. heilbrrh., ef hann hefur áhyggjur af þessum málum, að framkvæma 0.3% af þeim sparnaði sem honum er ætlað að gera skv. fjárlögum, þá er hann búinn að vinna upp gagnvart ríkissjóði áhrifin af þeim skuldbindingum sem hæstv. fjmrh. hefur undirskrifað. Það er von að menn blási.

Svo kvartar Morgunblaðið í morgun undan því að hv. þm. Þorsteinn Pálsson hafi ekki verið látinn vita. Hann var staddur í Stykkishólmi og var ekki látinn vita. Það finnst Morgunblaðinu í leiðara sínum í morgun að sé algerlega óafsakanlegt. Það hefur áður komið fyrir bestu menn að fara til Stykkishólms, eins og menn muna, og ekkert óeðlilegt við það þó að hv. þm. Þorsteinn Pálsson fylgdi þar í spor hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar hér á árum áður og færi til Stykkishólms. Þeim er það sameiginlegt báðum þessum þm. að hvorugur var látinn neitt vita á meðan hann dvaldist í Stykkishólmi enda er það e. t. v. ástæðan fyrir því að þangað var farið.

Mér er spurn: Er einhver önnur ríkisstj. á Íslandi en sú sem við vitum um? Er einhver annar fjmrh. í landinu en hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson? Er Þorsteinn Pálsson í ríkisstjórn Íslands? Af hverju þurfti að láta hann vita? Hvers vegna þurfti að láta hann vita frekar en aðra þm. Sjálfstfl., t. d. varaformanninn, formann þingflokksins eða einhvern slíkan? Ekki er hv. þm. Þorsteinn Pálsson í ríkisstj.

Ég minni á að hv. þm. sá ekki neina ástæðu til að láta fjmrh. vita um þær skuldbindingar sem hann tók á sig á fundi með forsrh. þegar hæstv. forsrh. og hv. þm. Þorsteinn Pálsson gengu frá samkomulagi sem kostaði ríkissjóð 300 sinnum það fé sem hæstv. fjmrh. hefur nú skuldbundið ríkissjóð fyrir. Eins og menn muna var frá því samkomulagi gengið í fjarveru hæstv. fjmrh. Aðilar vinnumarkaðarins óskuðu eftir því við forsrh. að fá fund með ríkisstj. og forsrh. tók að sjálfsögðu jákvætt í það. Hann mætti til að ræða við aðila vinnumarkaðarins og ganga frá samningum við þá um útgjöld úr ríkissjóði sem námu milli 300 og 400 millj. kr. Og hvern hafði ráðh. með sér við þá samningagerð? Hverjir mættu sem fultrúar ríkisstj. til að ræða við aðila vinnumarkaðarins? Var það forsrh. og fjmrh. sem átti að borga reikninginn? Nei, það voru eðlilegar skýringar á því, fjmrh. var erlendis. Eða var það þá fulltrúi fjmrh. sem til var kvaddur, aðstoðarmaður hans og hans hægri hönd, sem á að framfylgja stefnu hans og taka ákvarðanir á meðan hann er fjarverandi? Nei, hann var ekki látinn vita, hann var ekki hafður með í ráðum. Var það þá sá ráðh. í ríkisstj. sem fór með fjmrn. í fjarveru ráðh. og hefði talið það skyldu sína að hafa samband við ráðh. og skýra honum frá gangi mála ef hann hefði verið tilkvaddur, hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason? Nei, hann var ekki heldur hafður með á þessum fundi. Sóttur var formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, sem ekki situr í ríkisstj. Af hverju var hann sóttur? Vegna þess að menn héldu það, trúðu því og treystu að þetta samkomulag yrði til þess að hæstv. fjmrh. núv. færi frá og við hliðina á Steingrími Hermannssyni á fundum með aðilum vinnumarkaðarins sat sá maður sem átti að setjast í stólinn. Út af þessu er allur þessi hávaði og allt þetta hafarí. Með þessum samningi tókst ekki að hrekja hæstv. fjmrh. úr stólnum. Nú er gerð önnur tilraun til þess með því að blása upp mál sem kostar ríkissjóð í hæsta lagi 1 millj. kr. og gera það að einhverjum meiri háttar réttarhöldum í Sjálfstfl. Það getur vel verið að þeir sjálfstæðismenn komist einhvern tíma að einhverjum niðurstöðum um það mál.

Í Morgunblaðinu í morgun segir í leiðara að hvað sem stjórnskipulegum ákvæðum um valdsvið ráðherra líði verði þeim ekki sætt án meirihlutastuðnings á Alþingi. Núv. ríkisstj. hefur að sjálfsögðu meirihlutastuðning á þingi. Í þessari umr. hefur stjórnarliðum gefist tækifæri til að láta í ljós afstöðu sína til þeirra verka sem hæstv. fjmrh. hefur unnið og ekki hefur komið fram ein einasta rödd úr þeirra herbúðum í málinu sem gefur til kynna að hæstv. fjmrh. hafi ekki meirihlutastuðning á

Alþingi við það sem hann hefur gert. Hafi þessi umr. því leitt til einhverrar niðurstöðu er niðurstaðan sú að ekki verður annað sagt að henni lokinni en að hvað sem hver segir haldi fjmrh. þeim meirihlutastuðningi sem hann hefur haft í þinginu fyrir setu sinni í ráðherrastól. Umræðan hefur styrkt hæstv. ráðh. og staðfest þá ákvörðun sem hann hefur tekið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. spurði að því fyrr í dag, með leyfi hæstv. forseta: Er einhver þm. hér inni sem ásakar mig fyrir þetta? Það hefur komið í ljós í þessum umr. að það er einn þm. hér inni sem ásakar hann fyrir þetta. Sá þm. er Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl. Hann flutti hér harða ásökunarræðu í garð hæstv. fjmrh. og lauk máli sínu með því að hóta honum með réttarhöldum innan flokksins. Svo alvarlegt var málið að frægasta kjörorð Sjálfstfl. á árunum 1974 til 1978, „Ég lít málið alvarlegum augum", var endurvakið hér í sölum Alþingis. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur þá alla vega afrekað það í formannssæti sínu að taka að nýju upp kjörorð fyrirrennara síns Geirs Hallgrímssonar, „Ég lít málið alvarlegum augum". Það er þá áfanginn á sameiningarbraut Sjálfstæðisflokksins að þessir tveir, fyrrverandi og núverandi formaður, hafa sameinast í þessari sýn sinni.

En það er annað sem er ljóst í þessum umr. Hv. þm. Þorsteini Pálssyni hefur tekist eitt sem ekki tókst í Búnaðarbankamálinu fræga. Honum hefur tekist að kljúfa Sjálfstfl. Því hljótum við auðvitað að fagna, að í formannstíð Þorsteins Pálssonar líður ekki eitt ár þangað til hann fetar einnig í þau fótspor Geirs Hallgrímssonar að í kjölfar „alvarlegu augnanna" kemur klofningurinn á nýjan leik.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði hér: Í mínum augum og míns flokks er málið alvarlegt. Ég spyr hv. þm. Þorstein Pálsson: Hvaða stofnun innan Sjálfstfl. hefur fjallað um þetta mál? Hefur þingflokkurinn fjallað um þetta mál? Hv. þm. Þorsteinn Pálsson tilkynnti þjóðinni í útvarpinu í gær að það hefði engin niðurstaða fengist í umfjöllun þingflokksins um málið. Hefur þingflokkurinn haldið fund í dag um málið? Nei. Hefur miðstjórn Sjálfstfl. komið saman og fjallað um málið? Nei. Hefur einhver réttkjörin stofnun innan Sjálfstfl. fjallað um málið? Svarið er aftur nei. En það er einn aðili í Sjálfstfl. sem hefur fjallað um málið. Það er Morgunblaðsklíkan — klíkan sem er í kringum hlutafélagið sem hæstv. utanrrh. er formaður í, Árvakur. Hún hefur fjallað um málið. Flokkseigendafélagið í Sjálfstfl. hefur fjallað um málið. Það birti dóm sinn í leiðara Morgunblaðsins í dag. Sá dómur er ótvíræður. Hann er á þann veg, að hæstv. fjmrh. eigi að fara frá. Það er í fyrsta sinn í gervallri sögu Sjálfstfl. sem það gerist að Morgunblaðið krefst afsagnar ráðherra í ríkisstjórn sem Sjálfstfl. stendur formlega að. Það hefur aldrei gerst fyrr. Að þessu leyti er þessi dagur mjög merkilegur í sögu Sjálfstfl., að aðalmálgagn hans, burðarásinn í flokknum, Morgunblaðið, skuli koma fram á völlinn og tilkynna hæstv. fjmrh. eins og segir í leiðaranum, með leyfi hæstv. forseta, að hæstv. fjmrh. hafi ekki verið að framkvæma samþykktir þingflokks Sjálfstfl., hann hafi ekki heldur verið að framkvæma stefnu ríkisstj. og ef í ljós komi að hann hafi ekki stuðning þingflokka ríkisstj. eigi hann ekki lengur neitt skjól.

Ég vil spyrja hv. þm. Þorstein Pálsson: Er hann sammála í einu og öllu þeim dómi sem Morgunblaðið kveður upp í dag um samning Alberts Guðmundssonar og verkamannafélagsins Dagsbrúnar? Morgunblaðið fordæmir þennan samning í fimm meginatriðum. Er hv. þm. Þorsteinn Pálsson sammála þessari fordæmingu? Annað var ekki ráðið af ræðu hans áðan.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði í fyrsta lagi: Það er óeðlilegt að semja við verkalýðsfélag sem fellir kjarasamninginn sem VSÍ og ASÍ gerði. Ég vek athygli á því að þetta er sami maðurinn sem er á hátíðarstundum að berjast fyrir frjálsræði í þessu þjóðfélagi, frjálsum félagssamtökum, valddreifingu og öðru slíku. Nú kemur hann hér sem talsmaður mesta miðstýringarvalds sem hér hefur heyrst um í þingsölum og segir: Við þann sem dirfist að fella samning sem heildarsamtökin hafa gert má ekki tala. Það er dauðasök. — Slíkur er átrúnaðurinn á miðstjórnarvaldið, slík er krafa ríkisherrans í þessu landi, að sérhver sem dirfist úti á hinum frjálsa markaði að gera annað en miðstjórnarvaldinu þóknast skal settur í algert bann, við hann má ekki tala, við hann má ekki semja. Er þetta hin nýja miðstjórnarfrjálshyggja? Er þetta nýja trúin á ofurvald miðstjórnarinnar, sem á ekki aðeins að vera ofurvald miðstjórnarinnar í Sjálfstfl., sem á að hefja réttarhöld innan tíðar, heldur líka ofurvald miðstjórnarinnar í samfélaginu öllu? Þess vegna er það alveg rétt að okkur er hér að birtast smátt og smátt hin nýja miðstjórnarvaldsstefna Sjálfstfl. sem vill knýja allt og alla í þessu samfélagi undir ákvarðanir fámennrar miðstjórnar.

Í öðru lagi sagði hv. þm. Þorsteinn Pálsson: Það er óeðlilegt af ríkisstj. hálfu að ganga til móts við Dagsbrún. Hvers vegna, hv. þm., var það óeðlilegt? Það hafa hvað eftir annað, eins og hér hefur verið rakið, á undanförnum árum verið gerðir samræmingarsamningar við hin einstöku verkalýðsfélög. Það hafa verið flutt hér á Alþingi frv. til samræmingar á kjörum. Það hafa verið flutt hér frv. um orlof, um fæðingarorlof, um sjúkrasjóði, um atvinnuleysisbætur, um laun í veikinda- og slysaforföllum. Allt saman eru þetta samræmingaratriði sem hér á Alþingi hafa verið flutt frv. og samþykkt um lög. Með sumum þessum lögum greiddu þm. Sjálfstfl. meira að segja atkv. Hvað er nú allt í einu rangt við það, ef áður mátti setja samræmingarlög af því tagi, að gera lítilfjörlegan samræmingarsamning, nema bara það eitt að hann ógnar miðstjórnarvaldinu sem þessir nýju herrar eru orðnir talsmenn fyrir í þessu þjóðfélagi? Það er dauðasökin.

Í þriðja lagi sagði hv. þm. Þorsteinn Pálsson að þessi samningur stofnaði verðbólgumarkmiðum ríkisstj. í hættu. Hvað á þm. við? Hann segir þetta eftir að hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson hefur upplýst að þessi samningur kostaði 1 milljón. Hvernig getur 1 millj. kr. útgjaldaauki stofnað verðbólgumarkmiðum ríkisstj. í hættu? Vill ekki hv. þm. Þorsteinn Pálsson útskýra það fyrir þingheimi? Ef hann gerir það ekki verða þessi orð hans einfaldlega dæmd á þann veg að þau séu ómerkilegar órökstuddar fullyrðingar.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson benti á áðan, að hæstv. heilbrmrh. á enn þá eftir að flytja frv. um 300 millj. kr. sparnaðinn. Ef hann gerir það ekki jafngildir það hallaaukningu á fjárlögum sem nemur 300 millj. kr. Ekki hefur hv. þm. Þorsteinn Pálsson heyrst koma fram og segja að það stofni

verðbólgumarkmiðum ríkisstj. í hættu. Ekki hefur hann staðið uppi í ræðustól og fordæmt hæstv. heilbrmrh. fyrir það, en hann fordæmir hæstv. fjmrh.

Síðan segir hv. þm. Þorsteinn Pálsson að fjmrh. hafi borið að fara með málið eins og það varðaði ríkisstj. alla. Ég spyr eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson: Fór hv. þm. Þorsteinn Pálsson með það samkomulag sem hann gerði með Steingrími Hermannssyni eins og það varðaði ráðherra Sjálfstfl. alla? Kynnti hann málið fyrir Albert Guðmundssyni? Nei. Hann gerði það ekki. Það er margupplýst. Hann hafði ekki gert það. Hann reyndi ekki einu sinni að ná í hann. Nú allt í einu er komið upp mál sem varðar alla ráðh. Sjálfstfl.

Það er alveg ljóst og hefur komið mjög skýrt fram í þessum umr. að hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur afrekað það að kljúfa Sjálfstfl. Honum er svo mikið í mun að setja hinum einstöku verkalýðsfélögum í landinu stólinn fyrir dyrnar að hann hikar ekki við að búa til hinn alvarlegasta klofning í sínum eigin flokki. Það er ekki hæstv. fjmrh. sem er að búa til þennan klofning, það er mesti misskilningur. Eins og hann hefur lýst hér er hér ekki um stórmál að ræða. En það er hv. þm. Þorsteinn Pálsson sem kýs að gera þetta að stórmáli. Það hlýtur að vekja undarlegar spurningar innan Sjálfstfl. hvernig standi á því að hv. þm. kýs að gera það. Á því er auðvitað bara ein skýring. Hann er farinn að finna að til þess að geta fengið það vald sem hann sækist eftir þarf hann að koma hæstv. fjmrh. frá. Um það snýst þetta mál. Það snýst ekki um verðbólgumarkmið ríkisstj., það snýst ekki um einstök verkalýðsfélög, það snýst ekki um ASÍ eða VSÍ, heldur er eingöngu heimilisvandamál í Sjálfstfl., spurningin um vald, spurningin um stöður, spurning um styrkleika.

Ég vil spyrja hv. þm. Þorstein Pálsson: Ef hann telur að þetta mál sé svo alvarlegt sem hann hefur margítrekað, sem beri að líta alvarlegum augum, sé alvarlegt mál fyrir þjóðina og flokkinn, er hann þá ekki reiðubúinn að leggja þennan samning fyrir Alþingi? Er hann þá ekki reiðubúinn að láta reyna á það hér á Alþingi hvort þessi samningur hefur stuðning eða ekki? Hæstv. fjmrh. lýsti sig reiðubúinn til þess í sinni ræðu að hlíta dómi Alþingis um þennan samning. Er hv. þm. Þorsteinn Pálsson tilbúinn til þess? Er hann slíkur unnandi þingræðisins að hann sé tilbúinn til þess eða eiga flokksræðisklíkurnar að fá að ráða í þessu máli líka? Ætlar hann líka að gerast talsmaður flokksræðisins þar sem málinu sé ráðið til lykta innan dyra, fyrir luktum tjöldum í flokksherbergjum Sjálfstfl. eins og hann boðaði í lokaræðu sinni? Það er afneitun á þingræðinu. Það er að hafa ekki manndóm eða kjark til að láta hina réttkjörnu stofnun þjóðarinnar skera úr, en leita skjóls hjá valdaklíkum flokksins þar sem Morgunblaðshöllin og leifarnar af Geirsklíkunni í Sjálfstfl. geta veitt honum það skjól og þær girðingar sem hann er að sækjast eftir.

Ég skora á hv. þm. Þorstein Pálsson að flytja till. á Alþingi síðar í dag eða á morgun þar sem hann leitar eftir því hvort þessi samningur hefur stuðning á Alþingi, hvor hefur meiri hluta á Alþingi, hv. þm. Þorsteinn Pálsson eða hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson. Eigum við ekki að greiða atkvæði um það hér í salnum hver talar fyrir hönd þjóðarinnar hér á Alþingi, hæstv. fjmrh. eða hv. þm. Þorsteinn Pálsson? Manndómur þm. væri meiri ef hann hefði kjark til að leggja þetta undir dóm Alþingis. Það er ég viss um að fyrirrennari hans, Bjarni Benediktsson, hefði haft kjark og þingræðislegan skilning til að gera. Hann hefði ekki viljað sitja í formannssæti í Sjálfstfl., þegar við völd væri ríkisstjórn sem Sjálfstfl. ætti aðild að, ef meiri hluti þingsins stæði ekki með honum. En kannske dugar hv. þm. Þorsteini Pálssyni að hafa litlu klíkurnar í Sjálfstfl. með sér þó að hann hafi þingið og þjóðina á móti sér.

Það er kjarni þessa máls að það snýst fyrst og fremst um átökin innan Sjálfstfl. Síðan eru ákveðnir hliðarþættir í því máli sem snerta nokkra hæstv. ráðh. sem hafa verið mjög þögulir hér í dag. Það er satt að segja mjög merkileg vísbending um viðhorf þessara hv. manna til Alþingis, hæstv. ráðh. Matthíasar Bjarnasonar, hæstv. ráðh. Jóns Helgasonar, hæstv. ráðh. Halldórs Ásgrímssonar, að þeir þora ekki að endurtaka á Alþingi ummæli sín í fjölmiðlum. Venjulega er þetta öfugt, að menn leita sér skjóls í heimildum Alþingis, geta sagt á Alþingi það sem þeir verða ekki kallaðir fyrir til að réttlæta utan þings. En þessir hæstv. ráðh. hafa fundið alveg nýja aðferð. Þeir eru stóryrtir í fjölmiðlum, gefa þar afdráttarlausar yfirlýsingar um vilja ríkisstj. og sín viðhorf, og sitja svo þegjandi hér á Alþingi og þora ekki að lýsa því sama yfir þar — eða ber að skilja þessa þögn á þann veg að þeir séu horfnir frá fyrri yfirlýsingum? Ég spyr t. d. starfandi hæstv. forsrh. og skora á hann að koma hér upp í ræðustólinn og svara fyrir hönd ríkisstj. sem hann er nú ábyrgur fyrir. (**Sjútvrh.:** Ég er nú á mælendaskrá.) Það er ánægjulegt. Það er nú tími til kominn. Alvöruforsrh. þessa lands hefði ekki beðið svona lengi eftir að fá talað. E. t. v. mun hæstv. sjútvrh. svara því hér á eftir hvort hann er sammála þeirri skoðun sem hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, hefur lýst yfir, með leyfi hæstv. forseta: „Ég tel að svona samningur sé háður samþykki ríkisstj. allrar.“ Er hæstv. ráðh. sammála þessari yfirlýsingu? Og ef svo er mun þá fara fram atkvæðagreiðsla á næsta fundi ríkisstj. um þetta mál? Er hæstv. ráðh. Halldór Ásgrímsson einnig sammála þeirri yfirlýsingu formanns Framsfl., forsrh. Steingríms Hermannssonar, sem hann gefur í viðtali við Morgunblaðið í dag, með leyfi hæstv. forseta: „Svona getur enginn einn ráðh. ákveðið, svona ákvörðun nær jafnvel langt út fyrir ríkisstj. í heild.“ Er hæstv. sjútvrh., starfandi forsrh., sammála þessari yfirlýsingu?

Fyrst hæstv. ráðh. Halldór Ásgrímsson er nú búinn að láta skrá sig á mælendaskrána er þá ekki hæstv. heilbrmrh. reiðubúinn að láta skrá sig á mælendaskrána líka? (**Gripið fram í:** Er þá ekki rétt að hleypa honum að?) Nú, hvað er þetta! Er öll ráðherrasveitin búin að skrá sig á mælendaskrána? Eru fleiri hæstv. ráðh. á mælendaskránni, herra forseti? (**Forseti:** Forseta ber ekki að gefa hv. þm. neinar upplýsingar fyrr en það kemur í ljós.) Það er að vísu rétt, herra forseti, en það gæti auðveldað mjög meðferð mála að fá upplýsingar um hvort hæstv. ráðh. Jón Helgason er einnig á mælendaskrá.

Ég vil þá af þessu tilefni endurtaka að hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason hefur lýst því yfir að hann sé algjörlega andvígur þessum samningi og hann eigi ekki von á því að ríkisstj. staðfesti þennan samning. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er hann þeirrar skoðunar að ríkisstj. eigi að staðfesta þennan samning og samningurinn hafi ekkert gildi nema ríkisstj. staðfesti hann? Ef ráðh. er þeirrar skoðunar, hvernig rökstyður hann það í

samræmi við þær almennu venjur sem hér hafa tíðkast í stjórnkerfinu?

Herra forseti. Það er komið mjög skýrt í ljós að innan ríkisstj. ríkir grundvallarágreiningur í þessum málum. Sá ágreiningur er tvíþættur.

Hann er annars vegar fólginn í skilningi hæstv. forsrh. á því hvernig eigi að starfrækja ríkisstj. Sá skilningur er algjörlega andvígur öllum þeim venjum sem hér hafa tíðkast um áratugi og brýtur í bága við stjórnskipun landsins. Væri nú ráð að einhverjir lærðir stjórnskipunarfræðingar, eins og hv. þm. Gunnar G. Schram, fræddu hæstv. forsrh. um nokkrar grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar. Það er alveg ljóst að sá skilningur sem hæstv. forsrh. hefur lýst er andvígur þeim meginviðhorfum.

Í öðru lagi sýnir þetta mál verulegan klofning innan Sjálfstfl., sem í raun snýst alls ekkert um þetta mál í sjálfu sér þó að þetta mál hafi hins vegar orðið tilefni til þess að sá klofningur kom endanlega upp á yfirborðið með jafnskýrum og afdráttarlausum hætti og raun ber vitni.

Herra forseti. Ég vænti þess að hv. þm. Þorsteinn Pálsson svari þeim fsp. sem til hans hefur verið beint hér og þeir hæstv. ráðh. sem skráð hafa sig á mælendaskrá svari einnig skýrt og skorinort þeim fsp. sem til þeirra hefur verið beint.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hv. þm. Ragnar Arnalds beindi þeirri spurningu til mín hvort einn ráðh. gæti gert samkomulag sem þetta, hvort það væri ekki alveg skýrt að slíkt væri á hans valdsviði. Ég dreg ekki í efa að þetta mál er á valdsviði fjmrh. Hins vegar er það þannig um öll mál sem hafa í för með sér útgjöld, eru breyting við fjárlög eða forsendur fjárlaga, eru þess eðlis að þarf að flytja frv. til fjáraukalaga, að það hefur verið venjan, ef um slík mál hefur verið að ræða, að fjalla um þau í ríkisstj. til þess að alveg skýrt væri að slík fjáraukalög nytu meirihlutastuðnings á Alþingi. Þetta er nú, að ég held, sá almenni skilningur sem verður að leggja í starfsvið ráðh. Ég tel mér t. d. ekki heimilt að gera samning um aukin útgjöld á mínu verksviði, nema innan ramma fjárlaga, án þess að ríkisstj. fjalli um það og þá viðkomandi stjórnarflokkar. Ég held að það sé öllum fyrir bestu að slíkar venjur séu í heiðri hafðar.

Þannig var að verki staðið þegar aðilar vinnumarkaðarins komu sér saman um kjarasamninga, sem var mjög mikilvægt og tryggði vinnufrið í landinu. Ríkisstj. taldi sér skylt að eiga hlut að því máli ef með því væri hægt að tryggja vinnufrið og gekkst inn á að auka útgjöld í því skyni. Um það var fjallað á ríkisstjórnarfundi. Það er alveg rétt að hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson var þá fjarstaddur, en annar gegndi hans starfi og um málið var fjallað í ríkisstj.

Þegar það samkomulag sem hér um ræðir var kynnt á ríkisstjórnarfundi vildu menn að sjálfsögðu fá upplýsingar um hvaða þýðingu það hefði, hvað það kostaði. Það hefur ekki legið fyrir fyrr en nú að það er upplýst hér í umr. á Alþingi. Ég skal ekkert meira um það segja, en það er fyrst nú að upplýst er hver áhrif það hefur á t. d. ríkissjóð, og verður að telja þau tiltölulega lítil ef útgjaldaaukinn er ekki nema 1 millj. kr.

En það er kannske ekki aðalatriði þessa máls, heldur hitt, sem ég hef spurt um, hvaða tilgangi slík skrifleg yfirlýsing þjónar. Nú er það hin almenna venja þegar gerðir eru kjarasamningar í landinu að ekki er sú venja viðhöfð að gert sé sérstakt samkomulag um það og gefin út sérstök yfirlýsing um það að menn ætli sér að semja og ætli sér að vinna að ákveðnum málum. Ég er sammála því að auðvitað á að vinna að því af fullum krafti að samræma kjör í þjóðfélaginu. Það er óréttlæti að menn vinni sams konar störf hlið við hlið á ósambærilegum kjörum. Ég býst við því að allir séu um það sammála. En venjan er að slíkir samningar séu gerðir og þeir bornir upp, en ekki byrjað á að lýsa því yfir að slíkt skuli gert. Það hefði verið mjög auðvelt að starfsmenn t. d. fjmrn. og Dagsbrúnar hafu viðræður um þetta mál án þess að út væri gefið sérstakt samkomulag um það. Ég hef því leyft mér að spyrja: Hvað var þess valdandi að nauðsynlegt var að gefa út slíkt samkomulag?

Það hefur einnig verið spurt um það af hv. þm. Kjartani Jóhannssyni hvaða stefnu ríkisstj. hefði í kjaramálum og hvaða stefnu eigi að standa við. Það liggur alveg skýrt fyrir. Ríkisstj. gaf út yfirlýsingu eins og venja er þegar kjarasamningar eru gerðir. Venjan er að gefa út yfirlýsingar í tengslum við kjarasamningana. Menn gefa yfirleitt ekki út yfirlýsingar löngu áður en samningar eru gerðir. Ríkisstj. gaf út þá yfirlýsingu að hún væri í meginatriðum sammála þeim till. sem komu fram hjá aðilum vinnumarkaðarins og var með því að staðfesta vilja sinn tengdan þeim kjarasamningum sem þá voru gerðir. Það kom að vísu fram að hæstv. fjmrh. taldi sig ekki bundinn af þessari yfirlýsingu vegna þess að hann óttaðist að hún rúmaðist ekki innan ramma fjárlaganna. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að hún rúmast ekki algjörlega innan ramma fjárlaganna. Þess vegna var nauðsynlegt að taka það sérstaklega fyrir í ríkisstj. og í þeim þingflokkum sem styðja ríkisstj.

En það er nú einu sinni þannig, að þegar samið er á vinnumarkaði í frjálsum samningum, eins og allir vilja að gert sé, verður það aldrei tryggt fyrir fram nákvæmlega hver niðurstaðan verður, enda ekki æskilegt þó að það sé nauðsynlegt að viðkomandi ríkisstj. lýsi yfir vilja sínum og mati sínu á því hvert svigrúm þjóðarbúið gefur í þeim efnum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég hygg að í því sem ég hef sagt komi einnig fram svar við fsp. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. — Hann hristir höfuðið. Ég tel þó að svo sé og hef ekki meira um það mál að segja.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hafði nokkuð hátt. Hann var afar hrifinn af fjmrh. núna í sinni ræðu. Það hefur skyndilega breyst tónninn í garð fjmrh. frá því sem var fyrir nokkrum dögum. Hann lofaði stuðningi við stefnu fjmrh. í sambandi við þann samning, sem hér hefur verið gerður nokkuð að umræðuefni, við verkamannafélagið Dagsbrún. Þessi þm. og flokkur hans hefðu nú getað liðsinnt enn meira ef flokkurinn hefði haft kjark til að fara í ríkisstj. á s. l. ári. Þá hefði flokkurinn getað staðið að því að vinna brautargengi hinni ákveðnu og fastmótuðu stefnu Alþfl. í kaup- og kjaramálum og öllum öðrum málum.

En Alþfl. virtist ekki vera mjög áfjáður í að fara í ríkisstj. Jú, hann tók undir það að hefja viðræður. Hann var í öllum meginatriðum sammála þeim efnahagsaðgerðum sem síðar voru framkvæmdar. En hann setti að

lokum eitt skilyrði, að Alþfl. — flokkur með sex þm., ég endurtek: sex þm. — ætti að hafa forsrh. Og þegar honum var svarað því til að ráðherrastólarnir væru ekki til umr., fyrst væri til umræðu málefnasamningur og hvernig við gætum orðið sammála um hvernig ætti að taka á þeim mikla vanda sem var í þjóðfélaginu og er fram undan, þá var einum eða tveimur dögum síðar gerð samþykkt um að draga sig í hlé og taka ekki þátt í stjórnarmyndunarviðræðum. E. t. v. hefur það verið meining flokksins að það væri sjálfsögð krafa og skylda þessara tveggja stærstu flokka, sem mynduðu síðar ríkisstj., að Alþfl. hefði forsrh. og það væri höfuðatriðið í því sem væri að gerast að Alþfl. fengi forsrh., en ég tel að flokkurinn hafi ekki sýnt að hann væri ábyrgur stjórnmálaflokkur með því að bera fram slíka kröfu. Hann átti að halda áfram viðræðum, hann átti að halda áfram og fá að móta og hafa áhrif á mótun stjórnarstefnunnar. En hann hætti við, dró sig í hlé, þorði ekki. Þeir hlupu allir fyrir borð. Það sást í iljarnar á þeim öllum sex. Þetta veit hv. þm.

Hann breiddi sig mikið út yfir heilbrigðis- og tryggingamálin, að niðurskurður sæist enginn. Ég veit að þessi hv. þm. situr nú fyrir annan á þingi, sem þurfti að fara frá um tíma, en ég hélt að hann fylgdist mjög vel með stjórnmálum og með almennri pólitík. Ég vona að hv. 4. þm. Austurl. hafi ekki hlaðið hann svo störfum í Framkvæmdastofnun að undanförnu, áður en hann hætti, að hann hafi ekki getað fylgst sæmilega með stjórnmálum. Ég held að 4. þm. Austurl. sé ekki það óskaplega vinnuharður maður að hann lofi ekki mönnum, sem hafa áhuga á stjórnmálum, að lesa dagblöðin a. m. k. Hv. þm. hefði því átt að vita um það, að við framlagningu fjárlaga voru ákveðnar forsendur fyrir fjárlagafrv, forsendur um samdrátt í ríkiskerfinu öllu, í heilbrigðisþjónustunnni einnig, 2.5% lækkun launa og 5% lækkun rekstrarkostnaðar. Innan ríkisspítalakerfisins og innan annarra sjúkrahúsa er annaðhvort búið að vinna úr þessu eða það er verið að því með ýmsum hætti. En ég ætla ekki að gera það að umræðuefni.

Hins vegar hef ég aldrei lofað því og hef ekkert ráð á því að lofa að draga saman í heilbrigðis- og tryggingakerfinu um 300 millj. kr. Það er allt saman komið undir þeirri samstöðu sem næst fyrst og fremst innan stjórnarflokkanna. Ég býst ekki við mikilli aðstoð frá stjórnarandstöðunni, skal ég segja ykkur. Ég ætla að vera hreinskilinn. Ég hef ekki mikla trú á að núverandi stjórnarandstaða, þó með örfáum undantekningum, sé virkilega svo í stakk búin að hún vilji eða kæri sig um að taka þátt í skynsamlegum sparnaði. — En ég tek fram að það eru undantekningar. Það eru menn í stjórnarandstöðu sem ég treysti vel og veit að vilja vera ábyrgir menn. En það heyrist því miður allt of sjaldan í þeim, en þess meira í hinum.

Það hefur verið mikið talað um samning fjmrh. Alberts Guðmundssonar við Guðmund J. Guðmundsson, formann verkamannafélagsins Dagsbrúnar, og þeir hafa keppst um að lýsa því yfir, þeir sálufélagar, hv. 3. þm. Vestf. og hv. 10. landsk. þm. — en þeir hafa náð mjög vel saman á síðustu mánuðum. Þó ekki væri allt of gott samkomulag oft áður — að þessi samningur sé nú ekki mikið, hann kosti innan við 1 milljón. Af hverju er verið að rífast um þetta hér á Alþingi og eyða dýrmætum tíma löggjafarsamkundunnar í að rífast um þennan lítilfjörlega samning? Ég skal ekki draga í efa að beinn kostnaður ríkissjóðs við þennan samning sé innan við 1 millj. kr. En áhyggjur okkar eru þær, að hann dragi dilk á eftir sér, að það komi ýmsir aðrir fram sem segja: Það þarf að leiðrétta okkar mál. Og hversu lengi má ekki alltaf halda áfram að segja: Það þarf að leiðrétta þetta og hitt? Með þessum samningi fjmrh. er verið að leiðrétta það sem jafnröskur maður og Ragnar Arnalds kláraði ekki í rúm þrjú ár sem fjmrh. að leiðrétta og jafnafbragðsröskur maður og 3. þm. Vestf. kláraði ekki í hálfan fjórða mánuð sem hann var fjmrh. Það var sýnu lengri tími miðað við dugnað og er ég þó ekki að gera lítið úr Ragnari Arnalds. Þetta gekk ekki betur en svona.

En nú spyr ég þessa ágætu menn: Þegar ASÍ kemur og segir: Það er misræmi milli félaga innan okkar samtaka, eigum við þá að segja: Nei, þetta var ákveðið, þeir reiknuðu þetta út í fjmrn. Hann Ólafur Ragnar og hann Sighvatur o. fl. segja að þetta fari alls ekki yfir milljón og við getum því ekki hlustað á ykkur. M. ö. o. erum við að segja við önnur stéttarfélög í landinu: Þið fáið ekki neitt. Þetta kostar bara 1 milljón. (Gripið fram í.) Sókn fær ekki neitt, önnur aðildarfélög að Alþýðusambandi Íslands og Verkamannasambandinu fá ekki neitt. Þetta er ákveðið, punktum basta.

Þetta er ekki svona auðvelt og það þýðir ekki fyrir menn að leika svona loddarahlutverk hér í sölum Alþingis. (**ÓRG:** Er þá fjmrh. að leika loddarahlutverk?) Og ef það á að ganga lengra en þetta þýðir það að það verður almenn launaskriða og stórfelldar hækkanir umfram það sem Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa nú samið um.

Hvað þýðir það? Þýðir það að hægt sé að halda verðgildi krónunnar við stórfelldan samdrátt í framleiðslu þjóðarinnar í sama? Nei, það hlýtur að kalla á nýjar og örar gengislækkanir. Það hlýtur að kalla á vaxandi verðbólgu. Það er auðvitað ægilegt áfall, sem ýmsir nöldurseggir hafa orðið fyrir, að núv. ríkisstj. hefur tekist að koma verðbólgunni niður sem raun ber vitni. Það er stórt atriði að geta brotið þann árangur á bak aftur og koma aftur ófreskjunni á fulla ferð. (**ÓRG:** Er þá fjmrh. að því?) (**KJóh:** Ætli hann sé ekki ófreskjan?) (**Forseti:** Vinsamlegast kallið ekki fram í.)

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði að nú ætti að fara að taka upp einhverjar ægilegar aðferðir í Sjálfstfl. Það ætti að fara að draga hæstv. fjmrh. fyrir dómstól í flokknum, hafa réttarhöld, sagði Ólafur Ragnar Grímsson. Mér þykir ekkert að því þó að við sem erum í sama flokki séum spurðir spjörunum úr innan flokks, en mér þætti fjandi hart ef það væri send eftir mér lögreglan til þess að hirða mig eða vin minn hæstv. fjmrh. Það gerðist hér fyrir tæpum tveimur árum. Þá var formaður í þingflokki Alþb. Ólafur Ragnar Grímsson. Hann hringdi á lögregluna og skipaði lögreglunni að finna tiltekinn þm. og færa hann hingað í þinghúsið — þm. úr sínum eigin flokki og það ekki ómerkari þm. en Guðrúnu Helgadóttur. Og ég get sagt ykkur að hún var reið þegar hún kom hingað í þinghúsið, sem von er. Það er von að karl hneykslist á því ef á að tala við okkur, sem erum í fyrirsvari fyrir okkar flokk í okkar eigin flokki. Ég er ekkert hneykslaður á því, en mér fannst hitt allt of mikið gagnvart vinkonu minni Guðrúnu, ég verð að segja það.

Nú segja stjórnarandstæðingar að það sé verið að

segja fjmrh. að fara. Þeir hafa ráðist að fjmrh. hvað eftir annað og spurt hvenær hann ætli að fara. Það er enginn að biðja fjmrh. að fara. Hins vegar er ágreiningur á milli okkar og hæstv. fjmrh. út af þessum samningi, ekki út af því hvort þetta mál heyri undir fjmrh. Samningurinn er gerður og undirritaður en þó að hann sé ekki borinn undir atkv. í ríkisstj. til samþykktar af því að hann er þegar gerður þýðir það ekki að ég megi ekki segja að ég sé á móti þessum samningi. Meira að segja sjálft Alþingi getur samþykkt lög sem við einstaklingarnir í þjóðfélaginu eru margir hverjir á móti. Því höfum við leyfi til að segja: Við erum andvígir þessum lögum eða við erum á móti þessum lögum. En við erum skyldug að hlýða þeim samt. Og það er það sem ég sagði: Ég er andvígur þessum samningi.

Hins vegar er ekki því að leyna, eins og allir þm. vita, og það þýðir ekkert að vera að setja upp einhvern sakleysissvip eða sauðarsvip, að forsrh. í hverri ríkisstj. fer fyrst og fremst með efnahagsmálin, kjaramálin. Fjmrh fer með fjármál ríkisins. Fjmrh. hefur meiri samskipti við aðra ráðh. en nokkur annar. En kjaramálin og efnahagsmálin eru alltaf fyrst og fremst í höndum forsrh., hver sem hann er. Þetta vita allir menn. Það hefur gerst í ríkisstjórn eftir ríkisstjórn að hinir einstöku ráðh. hafa komið með sín mál og þau hafa verið rædd, hin stærri mál, innan ríkisstj., alveg sama hvaða flokkar hafa verið í ríkisstj. Þetta vita allir. Þegar ég var sjútvrh. 1974 til 1978 var aldrei gerð svo fiskverðsbreyting að hún væri ekki rædd í ríkisstj. og sagt frá stöðu mála í verðlagsráði milli kaupenda og seljenda. Þetta hefur alltaf verið gert og á að gera. E. t. v. hefði ekkert komið upp á ef við hefðum rætt þetta og við hefðum fengið betri og ákveðnari skýringar og kannske haft nokkuð annað orðalag. En það var ekki gert, því miður, og það er það sem ég hef leyft mér að gagnrýna minn ágæta vin, hæstv. fjmrh., fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð miklu fleiri, en vil þó segja við hv. stjórnarandstæðinga að ég tel það ekkert óeðlilegt, heldur sjálfsagt og skylt, að formaður Sjálfstfl. taki þátt í stórum málum eins og efnahagsmálum. Hann hefur setið fjölmarga fundi með forsrh. sem fulltrúi okkar flokks þó að hann eigi ekki sæti í ríkisstj. Við fylgjumst mjög vel með störfum hvers annars. Við komum saman vikulega fyrir utan þingflokksfundi til að ræða stöðu mála og bera undir hvern annan. Þar eru formaður og varaformaður flokks og formaður þingflokks. Við ræðum síðan öll þau mál sem mestu máli varða innan okkar þingflokks. Þetta eru mjög eðlileg lýðræðisleg vinnubrögð. Ég hélt að það þyrfti engan að undra að formaður annars stjórnarflokksins, þó að hann eigi ekki sæti í ríkisstj., taki þátt í umr. um efnahagsmál.

Ég bið hv. stjórnarandstæðinga að tala ekki um, eins og sérstaklega einn gerði áðan, að það sé einhver klíka í kringum formann Sjálfstfl. Hann er kosinn með yfirgnæfandi meirihluta atkv. á landsfundi Sjálfstfl., langfjölmennustu stjórnmálasamkundu landsins. Hann fær þar öruggt fylgi og traust flokksmanna. Þetta borgar sig ekki. Það hlustar enginn á menn sem tala þannig að það sé einhver klíka á bak við slíkan mann. Mér er bæði heiður og sómi að því að vinna með formanni Sjálfstfl. og ég hef haft af því bæði gagn og ánægju og ber til hans mikið traust.

Ég vona að menn eigi eftir að sjá að hér er ekki verið að beita neinn mann eða félög einhverjum þeim tökum að það sé verið að gera þeim illt af mannvonskunni einni saman. Hér er fyrst og fremst verið að stuðla að kjarasamningum í landinu, raska ekki því viðhorfi og þeim ásetningi að fá verðbólguna niður. Meðan við erum í þeim öldudal sem núna er vegna samdráttar þjóðarframleiðslu er staða okkar erfið. Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að auka þjóðarframleiðsluna. Það er fyrsti og öruggasti vísirinn að því að auka kaupmátt launa og gera fólki aftur kleift að ná því sem það hefur glatað fyrst og fremst af þessum ástæðum á undanförnum árum. Þetta vil ég gjarnan að menn hafi í huga.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans hér áðan, þar sem hann upplýsti að hann mundi svara Alþýðusambandinu jákvætt ef Alþýðusambandið óskaði eftir því að fá sambærileg kjör fyrir sína meðlimi annars staðar á landinu eða hjá öðrum félögum en Dagsbrún. Ég vona að af þessu verði og að gengið verði til samræmingar hvarvetna þar sem misræmi ríkir. Hitt er annað mál, að það er óþarfi að fjmrh. eða aðrir geri lítið úr þessum samningi. Og auðvitað kostar þetta meira en milljón. Ef þetta kostar innan við milljón þá er þetta ekki neitt sem um er að tala. Það er mín skoðun að verið sé að tala um miklu meiri samræmingu en hér er látið í veðri vaka og eigi af henni að verða þá kostar það auðvitað peninga.

Ég vona að fjmrh. fái frið fyrir sínum flokksmönnum og öðrum til að efna þessi fyrirheit. Þeir hafa efnt til mikillar galdrabrennu. Ég vona að sú brenna muni ekki eiga sér stað, þetta verði ekki til þess að fjmrh. verði að víkja frá því sem hann hefur undirritað. Sem svar við því sem hæstv. heilbrrh. sagði áðan þegar hann var að ræða um ríkisstj. og hennar verk og hennar stefnu er rétt að það komi fram að við bjuggum við ríkisstj. hér fyrir nokkru þar sem forsrh. hafði aðeins tvo þm. að baki sér, þrjá þegar best lét, þannig að það er ekki mikil viðmiðun. Hitt er svo annað mál að ég hygg að ef ríkisstj. hefði farið að ráðum Alþfl. hvað varðar efnahagsstefnu þá væri öðruvísi komið fyrir launafólki í dag. Og þá væri öðruvísi og betur komið fyrir þjóðfélaginu í dag.

Ég endurtek þakkir mínar og treysti því að nú muni Alþýðusambandið fá bréf því til staðfestingar að til þessarar samræmingar verði gengið.

Áfengt öl, þáltill. 111. mál (þskj. 138). — Ein umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Á þskj. 138 er till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Flm. eru hv. þm. Magnús H. Magnússon, sá sem hér stendur, hv. þm. Guðrún Helgadóttir og hv. þm. Stefán Benediktsson. 1. flm. till. lagði hana fram þegar hann sat á þingi, en hann er varamaður Alþfl. Það er þess vegna sem það fellur í minn hlut að segja hér nokkur orð og reyna að koma því til leiðar að málið verði sent til hv. allshn. Sþ., sem gæti þá kynnt sér málið og komið því síðan aftur inn í Sþ. þar sem það fengi endanlega afgreiðslu.

Það er ástæða til að geta þess hér varðandi grg. sem fylgir með þáltill. að hún er að sjálfsögðu skrifuð af 1.

flm., hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, svo sem algengast er um grg. sem fylgja till. á borð við þessa. Þótt þáltill. geri aðeins ráð fyrir því að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um bjórmálið, en ekki sé verið að fara fram á jákvæða yfirlýsingu Alþingis um að leyfa bruggun og sölu áfengs öls, má gera ráð fyrir að í umr. verði rædd efnislega með- og mótrök í því máli. Flm. vilja þó leggja áherslu á að með till. er einungis verið að leggja til að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um málið, en ekki að lögunum verði breytt nú þegar. Verði till. samþykkt gefst gnægð tækifæra til að ræða málið efnislega eins og vera ber.

Talsverðar umr. hafa orðið um þetta mál á undanförnum árum og virðast skoðanakannanir benda til að fylgi við bjórinn hafi heldur vaxið en hitt. Þetta kemur varla á óvart. Með auknum samskiptum við aðrar þjóðir, tíðari siglingum og vaxandi heimabruggun hér á landi hefur mönnum lærst að bjórinn þarf ekki að vera hættulegri Íslendingum en öðrum þjóðum. Flest rök gegn því að hér á landi sé leyft að brugga og drekka áfengt öl eru í eðli sínu rök gegn áfengisneyslu yfirleitt. Þau rök eru að sjálfsögðu gild sem slík, en varla verður það á dagskrá næstu árin að banna áfengi alveg, enda hafa Íslendingar og aðrar þjóðir heldur slæma reynslu af slíku banni.

Sérstakar mótbárur gegn bjórnum hafa einkum verið þær að bjórneyslan bætist við áfengisneyslu þjóðarinnar, að fólk byrji að drekka fyrr á ævinni og líkur á daglegri drykkju á vinnustöðum aukist. Öll þessi sjónarmið eiga fullan rétt á sér og taka ber tillit til þeirra þegar málið er rætt og ákvörðun tekin. Að mínu mati breyta þau samt ekki því að eðlilegt megi teljast að fólk hér á landi fái tækifæri til að drekka bjór fyrst á annað borð er verið að leyfa áfengisneyslu. Þegar bjórinn verður leyfður ber þó að hafa þessi viðhorf og reynslu annarra þjóða í huga.

Grundvallarspurningin er auðvitað sú: Hvers vegna getum við ekki fengið að drekka bjór hér á landi fyrst okkur er treyst til að drekka vín, bæði sterk og veik? Slíkt lögbundið bann, sem stríðir gegn siðgæðishugmyndum manna, er fremur til þess fallið að fólk haldi áfram að umgangast áfengi með því tvískinnungsviðhorfi sem einkennir drykkjuvenjur Íslendinga. Allir sem vilja geta nú bruggað sinn eigin bjór og reyndar aðrar áfengistegundir einnig. Flugliðar og farmenn geta flutt bjór til landsins og í sendiráðum hérlendis er drukkinn íslenskur bjór. Þannig er ekki bannað að neyta bjórsins, heldur aðeins að brugga hann og selja. Slík mismunun verður að sjálfsögðu óþolandi í augum þess fólks sem telur sig geta umgengist bjór með viðlíka hætti og útlendingar og íslenskt sérréttindafólk í þessum efnum.

Hér skal ekki farið út í þá sálma að bera saman gæði bjórs við annað áfengi. En benda má á þýðingu Halldórs Laxness á grein sem birtist í heilbrigðisdálki Süddeutsche Zeitung í München 26. apríl 1977. Í inngangi þýðingarinnar segir Halldór Laxness m. a., með leyfi forseta:

„Fróðlegt er að heyra hverju hlutgengir menn í heilbrigðismálum Þýskalands, þessa mikla bjórneyslulands, halda fram um þennan drykk, og bera saman við ýmislegt sem skrifað er um málið hér á landi — ekki síst með tilliti til þess að hér veit almenningur ekki gjörla um hvað verið er að tala þegar bjór er á dagskrá, þar sem drykkurinn hefur verið krímínaliseraður hjá okkur í tvær kynslóðir, það er að segja látinn jafnbrýna glæp allar götur síðan árið 1915."

Þetta er tekið orðrétt úr bókinni „Seiseijú, mikil ósköp" á bls. 121. Helgafell gaf bókina út.

Í umr. um bjórmálið er ekki eingöngu á það að líta hvort leyfa skuli sölu áfengs öls, heldur einnig hvernig að sölunni skuli staðið ef leyfð verður. Mín skoðun er sú, að varlega eigi að fara af stað í þeim efnum. Ég er á móti því að bjóða hann til sölu í matvörubúðum eins og víða tíðkast. Eðlilegt er að hann verði einungis seldur í útsölustöðum ÁTVR og þá aðeins í heilum eða hálfum kössum. Meira að segja kæmi til greina að fara enn hægar í sakirnar fyrst í stað og takmarka söluna við vínveitingahúsin þannig að engar flöskur verði í umferð heldur verði bjórinn einungis framreiddur í glösum. Slíkt kemur í veg fyrir fyllirí á vinnustöðum og í ljós kemur hvort Íslendingar þola drykkinn verr en aðrar þjóðir. Sem kunnugt er hefur mesti styrrinn staðið um millisterka ölið í nágrannalöndunum. Af þeim sökum mætti reyna þá aðferð hér að leyfa fyrst í stað aðeins sölu bjórs með tilteknu áfengismagni og feta sig áfram á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist með þeim hætti. Slíkum atriðum hlýtur þingnefnd að velta fyrir sér og breyta till. samkv. því.

Að sjálfsögðu hefur löggjafarvaldið síðasta orðið um það hvort og hvernig skuli ákveða afnám bjórbannsins. Eðlilegast sýnist mér að almenningur ákveði það sjálfur í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hér er lagt til, enda virðist það vera regla hér á landi að almenn atkvæðagreiðsla fari fram um það hvort opna skuli áfengisútsölur á viðkomandi stöðum. Bjórmálið skiptir mönnum ekki í pólitíska flokka, en niðurstöður slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu gætu verið leiðbeinandi fyrir þm., enda má búast við því að í umr. um slíka atkvæðagreiðslu komi fram gnægð raka og gagnraka í málinu til að moða úr. Ef þingnefnd litist betur á þá hugmynd gæti Alþingi kosið nefnd til að útbúa þá till. sem leggja skal fram um málið. Í henni þarf að vera greinargóð lýsing á framkvæmd þess.

Það er ekki algengt að efnt sé til þjóðaratkvæðis hér á landi. Samkvæmt stjórnarskránni er þó skylt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu þegar um er að ræða frv. sem horfir til breytingar á kirkjuskipuninni og um lög sem tekið hafa gildi en forseti lýðveldisins synjar staðfestingar. Einnig er talið að ákveða megi með lögum að þau öðlist ekki gildi fyrr en þau hafa verið staðfest með þjóðaratkvæði. Sú leið hefur aldrei verið farin hér á landi. Alþingi hefur hins vegar með þáltill. samþykkt að kanna hug kjósenda til löggjafarmálefna. Það var gert árið 1908 og 1933 um bannlögin og 1916 um þegnskylduvinnuna. Þjóðaratkvæðagreiðslan 1908 fór fram skv. þál. frá Nd. Um 60% kjósenda greiddu atkv. með banni en 40% gegn. Bannlögin voru síðan sett 1909. Þjóðaratkvæðagreiðslan 1916 um þegnskylduvinnu fór fram skv. þál. beggja deilda 1915. Niðurstaðan varð sú, að rúm 80% kjósenda greiddu atkv. gegn þegnskylduvinnu. Engin lög voru því samþykkt um það efni. Atkvæðagreiðslan um afnám innflutningsbanns á áfengi 1933 átti sér stað skv. þál. frá Sþ. Úrslit þeirrar atkvæðagreiðslu urðu á þá lund að 57.7% kjósenda vildu afnema bannið en 42.3% voru með banni. Aðflutningsbannið var svo afnumið með áfengislögunum nr. 33/1935. Þjóðaratkvæði um mikil-

vægar breytingar á áfengislöggjöfinni eru mjög í takt við gildandi áfengislög, en í 10. gr. þeirra er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla skuli fara fram í bæjarfélagi áður en áfengisútsala er opnuð eða henni lokað.

Þar sem langt er um liðið síðan efnt var til þjóðaratkvgr. um áfengislöggjöfina þykir mér rétt að rifja aðdragandann nokkuð upp. Árið 1932 og 1933 eru flutt lagafrv. á Alþingi um breytingu á áfengislögunum þar sem gert er ráð fyrir því að aðflutningsbanni á áfengi sé rift og heimilað að flytja áfenga drykki til landsins. En það var ákveðið, eins og ég sagði áður, árið 1909 eftir þjóðaratkvgr. að banna áfenga drykki og gengu þá svokölluð bannlög í gildi. Árið 1933, þegar áfengislagafrv. er sent til allshn. Nd., gerist það að allshn. afgreiðir ekki málið, en þm. í allshn. leggja til að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um málið. Röksemdir eru þær m. a. að þjóðaratkvgr. hafi farið fram um bannið á sínum tíma. Umræður um málið urðu allmiklar, bæði um lagafrv. og eins um þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðsluna. Í umræðum um lagafrv. kom fram till. um rökstudda dagskrá frá þingmanni Ísafjarðar. Hún hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Nd. Alþingis skírskotar til þess:

1. að meðan áfengisbannið var fullkomnast var drykkjuskapur áreiðanlega minnstur í landinu,

2. að með hverri tilslökun hefur drykkjuskapur aukist,

3. að þrátt fyrir allt er drykkjuskapur minni á Íslandi en í nokkru landi, þar sem ekki er bann,

4. að ef það, sem eftir er af banninu, væri að fullu afnumið, mundi mikil hætta á, að drykkjuskapur margfaldaðist,

5. að ósæmilegt er að afla ríkissjóði tekna með innflutningi sterkra drykkja, sem leiðir til aukinnar áfengisnautnar og meðfylgjandi hörmunga fyrir land og lýð,

6. að óverjandi er að afnema bannið að fullu, án þess að bera það undir þjóðaratkvæði

og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þannig hljóðaði till. um rökstudda dagskrá frá þm. Ísafjarðar þegar breyting á áfengislögum var til umræðu árið 1933 á hv. Alþingi. Það er einmitt síðasti liðurinn í rökstuddu dagskrártillögunni sem þm. virðast hafa fallist á.

Í C- og D-hefti Alþingistíðinda frá aðalþinginu 1933, í dálkum 437—546 eru umr. um frv. Jóns Auðuns Jónssonar o. fl. Frv. var sent allshn. Nd. en hún lauk ekki málinu, heldur samdi þáltill. um þjóðaratkvæðagreiðslu sem síðan var samþykkt á þinginu. Árið eftir, 1934, voru svo samþykkt ný áfengislög á grundvelli þjóðaratkvæðagreiðslunnar, sem fram fór fyrsta vetrardag 1933, skv. þáltill. sem samþykkt var í Sþ. hinn 29. maí 1933 með 26 atkv. gegn 2. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar urðu þau að 15 884 kjósendur greiddu atkv. með afnámi bannsins en 11 624 voru á móti.

Öl hefur að sjálfsögðu oft komið við sögu á Alþingi. Í seinni tíð aðallega í umr. um mál eins og það sem hér er til umr., en áður og fyrrum vegna öldrykkju á þingum. Í Jónsbók er ákvæði sem segir að „drykk skal enginn til lögréttu bera, hvorki til sölu eða á annan veg" og í Þórhalls þætti ölkofra segir m. a.: „Hann hafði þá iðju að gera öl á þingum til fjár sér, en af þessari iðn varð hann brátt málkunnugur öllu stórmenni, því að þeir keyptu mest mungát. Var þá sem oft kann verða, að mungátin eru misjafnt vinsæl og svo þeir, er seldu.".

Í dag er ástandið þannig að farmenn, flugliðar og ferðamenn geta keypt öl tollfrjálst. Íslenskt öl er drukkið í sendiráðum og á Keflavíkurflugvelli, heimabrugg er stundað mjög víða, en samt er bannað að selja öl við hlið annars áfengis í verslunum ÁTVR og á öldurhúsum. Með þessari till. vilja flm. láta kanna hver vilji þjóðarinnar sé í þessum efnum.

Herra forseti. Mér er það fullljóst að íslenska þjóðin á eins og margar aðrar þjóðir við áfengisböl að stríða. Fáum kemur þó til hugar allsherjaráfengisbann í alvöru. Framboði á áfengi ber að halda innan ákveðinna marka, þannig að freistingin blasi ekki alls staðar við. Að mínu áliti ber þó fyrst og fremst að draga úr eftirspurninni. Slíkt verður ekki gert með boðum né bönnum heldur skilvirkri og skynsamlegri fræðslu um afleiðingar drykkjunnar. Með breyttum reglum gefst kostur á *nýjum umgengisvenjum og heilbrigðara* almenningsáliti. Fræðslustarf áhugasamtaka og opinberra aðila í skólum og á vinnustöðum er happadrýgsta aðferðin og skilar miklu meiri árangri en boð og bönn sem stríða gegn skynsemi almennings og leiða til virðingarleysis gagnvart lögum og reglum.

Þessi till., ef samþykkt verður, hleypir vonandi af stað umræðum um áfengismál. Á grundvelli raka og gagnraka er eðlilegt að þjóðin greiði atkvæði um málið. Niðurstaðan verður leiðbeinandi fyrir Alþingi sem auðvitað á síðasta orðið.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði að loknum fyrri hluta umr. send allshn. til frekari skoðunar og afgreiðslu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er á ferðinni gamalt mál í nýjum umbúðum, þ. e. flutningsmenn þessa máls leggja ekki á það höfuðáherslu lengur að þeir vilji fá áfengt öl inn í landið eða það verði framleitt hér heldur hitt að þjóðin skuli láta í ljós álit sitt í almennri atkvæðagreiðslu. Ef það er hugleitt að almenn atkvæðagreiðsla kemur að sjálfsögðu til greina um þetta mál eins og annað hljótum við fyrst að spyrja hvort málið sé svo mikilvægt að eðlilegt sé að það sé tekið upp í almennri atkvæðagreiðslu. Væri þá t. d. ekki fróðlegt að fá það upp í almennri atkvæðagreiðslu hvort mönnum finnst ekki eðlilegt að ef menn vinna sömu störf hlið við hlið beri þeim sama kaup? Ég er hér um bil viss um að það lægi alveg ljóst fyrir.

En það er athyglisvert að varaformaður Sjálfstfl. hefur hér umr. um bjórinn sem þjóðarnauðsyn á eftir umr. utan dagskrár um það atriði sem ég vék að áðan og hleypti greinilega þó nokkrum hita í marga hér í salnum. Ég vil byrja á að segja að mér sýnist að hugmyndir um beint lýðræði, á þann hátt að þjóðin segi álit sitt í almennri atkvæðagreiðslu eigi varla mjög mikla framtíð. Á Vesturlöndum er búið að gera ýmsar tilraunir til að leysa þetta á auðveldari hátt með skoðanakönnunum og það væri miklu nær undir öllum svona kringumstæðum, að mínu viti, að setja lög um skoðanakannanir og beita þeim svo miklu oftar til að átta sig á þjóðarvilja en að taka upp þá almennu reglu að demba mjög mörgum málum inn í almenna atkvæðagreiðslu.

En e. t. v. er hugsunin á bak við þetta á þann veg að þar sem ekki hafi tekist að koma þessu máli í gegnum þingið nú um alllagan tíma og þm. almennt talið önnur mál merkari beri nú að fara þá leið að leggja höfuðkapp

á að fá fram almenna aðkvæðagreiðslu um áfengt öl. Ég hygg að sú kenning sem kom hér fram hjá flm., hv. 2. þm. Reykv., að aðalatriðið væri að draga úr eftirspurninni og með því móti ætti að takmarka áfengisneyslu — reyndar minntist hann á fræðslu í skólum og margt fleira — sé vissulega rétt svo langt sem hún nær. Hins vegar mun það samt vera svo að fordæmið skiptir þar mestu máli og það er athyglisvert sem Einstein sagði um uppeldið þegar hann var spurður hvað skipti þar mestu máli. Hann sagði að það væri í fyrsta lagi fordæmið, í öðru lagi fordæmið og í þriðja lagi fordæmið.

Ef við höfum fylgst með þeim áhrifum sem sjónvarp og kvikmyndir hafa haft á venjur manna, m. a. glæpahneigð, fer ekki á milli mála að fordæmið er mjög mótandi í allri samfélagslegri hegðun. Ég er sannfærður um að ef Alþingi Íslendinga fer að leggja áherslu á áfengt öl sem einhvern bjargvætt fyrir þessa þjóð mun æska þessa lands að sjálfsögðu taka mið af því. Fyrst þm. telji svo mikilvægt að ölið sé bruggað og selt hljóti þeir að hafa gert ráð fyrir því að það yrði drukkið. Mér finnst dálítið mikil einfeldni í því annars vegar að leggja áherslu á frelsið varðandi söluna og varðandi það að brugga ölið ef menn vilja svo í sömu ræðu leggja áherslu á það hvernig þeir ætli að koma í veg fyrir að of mikið sé í umferð af þessari vöru með þeirri kenningu að draga eigi úr eftirspurn.

Ég sé fram á það að þetta mál mun að sjálfsögðu koma til allshn. Þar er allmikið af málum fyrir og að sjálfsögðu mun n. gefa sér tíma til að skoða þetta mál vel og vandlega þegar þar að kemur. En ég vænti þess að þingheimur geri sér grein fyrir því að hérna er raunverulega gerð tilraun til að fara inn um hliðardyr af því að aðaldyrnar voru lokaðar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Nú fyrir skömmu var opnað stórt meðferðarheimili, sjúkraheimili til að freista þess að bjarga allmörgum mönnum frá áfengisbölinu. Þetta heimili er ekki eina meðferðarheimilið af þessu tagi. Þau eru hér víða um land og mörg og öll full. Enda þótt við höfum fleiri sjúkrapláss fyrir drykkjusjúklinga en nokkur önnur þjóð í veröldinni duga þau ekki sem fyrir eru. Margfalt fleiri en þeir sem fara til slíkrar meðferðar eru illa farnir vegna áfengisneyslu. Stöðugt verða þeir unglingar, og ég held að það sé óhætt að segja þau börn, yngri sem ánetjast áfengisneyslu. Það er staðreynd að ákveðið hlutfall þeirra sem hefur drykkju ánetjast áfenginu þannig að það eyðileggur þeirra líf og þeirra nánustu. Áfengisvandamálið er kannske eina stóra vandamálið í þessu þjóðfélagi. Hin má leysa eftir atvikum.

Herra forseti. Það er reynsla annarra þjóða, sem hafa bætt björnum við annað áfengi, að það dregur ekki úr neyslu þess áfengis sem fyrir var á markaðnum heldur hefur bjórinn bæst við. Ef við athugum þær tölur sem fyrir liggja um það magn hreins vínanda sem hver einstaklingur drekkur í ákveðnum löndum kemur í ljós að þeir sem drekka mestan bjór drekka langmest af hreinum vínanda samtals yfir árið. Íslendingar eru sem betur fer enn tiltölulega lágt á þeirri skrá. Ég er ekki í nokkrum vafa um að meðalneysla áfengis mun vaxa ef bjórnum er bætt við. Ég held að það skaðræðisdýr sé nógu slæmt sem fyrir er þó við förum ekki að beita okkur fyrir að bæta öðru við.

Ég er ekki sammála þeim röksemdum þeirra manna sem eru að berjast gegn bjórdrykkju að unglingar læri eitthvað fyrr að drekka áfengi með bjór. Íslenskir unglingar, börn, hafa getað lært það nógu snemma og allt of fljótt þó að bjór hafi ekki verið á boðstólum. En ég vil minna hv. alþm. á að áfengisvandamálið er ærið fyrir og sú staðreynd liggur fyrir, sönnuð staðreynd, að bjórdrykkjan bætist við en kemur ekki í staðinn fyrir aðra áfengisneyslu.

Hvernig stendur svo á því að menn fara þessa leið nú, ákaflega sakleysislega leið, að velta ábyrgðinni af sjálfum sér — því auðvitað á þingið sjálft að taka ákvörðun í slíkum málum — yfir á þjóðaratkvæðagreiðslu? Við höfum sem betur fer tækifæri til að greiða atkv. um ýmsa hluti í þjóðaratkvæðagreiðslu en þeirri aðferð á ekki að beita í slíkum málum sem þessum. Ég held að þjóðaratkvæðagreiðsla sem slík setji ofan við það að nota hana við að lauma inn meira áfengi til neyslu. Kannske þora flm. ekki að flytja sjálfir frv. um að hér skuli vera bruggaður bjór og seldur. Þeir eru að víkjast undan því og velta hlutunum yfir á aðra.

Herra forseti. Um þetta mætti auðvitað tala lengra mál en ég vil hvetja alþm. til, þegar þeir fjalla um þetta mál, að reyna að gera sér skýra grein fyrir þeim voðalegu afleiðingum sem af þeirri ákvörðun gæti leitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 57. fundur.

Mánudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 88). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ábúðarlög, frv. 220. mál (þskj. 389). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976, er fyrst og fremst fylgifrv. með 4. dagskrármálinu, sem er um breytingu á jarðalögum nr. 65/1976, en það verður væntanlega tekið fyrir á eftir. Í því frv. er lagt til að landnámsstjórn verði lögð niður og reglum um viðurkenningu á nýjum býlum verði breytt þannig að samþykki landbrn. þurfi til að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, enda séu uppfyllt ýmis skilyrði sem fram koma í frv.

Í 1. gr. ábúðarlaga er skilgreining á því hvað teljist jörð eða lögbýli í merkingu þeirra laga, en hins vegar er hvergi í lögunum almenn skilgreining á hugtakinu lögbýli. Meðal býla sem falla undir lögbýlishugtakið í ábúðarlögunum eru viðurkennd nýbýli. Er frv. þetta flutt til að samræma þá skilgreiningu þeim reglum sem lagt er til að gildi um viðurkenningu á nýjum býlum skv. frv. til breytinga á jarðalögum sem ég minntist á áður. Það mun verða nánar skýrt í framsögu fyrir 4. dagskrármálinu.

Ég mun ekki fjölyrða frekar um þetta nú, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. 221. mál (þskj. 390). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 390 er frv. til l. um breyt. á jarðalögum nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Breyttar aðstæður í landbúnaði á síðustu árum hvað markaðsskilyrði varðar hafa kallað á samdrátt í framleiðslu búvara og sérstakar reglur um stjórn framleiðslunnar. Í ljósi breyttra aðstæðna er einnig rétt að huga að verkefnum hinna einstöku stofnana sem vinna að málefnum landbúnaðarins og taka stöðu þeirra og verkefni til endurmats.

Allt frá útgáfu nýbýlatilskipunarinnar árið 1776 hefur það verið stefna stjórnvalda að fjölga bændum í landinu og fjölga býlum. Þannig var á árinu 1936 komið upp sérstakri nýbýlastjórn og frá árinu 1947 hafa Landnám ríkisins og landnámsstjórn sinnt þessu verkefni af hálfu hins opinbera auk ýmissa annarra skyldra verkefna.

Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

Skv. gildandi lögum um Landnám ríkisins, nr. 45/1971, er það verkefni þess að annast skipulagningu byggðar í sveitum landsins, halda jarðaskrá yfir allar jarðir, sjá um framkvæmdir í byggðahverfum, annast eða fylgjast með ábúð, sölu og leigu lögbýlisjarða, félagsræktun, stofnun nýbýla, endurbyggingu og sameiningu jarða, stofnun grænfóðursverksmiðja og úthlutun ríkisframlaga til landbúnaðarins skv. lögum.

Breytingar á löggjöf, svo sem setning jarðalaga 1976 og breyting á skipulagslögum árið 1978 þess efnis að landið yrði allt skipulagsskylt, hafa í ýmsu breytt stöðu Landnáms ríkisins. Þá hafa breyttar aðstæður í landbúnaði leitt til þess að af hálfu stjórnvalda og samtaka bænda er nú ekki lengur lögð sama áhersla og áður á að fjölga bændum og stofna nýbýli í sveitum. Þess í stað er lögð áhersla á að samræma stofnun nýrra býla og fjölgun bænda stefnunni í framleiðslumálum landbúnaðarins og þeim aðstæðum sem þar eru uppi hverju sinni.

Skv. núgildandi lögum tekur landnámsstjórn hins vegar ákvarðanir sínar um viðurkenningu á nýbýlum óháð ákvörðunum og vilja þeirra sem annast og bera ábyrgð á stjórn búvöruframleiðslunnar. Í ljósi þessa er ástæða til að meta tilverurétt Landnáms ríkisins og skipan þeirrar þjónustu sem þar er innt af hendi. Ýmsar athuganir, þar á meðal athugun sérstakrar nefndar sem landbrh. skipaði til þess á árinu 1979, bentu til þess að skipa mætti verkefnum Landnáms ríkisins niður á aðrar stofnanir. Athuganir Ríkisendurskoðunar, sem hún birti í skýrslu sinni um Landnám ríkisins á árinu 1982, benda einnig til þess að rétt og hagkvæmt sé að færa verkefni Landnámsins til annarra stofnana. Í þessu frv. er því lagt til að landnámsstjórn og Landnám ríkisins verði lögð niður og viðfangsefnin falin öðrum aðilum eða felld alveg niður.

Tilgangurinn með þessum breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði, er tvíþættur: Í fyrsta lagi að einfalda stjórnkerfi landbúnaðarins og koma í veg fyrir óþarfa skörun á hlutverkum stofnana ríkisins og/eða landbúnaðarins og í öðru lagi að draga úr kostnaði við opinbera stjórnsýslu. Varðandi síðast nefnda atriðið má nefna að Ríkisendurskoðun áætlaði, miðað við verðlag 1. jan. 1982 að árlegur sparnaður við að leggja niður Landnám ríkisins næmi nær 600 þús. kr. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að verkefni varðandi stofnun býla, félagsbúa, endurbyggingu jarða, jarðaskrá og umsjón jarða Landnáms ríkisins flytjist til landbrn. og að þeim verði búinn lagagrundvöllur í jarðalögum. Er það gert í því frv. sem hér liggur fyrir. Jafnframt er hér lagt til að gerðar verði breytingar á nokkrum ákvæðum jarðalaganna í ljósi fenginnar reynslu og til samræmis við breytingar á annarri löggjöf frá 1976.

Landnám ríkisins hefur annast stjórnsýslu og rekstur þriggja af fjórum grasköggla verksmiðjum í eigu ríkisins og sú fjórða er rekin sjálfstætt. Samhliða því að Landnám ríkisins er lagt niður er gert ráð fyrir að stjórnsýsla allra grasköggla verksmiðja ríkisins verði sameinuð á einum stað og undir einni stjórn. Verður sérstakt frv. um fóðurverksmiðjur ríkisins lagt fram á þessu þingi.

Að meginstefnu til er í frv. þessu fylgt efnisreglum núgildandi laga um stofnun nýbýla, endurbyggingu jarða, félagsbú og jarðaskrá, nema hvað nýir aðilar taka við verkefnum Landnámsins. Útgáfa á heimild til

stofnunar nýs býlis til hvers konar búvöruframleiðslu, endurbyggingar eyðijarða og stofnunar félagsbús verður skv. frv. stjórnvaldsákvörðun sem landbrh. tekur og ber ábyrgð á. Er talið eðlilegt að ráðh. geti samræmt slíkar ákvarðanir þeirri stefnu sem fylgt er á hverjum tíma af hálfu stjórnvalda varðandi stjórn búvöruframleiðslu. Skv. frv. er það hin almenna regla að áður en ráðh. tekur ákvörðun um framangreint efni ber að leita umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem láta þá uppi faglegar umsagnir um slíkar beiðnir. Sú regla er hins vegar óbreytt að sveitarstjórn og jarðanefnd verða að samþykkja stofnun nýs býlis, endurbyggingu eyðijarða og stofnun félagsbús. Að fenginni reynslu er talið nauðsynlegt að settar verði ítarlegri og skýrari reglur um félagsbú og eru gerðar um það tillögur í frv. þessu.

Ég mun nú víkja að einstökum ákvæðum þessa frv. þar sem gerðar eru tillögur um breytingar frá reglum núgildandi laga.

Í 3. gr. frv. er lagt til að í 10. gr. jarðalaganna verði settar einfaldar og skýrar reglur um afskipti jarðanefndar af byggingu sumarbústaða og aðilaskipti að réttindum yfir þeim. Í greininni er fylgt þeim tilgangi jarðalaganna að tiltekin stjórnvöld skulu fylgjast með og samþykkja breytingar á nýtingu þess lands sem notað hefur verið til landbúnaðar. Ekki er hins vegar talin ástæða til að jarðanefnd og sveitarstjórn þurfi að samþykkja skv. 6. gr. jarðalaganna aðilaskipti að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum og sumarbústöðum á lóðum sem teknar hafa verið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr.

Varðandi sumarbústaðahverfi eru sett skýr ákvæði um að land undir þau skuli jafnan tekin úr landbúnaðarnotum, en um sumarbústaði utan hverfa er lagt til að sú meginregla gildi að jarðanefnd þurfi að samþykkja ráðstöfun á landi undir þá og aðilaskipti að réttindum yfir þeim skv. 6. gr. Hins vegar getur sá, sem byggir eða á sumarbústaði eina sér utan sumarbústaðahverfis, farið þá leið að fá lóðina (landið) tekna úr landbúnaðarnotum, og fáist slíkt leyfi þarf ekki eftirleiðis að afla samþykkis skv. 6. gr. laganna. Þessi breyting á jarðalögum er til samræmis við þær breytingar sem urðu á skipulagslögum 1978 og þá reynslu sem fengin er af framkvæmd jarðalaganna.

Varðandi reglur 12. gr. jarðalaga, um töku lands úr landbúnaðarnotum og skiptingu á landi jarða, eru ekki gerðar tillögur um breytingar umfram það sem leiðir af öðrum ákvæðum frv. og aðild nýrra stjórnvalda og annarra að þeim ákvörðunum sem þar er fjallað um. Það er nýmæli í greininni að leita skuli umsagnar Skipulags ríkisins áður en gefið er leyfi til að leysa land úr landbúnaðarnotum. Er þetta gert með tilliti til þess að öll sveitarfélög eru nú skipulagsskyld og þess að taka lands úr landbúnaðarnotum kann að tengjast ráðstöfun lands með skipulagi.

Við setningu jarðalaganna 1976 var ætlunin að regla 3. mgr. 12. gr. taki til hvers konar skipta á landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, hvort sem því væri skipt skv. landskiptalögum nr. 46/1941 eða með öðrum hætti. Í framkvæmd hefur hins vegar borið á því að menn teldu heimilt að skipta landi skv. lögum nr. 46/1941 án þess að afla samþykkis skv. greininni. Til að taka af allan vafa í þessu efni þótti því rétt að taka sérstaklega fram í greininni að hún tæki einnig til skipta skv. lögum nr. 46/1941.

Í 4. gr. jarðalaganna er ákveðið að jarðanefnd skuli starfa í hverri sýslu. Skv. 3. gr. laganna taka þau ekki einungis til lands og landsréttinda í sýslum, heldur einnig til lands innan lögsagnarumdæma kaupstaða, sem fellur utan þéttbýlissvæða, sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna sem ekki stunda landbúnað. Ekki er talin ástæða til að jarðanefndir starfi í kaupstöðum, en taka þarf afstöðu til þess hver fari með vald og lögboðin verkefni jarðanefnda innan marka kaupstaða. Því er í 9. gr. lagt til að bæjarstjórn sinni þessu verkefni og þurfi því samþykki hennar þar sem jarðalögin áskilja samþykki jarðanefndar og sveitarstjórnar eða jarðanefndar einnar.

Skv. 10. gr. frv. er lagt til að nýr kafli komi inn í jarðalögin um viðurkenningu á nýjum býlum, félagsbúum og jarðaskrám, og koma ákvæði hans í stað sambærilegra ákvæða í lögum nr. 45/1971.

Vert er að vekja athygli á því að í frv. er lagt til að í stað hugtaksins „nýbýli“ verði notað orðalagið nýtt býli. Hugtakið „nýbýli“ hefur í daglegu máli mjög víðtæka merkingu og gjarnan látið ná yfir býli sem stofnuð hafa verið svo langt aftur sem minni manna nær. Ekki er hins vegar í lögum gerður greinarmunur á býlum eftir að þau hafa verið viðurkennd.

Í frv. er haldið þeirri heimild að viðurkenna smá- og þjónustubýli. Leggja verður áherslu á að þessi heimild verði fyrst og fremst nýtt þegar um er að ræða sérhæfða starfsemi í tengslum við landbúnað. Á slíku býli þarf að vera nægileg aðstaða til að reka viðkomandi atvinnustarfsemi. Í framkvæmd hefur mjög borið á því að sótt sé um viðurkenningu á smá- og þjónustubýlum, þar sem í raun hefur aðeins verið um að ræða íbúðarhús á lóð í sveit án þess að aðstaða væri fyrir atvinnustarfsemi á býlinu. Hefur þetta ekki síst verið gert vegna þess mikla munar sem verið hefur á upphæð heimtaugagjalda vegna rafmagns í sveitum eftir því hvort um hefur verið að ræða býli eða sjálfstæð íbúðarhús sem ekki eru tengd búrekstri, iðnaði eða þjónustu. Skv. reglum um álagningu heimtaugagjalda í sveitum er heimtaugargjald vegna býlis reiknað sem grunngjald að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði, en mismunur á kostnaði og heimtaugargjaldi greiðist af Orkusjóði. Heimtaugargjald vegna íbúðarhúss í sveit, sem ekki er tengt búrekstri, iðnaði eða þjónustu, er reiknað sem kostnaðarverð við uppsetningu á háspennulínu, spennistöð, heimlínu og heimtaug. Er sjálfstæðum íbúðarhúsum í þessu sambandi skipað á bekk með sumarbústöðum og veiðihúsum. Telja verður óeðlilegt að mismuna fólki, sem vill setjast að og byggja yfir sig í sveit, með þessum hætti. Þessum reglum þarf því að breyta í stað þess að stofnað sé til nýrra býla við ófullnægjandi aðstæður með þeim réttindum og skyldum sem slíkri býlastofnun fylgja.

Ákvæði frv. um félagsbú eru í ýmsu nýsmíði, en í öðru er fylgt gildandi lagareglum. Reynslan hefur sýnt að þörf var skýrari lagareglna um þetta búskaparform. Þó er í frv. áfram fylgt þeirri stefnu að setja ekki í lög ákvæði um innri málefni félagsins eða ákvarða félagsþátttakendum tiltekið félagsform, heldur er það verkefni aðila félagsbúsins að semja um slík atriði í félagssamningi sem skal að lágmarki innihalda ákvæði um tiltekin málefni.

Í mörgum tilvikum er stofnað til félagsbúskapar í

tengslum við ættliðaskipti á jörðum og mega því reglur um form félagsbúa og heimildir skv. reglum um framleiðslustjórn ekki standa í vegi fyrir eðlilegri endurnýjun bændastéttarinnar. M. a. til að auðvelda þessi ættliðaskipti og ábúendum á leigujörðum að stofna til félagsbúskapar er í þessu frv. lagt til að aðilar félagsbúsins og landeigandi geti samið um tiltekin frávik frá reglum ábúðarlaga nr. 63/1976 um mannvirkjagerð og kaupskyldu landeigenda.

Vitað er að félagsbú þau sem nú þegar hafa verið stofnuð starfa á grundvelli mjög mismunandi samninga og í mörgum tilvikum hafa aldrei verið gerðir formlegir félagsbússamningar. Brýn nauðsyn er vegna þeirra réttinda sem samþykkt á félagsbúi veitir og þá ekki síður vegna framleiðslustjórnar í landbúnaði að fyrir hendi sé skrá yfir samþykkt félagsbú og samningar um þau kveði á um tiltekin lágmarksatriði. Hér er því lagt til að félagsbú, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laganna, verði að senda landbrn. fyrir 1. jan. 1985 félagsbússamning er fjalli að lágmarki um þau atriði sem tekin eru fram í þessu frv.

Skv. frv. er lagt til að landbrn. taki við því verkefni Landnáms ríkisins að láta árlega gera jarðaskrá fyrir allt landið, en jarðaskrá er ætlað að veita upplýsingar um hvaða býli falli undir skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 á hugtakinu jörð eða lögbýli. Rn. er þó heimilað með reglugerð að fela öðrum aðila að annast gerð jarðaskrár í umboði rn. Er þetta ekki síst gert þar sem vitað er að sambærilegra upplýsinga og birtar eru í jarðaskrá er nú aflað af nokkrum aðilum, og má þar nefna Fasteignamat ríkisins, Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Í samræmi við þáltill. sem samþykkt var á síðasta Alþingi skipaði landbrn. nefnd sem vinnur að samræmingu á upplýsingaöflun og tölvuvinnslu upplýsinga í landbúnaði. Þar sem tillögur nefndarinnar liggja ekki fyrir er ekki ástæða til að leiða í lög ákvæði sem binda hendur rn. í þessu máli.

Í 12. gr. frv. er ákvæði laga um heimild til að veita ábúendum ríkisjarða leyfi til að taka lán með veði í ábúðarjörð sinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörð. Það er til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á reglum um ábúðarform ríkisjarða. Með frv. er lagt til að ýmis gömul lagaákvæði sem ekki hafa lengur þýðingu en standa þó enn í lögum verði felld niður. Er þetta áfangi í þeirri lagahreinsun sem oft hefur verið minnt á bæði hér á Alþingi og víðar.

Skv. frv. er gert ráð fyrir að það taki gildi 1. júní 1984. Áður en þessar breytingar koma til framkvæmda er nauðsynlegt að tími gefist til nokkurs undirbúnings varðandi tilflutning verkefna milli stofnana og breytingar varðandi starfsmenn. Því er æskilegt að meðferð málsins hér á Alþingi gangi eins greitt og kostur er þó að vitanlega muni nefndir þær sem fá það til meðferðar skoða það ítarlega og þær ábendingar sem kunna að verða gerðar um þau atriði sem lagt er til að breytt verði skv. frv.

Ég fjölyrði ekki frekar um innihald þessa frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frv. 226. mál (þskj. 398). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Stjfrv. það til l. um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sem hér er lagt fyrir hv. Ed. á þskj. 398, fjallar um birtingarháttu staðbundinna gjaldskráa. Það er meginregla að birtar skulu í B-deild Stjórnartíðinda reglugerðir, auglýsingar og samþykktir, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðh., svo og annað efni sem frá rn. kemur og almenna þýðingu hefur. Tilgangurinn með lagabreytingu þeirri sem hér er lögð til er að gera nokkra breytingu á birtingarháttum staðbundinna gjaldskráa sem ráðh. staðfestir. Slíkar gjaldskrár eru einkum gjaldskrár rafveitna, hafna og hitaveitna. Gjaldskrár þessar eru samdar af viðkomandi stofnunum en til að hljóta endanlegt gildi þurfa þær að fá staðfestingu viðkomandi ráðh. og síðan birtingu í B-deild Stjórnartíðinda eins og aðrar reglur sem ráðh. setur.

Á undanförnum árum hefur gjaldskrám þessum verið breytt fjórum sinnum á ári og hafa þær tekið mjög mikið rými í Stjórnartíðindum. Einnig hefur þeim stofnunum fjölgað mikið sem slíkar gjaldskrár setja. Þannig eru t. d. birtar í Stjórnartíðindahefti því er út kom 23. febr. s. l. gjaldskrár 55 hafna á 66 bls. Af efni B-deildarinnar 1981 voru 34% vegna gjaldskráa eða 517 bls. og 1982 var þetta efni 24% af heildarefni Stjórnartíðinda eða 560 síður af 2280.

Hér er lagt til að það teljist nægjanleg birting á þessum gjaldskrám að auglýst sé í B-deildinni hvenær gjaldskráin hefur verið gefin út eða staðfest og hvar hún liggi frammi almenningi til sýnis. Gjaldskrár þær, sem hafa gildi fyrir landið allt, verði áfram birtar í heild.

Telja verður að allverulegur sparnaður felist í þessari breytingu. Prentunarkostnaður Stjórnartíðinda er á þessu ári áætlaður verða um 4 millj. kr. og miðað við að 24% af efninu falli niður verði sparnaður í prentunarkostnaði um 960 þús. kr. Við undirbúning frv. þessa var leitað álits þeirra aðila, sem breyting þessi snertir helst, þ. e. Sambands ísl. sveitarfélaga, Sambands ísl. rafveitna og Hafnasambands sveitarfélaga, svo og nokkurra ráðuneyta. Umsagnir verða sendar nefnd þeirri sem fær frv. til meðferðar hér í hv. deild.

Önnur breyting á útgáfu B-deildarinnar hefur þegar verið gerð. Hafin er útgáfa á vegum iðnrn. á ritinu Vörumerkja- og einkaleyfatíðindi. Þar eru birtar tilkynningar um vörumerki og einkaleyfi sem hingað til hafa verið birtar í Lögbirtingablaðinu og síðan í lok hvers árs í B-deild Stjórnartíðinda. Þótt þessi breyting hafi ekki verulegan beinan sparnað í för með sér fyrir ríkið léttir hún verulega á B-deildinni því að þetta efni tók 170 síður í Stjórnartíðindum 1982. Þessi breyting og sú sem hér er lögð til skv. þessu frv. ætti þannig að geta minnkað B-deildina um allt að 700 síður.

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 188. mál (þskj. 335). — 1. umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt Salome Þorkelsdóttur, Eiði Guðnasyni, Tómasi Árnasyni, Skúla Alexanderssyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Stefáni Benediktssyni að leggja fram frv. um breytingu á lögum nr. 55 frá 1981.

Frv. er ekki viðamikið. Þar segir svo í 1. gr.: „2. mgr. 6. gr. falli niður.“ En þessi grein er svohljóðandi í núgildandi lögum:

„Eigi skal þó refsa fyrir brot gegn 3. gr. fyrr en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga, sem hófst í sept. 1980.“

Lagt er til að þessi grein falli niður.

Í maímánuði 1981 voru samþykkt lög þess efnis að hver sá sem situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skuli nota það við akstur á vegum. Við lokaafgreiðslu laganna var ákveðið að eigi skyldi refsa fyrir brot gegn þeim fyrr en þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga, sem hófst í sept. 1980, lyki. Á þeirri stundu ætluðu menn að endurskoðunin væri vel á veg komin þannig að um skammtímaráðstöfum væri að ræða varðandi refsiákvæði laganna. Nú, tæpum þremur árum seinna, er endurskoðuninni ekki lokið og því hefur raunverulegur vilji meiri hl. þáv. alþm. í þessu máli enn ekki komið til framkvæmda.

Skv. sérstakri skýrslu, sem tekin var saman á vegum Umferðarráðs um banaslys í umferðinni á árinu 1972 til ársloka 1983, kemur fram að á þessum 12 árum hafa 165 ökumenn og farþegar í bifreiðum beðið bana. Í skýrslunni er það mat lagt á umrædd slys að notkun öryggisbelta hefði að líkindum getað forðað 104 þessara manna frá dauða. Þar af eru 15 frá 1. okt. 1981 fram til ársloka 1983, þ. e. eftir að lög um skyldunotkun öryggisbelta tóku gildi. Það má og hafa í huga, að ljóst er að notkun bílbelta hefur forðað fjölmörgum frá limlestingum og því sem því fylgir. Á þessu sést að hér er um stórt mál að ræða sem í bókstaflegri merkingu gæti skilið á milli lífs og dauða og því brýnt að nú þegar verði vanræksla á notkun öryggisbelta látin varða viðurlögum.

Fullreynt má nú teljast að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að ná beltanotkun upp meira en orðið er. En skv. síðustu talningu lögreglu og Umferðarráðs var notkun hér á landi um 27% hjá ökumönnum og 28% meðal farþega í framsætum. Er þessi reynsla fullkomlega í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum löndum, t. d. í Noregi, þar sem lagaákvæði án refsingar giltu um nokkurra ára skeið án þess að viðunandi árangur næðist. Í Sviss voru lög um skyldunotkun árið 1976 numin úr gildi í árslok 1977 en öðluðust gildi á ný árið 1981. Kom fram greinileg sveifla á þessum árum þar sem beint samhengi reyndist milli lítillar notkunar öryggisbelta og fjölgunar látinna í umferðarslysum.

Þann 31. jan. s. l. var rétt ár liðið frá því að sett voru lög um skyldunotkun öryggisbelta í Bretlandi. Á þessu fyrsta ári fækkaði banaslysum farþega í framsætum úr rúmlega 2200 á ári í um 1500 eða um þriðjung. Auk mannslífa er talið að öryggisbeltin hafi forðað milli 5 og 7 þús. manns frá alvarlegum meiðslum. Andlitsmeiðslum hefur t. d. fækkað þar í sumum sjúkrahúsum um 70%, höfuðmeiðslum fækkað verulega og augnmeiðsli vegna bílslysa hafa nær horfið á mörgum sjúkrahúsum. Nú munu um 90% breskra bílstjóra og framsætisfarþega nota beltin enda sekt 2500 kr. ef út af er brugðið. Ef framsætisfarþegi hefur ökuréttindi og gerist brotlegur við lögin greiðir hann sektina sjálfur. Annars verður bílstjórinn að greiða fyrir hann. Margir áhrifamiklir aðilar í Bretlandi lögðust á sínum tíma gegn lagasetningu um skyldunotkun öryggisbelta. Þeirra á meðal var Félag breskra bíleigenda sem mælti með notkun án lögþvingunar. Í ljósi þeirrar reynslu, sem nú hefur fengist, hefur félagið nú snúið við blaðinu og styður lögin.

Allt kemur þetta heim og saman við þá skoðun fjölmargra aðila hér á landi, þ. á m. Umferðarráðs, að lögum um skyldunotkun verður að fylgja refsiákvæði eins og umferðarlaganefnd lagði til árið 1981. Enda munu vandfundin lög sem dómsvaldinu er ekki ætlað að beita viðurlögum gegn ef út af er brugðið. Á sama hátt má ætla að undansláttur í framkvæmd einnar lagagreinar leiði til vanvirðingar manna á öðrum lögum.

Ég legg til að að lokinni umr. verði frv. vísað til 2. umr. og allshn. og treysti því að alþm. hv. deildar ljái þessu máli atfylgi sitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 54. fundur.

Mánudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í skriflegu svari fjmrh. við fsp. minni um fylgirit með ríkisreikningi á þskj. 215 sem útbýtt var á hv. Alþingi í síðustu viku koma fram upplýsingar sem ég tel brýna nauðsyn bera til að fá fram hjá hæstv. fjmrh. skýringu á og afstöðu hans til þeirra efnisatriða sem þar koma fram. Vil ég þakka hæstv. forseta þessarar deildar fyrir að leyfa mér að bera fram þessar spurningar til hæstv. fjmrh. hér utan dagskrár og hæstv. fjmrh. fyrir að fallast á að svara mínum spurningum. Ég hafði óskað eftir að fá svör við þeim strax þegar þetta fylgirit var lagt fram en af því gat ekki orðið af ýmsum ástæðum fyrr en nú.

Í fyrsta lagi kemur fram í þessu skriflega svari að fjöldi þeirra sem nutu fastrar yfirvinnu eða svokallaðrar ómældrar yfirvinnu hjá ríkinu á árinu 1982 voru 1312 manns, þar af 1113 karlar og 199 konur. Sú upphæð sem greidd var í fasta yfirvinnu á því ári var 32 466 þús. kr. Af þeirri upphæð fengu karlar 92% eða 29 814 þús. kr. en konur aðeins um 8% eða 2652 þús. kr.

Í öðru lagi kemur hér fram varðandi greiðslur fyrir starfsmannabíla, að 3611 manns fengu greiðslur fyrir starfsmannabíla, þar af 3116 karlar og 495 konur. Sú upphæð sem ríkið greiddi fyrir þessa starfsmannabíla á árinu 1982 var 50 805 þús. kr. Þar af fengu karlar 48 018 þús. kr. eða 94.5% af upphæðinni en konur aðeins 2787 þús. eða 5.5% af upphæðinni.

Greiðslur fyrir fasta yfirvinnu í grunnskólum á árinu

1982 námu 2824 þús. kr. Þar af fengu 163 karlar 2579 þús. kr. eða tæp 92% af upphæðinni en 27 konur fengu 245 þús. kr. eða um 8% af upphæðinni.

Nokkuð áberandi virðist einnig að miklu hærri upphæðir renna til þeirra karla sem fá fasta yfirvinnu og greiðslur fyrir starfsmannabíla en til kvenna sem njóta þessara greiðslna. Ef tekið er meðaltal af greiðslum fyrir starfsmannabíla er meðaltal hjá körlum 15 410 kr. á meðan meðaltal hjá konum er 5630 kr. Meðaltal til karla fyrir fasta yfirvinnu eða ómælda yfirvinnu er 26 787 kr. meðan meðaltalið til kvenna er 13 326 kr. Svo gífurlegur munur sem hér um ræðir, bæði að því er varðar hve miklu fleiri karlmenn njóta þessara greiðslna svo og að upphæðir sem til þeirra renna eru miklu meiri að meðaltali en til kvenna, hlýtur að vekja spurningar sem nauðsynlegt er að fá svör við.

Nú skyldi maður ætla að hluta skýringanna á þessum mikla mun mætti rekja til þess að svo fáar konur störfuðu hjá ríkinu, en því er ekki að heilsa. Að vísu hefur mér ekki tekist að fá upp hjá launadeild fjmrn. hve margar konur og hve margir karlmenn störfuðu hjá ríkinu á árinu 1982. En skv. upplýsingum sem ég hef frá BSRB voru opinberir starfsmenn sem störfuðu hjá ríkinu í árslok 1982 11 767, þar af 7144 konur og 4623 karlar. Ríkisstarfsmenn innan BHM eru 2663, þar af 672 konur. Samanlagt voru því ríkisstarfsmenn hjá þessum tveim heildarsamtökum launafólks 7816 konur og 6614 karlar á árinu 1982.

Af framansögðu má sjá að ekki er skýringa að leita í því að svo fáar konur vinni hjá ríkinu heldur virðast þær þvert á móti vera miklu fleiri. Nú skal ég ekki draga í efa að í mörgum tilfellum gæti verið um eðlilegar greiðslur að ræða fyrir fasta yfirvinnu og afnot af starfsmannabílum. En sá mikli munur, sem á þessum greiðslum er milli kynjanna, kallar á skýringu. Þó hluti skýringanna felist í því að karlmenn hjá ríkinu séu frekar í ábyrgðarstöðum en konur og vinna þeirra útheimti frekar afnot af starfsmannabílum eða að sú skýring sé fram borin á greiðslum fyrir ómælda yfirvinnu að hún renni til yfirmanna hjá ríkinu sem frekar eru karlar þá gefur auga leið að sú skýring er langt frá því að vera fullnægjandi.

Því hefur oft verið haldið fram að í stöðuheitum, bílastyrkjum og ómældri yfirvinnu hjá ríkinu sé falið launamisrétti kynjanna og að til að mynda bílastyrkir og ómæld yfirvinna renni miklu frekar til karla en kvenna hjá ríkinu. Þetta yfirlit sem lagt hefur verið fram á hv. Alþingi staðfestir ótvírætt að karlmenn njóta þessara greiðslna í miklu ríkari mæli en konur. Spurningin er: Hvers vegna? Er hugsanlegt að í þessum mikla mismun felist launamisrétti kynjanna, brot á jafnréttislöggjöfinni, sem Alþingi hefur sett, eða er skýringa að leita annars staðar?

Þó að það sé ekki algilt er þó talið að mjög oft felist í þessum greiðslum og kjaraþáttum sem ég hef hér nefnt eiginleg launauppbót. Í raun sé þetta sú leið sem farin sé hjá hinu opinbera til að halda starfsfólki og að mæta því launaskriði sem er á almenna vinnumarkaðnum sem felst í yfirborgunum.

Sú skýring kom m. a. fram í útvarpi fyrir helgi hjá Indriða Þorlákssyni deildarstjóra í launadeild fjmrn. að hluta skýringa á fastri yfirvinnu mætti rekja til þess að gerðir væru svokallaðir starfsmannasamningar um yfirvinnu sem unnin væri alltaf að fullu og nefndi hann Áburðarverksmiðjuna sem dæmi. Í fylgiriti með ríkisreikningi fyrir árið 1982 kemur fram að föst yfirvinna hjá Áburðarverksmiðjunni hafi verið 1101 þús. kr. en önnur yfirvinna 9808 þús. kr. Skýring sem gefin er í fylgiritinu er sú að til fastrar yfirvinnu teljist greiðslur fyrir umsamda yfirvinnu sem eigi sé sérstaklega tímamæld. Skv. þessari skilgreiningu er undir hælinn lagt hvenær eða hvort yfirvinnan er unnin þar sem hún er ekki tímamæld. Því er það einkennilegt ef starfsmannasamningar um yfirvinnu, sem unnin er, eru flokkaðir undir skilgreiningu um ómælda fasta yfirvinnu en ekki önnur yfirvinna, sem felur í sér eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu, og sú önnur yfirvinna sem ekki er föst.

Í gildi eru lög sem samþykkt voru fyrir 30 árum síðan um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í 6. gr. þeirra laga segir m. a., með leyfi forseta:

„Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf."

Nú er fyrsta spurning mín til hæstv. fjmrh. þessi: Telur ráðh. að þessi gífurlegi mismunur, sem kemur fram í þessum kjaraþáttum, þ. e. ómældri yfirvinnu og bílastyrkjum, sé eðlilegur eða telur ráðh. að þessar upplýsingar kalli á sérstaka athugun af hálfu fjmrn. með hliðsjón af því að líkur séu á að 30 ára gömul lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins séu brotin og lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1976, sem fela í sér að óheimilt sé atvinnurekanda að mismuna starfsfólki eftir kynferði að því er varðar veitingu hvers konar hlunninda eða greiðslu launa fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að hann sem fjmrh. geti ekki horft upp á að tveir menn vinni hlið við hlið sömu störf á mismunandi kjörum. Það misrétti beri að leiðrétta. Þeir eigi að bera úr býtum sömu laun fyrir sömu vinnu. Ég fagna þessu viðhorfi ráðh., að slíkt misrétti beri að leiðrétta. Ég vænti þess einnig að hæstv. fjmrh. sé einnig þeirrar skoðunar að ef í ljós kemur að konum og körlum sem vinna hlið við hlið sömu störf hjá ríkinu sé mismunað, karlmenn njóti betri kjara, t. d. í formi launauppbótar, beri skilyrðislaust að leiðrétta slíkt misræmi og samræma kjörin hjá körlum og konum hjá ríkinu sem vinna sömu störf.

Því er önnur spurning mín til hæstv. fjmrh. hvort hann telji ekki, með hliðsjón af þeirri skýrslu, sem lögð hefur verið fram hér á hv. Alþingi, að nauðsynlegt sé að fara ofan í saumana á þessu máli og þá hvort hæstv. fjmrh. sé tilbúinn að beita sér fyrir því að samræmd verði kjör hjá konum og körlum sem vinna hlið við hlið sömu störfin hjá ríkinu ef í ljós kemur að karlar beri meira úr býtum með launauppbótum sem felast í bílastyrkjum og ómældri yfirvinnu.

Ég tel, herra forseti, brýnt að fá svör við þessum spurningum. Konur í stéttarfélögum, stjórnmálaflokkum og kvennasamtökum hafa tekið höndum saman um að leita leiða til úrbóta til að uppræta launamisrétti kynjanna. Komið hefur fram hjá konum sem vinna hjá ríkinu að þær telji að launamisrétti kynjanna hjá hinu opinbera felist ekki síst í þeim liðum sem hér eru til umr. en erfitt hefur verið að fá það staðfest. Ég tel ótvírætt að þær upplýsingar sem nú hafa komið fram á hv. Alþingi, kalli á skjóta athugun af hálfu fjmrh. Það hlýtur að vera krafa Alþingis, sem sett hefur þau lög sem ég hér hef vitnað til, að ef í ljós kemur að hér sé um

launauppbót að ræða sem feli í sér launamisrétti kynjanna sé það skylda framkvæmdavaldsins að sjá svo til að hið opinbera virði sett lög í landinu og að samræmd verði kjör kvenna og karla á þann veg að bæði kynin njóti sambærilegra kjara fyrir sömu störf, hvort sem um er að ræða kjör í formi beinna launagreiðslna eða launauppbótar í formi hlunninda.

Þriðja spurning mín til hæstv. fjmrh. snertir lög nr. 31 frá 30. apríl 1982, sem kveða á um fylgirit með ríkisreikningi þar sem fram komi m. a. upplýsingar um bifreiða-, risnu- og ferðakostnað stofnana á vegum ríkisins og rn. svo og launagreiðslur þessara stofnana. Þegar fylgirit með ríkisreikningi var birt á hv. Alþingi fyrir áramót kom fram í skýringum í fylgiritinu að nokkrir aðilar hefðu ekki skilað ársreikningum til birtingar í ríkisreikningi og fjórir aðilar sem neituðu að láta í té upplýsingar í fylgiritið, en það voru Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Brunabótafélag Íslands og Síldarútvegsnefnd. Því var það að ég lagði fram í þessari skriflegu fsp. einnig þá spurningu til hæstv. fjmrh. hvort þessar stofnanir væru undanþegnar þeirri upplýsingaskyldu sem kveðið er á um í lögum nr. 31/1982 um breytingu á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Ég tel, herra forseti, að það svar sem kemur fram hjá fjmrh. við fsp. minni, sem einnig er á þskj. 215, sé alls ófullnægjandi. Í svarinu kemur einungis fram að fjórir aðilar, þ. e. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands ásamt veiðistjóra, telji að þeir falli ekki undir ákvæði laga um stofnanir og fyrirtæki ríkisins og í samræmi við þá afstöðu skiluðu þeir ekki upplýsingum í fylgiritið. Hliðstæða afstöðu hafði einnig Síldarútvegsnefnd og Brunabótafélag Íslands. Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða hafa skilað ársreikningi en ekki þessum sérstöku upplýsingum í fylgiritið sem kveðið er á um í lögum nr. 31/1982. Í þeirri fsp., sem ég lagði fyrir ráðh. fyrir áramótin og nú hefur verið svarað, bið ég um afstöðu hæstv. fjmrh. til þess hvort þessar stofnanir séu undanþegnar þeirri upplýsingaskyldu sem kveðið er á um í þessum lögum, en ekki skoðun stofnananna sjálfra eða forsvarsmanna þeirra á því hvort þeir telji sig þurfa að lúta lögum sem Alþingi setur.

Í svarinu kemur einnig fram afstaða stofnananna eða forsvarsmanna þeirra en ekki afstaða hæstv. fjmrh., sem um var beðið í þessari fsp. Ég tel því nauðsynlegt að beina þessari fsp. hér og nú til hæstv. fjmrh. en hún er hvort og þá á hvaða forsendum þessir aðilar væru undanþegnir þeirri upplýsingaskyldu sem lög nr. 31/1982 kveða á um.

Til glöggvunar, herra forseti, vil ég draga þessar fjórar spurningar mínar saman:

1. Telur fjmrh. að sá gífurlegi mismunur, sem fram kemur í ómældri yfirvinnu og bílastyrkjum milli kynja, sé eðlilegur þegar 92—95% af þeirri fjárhæð, sem greidd er í þessa liði, renna til karla en aðeins 5—8% til kvenna?

2. Telur hæstv. fjmrh. að þessar upplýsingar kalli á sérstaka athugun af hálfu fjmrn. með hliðsjón af því að líkur séu á að 30 ára gömul lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins séu brotin, svo og lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 sem fela í sér að óheimilt sé atvinnurekanda að mismuna starfsfólki eftir kynferði að því er varðar veitingu hvers konar hlunninda?

3. Er ráðh. tilbúinn að beita sér fyrir að samræmd verði kjör hjá konum og körlum, sem vinna hlið við hlið, ef í ljós kemur að karlar beri meira úr býtum fyrir sömu eða sambærileg störf með launauppbótum sem felast í bílastyrkjum og ómældri yfirvinnu?

4. Eru þeir aðilar, sem ekki hafa gefið upplýsingar sem lög nr. 31/1982 kveða á um, undanþegnir upplýsingaskyldu, og ef svo er, á hvaða forsendum?

Ég vænti þess, herra forseti, að hæstv. fjmrh. gefi skýr og greinargóð svör við þeim spurningum sem hér hafa verið fram bornar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég skal reyna að leitast við að svara hv. 2. landsk. þm., en 1. spurning var: Telur fjmrh. að sá gífurlegi mismunur sem fram kemur á ómældri yfirvinnu og bílastyrkjum milli kynja hjá ríkisstofnunum sé eðlilegur þegar milli 92 og 95% af þeirri upphæð sem greidd er í þessa liði rennur til karla en aðeins 5—8% til kvenna?

Á þessari stundu get ég ekki sagt hvort um eðlilegan eða óeðlilegan mun er að ræða á ómældri yfirvinnu og bílastyrkjum milli kynja hjá ríkisstofnunum, en ef í ljós kemur í þeirri könnun sem er í gangi í framhaldi af fyrri spurningum hv. þm. að verulegur munur er þar á þarf það athugunar við. Ég mun beita mér fyrir því að niðurstaða liggi fyrir mjög fljótlega og vona ég að hv. þm. láti sér nægja að fá skrifleg svör frá mér.

2. spurningin hljóðar svo: Telur fjmrh. að þessar upplýsingar kalli á sérstaka athugun af hálfu fjmrn. með hliðsjón af því að líkur séu á að 30 ára gömul lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins séu brotin svo og lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1976, sem fela í sér að óheimilt sé atvinnurekanda að mismuna starfsfólki eftir kynferði að því er varðar veitingu hvers konar hlunninda?

Ég verð auðvitað sem fjmrh. að halda þeirri könnun áfram sem ég gat um áðan og taka inn í þá könnun það sem felst í 2. spurningunni um hvort lögin um jafnrétti kvenna og karla á þessu sviði séu brotin. Það segir sig sjálft að það væri langt gengið ef ríkið gengi á undan með að brjóta sín eigin lög. Ég get ekki svarað þessu öðruvísi en að Alþingi hefur samið lög og þau lög eru til að fara eftir og ég tel að ríkið eigi að gefa þar fordæmi sem öðrum verður til fyrirmyndar.

En 3. spurningin er þannig: Er fjmrh. tilbúinn að beita sér fyrir að samræmd verði kjör hjá körlum og konum sem vinna hlið við hlið ef í ljós kemur að karlmenn beri meira úr býtum fyrir sömu eða sambærileg störf með launauppbótum sem felast í bílastyrkjum og ómældri yfirvinnu?

Ég hef eiginlega ekkert annað en sama svarið við þessari spurningu. Þetta er í athugun í rn. og ég mun svara því skriflega ásamt tveimur fyrri spurningunum. En ég segi það sem mína skoðun — og hún hefur komið fram á Alþingi áður — að sé um sambærileg störf og sambærilega menntun karla og kvenna að ræða tel ég sjálfsagt að jafna þar á milli. Um launauppbætur o. fl. veit ég ekki nógu mikið á þessu stigi til að geta svarað spurningunni eins skýrt og virðulegur þm. óskaði eftir að ég mundi gera, en ég mun svara þessum spurningum innan tíðar. Þetta er í vinnslu í launadeild fjmrn. og virðulegur þm. mun fá skrifleg svör eins fljótt og ég ræð við.

Í fjórða lagi er spurt: Eru þeir aðilar sem ekki hafa

gefið upplýsingar eins og lög nr. 31 frá 1982 kveða á um undanþegnir upplýsingaskyldu og ef svo er á hvaða forsendum? Síðan var spurt: Hvað hyggst ráðh. gera vegna undandráttar stofnana við að svara fsp. frá Alþingi?

Þar er mitt svar: Eins og fram kom í skriflegu svari mínu við fsp. hv. fyrirspyrjanda voru það níu stofnanir sem ekki skiluðu ríkisbókhaldi umbeðnum upplýsingum. Að frátöldum Skálholtsskóla er alfarið um stofnanir að ræða sem ekki geta talist ríkisstofnanir í venjulegum skilningi þessa orðs. Annars vegar er um að ræða stofnanir sem ríkissjóður er ekki beinn eignaraðili að, oft eins konar sjálfseignarstofnanir. Meðal þeirra má nefna Fiskifélag Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Brunabótafélag Íslands, Síldarútvegsnefnd og Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Hins vegar er um að ræða sameignarfélög eða fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs, eins og Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun. Eftirtaldar þessara stofnana fá fjárveitingu á fjárlögum ár hvert: Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Aflatryggingasjóður. Hinar stofnanirnar, sem allar eru í B-hluta fjárlaga eða ríkisreiknings, fá hins vegar ekki bein framlög úr ríkissjóði.

Núgildandi ákvæði um gerð ríkisreiknings eru að stofni til frá 1966. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hefur lögum um ýmsar stofnanir verið breytt, nýjar stofnanir orðið til og starfshættir annarra breyst. Meðal annars af þessum ástæðum gætir nú nokkurs ósamræmis um hverjar af þessum stofnunum eru teknar með í ríkissjóðsuppgjörum. Ríkir raunar nokkur vafi á hvaða aðilar falli undir almenn ákvæði laga um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Endurspeglast þessi vafi í afstöðu margra þeirra stofnana sem neitað hafa að gefa upplýsingar sem nauðsynlegar voru til að gefa svör við fsp. hv. fyrirspyrjanda. Hef ég ákveðið að fela ríkisreikningsnefnd, sem starfar skv. 70. gr. laga um ríkisbókhald o. fl., að athuga þessi mál og er fastlega að vænta að afstaða um þessi mál verði tekin fyrir gerð næstu fjárlaga. Mun ég biðja ríkisreikningsnefnd að athuga hvaða stofnanir, sjóðir og fyrirtæki skuli falla undir samræmda bókhaldsmeðferð ríkisins skv. lögum nr. 52 frá 1966. Jafnframt mun ég fela nefndinni að gera tillögur um með hvaða hætti Alþingi verði best gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra fyrirtækja og félaga sem falla undir A- og B-hluta ríkissjóðs, en hér er um að ræða félög sem þiggja fjárstyrk úr ríkissjóði eða ríkissjóður er eignaraðili að.

Um það sérstaka atriði er þessi fsp. lýtur að vil ég taka fram að ég hef þegar gefið umbeðnar upplýsingar að því marki sem unnt er á grundvelli ríkisreiknings. Að sjálfsögðu er það eðlileg krafa að Alþingi séu veittar hliðstæðar upplýsingar um aðrar stofnanir sem fá rekstrarfé sitt úr ríkissjóði eða stofnanir sem lúta yfirstjórn ráðh. skv. lögum. Slík upplýsingagjöf er hins vegar ekki á mínu færi á grundvelli upplýsinga úr ríkisbókhaldi miðað við þá framkvæmd sem ríkt hefur á undanförnum árum. Tel ég því rétt að beina fsp. varðandi þessar stofnanir til þess ráðh. sem þær heyra undir.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi svarað nægjanlega fsp. fyrirspyrjanda að öðru leyti en því að það sem á vantar kemur skriflega eins fljótt og auðið er.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Hér stóð í sporum mínum í þessum stól s. l. fimmtudag hæstv. fjmrh. og hann sagði: Auðvitað á ekki að líða misrétti. Þar er ég honum innilega sammála. Og ég get ekki látið hjá líða að benda hæstv. fjmrh. á það, að nú gefst einmitt gott tækifæri fyrir hann til að gera sitt til að leiðrétta það langvinna og óþolandi misrétti sem konur hafa þurft að þola, þar sem þær vinna sambærileg störf við hlið karla. Allt frá því að konur fóru að selja vinnu sína hafa þær borið minna úr býtum en karlar og það bæði fyrir sömu vinnu og líka fyrir jafnverðmæt störf.

Það sem hefur einkennt vinnukjör kvenna almennt er hve bágborin þau hafa verið og hve mikið öryggisleysi þær hafa mátt búa við á vinnumarkaði. Þó að kjör margra karla hafi verið og séu enn slæm hafa þó kjör kvenna ævinlega verið sýnu verri. Það eru margar blöskrunarsögurnar sem segja mætti af vinnukjörum kvenna hér áður fyrr, og ekki bara við heföbundin kvennastörf, heldur við erfiðisvinnu eins og fiskburð á baki sínu eða á börum, en karlar lyftu á þær byrðunum og fengu allt að helmingi hærra kaup fyrir.

Alla tíð hefur svo atvinnuöryggi kvenna verið ótryggt og þær gjarnan notaðar sem varavinnuafl eða sveiflujafnarar, eins og ein ágæt kona komst að orði. Þær hafa verið laðaðar út á vinnumarkaðinn til að taka af verkefnakúfinn en síðan sendar heim jafnharðan og verkefni þraut og þá án nokkurs tillits til þeirra eigin þarfa eða óska. Vinnumarkaðurinn og þjóðfélagið hefur fyrst og fremst hugað að og tryggt atvinnuöryggi hinnar heföbundnu fyrirvinnu fjölskyldunnar, en skilningur og skilgreining þjóðfélagsins er enn að í því hlutverki sitji heimilisfaðirinn einn. Vinnumarkaðurinn og markaðslögmálin taka ekki tillit til fjölskylduábyrgðar og þess að starfsævi kvenna er sveiflukennd vegna fæðingar og uppeldis næstu kynslóðar. Enn þann dag í dag hangir þjóðfélagsskilningurinn í staðlaðri skilgreiningu á fyrirvinnuhlutverkinu og virðist ekki hafa áttað sig á því — eða neitar að viðurkenna — að konur leita ekki út á vinnumarkað einungis til að hjálpa til á annatímum eða þá til að drepa tímann frá einangrun sinni inni á heimilunum. Nei, hæstv. fjmrh., fósturlandsins Freyja er fyrir löngu orðin fyrirvinna, ýmist af því að hún á ekki annarra kosta völ eða þá að hún kýs sér það hlutverk. Henni finnst það sjálfsögð mannréttindi að vinna og geta með vinnu sinni séð sér farborða. Og þó að hún hafi e. t. v. ekki lesið stefnuskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem Íslendingar hafa samþykkt, er ekki ólíklegt að hún sé sammála því markmiði hennar að allir menn hafi, án tillits til kynþáttar, trúar eða kynferðis, rétt til að vinna að efnahagslegri velsæld sinni og andlegum þroska, frjálsir á mannsæmandi hátt, við efnahagslegt öryggi og jafnréttisaðstöðu.

Í nýlegu hefti af Hagtíðindum kom fram að sjötta hvert heimili á landinu, þar sem börn eru nú að alast upp, hefur aðeins eitt foreldri sem fyrirvinnu. Það eru um 6 254 heimili einstæðra foreldra. Þar af eru 393 einstæðir feður. Meginhluti þessara heimila er því á framfæri einstæðra mæðra. En þjóðfélagið skirrist við að laga sig að staðreyndum. Það virðist ekki enn hafa tekið tillit til þess að í mörgum tilfellum duga ein dagvinnulaun ekki til að framfleyta fjölskyldu. Og það virðist hreint ekki vilja vita af því að áttunda hvert barn, sem á að erfa þetta land, er á framfæri einstæðs foreldris og í langflestum tilvikum einstæðrar móður.

Og reyndin er sú, að fullur vinnudagur einnar konu nægir ekki til framfærslu.

Það var athyglisvert að fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands hélt því fram á fundi um daginn að baráttan stæði ekki lengur um brauðið sem betur fer. Ekki veit ég í hvaða hólfi þjóðfélagsins hann býr. En eitt er víst: að hjá mörgum stendur baráttan einmitt um brauðið þessa dagana. Það eru margar konur sem eiga ekki fyrir strætisvagni til að fara til vinnu. En það gerir kannske lítið til fyrir sumar því að það er búið að segja þeim upp vinnunni. Það er staðreynd að konur eru langstærstur hluti þeirra sem vinna ófaglærð láglaunastörf eða um 72%. Í þessum störfum eru um 28% karlar. Allt að 80% giftra kvenna vinna utan heimilis, en aðeins tæp 5% þeirra fá meðallaun.

Nýjustu skýrslur frá áætlanadeild Framkvæmdastofnunar fyrir árið 1982 sýna okkur að almenn atvinnuþátttaka kvenna er svipuð og áður. Skýrslurnar sýna einnig að vinna kvenna í hlutastörfum er algengari en karla og meðallaun karla eru enn tæpum 52% hærri en kvenna. Þessar tölur hafa lítið sem ekkert breyst frá þeim tölum sem gefnar voru upp fyrir árið 1981 og sýna enn hina vanburða stöðu kvenna á vinnumarkaðinum. Hæstu meðallaun kvenna eru hjá 25—44 ára ógiftum konum og samsvara meðallaunum 15—19 ára og 65—69 ára ókvæntra karla eða 70—74 ára kvæntra karla. Hvergi er svo tekið tillit til þess, að konur vinna síðan langmestan hluta þeirra starfa sem sinna daglegum þörfum og velferð þjóðfélagsþegnanna inni á heimilunum. Gildir þá einu hvort þær vinna jafnframt utan heimilis eða ekki.

Atvinnuöryggi kvenna er enn ótryggt eins og áður. Það sjáum við best á því, hverjum er fyrst sagt upp nú þegar samdráttur verður í atvinnulífinu. Það eru blessaðir sveiflujafnararnir. Og þetta er svo sem enginn sérislenskur raunveruleiki. Í skýrslu sem gerð var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birt 1980 er greint að konur eru um helmingur jarðarbúa og kemur það engum á óvart. Enn fremur að þótt konur séu ⅓ hluti þeirra sem hafa á höndum launuð störf vinna þær í reynd ⅔ hluta allra vinnustunda sem unnar eru í heiminum. Samt fá þær ekki nema 1/10 hluta af þeim launum sem greidd eru og þær eiga minna en 1% af eignum jarðarinnar.

Nei, ég tel engan vafa á því, að störf kvenna á vinnumarkaðinum eru vanmetin. En hvers eigum við að gjalda? Er hægt að ætla að við höfum valið okkur það hlutskipti sjálfar að vera ekki matvinnungar þrátt fyrir allt þetta vinnuframlag? Er það okkar sjálfviljug ákvörðun að gefa vinnu okkar og skipa fyrst og fremst ófaglærða láglaunahópa án forræðis eða áhrifa til að breyta og bæta kjör okkar, án möguleika til yfirvinnu eða yfirborgana til að drýgja tekjur okkar? Nei, það er líklegra að það séu einhverjir aðrir sem taka þessar ákvarðanir. En konur taka síðan afleiðingunum. Það er líklegt að þeir sem þarna vega og meta störfin þekki þau ekki af eigin raun og á eigin kroppi. En hinni fögru Vanadís dugar ekki eitt saman til viðurværis lof og prís og ekki lætur hún lengur bjóða sér það sem úti frýs.

Oft hafa konur risið upp til að rétta hlut sinn og alltaf til góðs, ekki einungis fyrir þær sjálfar, heldur hefur þjóðfélagsheildin jafnframt hagnast af aukinni þátttöku og réttindum kvenna. Nú eru aftur upprisutímar og konur vilja ekki lengur vera meðsekar um áhrifaleysi sitt. Ótrúlegt langlundargeð þeirra er þrotið og þær vilja bæta kjör sín og leita þess eðlilega réttar, sem þeim ber, til að ráða meiru um lífsferil sinn og val og jafnframt að hafa meiri áhrif til að móta það þjóðfélag sem þær búa í.

Ég vil biðja þm. alla og einkum hæstv. fjmrh. að hlusta nú eftir kalli tímans. Vil ég í því sambandi benda honum á þá skýrslu sem frá honum barst sem svar við fsp. Jóhönnu Sigurðardóttur um fylgirit með ríkisreikningi. Og ég vil jafnframt þakka hv. alþm. Jóhönnu Sigurðardóttur að biðja um þessa skýrslu og hefja þessa umr. í dag. Þar stendur svart á hvítu hið æpandi misrétti í launakjörum karla og kvenna sem vinna sambærileg störf hlið við hlið. Föst yfirvinna og fríðindi, eins og starfsmannabílar, eru skoðuð fyrst og fremst sem launauppbót á almennum vinnumarkaði. Ég ætla ekki að ítreka þær tölur sem þar komu fram. En ég vil benda ráðh. á þau hlutföll sem þar ríkja og ég vil spyrja hvort það veki ekki forvitni hæstv. ráðh. hvers vegna þessi hlutföll skuli vera þannig. Fær hann ekki löngun til að athuga frekar og bæta úr þessu misrétti sem svo augljóslega blasir við?

Ég vil brýna hæstv. fjmrh. og ég hvet hann til að beita sér í þessu máli og sýna því bæði skilning og velvild og segi að lokum: Hæstv. fjmrh., nú skal róa, því nú er lag.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég þakka Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hefja þessa umr. og fyrir alla hennar baráttu í mörg ár fyrir jöfnum rétti kvenna og karla. Skilningur minn og aðdáun á þeirri baráttu hefur vaxið mjög síðan ég fór sjálf að taka þátt í henni og sjá og reyna við hvað er að fást. Mig undrar skilningsleysi og viljaleysi og máttvana aðgerðir þeirra sem mestu ráða í þessu þjóðfélagi.

Fimmtudaginn 23. febrúar s. l. fóru fram í Sþ. umræður utan dagskrár um nýgerða samninga Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins og þann þátt sem ríkisstj. átti í þeim. Við það tækifæri lét ég í ljós álit okkar á Kvennalista og lét m. a. í ljós vonbrigði okkar vegna þess að í samkomulaginu er ekki að sjá neina viðleitni til að taka sérstaklega á kjörum kvenna. Þeirri staðhæfingu minni mótmælti reyndar Karl Steinar Guðnason og kallaði bull. Hann sagði m. a. svo, með leyfi forseta, og ég vona að það sé ekki ókurteisi að vitna í orð hans þó að Karl Steinar sé ekki viðstaddur hérna. Hann sagði:

„Það fór fram kjarakönnun fyrir nokkru. Þessi kjarakönnun sýndi að það var einkum kvenfólk sem var á lægstu töxtunum. Menn skyldu fara yfir samningana og lesa þá. Þá sjá þeir að þetta fólk fær sérstakar bætur. Ef eitthvað hefur verið gert hefur það verið gert á þann veg að það verða fleiri konur en karlar sem njóta þess. Því hefur meira að segja verið haldið hér fram að kauptaxtar væru misjafnir, eftir því hvort það eru konur eða karlar sem vinna á þeim. Það er ekki rétt. Menn verða að finna þeim fullyrðingum sínum stað."

Ég sagði reyndar ekki að kauptaxtar væru misjafnir. Ég nefndi hins vegar niðurstöðutölur úr ýmsum könnunum sem sanna ótrúlega mikinn mun á tímakaupi kvenna og karla við sambærileg störf. Þetta eru staðreyndir úr margvíslegum könnunum hvað sem öllum launatöxtum líður.

Mig langar til að vitna áfram í orð mín í þessari umr. með leyfi forseta. Ég sagði: „Hvað kemur á daginn

þegar samningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja liggja fyrir? Getum við vænst þess að þar ríki meiri skilningur og vilji til úrbóta? Íslenska ríkið er stærsti vinnuveitandi landsins og ber sinn hluta af sökinni á því hvernig ástandið er. Því ber að sýna gott fordæmi. Ríkisstj. gæti sannarlega lagt sitt af mörkum og séð til þess að jafnréttislögunum væri framfylgt í hvívetna. Hún gæti líka séð til þess að hin hefðbundnu kvennastörf yrðu endurmetin. Hugsanleg leið og að mínu mati ákjósanleg er einfaldlega að hækka alla starfshópa þar sem konur eru fjölmennastar um tvo launaflokka. Ríkisstj. ætti auðvitað að koma til móts við kröfur kvenna um betri aðstæður, t. d. að því er varðar umönnun barna og endurmenntun.

Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja forsrh. og fjmrh. um afstöðu þeirra til þessara mála. Hver er afstaða ríkisstj. til þess augljósa misréttis sem konur búa nú við á vinnumarkaðinum? Hefur ríkisstj. fjallað um málin með tilliti til þeirrar miklu umr. sem á sér stað úti í þjóðfélaginu?"

Svör hæstv. ráðh. við þessum spurningum mínum, sem ég ítrekaði reyndar í lok ræðu minnar, ollu mér miklum vonbrigðum. Fjmrh. virti mig ekki einu sinni svars, svaraði bara alls engu. Sá var nú áhugi hans þá á þessu augljósa misrétti. Það virðist ekki alveg sama hver í hlut á. En batnandi manni er best að lifa. S. l. fimmtudag stóð hann hér í ræðustól og sagði með miklum þunga: Misrétti getur enginn alþm. stutt. Slíkar yfirlýsingar svo hátt setts manns úr þessum stóli hljóta að vekja vonir og fyrirheit um betri tíð. Vonandi þurfa konur ekki að gjalda þess að hann hefur ekki staðið í þeirra sporum eins og Dagsbrúnarmannanna.

Forsrh. var svo vinsamlegur að svara mér við þetta tækifæri. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hvort ríkisstj. hefði fjallað um jafnræði með konum og körlum. Já, ríkisstj. hefur gert það og m. a. samþykkt að hæstv. félmrh. flytji frv. um jafna stöðu karla og kvenna. Það mun mjög fljótlega verða lagt fram á Alþingi. Ef ég man rétt, þá hygg ég að það sé í 4. gr. þess frv. sem enn er undirstrikað að konur skuli fá sömu greiðslu fyrir sambærilega vinnu."

Áður hafði komið fram hér á Alþingi að von væri á þessu frv. og væri óskandi að það færi að líta dagsins ljós. En ég vil benda á að langt er síðan sett voru lög um launajöfnuð kvenna og karla, eða 23 ár og má augljóst vera að eitthvað annað og meira verður að koma til.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þeir starfshópar þar sem konur eru fjölmennastar, eru undantekningarlaust láglaunahópar. Margir vilja segja að konur geti sjálfum sér um kennt og í því er nokkurt sannleikskorn. Konur eru óduglegar að berjast fyrir réttindum sínum og eiga ákaflega erfitt með að krefjast launahækkana fyrir sig. Ástæður þessa eru ýmsar, en fyrst og fremst aðstöðuleysi kvenna til kjarabaráttu. Annir þeirra við heimilishald og ábyrgð á heimili og fjölskyldu valda því að þær eiga ekki tíma né orku afgangs til að berjast fyrir bættum kjörum á vinnustað. Önnur ástæða og ekki veigaminni er hin eðlislæga og/eða innrætta fórnarlund sem hindrar þær í að leita sjálfar réttar síns. Hver þekkir ekki goðsögnina um konuna, sem vann í hljóði sín störf í annarra þágu og krafðist einskis sér til handa, setti annarra hag ofar sínum eigin? Hver kannast ekki við slík ummæli í minningargreinum og bókmenntum?

Nei, það er hverju orði sannara að konur eiga erfitt með að berjast fyrir kjörum sínum. Það sést m. a. af því, að þeir starfshópar þar sem konur eru fjölmennastar eru undantekningarlaust láglaunastéttir. Svo rammt kveður að því að karlar eru farnir að óttast innrás kvenna í starfsstéttir þar sem þeir hafa verið allsráðandi, vegna þess að þar með hljóti kjör stéttar þeirra að versna. Er nú ekki eitthvað meira en lítið að þegar svo er komið? Og hvað er til ráða? Jú, auðvitað verða konur að standa saman um að leita leiða til úrbóta. Og það hafa þær gert. Konur hafa unnið mikið saman á undanförnum árum þvert á alla flokkapólitík, rætt málin og kynnt fyrir öðrum, kannað ástand og unnið úr þeim könnunum niðurstöður sem sýna ástandið svart á hvítu. Ástandið er óþolandi og því verður að breyta. Fyrsta skrefið er náttúrlega viðurkenning staðreynda, sem ötullega hefur verið unnið að undanfarna mánuði að draga fram í dagsljósið, nú síðast með skýrslunni sem er til umr. hér í dag. Ég vil benda sérstaklega á niðurstöðutölur í þeirri skýrslu hvað varðar grunnskólana, þar sem konur eru sannarlega í talsverðum meiri hluta.

Ýmsar útskýringar hafa heyrst á þeim mun sem þarna er sýnilegur í tölum. Einkum vilja menn skýra hann með því að konur séu einfaldlega ekki í þeim stöðum sem þessi hlunnindi tengjast. Auðvitað ekki. Auðvitað eru konur fáar í þeim stöðum. Og það stafar af nákvæmlega sömu ástæðum og ég nefndi áðan, aðstöðuleysi. Við verðum að fara að gera eitthvað í þessum málum. Konur hafa flykkst út á atvinnumarkaðinn s. l. áratugi, nauðugar, viljugar. Þjóðfélagið hefur kallað á þær, aðstæður hafa ýtt þeim út á vinnumarkaðinn. En stjórnvöld hafa ekki staðið sig sem skyldi að bæta aðstæður þeirra. Og því miður virðist enn langt í land. Í því sambandi hlýt ég að minna á þá útreið sem dagvistunarmál barna fengu við afgreiðslu fjárlaga þessa árs. En ég hlýt að fagna þessari umr. hér í dag og vona að hún leiði til umbóta eða a. m. k. umhugsunar.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum forseta um að stytta mjög mál mitt þó að hér sé um að ræða mikilvægt mál sem ástæða væri til að ræða mjög ítarlega, eins og fyrri ræðumenn hafa gert í þessari umr.

Ég kveð mér aðallega hljóðs í fyrsta lagi til að þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hefja þessa umr. og fyrir að hafa óskað eftir þeim upplýsingum sem fram hafa komið frá hæstv. fjmrh. í þessu efni. Ég kveð mér í annan stað hljóðs til að vekja athygli á því, að þó að nokkrar stofnanir hafi neitað að gefa tilteknar upplýsingar er ekki þar með sagt að menn eigi að láta þar staðar numið. Ég held að óhjákvæmilegt sé að Alþingi beini fsp. til viðkomandi fagráðherra í þessu efni, þ. e. þeirra ráðh. sem hafa með að gera þær stofnanir sem neita að gefa upplýsingar. Í þessum efnum dettur mér í hug stofnun eins og Landsvirkjun, sem sjálfsagt er að óska eftir við hæstv. iðnrh. að hann gefi hér upplýsingar um, og hið sama á við um aðrar stofnanir. Ég held að nauðsynlegt sé að bera fram fsp. til viðkomandi fagráðh. um þeirra stofnanir því að það á enginn að geta skotið sér undan því að gefa upplýsingar í þessu efni. Það á að vera algjörlega útilokað að slíkt

gerist og ég held að það sé nauðsynlegt að þingið fylgi eftir því verki sem hafið er með fsp. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Í annan stað vil ég minna á að að undanförnu hefur mikið verið rætt um kaup og kjör, m. a. í ræðu hv. 7. landsk. þm. Kristínar Halldórsdóttur, í tengslum við þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir að þeir kjarasamningar snerta stöðu kvenna á vinnumarkaðnum alveg sérstaklega, sérstaklega þær konur sem starfa í útflutningsgreinum og eru í rauninni sá hópur vinnandi fólks í þeim greinum sem fjölmennastur er. Ég held að nauðsynlegt sé að læra það af reynslu liðinna mánaða að gott er að halda ráðstefnur og gott er að halda fundi og gott er að gera ályktanir, en mestu skiptir bersýnilega að fólk láti til sín taka þegar ákvarðanir eru teknar um launin, þ. e. í kjarasamningunum sjálfum. Mér finnst að í þeim kjarasamningum sem nú hafa verið gerðir hafi ekki verið tillit tekið til þeirrar stöðu kvenna sem hér er um að ræða í landinu og ekki hafi verið hlustað á þá baráttu sem fram hefur farið á þeirra vegum á undanförnum mánuðum. Ég held því að óhjákvæmilegt sé að af reynslu liðinna mánaða verði dreginn ákveðinn lærdómur, sem sé sá, að konur beiti því afli á vinnumarkaðnum sem þær hafa og geta haft. Ég held að þær eigi ekki og megi ekki láta lítillækka sig með þeim hætti sem gerist þegar ekkert tillit er tekið til þeirra sjónarmiða nema með almennum vendingum, almennum orðum, almennri undirtekt undir þau sjónarmið sem fram koma, en það er ekkert aðhafst nema síður sé þegar úrslitum er ráðið um þessi mál, t. d. við gerð kjarasamnninga. Ég tel að þetta sé mjög alvarlegt og skipti mjög miklu máli fyrir þá viðtæku kvennahreyfingu sem hefur verið í gangi á undanförnum mánuðum.

Loks, herra forseti, til að lengja þessa umr. ekki frekar, þá skildi ég hæstv. fjmrh. svo, að hann tæki vel í þau almennu jöfnunarsjónarmið sem fram komu í máli hv. fyrirspyrjanda. Þessa vegna fyndist mér eðlilegt í beinu framhaldi af því að fara þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann tryggi Alþingi upplýsingar um hvernig gengur að framkvæma þau jöfnunarsjónarmið sem hann lofaðist til að framkvæma í ráðuneyti sínu. Væri eðlilegt að upplýsingar um þetta kæmu reglulega inn í fjvn. og þeir hv. þm. sem þar sitja gangi eftir þeim upplýsingum frá fjmrh. jafnharðan og verkinu miðar fram hjá honum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel þessa umr. mjög þarfa og hún skiptist kannske í þrjú höfuðatriði.

Það fyrsta varðar upplýsingaskyldu. Hér hefur því verið haldið fram að fyrirtæki sem ríkið á aðild að, eins og t. d. Orkubú Vestfjarða, geti með réttu neitað að koma upplýsingum til Alþingis sem um er beðið. Ég vil vekja á því athygli að fjmrh. skipar einn af stjórnarmönnum þess fyrirtækis. Hann er starfsmaður rn. í stjórn fyrirtækisins. Ég fæ ekki séð með hvaða rétti slíkir aðilar neita að veita Alþingi upplýsingar. Mér er óskiljanlegt á hvaða stall þau fyrirtæki eru að setja sig sem slíka afstöðu taka. Það sama gildir að sjálfsögðu um Landsvirkjun. Er það ekki að hengja sig í formsatriðum ef menn ætla að fara að halda því fram að af því að það er fjmrh. sem er spurður þurfi þau ekki að svara, en ef það væri iðnrh. sem væri spurður bæri þeim skylda til að svara? Mér er óskiljanlegt hvernig það fær staðist að undirfyrirtæki, sem ekki væru til án afskipta Alþingis, taka sér með vissum hroka það vald að neita að koma á framfæri upplýsingum sem hljóta að liggja fyrir í bókhaldi þeirra. Ég tel að með lagasetningu eigi að taka á þessu í eitt skipti fyrir öll þannig að það fari ekki milli mála að ef þm. óskar eftir upplýsingum, eins og hér hefur verið óskað eftir, beri þessum fyrirtækjum að svara undanbragðalaust.

Annað atriði, sem hér hefur verið rætt og er ekki ókunnugt heldur, fjallar um svokallað launaskrið. Það er vitað að á hinum frjálsa vinnumarkaði hefur viðgengist allmikið launaskrið í gegnum árin, þ. e. fyrst er samið um ákveðna kjarasamninga og svo fara menn og ræða við sinn atvinnurekanda og ná sérsamningum fyrir sig sem einstakling. Á hinum almenna vinnumarkaði hygg ég að launaskriðið, í það minnsta í hinum smærri fyrirtækjum, nái til velflestra starfa. Ég hygg að það geti bæði náð til starfa hjá hinum almenna verslunarmanni í búð, hjá sjómanni og hjá verkamanni. Þó er þetta e. t. v. mismikið, en ég hygg að það nái samt til flestra starfa. En það sem vekur athygli manns þegar kemur að launaskriði hjá ríkinu er það, að ef við viljum ganga út frá því sem staðreynd að ómæld yfirvinna sé raunverulega greiðsla fyrir vinnu sem ekki er unnin, heldur fyrst og fremst launauppbót — nú er kannske ekki svo í öllum tilfellum að verið sé að greiða fyrir vinnu sem ekki er unnin, en í mjög mörgum tilfellum hygg ég að það sé, — þá vekur það fyrst athygli að þessar greiðslur renna í fyrsta lagi trúlega aðallega til þeirra sem eru í efstu launastigunum hjá ríkinu og í annan stað er þeim þannig fyrir komið undir flestum kringumstæðum að þær verða skattfrjálsar. Ég hygg að með þessu sé farið út á ákaflega hættulega braut. Í annan stað er verið að semja sig framhjá sköttum í þjóðfélaginu. Í hinn stað lætur ríkið beygja sig á þann veg að gera óraunhæfa kjarasamninga við sitt fólk, sé borið saman við þau laun sem aðrir hafa náð oft á hinum frjálsa vinnumarkaði, þegar farið er út í að semja við einstaklinga eða vissa hópa undir borðið. Það hlýtur að vera mikið veikleikamerki hjá ríkisvaldinu ef það þarf að standa þannig að málum.

Þriðja atriðið, sem hér hefur verið drepið á og tvímælalaust hlýtur að bera að ræða út frá þeim fullyrðingum sem hér eru settar fram og ég hygg að séu réttar, er að sumar stéttir eru hreinlega farnar að gjalda þess að þær eru kvennastéttir. Hvort svo sé komið að stéttarfélög reyni hreinlega að koma í veg fyrir að konur starfi í þeim stéttum veit ég ekki, en ég hygg t. d. að staðreynd sé að grunnskólakennarar í þessu landi séu verr launaðir en þeir væru ef það væri ekki jafnmikið af konum í störfum í stéttinni. Sé það aftur á móti staðreynd að stéttir séu hreinlega farnar að reyna að koma í veg fyrir að konur komist inn í þær er það miklu alvarlegra mál. Ég hef ekki neitt í höndunum sem staðfestir að svo sé og get ekki nefnt dæmi um það, en ég óttast aftur á móti að þegar störf stétta eru metin hafi það umtalsverð áhrif á launaflokka hversu stór hópur innan stéttarinnar er konur.

Ég vil vekja athygli á að við flytjum inn í landið allmikið af vinnuafli. Það eru hér um bil eingöngu konur. Ef í þau störf sem þyrfti að fjölga mönnum í vantaði karlmenn er mikil spurning hvort þeir mundu líða það að flutt væri inn vinnuafl, því að með þeirri aðgerð að flytja vinnuaflið inn er vissulega verið að

raska því hlutfalli sem framboð og eftirspurn veldur í samningum um laun. Það er ekkert vafaatriði að laun í fiskvinnslu á Íslandi væru hærri ef ekki væri leyft að flytja inn erlent vinnuafl.

Ég ætla ekki að þreyta þingheim með löngu tali um þetta mál, en ég fagna því að þessi umr. hefur orðið og ég vænti þess að fjmrh. haldi áfram að athuga það myrkviði sem íslenskir kjarasamningar eru með það fyrir augum að þar gæti meira jafnréttis.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég fagna þeim umr. sem hafa orðið um þetta mál og þær góðu undirtektir sem það hefur fengið, að nauðsynlegt sé að jafna þarna á milli í kjörum kvenna og karla. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör. Varðandi upplýsingaskyldu stofnana fagna ég því auðvitað að þessi mál eru í athugun og að ríkisreikningsnefnd hafi verið falið það verkefni að samræma reikningsskil stofnana, þó að ég hefði nú vænst þess að afdráttarlausari svör kæmu fram hjá hæstv. fjmrh. um það, að þessum stofnunum bæri skylda til að veita Alþingi hinar umbeðnu upplýsingar. Það er auðvitað óeðlilegt og alvarlegt mál að stofnanir eins og t. d. Landsvirkjun, sem ríkið er stór eignaraðili að, gefi ekki upplýsingar sem lög um ríkisbókhald kveða á um. En eins og ég segi, þessi mál eru í athugun og vonandi stendur það til bóta að þessar stofnanir gefi þær upplýsingar sem ég tel að lögin kveði mjög afdráttarlaust og skýrt á um að þeim beri skylda til að gefa Alþingi.

Varðandi hina liðina, sem ég beindi til ráðh., þá fagna ég því sem fram kom hjá hæstv. ráðh. að hann ætli að láta kanna þessi mál til hlítar. Og ég fagna að sjálfsögðu þeim ummælum hans að hann telji það langt gengið ef ríkið sé að brjóta lög í þessu efni. Það kom mjög afdráttarlaust fram hjá hæstv. ráðh. að hann telji sjálfsagt að jafna þarna á milli ef í ljós komi að um mismun er að ræða. Ég tel að í þessum orðum hafi komið fram ótvíræður vilji hæstv. ráðh. og skilningur á því að jafna þennan mun, ef í ljós kemur að um launamisrétti kynjanna sé að ræða. Hæstv. ráðh. upplýsti að hann mundi þegar í stað láta hefja þessa könnun og athugun og leggja sína niðurstöðu fyrir Alþingi og ég vænti þess, eins og ég sagði í mínum upphafsorðum hér áðan, að komi í ljós misrétti þá muni hæstv. fjmrh. telja fullt eins mikla nauðsyn á að leiðrétta þarna á milli, ef um er að ræða sömu eða sambærileg störf hjá konum og körlum, sem vinna hjá ríkinu, ef þau njóta ekki sömu kjara, eins og hann telur sjálfsagt og eðlilegt, og ég tek undir það, að leiðrétta misræmi sem er í kjörum verkamanna hjá ríkinu. Ég ítreka þakklæti mitt til hæstv. fjmrh. og tel að þær upplýsingar sem fram hafa komið gefi e. t. v. og vonandi vísbendingu um það að einhver skriður komist á þessi mál hjá framkvæmdavaldinu, að stjórnvöld ætli nú að gera eitthvað í þessu máli, að taka á því, svo að ekki ríki hér í landinu launamisrétti kynjanna eins og allar kannanir sem hafa komið fram á undanförnum mánuðum gefa ótvírætt í skyn. Það gengur auðvitað ekki lengur, og ég heyri að hæstv. ráðh. tekur undir það með mér, að ríkið skuli mismuna körlum og konum í sínu starfi. Þess vegna fagna ég svörum ráðh.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem hafa komið fram og þetta þarfa frumkvæði að ganga fram í að afla þeirra. Það er þá komin ein könnunin enn, sem leiðir þetta sama í ljós, að það er verulegur munur á kjörum karla og kvenna í landinu. Þetta kemur fram í hverri könnuninni á fætur annarri. Þetta kemur fram á hverri ráðstefnunni á fætur annarri. Hvarvetna um land vitnar fólk um þetta sama en það gengur seint að ráða á því bót. Það þarf að halda þessu á lofti, eins oft og tækifæri gefast, vegna þess að dropinn holar steininn. Það þarf bæði til þess áróður og það þarf líka til þess átök. Það þarf að beita sér t. d. þegar færi gefast, eins og komið hefur hérna fram, við gerð kjarasamninga. En þetta er ekki bara spurning um að gera góða kjarasamninga. Þetta er líka spurning um að framfylgja þeim kjarasamningum sem gerðir eru. Ég þekki nefnilega af eigin raun dæmi um hvernig kjarasamningum er framfylgt.

Ég á kunningja sem var latur og leiður skólastrákur og ákvað að eiga einu sinni rólegan vetur í banka. Á öðrum degi bankaveru sinnar er hann kallaður fyrir starfsmannastjóra. Þar sest hann og það er farið að rekja úr honum garnirnar um það hvernig megi nú hækka hann svolítið í launum. Hann er spurður hvort hann hafi ekki einhverja verslunarreynslu. Jú, drenguinn taldi það vera, hann hafði verið sendill í búð bróður síns. Hvort hann hefði skrifstofureynslu. Hann taldi það nú geta verið, hann hafði lært bókhald í gagnfræðaskóla. Og tungumálahrafl, sem hann kunni í ensku, dönsku og þýsku, varð efni til þess að hækka um launaflokk. Þannig var leitað með logandi ljósi í gegnum lífshlaup þessa lata stráks og á endanum var hann orðinn þremur launaflokkum hærri en stelpurnar sem kenndu honum störfin í bankanum niðri í sal. Það kom svo greinilega í ljós að launin byggðust á líffærafræðilegum forsendum frekar öllu öðru og höfðu ekkert með reynslu eða menntun að gera.

Þetta sýnir okkur náttúrlega að það er eitt að gera samninga og annað að framfylgja þeim. Þarna held ég að áróður hljóti að þurfa til að koma, þegar um er að ræða mál eins og við höfum haft hér til umr. í dag, svona baktjalda- og undirborðsskot, að skaffa mönnum bílastyrk eða greiða mönnum kannske ótilgreindar upphæðir fyrir yfirvinnu. Þá fer náttúrlega kvenfólkið halloka í þessum efnum, vegna þess að það er ekki víst að starfsmannastjórarnir finni hjá sér sömu hvöt til að rekja úr þeim garnirnar og þeir finna þegar karlpeningurinn situr fyrir framan þá.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. 156. mál (þskj. 223). — 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar á þskj. 223. Flm. þessa frv. eru formenn Sjálfstfl., Framsfl., Alþb. og Alþfl. Það var fyrst birt sem fylgiskjal með frv. til stjórnskipunarlaga sem samþykkt var á síðasta þingi. Það er nú endurflutt í tengslum við frv. til staðfestingar á þeim stjórnskipunarlögum og frv. til l. um kosningar til Alþingis, sem einnig er á dagskrá þessa fundar hér í dag.

Efni þessa frv. er í beinum tengslum við frv. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Það gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því að þrátt fyrir þær breytingar sem gert er ráð fyrir að verði samkvæmt frv. um breytingu á

lögum um kosningar til Alþingis að því er varðar það atriði hvernig finna eigi hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, þá skuli óbreytt skipan haldast að því er varðar kosningar í sveitarstjórnir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að sama regla gildi varðandi möguleika kjósenda á að hafa áhrif á það hvernig listum er breytt, bæði að því er varðar kosningar til Alþingis og til sveitarstjórna. Hér er því einungis um að ræða samræmingaratriði við frv. það sem hér liggur fyrir varðandi kosningar til Alþingis. Frv. er þannig í beinum tengslum við það frv. og er eðlilegt að efnisleg umr. fari fram um það efni og hefur orðið samkomulag um það milli þingflokka að svo verði. Ég ætla því ekki á þessu stigi að hafa fleiri orð um efni frv. en legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til þeirrar sérstöku nefndar sem lagt hefur verið til að kosin verði í þessari deild til að fjalla um frv. til breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og frv. til staðfestingar á stjórnskipunarlögum.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það komu fram ákveðin tilmæli frá hv. l. þm. Suðurl. um að hv. þm. ræddu þetta frv., sem nú er til umr., efnislega með því máli sem er 5. mál á dagskránni, kosningar til Alþingis. Ég vil beina þeirri ósk til hv. þm. að verða við þeim tilmælum hv. frsm. þessa máls. Hins vegar hafði einn hv. þm., 1. þm. Vesturl., óskað eftir því að tala sérstaklega um þetta efni. En þar sem hann hefur fallið frá þeirri ósk er umr. um þetta mál lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 222). — Frh. 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. 1. flm. þessa frv., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, mælti fyrir frv. á einum af síðustu fundum Alþingis fyrir jólahlé. Málið er nú tekið fyrir að nýju. Mun ég fyrst og fremst lýsa viðhorfi Framsfl. til þess.

Eins og hv. þm. er að sjálfsögðu mjög vel kunnugt hefur síðustu ár verið vaxandi gagnrýni á einkum það misvægi atkvæða sem hefur smám saman þróast milli þéttbýlis og dreifbýlis með búsetuflutningum um landið. Þegar kosningalögin, þau sem nú gilda, voru sett 1959 var vægi atkvæða á milli þéttbýlis og dreifbýlis þannig: 1:3,22 á milli fámennasta kjördæmisins og Reykjavíkur, 1:1,83 á milli fámennasta kjördæmisins og Reykjaness og 1:1,65 á milli fámennasta kjördæmisins og Norðurl. e.

Árið 1979 hafði þetta vægi atkvæða breyst þannig að á milli fámennasta kjördæmisins og Reykjavíkur var vægi atkvæða orðið 1:3,67, en á milli fámennasta kjördæmisins og Reykjaness, 1:4,11 og 1:2,18 á milli fámennasta kjördæmisins og Norðurl. e. Um þessa röskun hefur verið fjallað í öllum stjórnmálaflokkum, m. a. í Framsfl., og allmargar samþykktir gerðar.

Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að rekja nokkrar þessar samþykktir. Í fyrsta lagi vil ég lesa samþykkt sem gerð var á miðstjórnarfundi flokksins 1980:

„Framsfl. telur tímabært að breyta kosningalögum og kjördæmaskipan með tilliti til þeirrar byggðaröskunar sem orðið hefur frá setningu laganna fyrir rúmum 20 árum. Hins vegar telur flokkurinn að ný kjördæmaskipan og endurskoðun á stjórnsýslukerfinu og starfsháttum Alþingis séu svo nátengd mál að þau þurfi að leysa öll í senn, þar sem gætt verði eðlilegra áhrifa hvers einstaklings sem og áhrifa hverrar byggðar og hverrar stjórnsýslueiningar á stjórnmálaákvarðanir. Stefnt verði að því að ljúka þeirri endurskoðun á kjörtímabilinu."

Árið 1981 gerði miðstjórn Framsfl. svohljóðandi samþykkt:

„Miðstjórn Framsfl. felur þingflokki og framkvæmdastjórn að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í því sambandi leggur miðstjórnin áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Miðstjórnin telur fjölgun kjördæma koma til greina, en þó verði í aðalatriðum haldið sömu kjördæmaskipan og verið hefur síðan 1959.

2. Vægi atkvæða verði leiðrétt með hliðsjón af því hlutfalli sem var þegar núverandi kjördæmaskipan var ákveðin. Þetta verði gert með fjölgun kjördæmiskjörinna þm. og breyttum reglum um úthlutun uppbótarþingsæta. Fjölgun þm. verði þó takmörkuð eins og frekast er unnt.

3. Kjördæmakjörnum þm. verði ekki fækkað í neinu kjördæmi miðað við núverandi kjördæmaskipan.

4. Kosningar verði gerðar persónubundnari en nú er.

5. Kosningarréttur miðist við 18 ára aldur."

Á flokksþingi Framsfl. sem haldið var í Reykjavík 13.—18. nóv. 1982 var einnig gerð svohljóðandi samþykkt:

„18. flokksþing framsóknarmanna, haldið í Reykjavík 13. — 18. nóv. 1982, felur þingflokki að vinna að því að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar ljúki sem allra fyrst. Þingið telur að almenn þjóðmálaumræða þurfi að eiga sér stað um nefndarálitið og að efna beri til sérstaks stjórnlagaþings, þar sem leitast verði við að ná þjóðarsáttum um stjórnskipan landsins.

Þingið varar við stjórnarskrárbreytingum um kjördæmamálið eitt, en vekur athygli á þeim breytingum sem hægt er að gera innan kosningalaganna. Í viðræðum um kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag verði lagt til grundvallar:

1. Vægi atkvæða verði sem næst því sem var fyrst eftir að núverandi kjördæmaskipan var komið á. Þetta verði fremur gert með breyttum reglum um úthlutun uppbótarþingsæta en fjölgun þm.

2. Kjördæmakjörnum þm. verði ekki fækkað í neinu kjördæmi miðað við það sem nú er.

3. Kosningarréttur miðist við 18 ára aldur.

4. Að kosning þm. verði persónubundnari en nú er."

Miðað við þessar samþykktir bæði miðstjórnar og flokksþings Framsfl. ákvað Framsfl. að taka þátt í þeirri umfjöllun sem verið hefur á síðustu tveimur árum um breytingu á kosningalögum og þá um leið viðeigandi breytingar á stjórnarskránni. Framsfl. hefur svo að sjálfsögðu einnig tekið þátt í störfum stjórnarskrárnefndar og þeirri heildarendurskoðun á stjórnarskránni sem þar fer fram. Um álit formanna stjórnarflokkanna, sem fram kom snemma á s. l. ári, var síðan fjallað á miðstjórnarfundi Framsfl. 13. febr. 1983. Það var þá tekið til ítarlegrar meðferðar, eins og það lá þá fyrir, og svohljóðandi samþykkt gerð með leyfi forseta:

„Miðstjórn Framsfl. veitir þingflokki og fram-

kvæmdastjórn umboð til þess að vinna áfram að samkomulagi um breytingar á stjórnarskrá og kosningalögum með áherslu á eftirtalin atriði:

1. Vægi atkvæða milli þéttbýlis og dreifbýlis verði svipað og 1959.
2. Fjölgun þm. verði sem minnst.
3. Kjördæmiskjörnir þm. verði sem flestir, t. d. 53 af 63.
4. Þm. verði hvergi fækkað.
5. Jöfnunarsætum í þéttbýli verði ráðstafað fyrst, t. d. 3 í Reykjavík, 2 í Reykjaneskjördæmi og einum í Norðurl. e.
6. Síðasta sætið í öðrum kjördæmum geti komið til greina til jöfnunar.

Auk þess leggi fulltrúar flokksins í viðræðum um kjördæmamálið áherslu á eftirtalin atriði:

1. Stefnt verði að því að kjósendur allra flokka í hverju kjördæmi hafi sem jafnastan atkvæðisrétt og möguleika á því að koma manni á þing."

Eins og ég sagði í upphafi míns máls var meginástæðan fyrir því að almenn umræða hófst um nauðsyn þess að breyta kosningalögum sú breyting sem orðið hefur á vægi atkvæða milli þéttbýlis og dreifbýlis frá því að núgildandi lög voru sett.

Í umr. um breytingu á kosningalögum var fyrst og fremst leitast við að lagfæra vægi atkvæða og færa til svipaðs horfs og var 1959. Hvernig hefur þetta tekist? Samkvæmt því frv. sem nú liggur fyrir hefði hlutfall á milli fámennasta kjördæmisins og Reykjavíkur orðið eftir breytinguna skv. nýju lögunum 1979 1:2,56 í staðinn fyrir 1:3,67 sem það var orðið skv. gildandi kerfi. Þannig er vægi atkvæða í Reykjavík aukið nokkuð umfram það sem það var 1959. Eins og ég gat um áðan var það þá 1:3,22. Með breytingunni yrði jafnframt vægi atkvæða milli fámennasta kjördæmisins og Reykjaneskjördæmis 1:2,18 í staðinn fyrir 1:4,11, en nær ekki alveg því sem var 1959, þ. e. 1:1,83. Segja má að þetta sé eðlilegt því að í mati á vægi atkvæða er tekið tillit til fjölmennis kjördæmanna og mjög hefur fjölgað í Reykjaneskjördæmi að tiltölu miðað við önnur kjördæmi landsins frá 1959.

Í Norðurl. e. er vægi atkvæða skv. frv. fært til 1:1,7 u. þ. b., en var orðið 1:2,18 og er því aðeins hærra en nálgast þó mjög það sem var 1959, en þá var það 1:1,65 eins og fyrr er getið.

Mér sýnist því að á viðunandi hátt sé orðið við þeirri kröfu að færa vægi atkvæða sem næst til þess sem var 1959. Í meðferð þessa máls kom jafnframt fram frá öðrum flokkum sú krafa að jafnað yrði betur á milli flokka en nú er gert með þeim uppbótarþingsætum sem til ráðstöfunar eru.

Í sambandi við vægi atkvæða vildi ég vekja athygli á því, að í frv. er ákveðin deilitala sem er þannig fundin að svipað hlutfall á að geta haldist í vægi atkvæða á milli kjördæma. Ég er eindreginn stuðningsmaður þessarar leiðar og er það m. a. vegna þess að ég vona að með slíku fyrirkomulagi takist að halda frið um það vægi atkvæða sem frv. gerir ráð fyrir á milli þéttbýlis og dreifbýlis og ég hef þegar lýst. Ég vil einnig geta þess að samkvæmt þeim útreikningum sem gerðir hafa verið verður fjöldi þm. í dreifbýli eða í þeim kjördæmum sem eru fyrir utan Reykjavík og Reykjaneskjördæmi ætíð meiri hluti þm., þ. e. 32 — 33 af 63. Vitanlega má einnig um þetta deila eins og fjölmargt annað í svo viðkvæmu máli, en ég tel fyrir mitt leyti ekki æskilegt að tvö kjördæmi eigi kost á því að fá meiri hluta þm. á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Með þessu er ég alls ekki að segja að þeir þm. sem kjörnir eru í þéttbýlinu hljóti að hafa sjónarmið sem eru andstæð dreifbýlinu eða hagsmunum dreifbýlisins. Hins vegar tel ég að meiri hluti úr tveimur kjördæmum kunni að vekja þá tortryggni og þá árekstra á milli dreifbýlis og þéttbýlis sem ekki er æskilegt að verði.

Framsfl. hefur út af fyrir sig ekki haft á móti því að aukið væri jafnvægi á milli flokka. Hins vegar hefur flokkurinn hvað eftir annað vakið athygli á því að ekki getur talist óeðlilegt að nokkurt misvægi sé á milli flokka, einkum og þá sérstaklega flokks sem hefur sitt fylgi fyrst og fremst í dreifbýlinu og flokks eða flokka sem eiga sitt fylgi fyrst og fremst í þéttbýlinu. Má segja að það liggi í þeirri niðurstöðu, sem fram kemur í frv., að enn verði þó vægi atkvæða nokkru meira í dreifbýlinu en í þéttbýlinu. Á það var þó fallist að leita eftir auknu jafnvægi á milli flokka.

Þetta er gert með því í fyrsta lagi að taka upp aðra reglu við úthlutun þingsæta en nú gildir. Nú er beitt svonefndri d'Hondt reglu við þessa úthlutun en hins vegar er ákveðið að fara yfir í það sem oft hefur verið kölluð meðaltalsregla. Þessu er lýst ítarlega á bls. 12 og 13 í grg. með frv. og sé ég ekki ástæðu til að lýsa því hér í smáatriðum. Þó vil ég vekja athygli á því, að samkv. þeirri reglu sem nú gildir verður hlutur þeirra flokka sem stærstir eru í kjördæmunum meiri en hlutfall atkvæða af íbúafjölda í viðkomandi kjördæmi, þ. e. það er vilhallt fyrir þá flokka sem stórir eru.

Með hinu nýja fyrirkomulagi er leitast við að nálgast það að þingmannafjöldi flokka verði sem næst í hlutfalli við hundraðshluta flokkanna í atkvæðum í viðkomandi kjördæmi. Nú er þetta að sjálfsögðu aldrei hægt. Þegar t. d. er um lítil kjördæmi að ræða með 5 þm. þá hefur hin nýja regla tilhneigingu til þess að stuðla að því að minni flokkar og flokksbrot fái þm. umfram það sem hlutfall viðkomandi flokks er í atkvæðamagni viðkomandi kjördæmis. Þetta er að mínu mati töluverður annmarki á þessari reglu og má lengi um það deila hvort sanngjarnara sé. Því er í frv. leitast við að ráða bót á þessu með því að setja ákveðin lágmarksákvæði fyrir því að litlir flokkar eða flokksbrot fái þm. kjörinn. Segir um það á 13. bls. í grg. með frv. svo, með leyfi forseta:

„Varðandi þau þingsæti, sem óháð eru jöfnunarákvæðum, er jafnframt sett það skilyrði, að þingsætahlutur sé ekki lægri en 0,8 eða framboðið, sem um er að ræða, hafi fengið a. m. k. 5% atkvæða á landsvísu. Enn fremur verði listi að hafa hlotið a. m. k. 7% gildra atkvæða í sínu kjördæmi til þess að koma til álita."

Með þessum ákvæðum er, eins og ég hef sagt, fyrst og fremst verið að reyna að lagfæra nokkuð þann meinbug sem ég hef nefnt á þessari reglu og sömuleiðis leitast við að stuðla að því að flokksbrotin verði ekki allt of mörg. Menn kunna að deila um það markmið. Ég vil hins vegar leggja áherslu á þá skoðun mína, að við Íslendingar þurfum að eiga í kosningalögum a. m. k. allgóða von um festu í stjórnkerfi landsins með því að stuðla ekki um of að fjölgun flokka.

Í frv. er gert ráð fyrir því að þm. verði fjölgað í 63. Rétt er að lagfæra hefði mátt vægi atkvæða á milli dreifbýlis og þéttbýlis með breytingum á gildandi kosningalögum, þ. e. án fjölgunar þm. Hins vegar

náðist ekki með því móti það jafnvægi milli flokka sem ýmsir lögðu mikla áherslu á við undirbúning þessa máls, og til að ná því var óhjákvæmilegt að fjölga þm. Þessi fjölgun þm. er þó í lágmarki og ég tel hana fullkomlega viðunandi.

Í samþykktum Framsfl. er einnig lögð áhersla á að kjördæmiskjörnir þm. verði sem flestir. Í frv. og í því frv. til l. um breytingu á stjórnarskrá sem nú liggur öðru sinni fyrir á Alþingi er gert ráð fyrir að 54 þm. verði bundnir ákveðnum kjördæmum, en 9 hins vegar óháðir kjördæmum og því uppbótarþingsæti svipuð og nú er um að ræða í kosningalögum. Ég fagna þessu. Ég tel ekki eðlilegt að unnt sé að breyta með kosningalögum skipan á þann veg að ráðið gæti jafnvel úrslitum um meiri hluta á Alþingi. Því tel ég æskilegt að eins mikill fjöldi þm. sé í stjórnarskrá bundinn kjördæmum og unnt er og tel að það sé gert með þessari skipan.

Ég gat þess að leitast er við að lagfæra vægi atkvæða, ekki aðeins á milli dreifbýlis og þéttbýlis, heldur einnig á milli flokka, eða jöfnuð á milli flokka. Það er í fyrsta lagi gert með svokallaðri meðaltalsreglu. Það er einnig gert með úthlutun þeirra 9 uppbótarsæta sem ég hef nú minnst á. En til viðbótar er gert ráð fyrir því að nokkrum sætum, öftustu sætum í Reykjavík og á Reykjanesi, megi ráðstafa í þessu skyni á milli flokka en þó innan viðkomandi kjördæmis, og sömuleiðis síðasta sæti í fámennari kjördæmum. Gert er þó ráð fyrir því að sætunum í fjölmennu kjördæmunum, þ. e. Reykjavík og Reykjanesi, verði úthlutað fyrst, en aðeins þeim sætum sem öftust eru í fámennu kjördæmunum ef ekki næst þannig jöfnuður á milli flokka.

Þetta hefur vissulega verið gagnrýnt nokkuð eins og fleira í svo viðkvæmum lagabálki. Og það er vitanlega óæskilegt að maður sem nær kjöri í kjördæmi skv. þeirri grundvallarreglu sem notuð er við úthlutun, það er í þessu frv. meðaltalsregla, skuli ekki eiga sitt sæti tryggt. Ég fyrir mitt leyti hef haft mína fyrirvara um þetta ákvæði.

En þess ber þó að gæta að skv. mjög ítarlegum tölvuútreikningum, sem gerðir hafa verið á þeim kosningum sem fram hafa farið allt frá 1959, kemur í ljós að sáralitlar líkur eru til þess að nota þurfi þessa heimild. Í langflestum tilfellum munu allir þm. í fámenniskjördæmum ákveðnir með hinni almennu úthlutunarreglu. Ég tel því, miðað við þá áherslu sem lögð er á að ná fullum jöfnuði á milli flokka og ég tel að sumu leyti á nokkrum misskilningi byggt, þessa ráðstöfun og þá ákvörðunarröð sem ég hef lýst viðunandi.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á það, sem hvað eftir annað kemur fram í samþykktum Framsfl., að samfara þessari breytingu á kosningalögum verður að leggja áherslu á almenna endurskoðun stjórnarskrárinnar og einnig reyndar á stjórnkerfinu, m. a. á skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Að endurskoðun stjórnarskrárinnar er nú unnið hjá stjórnarskrárnefnd og hefur verið um það rætt áður hér á Alþingi.

Frv. um breytingar á stjórnarskránni var lagt fram af fyrrv. forsrh. á síðasta þingi. Það frv. er nú til endurskoðunar og meðferðar hjá þingflokkunum. Ég legg áherslu á að þingflokkar hraði athugasemdum við það frv. þannig að stjórnarskrárnefnd fái skilað því til ríkisstj. Það mun þá flutt að sjálfsögðu. Ég vona að með þessu móti sé fullnægt þeirri kröfu, sem ekki aðeins framsóknarmenn heldur fjölmargir aðrir í öllum flokkum hafa lagt áherslu á, að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar fari fram um leið og kosningalögum er breytt.

Ég tek einnig undir þá áherslu sem á það er lögð að stjórnkerfisbreytingar verði ákveðnar. Ég vek athygli á því að nefnd, sem ríkisstj. skipaði í upphafi síns starfsferils til að endurskoða m. a. stjórnkerfið, hefur lagt fram ítarlegt frv. sem er nú til meðferðar, ekki aðeins hjá stjórnarflokkunum heldur einnig stjórnarandstöðu, og reyndar í almennri umræðu í landinu. Þar er um mjög viðkvæm mál að ræða sem þurfa ítarlega meðferð. Ég hef því ákveðið, eftir þær umr. sem fram hafa farið, að leggja það frv. ekki fyrir þetta þing. Ég tel að það þurfi ítarlegri umfjöllun en það hefur fengið nú, en geri fastlega ráð fyrir því að frv. um breytingu á stjórnarráðslögum verði lagt fyrir Alþingi að hausti.

Einnig er til meðferðar hjá ríkisstj. — ég verð að segja enn einu sinni — skipting verkefna á milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins. Það hefur reynst mörgum ríkisstjórnum erfitt mál, en því verður að ljúka og mun félmrh. leggja á það ríka áherslu. Þær mörgu till. og frv. reyndar sem fram hafa komið um það mál eru nú til meðferðar.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mikilvæga mál þótt um það mætti flytja langtum lengra mál, en leggja áherslu á að með því starfi sem unnið var á s. l. tveimur árum undir forustu formanna þeirra flokka sem þá áttu sæti á Alþingi var leitast við að ná samstöðu. Það tel ég mjög mikilvægt. Flokkar sem á Alþingi sitja hafa næg mál til að deila um og ágreining víða — ekki skal úr því dregið og það hlýtur að sjálfsögðu að koma fram — en það er ákaflega mikilvægt að samstaða náist þó á sem flestum sviðum. Eftir því ber að leita.

Ég mæli því eindregið með samþykkt þessa frv., ekki síst með tilliti til þeirrar breiðu samstöðu sem um það hefur náðst á milli stjórnmálaflokkanna.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Áður en ég kem að því frv. sem hér liggur fyrir og flutt er af formönnum fjögurra stjórnmálaflokka vil ég aðeins víkja að frv. til l. um breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar sem er á þskj. 223, en þar er gert ráð fyrir því að svokölluð d'Hondt-regla gildi áfram við úthlutun sæta í sveitarstjórnum. Þetta frv. var hluti af því samkomulagi sem gert var milli flokkanna fjögurra þegar málin voru til meðferðar á síðasta þingi og ber að líta á það sem slíkt, enda þótt farin sé önnur leið við úthlutun sæta í sveitarstjórnum en gert er ráð fyrir í frv. til stjórnskipunarlaga sem er að öðru leyti hér á dagskrá. Þetta vildi ég taka fram í fyrsta lagi.

Í öðru lagi vildi ég beina því til hæstv. forsrh. vegna endurskoðunar á lögum um stjórnarráð Íslands hvort ekki er skynsamlegt, miðað við allar aðstæður og það hvað hér er mikilvægt mál á ferðinni, að sett verði niður nefnd með fulltrúum allra flokka til að fara yfir það frv. eða þá að sú stjórnlaganefnd eða stjórnskipunarnefnd sem kosin verður í báðum deildum þingsins fái frv. um breyt. á lögum um stjórnarráð Íslands til sérstakrar meðferðar, að vísu ekki sem þingmál, vegna þess að málið verður ekki flutt eins og hæstv. forsrh. gat um áðan, heldur sem sjálfstætt úrlausnarefni sem ríkisstj. færi fram á við n. að fjallað yrði um. Mér þættu þetta

eðlileg vinnubrögð vegna þess að hér er auðvitað um mikilvægan hluta af stjórnskipuninni að ræða og þess vegna er eðlilegt að stjórnarskrárnefndir þingsins fjalli um þetta atriði líka.

Virðulegi forseti. Fyrir réttu ári eða 28. febr. 1983 mæltu formenn fjögurra stjórnmálaflokka fyrir frv. til laga um breytingu á stjórnarskránni sem gerir ráð fyrir að þm. verði 63 en ekki 60 talsins. Frv. það sem hér er flutt og er nú á dagskrá er til útfærslu á hinum nýju ákvæðum í stjórnarskrá lýðveldisins og er frv. í einu og öllu í samræmi við fskj. I sem fylgir frv. til stjórnskipunarlaga á síðasta þingi. Geir Hallgrímsson, þáv. formaður Sjálfstfl., mælti þá fyrstur formanna fyrir frv. þessu og sagði m. a. í ræðu sinni, með leyfi virðulegs forseta:

„Ágreiningur var um það milli flm. frv., hvort í því skyldi vera ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

„Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram þegar stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi og falla umboð þm. niður á kjördegi.“

Slíkt ákvæði hefur yfirleitt verið í stjórnarskrárfrv. um kjördæmaskipan hingað til. Framsóknarmenn beittu sér gegn því nú þar sem þeir vilja ekki skuldbinda sig til að ganga til annarra kosninga fljótt eftir fyrri kosningarnar, ef það heftir aðgerðir í efnahagsmálum. Á hinn bóginn má ekki síður halda því fram, að hæpið muni vera að raunhæfar efnahagsaðgerðir nái fram að ganga fyrr en eftir aðrar kosningar, sem unnt er að halda fyrir júlílok. Því er áskilinn réttur [þ. e. Sjálfstfl. í þessu tilfelli] til að gera till. um slíkt ákvæði til bráðabirgða, sem að ofan greinir.“ Af þessum orðum fyrrv. formanns Sjálfstfl. er ljóst að hann og flokkur hans töldu rétt að hið fyrsta yrði kosið eftir hinum nýju kosningalögum. Í annan stað er ljóst að hann taldi hæpið að raunhæfar efnahagsaðgerðir næðu fram að ganga fyrr en eftir að hin nýju lög hefðu tekið gildi, þannig að þingið endurspeglaði á annan hátt viðhorf og vilja þjóðarinnar. Og í þriðja lagi er ljóst að það var Framsfl. sem beitti í raun neitunarvaldi til að koma í veg fyrir að áðurgreint ákvæði yrði inni í stjórnarskrárfrv.

Því er og ljóst að hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson hefur samið um það við Framsfl. s. l. vor, 1983, að ekki kæmi til kosninga á nýjan leik eins fljótt og gert hafði verið ráð fyrir. Þess vegna tækju hin nýju kosningalög ekki gildi fyrr en í síðasta lagi 1987 og þá yrði byggt á forsendum frá 1979, átta ára gömlum, sem notaðar voru til grundvallar þeim útreikningum sem flokkarnir studdust við á síðasta þingi þegar fjallað var um málið. Sjálfstfl. hefur því miður bersýnilega gengið á bak orða sinna frá síðasta þingi, sem er íhugunarvert fyrir kjósendur, ekki aðeins íbúa Reykjavíkur og Reykjaness, heldur fyrir landsmenn alla, því í frv. þessu felast breytingar á kosningalögum sem koma dreifbýlinu einnig til góða frá því sem verið hefur.

Í tilefni þessa vil ég minna á að allt frá því að Alþingi kom saman s. l. haust hefur Alþb. rekið mjög á eftir því að mál þetta mætti koma fyrir og forseti Nd. hefur lagt áherslu á að málið fengi hið fyrsta þinglega meðferð. Veruleg tregða hefur verið á því að fá málið til meðferðar, en vonandi verður því nú komið til nefndar tafarlaust þannig að unnt verði að ganga frá því til afgreiðslu hér á hv. Alþingi. En vegna málsmeðferðarinnar og vegna þess sem áður hefur verið sagt um þessi efni er óhjákvæmilegt að spyrja sérstaklega Sjálfstfl. og formann hans: Er um það samið milli stjórnarflokkanna að ríkisstj. sitji út kjörtímabilið þrátt fyrir þær breytingar á kosningalögunum sem hér er verið að tala um? Er þá gert ráð fyrir kosningum 1987 eða 1986, sama árið og kosið verður til sveitarstjórna í landinu? Það er óhjákvæmilegt að fá svör við þessum spurningum.

Núverandi hæstv. forsrh., formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, hafði þetta að segja m. a. um gildistökutíma nýju kosningalaganna þegar hann mælti fyrir frv. í fyrra:

„Ég vil taka það fram, að andmæli mitt og okkar framsóknarmanna við þessari hugmynd stafar ekki af því að við höfum út af fyrir sig nokkuð á móti öðrum kosningum skv. hinum nýju kosningalögum svo fljótt sem aðstæður leyfa. Við höfum hins vegar ítrekað vakið athygli á því, sem öllum má vissulega vera ljóst, að efnahagsástand í þessu landi er þannig, að á þeim málum verður að taka án tafar, og við gerum okkur vonir um að sterkur meiri hluti geti tekið á þeim málum strax að loknum fyrri kosningum. Ef sterkur meiri hluti skapast þá og grípur til aðgerða, sem ætla má að hafi jákvæð áhrif í efnahagsmálum og stöðvi eða dragi verulega úr þeirri verðbólgu sem verið hefur, snúi við þeirri þróun sem verið hefur í efnahagsmálum, þá teljum við ekkert því til fyrirstöðu að til nýrra kosninga megi koma, þegar slíkt er tryggt.“

Þetta var tilvitnun í núv. hæstv. forsrh. Með þessum orðum er hæstv. forsrh., formaður Framsfl., auðvitað að segja okkur að Framsfl. hafi verið tilbúinn að efna til nýrra kosninga strax og gripið hefði verið til nægilega traustra aðgerða í efnahagsmálum. Nú er ekki um það deilt hér á Alþingi að til aðgerða hefur verið gripið í efnahagsmálum þó deilt sé um innihald og áhrif þessara aðgerða. Þess vegna er einnig full ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann er nú tilbúinn til þess, jafnvel þegar á þessu ári, að tryggja að efnt verði til kosninga skv. hinum nýju kosningalögum. Þegar þing þetta hefði fjallað um málið og afgreitt það ætti ekkert að vera að vanbúnaði. Ég leyfi mér að bera þessa fsp. fram til hæstv. forsrh., formanns Framsfl.

Þegar ég gerði grein fyrir afstöðu Alþb. til þessa máls á síðasta þingi fór ég nokkuð yfir þær samþykktir sem gerðar höfðu verið í Alþb. á undanförnum árum um kjördæmamálið og kosningalagamálið. Um þetta var m. a. fjallað á flokksráðsfundi Alþb. 20.—22. nóv. 1981 og þar var gerð samþykkt sem var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Flokksráðsfundurinn beinir því til þingflokks Alþb. að hann beiti sér fyrir lausn á kjördæmamálinu sem feli m. a. í sér eftirfarandi:

1. Tryggt verði að flokkar fái jafnan styrk í fullu samræmi við atkvæðafjölda.

2. Kosningarréttur verði jafnaður eftir búsetu, þannig að náist a. m. k. sama hlutfall milli kjördæma og gilti eftir kjördæmabreytinguna árið 1959.

Til þess að ná þessum markmiðum bendir fundurinn á eftirfarandi:

Óhjákvæmilegt er að fjölga kjördæmakosnum þm. í þeim kjördæmum þar sem kjósendafjölgun hefur orðið mest, þ. e. í Reykjavík og á Reykjanesi. Slík fjölgun má þó ekki verða á kostnað annarra kjördæma. Það þýðir að ekki verður komist hjá einhverri fjölgun þm. í heild.“

Í framhaldi af þessari samþykkt hófust viðræður á milli forustumanna flokkanna um breytingu á kjör-

dæmaskipun og kosningarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar og um þau mál var sérstaklega fjallað síðan á flokksráðsfundi Alþb. 1982. Var komist svo að orði í samþykkt flokksins, með leyfi hæstv. forseta:

„Flokksráð Alþb. ítrekar samþykkt sem gerð var 1981 um breytingar á kjördæmaskipuninni og fagnar þeim árangri sem þegar hefur náðst í viðræðum við aðra flokka. Flokksráðið felur formanni flokksins og þingflokknum að vinna að því að á næstu vikum fáist niðurstaða í málinu sem tryggi að jöfnuður milli flokka og leiðrétting á misvægi atkvæða milli kjördæma verði megineinkenni breytinganna. Til að ná slíkum árangri verði kannað að taka upp réttlátari útreikningsreglur við hlutfallskosningar. Flokksráð Alþb. hvetur eindregið til þeirra breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins sem færa hana til nútímalegs horfs og höfða til aukinna mann- og lýðréttinda."

Ég tel eftir atvikum að þegar það frv. er skoðað sem hér liggur fyrir megi segja að þau sjónarmið, sem sett hafa verið fram í samþykktum Alþb., komi þar allvel til skila skv. því samkomulagi sem flokkarnir náðu á síðasta þingi.

Ég tel að kostir þess fyrirkomulags, sem hér er gerð till. um, séu í meginatriðum þrír. Í fyrsta lagi tryggir þetta fyrirkomulag betri jöfnuð milli stjórnmálasamtaka en áður hefur verið. Um þetta vitna m. a. þær töflur sem prentaðar eru sem fskj. á þskj. 223 með frv. Skv. þessu frv. taka öll kjördæmi þátt í jöfnuninni á milli stjórnmálaflokka en ekki aðeins fá eins og verið hefur. Þannig koma síðustu þingsæti í fámennustu kjördæmunum einnig til jöfnunar á milli stjórnmálaflokka.

Ég vil láta það koma fram vegna orða hæstv. forsrh. áðan að það var þetta atriði sem olli í raun og veru einna mestum erfiðleikum í sambandi við afstöðu okkar í Alþb. til þessa frv. Margir í okkar þingflokki töldu að óeðlilegt væri að taka til jöfnunar á milli flokka eitt sæti af fimm í hinum smæstu kjördæmum. M. ö. o. væri nauðsynlegt, þegar um væri að ræða aðeins fimm menn í kjördæmi, að þingsætunum yrði úthlutað eingöngu á forsendum kjördæmisins sjálfs. En skv. því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því að fjórum þingsætum sé alfarið úthlutað á forsendum kjördæmisins en fimmta þingsætið sé svo tekið til jöfnunar á milli flokka og því er ekki úthlutað fyrr en búið er að telja atkvæði flokksins í heild. Ég tel að þetta hafi verið það ákvæði, eins og ég gat um, sem olli að mörgu leyti einna mestum erfiðleikum að því er varðaði minn þingflokk, Alþb., í þessu efni. Engu að síður stöndum við auðvitað að þessu ákvæði eins og öðrum í frv. þessu en ég vildi að þetta kæmi fram þar sem hæstv. forsrh. kaus að draga þetta atriði inn í umr. áðan.

Í öðru lagi tel ég kost við þetta frv. að það er sveigjanlegra, gerir ráð fyrir mun sveigjanlegra kerfi en núverandi fyrirkomulag er. Jöfnuður á milli byggðarlaga verður reiknaður út fyrir hverjar kosningar þar sem átta þingsætum verður úthlutað til kjördæma fyrir kosningarnar skv. sérstökum ákvæðum í frv. um deilitölu sem getið er um í 6. gr. frv. Þetta nýmæli er verulega þýðingarmikið í mínum huga og gerir þessa kosningalagabreytingu, sem hér er gerð till. um, mun skynsamlegri en áður vegna þess að þessi kosningalög á að vera unnt að laga að tilflutningum fólks á milli byggðarlaga gagnstætt því sem verið hefur þar sem þurft hefur stjórnarskrárbreytingu í hverju tilviki. Þetta er kostur númer tvö sem ég tel skipta mjög miklu máli.

Þriðji kosturinn er sá, að mínu mati, að úthlutunarreglan, sem nú er tekin upp og má kalla meðaltalsreglu, er að mörgu leyti réttlátari en d'Hondt-úthlutunarreglan. Alla vega er hún réttlátari gagnvart smærri flokkum í kjördæmi og þar sem færa má rök að því að d'Hondt-reglan hafi styrkt óeðlilega og styrki óeðlilega stærri flokka í kjördæmi, einkum í minnstu kjördæmunum. Það má því segja að sú úthlutunarregla, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, styrki þann flokk sem er með tiltölulega jafnlítið fylgi á landsvísu yfir allt landið, svipað í öllum kjördæmum. Að því er t. d. Alþb. varðar kemur þessi regla hins vegar mjög misjafnlega út þar sem fylgi Alþb. er talsvert misjafnt eftir kjördæmum eða frá því að vera í kringum 14% og upp í að vera langleiðina í kringum 30%. Engu að síður höfum við talið að hér sé um skynsamlegri reglu að ræða en þá sem fylgt hefur verið, þ. e. d'Hondt-reglan, auk þess sem við teljum það sérstakan kost í þessu efni að gert er ráð fyrir því að flokkur geti fengið þm. þó hann nái ekki kjördæmakosnum manni ef hann nær 5% atkvæða á landsmælikvarða. Hér er um að ræða jafnréttisákvæði sem er ákaflega þýðingarmikið og menn þurfa ekki annað en að líta á kosningatölur liðinna ára til að sjá að iðulega hefur legið við borð að jafnvel 8 eða 9% atkvæða ónýttust vegna þess að flokkur hafði aðeins einn þm. kjörinn þó hann hefði svo hátt atkvæðahlutfall á landsvísu og þessi eini þm. var kannske við það að falla út.

Rétt er að geta þess að gert hefur verið ráð fyrir því að við afgreiðslu þessa máls fjalli þingnefndir sérstaklega um það hvernig þm. raðast inn í þingið af listum flokkanna með tilliti til þess að sem flestir fái að hafa áhrif á það hvernig þingið er skipað. Talað hefur verið um að nauðsynlegt sé að koma til móts við óskir fólks um persónukjör þannig að fólk geti haft meiri áhrif á það hverjir eru á þinginu en nú er eftir að flokkarnir hafa stillt upp á sína framboðslista. Þetta er málefni sem þingnefndirnar verða að fjalla alveg sérstaklega um og leggja sig mjög fram um vegna þess að ekki er hægt að afgreiða þetta mál, að mínu mati, öðruvísi en að á þessu sé tekið.

Því hefur verið haldið fram að fyrirkomulag það, sem við erum að leggja hér til, sé þeim flokkum, sem hafa starfað undanfarna áratugi, sérstaklega hagstætt og þ. a. l. óhagstætt nýjum flokkum sem upp kunna að koma. Í síðustu kosningum var þessi kenning í raun og veru afsönnuð algjörlega því ef menn reikna þau kosningaúrslit út eftir því fyrirkomulagi, sem hér er gerð tillaga um, kemur fram að þetta nýja fyrirkomulag er síst óhagstæðara nýjum flokkum en hið eldra. Ég tel þess vegna að þessar fullyrðingar séu út í hött og hafi verið settar fram til að slá ryki í augu fólks og gera tillögurnar tortryggilegar.

Ég bendi þeim á, sem vilja kynna sér þetta mál efnislega, að fletta upp í útreikningum í fskj. með frv. þessu, t. d. á bls. 26, þar sem kemur greinilega fram hvernig þessum hlutum er háttað að því er varðar nýja flokka og smærri flokka.

Margir hafa haldið því fram að þetta kerfi sé sérstaklega flókið. Það er að mínu mati rangt. Á margan hátt er þetta kerfi einfaldara og myndar rökrænni heild en eldra fyrirkomulagið. Ef hv. þm. kynna sér þetta mál

mjög rækilega og fara yfir forsendur þess sjá þeir að þetta kerfi myndar eina samfellda heild og er í rauninni auðvelt að átta sig á ef menn setja sig rækilega inn í það.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að fara mjög út í einstök atriði frv. Ég ætla aðeins að vitna til þeirra orða, sem ég hafði í framsöguræðu minni fyrir málinu í fyrra, þar sem svo var komist að orði:

„Varðandi einstök atriði frv. er þess að geta að flokkarnir hafa náð um það samkomulagi í meginatriðum, mjög víðtæku samkomulagi, er ég tel ástæðu til að fagna. Engu að síður hafa allir flokkarnir, sem að þessu standa, auðvitað þann fyrirvara, að litið verði með fullri sanngirni á ábendingar sem fram kunna að koma um einstök atriði frv. Ég skora því á þm. að líta á þessa pappíra sem vandlegast, skora á alla þm. að kynna sér frv. sem gleggst, vegna þess að það myndar eina rökræna heild eins og það liggur hér fyrir, og ef menn hafa ábendingar fram að færa um eitthvað sem má betur fara, eitthvað sem er gallað af tæknilegum ástæðum og mönnum hefur missést eins og gengur, þá er sjálfsagt mál að taka slíkt til athugunar. Ég hygg að það sé meining allra flm." Og ég fullyrði að það sama gildir nú.

„En varðandi einstök atriði í frv. vil ég mælast til að hv. þingnefnd, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, líti sérstaklega á tvö efnisatriði. Það fyrra er varðandi áhrif kjósenda og röðun manna á listana, eins og ég gat um hér áðan, röðun manna inn í þingið af listunum. Það er mál sem þarf að athuga sérstaklega og betur en gert er í frv. Hitt atriðið, sem verður að athuga sérstaklega, varðar úthlutun jöfnunarsætanna. Gert er ráð fyrir því í frv. að við 2. áfanga úthlutunar jöfnunarsætanna verði menn valdir þannig að fyrst sé tekið minnsta kjördæmið og þannig koll af kolli. Ég tel að þarna eigi menn að athuga hvort ekki er rétt að fara t. d. þá leið að úthluta uppbótarsætum eftir minnkandi þingliðshlutum einkanlega, eins og gert er í kjördæmunum yfirleitt. Þetta álít ég að sé mál sem nefndirnar þurfi að kanna og leggja áherslu á að ná samkomulagi um."

Ég vil hins vegar segja það að varðandi slíkar hugsanlegar breytingar á þessu frv. er óhjákvæmilegt að það komi hér fram, og ég hygg að það sé meining allra flm., að það er útilokað að taka upp einstök atriði í þessu frv. nema um það sé tryggt a. m. k. jafnvíðtækt samkomulag og gert var á síðasta þingi. Ég teldi það mesta óráð að fara að brjóta upp einstök efnisatriði í þessu frv. öðruvísi en að tryggt sé að um það verði helst víðtækara samkomulag en tókst á síðasta þingi. Þó að menn kunni að vera óánægðir hér með einstök atriði, bæði úr dreifbýli og þéttbýli, því að hvort tveggja er til að ég best veit, þá held ég að menn þurfi að hafa þessa vinnureglu sem algjört meginatriði: að ekkert verði rifið upp í þessu nema um það sé mjög víðtækt samkomulag. Stærsti kosturinn við þetta frv. er ótalinn í máli mínu. Hann er sá að það hefur tekist um það óvenjulega víðtæk samstaða, sem vonandi rofnar ekki hér á yfirstandandi þingi.

Á Íslandi hefur alltaf verið nokkur ágreiningur um áherslur á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þau átök voru mun harðari framan af en á síðari árum. Kjördæmaskipunin 1959 hefur orðið góður grundvöllur fyrir samvinnu byggðarlaganna, eins og m. a. sést á uppbyggingu landsins alls á síðasta áratug. Hér liggur fyrir frv. um að staðfesta þessa samvinnu enn frekar, frv. um sáttmála byggðanna í landinu um leikreglur lýðræðisins. Um þær reglur þarf að ríkja sem best samkomulag. Það er ábyrgðarhluti að rjúfa það samkomulag einmitt nú. Ég tel að þessi tillaga um sáttmála byggðanna um leikreglur lýðræðisins og þingræðisins sé í góðu samræmi við þær áherslur sem minn flokkur hefur haft og fyrri samþykktir hans. Þess vegna stöndum við að frv. í heild.

Að lokum þetta, virðulegi forseti. Upphaflegum flutningi þessa máls fylgdi yfirlýsing frá stjórnmálaflokkunum fjórum, þar sem segir á þessa leið: „Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi" — og ég les hér síðari töluliðinn: „Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna efnalega og félagslega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Ég tel að það sé nauðsynlegt, virðulegi forseti, að það komi skýrt fram, a. m. k. af hálfu Alþb., að þó að þessi texti hafi ekki verið prentaður með þskj. því sem hér er nú á dagskrá er hann af okkar hálfu í fullu gildi og við erum reiðubúnir til samstarfs við aðra þingflokka um það að hrinda í framkvæmd því ákvæði sem þarna er yfirlýsing um.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Lífefnaiðnaður, fsp. 174. mál (þskj. 315). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Í apríl 1980 kom út skýrsla í Bretlandi frá nefnd sem var skipuð fulltrúum úr Konunglega vísindafélaginu breska, ráðgjafarstofnuninni fyrir rannsóknir og þróun í þágu atvinnuveganna og ráðgjafarnefnd rannsóknaráðanna bresku. Í þeirri skýrslu segir orðrétt, með leyfi forseta, í íslenskri þýðingu minni:

„Við lítum svo á að líftækni muni skapa algjörlega nýtt atvinnulíf með lítilli orkuþörf og muni skipta sköpum fyrir efnahagslíf heimsins á næstu öld."

Breska tímaritið Economist sagði, að mig minnir, 1979 eða 1980 að lífefnaiðnaður mundi setja svip sinn á atvinnulíf næstu aldar í jafnríku mæli og stóriðja efna- og málmiðnaðarins hefur sett svip sinn á þessa öld. Erlendis er lífefnaiðnaður þegar orðinn stórvirk atvinnugrein. Að mati sænska verkfræðingafélagsins, sem athugaði þessi mál 1980, var talið að lífefnatæknimarkaðurinn í heiminum velti þá um 737 milljörðum ísl. kr. Það eru þrítug til fertugföld fjárlög íslenska ríkisins eftir því hvort við teljum þau með eða án gats.

Allir vita hvað örtölvubyltingin og örtölvutæknin hefur haft mikið efnahagslegt gildi fyrir hinn vestræna heim. Nú er jafnvel talið að líftækni muni hafa meiri

áhrif á 21. öldinni en örtölvubylting og örtölvutækni hafa haft á þeirri 20.

Í skýrslu, sem dr. Jón Bragi Bjarnason hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands hefur dreift meðal þm., kemur fram að í okt. 1973 skipaði þáv. iðnrh. nefnd til að fjalla um lyfja- og lífefnavinnslu. Nefndin skilaði áliti í maí 1974. Þar segir m. a. að nefndin telji að lífefnaiðnaður eigi almennt mjög bjarta framtíð og muni búa við ört vaxandi markaði á næstu áratugum. Nefndin benti á að mikið magn væri til af innlendu hráefni fyrir lífefnaiðnaðinn og vísaði þar einkum til úrgangsefna í sjávarútvegi og landbúnaði. Nefndin tók einnig fram að umfangsmiklar rannsóknir væru forsenda þess að unnt væri að kanna grundvöll fyrir framleiðslu lífefna.

Í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins, sem heitir Rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, langtímaáætlun 1982—1987, segir um verkefnaval fyrir langtímaverkefni m. a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Því er nauðsynlegt að unnið verði markvissara en verið hefur að öflun færni á ýmsum sviðum sem þörf er fyrir í framtíðinni. Af þeim tæknisviðum sem líkleg eru til að verða mikilvæg má m. a. nefna raf- og rafeindatækni, tölvu- og upplýsingatækni, orkunýtingartækni, lífefnatækni, vatns- og sjávareldistækni og fóður- og matvælatækni.“ Þetta er 1982. Augljóst er af þessari skýrslu, sé hún lesin, að ofangreindum rannsóknarsviðum er flestum fundinn ákveðinn samastaður í rannsóknastofnunum atvinnuveganna að einhverju leyti. Þetta á hins vegar ekki við um lífefnatækni. Henni hefur ekki verið markaður neinn bás, hvorki hvað varðar mannafla né aðstöðu til rannsókna. Hins vegar eru ágætar forsendur til rannsókna á þessu sviði við ýmsar stofnanir Háskóla Íslands, svo sem Raunvísindastofnun, Líffræðistofnun, Verkfræðistofnun og Tilraunastöðina á Keldum. Einnig eru til sérfræðingar og tæki í þessum efnum á rannsóknastofnunum atvinnuveganna, svo sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Hinn 4. maí 1982 samþykkti Alþingi svohljóðandi þál. um innlendan lífefnaiðnað:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði.“

Eins og ég kem að síðar er þessi þál. raunar tilefni til fsp. nú í dag frá mér til hæstv. iðnrh. Ég held raunar að menn þurfi ekki lengur að spyrja þeirrar spurningar hvort hagkvæmt sé að koma á fót þessum iðnaði. Spurningin er heldur, að ég tel, hvernig menn ætla að hefja undirbúning og hvernig þeir ætla að taka þátt í þessari atvinnumótun. Víða er hægt að leita fanga um þessi mál. Í erindi, sem Grímur Valdimarsson örverufræðingur og deildarstjóri á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins flutti á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands í apríl 1982, segir m. a., með leyfi forseta:

„Í hugum margra er efna- og fóðurvinnsla úr örverum nokkuð sem heyrir framtíðinni til. Þetta er misskilningur. Afurðir örveranna hafa nú þegar verulega efnahagslega þýðingu í mörgum löndum. Söluverðmæti örveruafurða hefur á síðustu árum numið tugum milljarða dala á ári í Bandaríkjunum einum saman.“

Þessu til viðbótar má nefna að í Danmörku er umfangsmikill iðnaður á þessu sviði þar sem fyrirtækið Nova er raunar eitt stærsta fyrirtæki í heimi á sviði ensímiðnaðar.

Svona mætti lengi telja. Lýsa mætti íslenskum tækifærum, sérískenskum verkefnum, á þessu sviði sem náttúrlega beinast mjög að efnum sem falla til í sjávarútvegi og landbúnaði. Þar er gífurlegt magn hráefna sem þegar eru þekktar aðferðir, bæði hérlendis og erlendis, til að nýta og skapa milljarða verðmæti. Þetta er í fóðuriðnaði, leðuriðnaði, matvælaiðnaði, lyfjaiðnaði og í efnaiðnaði, svo sem þvottaefnaiðnaði. Og þarna mætti lengur við bæta.

Mér sýnist raunar að hið háa Alþingi og hæstv. ríkisstj. þurfi ekki lengur að velta því fyrir sér hvort líftækni og lífefnaiðnaður verði hagkvæm. Við þurfum að velta því fyrir okkur hvernig við ætlum að hefja innreið Íslendinga inn á þetta svið. Þetta er jafn óumflýjanlegt að mínu mati og bílarnir, traktorarnir og tölvurnar. Þetta er ekki spurning um hvort eða hvenær, heldur hvernig. Ég vona að hæstv. iðnrh., þegar hann svarar fsp. minni um framkvæmd þál. frá því í maí 1982, geti gefið okkur einhverjar hugmyndir um ætlun ríkisstj. á þessu sviði.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 315 ber hv. 4. landsk. þm. upp fsp. um framkvæmd þáltill. um innlendan lífefnaiðnað sem samþykkt var á Alþingi þann 4. maí 1982. Flm. þeirrar þáltill. var Guðmundur G. Þórarinsson þáv. þm. en hún hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði.“

Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Þál. þessi barst iðnrn. þann 18. maí 1982. Þál. var lögð — eða virðist hafa verið lögð — í málasafn rn. og hlaut enga efnislega meðferð. Hvorki í fjárlögum 1983 né 1984 var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu vegna athugana og/eða rannsókna varðandi lífefna- og/eða líftækniiðnað. Við svo búið má ekki standa og hef ég ákveðið að nú verði tekið til hendi á þessu þýðingarmikla sviði. Við eigum ekki að velta þeirri spurningu fyrir okkur hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði eða ekki, heldur með hvaða hætti.

Fimm stofnanir hafa haft þennan málaflokk til athugunar, Háskóli Íslands, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknaráð ríkisins. Nú í mars mun starfshópur Rannsóknaráðs um lífefnaiðnað og -tækni taka til starfa. Starfshópi þessum er ætlað að gera úttekt á þróunarmöguleikum og rannsóknaþörf á þessu sviði með tilliti til íslenskra aðstæðna.

Varðandi einstaka verkþætti má geta þess að fyrir nokkrum dögum kom út skýrsla Iðntæknistofnunar Íslands um frumkönnun á framleiðslu C-vítamíns hér á landi, en slík framleiðsla mundi flokkast undir lífefna- og lyfjaiðnað. Iðnrn. og Samband sunnlenskra sveitarfélaga stóðu straum af kostnaði við þá könnun.

Fsp. hv. þm. var mjög þörf, hún vekur málið af of værum blundi. Ég þarf ekki að minna á að framkvæmdavaldinu ber að fara að ályktunum hins háa Alþingis og það er áreiðanlega ekki af vilja gert að þessi till. hefur mislagst með þeim hætti sem komið hefur í ljós. En eins og ég segi, ég hef þegar undirbúið að ýtt verði myndarlega úr vör að þessu leyti.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég á víst ekki langan tíma eftir hérna til umr.

Ég þakka upplýsingarnar sem komu fram í máli hæstv. ráðh. Þar er kannske markverðast í fyrsta lagi að

ekkert skuli hafa verið gert í málinu fram að þessu og í öðru lagi að áformað skuli vera að setja af stað vinnuhóp hjá Rannsóknaráði ríkisins í því skyni. Það er eitt sem ég hefði viljað sjá til viðbótar og það er það að reynt væri að nota smugur, ef einhverjar gefast, til að styrkja þá rannsóknaviðleitni sem þegar er fyrir í landinu með fjárframlögum af einhverjum sjóðum sem iðnrn. hefði yfir að ráða, vegna þess að sú viðleitni sem þegar er uppi höfð er markviss, er þörf og hefur 10 mánuði upp á að hlaupa á þessu ári áður en til nýrra fjárlaga kemur. Ég held að okkur muni um hvern mánuð sem líður hvað þetta efni varðar. Við höfum nóg af fólki og við höfum aðstöðu. Það er spurning um að nýta það á einhverju þarfasta sviði sem við höfum aðgang að í dag.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Vegna þessarar fsp. um lífefnaiðnað er rétt að fram komi af minni hálfu að ég minnist þess ekki að þessi þáltill. hafi verið fyrir mig lögð eftir að hún fékk samþykki á Alþingi 1982. Sá háttur var á hafður í sambandi við þáltill. sem vörðuðu iðnrn. að þær bárust rn. og var tekið til meðferðar af embættismönnum í samráði við mig hvert þeim var vísað. Sá háttur var á hafður þegar Alþingi hafði lokið störfum ár hvert. Ég kann ekki skýringar á því hvers vegna þessi till. hefur ekki fengið þá meðferð og komið inn á mitt borð.

Hitt er annað mál að e. t. v. hefði mig átt að reka minni til þess að till. hefði hér verið samþykkt, en það er margt sem fer fram hér og samþykkt er af Alþingi af málum — og hér er merkt mál á ferðinni — án þess að menn fylgi því eftir í einstökum atriðum í hvaða farveg viðkomandi mál fara.

Hins er svo að geta að ýmsir þættir þessara mála voru til meðferðar á þessum tíma, m. a., eins og hér kom fram, spurningin um möguleika á framleiðslu C-vítamíns, sem er orkufrek afurð. Iðntæknistofnun var falið að vinna að athugun þess máls og samdi síðan um það við Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi að þau ættu hlut þar að máli. Það var einnig settur á fót sérstakur ráðgjafahópur rannsóknastofnana í landinu til að fjalla um undirbúning og framleiðslumöguleika á sviði orkufrekra afurða. Sá hópur er, að ég best veit, að störfum í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil í örstuttu máli þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér á Alþingi nú. Það er sannarlega ljóst að það var tímabært. En ég vil jafnframt þakka hæstv. iðnrh, fyrir þau svör sem hann hefur gefið og fyrir þau viðbrögð sem hann hyggst nú sýna í þessu máli.

Auðvitað er það leitt að svo brýnu og þörfu máli, sem hér er um að ræða, skuli ekki hafa verið gefinn meiri gaumur og að það hafi einhverra hluta vegna þokast til hliðar. Við því er ekkert að segja úr því sem komið er, heldur ber nú að taka til höndum.

Það kom fram hjá hæstv. iðnrh. að fjárveitingar hafa engar verið til þessara verkefna, hvorki 1983 né 1984. Það er að sjálfsögðu alltaf einhverju fjármagni varið á fjárlögum til að rannsaka og kanna nýjar leiðir og nýjar hugmyndir á sviði iðnaðar, en e. t. v. þarf í þetta stærri upphæðir en menn geta klipið af óráðstöfuðum fjárveitingum. En þó hygg ég að það sé ekki endilega nægjanleg ástæða til að skjóta sér bak við að ekkert hafi gerst í málinu. Aðalatriðið er að það skuli nú vera áhugi til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd, sem upphaflega var hreyft á þingi af páv. alþm. Guðmundi G. Þórarinssyni.

Eins og atvinnumálum er nú háttað hljótum við að verða að leita allra leiða til að auka þjóðartekjur okkar. Mér skilst að hér geti verið um mikla fjármuni að ræða. Þetta tengist matvælaiðnaði og lyfjaiðnaði, sem hvort tveggja eru atvinnugreinar sem við Íslendingar hljótum að gefa alveg sérstakan gaum. Ég fagna því þeim upplýsingum sem koma frá hæstv. iðnrh. um að hann hafi nú sett á stað starfshóp hjá Rannsóknaráði til að koma hreyfingu á þetta mál og vænti þess að það muni bera árangur og þjóðin eigi eftir að njóta þess í ríkum mæli sem hér kann að vera á ferðinni. Það eru ábyggilega miklir möguleikar fyrir hendi.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það sé ánægjulegt að komin er hreyfing á þetta mál. Hins vegar vekur nokkra athygli og væri fróðlegt að fá nánari skýringu á því hvernig mál geta mislagst, eins og hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinnni áðan ef ég tók rétt eftir, ellegar þá að málin komast e. t. v. ekki í póstinum frá Alþingi til rn. Það væri fróðlegt að fá að vita hvað hér hefur gerst. Það eru líklega um tvö ár síðan þessi þáltill. var hér til meðferðar og síðan samþykkt á Alþingi, þannig að allnokkur tími er liðinn frá því að hún var til meðferðar og samþykkt á þinginu. Þetta er með merkari till. og hugmyndum um atvinnumál sem fram hafa komið á hv. Alþingi. Ég held að full þörf væri á því að tekið væri rækilega til hendinni í þessu máli og kannað hvort einmitt lífefnaiðnaðurinn er ekki einn sá möguleiki í atvinnumálum sem Íslendingar ættu að beita sér að fremur en margt annað sem ýmsir áhugamenn um atvinnumál láta sér detta í hug að geti orðið til lífsbjargar Íslendingum.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil að skýrt komi fram að það er sannfæring mín að hér sé um mannleg mistök að tefla en ekki ásetning, því fer víðs fjarri. Þáltill. er samþykkt 4. maí 1982. Hún berst rn. 18. maí. Þá er hún lögð án frekari umsvifa í málasafn rn. Þetta þekkja menn til vegferðarinnar. Þetta eru auðvitað leið mistök, en þau eiga sér enga aðra skýringu en þá að þarna hafi orðið mistök, en málið síðan gleymst í önnunum, svo maður segi hverja sögu eins og hún gengur.

Hv. fyrirspyrjandi gat þess að hann vænti þess að reynt yrði að sjá af fjármunum til þessara mikilvægu verka og rannsókna. Ég er ekki bjartsýnn á að tök séu á því á þessu ári. Ég hef hins vegar áður lýst því yfir á öðrum opinberum vettvangi að ég mundi beita mér fyrir því og gera um það till. til næstu fjárlagagerðar að séð yrði af fjármagni til þessara þarfa. Við þá yfirlýsingu mun ég standa. Það er enginn vafi á því að hér er um stórmerk mál að ræða sem við þurfum að gefa miklu meiri gaum. Væntanlega og vonandi verður þessi leiða málsmeðferð og mistök ekki til þess að dragist úr hömlu að menn hefjist nú handa að marki.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Það er ekki tími hér til að stunda málalengingar.

Mér flaug í hug, þegar ég var að hlusta á þessa umr.,

að beina því til þriggja ráðh., þ. e. landbrh., iðnrh. og sjútvrh., að þeir klipu örlítið af rekstrarfé sinna rn. vegna þessa þarfa máls, þannig að það myndaðist nægilegt fé til að halda úti tveim til þrem mönnum í vinnu það sem eftir er þessa árs við rannsóknir sem þegar eru í gangi. Þó að klipið yrði svona af rekstrarfé rn., sem menn telja gjarnan naumt, þyrfti það ekki að vera meira mál en það fyrir þessi þrjú rn. að menn drægju örlítið fæturna í öðrum málum sem þeir standa í, t. d. í breytingu innréttinga hjá Rafmagnsveitum ríkisins og eitthvað slíkt. Með þessu næðust e. t. v. út tíu mánaðarlaun fyrir þrjá menn sem hugsanlega næðu ella ekki þeim árangri á þessu ári sem vænta mætti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er ekki aðstaða til þess á þessum dögum að útvega peninga í þessi mál, en er ekki aðstaða til þess, eins og ég segi, að þrjú rn. sameinist um að klípa eitthvað af sínu rekstrarfé í þágu þessa máls?

Eftirlitsnefnd með framkvæmd fjárlaga, fsp. 179. mál (þskj. 323). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það má telja meðal tilefna þessarar fsp. að 4. jan. s. l. var frétt í dagblaðinu Tímanum sem ég vil lesa úr með leyfi forseta. Þar er haft viðtal við hæstv. fjmrh. og í því stendur m. a.:

„Þess vegna hef ég sett á laggirnar nefnd sem er undir forustu ríkisendurskoðanda. Nefndin samanstendur af formanni og varaformanni fjvn., forstöðumanni gjaldadeildar, forstöðumanni hagsýslu og ráðuneytisstjóra í fjmrn. Þessir aðilar eiga að fylgjast með framkvæmd fjárlaga frá degi til dags."

Síðan í sömu frétt segir: „Ráðh. sagði að nefndin væri þegar byrjuð að starfa og jafnframt sagðist hann hafa aðra nefnd sér við hlið, sem í væri forstöðumaður gjaldadeildar, forstöðumaður hagsýslu og þeir fjvn.-menn Lárus Jónsson, formaður fjvn., og Guðmundur Bjarnason varaformaður. Þessi nefnd ætti, sagði Albert, að fylgjast með öllum aukafjárveitingum."

Nú vil ég taka það fram áður en lengra er haldið að ég er alls ekki að hafa á móti auknu eftirliti með framkvæmd laga. Það er raunar eitt af baráttumálum BJ að eftirlit með framkvæmdavaldi sé stóraukið. Og ég tel að sú aukna upplýsing um ástand fjárlaga sem við höfum nú fengið og liggur fyrir þingnefndum og forsvarsmönnum þingflokka nú þegar og verður kynnt Alþingi á fimmtudaginn sé til bóta og til eftirbreytni. En ég hef ákveðnar hugmyndir um aðferðirnar og ég held að þeir punktar gætu verið mikilvægir.

Í fréttinni stendur að hlutverk fyrri nefndarinnar sé að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og hlutverki seinni nefndarinnar er lýst þannig að hún eigi að fylgjast með öllum aukafjárveitingum. Síðan hefur mér raunar sýnst að þarna sé raunar aðeins um eina nefnd að ræða enda eru þetta að mestu leyti sömu mennirnir. Að mínu mati er það hlutverk rn. að sjá um framkvæmd, en það er hlutverk fjvn. Alþingis að hafa eftirlit með að fjárlögum sé fylgt. Þarna er held ég um að ræða tvenns konar hlutverk. Það er framkvæmdin sem er ráðuneytisins og það er eftirlitið sem er fjárveitinganefndarinnar. Þess vegna tel ég ekki rétt að setja upp sameiginlega nefnd ráðuneytismanna og oddamanna fjvn. Það er innanhússmál rn. hvers konar vinnubrögð eru notuð við að framkvæma fjárlög og að líta eftir fjárlögum þar. Ég tel að embættismannahópurinn, sem er í nefndinni samkvæmt þessari frétt sé framúrskarandi hæfur og hafi unnið gott og þarft starf. En ég tel að þeir ágætu hv. þm. Lárus Jónsson og Guðmundur Bjarnason eigi ekki að sitja í innanhússnefnd í rn. Ég tel að þeir eigi að sitja í sinni fjvn. sem setti þessi lög og ásamt kollegum sínum þar eigi þeir að hafa eftirlit með framkvæmd. Þetta eru þær efnislegu athugasemdir sem ég vildi gera í þessu máli.

Til þess að fá fram hver „status" nefndarinnar sé hef ég spurt hæstv. ráðh. spurninga sem ég les hér á eftir. Ég ætla mér ekki að fara út í almenna umr. út frá þessu í tilefni af því gati sem nýlega hefur fundist í fjárlögum. Til þess gefast tækifæri á fimmtudag.

Spurningarnar, sem ég bar fram til hæstv. fjmrh., eru þessar: 1. Hver eða hverjir tilnefna menn í eftirlitsnefnd fjmrn. og fjvn. með framkvæmd fjárlaga? 2. Hverjir eru í nefndinni? 3. Hvert er verksvið, vald og ábyrgð nefndarinnar? 4. Liggur fyrir samþykki fjvn. um þessa tilhögun við eftirlit með framkvæmd fjárlaga?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Virðulegur þm. Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm., hefur á þskj. 323 beint til mín fsp. sem hann hefur þegar lesið upp og ég sé ekki ástæðu til að lesa þær aftur. En tilefni fsp. hans er frétt í Tímanum frá 4. jan., ef ég tók rétt eftir, þar sem ég gat um hvernig starfsreglu ég hef hugsað mér að hafa í fjmrn. meðan ég er fjmrh. Ég vil taka fram að ég tel það frumskyldu fjmrh. bæði að gera fjárlög og fylgjast með framkvæmd þeirra.

Ég hef skipað eftirlitsnefnd fjmrn. með framkvæmd fjárlaga. Segja má að hún sé eins konar innanhússnefnd mér til ráðuneytis. Ég óskaði eftir því að ríkisendurskoðun, hagsýslustjóri og ráðuneytisstjóri fjmrn. ættu aðild að þeirri nefnd ásamt formanni og varaformanni fjvn.

Viðfangsefni, sem ég hef beðið þennan samstarfshóp að huga að, eru m. a. þessi: Hvernig tryggja skuli nauðsynlegt eftirlit með inn- og útgreiðslum úr ríkissjóði, m. a. með gerð greiðsluáætlana innan fjárlagaársins. Ganga eftir að rekstur ríkiskerfisins verði í samræmi við þær greiðsluáætlanir. Að leita eftir og hafa samstarf um það við rn. og stofnanir að sá fyrirhugaði sparnaður, sem kveðið er á um í fjárlögum ársins 1984, nái fram að ganga. Að gera tillögur til fjmrh. um þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á tekna-, gjalda- og lánahlið ríkissjóðs svo áformum ríkisstjórnarinnar, er varða ríkisfjármálin, verði náð. Að leita eftir og hafa samstarf við viðkomandi aðila um framkvæmd láns- og fjárfestingaráætlunar fyrir árið 1984. Að gera tillögur til fjmrh. um áframhaldandi endurskipulagningu ríkisútgjalda sem hafi það að markmiði að draga úr ríkisumsvifum. Jafnframt að vinna að áframhaldandi bættri skipan eftirlits og aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum.

Starfshópurinn hefur hvorki vald né ábyrgð. Hins vegar starfa embættismennirnir, sem í hópnum sitja, á mína ábyrgð og mun ég stuðla að framgangi allra góðra tillagna sem frá honum koma. Ég hef ekki rætt um þetta samstarf sérstaklega við fjvn. Skv. lögum nr. 13/1975 skal Ríkisendurskoðun fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis. Ég er ekki að breyta því eftirliti heldur er reynt að tryggja að framámenn fjvn. fái

upplýsingar um stöðu ríkisfjármála reglulega og geti fylgst með þróun þeirra mála og að sjálfsögðu á seinna stigi, eins og nú er komið fram, alþm. allir.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem komið hafa fram. Þær staðfesta það sem kemur fram í þessari frétt blaðsins á sínum tíma og gerð var nánari grein fyrir verksviði nefndarinnar. Ég tel að formleg aðild formanns og varaformanns fjvn. að þessari embættismannanefnd sé ekki rétt. Auðvitað þinga menn um þessa hluti alveg eins og embættismenn þinga um fjárlög við undirbúning þeirra en ég tel að fjvn. eigi að hafa ákveðið eftirlit. Ef það er vilji fjvn. að þessir tveir meðlimir nefndarinnar séu samstarfsaðilinn við embættismannanefndina, þá gott og vel. En mér finnst að það þurfi þá að vera ósk og samþykki nefndarinnar sjálfrar.

Ég veit ekki hvað fjvn. hefur verið látin fylgjast með því starfi embættismannahópsins sem hefur leitt til þeirra talna sem birtar hafa verið þingheimi núna að undanförnu. Ef ég ætti sæti í fjvn., sem hefði þingað dag og nótt í tvo mánuði fyrir jól um fjárlög og sæti núna undir því tveimur mánuðum síðar að þessi fjárlög væru ómerk upp á tíunda hluta, fyndist mér ég hafa verið hafður út undan ef ég hefði ekki verið hafður með í þeirri vinnu sem hingað til hefur farið fram eða fengið á virkan hátt að fylgjast með.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur verið upplýst að fjárlögin, sem hv. þm. Lárus Jónsson, formaður fjvn., lýsti svo í desembermánuði að væru raunhæfustu fjárlög sem hér hefðu verið gerð í langan tíma og í þeim fælist forsenda sjálfrar stjórnarstefnunnar, hafa nú reynst hafa í sér fólgið stærsta gat sem um getur í fjárlagasögu íslenska lýðveldisins. Það vekur óneitanlega athygli að á sama tíma og þessi þróun á sér stað skipar hæstv. fjmrh. nefnd sem í eiga sæti formaður fjvn. og varaformaður fjvn. í krafti þessara tveggja embætta. Þeir eru skipaðir í nefndina í krafti þessara embætta en ekki sem nafngreindir þm. tilheyrandi stjórnarflokkunum.

Það er alveg ljóst í samræmi við þær þingvenjur, sem hér hafa tíðkast, að þegar svo er um að ræða ber þessum tveimur þm., formanni og varaformanni fjvn., að gefa fjvn. reglulega skýrslu um það sem nefndin kemst að, þessi sérstaka rannsóknarnefnd sem fjmrh. hefur skipað á fjárlögin. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að hv. þm. Lárus Jónsson, formaður fjvn., komi hér og geri þingheimi grein fyrir hvernig stendur á því að hann sem nefndarmaður í þessari sérstöku eftirlits- og rannsóknarnefnd hefur ekki gert fjvn. fyrr en í fyrsta lagi í dag grein fyrir því mikla gati sem í ljós hefur komið á fjárlögum. Því að hér getur eingöngu verið um tvennt að ræða, annaðhvort að þessi rannsóknarnefnd hefur ekki vitað um þetta gat og þess vegna ekki reynst vanda sínum eða verkefni vaxin, eða þá hitt að formaður og varaformaður fjvn. hafa gagngert verið að leyna hv. fjvn. þessu mikla gati í fjárlögunum. Ég tel það alveg óhjákvæmilegt að hv. þm. Lárus Jónsson upplýsi hvor þessara skýringa er rétt.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Til er það fyrirbæri í okkar stjórnarskrá sem heitir „aðskilnaður framkvæmdavalds og löggjafarvalds". Þessi aðskilnaður greinir á milli hvað ábyrgð snertir. Annars vegar ber Alþingi í þessu máli ábyrgð á gerð fjárlaga. Það er ekki, eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, „ég geri fjárlög", heldur ber Alþingi ábyrgð á gerð þeirra. (**Gripið fram í:** Hann gerir frv.) Hann gerir frumvarpstillöguna. Það erum við sem gerum lögin. En það er síðan á ábyrgð hæstv. fjmrh. að framkvæma fjárlögin og þá hlýtur hver maður að sjá í hendi sér að mjög óeðlileg staða er upp komin þegar menn úr báðum verkþáttum, sem standa beggja megin þessa verkefnis, sitja orðið saman í nefnd til þess að hafa eftirlit að nafninu til með því sem er að gerast. Ábyrgð þeirra er þar með orðin óljós og óskýr og hættan á því að þeir flytji ábyrgðina á milli starfa verður of mikil til þess að maður geti í raun og veru samþykkt að svona sé staðið að málum.

Eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson benti á væri skv. starfsvenju hér á þingi ekki hægt að mæla á móti því að einhverjir tveir menn héðan af þingi hefðu verið nefndir til þess sem einstaklingar að sitja í slíkri eftirlitsnefnd. Það hefur oft gerst og ákveðin hefð fyrir því. En að það séu einmitt þessir tveir menn, vegna þeirra starfa sem þeir eiga í fjvn., sem þarna sitja, held ég að verði að skoðast með tilliti til ábyrgðarskiptingar milli löggjafa og framkvæmdaaðila mjög óeðlilegt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég verð að játa að stundum á ég svolítið bágt með að fylgja rökum ákveðinna hv. þm. Það kom upp í huga minn núna að eitt af aðalbaráttumálum Bandalags jafnaðarmanna mun hafa verið að þingmannanefndir fylgdust með framkvæmd laga. Ég get ekki komið þeim málflutningi heim og saman við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta gat sem menn eru að tala um þessa dagana. Það hefur verið upplýst af hæstv. fjmrh. að Alþingi verður gefin um þetta skýrsla á næstunni. En í því sambandi vil ég vekja athygli á því að árið 1983 voru aukafjárveitingar veittar sem námu 25%, fjórðungi, fjárlaga. Raunveruleg útgjöld ríkissjóðs fóru fjórðung fram úr fjárlögum. Ef það verða ekki nema 10% núna get ég ekki séð að þetta sé stærsta gat í sögu þjóðarinnar í fjárlögum, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson reyndi að færa rök að áðan.

En ég vil vekja athygli hv. þm. á því af því að aðild okkar hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar að þessari nefnd er til umr., að svo lengi hefur starfað hér svokölluð undirnefnd fjvn. að ég held að hún hafi verið skipuð í tíð Magnúsar Jónssonar fyrrv. fjmrh. og var lengst af skipuð fjórum þm. úr öllum þeim flokkum sem átt hafa sæti á Alþingi fram að þinginu nú. Þessi nefnd starfar á vegum og ábyrgð fjmrh., er skipuð af honum en í samráði við þingflokkana. Hún hefur unnið að ýmsum eftirlitsstörfum með framkvæmd fjárlaga, t. d. farið mjög ítarlega yfir veittar stöðuheimildir, hvort farið sé eftir þeim heimildum eða ekki o. s. frv. Þessi nefnd, sem fjmrh. óskaði eftir að settist á laggir, er á hans ábyrgð, starfar á hans ábyrgð. Ég get ekki séð að það rugli eitthvað kerfinu þó að tveir alþm. sitji við hliðina á embættismönnum í þessu efni. Það sýnist kannske sitt hverjum um það. En fordæmi eru, eins og ég segi, fyrir því að ráðh. óski eftir því og skipi ákveðna menn til að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Þetta hefur gerst mjög lengi og allir fjmrh., sem setið hafa síðan, hafa óskað eftir slíku.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Út af orðum hv. 2. þm. Norðurl. e. verð ég að skýra það út sem hann ekki skildi í mínu máli.

Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga að þing eða fjvn. skipi hann eða fleiri menn í sérstaka undir- eða eftirlitsnefnd með gerð fjárlaga. Það sem ég hef við að athuga er það, að fjmrh., sem ber ábyrgð á framkvæmd fjárlaganna, þ. e. sá aðili sem þing á að hafa raunverulegt eftirlit með skipi menn í þessa nefnd. Mér er alveg sama þó að fyrir því séu einhver fordæmi úr gömlu samtryggingarkerfi fjórflokkanna að slíkt sé gert. Það breytir engu um að þetta er óeðlilegt miðað við að stjórnarskrá okkar gengur út frá tvískiptingu valds, í löggjafarvald og framkvæmdavald.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég harma að hv. þm. Lárus Jónsson skyldi ekki svara þeirri spurningu sem ég bar fram til hans. (**LJ:** Ég var búinn með ræðutímann. Ég skal gera það á eftir.) Já, það væri mjög nauðsynlegt að hv. þm. gerði það vegna þess að nú er upplýst hér um stórt gat, allavega stærsta gat sem menn vita um hér, svo stórt að sérstakan neyðarfund þurfti að halda í ráðherrabústaðnum í gær til að fjalla um það. Það er óhjákvæmilegt að hv. þm. Lárus Jónsson svari því hér, hvort þessari sérstöku rannsóknarnefnd, sem fjmrh. hefur skipað og er hér til umr., var kunnugt um þetta gat og hvenær henni var kunnugt um það og ef henni hefur verið kunnugt um það í nokkurn tíma hvers vegna formaður og varaformaður fjvn. hafi ekki skýrt fjvn. frá þessu gati fyrr en í morgun.

Það er rangt til orða tekið hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni að það hafi eingöngu verið skipaðir í þessa rannsóknarnefnd fjmrh. tveir alþm. Hæstv. ráðh. hefur greint hér frá því og það hefur verið greint frá því í blöðum að það eru formaður og varaformaður fjvn, þessir tveir trúnaðarmenn og embættismenn þingsins, sem kjörnir eru í nefndina sem slíkir af ráðh. Þess vegna er rangt, sem hv. þm. Lárus Jónsson segir, að þeir starfi þar eingöngu á ábyrgð ráðh. Þeir eru settir í nefndina í krafti embætta sem formaður og varaformaður fjvn. og það áréttaði hæstv. fjmrh. áðan. Eins og ég sagði hér hefði ekkert verið við það að athuga ef tilteknir tveir einstaklingar hefðu verið settir í þetta sem slíkir, en það er ekki um slíkt að ræða í þessu tilviki. Þess vegna er það rangt hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni að hann starfi í þessari nefnd á ábyrgð fjmrh. Hann starfar í þessari nefnd vegna þess, eins og ráðh. var að enda við að skýra þingheimi frá hér í dag, að hann er formaður fjvn., og varaformaður sömu nefndar situr einnig í þessari nefnd í krafti embættisins varaformanns.

Hv. þm. Lárus Jónsson gerði síðan að umtalsefni aukafjárveitingar á árinu 1983. Ljóst er að stór hluti af þeim er tilkominn í tíð núv. ríkisstj., sams konar aukafjárveitingar og hæstv. fjmrh. telur núna mjög af hinu illa, en þó er vitað að á móti þeim komu allmiklar tekjur. Sá halli sem varð á fjárlögum í heild á árinu 1983 er því mun minni en það stóra gat sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., lýsti yfir í blaðaviðtölum í morgun að hefði komið honum mjög á óvart og hann hefði ekki haft hugmynd um fyrr en hann las um það í blöðunum um helgina.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að ræða efnislega um hið margumtalaða gat. Það gefst tækifæri til þess síðar, eins og ég sagði áðan. En ég vil upplýsa að þessi nefnd hefur starfað að því að reyna að finna einhvern botn í þeirri ríkisfjármálaflækju sem skilin var eftir af fyrrv. ríkisstj. Það var ekki fyrr en nú að glögg mynd fengist. Ég skýrði hv. fjvn. frá meginatriðum þessa máls í morgun. Í gær varð að fresta fundi vegna þess að ég þurfti að sinna öðrum störfum á sama tíma og var búið að boða fvn.-fund. Ég sé í Þjóðviljanum í dag að það hefur þótt fréttnæmt að breytt skyldi vera um fundartíma í þeirri ágætu nefnd.

Ég veit að öllum fjvn.-mönnum er kunnugt um störf okkar Guðmundar Bjarnasonar í þessari nefnd, sem starfar á ábyrgð ráðh. Við höfum sagt félögum okkar að við mundum skýra þeim frá því, sem frá væri að skýra, þegar að því kæmi. Það hefur verið gert.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að þessi umr. leiddi út í umr. um fjárlög, en ég kemst ekki hjá því, vegna þess að hún hefur þó farið út á þær brautir, að minna á að hér í ræðustól lýsti hæstv. fjmrh. því yfir við lokaumr. fjárlaga fyrir jól að núv. ríkisstj. hefði nánast ekkert vitað um ástand fjármála, hvorki fyrir kosningar né eftir að hún tók við völdum. Ég held að hér séum við enn þá einu sinni að fá sönnun þess að hæstv. ríkisstj. hefur aldrei neitt vitað og mun sýnilega aldrei neitt vita um fjármál ríkisins.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Því miður missti ég af upphafi þessar umr., þar sem ég var kallaður fram þegar hún var að hefjast.

Ég vildi láta í ljós þá skoðun mína að fyrst og fremst ber að miða við að fjvn. Alþingis sé sú eftirlitsnefnd með framkvæmd fjárlaga sem hverju sinni sé höfð mest í heiðri þó að fjmrh. geti að sjálfsögðu á hverjum tíma haft sínar sérstöku eftirlitsnefndir þar fyrir utan. Ég tek því eindregið undir það sjónarmið, sem komið hefur fram í þessum umr., að við verðum að reyna að tryggja að fjvn. geti gegnt þessu hlutverki sínu. Það er mál sem ég þarf ekki að fjölyrða frekar um.

En var það rétt sem mér heyrðist, að hv. núverandi formaður fjvn. væri að reyna að útskýra og afsaka það mikla gat sem virðist blasa nú við í fjárlagadæmi gildandi árs með því að vísa til þess að mikill halli hefði orðið á síðasta ári? Það tel ég hina mestu fjarstæðu. Hallinn á s. l. ári er að miklum hluta tilkominn vegna ákvarðana sem núv. ríkisstj. tók í upphafi síns ferils, bæði vegna skattalækkana sem hún tók ákvarðanir um, vegna aukningar á niðurgreiðslum, vegna þess að ekki var farið í fjármögnun í þágu vegagerðar eins og til hafði staðið þegar vegáætlun var framkvæmd og af mörgum öðrum ástæðum. Þessar ástæður samanlagt höfðu í för með sér um 800 millj. kr. útgjaldaaukningu á s. l. ári og eru meginskýringin á því að verulegur halli varð á því ári. Þetta kom allt mjög skýrt fram í umr. um fjárlög ársins 1984 sem fram fóru í lok seinasta árs.

Ég vildi láta þetta koma hér fram vegna þess að ég tel það hina mestu fjarstæðu að ætla að fara að útskýra gatið sem blasir við í fjárlagadæmi þessa árs með tilvísun til þess sem skeði á seinasta ári. Þar var um að ræða að eftir að fjárlög höfðu verið afgreidd, þ. e. á miðju ári, tekur ríkisstj. fjöldamargar ákvarðanir í samræmi við sína stefnu um ný útgjöld og nýja meðferð ríkisfjármála. Auðvitað hlaut að koma allt annað út úr

því dæmi en fjárlög ársins höfðu gert ráð fyrir.

Samgöngumál í Ísafjarðarsýslu, fsp. 224. mál (þskj. 395). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson): Herra forseti Á þskj. 395 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til samgrh. um samgöngumál í Ísafjarðarsýslu. Varðar fsp. hugmyndir um jarðgangagerð annars vegar og hins vegar byggingu brúar yfir Dýrafjörð. Svo sem flestum mun kunnugt eru samgöngur milli byggðarlaga erfiðari á Vestfjörðum en víðast annars staðar á landinu. Valda þar mestu um margir og miklir fjallvegir og mikil snjóalög. Allir sem til þekkja eru sammála um að hinar erfiðu samgöngur ásamt fábreytni í atvinnulífi, takmarkaðri þjónustu og háum framfærslukostnaði eigi mestan þátt í þeim miklu brottflutningum fólks frá Vestfjörðum sem átt hafa sér stað á undanförnum árum.

Á árunum 1971—1982 fluttu 1166 einstaklingar brott frá Vestfjörðum umfram aðflutta. Er sú tala ekki aðeins sú hlutfallslega hæsta yfir landið, heldur er áðurnefnd tala yfir brottflutta umfram aðflutta á þessu árabili hærri frá Vestfjörðum, fámennasta kjördæmi landsins en frá nokkru öðru kjördæmi, enda þótt enginn hlutfallsreikningur komi þar til. Þannig hafa íbúar Vestfjarða orðið stöðugt smærri hluti af heildaríbúafjölda landsins á undanförnum árum og áratugum og víða stendur byggðin mjög höllum færi. Slík þróun ætti að vera landsmönnum öllum ærið áhyggjuefni þó ekki væri nema með tilliti til hins gífurlega mikla framlags Vestfirðinga til þjóðarframleiðslunnar, útflutningsframleiðslunnar sérstaklega, langt umfram það sem íbúahlutfallið gefur tilefni til.

Það mun flestra manna mál að engin ein framkvæmd sé líklegri til að treysta byggð á Vestfjörðum en stórátak í samgöngumálum og þá ekki síst hvað varðar tengingu byggðanna þar innbyrðis. Í Ísafjarðarsýslu og kaupstöðunum tveimur, Ísafirði og Bolungarvík, búa nú um ⅔ af öllum íbúum Vestfjarða, þar af um 6300 manns í þéttbýlisstöðunum sex frá Ísafirði, Bolungarvík og Súðavík til Þingeyrar. Á öllu þessu svæði eru vetrarsamgöngur milli byggðarlaga sérstaklega örðugar og standa öllum samskiptum fyrir þrifum. Hugmyndir hafa verið uppi um gerð a. m. k. þriggja jarðganga á þessu svæði. Sú framkvæmd ásamt byggingu brúar yfir Dýrafjörð mundi gerbreyta öllum aðstæðum á þessum slóðum, skapa sterka þjónustuheild og opna margvíslega möguleika, ekki aðeins til fjölbreyttari mannlegra samskipta heldur einnig til stóraukinnar hagkvæmni á fjölmörgum sviðum. Eru þeir fjármunir ómældir sem við slíkt mundu sparast þegar til lengdar lætur.

Tími minn hér í ræðustól leyfir ekki ítarlegan rökstuðning fyrir þessu máli nú, en ég vænti svara um gang athugana og undirbúnings frá hæstv. samgrh. Það sem ég tel aðkallandi nú þegar er að hafist verði handa um brúargerð yfir Dýrafjörð hið allra fyrsta og einnig að tryggja fjármuni til bráðnauðsynlegra rannsókna á möguleikum varðandi jarðgangagerð í Ísafjarðarsýslu. Hef ég þá í huga tengingu Bolungarvíkur, Ísafjarðar, Súgandafjarðar og Önundafjarðar, svo og tengingu Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Þeir núverandi vegir sem slík jarðgöng gætu gert óþarfa eru Óshlíðarvegur frá Bolungarvík til Ísafjarðar og fjallvegirnir yfir Botnsheiði, Breiðdalsheiði og Rafnseyrarheiði, einhverjir erfiðustu fjallvegir á vetrardegi á landinu öllu. Ég hygg að hér sé til gífurlega mikils að vinna og um að ræða kjarnamál varðandi alla þróun byggðar á Vestfjörðum. Ég efast ekki um góðan vilja samgrh. til að ýta á þau mál sem ég hér hef minnst á og tel að það geti verið hv. Alþingi og þjóðinni reyndar allri fróðlegt að heyra hvernig undirbúningur í þessum efnum nú stendur. Ég læt mér ekki detta í hug að hægt sé að taka ákvarðanir um framkvæmdir án þess að ítarlegar athuganir séu þar á undan gengnar, en rannsóknirnar eru það sem alls ekki má dragast öllu lengur að hefjast handa um af fullum krafti.

Ég læt máli mínu lokið að sinni, herra forseti, og vænti svara hæstv. ráðherra.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eftir því sem batnandi vegakerfi hefur auðveldað samgöngur á landi hefur athygli manna beinst æ meir að þeim byggðarlögum sem ekki verða slíkra bóta aðnjótandi nema með stórátaki. Þetta á við um byggðir á norðanverðum Vestfjörðum sem einangrast hver frá annarri um lengri eða skemmri tíma ár hvert. Ljóst er að vandi þeirra verður ekki leystur til fullnustu nema þær verði tengdar með jarðgöngum. Í skýrslu sem samgöngunefnd Vestfjarða lét frá sér fara kemur fram að nm. telja að framtíð þessara byggðarlaga sé undir því komin að slíkt verði gert og það fyrr en síðar. Nefndin gerði tillögur um hvaða byggðir þyrfti að tengja á þennan hátt. Það eru Önundarfjörður, Súgandafjörður og þéttbýlin við Djúpið, Ísafjörður, Bolungarvík og Súðavík.

Vegagerðinni var á s. l. sumri falið að gera frumkönnun á þeim stöðum sem samgöngunefndin gerir tillögur um. Vettvangskönnun í því skyni lauk í haust sem leið. Athugaðir voru fimm valkostir, þrír milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar, einn milli Súgandafjarðar og Bolungarvíkur og einn milli Súgandafjarðar og Skutulsfjarðar. Almennt má segja að góð mynd hafi fengist af svæðinu milli Súgandafjarðar og Ísafjarðardjúps, en þörf er á frekari úrvinnslu til að gera sér grein fyrir tengingu jarðlaga milli Súgandafjarðar og Önundarfjarðar:

1. Göng milli Önundarfjarðar og Sunddals eru útilokuð vegna jarðfræðilegra aðstæðna.

2. Göng milli Hólsselsdals og Grímsdals. Ekki er unnt að skoða berglög í Hólsdal undir 300 m yfir sjó vegna lausra jarðlaga og þar yrði erfið innganga. Göng yrðu nálægt jarðlagastriki, þ. e. þvert á jarðlagahalla, sem er hagstætt. Göng í 200 m hæð yfir sjó yrðu 4.2 km en í 100 m hæð yfir sjó 4.9 km. Líklega er Hólsdalur snjóþungur.

3. Göng milli Þverdals og Botnsdals. Nokkuð góð munnastæði eru í 130 og 180 m hæð við Þverdal og í 100 og 200 m hæð í Botnsdal. Göng í 180—200 m hæð yrðu 4.8 km en 5.8 km í 100—130 m hæð. Lega jarðlaga er ekki fullljós enn, en jarðlagahalli er hagstæður og göng yrðu því í fremur fáum lögum.

4. Göng milli Botnsdals og Reiðhjalla í Syðridal. Þessi göng lægju nokkuð nálægt strikstefnu jarðlaga og færu í gegnum fá lög, 4—5. Hraunlögin eru þykk, meðaltal 10 m, sem er hagstætt, en rauð millilög eru líka fremur þykk, um 1 m, sem er óhagstætt, einkum þegar

göng liggja samsíða strikstefnu. Munnar yrðu í ca. 100 m hæð yfir sjó í Botnsdal og 200 m yfir sjó í Syðridal og gangalengdin 4.2 km. 60—70 m misgengi í Syðridal gæti sett strik í reikninginn, en hugsanlega væri hægt að hafa göng utan við.

5. Göng milli Botnsdals og Tungudals. Stefna ganga yrði nokkuð nálægt jarðlagahalla og mundu þau skera 150—200 m af jarðlagastallanum, en það eru 15—20 hraunlög og jafnmörg millilög. Þessi lagafjöldi er óhagstæður en á móti kemur að lögin eru þykk og millilög fremur þunn. Gangamunni í Botnsdal yrði líklega í 180 m yfir sjó og í ca. 200 m hæð í Tungudal. Lengd þessara ganga yrði um 3.7 km.

Einn valkosturinn, jarðgöng í Sunddal, var útilokaður, en ekki verður að svo stöddu reynt að gera upp á milli hinna kostanna sem ég hér hef nefnt. Áhersla var lögð á að mæla þykktir og halla hraun- og millilaga og reynt að rekja lögin þvert í gegnum fjöllin þannig að unnt verði að áætla gegnum hvaða jarðlög göng mundu liggja. Einnig var hugað að sprungumyndun og fleiri þáttum sem hafa áhrif á gæði einstakra laga. Berggangar og misgengi voru sett á kort og skráð hvar ekki var unnt að skoða berglög vegna lausra jarðlaga.

Í vetur hefur verið unnið úr þeim gögnum sem safnað var í sumar og gerðir hafa verið uppdrættir af jarðlagasniðum og bergsýnishorn rannsökuð. Þessar upplýsingar munu koma fram í skýrslu sem byrjað er að taka saman. Hún mun fjalla um jarðfræðilegar aðstæður á því svæði sem hér um ræðir. Skýrslan mun væntanleg á sumri komanda. Að því loknu verða gerðar lauslegar tillögur um breytt vegasamband og jarðgöng hönnuð og frumáætlun gerð um kostnað. Endanlegar lausnir verða ekki unnar til fullnustu fyrr en áætlanir eru teknar um framkvæmdir, en eins og kunnugt er liggur ekkert fyrir um slíkt í langtímaáætlun þeirri sem lögð var fyrir Alþingi á s. l. vetri.

Seinni spurningin er um brúargerð yfir Dýrafjörð. Vetrarsamgöngur í innanverðum Dýrafirði hafa löngum verið erfiðar. Koma þar til snjóþyngsli og veðrahamur auk snjóflóða. Hefur því verið hugað að möguleikum á því að fara með veg yfir fjörðinn utast og losna þannig við fjarðarbotninn, enda er þar engin byggð. Árið 1974 athugaði Vegagerð ríkisins lauslega þann möguleika að fara yfir fjörðinn um Lambadalsodda. Sú athugun byggði á nokkrum mælingum en ekki fóru fram neinar umtalsverðar rannsóknir. Niðurstaða þeirrar athugunar varð sú, að umferð væri ekki nægileg til að framkvæmdin væri arðsöm. Í vegáætlun 1982 var síðan veitt fé til að kanna þetta mál frekar. Voru þá gerðar rannsóknir og mælingar á ýmsum þáttum málsins, einkum tæknilegum. Unnið var úr þeim athugunum á s. l. ári og í framhaldi af því voru gerðar kostnaðaráætlanir um nokkra valkosti og borin saman arðsemi þeirra.

Nú liggja fyrir niðurstöður þessara útreikninga. Eru þær í stuttu máli á þá leið að vegurinn um Lambadalsodda með brú á oddanum er hagkvæmasta lausnin. Kostnaður er talinn um 70 millj. kr. á verðlagi 1984 og arðsemi þeirrar fjárfestingar er um 10%, en það má teljast mjög viðunandi. Vegur styttist um 13 km.

Eins og fyrr sagði beindust rannsóknir þær sem fram fóru einkum að tæknilegum þáttum. Athuga þarf þó ýmsa þeirra nánar. Enn fremur þarf að rannsaka lífríki innri hluta fjarðarins og hugsanleg áhrif mannvirkjagerðar á það. Væri æskilegt að ljúka þessum viðbótarrannsóknum á þessu og næsta ári. Til að svo megi verða þarf nokkra fjárveitingu 1985. Verður það mál tekið til athugunar við endurskoðun vegáætlunar. Með hliðsjón af niðurstöðum arðsemisreikninga hefur Vegagerð ríkisins lagt til að framtíðarvegur um Dýrafjörð liggi yfir fjörðinn um Lambadalsodda.

Ég vil bæta því við að ég fyrir mitt leyti sem samgrh. og þm. kjördæmisins er sammála þessari tillögu Vegagerðarinnar og mun vinna að því að þessi ákvörðun verði endanlega tekin. Þó verður á þessu stigi að hafa þann fyrirvara að ofangreindar viðbótarrannsóknir breyti ekki forsendum í verulegum atriðum. Það er líka rétt að geta um að leið um Lambadalsodda miðast við það að um 100 m löng brú sé byggð upp á oddanum en álnum sunnan oddans lokað með vegfyllingu. Verður hinn nýi farvegur á oddanum 7—8 metrum hærri en botninn í álnum.

Fjörur innan Lambadalsodda hafa verið taldar mikilvægar sem viðkomustaðir vaðfugla og uppeldisstöðvar æðarfugls. Er því lengd brúar ákveðin þannig að fjörur haldist í meginatriðum óbreyttar. Lokun álsins getur hins vegar haft áhrif á ástand sjávar í dýpinu innan við Lambadalsodda. Verður ekki hjá því komist að athuga þessi mál nánar, enda hefur svo verið gert við öll sambærileg mannvirki sem hingað til hafa verið byggð. Hefur Líffræðistofnun Háskólans yfirleitt annast þessar rannsóknir. Skylt er skv. lögum að leggja slíka mannvirkjagerð fyrir Náttúruverndarráð og hafa rannsóknir mjög hjálpað ráðinu til að móta afstöðu sína og almennt stuðlað að því að eyða tortryggni og ótta við þau áhrif sem mannvirki af þessum toga kunna að hafa á umhverfi sitt.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. greinargóð svör um frumathuganir varðandi jarðgangagerð í Ísafjarðarsýslu. Ég fagna því sérstaklega að hann hefur upplýst hér niðurstöður athugana varðandi brúargerð yfir Dýrafjörð, sem greinilega eru mjög jákvæðar og ólíkar þeim sem lagðar voru fram af Vegagerð ríkisins fyrir nokkrum árum. Ég vil í framhaldi af þessu vænta þess að bæði hæstv. samgrh. og alþm. almennt geti orðið um það sammála, þegar að endurskoðun vegáætlunar kemur og endurskoðun þeirrar langtímaáætlunar í vegagerð sem samþykkt hefur verið, að fjármagni verði veitt til þeirrar framkvæmdar og að fjármagn verði tryggt til frekari rannsókna varðandi jarðgangagerð, og ef rannsóknir leiði til jákvæðrar niðurstöðu þá til framkvæmda í Ísafjarðarsýslu.

Ég vil taka það fram að mér sýnist að hér muni þó vera um svo stórt átak að ræða að ástæða sé til að huga að möguleikum á alveg sérstakri fjáröflun í þessu skyni, eins og stundum hefur verið gert í slíkum efnum þegar mikið hefur verið talið liggja við. Það er sjálfsagt nokkuð varasamt að fara með neinar tölur hvað þetta varðar. En þó vil ég geta þess að í Færeyjum, þar sem jarðgangagerð til samgöngubóta er ákaflega algeng og hefur verið um langt skeið, er kostnaður á km nú talinn vera í kringum 40 millj. íslenskra króna. Það lætur nærri að þau jarðgöng á norðanverðum Vestfjörðum sem frumathuganir hafa náð til muni vera ekki langt frá 11—12 km samanlagt. Ef miðað væri við þessa færeysku kostnaðartölu, þá væri heildarkostnaðurinn þar með ekki langt frá 500 millj. kr. Ég gæti ósköp vel látið mér

detta í hug að þarna mætti kannske bæta við svo sem 50%, en það verða rannsóknir að leiða í ljós að sjálfsögðu. Hvað sem því líður minni ég á að samt væri þarna ekki um að ræða öllu meiri upphæð en t. d. hefur verið ákveðið að verja af Íslands hálfu til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Það er athyglisvert að skv. nýrri skýrslu, sem jarðfræðingar hjá Orkustofnun ríkisins hafa tekið saman eftir að hafa kynnt sér jarðgangagerð sérstaklega í Færeyjum, þá greina þeir frá því, sem hér segir. Ég les hér úr frumskýrslu frá jarðfræðingum Orkustofnunar, með leyfi hæstv. forseta: „Í Færeyjum hafi alls verið gerðir um 13 600 m af veggöngum eða um 650 m á ári að jafnaði frá 1963 en þetta samsvarar rúmlega einum Oddsskarðsgöngum á ári í 20 ár.“ Það hlýtur að vera fullkomið íhugunarefni fyrir okkur hvort ekki sé þarna um nokkurt fordæmi að ræða, enda þótt aðstæður séu vissulega með nokkuð öðrum hætti í Færeyjum hvað jarðlög snertir og búast megi við eitthvað meiri kostnaði hér.

Rétt er að minna á og undirstrika að ef tekist hefði að byggja þau göng sem hér eru til umr. væri komin samtengd byggð í Ísafjarðarsýslum árið um kring með samtengdum þéttbýliskjörnum með íbúatölu nokkuð á sjöunda þúsund manns. Það fer auðvitað ekki á milli mála að aðstæður hlytu allar að gerbreytast við slíka framkvæmd frá því sem nú er, þegar þessir sömu byggðarkjarnar eru einangraðir að mjög verulegu leyti hver frá öðrum í stóran hluta af árinu yfir veturinn og samgöngur mjög erfiðar.

Ég vil sérstaklega, herra forseti, að lokum minna á það, að það er ekki síst á sviði margvíslegrar þjónustu sem hagkvæmni mundi aukast og aðstæður batna við slíka samtengingu, en hlutfall starfandi fólks í þjónustugreinum er nú lægra á Vestfjörðum en nokkurs staðar annars staðar á landinu og meira en helmingi lægra en t. d. hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er nokkuð á þriðja þúsund ársverk í þjónustugreinum sem vantar upp á á Vestfjörðum í þeim efnum til að ná landsmeðaltali. Ég tel að samgöngubætur af því tagi sem hér hefur verið rætt um væru besta aðgerðin, eins og mál standa, til að stuðla að aukningu í þeim efnum og þar með til að treysta búsetu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka bæði fyrir fsp. og eins fyrir það svar sem ráðh. gaf. Ég vænti þess að hann láti líffræðinga Háskólans ekkert rugla sig. Þó að í skýrslu Vegagerðarinnar standi að Dýrafjarðarbotn sé mikilvægur viðkomustaður vaðfugla þykir mér ekki trúlegt að þeir hætti að koma til Íslands þó að brú yrði sett á fjörðinn.

Það er aftur á móti annað mál, þegar vikið er að jarðgangagerð, að sá árangur hefur náðst, m. a. fyrir tilstilli þeirrar nefndar sem fyrrv. samgrh. skipaði, að Vegagerðin hefur farið að kanna jarðgangagerð í gegnum fjöll á Vestfjörðum án þess að halda sig við efstu fjallaskörð eins og áður hafði verið gert. Mér er óskiljanlegt hvaða hag vegagerðarmenn sjá í því að príla fyrst upp í 170—190 m hæð yfir sjávarmál í snarbröttum hlíðum áður en þeir ætla að hefja jarðgangagerð í gegnum fjöllin. Ég held að þeir verði að endurskoða sitt tafl og færa sig mun nær sjónum en þeir hafa gert til þessa. En sem betur fer vinnur tækniþróunin mjög hratt með okkur. Kannske fer það svo að þjóðarstolt okkar Íslendinga þolir ekki að Færeyingar storma í gegnum fjöllin eins og ekkert sé, en við á þessu svæði, sem eigum nú traustustu fjöll og elstu á Íslandi eins og menn vita ... (**Gripið fram í:** Það er rangt.) (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég verð að fá að leiðrétta vanþekkingu Austfirðinga á þessu máli. Skv. nýjustu heimildum og athugunum hjá íslenskum jarðfræðingum hefur komið í ljós að elstu fjöll á Íslandi eru þar vestra og jafnframt þau traustustu.

Tilraunastöð á Reykhólum, fsp. 224. mál (þskj. 395). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Það er fsp. á þskj. 395, sem ég hef leyft mér að bera fram til landbrh., varðandi tilraunastöð í landbúnaði sem ríkið hefur í áratugi rekið á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Fsp. er á þessa leið:

„1. Mun landbrh. beita sér fyrir því að sauðfjárræktartilraunum verði haldið áfram við tilraunastöðina á Reykhólum?

2. Hefur fjármagn verið tryggt í þessu skyni?“

Ástæða fsp. er sú að uppi hafa verið áform um að hverfa nú frá þeim mikilvægu tilraunum í sauðfjárrækt sem þarna hafa farið fram allt frá árinu 1958. Ég ætla ekki að rekja hér hvernig þessi áform um að hverfa frá þessum mikilvægu tilraunum eru tilkomin en nota frekar tíma minn til að koma hér á framfæri ýmsu því sem sérfróðir aðilar hafa látið frá sér fara varðandi þetta mál. Í rúma tvo áratugi hefur dr. Stefán Aðalsteinsson haft yfirumsjón með fjárræktinni á Reykhólum. Í grg. dr. Stefáns dags. 8. jan. s. l. segir um þessar fjárrætartilraunir m. a. með leyfi herra forseta:

„Á Reykhólum hefur ull af hverri kind verið að meðaltali 2.86 kg síðustu sjö árin. Á sama tíma er reiknað með því í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara að vísitölubúið skili 1.94 kg ullar af kind. Reykhólaféð skilar þannig 47% meiri ull af hverri kind en féð á vísitölubúinu. Ullin af Reykhólafénu hefur flokkast mjög vel flest undanfarin ár. Best hefur flokkunin orðið sú að 94% af ullinni fóru í úrvalsflokk. Ef reiknað er út það aukaverðmæti sem fæst við það að hver kind skili 2.86 kg ullar og að 80% ullarinnar fari í úrval og 20% í 1. flokk nemur þetta aukaverðmæti jafnmiklu og verðmætið af 37 viðbótarlömbum á vísitölubúi með 440 vetrarfóðraðar kindur. Það er því eftir miklu að slægjast fyrir bændur ef þeir gætu náð jafngóðum árangri í ullarframleiðslunni eins og náðst hefur á Reykhólum.“

Þetta m. a. voru orð dr. Stefáns Aðalsteinssonar sem fróðastur er um þessi efni. Hann segir enn fremur í sömu skýrslu frá 8. jan s. l.:

„Það er óhætt að fullyrða að fjárstofninn á tilraunastöðinni á Reykhólum, eins og hann er nú, er auðlind sem getur skilað miklum verðmætum í þjóðarbúið ef rétt er á haldið. Það yrði ullar- og skinnaiðnaði landsmanna stórkostleg lyftistöng ef hægt væri að dreifa kostum Reykhólafjárins um landið til að bæta ull og gærur sem hráefni til iðnaðar. Reykhólaféð gefur auk þess góðar afurðir í kjöti þannig að fjárbændur ættu að hafa verulegan hagnað af því að fá fé frá Reykhólum til kynbóta.“

Ekki þarf að lýsa því hvað mikilvægt það er að úrvinnsla landbúnaðarafurða sé í sem bestu horfi, ekki

aðeins fyrir landbúnað í landinu heldur ekki síður fyrir iðnaðinn. Þá er þar ekki síst um að ræða þann ullar- og skinnaiðnað sem hér hefur verið að þróast. Ég vil einnig kynna hér í tilefni þessarar fsp. umsögn frá Álafossi h. f. varðandi gæði ullar frá búinu á Reykhólum. En í þeirri umsögn dags. 6. febrúar s. l. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Á Reykhólum hefur verið ræktaður upp sérstæður fjárstofn með alhvíta og eðlisgóða ull. Þar hefur jafnframt verið lagt kapp á að reyna að fyrirbyggja að ullin skemmist á fénu í húsum að vetrinum. Við höfum fengið Reykhólaullina til vinnslu í allmörg ár. Þegar hún hefur verið best að gæðum hafa rúm 90% af henni farið í úrvalsflokk, en á sama tíma, árið 1982, fóru 12.3% af innvegnu magni af annarri ull í úrvalsflokk."

Mér finnst þetta ákaflega athyglisverðar upplýsingar, herra forseti, að Álafoss vottar hér að 90% af ull af þessu fé af búinu á Reykhólum fari í úrvalsflokk en aðeins 12.3% af annarri innveginni ull.

Ég hefði gjarnan viljað rekja fleira úr greinargerðum um ágæti ullar og skinna Reykhólafjárins, t. d. frá Sláturfélagi Suðurlands og einnig umsögn Sauðfjárveikivarna og dýralæknis, en tími minn leyfir það ekki. Ég vænti svara frá hæstv. landbrh. við minni fsp varðandi starfsemina á Reykhólum.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Með lögum nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, var ákveðið að starfræktar skyldu tilraunastöðvar í jarðrækt, ein í hverjum landsfjórðungi. Tilraunastöðin á Reykhólum var reist skv. lögum nr. 57/1944. Skyldi hún vera rekin sem tilraunastöð í jarðrækt eins og í lögunum segir. Hlutverk þessarar tilraunastöðvar var m. a. að sinna sérstökum verkefnum viðkomandi byggða og reyna ýmsa ræktunartækni við breytilega staðháttu og veðurfar. Þetta starf hefur farið fram á Reykhólum síðan 1946. Tilraunir með sauðfé hófust þar 1958. Sauðfjártilraunirnar hafa aðallega beinst að ræktun hreinhvíts fjár.

Umsvif á sviði jarðræktartilrauna á Reykhólum hafa dregist saman að undanförnu. Fyrir 10 árum voru gerðar alls 38 tilraunir með jarðrækt á vegum Reykhólastöðvarinnar en á s. l. ári voru þær 13. Í grg. um tilraunastarfið hefur komið fram að fækkun tilrauna megi m. a. rekja til erfiðs árferðis og ýmsar tilraunir hafa misfarist af þeim sökum. Dreifðum tilraunum, sem gerðar voru víða um Vestfirði á vegum Reykhólastöðvarinnar, hefur einnig fækkað verulega. Með vinnuafli því sem á tilraunastöðinni er hefur reynst erfitt að samræma vinnu við tilraunir þar sem annatími sauðfjárræktarinnar, sauðburður, fellur saman við annatíma jarðræktartilraunanna.

Hin síðari ár hefur gætt vaxandi erfiðleika við rekstur tilraunastöðvanna í landbúnaði og þá sérstaklega með búrekstur eftir breytingu á launasamningum sem gerðir voru 1977. Leitað hefur verið leiða til úrbóta og þ. á m. hafa skipulagsmál tilraunastöðvanna verið athuguð. Nefnd, sem landbrh. skipaði 7. febr. 1979 til að kanna fyrirkomulag tilraunastöðvanna, lagði til að á Reykhólum verði meginhersla lögð á jarðrækt, jarðræktar- og heyverkunartilraunir auk þess sem athugaðir verði möguleikar á tilraunum með hlunnindi. Búfjárhald á Reykhólum verði lagt niður og þær tilraunir sem þar má gera stundaðar á öðrum ríkisbúum, enda verði gerðar ráðstafanir til að varðveita fjárstofninn sem nú er á Reykhólum.

Vandi vestfirskra bænda hefur ekki hvað síst verið bundinn öflun fóðurs og grasrækt. Nauðsyn er að tilraunastarfsemi Reykhólastöðvarinnar beinist að þessum undirstöðuþætti kvikfjárhaldsins og að þessu var mjög unnið um miðjan síðasta áratug þegar umfangsmiklar jarðræktartilraunir voru gerðar víðs vegar um Vestfirði frá tilraunastöðinni á Reykhólum. Í samræmi við þetta var ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Vestfjarða í júní s. l. þar sem því var beint til alþm. Vestfjarðakjördæmis og landbrh. að þeir efli tilraunastöðina á Reykhólum svo að hún fái betur og meira en nú er sinnt þeirri tilraunastarfsemi sem þar er rekin, einkum hvað varðar grasræktartilraunir, svo að betur fáist séð hvaða grasstofnar henta vestfirskum bændum best til túnræktar.

Bændur hafa verið andvígir því að sauðfé og annar búpeningur á ríkisbúum sé umfram þarfir. Má þar m. a. minna á að fyrir nokkrum árum mótmæltu íbúar Austur-Barðastrandarsýslu fjárfjöldanum á Reykhólum og lýstu yfir að land í Reykhólasveit þyldi ekki meiri beit og kröfðust þess að fénu yrði fækkað.

Fjárhagsvandi tilraunastöðvanna hefur farið vaxandi undanfarin ár. Síðasta ár var ítrekað sótt um aukafjárveitingar til þeirra en þær fengust litlar. Halli á rekstri Reykhólabúsins nam rúmlega 300 þús. kr. á árinu 1982. Eftir að stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hafði kynnt sér rækilega stöðu og rekstursmöguleika tilraunastöðvarinnar á Reykhólum á s. l. hausti komst hún að eftirfarandi niðurstöðu:

„Stjórn RALA samþykkir að leggja niður sauðfjárhald á tilraunastöðinni á Reykhólum á árinu 1984. Unnið verði að því að koma sauðfjárstofni þeim, sem þar hefur verið ræktaður á undanförnum árum, til framhaldsræktunar á öðrum fjárræktarbúum RALA og/eða annarra opinberra stofnana, t. d. bændaskólanna eða með öðrum hætti."

Í grg. um ákvörðunina, sem send var Fjórðungssambandi Vestfirðinga, segir:

„Stjórn RALA er vel ljóst að umsvif tilraunastjórans við bústjórn hafa tekið óeðlilega mikið af tíma hans á kostnað tilraunastarfsins. Þegar þar við bætist að á Reykhólum er fjárbú af óhagstæðri stærð miðað við bú í opinberri eigu fannst stjórn RALA eðlilegt að leita leiða til að varðveita fjárstofninn sem nú er á Reykhólum á annan hátt en þann að þar yrði rekið tilraunabú á vegum tilraunastöðvarinnar. Í því sambandi hafa nokkrir möguleikar verið til athugunar, svo sem að leigja fjárbúið og aðstöðuna á tilraunastöðinni og í öðru lagi að flytja stofninn eða hluta hans á annað eða önnur ríkisbú. Yrði búið leigt kæmi þetta jafnframt til greina. Með þessu yrði fjárstofninn varðveittur og fleirum gefinn kostur á að nýta sér hann til að bæta fjárrækt sína. Létt yrði af tilraunastjóra álagi vegna sauðfjárræktarinnar þannig að hann fengi tíma til að sinna jarðræktartilraunum að fullu. Annatími sauðfjárræktarinnar fellur að verulegu leyti á þennan annatíma."

Merkt starf hefur verið unnið á sviði fjárræktar og ullarframleiðslu á Reykhólum undir stjórn dr. Stefáns Aðalsteinssonar. Þar hefur bæði verið unnið að rannsóknum og sauðfjárkynbótum. Varðandi sauðfjárræktina þarf að sjálfsögðu að viðhalda rannsókn á þætti þeim sem fram hefur farið á Reykhólum. Kynbótaþátt-

inn má tryggja með því að bændur nýttu sér Reykhólafé til kynbóta. Ekki er síst að vænta þess að bændur í nágrenni tilraunastöðvarinnar nýti sér til fullnustu eðliskosti Reykhólafjárins. Slíkt mundi og varðveita erfðaeiginleika fjárins sem þar er í einu hreinasta sóttvarnarhólfi landsins hvað snertir sauðfjársjúkdóma.

Sú sérstaða sem Reykhólar hafa sem tilraunastöð nú er fremur bundin jarðrækt og heyöflun en sauðfjárræktinni. Sé fjármagn til rannsókna takmarkað er mikilvægt að beina því til verkefna sem brýn eru. Í ljósi þess að fóðuröflun er víða takmarkandi þáttur í búrekstri á Vestfjörðum er eðlilegt að tilraunastöðin á Reykhólum verði fyrst og fremst gert kleift að sinna þeim þætti, ekki síst þegar bent hefur verið á að sinna megi sauðfjárræktinni með öðrum leiðum án þess að framfarir á því sviði bíði skaða af.

Í lögum um tilraunastöðina á Reykhólum var gert ráð fyrir að nýta og heyja þar til sérstakra tilrauna. Bent hefur verið á að eðlilegt væri að hefja tilraunir varðandi nýtingu hlunninda á Reykhólum, svo sem æðarræktar og svo tilraunir með fiskirækt, en aðstaða er dágóð fyrir þessar búgreinar á Reykhólum. Einnig á þessu sviði gæti tilraunastöðin og aðstaða þar nýst til að styðja við búskap við innanverðan Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Ég hef óskað eftir því við veiðimálastjóra að hann gerði nánari grein fyrir því hvernig hægt væri að standa að tilraunum í fiskirækt.

En sem svör við fsp. þeim, sem hv. 10. landsk. þm. bar fram til mín, mun landbrh. beita sér fyrir því að sauðfjárræktartilraunum verði haldið áfram á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Ég mun styðja stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til að halda áfram tilraunum á Reykhólum með sauðfé á þann hátt sem er árangursríkast og hagkvæmast. Stjórnin hefur talið rétt að athuga möguleika á að leigja búfjárstofninn og fá leigu greidda í lömbum sem yrði dreift m. a. á önnur ríkisbú. Þá yrði náð þeim markmiðum, sem stjórn Rannsóknastofnunarinnar hefur þar sett fram, að fjárstofninum yrði haldið á Reykhólum. Sá fjármaður sem þar hefur unnið, gæti haldið áfram vinnu sinni þar. Stefán Aðalsteinsson gæti haldið áfram að hafa alla yfirstjórn á kynbótum stofnsins sem þar yrði þá áfram í eigu RALA. Með flutningi líflamba mætti útbreiða stofninn til annarra landshluta. Þetta eru sem sagt þau markmið sem stjórn RALA hefur sett sér.

Í öðru lagi verði fjármagn tryggt í þessu skyni. Það var reynt eins og kostur var að fá fjármagn til tilraunastöðvanna við gerð síðustu fjárlaga. Alþingi hefur afgreitt þau fyrir þetta ár og meira fjármagni hefur landbrn. ekki úr að spila. Hins vegar er verið að skoða hvort möguleiki sé á eitthvað meira fjármagni í þessu skyni en niðurstöður um það liggja ekki fyrir.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin við þessari fsp. minni. Ég var ánægður með þau að sumu leyti en ekki öllu leyti. Ég skil málið svo að ákvörðun hafi í rauninni enn ekki verið tekin í þessu máli og af hálfu landbrn. sé verið að vinna að útvegun þess — ég leyfi mér að segja — litla fjármagns sem þarna getur skorið úr. Hæstv. ráðh. nefndi að launasamningar frá 1977 hefðu gert reksturinn á tilraunabúum og þ. á m. á Reykhólum erfiðan. Ég efast ekki um að svo sé en það hefur nú verið víðar, bæði í opinberum rekstri og annars staðar. En hæstv. ráðh. nefndi að þarna hefði á síðasta ári verið um að ræða 300 þús. kr. svo að þetta sýnast nú ekki vera stórir fjármunir.

Ég fagna því að hæstv. ráðh. upplýsti hér að stjórn RALA hefði tekið þá stefnu að halda áfram sauðfjárræktunartilraunum á Reykhólum og hverfa frá því að flytja þær þaðan. En í þessum efnum vil ég vænta þess að mjög vandlega verði hlustað á ráðleggingar þess manns sem annast hefur og haft yfirumsjónir með þessum tilraunum í 20 ár, dr. Stefáns Aðalsteinssonar. En hann leggur á það áherslu að tilraununum verði haldið áfram með þeim hætti sem verið hefur nú að undanförnu og segir m. a. í bréfi til oddvita Reykhólahrepps, sem ég hef hér afrit af, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef stofninn yrði fluttur frá Reykhólum væri kippt fótunum undan allri núverandi starfsemi. Gæti það hæglega leitt til þess að stofninn yrði eyðilagður á stuttum tíma.“

Á öðrum stað leggur dr. Stefán, sem á manna mestar þakkir skildar fyrir þann árangur sem náðst hefur í ullarræktun, áherslu á að Reykhólabúið verði rekið í sama formi og verið hefur.

Ég þarf ekki að orðlengja mjög um þetta. Ég vil þó taka fram, vegna orða hæstv. ráðh. um afstöðu Búnaðarsambands Vestfjarða, að það er mikill misskilningur ef hæstv. ráðh. hefur fengið þær upplýsingar að Búnaðarsamband Vestfjarða sé sátt við að þessum tilraunum verði hætt. Þessi samþykkt er þvert á móti á þann veg að þar er reyndar fagnað viðbótartilraunum af öðru tagi, þ. á m. að aukin áhersla verði lögð á tilraunir með grasrækt, en í samþykkt stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða mótmælir þessum ráðagerðum að leggja niður sauðfjárbúið á Reykhólum. Tilraunastöðin á Reykhólum á að þjóna landbúnaði á Vestfjörðum og bendir stjórnin á að landbúnaður þar standi höllum fæti vegna slæms árferðis, sauðfjársjúkdóma og framleiðsluskerðinga. Það er því eindregin ósk bænda þar að sú þjónusta verði efld en ekki dregið úr henni þannig að starfsemi tilraunastöðvarinnar á Reykhólum styrki byggðina á Vestfjörðum enn frekar en verið hefur.“

Þarna er sem sagt um að ræða eindregin mótmæli gegn því að horfið verði frá umræddum sauðfjárræktartilraunum.

Það hefur einnig komið fram í samþykkt nýlokins Búnaðarþings um tilraunastöðvarnar, sem samþykkt var einróma, að þar ríkti skilningur á mikilvægi tilrauna til að tryggja íslenskum ullar- og skinnaiðnaði sem best hráefni. Í samþykkt Búnaðarþings segir orðrétt:

„Sérstaklega er æskilegt að þær tilraunir og aðgerðir verði sem raunhæfastar er stuðlað gætu að enn fjölbreyttari og betri markaðsvöru á sem flestum sviðum. Þar ber m. a. að hafa í huga gott hráefni fyrir íslenskan ullar- og skinnaiðnað.“

Þegar nú liggur fyrir, skv. vottorði Álafoss sem ég kynnti áðan, að einmitt ullin af þessu fé fer 90% í úrvalsflokk á meðan önnur ull fer að jafnaði ekki nema sem svarar 12.6% í slíkan úrvalsflokk sýnist næsta fráleitt að ætla að draga úr starfsemi Reykhólastöðvarinnar og harla ólíklegt að ekki töpuðust við það nokkuð margar litlar 300 þús kr. sem þarna vantaði upp á á síðasta ári. Þetta vildi ég segja til áréttingar en vil treysta því að hæstv. ráðh. athugi vel sinn gang og hrapi

ekki að ákvörðunum og hlusti vandlega á þá menn sem best eru hnútum kunnugir og sérfróðastir um þau efni sem hér hefur verið rætt um.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég er mjög andvígur því að leggja niður tilraunastöðina á Reykhólum og vil nefna það sem rök að þetta er eina tilraunastöðin á Vestfjörðum og hún hefur gefist vel. Hins vegar verðum við að vera opin fyrir því sem betur má fara. Ég treysti því að hæstv. landbrh. láti þá athugun fram fara sem hann gat um, en endanlegar ákvarðanir verði ekki teknar nema í samráði við þm. Vestfjarða sem hafa fjallað um þetta mál fyrir hönd heimamanna.

Ég tel að á Reykhólum hefi verið unnið mikið og merkilegt starf á undanförnum árum og áratugum. Hér er um veika byggð að ræða sem hefur ekki traust atvinnulíf. Því munar um allan samdrátt sem þar á að eiga sér stað. En fyrst og fremst þarf þá að finna ný verkefni til að halda rannsóknastarfseminni áfram. Ég treysti því að hæstv. landbrh. sýni þessum málum þann skilning sem ég veit að er fyrir hendi hjá honum og það verði leitað samstarfs við þm. kjördæmisins í þessu efni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru örfá orð í tilefni þessa máls.

Ég fagna því að sjálfsögðu að umr. um það hafa átt sér stað hér og vænti þess að úr verði bætt og hætt verði við þá ákvörðun að leggja þessa tilraunastöð niður í því formi sem á henni er nú.

Hæstv. landbrh. sagði að halli á árinu 1982 hefði verið um 300 þús., hafi ég tekið rétt eftir, — 1982, ekki 1983. Ég hygg að víðar í tilraunastarfi á vegum ríkisins megi finna álíka ef ekki meiri halla en hér er um að ræða og það eitt út af fyrir sig séu ekki rök fyrir því að leggja þessa tilraunastöð niður.

Hitt er svo annað mál út af því sem hæstv. samgrh. sagði áðan, að meiri hl. hér á Alþingi, stjórnarliðið hér á Alþingi, lagði blessun sína yfir þessa ákvörðun með afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin. Þannig þurfa að eiga sér stað sinnaskipti hjá meiri hl. Alþingis, sem ferðinni ræður, ef á að takast að hverfa frá fyrirhugaðri ákvörðun. Ég vænti þess sannarlega að bæði hæstv. samgrh. og aðrir þeir hv. þm. og hæstv. ráðh. sem ráða ferðinni innan meiri hl. sjái svo um að hætt verði við þá fyrirhuguðu ákvörðun að leggja niður tilraunastöðina á Reykhólum.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég stend upp fyrst og fremst til að láta í ljós undrun mína yfir þessu tali um að leggja eigi niður tilraunastöðina á Reykhólum. Ég veit ekki hvaðan sú hugmynd er komin sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um. Ég hélt að ég hefði sagt nægilega skýrt að hugmyndin var að reyna að gera reksturinn hagkvæmari. Ég tel að það sé sjálfsögð skylda stjórnar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, hvort sem fjárveitingar eru rúmar eða þröngar, að reyna að haga rekstri á þann hátt sem hagkvæmastur er miðað við þau markmið sem menn setja sér. Ég skýrði frá því áðan hvernig hugmyndir það hefðu verið. Það kom ekki fram að ætti að skera niður fjárstofninn. Það væri furðulegt ef stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins ætlaði að fara að eyðileggja þann árangur sem allir eru sammála um að þarna hafi náðst og þurrka hann alveg út.

Hins vegar vitum við að viðhorf eru sífellt að breytast í landbúnaði eins og öðru og það þarf alltaf að leita nýrra leiða. Ég skýrði frá ýmsum hugmyndum sem menn væru með og að efla þyrfti tilraunastarfsemi þarna og gera hana fjölbreyttari einmitt til að styrkja byggðina jafnframt því sem hugað væri að grundvallaratriðinu fyrir búskap á Vestfjörðum sem er grasræktin. Við vitum að hún er erfiðari þar en í flestum öðrum landshlutum, vegna þess að hitastig er þar lægra. Því er nauðsynlegt að vera þar með tilraunastarfsemi.

Ég hef að öðru leyti engu við þetta að bæta, nema ég vil láta í ljós undrun mína yfir tali þeirra sem eru með þá fullyrðingu að hugmyndir hafi verið um að leggja niður tilraunastarfsemina á Reykhólum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta hv. 3. þm. Vestf. Það hefur ekki komið hér til umr. eða afgreiðslu á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga niðurskurður til þessarar tilraunastöðvar. Það kom í fjárlagafrv. fram fé til þessarar tilraunastöðvar eins og allra annarra. Það hefur ekki komið til neinnar afgreiðslu hér á Alþingi niðurskurður og þar af leiðandi getur hv. þm. ekki hvatt okkur til að breyta um skoðun í þessum efnum. Við höfum ekki tekið þátt í því. Hins vegar erum við reiðubúnir að kanna öll mál og gera rekstur allra fyrirtækja og stofnana betri en verið hefur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það kemur úr hörðustu átt þegar fjvn.-menn koma með yfirlýsingar eins og þær að ákveðið sé að leggja niður stofnanir sem þeir vita mætavel sjálfir að þeir hafa lagt til fjármagn á yfirstandandi ári. Spurningin er þá sú, hvort þeir hafa litið svo á að það fjármagn hafi átt að fara til starfsmanna til að borga þeim laun út uppsagnarfrestinn.

Ég vil undirstrika að á mörgum stöðum þarf að gera rekstur hagkvæmari, það blasir við. Það má vel vera að líka þurfi á Reykhólum. Og það má vel vera að hv. 3. þm. Vestf. geri sér grein fyrir því þó að hann tali öðruvísi nú. En hitt verður að sjálfsögðu ekki liðið af þm. Vestfjarða að sá merki árangur sem náðst hefur í sauðfjárrækt á Reykhólum verði látinn renna út í sandinn. Það verður tryggt að áframhaldandi ræktun þess fjárstofns, sem þarna er, eigi sér stað.

Ég vil undirstrika það alveg séstaklega að í flestum löndum hefur búfjárrækt náð bestum árangri þar sem bændur sjálfir hafa verið látnir glíma við þau mál. Og ég vil minna á að við erum búnir að ná mjög miklum árangri í nautgriparækt á þessu landi. Nythæsta kú á Íslandi mjólkaði 10 þús. lítra. Hvað skyldi það fara mörgum prósentum yfir meðalnytina sem notuð er í verðlagsgrundvellinum?

Ég hygg að menn bæti sig ekki með þeim málflutningi sem hér hefur verið hafður í frammi, eins og að það eigi að fara að leggja þessa tilraunastöð niður. Ég fagna því að ákvörðun hefur verið tekin um að hún skipti sér af æðarrækt og hún skipti sér af fiskirækt. Á því sviði eru miklir möguleikar. En það er öruggt mál að við munum gæta þess að sá árangur sem náðst hefur í sauðfjárrækt á Reykhólum verði ekki eyðilagður.

Afdrif nauðgunarmála, fsp. 199. mál (þskj. 356).— Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Nauðgun telst til alvarlegustu brota og á það sammerkt með manndrápi og meiri háttar líkamsmeiðingum að það getur varðað allt að ævilangri fangelsisvist ef brotið sannast. Eðli slíkra brota er hins vegar slíkt, að kona sem orðið hefur fyrir nauðgun er í mun verri aðstöðu en þolendur annars konar brota. Ræður þar miklu viðhorf samfélagsins, sem veldur því jafnvel að þolandi treystir sér alls ekki til þess að kæra verknaðinn.

Enskar og bandarískar kannanir benda til þess, að mikill meiri hluti nauðgunarbrota sé ekki kærður. Til þess geta legið ýmsar ástæður sem ekki verða raktar til hlítar hér og nú. En ein meginástæðan mun vera sú, að konur treysta sér ekki til að ganga í gegnum þá niðurlægingu sem fylgir kæru og rannsókn málsins. Þá er algent að brotaþoli treysti sér ekki til að kæra af hlífisemi við afbrotamanninn, sem hún í mörgum tilvikum þekkir. Enn má nefna þá ástæðu, sem e. t. v. er óhugnanlegust, og hún er sú, að kona sem verður fyrir nauðgun á það jafnvel á hættu að fjölskylda og vinir snúi við henni baki. Hún kýs því að láta kyrrt liggja, særð á líkama og sál. Það er heldur alls ekki víst að kæra leiði til ákæru. Skortur á sönnunum veldur því oft að kæra er látin niður falla. Sé konan ekki blá og marin, í rifnum fötum og helst með sönnun verknaðarins í fæðingarvegi sínum getur sönnunarbyrðin reynst henni óviðráðanleg. Stöðug upprifjun hroðalegs atburðar getur reynst henni um megn og stundum kýs hún heldur að ljúka málinu með sátt en að freista þess að fá afbrotamanninn dæmdan.

Til þess að varpa örlitlu ljósi á þessi mál hef ég lagt fram fsp. til dómsmrh. á þskj. 356, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Hversu oft hefur verið kært fyrir nauðgun síðan Rannsóknarlögregla ríkisins var sett á stofn árið 1977?
2. Hve margar kærur hafa leitt til ákæru?
3. Hve margar kærur hafa verið felldar niður vegna skorts á sönnunum?
4. Hve mörgum málum hefur lokið með sátt og hve háar upphæðir er um að ræða í hverju tilviki?
5. Hve margar ákærur hafa leitt til dóms á ofangreindu tímabili og hver hefur refsing orðið í hverju tilviki?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 7. landsk. þm. hefur lesið hér upp spurningar sem hún ber fram til mín á þskj. 356. Vil ég svara þeim á eftirfarandi hátt.

1. Rannsóknarlögregla ríkisins hefur skráð alls 126 kærur fyrir nauðgun frá 1. júlí 1977 til 31. des. 1983. Af þeim kærum hafa 40 ekki farið lengra af ýmsum ástæðum, tvær hafa verið sendar til annarra umdæma, tvær eru enn í rannsókn, en 82 hafa verið sendar ríkissaksóknara til frekari meðferðar.

2. Af þeim tilvikum sem kærð hafa verið á tímabilinu frá 1. júní 1977 til 31. des. 1983 hafa 58 leitt til ákæru.

3. Eins og fram kemur af því sem rakið er hér að framan hafa ríkissaksóknara borist 82 kærur frá Rannsóknarlögreglu ríkisins og auk þess nokkrar frá öðrum umdæmum, en talning á þeim liggur ekki fyrir. Ákærur eru hins vegar gefnar út vegna 58 tilvika. Þannig hafa a. m. k. 24 mál eigi leitt til útgáfu ákæru af hálfu ríkissaksóknara, auk þeirra 40 kæra þar sem rannsóknarlögreglan hefur að lokinni rannsókn ekki talið þörf á frekari málsmeðferð.

Ríkissaksóknari hefur gert grein fyrir helstu ástæðum þess að ekki kemur til útgáfu ákæru vegna kæru. Eru þær þessar:

a. Ef fram komin sakargögn þykja eigi vera nægileg eða líkleg til sakfellis hlýtur mál að falla niður.
b. Þó að sakargögn þyki eigi veita sönnun fyrir nauðgun getur verið að þau veiti upplýsingar um önnur brot, svo sem líkamsárás, frelsisskerðingu og fleira og það orðið grundvöllur fyrir að gefa út ákæru fyrir þau brot.
c. Verið getur að mál sé fellt niður vegna þess að sönnun sakar bresti á síðara stigi, t. d. vegna þess að vitni hvikar frá fyrri framburði sínum.
d. Komið hefur fyrir að sá sem kærir nauðgun viðurkenni síðar að hafa lagt fram vísvitandi ranga kæru. Er þá komið nægt tilefni til þess að sá sé ákærður fyrir rangar sakargiftir.

Eigi eru tiltækar upplýsingar um tölu mála sem afgreidd hafa verið með þessum hætti.

4. Af hálfu ákæruvaldsins verður nauðgunarmáli ekki lokið með dómsátt. Hjá lögreglu eða dómsvaldi liggja ekki fyrir upplýsingar um ástæður þess, að kæra fyrir nauðgun er dregin til baka.

5. Af þeim 58 tilvikum sem ákært hefur verið fyrir hafa 44 þegar leitt til dóms, en 14 eru ódæmd. Refsingar hafa verið mjög mismunandi, en algengasta refsing er fangelsi í 12—18 mánuði. Í tveimur tilvikum hefur maður verið dæmdur fyrir fleiri brot í sama dómi og hefur refsing þá orðið 2½ árs fangelsi og í einu tilviki var dæmt í 3 ára fangelsi.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka dómsmrh. svör hans. Ég vil ítreka það sem ég sagði hér áðan, að viðhorf samfélagsins ráða miklu um það að konur treysta sér oftast ekki til að kæra nauðgunarbrot. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þörf sé breytinga á hegningarlögunum hvað þessi mál varðar. Þau eru að flestu leyti góð og gild, þótt 44 ára séu.

Hins vegar er ég sannfærð um að bæta má aðstöðu brotaþola til muna. Að því verður að vinna og í þeim tilgangi hef ég í hyggju að leggja fram þáltill. varðandi þetta mál.

Sjúklingaskrá, fsp. 207. mál (þskj. 370). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Tilefni þessarar fsp. eru raunar mörg.

Í fyrsta lagi eru mér minnisstæðar umræður sem urðu meðal læknanema við Háskóla Íslands fyrir nokkrum árum um þessi mál. Þá komu fram ýmsar ásæknar og erfiðar spurningar, t. d. hvert jafnvægi væri milli eðlilegrar upplýsingamiðlunar milli starfsfólks í þágu sjúklings og eðlilegrar upplýsingaleyndar vegna verndunar einkaupplýsinga hans. Í þessum umræðum komu einnig fram efasemdir læknanemanna um að dagbækur og skrár hlytu nægilega vörslu og að upplýsingar úr þeim hlytu nógu gætilega meðferð. Það var jafnvel talað um

að slíkar upplýsingar bærust gjarnan út fyrir sjúkrahús á vit almannarómsins. Í öðru lagi hafa mér borist fsp. frá almenningi sem hafa verið svipaðs eðlis, þ. e. fólki þykir meðferð einkaupplýsinga á þessum vettvangi stundum losaraleg. Og í þriðja lagi spyr ég vegna þess að upplýsingatækninni fleygir fram og þessar upplýsingar verða innan skamms og eru kannske nú þegar víða tölvusettar. Það er eðlilegt að þá sé spurt um almenna gæslu þessara upplýsinga, ekki síst þegar vitað er að gæsla þeirra verður sífellt erfiðari þegar tölvunetin tengjast milli stofnana og gerast flóknari.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að hérna kemur mjög margt við sögu. Hérna kemur t. d. í fyrsta lagi við sögu að það er mismunandi mat sjúklings og starfsmanns á því hvað sé leyndarmál, við sögu koma þarfir starfsfólks til að hafa greiðan aðgang að sjúkraskrám til að geta stundað sjúkling og við sögu koma þarfir heilbrigðiskerfisins svo að afla megi almennra nákvæmra upplýsinga um heilsufar þjóðar. Það má nefna að í sumum tilfellum er skilyrðislaus upplýsingaskylda sjúklinga eðlileg, t. d. ef um ákveðnar tegundir sjúkdóma er að ræða, eins og kynsjúkdóma. Í þriðja lagi má nefna viðkvæmni sjúklings fyrir sjálfum sér og einkahögum sínum — viðkvæmni sem jafnvel getur verið mjög mikil vegna streitu og álags sem fylgir sjúkdómi eða sjúkdómsferli.

Ég tel eðlilegt að róleg umræða og upplýsingar geti farið fram í þessu máli og því hef ég borið fram eftirtaldar spurningar til hæstv. heilbrmrh.:

„1. Hvaða reglur gilda um varðveislu upplýsinga um sjúklinga á opinberum heilbrigðisstofnunum?

2. Hverjir hafa aðgang að þeim upplýsingum í daglegu starfi stofnananna?

3. Hvernig er háttað eftirliti með því að reglur séu haldnar?

4. Eru uppi áform um tölvuskráningu á upplýsingum um sjúklinga?

5. Ef svo er, hvaða reglur munu gilda um meðferð upplýsinganna?“

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við 1. fsp.: Ekki eru í gildi nein lagaákvæði eða reglugerðarákvæði um varðveislu upplýsinga um sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Mál þetta var hins vegar tekið til athugunar af nefnd undir forustu landlæknis árið 1975. Niðurstaða nefndarinnar varð sú, að ekki var ráðlagt að sett yrðu lög um þetta mál. Hins vegar gaf landlæknir út tilmæli til heilbrigðisstofnana í fylgiriti við heilbrigðisskýrslu 1980 þar sem heilbrigðisstofnunum var ráðlagt hvernig varðveita skyldi upplýsingar um sjúklinga.

Í stuttu máli eru þessar ráðleggingar þannig:

1. Sjúkraskrá sjúkrahúsa skal geyma í allt að 30 ár.

2. Sjúkraskrá heilsugæslustöðvar skal geyma í allt að 10 ár frá síðustu innfærslu eða andláti sjúklings.

3. Mæðraskrá skal geyma til 50 ára aldurs konu.

4. Upplýsingar um berklasjúklinga og ónæmisaðgerðir skal geyma á meðan sjúklingur er á lífi.

5. Gögn um ung- og smábarnaeftirlit skal varðveita á heilsugæslustöðvum, en upplýsingar um ónæmisaðgerðir skulu fylgja barninu meðan það sækir skóla.

6. Röntgenmyndir skal geyma í 10 ár, en geyma svör við rannsókninni í frumriti líkt og sjúkraskrár heilsugæslustöðva.

Vitað er að sjúkraskrár hafa verið geymdar lengur en ráðlegt var í tilmælum landlæknis og í sumum sjúkrahúsum eru til sjúkraskrár frá upphafi.

2. spurning: Allar upplýsingar sem skráðar eru um sjúklinga eru undir umsjá og á ábyrgð yfirlæknis viðkomandi deildar. Meðan sjúklingurinn dvelst í sjúkrahúsi eru sjúkraskrár geymdar á viðkomandi deildum, en eftir útskrift í skjalasafni. Aðgang að skjalasafni og gögnum á deildum hafa læknar, hjúkrunarfræðingar og læknaritarar eftir því sem upplýsingar tengjast daglegum störfum þessara aðila. Aðrir starfsmenn, svo sem sjúkraþjálfarar, sálfræðingar, félagsráðgjafar og meinatæknar, geta haft aðgang að upplýsingum í sjúkraskrám, einkum meðan sjúklingur dvelst í sjúkrastofnun. Eftir útskrift er umsjón og gæsla gagna í höndum skjalavarða.

3. spurning: Yfirlæknar sjúkrahúsa, sjúkradeilda, heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana hafa yfirumsjón með gæslu sjúklingaskráa eins og annarri starfsemi sem fram fer og lýtur þeirra stjórnun. Meðan gögn eru á deildum eru þau í gæslu hjúkrunarfræðinga, en undir umsjá yfirlæknis. Eftir að sjúklingur útskrifast sér skjalavörður svo sem fyrr segir um að enginn óviðkomandi hafi aðgang að skjalasafni.

4. spurning: Síðustu 15 ár hafa upplýsingar um sjúklinga verið tölvuskráðar á spítulum í Reykjavík, Borgarspítala, Landspítala og Landakotsspítala, í mismiklum mæli. Eftir 1976 var farið að þróa upplýsingasafn um vistun sjúklinga á öðrum sjúkrahúsum landsins. Þetta kerfi var fyrst notað á sjúkrahúsi Akraness og prófað þar og var við gerð þess stuðst við þá reynslu sem fengist hafði á stóru sjúkrahúsunum og tillögur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um málið. Í framhaldi af þessari tilraunavinnslu á Akranesi var 1. jan. 1980 tekin upp tölvuskráning vistunarupplýsinga á öðrum sjúkrahúsum landsins. Hér er um að ræða samræmda skráningu þar sem notað er lítið breytt það kerfi sem prófað var á Akranesi. Í byrjun hvers árs senda sjúkrahúsin upplýsingablöð frá liðnu ári til úrvinnslu og er hún unnin á tölvudeild ríkisspítalanna. Upplýsingarnar ganga síðan til viðkomandi stofnunar og til landlæknisembættisins. Nafnalistar ganga þó eingöngu til viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Frá árinu 1982 hafa ríkisspítalar og Landakotsspítali einnig gengið inn í þetta upplýsingasafn og það er gert ráð fyrir að Borgarspítalinn verði einnig aðili að því þannig að öll sjúkrahús landsins verða með samræmda upplýsingasöfnun. Þær upplýsingar sem fást með þessari vinnslu eru sjúkdómaskýrsla fyrir sjúkrahús landsins, aðgerðaskýrsla yfir sömu sjúkrahús, nýtingarhlutfall sjúkrahúsa og legudagahlutfall. Öll úrvinnsla upplýsinga er ótengd upplýsingum um nöfn sjúklinga.

Hvað heilsugæslustöðvar varðar var rannsókn kostuð af norrænu ráðherranefndinni við heilsugæslustöðina á Egilsstöðum árið 1975—79. Þar hefur síðan verið reglubundin skráning á öllum samskiptum íbúa og heilsugæslustöðvar. Frá og með 1983 var sams konar upplýsingasafn tekið upp á Bolungarvík, Búðardal, Ísafirði og heilsugæslustöðvunum í Asparfelli og við Borgarspítalann í Reykjavík. Á þessu ári hafa heilsugæslustöðvarnar á Akranesi og Ólafsvík bæst í hópinn.

Af þessu má sjá að það hefur verið lagður grundvöllur að samræmdu upplýsingasafni um heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisyfirvöld gera ráð fyrir að út úr

slíkum upplýsingum sé hægt að vinna upplýsingar um heilbrigðisástand og rekstur einstakra þátta heilbrigðisþjónustunnar þannig að það liggi fyrir á hverjum tíma víðtækar og áreiðanlegar upplýsingar og mun betri en hægt er að hafa án tölvuvinnslu.

5. spurning. Um meðferð upplýsinga verður að vísa til laga nr. 63/1981, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni. Hver sá aðili sem ætlar að koma upp tölvuskrá varðandi sjúklinga verður að afla sér heimildar eða starfsleyfis tölvunefndar sem starfar skv. fyrrgreindum lögum. Það er stefna heilbrigðisyfirvalda að öll úrvinnsla á tölvugögnum varðandi sjúklinga fari fram innan heilbrigðiskerfisins eftir því sem við verður komið. Skv. upplýsingum ritara tölvunefndar hefur nefndin þegar veitt ríkisspítulum, Hjartavernd, Krabbameinsfélagi Íslands og örorkumati Tryggingastofnunar ríkisins leyfi til að halda ákveðnar tölvuskrár um lengri eða skemmri tíma.

Það er nú unnið að samræmingu nánari reglna um meðferð tölvuvæddra sjúklingaupplýsinga í samráði við tölvunefnd ríkisins og í samræmi við gildandi lög. Í tölvuvæddu kerfi eins og það er nú á heilbrigðisstofnunum er hver yfirlæknir ábyrgur fyrir upplýsingum um sína sjúklinga, eins og fyrr sagði, og tölvukerfin eru byggð upp þannig að notandi þarf að gefa upp talnalykil sem hann fær úthlutað persónulega. Með vissu millibili er skipt um lykil. Lykill þessi veitir notanda eingöngu aðgang að þeim upplýsingum sem hann þarf á að halda og hefur rétt til að sjá, en öðru ekki. Ákveðnir starfsmenn tölvudeildar þurfa að hafa aðgang að öllum hlutum kerfisins.

Eins og nú er háttað er tölvuvinnsla sú sem framkvæmd er í heilbrigðiskerfinu gerð á tölvu SKÝRR, en þó í algerlega lokuðu umhverfi og SKÝRR ábyrgist að engir starfsmenn þar hafi aðgang að neinum sjúklingaupplýsingum. Það er vitað að engar öryggisreglur eru algerlega fullkomnar. Það hefur verið stuðst við reynslu erlendis frá af vörslu trúnaðarupplýsinga, og einn liður í þessum ráðstöfunum er sá að á það er litið sem trúnaðarmál og þess vegna ekki æskilegt að skýra nákvæmlega frá þeim opinberlega.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Aðeins örstutt spurning til heilbrmrh.

Skil ég það rétt að um meðferð á upplýsingum um sjúklinga gildi engin refsiákvæði, þ. e. sé farið ógætilega með þessar upplýsingar, þannig að þær lendi í höndum þriðja eða fjórða aðila, nái engin refsiákvæði laga yfir slíka meðferð?

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka ítarlegt svar hæstv. ráðh. við spurningum mínum. Þetta er mikilvægt mál, að ég held, og kemur reyndar víða við, þar sem má segja að um hliðstæð mál geti verið að ræða, t. d. í dómskerfi og víðar.

Það hefur komið fram að það gilda lög um upplýsingasöfn og meðferð upplýsingasafna á almennan hátt, en ekki nein sérstök lög um meðferð slíkra upplýsinga í daglegri vinnslu þeirra starfsmanna sem hafa þessi gögn með höndum. Það er spurning hvort ástæða er til að setja lög um það. Nefnd sú sem hæstv. ráðh. vitnaði til komst að þeirri niðurstöðu að þess væri ekki þörf og það má rétt vera. En þá hvílir um leið mikil ábyrgð á starfsfólki og skv. þeim tilmælum sem landlæknir hefur gefið út hvílir mikil ábyrgð á yfirlæknum einstakra deilda að fylgjast með að þarna sé farinn sá gullni meðalvegur í upplýsingaleynd og upplýsingaskyldu sem augljóslega er nauðsynleg. Það hlýtur að vera mikilvægt að ítreka við starfsfólk þá ábyrgð sem það hefur og þá þagnarskyldu sem það ber gagnvart utanaðkomandi aðilum til þess að þarna megi á hverjum tíma ríkja það nauðsynlega traust sem er forsenda þess að þetta starf geti farið fram ótruflað.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er rétt skilið, eins og fram kom í fsp. hv. 8. þm. Reykv., að ekki eru í gildi nein lagaákvæði eða reglugerðarákvæði um varðveislu upplýsinga um sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. En sé trúnaður brotinn eru til önnur lög sem hægt er að sækja menn til saka eftir þó að ekki séu til lög eða reglugerð um þessi atriði ein og sér. Ef um gróf brot er að ræða í opinberu starfi verður slíkum ákvæðum laga vafalaust beitt gagnvart brotlegu fólki.

Kvörtunarnefnd, fsp. 224. mál (þskj. 395). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. S. l. vor, 1983, var lögum um heilbrigðisþjónustu breytt nokkuð og voru breytingarnar felldar inn í heildarbálk sem er gefinn út sem lög nr. 59/1983. Í þessum breytingum er m. a. um að ræða nýmæli sem snertir möguleika þeirra sem njóta heilbrigðisþjónustunnar hér á landi til þess að bera upp kvartanir ef menn telja ástæður til. Þessi ákvæði er að finna í 3. gr. laganna, 5. tölul., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Heimilt er að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar sem í eiga sæti þrír menn tilnefndir af Hæstarétti og ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur og jafnframt formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Ráðh. setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Nú er skammt um liðið síðan þessi lög voru sett en engu að síður taldi ég ástæðu til að vekja athygli á þessari nefnd vegna þess að ég tel að hún hafi miklu hlutverki að gegna í heilbrigðisþjónustunni hér á landi. Ég hef af þeim ástæðum lagt fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. eftirfarandi fsp.:

„1. Hefur verið skipuð nefnd til að sinna kvörtunum eða kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar skv. 5. tölul. 3. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Ef svo er, hverjir skipa nefndina?

2. Hefur ráðherra sett nefndinni starfsreglur?

3. Hve mörg mál hafa nefndinni borist til þessa?

4. Hve mörg mál hefur nefndin afgreitt?"

Ég vænti þess að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þessari fsp. eins og hún er hér fram borin.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fyrsta spurning: Nefnd sú sem hér um ræðir hefur verið skipuð. Rn. ritaði Hæstarétti og óskaði eftir að

rétturinn tilnefndi í nefndina, sbr. lagaákvæði sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði í. Með bréfi 5. júlí á s. l. ári tilnefndi Hæstiréttur nefndarmenn sem hér segir: Aðalmenn: Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari, María Pétursdóttir hjúkrunarfræðingur og Baldur Johnsen fyrrv. prófessor. Til vara voru tilnefndir Ragnar Hall borgarfógeti, Svava Björnsdóttir sjúkraliði og Þóroddur Jónasson læknir. Með bréfum 8. sept. voru þessir menn síðan skipaðir í nefndina og Ólafur St. Sigurðsson skipaður formaður og Ragnar Hall varaformaður.

Önnur spurning: Hefur ráðh. sett nefndinni starfsreglur? Í niðurlagi þeirrar lagagr., sem um þetta fjallar, segir svo: „Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar." Rn. hefur óskað eftir tillögum nefndarinnar um starfsreglur. Skv. upplýsingum formanns nefndarinnar vinnur nefndin nú að gerð slíkra reglna en það mun taka nokkurn tíma þar eð nefndin hefur gert ráð fyrir að aflað sé ítarlegra gagna frá öðrum þjóðum um störf hliðstæðrar nefndar. Ráðh. mun setja starfsreglur svo fljótt sem auðið er að fengnum þessum tillögum.

Þriðja spurning: Hve mörg mál hafa nefndinni borist til þessa? Skv. upplýsingum formanns nefndarinnar hinn 29. febr. s. l. höfðu nefndinni engin mál borist til afgreiðslu fram að þeim tíma.

Fjórða spurning: Hve mörg mál hefur nefndin afgreitt? Með tilvísun til fyrra svars hefur nefndin engin mál afgreitt.

Til viðbótar þessum upplýsingum er rétt að upplýsa Alþingi um það að lög um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir að kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Rn. reyndi við gerð síðustu fjárlaga að fá sérstakan fjárlagalið vegna starfa þessarar nefndar, en fjárveiting til þessa verkefnis var ekki samþykkt og hefur því nefndin engan sjálfstæðan fjárhag. Kostnaður sem til fellur á þessu ári vegna starfa nefndarinnar verður því að greiðast eins og er af rekstrarfé heilbr.- og trmrn. en að sjálfsögðu er það óviðunandi þegar til lengdar lætur.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt. Ljóst er að þessi nefnd hefur í raun og veru ekki hafið störf skv. þeim lagaákvæðum sem hér voru samþykkt fyrir tæpu einu ári, fyrst og fremst vegna þess að nefndinni hafa ekki verið settar starfsreglur þar sem hún sjálf hefur ekki gert þær tillögur sem henni er skylt að gera skv. lögunum. Af þeim ástæðum hefur nefndin í raun og veru ekki tekið til starfa.

Ég tek undir það með hæstv. heilbr.- og trmrh. að mjög nauðsynlegt er að þessi nefnd fái fjármuni til þess að hún geti sinnt sínum störfum og hafið störf nú þegar. Mér er kunnugt um það að í heilbrigðiskerfinu eru að velkjast fáein mál sem nauðsynlegt er að þessi nefnd fái til meðferðar. Það eru mál sem hefur verið beint til landlæknis skv. hinum eldri lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1978. Þessi mál hafa verið til meðferðar bæði hjá Landlækni, í heilbrrn. og hjá læknaráði og síðanefnd læknaráðs án þess að niðurstöður hafi fengist. Fólk hefur orðið að bíða langtímum saman eftir niðurstöðum án þess að fá þær af neinu tagi. Þar sem hér er oft um að ræða mjög sársaukafull og erfið mál fyrir viðkomandi einstaklinga tel ég að það sé skylda stjórnvalda að stuðla að því að þau fái jafnan sem skjótasta afgreiðslu þegar þau eru borin upp. Ég veit að hæstv. heilbr.- og trmrh. er mér sammála um þetta vegna þess að hann stóð að þessari lagabreytingu sem gerð var hér á síðasta þingi og samþykkt samhljóða.

Ég er þeirrar skoðunar að góð heilbrigðisþjónusta sé einn brýnasti þátturinn í jöfnun lífskjara í landinu. Öryggi gagnvart heilbrigðisþjónustunni er ákaflega mikilvægt, þ. e. að fólk finni til öryggis gagnvart þeirri þjónustu sem veitt er í heilbrigðismálum á hverjum tíma, að hún sé traust og jafnan í besta gæðaflokki. Jafnframt þarf að tryggja öllum, sem njóta þessarar þjónustu, að þeir geti treyst því að farið sé með kvartanir, ef nauðsynlegar verða með eðlilegum hætti af óhlutdrægum aðilum og að úrskurðir liggi fyrir hið skjótasta fremur en að málið liggi langtímum saman í kerfinu án þess að úrslit fáist í þeim.

Ég hvet hæstv. heilbr.- og trmrh. til þess að ýta mjög á eftir því að þessi nefnd geti hafið störf og ég vil beina því til hans að hann íhugi hvort ekki væri þegar hægt að gera ráðstafanir til þess að þau mál, sem nú eru í höndum landlæknis og læknaráðs, gangi til þessarar nefndar til umfjöllunar jafnvel þótt hún hafi ekki enn þá sett sér starfsreglur eins og gert er ráð fyrir að hún geri skv. lagagreininni.

Varðandi fjárhag nefndarinnar er ljóst að tryggja verður að hún geti starfað með eðlilegum hætti og að sjálfsögðu á að taka nefnd af þessu tagi inn á fjárlög. Annars getur hún ekki starfað eins og lögin ætlast til vegna þess að hún á m. a. að fjalla um þá þætti sem snúa að heilbr.- og trmrn. sjálfu. Þess vegna er algerlega óeðlilegt að nefndin sé komin upp á náð þess eða heilbr.- og trmrh. hverju sinni um fjármagn til sinnar starfsemi og þess vegna brýnt að hún fái fé beint á fjárlögum til að sinna sínum störfum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég er alveg sammála fyrirspyrjanda í því að nefnd sem þessi á auðvitað að vera á sérstökum sjálfstæðum lið í fjárlögum. En kannske má segja að afgreiðsla á þessari fjárveitingarbeiðni rn. hafi e. t. v. strandað á því að nefndin var varla byrjuð að starfa en því verður eðlilega fylgt eftir. Hins vegar vil ég taka fram varðandi þau mál sem eru í þessu kerfi, að vitaskuld er hverjum og einum það í sjálfsvald sett, ef þau fá ekki afgreiðslu á tilskildum stöðum, að vísa til þessarar nefndar þó að starfsreglur hennar séu ekki fyrir hendi. Það er öllum í sjálfsvald sett og ekki mun ég setja mig upp á móti því.

Stjórn Hafnamálastofnunar ríkisins, fsp. 227. mál (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Fyrir Alþingi liggur frv. til nýrra hafnalaga. Það frv. gerir ráð fyrir talsverðum breytingum frá núgildandi lögum um stjórn hafnamála. Án þess að ég ætli að gera þau efnislega að umræðuefni vil ég aðeins rifja upp nokkrar þessara breytinga vegna þess að þar er að finna forsenduna fyrir minni spurningu.

Í þessum nýju lögum, sem Alþingi hefur nú til meðferðar, er í fyrsta lagi gert ráð fyrir breytingum á stjórn Hafnastofnunar þannig að ráðh. skipi henni stjórn og jafnframt að æðstu menn stofnunarinnar séu ráðnir til skamms tíma.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir breytingu á starfsháttum þannig að stefnt yrði að því að í hlut sveitarfélaga komi meiri hluti framkvæmda en Hafnamálastofnun sinni fyrst og fremst rannsókna- og áætlanagerð.

Í þriðja lagi er um að ræða breytingar á kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs og sveitarfélaga, bæði til hækkunar og lækkunar. Í fjórða lagi er atriði, sem er mjög umdeilanlegt, eins og t. d. að falla frá þeirri stefnu að fjögurra ára áætlun verði annað hvert ár lögð fyrir Alþingi í formi þáltill. og afgreidd þar formlega eins og að var stefnt og vísað til fordæmis vegagerðar.

Fleiri breytingar má nefna en ég ætla ekki að gera það, enda ekki tilefni hér til efnislegrar umr. um þessi lög.

Þessu til viðbótar er síðan þess að geta að frá því hefur verið skýrt að sérstök úttekt eða rannsókn hafi verið gerð á starfsháttum Hafnamálastofnunarinnar. Sú rannsókn var gerð á vegum starfsmanna tveggja opinberra stofnana, þ. e. Hagsýslustofnunar fjmrn. og Ríkisendurskoðunar. Skv. blaðafregnum var þessi skýrsla lögð fram á borð ráðh. í maí s. l. og hún er tilefni minnar spurningar. Ég spyr m. ö. o. hvort ráðh. telji ekki sjálfsagt, með hliðsjón af því að hafnalög eru nú í meðförum Alþingis, að jafnframt verði birt þessi skýrsla, sem er fyrsta, að því er ég best veit, úttekt tveggja opinberra stofnana á Hafnamálastofnun.

Um þessa skýrslu verður ekki margt sagt fyrirfram því hún hefur ekki verið birt. En eftir því sem ég best veit er í henni fyrst og fremst fólgin ákveðin greining á vandamálum sem við er að fást við skipulag og starfsemi Hafnamálastofnunar. Í annan stað er þar skýrt frá ýmsum stjórnunarlegum vandamálum. Auk þess skilst manni af blaðafregnum að fram hafi komið ákærur um meiri háttar misbresti í störfum.

Fyrsti þátturinn er sá að í þessari skýrslu eru, eftir því sem frá hefur verið skýrt, gerðar tillögur um breytingar á því frv. til hafnalaga sem hér liggur fyrir. Mér skilst að þær brtt. lúti fyrst og fremst að því að draga úr framkvæmdaþætti stofnunarinnar sjálfrar, stefnt skuli að því að auka útboð og breytingar skuli gerðar á rekstri t. d. áhaldahúss. Jafnvel hefur því heyrst fleygt að gerðar hafi verið till. um samræmingu, ef ekki sameiningu, á framkvæmdaþætti og jafnvel tækjarekstri þriggja helstu stofnana ríkisins í samgöngumálum eins og Vegamálastofnunar, Hafnamálastofnunar og Flugmálastjórnar. Ég tek fram að þetta segi ég án ábyrgðar, þetta er eitt af því sem umr. hafa orðið um án þess að þessi skýrsla væri birt.

Því næst gerðist það að þann 26. jan. s. l. birti Dagblaðið og Vísir frétt um þessa úttekt sem vægast sagt er með þeim hætti að óhjákvæmilegt er að spyrja hæstv. ráðh. hvort rétt sé í höfuðatriðum. Í annan stað hlýt ég að telja í framhaldi af því að sjálfsagt sé að birta á Alþingi þessa umræddu skýrslu, bæði vegna þeirra atriða sem þegar hafa komið fram í blaðafregnum og eins vegna þeirrar nauðsynjar Alþingis, sem er að endurskoða hafnalög, að fá skýrslu eða úttekt af þessu tagi á sitt borð um leið og endurskoðun á hafnalögum fer fram.

Í þessari frétt Dagblaðsins fimmtudaginn 26. jan. segir m. a., með leyfi forseta:

„Tildrög þeirrar athugunar sem ríkisendurskoðun og Hagsýslustofnun stóðu fyrir munu ekki síst miklar og sífelldar kvartanir og áfellisdómar frá fjölmörgum aðilum, jafnvel Alþjóðabankanum, og stanslausar kvartanir fyrirtækis þess sem endurskoðar reikninga Hafnamálastofnunar."

Ég vil taka fram að endurskoðunarstofnun sú, sem hér er nefnd, mun vera Endurskoðunarskrifstofa Manchers. Að því er Alþjóðabankann varðar mun sérstaklega vera átt við athugasemdir um hlut Hafnamálastofnunar við meiri háttar hafnaframkvæmdir, sem fjármagnaðar hafa verið með erlendum lánum fyrir milligöngu Alþjóðabankans, eins og t. d. í Straumsvík, Þorlákshöfn og kannske víðar.

Í þessari frétt segir enn fremur að skv. heimildum blaðsins hafi komið fram við athugun tvímenninganna, sem ég vitnaði til í upphafi, margbrotnir og stórfelldir misbrestir í stjórn Hafnamálastofnunar. Jafnframt er lögð áhersla á að í þessari úttekt sé gert ráð fyrir breytingum á starfsháttum stofnunarinnar og verksviði, t. d. á þann veg að hún verði fremur en áður skipulags- og eftirlitsstofnun, fremur en framkvæmdastofnun eins og nú er.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir forsendum fsp. en spurning mín er fyrst og fremst þessi: Ætlar ráðh. að birta þessa skýrslu með hliðsjón af þeirri endurskoðun sem nú fer fram á Alþingi á hafnalögum?

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við fsp. er að engin formleg skýrsla hefur verið send samgrh. um stjórn og starfshætti Hafnamálastofnunar. Hins vegar var að því unnið á vegum Ríkisendurskoðunar og Hagsýslustofnunar að úttekt færi fram á starfsemi Hafnamálastofnunar. Þar komu fram ýmsar ábendingar í blaði sem forstöðumenn þessara stofnana afhentu mér á s. l. vori. Á þessu blaði eru nokkrar ábendingar og nokkur gagnrýni á starfsemi stofnunarinnar. En hvaða stofnun er það í landinu sem ekki fær einhverja gagnrýni?

Frv. til nýrra hafnamála, sem liggur fyrir Alþingi í Ed., var samið löngu áður en þessar ábendingar komu fram. Á því frv. voru gerðar örfáar breytingar af mér sem núv. samgrh. áður en ég lagði það fram sem ég skýrði fyrir deildinni þegar ég fylgdi því úr hlaði. Ég sé enga ástæðu til þess að fara að birta þessar ábendingar og gagnrýni úr óundirskrifaðri skýrslu, hvorki fyrir Alþingi né öðrum. Þessi mál eru til umfjöllunar í stjórnkerfinu við þessa aðila og við stofnunina.

Blaðamennskan, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, er mjög viðsjárverð og í mörgum atriðum alröng. Oft er flugufótur fyrir frétt en flugufóturinn verður að úlfalda. Ég vil alls ekki taka undir svona blaðamennsku eins og þar kom fram gagnvart einstökum mönnum í opinberu starfi því mér er kunnugt um að í öllum meginatriðum var hér um ranga frétt að ræða. Hins vegar er þessi stofnun ekki frekar en allar aðrar það fullkomin að hún þarfnist ekki frekari athugana við. Vissir annmarkar eru innan þessarar stofnunar sem verið er að vinna að. Þeir verða ekki leystir með blaðaskrifum. Það er ekki rétt leið til að koma á því sem er betra. Það verður leyst með góðri samvinnu ábyrgra embættismanna, eins og hv. fyrirspyrjandi vísaði til, og stofnunarinnar sjálfrar en nánari úttekt mun verða þar gerð.

Í sambandi við áhaldahúsið, sem hv. fyrirspyrjandi minntist á, hefur verkefni þess stórminnkað og þar hefur orðið mikill samdráttur á mörgum undanförnum árum og nauðsynlegt að sá samdráttur verði meiri. Hins

vegar er erfitt viðureignar að samræma starfsemi áhaldahúsa hinna ýmsu stofnana ríkisins en þau verkefni eru til athugunar í rn. En á þessu stigi get ég ekki gefið frekari upplýsingar af því þar liggur ekkert endanlegt fyrir.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég þakka samgrh. svörin þó að ég verði að játa að ég get ekki lýst mig fyllilega ánægðan með árangurinn. Ef ég skildi hann rétt sagði hann á þá leið að engin formleg skýrsla hefði verið send til hans, hæstv. samgrh. **(Heilbr.- og trmrh.:** Það er rétt skilið.) Það er rétt skilið. Þá vaknar upp spurning: Hvernig stendur á því að hún hefur ekki verið send hæstv. ráðh.? Eða er skýrslan ekki til?

Mér er tjáð að tilteknum starfsmönnum Hagsýslustofnunar ríkisins, sem er opinber eftirlitsstofnun með stjórnkerfinu, og tilteknum starfsmanni Ríkisendurskoðunar hafi verið falið það verkefni að gera úttekt á Hafnamálastofnun. Þeir hafi gert um hana skýrslu og sent hana áleiðis til toppsins í stjórnkerfinu. Jafnframt að þeir hafi sent minnisblað til hæstv. ráðh. um þessa skýrslu. Af þessu hlýt ég að draga þá ályktun að skýrslan sé til. Ég verð jafnframt að ályktа sem svo að alveg nauðsynlegt sé að hún sé á borðum hæstv. samgrh.

Og þá komum við að hlut Alþingis. Alþingi er að endurskoða lög um Hafnamálastofnun. Það er auðvitað mikið mál og það fjallar um mjög þýðingarmikla hluti. Það fjallar um samskipti ríkisvaldsins og sveitarfélaga, það fjallar um fjögurra ára áætlunina t. d. og hvernig eigi að standa að slíkum verkum. Það verður t. d. að taka afstöðu til þess hvort það sé rétt stefna að bjóða eigi út verk í stórum stíl. Það verður að meta gagnrýni sem fram hefur komið á handahófskenndar fjárveitingar, hin svokölluðu hálfu verk sem unnið er að í allt of miklum mæli. Þá á ég við að fjárveitingar hrökkva ekki til til þess að ljúka raunverulegum framkvæmdaþáttum þannig að framkvæmdir eru löngum hálfkaraðar og komast ekki í gagnið.

Ef um það er að ræða að til er skýrsla sem fjallar um þessa hluti, þar sem beinlínis eru gerðar tillögur um tilteknar breytingar á því frv. sem liggur fyrir þinginu, hlýtur það að vera lágmarkskrafa þingsins að þessi skýrsla verði birt. Ástæðan fyrir því er mjög einföld. Við erum ekki að tala um einhverja menn úti í bæ, við erum að tala hér um verk sem er unnið á vegum sjálfrar Hagsýslustofnunar fjmrn. og Ríkisendurskoðunar. Þessar tvær opinberu stofnanir eru að fjalla um aðra mjög þýðingarmikla opinbera stofnun. Þær eru að fjalla um lykilatriði sem snerta ekki aðeins starfshætti og verksvið Hafnamálastofnunar heldur snerta löggjafaratriði, sem Alþingi er að fjalla um. Út frá þessu sjónarmiði hlýtur það að vera ósk Alþingis að það fái í hendur þessa skýrslu. Til vara — eða þrautavara — hlyti það að vera óska þeirra þm., sem um þetta mál fjalla á þingi, að þessi skýrsla verði birt í þeim nefndum, sem fjalla um málið. Því ég get ómögulega komið því heim og saman að það sé ætlun framkvæmdavaldsins að stinga slíkri skýrslu undir stól eða að koma í veg fyrir að Alþingi geti sjálft lagt dóm á þær upplýsingar sem þarna er að finna og dregið sínar eigin ályktanir.

Ég á vonandi ekki að þurfa að taka fram að það sem vakir fyrir mér með þessari fsp. er ekki að leggja dóm á það fyrirfram hvað kunni að vera réttmætt í ásökunum sem fram koma í þessari skýrslu á hendur æðstu stjórnenda Hafnamálastofnunar. Við kveðum ekki upp slíka dóma fyrirfram. En við þurfum að fá skýrsluna í hendurnar til þess að geta lagt mat á það hvort hér er um órökstuddan áburð að ræða. Ég verð að segja fyrir mig ef ég væri starfsmaður þessarar stofnunar kysi ég heldur, og teldi reyndar óbærilegt annað, þegar slíkur áburður hefur verið birtur á opinberum vettvangi, að stofnunin sem slík fái leiðréttingu sinna mála ef hér er um að ræða frétt sem er í mörgum atriðum alröng. Það hlýtur að vera út frá sjónarmiði starfsmannanna sjálfra réttur þeirra og krafa að þessi skýrsla verði athuguð og afgreidd, henni verði ekki bara stungið undir stól heldur verði hún til þess að sanna hvað er rétt í málinu.

Þess vegna ítreka ég mjög eindregið þá ósk mína að þessi skýrsla verði birt því að ég tel að það sé sannað mál að hún er til, hvar sem hún er niðurkomin. Til þrautavara legg ég eindregið til að þær n. sem fjalla munu um hafnalögin í meðförum þingsins fái þessa skýrslu í hendurnar. Það væri lágmarkskrafa vegna þess að hér er um að ræða mál sem snerta löggjafaratriðin sjálf og vafalaust upplýsingar sem þingið óhjákvæmilega verður að taka afstöðu til ef það á að meta breytingar á stjórnun og stefnumótun að því er varðar þessa stofnun og framkvæmdir í hafnamálum.

Efnislega ætla ég ekki að gera þetta frekar að umræðuefni. En ég vil eindregið árétta þá ósk mína að skýrslan verði birt. Og beini því aftur til hæstv. ráðh. að þessi skýrsla getur ekki eðli málsins samkvæmt verið ríkisleyndarmál. Hún er úttekt opinberra stofnana á þýðingarmikilli opinberri stofnun og ég fæ ekki með nokkru móti séð að réttlætanlegt sé að stinga henni undir stól, þannig að Alþingi fái ekki um hana fjallað.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vona að hv. fyrirspyrjandi hafi skilið það alveg fullkomlega að ég hef enga skýrslu í höndunum. Sá sem ekki hefur skýrslu í höndunum eða hefur fengið hana getur alls ekki birt hana öðrum. Ég sagði frá því að forstöðumenn þessara tveggja stofnana hefðu rætt við mig í vor um málefni Hafnamálastofnunarinnar og afhentu mér nokkrar athuganir, óformlega skýrslu óundirskrifaða, tiltekin atriði sem þeir bentu á að athuguð væru.

Í sambandi við lögfestingu hafnamálafrv. held ég að allar upplýsingar í því sambandi liggi fyrir. Kannske hv. fyrirspyrjandi sé með þessa skýrslu í fórum sínum. Hún hefur þá átt greiðari leið til hans en til samgrh.

Hitt er annað mál að við þessa stofnun má margt athuga. Eitt af því, sem hefur verið mjög gagnrýnt, er að ekki hefur verið boðið nóg út af verkum. Samþykktar hafa verið á hv. Alþingi hvað eftir annað tillögur um aukin útboð í framkvæmdum hins opinbera. Ég er þeirrar skoðunar og hef ýtt undir allar þessar stofnanir að auka þessi útboð og þau hafa verið aukin á undanförnum árum og alveg sérstaklega núna og því verður eðlilega haldið áfram.

Ég minntist á þetta vandamál með áhaldahúsið vegna verkefnaleysis. Skornar hafa verið niður framkvæmdir til hafnagerðar á mörgum undanförnum árum, ekki af einni eða tveimur ríkisstj. heldur síðustu fjórum, fimm ríkisstj. sem setið hafa, þannig að magnframkvæmdir hafa dregist nokkuð saman. Ég er alveg reiðubúinn að

ræða málefni Hafnamálastofnunar við þær n. sem um frv. fjalla og eða starfsmenn rn. En hins vegar hygg ég að ef persónulegar deilur eru uppi, sé ekkert fengið með því að hafa það í blaðaskrifum. Þarna verður gerð úttekt, hlutlaus úttekt á málefnum þessarar stofnunar eins og fleiri stofnana sem ýmist er búið að gera úttekt á eða er verið að vinna að.

Fyrirspyrjandi (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Í tilefni af þeirri athugasemd hæstv. ráðh. eða eiginlega fsp. til mín, fyrirspyrjandans, um það hvort ég kunni að hafa þessa skýrslu undir höndum verð ég að svara hæstv. ráðh.: Nei, því miður, ég hef hana ekki og þess vegna er ég að spyrja um hana.

Í annan stað, sé það rétt að hæstv. ráðh. hefur ekki þessa skýrslu um eina af þeim veigamestu stofnunum sem undir hann heyrir, sem unnin er af helstu eftirlitsstofnunum í fjármálakerfi ríkisins, má ég þá ekki að lokum beina því eindregið til hæstv. ráðh. að hann gangi eftir því í kerfinu, hvar þessi skýrsla er niður komin? Og láti ekki bjóða sér þá skömm að skýrsla um stofnun á hans verksviði sé einhvers staðar annars staðar, kannske á borðum einhverra annarra ráðh.? Væri ekki ráð að hæstv. ráðh. — ég treysti honum vel til þess — gerði nú tiltekt í kerfinu og fyndi skýrsluna?

Jarðhitarannsóknir á Snæfellsnesi, fsp. 227. mál (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Á þskj. 399 hef ég leyft mér að bera fram fsp. í tveimur liðum til hæstv. iðnrh. varðandi jarðhitarannsóknir í Dalasýslu og Snæfellsnessýslu. Á undangengnum árum hefur mjög verið leitað eftir því að framkvæmdar væru jarðhitarannsóknir á Snæfellsnesi og í Dalasýslu. Er því ekki að leyna að heldur hefur þótt smátt skammtað til þeirra rannsóknarverkefna sem unnið hefur verið að á svæðinu. Ljóst er að Snæfellsnesið norðanvert og hluti Dalasýslu hefur af jarðfræðingum verið talið heldur óráðin gáta hvað varðar jarðhita. Þó eru til staðir sem taldir eru gefa vísbendingu um jarðhita og hefur ítrekað verið óskað eftir nánari rannsóknum þar.

Í Húshitunaráætlun Orkustofnunar, II. hluta, er gerð grein fyrir hitaveitum á Snæfellsnesi og í Dalasýslu. Í áætluninni er orkuverð áætlað út frá mjög veikum forsendum um orkuöflun þar sem sáralitlar rannsóknir hafa farið fram. Engu að síður gefur áætlunin vonir um hitaveitur fyrir Búðardal og næsta nágrenni með virkjun jarðvarma við Grafarlaug í Reykjadal. Einnig gefur áætlunin tilefni til þess að ætla að virkja megi jarðvarma úr skeri við Berserkseyri í Eyrarsveit fyrir Grundarfjörð og Stykkishólm. Aðrir möguleikar um hitaveitur, svo sem hitaveita frá Lýsuhóli í Staðarsveit fyrir Ólafsvík og Hellissand, þykja ekki líklegur kostur, en þó er ekki rétt að afskrifa slíka möguleika án frekari rannsókna.

Sveitarstjórnarmenn á Snæfellsnesi og í Dölum hafa mjög knúið á um frekari rannsóknir. Ekki er það einungis til þess að fá úr því skorið hvort virkjanlegur jarðvarmi er fyrir hendi til húshitunar, heldur er einnig hugsað til þeirra möguleika sem gætu skapast á sviði nýrra atvinnugreina, t. d. við ylrækt, sem koma mætti upp í Búðardal og nánasta nágrenni í tengslum við virkjanlegan jarðvarma, og þá ekki síður í fiskirækt, t. d. í nágrenni Berserkseyrar, en þar er talin mjög góð aðstaða til hafbeitar frá Kolgrafarfirði og í Hraunsfirði. Að þessum kostum öllum þarf að huga og þá ekki síst í Dalasýslu þar sem byggðin er mjög veik vegna takmarkaðra atvinnumöguleika á því svæði.

Því leyfi ég mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. iðnrh.:

1) Hvaða niðurstöður liggja fyrir um jarðhitarannsóknir við Grafarlaug í Dalasýslu sem framkvæmdar voru s. l. haust? Verður rannsóknum haldið áfram þar á þessu ári?

2) Hver er áætlun Orkustofnunar um jarðhitarannsóknir á Snæfellsnesi?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. beinir tveimur fsp. til mín, í fyrra lagi hvaða niðurstöður liggi fyrir um jarðhitarannsóknir við Grafarlaug í Dalasýslu sem framkvæmdar voru s. l. haust og hvort þeim rannsóknum verði haldið áfram á þessu ári.

Við því er það að segja að við Grafarlaug í Miðdölum var haustið 1983 boruð fyrir framlag úr Orkusjóði 170 metra djúp rannsóknarhola. Byrjað var á annarri holu en henni varð ekki lokið áður en ófært varð á borstað vegna snjóa. Lokið verður við borunina strax og fært verður á staðinn aftur. Ekki er tímabært að draga ályktanir af þessum rannsóknum fyrr en þeim er lokið, en það verður nú í vor eða sumar.

Í öðru lagi spyr hv. 1. þm. Vesturl. hver sé áætlun Orkustofnunar um jarðhitarannsóknir á Snæfellsnesi. Þar er skemmst frá að segja að Orkustofnun hefur ekki uppi áætlanir um verulegar jarðhitarannsóknir á Snæfellsnesi á árinu 1984. Varðandi þéttbýlisstaðina norðan á nesinu er ekki ástæða til bjartsýni um hitaveitu, því miður, miðað við niðurstöður af jarðhitaleit sem fram fór á árunum 1975—1981 og fól m. a. í sér alldjúpar rannsóknarboranir nálægt Grundarfirði og Stykkishólmi sem kostaðar voru af Orkusjóði. Vitað er um jarðhita á einum stað norðan á nesinu í sjó fram undan Berserkseyri. Einna helst mætti hugsa sér að sá jarðhiti gæti nýst Grundfirðingum í tengslum við brúargerð yfir Kolgrafarfjörð, sem hins vegar er ekki á döfinni. Hagkvæmni slíkrar hitaveitu hefur verið skoðuð og liggur fyrir grg. þar um í skýrslu um húshitunaráætlun frá Orkustofnun á bls. 21—25, þar sem fjallað er um hitaveitu fyrir Stykkishólm og Grundarfjörð.

Öll þessi sjónarmið eru héraðsbúum vel kunn og voru m. a. rækilega kynnt og rædd á fjölmennum fundi sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi efndu til í Stykkishólmi vorið 1982.

Á sunnanverðu Snæfellsnesi og í Hnappadal er jarðhiti á nokkrum stöðum. Má þar nefna Lýsuhól, Kolviðarneslaug og Landbrotalaug við Hafnfjarðará. Á einum þessara staða, Lýsuhóli, er lokið rannsóknum til undirbúnings borunar. Hagkvæmniáætlanir hitaveitu frá Landbrotalaug á nálæga bæi í Hnappadal og Kolbeinsstaðahreppi eru í vinnslu hjá jarðhitadeild Orkustofnunar. Hitaveitulögn frá Kolviðarneslaug á nálæga bæi hefur verið athuguð en virðist óhagkvæm. Um frekari rannsóknir og boranir á þessu svæði fer eftir áhuga þeirra nýtingaraðila sem fyrir eru á hverjum stað.

En ég vil svo að lokum segja í þessu sambandi að ég

hef áhuga á og mun beita mér fyrir frekari jarðhitarannsóknum á þessu svæði.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir skýr svör. Að vísu er ég ekki sammála hæstv. iðnrh. um það að ekki komi til greina að byggð verði brú yfir Kolgrafarfjörð. **(Iðnrh.:** Það er ekki á döfinni núna. Jú, jú, hún kemur í gagnið.) Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir það ef hann hefur breytt þeirri skoðun sinni. Ég tel einmitt að með brúargerð yfir Kolgrafarfjörð og e. t. v. á grundvelli niðurstöðu um jarðhita við Berserkseyri mætti styrkja atvinnulíf á svæðinu, m. a. með fiskirækt og hafbeit. Skv. upplýsingum sem ég hef munu vera mjög góðar aðstæður til hafbeitar frá Kolgrafarfirði og Hraunsfirði, en ef vel á að vera þarf að vera virkjanlegur jarðvarmi í nágrenninu ef fiskeldi hefst þar. Ég vil þó ekki fjölyrða um það. Ég endurtek þakkir til iðnrh. fyrir svör hans og vænti þess að Orkustofnun taki e. t. v. betur á hvað varðar rannsóknir á jarðhita þessa svæðis en verið hefur. Treysti ég hæstv. iðnrh. til þess að hafa þar hönd í bagga.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Svo var að skilja á svari hæstv. iðnrh. að ekki væru uppi neinar sérstakar áætlanir nú um frekari jarðhitarannsóknir á Snæfellsnesi. Hins vegar sagði hæstv. ráðh. orðrétt, með leyfi forseta, í niðurlagi sinnar ræðu:

„Ég hef áhuga á og mun beita mér fyrir frekari jarðhitarannsóknum á þessu svæði".

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. nánar um það hvernig nákvæmlega beri að skilja þessi orð hans. Hyggst hann beita sér fyrir því að þessar rannsóknir eigi sér stað á yfirstandandi ári þó svo að engar áætlanir séu uppi um það annars staðar? Mun hann beita sér fyrir því að sérstakar fjárveitingar verði til þessara verkefna á næsta ári, eða hvernig ber að skilja þessi orð hans? Það er ákaflega auðvelt og ódýrt og einfalt að koma hér í ræðustól og gefa yfirlýsingar af þessu tagi, en mér finnst ráðh. bera skylda til að styðja þær frekari skýringum og segja þingheimi nákvæmlega hvað í þessum orðum hans felst.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef kannske verið óskýrmæltur þegar ég mælti á þessa leið: Orkustofnun hefur ekki uppi áætlanir um verulegar jarðhitarannsóknir á Snæfellsnesi á árinu 1984. Úr því sem komið er hef ég það ekki heldur af því sem fjármagn skortir. Ég tók fram að vegna Grafarlaugar í Miðdölum þá yrði lokið við boranir þar strax í vor eða sumar þannig að þeim verður haldið fram. Ég hef hins vegar sagt og endaði ræðu mína á því, að ég hefði áhuga á og mundi beita mér fyrir frekari jarðhitarannsóknum á þessum svæðum. Ég verð að segja það, að þeir möguleikar sem kann að vera að finna við Berserkseyri, svo ég nefni það sem dæmi, hljóta að vekja áhuga áhugamanna um fiskirækt.

Ég vil enn víkja að því að ég sagði: Nú er ekki á döfinni brúargerð yfir Kolgrafarfjörð. En það má alls ekki skilja svo að þær áætlanir og hugmyndir séu með öllu úr sögunni, enda alls ekkert ófært að leggja fyrir Kolgrafarfjörð leiðslu, ef menn vildu virkja jarðvarma við Berserkseyri. Við Berserkseyrina þarf að byggja út garð og mig minnir að ég hafi hér hnotið um það að þetta væru 300—400 metrar og allt er þetta með þeirri vísu og í námunda við það mikla þéttbýlisstaði, að ég hef alveg sérstakan áhuga á þessum stað, að rannsaka þetta frekar. Og ég held að svo kunni einnegin að vera að ómaksins sé vert að bera niður víðar á sunnanverðu nesinu og þar kunni möguleikarnir að vera meiri.

Ég endurtek þess vegna að í ár á ég þess ekki kost að verja meira fjármagni til þess arna að því er nú best verður séð. Það er e. t. v. ekki siglt fyrir öll sker með það að eitthvað frekar fáist af fjármagni til jarðhitaleitar. Ég vil ekki fullyrða að með öllu sé lokum skotið fyrir það. En á meðan það liggur ekki fyrir get ég í ár ekki haft uppi frekari áform, en ég mundi beita mér fyrir því alveg sérstaklega við Berserkseyri, og það þá þegar á næsta ári. Vona ég að þessi orð séu það skýr að ekki fari milli mála við hvað ég á.

Aðgerðir til orkusparnaðar, fsp. 227. mál (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 399, í IV. lið, ber ég fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hvaða ráðstafanir hyggst iðnrh. gera svo að húseigendur geti lagt í fjárfestingu við endurbætur og einangrun húsa skv. þeim tillögum sem ráðgjafar um orkusparnað hafa unnið á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi?"

Með lögum um lækkun og jöfnun hitunarkostnaðar, sem samþ. voru á vordögum 1980, var í 12. gr. veitt heimild til að veita sveitarfélögum styrki til tækniþjónustu á sviði orkusparnaðar. Á grundvelli umræddra laga og með styrk og í góðu samstarfi við iðnrn. hefur á vegum húshitunarnefndar samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi verið gerð úttekt á húsum í Búðardal, Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og Hellissandi í þeim tilgangi að veita þeim húseigendum, sem búa við mesta orkunotkun og hæst orkuverð, ráðgjöf um það á hvern veg megi draga úr orkunotkun með einföldum lagfæringum á húsnæði.

Umræður um húshitunarmál hafa verið tíðar hér á Alþingi, enda segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að jöfnum húshitunarkostnaðar verði aukin verulega. Samfara samdrætti í tekjum á landsbyggðinni, í landbúnaði vegna minnkandi framleiðslu á búunum og nú í sjávarútvegi vegna samdráttar í fiskveiðum, verður orkukostnaður stórfelldara vandamál en áður hefur verið. Stafar af þessari þróun meiri hætta á fólksflótta af landsbyggðinni en nokkru sinni hefur áður verið frá stríðslokum að margir telja. Er þessa þegar farið að gæta í atvinnuleysi hér í borginni þó það sé ekki mikið, en það er væntanlega m. a. vegna fjölgunar og vegna fleiri íbúa sem flytja utan af landsbyggðinni.

Við þeim vanda sem hár húshitunarkostnaður er verður að bregðast með aðgerðum til orkusparnaðar, með olíustyrkjum, með niðurgreiðslum á raforku til húshitunar í meira mæli en þegar er gert, auk þess sem rannsóknir á jarðhitamöguleikum verður að auka. Ljóst er að þó orkusparnaður sé mikilvægur taka þær aðgerðir, sem einhvern árangur bera, langan tíma. Áfram verður því að beita niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði. Orkusparnaðaraðgerðir beinist hins vegar einkum að því að koma orkunotkun niður að þeim

mörkum sem byggingarreglugerð setur um hitatap húsa, en það vantar víða verulega mikið á að þeim áfanga hafi verið náð.

Svo sem fyrr var getið hefur á vegum húshitunarnefndar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi verið gerð úttekt á ástandi og orkunotkun húsa á Snæfellsnesi og einnig í Dalasýslu og eigendum verið veitt ráðgjöf um hagkvæmar aðgerðir til orkusparnaðar. Af um 140 húsum sem skoðuð hafa verið kemur í ljós að orkunotkun þeirra er að meðaltali 36% umfram staðla. Úrtak þessara athugana er um 10% af húsnæði í þorpunum og er talið að ástand húsa í sveitum sé víða miklu verra. Ekki er í öllum tilvikum hagkvæmt að ráðast í þær endurbætur sem staðlar krefjast, en ef reiknað er með þeim aðgerðum sem teljast aðgengilegar og ráðlagðar eru borgar sú fjárfesting sig í þessum tilvikum á um sex árum ef eingöngu er tekin sparnaður húseigenda inn í það dæmi. Er þá reiknað með núverandi verðlagi á efni, svo sem einangrun, en um 30% kostnaðar við þessar aðgerðir rennur beint í ríkissjóð. Sparnaður ríkissjóðs á ári vegna niðurgreiðslna á raforku er einungis vegna þessara húsa á þriðja hundrað þúsund krónur. Að vísu er það lítið upp í hið stóra „gat" ríkissjóðs, en þegar stórátak væri gert í þessu væri þarna hægt að spara verulegar fjárhæðir.

Þegar orkunotkun íbúðarhúsnæðis er metin og borin saman kostnaður notenda eftir landshlutum falla þær tölur ekki alltaf saman við það sem opinberlega er gefið upp. Kemur þar margt til annað en mismunandi orkuverð. Meðal þess sem veldur mismun eru mismunandi aðferðir hitaveitna við mat á orkunotkun. Má þar nefna að hinar nýrri hitaveitur nota svokallað hemlakerfi sem mælir ekki neysluvatnsnotkun beint á meðan hver kwst. rafhitunar er mæld og seld.

Annar afgerandi þáttur er hitastig hvers tíma. Meðalhiti í Stykkishólmi árin 1930—1960 var 4.2°C. Hins vegar er meðalhiti áranna 1979—1983 á sama stað 2.9°C. Þessi munur á meðalhitastigi frá 30 ára meðaltali fyrri ára veldur um 8—10% aukningu á kyndingu. Á þessu kalda tímabili hafa hin náttúrlegu áhrif því bæst við verulega hækkandi orkuverð.

Hvernig sem á þennan þátt orkubúskapar okkar er litið er ótvíræður ávinningur af því að húseigendur hinna köldu svæða verði aðstoðaðir við það að draga úr orkunotkun í híbýlum sínum. Fullyrða má að með einföldum sparnaðaraðgerðum mætti minnka orkunotkun til húshitunar um 20% á því svæði sem ég hef gert að umtalsefni hér. Hér fara saman hagsmunir húseigenda og ríkissjóðs og er þessi fsp. lögð fyrir hæstv. iðnrh. ef það mætti verða til þess að húseigendur vissu til hvaða ráða verði gripið, en þeir hafa nú í höndum ráðleggingar frá ráðgjöfum um orkusparnað.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð eða lengri formála fyrir fsp. minni, en vænti svars frá hæstv. iðnrh.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. frá hv. 1. þm. Vesturl. vil ég taka fram eftirfarandi:

Á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi hefur verið unnið að skoðun á nokkrum fjölda húsa og gerðar tillögur um orkusparandi endurbætur á þeim. Þessi starfsemi hefur m. a. verið styrkt af iðnrn. Þótt endanlegar niðurstöður liggi ekki fyrir er ljóst að munur á orkunotkun í mismunandi húsum, t. d. á rúmmálseiningu, er talsverður og að þann mun má í flestum tilfellum jafna með hagkvæmum endurbótum á einangrun og hitakerfum húsanna.

Einnig hefur komið í ljós að í velflestum húsum má með einhverjum hætti spara orku á hagkvæman hátt. Húseigendur sem fjárfest hafa í orkusparandi endurbótum hafa undanfarin þrjú ár átt kost á láni frá Húsnæðisstofnun sem numið hefur 50% fjárfestingarkostnaðar skv. áætlun. Eftirspurnin eftir slíkum lánum hefur hins vegar farið dvínandi þrátt fyrir hækkandi orkuverð.

Iðnrn. hefur nú í samvinnu við félmrn. ýtt úr vör með sérstakt verkefni þar sem stefnt verður að því að hvetja fólk til aukins orkusparnaðar. Í því skyni er ætlunin að veita tæknilega ráðgjöf sem m. a. tekur mið af þeirri reynslu sem fengist hefur á Vesturlandi og jafnframt að veita aukna lánafyrirgreiðslu.

Samkvæmt þeim hugmyndum sem unnið er eftir við skipulagningu verkefnisins verður ákveðinn fjöldi starfandi ráðgjafa í kringum landið menntaður til þess að geta veitt ráðgjöf í þessu skyni sem byggð yrði á bestu fáanlegum upplýsingum um eiginleika og hagkvæmni ýmiss konar endurbóta.

Jafnframt er ætlunin að auka lánafyrirgreiðslur þannig að lánuð verði 80% áætlaðs fjárfestingarkostnaðar til 16 ára. Lánið verði verðtryggt, en á lágum vöxtum og afborgunarlaust fyrstu þrjú árin. Hið síðast talda á að gefa mönnum kost á að greiða niður eigið fjárframlag. Aðalatriðið í þessum hugmyndum er að lánið verði endurgreitt á fleiri árum en það tekur endurbæturnar að skila sér með minni orkunotkun og að greiðslubyrði þeirra sem framkvæma orkusparandi endurbætur aukist því ekki heldur minnki, jafnvel þótt til skamms tíma sé litið. Til þess að standa straum af auknum lánum hafa 30 millj. kr. verið veittar sérstaklega til Byggingarsjóðs ríkisins til úthlutunar á þessu ári, auk þess fjármagns sem Byggingarsjóður hefur sjálfur til ráðstöfunar í þessu skyni.

Rétt er að leggja áherslu á að orkusparnaður af þeirri stærðargráðu sem ráðgjöf á Vesturlandi hefur gefið til kynna að hægt sé að koma við hefði gífurlega þjóðhagslega þýðingu og væri skynsamlegt og jákvætt framlag í orkubúskap okkar. Á landsmælikvarða yrði heildarkostnaður slíkra aðgerða hins vegar að stærðargráðunni 3 þús. millj. kr. og því ljóst að um fjármögnun slíkrar áætlunar þyrfti að fjalla sérstaklega. Í fyrsta áfanga telst því rétt að veita því fólki aðstoð sem þyngstar byrðar ber, þ. e. býr í illa einangruðum húsum á svæðum með dýra orku. Því munu þau hús sem fyrirgreiðslu fá í fyrsta áfanga verða valin úr eftir sérstökum reglum, þar sem m. a. verður tekið mið af orkunotkun húsanna á rúmmálseiningu. Ekki er að efa að nokkur hluti húsa þeirra sem skoðuð hafa verið á Vesturlandi mun verða í þessum áfanga.

Að lokum er rétt að benda á að fyrirgreiðsla verður í formi verðtryggðra lána, þannig að þeir húseigendur sem ráðast í framkvæmdir nú þegar fyrir eigið fjármagn bera á engan hátt skarðan hlut frá borði. Sumar aðgerðir sem í tillögunum felast, eins og t. a. m. einangrun ofan á þakplötu, borga sig á svo fáum árum að það er tilefnislaust og sóun á fjármunum fyrir húseigendur að bíða með slíkar aðgerðir eftir því að langtímafjármögnun fáist.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans við fsp. mínum. Í máli hans kom fram að fyrirhugað er að veita betri fyrirgreiðslu en nú er til þeirra húseigenda sem hafa ráðist í eða eru að ráðast í framkvæmdir sem eru orkusparandi. Ég tel að skýringin á því sem kom fram hjá hæstv. ráðh. varðandi litla eftirspurn eftir lánum frá húsnæðislánakerfinu til orkusparandi aðgerða sé sú, að fólk hefur beðið eftir ákveðnari aðgerðum. Ég vænti þess að innan tíðar muni verða lagt fram á Alþingi frv. til l. þar sem verði tekið á þessu máli öllu, bæði hvað varðar orkusparandi aðgerðir og lánamál vegna þeirra og svo ekki síður kerfisbundnar niðurgreiðslur á raforkuverði og öðrum orkugjöfum sem nýttir eru til húshitunar.

Að lokum vil ég endurtaka þakkir til hæstv. iðnrh. fyrir svar hans.

Öryggisbúnaður fiski- og farskipahafna, fsp. 231. mál (þskj. 405). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Sveinsson): Herra forseti. Í nóvember 1981 átti ég þess kost að flytja hér inn í þingið till. til þál. um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna. Var í grg. með till. rakin fjöldi slysa við hafnir landsins og landganga skipa um rúmlega fimm ára skeið eða frá árinu 1975 til miðs árs 1981. Voru tölulegar upplýsingar byggðar á gögnum Slysavarnafélags Íslands, m. a. árbókum félagsins 1976—1981, skýrslum Rannsóknanefndar sjóslysa árin 1975—1980 og skýrslum Tryggingastofnunar ríkisins.

Nefnt tímabil voru sjóslys og drukknanir, þ. e. dauðaslys í höfnum hér við land, 46 og í höfnum erlendis 5, dauðaslys vegna umferðar við hafnir þar sem ekið eða hjólað var út af bryggju eða hafnarmannvirki reyndust 12 og slys á sjómönnum við ferðir af og frá skipi tímabilið 1975—1980 reyndust 128. Er í síðastnefnda tilvikinu aðallega um að ræða slys vegna falls úr eða í landgangi á bryggju, við að komast á milli skips og báta eða við að komast á eða af bryggju úr stiga svo nokkuð sé nefnt. Er þessi síðastnefndi fjöldi slysa byggður á skýrslum um bótaskyld tjón sjómanna, en til þess að slys teljist bótaskyld af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins þarf viðkomandi að hafa verið frá vinnu í 10 daga eða lengur svo sem kunnugt er. Í mörgum tilvikum er um smávægileg meiðsli að ræða, sem eigi að síður verða þó talin til slysa. Upplýsingar um önnur slys, sem ekki ná framangreindu 10 daga lágmarki, er erfitt að fá svo óyggjandi sé. Þó er vitað að nokkuð er um meiðsli og óhöpp sem ótvírætt mundu falla undir það sem almennt er kallað slys.

Fjöldi einstaklinga, sem orðið hefur fyrir slysum við hafnir eða land hérlendis það tímabil sem hér hefur verið gert að umtalsefni, er samtals 296 einstaklingar og eru þá bjarganir taldar þar með, sem reyndust 110.

Því miður virðist slysatíðni síðastliðin tvö ár svipuð og árin á undan. Með hinu hörmulega slysi í Grundartangahöfn nú fyrir skömmu, þar sem fjórir menn fórust, vorum við enn á ný minnt á hinar miklu hættur sem sjómenn búa við ekki aðeins á hafi úti heldur jafnframt við hafnir landsins. Gefur slíkur fjöldi slysa, sem hér hefur verið drepið á, vissulega fulla ástæðu til athafna og aðgerða.

Tóku alþm. till. vel á sínum tíma og eftir umfjöllun þingsins var hún samþykkt af Alþingi þann 27. apríl 1982. Er þál. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. skipun fimm manna nefndar til að gera heildarathugun á fiski- og farskipahöfnum landsins með tilliti til slysahættu sjómanna og annarra sem um hafnir fara.

Í nefndinni sitji einn fulltrúi tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands og sé hann formaður nefndarinnar. Eftirtaldir aðilar skipi hver einn fulltrúa í nefndina: Siglingamálastofnun ríkisins, Hafnamálastofnun ríkisins, Landssamband ísl. útvegsmanna og Sjómannasamband Íslands.

Skal starf nefndarinnar miða að því:

a) að benda á kunnar eða hugsanlegar slysagildrur við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta,
b) að benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta,
c) að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins,
d) að gera tillögur um leiðir til úrbóta í ofangreindu efni, sjómönnum og öðrum, sem um hafnir fara, til aukins öryggis.

Ofangreind athugun og tillögugerð skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1982."

Svo sem fram kemur í ályktuninni skyldi athugun og tillögugerð liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1982. Svo mun ekki hafa verið og ekki heldur ári síðar, í árslok 1983. Því hef ég leyft mér að leggja fram á þskj. 405, tölul. I, fsp. til hæstv. samgrh. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 27. apríl 1982 um skipun og störf nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna?"

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við þessari fsp.: Með bréfi dags. 15. nóvember 1982 skipaði ráðuneytið eftirtalda menn í nefnd til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna samkvæmt þeirri þál. sem hér er vitnað til: Pál Guðmundsson deildarstjóra, sem tilnefndur var af Siglingamálastofnun ríkisins, Pétur Stefánsson útgerðarmann, tilnefndan af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Hafþór Rósmundsson, tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands, Daníel Gestsson yfirverkfræðing, sem tilnefndur var af Hafnamálastofnun ríkisins og Hannes Þ. Hafstein framkvæmdastjóra Slysavarnafélags Íslands, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Samkvæmt skipunarbréfi nm. skyldu störf nefndarinnar miða að því að benda á kunnar eða hugsanlegar slysagildrur við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta og benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta, að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins og gera tillögur um leiðir til úrbóta í ofangreindu efni, sjómönnum og öðrum sem um hafnir fara til aukins öryggis.

Um störf nefndarinnar hingað til svarar formaður hennar bréfi rn. á þennan hátt:

„Sem svar við fsp. yðar um störf nefndar sem skipuð var í nóvember 1982 til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna skv. þál. þar um, sem samþykkt var á Alþingi 27. apríl þess árs, vil ég geta eftirfarandi:

Í viðræðum nm. hefur sérstök áhersla verið lögð á

nýtingu hafnarsvæða, frágang og merkingu stiga, aukinn öryggisbúnað við hafnir og síðast en ekki síst varðandi ýmsan slíkan búnað um borð í skipunum sjálfum, t. d. landganga og allan frágang við þá.

Nefndin skrifaði til hafnarstjóra og hafnarvarða um land allt þar sem hún leitaði samstarfs, bað um ábendingar og sendi jafnframt spurningalista í ellefu liðum sem hún óskaði svars við. Fulltrúi Hafnamálastofnunar ríkisins lagði fram athyglisverða skýrslu um flotbryggjur fyrir smábátahafnir, en notkun þeirra fer ört vaxandi í nágrannalöndum okkar og hefur nefndin rætt mjög ákveðið þetta atriði.

Þá kynntu nm. sér greinargóða úttekt í máli og myndum um frágang og fleira á hafnarmannvirkjum, sem gerð var árið 1978.

Nm. eru sammála um að nauðsynlegt sé að þeir geti skipt með sér verkefnum eftir landshlutum, gert úttekt skv. fyrirliggjandi upplýsingum og heimsótt ýmsar hafnir til samanburðar á frágangi hafnarmannvirkja til samráðs við hafnarstjóra og hafnarverði um ábendingar til úrbóta þar sem þörf krefur.

Í viðræðum við samgrn. var þessu komið á framfæri og ítrekað með bréfi ásamt beiðni um sérstaka fjárveitingu í því augnamiði. Þótt nefndarstörf hafi legið niðri um sinn eru ýmsar athyglisverðar upplýsingar sem liggja fyrir og er fullur vilji nm. að takast á við þau verkefni, ljúka störfum og skila áliti. Því er áréttuð sú ósk og þess er vinsamlegast farið á leit við það háa ráðuneyti að það hlutist til um sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis, allt að 150 þús. kr."

Það rn. hefur nú ekki úr miklu fjármagni að spila, en hins vegar mun ekki standa á því að reyna að verða við beiðni um að nefndin geti haldið áfram störfum og lokið störfum sem fyrst. Kemur til álita í því sambandi að Hafnamálastofnun leggi út nauðsynleg útgjöld vegna nefndarinnar. En ég hef lagt á það áherslu að hún hraði störfum og skili áliti sem fyrst.

Fyrirspyrjandi (Jón Sveinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir mjög skýr svör við spurningu minni og vænti þess svo sannarlega að nefndinni verði gert kleift að ljúka störfum svo sem þál. gefur tilefni til.

Þau slysatilvik sem ég nefndi hér á undan gefa ástæðu til að ætla að öryggisbúnaði við hafnir landsins sé víða mjög ábótavant og virðist í því efni oft vera um að ræða hvers konar öryggisbúnað. Þó má finna í hafnarreglugerðum og öðrum sambærilegum reglum um búnað skipa ótvíræða skyldu til aukins öryggis og betri búnaðar en nú tíðkast. Eru t. d. kunn ákvæði í hafnarreglugerðum þar sem fram kemur að fyllsta öryggis skuli gætt. Einnig er að finna í reglum um vinnuöryggi á fiskiskipum og um vinnuöryggi á flutningaskipum og farþegaskipum, sem settar hafa verið skv. lögum um eftirlit með skipum, ýmis ákvæði um búnað skipa, svo sem landgang o. fl. Eru allar þessar reglur góðar og gildar svo langt sem þær ná. Ég vil þó leyfa mér að efast um að eftirlit sé hér nægilegt og reglum fylgt til hlítar. Ýmislegt kemur hér til svo sem fjárskortur hafnasjóða, útgerðarfélaga og einstaklinga að ógleymdu athugunarleysinu. Ástandið í þessum efnum er þó vafalaust nokkuð misjafnt eftir því hvar á landinu er.

Í núverandi hafnalögum eru ekki ákvæði sem segja til um hver skuli bera kostnað af slysavörnum við hafnir landsins. Hins vegar var lagt fram á síðasta þingi og nú á þessu þingi frv. til nýrra hafnalaga, en í 26. gr. frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allt að 75% af stofnkostnaði við slysa- og mengunarvarnir. Í grg. með frv. segir hvað þetta atriði snertir, með leyfi forseta:

„Vakin skal sérstök athygli á að stofnkostnaður við mengunar- og slysavarnir í höfnum verður skv. tillögu nefndarinnar styrkhæfur um 75% en er ekki styrkhæfur að neinu leyti skv. núgildandi lögum. Nefndin vill með tillögunni leggja áherslu á að þessar varnir séu í fullkomnu lagi í höfnum."

Tek ég heils hugar undir þessar aths. sem sýna að þessum málum er nú gefinn betri gaumur en máske oft áður. Ég ítreka þakkir fyrir svör hæstv. ráðh. og vænti þess að þál. verði fylgt eftir.

Sameinað þing, 62. fundur.

Þriðjudaginn 6. mars, að loknum 61. fundi.

Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, þáltill. 230. mál (þskj. 402). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Afvopnun á Norður-Atlantshafi, þáltill. 232. mál (þskj. 406). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útflutningur iðnaðarvara, þáltill. 233. mál (þskj. 408). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Áfengt öl, þáltill. 111. mál (þskj. 138). — Frh. einnar umr.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég er flm. að þeirri till. sem hér um ræðir og tel mér því skylt að taka til máls og gera grein fyrir ástæðum þess.

Þar er fyrst til að taka að hér er verið að tala um áfengismál og þarf varla að segja nokkrum að áfengi er hluti af okkar lífi. Áfengi er reyndar óæskilegur hluti af lífi minni hluta fólks en nokkuð eftirsóttur hluti af lífi meiri hluta fólks. Ofneysla áfengis er að nokkru leyti skilgreiningaratriði eftir því frá hvaða sjónarhóli það mál er skoðað. En nokkur almennur skilningur skilgreinir þetta vandamál þannig að u. þ. b. 10% fólks sé sú hætta búin af neyslu áfengis að til ofneyslu leiði.

Á s. l. tveimur öldum hefur sú þróun orðið í mannréttindum að fólk hefur öðlast aukinn rétt til að ráða sér sjálft og þar með öðlast aukna ábyrgð á sínum gerðum. Almenn skilgreining lýðræðis er sú orðin að meiri hlutinn ákveði fyrir heildina hvað verða skuli. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að bjórdrykkja dragi úr áfengisneyslu hér á landi, þvert á móti. Ég get þó fullyrt af fenginni reynslu að meiri hluti þjóðarinnar mun ekki leggjast í fyllirí. Ástæða þess að ég styð þetta

mál er sú, að ég tel almenning í landinu þess fullbúinn að ráða því sjálfur hvað hann gerir í þessu máli og að meiri hlutinn eigi að ákveða í þessu máli sem öðrum hvað gera skuli.

Herra forseti. Ég get ekki leitt hjá mér þann málflutning sem átt hefur sér stað hér á þingi og verð að játa að það er alveg rétt til getið hjá andmælendum að hér sé reynt að fara með vissum hætti fram hjá þingi. Ástæðan er einfaldlega sú, að fáránleg kosningalög í landinu gera það að verkum að engin trygging er fyrir því að niðurstaða Alþingis sýni meirihlutavilja þjóðarinnar. Við vorum minnt á það hér áðan við umræðu um tilraunastöðina á Reykhólum. Þá tók til máls 1/15 þingheims, allir þm. Vestf., og þögðu þó tveir til viðbótar, því að hér sitja núna einn af hverjum tíu þm. sem Vestfirðingar. Þessi staðreynd leiðir það af sér að ekki er hægt að treysta því að það sé regla að Alþingi taki ákvörðun í samræmi við vilja meiri hluta þjóðarinnar. Ég ætla mér ekki að ræða vantrú vissra einstaklinga og vissra stjórnmálahreyfinga á beinu lýðræði. Opinberun þessa skorts á trausti á beinu lýðræði dæmir sig alveg sjálfkrafa. En það má benda á beint samhengi milli þess málflutnings og þess misvægis í mannréttindum sem kolrugluð kosningalöggjöf leiðir af sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. 189. mál (þskj. 337). — Ein umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt Kjartani Jóhannssyni og Stefáni Benediktssyni að flytja hér svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á hvort hagkvæmt sé að koma á fót fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll."

Till. þessi hefur verið flutt á fimm síðustu þingum en aldrei orðið útrædd. Ástæður fyrir þessum tillöguflutningi eru ýmsar blikur sem verið hafa á lofti í atvinnumálum Suðurnesja nokkur undanfarin ár. Hafa hundruð manna verið þar á atvinnuleysisskrá svo mánuðum skiptir. Af þeim sökum hefur Alþingi tvisvar ályktað að gerð verði athugun á atvinnulífi Suðurnesja og áætlun um eflingu þess. Árið 1978 ályktaði Alþingi að fela ríkisstj. að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kannaði atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaga í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Í síðari ályktuninni, frá 1979, var Framkvæmdastofnun ríkisins falið að undirbúa og gera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Nokkur undirbúningsvinna hefur átt sér stað en engin niðurstaða fengist hvað þá fjármagn.

Atvinna á Suðurnesjum byggist að mestu á sjávarútvegi og starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Vegna slæms ástands fiskstofna og vannýttrar afkastagetu fiskiskipa er ekki hægt að gera ráð fyrir fjölgun sjómanna. Frystihús á Suðurnesjum eru tiltölulega mörg en lítil og hefur reyndar farið fækkandi hin síðari árin. Afkastageta þeirra nýtist illa vegna sveiflna í fiskveiðum og skorts á búnaði í mörgum tilvikum. Framtíðarþróun fiskvinnslunnar getur því allt eins leitt til aukinnar tæknivæðingar og hagræðingar fremur en meiri vinnuaflsnotkunar. Vegna mikillar samkeppni í Atlantshafsflugi er óvarlegt að ætla að um umtalsverða aukningu verði að ræða í flugrekstri á Atlantshafsleiðum um tíma og þótt nú gangi betur má gera ráð fyrir áföllum annað slagið. Af því sem ég hef hér sagt að framan er ljóst að mjög lítil vöxtur, ef ekki samdráttur, er fyrirsjáanlegur í undirstöðuatvinnugreinum Suðurnesja.

Mjög stór hópur ungs fólks er nú að vaxa úr grasi á Suðurnesjum. Meðalstærð þeirra árganga sem nú eru að byrja að koma inn á vinnumarkað er ca. 270—290 manns, en meðalstærð þeirra árganga sem hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs er ca. 50—70 manns. Aldrei skila sér allir inn á vinnumarkað, en varlega áætlað þurfa að bjóðast a. m. k. 150 ný störf á ári svo að allir þeir nýliðar sem koma inn á vinnumarkað eigi kost á atvinnu heima fyrir.

Í drögum að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes, sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar birti í nóv. 1980, er bent á að uppbygging iðnaðar sé líklega besta leiðin til aukinnar atvinnu og bættra tekna á svæðinu. Á Suðurnesjum eru mjög góðar aðstæður til iðnþróunar hvað framboð orku og hráefnis snertir, en hins vegar vantar þar mjög tækni- og verkkunnáttu í iðnaði. Af þeim sökum er óeðlilegt að iðnaður vaxi í neinum mæli nema til komi sérstakar aðgerðir í iðnþróun. Það er reynslan frá Shannon á Írlandi að tilkoma fríiðnaðarsvæðis þar hefur leitt til stóraukinnar tækni- og verkþekkingar í iðnaði á svæðinu, auk annars konar ávinnings. Þess vegna er vel þess virði að athugað sé hvort einn liður í eflingu iðnaðar á Suðurnesjum gæti hugsanlega orðið stofnun fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Þegar þotur urðu algengar í Atlantshafsflugi laust fyrir 1960 féllu millilendingar til eldsneytistöku á Shannon á Írlandi að mestu niður. Hafði það í för með sér mikið atvinnuleysi í nálægum byggðarlögum. Stjórnvöld á Írlandi brugðust við þessum vanda með því að stofna sérstakt þróunarfélag Shannon-flugvallar. Meginhlutverk þess var að finna leiðir til þess að tryggja vöxt og viðgang flugvallarsvæðisins, örva farþega- og vöruflutninga um völlinn og efla atvinnulíf í byggðarlögum nálægt vellinum. Í þessu skyni kom þróunarfélagið á fót fríiðnaðarsvæði við Shannon-flugvöll árið 1959. Strax í upphafi voru eftirfarandi fríðindi boðin fyrirtækjum sem vildu koma til Shannon:

Algjört tollfrelsi að því er snertir innflutning á hráefnum, vélum og tækjum til framleiðslunnar. Sama máli gegndi um útflutning fullunninnar vöru

Leiga til 25 ára á verksmiðjubyggingum sem þróunarfélagið reisti. Byggingar þessar voru annaðhvort staðlaðar byggingar eða reistar í samráði við fyrirtækið. Leigan miðaðist við byggingarkostnaðinn.

Óafturkræf fjárframlög er svöruðu til helmings af kostnaðarverði véla sem kaupa þurfti fyrir hlutaðeigandi verksmiðju.

Sérþjálfun verksmiðjufólks hinum erlendu fyrirtækjum að kostnaðarlausu.

Algjört skattfrelsi til 1983. Þetta þýddi 25 ára skattfrelsi fyrir þau fyrirtæki sem fyrst hösluðu sér völl í Shannon, en það gerðist árið 1959.

Skattfrelsi er boðið á útflutningshagnaði a. m. k. til 1990 ef starfsemi hefst fyrir 1981. Gildir þetta raunar fyrir öll útflutningsfyrirtæki á Írlandi. Fjármagnsfyrirgreiðsla hefur nú verið aukin og styrkir til rannsókna og vöruþróunar standa til boða. Þá má nefna þjónustu hvers konar við atvinnurekstur, bæði viðskiptalega og

tæknilega.

Nú eru á Shannon-fríiðnaðarsvæðinu iðnfyrirtæki, þjónustufyrirtæki og vöruhús sem veita 4500 manns atvinnu og þekja um 200 þús. m^2 gólfflöt. Samtals eru þetta 100 fyrirtæki og er mjög lítið um stórfyrirtæki þar. Framleiðslan er einkum á sviði rafeinda- og raftækjasmíði, efnaiðnaðar og verkfæragerðar.

Reynslan af fríiðnaðarsvæðinu í Shannon er mjög góð. Auk þess að hafa veitt þúsundum Íra atvinnu hefur mikil verkþekking verið flutt inn í landið. Þá hafa Írar einnig öðlast af þessari starfsemi mikla reynslu í iðnþróunaraðgerðum. Má nefna að Shannon-þróunarfélagið vinnur nú að uppbyggingu atvinnu á um 4800 km^2 svæði umhverfis Shannon.

Fjölmargar þjóðir, sem búa við atvinnuleysi, einkanlega í þróunarlöndunum, hafa fylgt fordæmi Íra og eru nú rekin nokkur hundruð fríiðnaðarsvæða í heiminum. Á öllum þessum stöðum eru mikil fríðindi í boði fyrir þau fyrirtæki sem þangað vilja koma. Mjög ólíklegt er að það sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir Íslendinga að keppa á almennum grundvelli við önnur fríiðnaðarsvæði í heiminum um að fá til sín erlend fyrirtæki. Á meðan atvinnuástand er jafngott og raun ber vitni á Íslandi, þó að það hafi farið versnandi, getur varla talist hagkvæmt að bjóða erlendum fyrirtækjum sömu kjör og önnur fríiðnaðarsvæði bjóða. Hins vegar virðist full þörf á að kanna hvort einhver erlend fyrirtæki sjái sér hag í því að koma á lakari kjörum en annars staðar vegna þeirra sérstæðu aðstæðna sem í boði yrðu, svo sem jarðhiti, ódýrt rafmagn, vinnuafl með tækniþekkingu í sjávarútvegi, að mestu tollfrjáls aðgangur að Evrópumörkuðum og lega mitt á milli Ameríku og Evrópu. Ekki er vafi á því að fjölmörg íslensk fyrirtæki mundu sjá sér hag í því að reka sína starfsemi á fríiðnaðarsvæðinu. Varðandi slíkt þyrfti að kanna hvort fríiðnaðarsvæði sé hagkvæm leið til þess að efla íslenskan útflutningsiðnað eða hvort einhverjar aðrar ráðstafanir væru jafngóðar eða betri.

Með því að setja á stofn fríiðnaðarsvæði er verið að hvetja til stofnunar atvinnurekstrar sem að öðrum kosti væri vart mögulegur eða hagkvæmur í landinu. Þeir sem helst virðast munu hafa áhuga á aðstöðu og rekstri á fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli eru aðilar á eftirtöldum vettvangi:

a. Japönsk og bandarísk fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka samsetningarverksmiðju hér vegna nálægðar við Evrópumarkað og vegna þess tollfrelsis sem þau nytu gagnvart innflutningi til landa EFTA og Efnahagsbandalagsins.

b. Sérhæfð alþjóðleg fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka vörugeymslur á Keflavíkurflugvelli vegna hagstæðrar legu hans mitt á milli Evrópu og Norður-Ameríku.

c. Ekkert fríiðnaðarsvæði í heiminum, svo vitað sé, getur boðið upp á jarðhita, en hann má nýta á ýmsa vegu í iðnaði. Einnig gæti reynst hagkvæmt að nýta hann til eldis á verðmætum krabbadýrum, t. d. humri og rækju, fiskum og e. t. v. til kjúklingaeldis í stórum stíl. Tollfrelsi á fóðri mundi e. t. v. hafa mjög hvetjandi áhrif á slíka starfsemi.

d. Einn möguleiki enn er að kjötvinnslufyrirtæki kaupi dilkakjöt og njóti útflutningsbóta á kjötinu eins og aðrir útflytjendur. Bæði í Færeyjum og á Nýfundnalandi er markaður fyrir unnar kjötvörur sem íslensk kjötvinnslufyrirtæki gætu hugsanlega komist inn á. Ekki er þó víst að fríiðnaðarsvæði þurfi til þess að framkvæma þessa hugmynd.

e. Þá eru ýmsir möguleikar fyrir hendi í rafeindaiðnaði sem er tengdur sjávarútvegi og nýtingu annarra auðlinda á hafi úti. Ef tækniþekking er fyrir hendi má þróa upp ný tæki á þessu sviði vegna þeirrar reynslu og verkþekkingar sem fyrir hendi er í fiskvinnslu og sjómennsku.

Eins og ég hef áður drepið á virðast framtíðarmöguleikar atvinnulífs á Suðurnesjum að mestu bundnir við iðnað. Hins vegar er lítil reynsla og tækniþekking í iðnaði fyrir hendi á svæðinu. Ekki er vafi á því að stofnun fríiðnaðarsvæðis mundi bæta þar verulega úr auk þess sem fjölbreytni í atvinnuvali mundi aukast. Þá gæti samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum og ríkisins um stofnun fríiðnaðarsvæðis síðar meir leitt til stofnunar þróunarfélags atvinnulífs á Suðurnesjum öllum.

Hugmyndin um fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli er vel þess virði að á henni verði gerð rækileg könnun. Hvers konar atvinnufyrirtæki mundu hafa áhuga á starfrækslu þar, hver væri efnahagslegur ávinningur að stofnsetningu þess og hvaða rekstrar- og eignarform verði heppilegast á svæðinu? Þó tillaga þessi geri sérstaklega ráð fyrir að fríiðnaðarsvæði verði á Keflavíkurflugvelli er rétt að geta þess að einnig kemur mjög til greina að fríiðnaðarsvæði yrði við Straumsvík, en þar eru hafnarskilyrði mjög góð og aðstaða að mörgu leyti hentug.

Í umræddri könnun mætti hafa þá staðreynd í huga. Jafnframt ber að vara við of mikilli bjartsýni af niðurstöðum slíkrar könnunar því að samkeppni á milli fríiðnaðarsvæða í heiminum er mjög hörð og oft og tíðum boðin fjármagnsaðstoð sem er langt umfram það sem kemur til greina að bjóða upp á hér á landi.

Ég legg til að að loknum umr. verði málinu vísað til hv. atvmn.

Bragi Michaelsson: Herra forseti. Það mál sem hér er á ferðinni, þ. e. að koma á fót fríiðnaði hér á landi, er góð hugmynd. Öll viðleitni okkar til að stuðla að auknum atvinnumöguleikum, hvort sem er á Suðurnesjum eða annars staðar hér á landi, hlýtur að vera ofarlega í hugum þm. um þessar mundir þegar sjávarútvegurinn skilar ekki lengur þeim arði til þjóðarbúsins sem hann hefur gert að undanförnu. Fríiðnaður hlýtur að vera eitt af því sem við lítum til. Ég tek undir það með hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni að Suðurnes eru álitlegt svæði í þeim efnum vegna nálægðar við Keflavíkurflugvöll og hafnarsvæði, bæði í Straumsvík annars vegar og Keflavík hins vegar. Þá er og mjög stutt til Reykjavíkurhafna eftir að Reykjanesbraut hefur verið lögð, og þar af leiðandi allir möguleikar til að koma þessari vöru á alþjóðlegan markað mjög góðir.

Eins og vikið er að í till. eru nú að koma á vinnumarkaðinn hér á landi stórir hópar ungs fólks sem stundar nám. Þetta unga fólk hefur aflað sér þekkingar á erlendum vettvangi, bæði á sviði tækni og iðnaðar, sem getur rennt fleiri stoðum undir að unnt verði að koma hér á fót iðnaði sem ekki hefur verið fyrir hendi. Ég veit einnig að hér hafa verið fyrirtæki, sem hafa flutt vöru á erlendan markað, sem mundu án efa vilja hafa starfsemi sína á fríiðnaðarsvæði, t. d. í Keflavík. Alla möguleika á þessu sviði hljótum við að skoða alvarlega

þegar til lengri tíma er litið.

Ég tek undir það að Suðurnes eru ákjósanlegur staður fyrir fríiðnað.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það virðist ekki mikill áhugi alþm. á þessu máli. Í grg. segir að það hafi verið flutt á fimm síðustu þingum án þess að hljóta afgreiðslu, enda vara flm. við bjartsýni.

Ég er ekki á móti því að málið verði skoðað, en ég er því fylgjandi að við hugsum okkur vel um í þessum efnum. Ég vil benda á að ef út í þessa starfsemi væri farið væri verið að gera upp á milli landshluta, króa af landsvæði þar sem allir væru stikkfrí, ef svo má segja. Það yrði náttúrlega eftir því hver niðurstaðan yrði með það hvað aðilum væri boðið upp á. Við hljótum að spyrja sjálf okkur að því: Ef við teljum okkur hafa efni á því t. d. að bjóða skattfríðindi og tollfríðindi og margháttaða fyrirgreiðslu erlendum eða innlendum aðilum á Keflavíkurflugvelli eða í Straumsvík, hvers vegna þá ekki annars staðar á landinu? Mismunun af þessu tagi kann að vera enn þá varasamari þar sem landið er lítið og þjóðin fámenn. Menn verða varla ginnkeyptir fyrir því að setja á stofn iðnfyrirtæki fyrir norðan og vestan og austan ef þeir fá lakari fyrirgreiðslu þar en erlendir eða innlendir aðilar í Keflavík. Það má a. m. k. ekki efna til beinnar samkeppni við sams konar iðnað sem fyrir er í landinu.

Við kynnum vissulega að græða á stofnun fríiðnaðarsvæðis og þá er ég helst að hugsa um ef við gætum með því móti flutt inn verk- og tækniþekkingu sem örðugra yrði að afla með öðru móti. Hugsanlega ykjust útflutningstekjur okkar. En helsti ávinningurinn væri vitanlega ný atvinnutækifæri sem bráðvantar einmitt á Suðurnesjum.

En ég vil vara við of mikilli bjartsýni, eins og flm. gera raunar. Ef á að bjóða mikil fríðindi þarna getur það haft sínar afleiðingar sem ekki sér fyrir endann á.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Af því að ég er meðflutningsmaður að þessari till. tel ég mér skylt að gera örlitla grein fyrir mínum skoðunum í þessu máli, sérstaklega vegna orða hv. 7. landsk. þm.

Ég hef alltaf litið á þessa fríiðnaðarhugmynd sem möguleika sem hægt væri að beita víðs vegar um landið, ef góð raun hlýst af, og styð þessa till. einfaldlega vegna þess. Hún er áður fram komin og hefur hlotið nokkuð ítarlega meðferð hér á þingi. Í tilviki Keflavíkurflugvallar og reyndar einnig Straumsvíkur er hægt að benda á ákveðin skilyrði sem ákjósanleg væru og hægt væri að ganga að vissum aðstæðum gefnum, en frekari reynsla þyrfti að skera úr um hvar væri hugsanlega hægt að koma upp slíkum svæðum annars staðar í kringum landið.

Það sem einnig vakir fyrir með hugmyndum sem þessum er að sú andstaða sem þær hafa mætt hingað til virðist nær eingöngu byggjast á ákveðinni bölsýni eða vantrú á að þetta sé hægt, án þess að menn hafi nein endanleg rök fyrir því fram að færa. Þvert á móti er hægt að benda á að svona starfsemi gengur allvel víðs vegar í veröldinni og alls ekki úr vegi, langt í frá, heldur mjög ákjósanlegt að kanna hvort ekki er möguleiki á slíkri starfsemi hér á landi. Ef við Íslendingar eigum eftir að ganga líka vegu og nágrannar okkar megum við búast við því að ef ekkert verður að gert til að undirbúa framtíðina beri okkur einhvern tíma upp á það sker að hér verði orðið atvinnuleysi sem að kveður. Því ber okkur hreint og beint skylda til að koma í veg fyrir með fyrir fram undirbúnum aðgerðum að slíkt ástand geti nokkurn tíma skapast hér á landi. Þó að það stuðli hugsanlega að einhvers konar þenslu á vinnumarkaði, sem margir telja af hagrænum ástæðum frekar óheppilega, er sú þensla mörgum sinnum betri en það böl sem af atvinnuleysi getur hlotist.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég kem nú hingað í ræðustólinn eingöngu vegna þess að mér fannst hv. þm. Kristín Halldórsdóttir vera með fullmiklar úrtölur í þessu máli. Í þessari till. er lagt til að kanna málið og ég legg á það mikla áherslu að það verði gert. Við getum rifist um það seinna ... (**KH:** Ég var ekkert að rífast.) Nei, þú varst ekki að rífast, en hjá þér kom fram nokkur bölsýni fannst mér.

Við getum deilt um það seinna hvort þetta er hagkvæmt eða ekki, en til þess að vita eitthvað um málið þarf að kanna það. Og fólkið suður á Suðurnesjum, atvinnulaust fólk, hrópar á úrræði og nýjar leiðir. Þetta gæti verið leið til að bjarga mörgum atvinnulausum manninum. Þetta hefur verið reynt annars staðar og það hefur gefist vel, ekki aðeins vegna þess að það hefur flutt mikla tækniþekkingu til þeirra staða þar sem þetta hefur verið gert, heldur líka skapað mikla vinnu. Þarna er verið að tala um að laða að fyrirtæki og starfsemi sem annars eru ekki fyrir hendi. Það ætti þess vegna ekki að verða öðrum til tjóns.

Auðvitað er það svo að ef hagkvæmt er að gera þetta er ástæða til að skoða líka hvort ekki er hægt að gera þetta annars staðar en einmitt á þessu svæði. En mér sýnist sem aðstæður séu hvað bestar þarna á Keflavíkurflugvelli eða í Straumsvík því það gæti komið upp sú staða að þessi herstöð, sem nú er, yrði þar ekki lengur. Þá yrði mikill fjöldi bygginga, flugvöllur og hvers konar aðstaða ónýtt.

Það kynni þá einhver að spyrja: Hvers vegna voru þessar úrtöluraddir á Alþingi á sínum tíma? Hvers vegna var ekki málið skoðað? Hvers vegna var það ekki kannað? Hvers vegna eigum við að vera eins og nátttröll? Hvers vegna höfum við verið eins og nátttröll? yrði kannske spurt. Ég ítreka að hér er aðeins talað um könnun á þessu stigi og ég tel nauðsynlegt að hún fari fram til þess að við getum skorið úr um hvort af þessu gæti orðið.

Ég tel vera mjög einfalda skýringu á að till. hefur ekki verið samþykkt enn þá. Við sem höfum borið hana fram höfum verið í stjórnarandstöðu lengi. Hv. þm. þekkir það kannske að mál þeirra sem eru í stjórnarandstöðu hljóta ekki jafngreiða umfjöllun og annarra. Stundum kemur það þó fyrir. Ég vænti þess að hér verði þessi till. afgreidd og samþykkt, enda veit ég að það er fjöldinn allur af þm. sem gerir sér ljóst að við munum einhvern tíma þurfa að ásaka okkur fyrir að hafa verið eins og nátttröll í atvinnumálum.

Bragi Michaelsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð út af ummælum hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur um að það þyrfti að athuga málið í fleiri landshlutum. Ég vil benda hv. þm. á að á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum er langstærsti vinnumarkaður þjóðarinnar og hér er þess fyrst að vænta að færi að gæta verulegs

atvinnuleysis ef við lentum í vandræðum. Þess vegna tel ég allar nýjar hugmyndir, hvort sem eru um fríiðnaðarsvæði eða aðrar hugmyndir um að auka atvinnumöguleika, nauðsynlegar. Fríiðnaðarsvæði er ein hugmynd sem er sjálfsagt að skoða.

Ég tek undir að það þýðir ekki í fyrstunni að vera of bjartsýnn í þessu máli. Það er hins vegar trú mín að margt sé hægt að gera á fríiðnaðarsvæði, m. a. stunda ýmiss konar rafeindaiðnað. Við höfum verið að mennta fólk á því sviði. Við höfum verið að framleiða hér ýmiss konar tæki og tækjabúnað í skip sem flutt hafa verið á erlendan markað. Slíkt mætti líka framleiða á fríiðnaðarsvæði. En að sjálfsögðu eigum við að hafa í huga að hægt sé um leið að framleiða ódýrara fyrir íslenskan markað.

Ég gat ekki látið hjá líða að vekja athygli á þessu þegar bent var á að það væru fleiri staðir á landinu sem kæmu til greina. Ég tel það sjálfsagt og eðlilegt að þessi stóri vinnumarkaður, sem við höfum hér á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, verði líka að vera með í myndinni þegar málið er skoðað.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð, einkum út af þeirri ræðu sem hv. 7. landsk. þm. hélt áðan. Mér fannst þar gæta nokkurs misskilnings. Í fyrsta lagi held ég að það sé í eðli slíkra fríiðnaðarsvæða að þau eru yfirleitt, þar sem þeim er komið á fót, staðsett við stór og yfirleitt alltaf alþjóðleg samgöngumannvirki, annaðhvort flugvelli eða hafnir. Það er í eðli þeirrar starfsemi sem þarna er ætlast til að fari fram. Þess vegna er ákaflega eðlilegt að hér sé gerð till. um að rannsaka hvort hagkvæmt sé að koma á fót slíku svæði við Keflavíkurflugvöll þar sem slíkt svæði, eins og háttar í dag, væri áreiðanlega best komið.

En svo er annað, herra forseti, sem mér þykir afskaplega einkennilegt og vildi helst fá skýringu á hér og nú. Ég minnist þess að í síðustu kosningabaráttu töluðu frambjóðendur Samtaka um kvennalista hart gegn stóriðju, sögðust vilja hvers konar smáiðnað. Hér er verið að flytja till. um að fara nýjar og mjög athyglisverðar leiðir til að laða hingað smáiðnað og byggja upp smáiðnað á Íslandi af ýmsu tagi og kannske iðnað í allstórum mæli líka, en enga stóriðju. Þá kemur þm. Kvennalista í þennan ræðustól og finnur þessari till. — ég segi ekki allt til foráttu, en ýmislegt er við hana að athuga. Nú spyr ég: Er það svo að þm. Samtaka um kvennalista séu alfarið á móti iðnaði? Í kosningabaráttunni börðust þessir frambjóðendur gegn stóriðju og hafa talað gegn stóriðju á hinu háa Alþingi. Nú kemur fram till. um eflingu smáiðnaðar og þá er líka snúist gegn henni. Er kannske hinn gamli pólitíski málflutningur endurvakinn í Kvennalistanum um að vera á móti tillögu af því að einhver annar er með hana? Þetta þykir mér svolítið furðulegt, herra forseti.

Svo vildi ég aðeins að lokum geta þess að mér þykir þess hafa gætt í vaxandi mæli hér í allan dag að þm. fylgi ekki 35. gr. þingskapalaga og vænti þess að forseti geri ráðstafanir þær sem þarf í þeim efnum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseti gerir sér ekki grein fyrir við hvað hv. 5. landsk. þm. á þegar — (**EG:** Þm. á við það þegar hv. þm. segja hvað eftir annað þú við aðra þm. og þú við ráðh. það hefur ekki verið venja hér.) Það er alveg rétt. Það hefur farið fram hjá forseta en ef forseti hefði tekið eftir því hefði hann gert aths. við það. Ég bið menn að hafa það í huga að það eru ákvæði um það hvernig á að ávarpa þingið, það eru ákvæði um það í þingsköpum og hvernig á að ávarpa forseta. Það er raunar ekki alltaf rétt gert og þetta minnir forseta á að þörf er fullrar aðgæslu í þessu efni og ég bið hv. þm. að minnast þess.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Mér finnst eins og hafi gætt svolítils misskilnings vegna máls míns hér áðan en það er reyndar ágætt. Þetta varð þá tilefni umr. sem mér finnst endilega þurfa að vera um þessa till. En það var nú hreint ekki svo að ég væri alfarið á móti henni, hvað þá alfarið á móti iðnaði eða alfarið á móti till. annarra þm., ég held að ekki sé réttmætt að bera mér það á brýn. En ég var sem sagt að benda á það, sem flm. gera reyndar sjálfir, að rétt sé að vara við of mikilli bjartsýni og ég var að reyna að nefna helstu atriðin sem mér fyndist þurfa að athuga. Þetta mál er ekki neitt spánnýtt, það er orðið 21 ár síðan menn fóru héðan af Íslandi í kynnisferð til Shannon á Írlandi til þess að kynna sér rekstur iðnaðarfríhafnar í Shannon. Það er ýmislegt gott sem hefur komið út úr því starfi á Írlandi. Ég ætla hins vegar, með leyfi forseta, að vitna í drög að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes sem Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, gaf út. Þetta er frá 1980. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Hugmyndin um fríiðnaðarsvæði í þessum tilgangi er þó ekki gallalaus og ekki víst að sams konar útfærsla henti Íslendingum eins og t. d. Írum. Erlend fyrirtæki er koma til Shannon virðast ekki þurfa að leggja mikið af mörkum annað en tækniþekkingu og markaðsaðstöðu. Írska þróunarfélagið útvegar húsnæðið til leigu og styrkir eða lánar verulegan hluta vegna vélbúnaðar auk þess sem það kostar þjálfun starfsfólks. Nemur fjárfesting þróunarfélagsins milljónum punda á Shannon svæðinu. Þróunarfélagið hefur hins vegar enga stjórn á erlendu fyrirtækjunum og þau geta hætt starfsemi ef þeim þóknast án þess að þurfa að hafa áhyggjur af fasteignum eða öðru sem stundum bindur fyrirtækin fastari böndum við byggðirnar. Alþjóðlegar hagsveiflur hafa reyndar bitnað á starfseminni við Shannon og hafa ýmis fyrirtæki lagt niður starfsemi á fríiðnaðarsvæðinu og valdið þannig afturkipp í atvinnuþróun. Írar axla því áhættuna af atvinnurekstrinum að verulegu leyti.“

Það er reyndar ýmislegt fleira í þessari skýrslu sem mætti vitna í og ég bendi þm. á hana til aflestrar, sem þarf nú e. t. v. ekki að gera, ég geri ráð fyrir að þeir, a. m. k. flm. þessarar till., þekki þetta jafnvel og ég. Það er ýmislegt í henni sem vekur mann til umhugsunar. Tilgangur minn með þessu var aðeins að benda á að það væri margt sem þyrfti að athuga við þetta mál. En mér þykir mjög gott að það skyldi verða þessi umr. um það og ég vil ekki að skjalfest verði í Þingtíðindum að Kvennalistinn sé á móti iðnaði þó að ég hafi lagt hér orð í belg. Það er nú síður en svo.

Ég vildi aðeins endurtaka það sem mér finnst kannske mikilvægast, að þarna mætti ekki efna til samkeppni við annan iðnað sem fyrir er í landinu. En ég er mjög sammála flm. um að leita þurfi leiða til að koma í veg fyrir atvinnuleysi eða skapa atvinnutækifæri einmitt á þessu landsvæði. En vegna þess sem hv. þm. Bragi Michaelsson sagði áðan er vissulega líka hætta á atvinnuleysi annars staðar á landinu. T. d. hafa menn

miklar áhyggjur af atvinnuþróun á Akureyri, án þess að ég sé að gera lítið úr vandanum hér, síður en svo.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna, þáltill. 203. mál (þskj. 365). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna. Ásamt mér eru flm. hv. þm. Pétur Sigurðsson og Egill Jónsson. Með leyfi forseta vil ég lesa upp þáltill. en hún hljóðar sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela viðskrh. að skipa nefnd til að gera úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna. Sérstaklega skal kannað hvort það fjármagn, sem er í afurðalánakerfinu, nýtist sem skyldi í þágu þeirra sem fyrst og fremst eiga að njóta þess. Lögð skal áhersla á að í úttektinni komi ferill fjármagnsins frá lánveitingu til endurgreiðslu skýrt fram."

Í þessari þáltill. er hreyft við þeim stóra þætti peningakerfisins sem rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna eru. Núv. viðskrh. hefur falið Seðlabanka Íslands að endurskoða gildandi afurða- og rekstrarlánakerfi, en flm. þessarar þáltill. telja að jafnframt sé nauðsynlegt að úttekt þessa efnis, sem þáltill. gerir ráð fyrir, eigi sér einnig stað.

Mikil umr. fer jafnan fram um þessa tegund lána og sýnist sitt hverjum. En ljóst er að erfitt getur verið að kanna rækilega rekstrarlán atvinnuveganna umfram það sem kemur fram í opinberum gögnum. Hins vegar er full ástæða til og afar brýnt að gerð sé ítarleg úttekt á afurðalánakerfi þjóðarinnar svo að það komi skýrt og ljóslega fram hvernig afurðalánakerfið er í framkvæmd. Þá er það ekki síður mikilvægt að fram komi hvort afurðalánakerfi landbúnaðarins t. d. hafi náð þeim árangri sem að var stefnt á sínum tíma þegar þetta kerfi var sett á laggirnar fyrir áratugum síðan.

Í umr. á undangengnum misserum hefur m. a. verið fullyrt að afurðalánakerfi landbúnaðarins sé ekki eins skilvirkt gagnvart bændum og æskilegt væri. Enn fremur hefur því verið haldið fram að í skjóli þessa afurðalánakerfis eigi sér stað óæskileg fjármagnstilfærsla til óskyldra aðila sem sé bæði bændum og neytendum til tjóns.

Ekki liggja fyrir nægilega sannfærandi upplýsingar frá hinu opinbera um að ekki eigi sér hugsanlega stað misnotkun í þessu lánakerfi. Nokkrar athugasemdir hafa verið gerðar af hálfu einstaklinga í þessum efnum, m. a. af Þorvaldi Búasyni eðlisfræðingi sem hefur gert ítarlega athugun á rekstrarforsendum og áhrifum verðbólgu á afkomu vinnslustöðva landbúnaðarins þar sem komið er mjög inn á þessi atriði. Með þessari þáltill. fylgir skýrsla Þorvaldar Búasonar sem fskj. en afurðalánakerfi landbúnaðarins og meðferð þess fjármagns, sem þar um ræðir, hefur mikil áhrif á verðlagningu landbúnaðarafurða sem og á hag neytenda og bænda.

Með þessari þáltill. er því verið að leggja til að heildarúttekt verði gerð á afurðalánakerfi atvinnuveganna, í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, til að skýra þessi mál, m. a. með tilliti til þess að unnt verði að fyrirbyggja hugsanlega misnotkun á því mikla fjármagni sem hér um ræðir og svo að sjálfsögðu einnig til að eyða tortryggni.

Verðbólguþróun síðustu ára hefur raskað öllu jafnvægi í peningamálum sem kunnugt er. Mjög erfitt er að meta áhrifin af þessari röskun í peningakerfinu og varast þær hættur sem fylgja því. Sú röskun, sem á sér stað í sjálfvirkum kerfum eins og afurðalánakerfin eru, getur boðið heim misnotkun og getur valdið því að kerfið, sem upprunalega er stofnað til þess að þjóna þeim tilgangi sem hér er greint frá, snúist í höndum þeirra sem eiga að vinna að viðkomandi útfærslu á sviði peningamála.

Íslenska afurðalánakerfið var á sínum tíma byggt upp í verðbólgulausu þjóðfélagi og það er skipulagt út frá allt öðrum forsendum en við Íslendingar höfum búið við undanfarna áratugi auk þess sem framkvæmd þessa kerfis hefur verið í höndum tiltölulega fárra aðila. Á það við hvort sem litið er til bankakerfisins eða þeirra sem fjalla um afurðalánin úti í atvinnulífinu. Þetta eru, ef litið er á hvernig þessi kerfi hafa verið í framkvæmd, lokuð kerfi. Fyrir öllum almenningi eru afurðalánakerfi þjóðarinnar þannig að fólk á erfitt með að skilja hvað í þeim felst og hvernig þau eru í framkvæmd. Af þessu leiðir að á síðustu árum, í þeirri geysilegu verðbólgu sem við höfum búið við, hafa vaknað upp grunsemdir um misnotkun sem gæti út af fyrir sig verið lögleg lögum skv. eða skv. reglugerðum um afurðalánakerfi en bjóða samt heim þeirri hættu að þótt löglegt sé að útfæra afurðalánakerfið með þeim hætti sem við þekkjum gæti þar verið um misnoktun að ræða þannig að fært væri til fjármagn með óeðlilegum hætti.

Í fyrrgreindri skýrslu, sem fylgir þessari þáltill. sem fskj. sem Þorvaldur Búason eðlisfræðingur hefur tekið saman, er m. a. varpað fram þeirri spurningu hverjar séu raunverulegar forsendur í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða og einnig hver er raunverulegur þáttur afurðalánanna í verðmynduninni. Þá mætti einnig varpa því fram, sem er kannske það sem skiptir mestu máli, hver er sannleikurinn um raunverulegar forsendur í sambandi við verðlagningu á landbúnaðarafurðum? Á hverju ári á sér stað mikil umr. um þetta víðs vegar í dagblöðum, hér á hv. þingi og víðar en því fer víðs fjarri að almenningur verði nokkurs vísari af þeim umræðum.

Allir kannast við upplýsingar um, í fyrsta lagi, að framleiðsluverð landbúnaðarvara sé of hátt á Íslandi samanborið við verð á hliðstæðri vöru í nágrannalöndum og er ýmsum fullyrðingum varpað fram í þeim efnum. Í öðru lagi, að slátur- og heildsölukostnaður fyrir dilkakjöt sé t. d. jafnhár eða því sem næst og verð á kjöti frá Nýja-Sjálandi komið á markað í Evrópu. Í þriðja lagi er fullyrt að bændur beri skarðan hlut frá borði vegna þess að þeir fá ekki gerða upp reikninga fyrir framleiðslu sína fyrr en seint og um síðir í mikilli verðbólgu. Í fjórða lagi, að vinnslustöðvar hagnist á verðbólgunni og ekki síst á afurðalánunum, en afurðalánin fá þær á lágum vöxtum miðað við þá vexti, sem aðrir þurfa að greiða, að ógleymdu því sem nefnt er vaxta- og geymslugjald, sem skilar arði af óseldum birgðum sauðfjárafurða. Þannig mætti lengi telja. Þetta eru spurningar sem ég og meðflm. mínir álítum að ekki hafi verið svarað sem skyldi.

Inn í þessa umr. kom einnig atriði sem ég gat um áðan, vextirnir. Hverjir eru raunverulegir og greiddir

vextir? Hvert rennur vaxtamismunurinn? Hvernig þróast vextirnir í þessu kerfi miðað við 100—140—150% verðbólgu eins og gerðist á síðustu árum? Og sem sagt, hverjir hagnast á þeim mismuni sem þarna verður og hvernig á sér stað tilfærsla á fjármagni? Eru það bændur sem hagnast á þessu? Eru það vinnslustöðvar? Eru það dreifendur eða eru það neytendur? Engin skýr svör hafa fengist í þessum efnum.

Til þess að skýra þetta frekar vil ég nefna sem dæmi að árið 1980 má segja að vegna þeirra vaxtakjara, sem giltu um afurðalán, hafi verið um ákveðna uppsprettu fjármagns að ræða fyrir þann sem átti kost á að taka afurðalánin. Á því ári voru vextir af þeim 29% og 33% af nafnvöxtum en verðbólgan mældist þá um 50%. Þarna er um gífurlega mikinn mun að ræða og þessi munur hefur aukist og stækkað sem nemur aukningu verðbólgu frá árinu 1980 og allt fram til loka síðasta árs.

Allar framleiðslugreinar njóta þessara lána þannig að það er sjálfsagt mál að bæði hv. Alþingi og þjóðinni sé gerð grein fyrir því hvert þessi vaxtamismunur fer. En skv. því sem staðreyndir segja manni um framkvæmd þessara mála, þegar maður veltir því fyrir sér hvort rekstrarlánin séu vegna bænda eða vinnslustöðva, má raunverulega fullyrða að afurðalánin, sem ganga til landbúnaðarins, séu raunverulega veitt vinnslustöðvum þótt tilgangurinn sé sá að fjármagna rekstur sauðfjárbúa.

Hvernig lánsfé ratar síðan til bænda er með mismunandi hætti. Sumar vinnslustöðvar skipta lánsupphæðinni á viðskiptareikninga bænda eftir magni afurðanna næsta haust á undan. Aðrar ráðstafa þeim til þeirra bænda sem það árið þurfa sérstaklega á lánum að halda o. s. frv. En í stuttu máli sagt, þessi endurlánastarfsemi hefur ekki verið kortlögð og því miður hefur ekki verið unnt að fá hreinar línur í lánamyndina.

Ef við skoðum nokkuð hvernig greiðslum til bænda er háttað kemur í ljós að greiðslur til bænda fyrir sauðfjárafurðir eru með mismunandi hætti. Meginreglan mun vera sú að bændur fái 80% heildargreiðslunnar í nóv. og eru þá ekki reiknaðir vextir. 20% eiga þeir að fá í apríl og reiknast þá innlánsvextir á þá greiðslu frá nóv. að telja, þ. e. miðað við árið 1980, 35% til aprílloka en 34% frá maí að telja. Litið er svo á að bændur eigi afurðirnar og vinnslustöð sé einungis með þær í umboðssölu. Verð breytist þá á þriggja mánaða fresti. Þegar afurðirnar hafa verið seldar er reiknað meðalverð og bændum greiddur mismunur af meðalverði og upphaflega áætluðu verði í nóv. Það þýðir þá miðað við árið 1980/1981 að vextir reiknast af þeirri upphæð frá nóv. árinu áður, þ. e. frá árinu 1980.

Þá má gera greinarmun á tveimur reglum um greiðslur til bænda. Fyrsta regla, ef ég mætti nefna hana það, er þannig að greiðslurnar eru einfaldlega inntar af hendi, bændur fá ávísun, peninga eða lagt er inn á bankareikning bænda. Skv. reglu 2 fer greiðslan fram með þeim hætti að á viðskiptareikning bænda eru færðar inneignir, bændur taka síðan út vörur eða peninga jafnt og þétt eftir þörfum og eign að sjálfsögðu. Það mun vera þannig í reynd að aðeins Sláturfélag Suðurlands notar reglu nr. 1 og þar mun vera um að ræða ca. 15% af þeim sláturafurðum sem seldar eru í landinu. En meginreglan mun vera skv. reglu 2, þ. e. greiðslan fari fram með þeim hætti að á viðskiptareikning bænda séu færðar inneignir og bændur taki síðan út í vörum eða peningum eftir þörfum.

Eftir hvorri reglunni framkvæmdin fer getur haft geysimikla þýðingu, þ. e. með tilliti til þess hvað bændur bera raunverulega úr býtum. Ef t. d. fylgt er reglu 1, þ. e. bændur fái ávísun, peninga eða lagt inn á reikninga hjá þeim, miðað við allar forsendur 1980, kemur í ljós að á því ári, miðað við gkr., hefðu bændur borið meira úr býtum sem nemur 187 809 kr. miðað við þús. kg en miðað við reglu 2 hefðu bændur borið minna úr býtum eða sem nemur aðeins 14 556 kr. Þegar skoðað er hver verðbólguþróun er, hvernig vaxtaútreikningar eru o. s. frv. sýnir þetta og undirstrikar að ekki er sama hvernig afurðalánakerfið er útfært. Miðað við alla milljarða sem eru í afurðalánakerfinu, hvort sem það er í landbúnaði, sjávarútvegi eða iðnaði, gefur það auga leið að reikningsglöggir menn, sem kunna á kerfið, geta með löglegum hætti, en ég vil segja ósiðlegum, fært til hundruð millj. kr. árlega sér eða þeim fyrirtækjum í hag sem þarna koma við sögu, en bændum og neytendum til tjóns.

Menn verða að muna að upphaflega var afurðalánakerfið fyrst og fremst sett á laggirnar fyrir framleiðendur og neytendur en ekki fyrir þá aðila sem eru milliliðir í því kerfi sem hér um ræðir, hvort sem það á við í landbúnaði eða sjávarútvegi. Það er óeðlilegt að þjónustuaðilar í hvoru kerfinu sem er, í landbúnaði eða sjávarútvegi, taki umframgróða eða hagnað á tæknilegum forsendum miðað við verðbólguþróun í þjóðfélaginu svo að ekki sé talað um annan þátt, sem ekki er unnt að fara út í hér á hv. þingi að svo stöddu, sem er hvernig greiðslur eru inntar af hendi, hvort það sé dregið vikum eða mánuðum lengur að greiðslur fari til þeirra sem framleiða vöruna. Það er annar þáttur, sem ég ætla ekki að leyfa mér að fara út í á þessu stigi.

Það er skoðun okkar flm. þessarar þáltill. að full þörf sé á því að þetta kerfi allt saman sé tekið til gagngerðrar endurskoðunar og þarna sé framkvæmd nákvæm úttekt á því hvernig þetta er framkvæmt og hvernig þetta kemur tæknilega út í sambandi við breyttar forsendur í verðbólguþjóðfélagi. Nauðsynlegt er að upplýsa þessi mál. Nauðsynlegt er að taka fyrir hugsanlega misnotkun og nauðsynlegt að breyta framkvæmd þessara mála í samræmi við breyttar kringumstæður. Og ekki er síður nauðsynlegt að þetta mál sé ekki alfarið í höndum fárra aðila, hvort sem það er í bankakerfinu eða úti í atvinnulífinu. Hér er um svo stórar upphæðir að ræða að það getur haft afgerandi áhrif á annars vegar afkomu framleiðenda, í tilfelli landbúnaðarins bænda, og í hinu tilfellinu afkomu útgerðar og fiskiðnaðar.

Það er einnig nauðsynlegt að girt sé fyrir það með öllum ráðum að afurðalánakerfið sé nýtt í þágu ótengdra framkvæmda eða óskyldra fyrirtækja, þ. e. að peningarnir séu ekki færðir til hliðar í bili innan kerfisins til þess að byggja upp hagsmuni óskyldra aðila sem geta haft hönd um framkvæmd og afgreiðslu afurðalána.

Við leggjum áherslu á það, flm., að þessi kerfi séu skoðuð, skipulag þeirra og framkvæmd, hvort sem er í sambandi við landbúnað, sjávarútveg eða iðnað, og við væntum þess, herra forseti, að að lokinni þessari umr. fái þessi þáltill. þinglega meðferð og henni verði vísað til atvmn.

Að endingu vil ég segja þetta: Á hinu ágæta hv. Alþingi er áhugi hv. þm. oft í öfugu hlutfalli við stærð þeirra mála sem flutt eru hér. Það minnir mig dálítið á

það þegar ég var á sínum tíma forustumaður í stóru stéttarfélagi. Á aðalfundum bar það oft við að menn rifust um það hvort tíkallinn hefði átt að fara í blómvönd til þessa eða hins, en þegar kom að því að ræða um stóru stærðirnar í sjóðunum, hvort sem það voru lífeyrissjóðir eða annað, þá stóð enginn upp til þess að fjalla um það. Líkt mun vera farið um þetta mál. Líklegast er það að vigt og þyngd í öfugu hlutfalli við það sem hv. þm. vilja yfirleitt fjalla um. En ég held að með því að fjalla um þessi mál, sem snerta afurðalánakerfi þjóðarinnar, gætu hv. þm. e. t. v. fundið stóran hluta sem fyllti það gat sem hæstv. fjmrh. virðist vera í vandræðum með í sambandi við fjárlög og framkvæmd þeirra á árinu 1984.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég gæti trúlega ekki varið það fyrir samviskunni síðar meir ef ég hefði ekki notað tækifærið til þess að þakka flm. og frsm. fyrir flutning þessa máls og ef ég hefði ekki notað tækifærið til þess að leggja blessun mína yfir þetta ágæta mál þó að ég ætli mér ekki, enda orðið mjög áliðið fundar, að fara um það mörgum orðum.

Efnislega er þetta till. um úttekt á afurðalánakerfi atvinnuveganna. Það er náskylt öðru stóru máli sem lítil skil hafa verið gerð hér á Alþingi, þ. e. sjóðakerfið sjálft, sjóðakerfi atvinnuveganna og síðan sá þáttur þess sem er afurðalánakerfið sjálft. Þetta er gífurlega stórt mál og þær spurningar sem hér er varpað fram, svo sem eins og um upphaflegan tilgang þessa kerfis, hvort hann standist dóm reynslunnar. Er árangurinn kannske allt annar en til var ætlast í upphafi? Þetta mikla fjármagnsstreymi, frá hverjum er það komið, hvar endar það að lokum? Hverjum er þetta kerfi raunverulega í hag?

Það var hin gamla góða lífsvenja Rómverja hinna fornu að spyrja einfaldra spurninga um flókin mál. Og það er kannske fyrst og fremst þessi spurning: Hverjum er þetta kerfi í hag? Það er flókið, það er viðamikið, það er stór þáttur í allri efnahagsstjórn landsmanna. Það er svo flókið að yfirleitt tekst ekki að gera því nokkur sómasamleg skil í umr. manna á milli. En einföldustu spurningar eru oft lykillinn að fróðlegustu svörunum.

Grg., sem hér fylgir og tekur að vísu aðeins til takmarkaðs hluta af kerfinu, þ. e. afurðalánakerfið að því er varðar sauðfjárafurðir og þá um leið niðurgreiðslukerfið, sú athugun, sem hér liggur fyrir í fskj., athugun Þorvalds Búasonar eðlisfræðings sem er um margt mjög fróðleg, beinist ekki hvað síst að því að reyna að leiða í ljós, miðað við dálítið einfalt líkan og skoðun á einu ári, verðlagsárinu 1980—81, hverjum þetta kerfi væri í hag. Ég held að niðurstöðurnar séu óumdeilanlega þær að hafi verið meiningin að þetta kerfi væri bændum landsins í hag, þá er það engan veginn sannað mál. Þvert á móti held ég að hægt væri að færa veigamikil rök að því að hagur bænda væri betur tryggður ef þetta kerfi væri lagt fyrir róða. Ef menn spyrja: Er þetta kerfi neytendum í þéttbýli í hag, meiri hluta þjóðarinnar, fer ekki á milli mála að svo er alls ekki. Hverjum er það þá í hag?

Niðurstaðan virðist vera sú að þetta sé fyrst og fremst í hag tiltölulega fámennum en gífurlega valdamiklum hópi í efnahagskerfi Íslendinga, sem ég kalla gjarnan á góðri stundu í einföldunarskyni Framsóknar-SÍS-kerfið og á þá nánar við auðhringinn SÍS og dreifingar- og vinnslukerfi innan þess auðhrings tengt hagsmunum landbúnaðarins. Þetta er gífurlega öflugt atvinnurekstrar- og fjármagnskerfi. Það er búið að byggja sig upp á mjög löngum tíma. Á fögrum stundum beitir það áróðri sem fyrst og fremst höfðar til tilfinninga allra þjóðlegra manna um að viðhalda byggð á Íslandi, um að gæta hagsmuna vinnandi stétta, sem eru bændur.

En öll þessi fagra veröld sem notuð er í áróðri SÍS á stórhátíðum og tyllidögum stenst ekki þegar betur er að gáð. Það er fyrst og fremst í hag þessum millilið allra milliliða, þessu gífurlega viðamikla bákni, og það kemur fram í hverju dæminu á fætur öðru. Hér eru nefnd nokkur. T. d. er sá þáttur sem heitir Niðurgreiðslur á vaxta- og geymslukostnaði landbúnaðarafurða, sem vikið er að á bls. 31 í þessari grg. Þar er því reyndar haldið fram að niðurgreiðslur á vaxtakostnaði eigi engan rétt á sér einfaldlega vegna þess að kjör á afurða- og rekstrarlánum eru slík að vinnslustöð greiðir 131 kr. pr. kg minna til baka en hún fékk lánað. Þá er miðað við þetta ár sem ég nefndi í upphafi og verðbólgustig 50%. Þ. e. hér er svo ríflega bundið um hnúta að ekki er aðeins um að ræða lán sem eru á niðurgreiddum kjörum og sem raunverulega þarf ekki að greiða til baka, eru að hluta raunverulega styrkir. Svo koma niðurgreiðslur á vaxtakostnaði þar til viðbótar, sem er gersamlega óþarfur og óréttlætanlegur, svo að aðeins sé nefnt hér eitt lítið dæmi.

Dæmi er hér nefnt um það sem heitir sláturkostnaður. Færðar eru sönnur á að hann sé u. þ. b. þrisvar sinnum meiri í þessu kerfi en kostnaðurinn við að slátra samsvarandi magni eða öllu heldur slátra sauðfé í Nýja-Sjálandi og flytja alla leiðina eða hálfa leiðina kringum hnöttinn og koma á markað til neytendanna í Evrópu eða í Bretlandi. Það er þrisvar sinnum meiri kostnaður hér en þar.

Það er alveg ljóst af þessum dæmum að fjármunatilfærslan er alveg gífurleg. Þegar við hins vegar lítum á hlut bænda, sem venjulega er sá að fá greitt fyrir sínar afurðir eftir dúk og disk og það oft á mjög lélegum kjörum, sjáum við fljótlega að það sem er hreyfiafl kerfisins, þeir sem mata krókinn, þeir sem eru fyrst og fremst grimmastir í að verja þetta óbreytta kerfi, eru hvorki neytendur í þéttbýli né bændur heldur tiltölulega fámennur hópur milliliða sem hefur gífurlegra hagsmuna að gæta að viðhalda þessu kerfi. Nú höfum við aðeins stiklað á örfáum dæmum um einn þátt þessa kerfis sem er landbúnaðarkerfið.

Ég lofaði því af því að orðið er áliðið fundar að orðlengja ekki mikið um þetta. Ég vil aðeins, í framhaldi af því sem ég hef þegar sagt, minna á að þessi fjármagnsstjórnun, þessi pólitíska kommissarafjármagnsstjórnun, sem við höfum byggt upp hér á undanförnum áratugum, er raunverulega dæmi af austur-evrópsku hagkerfi, þ. e. það eru pólitískir kommissarar, þar sem eru samtvinnaðir hagsmunir atvinnurekenda og pólitískra flokka sem hafa byggt upp kerfið. Þetta er lokað valdakerfi og það lifir í skjóli þess að tveir stærstu flokkar þjóðarinnar hafa sameiginlega gengið í ábyrgð fyrir þetta kerfi á kostnað neytenda í þéttbýli. Þriðji flokkurinn, Alþýðubandalagið, a. m. k. á 20 ára Framsóknarskeiði sínu meðan hann var trúaður á hina lúðvísku hagfræði, gerðist síðan þriðji ábekingur á þennan smánarlega víxil. Nú er eitthvað aðeins farið

að rofa til í þeim flokki eftir því sem maður heyrir stundum hjá málflytjendum hans þannig að a. m. k. sumir þeirra virðast farnir að átta sig á því að þeir voru upphaflega flokkur, sem átti að gæta hagsmuna neytenda í þéttbýli, þótt ekki sakaði að þeir gerðu um leið hvað þeir gætu til þess að rétta hlut bænda sem eru arðrændir af þessu kerfi. Það er vandinn við þetta mál.

Ef það mætti treysta því að hv. flm., hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, gæti komið þessu máli í gegnum þann þingflokk, sem hann tilheyrir, gæti kannske farið að rofa aðeins til. Því að vissulega er þetta kerfi búið að þrúga okkur nógu lengi. En eins og ég sagði, þetta kerfi er að því leyti óvinnandi að meðan það ástand varir að fulltrúar í þingflokki Sjálfstfl., sem eru auðvitað fyrst og fremst kosnir sem umbjóðendur neytenda í þéttbýli, fá ekki komið fram innan síns flokks svona stórum og merkilegum málum nema í formi þáltill., sem ekkert bendir til að Sjálfstfl. sem slíkur standi að, er kannske verið að vekja upp falskar vonir.

Ég skal taka það skýrt fram að þetta er ekki sagt af tortryggni í garð 1. flm. og frsm. Ég þykist mega treysta því að ef ég mætti sjá hann á stól landbrh. eða stól viðskrh. fyrir hönd þess flokks mundi hann reyna að fylgja þessu máli fast fram. En því miður er það margra áratuga reynsla sem kennir okkur að þetta er að vísu mál sem er eitt af stærstu málum meiri hluta þjóðarinnar, þetta er m. a. s. líka ótvírætt hagsmunamál bænda, flestra hverra a. m. k. Engu að síður er það svo að við búum nú við ríkisstjórnarmynstur, þ. e. samstarf Sjálfstfl. og Framsfl., sem sagan kennir okkur að er því aðeins sett á laggirnar og fær því aðeins þrifist og staðist að þessir flokkar hafi gert með sér undirmál um það að við hagsmunum þessa kerfis verði ekki hróflað. Það er forsenda, reyndar hornsteinn, þessa stjórnarsamstarfs, því miður.

Rétt aðeins til þess að ljúka máli mínu vil ég minna á það að í stjórnarmyndunarviðræðunum milli allra stjórnmálaflokkanna á s. l. vori kom mjög rækilega fram að stóru ágreiningsefnin, t. d. að því er varðaði Alþfl. annars vegar og svo þessa tvo flokka hins vegar, snerust um þessi mál. Krafa Alþfl. var sett fram í mjög mörgum liðum í stjórnarmyndunarálitsgerðum um að þetta kerfi yrði stokkað upp. Reyndar bæði þessi kerfi, stýrikerfi fjármagns í landinu að því er varðar sjóðakerfi atvinnuveganna og svo hins vegar landbúnaðarkerfið allt saman, verðmyndunarkerfi landbúnaðarins, niðurgreiðslukerfið, útflutningsbæturnar, einmitt mjög í anda þeirrar till. sem hér er til umr.

Auðvitað vissum við og vitum að þeir sem raunverulega unnu verkin fyrir Sjálfstfl. í þessum stjórnarmyndunarviðræðum, sem var yngri deildin, voru í hjarta sínu alveg sammála okkur. Þeir hefðu út af fyrir sig getað skrifað undir það, flestir hverjir, að það væri einn brýnasti þátturinn í hagstjórnaraðgerðum næst eftir því að afnema vísitölukerfið að stokka upp þetta kerfi. En því miður, kosningaúrslitin voru þannig að þeir töldu sér ekki fært að mynda öfluga meirihlutastjórn með öðrum en Framsfl. og urðu þess vegna þar með að selja frumburðarrétt neytenda í þéttbýli, meiri hluta þjóðarinnar, og reyndar hagsmuni bænda í hendurnar á SÍS-Framsóknarkerfinu með þeim afleiðingum að hér verður ekki um þokað. Trygging Framsóknar-SÍS kerfisins fyrir því að svo verði er það að meðan Sjálfstfl. og hluti af Alþb. eru raunverulega framsóknarmenn í dularklæðum er lítil von um breytingu.

Það sem þarf að gerast til þess að koma hér á raunverulegum róttækum nauðsynlegum kerfisbreytingum er að þau öfl nái saman í íslenskri pólitík, sem vilja setja þessi mál á oddinn og hafa til þess afl að gefa þessu Framsóknarkerfi SÍS frí frá völdum svo sem eins og einn eða tvo áratugi.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka flm. fyrir þetta framtak að koma fram með þessa till. Sérstaklega vegna þess að þeir eru úr stjórnarflokk þannig að ég vil ekki vera eins svartsýn og síðasti flm. að ekki sé hægt að hreyfa þessu. En þar sem ég á sæti í hv. atvmn. ætla ég ekki að hafa langt mál um þetta en tek eindregið undir það að þörf sé á úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfinu.

Það þarf ekki að segja neinum það að með því að fjármunir séu fluttir svona á milli og bólgni svo í milliliðunum hljóta milliliðirnir að bólgna líka. Ef milliliðurinn lifir á landbúnaði t. d. hlýtur hann að þurfa hráefni til að vinna úr og selja. Of oft þurfum við að greiða niður landbúnaðarframleiðslu en samt blómstrar milliliðurinn. Þetta gengur ekki þannig. Við verðum að taka höndum saman og reyna að kryfja til mergjar hvaðan við fáum fjármuni í okkar þjóðfélagi til að halda þjóðfélaginu gangandi. Það hljóta að vera landbúnaður og sjávarútvegur fyrst og fremst sem standa undir þjóðfélaginu. Þess vegna verðum við að styrkja stoðir þessara atvinnugreina með meiri skilvísi fjármagns til þeirra atvinnugreina.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég tek undir að þessi till. er þörf og tek einnig undir að það er frekar leiðinlegt hve fáir þm. eru hér til að ræða þetta mál og ekki síst úr þeim ágæta flokki sem hér hefur verið sérstaklega nefndur til að beri aðalábyrgðina á því ástandi sem lýst er að sé ekki gott. Það hefði verið mjög gaman ef hæstv. landbrh. hefði tekið þátt í þessari umr., en um það er ekki að tala. Hann er ekki hér staddur.

Mér finnst þó að sá málflutningur sem hér hefur farið fram sé ekki að fullu til rökstuðnings tillgr. Tillgr. er um að gera úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna, en hér hefur umr. fyrst og fremst snúist um landbúnaðinn og þann þátt lánanna sem að honum snýr. Ég ætla hvorki að verja né hallmæla þeim þætti afurðalánanna, kem ekki upp í ræðustól til að segja beinlínis að þetta sé gott eða vont, en ef það er mjög vont núna er það búið að vera vont undanfarna áratugi og var vont í þeirri fögru veröld sem Alþfl. átti hlut að að skapa á viðreisnarárum. Alþfl. — þá mjög sterkur stjórnarflokkur — stjórnaði með öðrum flokki þá, Sjálfstfl. Væntanlega var þá kominn sá möguleiki sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson nefndi áðan. Þá héldu þau öfl um valdataumana sem höfðu möguleika og jafnvel vilja til að gera það sem hv. þm. var að nefna hér, taka nú vel til í framsóknarkerfinu og hreinsa til. En því miður var ekkert gert á þessu tímabili. Afurðalánakerfinu var ekki breytt og við stöndum í sömu sporum nú í sambandi við afurðalánakerfið og á tímum viðreisnar.

En vegna þess að mér finnst tónninn í þessari till. vera sá að ekki sé eingöngu verið að fordæma afurðalánakerfið í landbúnaðinum, sem ég ætla ekki að fara að

mæla bót, tel ég ástæðu til að láta í ljós þá skoðun mína að afurðalánakerfið í sjávarútvegi á Íslandi sé ekki þannig uppbyggt að það sé mjög nauðsynlegt að fara að breyta þar einhverju. Sjálfsagt þarf í tímanna rás að breyta ýmsu, en afurðalánakerfið, þ. e. lán út á framleiddar afurðir, í sjávarútvegi er að mínu mati eins eðlilegt og sjálfsagt og að lánakerfi sé uppbyggt í þjóðfélaginu, eins og er hjá okkur Íslendingum, svo að hver sá framleiðandi sem framleiðir sjávarafurðir til útflutnings hafi nokkra tryggingu fyrir því að geta fengið fyrirgreiðslu í lánakerfinu til að fjármagna þann kostnað. Ég sé ekki neina leið til að misnota kerfið og þar af leiðandi tel ég að þessi till. hefði frekar átt að fjalla beint um að gera úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi landbúnaðarins frekar en að hinir þættirnir fylgdu þar með.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Það var út af því sem hv. þm. Jón Hannibalsson sagði áðan sem ég vildi segja nokkur orð.

Það sem skiptir máli þegar verið er að ræða um þetta er einmitt að spurningunni um hverjum þetta kerfi sé í hag sé svarað, miðað við breyttar kringumstæður frá því að afurðalánakerfið var sett á laggirnar á sínum tíma. Á þetta sérstaklega við í sambandi við afurðalánakerfi landbúnaðarins.

Ég held að ekki þurfi að fara mörgum orðum um að þetta kerfi hefur þróast með það einkennilegum hætti, vil ég segja, að það er raunverulega aðeins einn aðili sem fjallar um það. Það er sá hluti í atvinnustarfsemi landsmanna sem heyrir undir svonefnda samvinnuhreyfingu. Það hagar svo til að svo til allt landbúnaðarkerfið — ég segi ekki 100% — er komið undir þetta kerfi. Hv. þm. Jón Hannibalsson vitnaði til Austur-Evrópu, en þar eru þeir nokkuð kunnugir sem vegna atvinnu sinnar hafa þurft að ferðast austur fyrir til að selja fisk. Í hinum austrænu ríkjum eru aðeins tvær tegundir atvinnurekstrar. Það er annars vegar ríkisrekstur og hins vegar samvinnurekstur. Þannig var það rétt hjá hv. þm. þegar hann sagði eitthvað á þá leið að kerfið sem við byggjum við hjá íslensku samvinnuhreyfingunni væri því miður að munstrinu til að verða alveg nákvæmlega eins og maður þekkir það í samvinnuhreyfingum kommúnistaríkjanna fyrir austan. Það er ákveðinn og sterkur valdapíramídi sem hefur vald yfir allri framkvæmd og skipulagi þessarar hreyfingar og getur ákveðið með hvaða hætti hreyfingar, bæði fjármagns, vöru og þjónustu, eiga sér stað.

Sú þróun hefur orðið á Íslandi að það lýðræði sem samvinnuhreyfingin var byggð upp á á sínum tíma, þ. e. þær grunneiningar sem áttu að ráða og stjórna þessari hreyfingu, hefur því miður ekki þann styrk eða þá rödd innan hreyfingarinnar sem segði okkur, sem virðum þetta fyrir okkur, að þarna sé um lýðræðislega hreyfingu að ræða sem byggð var upp með þeim hætti í byrjun þessarar aldar. Það er mál út af fyrir sig og mjög alvarlegt vegna þess að þegar litið er á að eitt rekstrarform hefur náð þeim grundvallartökum á heilli atvinnugrein, þar sem bændur eru annars vegar og neytendur á þéttbýlissvæðunum hins vegar, að við fáum ekki rönd við reist, fáum lítt að gera okkur grein fyrir því hvernig verðlag og kostnaður þróast og tilfærsla fjármuna og annað á sér stað í þessu kerfi, þá hlýtur að verða að staldra við og varpa fram einmitt því atriði, sem kemur fram í þessari þáltill., að við leggjum áherslu á úttekt á þessu stigi.

Þar með vil ég líka svara því, sem hv. þm. Jón Hannibalsson kom inn á, að við erum ekki á þessu stigi að gera tillögu um grundvallarbreytingu. Sú tillaga hlýtur að fylgja í kjölfar úttektarinnar því ég er sannfærður um að sú úttekt sem verður gerð mun leiða í ljós og staðfesta margt af því sem kemur fram í skýrslu Þorvalds Búasonar um þetta efni.

Þá vil ég víkja að því þar sem hann sagði: Það er ekki víst að Sjálfstfl. standi að þeim breytingum sem þarf að gera á þessu kerfi. Ég vil fullyrða hér og ég vil einnig sannfæra hv. þm. um að Sjálfstfl. mun auðvitað standa að þeim nauðsynlegu breytingum sem gera þarf. Sá flokkur hefur alltaf verið flokkur framtíðarinnar. Þess vegna er hann nú stærsti flokkur þjóðarinnar. Hann hefur alltaf þorað að taka afstöðu til og framkvæma þær breytingar sem nauðsynlegar eru á hverjum tíma.

Ég er þeirrar skoðunar, og ég veit flestallir ef ekki allir hv. þm. Sjálfstfl., að breyta verði framkvæmd þessara mála, sérstaklega í sambandi við afurðalánakerfi landbúnaðarins. Það er ekki neytendum í hag sem skyldi og það er alls ekki bændum í hag. Það er rétt sem kom fram áðan hjá hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur, hv. 8. landsk. þm., að vegna þess hvað landbúnaðurinn hefur lokast inni í þröngu kerfi eins rekstrarforms, sem er samvinnureksturinn, hefur átt sér stað óeðlileg þensla eftir að framleiðandinn, bóndinn, skilar sinni vöru og þar til hún berst til neytandans. Það hefur átt sér stað óeðlilega mikil þensla í milliliðunum með þeim afleiðingum að þar er um óeðlilegan kostnað að ræða, eins og fram kemur í skýrslu Þorvalds Búasonar. Þetta mun úttekt að sjálfsögðu leiða í ljós hvort sé rétt eða rangt. Ég er sannfærður um að það sé rétt, því miður. Þess vegna er ég sannfærður um að þessi þáltill. muni fá þinglega meðferð, og ég er sannfærður um að Sjálfstfl. mun ásamt öðrum flokkum hér á þingi standa að því að gera nauðsynlegar breytingar. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir eða standa í vegi fyrir nauðsynlegum breytingum. Þetta kerfi er orðið úrelt. Það er búið að dæma sig úr leik. Ekki er hægt að líða það lengur og það stenst ekki.

Hv. þm. kom einnig inn á, sem rétt er að geta nokkuð um, hvernig mál fá afgreiðslu á hv. þingi. Það er auðvitað rétt að þegar þessi úttekt hefur verið gerð munu menn leggja fram nauðsynlegar tillögur til breytinga á þeim lögum sem veita þessu kerfi ákveðna vernd og öðru því tengdu. Það getur vel verið að það nái ekki fram að ganga á fyrsta þingi, en það er ekkert einsdæmi hér á hv. þingi að stórmál, sem horfa til mikilla breytinga og langt fram í tímann, þurfi margra ára meðferð. Ég minni t. d. á að það eru sjö ár síðan hér var lagt fram frv. til l. um að veita meira frelsi í sambandi við sjónvarp og hljóðvarp. Nú reynir á það á næstu dögum, þegar hæstv. menntmrh. leggur fram brtt. sínar við einkaleyfi Ríkisútvarpsins um að veita fleirum frelsi til að fjalla um þessi mál, hvort hv. þm., og þá úr öllum flokkum, hljóti ekki að styðja framgang þess. Ég held að það sé líkt á komið um þetta mál, að það muni fá lengri tíma umfjöllun, en allir flokkar muni sameinast um að gera nauðsynlegar breytingar. — Ég trúi því einnig að Framsfl. muni átta sig á því að hann eigi ekki að halda verndarhendi yfir því úrelta kerfi sem

hér um ræðir.

Hv. þm. Skúli Alexandersson drap á viðreisnarárin og sagði að Sjálfstfl. og Alþfl. hefðu haldið verndarhendi yfir þessu kerfi þá. Ég vil vekja athygli hv. þm. á, sem ég tók fram, að afurðalánakerfin eru öll byggð upp á reikningslegum forsendum þjóðfélags þar sem engin verðbólga ríkir. Þá er hægt að tryggja nokkurn veginn að ekki sé hægt að misnota afurðalánakerfið með tæknilegum útreikningi í sambandi við vaxtagróða miðað við hvenær greiðslur fara fram. Í verðbólgulausu þjóðfélagi er því lítil hætta á slíkri misnotkun. Hins vegar er alltaf fyrir hendi sú mikla hætta, sem mér finnst ekki séð við í eftirlitskerfi afurðalána, að eftir að greiðsla hefur verið innt af hendi af hálfu kaupanda fari sú greiðsla ekki fram með þeim hætti að framleiðandinn, viðtakandinn, bóndinn, útvegsmaðurinn eða fiskvinnslan, fái greiðslurnar strax. Þar er mikill galli, tel ég vera, í framkvæmd þessa kerfis. Það er atriði sem á við um öll afurðalánakerfi, hvort sem það er í landbúnaði, sjávarútvegi eða iðnaði.

En svo að ég víki nánar að viðreisnarárunum. Á þeim árum var svo til engin verðbólga á Íslandi. Ef ég man rétt er álitið að árleg verðbólga hafi verið þetta 10—12% á ári á tímabilinu 1960—1971. Það er eftir 1971 sem þessir stóru ágallar fara að koma fram í sambandi við afurðalánakerfin. Með mikilli og vaxandi verðbólgu kemur upp hin mikla freisting í sambandi við greiðslur og vaxtatekjur sem hér hefur verið greint frá fyrr. Hinir miklu ágallar þessa kerfis, sem hv. þing hefði átt að vera búið að taka til athugunar, koma fyrst og fremst fram eftir 1971.

Ég er sammála hv. þm. Skúla Alexanderssyni um að ég held að ekki séu miklir ágallar á afurðalánakerfi sjávarútvegsins. Hins vegar er sjálfsagt að það sé tekið út og skoðað einnig og sérstaklega þá með tilliti til hins svonefnda greiðsluflæðis sem er mjög þýðingarmikið atriði. Þegar ég er að tala um greiðsluflæði á ég við að þegar afurð hefur verið seld erlendis og greiðsla verið innt af hendi skili sölufélögin greiðslunum strax. Ég sé að hv. þm. skilur hvað ég er að fara. Við skulum ekki ræða það frekar á þessu stigi þannig að þetta atriði verði mjög vel skoðað.

Það var ekki neitt fyrirtæki nefnt hér, hv. þm. Jón Hannibalsson. Við skulum nú ekki fá SÍS og framsókn á heilann. Það er ekki hollt. En ég þakka þær undirtektir sem þessi þáltill. hefur fengið og ég fullyrði að í Sjálfstfl. er mikill og ríkur skilningur á því að þessir hlutir séu færðir í rétt form og þeir sem eiga að njóta þessa kerfis, annars vegar framleiðendur, þá á ég við bændur, útvegsmenn og aðra og neytendur hins vegar, njóti þess hagræðis sem kerfið áskilur þeim, en hugsanlegir milliliðir, sem kynnu að misnota þetta og gera þetta dýrara og dýrara, verði settir á þann stað sem þeir eiga að vera á og þeir inni sitt þjónustuhlutverk af hendi með sem ódýrustum og hagkvæmustum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 222. mál (þskj. 391). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 51 frá 20. apríl 1953, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Eins og alkunna er hafa að undanförnu orðið miklir erfiðleikar í sjávarútvegi. Í sjálfu sér eru margar ástæður fyrir því og þær helstar að fyrir utan almennan aflabrest hefur olía farið hækkandi á heimsmörkuðum á undanförnum árum, vextir og fjármagnskostnaður hefur einnig farið mjög hækkandi og samfara mikilli verðbólgu og á margan hátt óhagstæðri gengisþróun fyrir útgerðina hafa þessi vandamál aukist stig af stigi. Á s. l. vori lá þessi vandi fyrir og það lá fyrir okkur þá að gera ráðstafanir til að forða verstu áföllunum. Það sem fyrst var gert var að draga úr þeirri verðbólguþróun sem hér hefur verið á undangengnum árum og hefur e. t. v. verið einn mesti fjandi sjávarútvegsins í heild sinni. Jafnframt því hefur verið reynt að taka á öðrum vanda sjávarútvegsins sem er ekki aðeins fjárhagslegur heldur er hér einnig um skipulagsvanda að ræða. En segja má að þegar birtar voru tillögur um afla á s. l. hausti var þessi vandi enn meiri og því úr vöndu að ráða hvernig út úr því skyldi komist á árinu 1984. Í framhaldi af því var breytt um fiskveiðistefnu eins og kunnugt er. Fiskverð var ákveðið í byrjun febr. við mjög erfiðar aðstæður og svokallað kvótakerfi tekið upp fyrir árið 1984.

Ég ætla ekki að rekja þessi mál. Þau hafa áður verið rædd hér á Alþingi. En ég vil minna á að í sambandi við fiskverðsákvörðun 10. febr. 1984 var gefin út svohljóðandi fréttatilkynning frá sjútvrn. og vildi ég vitna hér til hennar, með leyfi forseta:

„Í tengslum við ákvörðun fiskverðs fyrir tímabilið 1. febr. til 31. maí og setningu reglugerðar um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984 eru áformaðar ýmsar ráðstafanir til þess að bæta afkomu og fjárhagslegt skipulag sjávarútvegsins og stuðla að sanngjarnri og skynsamlegri tekjuskiptingu innan hans. Meginatriði eru þessi:

1. Skuldbreyting útgerðarskulda eftir almennum reglum þannig að áhvílandi skuldum, hvort sem þær eru í skilum eða vanskilum, allt að 90% af vátryggingarverðmæti skipanna, verði breytt í lán sem hefur jafnlangan lánstíma og upphaflegu stofnlánin að viðbættu minnst einu en mest sjö árum og ræðst lengingin af hlutfalli áhvílandi skulda. Lánskjörum verði breytt þannig að greiðslubyrði lækki verulega á næstu árum og dreifist sem jafnast yfir lánstímann. Auk þess verði lausaskuldum útvegsins breytt í lengri lán innan vissra marka.

2. Kostnaðarhlutdeild utan skipta skv. brbl. nr. 55/1983 haldist óbreytt en til skipta komi 2% af henni í viðbót við fyrri skiptahlut áhafna.

3. Bætur úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs verði með sérstökum hætti árið 1984 þannig að vegna hins almenna og alvarlega aflabrests, sem fyrirsjáanlegur er 1984 verði greiddar sérstakar bætur af tekjum og eignum deildarinnar sem nemi 4% af öllu aflaverðmæti miðað við skiptaverð. Bætur þessar greiðist inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4/1976. Bæturnar komi í stað allra bótagreiðslna almennu deildar sjóðsins 1984 og komi ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna."

Í fjórða lagi er í þessari fréttatilkynningu fjallað um áhafnadeild Aflatryggingasjóðs en þar er gert ráð fyrir að hann fái til ráðstöfunar á árinu 1984 ríkisframlagið til Aflatryggingasjóðs, sem er 18.6 millj. kr., auk síns venjulega tekjustofns af útflutningsgjaldi. Þetta verði gert til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga og einnig til þess að hún geti greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa stöðvast vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984.

Í fimmta lagi er fjallað hér um útflutningsgjald af saltfiski.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að breyta greiðslum úr Aflatryggingasjóði á árinu 1984 meðan það sérstaka ástand, sem hér hefur skapast, varir. Hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða og ég vil leggja á það áherslu að hér er ekki verið að leggja til að farið verði með Aflatryggingasjóð með þessum hætti um alla framtíð. Hitt vil ég hins vegar leggja áherslu á að ég tel nauðsynlegt að breyta því fyrirkomulagi sem áður hefur verið þótt það fyrirkomulag, sem hér er tekið upp fyrir árið 1984, sé ekki slíkt fyrirkomulag að það eigi að gilda um alla framtíð.

Ég tel að nauðsynlegt sé, ekkert síður en að jafna afla eða draga úr aflasveiflum á milli skipa eða svæða, að reyna að draga úr þessum sveiflum á milli ára. Sjóðurinn hefur þróast mjög í þá átt að jafna milli skipa og milli svæða. Hér er því slegið föstu að vegna hins almenna aflabrests skuli fjármagn sjóðsins notað á árinu 1984 til að jafna þá miklu sveiflu sem hefur orðið á milli ára. Það gæti áreiðanlega orðið mjög til bóta sem framtíðarskipan að ekki sé einungis jafnað á milli svæðanna og skipanna heldur verði einnig sú tilhögun tekin upp í framtíðinni að slíkt sé mögulegt.

Ég vil taka fram að ekki er fullt samkomulag um þessa tilhögun. Fulltrúar sjómanna hafa tekið fram að þeir séu andvígir þessari ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og það eigi að koma til skipta. Benda má á að gert er ráð fyrir því að auka svokallaða kostnaðarhlutdeild utan skipta. Þó að það komi ekki beinlínis þessu máli við er það nú samt svo að bætur úr Aflatryggingasjóði koma ekki og hafa ekki komið með beinum hætti til skipta. Hins vegar má halda því fram með réttu að það hafi auðveldað viðkomandi útgerðum og viðkomandi aðilum að standa við skuldbindingar sínar gagnvart sjómönnum.

Ég held að það eigi ekki að dyljast neinum að þessar ráðstafanir treysta að nokkru afkomu útgerðarinnar og þar með getu hennar til að greiða aflahluti og kauptryggingu. Hér er því ekki eingöngu um hagsmunamál útgerðaraðila að ræða, eins og oft hefur verið haldið fram, heldur skiptir það að sjálfsögðu einnig máli fyrir alla sjómannastéttina að útvegurinn sé svo staddur fjárhagslega að hann geti staðið í bærilegum skilum með aflahluti.

Að öðru leyti vil ég vísa til grg. með þessu frv. Þar kemur fram að eignir almennu deildarinnar í ársbyrjun 1984 eru u. þ. b. 200 millj. Gert er ráð fyrir að tekjur á árinu 1984 verði um 120 millj. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir því að bótagreiðslur skv. frv. muni nema 210—220 millj. kr. þannig að í reynd er verið að ráðstafa u. þ. b. helmingi af eignum almennu deildarinnar eða á bilinu u. þ. b. 90—100 millj. umfram tekjur á árinu 1984.

Auk þess eru birtar hér sem fskj. upplýsingar um hag botnfiskveiðanna á árinu 1982 og áætlaða afkomu á árinu 1984 miðað við þær aflamarksreglur sem hafa verið settar. Er það fyrst og fremst gert til þess að hægt sé að gera sér betri grein fyrir hag greinarinnar. Einnig eru hér í töflu upplýsingar um áætlaðar skuldir útgerðar í árslok 1983.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um mál þetta lengra mál á þessu stigi en vil leggja til að málinu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr. og til 2. umr.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Sú ákvörðun sem felst í því frv. sem hér er til umr. var tilkynnt við ákvörðun fiskverðs í byrjun febr. Þá strax mótmæltu sjómannasamtökin því að þannig skyldi vera farið með Aflatryggingasjóð sem hér er lagt til. Á undanförnum dögum hafa einnig verið að berast mótmæli frá sjómönnum og samtökum þeirra í sambandi við þetta frv. Eru þau öll á einn veg og undirstrika yfirlýsingu fulltrúa sjómanna við fiskverðsákvörðun, að það er einróma álit sjómanna og sjómannasamtaka að þannig skuli ekki vera haldið á hlut Aflatryggingasjóðs, það sé verið að breyta eðli þessarar stofnunar frá því að vera kauptryggingarstofnun sjómanna í það að vera stofnun til þess að standa undir fjárfestingu útgerðar.

Kannske er ekki ástæða til að ræða þetta frv. mikið við 1. umr. Frv. kemur til nefndar sem ég er í og þar verður vitaskuld leitað umsagna þeirra aðila sem þetta frv. snertir fyrst og fremst. En hæstv. ráðh. nefndi að hér væri fyrst og fremst um tímabundna ákvörðun að ræða, enda kemur fram í grg. frv. að svo sé. Í upphafi grg. er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af ákvörðun fiskverðs og vegna hins alvarlega þorskaflabrests á þessu ári, svo og nýrra reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu, er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir í sjávarútvegi og er frv. þetta annað af tveimur, sem flutt eru í þessu skyni."

Í þessum orðum er því slegið strax föstu að orðinn sé aflabrestur á þorskveiðum á Íslandi á árinu 1984 og að grunnur þessa frv. byggist fyrst og fremst á því. Ég held að það ætti að vera ósk ráðh. og ósk okkar allra — það er ósk mín a. m. k. — að umr. um frv. verði frestað vegna þess að allar fréttir af fiskveiðum umhverfis Ísland eru á allt annan veg en að það sé að verða aflabrestur á þorskveiðum. Síðasta stórfréttin í því efni birtist í Morgunblaðinu í morgun. Þar segir að mikill afli sé nú á Halamiðum og jafnvel meiri en þar hefur verið undanfarin ár. Og hver er það svo sem tilkynnir þær fréttir? Það er formaður farmannasambands Íslands, skipstjóri á Páli Pálssyni, maður sem stóð að því að undirbúa kvótafrv. Nú lýsir hann því yfir að sjálfsagt sé að fella kvótann úr gildi. Samtímis er verið að leggja til hér í hv. Ed. að frv. sem byggist á þeirri skoðun að það verði þorskaflabrestur á Íslandsmiðum árið 1984 skuli tekið til afgreiðslu og gert að lögum. Ég ítreka að ef það er raunverulega forsenda þessa frv. að það verði þorskaflabrestur hér eru engin rök fyrir því að frv. verði hér áfram til umr. og verði að lögum.

Hæstv. ráðh. nefndi einnig að svo hefði verið með

Aflatryggingasjóð á undanförnum árum að bætur hans hefðu raunverulega ekki komið til skipta. Það er reyndar rétt að þær féllu ekki inn í skiptahlutinn, en þær voru aftur á móti fyrst og fremst trygging þess, og þess vegna hafa sjómenn fallist á að ákveðinn hluti útflutningsgjalda rynni til þessa sjóðs, að sjómenn fengju kaup sitt greitt. Þær voru raunverulega þáttur af hlutaskiptareglunni. Sú leið sem nú er farin er alls ekki þessu lík. Það sem nú er lagt til að verði gert tryggir ekki, eins og hæstv. ráðh. sagði, að útgerðin geti borgað sjómönnum hlut eða kauptryggingu, sem sjálfsagt verður oftar ef svo fer, sem spáð er hér í frv., að aflabrestur verði, vegna þess að nú er komin sú skipting á að hlutur Aflatryggingasjóðs fer fyrst og fremst til þeirra sem fiska vel. Skiptingin fer eftir aflahlutfalli á skip, en tryggir ekki að þeir sem af einhverjum ástæðum koma með minni afla að landi hafi möguleika á tryggingu eða fjármagni úr sjóðnum til að standa í skilum við sína skipshöfn.

Hæstv. ráðh. boðaði einnig að að því yrði stefnt að breyta Aflatryggingasjóði á næsta ári, hverfa frá því að nota sjóðinn eins og hann hefur verið notaður. Hefur það verið gagnrýnt af mörgum og sjálfsagt verið gagnrýnisverð sú aðferð sem notuð var til úthlutunar úr Aflatryggingasjóði. Yrði hann í auknum mæli notaður til að jafna á milli ára eftir breytinguna. Þá er eðli sjóðsins breytt. Það hlýtur að verða tekið til yfirvegunar frá hendi sjómannasamtaka hvort sá háttur fellur að því markmiði sem Aflatryggingasjóður hafði áður og hefur. Hitt tel ég að væri miklu nauðsynlegra að líta frekar á þá vankanta sem á Aflatryggingasjóði hafa verið og reyna að má þá af. Það hefur svo sem verið haft á orði að vissar útgerðir gerðu allt að því út á Aflatryggingasjóð og nú komi það m. a. fram, þegar skipta skuli kvóta á milli skipa, að þeir sem öfluðu fjármuna í Aflatryggingasjóð beri skarðan hlut frá borði, en ekki þeir sem nutu þaðan fjármagns. Ef slíkt er satt og slíkt er rétt ber mikla nauðsyn til að breyta þar til.

En til viðbótar við að skerða hlut sjómanna, sem nú þurfa frekar á öðru að halda en því að hlutur þeirra sé skertur, er þetta frv. raunverulega beint framhald af þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. að reyna að leysa vandamál þjóðfélagsins með því að sækja það fjármagn sem til þess þarf í vasa launþega og vasa framleiðslustéttanna. Það er vitaskuld ekki verið að gera annað með þessu frv. en að taka vissan hlut af sjómönnum til að reyna að létta undir með útgerðinni. Þessi þáttur, að það sé gripið til þess að lækka kaup í landinu til að reyna að halda niðri verðbólgu og það sé gripið til þess að taka af hlut sjómanna svo að útvegsmenn fái pínulítið betri stöðu, er vitaskuld alrangur. Það þarf að taka á báðum þáttum jafnhliða. Það þurfti bæði að minnka verðbólgu í landinu og líka styrkja stöðu útgerðar á Íslandi. Það er alls ekki heppileg leið að taka eingöngu frá einum aðila og það þeim sem síst skyldi.

Hæstv. ráðh. nefndi að það væru ýmsir þættir sem hefðu gert útgerð erfitt fyrir á undanförnum árum, m. a. olíuverð og vextir. Þessir þættir eru enn í dag mjög lítið breyttir. Hlutur banka í vöxtum hefur ekki minnkað. Hann er jafnvel mun meiri en hann var áður en núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Á sama máta hefur olían ekki lækkað gagnvart útgerð. Hún er núna þriðjungi dýrari en í löndunum í kringum okkur. Það er sára lítið gert til að leysa þessi vandamál útgerðar.

Ég mun sjálfsagt ræða þetta mál í sjútvn. og þar fáum við, eins og ég nefndi áður, fullrúa hagsmunaaðila til að upplýsa okkur frekar um sínar skoðanir á þessu máli, en mér sýnist öll rök hníga að því, einmitt eftir því sem segir í grg., að þetta frv. eigi að fara hægt og helst að stöðvast sem fyrst.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er hörð atlaga að kjörum sjómanna í landinu og óþolandi hversu langt er gengið í þeim efnum. Það er staðreynd að sjómenn hafa orðið fyrir meiri kjaraskerðingu en nokkrir aðrir í landinu. Skv. upplýsingum frá Sjómannasambandi Íslands, sem hefur gert úttekt á þeim málum, mun kjaraskerðingin frá 1982 hafa numið allt að 337%. Engir þegnar landsins hafa búið við slíka skerðingu.

Þetta frv. gerir það að verkum, ef það verður samþykkt sem maður vonar að verði ekki, að Aflatryggingasjóður verður í raun lagður niður sem slíkur og honum beint til þess að fjármagna skuldir útgerðarinnar. Ráðh. sagði áðan að þetta ætti að koma báðum til góða þar sem þar með væri útgerðinni gert kleift að standa betur við sínar skuldbindingar gagnvart sjómönnum. Ef við höldum þeirri röksemdarfærslu áfram — og það verður haldið áfram í þeim farvegi — endar náttúrlega með því að sjómenn verða gersamlega kauplausir því að auðvitað er hægt að ganga svona endalaust áfram.

Ekki aðeins Sjómannasamband Íslands hefur mótmælt þessari fyrirætlun heldur einnig Alþýðusambandið og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Þeir hafa bent á að með þessu frv. er gengið þvert á grundvallartilgang Aflatryggingasjóðs, mest fært til þeirra sem mest afla og atvinnu víða stefnt í hættu, svo og kauptryggingu sjómanna. Ég hygg að þetta komi hvað verst niður þar sem bátar eru litlir og þar sem menn hafa þurft að sækja sjóinn eins og mögulegt hefur verið eftir tíðarfari. Það gerist reyndar alls staðar en hvað erfiðast er það fyrir litlu bátana. En þeir halda minna úti ef þeir eiga ekki von á því, ef illa gengur, að fá bætur til að greiða sínum sjómönnum.

Mótmæli hafa ekki aðeins verið frá þessum samtökum heldur einnig frá skipshöfnum víða um land sem sent hafa inn sín mótmæli og fært rök fyrir sínu máli. En vegna þess að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur sérstaklega rökstutt sín mótmæli tel ég rétt að þau komi fram hér og ég geri þau að mínum, en þau eru þannig:

„Frv. það sem hér um ræðir gengur í raun þvert á allar hugmyndir manna um upphaflegan tilgang og starfsemi Aflatryggingasjóðs síðustu áratugi allt frá upphafi hlutatryggingar. Þegar fyrirhugað er að ráðstafa öllu fé almennu deildar sjóðsins til útgerðar alfarið gengur sú ráðstöfun fjármagnsins á móti þeim grundvallarhugmyndum að sjóðnum beri að ráðstafa í samræmi við skiptahlutföll áhafnar og útgerðar. Þegar gengið var frá þeirri ráðstöfun útflutningsgjalds að hluti þess rynni til almennu deildar Aflatryggingasjóðs var slíkt afráðið í heildarsamkomulagi sem m. a. samtök sjómanna áttu aðild að. Var það samkomulagið um sjóði sjávarútvegs frá árinu 1976. Nái það frv., sem nú er til umr., fram að ganga sýnir það glögglega enn eina fjármagnstilfærsluna frá sjómönnum til útgerðar ofan á

allt annað sem sjómenn hafa orðið að þola. Þrátt fyrir að fyrirhugað sé að ráðstafa til áhafnadeildar sjóðsins fjármunum, sem ætlað er að auka greiðslur upp í fæðiskostnað sjómanna, þá munu þær upphæðir ekki gera meira en svo að elta uppi það sem fæðisgreiðslurnar hafa dregist aftur úr raunhækkun á matvöru. Fæðisgreiðslur úr áhafnadeild sjóðsins hafa ekki fylgt þeim verðhækkunum sem orðið hafa á matvælum, þrátt fyrir kröfur fulltrúa sjómanna í sjóðsstjórn þar um. Sjómenn hafa því orðið að greiða sjálfir stóran hluta af eigin fæðiskostnaði, mun stærri en upphaflegur tilgangur áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs gerði ráð fyrir. Þannig nær fé það, sem ráðstafa á til áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs, ekki að greiða úr fjárhagsörðugleikum sjómanna, sem upp kynnu að koma, vegna þess að útgerð skipa er hætt vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða frá árinu 1984."

Ég vara við því að fara þessa leið. Þótt útgerðin sé illa stödd nú um þessar mundir eru takmörk fyrir því hvað langt er hægt að ganga í vasa sjómanna. Þetta frv. er byggt á því að hér verði aflabrestur 1984, á þessu ári. Að vísu er stefnt að því að veiða mikið minna og byggt þar á spám fiskifræðinga. Hins vegar hefur komið fram þessa daga, sem liðnir eru af þessu ári, að afli hefur aukist hvarvetna um landið og það hlýtur að leiða til þess að þær reglur, sem nú hafa verið settar, verði endurskoðaðar. Ræða þarf hvernig það skuli gert en ég býst við að menn séu sammála um að gera þurfi úrbætur. En röksemdin fyrir frv. stenst varla að mínu mati.

Mikið er rætt um kvóta um allt land og hefur verið gert hér á Alþingi. Í sjávarútvegsnefndum var einnig mikið um þessi mál rætt og haft var gott og mikið samráð við þessar nefndir þegar þessi lög voru í undirbúningi, lögin um kvótaskiptinguna. Ég man ekki nafnið á þeim en ég hygg að það sé almennt kallað kvótafrv. Ég tel að það samráð, sem þar var haft, hafi orðið til þess að greiða úr mörgu og laga margt sem á borðinu var. Hins vegar verð ég að mótmæla því harðlega hvernig nú hefur verið staðið að þessu samráði. Því var lofað af sjútvrh. að sjávarútvegsnefndir mundu verða hafðar með í ráðum um framkvæmd þessara mála. Við óskuðum eftir því í sjútvn. þessarar deildar að fá að líta yfir þá skiptingu á kvótanum, sem framkvæmd hafði verið og send til hlutaðeigandi útgerðar. Formaður nefndarinnar óskaði eftir því sérstaklega en fékk ekki. Síðan sjáum við þessar upplýsingar á síðum Morgunblaðsins.

Ég hlýt að mótmæla þessum vinnubrögðum og óska skýringa á þeim og vona að úr þessu verði bætt. Ég skil ekki að sjávarútvegsnefndir Alþingis séu það ótrúverðugar að ekki megi hafa það samráð við þær sem lofað hefur verið og þykir mér það óviðkunnanlegt og alls kostar óeðlilegt að við þurfum að lesa upplýsingar, sem okkur koma við, í dagblöðum og vera neitað um að sjá þær þegar óskað er eftir. Ég hef orð á þessu af gefnu tilefni og vænti þess að úr þessu verði bætt.

En hvað varðar það frv., sem hér liggur fyrir, verður fjallað um það í sjávarútvegsnefndum og þá verður það skoðað rækilega. Ég vara við því að það verði samþykkt og tel þetta vonda leið, miklu verri leið en nokkrar aðrar leiðir til að bæta hag útgerðar, því að ekki er hægt að forsvara það að skerða tekjur sjómanna enn einu sinni sem er gert með þessu frv.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Hér liggur í eitt skiptið enn fyrir frv. til l. um breytingu á lögum í sambandi við sjávarútveginn. Þau eru öll við sama heygarðshornið. Það á sem sagt að ganga einu sinni enn á rétt sjómanna. Mig furðar það stundum. Það er eins og þeir haldi, þessir hv. ráðamenn, að skip veiði sjálfkrafa án þess að hafa áhafnir. Ég ætla að vitna í nokkur orð í bréfi, sem er mótmæli frá 77 skipshöfnum. Ég ætla að fá að vitna í seinni part bréfsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú endurskoðun og uppskipti á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem gerð var 1976 í samráði við sjómenn, leiddi af sér 6% lækkun á hlutaskiptum gegn því að sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði afnumið í áföngum sem þó var aldrei framkvæmt eins og samið var um 1976. Við viljum því vara Alþingi við að samþykkja þessa lagabreytingu án þess að þessir fjármunir komi til skipta. Með því er hið háa Alþingi að efna til ófriðar við sjómenn og ekki að setja réttlát lög sem er þó hlutverk Alþingis Íslendinga."

Ég tel að þetta sé nægileg skýring á því sem er að ske nú. Ég held að ekki sé hægt að setja slík atriði í lög, eins og er að finna í síðustu tveimur línunum á síðu 2, án skýringa. Ég vildi fá hæstv. sjútvrh. til að útskýra það eilítið. Þar stendur: „Sjútvrn. mun setja um þetta nánari reglur í samráði við hagsmunasamtök og stjórn Aflatryggingasjóðs." Hvaða hagsmunasamtök? Eru það ekki hagsmunir sjómanna sem koma þarna inn í líka? Ef þeir mótmæla eindregið, hver verður þá niðurstaðan? Verður þetta frv. samþykkt með mótmælum sjómanna og gegn þeirra atkv.?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka mjög undir það sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði hér varðandi þá birtingu á aflamarki sem kom í Morgunblaðinu. Þessar upplýsingar voru aðeins í höndum örfárra manna. Ég ætla ekki að tilgreina hverjir það voru enda skiptir það ekki máli héðan af. Hins vegar virðist svo vera að fjölmiðlar — og kannske þá sérstaklega þetta blað — leggi sig mjög fram um að birta trúnaðarupplýsingar og ég get út af fyrir sig e. t. v. ekki verið að kenna einstökum blaðamönnum eða ritstjórn þessa blaðs um það. En greinilegt er að þessum aðilum er ekkert í mun að reynt sé að hafa þessi mál með þeim hætti að talist geti eðlilegt. Fjölmiðlum þykir það sjálfsagt, jafnvel þótt mál séu stimpluð sem algert trúnaðarmál, að reyna að finna þau og birta þau. Við vorum margbúnir að neita öllum fjölmiðlum og þessum aðilum um þessar upplýsingar í rn. en einhverra hluta vegna tókst þeim að ná þeim.

Ég vil hins vegar taka fram að við töldum óæskilegt að birta þessar upplýsingar vegna þess að þær eru í mörgum tilfellum ekki réttar. Það á eftir að framkvæma leiðréttingu á allmörgum skipum. Hins vegar ákváðum við að um leið og þær leiðréttingar hefðu verið birtar eða verið gerðar yrði listinn birtur. En vegna þessa atburðar höfum við — gerðum það að vísu ekki fyrr en í morgun — sent Alþingi þennan lista í framhaldi af skriflegri fsp. sem hér kom fram og vænti ég þess að hann verði prentaður í dag. En það var hugmynd okkar að þingið fengi þetta fyrst í hendur eftir að þeir aðilar, sem þurftu að hafa þetta með höndum, höfðu um það fjallað.

Ég vil hins vegar segja það varðandi það samráð, sem

hér var gagnrýnt, að ég kannast ekki við að ég eða mitt rn. hafi neitað því að ræða við sjávarútvegsnefndir þingsins um þessi mál. Það tel ég ekki vera rétt og — (Gripið fram í.) Já, úr því hefur verið bætt núna. Að vísu bætti Morgunblaðið úr því þótt það væri með óeðlilegum hætti. Maður vill náttúrlega gjarnan, krefjast þess af þessum fjölmiðlum að þeir virði einhverjar venjur og einhverjar samskiptavenjur. Ég segi fyrir mig að við erum að reyna það í sjútvrn. að láta fjölmiðlum í té eins miklar upplýsingar og við teljum okkur vera fært. En við höfum hins vegar orðið fyrir því nokkrum sinnum að við höfum afhent t. d. hagsmunaaðilum eingöngu trúnaðarupplýsingar en verðum svo fyrir því að þær birtist í blöðum og fjölmiðlum. En ég tek undir þessa gagnrýni og ég harma að svo skyldi hafa tekist til og get ekkert meira um það sagt.

Hitt er svo annað mál að við höfum verið að safna saman þeim kvörtunum sem hafa komið og þær eru allmargar. Auðvitað vissum við að hér er við margvísleg vandamál að etja. Nefnd á vegum hagsmunaaðila, þar sem er fulltrúi sjómanna, útvegsmanna og rn., hefur unnið mjög gott starf að undanförnu við að fara í gegnum þessi mál og þar hefur verið hin besta samstaða. Í framhaldi af því búumst við við að gefa út einhverjar breytingar á reglugerð og það er sjálfsagt og nauðsynlegt að skýra þau mál fyrir sjávarútvegsnefndum þingsins. En við töldum hins vegar hyggilegra að bíða þar til kærufrestur væri útrunninn þannig að við hefðum fulla yfirsýn yfir málið áður en breytingar yrðu framkvæmdar.

Ég vil aðeins taka fram vegna þeirra orða, sem hér hafa komið fram, að hér sé verið að ráðast að kjörum sjómanna, eins og það gjarnan er kallað, og ganga á rétt þeirra, þá er það svo að þeir peningar, sem hér um ræðir, hafa ekki komið fram sem aukin laun sjómanna. Það er ekki rétt að segja að sjómenn hafi fengið þessa peninga í sínar hendur. Þeir eiga rétt á kauptryggingu og þeir eiga rétt á henni áfram. Ég vil leyfa mér að biðja aðila að tala dálítið skýrar um þetta mál.

Það er út af fyrir sig rétt, sem haldið er fram, að þar með sé ekki jafngóð trygging fyrir því að viðkomandi kauptrygging sé greidd. Það er út af fyrir sig rétt. En útgerðarmaður og útgerðaraðili hefur jafnmiklar skyldur við sjómanninn að greiða honum laun og sem betur fer er orðin betri trygging fyrir því í lögum með öðrum hætti að laun séu greidd, sem ég veit að hv. þm. Karl Steinar Guðnason þekkir. Það má hins vegar vel vera að þessi trygging verði ekki nægilega góð.

En ég vil einnig benda á að hér er úr nokkuð vöndu að ráða og það er ekki svo að hér séu víða fullir sjóðir af fjármagni til að ganga í til að bæta stöðu sjávarútvegsins. Ég vildi gjarnan vita af því ef svo væri. En það hefur nú ekki reynst þannig þegar við höfum að undanförnu verið að leita að ráðum til að komast með einhverjum hætti fram úr þessum málum. Vissulega hefðum við viljað gera margt öðruvísi en við höfum ekki séð að kostirnir væru svo mjög margir. Hins vegar heyrum við það mjög gjarnan að ómögulegt sé að gera þetta svona og ómögulegt að gera þetta hinsegin. Það er það sem við heyrum dags daglega. En við heyrum minna um hvernig hefði þá átt að gera það.

Það vill náttúrlega alltaf verða svo að þegar við erfiðleika er að etja er auðvelt að finna að og það ber að gera það. En hins vegar er það ekki af neinni illgirni, eins og allt að því er látið að liggja, við sjómannastéttina að þessi ráðstöfun er gerð á árinu 1984. Ég leyfði mér að halda því fram að þessi ráðstöfun sem slík sé ekki skerðing á launum sjómanna. Það væri betur að menn töluðu stundum dálítið skýrar í öllum fullyrðingunum.

Hitt er svo annað mál að það væri vonandi að afli yrði mun meiri en menn hafa gert ráð fyrir. Hins vegar vil ég vara við því, jafnvel þótt vel aflist um sinn, að ætla að hér sé einhver stórkostlegur afli á ferðinni. Aflabrögð eru misjöfn við landið og fiskurinn leggst nokkuð misjafnt upp að landinu. T. d. er sáralítill afli, eftir því sem ég best veit, við suðurströndina núna og við Reykjanes. Hins vegar hefur komið góð ganga inn á Vestfjarðamið og eins hefur afli verið góður fyrir Vesturlandi. Við þurfum að sjálfsögðu að fylgjast vel með þessum málum og taka ákvarðanir í samræmi við það.

En það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hrygningarstofninn sé í góðu ásigkomulagi nú á næstunni því að nú fáum við þær fréttir að hér sé hlýnandi sjór og bætt skilyrði og til mikils að vinna að hrygning takist vel og þegar líffríki batnar, eins og við erum að vona að muni gerast, muni sem best úr rætast. En til þess að svo geti orðið þarf að sjálfsögðu að vera til staðar einhver lágmarks hrygningarstofn. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að ekki komi til greina að taka fyrri ákvarðanir til endurskoðunar. Að sjálfsögðu á að gera það þegar menn hafa nægilega vitneskju. En hins vegar tel ég að of snemmt sé að tala eins og það sé gefinn hlutur.

Hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir spurði hvernig ætti að skilja það sem segir hér á bls. 2 að sjútvrn. muni setja um þetta nánari reglur í samráði við hagsmunasamtök og stjórn Aflatryggingasjóðs. Þá má svara því til að ekki hefur verið gengið endanlega frá því en uppi hafa verið hugmyndir um að setja sérstaka nefnd — að sjálfsögðu með aðild sjómanna — til að fjalla um þessi mál. Um það og annað verður væntanlega rætt í dag á fundi í svokallaðri ráðgjafarnefnd um sjávarútvegsmál. En hún kemur saman til fundar í dag til þess að ræða þessi mál og ýmis önnur er varða sjávarútveginn. T. d. höfum við ekki lokið við skiptingu á afla fyrir árið 1984. Ekki hafa verið ákveðnar reglur fyrir humarveiði og síldveiði og m. a. um þau mál er ráðgjafarnefndin nú að fjalla.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins árétta það sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan í sambandi við þessi samskipti. Þar greinir okkur ekki á. Ég leitaði til hans eins og nefndin talaði um og ég tjáði nefndinni hans svör sem hér komu skýrt fram hjá honum áðan. Hann vildi ekki leggja þessi gögn fyrir nefndina sem slíka á meðan aðeins væri um nokkurs konar tilraunaútskriftir að ræða í sambandi við kvótamálin, það væru svo margar villur í því. Hins vegar væri velkomið að nefndin fengi þetta strax og búið væri að fá fram leiðréttingar, en kærufrestur væri útrunninn 5. mars. Þessu skilaði ég til nefndarinnar og ég veit að nefndarfólk er mér sammála um það að hafa skilið þetta þannig. Ég segi það eins og er, og ég segi sem betur fer hafði ég ekki skýrsluna undir höndum þegar ég las þetta í Morgunblaðinu á föstudaginn var. Ég kann ekki við svona vinnubrögð og ég tek undir það með hæstv. ráðh. að fjölmiðlar mega ekki ganga allt of langt í svona

málum þar sem þarna er um mjög viðkvæm mál að ræða.

Þegar hafa borist, að því er mér er sagt, á þriðja hundrað athugasemdir við þessar útskriftir svo að víða er óánægjan og ekki er farið að leiðrétta og menn verða fyrir ýmsum óþægindum sem e. t. v. hefði verið hægt að komast hjá hefði þetta verið geymt og farið með það eins og til stóð. Þess vegna tek ég undir orð hæstv. ráðh. að ég harma það að mitt ágæta blað, Morgunblaðið, skyldi gera slíka hluti. Ég hef ekki hugmynd um hvaðan þetta er komið. Það vil ég bara að komi hér fram.

Hins vegar mun nefndin biðja hæstv. ráðh. og einhverja af hans starfsmönnum að hitta nefndina sem fyrst til að ræða frekar um þessi mál, en það kemur síðar fram.

Um þær breytingar sem felast í frv. sem hér liggur fyrir gildir hið sama og um allar slíkar breytingar, að um þær verða skiptar skoðanir. Hv. 4. þm. Vesturl. og 6. landsk. þm. gerðu mikið úr því að gengið sé þarna á hlut sjómanna. Þetta fæ ég ekki skilið vegna þess að hlutur sjómanna hefur ekki verið reiknaður út úr Aflatryggingasjóðsframlaginu nema þegar um tryggingu er að ræða, þeir hafa ekki fengið hlut úr hinu. Hins vegar er það rétt að Aflatryggingasjóður er fjármagnaður að stærstum hluta af útflutningsgjaldi sem sjómenn og útgerðarmenn taka auðvitað sinn þátt í að greiða. Það fer inn í sameiginlegan sjóð. En það er ekki raunin að verið sé að gera upptækar þarna tekjur sjómanna, það fæ ég ekki skilið, þó að þessi breyting sé gerð, nema þegar um tryggingatímabil er að ræða. Því miður hafa komið upp slík dæmi, eins og 4. þm. Vesturl. gat um. Það er sagt að sumir hafi gert út á Aflatryggingasjóð. Við notum ekki sterkari orð hér en þetta í þessum efnum, við höfum ekki sannanir. Þetta orð hefur legið á og er nokkuð á móti því að koma slíkri þróun af hafi hún verið?

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu vegna þess að þetta mál kemur í þá nefnd sem ég á sæti í, en þó vil ég benda á að það gætti nokkurs misskilnings hjá hv. 8. landsk. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur. Það eru fleiri en ein deild í Aflatryggingasjóði. Þegar í frv. er rætt um að taka 4% er gert ráð fyrir að það sé tekið út hinni almennu deild. Það skaðar ekki hlut sjómanna. Síðasta greinin á bls.2 fjallar hins vegar um áhafnadeild. Það er sú deild sem hefur sérstaklega verið látin taka fyrir bæði fæðisþeninga og annað til sjómanna og frv. gerir einmitt ráð fyrir því. Með leyfi forseta ætla ég aðeins að lesa þetta yfir svo að við glöggvum okkur á því: „Þá gerir frv. ráð fyrir að áhafnadeild Aflatryggingasjóðs fái til ráðstöfunar á árinu 1984 ríkisframlagið til Aflatryggingasjóðs, 18.6 millj. kr. auk síns venjulega tekjustofns af útflutningsgjaldi, sem ætla má að gefi um 160 millj. kr. á þessu ári. Þetta er gert til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðisþeninga til sjómanna, og einnig til þess að hún geti greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna, sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa er hætt vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984. Sjútvrn. mun setja um þetta nánari reglur í samráði við hagsmunasamtök og stjórn Aflatryggingasjóðs.“ Ég bendi á þetta vegna þess að það er þessi deild sem getur gefið möguleika til þess að aðstoða sjómenn sem verða fyrir sérstökum áföllum vegna samdráttar í afla.

Hvað það yrði í miklum mæli skal ég ekki segja um hér, það yrði sennilega í alltof litlum mæli. En þarna opnast þá möguleiki til hjálpar. Sem sagt, um þetta má allt deila. En við munum ræða þetta mjög ítarlega í n. eins og öll önnur mál og ég tel að við getum fundið á þessu flöt sem við getum nokkurn veginn við unað.

En að lokum þetta: Mér finnst það engin rök hjá hv. 4. þm. Vesturl. að segja þeim að fresta þessu núna, það sé svo mikill fiskur á leiðinni. Við vonum öll að það sé mikill og vaxandi fiskur á leiðinni. En þarna er búið að gera, hvort sem okkur líkar betur eða verr þær ráðstafanir í sambandi við fiskverðsákvörðun sem verður ekki breytt. Það er því leitað mjög eftir því að þessu sé framfylgt af þeim aðilum sem um þetta semja. Þar á ég auðvitað við útgerðarmenn, sem þarna er samið um fiskverðið við, að 4% verði greidd. Ég sé ekki neina ástæðu til að fresta málinu vegna þess að við eigum von á meiri fiski. Ég ítreka það að vonandi verður mikill fiskur hér í vetur og við getum þá hugsanlega aukið okkar veiðar eitthvað þegar á árið líður. En eins og er er því miður of snemmt að spá því.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég kem nú hér upp aftur í þessa umr. fyrst og fremst vegna umr. um samráð við sjútvn. Ég tek undir það sem hv. 6. landsk. þm. sagði um þessi mál. Átt hafa sér stað ansi mikil mistök í sambandi við þann þátt sem ég vil einnig staðfesta að mér fannst að tækist nokkuð vel í sambandi við undirbúning umr. um kvótakerfið og jafnvel betur en ég bjóst við þegar hér var verið að ræða það mál. Ég fann nokkuð fyrir því að sú umr. var fyrst og fremst til þess að leysa málin sameiginlega og leita að göllum og reyna úr þeim að bæta og að mörgu leyti tókst það.

Þetta hefur því miður breyst núna á síðustu dögum. Svo virðist að eftir að rn. hafði kynnt okkur undirbúninginn að kvótagerðinni allvel og rækilega hafi ekki meira verið hugsað um samráð. Ég held að þetta hafi verið mjög af hinu verra. Þegar við í sjútvn. sáum að þannig skyldi unnið óskuðum við ákveðið eftir því að fá upplýsingar um áframhaldandi vinnu að kvótaundirbúningnum. Við báðum formann n. bæði um að fá lista þann sem hér hefur verið rætt um og einnig um að ráðh. eða menn úr rn. kæmu á fund til okkar þar sem þessi mál yrðu skýrð.

Við fengum síðan yfirlýsingar frá formanni n. um að vissir erfiðleikar væru í sambandi við að gera það á þeim tíma sem við vorum að fara fram á þetta þó að ég fallist ekki alveg fullkomlega á þá skoðun að nauðsynlegt hafi verið að halda einhverjum hlutum leyndum fyrir okkur í sjútvn. þó að kannske væri ekki talið eðlilegt að það færi út á meðal fjölmiðla. En við gerðum ekki neinn hávaða úr þessu og treystum okkar formanni til að ýta frekar á að þessir hlutir fengju þann gang sem við höfðum búist við og hafði verið í upphafi umr. um málið.

En sú varð raunin á að við fengum aðalfréttirnar úr Morgunblaðinu og ekki hefur verið reynt að bæta neitt þar um eftir að þær fréttir komu. Við erum fyrst að heyra núna frá hæstv. ráðh. að þessi listi, sem Morgunblaðið birti, hafi verið að nokkru leyti rangur. Ýmsir hafa verið að spyrja mig um vissa þætti í þessum lista og ég hef vitaskuld sagt: Það sem birtist í Morgunblaðinu hlýtur að koma bara beint frá rn., hlýtur að vera rétt. Það hefur ekki komið nein yfirlýsing um að þarna væri um eitthvert bráðabirgðaplagg að ræða.

En það er svolítið fleira í sambandi við þetta sem ég sem sjávarútvegsnefndarmaður felli mig ekki alveg við. Það er að á meðan við nm. í sjútvn. vorum að biðja um þessi plögg voru þau í höndum annarra þm. hér á hv. Alþingi. Mér er fullkunnugt um að fleiri en einn þm. voru með þetta hér og voru jafnvel að láta í það skína að þeir hefðu ekki fengið þetta eftir neinum krókaleiðum heldur beint úr höndum ráðh. sjálfs. Slík vinnubrögð eru ekki til þess að gera auðveldara að þau sjálfsögðu samráð, sem ákveðin voru með lögunum sem samþykkt voru hér fyrir jólin, verði áfram eins góð og þau voru í upphafi þegar samstarf hófst. Ég vænti þess að þau vinnubrögð, sem notuð hafa verið síðustu vikurnar í sambandi við þetta, verði aflögð og okkur sjútvn.-mönnum verði sýnt meira traust í sambandi við þetta mál en gert hefur verið á þessum tíma.

Fyrst ég er hér kominn upp vil ég enn svolítið ræða um það frv. sem hér er til umr. og þá fullyrðingu hæstv. ráðh. áðan að sú breyting á Aflatryggingasjóðslögunum virki ekki sem skerðing á hlut sjómanna. Þegar ég tala um hlut er ég að tala jafnt um hlut og kauptryggingu og tekjuöryggi. Ég held að því verði ekki á móti borið og það var og er grundvöllur Aflatryggingasjóðs að tryggja að sjómenn fái sitt kaup. Ég veit að í ótal mörgum tilfellum hafa útvegsmenn staðið þannig að þeir hafa ekki getað staðið í skilum við sjómenn fyrr en Aflatryggingasjóður hefur hlaupið undir bagga og komið með sinn hlut til þeirra aðgerða. Það er því alveg út í hött að halda því fram að með því að breyta hlutverki Aflatryggingasjóðs, svo sem þessi lög gera ráð fyrir, sé ekki um beina skerðingu á rétti, kaupi eða hlut sjómanns að ræða. Það er alveg eins hægt að segja að hinar breytilegustu tryggingar, sem settar eru til að tryggja mönnum lífsviðurværi, séu ekki beint kaup eða þess háttar. Þetta er bara einn af þeim þáttum sem við höfum komið upp í okkar þjóðfélagi og verkalýðshreyfingin samið raunverulega um. Þetta er enn eitt verk þessarar ríkisstj. í þá átt að skerða rétt verkalýðshreyfingarinnar og ganga yfir gerða samninga.

En hæstv. ráðh. hafði orð um að höfð væru stór orð á þann máta að verið væri að fara illa með sjómenn og gengið væri á hlut þeirra og lítið væri talað um það hvað annað ætti að gera. Ég er nokkurn veginn viss um að við viljum ekki leysa vandamál þjóðfélagsins með því að ganga á rétt launþega eða sjómanna. En ef við göngum út frá því — og það er mín skoðun að svo sé verið að gera hér gagnvart sjómönnum — þá langar mig aðeins til að benda á það sem ég nefndi í fyrri ræðu minni að það er ekki hlutur sjómanna og ekki hluturinn sem hefur farið í Aflatryggingasjóð sem hefur skert stöðu útgerðar hér á undanförnum árum. Það er af og frá. Það eru allt aðrir þættir, kannske fyrst og fremst sá þátturinn sem væri hægt að sækja í einhvern pening núna, þ. e. sú fjármálastefna sem rekin hefur verið af íslenskum bönkum og að sumu leyti af ríkisstjórnum, jafnt af þeirri ríkisstj., sem ég studdi hér fyrir ári síðan, og þeirri ríkisstj. sem situr nú, sú fjármálapólitík sem rekin var á verðtryggingarárunum þegar verðtryggingin var rekin þannig að hlutur útgerðar og hlutur sjómanns hækkaði ekki í neinu hlutfalli við aðra verðtryggingu sem var í landinu.

Stefnt var beint að því að minnka bæði hlut sjómanna og útvegs með því að haga þeirri verðtryggingu, sem um var talað að skyldi vera jöfn á alla vegu, á þann veg að verðtrygging fisks og afurða útgerðarinnar var ekki í neinni líkingu við það sem verðtryggingin var á gjaldeyrinum, fjármagninu, sem þurfti til að reka útgerð á Íslandi. Hefði verið gripið í taumana þar og þau mál jöfnuð væri ástandið allt öðruvísi á Íslandi í dag og íslensk útgerð allt öðru vísi.

Grundvöllur þessarar skekkju var fyrst og fremst sá — jafnt hjá þeirri ríkisstj. sem var hér við völd fyrir ári síðan og þeirri ríkisstj. sem nú situr — að halda niðri kaupgjaldi í landinu. Ef fiskverð í landinu hefði hækkað í einhverju svipuðu hlutfalli og verðtryggingin, vextirnir og gengið hefði fiskverð orðið að hækka ansi mikið. Þá hefðu aðrar atvinnustéttir í landinu náttúrlega óskað eftir því að kaup hækkaði í sama hlutfalli og hlutur sjómanna.

Alltaf er verið að leita að einhverjum leiðum til að smeygja sér fram hjá því að hinn vinnandi maður fái þann rétt sem hann á. Með þessu frv. er einmitt verið að bæta einni leiðinni við.

Hv. 3. þm. Vesturl. vildi ekki taka undir þau orð mín áðan að ég taldi rétt að fresta þessu frv. enda mun hann sjálfsagt vera á sömu skoðun og hæstv. ríkisstj. um að svona leiðir séu æskilegar. En mín tillaga um að fresta þessu frv. byggðist fyrst og fremst á grg. frv. þó að ég sé þess að fullu samþykkur að þessu frv. verði frestað. Í grg. frv. sjálfs er sagt að þegar sé aflabrestur á Íslandsmiðum. Ég held að það sé bara allt önnur saga. Það er sama hvaðan við heyrum fréttir, hvort það er frá Vestmannaeyjum, Suðurlandinu, Vesturlandinu eða Vestfjörðum. Hver fréttin á fætur annarri er um meiri afla. Hún er kannske ekki miðuð við þau ósköp sem við fiskuðum 1981 heldur miklu meiri afla en 1983 og 1982 — eða a. m. k. 1983.

Ég talaði við einn útvegsmann og fyrrv. skipstjóra vestur í Rifi í gær. Hann sagði mér að allar götur síðan 1970 hefði sinn bátur ekki fiskað annað eins og hann hefði fiskað í febrúar í ár. Sem betur fer er þessi staðreynd víðar. Ég vænti þess að til þeirrar staðreyndar verði tekið tillit, tekið verði tillit til þess — og það í tíma eins og reyndar hæstv. ráðh. nefndi hér áðan — að þau lög og þær reglur, sem nú er verið að setja út frá því að það verði aflabrestur á Íslandi á árinu 1984 — verði ekki látin vera of lengi í gildi. Æskilegast væri að við færum ekki að samþykkja lög sem væru óþörf ef hlutirnir snérust á þann veg sem við vonum vitaskuld öll og við fiskuðum sæmilega á árinu 1984 sem mér sýnist að allt stefni að.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Þetta frv. gefur ekki tilefni til almennrar efnahagsumræðu en ég hygg að menn verði að hafa í huga að útgerðin verður að ganga og ganga vel. Annars er íslensku þjóðarbúi illa komið. Hins vegar hefur verið búið þannig að útgerðinni á undanförnum árum að hún hefur staðið á brauðfótum, hverjum sem það er að kenna. Ég hygg að ríkisstjórnir hafi almennt búið þannig um hnútana að skilja eftir sig erfiðleika þar og bæta á þá erfiðleika, m. a. með því að kynda undir verðbólguna. Það er ekki verðtryggingin sem er upphafið að þessu, það er ekki verðtrygging sem er orsök erfiðleikanna, það er verðbólgan sjálf sem stjórnmálamenn og aðrir hafa kynt undir, aukið og eflt.

Ég fullyrti áðan og geri enn að þetta frv. verði til að skerða kjör sjómanna og furða mig á því ef ágreiningur

er um það. Við getum deilt um leiðir til að bjarga útgerðinni og við erum tilbúnir til þess, a. m. k. í Alþfl., að ræða það með stjórnvöldum hvernig hjálpa skuli útgerðinni og koma henni til að ganga vel. En að deilt sé um hvort þetta sé skerðing fyrir sjómenn eða ekki, það kemur á óvart. Ég þekki það af eigin raun að þessi ráðstöfun verður til þess að sjómenn eiga erfiðara með að fá sitt kaup. Það hefur oft verið erfitt en ég er öruggur á því að það verður mun erfiðara eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt.

Heyrst hafa þær raddir hér að menn hafi gert út á Aflatryggingasjóð. Vafalaust eru til dæmi um það. Það er eins og með alla tryggingu að ýmsir óverðugir fá út úr tryggingum. En að leggja af kerfið þess vegna er vond ráðstöfun, ófær ráðstöfun. Heldur væri nær að laga það sem aflaga hefur farið. Ég hygg að möguleikar séu á því bæði í þessum tryggingum sem öðrum. En ég ítreka það að ef þetta frv. verður samþykkt verður enn gengið á hlut sjómanna. Ég tel það alveg augljóst og ekki umdeilanlegt atriði. Og líka það að sjómönnum verður gert erfiðara fyrir að fá sín laun sem eru allt of lág í dag og hafa verið skert meira en laun annarra launþega í landinu.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frv. eins og fyrri daginn því að til þess störfum við hér. Þetta frv. fjallar um ákveðna íhlutun stjórnvalda í málefni sem að mestu leyti tilheyra frjálsum samningsaðilum. Hér er verið að hlutast til um skiptingu ákveðinna fjármuna í sjóðakerfi sem lofað var að aflétta í áföngum fyrir allmörgum árum síðan. Hér er ákveðin stjórnsemi á ferðinni.

Ég þarf reyndar ekki að minna á till. sem fram eru komnar frá okkar hendi um tilhögun þessara mála. Við höfum lagt fram frv. um að fiskverð verði gefið frjálst, það sé það stjórntæki sem í raun og veru þjóni eðlilegast þeim markmiðum sem miðað er að. Frjálst fiskverð gerir það sjálfkrafa að verkum að það verður allra hagur, sem að fiskveiðum standa, að skila afla á land þannig að tilkostnaður sé sem minnstur og hagur manna þar með sem mestur.

Hér er aftur á móti farin sú leið að stjórna hlutunum að ofan. Það þótti reyndar ágætt hér áður fyrr á góðum búum að stjórnsemi væri fyrir hendi en þá gengu menn líka yfirleitt út frá að menn vissu nákvæmlega hvað þeir væru að gera. Fjmrh. hæstv. ríkisstj. hefur staðfest það bæði fyrir og eftir jól að þessi stjórn hafi nánast ekki haft hugmynd um hvað hún var að gera mestalla sína stjórnartíð. Hann hélt því fram fyrir jól að þær upplýsingar, sem hann og aðrir stjórnarliðar hefðu haft í höndum fyrir kosningar, hefðu verið villandi og rangar. Hann hélt því fram að þegar kosningum lauk hefðu þeir ekki haft eða getað haft nokkra yfirsýn yfir fjárreiður þessa lands og ástand efnahagsins. Núna stöndum við frammi fyrir því að á fjárlögum er risagat sem kom mönnum svo gjörsamlega á óvart að það virtist rétt eins og það hefði orðið til á einni nóttu.

Því verður mér tíðrætt um þessa hluti vegna þess að hæstv. sjútvrh. hefur haldið því fram í þessum umr. að hér sé ekki verið að skerða kjör sjómanna. Ég hef lesið frv. eins og sjálfsagt aðrir þm. og fæ ekki séð af þeim lestri að þar séu færðar neinar sönnur þess að hér sé ekki verið að skerða kjör sjómanna. Nú vildi ég eiginlega beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort hann gæti sannað mér og þá þingheimi með einföldum hætti, kannske einfaldlega lýsingu á skiptingu afla einnar veiðiferðar, hvernig það skýrist að kjör sjómanna rýrna ekki eða versna ekki eftir samþykkt þessara laga. Það er mjög áríðandi að við fáum þessa sönnun eða þessar upplýsingar vegna þess að verið er að biðja okkur hér um samþykki eða synjun á þessum lögum og þar horfum við trúlega langhelst til þess hvort þeir aðilar, sem þarna eru til umræðu, hagnast eða verða fyrir áföllum af þessari lagagerð.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Út af þessari síðustu spurningu vil ég segja að án þess að ég ætli að fara að efna til mikilla deilna um hvort verið er að skerða kjör manna eður ei verð ég að segja það eins og er að mér finnst að það gleymist oft að við getum ekki við allt ráðið í þessu landi. Olían, gengið og fjármagnskostnaðurinn er eitthvað sem við getum ekki ráðið algjörlega við, því miður. Það eru ekki Íslendingar sem hafa hækkað olíuna umfram allt annað verðlag í heiminum og fjármagnskostnaður hefur á undanförnum áratug hækkað alveg gífurlega almennt í heiminum. Þetta og það hve við erum raunverulega háðir erlendum viðskiptum og erlendu fjármagni hefur gert okkur mjög erfitt fyrir. Innlendur fjármagnskostnaður hlýtur að einhverju leyti að taka mið af þeim fjármagnskostnaði sem er erlendis. Því að hvernig væri málum fyrir komið ef það væru þá sérstök forréttindi þeirra sem fengju þetta innlenda fjármagn að fá það mun ódýrara en hitt og væri líklegt að einhver mundi vilja spara við slík skilyrði?

Kannske er aðalatriðið í málinu, þegar verið er að tala um skert kjör, að skerðingin er almennt vegna utanaðkomandi áhrifa og vegna þess hvað gerist í okkar auðlindum. En hér á Alþingi heyrir maður oft að þetta sé eingöngu vegna þess að þessi lög hafi verið sett eða hin ráðstöfunin gerð. Ef svo væri ættu einhvers staðar að safnast upp digrir sjóðir sem væru þá vænlegir fyrir þá, sem eiga að búa hér í framtíðinni, til ráðstöfunar. En það er því miður ekki svo og mætti stundum vera betur í heiðri haft.

En hér var um það spurt með hvaða hætti þetta skerti kjör sjómanna eða skerti ekki kjör sjómanna. Það vita allir sem hér eru að það er greitt til Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi. Útflutningsgjald kemur ekki til skipta til sjómanna eða kemur í flestum tilfellum ekki til útgerðar. Hins vegar renna þessar greiðslur til Aflatryggingasjóðs og það hefur verið með þeim hætti að eingöngu þau skip sem lent hafa í sérstökum aflabresti hafa fengið þaðan tekjur. Þetta hefur verið gagnrýnt, t. d. af þeim sem gera út togara, að sáralítið af þessu fé hefur í gegnum tíðina runnið til þeirra. Það er alveg rétt, það hefur í miklum mæli runnið til lítilla báta og í mörgum tilvikum orðið til þess að viðhalda mjög óhagkvæmri útgerð. Það er engin launung á því. Það má vel vera að í sumum tilfellum sé æskilegt að viðhalda slíkri útgerð til þess að halda uppi atvinnu. En til lengdar er ekki gott að stofna til útgerðar með þeim hætti og styrkja hana þannig. Sérstaklega ekki þegar floti okkar er of stór við núverandi aðstæður, þá hljótum við að taka slíkt skipulag til endurskoðunar.

Það sem kemur sjómönnum til góða í þessu sambandi er eingöngu það að þær útgerðir, sem lenda í slíkum erfiðleikum, fá greiðslur frá Aflatryggingasjóði. Þær

greiðslur hafa hins vegar engin áhrif á skyldu útgerðarinnar til að greiða þessum sjómönnum kaup. Viðkomandi sjómenn fá ekkert meira kaup vegna þess að það komi greiðslur frá Aflatryggingasjóði.

Hins vegar má segja sem svo, sem er rétt, að atvinnurekandi eða útgerðaraðili, sem fær peninga frá ákveðinni stofnun, hefur frekar bolmagn til að greiða og það hefur verið viss trygging fyrir sjómenn fyrir að fá þessi laun greidd. En það hefur engin áhrif haft á upphæð þessara sömu launa.

Vegna þess held ég því fram að hér sé ekki um skerðingu á launum sjómanna að ræða. En ég tók hins vegar fram að það mætti vera í einhverjum tilvikum að það minnkaði öryggi þeirra fyrir því að fá þessi laun greidd. En þetta öryggi er einnig til í öðrum lögum og ábyrgð útgerðarmanna er sú sama.

Um þetta skal ég ekki deila frekar en ég er að vísu ekki sérfræðingur í kjaraskerðingartali. Ég skal taka það fram. Ég hef ekki verið mjög hrifinn af öllu því tali í gegnum árin og hef ekki lagt mig sérstaklega inn í þær orðræður og aðrir eru mér fremri í þeim efnum.

Ég vil aðeins að lokum taka fram að í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því að allt ríkisframlagið til Aflatryggingasjóðs renni til hagsmunamála sjómanna. Það hefur ekki gert það fram að þessu. Ég tel það eðlilegt og að því leytinu til gerir það það að verkum að hægt verður að standa betur að t. d. fæðisgreiðslum áhafnadeildar. Þó það sé ekki stór upphæð virkar það sem bætt kjör sjómanna.

Ég vil einnig taka fram að vegna þessara erfiðleika allra var ákveðið að minnka það sem færi utan skipta um tvö prósentustig sem eru væntanlega bætt kjör sjómanna. Að vísu var því haldið fram í kjarasamningum að sjómenn hefðu með því fengið 6% hækkun. Ég tel það ekki hafa verið rétta túlkun vegna þess að ég tek undir það að sjómenn hafa orðið fyrir sérstökum aflabresti og það hefur verið rangur samanburður þegar því var haldið fram að sjómenn fengju 6% og því þyrftu aðrir að fá 6%. Því menn gleyma því oft í þessari umr. um kjörin að sjómenn eru fyrst og fremst háðir aflanum sem kemur að landi en ekki prósentuhækkunum í fiskverði. Hins vegar verður fiskverðsbreyting aftur í vor eins og vitað er.

Ég vildi aðeins ítreka það að lokum að ég tel fyrir mitt leyti að ég hafi reynt að hafa, eftir því sem ég hef getað, gott samráð við sjávarútvegsnefndir. Hitt er svo annað mál að við höfum að undanförnu verið að reyna að safna saman öllum þeim umkvörtunum sem inn hafa komið og við töldum ekki rétt og í raun og veru engum til góðs að vera að birta þennan umrædda lista. Þess vegna þykir mér út af fyrir sig leitt að nm. í sjútvn. skuli þurfa að kvarta yfir þessum samskiptum en við skulum þá bara reyna að laga það eftir því sem hægt er. Það er reiðilaust af minni hálfu og ég er tilbúinn hvenær sem er að koma á fund sjútvn. og ég veit ekki til þess að neitt hafi á því staðið.

En ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði að ég taldi það ekki þjóna neinum tilgangi að vera að afhenda þennan lista fyrr en hann væri orðinn réttur. Þetta er nú einu sinni mjög viðkvæmt mál og það er mikið af misskilningi í gangi varðandi þessa kvótaskiptingu. Fjölmiðlar reyna að elta uppi öll erfið dæmi og elta lítið þá sem ánægðir eru — því alltaf eru einhverjir sæmilega ánægðir — en reynt hefur verið í miklum mæli að ala á óánægju í þessum málum eins og hægt er. Þess vegna höfum við talið rétt að bíða með slíka birtingu. En við höfum sem sagt sent þennan lista til þingsins og hann er nú heldur skárri en hann var í Morgunblaðinu en hann er samt ekki nógu góður því ýmsar leiðréttingar eiga eftir að koma þar fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 55. fundur.

Miðvikudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun frá skipum, frv. 134. mál (þskj. 171). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skipamælingar, frv. 135. mál (þskj. 172). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framsal sakamanna, frv. 122. mál (þskj. 152). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 152 er frv. til l. um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Frv. er flutt í tengslum við væntanlega aðild Íslands að samningi Evrópuráðsins um framsal sakamanna og tveimur viðbótarsamningum við hann og samningi Evrópuráðsins um gagnkvæma aðstoð í sakamálum skv. viðbótarsamningi við hann. Framangreindir samningar hafa verið undirritaðir af Íslands hálfu og verða fullgiltir verði frv. þetta að lögum. Að höfðu samráði við utanrrn. eru framangreindir samningar prentaðir sem fskj. með frv. þessu. Auk þess er á bls. 9—12 í grg. tekið saman yfirlit um efnislegt innihald samninganna.

Aðalefni frv. er um framsal sakamanna. Hér á landi gilda engin almenn lög um þetta efni en í 9. gr. almennra hegningarlaga eru nokkur efnisatriði um framsal sakamanna. Eru íslensku lögin nr. 7 frá árinu 1962. Á þeim voru gerðar breytingar með lögum nr. 44/1975. Eftir gildistöku laga um framsal sakamanna til hinna Norðurlandanna hefur skapast verulegt ósamræmi um framsal. Framsal er það viðamikil ráðstöfun að til þess ætti ekki að koma nema skv. skýrri lagaheimild.

Frv. þetta byggir á norrænni löggjöf um framsal, en náið samstarf var á milli hinna Norðurlandanna er þau endurskoðuðu eða settu almenn lög um framsal.

Frv. það sem hér er til umr. skiptist í fimm meginkafla. Í I. kafla er fjallað um skilyrði fyrir framsali, í II. kafla um meðferð framsalsmála, í III. kafla um aðrar ákvarðanir í tengslum við framsal, í IV. kafla um aðra aðstoð vegna reksturs sakamála og í V. kafla um sameiginleg lokaákvæði.

Eins og áður sagði fjallar I. kafli frv. um skilyrði framsals. Þau eru skv. frv. að viðkomandi maður sé í erlendu ríki grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir hinn refsiverða verknað. Þó er framsal aðeins heimilt fyrir verknað eða sambærilegan verknað sem getur varðað fangelsi í meira en eitt ár skv. íslenskum lögum. Á þetta bæði við þegar um er að ræða framsal til meðferðar máls og vegna fullnustu dóms.

Ef um er að ræða framsal vegna meðferðar máls þarf auk framangreinds skilyrðis að vera búið að taka ákvörðun í erlenda ríkinu um að sá sem óskað er framsals á skuli handtekinn eða fangelsaður fyrir viðkomandi verknað.

Ef um er að ræða framsal til fullnustu á refsingu þarf refsingin að vera a. m. k. fjögurra mánaða refsivist eða, ef vista á viðkomandi á stofnun samkv. dómi, verður dvöl hans þar að geta varað í a. m. k. fjóra mánuði.

Í 2. og 4.—10. gr. frv. eru ákvæði um í hvaða tilfellum framsal er óheimilt, að undantekinni 7. gr., þar sem heimilt er að synja um framsal ef ákvæði greinarinnar eiga við.

Í II. kafla frv. er fjallað um meðferð á beiðnum um framsal. Ákvæði frv. eru að flestu leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1962, um framsal sakamanna til hinna Norðurlandanna. Helsta frávikið frá þeim lögum er að í þessu frv. er ekki gert að skilyrði að rannsókn vegna framsalsmáls sé dómsrannsókn. Er það í samræmi við þróun rannsóknar í refsimálum hér á landi.

Í IV. kafla er ákvæði um atriði sem nauðsynlegt er að lögfesta svo hægt sé að fullgilda Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Efnisatriði í þessum kafla eru tvö. Í fyrsta lagi er ákvæði um að til að afla sönnunargagns til notkunar í refsimáli í öðru ríki sé heimilt að beita ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum á samsvarandi hátt og í sambærilegum málum sem rekin eru hér á landi.

Í öðru lagi er heimilað að maður sem fangelsaður er hér á landi eða sviptur frelsi skv. dómi vegna refsiverðs verknaðar skuli sendur til annars ríkis í yfirheyrslu sem vitni eða til sannprófunar. Í þessum kafla eru svo ákvæði um skilyrði til að hægt sé að verða við beiðni um framangreind atriði og um málsmeðferð.

Í lokakafla frv. er heimildarákvæði um að gera samning um framsal eða aðra gagnkvæma aðstoð í sakamálum með ákveðnum skilyrðum sem þó mega ekki ganga gegn ákvæðum frv. Rétt er að nefna að frv. sem slíkt, verði það að lögum, felur ekki í sér skyldu til framsals þó uppfyllt séu ákvæði þess, en framsalssamningar geta falið í sér skilyrði til framsals.

Í frv. er tekin sú afstaða til samninganna að þeir halda gildi sínu þótt frv. verði að lögum og ákvæði þeirra séu ekki í samræmi við ákvæði frv. Verði frv. að lögum er eðlilegt að í kjölfarið fylgi endurskoðun á samningum sem gerðir hafa áður verið við önnur ríki eða þeim verði sagt upp. Gildi lagasetningarinnar mundi takmarkast um of ef eldri samningar stæðu óbreyttir. Verði frv. þetta að lögum gilda samt áfram lög um framsal sakamanna til hinna Norðurlandanna.

Áður en endanlega var gengið frá frv. þessu var það sent nokkrum aðilum til umsagnar. Bárust ýmsar gagnlegar ábendingar frá ríkissaksóknara og fleirum. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur látið það álit í té að verði frv. að lögum muni það ekki hafa aukningu útgjalda í för með sér.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 222). — Frh. 1. umr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það má í sjálfu sér halda því fram að það kosningakerfi, sem felst í því frv. sem hér er til umr., sé meingallað. Það má gera á ýmsum forsendum. En það hefur einn mikinn kost, það er nefnilega langtum skárra en það kerfi sem við búum við núna. Það er ekki svo lítill kostur og nægir í rauninni til þess að mæla með frv. meðan ekki hefur náðst samstaða um annað betra. Af þessu leiðir að við Alþfl.-menn lítum á það, sem í þessu frv. felst, sem áfanga til réttrar áttar. Í annan stað felst í þessum orðum mínum að við lítum svo á að ef unnt reynist á þessu þingi að ná samstöðu um enn frekari úrbætur þá tökum við því fagnandi og erum til þess fúsir að vinna með öðrum að því.

Ég þarf tæpast við umr. um þetta frv. til laga um kosningar til Alþingis að minna á langa baráttu Alþfl. fyrir jöfnun kosningarréttar og frumkvæði hans og þátttöku í þeim úrbótum sem gerðar hafa verið í þeim efnum á hverjum tíma. Nú er nokkuð langt um liðið síðan seinast voru gerðar úrbætur í jöfnun kosningaréttar og hefur mjög horfið til rangrar áttar í millitíðinni. Þess vegna höfum við Alþfl.-menn líka margoft gert þetta að umtalsefni á undanförnum áratug eða jafnvel hálfan annan áratug. Það hefur ætíð verið stefnuskráratriði hjá Alþfl. að draga úr misrétti og auka jafnrétti að því er kosningarrétt varðar.

Það eru í rauninni mannréttindi að kosningarétturinn sé jafn. Íslendingum hefur gengið illa að uppfylla það skilyrði, svo ekki sé sterkar tekið til orða. Eins og kerfið hefur verið seinustu árin eða áratugina a. m. k. hafa menn búið við óviðunandi skerðingu á mannréttindum að því er kosningarrétt varðar.

Það er vitaskuld engin afsökun þó að misrétti ríki á öðrum sviðum. Misrétti á einu sviði getur ekki réttlætt misrétti á öðrum sviðum. Það á að leiðrétta misréttið hvar sem það birtist og hvaða nafni sem það nefnist. Af þeim sökum eru þau rök haldlaus t. d. að vegna hugsanlegs eða áþreifanlegs aðstöðumisréttis af ýmsu tagi, t. d. að því er varðar þjónustu, milli mismunandi hluta í landinu skuli menn láta óbreytt það misrétti sem ríkir í kosningarréttinum. En í þessu felst þá jafnframt að menn hljóta að gera þá kröfu að það misrétti, sem

ríkir í aðstöðu, sé líka leiðrétt eftir mætti og eins fljótt og frekast er unnt. Einmitt í þá veru gerði Alþfl. till. um það á s. l. vetri, þegar þessi mál voru til umfjöllunar, að stjórnmálaflokkarnir byndust samtökum um að snúa sér jafnframt að öðrum misréttismálum og úrlausn þeirra. Yfirlýsing þess efnis var samþykkt af hálfu stjórnmálaflokkanna og fylgdi frv. til l. um breytingar á stjórnskipunarlögum þegar það var lagt fram í fyrra. Þess vegna leggjum við líka áherslu á að sá þáttur samkomulagsins verði nú efndur og að menn snúi sér að því af fullu afli að taka á þeim málum sem í þeirri yfirlýsingu felast.

Í þeirri lotu sem leiddi til þess frv. sem hér er til umr. má segja að komið hafi fram þrjú meginviðhorf við upphaf málsins. Framsfl. tók þá afstöðu að flytja skyldi, ef svo má orða það, svonefnd uppbótarþingsæti á suðvesturhorn landsins og láta þar við sitja. Alþb. og Sjálfstfl. lýstu því strax við upphaf lotunnar yfir að þeir teldu það ekki rétta leið en töldu hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að fjölga þm. mjög verulega til að ná því ásættanlega markmiði sem þeir töldu að stefna þyrfti að. Í því sambandi voru oft nefndar tölur á bilinu 67—70 þm.

Strax við upphaf þessara viðræðna og þessarar umfjöllunar benti Alþfl. á að að því frágengnu að gera landið að einu kjördæmi eða stækka kjördæmin mjög verulega ætti að vera unnt að ná þeim jöfnuði, sem að virtist vera stefnt, með því að hafa þm. 63 svo framarlega sem úthlutunarreglum þingsæta yrði breytt. Jafnframt að með því að breyta úthlutunarreglum þingsæta og halda sig við þessa tölu þingsæta, 63, mætti í rauninni ná meiri jöfnuði en við enn frekari fjölgun þingsæta og óbreyttar reikniaðferðir við úthlutun þingsæta. Í reikniaðferðunum sjálfum var þannig og er fólgið mjög mikið misrétti sem næsta ókleift er að leiðrétta öðruvísi en að breyta úthlutunarreglunum sjálfum. Þessi sjónarmið urðu ofan á eftir ítarlega umfjöllun í öllum flokkum og þau móta það frv. sem hér liggur fyrir. Við Alþfl.-menn teljum það verulegan áfanga í sjálfu sér að menn hafi þannig tekið sér það tak að líta á úthlutunarreglurnar sjálfar og það misrétti sem í þeim hefur verið fólgið og leitast við að leiðrétta það með því að taka á vandamálinu þar sem það einmitt er.

Þingflokkur og flokksstjórn Alþfl. fjölluðu oft um þetta mál á s. l. vetri þar sem þessi sjónarmið flokksins og þau markmið um jöfnuð, sem við vildum stefna að, voru áréttuð. Við töldum að líta ætti á þann möguleika að gera landið að einu kjördæmi eða stækka kjördæmin en að því frágengnu yrðu menn að ganga til verksins eins og ég hef hér lýst. Ég sé ekki ástæðu til þess hér eða nú að rekja þessar samþykktir Alþfl. sérstaklega en vísa til ræðu minnar við afgreiðslu á frv. til stjórnskipunarlaga í fyrra varðandi þetta atriði.

Í þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, felst að mínum dómi tilraun til þess að draga verulega úr misrétti sem í gildi er í þjóðfélaginu. Í þessu frv. birtist hve langt menn náðu með bærilegu samkomulagi á s. l. vetri. Frv. ber þess vitaskuld merki að um málamiðlun er að ræða milli andstæðra sjónarmiða, bæði að því er byggðarlög varðar og að því er flokka varðar. Fæstir, kannske engir, hafa fengið nákvæmlega það sem þeir sóttust eftir heldur einungis hluta af því. Þetta er þess vegna spor í rétta átt en einungis áfangi að mínum dómi og að dómi okkar Alþfl.-manna.

Á þessu frv. eru vitaskuld hnökrar og ýmislegt sem menn geta hnotið um. Reglur, sem fylgt er, eru t. d. óþarflega eða óþægilega flóknar að mínum dómi og sum atriði virðast ekki með öllu sanngjörn eða fyllilega rökstudd. Af þessum sökum — og þetta gildir einkum að því er varðar úthlutun jöfnunarsæta — höfum við nokkurn fyrirvara um það atriði og við kysum að þar mætti betrumbæta og einfalda. Hins vegar var hér staðar numið í fyrra eins og frv. liggur fyrir og því skulum við halda meðan samkomulag hefur ekki náðst um annað betra og einfaldara.

Þetta frv. fer nú til skoðunar í sérstaklega kjörnum nefndum. Ég vænti þess að sú athugun verði vönduð og vendileg en þó fljótvirk því að það á ekki og má ekki draga lengi að ganga frá þessu máli. Ég get fyllilega tekið undir þau sjónarmið sem komu fram fyrr í umr. um þetta mál að óeðlilegt er að Alþingi sitji á öðrum grundvelli og ósanngjarnari en þeim sem menn hafa náð samkomulagi um, sitji löngum á þeim grundvelli, enda hefur venjan verið sú að gengið yrði eins fljótt og mögulegt er til kosninga eftir að gengið hefur verið frá stjórnarskrárbreytingu og kosningalagabreytingu í sambandi við það. Ég skal ekki fara lengra inn á þá sálma, herra forseti, en gangur þess máls var rakinn mjög ítarlega í umr. fyrir tveim dögum.

Kostir frv., sem hér liggur fyrir, felast annars vegar í því að ná betri jöfnuði milli stjórnmálaafla í landinu og hins vegar í því að draga úr misrétti milli landshluta ef við eigum að halda okkur við hin einföldustu grundvallaratriði sem geta talist sérstakir kostir frv.

Um önnur atriði var í sjálfu sér ekki jafn ítarlega fjallað í umfjöllun stjórnmálaflokkanna á sínum tíma og nefni ég þar atriði eins og það sem venjulega hefur gengið undir nafninu persónukjör. Í þeim efnum náðu stjórnmálaflokkarnir tiltölulega skammt í fyrra og vissulega væri ástæða til að gefa því máli sérstakan gaum og auka valfrelsi kjósenda, bæði frá því sem í gildi er og frá því sem í þessu frv. er. Við hefðum talið það bæði æskilegt og eðlilegt að farið yrði í það nú að leita eftir samstöðu um aukið valfrelsi í þessum efnum.

Varðandi reikniverkið sjálft í því kosningakerfi, sem hér er lagt til vil ég vísa til mjög ítarlegrar grg. sem fylgir þessu frv. og ekki gera það frekar að umtalsefni á þessu stigi þó að ástæða kynni að vera til þess, tel að ýmsu leyti eðlilegra að sú umfjöllun fari að verulegu leyti fram í hinum sérkjörnu nefndum.

En hins vegar vil ég enn og aftur minna á þá yfirlýsingu sem fylgdi því samkomulagi sem gert var í fyrra um það að þingflokkarnir mundu beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár, m. a. að fá sveitarfélögunum meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna á þeirra eigin málum aukin óháð búsetu þeirra. Jafnframt að þingflokkarnir muni beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.

Þessi yfirlýsing er í sannleika tvíþætt. Annars vegar varðar hún stjórnarskráratriðið og hins vegar varðar hún efnahagsleg og félagsleg atriði sem eru utan stjórnarskrár.

Að því er hið síðara varðar er ekkert því til fyrirstöðu að á því sé tekið óháð því hvernig endurskoðun stjórnarskrárinnar miðar. Ég vil gera það að till. minni

að forustumenn stjórnarflokkanna, þ. e. annars vegar 1. flm. þessa frv. og í annan stað 2. flm. þessa frv., hæstv. forsrh., hafi frumkvæði og forustu um það starf sem þarf að inna af hendi í þessu sambandi. Get ég þessa sérstaklega til þess að ýta á eftir því að þetta starf verði unnið og tel eðlilegt að forustan hvíli á þessum höndum með tilliti til þess að hér þarf sjálfsagt að gera ýmsar athuganir sem eðlilegt er að ríkisstj. standi undir að því er kostnað varðar.

Um hið fyrra atriði, afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár og það sem því fylgir, vil ég minna á að Alþfl. lagði á það áherslu í fyrra að stjórnarskráin í heild sinni yrði afgreidd samhliða þeirri breytingu sem væri verið að semja um og gera á þeim atriðum sem vörðuðu kosningarréttinn í landinu. Þetta varð ekki ofan á í fyrra. Ekki var meiri hluti fyrir því í þinginu. En við erum enn þessarar skoðunar, Alþfl.-menn, að bæði sé æskilegt og nauðsynlegt að hin endurskoðaða stjórnarskrá komi sem allra fyrst til umfjöllunar í þinginu. Ég vil jafnframt upplýsa að þingflokkur Alþfl. hefur þegar svarað þeirri málaleitan sem formaður stjórnarskrárnefndar beindi til þingflokkanna fyrir jól um umsögn um frv. eins og það liggur nú fyrir. Þeirri málaleitan var beint til þingflokkanna með bréfi frá stjórnarskrárnefnd og þingflokkur Alþfl. hefur svarað því sömuleiðis með bréfi.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða öllu frekar um þetta frv. á þessu stigi en ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að þó að menn geti kannske talið þetta frv. að ýmsu leyti gallað hefur það einn yfirgnæfandi kost, það er miklu betra en það kerfi sem við höfum búið við. Meðan ekki hefur annað betra fundist, sem náðst hefur samstaða um, er þetta ærin og næg ástæða til að mæla með samþykkt þess.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. er fyrir margra hluta sakir merkilegt. Ekki þó endilega vegna þess að hér sé mjög gott eða þarft mál á ferðinni, heldur vegna þess aðdraganda sem það átti hér á Alþingi og þeirra vinnubragða sem hv. alþm. viðhöfðu við framgang þess.

Það er athyglisvert að á annatíma hér á s. l. þingi krunkuðu formenn þáv. þingflokka sig saman og skriðu undir feld. Undir feldinum var lítið rætt um mannréttindi og jafnan rétt þegnanna en þeim mun meira pískrað um jafnræði og jafnan rétt pólitískra hlutafélaga og stofnana. Og síðan sömdu þessir herrar á heimspekilegum grundvelli meistara Altungu, það er að nefið sé skapað fyrir lonníetturnar, og þá fólkið fyrir flokkana. Þessi sáttmáli samtryggingar flokkakerfisins varð síðan þingheimi eðlilegt tilefni til að rjúfa þing og boða til kosninga.

Nú er það engan veginn ámælisvert að upplýst fólk semji um ágreiningsmál sín. Leita verður málamiðlana og freista þess að ná samkomulagi sem flestir geta sætt sig við. En hér var ekki verið að fjalla um vegáætlun eða opinberar framkvæmdir fyrir vestan, norðan, austan eða sunnan, heldur stjórnarskrána, grundvallarreglur samfélags okkar, og það verður ekki séð að stjórnmálaflokkar eða fulltrúar þeirra á Alþingi hafi umboð til þess að semja þar um eitt eða neitt í nafni þjóðarinnar.

Nú vilja vafalaust margir benda á að í kosningum feli kjósendur tilteknum flokkum umboð sitt. Þetta er rétt að því marki sem stefnuskrár flokkanna eru skýrar, skiljanlegar og marktækar.

Það verður hins vegar ekki séð að frambjóðendur flokkanna hafi notað tímann fyrir síðustu kosningar til þess að leita eftir umboði kjósenda sinna til að samþykkja stjórnarskrárbreytinguna, sem var þó tilefni kosninganna. Það hlýtur að vera einsdæmi í sögunni að stjórnmálamenn bindist samtökum um að smygla í gegnum kosningar stjórnarskrárbreytingum.

Í stjórnmálaumræðu ríkisfjölmiðlanna var, eftir því sem ég best veit, hvergi að þessu aðalmáli kosninganna vikið af öðrum en frambjóðendum Bandalags jafnaðarmanna. Menn voru að kjósa um verðbólguna og álmálið. Ekki ætla ég að gera lítið úr þessum málum og vafalaust var full ástæða til að gera þau að málum kosninganna. Þetta mátti vera öllum ljóst og þess vegna verður tilefni kosninganna enn ámælisverðara. Hvers vegna á þjóðin ekki að fá tækifæri til að ræða pólitísk réttindi sín? Hvers vegna ganga stjórnmálamenn í gegnum kosningar með stjórnarskrárbreytingu í rassvasanum? Þetta eru ámælisverð vinnubrögð og mér liggur við að segja að hv. Alþingi hafi með þessum vinnubrögðum haft stjórnarskrána í flimtingum með pukri og ósæmandi hrossakaupum um hlutdeild pólitískra hlutafélaga í lífi fólksins í landinu.

Ekki verður annað séð en stjórnarskrárbreytingunni, það er ákvæðið um fjölgun þm. og sú varta sem út úr henni hefur vaxið og er hér á dagskrá, hafi fyrst og fremst verið ætlað að tryggja, að þeir hv. þm. er sátu í þessari virðulegu stofnun á síðasta þingi gætu átt afturkvæmt í stólana. Samtrygging af þessu tagi er óþolandi ósvífni og óréttur gagnvart þegnunum.

Herra forseti. Nútíma samfélag er flókið, en íslenskt samfélag er fámennt og ætti sú staðreynd að vega nokkuð þar á móti. Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa og eðlileg að sambandið á milli kosninga, kjósenda og Alþingis, landsstjórnar, sé augljóst. Þess vegna eru reikningskúnstir af því tagi sem hér eru boðaðar af hinu vonda. Fjölgun þm. er tilgangslaus og virðist fyrst og fremst miðuð við þarfir stjórnmálaflokkanna, en ekki aukinn rétt kjósenda. Það verður enda ekki á það fallist að setja megi jafnaðarmerki á milli kjósenda annars vegar og stjórnmálaflokka hins vegar. Ég efast stórlega um að stjórnmálaflokkar, eins og við þekkjum þá, eigi nokkurt erindi í farangri okkar inn í framtíðina.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja áherslu á að Alþingi á ekki að gerast dómari í eigin málum. Af öllum árum er þetta ár best til þess fallið að Alþingi freisti þess að ná sáttum við þjóðina í stjórnarskrármálum. Þess vegna á að setja þjóðfund Alþingi til ráðuneytis við endurskoðun og breytingar á stjórnarskránni. Til hans á að kjósa með fullkomlega jöfnum atkvæðarétti og kjörgengi allra 18 ára og eldri. Til þess fundar á að vísa þeirri undirbúningsvinnu sem stjórnarskrárnefnd hefur unnið og þeim málum sem liggja fyrir í deildum þingsins og snerta þetta svið.

Herra forseti. Á það verður ekki fallist að stjórnmálaflokkar, sem hafa innan vébanda sinna allir til samans færi félaga en t. d. Verslunarmannafélag Reykjavíkur, fjalli um stjórnarskrána sem heimilismál sitt.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Nú er árið 1984 og það er fróðlegt að velta því fyrir sér hvað ætla

megi að langt líði á milli breytinga á kosningalögum. Þetta eru mikil átakamál og þó að þau valdi e. t. v ekki miklum átökum með þjóðinni valda þau sýnu meiri átökum með stjórnmálahreyfingunum í landinu. Það er ekki fjarri lagi að ætla að menn treysti sér í þetta 4—5 sinnum á öld, a. m. k. er aldarfjórðungur síðan síðast var tekið á þessu máli.

En hvaða ár verður eftir 25 ár? Þá erum við komin vel inn á 21 öldina. Þá er spurningin: Hvaða hugmyndir munu þá ríkja um lýðræðislega framvindu og aðferðir og samband fólks og stjórnvalda? Alls staðar hefur þeirri skoðun farið vaxandi fylgi að fólkið sem ákvörðun hefur áhrif á eigi að taka þátt í að taka þá ákvörðun. Þess sjást víða merki og ég kem að því hérna síðar. Við hérna heima erum gjarnan minnt á það í auglýsingum ýmissa samtaka verslunarmanna um námskeið um nýja hætti í stjórnun fyrirtækja. Þar er lögð á það grundvallaráhersla, og gjarnan talað um japanska undrið, að starfsfólk og stjórnendur í hverju fagi sem er eigi að vinna saman og hafa náið samstarf um ákvarðanatöku og framkvæmd. Þetta gengur undir ýmsum nöfnum, gæðahringir og fleira og fleira.

Það sem um er að ræða er sem sagt að það eru að verða breytingar á framkvæmd stjórnunar og framkvæmd lýðræðis í stórum einingum og smáum og fulltrúalýðræðið eins og við þekkjum það er á sumum stöðum á vissu undanhaldi. Það er kannske ekki einkennilegt. Það á uppruna sinn á þeim tíma þegar það tók 3—4 vikur að komast til þings á Íslandi. Í öðrum löndum gat það tekið miklu lengri tíma og menn gátu lent í ýmsu á leiðinni. Ekki var því beinlínis ætlast til þess að menn stæðu í sífelldu sambandi við kjósendur sína. Þeir fóru til þings og sátu þar og tóku þær ákvarðanir sem talið var að þyrfti að taka.

Það sem er að taka í síauknum mæli við af þessari framkvæmd er það sem hefur verið kallað þátttökulýðræði þar sem fólkið sem ákvörðunin hefur áhrif á tekur þátt í að taka ákvörðunina. Við sjáum greinilegust merki um þessa stefnubreytingu í ýmsu sem varðar ákvarðanatöku á heimaslóð. Við sjáum þetta í mörgum löndum í breytingum á stjórnarháttum sveitarfélaga, þar sem fólk kýs annaðhvort yfir sig eða ofan af sér ýmsa þjónustu. Þeir lentu í því í smáborg við San Francisco fyrir nokkrum árum að kjósa af sér slökkviliðið. Þeir kusu það svo yfir sig aftur eftir að kviknað hafði í og þeir komust að raun um að betra væri að hafa það.

Sama gildir um samtök sveitarfélaga, fylki eða ömt þar sem íbúar og stjórnvöld þeirra hafa tekið sig saman um að ráða sínum eigin málum. Við sjáum þetta líka í minni einingum innan sveitarfélaga þar sem hverfasamtök, íbúasamtök og jafnvel samtök um sérmálefni, samtök kennara, samtök foreldra og aðstandenda nemenda við skóla, taka sífellt meiri þátt í mótun þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Þetta eru dæmi um þátttökulýðræði á heimaslóð.

Við sjáum þetta líka í stærri einingum t. d. í Bandaríkjunum. Við sjáum starfsemi fylkjanna. Það hefur verið gerð úttekt og borin saman starfsemi á fylkisþingum og starfsemi á ríkisþinginu í Washington. Það er hald margra manna að sífellt meira af ákvörðunum sem skipta máli bæði í litlu og stóru fyrir bandaríska þegna sé tekið á fylkisþingum. Það fækkar tiltölulega mikilsverðum ákvörðunum sem eru teknar á ríkisþinginu í Washington og fylkin eru í auknum mæli að taka sjálf að sér ákvarðanatöku í málum sem þau varða mest.

Það er tímaspursmál hvenær þessarar valddreifingar eða þessara breyttu vinnubragða fer að gæta meir á löggjafarþingum ríkjanna sjálfra. Sumir segja að þess sé þegar farið að gæta. Það eru allar forsendur fyrir því að taka upp nokkuð breytta hætti. Frá því að grundvallarreglur fulltrúalýðræðisins voru mótaðar hefur menntun kjósenda aukist. Það hafa batnað samgöngur. Það hefur batnað samband bæði fólksins innbyrðis og upplýsingastreymi milli stjórnvalda og kjósenda og samskipti fólks á allan hátt hafa aukist til mikilla muna. Þessu veldur ný tækni, sem gerir fólki kleift að menntast og fræðast á miklu markvissari og fjölbreytilegri hátt en áður, og þessu ráða líka ný viðhorf sem eins og ég sagði áðan gætir á ýmsum stigum stjórnkerfisins í stórum einingum og smáum. Og nú spyrjum við okkur: Ef við erum í þann veginn að samþykkja mikilvæg lög um samskipti þegna og stjórnvalda í þessu landi, hversu lengi munu þessi lög gilda? Ég hef sagt, og ég tel að það sé ekki rangt, að þessum kosningalögum verði ekki breytt á næstu einum eða tveimur áratugum. Þá erum við að setja lög til langframa um morgundag sem við vitum í raun og veru ekkert um hvernig lítur út.

Ef við reynum að meta hvað við getum áætlað að gerist á Íslandi í þessum málum á næstunni getum við spurt okkur í fyrsta lagi: Hvað einkennir lýðræðislega framkvæmd á Íslandi í dag? Stjórnkerfið ber mjög glögg merki stjórnmálaflokkanna. Angar þeirra eru um allt stjórnkerfið, í sveitarstjórnum, í ríkiskerfinu, í peningastofnunum, bönkum og framkvæmdastofnunum. Angar stjórnmálaflokkanna ná inn á svið lista og menningarmála. Það eru átök í samtökum rithöfunda. Það eru átök í ríkisfjölmiðlum sem menn rekja stundum til stjórnmála. Síðast urðu átök í útvarpsráði um leiðréttingar Jóns Múla sem menn telja að séu af flokkpólitískum uppruna. Það eru átök í íþróttahreyfingum og íþróttafélög notuð í kosningum og pólitísku skyni. Það eru átök í menningarstarfsemi. Ég held að það hafi aldrei verið meiri titringur og virkari starfsemi í Leikfélagi Kópavogs, sem ég var félagi í á sínum tíma, heldur en þegar uppi voru væringar fyrir einar stjórnarkosningarnar í félaginu og það var spurning um hvort sjálfstæðismenn eða framsóknarmenn fengju meiri hluta í stjórn Leikfélags Kópavogs.

Angar þessara kolkrabba eru sem sagt út um allt. Spurningin er þá: Er eitthvað að breytast, eru einhverjir straumar, erum við að fara á einhvern hátt í svipaða átt og ég var að lýsa að væri að gerast víða í löndunum í kringum okkur? Það hefur ýmislegt breyst. Í fyrsta lagi hafa prófkjörin haft áhrif á pólitíkina. Nú eru þm., a. m. k. margir hverjir, með eigin aflstöðvar. Þm. sem hefur 10 þús. manna fylgi á bak við sig hefur visst sjálfstæði sem gerir honum t. d. fært að bjóða flokksforustunni byrginn. Þetta sést t. d. í Bandaríkjunum þar sem flokkarnir eru raunar orðnir formlegar hakkavélar til að merkja og spýta út úr sér frambjóðendum sem eru sundurleitir. Þannig má telja að prófkjörin hafi haft viss áhrif á íslenska pólitík og spurning um hvort svo á ekki eftir að verða áfram og eigi jafnvel eftir að aukast.

Hér hefur fólk sömuleiðis, íslenskir kjósendur, hafnað leiðsögn eða forustu hinna klassísku stjórnmálaflokka á vissan hátt, t. d. í síðustu kosningum. Þá sneri

6. eða 7. hver kjósandi baki við gömlu flokkunum sem við köllum.

Það er hugsanlega fleiri dæmi um að stórveldi flokkanna séu að gliðna á saumum. Um það má jafnvel finna ýmis merki. Við getum t. d. tekið Búnaðarbankamálið. Við höfum nýlegt dæmi af hæstv. fjmrh., sem stóð af sér flokksvél og valdamikinn fjölmiðil um síðustu helgi í krafti sinnar eigin aflstöðvar, sem er fylgi fólks.

Alþýðusamband Íslands hafnaði leiðsögn Alþb. í samningamálunum um daginn. Svona mætti ýmislegt telja upp, ef menn væru að reyna að gera sér grein fyrir hvaða tilhneigingar væru í áhrifum stjórnmálaflokkanna á þjóðlífinu.

En það er fleira en flokkarnir sem einkennir lýðræðislega framkvæmd á Íslandi. Það er ákveðið kerfi sem þeir vinna í. Það er miðstýringarkerfi sem lýsir sér í mikilli miðstýringu á allan hátt. Við höfum miðstýringu efnahagsmála. Við höfum virka miðstýringu í sjávarútvegsmálum. Við höfum hana í verðlagsmálum, t. d. verðlagsmálum landbúnaðarins. Við höfum hana í skólamálum. Við höfum hana í vegamálum. Og maður sér ýmis merki þess að þeir sem fyrir þessari miðstýringu verða vilja gjarnan losna undan henni. Þannig gera sveitarstjórnarmenn sífellt meiri kröfur um forræði í eigin málum, atvinnurekendur mótmæla miðstýrðum rekstrargrundvallarræflum, fjöldi verkafólks t. d. er þessa dagana að mótmæla miðstýrðum samningum og útvegsmenn mótmæla miðstýrðum kvótakerfum. Þannig held ég að ákveðin merki séu um það innanlands að það séu að verða breytingar á þeim hugmyndum sem almenningur gerir sér um samskipti stjórnvalda og þess sjálfs.

Þá er spurningin: Hvernig eiga menn að bregðast við þessu? Við sjáum þetta gerast í kringum okkur. Við teljum okkur sjá merki um að þetta sé að gerast hér. Þá er spurningin: Hvað eigum við að gera? Hvers vegna að vera að taka upp slíka umræðu í sambandi við kosningalög? Ég held að það sé nauðsynlegt vegna þess að kosningalög eru kannske af einstökum þáttum þessa máls það sem mest hefur áhrif.

Við höfum gert stjórnmálaflokkana hérna svolítið að umræðuefni. Disraeli sagði að flokkur væri skipulögð skoðun og hafði sitthvað til síns máls. Þær breytingar sem hafa orðið á upplýsingum fólksins og möguleikum fólks til samskipta sín á milli, eins og ég sagði áðan, valda því að skoðanamyndun mun taka og er farin að taka mjög miklum breytingum og það eru farin að vaxa þúsund blóm í görðum þar sem áður uxu einungis fáir kaktusar. (**Gripið fram í:** Og von um blómvendi.) Og von um blómvendi.

Þessar breytingar eru að verða og það verður að taka tillit til þeirra. Ég held að fólk láti sér ekki lynda leiktjöld sem flokkar setja upp fyrir kosningar. Við þekkjum þetta öll og við þurfum ekki að vera að rekja um það nein ákveðin dæmi. Lagasetning verður að taka mið af þessum hreyfingum og þreifingum og það er ekki nóg að lýsa yfir almennum vilja til þess. Menn verða að sýna að þeir ætli að taka á málunum. Ég hef gert þetta að umræðuefni vegna þess að við verðum að líta á þann veruleika sem við lifum í og væntingar fólksins í kringum okkur og við verðum að sýna sveigjanleika til þess að taka þeim breytingum sem verða á næstunni.

Í þessu frv., sem nú hefur komið úr píramídum flokkakerfisins, er ekki neitt svigrúm til að taka við þessum breytingum. Ég held að breytingarnar í frv. horfi ekki til þeirrar framtíðar og taki ekki mið af þeim breytingum sem eru að verða á hugmyndum fólks um framkvæmd lýðræðis.

Það er í ljósi þess kannske eðlilegt að fyrir frv. var mælt í skjóli náttmyrkurs rétt fyrir jólin. Það er ágætt framhald á því að því var smyglað í rassvasanum í gegnum síðustu kosningar. Þá var, eins og hv. þm. Kristófer Már Kristinsson kom að, þing rofið um hávetur vegna stjórnarskrárbreytinga, vegna þess að það átti að gera breytingar á þessum grundvallaratriðum, en síðan hófst kosningabarátta og síðan fóru fram kosningar og það minntist ekki nokkur maður á þessi mál. Kosningarnar snérust alls ekki um þetta. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki rétt.) En þeir ræddu það aðeins hæstv. þm. Karvel Pálmason og félagar fyrir vestan. (**Gripið fram í:** Hv. bara, það er ekki meira.) Allur er varinn góður.

Þá sjáum við hvers virði mönnum voru þau mannréttindi sem kosningarnar áttu að snúast um. Réttlætingin fyrir kosningum um miðjan vetur og ferðum um fanndrifin fjöll og firnindi í snjó og óveðri var að ójöfnuður atkvæðisréttar átti að jafnast úr 4 á móti 1 í 2.5 á móti 1. Það er bara alls ekki nóg. Málið snýst ekki um það, að gefnum þeim forsendum sem ég ræddi hérna í byrjun um þær almennu væntingar og þær almennu hræringar sem eru á öllum sviðum samskipta fólks og stjórnvalda. Þá fara menn ekki í kosningar upp á það hvort mesta misvægi atkvæðisréttar breytist úr 1 á móti 4 í 1 á móti 2.5. Málið snýst um allt annað. Það verður að líta á stjórnkerfið, það verður að líta á starfsemi Alþingis og kosningar til þess, það verður að líta á starfsemi ríkisstj. og kosningar til hennar, það verður að líta á starfsemi sveitarstjórnanna og kosningar til þeirra og það verður að líta á hlutverkaskiptingu ríkis og sveitarstjórna, það verður að líta síðan á áframhaldandi valddreifingu og samskipti í þeim smærri einingum, sem eru til meðal sveitarstjórnanna, og í þessu samhengi á að taka þessi mál og það á ekki að samþykkja plástra af því tagi sem hér er til umr. fyrr en menn hafa einhverjar hugmyndir í málinu í heild. Í þessu frv. er engin breyting. Í raun og veru er engin eðlislæg breyting í aðsigi með þessu. Það misrétti sem ríkir eða skekkjurnar í stjórnkerfinu lagast ekki með þessu. Þess vegna hlýt ég að lýsa andstöðu við þetta frv. vegna þess að samþykkt þess mundi drepa þessa umr. í aldarfjórðungs dróma.

Ræðum nánar um þetta mál. Eins og hv. þm. Kristófer Kristinsson kom að hérna í byrjun hafa fallið ýmis gullkorn í umr. um kosningalögin, hvort sem þær urðu á þinginu í vor, þegar verið var að smala þm. inn í réttina, eða hafa orðið núna, þegar menn hafa verið að mæla fyrir þessu máli. Í öll skiptin hafa forustumenn flokkanna talað blygðunarlaust um að þessi og þessi regla eða þetta og þetta atriði fullnægi ekki flokkunum og flokkurinn gæti ekki samþykkt þessa og þessa till., ekki vegna þess að það væri ágreiningur um lýðræði eða ágreiningur um misvægi heldur væri þetta spurning um að flokkurinn gæti ekki fallist á málið vegna breytingar á þingmannafjölda. Eftir að hafa hlýtt á svona umr. er hreinlega spurning hvort þm. eigi að ráða þessu og leiðrétta þetta mál sjálfir. Harðorðir menn mundu eflaust segja sem svo, að þeir ættu ekki að dæma þarna í eigin sök. Þess vegna er spurning hvort ekki ætti að flytja frv. um þjóðfund í sumar, nokkurs konar

stjórnlagaþing, sem yrði kosið til með hníflöfnum atkvæðisrétti allra landsmanna og þannig yrði fenginn lýðræðislegur vettvangur til þess að skapa umræðu sem aldrei hefur fengið að fara fram meðal þjóðarinnar um þetta mál. Þannig væri kannske hægt að fá álit þjóðarinnar og út frá því gætu menn um málið fjallað. Þjóðinni var nefnilega neitað um þessa umr. í fyrravetur af því að þá var þessu skotið inn á milli bagga og því var leynt í farangri frambjóðendanna sem þá fóru um landið.

Þegar flm. hafa mælt fyrir frv. núna hafa ýmis gullkorn fallið. Einn flm. sagði efnislega eitthvað á þá leið að það tryggði eðlilegt misvægi atkvæða eftir búsetu. Um þetta mætti lengi fjalla. Hvað er eðlilegt misvægi? Ef menn fara að meta eðlilegt misvægi atkv. þarf að meta verðgildi atkv. Og hvernig metum við verðgildi atkv.? Það er ekkert til til þess að miða verðgildi atkv. við. Þetta er einn helgasti réttur okkar og við höfum ekkert gengi á honum.

Einhver flm. sagði að ákveðnar reglur í frv. hömluðu gegn því að flokksbrotin yrðu of mörg. Fyrir utan viðhorfið sem kemur fram í því að tala um flokksbrot, þá getur maður spurt sig: Af hverju eiga stórir flokkar, sem eru fyrir, að setja reglur sem hamla gegn fjölgun flokka? Er það ekki svipað og setja reglur sem hamla gegn fjölgun skoðana og þá að setja reglur sem koma í veg fyrir skoðanamyndun? Er einhver tiltekin tala eðlilegur fjöldi skoðana í landinu? Eigum við að segja að það sé eðlilegt að hafa fjóra farvegi fyrir skoðanir eða það sé eðlilegt að hafa 6 eða 8 eða 10? Þetta er held ég erfitt að meta. Menn geta spurt sig því fjöldi framboða og fjöldi flokka fer eftir því hvernig skoðanir liggja í samfélaginu. Ef framboðum, ef listum fjölgar, þá er það merki um að leiðir eru að skiljast. Annaðhvort eru að koma fram ný sjónarmið eða sjónarmið sem ekki hafa talið að þeim væri sinnt í því kerfi sem fyrir er fá sérstöðu. Það á ekki að setja lög sem banna slíkt.

Ef við setjum lög sem takmarka, eins og viðkomandi formaður sagði, og hamla gegn því að flokksbrotin verði of mörg erum við að verðfella atkvæðisrétt þess fólks sem kýs þessa flokka, jafnvel þó þeir séu litlir. Sjónarmið þess fólks hljóta að vera jafngild öðrum sjónarmiðum, sem menn hafa sem kjósa stóru flokkana, og það á að hafa nákvæmlega sama möguleika á að koma fulltrúum sinna sjónarmiða á þing og hinir.

Ég sagði áðan að ef listum, flokksbrotum og framboðum fjölgar í landinu, þá er það vísbending um að skoðunum er að fjölga og skoðanir eru að breytast. Það á ekki að setja lög sem banna það.

Svo er það allur vandræðagangurinn út af fjölgun. Fyrir kosningar hét það fjölgun framboða. Í stjórnarmyndunarviðræðum var það vandræðagangur vegna þess að það voru orðnir svo margir þingflokkar sem þurftu að taka þátt í stjórnarmyndun. Í þingstarfseminni er vandræðagangur vegna þess að það eru svo margir þingflokkar sem ríkisfjölmiðlarnir þurfa að skýra frá að þeir gefast yfirleitt upp gagnvart því. Þetta er eins og vandræðagangur og vandlætingartal sem yrði í settlegri, uppkominni fjögurra manna fjölskyldu ef þar skyndilega fjölgaði nú. Þá yrði jafnvægið ruglað og menn lentu í vandræðum. Ég tel þetta vandlætingar — og vandræðatal út af fjölgun flokksbrota lítilsvirðingu við skoðanir fólksins í landinu.

Ein aths. frá flm. var sérlega góð. Þar var rætt um kosti frv. Þá sagði einn flm. — ég man því miður ekki hver hann var — þegar var rætt um kosti frv.: Í fyrsta lagi tryggir frv. jöfnuð milli flokka. Þetta segir okkur í raun og veru allt sem þarf.

Ég er á móti þessu frv. í fyrsta lagi vegna þess að þjóðin hefur ekki fengið tækifæri til þess að ræða þetta mál, í öðru lagi vegna þess að vandamál lýðræðis á Íslandi lagast ekki með aldarfjórðungsframlengingu á misrétti atkvæða, í þriðja lagi lagast vandamál stjórnkerfisins á Íslandi ekki með þessu máli og þar með sú efnahagslega kreppa sem hér ríkir og í fjórða lagi er valfrelsi kjósenda til þess að hafa áhrif á lista og raða á lista ekki rýmkað. Það sem hlýtur að vera verkefni Alþingis á þessu sviði er að ná algjöru jafnræði atkvæða án tillits til búsetu, þ. e. einn maður — eitt og jafnt atkv. Það þarf reglur um heimastjórn landsvæða, um heimastjórn samtaka, sveitarstjórna, fylkja eða amta og reglur sem tryggi raunverulegt þátttökulýðræði fólksins í landinu sem við eigum að vera að fást við í þessum efnum, en ekki að setja svolítinn plástur sem breyti misréttinu á 1 móti 4 í misréttið á 1 móti 2.5.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Land og fólk eru forsenda ríkis. Þjóð sem ekki hefur land getur aldrei myndað ríki. Ísland varð til vegna þess að flóttamenn settust hér að og náðu samkomulagi um vissa yfirstjórn sinna mála.

Ég hygg að í þeirri umr. sem hér fer fram séu það þrjú meginatriði sem menn verða að gera sér grein fyrir. Í fyrsta lagi: Hvaðan komum við? Í annan stað: Hvar erum við? Og í þriðja stað: Hvert stefnum við? Því miður virðist mér að sú umr. sem hér hefur farið fram hafi ekki byggst á því að menn hugleiddu á nokkurn hátt hvaðan þeir kæmu, því síður hvar þeir væru og alls ekki með neinni umhugsun um hvert þeir stefndu. Hér hafa fyrst og fremst verið barðar bumbur undir kjörorðinu að það séu mannréttindi sem séu á dagskrá.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér upp úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna til þess að þm. geti sjálfir dæmt eftir eigin samvisku hversu miklir mannréttindamenn þeir eru.

1. gr.: Hver maður er borinn frjáls og jafn öðrum að virðingu og réttindum. Menn eru gæddir vitsmunum og samvisku, og ber þeim að breyta bróðurlega hverjum við annan.

2. gr.: Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands þeirra eða landsvæðis, þjóðréttarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu.

3. gr.: Allir menn eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.

4. gr.: Engan mann skal hneppa í þrældóm né nauðungarvinnu. Þrælahald og þrælaverslun, hverju nafni sem nefnist, skulu bönnuð.

5. gr.: Enginn maður skal sæta pyndingum, grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

6. gr.: Allir menn skulu, hvar í heimi sem er, eiga kröfu á að vera viðurkenndir aðilar að lögum.

7. gr.: Allir menn skulu jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á jafnri vernd þeirra, án manngreinarálits. Ber öllum mönnum réttur til verndar gegn hvers konar misrétti, sem í bága brýtur við yfirlýsingu þessa, svo og gagnvart hvers konar áróðri til þess að skapa slíkt misrétti.

8. gr.: Nú sætir einhver maður meðferð, er brýtur í bága við grundvallarréttindi þau, sem tryggð eru í stjórnarskrá og lögum, og skal hann þá eiga athvarf hjá dómstólum landsins til þess að fá sinn hlut réttan.

9. gr.: Ekki má eftir geðþótta taka menn fasta, hneppa þá í fangelsi eða varðhald né gera útlæga.

10. gr.: Nú leikur vafi á um réttindi þegns og skyldur, eða hann er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi, og skal hann þá njóta fulls jafnréttis við aðra menn um réttláta, opinbera rannsókn fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.

11 gr.: Hvern þann mann, sem borinn er sökum fyrir refsivert athæfi, skal telja saklausan, uns sök hans er sönnuð lögfullri sönnun fyrir opinberum dómstóli, enda hafi tryggilega verið búið um vörn sakbornings. Engan skal telja sekan til refsingar, nema verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, varði refsingu að landslögum eða þjóðarétti á þeim tíma, er máli skiptir. Eigi má heldur dæma hann til þyngri refsingar en þeirrar, sem að lögum var leyfð, þegar verknaðurinn var framinn.

12. gr.: Eigi má eftir geðþótta raska heimilisfriði nokkurs manns, hnýsast í einkamál hans eða bréf, vanvirða hann eða spilla mannorði hans. Ber hverjum manni lagavernd gagnvart slíkum afskiptum eða árásum.

13. gr.: Frjálsir skulu menn vera ferða sinna og dvalar innan landamæra hvers ríkis. Rétt skal mönnum vera að fara af landi burt, hvort sem er af sínu landi eða öðru, og eiga afturkvæmt til heimalands síns.

14. gr.: Rétt skal mönnum vera að leita og njóta griðlands erlendis gegn ofsóknum. Enginn má þó skírskota til slíkra réttinda, sem lögsóttur er með réttu fyrir ópólitísk afbrot eða atferli, er brýtur í bága við markmið og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna.

15. gr.: Allir menn hafa rétt til ríkisfangs. Engan mann má eftir geðþótta svipta ríkisfangi eða rétti til þess að skipta um ríkisfang.

16. gr.: Konum og körlum, sem hafa aldur til þess að lögum, skal heimilt að stofna til hjúskapar og fjölskyldu, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða. Þau skulu njóta jafnréttis um stofnun og slit hjúskapar, svo og í hjónabandinu. Eigi má hjúskap binda, nema bæði hjónaefni samþykki fúsum vilja. Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins, og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana.

17. gr.: Hverjum manni skal heimilt að eiga eignir, einum sér eða í félagi við aðra. Engan má eftir geðþótta svipta eign sinni.

18. gr.: Allir menn skulu frjálsir hugsana sinna, sannfæringar og trúar. Í þessu felst frjálsræði til að skipta um trú eða játningu og ennfremur til að láta í ljós trú sína eða játningu, einir sér eða í félagi við aðra, opinberlega eða einslega, með kennslu, tilbeiðslu, guðsþjónustu og helgihaldi.

19. gr.: Hver maður skal frjáls skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur slíkt frjálsræði í sér réttindi til þess að leita, taka við og dreifa vitneskju og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.

20. gr.: Hverjum manni skal frjálst að eiga þátt í friðsamlegum fundahöldum og félagsskap. Engan mann má neyða til að vera í félagi.

21. gr.: Hverjum manni er heimilt að taka þátt í stjórn lands síns, beinlínis eða með því að kjósa til þess fulltrúa frjálsum kosningum. Hver maður á jafnan rétt til þess að gegna opinberum störfum í landi sínu. Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvgr. viðhöf eða jafngildi hennar að frjálsræði.

22. gr.: Hver þjóðfélagsþegn skal fyrir atbeina hins opinbera eða alþjóðasamtaka og í samræmi við skipulag og efnahag hvers ríkis eiga kröfu á félagslegu öryggi og þeim efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum, sem honum eru nauðsynleg til þess að virðing hans og þroski fái notið sín.

23. gr.: Hver maður á rétt á atvinnu að frjálsu vali, á réttlátum og hagkvæmum vinnuskilyrðum og á vernd gegn atvinnuleysi. Hverjum manni ber sama greiðsla fyrir sama verk án manngreinarálits. Allir menn, sem vinnu stunda, skulu bera úr býtum réttlátt og hagstætt endurgjald, er tryggi þeim og fjölskyldum þeirra mannsæm lífskjör. Þeim ber og önnur félagsleg vernd, ef þörf krefur. Hver maður má stofna til stéttarsamtaka og ganga í þau til verndar hagsmunum sínum.

24. gr.: Hverjum manni ber réttur til hvíldar og tómstunda, og telst þar til hæfileg takmörkun vinnutíma og reglubundið orlof að óskertum launum.

25. gr.: Hver maður á kröfu til lífskjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og velliðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissi, elli eða öðrum áföllum, sem skorti valda og hann getur ekki við gert. Mæðrum og börnum ber sérstök vernd og aðstoð. Öll börn, skilgetin sem óskilgetin, skulu njóta sömu félagsverndar.

26. gr.: Hver maður á rétt til menntunar. Skal hún veitt ókeypis, a. m. k. barnafræðsla og undirstöðumenntun. Börn skulu vera skólaskyld. Iðnaðar- og verknám skal öllum standa til boða og æðri menntun vera öllum jafnfrjáls, þeim er hæfileika hafa til að njóta hennar. Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og innræta þeim virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarflokka og að efla starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðarins. Foreldrar skulu fremur öðrum ráða, hverrar menntunar börn þeirra skulu njóta.

27. gr.: Hverjum manni ber réttur til þess að taka frjálsan þátt í menningarlífi þjóðfélagsins, njóta lista, eiga þátt í framförum á sviði vísinda og verða aðnjótandi þeirra gæða, er af þeim leiðir. Hver maður skal njóta lögverndar þeirra hagsmuna í andlegum og efnalegum skilningi, er leiðir af vísindaverki, ritverki eða listaverki, sem hann er höfundur að, hverju nafni sem nefnist.

28. gr.: Hverjum manni ber réttur til þess þjóðfélags-

og milliþjóðaskipulags, er virði og framkvæmi að fullu mannréttindi þau, sem í yfirlýsingu þessari eru upp talin.

29. gr.: Hver maður hefur skyldur við þjóðfélagið, enda getur það eitt tryggt fullan og frjálsan persónuþroska einstaklingsins. Þjóðfélagsþegnar skulu um réttindi og frjálsræði háðir þeim takmörkunum einum, sem settar eru með lögum í því skyni að tryggja viðurkenningu á og virðingu fyrir frelsi og réttindum annarra og til þess að fullnægja réttlátum kröfum um siðgæði, reglu og velferð almennings í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Þessi mannréttindi má aldrei framkvæma svo, að í bága fari við markmið og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna.

30. gr.: Ekkert atriði þessarar yfirlýsingar má túlka á þann veg, að nokkru ríki, flokki manna eða einstaklingi sé heimilt að aðhafast nokkuð það, er stefni að því að gera að engu nokkur þeirra mannréttinda, sem hér hafa verið upp talin."

Herra forseti. Hér er mikið af fögrum fyrirheitum og miðað við að formenn fjögurra stjórnmálaflokka í þessu landi hafa sameinast um að bera fram till. hvarflar að manni að e. t. v. væri búið að uppfylla allt sem hér stendur. En það er eins og mig minnir að það séu aðeins örfáir dagar síðan það var deiluefni hér á Alþingi hvort hverjum manni bæri sama greiðsla fyrir sama verk. Ég man ekki betur en það hafi legið við að það yrði brottrekstrarsök úr ráðherrastól að fjmrh. taldi slíkt sjálfsagt og gerði samning þar að lútandi. Þetta er þó ótvírætt í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Er hugsanlegt að við teljum að það atriði eigi að vera undanþegið þegar við erum að tala um mannréttindi í þessu landi?

„Engan mann má neyða til að vera í félagi", stendur hér. Ég veit ekki betur en sú stéttarlöggjöf sem er í þessu landi hafi neytt mann til að greiða stéttarfélagsgjöld, 1% af dagvinnutekjum, án þess að þeir ættu nokkurt val um hvort þeir vildu greiða þetta gjald og vera í þessu félagi eða ekki. Er hugsanlegt að það sé á allmörgum sviðum sem við virðum ekki þessa samþykkt? Er hugsanlegt að jafnvel í menntuninni, sem er nú kannske mestu réttindi hvers einstaklings, margbrjótum við samþykktina? Er iðnaðar- og verknám öllum opið í þessu landi? Erum við ekki með kerfi í gildi sem tryggir að vissir hópar þjóðfélagsins hafi sérstaklega góða aðstöðu til að vernda sig gegn atvinnuleysi og skammta inngöngu í sínar stéttir? Ég veit ekki betur en svo sé.

Það vantar mikið á að við virðum mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Það fer ekki milli mála. Það sem ég hef hér gagnrýnt er aðeins brot af því sem betur mætti fara í okkar samfélagi.

Ein grein er hér sem víkur að því máli sem hér er á dagskrá. Það er, með leyfi forseta: „Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvgr. viðhöfð eða jafngildi hennar að frjálsræði." — Kosningarréttur jafn. Það er þetta sem menn hafa tekist á um hér í orði kveðnu. Það má segja að skattheimta í þessu landi sé á þann hátt jöfn að það gildi sömu lög fyrir alla einstaklinga. Hins vegar eru menn ekki látnir greiða sömu skatta. Það fer eftir því hversu mikið þeir bera úr býtum. Okkur þykir það nokkuð sanngjarnt. Minn kosningarréttur er sá nákvæmlega sami og allra annarra í þessu landi. Ef ég er í Reykjavík og er þar búsettur hef ég sama kosningarrétt og Reykvíkingar. Ef ég flyt mig til Suðurlands hef ég sama kosningarrétt og Sunnlendingar. Ef ég flyt mig til Austfirðinga hef ég sama kosningarrétt og Austfirðingar og ef ég flyt mig til Norðurlands þá hef ég sama kosningarrétt og Norðlendingar. Búsettur á Vestfjörðum hef ég sama kosningarrétt og Vestfirðingar og búsettur á Vesturlandi sama kosningarrétt og Vestlendingar.

Það fer ekki á milli mála að þannig er og ástatt með hvern og einasta þegn hins íslenska ríkis. Það sem þau kosningalög sem hér eru til umræðu fjalla aftur á móti um er að gert er ráð fyrir að þegar kosið hefur verið og búið er að telja atkv. sé athugað jafnræði á milli flokka, eins og það er kallað, og flokkunum úthlutað þm., þ. e. öll atkvæði fara í einn kassa og út úr þeim er talið og þannig er þm. skipt. Þetta þýðir að sjálfsögðu að kosningarréttur er 100% jafn hvar sem er á Íslandi eftir að þessi lög yrðu samþykkt. Það fer ekkert milli mála. Kosningarréttur er einnig jafn skv. þeirri skilgreiningu sem ég gat hér um áðan. Ég vil vekja athygli á því að ef sú skilgreining er röng brýtur hvert einasta ríki Evrópu mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi þessi atriði. Í Danmörku hefur það verið í gildi að kosningarréttur og ákvörðun um hversu mörg atkv. hvert kjördæmi hefur byggist í fyrsta lagi á íbúafjölda og þar eru börnin talin með, í annan stað á þeim sem hafa kosningarrétt og í þriðja stað er tekið tillit til þess landsvæðis sem þeir búa á. Þar bætast við þær tölur sem áður hafa verið nefndar 20 íbúar á hvern ferkílómetra, sem var hugsað af Dönum til mótvægis gegn þeirri miðstýringu og því miðstýringarvaldi sem óneitanlega fylgir þeirri þjóðfélagsgerð sem við búum í.

Það er dálítið skoplegt þegar Bandalag jafnaðarmanna talar um að miðstýringin sé nánast einkamál annarra stjórnmálaflokka á sama tíma og þeir, eitt íslenskra stjórnmálaafla, stilltu upp fyrir öll kjördæmi Íslands á einum stað undir einni stjórn. Það var 100% miðstýring, en þeir gera engu að síður grín að hinum, sem miðstýrðu þó ekki meira en svo að það var stillt upp í hverju kjördæmi.

Ég ætla næst að víkja að því hvaðan við komum. Ég gat þess í upphafi máls míns að flóttamenn hefðu myndað hér ríki, fyrst og fremst norskir flóttamenn. Það ríki var ríki goðanna. Það er rétt að víkja hér örlítið að því í stuttu máli hvað Alfræði Menningarsjóðs, Íslandssagan, segir um goðana:

„Goðorð voru ásamt þingum aðalstofnanir íslenska samfélagsins á þjóðveldisöld. Um 930 skiptist landið í 36 goðorð, full goðorð og færu, sem kallað var, en við fjórðungaskiptinguna um 965 var þremur goðorðum bætt við í Norðlendingafjórðungi. Fyrir hverju goðorði réð goði, en það var opinber titill æðstu höfðingja Íslendinga af leikmannastétt fram að lögtöku Járnsíðu 1271. Mun heitið goði dregið af orðinu goð, þ. e. guð, og standa rótum í hinni fornu trú, að höfðingjar væru goðbornir og stæðu undir sérstakri vernd guðanna. Fátt er þó öruggt um upphaf goðvalds og goðaskipunar, en talið, að það megi einkum rekja til forstöðu goða fyrir blótum í heiðnum sið, ásatrú, og e. t. v. hofseignar, þótt engar óyggjandi heimildir hafi varðveist um það, að ásatrúarmenn hafi nokkurs staðar reist guðum sínum stórhýsi eða hof, auk þess má án efa rekja goðavald til ættgöfgi, fylgdarliðs og auðæfa höfðingja. Samband

milli ásatrúar og stjórnskipunar hefur verið mjög laust í böndunum á fyrsta skeiði þjóðveldis, enda breyttist staða goða í samfélaginu lítt við kristnitöku árið 1000.

Goðar voru fullvalda, enginn yfir þá settur og allir jafnir að lögum, ættar- og héraðshöfðingjar, sem fóru með löggjafarvald á Alþingi, sátu á miðpalli lögréttu og höfðu einir atkvæðisrétt, höfðu dómsvald á Alþingi og vorþingum, voru þrjú goðorð í þingi, nefndu menn í dóma, en dæmdu ekki sjálfir, og fóru með framkvæmdarvald ásamt sakaraðilum. Goðorð var dómsögn, réttareining þjóðveldisins og skattfrjáls einkaeign goða, meðan hann rækti skyldur sínar að lögum. („Veldi er það, en eigi fé", segir í tíundarlögum.) Goðorð urðu opinberar stofnanir eftir að Alþingi hófst á Þingvöllum og voru arfgeng og gengu kaupum og sölum er tímar liðu, og menn gátu þegið þau að gjöf, enn fremur fyrirgert þeim með embættisafglöpum. Tveir eða fleiri gátu átt goðorð saman og skiptu meðför þess eftir eignarhlutföllum sínum, goðorð skiptist við arfaskipti.

Bændum var skylt að fylgja einhverjum goða, en í upphafi var þeim frjálst, hvaða goða þeir sýndu trúnað og hlytu vernd hjá. Goðorð voru því ekki ákveðnar landfræðilegar heildir, heldur persónusamband goða og skjólstæðinga hans eða fylgismanna, er nefndust þingmenn hans, og var bundið gagnkvæmum samningi (eins konar handfestur í samræmi við lénsskipulag Evrópu á miðöldum). Heimilisfólk hafði sömu þingfesti, var í sama goðorði og húsbóndi og búðsetumenn sömu og landeigandi. Aðalskylda þingmanns var að fylgja goða til þings og málsókna, en virðing hans fór mikið eftir þingfylgi. Til þings gátu goðar kvatt níunda hvern bónda, sem þingfararkaupi átti að gegna, en kvöddu stundum fleiri til í stórdeildum.

Goða var falin lögvernd einstaklinga innan goðorðsins; var hann skyldur að verja skjólstæðing gegn yfirgangi, að öðrum kosti gátu þingmenn hans yfirgefið hann og leitað fulltingis annars goða. Var goði skyldur að varðveita frið í héraði, annast löggæslu, reka brott eða taka af lífi ófriðarseggi og skógarmenn.

Í upphafi þjóðveldis kölluðust goðorð mannaforráð, veldi, en síðar ríki, og felst í því þróunarsaga frá lítt stéttgreindu þjóðveldi til ríkisvalds. Þegar landeigendastétt hafði eflst að tollum, tíundum og landskuldum á 12.—13. öld urðu goðorð (mannaforráðin) að ríkjum, þar sem goðar ríktu og bændur urðu skattþegnar þeirra, og gagnkvæmt trúnaðarsamband goða og þingmanns breyttist í einhliða drottinvald stórhöfðingja yfir eiðsvörðum þegnum; goðorð urðu að landfræðilegum heildum og goðar að smáfurstum, sem leituðu ríkisvaldi sínu styrks hjá norska konungsvaldinu á 13. öld. Þegar á 11. öld tóku valdahlutföll að raskast og einstaklingar ná undir sig fleiri en einu goðorði. Guðmundur ríki Eyjólfsson á Möðruvöllum í Eyjafirði mun fyrstur manna fara með tvö goðorð, en Haukdælir eignuðust öll goðorð í Árnesþingi í lok 11. aldar. Við lok þjóðveldis áttu fimm ættir, Ásbirningar, Haukdælir, Oddverjar, Sturlungar og Svínfellingar, öll goðorð landsins og afhentu þau smám saman í hendur Noregskonungs 1251—1264, og lauk því endanlega með Gamla sáttmála.

Goðorð og vorþing lögðust fljótlega af eftir lögtöku Járnsíðu 1271 og voru sameinuð í staðfræðilega takmörkuð stjórnsýsluumdæmi, sem greindust í sýslur er stundir liðu fram; fullvalda goðar hurfu úr sögunni, en í stað þeirra komu konungs- og síðar hirðskipaðir sýslumenn, fulltrúar erlends valds í hinum nýju umdæmum."

Það fer ekki milli mála að þegar konungur hafði brotið Gamla sáttmála bar honum skv. þeim samningum sem hann hafði gert að skila aftur goðorðunum til þegnanna, og það merkilega við goðorðin var m. a. að þau grundvölluðust á hinum fornu fjórðungum.

Ég vil leyfa mér að víkja hér að grein eftir Gunnar Karlsson, sem nefnist „Goðar og bændur", þar sem hann vitnar í Jón Jóhannesson, og vil lesa á bls. 21 í þessari bók, sem heitir „Saga", með leyfi forseta:

„Jón Jóhannesson lýsir í Íslendingasögu sinni ákvæðum Grágásar um þingfesti bænda og segir síðan: „Samband goða og þingmanna hans, þeirra er voru bændur eða landeigendur, var því algjörlega frjálst persónusamband, og gátu þingmenn eins goða búið innan um þingmenn annarra goða. Goðorðin voru því ekki staðarlega afmörkuð að lögum nema við fjórðungamót. Þó hefur eitthvert aðhald verið í hofunum, en ekki er nauðsynlegt að gera ráð fyrir, að hofssóknir hafi verið staðarlega takmarkaðar fremur en vorþingssóknir."

Það fer ekki á milli mála, að goðorðin voru afmörkuð við fjórðungamót. Það þýddi að hið forna samkomulag hljóðaði upp á samkomulag hinna fornu fjórðunga.

Ég tel mig hér hafa rakið fram að þeim tíma er Íslendingar glötuðu frelsi sínu, sem þeir eignuðust aftur vegna þess samnings sem nefndur hefur verið Gamli sáttmáli. Konungar höfðu brotið þann sáttmála og af þeirri ástæðu var hægt að sækja það með orðum að þeim bæri að skila okkur aftur frelsi. Það hlýtur að vera rökrétt að gera ráð fyrir að þeim hafi borið að skila aftur frelsi hinna fornu fjórðunga, enda varð hver fjórðungur fyrir sig að sverja konungi hollustu á sínum tíma. Það samkomulag hinna fornu fjórðunga hlýtur því að hafa verið í gildi þegar við fáum stjórnarskrá 1874.

Það er athyglisvert ef við skoðum lög um kosningar til Alþingis sem eru frá 1877. Þessi lög eru nr. 16 14. september 1877. Ég hef heimildir úr Handbók Alþingis, Stjórnarlög Íslands, nokkur þau helstu, gefin út að tilhlutan skrifstofu Alþingis, Reykjavík, Prentsmiðjan Gutenberg, 1920. Þar segir svo, með leyfi forseta, í 18. gr. um skiptingu kjördæma, sem enn tekur í grundvallaratriðum mið af hinum fornu goðorðum og hinum fornu fjórðungum:

„Sérhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaftafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipt í tvö sérstök kjördæmi, með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík, með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi út af fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að tveir alþm. séu kosnir í sérhverju af kjördæmum þeim, sem hér skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin tvö kjördæmi í Skaftafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýra-

sýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjósa einn alþm.“

Breytingar verða á þessum lögum og ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér upp þær breytingar sem gerðar eru 1903:

„Ef frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, er eykur tölu hinna þjóðkjörnu alþm. upp í 34, verður að lögum og Alþingi verður haldið, eftir að lögin hafa öðlast gildi, áður en ný kjördæmaskipun er komin á, skulu hinir fjóru nýju alþm. kosnir þannig: Einn af Reykjavíkurkaupstað, einn af Ísafjarðarkaupstað, einn af Akureyrarkaupstað og einn af Seyðisfjarðarkaupstað.“

Enn er það svo að það er einn þm. sem bætist við, hver og einn úr umdæmum hinna fornu fjórðunga. Jafnvægið helst. Við könnumst við þróunina nokkuð vel eftir þetta að smátt og smátt höfum við verið að gera breytingar þar sem grundvöllurinn, samkomulagið forna milli fjórðunganna, er rofinn. Og nú er svo komið að við erum komin að vatnaskilum. Við erum komin að þeim vatnaskilum að það er ekki lengur spurning um hvort einn af hinum fornu fjórðungum skuli hafa aukinn rétt á við þann næsta. Við erum komnir að þeim vatnaskilum að einn fjórðungurinn, Sunnlendingafjórðungur, mun fá meirihlutavald á Alþingi, verði þær breytingar gerðar sem hér er verið að leggja til. Það þýðir í reynd að samkomulagið forna er endanlega fallið og einum fjórðungnum er falið drottnunarvald yfir hinum öllum, ef hann stendur saman. Það er þessi spurning sem er lögð fyrir alþm. og þá verður hver og einn að gera sér grein fyrir því hvort hann er fulltrúi ákveðins svæðis þessa lands í þeirri ákvörðunartöku sem hér er til umr.

Ég vil, með leyfi forseta, vekja athygli á vissu atriði í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna:

„Þjóðfélagsþegnar skulu um réttindi og frjálsræði háðir þeim takmörkunum einum, sem settar eru með lögum í því skyni að tryggja viðurkenningu á og virðingu fyrir frelsi og réttindum annarra.“

Það er þetta með frelsi og réttindi annarra sem allmargir úr hinum dreifðu byggðum eru mjög svo efins um að verði virt gagnvart þeim því eins og að málum er staðið liggur ljóst fyrir að einn af hinum fornu fjórðungum fær meirihlutavald og þar með drottnunarvald yfir hinum öllum. Og við spyrjum okkur að því gjarnan: Verður það þá virðingin fyrir réttindum þeirra landsvæða, Austfirðingafjórðungs, Norðlendingafjórðungs og Vestfirðingafjórðungs, sem þeir hafa í heiðri? Mér sýnist að hin mikla miðstýring sem á sér stað í þessu landi sanni okkur allt annað. Við vorum t. d. fyrir stuttu að samþykkja lög varðandi fiskveiðar við landið. Þau fela ráðh. mikið vald. Hann afhendir aðilum þetta vald til úrvinnslu og eitt af því sem þeir komast að er að Patreksfjörður skuli ekki lengur tilheyra Vestfjörðum þegar skipt er fiskimiðum eða rétti til fiskimiða við landið.

Spurningin hlýtur að vera þessi. Er rökrétt að Sunnlendingafjórðungur hinn forni skuli fá vald til að drottna yfir öllum hinum fjórðungunum, taka ákvarðanir um hvort Vopnfirðingar fari á sjó eða ekki? Hér þýðir ekki að gera sér grein fyrir öðru en því að menn eru komnir á krossgötur. Hver og einn sem afhendir þann rétt sem honum var falið að gæta á þann veg hefur endanlega afgreitt það mál og það verður ekki aftur tekið.

Ég hygg að það sé ákaflega hollt hjá mönnum að lesa frásögnina í Íslandsklukkunni þegar Jón Hreggviðsson er leiddur um götur kóngsins Kaupmannahafnar og kynntur fyrir stórhýsunum sem þar blöstu við. Þá var hann alltaf hræddur um það í leiðinni hvaðan sá auður kæmi sem hefði byggt þessar hallir, þessi hús. Einn hafði haft verslun á Bátsenda, annar hafði haft verslun á öðrum stöðum, en það var sameiginlegt að stórhýsin tengdust Íslandi og þeim umsvifum sem danskir menn höfðu haft hér.

Ég var spurður að því af vestfirskum bónda hverju þyrfti að breyta í þessari frásögn Íslandsklukkunnar ef skipt væri um borg og Reykjavík höfð í staðinn fyrir kóngsins Kaupmannahöfn. Hverju þyrfti að breyta ef við löbbuðum um þessa borg og bentum á stórhýsin, hvort sem við færum inn í Sundahöfn og bentum á Holtagarða, hvort sem við skoðuðum eignir Eimskips eða annarra stórra fyrirtækja með langa sögu? Spurningin er: Hverju þurfti að breyta? Er það e. t. v. niðurstaðan af því frelsi sem við fengum að nýlendustefnan frá Danmörku, sem lagðist undir lok hafi leitt til þess að hið mikla miðstýrða vald á Íslandi hafi haldið áfram nýlendustefnu frá höfuðborg landsins, sópað gulli frá hinum dreifðu byggðum og sett það hér í fasteignir til uppbyggingar? Var þá ekki til lítils barist? Hvað skyldi það hafa fært mikinn auð til þessa svæðis að gengisskráningin hefur löngum verið röng í þessu landi? Allir kannast við að Seðlabankinn hefur á seinni árum haft sjálfdæmi um hversu marga íslenska pappírsseðla hann léti fyrir þá dollara sem hann fengi. Og hvenær hefur verið skipt á sanngirnisgrundvelli? Hefur síldarauður Austurlands og Norðurlands orðið til að byggja upp á þeim svæðum eða var hann fluttur burtu?

Ég hygg að í þeirri stöðu sem við erum í nú — spurningin er hvar við stöndum — hljótum við að gera upp við okkur hvort það miðstýrða þjóðfélag sem við höfum búið við hefur fært okkur þann jöfnuð í þessu landi sem við höfum vonast eftir að það færði okkur. Mitt svar er nei, skilyrðislaust nei. Það fer ekki á milli mála að þegar ömtin voru brotin niður hrundi taflstaða Norðurlands gagnvart þessu svæði, þá hrundi taflstaða Norðurlands eins og spilaborg. Þeir sem telja að við eigum aðeins að byggja vissan hluta landsins, þetta svæði, hafa að sjálfsögðu engar áhyggjur af því hvort þessi þróun heldur áfram eða ekki. Það eru aðeins hinir, sem trúa því enn að því aðeins höldum við sjálfstæði í þessu landi í framtíðinni að við höldum áfram að byggja landið allt, sem brjóta heilann um hvort það verði til góðs, hvort að það sé til farsældar fyrir íslenska þjóð, og þá á ég við svæðin fyrir utan Sunnlendingafjórðung hinn forna, að Sunnlendingafjórðungur fái meirihlutavald á Íslandi. Mér finnst alveg sjálfsagt og algjört réttlætismál að ef Sunnlendingafjórðungur hinn forni vill sjálfstæði, vill ekki una því að tilheyra hinum hlutum landsins, fái hann það sjálfstæði ef hann sækist eftir því. En mér finnst jafnfráleitt að fulltrúar hinna fjórðunganna á Alþingi afhendi það vald sem þeim er trúað fyrir á þann hátt sem hér er verið að leggja til og ég er sannfærður um annað. Sagan mun aldrei fyrirgefa það.

Ég hygg að ekki dyljist nokkrum manni að áður en

innlend stjórn tók við í þessu landi dreifðist fólkið um land allt eftir því eðlilega lögmáli hvar í landinu var möguleiki að halda lífi, hvar var hægt að fá brauð til að lifa af. Það voru náttúrugæði landsins sem réðu því hvernig fólkið dreifðist. Ekkert annað, engin miðstýring eða neitt slíkt, réði því, aðeins náttúrugæði landsins. Hver mundi trúa því í dag að Ísafjörður hafi einu sinni verið næststærsti kaupstaður þessa lands? Hver mundi trúa því í dag að þaðan, af svæði Vestfjarða, hafi komið krafan um að byggja fyrsta bændaskóla landsins, byggja fyrsta stýrimannaskóla landsins, að fyrsta bókasafn Íslands hafi verið í Flatey? Þetta eru þó staðreyndir. En miðstýringarvaldið tryggði að stýrimannaskólinn skyldi vera í Reykjavík og miðstýringarvaldið flutti einnig bændaskólana úr stað. Og það sama miðstýringarvald heldur áfram að draga hlutina til sín. Þess vegna þurfti að ræða kosningar og stjórnskipunina samhliða öðrum atriðum stjórnarskrárinnar, þannig að menn gætu nú sest niður við að tryggja það sjálfstæði héraðanna sem er nauðsyn gegn þessari miðstýringu.

Það var mikil ógæfa formanns Framsfl. að virða ekki varnaðarorð flokksþings framsóknarmanna þar sem varað var við því að rjúfa stjórnarskrármálið, taka kosningalögin ekki út úr, heldur afgreiða stjórnarskrána sem heild. En það hefur áður gerst að menn hafa ekki virt varnaðarorð og það hafa gjarnan verið kappar miklir sem hafa ekki virt varnaðarorð. „Ég sigli ei skýin, ég sigli sjó, svaraði kappinn og hló." — Hver kannast ekki við þetta? En það var engin frægðarsigling yfir Breiðafjörðinn í það sinn og það hefði verið betra að hlusta á þann skipstjóra sem ráðlagði að hlaða á annan veg skútuna sem þá lagði á stað úr Skor. Það var engin frægðarsigling. Og það er spurning hvort það gæfuleysi að kljúfa þetta mál, ganga til samkomulags eins og hér hefur verið gert, á ekki eftir að hafa alvarlegri afleiðingar en menn hafa til þessa hugsað út í.

Spurt er: Hvert stefnum við? Ég vil halda áfram og taka fyrir þriðja liðinn í því sem ég hef hér gert að umtalsefni.(**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Ég er búinn með ca. ⅔. (**Forseti:** Þá held ég að það verði að gera hlé á þessari umr. um sinn. Henni verður haldið þá áfram á næsta fundi, ef hv. þm. vill verða við þeim tilmælum.) Að sjálfsögðu, forseti, verð ég við þeim tilmælum.

Umr. frestað.

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 88) — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. það til lögræðislaga á þskj. 88, sem liggur hér fyrir hv. deild, var lagt fyrir Alþingi á s. l. vetri. Það kom til 1. umr. undir janúarlok, en fékk ekki meiri umfjöllun á því þingi að öðru leyti en því, að nefnd sú sem fékk það til meðferðar leitaði umsagna um málið. Komu svör frá lagadeild Háskólans. Enn fremur hafa nú, eftir að frv. hefur verið útbýtt, borist ábendingar frá félaginu Geðhjálp um breytingar á frv. Erindi þessi fékk nefnd í Ed. til meðferðar, en sá ekki ástæðu til að breyta því og kemur það nú óbreytt frá Ed. hingað til Nd.

Þetta frv. var samið af nefnd sem falið var að endurskoða gildandi lögræðislög. Nefndin var skipuð undir árslok 1980. Sérstök áhersla mun hafa verið lögð á að teknar yrðu til endurskoðunar lagareglur um vistun manna á sjúkrahúsi án samþykkis þeirra. Mun ábending um þörf á frekari athugun á þessum lagaákvæðum hafa komið frá þeim dómstóli sem mest fjallar um slík málefni, þ. e. Sakadómi Reykjavíkur, og enn fremur frá þeim læknum sem flesta slíka sjúklinga fá til meðferðar, þ. e. læknum geðsjúkrahúsa ríkisins.

Nefnd þeirri sem frv. samdi var falið að endurskoða lögræðislögin í heild, eftir því sem hún teldi ástæðu til. Nefndin fór lítið út fyrir það svið sem sérstaklega var tilefni endurskoðunarinnar og kann því síðar að verða tilefni til að öðrum efnum verði gerð skil. Má þar nefna reglur um fjárforráð ómyndugra, en það efni mun þarfnast umfangsmikillar könnunar.

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að máli þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 63. fundur.

Fimmtudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. mars 1984.

Davíð Aðalsteinsson, 5. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég dvelst erlendis í einkaerindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Jón Sveinsson, Akranesi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Jón Sveinsson hefur að undanförnu setið á Alþingi, raunar í Nd. en flyst nú til Ed. Býð ég hann velkominn sem Ed.-þm.

Niðurfelling söluskatts af raforku til dælingar á hitaveituvatni, þáltill. 239. mál (þskj. 413). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Upplýsingamiðlun um húsnæðismál, þáltill. 235. mál (þskj. 414). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Niðurfelling aðflutningsgjalda og söluskatts vegna hitaveitna, þáltill. 236. mál (þskj. 415). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Áfengt öl, þáltill. 111. mál (þskj. 138). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Friðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. 189. mál (þskj. 337). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins spyrja forseta hvað veldur því að 8. mál á dagskrá Sþ. í dag, sem er hér á prentaðri dagskrá a. m. k. í þriðja sinn, þ. e. könnun á orsökum hins háa raforkuverðs, 2. mál Sþ., er ekki tekið fyrir, því að nú er mér kunnugt um það og hv. þm. öðrum að nál. hefur legið fyrir allnokkra hríð. Veldur það því furðu að þetta mál er ekki tekið til afgreiðslu hér í Sþ., þar sem það er tilbúið til afgreiðslu og nefnd hefur skilað um það áliti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það mál hefur ekki verið tekið til umr. vegna þess að hæstv. iðnrh. óskaði eftir að umr. yrði frestað. Þó var það á síðasta fundi, þegar ég ætlaði að taka málið til umr., þá óskaði frsm. viðkomandi n. eftir að málinu yrði frestað. Ég geri ráð fyrir að þetta mál verði tekið fyrir þegar á þessum fundi, ef tími vinnst til. En það er gert ráð fyrir að við tökum fyrst fyrir á þessum fundi 4. dagskrármálið, eins og þegar hefur verið tilkynnt, og tekur hæstv. fjmrh. til máls.

Skýrsla fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1983.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Jafnframt því að ræða hér skýrslu fjmrh. um ríkisfjármál 1983 skv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds í árslok 1983 mun ég ræða horfur í ríkisfjármálum fyrir árið 1984. Við umr. um lánsfjárlög í febr. s. l. svo og á öðrum vettvangi hef ég lýst yfir þeirri skoðun að ábyrgð og afskipti Alþingis af fjármálum ríkisins væru ekki nægjanleg. Ríkissjóður einn ráðstafar tæpum þriðjungi alls þess sem landsmenn hafa til skiptanna. Alþingi ákveður lög um ýmsa þarfa málaflokka. Umfjöllun Alþingis er þó því miður um of bundin öðrum atriðum en því hver fjármálaáhrif tiltekinnar lagasetningar eru. Mörgum þm. er meira umhugað um að hrinda af stað útgjaldaskuldbindingum fyrir ríkissjóð en að draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Eins og ég hef margoft látið koma fram er það áhugamál mitt að þingið fylgist sem best með þróun og horfum í ríkisfjármálum. Í þessari ræðu minni er fjallað um meginþætti ríkisfjármála í ljósi afkomu ársins 1983 og í ljósi þeirra staðreynda sem liggja fyrir um árið 1984. Ég vænti þess að geta gert Alþingi framvegis reglulega grein fyrir stöðu þessara mála.

Fyrir skömmu var lögð fram hér á Alþingi skýrsla um afkomu ríkissjóðs fyrir árið 1983, sem er á þskj. 407. Árið 1983 einkenndist af miklum umskiptum í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð voru þegar í stað ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir. Gengi íslensku krónunnar var lækkað, gefin voru út brbl. um launamál, ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frestun greiðslna á hluta af verðtryggðum íbúðalánum og ráðstafanir um verðlagsmál. Heildarkostnaður vegna þessara ráðstafana var talinn nema rösklega 400 millj. kr. fyrir ríkissjóð. Þá ákvað ríkissjóður að lækka tolla á ýmsum nauðsynjavörum og innflutningsgjöld af bifreiðum og fella niður 10% gjald af sölu ferðamannagjaldeyris. Þessar ráðstafanir voru taldar lækka tekjur ríkissjóðs um 100 millj. kr. á árinu 1983.

Reikniforsendur fjárlaga fyrir árið 1983 gerðu ráð fyrir rúmlega 40% meðaltalsbreytingum milli ára vegna launa, gengis og verðlags. En reyndin varð allt önnur. Gengisbreyting nam tæpum 90%, framfærsluvísitala hækkaði um 89% og launabreyting nam 52%. Af þessu má sjá að verðlagsforsendur fjárlaga fyrir árið 1983 voru allt aðrar en raun varð á.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs árið 1983 reyndist verulega frábrugðin því sem fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Þannig var greiðsluafkoma jákvæð um 17 millj. kr. í fjárlögum 1983, en í árslok reyndist hún um 1260 millj. kr. lakari en stefnt var að í fjárlögum.

Tekjur ríkissjóðs námu 15 100 millj. kr. á árinu 1983, sem er 2093 millj. kr. eða 16.1% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1983, en tekjur jukust um 58% milli ára. Meginskýring tekna umfram fjárlagaáætlun er, eins og fram er komið, önnur þróun verðlags en fjárlög voru reist á. Auk þessa leiddu efnahagsaðgerðir og ákvarðanir um skattabreytingar til nokkurra breytinga á tekjuhlið.

Heildargjöld ríkissjóðs voru áætluð alls 12 973 millj. kr. í fjárlögum 1983. Endurskoðuð áætlun frá því í maí gerði ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs yrðu alls 15 632 millj. kr. og var þar tekið tillit til efnahagsaðstæðna og efnahagsaðgerða ríkisstj. Skv. bráðabirgðatölum á greiðslugrunni námu gjöld ríkissjóðs alls 16 263 millj. kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en endurskoðaða áætlunin gerði ráð fyrir.

Vegna þess hve útgjöld ríkissjóðs hafa farið fram úr áætlun fjárlaga urðu umframfjárveitingar mjög háar á árinu 1983. Alls nema umframfjárveitingar 3304 millj. kr. á árinu 1983 og eru þær að verulegu leyti til komnar vegna örari verðhækkana en áætlað var, eins og frá hefur verið greint. Samtala fjárlaga og aukafjárlaga nemur alls 16 277 millj. kr. og er það samanlögð greiðsluheimild á árinu 1983.

Aukafjárveitingar til samneyslunnar, þ. e. launa, rekstrargjalda, viðhalds og vaxta, nema samtals 1287 millj. kr. og er það 23.7% hækkun frá fjárlögum. Framlög til stofnkostnaðar nema alls 1186 millj. kr. sem

er 340 millj. kr. hækkun frá fjárlagaáætlun og er það aðallega vegna framlags til vegagerðar, eða 215 millj. kr. Þá má geta þess að yfirfærslur, þ. e. almannatryggingar, niðurgreiðslur o. fl., námu alls 8639 millj. kr. eða 24.1% hærri fjárhæð en ráðgerð var í fjárlögum.

Við þær aðstæður sem ríktu á árinu 1983 kom berlega í ljós grundvallareinkenni ríkisfjármálanna, sem lýsir sér í því hve mjög afkoman, þ. e. teknahlið ríkissjóðs, er komin undir hagsveiflunni. Óbeinir skattar nema 80% af tekjum ríkissjóðs og beinir skattar, sem grundvallast á tekjum næstliðins árs, aðeins 20%. Tekjur ríkissjóðs eru því að verulegu leyti háðar ástandi efnahagsmála hverju sinni og dragast sjálfkrafa saman þegar veltusamdráttur á sér stað í þjóðfélaginu. Og það var óhjákvæmilega það sem gerðist þegar núv. ríkisstj. tók að spyrna við fótum gegn umframeyðslunni í þjóðfélaginu sem lýsti sér í gegndarlausum innflutningi og alvarlegum viðskiptahalla. Á hinn bóginn er útgjaldahlið ríkissjóðs að miklu leyti bundin af ákvæðum gildandi laga og útgjaldaáformum sem erfitt getur verið að breyta innan fjárlagaársins. Ég tel ekki ástæðu til að rekja mjög ítarlega einstaka tekju- og útgjaldaþætti frá síðasta ári, en vísa til áðurnefndrar skýrslu um afkomu ríkissjóðs, þar sem glögg grein er gerð fyrir þessum málum.

Til fróðleiks og glöggvunar fyrir þm. nefni ég þó sem dæmi um umskipti í ríkisfjármálum, að tekjur ríkissjóðs 1983 urðu alls 15.1 milljarður, þ. e. 16.1% hærri fjárhæð en kom fram í fjárlögum. Gjöldin urðu hins vegar alls tæpir 16.3 milljarðar kr. en það er 25.5% umfram fjárhagsáætlun. Fjáröflun á lánsfjármörkuðum skilaði enn fremur ekki nægilegum árangri. Í stað þess að taka að láni innanlands 985 millj. kr., eins og áformað var, öfluðust aðeins 627 millj. kr. til húsnæðislánakerfisins og ríkissjóðs. Niðurstaða alls þessa varð auðvitað sú, að skuldir hlóðust upp í Seðlabanka sem semja varð um við bankann.

Hin erfiða efnahagsafkoma seinni hluta ársins 1983 og útlitið fyrir árið 1984 gáfu ekki tilefni til bjartsýni um fjármál ríkissjóðs á árinu 1984. Forsendur fjárlagafrv. 1984 voru byggðar á þjóðhagsspám frá s. l. hausti og var þar gert ráð fyrir rúmlega 2% samdrætti í þjóðarframleiðslu og 4—5% samdrætti í veltu og innflutningi að raungildi. Því var ljóst að tekjubrestur ríkissjóðs vegna samdráttar í aðflutningsgjöldum og söluskatti yrði verulegur. Til mótvægis var því reynt að gæta ýtrasta aðhalds í útgjaldaáformum ríkissjóðs og bar frv. þess greinileg merki. Skömmu eftir að fjárlagafrv. var lagt fram á Alþingi versnuðu aflahorfur og endurskoðun Þjóðhagsstofnunar leiddi í ljós enn frekari samdrátt þjóðartekan en þegar var gert ráð fyrir. Af þeim sökum var svigrúm til launahækkana minna og í samræmi við það voru launaforsendur fjárlagafrv. lækkaðar úr 6% í 4% að því er varðaði meðalhækkun launa á árinu.

Til að mæta útgjöldum sínum hefur ríkissjóður um þrjár leiðir að velja, þ. e. skattlagningu, innlendar lántökur eða erlent lánsfé. Í kjölfar rýrnandi kaupmáttar launa og vegna stefnu ríkisstj. var ljóst að skattahækkun kom ekki til greina til að bæta afkomu ríkissjóðs. Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs átti örðugt uppdráttar á árinu 1983, en reynt er að efla hana á þessu ári með fjölbreyttari sparnaðarformum en tíðkast hafa til þessa. Hins vegar ríkir mikil óvissa um hve mikið aflast á innlenda lánsfjármarkaðinum.

Á undanförnum árum hefur erlend skuldasöfnun aukist mjög hér á landi. Nú er svo komið að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar þykir hætt, verði um frekari erlenda skuldasöfnun að ræða. Í ljósi þessa voru nýjar erlendar lántökur áformaðar mun minni 1984 en útlit þótti um þær 1983.

Af öllu því sem að framan greinir ætti að vera ljóst að við gífurlega erfiðleika var að etja og setti það mark sitt á fjárlög ársins 1984, eins og þau voru endanlega afgreidd frá Alþingi og þm. er væntanlega flestum í fersku minni.

Eins og ég hef skýrt frá hér á hv. Alþingi ákvað ég að skipa samstarfshóp þeirra aðila, sem fara með helstu framkvæmdaþætti ríkisfjármála og forustumanna fjvn. Meginverkefni þessa vinnuhóps er m. a. að tryggja framkvæmd fjárlaga innan fjárlagaársins ásamt því að tryggja að jafnan liggi fyrir haldgóðar upplýsingar um stöðu ríkisfjármála. Eitt af fyrstu verkefnum starfshópsins var að gera athugun á því, hvort þær fjárveitingar sem fram koma í fjárlögum ársins 1984 gæfu rétta mynd af þeim skyldum sem lagðar eru á ríkissjóð um greiðsluþarfir einstakra viðfangsefna á árinu 1984. Niðurstöður þeirrar athugunar hafa nú leitt í ljós að verulegur fjárhagsvandi blasir við í ríkisfjármálum á þessu ári að óbreyttu. Talið er að nú stefni án aðgerða í greiðsluhalla, sem gæti numið 1.8 milljarði kr., en í fjárlögum var hins vegar gert ráð fyrir greiðsluafgangi A-hluta ríkissjóðs um 6 millj. kr.

Alþm. hljóta að spyrja hvernig standi á því að svona mikil umskipti í ríkisfjármálum til hins verra eru nú fram komin svo stuttu eftir að Alþingi samþykkti fjárlög fyrir árið 1984. Þessari spurningu hlýt ég að svara og ég mun gera það síðar í þessari ræðu. En áður en ég kem að því svari og þeim skýringum sem því fylgja vil ég vekja athygli þm. á því hvernig staðið hefur verið að þessu máli af minni hálfu sem fjmrh.

Mér hefði verið í lófa lagið að fylgja fordæmi sumra fyrirrennara minna og reyna að þegja vandann í hel og sjá hvort hann leystist ekki af sjálfu sér á endanum. Það hefði verið leikur einn fyrir mig að sópa vandanum undir teppið og láta sem ekkert væri þar til á seinustu mánuðum ársins og þá hefðu hugsanlega auknar tekjur ríkissjóðs getað verið búnar að leysa hluta vandans. En þannig starfa ég ekki og mun ekki gera. Ég kýs að koma til dyranna eins og ég er klæddur og gera þingi og þjóð grein fyrir fyrirsjáanlegum vanda svo að unnt sé að taka tímanlega í taumana. Annað er ábyrgðarlaust að mínum dómi og ábyrgðarleysi getur orðið þjóðinni dýrt. Ég skýri frá þessum vanda nú til þess að ríkisstj. og Alþingi geti gripið til nauðsynlegra varnaraðgerða í tíma. Annars fljótum við sofandi að feigðarósi.

Áður en ég rek meginástæður fyrir hinum nýja vanda vil ég minna hv. alþm. á staðreyndir undanfarinna ára hvað varðar svo nefndar aukafjárveitingar innan fjárlagaársins. Árið 1981 námu aukafjárveitingar 546 millj. kr., sem eru 10% af gjaldatölu fjárlaga þess árs. Árið 1982 námu samþykktar aukafjárveitingar 1.1 milljarði kr., sem eru 14% af gjaldatöku fjárlagaársins 1982, en umframútgjöld námu 18.5% af gjaldatöku fjárlaga 1982 og á árinu 1983 námu aukafjárveitingar 3.3 milljörðum kr., sem eru 25% af áætluðum gjöldum fjárlaga síðasta árs. Af þessari upptalningu geta alþm. séð að fjárlög undanfarinna ára, bæði hvað varðar verðlagsforsendur

og áætlanir um greiðsluþarfir einstakra viðfangsefna, hafa ekki verið í samræmi við raunverulegar greiðslur.

Sá vandi sem nú er þekktur og varðar A-hluta ríkissjóðs nemur tæpum 2 milljörðum kr., sem er um 11% af gjaldatölu fjárlaga ársins 1984. Þetta er meira en helmingi lægra hlutfall af gjaldatölu fjárlaga en aukafjárveitingar síðasta árs námu, en eins og fram kemur í skýrslunni um ríkisfjármál fyrir árið 1983 var sá vandi fyrir í ríkisfjármálum þegar núv. ríkisstj. tók við.

Ég hef marglýst því yfir að þau vinnubrögð sem verið hafa í fjmrn., að gera ný fjárlög á degi hverjum, séu óviðunandi og óþingræðisleg. Þess vegna taldi ég það skyldu mína sem fjmrh., þegar upplýsingar lágu fyrir um breytta afkomu ríkissjóðs á þessu ári, að birta þær Alþingi og óska eftir afstöðu þess til vandans. En ég hefði að sjálfsögðu getað viðhaft sömu vinnubrögð og tíðkast hafa á undanförnum árum og velt þessu á undan mér til ársloka og þá látið Alþingi standa frammi fyrir gerðum hlut.

Við það mat sem nú hefur farið fram á ríkisfjármálum á árinu 1984 var m. a. lagt mat á áhrif kjarasamninga á ríkisfjármálin, horfur um tekjur og gjöld og innlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs. Áhrif hinna almennu kjarasamninga og samninga ríkisins við sína starfsmenn hafa verið metin. Talið er að tekjur ríkissjóðs muni aukast um 200—250 millj. kr. á árinu 1984 vegna aukins kaupmáttar og meiri veltu innanlands en forsendur fjárlaga fólu í sér. Útgjöld ríkissjóðs vegna launa opinberra starfsmanna og hliðstæðar hækkanir almannatryggingabóta eru aftur á móti talin verða alls 20 millj. kr. hærri en tekjuauki.

Áætlun um ýmsa þætti ríkissjóðstekna á árinu 1984 hefur verið endurmetin. Heildartekjur ríkissjóðs gætu orðið um 427 millj. kr. hærri en fjárlög ársins gera ráð fyrir eða samtals 18 322 millj. kr. Endurskoðuð áætlun um útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1984 sýnir að heildarútgjöld nema 20 299 millj. kr., sem er 2015 millj. kr. hærri fjárhæð en fjárlög ársins 1984 áforma. Þessum útgjöldum má skipta í þrennt:

Í fyrsta lagi eru útgjöld sem ekki var að fullu gert ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Hér má nefna almannatryggingar, sýslumenn og bæjarfógeta, grunnskóla o. fl. Til þessa flokks má telja 500—600 millj. kr.

Í öðru lagi eru útgjöld sem alls ekki voru þekkt við afgreiðslu fjárlaga, alls 500—600 millj. kr. Hér má nefna lán vegna loðnudeildar Verðjöfnunarsjóðs frá 1981, sem fellur á ríkisábyrgðasjóð, útgjöld vegna Straumsvíkurhafnar o. fl.

Í þriðja lagi eru útgjöld ríkissjóðs sem áformað var við afgreiðslu fjárlaga að kæmu til lækkunar á árinu 1984, en óvíst er hvort næst. Það eru m. a. útgjöld vegna almannatrygginga, alls um 300 millj. kr., Lánasjóður ísl. námsmanna um 100 millj. kr. og fleira. Þá eru horfur á að útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir geti reynst hærri en nemur fjárveitingu í fjárlögum. Alls gætu þetta orðið um 600 millj. kr. Rétt er þó að vekja sérstaka athygli á því að ríkisstj. hefur ekki fallið frá þeirri stefnu sem mörkuð var í fjárlögum varðandi þessa þætti, en endanlegar ákvarðanir liggja ekki fyrir um nánari framkvæmd þessara áforma.

Áætlað er að opinberir aðilar afli innanlands lánsfjár alls tæplega 800 millj. kr., þ. e. til ríkissjóðs 358 millj. kr. og 437 millj. kr. til húsnæðislánakerfisins. Í þessari áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að 400—500 millj. kr. aflist á innlendum markaði í stað 800 millj. kr. og er innlend fjáröflun ríkissjóðs lækkuð um 200 millj. kr. vegna þessa.

Á þessari stundu liggja ekki fyrir endanlegar tillögur af hálfu ríkisstj. um á hvern hátt skuli bregðast við þeim fjárhagsvanda ríkissjóðs sem ég hef greint hér frá, en nú er unnið að slíkri tillögugerð. Lausn þessa vanda er að því leyti erfiðari nú en oft áður hvað varðar ríkissjóð, að á verðbólgutímum undanfarinna ára hafa tekjur ríkissjóðs vegið upp á móti þeim útgjöldum sem orðið hafa umfram áætlun fjárlaga, en nú blasir hins vegar við að vegna hjöðnunar verðbólgu og almenns samdráttar í þjóðarframleiðslu hafa óbeinar tekjur ríkissjóðs dregist verulega saman. Verður því ekki hægt að mæta vandanum með því að ríkissjóður hagnist á verðbólgu og umframeyðslu þjóðarinnar. Ljóst er að við lausn þessa vanda verður ríkið að draga saman útgjöld sín eins og hinn almenni borgari í landinu hefur þurft að gera að undanförnu vegna þess þjóðarátaks sem unnið hefur verið að til að eyða þeirri óðaverðbólgu sem hrjáð hefur allt efnahagslíf okkar á undanförnum árum. Oft hefur verið hafður ásetningur uppi hjá ríkisstjórnum um að draga úr útgjöldum ríkisins, en því miður hefur oft orðið minna úr þeim framkvæmdum.

Í fjárlögum fyrir árið 1984 er þegar búið að gera ráð fyrir samdrætti launa og rekstrargjalda frá fyrra ári sem nemur um 250—300 millj. kr. Sú ákvörðun hlýtur að gera frekari samdrátt erfiðari í framkvæmd á þessu ári. Ekki verður þó hjá því komist að beita niðurskurðarhnífnum enn frekar. Sá samdráttur hlýtur að koma fram í minni þjónustu ríkisins og minni umsvifum. En þessi niðurskurður má ekki verða talnaleikur á blöðum. Hann verður að vera raunhæfur. Þá hlýtur að koma til athugunar að marka tilfærslur og þátttöku ríkisins í ýmissi starfsemi utan ríkisgeirans.

Stefna núv. ríkisstj. hefur verið að auka ekki skattaálögur á landsmenn frá því sem verið hefur heldur hitt, að lækka skatta ríkisins. Miðað við þá kjaraskerðingu sem orðið hefur er lítið svigrúm sem réttlætir aukna skattheimtu af hálfu ríkisins. Ríkisstj. verður þó, með tilliti til þess vanda sem blasir við, að íhuga hvort ekki sé nauðsynlegt að grípa til tímabundinna aðgerða til lausnar hluta fjárhagsvandans ef með því móti gæfist tími til að vinna að frekari lækkun útgjalda ríkissjóðs á komandi árum. Hluti þess vanda sem nú er við að etja hjá ríkissjóði stafar af því að ríkissjóður hefur tekið á sig ábyrgðir sem nú falla á hann. Ég tel að á undanförnum árum hafi oft gætt of mikils ábyrgðarleysis þegar ríkið hefur verið látið ábyrgjast ýmiss konar fjárhagsákvarðanir aðila í þjóðfélaginu, en það hefur leitt til þess að menn hafa ekki þurft að horfast í augu við staðreyndir og frestað raunverulegum vanda. Tel ég nauðsynlegt að settar verði fastmótaðar reglur um ríkisábyrgðir. Fer nú fram athugun á þeim málum í fjmrn.

Við umr. um fjárlög fyrir árið 1984 gat ég um nauðsyn þess að unnið yrði að gerð áætlunar til lengri tíma um þróun tekna og gjalda ríkissjóðs sem sýndi tekjuþarfir og útgjaldaskuldbindingar til nokkurra ára í senn. Sú staðreynd sem nú blasir við í ríkisfjármálum gefur enn frekar tilefni til þess að hrinda þeim áformum í framkvæmd. Ég mun síðar gera grein fyrir þeim hugmyndum og tillögum sem ég hef til lausnar þeim vanda sem við blasir og ég vænti þess að ríkisstj. muni takast von bráðar að koma sér saman um tillögur að

þessu leyti. Þær tillögur munu þá hljóta umfjöllun hér á Alþingi.

En ég vil að lokum við þetta tækifæri undirstrika nauðsyn þess að þm. allir og þjóðin öll geri sér ljósa grein fyrir hinum mikla vanda sem nú blasir við. Hann verður ekki leystur nema með samstilltu átaki okkar allra hér og þjóðarinnar allrar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fjmrh. hefur gert þinginu grein fyrir stöðu ríkissjóðs og mun ég ekki fara orðum um það. Mér þykir hins vegar rétt að tengja þetta nokkuð almennum upplýsingum um peningamálin því að þar er vitanlega um einn stærsta liðinn í ríkisfjármáladæminu að ræða.

Við höfum óumdeilanlega náð mjög miklum árangri í viðureigninni við verðbólguna. Hún er nú um 10% á ársgrundvelli og þrátt fyrir þá launasamninga sem hafa verið gerðir telur Þjóðhagsstofnun að verðbólga frá áramótum til áramóta verði um 12—14% og verðbólguhraði í lok ársins um 10—11%.

Í peningamálum blasa hins vegar við vissar hættur. Útlánaaukning bankanna í janúar og febrúar er 33.3% eða töluvert meiri en verðbólga er nú. Bendir það augljóslega til nokkurrar þenslu og meiri þenslu en æskilegt er ef takast á að halda þensluáhrifum niðri, eins og mikilvægt er til að treysta þann árangur sem hefur náðst.

Ríkissjóðsdæmið er að sjálfsögðu stór liður í þessu og hefur staðan gagnvart Seðlabanka af þeim sökum versnað töluvert. Skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann jukust í janúar og febrúar um 857 millj. kr. Gjaldeyrisstaðan hefur versnað um 1340 millj. kr., fyrst og fremst vegna yfirdráttar í Seðlabanka.

Mér þykir rétt að þessar upplýsingar komi hér fram þótt í stuttu máli sé og vil með þeim leggja ríka áherslu á þá skoðun mína og ríkisstj. að í viðureigninni við verðbólguna sé þenslan í peningamálum stærsti vandinn sem við eigum við að stríða nú og verður að ná tökum á. Þar er ríkissjóðsdæmið stærst og mun fjmrh. að sjálfsögðu, eins og hann hefur hér lýst, gera till. til ríkisstj. og Alþingis um hvernig jafnvægi verður náð í ríkissjóði.

Mér þykir jafnframt rétt, af því að ég er staðinn hér upp, að geta þess að ríkisstj. ákvað á fundi sínum s. l. þriðjudag að skipa embættismenn í að útfæra þá tilfærslu innan fjárlaga sem ákveðin var og samþykkt í tengslum við samninga VSÍ og ASÍ. Mun ríkissjóður þannig að fullu standa við þær samþykktir sem þá voru gerðar þótt samningar hafi ekki verið samþykktir af öllum stéttarfélögum. Þetta mál er reyndar það langt komið að það sem að tryggingum snýr er tilbúið til framkvæmda og mun heilbr.- og trmrh. gera grein fyrir því á eftir.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ríkisstj. þykir rétt að gera í upphafi grein fyrir því hvað hún hyggst gera í sambandi við bætur almannatrygginga.

Í fyrsta lagi verður gefin út reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga, á hinum almenna lífeyri, skv. 79. gr. laga um almannatryggingar. Hér er um að ræða bótahækkanir almenna lífeyrisins, að þær hækki um 7% frá 1. mars 1984.

Í öðru lagi er um að ræða útgáfu reglugerðar um ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra. Sú reglugerð er sett með stoð í 26. gr. laga um málefni aldraðra nr. 91 frá 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá því á s. l. ári. Í þeirri reglugerð sem gefa á út er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á dvalarheimilum aldraðra og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga, hækki þannig að mánaðarupphæð sú sem í gildi er í marsmánuði hækki og verði 1989 kr. á mánuði. Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum fyrir aldraða og engar tekur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga, hækka þannig að mánaðarupphæð sú sem í gildi er í marsmánuði 1984 verður 1750 kr.

Allar aðrar bætur munu hækka í samræmi við frv. sem ríkisstj. mun leggja fyrir Alþingi á næstu dögum. Þar er kveðið svo á um að árlegur barnalífeyrir með hverju barni skuli vera 24 180 kr., árleg mæðralaun skuli vera með einu barni 15 156 kr., með tveimur börnum 39 708 kr. og með þremur börnum eða fleiri 70 428 kr.

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 29 084 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 56 736 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 29 084 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á. Til tekna teljast ekki í þessu sambandi vextir, verðbætur eða gengishagnaður sem frádráttarbær er frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar eða tekjutryggingar skv. 1. mgr. þessa frv. og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða í heimilisuppbót 1422 kr. á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

Þessi ákvæði eru öll þau sömu og eru í gildandi lögum.

Ég hygg að það sé rétt, til þess að þingheimur átti sig á þessum breytingum, að skýra frá því að elli- og örorkulífeyrir er 3157 kr. á mánuði og hækkar skv. þessu um 7% eða í 3378, en tekjutryggingin, sem er 3861 kr. á mánuði, mun ein og sér hækka um 22.5% eða í 4728 kr. á mánuði. Þetta þýðir að sá sem hefur óskerta tekjutryggingu og ellilífeyri eða örorkulífeyri hefur núna 7018 kr., en eftir þessa breytingu mundi það hækka í 8106 kr. eða að meðaltali um 15.5%.

Ef við lítum á þann kostnað sem þessar breytingar hafa í för með sér er talið að breytingin á hinum almenna lífeyri, 7% breytingin, valdi á ári um 134 millj. kostnaðarauka, en á þessu ári eða frá og með 1. mars yrði sú hækkun 112 millj. Í öðru lagi næmi sérstök hækkun tekjutryggingar um 110 millj. á ári, en miðað við 1. mars mun hún nema um 92 millj. kr. Breyting á skerðingarákvæði er áætluð kosta 11—22 millj. Sérstök hækkun barnalífeyris, mæðralauna, heimilisuppbótar og vasapeninga næmi á heilu ári 77 millj., en miðað við 1. mars 64 millj. Skv. þessu er áætlað að þessar auknu bótagreiðslur muni kosta á ári 343 millj., en miðað við 10 mánuði á bilinu frá 279—290 millj. kr.

Rétt er að geta þess að í því samkomulagi sem ríkisstj. gerði við aðila vinnumarkaðarins, ASÍ og VSÍ, um tillögur um úrbætur fyrir hina verst settu var ekki reiknað með hækkun á hinum almenna lífeyri svo að

það samkomulag er fyrir utan þessa upphæð. Hins vegar er rétt og skylt að geta þess að í því samkomulagi var gert ráð fyrir að aðrar bætur væru framkvæmdar með tilfærslu innan fjárlaga og þar yrði reynt að ná samstöðu um þá tilfærslu. Ætla ég ekki að fara frekar út í það því að hæstv. fjmrh. hefur lýst því ítarlega. Hins vegar fannst mér rétt og lagði til í ríkisstj. að heildarhækkun allra bóta lægi ljós fyrir, hverjar tillögurnar væru, hvort sem það væri í formi þeirra tveggja reglugerða sem ég gat um í upphafi eða í formi þess frv. sem ríkisstj. hyggst leggja fyrir.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Fjárlög fyrir árið 1984, þau fjárlög sem stjórnarflokkarnir hafa til skamms tíma keppst við að lýsa sem raunhæfustu fjárlögum sem Alþingi hefur samþykkt, eru nú, og ekki að tilefnislausu, komin formlega til 4. umr. á hv. Alþingi tveimur og hálfum mánuði eftir að þau voru samþykkt við 3. umr.

Þegar hæstv. fjmrh. flutti framsöguræðu fyrir fjárlagafrv. við 1. umr. hefur honum líklega enn þá verið ofarlega í huga veigamikið og skýrt ákvæði í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Gerð fjárlaga fyrir árið 1984 miðist við að ná jafnvægi á ný í ríkisfjármálum."

Þetta var það höfuðhlutverk sem hæstv. fjmrh. og stuðningsmönnum hans í fjvn. var falið að sinna. Hæstv. fjmrh. lagði fjárlagafrv. fram með 9 millj. kr. rekstrarafgangi og 20 millj. kr. greiðsluafgangi. Þetta var að vísu afar tæpt jafnvægi í fjárlagafrv. sem nam um 17.5 milljörðum kr. jafnvel þótt eitthvað hefði nú verið að marka tölurnar, enda taldi hæstv. ráðh. ástæðu til að vara við öllum tilhneigingum til röskunar á þessu nauma jafnvægi og sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil taka það fram í upphafi að út fyrir þann ramma, sem útgjöldum ríkisins hefur verið settur í fjárlagafrv. fyrir árið 1984, verður ekki farið."

Hér nefndi hæstv. ráðh. líklega í fyrsta sinn þann ramma sem síðar átti eftir að koma mjög við sögu í umr. um efnahagsmál. Sá rammi sem ríkisútgjöldum var settur með fjárlagafrv. og ekki mátti fara út fyrir var 17 246 millj. kr. ríkisútgjöld á árinu 1984. Hæstv. fjmrh. taldi ástæðu til þess í framsöguræðu sinni fyrir fjárlagafrv. að tala alvarlega til hv. alþm. í þá veru að þeir virtu þennan ramma. Hæstv. ráðh. sagði í beinu framhaldi af því sem ég áðan tilgreindi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingmenn sem hafa vafalaust margir uppi góð áform um útgjaldaaukningu verða strax að gera sér grein fyrir því að hvorki er hægt að auka erlendar skuldir né yfirdrátt í Seðlabankanum. Og það kemur ekki til greina að auka álögur á landsmenn við núverandi aðstæður. Eina færa leiðin er að draga saman seglin eins og ráðgert er með þessu frv."

Þetta var veganestið sem þm. og þá sérstaklega stuðningsmenn hæstv. fjmrh. í fjvn. fengu þegar afgreiðsla fjárlagafrv. hófst. Það reyndist ærið erfitt verkefni að gera allt í senn: í fyrsta lagi að halda sig innan þessa ramma hæstv. fjmrh., í öðru lagi að uppfylla í reynd ákvæði stjórnarsáttmálans um jafnvægi í ríkisfjármálum og í þriðja lagi að afgreiða fjárlög sem mark væri á takandi. En á það var lögð sérstök áhersla í ræðu og riti að fjárlögin, sem nú væri verið að afgreiða, væru alveg einstaklega raunhæf og nákvæm. Enda er það staðreynd og beint tilefni þessarar 4. umr. um fjárlögin fyrir árið 1984 að öll þessi markmið urðu að engu, allt mistókst samtímis, ramminn var sprengdur, jafnvægi í ríkisfjármálum er ekki í sjónmáli og fjárlögin hafa nú þegar reynst marklaus.

Við 2. umr. um fjárlagafrv. lagði meiri hluti fjvn. fram nál. eins og lög gera ráð fyrir og taldi sig þá augsýnilega hafa staðið nokkuð vel í stykkinu. Í nál. var sérstaklega tekið fram að brtt. til hækkunar útgjalda væru einungis 166 millj. kr. eða um 1% af heildarútgjöldum, en um leið tekið skýrt fram að stefnt væri að því að fjárlög væru sem raunhæfust. Við, sem skipuðum minni hluta fjvn., vorum ekki eins bjartsýn um raunsæið við afgreiðslu meiri hluta á fjárlagafrv. og töldum síður en svo að með afgreiðslu þess væri stefnt að jafnvægi í ríkisfjármálum. Orðrétt segir í nál. minni hlutans, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er að ríkisstjórnarflokkarnir ætla ekki að standa við það markmið í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að miða gerð fjárlaga fyrir árið 1984 við að ná jafnvægi á ný í ríkisfjármálum."

Og síðar í nál. segir, með leyfi forseta:

„Við afgreiðslu fjárlagafrv. til 2. umr. er engin grein gerð fyrir ýmsum útgjaldaliðum eða þeir vantaldir."

Og enn síðar í nál. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar allt þetta er metið er ljóst að hafin er á ný sú skuldasöfnunarstefna og þær seðlaprentunarlausnir sem einkenndu ríkisfjármálin þegar þau voru undir stjórn Sjálfstfl. á árunum 1974—1978."

Það fór svo að enda þótt hæstv. fjmrh. legði áherslu á að ekki yrði farið út fyrir ramma fjárlagafrv., útgjaldaupphæðina 17 246 millj. kr. og enda þótt útgjaldapóstum væri stungið undir stól og enda þótt meiri hluti fjvn. hrósaði sér af því við 2. umr. að útgjaldahliðin hefði einungis hækkað um 1%, þá urðu útgjaldahækkanir við afgreiðslu frv. við 3. umr. ríflega 850 millj. kr. eða um 4.9%, sem er langmesta hækkun sem orðið hefur í meðförum fjárlagafrv. um langt árabil.

Þegar tekið var tillit til endurmats á teknahlið var 9 millj. kr. rekstrarafgangur þannig orðinn að 388.7 millj. kr. rekstrarhalla en 6 millj. kr. greiðsluafgangur var búinn til með auknum lántökum þannig að lántökur til A–hluta hækkuðu um 116% frá fjárlögum ársins 1983 þótt tekið sé tillit til þess að framlag til byggðalína var nú í A–hluta en var áður í B–hluta. Þetta var ærið.

En meira treystu stjórnarflokkarnir sér ekki að taka inn í fjárl. enda þótt enn væru ýmis útgjöld vantalin. T. d. lá fyrir grg. frá stjórnarnefnd ríkisspítala frá 16. des. — en fjárlög voru afgreidd 20. des. — þar sem greint var frá stórfelldri fjárvöntun og var þó gert ráð fyrir ýmsum aðgerðum til sparnaðar sem engan árangur munu hafa borið til þessa. Þar fyrir utan er svo sá alkunni 300 millj. kr. sérstakur sparnaður sem nást átti í heilbrigðiskerfinu og engin teikn sjást um að verði framkvæmdur.

Enn héldu þeir, sem ábyrgð báru á fjárlögunum, sérstakar lofræður um raunsæi þessarar fjárlagagerðar og blöð stjórnarflokkanna básúnuðu fagnaðarboðskapinn um landið. Það virtist í rauninni ekki nema tímasparnaður að samþykkja fjárl. sem ríkisreikning fyrir árið 1984 um leið og frá þeim var gengið. Enda þótt fjárlagafrv. hefði átt að vera alveg einstaklega vel undirbúið og raunsætt með sín 17 246 millj. kr. útgjöld

og 9 millj. kr. rekstrarafgang og 1% hækkunin á útgjöld við 2. umr. væri rétt svona til að snurfusa þessa fullkomnu mynd og enda þótt allt ætti síðar eftir að snúast við við 3. umr. — útgjöld að komast í 18 283 millj. kr. og rammi hæstv. fjmrh. ryki út í veður og vind — þá voru fjárlagatölurnar að dómi þeirra sem unnu verkið ekki síður fullkomnar en í upphafi, jafnvel enn betri og vísindalegri ef það var þá unnt.

Þrátt fyrir þessar stöðugu endurbætur á fullkomleikanum virtist hæstv. fjmrh. vera haldinn einhverjum eftirþönkum og hann fékk ríkisendurskoðanda til þess að stýra sérstakri rannsókn á fjárl. eftir að þau höfðu verið afgreidd. Hæstv. ráðh. hefur nú greint frá árangri þessarar rannsóknar þar sem fjárlagafrumburður hans hefur verið veginn og léttvægur fundinn. Án þess að forsendur hafi breyst frá afgreiðslu fjárl. meira en svo að það raski nettóútgjöldum um meira en 20 millj. kr. reynast vanáætluð heildarútgjöld alls nema 2015 millj. kr., vanáætlaðar tekjur 427 millj., vanáætluð nettóútgjöld því 1588 millj. kr. Gæti sú tala þó enn átt eftir að hækka ef ekki næst sá sparnaður sem gert er ráð fyrir í fjárlögum að eigi að koma til, þ. e. 2.5% sparnaður á launaliðum og 5% á rekstrarútgjöldum eða alls nær 220 millj. kr.

Skv. þessari niðurstöðu um haldleysi fjárlaganna hækkar rekstrarhalli úr 389 millj. kr. í 1977 millj. og í stað 6 millj. kr. sem sýndar voru sem greiðsluafgangur við 3. umr. fjárlaga er raunveruleikinn nú við 4. umr. 1845 millj. kr. greiðsluhalli. Það er rétt, sem hagsýslustjóri segir í Morgunblaðinu í gær og Þjóðviljanum í dag, að stór hluti af þessum mismun á fjárlagatölum og rauntölum nú er tilkominn vegna ákvörðunar ríkisstjórnarflokkanna um að áætla hreinlega ekki fyrir þessum útgjöldum við afgreiðslu fjárlaga.

Þegar þessi raunveruleiki um fyrirsjáanleg útgjöld er skoðaður geta menn spurt sjálfa sig: Ef stjórnarflokkarnir hefðu opinberlega viðurkennt þessar staðreyndir við afgreiðslu fjárlaga, hvernig hefðu þeir þá afgreitt þau? Voru ríkisstjórnarflokkarnir þá tilbúnir til þess að taka á hinum raunverulega vanda? Hefðu þeir afgreitt fjárlög með nálega 2000 millj. kr. rekstrarhalla og 1845 millj. kr. greiðsluhalla eða er staðreyndin sú að hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til þess að afgreiða fjárlög með þeim hætti að horfast í augu við staðreyndir heldur kaus að afgreiða þau með vanáætluðum útgjöldum og vitlausum niðurstöðum til þess að þau yrðu yfirleitt afgreidd fyrir áramót í trausti þess að með því gæfist betra tóm til ákvarðana um einhverjar ráðstafanir sem enn liggur þó ekkert fyrir um hverjar verða?

Á það er bent af ýmsum að áður hafi útgjöld ríkissjóðs farið fram úr áætlun fjárlaga og hér sé um sams konar röskun að ræða. Það er rétt að þegar verðlagsbreytingar urðu meiri en fjárlagafrv., bæði tekju- og gjaldahlið, var byggt á fóru útgjöld fram úr áætlun fjárlaga en jafnvægi milli tekna og gjalda raskaðist ekki við það. Ef eitthvað var jukust tekjur jafnvel stundum meira en gjöld nema á s. l. ári þegar ný ríkisstj. sló grunninn undan tekjuöflun ríkissjóðs með stórfelldri skerðingu kaupmáttar launa almennings og meðfylgjandi samdrætti í veltusköttum auk þess sem ýmsir tekjuliðir voru lækkaðir með ákvörðunum ríkisstj.

Nú kemur á hinn bóginn í ljós að fjárlagaafgreiðsla fyrir síðustu áramót var með þeim hætti og vanáætlun útgjaldaliða svo stórfelld að nettóútgjöld ríkissjóðs aukast um 1588 millj. kr. þegar einungis 21 millj. kr. nettóútgjaldaaukning á rætur að rekja til breyttra forsendna frá því að fjárlög voru afgreidd. Hér er ekki um að ræða hliðstæða breytingu á gjöldum og tekjum. Hér er ekki um að ræða afleiðingar af breytingum á forsendum. Hér hefur átt sér stað svo mikil raunveruleg vanáætlun á gjaldaliðum að nemur 1588 millj. kr. nettó, þ. e. þegar aukning tekna hefur verið dregin frá. Þessi upphæð, 1588 millj. kr. rekstrarhalli sem bætist við þann sem fyrir er, þessi viðbót nemur hvorki meira né minna en tæplega 90% af öllum áætluðum tekjuskatti einstaklinga á þessu ári eða nær 7 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu.

Það er út af fyrir sig þakkarvert að hæstv. fjmrh. skuli þrátt fyrir dýrðarsönginn um sérstaklega raunhæf fjárlög hafa haft þessa eftirþanka um vinnubrögðin og hann skuli hafa leitað til hæfra einstaklinga utan raða þeirra sem samþykktu fjárlögin til þess að leiða í ljós hinn bitra sannleika sem nú blasir við þjóðinni. Það er vissulega þakkarvert að ekki skuli hafa verið legið lengur á staðreyndum í þessu máli og gæti það orðið til þess að lina áfellisdóma almennings þegar svo greiðlega er gengist við yfirsjónunum.

Það er nú ljóst, tveimur og hálfum mánuði eftir afgreiðslu fjárlaga, að staða ríkissjóðs er öll önnur og lakari en látið var líta út við afgreiðslu fjárlaga og voru þau afgreidd með umtalsverðum halla. Það vantar því æðimikið á að náð hafi verið þeim þremur meginmarkmiðum sem hæstv. fjmrh. greindi frá í framsöguræðu fyrir fjárlagafrv. að hefðu sérstaklega verið höfð í huga við undirbúning að stefnumótun í ríkisfjármálum á árinu 1984. Hæstv. fjmrh. sagði þá að fyrsta meginmarkmiðið væri að styðja hina almennu efnahagsstefnu ríkisstj., einkum að því er varðar baráttu við verðbólgu og viðskiptahalla. Svo stórfelldur halli á ríkissjóði sem nú blasir við er síst til þess fallinn að styðja það markmið efnahagsstefnunnar að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla.

Annað meginmarkmiðið taldi hæstv. ráðh. vera það að gera fjárlögin að raunhæfu marktæku plaggi gagnvart þeim aðilum sem fjárveitinga njóta skv. fjárlögum. Dómurinn um fjárlög fyrir 1984 sem marktækt plagg, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, hefur nú verið kveðinn upp með ótvíræðum hætti. Og hæstv. fjmrh. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þriðja meginmarkmiðið, sem haft hefur verið að leiðarljósi við samningu þessa fjárlagafrv., er að draga úr umfangi ríkisins í þjóðarbúskapnum, minnka ríkisumsvifin og takmarka hlutdeild ríkisins í þjóðartekjunum.“

Skv. þeim nýju áætlunum um útgjöld ríkissjóðs, sem hæstv. ráðh. hefur sjálfur gert grein fyrir, eru heildarútgjöldin án aðgerða áætluð 20 299 millj. kr. og nema skv. því 31.9% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu á þessu ári. Það væri hæsta hlutfall ríkisútgjalda svo langt aftur sem ég hef skýrslur um, svo talsverðar ráðstafanir þarf hæstv. fjmrh. að gera í því skyni að létta útgjöldum af ríkissjóði ef hann ætlar ekki að gerast methafi í ríkisumsvifum samtímis því sem hann boðar það sem eitt af meginmarkmiðum sínum í ríkisfjármálum að minnka umsvif ríkisins sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. En hæstv. ráðh. hefur margítrekað að ekki komi til mála að leggja nýjar álögu á landsmenn. Og spurningin er

einnig: Ætlar hæstv. fjmrh. þrátt fyrir upplýsingarnar um stöðu ríkissjóðs að auka enn á vanda hans með því að halda fast við þau áform stjórnarflokkanna að létta sköttum af eignamönnum og fyrirtækjum?

Þessar upplýsingar um markleysi fjárlaganna koma þeim ekki á óvart sem gerðu sér ljóst að veruleg útgjöld voru vantalin við afgreiðslu þeirra. En þessi niðurstaða ætti að kenna þeim sem mest hafa lofað og prísað nákvæmni og ágæti nýafgreiddra fjárlaga að það er hygginna manna háttur að fella ekki dóma fyrir fram þegar reynslan sjálf er á næsta leiti. Þetta hafa gætnir menn gert, þetta hafa gætnir menn lært og fellt í heilræði sem þessir fjárlagasmiðir ættu að draga ályktanir af og auka við í samræmi við nýjustu reynslu og segja: Dag skal að kveldi lofa en mey að morgni og fjárlög ei fyrr en að ári.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Öllum þm. mun vera ljóst að það eru engin ný tíðindi fólgin í þeim tölum sem hæstv. fjmrh. hefur gert að umtalsefni í dag. Þetta var allt saman vitað meira og minna og að langmestu leyti fyrir jól, þegar fjárlög voru til afgreiðslu, eins og reyndar hefur verið staðfest af embættismönnum í ríkiskerfinu. Það sem eru tíðindi í sambandi við þessar umr. er hins vegar að með umr. hefur ríkisstj. staðfest að hún sé búin að missa kjarkinn. Hún trúir ekki lengur á tölurnar sem hún barðist fyrir fyrir jól. Hún trúir ekki lengur á þær ákvarðanir sem teknar voru við fjárlagaafgreiðsluna fyrir jól. Hún vill ekki standa við þær. Þá voru afgreidd fjárlög. Þá var ákveðið að skera niður á ýmsum þáttum. Þá var ákveðið að fjárlög 1984 væru sérlega góð og þau voru talin einstaklega raunhæf. Þessi umr. er fyrst og fremst til marks um að ráðh. treystir sér ekki lengur til að standa við þau fjárlög sem hann og ríkisstjórnarflokkarnir stóðu að afgreiðslu á fyrir jól. Fjárlagaramminn er brostinn og efnahagsstefnan er hrunin. Raunveruleikinn blasir við. Þetta er það sem eru tíðindi í sambandi við umr. núna.

Ég held að þessi umr. sé líka til marks um að hæstv. fjmrh. vilji vísa þessu máli af sér, hann sé ekki einungis búinn að missa trúna á fjárlögin heldur líka trúna á að samstarfsmenn hans standi með sér í því að halda utan um fjárlögin með þeim hætti sem hann hefði óskað. Hann vill ekki axla ábyrgðina af því að sitja uppi með þessi fjárlög. Hann er að vísa málinu á félaga sína í ríkisstj. Þetta er áreiðanlega sannleikur málsins í þessu sambandi.

Sannleikurinn er líka sá, að í ríkisstj. vísar hver á annan einn ganginn enn: fjmrh. vísar á ríkisstj., ríkisstj. vísar á fjmrh., fjmrh. vísar á stjórnarflokkana og þannig gengur þetta koll af kolli. Í þessu sambandi er hafið enn eitt yfirlýsingastríðið og það rignir enn marklausum yfirlýsingum yfir þjóðina. Því miður er svo komið að það er jafnvel orðið minna að marka yfirlýsingar hæstv. fjmrh. en hæstv. forsrh. og er þá nokkuð langt til jafnað. En vel að merkja: þjóðin lifir ekki á marklausum yfirlýsingum og hún er búin að fá meira en nóg af þeim.

Um þá stöðu sem nú er uppi vil ég segja að það er áreiðanlega einn meginþátturinn í því að komast út úr þeirri stöðu að menn séu tilbúnir að gera ýmsar kerfisbreytingar. Það er enn einu sinni ljóst og enn einu sinni hafa menn rekið sig á að slíkar kerfisbreytingar ná ekki fram að ganga, a. m. k. ekki þegar Framsfl. er í ríkisstj. eða framsóknarmenn í öðrum flokkum. Þá reka menn sig á vegg og sitja uppi með óbreytt kerfi.

Ég get nefnt sem dæmi að á fjárlögum einum eru 1.5 milljarðar kr. sem eiga að fara í landbúnaðardæmið. Þetta er bundið af úreltum ákvæðum. Menn eru meira að segja að tala um það núna að þær ákvarðanir sem menn tóku um að sporna við varðandi útflutningsbæturnar skuli nú hrynja og reikna það inn í dæmið hjá sér.

Það var annars athyglisvert að hæstv. ráðh. hafði engar tillögur fram að færa um hvernig ætti að ráða fram úr þeim vanda sem nú er við að glíma. Ég held að nauðsynlegt sé að menn setji sér raunhæf markmið um hvernig eigi að bregðast við þessum vanda, sem reyndar hefur verið þekktur frá því fyrir jól. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að við því verði að bregðast með fjölþættum hætti. Þó að hæstv. ráðh. hafi ekkert til málanna að leggja skal ég segja þá skoðun okkar að við teljum að það verði að mæta þessu að ⅓ a. m. k. með sparnaði, að hluta til með auknum tekjum og menn verði þá jafnvel að sætta sig við að færa seinasta þriðjunginn af þessum vanda á milli ára.

Að því er sparnaðinn varðar ættu menn fyrst að setja sér að efna það sem að var stefnt um sparnað en renna nú ekki á rassinn. Við skulum setjast niður og skoða bæði framkvæmda- og rekstrarliði að nýju og leita sparnaðar hvarvetna þar sem það er mögulegt. Við skulum gera þær kerfisbreytingar sem eru nauðsynlegar til að ná raunverulegum árangri í stað þess að vísa þessu af okkur. Og við skulum taka á útflutningsbótaþættinum, sem alltaf hefur skriðið úr höndum manna, og þar er um stórar fjárhæðir að ræða.

Að því er tekjuhliðina varðar er nú unnið að endurskoðun á tekjuáætlun. Þar skyldi þó ekki leynast einhver matarholan. Og menn ættu í annan stað að láta ógert að framkvæma þá lækkun á sköttum á fyrirtækjum sem fyrirhuguð er og er inni í þessum vanda. Almenningur í þessu landi er búinn að taka á sig byrðar, en fyrirtækin hafa sloppið. Ég get einmitt nefnt verslunina í þessu sambandi. Hæstv. fjmrh. hefur kvartað undan því að verslunin hafi ekki efnt það að lækka vöruverðið á sama tíma og vextir og tilkostnaður hafi lækkað. En á ekki verslunin þá líka að leggja sitt af mörkum í því dæmi sem við stöndum hér frammi fyrir? Þar gæti líka verið matarhola, hæstv. fjmrh.

Sannleikurinn er nefnilega sá, að ekki er hægt að ætlast til þess að launafólkið í landinu taki á sig þrengingarnar ef ríkissjóður ætlar að lifa um efni fram. Og það dugar ekkert að gera þetta sérstaklega að umræðuefni hér og tilkynna þegar þekktar tölur, en láta svo málið renna út í sandinn og hafa engar tillögur fram að færa. Nú þarf einmitt að taka á þessu máli. Það er sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi taki fjárlögin upp að nýju og þau komi hér að nýju til umfjöllunar úr því að það stendur ekki steinn yfir steini í þeim. Við Alþfl.-menn teljum það sjálfsagt og eðlilegt og erum reiðubúnir að leggja okkar af mörkum til þess að afgreidd verði hér ný fjárlög.

Ég hef hér, herra forseti, gert nokkur atriði að umtalsefni í þessu sambandi og ég hef gert grein fyrir þeirri meginstefnu sem Alþfl. hefur að því er varðar úrlausn þessa máls, en það má ekki standa öllu lengur á ríkisstj. að koma með sínar tillögur. Á henni hvílir nefnilega mesta ábyrgðin í þessum efnum.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er einarður maður og vill að orð standi. Það ber að fagna því að hann skuli standa við þær yfirlýsingar sínar að flytja Alþingi skýrslu um ástand ríkisfjármála á þriggja mánaða fresti. Menn geta þá gamnað sér við að reikna út hversu margar fjárlagaumr. verði orðnar í árslok.

Ég hef líka trú á því að hann segi satt að svo miklu leyti sem hægt er að segja satt í málum af þessu tagi. Það er hins vegar skoðun mín að þessi umr. sé ónýt vegna þess að hér eru á engan hátt kynntar þær ráðstafanir eða aðgerðir sem eiga að snúa því dæmi, sem hér var lýst, við. Það er vont.

Því hefur verið lýst hér hversu skotheld fjárlögin voru þegar þau voru samþykkt fyrir jól. Það er ekkert vafamál að fjárlög eru langmikilvægasta stjórntæki ríkisins. Ríkisstj. sem er með fjárlög af þessu tagi er örugglega ekki að stjórna landinu. Hún hlýtur að vera að gera eitthvað annað.

Það kom að vísu í ljós í haust í umr. á Alþingi og var ítrekað, ef ég man rétt í umr. þann 13. des., að ríkisstj. hefði ekki lesið heima. Þar sagði hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Sum af okkar kosningaloforðum voru byggð á þeim upplýsingum sem við héldum að væru réttar. Við höfðum ekki réttar upplýsingar þegar við hófum stjórnarmyndunarviðræður. Við fengum þær ekki fyrr en við sjálfir létum gera úttekt á ríkissjóði. Þetta eru mín orð."

Nú kemur hins vegar í ljós að þeir hafa ekki farið að vinna heimadæmin eftir þennan árekstur. Allt í einu vakna þessir menn upp við það að rukkarar vilja fá víst 300 millj. upp í hin og þessi lán sem þeir höfðu bara ekki hugmynd um. Þeir gerast svo klókir að gera ráð fyrir að það kunni að vera einhvers staðar 200 millj. í viðbót sem er ekki búið að rukka. Það er lofsvert. Hins vegar er alvarlegt mál ef stjórnvöld í landinu sinna ekki þeirri grundvallarskyldu að lesa heima.

Umr. um fjármál og fjárlög hafa oft orðið tilefni til langra ræðuhalda. Ég ætla ekki að feta þá slóð. Það eru hins vegar nokkur atriði sem ég vildi gjarnan fá skýringar á og væri ánægjulegt ef hæstv. fjmrh. gæti haft inni í lestri sínum þegar að því kemur að hann geri grein fyrir aðgerðum ríkisstj.

Það var lögð rík áhersla á að launaramminn væri 4%. Nú virðist hins vegar að það sé út um allt verið að semja um 10—15% launahækkun. Þó verður ekki séð af þeim gögnum sem þm. fengu í vikunni að verðlagshækkanir eigi að vera meiri en 1% þrátt fyrir þessa skekkju. Getur verið að 4% ramminn hafi verið kolvitlaus?

Innlendur sparnaður hefur í þessu plaggi, sem við fengum, verið skorinn niður um 50%, úr eitthvað um 800 millj. niður í 400—500 millj. Þetta er alvarlegt mál fyrir ríkissjóð. En þetta segir út af fyrir sig miklu meira um fjárhag heimilanna í landinu því að þar átti sá sparnaður að vera sem ríkið ætlaði að nota til ýmissa gagnlegra hluta.

Það er líka alveg ljóst að þó að menn fjölgi alls kyns sparnaðartilboðum eykur það ekki sparifé. Ég held að ríkisstj. sé að upplifa það nú. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um að aukafjárveitingar eru af hinu vonda og ég vil gjarnan leggja honum lið í baráttunni við pilsfaldakapíalismann. Hins vegar væri gott að fá skýringar á því, hvaða forsendur það eru sem hafa brugðist. Hvað hefur breyst svona mikið frá því fyrir jól og hvað er líklegt til þess að breytast í náinni framtíð?

Það er fagnaðarefni hversu vel ríkisstj. hefur tekist að kveða niður verðbólgudrauginn. Það er hins vegar áhyggjuefni að þessi verðbólgudraugur virðist hafa verið fólkið í landinu, a. m. k. skv. skilningi hæstv. ríkisstj. Ráðh. hafa greinilega vonda miðla í þjónustu sinni.

Það er áhyggjuefni þegar stjórnvöld þeysa fram á fjölmiðlavöllinn, leggja áherslu á gat í fjárlögum, allt sé í voða og eitthvað verði að gera. Er verið 1983 að renna upp aftur? Eru þeir að brýna breddurnar til nýrrar atlögu við fólkið í landinu? Það kemur væntanlega í ljós þegar hæstv. fjmrh. gerir grein fyrir lausnum sínum á vandanum.

Það er athyglisvert að í skýrslu Þjóðhagsstofnunar segir, með leyfi forseta:

„Innheimta óbeinna skatta varð hins vegar lakari, sem gerir meira en vega upp í viðbótina í beinum sköttum. Helstu skýringar á lakari innheimtu óbeinna skatta eru þær, að rekstrarhagnaður ÁTVR varð mun minni en reiknað var með. Enn fremur virðist söluskattsskyld velta hafa dregist talsvert meira saman en svarar almennum verðbreytingum og innheimta söluskatts varð því minni en búist var við."

Hafa söluskattssvik þá stórlega aukist? Það væri fróðlegt að fá skoðun hæstv. fjmrh. á því.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um skýrslu fjmrh. um ríkisfjármálin 1983. Sú skýrsla hefur tæpast komið á óvart eftir stormasamt ár í fjármálum og stjórnmálum þjóðarinnar og ég sé enga ástæðu til að blanda mér í deilur um hver eigi sökina á því gati. Það hlýtur að skrifast á reikning beggja ríkisstjórna sem fóru með völd á því ári.

En það er stóra gatið. Óneitanlega er þessi uppákoma svolítið einkennileg. Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs var ítrekað minnt á markmið ríkisstj. um raunhæf fjárlög og var ekki annað að heyra en fjmrh. og formaður fjvn. og aðrir þm. stjórnarflokkanna tryðu að þetta markmið hefði náðst. Fjárlögin voru afgreidd með um 375 millj. kr. halla og voru margir sæmilega sáttir við það, höfðu orð um að í rauninni væri hér ekki verr að staðið en undanfarin ár, raunar betur jafnvel, nú væri hallinn viðurkenndur og sýndur svart á hvítu. Sá væri munur á vinnubrögðum að hér væri ekki verið að fela neitt. Og samt er nú, nokkrum vikum síðar, sagt, að hallinn sé kominn úr 375 millj. upp í 1.4—2 milljarða. Kannske segja menn það alveg satt að þeir hafi ekki vísvitandi verið að fela neitt þegar fjárlögin voru afgreidd. En a. m. k. virðist ýmislegt hafa gleymst og ýmislegt verið misreiknað, að ekki sé nú minnst á vandamálin sem menn neituðu algerlega að horfast í augu við.

Kannske er barnalegt og svolítið billegt að segja: Þetta sagði ég. En sú er nú samt raunin, að þetta sagði ég og þetta sögðum við þm. stjórnarandstöðunnar. Það er t. d. ljóst núna að 300 millj., sem ákveðið var strax á miðju síðasta ári að spara í heilbrigðis- og tryggingakerfinu, eru enn að þvælast fyrir mönnum. Góðu heilli virðist hafa tekist að koma í veg fyrir sjúklingaskattinn illræmda, sem átti að brúa það bil, en önnur ráð liggja ekki enn á borðinu. Og vandinn hefur vaxið. Nú vantar okkur 650 millj. í heilbrigðis- og tryggingakerfið skv. niðurstöðum þeirra vísu manna sem fjmrh. lætur reikna

fyrir sig. Kannske hafa þeir fengið nýjar tölvur í jólagjöf.

Þá var einnig fullkomlega ljóst við afgreiðslu fjárlaga að hlutur Lánasjóðs ísl. námsmanna var of lítill. Eftir að ég ítrekað en árangurslaust minnti á málefni Lánasjóðsins í fjvn. freistuðum við fulltrúar Kvennalistans þess að fá samþykkta brtt. á þingfundi um aukið framlag til sjóðsins. Till. okkar um 100 millj. kr. aukið framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna var felld við 2. umr. Við 3. umr. reyndum við enn að fá þingheim til að hækka framlag ríkisins um 50 millj. en þm. stjórnarflokkanna felldu það. Nú, rúmum tveim mánuðum síðar, er allt í einu viðurkennt að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hafi verið vanáætlað um 100 millj. kr., sem ég tel raunar of lága tölu, eins og ég færði rök fyrir þegar ég mælti fyrir brtt. okkar Kvennalistakvenna. Hvers vegna er sá vandi viðurkenndur nú en ekki þá? Er verið að undirbúa jarðveginn fyrir aðför að Lánasjóðnum? Það setur óneitanlega að manni kvíða við lestur frétta um tillögur til að draga úr lánveitingum til námsmanna. En ég ætla ekki að fara frekar út í það mál núna. Til þess gefst tækifæri í umr. um fsp. til menntmrh. um þessi mál sem lögð er fram hér í dag. Hins vegar hlýt ég að spyrja fjmrh. að því hvernig á því standi að þessar 100 millj. eru allt í einu núna orðnar hluti af hallanum á ríkissjóði. Hvers vegna voru þær það ekki fyrir áramót? Þetta er tiltölulega einfalt reikningsdæmi og þurfti ekki einu sinni tölvu til.

Þá er erfitt að trúa því að menn hafi ekki vitað um hin og þessi lán sem væru að falla á ríkisábyrgðasjóð eða að ríkið þyrfti að greiða fyrir smíði skipsins sem það gefur til Grænhöfðaeyja. Var nú líklegt að Slippfélagið á Akureyri ætlaði að gefa það, taka það ómak á sig? Og margsinnis var búið að benda á að engin von væri til þess að áætlanir um lánsfjáröflun innanlands stæðust. Þannig var allt þetta stóra gat í raun og veru til staðar þegar við afgreiðslu fjárlaga í des. og þeir sem mest fjalla um fjármál ríkisins gerðu sér áreiðanlega fulla grein fyrir því, eins og sjá má af ummælum hagsýslustjóra og fleiri í fjölmiðlum þessa dagana. En hallinn er staðreynd hvort sem hann verður 1 eða 2 milljarðar eða einhver önnur tala að lokum. Og hvernig á að mæta honum? Um það spurði fjmrh. hér áðan og höfðaði til ábyrgðar allra þm. Varla er við því að búast að við, sem tilheyrum stjórnarandstöðunni, eigum einhverjar töfraformúlur uppi í erminni þegar þeir sem mest fjalla um málin og gerst þekkja til og bestan aðgang hafa að öllum upplýsingum virðast ekki vita sitt rjúkandi ráð. Tillögur Kvennalistans eru þær sömu og við umr. um fjárlagafrv. fyrir áramót. Við lýstum andstöðu okkar við það að eyða fé í óarðbærar framkvæmdir eins og flugstöðina á Keflavíkurflugvelli og við höfum bent á að útflutningsuppbæturnar þyrfti að endurskoða. Þá erum við sannfærðar um að spara mætti stórfé í yfirstjórn ráðuneyta og ríkisstofnana. Þá hef ég aldrei skilið það heldur hvers vegna Seðlabanka eigi að greiða stórfúlgur í yfirdráttarvexti vegna vandamála ríkissjóðs. Einnig virðist augljóst að nú beri að hætta við hugmyndir um aukin skattfríðindi til þeirra sem vilja fjárfesta í fyrirtækjum. Væri nær að snúa sér nú alvarlega að því að leita að skattsvikurum sem að margra áliti sleppa við skattgreiðslur sem nema milljónum, sumir segja milljörðum.

En hvers vegna er verið að þyrla upp þessu moldviðri núna? „Ég held að fólk hljóti að meta þessa hreinskilni, annað skil ég ekki," er haft eftir fjmrh. í einu blaðanna í dag. Eins og hér hefur verið bent á hefur í rauninni lítið nýtt komið til. Gatið var á sínum stað fyrir áramót. Hvers vegna ætti fólk að meta hreinskilni um þessi mál frekar nú en við afgreiðslu fjármála í des.? Hver er hinn raunverulegi tilgangur með þessari skýringu?

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns víkja nokkuð að ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar sem hann hélt hér áðan við þessa umr. Hann sagði að fjárlagafrv. í meðförum fjárveitinganefndar og Alþingis hefði hækkað um ríflega 840 millj. kr., sem væri methækkun um mörg undangengin ár, eða rúm 9%. Hv. þm. veit sjálfsagt allra manna best í þessum þingsal að hér er um sjónhverfingar að ræða. Þarna er nánast um það að ræða að í fjárlagafrv. voru ekki teknar lántökur til vegagerðar og hlutu því niðurstöðutölur fjárlaga að hækka um 480 millj. kr. af þeim bókhaldsástæðum einum. Ég verð að segja að ég hélt satt að segja af kynnum mínum af hv. þm. Geir Gunnarssyni að hann mundi ekki fara í slíkar talnablekkingaumr. óðruvísi en þá að skýra hreinskilnislega frá af hverju þessi tala er fengin. Sem sagt 480 millj. kr. af þessu eru hreint bókhaldsatriði.

Annað bókhaldsatriði kemur til. Nú í fjárlögum í ár eru tekjur alþjóðaflugmálastofnunarinnar færðar teknamegin en ekki dregnar frá gjöldum eins og áður hefur verið. Þar kemur annað bókhaldsatriði til. Ég sagði hér við 3. umr. fjárl. að þær brtt. sem fjvn. hefur flutt við 2. og 3. umr. þessa frv. næmu einungis u. þ. b. 330 millj. kr. eða innan við 2% af útgjöldum fjárlagafrv. Þá er undanskilin till. um lækkun á útgjöldum vegna forsendubreytinga, ekki ætla ég að fara í blekkingartalnaleik með það, og einnig till. um tilfærslu vegna þess að tekjur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni eru nú færðar teknamegin skv. brtt. frá meiri hluta fjvn. og útgjöld á móti, hjá Pósti og síma, Flugmálastjórn og Veðurstofunni. Það liggur sem sagt ljóst fyrir að í meðförum þingsins hækkaði fjárlagafrv. raunverulega um 330 millj. kr. en ekki 840 millj. kr. eins og aðaltalsmaður hv. stjórnarandstöðu hefur haldið fram hér og verð ég að játa að slíkur málflutningur kemur mér mjög á óvart.

Þá sagði hv. þm. að hæstv. fjmrh. hefði sett á fót nefnd undir forustu ríkisendurskoðanda til þess að stýra rannsókn á fjárl. Ég vil aðeins í sambandi við þetta mál — búið er að ræða þessa nefndarskipun hér áður — upplýsa að þessi nefnd var sett á laggir og hóf störf löngu áður en fjárlög voru afgreidd. Um það var rætt að þessi nefnd héldi áfram þeirri miklu vinnu sem lögð hefur verið í það að sjá til botns í ríkisfjármálunum eftir þá óreiðu sem þau hafa verið í undanfarið. Hún tók þess vegna til starfa fyrr en fjárlög voru afgreidd og hún hélt áfram þeirri vinnu sem þar hafði farið fram á vegum fjmrn. og fjvn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málflutning hv. þm. Geirs Gunnarssonar en ég mun kannske koma óbeint inn á hann á eftir í þessum orðum mínum.

Í einu dagblaðanna eru þau ummæli höfð eftir hv. þm. Ragnari Arnalds, hæstv. fyrrverandi fjmrh., orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Það sem kemur fyrst og fremst á óvart er að ríkisstjórnin viðurkenni nú aðeins

tveimur mánuðum eftir fjárlagaafgreiðslu hvernig ástatt er." (**RA:** Meira. Án þess að nokkrar hugmyndir liggi fyrir um hvernig bregðast skuli við.) Ég vil aðeins segja hv. þm. frá því að það kemur mér alls ekkert á óvart að þessi vinnubrögð komi honum á óvart, í ljósi þess hvernig hann stóð að málum hér fyrr á tíð. Ég hélt því fram við fjárlagaafgreiðslu ársins 1983, sem talsmaður stjórnarandstöðunnar þá, að þá skorti eitt þúsund millj. króna á að endar næðu saman í fjárlögum ársins og það væri fyrir séð þegar þau voru afgreidd á Alþingi. Það var ekki einungis vegna þess að um það væri að ræða að reiknitala fjárl. var augljóslega úr lausu lofti gripin, verðlagsforsendur algjörlega í lausu lofti, heldur líka vegna þess að það var algjörlega ljóst að margir liðir voru stórlega vanáætlaðir ef ekki var ætlunin að draga úr umsvifum í ríkiskerfinu. En ríkisstj. lagði mjög mikla áherslu á það þá að ekki væri ætlunin að draga úr samneyslu og framkvæmdum.

Ég skal nefna nokkur dæmi um hvernig að þessari fjárlagaafgreiðslu var staðið. Í fjárl., eins og þau voru afgr. 1983, voru áætlaðar nánast sömu upphæðir til útgjalda að krónutölu eins og útgjöld urðu á árinu 1982. Ég skal nefna þrjú dæmi um rekstur aðalskrifstofu þriggja rn. Heilbr.- og trmrn. átti að fá í sinn hlut á fjárl. 1983 7 millj. 135 þús. kr. Það kostaði að reka þetta rn. hv. þm. Svavars Gestssonar á árinu 1982 7 millj. 414 þús. kr. Það kostaði meira á árinu 1982 að reka rn. hv. þm. Svavars Gestssonar en átti að eyða til þess skv. fjárl. 1983. Slík voru nú vinnubrögðin. (**SvG:** Það var mjög vel með farið fé.) Síðan get ég upplýst hv. þm. um að eins var ástatt um félmrn. Hann eyddi sjálfur á árinu 1982 rúmum 5 millj. kr. en hann átti að fá rétt rúmar 5 millj. kr. á árinu 1983 til þess að gera hið sama. Allir vita nú hvernig verðlag fór hækkandi á þessum tíma. Sama var að segja um rn. hv. þm. Ragnars Arnalds, sem þá var hæstv. fjmrh. Hann átti að fá til þess að reka sitt rn. árið 1983 svo til sömu fjárhæð og rekstur þess kostaði í krónutölu 1982.

Þetta eru nú aðeins örfá dæmi um það hvernig staðið var að fjárlagaafgreiðslu ársins 1983 og það er einnig dæmi um hvernig staðið hefur verið að fjárlagaafgreiðslu undanfarin ár.

En nú skulum við fara örfáum orðum um það hvernig afkoma ríkissjóðs var á árinu 1983 og bera hana saman við fjárlagaáætlun. Hæstv. ráðh. hefur að sjálfsögðu gert grein fyrir þessu hér en ég vil draga athygli manna að örfáum punktum. Í fyrsta lagi fóru útgjöld fram úr, eins og hann nefndi, um 3300 millj. kr. eða 25%. Aukafjárveitingar voru veittar upp á 25% af fjárlögum. Hvar liggur í rauninni fjárveitingavaldið þegar svo er staðið að málum? Hv. Alþingi fær ekki þessar niðurstöður ríkisreiknings fyrir árið 1983 til umfjöllunar, og þar með aukafjárlög fyrr en kannske einhvern tímann síðar meir á þessu ári. Þá er Alþingi að fjalla um ákvarðanir sem hafa verið teknar 25% fram úr fjárlögum á árinu í fyrra. Ég spyr: Hvar er í rauninni fjárveitingavaldið þegar svo er komið?

Önnur rekstrargjöld fyrir árið 1983 urðu hjá öllum ríkisstofnunum 1640 millj. kr. Hvað skyldi hafa verið áætlað fyrir þessu? Það voru aðeins áætlaðar 940 millj. 700 millj. fór þessi liður fram úr áætlun sem er 75%. Þetta er langt fram úr þeim verðlagsforsendum sem voru á milli þessara ára. Nefna má eitt dæmi af því að ég hef í þessum umr. undanfarið bent á það hvað lyfjakostnaður hefur hækkað mikið hjá ríkinu og hann er vanáætlaður í fjárl. eins og komið hefur fram. Benda má á að á milli áranna 1982 og 1983 hækkuðu greiðslur ríkissjóðs vegna lyfjakostnaðar um 158% og þessi liður var stórkostlega vanáætlaður í fjárlögum ársins 1983.

Fjórða atriðið, sem ég vil hér nefna vegna afkomu ársins 1983 og fjárlaga fyrir það ár, er að rekstur embætta sýslumanna og bæjarfógeta fór yfir 100% fram úr fjárlögum árið 1983 í raun. En það eru einmitt þessir tveir liðir, sem ég vil koma að síðast, sem hafa valdið mönnum nokkrum vonbrigðum, hvernig útkoman var þegar farið var ofan í saumana á þeim dæmum. En það er í rauninni ekkert sérstakt við það að fjárlög hafi ekki staðist áætlun á árinu 1983. Ég er hérna með upplýsingar um það að ríkisreikningur fór 28.8% fram úr fjárlögum árið 1982. Undanfarin ár hafa útgjöld ríkissjóðs farið langt fram úr áætlun. Sum árin hefur tekist að ná endum saman vegna mikilla tekna ríkissjóðs. Þetta hefur best tekist þegar stærsta gatið hefur verið í þjóðarbúskap Íslendinga, þegar þjóðarbúskapur Íslendinga hefur verið rekinn með sem mestum halla, eyðslan sem mest, eins og á árinu 1980 og 1981. Þá hefur tekist að ná endum saman þrátt fyrir alla þessa umframeyðslu. En á árinu 1983 tókst þetta ekki eins og menn vita.

Ég vil gjarnan taka undir það með vini mínum og samþingsmanni Geir Gunnarssyni „Dag skal að kveldi lofa, mey að morgni og fjárlög að ári", en ég hefði ekki tekið mér þessi orð í hans munn vitandi hvernig staðið hefur verið að fjárlagaafgreiðslu undanfarin ár í hans tíð.

Fyrst og fremst var ætlunin að komast út úr þessu feni vanáætlana og aukafjárveitingaflóðs. Fyrst og fremst var ætlunin að gera það með fjárlagaafgreiðslunni fyrir árið 1984. Stefnt var að því að áætla þá liði sem raunhæfast sem ekki var tekin bein ákvörðun um að skera niður. Ég geri mér vonir um að á flestum sviðum hafi þetta tekist nokkurn veginn. Það er því algjörlega út í loftið þegar menn eru að segja hér að fjárlög fyrir árið 1984 séu markleysa. Ég bíð rólegur eftir því að að þessu leyti skuli fjárlög lofa að ári. Ég er algerlega viss um að fjárlagaáætlun fyrir langflesta þætti ríkisbúskaparins er miklu raunhæfari en hún hefur verið um langt skeið.

Auðvitað var meginmarkmiðið með því að stefna að þessu að færa aftur fjárveitingavaldið til Alþingis og það er það sem hæstv. ráðh. er að gera hér. Hann er að gera Alþingi grein fyrir þessum vanda sem samt sem áður verður við að glíma.

Þá vil ég aðeins fjalla í nokkru um það margumrædda gat, sem menn hafa verið að gera hér að umtalsefni, og hvað hafi legið fyrir við fjárlagaafgreiðsluna og hvað ekki. Við fjárlagaafgreiðslu lá fyrir og það var tekið fram í bak og fyrir að þetta markmið næðist ekki að fullu að þessu sinni nema til kæmu sérstakar aðgerðir. Bent var á að aðgerðir þyrfti til að færa verkefni til sveitarfélaga. Ýmsir þættir fjárlaga voru að þessu leyti óraunhæfir vegna þess að ætlunin var að taka þetta upp í viðræðum við sveitarfélögin. Gert var ráð fyrir því að sparnaður næðist í heilbrigðiskerfinu, eins og margoft hefur verið tekið fram, um þessar 300 millj. kr., að fjárlagaupphæðin nægði vegna útgjalda Lánasjóðs ísl. námsmanna og að fjárlagaupphæðin nægði vegna útflutningsbóta á landbúnaðarvörum. Allt þetta var skýrt

tekið fram og fjárlagaafgreiðslan hvíldi á þessum forsendum. Þar komu líka til ýmsir minni liðir, eins og endurmat þyrfti á rekstri grunnskóla, tónlistarfræðslu, rekstri Skipaútgerðar ríkisins, Námsgagnastofnunar o. s. frv. Allt var þetta tíundað nákvæmlega og kom raunar fram alveg strax í fjárlagafrv. Samtals nema þessir liðir, sem lágu fyrir við fjárlagaafgreiðsluna, um 650—700 millj. kr. af því margfræga gati sem menn eru að tala um. Fyrir lágu upplýsingar um þetta. Fyrir lá að fjárlagaafgreiðslan byggðist á þessu. Þessir liðir nema 650—700 millj. kr.

En það var ekki síst vegna þess einmitt að það var vitað mál að ekki var um það að ræða að þessir liðir væru eins raunhæfir og menn vildu vera láta og stefndu að að ég sagði hér við 3. umr. fjárl., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá vil ég ekki síst leggja á það áherslu við þessa fjárlagaafgreiðslu að fjárlög fyrir árið 1984 ber að skoða sem áfanga. Þau eru áfangi í því að draga saman seglin í ríkiskerfinu, minnka ríkisumsvifin. Þau eru áfangi í uppstokkun á ríkisbúskapnum öllum og þau eru ekki síst áfangi á þeirri leið að breyta og endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkisins. Öllu þessu starfi verður að halda áfram eins og ég ræddi um við 2. umr."

Þetta eru, með leyfi forseta, óbreytt orð sem ég viðhafði hér við þessa umr. Það lá því alveg ljóst fyrir að við litum á þessa fjárlagaafgreiðslu sem áfanga að þessu marki en ekki sem einhverja fullkomna áætlanagerð eins og hér hefur verið ýjað að að við höfum haldið fram.

Í framhaldi af þessu vil ég taka fram að það eru einkum tveir stórir liðir, sem tala má um að ekki hafi verið séð fyrir endann á við fjárlagaafgreiðsluna og ekki legið upplýsingar fyrir um, en það er kostnaður við rekstur embætta sýslumanna og bæjarfógeta svo og framlög til sjúkratrygginga. Nú er áætlað að óbreyttu að það kosti 300—350 millj. kr. meira að reka sjúkratryggingakerfið en gert er ráð fyrir í fjárlögum og er þá gert ráð fyrir því að margumræddur 300 millj. kr. sparnaður nái fram. Ég vek athygli þingheims á því að þessi niðurstaða er miklu mun minni munur á áætlun á rekstri þessa mikilvæga þáttar tryggingakerfisins en ég veit til að nokkurn tíma hafi átt sér stað milli fjárlaga og raunveruleikans og ég vona satt að segja að ekki sé þarna um að ræða óraunsæja tölu, þessar 300—350 millj. kr.

Ég skal gera þennan þátt að nokkru umtalsefni. Lyfjakostnaður er áætlaður í fjárlögum núna 480 millj. kr. Þar er um að ræða 100% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1983, en nú er þessi fjárhæð ekki talin nema 460 millj. heldur 580 millj. skv. nýjustu tölum Tryggingastofnunar ríkisins. Ég sagði áðan að þessi kostnaður hefði hækkað milli áranna 1982 og 1983 um 158%. Áætlunin í fjárlögum var miðuð við rauntölur 1982 og fyrstu mánuði ársins 1983. Ef ekki væri um einhverja breytingu að ræða frá þeim tíma ætti fjárlagatalan að standast. Ég held að hér sé á ferðinni mjög alvarlegt mál, miklu alvarlegra en þetta fjárlagagat sem menn eru að fjargviðrast um að þessu leyti. Ég held að margt bendi til þess að neysla lyfja á Íslandi aukist ár frá ári alveg gífurlega og mér er til efs að nokkurn tíma hafi verið áætlað raunhæft fyrir því hvaða kostnaður lenti á ríkissjóði af þeim sökum, hvorki fyrr né síðar.

Annar þáttur sjúkratryggingakerfisins, sem segja má að gangi nokkuð sjálfala og sé í rauninni sjálfvirkt kerfi, er kerfi daggjalda sjúkrahúsa. Mér er tjáð að ef finnist einhvers staðar pláss fyrir kannske 10 sjúkrarúm í þessu sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun, 5 í þessari stofnun o. s. frv., og sjúkrarúm séu þar sett inn og sjúklingar teknir inn á þá stofnun sé reikningurinn einfaldlega sendur til ríkisins og enginn viti í raun hverju þessi reikningur fyrir daggjaldaþjónustu á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum geti numið hverju sinni. Þess vegna getum við alveg eins verið að ræða um einhverja aðra tölu en talið er vera vanáætlað í þessu margfræga gati að þessu leyti. Þetta er um þennan þátt og það verður að játast að það kemur á óvart að hann sé nú talinn vanáætlaður um 350 millj. kr., þ. e. til sjúkratryggingakerfisins. Auðvitað gæti þetta verið einhver önnur tala. Af sjálfu leiðir af því sem ég hef sagt hér um það hvernig stofnað er til útgjalda í þessum efnum.

Annar þátturinn sem ekki kom upp á yfirborðið við fjárlagaafgreiðslu og skiptir meginmáli, var kostnaður við rekstur embætta sýslumanna og bæjarfógeta. Þarna er ekki um nýja bólu að ræða eins og menn vita sem hafa komið nálægt ríkisfjármálunum. Tíðkast hefur undanfarin ár, ekki bara í tíð fyrrv. ríkisstj. heldur að ég held í tíð miklu fleiri ríkisstj., að fjárlagaáætlun hefur kannske í rauninni verið út í bláinn eða kannske ekkert verið út í bláinn vegna rekstursumsvifa þessara embætta. Embættismenn lögreglunnar t. d. hafa þá sérstöðu að þeir eru jafnframt flestir innheimtumenn ríkissjóðs og þeir greiða þann kostnað sem verður af rekstri embættanna og senda síðan ríkissjóði afganginn af sínu innheimtufé. Hugmyndin var að breyta þessu kerfi. Það er búið að vera hugmyndin lengi, það var hugmynd í fjmrh.-tíð hv. þm. Ragnars Arnalds að breyta þessu, það varð ekki af því. En það var hugmyndin a. m. k. að fitja upp á því að breyta þessu á þessu ári í samráði við dómsmrn. og þessi embætti, að þessi embætti skili sínu innheimtufé og fái síðan greiðslur af fjárlögum eins og aðrir aðilar í þjóðfélaginu. Ég sé að hv. þm. hrista höfuðið en þetta hefur nú bara tíðkast í gegnum tíðina og undir forustu þeirra ágætu þm. sem hrista hvað ákafast höfuðin. En það var meiningin að breyta þessu, koma því kerfi á og áætla til þess 60 millj. kr. En það reyndist bara ekki vera nóg þegar farið var ofan í þetta dæmi. Þá var talið að til þessa þyrfti 210 millj. kr. en ekki 60. Þarna er sem sagt vanáætlun um 150 millj. (**GHelg:** Má spyrja í hverju þessi kostnaður liggur?) Hann liggur fyrst og fremst í rekstri þessara embætta og löggæslu í landinu.

Þarna er ekki um að ræða eitt eða annað sem er óheiðarlegt eða þar fram eftir götunum, menn mega ekki skilja orð mín þannig. Hér er einfaldlega um það að ræða að ekki er sami háttur á stjórn ríkisfjármálanna í þessu eins og á öðrum sviðum. Aðrar stofnanir fá greiddar frá ríkinu þær fjárveitingar sem það kostar að reka viðkomandi stofnun. Ef þær eru að einhverju leyti með innheimt fé er það talið fram sem sértekjur þeirra o. s. frv. en þessar stofnanir hafa, embætti sýslumanna og bæjarfógeta, algjöra sérstöðu að því leyti að þær innheimta stórfé, eins og menn vita, af tekjum ríkissjóðs.

Ef við drögum það saman, sem ég hef sagt hér um það hvað hafi verið uppi á yfirborðinu og hvað ekki þegar fjárlagaafgreiðslan fór fram af þessu margfræga gati, þá hef ég sagt hér að skýrt hefur verið frá liðum

sem eru í þessu upp á 650—700 millj. kr. og fjárlagaafgreiðslan hafi sumpart byggst á því. Sérstök vandamál komu upp sem ekki lágu fyrir, þessir tveir liðir sem ég hef hér talað um áðan, sjúkratryggingarnar og embætti sýslumanna og bæjarfógeta, þar er um að ræða liði upp á 500 millj. kr. Um það vil ég segja að ég fullyrði að þessar upplýsingar lágu ekki frammi við fjárlagaafgreiðsluna.

Annað sem hér hefur komið upp á er eins ástatt um. Það eru ýmist ákvarðanir ríkisstj. eða ýmsir liðir sem ekki var vitað um við fjárlagaafgreiðsluna. Þar er t. d. um það að ræða að verðjöfnunarsjóður, loðnudeild verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er látinn taka lán árið 1981, á því metaflaári, til að ná saman fiskverði. Þetta lán þarf að borga eins og önnur lán. Það fellur í gjalddaga á þessu ári og það er tekið á ábyrgð ríkissjóðs. Það er reiknað með því í þessu dæmi. Þó að alls ekkert sé víst að þetta komi á ríkissjóð er reiknað með því í þessu gati. Þetta er fjárhæð upp á 129 millj. kr.

Það verður að segjast alveg eins og er að þessi tilhneiging til að leita slíkra bráðabirgðaúrlausna, láta ríkissjóð hlaupa óbeint undir bagga þegar þessar bráðabirgðalausnir eru til umræðu og ákvörðunar, en ganga ekki hreint til verks og segja bara strax: Þetta verður skrifað á ríkissjóð, hefur áreiðanlega orðið til þess að upplýsingar um að þetta lán félli allt saman í gjalddaga á þessu ári, mundi sennilega falla á ríkissjóð, lágu bara alls ekki fyrir við fjárlagaafgreiðsluna. Ég gæti nefnt fleiri slík dæmi sem hefur verið gert ráð fyrir í þessum vanda sem við öll erum að ræða nú.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri. En ég vil þó aðeins ræða í örstuttu máli hvernig ástatt var í ríkisfjármálunum þegar núv. ríkisstj. tók við ef það kynni að varpa nokkru ljósi á að ekki er einfalt mál að gera sér grein fyrir þeirri flækju sem búið var að koma þeim málum í. Ég vitna hér í minnispunkta sem ég skráði niður á fundi með valinkunnum embættismönnum 23. maí 1983. Þar kom fram að að öllu óbreyttu, skattstofnum og útgjaldaáformum, yrði 1300 millj. kr. halli á ríkissjóði á árinu 1983. Þar kom fram að skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann höfðu aukist frá áramótum um 1100 millj. kr. En menn höfðu áhyggjur af eftirtöldum lausum endum í ríkisfjármálunum:

1) 230 millj. kr. vegna vegagerðar. Þar af 120 millj. kr. vegna bifreiðaskatts sem ekki var lagður á, auk þess sem bensíngjald fyrir kosningar var ekki hækkað eins og ráð var gert fyrir í vegáætlun.

2) 50 millj. kr. til þess að halda óbreyttu niðurgreiðslustigi á rafmagni til húshitunar.

3) 216 millj. kr. fjárvötnun vegna niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum.

4) 67 millj. kr. lyfjaskuld ríkisspítala við Lyfjaverslun ríkisins.

5) 136 millj. kr. sem áætlað var að afla af innlendu lánsfé til A-hluta en væntanlega muni ekki nást.

6) Afkoma ýmissa ríkisfyrirtækja var svo slæm að þau skulduðu ríkissjóði vegna launagreiðslna 30—50 millj. kr.

7) Ríkissjóður hafði tekið lán vegna Olíusjóðs fiskiskipa sem áætluð voru um 300 millj. kr. en upp í það var sjóðurinn talinn eiga 100 millj. kr. Nú er mér tjáð að að einhverju leyti hafi þessi skuld greiðst af útflutningsgjöldum en á ríkissjóð hafi fallið 42 millj. kr. vegna Olíusjóðs fiskiskipa.

Vaxtabyrði ríkissjóðs, sem var aðeins 80 millj. í fjárlögum, var áætluð á þessum tímapunkti 280 millj. Þá hafði verið nýlega gefin út reglugerð um greiðslu á tannviðgerðakostnaði, sem sumir töldu að kosta mundi ríkissjóð hundruð milljónir króna, en ráðh. taldi að kostaði 20 millj. Þessi reglugerð var afnumin síðar.

Þetta eru nokkrir punktar um þá flækju sem fyrir lá. Auk þessara punkta hefði átt að vera einhver minnispunktur um þetta lán loðnudeildar verðjöfnunarsjóðsins o. s. frv. en það var ekki einu sinni uppi á yfirborðinu þá. Svo vel var þetta falið að menn tíunduðu þetta ekki á þessum tíma.

Embættismennirnir sögðu þá aðspurðir að þeir væru dauðhræddir um að þetta væri vanáætlun, „undiraldan væri svo mikil í kerfinu", hef ég skrifað hér í gæsalöppum. Þeir bentu á að á árinu 1982 hefðu verið veittar aukafjárveitingar yfir 1000 millj. kr. á sama tíma sem hefði verið reynt að skera niður 100 millj. kr. og því voru þeir ekki bjartsýnir á að það tækist að leysa þennan vanda, sem þeir töldu blasa við, með niðurskurði.

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. En ég vil þó vitna í atriði sem ég lagði mjög þunga áherslu á við fjárlagaafgreiðsluna og sem varpar ljósi á það vandamál sem við stöndum frammi fyrir og mér finnst að menn ræði af helst til of lítilli alvöru. Ég ræddi þar um erfiðleika sem steðjuðu að okkur í þessu þjóðfélagi — ég benti hér á ummæli hæstv. fyrrv. fjmrh. um kreppulægðina 1982 sem hann taldi hafa dunið yfir okkur — en ég sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Auðvitað setja þessir gríðarlegu erfiðleikar og alvarlegu horfur mark sitt á þá fjárlagaafgreiðslu sem Alþingi er nú að leggja síðustu hönd á. Ég ræddi um það við 2. umr. að ef við tækjum jafnmikil erlend lán á næsta ári og jafnstóra hluta af þjóðartekjum í skatta eins og gert var árið 1982 hefðum við 5–6 milljörðum kr. meira fé til ráðstöfunar skv. fjárlögum og lánsfjárlögum heldur en nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga. Hér er ég að tala um fast verðlag, það verðlag sem við reiknum með í þessari fjárlagaafgreiðslu."

Ég held að ekki verði lögð á það nógu þung áhersla að það sem í raun er að gerast í okkar ríkisfjármálum er einfaldlega það að þegar menn hætta umframeyðslu og ætla sér að láta minnkandi þjóðartekjur nægja hljóta tekjur ríkissjóðs að fara gífurlega lækkandi. M. a. er hér við þennan vanda að stríða auk þess sem teknar hafa verið ákvarðanir um verulegar skattalækkanir. Ekki þarf því að koma neinum á óvart að ef menn eru ekki á þeim buxunum að draga úr ríkisbákninu hlýtur að fara svo að áfram verði halli á ríkissjóði, öðruvísi getur það ekki farið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að stjórnarandstæðingar setji hér á langar ræður í tilefni þeirrar skýrslu sem hæstv. fjmrh. hefur flutt, vegna þess að í mínum huga er sú skýrsla í raun og veru ekkert annað en viðurkenning á því sem stjórnarandstaðan hélt fram í haust við afgreiðslu fjárlaga. Hæstv. fjmrh. á þakkir skildar fyrir það, þó seint sé, að viðurkenna og lýsa yfir opinberlega á Alþingi að hér var um að ræða sannleika sem haldið var fram af hálfu stjórnarandstöðunnar við afgreiðslu fjárlaga í des. s. l. Það þarf enginn mér að segja, jafnvel þó svo hæstv.

fjmrh. lýsi því yfir sjálfur, að hann hafi verið svo glámskyggn — jafnmikill peningamaður og hæstv. fjmrh. er og glöggur — að honum hafi ekki verið ljós þessi vandi við undirbúning fjárlagagerðarinnar og við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984. En ég ítreka: Hæstv. fjmrh. á þakkir skildar fyrir að viðurkenna þetta og gera þingi og þjóð grein fyrir því hvernig staðan er og þar með viðurkenna fyrir hönd ríkisstj. allrar að stjórnarandstaðan hafði á réttu að standa við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984.

Mér dettur ekki í hug að halda, t. d. í ljósi þeirrar yfirlýsingar sem hagsýslustjóri gefur í blöðum í morgun, þar sem hann lýsir því yfir að þessi vandi hafi verið ljós frá því í haust, að þeim mönnum sem réðu ferðinni við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga hafi ekki jafnframt verið ljós sá vandi sem þarna var um að ræða og að undirbúningur fjárlaganna og afgreiðsla þeirra voru ekki raunhæf. Það voru ekki raunhæfar forsendur sem settar voru að því er varðaði afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1984. Þetta held ég að öllum sé ljóst. Það má vel vera að það hafi ekki verið nákvæmlega þær tölur sem menn nú eru um að tala, en efnislega átti mönnum að vera þetta ljóst í meginatriðum strax á s. l. hausti.

Hitt er svo líka rétt, sem hæstv. fjmrh. hefur sagt og ýmsir fleiri, að þetta er ekki bara vandamál núv. hæstv. ríkisstj. eða hennar synd. Hér er líka um erfðasynd fyrrv. hæstv. ríkisstj. að ræða. En Sjálfstfl. bar ábyrgð á henni líka og getur þess vegna ekki skotið sér undan þeirri gagnrýni sem eðlilega kemur fram vegna þess hvernig sú hæstv. ríkisstj. skildi við ríkisfjármálin þegar hún fór frá. Hvernig sem á þetta mál er litið eru það þrír stjórnmálaflokkar í landinu sem bera á því höfuðábyrgð, bæði frá tíð fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj., hvernig ríkisfjármálum er nú komið og hvernig þau standa. Undan þessu geta þessir flokkar ekki skotið sér þó að þeir kasti boltanum milli sín og e. t. v. sé mismunandi hversu mikil sökin er hjá hverjum. Sameiginlega bera þeir þessa sök og eiga hana.

Ég held því að ekki sé ástæða til að setja á langa ræðu vegna skýrslunnar. Þetta var ljóst. Hins vegar er miklu meiri ástæða til þess að spyrjast fyrir um það, og það er auðvitað það sem skiptir máli: Hvað hyggst hæstv. ríkisstj. gera til lausnar þeim geigvænlega vanda sem þarna blasir við? Hverjar eru tillögurnar? Hver eru úrræðin til þess að komast út úr vandanum? Það er það sem höfuðmáli skiptir úr því sem komið er, fyrst menn ekki trúðu þessu, vildu ekki trúa því, kannske vísvitandi margir hverjir, við afgreiðslu fjárlaga ogýttu þannig vandanum á undan sér fram yfir þá afgreiðslu.

Um það liggur ekkert fyrir enn, ekki mér vitanlega, með hvaða hætti hæstv. fjmrh. hyggst bregðast við og leysa málið.

Ég sé ekki — a. m. k. ekki í fljótu bragði — hvernig það getur gerst í ljósi þeirra yfirlýsinga t. d. sem hæstv. fjmrh. hefur gefið. Hann segir: Skattar verða ekki hækkaðir. Lántökur verða ekki auknar. — Og nú er ljóst að hæstv. ríkisstj. virðist hafa gefist upp á því að spara í ríkiskerfinu. Þá er eðlilegt að spurt sé: Hver eru þá ráðin til að leysa úr þessum vanda? Hverjar eru tillögur hæstv. ríkisstj. um að komast út úr þessu? Það er mergur þessa máls. Um það hlýtur umræðan í framhaldi af þessari skýrslu fyrst og fremst að snúast. Hver verða úrræðin? Það er engu líkara, eins og sagt var áðan af hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, en ríkisstj. hafi gefist upp á að framkvæma þá stefnu sem hún fyrst og fremst hampaði hvað mest í stjórnarmyndunarviðræðunum og í stjórnarsáttmálanum sjálfum.

Síðast í gær hygg ég að það hafi verið sem hæstv. félmrh. lýsti því yfir að á engan hátt yrði hvikað frá fjármögnun í húsnæðismálakerfinu. Þar er talið að vanti a. m. k. líklega 800—900 millj. kr. Og hæstv. félmrh. segir: Þeirra peninga verður aflað. — En það vantaði viðbótina: Með hvaða hætti? Nú er svo komið bæði varðandi verkamannabústaðakerfið og Byggingarsjóð ríkisins að það vantar svo hundruðum milljóna skiptir upp á að hægt sé að leysa úr brýnustu skyldum sem þessir aðilar bera gagnvart húsbyggjendum og ætti að vera löngu búið að greiða út háar upphæðir af þeim peningum sem ekki eru fyrir hendi. Ég hef ekki heyrt eða séð neinar tillögur frá hæstv. félmrh. eða hugmyndir um hvaðan þessir peningar eiga að koma. Einhvers staðar var eftir hæstv. ráðh. haft að hér væri fyrst og fremst treyst á Atvinnuleysistryggingasjóð, sem er ljóst að er nánast þurrausinn sjóður, ekki síst í ljósi ört vaxandi atvinnuleysis og bótagreiðslna úr þeim sjóði á yfirstandandi ári ef fram heldur sem horfir. Hvað með skyldusparnaðinn sem aðstoðarmaður hæstv. félmrh. taldi réttast að leggja niður? Ekki verður á hann treyst í framhaldinu. Allir vita hvernig búið er að þurrausa eða nánast kreista út allt það fé sem hægt er að fá úr lífeyrissjóðunum. En þrátt fyrir allar þessar staðreyndir keppast sumir hæstv. ráðh. við að gefa yfirlýsingar um að peninga verði aflað, þó að hvergi sjáist örla á hugmyndum eða tillögum þessara sömu hæstv. ráðh. um með hvaða hætti það skuli gert.

Hver trúir því t. d. að hæstv. ráðh. og stjórnarþm. allir hafi ekki vitað það fyrir afgreiðslu eða við afgreiðslu fjárlaga að það vantaði tugi milljóna til að brúa bilið í grunnskólakerfinu? Þar er nú talið að vanti 40—50 millj. hið minnsta til að sjá fyrir þeim þætti sem ríkið á þar um að sjá. Og hver trúir því að hæstv. ráðh. og hv. stjórnarþm. hafi ekki gert sér ljóst að það þurfti að standa við þær skuldbindingar sem Ísland er búið að taka á sig gagnvart Grænhöfðaeyjum? Nú koma menn og segja: Það er einn þátturinn af því sem við vissum ekki um, 29 millj. kr. Og hver trúir því að hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluti hafi ekki gert sér ljóst að það þurfti að standa við afborganir vegna Straumsvíkurhafnar af hálfu Íslendinga? Hafi mönnum sem taka að sér ráðherradóm, ekki verið ljóst hverjar skyldur voru þarna gagnvart ríkinu sjálfu tel ég að hæpið sé að slíkir menn eigi á því siðferðislegan rétt að sitja á ráðherrastól.

Hver trúir því að hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluta hafi ekki verið það ljóst varðandi skuldbindingar ríkisins gagnvart loðnudeild, sem á sínum tíma var tekið lán til þegar loðnuveiðar voru stöðvaðar, að það væri ekki skuldbindingar af hálfu ríkisins sem þar væri verið að halda fram? Það eru 129 millj., segja menn núna, sem við vissum ekkert um að ætti að borga. — Svona mætti lengi telja. Þetta eru plögg sem koma frá hæstv. ríkisstj. sjálfri, og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að þau séu rétt þó að þau stemmi í sumum tilvikum ekki alveg við skýrslu svipaðs efnis frá Þjóðhagsstofnun, en að því er best verður séð og eftir bestu manna yfirlýsingum að dæma á á þessari stundinni að taka þetta plagg frá hæstv. ríkisstj. sem það sem gildir.

Ég held, herra forseti, að hæstv. ríkisstj. hafi gert

mikil mistök og þar með meiri hluti Alþingis í því að horfast ekki í augu við staðreyndir við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði og gera sér þá grein fyrir þeim vanda sem þurfti að leysa og nú hefur aukist og þarf enn að leysa. Það er engum til gagns, allra síst ætti það að vera háttur þeirra sem til þess gefa á sér kost að ráða fram úr vandamálum þjóðarinnar, að stinga hausnum í sandinn á vissum tímum og neita að viðurkenna staðreyndir.

Ég held að nauðsynlegt sé í þessari umr. að kalla eftir tillögum þeim sem hæstv. fjmrh. ætla fram að leggja til lausnar þessu máli og ekki síður að fá um það vitneskju með hvaða hætti sú umfjöllun á að eiga sér stað þegar og ef slíkar tillögur koma fram. Er meiningin að hér verði 4. umr. og þar með atkvgr. fjárlaga eða á þetta að gerast með einhverjum öðrum hætti? Verða þær tillögur, sem væntanlega koma fram frá hæstv. ríkisstj. lagðar hér fyrir Alþingi til umfjöllunar og ákvörðunar eða hyggst hæstv. ríkisstj. fara að með öðrum hætti?

Ég trúi ekki öðru en að allir hv. þm., hvar í flokki sem þeir eru, séu til þess reiðubúnir að horfast í augu við þessar staðreyndir og leggja sitt af mörkum til að leysa vandann. Til þess eru menn hingað kjörnir. Það er eitt af frumskilyrðunum og frumverkefnunum að þm. er ætlað að taka á sig ábyrgð af því að leysa þau vandamál sem upp koma í þjóðfélaginu. Ég á ekki von á öðru en allir hv. þm. séu til þess reiðubúnir. En til þess að svo megi verða verður að fá fram hugmyndir og till. hæstv. ríkisstj. Komi þær ekki, og það hið allra fyrsta, er það auðvitað skylda stjórnarandstöðu að leggja sín spil á borðið, og til þess er Alþfl. reiðubúinn að segja sitt um það mál, ef til þess kemur, og kannske þrátt fyrir það, hvort sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að leggja fram till. hér í þinginu til lausnar málinu eða ekki.

Ég sé ekki, herra forseti, að ástæða sé til þess að ræða þessa skýrslu frekar. Hún er viðurkenning á þeim staðreyndum sem stjórnarandstaðan hélt fram við afgreiðslu fjárlaga. En þakkir skal fjmrh. hafa fyrir að hafa hér fyrir hönd hæstv. ríkisstj. allrar og þingmeirihluta viðurkennt í dag með yfirlýsingu þessari það sem stjórnarandstaðan hélt fram við afgreiðslu fjárlaga. Það var rétt.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að það er óneitanlega svolítið sérkennilegt að upplifa það hér nú, þegar tíu vikur eða þar um bil eru liðnar af fjárlagaárinu og þegar Alþingi hefur starfað á þessu ári hér um bil sjö vikur á að giska, að fjárlögin skuli koma til umr. Eins og hér hefur komið fram hjá mörgum hv. þm. segir sú staðreynd auðvitað fyrst og fremst það, að nú skuli fjárlögin hér á ný til umr. með þeim hætti sem við höfum heyrt í dag, að það sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar sögðu hér við afgreiðslu fjárlaga var hárrétt. Allt sem hér hefur gerst í dag og hefur verið að gerast undanfarna daga er raunar staðfesting á því. Það er staðfesting á því að allar yfirlýsingar sem bæði formaður fjvn., hv. þm. Lárus Jónsson, og hæstv. fjmrh. gáfu við afgreiðslu fjárlaga um að nú væri verið að afgreiða raunhæfustu og marktækustu fjárlög sem þing hefði samþykkt um margra ára skeið, ef ekki frá upphafi vega að maður skyldi halda, — allar þessar yfirlýsingar voru út í hött, allar þessar yfirlýsingar voru rangar, allar þessar yfirlýsingar voru marklausar, jafnmarkalausar og þau fjárlög sem samþykkt voru.

Hitt er svo rétt að auðvitað ber að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að vekja nú athygli á þessu. Ég tek undir þær þakkir eins og ýmsir fleiri. En ég get ekki að því gert að líka finnst mér það svolítið undarlegur leikur sem hér er öðrum þræði verið að leika. Hæstv. fjmrh. er eins og alþjóð veit gamalkunnur og gamalreyndur knattspyrnumaður. Nú sér hann að hann er kominn í hættu með boltann, hann er kominn á hættusvæði. Og hvað gerir hann? Hann sendir knöttinn til ríkisstj. til að firra sig ábyrgð og losna úr hættu og þröngri stöðu. Hvað gerir ríkisstj.? Ja, hún gerir raunar ekki neitt. Kannske sendir hún knöttinn aftur til hæstv. fjmrh. Hvað gerir hann þá? Hann sendir knöttinn til Alþingis. Ég held raunar að þá séu menn farnir að spila einhvers staðar langt fyrir utan völl og leikurinn þar með orðinn marklaus.

En hvað er það sem er að gerast í rauninni þegar fjmrh. leikur þennan leik? Jú, hann er að firra sig ábyrgð. Og hvað er það sem er að gerast þegar hæstv. fjmrh. kemur hingað og gefur þinginu skýrslu um stöðu ríkisfjármála? Hann segir: Ég hef engar tillögur á þessari stundu. Þetta er merkilegt líka.

Nú hefur það komið fram í þessum umr. hjá fleiri en einum og fleiri en tveimur ræðumönnum að það sem hér er verið að greina frá ætti ekki að koma neinum á óvart. Hinir mætustu embættismenn hafa frá því greint að raunar hafi þetta verið ljóst þegar í haust, raunar hafi verið ljóst þegar í haust að þessi vandi væri fyrir hendi. Að hluta til er hann auðvitað þessarar ríkisstj., sem gerði margvíslegar ráðstafanir, felldi niður tekjustofna og dró þannig úr tekjum og gerði sitthvað fleira, lækkaði skatta á fyrirtækjum og eitt og annað, en að hluta til, og það ber að viðurkenna, er þetta líka eldra mál.

En af hverju, fyrst þetta var ljóst í haust, sögðu þá hæstv. fjmrh. og hæstv. formaður fjvn. að hér væri nú verið að afgreiða raunhæfustu fjárlög sem um gæti? Hvers vegna, fyrst þetta var ljóst í haust, hefur hæstv. fjmrh. ekkert sagt fyrr? Hvers vegna hefur þá hæstv. ríkisstj. ekkert sagt fyrr?

Það eina sem ég hjó eftir í ræðu hæstv. fjmrh. áðan sérstaklega var að hann talaði svo og tók þannig til orða að það kynni að vera nauðsyn tímabundinna aðgerða. Á þessu voru engar frekari skýringar. Það fylgdu engar frekari útlistanir á því hvað hæstv. fjmrh. á við. Nú hefur hann margoft sagt að hann muni fremur segja af sér en að leggja nýjar álögur á þjóðina. En hvað er átt við með þessum tímabundnu aðgerðum? Það skyldu þó aldrei vera tímabundnar álögur í einhverju formi? Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. skýri þessi orð sín nánar hér á eftir. En aðrar tillögur hafði hann ekki fram að færa, hæstv. ráðh., né heldur heyrðist nokkuð annað slíkt frá þeim hæstv. ráðh. öðrum sem hér tók til máls, og var þó þeirra á meðal hæstv. forsrh.

Hér hafa menn gert ríkissjóðsdæmið að umtalsefni og vildi formaður fjvn., hv. þm. Lárus Jónsson, ekki gera mikið úr því að hér væri um svo mikinn vanda að tefla sem hæstv. fjmrh. lét í skína. Það var á honum að heyra að þetta væri ekki eins alvarlegt mál og ýmsir hefðu gert skóna. En það er ekki bara að vandi sé á höndum að því er varðar fjárhag ríkissjóðs. Það er víðar vandi. — Nú hefði ég, herra forseti, viljað beina nokkrum spurningum til hæstv. félmrh., en ég sé ekki að hann sé í salnum.

Ég vildi mælast til þess að hann yrði kvaddur til fundar ef hann skyldi vera einhvers staðar á næstu grösum. (**Forseti:** Hann er á næstu grösum og mun hlýða á mál ræðumannsins.) Já.

Ég hefði viljað víkja að því sem hefur borið á góma í blöðum og öðrum fjölmiðlum undanfarna daga. Í Þjóðviljanum í gær segir, með leyfi forseta:

„Komið hefur í ljós að 900 millj. kr. vantar í húsnæðislánakerfi ríkisins. Þetta er um helmingur þess fjár sem áætlað var að lána til húsnæðismála í ár. Blasir nú við að engum húsnæðislánum verður úthlutað á síðari helmingi ársins ef þetta nýja stórgat í fjármálakerfi ríkisins verður áfram óbreytt. Þetta 900 millj. stórgat í húsnæðiskerfinu kemur til viðbótar stóra gatinu í fjárlögum ríkisins sem fjmrh. kunngerði á mánudag. Samtals nema þessi tvö stórgöt rúmlega þremur milljörðum króna."

Og fer nú að vandast málið og þó, gæti nú einhver sagt. Ég kannast ekki við að hafa séð þessari frétt mótmælt af hálfu ríkisstj. Þó má vera að raunhæft metið séu þessar tölur nokkuð í hærri kantinum.

Í því sem sumir eru nú farnir að kalla ráðherrafréttatíma Ríkisútvarpsins, þ. e. kvöldfréttunum, í gærkvöld kl. 19, þá var fjallað um þessi mál. Ég ætla, með leyfi forseta, að greina nokkuð frá því hvernig um þau mál var þar fjallað. Það var nefnilega næsta óvenjuleg framsetning frétta sem þar átti sér stað og kann ég ekki að skýra hvers vegna svo var. Vera má að aðrir geti leitað einhvers konar skýringar á því í innviðum útvarps og á fréttastofunni. — Í yfirliti fréttanna segir, með leyfi forseta:

„Að sögn félmrh. stendur ríkisstj. við loforð sín um 50% hækkun á lánum til þeirra sem byggja eða kaupa húsnæði. Greiðsla lána hefur dregist vegna þess að lánsfjárlög hafa ekki verið afgreidd." — Þetta var númer eitt.

Í aðalyfirliti fréttatímans, þ. e. sem þulur les, sagði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir erfiðleika ríkissjóðs verður að sögn Alexanders Stefánssonar félmrh. staðið við loforð ríkisstj. um að hækka um 50% lán til þeirra sem byggja eða kaupa húsnæði í fyrsta sinn. Hækkun lánanna hefur verið undirbúin."

Svo kemur, með leyfi forseta, þriðja vers í þessum eina kvöldfréttatíma:

„Alexander Stefánsson félmrh. segir að staðið verði við loforðin um að hækka öll lán húsnæðismála um 50%. Lánsfjáráætlun hefur enn ekki verið afgreidd á Alþingi, en þaðan á bróðurpartur þess fjár sem til þarf að koma, og komið hefur á daginn að stórfé vantar til að endar nái saman í fjárlögum sem búið er að samþykkja. Félmrh. er spurður hvort til væru peningar til að efna loforðin um hækkun lánanna."

Þá var flutt viðtal við hæstv. félmrh., það er fjórða vers, og ég vitna til þess, með leyfi forseta:

„Fréttamaður: Húseigendur geta þá treyst því og húsbyggjendur að þeir fái sín lán?

Félmrh.: Alveg örugglega." — Þetta var fjórða vers.

Svo kemur fimmta vers. Það var kl. 22.15:

„Að sögn Alexanders Stefánssonar félmrh. verður staðið við loforð ríkisstj. um að hækka um 50% öll lán húsnæðisstjórnar."

Í síðasta fréttatíma Ríkisútvarpsins, líklega rétt fyrir miðnætti, var þessi frétt endurtekin, með leyfi forseta, og það var þá líklega sjötta vers:

„Að sögn Alexanders Stefánssonar félmrh. verður staðið við loforð ríkisstj. um að hækka um 50% öll lán húsnæðisstjórnar."

Það má vel vera að þetta hafi enn verið ítrekað í morgunfréttum útvarpsins í dag, ég hlustaði ekki svo grannt þar.

Sem sagt: sex sinnum lofaði hæstv. félmrh. því í Ríkisútvarpinu í gær að öll lán húsbyggjenda yrðu hækkuð um 50%. Gott og vel. Vonandi verður unnt að standa við þetta. En ég geri ráð fyrir að efasemdir flökti um hug einhverra í þessu sambandi. En vonandi verður hægt að standa við þetta. — Og nú er ég kominn að því sem mig langaði til að beina til hæstv. félmrh.: Hvaðan á að taka fjármagn til að hækka öll húsnæðislán um 50%? Hvernig ætlar hæstv. félmrh. að standa við hið sexfalda loforð úr Ríkisútvarpinu frá í gær? Og ég spyr: Er Atvinnuleysistryggingasjóður aflögufær? Og ef svo er, hvað heldur hæstv. félmrh. að Atvinnuleysistryggingasjóður, eins og nú horfir í hans málum og eins og nú horfir í atvinnumálum, geti lagt mikið af mörkum til húsnæðislánakerfisins? Hvað heldur hæstv. félmrh. að lífeyrissjóðirnir muni leggja mikið af mörkum til húsnæðislánakerfisins á árinu 1984? Í þriðja lagi: Hvað heldur hæstv. félmrh. að unnt verði að afla mikils fjár með sölu spariskírteina eða skuldabréfa á hinum almenna lánamarkaði hér í þjóðfélaginu eins og nú kreppir að hjá mörgum? Í fjórða lagi spyr ég: Á bara að nota gömlu aðferðina, aðferðina sem notuð var núna um áramótin, að prenta nýja peninga? Hvar á að taka það fjármagn, hvort sem það eru 7, 8 eða 900 millj. kr., sem vantar til húsnæðislánakerfisins? Það er gott og vel að hæstv. félmrh. komi í útvarpið og lofi og lofi, en hann verður líka að segja hvar hann ætlar að taka peningana. Þær þúsundir húsbyggjenda sem bíða eftir lánum eiga ekki bara rétt á því, þær eiga kröfu til þess að hæstv. félmrh. greini nú frá því hvernig hann ætlar að standa við sitt sexfalda loforð frá í gærkvöld. Við bíðum og ég á ekki von á að það standi á svari.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri að sinni. Það mætti vissulega margt um þetta segja fleira í heild. Það hefur verið haft á orði hér að hæstv. ríkisstj. hafi gefist upp, hún sé komin á flótta, það sé komið hrun í efnahagsstefnu hennar. Og er það ekki dæmigert þegar hæstv. fjmrh. kemur upp og gerir grein fyrir öllum þessum vandamálum, en hefur ekki eina einustu tillögu fram að færa á þessu stigi máls um hvernig ráða skuli bót á þessum vanda? Formaður Alþfl., hv. þm. Kjartan Jóhannsson, hefur gert grein fyrir í stórum dráttum hvernig við við fyrstu yfirsýn hugsum okkur að mætti ráðast til atlögu við þennan vanda. Það er meira en heyrst hefur frá hæstv. ríkisstj. í þessum umr., og gildir það bæði um hæstv. fjmrh. og forsrh.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hér hafa orðið miklar umr. um svokallað gat á fjárlagadæminu fyrir árið 1984, glufu, sem sumir kalla jafnvel stórgat eða stóra gatið, en aðrir gera lítið úr. Ég vil þó minna á að það, sem hér er á dagskrá, er skýrsla fjmrh. um ríkisfjármálin fyrir 1983 og því er ekki óeðlilegt að ég víki fyrst að útkomunni á því ári.

Eins og fram kemur í skýrslu hæstv. fjmrh. var greiðsluafkoman á árinu 1983 á þann veg að gjöldin voru um 16.3 þús. milljónir en tekjurnar 15.1. Hallinn,

sem virðist hafa orðið á greiðslujöfnuði fjárlaga á árinu 1983, nemur tæpum 1200 millj. kr. Í þessu sambandi er rétt að benda á að vafalaust mun rekstrarafkoma ríkissjóðs reynast töluvert miklu hagstæðari en þessar tölur bera með sér. Undanfarin ár hefur rekstrarafkoma ríkissjóðs verið talsvert hagstæðari en greiðsluafkoman. Og þó að það sé út af fyrir sig ekkert lögmál að svo þurfi að vera hygg ég að svo verði einnig að þessu sinni og gæti fært fyrir því ýmis rök.

En hver er ástæðan fyrir því að greiðsluafkoman var neikvæð um tæpar 1200 millj. kr.? Ég tel það rangt að aðalástæðan fyrir því sé samdráttur í tekjum ríkisins vegna minnkandi innflutnings eins og mjög hefur verið rætt um af mörgum. Í fjárlögum fyrir árið 1983 var reiknað með verulegum samdrætti í tekjum vegna minnkandi innflutnings og vegna rýrnandi lífskjara, vegna minnkandi neyslu og minnkandi veltu. Ég held að ekkert hafi á vantað að reynt væri að áætla um verulegan samdrátt í tekjum ríkisins vegna samdráttar í þjóðartekjum við fjárlagagerð fyrir árið 1983. En hitt má vera rétt að samdrátturinn hafi orðið ívið meiri en menn reiknuðu með og að tekjurnar hafi orðið ívið minni en ráð var fyrir gert í fjárlögum. En það er samt ekki aðalskýringin á þessum mikla halla sem var á árinu 1983. Það er að vísu ein skýring en tiltölulega smávaxin miðað við aðrar, tiltölulega lítill hluti af heildarhallanum.

Sagt hefur verið að hallinn á árinu 1983 hafi stafað af því að á því ári hafi orðið verulega miklu meiri verðbólga en reiknað var með í fjárlögum, reiknitalan hafi reynst röng, hún hafi verið tiltölulega lág eða um 42% en verðbólgan hafi orðið miklu meiri. Ég mótmæli þessu. Ég mótmæli því ekki að reiknitalan var fremur lág miðað við það sem varð í reynd. En ég mótmæli því að þetta sé einhver skýring á halla á árinu 1983.

Ég hygg að ef eitthvað er sé reglan sú að verði verðbólga meiri en áætlað er í fjárlögum verkar það frekar til niðurskurðar á útgjöldum á þann hátt að ýmis útgjöld fjárlaganna eru föst, t. d. öll framkvæmdafjárlögin. Þar er ekki bætt við nema í hreinum undantekningartilvikum. En ef veltan reynist 30% meiri eða 20% meiri en áætlað var vaxa tekjurnar í réttu hlutfalli við þá tölu. Vegna þess að tekjur ríkissjóðs eru að mestu leyti, eins og menn þekkja, veltutekjur er það reglan að þetta stenst svona nokkurn veginn á með útgjöld og tekjur í vaxandi verðbólgu, launin hækka ef um vísitölubindingu er að ræða en tekjurnar hækka þar á móti. Þær tölur, sem eru fastar og bundnar, ákveðnar krónutölur í fjárlögum, standa í stað. Þar verður verulegur niðurskurður í reynd.

Þannig að sú skýring, að halli hafi orðið á fjárlögum á árinu 1983 vegna þess að reiknitalan hafi reynst röng, vegna þess að verðbólgan hafi reynst meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, er ekki rétt. Vissulega má deila um það hvort slík þróun geti einhverju raskað til eða frá, ég vil ekki útiloka að í sumum tilvikum valdi hún einhverjum lítils háttar halla og í öðrum tilvikum gæti hún svo aftur á móti valdið afgangi. En það er ekkert sem breytir einu eða neinu svo máli skiptir.

Hver er þá skýringin á því að útgjöld ríkissjóðs fóru svo verulega fram úr áætlun miðað við tekjurnar að af var verulegur greiðsluhalli? Ég kem að því hér á eftir. En auðvelt er að færa rök að því að ástæðan er fyrst og fremst ákvarðanir nýrrar ríkisstj. þegar hún tekur við á miðju ári 1983. Staðreyndin er sú að við stjórnarskiptin var ekki lakari staða hjá ríkissjóði en verið hafði mjög oft á undangengnum árum. Ég benti á það í grein, sem ég skrifaði um helgina 25. júní bæði í Morgunblaðið og Þjóðviljann, að halli á ríkissjóði á fyrstu fimm mánuðum ársins 1983 var um 11.4%, en það er nákvæmlega það sama og verið hafði að meðaltali á árunum 1975—1979. Það var vissulega heldur óhagstæðari staða en verið hafði á árunum 1980, 1981 og 1982. Og mér dettur ekki í hug að halda að stefnt hafi í jafnhagstæða útkomu á árinu 1983 og verið hafði á árunum 1980, 1981 og 1982 því að öll þessi ár var verulegur afgangur. En ég hygg hins vegar að það hefði mátt ná jafnvægi, þ. e. láta afkomuna standa nokkurn veginn á sléttu ef rétt hefði verið á málum haldið á síðari hluta ársins 1983.

Það sem hins vegar veldur greiðsluhallanum er að þegar þessi stjórn tekur við virðist vísvitandi vera stefnt að því að halli verði á afkomu ársins 1983. Gerðar eru verulegar breytingar á sköttum, skattalækkanir framkvæmdar, m. a. afnumin skattur á skemmtiferðir til útlanda. Telja má að þessar skatta- og tollabreytingar hafi valdið minnkuðum tekjum ríkissjóðs upp á 400—500 millj. kr. þegar allt er talið. Ríkisstj. ætlaði sér reyndar að afla tekna á móti þessu eða skera eitthvað niður og ég veit að hæstv. fjmrh. hafði slíkt í huga þegar þessi ákvörðun var tekin eins og skýrt kemur fram í brbl. sem gefin voru út í júnímánuði. Það átti að spara fyrir þessari upphæð nokkurn veginn. Þá hefði þetta gengið upp og verið í lagi. En þær 300 millj. kr., sem ríkisstj. ákvað að reyna að spara þarna á móti í júnímánuði, urðu aldrei neinn sparnaður. Þar af leiðandi kom stórfellt gat á fjárlagadæmið fyrir árið 1983 sem þessu nam.

Ef vegáætlun hefði verið samræmd þeim tekjum sem ætlaðar voru til vegagerðar þannig að tekjur og gjöld hefðu staðist á og ekki hefði verið tekið nýtt erlent lán til þess að jafna hallann eins og gert var — annaðhvort með niðurskurði framkvæmda eða með tekjuöflun eins og fyrrv. stjórn hafði í huga — þá hefði hallinn á árinu 1983 minnkað um einar 150 millj. kr. Ef niðurgreiðslur á árinu 1983 hefðu verið í samræmi við fjárlög ellegar að tekna hefði verið aflað til að standa undir auknum niðurgreiðslum, eins og t. d. var gert 1981 þegar niðurgreiðslur voru auknar um 3000 milljónir og aflað var fjár til þeirrar aukningar á niðurgreiðslum bæði með niðurskurði útgjalda og með tekjuöflun, þá hefði ekki orðið gat hjá ríkissjóði á s. l. ári upp á 200 millj. kr. Hér er ég bara búinn að nefna tiltölulega fáa tekju- eða útgjaldapósta en bara þessir póstar, sem ég hef nefnt, valda halla hjá ríkissjóði upp á einar 800 millj. kr. á s. l. ári. Og sjá þá allir að greiðsluhalli, sem í reynd varð 1163 millj. kr., skýrist að verulegu leyti af ákvörðunum af þessu tagi. Ég minni á það sem ég sagði áðan að sennilega verður rekstrarafkoman á árinu 1983 töluvert miklu betri en greiðsluafkoman og má því vel vera að þegar búið er að draga þessar 800 millj. frá standi ríkissjóður nokkurn veginn á sléttu á árinu 1983 þegar öll kurl eru komin til grafar.

Í sambandi við rekstrarjöfnuðinn vil ég nefna eitt dæmi sem skýrir það hvers vegna rekstrarjöfnuðurinn getur orðið hagstæðari en greiðsluafkoman. Rétt fyrir s. l. áramót ákvað hæstv. fjmrh. að greiða fyrirfram af útflutningsuppbótum fyrir árið 1984 upphæð sem nam 50 millj. kr. Hann greiddi þessa upphæð fyrir áramót þó

að tekjurnar og þó að fjárlagaliðurinn væri á fjárlögum ársins 1984.

Vissulega hefur oft áður komið fyrir að greitt væri fyrir fram upp í útflutningsuppbætur þótt það hafi kannske nokkuð ráðist af því hvernig staða ríkissjóðs hefur verið á hverjum tíma. Ég reyndi gjarnan að ganga til móts við bændasamtökin í þessum efnum að einhverju leyti á hverju ári en það var þó venjulegast um að ræða upphæð sem aðeins var brot af þessari upphæð.

Hérna er hins vegar um að ræða yfirgnæfandi langstærstu upphæð af þessu tagi sem greidd hefur verið fyrir fram í útflutningsuppbætur. En það sjá allir að ef 50 millj. kr. eru með þessum hætti færðar frá árinu 1984 yfir á árið 1983 valda þær því að greiðsluhallinn verður 50 millj. kr. meiri á árinu 1983 og svo aftur 50 millj. kr. minni á árinu þar á eftir en þetta mun að sjálfsögðu koma fram með eðlilegum hætti í rekstrarreikningi. Í rekstrarreikningi ríkissjóðs munu þessar 50 millj. kr. ekki verða færðar sem útgjöld ársins 1983 heldur sem útgjöld ársins 1984 og þar af leiðandi verður rekstrarútkoman á árinu 1983 þessum 50 millj. kr. hagstæðari heldur en greiðsluafkoman.

Ég hygg að ef margar slíkar stórar tilfærslur hafa átt sér stað frá árinu 1984 yfir á árið 1983, þ. e. fram fyrir sig yfir áramótin, hljóti ríkisreikningurinn að vera verulega miklu hagstæðari en greiðsluafkoman. En það eru margar aðrar ástæður sem valda því að rekstrarafkoman er oft og tíðum hagstæðari og m. a. sú að verið er að greiða niður skuldir sem myndast hafa hjá einstökum stofnunum, eins og t. d. hefur átt sér stað á undanförnum árum gagnvart Tryggingastofnun ríkisins. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig það mál stendur nú en allt mun þetta að sjálfsögðu koma í ljós þegar ríkisreikningurinn verður gerður upp. Hann verður væntanlega birtur áður en Alþingi lýkur störfum í vor svo við þurfum ekki að ræða það mál frekar að sinni.

Ég sný mér þá að stóra gatinu margfræga, þessum 1850 millj. kr. sem nú eru sagðar á vanta til að ríkissjóður komi út með greiðslujafnvægi á árinu 1984. Sagt hefur verið að þessi tíðindi komi ekki neinum á óvart og ég tek undir það. Þetta er ekkert annað en það sem fullyrt var af stjórnarandstæðingum við afgreiðslu fjárlaga í haust. En ég vil hins vegar benda á að þessi upphæð er vafalaust verulega vantalin ef eitthvað er.

Í fyrsta lagi er ljóst að engar ákvarðanir hafa verið teknar um það enn hvernig náð verður 5% sparnaði á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs hjá sérhverri stofnun ríkisins. Það er vandi að ná fram slíkum sparnaði og við eigum alveg eftir að sjá hvort sá sparnaður verður að veruleika. Sama gildir um 2.5% sparnað í launaútgjöldum ríkisins. Ég veit ekki til að neinar ákvarðanir hafi verið teknar um það hvernig þessum sparnaði verði náð. Ef það tekst ekki, ef blessaðir hæstv. ráðherrarnir okkar renna á rassinn með þann sparnað eins og þeir virðast ætla að renna á rassinn með sparnaðinn í tryggingakerfinu, þá eru þarna býsna stór göt sem eftir er að fylla í og hafa þá ekki verið fram talin í skýrslu fjmrh. til hæstv. Alþingis nú í dag. Sama gildir um félagsmálapakkann margfræga sem er upp á 330 millj. kr. Hann er ekki með í þessu dæmi og enn virðist standa í hæstv. ráðherrum að gera einhverja grein fyrir því hvernig á að borga þann pakka. Á að gera það með minnkandi niðurgreiðslum og þar með hækkandi vöruverði? Á að gera það með útflutningsuppbótum, sem virðist þó vera þegar mjög verulega vantaldar, eða með einhverjum öðrum niðurskurði. Ekkert liggur fyrir um hvað gert verður og þó eru margar vikur liðnar síðan þetta mál bar hér fyrst á góma án þess að nokkur svör hafi fengist. Skyldi ekki vera þarna enn eitt gatið á ferðinni sem á eftir að fylla í?

Hv. þm. Eiður Guðnason gerði vanda Byggingarsjóðs ríkisins að umtalsefni áðan. Ég tek undir það sem hann sagði að þar er um gífurlegar fjárhæðir að ræða. Félmrh. hefur lýst því yfir að hann muni sjá til þess að staðið verði við öll stóru loforðin í sambandi við Byggingarsjóð ríkisins og ég fagna því auðvitað alveg sérstaklega að hæstv. félmrh. skuli gefa þá yfirlýsingu. Þá er bara spurningin er hæstv. fjmrh. reiðubúinn til að borga brúsann? Hvar ætlar hann að taka þessar 700, 800 eða 900 millj. sem þar kann að vanta á? Ekki liggur ljóst fyrir í dag hver upphæðin er, það fer mjög eftir þróun mála á næstunni. En þarna getur greinilega verið um mjög háa fjárhæð að ræða, einhvers staðar á bilinu milli 700 og 900 millj. kr.

Í umr. um þetta margfræga gat virðast ýmsir ekki hafa gert sér grein fyrir því að það snýst ekki um það að tekjur ríkisins hafi verið vanreiknaðar. Ég heyrði t. d. að fréttamaður útvarpsins gerði því skóna í kvöldfréttum í gærkvöldi að líklega væri þetta að einhverju leyti vegna þess að tekjurnar hefðu verið vantaldar. Hæstv. forsrh. hefur minnst á það opinberlega að þetta stafi sennilega af því að tekjuhliðin sé ekki í nógu góðu lagi. Ég vek á því athygli að við erum alls ekki að ræða um neitt tekjugat. Við erum að ræða um útgjaldavanda, útgjaldagat. Við eigum alveg eftir að ræða um hugsanlegan tekjuvanda. Það er sá partur af dæminu sem á kannske eftir að koma á daginn síðar að valdi verulegu gati í fjárlagadæmi ríkissjóðs. Ég minni á að sú fyrirhugaða skattalækkun til fyrirtækja, sem ríkisstj. hefur boðað en enn ekki fengið afgreidda á Alþingi, er alls ekki inni í fjárlagadæminu þannig að þar er enn eitt gatið sem á eftir að gera ráð fyrir í tekjudæminu.

Viðbrögð stuðningsmanna ríkisstj. hafa verið ákaflega sérkennileg eftir að þessi stóru götu komu í ljós. Ég held að það sé vægt til orða tekið að nefna það moldviðri sem reynt hefur verið að þyrla upp, ekki síst af formanni fjvn., hv. þm. Lárusi Jónssyni, og mörgum fleiri stuðningsmönnum ríkisstj. Menn flytja hér langt mál um aukafjárveitingar á undanförnum árum, rangar verðlagsforsendur, rangar reiknitölur og halda því fram að þar sé um einhverjar hliðstæður að ræða. Eitthvað sem hægt sé að bera saman og sé sama eðlis. Slíkar fullyrðingar eru einungis settar fram til þess að rugla dómgreind fólks. Varla er hægt að hugsa sér skelfilegri og fátæklegri viðbrögð ábyrgra stjórnvalda við aðsteðjandi vanda en að reyna að rugla fólk með þeim hætti að telja að hér sé um einhverjar hliðstæður að ræða.

Hæstv. fjmrh. féll í þá gryfju í umr. áðan að taka þannig til orða að fyrirrennarar hans hefðu tíðkað það að sópa vandanum undir teppið og svo hefði bara vandinn komið í ljós í árslok og Alþingi staðið frammi fyrir gerðum hlut, eins og hann komst að orði. Ég vil mótmæla þessu algjörlega — eða hvernig halda menn að unnt hefði verið að fá út jákvæða afkomu á árunum 1980, 1981 og 1982 með verulegum afgangi öll árin í árslok ef einhverjum stórfelldum vanda hefði verið sópað undir teppið og hann hefði fyrst verið að koma í ljós í árslok? Ekki var um að ræða nein hliðstæð

vandamál af þessu tagi, að í ljós kæmi skömmu eftir að fjárl. hefðu verið gerð að verulegar upphæðir vantaði á að útgjöld væru rétt áætluð. Að svo miklu leyti sem gat verið um slíkar skekkjur að ræða var að sjálfsögðu reynt að tryggja með ákveðnum fjárveitingum í fjárlögum að þar væri varasjóður sem kæmi upp á móti hugsanlegum skekkjum af þessu tagi.

Allt tal um aukafjárveitingar í þessu sambandi er líka gersamlega út í hött. Það segir sig sjálft að enginn fjmrh. kemst hjá því að gefa út svo og svo mikið af aukafjárveitingum. Ég veit t. d. að hæstv. fjmrh. verður svo sannarlega að gefa út býsna margar aukafjárveitingar til að leiðrétta og lagfæra þar sem nú virðist skakkt í fjárlagadæminu. Hann verður að leiðrétta það allt með aukafjárveitingum. Almennt er útilokað að stjórna þessu landi öðruvísi en að fjmrh. og ríkisstj. hafi heimild og aðstöðu til að gefa út aukafjárveitingar vegna þess að það er svo einfalt sem nokkuð getur verið að meðan einhver verðbólga er í þjóðfélaginu — og ég tala nú ekki um ef hún er af stærðargráðunni frá 10% og upp í 60—70% — er engin leið að vita þegar fjárlög eru áætluð við hvaða tölur nákvæmlega á að miða. Verðbólga verður alltaf nokkrum prósentum meiri eða minni en fjárl. höfðu nákvæmlega gert ráð fyrir og það verður að leiðrétta dæmið með aukafjárveitingum.

Ég hef margupplýst það hér á Alþingi að ef litið er á fjárlög fyrir árin 1970—1983 hefur frávik ríkisreiknings frá fjárlögum verið öll árin einhvers staðar á bilinu milli 10 og 20%, aldrei undir 10% en víst aldrei mikið yfir 20%. Þetta er ekkert annað en það sem menn verða að horfast í augu við vegna þess að í verðbólguþjóðfélagi verður aldrei áætlað svo nákvæmlega.

En það er atriði sem ekki skiptir öllu máli þótt ekki takist að áætla reiknitölu fjárlaga nákvæmlega rétta, því að eins og ég hef þegar gert grein fyrir hækka tekjurnar í nokkurn veginn réttu hlutfalli við útgjöldin þegar um verðbólguþróun er að ræða og því myndast ekkert gat af þeirri ástæðu. Gat er fyrirbæri sem er allt annars eðlis og það er einungis verið að villa um fyrir fólki þegar verið að líkja þessu tvennu saman.

Ég vil láta það koma hér fram að ég tel að ástand ríkisfjármála á árinu 1983 hljóti vissulega að teljast nokkuð sérstaks eðlis. Hæstv. fjmrh. hafði nokkra afsökun fyrir því hvernig fór á árinu 1983 vegna þess að til viðbótar því erfiða árferði og þeirri naumu útkomu ríkissjóðs, sem hlaut að verða á því ári vegna verulegs samdráttar, var hann að setjast í nýja ríkisstj. sem ákvað að breyta fjárlagadæminu í verulegum atriðum en treysti sér ekki þegar svo langt var liðið á árið að afla nýrra tekna á móti eða skera niður útgjöld. Svo einfalt er það. Ríkisstj. taldi sig verða að gera ýmsar ráðstafanir, sem bæði höfðu tekjulækkun í för með sér og útgjaldaaukningu, í sinni herferð gegn verðbólgu og treysti sér ekki til að jafna dæmið með öðrum ráðstöfunum þegar svo langt var liðið á fjárlagaárið. Þess vegna ákvað hún beinlínis í upphafi ferils síns að reka ríkissjóð með tilteknum halla á fjárlagaárinu.

Um árið 1984 gegnir allt öðru máli. Þá átti að vera mögulegt að ná jafnvægi með nýjum fjárlögum. Þá var líka stefnt að því að ná jafnvægi og þá voru gefnar út yfirlýsingar, ekki ein og ekki tvær heldur ótal margar af talsmönnum ríkisstjórnarinnar, að nú hefðu verið sett saman raunhæfustu og nákvæmustu fjárlög sem sögur færu af og nú mundi allt ganga upp eins og vera bæri. En því miður ætlar reyndin að vera eitthvað önnur. Það er ekki vegna þess að reiknitalan standist ekki. Vissulega mun hún ekki standast í ár frekar en önnur ár. Reiknitala fjárlaga er mjög lág að þessu sinni og ég trúi ekki að nokkrum alþm. detti í hug að halda að hún standist nákvæmlega. Hún verður vitlaus í þetta sinn eins og alltaf áður.

Ramminn er þegar sprunginn. Það er alþekkt staðreynd og raunar ekkert nýtt. Hann hefur alltaf sprungið á hverju einasta ári. Ég hef satt að segja verið þeirrar skoðunar öll þau ár sem ég hafði með þessi mál að gera að óskynsamlegt væri að ákveða reiknitölu fjárlaga nákvæmlega hina sömu og menn reiknuðu með að yrði verðbólguprósenta ársins. Ég hef talið það óskynsamlegt. Ég hef viljað hafa borð fyrir báru með því að hafa reiknitöluna ævinlega nokkrum prósentum lægri en gera mætti ráð fyrir að yrði verðbólguprósenta ársins. Hvers vegna? Vegna þess að það gerir ekkert til þó að þarna verði einhver munur á. Ef verðbólgan verður meiri en ætlað var koma bara tekjur á móti sem fylla í gatið.

Hitt er aftur á móti mjög alvarlegur hlutur ef menn skyldu nú misreikna sig á þann veg að þeir ætluðu að hitta nákvæmlega á verðbólguprósentuna og svo yrði verðbólgan minni en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Þá verður halli, þá er voði á ferðum. Því er það satt best að segja afar óhyggilegt að reyna í verðbólguþjóðfélagi að stilla inn á nákvæmlega þá verðbólguprósentu sem fram undan er. Hver ríkisstj. verður helst að ætla reiknitölu fjárlaga nokkrum prósentum undir því sem líklegt er að verði til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig, til þess að hafa örugglega borð fyrir báru.

Þetta hefur núverandi ríkisstj. vissulega gert því hún setti rammann svo þröngan að engum lifandi manni datt í hug að hann mundi standast. Ekki datt mér það eitt andartak í hug þegar ég sá reiknitöluna fyrir núgildandi fjárlög og mér dettur ekki í hug að halda að hæstv. fjmrh. hafi verið slíkt barn að ímynda sér að þessi rammi mundi í reynd standast fullkomlega.

Þetta er sem sagt ekki kjarni málsins, hvorki með útkomu fjárlagadæmisins á árinu 1983 né fyrir árið 1984. Allar vífilengjur og moldviðri, sem stjórnarsinnar reyna að þyrla upp um þessa hlið málsins, eru einungis settar fram til þess að villa mönnum sýn. Aðalatriðið er að það vantar fyrir útgjöldum án þess að reikna megi með neinum tekjum á móti. Slíkt gat er allt annars eðlis, eins og menn hljóta að sjá, og stefnir í stórfelldan halla á þessu ári.

Eiginlega má segja að sagan sé að endurtaka sig frá árinu 1974 þegar Sjálfstfl. tók seinast við ríkisfjármálum en einmitt á því ári, 1974, varð í fyrsta skipti á þeim árum verulegur halli á ríkissjóði og hann átti svo eftir að aukast mjög verulega á þeim árum sem í kjölfarið fylgdi.

Ég minnist þess að þegar verið var að ræða um fjárlagadæmið fyrir árið 1981 kom einn af talsmönnum Sjálfstfl. hér í ræðustól og sagði: Ja, það er nú ekki mikill vandi að halda jafnvægi í ríkisfjármálum ef menn fara að eins og fjmrh. fer að og þáv. ríkisstj. með því bara að skera niður lögbundin útgjöld og auka svo bara tekjurnar eftir því sem þörfin krefst. Þannig ná þeir jafnvægi. — Þetta var kjarni málsins. Þetta er eina leiðin til að ná jafnvægi. Það er að láta útgjöldin vera í samræmi við tekjurnar. Útgjöldin verða venjulega að

minnka með niðurskurði og tekjurnar að aukast með skattlagningu af einhverju tagi. Önnur leið er ekki til.

Ég væri vissulega tilbúinn til að flytja hér langt mál um það hvernig mætti hugsanlega rétta af þennan halla. Ég tel að það séu margar leiðir til þess. Mætti nefna þar marga pósta. Fyrsta verkið ætti auðvitað að vera að hætta við að veita stóreignamönnum og hlutabréfaeigendum stórfelldar skattalækkanir eins og nú er áformað. Önnur leiðin væri sú að leggja sams konar skatta á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og gert hefur verið á undanförnum árum en lækka þá ekki. Þriðja úrræðið væri kannske að leggja skatt á skemmtiferðir til útlanda eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Fjórða úrræðið gæti verið að skera niður útgjöld til flugstöðvar upp á 100 millj. kr. Þannig mætti lengi telja. En auðvitað hefst aldrei að ná endum saman öðruvísi en að útgjöldin séu minnkuð og tekjurnar auknar.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér kemur á óvart að hæstv. fjmrh. eða hæstv. forsrh. skuli ekki ræða hér eitthvað um hugmyndir ríkisstj. um það hvernig brugðist verði við þessum vanda. Það er eins og komið sé algjörlega að tómum kofanum hjá hæstv. ráðh. um lausn á þessu vandamáli. Það skyldi ekki eiga fyrir okkur að liggja að þetta mál verði óleyst áframhaldandi og að hér verði stefnt í einhvern mesta halla á ríkissjóði sem nokkur dæmi eru til fyrr og síðar. Við skulum sannarlega vona að svo fari ekki.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég gat nú ekki að því gert undir öllum þessum umr. um gatið hans Ragnars og gatið hans Alberts og meðan fyrri ræðumenn hafa verið að reyna að rimpa í þetta rómaða gat, að það leitaði á hugann gamall húsgangur eftir hann Bólu-Hjálmar svohljóðandi:

Nuddaði gegnum nákalt lík
napurt heljarkulið.
Góðverkanna götótt flík
gat það hvergi hulið.

Þetta er dálítið napurlega mælt og ég get nú ekki beðist velvirðingar á því fyrir hönd Bólu-Hjálmars, en hver var þessi góðverkanna flík sem hæstv. ríkisstj. hefur skrýðst? Jú, það var efnahagsstefna ríkisstj. í heild, eins og hún birtist okkur í nýrri stefnu í fjárlögum, lánsfjárlögum, peningamálum, fjárfestingarstjórn o. s. frv. Þessi góðverkanna flík er orðin ansi götótt og í staðinn fyrir að rimpa í gatið virtist mér hæstv. fjmrh. fyrst og fremst koma hér til að segja frá að flíkin væri öll gauðrifin, en mér virtist líka að hann stæði algjörlega á gati um það hvernig ætti að rimpa í þetta. (**Gripið fram í:** Dyrhólagat.) Þetta er orðið Dyrhólagat, já, sem frægt er reyndar í íslenskri sögu af öðrum ástæðum. (Gripið fram í.) Ég þekki þá sögu, já.

Hér hafa margir ágætir menn orðið til þess að bera lof á hæstv. fjmrh. fyrir hreinskilnina. Það er þó altént bragarbót að reyna ekki að leyna því hversu komið er þessari flík og miklu skárra að játa fyrir þingheimi hvernig komið er, vísa málinu aftur til þings, eins og talað er um, og viðurkenna að nú fer fram 4. umr. fjárl. og við þurfum að endurskoða fjárlögin. Ég verð að játa það, um leið og ég tek undir þetta, að auðvitað gat hæstv. fjmrh. farið að eins og forverar hans, látið sem ekkert væri og gefið út sínar aukafjárveitingar og á annan hátt í samhengi efnahagsmála kynt elda verðbólgunnar, því að það kennir okkur margföld reynsla að ríkissjóður er sá aðili sem til skamms tíma hagnast hvað mest á verðbólgu — með öðrum orðum látið vandamálin leysast af sjálfu sér. Það er ekki séð fyrir endann á hvort það verði niðurstaðan. En ég gruna hann reyndar svolítið um græsku. Ég held að meginástæðan fyrir því að hæstv. fjmrh. fór svona að hafi lítið að gera með stjórn efnahagsmála. Ég held að þetta séu þau pólitísku hyggindi sem í hag koma. Ég held að hæstv. ráðh. sé fyrst og fremst að valda sig gagnvart þeim hrægömmum sem sitja honum á hægri og vinstri hönd, þ. e. samráðh. hans, svo að þeir komi kannske ekki allt í einu upp síðar meir þegar ástæða væri til og segi: Ja, nú er illa komið. Efnahagsstefna ríkisstj. er í molum, fjárlögin í molum, lánsfjárlögin í molum og allt hæstv. fjmrh. að kenna. — Það er ekki ráð nema í tíma sé tekið og ég held að þetta sé hyggilegt hjá hæstv. fjmrh. með hliðsjón af því að samráðh. hans hafa ekki vandað honum kveðjurnar að undanförnu, bæði út af kjaramálum og ýmsum fleiri málum.

Það er eitt sem skiptir kannske meginmáli fyrir almenning í landinu að fá út úr þessum umr. þegar hér er komið sögu. Menn eru búnir að tíunda hversu stórt þetta gat er og lýsa sínum skoðunum á því hverjar eru ástæðunar, en spurningin er um úrræðin. Af því tilefni langar mig að beina nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh. Því er nefnilega haldið fram í blöðum að það sé alrangt að hæstv. fjmrh. og hans menn standi á gati í þessu máli. Því er haldið fram að hann hafi lagt fram á ríkisstjórnarfundum till. um hvernig eigi að rimpa í gatið. T. d. er frá því skýrt í Dagblaðinu–Vísi s. l. miðvikudag að skattheimtuleiðinni vaxi nú mjög fylgi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skv. heimildum DV á sú skoðun drjúgt fylgi í stjórnarflokkunum að í stað „sjúklingaskattsins“ sé eðlilegt að hækka núverandi sjúkratryggingagjald eða taka upp nýtt hliðstætt gjald, þá til þess að brúa allt bilið í rekstri heilbrigðiskerfisins sem nú liggur fyrir og ekki sparast upp í. Sú skattheimta gæti numið um hálfum milljarði kr.

Þá er rætt um hækkun söluskatts eða niðurfellingar á undanþágum, hækkun bensíngjalds, hækkun á áfengi og tóbaki og ekki síst er talið eðlilegt að hækka tekjuskattsstigann í samræmi við nýjar launahækkanir. Í samtölum við stjórnarliða leggja þeir þunga áherslu á að finna leiðir til þess að hlífa hinum verst settu alveg við öllum hækkunum.“

Þetta er það sem sagt er um skattahækkanir í stjórnarblaðinu Dagblaðinu–Vísi. Það er síðan áréttað í stjórnarblaðinu Tímanum í dag, fimmtudag, þar sem gerð er grein fyrir tillögum sem sagt er að hæstv. fjmrh. hafi kynnt ríkisstj. um leið og tekið er fram að þær hafi hlotið heldur bágar undirtektir ýmissa stjórnarliða.

Þær tillögur eru í aðalatriðum þessar: Tekið verði upp nýtt almannatryggingagjald sem ráðgert er að skili 300 millj. kr. Það er heldur lægri upphæð en ríkisstj. er nýlega búin að undirgangast að færa til innan ramma fjárlaga sem eins konar kjarasamningabætur. Í öðru lagi er lagt til að staðið verði við fyrirheitið um 300 millj. kr. sparnað í heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Í þriðja lagi er sagt að þessar tillögur felist í niðurskurði eða frestun framkvæmda til viðbótar því sem þó var reynt að gera í fjárlögum, en ekki tiltekin nein upphæð um það.

Þá er í fjórða lagi sagt frá því að hæstv. fjmrh. hafi

lagt fram þá mjög skynsamlegu tillögu í ríkisstj. að stíga nú fyrsta skrefið í þá átt, úr því að svona er nú komið fyrir þjóðinni, að hætta rausnarlegum matargjöfum til útlendinga sem hafa verið sem kunnugt er ær og kýr framsóknarmanna og reyndar ýmissa sjálfstæðismanna líka, m. ö. o. stíga fyrsta skrefið í þá átt að draga úr útflutningsbótum. — Því lýsir Tíminn á þessa leið, með leyfi forseta:

„Fjmrh. mun einnig hafa gert tillögur um að útflutningsbótaréttur bænda verði lækkaður úr 10% í 8%, en Tíminn heyrir" — og oft er nú í holti heyrandi nær — „að framsóknarmenn megi ekki heyra á það minnst."

Þetta er það sem búið er að skýra frá að séu þær tillögur sem hæstv. ráðh. hefur lagt til í ríkisstj. Ég vil þess vegna nota tækifærið til að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., því að ég tel að það hafi ekki komið nægilega skýrt fram í hans máli: Er hér farið með rétt mál? Eru þetta í stórum dráttum þær tillögur sem hæstv. ráðh. hefur lagt fyrir ríkisstj.? Er það m. ö. o. satt að þetta sé sú leið sem hæstv. ráðh. boðar sem margsinnis hefur lýst því yfir, nánast farið með það vers kvölds og morgna síðan hann tók við embætti, að hann mundi ekki verða sá maður sem ætlaði að hækka gjöld frekar en orðið væri á almenningi í landinu? Á t. d. að leggja á sérstakt viðbótargjald vegna almannatrygginga, sérstakan almannatryggingaskatt? Er meiningin að hækka söluskatt? Er meiningin að breyta tekjuskattsstiganum til skattahækkunar? Eru þetta þær leiðir sem hæstv. fjmrh. boðar innan ríkisstj.? Í annan stað: Er það rétt að þessar tillögur hafi ekki fengið góðar undirtektir stjórnarliða?

Þetta tel ég alveg nauðsynlegt, úr því að þessu er slegið fram í stjórnarblöðum eftir áreiðanlegum heimildum, að fá upplýst. Eru þetta þær tillögur sem hæstv. ráðh. hefur lagt fram? Mér heyrðist í framsöguræðu hans áðan að hann ýjaði að hugmyndinni um að taka upp fjárlagagerð til lengri tíma, sem er ágæt hugmynd út af fyrir sig, að gera áætlun um ríkisbúskapinn til þriggja ára, og það væri kannske ekki loku fyrir það skotið að hann gæti sætt sig við einhverja nýja tekjuöflun, þ. e. skattahækkanir, til að leysa hluta af vandanum. Þetta eru alvarlegar spurningar, sérstaklega vegna þess að það er nýbúið að ganga frá kjarasamningum þar sem meginmálið var að ekki yrðu teknir aftur í formi nýrra skatta þeir fjármunir sem ríkisvaldið ætlaði að leggja í það púkk, það skyldi gerast innan fjárlagarammans óbreytts með millifærslum.

Ég treysti því að hæstv. ráðh. svari þessu hér á eftir og ætla þá aðeins að víkja að öðru máli, sem er spurningin um þetta rómaða fjárlagadæmi í samhengi við aðra þætti efnahagsstefnunnar.

Í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar var það haft að gamanmálum að menn ættu að lesa stjórnarsáttmálann Ólafskver kvölds og morgna, og það var gefið út sérprentað og menn gengu með það í stórum stíl upp á vasann. Mér finnst að Steingrímskver njóti ekki sömu virðingar og kannske sé allt of lítið gert af því að rifja upp hverju lofað var. Hv. þm. Geir Gunnarsson minnti þó að vísu á það að hluta til og ég ætla aðeins að árétta það.

Ríkisstj. segir um ríkisfjármál og erlendar lántökur í sínum stjórnarsáttmála, með leyfi forseta:

„Auknum útgjöldum ríkissjóðs vegna þeirra aðgerða sem ákveðnar eru til þess að styrkja stöðu þeirra, sem lakast eru settir, [þ. e. brbl., hinar mildandi aðgerðir frá því á miðju sumri] verði eins og frekast er unnt mætt með sparnaði og aðhaldi í opinberum rekstri."

Hér var um það að ræða að hinar mildandi aðgerðir þýddu útgjaldaaukningu upp á 400 millj. Þar á móti átti að koma sparnaður eða niðurskurður um 300 millj. kr. Nú skilst mér að upplýst sé að við það hafi ekki verið staðið.

Í annan stað segir, með leyfi forseta:

„Gerð fjárlaga fyrir árið 1984 miðast við að ná jafnvægi á ný í ríkisfjármálum."

Það þarf ekki að tíunda í löngu máli eða með því að vitna í tölur að því markmiði hefur alls ekki verið náð. Ég leyfi mér að halda því fram að þær tölur sem nú hafa verið birtar um nettórekstrarhalla á fjárlögum fyrstu tvo mánuði ársins, eins og þær liggja fyrir nú, eigi eftir að hækka mjög verulega að óbreyttu ástandi. M. ö. o. er það nokkurn veginn augljóst mál að ríkissjóður mun á næstu mánuðum halda áfram að auka mjög verulega yfirdráttarskuld sína hjá Seðlabanka. Jafnvægi í ríkisfjármálum, þó að við tölum um það í þröngri merkingu, er því fjarri því að nást.

Í þriðja lagi segir í Steingrímskveri:

„Gagnger endurskoðun fari fram á ríkisfjármálum við undirbúning og gerð fjárlaga framvegis, með það fyrir augum að draga úr ríkisumsvifum og útgjöldum. Skipan tolla- og aðflutningsgjalda verði einfölduð, uppsöfnunaráhrifum eytt og stefnt að lækkun þeirra."

Er það ekki einn meginvandi þessarar ríkisstj. að hún hefur alls ekki staðið við að gagnger endurskoðun fari fram á ríkisfjármálum við undirbúning og gerð fjárlaga? Ef litið er á þá greinargerð, sem hér hefur verið birt, sýnist mér augljóst mál að tekjuhlið fjárlaga hefur alls ekki brugðist. Margir voru ákaflega svartsýnir og töldu, miðað við þær samdráttaraðgerðir sem ríkisstj. greip til og í stórum dráttum voru óhjákvæmilegar, að þær væru svo harkalegar að það mundi koma fram í verulegum samdrætti í eftirspurn og kaupgetu. Sannleikurinn er sá, að það hefur alls ekki gerst. Það sem gerst hefur er að útgjaldahlið fjárlaga fer langt fram úr raunsærri tekjuáætlun vegna þess að þar eru útgjöld stórlega vanáætluð og í annan stað vegna þess að það hefur alls ekkert verið staðið við yfirlýsingar ríkisstj. um að hún ætli sér að skera niður ríkisútgjöld til að halda ríkisfjármálum í jafnvægi miðað við lægra hlutfall ríkisútgjalda sem hlutfall af þjóðarframleiðslu en áður hefur verið. Þetta er það sem hefur brugðist.

Loks segir í fjórða lagi í Steingrímskveri:

„Aðhalds verði gætt í erlendum lántökum og þær bundnar við hagkvæmar framkvæmdir."

Aðhalds gætt í erlendum lántökum! Það er nú helst að það sé. Hæstv. fjmrh. er margbúinn að lýsa því yfir, það er eitt af rauðu strikunum, að fari erlendar skuldir yfir hin margendurteknu 60% af þjóðarframleiðslu sé hann farinn. Og hvenær hafa menn vitað til þess að hæstv. fjmrh. ríkisins standi ekki við það sem hann hefur sagt? Það stefnir allt í að yfir þessi mörk verði farið. Og hvernig stendur á því? Það er vegna þess að innlend lánsfjáröflun hefur að verulegu leyti brugðist og í öðru lagi að lánsfjármálin eins og þau liggja fyrir þingi núna eru með sama marki brennd og fjárlögin. Það eru hrikalegar upphæðir sem vitað er að verður að afla en alls ekki eru gerð nein skil á innan ramma lánsfjárlaga. Ég nefni bara t. d. skuldbreytingamál helstu atvinnu-

vega þjóðarinnar. Skuldbreytingamál í sjávarútvegi kalla óhjákvæmilega á öflun lánsfjár upp á nokkur hundruð millj. kr., þó að ekki sé talað um neitt annað en almenn vanskil útgerðarfyrirtækja t. d. vegna aðfanga rekstraraðila, við olíufélög o. s. frv. Það liggur fyrir Alþingi frv. til l. um skuldbreytingar bænda. Tölur þar eru mjög á reiki. Það er þó vitað að þær hljóta að nema, ef miðað er við áform flutningsmanna, eitthvað á annað hundrað millj. kr. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það hvernig komið er. M. ö. o. held ég því fram fullum fetum að þessi umrædda góðverkanna götótta flík, efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, sé að verða ansi skjóllítið fat.

Ef við lítum á ríkisbúskapinn í þrengri merkingu, þ. e. fjárlögin og A-hluta fjárlaga, er alveg ljóst að rekstrarhallinn þar er orðinn mjög verulegur og að óbreyttu mun hann fara vaxandi alveg óhjákvæmilega. Ef við lítum á lánsfjárþáttinn, þ. e. þann hlutann af ríkisbúskapnum sem forverar hæstv. fjmrh. hafa venjulega sópað undir teppið, allt sem út af stendur hefur venjulega verið sett þar, ætlaði hæstv. ríkisstj. að snúa þar við blaðinu, stöðva erlenda skuldasöfnun og beita markvissari arðsemismælikvörðun á lánveitingar, bæði í lánsfjáröflun og nýtingu lánsfjár. Þar standa málin þannig, að innlend lánsfjáröflun hefur brugðist svo nemur nokkrum hundruðum millj. kr. og auk heldur er um að ræða vanáætlun sem allt stefnir í að verði leyst með auknum erlendum lánum. Því er haldið fram að skuldahlutfallið sé núna, hlutfall erlendra skulda miðað við þjóðarframleiðslu, um eða yfir 58% og hvert 1% í viðbót þýði um 640 millj. kr. Bara skuldbreyting að hluta til í sjávarútvegi nær því þegar, þó ekki sé um neitt annað að ræða, og ef leysa á vöntun vegna þess að innlendi lánsfjármarkaðurinn hefur brugðist með svipuðum hætti erum við komin með hitt prósentið. Við erum því komin yfir þessi 60%, þ. e. ef þessi mál verða ekki leyst með öðrum hætti, annaðhvort róttækari niðurskurði eða nýrri tekjuöflun.

Ég hef nefnt fjárlög og lánsfjárlög. Ég tek undir það sem kom fram í máli hæstv. forsrh. Hann sagði helsta áhyggjuefni ríkisstj. núna ástandið í peningamálum. Hvað er að gerast í peningamálum? Það er ekki bara að ríkissjóður sé að verulegu leyti rekinn með sláttumennsku hjá Seðlabanka. Bankakerfið sem slíkt eykur óðum yfirdrátt sinn hjá Seðlabanka. Til samans hefur þetta þau áhrif að peningamagn í umferð fer ört vaxandi. Tölur hafa verið nefndar um útlánapólitíkina, hvernig hún stendur á þessum fyrstu tveimur mánuðum ársins. Þar hefur verið nefnt að ef útlánaaukning bankanna fyrstu tvo mánuði ársins er framreiknuð til heils árs, og þá eru það tölur fyrir utan aukningu afurðalána, sé um að ræða u. þ. b. 61.4% aukningu útlána. Í heild sinni þýðir þetta að sláttumennska ríkissjóðs, sláttumennska bankanna, gífurleg útlánaþensla bankanna þýðir gífurlegan þrýsting í átt til aukinnar og vaxandi verðbólgu.

Við þetta allt saman má bæta því að öll loforð sem gefin hafa verið að því er varðar fjármögnun húsnæðislánakerfisins eru, eins og flestir menn sáu fyrir og skilmerkilega var fram tekið í umr. um húsnæðismál, í skötulíki. Þó að Þjóðviljinnýki þær tölur og tvítelji að sumu leyti eru engu að síður nokkuð öruggar heimildir fyrir því að fjárvöntunin í húsnæðislánakerfinu getur ekki verið mikið undir 600 millj. kr. Þannig er eiginlega sama hvar litið er, hvort heldur er á fjárlögin, lánsfjárbúskapinn, húsnæðismálin, peningamálin, útlánapólitíkina. Þessi skjólgóða flík hæstv. ríkisstj., hempan hans Alberts, sem samrh. hans vilja gera hann privat og persónulega ábyrgan fyrir að hann beri nú með sóma, virðist öll vera að verða að druslu. Ég skil ósköp vel að slíkur skartmaður sem hæstv. fjmrh. kæri sig ekkert um að hampa slíkum klæðum miklu lengur ef fer sem horfir. (**Fjmrh.:** Ég axla ábyrgðina.) Já. Þá er um það að ræða að hæstv. ráðh. ætli sér að bera þessa götóttu flík á báðum öxlum um sinn. (**Fjmrh.:** Að vanda.) Já, að vanda.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég skil ákaflega vel að nauðsynlegt er fyrir hæstv. ráðh. að leggja nú málið fyrir þingið. Eins og ég sagði áðan er augljóst hvað hann er að fara í þeim efnum. Hann er að tryggja sig fyrir fram, setja undir þann leka að samráðherrar hans, hvort heldur eru í hans eigin flokki eða í samstarfsflokknum, leiki þann leik síðar að kenna honum einum um hvernig komið er, vegna þess að hæstv. ráðh. gera sér grein fyrir að gatið er í reynd miklum mun stærra en fram hefur komið í fjárlögunum einum og að efnahagsstefna ríkisstj. er núna því miður á mjög völtum fótum.

Hvað á að gera? spyrja menn. Ég tók eftir því að hv. þm. Lárus Jónsson nefndi það aftur nú, sem hann tók fram við fjárlagaumræðuna s. l. haust, að ef hæstv. núverandi ríkisstj. hefði til ráðstöfunar sömu fjármuni og fyrrverandi ríkisstj. hefði hún úr að spila um 5—6 milljörðum kr. hærri upphæð en reyndin væri. Þessu hefði hæstv. ríkisstj. afsalað sér, skildist mér. Nú er fyrst og fremst um það að ræða, eins og enginn neitar, að hæstv. ríkisstj. hefur náð tímabundnum árangri gegn verðbólgu fyrst og fremst í krafti einnar aðgerðar, þ. e. að afnema með lögum sjálfvirkt vísitölukerfi launa. Það sem þessi mynd af efnahagsstefnunni í heild segir okkur er að sá tímabundni árangur er í stórkostlegri hættu vegna þess að ríkisstj. hefur ekki staðið við að fylgja þeim aðgerðum eftir með samræmdum aðgerðum á öðrum sviðum efnahagsmála, í ríkisfjármálum, í lánsfjármálum, í peningamálum o. s. frv.

Hin pólitíska niðurstaða af þessu máli er ákaflega einföld. Og hver er hún? Hún er sú að það sannast enn einn ganginn að vilji menn raunverulega stokka upp ónýtt stjórnkerfi í fjárfestingarmálum og spillt kerfi í lánsfjárpólitík er ekki hægt að ná árangri í þeim efnum með því að stjórna með Framsfl. Það er niðurstaðan af þessum umr. Það er bókstaflega ekki hægt. Þetta staðfestir það sem fram kom í stjórnarmyndunarviðræðunum milli allra flokka. Þegar settar voru fram kröfur um að ráðist yrði í það hreinsunarverk að afnema vitlaust og gagnslaust en skaðlegt sjálfvirkt vísitölukerfi launa var talað um að því yrði fylgt eftir t. d. með því að stokka upp hið sjálfvirka verðmyndunarkerfi landbúnaðarins, að stíga a. m. k. fyrstu skrefin í þá átt að hætta óréttlætanlegum matargjöfum í formi útflutningsbóta til ríkra grannþjóða, að hverfa af þeirri braut að halda áfram að verja rúmum milljarði króna til niðurgreiðslna á framleiðslu landbúnaðarafurða, sem að sjálfsögðu eru framleiðsluhvetjandi og þar af leiðandi algjörlega andstæðar yfirlýstum markmiðum í landbúnaðarmálum. Öll þessi mál skyldi taka til meðferðar, öll þessi grundvallaratriði um uppstokkun á því fjármálakerfi sem leiddi til óðaverðbólgu í tíð fyrri ríkisstj., en þegar

að því kemur er mjög einfalt svar af hálfu Framsfl.: Það kemur ekki til greina. M. ö. o. er þarna um að ræða þeirra heilögu kýr. Hæstv. fjmrh. er núna að reyna það rétt einn ganginn enn að ef hann ætlar að leysa þetta vandamál án þess að leggja á þjóðina nýja skatta á hann ekki annarra kosta völ en að skera niður þar sem fitan er mest í þessum bólgna ríkisbúskap og það er í landbúnaðarkerfinu. Fái hann það ekki fyrir ofríki framsóknarmanna, sem þarna sitja við hliðina á honum, er ákaflega fátt um fína drætti hjá honum svo að ná megi settum markmiðum.

Ég ætla ekki að hafa mín orð fleiri. Meginatriði í mínu máli er að ríkisstj. stendur ekki aðeins frammi fyrir ríkisfjármálavanda, hún stendur frammi fyrir því vandamáli að efnahagsstefna hennar í heild er að gliðna og að góðverkanna flík, sem hún klæddist í upphafi, er núna að verða slitið og snjáð fat.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur gefið Alþingi, um stöðu ríkisfjármála. Sú stefnubreyting, sem í því felst að gera Alþingi með þessum hætti grein fyrir stöðunni í stað þess að sett séu upp ráðherrafjárlög með gífurlegum aukafjárveitingum við hlið þeirra fjárlaga sem Alþingi samþykkir, er til fyrirmyndar og hlýtur að verða til eftirbreytni. Þær upplýsingar, sem fram hafa komið um stöðu ríkissjóðs, staðfesta þó ótvírætt, þrátt fyrir yfirlýsingar fjmrh. og fleiri stjórnarliða, að þau fjárlög, sem afgreidd voru hér fyrir jól, voru óraunhæf og þar hefur engin breyting á orðið. Það verður að vænta þess að þessar upplýsingar og sú staða, sem kemur upp aðeins örfáum vikum eftir að Alþingi afgreiðir fjárlög þar sem tvo milljarði eða meira vanti inn í fjárlagadæmið, hljóti að verða til þess að stjórnvöld reyni að gera þau fjárlög, sem afgreidd eru, raunhæfari og tekið sé tillit til staðreynda sem raunverulega liggja fyrir, eins og að verulegu leyti var í þessu tilfelli, þegar Alþingi afgreiddi fjárlögin fyrir jól. Í því sem tíundað hefur verið og fram hefur komið um ástæðu fyrir því gati á fjárlögum, sem hér er til umr., er raunar lítið nýtt sem ekki mátti sjá fyrir þegar fjárlög voru afgreidd.

Hæstv. fjmrh. sagði á Alþingi 19. des. eftirfarandi, með leyfi forseta: „Enn fremur hef ég þann ásetning að ef þær efnahagsforsendur, sem fjárlög fyrir árið 1984 eru byggðar á, breytast verulega mun ég leita eftir samþykki Alþingis fyrir breytingum sem þá verða nauðsynlegar á ríkisfjármálum, en ekki láta þær birtast í aukafjárveitingum sem Alþingi hefur ekki áhrif á. En eitt er ljóst og nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir að sú fjárlagagerð, sem verið hefur allt árið í fjmrn. með samþykkt aukafjárveitinga er lokið."

Þessum ummælum hæstv. ráðh. fagna ég auðvitað, að aukafjárveitingum sé lokið og tekið sé á þessum málum með þeim hætti að gera Alþingi grein fyrir stöðu ríkisfjármála. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvað felst í þessum orðum hans, að hann muni leita eftir samþykki Alþingis fyrir breytingum sem nauðsynlegar kunna að verða á ríkisfjármálum. Þýðir þetta að hann ætli að taka upp fjárlögin að nýju á hv. Alþingi nú? Ég held að nauðsynlegt sé að fá svör við þeirri spurningu.

Nú er ekki um að ræða að við stöndum frammi fyrir því að efnahagsforsendur hafi breyst frá því að fjárlögin voru afgreidd, sem orsakað gæti yfir 2 milljarða í halla. Þessar tölur eru miklu fremur staðfesting á því að sú efnahagsstefna, sem ríkisstj. lagði upp með á sínum valdaferli, var röng. Efnahagsstefnan var röng vegna þess að hún byggði svo til eingöngu á því að launafólk færði fórnir en ekki var tekið á öllum þáttum efnahagslífsins og beitt fyllsta aðhaldi á þeim sviðum og með þeim hagstjórnartækjum sem ríkisstj. hefur sjálf tök á í sínum ríkisbúskap.

Það hefur ekki verið beitt nægjanlegu aðhaldi í ríkisbúskapnum sjálfum, erlendum lántökum eða fjárfestingum eða gerðar nauðsynlegar kerfisbreytingar til að koma festu á ríkisfjármálin og efnahagsmálin í heild. Það var einmitt það sem við Alþýðuflokksmenn óttuðumst og sögðum að væri rangt, að beita einhliða aðgerðum og samdrætti er eingöngu beindist að launafólki. Ég óttast því að það ríkisfjármáladæmi, sem við nú fjöllum um, sé ekki einungis staðfesting á því að rangt hafi verið staðið að í efnahagsmálum. Ég óttast að við kunnum að standa frammi fyrir miklum samdrætti og vaxandi atvinnuleysi sem að verulegum hluta má rekja til þess að rangt hefur verið að staðið. Þetta ríkisfjármáladæmi staðfestir að svo sé, að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er röng.

Sú einhliða leiftursókn, sem framkvæmd hefur verið til að slá niður verðbólguna, tel ég að sé dæmd til að mistakast. Það hefur, með einhliða aðgerðum sem fela í sér gífurlegar kjaraskerðingar, verið farið of geyst áfram. Sú leiftursókn, sem framkvæmd hefur verið og þessi ríkisstjórn hefur staðið að, mun slá til baka. Leiftursóknin getur hitt okkur fyrir aftur í formi samdráttar, atvinnuleysis og skerðingar á félagslegri þjónustu.

Í endurskoðaðri áætlun kemur fram að innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs er lækkuð úr 800 í 400—500 millj. kr. Þessu mátti reikna með. Á það hefur stjórnarandstaðan margbent að þegar kaupmáttur fólksins er skertur svo verulega sem raun ber vitni sé þess ekki að vænta að fólk geti sparað og keypt t. d. skuldabréf af ríkissjóði.

Í þessari umr. hefur einnig verið bent á gat á húsnæðismálakerfinu og að sú upphæð sem þar um ræðir og þar vantar sé ekki í því fjárlagadæmi sem við fjöllum um hér. Ég gerði grein fyrir því, þegar húsnæðisfrumvarpið var hér til umr. fyrir jól, að það stæði fjárhagslega á brauðfótum, ekki væri hægt að standa við skuldbindingar til húsbyggjenda, gífurlegar fjárhæðir vantaði í húsnæðiskerfið og þeir tekjupóstar, sem reiknað væri með í húsnæðismálin, væri mjög ótryggir. Ég tel að þetta hafi allt sannast.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um húsnæðismálin, það hefur verið gert hér. Ég vil þó beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. í þessu sambandi. Í Dagblaðinu í dag segir hæstv. félmrh. að einungis sé óvissa með fjármögnun úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta kallar auðvitað á spurningar. Telur hæstv. félmrh. virkilega að áætlanir um 45 millj. kr. í skyldusparnað standist? Telur hann að það sem gert er ráð fyrir að komi úr lífeyrissjóðunum, 525 millj. í Byggingarsjóð ríkisins, 165 millj. í Byggingarsjóð verkamanna, að þær áætlanir standist?

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hefur einungis hækkað um 6—7% á milli ára þannig að ég tel að einungis sé hægt að reikna um 400—500 millj. í mesta lagi úr lífeyriskerfinu. Hér hefur verið talað um fjárhæðir allt

frá 600 upp í 900 millj. kr. sem vanti í húsnæðismálakerfið. Við erum með hér til umfjöllunar á hv. Alþingi bæði húsnæðismálafrv. og lánsfjárlögin þar sem fjárhagshlið húsnæðiskerfisins kemur óhjákvæmilega mikið við sögu. Ég held að nú sé tækifæri að spyrja hæstv. ráðh. um þessi mál vegna þess að þegar við fjöllum um ríkisfjármálin má auðvitað ekki skilja húsnæðismálin eftir. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh.: Hvað er hæft í því, sem talað er um, að það vanti upp undir 900 millj. sem um hefur verið talað í húsnæðiskerfið? Að mínu viti er það of há tala, ég gæti trúað að það vantaði þarna 600—700 millj. En nauðsynlegt er að fá það rétta og sanna fram í þessum umr.

Talað er um að jafnvel þó að Byggingarsjóður verkamanna fengi alla þá peninga, sem gert er ráð fyrir á næsta ári í lánsfjárlögum og fjárlögum, verði að ýta fram á næsta ár ¼ af þeim skuldbindingum sem þegar hafa verið gerðar og þó ekki gert ráð fyrir nýjum framkvæmdum. Hjá Byggingarsjóði ríkisins verði einnig um samdrátt að ræða í nýbyggingum frá síðasta ári þó staðið verði við það fjármagn sem ráð er fyrir gert. Því óska ég eftir svörum frá hæstv. félmrh. um þetta mál og ég óska eftir því við hæstv. forseta að þessari umr. ljúki ekki fyrr en við höfum fengið svör frá hæstv. félmrh. um þessi mál.

Því hefur verið haldið fram hér í dag að hæstv. fjmrh. komi tómhentur til þings að því leyti að hann hafi engar tillögur eða úrlausnir fram að færa varðandi það ríkisfjármálagat sem við fjöllum hér um. Hæstv. fjmrh. hefur vissulega gert Alþingi grein fyrir vandanum hér í dag en auðvitað hlýtur það einnig að vera skylda hæstv. fjmrh. að gera Alþingi grein fyrir lausnum sem hann hefur í því máli. Þegar því er haldið fram í dag að hann komi tómhentur til þings í þessu efni er það rétt að því leyti að hann hefur ekki gert Alþingi grein fyrir neinum tillögum. En ef marka má það sem fram hefur komið í dagblöðum, m. a. í Tímanum í dag, þá eru tíundaðar ýmsar lausnir sem fjmrh. virðist hafa á þessu máli. Ég tel óþarfa að rekja þær frekar, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerði það hér áðan.

En þá vaknar spurningin: Hvers vegna gerir hæstv. fjmrh. hv. Alþingi ekki grein fyrir þessum tillögum? Er um að ræða að það sé rétt að stjórnarliðar og hans samráðherrar telji hans tillögur óraunhæfar, eins og fram kemur í frétt í Tímanum? Er ágreiningur í ríkisstj. um þessar leiðir sem fjmrh. hefur og þær lausnir sem hann virðist hafa við þeim vanda svo sem fram kemur í Tímanum í dag? Ég trúi því að fjmrh. vilji ekki sitja undir því að hann hafi engar lausnir fram að færa í þessu máli. Þess vegna væri mjög æskilegt og eðlilegt að hann gerði þinginu grein fyrir því hvort að rétt sé haft eftir í blöðunum að hann hafi lausnir á þessu fjárlagadæmi sem við fjöllum um hér í dag.

Í nýgerðum kjarasamningum var samið um að kjarabætur kæmu til þeirra lægst launuðu gegnum almannatryggingakerfið og var áætlað að þær kostuðu ríkissjóð um 325 millj. kr. Ekki er enn séð fyrir hvaðan þeir peningar verða teknir. Fram kemur í þeim úrlausnum sem dagblaðið Tíminn segir að hæstv. fjmrh. hafi að ganga þurfi á eftir þessum 300 millj. kr. sparnaði í heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Ég fæ ekki séð að það verði gert hjá almannatryggingum nema það komi niður á bótagreiðslum almannatryggingaþega. Auðvitað er útilokað að standa að slíku. Bætur almannatrygginga eru naumt skammtaðar og þar verður ekki sparað eða beitt aðhaldi í ríkiskerfinu með þeim hætti að mínu viti.

Að lokum, herra forseti. Um það er einnig rætt í tilvitnaðri dagblaðsgrein í Tímanum að ein af hugmyndum hæstv. fjmrh. sé að leggja á almannatryggingagjald nefskatt til þess að ná til baka eða fá í fjárlagagatið 200—300 millj. Ég trúi því ekki að hæstv. fjmrh. ætli að beita sér fyrir skattheimtu með þeim hætti. Hann hefur sjálfur marglýst því yfir að hann standi ekki að aukinni skattheimtu. Við fjárlagaafgreiðslu sagði hæstv. fjmrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„En eins og ég gat um hér að framan tel ég að ekki sé hægt að ganga lengra í skattheimtu til ríkisins miðað við það ástand sem ríkir í efnahagsmálum okkar."

Því vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvort skattheimta á almenning komi til greina að hans mati til að mæta þessu gati í ríkisfjármáladæminu. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðh. hafi skipt um skoðun og muni leggja aukna skatta á landsmenn til að mæta þeim vanda sem við blasir, t. d. með því almenna tryggingagjaldi sem rætt hefur verið um í dagblöðunum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 2. landsk. þm. fór fram á það við forseta að þessari umr. yrði ekki lokið fyrr en hæstv. félmrh. hefði talað. Þessari ósk er hafnað. Forseti hefur ekki í valdi sínu að fyrirskipa eða þvinga einn eða neinn, hvort sem það er ráðh. eða aðrir þm., til þess að tala. Það er í valdi hvers og eins þm. Þessari umr. verður lokið þegar ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs og engir eru á mælendaskrá.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Í sjónvarpsfréttum í gær var gefið merkilegt yfirlit yfir ræðutíma þm. og mikið hneykslast á því að stjórnarandstaðan talaði sínu meira en stjórnarliðar. Þetta var afskaplega áhugavert en ég held að ég verði að stinga þeirri hugmynd að sjónvarpinu að gera úttekt á því hvorir segja meira ósatt, stjórnarliðar eða stjórnarandstaða, því að ýmislegt sem hér hefur verið borið fram er fjarri öllum sanni og fyrir þann sem fjarverandi hefur verið lítur þetta út eins og hrein revía.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem stjórnarandstaðan hefur þegar sagt en aðeins bæta við örfáum atriðum sem ekki hafa verið nefnd. Það kemur mér á óvart að enginn skuli minnast á að þegar til svokallaðra aðgerða ríkisstj. var gripið og áætlanir voru lagðar fram var miðað við þjóðartekjur rýrnuðu verulega. Það var spáð aflaleysi sem hefur síðan komið í ljós að er ekki nærri því eins alvarlegt og ætlað hafði verið. Það munar um minna en 420 þús. tonn af loðnu. Hér hefur ekki legið fyrir hver raunveruleg þjóðartekjurýrnun verður ef svo vindur fram sem nú horfir í aflamálum þjóðarinnar.

Forsendan fyrir þessum aðgerðum er því að verulegu leyti brostin. Hvað hefur þá í raun og veru skeð? Allt í einu er okkur tjáð að halli sem átti að vera um 6 milljónir er orðinn að tveimur milljörðum. Með leyfi forseta ætla ég að lesa ummæli hv. þm. Lárusar Jónssonar í umr. um fjárlög 27. okt. í vetur sem ég leyfði mér raunar þá að gera athugasemd við. Hann segir:

„Það á að taka 2200 millj. kr. minna í sköttum af þjóðarframleiðslunni á næsta ári en gert var á árinu

1982 ef miðað er við verðlag fjárlagafrv. Það samsvarar hvorki meira né minna en verðmæti 15 skuttogara. Þetta minna á að taka af fólkinu á næsta ári en gert var áður."

Það eru sennilega þessir tveir milljarðar sem nú er verið að vandræðast með.

Ég held að það liggi ljóst fyrir að það sem hefur gerst er að það er búið að flytja til fjármagnið í þjóðfélaginu. Það er búið að færa það frá launafólkinu yfir til þeirra sem höfðu fjármagnið áður, þeirra sem hið raunverulega fjármagn hafa. Allar þessar aðgerðir í efnahagsmálum sem gumað hefur verið af liggja í því einu að skerða kjör launafólks í landinu. Ég veit ekki hvernig á að bregðast við vinnubrögðum eins og þessum.

Hér liggja enn á borðum okkar frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt einstaklinga og félaga. Eru þessi frv. enn þá góð og gild? Stendur til að afgreiða þau eða á að breyta þeim? Öll forsenda fyrir þessum efnahagsaðgerðum virðist löngu brostin og við hljótum að krefjast þess að fá að vita hvort ætlast er til að þessi mál verði afgreidd. Hér er ekki einu sinni farið að afgreiða lánsfjárlög. Þetta virðist allt saman svífa í lausu lofti.

Tilkynnt er að um þrjár leiðir sé að ræða. Það sé skattheimta — þá sýnist mér nú úr sögunni að tveimur milljörðum sé skilað aftur í vasa launþeganna heldur eigi jafnvel að taka þá af þeim til viðbótar — eða innlendar lántökur eða erlent lánsfé. Menn voru ófeimnir við að taka á þessu ári 100 millj. kr. erlent lán til að byggja flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Fjmrh. hefur marglýst því yfir að hann sé sammála því, sem bæði ég og aðrir hafa haldið fram, að við eigum að hætta að láta Seðlabankann leika sér með 5% af arði sínum, hann eigi að renna beint í ríkissjóð. Ef skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hefur aukist um 1100 milljónir ætti fjmrh., sem er svo hjartanlega sammála þessari skoðun bara að sækja þær. Það er töluvert upp í gatið t. d., svo að hæstv. ráðh. sé bent á hugmyndir.

Ég ætla ekki að gera að umræðuefni ástandið í málefnum öryrkja og ellilífeyrisþega. Það hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þegar gert. Það liggur ljóst fyrir að sá hópur í þjóðfélaginu verður verst úti með þessum aðgerðum.

Hér er mikið búið að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá einurð að koma hér og segja okkur að allt sé komið í vaskinn hjá honum. Hann sagði raunar við fjárlagaumræðuna að hann mundi koma með þessi fjárlög inn aftur að þrem mánuðum liðnum. Fyrir því var aðeins ein ástæða. Hann vissi að þau stóðust ekki. Hins vegar hef ég grun um að hann hefði beðið nokkuð með það og látið þetta liggja í þagnargildi hefðu ekki allt aðrir menn blandast í málið. Þar á ég við forustumenn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Það kom svolítið babb í bátinn þegar þeir neituðu að semja. Og þegar einhverjir skíðaskálasamningar fóru af stað gerðist stórum erfiðara að þegja um stóra gatið í fjárlögunum.

Ég skal stikla á stóru, herra forseti. Hér var sagt, mig minnir að það hafi verið hv. þm. Lárus Jónsson, að ætlunin hafi verið að færa kostnað ríkisins yfir á sveitarfélögin. Þetta er auðvitað út í hött. Hvað ætluðu menn að gera? Breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga og afla sveitarfélögunum, sem þegar eru á hvínandi hausnum, nýrra tekjustofna? Þetta er auðvitað marklaust hjal sem ekki er hlustandi á. Hvað ætluðu þeir að gera? Hvernig ætluðu þeir að afla sveitarfélögunum tekna?

Hæstv. heilbrrh., sem héðan er nú horfinn á braut, stynur mikið yfir sjúkrahúsakerfi sínu. Það vill svo til að fyrrv. heilbrrh. setti á laggirnar nefnd sem vann í heilt ár að tillögum um úrbætur, til sparnaðar m. a., í sjúkrahúsakerfinu. Einn af ágætum nm. í þeirri nefnd situr hér í hliðarherbergi sem sérfræðingur hæstv. fjmrh. Hann hafði fastmótaðar hugmyndir um hvernig þar mætti bæta úr. En þegar nefndin gekk á fund hæstv. heilbrrh. og skilaði af sér nefndarstörfum með langri og ítarlegri skýrslu tók hæstv. ráðh. okkur heldur fálega, gaf lítið út á þessa vinnu, sagðist hafa heyrt þetta allt saman áður. Skömmu síðar lásum við forsíðufregn í Dagblaðinu um að störf þessarar nefndar væru öldungis ónýt og ekkert nýtilegt í hennar tillögum. Það var hins vegar ekki alveg rétt. Það var ýmislegt merkilegt lagt til í þessari nefnd. T. d. hlýtur það að vera til nokkurs sparnaðar að leggja niður sjúkrasamlög sem við erum öll sammála um að hafi verið hægt að gera. En það er náttúrlega ekki von að vel gangi ef hæstv. ráðherrar ríkisstj. taka ekki meira mark á sérfræðingum sínum en svo að einn ráðh. hefur sem aðstoðarmann mann sem annar ráðh. tekur ekki minnsta mark á og segir að hafi ekki gert nokkurt gagn í þessu starfi.

Ég vík þá máli mínu til hæstv. félmrh. Hér var rætt við hann um húsnæðismál og um þau mætti margt segja en ég sleppi því. Ég ætla aðeins að minna hann á eitt sem hann hefur margsinnis sagt og beitti bæði í kosningabaráttunni fyrir síðustu kosningar og æ síðan, svaraði m. a. Svavari Gestssyni mjög ákveðið um það efni. Hann sagði: Ég mun leggja fram frv. um fæðingarorlof fyrir allar konur. Ég vil heyra hæstv. félmrh. segja þetta einu sinni enn. Ætlar hann að gera það? Hann sagði vestur á landi í kosningabaráttunnni í vor að það hefðu verið þau Guðrún Helgadóttir og Svavar Gestsson sem hindruðu að frv. hans um fæðingarorlof fyrir allar konur væri samþykkt. Ég skal taka það fram að ég er ósammála hæstv. félmrh. um frv., ég vil ekki fæðingarorlof á þessu stigi málsins fyrir allar konur. Það er ekki þess vegna sem ég er að spyrja. Ég bara spyr: Hvað meina menn með því sem þeir eru að segja? Ég vil heyra hæstv. félmrh. enn og aftur segja þetta vegna þess að hann hefur margsinnis lýst því yfir að þetta sé það sem hann muni beita sér fyrir.

Ég held að hæstv. ríkisstj. sé komin í algjöra blindgötu með flest sín mál. Og ég held að það sé fyrst og fremst vegna þess að enginn ráðh. þjóðarinnar þorir að taka virkilega á málum. Það eru nógir peningar til á Íslandi, það vitum við öll. Það þarf bara að ná í þá. Þeir eru nefnilega flestir þar sem þeir eiga ekki að vera. Við vitum öll að t. d. hjá vátryggingarfélögunum liggur feikilegt fé sem er hægðarleikur að nýta. Það er hægðarleikur ef menn snúa sér að því að gera einhvern skurk í markaðsmálum þjóðarinnar sem eru unnin með eintómum þumalfingrum.

Það þarf líka að stöðva það æði sem á sér stað í húsnæðismálum. Það væri verðugt verkefni fyrir hæstv. félmrh. að reyna að standa við það sem hann hefur lofað í félagslegu íbúðarkerfi. Menn þurfa ekki annað en líta á síður Morgunblaðsins til að sjá að nú er efnahagsástand þjóðarinnar þannig, að því fólki hefnist nú fyrir sem trúði á steinsteypu í eina tíð og taldi ráðlegra að fjárfesta í henni en að setja peningana sína í

annað og byggði sér allt of stórt húsnæði og óhentugt í alla staði. Nú eru þessi hús til sölu í tuga- og hundraðatali og enginn getur keypt. Innan tíðar stendur þetta húsnæði autt eða það hríðlækkar í verði. Það þarf nefnilega að stjórna þessum málum í svona litlu landi. Það er ekki hægt að láta hverja einustu fjölskyldu í landinu valsa með milljónir sem hún er á pappírnum sögð eiga en á auðvitað ekkert í því að allt húsnæði í landinu er byggt fyrir almannafé að sjálfsögðu. Þess vegna er það rétt að við Alþb.-menn höfum alltaf sagt: Það þarf að byggja þetta á því félagslega íbúðarkerfi sem við höfum barist fyrir. Það er ekki hægt að reka þetta öðruvísi. Satt að segja efast ég um að hægt sé að reka þjóðfélag eins og það sem við lifum í án þess að við séum í eilífum efnahagskröggum. Það þarf nefnilega að taka á þessum hlutum. Það þýðir ekkert að halda sífellt áfram þessu kerfiskarlaþvargi eins og hér hefur átt sér stað í dag. Það vantar allar nýjar hugmyndir í íslenska pólitík. Það dettur engum neitt í hug. Sannleikurinn er sá að kerfið er farið að stjórna stjórnmálamönnunum en stjórnmálamennirnir ekki kerfinu. Og á meðan svo er skiptir sáralitlu máli þegar allt kemur til alls hver er við völd.

Það er e. t. v. svolítil huggun að það eru ekki íslenskir stjórnmálamenn einir sem standa gjörsamlega ráðþrota frammi fyrir því að stjórna þjóðfélögum sínum. Á Norðurlandaráðsþingi nýafstöðnu þar sem við, hinir kjörnu fulltrúar, vorum að fást við tillögur um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum var lögð á borð okkar tilkynning frá forsrh. Norðurlandanna, þar með talinn náttúrlega okkar eiginn forsrh., hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson. Og hvað skyldi hafa staðið í þessari fréttatilkynningu? Jú, forsrh. Norðurlandanna fagna því að forstjóri Volvo, nafngreindur þar, hefur boðist til að velja hóp forustumanna í efnahagslífinu til að hjálpa norrænum stjórnmálamönnum að leysa efnahagsvandann. Hann má sjálfur nokkurn veginn ráða því hverjir veljast í þennan hóp. Undir þetta skrifar og fagnar hæstv. forsrh. Íslands, Steingrímur Hermannsson. Það er verst að hann skuli ekki vera hér til að segja okkur af hverju hann er svona fagnandi yfir þessum hópi. (**Gripið fram í:** Þetta er nú ekki mjög nákvæm frásögn.) Þetta er nákvæm frásögn. Ég er með hana hér, ég skal lesa hana upphátt ef menn óska. (Gripið fram í.) Maður hlýtur að spyrja: Hvaða ástæðu hefur hann til þess að vera að þiggja þess háttar aðstoð einkafyrirtækja og stórkapítalismans á Norðurlöndum við úrlausn efnahagsmála fyrir alþýðu manna á Norðurlöndum? Það má kannske segja að það sé sama hvaðan gott kemur, en ég er ekki viss um að sjónarmið þessara ágætu manna komi alþýðu manna sérstaklega mikið við og kynni raunar að vera annað sem þeim gengur til.

Ég held, hv. þm., að við eigum að horfast í augu við að þetta er steingeld pólitík sem hér er rekin. Hér hefur ekki komið fram í dag ein einasta ný hugmynd til að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar. Menn taka aftur það sem þeir sögðu í október. Vikum saman var hótað að fara að taka gjald af sjúklingum og reyna að fá peninga í kassann á þann hátt. Það sá hver heilvita maður að þetta var fáránlegt. Nú hafa þeir gefist upp við það. Ég sé ekki annað en menn séu að snúa frá öllu sem þeir sögðu og standa uppi og segja: Þingið verður bara að leysa þetta. Tveggja milljarða gjöfin, sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði að ætti að skila aftur í vasa íslenskrar alþýðu er nú allt í einu búin að fá öfugt formerki. Það þarf að taka tveim milljörðum meira af alþýðunni en haldið var fram 27. okt. Ég vil vekja athygli á þessu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil vekja athygli á því, sem er í raun og veru óþarft, að hér er ekki leikhús. Þeir sem halda það ber ekki að vera hér. Það er bannað að klappa.

Það var ætlunin að reyna að ljúka þessum umr. nú senn. Ég segi senn vegna þess að þingheimi er boðið í leikhús í kvöld og starfsfólki líka svo að það eru takmörk fyrir því hvað við getum verið lengi hér í kvöld. Ég vildi að mönnum væri þetta ljóst. En það er ekki verið að takmarka umr. Ef umr. dragast á langinn eða menn kveðja sér hljóðs umfram þá tvo sem nú eru á mælendaskrá, þá getur komið til greina að við þurfum að fresta umr. Ég vildi bara að menn vissu hvernig staðan er. Ef við ætlum að ljúka umr. núna, þá höfum við aðeins nokkrar mínútur.

Það skal enn fremur tekið fram að ætlunin er að taka fyrir eitt mál á dagskrá að lokinni þessari umr. Það verður framsaga, sem ekki fer fram úr tíu mínútum, fyrir einu máli vegna þm. sem er að hverfa af þingi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að votta hv. 10. landsk. þm. innilega samúð mína fyrir að hún skuli þurfa að starfa með svona andlausum samþm., 59 að tölu, eins og kom fram í máli hennar áðan. Ég vona að það komi betri tíð svo að henni líði betur hér í ræðustól eftirleiðis.

Mér þótti rétt að koma aðeins inn í þessar umr. vegna fsp. sem hér hafa komið fram í sambandi við húsnæðismál þó að ég hafi hins vegar ekki ætlað að taka þátt í umr. um fjárlögin á þessu stigi máls.

Hv. 5. landsk. þm. gerði að umtalsefni fréttir eða fréttatilkynningu og samtöl sem komu í Ríkisútvarpinu í gær. Ég ræð auðvitað ekki uppsetningu frétta og að sjálfsögðu er hv. þm. nær þeim vettvangi en ég og kunnugri fyrirkomulagi á fréttastofu útvarps, en látum það vera. Ég get að sjálfsögðu staðfest það sem eftir mér var þar haft og mun halda mig við þá skoðun sem þar kom fram í sambandi við húsnæðismál.

Tilefni þessarar fréttar var að eitt dagblaðið hér, Þjóðviljinn, fullyrti á forsíðu í gær að það vantaði 900 millj. í húsnæðismálin og þar væri eitt stóra gatið til viðbótar. Það er ekkert nýtt að þetta blað sé með viss gífuryrði í sambandi við húsnæðismál eða lausn þeirra. Þetta blað fullyrti á s. l. hausti að ríkisstj. ætlaði alls ekki að standa við loforð sín um viðbótarlán til að létta vanda húsbyggjenda og húskaupenda í landinu. Blaðið sagði að engir peningar væru til og fyrirsagnirnar voru hvað eftir annað: Svik, svik o. s. frv.

Ég vil þó endurtaka það hér, sem raunar hefur komið fram áður, að það voru 4700 lántakendur sem fengu þetta 50% viðbótarlán skv. loforði ríkisstj. Þessar upphæðir voru greiddar út til fólks í des. s. l. og jan. og námu samtals tæpum 290 millj. kr. Ég er ekki í neinum vafa um að þetta hjálpaði mörgum og hefur komið að miklum notum við að leysa það mikla vandamál sem margt þetta fólk átti við að stríða og á við að stríða.

Jafnframt vil ég geta þess í leiðinni, af því að þessi mál ber á góma, að ríkisstj. gerði samkomulag við bankakerfið í landinu um að veita sérstök skuldbreyt-

ingalán eða skuldbreytingafyrirgreiðslu til húsbyggjenda. Árangur af þessu var sá að milli 140 og 150 millj. kr. var varið í þessi skuldbreytingalán sem þýddi það að skammtímalánum var breytt í lán til allt að átta ára.

Ríkisstj. ákvað í sept. s. l. að öll húsnæðislán skyldu hækka um 50% frá og með 1. jan 1984. Jafnframt yrðu ný lán til þeirra, sem eru að byggja í fyrsta sinn greidd í tveim hlutum í stað þess að það hefur verið gert í þrennu og fernu lagi skv. gildandi lögum. Þessi ákvörðun var fyrst og fremst gerð til þess að koma til móts við unga fólkið í landinu sem á vissulega við mjög mikil vandamál að stríða. Uppsetning fjárlaga fyrir árið 1984 og frv. til lánsfjárlaga var miðuð við þessa ákvörðun ríkisstj. Ég tel rétt að lesa hér úr athugasemdum með fjárlögum, sem birtust í fjárlagafrv. á bls. 178, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur samþykkt að öll lán hjá Byggingarsjóði ríkisins verði hækkuð um 50% um n. k. áramót, lánstíminn lengdur og lánin afborgunarlaus fyrstu árin. Þetta eykur fjárþörf til Húsnæðismálastofnunar ríkisins verulega, en hér er um að ræða málaflokk, sem verið hefur í algjörri sjálfheldu, sem mikils er um vert að brjótast út úr, sérstaklega fyrir ungt fólk sem er að hefja lífsstarfið. Með þessum aðgerðum er einnig að því stefnt að jafna aðstoð ríkisins við þá sem byggja eigið húsnæði og þeirra sem fá svonefnt félagslegt húsnæði í verkamannabústöðum."

Eins og hv. alþm. vita var í fjárlagafrv., samþykktum fjárlögum, í lánsfjáráætlun og í lánsfjárfrv., sem nú liggur til afgreiðslu á Alþingi, gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins hefði yfir að ráða um 1200 millj. kr. og Byggingarsjóður verkamanna um 442 millj. kr. Áætlanir húsnæðismálastjórnar hljóta að sjálfsögðu að taka mið af þessum fjárhæðum og verða endanlega tilbúnar til afgreiðslu þegar lánsfjárlög hafa verið samþykkt á hv. Alþingi.

Mér þykir rétt að fara örfáum orðum um þessa lánsfjáráætlun vegna þeirra ummæla sem hér hafa komið fram um að þessar tölur væru óraunhæfar og mundu ekki standast. Mér þykir þetta harður dómur í raun og veru um afgreiðslu Alþingis á svo veigamiklu máli. Alþingi hefur samþykkt fjárlög og lánsfjáráætlun á undanförnum árum og a. m. k. í sambandi við húsnæðismálakerfið hefur Húsnæðisstofnun miðað sínar áætlanir við þessar samþykktir og í flestum tilfellum hefur það staðist, sbr. t. d. árið 1983.

Af því að fram komu beinar spurningar frá hv. 5. landsk. þm. um þetta mál vil ég aðeins koma inn á þessa þætti að nokkru. Ég vil byrja á lífeyrissjóðum, framlagi lífeyrissjóðanna. Gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðir leggi Byggingarsjóði ríkisins til 525 millj. kr. og Byggingarsjóði verkamanna um 165 millj. kr. Þetta eru stórar upphæðir miðað við það sem hefur verið undanfarin ár og þess vegna var eðlilegt að bæði hæstv. fjmrh. og félmrh. vildu kanna gaumgæfilega hvort þessar upphæðir gætu kallast raunhæfar. Þess vegna voru fulltrúar lífeyrissjóðanna boðaðir til funda bæði í desember og aftur í janúar til þess að kanna nákvæmlega hvernig menn vildu standa að þessari fjáröflun. Miðað við þær niðurstöður, sem fengust út úr þessum fundarhöldum í lok janúar, vorum við, bæði hæstv. fjmrh. og félmrh., sannfærðir um það af fulltrúum lífeyrissjóðanna að staðið yrði við þessa fjárhæð.

Ég vil geta þess til fróðleiks hvernig viðbrögðin hafa breyst hjá þessum aðilum miðað við það sem af er þessu ári borið saman við sama tímabil á árinu 1983. Í janúar og febrúar 1983 greiddu lífeyrissjóðir til þessara byggingarsjóða 36 millj. kr. En núna í janúar og febrúar 1984 var greiðslan frá þessum sömu lífeyrissjóðum tæpar 100 millj. kr. Þetta bendir ótvírætt til þess að þessir aðilar ætli að standa við það loforð sem þeir hafa gefið og ég hef enga ástæðu til að draga í efa að svo verði.

Í sambandi við upphæðina úr Atvinnuleysistryggingasjóði get ég viðurkennt að óvissa er vissulega mikil í sambandi við þá fjárhæð vegna þess að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur tekið gífurlega miklar byrðar á sig í sambandi við það atvinnuleysi sem hér hefur ríkt. Ég vil geta þess af gefnu tilefni að ég hef tekið það fram bæði í sambandi við uppsetningu á lánsfjáráætlun og á frv. til lánsfjárlaga að ég liti svo á að ef Alþingi samþykkti lánsfjáráætlun með þessari upphæð inni væri ríkissjóður ábyrgur fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður gæti staðið við þessar skuldbindingar. Það er óbreytt skoðun hjá mér og ég hef gert grein fyrir henni bæði í ríkisstj. og eins í yfirheyrslu hjá fjh.- og viðskn. Nd.

Skyldusparnaðurinn er vissulega fjárhæð sem getur tekið breytingum. Það er dálítið furðulegt til þess að vita að veltan á skyldusparnaði verður sennilega á þessu ári 600—650 millj. kr. En miðað við s. l. ár fer þessi upphæð inn og út með tiltölulega reglulegum hætti. Ég tel að þarna þurfi að gera vissar breytingar. Í nýju frv. til l. um húsnæðismál er gerð nokkur tilraun til að stöðva þetta fjármagn eða réttara sagt að hamla því að það sé tekið eins ört út og gert er í dag. Vel má vera að sú upphæð, sem hér er sett upp, standist ekki en ég tel ekki ástæðu til að draga í efa að hún geti staðist, að þarna verði um að ræða 45 millj. sem raunverulega koma þessu kerfi okkar að notum. Ég tel enga ástæðu til að vefengja að svo geti orðið.

Um aðra fjáröflun tel ég ekki ástæðu til að fjalla hér. Ég vil þó geta þess að skv. ákvörðun ríkisstj. hafa viðskrh. og félmrh. fengið það hlutverk að ná samningum við bankakerfið í landinu, Seðlabankann og viðskiptabankana, um að bankarnir taki að sér að fjármagna framkvæmdalán í sambandi við byggingarmálin, þ. e. til framkvæmdaaðila í byggingariðnaðinum. Gert er ráð fyrir að þetta sé á bilinu 120—140 millj. kr. Við höfum átt viðræður við fulltrúa bankanna um þetta atriði og ég tel ekki ástæðu til að ætla annað en að nokkur árangur verði af þessum viðræðum. Þegar hefur komið fram að árangur er farinn að skila sér til a. m. k. tveggja aðila í þessari grein. En þessum viðræðum verður haldið áfram og við gerum ráð fyrir því að reyna að ná föstum samningum um þetta atriði. Það er mikilvægt og er nýtt í húsnæðiskerfinu ef það tekst. Ég vonast til að svo verði.

Ég sé ekki ástæðu til að fara á þessu stigi að ræða þetta nánar. Ég geri ráð fyrir því að ég komi inn á þessi mál n. k. þriðjudag í sambandi við fsp. um þetta. Þá mun ég ræða þetta á ítarlegri hátt en hér hefur verið gert. Ég vil þó segja að ég vænti þess að hið nýja frv. um húsnæðismál fái framgang á þessu þingi. Það inniheldur vissa stefnubreytingu í sambandi við þessi mál og ekki hvað síst miklu meiri festu í fjármögnun húsnæðismálakerfisins ef það nær fram að ganga. Ég vænti þess að um það verði samkomulag hér á hv. Alþingi.

Freistandi hefði verið að ræða þetta meira en ég sé að tíminn er að hlaupa frá okkur. Ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Ég vil þó aðeins segja við hv. 10. landsk. þm. af því að hún beindi til mín fleiri atriðum: Að sjálfsögðu er mér ljóst að undir félmrn. heyra ýmis mál á félagslega sviðinu og ég mun leggja mig fram um að leysa ýmis þau mál. En ég vil segja það í sambandi við fæðingarorlofið, af því að hún gerði það sérstaklega að umræðuefni hér, að e. t. v. hefur hún ekki tekið eftir því að þetta er eitt af þeim málum sem ríkisstj. setti á sína stefnuskrá, að endurskoða lögin um fæðingarorlof. Eins og ég gaf yfirlýsingu um hér á s. l. hausti lagði ég fram sérstakt frv. samhljóða því sem ég hafði barist fyrir gegn andstöðu hennar, hv 10. landsk. þm., árangurslaust að koma í gegn hér á Alþingi. Ég lagði það frv. fram í ríkisstj. og hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur þetta mál nú til meðferðar í þeirri endurskoðun sem stendur yfir á lögum um fæðingarorlof. Ég vænti þess fastlega að sú stefna, sem ég hef í þessu máli, verði sigursæl þrátt fyrir andstöðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur.

Ég held, herra forseti, að ég tefji þessar umr. ekki frekar. En ég vil endurtaka að ég hef þá skoðun að ef fjárlög og lánsfjárlög verða samþykkt með þeim fjármunum sem þar eru til teknir til húsnæðismála verði hægt að standa í meginatriðum við það sem ríkisstj. hefur lofað í sambandi við húsnæðismálin. Með samþykkt nýs frv. á Alþingi um húsnæðismál munum við taka enn þá sterkari tökum framtíðarstefnu í húsnæðismálum, bæði á félagslegu sviði og eins fyrir einstaka húsbyggjendur.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Í upphafi máls míns langar mig aðeins til að benda á þá skringilegu staðreynd að um leið og við erum að ræða hér skýrslu hæstv. fjmrh. um götin í fjárlögunum leggur sá sami ráðh. fyrir okkur frv. til l. um heimild fyrir fjmrh. f. h. ríkissjóðs til þess að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf. upp á 1.5 millj. Bandaríkjadala. Ekki virðist geigurinn vera mikill í mönnum að taka á sig digrar ábyrgðir af rekstri fyrirtækja sem ekki geta náð einu sinni inn fyrir þeim kostnaði sem af rekstrinum hlýst, þ. e. fyrirtækið er raunar á hausnum, enda engin furða því að allir þekkja hvernig til þessa fyrirtækis var stofnað þar sem því var bjargað úr einu skuldafeninu yfir í annað.

Flestir, sem hér sitja inni, þekkja myndskreytingar Walt Disneys við nokkur tónverk heimsbókmenntanna sem kallast Fantasía. Eitt af þeim verkum sem þar er myndskreytt heitir Lærisveinn galdramannsins. Allir þekkja örlög þessa litla lærisveins sem fór af stað í hlutverki galdramannsins og missti stjórn á verkefni sínu og varð reyndar bjargað á endanum af galdramanninum sjálfum. Munurinn á þessu litla verki og því sem hér er verið að tala um er sá að hér er ekki von á neinum galdramanni sem bjargar okkur á endanum. T. d. er borin von að hér komi nokkur galdramaður og selji u. þ. b. 15 togara til þess að fylla upp í það gat sem hér er verið að tala um. En það var upplýst áðan að þær upphæðir munu nánast á jöfnu.

Það sem við hefur blasað s. l. tíu ár virðist vera að til sé orðin þarna uppi í stjórnarráði ákveðin forskrift að stjórnun íslenska ríkisins sem menn ekki geta komist út úr. Þessi forskrift er tiltölulega einföld. Hún er í raun og veru skattlagning. Hún heitir reyndar mismunandi nöfnum. Það er gengisfelling, sem er náttúrlega skattlagning á þegna landsins. Hún heitir kjaraskerðing, sem er annað skref yfirleitt sem er líka skattlagning með einum hætti. Síðan koma félagsmálapakkar, þá er fært úr einum vasa skattþegans yfir í annan. Síðan kemur niðurskurður, sem er náttúrlega skattlagning að því leyti að tekjumöguleikar minnka. Og síðan kemur raunveruleg skattahækkun, það er ekki um neitt að ræða annað, þar er bein skattlagning á ferðinni. Það er trúlega sú lausn sem við eigum eftir að horfa upp á núna á næstunni. Þegar öll þessi ráð eru búin — þau eru ca. fimm — hefst hringavitleysan aftur með annarri gengisfellingu, kjaraskerðingu og félagsmálapökkum og svo áfram.

Sú staðreynd, sem hér liggur fyrir, er einfaldlega sú að núv. ríkisstj. er jafnmáttlaus og vanhæf til að stjórna og ríkisstj. fyrri ára. Hún á engin önnur úrræði heldur en ríkisstj. fyrri ára. Hún hefur gert sér sjálfri að vissu leyti erfiðara fyrir vegna þess að með kjaraskerðingunni lækkaði verðbólgan þannig að ágallar verksins verða augljósir. En ágallarnir og úrlausnirnar eru nákvæmlega þær sömu og verið hafa undanfarin tíu ár.

Ef við gefum okkur að ásetningur ríkisstj. sé yfirleitt góður hefur þeim öllum mistekist. Nú eru menn reyndar yfirleitt ekki sammála um að ásetningur ríkisstj. sé jafngóður. Þá skulum við aðeins gera ráð fyrir að þessi ríkisstj. hafi haft góðan ásetning, um það eru menn reyndar ekki heldur allir sammála. Hver er þá niðurstaðan? Jú, hún er einfaldlega áframhaldandi sú að þessi ríkisstj. ræður ekki við verkefni sitt frekar en fyrri ríkisstj.

Hvers vegna ræður þessi ríkisstj. ekki við verkefni sitt? Jú, hana skortir einfaldlega til þess umboð. Flokksræðið stendur lýðræðinu fyrir þrifum. Flokkar sem eru fastnjörvaðir við hagsmunasamtök með þeim hætti sem gerist í íslenskum stjórnmálum eru þess ekki megnugir að stjórna að eigin vilja. Flokkar sem eyða jafnmiklu af orku sinni í hagsmunapot, eins og gerist í íslenskum stjórnmálum, hafa einfaldlega ekki tíma til að stjórna. Flokkar þar sem einstakir þm. innan þingliðsins hafa mismunandi gengi, þar sem reglan er nánast sú að þingmannafjöldi einstakra kjördæma er í öfugu hlutfalli við atkvæðafjölda sama kjördæmis, slíkir flokkar hafa engar ástæður til að hlíta lögmálum lýðræðisins. Þ. e. meirihlutavilji nær aldrei fram að koma í þessu stjórnkerfi sem við búum við. Lýðveldissinnar, lýðræðissinnar, jafnaðarmenn eru hér að viðhalda stjórnkerfi miðstýringar og valdbeitingar hinna fáu sem þar að auki ekki ráða við verkefni sitt. Þetta vald vilja þeir samt sem áður ekki láta af hendi til smærri eininga eða landshluta, sveitarfélaga eða samtaka þeirra því að valdið er þeim of kært.

Það sem hér er til umr. er ekki nýtt. Hér er einfaldlega um það að ræða að ríkisbáknið er orðið svo bólgið að fámennur valdahópur á þess ekki kost að hafa yfirsýn. Á því er ekki nema ein lausn, þetta vald verður að brjóta niður og dreifa þessu valdi til fleiri aðila. Fólkið verður að fá að stjórna sjálft.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er furðulegt með virðulegan 8. þm. Reykv. að hann heldur hér eiginlega sömu ræðuna með mismunandi áherslum fund eftir fund og þetta er ræða sem við heyrðum áður en hann kom á Alþingi. Sem sagt, þm. eru ágætir áður en þeir verða þm., þeir eru fífl þegar

þeir eru komnir inn á þing, en þeir eru enn þá meiri fífl þegar þeir verða ráðherrar. Þetta er ræða hans í hnotskurn eins og sagt er. (**StB:** Erum við sammála um það?) Ég er ekki að taka undir með hv. þm., það er bara dálítið leiðinleg plata að hlusta á. En málið sjálft, sem hér er á dagskrá, var afskaplega lítið rætt þannig að það er engu að svara þar.

Ég vil virða þá ósk forseta að reyna að vera stuttorður og að tala í símskeytastíl til að svara því sem ég tel mig þurfa að svara. Það eru fáar spurningar sem ég hef ástæðu til að svara og við vitum að það er ekki oft sem starfsfólk Alþingis óskar eftir því að fundir verði styttir. Virðulegur þm. Geir Gunnarsson er víst farinn enda ekkert sem ég sé ástæðu til að svara honum. Formaður Alþfl., Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn., er líka farinn en ég vil þó biðja flokkssystkini hans um skilaboð til hans: Það er mjög mikið langt frá því að ríkisstj. sé búin að missa kjark og því síður fjmrh. get ég fullvissað hann um.

Hitt er annað mál að ég kem hér fram með vanda og kynni hann mánuði áður en til stóð. Ég hafði tilkynnt áður en fjárlög voru samþykkt að ég mundi gera alþm. og Alþingi grein fyrir stöðu ríkissjóðs á þriggja mánaða fresti. Ég kem hingað með það sem annars hefur verið afgreitt í kyrrþey með aukafjárveitingum. Ég held að það sé annað en að sýna kjarkleysi. Það er að horfast í augu við vandann og það er oftast nær talin byrjun á lausn á flótta undan vanda, ef ekki lausn, þannig að ég hef þar með svarað þeim sem hafa komið að þessu atriði.

Virðulegum fyrrv. hæstv. kollega mínum hefði ég þurft að hafa miklu lengri tíma til að svara. En það er ekki að ástæðulausu að í lok maímánaðar, þegar þessi ríkisstj. tók við, voru skólarnir að loka vegna þess að ekki var hægt að greiða rafmagnsreikninga, ekki hitareikninga, ekki flutning barna til og frá skólunum. Allir sjóðir, hvar sem leitað var í öllum ráðuneytum, tómir. Því miður er ekki tími til að fara út í þessar umr., sem virðulegur þm. hóf, en ég vil þó minna á, bara til að rifja það upp af því að ég veit að fyrrv. hæstv. fjmrh. vill gleyma því, að eina ráðið, sem Alþb.-menn þekktu þá og kom fram að fundi loknum í Alþb., var að stofna til samvinnu allra flokka um fjögurra ára neyðaráætlun sem átti að framkvæma á þessum tíma til að bjarga því sem aflaga hafði farið í þeirra stjórnartíð. Þetta er skráð í Þjóðviljanum og það hlýtur að vera satt.

Virðulegi forseti. Ég veit að tíminn er afskaplega naumur. Ég vil bara segja það að þegar í ljós kom að eitthvað var til að leggja fyrir Alþingi gerði ég það til þess að alþm., bæði stjórnarþingmenn og stjórnarandstöðuþingmenn, fengju að vita af því sem áður hafði verið falið fyrir þeim. Ég var t. d. búinn að vera 10 ár þm. áður en ég hafði hugmynd um hvernig aukafjárveitingar áttu sér stað, hvernig fjárlög voru gerð frá degi til dags á annan hátt en að ég tók þátt í að afgreiða þau hér á Alþingi. Það gekk svo hratt fyrir sig að kynna þessar niðurstöður að um leið og ég fæ þær á blaði á mánudagsmorgni óska ég eftir aukafundi ríkisstj. til að kynna vandann ríkisstj. og strax þar á eftir þingflokkum sem standa að ríkisstj. og strax þar á eftir stjórnarandstöðunni, sama daginn. Og lái mér það hver sem vill þó að ég óski eftir því að fá eina til tvær vikur til að koma með lausnir. Það ætlast enginn til þess í alvöru að ég komi með lausn á þessum vanda, sem er uppsafnaður í gegnum árin, á sama degi og ég kynni vandann sjálfan. En það koma tillögur og hluti af þeim hugmyndum, sem fram hafa komið, er birtur í Tímanum. En þær eru ekki tillögur frá mér heldur hluti af mörgum öðrum hugmyndum sem hafa komið fram. Engin þeirra hefur verið rædd í ríkisstj. þannig að ekki er hægt að segja að það sé ágreiningur í ríkisstj. Það er enginn ágreiningur í ríkisstj. og hvernig sem þið látið komið þið honum ekki fyrir þar.

Umr. frestað.

Útflutningur iðnaðarvara, þáltill. 233. mál (þskj. 408). — Ein umr.

Flm. (Bragi Michaelsson): Herra forseti. Á þskj. 408 hef ég ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e., Halldóri Blöndal, flutt svohljóðandi þáltill., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna með hvaða hætti megi auka útflutning á íslenskum iðnaðarvörum sem nú eru að litlu leyti fluttar á erlenda markaði, svo sem húsgögnum, innréttingum, sælgæti og öðrum er ætla má að eigi nokkra möguleika í útflutningi."

Í grg. segir m. a.: „Í þáltill. þessari er gert ráð fyrir að ríkisstj. verði falið að kanna leiðir til að auka útflutning á iðnaðarvörum. Margar orsakir liggja til þess að brýn nauðsyn er nú á því að auka slíkan útflutning og renna þannig fleiri stoðum undir gjaldeyrisöflun okkar. Á allra næstu árum mun fólki á vinnumarkaði hér á landi fjölga allmikið. Eins og málum er nú komið hér innanlands eru líkur á aukinni sölu iðnaðarvara umfram fólksfjölgun hverfandi, en ætla má að verulegir möguleikar séu fyrir hendi á útflutningi.

Allt frá þeim tíma er Íslendingar gerðu samninga um fríverslun hefur íslenskur iðnaður verið að þróa framleiðslu sína og gera hana samkeppnishæfa. Nú eru hér komnar á markað vörur sem eru vel samkeppnishæfar, bæði á markaði hérlendis og til útflutnings. Framleiðendur í iðnaði hafa gert tilraunir með útflutning, en með misjöfnum árangri. Framleiðsla húsgagna hér á landi hefur á síðari árum tekið miklum framförum og eru framleiðendur nú að hefja útflutning til Bandaríkjanna. Ullarvörur hafa um alllangt skeið verið fluttar út með góðum árangri og verið eftirsóttar og fleiri dæmi mætti nefna er benda til þess að við Íslendingar ættum að geta komið framleiðsluvörum okkar í auknum mæli á erlenda markaði og bætt hér lífskjör sem rýrnað hafa með minnkandi sjávarafla."

Skv. upplýsingum frá Landssambandi iðnaðarmanna voru hér á landi starfandi í greininni er flokkast undir annan iðnað 15.5% 1960. Á sama tíma voru 10.1% starfandi í fiskiðnaði, 8.2% við fiskveiðar, 16% í landbúnaði, 10.7% í byggingarstarfsemi og 39.5% í þjónustugreinum. Á árinu 1981 var þessi skipting þannig, að 16.6% störfuðu við annan iðnað, 9.1% í fiskiðnaði, 5% við fiskveiðar, 7.4% við landbúnað, 52.1% í þjónustugreinum og 9.8% í byggingarstarfsemi. Eins og fram kemur hér að ofan hefur aukning orðið mest í þjónustugreinum og ljóst er að það verður að hægja á í þjónustugreinunum þar sem þjóðarbúið þolir ekki lengur að aukning verði með þeim hraða í þeim greinum.

Í grg. er mælst til þess að stjórnvöld efni til kynningar

á íslenskum iðnaðarvörum á erlendum mörkuðum í samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Félag íslenskra iðnrekenda. Slíkar kynningar hafa einmitt átt sér stað oft og víða síðan Útflutningsmiðstöð iðnaðarins var sett á stofn skv. lögum nr. 14 frá 1971. Má þar til nefna Scandinavia Today í Bandaríkjunum á s. l. ári. Þessi starfsemi hefur náð til þeirra iðnaðarvara sem möguleiki hefur verið talinn á að hefja útflutning á og hefur nú borið verulegan árangur.

Hin gífurlega aukning á útflutningi ullarvara er gott dæmi um það hvað hefur tekist að gera á erlendum mörkuðum og hefur Útflutningsmiðstöðin átt þátt í þeirri þróun. Hún hefur einnig unnið að því að greiða fyrir sölu á öðrum iðnaðarvörum sem talinn er möguleiki á að framleiða til útflutnings. Árangur af þeirri starfsemi hefur að sjálfsögðu verið nokkuð mismunandi, en vörutegundum hefur fjölgað og gætir nú nokkru meiri bjartsýni um iðnaðarvöruútflutning eftir að tekist hefur að koma efnahagsmálum okkar hér innanlands í sæmilegt horf.

Annað þýðingarmikið mál er varðar útflutning er hönnun þeirra iðnaðarvara sem á boðstólum eru til útflutnings. Í ullariðnaði hefur íslenskum hönnuðum tekist að koma á markaðinn vörum sem eru eftirsóttar sem góð vara. Nýlega hefur Íslendingur fengið verðlaun erlendis fyrir hönnun á stól sem þykir eftirtektarverður hvað hönnun varðar. Á þessu sviði verðum við að leggja enn meiri áherslu á hagkvæmni.

Þá þarf að skipuleggja betur sölukerfi á iðnaðarvörum okkar og ráða í þjónustu okkar sérhæfða sölumenn til að starfa erlendis. Það er þó ekki svo að íslensk stjórnvöld hafi ekki unnið þessum málum brautargengi. Þýðingarmestir fyrir útflutning iðnaðarvara eru án efa samningar um fríverslun við EFTA og Efnahagsbandalagið, sem hafa tryggt tollfrjálsan innflutning á íslenskum iðnaðarvörum í 16 Evrópulöndum.

Í viðskiptaviðræðum við erlend ríki hafa stjórnvöld kynnt vörur sem Íslendingar geta framleitt. Má í því sambandi minna á að utanríkisþjónustan hefur reynt að vinna að þessum málum og sinnt tilmælum sem sendiráðum berast frá íslenskum iðnfyrirtækjum. En þótt hið opinbera sé reiðubúið til að veita ýmiss konar aðstoð er þó mest undir framleiðendum sjálfum komið, bæði hvað snertir framleiðslu og markaðsstarfsemi. Nýjasta dæmið í viðleitni stjórnvalda við að efla útflutning er það samkomulag, sem náðst hefur á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs að frumkvæði viðskrh. í Norðurlandaráði, að kosta markaðsátak í sölu íslenskra framleiðsluvara til Norðurlandanna. Í þessu skyni á að verja á næstu 15 árum 1 millj. norskra kr. eða 3.8 millj. ísl. kr. Helmingurinn af kostnaðinum verður greiddur af fjármunum Norðurlandaráðs, en hinn helmingurinn af okkur og hefur Norræni iðnþróunarsjóðurinn þegar samþykkt að leggja fram 300 millj. n. kr. í þessu skyni. Ég vænti þess eindregið að íslenskur iðnaður notfæri sér þetta tækifæri og það beri verulegan árangur í aukinni sölu á framleiðsluvörum okkar til Norðurlanda og komi á nánara samstarfi milli íslenskra fyrirtækja og fyrirtækja á hinum Norðurlöndunum.

Hér innanlands hefur verið unnið að því að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem á undanförnum árum hafa komið ranglátt niður á íslenskum iðnaði, svo sem með leiðréttingu á tollum. Stöðug gengisskráning og minni verðbólga hefur virkað sem hvati fyrir íslenskan iðnað.

Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

Samt sem áður verða hv. alþm. að hafa í huga að við verðum sífellt að vera vakandi gagnvart nýjum tækifærum til að bæta hag okkar.

Í fskj. sem fylgir með þessari till. er vikið að vörusýningu í Bella Center í Kaupmannahöfn í maí árið 1983. Þar tókst íslensku fyrirtæki að gera samning um sölu á húsgögnum til Bandaríkjanna. Það er í fyrsta skipti sem tekist hefur síðan farið var að selja húsgögn skipulega á erlendum vörusýningum. Áætluð sala gæti numið um 2 millj. Bandaríkjadala hjá þessu eina fyrirtæki.

Herra forseti. Með þessum orðum mínum hef ég viljað benda á að nokkuð hefur verið unnið að þeim málum sem þáltill. fjallar um. En þó eru ónýttir margvíslegir möguleikar til að auka á fjölbreytni í útflutningi á íslenskum iðnaðarvörum, ekki síst í Bandaríkjunum og Kanada.

Í lögum nr. 86 frá 31. des. 1981, um iðnráðgjafa, er gert ráð fyrir að samtök sveitarfélaga í landshlutum eða iðnþróunarfélög geti ráðið iðnráðgjafa til starfa á sínum vegum og er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra svo og kostnað við samræmingu. Samtök sveitarfélaga hér á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að sækjast eftir að fá slíkan iðnráðgjafa. Enn hefur ekki fengist fjárveiting fyrir ráðningu hans. Það er skoðun mín að iðnráðgjafi geti skilað góðum árangri hvað varðar þetta mál og starfað í nánu samstarfi við atvinnumálanefnd Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, en eins og kunnugt er er höfuðborgarsvæðið stærsta samfellda atvinnusvæðið hér á landi og hefur því mesta möguleika á að efla útflutning á iðnaðarvörum.

Vissulega er alltaf álitamál hversu miklu fé eigi að verja til markaðsöflunar erlendis. Með hliðsjón af því hversu einhæfir atvinnuvegir okkar eru er ég þeirrar skoðunar að ekki sé nóg að gert í þeim efnum og að það fé sem til markaðsmála erlendis er varið skili sér margfalt aftur í þjóðarbúið og treysti þannig grundvöll íslensks atvinnulífs. Með það í huga ætla ég að treysta því að hið háa Alþingi taki þáltill. þessa til vinsamlegrar athugunar og að henni verði fylgt eftir með auknu fjármagni á fjárlögum næsta árs í því skyni að afla nýrra og aukinna markaða fyrir iðnaðarvörur okkar erlendis.

Að lokum legg ég til, herra forseti, að till. verði vísað til atvmn.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 8. mars.

Erlend sendiráð, upplýsingastarfsemi og menningarstofnanir.

Svör utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Hjörleifi Guttormssyni um erlend sendiráð, upplýsingastarfsemi og menningarstofnanir á vegum erlendra aðila hérlendis, á þskj. 332, sent þm. 7. mars.

1. Starfslið erlendra sendiráða hér á landi.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjölda starfsmanna erlendra sendiráða í Reykjavík og skylduliðs þeirra. Enn fremur er getið manna frá öðrum ríkjum er starfa við sendiráðin og loks heildarfjölda íslenskra starfsmanna:

	Janúar 1984 Frá sendiríki + fjölskylda	Frá öðrum erlendum ríkjum	Íslenskir starfsmenn
1. Bandaríkin	21+21=42	1	19+3 lausráðnir
2. Bretland	5 +12=17		4
3. Danmörk	5 + 4= 9		2
4. Finnland	4 + 1= 5		2
5. Frakkland	10+10=20		6
6. Kínverska alþýðulýðveldið	6 = 6		
7. Noregur	3+ 1= 4		4
8. Sovétríkin	37+43=80		
9. Svíþjóð	2+ 2= 4	1	3
10. Tékkóslóvakía	3+ 4= 7		
11. Sambandslýðveldið Þýskaland	7+ 5=12		4
12. Þýska alþýðulýðveldið	3+ 3= 6		1
Samtals	106+106=212	2	45+3

2. Upplýsingastarfsemi, fréttamiðlun og menningarstofnanir.

a) Menningarstofnun Bandaríkjanna: Forstöðumaður er sendierindreki (diplomat) og því talinn með á yfirlitinu í 1. lið hér á undan ásamt eiginkonu. Venjulega starfar einnig annar sendierindreki við stofnunina, en sá sem þar var síðast fór af landi brott í nóvember s. l. og eftirmaður hans er ekki væntanlegur fyrr en í vor. Auk þess sem hér var nefnt starfa nú sjö Íslendingar við stofnunina og eru þeir taldir með í dálkinum yfir íslenska starfsmenn hjá sendiráðinu í 1. lið.

Menningarstofnun Bandaríkjanna er til húsa í leiguhúsnæði að Neshaga 16.

Fulbright-stofnunin er til húsa á sama stað og starfar skv. samningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 13. febrúar 1964. Auk forstöðumanns er þar einn starfsmaður í hlutastarfi.

Bókasafn Alliance Francaise að Laufásvegi 12 og Þýska bókasafnið/Goethe-Institut að Tryggvagötu 26 eru kostuð af stjórnvöldum viðkomandi landa sem m. a. greiða laun umsjónarmanna, en starfsemin tengist tungumálakennslu við Háskóla Íslands. Ýmis vináttufélög við önnur lönd halda uppi menningar- og kynningarstarfi í meiri eða minni samvinnu við sendiráð og stjórnvöld hlutaðeigandi ríkja, m. a. dvelst hér kennari í rússnesku á vegum Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna (MÍR) og sovéskra aðila.

b) APN-fréttastofan (NOVOSTI): Sovéskur forstöðumaður er ekki skráður sem sendierindreki og er hann og eiginkona hans því ekki talin með í yfirlitinu í 1. lið. Auk forstöðumannsins eru tveir Íslendingar í fullu starfi við fréttastofuna, annar þeirra skráður ábyrgðarmaður ritsins „Fréttir frá Sovétríkjunum".

APN-fréttastofan er til húsa í leiguhúsnæði að Laugavegi 84, 3. hæð.

c) Auk framangreindrar starfsemi af hálfu einstakra landa er um að ræða starfsemi fjölþjóðlegra milliríkjastofnana eða samtaka þar sem Ísland er aðili:

Norræna húsið er rekið af Norrænu ráðherranefndinni í eigin húsnæði við Hringbraut. Starfsmenn auk forstöðumanns eru sjö.

Upplýsingaskrifstofa Atlantshafsbandalagsins er í leiguhúsnæði að Garðastræti 42. Auk forstöðumanns er þar einn starfsmaður.

3. Fasteignir, lóðir og bifreiðar.

a) Fasteignir:

1. Bandaríkin:			
Laufásvegur 21—23	3923 m³		
Þingholtsstræti 34	1925 m³	5848	m³
2. Bretland:			
Laufásvegur 33	1595 m³		
Laufásvegur 10 13,64% af 2090 m³ + bílskúr	333 m³	1928	m³
3. Danmörk:			
Hverfisgata 29		3065	m³
4. Finnland:			
Hagamelur 4		1390	m³
5. Frakkland:			
Túngata 22	1124 m³		
Skálholtsstígur 6	1630 m³	2754	m³
6. Kínverska alþýðulýðveldið:			
Víðimelur 29	2427 m³		
Víðimelur 25 35,10% af 1581 m³ + bílskúr	631,9 m³		
Fjólugata 19B	1102 m³	4160,9	m³
7. Noregur:			
Fjólugata 15	1380 m³		
Fjólugata 17	1982 m³	3362	m³
8. Sovétríkin:			
Garðastræti 33	2122 m³		
Garðastræti 35	1269 m³		
Túngata 9	2058 m³		
Túngata 24	1961 m³		
Sólvallagata 55	996 m³	8406	m³

9. Svíþjóð:
Fjólugata ..... 1816 m³
Lágmúli 7
12,68% af 10313 m³ ..... 1307 m³ 3123 m³

10. Tékkóslóvakía:
Smáragata 16 ..... 1555 m³

11. Sambandslýðveldið Þýskaland:
Laufásvegur 70 ..... 1198 m³
Túngata 18 ..... 2514 m³ 3712 m³

12. Þýska alþýðulýðveldið:
Ægisíða 78 ..... 1351 m³

Fasteignir erlendra sendiráða í Reykjavík: Samtals: 40 654,9 m³

b) Lóðir:

1. Bandaríkin:
Laufásvegur 21-23 og Þingholtsstræti 36 ..... 981 m²
Þingholtsstræti 34 ..... 413 m² 1394 m²

2. Bretland:
Laufásvegur 31 og 33 ..... 2409 m²
Laufásvegur 10, 13,64% af 227,4 m² ..... 31 m² 2440 m²

3. Danmörk:
Hverfisgata 29 ..... 1338 m²

4. Finnland:
Hagamelur 4 ..... 692,9 m²

5. Frakkland:
Túngata 22 ..... 1000,3 m²
Skálholtsstígur 6 ..... 923,7 m² 1924 m²

6. Kínverska alþýðulýðveldið:
Víðimelur 29 ..... 810 m²
Víðimelur 25
35,10% af 900,3 m² ..... 316 m²
Fjólugata 19B ..... 545,7 m² 1671,7 m²

7. Noregur:
Fjólugata 15 ..... 929,6 m²
Fjólugata 17 ..... 913 m² 1842,6 m²

8. Sovétríkin:
Garðastræti 33 ..... 1162,1 m²
Garðastræti 35 ..... 1130,5 m²
Túngata 9 ..... 555,3 m²
Túngata 24 ..... 824,2 m²
Sólvallagata 55 ..... 385,4 m² 4057,5 m²

9. Svíþjóð:
Fjólugata 9 ..... 1351,8 m²
Lágmúli 7,
12,68% af 4889 m² ..... 619,9 m² 1971,7 m²

10. Tékkóslóvakía:
Smáragata 16 ..... 971,4 m²

11. Sambandslýðveldið Þýskaland:
Túngata 18 ..... 838,4 m²
Laufásvegur 70 ..... 660 m² 1498,4 m²

12. Þýska alþýðulýðveldið:
Ægisíða 78 ..... 1059 m²

Lóðir erlendra ríkja í Reykjavík: Samtals: 20 861,2 m²

c) Bifreiðar: Samkvæmt nýju yfirliti ráðuneytisins eru nú samtals 93 bifreiðar skráðar hér á landi í eign erlendra sendiráða og sendiráðsstarfsmanna. Sundurliðast bifreiðaeignin þannig:

1. Sendiráð Bandaríkjanna 20
2. Sendiráð Bretlands 5
3. Sendiráð Danmerkur 5
4. Sendiráð Finnlands 2
5. Sendiráð Frakklands 11
6. Sendiráð Kínverska alþýðulýðveldisins 5
7. Sendiráð Noregs 4
8. Sendiráð Sovétríkjanna 19
9. Sendiráð Svíþjóðar 6
10. Sendiráð Tékkóslóvakíu 3
11. Sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands 10
12. Sendiráð Þýska alþýðulýðveldisins 3

Samtals: 93

d) Leiguhúsnæði: Tvö sendiráð hafa á leigu húsnæði fyrir skrifstofur sínar, þ. e. breska sendiráðið að Laufásvegi 49 og finnska sendiráðið í Húsi verslunarinnar við Kringlumýrarbraut.

Þeir starfsmenn sendiráða, sem ekki búa í fasteignum sendiráðanna, búa í leiguhúsnæði víðs vegar um Reykjavík og í nágrannabyggðum. Eru heimilisföng sendierindreka birt í árlegri skrá, „Diplomatic List", sem ráðuneytið gefur út.

Leyfilegt aflamagn fiskiskipa.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar og Skúla Alexanderssonar um leyfilegt aflamagn fiskiskipa, á þskj. 396, sent þm. 6. mars.

Sem svar við fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra frá Geir Gunnarssyni og Skúla Alexanderssyni á þskj. 396 um leyfilegt aflamagn einstakra fiskiskipa á árinu 1984 sendist meðfylgjandi skrá um kvótaskiptingu. Það skal tekið fram að breytingar kunna að eiga sér stað á aflamarki einstakra skipa þar sem eftir er að taka tillit til athugasemda sem gerðar hafa verið.

Frestur til að gera athugasemdir rann út 5. mars s. l.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 2 19- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Afli an leidrettinga							
Raunafli	69098.4	10624.0	14893.4	6130.0	468.3	418.2	928.6
Aætladur afli	3538.9	402.8	601.8	254.5	16.7	1.8	15.5
Skerding	30899.8	4496.1	7088.8	2391.3	182.4	154.8	382.5
Reikniafli	41737.5	6530.7	8406.4	3993.1	302.6	265.2	561.6
Leidrettingar v/uppfærslu i medaltal							
Raunafli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reikniafli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Leidrettur reikniafli							
Raunafli	69098.4	10624.0	14893.4	6130.0	468.3	418.2	928.6
Aætladur afli	3538.9	402.8	601.8	254.5	16.7	1.8	15.5
Skerding	30899.8	4496.1	7088.8	2391.3	182.4	154.8	382.5
Reikniafli	41737.5	6530.7	8406.4	3993.1	302.6	265.2	561.6
Heild kolaskipt.	0.0						
Isildi an verdb.	1.000	0.823	0.611	0.684	0.599	0.545	0.767
Isildi m. verdb.	1.000	0.823	0.549	0.587	0.571	0.535	0.767
Umreikn.studlar	0.80	0.80	0.80	1.00	0.92	0.92	0.90
Skerding i %	44.72	42.32	47.60	39.01	38.96	37.01	41.19
Medalverd $/kg.	0.40	0.33	0.25	0.28	0.24	0.22	0.31

Dollaragengi:

5.70	5.96	6.25	6.45	6.55	6.64	6.86	7.30	7.46	7.65	7.81	7.71
8.03	8.21	9.45	9.63	10.01	10.33	10.58	11.19	11.83	13.34	14.49	15.21
16.12	16.47	18.50	19.24	20.69	21.46	23.09	27.40	27.69	28.08	28.07	27.87
28.19	28.65										

Skipafjöldi med almennan kvota: 52.
Skipafjöldi med medalkvota....: 0.
Skipafjöldi med soknarkvota...: 0.
Medalskerdingarhlutfall.....: 0.000

	Afli tes.	
Þorskur	7338.	0.
Ysa	1893.	0.
Ufsi	3042.	0.
Karfi	1270.	0.
Skarkoli	135.	0.
Graluda	110.	0.
Steinb.	295.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 2 19- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúda	Steinb.
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 5 - Skipafj. A-kvoti 33. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1355.3	211.9	342.8	77.6	7.7	1.8	14.2
Aætladur afli	86.7	10.7	15.5	6.8	0.5	0.1	0.4
Skerding	617.1	87.3	159.1	31.5	2.4	0.6	5.8
Reiknafli	824.9	135.3	199.3	52.8	5.7	1.2	8.8
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 6 - Skipafj. A-kvoti 6. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	595.2	177.6	74.3	171.9	19.3	9.0	14.6
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	387.9	104.5	43.6	97.4	11.1	6.3	9.2
Reiknafli	207.3	73.1	30.7	74.6	8.2	2.7	5.4
Medalafli - Svædi 2 - Stærdarfl. 5 - Skipafj. A-kvoti 9. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1431.9	174.6	242.9	26.8	10.8	6.4	32.5
Aætladur afli	75.3	5.6	9.9	3.3	0.1	0.0	0.2
Skerding	633.4	73.4	140.3	10.6	4.0	2.0	12.3
Reiknafli	873.8	106.8	112.5	19.5	6.9	4.4	20.4
Medalafli - Svædi 2 - Stærdarfl. 6 - Skipafj. A-kvoti 4. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1978.8	248.8	237.1	574.5	0.5	61.9	20.1
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	626.7	82.1	78.9	167.7	0.2	19.6	6.0
Reiknafli	1352.1	166.7	158.2	406.7	0.4	42.3	14.1

Kvotaskiptins: Flokkur 2 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluða	Steinb.	Þorskígildi	
130	Jupiter	A	91,0	64,5	35,5	108,5	20,0	1,5	8,5	302,3	288,4
155	Jon Kjartansson	A	150,0	38,5	60,5	216,5	-	38,0	9,0	452,0	426,0
183	Sigurður	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
220	Víkingur	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
226	Beitir	A	241,0	54,0	67,0	26,5	-	10,0	3,0	434,3	426,4
233	Skírnir	A	85,0	2,5	13,5	2,0	-	-	0,5	121,0	119,8
252	Sæberg	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
264	Þórður Jónasson	A	173,5	38,0	11,5	5,0	5,0	1,5	59,5	322,8	321,3
962	Óskar Halldórsson	A	76,5	26,5	27,0	7,0	1,5	-	2,0	151,3	148,4
965	Jöfur	A	21,0	14,0	30,0	6,0	-	-	-	68,2	65,2
967	Keflvíkingur	A	87,5	6,0	8,5	0,5	-	-	-	122,7	122,0
968	Bergur	A	88,0	71,5	71,5	18,5	0,5	-	4,0	254,4	247,0
973	Ljósfari	A	36,5	9,5	4,5	1,0	-	-	9,5	68,6	68,1
979	Víkurberg	A	115,0	11,0	43,5	4,5	-	-	-	191,2	187,4
989	Sæbjörg	A	85,5	25,0	172,5	3,0	0,5	-	-	267,0	253,2
1002	Gísli Árni	A	28,5	4,0	38,0	2,5	-	-	-	70,7	67,5
1006	Hrafn	A	238,5	54,5	189,5	30,5	6,0	-	1,5	525,2	507,3
1011	Gísla	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1012	Örn	A	121,5	12,0	22,5	4,0	-	0,5	2,5	186,3	184,1
918	Helga II	A	161,5	18,0	111,0	16,0	1,5	-	1,5	318,3	308,0
1020	Guðmundur Ólafur	A	103,0	33,0	29,0	1,5	1,5	-	5,0	191,5	189,0
1029	Svanur	A	45,5	13,5	31,5	1,5	-	-	-	95,8	93,2
1030	Rauðsey	A	36,0	1,5	6,5	0,5	-	-	-	52,2	51,6
1031	Magnús	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1033	Harpa	A	132,0	13,5	34,0	4,5	0,5	1,5	17,0	223,6	220,5
1035	Heimaey	A	127,5	25,5	62,5	4,0	-	-	-	236,3	231,0
1037	Dagfari	A	149,0	56,5	63,0	18,0	6,0	-	10,5	317,1	310,3
1044	Hilmir II	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1046	Albert	A	177,0	66,0	59,0	10,0	1,5	-	2,5	344,0	338,3
1048	Fífill	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1059	Hákon	A	249,0	41,5	47,0	16,5	8,0	3,0	7,5	413,9	408,4
1060	Súlan	A	354,5	63,0	30,5	9,0	9,0	11,0	9,5	557,6	553,9
1061	Sighvatur Bjarnason	A	125,5	6,0	141,5	6,0	-	-	-	275,4	263,7
1062	Kap II	A	125,5	16,0	231,5	8,5	-	-	-	356,1	337,2
1069	Pétur Jónsson	A	126,0	14,5	42,5	4,5	1,0	-	-	208,8	205,1
1070	Húnaröst	A	399,5	33,0	98,0	36,5	25,0	0,5	7,0	655,5	643,5
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	A	105,5	13,0	141,0	8,5	0,5	-	2,0	261,2	249,3
1272	Guðmundur	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
283	Jón Finnsson	A	137,0	17,0	1,5	0,5	-	-	11,0	199,5	199,4
1293	Börkur	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1361	Erling	A	53,0	19,5	38,0	4,0	0,5	0,5	2,0	119,7	116,4
1401	Gullberg	A	249,0	183,5	114,0	15,5	16,0	1,5	21,0	626,8	615,9
1411	Húsinn	A	172,0	240,5	181,5	67,5	6,5	5,0	35,5	685,0	664,0
1413	Höfrungur	A	124,5	21,5	7,0	6,0	4,0	-	2,0	191,2	190,0
1416	Skarðsvík	A	263,5	27,0	76,0	52,0	4,0	-	2,0	455,2	444,1
1501	Þorsham ar	A	177,0	111,0	40,0	55,5	15,5	6,5	25,5	439,5	430,6
1504	Bjarni Ólafsson	A	41,0	17,5	11,5	22,0	5,5	2,0	7,5	104,7	101,4
1512	Grindvíkingur	A	58,0	32,0	10,0	13,5	2,5	4,5	1,5	128,0	125,8
1525	Eldborg	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1551	Hilmir	A	370,5	63,0	58,5	314,0	0,5	24,0	15,0	814,5	779,4
1586	Sjávarborg	A	265,0	70,5	75,0	182,0	8,5	1,0	8,5	599,4	575,7
1610	Ísleifur	A	121,0	43,5	53,5	24,0	1,0	1,0	2,5	256,0	249,4

Kvotaskipting: Medalkvotar v/vals - Flokkur 2 19- 2-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1	5	116,0	31,5	57,5	17,0	2,5	0,5	4,0	238,2	232,0
1	6	29,0	17,0	9,0	23,5	3,5	1,0	2,5	81,9	78,8
2	5	123,0	25,0	32,5	6,0	3,0	1,5	9,5	219,3	216,0
2	6	190,0	38,5	46,0	129,5	-	16,0	6,5	416,2	400,0

U T H L U T A Ð U R K V O T I - F L O K K U R 2

Fisktes.	Kvoti (sl)	Þ.á.erl.	Kvoti (osl)	Mismunur
Þorskur	6087.5	217.7	7609.4	0.6
Ýsa	1692.5	178.8	2115.6	0.7
Ufsi	2590.5	157.3	3238.1	0.4
Karfi	1338.0	67.4	1338.0	-0.6
Skarkoli	152.5	27.2	165.8	-1.1
Grálúða	113.5	11.5	123.4	-0.8
Steinb.	296.5	31.9	329.4	0.9

M E Ð A L K V O T I - S V Æ Ð I 1

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	0.0	0.0	121.5	31.5	0.0	0.0	0.0
Ýsa	0.0	0.0	0.0	0.0	35.5	19.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	61.5	9.5	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	17.5	24.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	3.0	4.5	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.5	1.5	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.0	5.0	3.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	0.	0.	0.	33.	6.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	0.	0.	201.	72.	0.	0.	0.

M E Ð A L K V O T I - S V Æ Ð I 2

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	0.0	0.0	126.0	190.5	0.0	0.0	0.0
Ýsa	0.0	0.0	0.0	0.0	27.0	39.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	36.0	46.5	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	6.5	139.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	3.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	1.5	18.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.0	10.5	7.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	0.	0.	0.	9.	4.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	0.	0.	183.	345.	0.	0.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 3 19- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Afli an leidrettinga							
Raunafli	28068.8	2722.3	983.0	441.5	585.9	27.9	872.7
Aætladur afli	490.2	74.6	16.7	2.3	0.5	0.0	6.1
Skerding	9482.5	991.0	261.4	187.9	110.5	15.5	337.0
Reiknafli	19076.5	1805.9	738.3	255.9	475.9	12.3	541.9
Leidrettingar v/uppfærslu i medaltal							
Raunafli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reiknafli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Leidrettur reiknafli							
Raunafli	28068.8	2722.3	983.0	441.5	585.9	27.9	872.7
Aætladur afli	490.2	74.6	16.7	2.3	0.5	0.0	6.1
Skerding	9482.5	991.0	261.4	187.9	110.5	15.5	337.0
Reiknafli	19076.5	1805.9	738.3	255.9	475.9	12.3	541.9
Heild kolaskipt.	0.0						
Isildi an verdb.	1.000	0.797	0.595	0.664	0.818	0.507	0.725
Isildi m. verdb.	1.000	0.797	0.522	0.564	0.742	0.477	0.725
Umreikn.studlar	0.80	0.80	0.80	1.00	0.92	0.92	0.90
Skerding i %	33.78	36.40	26.59	42.56	18.86	55.72	38.61
Medalverd $/kg.	0.43	0.35	0.26	0.29	0.36	0.22	0.33

Dollaragengi:

5.70 5.96 6.25 6.45 6.55 6.64 6.86 7.30 7.46 7.65 7.81 7.71
8.03 8.21 9.45 9.63 10.01 10.33 10.58 11.19 11.83 13.34 14.49 15.21
16.12 16.47 18.50 19.24 20.69 21.46 23.09 27.40 27.69 28.08 28.07 27.87
28.19 28.65

Skipafjöldi med almennan kvota: 36.
Skipafjöldi med medalkvota....: 0.
Skipafjöldi med soknarkvota...: 0.
Medalskerdingarhlutfall.....: 1.238

	Afli tes.	
Þorskur	3570.	0.
Ysa	535.	0.
Ufsi	281.	0.
Karfi	86.	0.
Skarkoli	225.	0.
Graluda	5.	0.
Steinb.	289.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 3 19- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 1 - Skipafj. A-kvóti 4. - Skipafj. N-kvóti 0.							
Raunafli	98.5	28.2	6.1	0.3	12.6	0.0	7.7
Aætlaður afli	1.6	0.1	0.0	0.0	0.0	0.0	1.2
Skerðing	63.4	6.8	0.9	0.2	2.4	0.0	1.2
Reiknaafli	36.8	21.6	5.2	0.2	10.2	0.0	7.7
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 2 - Skipafj. A-kvóti 2. - Skipafj. N-kvóti 0.							
Raunafli	468.7	55.2	4.2	8.9	194.3	0.1	3.2
Aætlaður afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerðing	38.6	35.8	0.2	5.6	4.7	0.1	0.4
Reiknaafli	430.1	19.4	4.0	3.3	189.6	0.0	2.7
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 3 - Skipafj. A-kvóti 14. - Skipafj. N-kvóti 0.							
Raunafli	681.8	115.5	22.2	19.6	3.2	0.0	3.2
Aætlaður afli	23.7	2.5	1.0	0.1	0.0	0.0	0.0
Skerðing	322.1	48.9	8.1	8.7	1.2	0.0	1.3
Reiknaafli	383.4	69.1	15.2	11.0	2.0	0.0	1.9
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 4 - Skipafj. A-kvóti 6. - Skipafj. N-kvóti 0.							
Raunafli	1799.3	118.7	100.0	19.6	1.3	0.0	17.8
Aætlaður afli	18.6	6.4	0.0	0.0	0.0	0.0	0.2
Skerðing	374.4	22.9	22.7	6.9	0.2	0.0	2.6
Reiknaafli	1443.4	102.1	77.3	12.7	1.1	0.0	15.4
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 2 - Skipafj. A-kvóti 6. - Skipafj. N-kvóti 0.							
Raunafli	239.6	1.0	5.0	0.9	14.7	2.0	0.0
Aætlaður afli	6.7	0.2	0.4	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerðing	84.5	0.6	0.7	0.1	11.7	1.4	0.0
Reiknaafli	161.7	0.6	4.7	0.9	3.0	0.6	0.0
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 3 - Skipafj. A-kvóti 3. - Skipafj. N-kvóti 0.							
Raunafli	933.0	25.4	2.7	7.0	1.9	5.2	2.5
Aætlaður afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerðing	317.5	9.5	1.2	3.4	1.0	2.3	1.3
Reiknaafli	615.5	15.8	1.6	3.7	0.9	2.8	1.3
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 4 - Skipafj. A-kvóti 1. - Skipafj. N-kvóti 0.							
Raunafli	2159.5	87.8	1.2	4.1	0.8	0.0	677.1
Aætlaður afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerðing	936.0	38.1	0.5	1.8	0.3	0.0	293.5
Reiknaafli	1223.5	49.7	0.7	2.3	0.4	0.0	383.6

Kvotaskiptins: Flokkur 3 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
7	Anna	A	156,0	11,5	20,0	15,5	-	-	-	231,9	228,6
57	Framnes	A	183,0	12,0	-	1,0	-	-	184,0	389,9	389,8
79	Örn	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
102	Jón Freyr	A	22,5	1,5	0,5	1,0	-	-	0,5	30,8	30,7
154	Sigurður Sveinsson	A	40,5	3,5	-	1,0	-	-	-	54,8	54,8
182	Grettir	A	261,0	12,5	109,5	8,0	-	-	6,0	430,2	419,4
210	Sigurvon	A	67,0	8,5	33,5	3,0	-	-	9,0	126,5	123,2
245	Þorsnes	A	330,0	33,0	0,5	-	1,5	-	17,5	461,2	461,0
347	Blátindur	A	113,0	-	8,0	1,5	-	1,5	-	149,5	148,5
398	Gísli Gunnarsson II	A	1,0	-	-	-	-	-	2,0	2,6	2,6
422	Þröstur	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
467	Grundfirðingur II	A	45,5	21,0	-	3,5	2,0	-	-	81,5	81,0
551	Tjaldur	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
554	Fanney	A	69,5	28,0	1,0	6,5	1,5	-	-	121,3	120,4
616	Dagur	A	36,5	3,0	1,0	3,0	1,0	0,5	1,5	53,6	53,1
619	Soley	A	67,5	28,5	8,0	6,5	1,5	-	0,5	125,0	123,5
625	Hafborg	A	75,5	17,5	5,0	0,5	2,5	-	0,5	118,5	117,8
686	Arnarborg	A	71,5	23,0	5,5	12,5	-	-	2,0	126,0	124,2
708	Jóhanna Magnúsdóttir	A	129,0	9,0	2,5	2,0	165,0	-	2,5	322,1	308,2
711	Ólafur Magnússon	A	145,0	5,0	0,5	0,5	-	-	-	186,8	186,7
741	Arsæll	A	6,0	-	1,0	-	-	-	-	8,1	8,0
778	Smári	A	39,5	3,5	3,0	0,5	-	-	-	55,3	54,9
853	Andri	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
862	Týr	A	32,5	0,5	0,5	-	8,0	-	-	48,2	47,6
872	Valur	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
918	Sigurvík	A	167,0	40,5	1,5	7,5	-	-	0,5	256,2	255,3
1100	Sigluness	A	95,0	3,5	-	0,5	-	2,5	0,5	124,2	124,0
1106	Sif	A	186,5	10,0	1,0	-	-	-	1,0	244,4	244,3
1148	Bára	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1170	Andey	A	166,0	53,0	10,5	2,5	1,5	-	21,0	287,5	286,2
1222	Árni	A	-	-	-	-	-	-	0,5	0,6	0,6
1228	Stígandi	A	21,0	20,5	6,5	-	18,0	-	12,5	77,2	75,2
1244	Grundfirðingur	A	131,5	53,5	6,0	9,0	4,0	-	-	232,2	230,4
1252	Rúna	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1269	Snæberg	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1424	Þorsnes II	A	215,5	29,5	0,5	-	-	-	-	299,1	299,0

Kvotaskiptins: Meðalkvótar v/vals - Flokkur 3 19- 2-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1	1	5,5	5,0	1,5	-	4,5	-	3,5	20,1	19,6
1	2	64,5	4,5	1,0	1,0	82,5	-	1,5	161,1	154,1
1	3	57,5	16,5	4,5	3,5	1,0	-	1,0	95,4	94,6
1	4	216,0	24,0	23,5	4,5	0,5	-	7,5	321,0	318,3
2	2	24,0	-	1,5	0,5	1,5	-	-	33,0	32,7
2	3	92,0	4,0	0,5	1,0	0,5	1,0	0,5	121,5	121,3
2	4	183,0	12,0	-	1,0	-	-	184,0	389,9	389,8

UTHLUTAÐUR KVOTI - FLOKKUR 3

Fisktes.	Kvoti (sl)	Þ.a.erl.	Kvoti (osl)	Mismunir
Þorskur	2874.5	18.3	3593.1	-0.2
Ysa	432.0	4.1	540.0	0.1
Ufsi	226.0	0.2	282.5	-1.0
Karfi	86.0	0.1	86.0	0.1
Skarkoli	206.5	0.4	224.5	0.9
Graluda	4.5	0.0	4.9	0.1
Steinb.	262.0	1.4	291.1	-0.5

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 1

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	5.5	64.5	57.5	219.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	5.0	4.5	16.5	25.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	1.5	1.0	4.5	23.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	1.0	3.5	4.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	4.5	82.5	1.0	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluda	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	3.5	1.5	1.0	7.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	4.	2.	14.	6.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Isildi	16.	132.	76.	260.	0.	0.	0.	0.	0.

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 2

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	24.0	92.0	183.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	4.0	12.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	1.5	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.5	1.0	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	1.5	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluda	0.0	0.0	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	0.5	184.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	6.	3.	1.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Isildi	0.	26.	97.	327.	0.	0.	0.	0.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 4 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Afli an leidrettinga							
Raunafli	16360.1	2408.2	215.1	69.4	701.6	157.9	422.4
Aætladur afli	96.8	38.5	18.5	0.3	2.4	0.0	0.7
Skerding	1939.2	189.5	14.8	4.9	75.8	43.9	32.5
Reikniafli	14517.7	2257.2	218.8	64.8	628.2	114.0	390.7
Leidrettingar v/uppfærslu i medaltal							
Raunafli	132.3	1.9	0.6	0.1	1.2	0.0	3.1
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	29.3	0.0	0.1	0.0	0.8	0.0	0.1
Reikniafli	102.9	1.8	0.5	0.1	0.4	0.0	3.0
Leidrettur reikniafli							
Raunafli	16360.1	2408.2	215.1	69.4	701.6	157.9	422.4
Aætladur afli	96.8	38.5	18.5	0.3	2.4	0.0	0.7
Skerding	1939.2	189.5	14.8	4.9	75.8	43.9	32.5
Reikniafli	14517.7	2257.2	218.8	64.8	628.2	114.0	390.7
Heild kolaskipt.	0.0						
Isildi an verdb.	1.000	0.852	0.567	0.659	0.783	0.515	0.762
Isildi m. verdb.	1.000	0.852	0.500	0.554	0.734	0.493	0.762
Umreikn.studlar	0.80	0.80	0.80	1.00	0.92	0.92	0.90
Skerding i %	11.85	7.87	6.89	7.11	10.81	27.83	7.69
Medalverd $/kg.	0.42	0.36	0.24	0.28	0.33	0.22	0.32

Dollaragengi:

5.70	5.96	6.25	6.45	6.55	6.64	6.86	7.30	7.46	7.65	7.81	7.71
8.03	8.21	9.45	9.63	10.01	10.33	10.58	11.19	11.83	13.34	14.49	15.21
16.12	16.47	18.50	19.24	20.69	21.46	23.09	27.40	27.69	28.08	28.07	27.87
28.19	28.65										

Skipafjöldi med almennan kvota:	69.
Skipafjöldi med medalkvota....:	1.
Skipafjöldi med soknarkvota...:	0.
Medalskerdingarhlutfall.....:	0.000

	Afli tes.	
Þorskur	2750.	0.
Ysa	685.	0.
Ufsi	78.	0.
Karfi	22.	0.
Skarkoli	296.	0.
Graluda	48.	0.
Steinb.	209.	0.

Kvotaskipting: Flokkur 4 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
314	Sæbjörg	A	95,0	16,5	-	-	-	4,0	-	138,8	138,7
357	Þorsteinn	A	80,0	42,5	11,0	-	-	-	3,5	156,5	155,6
361	Brundis	A	7,5	-	-	-	-	-	-	9,7	9,7
379	Dynjandi	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
530	Hafrún	A	149,5	4,5	-	-	-	-	2,5	194,1	194,1
565	Hilmir	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
570	Hjördís	A	23,0	1,5	-	-	-	-	-	30,5	30,5
592	Huni	A	15,0	-	-	-	-	-	-	19,1	19,1
598	Höfrungur	A	1,0	-	-	-	0,5	-	-	1,6	1,6
612	Ritur	A	24,5	-	-	-	-	-	-	30,9	30,9
630	Lyður Valgeir	A	120,0	26,5	7,0	7,5	0,5	-	-	189,0	187,5
638	Sæmundur Sigurðsson	A	46,0	14,0	-	1,5	-	-	-	73,3	73,1
647	Helga Björg	A	4,5	-	-	-	-	-	-	5,4	5,4
656	Auðbjörg	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
694	Karlborg	A	38,5	4,5	-	-	-	-	-	52,6	52,6
709	Sveinn Guðmundsson	A	61,0	11,0	-	-	-	-	1,5	89,3	89,3
734	Sigurður Þorkelsson	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
740	Sigrún	A	85,0	28,0	-	-	-	6,5	36,0	170,2	170,0
747	Sigurfari	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
762	Ingibjörg	A	27,5	11,0	-	-	1,0	4,5	0,5	50,0	49,9
780	Ver	A	24,0	-	-	-	-	-	-	29,8	29,8
781	Kristín Jónsdóttir	A	55,5	5,0	2,0	-	-	-	-	76,6	76,4
782	Sólrún	A	8,0	-	-	-	-	-	-	10,0	10,0
789	Stefnir	A	16,0	0,5	-	-	-	3,0	-	22,2	22,1
821	Sæborg	A	96,0	23,5	1,0	4,5	1,5	-	-	149,6	148,9
825	Sædís	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
845	Óli	A	22,0	-	-	-	-	-	-	27,7	27,7
876	Rósa	A	3,5	4,5	0,5	-	0,5	1,5	-	10,5	10,4
941	Örn	A	27,0	-	0,5	-	-	-	-	34,3	34,3
950	Arney	A	51,0	0,5	-	-	-	-	2,0	66,2	66,2
993	Ása	A	35,5	4,5	-	-	-	2,0	14,0	62,3	62,2
1032	Pilot	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1065	Gladur	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1073	Sandvík	A	54,5	9,0	1,0	-	-	-	0,5	78,9	78,8
1102	Nökkvi	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1109	Neisti	A	4,5	-	-	-	-	-	-	5,6	5,6
1115	Sigrún	A	9,0	4,0	-	-	19,0	2,5	0,5	33,5	32,4
1118	Sæbjörn	A	44,0	3,0	-	-	1,0	-	40,5	93,5	93,4
129	Sigurbjörg	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1149	Jörundur Bjarnason	A	6,0	-	-	-	3,0	-	-	9,8	9,7
1175	Donna	A	12,5	40,5	-	-	8,0	2,0	1,0	67,6	67,1
1181	Finnbjörn	A	26,0	-	-	-	-	-	-	32,3	32,3
1184	Dagrún	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1190	Máni	A	5,0	-	2,0	-	-	-	-	7,7	7,5
1192	Fjóla	A	24,5	-	-	-	29,5	-	-	55,7	54,1
1232	Gunnhildur	A	17,5	-	-	-	-	-	-	22,0	22,0
1240	Hafrún	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1249	Sigurborg í Dal	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1254	Arnar	A	63,5	17,0	-	-	-	-	2,5	99,8	99,8
1292	Haukur	A	39,5	0,5	-	-	1,5	-	46,0	90,4	90,3
1317	Grímsey	A	29,0	0,5	-	-	4,5	1,0	0,5	41,8	41,5
1344	Gissur hvíti	A	18,0	-	0,5	-	-	-	-	22,5	22,5
1354	Faxavík	A	49,5	137,0	1,5	3,5	25,5	-	6,0	237,5	235,6
1371	Guðfinnur	A	88,0	30,5	0,5	2,0	18,0	-	1,0	160,2	159,0
1381	Gunnar Sigurðsson	A	17,5	-	-	-	-	-	-	21,8	21,8
1396	Gunnvör	A	54,5	-	-	0,5	-	-	-	68,7	68,6
1403	Valur	A	13,0	18,5	-	-	30,5	5,0	2,5	67,0	65,2
1427	SigurÞor	A	71,0	-	7,0	-	1,5	-	1,0	95,9	95,2
1428	Dröfn	A	5,5	-	0,5	-	-	-	-	6,9	6,9
1430	Ásir Jóhannsson	A	69,5	22,0	-	-	106,5	-	4,5	204,9	199,1
1436	Jón Pétur	A	10,5	0,5	-	0,5	-	1,0	4,0	18,3	18,2

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 4 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 1 - Skipafj. A-kvoti 4. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	259.6	21.6	3.0	0.1	0.0	0.0	2.3
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	24.3	1.6	1.1	0.0	0.0	0.0	0.1
Reikniafli	235.3	20.0	1.9	0.0	0.0	0.0	2.2
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 2 - Skipafj. A-kvoti 9. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	464.6	118.8	17.4	2.7	19.9	0.0	6.3
Aætladur afli	6.1	4.1	0.0	0.0	0.3	0.0	0.1
Skerding	21.5	5.0	0.3	0.1	1.0	0.0	0.2
Reikniafli	449.2	117.8	17.1	2.5	19.2	0.0	6.2
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 1. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	749.6	108.0	6.7	22.5	1.6	0.0	0.0
Aætladur afli	42.1	1.7	18.1	0.1	0.0	0.0	0.0
Skerding	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reikniafli	791.7	109.7	24.7	22.6	1.6	0.0	0.0
Medalafli - Svædi 2 - Stærdarfl. 1 - Skipafj. A-kvoti 28. - Skipafj. M-kvoti 1.							
Raunafli	132.3	1.9	0.6	0.1	1.2	0.0	3.1
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	29.3	0.0	0.1	0.0	0.8	0.0	0.1
Reikniafli	102.9	1.8	0.5	0.1	0.4	0.0	3.0
Medalafli - Svædi 2 - Stærdarfl. 2 - Skipafj. A-kvoti 21. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	148.0	33.5	0.9	0.3	22.9	5.2	7.2
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	27.6	5.3	0.2	0.1	2.1	1.9	1.0
Reikniafli	120.4	28.2	0.7	0.2	20.8	3.3	6.2
Medalafli - Svædi 2 - Stærdarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 6. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	574.3	64.5	0.8	2.4	1.0	8.0	19.4
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	36.3	4.2	0.1	0.2	0.1	0.7	1.2
Reikniafli	537.9	60.3	0.8	2.2	0.9	7.4	18.2

Kvotaskipting: Flokkur 4 19- 2-1984

Sknr. Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskigildi	
440 Sigsi Sveins	A	18,5	0,5	-	-	11,0	-	0,5	33,5	32,9
1453 Sigurvin	A	138,5	13,5	22,5	1,0	-	-	13,5	215,6	213,6
1463 Sæunn	A	20,0	-	-	-	-	-	-	25,0	25,0
1487 Asbjörg	A	44,0	7,0	-	-	1,0	5,5	0,5	66,5	66,3
1491 Hringur	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1502 Pall Helgi	A	97,0	13,5	-	-	0,5	-	2,0	137,9	137,8
1543 Brændis	A	12,5	32,0	3,5	-	6,5	4,5	0,5	60,1	59,4
1547 Neisti	A	4,5	-	-	-	-	0,5	-	5,8	5,8
1650 Pingey	M	15,5	0,5	-	-	-	-	1,5	21,4	21,4

Kvotaskipting: Flokkur 4 29- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
950	Arney	S	35,5	5,0	0,5	-	-	-	1,0	51,1	51,0
1065	Gladur	H	18,5	7,0	-	-	9,0	1,5	3,0	41,2	40,7

Kvotaskipting: Medalkvotar v/vals - Flokkur 4 29- 2-1984

Svædi	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
1	1	35,5	5,0	0,5	-	-	-	1,0	51,1	51,0
1	2	68,0	28,5	5,0	1,0	8,5	-	3,0	129,2	128,3
1	3	120,0	26,5	7,0	7,5	0,5	-	-	189,0	187,5
2	1	15,5	0,5	-	-	-	-	1,5	21,4	21,4
2	2	18,5	7,0	-	-	9,0	1,5	3,0	41,2	40,7
2	3	81,5	14,5	-	1,0	0,5	3,0	9,0	127,5	127,3

U T H L U T A Ð U R K V O T I - F L O K K U R 4

Fisktegund	Kvoti (sl)	Þ.a.erl.	Kvoti (osl)	Mismunur	Viðbót
Þorskur	54.0	0.0	67.5	-0.1	3.0
Ysa	12.0	0.0	15.0	-0.3	11.5
Ufsi	0.5	0.0	0.6	0.3	0.5
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.1	0.0
Skarkoli	9.0	0.0	9.8	0.0	9.0
Graluða	1.5	0.0	1.6	-0.2	1.5
Steinb.	4.0	0.0	4.4	0.1	2.0

M E Ð A L K V O T I - S V Æ Ð I 1

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	9.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	4.	9.	1.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	10.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

M E Ð A L K V O T I - S V Æ Ð I 2

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	28.	21.	6.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	1.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	2.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

ÚTHLUTAÐUR KVÓTI - FLOKKUR 4

Fisktegund	Kvóti (sl)	Þ.e.erl.	Kvóti (osl)	Mismunir
Þorskur	2199,5	0,0	2749,4	0,5
Ýsa	548,5	0,0	685,6	-0,5
Ufsi	61,0	0,0	76,3	1,4
Karfi	21,0	0,0	21,0	1,0
Skarkoli	271,5	0,0	295,1	0,8
Grálúða	43,5	0,0	47,3	0,7
Steinb.	189,0	0,0	210,0	-0,9

MEÐALKVÓTI - SVÆÐI 1

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	35,5	68,0	120,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Ýsa	5,0	28,5	26,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Ufsi	0,5	5,0	7,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Karfi	0,0	1,0	7,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Skarkoli	0,0	8,5	0,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Grálúða	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Steinb.	1,0	3,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Skfl.ak.	4.	9.	1.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.ak.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	41.	104.	151.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

MEÐALKVÓTI - SVÆÐI 2

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	15,5	18,5	81,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Ýsa	0,5	7,0	14,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Ufsi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Karfi	0,0	0,0	1,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Skarkoli	0,0	9,0	0,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Grálúða	0,0	1,5	3,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Steinb.	1,5	3,0	9,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Skfl.ak.	28.	21.	6.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.ak.	1.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	17.	34.	103.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 5 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Afli an leidrettinga							
Raunafli	44816.2	5567.2	8088.9	892.4	176.9	10.5	2146.2
Aætladur afli	328.6	67.2	60.3	7.8	2.3	0.0	0.5
Skerding	2906.7	317.8	472.0	49.0	13.7	0.2	121.8
Reiknafli	42238.1	5316.6	7677.1	851.2	165.5	10.4	2024.9
Leidrettingar v/uppfærslu i medaltal							
Raunafli	1199.3	127.6	264.2	24.0	14.4	1.1	126.8
Aætladur afli	-283.3	-41.8	-33.6	-7.4	-1.0	0.0	-0.5
Skerding	68.4	6.0	20.2	1.1	1.1	0.0	6.0
Reiknafli	847.5	79.8	210.4	15.5	12.3	1.1	120.3
Leidrettur reiknafli							
Raunafli	44816.2	5567.2	8088.9	892.4	176.9	10.5	2146.2
Aætladur afli	328.6	67.2	60.3	7.8	2.3	0.0	0.5
Skerding	2906.7	317.8	472.0	49.0	13.7	0.2	121.8
Reiknafli	42238.1	5316.6	7677.1	851.2	165.5	10.4	2024.9
Heild kolaskipt.	0.0						
Isildi an verdb.	1.000	0.839	0.601	0.698	0.614	0.467	0.764
Isildi m. verdb.	1.000	0.839	0.546	0.597	0.587	0.467	0.764
Umreikn.studlar	0.80	0.80	0.80	1.00	0.92	0.92	0.90
Skerding i %	6.49	5.71	5.84	5.49	7.76	1.55	5.67
Medalverd $/kg.	0.42	0.35	0.25	0.29	0.29	0.21	0.33

Dollaragengi:

5.70 5.96 6.25 6.45 6.55 6.64 6.86 7.30 7.46 7.65 7.81 7.71
8.03 8.21 9.45 9.63 10.01 10.33 10.58 11.19 11.83 13.34 14.49 15.21
16.12 16.47 18.50 19.24 20.69 21.46 23.09 27.40 27.69 28.08 28.07 27.87
28.19 28.65

Skipafjöldi med almennan kvota: 27.
Skipafjöldi med medalkvota....: 3.
Skipafjöldi med soknarkvota...: 0.
Medalskerdingarhlutfall.....: 0.000

	Afli tes.	
Þorskur	7833.	0.
Ysa	1584.	0.
Ufsi	2874.	0.
Karfi	279.	0.
Skarkoli	71.	0.
Graluda	4.	0.
Steinb.	1027.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 5 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 21. - Skipafj. M-kvoti 3.							
Raunafli	1446.6	202.2	270.0	28.6	5.9	0.4	74.8
Aætladur afli	23.1	4.5	3.9	0.5	0.1	0.0	0.0
Skerding	82.5	11.5	15.9	1.5	0.4	0.0	3.7
Reiknafli	1387.3	195.3	257.9	27.6	5.6	0.4	71.1
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 4 - Skipafj. A-kvoti 3. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1668.0	104.1	381.9	41.6	2.1	0.0	29.5
Aætladur afli	18.8	0.0	0.4	0.9	0.0	0.0	0.0
Skerding	84.2	4.5	18.5	2.1	0.1	0.0	1.2
Reiknafli	1602.6	99.6	363.8	40.4	2.0	0.0	28.2
Medalafli - Svædi 2 - Stærdarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 3. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1298.3	91.6	66.5	18.7	5.1	0.1	45.4
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	202.1	7.8	4.8	1.5	0.8	0.0	7.8
Reiknafli	1096.2	83.8	61.7	17.2	4.3	0.0	37.7

Kvotaskipting: Flokkur 5 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
2	Akurey	M	206,0	46,5	77,0	9,0	2,0	-	32,5	399,5	393,2
10	Frodi	A	261,5	34,0	147,5	13,0	1,0	-	2,5	485,2	473,7
62	Dalaröst	A	175,5	30,0	3,0	1,5	5,0	2,5	299,0	512,5	512,0
108	Haukafell	A	176,5	23,0	158,0	8,0	4,0	-	14,0	383,3	371,5
126	Gardey	A	266,0	55,0	123,5	5,5	1,0	-	29,0	512,1	503,0
137	Njördur	A	286,0	57,5	223,0	22,0	2,0	-	3,0	604,4	586,7
171	Sandserdingur	A	173,5	2,0	49,0	8,5	-	-	1,5	262,7	258,4
173	Sigurdur Olafsson	A	231,0	48,0	27,0	6,0	5,0	-	52,0	411,1	408,5
191	Skumur	A	292,0	17,5	188,5	22,0	-	-	1,5	542,0	526,8
225	Skalafell	M	206,0	48,5	77,5	9,0	2,0	-	36,0	404,8	398,5
241	Hatthildur	A	304,0	27,5	4,0	4,5	-	-	3,5	418,2	417,4
323	Johanna	M	206,0	46,5	77,0	9,0	2,0	-	32,5	399,5	393,2
469	Hafnarey	A	190,5	61,5	21,0	7,5	13,0	-	50,0	374,3	371,7
540	Halldor Jonsson	A	280,5	60,5	-	6,0	-	-	5,5	423,1	422,5
566	Pinganes	A	161,0	28,0	58,0	6,0	1,0	-	10,5	287,4	282,8
641	Audbjörg	A	101,0	10,0	29,5	2,0	-	0,5	4,0	164,6	162,3
707	Ofeisur III	A	291,5	13,0	148,0	20,0	-	-	10,5	512,3	500,1
925	Þorsnes	A	123,5	2,5	0,5	0,5	1,5	-	18,0	173,6	173,4
936	Askan	A	155,5	26,0	25,5	5,0	6,0	-	100,5	333,7	331,3
981	Heinaberg	A	165,5	15,5	66,0	3,5	-	-	5,0	279,8	274,9
1043	Visir	A	252,5	56,0	89,0	9,0	2,5	-	39,5	482,7	475,6
1054	Hanatindur	A	160,5	13,5	22,5	10,5	2,0	-	13,0	251,1	248,4
1171	Kopur	A	208,0	85,0	101,5	17,0	1,0	-	4,0	440,9	432,2
1179	Ofeisur	A	203,5	40,5	222,0	19,5	-	-	6,0	482,6	465,4
1206	Erlingur	A	175,5	170,5	27,5	25,5	2,5	-	44,5	476,2	471,6
1246	Lunsey	A	204,5	44,5	32,5	6,0	2,5	-	23,5	352,5	349,6
1264	Steinunn	A	194,5	38,5	42,0	6,5	0,5	-	18,0	335,6	332,0
1286	Freyr	A	225,5	55,0	65,0	6,0	3,0	-	27,0	417,1	411,9
1324	Bjarni Gislason	A	177,5	48,5	17,0	3,5	3,5	-	38,0	322,6	321,0
1426	Hvanney	A	225,5	78,5	188,5	6,5	4,0	-	19,5	529,8	516,0

Kvotaskipting: Flokkur 5 29- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
469	Hafnarey	H	206,0	46,5	77,0	9,0	2,0	-	32,5	399,5	393,2

Kvotaskipting: Medalkvotar v/vals - Flokkur 5 29- 2-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
1	3	206,0	46,5	77,0	9,0	2,0	-	32,5	399,5	393,2
1	4	238,0	23,5	109,0	13,0	1,0	-	13,0	424,6	415,8
2	3	162,5	20,0	18,5	5,5	1,5	-	17,0	257,8	255,9

U T H L U T A Ð U R K V O T I - F L O K K U R 5

Fisktes.	Kvoti (sl)	Þ.a.erl.	Kvoti (osl)	Mismunur	Viðbót
Þorskur	206.0	0.0	257.5	-0.2	15.5
Ysa	46.5	0.0	58.1	0.0	-15.0
Ufsi	77.0	0.0	96.3	0.2	56.0
Karfi	9.0	0.0	9.0	0.1	1.5
Skarkoli	2.0	0.0	2.2	0.2	-11.0
Graluda	0.0	0.0	0.0	0.1	0.0
Steinb.	32.5	0.0	36.1	-0.0	-17.5

M E Ð A L K V O T I - S V Æ Ð I 1

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	8.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	2.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	3.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluda	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	1.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	0.	21.	3.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	3.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	13.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

M E Ð A L K V O T I - S V Æ Ð I 2

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluda	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	0.	3.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

UTHLUTAÐUR KVOTI - FLOKKUR 5

Fisktes.	Kvoti (sl)	Þ.a.erl.	Kvoti (osl)	Misaunir
Þorskur	6280.5	13.6	7850.6	-0.5
Ysa	1283.5	16.3	1604.4	-0.0
Ufsi	2311.0	12.1	2888.8	0.3
Karfi	278.5	0.9	278.5	1.4
Skarkoli	67.0	2.3	72.8	0.6
Graluða	3.0	0.0	3.3	0.7
Steinb.	944.0	19.2	1048.9	-0.5

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 1

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	211.5	239.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	48.0	25.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	80.5	109.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	9.5	13.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	2.5	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	35.5	14.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfl.ak.	0.	0.	21.	3.	0.	0.	0.	0.	0.
kfl.ak.	0.	0.	3.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	330.	339.	0.	0.	0.	0.	0.

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 2

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	163.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	20.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	18.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	5.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	2.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	18.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfl.ak.	0.	0.	3.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.ak.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
kfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	208.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 6 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Afli an leidrettinga							
Raunafli	57243.4	17151.5	6034.1	2584.0	1774.6	7.9	831.4
Aætladur afli	2288.9	670.3	252.9	61.2	82.2	0.0	86.4
Skerding	1390.6	474.1	137.2	73.7	69.7	0.1	36.7
Reikniafli	58141.6	17347.7	6149.8	2571.6	1787.1	7.8	881.0
Leidrettingar v/uppfærslu i medaltal							
Raunafli	-11.7	105.3	37.8	10.5	54.5	0.1	5.9
Aætladur afli	15.1	5.2	1.0	0.1	3.4	0.0	0.1
Skerding	9.4	4.3	0.9	0.3	2.2	0.0	0.3
Reikniafli	-6.1	106.2	37.9	10.3	55.6	0.1	5.7
Leidrettur reikniafli							
Raunafli	57243.4	17151.5	6034.1	2584.0	1774.6	7.9	831.4
Aætladur afli	2288.9	670.3	252.9	61.2	82.2	0.0	86.4
Skerding	1390.6	474.1	137.2	73.7	69.7	0.1	36.7
Reikniafli	58141.6	17347.7	6149.8	2571.6	1787.1	7.8	881.0
Heild kolaskipt.	0.0						
Isildi an verdb.	1.000	0.799	0.561	0.637	0.550	0.509	0.756
Isildi m. verdb.	1.000	0.799	0.512	0.545	0.533	0.490	0.756
Umreikn.studlar	0.80	0.80	0.80	1.00	0.92	0.92	0.90
Skerding i %	2.43	2.76	2.27	2.85	3.93	0.88	4.41
Medalverd $/kg.	0.43	0.34	0.24	0.28	0.23	0.22	0.33

Dollaragengi:

5.70 5.96 6.25 6.45 6.55 6.64 6.86 7.30 7.46 7.65 7.81 7.71
8.03 8.21 9.45 9.63 10.01 10.33 10.58 11.19 11.83 13.34 14.49 15.21
16.12 16.47 18.50 19.24 20.69 21.46 23.09 27.40 27.69 28.08 28.07 27.87
28.19 28.65

Skipafjöldi med almennan kvota: 64.
Skipafjöldi med medalkvota....: 1.
Skipafjöldi med soknarkvota...: 0.
Medalskerdingarhlutfall.....: 0.000

Afli tes.		
Þorskur	10733.	0.
Ysa	5122.	0.
Ufsi	2284.	0.
Karfi	849.	0.
Skarkoli	782.	0.
Graluda	3.	0.
Steinb.	426.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 6 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 1 - Skipafj. A-kvoti 1. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	194.0	70.3	24.3	6.3	16.1	0.0	67.6
Aætladur afli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerding	13.6	4.9	1.7	0.4	1.1	0.0	4.7
Reikniafli	180.4	65.4	22.6	5.8	14.9	0.0	62.9
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 2 - Skipafj. A-kvoti 18. - Skipafj. M-kvoti 1.							
Raunafli	642.7	272.7	43.3	15.3	54.5	0.1	14.5
Aætladur afli	15.1	5.2	1.0	0.1	3.4	0.0	0.1
Skerding	16.0	6.0	0.9	0.4	2.2	0.0	0.4
Reikniafli	641.7	271.9	43.4	15.0	55.6	0.1	14.2
Medalafli - Svædi 1 - Stærdarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 37. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1025.3	293.1	132.5	57.4	16.3	0.2	9.2
Aætladur afli	38.1	14.5	6.3	1.6	0.3	0.0	0.1
kerding	24.8	8.8	3.0	1.7	0.6	0.0	0.6
Reikniafli	1038.7	298.8	135.8	57.3	16.0	0.2	8.8
Medalafli - Svædi 2 - Stærdarfl. 2 - Skipafj. A-kvoti 2. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	477.2	75.5	1.7	4.6	1.2	0.0	23.1
Aætladur afli	231.0	8.3	0.0	0.2	1.6	0.0	40.3
Skerding	4.7	0.7	0.0	0.1	0.0	0.0	0.3
Reikniafli	703.4	83.1	1.7	4.8	2.8	0.0	63.0
Medalafli - Svædi 2 - Stærdarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 6. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	993.2	132.9	40.2	24.0	10.6	0.1	15.7
Aætladur afli	19.0	1.9	0.2	0.1	0.0	0.0	0.0
Skerding	22.9	3.7	0.9	0.5	0.3	0.0	0.5
Reikniafli	989.3	131.1	39.4	23.6	10.3	0.1	15.2

Kvotaskipting: Flokkur 6 19- 2-1984

Skr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
13	Snætindur	A	181,5	26,5	185,5	20,5	-	-	6,0	401,9	388,6
23	Már	A	160,0	57,0	12,0	7,5	-	-	-	270,2	268,8
58	Jakob	A	169,5	40,0	24,5	6,0	3,0	-	17,5	289,3	287,2
133	Alaborg	A	161,0	72,0	88,5	13,0	1,5	-	4,0	348,2	341,5
163	Klængur	A	173,0	39,5	64,5	13,5	0,5	-	3,5	313,1	307,9
180	Jón Halldórsson	A	131,0	43,0	15,5	11,5	10,5	-	6,0	236,1	233,9
288	Þorsteinn Gíslason	A	171,0	36,0	61,0	24,5	-	-	-	308,4	302,4
290	Þórir	A	40,0	77,0	8,0	27,0	20,0	-	26,0	183,1	179,8
298	Askell	A	248,5	17,5	14,5	8,0	-	-	5,5	348,1	346,5
359	Brimnes	A	114,0	65,5	4,0	4,0	-	-	1,0	214,0	213,4
363	Þröstur	A	130,0	102,5	39,0	14,5	4,0	-	1,5	304,9	301,2
368	Lómur	A	216,0	16,5	5,5	5,0	-	2,0	0,5	294,7	293,9
392	Erlingur	A	32,0	53,5	2,0	4,0	35,5	-	14,5	130,9	129,8
399	Kári	A	22,0	115,5	-	1,0	23,0	-	-	157,1	156,6
419	Binni í Gröf	A	127,5	88,5	1,5	12,5	12,0	-	2,5	265,6	264,1
424	Gunnjóna Jensdóttir	A	54,5	7,0	-	3,0	-	-	2,0	78,9	78,7
433	Draupnir	A	47,0	125,5	14,0	7,0	59,0	-	25,5	254,7	252,1
462	Geir	A	203,0	23,0	11,0	4,5	-	-	14,0	299,5	298,4
472	Jói á Nesi	A	262,5	94,0	1,0	4,5	-	-	0,5	425,8	425,3
482	Bjarnarvík	A	128,0	47,5	79,0	5,0	-	-	1,0	267,3	262,0
498	Eyborg	A	160,0	3,5	11,0	4,5	-	-	3,0	216,6	215,5
503	Bergþór	A	282,5	59,0	47,0	10,5	-	-	3,5	455,0	451,1
535	Haförn	A	48,0	86,5	1,5	9,0	111,5	-	36,0	250,0	247,0
542	Holmsteinn	A	136,5	67,0	8,0	3,5	23,5	-	4,0	262,8	261,5
597	Harpa	A	160,5	60,0	23,5	6,5	-	-	1,0	281,9	279,8
606	Emma	A	69,5	68,5	44,0	14,5	7,5	-	4,0	203,6	199,5
617	Hafnarberg	A	170,5	5,5	9,5	11,5	17,5	-	2,0	244,7	242,8
623	Julia	A	50,0	91,5	16,0	4,5	24,5	-	14,0	193,9	192,1
670	Greipur	A	233,0	66,0	3,5	7,5	-	-	0,5	364,6	363,6
671	Máni	A	168,5	54,5	11,0	11,5	-	-	0,5	280,7	278,9
710	Blíki	A	160,0	43,5	18,0	22,0	-	-	1,5	271,4	268,3
715	Jón Garðar	A	66,5	15,0	-	-	-	-	4,0	101,8	101,8
721	Sigurbjörg	A	66,5	52,0	1,5	2,0	24,5	0,5	7,0	158,2	157,5
727	Hraunsvík	A	186,0	7,0	23,5	14,5	1,0	-	-	265,6	262,8
728	Rán	A	107,5	86,0	14,0	28,5	2,5	-	4,0	253,2	249,6
733	Reynir	A	174,5	70,5	37,0	23,0	2,5	-	-	330,8	326,3
759	Sjöfn	A	48,0	89,0	6,0	11,0	21,5	-	6,5	178,6	176,8
760	Sjöstjarnan	A	107,0	48,5	57,0	9,0	3,5	-	0,5	230,2	225,8
784	Sigmundur	A	169,5	28,0	55,5	4,5	-	-	3,0	283,8	280,0
788	Arntýr	A	133,5	31,0	45,5	4,5	-	-	2,5	235,3	232,0
795	Andvari	A	204,5	200,5	117,5	21,0	7,0	-	9,5	563,5	554,3
824	Ingólfur	A	89,5	36,0	8,5	0,5	7,5	-	-	158,8	158,1
826	Johannes Jónsson	A	158,5	25,0	18,0	1,5	-	-	-	236,8	235,5
833	Sæfaxi	A	54,5	132,5	10,0	1,0	61,5	-	20,5	262,1	260,3
848	Hellisey	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
865	Víkar Árnason	A	98,5	24,5	-	2,5	20,0	-	-	161,2	160,5
914	Þorbjörn	A	166,5	64,5	6,5	28,5	0,5	-	-	295,4	292,4
920	Þorkatla	A	134,0	88,0	2,5	13,0	3,5	-	0,5	267,8	266,4
922	Búðanes	A	90,5	73,5	11,5	18,0	3,0	-	3,0	210,4	208,0
951	Vörðunes	A	172,5	56,5	14,5	16,5	-	-	-	293,1	290,6
963	Sigurjón	A	210,5	44,5	87,5	13,0	-	-	6,5	383,0	376,5
1075	Hásteinn	A	237,0	85,0	61,0	12,0	8,0	-	2,5	438,5	433,5
1082	Skuli fógeti	A	111,0	81,5	7,0	4,0	30,0	-	3,5	248,8	247,5
1126	Skálavík	A	174,5	82,5	66,0	7,5	20,0	-	4,5	367,0	362,0
1173	Sigrún	A	156,0	30,5	23,5	13,5	-	-	-	250,7	248,0
1204	Jón Gunnlaugs	A	168,5	244,0	49,5	104,5	15,0	-	0,5	565,2	552,2
1263	Arný	A	26,5	15,5	6,5	2,0	6,0	-	27,5	81,2	80,5
1266	Jósep Geir	A	163,5	114,5	25,0	10,5	11,0	-	7,5	356,1	353,4
1303	Kristján	A	96,5	28,0	0,5	1,5	-	-	2,0	151,4	151,3
1315	Eyrún	H	95,0	64,0	13,0	5,0	22,5	-	6,0	213,4	211,7
1321	Reynir	A	153,5	303,0	229,5	151,5	39,0	-	3,5	778,6	749,8

Kvotaskiptins: Flokkur 6 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
373	Reynir	A	74,5	17,0	0,5	0,5	44,0	-	0,5	137,6	136,8
386	Julius	A	117,0	39,5	1,5	1,5	4,5	-	2,0	192,9	192,6
1434	Kristin	A	54,0	59,0	3,0	16,0	2,5	-	1,0	141,4	139,7
1631	Falkinn	A	111,5	11,5	0,5	2,0	2,0	-	53,0	197,6	197,4

Kvotaskiptins: Flokkur 6 29- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
424	Gunnjona Jensdottir	H	146,0	31,0	11,5	8,0	4,0	-	6,5	234,8	233,2
848	Hellisey	H	153,5	70,5	40,5	19,0	6,5	-	4,0	309,6	305,3
865	Vikar Arnason	H	95,0	64,0	13,0	5,0	22,5	-	6,0	213,4	211,7

Kvotaskiptins: Medalkvotar v/vals - Flokkur 6 29- 2-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
1	1	26,5	15,5	6,5	2,0	6,0	-	27,5	81,2	80,5
1	2	95,0	64,0	13,0	5,0	22,5	-	6,0	213,4	211,7
1	3	153,5	70,5	40,5	19,0	6,5	-	4,0	309,6	305,3
2	2	104,0	19,5	0,5	1,5	1,0	-	27,5	174,5	174,3
2	3	146,0	31,0	11,5	8,0	4,0	-	6,5	234,8	233,2

UTHLUTAÐUR KVÓTI - FLOKKUR 6

Fisktegund	Kvóti (sl)	Þ.a.erl.	Kvóti (osl)	Mismunur	Viðbót
Þorskur	394.5	0.0	493.1	-0.2	241.5
Ýsa	165.5	0.0	206.9	0.3	134.0
Ufsi	65.0	0.0	81.3	-0.0	65.0
Karfi	32.0	0.0	32.0	-0.3	26.5
Skarkoli	33.0	0.0	35.9	-0.0	13.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.1	0.0
Steinb.	16.5	0.0	18.3	0.1	14.5

MEÐALKVÓTI - SVÆÐI 1

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	5.0	4.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ýsa	0.0	3.5	2.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.5	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.5	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	1.	18.	37.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	1.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	9.	6.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

MEÐALKVÓTI - SVÆÐI 2

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	24.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ýsa	0.0	0.0	5.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	2.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	1.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	2.	6.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	31.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

ÚTHLUTAÐUR KVÓTI - FLOKKUR 6

Fisktegund	Kvóti (sl)	Þ.á.erl.	Kvóti (osl)	Mismunur
Þorskur	8588.5	2.6	10735.6	0.5
Ýsa	4101.0	2.9	5126.3	-0.5
Ufsi	1827.5	0.2	2284.4	-0.1
Karfi	846.5	0.0	846.5	2.5
Skarkoli	716.5	0.2	778.8	3.2
Grálúða	2.5	0.0	2.7	0.3
Steinb.	383.0	1.7	425.6	2.1

MEÐALKVÓTI - SVÆÐI 1

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	26.5	94.5	153.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ýsa	15.5	65.5	70.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	6.5	13.5	40.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	2.0	5.0	19.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	6.0	23.5	6.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	27.5	6.5	4.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfl.sk.	1.	18.	37.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.sk.	0.	1.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	67.	174.	247.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

MEÐALKVÓTI - SVÆÐI 2

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	104.0	146.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ýsa	0.0	19.5	31.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.5	11.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	1.5	8.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	1.0	4.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	27.5	6.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfl.sk.	0.	2.	6.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	142.	188.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

Kvotaskiptins: Adalforsendur - Flokkur: 7 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
.fli an leidrettinga							
Raunafli	183915.6	28815.7	43615.8	5474.0	896.9	1510.0	2006.7
Aætladur afli	7348.4	2122.7	1740.8	775.5	50.0	303.6	153.1
Skerding	3279.5	476.3	748.9	93.9	16.4	28.7	31.5
Reikniafli	187984.5	30462.2	44607.7	6155.7	930.6	1784.9	2128.2
Leidrettingar v/uppfærslu i medaltal							
Raunafli	2034.8	932.6	812.0	135.5	30.7	68.8	30.2
Aætladur afli	277.3	87.0	-84.4	14.9	2.2	9.6	6.7
Skerding	0.5	12.0	6.0	1.5	0.5	1.4	0.5
Reikniafli	2311.6	1007.5	721.7	148.9	32.3	77.1	36.4
Leidrettur reikniafli							
.aunafli	183915.6	28815.7	43615.8	5474.0	896.9	1510.0	2006.7
Aætladur afli	7348.4	2122.7	1740.8	775.5	50.0	303.6	153.1
Skerding	3279.5	476.3	748.9	93.9	16.4	28.7	31.5
Reikniafli	187984.5	30462.2	44607.7	6155.7	930.6	1784.9	2128.2
Heild kolaskipt.	0.0						
Isildi an verdb.	1.000	0.799	0.606	0.656	0.588	0.648	0.739
Isildi m. verdb.	1.000	0.799	0.532	0.558	0.566	0.584	0.739
Umreikn.stuðlar	0.80	0.80	0.80	1.00	0.92	0.92	0.90
Skerding i %	1.78	1.65	1.72	1.72	1.83	1.90	1.57
Medalverd $/kg.	0.43	0.34	0.26	0.28	0.31	0.28	0.31

Dollaragengi:

5.70	5.96	6.25	6.45	6.55	6.64	6.86	7.30	7.46	7.65	7.81	7.71
8.03	8.21	9.45	9.63	10.01	10.33	10.58	11.19	11.83	13.34	14.49	15.21
16.12	16.47	18.50	19.24	20.69	21.46	23.09	27.40	27.69	28.08	28.07	27.87
28.19	28.65										

Skipafjöldi med almennan kvota: 94.
Skipafjöldi med medalkvota....: 4.
Skipafjöldi med soknarkvota...: 0.
Medalskerdingarhlutfall.....: 0.000

	Afli tes.	Afl.Þorsks
Þorskur	37445.	0.
Ysa	9107.	0.
Ufsi	17642.	0.
Karfi	1808.	0.
Skarkoli	430.	1770.
Graluda	595.	0.
Steinb.	1115.	0.

Kvotaskiptins: Adalforsendur - Flokkur: 7 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 7. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1759.3	316.2	346.9	66.3	15.4	0.0	2.9
Aætladur afli	12.5	7.5	0.8	0.1	0.0	0.0	0.0
Skerding	40.4	7.0	7.4	1.3	0.2	0.0	0.1
Reiknafli	1731.3	316.7	340.3	65.2	15.2	0.0	2.8
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 4 - Skipafj. A-kvoti 56. - Skipafj. M-kvoti 3.							
Raunafli	1869.4	345.0	474.4	61.1	9.2	4.2	6.6
Aætladur afli	42.5	20.1	15.0	6.8	0.6	0.3	1.1
Skerding	32.4	5.3	8.0	1.0	0.2	0.0	0.1
Reiknafli	1879.4	359.7	481.4	66.8	9.6	4.5	7.5
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 5 - Skipafj. A-kvoti 15. - Skipafj. M-kvoti 1.							
Raunafli	1778.7	164.9	509.8	53.6	3.1	57.1	11.8
Aætladur afli	172.5	28.8	40.0	12.9	0.5	8.6	3.6
Skerding	30.2	3.0	7.6	0.8	0.1	1.3	0.2
Reiknafli	1920.9	190.6	542.2	65.8	3.6	64.4	15.2
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 1. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1146.8	0.7	34.7	11.6	0.0	0.3	0.8
Aætladur afli	16.4	7.2	0.2	0.2	0.0	0.0	0.0
Skerding	24.0	0.0	0.7	0.2	0.0	0.0	0.0
Reiknafli	1139.2	7.9	34.2	11.6	0.0	0.2	0.8
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 4 - Skipafj. A-kvoti 8. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	2079.0	169.6	294.2	22.1	13.0	34.6	22.6
Aætladur afli	114.2	29.0	24.6	9.9	0.5	0.0	0.9
Skerding	34.0	3.0	5.1	0.3	0.2	0.5	0.4
Reiknafli	2159.1	195.6	313.8	31.7	13.3	34.0	23.1
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 5 - Skipafj. A-kvoti 7. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1862.4	188.9	262.5	32.0	8.9	0.0	170.9
Aætladur afli	112.9	14.1	13.9	10.5	0.4	19.5	2.8
Skerding	43.5	3.9	7.7	1.0	0.3	0.0	2.4
Reiknafli	1931.8	199.2	268.7	41.5	9.0	19.5	171.3

Kvotaskiptingi Flokkur 7 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
11	Sandafell	A	357,5	7,0	97,0	17,0	19,5	-	-	551,3	540,2
12	Heimir	A	280,0	51,0	215,0	27,5	30,0	-	3,5	603,3	580,1
17	Þurfell	A	235,5	8,5	147,0	5,0	13,0	1,5	-	426,8	412,3
21	Mummi	A	280,5	63,5	126,5	15,5	19,0	-	6,5	537,2	523,6
44	Hafnarvik	A	354,5	7,5	30,0	4,5	25,5	-	19,5	508,2	504,4
51	Faxi	A	212,5	14,5	60,0	1,5	13,0	-	-	334,6	328,6
67	Hafberg	A	384,0	103,0	285,0	62,0	29,0	-	3,0	859,9	826,9
68	Sigurður Bjarnason	A	392,0	15,5	2,5	3,5	22,5	-	9,5	531,1	530,0
72	Grotta	A	288,5	101,0	3,0	9,0	16,0	-	1,5	481,0	479,5
84	Haraldur	A	305,0	66,5	0,5	0,5	16,5	6,0	5,0	467,7	466,7
88	Geirfugl	A	343,5	64,5	170,0	46,5	22,0	-	0,5	668,2	647,5
89	Arni Geir	A	213,5	28,0	127,5	2,5	19,0	-	10,5	413,5	401,1
91	Helga	A	451,0	16,5	244,5	30,0	25,5	-	1,0	802,3	776,3
93	Hrafn Sveinbjarnarson II	A	313,0	71,5	223,0	37,0	30,5	-	2,5	677,3	652,4
103	Hrafn Sveinbjarnarson III	A	315,5	82,0	153,5	29,5	26,5	-	1,5	630,2	612,5
120	Höfrungur II	A	379,5	25,5	160,5	21,5	31,0	-	2,5	657,4	639,8
124	Gaukur	A	367,5	98,0	310,0	44,5	35,0	-	3,5	846,7	813,0
136	Kristbjörg	A	180,0	203,5	61,5	13,0	33,5	-	4,0	508,3	500,6
144	Gunnar Bjarnason	A	441,5	106,5	27,5	50,0	26,0	-	0,5	728,9	720,8
158	Oddgeir	A	343,5	90,5	121,0	11,5	60,5	-	4,0	660,5	646,8
160	Bardinn	A	156,5	171,0	93,5	27,0	33,5	-	6,5	482,1	470,0
161	Solfell	A	353,0	32,0	13,5	4,0	24,5	-	28,0	525,1	522,8
167	Sigurjon Arnlaugsson	A	253,0	73,0	-	-	13,5	-	19,5	413,7	413,3
168	Sæbjörg	A	374,5	141,5	127,0	7,0	24,5	-	10,5	734,5	721,5
185	Sigþor	A	376,0	8,5	1,5	2,0	25,5	85,5	17,5	571,7	564,7
189	Valdimar Sveinsson	A	372,5	55,0	353,5	25,0	21,0	-	0,5	818,6	783,1
200	Þorlakur helgi	A	239,0	35,5	156,0	8,5	16,5	-	0,5	468,9	453,3
203	Fjölnir	A	248,5	45,0	62,0	8,0	13,5	-	-	416,3	409,5
212	Vatnsnes	H	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	605,4	588,9
217	Sæunn Sæmundsdottir	A	281,5	48,0	251,0	30,5	16,0	-	0,5	620,5	594,1
221	Vonin	A	183,5	2,5	92,5	9,0	10,0	-	-	314,4	304,8
234	Arnar	A	316,5	24,0	308,0	11,5	17,0	-	-	670,8	640,9
235	Stafnes	A	320,0	35,5	88,5	5,0	22,0	-	-	520,3	511,1
236	Katrin	A	260,5	48,5	316,0	13,5	20,0	-	2,5	637,5	606,7
237	Hrungnir	A	415,5	60,5	296,5	19,5	25,5	79,0	3,0	891,0	855,7
238	Hamrasvanur	A	456,0	71,0	50,0	3,5	31,0	-	3,0	703,0	697,3
242	Geir goði	A	161,5	190,0	159,0	73,0	32,0	-	1,5	581,4	558,8
243	Gudrun	A	177,0	1,5	24,0	3,0	9,5	-	-	249,2	246,5
244	Glofaxi	A	331,5	20,0	279,5	14,0	18,0	-	-	666,8	639,3
249	Höfrungur III	A	371,5	16,5	549,0	42,0	20,0	-	6,5	942,5	887,4
250	Isleifur IV	A	279,5	63,0	324,0	41,5	17,0	0,5	1,0	696,7	662,5
253	Hamar	A	437,5	75,0	74,0	6,0	24,0	-	2,0	698,5	690,6
254	Sæbjörg	A	217,0	52,5	100,5	78,5	15,0	-	3,5	463,4	446,1
261	Ósmundur	H	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	605,4	588,9
262	Ásgeir Gudmundsson	A	260,5	35,5	175,5	8,0	15,5	-	-	509,2	491,9
263	Gandi	A	295,5	119,5	302,5	21,0	20,5	-	0,5	745,6	715,2
490	Gullbjörg	A	224,0	21,5	181,5	3,0	12,0	-	-	448,8	431,6
582	Hringur	A	225,5	30,5	1,5	-	12,5	-	-	321,5	321,1
964	Gissur hviti	A	322,5	101,5	154,5	13,5	20,5	-	7,0	649,1	633,1
971	Bodi	A	259,5	43,5	167,0	5,0	14,0	24,5	9,5	531,5	513,6
974	Skogey	A	226,0	43,5	46,0	-	12,5	-	-	369,0	364,5
975	Sighvatur	H	306,0	45,5	171,5	19,5	18,0	20,0	7,0	602,1	582,7
977	Jakob Valgeir	A	291,0	23,0	-	1,0	28,0	42,0	542,5	880,3	876,7
980	Fridrik Sigurdsson	A	457,5	85,5	279,5	42,0	26,5	-	2,0	915,3	884,8
1000	Gudmundur Kristinn	A	134,0	12,0	17,5	1,0	7,0	-	2,0	199,3	197,4
1009	Þuridur Halldorsdottir	A	346,0	110,0	183,5	40,0	23,5	-	1,5	723,7	702,4
1013	Þorkatla II	A	213,5	42,0	92,5	19,5	14,5	-	2,0	402,7	391,9
1014	Arney	A	383,0	58,0	196,0	22,0	32,5	-	13,0	730,8	709,9
1016	Fylkir	A	457,5	5,0	22,5	9,0	32,0	-	-	619,9	616,2
1019	Sigurborg	A	262,5	71,0	27,0	3,0	14,5	5,5	4,5	438,6	435,1
1023	Skarfur	A	324,5	37,0	107,0	10,0	22,0	2,0	2,0	547,5	536,0

Kvotaskiptingi Flokkur 7 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
028	Hrafn Sveinbjarnarson	A	330,5	70,5	153,5	40,0	34,0	-	6,5	653,1	634,2
1036	Happasæll	A	237,0	42,0	-	-	13,5	121,5	61,0	482,8	474,0
1039	Gjafar	A	375,5	138,0	230,0	28,5	27,0	-	4,0	820,4	795,8
1042	Vörður	A	453,0	88,5	201,5	48,0	32,0	-	5,5	866,1	842,1
1056	Ásgeir Torfason	A	300,0	57,0	168,5	23,0	24,0	-	2,5	591,6	573,3
1063	Kópur	A	353,0	22,5	170,0	17,0	24,0	142,0	5,5	723,1	695,4
1067	Johann Gíslason	A	321,0	25,0	456,5	19,0	17,5	-	-	795,5	751,3
1068	Arnþór	A	181,5	2,0	11,0	3,5	10,0	-	0,5	245,9	244,3
1077	Þorri	A	197,0	36,0	68,5	0,5	10,5	-	6,5	346,3	339,7
1084	Fridrik Sigurdsson	H	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	605,4	588,9
1095	Hópsnes	A	378,0	75,0	178,0	49,5	29,5	-	2,0	735,5	713,6
1135	Þórunn Sveinsdóttir	A	340,5	167,0	478,5	15,0	28,5	-	7,0	988,7	942,6
1143	Gissur	A	277,0	16,5	369,5	19,5	15,0	-	-	665,1	628,8
1146	Danski Pétur	A	253,0	113,0	189,0	15,0	16,0	-	3,0	594,9	575,7
1156	Sólfari	A	265,5	96,0	3,0	0,5	14,5	-	2,0	441,0	440,4
1159	Tjaldur	A	374,0	51,0	29,5	2,5	20,5	-	-	555,8	552,3
1199	Frár	A	235,5	357,0	209,0	24,0	21,5	-	7,5	845,0	822,9
1202	Hringur	A	282,5	59,0	20,5	1,5	15,5	-	1,5	439,6	437,2
1207	Geiri Péturs	A	552,5	20,5	13,0	6,0	32,5	-	12,5	756,4	753,8
1209	Freyja	A	329,5	119,0	-	-	18,0	-	0,5	542,4	542,0
1213	Sigurfari	A	228,5	428,0	161,5	37,0	25,0	-	1,5	876,7	857,5
1236	Þórir	A	290,0	55,0	66,5	2,5	25,5	-	14,0	497,6	490,6
1258	Súdurey	A	472,0	181,5	248,0	21,0	29,5	-	7,5	997,7	972,2
1291	Vótaberg	A	201,0	21,0	81,0	-	13,0	4,0	8,0	351,2	343,2
1297	Alsey	A	379,5	262,5	204,0	34,0	33,0	-	9,5	942,1	919,2
1298	Bjarnarey	A	341,0	269,0	169,0	36,5	24,0	-	13,5	873,3	853,6
1304	Ólafur Bjarnason	A	357,5	48,0	35,5	68,0	19,5	-	-	578,8	568,4
1333	Sigurdur Þorleifsson	A	370,5	91,0	222,0	26,5	24,5	-	2,5	757,4	733,8
1343	Gardar II	A	387,0	74,5	43,0	41,5	21,0	-	1,0	632,2	623,7
1359	Sólborg	A	219,0	67,5	225,0	7,0	15,0	-	11,5	535,1	513,3
1379	Dala Rafn	A	294,0	93,0	208,5	18,5	20,5	3,0	8,5	652,3	630,7
1398	Sæljón	A	302,0	83,5	73,0	3,5	19,0	-	9,0	537,8	530,3
1399	Haukaberg	A	360,0	93,5	15,0	22,5	38,5	-	2,0	596,2	591,6
1443	Bylgja	A	369,5	287,5	226,5	21,5	27,5	-	10,0	960,2	936,6
1510	Gudfinna Steinsdóttir	A	127,5	226,5	139,0	21,0	31,5	-	7,0	530,7	515,1
1562	Jón á Hofi	A	405,0	32,0	452,0	30,0	22,0	-	-	914,3	869,3
1625	Gunnjón	A	241,5	58,5	-	-	13,0	37,5	13,5	406,2	403,3

Kvotaskiptingi Flokkur 7 29- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
262	Ásgeir Gudmundsson	H	299,5	86,0	152,5	19,5	4,0	1,5	3,5	595,0	578,9
013	Þorkatla II	H	299,5	86,0	152,5	19,5	4,0	1,5	3,5	595,0	578,9
1036	Happasæll	A	237,0	42,0	-	-	1,0	121,5	61,0	474,7	466,2
1510	Gudfinna Steinsdóttir	A	234,0	324,0	172,5	51,5	26,5	-	8,0	804,2	782,7
1625	Gunnjón	H	307,5	46,0	171,5	19,5	1,5	20,0	7,0	594,1	575,0

Kvotaskiptingi Medalkvotar v/vals - Flokkur 7 29- 2-1984

Svædi	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
1	3	276,0	76,0	107,5	19,0	6,5	-	1,5	519,8	507,9
1	4	299,5	86,0	152,5	19,5	4,0	1,5	3,5	595,0	578,9
1	5	306,0	45,5	171,5	19,5	1,5	20,0	7,0	591,5	572,4
2	3	181,5	2,0	11,0	3,5	-	-	0,5	239,6	238,3
2	4	344,0	47,0	99,5	9,5	5,5	10,5	11,0	578,0	567,1
2	5	308,0	47,5	85,0	12,0	4,0	6,0	81,0	577,8	568,2

UTHLUTAÐUR KVOTI - FLOKKUR 7

Fisktes.	Kvoti (sl)	Þ.a.erl.	Kvoti (osl)	Mismunir	Viðbot
Þorskur	1377.5	10.7	1721.9	0.3	297.5
Ysa	584.0	19.4	730.0	0.4	179.5
Ufsi	649.0	5.9	811.3	-0.4	242.0
Karfi	110.0	2.0	110.0	0.0	61.5
Skarkoli	37.0	3.2	40.2	0.1	-51.0
Graluða	144.5	9.1	157.1	-0.3	-14.5
Steinb.	83.0	2.3	92.2	0.4	-0.5

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 1

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	0.0	14.0	34.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	0.0	8.5	5.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	8.0	10.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	1.5	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluða	0.0	0.0	0.0	0.0	9.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.5	4.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	0.	7.	56.	15.	0.	0.	0.	0.
Skfj.nk.	0.	0.	0.	3.	1.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	0.	27.	53.	0.	0.	0.	0.

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 2

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	0.	1.	8.	7.	0.	0.	0.	0.
Skfj.nk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

UTHLUTAÐUR KVOTI - FLOKKUR 7

Fisktegund	Kvoti (sl)	Þ.a.erl.	Kvoti (osl)	Hlutfallsmunur
Þorskur	30292.0	338.1	37865.0	2.1
Ysa	7565.0	280.4	9456.3	1.0
Ufsi	14387.0	273.1	17983.8	-0.3
Karfi	1844.0	35.5	1844.0	-0.5
Skarkoli	2156.5	128.9	2344.0	-3.6
Grálúða	579.0	31.6	629.3	0.0
Steinb.	1036.5	31.6	1151.7	-1.4

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 1

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	276.0	306.0	320.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	76.0	92.5	49.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	109.0	157.0	184.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	19.5	20.5	20.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	21.5	22.0	20.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	1.5	22.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	1.5	4.0	8.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	0.	7.	56.	15.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	0.	3.	1.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	419.	491.	499.	0.	0.	0.	0.

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 2

Fisktegund	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	181.5	350.5	315.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	2.0	51.0	52.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	11.0	101.0	86.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	3.5	9.5	12.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	10.0	27.0	22.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	11.0	6.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.0	0.0	0.5	11.5	81.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	0.	0.	1.	8.	7.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	197.	481.	487.	0.	0.	0.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 8 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
.fli an leidrettinga							
Raunafli	176483.4	30727.7	12988.8	3646.7	7952.8	2627.8	10261.0
Aætladur afli	7275.0	2167.5	926.8	525.7	66.3	186.2	141.4
Skerding	795.0	112.3	41.8	15.1	19.6	0.9	26.1
Reikniafli	182963.4	32782.9	13873.8	4157.3	7999.5	2813.0	10376.3
Leidrettingar v/uppfærslu i medaltal							
Raunafli	14821.6	3269.0	1622.5	570.6	621.9	249.9	685.5
Aætladur afli	990.2	381.2	165.2	102.5	10.0	21.0	9.0
Skerding	53.7	11.0	5.3	2.1	0.5	0.1	2.2
Reikniafli	15758.0	3639.3	1782.3	670.9	631.5	270.9	692.3
Leidrettur reikniafli							
Raunafli	176483.4	30727.7	12988.8	3646.7	7952.8	2627.8	10261.0
Aætladur afli	7275.0	2167.5	926.8	525.7	66.3	186.2	141.4
Skerding	795.0	112.3	41.8	15.1	19.6	0.9	26.1
Reikniafli	182963.4	32782.9	13873.8	4157.3	7999.5	2813.0	10376.3
Heild kolaskipt.	0.0						
Isildi an verdb.	1.000	0.803	0.554	0.641	0.817	0.692	0.736
Isildi m. verdb.	1.000	0.803	0.485	0.543	0.767	0.623	0.736
Umreikn.studlar	0.80	0.80	0.80	1.00	0.92	0.92	0.90
Skerding i %	0.45	0.37	0.32	0.41	0.25	0.04	0.25
Medalverd $/kg.	0.43	0.34	0.25	0.28	0.35	0.29	0.32

Dollaragengi:

5.70 5.96 6.25 6.45 6.55 6.64 6.86 7.30 7.46 7.65 7.81 7.71
8.03 8.21 9.45 9.63 10.01 10.33 10.58 11.19 11.83 13.34 14.49 15.21
16.12 16.47 18.50 19.24 20.69 21.46 23.09 27.40 27.69 28.08 28.07 27.87
28.19 28.65

Skipafjöldi med almennan kvota: 202.
Skipafjöldi med medalkvota....: 15.
Skipafjöldi med soknarkvota...: 5.
Medalskerdingarhlutfall.....: 0.000

	Afli tes.	
Þorskur	33738.	0.
Ysa	9086.	0.
Ufsi	4752.	0.
Karfi	1056.	0.
Skarkoli	3694.	1595.
Graluda	1001.	0.
Steinb.	5473.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 8 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
.edalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 1 - Skipafj. A-kvoti 57. - Skipafj. M-kvoti 3.							
Raunafli	250.2	43.3	26.5	0.5	4.4	0.0	5.1
Aætladur afli	0.2	0.1	0.2	0.0	0.0	0.0	0.0
Skerðing	3.5	0.3	0.0	0.0	0.1	0.0	0.3
Reiknafli	246.9	43.0	26.7	0.5	4.4	0.0	4.8
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 2 - Skipafj. A-kvoti 20. - Skipafj. M-kvoti 3.							
Raunafli	871.3	171.7	20.8	2.1	184.1	0.1	23.1
Aætladur afli	34.1	2.9	1.9	0.0	0.5	0.0	0.1
Skerðing	2.3	0.4	0.1	0.0	0.5	0.0	0.0
Reiknafli	903.1	174.2	22.6	2.1	184.1	0.1	23.2
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 13. - Skipafj. M-kvoti 1.							
Raunafli	1131.7	740.2	134.3	45.2	48.6	0.2	17.5
Aætladur afli	16.8	10.0	3.9	0.6	0.1	0.0	0.0
`kerðing	12.6	3.3	0.7	0.3	0.1	0.0	0.1
Reiknafli	1135.9	746.9	137.5	45.6	48.6	0.2	17.5
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 4 - Skipafj. A-kvoti 12. - Skipafj. M-kvoti 3.							
Raunafli	1743.9	398.2	189.6	102.3	12.9	20.9	44.0
Aætladur afli	181.6	94.5	29.9	19.1	2.0	1.1	1.2
Skerðing	7.8	1.7	1.1	0.6	0.0	0.0	0.0
Reiknafli	1917.7	491.0	218.5	120.8	14.8	21.9	45.3
Medalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 5 - Skipafj. A-kvoti 7. - Skipafj. M-kvoti 2.							
Raunafli	1796.3	191.4	290.7	103.8	21.1	19.4	16.9
Aætladur afli	79.7	27.0	31.5	22.0	1.0	0.5	1.0
Skerðing	2.7	0.1	0.8	0.1	0.0	0.0	0.0
Reiknafli	1873.2	218.3	321.4	125.8	22.1	19.9	17.8
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 1 - Skipafj. A-kvoti 48. - Skipafj. M-kvoti 2.							
.aunafli	392.0	18.9	27.7	0.5	15.5	0.0	28.1
Aætladur afli	5.4	0.1	0.2	0.0	0.1	0.0	0.4
Skerðing	0.6	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.1
Reiknafli	396.8	19.0	27.9	0.5	15.6	0.0	28.4
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 2 - Skipafj. A-kvoti 22. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	862.3	25.6	29.9	5.2	52.4	1.4	9.2
Aætladur afli	16.7	0.2	0.0	0.2	0.1	0.0	0.1
Skerðing	4.0	0.1	0.1	0.0	0.1	0.0	0.0
Reiknafli	875.1	25.7	29.7	5.4	52.4	1.4	9.3
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 3 - Skipafj. A-kvoti 14. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	1305.0	61.3	13.2	5.7	1.9	1.5	134.9
Aætladur afli	34.4	2.5	2.1	0.1	0.0	0.0	3.3
Skerðing	5.6	0.4	0.1	0.0	0.0	0.0	0.2
Reiknafli	1333.9	63.4	15.2	5.8	1.9	1.4	137.9

Kvotaskiptins: Adalforsendur - Flokkur: 8 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 4 - Skipafj. A-kvoti 8. - Skipafj. M-kvoti 1.							
Raunafli	2235.9	301.9	86.4	16.8	13.4	150.4	409.6
Aætladur afli	155.0	24.5	0.9	0.4	0.3	16.8	2.2
Skerding	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reiknafli	2390.9	326.4	87.3	17.2	13.6	167.2	411.8
Medalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 5 - Skipafj. A-kvoti 1. - Skipafj. M-kvoti 0.							
Raunafli	2380.9	260.6	0.1	0.0	0.0	713.3	1111.5
Aætladur afli	137.4	0.4	0.0	1.0	0.0	13.8	22.7
Skerding	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reiknafli	2518.3	261.0	0.1	1.1	0.0	727.0	1134.2

Kvotaskipting: Flokkur 8 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
27	Björgvin Mar	H	276,5	48,5	88,0	32,0	24,5	6,5	8,5	509,0	496,4
38	Happasæll	A	116,0	71,5	9,0	1,0	6,5	54,5	-	270,6	265,3
43	Ellidi	A	172,0	285,5	146,5	150,0	17,5	-	3,0	716,8	688,6
76	Helgi S	A	310,0	49,5	180,0	54,0	44,5	-	3,0	638,0	614,7
77	Kari	A	129,0	22,5	19,0	3,0	8,5	0,5	6,5	212,2	209,8
78	Haffari	A	247,5	30,5	5,0	1,0	13,0	-	1,0	356,2	354,9
100	Jón Jónsson	A	294,0	35,5	-	-	16,0	2,5	3,0	421,4	420,3
127	Víkingur III	A	330,0	51,0	-	-	18,0	110,0	433,0	916,4	907,1
145	Þorsteinn	A	303,0	9,0	245,5	20,0	16,5	4,0	-	588,2	563,8
151	Maria Julia	A	312,0	25,0	-	-	21,0	-	99,5	515,0	513,8
162	Bliki	A	399,5	24,5	22,0	14,0	40,0	-	4,5	588,0	582,5
177	Jón Ágúst	H	283,0	109,0	60,0	30,5	21,5	7,0	21,5	566,2	556,3
219	Víðir II	A	192,0	61,5	10,0	3,0	10,5	-	11,0	328,9	327,1
239	Vestri	A	449,0	75,5	20,0	1,5	37,5	55,5	23,0	745,9	737,8
247	Húnrún	A	282,0	33,0	-	-	24,5	-	521,5	833,8	832,4
256	Albert Ólafsson	A	344,0	34,0	9,0	-	20,5	29,5	129,0	616,5	612,4
257	Sigurvon	A	297,5	50,0	-	-	21,5	249,0	476,5	1.017,8	997,9
259	Jarl	A	198,0	9,0	105,0	11,5	11,5	0,5	1,0	347,8	336,9
260	Sveinbjörn Jakobsson	A	269,0	47,5	8,5	2,5	14,5	-	-	404,4	402,6
265	Aðalbjörg	A	103,0	30,0	8,5	1,5	294,5	-	0,5	427,7	410,8
284	Anna	A	79,5	0,5	9,0	0,5	4,5	-	1,0	110,5	109,5
286	Armann	A	14,5	-	4,5	-	1,0	-	-	21,9	21,4
297	Sjöfn	A	318,0	13,5	9,5	2,0	17,5	-	20,5	451,1	449,2
304	Auðbjörg	A	64,5	4,5	-	-	3,5	-	14,0	99,7	99,5
306	Hrönn	A	99,0	1,5	2,5	-	54,5	-	-	175,6	172,4
310	Baldur	A	108,0	259,0	22,0	-	45,0	-	21,5	468,4	464,1
311	Baldur	A	95,5	18,5	0,5	-	421,5	-	29,5	536,4	513,5
325	Dröfn	A	30,0	9,5	-	-	2,0	-	-	48,5	48,4
338	Björg	A	135,5	290,5	66,5	3,5	65,5	-	35,5	596,1	586,4
360	Frigg	A	17,5	1,0	2,0	-	1,0	-	-	25,1	24,9
372	Draupnir	A	58,5	4,0	21,5	-	3,0	-	1,0	95,6	93,5
378	Gísli Kristján	A	70,5	31,0	0,5	0,5	5,5	-	1,0	125,5	125,1
402	Fensæll	A	57,0	3,5	16,0	-	3,0	-	-	88,4	86,8
411	Aldan	A	47,5	0,5	20,5	-	2,5	-	2,0	78,0	76,1
434	Ólafur	A	20,0	61,5	-	-	24,0	-	-	107,5	106,2
442	Þórdís Guðmundsdóttir	A	19,0	0,5	1,5	-	1,0	-	-	26,2	26,1
450	Geir	A	78,5	225,0	26,5	50,0	12,5	-	-	385,5	377,6
457	Gissur hvíti	A	95,0	14,0	4,5	-	5,0	-	0,5	141,3	140,6
464	Haraldur	A	274,0	2,0	7,0	5,5	15,0	1,5	-	367,4	365,3
483	Guðný	A	222,5	36,5	-	-	12,0	-	301,0	571,9	571,2
491	Katrín	A	21,0	-	-	-	1,0	-	-	27,3	27,2
499	Sæbjörg	A	23,0	22,0	5,5	1,0	1,0	-	0,5	56,7	56,1
500	Gunnar Hámundarson	A	182,0	36,5	1,0	-	10,0	-	-	273,7	273,0
504	Auðbjörg	A	259,5	13,5	1,5	1,0	67,0	-	0,5	398,8	395,0
524	Haflidi	A	15,0	8,0	13,0	-	1,0	-	-	36,7	35,5
525	Haflidi	A	46,0	126,0	1,5	-	41,5	-	4,0	224,9	222,5
526	Halldór Kristjánsson	A	7,0	2,0	7,5	-	0,5	-	-	16,8	16,2
532	Guðborg	A	20,5	0,5	0,5	-	1,0	-	7,5	33,4	33,3
537	Gulltoppur	A	82,5	25,0	-	-	4,5	-	-	131,9	131,7
571	Fossborg	A	45,0	38,0	1,5	-	7,5	-	-	102,7	102,2
573	Hólmsteinn	A	209,5	14,5	21,5	1,0	11,5	-	-	302,3	299,8
586	Björg Jónsdóttir	A	263,0	7,0	0,5	3,0	14,5	2,5	21,5	370,3	369,0
610	Jón Júlí	A	83,5	1,0	-	-	173,5	-	32,0	285,7	276,4
626	Jökull	A	114,0	154,0	57,0	4,5	48,5	-	7,0	388,0	380,0
674	Eldey	H	36,5	9,5	7,5	-	4,0	-	2,5	65,5	64,7
687	Mummi	A	23,0	-	-	-	11,5	-	-	39,2	38,5
712	Kristján	A	84,0	27,0	1,0	-	4,5	-	4,0	140,0	139,7
714	Arnar	A	62,5	-	2,0	-	54,0	-	-	127,3	124,2
720	Bervík	A	207,0	1,0	-	-	90,5	-	-	340,4	335,4
731	Grunnvíkingur	A	197,5	39,5	7,5	-	10,5	-	-	301,0	299,7
739	Sigurbjörg	A	5,5	3,0	7,5	-	7,0	-	0,5	22,3	21,3

Kvotaskiptins: Flokkur 8 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
756	Villi	A	3,5	1,0	8,0	-	-	-	-	11,5	10,8
770	Skuli Hjartarson	A	27,0	-	-	-	27,0	-	-	57,6	56,2
783	Hanna	A	57,5	80,5	48,0	2,5	83,0	-	34,0	288,9	280,0
787	Mars	A	126,5	41,5	1,0	7,5	7,0	-	1,0	212,1	210,9
797	Sæmes	A	149,5	12,5	5,5	1,5	9,0	1,0	9,5	221,3	220,2
839	Sæljon	A	173,5	2,0	6,0	3,5	9,5	-	4,0	237,2	235,9
847	Fridrik Bergmann	A	65,0	0,5	6,0	-	24,5	-	1,5	108,7	106,9
866	Smari	A	44,5	1,0	-	-	2,5	-	15,5	71,3	71,1
869	Gisli Pall	A	49,0	6,0	0,5	-	3,5	-	50,5	112,0	111,7
874	Gulltoppur	A	68,0	56,0	1,0	-	3,5	-	-	144,8	144,5
892	Jon Helgason	A	173,0	11,5	90,5	6,5	9,5	-	0,5	303,3	294,3
893	Skalavik	A	198,0	10,0	1,0	1,0	72,5	-	-	322,9	318,8
903	Skalafell	A	34,5	12,5	0,5	-	2,0	-	-	58,1	57,9
910	Vonin II	A	88,0	13,5	2,0	1,5	6,0	1,0	17,0	146,0	145,3
913	Framfari	A	18,5	4,0	0,5	-	1,0	-	17,0	42,7	42,6
926	Þorsteinn	A	102,5	0,5	0,5	2,0	6,0	-	-	135,5	135,0
928	Þorsteinn	A	111,5	18,0	-	-	6,0	-	14,0	174,2	173,9
929	Svanur	A	237,5	41,5	8,0	-	13,0	-	-	355,7	354,3
939	Halldora Jonsdottir	A	194,0	36,0	19,5	-	15,5	-	185,5	458,3	455,8
949	Fasranes	A	67,0	1,5	7,5	-	3,5	-	0,5	94,0	93,1
956	Sif	A	108,5	6,0	-	-	9,0	-	232,5	339,9	339,4
972	Petur Ingi	A	262,5	9,5	263,5	15,5	18,0	-	8,5	553,2	527,9
992	Byr	A	123,5	56,5	6,0	-	19,5	-	1,0	232,9	231,3
999	Þrymur	A	321,0	35,5	-	-	22,0	-	90,5	530,2	529,0
1052	Orri	A	371,5	58,0	-	0,5	20,0	238,0	538,5	1.160,1	1.141,1
1053	Skalaberg	A	162,0	20,0	3,0	1,5	75,0	1,5	0,5	293,8	289,2
1074	Saxhamar	A	421,5	85,0	9,5	31,5	23,5	4,0	5,5	668,0	662,5
1078	Hrönn	A	5,0	-	-	-	0,5	-	-	6,3	6,3
1079	Ina	A	2,5	-	-	-	-	-	-	3,5	3,4
1081	Fiskanes	A	235,0	7,0	3,0	1,0	13,0	-	24,5	335,0	334,0
1091	Helgi Magnusson	S	36,5	9,5	7,5	-	4,0	-	2,5	65,5	64,7
1092	Hrolfur	A	28,0	5,5	3,0	-	1,5	-	0,5	44,6	44,3
1093	Valborg	A	19,0	7,5	0,5	-	1,0	-	-	32,2	32,1
1094	Frosti II	A	451,5	20,0	10,0	11,0	24,5	41,0	23,5	669,6	663,3
1097	Gudrun Björg	A	111,5	9,0	10,5	1,0	58,5	-	2,0	210,0	205,8
1098	Kristin	A	24,0	17,5	2,0	-	1,5	-	-	50,1	49,8
1103	Otur	A	174,0	-	31,0	3,0	9,5	-	-	249,4	245,9
1105	Gudrun Jonsdottir	A	151,5	1,0	1,5	2,0	8,0	0,5	1,0	201,1	200,3
1116	Birgir	A	52,5	-	54,5	2,0	3,0	-	-	107,4	102,3
1117	Vördufell	A	21,0	3,0	12,0	-	1,0	-	-	38,6	37,5
1123	Oskar	H	36,5	9,5	7,5	-	4,0	-	2,5	65,5	64,7
1124	Brimir	A	55,0	0,5	12,5	-	3,0	-	2,0	82,2	81,0
1125	Vöttur	A	363,5	39,0	30,5	-	38,0	-	35,0	577,4	572,7
1128	Ingolfur	A	319,5	158,0	97,5	175,0	65,0	7,0	32,5	827,1	797,5
1132	Sæbjörg	A	109,5	-	21,5	-	12,0	-	-	162,4	159,9
1134	Steinunn	A	315,0	32,0	16,5	2,0	17,0	2,5	-	455,5	452,8
1136	Rifsnes	A	448,5	69,5	62,0	7,5	28,5	-	2,0	704,5	696,8
1141	Gudrun Asustsdottir	A	21,5	12,0	-	-	1,5	-	4,5	43,7	43,6
1142	Litlanes	A	81,0	4,0	3,0	-	92,0	-	5,0	193,1	187,8
1144	Aron	A	21,0	-	4,0	-	1,0	-	0,5	30,8	30,3
1151	Skumur	A	38,0	-	49,5	1,5	2,0	-	-	84,8	80,3
1152	Særos	S	36,5	9,5	7,5	-	4,0	-	2,5	65,5	64,7
1153	Sæþor	A	49,5	7,5	-	-	2,5	-	28,0	94,6	94,5
1155	Hafnartindur	A	29,5	14,5	1,0	-	2,0	-	2,5	55,8	55,6
1161	Drifa	A	89,0	2,0	15,0	0,5	5,0	-	-	128,6	127,0
1163	Hafrun	A	63,0	5,0	13,0	-	3,5	-	2,5	98,3	97,0
1167	Gudmundur Þor	A	31,5	2,5	2,0	-	1,5	-	1,5	45,9	45,6
1177	Mavur	A	45,5	0,5	7,5	-	2,5	-	1,0	64,9	64,1
1178	Vidir Trausti	A	172,0	1,0	16,5	1,0	9,5	-	1,0	237,2	235,2
1180	Björgvin	A	56,5	1,5	0,5	-	3,0	-	6,0	80,0	79,8
1185	Hinrik	A	39,5	12,0	2,5	-	2,5	-	1,0	65,9	65,5

Kvotaskiptins: Flokkur B 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1186	Ásgeir	A	147,5	3,0	2,5	-	8,0	-	8,0	202,6	201,9
1188	Sæbjörg	A	58,0	7,0	0,5	-	3,5	-	10,0	91,1	90,8
1189	Þorkell Björn	A	77,5	32,0	21,0	-	16,5	-	7,0	163,9	161,2
1195	Stefán Rósnvaldsson	A	135,0	-	11,5	5,5	39,0	-	-	215,5	211,8
1197	Hrefna	A	13,0	-	11,5	-	0,5	-	-	24,5	23,5
1198	Trausti	A	51,0	10,5	0,5	-	3,0	-	5,0	81,2	81,0
1201	Guðbjörg	A	108,0	23,0	1,0	1,0	274,0	-	-	402,8	387,8
1210	Hásnus	A	119,0	-	23,5	-	6,5	-	-	171,0	168,6
1217	Sóley	A	61,0	48,5	-	-	3,5	-	6,0	133,2	133,0
1218	Fönix	A	44,0	0,5	3,5	-	2,5	-	0,5	60,6	60,1
1220	Særi	A	52,0	9,5	16,5	-	3,5	-	2,0	90,8	89,2
1223	Freyja	A	226,0	494,5	55,0	25,0	72,0	-	8,5	903,3	892,2
1224	Þerney	A	60,5	-	5,0	-	3,5	-	0,5	82,3	81,7
1225	Áron	A	2,5	-	3,0	-	-	-	-	5,3	5,0
1226	Hlýri	A	27,5	18,0	0,5	0,5	1,5	-	5,0	58,5	58,3
1227	Pétur Jacob	A	39,0	24,5	0,5	-	2,0	-	-	75,5	75,3
1230	Gulltindur	A	20,0	0,5	3,5	-	1,0	-	-	29,1	28,8
1231	Þorkell Árnason	A	163,5	29,0	4,0	1,0	9,0	-	-	244,6	243,7
1233	Sæfinnur	A	8,5	-	23,5	-	0,5	-	-	27,4	25,4
1237	Litlanes	A	43,5	2,0	-	-	13,5	-	89,0	141,1	140,4
1243	Örvar	A	34,0	2,5	-	-	2,0	-	11,0	55,3	55,2
1245	Stokksey	A	223,0	585,0	126,0	19,5	16,5	-	0,5	980,1	966,4
1248	Bliki	A	44,5	3,0	6,0	-	2,5	-	5,0	68,6	67,9
1250	Kári	A	58,0	-	9,0	-	3,0	-	1,0	82,9	81,9
1251	Knarrarnes	A	64,0	20,0	-	-	3,5	-	11,0	111,8	111,6
1259	Kristján S. Jónsson	A	37,0	5,0	-	-	2,0	-	-	53,3	53,2
1260	Ásúst	A	28,0	14,0	0,5	-	1,5	-	-	50,5	50,4
1261	Bergkvist	A	22,0	2,5	0,5	-	1,0	-	14,0	42,8	42,7
1262	Rúna	A	120,0	56,0	2,0	-	7,0	-	55,5	258,8	258,2
1267	Faldur	A	95,5	4,5	9,5	-	61,0	-	2,0	186,9	182,7
1271	Fram	A	65,0	35,5	27,5	-	3,5	-	13,5	150,0	147,4
1282	Húsbóndi	A	138,0	0,5	-	-	105,0	-	-	266,0	260,3
1288	Eyfell	A	49,5	1,0	8,0	-	2,5	-	2,0	72,2	71,4
1294	Sæljómi	A	67,5	19,5	12,0	-	3,5	-	3,5	118,9	117,7
1295	Sólberg	A	67,5	5,5	13,0	-	10,0	-	2,5	110,0	108,3
1305	Guðbjörg	A	112,5	-	-	0,5	6,0	-	-	146,6	146,1
1311	Rúna	A	14,5	2,0	-	-	1,5	-	3,5	24,7	24,6
1312	Sigurbára	S	36,5	9,5	7,5	-	4,0	-	2,5	65,5	64,7
1316	Hersilsey	A	32,0	5,5	12,0	0,5	2,0	-	3,5	58,9	57,7
1318	Sæþór	A	198,5	2,0	3,0	2,5	11,0	-	0,5	263,9	262,8
1319	Nunni	A	85,5	6,5	19,5	-	5,0	-	-	131,4	129,5
1320	Þórir	A	47,0	-	0,5	-	2,5	-	-	61,5	61,3
1329	Bára	A	54,0	10,0	3,5	-	14,5	-	0,5	93,3	92,2
1331	Margret	M	58,5	4,0	7,5	-	10,0	-	13,5	102,6	101,3
1332	Sigrún	A	50,5	10,5	-	-	2,5	-	-	75,8	75,7
1334	Haförn	A	142,0	0,5	14,5	1,0	24,5	-	-	209,9	207,2
1350	Oddur Jónsson	A	16,5	5,5	3,0	-	1,5	-	2,0	31,3	31,0
1353	Víðar	A	138,0	3,0	15,5	1,5	7,5	-	1,0	194,7	192,8
1357	Niels Jónsson	A	137,5	0,5	18,0	0,5	7,5	-	-	191,8	189,8
1364	Sóley	A	20,5	-	0,5	-	1,0	-	-	27,2	27,1
1377	Gullfari	A	58,5	9,0	87,5	-	3,0	-	-	145,6	137,8
1390	Jón Guðmundsson	A	40,5	6,5	2,5	-	5,5	-	46,5	101,4	100,9
1414	Aðalbjörg II	M	133,0	38,5	6,0	0,5	85,5	-	11,0	294,8	289,6
1415	Frodi	A	334,0	53,5	19,0	20,0	18,5	-	0,5	514,3	509,6
1417	Sólrún	A	83,5	-	2,0	2,0	4,5	-	-	111,5	110,9
1419	Bjarsey	A	126,0	-	56,0	-	7,0	-	-	202,6	197,3
1420	Kristbjörg	A	173,0	8,5	1,5	4,5	25,0	2,5	1,0	253,4	251,3
1423	Þorsteinn	A	85,5	5,5	10,0	-	4,5	-	2,5	125,5	124,4
1438	Heiðrún	A	91,0	0,5	4,0	1,0	40,0	-	1,0	153,6	151,0
1445	Fanney	A	154,0	5,0	16,0	1,0	8,5	-	6,5	221,7	219,8
1452	Þorleifur	A	102,0	-	10,5	0,5	25,5	0,5	-	157,7	155,3

Kvotaskiptingi Flokkur B 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
1455	Björn Sigurdsson	S	36,5	9,5	7,5	-	4,0	-	2,5	65,5	64,7
1458	Farsæll	A	305,0	54,5	18,0	32,5	38,0	-	1,5	503,7	496,9
1464	Sædis	H	133,0	38,5	6,0	0,5	85,5	-	11,0	294,8	289,6
1468	Reykjaborg	A	79,5	49,5	1,5	-	296,5	1,0	1,0	414,8	398,5
1470	Már	A	130,0	49,5	2,0	-	89,0	-	25,0	313,1	308,1
1475	Sæborg	A	162,5	5,5	2,0	2,5	9,0	4,5	2,0	224,4	223,2
1480	Örn	A	44,0	12,5	8,5	1,5	3,0	-	-	77,4	76,3
1489	Anny	A	16,5	0,5	-	-	25,5	-	57,5	91,4	90,0
1490	Arnarborg	A	32,0	3,0	0,5	-	1,5	-	-	44,9	44,7
1499	Sæljón	A	142,5	38,5	0,5	-	11,0	-	138,5	340,5	339,9
1511	Johannes Gunnar	A	33,0	2,5	11,5	-	7,0	-	2,5	59,8	58,5
1513	Geysir	A	3,0	-	6,5	-	-	-	-	8,2	7,6
1524	Ingimar Magnusson	A	99,5	28,5	-	-	11,5	-	135,5	274,2	273,6
1527	Særun	A	221,0	21,0	0,5	0,5	12,0	-	0,5	308,5	307,8
1533	Ragnar	A	84,0	24,5	33,0	-	4,5	-	7,0	162,2	159,1
1538	Eldhamar	A	68,0	6,0	2,5	0,5	16,0	-	12,0	116,8	115,7
1546	Gestný Þordardottir	A	7,0	-	-	-	0,5	-	11,5	18,6	18,5
1550	Gudmundur B. Þorlaksson	A	32,0	1,5	3,0	-	5,0	-	26,5	69,4	68,8
1564	Byr	A	64,5	7,0	0,5	-	6,0	-	71,5	151,9	151,6
1570	Knörr	A	12,0	0,5	1,0	-	0,5	-	-	16,9	16,7
1574	Otto Wathne	A	314,5	308,0	133,0	8,5	26,0	1,5	61,0	873,7	859,9
1575	Njall	A	121,0	25,5	5,5	-	7,0	-	-	186,9	186,0
1581	Halldor Runolfsson	A	166,5	20,0	13,0	0,5	9,0	-	19,0	261,1	259,5
1587	Sissi Bjarna	A	147,0	5,0	13,5	0,5	11,5	-	3,5	211,9	210,1
1591	Nupur	A	415,0	70,0	1,0	2,0	22,5	36,0	18,5	653,2	648,9
1595	Helga Joh	A	291,5	300,0	170,5	36,5	39,0	-	10,5	850,8	830,3
1600	Gullfaxi	A	52,5	3,5	0,5	-	6,5	-	9,0	82,6	82,2
1611	Valur	A	136,0	44,5	8,0	-	7,5	-	-	226,9	225,8
1622	Sæey	A	312,5	315,5	102,5	106,5	59,5	-	8,0	905,6	883,1
1626	Hafrenningur	H	278,0	48,5	88,0	32,0	26,0	6,5	8,5	512,9	500,3
1629	Eyvindur Vopni	H	352,5	72,5	24,0	4,5	25,0	54,5	195,5	756,2	748,2
1632	Birgir Þor	A	22,0	-	6,5	-	1,0	-	-	33,2	32,6
1636	Farsæll	H	133,0	38,5	6,0	0,5	85,5	-	11,0	294,8	289,6
1638	Jon Þordarson	H	283,0	109,0	60,0	30,5	21,5	7,0	21,5	566,2	556,3
1639	Jon E. Bjarnason	H	167,5	165,5	37,5	11,5	30,0	-	8,5	442,4	436,4
1640	Patrekur	H	283,0	109,0	60,0	30,5	21,5	7,0	21,5	566,2	556,3
1642	Laxdal	H	58,5	4,0	7,5	-	10,0	-	13,5	102,6	101,3
1644	Robert	H	36,5	9,5	7,5	-	4,0	-	2,5	65,5	64,7
1666	Stakkur	S	36,5	9,5	7,5	-	4,0	-	2,5	65,5	64,7

Kvotaskiptins: Flokkur 8 29- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
77	Kari	M	167,5	165,5	37,5	11,5	20,5	-	8,5	434,3	428,8
325	Bröfn	S	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0
442	Þórdís Guðmundsdóttir	M	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0
537	Gulltoppur	M	133,0	38,5	6,0	0,5	78,0	-	11,0	288,4	283,6
787	Mars	M	167,5	165,5	37,5	11,5	20,5	-	8,5	434,3	428,8
992	Byr	M	133,0	38,5	6,0	0,5	78,0	-	11,0	288,4	283,6
1117	Vörðufell	M	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0
1124	Brimir	M	58,5	4,0	7,5	-	6,5	-	13,5	99,7	98,7
1225	Aron	M	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0
1230	Gulltindur	M	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0
1311	Runa	S	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0
1350	Oddur Jonsson	S	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0
1364	Soley	S	58,5	4,0	7,5	-	6,5	-	13,5	99,7	98,7
1452	Þorleifur	M	129,0	5,5	8,0	1,5	22,5	0,5	4,5	197,3	195,2
1511	Johannes Gunnar	M	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0
1546	Gestný Þórðardóttir	S	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0

Kvotaskiptins: Medalkvotar v/vals - Flokkur 8 29- 2-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1	1	36,5	9,5	7,5	-	2,0	-	2,5	63,8	63,0
1	2	133,0	38,5	6,0	0,5	78,0	-	11,0	288,4	283,6
1	3	167,5	165,5	37,5	11,5	20,5	-	8,5	434,3	428,8
1	4	283,0	109,0	60,0	30,5	6,5	7,0	21,5	552,5	543,5
1	5	276,5	48,5	88,0	32,0	9,5	6,5	8,5	495,6	483,9
2	1	58,5	4,0	7,5	-	6,5	-	13,5	99,7	98,7
2	2	129,0	5,5	8,0	1,5	22,5	0,5	4,5	197,3	195,2
2	3	197,0	14,0	4,0	1,5	1,0	0,5	65,5	318,6	318,0
2	4	352,5	72,5	24,0	4,5	6,0	54,5	195,5	739,1	732,2
2	5	371,5	58,0	-	0,5	-	238,0	538,5	1.142,2	1.124,3

UTHLUTAÐUR KVOTI - FLOKKUR 8

Fisktes.	Kvoti (sl)	Þ.a.erl.	Kvoti (osl)	Mismunir	Viðbót
Þorskur	1175.5	0.0	1469.4	0.1	373.0
Ysa	507.0	0.0	633.8	1.3	337.5
Ufsi	177.5	0.0	221.9	-0.6	93.5
Karfi	25.5	0.0	25.5	1.5	14.5
Skarkoli	250.5	0.0	272.3	-0.5	166.0
Grálúða	0.5	0.0	0.5	0.1	-0.5
Steinb.	93.0	0.0	103.3	-2.4	63.0

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 1

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	5.0	11.5	24.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	1.5	3.5	23.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	1.0	0.5	5.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	1.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.5	7.0	3.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.5	1.0	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	57.	20.	13.	12.	7.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	3.	3.	1.	3.	2.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	4.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	7.	21.	49.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 2

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	2.5	6.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	0.0	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	0.5	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	0.5	1.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	48.	22.	14.	8.	1.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	2.	0.	0.	1.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	3.	7.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.

UTHLUTAÐUR KVOTI - FLOKKUR 8

Fisktes.	Kvoti (sl)	P.a.erl.	Kvoti (osl)	Mismunir
Þorskur	27099.5	108.3	33874.4	-0.8
Ysa	7343.0	71.7	9178.8	-2.5
Ufsi	3858.5	57.5	4823.1	0.6
Karfi	1071.0	17.0	1071.0	2.0
Skarkoli	4924.0	58.0	5352.2	-0.1
Graluda	941.0	22.2	1022.8	2.1
Steinb.	4944.5	18.0	5493.9	-0.8

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 1

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	38.0	135.5	168.5	284.5	310.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	10.0	41.0	167.5	109.5	55.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	8.0	6.5	38.0	61.0	101.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	0.5	12.0	31.0	36.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	4.0	90.5	30.0	22.0	30.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluda	0.0	0.0	0.0	8.0	8.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	2.5	12.0	8.5	21.5	10.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	57.	20.	13.	12.	7.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	3.	3.	1.	3.	2.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	4.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Igildi	55.	250.	357.	456.	459.	0.	0.	0.	0.

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 2

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	59.0	129.0	197.0	356.5	371.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Ysa	4.5	5.5	14.0	74.0	58.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ufsi	7.5	8.0	4.0	24.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Karfi	0.0	1.5	1.5	4.5	0.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Skarkoli	10.0	29.5	12.0	26.5	20.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Graluda	0.0	0.5	0.5	54.5	238.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Steinb.	13.5	4.5	65.5	196.5	538.5	0.0	0.0	0.0	0.0
Skfj.ak.	48.	22.	14.	8.	1.	0.	0.	0.	0.
Skfj.mk.	2.	0.	0.	1.	0.	0.	0.	0.	0.
Skfj.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Igildi	84.	164.	269.	629.	978.	0.	0.	0.	0.

Kvotaskipting: Adalforsendur - Flokkur: 9 29- 2-1984

	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.
Afli an leidrettinga							
Raunafli	551175.7	99265.6	94589.6	314712.7	5723.5	71763.4	10485.2
Aætladur afli	54778.6	9207.0	7864.8	24282.0	388.9	5210.2	911.3
Skerding	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reikniafli	605954.3	108472.6	102454.4	338994.8	6112.4	76973.6	11396.5
Leidrettingar v/uppfærslu i medaltal							
Raunafli	34640.2	5064.7	4599.9	11137.0	98.0	4725.5	506.8
Aætladur afli	5252.1	822.7	442.8	1030.8	31.7	543.9	72.6
Skerding	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reikniafli	39892.3	5887.3	5042.7	12167.8	129.7	5269.4	579.5
Leidrettur reikniafli							
Raunafli	551175.7	99265.6	94589.6	314712.7	5723.5	71763.4	10485.2
Aætladur afli	54778.6	9207.0	7864.8	24282.0	388.9	5210.2	911.3
Skerding	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reikniafli	605954.3	108472.6	102454.4	338994.8	6112.4	76973.6	11396.5
Heild kolaskipt.	0.0						
Isildi an verdb.	1.000	0.871	0.594	0.692	0.736	0.565	0.808
Isildi m. verdb.	1.000	0.871	0.506	0.586	0.681	0.556	0.808
Umreikn.stuðlar	0.80	0.80	0.80	1.00	0.92	0.92	0.90
Skerding i %	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
Medalverð $/kg.	0.42	0.36	0.25	0.29	0.31	0.24	0.34

Dollaragengi:

5.70 5.96 6.25 6.45 6.55 6.64 6.86 7.30 7.46 7.65 7.81 7.71
8.03 8.21 9.45 9.63 10.01 10.33 10.58 11.19 11.83 13.34 14.49 15.21
16.12 16.47 18.50 19.24 20.69 21.46 23.09 27.40 27.69 28.08 28.07 27.87
28.19 28.65

Skipafjöldi med almennan kvota: 91.
Skipafjöldi med medalkvota....: 12.
Skipafjöldi med soknarkvota...: 0.
Medalskerdingarhlutfall.....: 0.000

	Afli tes.	Afl.Þorsks
Þorskur	108294.	0.
Ysa	31287.	0.
Ufsi	37746.	0.
Karfi	104630.	0.
Skarkoli	2842.	5110.
Graluda	28234.	0.
Steinb.	5717.	0.

Kvotaskipting: Aðalforsendur - Flokkur: 9 29- 2-1984

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.
Meðalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 7 - Skipafj. A-kvóti 29. - Skipafj. M-kvóti 4.							
Raunafli	3930.4	915.1	1096.5	4749.8	43.0	350.9	104.4
Áætlaður afli	266.5	51.3	58.7	234.5	2.1	20.6	6.0
Skerðing	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reiknaafli	4196.9	966.4	1155.2	4984.3	45.1	371.5	110.4
Meðalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 8 - Skipafj. A-kvóti 5. - Skipafj. M-kvóti 0.							
Raunafli	918.2	548.2	360.2	1255.5	46.2	4.1	23.2
Áætlaður afli	1314.4	265.1	259.6	1103.8	9.0	74.6	30.0
Skerðing	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reiknaafli	2232.6	813.2	619.7	2359.3	55.2	78.7	53.3
Meðalafli - Svæði 1 - Stærðarfl. 9 - Skipafj. A-kvóti 10. - Skipafj. M-kvóti 1.							
Raunafli	3018.8	594.0	1620.8	5959.9	24.2	541.7	80.0
Áætlaður afli	243.0	73.1	129.4	362.4	1.4	8.0	4.9
Skerðing	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reiknaafli	3261.8	667.1	1750.1	6322.3	25.6	549.7	84.9
Meðalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 7 - Skipafj. A-kvóti 38. - Skipafj. M-kvóti 6.							
Raunafli	7393.9	1157.6	718.8	1342.6	71.8	1004.1	108.0
Áætlaður afli	605.3	88.2	53.7	100.8	4.3	60.0	8.3
Skerðing	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reiknaafli	7999.2	1245.8	772.6	1443.5	76.1	1064.1	116.4
Meðalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 8 - Skipafj. A-kvóti 4. - Skipafj. M-kvóti 1.							
Raunafli	3676.7	558.5	249.6	96.4	53.4	101.6	70.8
Áætlaður afli	1169.9	180.2	96.5	159.1	7.3	119.7	15.7
Skerðing	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reiknaafli	4846.6	738.7	346.1	255.5	60.7	221.3	86.5
Meðalafli - Svæði 2 - Stærðarfl. 9 - Skipafj. A-kvóti 5. - Skipafj. M-kvóti 0.							
Raunafli	6235.7	1006.5	741.3	3912.2	110.4	1581.2	164.9
Áætlaður afli	397.9	45.0	34.7	247.5	4.7	116.9	6.6
Skerðing	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Reiknaafli	6633.7	1051.5	775.9	4159.7	115.1	1698.0	171.5

Kvotaskipting: Flokkur 9 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
978	Sigurpall	A	216,5	70,0	52,5	14,5	29,5	-	2,5	421,4	412,3
1121	Arsæll Sigurdsson	A	636,0	260,0	230,0	466,0	95,5	57,0	29,5	1.709,6	1.628,5
1253	Karlsefni	A	490,5	150,0	361,5	2.331,5	42,5	110,5	50,5	2.806,4	2.515,5
1265	Visir	A	558,5	162,0	588,0	2.428,5	69,5	590,0	60,5	3.464,4	3.132,1
1268	Ósk	A	619,0	209,5	487,0	2.274,0	40,0	348,0	30,5	3.211,2	2.910,5
1270	Bjarni Benediktsson	A	533,0	112,0	286,5	2.093,5	35,0	278,0	29,0	2.675,6	2.417,1
1273	Vestmannaey	A	570,5	351,5	645,5	1.349,0	42,5	5,5	31,0	2.573,8	2.357,0
1274	Pall Palsson	A	1.734,0	273,5	351,5	483,0	140,5	693,5	91,0	3.680,4	3.575,3
1275	Hoffell	A	1.085,0	582,5	378,0	384,0	58,5	106,5	30,0	2.676,2	2.589,3
1276	Dransey	H	1.167,5	289,5	228,0	458,0	96,0	363,0	53,0	2.608,2	2.525,2
1277	Ljosafell	A	1.065,0	540,5	361,5	224,5	60,0	103,0	46,5	2.496,6	2.428,3
1278	Bjartur	A	1.285,0	447,0	515,0	297,5	70,0	38,5	22,0	2.780,7	2.687,8
1279	Brettingur	A	1.097,5	305,5	215,5	171,5	60,5	146,0	33,5	2.151,3	2.104,3
1280	Raudinupur	A	959,0	268,5	104,0	170,0	115,0	270,5	43,5	1.983,0	1.944,0
1281	Olafur Bekkur	A	1.026,0	230,5	126,5	300,0	110,5	302,5	41,0	2.145,8	2.090,5
1285	Bersvik	A	558,5	163,0	193,5	1.240,0	56,5	198,5	50,0	2.089,5	1.931,3
1302	Gudbjartur	A	1.147,5	253,0	143,5	751,0	104,5	319,5	79,5	2.687,7	2.582,9
1307	Arnar	A	1.353,0	312,0	185,5	405,5	159,0	473,5	73,0	2.933,5	2.855,8
1308	Juni	A	440,5	181,0	580,5	2.341,5	31,0	71,5	44,5	2.908,9	2.593,9
313	Bessi	A	1.416,0	165,0	192,0	627,0	112,0	806,5	64,0	3.168,9	3.066,7
1325	Otur	A	712,5	201,5	182,5	1.650,5	55,0	207,5	53,0	2.607,1	2.406,6
1326	Stalvik	A	1.061,5	245,0	144,0	249,0	102,5	256,5	30,0	2.139,5	2.088,6
1327	Framnes I	A	1.014,5	192,5	245,5	680,5	97,5	481,0	96,0	2.591,3	2.481,6
1328	Snorri Sturluson	A	351,0	126,5	1.487,5	2.941,5	22,0	30,5	28,0	3.779,0	3.301,3
1337	Skafti	H	1.152,5	292,5	228,5	446,0	101,0	360,0	53,5	2.587,8	2.505,8
1339	Krossvik	A	610,0	256,5	290,5	1.796,0	67,5	146,5	94,5	2.730,0	2.502,0
1342	Sveinn Jonsson	A	543,5	229,5	452,0	2.387,0	39,0	82,5	60,0	3.053,4	2.747,2
1345	Ingolfur Arnarson	A	529,0	136,5	672,0	2.404,5	33,5	80,0	43,5	3.088,9	2.756,9
1346	Holmanes	A	1.061,5	476,5	322,0	514,5	57,0	326,0	44,0	2.726,1	2.629,5
1347	Jon Vidalin	H	600,5	223,0	341,5	1.558,5	52,0	125,5	50,0	2.488,9	2.281,6
1348	Adalvik	A	485,5	160,5	229,5	1.322,0	41,0	129,5	68,0	2.041,1	1.871,8
1349	Sigluvik	A	917,5	149,0	114,0	375,5	88,5	382,0	52,0	2.005,6	1.944,3
1351	Slettbakur	A	843,5	340,0	168,0	1.782,5	96,0	412,0	127,0	3.227,6	3.010,2
1352	Svalbakur	A	1.088,0	234,0	345,5	1.372,0	131,5	529,0	88,5	3.330,4	3.133,8
1355	Björgvin	A	1.009,0	241,5	143,5	437,5	91,5	491,5	42,5	2.346,4	2.274,0
1360	Ensey	A	385,5	121,5	395,0	1.937,0	22,0	263,0	29,5	2.454,6	2.201,6
1363	Snæfugl	A	813,5	287,5	291,5	834,5	56,0	233,0	51,5	2.358,9	2.232,6
1365	Videy	A	444,0	122,0	382,0	1.841,0	44,0	300,5	39,5	2.501,7	2.258,7
369	Akureyrin	A	379,0	123,0	150,5	795,5	43,0	242,5	35,5	1.485,8	1.380,0
1376	April	A	739,5	382,0	555,0	1.393,0	77,5	15,5	67,5	2.849,4	2.635,6
1378	Haukur	H	600,0	223,0	341,0	1.567,5	52,0	125,5	50,0	2.494,7	2.286,5
1393	Sveinborg	A	508,5	159,0	191,0	663,0	63,0	122,0	53,5	1.583,1	1.486,7
1395	Kaldbakur	A	1.362,5	259,5	165,5	1.109,5	113,5	1.177,5	45,0	3.731,1	3.577,0
1397	Solberg	A	1.357,0	212,0	137,0	216,0	91,5	287,0	46,0	2.468,7	2.422,5
1407	Sigfirdingur	H	1.160,0	304,5	231,5	457,5	144,5	362,5	54,5	2.657,6	2.571,3
1408	Runolfur	A	920,0	181,5	285,5	1.195,5	111,0	182,0	60,0	2.641,8	2.475,1
1410	Dagrun	A	1.394,0	291,5	321,5	552,0	107,0	655,5	112,0	3.269,5	3.162,8
1412	Hardbakur	A	1.085,0	268,5	333,5	1.440,0	123,5	513,0	95,0	3.392,9	3.191,0
1433	Sindri	A	589,0	389,0	410,5	1.539,0	33,0	36,5	16,5	2.594,0	2.383,1
1435	Haraldur Bödvarsson	A	639,5	261,5	319,0	2.731,0	61,0	245,0	84,0	3.486,4	3.155,5
1441	Hjörleifur	A	396,0	215,5	218,5	2.210,0	40,0	123,0	61,0	2.583,5	2.321,3
1442	Snæfell	A	898,0	128,0	115,5	387,0	73,0	279,5	28,0	1.871,5	1.810,6
1449	Erlingur	A	667,0	264,5	297,0	1.276,5	62,0	191,0	53,5	2.441,2	2.267,5
1451	Gullir	A	1.305,5	166,5	207,5	748,0	102,0	591,5	54,0	2.978,8	2.864,7
1459	Breki	A	763,0	411,0	650,5	1.754,0	43,5	67,0	26,0	3.197,7	2.936,7
1462	Julius Havsteen	A	796,5	175,5	161,0	83,0	68,0	71,5	83,0	1.536,8	1.505,5
1471	Olafur Jonsson	A	453,5	133,5	310,0	2.331,5	34,5	160,0	40,5	2.718,7	2.433,6
1472	Klakkur	A	616,0	397,0	465,5	1.121,0	36,0	62,0	30,5	2.418,6	2.245,6
1473	Bjarni Herjolfsson	H	604,0	225,0	359,5	1.568,5	52,0	125,5	51,5	2.517,5	2.307,2
1474	Gullberg	A	1.046,5	487,5	204,5	454,5	56,5	122,0	33,5	2.455,6	2.380,2
1476	Björgulfur	A	1.191,0	145,5	125,5	487,0	84,0	450,0	38,0	2.455,7	2.380,9

Kvotaskipting: Flokkur 9 19- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1478	Bersey	A	593,0	119,0	212,5	569,0	49,0	34,5	28,5	1.508,3	1.421,2
1481	Dalborg	A	778,5	110,0	38,0	20,0	121,0	5,0	25,5	1.257,7	1.244,0
1482	Elin Þorbjarnardottir	A	1.186,5	203,0	185,0	709,5	90,0	422,0	89,5	2.744,6	2.639,5
1484	Mai	A	620,0	226,5	415,5	1.900,0	39,5	34,0	39,5	2.733,1	2.483,1
1492	Hegranes	A	758,5	206,0	140,0	674,0	68,5	188,5	38,0	1.948,0	1.855,1
1495	Birtingur	A	1.156,0	422,0	265,5	331,0	62,0	66,0	23,0	2.441,8	2.373,1
1497	Kambaröst	A	1.093,5	713,0	539,0	330,5	59,5	113,0	36,5	2.922,0	2.822,9
1505	Asgeir	A	524,0	132,5	416,0	2.094,0	41,0	24,0	53,5	2.653,9	2.383,2
1506	Heidrun	A	967,0	292,0	208,5	415,0	112,0	277,5	92,0	2.311,9	2.235,5
1507	Sigurey	A	943,0	253,5	162,0	627,5	107,0	486,0	70,0	2.456,5	2.361,0
1508	Oskar Magnusson	A	678,5	333,5	424,0	1.664,5	50,5	65,0	86,0	2.835,7	2.608,7
1509	Asbjörn	A	573,5	208,0	567,5	1.851,5	39,0	44,5	55,5	2.755,3	2.493,5
1514	Arinbjörn	A	651,0	248,5	338,5	1.693,5	55,0	119,0	70,0	2.688,1	2.466,7
1526	Ymir	A	397,5	148,5	159,5	1.207,0	72,5	184,5	33,0	1.814,1	1.662,3
1529	Þorlakur	H	600,0	223,0	340,5	1.538,5	52,0	125,5	50,0	2.474,0	2.269,0
1530	Sigurbjörg	A	1.444,0	188,0	159,5	494,0	183,0	499,5	44,0	2.963,1	2.877,3
1534	Talknfirdingur	A	1.052,5	265,0	177,5	764,0	177,5	739,0	112,0	2.961,8	2.843,3
1536	Julius Geirmundsson	A	1.598,5	242,5	200,5	543,5	180,5	736,5	71,5	3.448,8	3.351,1
1548	Bardi	A	1.212,0	296,5	380,0	301,5	68,0	96,5	21,0	2.460,8	2.381,9
552	Mar	A	1.057,5	143,5	412,0	928,5	82,5	355,0	45,5	2.751,9	2.599,6
1553	Jon Baldvinsson	A	658,0	174,0	448,0	2.467,0	38,5	193,5	34,0	3.232,8	2.917,6
1556	Sölvi Bjarnason	A	1.074,5	173,0	237,0	703,0	84,0	357,5	70,0	2.543,9	2.434,7
1558	Dagstjarnan	H	472,5	158,0	519,0	1.974,0	42,5	185,5	41,0	2.699,0	2.428,0
1566	Aspor	A	465,0	155,5	214,0	1.452,5	33,0	45,5	43,5	2.008,2	1.828,1
1567	Holmatindur	A	1.013,5	510,5	294,5	387,0	57,5	242,0	33,5	2.534,3	2.454,9
1576	Kolbeinsey	A	1.217,0	169,5	333,0	230,5	86,0	456,0	41,5	2.498,7	2.427,9
1578	Otto N. Þorlaksson	A	673,5	165,0	628,5	3.092,0	45,0	160,5	55,0	3.812,6	3.411,0
1579	Gudbjörg	A	1.968,5	281,0	221,0	828,5	121,0	690,0	88,5	4.104,1	3.977,9
1585	Sigurfari II	A	638,0	227,0	293,0	1.580,0	91,0	185,5	71,0	2.606,9	2.399,7
1598	Örvar	A	1.282,0	310,5	159,0	287,5	125,5	627,0	37,0	2.776,5	2.714,9
1602	Sjoli	A	354,0	239,5	206,5	968,0	34,0	30,5	32,5	1.601,6	1.473,9
1603	Sunnutindur	A	1.034,5	447,5	337,5	291,0	66,0	194,5	45,5	2.445,6	2.371,7
1605	Haförn	A	421,5	253,5	373,5	1.026,5	50,5	55,5	33,5	1.895,3	1.741,6
1608	Baldur	A	752,0	149,0	106,0	96,0	56,0	123,0	18,5	1.384,6	1.358,2
1609	Stakfell	A	1.242,0	231,5	222,0	313,5	89,5	373,0	40,5	2.523,2	2.456,5
1612	Skipaskagi	A	413,5	287,5	188,5	1.343,0	57,0	32,5	38,5	1.999,1	1.832,2
1615	Keilir	A	198,5	94,5	93,5	289,5	36,0	14,0	14,5	671,2	627,9
1628	Slettanes	H	1.143,5	287,5	227,5	445,5	94,5	359,0	52,5	2.563,5	2.482,0
1630	Krossanes	A	462,5	265,5	109,5	117,0	37,0	106,0	33,5	1.154,5	1.126,8
1634	Holmadrangur	H	1.143,5	287,5	227,5	445,5	94,5	359,0	52,5	2.563,5	2.482,0
1645	Hafnarey	H	693,0	170,5	102,0	79,0	63,5	74,5	39,0	1.313,9	1.289,7
1661	Gullver	H	1.143,5	287,5	227,5	445,5	94,5	359,0	52,5	2.563,5	2.482,0

Kvotaskipting: Flokkur 9 29- 2-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluða	Steinb.	Þorskígildi	
978	Sigurpall	M	323,0	191,0	183,0	728,5	23,5	26,5	24,5	1.308,8	1.209,8
.369	Akureyrin	M	964,5	254,5	248,0	1.364,5	51,5	582,0	81,5	3.083,0	2.902,2
1478	Bergey	M	601,0	224,0	342,5	1.551,5	19,5	125,5	50,5	2.461,3	2.256,5
1615	Keilir	M	321,5	188,0	183,0	728,5	24,0	26,5	24,0	1.304,0	1.204,9
1630	Krossanes	M	696,5	180,5	103,0	79,0	26,5	74,5	39,5	1.301,1	1.279,1

Kvotaskipting: Medalkvotar v/vals - Flokkur 9 29- 2-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluða	Steinb.	Þorskígildi	
1	7	600,0	223,0	340,5	1.538,5	19,5	125,5	50,0	2.448,0	2.244,9
1	8	319,0	187,5	182,5	728,0	23,5	26,5	24,0	1.299,9	1.200,8
1	9	466,5	154,0	516,0	1.951,5	11,0	185,5	38,5	2.641,8	2.375,5
2	7	1.143,5	287,5	227,5	445,5	32,5	359,0	52,5	2.513,8	2.436,1
2	8	693,0	170,5	102,0	79,0	26,0	74,5	39,0	1.283,8	1.261,9
2	9	948,5	242,5	228,5	1.284,0	49,0	573,0	77,5	2.969,3	2.799,4

UTHLUTADUR KVOTI - FLOKKUR 9

Fisktes.	Kvoti (sl)	Þ.a.erl.	Kvoti (osl)	Mismunir	Vidbot
Þorskur	2906.5	26.9	3633.1	0.3	1057.0
Ysa	1038.0	26.4	1297.5	-0.2	366.0
Ufsi	1059.5	22.9	1324.4	-0.1	441.0
Karfi	4452.0	94.1	4452.0	-0.4	2666.5
Skarkoli	145.0	3.0	157.6	-0.3	-49.5
Graluda	835.0	8.7	907.6	-0.1	438.0
Steinb.	220.0	5.5	244.4	-0.1	105.5

MEDALKVOTI - SVÆÐI 1

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	18.0	129.0	0.0
Ysa	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	7.0	76.0	0.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	10.5	73.0	0.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	47.0	291.5	0.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.5	9.5	0.0
Graluda	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	4.0	10.5	0.0
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	1.5	9.5	0.0
Skfl.ak.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	29.	5.	10.
Skfl.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	4.	0.	1.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Isildi	0.	0.	0.	0.	0.	0.	61.	423.	0.

MEDALKVOTI - SVÆÐI 2

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	139.5	193.0
Ysa	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	36.0	51.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	20.5	49.5
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	16.0	273.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	5.5	10.5
Graluda	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	15.0	116.5
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	8.0	16.5
Skfl.ak.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	38.	4.	5.
Skfl.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	6.	1.	0.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Isildi	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	209.	508.

UTHLUTAÐUR KVOTI - FLOKKUR 9

Fisktes.	Kvoti (sl)	Þ.á.erl.	Kvoti (osl)	Mismunir
Þorskur	87402.0	769.4	109252.5	2.6
Ysa	25467.0	436.7	31833.8	-0.7
Ufsi	30727.5	531.0	38409.4	0.3
Karfi	106940.0	2308.1	106940.0	-1.9
Skarkoli	7605.0	292.9	8266.3	3.7
Grálúða	26165.0	191.4	28440.2	1.6
Steinb.	5228.0	80.8	5808.9	-1.9

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 1

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	622.5	320.5	506.0
Ysa	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	226.0	189.0	169.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	347.0	183.0	574.0
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	1587.5	728.5	2178.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	55.5	41.5	42.0
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	135.0	26.5	206.5
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	51.5	24.0	42.0
Skfl.ak.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	29.	5.	10.
Skfl.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	4.	0.	1.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	0.	0.	0.	0.	2080.	1067.	2398.

MEÐALKVOTI - SVÆÐI 2

Fisktes.	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(7a)	(8)
Þorskur	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	1169.5	696.5	951.5
Ysa	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	297.5	174.0	245.0
Ufsi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	236.0	103.5	232.5
Karfi	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	455.5	79.0	1300.0
Skarkoli	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	96.5	69.0	101.5
Grálúða	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	365.0	76.0	575.0
Steinb.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0	53.5	40.0	78.0
Skfl.ak.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	38.	4.	5.
Skfl.mk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	6.	1.	0.
Skfl.sk.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.	0.
Ísildi	0.	0.	0.	0.	0.	0.	2127.	1068.	2497.

Efri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Ábyrgð á láni fyrir Arnarflug, frv. 240. mál (þskj. 424). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimild fyrir fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf. á þskj. 424.

Með því frv. sem hér hefur verið lagt fram óskar ríkisstj. heimildar Alþingis til að veita Arnarflugi hf. ríkisábyrgð vegna láns sem taka á til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins og getur numið allt að 1.5 millj. dollara. Áætlun Arnarflugs miðar að því að greiða lausaskuldir fyrirtækisins með hinu nýja láni, sem væntanlega verður tekið til fimm ára. Þessar lausaskuldir eru að langmestu leyti erlendar skuldir og eru vegna viðhalds- og varahlutakostnaðar og eldsneytiskaupa.

Þetta mál var fyrst borið undir stjórnvöld með bréfi Arnarflugs hf. til samgrn. og fjmrn. hinn 25. jan. s. l. Í bréfinu kemur fram að hallarekstur síðustu tveggja ára knýi félagið til að leita þessarar aðstoðar stjórnvalda til að gera því kleift að komast yfir erfiðleika.

Ástæður taprekstursins eru skýrðar í aths. með frv. og vísast þangað um þá hlið málsins.

Til frekari skýringar má geta þess að innanlandsflug fyrirtækisins hefur gengið erfiðlega. Ástæður þess eru að ýmsir þeir staðir sem flogið er til eru litlir og aðstæður erfiðar, m. a. vegna snjóþyngsla og aurbleytu á flugvöllum. Stjórn Arnarflugs hf. hefur upplýst að í athugun sé að endurnýja að hluta til flugvélakost í innanlandsfluginu og með hagkvæmari flugvélum eigi að vera unnt að breyta erfiðri afkomu í innanlandsfluginu mjög til hins betra.

Um millilandaflugið er það að segja að félagið varð fyrir því áfalli að vél félagsins af gerðinni Boeing 720-B var úrskurðuð óhæf til reksturs vegna tæringar. Þá hefur fé félagsins farið í að byggja upp nánast frá grunni allt markaðsstarf á þeim stöðum í Evrópu sem því var úthlutað flugleyfum til, þ. e. Amsterdam, Düsseldorf og Zürich. Allt þetta gerir að verkum að fyrirtækið þarf tíma til að vinna sig út úr þeim erfiðleikum.

Ég vil geta þess að lokum að forráðamenn Arnarflugs hf. telja að rekstraráætlunin sýni að taprekstri verði snúið við á næstu árum. Þessar áætlanir hafa þeir sent samgrn. Forráðamenn Arnarflugs hf. telja að á næstu vikum og mánuðum geti fyrirtækið sett þær tryggingar sem setja þarf ríkisábyrgðasjóði til þess að ríkisábyrgð komi til greina skv. almennum reglum. Fallist hv. Alþingi á frv. þetta mun venjuleg athugun fara fram á eignum félagsins og þeirri athugun verða hraðað sem föng eru á.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég á reyndar sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallar, en vildi beina þeirri beiðni strax til hæstv. fjmrh., vegna þess að mér finnst alveg sjálfsagt að skoða þetta mál ítarlega, hvort hann geti ekki strax orðið a. m. k. nm. fjh.- og viðskn. innan handar með að útvega þeim rekstraráætlanir Arnarflugs fyrir 1984-85, þannig að maður megi kynna sér þetta mál með sem beinustum hætti og gera þar með upp við sig hvort ríkisábyrgð er gerleg. Það má allavega ætla það, án þess að hafa þá yfirsýn sem ég er hérna að biðja um, að eiginfjárstaða fyrirtækisins sé með þeim hætti að ekki sé hægt að taka veð í eignum þess fyrir þessari upphæð og því sé þessi beiðni trúlega til komin. Verður þá að skoða mjög náið hvort rekstraráætlunin gefur tilefni til að ætla að félagið klári sig fram úr þessum vanda á næstu tveim árum. En sé það svo finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að veita þessa heimild.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í framsögu með frv. kemur fram að rekstraráætlanir þær sem hv. 8. þm. Reykv. fer fram á að hv. fjh.- og viðskn. fái til athugunar eru þegar komnar til samgrn., það eru þær upplýsingar sem ég hef, og ég skal óska eftir því að nefndin fái þær áætlanir í hendur. Annars er hér aðeins um heimild að ræða. Að sjálfsögðu verður sú heimild ekki notuð nema tryggt sé að öll veð séu í lagi á þann hátt sem ríkisábyrgðasjóður gerir kröfu til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Bókasafnsfræðingar, frv. 219. mál (þskj. 388). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um bókasafnsfræðinga, sem er 219. mál þessa þings. Þetta er eitt af þeim málum sem fjalla um lögverndun starfsheitis eða öllu heldur heitis sem felur á bak við sig tiltekna menntun. Það hafa risið nokkrar deilur eða ágreiningur um það hvað stendur á bak við starfsheitið bókasafnsfræðingur og frv. þetta er flutt til þess að taka af tvímæli um það. Það er í fyrsta lagi að menntmrh. þarf að gefa út leyfi til þess að maður geti kallað sig bókasafnsfræðing. Ekki er um það að ræða að þetta frv. fjalli um starfsréttindi heldur einungis réttindi til þess að nota þetta starfsheiti. Aftur á móti geta önnur lög fjallað um réttindi sem bundin eru þessu starfsheiti.

Greint er frá þeim skilyrðum sem sett eru skv. þessu frv. í 2. gr. þess til þess að menn megi kallast bókasafnsfræðingar. Þau eru í fyrsta lagi að maður hafi lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafnsfræði sem aðalgrein, en það eru a. m. k. 60 einingar skv. núgildandi reglugerð Háskóla Íslands eða 3 stig skv. eldri reglugerð. Í öðru lagi þeir sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og a. m. k. 60 einingar í bókasafnsfræði við Háskóla Íslands. Í þriðja lagi þeir sem lokið hafa hliðstæðu prófi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað. Í fjórða lagi þeir sem hafa lokapróf frá háskóla og framhaldspróf í bókasafnsfræði til viðbótar. Áður en leyfið er veitt skv. 3. og 4. lið, þ. e. þeim sem hafa lokið prófi erlendis eða hafa lokið háskólaprófi og eru með framhaldsgráðu, skal leita umsagnar Félags bókasafnsfræð-

inga og fastra kennara í bókasafnsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Að öðru leyti er þetta frv. sams konar og svo mörg frumvörp sem flutt hafa verið um réttindi til þess að bera tiltekið starfsheiti sem tákni tiltekna menntun. Um það fjallar þetta frv. og annað ekki.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að óska þess að frv. verði vísað til 2. umr. og legg til að því verði vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Framboð og kjör forseta Íslands, frv. 180. mál (þskj. 324, n. 409). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Breytingar þær sem felast í þessu frv. eru eðlilegar og sjálfsagðar. Allshn. mælir með því að frv. verði samþykkt, eins og nál. á þskj. 409 ber með sér.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, frv. 134. mál (þskj. 171). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Tilefni þessa frv. er þáltill. sem samþykkt var á Alþingi á s. l. ári um staðfestingu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 og bókunar frá 1978. Frv. sama efnis var flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Um ítarlega grg. fyrir frv. þessu skal vísa til athugasemda við þáltill. og einnig athugasemda um þetta lagafrv.

Með þáltill. voru tvö fskj., Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum 1973 og viðbótarbókanir varðandi hann frá 1978. Þetta frv., ef að lögum verður, er hugsað sem heimild til þess að unnt sé að framfylgja samningnum um varnir gegn mengun frá skipum. Einnig er ætlunin að lögin geri kleift að staðfesta breytingar á samningnum, svo og aðra samninga um sama efni sem kunna að verða gerðir.

Í viðauka við samninginn eru allítarlegar reglur um varnir gegn mengun frá skipum. Flestar þeirra snerta ekki íslenska skipaflotann nema að mjög litlu leyti en rétt þykir að fara þá leið hér að setja reglur um þau atriði sem geta varðað íslensk skip sérstaklega og til þess að geta fylgt ákvæðum samningsins og bókunarinnar gagnvart erlendum skipum í íslenskri lögsögu.

Þá má einnig geta þess í þessu sambandi að fram kemur að innan efnahagslögsögunnar hafi Ísland lögsögu að því er varðar verndun hafsins.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. samgn.

Sigríður Dúna Kristmundsdótttir: Virðulegi forseti. Mig langar til þess að spyrja fáeinna spurninga út af þessu frv. um nokkuð sem mér er ekki ljóst af lestri þskj. sem hér liggur. Nær þetta frv. eða sú heimild sem hér er um að ræða til allra skipa innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi, án tillits til þess hvort þau eru íslensk eða erlend, eða nær þetta til íslenskra skipa án tillits til þess hvort þau eru innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eða ekki? Mér finnst mjög óljóst af þessu þskj. um hvort atriðið er að ræða eða hvort um bæði atriðin er að ræða.

Í öðru lagi er vísað í athugasemdunum til þess að lagaheimild skorti til að geta sett reglur um alla þá þætti sem samningurinn og bókunin fjallar um. Ég vildi gjarnan fá að spyrja ráðh. að því hverjir þessir þættir eru og hvort það lagafrv. sem hér er á ferðinni á að ná til þeirra allra. Í framhaldi af því langar mig til að spyrja hvort hér sé eingöngu verið að tala um mengun sjávar af völdum olíu eða hvort verið er að tala um aðra mengunarvalda og, ef svo er, hvort og hvernig þessi lagaheimild nær til losunar eiturefna og geislavirks úrgangs í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. er eingöngu um það að staðfesta þann alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum sem gerður var, eins og ég sagði hér í upphafi, 1973 í London og viðbótarbókun frá 1978. Þessi samningur er mjög langur og mikill og flókinn. Hann nær vitaskuld yfir mengun almennt en hins vegar eru ekki til alþjóðasamningar enn þá um losun eiturefna í hafið en að þeim er unnið og ég svaraði nýlega fsp. í Sþ. um þessi efni sem ég vísa til í því sambandi.

Hér er eingöngu um það að ræða að staðfesta þennan samning og hann nær einnig til minni skipa, sem alþjóðasamningur nær ekki til, þannig að um minni skip gildi nákvæmlega það sama og um þau stærri. Framkvæmd alþjóðasamnings nær eðlilega til lögsögu hverrar þjóðar fyrir sig. Skip erlendra þjóða innan íslenskrar lögsögu eru háð eftirliti af Íslands hendi. Alveg eins eru íslensk skip í lögsögu annarrar þjóðar háð eftirliti þeirrar þjóðar þannig að við höfum gerst aðilar að alþjóðlegu samstarfi. Ég tel að ég hafi þá svarað fsp. hv. þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Skipamælingar, frv. 135. mál (þskj. 172). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi rétt fyrir þinglok og náði ekki fram að ganga. Með samþykkt þess er leitast við að samræma og einfalda þær aðferðir sem hinar ýmsu þjóðir viðhafa við mælingu skipa.

Á s. l. ári, nánar tiltekið 18. júlí, tók gildi ný alþjóðasamþykkt um mælingu skipa, sem gerð var á ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í London 1969. Skv. lögum frá 12. maí 1970, um skipamælingar, var samþykkt að Ísland staðfesti þessa samþykkt og hefur það verið gert. Hins vegar er nauðsynlegt að

breyta lítillega lögum frá 1970 um skipamælingar. Því er með þessu frv. lagt til að Siglingamálastofnun verði heimilað að mæla skip eftir núgildandi reglum jafnframt nýju reglunum, svo lengi sem ástæða þykir til.

Eftir núgildandi mælingarreglu, svokallaðri Oslósamþykkt, er mælieiningin rúmlestir, en samkvæmt nýju mælingarreglunum er stærð skipa mæld í tonnum. Þar er nokkur munur á. Vegna þess að fjölmörg ákvæði í lögum og reglugerðum hér á landi nota rúmlestir sem viðmiðunarmörk mundi tonnaviðmiðun eingöngu valda ruglingi í skipamælingum hér. Og til þess að unnt sé að ákvarða rúmlestatölu skips, þegar stærð þess skv. hinni nýju mælingasamþykkt er fundin í tonnum, er nauðsynlegt að mæla skipið aftur skv. núgildandi mælingarreglu.

Rétt er að geta þess að alþjóðasamþykktin frá 1969 nær aðeins til skipa sem eru 24 metrar að lengd eða meira. Því er óhjákvæmilegt að hafa reglur, sem ráðh. setur, um þau skip sem samþykktin nær ekki til og þess vegna er heimildarákvæði í frv. þess efnis. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Vörumerki, frv. 201. mál (þskj. 358, n. 410). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Í frv. þessu felst sú breyting að niður er felld heimild til málskots til ráðh. í ágreiningsmálum sem varða vörumerki. Í stað þess er sett á stofn svokölluð áfrýjunarnefnd sem á að úrskurða í málum þessum. Ástæðan er talin sú að vörumerkjamál séu nú í höndum starfsmanns rn. og því sé ráðh. ekki eðlilegt áfrýjunarstig. Sé því meira réttaröryggi fólgið í því að skjóta megi málinu til sérstakrar áfrýjunarnefndar. Nokkur kostnaður mun leiða af þessari nýju skipan en þó ekki verulegur. Fram kemur í athugasemdum að það eru ekki nema eitt eða tvö mál á ári hverju sem vísað er til ráðh. Að vísu má gera ráð fyrir því að þeim fjölgi eitthvað þegar hin nýja skipan er tekin upp.

Í vörumerkjalögunum segir í 2. mgr. 12. gr.: „Skráninguna annast vörumerkjaskrárritari er ráðh. skipar." Trúlega hefur verið gert ráð fyrir því að vörumerkjaskrárritari væri sjálfstæður og óháður en ekki starfsmaður rn. En framkvæmdin hefur orðið á annan veg svo sem greint var og lýst er í athugasemdum.

Allshn. telur að eins og framkvæmd þessara mála er nú háttað horfi sú skipan sem frv. gerir ráð fyrir til aukins réttaröryggis í þessum málum og leggur því til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Einkaleyfi, frv. 202. mál (þskj. 359, n. 411). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Með þessu frv. er ætlunin að lögfesta hliðstæðar reglur í ágreiningsmálum varðandi einkaleyfi eins og um vörumerki. Allshn. mælir með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 7. mál (þskj. 7, n. 417). — 2. umr.

Frsm. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. um frv. til l. um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem voru sett 5. apríl 1983, en þá voru mikil vandamál uppi í sjávarútvegi eins og oft áður. Þáv. ríkisstj. tók um það ákvörðun að veita sjálfskuldarábyrgð á allt að 120 millj. kr. vegna vandamála í sjávarútvegi.

Sjútvn. leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Mánudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. 156. mál (þskj. 223). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 88). — Frh. l. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Sjóntækjafræðingar, frv. 63. mál (þskj. 397). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er samið af stjórnskipaðri nefnd, sem fékk það hlutverk, að gera tillögur um starfsemi tengda sjónvernd. Nefndin skilaði svo sínum tillögum til ráðuneytisins.

Einn af þeim þáttum sem nefndinni var falið að gera tillögur um er skipan optikverslunar á landinu og úthlutun gleraugna. Það er einróma álit nefndarinnar, sem samdi þetta, að setja þurfi sem fyrst lög um starfsemi gleraugnafræðinga, eins og það var kallað. Hins vegar breytti Ed. heiti frv. á þann veg að í staðinn fyrir gleraugnafræðingar komi sjóntækjafræðingar, sem er nú heiti frv.

Ed. gerði auk þess þá breytingu á 4. gr. að á eftir orðunum „ótakmarkað starfsleyfi" komi: „að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr." og enn fremur að 6. gr. orðist svo: „Óheimilt er að ráða til hvers konar sjóntækjafræðistarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum."

Í fjórða lagi gerði Ed. fyrrgreinda nafnbreytingu á frv.

Tvisvar áður hefur heilbr.- og trmrn. lagt fram frv. um svipað efni, en þau hafa ekki náð fram að ganga. Ágreiningurinn hefur fyrst og fremst staðið um það hvort setja beri ákvæði inn í slík lög er taki á sjónfræðistörfum. Læknar hafa lagst gegn slíku, enda telja þeir sjónfræðina eina af greinum læknisfræðinnar. Taka frumvarpshöfundar undir það sjónarmið.

Hins vegar er ótækt að láta löggildingu á störfum sjóntækjafræðinga stranda á þessu og því var þetta frv. flutt. Um það var ekki efnislegur ágreiningur í fyrri deild, en þær breytingar gerðar sem ég gerði hér grein fyrir.

Ég fyrir mitt leyti tel þörf á að afgreiða þetta frv. svo að þessu máli sé komið í betra horf. Það er samhljóða álit allra þeirra sem að þessum málum standa. Með því að þetta frv. nái fram að ganga er fyrri ágreiningur úr sögunni þar sem orðið hefur verið við óskum augnlækna í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 222). — Frh. 1. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég var farinn að taka fyrir þáttinn hvert við stefndum. Mér þykir rétt í því sambandi að víkja hér örlítið að mannfjölda á Íslandi og atvinnuskiptingu þess mannfjölda sem er í landinu.

Árið 1982 voru Íslendingar 235 501. Það er talið að árið 1987 verði þeir orðnir 247 352, og 1992 verði þeir orðnir 257 727, 1997 265 357 og árið 2002 verði íbúar á Íslandi 273 827. Þetta er út af fyrir sig ekki mjög mikil breyting. Það er talið að þarna muni fjölga um tæp 40 þúsund. En það er athyglisvert að skoða hina sömu spá um Reykjavík, án þess að þar sé gert ráð fyrir neinum flutningum frá landsbyggðinni til Reykjavíkur, og miða aðeins við það svæði sem ég kalla hitaveitusvæði Reykjavíkur. Þar er að vísu Bessastaðahreppur undanskilinn og í almennri spá um stór-Reykjavík er t. d. Mosfellssveitin yfirleitt höfð með og einnig íbúafjöldi á Kjalarnesi en það geri ég ekki hér. Það er gert ráð fyrir að fjölgunin verði sú á þessu svæði: Árið 1982 voru íbúar 121 742, árið 1987 verði þeir orðnir 127 703 og árið 1992 verði íbúarnir orðnir 132 556, árið 1997 verði þeir 135 643 og árið 2002 verði þeir 138 841.

Þetta mundi vera spá um að hér héldust svipuð hlutföll og er í dag á milli svæða. Það er aftur á móti ekkert sem bendir til þess að svo verði ef stefnan er óbreytt gagnvart stjórnskipulagi landsins.

Ég ætla að leyfa mér að lesa hér upp atvinnuskiptinguna árið 1982, þ. e. við hvað Íslendingar starfa, og bera svo saman annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggðina.

Atvinnuskiptingin er þessi: Í landbúnaði eru 8.3% þjóðarinnar, við fiskveiðar 4.8, við fiskvinnslu 8.7, við iðnað 14.5, við veitukerfi 1%, við byggingar 10%, við verslun 13.4%, við samgöngur 7.2, banka og fleira 5.8 og þjónustu 26.4%.

Ég ætla þá að lesa næst hvernig skiptingin er á höfuðborgarsvæðinu. Að sjálfsögðu er nú landbúnaðurinn lítill, 0.7%. Það er rétt að fram komi varðandi þessar tölur og höfuðborgarsvæðið að tekin er með Mosfellssveitin, Bessastaðahreppur og einnig byggðin undir Esjunni, þar sem þéttbýlismyndun er tengd þessu svæði. — En landbúnaðurinn var sem sagt 0.7%, fiskveiðar 1.8%, fiskvinnsla 2.9%, iðnaður 16.7%, veitur 0.9, byggingar 9.7, verslun 17.2, samgöngur 9%, bankar 8.5 og þjónusta 32.6%. — Ef við leggjum saman þann mannafla sem er í verslun, samgöngum, bönkum og þjónustu starfa hér í Reykjavík við þessar greinar 67.3% vinnufærra manna.

Tökum aftur á móti hvernig þetta skiptist á landsbyggðinni: Í landbúnaði eru 16.8%, í fiskveiðum 8, í fiskvinnslu 15.1, í iðnaði 12.1, í veitum 1%, í byggingariðnaði 10.4 og í verslun 9.1, í samgöngum 5.2, í bönkum 2.8 og í þjónustu 19.5 eða samtals 36.6%.

Það er athyglisverð staðreynd að allt tal um að mannafli á Íslandi muni fyrst og fremst bætast við í iðnaði fær ekki staðist. Ég vil í því sambandi minna á að árið 1950 vann 21.3% af Íslendingum við iðnað, en samkv. sömu skilgreiningu í dag yfir landið allt ekki nema 14.5%. Þar er að vísu byggingariðnaðurinn fyrir utan í báðum tilfellum.

Það blasir þess vegna við að sú mannfjöldaaukning sem fer í gegnum menntakerfi landsins mun skila sér fyrst og fremst í störfum í þjónustu. Við höfum heyrt að það sé vilji fyrir því í stjórnarskrárnefnd að taka upp meira sjálfstæði fyrir sveitarfélögin, veita þeim meiri rétt til ákvarðanatöku, auka verkefni þeirra o. s. frv. en sannleikurinn er sá, að þó að við mundum auka verkefni sveitarfélaganna í þeirri mynd sem þau hafa í dag mundi það ekki skila neinu í þeirri þróun að skapa þann starfsgrundvöll úti á landi fyrir þjónustustörf sem tryggði að sá hópur Íslendinga sem færi til mennta af þessum svæðum skilaði sér aftur til þeirra í störfum. Það blasir við að slíkt gerist ekki. Við erum búnir að útbúa okkur miðstýrt kerfi sem tryggir að velflestir æskumenn dreifbýlisins, sem fara til mennta, munu leita sér að

störfum við sitt hæfi og íslenska þjóðfélagið útbýr slík störf fyrst og fremst á þessu svæði. Eins og ég sagði áðan erum við komnir með 67% vinnufærra manna í þjónustustörf á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Ég hygg að hver og einn sem hugleiðir þetta geri sér grein fyrir að fyrir dreifbýlinu er að fara nákvæmlega eins og fyrir eigendum í hlutafélagi þar sem margir aðilar áttu félagið einu sinni. Það er liðin tíð. Einn aðili er að fá meirihlutavald sem þýðir að hann mun einn drottna og segja fyrir um hvernig hann ætlar að stjórna hlutafélaginu í framtíðinni. Alveg eins blasir við að Sunnlendingafjórðungur einn ræður öllu um hvernig staðið verður að málum í framtíðinni. Þetta er endanlegt valdaafsal til eins fjórðungs frá hinum.

Þá hlýtur fyrsta spurningin að vera hvort þetta verði til að hraða þeirri þróun, sem verið hefur, að við byggjum upp þjónustuna á ákveðnum stað eða hvort við gerum ráð fyrir að draga muni úr því. Ég er sannfærður um að fyrst um sinn verður þetta til að ýta undir að við byggjum upp þjónustuna hér eingöngu.

Ég hygg aftur á móti að þegar efnahagsleg hliðarverkun fer að verða meira ríkjandi og menn fara að spyrja sig í meiri alvöru að því hvort það verði til farsældar fyrir höfuðborgarsvæðið ef við höldum áfram að veikja hin svæðin, þá muni menn e. t. v. fara að leita eftir einhverjum sérfræðingum erlendis frá til að segja fyrir um hvers vegna þetta sé orðið svona.

Það blasir þess vegna við, að mínu viti, að mannfjöldaspá sem gerir ekki ráð fyrir flutningum á milli svæða, ef þetta verður að veruleika, er í öllum aðalatriðum röng.

Nú er það annað, sem allir vita sem hafa fylgst með þróun mannflutninga á Íslandi, að alveg eins og Eyjafjarðarsvæðið sækir til Akureyrar, ef maður flytur frá þorpum við Eyjafjörð eru mestar líkur á að hann fari til Akureyrar, alveg eins hefur þetta verið á hinum ýmsu stöðum á Íslandi. Úr uppsveitum Árnessýslu hafa menn sótt niður til Selfoss til dæmis, menn við Skarðsheiðina hafa flutt að Akranesi og líka hingað suður og úr Mýrasýslu hafa menn flutt í Borgarnes. Næsti flutningaþáttur er aftur á móti sá, að menn flytja frá miðstöðvum sem þessum til Reykjavíkur. Spurningin er aðeins þessi og því skyldu menn gera sér grein fyrir: Hvaðan hafa fólksflutningar til útlanda átt sér stað á undanförnum áratugum? Það er talið að yfir 90% af því fólki sem flutt hefur frá Íslandi til útlanda hafi flutt af stór-Reykjavíkursvæðinu. Þetta þýðir að ef við höldum áfram að þróa þetta þjóðfélag upp í borgríkismynd, eins og verið er að gera, erum við jafnframt að veikja sjálfstæði þess að auka hættuna á því að menn muni í stórum stíl, ef erfiðleikar koma yfir þjóðfélagið, hreinlega flytja af Reykjavíkursvæðinu og út.

Ég hef horft á örfáar tilraunir sem átt hafa sér stað úti á landi til að draga úr því að allt fari í gegnum Reykjavík. Það er t. d. athyglisvert að sjá það samstarf sem Færeyingar og Austfirðingar eiga um beinar siglingar til Austfjarða. En það er jafnathyglisvert að til þess að þær eigi sér stað þarf að sigla undir færeyskum fána og hafa rekstrarfé erlendis frá. Íslenskir bankar eru yfir höfuð ekki til viðtals um að standa þannig að málum að gengið sé fram hjá höfuðborginni. Og hver voru viðbrögðin hér heima gagnvart þessum siglingum? Jú, það var ákveðið að hrinda á stað samkeppni frá Reykjavík, sem aftur á móti rúllaði vegna þess að menn gerðu sér ekki grein fyrir því að útgerðin byggðist fyrst og fremst á því að flytja útlendinga til landsins. En það er ekkert sem segir að í beinu framhaldi af slíkum flutningum væri ekki hægt að lengja þær skipaferðir til Akureyrar, til Ísafjarðar og þaðan til Grænlands og tengja þannig beina flutningaleið meðfram norðurströnd Íslands allt til Grænlands.

Ég hygg að hver og einn sem vill skoða þessi mál út frá því sjónarmiði að það eigi að halda áfram að jafna kostnað í þessu landi geri sér grein fyrir að landsbyggðin getur aldrei unað því til lengdar að vöruverð úti á landi sé hærra en í Reykjavík. Það gengur einfaldlega ekki upp að verkamaðurinn sem þar vinni fái minna fyrir sín laun en sá sem býr annars staðar. Það hlýtur að leiða til búferlaflutnings. Ef ástæðurnar fyrir því að þannig er að málum staðið eru fyrst og fremst skipulagslegs eðlis, en ekki byggðar á neinu öðru, þá hlýtur það kerfi fyrr eða síðar að springa. Það fær ekki staðist að hægt sé að viðhalda því.

Ég er jafnsannfærður um hitt, að það fer ekki fram nú nein umræða af viti um stjórnarskrárbreytingar í þessu landi. Það er engin umræða af viti til. Það er engin hugsun á bak við hvernig er skynsamlegast að standa að þeirri stjórnarskrá sem menn eru að tala um að koma hér á. Það er eins og stór hópur Íslendinga geri sér enga grein fyrir því hver er munurinn á borgríki og lýðveldi. Osló er þó ekki nema 20% af Noregi. Það er svo langt í land að þeir geti drottnað yfir landinu öllu. Hér horfa menn kalt á að nýlendustefnan heldur áfram og það er drottnað yfir landinu öllu frá ákveðnu svæði, en að nokkrum detti í hug að þetta sé bein afleiðing af stjórnarfarslegum aðgerðum, eins og því að byggja svo upp þjónustu hér á þessu svæði að 67% af verkfærum mönnum séu komnir í þjónustustörf á stór-Reykjavíkursvæðinu, það er eins og það sé enginn skilningur á því og að slíkt steypi endanlega kerfinu.

Að mínu viti er aðeins eitt svar við þeirri þróun sem átt hefur sér stað, ef menn vilja skapa jafnvægi í byggðinni í landinu. Það svar væri að breyta lýðveldinu Íslandi í sambandslýðveldi hinna fornu fjórðunga og höfuðborgarsvæðisins. Það mundi þýða að til grundvallar væru lögð fimm jafnhá lýðveldi innan sambandslýðveldisins sem bæru ábyrgð á öllum málum innan síns svæðis. Það væri valddreifing valdsins um land allt. Með þeirri aðgerð væri sjálfsagt að hvert svæði hinna fornu fjórðunga gæti gert það upp við sig hér og nú hvort það vildi vera með eða hvort það vildi segja sig úr lögum við hina hluta landsins. Það væri sjálfsagt ef höfuðborgarsvæðið vill, ef það vill ekki una því að slíkt fyrirkomulag yrði tekið upp, að það fengi þá að stofna sitt borgríki hér. Það væri spurning um mannréttindi. En það er aftur á móti jafnvitlaust og fráleitt að gera ráð fyrir að það sé sanngjarnt að veita þeim það meirihlutavald sem menn eru að tala um til að drottna yfir landinu öllu. Og þá er von að menn spyrji: Fyrst það er svona fast sótt eftir því að fá þetta meirihlutavald, til hvers ætla þeir að nota það, ef þeir fá það? Hvaða hugsun liggur á bak við það að Sunnlendingafjórðungur skuli hafa meirihlutavald á Alþingi Íslendinga? Er það bara upp á punt, er það til að stytta ferðatímann til þings? Hvaða hugsun er á bak við þetta?

Ég er sannfærður um að betur færi ef sú stefna yrði ofan á að setjast nú niður og hugleiða í alvöru að við erum að fjalla um stjórnskipulag í þessu landi, ekki

mannréttindi. Þau eru ekki á dagskrá undir þessum lið. Þau geta menn kynnt sér með því að lesa mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fylgst með því hvernig hann er túlkaður í lýðræðislöndunum í kringum okkur. Ef menn aftur á móti vilja setjast niður og hugleiða hvernig við getum tryggt sem mestar efnahagslegar framfarir í þessu landi og sem breiðasta uppbyggingu þess, þá hljótum við að staldra við núna og skoða hvort er skynsamlegra að breyta þessu lýðveldi í borgríki, eins og menn eru að tala um, eða breyta því í sambandslýðveldi. Og ég þarf ekki að skoða minn hug í þeim efnum. Ég er sannfærður um að ef því væri breytt í sambandslýðveldi mundi það þýða gífurlega uppbyggingu alls staðar á Íslandi. Það mundi þýða að í framtíðinni mundu flutningar fólks frá Reykjavík til útlanda stórlega minnka eða leggjast niður. Það eru efnahagslegar forsendur sem munu ráða því í framtíðinni hvort menn búa í þessu landi eða vilja flytja annað. Það er spurningin um hvaða laun verða greidd í landinu. Hver trúir því að það verði til að hækka launagreiðslur í þessu landi að standa þannig að málum að hrúga allri þjónustunni saman á einn blett?

Ég ætla hér að víkja örlítið að skipingu hennar á stór-Reykjavíkursvæðinu: Opinber þjónusta 20.1%, opinber stjórnsýsla 5.7%. Við erum komnir í 25.8% í stjórnsýslu og opinberri þjónustu á þessu svæði. Er nokkur heilbrigð skynsemi á bak við svona skipulag? Hvernig haldið þið að færi fyrir risaveldunum t. d., Bandaríkjunum eða Rússlandi, ef þau tækju nú upp á því að miðstýra jafnmikið og hér virðist gert? Hvernig færi ef þeir tækju sig til og söfnuðu íbúunum saman í eina stórborg í hvoru ríkinu fyrir sig þar sem byggju um 50% af þjóðinni? Ætli það yrði til að auka hagvöxt í Bandaríkjunum ef sú stefna yrði ofan á? Ég segi nei. Ætli það yrði til að auka hagvöxt í Rússlandi ef sú stefna yrði ofan á? Ég segi nei.

Auðvitað hlýtur hvert einasta ríki sem byggir á sögulegum grunni og í sögulegu samhengi að gera sér grein fyrir því að þessi stefna leiðir af sér glötun. Hvað gerðist um leið og byggðastefnan hætti að hafa yfirhöndina um 1980? Það var hagvöxtur í þessu landi upp á 4.7% frá 1970 til 1980. Það var aðeins í Japan sem var meiri hagvöxtur. En hvað hefur gerst eftir að flóttinn brast á frá dreifbýlinu? Hagvöxturinn hraðminnkar, vegna þess að við byggjum ekki hagvöxtinn á því að safna fólkinu saman á þann veg að við séum komin með 67% í þjónustu á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Mér er ljóst að menn vilja yfir höfuð ekki setjast niður og hugleiða þessi mál. Menn vilja bara sitja yfir tertunni og skipta henni á milli sín, eins og formenn stjórnmálaflokkanna gerðu. Menn vilja ekki setjast niður og hugleiða grunnatriði þessara mála. Menn eru algjörlega fastir í þeim hlægilegu forsendum að það eigi að ganga út frá því að það séu fjórir flokkar á Íslandi og það eigi að skipuleggja svo þessi mál að þeir fái allir jafnt út. Það er mikið að ekki er bundið í stjórnarskránni að flokkarnir skuli vera fjórir í framtíðinni svo að forsendurnar raskist nú ekki. Og hvernig skyldi þá kerfið koma út þegar flokkarnir eru orðnir sex?

Ég hygg að það væri hollt fyrir þá, sem hafa feilstigið sig í þessari umr. á þann veg að þeir telja að hér sé verið að fjalla um mannréttindi, að setjast niður og hugleiða hvernig staðið er að þessum málum í lýðræðislöndum Vesturlanda. Hvað ætli yrði sagt í Bandaríkjunum ef menn tækju sig til og brytu niður fylkjakerfið og tækju upp miðstýringu af þessu tagi?

Mig undrar það oft, þegar umr. hafa gengið á Alþingi Íslendinga um smápeninga eins og farið hafa í gegnum Byggðasjóð til uppbyggingar úti á landi og umr. um neikvæða vexti í landinu, að þá skuli alveg hafa gleymst sú rosalega eignatilfærsla sem átt hefur sér stað í þessu landi með því að skrá gengi krónunnar stjörnuvitlaust í fleiri áratugi og láta menn hafa matador-peninga niðri í Seðlabanka í staðinn fyrir alvöru fé sem atvinnuvegirnir utan af landi öfluðu. Hvað ætli það séu miklar tilfærslur sem þannig hafa átt sér stað? Kannske veit hv. þm. Guðmundur Garðarsson eitthvað um þessa hluti. Það er í það minnsta mjög trúlegt, miðað við það starf sem hann hefur lengst af gegnt, að hann geri sér grein fyrir því hvaða fjármunatilfærslur hafa átt sér stað. Hvað er langt í að það verði farið að selja þennan gjaldeyri á frjálsum markaði? Hvar eru hugmyndir einkaframtaksins um réttlæti í þessum efnum? Má búast við að það komi tillögur um að seldur verði gjaldeyrir á Íslandi á frjálsum markaði eða á að halda eignaupptökunni áfram ef gengið verður vitlaust skráð? Hvar er virðingin fyrir stjórnarskránni og því að það megi ekki taka af mönnum eignir manna nema fullar bætur komi fyrir? Sannleikurinn er sá, að við höfum hagað okkur kjánalega hvað það snertir að skipuleggja svo uppbygginguna í landinu að hún skilaði sem mestum hagvexti fyrir Íslendinga. Og ég er ekki búinn að sjá að það sé betri kostur fyrir Reykjavík að vera eina borg landsins en hinn kosturinn að vera höfuðborg þessa lands. Mér sýnist sá kostur mun glæsilegri að hún sé höfuðborg landsins. Ég sé ekki neitt stórt eða mikilfenglegt við það að hún verði borgríki norður í höfum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er alveg með eindæmum hvað þeim hv. formönnum hinna gömlu stjórnmálaflokka á Alþingi virðist vera brátt í brók með að knýja þetta mál í gegnum þingið. Það er engu líkara en þessir oddvitar hinna pólitísku stefna í landinu, fjórir að tölu, telji þetta það mál sem mestu skiptir fyrir framtíð lands og þjóðar á næstunni og líklega í náinni framtíð, með slíku offorsi er á þetta keyrt án þess að líta til annarra átta. Miklu nær væri þessum oddvitum hinna pólitísku stefna og fulltrúum fólksins í landinu að líta í aðrar áttir, þær áttir þar sem meira misrétti ríkir og fremur eru framin mannréttindabrot en í því máli sem það frv., sem hér er nú til umr., varðar.

Það er ekkert nýtt að umr. eigi sér stað um ójöfnuð, mannréttindaskort og annað eftir því í þjóðfélaginu. Slíkar umr. hafa átt sér stað alllengi en hafa þó upp á síðkastið tekið fremur á sig þá einkennilegu mynd að fulltrúar stór-Reykjavíkursvæðisins telja sig nú hvað mest skorta mannréttindi miðað við aðra þjóðfélagsþegna í landinu. Svo er komið að það svæði, sem um langan aldur hefur í raun og veru lifað á landsbyggðinni og þeim auð sem þaðan kemur til uppbyggingar í þjóðfélaginu, telur sig nú þurfa að fá enn meira til sín.

Það frv. sem hér er til umr. er að mínu viti aðeins tvíþætt. Annars vegar snýst það um fjölgun þm., svo nauðsynlegt sem almenningur í landinu kann nú að telja það að fjölga á Alþingi frá því sem er, og hins vegar að færa aukið vald frá dreifbýlinu til þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins, svo vel sem það hefur nú gefist þjóðarheildinni í gegnum árin að hugsa einvörðungu

um að byggja upp suðvesturhornið á landinu. Það eru þessir tveir meginþættir sem þetta frv. snýst um. Líklega hvarflar það að æðimörgum í þessu landi — líklega flestum ef ekki öllum öðrum en formönnum stjórnmálaflokkanna — að eitthvað brýnna viðfangsefni sé við að eiga og úr að leysa en að fjölga þm. frá því sem er og að draga meira vald utan af landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið en þegar er. En engu að síður einblína þessir fjórmenningar að því er virðist einvörðungu á þetta, að þetta sé sú líftaug sem fyrst og fremst og öllu öðru fremur komi til með að bjarga heill íslensku þjóðarinnar í náinni framtíð. Sé hægt að knýja þessa breytingu gegnum Alþingi, þá sé öllu borgið. Svo huggulegt sem það er eða hitt þó heldur.

Ég er undrandi á því að þetta skuli líklega vera eina sameiginlega hugðarefni fjórmenninganna sem formanna hinna gömlu stjórnmálaflokka í landinu, að knýja þessa breytingu fram á Alþingi. Í ljósi þeirrar skoðunar er það líklega rétt, sem sagt var síðast þegar þetta mál var á dagskrá á Alþingi, að þetta væri merkilegt frv. Merkilegt fyrir þá sök að í eina skiptið a. m. k. um nokkuð langan aldur eru oddvitar hinna pólitísku flokka sammála í einu og öllu um þetta mál. Það er hið merkilega pólitískt séð við þetta mál.

Það er rétt sem hv. 5. þm. Vestf. sagði hér í umr. fyrr: Það voru hrikaleg mistök hjá formanni Framsfl. þegar hann lét leiða sig út í þetta. Og hann bætti við efnislega: En meiri menn honum hafa fallið á slíku. — Það er rétt. Þetta eru varnaðarorð hv. 5. þm. Vestf., hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, til 2. þm. Vestf., samflokksmannsins, hæstv. forsrh., formanns Framsfl., að hann hafi ekki gætt nógu vel að sér, hér hafi hann stigið reglulegt feilspor, hliðarspor, sem seint kunni að verða bætt fyrir þó að á engan hátt skuli fullyrt hvort eða með hvaða hætti hlutirnir kunni að æxlast í þessum efnum þegar fram líða stundir.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði að Framsfl. hefði lagt á það höfuðáherslu að aðskilja ekki kosningalagaþáttinn og stjórnarskrármálið, það ætti að vera sem heild. Á það hefði Framsfl. lagt áherslu að báðir þessir þættir yrðu afgreiddir samhliða hér á Alþingi. Þetta var líka eindreginn vilji Alþýðuflokksins sem var margítrekaður. Alþfl. taldi að þessa tvo þætti ætti ekki að skilja að. Þessi mál, bæði tvö, ætti að afgreiða samhliða á Alþingi. Líklega hefur enginn búist við því að Alþfl. gæti fengið því ráðið þó hann berðist einarðlega fyrir þeirri skoðun en Framsfl. hefði getað fengið því ráðið hefði formanni flokksins ekki orðið fótaskortur á í dansinum við hina þrjá formennina sem að þessu máli standa. Hann er ekki vissari í taktinum en það, formaður Framsfl., að engu er líkara en að aðrir aðilar geti ruglað hann í ríminu, þvælt hann út af sporinu og leitt hann í þær ógöngur sem hv. 5. þm. Vestf. lýsti hér svo rækilega fyrir nokkrum dögum. Ég sé að hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl. nýkjörinn, brosir í kampinn yfir þessum óförum formanns Framsfl. að láta leiða sig í slíkar ógöngur.

Ég þarf ekki að taka það fram, þó að það sé raunar *sjálfsagt og ekkert sé ég eftir mér í því*, að ég var andvígur þessu máli þegar það var til umr. á síðasta Alþingi. Ég er ekki endilega andvígur því í sjálfu sér að leiðrétta það misvægi sem menn eru um að tala að því er varðar atkvæðavægið. Ég tel hins vegar að í þjóðfélaginu séu svo mörg og miklu brýnni verkefni sem leiðrétta þurfi en þetta — ég tala nú ekki um þetta eitt og sér — að engin rök séu til fyrir því að taka þetta mál út úr og leggja til og afgreiða það með þeim hætti sem hér hefur verið gert og nú er lagt til.

Ef menn líta til annarra átta er ég þeirrar skoðunar að hvað snertir pólitísk áhrif almennt hafi kjósendur á því svæði sem við hér erum á síst minni áhrif en það fólk, sem býr úti á landsbyggðinni. Allt stjórnsýslukerfið, hverju nafni sem nefnast kann, er smurt — og það vel smurt — og gengur fyrst og fremst fyrir það svæði sem hér er um að ræða. Almenningur úti á landi getur miklu síður hagnýtt sér eða komið á framfæri óskum sínum og þörfum til leiðréttingar sinna mála í gegnum það stjórnsýslukerfi sem hér er smurt af hinni pólitísku forustu allra flokka og gengur fyrir suðvesturhorn landsins. Þess vegna var enn síður þörf á því að rífa þetta mál eitt og sér út úr og afgreiða það.

Það er rétt sem hv. 5. þm. Vestf. sagði líka áðan að verið er að auka á miðstýringuna frá suðvesturhorni landsins með þessu. Enn var á hana bætt í lok síðasta árs til óhagræðis fyrir landsbyggðina. Ég tala nú ekki um sjávarplássin með kvótaskiptingunni. Þar er sannkölluð miðstýring á ferðinni. Ekki stóð á hv. 5. þm. Vestf. að standa að því að auka miðstýringuna með því að samþykkja kvótaskiptinguna á Alþingi. Það mál ásamt þeirri þróun, sem átt hefur sér stað með gífurlegum fólksflutningum utan af landi hingað á þéttbýlissvæðin vegna þess misréttis og óréttlætis sem landsbyggðarfólk er beitt, verður líklega til þess að við upplifum mestu fólksflutninga sem um getur í sögu lands og þjóðar ef fram heldur sem horfir vegna þessa máls.

Nú liggur fyrir að í fjölda sjávarplássa víðs vegar kringum landið, sem byggja að svo til öllu leyti sína atvinnu og afkomu á fiskveiðum og fiskvinnslu, kemur til með að ríkja allsherjaratvinnuleysi vegna kvótaskiptingarinnar um eða upp úr miðju þessu ári. Hvað hyggjast miðstýringarmenn þá taka til bragðs? Hvað skal þá gera? Hver á þá að framfleyta eða framfæra það fólk vítt og breitt í kringum landsbyggðina sem hefur skapað þann auð sem Ísland byggir á, hefur byggt á og mun byggja á svo fremi sem miðstýringarmennirnir ekki grípa þannig inn í að meina fólki að bjarga bæði sjálfu sér og þjóðarheildinni?

Hér í Reykjavík er nú hver sendinefndin á fætur annarri frá þessum sjávarplássum vegna þess geigvænlega útlits sem er á þessum stöðum vegna kvótaskiptingarinnar. Þetta kannast hv. 5. þm. Vestf. við. Ein slík nefnd hefur fundað með okkur þm. Vestf. Hún er vestan af fjörðum, frá Patreksfirði, þar sem menn sjá nú fram á að ef ekkert verður breytt út frá því sem búið er að leggja línur í sambandi við fiskveiðar og fiskvinnslu verði örðeyða, algjört atvinnuleysi, um eða fyrir mitt ár. Hvert er svar miðstýringarmanna við þessu? Hvað skal gera? Við því hafa a. m. k. allt til þessa lítil svör fengist.

Nei, það var og er annað brýnna í þessu þjóðfélagi en að fjölga þm. og draga meira vald frá dreifbýli hingað á höfuðborgarsvæðið eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? (Gripið fram í.) Hv. þm. á við það að þm. af þessu svæði sinni ekki þingskyldum. Það er ekki mitt mál. Sé það rétt mat hjá henni er enn síður ástæða til að fjölga þeim og ég tek undir það. Frekar mætti það vera á hinn veginn að fækka þeim. Það er verst að ekki er nema einn hv. flm.

þessa frv. hér í salnum. Hina þrjá vantar.

Með því frv., sem hér var til umr. á síðasta þingi og samþykkt um fjölgun þm., um að draga meiri völd frá dreifbýlinu til þéttbýlisins, fylgdi yfirlýsing formanna stjórnmálaflokkanna þess efnis að jafnframt munu þingflokkarnir, með leyfi forseta, „beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst". Ekki er að sjá að formenn stjórnmálaflokkanna hv. hafi komið auga á neitt atriði sem gæti fallið undir þessa yfirlýsingu þeirra úr grg. á síðasta Alþingi. A. m. k. er ekki að sjá nein merki þess að neinnar leiðréttingar sé að vænta á öðrum vettvangi en þeim sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hér hafa því a. m. k. enn sem komið er verið gefnar falskar vonir, yfirlýsingar sem ekki verður séð að formenn stjórnmálaflokkanna hafi ætlað sér að standa við í einu eða neinu formi. Þetta er ekki spurning um ríkisstjórn eða þingmeirihluta hverju sinni. Þetta eru loforð þeirra einstaklinga í persónugervingu formanna stjórnmálaflokkanna, sem gefa þessa yfirlýsingu í nafni þeirra, að slíkt skuli gert. Og meðan ekki er staðið við yfirlýsingu af því tagi og fleiri mál koma hér inn á borð þm. til leiðréttingar þeim ójöfnuði, sem fólk víðs vegar í kringum landið býr við, mannréttindaskorti á mörgum sviðum, því fleira fellur undir mannréttindi en kosningarréttur, meðan ekkert bólar á að staðið sé við neitt af þessari yfirlýsingu sé ég ekki, herra forseti, neitt réttlæti í því að láta undan þrýstingi formannanna í þessu máli með því að knýja þetta mál áfram til n. eða afgreiðslu. Ég vil því beina því eindregið til hæstv. forseta að meðan ekkert bólar á að standa eigi við gefna yfirlýsingu formanna stjórnmálaflokkanna um leiðréttingu á öðrum sviðum verði þetta mál stöðvað. Það er engin ástæða til að taka það út úr eitt og sér, ef ekki á að standa við þær yfirlýsingar sem búið er að gefa fólki vonir um, og raunar vissu í mörgum tilfellum, að eigi að framkvæma. Ég lýsi því hér með eftir tillögum fjórmenninganna um það með hvaða hætti og í hvaða tilfellum eigi að leiðrétta það misrétti sem víða viðgengst í þjóðfélaginu og getur fallið undir það að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna, þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst. Fyrr en slíkar tillögur koma á borð þm. sé ég enga ástæðu til að láta þetta mál halda áfram í gegnum þingið. Eða eru oddvitar hinna pólitísku stefna í landinu virkilega að bíða eftir því að alger upplausn eigi sér stað úti á landsbyggðinni, fólksflótti frá framleiðslustöðunum til bankakerfisins og þjónustuaðilanna hér í Reykjavík, vegna þess að menn ætla að svíkja það sem þeir lofuðu fyrir kosningar? Ég geri a. m. k. ráð fyrir því að hv. þm. í heild talað sé ljóst að slíkur flótti er þegar brostinn á vegna þess gífurlega mismunar og óréttlætis sem landsbyggðarfólk er beitt af stjórnvöldum í landinu. Það er ekki bara á einu sviði eða tveimur. Það er á fjöldamörgum sviðum sem landsbyggðarfólk, fólk til sjávar og sveita vítt og breitt utan suðvesturhornsins á landinu, er beitt slíkri áþján í ójöfnuði og mannréttindaskorti. A. m. k. þeim, sem sæti eiga á Alþingi, ætti að vera orðið ljóst hversu alvarlegt mál hér er á ferðinni. En eigi að síður bólar ekki á neinu í þá átt að hér eigi að bregðast við, laga og bæta annað en það sem lagt er til í þessu frv.

Ég tók eftir því að hv. þm. Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl., sagði við umr. síðast þegar þetta mál var á dagskrá: „Við Alþýðuflokksmenn teljum þetta áfanga í réttindabaráttunni." Auðvitað er hægt að orða þetta svona. En ég sem Alþýðuflokks- og jafnaðarmaður tel þetta engan áfanga í því að leiðrétta nema því aðeins að þau mál, sem miklu brýnna eru og heitar brenna í ójöfnuði, séu líka tekin með.

Hv. þm., formaður Alþfl., sagði líka: „Það á að leiðrétta misréttið hvar sem það er." — Það er rétt og undir það tek ég. En mér finnst á skorta að efndir fylgi orðum í þessu efni bæði hjá hv. þm., formanni Alþfl., og hjá þeim fjórmenningum öllum sem beita sér fyrir þessu máli, knýja það hér í gegn en ætla ekkert að gera annað. Hins vegar fannst mér slæmt sem formaður Alþfl. sagði í kjölfar þessara orða. Hann sagði a. m. k. efnislega rétt, ef ekki orðrétt: Það eru engin rök að leiðrétta ekki misvægi atkvæða þó að misrétti sé annars staðar. — Það hryggir mig að slíkt skuli koma úr munni jafnaðarmanns, formanns Alþfl., merkisbera jafnaðarstefnunnar í landinu. Þetta gat komið úr munni hinna þriggja og ég held að ég hefði ekkert talið óeðlilegt við það, en þetta átti ekki að geta komið úr munni formanns Alþfl.

Eitt meginsjónarmiðið í jafnaðarstefnunni er að leiðrétta málin, en fyrst og fremst þau sem eru mest á skjön og bitna með hvað mestum þunga og óréttlæti á fólki, láta hin atriðin sem eru smærri, bitna á færri og hafa ekki eins mikil áhrif til ójöfnuðar, frekar bíða. Í ljósi þessa sjónarmiðs jafnaðarstefnunnar hefði átt að snúa sér frekar að öðrum þáttum til leiðréttingar í þjóðfélaginu sem eru þess eðlis að verið er að þrúga hundruð þúsundir fólks í landinu með alls konar óréttlæti, mannréttindaskorti, áþján, á hinum ýmsu sviðum. Hvað mundu t. d. hv. þm. Reykvíkinga segja, hvar í flokki sem þeir eru — mér sýnist að í þessu máli skipti engu máli hvar í flokki menn eru, þetta er eina óréttlætið sem þessir einstaklingar sjá í þjóðfélaginu að leiðrétta þurfi — ef börn þeirra fengju skólavist í 4—6 vikur á skólaárinu eins og hundruð barna úti um allt land, til sveita, í hinum smærri sjávarplássum verða við að búa? Ætli þessi hv. þm. rykju ekki upp til handa og fóta og teldu þetta mannréttindaskort þessum þegnum til handa? Ég hygg að svo yrði og ég væri þeim sammála. En það er ekki að sjá að gilda eigi sama um aðra þegna þessa þjóðfélags sem búsettir eru annars staðar og hafa í gegnum árin og aldirnar orðið til þess að lyfta Grettistaki, þeirri byltingu í íslensku þjóðfélagi sem orðið hefur, með því að setja sig niður á þessum framleiðslustöðum á landinu en ekki í þjónustugreinunum einvörðungu.

Hægt er að telja hér upp ótal þætti þar sem landsbyggðarfólk til sjávar og sveita er beitt slíku ofríki og óréttlæti að engu tali tekur og raunar furðulegt að það fólk sem hér á hlut að máli skuli ekki fyrir löngu síðan hafa bylt því stjórnarfari sem hefur lagt þennan klafa á þessa einstaklinga í gegnum árin. Sem betur fer eru Íslendingar ekki byltingarsinnaðir. En það kann að koma að því, verði áfram haldið á sömu braut og gert hefur verið, að menn sjái þann einn kost færan að knýja bæði fjórmenningana sem að þessu frv. standa, formenn stjórnmálaflokkanna, svo og aðra sem hafa byggt upp óréttlætið í þjóðfélaginu, viðhaldið því og ætla sér að halda því áfram, með illu ef ekki góðu til að hverfa af þeirri braut sem stefnt hefur verið á.

Ég sé að hv. þm. Friðrik Sophusson, fulltrúi Reykvíkinga og varaformaður Sjálfstfl., tekur þetta sem eitthvert gamanmál. (**FrS:** Ég var að brosa til þín.) En þetta er ekki gamanmál í augum þess fólks sem við þetta býr enda hefur sá hv. þm. ekki séð sér fært að hafa búsetu á þeim svæðum sem verst eru leikin. Það er þægilegra hér við bæjardyrnar. Þægindin eru meiri, lífskjörin eru betri. (Gripið fram í.) Það er rétt, hv. þm. sækir vissulega tímabundið úr ári hverju gott hugarfar, að ég vona, í þann stað sem hann er við vinnu á Vestfjörðum part úr hverju sumri. En það virðist ekki duga til þess að þessi hv. þm. geri sér grein fyrir þeim vanda sem við er að glíma hjá því fólki sem þarna býr.

Ég hef sagt áður og segi enn: Hvað skyldu þessir blessaðir menn segja, fjórmenningarnir, svo og aðrir sem aftan í þeim hanga í þessu máli, ef þeir þyrftu mánaðarlega að borga rúmlega helming af sínum tekjum til að hita íbúðarhúsnæðið sem þeir búa í? Hvað skyldu þeir segja? Skyldi það opna augu þessara manna fyrir því óréttlæti sem þar er um að ræða? Ég er mjög efins í því að það dygði. Skyldi það duga til að leiðréttingar fengjust á fleiri sviðum á því óréttlæti sem við verðum að búa við úti á landi ef þessir sömu einstaklingar, sem flytja þetta frv., vilja ráða ferðinni? Skyldi það duga ef þeir ættu að búa við svipuð samgönguskilyrði og við landsbyggðarfólk búum við árið um kring? Ég er efins í því að það dygði. Ég ætla ekki þessum hv. þm. að þeir viti ekki hvað um er að ræða. Ætli það dygði til ef til viðbótar þessu tvennu kæmi mismunurinn á menntunarmöguleikum úti á landsbyggðinni miðað við það sem þeir og þeirra búa við hér á þessu svæði? Ætli þeir mundu láta sér lynda að vera afkróaðir, einangraðir í 6—9 mánuði á ári hér á Reykjavíkurgötum, komast ekki út fyrir það eins og fjöldinn allur af fólki úti á landsbyggðinni hefur látið sér lynda? Ætli það dygði til að þeir þyrftu að búa við svipaða félagslega þjónustu á svo til öllum sviðum og fólk úti á landsbyggðinni býr við?

Ég efast um að þó að allt þetta kæmi til dygði það til að breyta hugarfari stjórnvalda til þessara mála til hins betra frá því sem nú er. Líklega væri aðeins eitt sem dygði. Það væri nokkurs konar herskylda á þetta lið allt saman upp til hópa í þeim dúr að skylda þá til að búa á þeim svæðum, sem þeir hafa dæmt til þess að verða útundan svo árum og áratugum skiptir, í nokkur ár samfleytt þannig að þeir fyndu fyrir því af eigin raun hvað hér er um að tala hjá því fólki sem við þetta býr. Líklega væri það það eina sem dygði ef á annað borð er hægt að breyta hugarfari þessara einstaklinga frá því sem það er og hefur verið.

Ég skal ekki, herra forseti, að þessu sinni hafa þessi orð öllu fleiri. Hægt væri að halda margra klukkutíma langar ræður um það óréttlæti, það misrétti, sem viðgengst allt of víða í þjóðfélaginu milli þeirra sem búa á því svæði sem stór-Reykjavíkursvæði kallast og hinna sem byggja hinar dreifðu byggðir í landinu. Þættir þess óréttlætis sem þar er um að ræða eru nánast óteljandi. Hafi nokkurn tíma verið á því þörf að stjórnvöld gerðu sér grein fyrir því hversu geigvænlegt vandamál hér er um að ræða, áþján á íbúa landsbyggðarinnar, klafa sem þeim hefur verið gert að búa við af stjórnvöldum, hefur aldrei verið meiri þörf en nú. Því að haldi áfram sem horfir í þessum málum öllum er ekki langt í það að alger fólksflótti bresti á frá plássunum til sjávar og sveita, sem sjá um framleiðsluþætti þjóðfélagsins, á það svæði sem við hér erum á og sinnir fyrst og fremst þjónustu og úrspili úr þeim gögnum og gæðum sem fólk úti á landi leggur þeim í hendur.

Það yrði fljótt að minnka í buddunni hjá Reykvíkingum og öðrum sem búa við þetta landshorn ef svo yrði að sorfið landsbyggðarfólki að það sæi sér þann einn kost að flýja vegna rangrar stefnu stjórnvalda um langt árabil, ójöfnuð á svo til öllum sviðum sem það verður við að búa. Þeir yrðu þá ekki margir eða lengi á launum í Háskólanum ef þetta fólk flyttist utan af landsbyggðinni til þessa svæðis hér. Það stækkaði þá gatið í fjárlagagerðinni til þess að greiða prófessorum svo og ýmsum öðrum álíka laun til að sjá um þá þætti sem þeir nú sjá um. Það mundi víða minnka og fljótt ef með þessu stjórnarfari verður haldið svo á málum að landsbyggðarfólk sjái þann kost einan að yfirgefa heimasvæðið vegna rangrar stjórnarstefnu, vegna óréttlætis, skammsýni stjórnvalda og flykkist hingað á suðvesturhornið. Ég held að þm. almennt ættu að gera sér grein fyrir því hversu geigvænlega stórt þetta vandamál er.

Ég ítreka að lokum, herra forseti, að ég legg áherslu á að staðið verði við þær yfirlýsingar sem formenn stjórnmálaflokkanna gáfu í grg. með hinu fyrra frv. um leiðréttingar á fleiri sviðum. Fyrr en þær eru komnar hingað á borð þm. er engin ástæða til að láta þetta mál halda áfram í gegnum þingið. Gera verður þá kröfu til þessara fjórmenninga að þeir standi við gefin fyrirheit. Við tökum ekki orðin gild lengur. Við höfum margoft heyrt fjálglegar yfirlýsingar manna um að nú skuli leiðrétt það ranglæti sem viðgengst. Nú er komið að því að standa við það. Ég krefst þess, herra forseti, að þetta mál verði nú stöðvað og það ekki látið halda áfram lengra fyrr en við fáum á borðið leiðréttingar og úrbætur á öðrum sviðum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það frv. til kosningalaga sem hér er til umr. á sér langa og að mörgu leyti sérstæða sögu. l. flm., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, mælti fyrir því með fáeinum orðum á næturfundi nú fyrir jólin. Í ræðu hans er ekki að neinu ráði fjallað um frv. svo að af henni er ekki mikið hægt að fræðast um hvað flm. eru að fara. Forsrh. gerði nokkra grein fyrir málinu hér í fyrri viku. En svo vel ber í veiði að á þinginu í fyrra voru drög að þessu frv. prentuð sem fskj. með frv. til stjórnskipunarlaga og 1. flm. stjórnskipunarlagafrv., hv. þm. Geir Hallgrímsson, flutti þá ítarlega framsöguræðu. Í henni rakti hann nokkuð hvað fyrir flm. og höfundi vakir, þó ekki væri minnst þar á meginatriði, svo sem hver hinn undanskildi tilgangur frv.-flutningsins er og hver eru líkleg áhrif þessarar lagasetningar á stjórnmálaþróun og hver yrðu áhrif á framtíðarviðgang þessa þjóðfélags, ef kosningalög verða sett skv. frv. þessu.

Aðdragandi þessa frv.-flutnings er orðinn næsta langur. Síðasta kosningalagabreyting 1959 var gerð til þess að gera Sjálfstfl. kleift að stjórna landinu með hvaða einum flokki sem væri. Það varð ekki gert nema bylta þáverandi kjördæmaskipun og það gerðu þeir með stuðningi Alþb. og Alþfl. Það valdamunstur sem þá var myndað entist allt til 1971, að viðreisnarstjórnin hrökklaðist frá völdum, enda var þá Alþfl. orðinn lítils megnugur og lentu viðreisnarflokkarnir úti í kuldanum. Fljótlega hófu þeir sönginn þar um ópolandi misvægi atkvæða og að íbúar í dreifbýli hefðu margfaldan

atkvæðarétt. Ekki varð þessum talsmönnum mannréttinda tíðrætt um aðstöðumun dreifbýlisbúa á öðrum sviðum né heldur mismunandi starfssviðs dreifbýlisþm. og þm. hér í Reykjavík og á Reykjanesi. Þeir létu þess ekki getið í ræðum sínum að venjulega hafa tveir af hverjum þrem alþm. verið búsettir í Reykjavík og á Reykjanesi og hefðu að sjálfsögðu aldrei liðið að nágrannar þeirra eða heimabyggðir væru órétti beittar. Herópið um misvægi atkvæða varð því tilhæfulaust, enda var það ekki sprottið af lýðræðisást heldur voru þeir sem fyrir því stóðu einkum með í huga að styrkja pólitíska stöðu sína.

Búsetuþróun í landinu getur að sjálfsögðu haft í för með sér breytingar á kosningalögum og stjórnarskrá og auðvitað hefur hér átt sér stað nokkur búseturöskun. Þess vegna lýsti Framsfl. sig loks reiðubúinn til þess að taka þátt í umr. um breytingu á stjórnarskrá og kosningalögum. Gekk okkur það til að reyna að ná fram sanngjarnri leiðréttingu sem miðaði þó að sem jafnastri lífsaðstöðu þegnanna í landinu.

Í framhaldi af þeirri viðleitni tel ég að unnt sé að samþykkja þá breytingu á stjórnarskránni sem nú er til meðferðar í þinginu, þar sem gert er ráð fyrir að núverandi kjördæmaskipan haldist, kosningarréttur verði færður úr 20 í 18 ár og heimilað að þm. fjölgi nokkuð á helstu þéttbýlissvæðunum. Þetta tel ég að unnt sé að samþykkja og þess vegna stend ég að stjórnarskrárbreytingunni, þótt mér sé hins vegar mikill efi í huga, að eðlilegt sé að taka þetta eina atriði út úr heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem komin er á lokastig. Ég er hins vegar ekki samþykkur þeirri útfærslu í kosningalögum sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Kosningalagafrv., ef að lögum yrði, miðar ekki að jöfnun lífsaðstöðu þegnanna í landinu. Reyndar má fullyrða að við gerð þessa frv. hafi fólkið í landinu gleymst. Þetta er frv. fyrir flokkana í landinu, sem skyndilega eru orðnir aðalatriðið, ekki kjósendur, ekki fólkið. Til þess að tryggja ákveðnum flokkum bætta áhrifastöðu á Alþingi, og raunar einnig einstökum flokksfélögum, hefur höfundum frv. komið saman um að leggja niður þá eðlilegu reiknireglu við úthlutun þingsæta í kjördæmum sem við höfum búið við, „reglu hæsta meðaltals“, sem kennd er við d'Hondt, og hafa komið sér niður á fádæma vitlausa og meingallaða reiknireglu, þar sem skipting þingsæta innan hvers kjördæmis er í mörgum tilfellum í engu samræmi við vilja fólksins í viðkomandi kjördæmi.

Kjósendur í hverju einstöku kjördæmi eiga að ráða sínum þm. að mínum dómi. Það tel ég að sé lýðræði, en ekki að láta kjósendur í einhverju allt öðru kjördæmi ákveða þm. í kjördæmi víðs fjarri. Það er hægt að rekja mörg dæmi þess úr fyrirfarandi kosningum að menn með miklu hærri atkvæðatölu hefðu verið felldir fyrir mönnum með miklu lægri atkvæðatölu hefðu þessar tillögur verið orðnar að lögum. Þetta er óviðunandi og ólýðræðislegt fyrirkomulag og því verður að breyta.

Þá er þess að geta að þær reiknireglur sem Þorkell Helgason á Reiknistofnun Háskólans kom sér niður á eru mjög flóknar. Óvissa um það hverjir kjörnir hafi verið alþm. verður mun meiri en áður þar til talningu er að fullu lokið. Kosningaspár allar verða því óöruggari og hætta á mistökum eykst. Þetta eru reglur fyrir flokkana en ekki fólkið. Að vísu má segja að Framsfl. sé þar undanskilinn þar sem þingstyrkur hans kemur til með að minnka að öðru óbreyttu. Ég er ekki að biðja um einhver forréttindi Framsfl. til handa. Ég tel eðlilegt að þegar við fáum fjórðung atkvæða í landinu fáum við um fjórðung þingsæta. Ég geri heldur ekki kröfur til einhverra ósanngjarnra forréttinda handa dreifbýliskjördæmunum. En ég geri þá kröfu að fólkið í hverju einstöku kjördæmi fái að ráða því hverjir eru fulltrúar þess á Alþingi. Við bindum í stjórnarskrá að hvert kjördæmi hafi í það minnsta fimm þm. og Norðurl. e. og Suðurland sex hvort kjördæmi og þessa fulltrúa á fólkið í hverju einstöku kjördæmi að velja með lýðræðislegum hætti, en ekki kjósendur í allt öðrum kjördæmum að ákveða það eftir á hverjir hafa verið kjörnir.

Kjósendur á Reykjanesi eiga að ákveða þm. Reykjaness en ekki ákveða þm. Vestfirðinga. Það eiga Vestfirðingar sjálfir að gera. Uppbótarþingmönnum á síðan að úthluta til jöfnunar milli flokka að kosningum loknum. Reikniregla sem við höfum búið við og kennd er við d'Hondt er auðvitað miklu eðlilegri en þessi óskapnaður. Því til sönnunar má benda á að hún verður áfram notuð við kosningar til sveitarstjórna, enda mundi Sjálfstfl. t. d. enga möguleika hafa til þess að ná meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur ef svona óskapnaður yrði tekinn upp.

Þá er að geta um enn eitt markmið, sem átti að hafa að leiðarljósi við breytingar á kosningalögum, þ. e. að auka áhrif kjósenda á val frambjóðenda til þingsetu. Þessu markmiði hefur ekki heldur verið náð með því frv. sem hér er til umr. Ákvörðun um röðun frambjóðenda á lista er vandasöm og engin einhlít aðferð hefur verið fundin upp til þess. Ég tel sjálfsagt að einungis kjósendur hvers lista eigi að ráða röðun á listanum. Ég tel einnig æskilegt að sem flestir flokksmenn taki þátt í þeirri röðun. Þá vaknar sú spurning hvernig unnt sé að samræma báðar þessar leiðir.

Við höfum búið við tiltölulega trausta stjórnmálaflokka og þeir hafa verið kjölfesta í stjórnskipulagi okkar. Flokkarnir hafa verið skipuleg samtök manna sem hafa skipað sér saman um sameiginlegar hugsjónir og lífsviðhorf. En sú skipan hefur því miður riðlast í seinni tíð með alls konar laustengdum samtökum. Ég hallast helst að því að heppilegast væri að fara þá leið að flokkarnir bæru fram óraðaða framboðslista og kjósendum listans gæfist þá tækifæri til að raða á listann á kjördegi. Þessi leið hefur ýmsa ókosti, en ég er þó orðinn þeirrar skoðunar að hún sé vænlegust til að tryggja áhrif óbreyttra kjósenda. Opin prófkjör eða hálfopin eins og tíðkuð hafa verið nú um sinn, þar sem kjósendum gefst kostur á að raða upp á framboðslista annarra flokka, er afleitur kostur og ódrengilegur.

Eins og ég hef þegar tekið fram sé ég marga og stóra galla á þessu frv. til kosningalaga. Meiri hl. miðstjórnar Framsfl. samþykkti í fyrra að fallast á kosningalög sem gengju í þessa átt. Þrátt fyrir samþykkt miðstjórnar get ég ekki fengið mig til að fallast á kosningalög eins og þau yrðu skv. þessu frv. Þess vegna heiti ég á alla þm., sem hafa komið auga á hina alvarlegu annmarka frv., að sameinast um að reyna að knýja fram breytingar á frv. svo að við þurfum ekki í framtíðinni að búa við svo afleit kosningalög. Mér er það ekki sársaukalaust að verða viðskila við marga ágæta flokksbræður mína í þessu máli. En ég þykist þess fullviss að samþykkt frv. í þessu formi verði til þess að rýra mjög óeðlilega hlut

dreifbýlisins og einnig stórlega hlut Framsfl. Hvorugt tel ég þjóðfélaginu til heilla.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég sé að það er enginn af flm. staddur hér í þingsalnum. — Þarna kemur samt 1. flm. inn.

Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Vestf., Karvel Pálmasyni, þar sem ég fer fram á að frv. verði stöðvað þar sem fyrir liggur hvaða leiðir stjórnmálaforingjarnir ætla að fara til að ná því markmiði að jafna félagslega og efnahagslega aðstöðu fólksins í landinu. Ég vil minna á í þessu sambandi að í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. er eitt af þeim markmiðum sem hún setti sér í öndverðu að koma í veg fyrir byggðaröskun. Menn sjá og hafa reynslu af því á undanförnum árum, að þrátt fyrir hvernig kosningalög eru og þrátt fyrir að hin fámennu kjördæmi úti um land hafi svo marga þm., sem er nú verið með þessu frv. að reyna að skerða, hefur ekki verið hægt að koma í veg fyrir byggðaröskun. Það sýnir hvernig málin hafa æxlast t. d. á liðnum árum. Það hefur hlutfallslega fækkað alls staðar síðustu árin þrátt fyrir það kosningafyrirkomulag sem við búum við. Og sé það annað en orðin tóm, sem manni skilst á t. d. stjórnarflokkunum og raunar hefur það komið fram hjá öðrum flokkum líka, að þeir telji að viðhalda eigi byggðinni í líku formi og hún er er það dálítið einkennileg ráðstöfun að byrja á því að ætla að breyta þessu kosningafyrirkomulagi.

Það er talað mikið um misrétti, en menn tala eingöngu um misrétti í vægi atkvæða. Það er eins og það sé eina misréttið sem viðgengst í þessu þjóðfélagi. Ég held að menn ættu að athuga að þrátt fyrir það sem þeir kalla misrétti er reynslan ólygnust. Tekjur manna úti um land, t. d. í Norðurl. v., eru þær lægstu í þessu landi. Það er sjálfsagt ekkert misrétti við það þó að landsbyggðin sem leggur þó tiltölulega til miklu meira af t. d. útflutningsframleiðslunni, töluvert mikinn meiri hluta, yfir 60%, búi við önnur og verri kjör. Er verið að reyna að leiðrétta það með þessu frv. sem hér er?

Ég vil spyrja formann Sjálfstfl. að því og ég vil spyrja flokksforingjana alla, sem standa að flutningi þessa frv.: Hvernig ætla þeir að leiðrétta það misrétti sem viðgengst í þjóðfélaginu, sbr. það sem felst í yfirlýsingu flokksforingjanna frá því á síðasta þingi? Ég vil sjá það fyrst.

Sannleikurinn er sá, að á síðasta ári eða fyrir kosningar, þegar þetta frv. lá fyrir þingi, áttaði landsbyggðin sig ekki á því hvað var í raun og veru að gerast. Það fór ekki fram mikil umræða um þessi mál t. d. úti á landi. Það var vegna þess að allir stjórnmálaforingjar þeirra flokka sem áttu þá setu hér á Alþingi stóðu að frv. Nú er aftur á móti að koma upp umræða, ekki eins flokks heldur allra flokksmanna, um þessi mál. Menn eru að átta sig á hvað er að gerast. Það er meira að segja komin upp hreyfing í sumum kjördæmum um að nú þurfi að stofna sjöunda flokkinn, þ. e. flokk sem muni halda á rétti landbyggðarinnar. Áhrifamenn úr mörgum af stjórnmálaflokkunum eru farnir að tala saman um þessi mál. Ég held því að það sé full ástæða fyrir stjórnmálaforingja hinna fjögurra flokka að gera sér fulla grein fyrir því hverju þeir hafa heitið og hvernig þeir ætla að standa við það til þess að hin nýja skipan verði ekki til að kljúfa flokkana kannske meira og minna alla ef ekki næst það fram sem heitið hefur verið, þ. e. að minnka það misrétti sem viðgengst í þjóðfélaginu. — Það er auðvitað misrétti hér að ýmsu leyti, sem ég ætla ekki að ræða um á þessum vettvangi.

Ég er ekki viss um að það mundu batna kjör þess fólks sem hér býr ef yrði mikill tilflutningur frá landsbyggðinni hingað á suðvesturhornið. Menn ættu að hugleiða hvað mundi þá gerast. Það er hægt að svara með ýmsu móti ef landsbyggðin stendur saman á annað borð. Hún getur breytt sínum innkaupum, hún getur stofnað ný samtök um verslun og ráðstafað sínum gjaldeyri. — Ég sé að formaður Sjálfstfl. hlær að því. Það er ekki víst að hann hlæi þegar hann stendur frammi fyrir kjósendum sínum við næstu kosningar. Ég hitti hóp manna nú um helgina sem mun hafa kosið Sjálfstfl., en ég er ekki viss um að þeir kjósi næst miðað við það hljóð sem var í þeim um þessa helgi. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvað hv. þm. Guðmundur Garðarsson á við. Ef hann vildi koma mér á sporið skal ég svara því ef ég get.

Þessi mál eru alvarlegri en það að hraða eigi þessu máli í gegnum þingið án þess að menn átti sig á því — a. m. k. virðast stjórnmálaforingjarnir ekki átta sig á því — hvað af því getur leitt.

Ég vil svo endurtaka það sem ég sagði áðan: Ég skora á flm. þessa frv., formenn stjórnmálaflokkanna fjögurra, að koma fram með þær tillögur sem þeir eru búnir að lofa að setja hér fram um hvernig þeir ætli að leiðrétta það efnahagslega og félagslega misrétti sem viðgengst víða úti um landsbyggðina og að þetta frv. fari ekki nema til nefndar fyrr en slíkt liggur á borðum þm.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna ummæla 3. þm. Vestf. Ég eyddi engu púðri á 3. þm. Reykn., ekki neinu. Ég taldi það ekki þess virði að eyða púðrinu. Mér fannst aftur á móti athyglisvert að hv. 3. þm. Vestf. taldi ástæðu til að skjóta dálítið á 2. þm. Vestf. Það er rétt metið hjá hv. 3. þm. Vestf. að vissulega var þar um spurningu að ræða gagnvart þeirri þróun sem hér fór fram.

Hitt er athyglisvert, að menn virðast vera svo bláeygir enn í þessum sal að þeir trúi því að formönnum stjórnmálaflokkanna sé einhver alvara með því að þeir ætli að leggja fram tillögur til að jafna lífskjör í landinu. Menn trúa því að þeim sé einhver alvara með þær hugmyndir. Það er eins og menn trúi því að það skorti fyrst og fremst tíma til þess að þeir setjist nú niður og hugsi sín mál. Það stendur ekki til að leggja fram neinar tillögur sem marktækar eru á því sviði, það blasir við. Það var eitt af því sem þeir urðu sammála um að taka út úr textanum, ef menn bera saman hvernig hann var í fyrra og hvernig hann er núna. Það er framþróun á samvinnunni. Þetta er alvaran sem blasir við.

En hinu má aftur á móti formaður Sjálfstfl. gera sér grein fyrir, að hann er ekki með þessu að byggja upp sterkan Sjálfstfl. fyrir framtíðina. Ég veit satt best að segja ekki hvort hinir gömlu foringjar flokksins hefðu talið það trúverðugt til að styrkja sjálfstæði þessarar þjóðar að vinna svo að þessum málum að það væri fyrirsjáanlegt að fjölgun þingflokkanna er fyrst og fremst það sem blasir við sem staðreynd félagsfræðilega. Og ef hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteinn Pálsson, telur að sú fjölgun komi aðeins á vinstri kanti íslenskra stjórnmála er það mikil bjartsýni. Sögulega séð hefur slíkt hvergi gerst á Vesturlöndum þar sem slíkt kerfi

hefur verið tekið upp.

Það er líka hægt að deila innan Sjálfstfl. ef kerfið er þannig upp sett að það bjóði upp á möguleika til þess að örfáir aðilar hafi jafnmikið vald og heill hópur. Og barnaskapurinn að telja að þeir séu að vinna í þágu framtíðarinnar með þessu er alveg ömurlegur. Það er ákaflega sjaldgæft að menn setjist niður eftir að þeir hafa sett fram einhverja stefnu og endurskoði sína afstöðu og breyti henni — endurskoði hana á þann veg að þeir taki skynsamlega ákvörðun eftir að hafa verið búnir að taka vitlausa ákvörðun.

Skapmiklir menn gera þetta þó stundum. Mér verður hugsað til þess þegar 1. þm. Vestf., sem er með skapstærstu mönnum þingsins, stjórnaði einu sinni fiskveiðum hér við land og gaf fyrirmæli um að það mætti fara á síldveiðar og salta um borð. Með þessu móti taldi hann að hann kæmist fram hjá því vandaverki að úthluta til allt of margra því veiðimagni sem þurfti að skipta. Jú, undir harðri stjórn og skörungsskap voru útgerðarmenn skikkaðir til að útbúa sína báta með aðstöðu fyrir tunnur um borð, það vantaði ekki, og þeir fóru á miðin og fengu í einu kasti það mikið af síld að það entist hásetunum til að salta í hálfan mánuð. Og hún flaut dauð um allan sjó út af Reykjanesi, þessi síld. Þeir komust að því, skipstjórarnir, að afköstin yrðu meiri hjá hásetunum ef þeir færu upp að landi og hefðu bátana bundna við bryggju og söltuðu þar, enda var ekkert í reglugerð ráðh. sem bannaði að það væri saltað þar sem sléttari væri sjór. Og bundnir við bryggjuna unnu þeir við að salta síldina, en stúlkurnar, sem áður höfðu unnið þetta verk í landi og kunnu það nokkuð sómasamlega, stóðu á bryggjustöplunum og höfðu gaman af. En það endaði með því að menn létu ekki hlæja að sér lengur. Þeir söfnuðu liði, héldu á fund ráðh. og tjáðu honum að annaðhvort mundi hann afnema þessa vitleysu eða þeir gerðu hann landsfrægan fyrir tiltækið. Hann tók þá skynsamlegu ákvörðun eftir að hafa hugsað sig um, og varð maður að meiri, að hann afnam vitleysuna. Og síldarstúlkur héldu áfram að salta síld, en sjómenn að sjá um veiðina.

Ég á ekki von á að formenn stjórnmálaflokkanna setjist nú niður og hugsi. Það væri undarlegt tiltæki ef þeir tækju upp á því. Þó gæti hugsast að það rynnu á þá tvær grímur ef þeir gerðu sér grein fyrir að fyrirsjáanlegur fjöldi þingflokka eftir að þetta kerfi er komið á er lágmark átta — þeir gætu orðið fleiri — og það er hugsanlegt að þeir færu að spyrja sjálfa sig að því hvort auðvelt væri að mynda ríkisstjórn í þessu landi ef við höldum áfram á þeirri braut. — En ég vil undirstrika að ég geri ekki ráð fyrir að þeir taki upp á því að hugleiða þessi mál, því að hér virðist ákvörðunin tekin eftir reglunni sem Staðarhóls-Páll hafði forðum, þegar hann sigldi góðu skipi:

> Ýtar sigla austur um sjó
> öldu jónum káta.
> Skipið er nýtt en skerið er hró
> og skal því undan láta.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst við þm. eiga kröfu til þess á hendur flm. þessa frv. að fá um það vitneskju, í ljósi gefinna yfirlýsinga með hinu fyrra, hvort og þá með hvaða hætti hefur verið áformað að standa við þá yfirlýsingu. Ég uni því ekki að enginn þeirra flm. skuli verða við þeim tilmælum að veita hv. þingdeild vitneskju um hvort farið er að vinna að tillögugerð um það með hvaða hætti eigi að leiðrétta á fleiri sviðum, eða hvort meiningin sé í raun og veru sú, sem ég er farinn að óttast, að hér eigi að svíkja það sem lofað var. Ég vil fara þess á leit, herra forseti, að umr. verði a. m. k. ekki slitið fyrr en einhver flm. sér sér fært að gefa um það vitneskju hvort og þá með hvaða hætti er farið að vinna að því að standa við þá yfirlýsingu sem fylgdi í grg. hinu fyrra frv. og hér hefur verið margoft vitnað til. Ég uni því ekki að þm. almennt fái ekki einu sinni vitneskju um það hvort á að standa við þá yfirlýsingu og þá í hvaða formi það kann að verða gert.

Mér finnst það ekki sæmandi, allra síst formönnum stjórnmálaflokkanna, að þeir fái komið málinu hér í gegnum umr. og í gegnum þingið án þess að standa skil loforða sinna. Og það skiptir mig engu máli hver þessara fjórmenninga það verður, ef það verður einn, sem gerir hv. þingdeild grein fyrir því hvað búið er að vinna í þessu máli. Vissulega væri ánægjulegt að þeir fengjust allir til að tjá sig um hvort á að standa við hin gefnu fyrirheit. Ef ekki fást um það upplýsingar frá flm. sjálfum við þessa umr. hvort við þetta á að standa og með hvaða hætti þá fer ég að hallast að því að menn ætli að svíkja í þessu máli. Það er óhugur í mér við þögn þeirra fjórmenninganna þegar spurt er hvernig þessu máli sé komið sem lofað var. Svo langur tími er liðinn síðan yfirlýsingin var gefin að það er ekki til mikils ætlast þó að við fáum um það vitneskju hvort farið er að vinna að því að standa við þá yfirlýsingu.

Ég ítreka, herra forseti, að mér finnst það lágmarkskrafa að þm. fái að vita það strax við þessa umr. hvað líður efndum á gefnum fyrirheitum um að leiðrétta óréttlætið á fleiri sviðum en þessu. Sú yfirlýsing verður að koma frá foringjum stjórnmálaflokkanna sem lofuðu þessu fyrir síðustu kosningar. Frá öðrum getur hún ekki komið. Þaðan verður hún að fást.

Forseti (Ingvar Gíslason): Vegna orða hv. þm. vill forseti taka fram að hann getur ekki knúið einn eða neinn til umr. hér í hv. Alþingi. En með gleði skal ég gefa hverjum þeim orðið sem vill halda áfram umr. um þetta mál. En nú eru ekki fleiri á mælendaskrá og þessari umr. er því lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 60. fundur.

Þriðjudaginn 13. mars, kl. 1.30 miðdegis.

Vísitala framfærslukostnaðar, frv. 210. mál (þskj. 373, n. 430 og 433, 434). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur rætt mál þetta á allmörgum fundum og skoðað það ítarlega, hygg ég að ég megi segja. Leitað var umsagnar frá allmörgum

aðilum. M. a. sat Klemens Tryggvason hagstofustjóri fund með n. fyrir nokkrum dögum og veitti mjög ítarlegar og margháttaðar upplýsingar. Sama má segja um forstjóra Þjóðhagsstofnunar og starfsmenn hans, forseta Alþýðusambands Íslands og fulltrúa Vinnuveitendasambandsins. Tvær skriflegar umsagnir bárust og eru þær birtar með nál. meiri hl. Ég held að ég megi segja að nm. allir hafi verið sammála um það, enda kemur það fram í nál. minni hl., að hinn nýi vísitölugrunnur mundi réttari en sá gamli. Hitt er svo alveg rétt, sem líka kemur fram í þeirra nál., að hversu réttur þessi grundvöllur sé er kannske ekki auðvelt að dæma um svo óyggjandi sé, enda hlýtur það alltaf að verða svo í sveiflukenndu þjóðfélagi eins og á Íslandi að vísitölugrunnur hlýtur að skekkjast eftir því hvernig árferði er og hagur fólks og atvinnufyrirtækja, og neysluvenjur kunna stundum að breytast jafnvel frá ári til árs. Við þekkjum það. Sum árin eru flutt inn ógrynni af bifreiðum, önnur ekki o. s. frv. Það verður auðvitað aldrei neitt ótvírætt sem fyrir kann að liggja í þessu.

En menn eru sammála um að þessi nýi grunnur sé til bóta. Þess er einnig að gæta að lánskjaravísitala verður nokkru hóflegri eftir samþykkt þessa frv. en vera mundi án þess að það næði fram að ganga fyrir 20. þ. m. Hygg ég því að allir nm. séu sammála um að reyna að greiða fyrir framgangi málsins þannig að það fari út úr n. nú á tiltölulega stuttum fundi. Skal ég ekki verða til að tefja umr. hér, heldur þvert á móti þakka samstarfsmönnum í n. fyrir gott samstarf og afstöðu til málsins.

Það er ekkert óeðlilegt að stjórnarandstaðan beri fram brtt. við svona viðamikið mál. Þær eru í þrennu lagi og gera tillögumenn að sjálfsögðu grein fyrir þeim hér á eftir. En til að spara tíma vil ég láta mína skoðun koma strax í ljós: Að því er fyrstu brtt. varðar er það álitamál hvort endurskoða á þennan grunn á þriggja ára fresti eða fimm ára. Það er auðvitað nokkur kostnaður við slíka könnun. Hagstofustjóri mun hafa sagt að þessi könnun hefði kostað um 1.5 millj. kr. á sínum tíma, ef ég man rétt. Það er kannske ekki mikil upphæð í öllu flóðinu. Engu að síður er þar um kostnað að ræða. Og svo er hitt, sem ég áðan drap á, að sveiflurnar eru svo tíðar og stundum svo stórar að það er ekkert víst að grunnurinn yrði miklu eðlilegri þó að fresturinn yrði styttur. Ég vil þess vegna leggja það á vald Kauplagsnefndar að taka til þess úrslitaafstöðu eins og raunar er gert ráð fyrir í frv.

Um 2. brtt. er það að segja að lagt hefur verið til að meðalneysla þess landsfjórðungs sem lægstar tekjur hafi verði reiknuð sérstaklega. Nú kann að vera gott að hafa það til hliðsjónar, en það er ekki einu sinni svo að það séu alltaf kannske hæstar tekjur og lægstar í einhverjum ákveðnum fjórðungi, það getur verið miklu meiri munur innan fjórðungsins sjálfs. Við getum tekið fjórðung eins og Suðurland. Þar eru tvær öflugar verstöðvar en hins vegar er þar landbúnaður og ýmiss konar iðnaðarþjónusta o. s. frv. Eitt árið kann sjávarútvegur að ganga illa — (**EG:** Þm. hefur misskilið till. Það er ekki landsfjórðungur, heldur fjórðungur landsmanna.) Ég bið afsökunar og þakka fyrir ábendinguna. Ég hafði ekki heyrt efni till. áður og sá hana ekki fyrr en fyrir einni mínútu. En það var ekki sök tillögumanna. Þá tek ég þetta aftur og segi að það geti verið ágætt að hafa slíka meðalneyslukönnun. En ég held að það sé algjörlega ástæðulaust að fara að lögbinda það því að Kauplagsnefnd tekur um það ákvörðun hvernig hún hagar sínum vinnubrögðum og hún er ábyggilega til þess hæfari á hverjum tíma að gera það en við getum ákveðið í eitt skipti fyrir öll í dag.

En allt eru þetta minni háttar tillögur. Ég styð þær ekki og legg til að þær verði felldar og frv. samþykkt óbreytt. En ég endurtek það að í n. ríkti mjög gott samstarf og ég þakka nm. fyrir það og vona að málið fáist afgreitt í þessari hv. deild nú í dag.

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá formanni og frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur nefndin rætt málið á allmörgum fundum en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. hefur því skilað sérálíti á þskj. 433. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á fundum nefndarinnar hefur komið fram að sá vísitölugrunnur sem nú er í gildi gefur ekki rétta mynd af meðalneyslu landsmanna í dag og að sá vísitölugrunnur sem frv. kveður á um að tekinn verði upp sé að öllum líkindum réttari að þessu leyti. Einnig er ljóst að mikilvægt er að leiðrétta núgildandi vísitölu framfærslukostnaðar sökum áhrifa hennar á lánskjaravísitölu og þá einkum með tilliti til greiðsluerfiðleika vegna húsnæðiskostnaðar á tímum minnkandi kaupmáttar launa.

En þótt leiða megi líkur að því að „nýi“ vísitölugrunnurinn sé nær því að mæla meðalneyslu landsmanna eins og hún er nú, þá er alls óvíst hversu réttur þessi grundvöllur er, enda er hann byggður á sex ára gamalli neyslukönnun.

Minni hl. n. telur því nauðsynlegt að hafist verði handa nú þegar við gerð nýrrar neyslukönnunar, sem lögð verði til grundvallar nýrri framfærsluvísitölu, eins fljótt og auðið er. Þótt ekki séu greiddar verðbætur á laun er vísitala framfærslukostnaðar mælikvarði á kaupmátt launa og skiptir það miklu fyrir launafólk í landinu að hún sé jafnan sem réttust. Í framhaldi af því leggur minni hl. n. áherslu á að Kauplagsnefnd kanni það eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll framfærsluvísitölu, þannig að tryggt sé að sú vísitala sem í gildi er hverju sinni fái staðist.“

Frsm. meiri hl. kom inn á það hér áðan að eðlilegt væri að Kauplagsnefnd tæki ákvarðanir af þessu tagi. Ég tel það hins vegar mjög eðlilegt að þingið gefi út sínar viljayfirlýsingar um þetta og setji það í lög.

Hvað kostnaðinn varðar þá er ég ekki viss um að þetta atriði komi til með að auka kostnað neitt verulega því að þetta leiðir af sér að neyslukannanir verða nokkurn veginn samfelldar. Það má því hafa stöðuga vinnu í gangi. Það er alltaf kostnaður við að koma af stað nýrri vinnu, þannig að vel má vera að það sé einfaldlega kostnaðarhagræðing að þessu atriði.

„Jafnframt telur minni hl. n. mjög mikilvægt að gerð neyslukannana sé hagað á þann veg að jafnan megi fá fram til upplýsinga hvernig neyslu þess fjórðungs fjölskyldna í landinu, sem minnst hefur úr að spila, er háttað. Hér er um að ræða að hafa úrtak neyslukannana nógu stórt til að sundurgreina megi auðveldlega og þannig að marktækt sé hvernig neyslu lágtekjuhópa er háttað hverju sinni, en um það er nú litlar upplýsingar að hafa.“

Hér er einfaldlega um það að ræða að nýta sem best þá miklu vinnu sem í neyslukönnun felst. Og þar sem

komið hefur í ljós hvað eftir annað hér á þinginu að engin skilgreining er til á því hvað sé láglaunahópur og að mikið skortir á að mönnum sé almennt ljóst hvernig kjörum hinna lægst launuðu er raunverulega háttað, þá tel ég brýnt að nota alla þá upplýsingaöflun, sem um er að ræða af hálfu stjórnvalda hvort sem er, til að varpa ljósi á þessi atriði.

Minni hl. n. leggur því til að frv. verði samþykkt með brtt. sem hann flytur á sérstöku þskj. Á þskj. 434 er að finna brtt. minni hl. Sú fyrsta hljóðar upp á það að í 3. gr. frv. komi „á þriggja ára fresti" í staðinn fyrir „á fimm ára fresti". Önnur brtt. hljóðar upp á að á eftir 3. gr. komi ný grein sem verði 4. gr. og hljóði svo:

„Kauplagsnefnd skal haga gerð neyslukannana á þann veg að sundurgreina megi þannig að marktækt sé hvernig meðalneyslu þess fjórðungs landsmanna, sem lægstar tekjurnar hefur, er háttað hverju sinni. Kauplagsnefnd skal gera ríkisstj. grein fyrir niðurstöðunum."

Og 3. brtt. er svohljóðandi: „Á eftir 5. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Kauplagsnefnd skal nú þegar hefja undirbúning að gerð neyslukönnunar sem lögð verði til grundvallar nýrri vísitölu framfærslukostnaðar."

Með þessum breytingum leggur minni hl. n. til að frv. verði samþykkt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það er óumdeilt að gamli vísitölugrundvöllurinn er orðinn úreltur og gefur ranga mynd af meðalneyslu fólks nú á tímum. Það er einnig óumdeilt að löngu er orðið tímabært að taka upp nýjan vísitölugrundvöll og reikna framfærsluvísitölu með þeim hætti sem betur samsvarar tekjuskiptingu í þjóðfélaginu en var þegar sá gamli var búinn til.

Hitt er annað mál, að frá því að þessi nýja neyslukönnun var gerð og frá því að uppi voru áform í tíð seinustu ríkisstj. um nýja framfærsluvísitölu og nýjan framfærsluvísitölugrunn hafa forsendur og aðstæður verulega breyst og þá fyrst og fremst með þeim hætti að kaupmáttur launa hefur fallið mjög verulega. Það er því ekki fjarri lagi, þó að gamli vísitölugrundvöllurinn sé harla úreltur hvað snertir meðalneyslu fólks miðað við þann nýja, að hann kunni að gefa fullt eins góða mynd af neyslu lágtekjufólks, þess fólks sem minnstar hefur tekjurnar.

Vissulega hefur sú breyting orðið að framfærsluvísitala er ekki notuð til grundvallar verðbótaútreikningi varðandi kaupgreiðslur. Eftir sem áður er framfærsluvísitala mjög mikilvægur mælikvarði á kaupmátt launa. Og það skiptir miklu máli við hvaða aðstæður og hvaða tími valinn er til þess að skipta um mælikvarða vísitölunnar. Það skiptir miklu máli að það gerist ekki svo snögglega og við þær aðstæður að verulega skekkt mynd fáist af verð- og kaupmáttarbreytingum á þeim tíma sem skipt er um grundvöll. En á þessu er einmitt veruleg hætta nú. Í fyrsta lagi vegna þess að nú, þegar verið er að lögfesta nýjan grundvöll framfærsluvísitölu þar sem matvörur og aðrar brýnustu lífsnauðsynjar vega miklu minna en áður, eru landbúnaðarvörur að hækka meira í verði en aðrar vörur. Þar að auki eru uppi áform um lækkun niðurgreiðslna á landbúnaðarvörur sem mundi hækka matvörur mjög verulega í verði. Það má því hiklaust segja að sá tími sem valinn er til að skipta um vísitölugrundvöll er afar óheppilegur að þessu leyti og óhjákvæmilegt að vara við því að sá tími sem valinn er valdi því að um verði að ræða ranga, falsaða mynd af þróun verðlags í landinu á þeim tíma þegar verið er að skipta um grundvöll.

Á hinn bóginn er því ekki að neita, að ef ekki væri tekinn upp nýr grundvöllur þá mundu lán fólks, sem margt hvert býr við mikla neyð þessa stundina vegna þess hversu lán hafa hækkað miklu meira en almennt kaupgjald í landinu, hækka meira eftir gamla grundvellinum en þeim nýja. Það væri því mikill bjarnargreiði við fólk, sem þannig er ástatt fyrir, að koma í veg fyrir að gerð yrði hér breyting á. Fyrir þessu mætti hins vegar sjá með því einfaldlega að setja lagaákvæði um það að lánskjaravísitala ætti ekki að hækka á næsta tímabili vegna hækkunar á framfærsluvísitölu meira en orðið er, með tilliti til þess hversu kaupgjald hefur hækkað lítið miðað við lánskjaravísitölu og lánskjör. Auðvitað er þetta ástand algerlega fráleitt og fordæmanlegt, að langur tími skuli líða þannig að laun séu ekki verðtryggð eða vísitölubætt en fjármagnið sé hins vegar vísitölubætt og verðtryggt. Auðvitað ætti að slíta allar vísitölur úr samhengi ef vísitala kaupgjalds er slitin úr samhengi. Og það er það sem að er nú, að fjármagnið fær fullar verðbætur og vísitölubætur en kaupgjaldið ekki. Þetta er auðvitað ástand sem er gjörsamlega óviðunandi og núverandi ríkisstj. ber fulla ábyrgð á. Það væri svo sannarlega ástæða til að rjúfa þessi tengsl nú. Þá væri ekki þessi hætta fyrir hendi varðandi gamla vísitölugrundvöllinn sem nú er bent á.

Ég tel hins vegar að ekki sé rétt af stjórnarandstöðunni að standa í vegi fyrir því að breyting sé gerð. En við teljum að ef breyting er gerð á vísitölu þyrfti það að verða með dálítið öðrum hætti en hér er gerð till. um. Þess vegna flytjum við nokkrar brtt. Í fyrsta lagi leggjum við til að á það sé lögð megináhersla að gerð sé neyslukönnun nú þegar og að þá sé hægt að taka upp vísitölugrundvöll byggðan á nýjum upplýsingum hið allra fyrsta. Í öðru lagi leggjum við til að vísitölukönnuninni eða neyslukönnuninni sé þannig hagað að hægt sé að lesa út úr henni nokkurs konar vísitölu lágtekjufólks, nokkurs konar vísitölu tekjutryggingarþega, þannig að ljóst megi verða hvaða áhrif verðbreytingar í þjóðfélaginu, einkum á matvörum og ýmsum nauðsynjavörum, hafa á kaupmátt tekna þessa fólks, auk þess sem við leggjum til að neyslukannanir séu gerðar oftar en frv. gerir ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að við höfum ekki mikinn tíma aflögu hér í Ed. til að ræða þetta mál. Ég hef fallist á það að við reyndum að afgreiða málið í dag og mun því reyna að stytta mál mitt og segja hér miklu, miklu minna en ástæða væri til og þörf væri á. Ég tel að með hliðsjón af því m. a. að miðstjórn Alþýðusambands Íslands leggur áherslu á að nýr vísitölugrundvöllur nái fram að ganga, enda þótt hún vissulega bendi á að ný neyslukönnun sé aðalatriði málsins, þá beri að taka visst tillit til þeirrar afstöðu og ekki sé eðlilegt af stjórnarandstöðu að koma í veg fyrir að nýr neyslugrundvöllur sé tekinn upp. En ég vil ljúka máli mínu með því að ítreka það sem ég hef þegar sagt: Það er veruleg hætta á því að þessi skipti á vísitölugrundvelli geti valdið því að vísitölumæling á þessum vetri sýni ranga mynd af þróun verðlags, sýni ranga mynd af þróun framfærsluvísitölu. Því verður enn um skeið í umræðum manna á milli um t. d. verðbólguþróun á þessum vetri að hafa til hliðsjónar gömlu vísitöluna

og þróun hennar, einkum og sér í lagi þegar haft er í huga að matvörur eru að hækka miklu meira í verði en aðrar vörur og þar með er auðvitað kaupmáttur launa þeirra sem minnstar hafa tekjurnar að falla meira en annarra. Og ég tala nú ekki um ef svo færi að einhverjar breytingar yrðu gerðar á niðurgreiðslum. Þá er ljóst að hinn nýi vísitölugrundvöllur og þessi nýja framfærsluvísitala er alls ekki eðlilegur mælikvarði á verðbólguþróun í þjóðfélaginu á þessum vetri. En ég ætla svo sannarlega að vona að ríkisstj. detti ekki ofan í þá gryfju að fara að lækka niðurgreiðslur á matvörum og valda þannig stórhækkuðu vöruverði í landinu.

Ég læt nægja að vísa til þeirra brtt. sem stjórnarandstaðan hefur flutt, enda þótt vissulega gæti komið til greina að breyta ýmsu öðru í þessu sambandi, og þá sérstaklega frá mínu sjónarmiði séð að reyna að velja heppilegri tíma til að skipta um grundvöll heldur en ríkisstj. hefur valið.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég skal reyna að vera mjög stuttorður. Afstaða mín til vísitölugrundvallar er í einföldustum dráttum sú, að það sé ekki Alþingis eða ríkisstj. að hlutast til um ákvörðun hans eða útreikning. Þetta sé atriði sem fyrst og fremst lýtur að hagsmunum launþegasamtaka og vinnuveitenda og það sé brýnt hagsmunamál þessara aðila að halda vísitölugrundvellinum og útreikningi hans alltaf í sem nánustu samhengi við raunveruleikann í ríkisbúinu.

Ég horfi því sérstaklega til tveggja atriða í þessu frv. Annars vegar í 2. gr. þar sem segir: „Nú óskar ríkisstj., Alþýðusamband Íslands eða Vinnuveitendasamband Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í byrjun annars mánaðar en skylt er að reikna hana skv. fyrri mgr. þessarar gr., og skal þá Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.“ Þar með er inni varnagli fyrir þá aðila sem telja sig hafa beina hagsmuni af því að reikna upp vísitöluna hvenær sem nauðsyn krefur til að fara fram á það með tveggja vikna fyrirvara. Og sinni menn ekki þessu beina hagsmunamáli sínu þá geta þeir sjálfum sér um kennt.

Hitt atriðið er í 3. gr. þar sem segir: „Að fengnum niðurstöðum er nefndinni — sé hún sammála — heimilt að ákveða framfærsluvísitölunni nýjan grundvöll án þess að koma þurfi til lagasetningar.“

Ég tel mjög gagnlegt og heilbrigt að aðilar vinnumarkaðarins hafi þarna sjálfsákvörðunarrétt því að þó að ekki sé að vísu verið að binda laun við vísitölu hér í dag þá fer það náttúrlega ekkert á milli mála að vísitalan er skoðuð og launaákvarðarnir teknar í samræmi við hana þegar laun eru ákveðin. Þess vegna ætla ég mér að greiða atkv. með þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 434,1 felld með 12:6 atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 434,2 felld með 12:6 atkv.
4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 434,3 felld með 12:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 61. fundur.

Þriðjudaginn 13. mars, að loknum 60. fundi.

Vísitala framfærslukostnaðar, frv. 210. mál (þskj. 373). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. mars 1984.

Geir Hallgrímsson, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér að óska þess, að 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhanna Sigurðardóttir,
forseti Nd.“

Guðmundur H. Garðarsson hefur að undanförnu setið á Alþingi og býð ég hann velkominn til áframhaldandi starfa.

Lífríki Breiðafjarðar, fsp. 199. mál (þskj. 356). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 356 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. sem svo hljóðar:

„Hvað hefur verið gert til að framfylgja þál. frá 22. mars 1979 um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar?“

Á 100. löggjafarþingi árið 1978 flutti ég till. til þál. um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar. Efnislega var tillgr. á þá leið að Alþingi ályktaði að skora á ríkisstj. að stuðla hið fyrsta að því að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar yrði kannað og verndað eftir því sem þurfa þætti í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök. Till. fylgdi löng og ítarleg grg. sem ekki verður gerð að sérstöku umtalsefni nú. Eftir venjulega

þinglega meðferð var áðurnefnd till. samþykkt einróma sem ályktun Alþingis hinn 22. mars 1979.

Þar sem nú eru nærri full fimm ár liðin frá samþykkt till. er ekki óeðlilegt að spurt sé: Hvað hefur verið gert til að framfylgja þál. frá 22. mars 1979 um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil segja í sambandi við síðustu orð hv. fyrirspyrjanda, hv. 1. þm. Vesturl., að víst er það rétt að liðin eru fimm ár frá samþykkt þessarar þál. og fjögur ár af þessum fimm var hv. fyrirspyrjandi sjálfur í ríkisstj. Ég stóðst ekki mátið að minna á þetta. En þetta eru náttúrlega ekki efnislegar upplýsingar. Vil ég svo snúa mér að því að svara þessari fsp. sem er í hæsta máta eðlileg.

Ég sneri mér fyrst til þeirrar nefndar sem á sínum tíma var skipuð til að vinna að þessu máli. Í henni sátu þeir Andrés Valdimarsson sýslumaður, sem var formaður, Sólmundur Einarsson og Ævar Petersen. Í svari þeirra segir svo í bréfi sem dags. er 17. febr.:

„Vegna fsp. á Alþingi um störf nefndar, sem skipuð var til þess að gera tillögur um könnun á verndun lífríkis Breiðafjarðar, skal tekið fram eftirfarandi:

Nefndin hefur viðað að sér miklum gögnum er tengjast málefni Breiðafjarðar og leitað álits margra aðila sem gætu hugsanlega átt hlut að máli. Söfnun upplýsinga hefur staðið yfir fram á þennan dag. M. a. var leitað eftir upplýsingum um þá þætti sem gætu haft áhrif á lífríki fjarðarins. Nokkuð hefur þó vafist fyrir nefndarmönnum hvar ætti að setja mörkin. Ljóst var að nákvæmar upplýsingar um lífríki Breiðafjarðar væru af skornum skammti. Því var talið æskilegt að fá frekari reynslu af því lífríki sem þarna væri að finna og hafa þar farið fram kannanir undanfarin sumur. Þetta var nauðsynlegt til þess að unnt væri að bera fram raunhæfar tillögur þótt vissulega sé enn margt ólært. Af ofangreindum sökum hafa störfin dregist á langinn. Nefndarmenn hafa stefnt að því að fullvinna skýrslu fyrir næsta Náttúruverndarþing sem verður um miðjan apríl n. k. og mun það geta staðist.

Virðingarfyllst,
Sólmundur Einarsson.
Ævar Petersen."

Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef og eru svar við þeirri spurningu sem fram var borin.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Í tilefni af því að hæstv. ráðh. var svo elskulegur að minna mig á minn ráðherradóm sem nú er liðinn vil ég sérstaklega taka fram að hvorki mér né öðrum hefur nokkru sinni dottið í hug að könnun af þessu tagi verði hrist fram úr erminni á skammri stundu. Miklu fremur má segja að hér sé um ævarandi viðfangsefni að ræða, svo fjölþætt er lífríki Breiðafjarðar. En þeim mun ríkari ástæða er til þess að vinna að slíku verki öllum stundum af fremsta megni. Við eigum marga dugmikla vísindamenn sem líklegir eru til vaxandi afreka. Það er að sjálfsögðu ómetanlegt. En þeir sem hafa þekkinguna og lærdóminn verða að hafa góða samvinnu við heimamenn og náttúruverndarsamtök, eins og segir í ályktuninni. Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að vitna í viðtal við dr. Magna Guðmundsson frá Narfeyri á Skógarströnd, sem Morgunblaðið hafði við hann í nóv. 1977, en þá var dr. Magni nýkominn frá Kanada að loknu doktorsprófi á fullorðinsárum. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Ungu námsfólki nýútskrifuðu er gjarnt að ofmeta fræðikenningar og beita þeim af léttúð. Þessi hætta minnkar með aldri og reynslu. Æðra nám kennir mönnum þegar best lætur að hugsa rétt. Að sjálfsögðu er hægt að menntast með öðrum hætti. Lárus bróðir minn hafði minna skipstjórapróf, en eftir 40 ára siglingu vissi hann meira um Breiðafjörð en unnt er að læra í nokkrum háskóla."

Að svo mæltu vona ég að því starfi sem hér hefur verið gert að umtalsefni verði haldið áfram svo sem efni standa til og sæmir þeim markmiðum sem að er stefnt.

Íslenskt efni á myndsnældum, fsp. 199. mál (þskj. 356). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 356 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um það hvað liði framkvæmd þáltill. sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi í maíbyrjun 1982. Tillgr. var þess efnis að Alþingi ályktaði að fela menntmrh. að beita sér fyrir viðræðum við eigendur höfundarréttar íslensks efnis sem flutt hefur verið í Ríkisútvarpinu — sjónvarpi. Þessum viðræðum var ætlað að hafa það markmið að setja reglur er gætu gert það að verkum að almenningur ætti þess kost að fá íslenskt sjónvarpsefni til láns eða kaupa á myndsnældum sem nú gerast æ algengari og almennari. Fsp. mín er sem sagt þessi: Hvað líður framkvæmd þessarar till.?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Eftir að þáltill. sú sem hv. fyrirspyrjandi ræddi um var samþykkt var hún send Ríkisútvarpinu og fleiri aðilum til athugunar og umsagnar, m. a. ýmsum samtökum rétthafa að höfundarrétti. Þetta var gert í júní 1982. Í júlí 1983 var þeim tilmælum beint til útvarpsstjóra að gerð yrði könnun á þeim möguleika að framleiða og fjölfalda hljóðbönd og myndbönd. Það var gert með bréfi frá mér á þeim tíma og benti ég sérstaklega í því sambandi á barnatíma og barnaefni úr útvarpi og sjónvarpi.

Könnun var gerð á framkvæmdaþáttum þessa máls. Skv. bréfi, sem dags. er 27. sept. s. l., leiddi könnunin m. a. eftirfarandi í ljós:

1. Fjölföldun á myndefni. „Ef gefa ætti öllum notendum kost á myndefninu yrði að fjölfalda það á þrjár gerðir snældu, VHS, Beta og V 2000, þar sem ekki er hægt að nota snældu úr einu kerfi í annað. Þarf sjónvarpið því minnst eitt tæki af hverri gerð til upptöku. Slíkur búnaður mun kosta 500—700 þús. kr. Starfsmenn myndbandadeildar yrðu að annast fjölföldunina utan venjulegs vinnutíma þar eð miklar annir eru ætíð hjá deildinni. Mikil þrengsli eru í myndbandadeild nú og erfitt að koma tækjum sem til þarf fyrir þar. Þetta hefði og í för með sér mikið álag á viðhaldsverkstæði sjónvarpsins sem nú þegar á erfitt með að hafa undan með nauðsynlegt viðhald og uppsetningu á nýjum búnaði. Kannaður var möguleiki á að fela öðrum aðila að fjölfalda efni frá sjónvarpinu. Fyrirtæki sem ræður yfir búnaði til fjölföldunar í stórum stíl gat í sept. 1983

boðið fjölföldun á 100 eintökum af spólum með 60 mínútna efni fyrir 400—500 kr. á spólu ef frumeintak væri afhent þeim á myndbandi sem passaði í þeirra tæki. Til viðbótar kæmi þá kostnaður við að flytja efni sjónvarpsins yfir á myndband sem hentaði í viðkomandi tæki. Þess skal getið að fyrrgreint verð, 400—500 kr. á spólu, er fengið eftir mjög lauslegar viðræður milli sjónvarps og fjölföldunarfyrirtækisins."

2. Um fjölföldun á hljóðsnældum. Um það er raunar ekki spurt sérstaklega heldur myndsnældur þannig að ég hygg e. t. v. ekki ástæðu til að rekja það atriði sérstaklega. En í dæmum þeim, sem getið var um kostnað, er ekki gert ráð fyrir höfundagreiðslum, eða markaðsfærslu sem mun þýða að koma snældunum á markað.

Ríkisútvarpið hefur enn ekki hafið neinar viðræður við höfunda eða samtök þeirra um samninga sem gætu gert stofnuninni kleift að framleiða í stórum stíl eða í miklum fjölda útvarps- eða sjónvarpsefni. En menntmrn. mun fyrir sitt leyti ítreka þessar óskir sínar. Það hefur áður verið gert munnlega og ég mun fyrir mitt leyti halda því áfram þar eð ég tel hér um efni að ræða sem er mjög þýðingarmikið, bæði menningarlega fyrir almenning í landinu og fyrir nýjar kynslóðir barna. Það er mikið efni og oft og tíðum ágæt listaverk sem liggja fyrir í geymslum útvarpsins með þessum hætti sem vissulega er ástæða til að láta menn fá aðgang að eftir að svo margir eiga myndbandatæki.

Benda má á það að í 2. mgr. 11. gr. frv. til útvarpslaga sem nú liggur fyrir Alþingi er ákvæði um að Ríkisútvarpinu sé heimilt, takist samningar við rétthafa efnis, að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið. Þetta ákvæði var tekið upp í frv. í beinu framhaldi af samþykkt þáltill. sem hv. 5. landsk. þm. gat um.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir svarið en jafnframt vekja athygli á því að efni till., það sem till. hljóðar um, hefur ekki verið framkvæmt, þ. e. till. hljóðar um það að teknar verði upp viðræður við eigendur höfundarréttar íslensks efnis sem flutt hefur verið í sjónvarpið en þetta hefur ekki verið gert. Nú er það ráðh. að fela Ríkisútvarpinu að annast þessar viðræður, eða ég lít svo á, og ég vil aðeins að það komi mjög sterklega fram að ég held að þetta verði að gera. Alþingi er búið að lýsa vilja sínum í þessu efni og ég held að skylt sé að fara að því. Raunar skil ég ekki þann hátt sem rn. hafa eftir að Alþingi hefur samþykkt þáltill. Fram kom áðan að hún var þá send til umsagnar til ýmissa aðila. Þetta hefur komið fram hér áður varðandi till.

Ég sé ekki að þegar Alþingi er búið að samþykkja einfalda viljayfirlýsingu hafi neinir aðrir aðilar í þjóðfélaginu neitt um það að segja. Þetta er vilji Alþingis sem fram er kominn í samþykkt og það mál þarf ekkert að senda til umsagnar annarra aðila. Það kom fram hér um daginn þegar ég spurði um efni till. er varðaði hjólbarða að hún hafði verið send Bifreiðaeftirliti ríkisins eftir að Alþingi samþykkti hana. Bifreiðaeftirliti ríkisins kemur málið bara ekkert við þegar Alþingi er búið að lýsa yfir sínum vilja í málinu. Þetta finnst mér vera meginatriði varðandi allar þáltill. En ég hvet sem sagt til þess að menntmrh. beini því til forráðamanna Ríkisútvarpsins að taka upp þessar viðræður við fulltrúa þeirra sem eiga höfundarrétt.

Hins vegar kom það fram í svari ráðh. að Ríkisútvarpið hefur kannað möguleika á því að fjölfalda svona efni. Ég verð að segja að þau rök, sem Ríkisútvarpið ber fram, eru afar léttvæg. Auðvitað þarf að kaupa tækjabúnað sem kostar eitthvað. Auðvitað þarf að fá starfsmenn til að annast þetta. Það eru engin rök í málinu að viðhaldsdeild sjónvarpsins hafi svo mikið að gera að þetta sé ekki hægt. Þetta á að geta verið þjónusta sem stendur undir sér fjárhagslega. Það er enginn að tala um að gefa þessa þjónustu. Það á að selja þetta fyrir kostnaðarverð og það á ekki að þurfa að vera mjög dýrt.

Ég lít svo á og túlka þessi svör Ríkisútvarpsins — sjónvarps þannig að enginn áhugi sé á því að hefja þessa starfsemi og ég tel það mjög miður. Mér er t. d. kunnugt um að Námsgagnastofnun hefur óskað eftir því að fá þætti, sem gerðir voru í sjónvarpinu um veðurfræði, fjölfaldaða til að nota við kennslu í skólum og eftir þessu hefur verið óskað um ýmislegt fleira efni. En þetta stendur allt á því að ekki hefur verið samið við þá sem eiga höfundarrétt. Hjá Ríkisútvarpinu — sjónvarpi virðist því miður ekki vera vilji til að framkvæma þetta og það ber að harma. Það er mikið af mjög góðu efni, eins og hæstv. ráðh. réttilega minnti á, t. d. barnaefni, sem væri ástæða til að börn hefðu meiri aðgang að en bara þegar þetta er sýnt einu sinni í sjónvarpi. Það er alls konar fræðsluefni, að ekki sé talað um íslensk leikrit og kvikmyndir, sem er nauðsynlegt að hafa aðgengilegt svona. Þetta er menningaratriði, þetta á að vera aðgengilegt og Ríkisútvarpið á að geta séð svo um að svo sé án þess að það þurfi að vera neinn fjárhagslegur baggi á þeirri stofnun.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil skýra örfá atriði sem fram komu í ræðu hv. þm. um leið og ég segi að ég er efnislega sammála honum í velflestum þeim greinum sem hann nefndi. Það sem ég vil nefna er í fyrsta lagi þetta, um að senda þál. til umsagnar eins og segir í svari mínu: Það er gert til þess að koma viðræðum í gang. Það er aðferð, ein af þeim aðferðum sem hægt er að nota, til þess að ýta á það að viðræður milli rétthafanna og útvarpsins fari í gang. Þetta er skýringin á því atriði. Það er ekki verið að spyrja um hvort samþykkja eigi eða ekki. Það liggur fyrir vilji Alþingis, það er auðvitað rétt en þetta er til þess að knýja á um að málið sé framkvæmt.

Í öðru lagi vil ég geta þess að eitt af því sem valdið hefur erfiðleikum í því að koma slíkum viðræðum á er að menn hafa talið nokkra óvissu um höfundarréttinn sjálfan og höfundalagafrv. það, sem liggur fyrir Alþingi nú, skiptir einmitt miklu máli í þessu sambandi. Á þetta vil ég benda.

Að því er varðar það atriði, sem hv. þm. vék að, að ótrúlegt væri að þetta þyrfti að kosta svo mikið vil ég geta þess að ég hef einnig verið þeirrar skoðunar svo sem fram kemur í bréfi mínu til útvarpsins nú í sumar. Það er örstutt en þar kemur fram skoðun mín á þessu máli þó að það fjalli að vísu einungis um barnaefni. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið beinir hér með þeim tilmælum til yðar, herra útvarpsstjóri, að þér látið fara fram könnun á þeim möguleika að framleiða og fjölfalda hljóðbönd og myndbönd með gömlum barnatímum. Könnunin taki

m. a. til hins höfundarréttarlega þáttar málsins. Böndin yrðu seld á almennum markaði til fjáröflunar fyrir Ríkisútvarpið, ef hagkvæmt þætti, þannig að ég hef von um það að þetta þyrfti ekki að vera fjárhagslegur baggi ef rétt væri að málinu staðið, en það á vitanlega eftir að koma betur í ljós."

Notkun sjónvarpsefnis í skólum, fsp. 199. mál (þskj. 356). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 356 að spyrja menntmrh. nokkurra spurninga. Fyrsta er svohljóðandi:

„Hvað líður athugun á því að Námsgagnastofnun fái til dreifingar í skóla myndefni sem sjónvarpið hefur framleitt á liðnum árum og telst gagnlegt til notkunar í skólum?"

Ég hef frétt að þetta mál hafi verið tekið fyrir í útvarpsráði og fengið þar góðar undirtektir og það hafi verið tekið aftur fyrir í útvarpsráði og fengið aftur góðar undirtektir en ekkert skeð.

Í öðru lagi spyr ég: „Hvað kemur í veg fyrir að Námsgagnastofnun geti fengið slíkt efni til dreifingar í skólum?"

Þriðja spurningin er: „Hver er stefna menntmrh. að því er varðar notkun þessara mikilvægu og sterku fjölmiðla í skólakerfinu?"

Ég vil geta þess að í mörgum löndum Evrópu og víðar er ríkisfjölmiðlunum, útvarpi og sjónvarpi, gert skylt að framleiða efni sem hentað gæti til kennslu í skólum. Einnig sjá þessir aðilar um útgáfu bóka og bæklinga sem tengjast efni þáttanna.

Mér er sagt að ýmsir stjórnendur Ríkisútvarpsins telji að sjónvarpinu hafi aldrei verið falið að framleiða fræðsluefni fyrir skólakerfið. Námsgagnastofnun hefur verið gert ókleift að annast þessa þjónustu. Sú stofnun hefur margsinnis óskað eftir að fá fjármagn til framleiðslu myndefnis sem hentar í skólum, en ekki fengið.

Í fjórða lagi spyr ég: „Hver er stefna menntmrh. varðandi þátttöku Íslands í samvinnu skólasjónvarpsdeilda sjónvarpa á Norðurlöndum?"

Á undanförnum misserum munu starfsmenn Námsgagnastofnunar hafa rætt við fulltrúa skólasjónvarpsdeilda Norðurlanda sjónvarpsstöðvanna og viðrað þann möguleika að sú stofnun verði fulltrúi Íslands í samvinnu þessara deilda og sjónvarpsstöðvanna. Það mun hafa verið tekið jákvætt undir það mál og þeir frændur okkar segjast sakna okkar Íslendinga í því samstarfi. En íslenska sjónvarpið hefur ekki tekið þátt í þessu eins og ég gat um hér áðan. Ég vænti þess að fá skýr og greið svör við þessum fsp.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér er um skylt mál að ræða því sem við vorum að ljúka við.

Hér er svarið við þessum fsp. og ég mun reyna að gera þeim skil á 10 mín. Í fyrsta lagi um athugun á því að Námsgagnastofnun fái til dreifingar myndefni sem sjónvarpið hefur framleitt á liðnum árum og hvað kemur í veg fyrir að Námsgagnastofnun geti fengið slíkt efni til dreifingar í skólum. Svarið við þessu er að það sem aðallega hefur komið í veg fyrir að Námsgagnastofnun fengi myndefni frá sjónvarpinu til notkunar í skólum er að allt efni er háð höfundarrétti skv. höfundalögum nr. 73/1972. Hvaða höfundar eiga þar hlut að máli hverju sinni ræðst af því hvert efnið er og hvernig að upptöku þess á myndband eða kvikmyndafilmu hefur verið staðið.

Menntmrn. óskaði eftir því við höfundarréttarnefnd að hún léti rn. í té álitsgerð um málið. Nefndin skilaði áliti sínu í nóvember s. l. og verður hér á eftir rakið ýmislegt sem máli skiptir í því sambandi.

Í fyrsta lagi er samþykki höfunda nauðsynlegt. Skv. 3. gr. höfundalaga hefur höfundur einkarétt til að gera eintak af verki sínu og til að birta það og þarf því samþykki hans til að verk sé tekið á myndband, að fleiri eintök séu gerð af myndbandinu og til opinberrar sýningar verksins af myndbandinu.

Í öðru lagi um heimildir Ríkisútvarpsins, og í því sambandi um framsal höfundarréttar. Höfundur hefur víðtæka heimild til þess að framselja réttindi sín. Framsal getur byggst á sérstökum samningi milli aðila en einnig getur höfundarréttur gengið til annars aðila um leið og verkið verður til á grundvelli samstarfssamnings. Rétt er að leggja áherslu á að myndefni í sjónvarpi er annaðhvort framleitt af Ríkisútvarpinu sjálfu eða öðrum aðilum.

Athuga þarf heimildir um aðfengið efni. Þegar Ríkisútvarpið kaupir verk til sýningar felst í kaupunum framsal höfundarréttar að einhverju leyti. Hve víðtækt það framsal er fer eftir ákvæðum viðkomandi samnings og þó allir slíkir samningar verði skildir fremur þröngt þarf alveg ótvíræða samningsheimild til upptöku á myndsnældur og til fjölföldunar þeirra til dreifingar vegna afnota í skólum.

Síðan er um verk sem Ríkisútvarpið framleiðir. Námsgagnastofnun óskar m. a. eftir heimild til að nýta fræðsluþætti sem Ríkisútvarpið hefur látið gera. Það fer fyrst og fremst eftir samningum við höfunda eða samtök þeirra hve víðtækan rétt Ríkisútvarpið hefur fengið ef slíkum samningum hefur á annað borð verið til að dreifa. Um slíka samninga gegnir sama máli og áður segir um aðfengið efni að þeir verða skýrðir þröngt. Til upptöku á myndsnældur og dreifingar þeirra til skóla þarf alveg ótvíræða heimild.

Herra forseti. Ég held að tími vinnist ekki til að lesa allt þetta svar þó að þar séu flest atriði sem máli skipta í þessu sambandi. Aðalatriðið er þetta, að höfundarréttlurinn skiptir þarna meginmáli. Samkvæmt framansögðu verður að kanna hverju sinni hve víðtækan rétt Ríkisútvarpið hefur til ráðstöfunar þess fræðsluefnis sem í hlut á. Hins vegar er þess ekki að vænta að Ríkisútvarpið hafi almennt öðlast nægilega víðtækan rétt til þess að það geti heimilað þau not sem Námsgagnastofnun hefur óskað eftir og ég vil taka fram að ég tel mjög skynsamlegt að nýta þetta efni miklu meira í skólum en gert hefur verið og mjög nauðsynlegt að koma á þeim reglum sem það heimila.

Höfundarréttarnefndin sem fjallaði um þessa hlið málsins telur einnig eðlilegt að Námsgagnastofnun verði tryggð þau not af ýmsu því fræðsluefni sem um er að ræða og nefnir nokkrar ráðstafanir sem hægt væri að hugsa sér til úrbóta. Í fyrsta lagi að leitast verði við með samningum við rétthafa að tryggja Námsgagnastofnun þau not af verkum sem stofnunin óskar eftir. Á það bæði við um verk sem Ríkisútvarpið lætur gera og það sem það fær annars staðar frá. Slíkt gæti lotið að

einstökum verkum og einnig mætti athuga möguleika á heildarsamningum. Ríkisútvarpið eða Námsgagnastofnum stæðu að slíkum samningum.

Ákvæði 2. gr. höfundalaga um not verka í þágu fræðslu þarf að taka til endurskoðunar með hliðsjón af tilkomu myndbanda. Unnið er að slíkri endurskoðun á Norðurlöndum og hún hefur verið á dagskrá á samráðsfundum formanna höfundarréttarnefndanna, þannig að gert er ráð fyrir að Íslendingar gætu orðið aðilar þar að.

Nefndin hefur einnig tjáð sig um þá hugmynd að nú verði leitað samkomulags um not einstakra fræðsluþátta sem eru í vörslu Ríkisútvarpsins og Námsgagnastofnunin hefur sérstaklega leitað eftir. Við slíka samningsgerð hefur fengist reynsla sem komið gæti að gagni bæði við endurskoðun höfundalaganna og gerð heildarsamninga við samtök réttahafa.

Af þessu sem ég hef nú sagt má sjá að því miður er ekki um neina skjóta eða einfalda heildarlausn á máli þessu nú þegar að ræða en fullur vilji er fyrir því af hálfu menntmrn. að reynt verði og stuðlað að því að greiða fyrir samningum sem fyrst og öðrum úrbótum í þessu efni.

Að því er varðar spurningu um stefnu mína í því að nota þessa mikilvægu og sterku fjölmiðla í skólakerfinu hefur skoðun mín á því komið fram bæði í svari mínu við þessari fsp. svo og við fyrri fsp. Ég hef mjög reynt að stuðla að því að þessu verði komið á og geri mér grein fyrir að höfundarréttur stendur þarna nokkuð í vegi og vona að það verði einfaldara ef frv. til höfundalaga nær fylgi á Alþingi.

Þessi sömu svör eiga í raun og veru við um fjórðu spurninguna líka. Þessi sömu atriði koma einnig til greina í sambandi við samvinnu um skólasjónvarp þannig að allt verður þetta skoðað í því samhengi og tekið upp til nýrrar skoðunar þegar ljóst verður um afdrif höfundalagafrv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það vinni mjög gegn eðlilegri framþróun þessara mála hvernig staðið hefur verið að samningum um höfundarrétt í landinu. Það er ekki rétt að mínu viti að standa þannig að málum að ef Ríkisútvarpið kaupir einhvern þátt og hefur flutningsrétt á honum eigi endalaust að vera hægt að heimta greiðslur ef viðkomandi þáttur er sýndur. Það er meginregla hér á landi að greiða mönnum einu sinni kaup fyrir það sem þeir vinna. Ef ríkisvaldið hefur borgað fullar greiðslur fyrir ákveðna vinnu, sem innt hefur verið af hendi, vil ég líta svo á að það eigi þá vinnu. Ég tel mjög óeðlilegt að þetta tvöfalda greiðslukerfi standi í vegi fyrir því að hægt sé að nota það efni, sem er í sjónvarpinu, í skólum landsins.

Mér er fullkomlega ljóst að það eru margir alikálfar í þessu landi sem vilja viðhalda þessu kerfi og vilja standa þannig að málum að þeir séu að mjólka þegnana endalaust ef ákveðið efni er notað. En það er spurning hvort við eigum sérstaklega að stuðla að því að tryggja að höfundarrétturinn sé eins og þarna er verið að leggja til og verið hefur í framkvæmd, hið eina rétta í þjóðfélaginu. Ég hef ekki orðið var við, þegar teknar eru og slitnar í sundur athugasemdir stjórnmálamanna og birtar í dagblöðum landsins, að við fáum einhverjar greiðslur fyrir höfundarrétt. Það er kannske rétt að fara að stefna blöðunum og heimta af þeim stórfé fyrir höfundarrétt í þessum efnum. En það hlýtur að vera spurning, herra forseti, hvort það er til farsældar að geyma jafnmikið af þörfu efni eins og til er hjá Ríkisútvarpinu og sjónvarpi og koma í veg fyrir að það sé notað í skólum landsins. Ég tel það alveg fáránlegt.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka tveimur síðustu fyrirspyrjendum, hv. þm. Eiði Guðnasyni og Karli Steinari Guðnasyni, fyrir að hreyfa þessum málum hér. Ég vil einnig taka undir það að það er meira en þreytandi hve oft menn verða að standa hér og ganga eftir að þær þáltill., sem Alþingi samþykkir, séu framkvæmdar. Mér finnst líka ögn óviðkunnanlegt að menn orði það svo hér, hæstv. ráðh. að hin og þessi mál séu send til umsagnar eftir að þau eru samþykkt hér. Þau eiga auðvitað að sendast til framkvæmdar og þarf ekki að fara fleiri orðum um það.

Jafnframt liggur í augum uppi að um höfundarrétt fer eftir þeim lögum sem eru í gildi á hverjum tíma. Þess vegna ætti hann í raun og veru ekki að koma í veg fyrir að aðilar, hvort sem það er sjónvarp, útvarp eða aðrir aðilar, framkvæmi það sem ráðh. skipar eftir þeim lögum. Hins vegar er hárrétt hjá hæstv. menntmrh. að verið er að endurskoða þessi mál með hliðsjón af nýrri tækni. En ég get ekki betur séð en að hann hljóti að fara að þeim lögum sem í gildi eru í landinu hverju sinni. Ef engin lög ná yfir ákveðna þætti í dreifingu verka ber að semja við viðkomandi listamann, framleiðanda eða hvern þann sem hlut kann að eiga að máli sérstaklega.

Ég stóð hins vegar aðallega upp til að leggja á það mikla áherslu að hæstv. menntmrh. gangi nú fram fyrir skjöldu og marki loksins einhverja stefnu í meðferð barnaefnis í fjölmiðlum. Það er satt að segja til háborinnar skammar hvílík hornreka það efni er í öllum fjölmiðlum landsins. Það er t. d. nágrönnum okkar Færeyingum til sóma að þegar þeir stofna sitt sjónvarp er annar af tveim meginþáttum, sem þeir leggja áherslu á, einmitt barnaefni. Ég vil mælast til þess að ríkisútvarpinu og sjónvarpinu verði beinlínis gert að sinna þessum málum betur. Til þess þarf auðvitað peninga, — við skulum aldrei gleyma því að sjónvarp og ríkisútvarp getur sáralítið gert vegna þess að þeim hafa ekki verið ætlaðir neinir peningar til þess. Þarna þarf beinlínis að marka stefnu.

Ég nenni varla að fara út í málefni Námsgagnastofnunar. Ég held að hún sé ekki aflögufær um eitt eða neitt. Við vitum öll hvernig hennar fjárhag er farið, svo að það er hálfgerð tvíhyggja að leggja henni eitthvað meira á herðar en hún hefur nú við að stríða. En ég vil ítreka þá beiðni mína til hæstv. ráðh. að menntmrn. hlutist nú til um að aukinn verði verulega vegur barnaefnis í fjölmiðlum. Ég held að það sé nokkuð sem borgar sig þegar til lengri tíma er litið. Þess vegna held ég að það sé ákaflega mikilvægt að gott efni sé fjölfaldað þannig að börnin hafi það til að horfa á fremur en útþynntar glæpamyndir frá einhverjum lélegum sjónvarpsstöðvum um heim allan. Ég tel að það væri verðugt verkefni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna athugasemda hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, 5. þm. Vestf. Það var á honum að skilja að þegar einhver aðili seldi Ríkisútvarpinu efni ætti Ríkisútvarpið það efni til alls konar ráðstöfunar um aldur og ævi. Þetta er

bara ekki í samræmi við þá löggjöf sem gildir hér á landi og þá alþjóðasamninga um höfundarrétt sem Íslendingar eru aðilar að. Skoðun hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar breytir engu þar um. Þó að flytjandi og höfundur geri samning um flutning í útvarpi eða sjónvarpi er það eðli máls samkvæmt að það er til einnar sýningar nema um annað sé samið. Það gefur ekki Ríkisútvarpinu ótakmarkaðan rétt til útgáfu og notkunar á efni. Þetta er alþjóðleg regla og íslensk regla í þessum samskiptum. En það þarf að semja um aðra hluti.

Þessi mál hafa verið mjög erfið, flókin og torleyst en á Norðurlöndunum hefur m. a. tekist að leysa þessi mál vegna þess að það eru fleiri en höfundur og flytjendur sem eiga höfundarrétt. Hann eiga t. d. líka þeir fjölmörgu starfsmenn sem vinna að hinni tæknilegu upptöku. Þau mál hafa verið í deiglunni á Norðurlöndum lengi. Ég veit að sums staðar a. m. k. er búið að leysa þau en við skulum ekkert vera að einfalda þessi mál fyrir okkur eða slá því þannig upp að um leið og einhver maður flytur efni í útvarp eða sjónvarp eigi sjónvarpið það til ráðstöfunar með hvaða hætti sem er. Þetta er bara misskilningur og við skulum ekki vaða í villu og reyk um það. Þetta eru flókin mál en vel er hægt að semja um þau. Það hefur tekist á Norðurlöndunum og við eigum alveg eins að geta gert það hér og mjög brýnt er að það verði gert sem fyrst.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka þau svör sem hér hafa komið fram. Ég tel þau þó markast af því að lítið hafi verið gert til að hafa frumkvæði í þessum málum. Ég veit að núv. menntmrh. hefur verið stutt í embætti en ég treysti því að hún hafi ákveðið frumkvæði í þessu og efast ekki um hennar vilja til að gera slíkt.

Ríkisútvarpið—sjónvarp hefur verið aðalframleiðandi myndefnis á myndbönd og hentar sumt af því skólunum mjög vel. Ég veit að margsinnis hefur verið leitað eftir því af Námsgagnastofnun að fá slíkt efni til notkunar í kennslu en ekkert hefur skeð. Það hefur þvælst í kerfinu og ekkert skeð. Ekki þarf að segja mér að margra ára vinnu þurfi til að ræða við höfunda um þessi mál. Vissulega þarf að virða höfundarrétt og það verður að ná samkomulagi en ég efast um að það sé flókið að fá mann eins og Ómar Ragnarsson til að gefa leyfi til að fjölfalda þá þætti er hann hefur gert um íslenska náttúru og íslenskt þjóðlíf. Tökum t. d. þátt Markúsar Á. Einarssonar um veðrið, sem óskað hefur verið eftir en ekki fengist enn þá. Ég trúi því ekki að það sé svo flókið að fá þessa menn til að leyfa að slíkir þættir verði teknir upp og síðan sýndir í skólum.

Ég hygg að þetta verkefni þurfi ekki heldur að vera mjög dýrt. Vissulega má selja þessar spólur á almennum markaði líka og það hlýtur að gefa tekjur. Við höfum mörg fyrirtæki í dag sem gætu sinnt þessu og búin eru ágætum tækjakosti. Vel mætti hugsa sér, að mínu viti, að fela þeim til einhvers ákveðins tíma að annast þetta verkefni á meðan ekki tekst að gera það í gegnum útvarp eða sjónvarp.

Ég endurtek áskorun mína um að menntmrh. hafi visst frumkvæði í þessu. Greinilegt er á svari hennar að hún lítur á þessi mál mjög jákvæðum augum. Ég tel að það sem nú skorti á sé einmitt þetta frumkvæði, að ýtt sé á og tekið til hendi. Því með því að hafa málið í þeim farvegi sem verið hefur gengur ekki neitt enda liggur það fyrir að málin eru eins stödd og fyrir mörgum árum síðan.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég geri mér nokkra grein fyrir því hvernig höfundarréttarlög eru. Hins vegar þykja mér þau frámunalega vitlaus og ég vil undirstrika það t. d. að í Danmörku gerðist það að auðvitað ljósrituðu allir kennarar við alla skóla upp úr öllum þeim bókum sem þeir náðu í. Auðvitað var þetta lögbrot, klárt lögbrot. Það endaði náttúrlega með því að þeir sömdu um vissar þóknanir fyrir þetta. En ég vil gera þetta mál svolítið einfaldara. Er það skynsamlegt t. d. að greiða eigi ákveðna greiðslu fyrir stillimyndina í hvert skipti sem hún birtist í sjónvarpinu? Tæknimenn eigi að fá sérstakt fyrir það í hvert skipti og þar fram eftir götunum? Er þetta skynsamlegt kerfi? Það er kannske fróðlegt að fá það upp hvort greitt er sérstaklega fyrir stillimyndina, höfundarrétt í hvert skipti sem hún birtist. Ég verð að segja eins og er að það hvarflar þá að mér varðandi listaverkin, sem eru til að skreyta hús að utan, hvort ekki sé þá sanngjarnt að setja sérstaka gjaldheimtumenn á næstu götuhorn til að fylgjast með því hversu margir horfa á viðkomandi listaverk. Það væri hliðstætt. Það getur ekki gengið upp að mínu viti að setja upp svona greiðslukerfi jafnvel þó að listamenn eigi í hlut. Og ég efa að hægt sé að flokka það allt undir listaverk sem skapað er og gert í sjónvarpinu.

Greiðslur ríkisfyrirtækja til Vinnuveitendasambandsins, fsp. 185. mál (þskj. 330). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. 30. janúar s. l. urðu umr. hér á Alþingi um þá ákvörðun ríkisstj. að fyrirskipa nokkrum ríkisfyrirtækjum að ganga í Vinnuveitendasamband Íslands og taka þannig afstöðu með öðrum aðilanum í þeim kjaradeilum sem standa yfir. Þar með var ríkisstj. að afhjúpa stéttareðli sitt og viðhorf og að snúa við frá þeirri stefnu sem ákveðin hafði verið af vinstri stjórninni 1971, en í málefnasamningi hennar var það tekið fram að ríkisfyrirtæki ættu að fara út úr Vinnuveitendasambandi Íslands. Rökstuðningurinn sem þáv. hæstv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, flutti fyrir því máli var sá, að þar með væri verið að ákveða að ríkisfyrirtækin ættu ekki að skipa sér í sveit með öðrum aðilanum í almennum kjaradeilum í landinu. Í þeirri ríkisstj. sem nú situr hefur sem sagt verið tekin ákvörðun um allt annað, að reka fyrirtækin inn í Vinnuveitendasambandið á ný, og hæstv. forsrh., núverandi formaður Framsfl., hefur þannig snúist gegn stefnu fyrirrennara síns í þessu máli eins og ýmsum öðrum.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh. á Alþingi 30. janúar s. l. var það hæstv. iðnrh. sem gerði till. um það 24. janúar í ríkisstj. að fyrirtækin færu inn í Vinnuveitendasamband Íslands. Samþykkt ríkisstj. var á þessa leið skv. þingtíðindum í dálki 2442, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin lýsir sig samþykka ákvörðun iðnrh. um að fyrirtæki sem eru í umsjá iðnrn. sæki um aðild að samtökum vinnuveitenda".

„Þetta mál var einnig ítarlega rætt", segir forsrh., „og geymt á milli funda og sú ákvörðun tekin að iðnrh. væri

frjálst að gera þetta eins og hann leggur til og ráðh. í ríkisstj. gerðu ekki aths. við það". — Þannig var frásögn hæstv. forsrh. af þessu máli.

Ég vil spyrja í tengslum við þetta mál, þó að það komi ekki beint fram í þeirri fsp. sem ég hef hér borið upp í dag, hvort þingflokkar stjórnarliðsins samþykktu þessa ákvörðun ríkisstj. Ég vil spyrja að því hvort þingflokkur Framsfl. stóð að þeirri samþykkt að hrekja þessi ríkisfyrirtæki inn í Vinnuveitendasambandið á ný. Ég beini þeirri fsp. til hv. þm. Páls Péturssonar, 2. þm. Norðurl. v., formanns þingflokks Framsfl.

Í framhaldi af umr. sem urðu hér 30. janúar lagði ég fram fsp. sem er á þessa leið:

„1. Hvaða fyrirtæki, „sem eru í umsjá iðnrn.", munu sækja um aðild eða hafa sótt um aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands?

2. Er ætlunin að önnur fyrirtæki, t. d. Áburðarverksmiðjan, verði látin sækja um aðild að Vinnuveitendasambandinu?

3. Hve miklar upphæðir greiða fyrirtæki ríkisins til Vinnuveitendasambands Íslands á árinu 1984? Sundurliðun óskast eftir fyrirtækjum. Eftir hvaða reglum eru gjöldin til VSÍ ákveðin?"

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sjái sér fært að svara þessari fsp., sem er fyrir alllöngu hér fram komin þannig að honum og embættismönnum hans á að hafa gefist góður tími til þess að svara fsp. rækilega, en ég vil einnig áður en ég fer úr stólnum spyrja hæstv. forsrh. að því hvort þessi mál hafa verið borin undir stjórnir viðkomandi fyrirtækja. Hafa stjórnir viðkomandi ríkisfyrirtækja verið látnar taka afstöðu til þessara mála áður en fyrirtækin voru rekin inn í herbúðir Vinnuveitendasambands Íslands? Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh.: Hvað um vinnumálanefnd ríkisins? Þó að hún heyri formlega, trúi ég, undir hæstv. fjmrh. vil ég spyrja að því. Hvað um vinnumálanefnd ríkisins? Mun hún starfa áfram og hefur hún verið látin segja álit sitt á þessari ákvörðun ríkisstj.?

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sjái sér fært að svara þessum spurningum eins og þær eru fram bornar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrst nokkur orð vegna ummæla hv. þm. um að nokkurn tíma hafi tekið að ná saman þessum upplýsingum. Ég vil upplýsa að það er út af fyrir sig rétt, en stafar af því að reikningar viðkomandi fyrirtækja fyrir s. l. ár lágu ekki fyrir hjá Ríkisendurskoðun, og því varð að fá þessar upplýsingar beint frá hverju fyrirtæki og tók nokkurn tíma. Síðustu upplýsingarnar komu núna rétt fyrir hádegið.

1. spurningin er: „Hvaða fyrirtæki, „sem eru í umsjá iðnrn.", munu sækja um aðild eða hafa sótt um aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands?"

Iðnrh. hefur í samræmi við þá ákvörðun sína sem kynnt var á fundi ríkisstj. 26. janúar s. l. beint þeim tilmælum til eftirgreindra fyrirtækja að þau sæki um inngöngu í samtök vinnuveitenda:

1. Sementsverksmiðja ríkisins, 2. Íslenska járnblendifélagið hf., 3. Þörungavinnslan hf., 4. Kísiliðjan hf. Um þessi fjögur fyrirtæki er það að segja að þau munu sækja um fulla aðild að Félagi ísl. iðnrekenda og verða þar með aðilar að VSÍ. Þessi fyrirtæki hafa um skeið verið aukameðlimir að Félagi ísl. iðnrekenda skv. sérstökum samningi milli Félags ísl. iðnrekenda og hvers fyrirtækis um sig.

Þá eru fyrirtæki þar sem nokkuð annar háttur verður á hafður.

5. Landssmiðjan. Gert er ráð fyrir að Landssmiðjan verði aðili að VSI með því að gerast fullgildur meðlimur í Meistarafélagi járniðnaðarmanna og þar með að Sambandi málm- og skipasmiðja. Landssmiðjan hefur seinustu ár verið aukameðlimur í Sambandi málm- og skipasmiðja. 6. Sjóefnavinnslan hf. Gert er ráð fyrir fullri aðild Sjóefnavinnslunnar hf. að Félagi ísl. iðnrekenda og þar með að VSÍ. 7. Rafmagnsveitur ríkisins. Gert er ráð fyrir beinni aðild RARIK að VSÍ. 8. Jarðboranir ríkisins. Gert er ráð fyrir beinni aðild Jarðborana ríkisins að VSÍ. 9. Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir beinni aðild Landsvirkjunar að VSÍ.

2. spurning: „Er ætlunin að önnur fyrirtæki ríkisins, t. d. Áburðarverksmiðjan, verði látin sækja um aðild að Vinnuveitendasambandinu?"

Eins og þegar hefur komið fram hjá mér í umr. um þetta mál lít ég svo á, að þar sem ekki er um annað samið á milli stjórnarflokkanna sé þetta ákvörðun hvers einstaks ráðherra. Landbrh. hefur alveg nýlega tilkynnt ríkisstj. að hann geri ráð fyrir að Áburðarverksmiðjan hf. gerist aðili að VSÍ. Aðrar ákvarðanir hafa ekki verið teknar svo ég viti.

Í þriðja lagi: „Hve miklar upphæðir greiða fyrirtæki ríkisins til VSÍ á árinu 1984? Sundurliðun óskast eftir fyrirtækjum. Eftir hvaða reglum eru gjöldin til VSÍ ákveðin?"

Það er kannske rétt að koma að síðasta lið spurningarinnar fyrst.

Kostnaður vegna aðildar að VSÍ er 0.4% og nefnist þjónustugjald af heildarlaunagreiðslum næstliðins árs, þ. e. kostnaður vegna fullrar aðildar árið 1984 reiknast af launum ársins 1983. Endanlegar tölur um launagreiðslur fyrirtækjanna, sem í hlut eiga, á árinu 1983 liggja ekki fyrir hjá Ríkisbókhaldi, en með aðstoð iðnrn. hefur upplýsinga um það efni verið aflað frá hinum einstöku fyrirtækjum beint.

Vert er einkum að hafa tvennt í huga í þessu efni:

Annars vegar tekur verulegur hluti starfsmanna þessara fyrirtækja laun samkv. kjarasamningum BSRB eða BHM við fjmrh. Á það t. d. við um ýmsa tæknimenn, sérfræðinga og skrifstofumenn.

Samkv. lögum nr. 46 frá 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 29 frá 1976, um kjarasamninga BSRB, er það samninganefnd ríkisins sem af hálfu fjmrh. annast samninga við starfsfólk þessara sambanda. Til Vinnuveitendasambandsins fara að sjálfsögðu aðeins þjónustugjöld vegna þeirra starfsmanna ríkisfyrirtækja sem VSÍ annast samninga við.

Hins vegar ber að benda á að greiðslur til VSÍ verða í réttu hlutfalli við þann hluta ársins sem aðildin varir, þ. e. fyrirtæki sem t. d. gengur í VSÍ 1. apríl n. k. greiðir af ⅔ hlutum heildarlaunagreiðslna næstliðins árs. Af framangreindum fyrirtækjum eru það aðeins tvö, þ. e. Rafmagnsveitur ríkisins og Landssmiðjan, sem nú þegar hafa fengið fulla aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Þetta ber að hafa í huga þegar tölur verða nefndar hér á eftir sem byggðar eru á þeim upplýsingum um heildarlaunagreiðslur fyrirtækjanna 1983 sem aflað hefur verið. Skal ég þá geta um upphæð eins og ef um heilt ár væri að ræða og svo hins vegar miða við 1. apríl t. d.

án þess að ég geti fullyrt að fyrirtækin verði þá öll orðin fullgildir aðilar.

1. Sementsverksmiðja ríkisins. Heildarlaunagreiðslur árið 1983 voru 62 millj. 804 þús. kr. BSRB- og BHM-starfsmenn fengu þar af í laun 7 millj. 707 þús. 800 kr. Þjónustugjöld til VSÍ reiknast því af 55 millj. 96 þús. kr. Miðað við heilt ár væru það 220 þús., miðað við aðild frá 1. apríl n. k. væru þjónustugjöld 147 þús. kr.

2. Íslenska járnblendifélagið hf. Heildarlaunagreiðslur árið 1983 voru 60 millj. 336 þús. 720 kr. Starfsmenn samkv. sérkjarasamningi fá þar af í laun 10 millj. 513 þús. 792 kr., þ. e. BHM og BSRB. Þjónustugjöld til VSÍ reiknast því af 49 millj. 822 þús. 928 kr. Miðað við heilt ár væru það 199 þús. kr., en miðað við aðild frá 1. apríl n. k. væru þjónustugjöld 132 þús. kr.

3. Þörungavinnslan hf. Heildarlaunagreiðslur árið 1983 9 millj. 401 þús. 529 kr. Þjónustugjöld til VSÍ miðað við heilt ár væru kr. 37 þús., en miðað við aðild frá 1. apríl n. k. væru þjónustugjöld 25 þús. kr.

4. Kísiliðjan hf. Heildarlaunagreiðslur 1983 26 millj. 255 þús. 799 kr. Samkv. sérkjarasamningi fengu starfsmenn í laun 2 millj. 572 þús. 840 kr. Þjónustugjald til VSÍ reiknast því af 23 millj. 682 þús. 959 kr. Miðað við heilt ár væru það 94 þús. kr., en miðað við aðild frá 1. apríl n. k. væru þjónustugjöld 63 þús. kr.

5. Landssmiðjan. Heildarlaunagreiðslur 1983 voru 21 millj. 65 þús. 648 kr. Samkv. sérkjarasamningi fóru þar af í laun 4 millj. 91 þús. 156 kr. Þjónustugjald til VSÍ reiknast því af 16 millj. 974 þús. 492 kr. Miðað við heilt ár væru það 67 þús. kr. en miðað við aðild frá 1. apríl n. k. væri þjónustugjald 45 þús. kr.

6. Sjóefnavinnslan hf. Heildarlaunagreiðslur voru á seinasta ári 5 millj. 199 þús. 641 kr. BSRB- og BHM-starfsmenn eða aðrir skv. sérkjarasamningum sem ekki falla inn í VSÍ fengu þar af í laun 874 þús. kr. Þjónustugjald til VSÍ er því reiknað af 4 millj. 325 þús. 641 kr. Miðað við heilt ár væru það 17 þús. kr., en með aðild frá 1. apríl n. k. 11 þús. kr.

7. Rafmagnsveitur ríkisins. Heildarlaunagreiðslur 1983 voru 150 millj. 737 þús. kr. BSRB- og BHM-starfsmenn eða aðrir skv. sérkjarasamningi fengu þar af í laun 59 millj. 51 þús. kr. Þjónustugjöld til VSÍ reiknast því af 91 millj. 686 þús. kr. Miðað við heilt ár væru það 366 þús. kr., en miðað við aðild frá 1. apríl n. k. yrði þjónustugjaldið 244 þús. kr.

8. Jarðboranir ríkisins. Heildarlaunagreiðslur 1983 voru 20 millj. 582 þús. 335 kr. BSRB- og BHM-starfsmenn eða aðrir skv. sérkjarasamningi fengu þar af í laun 3 millj. 2 þús. kr. Þjónustugjald til VSÍ reiknast því af 17 millj. 560 þús. 335 kr. Miðað við heilt ár væru það 70 þús. kr., en miðað við aðild frá 1. apríl n. k. eru þjónustugjöldin 46 þús. kr.

9. Landsvirkjun. Heildarlaunagreiðslur fyrir 1983 eru 131 millj. 200 þús. kr. BSRB- og BHM-starfsmenn fengu þar af í laun 49 millj. 593 þús. 600 kr. Þjónustugjöld til VSÍ reiknast því af 81 millj. 606 þús. 400 kr. Miðað við heilt ár væru það 326 þús. kr. Miðað við aðild frá 1. apríl n. k. yrðu þjónustugjöldin 217 þús. kr.

Heildarþjónustugjöld til VSI miðað við aðild allt árið 1984 hefðu því orðið 1 millj. 396 þús. kr. Heildarþjónustugjöld til VSÍ miðað við aðild frá og með 1. apríl n. k. yrðu 930 þús. kr.

Eins og fram hefur komið fer samninganefnd ríkisins f. h. fjmrh. með samninga við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Vinnumálanefnd ríkisins, sem skipuð var í nóv. 1973, hefur hins vegar verið ráðherrum og ráðuneytum svo og einstökum atvinnufyrirtækjum ríkisins til aðstoðar við gerð kjarasamninga um kaup og kjör þeirra starfsmanna sem félagar eru í verkalýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Skv. upplýsingum ríkisbókhaldsins var kostnaður vegna þeirrar nefndar 388 þús. 473 kr. árið 1982. Endanlegur kostnaður vegna ársins 1983 liggur ekki fyrir, en hann er áætlaður 590 þús. kr.

Það skal einnig tekið fram að í viðtölum við stjórnir og stjórnendur þessara fyrirtækja kom fram að þau hafa borið verulegan kostnað af samningum sínum við hin ýmsu sttéttarfélög og þau telja að með aðild að VSÍ muni þeim einnig sparast hluti af þeim kostnaði. Sömuleiðis kom fram í þeim viðræðum að þau hafa notið þjónustu Félags ísl. iðnrekenda og telja að með því sem þau hafa greitt þangað hafi þau fengið ágæta þjónustu og þess virði sem fyrir hefur verið greitt.

Um aðrar spurningar hv. þm. get ég lítið sagt. Málið var rætt í þingflokki Framsfl. og ákveðið að láta það afskiptalaust. Ég hef ekki rætt við stjórnir viðkomandi fyrirtækja og hef engar upplýsingar um viðhorf þeirra. Mér er þó kunnugt um að stjórnendur Áburðarverksmiðjunnar leggja áherslu á að fá aðild að VSÍ.

Um það hvort vinnumálanefnd ríkisins verði lögð niður get ég ekkert sagt. Því mun fjmrh. væntanlega svara.

Páll Pétursson: Herra forseti. Út af spurningu hv. þm. Svavars Gestssonar get ég tekið það fram að ekki var gerð nein sérstök ályktun um þetta mál í þingflokki Framsfl., enda kom það ekki fram í máli forsrh. áðan. En það var greint frá þessu máli í þingflokknum og komu ekki fram alvarlegar aths. eða mótmæli við málinu. Ég tel að það sé skynsamlegt fyrirkomulag að launþegar hafi sem víðtækast samflot í kjarasamningum og jafnframt viðsemjendur þeirra. Slíkt er líklegra til að stuðla að samræmdri launastefnu í landinu og líklegra til þess að stuðla að launajöfnuði því að hann er af hinu góða. Með aðild sinni að VSÍ öðlast umrædd opinber fyrirtæki náttúrlega áhrif innan VSÍ.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt hér í dag. Þau eru allítarleg og upplýsa að verulegu leyti það mál sem hér er verið að spyrja um, þ. e. hvað ríkisstj. ætlar að láta ríkisfyrirtækin borga Vinnuveitendasambandinu háa styrki á árinu 1984 til að heyja kjarabaráttu við verkalýðshreyfinguna í landinu. Styrkurinn sem hér hefur verið nefndur er upp á um það bil 1.5 millj. kr. frá þeim fyrirtækjum sem þegar hefur verið ákveðið að setja inn í Vinnuveitendasambandið, þessum fyrirtækjum fólksins, og síðan er ætlunin að bæta fleiri fyrirtækjum við. Hæstv. landbrh. mun ætla að ganga þessa braut íhaldsins á enda líka og setja Áburðarverksmiðjuna inn í Vinnuveitendasamband Íslands. Hann telur væntanlega að það sé affarasælt í samskiptum launamanna og bænda í þessu landi að reka Áburðarverksmiðjuna inn í Vinnuveitendasamband Íslands við þá stöðu sem nú er uppi í landinu. Þetta er auðvitað sama afstaðan og framsóknarforustan hefur haft til Mjólkursamsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna, en þau fyrirtæki eru bæði í Vinnuveitendasam-

bandi Íslands og eru þó fyrirtæki bændanna sjálfra, þeirra sem framleiða þá vöru sem unnin er hjá þessum fyrirtækjum.

Ég tel að með ákvörðun ríkisstj. sé verið að stíga mjög hættulegt skref og ég tel að nauðsynlegt sé að fyrir liggi hér og nú, a. m. k. af okkar hálfu í Alþb., að við viljum að þessu verði breytt á ný. Við teljum að með þessu sé verið að skipa ríkisfyrirtækjunum, fyrirtækjum fólksins, einhliða við hliðina á fjármagnsöflunum í landinu.

Hv. þm. Páll Pétursson er orðinn svo áttavilltur og ruglaður af íhaldssamstarfinu að hann kemur hér upp og segir að rökin séu þau að rétt sé að þessi fyrirtæki fái að hafa samflot um samninga innan Vinnuveitendasambands Íslands vegna þess að þar þurfi eiginlega helst öll fyrirtæki að vera. Þá vil ég spyrja hv. þm. Pál Pétursson sömu spurningar sem ég bar fyrir hæstv. forsrh. fyrir nokkrum vikum. Mun hv. þm. Páll Pétursson beita sér fyrir því, og hæstv. landbrh. sem er kunnugur húsum þar líka, að Vinnumálasamband samvinnufélaganna gangi í heilu lagi í Vinnuveitendasamband Íslands? Það væru hin einu rökréttu viðbrögð af þeirri allsherjarherleiðingu Framsfl. sem hefur verið ákveðin undir forustu Steingríms Hermannssonar og svo auðvitað það líka að Framsfl. gangi í íhaldið, vegna þess að það er ekki nokkur munur að verða á þessum tveimur stjórnmálaflokkum til eða frá, hvorki í þessu máli né öðrum.

Hæstv. forsrh. gerði grein fyrir því áðan að ætlunin væri að öllum líkindum að vinnumálanefnd ríkisins starfaði áfram. Sá kostnaður sem lagður hefur verið út þar verður bersýnilega til áfram. En hér er ekki verið að spara fjármuni og ég vil spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh., sem hefur kvatt sér hér hljóðs: Er hann hér með þessari ákvörðun sinni að lýsa vantrausti á vinnumálanefnd ríkisins? Er hæstv. landbrh. með þessari afstöðu sinni, af því að hann hefur líka beðið um orðið, að lýsa vantrausti á vinnumálanefnd ríkisins? Og er hæstv. landbrh. með afstöðu sinni varðandi Áburðarverksmiðjuna að lýsa því yfir að bændur eigi samleið með fjármagnsöflunum gegn launamönnum í þessu landi? Auðvitað getur þessi yfirlýsing og afstaða hæstv. landbrh. ekki þýtt neitt annað, þó hann hafi kannske ekki áttað sig á því þegar þessi ákvörðun var tekin.

Það er greinilegt að íhaldið hefur haft sín sjónarmið fram í þessu máli að fullu og öllu. Framsfl. er svínbeygður í bóndabeygju íhaldsins í þessu efni. Væri fróðlegt að heyra ítarlegri rökstuðning fyrir þessari afstöðu þeirra framsóknarmanna.

Nú vil ég minna á að á undanförnum árum hefur það verið svo að leitast hefur verið við að hafa það þannig með kjarasamninga gagnvart ríkisfyrirtækjunum að gera heildarsamninga. Þannig hefur það verið t. d. í Sementsverksmiðjunni, Áburðarverksmiðjunni og Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Það hafa verið gerðir heildarsamningar við öll verkalýðsfélögin, sem eru með starfsmenn hjá viðkomandi fyrirtækjum, í sameiningu. Ég vil benda á að auðvitað hlýtur sú ákvörðun ríkisstj. að senda fyrirtækin inn í Vinnuveitendasamband Íslands að skapa hættu á því að samstaða splundrist um kjarasamninga hjá ríkisverksmiðjunum. Telja menn að hagsmunum þessara fyrirtækja sé betur borgið ef það þarf að gera 10—20 kjarasamninga fyrir hvert fyrirtæki í staðinn fyrir einn heildarkjarasamning, eins og þetta hefur verið á undanförnum árum, en það er nákvæmlega sú ákvörðun sem hæstv. ríkisstj. er að taka í þessu efni? Hún er að splundra fyrirkomulagi sem komið hefur verið á á liðnum árum.

Hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að greiða stórfellda fjármuni, fleiri millj. kr. á ári, í baráttusjóði Vinnuveitendasambands Íslands gegn launafólkinu í landinu. Á sama tíma og hæstv. fjmrh. vælir á götuhornum yfir því að ríkissjóður sé á hausnum eru nógir peningar til til að styrkja Vinnuveitendasambandið í herferð þess gegn launafólki í landinu. Þessi afstaða segir meira um ríkisstj. en flest annað sem spurst hefur til hennar til þessa.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil leiðrétta það strax ef misskilin hafa verið mín ummæli um vinnumálanefndina. Ég sagði aldrei að hún mundi starfa áfram. Ég greindi frá því hvað kostað hefur að reka þá nefnd og sagðist ekki geta svarað þeirri spurningu hvort nefndin starfaði áfram. Hún starfar eflaust áfram meðan við einhver fyrirtæki eða starfsmenn einhverra fyrirtækja er að semja, en hún væri að sjálfsögðu óþörf ef þau verk gengju inn í Vinnuveitendasamband Íslands.

Ég vil einnig leiðrétta það að Framsfl. hafi verið svínbeygður í þessu. Framsfl. hefur farið eftir sinni sannfæringu og byggir á þeirri reynslu sem fengist hefur frá því að sú skipan var upp tekin sem verið hefur. Við lærum af reynslunni og erum tilbúnir til að breyta okkar afstöðu með tilliti til þess. Framsfl. er ekki steinrunnið fyrirbæri eins og Alþb.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Svona ræðu eins og hv. 3. þm. Reykv. flutti hér áðan hefði Einar Olgeirsson getað flutt á árunum 1930—1940. Menn hættu að flytja svona ræður um það bil sem hv. þm. skaust í heiminn. Til að mynda eru lögin um stéttarfélög og vinnudeilur frá árinu 1938, sem mun vera eitthvað um líkt leyti og sá merkisatburður átti sér stað að hv. þm. leit dagsins ljós. (**SvG:** Sex árum fyrr, hæstv. ráðh.) Þess þá heldur, þá voru menn löngu hættir þessu.

Það er að segja um Framsfl. að hann hafði forustu um það árið 1952 að ríkisfyrirtæki gengju í samtök vinnuveitenda. Með bréfum, sem þáv. forsrh. og félmrh. Steingrímur Steinþórsson skrifaði fyrirtækjunum árið 1952, var tekin um þetta ákvörðun, að þau gengju í samtök vinnuveitenda. Þessi afstaða Framsfl. er því ekki ný. Og þegar Lúðvík Jósepsson, sem vit hefur á rekstri, sá eini í Alþb. fyrr og síðar sem hefur eitthvert vit á rekstri fyrirtækja, var sjútvrh. í ríkisstjórn Hermanns Jónassonar 1956—1958 datt honum ekki í hug að hrófla við þessu fyrirkomulagi. Það er fyrst þegar menn af skóla hv. þm. Svavars Gestssonar koma að ríkisstjórn 1971 að sú krafa var gerð af hálfu Alþb. að þessu yrði breytt. Það var þá sem Framsfl. var svínbeygður — af Alþb. Þannig víkur þessu við. Og það er ekki fyrsta skiptið og hann ber örin enn.

Ég þarf ekki að rekja þessa sögu frekar. Þetta eru löngu úrelt viðhorf. Menn geta tekið hina afstöðuna, hvort það mundi vera líklegt til ávinnings fyrir verkalýðshreyfinguna að hún væri sundruð, fyrir þjóðfélagið í heild, að sundraðar væru aðalfylkingar vinnuveitenda og launþega. Ég var launþegaforingi í 15 ár og þekki þessi mál. En hv. 3. þm. Reykv. hefur ekki verið það í

15 daga. Þess vegna þekki ég það af reynslu hvernig var að snefla upp fyrirtæki, sem utan vinnuveitendasamtakanna stóðu, eftir að heildarkjarasamningar höfðu verið gerðir. Ég þekki það stríð. En það er ekkert undarlegt þó að viðhorf þessa hv. þm. og hans kumpána, sem birst hefur hér á Alþingi og í Þjóðviljanum, sé furðulegt að þessu leyti þar sem þeir börðust um á hæl og hnakka fyrir því að Alusuisse hefði forræði á íslenskum vinnumarkaði. Það hafa þeir gert í mörgum maraþonræðum á Alþingi og í Þjóðviljanum, barist fyrir því heilagri baráttu að Alusuisse-auðhringurinn hefði áfram stórfellt forræði á íslenskum vinnumarkaði. Þetta geta menn lesið, þetta geta menn rifjað upp fyrir sér frá því fyrir skemmstu hér á hinu háa Alþingi.

En auðvitað, eins og ég segi, er það ekkert síður verkalýðshreyfingunni til góðs að hún hafi um sín mál að semja, hagsmunamál á einum stað. Það er löngu úrelt, ef menn hugsa til þess, að hægt sé að notfæra sér sundraða hreyfingu vinnuveitenda til þess að ota sínum tota eða ná fram einhverjum sérstökum smáhagsmunum í það og það skiptið. Það borgar sig ekki þegar til lengri tíma er litið. Þess vegna er það, að þetta er ekkert annað en eðlileg framkvæmd sem löngu hafði verið komin fram undir forustu Framsfl.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem kom fram í máli hv. 3. þm. Reykv., að það væru bændur sem ræku Áburðarverksmiðjuna eða væru aðilar að henni. Það er ríkið sem er eigandi hennar og bændur taka engan þátt í rekstrinum. Bændur kaupa framleiðslu hennar og það er vitanlega þeirra hagsmunamál að það sé ódýr vara, en að öðru leyti eru þeir ekki aðilar að Áburðarverksmiðjunni. Það er Alþingi sem kýs stjórnina og ég taldi rétt að stjórn Áburðarverksmiðjunnar tæki afstöðu til þess að fenginni reynslu af því að vera bæði aðili að Vinnuveitendasambandinu og utan þess, hvað nú yrði gert.

En mér finnst dálítið furðulegt að heyra þann tón sem kom fram í máli hv. þm. um viðræður um kjaramál. Það var eins og þær væru af hinu illa. Í mínum huga eru viðræður um kjaramál til þess að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvaða leið beri að fara til þess að allir aðilar geti sem best við unað, bæði launþegar og vinnuveitendur. Það er satt að segja of mikið af því gert að stilla þessu þannig upp í þjóðfélaginu að þarna þurfi alltaf að vera um stríð að ræða í staðinn fyrir viðræður þar sem menn reyni að ná sem bestum árangri fyrir alla aðila.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það voru ný tíðindi í þessu máli að hæstv. iðnrh. hefði eiginlega gert þetta fyrir Framsfl. svo að hann tylldi á stefnunni sinni, sem hann hefði týnt niður um hríð. Það virtist vera kjarni málsins í ræðu hæstv. iðnrh. að þetta væri upprunaleg stefna Framsfl., hún hefði bara glatast um hríð, en síðan hefði hann tekið að sér að koma Framsfl. inn á stefnuna aftur. Ég veit þó ekki hvort hugmyndin er að hæstv. iðnrh. taki að sér forræði í Framsfl. ofan á allt annað forræði sem hann hefur.

Menn geta í rauninni einungis haft þrenns konar rök fyrir því að gera þá breytingu sem hér hefur verið ákveðið að gera af hálfu ríkisstj. Menn geta haft þau rök að ódýrara sé að Vinnuveitendasambandið geri þetta en ríkið geri það. Menn geta haft þau rök að aðrir, þ. e. Vinnuveitendasambandið, kunni betur til verka en samningamenn ríkisins. Það hefur ekki verið sýnt fram á að þetta væri ódýrara. Það getur vel verið að ríkisstj. treysti sér ekki lengur til að fara með svona samninga sjálf, hún kunni ekki nógu vel til verka. Þá væri hreinskilnislegast af ríkisstj. að játa hreint út sagt að hún treysti sér ekki til að fara með samningsumboð af þessu tagi. — Þriðji möguleikinn væri sá, að það lægi hér undir að ná auknum áhrifum innan Vinnuveitendasambandsins vegna þess að Vinnuveitendasambandið væri ekki nógu snjallt sjálft og þyrfti að fá eitthvert vitsmunalegt tillegg af hálfu ríkisvaldsins. Þetta gæti auðvitað legið að baki líka. Ef það væri tilfellið væri rétt að ráðherrar ríkisstj. upplýstu að það væru rökin sem lægju hér að baki.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hér sé rangt að farið og það hafi líka verið rangt af hálfu hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir því að ÍSAL gegni í Vinnuveitendasambandið. Það stóðu ágætir menn að því á sínum tíma, eins og t. d. ráðherrarnir Bjarni Benediktsson og Jóhann Hafstein, að koma málum þannig fyrir að ÍSAL væri ekki hluti af Vinnuveitendasambandinu. Það var bréfað og frá því gengið og það var forsenda undir þeim samningi sem gerður var við eigendur fyrirtækisins. Síðan hafa menn vitnað í það þráfaldlega að þarna hafi komist á samningsform sem hafi gefist vel og hafi orðið til þess að jafna kjörin innan fyrirtækisins. Ég held þess vegna að það hafi verið vitlaust og rangt frá þjóðhagslegum sjónarhóli að stíga þetta spor að því er varðar ÍSAL og ég held að það hafi verið rangt af fyrirtækisins hálfu líka að sækjast eftir því og sigla þannig út á ólgusjó sem það hefur ekki þurft að berjast við hingað til. Það skyldi þó ekki vera að sami agnúi væri á aðild ríkisfyrirtækjanna að Vinnuveitendasambandinu eins og því að ÍSAL gangi í það samfélag, nefnilega að þau njóti ekki þess vinnufriðar sem þar hefur verið til þessa? Þar fyrir utan sé ég engin rök til þess að ríkið greiði hærri fjárhæðir til annarra til að fara með þessi samningamál en það hefur kostað það sjálft hingað til.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Samvinnuhreyfingin í landinu kynnir alþjóð í sjónvarpi viðhorf sín til þjóðfélagsins með því að leggja á borð þrjá spilastokka. Í þessari auglýsingu er sérstakur spilastokkur fyrir ríkisrekstur, sérstakur spilastokkur fyrir einkarekstur og sérstakur spilastokkur fyrir samvinnurekstur. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, það eru ýmsir gosar þar.

Það sem gerst hefur í þessu máli er að ráðherrar Framsfl. hafa tekið að sér að flytja allmörg spil úr ríkisbunkanum yfir í einkarekstrarbunkann hvað snertir forræði á samningamálum og fjármagn til hagsmunagæslu. Þannig blasir þetta mál á mjög einfaldan hátt við almenningi, sem oft í viku hverri fær að sjá þá mynd sem samvinnuhreyfingin hefur látið gera og sýna í sjónvarpi til að útskýra hin einföldu lögmál þjóðfélagssamsetningarinnar. Það verður þess vegna ekki fram hjá því gengið að forusta Framsfl. hefur kosið að styrkja vinnuveitendasambandsbunkann allrækilega í þessum þjóðfélagslegu spilum.

Það er mjög fróðlegt að heyra hæstv. iðnrh. koma hér og lýsa húsbóndavaldi sínu yfir Framsfl. og sjá Pál Pétursson, Steingrím Hermannsson og Jón Helgason sitja fáorða, nánast þegjandi, undir þessari lýsingu

hæstv. iðnrh. Sverris Hermannssonar á því að hann sé orðinn sérstakur gæslumaður á samvisku Framsfl. — stefnu sem týnst hafi fyrir mörgum árum, en hann hafi nú tekið að sér að hrinda í framkvæmd. Ég óska Framsfl. til hamingju að vera búinn að fá þennan sálnahirðir fyrir stefnuna, hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson. Hins vegar vil ég minna þann sama ráðh. á að þeir sem nú eru í forustu fyrir samtökum launafólks í landinu hafa hafnað algerlega þessari gjörð. Samtök launafólks hafa mótmælt þessari hefndarráðstöfun, sem hæstv. iðnrh. greip til þegar hann var í stríði við launafólk hjá ÍSAL-verksmiðjunni og hefur í för með sér það að Vinnuveitendasamband Íslands hefur núna mun meiri fjárráð til þess að heyja stríð sitt við launafólkið í landinu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætlaði að gera hérna nokkrar aths.

Í fyrsta lagi ætlaði ég að benda á að umrædd 0.4% eru miðuð við hærra verðbólgustig en við sjáum fram á núna, þannig að hér er um að ræða umtalsvert meiri peninga en hefðu komið þarna til greiðslu á allra síðustu árum. Það er spurning hvort ríkið ætti kannske að fara fram á endurskoðun á 0.4% framlaginu, miðað við þá verðlagsþróun sem verið hefur að undanförnu. Þessar 1.5—2 millj. verða til viðbótar styrk sem þegar er veittur frá ríkinu til hagdeildar VSÍ á fjárlögum íslenska ríkisins. Þarna er því ansi vel að verið. Ætli ekki láti nærri að hægt sé að ráða 3—6 menn í fulla vinnu fyrir það fé til að sinna þessum vettvangi?

Vegna ummæla hæstv. iðnrh., sem komu fram hérna áðan, þá fyrst um ÍSAL og erlent forræði í samningum, væri kannske ágætt að spyrja hvort ríkisstj. hafi þakkað ÍSAL fyrir að benda sér á þetta erlenda forræði, því að frumkvæðið að inngöngunni í VSÍ kom frá ÍSAL en ekki ríkisstj., sem þó kvartar yfir þessu erlenda forræði.

Það má líka spyrja hvort samningamenn launþega hjá ÍSAL hafi þá verið að semja við strengjabrúður frá Sviss í nýafstöðnum samningum, vegna þess að ekki var ÍSAL aðili að VSÍ í þeim samningum sem nú eru nýafstaðnir.

Um önnur ummæli hæstv. iðnrh. um nauðsyn á styrkingu heildarsamtaka á vinnumarkaði vil ég segja að það er fróðlegt að heyra þessi ummæli núna þegar stefnan er þveröfug á flestöllum sviðum mannlegra samskipta, í fyrirtækjum, í sveitarfélögum og fjölmörgum samtökum smáum og stórum, þar sem lögð er sífellt meiri áhersla á að kljúfa þessi samtök niður, vinna í minni einingum og starfa nær fólkinu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get huggað gamlan flokksbróður minn, hv. 7. þm. Reykv., með því að það stendur alls ekki til að hæstv. iðnrh. taki við einhverri stjórn á Framsfl. eða umsjón með honum. Hæstv. iðnrh. hefur alveg nóg með sitt, það sem hann hefur nú þegar tekið að sér, og ég vona að honum lánist að stjórna því myndarlega. Við erum einfærir með Framsfl.

Ég mun ekki beita mér fyrir því að Vinnumálasamband samvinnufélaganna gangi í VSÍ. Hvað varðar þau samtök í eigu bænda sem gengið hafa í VSÍ, þá voru þau eiginlega til þess knúin í mjög harðri og óbilgjarnri kjaradeilu að ganga þar inn. Þau áttu ekki leið inn í Vinnumálasamband samvinnufélaganna því að þau voru ekki í SÍS og því var VSÍ þrautalending.

Kjarasamningar t. d. í Áburðarverksmiðjunni hafa gjarnan markast af kjarasamningum í álverinu og í kjarasamningum í ríkisverksmiðjunum yfirleitt. Menn hafa verið að miða við það sem samið hefur verið um í álverinu. Það er alveg ástæðulaust að láta auðhringinn í Sviss ráða því hver eru kjör í ríkisverksmiðjum á Íslandi. Álverið passar að ýmsu leyti mjög illa inn í okkar þjóðfélag, bæði að stærð og gerð. Launaþáttur í framleiðslukostnaði álversins er t. d. allt annar en flestra annarra fyrirtækja á Íslandi. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að una því að láta þennan auðhring marka kjaramálastefnu hér á landi.

Formaður Alþb. er töluvert ergilegur hér í ræðustólnum og hæstv. iðnrh. rifjaði upp að svona hefði Einar Olgeirsson látið fyrrum. Það er kannske von að hv. 3. þm. Reykv. sé dálítið ergilegur þessa dagana því að þó að hann hafi barist um á hæl og hnakka með flokknum sínum við að reyna að koma kjaramálunum í hnút hefur það ekki tekist nema þá að litlu leyti og hann hefur ekki haft erindi sem erfiði. Og enn tapar Alþb. samkv. skoðanakönnunum. Er þó búið að sækja hv. þm. Ólaf Ragnar út í bæ og dubba hann hér upp svo að Guðmundur J. Guðmundsson, sem ætti nú að vera 7. þm. Reykv., geti sinnt mjög brýnum félagsmálum, eins og hann orðaði það í bréfi sínu til forseta.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér kom fram hjá hæstv. landbrh. sú athyglisverða kenning, sem ég vil vekja athygli þingheims á, að Áburðarverksmiðjan kæmi bændum ekki við. Það er mjög nýstárlegt að landbrh. á Íslandi gefi yfirlýsingar af þessum toga og sýnir kannske betur en margt annað skilning hans á stöðu landbúnaðarins og hagsmunum bænda í þeim málum sem við erum hér að tala um.

Ég held að það sé alveg rétt og þarft að hæstv. iðnrh. rifji það upp að hann var um skeið formaður í stéttarsamtökum. Hann gerir það mjög gjarnan hér og gefur yfirlýsingar um að hann hafi verið það í 15 ár. Þá hefðu sumir betur reynt að læra af honum. Nú er það svo með þessi samtök, Landssamband ísl. verslunarmanna, sem hæstv. iðnrh. var einu sinni í forustu fyrir, að þau eru kannske um það bil að bera sitt barr núna eftir að hann veitti þeim forustu um nokkurra ára skeið. Ég held að kjör hins almenna verslunarmanns í landinu hafi ekki verið til að státa af fyrir hæstv. iðnrh. þegar hann yfirgaf stólinn sem formaður Landssambands ísl. verslunarmanna.

Það er einnig fróðlegt að heyra, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur vakið athygli á, hvernig hæstv. iðnrh. tekur nú að sér andlega leiðsögn fyrir Framsfl. Og Framsóknarforustan jarmar undir eins og henni einni er lagið og gerir í rauninni litla tilraun til að bera blak af sér, nema í góðlátlegum grínsetningum hv. þm. Páls Péturssonar, sem var að ganga hér úr stólnum áðan. Upplýsingar hæstv. iðnrh. voru þær, að það hefði verið Alþb. sem hefði svínbeygt Framsfl. á árinu 1971. Framsfl. lét sér þá segjast í samningum við Alþb. um ýmis mál. Mér var hins vegar ekki kunnugt um að Framsfl. hefði snúist við með þeim hætti sem hæstv. iðnrh. upplýsti hér áðan. Var fróðlegt að heyra frá honum, og kom manni ekki á óvart, að Framsfl. hafi eina skoðun á þessum áratug, aðra á þeim síðasta og gjarnan þá þriðju á áratugnum þar á undan. Yfirleitt er

hann eins og vindmylla og menn vita aldrei hvar hann kemur niður á lappirnar.

En meginniðurstaða umr. hér á hv. Alþingi í dag er sú, að ríkisstjórn þeirra Steingríms Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar, fyrrv. framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, hefur tekið um það ákvörðun að greiða milljónir króna úr almannasjóðum í verkbannssjóði Vinnuveitendasambands Íslands.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég held að eftir þær umr. sem hafa orðið um þetta mál hér í dag sé meginniðurstaða mín sú, að hv. síðasti ræðumaður hefði ekki átt að minnast á það sem hann dró fram í sinni ræðu, fyrri stöðu Landssambands ísl. verslunarmanna þegar Sverrir Hermannsson kom þeim samtökum á fót og kom þeim inn í Alþýðusamband Íslands gegn vilja flokksbræðra þessa hv. þm. Það þurfti að fá þessi samtök dæmd inn í Alþýðusambandið til þess að þau fengju notið þeirra réttinda sem önnur launþegasamtök þá höfðu og hafa nú í landinu. Það var ekki eðlilegt að þau gætu náð sama árangri og önnur samtök á þeim tíma, m. a. vegna þess að flokksbræður Svavars Gestssonar og þeirra félaga stóðu gegn því að þessi fjölmennu launþegasamtök nytu þess réttar sem önnur launþegasamtök njóta í landinu. Og má ég benda hv. þm. á það, að í þau fimm ár sem hann sat í ráðherrastól og sú regla gilti að ríkisfyrirtæki og önnur opinber fyrirtæki væru utan Vinnuveitendasambandsins tókst ráðh. samt sem áður og þar á meðal þessum hv. þm. að svíkja samninga við verkalýðinn a. m. k. 15 sinnum.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég held nú að þau orð sem hv. 3. þm. Reykv. gerði að mínum hér í ræðustól sýni málefnafátækt hans. Ég undirstrikaði það í þeim fáu orðum sem ég sagði að bændur keyptu áburð af Áburðarverksmiðju ríkisins og það skipti vitanlega miklu máli að hann væri á hagkvæmu verði og bestu kjörum. Hins vegar ætti hv. þm. að vita að það er Alþingi sem kýs stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins sem er algerlega í eigu ríkisins. Reksturinn hlýtur því að vera á ábyrgð þessarar stjórnar. Ég teldi eðlilegt að þessi stjórn tæki afstöðu til þess hvernig hún vildi þarna haga málum, í samræmi við þá reynslu sem hún hefur fengið af því að vera bæði utan og innan Vinnuveitendasambandsins.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykn. — nú er hann fjarstaddur því miður — talaði um að það væri röng stefna að ríkisfyrirtæki sameinuðust öðrum vinnuveitendum í landinu og nefndi nöfn Jóhanns Hafsteins og Bjarna Benediktssonar af því tilefni, þeir hefðu haft forgöngu um það að ÍSAL hefði á sínum tíma ekki fengið leyfi til að gerast félagi í samtökum vinnuveitenda íslenskum. Þetta er auðvitað rangt. Þeir höfðu það ekki. Það var krafa kratanna þá að svo yrði, — viðhorf þeirra sem eru löngu, löngu frosin föst að þessu leyti.

Það er hins vegar athyglisvert að í þessu máli tala yfirleitt ekki aðrir en þeir sem eru í engum tengslum við verkalýðshreyfinguna, þekkja hana helst af afspurn, eins og hv. 3. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Reykv. Að vísu vilja þeir vera hrossabrestir í þeim fylkingum, en stöðið er löngu hætt að fælast þá bresti. Og hann talar um það, hv. 3. þm. Reykn., að fyrirtæki komist út í ólgusjó við það að gerast félagar í vinnuveitendasamtökunum. Hvernig á að túlka þetta? Á sömu vísu auðvitað og hjá hv. 7. þm. Reykv., að þetta hljóti að vera stríðandi öfl, þetta hljóti að vera öfl sem berist á banaspjótum í þjóðfélaginu. Það er ekki af því að þau eigi að vera það, heldur af því að það eru þeirra ær og kýr, ef mætti gildra svo til að þau yrðu það. Þetta er hin alranga hugmynd, alranga afstaða. Auðvitað eiga þessi samtök að leysa málin og þeim er best treystandi til þess að leysa einhverja þýðingarmestu þættina í okkar þjóðarbúskap. Og hvernig gera þau það helst og best? Með því auðvitað að þau standi saman að verkum.

Þá lét þm. þess getið í framhjáhlaupi fram hjá stól mínum, þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að ræða um spilastokka Framsfl., að hann mundi vera kunnugur í þeim stokkum frá því sem hann var hjartakóngurinn í þeim spilum. Eða var hann kannske jókerinn? En að það hafi verið hefndarráðstöfun af minni hálfu að ÍSAL sótti um inngöngu í íslensk vinnuveitendasamtök, vegna baráttu verkalýðs suður í Straumsvík með þeim hætti sem hún var, það er auðvitað reginmisskilningur. Það sem ég gerði var að nema á brott hindranir við því að fyrirtækið gæti gengið inn í íslensk vinnuveitendasamtök, ef það óskaði eftir því, sem það svo gerði. Að nefna einhverjar hefndarráðstafanir í þessu skyni er auðvitað út í hött. En á sömu sveifinni er snúið, þessari stríðssveif þar sem menn skaka skellur sínar og vilja efna til sem mests ófriðar á vinnumarkaðinum. Þetta er nákvæmlega það sem út úr öllu þessu orðaflóði verður lesið.

Ég kem mér satt að segja ekki að því, vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. er búinn að tala sig dauðan, að fara orðum um hans ummæli, enda tími minn þrotinn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er skemmtilegt hlutverk, sem hæstv. iðnrh. hefur valið sér síðan hann settist í ráðherrastólinn, að vera sérstakur friðarins engill. Nú er af sem áður var þegar hann var áður hér í þingsölum. Þessi mikli friður setur greinilega líka svip sinn á viðræður ráðh. við Alusuisse. Þar hefur ríkt svo mikill friður núna í bráðum heilt ár að nákvæmlega ekkert hefur gerst síðan ráðh. fékk þessar viðræður í hendur.

En hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. hafa reynt að verja sig í þessu máli með því að nauðsynlegt sé að þessir samningar séu allir á einni hendi, ekki megi dreifa kröftunum. Ef þetta er stefnumótun ríkisstj. vil ég gjarnan fá svör við nokkrum spurningum. Hvers vegna eru þá ekki ríkisspítalarnir líka látnir ganga í Vinnuveitendasambandið? Og hvað um ríkisbankana? Af hverju eiga þeir að vera fyrir utan Vinnuveitendasambandið? Hæstv. landbrh. sagði að stjórn Áburðarverksmiðjunnar væri kosin á Alþingi. Það er alveg rétt. Það eru líka kosin bankaráð hér. Það er líka kosin sérstök stjórn í ríkisspítölunum og kosin er sérstök stjórn á Ríkisútvarpið. Af hverju er ekki Ríkisútvarpið sett inn í Vinnuveitendasambandið, hæstv. menntmrh.? Hefur þessi mikla nauðsyn á því að samhæfa kjarabaráttuna og styrkja Vinnuveitendasambandið kannske farið fram hjá ráðh.?

Það er fjöldinn allur af ríkisfyrirtækjum enn sem hægt er að setja inn í Vinnuveitendasambandið. Af hverju eru bara valdar þessar verksmiðjur? Er ekki rétt fyrst hæstv. iðnrh. er nú landsþekktur dugnaðarforkur eins

og allir vita og lætur sig ekkert muna um að lappa upp á Framsfl. í hjáverkum, að hann beiti sér nú fyrir því að allt heila gúmmulaðið verði sett inn í Vinnuveitendasambandið? (**Iðnrh.:** Þú spyrð af vanþekkingu.) Ég spyr ekki af neinni vanþekkingu. Ef einhver heil brú er í þeim rökum sem hér hafa verið flutt hljóta þau að fela það í sér að önnur ríkisfyrirtæki, bankar, fjölmiðlafyrirtæki, ríkisspítalar og fjölmargt annað, séu sett í Vinnuveitendasambandið. Fyrst ríkisstj. treystir Vinnuveitendasambandinu best til að semja um kjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem vinna í þeim tilteknu fyrirtækjum sem hér hafa verið til umr., hlýtur ríkisstj. líka að treysta Vinnuveitendasambandinu best til að semja um kjör annarra starfsmanna sem vinna á hinum og þessum sviðum innan ríkisins. Nei, það, að ríkisstj. skuli ekki hafa hreyft neitt við þessum stóra þætti og ætlar að halda áfram að semja sjálft við starfsfólkið á ríkisspítölunum og við starfsfólk Ríkisútvarpsins og við fjölmarga aðra starfsmenn hjá ríkinu og ætlar ekki að gera þar neinar breytingar, sannar að þessi sérstaka gerð var bara útfærsla á skapbrestum hæstv. iðnrh. þegar hann var í hefndarstríði við launafólk. Það sýnir best hvernig hæstv. ráðherrar fá tækifæri til að skeyta skapi sínu í krafti valdsins.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tel að það hafi verið mikil mistök af ríkisstj. að taka þá ákvörðun að setja þessi ríkisfyrirtæki í Vinnuveitendasamband Íslands. Ég vil benda á að Alþýðusambandið hefur mjög harkalega mótmælt þessari gjörð og þau mótmæli byggjast á því að með inngöngu þessara fyrirtækja er ljóst að vægi er raskað, herkostnaður Vinnuveitendasambandsins verður greiddur af ríkinu meira og minna og verkalýðshreyfingunni gert erfitt fyrir. Það er líka spá mín að þetta muni hafa þær afleiðingar að sú sameiginlega samningsgerð, sem átt hefur sér stað í þessum verksmiðjum, muni tilheyra sögunni innan tíðar. Ég á von á því að hin einstöku verkalýðsfélög muni semja sjálfstætt hvert fyrir sig en ekki saman, það muni verða afleiðingar þessarar gerðar. Ég hef líka trú á því að þau undanþáguákvæði, sem samið hefur verið um við ríkisverksmiðjurnar varðandi verkföll og vinnustöðvanir, falli burt, beitt verði öðrum aðferðum en nokkru sinni fyrr til þess að framkalla kjarabætur fyrir launþega þá er þar vinna.

Ég lýsi furðu minni á þeim framsóknarmönnum að samþykkja þetta og tel að annaðhvort sé þetta af misskilningi gert eða aumingjaskap nema hvort tveggja sé. Enda kannske ekki furða eftir lýsingu hæstv. iðnrh. að dæma því það mátti á honum heyra að þeir framsóknarmenn væru sem örkumla menn eftir samstarfið við Alþb. í síðustu ríkisstj. Ég veit að þegar þessi ríkisstj. er farin frá, sem auðvitað verður, og næsta tekur við muni sú ríkisstj. sjá að þetta hafi verið ógæfuspor. Þessu verður breytt, hvort sem það verður með átökum eða á annan hátt.

Sveinn Jónsson: Herra forseti. ég tel fulla ástæðu til að koma inn í þessa umr. þar sem þetta tiltekna mál hefur borið á góma í þeirri stjórn ríkisfyrirtækis þar sem ég á sæti, en það er hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Við höfðum til umfjöllunar í febr. s. l. bréf frá iðnrh. dags. 7. febr. þar sem tilmælum var beint til Rafmagnsveitnanna þess efnis að fyrirtækið gengi í samtök vinnuveitenda. Stjórnin óskaði þess að fá svigrúm til að kanna hvaða afleiðingar það hefði, hvað það kostaði og hver væri í rauninni tilgangur þess að stíga þetta skref og óskaði eftir því að þeim spurningum væri svarað af hálfu forsvarsmanna fyrirtækisins, framkvæmdastjóranna, á næsta fundi sem nú hefur verið boðað til n. k. föstudag. En í millitíðinni verður skyndileg vending af hálfu iðnrh. og Ragmagnsveitum ríkisins berst bréf á ný þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta: „Ráðuneytið leggur hér með fyrir yður að Rafmagnsveitur ríkisins gangi nú þegar frá fullri aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands."

Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. iðnrh. hvort leitað hafi verið álits stjórnar þessa fyrirtækis eða annarra fyrirtækja sem undir hann heyra og hvers vegna yfirleitt hafi verið gripið til þessarar skyndilegu vendingar og þessarar gerræðislegu yfirtroðslu, að því er mér finnst, sem ber vott um miðstýringu sem ég þykist vita að sjálfstæðismenn hafi sem minnst viljað láta við sig bendla.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Þessi umr. hefur að mörgu leyti verið mjög upplýsandi og jafnvel fyrir sumra hluta sakir skemmtileg. Mér finnst eins og menn — og þá á ég við alla þátttakendur — hafi að einhverju leyti talað dálítið í kringum þau aðalatriði sem raunverulega eru hér til umr. Allavega verður mjög erfitt í framtíðinni að hlusta á eða trúa því þegar aðilar úr núverandi stjórnarflokkum fara að tala um frjálsa samninga því að sú gerð sem hér er verið að framkvæma er alveg þvert á anda hinnar frjálsu samningshugsunar. Það að gera ríkið aðila að vinnuveitendasambandi og taka þannig í raun og veru eindregna afstöðu með öðrum samningsaðilanum á vinnumarkaðinum gerir það að verkum að alls ekki er hægt að trúa orðum þeirra manna sem síðan tala um frjálsa samninga sem sitt hugsjónamál.

Reyndar fer ekki hjá því að sú hugsun komi upp í koll manns hvort hér sé jafnvel ekki á ferðinni eitthvað enn þá verra, hvort þessir kerfisflokkar eru jafnvel ekki að ganga svo langt með áframhaldandi inngöngu ríkisfyrirtækja í Vinnuveitendasamband Íslands að við stöndum uppi með það að ríkisstjórn Íslands verði búin að þjóðnýta Vinnuveitendasambandið. Þá er þessi aðgerð náttúrlega orðin fullkomin.

Um þingsköp.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og virðulegum forseta er kunnugt fór ég fram á það síðdegis í gær að mega ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. Ingvari Gíslasyni, fyrrv. menntmrh., spyrja núv. menntmrh. nokkurra spurninga. Ég afhenti hæstv. menntmrh. spurningarnar sem ég hugðist leggja fyrir hann, um kaffileytið í gær, þótt ekki verði sagt að það sé venja þegar utandagskrárumræður eiga í hlut.

Ég get ekki rakið þessar fsp. efnislega að sinni, en þær varða skipun í æðstu stöður í menntmrn. í samræmi við auglýsingu í Lögbirtingablaði. Svo vill til að margir álíta að þarna sé um lögbrot að ræða og benda þar að auki á að ekki sé nein heimild í fjárlögum til að ráða megi í þessar stöður. Vitað er að ríkisstj. hefur ekki samþykkt málið. Einnig er vitað að fjmrn. hefur ekki

samþykkt greiðslur í þessu skyni. Samt á að veita þessar stöður eftir fáa daga. Umsóknarfrestur er skammur og rennur út á morgun.

Ég leit svo á að nokkur hætta væri á því að þetta væri frágengið mál þegar Sþ. kæmi næst saman eftir þennan fund í dag og því væri óhjákvæmilegt að fá að ræða málið utan dagskrár á Alþingi áður en til þess kæmi að Alþingi stæði frammi fyrir gerðum hlut. Hæstv. forseti hefur nú tilkynnt mér að hæstv. menntmrh. sjái ekki ástæðu til að svara þessum spurningum í dag og þar með geti hann ekki leyft mér að bera upp spurningarnar. Ráðh. vilji ekki svara þessum spurningum í dag þótt hann hafi haft einn sólarhring til að athuga efni þeirra og þær séu tiltölulega einfaldar í eðli sínu.

Ég hygg að hér sé um nokkuð einstæðan atburð að ræða á Alþingi. Ég minnist þess satt að segja ekki að ráðh. hafi vikið sér með þessum hætti undan því að svara fsp. utan dagskrár á Alþingi, þegar slíkur frestur hefur verið gefinn, nema um hafi verið að ræða einhver sérstök forföll, en ég hef ekki fengið þá skýringu. Þar sem umsóknarfrestur rennur út á morgun og hér kann því að vera um frágengið mál að ræða á fimmtudag, þegar Sþ. er næst haldið, en mjög margir í Stjórnarráði Íslands álíta að hér sé um lögbrot að ræða og benda á að Alþingi hafi ekki veitt neinar heimildir í þessu skyni og ríkisstj. ekki einu sinni samþykkt að þessar stöður verði veittar, þá tel ég að ekki verði undan því komist að vekja a. m. k. athygli alþm. á málinu. Því hef ég beðið um orðið hér um fundarsköp, að ég vildi eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að hann sæi til þess að unnt yrði að taka þetta mál hér til umr. utan dagskrár sem allra fyrst og ég geti borið mínar spurningar upp, því að ég tel að þótt þetta sé kannske ekki stærsta mál þjóðarinnar í dag, þá sé hér um stórmál að ræða, prinsipmál sem ekki þolir neina bið að ræða, því að hér er hæstv. ráðh. bersýnilega að taka sér vald sem hann hefur ekki.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Forseti vill að gefnu tilefni vegna orða hv. 3. þm. Norðurl. v. vekja athygli á því, að það hefur verið föst venja að leyfa fsp. utan dagskrár því aðeins að viðkomandi ráðh. hafi samþykkt að svara fsp. Þetta hefur verið föst venja. Nú liggur ekki fyrir samþykki ráðh. þess sem hér um ræðir. Þess vegna er nú ekki leyfð fsp. hv. 3. þm. Norðurl. v. utan dagskrár.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur lagt áherslu á að hraða því að hægt sé að ræða efnislega um þetta mál hér í þinginu. Forseti hefur ekki vald til að gefa einstökum ráðherrum fyrirmæli um að svara spurningum utan dagskrár. Hins vegar er vert að benda á það, að skv. lögum um þingsköp Alþingis, 32. gr., er gert ráð fyrir að ráðherra svari þeim spurningum sem lagðar eru fram skv. þeirri grein, formlegum spurningum.

Ef hv. 3. þm. Norðurl. v. fer að því ráði að bera fram formlega fsp. skv. 32. gr. þingskapalaga, þá mun þess gætt að hafa þá fsp. á dagskrá á næsta fyrirspurnafundi Sþ.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að átelja þá einstæðu frekju sem mér finnst koma fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds að telja það mál sem hann vildi koma hér að eitthvað frambærilegra en þau 13 mál sem eru borin fram á þinglegan hátt og liggja fyrir á dagskránni og ekki hefur verið hægt að afgreiða. Ég er t. d. búinn að bíða núna tvo fundi og ráðh. reiðubúinn til þess að svara fsp. um kafara Landhelgisgæslunnar, sem varðar kannske ekki minna máli en það sem hv. þm. vildi hreyfa, en það snertir þau skelfilegu sjóslys sem hafa dunið yfir þjóðina að undanförnu. Mér hefur ekki komið til hugar að gerast svo frekur gagnvart mínum meðþingmönnum að troða mér fram fyrir þá með þessa fsp. mína og aðrar sem eru á dagskránni. En þessi hv. þm. telur sjálfsagt að hann hafi meiri rétt til þess en aðrir. Ég leyfi mér að mótmæla því við hæstv. forseta ef sá háttur verður hafður á að taka slíkar fsp. fram yfir þær sem löglega eru fram bornar í þinginu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vek athygli hv. 12. þm. Reykv. á því sem forseti hefur þegar sagt um þetta mál og á enginn misskilningur að koma upp.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Að sjálfsögðu er ég ekki á nokkurn hátt að ásaka hæstv. forseta fyrir það að hann treysti sér ekki til að leyfa mér að bera upp fsp. þegar svo stendur á að ráðh. er ekki reiðubúinn að svara. Ég bað hann hins vegar um að beita áhrifum sínum til þess að ráðh. svaraði þessum spurningum sem fyrst og það áður en ákvarðanir verða af hans hálfu teknar um þessar stöðuveitingar. Ég var að nota rétt minn sem alþm. til að vekja athygli Alþingis á máli sem kann að hafa fengið afgreiðslu þegar Sþ. kemur næst saman.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um athugasemd hv. þm. Péturs Sigurðssonar áðan. Hún kom svo eins og skrattinn úr sauðarleggnum að eiginlega er ekki eyðandi orðum að því. Það er eins og hann sé hér alger nýgræðingur og veit ég þó ekki betur en við höfum setið saman á þingi í býsna mörg ár, líklega ein 15—16 ár. Það er eins og honum komi á óvart að alþm. hafi rétt til að vekja athygli Alþingis á málum og láta það ganga fram fyrir skráða dagskrá hverju sinni eftir því sem þurfa þykir. Það er eins og hann komi af fjöllum þegar hér er óskað eftir svörum við fsp. jafnvel áður en einhverjum öðrum skrifuðum fsp. er svarað. Ég býst við að hv. þm. Pétur Sigurðsson hafi ædioft notað sér þennan rétt í gegnum árin og hann ætti því ekki að hrökkva svo í kútinn þó að núverandi stjórnarandstaða noti sér þann rétt. Að öðru leyti er ekki hægt að fjölyrða frekar um þetta mál, en þó verður að bæta því við að þögn hæstv. menntmrh. er mjög sérkennileg, að ekki sé meira sagt.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að hér hefur verið vakið máls á máli sem væntanlega, eins og fram hefur komið, verður til lykta leitt næst þegar fundur verður haldinn í Sþ. Forseti hefur látið svo ummælt að því aðeins sé hægt að leyfa þm. að taka til máls utan dagskrár að ráðh. hafi samþykkt að svara. Það má vel vera að þessi venja hafi viðgengist í þinginu. En þetta þýðir m. ö. o. að alþm. geta ekki kvatt sér hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli á ákveðnum málum eða beina athygli sérstaklega að þeim nema ráðh. samþykki. Ég verð að segja að ég er ekki þingreyndur né þinggamall maður, en þetta finnst mér óviðunandi. Þm. hljóta að eiga þann rétt að geta kvatt sér hljóðs utan dagskrár án þess að ráðh. samþykki það þótt ákvæði um slíkar umr. sé að vísu

ekki að finna í þingskapalögum. Það er alger andhverfa hlutanna að þm. skuli ekki geta vakið máls á málum, þ. e. að ráðh. skuli, með því að neita að svara eða hafna því að svara eða biðja um frest til að svara, geta komið í veg fyrir að þm. veki máls á málum sem þeir telja að séu brýn og þoli ekki bið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að það gætir nokkurs misskilnings í því sem hv. 5. landsk. þm. sagði. Hann ætlaði að ekki væri hægt fyrir þm. að tala utan dagskrár nema ráðh. tækju til máls, ráðh. gæti haft það í hendi sinni að hindra slíkt. Það sem hér er nú um að ræða og venjulega er um að ræða þegar umr. eru utan dagskrár er að óskað er svars við spurningu frá ákveðnum ráðh. Þegar það liggur fyrir að sá ráðh. er ekki reiðubúinn að svara hefur verið litið svo á að tilgangslaust væri og ekki ástæða til að taka slíkt mál til umr. utan dagskrár.

Í framkvæmd hefur verið mjög gott samkomulag um þessi efni og engir árekstrar. En það er ekki forseta að kveða á um það hvort ráðh. telur sér fært að svara fsp. utan dagskrár eða ekki.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég held að satt að segja sé alveg útilokað að líða svona vinnubrögð. Þannig er að ríkisstj. hefur lagt á það mikið kapp að fá ýmis mál afgreidd undanfarna daga. Þar inni er t. d. frv. til lánsfjárlaga sem okkur er sagt fund eftir fund í fjh.- og viðskn. Nd. að liggi lífið á að fá afgreitt. Jafnvel þó að rækilega sé farið yfir það mál er það í rauninni mjög vanbúið til afgreiðslu, en engu að síður vill stjórnarliðið keyra málið áfram af miklu offorsi. Beðið er um að það mál sé rætt og afgreitt hér á morgun. Svo kemur hæstv. viðskrh. og biður um að vísitölumál séu afgreidd hér á morgun. Verið er að ræða hér um kjördæmamál og annar stjórnarflokkurinn heldur uppi stanslausu málþófi í því máli dag eftir dag. Þrátt fyrir ábendingar frá hendi stjórnarandstöðunnar um að halda kvöldfundi hefur ekki verið orðið við þeim beiðnum til þessa. Þegar stjórnarandstaðan leggur sig þannig fram um að reyna að greiða fyrir afgreiðslu þingmála og hleypur undir bagga, þegar stjórnarþm. nenna ekki að mæta hingað í salina af einhverjum ástæðum í ýmsum atkvgr. um ýmis mál, þá er neitað að svara fsp. utan dagskrár frá einum hv. þm. Þetta er óþolandi. Ég bið hæstv. forseta að nefna mér eitt dæmi um að ráðh. hafi með þessum hætti neitað að svara fsp. frá þm. utan dagskrár frá síðustu 5 árum.

Ég tel, herra forseti, að hér sé komin upp svo alvarleg staða að útilokað sé með öllu að una við þessi vinnubrögð ríkisstj. Ég tel að þess vegna sé nauðsynlegt að þessi mál verði rædd sérstaklega. Ég vil leyfa mér að fara fram á það af hálfu þingflokks Alþb. að nú verði gert 10 mínútna hlé á þinghaldinu þannig að þingflokkarnir, a. m. k. þingflokkur Alþb., geti rætt um þessi vinnubrögð og hversu bregðast eigi við þessari framkomu af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég óska eftir því, herra forseti, að það hlé verði gefið.

Á hitt vil ég og benda að ég veit ekki til að þær stöður, sem hér er um að ræða, hafi verið samþykktar. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur ráðninganefnd ríkisins samþykkt þetta? Er hæstv. fjmrh. þannig tilbúinn til þess að ganga í það verk sem hæstv. menntmrh. hefur neitað þingheimi um að fá að ræða á þessu stigi málsins? En aðalóskin af okkar hálfu í þingflokki Alþb. er sú að nú verði gert hlé á þinghaldinu þannig að við megum bera saman bækur okkar um það hvernig eigi að bregðast við vinnubrögðum af þessum toga, sem eru, hygg ég, algerlega einsdæmi.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég tel mig tilknúna að ræða hér um þingsköp. Hér er fjöldi fsp. á dagskrá sem hafa beðið langan tíma. Ég vil geta þess að það er mikilvægur réttur þm. sem tryggður er með lögum, en þeim eru þröngar skorður settar í sambandi við ræðutíma er þeir bera fram þinglegar fsp. Þess eru ótal dæmi úr þingsögunni að ráðh. færist undan því að svara utan dagskrár málum sem eru ekki bráðaðkallandi og ekki hafa stórfellda þýðingu. Það er vissulega verkefni þeirra sem stjórna þinginu að reyna að sjá til þess að þau mál, sem eru þinglega fram borin, hafi forgang. Það er óþolandi fyrir þm., er hlíta öllum reglum sem settar eru í þingsköpum, að sífellt sé hægt að hlaupa fram fyrir með mál sem alls ekki eru á dagskrá. Þetta setur auðvitað allt þinghaldið í hnút og það er engin ný saga að komið hafi fyrir að menn misnoti þann rétt sem er til umræðna utan dagskrár.

Við vitum það öll, sem annaðhvort erum í stjórnarandstöðu eða höfum verið í stjórnarandstöðu, að vissulega reynum við mjög að nota okkur þann tíma sem hægt er til þess að tala utan dagskrár. Oft og tíðum eru ýmsar pólitískar ástæður til þess og það skiljum við frá mannlegu, þinglegu, stjórnmálalegu sjónarmiði. (**ÓRG:** Er ráðh. reiðubúinn að bíða með veitingu embættisins þangað til þingið hefur rætt málið?) Ráðh. telur sig hafa rétt til að ræða um þingsköp rétt eins og hver annar þm. hefur. Það mun ég gera því að mér finnst fyllsta ástæða til þess að gera athugasemd við það hve afgreiðsla mála í þinginu fer úr skorðum, ekki vegna þess að þingið sé stjórnlaust á neinn hátt því að forsetar reyna sitt ýtrasta til þess að stjórna þinginu vel og eftir fyllstu lögum, en það er ekki hægt að segja að reglurnar séu að sama skapi notaðar á þann veg að hægt sé að hafa gott samstarf um að greiða fyrir hraðri afgreiðslu mála. Ekki er hægt að segja að allir þm. taki þátt í því með hæstv. forsetum.

Hér eru á dagskránni fsp. sem hafa verið fram bornar fyrir mörgum vikum og ekki gefist tækifæri til að svara. Ég ítreka það, herra forseti, að ég tel enga ástæðu til að svara málum sem eftir atvikum er alveg hægt að bera fram með þinglegum hætti. Ég tel enga ástæðu til að svara fsp. utan dagskrár um þetta og taka til þess eftir atvikum miklu lengri tíma en hinar þinglegu fyrirspurnir þurfa að hlíta.

Þetta sýnir okkur rétt einu sinni hver þörf er á því að endurskoða ákvæði þingskapalaga um umr. utan dagskrár. Á þessu hefur oft verið vakin athygli í mörg ár og að þessu hefur jafnan verið stefnt en það hefur ekki enn þá tekist. Það hefur hins vegar tekist í sambandi við hinar þinglegu fsp. þegar menn fara í einu og öllu að þeim reglum sem þingsköp setja um það efni. Tekist hefur að skerða og ákveða þar mjög takmarkaðan ræðutíma og það svo að oft og tíðum veldur það því að ekki er unnt að gefa viðhlítandi svör við fsp. sem þinglega eru fram bornar. Í þessu felst mikill galli á þingsköpum að þessu leyti.

Mjög mikilvægt er að þm. notfæri sér rétt sinn til þess að fylgja eftir ályktunum Alþingis eins og t. d. hefur

verið gert í fjölmörgum málum hér í dag. Mikill stuðningur er að því fyrir framkvæmdavaldið að hafa slíkt eftirlit, að fá slíka aðstoð til þess að framkvæma ályktanir Alþingis því að það er fyrsta skylda framkvæmdavaldsins að framkvæma ályktanir Alþingis. Það er ekki alltaf sem það tekst en það er ómetanlegt að fá aðhald frá Alþingi í því skyni. Hinar þinglegu fsp. eru máttugasta tækið í því sambandi og ef ástæða þykir til í svari við þinglegri fsp. er reynt að fylgja málinu enn fram með þál.

Þetta eru þær aðferðir sem þingið hefur. Ég tel enga ástæðu til þess að sleppa málum lausum á þann veg að ævinlega hafi forgang einhver atriði sem mönnum dettur í hug að spyrja um þegar þau þjóna í sjálfu sér engum tilgangi til þess að varpa ljósi á mál.

Hér ætlaði hv. þm. að spyrja um mál sem fyrir lifandi löngu er búið að gera opinbert og gera grein fyrir. Það er algerlega ljóst að hér er einungis um að ræða tilraun til þess að koma í veg fyrir hagræðingaraðgerðir í ríkiskerfinu. Það er alveg ljóst að þeir sem ekki vilja hagræðingu í ríkiskerfinu reyna að spyrna fæti við eins og þeir frekast geta þegar á að taka á því að koma á greiðari vinnubrögðum og hagræðingu í sjálfum ráðuneytunum. Þykir mér eins og ég hafi oft heyrt ýmsa þm. tala um að ríkinu væri nær að byrja hjá sjálfu sér. Verið er að reyna að gera það, en þegar það er gert, sýnt fram á með faglegum vinnubrögðum hvernig eigi að gera það, bregðast þeir sem hagsmuni hafa af óbreyttu ástandi, þá bregðast kerfiskarlarnir ókvæða við.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Að tilmælum formanns Alþb., hv. 3. þm. Reykv., er fundinum frestað í 10 mínútur. — [Fundarhlé.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Á mælendaskrá um þingsköp eru fjórir hv. þm. Ég vildi mega beina þeim alvarlegu orðum til þeirra sem eru á mælendaskrá, hvort ekki væri möguleiki að þeir stilltu máli sínu mjög í hóf og umfram allt að ræða ekki um efnishlið þess máls sem hér hefur borið á góma, heldur um þingsköpin sjálf eins og vera ber í umr. um þingsköp.

Ég vek athygli á því að ætlunin er að halda annan fund í Sþ. í dag. Það eru mjög þýðingarmikil mál þar á dagskrá. Auk þess er gert ráð fyrir umr. utan dagskrár í upphafi fundar.

Við höldum þá áfram umr. um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér var haldin áðan allsérkennileg ræða af hæstv. menntmrh., sem tók okkur þm. í kennslustund til að upplýsa okkur um hver væru hans viðhorf, ráðh., í sambandi við rétt stjórnarandstöðu og þm. almennt til að bera upp mál utan dagskrár hér á hv. Alþingi. Það mátti skilja af orðum hæstv. ráðh. að sem allra minnst skyldi gert að því að óska eftir slíku. Var greinilegt að ráðh. var að reyna að koma því til skila með máli sínu að efnið sem er tilefni þessarar umr. hér um þingsköp, sé þess eðlis að ekki sé ástæða til að óska eftir slíkri umr. Hv. þm. Pétur Sigurðsson kvaddi sér einnig hljóðs til að reyna að bera blak af ráðh. í þessu samhengi. Ég verð að segja það, að viðbrögð þessara hv. þm. Sjálfstfl. og hæstv. ráðh. eru furðuleg, svo að ekki sé dýpra tekið í árinni.

Mér finnst það sem fram kom í máli hæstv. ráðh. bera vott um mikið dómgreindarleysi, að gera ráð fyrir því að ráðh. geti í raun skotið sér undan því að ræða hér við hv. Alþingi efni, sem fram eru borin með sólarhrings fyrirvara við hæstv. ráðh., spurningar sem fram eru bornar af tveimur fyrrv. menntmrh., sem gegnt hafa embætti á undan þessum hæstv. ráðh., sem lætur ekki svo lítið að opna fyrir efnislega umr. um þetta mál. Eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gat um í upphafi síns máls, þá er það auk hans hv. þm. Ingvar Gíslason, fyrrv. menntmrh., sem óskaði eftir umr. hér utan dagskrár og eftir svörum um tiltekið efni.

Það er ekki lítið sem hæstv. núv. menntmrh. ætlar sér í þessu efni, þegar fram hefur komið að ástæðan fyrir því að óskað er þessarar umr. utan dagskrár er embættisfærsla hans og fyrirætlanir í sambandi við embættisfærslu, sem hæstv. ráðh. reyndi hér í umr. að víkja að, þó undir rós væri, með því að stimpla þá sem óskuðu hér eftir svörum af hans hálfu sem kerfiskarla og andstæðinga hagræðingar í ríkiskerfinu. Það er orðið alveg sérstakt að hæstv. ráðh., sem telur sig standa traustum fótum í þessu máli, fari að senda glósur til þeirra aðila sem hafa óskað eftir svörum af hans hálfu og senda þeim skeyti til baka í umr. um þingsköp. Ég vek alveg sérstaka athygli á því, að það var ekki neitt í máli hæstv. ráðh. sem bar vott um það, að hann ætlaði sér að standa Alþingi reikningsskil gerða sinna áður en hann tæki sínar ákvarðanir um þau efni sem eru bakgrunnur þessarar umr. um þingsköp. Það hefur komið fram hér í umr. hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. að fyrirætlanir ráðh. væru af ýmsum taldar varða við lög. Það hefur jafnframt komið fram að ekki muni liggja fyrir samþykkt ríkisstj. við fyrirhuguðum gerðum hæstv. ráðh. og efamál væri að hæstv. fjmrh., sem mun hafa þar nokkru hlutverki að gegna, muni vera samþykkur fyrirætlunum ráðh. í sambandi við embættisfærslu og stöðuveitingar.

Herra forseti. Ég skil vel óskir hæstv. forseta í sambandi við þessa umr. Ég þekki hæstv. forseta að því að hann vill greiða fyrir málum. Ég hef reynt það í þau skipti sem ég hef óskað eftir að taka upp mál hér utan dagskrár að þá hefur það verið auðsótt af hálfu hæstv. forseta að liðka til um slíka umr. Auðvitað leita menn eðlilegs samkomulags um þau efni, ef um fsp. er að ræða, og að allri venju er við því orðið af hæstv. ráðh. og við þm. reynum að sjálfsögðu einnig að taka tillit til þeirra aðstæðna. En hér er gengið fram með slíkum þvergirðingi af hæstv. menntmrh. að sögulegt verður að teljast. Og það verður fróðlegt að sjá með hvaða hætti hæstv. ráðh. ætlar að koma í veg fyrir umr. um þessi mál, sem varða hans embættisfærslu, og hvort hann reiknar með því að hann njóti þar óskoraðs bakstuðnings ríkisstj.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ekki gerði ég mér grein fyrir því að við værum gengnir það langt áleiðis til annarra menningarþjóða að við værum komnir út í þá tegund af titlatogi þar sem það er orðið málsatriði hvort einhver maður er fyrrv. menntmrh. eður ei. Að vísu þarf það ekki að koma manni á óvart eftir að hafa fylgst með umr. hér á þingi í vetur, en óneitanlega hljómar þetta þó nokkuð ankannalega. Ég kem hér upp vegna þeirra orða sem fóru milli hv. 5. landsk. þm. og hæstv. forseta. Ég vildi eiginlega bara fá skýringu hjá forseta hvort ég hafi ekki skilið þingsköp á þann veg rétt, að það sem ekki er beinlínis bannað í þingsköpum hljóti að vera á valdi forseta að leyfa, og hvort það er þá endilega

nauðsynlegt að tveir aðilar deili, þegar um umr. utan dagskrár er að ræða, eða hvort þm. er ekki leyft að fara upp utan dagskrár án þess að krefjast svara af ráðh. eða öðrum þm.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þegar ráðh. er spurður þá getur ekki orðið af umr. utan dagskrár nema ráðh. svari. Forseti hefur skv. þingsköpum mjög víðtækt vald og hann getur leyft umr. utan dagskrár þó að ráðh. sé ekki spurður. Það verður þó að fara mjög sparlega með þær heimildir. Þær eru sjálfsagðar undir sumum kringumstæðum, en aðeins í undantekningartilfellum. Dæmi eru þess að slíkum heimildum sé beitt, ekki einungis á fyrri þingum, heldur líka á þessu þingi sem við nú sitjum.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vona að ég sé ekki að brjóta þinghefð með því að svara undir þessum umr. þeim spurningum sem til mín er beint frá tveimur ágætum ræðumönnum, sem tekið hafa til máls, hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Austurl. Þeir hafa báðir spurt hvort ríkisstj. stæði að baki menntmrh. í þeim skipulagsbreytingum sem hún hefur staðið að í sínu rn. Svo er. Hæstv. menntmrh. lagði tillögur sínar fram fyrir ríkisstj. og ráðh. samþykktu þær. Þar með vil ég líka svara spurningu nr. 2, að ég sem fjmrh. stend fyllilega að baki menntmrh. og mun gera mitt til þess að þessi skipulagsbreyting í menntmrn. megi eiga sér stað. Þar með mun ég að sjálfsögðu líka standa að þeim launagreiðslum sem minnt var á í spurningu til mín.

Það sem ég er óánægður með er að það skuli vera svona miklar umr. hér um bil í heilan dag og svo margir Alþb.-menn taka þátt í þeim án þess að hafa skammað mig nokkurn skapaðan hlut. **(GHelg:** Það kemur.) Það kemur, já. Ég fagna því. Og í öðru lagi: Það sem veitir mér kannske hvað mesta ánægju er það að hæstv. menntmrh., sem við eigum öll að vera stolt af, skuli nú hafa tekið af skarið og reynt að breyta því sem hingað til hefur verið talið hreiður Alþb., menntmrn., sem ég vil alls ekki kalla hreiður Alþb., og gerbylta því og hreinsa þar til. Það er í fyllsta samræmi við það sem ég hef verið að segja frá því að ég kom í þetta starf. **(RA:** Það eru pólitískar ofsóknir.) Pólitískar ofsóknir hafa verið. Ég er að tala um að það sé í fyllsta samræmi við það sem ég hef sagt. (Gripið fram í.) Ég vissi að það væri hægt að vekja hv. 7. þm. Reykv. Vinur minn, hv. 7. þm. Reykv., er vaknaður. Það gleður mig. Það er nákvæmlega þessi hugsun sem ég hef verið að reyna að koma inn hjá íslensku þjóðfélagi, að það sé kominn tími til að afsósíalisera — hreinsa þetta tímabil Alþb. í burtu í eitt skipti fyrir öll.

Með þessum orðum hljótið þið að vera búnir að fá umr. niður á það plan sem þið viljið halda þeim, vegna þess að þessar umr. og margar aðrar sem hér hafa átt sér stað eru eingöngu vegna þess að þið hafið ekkert merkilegra til að tala um, þið hafið ekkert málefnalegt og komið með mál eins og þetta til að flækja og tefja tímann og ekkert annað. Málefnafátækt Alþb. er gersamlega furðuleg.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. fullyrti áðan að haldið hefði verið uppi málþófi í stjórnarskrármálinu. Nú hafa nýlega verið birtar upplýsingar um það hvað menn hafa talað mikið hér í þinginu, hversu lengi og hversu oft, og það hlýtur að vekja menn til umhugsunar um það, hvort því megi þá slá föstu, ef ákveðnir þm. Alþb. tali yfir ákveðnum tíma, að þeir séu að halda þar uppi málþófi. Ég vil mótmæla því að haldið hafi verið uppi málþófi í stjórnarskrármálinu. Mér þætti gaman að sjá það, borið saman við ýmsa umr. sem hér hefur farið fram, hvort menn hafi þar ekki rætt málefnalega um hlutina í því sambandi, að þar er verið að breyta stjórnarskránni, sem eru grunnlög, og almennar umr. um ýmis mál. Mætti þá m. a. skoða ýmsar ræður, sem fluttar hafa verið af hv. varamanni 7. þm. Reykv., og kynna sér hvað hefði verið hægt að koma því fyrir í stuttu máli sem þar hefur verið hægt að nota til að eyða tíma Alþingis. Og er ég ekki viss nema það væri þá jafnframt fróðlegt að gera úttekt á því hversu mikill tími hjá Alþingi hefur farið í hv. 5. þm. Austurl. og hvort að það er þá hugmynd hv. 3. þm. Reykv. að það eigi að setja eitthvert kvótakerfi á hér í þinginu. Það er nefnilega óþolandi að vissir stjórnarandstöðuþm. líta svo á að þeir einir eigi að hafa málfrelsi í þinginu. Þeir eigi að tala hér daginn út og daginn inn. Aðrir þm. eigi að sitja í sínum sætum og þegja. Það er svo makalaus frekja og yfirgangur, sem birtist í svona yfirlýsingu, eins og þeirri að halda því fram að það hafi verið haldið uppi málþófi í stjórnarskrármálinu.

Hitt er svo annað mál, að við höfum margir talið eðlilegt það loforð, sem formenn stjórnmálaflokkanna gáfu á sínum tíma, að taka fyrir önnur atriði, sem snertu misjafna lífsafkomu í þessu landi, við höfum talið sjálfsagt að þessi önnur atriði kæmu hér fram á þingskjölum og þau yrðu rædd á sama tíma og hitt málið væri til umfjöllunar hjá þinginu. Er það óeðlilegt? Auðvitað er óeðlilegt að ekki skuli vera þannig að verki staðið. Það er það óeðlilega. En ég vil mótmæla þeirri árás sem mér finnst gerð að eðlilegri málsmeðferð hér í sölum þingsins, þegar menn standa upp utan dagskrár til að halda því fram að það sé verið að halda uppi málþófi um ákveðið mál, sem búið er að afgreiða til n. Það er alveg furðulegt að þetta skuli eiga sér stað. (Gripið fram í.)

Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni hér hvernig staðið er að breytingum í menntmrn. Mér þykir trúlegt að það mál komi inn til þingsins í skriflegri fsp. miðað við þær umr. sem hér hafa farið fram. Aftur á móti fullyrti fjmrh. að þarna hefði verið um að ræða hreiður Alþb. og þótti mér það nú satt að segja nokkuð djörf fullyrðing. Ég hefði þá gjarnan viljað fá að vita hvað hefði verið gert við eggin eða ungana í því hreiðri, því það skiptir náttúrlega nokkru máli að við þm. höfum það á hreinu að ekki sé um pólitískar ofsóknir að ræða á neinum vinnustað í þessu landi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það eru nokkrir enn á mælendaskrá. Ég vil taka það fram að þessum fundi verður slitið ekki síðar en eftir hálftíma, hvort sem fleiri eða færri eru þá á mælendaskrá. Ég hygg að það væri sæmst fyrir okkur ef við gætum lokið þessari umr. innan þess tíma. Það má vel vera ef menn halda sér við þingsköp.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í þessum umr., sem eru nú farnar að fjalla um málþóf eða ekki málþóf, veit ég að mér er sæmst sem öðrum

konum — eða mönnum þótti hér forðum að konum væri sæmst að þegja á safnaðarsamkundum. En ég ætla nú samt að spyrja hæstv. forseta og það tekur mjög skamman tíma: Hvernig má það bera til að þm. sem er fjarverandi, og hann er svo fjarverandi að hann hefur fjarvistarleyfi, geti borið fram fsp. utan dagskrár? Þessar umr. eru um margt nýstárlegar og ekki síst það, að ég hygg að þetta sé í fyrsta sinn í þingsögunni sem það er sagt að fram sé borin fsp. utan dagskrár frá þm. sem er alls ekki á þinginu í dag og hefur fjarvistarleyfi. Ég vildi æskja þess að hæstv. forseti svaraði því hvort upp hafi verið tekin ný þingvenja að þessu leyti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að ekki hefur verið upp tekin nein ný þingvenja að þessu leyti. Um þetta er ekkert að segja annað en það, sem við getum sagt með vissu, að ef þm. er fjarverandi þá er hann ekki til staðar til þess að standa fyrir fsp.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefði verið sjálfsagt að verða við ósk hæstv. forseta um að hafa þessar umr. stuttar og halda sér við þingsköp, en tveir ráðh. sem talað hafa í þessum umr., hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., hafa vikið af þeirri braut og tekið til umr. efnisatriði málsins með mjög afgerandi hætti. Fyrst hæstv. menntmrh. með því að flytja ræðu um hagræðingarstefnu sína og önnur atriði í stjórnsýslu landsins, sem hafði ekkert með umr. utan dagskrár um þingsköp að gera. Síðan hæstv. fjmrh. sem gaf einstæða yfirlýsingu í þingsögunni. Hann lýsti því yfir að þessi gjörningur menntmrh. væri liður í þeirri stefnu, sem helst var á ráðh. að skilja að væri nú orðin stjórnarstefna, að hefja pólitískar ofsóknir gegn tilteknum embættismönnum í rn. landsins og hreinsa þar til, eins og hæstv. fjmrh. tilkynnti þingheimi orðrétt.

Þegar slíkar yfirlýsingar hafa verið gefnar, herra forseti, er erfitt að halda sér við umr. um þingsköpin ein og sér, hvað þá heldur að hemja þær umr. allar við þann hálftíma sem hér hefur verið tilgreindur. Það eru því eingöngu þeir tveir hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, sem hafa fært þessa umr. svo langt út fyrir umr. um þingsköp að yfirlýsingar þeirra beggja hljóta að teljast til slíkra stórtíðinda í stefnumálum og öllum málflutningi stjórnarinnar gagnvart þinginu að full ástæða væri til að ræða þær lengi dags og jafnvel lengi nætur.

Ég vil hins vegar geta þess varðandi þingsköp, vegna þess að ég hef séð þær spurningar sem átti að bera fram til hæstv. menntmrh., að þær eru þess eðlis — og væri fróðlegt fyrir þingheim að kynna sér þær — að þeim hefði öllum mátt svara mjög skýrt og skorinort á innan við einni mínútu. Nánast allar spurningarnar krefjast eingöngu svars já eða nei. Þær eru skýrar og afdráttarlausar. Ef hæstv. menntmrh. — (**Menntmrh.**: Það er bara eins og á krossaprófi.) Það hefði nefnilega verið hægt með krossaprófi, hæstv. ráðh. Akkúrat. Það er alveg rétt. Ég hef séð spurningarnar og veit að ráðh. er fær um að gangast undir krossapróf þótt sumir hafi fallið á stafsetningarprófi. Ef hæstv. ráðh. hefði verið umhugað að spara tíma þingsins hefði ráðh. getað svarað þessum spurningum á hálfri mínútu eða svo, kannske í hæsta lagi einni mínútu, öllum spurningunum 5 eða 6 með jái eða neii. Það er þess vegna hæstv. menntmrh. sem ber algjörlega ábyrgð á þeim tíma sem fer í þinginu nú og næstu daga í þessa umr.

Hæstv. ráðh. hlær. En hvað er hæstv. ráðh. að gera? Við skulum fara aðeins í gegnum það. Hér hefur verið borin upp spurning frá fyrrv. menntmrh. — (Gripið fram í.) Já, það er það sem ég ætla að koma að. Í gær einnig studd af fyrrv. menntmrh. Ingvari Gíslasyni. Það sýnir best þær útúrsnúningsaðferðir, sem núv. hæstv. menntmrh. telur sér nauðsyn að stunda í þessu máli, að hún kom hér upp í ræðustólinn áðan til þess að gera sér mat úr því að hv. þm. Ingvar Gíslason hefði orðið veikur síðan hann fór fram á það í gær að þetta mál yrði tekið upp. Hún varð að notfæra sér veikindi hv. þm. Ingvars Gíslasonar til þess að bera í bætifláka fyrir sig.

En málið er þess eðlis, að þeir tveir þm. hér á Alþingi, sem gegnt hafa embættum menntmrh., telja báðir, eftir því sem mér er tjáð og hefur þegar komið fram hér frá öðrum þeirra í þinginu, að hér sé á ferðinni tilraun til að brjóta lög um Stjórnarráð Íslands. Hæstv. menntmrh. er lögfræðingur og ég spyr hæstv. menntmrh. hér og nú — og það væri mjög einfalt að svara því bara með jái eða neii, þá þarf ekki að tefja tímann mikið til þess fyrst ráðh. hefur beðið um orðið: Telur ráðh. að þessi embættaveiting og auglýsing eigi sér stoð í lögum um Stjórnarráð Íslands?

Í lögum um Stjórnarráð Íslands er skýrt tekið fram að skrifstofustjóri í rn. skuli aðeins vera einn. Hér hefur ráðh. farið inn á þá braut að auglýsa þrjár stöður skrifstofustjóra. Segist hér gera það í nafni hagræðingar. Þess vegna liggur ljóst fyrir að í fyrsta lagi telur hæstv. menntmrh. nauðsynlegt að fremja lögbrot til að koma á hagræðingu. Í öðru lagi treystir hæstv. ráðh. sér ekki einu orði, þrátt fyrir ítrekaðar fsp. og ummæli hér í ræðustól, til að bera það af sér að hún sé á leiðinni að fremja lögbrot.

Ég spyr hæstv. ráðh. fyrst hún hóf sjálf umr. um hagræðingu þess máls hér í ræðustól: Hvaða hagræðing felst í því að ráða þrjá skrifstofustjóra í staðinn fyrir einn? Er það eftir nýju hagræðingarlögmáli, sem Sjálfstfl. hefur uppgötvað, að nú skuli vera þrír skrifstofustjórar í menntmrn. í staðinn fyrir einn?

Fyrst við erum að ræða um núv. skrifstofustjóra rn., Árna Gunnarsson, sem er einn af virtustu embættismönnum þessa lands, er það merkileg yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. að Árni Gunnarsson tilheyri einhverju sem er „hreiður Alþb. í menntmrn." og nauðsynlegt sé „að hreinsa til" með þessum hætti. Hvað hefur Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri í menntmrn., unnið til saka til að gefa hæstv. fjmrh. tilefni til að gefa þessa yfirlýsingu hér? Vill ekki hæstv. ráðh. svara því? Öll þessi skipulagsbreyting snýst um það að setja nú tvo menn ásamt Árna Gunnarssyni til þess að gegna skrifstofustjórastörfum í menntmrn. Þess vegna hlýtur höfuðsökudólgurinn í öllu þessu hreiðurstali hæstv. fjmrh. að vera núv. skrifstofustjóri rn., Árni Gunnarsson.

Herra forseti. Í raun og veru væri hægt fyrir hæstv. menntmrh., sem virðist vera svo umhugað um að spara tíma þingsins, að gefa mjög einfalda yfirlýsingu sem ég reikna með að þingið mundi sætta sig við. Það er sú yfirlýsing að hæstv. ráðh. muni ekki ráðstafa þeim stöðum sem hér er um að ræða fyrr en Alþingi hefur fengið tíma til að fjalla um málið. Ég spyr hæstv. ráðh.: Er hæstv. ráðh. reiðubúinn til að bíða með ráðstöfun á þessum embættum þar til Alþingi hefur gefist tækifæri til að fjalla um málið? Ef ráðh. er ekki reiðubúinn til

þess er það alveg ljóst að ráðh. þolir ekki umr. á Alþingi um það lögbrot sem hún ætlar að fara að fremja. Hún er að reyna að skáka í skjóli formlegrar túlkunar á þingsköpum til að koma í veg fyrir að Alþingi geti fengið að ræða um brot á lögum um Stjórnarráð Íslands. Það er mjög alvarlegur hlutur því það er ekki aðeins verið að koma í veg fyrir umr. Verið er að koma í veg fyrir umr. um það hvort hæstv. ráðh. sé að fremja brot á lögum um Stjórnarráð Íslands.

Ég veit ekki hvað er brýnt til umfjöllunar hér á Alþingi ef ekki slík ásökun sem ráðh. hefur ekki skotið sér undan. Mér er kunnugt um að færustu lögfræðingar landsins eru þeirrar skoðunar að hér sé um brot á lögum um Stjórnarráð Íslands að ræða. Fyrir utan það að í þessu fræga fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. var því lýst yfir sem einni af meginforsendunum að ekki skyldu myndaðar neinar nýjar stöður hjá ráðuneytum. Nú er þessi forsenda fjárlaganna allt í einu fokin út í veður og vind og talið mikið nauðsynjamál að setja tvo skrifstofustjóra til viðbótar við þennan eina. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað er með þessa forsendu í fjárlögunum um engar nýjar stöður? Getur nú allt í einu sérhver ráðh. búið til fram hjá öllum lögum og jafnvel með því að brjóta lög nýjar stöður inn í fjárlögin og inn í ríkiskerfið án þess að Alþingi hafi þar nokkuð um fjallað þótt fjárlagafrv. sjálft byggist algjörlega á öðrum grunni?

Það liggur ljóst fyrir, herra forseti, að ýmsir af færustu lögfræðingum landsins telja að hér ætli menntmrh. að fara að brjóta lög um Stjórnarráð Íslands. Í öðru lagi hefur hæstv. menntmrh. neitað Alþingi um að fá að ræða þetta væntanlega lögbrot hennar á einfaldan hátt. Hæstv. ráðh. á enn kost á því að bæta ráð sitt með því að gefa hér og nú yfirlýsingu um að hún muni ekki ráðstafa þeim stöðum sem hér er um að ræða fyrr en Alþingi hefur fengið tækifæri til að fjalla um málið. Þá er ég viss um að þingheimur væri reiðubúinn að bíða með þessa umr. þar til hún getur fengið eðlilegan farveg. Ef hæstv. menntmrh. ætlar síðan að ráðstafa þessum stöðum á næstu dögum áður en þingið hefur fengið að fjalla um málið undir þeim ásökunum, sem hér hafa komið fram rökstuddar, að um lögbrot sé að ræða er hér vissulega á ferðinni mjög alvarlegt mál. Það verður enn alvarlegra í ljósi þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf áðan, að þessi stefna hefði verið kynnt í ríkisstj. sem liður í því að hreinsa til pólitískt í rn. (**Fjmrh.:** Það er ekki rétt.) Það er víst rétt. Hæstv. fjmrh. var hér í hlutverki litla putta sem kjaftaði frá.

Hæstv. fjmrh. skipti ræðu sinni í tvennt. Fyrri hlutinn var ágætt dæmi um það hvernig ráðh. getur svarað spurningum á stuttan, skýran og einfaldan hátt og þannig sparað tíma þingsins. Ber að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það. Ef hæstv. menntmrh. hefði farið að dæmi hans hvað það snertir væri þessari umr. væntanlega fyrir löngu lokið.

Í seinni kafla ræðu sinnar greindi hæstv. fjmrh. frá því að þegar þetta mál kom til umr. í ríkisstj. hefði hann samþykkt þessa ráðstöfun vegna þess að hann væri sérstaklega ánægður með að tekið væri til við að hreinsa til í menntmrn., sem hann sagði orðrétt að væri hreiður Alþb. Sagðist hæstv. fjmrh. fagna því að nú væri verið að hreinsa til í þessu hreiðri Alþb. Hann bætti síðan við að þessi ráðning á þremur skrifstofustjórum í menntmrn. væri liður í þeirri stefnu fjmrh. að afsósíalísera þjóðfélagið, eins og hæstv. fjmrh. sagði hér orðrétt.

Þar með liggur ljóst fyrir að hæstv. menntmrh., hæstv. fjmrh. og ríkisstj. öll hefur tekið þá ákvörðun að starf Árna Gunnarssonar, núverandi skrifstofustjóra í menntmrn., feli í sér slík brot í starfi og slík pólitísk afskipti í þágu Alþb. af menntamálum í landinu að nauðsynlegt sé að hreinsa til í þessu hreiðri og bæta við tveimur mönnum við hliðina á honum enda þótt lög um Stjórnarráð Íslands kveði skýrt á um að það skuli bara vera einn skrifstofustjóri í viðkomandi rn. Það eru vissulega fréttir fyrir þá sem kynnst hafa embættisferli Árna Gunnarssonar að hér komi fram yfirlýsingar með þessum hætti. Ef hæstv. fjmrh. vill standa við þær yfirlýsingar sem hann hefur hér gefið ber honum að gera skýra grein fyrir því hverjir þessir einstaklingar eru sem valda því að hann telur nauðsynlegt að hreinsa til í menntmrn.

Ég vil að lokum vekja athygli á því hverjir það eru sem hafa stýrt menntmrn. á undanförnum áratugum. Gylfi Þ. Gíslason í 15 ár, síðan Magnús Torfi Ólafsson í rúm þrjú ár, síðan Vilhjálmur Hjálmarsson í fjögur ár, síðan Ragnar Arnalds í rúmt ár og voru þá mér vitanlega mjög fáir ef nokkrir nýir embættismenn ráðnir í menntmrn. Mér er til efs að nokkrir nýir embættismenn hafi verið ráðnir inn á menntmrn. á þeim tíma. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, herra forseti. Síðan Vilmundur Gylfason í fáeina mánuði og síðan Ingvar Gíslason, framsóknarmaður og aðstandandi þessarar fsp. í rúm þrjú ár. En hér kemur hæstv. fjmrh. upp og segir að eftir stjórn þessara manna, sem ég hef nefnt í menntmrn., sé meginröksemd þessarar skipulagsbreytingar að hreinsa til í þessu hreiðri Alþb. Ég vil að lokum spyrja hæstv. menntmrh.: Er hún sammála þeirri yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. gaf hér áðan?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er ekki fallegt að vera að gera athugasemd við þessa skringilegu ræðu sem hér var flutt, en ég vil nú bera af mér sakir. Hv. þm. kveður mig bera ábyrgð á því hve menn séu hér langorðir. Ég vil biðjast undan allri ábyrgð á þeim langlokum sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flytur í þessu sambandi sem og öðru. Mér finnst afar einkennilegt í sambandi við hinn meinta aðstandanda fsp., sem nú er fjarstaddur, að ég hef ekki orð neins nema hv. þm. Ragnars Arnalds og Ólafs Ragnars Grímssonar fyrir að hinn fjarstaddi standi líka að fsp. Í fyrsta lagi standa fjarstaddir þm. aldrei að fsp. utan dagskrár. Auk þess þykir mér það ákaflega ótrúlegt að hv. þm. Ingvar Gíslason, sem er fullfær um að tala fyrir sig sjálfur, sendi hv. þm. Ragnar Arnalds með skilaboð frá sér í þingsali. Þá þess heldur að hv. þm. Ingvar Gíslason er forseti Nd. og er í daglegu og mjög góðu sambandi við þingheim. Allt er þetta næsta sérkennilegt.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson mælir hér einnig fyrir munn færustu lögfræðinga að hann segir. Það má þá líka vera sérkennilegt ef færustu lögfræðingar landsins hafa allt í einu fundið sér sem talsmann Ólaf Ragnar Grímsson hv. þm. Allt það sem hann sagði hér um þetta mál (**ÓRG:** Má ég spyrja hæstv. ráðh. um lagastoð?) Herra forseti. Þessar fáu mínútur ætla ég að fá að tala ótruflað. (Gripið fram í.) Herra forseti. Það hefur verið

úrskurðað að það liggi ekki fyrir fsp. til umr. hér. (Gripið fram í.) Hér eru þingsköp til umr. og við það höldum við okkur. Hv. þm. Alþb. þeim hættir til að láta hleypa sér upp. Þeim hættir til að láta hæstv. fjmrh., sem er húmoristi góður, stríða sér dálítið á þann veg að þeir hlaupa í ræðustól og tala af sér stundarfjórðungum saman og hafa í frammi alls kyns yfirlýsingar, sem ýmist eru rangar eða óviðeigandi, svo ekki sé meira sagt.

Herra forseti. Ég vildi aðeins bera blak af forvera mínum, hæstv. forseta Nd. því mér þykir það hljóti að vera óviðfelldið fyrir hann að hv. þm. Alþb. mæli hér fyrir munn hans á Alþingi. Ég veit að hann er einfær um það þegar hann kemur aftur á þingið eftir forföll sín.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þetta eru harla kyndugar umr. sem hafa farið hér fram í dag og hafa sýnt að full ástæða var til að fara með þetta mál hér upp utan dagskrár. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að lög um Stjórnarráð Íslands mæli svo fyrir að í rn. skuli vera einn skrifstofustjóri, þannig að ég held að lítill vandi sé að komast að niðurstöðu um hvaða leyfi hæstv. ráðh. hefur til að gera hann allt í einu að heilu þríeyki. En það sem ég ætlaði að tala um fyrst og fremst er almennur valdhroki þessarar ríkisstj. og ráðh. hennar. Það er ekkert nýtt og það kemur mér ekkert á óvart að ráðh. skuli neita að svara einföldum fsp. Það er alveg í takt við aðra framkomu hæstv. ráðh. í garð hv. þm. Um þetta eru dæmi í nefndarstörfum þingsins í vetur. Ég hef áður gert það hér að umræðuefni og ætla að leyfa mér að gera það einu sinni enn.

Efnisatriði þessarar umr. liggja alveg ljós fyrir. Og þó er það vissulega nýmæli að fjmrh. þjóðarinnar lýsi því yfir að hann sé búinn að afgreiða aukafjárlög þrátt fyrir að hann hefur margsagt að slík fjárlög geri hann ekki. Hann hefur gert það nú til að aðstoða hæstv. menntmrh. við að brjóta stjórnarskrárlög. Maður veit þá hvað mikið er að marka það sem hann segir.

Ég ætla að víkja aðeins aftur að nefndum þingsins. Hér liggur fyrir á dagskrá í dag annað málið af tveimur sem afgreidd hafa verið frá allshn. Sþ. Það er þáltill. hv. þm. Eiðs Guðnasonar um könnun á orsökum hás verðs á raforku. Ég bíð með óþreyju eftir hvernig afgreiðslu þetta mál hlýtur hér í dag, vegna þess að það var afgreitt einróma úr n. af fulltrúum allra flokka. Sú frétt hefur hins vegar borist að hæstv. iðnrh. muni leggja til að málið verði fellt. Það er eftir öðru.

Í heilbr.- og trn. Nd. lá eitt mál fyrir fram að jólum. Það var frv. mitt um mánaðaraukningu á greiðslu á fæðingarorlofi þegar um fleirbura væri að ræða. Allir voru sammála um frv. en þau fyrirmæli komu frá rn. að ekki ætti að samþykkja það því að frv. mundi koma frá hæstv. ráðh. Það er ekki komið enn. Einasta frv. sem hefur komið frá honum síðan er frv. um tóbaksvarnir og það var ekkert að finna um fæðingarorlof þar.

Í hv. allshn. Nd. hafa verið haldnir alls fimm fundir, einn frá áramótum. Þar liggur fyrir fjöldi mála. Ekkert hefur hlotið afgreiðslu. Ég fæ ekki betur séð en ríkisstj. sé ákveðin í því að hér verði engin mál afgreidd frá stjórnarandstöðu. Ég held þess vegna að þessi umr. hefði ekki átt að heita umr. um þingsköp heldur umr. um lýðræði. Það skiptir ekki lengur máli þó að fimm af sex stjórnmálaflokkum, sem eiga hér fulltrúa, skrifi upp á þingmál. Þau fá samt ekki afgreiðslu vegna þess að einhverjum af hæstv. ráðh. þóknast ekki — eins og það hefur hvað eftir annað verið orðað í einkaviðræðum — að þm. séu að fá rós í hnappagötin fyrir slík mál. Hvernig á nokkur þm. að sætta sig við þetta? Ég vil lýsa því yfir hér og nú að verði ekki gjörbreyting á þessum vinnubrögðum Alþingis mun ég ekki sitja hér dag eftir dag — og hvern einasta dag — á meðan stjórnarliðar eru fjarverandi og hjálpa til að koma málum stjórnarinnar í gegn. Ég mun láta af því háttalagi. Ég skulda þessari ríkisstj. ekki neitt miðað við þá afgreiðslu sem mál stjórnarandstöðunnar hafa fengið.

Sameinað þing, 65. fundur.

Þriðjudaginn 13. mars, að loknum 64. fundi.

Hvalveiðar við Ísland, þáltill. 238. mál (þskj. 418). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Árni Johnsen: Herra forseti. Enn einu sinni hafa ungir menn farist í sjóslysi, fjórir ungir menn, þegar vélbáturinn Hellisey frá Vestmannaeyjum fórst í fyrrinótt um 3 sjómílur austur af Eyjum í blíðskaparveðri. Einn skipverja, Guðlaugur Friðþórsson stýrimaður, vann það ótrúlega afrek að synda til Heimaeyjar um 6 km í köldum sjónum.

Svo snarlega hvolfdi skipinu að skipverjar náðu ekki að komast í gúmmbjörgunarbát, en Hellisey var einn af örfáum Eyjabátum sem ekki var búið að setja upp í Sigmundsbúnaðinn sem var fullbúinn fyrir þremur árum og leysir m. a. það vandamál þegar mannshöndin kemst ekki að björgunarbátnum. Ef ekki hefur náðst að sjósetja gúmmbjörgunarbát áður en skip fyllir af sjó eða sekkur losar sjálfvirkur búnaður Sigmundsgálgans björgunarbátinn og opnar um leið fyrir loftþrýstiflöskuna sem blæs bátinn upp. Þetta skeður 6—10 sek. eftir að sjór kemst í boxið með sleppibúnaðinum. Búið var að panta þennan búnað á Hellisey, sem var keypt til Vestmannaeyja á s. l. ári, en búnaðurinn var ekki kominn um borð í bátinn. Sigmundsbúnaðurinn er eini björgunarbúnaðurinn hér á landi sem hefur m. a. sjálfvirkan losunarbúnað og þótt aldrei sé neitt tryggt fyrir fram í öryggismálum er Helliseyjarslysið dæmigert fyrir þá möguleika sem búnaðurinn gefur og hugmyndin er byggð á.

Þrír menn komust á kjöl og gátu haldið sér í u. þ. b. ½ klst. eða þar til báturinn sökk og þeir freistuðu þess að synda til lands. Fleiri skipverjar komust að skipshlið. Sjálfvirki losunarbúnaðurinn á Sigmundsgálganum er gerður til þess að skila bát að skipshlið innan við 1 mínútu eftir að skip er fullt af sjó og menn hafa ekki komist til að losa björgunarbátinn.

Hugmyndin um skotbúnað á björgunarbáta kom fyrst fram hér á landi þegar vélbáturinn Þráinn frá Vestmannaeyjum fórst austur af Eyjum árið 1968 með allri áhöfn, níu mönnum, og sýnt þótti að menn hefðu ekki komist til að losa björgunarbátinn. Aftur kom þessi

hugmynd í sviðsljósið árið 1979, þegar vélbáturinn Ver frá Vestmannaeyjum fórst skammt austur af Eyjum 1. mars. Þá börðust sex skipverjar við það í nær ½ klst. að opna gúmmbjörgunarbátinn þar sem þeir héldu sér á floti við björgunarbátshylkið en Ver sokkinn. Fjórir skipverjanna, allt kornungir menn, króknuðu í sjónum og drukknuðu áður en náðist að opna björgunarbátshylkið og blása björgunarbátinn upp. Tveir komust af.

Skömmu síðar fóru upphafsmenn hugmyndarinnar um breytingu á búnaðinum á fund Sigmunds Jóhannssonar uppfinningamanns og báðu hann að skoða málin. Eftir margvíslegar tilraunir og tímafreka vinnu var Sigmundsgálginn og skotpallur Sigmunds tilbúinn í vetrarbyrjun 1981 og var búnaðurinn fyrst reyndur í Kap II. í Vestmannaeyjum í vetrarbyrjun það ár. 22. maí 1981 var búnaðurinn prófaður á sjö mismunandi skipum í Vestmannaeyjahöfn. Sjóslysanefnd og flestir forustumenn í öryggismálum sjómanna lýstu því þá yfir að hér væri um að ræða byltingu í öryggismálum sjómanna. Siglingamálastofnun samþykkti búnaðinn og útvegsmenn í tveimur verstöðvum, Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði, ákváðu á einu bretti að setja búnaðinn um borð í báta sína, þó lög mæltu ekki fyrir um slíkt. Rætt var um að setja þennan búnað um borð í allan landsflotann með samstilltu átaki á einu ári með því að framleiða búnaðinn á nokkrum stöðum á landinu.

Þegar til kasta Siglingamálastofnunar kom að fylgja málinu í höfn fór allt á annan veg og þessu stórkostlega öryggismáli sjómanna var klúðrað þannig að aðeins lítill hluti landsflotans hefur þennan búnað um borð þremur árum seinna. Siglingamálastofnun hefur sífellt dregið á langinn að taka á þessu máli af festu, veitt undanþágur fyrir allan flotann, skapað tortryggni í garð búnaðar Sigmunds, blandað saman við öðrum búnaði, sem hefur langt frá því sömu möguleika og Sigmundsbúnaðurinn. Þessi bylting í öryggismálum sjómanna á ekki að varða atvinnutækifæri í landi, hvar búnaðurinn er framleiddur. Hér á að hugsa um það eina sem skiptir máli, öryggi og líf sjómanna.

Í þrjú ár hefur þessi búnaður verið fyrir hendi. Það hefur verið álitamál með efnisnotkun í búnaðinn, og slíkt er eðlilegt að skoða sífellt og endurskoða ef þörf þykir, en útfærslan hefur ekki brugðist. Kostnaður skiptir að sjálfsögðu máli í öllum rekstri, en ekki í þessu öryggismáli því fullbúinn gálgi kostar 44 þús. kr. og með sjálfvirka sjósetningarbúnaðinum kostar hann 51 þús. kr. samtals.

Á skömmum tíma hafa orðið hörmuleg sjóslys sem hafa kostað mörg mannslíf. Í öllum tilvikum hafa bátar sokkið mjög snögglega. Má þar nefna frá síðustu mánuðum sjóslys á Breiðafirði, við Eyrarbakka, við Engey og nú síðast við Vestmannaeyjar. Mönnum er einnig ugglaust í fersku minni sjóslysið við Snæfellsnes, þegar systkin björguðust, en faðir þeirra drukknaði er lítill bátur þeirra sökk. Systkinin náðu ekki í björgunarbát fyrr en eftir margar tilraunir að kafa undir bátinn sem maraði á hvolfi. Þrek þeirra var þrotið þegar loks var möguleiki á því að þau kæmust þrjú í björgunarbátinn. Þarna hefði sjálfvirkur losunarbúnaður e. t. v. breytt stöðunni.

En þau eru mörg efin og þau eru stór þegar þau varða mannslíf. Það er ekkert undarlegt að meira hafi heyrst í Vestmanneyingum en flestum öðrum landsmönnum þegar öryggismál sjómanna eru til umræðu. Á u. þ. b. 100 árum hafa 500 sjómenn farist við Vestmannaeyjar.

Ef þess er nokkur kostur að draga úr mannsköðum á sjó eigum við að taka á því máli eins og menn. Borðliggjandi dæmi um möguleika á björgun manna með þeim búnaði sem hefur verið fundinn upp hér á landi er slysið við Vestmannaeyjar í fyrrinótt. Fyrir hönd sjómanna þessa lands og fjölskyldna þeirra bið ég því hæstv. iðnrh., sem mun svara hér fyrir hönd samgrh., um að gengið verði úr skugga um hvað sé öruggasta og fullkomnasta tækið í sambandi við losun gúmmbjörgunarbáta og að það tæki verði án tafar sett í flota landsmanna, stóra báta sem smáa. Það skiptir ekki máli hvaðan slík tæki koma. Það skiptir öllu máli að besta tækið sé valið. Þar hafa sjóslysanefnd, Slysavarnafélag Íslands og fleiri aðilar í sjávarútvegi látið sitt álit í ljós.

Það hefur verið gengið á skjön við reglugerð og leyft að setja í skip búnað, sem uppfyllir ekki skilyrði um sjálfvirkan losunarbúnað, og þar sem Siglingamálastofnun hefur brugðist hlutverki sínu í þessu máli er ekki hægt að komast hjá því að biðja hæstv. samgrh. að taka málið sérstökum tökum. Það er mikið í húfi fyrir okkar þjóðfélag — mannslíf.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hæstv. samgrh. gat ekki verið viðstaddur þessa umr. og bað mig um að hlaupa í sitt skarð.

Á Alþingi fór fyrir skemmstu fram umr. um þessi mál, þegar hæstv. samgrh. svaraði fsp. frá málshefjandi, hv. 3. þm. Suðurl., um sleppibúnað björgunarbáta. Samgrh. bað mig að lýsa því yfir fyrir sína hönd að hann ítrekaði þau ummæli sem hann viðhafði þá um að hann mundi beita sér fyrir því að hraðað yrði framkvæmdum að þessu leyti og í því skyni að gera þessi öryggistæki sem fullkomnust úr garði.

Á þessari stundu get ég ekki annað en haft fyrirvara á um ásakanir í garð Siglingamálastofnunar í þessu skyni, án þess þó að ég sé í neinum færum um að tefla fram rökum gegn þeim, en hlýt þó í fyrirsvari fyrir ríkisstj. í þessu falli að hafa sterkan fyrirvara á um svo harkalegar ásakanir. Við megum ekki láta það heldur trufla okkur í því mikla nauðsynjaverki sem við verðum að vinna, og til viðbótar því að lýsa yfir eindregnum vilja hæstv. samgrh. að styðja með ráðum og dáð og fullri einurð og hörku við hraðar framkvæmdir í þessu skyni, þá leyfi ég mér að lýsa því yfir að ríkisstj. mun öll styrkja hann til þeirra góðu verka og nauðsynlegu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það eru margir þm. sem kæra sig ekkert um að sitja undir þeirri umr. sem hv. 3. þm. Suðurl. hóf hér á undan og ég vil leyfa mér að þakka honum fyrir, enda strax byrjuð frammíköll frá ákveðnum mönnum um að hann væri jafnvel að tefja þingstörf með því að hefja máls á þessu máli og ég með því að vekja athygli á að ég hafi lagt fram fsp. um það sem beint á sinn þátt í því hvernig komið er nú í öryggis- og slysamálum þessarar stéttar, og svo aðra fsp., sem varðar hluta af þessu stóra máli, en það er að eiginlega er látið gott heita að þessi mál séu sett skör lægra pólitískum áróðursmálum sumra þm. sem hér vaða uppi í nær hverju máli. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það, enda hér um mikfu alvarlegri mál að ræða þegar við

erum að tala um sjóslysin sem hafa dunið yfir á síðustu mánuðum og misserum.

Ég hef lengi haft það starf með höndum á vegum sjómannadagssamtakanna að skýra frá því á sjómannadaginn hve margir sjómenn hafi látist á liðnu ári. Þessi tala er að sjálfsögðu á landsmælikvarða. Þá eru tekin saman öll dauðaslys sem verða á skipum. Við fögnuðum því sérstaklega, forustumenn sjómannasamtakanna, síðasta sjómannadag að ekki voru nema þrjár stjörnur í stjörnufánanum sem er minningarfáni samtakanna. Síðan þessi dagur leið hafa 26 íslenskir sjómenn látið líf sitt við störf á sjónum eða vegna slysa sem þeir hafa hlotið um borð í skipum sínum. Til viðbótar fórust fjórir starfsmenn Landhelgisgæslunnar í flugslysi og voru tveir þeirra sem þar fórust skipverjar hjá Landhelgisgæslunni. Til viðbótar má svo benda á hið hræðilega slys þegar sjö Þjóðverjar fórust við suðurströnd landsins ekki alls fyrir löngu. Þá eru að sjálfsögðu ótalin öll þau örkuml, sár og veikindi sem menn hafa hlotið um borð í fiskiskipaflota okkar og farskipum. Meðan svo stendur á að sjómenn þegja í sambandi við launakjör og launamálaumræðu í þjóðfélaginu vegna þess að þeir hafa öðrum frekar skilið hvað þurfti að gera — það bitnaði fyrst og fremst á þeim þegar þorskur hvarf af miðum — þá geta menn varið tíma þingsins mánuðum saman til að ræða um bílastyrki fólks, sem situr inni í heitum herbergjum alla daga og vinnur takmarkaðan tíma úr sólarhringnum, en þegar sjómenn eiga í hlut er unnið upp í 18 tíma sólarhringsins við þær aðstæður sem skapa m. a. það hroðalega ástand sem komið er upp.

Ég hef tekið eftir því að margar stéttir þjóðfélagsins benda á vinnuaðstöðu sína og reyna að nýta hana til frekari kauphækkunar en aðrir fá. Og út af fyrir sig getur það verið réttmætt. En ég spyr hv. þm.: Hvar á þá íslensk sjómannastétt að standa í launastiganum í dag? Ætli þeir væru ekki nokkrir bílastyrkirnir sem þyrftu að koma til svo að jöfnuði yrði náð? Hefur nokkur þeirra hv. þm. sem mjög hafa haft á orði stöðu kvenna í vetur haft orð á stöðu sjómannskonunnar sem félagslega býr oft við verra hlutskipti en þær sem mest eru bornar fyrir brjósti í dag, en það eru skiljanlega einstæðar mæður? Hlutskipti sjómannskonunnar er nákvæmlega hið sama.

Það að ég tek til máls nú er að sjálfsögðu vegna þess að ég tel að ekki sé hægt að kenna einum eða neinum eða einni stofnun um hvernig komið er og alls ekki Siglingamálastofnuninni. Við höfum farið fram á það í samtökum sjómanna í nær 25 ár, sem ég er búinn að eiga sæti í stjórn stærsta sjómannafélags landsins, að Alþingi veiti fé til að láta framkvæma skyndiskoðanir á öryggisbúnaði skipa. Þetta hefur aldrei verið veitt. Þó hefur siglingamálastjóri margbeðið um þetta. Alþingi hefur ekki séð ástæðu til þess. Og fjárveitingar til þessarar stofnunar hafa alltaf verið skornar við nögl. Ég hef margoft bent á það hér að ekki er hægt að búast við öðru í jafnvélvæddu vinnutæki eins og fiski- og farskip eru í dag, og miðað við þær miklu hættur sem eru orðnar um borð í þessum skipum, þegar hraðinn eykst, þegar fækkar í áhöfn, þegar mannaskiptin eru örari en nokkru sinni áður og óvanari menn um borð en áður voru, en að taka verði mið af því og auka allan öryggisbúnað og kennslu mannanna í að fara með þann öryggisbúnað.

Ég hef margoft bent á að ekki er hægt að ætlast til þess að útgerð, sem kannske berst í bökkum, beri allan kostnað. Það eru ekki vegfarendur einir, akandi fólk eða gangandi fólk, á götum borgarinnar sem látnir eru borga götuvitana, umferðarljósin. Það fé er tekið úr sameiginlegum sjóði borgarbúa t. d. í Reykjavík. Og auðvitað á að taka hluta af fé til að gæta öryggis sæfara úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og stuðla þannig að meira öryggi og gæta þess að tryggingar sjómanna séu í einhverju samræmi við áhættu og tryggingar annarra landsmanna sem þeir hafa náð fram bæði með samningum og lögum.

Það er blóðugt til þess að vita að þegar þeir „pakkar" sem hafa verið sendir sjómönnum á liðnum árum hafa verið opnaðir hefur alltaf vantað í þá. Það hefur verið komin svolítil feyskja í innihaldið og í pakkanum hefur ekki verið allt sem lofað var, sbr. lög um rétt sjómanna til að taka sinn lífeyri og hætta störfum 60 ára gamlir ef þeir væru búnir að vera lögskráðir í a. m. k. 25 ár. En ég ætla ekki að fara út í það mál núna. Það mun bíða betri tíma.

Það eru að sjálfsögðu fleiri stofnanir en Siglingamálastofnun sem koma við sögu. Það er m. a. Landhelgisgæsla Íslands. Í nóvembermánuði fékk ég að taka til máls utan dagskrár hér í Sþ. með leyfi forseta. Ég vakti athygli á slysi sem varð norður í Íshafi þar sem loðnuflotinn var að veiðum. Þar fórst maður af slysförum. Skipið sem hann var á fékk nót í skrúfuna og gat ekki bjargað sér og þegar þeir voru að reyna að rífa nótina lausa slitnaði vír, sem slóst í höfuð mannsins, og hann lést. Nú tíðkaðist það á þeim tíma sem síldveiðar voru stundaðar norður í höfum yfir vetrartímann, og var það gert að ósk og kröfu sjómannasamtakanna, með stuðningi útgerðarmanna og þáv. ríkisstj., að landhelgisgæsluskipin voru látin fylgja flotanum. Þau voru búin þannig að læknar gátu verið um borð, og það sem meira var: Það voru kafarar um borð í þessum skipum sem voru sérhæfðir m. a. til þess að skera net úr skrúfu ef skip fengju nót í skrúfuna.

Mín fsp. átti m. a. að vera til hæstv. dómsmrh. sem æðsta manns Landhelgisgæslunnar, þótt enginn viti hver sá sé þegar semja þarf um launakjör þessara manna. Spurningin var: Hvernig stendur á að það eru engir samningar til við þessa menn lengur og þeir hafa lagt niður störf og ekki stundað þau misserum saman? Þetta kom kannske best í ljós þegar hræðilegt slys varð uppi í Hvalfirði, er fjórir menn af einum Fossanna létu lífið þar, að menn koma þar að sem sjálfboðaliðar úr þessari starfsgrein til að hjálpa til við hugsanlega björgun, en þeir eru ekki á launum og þeir eru ekki starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem slíkir þegar þetta skeður. Hvað veldur því að varðskip ríkisins fara úr höfn með ballest af sjó eða vatni og leggjast á firði fyrir vestan eða austan og geta ekki hreyft sig, hvorki sjálfum sér til bjargar né öðrum, eiga aðeins olíu til að komast til Reykjavíkur aftur? Af hverju hafa ekki þeir ráðherrar sem ég hef snúið mér til beðið um að eitthvað af þeirri olíu sem á að vera til almannavarna væri geymt í tönkum varðskipanna og að þá mætti opna þegar neyðartilfelli koma upp eins og þegar slys verða á sjó?

Þessi undarlegi sofandaháttur þegar sjómannastéttin á í hlut er að verða þannig að ekki er líðandi. Og auðvitað mun koma að því að sjómenn munu sameinast, hvar sem þeir eru í pólitík, hvar sem þeir eru stöðulega staddir, í hvaða félagi sem þeir eru, og segja: Hingað og ekki lengra. Þeir hafa lagt fram óskir við

þingflokkana og mótmæli við ákveðinni löggjöf sem hér er á ferðinni, einmitt löggjöf sem við getum notað til að hjálpa útgerðinni til að beita sér fyrir frekari öryggis- og tryggingamálum sjómanna, sem við þurfum að lagfæra, eigum að lagfæra og erum siðferðilega skyldugir til að lagfæra og betrumbæta.

Það eru auðvitað fleiri aðilar sem hafa haft þetta sama á orði og samtök sjómanna. Þau samtök sem hafa fyrr og síðar staðið að ekki aðeins björgunarmálum heldur einnig slysavarnamálum, Slysavarnafélag Íslands, hafa nýlega beitt sér fyrir fundi með fulltrúum þingflokkanna vegna þeirrar slysaöldu sem þegar er að baki þegar vetrarvertíð er rétt hálfnuð. Við skulum vona að guð gefi að þau verði ekki fleiri slysin en orðið er. Slysavarnafélagið hefur beitt sér fyrir því að átak verði nú gert til að koma í veg fyrir þessi tíðu sjóslys. Fyrsti fundur hjá þessum hópi manna með stjórnendum Slysavarnafélagsins var haldinn fyrir skömmu. Þar kom það m. a. fram sem ég gat hér um og einnig að þetta er hluti af ástandi sem ríkir í menntunarmálum sjómanna og því sem liðið er í menntunarmálum sjómanna.

Hér hafa ráðh. hæstv. ríkisstj. gengið fram í því að gera það að skyldu að bæði ljósmæður og hjúkrunarfræðingar verði að ganga háskólaleið til að geta hlotið réttindi. Gott og vel. Það er ekkert við því að segja. En verkmenntunin situr eftir, sem ekki hvað síst verður áberandi þegar farið er að mennta vel eða frekar fólk til stjórnunar úr þessum stéttum. Ég tek það fram og undirstrika að enginn er betur til þess fallinn en þeir aðilar sem hér er bent á. Ég fæ hins vegar ekki séð annað en að við getum búist við því einhvern tíma á næstunni að þeir sem eiga sinn þátt í því að skapa ljósmæðrum atvinnu verði líka skikkaðir til að hafa stúdentspróf áður en til þeirra kemur, en það er annað mál.

Ég hef bent á það áður og dregið það m. a. fram með fsp. til hæstv. samgrh. hvernig komið væri undanþágumálum meðal skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna. Þetta er á margan hátt skiljanlegt þegar haft er í huga að það sem ég ræði um nú þekki ég mætavel sem gamall nemandi úr sjómannaskólanum og það m. a. s. í tvígang. Ég flutti þáltill. á fyrstu þingárum mínum um endurskoðun laga Stýrimannaskólans. Í henni var lögð áhersla á nauðsyn þess að skipstjórnarmönnum yrði sköpuð aðstaða til að nýta menntun sína þegar í land kæmi. Allar aðrar fagstéttir skipa geta gert það nema þessi eini hópur, skipstjórnarmennirnir. Að vísu eru þeir taldir hinir ágætustu stjórnendur í vinnu þegar þeir koma í land, að ég tali nú ekki um að Alþingi þykir mætagott að hafa virðulega höfðingja úr skipstjórnarstétt hér á göngum þinghússins. En þetta er ekki nóg. Þetta eru mennirnir sem eiga að vera grundvöllur þess að öryggi skapist um borð í skipinu. T. d. á togurunum er auk skipstjóra og stýrimanns hópur manna viðloðandi um langan tíma. Á öðrum er meira los, eins og ég gat um áðan, vegna þess að þeir menn sækja í land. Þeir sækja í land í betur launaða vinnu, í meira öryggi, til að vera lausir úr vosbúðinni, til þess að tryggja sig fyrir framtíðina, svo að þeir komi ekki í land gamlir, slasaðir eða útslitnir fyrir tímann og þá utanveltu á vinnumarkaðinum.

Það er því afskaplega þýðingarmikið að þeirri verkkunnáttu sem einmitt þessir menn búa yfir verði við haldið því að það er hún sem dregur úr slysahættunni. Ef við getur ekki kennt þetta um borð í skipunum sjálfum þá eigum við auðvitað að gera það á annan hátt. Þetta er gert í sjómannaskólunum en það er ekki nóg. Það sem Slysavarnafélag Íslands er að fara fram á er að fá eitt af gömlu varðskipunum, sem hafa verið á sölulista en ekki fengist viðunandi tilboð í, varðskipið Þór, til að staðsetja það í grennd við Reykjavík svo að kenna megi þar bæði brunavarnir og önnur öryggismál sem sjómenn varða. Og ég minni á í þessu sambandi að það varð á s. l. ári hræðilegt dauðaslys um borð í íslensku skipi einmitt vegna bruna.

Ég held og vona að hæstv. ríkisstj. taki þessum málum vel þegar til hennar verður leitað. Og það verður auðvitað líka gengið eftir því, bæði af sjómannasamtökum og þeim sem fást við slysavarnir, að keypt verði ný eða nýjar þyrlur handa Landhelgisgæslunni. Við megum ekki gefast upp þótt illa hafi farið í sambandi við þennan rekstur hjá okkur á undanförnum árum og slys orðið. Þyrlur eru þau verkfæri sem best reynast til björgunar á sjó og reyndar á landi líka, eins og við þekkjum svo vel.

Það er óhugnanlegt að vita til þess að þegar slíkt slys verður eins og varð í fyrrinótt við Vestmannaeyjar, fáum við að heyra um það hér frá hv. fyrirspyrjanda að enn skuli vera í Vestmannaeyjum 9 eða 10 skip sem ekki eru búin þessum sjálfsagða búnaði, Sigmundsgálganum. (**Gripið fram í:** Þrjú.) Þrjú. En af hverju er þetta? Af hverju voru skipin ekki búin að fá þetta tæki? Var það vegna fátæktar útgerðarinnar? Var það vegna þess að búnaðurinn var ekki til? Getum við hjálpað þessum útgerðarmönnum til að kaupa þennan búnað um borð í skipin? Getur Alþingi gert eitthvað til þess? Geta lífeyrissjóðir sjómanna lánað útgerðum til að kaupa búnaðinn, ef þær hafa ekki efni á því? Má ekki taka eitthvað af þeim milljónatugum og hundruðum milljóna sem við erum með lögum að flytja til útgerðarinnar á Íslandi, má ekki taka eitthvað af því og nota til að auka öryggi sjómanna? Er það ekki hluti af útgerð á Íslandi?

Einu sinni voru Íslendingar í fremstu röð meðal allra siglingaþjóða þegar þeir börðust fyrir því að koma gúmmíbátunum um borð í skipin. Við erum það ekki lengur, Íslendingar, því miður. Við erum langt, langt á eftir í allri björgunartækni um borð í skipunum, fyrst og fremst vegna þess að hún kostar peninga. Og ég spyr ykkur enn, hv. alþm.: Eigum við að láta það líðast lengur að við getum ekki búið skipin nútímalegum búnaði til björgunar manna vegna peningaskorts? Væri þá ekki betra að skera strax nokkrar útgerðir af og spara á því fyrir þjóðarbúið, en flytja féð til þessara sjálfsögðu mála?

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og tel nauðsynlegt að Alþingi fjalli meira um slysavarnir á sjó en gert hefur verið. Hræðilegt sjóslys hefur átt sér stað nú og ég votta ættingjum þeirra fjölskyldna, sem nú eiga um sárt að binda, mína samúð.

Tilefni þess að ég kem hér upp er það að nokkrir ættingjar og vandamenn hafa haft samband við mig harmi þrungnir yfir því að fréttir af þessum atburði eru í æsifréttastíl. Sumt þetta fólk hefur þurft að lesa fréttir um drukknun náinna ættingja sinna í dagblaði sem kom út aðeins nokkrum klukkustundum eftir að vitað var um þennan voðaatburð. Ég fordæmi þessa blaðamennsku og ég fordæmi þessi vinnubrögð. Það hefur verið talið sjálfsagt að sýna ákveðna tillitssemi á sorgarstund, en því var sleppt í þessu tilviki. Þessi

vinnubrögð tíðkast erlendis að vísu en íslenska þjóðin er eins og ein lítil fjölskylda og okkur hefur þótt sæma að sýna hvort öðru tillitssemi í þessum efnum.

Ég vona að svona vinnubrögð eigi sér ekki oftar stað. Ég tel rétt að vekja athygli á þessu hér svo að það geti borist til þeirra sem hlut eiga að máli og sýnt hafa of mikið fljótræði við fréttaöflun. Því þeir sem nú eiga um sárt að binda eiga það ekki skilið og enginn að lesa slíkar fréttir fyrst í dagblöðum áður en hægt er að koma því til þeirra eftir öðrum leiðum. Ég vek athygli á þessu hér og ég vona að þetta mál komi ekki fyrir aftur.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun og Alþb. að hverri stund er vel varið hér á hv. Alþingi til að ræða um öryggismál sjómanna. Þau tíðindi, sem eru tilefni þessarar umr. hér í dag, eiga fyrst og fremst að vekja okkur til umhugsunar um málin og ákvörðunar um að standa saman um úrbætur. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til þess að upphefja deilur á þessari stundu, en mér þykir augljóst mál að frammi fyrir slíkum tíðindum getur enginn maður barið sér á brjóst. Hitt má vera okkur öllum umhugsunarefni hvort að af þessu tilefni getur ekki verið rétt og skynsamlegt — og ég vil beina því til hæstv. ríkisstj. — að það verði til nefnd alþm. sem fjalli sérstaklega um öryggismál sjómanna, fari vandlega yfir ábendingar liðinna ára, t. d. frá sjómannasambandsþingum, Farmanna- og fiskimannasambandsþingum, og menn reyni að glöggva sig á því hvernig unnt er með skipulegum hætti að hrinda þeim tillögum til úrbóta í framkvæmd sem þar eru gerðar. Ég tel að ef þannig væri á málum tekið væri vel af stað farið af hálfu Alþingis og ég held að mér sé óhætt að fullyrða að ég þekki hv. alþm. flesta það vel að ég er sannfærður um að allir vilja leggja nokkuð af mörkum í þessu efni.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil taka það fram hér að ég kenni ekki Siglingamálastofnun um slys. Ég get deilt á Siglingamálastofnun fyrir verkstýringu í ákveðnum málum, en að sjálfsögðu eru þau mun fleiri málin sem Siglingamálastofnun hefur unnið vel. En það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að gagnrýna og eigi ekki að gagnrýna hana.

Ég ætla ekki að fjalla mjög nákvæmlega um slíka þætti, en ég vil minna á eitt atriði sem var ótrúlega lengi að velkjast í kerfinu. Það var tæki sem einnig Sigmund Jóhannsson fann upp, öryggisloki á spil. Slys, dauðaslys, slys með örkuml, lífstíðarörkuml, voru mjög tíð í spilum skipa þar til þessi öryggisloki Sigmunds kom til sögunnar. En það tók 9 ár að fá hann löggiltan og þó var þetta lítið tæki og kostaði lítið. En síðan hann var löggiltur hefur þessum slysum fækkað úr að meðaltali 25 á ári niður í 2—3 og þá yfirleitt smærri slys. Það er á þesssum nótum sem ég gagnrýni Siglingamálastofnun að taka ekki af skarið. Auðvitað er endalaust hægt að endurskoða og endurnýja björgunarbúnað sem önnur tæki er varða mannslíf. En það verður að taka af skarið og hvert það tækifæri, sem gefst til þess að ná árangri, á að nýta. Það hefur þessi búnaður boðað og það hafa talsmenn sjóslysanefndar og annarra aðila tekið undir frá upphafi, en samt eru liðin þrjú ár. Þess vegna er ástæða til að hafa nokkuð hörð orð svo þau verði ekki sex í viðbót a. m. k.

Ég vil einnig benda á að þessi búnaður sem hér um ræðir er nú til athugunar hjá erlendum aðilum og til stendur að hefja framleiðslu á honum í Noregi. Ég vil einnig taka það fram að við erum ekki aftastir manna í röðinni við þróun tækjabúnaðar. Nú stendur yfir undirbúningur í Danmörku hjá hinum þekktu björgunartækjaverksmiðjum Viking að framleiða nýtt tæki sem Sigmund Jóhannsson hefur hannað, svokallaðan Sigmundsrana sem varð til í kjölfarið á Fjallfossslysinu við Cornwall á Englandi. Þar á að gjörbreytast aðstaða manna á borðháum skipum til að komast frá borði.

Þannig er að mörgu að hyggja og við eigum að vera í fararbroddi í þessum málum. Það er mjög mismunandi eftir byggðarlögum hér á landi, því miður, en allmargir eru vel á verði og þetta er mál þar sem við eigum aldrei að sofna á verðinum.

Spurt var hvers vegna ekki væri kominn búnaður á þrjú skip af nær 80 skipa flota Eyjamanna. Ástæðan er einfaldlega sú að þar er um að ræða skip sem eru nýlega komin til Eyja úr verstöðvum sem hafa ekki tekið þetta sömu tökum vegna þess að ekki er fylgt eftir reglugerð um framkvæmd málsins. Það er þar sem ég gagnrýni Siglingamálastofnun. Búið var að smíða tækið á þennan bát, Hellisey, en það var því miður ekki komið um borð í skipið.

Einnig má vekja athygli á því að á þremur árum frá því að þessi búnaður er tilbúinn er hann kominn í 130 skip landsmanna. Ég hef deilt á tortryggni í málinu og vék þar einnig að Siglingamálastofnun. Ég á þar m. a. við það að í kjölfarið á framleiðslu Sigmundsbúnaðar var hafin framleiðsla á tæki sem var nær spegilmynd af tæki Sigmundar, nema að notaður var gormur í staðinn fyrir loftþrýstibelg. Það getur verið álitamál og mál tæknimanna að meta þarna og velja en eini búnaðurinn á landinu sem hefur sjálfvirkan losunarbúnað, sem ég lagði megináherslu á í mínu máli, það er Sigmundsbúnaðurinn. Enginn annar búnaður hefur þann möguleika. Enginn annar búnaður getur komið til sögunnar ef mannshöndin kemst hvergi nærri. Það er þar sem ástæða er til að taka til hendinni.

Ég vil taka undir hugmynd hv. 3. þm. Reykv. um skipun nefndar alþm. til að fjalla um þetta mál, það er verðugt verkefni. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir jákvæðar undirtektir varðandi mikilvægi málsins, þá brýnu nauðsyn sem ber til að flýta uppsetningu sleppibúnaðar björgunarbáta og tryggja að fullkomnasta tækið verið valið.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Suðurl. fyrir þá leiðréttingu sem hann gerði á orðum sínum úr fyrri ræðu sinni og snertu Siglingamálastofnunina. Ég sé ástæðu til að þakka fyrir þessar umræður. Þær eru mikilsverðar og mikilvægar þótt tilefnið sé sorglegt.

Það er ástæða til að menn leggi við hlustir þegar maður eins og hv. 12. þm. Reykv. ræðir þessi mál og ég vona að framkvæmdavaldið láti ekki deigan síga. Ég mun einnegin taka og skila óformlegri tillögu hv. 3. þm. Reykv. um þetta mál til samgrh. Mér líst vel á hugmyndina, að við látum ekki við þessa umr. sitja heldur að þm. ræði þetta áfram og leggi sitt af mörkum ásamt því sem framkvæmdavaldið er tilbúið að gera.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Um leið og ég vil við þetta tækifæri votta aðstandendum þessara sjómanna í Vestmannaeyjum innilega samúð vegna fráfalls þeirra í þessu hörmulega slysi, þá þykir

mér ástæða til að kveða fastar að orði í þeim umr. sem hér hafa farið fram í sambandi við öryggismál sjómanna.

Ég hef kynnst því á undanförnum árum hér á hv. Alþingi að þegar komið hefur að því að veita fjármagn til öryggismála hafa dyrnar lokast, því miður. Ég held að við hv. alþm. gerum okkur ekki almennilega grein fyrir því hversu hér er um þýðingarmikil mál að ræða, öryggismál sjómannastéttarinnar. Við erum öll sammála um í orði að það starf sem þessir menn leggja af mörkum sé þýðingarmest fyrir framtíð þessarar þjóðar, fyrir tilveru þessarar þjóðar, en þegar kemur að því að veita fjármagn til þess að hægt sé að gera nauðsynlegar og sjálfsagðar aðgerðir á sviði öryggismála lokum við því miður eyrunum og augunum á því augnabliki þegar við þurfum að taka slíkar ákvarðanir. Ég er ekki að ásaka neina sérstaka, við erum öll jafnsek í þessu máli. Ég held að umr. eins og hér hefur verið vakin upp í dag eigi þá að verða til þess að við sameinumst um að gera það sem í okkar valdi stendur til að hreyfa við þessum málum á réttan hátt, þ. e. að gera ráðstafanir sem að gagni koma.

Ég vil enda orð mín á því að ég mun beita mér fyrir því með hæstv. samgrh. að ríkisstj. geri það sem í hennar valdi stendur á þessu augnabliki til að reyna að þoka þessum málum í rétta átt og að við hljótum að sameinast um stefnu að því markmiði. Það má ekki lengur dragast að framkvæmdir komi í stað orða.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. — Í þessum umr. hefur komið við sögu slysið sem varð við Vestmannaeyjar í fyrrinótt. Fyrir hönd Alþingis vil ég votta öllum sem um sárt eiga að binda vegna þessara slysfara dýpstu samúð alþm. allra.

Úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna, þáltill. 203. mál (þskj. 365). — Frh. einnar umr.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Till. sú sem hér er til umr. er um úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna og 1. flm., hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, 6. þm. Reykv., hafði hér framsögu um málið þriðjudaginn 6. mars. Er hér um að ræða till. sem er mjög í sama anda og till. sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur flutt á undanförnum árum hér á þinginu.

Málið hefur verið margskoðað og ekki fundist önnur betri leið á þessu rekstrar- og afurðalánakerfi. Er það miður þar sem þetta kerfi er og hefur verið ákaflega þungt og erfitt í vöfum. Væri önnur og betri leið tiltæk væri það mjög gott.

Þetta mál ber að á sérstakan hátt. Till. er flutt um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna, en flm., hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson talaði nær eingöngu um þann þátt sem snýr að bændum og samvinnufélögunum og nefndi að mikil og óæskileg fjármagnstilfærsla ætti sér stað til óskyldra aðila. Ég mótmæli þessari fullyrðingu hv. þm. Hvaða dylgjur eru hér á ferðinni?

Hann bendir á skýrslu Þorvaldar Búasonar eðlisfræðings. Ég get ekki séð að hún sé neitt öruggari eða betri en þær skýrslur og úttektir sem gerðar hafa verið af viðskipta- og hagfræðingum bankanna — eða kannske er eðlisfræðingur orðinn færari um að fjalla um þetta mál en hagdeildir bankanna.

Á liðnum árum hafa þessi mál oft verið skoðuð af færustu mönnum, en torvelt hefur reynst að finna aðra og betri leið. Nú kemur það fram í grg. till. að viðskrh. hefur falið Seðlabanka Íslands að endurskoða gildandi afurða- og rekstrarlánakerfi. Eru hv. flm. að vantreysta ráðh. eða Seðlabanka Íslands til að framkvæma þessa skoðun? Og vill hv. flm. fá skipaða eina nefndina enn til að fara yfir þetta mál?

Hvernig stendur á því að hv. þm. hefur svona mikinn áhuga á málefnum bænda? Ég spyr. Ekki hafa bændasamtökin mér vitanlega óskað eftir breytingu á núverandi fyrirkomulagi og ættu þau þó að hafa forustu um að fá lagfæringar á því væri þeirra sérstaklega þörf. Er ekki einu sinni enn á ferðinni árás á bændur og hin frjálsu félagasamtök landsmanna? Það þykir líka henta að ráðast svona á ein stærstu félagasamtök í landinu, Samband íslenskra samvinnufélaga, ef hægt væri að grafa undan samstöðu og samvinnu innan þessara öflugu samtaka. Væri þá leikurinn auðunninn á eftir að taka stjórnina í hendur kapítalismans.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson endaði svo sinn málflutning með því að segja að e. t. v. gætu hv. þm. fundið stóran hluta þess fjármagns sem hæstv. fjmrh. vantaði og væri í vandræðum með til að fylla upp í gat fjárlaganna. Er ekki nokkuð langt gengið að slá svona fullyrðingum fram? Væri ekki ástæða til að hv. þm. gerði nánari grein fyrir þeim fullyrðingum sem hann hafði hér um málið?

Þá hafði hv. 5. þm. Reykv. ekki síður ýmislegt við málið að athuga, og var það eingöngu ádeila á Samband íslenskra samvinnufélaga. Voru það eingöngu órökstuddar fullyrðingar sem ekki eru svara verðar, svo sem að auðhringur SÍS ráði öllu um rekstrar- og afurðalán bænda. Ætti hann þó að vita að sláturleyfishafar eru miklu fleiri. T. d. eru á Suðurlandi engin sláturhús eða mjólkurbú á vegum kaupfélaganna eða Sambandsins. Eru þó stærstu landbúnaðarhéruðin á Suðurlandi. En þar eru öflug félagsmálasamtök fólksins engu að síður sem sjá um þessa hluti á Suðurlandi að stærstum hluta til.

Þessi árás á þessi frjálsu félagasamtök, sem hér hefur verið höfð uppi af hv. 6. þm. Reykv. og 5. þm. Reykv., engu að síður árás á öll félagasamtök almennings í landinu og átti ég ekki von á því frá þessum hv. þm. öðrum fremur að þeir réðust svo að félagsmálasamtökum fólksins.

Ég hef þá ekki orð mín fleiri, en mun fá tækifæri til að ræða um þetta mál í atvmn. Sþ. þangað sem því mun verða vísað.

Kristófer Már Kristinsson: Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Nauðsyn þess að hagstjórnartæki á borð við afurðalánakerfi atvinnuveganna sé í stöðugri endurskoðun í því skyni að aðlaga það breyttum aðstæðum, bæði innan atvinnuveganna sjálfra og markaðarins, er augljós. Þess vegna fagna ég þessari till. til þál.

Fskj. með þessari till. er athugun á rekstrarforsendum og áhrifum verðbólgu á afkomu vinnslustöðva landbúnaðarins, framkvæmd af Þorvaldi Búasyni. Þetta fskj. hefur orðið til þess að beina umr. um þáltill. mjög að landbúnaðinum og vinnslu- og dreifikerfi hans og er gott eitt um það að segja. Þó er ekki loku fyrir það

skotið að ýmsar athugasemdir megi gera í sjávarútvegi.

Það hefur sjálfsagt ekki verið hugmynd þeirra, sem komu á fót því afurðalánakerfi sem umfram annað hefur styrkt og stutt byggð um dreifðar sveitir, að þar með væru þeir að grundvalla þúsund ára ríki. Þó verður því vart á móti mælt að til eru þeir innan raða hv. alþm. og annars staðar sem virðast þeirrar skoðunar. Sértrúarsöfnuðir með hugmyndir 50 ára gamalla afurðasölulaga að guðspjalli hljóti að vera af hinu vonda eða a. m. k. ekki líklegir til framfara. Ekki endilega vegna þess að gömul lög séu vond lög, heldur vegna þess að sértæk lög verða sjaldnast klassísk, a. m. k. ekki vegna notagildis þeirra. Nú hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á þessum lögum í tímans rás en greinilega verður að gera betur.

Því hefur stundum verið haldið fram að hérlendis sé stunduð svokölluð landbúnaðarrómantík sem hafi það eitt markmið að viðhalda byggðinni í landinu óbreyttri. Þetta er augljóslega rangt og nægir að benda á að hlutfallslega fara sennilega engu færri jarðir árlega úr ábúðinni en fyrr. Það má a. m. k. fullyrða að ef markmið hinnar svokölluðu landbúnaðarrómantíkur er að viðhalda óbreyttri byggð er sú stefna vitlaus vegna þess að hún nær ekki yfirlýstum tilgangi sínum.

Þá er og á það að benda að búmark, verðjöfnun og meðaltalsrekstrargrundvallarræfill eru ekki vopn af því tagi sem líkleg eru til að rétta hlut harðbýlissveita, jaðarbyggða og frumbýlinga.

Herra forseti. Að mínu mati er sá trúnaðarbrestur, sem orðinn er á milli framleiðenda í sveitum og neytenda í þéttbýli, langalvarlegasti þáttur þessa máls. Þennan trúnaðarbrest má m. a. rekja til neikvæðs áróðurs og blaðaskrifa sem þó oftast beinast réttilega að öðrum aðilum þessa kerfis en bændum sjálfum. Þó held ég að meginorsökin liggi í því að kerfið allt virðist bændum jafn framandlegt og neytendum, alls kyns uppbætur og verðtilfærslur, flókið millifærslukerfi og reikningskúnstir sem gera bændum gersamlega ómögulegt að átta sig á afkomu sinni og tilverurétti og neytendum ókleift að gera sér grein fyrir því hvað þeir eru að borga fyrir.

Reynslan sýnir að bændur eru fljótir að tileinka sér hagkvæmar tækninýjungar og forsendur framfara í landbúnaði ættu að vera góðar. Einmitt þess vegna verður landbúnaðarpólitíkin áhyggjuefni. Stefnan virðist sú að óbreyttur fjöldi framleiðenda framleiði minna magn en áður. Afleiðingar slíkrar stefnu hljóta að vera augljósar. Það er fullyrt og því hefur ekki verið mótmælt að búmarkið muni annaðhvort leiða til versnandi lífskjara í sveitum eða mun hærra verðs á landbúnaðarafurðum. Þetta er mjög alvarlegt mál.

Um það er rætt og töluverður áróður fyrir því rekinn að aukabúgreinar svokallaðar muni í framtíðinni renna nýjum stoðum undir tilveru okkar sem búum utan þéttbýlissvæða. Þetta kann að vera rétt, en þó er augljóst mál að gera verður betur. Ég er þeirrar skoðunar að sértrúarsöfnuðir í landbúnaðarmálum, hver sem guðspjöll þeirra annars eru, eigi að efna til sameiginlegra bænastunda til samstöðu, landi og þjóð til heilla.

Herra forseti. Það verður t. d. ekki séð að verðákvarðanir 6 manna nefndar séu neinar óhófsákvarðanir, a. m. k. ekki þegar bændur eru annars vegar. Hins vegar læðist óneitanlega að manni sá grunur að kerfið feli í sér afkomutryggingu fyrir vinnslustöðvarnar. En það verður ekki á það fallist að það sé tilgangurinn, hvorki með verðákvörðunarfyrirkomulaginu né afurðalánakerfinu, a. m. k. ekki hugmynd þeirra manna sem fyrst komu þessu kerfi á fót til hagsbóta fyrir bændur. Talsmenn bænda hafa verið ódeigir að svara þeirri gagnrýni sem beint hefur verið að landbúnaðinum og sölukerfi hans. Það hlýtur þó að teljast mikilvægt — og þess vegna styð ég þessa tillögu — að aðrir fái einnig að svara hér um en þeir sem mestra hagsmuna eiga að gæta.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir þeirri umr. sem hefur orðið um þessa þáltill. Umr. skýrir það vel að full þörf var á að koma með þetta mál inn á Alþingi Íslendinga. Það er því miður þannig, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Þórarins Sigurjónssonar, að þetta kerfi, sem umr. snýst um, er mjög þungt í vöfum og voru það vissulega orð að sönnu. Það er hins vegar misskilningur hjá þessum hv. og mjög prúða þm. Þórarni Sigurjónssyni að halda því fram að sú umr. sem fór fram hér fyrr hafi eingöngu snúist um bændur og samvinnuhreyfinguna. Ef ég man rétt kom það fram í mínu máli og fleiri þm. að við töldum að þetta sneri ekki síður að neytendum og þjóðinni í heild.

Ég fagna sérstaklega ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hún skýrði mjög vel raunverulegan kjarna málsins sem er sá að afurðalánakerfi, hvort sem er í landbúnaði, sjávarútvegi eða iðnaði, á ekki að vera eitthvert sjálfvirkt kerfi sem endurnýjar sig ár eftir ár og áratug eftir áratug án þess að hv. Alþingi fái tækifæri til að skoða það og fylgjast með því. Því við skulum ekki gleyma því að öll þessi afurðalánakerfi byggjast á lögum frá Alþingi og reglugerðum sem hafa síðan verið ákveðnar í samræmi við þessi lög. Það er þess vegna mjög brýnt að hv. alþm. hafi það jafnan ríkt í huga að þessi miklu kerfi, peningakerfi, eru byggð upp á ábyrgð hv. alþm. og það er skylda þeirra að skoða þessi kerfi oftar en gert hefur verið. Að vísu gerist það einstaka sinnum þegar verið er að endurskoða lög eða ákveða ráðstafanir fyrir einstakar atvinnugreinar að því fer víðs fjarri að það sé gert nægilega vel. Ég er sannfærður um að mjög margir hv. þm. hafa ekki hugmynd um hvernig afurðalánakerfi atvinnuveganna eru byggð upp og enn síður hvernig þau eru í framkvæmd.

Hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson sagði að sú skýrsla, sem er fskj. með þessari þáltill. og tekin er saman af Þorvaldi Búasyni eðlisfræðingi, sé ekki öruggari en skýrslur bankanna. Ég vil leyfa mér að segja það, hafandi verið hér meira og minna viðloðandi við hv. Alþingi síðan 1974, að ég hef aldrei séð eina einustu skýrslu á hv. þingi um afurðalánakerfi atvinnuveganna. Ef einhver hv. alþm. sem hér er viðstaddur veit betur og getur vísað til slíkra skýrslna í fskj. Alþingis mundi hann þá góðfúslega gera það þannig að við gætum þá kynnt okkur það plagg. Það er auðvitað ekkert svar að segja að skýrsla eins ákveðins einstaklings sé ekki betri en skýrslur annarra sem menn hafa alls ekki fyrir framan sig, nema síður sé. Ég tel það mjög virðingarverða viðleitni af Þorvaldi Búasyni og þeim sem unnu með honum að þessari athugun að hafa útbúið þessa skýrslu, en í henni er komið mjög sterklega inn á afurðalánakerfi landbúnaðarins. Þar af leiðir, þar sem við höfum ekki önnur plögg í höndunum, að umr.

hlýtur að snúast mjög mikið um afurðakerfi landbúnaðarins auk annarra ástæðna sem ég mun tilgreina hér á eftir.

Varðandi það hvort við, flm. þessarar þáltill., séum að vantreysta hæstv. viðskrh., sem hefur falið Seðlabanka Íslands að athuga ákveðna hlið þessara mála, er það auðvitað gersamlega út í hött að halda slíku fram af hálfu hv. þm. Þórarins Sigurjónssonar. Þetta er viðbótarathugun sem á að gera sérstaklega fyrir hv. alþm. og þjóðina. Mér er ekki kunnugt um að athuganir, sem Seðlabanki Íslands gerir í einstaka málum, séu opinber plögg sem almenningur eða hv. þm. hafi yfirleitt aðgang að nema skv. sérstakri ósk þm. Þannig að þetta er ekki alveg sama eðlis og vildi ég þess vegna undirstrika það.

En síðan segir hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.: Hvernig stendur á því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson — og þá auðvitað meðflm. mínir, hlýtur að vera — skuli hafa svona mikinn áhuga fyrir bændum? — Hvers vegna skyldi það nú vera að ég skyldi hafa áhuga fyrir bændum? Ég segi það ekki endilega sem þm. á þessu augnabliki heldur sem Íslendingur að ég hef mikinn áhuga fyrir bændum, bæði fyrir þeirra velferð og einnig hef ég áhuga fyrir því hver þeirra staða er í íslensku þjóðfélagi. Mér er svo sannarlega umhugað um að kjör og aðstaða þessara fáu þúsunda, sem enn þá eru í íslenskri bændastétt, séu sem best.

Ísland er sem betur fer það lítið samfélag að við stéttgreinumst ekki þannig að þar sem ég er ekki bóndi, heldur malarbarn, ef ég mætti orða það þannig (**JBH:** Grimsby-lýður hét það.) Já, það er kannske við hæfi að fisksalar séu tengdir við Grimsby. En sem betur fer eru tengslin það náin á milli okkar allra hér á Íslandi að við vitum svona nokkuð um hagi hvers annars. Því miður er það skoðun okkar allmargra hér í þéttbýlinu að staða bænda sem einstaklinga og sem rekstraraðila býla á Íslandi sé ekki sem skyldi. Við eigum bæði vini og kunningja í bændastétt. Þar af leiðir að við heimsækjum þessa vini okkar og ræðum við þá eins og þeir við okkur um þeirra vandamál og áhugamál. Því miður verð ég að segja að það er hörmulegt að upplifa það á því herrans ári 1984 að ýmsir bændur á Íslandi líta þannig á að þeir séu í hálfgerðum eða algerum átthagafjötrum, ekki átthagafjötrum endilega vegna þess að þeir séu tengdir þeirri jörð sem þeir yrkja, heldur í átthagafjötrum vegna þess kerfis sem hefur verið byggt upp í kringum íslenska bændastétt. Það er vissulega hörmulegt.

Þeir „fjötrar" eru að sjálfsögðu í gæsalöppum því við Íslendingar lítum þannig á enn þá að við séum allir frjálsir, en samt misjafnlega frjálsir, það er misjafnlega mikið frelsi sem við höfum. En staða bænda er því miður orðin með þeim hætti, eins og fram kemur í skýrslu þeirri sem fylgir umræddri þáltill., að þegar þeir skila sínum afurðum til sláturhúsa, sem er í þessu tilfelli sauðfé, eru þær lagðar inn á reikning bænda í flestum tilvikum. Það tíðkast enn þá, sem við þekktum hér fyrir hálfri öld á mölinni, að stundum er látið nægja að bændurnir taki síðan bara út úr sínum reikningi en taki ekki við fjármunum um leið og afurðin er afhent sláturaðila.

Ég verð að segja frá mínum sjónarhóli séð að þetta er furðuleg framkvæmd og ég er sammála þeim sjónarmiðum, sem hafa komið fram frá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, að auðvitað ber að breyta þessu kerfi. Við krefjumst þess að fá okkar vinnu greidda í launum mánaðarlega. Ég tel að það sé ekkert það kerfi sem réttlæti þetta fyrirkomulag sem er hjá bændum, að til greina komi að afhenda þeim einhverja seðla eða úttektarnótu á mögulega úttekt í einhverju ákveðnu verslunarfélagi. Þetta eru úreltir viðskiptahættir sem ættu ekki að þekkjast á því herrans ári 1984 á Íslandi. Þetta kalla ég ákveðna tegund átthagafjötra.

En að hér sé um enn eina árásina á bændur að ræða er fráleitt. Ég vil endurtaka að fáa menn á hv. Alþingi Íslendinga þekki ég jafnprúða og ágæta og hv. 2. þm. Suðurl., Þórarin Sigurjónsson. Að heyra þetta af hans vörum kom mér sannarlega á óvart. Ég held að ekki sé hægt að leggja mál þannig upp að þó að þm. ræði mál eins og þetta og það snerti óhjákvæmilega þá aðila, sem fjalla um þessi mál, eins og fram kom í ræðum okkar sumra þm. hér í fyrri umr., þ. e. íslensku samvinnuhreyfinguna þá sé um árásir að ræða. Sá aðili, sem hefur tekið sér það vald eða réttara sagt þróað upp það kerfi með ákveðnum hætti í ákveðnu félagsformi og er orðinn þeirrar stærðar sem samvinnuhreyfingin er á Íslandi, verður að þola það að við hin, sem ekki erum aðilar að kerfinu en erum þó þegnar í þessu landi, fáum að ræða þessi mál án þess að sagt sé að við séum að ráðast á einn eða neinn.

Ég nefndi aldrei Sambandið á nafn nema í lok minnar ræðu þegar ég bað einn hv. þm. annan um að við skyldum ekki fá Sambandið eða Framsókn á heilann. Það held ég að hafi verið eina skiptið sem ég nefndi Sambandið í minni ræðu. Ég held að þeir menn sem hafa treyst svo alfarið — (**GS:** Það er bannað.) Er það bannað? Eg læt ekki banna mér eitt eða neitt, hv. þm. Garðar Sigurðsson. Það þekkir hv. þm. vel. Við látum ekki banna okkur neitt hér eða annars staðar. En þegar menn hafa tekið þátt í að byggja upp voldugt, öflugt fyrirtæki — við skulum gefa okkur það — með frjálsum, ákveðnum formlegum hætti, sögulegum hætti — þetta hefst í upphafi þessarar aldar með hugsjónum samvinnuhreyfingarinnar sem ég út af fyrir sig set ekki út á — þegar þetta er orðið þeirrar stærðar að hvar sem við hinir þegnar þjóðfélagsins komum að málum, sérstaklega í sambandi við landbúnaðinn, er þessi samsteypa til staðar, þá verða þeir að þola það, sem ráða yfir þessu kerfi eða þessu fyrirtæki eða hreyfingum, að við séum gagnrýnir á ýmislegt sem við höfum okkar efasemdir um. Þannig að það er út í hött og ég frábið mér því að ég og við, sem vorum að ræða þessi mál hér fyrr, höfum verið að gera einhverjar sérstakar árásir á bændur þótt minnst hafi verið á SÍS. Það er alrangt að við höfum verið að ráðast á bændur og kemur hvergi fram í okkar ræðum nema síður sé. Það var margtekið fram í ræðum okkar að við værum m. a. að gera þetta vegna þess að við vildum fá það sannanlega staðfest hver væri staða bóndans í þessu kerfi núna árið 1984.

En þetta er kerfi, sem byrjað er að byggja upp um og eftir 1920, ef ég man rétt, er orðið meira en hálfrar aldar gamalt og hefur ekkert breyst og því miður þróast með neikvæðum hætti að okkar mati — þá er eins gott að það sannist í þessari úttekt að það sé rangt mat — en okkar mat er að það hafi þróast til hins verra fyrir alla aðila nema hugsanlega milliliðina. Og ég segi meira en hugsanlega fyrir milliliðina. Það er hægt að benda á ýmis dæmi um það hvernig milliliðirnir hafa þanist út.

Staða þeirra ku vera mjög góð eins og kom fram í ræðu hv. 8. landsk. þm., Kolbrúnar Jónsdóttur, sem mun sjálf hafa reynt það hvernig þessi kerfi eru. Þannig að hér er ekki um árásir að ræða. Hér koma jafnvel aðilar, sem hafa verið þolendur í þessu kerfi, fyrir utan okkur neytendur, sem viljum gjarnan fá skýringar á því hvernig það er og hvernig það er framkvæmt, þannig að ég mótmæli því að hér sé um árás á bændur að ræða nema síður sé.

Ég ætla ekki að ræða um Samband ísl. samvinnufélaga af þessu tilefni. Það er einmitt gott að það skuli koma fram hér á hv. Alþingi, það sem kom fram hjá hv. þm. Þórarni Sigurjónssyni, að verið er að blanda saman Sambandinu annars vegar og bændum hins vegar og reyna að halda því fram að ef menn eru gagnrýnir á samvinnuhreyfinguna, sem er einn aðalaðili þessa máls, séu þeir að ráðast á bændur. Það er athyglisvert að það skuli koma fyrst upp í huga þeirra sem vilja verja þetta kerfi. Það ber vott um að jafnvel þeir sjálfir hafi sínar efasemdir um það hver eigi að vera staða Sambandsins í þessu máli eða þeirra félaga eða fyrirtækja sem samvinnuhreyfingin tengist mjög sterklega í sambandi við þessi mál.

Það er svo aftur annað mál, sem ég held að hv. þm. ættu að huga að og ég mun kannske gera sjálfur, hvort ekki væri rétt að leggja fram till. um, að endurskoða lög og reglur varðandi íslensku samvinnuhreyfinguna, þ. e. hvort ekki sé orðið tímabært að endurskoða stöðu samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi. Ég er ekki þar með að segja að það þurfi að vera af hinu neikvæða sem slíkt er gert heldur mundi ég frekar álykta að það gæti verið af hinu góða, einnig fyrir þá stofna sem mynda samvinnuhreyfinguna á Íslandi.

Það er engum hollt, hvorki fyrirtæki, flokkum, félögum né einstaklingum að vera þeirrar stærðar í litlu þjóðfélagi að aðrir geti ekki unað því. Því miður hefur samvinnuhreyfingin þróast með þeim hætti að umsvif og möguleikar einstaklinga á ákveðnum sviðum hafa þrengst með óeðlilegum hætti og ekki hefur verið hægt að breyta þeirri staðreynd. Ég er sannfærður um að ýmsir hv. þm. eru mér ekki sammála í þessum efnum. En því miður er hægt að segja mjög tragískar sögur um þróun þessara mála í einstökum byggðarlögum — **StG:** Um Sölusambandið?) — bæði fyrir einstaklinga, byggðarlögin og jafnvel fyrirtækin í byggðarlögunum. — Sölusamtök? Betur væri að samvinnuhreyfingin eða SÍS væri aðeins sölusamtök. Sambandið er nefnilega komið langt út fyrir sinn ramma fyrst hv. þm. kom með þetta inngrip, hv. 5. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson.

Það er e. t. v. kominn tími til þess einnig — það er annað atriði sem Alþingi ætti að athuga — að skoða hvernig félagsform eru í íslenskum atvinnurekstri. Samvinnuhreyfingin (Gripið fram í.) Það mun nú ekki vera venjan að menn ræði saman, en ég vildi gjarnan heyra athugasemd hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Var hann með athugasemd? (Gripið fram í.) Já, ég hef mikinn áhuga fyrir því, það var einmitt það sem ég ætlaði að koma að. Ég held að það væri afskaplega fróðlegt og merkilegt fyrir hv. þm. að Alþingi léti gera úttekt á því hvað eru sölusamtök og hvað er hringur. Á því er grundvallarmunur. Ég mundi fagna því ef hv. Alþingi léti gera úttekt á því og skilgreina nánar og skoða eigna- og hagsmunatengsl annars vegar í skjóli hrings eða hringa og hins vegar svonefndra sölusamtaka. Hringar fyrirfinnast yfirleitt ekki í skjóli sölusamtaka eða sölufélaga sem sérhæfa sig á því sviði sem þau eru stofnuð til. Á þessu er grundvallarmunur og um það get ég flutt langt mál. Ég fagna því að hv. þm. Stefán Guðmundsson skuli hafa minnt mig á þetta atriði.

Ég skal nú stytta mál mitt. Ég vil í fyrsta lagi mótmæla því eindregið að þessi þáttill. sé árás á bændur. Ég mótmæli því einnig að hér sé um að ræða að við séum að ráðast á félagasamtök fólksins. Annars vildi ég gjarnan fá skilgreiningu á því hvað hér er átt við með félagasamtökum fólksins. Ég held að þar sem hinn einstaki félagi getur eiginlega ekki haft nein áhrif eða a. m. k. mjög lítil sé ekki lengur hægt að tala um félagasamtök fólksins. Það getur verið að forminu til og skv. bókstafnum, en þegar það reynist ekki vera þannig í reynd ár eftir ár og áratug eftir áratug hættir það að vera félagasamtök fólksins. Það breytir eðli sínu án þess að fólkið geti ráðið því eða ráðið við það. Það þarf einnig að skoða.

Þá er það annað atriði sem ætti að skoða í sambandi við lög um íslensku samvinnuhreyfinguna núna á því herrans ári 1984. Það er að samtökin sjálf hafa breytt um eðli. Vegna þess að þau hafa breytt um eðli eru skyldur breyttar, ábyrgð önnur og það ber að taka á slíkum fyrirtækjum með þeim hætti sem þau hafa þróað sig upp í. Þess vegna er ekki hægt að segja að hér sé verið að ráðast á félagasamtök fólksins. Ég vil þá fá að vita nánar um hvaða félagasamtök hér er verið að ræða og þá í samræmi við þá skilgreiningu sem ég hafði hér um hvað ég teldi að væru félagasamtök fólksins.

En hvers vegna er landbúnaður tekinn sérstaklega? Það er m. a. vegna þess að það er skoðun okkar flm. að þetta kerfi, afurðalánakerfið sem landbúnaðurinn býr við, sé orðið fjarlægt, óþekkt stærð, sem við viljum vita nánar um. Einnig hvernig þessi kerfi eru framkvæmd. Við viljum vita betur um milliliði þessa kerfis. Við viljum vita betur hvernig tengslin eru á milli fyrirtækja í þessu kerfi. Við viljum vita nákvæmlega hvernig ferill fjármagnsins er í gegnum þetta kerfi frá því að peningarnir eru lánaðir í bönkum þar til lánið er endurgreitt. Þetta liggur alls ekki ljóst fyrir. Þetta er tiltölulega augljóst í sjávarútvegi. Ég hugsa að þetta sé aftur á móti flóknara í sambandi við iðnaðinn. Og þó er þess að gæta, ef við lítum á iðnaðinn, að þar er um tiltölulega nýtt kerfi að ræða og það væri mjög fróðlegt að vita hvernig það kerfi hefur reynst. Það liggur heldur ekki fyrir.

Nei, ástæðan fyrir því að við ræðum hér sérstaklega um landbúnaðinn er einmitt sú að það kerfi er mun flóknara, fjarlægara. Það er eldra og örugglega orðið miklu úreltara en þau afurðalánakerfi sem tíðkast í sjávarútvegi og iðnaði. Svo er einnig þess að gæta að í sambandi við sjávarútveginn á sér stað miklu nákvæmari athugun á öllu sem þar gerist. Það mun líklegast engin atvinnugrein á Íslandi vera undir jafnmiklu eftirliti og sjávarútvegur og fiskiðnaður á Íslandi. Sú athugun og úttekt gerist bæði í ríkisbönkunum og svo einnig í sambandi við fiskverðsákvörðun þrisvar á ári. Það gerist ekki í sambandi við landbúnaðinn. En segja má að afurðalánakerfi sjávarútvegsins sé í stöðugri endurskoðun. En það breytir ekki því að það er æskilegt og nauðsynlegt að hv. Alþingi viti nákvæmlega hvernig það kerfi er uppbyggt og framkvæmt og hvaða

breytingum það hefur tekið á síðustu árum. Það getur verið að það þurfi einnig að breyta einhverju frá því sem nú er.

Herra forseti. Þessi þáltill. var borin fram með það í huga að styrkja stöðu bænda, styrkja stöðu neytenda og við viljum einnig vita hver er núverandi hlutdeild milliliða í afurðalánakerfi landbúnaðarins, sjávarútvegsins og iðnaðarins. Við viljum vita nánar hvernig þetta er í framkvæmd. Við viljum að við breyttar aðstæður séu þessi afurðalánakerfi tekin til endurskoðunar og teljum þörf á því nú. Síðast en ekki síst hlýtur það að vera keppikefli allra hv. alþm. að eyða þeirri miklu tortryggni sem er í kringum þessi afurðalánakerfi hjá því fólki sem þekkir ekki til þeirra.

Ég geri mér ljóst og er stuðningsmaður þess að afurðalánakerfið sé til vegna umræddra atvinnugreina, hvort sem það er landbúnaður, sjávarútvegur eða fiskiðnaður. Okkar peningakerfi er þannig uppbyggt ennþá að án afurðalánakerfa getum við ekki verið. En ég er sannfærður um að það má breyta miklu í sambandi við framkvæmd afurðalánakerfanna, alveg sérstaklega í sambandi við landbúnaðinn. Ég er sannfærður um það einnig og við hv. flm. að með ákveðnum breytingum í framkvæmd þessara mála mundi staða bóndans styrkjast mjög og umdeild staða milliliðanna taka nauðsynlegum breytingum þannig að þeirri kröfu sé fullnægt að milliliðakostnaði sé haldið niðri, ekki hvað síst í sambandi við afurðalánakerfi landbúnaðarins.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það standa nú ekki efni til þess af minni hálfu að lengja þessa umræðu miklu fremur en orðið er. Þess verður reyndar vart nú sem svo oft áður þegar farið er að tala um landbúnaðarmál, og þá ekki síst þegar farið er að ræða viðskiptahlið þeirra mála, að mönnum hættir við að blanda saman bændastéttinni, kaupfélögunum og Framsfl. Þetta ættu menn að tileinka sér að ræða ekki allt í sama orðinu, og þá með fullri virðingu fyrir öllum þessum aðilum, því að það eru ekki nein sérstök tengsl þarna á milli.

Hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson sagði áðan að sú till. sem hér væri fjallað um væri sama efnis og till. hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar sem hann hefur flutt og reyndar fengið samþykkta hér á Alþingi. Svo er ekki. Sú tillögugerð fjallaði um að afurðalánin væru borguð beint til bændanna sjálfra inn á þeirra eigin reikninga, en gengju ekki í gegnum sölukerfið. Hér er hins vegar verið að tala um athugun á því hver rás þess fjármagns er sem bundin er í afurðalánakerfinu.

Það ber sannarlega að athuga og undirstrika að hér eiga ýmsir aðilar hlut að fleiri en einungis þeir sem skipta með framleisluvörur bændanna. Hér eiga líka þeir aðilar hlut að máli sem skipta við bændur með rekstrarvörurnar. Það er t. d. athyglisvert að líta á hvernig viðskipti Áburðarverksmiðjunnar hafa gengið til gagnvart landbúnaðinum og gagnvart bændunum í þessu landi — þeirrar verksmiðju sem var gefin Íslendingum af Marshall-fé, þeirrar verksmiðju sem var verið að endurbæta og jók fjölbreytni í framleiðslu á síðustu árum og átti þá ekki eina einustu krónu af eigin aflafé til að leggja til þeirra framkvæmda. Það væri fróðlegt að athuga hvernig peningarásin er í áburðarverðinu og er reyndar orðið fullkomið rannsóknarefni að athuga verðlagningu á áburði til landbúnaðarins.

Í þessu sambandi má benda á að Áburðarverksmiðjan hefur lánað bændunum áburð að hluta til og í tiltekinn tíma. Og hvað hefur það lán í rauninni þýtt? Lánið hefur verið fjármagnað með erlendri lántöku, gengisáhættu og háum vaxtagreiðslum því auðvitað hefur það komið fram í áburðarverðinu. Hvar skyldi það annars vera að finna? Og þrátt fyrir að Áburðarverksmiðjan hafi verið með þessa lánafyrirgreiðslu í erlendri mynt hafa bændur eftir sem áður staðgreitt sinn áburð þegar þeir hafa tekið hann hjá viðkomandi verslunum. Hvar hafa þá verið rekstrarlánin sem hafa gengið til söluaðila til að fjármagna með viðskiptin við Áburðaverksmiðju ríkisins? Það er sannarlega ekki óeðlilegt að á þetta sé litið. Það er einkennileg bændaást sem er við það bundin að taka í forsvar viðskiptahætti sem þessa.

Þórarinn Sigurjónsson sagði m. a. áðan að í þessum tillöguflutningi fælist árás á bændurna. Ég veit ekki með hvaða hætti er hægt að draga þær ályktanir af þessum tillöguflutningi að hægt sé að setja fram slíkar fullyrðingar. Það er að sjálfsögðu megintilgangurinn með þessum tillöguflutningi að í ljós komi með hverjum hætti og hvort þetta fjármagn nýtist þeim sem eru í framleiðslunni. Og ef sú hugsun er af þeim toga að það sé áras á bændurna í landinu, þá fer ég satt að segja að eiga erfitt með að skilja með hvaða hætti eigi að leggja bændastéttinni lið.

Það má vel vera að skilja ætti hér frá og taka bændurna út úr þessari umr., framleiðendurna sjálfa, og í rauninni held ég að það sé eini kosturinn og besti kosturinn og gera það með þeirri einföldu ákvörðun að borga þeim út afurðirnar þegar þær koma á markað, láta þá njóta sömu mannréttinda og viðskipta og allar aðrar stéttir, allir aðrir þegnar í þessu þjóðfélagi njóta. Þá gætum við út af fyrir sig sleppt tillöguflutningi af þessum toga að því er varðar framleiðendurna sjálfa.

Hvernig skyldi annars vera með þá viðskiptastöðu sem bændurnir hafa í þessu landi? Það er komið svo, að hlutur bóndans sjálfs nemur á þesssu hausti 27% af heildsöluverðinu. Hitt þarf að greiða í vinnslukostnað, í sölukostnað og fyrir aðföng í búrekstrinum. 27 kr. af hverjum 100 kr. af heildsöluverðinu eiga að falla í hlut bóndans og þó raunar ekki það því að frá dregst sú upphæð sem er mörkuð sem launagjald á bændurna. Þar á ég við búnaðarmálasjóðsgjald, bjargráðasjóðsgjald, stofnlaánadeildargjald og lífeyrissjóðsgjald, svo að dæmi séu nefnd. Þessi gjöld nema um 3% af grundvallarverði, sem gerir meira en 2% af heildsöluverði. Þá er farið að koma að því að tala um skilaverð, sem er fjórða hver króna sem greidd er af heildsöluverðinu því það fé sem í markaða tekjustofna fer er dregið frá áður en nokkurri einustu krónu er skilað bændunum. Þá er eftir fjórða hver króna af heildsöluverðinu og tæplega það.

Svo geta menn haldið áfram að reikna og sjá hvernig hlutirnir þróast þegar ákveðnum hundraðshluta er haldið eftir af útborgun. Menn geta rétt látið sér detta til hugar hvernig það hefur snert bændurna í þessu landi þegar þeir fengu þær fréttir í desembermánuði s. l. að sláturleyfishafar gætu ekki skilað öllu því fjármagni sem landbúnaðinum bar, ekki fyrir innleggið frá því í haust, heldur fyrir innleggið á árinu 1982! Það er ekki allt saman komið enn og sumt af því kemur aldrei til skila til bændanna. Það sér hver maður að svona lagað gengur ekki, ekki undir nokkrum einustu kringumstæðum.

Það er alveg óhagganleg staðreynd, það liggja fyrir um það útreikningar, að dreifingar- og sölukostnaður er núna jafnhár í heildsöluverðinu og allar launagreiðslur til sveitafólks á Íslandi. En það dugir samt ekki til að menn fái þennan smánarhluta af verðinu. Er nokkur furða þó að menn vilji líta eitthvað í kringum sig í sambandi við þessi mál?

Ég á ekki von á að ég og hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson séum ósammála í þessum efnum. Þetta er ástand sem með engum hætti er hægt að þola. Það er ekki til nema eitt svar við þessu og það er að bændur fái borgað út þegar þeir koma með vörur sínar til innleggs. Til þess að það sé hægt þarf að sjálfsögðu að stýra afurðalánafénu, niðurgreiðslufénu og útflutningsbótafénu. Öðruvísi næst þetta ekki fram. Menn geta orðað það með hvaða hætti sem þeir vilja fyrir mér, hvort sem þeir kalla það árás á íslenska bændur eða eitthvað annað, hvort sem það er hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson eða einhver annar, þegar ég segi að þetta kerfi þolum við ekki lengur. Það verður að gera upp við bændurna í þessu landi með sama hætti og við aðra þá sem taka fé fyrir vinnu sína. Annað er óþolandi og við verðum að rekja hverja þá leið sem fær er til að ná því markmiði. Þessi till. er innlegg í þá umr. og m. a. af þeirri ástæðu er hún flutt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Því miður heyrði ég ekki umr. sem fram fór sennilega s. l. fimmtudag um þessa till. þar sem hv. 1. flm. mun hafa talað fyrir till. og umr. fóru fram um hana að öðru leyti.

Þegar þáltill. er lesin yfir má svo sem segja að það sé mjög eðlilegt að svona till. komi hér fram og hún fái ekki mikla umfjöllin til að byrja með, ef málflutningurinn væri í samræmi við þá till. sem er hér til umr. Það er t. d. vitnað í skýrslu Þorvaldar Búasonar eðlisfræðings. Nú langar mig til að spyrja hv. 1. flm. Nú kom skýrsla frá Sláturfélagi Suðurlands þar sem svarað er þessari skýrslu. Það vita nú allir hverjir ráða ríkjum í Sláturfélagi Suðurlands. Þeir svara þessari skýrslu frá orði til orðs. Hefði ekki verið eðlilegt að birta þá skýrslu þar sem svarað er skýrslu Þorvaldar Búasonar? Ég vona að flm. þessarar till. taki fullt mark á því sem forustumenn Sláturfélags Suðurlands segja um þessi mál. Því miður hef ég ekki skýrslu þess undir höndum þó ég hafi lesið hana, en ég vil skora á n. sem fær þessa till. til meðferðar að fá skýrsluna og athuga efni hennar og svör við skýrslu Þorvaldar vegna þess að þar er svarað þeim efnisatriðum sem hér koma fram.

Ég vil líka biðja hv. flm. að hugleiða hvernig stendur á að bændur hafa ekki óskað eftir því að breyting yrði gerð á þessu kerfi. Eru það ekki þeir sem búa undir þessu kerfi? Hvers vegna skyldi það vera að þeir hafa ekki beðið um breytingar? Það eru allt aðrir menn sem eru að fjalla um þetta bæði í blöðum og hér og því miður helst menn sem hafa minnsta þekkingu á þessum málum. Það má segja að það sé alveg í réttu hlutfalli að eftir því sem mennirnir vita minna um þessi mál því meira tala þeir. (**EgJ:** Það er ekki nóg að menn hafi þekkingu ef menn beita henni alltaf bandvitlaust.) Já, það má segja það.

Það er ágætt að einmitt þetta hljóð kom því að síðasti hv. ræðumaður fór að tala hér um áburðarverð máli sínu til stuðnings. Það er eins og þessi hv. flm. geri sér ekki grein fyrir því hver rekur Áburðaverksmiðjuna og hver ber ábyrgð á verðinu og rekstrinum. Eru það samvinnufélögin? (**EgJ:** Sagði ég það?) Ja, sagðir. Hver ber ábyrgð á því? Það er ríkið sem rekur þetta og það er Alþingi sem kýs stjórnina. (**Gripið fram í:** Ég skal rekja þá sögu.) Já, já, þú mátt rekja allar þínar sögur eins og þú vilt, en málið er nú svona.

Menn tala um það hér að engar skýrslur liggi fyrir í sambandi við þetta t. d. frá bönkunum. Það hefur komið — ég held það — á undanförnum árum tvisvar sinnum svipuð till. hér eða a. m. k. var hugmyndin á bak við hana svipuð sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti hér um árið. Þá komu umsagnir frá bönkunum, t. d. frá Magnúsi heitnum Jónssyni frá Mel. Ég vona að hv. flm. taki mark á því sem fyrrv. varaformaður Sjálfstfl. og fjmrh. sagði um þessi mál. (Gripið fram í.) Nei það virðist vera að menn vilji frekar kynna sér það neikvæða sem hefur komið fram í þessu máli í blöðum og annars staðar en að kynna sér málið til hlítar.

Auðvitað hef ég alls ekki á móti því að sú athugun sem felst í þessari till. fari fram, langt frá því, og ég veit að hv. 1. flm., Guðmundur H. Garðarsson, ég þekki hann það vel, vill vel í þessu máli. Hitt er annað mál, að það fer ekki fram hjá mér að hann skortir töluvert mikla þekkingu á þessu máli. Hann þekkir hvernig þetta er hjá sjávarútveginum, það veit ég vel, en hann þekkir ekki þessi mál í sambandi við landbúnaðinn.

Ég vil aðeins í þessu sambandi skýra frá því, þó ég ætli ekki að fara á þessum kvöldfundi að eyða of löngum tíma, að Kaupfélag Eyfirðinga mátti sæta því til fleiri ára að fá heildsala í Reykjavík til að selja t. d. smjör og osta og þess háttar áður en Osta- og smjörsalan tók til starfa. Hver haldið þið að sé nú reynslan á því hvað þessi kostnaður minnkaði við tilkomu Osta- og smjörsölunnar? Það eru ekki 25% sem þarf að borga nú miðað við það sem áður var og það er sölukostnaður. Það er eingöngu sölukostnaðurinn sem ég á við því að Osta- og smjörsalan er fyrst og fremst og raunar eingöngu pökkunar- og dreifingarmiðstöð. Þetta er hægt að sýna fram á. Það er til um þetta grg., sem hægt er að leggja á borð þm. ef menn óska þess.

Ég ætla ekki að fara að ræða till. í löngu máli. Ég vil undirstrika aftur og ég vil að menn hugleiði að það eru ekki bændur sem hafa óskað eftir því að breyta þessu kerfi. Þeir sem vilja breyta þessu vilja neyða það upp á bændur. Menn hafa ekki viljað till. Eyjólfs Konráðs í sambandi við beinar greiðslur til bænda. Það hefur verið rætt um það á fundum t. d. norður í landi, fundum samvinnufélaganna. Menn telja það neikvætt spor þar. Ég hygg að það sé svipað og kom fram í skýrslu Sláturfélags Suðurlands. (**Gripið fram í:** Hefur það verið rætt á fundum bændasamtaka?) Já, þetta hefur verið rætt á fundum bændasamtakanna, ekki einu sinni heldur miklu oftar og sérstaklega í sambandi við þá till. sem ég vitnaði í áðan frá hv. þm. Eyjólfi Konráð. (**EgJ:** Staðgreiðslan.) Það er alveg rétt. Það er baráttumál bændastéttarinnar til fleiri ára að fá staðgreiðslu. En þá er spurningin hvernig á að koma henni við. Á t. d. ríkið að kaupa þessa framleiðslu? Er það leiðin? Það er ekki nóg að segja: Það þarf að koma á staðgreiðslu. Það þarf að finna einhvern farveg til þess að hún sé möguleg. (**Gripið fram í:** Till. er spor í þá átt.) Þá þarf að athuga um vinnsluna og dreifinguna því það eru bændur sem eiga vinnslustöðvarnar. Ef vinnslu- og

dreifingarkostnaðurinn er ekki reiknaður rétt út kemur það niður á því hvað bændur fá þegar endanlega er uppgert. Það var það sem skeði í sambandi við sauðfjárafurðirnar árið 1982. Fjármagnskostnaðurinn reyndist langtum meiri en sexmannanefndin taldi að mundi verða. Þar af leiðir að það vantar.

Það er dálítið villandi eins og hv. þm. Egill Jónsson komst að orði áðan þegar hann er að tala um heildsöluverð og hluta af því, vegna þess að það er viðmiðunin í gegnum árin, ekki heildsöluverðið, heldur er það grundvallarverð, sem kallað er, til bænda sem á að miða við prósenttöluna af vinnuliðnum. Ég hef ekki í kollinum hvernig það er, en það er allt önnur tala. En ef vinnslu- og dreifingarkostnaður er ekki í samræmi við það sem áætlað er kemur það niður á bændum vegna þess að þeir eiga og reka þessar vinnslustöðvar. Þetta verða menn að athuga.

Það er hægt að hugsa sér að einhverjir aðrir kaupi og taki yfir þessar vinnslustöðvar. Hver á að gera það? Hvernig á að reka þær? Það hefur komið í ljós við könnun að vinnslu- og dreifingarkostnaður á landbúnaðarvörum á Íslandi er lægri en nokkurs staðar annars staðar í nágrannalöndum. Það skulu menn athuga. — Það kerfi hafa ýmsir áhuga á að rífa niður og breyta um væntanlega til að minnka kostnaðinn. Ef við finnum leið til að minnka kostnaðinn á auðvitað að fara þá leið, en það á ekki að gera það bara breytinganna vegna, ekki síst ef allt bendir til þess að við séum að taka upp kerfi sem eykur kostnaðinn.

Það verða sjálfsagt framhaldsumr. um þáltill. eftir að hún kemur úr n. og ég ætla að láta staðar numið út af þeim umr. sem ég hlustaði á í dag nema að einu leyti.

Menn eru að tala um félagssamtök fólksins. Ég vil nú spyrja vin minn, hv. þm. Guðmund H. Garðarsson: Eru ekki félagasamtök fólksins t. d. þjóðin í heild? (Gripið fram í.) Við sjáum hvaða áhrif þjóðin í heild hefur t. d. hér á Alþingi. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson veit að ef félagarnir sýna tómlæti er hætt við því að það séu fáir menn sem stjórna hinum stóru félögum. Það þekkir hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson líka í þeim samtökum sem hann starfar í. (**GHG:** Kannske of vel.) Ef félagarnir í samvinnufélögunum hafa ekki áhrif þar er það vegna þess að þeir bera sig ekki til þess. Ég er orðinn gamall og grár eins og hv. þm. sjá, en ég tel mig hafa reynslu af samvinnufélögunum. Ég hef oft gagnrýnt samvinnufélögin, því að jákvæð gagnrýni er öllum holl, og ég hef gert það með því hugarfari, og við höfum oft breytt ýmsu eftir að gagnrýni hefur komið frá hinum ýmsu félögum út um byggðina og frá ýmsum bæjarbúum líka því að Kaupfélag Eyfirðinga er sterkt félag og fjölmennt. — En ég segi það enn og aftur, að ef menn fá ekki lagfæringar á því sem þeim finnst vera gagnrýni vert er það vegna þess að félagarnir fylkja ekki liði, hafa ekki áhuga eða einurð til að laga það sem þeir telja að aflaga fari. Á sama hátt er í þeim félögum sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson þekkir best og starfar í.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Mig langaði í stuttu máli, af því að það er nú farið að líða ansi á kvöldið, að leiðrétta nokkur atriði sem komið hafa fram í umr. og í fyrsta lagi það sem hv. þm. Kristófer Már Kristinsson sagði í sinni ræðu.

Hann talaði t. d. um trúnaðarbrest milli bænda og neytenda. Ég kannast ekki við slíkt, en e. t. v. er það að einhverju leyti rétt. Það hefur verið alið á vissum þáttum sem hafa haft þær afleiðingar að kannske hefur orðið trúnaðarbrestur þarna á milli. Það er okkur öllum hér inni sjálfsagt á móti skapi. Ég vil halda því fram. En ég er hræddur um að fjölmiðlar hafi stundum átt nokkurn þátt í því að ala á þessum atriðum sem gjarnan hafa orðið til þess að orðið hefur trúnaðarbrestur.

Hann minntist líka á í sinni ræðu að bændur hefðu framleitt minna, en hefði fjölgað jafnframt. Þetta er rangt. (**KMK:** Ég sagði að það virðist stefna búmarksins að bændur framleiddu minna.) Það er rétt, það kom á eftir. En það hefur stórfækkað fólkinu sem vinnur við landbúnaðinn. Framleiðslan hefur aftur á móti ekki minnkað. Þess vegna er þetta ekki rétt hjá hv. þm., en það getur vel skeð að búmarkið verði til þess enda er það neyðarráðstöfun sem er verið að beita til að draga úr framleiðslu.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson kom hérna að nokkrum atriðum sem ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta út af því að hann sleit þar setningar úr samhengi í minni ræðu. Mér finnst eðlilegt að þar sé rétt eftir haft og get haft það alveg eins og ég sagði það.

Hann kom að því t. d. að hann hefði aldrei séð neina skýrslu um þessi mál nema Þorvaldar Búasonar. Mér fannst það undirstrika líka hvað hann er ókunnugur í þessu máli og hefði átt að geta kynnt sér það betur, ef hann hefði kært sig um að gera það, út af því að þessi mál hafa verið til umr. hér á þingi, eins og hv. þm. Egill Jónsson tók rækilega fram, um nokkur undanfarin ár. Þess vegna þótti mér heldur miður að hann skyldi ekki hafa kynnt sér málið betur áður en hann fór að leggja eingöngu þessa einu skýrslu til grundvallar sínu máli hvað varðar landbúnaðinn.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagðist hafa áhuga fyrir bændum og viðskiptum við landbúnaðinn og væri þess vegna ekkert síður bændavinur en við hinir. Ekki rengi ég það, það dettur mér ekki í hug, en hitt vil ég segja að mér finnst, og það tók ég greinilega fram í minni ræðu, skrítið þegar þessir hv. þm., sem þykjast vera kunnugir, og eru kannske að vissu leyti, einhverjum bændum, taka upp svona mál án þess að nokkurn tíma hafi frá samtökum bænda komið fram um það ósk að þau mál væru tekin upp hér á Alþingi, þ. e. hvað varðar afurða- og rekstrarlán. Hér er þess vegna tekið upp mál af þm., sem fyrst og fremst eru þm. þéttbýlisins, sem ekki hefur sérstaklega verið samþykkt eða beðið um að flytja um till. hér á Alþingi.

Ég vil taka fram í þessu sambandi að ég sagði í minni ræðu hér áðan, sem ég ætla að endurtaka: Ekki hafa bændasamtökin mér vitanlega óskað eftir breytingum á núverandi fyrirkomulagi og ættu þau þó að hafa forustu um að fá lagfæringar á þeim sérstöku samningum sem eru um afurða- og rekstrarlán

Ég held að þarna sé innlegg í málið, að það ætti ekki síst að koma frá þeim sem verða að búa við kerfið beiðni um endurskoðun. Ég held að að þessu leyti ættum við að hlusta á þá fyrst og fremst. Hinu er ég sammála, og ég hef ekki mótmælt því á neinn hátt hérna í ræðu, að eðlilegt væri að skoða þetta, en ég tel óeðlilegt, eins og ég reyndar tók fram, að fram komi till. um það á meðan ráðh. er að láta gera athugun á þessu á sínum vegum. Ég er algjörlega sammála því að við eigum að endurskoða kerfið. Við eigum að láta það

vera sem mest í takt við tímann. Ef hægt væri að stjórna þessu á betri hátt þá væri ég innilega sammála því.

Ég vil koma að því líka að hv. 6. þm. Reykv. minntist á að þetta væri eins og átthagafjötrar á bændastéttina, sem hefðu verið lagðir á hana einhvern tíma fyrr meir. Þarna er ákaflega drjúgt til orða tekið. Ég held að þetta kerfi hafi ekki verið neinir átthagafjötrar á neinn máta, heldur var með því reynt að bæta úr því ófremdarástandi sem var á afurðasölumálum á sínum tíma. Það ætti hv. þm. líka að geta kynnt sér af spjöldum sögunnar.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði að það sem hann segði hér hefði aldrei verið hugsað sem nein árás af sinni hálfu á bændur. Ég held að ég hafi hvergi tekið það fram heldur að það hafi verði árás á bændur. Ég skal lofa ykkur að heyra hvað ég sagði um það. — Og hann bætti því við að ég hefði nefnt sérstaklega Samband Ísl. samvinnufélaga í því sambandi, en hann hefði ekki minnst á það í sinni ræðu. Mér fórust orð á þennan veg: En flm. hv. Guðmundur H. Garðarsson talaði nær eingöngu um þann þátt sem snýr að bændum og samvinnufélögum þeirra. — Ég nefndi ekki Samband ísl. samvinnufélaga þarna, en hann veit það alveg eins og ég að það eru mörg fleiri félagasamtök sem reka vinnslustöðvar landbúnaðarins, sláturhús og mjólkurbú.

Áður en ég læt þessu lokið ætla ég aðeins að koma að því sem hv. þm. Egill Jónsson sagði áðan.

Hann byrjaði á því að segja að till. væri ekki lík till. sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefði flutt hér fyrr á árum, enda sagði ég það heldur aldrei í minni ræðu, en ég sagði að hún væri mjög í sama anda. Ég held að ekki sé hægt að neita því að það eru vissir þættir í þessari till. sem benda í sömu átt.

Hv. þm. minntist líka á ýmislegt fleira og þar á meðal að ég hefði verið að tala um árás á bændurna. Hann var sem sé með þetta sama. Þetta er alls ekki rétt. Ég sagði það aldrei. En ég sagði: Er ekki hér, ég spyr að því, er ekki hér einu sinni enn þá á ferðinni árás á bændur og hin frjálsu félagasamtök landsmanna? — Ég sagði ekki að þetta væri árás. ég spurði hvort ekki væri hér verið að gera árás á þá. Það má segja að kannske sé óbeint sagt að gerð sé árás, en ekki vil ég segja að svo sé. (**GHG:** Það er ekki mál hans að ræða það.) Það er ekki mál hans að ræða það, segir hv. þm., en hann hafði margt við þetta að athuga. (**GHG:** Það er annað mál,) Já, og það er kannske nokkuð svipað og að gera árás á það kerfi sem nú er fyrir þessi samtök. Hv. þm. Egill Jónsson kom líka að því að bændur þyrftu að fá sitt verð greitt sem allra fyrst. Ég vil í lokin undirstrika að ég er algjörlega sammála því. Ef við getum komið því á með þeirri endurskoðun sem nú fer fram hjá Seðlabanka er það mikils virði. (**EgJ:** Og ýmsu fleiru.) Og ýmsu fleiru, já.

Ég sagði aldrei í mínu máli að ég væri á móti því að bændur fengju leiðréttingu á sínu kerfi. Ég hélt að þið hefðuð tekið eftir því líka að ég sagði að æskilegt væri að geta einfaldað það og koma betra lagi á það, en ég sá ekki ástæðu til þess að endilega væri um tvíverknað að ræða varðandi úttekt á þessum málum.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa því yfir að ég styð þessa þáltill. Sú umr. sem hér hefur átt sér stað er til margra hluta upplýsandi þó að hún sé kannske ekki ýkja upplýsandi um efnisatriði þess máls sem hér um ræðir, enda till. flutt í þeim tilgangi að fá upplýsinguna fram.

Ég held að ég verði að segja það að ég lít ekki svo á að þessi till. sé árás á bændastéttina í þessu þjóðfélagi og get ekki með nokkru móti fengið þá hluti til að ríma að hægt sé einu sinni að spyrja þeirrar fáránlegu spurningar. En þær athugasemdir sem hv. 2. þm. Suðurl. Þórarinn Sigurjónsson og Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., hafa gert við málflutning hér vekja óneitanlega nokkrar grunsemdir um að verið sé að hreyfa máli sem mönnum er að einhverju leyti óþægilegt að hreyfa sé. Ég viðurkenni það að ég geri mér ekki alveg grein fyrir af hverju, en vona að að þessari tillögu samþykktri og þeirri úrvinnslu fram kominni sem hún fer fram á þá hugsanlega átti menn sig eitthvað á því.

Eitt af því sem þessir hv. þm. báðir eru að gagnrýna í málflutningi framsögumanna er það að þeir tali af vanþekkingu. Þó hafa þeir það svart á hvítu fyrir augunum að till. er að biðja um upplýsingar, þannig að flm. viðurkenna það í raun með tillöguflutningnum að ákveðin vanþekking er á ferðinni. En málflutningur hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og Þórarins Sigurjónssonar gengur út á það í aðra röndina að það sé í raun og veru eins konar — ja siðleysi að tala um þessa hluti án þess að hafa til þess einhvers konar umboð, svona með sama hætti eins og að ég mætti ekki tala hér trúmál án þess að kunna Gamla testamentið utan að.

Annað er það sem þeir halda fram, að þetta sé ekki samkvæmt kröfum bændastéttarinnar og þar af leiðandi sé í raun og veru ekki grundvöllur fyrir tillöguflutningi sem þessum, þar sem bændur hafi ekki farið fram á það. Nú eru bændur, eins og báðir hv. þm. vita, mikill minni hluti þessarar þjóðar. Og verðlagningarmál landbúnaðarafurða hafa náttúrlega tvo enda. Annar þeirra, þ. e. sérstaklega sá útgjaldasami, hann lýtur eða snýr að neytendum. Og það er ekkert skrýtið þó að menn standi upp og biðji um skýringar á því að aðeins ein króna af þeim fjórum sem menn greiða í heildsöluverð landbúnaðarafurða fari til bænda, hvert hinar þrjár fari í raun og veru og með hvaða hætti.

Og þegar gerð er athugasemd við það að menn standi upp og telji sig vera að tala fyrir hagsmunum neytenda eða þjóðarinnar sjálfrar og tala um það í raun og veru hér úr þessum stól að þjóðin geti sjálfri sér um kennt, hún hafi ekki haft uppburði í sér til þess að gera athugasemdir við þetta, þá eru menn náttúrlega að horfa fram hjá staðreyndum máls sem voru reyndar hér til umr. í Nd. í gær og hv. þm. Stefán Valgeirsson lagði þar reyndar nokkur orð í belg sem sé kosningalagafrv. fræga. Þjóðin hefur misjafna aðstöðu til að segja álit á þessum málum hér á hv. Alþingi. Það vita þessir menn mætavel. Og það er kannske engin furða að tillöguflutningur til úrbóta í þessu málefni eða einfaldlega til upplýsingar í því hafi ekki skilað árangri sem skyldi. En oft var þörf en nú er nauðsyn. Ég vonast til þess að hv. þm., sem talað hafa í þessu máli, standi við þær viljayfirlýsingar sem fólust í orðum þeirra, að í sjálfu sér hafi þeir ekkert á móti þessum tilllöguflutningi, í sjálfu sér hafi þeir ekkert á móti þessari rannsókn, og veiti þá málinu það brautargengi sem það þarf með.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Fyrr í þessum umr. var spurt: Hvernig stendur á því að flm., og þó einkum frsm. þessarar till. og aðrir þeir sem hafa

gert hana að umræðuefni hafa áhuga á málefnum bænda? Bak við þessa spurningu bjó, fannst mér, svolítil tortryggni. Hvað eru þessir menn að vaða upp á dekk? Hvað eru þeir að skipta sér af því sem þeim kemur ekki við?

Hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson tók það líka fram að það hefði svo sem enginn pantað þessa tillögu, bændur hefðu ekkert beðið um þetta. Og hvað eru menn að flytja mál á þingi sem enginn hefur pantað? Þetta lýsir nú hugarheimi um hlutverk þm. sem má kannske segja margt um, en ég ætla ekkert að fjölyrða um annað en það, að þá væri illa komið á löggjafarsamkomu þjóðarinnar ef hér væru ekki flutt önnur mál en þau sem hagsmunahópar, sem mikilla fjárhagslegra hagsmuna eiga að gæta í hinum og þessum bankastofnunum eða þjóðhagslegum kerfum, hefðu pantað fyrir fram.

En svarið við spuringunni — hvað eru þessir menn að skipta sér af þessum málum — það er mjög einfalt, ákaflega einfalt. Það er nefnilega það að ef ekki væru til aðrir en framleiðendur landbúnaðarafurða í þessu landi, þ. e. ef ekki væru til hér neinir neytendur, sem eru hin hliðin á stóru niðurgreiðslukrónunni, þá væru heldur engir bændur. Það eru tvær hliðar á þessu máli, annars vegar framleiðendurnir og hins vegar neytendurnir, og landbúnaðarmál á Íslandi eru fyrir löngu síðan orðin neytendamál og eru það auðvitað að sjálfsögðu öðrum þræði, neytendamál, og þau eru að verða það í sívaxandi mæli. Hvers vegan? Það er vegna þess að að tilhlutan löggjafarsamkundunnar eða meiri hluta hennar hefur hér verið útbúinn lagarammi og stofnanarammi utan um starfsemi landbúnaðarins sem, þegar hann er skoðaður í heild sinni, þýðir að forsendur landbúnaðarframleiðslu í landinu eru að verulegu leyti komnar undir millifærslugreiðslum frá neytendum. Það nægir að nefna bara nokkur dæmi.

Það er staðreynd að landbúnaðurinn sem slíkur nýtur í skjóli lagaverndar frelsis frá innflutningssamkeppni. Hann er verndaður fyrir samkeppni erlendis frá. (**Gripið fram í:** Það gera ekki allar landbúnaðarvörur.) Nei, en ég er að tala um hinar hefðbundnu greinar íslensks landbúnaðar, þær eru verndaðar gegn slíkri samkeppni. Þetta eru gífurleg hlunnindi í hvaða atvinnuvegi sem er og aðrir íslenskir atvinnuvegir geta ekki státað af því að njóta slíkrar verndar. Þetta eru forréttindi sem ríkið eða löggjafarvaldið skenkir íslenskum landbúnaði og skipta auðvitað gífulega miklu máli. Má ég taka samanburð?

Hér hefur verið lögð fram á hv. Alþingi ítarleg fsp. um Íslenska aðalverktaka og starfsemi þeirra á Keflavíkurflugvelli. Hvers vegna er verið að spyrjast fyrir um það? Það er vegna þess að þetta fyrirtæki, sem er samsteypufyrirtæki nokkurra forréttindahagsmunahópa í þessu þjóðfélagi, starfar á einni forsendu. Það starfar í skjóli ríkisverndaðrar einokunar. Eðlilegasta hugsun væri sú ef svo væri ekki að þetta væri starfsemi sem væri boðin út á markaði. En gegn því snúast mjög áhrifamikil öfl vegna þess að þá er sagt: Ja, hinn erlendi aðili sem unnið er fyrir mundi hagnast á því. Þess vegna er eðlilegt að þarna sé einokunarstarfsemi. En um leið snúast þessi rök við vegna þess að þetta eru þá einföldustu og sígildustu rök um að þessa starfsemi á að þjóðnýta algjörlega.

Ef um er að ræða starfsemi sem haldið er uppi í skjóli einokunar eru það rök fyrir því að ef hún skilar einhverjum arði eða hagnaði þá beri að þjóðnýta hana. Hvers vegna á ríkisvaldið sem slíkt eða löggjafarvaldið sem slíkt að afhenda einhverjum fáeinum einstaklingum slíka lögverndaða einokun, m. ö. o. nánast tiltekið einkaleyfi til að prenta peninga?

Strax þessi staðreynd um hina lögvernduðu verndun frá samkeppni skapar landbúnaðinum gífurlega mikla sérstöðu. En það er fleira. Á löngum tíma hefur því svo verið fyrir komið að ríkisvaldið eða meiri hluti af löggjafarsamkomu þjóðarinnar hefur tekið að sér að ábyrgjast að halda uppi verði íslenskra landbúnaðarafurða, hinna hefðbundnu landbúnaðarafurða, hvað svo sem líður öllum markaði. Niðurgreiðslurnar og útflutningsbæturnar eru ósköp einfaldlega trygging fyrir því að hvað svo sem gerist á þessum lögverndaða innanlandsmarkaði, ef eftirspurn minnkar þá er það engu að síður tryggt fyrirfram að þessum afurðum skal komið í lóg á einhverju lögvernduðu verði, alveg burtséð frá öllum öðrum forsendum.

Þetta eru líka gífurlega mikil forréttindi. Við erum ekki að tala um neinar smáupphæðir, við erum að tala um hvorki meira né minna en um hálfan annan milljarð á fjárlögum ríkisins á þessu ári, sem til þessa fer. Og þetta eru engan veginn sjálfsagðir hlutir. En þetta er hins vegar vissulega röksemd fyrir því að landbúnaðarmál á Íslandi eru ekki bara spurning um hagsmuni bænda. Landbúnaðarmál eru ekki hvað síst, ef við lítum á þau út frá þessum sjónarhól, einhver þýðingarmestu hagsmunamál neytenda líka.

Það er mesti misskilningur að sú togstreita sem orðið hefur um þessi mál sé tilbúin í fjölmiðlum, hún er það ekki. Þó að greinaskrif séu tíð um þessi mál eru þau fyrst og fremst af því taginu að lýst er óánægju neytenda með sitthvað í þessu kerfi. En hitt má hins vegar jafnharðan bóka að launaðir fulltrúar og hagsmunaverðir þessa kerfis eru óðar komnir fram á ritvöllinn til að svara. En umræðan sem slík er ekki búin til af fjölmiðlum.

Þeir sem verja þetta kerfi svara venjulega á þennan hátt: Ja, niðurgreiðslurnar, þær koma landbúnaðinum ekkert við. Þetta er bara hagstjórnartæki. — Síðan segja þeir: Niðurgreiðslur eru hagstjórnartæki og það er ríkisstj. eða þing sem tekur ákvarðanir um að beita niðurgreiðslum. Þetta er tengt gamla leiknum um vísitölufalsanir til að halda niðri verði — og kaupgjaldi — og sé þar af leiðandi í þágu neytenda.

Að vísu má halda því fram að niðurgreiðslur geti verið hagstjórnartæki. En þá verður um leið að segja: Af hverju er sú ákvörðun tekin að greiða niður bara vöruverð á hefðbundnum landbúnaðarafurðum? Af hverju ekki að greiða niður annað verð, verð á hlutum sem jafnvel eru snarari þáttur í neyslu eða framfærslu t. d. láglaunafólks í þéttbýli? — Nú vita allir miðað við það verðlag sem á þessum vörum er, að þetta eru í minnkandi mæli fyrst og fremst neysluvörur hinna fátæku.

Þetta er aðeins lítill hluti af röksemdafærslunni því að niðurgreiðslur í svona stórum stíl hafa margvíslegar afleiðingar — hliðarverkanir. Þær eru í fyrsta lagi til þess að halda niðri verðinu til neytenda og þar af leiðandi eru þær framleiðsluhvetjandi. Niðurgreiðslur í svona stórum stíl valda því að framleitt er meira af þessum vörum vegna þess að verðið er tilbúið með niðurgreiðslum. Ef íslenskir neytendur ættu að borga raunverulegt framleiðslukostnaðarverð mundi það óhjá-

kvæmilega hafa í för með sér verulega minnkun framleiðslu.

Sama er að segja um útflutningsbæturnar, þær eru ekkert annað en hrikalegur skattur á íslenska neytendur og búið að vera við lýði lengi og er partur af þessu tryggingakerfi. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um að þetta eru alveg ótvírætt sannanir fyrir því að það er engin goðgá þótt þm., sem eru fulltrúar þéttbýlisbúa, ræði landbúnaðarmál. Við þurfum ekkert að vitna í neina bændarómantík til þess, við þurfum ekki að segja sögu af því að við erum flest hver á þeim aldri, sem hér erum inni, að við höfum einhverja reynslu af sveitardvöl og af störfum í landbúnaði, við eigum vini og frændur í bændastétt o. s. frv. Við þurfum yfirleitt ekki — eigum ekki að þurfa að svara ásökunum um árásir á bændastéttina, þetta er orðinn kækur hjá framsóknarmönnum. Það má ekki ræða um landbúnaðarmál nema með því að fá svona gusur framan í sig og er auðvitað ekki svaravert. Menn geta deilt um hvort þau dæmi, sem nefnd eru í þessari grg. Þorvaldar Búasonar um að bændur beri skarðan hlut frá borði sjálfir í þessu kerfi, eru rétt. Ófáir eru þeir bændur sem mundu taka undir þetta.

En að sjálfsögðu er tillagan á engan hátt árás á bændastéttina, hún er beiðni um úttekt á einum þætti, aðeins einum þætti af því kerfi sem komið hefur verið upp að frumkvæði löggjafans gegnum ríkisrekna banka, sem varðar afurðalánakerfið og er að vísu alls ekki eingöngu um landbúnaðinn. Um það má margt segja. En það er a. m. k. ástæða til að vísa frá röksemdum sem snúast um það að það séu aðeins fulltrúar þessa kerfis sjálfs eða menn sem hafa landbúnað að atvinnu sem hafi rétt til að fjalla um landbúnaðarmál. Ég er búinn að segja nóg um það að þessi mál eru með þýðingarmestu málum sem varða neytendur og þar með alla landsmenn.

Efnislega sagði ég mína skoðun á þessu máli fyrr við þessar umr. og þarf ekki að árétta það. Ég sé ekki ástæðu til að víkja frekar að einstökum efnisatriðum sem fram hafa komið í umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 62. fundur.

Miðvikudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Framboð og kjör forseta Íslands, frv. 180. mál (þskj. 324). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vörumerki, frv. 201. mál (þskj. 358). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Einkaleyfi, frv. 202. mál (þskj. 359). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 7. mál (þskj. 7). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 446).

Neðri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Vísitala framfærslukostnaðar, frv. 210. mál (þskj. 373). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 373 er flutt frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan til Kauplagsnefndar. Þetta frv. hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og afgreitt þar með nál. á þskj. 430 og 433 frá meirihluta og minnihluta. Við lokaafgreiðslu máls greiddu þm. þeirrar hv. deildar, eins og fram kemur í nál., frv. atkvæði sitt. Minnihluti fjh.-og viðskn. lagði til brtt. en eftir afgreiðslu á þeim, sem ekki voru samþykktar þar, greiddu þm. deildarinnar atkvæði með frv.

Við 1. umr. þessa máls í hv. deild gerði ég nokkra grein fyrir sögu vísitölu framfærslukostnaðar sem fyrst var reiknuð skv. lögum frá því 1939. Grundvöllur þeirrar vísitölu, sem reiknaður hefur verið á undanförnum áratugum, er frá því 1964—1965, en þá var gerð sérstök neyslukönnun og sá grundvöllur, sem fékkst með þeirri neyslukönnun, lögfestur með lögum nr. 70/1967.

Sú ein breyting hefur verið gerð að 1. jan. 1981 var vísitalan á ný sett í 100 skv. lögum nr. 87/1980. Hins vegar hefur síðan verið gerð ný neyslukönnun á árinu 1978—1979. Sú neyslukönnun leiðir í ljós breytingar og er m. a. gerð grein fyrir því í grg. með frv. á bls. 6 í þskj. hvenig breytingin hefur orðið frá 1965—1979.

Með því frv. sem hér er flutt er lagt til að sá vísitölugrunnur sem byggður er á neyslukönnuninni frá 1978—1979 verði upp tekinn nú miðað við 1. febr. enda þótt ljóst sé að frá þeim tíma hafi orðið einhverjar breytingar á neysluvenjum og neyslu þeirra fjölskyldna sem hafa verið grundvöllur að þeirri neyslukönnun sem gerð var 1978—1979. Hitt held ég að sé ljóst að sá vísitöluútreikningur sem hér er lagt til að lögfestur verði

sé nær raunveruleikanum en sá sem eldri var enda þótt ljóst sé að hann er ekki nákvæmlega samkvæmt þeirri neysluvenju sem í dag er.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að í framtíðinni skuli Kauplagsnefnd eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á því hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Í 3. gr. frv. segir að sú athugun skuli fyrst fram fara strax á næsta ári. Verði niðurstaðan sú að nm. telji að lokinni slíkri athugun að endurskoðunar sé þörf láti nefndin gera neyslukönnun til endurnýjunar á grundvelli vísitölunnar. Að fengnum þeim niðurstöðum — sé nefndin sammála — hefur Kauplagsnefnd — skipan hennar er óbreytt skv. 1. gr. frv. — heimild til að ákveða nýja framfærsluvísitölu án þess að til lagasetningar komi. Hins vegar er í 3. gr. gert ráð fyrir því að Kauplagsnefnd skuli gera ríkisstj. grein fyrir niðurstöðum til þess að hægt sé að fylgjast með um framvindu þessara mála.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða meira um þetta frv. Ég vísa til þess sem fram kemur í grg. með frv. Ég vil aðeins láta þess getið að þar sem um er að ræða áhrif framfærsluvísitölu á lánskjaravísitölu væri mjög æskilegt að hægt væri í byrjun næstu viku að ljúka afgreiðslu þessa máls. Hv. Ed. sýndi málinu þann velvilja að koma afgreiðslu þess fram svo hratt sem mögulegt var einmitt út frá þessu sjónarmiði og ég vænti þess að samstarf við hv. Nd. geti orðið með sama hætti.

Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til þess, ef óskað verður eftir því, að veita n. sem fær þetta mál upplýsingar og sjá um að þeir aðilar, sem unnið hafa að því og geta lagt til upplýsingar, komi til viðræðna við n.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og hæstv. viðskrh. gat um hefur mál þetta þegar fengið meðferð í hv. Ed. Minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. flutti brtt. á sérstöku þskj., en minni hl. skipuðu fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokkanna. Þar var m. a. gert ráð fyrir því að neyslukönnun færi fram á þriggja ára fresti en ekki á fimm ára fresti eins og gert er ráð fyrir í frv. enda væri eðlilegt að hafa þennan tíma sem stystan. Ég teldi nú reyndar að með nútímatækni ætti að vera hægt að hafa þessar neyslukannanir árlega eða á tveggja ára fresti. Ég hef aldrei áttað mig á því hvernig á því stendur að ekki er hægt að framkvæma neyslukannanir oftar en hér er gert ráð fyrir. Þess vegna var það sem minni hl. í Ed. flutti þessa till. en meiri hl. treysti sér ekki til að fallast á hana, því miður.

Í annan stað var gert ráð fyrir því í brtt. minni hl. í Ed. að neyslukönnunum yrði hagað með alveg ákveðnum hætti, þ. e. þar væri ekki bara um að ræða könnun á meðaltalsneyslu fólks heldur væri líka kannað hvernig neyslu er hagað hjá því fólki sem er með lægstar tekjur á hverjum tíma, vegna þess að við vitum að það er mjög mismunandi hátt hlutfall launa sem menn t. d. nota til matvælainnkaupa eftir því hvort launin eru há eða lág. Þess vegna flutti minni hl. í Ed. tillögu þar sem gert var ráð fyrir þessu, með leyfi forseta:

„Kauplagsnefnd skal haga gerð neyslukannana á þann veg að sundurgreina megi þannig að marktækt sé hvernig meðalneyslu þess fjórðungs landsmanna, sem lægstar tekjurnar hefur, er háttað hverju sinni. Kauplagsnefnd skal gera ríkisstj. grein fyrir niðurstöðunum.“

Þessar hugmyndir hlutu ekki náð fyrir augum meiri hl. og því er frv. komið hingað óbreytt til hv. Nd. Ég á sæti í þeirri n. sem fjalla mun um málið og mun ég þar gera nánari grein fyrir minni afstöðu.

Þetta frv. er flutt við nokkuð sérkennilegar kringumstæður. Vísitala er bönnuð á Íslandi, þ. e. kaupgjaldsvísitala. Það er ekki einasta að bannað sé að greiða vísitölu á kaup, verðbætur á kaup, en það er stranglega bannað skv. 1. gr. laga sem samþykkt voru á Alþingi 5. des. 1983. En það er líka bannað á Íslandi — og ég hygg einu landa í Vestur-Evrópu a. m. k. — að reikna út ákveðna staðreynd, sem sagt útreikningur er óheimill á ákveðnum staðreyndum. Hagstofuráðherra núv. ríkisstj. hefur sem sagt staðið að því að banna að ákveðin vísitala sé reiknuð út. Ég hygg að núv. hæstv. Hagstofuráðh. sé frumkvöðull í þessu efni og fyrsti ráðh. í sögunni sem bannar í lögum að reikna út vísitölu. Hvaða vísitala er það? Það er kaupgjaldsvísitala. Það er bannað að reikna hana út. Látum vera þó að menn láti sér koma til hugar að banna að borga eftir henni, um það má ræða mikið við núverandi aðstæður. En útreikningurinn er líka bannaður, því að í þessum lögum um launamál stendur með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 8. kafla laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., um verðbætur á laun“ — það eru Ólafslög — „skulu ekki gilda á tímabilinu frá og með 1. júní 1983 til og með 31. maí 1985.“ — Þessi ákvæði gilda ekki, ekki má greiða verðbætur eftir þessum lögum fram á árið 1985. Síðan segir:

„Sama máli gegnir um ákvæði í kjarasamningum um greiðslu verðbóta á laun á þessu tímabili.“ — Þetta er ljóst. Síðan kemur þetta einstaka brautryðjandaákvæði hæstv. núv. Hagstofuráðh.:

„Verðbótavísitala skv. 48. gr. — 52. gr. laga nr. 13/1979 skal eigi reiknuð fyrir greiðslutímabil frá og með 1. júní til og með 31. maí 1985.“

Nú hefur það ekki komið fram hjá hæstv. ráðh. né öðrum talsmönnum ríkisstj. hvernig þeir muni refsa þeim mönnum sem hugsanlega brjóta þetta lagaákvæði og reikna vísitöluna þó að það sé bannað í lögum. Væri fróðlegt að heyra hvernig hæstv. viðskrh. hugsar sé það í framkvæmd að ef einhver maður slysaðist til að reikna kaupgjaldsvísitöluna, birta hana opinberlega, hvaða refsingum hann yrði hugsanlega beittur, sá lögbrjótur, hvernig hann yrði sóttur til saka fyrir það athæfi að vera að láta reikna út hlutina.

Við þessar aðstæður að bannað er að greiða og reikna út kaupgjaldsvísitölu er hér flutt frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar. Þetta frv. er í rauninni mjög á skjön við þann veruleika sem við stöndum núna frammi fyrir í þessum efnum. Bannað er að reikna út kaupgjald með tilliti til þessa frv. og bannað er að miða verðbætur við hreyfingar í vísitölu framfærslukostnaðar, líka þessari nýju vísitölu sem menn vilja fara að lögleiða núna.

Af hverju er það þá sem menn vilja lögleiða nýja vísitölu? Einu rökin í málinu eru þau að vísitalan hafi áhrif á lánskjaravísitölu og þess vegna þurfi að reikna þetta út. Það eru út af fyrir sig alveg gild rök að framfærsluvísitalan hefur áhrif á lánskjaravísitöluna. Nýja framfærsluvísitalan hækkar lánskjaravísitöluna minna en sú gamla þegar um er að ræða hækkanir vegna

breytinga á búvöruverði. Þannig séð er þessi vísitala hagstæðari miðað við lánskjaravísitöluna en sú gamla.

En þarna gat viðskrh. af örlæti sínu og réttsýni farið aðra leið. Hann gat gefið út reglugerð um lánskjaravísitöluna. Lánskjaravísitalan er ákveðin með bréfi og reglugerð, sem viðskrh. gefur út vorið 1979, þar sem ákveðið er með hvaða hætti lánskjaravísitalan er reiknuð út með hliðsjón af framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu annars vegar 6 mánuði aftur í tímann og hins vegar þrjá mánuði skv. spá fram í tímann. Viðskrh. gat vel breytt þessu atriði með lánskjaravísitöluna með einföldum hætti og án þess að flytja um það sérstakt frv. á Alþingi. En viðskrh. hefur kosið þessa leið, að koma hér fram nýju frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar. Ég held því m. ö. o. fram að það hefði verið í valdi hæstv. viðskrh. sem einnig fer með Hagstofuna að koma til móts við þessa gildu röksemd varðandi lánskjaravísitöluna.

Ég tel þetta því í rauninni óþarfa frá þessum bæjardyrum séð. En þá kemur ein röksemd enn, sem einnig er vert að hlýða á. Hún er þessi: Þessi vísitala framfærslukostnaðar mælir réttar en sú gamla. — Hvað mælir hún réttar er gamla vísitalan? Hún mælir réttar meðaltalsneyslu fólks eins og hún var á árinu 1979. Það stemmir áreiðanlega enn þá að hún er nær veruleikanum en sú gamla, þ. e. þeim veruleika sem blasir við meðaltalsfjölskyldunni í landinu.

Hins vegar er það alveg augljóst mál að lágtekjufjölskylda eyðir mun stærri hlut launa sinna í matvörur, þar með taldar búvörur, en meðaltalsfjölskyldan. Þess vegna væri í raun og veru mjög æskilegt að fá annan verðmæli sem væri kostnaðarhreyfingin gagnvart fyrirtækinu láglaunafjölskylda hér á landi.

Nú býst ég við því að viðskrh. geti án lagaákvæða ákveðið að slík könnun fari fram á tekjum og neyslusamsetningu láglaunafólks. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Er hann reiðubúinn til að beita sér fyrir því, þó að lagafyrirmæli skorti í þeim efnum, að sérstök könnun fari fram á því hvernig háttað er neyslusamsetningu þess fjórðungs fjölskyldna í landinu sem hefur lægstar tekjurnar?

Ég endurtek að ég tel að viðskrh. geti gert þetta án lagabreytinga og ég vil spyrja hann að því hvort hann er reiðubúinn til þess, í samráði við Kauplagsnefnd svo sem skylt er, að beita sér fyrir því að slík könnun fari fram. Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. svari þessari spurningu áður en málið fer til 2. umr.

Komið hefur fram að ég hef verið þeirrar skoðunar, hef ég látið það koma fram hér á hv. Alþingi úr þessum ræðustól, að í rauninni væri ekki verulegur ávinningur að því fyrir láglaunafjölskyldurnar í landinu að vera eingöngu með svona meðaltalsvísitölu í gangi. Ég hef þess vegna sett viss spurningarmerki við þessa nýju vísitölu og við þennan nýja vísitölugrundvöll og ég geri það enn. Ég vil að það komi skýrt fram.

Ég vil jafnframt láta það koma fram að með tilliti til þess, að m. a. verkalýðssamtökin í landinu hafa lýst því yfir að þau hafi ekkert við það að athuga að þessi vísitala komi í framkvæmd eins og sakir standa, mun ég ekki fyrir mitt leyti, frekar en Alþb.-menn í Ed., gera neitt sem gæti tafið að þetta mál næði fram að ganga og næði gildistöku eins og hæstv. ráðh. hefur óskað eftir. En ég óska eftir því engu að síður að hann svari þessari spurningu minni: Er hann reiðubúinn til að beita sér fyrir því að fram fari sérstök neyslukönnun hjá láglaunafjölskyldunum í landinu hið allra fyrsta? Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan að ég hef enga trú á því að sú viðbára minna ágætu vina, forráðamanna Hagstofunnar, sé rétt að ekki sé hægt að framkvæma neyslukönnun nema á margra ára fresti. Vélabúnaður er allur orðinn þannig og tæknilegir möguleikar að hægt á að vera að framkvæma þetta miklu oftar en gert hefur verið.

En ég endurtek það, herra forseti, að afstaða okkar er sú að við munum eftir atvikum taka þátt í því að málið fái framgang eins og hæstv. ráðh. hefur óskað eftir, í samræmi við það sem Alþb.-menn beittu sér fyrir í Ed. En ég óska eftir því að hæstv. ráðh. svari engu að síður þessari spurningu minni nú áður en málið fer til 2. umr.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það sem ég held að sé mikilvægast í sambandi við mál af þessum toga er einmitt að neyslukannanir fari fram og að þær fari fram eins oft og menn telja að hægt sé að koma því við og sömuleiðis að gerðar séu kannanir hjá ólíkum stéttum fólks. Neyslukannanirnar eru nefnilega grundvöllur að þeim stjórnunaraðgerðum sem hægt er að gera í framhaldi af slíku.

Á grundvelli slíkrar könnunar geta þeir aðilar sem málið snertir síðan sett fram hugmyndir að reiknireglum eða reiknigrundvelli sem þeir telja að henti þeim best hverju sinni. Þannig er t. d. spurningin hvort ekki sé alveg nóg að Hagstofan sjái um að forma þær reiknireglur við útreikning vísitölu sem koma ríkisstj. helst við. Það eru ýmsir vísitölubundnir hlutir sem ríkisstj. eru skyldir, t. d. bætur almannatryggingakerfisins. Það er spurning hvort Hagstofan geti ekki í samráði við Tryggingastofnun ríkisins komið sér niður á reiknireglur til að reikna út vísitölu til að nota við greiðslu bóta. Aðilar á frjálsum vinnumarkaði mundu hugsanlega vilja nota verðbætur í sínum samningum. Þá geta þeir komið sér saman um aðrar reiknireglur ef þeim svo býður við að horfa. Aðalatriðið er að grundvöllurinn, þ. e. neyslukönnunin, sé fyrir hendi. Samningsaðilar gætu síðan ákveðið í frjálsum samningum að taka upp þá reiknireglu við verðbótareikning sem þeim hentar. Við gætum tekið sem dæmi að þeir ákvæðu í samningum að hafa einhvern hluta samninganna vísitölubundinn. Þá notuðu þeir t. d. matvöruliðina úr neyslukönnuninni til að reikna út verðbætur — eða sólarferðir eða hvað sem þeim hentar.

Sé þessu svona fyrir komið er Kauplagsnefnd í sjálfu sér óþörf. Ef Hagstofan sér um að gerðar séu neyslukannanir og sér um útreikning þessara mála af ríkisins hálfu fyrir þá samninga og þær greiðslur sem ríkið þarf að standa við, þá geta aðilar vinnumarkaðarins komið sér upp þeim reiknireglum sem þeir vilja hafa á sínum vígstöðvum.

En aðalatriðið í þessu er að áreiðanlegar neyslukannanir fari fram með mjög reglulegum hætti, vegna þess að reikningarnir verða aldrei nákvæmari en grundvöllurinn og grundvöllurinn er könnunin sjálf.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það verður ekki sagt annað en að um nokkra framþróun sé að ræða í þessu efni, eins og efni standa til. — Hér stendur í grg. á 2. bls.:

„Þrjár fyrstu neyslukannanir áttu það sammerkt að vera bundnar við Reykjavík eina, en neyslukönnun 1978—1979 tók til launþega á öllu Höfuðborgarsvæðinu."

Það var nú ekkert smáræði sem þeir höfðu fært út ríki sitt. Og þetta er skrifað með stórum staf eins og vera ber.

Ég verð að segja það eins og er að ég get ekki annað en byrjað á að óska þeim til hamingju með þetta framtak. Það vekur óljóst umhugsunina um stjórnarskrána og þær breytingar, sem þar er verið að tala um, að vægi þessa svæðis er náttúrulega það sem skiptir öllu máli og fráleitt að vera að tala um nokkur aukaatriði í þeim efnum.

En það er fleira sem er athyglisvert í þessu. Eitt er það, að neðst á bls. 4 hafa þeir vísu menn brotið heilann um hver væri húsnæðiskostnaður íbúanna og komist að þeirri niðurstöðu að þar sem stór fjöldi Íslendinga á eigið húsnæði á þessu svæði, þ. e. 85%, hafi húsnæðiskostnaðurinn lækkað. Þetta er alröng ályktun. Þetta fólk hefur aðeins arð af eigin fé en þeir sem aftur á móti eiga ekki sitt húsnæði hafa það að sjálfsögðu ekki. Það er fráleitt að grauta þessu saman. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þegar talað er um að í gamla grundvellinum hafi verið miðað við 15.6% vægi húsnæðisliðarins, þá er það miklu nær því að vera rétt mat á því hver húsnæðiskostnaðurinn sé. Trúlega er það samt of lágt.

Það er vikið að því á 5. bls. aftur á móti að þeir hafi rekist á frávik á kostnaði úti á landi hjá aðilum sem athugað var með. Þeir gera að vísu grein fyrir í upphafi að sú könnun sé ekki marktæk því að allt of fáir hafi verið þar inni og þess vegna fullnægi það ekki réttlátri rannsóknarmennsku að meta það sem einhvern heilagan sannleika, en hafa þó komist að þeirri niðurstöðu að um frávik er að ræða í kostnaði úti á landi varðandi útgjöld til húshitunar og rafmagns. Það verður einnig að segja að ekki er hægt að gera minna en óska mönnum til hamingju með svo frábæra niðurstöðu. Auðvitað hefur verið dýrt að komast að þessu og kostað mikla útreikninga og símtöl, eins og komið hefur fram í þessu plaggi, en þeir hafa engu að síður komist að því að þarna er um frávik að ræða.

Það undrar mig, þegar ég les þessa lagasmíð, að ekki skuli hafa hvarflað að flm. hversu skemmtilegur sá texti er sem hér lagður til grundvallar og hversu mikið af innbyggðum húmor er búið að koma fyrir í honum. En kannske er það orðið svo, að mönnum finnist eðlilegt að þegar verið er að leggja frv. fyrir Alþingi Íslendinga fjalli þau aðeins um vissan hluta af landinu, hitt gleymist gjörsamlega. Kannske er það orðið svo eðlilegt í vitund manna að þeir skynji ekki einu sinni gamansemina sem á bak við býr. Mig undrar það t. d. ef Alþýðusamband Íslands eða slíkir aðilar, sem eiga að vera heildarsamtök vinnandi fólks í þessu landi, leggja blessun sína yfir þau vinnubrögð að aðeins sé tekið út ákveðið svæði eins og í þessu tilfelli stór-Reykjavíkursvæðið, höfuðborgarsvæðið. Mig undrar það. Og þegar hv. 3. þm. Reykv. kvartar undan að bannað sé að reikna út ákveðna hluti, það sé algjörlega bannað að reikna þá út, mætti hann gjarnan minnast þess að í hans ráðherratíð lagðist hann eindregið gegn því að farið yrði í að reikna út ákveðna hluti vegna þess að það hentaði honum ekki sem ráðh. (Gripið fram í.) Það er spurning hvort fordæmið er ekki fengið frá hv. 3. þm. Reykv. á þeim tíma þegar hann var félmrh. (**KP:** Þessu var hv. þm. með í.)

Ég undirstrika alveg sérstaklega að ég tel það mikla vanvirðu við íslensku þjóðina ef Alþingi telur ekki rétt að rýmka þessi lög það mikið að hægt sé að framkvæma eðlilega neyslukönnun yfir landið allt og taka tillit til þess þegar vísitölugrundvöllur er reiknaður út. Ég hefði gaman af því að fylgjast með því hér á eftir hvort það verða einhverjir úr röðum þm. utan af landi sem telja það skipta einhverju máli hvort slíkir útreikningar fara fram.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fsp hv. 3. þm. Reykv. áðan til mín treysti ég mér ekki hér og nú að svara, en ég er reiðubúinn að athuga það sem kom fram í ræðu hans og vænti þess að við 2. umr. málsins geti ég svarað honum skýrt varðandi þá spurningu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er þetta mál búið að fara í gegnum hv. Ed. og hefur fengið afgreiðslu þar. Ég tek undir með hv. 3. þm. Reykv. að mig undrar nokkuð að meiri hl. á Alþingi skyldi ekki geta fallist á þær brtt. sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar í Ed. lögðu fram við þetta frv. Ég sé ekki neitt í þeim annað en jákvætt í þá átt að koma fram raunhæfari úttekt á því sem hér er um að ræða. Ég vænti þess að þingmeirihlutinn í Nd. verði víðsýnni en efrideildarmeirihlutinn virðist hafa verið í þessu sambandi og menn taki tillit til þess sem lagt hefur verið til í brtt. á þskj. 434 í hv. Ed.

Ég skal ekki, herra forseti, halda langa ræðu um frv. Það kemur fram í fskj. frá Ed. að miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur ekki ástæðu til að setja sig upp á móti því að hinn nýi grundvöllur verði tekinn upp, en bendir hins vegar á að hann sé orðinn um sex ára gamall og miðstjórnin hefði talið eðlilegra að byggt hefði verið á nýrri könnun en að byggja alltaf á gömlum útreikningum.

Ég vil hins vegar taka undir það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan. Ef menn eru að reyna að komast að raunverulegri neyslu landsmanna almennt á ekki bara að taka eitthvert tiltekið landsvæði út úr og gera könnunina þar. Allra síst á þetta við nú, eins og málin standa í dag, þegar ljóst er á þeim stöðum utan þess svæðis sem menn eru fyrst og fremst að tala um að gera könnunina á hefur svo hallað undan fæti að greinilegt er að fólk mun flýja þá staði unnvörpum verði ekki breyting á hugarfari stjórnvalda í þá átt að jafna kjörin, skulum við segja, milli þessa svæðis hér og staða úti á landi.

Ég fagna því, eins og hv. 5. þm. Vestf., að reiknimeistarar og spekingar skyldu hafa komist að þeirri niðurstöðu að t. d. húshitunarkostnaðurinn gæti gert þarna strik í reikninginn. Til þess hefði ekki þurft að leggja fram mikla vinnu, að mínu mati, eða útreikninga að sjá fyrir hversu gífurlega mikil áhrif sá þáttur einn hefur á könnun af þessu tagi, væri hún gerð á þeim landsvæðum sem það á við. Ég vil því beina því til hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, þ. e. hæstv. viðskrh., að hann komi því til leiðar að fjölgað verði þeim stöðum úti á landsbyggðinni þar sem neyslukönnun á sér stað og sem teknir yrðu inn í þennan

útreikning.

Ég sé ekkert réttlæti í því, eins og gert var við síðustu könnun sem hér er vitnað til, að svo til allir kaupstaðirnir á höfuðborgarsvæðinu, ef við tölum um stór-Reykjavíkursvæðið í einu orði, séu allir teknir með, en svo sé tíndur út einn staður í hverjum hinna landshlutanna. Ég sé ekkert sem réttlætir slík vinnubrögð. Ég beini því mjög eindregið til hæstv. ráðh. að hann beiti sér fyrir því við meðferð málsins hér í deildinni og það komi inn í við afgreiðslu málsins að fjölga þeim stöðum utan stór-Reykjavíkursvæðsins þar sem slíkar kannanir verða gerðar, þannig að menn fái sem heillegasta og raunhæfasta mynd af þeim kostnaði sem það fólk, sem landsbyggðina byggir, býr við. Sjáist það ekki í meðferð t. d. hv. nefndar að slíkt eigi að koma fram mun ég a. m. k. íhuga tillöguflutning í þá átt við afgreiðslu málsins í deildinni að þeim stöðum verði fjölgað úti á landi sem slík könnun tæki til, þannig að menn fái raunhæfar niðurstöður af þeim kostnaði sem fólk þar ber en ekki marklaust úrtak eins og síðasta könnun leiddi í ljós.

Ég tek líka undir það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði. Ég tel að það væri skynsamlegt í alla staði og nauðsynlegt ef hægt væri að gera neyslukönnun meðal láglaunafjölskyldna hið fyrsta. Ég hef enga trú á að í því tækniþjóðfélagi sem við nú búum í sé slíkt ekki hægt og það á miklu skemmri tíma eða oftar en menn eru nú að tala um. Ég held að við hljótum að vera komin það langt í tæknivæðingu að slíka könnun sé hægt að gera með styttra millibili en menn eru hér um að tala. Ég hygg að það sé hin eðlilega, skulum við segja, mótbára kerfisins að losna við slíkt, þannig að sem lengst líði á milli, en að það séu engin rök til fyrir því að slíkt sé ekki hægt.

Ég vildi gjarnan, herra forseti, og það skulu vera mín lokaorð að sinni, fá að heyra frá hæstv. viðskrh. hvort hann er því ekki hlynntur, hvort hann muni vilja beita sér fyrir því, og hann skal fá dyggan stuðning minn til þess og ég hygg fleiri, að við afgreiðslu málsins hér í deildinni verði gerð breyting þannig að fleiri staðir úti á landsbyggðinni komi inn í þær kannanir sem gerðar verða með það í huga að þær verði marktækar og menn fái heildarmynd af því, sem menn eru, að ég hugsa, að leita eftir, hver neyslan sé á hverjum tíma.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þær undirtektir sem beiðni mín fékk. Ég skildi hann svo, að hann muni beita sér fyrir því að kanna, hvort ekki megi setja í gang sérstaka könnun á neyslusamsetningu láglaunafjölskyldna í landinu. Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að ég tel að hæstv. ráðh. hafi heimild til að ákveða þetta án þess að lög skipi honum svo fyrir, enda minni ég á að neyslukönnun sú sem fram fór 1978 og 1979 og þessi vísitala er byggð á fór fram án sérstakrar lagasetningar. Ráðh. hefur því allar heimildir í þessu efni.

Hv. 5. þm. Vestf. er gjarnan með málalengingar um mína afstöðu til neyslukannana og lífskjarakannana fyrr á tíð. Ég nenni satt að segja ekki að svara því einu sinni enn, en ég ætla að koma því frá mér og gera honum tilboð: að þessu frv. verði breytt og inn í það verði tekið ákvæði um að skylt sé að taka tillit til neyslukostnaðar fólks í öllum landsfjórðungum eða kjördæmum, hvernig sem menn vilja hafa það, þegar vísitalan er reiknuð út hverju sinni. Ég held að þó að ráðh. hafi að mínu mati þessa heimild þá væri skynsamlegt að Alþingi markaði þessa stefnu. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. til samkomulags að skynsamlegt og heppilegt væri að við hefðum yfirlit yfir það sem víðast. Þá er bara spurningin um það, hvort hv. þm. vill sem hluti af stjórnarliðinu hjálpa mér og hv. þm. Karvel Pálmasyni til að lögfesta þetta ákvæði, svo að þrætuepli sé úr sögunni, heyri a. m. k. fortíðinni til, og við hugsum til þess okkur til skemmtunar af og til en eyðum ekki tíma Alþingis í framtíðinni í að pexa um mál af þessu tagi. Ég geri hér með hv. þm. þetta tilboð og vona að hann taki því vel.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Örfá orð út af því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði. Ég sagðist vera reiðubúinn að kanna það mál sem hann spurði mig um. Ég væri hins vegar ekki í stakk búinn til að svara því hvort mögulegt væri að gera slíkt nú og eins og hv. þm. ræddi um.

Varðandi það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði er ég þeirrar skoðunar að eðlilegast sé að Kauplagsnefnd hafi með höndum hvernig val á sér stað, þegar slík neyslukönnun er gerð, sem er grundvöllur að framfærsluvísitölu. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því eins og áður að Kauplagsnefnd hafi allan rétt til að haga þeim málum eins og henni finnst skynsamlegast. Þar eiga m. a. fulltrúar Alþýðusambands Íslands sæti. Og það kemur fram í grg. með frv. hvaða staðir það voru sem hafðir voru með í neyslukönnuninni 1978—1979. Hvort Kauplagsnefnd teldi rétt að fjölga þeim eða fækka verður að mínum dómi að vera hennar mál.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það kom fram sá skilningur hjá hv. 3. þm. Reykv. að ráðh. hefði tekið vel í það að framkvæmd yrði neyslukönnun láglaunafólks í landinu. Það sem ég þarf fyrst og fremst að fá á hreint í þessu sambandi er það hvort fólkið utan höfuðborgarsvæðisins telst til landsins. Því að teljist það til landsins, þá liggur náttúrlega ljóst fyrir að slík könnun er ófullnægjandi. Það þarf náttúrlega að endurskoða þetta.

Ég mótmæli þeim skilningi að Kauplagsnefnd eigi að ráða því, hvernig staðið er að svona könnun. Ég mótmæli þeim skilningi. Ég rakst einhvers staðar á það að kostnaður við þessa könnun væri tilgreindur. Ég hef grun um að hann sé greiddur af íslenska ríkinu. Hverjir skyldu þá fremur en alþm. eiga að segja fyrir um það, hvernig að þessu sé staðið? Á það að vera einhver nefnd úti í bæ sem á að ráðskast með það? Það er fráleitt.

Ég vil aftur á móti geta þess, að ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með hverri till. sem fram kemur í þinginu á þann veg að ég telji að tekið verði tillit til stærri landsvæða en gert hefur verið fyrr í neyslukönnun. En ég er andvígur því að blanda þessu of mikið saman. Ég vil að framkvæmd verði sérstök neyslukönnun fyrir þau svæði sem eru utan höfuðborgarsvæðisins. Og hvers vegna? Vegna þess að það hefur jafnt og þétt sigið á ógæfuhliðina með verslunarkjör þeirra sem búa utan þessa svæðis, m. a. verslunarkjör á innlendri orku, sem Landsvirkjun skammtar beint og óbeint. Einnig er vitað að með stórmörkuðum eins og Hagkaupum, Miklagarði og fleiri stórmörkuðum hefur náðst athyglisverður

árangur í því að ná niður almennu vöruverði. Það hlýtur að vera eðlilegt að skoða stöðu dreifbýlisins í ljósi þessa.

Ég vil bæta því við að mér sýnist allmikil þörf á því að foringjar stjórnmálaflokkanna, sem hafa lofað að bera hér fram frv. til að jafna aðstöðuna í landinu, fái betri upplýsingar um kjörin á hinum ýmsu stöðum en þeir hafa í dag. Og er þá ekki einmitt sanngjarnt að það verði Alþingi sem leggi á ráðin um það hvernig hægt sé að veita þeim þær upplýsingar?

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur hreyft hér mjög athyglisverðum þætti sem nauðsynlegt er að skoða nánar.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. hefur sagt, að í þessu landi er mikill munur á kjörum fólks, bæði eftir landshlutum og ekki síður eftir þjóðfélagshópum. Þessi munur hefur aukist mjög á síðustu misserum. Ég er þeirrar skoðunar að hann sé nú orðinn svo mikill að í reynd sé tómt mál um það að tala að meðaltalskönnun á framfærslu fjölskyldna hér í landi, sem tekin er eftir almennum úrtaksaðferðum, þar sem allar fjölskyldur í landinu eru í einum og sama potti, gefi raunhæfa mynd af þeim kjörum sem í landinu eru.

Þessu til skýringar má taka mjög einfalt og þekkt dæmi úr slíkum tölfræðilegum umr. Dæmið er á þann veg, að ef í einu baðkari er sjóðandi heitt vatn og í öðru baðkarinu er ískalt vatn sé viðkomandi einstaklingi óhætt að fara í bað vegna þess að meðaltalshitinn sé í lagi. Ef hann ætlaði sér hins vegar í bað og færi ofan í sjóðandi heita baðið skaðbrenndi hann sig svo að það yrði að fara með hann á sjúkrahús.

Þannig er það alkunn regla að meðaltöl sem tekin eru úr mjög ólíku safni þjóðfélagshópa gefa í reynd ranga mynd af þeim veruleika sem við blasir.

Ég var þeirrar skoðunar, þegar unnið var að þeirri neyslukönnun sem hér er til umr., að það hefði átt að leggja mun meira á sig við að afla gagna úr öllum landshlutum. Ég lét þá skoðun í ljós á þeim tíma við þá aðila, innan þings og utan, sem að þessu verki komu. Það er hins vegar rétt að þeir sem í stjórnsýslukerfinu báru ábyrgð á framkvæmd könnunarinnar töldu það allt of mikið verk fyrir sína stofnun að stunda svo viðamikla athugun. Ég var þá þeirrar skoðunar að mótbárurnar, sérstaklega frá starfsmönnum Hagstofu Íslands, stöfuðu einfaldlega af því að Hagstofan hefði ekki aflað sér reynslu við kannanavinnubrögð af þessu tagi. Hagstofan er ein elsta gagnasöfnunarstofnunin í þessu landi og hún hefur sérþjálfað sig í gagnasöfnun þar sem fyrst og fremst er beitt öðrum aðferðum en eiga við þegar slíkar neyslukannanir eru lagðar til grundvallar. Þess vegna töldu forráðamenn Hagstofunnar og aðrir þeir sem í krafti embætta sinna komu að þessu verki þetta vera mun veigameira en ég og ýmsir aðrir, sem reynslu hafa haft af almennum atferlis- og viðhorfakönnunum í þessu þjóðfélagi og annars staðar, töldum að ætti að vera. Enn á ný kemur í ljós að þeir sem embættislega eiga að koma að slíku verki eru að mínum dómi með óeðlilegar viðbárur þegar þrýst er á um að fleiri kannanir séu gerðar og á skemmri tíma.

Ég held að það sé mikið til í því, sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði áðan, að Alþingi eigi sjálft að taka af skarið í þessum efnum og skylda með lögum viðkomandi stofnanir til að framkvæma neyslukannanir sem byggðar séu á neysluferli fólks, bæði í landshlutum og einstökum samfélagshópum. Ég tel að skipting á slíku eftir landshlutum sé jafnvel ekki nægilega fíngerð skipting til að gefa rétta mynd. T. d. held ég að fólk sem býr á Akureyri eða Selfossi hafi töluvert öðruvísi neyslumunstur og útgjaldabyrði en fólk sem býr annars staðar á Norðurlandi eða í öðrum hlutum Suðurlands. Sama veit ég að gildir innan Vesturlands, Austurlands og einnig Vestfjarða.

Við vitum það, alþm., að umr. í þessu húsi snýst nánast á hverjum degi í einu eða öðru formi um kjör fólksins í landinu. Hér eru fluttar fsp. um samgöngumál, um upphitunarkostnað. Hér er rætt um láglaunabætur. Hér er rætt um skattamál. Hér er rætt um kjaramál og fjölmarga aðra þætti sem á einn eða annan hátt snerta kjör fólksins í landinu. Engu að síður er það alveg rétt, sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson benti hér á, að við höfum ekki nægilega ítarlegar né nægilega fíngerðar upplýsingar um það kjaramunstur sem ríkir í þjóðfélagi okkar. Þess vegna erum við oft eins og menn fálmandi í myrkri þegar við erum að ræða um hvaða afleiðingar hin og þessi löggjöfin hafi eða erum að rökræða mismunandi aðferðir sem mega að gagni koma hinum einstöku samfélagshópum.

Með líkum hætti tel ég að hér á höfuðborgarsvæðinu svokallaða sé nú ríkjandi miklu meiri kjaramunur en verið hefur í áraraðir, jafnvel nokkra áratugi. Alþm. og forstjórinn, þó maður nefni ekki ráðh. með sínar 80 þús. kr. á mánuði, hefur eðlilega allt öðruvísi neyslumunstur en einstætt foreldri eða láglaunamaður með 14—15 eða 16 þús. kr. Það segir sig sjálft. Umframeyðsla forstjóranna, þingmannanna, ráðuneytisstjóranna og ráðherranna skapar inni í framfærsluvísitöluna alls konar útgjaldaliði, en þúsundir launafólks hafa aldrei neinn möguleika á að veita sér það sem í þeim liðum felst.

Það eru milli 10 og 20 þús. launafólks á höfuðborgarsvæðinu sem tilheyra verkalýðsfélögum þar sem samningar um kaup og kjör gefa til kynna að kjörin séu ekki nema á bilinu 12—13 til 17—18 þús. kr. Menn geta einfaldlega gert sér í hugarlund að þegar húsaleigan er komin upp í 7—8 þús. kr., rafmagn og hiti gefur nokkrar þúsundir í viðbót og matarreikningurinn fyrir slíkt heimili nemur mörgum þúsundum króna er ekkert orðið eftir fyrir aðra útgjaldaliði sem sú framfærsluvísitala sem við erum nú að fjalla hér um hefur í sér fólgið með mjög skýrum hætti.

Ég hefði talið nauðsynlegt að sú nefnd sem um þetta frv. fjallaði hér í þinginu, bæði í Ed. og einnig í Nd., hefði kallað til sín ýmsa af þeim fræðimönnum sem eru sérfræðingar í því að gera slíkar neyslu-, atferlis- og viðhorfakannanir á skömmum tíma með alláreiðanlegum hætti. Slíkir menn eru til í þessu landi. Þeir eru prófessorar við háskólann eða starfandi við ýmsar rannsóknarstofnanir. Þeir hefðu getað veitt mjög greinargott yfirlit um það, með hvaða aðferðum væri hægt á tiltölulega skömmum tíma að fá allgóðar yfirlitsupplýsingar um neysluvenjur og þar með útgjaldamunstur hinna ýmsu þjóðfélagshópa. Ég fullyrði að þótt slíkar mælingar væru aldrei 100% nákvæmar væru þær a. m. k. nákvæmari mynd af því samfélagi sem við búum í en sú framfærsluvísitala sem við erum hér að fjalla um. Þess vegna eru það að mínum dómi fræðilega séð ekki gild rök hjá þeim embættismönnum eða

fulltrúum hagsmunasamtaka sem hafa látið þau rök í ljós að ekki sé fræðilega kleift að afla á skömmum tíma nákvæmari, ítarlegri, víðtækari upplýsinga um hið fjölbreytilega útgjaldamunstur í þessu landi. Ég tel að það sé einfaldlega rangt og væri reiðubúinn til þess hér, þó Alþingi sé ekki rétti vettvangurinn til þess, að rökstyðja það ítarlega með tilvísunum í ýmiss konar rannsóknir og rannsóknaraðferðir sem hafa verið þróaðar hér og annars staðar á þessu sviði.

Ég tel þess vegna að þessi hv. deild eigi í fullri alvöru að hugleiða að breyta þessu frv. á þann veg að setja inn í það ákvæði sem skyldi hlutaðeigandi stofnanir til að hefjast nú þegar handa um rannsókn á útgjaldamunstri fólks eftir byggðarlögum og eftir ákveðnum þjóðfélagshópum. Ef hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og aðrir þeir sem þessu máli hafa hreyft í umr. eru reiðubúnir að skoða það nánar er ég fyrir mitt leyti fús til að hugleiða að gerast meðflutningsmaður að brtt. í þá átt milli umr. í þessari hv. deild svo að við getum skoðað það á raunhæfan hátt að hafist verði handa um að veita þjóðinni, okkur sjálfum og öðrum, þær nákvæmu upplýsingar sem hægt er að afla — og ég undirstrika það — um hin ólíku útgjaldamunstur sem ríkjandi eru í samfélagi okkar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er langt síðan — hafi það þá nokkurn tíma gerst — að hv. 7. þm. Reykv. hefur flutt jafn skynsamlega ræðu og hann gerði nú. Ég hygg að ef menn hugleiði þessi mál hljóti þeir að komast að niðurstöðu um að það er æði fjölbreytt lífsmunstrið í þjóðfélaginu, bæði borið saman milli kjördæma og eins innan svæða í hverju kjördæmi. Þannig að ég tek mjög undir það sem hann sagði áðan og hefur raunar sagt áður. En ég veit ekki, hv. 7. þm. Reykv., hvort sækja eigi þessa vinnu eða fræðslu fyrst og fremst til Háskólans. Ég dreg mjög í efa að þar sé neitt rýmra eða víðara til veggja hvað varðar viðsýni í þjóðfélaginu en er í hinum ýmsu kerfum innan ríkisins á öðrum sviðum (**ÓRG:** Ég sagði bara að hin tæknilegu vinnubrögð væru þar fyrir hendi.) Það má vera.

En aðeins út af því sem hæstv. ráðh. sagði. Ég tel alveg fráleitt að ætla í þessu tilfelli að það verði Kauplagsnefnd sem ákvarði í hvaða landshlutum eða á hvaða svæðum slík könnun verður gerð. Það hefur sýnt sig að sú ágæta nefnd, án þess að ég ætli á nokkurn hátt aað lasta hana, hefur haldið sig æði lengi við sama landssvæðið og ekkert bendir til þess að þar hafi orðið nein sérstök hugarfarsbreyting í þá átt að þar yrði frekar víkkað meira út en gert hefur verið í sambandi við t. d. næstu könnun sem gerð yrði. Þannig að ég tel að nauðsynlegt sé að festa það í lögum frá Alþingi að Kauplagsnefnd skuli gera þetta með þeim hætti sem Alþingi vill þannig að það sé á hreinu.

Ég held að ekki verði komist fram hjá því að við meðferð málsins hér í deild komi slík tillaga fram. Þá sést hverjir það eru sem áfram vilja hjakka í sama farinu með því að gera slíkar kannanir í raun og veru bara hér á höfuðborgarsvæðinu eða að láta nefnd úti í bæ ákveða það hvar það verði gert. Ég sé ekki að hæstv. ráðh. eða ríkisstj. eða þingmeirihluti hér geti neitt haft á móti því að hér verði það ákvarðað af Alþingi með hvaða hætti þetta skuli gert en ekki nefnd úti í bæ látin um það. Ég held að skynsamlegt væri að feta sig af þeirri braut, sem að mínu viti hefur allt of lengi verið farin, að láta embættismenn kerfisins ráða of miklu um með hvaða hætti á málum er tekið hverju sinni. Það væri nær fyrir hv. Alþingi a. m. k. að staldra við, helst að stíga til baka og taka sér meira af því valdi sem það á að hafa til að ákvarða framvindu mála.

Ég tek alveg undir það og veit að hv. 7. þm. Reykv., talar þar af reynslunni að embættismenn í kerfinu eru tregir í taumi. Þar veit ég að hv. 7. þm. Reykv. talar af fullkominni reynslu. Þannig að ekki er hægt að láta þá ráða ferðinni í þessu máli og raunar ekki öðrum heldur.

Að síðustu, það kom ekki í huga minn fyrr en hv. 5. þm. Vestf. nefndi það, en það hvarflar ekki að mér að ef ráðist yrði í að gera slíka láglaunahópskönnun eða láglaunaheimilakönnun, hvað sem menn vilja kalla það, yrði hún bara gerð hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég treysti því að láti hæstv. viðskrh. verða af því að gera slíka könnun sem ég vona, nái hún til landsins alls og verði gerð á þann hátt að hún sé marktæk. Öðruvísi er ekkert gagn að þessu. Það er heldur ekkert gagn að því að gera slíkar kannanir áfram sem sýna einvörðungu lífsmunstur eða neyslumunstur hluta þegna þjóðfélagsins.

Þess vegna ítreka ég að ég vænti þess að hæstv. ráðh. verði jákvæður fyrir því að breyta frv. í það form að það verði skylda Kauplagsnefndar að gera neyslukannanir með þeim hætti að þær verði marktækar alls staðar að af landinu og það verði Alþingi sjálft sem ákvarði með hvaða hætti þær verði gerðar.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í hv. Ed. var flutt till. um að neyslukannanir skyldu fara fram hjá því fólki sem býr við lökust lífskjör, þ. e. þeim fjórðungi fjölskyldna sem hafa lægstar tekjur. Þeirri till. var hafnað þar. Hins vegar finnst mér nú að umr. hér bendi til þess að rétt sé að láta reyna á till. aftur og ég mun beita mér fyrir því að svo verði.

Enn fremur sýnist mér einsýnt að rétt sé að flytja till. hér um breytingu á þessu frv. þar sem skýrt komi fram að neyslukannanir þær, sem liggja til grundvallar lífskjaramælingum í landinu, nái til landsins alls. Ég kvaddi mér hljóðs til að koma þeirri athugasemd á framfæri að ég mun beita mér fyrir því fyrir mitt leyti — og ég veit að fleiri þm. eru tilbúnir að taka þátt í því — að slík till. verði flutt og að upphaf 3. gr. frv. orðist t. d. svona:

„Kauplagsnefnd skal eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti“ — ef miðað væri við brtt. sem var í Ed. — „láta fara fram athugun á því hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Könnunin nái til allra landsfjórðunga.“ — Síðan haldi till. áfram eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þetta er einföld lausn á þessu máli sem hv. þm. Ólafur Þórðarson hefur stundum verið að halda ræður um á undanförnum þingum.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta. Það er búið að fjalla hér um þær brtt. minni hl. sem ég styð. Hér hafa orðið nokkrar umr. um neyslukönnun sem vísitöluútreikningurinn byggist á. Get ég tekið undir flest það sem sagt hefur verið, einkum í sambandi við nauðsyn þess að slík könnun taki til fleiri staða utan höfuðborgarsvæðisins með eða án upphafsstafs. En ég hnýt um það sem segir í grg. með þessu frv. um samsetningu þeirra fjölskyldna sem könnunin hefur tekið til. Hér segir, með leyfi forseta:

„Sem fyrr var ákveðið, að fyrirhuguð neyslukönnun skyldi taka til launþega einna, með þessari hefðbundnu flokkun: Verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn, opinberir starfsmenn, verslunar- og skrifstofufólk í þjónustu einkaaðila. Iðnaðarmenn, er væru jafnframt vinnuveitendur, voru ekki hafðir með. Þátttaka var bundin við hjón með eða án barna 17 ára eða yngri á árinu 1978. Heimilisfaðir mátti ekki vera eldri en 66 ára á árinu 1978, en hins vegar voru engin aldursmörk við neðri enda aldursstigans. Aldur eiginmanns réð þannig þátttöku — eiginkona mátti vera eldri en 66 ára 1978. Skal í þessu sambandi upplýst, að hlutur heimilisföður í öflun tekna utan frá var í öllum tilvikum nema fjórum meiri en hlutur heimilismóður."

Vantar ekki eitthvað inn í myndina? Hvar er sú fjölskylda sem hefur aðeins eina fyrirvinnu? Hvar eru einstæðu foreldrarnir? Flestir munu vera sammála um að neysluvenjur slíkra fjölskyldna séu með öðrum hætti en þeirra sem njóta beggja foreldranna, beggja fyrirvinna. Mig langar því að spyrja ráðh. álits á því hvort hér sé ekki um atriði að ræða sem taka þurfti tillit til.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í framhaldi af þeirri umræðu sem hér hefur orðið vil ég vekja athygli þeirrar nefndar sem frv. fær til umfjöllunar á því að það kann að vera nauðsynlegt að kveða nokkru nánar á í lagatextanum um þær kannanir sem hér á að framkvæma heldur en gert er í þeim textum, sem lesnir hafa verið upp til þess að hafa það alveg ljóst að framkvæmdar verði kannanir af því tagi sem við viljum láta framkvæma. Ég vil kynna fyrir hv. deildinni orðalag sem gæti orðið grundvöllur að slíkum umr. í n. og er á þessa leið:

„Kauplagsnefnd skal á tímabilunum maí—ágúst 1984 og maí—desember 1984 og árið 1985 framkvæma kannanir á heimilisútgjöldum launafólks. Skulu þær kannanir taka mið af búsetu eftir einstökum landshlutum og helstu búsetutegundum innan landshluta og einnig af ólíkum tekjuhópum og fjölskylduhópum innan ASÍ, BSRB, BHM og annarra samtaka launafólks. Vinna skal úr könnununum jafnóðum og þær eru framkvæmdar."

Með þessu orðalagi er kveðið á um að nú þegar verði byrjað að framkvæma könnun sem taki til fjögurra mánaða í upphafi og gefi strax ákveðnar vísbendingar og geti orðið grundvöllur að nánari umræðum. Jafnframt verði lögð drög að könnun sem taki út tímabilið frá maí til áramóta og síðan heildarkönnun árið 1985 og þetta sé sundurliðað eftir einstökum landshlutum og búsetutegundum innan landshluta sem og hinum ólíku fjölskyldu- og tekjuhópum sem í landinu eru. Ég held að aðeins með slíku ítarlegu orðalagi gæti þingið skýrt og skorinort gefið til kynna vilja sinn í þessum efnum og hver sú nefnd sem þetta fær til meðferðar eigi að skoða þann þátt málsins mjög gaumgæfilega.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því að þessi umr. hefur þróast inn á mun skynsamlegra svið en ég átti von á í upphafi. Það er rétt að fagna því að 7. þm. Reykv. fór inn á heimavöll, því að það eru félagsfræðivísindi sem þarna er verið að ræða um, og við skulum ekkert vanmeta að hann er vel að sér á því sviði. Ég vænti þess að sú nefnd sem fær frv. til umfjöllunar geri sér grein fyrir að fyrirkomulagið, sem er búið að renna sitt skeið, hefur verið steinrunnið eins og það hefur verið framkvæmt, og meðaltalsútreikningar, eins og þar hafa verið settir upp, svara ekki þeim spurningum sem menn hafa verið að leita svara við. Það er hárrétt að miða verður þetta við tekjuhópana sjálfa í þjóðfélaginu til að fá grundvöll. Það er allt önnur neysla hjá fjölskyldu sem hefur 20 þúsund á mánuði en fjölskyldu með 12 þúsund, 40 eða 80. Það hlýtur að skýra sig sjálft.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 222). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sérstakrar nefndar, lausanefndar skv. 15. gr. þingskapa, með 21 shlj. atkv.

Kosning lausanefndar.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Friðrik Sophusson
Páll Pétursson
Halldór Blöndal
Þorsteinn Pálsson
Svavar Gestsson
Kjartan Jóhannsson
Kristín Halldórsdóttir.

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 349 (sbr. 346), n. 422 og 442, 423). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. Þetta mál hefur fengið ítarlega umfjöllun í n. Það var rætt mjög mikið við 1. umr. og vísað til n. 15. febr. og hefur þess vegna verið til meðferðar í n. u. þ. b. einn mánuð. Það er ákaflega nauðsynlegt að málið fái hraða afgreiðslu í hv. Nd. þar sem málið þarf að fara aftur til Ed. vegna brtt. sem meiri hl. gerir við frv. Segja má að frv. þurfi að samþykkja ekki síðar en á mánudag. Vonast ég til þess fyrir hönd meiri hlutans að um það náist góð samstaða að flýta fyrir afgreiðslu málsins, enda hefur það eins og ég sagði fyrr fengið ítarlega meðferð í n. og verið rætt öðrum málum meir hér í hv. deild.

Á fund n. kom fjöldi embættismanna frá Aflatryggingasjóði, Fiskveiðasjóði, samtökum viðskiptabanka, frá fjmrn., úr iðnrn., Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, félmrn., Húsnæðisstofnun og auk þess kom biskupinn yfir Íslandi á nefndarfundi ásamt kirkjuráði.

Á þskj. 423 eru fluttar brtt. sem ég tel ástæðu til að gera grein fyrir í örstuttu máli. Fyrsta till. er brtt. við 3. gr. frv. Þar er um að ræða nýja skiptingu fjármuna sem fara til Landsvirkjunar. Ástæðan fyrir því að þessi brtt. er gerð er sú, að nýir útreikningar sýna breyttar tölur, aðallega vegna Suðurlínu, og enn fremur að tilmæli

bárust frá Landsvirkjun um að sundurliða þessa fjárhæð ekki eins mikið og gert var ráð fyrir hjá Ed., en það takmarkaði nokkuð möguleika til þess að fara með fjármunina eins og Landsvirkjun og iðnrn. telur eðlilegast. Samt sem áður er þarna um að ræða nokkra sundurliðun eins og kemur fram á þskj. 423.

Í annan stað flytur meiri hl. brtt. við 24. gr. frv., sem er um Kristnisjóð, og leggur til að í stað 2.5 millj. komi 3.6 millj. Byggist það m. a. á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð, þar sem gert er ráð fyrir í 20. gr. þeirra laga að tekjur Kristnisjóðs skuli vera m. a. árlegt framlag úr ríkissjóði er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum sem lögð eru niður skv. lögum þessum og laun þau sem sparast á hverjum tíma þegar prestakall er prestlaust, svo að ekki komi til greiðslu prestlauna eða hluta þeirra, og skal þá miðað við hámarkslaun presta. Nefndarmeirihlutinn gerir ráð fyrir að þessi upphæð, 3.6 millj., sé í samræmi við hin lögbundnu framlög í 20. gr. áðurnefndra laga.

Í þriðja lagi flytur meiri hl. till. um heimild fyrir fjmrh. að endurgreiða Flugleiðum hf. og Cargolux lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli. Skv. upplýsingum Flugleiða hf. er gert ráð fyrir um það bil 14% aukningu á lendingum á Keflavíkurflugvelli á árinu 1984 miðað við árið 1983. Lendingargjöld á tímabilinu 1. okt. 1983 til ársloka 1983 eru skv. þessari áætlun liðlega 135 þús. dollarar, en áætluð lendingargjöld 1984 822 þús. dollarar. Samtals eru það því 957 þús. dollarar eða um það bil 27 millj. ísl. kr. Það skal tekið fram að þetta þýðir 23 millj. tekjutap fyrir ríkissjóð á yfirstandandi ári. En hvað Cargolux varðar er ekki um að ræða tekjutap vegna þess að ekki voru áætluð lendingargjöld á þessu ári, en ef gert er ráð fyrir að lendingar verði 50 á þessu ári mun sú upphæð nema 1.1—1.3 millj. kr.

Í fjórða lagi flytur nefndarmeirihlutinn till. sem heimilar fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að upphæð 30 millj. kr. til Bjargráðasjóðs sem hann síðan endurlánar kartöflubændum vegna uppskerubrests á árinu 1983.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjalla fremur um frv. á þessu stigi, en ítreka það sem ég sagði í upphafi, að afar brýnt er að frv. fái fljóta og greiða afgreiðslu í hv. deild svo að Ed. geti afgreitt málið n. k. mánudag.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er vitaskuld Alþingi til minnkunar að ætla að afgreiða lánsfjárlög sem flm. frv. hefur sjálfur lýst yfir að ekki standi steinn yfir steini í, þar sem hann hefur látið frá sér fara bréflega yfirlit sem gefur til kynna skýrt og skilmerkilega að það lánsfé, sem eigi hér að úthluta, sé ekki til. Flm. frv. hefur með bréfi, dags. 3. mars s. l., gert heyrum kunnugt og svo við umr. hér á Alþingi að hinn innlendi lánsfjármarkaður muni ekki skila þeim 800 millj. kr. sem ætlunin sé að úthluta til ýmissa verkefna á vegum ríkis og ríkisstofnana, heldur einungis 400—500 millj. kr. Engu að síður er hér lagt til af stuðningsmönnum ríkisstj. að þessi lánsfjárlög verði afgreidd eins og ekkert hafi í skorist. Þetta er niðurlægjandi fyrir ráðh., sýnist mér. Það er aumkunarvert hlutskipti, sem ágætur þm. eins og hv. þm. Friðrik Sophusson fær að mæla fyrir því að fé sé úthlutað sem gæslumaður ríkissjóðs segir að sé ekki til. Þetta er vanvirða við þingið.

Í yfirliti fjmrh. frá 3. mars s. l. er það staðfest, sem margir hafa talið að allt benti til, að forsendurnar undir lánsfjárlögunum og fylgjandi lánsfjáráætlun séu ekki fyrir hendi. Ég tel að það hljóti að vera einstakt í þingsögunni að flm. frv. lýsti því yfir áður en frv. kemur til afgreiðslu að fyrir því sé ekki fótur, undir því sé ekki grundvöllur og frv. sjálft sé þess vegna ómark og að menn setji sig í þær stellingar af hálfu tveggja stærstu stjórnmálaflokkanna í landinu að loka augunum og láta eins og ekkert sé og ætli sér að afgreiða frv. eins og gæslumaður ríkissjóðs og flm. frv. hefði aldrei sagt orð.

Sannleikurinn í þessu máli er vitaskuld sá, að úr því að ríkisstj. hefur sjálf lýst því yfir að forsendurnar séu undan frv. er ekki aðeins nauðsynlegt heldur líka rétt að frv. sé endurskoðað og það sem meira er: það er háskalegt að afgreiða frv. í óbreyttri mynd. Það er háskalegt vegna þess að verið er að vekja vonir og úthluta peningum sem eru ekki fyrir hendi og með því að standa þannig að verki eru menn jafnframt að missa endanlega tökin á efnahagsmálunum.

Sé farið fram eins og hér er lagt til af hálfu ríkisstjórnarflokkanna getur þrennt gerst:

Í fyrsta lagi getur það gerst að tekin verði erlend lán til að mæta þeirri fjárvöntun sem hér er talin vera á innlendum lánsfjármarkaði. Er það meining ríkisstj.? Ríkisstj. hefur marglýst því yfir að ekki eigi að ganga lengra í erlendum lánum en þegar hefur verið gert. Ég tel háskasamlegt að menn gangi til þess verks blindandi og að nauðsynlegt sé að ef einhver slík áform séu uppi séu þau rædd af hreinskilni. Ég held að það hafi verið samdóma álit flestra þm. að menn væru komnir nógu langt á þeirri braut að taka lán, hvað þá að menn ætli sér að taka erlend lán fyrir aftan bak.

Menn gætu í annan stað látið það gerast að peningar yrðu prentaðir eiginlega í óleyfi til að mæta þessari fjárvöntun, úr því að peningunum hefur verið úthlutað. Það mundi hafa nákvæmlega sömu afleiðingar í viðskiptahalla og erlendri lántöku til þess að mæta hallanum. Þess skulu menn ekkert ganga duldir.

Það þriðja sem gæti gerst væri að eitthvað stæði aftur af, eitthvað yrði út undan af því sem hefði verið lofað í þessari lánsfjáráætlun og gengið frá. Ef ætti að geta í það út frá þeim forsendum sem nú liggja fyrir, hvað mundi þá helst standa aftur af? Augljóst virðist af lánsfjárlögunum, lánsfjáráætlun og grg. fjmrh. að það yrði fyrst og fremst húsnæðislánakerfið. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að þm., hvar í flokki sem þeir standa, telji að einmitt húsnæðislánin eigi að sitja á hakanum og þá ekki síst miðað við þann feikilega niðurskurð sem þegar hefur átt sér stað af hálfu ríkisstjórnarinnar á húsnæðislánakerfinu, miðað við lánsfjárlögin og lánsfjáráætlunina sjálfa eins og það liggur fyrir.

Sannleikurinn er sá, að ef sá fjárskortur sem lýst hefur verið bitnar að mestu leyti á húsnæðislánakerfinu verður næstum því ekkert eftir af því. Svo einfalt er það. Uppbygging lánsfjárlagafrv. og lánsfjáráætlunarinnar bendir til þess að það sem fyrst mundi standa út af, ef út af yrði látið standa, eins og frv. og áætlunin liggja fyrir, yrði einmitt húsnæðislánakerfið.

Við þessar aðstæður er auðvitað bæði rétt og nauðsynlegt af sjónarhóli þjóðarinnar allrar og með tilliti til hagstjórnar í landinu að lánsfjárlögin verði tekin til endurskoðunar miðað við forsendurnar eins og þær eru

best þekktar núna. ýmsir þm. stjórnarandstöðunnar höfðu haft orð á því fyrr að hér væri um hæpnar forsendur að ræða. Ýmsir embættismenn höfðu líka látið það koma fram. Nú er það staðfest.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan lánsfjárlögin og lánsfjáráætlunin voru lögð fram hefur í rauninni verið staðfest, ekki bara af embættismönnum heldur líka af ráðh., að allt sé komið úr böndunum. Hæstv. forsrh. sá ástæðu til þess að gera það að umtalsefni í fyrri viku að peningamagn í umferð, að útlán bankakerfisins til almennra útlána væru langtum meiri en gert væri ráð fyrir í efnahagsáætlunum ríkisstj., þ. e. í lánsfjáráætluninni. Fjmrh. hefur fyrir hönd ríkisstj. staðfest að ríkisskuldabréfin seljist ekki í þeim mæli sem áætlað hafði verið. — Herra forseti. Það er mikil umr. í gangi í hliðarherbergi milli ágætra manna. Þeir gætu kannske fundið sér annan stað.

Þetta eru ekki einu yfirlýsingarnar sem borist hafa, heldur hefur hæstv. fjmrh. líka gert það sérstaklega að umtalsefni að fjárlagaramminn sé sprunginn. Við þessar aðstæður og þegar þessar yfirlýsingar þeirra sem fara með stjórn landsins liggja fyrir verður ekki séð að það séu nokkrar forsendur undir því að afgreiða lánsfjárlögin í núverandi mynd — og það sem meira er: það er háskalegt að dómi minni hl. fjh.- og viðskn.

Í samræmi við þessi sjónarmið hefur minni hl. n. skilað nál. á þskj. 442. Þar er í upphafi bent á að skv. upplýsingum frá ríkisstj. í yfirliti frá fjmrn. frá 3. þ. m. sé einungis gert ráð fyrir nú að 400—500 millj. kr. fáist á innlendum lánsfjármarkaði í stað þeirra tæplega 800 millj. kr. sem lánsfjáráætlun og lánsfjárlög þessi byggjast á. Út frá þessu segir:

„Þau lánsfjárlög, sem hér eru til afgreiðslu, eru því gersamlega óraunhæf skv. mati ríkisstj. sjálfrar og allar forsendur lánsfjárlaganna í þessari mynd eru þannig brostnar. Það er því bæði rangt og háskalegt að afgreiða lagafrv. óbreytt og eins og ekkert hafi í skorist. Það vekur falskar vonir, allar áætlanir einstakra stofnana og fyrirtækja verða á röngum forsendum og allur eftirleikur verður þeim mun erfiðari.“

Í þriðja lagi er bent á eftirfarandi:

„Þá hefur komið fram í n. að ríkisstj. áformar nú þegar stórfelldar erlendar lántökur umfram lánsfjárlög. Hefur ekki verið gert ráð fyrir þeim lántökum í tengslum við afgreiðslu þessa þingmáls. Hér má nefna lántöku vegna atvinnuveganna, lausaskulda landbúnaðarins og lánsfjár handa sjávarútveginum.“

Í fjórða lagi er bent á að eins og frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun liggja nú fyrir verði sú ályktun m. a. dregin að ætlunin sé að stórskerða öll húsnæðislán á þessu ári og við það verði alls ekki unað. Af þessu tilefni birtir minni hl. sérstaka grg. um húsnæðismál, sem eru reyndar einn meginþáttur lánsfjáráætlunarinnar. Þessi grg. er birt sem fskj. II, 1 með nál.

Í framhaldi af þessu er sú skoðun minni hl. sett fram að nú þurfti að endurskoða áætlunina frá grunni á raunhæfum forsendum og endurmeta alla þætti. Með tilliti til þessa og þó einkanlega þess, að þau áform, sem birtast í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984, eru gersamlega óraunhæf að mati ríkisstj. sjálfrar, þá er lagt til, eins og einsýnt verði að telja, að frv. verði vísað aftur til ríkisstj. til endurvinnslu.

Við umfjöllun um þetta mál í nefndinni komu að sjálfsögðu fram ýmsar merkilegar upplýsingar. Ég mun ekki rekja þær allar hér í þessari ræðu, en mig langar, virðulegi forseti, til að minnast á fáein atriði.

Hv. þdm. taka kannske eftir því að meiri hl. n. flytur brtt. við 3. gr., þar sem upp eru taldir fjórir liðir í stað níu að því er varðar úthlutun á lánsfé til Landsvirkjunar, þ. e. til hvaða þátta á vegum Landsvirkjunar lánsféð skuli renna. Það hefur aldrei gerst áður að lánsfé til Landsvirkjunar væri sundurgreint á einstaka liði eins og gert hefur verið í Ed. Alþingis með því að greina það niður á níu mismunandi þætti. Af þessu tilefni mætti hæstv. iðnrh. hjá n. og baðst undan því að svona sundurliðun væri gerð. Hann benti á að það gæti verið að ekki væri skynsamlegt að verja öllu því fé til framkvæmda í rekstri sem upp væri talið í 7. lið, eins og Ed. hefði gengið frá frv. Hann benti á að það gæti verið skynsamlegt að verja því fé með öðrum hætti í ljósi nýrra staðreynda en gert væri ráð fyrir í yfirlitinu eins og það birtist í Nd. Hann bað um að það yrði með þetta farið eins og venja hefði verið og ekki væri verið að tína þetta niður í níu poka.

Meiri hl. n. hefur komist hálfa leið með að verða við tilmælum hæstv. iðnrh. Hún hefur skipt þessu niður í fjóra liði í stað níu. Það standa eftir þrír sérgreindir liðir með tilteknum fjárhæðum, þ. e. Blönduvirkjun í fyrsta lagi, Kvíslaveitur og Þórisvatn í öðru lagi og Suðurlína í þriðja lagi. Í þessar þrjár framkvæmdir skal varið ákveðnum fjárhæðum hvað sem tautar og raular.

Í þessari málsmeðferð, bæði í Ed. og því hvernig meiri hl. kemur fram í málinu í Nd., felst auðvitað mikil tortryggni — tortryggni um að einhverjar ákveðnar framkvæmdir, sem menn hafa sérstakan áhuga á, fái ekki allar krónurnar sem um er beðið. Þetta er til marks um hvernig ástandið er í ríkisstj. og hver tortryggni ríkir innan stjórnarflokkanna. En hæstv. iðnrh. verður að láta sér það lynda að hendur hans eru bundnar í þessu efni.

Það gerðist í annan stað að hæstv. fjmrh. kom til n. brtt. sem hann vildi gjarnan að yrði flutt við afgreiðslu lánsfjárlaganna — brtt. sem varðaði ákveðinn þátt sem oft hefur verið til umfjöllunar hér á þinginu. Það var brtt. varðandi jarðræktarlög og er hún birt í fskj. III með nál. minni hl. Hún var á þá lund að þrátt fyrir ákvæði laga nr. 43/1979, um breytingu á jarðræktarlögum nr. 79/1972, skal með jarðræktarframkvæmdum á árinu 1984 eigi unnt að efna til sjálfkrafa greiðsluskyldu ríkissjóðs á hluta framkvæmdakostnaðar. Hér var um að ræða ósk af hálfu hæstv. fjmrh. um að höggva á ákveðna sjálfvirkni sem hefur staðið í vegi fyrir umbótum á þessu sviði nokkuð lengi. Þessu var nokkuð vel tekið í n. til að byrja með, en á endanum komst meiri hl. n. á allt aðra skoðun en hæstv. fjmrh. og hætti við að flytja till. sem hæstv. fjmrh. hafði beðið um að yrði flutt. Ég tek þetta líka til marks um hvert ástand ríkir í stjórnarherbúðunum.

Hv. þm. hafa sjálfsagt tekið eftir því að hæstv. félmrh. hefur að undanförnu gefið mjög afdráttarlausar yfirlýsingar á opinberum vettvangi um að menn skyldu ekkert óttast um að ekki yrði nóg af húsnæðislánum á þessu ári í þessu landi. Þar yrði staðið við allt sem um hefði verið talað. Í umfjöllun n. um það mál komu ýmsar athyglisverðar upplýsingar í ljós, sem gefa tilefni til að ætla að yfirlýsingar hæstv. félmrh. séu byggðar á heldur veikum forsendum. Það kom í ljós að skv. frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun eins og hún liggur nú fyrir

er ekki hugmyndin að veita lán til neinna nýrra framkvæmda í verkamannabústöðum á yfirstandandi ári, engra, ekki eins einasta. Það kom í ljós að til þess að lifa við þessi áform ríkistj., eins og það er kallað, verður að fresta um 25% framkvæmda við þá verkamannabústaði sem nú eru í gangi. Þetta þýðir að ýmsir þeir sem höfðu fengið loforð um bústað á árinu 1984 og höfðu kannske sagt upp því húsnæði sem þeir voru í verða nú að bíða fram á árið 1985. Það er ekki gott að túlka hvað þessi fjórðungsfrestun þýðir, hvort hún þýðir að allar þær 374 íbúðir sem hér virðist vera um að ræða frestist fram á árið 1985 eða hvort það sé helmingur þeirra eða þriðjungur eða einhver önnur tala. Svo mikið er víst að heil byggðarlög, og ég get nefnt Kópavog í því sambandi, hafa fengið um það ábendingu að þau yrðu að svíkja umbjóðendur sína einu sinni enn og segja þeim að íbúðirnar sem þeir áttu að fá að flytja inn í á þessu ári yrðu ekki tilbúnar fyrr en einhvern tíma á árinu 1985.

Það kom líka fram í umfjöllun n. og má lesa í fylgiritum í bréfum frá húsnæðismálastjórn, að að því er Byggingarsjóð ríkisins varðar yrði að fresta afgreiðslu á fjórðungi þeirra lánsumsókna, sem inn kæmu, til ársins 1985, það yrði að fresta fjórðungi umfram það sem frestað hefði verið áður, en menn hafa venjulega þurft að bíða á undanförnum árum svo og svo lengi eftir því að fá umsóknir sínar afgreiddar. Nú verður sem sé að lengja biðtímann um þrjá mánuði a. m. k. til þess að lifa við þessar áætlanir. Þetta er býsna alvarlegt mál vegna þess að sú frestun kemur ofan á 17% samdrátt sem gert er ráð fyrir í áætlunum að því er varðar úthlutun á lánum til nýrra íbúða. Mönnum finnst þetta kannske ekki mjög alvarlegt, en ef menn líta á hvað það eru margir sem verða fyrir barðinu á frestun á lánsúthlutun eða á afhendingu íbúða held ég að menn ættu að hugsa sig um tvisvar.

Það er augljóst að miðað við það sem hefur tíðkast að undanförnu eru það um 160 íbúðir sem ekki verða hafnar framkvæmdir við í fyrsta lagi í verkamannabústöðum, miðað við það sem verið hefur á undanförnum árum og gert hafði verið ráð fyrir. Það má búast við að dregið verði úr afgreiðslu á lánum vegna endursölu á verkamannabústöðum líka. Kannske verða ekki margir fyrir barðinu á því, kannske ekki nema eins og 50 manns. Að því er varðar frestun á afhendingu verkamannabústaða sem eru í gangi getur sú tala, eftir þeim upplýsingum að dæma sem gefnar hafa verið, verið einhvers staðar á bilinu 100—300 íbúðir. Þetta þýðir að í verkamannabústaðakerfinu verða það einhvers staðar á bilinu 300—500 manns sem verða fyrir töfum á afgreiðslu íbúða vegna þess hvernig mál eru í pottinn búin. Ef við tökum þá fjórðungsfrestun á afgreiðslu á lánaumsóknum sem gert er ráð fyrir að því er varðar lán til nýbygginga og afgreiðslu á lánum til kaupa á eldra húsnæði eru það eitthvað um 700 manns sem verða fyrir þeirri frestun eða 700 umsækjendur. Það er þannig augljóst að miðað við lánsfjárlögin og lánsfjáráætlunina eins og hún liggur fyrir eru það um þúsund manns a. m. k. sem verða fyrir einhverri frestun á afgreiðslu á lánum eða afgreiðslu á íbúðum.

En þar með er ekki öll sagan sögð því að í þessum tölum er gert ráð fyrir að 115 millj. fáist úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem þykir nú heldur vafasamt, og það er gert ráð fyrir að 200 millj. fáist með sérstakri fjáröflun á innlendum lánsfjármarkaði sem hæstv. fjmrh. hefur þegar lýst yfir að hann sjái ekki að sé möguleiki á. Ef það bætist ofan á þetta dæmi hryllir mig við hvernig húsnæðislánakerfið verður á eftir.

Það væri ástæða til að fjalla eilítið um ýmsar greinar í frv. til lánsfjárlaga eins og það liggur fyrir. Ég skal stilla þeim aths. í hóf. (**Forseti:** Vegna þingflokksfunda, hv. frsm., er þörf á að fresta þessum fundi.) Já, en má ég ekki fá eins og 5 mínútur í viðbót og ljúka ræðunni? (**Forseti:** Jú, ef hægt er að ljúka ræðunni á svo stuttum tíma er það í lagi.)

Ég vek athygli á 28. gr., þar sem fjmrh. fær opnar heimildir til að taka ný lán erlendis til að endurfjármagna afborganir af lánum sem koma á árinu. Sama gildir um Landsvirkjun skv. sömu grein.

Ég vek athygli á 29. gr., þar sem fjmrh. fær heimild til að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1983, vegn þess sem stendur aftur af þar upp á 400 millj. kr.

Ég vek athygli á því að skv. 30. gr. er fjmrh. heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla fyrir ríkissjóð á árinu 1983. Sá yfirdráttur var um 1200 millj. kr., eftir því sem okkur var tjáð í n.

Ég vek líka athygli á mjög merkilegri grein, sem er 32. gr., en hún fjallar um eitt skip sem smíða eigi í einni vélsmiðju á einum stað úti á landi og verður tilefni til heillar lagagr. Hvernig sú grein hefur orðið til væri fróðlegt að fá upplýsingar um frá hæstv. fjmrh.

Ég hefði líka áhuga á að minnast eilítið á eitt atriði í sambandi við erlendar lántökur, sem ég man ekki eftir að hafi verið gert að umtalsefni hér áður. Það er tilhneigingin til þess að taka mjög stóran hluta af þeim lánum, sem þjóðin tekur, í dollurum. Það er fært sem rök að útflutningur okkar sé að svo stórum hluta í dollurum að menn eigi að halda erlendum skuldum nokkurn veginn í hlutfalli í dollurum, sá prósentuhluti skuldanna í dollurum megi gjarnan vera svipaður og prósentuhluti útflutnings í dollurum er af heildarútflutningi. Í þessu sambandi trúi ég að menn hafi gert eina reginskyssu, nefnilega þá að telja þann útflutning í hreinum dollurum sem á sér stað til ýmissa Evrópuríkja, eins og Suður-Evrópu, saltfiskinn, svo að dæmi sé tekið, og skreiðina, af þeirri einföldu ástæðu að þegar dollarinn styrkist á alþjóðamörkuðum lækkar verð í dollurum á þessum mörkuðum í Evrópu. Ég held að það sé fyllsta ástæða til þess fyrir hæstv. fjmrh. að taka upp viðræður við Seðlabankann um að haga ekki stefnunni í erlendum lántökum með þeim hætti sem gert hefur verið og þá ekki síst með tilliti til þeirrar reynslu sem við höfum í þessum efnum.

Herra forseti. Þessi lánsfjárlög eru forsendulaus eins og þau liggja hér fyrir út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir frá ríkisstj. sjálfri. Þess vegna er rangt að afgreiða lögin núna með þessum hætti. Það sem nú þarf að gera er að forgangsraða að nýju, miðað við aðstæðurnar eins og þær eru í þjóðfélaginu, og fara ofan í saumana á þessu frv. til lánsfjárlaga að nýju. Að öðrum kosti munu menn lenda í miklum erfiðleikum með útfærslu á efnahagsstefnunni, stefna grundvelli efnahagslífsins í voða, vekja falskar vonir og lifa umfram efni á ýmsum öðrum sviðum. Með tilliti til þessa leggur minni hl. n. til að frv. verði vísað til ríkisstj., eins og kemur fram í nál. frá minni hl. n. — [Fundarhlé.]

Svavar Gestsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum

dögum, 8. mars s. l., var hér umr. um skýrslu fjmrh. um ríkisfjármál árið 1983 þar sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir stöðu ríkissjóðs á því ári og horfum á árinu 1984. Það var kallað að hann væri að gera grein fyrir gatinu, hann væri að segja landslýðnum og þinginu hvað það væri stórt, gatið á ríkissjóði á árinu 1984. Þar með var, eins og bent var á áðan, í raun og veru skotinn niður allur grundvöllur þeirrar lánsfjáráætlunar sem nú er til umr. En munurinn á afgreiðslu lánsfjáráætlunarinnar sem núna stendur fyrir dyrum og fjárlaganna er hins vegar sá að þegar fjárlögin voru afgreidd sögðu talsmenn stjórnarinnar, eins og hæstv. fjmrh. og aðrir þm. ríkisstjórnarliðsins, að fjárlögin væru í lagi, þetta væru bestu fjárlög sem afgreidd hefðu verið, raunhæf og rétt útreiknuð í alla staði. Nú dettur engum í hug að halda því fram að það þingmál, sem við erum hér með, sé í raun og veru neitt, þetta sé hrein markleysa og talsmenn ríkisstj. viðurkenna í rauninni að svo sé.

Þetta frv. er ekki eitt gat heldur gatasigti. Það er alveg sama hvernig þetta frv. er skoðað, það er alls staðar gagnsætt og botnlaust í alla staði. Það er alveg sama hvaða þættir eru teknir í þessu frv., hvort það eru erlendar lántökur, innlendur sparnaður, húsnæðismál, orkuframkvæmdir eða hvað eina, ekki stendur steinn yfir steini og menn hafa ekki hugmynd um, ekki í stjórnarliðin einu sinni, hvað þeir eru að afgreiða. Það versta er í rauninni að þeir hafa ekki metnað til að afla sér vitneskju um hvað þeir eru að gera. Það er í rauninni það harkalegasta við þessa stöðu eins og hún er núna.

Ég tel að reyndar viti flestir liðsmenn ríkisstj. að þeir séu að gera tóma vitleysu. Þeir segja það hins vegar ekki í þessum ræðustól þannig að þess sér ekki stað í þingtíðindunum, en þeir vita í rauninni að hér er um að ræða plagg sem er hrein markleysa hvernig sem það er skoðað.

Ég ætlaði, herra forseti, að víkja að ýmsum þáttum lánsfjáráætlunarinnar og ætlaði þá að fara alveg sérstaklega yfir húsnæðismálin. Ég verð hins vegar áður en ég kem að þeim að víkja að ýmsum öðrum atriðum, sérstaklega afgreiðslu n. á þessu máli. Mér þykir satt að segja miklu lakara að ræða þetta mál hér án þess að hér séu staddir menn úr fjh.- og viðskn. Nd., fulltrúar stjórnarliðsins þar, því að þeir eiga að standa fyrir afgreiðslu mála í n.

Ég vil taka það fram, af því að einn þeirra er nú kominn í salinn, að í umr. í n. bauð stjórnarandstaðan upp á að 1. gr. frv. varðandi erlendu lántökuheimildirnar yrði tekin út úr og hún afgreidd sérstaklega. (**Gripið fram í:** Erlendu og innlendu.) 1. og 2. gr. frv. yrðu teknar út úr og reyndar var boðið upp á að orkuframkvæmdagreinin yrðu tekin líka. Það var sem sagt boðið upp á að það sem mestu máli skipti að fá afgreitt fyrir hæstv. ríkisstj. yrði afgreitt strax og tafarlaust í gegnum þingið þannig að hæstv. fjmrh. gæti gengið frá nauðsynlegum lántökum fyrir ríkissjóð á árinu 1984.

Þessu góða boði stjórnarandstöðunnar var hafnað af stjórnarliðinu í fjh.- og viðskn. Nd. Stjórnarliðið kærði sig ekki um að taka þessu góða boði stjónrarandstöðunnar og þess vegna er málið nú komið í þann hnút sem stjórnarliðið ber ábyrgð á, að fjmrh. leggur ofurkapp á að frv. verði afgreitt nú á sem allra stystum tíma, jafnvel á nokkrum klukkutímum, enda þótt ljóst sé að um sé að ræða eitt allramikilvægasta mál þingsins sem eðlilegt væri að fengi a. m. k. jafn ítarlega umr. og t. d. fjárlögin sjálf. Þessu boði var hafnað. Það er best að það liggi fyrir í þingtíðindum að stjórnarliðið hafði ekki áhuga á því.

Í öðru lagi skal það liggja fyrir í þingtíðindum líka að stjórnarandstaðan bauð upp á það að flýta sérstaklega í gegnum fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og lánsfjárlög afgreiðslu á lánamálum og lausaskuldamálum bænda. Ég óskaði eftir því við fulltrúa Sjálfstfl. og Framsfl. í fjh.- og viðskn. Nd. að þeir könnuðu hvort áhugi væri á því að flýta sérstaklega lausaskuldamálum bænda með því að taka þau hér inn í lánsfjárlögin sem brtt. vegna þess að það tæki skemmri tíma en að vera að keyra þau í gegnum 6 umr. í þinginu eða 5 sem nú eru eftir um það sérstaka mál. Það skal liggja fyrir líka, þeim höfðingjum til hróss og sóma, sem stýra þessu máli í gegnum þingið af hálfu stjórnarliðsins, að því var einnig neitað af fulltrúa Framsfl. að afgreiða hratt þetta mikla hagsmunamál bænda, sem hæstv. landbrh. lætur þó að liggja í öðru orðinu að liggi lífið á að flengja í gegnum þingið á nokkrum sólarhringum. Svona er nú samkvæmnin í Framsfl. í þessu máli eins og reyndar fleirum. Mætti þetta vera nokkurt umhugsunarefni fyrir bændastéttina í landinu hvernig að málum er staðið af hálfu Framsfl. og læðist að manni sá grunur að hann sé ekki í þessu efni varðandi lausaskuldir bænda að hugsa um bændur fyrst og fremst heldur milliliðina í landbúnaðinum, Framsóknarfyrirtækin í landbúnaðinum. Þetta verður að liggja hér fyrir.

Einnig verður að liggja fyrir áður en lengra er haldið hver staða erlendra lána þjóðarinnar út á við er núna. Fyrir liggur að erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins nema núna 59.2% af vergri þjóðarframleiðslu. Menn skrifi það á bak við eyrað, 59.2% af vergri þjóðarframleiðslu, og ekki síst hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Veit þetta.) Veit þetta, segir hann. Þá ætla ég að biðja hann að skrifa niður hjá sér þær tölur sem hann er að hugsa um að bæta þar við.

Það eru í fyrsta lagi lántökur upp á nokkur hundruð millj. kr. vegna stofn- og rekstrarskulda útvegsins, sennilega á bilinu 500—800 millj. kr. Í rauninni er alger óvissa ríkjandi í þeim efnum enn þá en ljóst er að engir innlendir möguleikar eru til að fjármagna þetta þannig að hérna bætir fjmrh. við sig, við skulum segja, um 500 millj. kr., sem eru afdráttarlaust lágmark þess sem hægt er að komast af með ef menn ætla að taka á vanda útgerðarinnar eins og lofað hefur verið.

Síðan ætlar fjmrh. og ríkisstj. að lána bændum og létta undir vegna lausaskuldavanda þeirra upp á einar 100 millj. kr. a. m. k. að sögn.

Síðan kemur fram í plagginu um gatið að innlenda lánsfjáröflunin bregst, hún hrynur. Í lánsfjáráætluninni var gert ráð fyrir að hún nemi 800 millj. kr. en nú er gert ráð fyrir að hún nemi 400—500 millj. kr. Það vantar 300—400 millj. kr. Fjmrh. mundi kannske vilja vera svo vinsamlegur að skrifa þessar tölur hjá sér líka. Þarna vantar 300—400 millj. kr. og þá erum við komnir með lánsfjárskort upp á nokkuð á annan milljarð kr. Hvað þýðir það fyrir hina stoltu 60% tölu hæstv. fjmrh? Hvert 1% í þjóðarframleiðslu eru um 600 millj. kr. þannig að hækkun á þessum tölum um 1.2 milljarða, sem er í rauninni alveg lágmark þess sem ríkisstj. er bersýnilega að stefna að, hækkar þessa tölu um 2% af vergri þjóðarframleiðslu, fer sem sagt upp úr 59.2%

upp í 61—62% eða svo. Þar með er þessi rammi sprunginn líka.

Menn munar sjálfsagt ekkert um að finna svo einhvern annan ramma til þess að tala um þegar þessi er sprunginn, enda eru þeir allir úr teygju eða einhverju efni sem í rauninni þolir hvað sem er, að því er virðist, og eru þar af leiðandi ekki marktækir að neinu leyti. En þessi rammi er þotinn út í veður og vind. Erlendar lántökur verða yfir 60%, erlendar skuldir þjóðarbúsins. Staða hinnar stoltu ríkisstj., sem tók við s. l. vor til að bjarga verðbólgunni, til að draga úr erlendum skuldum, er nú þannig að veruleg hætta er á því að verðbólgan vaxi á ný frá því sem verið hefur þrátt fyrir þær lífskjarafórnir sem almenningur hefur fært.

Erlendar skuldir hafa ekki minnkað vitundarögn vegna þess að ekki hefur verið tekið á einu einasta vandamáli öðru en því að lækka kaupið hjá fólkinu í landinu. Þannig liggur fyrir að erlendar skuldir verða mun meiri en hæstv. fjmrh. hefur gert ráð fyrir vegna þess að hverjar 600 millj., sem teknar eru til viðbótar við þær lántökur sem nú eru áformaðar, gera 1% í þjóðarframleiðslunni þannig að þessi tala er rokin út í veður og vind, þessi 60% rammi, sem Sjálfstfl. samþykkti síðast rétt áður en hann harmaði samning hæstv. fjmrh. við Dagsbrún. Ég hef ekki frétt af því hvað Sjálfstfl. hefur harmað í dag og væri fróðlegt að frétta af því, enda er nú komið svo fyrir formönnum stjórnarflokkanna að þeir harma það jafnan að kvöldi sem þeir gera að morgni og hefur hæstv. forsrh. farið mjög fyrir í þeim efnum eins og kunnugt er.

Í umr. um ríkisfjármálin á árinu 1983 fékk hæstv. fjmrh. ekki að tala einn fyrir ríkisstj. heldur komu þeir að hjálpa honum, hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason og Steingrímur Hermannsson. Nauðsynlegt er að hafa það í huga sem hæstv. forsrh. sagði þá um stöðu efnahagsmála á Íslandi. Hann útmálaði það hvernig þau væru í rauninni komin. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í peningamálum blasa hins vegar við vissar hættur. Útlánaaukning bankanna í jan. og febr. er 33% eða töluvert meiri en verðbólga er nú, töluvert meiri."

Síðan segir forsrh.:

„Bendir það augljóslega til nokkurrar þenslu og meiri þenslu en æskilegt er ef takast á að halda þensluáhrifum niðri eins og mikilvægt er til að treysta þann árangur sem hefur náðst. Ríkissjóðsdæmið er að sjálfsögðu stór liður í þessu og hefur staðan gagnvart Seðlabanka af þeim sökum versnað töluvert. Skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann jukust í jan. og febr. um 857 millj. kr. Gjaldeyrisstaðan hefur versnað um 1340 millj. kr. fyrst og fremst vegna yfirdráttar í Seðlabanka."

Hvað var hæstv. forsrh. að segja Alþingi með þessum orðum? Hann var að segja að hallinn á ríkissjóði undanfarnar vikur er fjármagnaður með erlendum lántökum. Ríkið er rekið með erlendum lántökum. Gjaldeyrisstaðan hefur versnað um 1340 millj. aðeins frá áramótum. Þetta er staða sem er nauðsynlegt fyrir menn að hafa í huga.

Það eru ekki einasta erlendar skuldir sem verða hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu en fjmrh. hefur gert ráð fyrir heldur er útlánaaukning bankanna öll úr böndunum miðað við það sem ríkisstj. hefur sett sér. Ríkisstj. hafði gert ráð fyrir því að útlán bankanna ykjust á þessu ári um 11.9%, ef ég man töluna rétt úr fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Á fyrstu tveimur mánuðum ársins er ríkisstj. nánast búin að eyða allri þeirri útlánaaukningu sem hún byggði sína lánsfjáráætlun á að ætti sér stað á árinu 1984. Hún er farin.

Hvað er gert í þessum málum? Hvað er gert í þessum málum af hæstv. ríkisstj.? Hvað hefur verið gert til að hafa áhrif á útlánaþenslu bankanna? Ég spyr. Hvar er hæstv. forsrh.? Nennir hann ekki að sitja hér undir umr. um lánsfjáráætlun? Ég óska eftir því að kallað verði í hæstv. forsrh. Það er útilokað að ræða um þetta mál sem snertir alla ríkisstj. öðruvísi en hann sé hér. Hæstv. forsrh., hvað hefur verið gert varðandi hina miklu peningaþenslu, útlánaaukningu, sem hér er um að ræða?

Síðan kemur hér fram að skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana — ætli það sé ekki verið að ráða í stöður — við Seðlabanka jukust í jan. og febr. um 857 millj. kr. Hvað hefur verið gert í þessu efni? Hvað er hæstv. fjmrh. að reyna að gera í þessu efni varðandi skuldir ríkissjóðs og til að rétta þetta af við Seðlabankann? Hann munar ekki um að slengja út milljónatugum í alls konar vinsamlega aðila í þjóðfélaginu eins og fyrirtækin með skattalækkunarfrv. sem liggja hérna fyrir. Af fullkomnu kæruleysi er kastað út úr ríkissjóði tekjustofni sem skilar fleiri tugum millj. á ári, eins og álagi á ferðamannagjaldeyri, til þess að vera samkvæmishæfur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum næst þegar menn koma þangað í heimsókn. Mikið er gert til að þóknast þeim háu herrum sem stjórna þeim stofnunum. (**FrS:** Þetta er efnismikil ræða.) Já, hv. þm. Friðrik Sophusson, þetta er efnismikil ræða og þetta er ræða sem þú hefðir kannske gjarnan þurft að setja þig inn í efnislega áður en þú beittir þér fyrir því að reynt var að afgreiða í gegnum þingið verst unna lánsfjárlagafrv. sem sést hefur hér fyrr og síðar, gatasigti Friðriks Sophussonar og hæstv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar, það stendur ekki steinn yfir steini.

Þannig er staðan þegar kemur að afgreiðslu þessa máls að hæstv. fjmrh. hefur upplýst: Í ríkissjóð vantar hundruð millj. kr. Forsrh. hefur upplýst: Í peningamálum blasa við verulegar hættur. Hann upplýsir að gjaldeyrisstaðan hafi versnað um hálfan annan milljarð og að skuldir ríkissjóðs séu einn meginvandi efnahagslífsins. Þannig er það frv. sem hér liggur fyrir um lánsfjárlög, að flestu leytinu til hrein sýndarmennska af hálfu hæstv. ríkisstj.

Fjh.- og viðskn. Nd. hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum. Eg get ómögulega sagt að mér finnist sú umfjöllun vönduð. Ég leyfi mér að segja að hún hefði þurft að taka mun lengri tíma. Ég held að þingnefndir þurfi að setja sér þann metnað að sjá fram úr þeim málum sem þær eru með. Ég veit að þeir hv. þm. sem stýrðu nefndinni af hálfu stjórnarliðsins lögðu sig fram, eða a. m. k. sumir þeirra, um að reyna að gera sem best úr þeim vandamálum sem hér eru uppi, en þeir fengu engin svör og engar úrlausnir frá hæstv. ráðherrum í þessu efni.

Hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. deildarinnar flytur á sérstöku þskj. nokkrar brtt. Í fyrsta lagi leggur hann til að farið verði nokkuð öðruvísi með lánsfjáröflun til orkuframkvæmda en gert var ráð fyrir í Ed. Það er sem sagt meiri hl. sem er að tefja málið með því að hrekja það upp í Ed. aftur. Þannig ber meiri hl. alla ábyrgð á því ef málið er í þröngri stöðu.

Í sambandi við orkumálin er fróðlegt að átta sig á því hvað þar er að gerast í hinum stolta málaflokki hæstv. ríkisstj. Það átti að bjarga þessu með erlendu skuldirnar, bjarga óreiðunni í peningamálum, það átti að rétta ríkissjóð af í eitt skipti fyrir öll ef eitthvað vantaði þar á, bjarga gjaldeyrisstöðunni. Og svo átti að hefja stórhuga framkvæmdir í orkumálum. Sá sem er iðnrh. í landinu hefur útmálað það með fleiri orðum en nokkur annar hvað það yrði gagnmerk stefna sem hann mundi fylgja fram og mikil breyting frá þeirri stöðnunar- og hægagangsstefnu sem fylgt hefði verið á undanförnum árum og fyrrv. hæstv. iðnrh. lá undir stórfelldum árásum fyrir frá íhaldinu.

Hvernig er þetta nú með hinar stórhuga orkuframkvæmdir núv. ríkisstj.? Aldrei minni framkvæmdir í orkumálum á 5 ára bili. Fyrrv. ríkisstj. hafði í gagni meiri framkvæmdir í orkumálum en þessi ríkisstj. ætlar að gera á fyrsta heila árinu sem hún stjórnar landinu. Það er verið að skera niður orkuframkvæmdir um 40—50% frá því sem var mest á síðustu 5 árum.

Þetta plagg með upplýsingum um orkuframkvæmdir í ár var lagt fram í fyrradag og ég sá það fyrst í gær. Það kemur fram sem fskj. 9 í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. Þar kemur fram að orkuframkvæmdir eða virkjanaframkvæmdir í ár eru áætlaðar 900 millj. kr. Á sama verðlagi í fyrra var þetta 1.3 milljarður kr., 1982 1.3, 1981 1.6, 1980 1.4. Á öllum árum síðustu ríkisstj. var sem sagt staðið af meiri stórhug að framkvæmdum í orkumálum en ætlunin er að gera í núv. ríkisstj. Það eru efndirnar á fyrirheitum íhaldsins í þeim efnum. Það er sama hvar borið er niður í loforðalistum íhaldsins fyrir kosningar. Einnig hér, yfirlýsingarnar í orkumálum um hinar miklu framkvæmdir eru að engu orðnar.

Það liggur fyrir skjalfest að fráfarandi ríkisstj. Gunnars Thoroddsen beitti sér fyrir meiri framkvæmdum í orkumálum, virkjanamálum á síðustu 5 árum en núv. ríkisstj. mun gera á þessu ári og það mun meiri. Þar er nú stórhugurinn kominn hjá núv. hæstv. iðnrh. sem fór meiri hrakyrðum en nokkur annar maður um forvera sinn, hæstv. fyrrv. iðnrh., og er þá langt til jafnað, ef lesnar eru ræður íhaldsins um stjórn fyrrv. iðnrh. á iðnrn.

Í annan stað flytur meiri hl. fjh.- og viðskn. brtt. um framlög í Kristnisjóð. Varðandi það mál birtir minni hl. sem fskj. 4 bréf biskups Íslands um framlög í sjóðinn. Þar kemur fram að þjóðkirkjan telur að Kristnisjóður eigi að hafa á þessu ári 3.8 millj. kr. Hæstv. fjmrh. gerði upphaflega till. um að þetta yrði 1.6 millj. kr. Við gagnrýni sem fram kom frá kirkjuráði í Ed. varð þessi tala 2.5 millj. kr. og var samþykkt þar. Þegar fulltrúar kirkjunnar komu á fund í Nd. Alþingis sýndu þeir fram á að 2.5 millj. kr. væru víðs fjarri því sem Kristnisjóður ætti að fá og það endaði með því að stjórnarliðið flutti till. um að hækka þessa tölu upp í 3.6 millj. kr. Ég ætla ekki að fara miklu fleiri orðum um þessi vinnubrögð. En ég bendi þingheimi á að lesa bréf biskups Íslands til fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis, sem birt er á bls. 13 með fskj. 4 í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Það lýsir því nokkuð vel hvernig að þessum málum hefur verið staðið af hæstv. ríkisstj.

Í þriðja lagi flytur stjórnarliðið brtt. um að heimilt verði að endurgreiða Flugleiðum og Cargolux lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli vegna Norður-Atlantshafsflugs. Upplýst hefur verið að hér sé um að ræða eftirgjöf á tekjum ríkissjóðs upp á líklega um 25 millj. kr. á þessu ári. Hér er ekki um neitt annað að ræða en að ríkisstj. er að gera till. um rekstrarstyrk til Flugleiða. Till. er um það að ríkið haldi áfram að styrkja þetta fyrirtæki með beinum framlögum úr almannasjóðum, þó svo að fyrirtækið sé komið yfir erfiðasta hjallann í sínum rekstri. Miklu eðlilegra væri að í framhaldi af þessari ákvörðun yrði tekinn upp nýr liður í fjárlög íslenska ríkisins, sem héti Styrkur til Flugleiða. Ég veit ekki undir hvaða rn. hann ætti að vera, styrkur til Flugleiða, en hugsanlega ætti hann að vera undir félmrn. Þar eru ýmis samtök sem eru styrkt og kannske væri eðlilegast að Flugleiðir yrðu hafðar á þeim lista. Ég heyri að hv. þm. Ólafi Þórðarsyni finnst þetta snjöll hugmynd og hæstv. félmrh. mun vafalaust taka henni vel, styrkur til Flugleiða upp á 24 millj. kr. Á þeim tímum þegar ríkissjóður er rekinn með meiri halla en menn þekkja til ætlar hæstv. ríkisstj. að gefa Flugleiðum 24 millj. kr.

Ein brtt. meiri hl. er sú að tekið verði lán fyrir Bjargráðasjóð allt að 30 millj. kr. vegna tjóns sem kartöflubændur hafa orðið fyrir vegna uppskerubrests á árinu 1983. Ég vil taka það fram fyrir mitt leyti að ég fellst á þessa till. eins og hún er hér. Mér finnst hún eðlileg í alla staði.

Ég vík þá aðeins að öðrum þáttum í frv. sjálfu og vil fyrst koma að orkumálunum aftur og spyrja hæstv. iðnrh. og biðja hann að gera gleggri grein fyrir því en gert er í fskj. 9 í nál. minni hl. hvað ætlað er að fari til rannsóknar vegna Fljótsdalsvirkjunar á ári hverju frá 1984 og áfram skv. þeim áætlunum sem liggja fyrir í iðnrn. — Er hæstv. iðnrh. hér í deildinni eða — (**Forseti:** Ég skal láta athuga það hvort hægt er að ná í hæstv. iðnrh.)

Ég ætla aðeins, áður en hæstv. iðnrh. kemur, að víkja að öðru atriði í þessu frv., en það snertir niðurskurð til einstakra sjóða. Að í nál. minni hl. kemur fram að ýmsir sjóðir verða skornir niður á árinu 1984. Þetta er á bls. 16 í nál. Ég vek athygli á því að gert er ráð fyrir því að Erfðafjársjóður fái 19.4 millj. kr. í ár en hefði átt að fá að óbreyttu 40 millj. kr. Þessi sjóður er notaður til þess að styrkja framkvæmdir vegna aldraða og öryrkja, einkum vinnustaða í þessu skyni. Nú eru forráðamenn samtaka fatlaðra með það í athugun að fara í mál við hæstv. félmrh. vegna þess að sjóðir, sem eiga að fjármagna framkvæmdir fatlaðra, hafa verið skertir meira en lög hafa heimilað til þessa á þessu ári.

Nú hefur það verið svo á undanförnum árum að þessir sjóðir hafa oft verið skertir, m. a. Erfðafjársjóður. Hins vegar hefur ríkisstj. á undanförnum árum, þeim árum sem ég þekki til, alltaf beitt sér fyrir því að sjóðurinn hefur fengið nokkra aukafjárveitingu af erfðafjárskatti þannig að í rauninni hefur mun meira fé skilað sér til sjóðsins en fjárlög hafa gert ráð fyrir á undanförnum árum. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er þá ætlunin að tryggja með aukafjárveitingum að þessi sjóður fái aukna fjármuni til starfsemi sinnar á þessu ári, en gert er ráð fyrir því í frv. að hann fái aðeins um helming af því sem hann á að fá skv. lögum?

Ég vil einnig spyrja hæstv. félmrh. í þessu efni: Hvernig stendur úthlutun nú úr Framkvæmdasjóði fatlaðra? Hefur hann þegar yfirlit yfir umsóknir um lán og framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ef svo er er hann reiðubúinn til að láta þm., sem eiga sæti í fjh.- og

viðskn. Nd., í té upplýsingar um þessi mál þó að það verði ekki fyrr en einhvern tíma næstu daga, jafnvel eftir að þetta frv. verði afgreitt? En mjög nauðsynlegt er að sjá til þess að þm. fylgist með því hvernig fjármagni er úthlutað úr þessum sjóði.

Ekki síst ætti núv. hæstv. félmrh. að vera það ljúft að koma til móts við óskir þm. í þessu efni vegna þess að hann beitti sér mjög fyrir því að framlög úr sjóðnum yrðu há skv. lögum á síðasta þingi þegar þessi mál voru afgreidd, þ. e. frv. um málefni fatlaðra ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þannig að ég tel að það þurfi að fást skýrari upplýsingar um þessi mál og óska eindregið eftir þeim við hæstv. félmrh. Ég skýri jafnframt frá því að ég mun við meðferð málsins hér í þinginu óska eftir sérstakri atkvæðagreiðslu um þær greinar frv. sem lúta að skerðingu á þessum sjóðum fatlaðra.

Varðandi frv. að öðru leyti hefði ég aðeins viljað ræða fleiri mál við hæstv. iðnrh. sem ku ekki vera kominn enn og er líklega væntanlegur. — Iðnrh. er mættur og ég spyr hann tveggja spurninga eða þriggja. Gæti hæstv. iðnrh. hugsað sér að vera í salnum kannske eins og tvær mínútur eða svo? (**Iðnrh.:** Það er nú nóg að hlusta á mann þó maður þurfi ekki að horfa á hann líka.) Þú getur þá snúið þér við. Finnst hæstv. iðnrh. að það sé ofverkið hans að sitja inni í salnum þegar stjórnarandstaðan er að tala við hann? Einn hæstv. ráðh. neitaði að svara spurningum utan dagskrár frá þm. í gær. Næsta aðferð er sú að neita að sitja í þingsalnum meðan þm. eru að ræða lánsfjáráætlunina. (**Gripið fram í:** Hann er nú óvenju þaulsætinn.) Hann er að vísu óvenju þaulsætinn og situr skár en aðrir. En þessi framkoma iðnrh. heitir hins vegar dónaskapur. En ef hann heyrir mál mitt ætla ég að endurtaka spurningarnar sem eru þessar:

Í fyrsta lagi: Hversu mikið fé er ætlunin að setja í rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar á þessu ári, 1984, og næstu ár?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. iðnrh. vegna 31. og 32. gr. þessa frv.: Hvað er ætlunin að leggja mikið fé í skipasmíði á þessu ári og hefur verið tryggt að skipasmíðastöðvarnar fái fé til viðgerðarverkefna eins og hæstv. iðnrh. hafði heitið að gert yrði?

Og ef ég mætti ávarpa hans tign einu sinni enn þá er það þessi spurning: Hvernig stendur á því að í lánsfjárlagafrv. er sérstakt ákvæði um Vélsmiðju Seyðisfjarðar? Hverju gegnir það að Vélsmiðja Seyðisfjarðar nýtur þeirrar sérstöku virðingar í frv. til l. um lánsfjárlög árið 1984 að um hana er alveg sérstök grein og hvernig með mál hennar skuli farið? Hefur hæstv. iðnrh. hugsað sér að afgreiða aðrar skipasmíðastöðvar með svipuðum hætti, t. d. Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi, Skipasmíðastöðina Stálvík eða Slippstöðina Akureyri? Hvaða hugmyndir eru uppi í þeim efnum?

Hæstv. iðnrh. ber nú ábyrgð á því að skera niður orkuframkvæmdir þannig að þær verða minni en nokkru sinni á fimm ára tímabili. Það er sú stórhuga stefna sem hæstv. núv. iðnrh. ætlaði að beita sér fyrir — og er hann nú boðinn velkominn í salinn, hans náð, sem þóknast að líta stjórnarandstöðuna augum. Ég efast um að hægt sé að finna annað eins dæmi um ósamræmi milli yfirlýsinga annars vegar og athafna hins vegar eins og hjá hæstv. iðnrh. í orkumálum. Allan tíma síðustu ríkisstj. Gunnars Thoroddsen, þar sem orkumálin voru undir forustu Hjörleifs Guttormssonar, voru myndarlegri framkvæmdir í orkumálum en hjá núv. hæstv. iðnrh. (**Iðnrh.:** Þú ert nýbúinn að segja þetta allt, ég hlustaði á þetta.) Það er útilokað, hæstv. ráðh., að vita hvað menn heyra þegar þeir eru í hliðarsölum. (**Iðnrh.:** Hvert orð. Ég hlustaði á hvert orð.) Til þess hefur þingið hér málstofu að menn geti áttað sig á því við hverja þeir eru að tala. Ég skil það hins vegar vel að hæstv. iðnrh. sárni að þetta skuli vera endurtekið.

Ég vík þá næst að húsnæðismálunum í fáeinum orðum. Þau hafa verið rædd hér nokkuð að undanförnu. Á bls. 6 og 7 í nál. minni hl. er birt fjárhagsáætlun Byggingarsjóðs ríkisins. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði 200 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins. Ég hef ekki orðið var við annað en að fyrirhugað sé að standa við það þrátt fyrir þann fjárhagsvanda sem ríkissjóður á nú við að glíma.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að skylduspamaður verði neikvæður á þessu ári um 30 millj. kr. Lánsfjáráætlunin sjálf gerir aftur á móti ráð fyrir að skylduspamaðurinn skili 45 millj. kr. Þarna skakkar 75 millj. kr. á tölum hæstv. félmrh. annars vegar og Húsnæðisstofnunarinnar hins vegar. Fyrir nokkrum dögum var hann spurður að því hér í þinginu hvort hann teldi að þessar 45 millj. kr. mundu skila sér. Hann sagðist vera bjartsýnn á að svo gæti orðið og vonandi verður það svo. En það er bersýnilegt að hér er um að ræða óvissu upp á nokkra tugi millj. kr. og verulegan mismun á áætlun ríkisstj. annars vegar og Húsnæðisstofnunarinnar hins vegar upp á 75 millj. kr.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins 7. febr. 1984 að Atvinnuleysistryggingasjóður skili 115 millj. kr. Hæstv. félmrh. hefur viðurkennt að þessi peningur sé mjög óviss og vafasamt að hann náist. Hann hefur hins vegar lýst því yfir að fjmrn. eða fjmrh. muni tryggja þessa peninga. Hann lýsti því yfir á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. Ég vil inna eftir því hvort ríkisstj. hefur samþykkt að þessar 115 millj. kr. verði greiddar úr ríkissjóði. Ef það hefur ekki þegar verið samþykkt vantar þarna 115 milljónir til viðbótar við þær 75 sem áður hafa verið nefndar.

Í þriðja lagi: Ríkisstj. gerir ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir skili 525 millj. kr. á þessu ári. Hér er um að ræða hækkun frá s. l. ári um 97% á sama tíma og ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á að hækka um 6.7%. Hér er augljóslega um að ræða miklu hærri tölu en hægt er að gera sér raunhæfar vonir um. Ég spyr hæstv. fjmrh. og félmrh.: Hafa þeir tryggingu fyrir því að allir sjóðirnir skili 40% af sínu ráðstöfunarfé? Hefur Lífeyrissjóður verslunarmanna samþykkt að skila 40% af sínu ráðstöfunarfé? Ég spyr hv. þm. Guðmund H. Garðarsson sem er einn af forustumönnum þess sjóðs.

Ég hef rökstuddan grun um að þessi tala sem nú er unnið með sé þegar talin allt of há í fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnun og hjá Sambandi almennra lífeyrissjóða og lífeyrissjóðunum yfirleitt. Ég hef rökstuddan grun um að þar telji menn réttara að miða við 350—400 millj. kr. frekar en 525. Ég hef, og minni hl. í þessu nál., miðað við að þarna náist 400 millj. kr., það er geysileg hækkun frá s. l. ári.

Þá er þar óvissa um 125 millj. í viðbót.

Þá er gert ráð fyrir því í áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins að til komi sérstök innlend fjáröflun upp á 200 millj. kr. Ríkisstj. er þegar búin að lýsa því yfir að þessi

innlenda fjáröflun verði að skerast niður um 300—400 millj. kr. Það var í yfirlýsingunni um stóra gatið hjá hæstv. fjmrh. hér 8. mars. Um þessa tölu, þessar 200 millj. kr., er óvissa, það er alveg ljóst. Félmrh. hefur það ekki í hendi enn þá.

Ég tel að við eigum í þessu máli eins og öðrum að styðja hæstv. félmrh. í því að hann fái þessa fjármuni til húsnæðislánakerfisins og það verði engar refjar með það. Enda er það rétt hjá hæstv. félmrh. að þegar ríkisstj. samþykkir lánsfjáráætlun og Alþingi afgreiðir lánsfjárlög á að vera hægt að treysta því að við það verði staðið. En staðreyndin er hins vegar sú — eins og félmrh. hefur viðurkennt í umr. hér 8. mars en úr ræðu hans úr þeim umr. var ég að lesa núna áðan — að þetta kerfi er meira og minna í uppnámi vegna þess að peningaskortur er alls staðar í þessu efni.

Þegar þessar tölur eru taldar saman, sem hér er verið að setja upp, er alveg augljóst mál að það er óvissa í húsnæðislánakerfinu upp á 900 millj. kr. En enginn sagði — eða a. m. k. ekki ég — að það vantaði 900 millj. kr í þetta kerfi. En ég tel að það hafi ekki verið gengið frá þessum fjármunum og þarna sé óvissa upp á 900 milljónir. Ég held að það væri skynsamlegt af hæstv. félmrh. að þiggja yfirlýsingu stjórnarandstöðuflokks um aðstoð við að tryggja þessa fjármuni áður en hann fer í að skera áætlunina niður og kem ég nú að því.

Hæstv. félmrh. er nefnilega í þeirri þröng með þetta mál, því miður, að menn eru farnir að tala um að skera niður stórkostlega þessa áætlun sem birt er hér á bls. 6 í nál. minni hl. Gert er ráð fyrir stórfelldum niðurskurði á þessari áætlun. Verið er að tala um það núna að ekki verði veitt 1 000—1 100 nýbyggingarlán eins og á síðustu árum heldur að veitt verði á þessu ári 750 nýbyggingarlán. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er þetta rétt? Er virkilega verið að tala um að veita aðeins 750 nýbyggingarlán á þessu ári? Ætlar hann að láta undan pressu ríkisstj. í þessu efni og hindra þannig að staðið verði við þau markmið sem lánsfjáráætlunin setur og gefast upp við að framkvæma hana áður en hún er orðin að veruleika í þinginu?

Samkvæmt þeim bréfum, sem okkur bárust í fjh.- og viðskn. Nd. frá Húsnæðisstofnuninni, er greinilega verið að gera ráð fyrir því að fresta stórkostlega lánaveitingum Húsnæðisstofnunarinnar þannig að þeir, sem gera fokhelt á fyrri hluta þessa árs, fái jafnvel engin lán á árinu 1984. Slík afgreiðsla hefði aldrei þekkst fyrr, aldrei nokkurn tíma. Þannig að þó að ríkisstj. tækist að tryggja fjármuni til þess að hækka lánin um 50% frá því sem áður var, sem er sú fjöður sem félmrh. hangir á í þessu efni, er það staðreynd um leið að hann nær því með því að skera niður og fækka nýbyggingarlánum jafnvel um 25—30% ef það er ætlun hans að setja þetta niður í 750 íbúðir. Er ætlun félmrh. að fallast á að þetta verði sett niður í 750 íbúðir? Er það ætlun félmrh. að fallast á að G-lánin verði skorin stórkostlega niður eins og Seðlabankinn er að nudda í við félmrh. nú eins og oft áður og alltaf hefur verið neitað?

Þessar spurningar vildi ég gjarnan að hæstv. félmrh. tæki til íhugunar. Niðurstaðan mundi verða sú, sem rakin er í þessu nál., 17—25% samdráttur yrði í byggingunum frá því litla byggingarmagni sem var á síðustu árum í minni tíð sem félmrh. þegar verulegur samdráttur átti sér stað frá því sem áður hafði verið, m. a. vegna mikillar verðbólgu á þeim tíma. Ætla menn að keyra það byggingarmagn niður um 25—30%? Mér sýnist að það sé það sem menn eru hér að ræða um.

Hins vegar hefur hæstv. félmrh. sloppið fyrir horn í þessu máli furðu vel vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur verið svo almennilegur að afgreiða Húsnæðisstofnunina. Það hefur verið dregið endalaust á Seðlabankann. Seðlabankinn hefur einlægt fengið upplýsingar að undanförnu um að þetta verði lagað á morgun eða í næstu viku þangað til að menn fóru eitthvað að ókyrrast og heimtuðu að hæstv. félmrh. segði hvernig hann ætlaði að tryggja þessa peninga. Hann hefur komist upp með það enn þá að lýsa því ekki yfir hvernig hann ætlaði að fara að því vegna þess að hann hefur verið í skjóli hæstv. fjmrh. og ég vona að hann verði það eitthvað áfram.

En staðan er engu að síður sú að í Seðlabankanum hafa komið upp um það hugmyndir í fyrsta sinn í sögunni að loka á Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna eins og hverja aðra ótínda vanskilaaðila sem eigi að fleygja á dyr vegna þess að ekki sé búið að gera grein fyrir því hvernig menn ætli að standa straum af þeim yfirdrætti sem var í Seðlabankanum á vegum byggingarsjóðanna um áramótin upp á 200—300 millj. kr. Hæstv. félmrh. hefur ekki gengið frá því hvernig þetta á að leysa. Þetta er allt saman í lausu lofti. Hæstv. fjmrh. hefur, eins og ég benti á áðan, með ákvörðunum, sem teknar hafa verið í ríkisstj., gengið þannig frá hlutum að hægt hefur verið að hækka lánin um 50%. En eftir stendur hitt að hallinn á Byggingarsjóði og vandi hans er í rauninni gjörsamlega óleystur.

Hæstv. félmrh. tjáði okkur í fjh.- og viðskn. Nd. að búið væri að ganga frá samkomulagi í sambandi við bankana og framkvæmdalánin upp á 125 millj. kr. á þessu ári. Helgi Bergs mætti fyrir hönd viðskiptabankanna á fund fjh.- og viðskn. og greindi frá því að ekkert samkomulag lægi fyrir gagnstætt því sem hæstv. félmrh. hafði sagt okkur. Ég hlýt að spyrja hann að því, hvort sem hann svarar því núna við 2. umr. eða 3., hvernig á því stendur að honum og talsmanni viðskiptabankanna ber ekki saman að þessu leytinu til.

Virðulegi forseti. Það væri ástæða til að halda lengi áfram að ræða þessi mál. Hér hefur verið illa að verki staðið af hæstv. ríkisstj. Hér er um að ræða mál sem er vanburða á alla vegu. Þess vegna hefur minni hl. lagt til að málinu verði vísað aftur til ríkisstj. Ég tel að það séu langeðlilegustu og rökréttustu vinnubrögðin, að vísa þessu máli aftur til ríkisstj. þannig að hún fái að glíma við þetta verkefni. Mjög mikið vantar á að gerð hafi verið grein fyrir málum og mér finnst það nokkurt umhugsunarefni fyrir Alþingi hversu mikið menn láta bjóða sér í þessu efni varðandi vanbúnað mála, bæði stjórn og stjórnarandstaða í rauninni. Ríkisstj. þyrfti einnig að hugleiða hvernig betur mætti standa að afgreiðslu svona mála. Mál liggja oft lengi inni í þinginu án þess að á þeim sé tekið í nefndum þingsins. Oft og tíðum er lítill alvörublær yfir meðferð mála í starfsnefndum þingsins, því miður. Ég held að það væri hagsmunamál stjórnarandstöðunnar ekki síður en stjórnarinnar að reynt yrði að halda betur á meðferð þessara mála framvegis. Í þessu efni getur enginn skotið sér undan sök, allir flokkar og vafalaust flestir þm. eiga þar nokkra sök á. En þetta þarf að laga. Það er ekki nógu vel unnið í málum eins og þessum, því miður.

Ég tel hins vegar að þetta mál sé afbrigðilega illa

unnið í rauninni og þess vegna er eðlilegt að stjórnarandstaðan hefur flutt hér till. um að málinu verði vísað aftur til ríkisstj.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Það er held ég nokkuð merkileg staða sem Alþingi er í hérna í kvöld. Það er verið að biðja okkur um — og er raunar fyrirsjáanlegt að það gangi fram — að afgreitt verði hérna mál sem eftir yfirlýsingum sjálfrar ríkisstj. að dæma er ófullnægjandi, er ófullburða, er götótt og hefur ekki reynst það trausta innlegg í fjármálapólitík þjóðarinnar sem hæstv. ríkisstj. þykist þó viðhafa, og að auki vitum við um fjöldamörg óleyst verkefni á sama vettvangi, þ. e. í lánsfjármálum. Það er alveg fyrirsjáanlegt að þó að við afgreiðum þetta mál núna verður upphlaup einhvern tíma síðar þar sem í ljós verður komið gat og kallað verður á fulltingi hæstv. Alþingis til þess að leysa vandamálið.

Við í minni hl. bentum á þann möguleika að menn hefðu samvinnu um að greiða fyrir bráðum málum, t. d. lántökum ríkissjóðs í einstökum aðkallandi málum, með því að afgreiða þau sérstaklega og gefa þannig nefnd og þingi tækifæri til að vinna þetta mál eins og það á skilið.

Hæstv. fjh.- og viðskn. Nd. hefur reynt að taka þetta mál þeim tökum sem tíminn hefur veitt tilefni til. Það hefur verið rætt við fjöldamarga aðila, en mjög margir endar eru ókannaðir. Það hefur verið gerð grein fyrir þessu máli í ræðum þeirra hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og Svavars Gestssonar og verið drepið á ýmis þau mál sem voru helst til umræðu í n. og er í raun ekki miklu við þá efnislegu meðferð að bæta.

En þarna hefur að mörgu leyti skotið skökku við, að mínu mati. Ég ætla t. d. að nefna eitt dæmi í sambandi við 3. gr., þar sem er Landsvirkjunarmálið. Þar var í frv. eins og það var lagt fram 900 millj. kr. lántökuheimild. Fjh.- og viðskn. í Ed. taldi nauðsynlegt „að gefin yrði nánari sundurliðun en fram kemur á lánsfjáráætlun um ráðstöfun lánsfjár Landsvirkjunar til framkvæmda", svo að notuð séu orð úr áliti meiri hl. n. í Ed. Um þá sundurliðun var beðið. Sú sundurliðun berst hæstv. fjh.- og viðskn. Ed. með ekki meiri fyrirvörum en svo að saklausir alþm. töldu að þetta væri plagg sem á væri mark takandi og settu í brtt. og samþykktu. Síðan kemur í ljós að þetta mátti ekki og málið er allt í vandræðum og allt stendur fast. Það virðist koma í ljós að stórvirkjanafyrirtæki, sem er að plana á árinu 1 milljarðs áætlun verklegra framkvæmda, stendur þannig þegar þrír mánuðir eru liðnir af framkvæmdatímanum að ekki má setja reipin föst. Það þarf að hafa reipin það laus að hægt sé að færa á milli eins og þeir kæra sig um. Þá spyr maður sig ýmissa spurninga: Senda embættismenn Alþingi, þegar það biður um upplýsingar, upplýsingar sem eru ekki meira virði en þetta? Hvers virði eru umsagnir og upplýsingar sem Alþingi er að biðja um? Nú mætti líka spyrja sig í þessu ákveðna tilfelli: Liggur ekki nokkuð ljóst fyrir, þegar þrír mánuðir eru liðnir af viðkomandi ári, hvernig framkvæmdum verður háttað? — En það kom í ljós að grg., sem var nógu góð fyrir þm. til þess að nota til að samþykkja 1 milljarðs króna lánsheimild, var ekki nægilega traust til að fyrirtæki treysti sér að starfa eftir henni á árinu. Þessi vinnubrögð undrast ég og ég tel að Alþingi eigi þá kröfu að fá yfirlit um áætlanir svona fyrirtækja sem raunverulegt vit sé í.

Í framhaldi af svona vangaveltum má t. d. velta fyrir sér 4. gr. umrædds frv., þar sem eru fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Þar er sem betur fer miklu minni upphæðum úr að spila. Hv. n. hafði því miður engan tíma til að fara nánar ofan í þá sauma. Þar eru veittar ýmsar heimildir til lánsfjáröflunar. Þar er veitt heimild til lánsfjáröflunar vegna steinullarverksmiðju. Hefði með eðlilegum vinnubrögðum verið fullkomin ástæða til að þm. spyrðu og fengju upplýsingar um t. d. hver rekstrargrundvöllur þessarar verksmiðju væri. Það urðu miklar umr. ekki alls fyrir löngu um þetta mál. Þarna verður, ef svo fer sem horfir, framleidd steinull sem líklega nægir fyrir alla Norður-Evrópu. Það er spurning hvað er verið að skuldbinda, í hvers konar bransa á að skuldbinda Alþingi þar?

Annað dæmi upp úr sama plaggi er í sambandi við sjóefnaverksmiðju, sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Það kom í ljós við vinnu hv. Ed. að þar hafði verið vanáætlaður fjármagnskostnaður og þar þurfti að bæta við, ef ég man rétt, einum 9 milljónum. Ekki bendir það beinlínis til traustrar rekstrarstöðu fyrirtækisins. Og menn hefðu átt að spyrja að gefnum meiri tíma: Hvað er að gerast þar? Hverjar eru áætlanir fyrirtækisins? Hver er staða þess? Er þetta byrjunin á einhverju ævintýri? Ég held að ástæða hefði verið til að athuga þarna fleiri þætti.

Fyrir húsnæðismálum hefur verið gerð hérna nokkuð glögg grein. Það kemur fram í lánsfjáráætlun að lánsfjár til húsnæðissjóðanna á að afla á þann hátt að frá lífeyrissjóðum eiga að koma 690 millj., með sérstakri sölu skuldabréfa á að afla 200 millj., skyldusparnaður á að gefa 45 millj. og lán frá Atvinnuleysistryggingasjóði á að vera 115 millj. Alls eru þetta 1050 millj. Það hefur þegar komið fram ýmislegt um hversu merkar þessar tölur séu í raun og veru. Það hefur komið fram í viðtölum við forstöðumenn lífeyrissjóða að þeir hafi ýmsa girnilegri vöxtunarmöguleika fyrir sitt fé þessa dagana, í ríkisvíxlum og ýmsum gylliboðum, og að þeir telji þetta fé alls ekki í hendi þó að ráðh. telji að um það hafi verið samið svo jafngildi handsali.

Í sambandi við 200 millj. kr. fjáröflun með sölu skuldabréfa er margbúið að koma fram í þessum stól að það er greinilega ofbeit á íslenska lánsfjárhaganum. Menn hafa raunar minnkað um helming þær áætlanir sem þeir höfðu um fjáröflun þar. Nýjustu upplýsingar í þeim efnum komu frá samráðsnefnd hæstv. fjmrh. í nýlegum umr. um gat, þar sem áætlun um lánsfjáröflun á innlendum markaði var lækkuð úr 800 millj. í 500 millj.

Það sem átti að vera 45 millj. í skyldusparnaði verður líklega á endanum neikvætt um einar 30, ef ég man rétt.

Það er rætt hérna um 115 millj. frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Þarna vantar greinilega fé svo hundruðum milljóna skiptir, og þó eru hérna einungis teknar þær áætlanir sem voru í lánsfjáráætlun sjálfri. Ef það er hins vegar litið í gögn Húsnæðisstofnunar um áætlaða lánsfjárþörf vantar til viðbótar þar 400 millj. Húsnæðisstofnun hefur skv. sínum gögnum áætlað að fjárþörf Byggingarsjóði ríkisins væri 1366 millj. og þörf Byggingarsjóðs verkamanna væri 584 millj. Þetta eru í allt 1950 millj. Með því fé sem stofnuninni er lofað á lánsfjáráætlun og öðru rekstrarfé sem hún hefur hefur hún til umráða 1572 millj. Þarna vantar 400. Þarna er

400 millj kr. bil á milli þess sem vantar og þess sem lánfjáráætlun, ef við hana væri staðið, mundi gefa þessum sjóðum. Svo er auk þess augljóst að það fæst ekki einu sinni það sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir.

Frammi fyrir þessu stendur fólk sem er að berjast þeirri gömlu, helgu baráttu Íslendingsins að reyna að koma yfir sig þaki. Kveðjan eða skilaboðin sem þetta fólk fær eru af ýmsum toga. Því er sagt annað veifið: Ég mundi nú bíða með að byggja ef ég væri í þessum sporum. Einn ráðh. segir: Ég lít svo á að ríkisstj. beri ábyrgð á þeim tölum sem hafa verið lagðar fram í lánsfjáráætlun. Annar ráðh. segir: Það hefur engu verið lofað. — Við erum komin þrjá mánuði inn á framkvæmdatíma þessa árs. Það fer að koma sá tími að eðlilegt sé að fólkýti úr vör í þessum efnum, en allt er í lausu lofti. Það er spurning hvar og hvenær verði lögð fram sú trygging ríkissjóðs á fjáröflun til húsnæðislánakerfisins að mark sé á takandi og hver hún verður. En eftir því bíða ýmsir.

Hér mætti lengi tala. Til viðbótar við þau göt sem ég hef gert að umræðuefni hér vitum við um óleyst vandamál sem bíða eftir okkur, þúsund milljón króna skuldadæmi útgerðarinnar sem auðvitað verður að einhverju leyti leyst innan bankakerfisins með lengingu lána og ýmsu þess háttar. En það er fyrirsjáanlegt að óhugsandi er að lausn þess dæmis verði án þess að ríkissjóður komi við sögu. Og hvað verða mörg hundruð milljónir þar?

Einhver lán verður að taka til að stoppa í stóra gatið frá því um daginn og einhverjar hundruð milljóna lántökur verða vafalaust þar.

Þannig er staðan núna, að þessi styrka, örugga ríkisstj. er að þræla í gegn plaggi sem við vitum þegar að er skakkt svo nemur hundruðum milljóna og við vitum að okkar bíða óleyst dæmi upp á fleiri hundruð milljóna og Alþingi er boðið upp á að afgreiða þetta eins og ekkert sé. Eins og hv. síðasti ræðumaður vék að tel ég að menn ættu virkilega að taka sig á og hugleiða hvers konar vinnubrögð séu þeim persónulega samboðin og stofnuninni sem þeir um stundarsakir hafa rekist inn á.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Margt mætti um það frv. segja sem hér er til umr. og lánsfjáráætlun hæstv. ríkisstj., en því hafa þegar verið gerð veruleg skil af stjórnarandstöðunni, þar á meðal talsmönnum Alþb. við umr. í Ed. og svo nú í þessari umr. af hv. 3. þm. Reykv. Ég kveð mér hér hljóðs fyrst og fremst til þess að gera einn þátt að nokkru umtalsefni. Það eru orkuframkvæmdir og iðnaðarframkvæmdir eins og þær blasa við af þeim áætlunum sem hér liggja fyrir.

Hv. þm. og í þeirra hópi hæstv. ráðh., sem nú sitja, minnast þess líklega frá umr. liðinna ára, að af páv. stjórnarandstöðu í tíð síðustu ríkisstj. var að henni vegið allótt og títt vegna þess að þeirra mati, páv. hv. stjórnarandstæðinga, að ríkisstj. og páv. iðnrh. væri alveg sérstakur dragbítur á það sem vera skyldi vaxtarbroddur í atvinnulífi landsmanna, orkuframkvæmdirnar og iðnaðarframkvæmdir sem þeim tengjast. Fyrir kosningarnar s. l. vor voru sverðin heldur betur brýnd af páv. stjórnarandstöðu að þessu leyti, því að sannarlega skyldi nú verða á breyting ef þeir fengju fulltingi til þess að taka við stjórn landsins. Í ljósi þessara orða, sem mælt voru oftar en flest annað hér í tíð fyrrv. ríkisstj. í tengslum við atvinnuþróun í landinu, er fróðlegt að líta á þessa lánsfjáráætlun og lánsfjárlagafrv. núv. hæstv. ríkisstj.

Þar kemur í ljós að í stað þess sem hv. kjósendur þeirra flokka sem styðja hæstv. ríkisstj. væntanlega hafa gert ráð fyrir, að nú yrði sprett úr spori. Í stað þess er nú farið í hina áttina og það býsna rösklega, því að þegar litið er á hlutfall orkuframkvæmda af þjóðartekjum kemur í ljós að þær hafa aldrei minni verið síðan 1963—1964. Það þarf að fara 20 ár aftur í tímann til þess að sjá lægri tölur í sambandi við virkjunarframkvæmdir og aðrar orkuframkvæmdir í landinu, heil 20 ár aftur í tímann. Þetta er nú sóknin mikla á orkusviðinu, sú mikla sókn sem boðuð var fyrir síðustu kosningar.

Það verður kannske fram fært þessu til skýringar að hæstv. núv. ríkisstj. hafi ekki haft ráðrúm til að söðla um og herða á svo mjög þann tíma sem hún hefur setið að völdum. Því er fróðlegt að átta sig á hver eru áformin í þessu efni. Svo vel vill til að inn á borð hv. þm. barst í dag sem fskj. með áliti minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar deildar fskj. IX bréf frá iðnrn. þar sem fram kemur svar við fsp. frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og Páli Péturssyni, sem þeir lögðu fram á fundi fjh.- og viðskn. 23. febr. s. l. Fsp. var þannig:

„1. Óskað er eftir samanburði á virkjunarframkvæmdum sem er að finna í 3. gr. frv. til lánsfjárlaga og virkjanaframkvæmda s. l. fimm ár á sambærilegu verðlagi.

2. Óskað er eftir grg., um áform rn. um virkjanir næstu fjögur ár, 1985—1988, ásamt sundurliðun eftir helstu framkvæmdum."

Svarið er þarna að finna. Það kemur fram að rauntölur áranna 1979—1983 eru öll árin nema 1979 langt yfir einn milljarð króna: Árið 1980 1421 millj., 1981 1561 millj., 1982 1340 millj., 1983 1286 millj. En á þessu ári, 1984, eins og fram kemur í frv. sem hér er til umr., 900 þús. kr. áætlað.

Síðan koma áformin varðandi næstu fjögur ár. Þar stendur:

„Helstu framkvæmdir verða við Kvíslaveitur, Blönduvirkjun, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og undirbúning nýrra virkjana, en næst í röð virkjana er Fljótsdalsvirkjun, skv. ályktun Alþingis. Fjárfestingar án vaxta í þessa liði eru áætlaðar: 1985 1000 millj. kr., 1986 1100 millj. kr., 1987 1100 millj. kr. og 1988 600—1100 millj. kr. (háð byrjun á næstu virkjun)."

Þetta eru svör hæstv. iðnrh. sem hingað eru send fyrir hans hönd af ráðuneytisstjóra iðnrn., dags. 12. mars 1984. Hér kemur fram ekki aðeins sá gífurlegi samdráttur, 37.2%, í raforkuframkvæmdum á þessu ári frá því sem var á síðasta ári, heldur eru áætlanir hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. um að þær verði sem nemur nálægt þriðjungi minni en verið hefur s. l. fjögur ár á komandi fjórum árum. Þetta er tölulega útfærð sóknin mikla á orkusviðinu eins og hún nú blasir við frá hæstv. ríkisstj.

Ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á þessu. Væri hér sannarlega af miklu að taka ef ætti að fara að ræða orkumálin og ekki síður orkunýtinguna, því að þar er ekki af neinu að taka skv. þessari lánsfjáráætlun. Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði er hér ekki á blaði, en væntanlega yrði heimild til framkvæmda við hana ef Alþingi veitti heimild þar að lútandi, sem mjög er beðið eftir. Enn binda menn væntanlega vonir við þau orð hæstv. forsrh. í stefnuræðu, að framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju séu ráðgerðar frá miðju þessu ári, en

nú fer að styttast tíminn í þeim efnum ef þær vonir eiga að rætast.

Af meiri háttar framkvæmdum á iðnaðarsviðinu er ekki annað að hafa hér skv. þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun en áframhald við þau fyrirtæki sem grunnur hafði verið lagður að lagalega og byrjað var sumpart á framkvæmdum við á síðasta ári. Það vekur athygli mína í sambandi við iðnfyrirtæki að Landssmiðjan, sem gert var ráð fyrir lánsfjárheimild til upp á 12 millj. kr. á síðasta ári, er hér ekki á blaði með lánveitingar. Einnig kemur fram í texta fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar að almennar iðnaðarframkvæmdir dragist saman um að mig minnir 6% eða rösklega það, þannig að ekki er að sjá vaxtarbroddinn á sviði iðnaðar, hvorki hins almenna né í stærri iðnfyrirtækjum.

Varðandi raforkuframkvæmdirnar og virkjanaframkvæmdirnar þá er Blönduvirkjun þar á blaði, en með lágmarksfjármagn. Það er ein af þeim stórframkvæmdum á sviði orkumálanna sem núv. ríkisstj. hefur frestað. Það hefur um lítið annað verið að ræða en frestanir í virkjana- og raforkuframkvæmdum hjá hæstv. ríkisstj. til þessa. Í fyrra var það Suðurlína sem frestað var og nú liggur fyrir ákvörðun frá hæstv. ríkisstj. um frestun Blönduvirkjunar um a. m. k. eitt ár og á fleiri sviðum er sömu sögu að segja. Kísilmálmverksmiðjan á Reyðarfirði er enn spurningarmerki sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki veitt svar við. Ekki hefur heyrst neitt um ný áform, umfram það sem fram kemur í bráðabirgðasamningi hæstv. iðnrh. við Alusuisse frá síðasta hausti, um stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík, sem ráðgerð er 1987—1988, og framkvæmdir við Kvíslaveitur og Þórisvatnsmiðlun upp á 370 millj. kr. á þessu ári, sem ráðgerðar eru, lúta væntanlega því markmiði að hægt verði að sjá fyrir einhverri orku til stækkunar í Straumsvík þegar þar að kemur.

Það líður nú mjög á marsmánuð og stutt í það að upp renni 1. apríl, en það er sá dagur sem hæstv. iðnrh. miðar við skv. samningi og stefnir að að hafa þá lokið samningum við Alusuisse vegna endurskoðunar á raforkuverði og öðrum þáttum aðalsamnings. Við skulum sjá hvað þeir dagar marsmánaðar sem eftir lifa færa okkur í þeim efnum. Eftir því verður beðið.

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja máls á þessari aðstöðu í sambandi við orkuframkvæmdir og meiri háttar iðnað og leiða rök að því, sem auðsætt er, að orkusóknin mikla, sem boðuð var af talsmönnum núv. hæstv. ríkisstj. á liðnum árum, hefur þegar fjarað út. Ekki sjást þess nein merki eftir þeim gögnum sem fyrir liggja að þar verði hafin gagnsókn í þá átt sem lofað var af þessum talsmönnum fyrir síðustu kosningar.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. skilar sérstöku nál. um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Sem fulltrúi Samtaka um kvennalista með áheyrnaraðild að n. stend ég að þessu áliti.

Til n. kom fjöldi fulltrúa og embættismanna frá ýmsum stofnunum og aðilum sem eiga hagsmuna að gæta eða standa að gerð þessa frv. Þær upplýsingar sem þeir gáfu, auk þeirra upplýsinga sem ríkisstj. sjálf gaf í yfirliti frá fjmrn. dags. 3. mars s. l., gefa til kynna að þau lánsfjárlög sem hér eru til afgreiðslu séu óraunhæf. Ekki er sýnt að það fé fáist sem ætlað var að afla á innlendum lánsfjármarkaði og á því enn sem áður að hverfa til þess gamalreynda ráðs að slá stórfelld erlend lán. Gengur þar hver í annars spor í troðna slóð þrátt fyrir ámæli og fordæmingar á slíku athæfi. Er nema von þótt sú spurning vakni: Hver rekur eiginlega þetta land og hver mundi eiga það ef það væri gert upp fjárhagslega? Er okkur Íslendingum í raun um megn að standa sjálfir að rekstri þessa þjóðfélags sem við byggjum? Þurfum við að búa í þessu landi á þann hátt að við veðsetjum okkur í útlöndum? Getum við ekki valið okkur forgangsröð og meiri hófsemd í fjárfestingum sem leyfir okkur meira fjárhagslegt sjálfstæði? Er okkur óhjákvæmilegt að eyða um efni fram?

Það er leitt að sjá að þrátt fyrir gagnrýni núv. ríkisstj. á fjárfestingarstefnu og forgangsröðun fyrri ára þá hefur hugmyndaflug hennar og dirfska því miður reynst lítilla sanda og lítilla sæva. Og hún sækir í sama farið. Þrautalending hennar er hin sama og hinna sem á undan fóru. Þetta eru þeim mun meiri vonbrigði af því að hér gætir lítið sem ekkert þeirrar nýsköpunar í fjárfestingarmálum sem þessi stjórn boðaði. Hér er haldið áfram uppteknum hætti og hér er á ferð sama stefna og ríkt hefur undanfarna áratugi. Áherslurnar hafa lítið sem ekkert breyst frá því sem verið hefur. Því fjármagni sem er til úthlutunar er í allt of ríkum mæli varið í óarðbær eða lítt könnuð verkefni. Sömuleiðis er fjármagni, sem þegar er af skornum skammti, veitt í vafasöm gæluverkefni og dreift víða til að fullnægja skammsýnum sjónarmiðum lítilla hagsmunahópa. Á meðan er virt að vettugi heildarstefna, markviss þróun og samræmd velferð þjóðfélagsins sem heildar. Áfram þenur vindur seglin í óarðbærum framkvæmdum eins og margumræddri flugstöð og Seðlabankabyggingu, til að taka táknræn dæmi, og enn sér engan samdrátt í risnu og annarri eyðslu yfirstjórnar ríkisins. Enn er mokað fé í hið sísoltna gin stórvirkjunarframkvæmda. Á sama tíma er reynt að spara. En hvar? Jú, það eru sparaðir aurarnir meðan krónunni er eytt. Og hvar er klipið af? Jú, það er t. d. klipið af og sparað við Lánasjóð íslenskra námsmanna og líka við Framkvæmdasjóð fatlaðra og Erfðafjársjóð. Húsnæðismálin eru í mesta ólestri og verður ekki séð hvernig fjármögnun þeirra verður borgið. Þar munu margir verða illa úti ef ekki verður að gert og er slík ævintýramennska óverjandi.

Þessari forgangsröðun er illt að una. Hin mikla óvissa um fjáröflun og forgangsröðun, sem útskúfar ákveðnum hluta þjóðarinnar, er ekki viðunandi. Þessi lánsfjárlög og sú stefna sem þau byggjast á þarfnast gagngerðrar endurskoðunar. Svipuð stefna hefur einmitt átt drjúgan þátt í því að koma okkur út í það efnahagsástand sem við nú búum við og er mál að linni.

Í umr. um þetta frv. bæði í Ed. og eins hér í Nd. komu fram bæði athugasemdir og gagnrýni á þau vinnubrögð sem viðhöfð eru þegar fjallað er um fjármál ríkisins. Þessi vinna fer fram í hólfum sem eru um of aðskilin og gætir allt of lítils upplýsingastreymis milli þeirra sem málin vinna. Fer því óþarfa tími í tvíverknað við upplýsingasöfnun og undirbúningsvinnu. Er það þeim mun bagalegra þar sem málin eiga sér tímatakmörk og komast í eindaga. Gefst því allt of stuttur tími til mótandi og afgerandi vinnslu. Þetta er ekki síður slæmt þar sem fjöldi stofnana og einstaklinga úti í þjóðfélaginu bíður í ofvæni og á allt sitt undir ákvörðunum og niðurstöðum nefndarstarfa.

Ég tel að meiri sjálfsagi og virðing fyrir verkefninu, svo og réttindum samstarfsmanna mundi vanda vinnu-

brögðin og flýta fyrir úrvinnslu. Að lokum vil ég vara hæstv. ríkisstj. við því að vaða lengra út í skuldafenið og ráðleggja henni að hverfa frá því að fjármagna rekstur þessa lands með erlendu lánsfé. Ráðlegg ég henni miklu fremur að huga betur að forgangsröðun sinni og endurskoða forsendur þessa frv. um lánsfjárlög, þannig að þau verði raunhæfari.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera eina grein þessa frv. að umtalsefni. Ég vil vekja athygli á lið sem óhugsandi er annað en að mótmæla harðlega. Það er 27. gr. þessa frv. til lánsfjárlaga eins og það kom frá Ed. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir 1. lið ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna eigi hækka í 100% fyrr en 1. janúar 1985."

100% lán af reiknaðri fjárþörf hefur verið baráttumál námsmanna í mörg ár. Námsmenn samþykktu á sínum tíma hertar endurgreiðslur lána m. a. vegna þessa ákvæðis um 100% lán af reiknaðri fjárþörf. Nú eru liðnir tveir og hálfur mánuður síðan 100% ákvæðið gekk í gildi. Búið er að reikna námsmönnum 100% lán þrjá fyrstu mánuði ársins og nú er verið að reikna upp lánin og skuldabréf fyrir apríl og maí að verða tilbúin. Námsmenn og stjórn lánasjóðsins gátu að sjálfsögðu ekki beðið eftir því hvernig þessu frv. reiddi af. Það hefði tafið úthlutun lána fram á sumar. Auðvitað fór stjórn lánasjóðsins að lögum og mun úthluta 100% lánum til námsmanna þar til frv. það sem við nú fjöllum um verður að lögum og séð er hvernig 27. gr. þess reiðir af í meðförum þingsins. Augljóst er því að lánað verður 100% a. m. k. fram á vor.

Nú mun hér vera um afturvirkni að ræða sem þýðir að verði 27. gr. samþykkt hafa námsmenn fengið of háa úthlutun fyrri hluta þessa árs og ætti þá að taka af þeim aftur það sem umfram er. Að áliti stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna er þetta nánast óframkvæmanlegt. Það virðist því augljóst ef greinin verður samþykkt að dregið verði af þeim sem hlut eiga að máli á haustmisseri og er hætt við að þá verði hagur margra bágur. Í slíkum tilfellum sem þessum er það óþolandi hringlandaháttur að fresta ákvæðum sem þegar hafa öðlast gildi og ég átel harðlega hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Því miður lítur út fyrir að þessi aðför ríkisstj. að Lánasjóði ísl. námsmanna verði ekkert einsdæmi á þessu ári en ég ætla ekki að fara út fyrir efnið hér, tíminn leyfir það ekki, enda mun væntanlega gefast tækifæri til að ræða þau mál nánar í næsta fyrirspurnatíma á Alþingi. En ég geri það að till. minni og legg á það mikla áherslu að 27. gr. þessa frv., sem bætt var inn í í meðförum Ed., verði felld út.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ekki er hægt að ljúka þessari umr. svona. Hér voru bornar fram margar spurningar til hæstv. ráðh., fjmrh., iðnrh. og félmrh., og það verður að óska eftir því að þeir svari þessum spurningum, annaðhvort núna eða að fram komi að ætlunin sé að það verði gert við upphaf 3. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hafði skilið það svo að samkomulag hefði verið milli þingflokka um að ljúka þessari umr. nú fyrir kvöldmat. Erindi mitt í ræðustólinn var einmitt þetta, að taka það fram að ég mundi í upphafi 3. umr., sem mér skilst að verði í upphafi fundar á morgun, að fundur í Sþ. víki fyrir Nd. — **(Forseti:** Mér þykir rétt að leiðrétta strax þennan misskilning hjá hæstv. ráðh. Meiningin var sú að ef þessari umr. lyki nú, 2. umr., yrði atkvæðagreiðslu frestað til morguns — segjum þegar kl. vantar korter í tvö. 3. umr. yrði síðar, kannske á föstudag.) Já, einmitt það. En sem sagt það var eins og mig grunaði, 3. umr. mun fara fram.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins gera grein fyrir þeim samkomulagsumleitunum sem hafa átt sér stað milli formanna þingflokka núna seinni partinn í dag. Við höfum rætt þann möguleika að ljúka 2. umr. hér sem fyrst en hafa atkvæðagreiðslu á morgun og 3. umr. þá væntanlega á mánudag, en þá því aðeins að um það verði samkomulag að henni ljúki og málið verði afgreitt á mánudaginn. Það er öllum ljóst að samkomulag getur ekki orðið á öðrum grundvelli en þeim að málið verði afgreitt í báðum deildum. Það þarf að fara aftur til Ed. til einnar umr. þar og afgreiðslu málsins ljúki á mánudag. Ef ekki næst samkomulag um þetta núna eða þá um hádegisbil á morgun verðum við að reikna með fundi á föstudag til að koma málinu áfram.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er rétt að hugmyndir eru uppi um að ljúka þessari 2. umr. hér í dag og geta síðan lokið 3. umr. á mánudag. En mér finnst mjög ankannalegt að ráðh. sitji hér að einhverju leyti allan daginn og hengi haus en svari engum þeim spurningum sem fram eru bornar og beri það fyrir sig að þeir vilji gera það við 3. umr. Mér finnst það ákaflega óeðlilegt og verð að beina því til ráðh. að þeir þeirra sem hér eru svari nú þeim spurningum sem til þeirra hefur verið beint. Stundum hafa þeir verið í því að hrista hausinn sem enginn veit hvað þýðir. Ég tel rétt að menn fái nú svör við þeim spurningum sem hér hafa verið fram bornar og hvað þessar haushristingar hafa átt að þýða. Þannig að ég vil beina því til ráðh. að þeir sýni þinginu þá virðingu að þeir geri nú strax við 2. umr. einhverja grein fyrir máli sínu.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það skal ekki standa á mér. Ég spyr aðeins: Um hvað var samið? Misskil ég það með öllu að þingflokksformenn hafi komið sér saman um að ljúka þessari umr. nú fyrir kvöldmat? Ég mun alls ekki draga af mér að sitja fyrir svörum við þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og menn geta haft kvöldfund mín vegna til þess. Það er hins vegar alveg ljóst að hæstv. forseti hlýtur nú að gefa kvöldmatarhlé hvað sem öðru líður. Ég vil alls ekki liggja undir því að ég vilji ekki sitja fyrir svörum í málinu. Ég vil aðeins fá upplýst og það án tvímæla um hvað var samið. Það var að þeim samningum sem ég þóttist vera að fara en ekki af ótta við það að sitja fyrir svörum. Ég skil það svo á hv. 3. þm. Reykv. að hann teldi það fullnægjandi að fyrir svörum yrði setið við upphaf 3. umr. (Gripið fram í.) Ég hef ekkert meira um þetta að segja en við skulum fá úr þessu skorið. Væntanlega er ekki svo komið fyrir samningamönnum í þessu efni að samkomulag haldi ekki nema einhverjar mínútur. Þá er að minnsta kosti réttast að gefa manni jafnóðum upplýsingar um þegar menn hafa ráðið það við sig að svíkja samkomulag.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil kanna það hjá ráðh. hvort svör þeirra þurfi að taka mjög langan tíma. Það væri mönnum miklu þægara að þurfa ekki að sitja hér yfir umr. í kvöld og hvort þeir treystu sér til þess að svara hér í stuttu máli og með þeim hætti að fullnægjandi væri og ekki þyrfti að vekja upp auknar umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að virða það samkomulag sem ég hélt að væri komið á með því að taka ekki til máls. A. m. k. reyni ég þá, úr því ég er kominn upp í ræðustólinn, að vera eins stuttorður og ég get. Ég sé ekki á þeim blöðum sem ég hef verið að punkta á í allan dag neinar sérstakar spurningar sem hefur verið beint til mín og ég þarf að svara. Ég hef gengið hér um salinn og ég hef spurt hv. 3. þm. Reykv. hvort ég hafi fengið einhverjar spurningar sem ég þurfi að svara. Hann taldi svo ekki vera, ekki til mín. Aftur á móti ku hv. 3. þm. Reykn. vera með spurningu til mín. Hún hefur þá farið fram hjá mér því að hún er ekki hér punktuð niður.

Í þessum ræðum komu fram nokkrar ádeilur á það fjárlagafrv. sem hefur verið samþykkt. Ég hef sjálfur gert athugasemdir við frv. og upplýst þjóðina um hvernig framtíðin blasir við. Það að þetta fræga gat er nú til umr. bæði hér og í þjóðfélaginu er aðallega til komið vegna þess sem við blasir fram undan í aukafjárveitingum o. fl. sem þarf að gera ráðstafanir til að brúa og finna leiðir út úr áður en við sökkvum þar í fen.

Í sambandi við lánsfjárlögin, sem hér eru á dagskrá, eru þetta ekki annað en fullyrðingar um hvað þau séu slæm, þessi væntanlegu lánsfjárlög. Það sýnist náttúrlega sitt hverjum. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir að menn hafi mismunandi skoðanir á þeim og auðvitað eru þau slæm. Auðvitað hljóta fjárlögin að vera slæm. Við vitum að þetta eru fjárlög sem eru búin til eftir að fram kemur hjá leiðandi stjórnarflokki í fyrrv. ríkisstj. að ekkert annað dugi en 4—5 ára neyðaráætlun, sem allir stjórnmálaflokkar standi saman að til að ráða við þann vanda sem fram undan er. Hvernig búast hv. þm. við því að við getum verið að ræða góð fjárlög á eftir slíku stjórnarfari? Það ætlast áreiðanlega enginn til þess. Þjóðin verður að standa frammi fyrir vandanum, sem þarf að leysa, standa að lausn á vandanum sem blasir við.

Ég fer aftur yfir blaðið, sem ég hef verið að punkta á í dag, og sé þar enga beina spurningu frá hv. 3. þm. Reykn. Og ég held að ég megi fullyrða aftur að þar sé heldur engin bein spurning frá hv. 3. þm. Reykv. Það eru fullyrðingar fram og til baka, sem geta orðið út af fyrir sig langt umræðu- og deiluefni, og ég er alveg tilbúinn að taka þátt í þeirri deilu, en ég hélt að við værum búnir að ná samkomulagi um að hraða afgreiðslu í dag við þessa umr.

Ég vil þó til fróðleiks fyrir hv. 7. landsk. þm. rifja upp það sem kom fram hjá mér í fjárlagaræðunni og varðar Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég gerði þar samanburð við framlög til ýmissa annarra liða í þessu frv. og segi hér, með leyfi forseta:

„Þannig jafngildir 400 millj. kr. framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna jafnhárri fjárhæð og ríkissjóður áætlar að verja samtals á næsta ári til eftirtalinna þátta: Byggðasjóðs, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Framkvæmdasjóðs fatlaðra, Framkvæmdasjóðs aldraðra, Erfðafjársjóðs, Iðnrekstrarsjóðs, hafnargerðar, framkvæmda á vegum ríkisspítalanna og framkvæmda á flugvöllum.

Því má einnig bæta við til samanburðar, að Háskóli Íslands fær 250 millj. kr. fjárveitingu á meðan gert er ráð fyrir að Lánasjóðurinn fái 400 millj. kr. framlag og 258 millj. kr. að láni.“

Þetta er ekkert lítið fé. Það er alltaf hægt að segja að það vanti meira í alla liði, en þetta er mikið fé fyrir ekki fjölmennara þjóðfélag en okkar. Og það er vanþakklæti þeirra sem fá framlag úr þessum sjóði, það er vanþakklæti til þeirra sem með bognum bökum þurfa að vinna fyrir þessu fé til framlaga.

Ég segi þetta með það í huga að það var ekkert sem hét Lánasjóður námsmanna þegar ég var að berjast hér áfram. Þetta er viðbót, sem þjóðfélaginu er að verða ansi þungur baggi. En það er ekki þar með sagt að hann sé ekki réttlætanlegur að einhverju marki.

Ég vil beina því til hv. 3. þm. Reykn. að endurtaka þá spurningu sem hann hafði til mín svo að ég geti fullnægt óskum hans áður en þessari umr. lýkur.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég reiknaði með því að það gæfist tóm til meiri umr. í kvöld með því að ég vissi ekki annað en að hér yrði kvöldfundur. En ég tel ástæðulaust að liggja undir því, eftir að hafa setið hér í sæti og hlustað á allar þessar fróðlegu umr. hér í dag, að ég reyni ekki að svara einhverju af því sem hér hefur komið fram. Ég ætla að einskorða mig við það sem að mér var beint.

Hér hefur verið rætt um húsnæðismálin og ég verð að segja það almennt að mér finnst hv. þm. í stjórnarandstöðu gera ákaflega lítið úr því sem hefur verið gert í sambandi við þessi húsnæðismál að því er varðar það sem mestu skiptir fyrir fólkið í landinu. Lán hafa verið hækkuð um 50% og ríkisstj. hefur þegar útvegað fjármagn, sem fólkið er búið að fá í hendur, um 300 millj. í viðbótarlán fyrir árið 1982—1983. En sleppum því.

Ég vil byrja á því strax að svara hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við þær spurningar sem hann lagði hér fram. Hann spurði fyrst um Erfðafjársjóðinn. Ljóst er að með þeirri lagabreytingu sem tók gildi 1. janúar s. l. eiga tekjur Erfðafjársjóðs að renna óskiptar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Við höfum á undanförnum árum, eins og kom fram hjá hv. þm., búið við það að komið hefur nokkur aukafjárhæð til Erfðafjársjóðs í lok hvers árs þegar uppgjör hefur legið fyrir. Ég vænti þess að svo verði einnig á þessu ári. Það var hærri upphæð til ráðstöfunar 1983 en reiknað var með í fjárlögum. Núna fer fram uppgjör á Erfðafjársjóði og erfðafjárskatti fyrir árið 1984 vegna þessara breytinga og ég get ekki sagt á þessari stundu hvað úr því kann að koma.

Í sambandi við úthlutun úr Framkvæmdasjóði fatlaðra í ár hefur stjórnarnefndin nýlega samþykkt úthlutun á því fjármagni sem hún telur sig hafa yfir að ráða sem er tæpar 62 millj. kr. Hún hefur gert till. um þessa úthlutun sem eru núna til umfjöllunar hjá viðkomandi ráðh. Ég hef þessar till. til meðferðar og mun þegar ég hef fengið allar upplýsingar gera mínar athugasemdir og að sjálfsögðu skal ég verða við þeirri ósk, sem fram hefur komið, að þegar búið er að ganga frá þessum

úthlutunartill. n. að félmn. Alþingis fái þær til skoðunar.

Í sambandi við fjáröflun húsnæðiskerfisins sem hv. þm. spurði um: Ég tel ekki ástæðu til að rekja hér einstaka þætti lið fyrir lið í lánsfjárlagafrv. Ef við tökum skyldusparnaðinn fyrst þá er það alveg rétt að meiningarmunur er um það hvort sú fjárhæð, sem þarna er tilgreind, skilar sér. Eins og allir hv. þm. vita fara núna milli 500—600 millj. kr. í gegnumstreymi í skyldusparnaðinum. Í nýja frv., sem er til afgreiðslu hjá Alþingi, er gert ráð fyrir að hægja á útstreymi í sambandi við skyldusparnaðinn þannig að ég á von á því að það komi betur út en þarna er um að ræða.

Um Atvinnuleysistryggingasjóðinn ætla ég heldur ekki að hafa langt mál. Ég hef sagt það áður. Ríkið er ábyrgt fyrir þeim skyldum sem á þennan sjóð eru lagðar lögum skv. Samþykki Alþingi skyldur á Atvinnuleysistryggingasjóð eins og gert er í þessu frv. verður að mínu mati ríkissjóður við það að standa.

Í sambandi við lífeyrissjóðina hefur verið vefengt að það sem er kallað í áliti minni hl. handsal hafi við rök að styðjast. Ég mótmæli þessu vegna þeirrar einföldu ástæðu að bæði hæstv. fjmrh., ég og hans embættismenn höfum haldið marga fundi með þessum aðilum og þeir hafa fallist á að þeir mundu standa við það samkomulag sem þar var gert. Ég hef enga ástæðu til að vefengja það. Ég hef látið það koma fram hér áður að á fyrstu mánuðum þessa árs, janúar og febrúar, hafa þessir sjóðir skilað um 96 millj. kr. á sama tíma sem þeir skiluðu aðeins 36 millj. kr. á s. l. ári. Strax og lánsfjárlögin hafa verið samþykkt mun verða gengið í það með skipulegum hætti að gera samkomulag við hvern einasta lífeyrissjóð fyrir sig um hvernig þeir skila þessu fjármagni það sem eftir er ársins.

Ég ætla ekki að tala um sérstaka innlenda fjáröflun. Gert er ráð fyrir því að við það verði staðið og ég hef enga ástæðu til að vefengja það mál.

Um niðurskurðinn sem hv. þm. spurði um, hvort verið væri að ákveða að veita ekki nýbyggingarlán nema til 750 íbúða: Þetta er rangt. Húsnæðismálastjórn hefur ekki endanlega gengið frá neinni lokaáætlun um árið 1984, sem ekki er eðlilegt. Það er beðið eftir þessari afgreiðslu sem hér liggur fyrir og reiknað er með 925 nýbyggingum á árinu 1984. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að við það verði staðið miðað við óbreyttar tölur sem hér eru til grundvallar.

Ég vil geta þess að í þeirri áætlun sem kemur fram í fskj. minni hl. eru ekki þær tölur sem ég hef nýjastar frá Húsnæðisstofnun í sambandi við þessa áætlun. (Gripið fram í.) Ég á við það að hér eru hærri tölur í sambandi við G-lánin en eru í nýrri áætlun frá Húsnæðisstofnun.

Við eitt atriði hér vil ég gera athugasemd áður en ég lýk máli mínu. Það er í sambandi við álit minni hl. á bls. 5 þar sem stendur:

„Í nefndinni skýrði félmrh. og frá því að bankarnir ætluðu á þessu ári að yfirtaka svokölluð framkvæmdalán Byggingarsjóðs ríkisins til byggingarsamvinnufélaga og byggingameistara sem eru áætluð alls um 125 millj. kr.“

Ég hef aldrei sagt í þessari n. að búið væri að ganga frá þessu. Ég sagði í n. skýrt og skorinort að mér, félmrh. og viðskrh. hefði verið falið að hefja viðræður við Seðlabankann og viðskiptabankana um að ná þessu takmarki eins og kemur fram í athugasemdum bæði með fjárlögunum og lánsfjáráætlun. Þessar viðræður eru hafnar og ég sagði í nefndinni að ég hefði góðar ástæður til að ætla að árangur af þessu yrði jákvæður. Það álit mitt er óbreytt enn og ég hef fyllstu ástæðu til að ætla að við náum þessu takmarki sem ríkisstj. fól okkur, að ná samningum við viðskiptabanka og sparisjóði um þetta atriði miðað við þær undirtektir sem við höfum fengið um þetta mál.

Herra forseti. Ég skal ekki eyða meiri tíma. Ég vil aðeins segja það að mín afstaða er alveg ákveðin og skýr í þessu máli. Ríkisstj. ákvað að húsnæðismálin hefðu vissan forgang. Þetta kemur fram í athugasemdum með fjárlagafrv. og frá þessu hefur engin breyting orðið í ríkisstj. Samþykkt fjárlög og lánsfjárlög, að því er varðar fjármagn til húsnæðismála, er það fjármagn sem húsnæðisstjórn hefur til ráðstöfunar 1984 og sem hún verður að byggja sínar áætlanir á. Ég tel að ríkisstj. sé skuldbundin til þess að sjá um að við það verði staðið. Þá tel ég miðað við aðstæður að nokkuð góðum áfanga sé náð í meðferð húsnæðismála hér á landi miðað við það sem hefur verið á undanförnum árum. Það geta menn séð ef þeir leggja saman tölur og bera saman við það sem hefur verið á undanförnum árum.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef hlýtt á allar þessar umr. í dag og mér þykir nú að menn gerist óþarflega typpilsinna þegar þeir finna að því að maður kýs kannske endrum og sinnum að hlýða á mál þeirra hér í bakherbergjum, og hefur yfirleitt ekki verið að því fundið. Það er ný regla ef það eru rétt þingskapalög að ræðumenn eigi í hvert skipti kröfu á því að kalla menn hér til að hlýða á mál sitt. Þeir eiga auðvitað kröfu á því þegar um málaflokk er að tefla sem snýr að viðkomandi ráðh. Þessi snýr að vísu að fjmrh., en er að því leyti sér í sniðum að ýmsir þættir hans snúa að miklu fleiri ráðh. Þess vegna er eðlilegt að þeir séu við og fylgist með umr. En allar kröfur um að smala mönnum til og frá eftir geðþótta ræðumanna er auðvitað, eins og ég segi, óþarfa tilfyndni.

Ég fékk enga spurningu frá hv. 3. þm. Reykn., talsmanni Alþfl. Sömuleiðis beindi hv. 5. þm. Austurl. engum spurningum til mín. En hann ræddi málin og ég hefði gjarnan kosið að ræða þau við hann, en ég mun að mínu leyti reyna að gera tilraun til að draga eitthvað af samkomulagi þingflokksformannanna að landi, ef þess er kostur, og stytta þess vegna mál mitt.

Auðvitað er aðalskýringin á því að ekki er hægt að leggja stærra undir í fjárfestingum þrotabúsástæðurnar sem ég tók við af hv. þm. Framtíðarspáin um fjárfestingar er auðvitað háð öllum fyrirvörum um markaðsástæður og það getur vel verið að við verðum að stórauka þetta og margfalda.

Hv. 3. landsk. þm., sem ekki beindi heldur neinum fsp. til mín, talaði, ef ég heyrði rétt, um að ausa fé í gin stórvirkjana. Er það rétt munað? (**GA:** Hið sísoltna.) Já, einmitt. Það var svona. Hið sísoltna gin, einmitt, þetta er enn rösklegar orðað, svo að ég hef farið nokkurn veginn rétt með. Hv. 7. landsk. þm. beindi engum fsp. til mín.

Hv. 4. landsk. þm. beindi engum fsp. til mín, en hann orðfærði skiptingu framkvæmdafjár til orkuframkvæmda og taldi miður farið að horfið hefði verið frá nákvæmari skiptingu. Ég vil benda á, og það er ekki

von að hv. þm. þekki það, að á umliðnum árum hefur þessum lið ekkert verið skipt. Það er ekki þar fyrir að við þær upplýsingar sem gefnar höfðu verið á að miða, en lög eru lög og það væru engin ráð ef þyrfti að bregða, þó að væri að óverulegu leyti, út af þessari skiptingu, þá væru engin ráð önnur en að leita til Alþingis á nýjan leik. Þess vegna eru þessir liðir sameinaðir til þess að það sé þá kostur á, ef nauðsyn ber til og eitthvað hindrar viðkomandi framkvæmd, að mönnum leyfist þá að færa milli liða. Það er ekki ætlunin að það verði að neinu marki og helst að haldið verði við þá skiptingu sem gefin var. En þetta er skýringin í þessu dæmi.

Ég gat um það í umr. um fjárlög að mér kom mjög í opna skjöldu, að ekki sé meira sagt, að til sjóefnavinnslunnar skyldi ekki vera ætlað það fé sem til þurfti til að borga vexti og afborganir. Sú upphæð sem nú er hér gert ráð fyrir er einvörðungu til þess arna. Ég álít það mistök og ég hirði ekkert um að rekja hvernig á því stendur. En upprunalega till. um afgreiðslu málsins var ekki þann veg úr garði gerð af minni hálfu.

Þrem spurningum var beint til mín frá hv. 3. þm. Reykv. Fyrsta var um hversu miklum fjármunum yrði varið til Fljótsdalsvirkjunar í ár. Þetta er spurning sem hann ekki má spyrja af því að hv. 2. þm. Austurl. á skriflega fsp. í Sþ. um þetta mál nákvæmlega svona orðaða. Ég var reiðubúinn að svara henni í gær, en var hindraður í að komast að með svar vegna málþófs sem haldið var uppi, óþinglegs málþófs. Hv. 2. þm. Austurl. á ekki einu sinni sæti í þessari hv. deild og fyrir því er það að ég tel ekki eðlilegt að ég svari þessari spurningu. En ég mun gera það í næsta fyrirspurnatíma hins háa Alþingis. Ég er með svarið hérna. (**SvG:** Við hlustum á það þegar þar að kemur.)

Hv. 3. þm. Reykv. spurði um skipasmíðavandann. Frá því er að segja að ég hef áður upplýst að unnið væri að úrlausn hans. Ég skipaði nefnd mér til ráðuneytis í málinu í ágústmánuði s. l. Hún hefur unnið gott verk. Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu aðallega að verkefnum skipasmíðastöðvanna yrði beint að viðhaldi flotans, sem er mjög ábótavant. Til þess ætla menn að þurfi í það minnsta 150 millj. kr. Þessi mál eru öll til umr. hjá ríkisstj. og ég vænti þess að hinu háa Alþingi verði gerð grein fyrir niðurstöðum hið fyrsta.

Ég er enn fremur þeirrar skoðunar að það sé allt of einstrengingsleg stefna að gefa ekki skipasmíðastöðvum kost á nýbyggingum. Það blasir við okkur mikil endurnýjun á flotanum innan tveggja ára og endurnýjun sem íslenskar skipasmíðastöðvar eru í engum færum um að anna, þannig að það þarf enga spásagnargáfu til að segja fyrir um að innflutningur skipa verður hafinn á nýjan leik, hvað þá ef menn halda á málum með þeim hætti að skipasmíðastöðvarnar fái ekki verkefni og missa starfsfólk sitt og hinn þjálfaða mannskap. Það er skammsýni. Menn eru þar að henda krónunni og hirða eyrinn. Það skyldu menn allra helst varast, þó að þrengingatímar séu, að vinna þannig til óhagræðis sér upp á framtíð.

Um Vélsmiðju Seyðisfjarðar er frá því að segja að það var hugmyndin að bæta einu skipi við hið svokallaða raðsmíðaverkefni. Þau voru tvö á Akureyri, eitt á Akranesi og eitt í Stálvík. Frá því var horfið, heldur var þetta tekið inn í sérlið svo að allir fengju að sjá hvað þarna var á ferðinni. Að því leyti er þetta verkefni öðruvísi úr garði gert einnegin en raðsmíðaverkefnin að þarna er það kaupandi, kaupandi sem viðskiptabanki mat gildan, í Grindavík. Fyrir því var það vegna ástæðna í Fiskveiðasjóði og ákvörðunar þess sjóðs um að hafna öllum umsóknum að tekin var þessi ákvörðun um fjármögnun þessa verkefnis. Er enda einn þátturinn í því að missa ekki niður starfrækslu þessarar lífsnauðsynlegu iðju sem skipasmíðin er.

Ég hefði þurft að fara ýmsum orðum um þá stefnu sem rekin hefur verið af hálfu Fiskveiðasjóðs í fleiri efnum en nú gefst tækifæri til og tími, en um aðrar stöðvar vísa ég til þess sem ég áður hef sagt.

Herra forseti. Ég verð að vænta þess eins og þessar sakir standa, að hv. fyrirspyrjendur og stjórnarandstæðingar, hv. þm., láti sér nægja að þessu sinni það sem ég nú hef sagt, en ég mun þá, ef frekar verður innt eftir málavöxtum í þeim efnum sem að mér snúa, að sjálfsögðu vera reiðubúinn við 3. umr. til frekari útlistunar málsins, og kann enda að verða að ég bregði á það ráð að ræða þessi mál almennar en nú hefur gefist kostur á.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær tilraunir til svara sem þeir hafa gert. Þau hafa verið eftir atvikum skýr miðað við þann þrönga tíma sem okkur er skammtaður núna til að ljúka 2. umr. um þetta mál, en tóm gefst til frekari umr. á mánudag þegar 3. umr. fer fram. Ég hafði skilið það svo, að gert væri ráð fyrir að 3. umr. færi fram hér í deild á mánudag og sömuleiðis sú aukaumr. í Ed. sem fram þarf að fara til þess að málið nái afgreiðslu á þeim sólarhring, þannig að ég orði það samkomulag sem um hefur verið talað eins og ég hef skilið það, og ég vona að það fari ekkert milli mála.

Ég ætla ekki, af þeim ástæðum að tímaskortur hamlar, að fara að eiga orðastað við hæstv. fjmrh. um pólitískt þex af almennu tagi, sem hann upphóf áðan, né heldur við hæstv. iðnrh., heldur ætla ég að reyna að greiða fyrir þingstörfum sem mest má vegna þess að stjórnin hefur óskað eftir því að það verði reynt að flýta málum. Þess vegna mun ég fara fyrst og fremst yfir þau efnisatriði sem um var rætt og víkja fyrst að húsnæðismálunum..

Hæstv. félmrh. svaraði þeim þáttum eins og hann gat. Hann heldur áfram að hamra á þessu með 50% hækkunina, sem var borguð með því að stækka gatið á ríkissjóði. Út af fyrir sig er það sem þar er um að ræða ávinningur fyrir þá húsbyggjendur sem geta byggt. En hæstv. félmrh. er búinn að fara svo illa með lífskjörin í landinu að þeir eru stöðugt færri sem geta byggt, þannig að það eru færri og færri sem geta spurt um þau lán sem hæstv. félmrh. býður upp á eins og sakir standa nú.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi í ræðu sinni áðan að það væri vafamál með skyldusparnaðinn. Hann komst þannig að orði: Það er alveg rétt að það er meiningarmunur um hvort skyldusparnaðurinn skilar sér. — Þannig viðurkennir hæstv. félmrh. eitt atriði á dag. 8. mars, þegar um þetta var rætt, viðurkenndi hann vanda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Nú er hann kominn með skyldusparnaðinn. Þannig eykst honum skilningur með hverjum deginum sem líður og þeim mun oftar sem þessi mál eru rædd og ber auðvitað að þakka það.

Hann endurtók það í öðru lagi að ríkið væri ábyrgt fyrir Atvinnuleysistryggingasjóði og ríkissjóður. Það er athyglisvert og ég dreg það ekkert í efa. Ég vil láta það

koma fram að ég tel það sé alveg afdráttarlaust í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, en ég hef enga pappíra séð frá fjmrn. um að þeir líti svo á að það sé viðurkennd skylda þeirra að svara þessum peningum út. Og það er ekki gert ráð fyrir þessum 115 millj. í greiðsluáætlunum ríkissjóðs enn þá, a. m. k. ekki til byggingarsjóðanna, að ég best veit.

Varðandi þau atriði sem snúa að lífeyrissjóðunum endurtek ég að ég tel að spáin um 525 millj. sé ákaflega bjartsýn. Við skulum ræða þessi mál ekki bara nú heldur líka síðar og athuga hver niðurstaðan verður. Ég óska félmrh. góðs árangurs í þessu efni, en ég hefði talið að óvarlegt væri að miða þarna við miklu hærri tölu en 400 millj. Ég segi það m. a. af þeirri þekkingu sem ég þykist hafa á þessum málaflokki.

Í fjórða lagi sagði hæstv. ráðh. að rangt væri að það væri miðað við 750 íbúðir hjá Byggingarsjóði ríkisins. Það er út af fyrir sig vafalaust þannig að húsnæðisstjórnin hefur ekki gert neina nýja samþykkt, vegna þess að hún hefur ekki gengið frá lánsáætluninni fyrir árið 1984. Hins vegar vitum við að stofnunin er núna að velta því fyrir sér hvernig hún ræður við þann fjárhagsvanda sem hæstv. félmrh. og stofnunin búa við. Hefur m. a. komið upp sú hugmynd að skera niður nýbyggingarlánin að verulegu leyti á síðari hluta ársins 1984. Einhvern veginn verða menn að svara þessum vanda og þá dugir auðvitað ekki að hrista hausinn og segja: Þetta hlýtur að bjargast. Mér finnst eðlilegt að menn velti öllu mögulegu fyrir sér í þessari stöðu, en ég vona að það takist að koma í veg fyrir þann mikla niðurskurð á lánum sem þarna er verið að tala um.

Ég skildi ekki alveg það sem hæstv. félmrh. sagði hér um G-lánin. Við getum vonandi rætt það nánar við 3. umr. og áttað okkur betur á hvað þar er á ferðinni.

En það er ljóst að hæstv. ráðh. er betur og betur að átta sig á þeim vanda sem byggingarsjóðirnir eiga við að glíma. Hann viðurkennir þann vanda meir og meir og tekur undir okkar sjónarmið, að þarna þurfi að fara að með gát. Ég vona að hann taki líka stuðningsyfirlýsingum stjórnarandstöðunnar í þessu efni með þökkum í glímu sinni við ríkisstj. og hæstv. fjmrh.

Hæstv. iðnrh. þakka ég fyrir þau svör sem hann hér veitti, sem voru eftir atvikum skýr. Ég fellst alveg á það sjónarmið að fsp. um Fljótsdalsvirkjun verði geymd þangað til í næsta fsp.-tíma.

Varðandi skipasmíðarnar, þá var það alveg skýrt hvað var átt við. Hann var að tala um að bæta 150 millj. kr. við þær erlendu lántökur sem nú er verið að tala um að séu komnar fram úr öllu hófi. Ég gleymdi að nefna þetta lán áðan þegar ég var að telja þessar 150 millj. kr. upp í ræðu minni fyrr í dag, þannig að hér bætist enn við hugmyndir ríkisstj. um erlendar lántökur frá því sem verið hefur. En ég vil láta koma hér fram að ég fagna þeim viðhorfum og þeirri viðhorfsbreytingu sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. varðandi nýsmíðar hér í landinu og skipasmíðaiðnaðinn frá því að hann skrifaði bréfið sæla sem bannaði nýsmíði fiskiskipa á árinu 1984 og liggur fyrir hjá skipasmíðastöðvunum, þar sem óskað er eftir því að ekki verði um að ræða neina nýsmíði.

Skýringar hans á Vélsmiðju Seyðisfjarðar voru að mínu mati fullnægjandi, a. m. k. miðað við það sem ég hafði farið fram á.

Þannig hef ég farið yfir þau mál sem mér sýnist að hafi hér verið rædd. Hins vegar, og um það skal ég ekki hafa mörg orð, eru umr. af þessu tagi væntanlega ekki bara fsp. og svör. Eiga ekki umr. að vera skoðanaskipti og að menn prófi rök hvers annars við rök annarra og sjónarmið? Til þess gefst okkur oft mjög lítill tími. Mér finnst þess vegna að kannske sé dálítið hæpið að setja málið þannig upp, eins og hæstv. fjmrh. gerði áðan, að fyrst engum fsp. var beint til hans þurfi hann engu að svara eða ekkert um málið að segja. Við erum einfaldlega ekki í fsp.-tíma, heldur í umr.-tíma um þetta mál. Mér finnst því að þarna hafi komið fram frá hæstv. ráðherrum nokkur misskilningur í þessu efni, að stjórnarandstaðan þurfi nánast að vera með niðurskrifaðar fsp. handa þeim til þess að þeir telji það ómaksins vert að stíga í stólinn. — En að öðru leyti endurtek ég þakkir mínar fyrir þau svör sem þegar liggja fyrir.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Reykv. um það að þannig eigi umr. ekki að vera, að menn líti svo á til að mynda um ráðh. að þeirra sé aðeins að sitja og taka til máls og svara einungis ef svo skyldi ske að þeir væru spurðir einhverra spurninga. Ég vildi nefnilega gjarnan taka málefnalegan þátt í þessum umr. Ég var að vísu ekki hindraður í því, en truflaður með þessum hætti að mér var skýrt frá þessu samkomulagi. Að því vildi ég fara fyrir mitt leyti. En það brást, þó ekki að öðru leyti en því, að mér sýnist að við ættum að ná að ljúka þessu innan mjög skamms tíma. En ég vil enga svona samninga eins og þessa um niðurskurð, sem ég skildi, á umr. um mikilvæg mál. Ég tek engan þátt í þeim. Ég var tilbúinn til þess að sitja á fundi hér í kvöld og mun ekkert gera með, nema menn liggi á mér, einhverja samninga sem gerðir eru hér, sem ég sé ekki að hafi verið til mikils, a. m. k. í þessu falli. Ég hafði sára reynslu af því í nærri fjögur ár sem forseti Nd. Alþingis, þegar verið var að reyna að gera samninga milli þingflokka þá. Sú reynsla kennir mér, a. m. k. ef mér liggur á að fá öndinni frá mér hrundið í þeim málaflokkum sem að mér snúa, að ég geri ekkert með slíkt samkomulag — svo að menn viti það fyrir fram.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Út af þessu samningatali verð ég að segja að það er svolítið erfitt að halda einhverja samninga sem menn hafa aldrei heyrt um. Ég hef ekkert heyrt um það að hér ætti að ljúka umr. fyrir kl. 7 í kvöld, eins og mér skilst að liggi í orðum ráðh. En hvað um það, ég skal leggja mig fram um það — og þykist ekki hafa tafið umr. mjög — að þessari umr. megi ljúka sem fyrst ef það er áhugi manna.

Á hinu kemst ég ekki hjá að vekja athygli, að í þeim orðum sem hér hafa fram gengið af vörum ráðh. hafa þeir ekki farið einu einasta orði um það grundvallaratriði að hugmyndin sé að afgreiða fjárlög út frá forsendum sem frsm., höfundurinn sjálfur, telur að séu brostnar á plaggi sem hann hefur þegar birt. Þetta tel ég að sé langstærsta málið. Með þessu móti eru menn í rauninni að stinga höfðinu í sandinn. Kannske birtist það líka og ekki síður í máli hæstv. félmrh. hér áðan, þegar hann virtist vera búinn að finna upp einhverja nýja margföldunartöflu, sem gerði það að verkum að jafnvel þótt fjármagn væri dregið saman, þá mundu engu að síður verða jafnmargar lánveitingar eftir sem áður. Þetta er einhver ný margföldunartafla, sem ég

held að þurfi þá einhverja nýja tilsögn í. Þetta kalla ég líka að stinga höfðinu í sandinn. Og að horfa algerlega fram hjá þeim vanda sem við er að glíma í því gati sem þegar hefur komið fram í tölum frá fjmrh. og yfirlitum um það að ekki verði unnt að afla þess innlenda lánsfjár sem gert er ráð fyrir. Sérstaklega er bent á að þar á meðal séu lánveitingar til húsnæðislánakerfisins. Það finnst mér ekki góð latína að horfa fram hjá því með þessum hætti.

Að síðustu þótti mér mjög athyglisvert að hæstv. félmrh. skyldi segja deildinni frá því að hann væri með einhverjar nýjar tölur en ekki gera neina grein fyrir hverjar þær voru. Ég vænti þess að hann sjái til þess að þdm. fái þessar tölur ef í þeim er einhvern nýjan sannleik að finna.

Ég skal svo ekki tefja þessa umr. frekar. Ég vænti þess að tækifæri verði til þess að fjalla frekar um þetta við 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 58. fundur.

Fimmtudaginn 15. mars, kl. 1.45 miðdegis.

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 349 (sbr. 346), n. 422 og 442, 423). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 442, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 23:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KSK, SJS, SvG, GSig, GeirG, GE, ÓRG, GA, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH.

nei: MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞS, AS, BÍG, EH, GHG, FÞ, FrS, GB, GGS, HÁ, HBl, IG.

2 þm. (MÁM, ÞP) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestssom: Herra forseti. Það frv. til lánsfjárlaga sem hér er til afgreiðslu er illa unnið og vanbúið í alla staði. Það er fráleitt að afgreiða slíkt plagg á Alþingi með þeim hætti sem meiri hl. hefur lagt til. Þess vegna er hér uppi till. um það að málinu verði í rauninni vísað til ríkisstj. aftur og þess krafist af henni að hún reyni að vinna sín verk betur. Það er lágmarkskrafa Alþingis á hendur ríkisstj. Þess vegna segi ég já við þessari till.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur ríkisstj. sjálf lýst því yfir að lánsfjáröflun í samræmi við þetta frv. standist ekki og skorti um 400 millj. til þess. Þau lánsfjárlög sem hér eru til afgreiðslu eru þess vegna gersamlega óraunhæf að mati ríkisstj. sjálfrar og forsendur lánsfjárlaganna í þessari mynd brostnar. Það er bæði rangt og háskasamlegt að afgreiða lánsfjárlögin í þessari mynd. Það vekur falskar vonir og allar áætlanir verða á röngum forsendum hjá einstökum stofnunum. Það sem nú þarf að gera er að endurskoða áætlunina frá grunni á raunhæfum forsendum og endurmeta alla þætti. Þessu verkefni sínu verður ríkisstj. að sinna. Það er þess vegna ekki nema einn raunhæfur kostur í þeirri stöðu sem hér er uppi. Hann er sá að vísa frv. til ríkisstj. Ég segi já.

1. gr. samþ. með 23:7 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 423,1 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 23:15 atkv.
15. gr. samþ. með 24:2 atkv.
16. gr. samþ. með 24:12 atkv.
17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 24:13 atkv.
19.—23. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 423,2 samþ. með 29:4 atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 27:10 atkv.
28.—32. gr. samþ. með 25:1 atkv.
Brtt. 423,3. a (ný gr., verður 33. gr.) samþ. með 28:2 atkv.
Brtt. 423,3.b (ný gr., verður 34. gr.) samþ. með 30:1 atkv.
33. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 24:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Sameinað þing, 66. fundur.

Fimmtudaginn 15. mars, að loknum fundi í Nd.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, þáltill. 244. mál (þskj. 432). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Úttekt á rekstrar- og afurðalánakerfi atvinnuveganna, þáltill. 203. mál (þskj. 365). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Útflutningur iðnaðarvara, þáltill. 233. mál (þskj. 408). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Staðfesting Flórens-sáttmála, þáltill. 118. mál (þskj. 146, n. 412). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þáltill. um staðfestingu Flórens-sáttmála og birtist nál. á þskj. 412. Nefndin hefur fjallað um till. og mælir einróma með því að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 456).

Könnun á orsökum hins háa raforkuverðs, þáltill. 2. mál (þskj. 2, n. 336). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi. Nefndin flytur brtt. við þáltill. og leggur til að hún verði samþykkt þannig:

„1. Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir verðmyndunar á raforku til almennings og almenns atvinnurekstrar og gera samanburð á verðmyndun á raforku hérlendis og í nálægum löndum.

Nefndin ljúki störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

2. Fyrirsögnin orðist svo: Könnun á raforkuverði á Íslandi.“

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þorsteinn Pálsson og Geir Hallgrímsson.

Orðalagi er fyrst og fremst breytt á þann veg að það verði hlutlausara í túlkun sinni, þar sem segja má að þá fyrst þegar könnunin liggur fyrir og hefur verið framkvæmd er e. t. v. hægt að kveða jafnsterkt að orði og í upphaflegu tillgr. er gert, en Orkustofnun mæltist til þess að orðalag yrði hlutlausara.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess að þetta verði samþykkt.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að rifja upp að ég hef verið ákafur formælandi þess að framkvæmdavaldið færi skýrlega og skilyrðislaust að ályktunum, að ég ekki tali um beinum samþykktum, hins háa Alþingis. Á þessu hafa oft orðið hinir mestu misbrestir, ólíðanlegir. Ég get nefnt um þetta ótal dæmi. Ég get nefnt dæmi um beina valdníðslu að þessu leyti, þar sem meirihlutaályktun Alþingis hefur verið virt að vettugi af framkvæmdavaldsins hálfu. Fyrir því er það að ekki kemur annað til mála en ég muni framkvæma og fara í hvívetna að þeim ályktunum og samþykktum sem hið háa Alþingi gerir. Það ætti að vera óþarft að taka af tvímæli að þessu leyti, en sporin hræða, fordæmin eru mýmörg og þess vegna sé ég ástæðu til að taka þetta fram, með leyfi að segja, hversu vitlausar sem ályktanirnar kunna ella að vera.

Hér er flutt till. um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi, þörf till. út af fyrir sig, en ég mun nú gera grein fyrir því að ég álít að úttekt hafi þegar farið fram á þessu og fari nú um þessar mundir fram þann veg að ég tel þessa till. óþarfa.

Í fyrsta lagi gerði Orkustofnun allrækilega könnun og úttekt á hinu háa orkuverði á s. l. ári. Að vísu var sumt í þeim forsendum sem henni voru gefnar álitamál, en það kemur ekki við þessa sögu. Í júlímánuði s. l. skipaði ég orkuverðsnefnd, sem unnið hefur mikið starf með tæknilegri aðstoð að athugun á jöfnun hitunarkostnaðar þar sem úttekt á orkuverði kemur mjög víða við sögu, og mun frv. verða lagt fyrir Alþingi innan mjög skamms tíma. Í þriðja lagi hef ég skipað nefnd frá Framkvæmdastofnun, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Sambandi ísl. hitaveitna til að gera sérstaka athugun og úttekt á rekstri og stöðu hitaveitna í landinu. Í fjórða lagi mun innan skamms taka til starfa úttektarnefnd á fjárhagsstöðu orkuveitnanna í landinu.

Ég vil geta þess að greiðslubyrði orkuveitnanna er gífurleg og stefnir enn hærra á allra næstu árum. Hún verður ofurþung í nokkur ár, en mun þá, í kringum 1990 getum við sagt, mjög fara dvínandi. Þess vegna hlýtur maður að beina huganum að því hvort ekki sé rétt að vinna að skuldbreytingu á þessum stórskuldum til lengri tíma. Ég býst við því að orkuverðið yrði miklu líðanlegra ef hægt væri að framlengja lánin, skuldbreyta með lengingu lánanna þó ekki væri nema í 5—7 ár, og enn, sem betur fer, er lánstraust okkar með þeim hætti að þetta ætti að vera vinnandi verk. Úttekt á stöðu mjög veigamikilla orkuþátta, eins og Kröflu, fer nú fram og væntanleg yfirtaka Landsvirkjunar á því fyrirtæki.

Ég vil enn geta þess að orkuráðherrar Norðurlanda samþykktu sín á milli að gera úttekt á orkuverðsmyndun á Norðurlöndum og samanburð á orkuverðinu í löndunum. Innan skamms er væntanleg skýrsla um niðurstöður af þessari könnun. Þar sem segja verður hverja sögu eins og hún gengur fer ekki milli mála að nú búum við við erfiðustu kostina.

Fyrir utan þetta, sem ég nú hef sagt, því ekki má skilja orð mín svo að ég hafi á móti því að rannsóknir á þessum veigamiklu og þýðingarmiklu þáttum fari fram, er till. meingölluð. Hv. þm. þurfa sérstaklega að rifja þetta upp fyrir sér. Ég tel að hún sé óljós að því leyti sem talað er um óháða sérfræðinga. Ef ég ætti að framkvæma þessa till. mundi mér fyrst fljúga í hug að hér væri átt við erlenda aðila, vegna þess að tæplega er hægt að hugsa sér að Íslandsmaður einn eða annar sé óháður orkuverðsmyndun á Íslandi. Ég vil fá útlistun á hvað hér er átt við. En megingalli þessarar till., sem gerir það að ég legg til að henni verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, er að hér er ekki tekin afstaða til þess að neinn eigi að greiða kostnaðinn sem þessu er samfara. Það fer ekkert milli mála að ef ráða ætti þrjá óháða sérfræðinga, eða nefnd sjálfsagt í þessu falli, mundi fylgja því verulegur kostnaður, enda þótt ýmislegt hafi verið unnið, mjög margt hafi verið unnið að þessari úttekt og sé í vinnslu.

Ég minni á að fyrr en Alþingi hefur tekið afstöðu til þess að ríkissjóður greiði framkvæmd tillagna sem hafa kostnað í för með sér, sem flestar hafa, er till. óframkvæmanleg, enda geri ég ráð fyrir að hv. þm. kannist við að þegar slíkar tillögur eru bornar fram fylgir því ævinlega ákvæði um að kostnaður skuli greiddur af ríkissjóði, ef till. og framkvæmd hennar er ekki fundinn einhver annar staður hjá framkvæmdavaldinu, sem er þá gert að greiða kostnaðinn.

Að öllu þessu athuguðu, og ég játa að ég er mjög viðkvæmur fyrir því að leggjast gegn því að menn fái áhugamálum sínum framgengt, en það þarf að vera hóf á öllu, líka vegna kostnaðar, sem við þurfum alveg

sérstaklega að gæta okkar á nú sem jafnan fyrr og kannske fremur nú en nokkru sinni fyrr, þá tel ég till. óþarfa. Hins vegar geri ég ráð fyrir að hægt verði að fullnægja henni og tilgangi hennar í einu og öllu á næstunni og innan þess tíma sem till. gerir ráð fyrir að niðurstaða á athuguninni liggi fyrir. Ef svo verður ekki er ég alveg tilbúinn til þess að veita brautargengi slíkri till., ef mönnum þykja þá ekki niðurstöðurnar á þá vísu sem þeir geta sætt sig við og tilgangur þessarar till. er í raun og veru. Fyrir næsta þing á þessi nefnd að hafa lokið störfum og skilað áliti. Fyrir næsta þing skal ég, ef ég ræð þar húsum, leggja fyrir ítarlegt álit um orkuverðsmyndunina á grundvelli þeirra rannsókna og úttektar sem nú fara fram. Þyki það ekki nægjanlegt er ég eins og ég segi tilbúinn til þess að veita brautargengi sérstakri úttekt á þá vísu sem hér er lagt til.

En herra forseti. Með vísan til þess sem ég hef sagt leyfi ég mér að flytja svofellda till. til rökstuddrar dagskrár:

„Þar sem ítarleg úttekt fer nú fram á öllum þáttum orkuverðs og orkuverðsmyndunar á vegum iðnrn. og nefnda á vegum þess telur Alþingi ekki þörf á að samþykkja till. þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þar sem þessi till. er skriflega flutt fer ég fram á, hæstv. forseti, að hann leiti afbrigða svo að hún megi koma fyrir til umr. og afgreiðslu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. iðnrh. hefur gert grein fyrir till. um rökstudda dagskrá. Hún er bæði skrifleg og of seint fram komin og þarf því að leita tvöfaldra afbrigða til þess að hún verði tekin á dagskrá. En áður en við göngum til atkv. um afbrigðin verður till. lesin upp. Hún er á þessa leið:

„Þar sem ítarleg úttekt fer nú fram á öllum þáttum orkuverðs og orkuverðsmyndunar á vegum iðnrn. og nefnda á vegum þess telur Alþingi ekki þörf á að samþykkja till. þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 453) samþ. með 32 shlj. atkv.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er til umr. mikilsvert mál sem varðar könnun hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi. Mælt hefur verið fyrir nál. sem að standa fulltrúar allra þingflokka í hv. allshn. nema fulltrúar Sjálfstfl. sem hafa verið fjarverandi við afgreiðslu málsins. (**Gripið fram í:** Sjálfstfl. stendur að þessu, Siggeir Björnsson.) Siggeir Björnsson, já, hann stendur einnig að þessu, varamaður sem hefur verið hér inni, en tveir fulltrúar Sjálfstfl. voru fjarverandi að því er frsm. n. greindi frá.

Síðan flytur hæstv. iðnrh. hér dagskrártill. um að vísa þessu máli frá og hefur fært sem rök fyrir því að unnið sé að úttekt þessa máls á vegum nefndar sem hann hefur skipað eða ætli að skipa og auk þess liggi fyrir úttektir frá síðasta ári. Ég vefengi það ekki að ýmsir þættir þessara mála hafa verið til athugunar á fyrri tíma og þekki það raunar frá þeim tíma sem ég starfaði sem iðnrh. Fyrir utan það, sem hæstv. ráðh. nefndi sem úttektir á síðasta ári, vil ég minna á sérstaka viðamikla athugun, sem fram fór á árinu 1981—1982, á verðlagningu raforku til Íslenska álfélagsins og að stóðu fjórir þekktir sérfróðir aðilar, m. a. frá Orkustofnun, Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins auk iðnrn., sem skiluðu gildu áliti sem alþm. fengu í hendur haustið 1982.

Samt er það svo að þrátt fyrir þær athuganir, sem þegar liggja fyrir og standa yfir á einstökum þáttum þessara mála, tel ég engin rök fyrir því að hafna því að fela ríkisstj. að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir verðmyndunar á raforku til almennings og atvinnurekstrar hérlendis. Því að nauðsynlegt er að slík athugun taki til allra þátta málsins og einstakir þættir verði ekki teknir út úr samhengi og slík könnun verði á alla lund unnin á sambærilegum forsendum. Þrátt fyrir það að unnið er að þessum málum á vegum iðnrn., sem ég geri ekkert lítið úr, og stofnana á þess vegum og hafi verið unnið tel ég að fengur sé að því fyrir hv. Alþingi að fá slíka úttekt fyrir næsta þing um jafn mikilsvert mál og hér er um að ræða.

Hæstv. ráðh. færði það máli sínu til stuðnings að ekki væri tilgreint í till. hvernig velja ætti hina umræddu óháðu sérfræðinga og taldi að leita þyrfti til erlendra aðila þar að lútandi þar sem enginn Íslendingur gæti talist óháður í þessu máli. Mér fannst býsna langsótt að telja að mál liggi þannig. Annað atriði sem hæstv. ráðh. nefndi var kostnaðurinn sem ekki væri kveðið á um hver standa skyldi skil á. Það tel ég einnig vera léttvæga athugasemd af hálfu hæstv. ráðh. því að augljóst verður að telja að Alþingi sé reiðubúið að standa undir kostnaði eða sjá til þess að hann verði greiddur af störfum sem þessum, sem það felur framkvæmdavaldinu að vinna. Ég tel að við athugun máls á vegum hv. allshn. hafi það komið fram í álitum sem bárust nefndinni. Eitt slíkt hef ég undir hendi frá Rafmagnsveitum ríkisins dags. 16. des. 1983, stílað til allshn. Þar er sterklega tekið undir þörfina á athugun sem þessari og ég sé ástæðu til þess, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp niðurlag álitsgerðar Rafmagnsveitna ríkisins um þetta efni því að hún varpar nokkru ljósi á viðhorf frá því fyrirtæki sem sér dreifbýlinu sérstaklega fyrir raforku, fyrst og fremst í smásölu. Þar segir:

„Þrátt fyrir mikil og dýr flutnings- og dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins, sem teygja sig um land allt að undanskildum Vestfjörðum, er það orkuöflunarkostnaðurinn sem er ráðandi kostnaður við öflun, flutning og dreifingu raforkunnar. Á þeim árum þegar Rafmagnsveiturnar bjuggu við óhagkvæma orkuöflun með dísilvélum og smáum vatnsaflsvélum var varla við öðru að búast. Á árinu 1982 voru aðeins framleiddar 3 gwst. með olíurafstöðvum og er því orsakanna núna að leita annars staðar. Gífurlegar hækkanir á raforku frá Landsvirkjun á undanförnum misserum vega hér þungt.

Rafmagnsveitur ríkisins telja að þessar hækkanir Landsvirkjunar umfram verðbólgu séu tilkomnar vegna: 1. Rangrar verðlagsstefnu stjórnvalda á undanförnum áratug. 2. Of lágs verðs til stóriðjufyrirtækja.

Um fyrri þáttinn er fjallað í málslið 2, en varðandi seinni þáttinn er rétt að draga fram eftirfarandi staðreyndir varðandi sölu Landsvirkjunar til stóriðju og almenningsveitna miðað við verðið eins og það var 8. nóv. 1983."

Fylgir síðan tafla sem hefur að geyma þessi efnis-

atriði: Íslenska álfélagið hf., verð í kr. á kwst. 0.267, keypt magn 1982 í gwst. 1.315. Áburðarverksmiðja ríkisins, verð 0.267, keypt magn 119 gwst. Íslenska járnblendifélagið hf., verð 0.203, keypt magn 402 gwst. Almenningsveitur, verð 1.171 eyrir og keypt magn í gwst. 1.105. Gerð er sú athugasemd neðanmáls við þennan lið að hér er miðað við kaup á 132 kw. málmspennu og 2000 stunda nýtingartíma. Til samanburðar skal þess getið að kostnaðarverð frá nýjum virkjunum er talið vera 0.40 — 0.50 kr. á kwst. skv. upplýsingum frá Landsvirkjun.

Þrátt fyrir að bætt sé við kostnaðinn vegna 220 kw. og 132 kw. stofnlínukerfa Landsvirkjunar er ljóst að verð til almenningsveitna er nær tvöfalt miðað við kostnaðarverð raforkunnar. Á sama tíma greiðir stóriðjan einungis helming kostnaðarverðsins og varla það. Þetta segir í álitsgerð Rafmagnsveitnanna og þær ljúka þessari samantekt þannig:

„Vegna hins háa orkuöflunarverðs þykir Rafmagnsveitum ríkisins einsýnt að þær beri skarðan hlut frá borði við skiptingu tekna af raforkusölu eins og dæmið um rafhitunarsöluna hér að framan sýnir svo glögglega. Rafmagnsveitur ríkisins styðja það því eindregið að skipuð verði nefnd óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir hins háa raforkuverðs til almennings hér á landi".

Ég tel að sá rökstuðningur sem hér kemur fram sé mjög athyglisverður — þó að þau atriði sem þar koma fram séu engin ný sannindi fyrir mig — og hann renni einnig styrkum stoðum undir það að úttekt af því tagi fari fram sem lagt er til í till. frá allshn.

Ég ætla ekki að dvelja frekar við þetta. Ég vænti þess að þessi till. verði samþykkt og úttekt þessi fari fram og hæstv. ráðh. og ríkisstj. sjái til þess að finna valinkunna og óháða sérfróða aðila til að vinna þetta verkefni.

Ég vil hins vegar nota hér tækifæri til þess að víkja aðeins að einum þætti sem snertir raforkuverðið og mjög hefur borið á góma í umr. á þessu þingi og undanförnum þingum, þ. e. húshitunarkostnaðinn eins og hann hefur þróast á undanförnum árum. Það mál var til umr. ítrekað fyrir jólahlé Alþingis, m. a. við afgreiðslu fjárlaga. Þar ræddi hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson þetta mál m. a. og sagði við það tækifæri, með leyfi hæstv. forseta við umr. í Sþ. 19. des. um fjárlög 1984:

„Það er hins vegar athyglisvert og ég hjó alveg sérstaklega eftir því í till. þm., að þar gerir hann ráð fyrir að sem viðmiðun við kostnað við upphitun á meðalíbúð verði haft til hliðsjónar 6 vikna kaup verkamanns. Þessi tala virðist ekki tekin af neinni tilviljun. Þegar tekið er meðaltal áranna fyrir embættistímabil Hjörleifs Guttormssonar var kostnaðurinn þessi. Þá tók það verkamann um sex og hálfa viku að vinna fyrir ársreikningi til húsahitunar. Á valdaferli Hjörleifs Guttormssonar þrefaldaðist þessi tala. Hún fór úr sex vikum og upp í rúmar átján vikur. Ég hygg að hvergi sé hægt að finna jafnskýra mynd af árangri af störfum eins ráðh. og þá sérstaklega þessa ráðh. og með þessum einfalda hætti að orkuverð til húsahitunar hækkar eins og þarna kemur fram á fimm árum."

Þetta læt ég nægja sem tilvitnun í mál hv. 11. landsk. þm. Ég vefengdi við umr. þessar upplýsingar eða þessar staðhæfingar hv. þm. og greindi frá því að ég hefði undir höndum tölur sem sýndu allt annað þótt húshitunarkostnaður hefði vissulega farið hækkandi að raungildi á þessu tímabili sem ég ekki vefengdi. Ég hef síðan látið fara nánar yfir þessar tölur, sem ég hafði þá ekki handbærar, og vil greina frá því að sérfræðingar frá Orkustofnun hafa litið á það hver var hækkun á hitaveitukostnaði hjá Hitaveitu Reykjavíkur og á rafhitunarkostnaði hjá Rafmagnsveitum ríkisins á tímabilinu frá því í ágúst 1978 þar til 10. maí 1983 þegar síðast breyttust gjaldskrár í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég vil hér leyfa mér að greina frá þessum niðurstöðum:

Miðað er þá við fast sambærilegt verðlag miðað við þróun byggingarvísitölu. Hún var við upphaf þessa tímabils, sumarið 1978, 217 en hafði hækkað í 1774 stig þann 10. maí s. l.

Verðbólguþróun hjá Hitaveitu Reykjavíkur á þessu tímabili var sú að verðið reiknað til núverandi verðlags var í ágúst 1978 9.53 kr. miðað við seldan rúmmetra vatns, en á núvirði miðað við maí 1983 var verðið 10.80 kr. eða hafði hækkað um 13% á þessum tíma miðað við sambærilegar tölur og sama verð, sömu verðviðmiðun.

Hjá Rafmagnsveitum ríkisins var þróunin sú að verðið í ágúst 1978 fyrir kwst. var 0.805 kr. eða 80 ½ eyrir, en 10. maí 1983 á sama verðlagi niðurgreitt 0.97 aurar eða hafði hækkað sem svaraði 20% á þessu tímabili miðað við byggingarvísitölu. Óniðurgreitt verð frá Rafmagnsveitum ríkisins hafði hins vegar hækkað í 1.27 kr. í maímánuði eða um 58%. Þetta eru upplýsingar sem ég taldi rétt að koma hér á framfæri því að þær segja allt aðra sögu en fram hefur verið haldið í umr. um þessi efni hér á hv. Alþingi. Ég tel að ekki sé óeðlilegt að miða við byggingarvísitölu í þessu sambandi.

Varðandi þróun húshitunarkostnaðar síðan hefur það verið rakið að hann hefur farið hækkandi á þeim tíma sem síðan er liðinn í tíð núv. ríkisstj. Alveg sérstaklega hefur heildarorkukostnaður heimilanna farið hækkandi á þessu tímabili. Ef miðað er við að húshitunin taki ⅔ þar sem hitað er upp með raforku en heimilisrafmagn ⅓ leit dæmið þannig út eftir gjaldskrárbreytingar 1. ágúst 1983 að orkukostnaður heimilanna hafði hækkað um sem svaraði 24% eftir þá gjaldskrárbreytingu. Síðan hefur verið bætt lítillega í niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar. En eftir sem áður og þrátt fyrir þær breytingar á kaupgjaldi sem heimilaðar hafa verið af ríkisstj. á þessum tíma hefur orkukostnaðurinn orðið íþyngjandi í tíð núv. ríkisstj. umfram það sem var við stjórnarskiptin. Þetta er hægt að rekja um tölur, en ég ætla ekki að fara nánar út í þau efni hér.

Ég vildi svo, herra forseti, aðeins að lokum inna hæstv. iðnrh. eftir því við þessa umr. hvenær vænta megi þeirra tillagna í frumvarpsformi sem hæstv. ráðh. boðaði í umr. um fjárlög 1984 rétt fyrir jól og boðaði á fyrstu dögum eftir jólaleyfi að lagt mundi verða fram, frv. og tillögur af hálfu ríkisstj. um úrbætur í þessum þætti, þ. e. varðandi lækkun húshitunarkostnaðar. Þær tillögur hafa ekki komið fram enn og ég tel ríka ástæðu til þess að inna eftir því, þar sem rætt er um raforkuverð, hvenær þessara tillagna sé að vænta og hvað valdi því að þær eru ekki fram komnar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Fyrst af öllu vil ég þakka allshn. Sþ. fyrir umfjöllun hennar um þetta mál. Nefndin hefur orðið einróma ásátt um að gera nokkrar breytingar á minni upphaflegu till. sem að stóðu auk

mín aðrir þm. Alþfl. Skemmst er frá því að segja að ég hef ekkert við brtt. n. að athuga og felli mig í hvívetna við að till. verði samþykkt í þeirri breyttu mynd sem allshn. mælir með. Ég hef ekkert við það að athuga og ekki óeðlilegt að einhverjar breytingar séu gerðar á till. einmitt í nefnd. Kannske eru þær breytingar sem nefndin mælir með heldur til bóta.

Hins vegar verð ég að segja það að ég get ekki lýst neinni sérstakri ánægju með það sem hæstv. iðnrh. sagði þegar hann kom í þennan ræðustól. Þótti mér málflutningur hans vera allur mjög í skötulíki, svo að notað sé eitt af eftirlætisorðatiltækjum ráðh. Satt best að segja á ég ekki gott með að skilja hvers vegna hann velur þann kost að leggjast gegn því að þessi till. verði samþykkt og vill láta vísa henni frá. Hann taldi að vísu upp ýmislegt sem að væri verið að vinna á vegum hans rn. og fyrir hans frumkvæði í þessa veru og allt gott um það sjálfsagt. En hér er gert ráð fyrir því að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir verðmyndunar á raforku til almennings og almenns atvinnurekstrar og gera samanburð á verðmyndun á raforku hérlendis og í nálægum löndum. Það er alveg skýrt og skilmerkilegt hvað hér á að gera og þarf enginn að velkjast í vafa um það. Hins vegar sá hæstv. ráðh. ástæðu til að fetta fingur út í orðalag í till. þar sem talað er um þrjá óháða sérfræðinga og var helst á honum að skilja að slíkir menn fyrirfyndust ekki á Íslandi. Mér hefur sýnst hæstv. ráðh. eiga býsna gott með að finna óháða sérfræðinga til að sinna ýmsum verkefnum. Ég hef ekki betur séð á undanförnum vikum og mánuðum en að hæstv. ríkisstj. hafi fundið eitt lykil- og lausnarorð í öllum þeim tilvikum þar sem þarf að láta framkvæma einhvers konar úttekt á rekstri. Það er Hagvangur. Ef eitthvert vandamál kemur upp, þá er öllu vísað til Hagvangs. Þetta held ég að hafi verið gert með Sementsverksmiðjuna, þetta hefur verið gert með ýmis fleiri fyrirtæki. Nú hef ég ekkert misjafnt um hið ágæta fyrirtæki Hagvang að segja. Ég geri ráð fyrir að það sé í flesta staði hið mætasta fyrirtæki. Hins vegar efast ég um að það sé þess umkomið að leysa allan vanda, benda á tillögur til úrbóta í öllum rekstri, hvort sem um er að ræða Rafmagnsveitur ríkisins eða Sementsverksmiðjuna eða eitthvað annað. Ég fullyrði hins vegar að svo mikið eigum við af vel menntuðum mönnum á þessu sviði að vandalaust er með öllu að finna menn sem þetta gætu tekið að sér. Ég held að það sé ekki kjarni vandans.

Hitt er svo annað mál, að hæstv. ráðh. vill ekki að Alþingi samþykki slíka yfirlýsingu. Hann vill fá að hafa frumkvæði þessara mála sjálfur. En ekki hefur hann meiri trú á því sem verið er að vinna á hans vegum um þessar mundir en svo, að hann segir: Ef það skilar ekki árangri, þá er ég reiðubúinn til þess á haustdögum að samþykkja þessa till. Ég hvet þm. hins vegar til að greiða þessari till. atkv. nú, greiða atkv. gegn till. hæstv. iðnrh. um að málinu verði vísað frá, greiða atkv. gegn þeirri dagskrártillögu sem hann hefur flutt. Ég held að brýnt sé að óháðir aðilar geri úttekt á því hvernig raforkuverð myndast hér, hvar það er sem okkur hafa orðið á skyssur og hvað það er sem veldur því umfram annað að raforkuverð hér er svo hátt sem raun ber vitni.

Ég ítreka þá skoðun mína, herra forseti, að þessa till. beri að samþykkja og fara þar með að einróma áliti hv. allshn. Ég hygg að það sé næsta fátítt hér í þinginu að ráðh. leggist gegn till. með þessum hætti sem nefnd hefur afgreitt einróma. Ég hygg að það sé næsta fátítt og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig menn greiða atkv. þegar þar að kemur.

Ég ítreka að lokum, herra forseti, að ég skora á hv. þm. að greiða þessari till. atkv. en fella jafnframt dagskrártillögu hæstv. iðnrh.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það nál. sem hér er á dagskrá hefur legið alllengi fyrir þinginu. Allir aðilar hafa þess vegna átt þess kost að bera fram brtt. hefðu þeir áhuga á. Satt best að segja undrar mig að það skuli gerast að fram komi skrifleg dagskrártillaga á elleftu stundu frá iðnrh. um þetta mál. Ég vænti þess að það sé ekki fyrirboði þeirra vinnubragða sem við muni höfð í iðnrn.

Það getur undir sumum kringumstæðum verið eðlilegt að þingið samþykki skriflega dagskrártillögu þegar verið er að afgreiða mál í miklum flýti. Hitt hlýtur að orka tvímælis, þegar sá slóðaháttur viðgengst að menn beri ekki fram tillögur tímanlega og mál hafa lengi legið fyrir þinginu, hvort réttlætanlegt er að samþykkja þá slíkar till., einfaldlega vegna þess að með því er verið að bjóða upp á þau vinnubrögð að menn þurfi ekki að leggja fram tillögur með eðlilegum hætti heldur geti komið með skriflegar tillögur á elleftu stundu.

Þá er rétt að víkja að þeim rökum sem fram koma hjá hæstv. iðnrh. Eru þau fyrst að þar sem unnið sé að þessum málum af slíkum krafti í rn. og utan þess sé ástæðulaust að Alþingi fari að álykta eitt eða neitt um þessa hluti. Og annað: að það sé hvergi gert ráð fyrir því hver eigi að greiða kostnaðinn af till. Þetta voru rökin sem fram komu. Nú fer það ekki á milli mála að þegar ríkisstj. er falið að vinna ákveðið verk er ætlast til þess að ríkissjóður greiði þann kostnað. Auðvitað getur þetta stundum skekkt á einhvern hátt þau fjárlög sem fyrir eru, en það eru nú ekki hundrað í hættunni ef skekkjuvaldar eru ekki stærri en þær þáltill. sem fara í gegnum Alþingi. Ég hygg að þá væri ríkisreikningurinn býsna nálægt fjárlögum ef þannig væri ávallt að málum staðið.

Ég vil aftur á móti vekja athygli á því, að þm. kvarta talsvert undan því að þegar þeir beri fram lagafrv. bregðist rn. við á þann hátt að þau láti beint og óbeint túlka þá skoðun sína að verið sé að endurskoða þetta mál, það sé nefnd í þessu máli sem eigi að koma með tillögur, og þannig er reynt að ýta oft ágætum málum til hliðar. Það er einnig svo að sjá sem ráðherrum sumum hverjum finnist það ærin vanvirða við sinn heilagleik, skulum við segja, ef Alþingi dirfist að senda þáltill. í þeirra hendur, jafnvel þó þeir lýsi því yfir hér í stólnum með fullri vinsemd, að þeir muni nú fara eftir þessu ef til komi. Og vissulega er það jákvætt, jafnvel þó mönnum renni í skap. En ég hygg að það sé ekkert vafaatriði að almenningur í landinu vill fá í hendur eitt skjal sem gefur á því fullnægjandi skýringar hvers vegna raforkuverðið er jafnhátt og raun ber vitni.

Það hefur orðið hér deiluefni að talað er um óháða sérfræðinga. Auðvitað erum við með því að segja að við ætlumst ekki til þess að þeir sérfræðingar sem til séu kvaddir séu á launaskrá hjá þeim fyrirtækjum sem selja þessa orku eða hafa staðið að hönnun mannvirkjanna.

Við ætlumst til þess að þeir sem hér fjalli um þurfi ekkert að fela. Það er nefnilega mergurinn málsins. Telur hæstv. iðnrh. að hér þurfi eitthvað að fela? Ef svo er skil ég mætavel hvers vegna hann vill fá að ráðskast með það sjálfur hverja hann setur til að yfirfara þessi mál.

Ég heyri óljósan klið út undan mér og ber það við stundum þegar menn hugsa upphátt. En hvað um það. Þessi till. mun koma til atkv. hér í þinginu og ég vil vekja á því athygli að það eru fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum sem skrifa undir hana. Enginn þeirra óskaði eftir frestun málsins í nefndinni sem ég hefði að sjálfsögðu orðið við. Að ofansögðu finnst mér það ákaflega sérstætt að ráðh. skuli á elleftu stundu leggja slíkt ofurkapp á það að koma till. fyrir kattarnef. Það verður svo að koma í ljós hver vilji þingheims er í atkvgr. — Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er með ólíkindum hversu menn geta vafið tungu um höfuð sér út af léttvægum málum og einföldum. (**ÓÞÞ:** Léttvægum?) Já, og einföldum. (Gripið fram í.) Af minni hálfu er málið ekki stórvægilegt og það hefur ekki verið sótt af neinu ofurkappi af mér að fá samþykkta mína till. um að málinu verði vísað frá, ekkert ofurkapp á það lagt. Og það hefur verið farið fullkomlega að þingsköpum. Ég hafði ekki ráðið það við mig fyrr en núna rétt í þessu að bera slíka frávísun fram, ekki endanlega. Það fékk ekki undirtektir í samstarfsflokki Sjálfstfl. að gera þetta, svo að ég hef gengið að því sem vísu að þessi till. næði ekki fram að ganga, því að stjórnarandstaðan er alltaf viðbúin að samþykkja allar vitleysur sem fram eru bornar, sér í lagi ef hún heldur að það þjóni því markmiði að standa í ístaðinu sem stjórnarandstaða. Ég óska hv. 5. þm. Vestf. til lukku með það ef það skyldi verða. (Gripið fram í.) Till. mín var skrifleg og það er hægt að fá eins langan frest á afgreiðslu hennar og umr. um hana og menn óska. Hér er ekkert mínútumál á ferðinni og allra þingskapa hefur í hvívetna verið gætt.

En hv. 5. þm. Austurl. varpaði til mín þeirri fsp. hvenær vænta mætti frv. til l. um jöfnuð húshitunarkostnaðar, eins og það hefur verið nefnt, sem ég boðaði í lokaumræðu um fjárlög rétt fyrir jól að lagt yrði fram fyrstu daga eða með fyrsta falli eftir að þing kemur saman á nýjan leik. Ég vænti þess að málið verði lagt hér fyrir í næstu viku. Hann spurði einnig hvað hefði valdið þeim töfum. Það er frá því að segja að ýmislegt nýtt kom fram í málinu, sem menn vildu leggja aukna áherslu á, eins og um einangrun húsa, um orkusparnað og aðra þætti málsins. Þetta er viðamikið mál og sitt sýnist hverjum. Það hefur verið unnið að því að samræma sjónarmiðin og ég vænti þess að málið komi á borð hv. Alþingis í næstu viku.

Ég lagði fyrir rök mín í þessu máli og þau voru afar einföld. Þess vegna þurfa menn ekki að rjúka upp með andfælum og þykjast ekki skilja hvað átt sé við. Ég taldi upp hér í einum fimm atriðum hvers vegna ég teldi ekki þörf á þessari till. nú. Menn meta það að vild sinni og sanngirni hversu þungbær þau rök eru og taka þess vegna málefnalega afstöðu til þess að sinni eigin vild auðvitað. En ég bætti því við að ef mönnum sýndist málið ekki nægjanlega útlistað, til að mynda fyrir næsta reglulegt Alþingi, á sama tíma og gert er ráð fyrir að tillögunefndin skili áliti sínu, þá mundi ég verða fyrstur manna til að veita fylgi úrbótum, t. d. till. um að kjósa slíka nefnd, sem gengi þá milli bols og höfuðs á verkefninu, ef svo má að orði komast. En tal hv. 5. þm. Vestf. um að ráðh. litu svo á að það væri einhver vanvirða við þá að hið háa Alþingi gerði ályktanir um hvað eina ef því svo byði við að horfa er auðvitað fáránlegt tal út í hött. Svona tal væri verjandi yfir fólki í barnaskóla og það er kannske það sem hann hefur ekki getað vanið sig af.

Ég tók það einmitt fram að ég mundi, vegna fyrri sárrar reynslu, í hvívetna fara að þeim ályktunum sem Alþingi þóknaðist að gera. Ég hef orðið fyrir harkalegri valdníðslu af hálfu framkvæmdavaldsins sem þm. Það ætla ég aldrei að láta henda mig. Og að láta sér detta það í lifandi hug að ég taki því ekki sem sjálfsögðum hlut ef meiri hl. hér hafnar þessari aðferð minni að vísa till. frá, skárra væri það nú. Nei, ég tók það einmitt fram að ég mundi í hvívetna fara að ályktunum Alþingis. Og ég er alveg tilbúinn að líta svo á að ríkissjóði sé ætlað að greiða þann kostnað sem verður af starfi þessarar nefndar ef kosin verður. En það er alveg föst regla að kostnaðartillögur, fyrst og fremst ef um verulegan kostnað er að tefla, hljóti tvær umr. í Sþ. Flestallar till. hafa einhvern kostnað í för með sér, þannig að eftir þessu hefur ekki verið farið nema þegar um verulegan kostnað hefur verið að ræða. Það er alveg nauðsynlegt að Alþingi taki afstöðu til þess um leið að ríkissjóður borgi kostnaðinn sem af samþykktinni hlýst. Og ég ætla aðeins að taka fram að ég mun beita mér fyrir því að þessari till. verði vísað til n. aftur til þess að a. m. k. þetta atriði verði lagfært, vegna þess að ég ætla ekki að leggjast á nein tog við fjárveitingavaldið um það að greiddur verði kostnaður af þessari till. ef hið háa Alþingi samþykkir, enda er það ekki ofverkið að taka um leið fulla og einarða afstöðu til þess að risið verði undir þeim kostnaði sem af starfsemi sem þessari hlýst.

Þess vegna, herra forseti, fer ég fram á það, án þess að flytja um það formlega till., að máli þessu verði vísað aftur til hv. allshn. til þess að hún taki þetta málskot mitt til umr. og athugunar, að ef Alþingi vill ekki samþykkja till. mína um að vísa málinu frá, þá verði það alveg án tvímæla tekið fram í tillögugreininni að kostnaður þessu samfara verði greiddur úr ríkissjóði.

Það kann vel að vera, eins og hv. 5. landsk. þm. tók fram, að það sé fátítt að ráðh. leggist gegn till. sem hefur hlotið afgreiðslu úr nefnd og, eins og þar segir, með einróma samþykki. Mig varðar ekkert um hvað er hér hið algenga í málatilbúnaði. Ég hef þessa afstöðu til málsins og hlýt þess vegna að lýsa henni án allra vífilengja. Og menn þurfa ekkert að reka upp stór augu þótt menn fari að þeim rökum sem þeim sýnast hníga til mála.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hafa komið fram tilmæli frá hæstv. iðnrh. um að hv. allshn. athugi frekar það mál sem hér er til umr. Það er n. sjálfrar að kveða á um það hvað hún gerir í því efni. En með tilliti til þessa, svo og með tilliti til þess að við erum að ræða dagskrártillögu sem hér kom fram skriflega og of seint en var heimiluð umræða, þ. e. að veita afbrigði, þá þykir ekki rétt að ljúka umr. nú. Umr. er frestað.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég mótmæli harðlega þeirri málsmeðferð sem hér er í frammi höfð. Þessi till. til þál. og nál. það sem henni fylgir er annað af tveimur málum sem hafa verið afgreidd úr hv. allshn. Sþ. í vetur. Við gerðum það eftir mjög vandlega yfirferð og vorum mjög vel meðvitandi um hvað við vorum að gera. Ég a. m. k. lýsi því yfir að ég sé enga ástæðu til að fara að vinna það verk aftur. Ég þykist hafa skrifað undir þetta nál. að vandlega athuguðu máli og ég held að það megi segja um aðra nm. Þess vegna skil ég hreinlega ekki þessa beiðni um að vísa málinu aftur til nefndarinnar.

Svo er annað athyglisvert. Þau eru örfá mál stjórnarandstöðunnar sem koma hér inn í þingið frá nefndum. Þau eru ekki mörg. Ætli þau tvö mál sem allshn. Sþ. hefur afgreitt séu ekki nær þau einu á þessi þingi? Og þegar þau birtast á útmánuðum og þingi lýkur innan tíðar standa hæstv. ráðh. ríkisstj. og neita um að greiða atkvæði um málið, þó að fulltrúar allra flokka hafi orðið sammála um að leggja málið fyrir þingið. Annað eins og þetta hef ég ekki upplifað enn þau fimm ár sem ég hef setið hér á þingi. (**Iðnrh.:** Hver neitar um að greiða atkvæði?)

Hæstv. ráðh. spyr: Hver neitar um að greiða atkvæði? Það er nú nokkuð til dansleiks, sýnist mér, og við höfum nógan tíma til að greiða hér atkvæði. Af hverju skyldi hæstv. forseti hafa beðið um frest á málinu? Skyldi það nú ekki hafa verið að einhvers undirlagi? (**Iðnrh.:** Þm. sagði að ráðh. stæðu upp hér og neituðu að greidd yrðu atkvæði.) Já. Ætli beiðni um frestun hafi ekki verið að undirlagi ráðh., og þykir mér nú stungin tólg ef svo er ekki.

Ég vil mótmæla þessu og stórlega undrast þessi vinnubrögð. Það sýnist vera niðurstaðan að sama er þó að nefndirnar reyni nú að koma frá sér einhverjum málum, þau eru einfaldlega stöðvuð á hv. þingi. Þessu vil ég mótmæla.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram að allt sem kom fram um þetta efni hjá hv. 10. landsk. þm. er reginmisskilningur. Í fyrsta lagi tók forseti fram varðandi það að vísa málinu til n. að hann kvæði ekkert á um það og n. réði sínum vinnubrögðum í því efni. En forseti tók fram að eðlilegt væri að fresta umr. um þetta mál vegna þess að við umr. hefur komið fram skrifleg dagskrártillaga, sem var of seint fram komin, en var tekin til umr. vegna þess að afbrigði voru veitt. Hér er ekki nema nokkur hluti þingheims. Það eru eðlileg vinnubrögð að öllum þm. sé gert kleift að sjá þá dagskrártillögu sem fram hefur komið áður en lokið er umr. Það verður gert með því að fresta umr. til næsta fundar. Það væru óeðlileg vinnubrögð að ljúka umr. undir þessum kringumstæðum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér kom fram till. um að vísa þessu máli aftur til n. Tel ég slíkt öldungis óþarft og hafði raunar hugsað mér að flytja skriflega brtt. um það efni sem hæstv. iðnrh. taldi að vantaði inn í till. Nú hefur forseti frestað umr. Við því er ekkert að segja. Ég geri engar athugasemdir við það. En ég mun flytja mína brtt. þegar málið verður tekið til umr. á næsta fundi Sþ.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 5. landsk. þm. gerir athugasemd við það að frestað er umr., að því er helst verður ætlað. (**EG:** Ég gerði enga athugasemd við það. Ég sagðist sætta mig fullkomlega við það.) En hv. 5. landsk. þm. sagði að hann hefði ætlað að bera fram brtt. á þessum fundi. Ég hugði að hv. 5. landsk. hefði því aðeins nefnt þetta að hann hefði haft eitthvað við frestunina að athuga.

Ég bendi hv. 5. landsk. þm. á að það eru eðlileg vinnubrögð að hann beri fram sína brtt. með formlegum hætti. Þá kemur hún til umr. á næsta fundi þegar málið verður tekið á dagskrá og þarf ekki að leita afbrigða til að taka hana til umr. Það á ekki að leita afbrigða nema nauðsyn beri til.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það dregur enginn í efa fullan rétt hæstv. forseta til að fresta umr.

Ég vil hins vegar vekja athygli á þeirri röksemd sem forseti beitti, og hún var efnislega rétt, að það væru fjarvistir þm. sem gerðu það að verkum að forseta þætti eðlilegt að fresta umr. og áframhaldandi afgreiðslu málsins. Hér er í salnum meginhluti þm. stjórnarandstöðunnar. Það eru því þess vegna fyrst og fremst fjarvistir stjórnarþm. sem koma í veg fyrir að þetta mál geti haft eðlilegan gang. Það er ekki í fyrsta sinn sem fjarvistir stjórnarþm. eru með þessum hætti.

En þetta er sérkennilegt fyrir þá sök, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur réttilega bent á, að þetta er annað af tveimur málum frá stjórnarandstöðuþm. á þessu þingi sem á að afgreiða. Sú ríkisstjórnarþingmannasveit sem kemur þannig fram við málefni sem stjórnarandstaðan flytur til afgreiðslu getur ekki vænst mikils skilnings gagnvart þeim málum sem hún og ríkisstj. hennar — stjórnarliðsins — ber fram hér á þinginu og vill fá afgreiðslu á. Ef það eiga að vera eðlileg samskipti milli þm. hér í þinginu er það lágmarkskurteisi af hálfu þm. stjórnarliðsins að þeir sæki fundi og taki þátt í umr. þegar málefni sem stjórnarandstaðan flytur og á að afgreiða eru á dagskrá, einkum og sér í lagi þegar eingöngu eru tvö slík mál enn sem komið er til slíks afgreiðslustigs, en öll önnur mál hér eru málefni ríkisstj. og ríkisstjórnarliðsins.

Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessari staðreynd, sem hlýtur óhjákvæmilega að hafa afleiðingar í áframhaldandi störfum þingsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er fullkominn misskilningur, sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv., að ákvörðun um frestun umr. væri byggð á því að hér væru ekki stjórnarþm. viðstaddir. Það hefur ekkert að segja um ákvörðun um frestun umr.

Það skal tekið fram að líta verður svo á að það sé eðlilegt undir hvaða kringumstæðum sem er að öllum þm. sé gert mögulegt að vita um og fylgjast með ágreiningsmálum, sem tekin eru fyrir í þinginu, áður en umr. er lokið. Og með því að það hefur komið fram dagskrártillaga í þessu máli, sem ágreiningur er um, og enn frekar þar sem nú er upplýst að ætlunin var að bera fram brtt. að auki á þessum fundi, þá treysti ég mér ekki sem forseti að útiloka að þeir sem ekki eru á

þessum fundi geti tjáð sig um það sem er að fara fram um slík ágreiningsmál. Þess vegna var umr. frestað.

Guðrún Helgadóttir: Ég kemst ekki hjá því, herra forseti, að ítreka hér mjög skýrt að í því sem hér hefur verið sagt felst ekki minnsta gagnrýni á ákvörðun forseta þingsins. Hann á allt gott skilið en vandræði hans eru augljós. Það er tvennt sem ég vil benda á. Hér í salnum, þar sem eiga að sitja 60 þm. eru nú staddir fimm stjórnarþm. og hefur nú fjölgað um tvo síðan ég tók til máls, þá voru þeir þrír.

Ég vil líka benda hv. þingi á að fyrir Alþingi Íslendinga liggja nú — **(Gripið fram í:** Þú hefur ekki talið rétt.) Það gerði ég, hv. þm. Á Alþingi Íslendinga hafa nú verið lögð fram 249 mál. Það mál sem hér er á dagskrá er 2. mál þingsins. Ég held því að ég hljóti að verða að ætla að hæstv. iðnrh. hljóti að hafa haft ærinn tíma til þess í fyrsta lagi, að koma með brtt. við umrædda þáltill. Síðan var nál., samróma samþykkt í allshn., lagt fram á þingi 9. febr. Í dag er dánardagur Caesars, minnir mig, 15. mars. Þannig að ef rösklega er unnið í iðnrn. hefði hæstv. ráðh. gefist ærinn tími til að leggja fram skriflega till. með nokkrum fresti þannig að ekki þyrfti að draga upp munnlega og síðan niðurhripaða till.

Ástæðan er alveg augljós og það er okkur öllum hér inni ljóst. Ráðh. vildi yfir höfuð alls ekki að þetta mál yrði tekið á dagskrá. Það er búið að vera á prentaðri dagskrá í rúman mánuð og hafa verið fundnar alls konar afsakanir fyrir því að afgreiða það. Þegar ljóst var að átti að afgreiða það er rokið upp með slíka till. Ég held að við hljótum að geta verið sammála um það, hæstv. iðnrh. og ég, sem bæði virðum þinglega meðferð mála, að þetta eru ekki vinnubrögð sem þinginu eru sæmandi.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hygg að síðan ég snéri aftur af Norðurlandaráðsþingi hafi þessi till. þrívegis verið á dagskrá. Ég hef aldrei beðið um að henni væri frestað. Það hefur staðið þannig á fyrir frsm. í eitt skipti, flm. í annað skipti og ég var eitt sinn fjarverandi, kom því ekki við að vera eins lengi og með hefði þurft til þess að ná að vera viðstaddur umr. Ég hygg að það hafi verið í það skipti sem hv. 5. landsk. þm., 1. flm. till., kvartaði undan því í umr. um þingsköp hversu langdregið það reyndist að ná till. fyrir. Það kann þó að vera að mér skjótist eitthvað í þessu.

Það er fjarri öllu lagi að ég hafi, eins og hæstv. forseti veit, nokkru sinni orðað það með einu orði að þessi till. yrði ekki tekin fyrir, till. sem komin er til afgreiðslu úr n., að mér detti það í lifandi hug, fyrrverandi forseta, að mælast til slíkrar valdníðslu. Þetta veit ég að hv. 10. landsk. þm. dettur ekki í lifandi hug. Hún er bara hér í samkeppni við einhverja aðra svona upp á væntanleg prófkjör í framtíðinni með þetta endemis þvarg sem engu máli skiptir. Að svona lítið mál skuli verða til þess enn á ný að menn komi hér upp með hótanir, eins og hv. 7. þm. Reykv., í garð stjórnarliðsins, að það skuli nú aldeilis fá að kenna á kólfinum ef þannig eigi að taka á málum, en alveg sleppt að ræða málefnalega, taka málefnalega afstöðu til þess, það er einkennilegt ef hann heldur að menn renni langt fyrir honum einum þó hann hafi í frammi slíkar hótanir. Ég segi ekki fleira.

Ég er alveg tilbúinn til þess að mæta öllum þeim vinnubrögðum sem honum og hans kumpánum kynni að koma til hugar að beita. Eins og ég tók fram hér í gærkvöldi verð ég ekki til neinna samninga um styttingu umr. eða afgreiðslur við hv. stjórnarandstöðu ef maður á að liggja undir einhverjum sífelldum hótunum, jafnvel út af einföldustu smámálum eins og þessu, sem ég vil nefna ekki efni málsins sjálfs heldur vegna þess að ég taldi mig hafa rök fyrir því að málið yrði unnið jafnvel með minni kostnaði eins og hér er lagt til.

Mér er ekki meira kappsmál en svo um þetta mál að ef hið háa Alþingi tekur afstöðu til þess um leið að kostnaður verði greiddur af ríkissjóði er ég reiðubúinn til þess að kalla aftur tillögu mína um rökstudda dagskrá. Kynni þá svo til að bera að formaður allshn. sæi sér fært að boða þessa hv. n. til fundar og hún gerði lokaskil á eðlilegum vinnubrögðum sínum og sæi fyrir því að greiddur yrði kostnaður af tillögu sem bersýnilega hefur kostnað í för með sér.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ef allir hv. alþm. kæmu fram eins og hæstv. iðnrh. hefur gert hér í dag yrðu þingstörfin ærið erfið og torsótt. Hvað er það sem hæstv. iðnrh. hefur gert hér í dag? Hann hefur fyrst flutt með afbrigðum skriflega till. um leið og umr. er byrjuð, þótt málið hafi verið á dagskrá, eins og hann hefur sjálfur upplýst nú, vikum saman. Hann hefur haft ærinn tíma til að flytja þessa till. skriflega. Hann upplýsti það fyrr í umr. að hann hefði ekki flutt hana fyrr vegna þess að hann hefði ekki fyrr fengið að vita frá þingflokki Framsfl. að þar væri ekki stuðningur við málið. Væri þess vegna fróðlegt að vita hvenær þingflokkur Framsfl. tjáði honum það svo að menn fái nú allar tímasetningar frá hæstv. ráðh.

En hann lætur ekki þar við sitja, hæstv. ráðh., heldur hagnýtir sér það hér í umr. að hann hefur sjálfur fengið samþykkta með afbrigðum slíka till. og óskar eftir því að n. taki málið á ný til meðferðar vegna þessarar till. sem svona seint er fram komin.

Það sem ég átti við áðan var að ef stjórnarandstöðuþingmenn færu að leika þennan sama leik og hæstv. ráðh. hefur leikið í dag í fjölmörgum málum, að flytja inni í miðjum umr. brtt. og óska síðan eftir að n. sem lokið hafa störfum um málin færu að nýju að starfa, mundi æðiseint vinnast í þinginu. Þess vegna skulum við vona þingsins vegna og reynar einnig ríkisstj. vegna að menn taki ekki upp þau vinnubrögð almennt sem hæstv. iðnrh. hefur talið sér sæma í dag, hvað oft sem hann endurtekur að hann hafi verið hér í forsetastóli. Þau eru allóvenjuleg og þau eru með þeim hætti að ef aðrir færu eftir þeim yrðu þingstörfin mjög torsótt. Þess vegna er það úr hörðustu átt að hæstv. iðnrh. skuli svo koma hér með derring út af þessum vinnubrögðum og stærilæti og telja þetta sjálfsagt og eðlilegt og hann vera að framkvæma það sem helst til eftirbreytni mætti verða.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, aðeins segja það og leiðrétta þar með, sem kom fram hjá hæstv. forseta, að ég hafði það ekki eftir hæstv. forseta að þessari umr. hefði verið frestað vegna fjarveru stjórnarþm. Ég gat þess hins vegar að hæstv. forseti hefði bent á að margir þm. væru fjarverandi. Það voru algjörlega mín orð að vekja athygli á því hvernig í þeirri fjarveru lægi.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er auðvitað útúrsnúningur að ég hafi beðið eftir vitneskju

um afstöðu þingflokks Framsfl. í þessu máli. Ég tók skýrt fram að mér hefði verið kunnugt um að ekki var samkomulag um þessa afstöðu til þessa máls innan þingflokks Framsfl. En ég tók einnig fram að ég hefði ekki ráðið það við mig til fullnustu fyrr en nú á síðustu stundu að flytja þessa frávísunartillögu. Að standa hér upp og halda því fram að hér hafi verið óvenjuleg vinnubrögð höfð í frammi er einkennileg tilfyndni af manni sem hefur þó margsinnis verið viðstaddur t. a. m. afgreiðslu fjárlaga. Að fara kurteislega fram á að n. taki til athugunar atriði sem bersýnilega er fingurbrjótur í afgreiðslu þessarar till., að finna sér það líka til, það er einkennilegur málflutningur.

Menn bera fram tugum saman till. sem þarf að leita sérstakra afbrigða við. Í þau 13 ár, sem ég hef átt sæti á þessu háa Alþingi, hefur það hent í öðru hverju máli ef upp hefur komið að menn hafi þurft að koma við leiðréttingu, þó ekki væri meira, að menn hafi þurft að biðja um afbrigði fyrir tillöguflutningi sínum. Nákvæmlega ekkert er óeðlilegt við neitt í þessum fundarsköpum. Hér standa menn uppi og gagnrýna hæstv. forseta sem rekur auðvitað ofan í þá jafnóðum staðreyndir málsins, að hann fer fullkomlega eðlilega að með málið og meðferð þess fullkomlega eðlileg af hans hálfu og mín einnegin.

Ég verð að segja eins og er: Hvaða læti eru þetta eiginlega? Ef þetta er einn þátturinn í því að hefja hér málþóf, sem Alþb. hefur gert sig bert að, er ég alveg tilbúinn í það og biðst engrar vægðar og við þurfum ekkert að leita til Alþb. um framgang mála hér. Við munum þá láta Alþingi standa eins lengi og verkast vill. Við látum ekkert bjóða okkur þessar upphrópanir og hótanir sífelldlegar eins og maður mætir hér. Það er alveg ástæðulaust að taka við þeim, við höfum alveg nægan mannafla til þess að koma þeim málum fram sem við verðum ásáttir um. Og það skulu menn fá að sjá.

Hæstv. forseti. Ég stytti nú mál mitt en ég ítreka það að hér hefur verið farið í einu og öllu að fullkomlega eðlilegum þingsköpum. Allar upphrópanir og málskot, sem menn hafa haft í frammi af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, eru gersamlega út í hött.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég harma að þetta mál skuli hafa verið tekið af dagskrá, þó að ég viðurkenni það sjónarmið forseta að ekki hefði verið hægt að ljúka umr. á þessum fundi. En það hefur komið fram tilboð frá iðnrh., sem mér virðist að auðveldi mjög að komast klakklaust frá þessu máli, og vil ég lýsa því yfir að mér er ljúft að verða við þeim tilmælum að kalla allshn. saman og leggja þar til að ríkissjóður greiði kostnað við framkvæmd till. og tryggja þar með að ekki komi til illinda milli hæstv. iðnrh. og fjmrh. út af till. sem hugsanlega hefði orðið ef hún hefði verið samþykkt án þess að slíkt ákvæði væri inni.

En það stendur þannig af sér að ég á það e. t. v. undir forseta hvort hann væri reiðubúinn að bera það atriði upp það tímanlega að ekki komi til að iðnrh. verði á undan með sína till. Ef hún kæmi til atkvæða á undan gæti hann ekki staðið við það tilboð sem hann lagði fram um að draga till. sína til baka. En e. t. v. má gera ráð fyrir því, þegar friður er nú að færast yfir, að hæstv. iðnrh. sé reiðubúinn að draga sína till. til baka, ef fram kemur till. frá allshn. um að kostnaðurinn verði greiddur úr ríkissjóði, og væri þá vel.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 5. þm. Vestf. sagðist harma að forseti hefði frestað umr. þegar það var gert. Hins vegar hefði ekki átt að ljúka umr. Það skal sagt til upplýsingar, að þegar forseti frestaði umr. var enginn á mælendaskrá nema hv. 8. þm. Reykv., sem ekki var í salnum. Það var ætlunin að nota það sem við ættum eftir af þeim fundartíma, sem hér var áður ákveðinn, til þess að taka annað mál fyrir. Þar sem augljóst var að ekki var hæfilegt að ljúka þessari umr. á þessum fundi þótti rétt að fresta henni þegar í stað undir þessum kringumstæðum.

Efri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Sala lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, frv. 178. mál (þskj. 319, n. 421, 440 og 458). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Virðulegi forseti. Iðnn. hefur fjallað um það frv. sem hér er til umr. á nokkrum fundum.

Þótti n. rétt að leita umsagnar nokkurra aðila um frv. og var því leitað umsagna iðnrn., stjórnar lagmetisiðju ríkisins, verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði og bæjarstjórnar Siglufjarðar. Það þótti rétt hjá n. að kveðja á sinn fund fulltrúa frá iðnrn. Kom deildarstjóri frá iðnrn. á nefndarfund til þess að skýra ýmis atriði frv. sem leitað var skýringa á og til þess að tjá sig um önnur atriði sem fram komu hjá öðrum aðilum sem leitað var umsagna hjá.

Á fund nefndarinnar kom formaður stjórnar lagmetisiðju ríkisins. Hann gagnrýndi frv. en tjáði n. að stjórn fyrirtækisins hefði ekki sem slík fjallað um málið. Formaðurinn gagnrýndi ýmis atriði í frv., svo sem að fyrirtækið væri of lágt metið við söluna og að það væri ekki nægilegt áhættufé í fórum kaupanda eða Sigló hf. Nokkur önnur atriði ræddi formaður lagmetisiðju ríkisins og mælti gegn frv.

Nefndin kvaddi á sinn fund fulltrúa frá verkalýðsfélaginu Vöku, Siglufirði. En það kom enginn á fund nefndarinnar frá þeim aðila. Hins vegar var nefndinni send ályktun sem samþykkt var á fundi í stjórn verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði 25. febr. s. l. Í þessari ályktun kemur fram að stjórn verkalýðsfélagsins Vöku telji að ríkið hefði ekki átt að selja lagmetisiðjuna Siglósíld á Siglufirði. Einnig kemur fram í þessari ályktun að stjórn verkalýðsfélagsins telji eðlilegt að ríkið eigi og reki ýmis fyrirtæki í landinu og bendir í því sambandi á Síldarverksmiðjur ríkisins.

Nefndin óskaði einnig eftir að á sinn fund kæmi fulltrúi frá bæjarstjórn Siglufjarðar, en af því varð ekki. Hins vegar barst nefndinni svohljóðandi símskeyti frá Siglufirði sem ég les hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarráð Siglufjarðar fjallaði 27. þ. m. um fundarboð yðar og samþykkti einróma eftirfarandi:

Bæjarráð Siglufjarðar álítur að skoðun bæjaryfirvalda nú um sölu Siglósíldar skipti ekki máli og telur því ekki ástæðu til að senda fulltrúa til þessa fundar. Bæjarráð hefur að öðru leyti ekki ályktað um sölu eigna lagmetisiðjunnar Siglósíldar til Sigló hf.

Óttar Proppé
bæjarstjóri."

Ég hef hér greint frá vinnubrögðum hv. iðnn. við umfjöllun um það frv. sem hér er til umr. Nefndin varð ekki sammála. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Hv. formaður iðnn. Ed. hefur hér gert grein fyrir vinnubrögðum iðnn. í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Þar langar mig þó til aðeins að bæta við að þegar við vorum að fjalla um þetta mál létu hv. stjórnarþm. það kyrrt liggja að mæta á fundum. Svo langt gekk þetta að það þurfti að fá þm. úr Nd. til þess að vera viðstaddur umr. í nefndinni þannig að þetta gæti að einhverju leyti færst á milli flokka. Það var fulltrúi framsóknarmanna sem kom þangað, hv. formaður sjútvn. Nd., og var þar sem áheyrnarfulltrúi.

Kannske er ekki neitt sérstakt við það að stjórnarþm. telji ekki ástæðu til að fylgja málum eftir í nefndum. Það hefur því miður komið oftar fyrir í öðrum nefndum Ed. að þannig er unnið að það eru fyrst og fremst stjórnarandstæðingarnir sem um málið fjalla. Það getur verið að málin séu það vel búin frá ríkisstj. og ráðherrum að nefndarmenn telji ekki ástæðu að fjalla um þau frekar, en ég tel samt ástæðu til þess að átelja slík vinnubrögð, ekki síst þegar um stórmál er að ræða, sem oftar er um verið að fjalla heldur en hitt.

Í sambandi við þá umr. sem átti sér stað í nefndinni fór hv. formaður n. hér nokkrum orðum, en ég vil þar nokkru við bæta. Í sambandi við skeyti bæjarstjórnar Siglufjarðar, sem formaður n. lýsti áðan, finnst mér það lýsa nokkru þeim vinnubrögðum sem hér hafa átt sér stað í sambandi við flutning og framgang þessa máls. Bæjarstjórn Siglufjarðar lýsir því raunverulega yfir að þessi mál séu unnin á þann veg að tilgangslaust sé og ástæðulaust fyrir aðila eins og bæjarstjórn eins sveitarfélags að skipta sér frekar af því, þetta sé mál sem þegar sé komið í ákveðinn farveg og ástæðulaust sé að blanda þar þeirra skoðunum inn í. Á ósköp svipaðan hátt sagði formaður lagmetisiðjunnar okkur að hefði verið komið fram við stjórn lagmetisiðjunnar. Hún var aldrei kölluð til ráðagerðar eða umsagnar um þetta mál heldur var málið frágengið á öðrum vettvangi.

Ég tel ástæðu til að lesa hér þá ályktun sem nefndinni barst frá verkamannafélaginu Vöku á Siglufirði og ég vil gjarnan gera flest það sem þar kemur fram að mínum orðum. Með leyfi hæstv. forseta, les ég þetta bréf:

„Stjórn verkalýðsfélagsins Vöku telur að ríkið hefði ekki átt að selja lagmetisiðjuna Siglósíld á Siglufirði. Stjórnin telur eðlilegt að ríkið eigi og reki ýmis fyrirtæki í landinu og bendir t. d á Síldarverksmiðjur ríkisins í því sambandi og að almennt sé viðurkennt að rekstur þess fyrirtækis sé síst síðri en annar rekstur á sama sviði í einkaeign. Einnig vill stjórnin benda á í þessu sambandi að lagmetisiðjan Siglósíld hafði skv. þeim lögum sem um rekstur hennar giltu þýðingarmiklu hlutverki að gegna í íslenskum lagmetisiðnaði. Enda þótt deila megi um það á hvern hátt það hlutverk hefur verið rækt fram til þessa er ljóst að eftir að verksmiðjan er seld einkaaðilum er ekki um það hlutverk að ræða. Sala fyrirtækisins á s. l. ári var að áliti stjórnar Vöku röng ákvörðun og fljótfærnisleg. Fyrirtækið var þá í leigu hjá Þormóði ramma hf. og hafði samrekstur þessara tveggja fyrirtækja reynst vel og styrkt rekstur þeirra beggja og töldu flestir sem til þekkja að þessi samrekstur mundi verða til styrktar atvinnulífi í Siglufirði. Við þessar aðstæður mæltu engin rök með sölu fyrirtækisins til einkaaðila og hefði sú ákvörðun verið mun skynsamlegri þá að halda samrekstri þessara tveggja fyrirtækja áfram. Eftir að ákvörðun um sölu var tekin telur stjórn Vöku að öðruvísi hefði átt að standa að sjálfri sölunni. Við teljum að tryggja hefði mátt fulla eignaraðild að fyrirtækinu á Siglufirði í stað þess að selja 50% til aðila utan Siglufjarðar. Þá verður söluverð og kaupskilmálar að teljast hæpnir svo að ekki sé meira sagt. Eins og málum er nú komið telur stjórn Vöku að brýnast sé að

Siglósíld hf. verði áfram tryggður eðlilegur hluti í gaffalbitaframleiðslunni og að verksmiðjan geti haldið uppi sem mestri atvinnu og framleiðslu."

Ég legg hér fram nál. þar sem ég geri grein fyrir minni afstöðu. Einnig fylgir því nál. grg. þeirra Ragnars Arnalds alþm. og Hannesar Baldvinssonar stjórnarformanns Siglósíldar er þeir sendu iðnrn. í jan. s. l. Ég legg til að þetta frv. verði felld.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég hef þegar fjallað um þetta mál við 1. umr. og ég hef litlu við það að bæta sem ég sagði þá eða við álitsgerð minni hl. iðnn. sem Skúli Alexandersson, hv. þm. Vesturl., gerði grein fyrir rétt áðan. Ljóst er að sala þessa fyrirtækis er bæði óþörf og óeðlileg. Þarna er verið að sundra samstarfi tveggja fyrirtækja, sem átt hafa ágæta samvinnu sín í milli og eiga saman að öllu eðlilegu, um leið og fyrirtækið er selt með óeðlilegum kjörum, á verði sem er bersýnilega undir raunvirði og útborgun engin og veð ófullnægjandi.

En satt best að segja eru það þó kannske alveg sérstaklega vinnubrögðin sem vakið hafa upp gagnrýni á þessa málsmeðferð. Ég vil aðeins upplýsa hv. alþm. um það að á undanförnum vikum hafa væntanlegir eigendur — þeir eru ekki orðnir það enn þá, ekki fyrr en Alþingi hefur samþykkt málið — framkvæmt verulegar breytingar á húsnæði verksmiðjunnar, viðbætur sem að sjálfsögðu verða ekki aftur teknar og það án þess að vera formlegir eigendur fyrirtækisins. Það sýnir kannske betur en flest annað hvernig Alþingi er stillt upp í þessu máli að áður en eignaskipti eiga sér stað, áður en Alþingi fær tækifæri til að ganga frá málinu eru hafnar stórfelldar framkvæmdir í verksmiðjunni á vegum væntanlegra eigenda þannig að Alþingi stendur í raun og veru frammi fyrir gerðum hlut.

Ég tel að bæjarstjórn Siglufjarðar hafi verið sýnd mikil vanvirðing með því að ekkert samráð var haft við hana áður en mál þetta var frágengið af hálfu iðnrn. Ég tel að stjórn Siglósíldar sem er þingkjörin stjórn hafi einnig verið sýnd mikil vanvirða með því að iðnrn. og iðnrh. létu ekki svo lítið að hafa einhver minnstu samráð við stjórnskipaða nefnd sem fjallað hefur um mál verksmiðjunnar á undanförnum árum og þekkir málið sérlega vel. En mest vanvirða er þó gerð Alþingi með því að áður en formleg eignayfirfærsla á sér stað fær væntanlegur eigandi sem ætti að forminu til ekki að vera neitt öruggur um að fá verksmiðjuna í hendur, að gera stórfelldar endurbætur sem eru þess eðlis að hann mundi aldrei ná sínum fjármunum til baka ef ekkert yrðu úr sölunni. Þetta tel ég málsmeðferð sem ekki er við hæfi. Er þar ekki öðru við að bæta en því að ég mæli auðvitað mjög eindregið með því að mál þetta verði felld.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallaði og fylgdist með gangi þess, en ég verð að viðurkenna að það eru ákveðnir þættir í þessu máli sem við nm. áttum erfitt með að fá yfirsýn yfir. Menn hafa nú þegar nefnt margt, bæði í eigin framsögu og svo í athugasemdum sem frá utanaðkomandi aðilum komu. Það eru athugasemdir við eignamat, söluskilmála og tryggingar sem settar eru í þessum viðskiptum. Þær snúa kannske ekki að þessu verkefni einu því að þær eru spurningar um almennar viðskiptavenjur sem verður að gera á einhvern hátt skil þegar ríkið selur sínar eignir þannig að eitt og hið sama gangi yfir alla.

Ég get aftur á móti ekki alveg tekið undir með öðrum aðilum sem gagnrýnt hafa framkomu ráðh. og ráðuneytis við bæjarfélag og önnur fyrirtæki á Siglufirði og þá á ég annars vegar við bæjarstjórn og svo hins vegar Þormóð ramma. Ég get ekki séð annað en að ef þarna hefðu farið saman eiginhagsmunir viðkomandi fyrirtækja, þ. e. annars vegar bæjarstjórnar og hins vegar Þormóðs ramma, og sameiginlegir hagsmunir í rekstri þessara tveggja fyrirtækja hefðu viðkomandi aðilar átt að hafa uppburði til þess að bera sig eftir að ná um þetta fyrirtæki ef það var þeim mikils virði. En ég get ekki komist fram hjá því hugboði að menn hafi í raun og veru ekki metið þetta fyrirtæki það mikils að þeir sæju ástæðu til að fara að keppa við aðra aðila um kaup á því og þannig sé nú þessi niðurstaða í raun og veru fengin.

Ég vildi reyndar óska þess í framtíðinni að maður hefði miklu ítarlegri upplýsingar um mat á slíkum fyrirtækjum. Ég vildi líka óska þess í framtíðinni að skilmálar við sölu slíkra fyrirtækja væru einir og hinir sömu sem gengju yfir öll fyrirtæki sem seld væru en get viðurkennt að í þessu tilviki hefur málið trúlega verið býsna flókið. Þar sem ég er ekki sérstakur meðmælandi þess að ríkið sé að halda uppi byggðastefnu með þeim hætti sem þarna hefur verið gert hingað til er ég þessu máli fylgjandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 364, n. 444 og 462, 443, 463). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur haft þetta frv. til athugunar. Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. flytur brtt. á þskj. 443. Þessar brtt. eru einfaldar og ljósar og skýra sig sjálfar.

Þessu frv. var breytt í Nd. í samræmi við breyttar forsendur fjárlaga um 4% meðalhækkun launa á árinu 1984 í stað 6% áður, enda stefnt að því að skattbyrði tekjuskatts til ríkisins haldist óbreytt milli áranna 1983 og 1984.

Nú liggur fyrir að meðalhækkun launa verður 6.5—7% á yfirstandandi ári. Því er nú gert ráð fyrir 19.5% hækkun bráttótekna á mann milli áranna 1983 og 1984 í stað 16.5% skv. forsendum fjárlaga.

Í samræmi við þá stefnu ríkisstj. að skattbyrði skuli haldast óbreytt milli áranna 1983 og 1984, eins og áður segir, flytur meiri hl. nefndarinnar brtt. á þskj. 443. Þær fela í sér þá breytingu eina frá frv., eins og það var fyrst lagt fram, að afsláttur til tekjuskatts nemur nú 29 500 kr. í stað 29 350 kr. áður. Vegna meiri hækkana peningalauna milli áranna 1983 og 1984 en gert var ráð

fyrir í fjárlögum og vegna þeirra brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur hér metur Þjóðhagsstofnun það svo, að innheimtur tekjuskattur verði um 70—75 millj. kr. meiri en áætlað er í fjárlögum. En ég vil taka fram enn og aftur að skattbyrði tekjuskatts til ríkisins helst óbreytt milli áranna. Í heild greiða menn sama hlutfall til ríkisins í tekjuskatt og þeir gerðu á s. l. ári þrátt fyrir þessar breytingar.

Í sambandi við heildarskattbyrðina er rétt að upplýsa að fyrir liggur lausleg áætlun um árlegt tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar eða niðurfellingar skatta 1983—1984. Þjóðhagsstofnun hefur gert þessa áætlun. Í fyrsta lagi mun lækkun tekjuskatts einstaklinga vegna sérstakrar hækkunar persónuafsláttar og barnabóta skv. brbl. frá því í maí 1983 nema 250 millj. kr. milli áranna. Lækkun innflutningsgjalds af bifreiðum nemur 50 millj. kr., afnám 10% álags á ferðamannagjaldeyri 100 millj. kr., lækkun tolla og vörugjalds af ýmsum nauðsynjavörum minnkar skattbyrðina um 70 millj. kr. og niðurfelling söluskatts af innfluttum vélum og tækjum til landbúnaðar, niðurfelling tolla og söluskatts af tölvum o. s. frv. um 80 millj. kr. Samtals nema þessar skattalækkanir 550 millj. kr. og draga um leið úr tekjuöflun ríkissjóðs milli þessara tveggja ára.

Nú liggur fyrir ný tekjuáætlun ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Skv. henni er áætlað að í beinum sköttum innheimtist 2990 millj. kr. og óbeinum sköttum 14 775 millj. kr. Samtals er þarna um að ræða 17 765 millj. kr. Það er upphæð sem nemur 27.5% af vergri þjóðarframleiðslu. Til samanburðar voru skatttekjur ríkissjóðs innheimtar árið 1981 28.8% af þjóðarframleiðslu og 1982 30.2% af þjóðarframleiðslu. Enn er því tekjuáætlun ríkissjóðs miðuð við að 2.7% minna verði tekið til þarfa ríkisins af þjóðartekjum á yfirstandandi ári en gert var árið 1982, en það er fjárhæð sem nemur 1770 millj. kr. Sá hluti þjóðartekna sem gengur til ríkissjóðs er þessum fjárhæðum minni eins og ég sagði hér áðan.

Á það er einnig að líta að á árinu 1982 varð mjög mikill halli á viðskiptum við útlönd, nam alls 6600 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Eyðsluskuldir voru auknar að sama skapi. Skattar af slíkri eyðslu eru náttúrlega gífurlega miklir, hvort sem um er að ræða eyðslu umfram efni eða eyðslu sem hægt er að standa undir af samtíma tekjum. Þessar staðreyndir þarf að hafa í huga þegar borin er saman skattheimta ríkisins á yfirstandandi ári og því ári sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í útlistanir á þessu máli. Þetta frv. hefur legið alllengi fyrir Alþingi og er hv. þm. það vel kunnugt.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Frv. til breytinga á gildandi tekjuskattslögum vegna álagningar ársins eru seint á ferð. Hér er verið að afgreiða frv. sem varðar skattprósentur og kominn 19. mars. Í Nd. eru svo önnur frv. sem varða álagningu á atvinnurekstur og eiga sjálfsagt enn nokkuð í land. Vissulega er það ekki í fyrsta sinn að breytingar á skattalögum vegna álagningar ársins eru seint á ferð. Það hefur komið fyrir áður. En yfirleitt hafa verið þær aðstæður sem réttlætt hafa að svo seint væri gengið frá meginatriðum skattálagningar ársins.

Skattalög fyrir árið 1980 voru seint á ferð, bæði vegna þess að ríkisstj. var þá ekki mynduð fyrr en í febrúarmánuði og þá átti að leggja skatt á í fyrsta sinn eftir nýjum skattalögum. Skattbreytingar voru einnig seint á ferð árið 1981, en þá var verið að endurskoða ýmis atriði skattalaganna í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hafði við fyrstu álagningu og var kannske réttlætanlegt að þetta tæki nokkurn tíma og Alþingi væri seint á ferð með endanlegan frágang skattalaga. Annars hefur það verið reglan, burtséð frá undantekningarástandi af því tagi sem ég hef nú lýst, að skattalög hafa legið fyrir þegar framtalsfrestur hefur runnið út og menn hafa vitað með hvaða hætti yrði lagt á þegar þeir skiluðu framtölum. Ég fæ ekki séð að ríkisstj.-flokkarnir hafi neina sérstaka afsökun fyrir því að vera svo seint á ferðinni með afgreiðslu skattalaga nú. Ég held að ekki sé hægt að benda á neinar sérstakar aðstæður sem valdi því að menn séu að afgreiða skattprósentur og aðrar grundvallarforsendur skattálagningar seinast í marsmánuði. Og sannarlega er hér ekki stjórnarandstöðu um að kenna, því að við höfum mjög hvatt til þess, m. a. í fjh.- og viðskn., að sem fyrst yrði gengið frá þessum málum og lýst okkur albúna til að hraða meðferð málsins þegar þar að kæmi. Stjórnarflokkarnir hafa bara einfaldlega ekki komið sér saman um þessi mál. Það hefur staðið í þófi þeirra á milli núna vikum saman um það grundvallaratriði hvort ætti að hækka skatta enn frekar en orðið er við endanlega afgreiðslu málsins. Því að það er einmitt kjarninn í till. fjh.- og viðskn., sem lagðar eru fram að þessu sinni, að verið er að hækka skattprósentur frá því sem var þegar Nd. afgreiddi frv. Síðan á Nd. að fá málið aftur til meðferðar eftir að við höfum afgreitt það hér og leggja endanlega blessun sína yfir það.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að skv. útreikningum Reiknistofnunar Háskólans og ríkisskattstjóra verður verulegur fjöldi launafólks fyrir ýmist nokkurri eða mjög verulegri skattþyngingu skv. þeim tillögum meiri hl. fjh.- og viðskn. sem lagðar voru fram í Nd. og skv. frv. eins og það var afgreitt frá þeirri deild. Hér á svo enn að bæta við því að gerð er till. um að allar skattprósenturnar hækki um ½—1%. En á sama tíma eru lagðar fram tillögur og gerðar breytingar hér í þinginu sem miða að því að lækka skatta á fyrirtæki. Bæði felst það í þeim tillögum sem hér eru til umr. að skattprósenta fyrirtækja í tekjuskatti verður aðeins 51% og í öðru lagi eru til meðferðar í þinginu verulegar skattalækkunartillögur sem þegar hafa verið afgreiddar frá Ed. og eru nú til meðferðar í Nd.

Ég þarf naumast að taka það fram að við, sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn., erum alfarið andvígir því að skattprósentur verði nú enn hækkaðar þannig að um verði að ræða enn frekari skattþyngingu á verulegan fjölda launafólks umfram það sem fólst í frv. eins og það var lagt fyrir deildina.

Við leggjum jafnframt til að álagningarprósenta á félög og fyrirtæki, sem rekin eru í félagsformi, verði áfram hin sama og hæsta jaðarprósenta tekjuskatta á einstaklinga verður skv. till. okkar, en þannig hefur verið frá málum gengið að undanförnu, þá á ég við undanfarin ár, að fullt samræmi hefur verið í hæstu jaðarprósentu á einstaklinga annars vegar og þeirri prósentu sem hvílir á félögum. En jafnframt leggjum við til að skattbyrði einstaklinga verði létt sem sömu fjárhæð nemur. Skv. þessu yrðu prósentur á skattstiga einstaklinga 22.75% í neðsta þrepi, sem er það sama og var í frv. þegar Nd. afgreiddi það, 29.75% í miðþrepinu

í staðinn fyrir 31.5%, sem meiri hl. leggur til, og síðan 45% í efsta þrepi, en það er það sama og meiri hl. leggur til. En jafnframt gerum við það að tillögu okkar að álagningarprósenta á félög verði 59% í staðinn fyrir 50% sem er till. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Auk þess leggjum við til að reynt verði að milda áhrif af tekjumissi vegna atvinnubrests eða sérstaks tekjubrests vegna t. d. aflasamdráttar. Er sú till. á þskj. 463 þar sem brtt. minni hl. eru allar saman komnar. Það er 2. liður þar sem segir: „Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og orðist svo: Á eftir 6. tl. l. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðist svo: 7. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests eða af öðrum skyldum orsökum."

Eins og kunnugt er má lækka tekjuskatt, eftir að hann hefur verið á lagður, vegna ýmissa utanaðkomandi orsaka, t. d. ef maður verður fyrir einhverju alvarlegu áfalli, hann leggst sjúkur, tekjur hans detta niður af einhverjum óvenjulegum ástæðum, hann hefur misst maka sinn eða eignast maka eða orðið fyrir einhverjum þeim breytingum á heimilisaðstæðum sem valda því að hann á erfiðara með að greiða tekjuskatt. Hér er sem sagt sú till. gerð að einnig sé heimilt að lækka tekjuskatt ef gjaldþol mannsins hefur skerst verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests eða af öðrum skyldum orsökum. Ákvæði þessa efnis er ekki í gildandi lögum.

Að lokum vil ég taka fram að seinasta till. okkar gengur út á það að rétta hag hinna allra verst settu í þjóðfélaginu með því að persónuafsláttur verði gerður greiðanlegur, ef svo má til orða taka, en eins og kunnugt er má ekki nota persónuafslátt til hagsbóta fyrir þann sem hann fær nema að vissu marki. Hann er auðvitað í fyrsta lagi notaður til að lækka tekjuskatt og síðan má nota hann í ákveðinni röð til að lækka aðrar opinberar greiðslur, til að lækka útsvar, til að lækka sjúkratryggingagjald, til að lækka eignarskatt og nokkra aðra skatta. En hér er gerð till. um það, að ef persónuafslátturinn nýtist mönnum ekki til lækkunar á greiðslu opinberra gjalda yfirleitt, þá falli þessi búbót ekki með öllu niður, eins og nú er, heldur verði þá heimilt að vissu marki að greiða persónuafsláttinn út. Það er engin sanngirni í því að allir njóti persónuafsláttar nema þeir sem hafa svo lítil gjöld og svo litla skatta að þeir geta ekki notað hann. Það eru auðvitað alveg sérstaklega þessir aðilar sem þurfa á persónuafslættinum að halda og í raun og veru furðulegt (LJ: að þetta skuli ekki hafa verið framkvæmt í tíð fyrrv. ríkisstj.) að þetta skuli ekki hafa verið framkvæmt fyrr, í tíð fyrrv. fjmrh. eða enn fyrr, því að hér er um augljóst réttlætisatriði að ræða. En vegna ábendinga hv. þm. Lárusar Jónssonar vil ég taka það fram að fullt samkomulag var um það að stíga þar nokkra áfanga í réttlætisátt í tíð seinustu ríkisstj. Upphaflega var það svo að persónuafslátturinn var eingöngu nýttur til þess að lækka tekjuskattinn og það var t. d. stigið það spor í tíð síðustu ríkisstj., og það mun vera seinasta breyting sem á þessu var gerð, að það mátti nýta persónuafsláttinn til lækkunar á eignarskatti. Þetta var gert með sérstöku tilliti til þess að margt aldrað fólk á íbúðir og greiðir því hugsanlega eignarskatt. Það á skuldlausar eignir en hefur engar tekjur. Það var því sanngirnismál að þetta fólk nyti persónuafsláttarins til þess að greiða niður eignarskattinn, enda hefur þetta fólk yfirleitt engar tekjur til þess.

Hér er hins vegar lagt inn á nýja braut, sem ekki var út af fyrir sig samkomulag um í tíð seinustu ríkisstj. í þessu formi, en var þó framkvæmt í öðru formi. Hérna er í raun og veru um að ræða einhvers konar neikvæðan tekjuskatt. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Lárus Jónsson, sem hér kom með smáábendingu, minnist þess að í tíð seinustu ríkisstj. voru teknar upp launabætur, greiðslur úr ríkissjóði til þeirra sem höfðu lágar tekjur. Það má því segja að þar hafi verið stigið mjög hliðstætt spor eins og við leggjum til að verði stigið með þessu, þ. e. að tekinn sé upp neikvæður tekjuskattur sem ríkið greiðir út vissum hópi skattgreiðenda sem hafa svo lágar tekjur að þeir nýta ekki persónuafsláttinn. Ég vil þó taka það fram að hér er gerð till. um að þessi útgreiðsla næði að hámarki til hálfs persónuafsláttar og einungis til þeirra sem væru yfir tvítugt og störfuðu ekki við eigin atvinnurekstur skv. nánari skilgreiningu, en áætlað er að sú fjárhæð sem hér um ræðir sé um 220 millj. kr. Ég vil að öðru leyti vísa til brtt. sem er sú 3. á þskj. 463.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera hér frekari grein fyrir till. minni hl. fjh.- og viðskn. Segja má að meginstefnan í þeim öllum sé sú að ríkisvaldið komi til móts við þá þegna þjóðfélagsins sem lágar tekjur hafa og á hinn bóginn að fyrirtæki og atvinnurekstur greiði hærri skatt en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hl.

Í Nd. urðu nokkrar umr. um útgáfu skattskrár. Minni hl. fjh.- og viðskn. flutti í Nd. till. þar sem tekin voru af öll tvímæli um að útgáfa skattskrár væri bæði heimil eftir að álagning hefði farið fram og eins eftir að endanlega hefði verið gengið frá skattaálagningu, kærur teknar til meðferðar, úrskurðaðar og endanlegur skattur þar með á lagður. Mér er sagt að talsmenn ríkisstj. hafi haldið því fram að sú lagagr. sem samþykkt var í Nd. væri að efni til þess eðlis. En hún er þannig, með leyfi forseta:

„Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta."

Með hliðsjón af þeim yfirlýsingum, að það orðalag sem hér um ræðir útiloki ekki að gefin sé út skattskrá strax og álagning hefur farið fram, sáum við ekki ástæðu til að endurtaka þann tillöguflutning. En ég vil nota þetta tækifæri persónulega til þess að lýsa yfir þeirri skoðun minni að það beri og það eigi að birta opinberlega upplýsingar um álagningu skatta strax og álagning hefur farið fram, því að það er tómt mál að tala um það, að birting skattskrár kannske hálfu eða einu ári eftir að álagning fer fram veki nokkurn áhuga almennings eða umr. eins og skattskrá á að gera og þarf að gera. Við þurfum á því að halda að almenningur hafi vakandi auga með því hvernig skattaálagning á sér stað og láti í ljós tilfinningu sína fyrir því hvort álagningin hafi verið réttlát eða ranglát. Allar tilraunir til að koma í veg fyrir það að almenningsálitið geti látið í sér heyra eftir að hafa kannað skattálagninguna eru fráleitar. Alþingi ber alveg hiklaust að tryggja það að útgáfa skattskrár eigi sér stað strax eftir að álagning fer fram. Það er von mín að þessi skilningur sé almennur hér á Alþingi og að ríkisstj. hafi í huga að framkvæma það ákvæði sem hér um ræðir á þennan veg.

Ólafur Jóhannesson: Virðulegi forseti. Ég vil taka

það fram að eins og sakir standa nú er ég andvígur öllum tillögum um hækkun á skattaprósentunni og mun þar af leiðandi greiða atkv. gegn þessum brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur flutt á þskj. 443.

Þær röksemdir, sem nefndar hafa verið í þessu sambandi fyrir því að eðlilegt væri að hækka þessa skattaprósentu, að kaup hafi orðið nokkru hærra en reiknað var með, get ég ekki fallist á. Mér finnst þær óviðfelldnar í hæsta máta. Mér finnst það óviðfelldið ef fólk hefur fengið eitthvað hærra kaup en gert var ráð fyrir, kauphækkun, sé því veifað framan í það um leið að hluti af þessu verði tekinn aftur í stað þess að fara þá eðlilegu leið sem ætíð á við að tekjur þessa árs verði skattstofn næsta árs miðaður og þá verði fólkið auðvitað að greiða af þeim hækkunum sem hafa orðið á kaupi ásamt öðrum tekjum þess. Ég vildi taka þetta fram um mína afstöðu.

Ég verð um leið að láta það í ljós að ákaflega tel ég það óviðkunnanlegt að hæstv. fjmrh. skuli ekki geta verið viðstaddur þessa umr. (**LJ:** Hann er í umr. í Nd., er í ræðustól.) Já. Hann á sæti í þessari hv. deild og þetta er fjárhagsmál. (**Gripið fram í:** Hann er í ræðustól.) Já, hann er í ræðustól, við því verður ekki gert. Hann er í ræðustól, sjálfsagt að flytja einhverjar yfirlýsingar sem ég vil ekki á neinn hátt koma í veg fyrir eða verða til þess að tefja fyrir. En ég hefði gjarnan viljað minna hann á að hann hefur margoft lýst yfir að í sinni tíð verði skattar alls ekki hækkaðir. Það verður að krefjast þess að menn í ráðherrastóli standi við sín orð. Þess vegna hefði verið eðlilegt að hann gerði grein fyrir þessu hér vegna þess að þó að verið sé að tala um að þetta séu leiðréttingar er það auðvitað skollaleikur sem hvert barn sér í gegnum.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég stend að því minnihlutaáliti, sem hér hefur verið kynnt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur gert ítarlega grein fyrir hér, og ég ætla ekki að endurtaka neitt af því sem hann sagði. Hins vegar finnst mér ástæða til að fagna þeirri yfirlýsingu sem hv. 9. þm. Reykv. gaf hér varðandi afstöðu sína gagnvart þeirri skattahækkun sem hér er til umr. Það verður að segjast eins og er að þetta er ekki aðeins, eins og hann orðaði það, óviðfelldið, heldur er þetta eins og kjaftshögg framan í launþega sem nýbúnir eru að gera samninga og er síðan tilkynnt hér af hæstv. ríkisstj. að þar sem þessir samningar hafi orðið launþegum nokkru hagstæðari en reiknað hafði verið með í öllum forsendum skuli skattar hækkaðir sem því nemur þannig að menn séu jafnilla staddir eftir sem áður. Þetta er kjarni málsins. Þess vegna höfum við í minni hl. flutt tillögur um að þessar prósentur verði óbreyttar. Þetta er auðvitað það sem máli skiptir. Menn náðu hagstæðari samningum en reiknað hafði verið með, þó ekkert tiltakanlega hagstæðum, og á þeirri forsendu á nú að seilast lengra og dýpra ofan í vasa skattborgaranna en áður hafði verið fyrirhugað. Það eru meginatriði málsins.

Það er líka hverju orði sannara og réttmætt að heldur óviðfelldið er að hæstv. fjmrh. skuli ekki geta verið viðstaddur þessa umr., en svo sem fram hefur komið mun hann vera í ræðustól í Nd. eða a. m. k. hafa verið áðan. Það hefði verið fullkomin ástæða til þess að doka lítillega við með þessa umr. og fá að heyra svör hæstv. fjmrh. og hvað hann um það segir að nú skuli hækkaðir skattar. Hann er, eins og hér hefur réttilega verið bent á, margbúinn að gefa þær upplýsingar að hann muni ekki standa að neinum skattahækkunum. Sömuleiðis hefur hann spurt sem svo í fjölmiðlum, og ég held að ég muni það orðrétt og vitna til þess, með leyfi forseta, þegar hann var spurður um hvort hann hygðist standa við þær yfirlýsingar sem hann hefði gefið um að hann mundi segja af sér frekar en standa að skattahækkunum: Hefur þú nokkurn tíma vitað til þess að ég stæði ekki við það sem ég hef sagt? Það er eiginlega tími til kominn að einhver taki sig til og safni saman þeim yfirlýsingum sem hæstv. fjmrh. hefur gefið á Alþingi og í fjölmiðlum frá því að hann tók við sínu virðulega embætti á vordögum á s. l. ári. Það yrði sannarlega fróðleg lesning. Þar rekur sig ekki aðeins eitt heldur rekur sig allt á annars horn, ef þannig má til orða taka.

Ég vil mælast til þess við virðulegan forseta þessarar deildar að þessari umr. verði nú ekki lokið fyrr en við höfum heyrt hverju fjmrh. svarar þeim spurningum sem hér hefur verið til hans beint og mætti þá doka við með þessa umr. þangað til hann losnar frá sínum yfirlýsingalestri í ræðustól hv. Nd.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Þær umr. sem hér hafa orðið núna síðast, eftir að hv. 9. þm. Reykv. Ólafur Jóhannesson gaf sína yfirlýsingu, hafa svo sannarlega komið mér á óvart.

Það er hér til umr. að það hefur verið stefna ríkisstj. að hækka ekki skattbyrði af tekjusköttum á yfirstandandi ári frá því sem var í fyrra. Þá er átt við að skattar af greiddum launum á árinu 1984 hækki ekki sem hlutfall af greiddum launum. Þetta hefur verið stefna ríkisstj. og þetta hefur verið fjallað um í þingflokkum stjórnarliðsins og ég veit ekki betur en það hafi verið samþykkt þar og í ríkisstj. Í samræmi við þetta var skattstigum breytt þegar forsendur fjárlaganna breyttust um tekjuþróun á árinu í ár. Nú vita menn hver hún verður. Hún verður önnur en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þá eru menn að færa þetta til samræmis við yfirlýsta stefnu. Ríkisstj. hefur ekki treyst sér, eins og ég hef skilið það, til þess að fara í íþyngingu tekjuskatta miðað við þær aðstæður sem nú eru en hún hefur hugsað sér að halda þeirri skattalækkun sem framkvæmd var í fyrra og hún komi sannarlega til framkvæmda í ár.

Ég hef skilið þetta svo og ég vona að misskilningur sá verði á einhvern hátt leiðréttur sem komið hefur fram hjá síðustu ræðumönnum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég fagna þeim hreina tón sem heyrðist hér áðan frá hv. 9. þm. Reykv. Það er ekki úr vegi að ræða þessa hluti hér hreint út í stað þess að ákveða þá í einhverju bakherbergi.

Það var vitað fyrir áramót að fjárlögum samþykktum, þrátt fyrir andmæli ýmissa, að ríkisbúskapurinn mundi tolla saman þetta árið með þeim álögum sem þá var ætlað að leggja á menn. Það sem hefur breyst er að annars vegar hækkar eigin launakostnaður ríkisins meir en gert var ráð fyrir. En ríkisstj. hefur lýst því yfir að hún telji að hún fái þann aukinn launakostnað að mestu leyti inn aftur í formi aukinnar skattaveltu og einkaneysluveltu. Samt sem áður er alveg greinilegt að hér á að sigla mjög hart upp í vindinn. Yfirlýsingar um að ekki eigi að auka skattbyrði hafa reyndar verið útgefnar, en þegar myndast smáborð fyrir báru og hægt væri

að taka örlítið minni skatta en raunverulega hafði verið stefnt að er það ekki gert, heldur er heimtað að fá að elta þessa fáu aura uppi, sem fólki hefur áskotnast, þannig að blessaður ríkisbúskapurinn fái nú sitt.

Fyrir skömmu sáum við bréf, sem hæstv. fjmrh. hefur skrifað ríkisstofnunum, þar sem hann er að biðja um tillögur um sparnað í rekstri. Við munum að það var margyfirlýst af hálfu þessarar ríkisstj. að hún ætlaði sér að draga stórlega saman og spara í rekstri ríkisstofnana. Nú stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að fjórðungur ársins er búinn og ekkert er farið að gera í þeim málum. Hér er því á mjög áberandi hátt verið að krefjast ólíkt meira af þegnum þessa lands en ríkisstj. krefst af sjálfri sér.

Í sjálfu sér er þetta mál ekkert fólknara en hv. 9. þm. Reykv. skýrði það. Hér er einfaldlega verið að seilast lengra en góðu hófi gegnir.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. mun hafa byggt sína afstöðu til þess máls sem hér er á dagskrá á því að ég hafi lýst því yfir að skattahækkun kæmi ekki til greina í minni fjmrh.-tíð og grundvallað á þeim ummælum mínum mótmælir hann því að skattstiginn skuli nú vera færður úr 4% aftur upp í 6%. Er það ekki rétt skilið?

Yfirlýsing ríkisstj. í þessum málum er sú, að skattbyrði skuli ekki þyngjast á milli ára. Ég held að hér sé ekki um íþyngjandi skattbyrði að ræða frá því sem hefur verið og var s. l. ár. Ríkisstj. er að standa við sína stefnu. Ég lít ekki svo á að hér sé um nýja skatta að ræða eða skattbyrði til viðbótar við það sem segir í stefnu ríkisstj. um að skattbyrði skuli ekki þyngjast milli ára.

Ég vil taka það fram vegna ummæla hv. 8. þm. Reykv. að það bréf sem fór til stofnana og ráðuneyta um samstarf um að framfylgja stefnu ríkisstj. um 5% sparnað í rekstri og 2.5% sparnað í launum fór til viðkomandi aðila til þess að ríkisstj. gæti betur fylgst með, fengið tillögur frá forustumönnum á hverjum stað, hvort sem það var úr rn. eða stofnunum, um hvernig þeir hefðu hugsað sér að framfylgja stefnu ríkisstj., eins og þeim bar skylda til miðað við þær ákvarðanir sem ríkisstj. var búin að taka um sparnað bæði í rekstri og í launum. Þannig er of snemmt að segja nú hvort það ber árangur eða ber ekki árangur. Það kemur ekki í ljós fyrr en upp er staðið í lok ársins hvort sparnaðartilraunir ríkisstj. bera þann árangur sem hún vonast til, en allavega mun ríkisstj. reyna að fylgja þessari stefnu eftir.

Ég skil ekki í að nokkur maður vilji vinna á móti sparnaði í ríkisgeiranum. Ég mundi frekar ætlast til þess, hvort sem það væru stjórnarandstæðingar eða stjórnarliðar, að menn tækju saman höndum og reyndu að lækna það sem læknað verður í þessu þjóðfélagi á þann hátt að draga saman frekar en að auka skuldir, hvort sem þær eru innlendar eða erlendar, til þess að mæta þeim vanda sem rekstrarlega blasir við stofnunum og fyrirtækjum.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Út af orðum hæstv. fjmrh. vil ég leyfa mér að minna á að það er viðurkennt og var viðurkennt í umr. um skattamálin í fjh.- og viðskn. og kemur glögglega fram í álitsgerðum Þjóðhagsstofnunar að verulegur hluti launafólks fær skattíþyngingu skv. þeim tillögum sem hér eru lagðar fram. Það er t. d. alveg gefið mál að fólk með meðaltekjur eða rúmar meðaltekjur fær yfirleitt allt saman skattþyngingu. Það hefur að vísu verið gerð tilraun til að koma til móts við lægra launaða fólkið vegna þess hversu illilega hefur verið að því vegið með kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. og það veldur því að meðaltalið í heild er sjálfsagt ekki fjarri því að vera á svipuðu róli og var á s. l. ári miðað við áætlaðar tekjur ársins, en verulegur hluti skattgreiðenda fær hærri skatta í ár.

Auk þess er rétt að minna á að útsvör alls þorra launamanna munu verða verulega miklu hærri í ár en var í fyrra. Það er því ljóst og ómótmælt og það vil ég að hæstv. ráðh. viti ef hann gerir sér ekki grein fyrir fyrir því nú þegar, að heildarskattbyrðin sem leggst á launamenn í landinu mun verulega aukast nú vegna þess að útsvörin munu mjög hækka og hjá verulegum hluta skattgreiðenda verður einnig um að ræða hækkun í tekjuskatti. Það er því engin furða þótt ýmsir stuðningsmenn núverandi stjórnar hrökkvi heldur betur við þegar þetta tækifæri er notað nú til að hækka skattana enn frekar. Þegar gerðir eru kjarasamningar sem eru ögn hagstæðari en hæstv. fjmrh. var búinn að ákveða að þeir ættu að vera er notað fyrsta tækifærið sem gefst til að reyna að ná þessum fjármunum til baka og þá í ríkiskassann.

Það er sannarlega hætt við að það séu fleiri en hv. þm. Ólafur Jóhannesson sem séu heldur fúlir yfir seinustu trakteringum ríkisstj. og hæstv. fjmrh.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Nokkur orð til þess að leiðrétta misskilning sem virtist vera á ferðinni hjá hæstv. fjmrh. Það er kannske skiljanlegt af því að hann var kallaður snögglega inn til að hlýða á þessar umr.

Ég var ekki að hafa á móti sparnaði í ríkisrekstri þvert á móti. Ég var að benda á að ég sæi þess mjög fá merki enn þá að einhver sparnaður í ríkisrekstri hefði átt sér stað eða sé raunverulega á ferðinni, burtséð frá yfirlýsingum.

Ég vil líka benda á notkun hæstv. fjmrh. á sögnum og hjálparsögnum að því leyti að hann telur, hann heldur, hann lítur á. Það er mjög sjaldan sem hann notar beint sögnina að vera, það að einhverjir hlutir séu eða verði ekki. Það er vegna þess að hann veit alveg jafnt og aðrir sem að þessu máli standa að þó að hægt sé að tala um að skattbyrði aukist ekki milli ára og telji það til afreka mun gjaldabyrði fólks aukast. Ef menn virkilega hefðu áhuga á að kynna sér þá hluti þurfa þeir ekki annað en gera úttekt á þeim seðlum sem farið hafa út til fólks núna í jan. og febr. og bera þá saman við þá seðla sem fóru til sama fólks í des. til að átta sig á því að þarna eru á ferðinni þó nokkuð auknar gjaldtökur. Það fer ekkert milli mála að fólk tekur eftir því, það er alveg staðreynd. Ég hef ekki þá aðstöðu að gera neina úttekt á þessum málum ítarlega, en fjmrh. hefur alla aðstöðu til þess og væri kannske réttara að hann gerði það til þess að átta sig á því hvort hann vitandi eða óafvitandi er að standa við sín orð eða ekki.

Ólafur Jóhannesson: Virðulegi forseti. Hv. þm. Lárus Jónsson kvaðst ekki vita annað en, að þær brtt. sem hér væru á borð lagðar hefðu verið samþykktar í báðum

þingflokkum stjórnaraðilanna. Að sjálfsögðu veit hann hvað hefur verið samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. og þar hefur þá verið samþykkt og það liggur fyrir að hækka skatta. Hins vegar vil ég taka skýrt fram að ég hef lýst því hreint og klárlega yfir í þingflokki framsóknarmanna að ég mundi ekki greiða atkv. með slíkum skattahækkunum sem þessum. Þannig að mér leikur forvitni á að vita frá hvaða hv. þm. Lárusi Jónssyni hefur borist vitneskja um afstöðu Framsfl.

Það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að ég sé á móti þessum skattahækkunum af því að þær séu andstæðar hans yfirlýsingum. Að sjálfsögðu harma ég það um svo góðan dreng sem hæstv. fjmrh. að honum skuli ekki reynast kleift að standa við þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið um þessi efni. En það ræður ekki minni afstöðu til þessa máls. Ég er á móti þessu af því að ég tel það ósanngjarnt að láta slíka skattahækkun, þó ekki sé stórvægileg, koma í kjölfarið á mjög tilfinnanlegri kjaraskerðingu, kjararýrnun, sem hefur verið framkvæmd hér og allir viðurkenna að hefur verið framkvæmd hér. Ég vara við því. Mér sýnist að svo geti farið að þolinmæði fólks verði ofboðið.

Ég ætla annars ekki að fara að ræða um þessi mál frekar. Ég vildi aðeins gefa þessa yfirlýsingu hér af því að ég taldi ekki annað heiðarlegt en að láta það koma fram áður en atkv. væru greidd hver mín afstaða væri. Hitt er svo allt annað mál að fullkomin ástæða er til þess að fara að ræða fjármálapólitík hæstv. ríkisstj. og fá á henni ýmsar skýringar. Til þess er kominn tími, en það ætla ég ekki að gera í þetta skipti.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég mundi fagna því ef fram færu virkilegar umr. um fjármálapólitík, ekki bara þessarar ríkisstj. heldur fjármálapólitíkina í gegnum mörg ár aftur í tímann því að það er uppsafnaður vandi þeirra ára sem við erum að glíma við núna. Það var ekkert gaman að koma að lokuðum skólum, stöðvuðum skólabifreiðum, ekki til króna í neinu rn., 60% af þjóðarframleiðslu í erlendum skuldum og hátt á annað þús. millj. kr. yfirdráttur í Seðlabankanum. Svona mætti lengi telja. Það er ekkert gaman. Þegar sá vandi sem núna er ljós blasir við í staðinn fyrir að vera upplýstur, þegar hann er staðreynd í lok árs, það er allt annað en gaman.

En ég vil aðeins segja það til hv. 3. þm. Norðurl. v. að útsvarshækkanir mega ekki verða til þess að ríkið lækki endalaust sína skatta. Ríkið þarf sitt og engum ætti að vera það betur ljóst en þeim sem sat með lokaða skóla, stöðvaðar skólabifreiðar og tóma kassa í öllum ráðuneytum fyrir tæpu ári síðan. (**RA:** Hvaða skóla var lokað?)

En varðandi þá samþykkt eða ekki samþykkt sem var gerð í þingflokkum stjórnarinnar er það ekki rétt að Sjálfstfl. hafi samþykkt að hækka skatta. Ég tók það fram að hér er verið að færa aftur í það sama form, má segja, og fyrst var þegar fjárlög voru lögð fram. Verið er að færa skattstigann upp um tvö stig aftur til þess að halda þeirri skattprósentu sem var en ekki íþyngja. Það er ekki hv. 2. þm. Norðurl. e. sem fékk þær upplýsingar frá Framsfl. heldur var það ég sem ráðh. í ríkisstj. og ég óskaði eftir að það yrði sérstaklega bókað í ríkisstj. Mér er það ljúft að sýna virðulegum 9. þm. Reykv. þá bókun sem gerð var í ríkisstj., en það var forsrh. sem upplýsti að Framsfl. væri samþykkur þessari aðgerð þannig að það mál er upplýst. Virðulegur 9. þm. Reykv. tilheyrir í mínum huga þeim hópi í ríkisstj. sem kallaðir eru framsóknarmenn og tilheyra Framsfl. En um afstöðu einstakra þm. var ekki kunngert og þetta var í fyrsta sinn sem ég heyri afstöðu virðulegs 9. þm. Reykv. Ég held að ég hafi þá svarað þeirri spurningu sem virðulegur 2. þm. Norðurl. e. bar til formanns fjh.- og viðskn.

Tómas Árnason: Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er verið að ræða og þær brtt. sem liggja fyrir eru að mínu mati till. fjmrh. Fjmrh. hefur þarna gert till. um skattahækkun í prósentum sem gildir að sjálfsögðu áfram um skattbyrðina sem slíka, hún getur breyst ef aðrar hagstærðir breytast eins og við þekkjum.

Ég fylgdi þessu máli og þessari brtt. Ég held að ég muni það rétt að í þingflokki Framsfl. hafi ekki farið fram atkvgr. um þetta mál heldur hafi verið gengið út frá því að standa að því með hæstv. ríkisstj. En hv. 9. þm. Reykv. lýsti því yfir skýrt og skorinort í þingflokknum að hann fylgdi ekki þessari breytingu. Það er satt og rétt eins og hann greindi hér frá.

Varðandi ríkisfjármálin í heild og stöðu þeirra verð ég að segja fyrir mig að mér hefur ekkert komið á óvart þróun ríkisfjármálanna og gerði ég það að umræðuefni hér í deildinni einhvern tíma seinni partinn í des. að ríkisfjármálin væru annar þáttur í efnahagsstefnu ríkisstj. af tveimur sem væru erfiðastir úrlausnar. Hinn væri sjávarútvegsmálin.

Varla fylgist þm. sem ekki er í fjvn. með afgreiðslu fjárlaga í einstökum atriðum. Maður gengur út frá því að fjvn. og alveg sérstaklega fjmrh. viti um innviði fjárlaganna. Það er frumábyrgð fjmrh. að gera sér grein fyrir því hver grundvöllur er fyrir fjárlögunum. Á undanförnum árum hefur þetta verið þannig að við höfum búið við gífurlega verðbólgu sem hefur valdið því að forsendur fjárlaga hafa raskast stórlega á fjárlagaárinu. Þær hafa raskast frá báðum hliðum, ef svo mætti að orði kveða. Bæði hafa útgjöldin aukist og tekjurnar einnig og það er þess vegna sem menn hafa samþykkt umframfjárveitingar af viðbótartekjum fjárlaganna yfirleitt.

Nú er misjafnt hvernig jöfnuðurinn hefur verið eftir árum. Yfirleitt var ekki jöfnuður á fjárlögum gagnvart Seðlabankanum — ég er nú að tala sérstaklega um greiðslujöfnuðinn — á árunum 1972—1978. Ég hygg að á árinu 1979 hafi orðið á þessu gagnger breyting því að ekki var nóg með að það væri afgangur af viðskiptum ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu 1979 heldur greiddi ríkissjóður þá verulegar fjárhæðir beint úr sjóði til þess að standa undir fjármagnskostnaði við Kröfluvirkjun. Það ár var greidd veruleg fjárhæð í því skyni úr ríkissjóði. Síðan var farið að taka lán til þess að standa undir þessum fjármagnskostnaði eins og kunnugt er.

En varðandi þetta mál og þessar brtt. er þetta auðvitað till. um skattahækkun. Ég stend að þeirri till. Ég lít á þetta sem till. fjmrh. og ríkisstj. og á þeim forsendum álít ég að allur þorri þm. framsóknarmanna og sennilega allir — þó ég vilji nú ekki tala fyrir hönd þeirra — styðji hana nema hv. 9. þm. Reykv. Hann tók af öll tvímæli um það að hann fylgdi þessu ekki, hann væri á móti skattahækkunum og það voru hans rök fyrir afstöðunni til málsins.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr., en vegna þess að hæstv. fjmrh. var enn einu sinni að segja þingheimi ýmsar draugasögur úr fjmrn. og öðrum rn. frá þeirri tíð þegar hann tók við völdum og vegna þess að hann tók svo til orða áðan að ýmsir skólar hefðu verið lokaðir þegar hann kom að og kippti málum í lag, þá vildi ég í allri hógværð biðja hann um að upplýsa þingheim um hvaða skólar þetta voru — eða getur hann nefnt einn skóla í landinu sem var lokaður á þessum tíma vegna þess að hann væri í slíkum fjárhagskröggum að ekki væri hægt að halda uppi rekstri? Ég vildi biðja hæstv. fjmrh. að koma hér og rökstyðja þessa sögusögn svolítið betur því að ég hygg að ef hann treystir sér ekki til þess að nefna a. m. k. einn skóla sem svona var ástatt um muni þessi fullyrðing hans falla á sama öskuhaug fullyrðinga sem margar aðrar sem hann hefur slegið fram hér í þinginu og ekki hafa reynst ýkjainnistæðumiklar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mun dreifa til allra þm. þessarar virðulegu deildar bréfi sem barst frá fræðslufulltrúum í kjördæmi hv. 3. þm. Norðurl. v. þegar ég kemst upp í rn. Ég skal láta dreifa því þegar í dag, ef ég kemst þangað. Það svarar þessum spurningum.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Það fór eins og mig grunaði að hæstv. ráðh. gat ekki nefnt einn einasta skóla sem þannig stóð á um að lokaður væri þegar hann tók við. Hitt er annað mál, að vissulega hefur það verið mörg undanfarin ár og líklega áratugi og er enn að ýmsar stofnanir ríkisins kvarta yfir því að þær hafa ekki nægilegt fé handa á milli og að útvega þurfi meira fé o. s. frv., og ég efast ekkert um að hæstv. ráðh. geti dregið upp úr pússi sínu einhverja yfirlýsingu af Norðurl. v. þar sem beðið er um meiri peninga. En það er allt annað mál. — Það kemur sem sagt á daginn að fullyrðing hæstv. ráðh. er algerlega úr lausu lofti gripin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:6 atkv.
Brtt. 463, 1 felld með 11:8 atkv.
Brtt. 443, 1 samþ. með 11:9 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11:5 atkv.
Brtt. 463,2 felld með 10:9 atkv.
Brtt. 433,2 samþ. með 11:3 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 463,3 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 443,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 463,4 felld með 11:6 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Framboð og kjör forseta Íslands, frv. 180. mál (þskj. 324). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í frv. þessu felast þær breyt. á lögum um framboð og kjör forseta Íslands að segja má að hvort tveggja séu leiðréttingar.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir að í staðinn fyrir að kjör fari fram á sunnudegi verði það á laugardegi og er það í samræmi við þá breytingu sem gerð hefur verið á almennum kosningalögum.

Það er svo með lög um framboð og kjör forseta Íslands að þau vísa í ýmsum tilfellum til hinna almennu kosningalaga, m. a. um hvernig greiða skuli atkvæði. Eftir að kosningalögum var breytt 1959 og horfið frá einmenningskjöri yfir í listakjör mun hafa láðst að breyta lögum um kjör forseta Íslands. Nú er það loksins gert með 2. gr., þar sem fram er tekið að krossa skuli við einn frambjóðanda við forsetakjör. Er þannig um leiðréttingu að ræða sem að sjálfsögðu hefði átt að framkvæma þegar 1959, en hefur láðst að gera.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. — Ég vil geta þess að nauðsynlegt verður að auglýsa framboðsfrest fyrir mánaðamótin. Vil ég því leyfa mér að mælast til þess að frv., sem hefur þegar farið í gegnum Ed., fái skjóta afgreiðslu í þessari hv. deild. Að svo búnu legg ég til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 451, 455). — 3. umr.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. 2. umr. um þetta ágæta mál var nokkuð einkennileg. Hér komu upp fulltrúar stjórnarandstöðunnar og gerðu fjölda aths. Það voru gerðar almennar aths. um vinnslu málsins, það voru gerðar almennar aths. um undirstöðu þess, almennt ástand á skipulagi fjármála og lánsfjármála í umsjá hæstv. ríkisstj., það voru gerðar sértækar aths. um fjölda einstakra liða. Þannig var um málið fjallað og það hlaut mikla gagnrýni. Svo kom hæstv. fjmrh., yfirmaður þessa undirbúnings og ráðherra þessa málaflokks, og lýsti því yfir að hann hefði engar spurningar fengið sérstaklega og þyrfti því engu að svara.

Málið er að hæstv. ráðh., sem eiga hér hlut að máli, þurfa að svara fyrir mjög margt í þessu frv., bæði í heild um almenna þætti, um undirstöðu þess, skuldamál í landinu og hlutverk og stöðu frv. í stjórn fjármála ríkisins, og það á ekki að þurfa að búa til samræmt prófverkefni með spurningum til þess að menn svari þeirri gagnrýni.

Fjárlög og lánsfjárlög eiga að mynda í sameiningu heildarramma fyrir fjármálastjórn ríkisins. Nú hefur komið í ljós á undanförnum misserum að bæði fjárlögin

og lánsfjárlögin eru að verulegu leyti ómerk og út í bláinn. Það er búið að lýsa þessu á ýmsan hátt. Hæstv. fjmrh. hefur sjálfur lýst þessu að hluta í umr. sem urðu um gatið í fjárlögunum. Það er bráðum liðinn fjórðungur ársins 1984 og enn þá eru þúsundir milljóna í fjárlögum og á lánsfjárlögum algerlega á huldu. Þetta er ekki sú styrka fjármálastjórn sem allir voru að tala um að yrði hjá hæstv. ríkisstj. Þetta er ekki sá styrki búskapur í ríkisfjármálum sem var lýst í umr. um lánsfjárlög fyrir jól. Við getum nefnt aftur fjölda dæma. Það voru nefnd hérna dæmi við 2. umr. Við getum endurtekið ýmis þeirra.

Það var. t. d. áætlað á fjárlögum að það yrði 2.5% niðurskurður launa og 5% niðurskurður almenns rekstrar hjá fyrirtækjum og stofnunum ríkisins. Í febrúarbyrjun skv. bréfi fjmrn. hafði ekkert gerst í þessu máli og þá, í byrjun febrúar, er hæstv. fjmrh. eða rn. hans að senda út bréf til stofnana og fyrirtækja ríkisins og óska eftir hugmyndum um hvernig þessar stofnanir ætli á árinu að framfylgja 2.5% niðurskurði launa og 5% niðurskurði almenns rekstrar. Ef þarna verður ekki eitt gatið enn veit ég ekki hvar það yrði: Ef sparnaður gengur ekki eftir þarna þarf einhvers staðar að afla tekna upp í þetta gat. Þetta er eitt dæmi um styrka fjármálastjórn hæstv. ríkisstj.

Annað dæmi er t. d. fjármögnum húsnæðislánakerfisins, sem ég vík nánar að hérna á eftir. Þar eru svo mörg göt að spurning er hvort skikkjan hangir saman.

Þriðja dæmið, sem má taka um styrka fjármálastjórn, er 300 millj. kr. gat í heilbrigðiskerfinu vegna þess sem átti að vera sjúklingaskattur og ekki varð. Þetta er dæmi um styrka fjármálastjórn.

Fjórða dæmið er 300—400 millj. gat í almannatryggingakerfinu, sem enginn skilur hvernig kom. Þetta er fjórða dæmið um styrka fjármálastjórn og ég hirði ekki að sinni um að hafa þau fleiri. Þetta eru dæmi upp á fleiri hundruð, jafnvel þúsundir milljóna. Þetta eru göt í gögnum sem ýmist er nýlega búið að samþykkja, samþykkt voru í spreng fyrir jól eða verið er að samþykkja í dag. Og þetta er hin styrka fjármálastjórn.

Það eru ótalin þarna ýmis verkefni sem við vitum að þarf að fara að taka á. Það eru verkefni eins og í sjávarútvegi. Ég reikna ekki með að nokkur hv. þm. telji að skuldabaggi útgerðarinnar, eins og honum hefur verið lýst, verði léttur án þess að til komi þátttaka ríkissjóðs — og hvernig verður þá fjár til þess aflað? Verður aukin skattheimta, verða tekin erlend lán, verða prentaðir peningar? Þetta eru allt saman hlutir sem við vitum að þarf að leysa, en ekki er gerð tilraun til þess og ekki er vikið að þeim í þeim gögnum sem hæstv. Alþingi er látið fjalla um þessa dagana. Hæstv. ríkisstj. virðist ekki einu sinni geta spáð almennilega í þau spil sem hún hefur, og þó að við gerðum ekki kröfur til að hún útskýrði hvernig hún ætlaði að jafna metin debet og kredit gætum við nú samt gert kröfu til þess að ráðh. legðu sæmilega ábyggilegar áætlanir fyrir.

Á því blaði sem fjmrn. dagsetti 3. mars og útbýtti við kynningu á gatinu margumtalaða kemur ruglandinn og fátið mjög greinilega fram. Þar er verið að tala um fjárlög sem þessi sama ríkisstj. var nýbúin að láta samþykkja. Og þar stendur, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi eru útgjöld sem ekki hefur verið gert ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga ... [Það voru 500—600 millj.] Í öðru lagi eru útgjöld sem ekki voru þekkt við afgreiðslu fjárlaga, alls 500—600 millj. ... Í þriðja lagi útgjöld ríkissjóðs sem áformað var við afgreiðslu fjárlaga að kæmu til lækkunar á árinu 1984."

Ég efast um að nokkur ríkisstj. hafi kveðið upp jafngreinilegan dóm um sína fjármálastjórn og gert er á minnisblaði fjmrn. dags. 3. mars s. l. og er fskj. I með minnihlutaáliti fjh.- og viðskn. með lánsfjárlagaafgreiðslunni.

Þetta eru hin markvissu vinnubrögð. Og ef þetta eru markviss vinnubrögð, þá mætti spyrja sig: Hvernig væru ómarkviss vinnubrögð?

Ég held að við verðum að líta á fjárlög og lánsfjárlög í því samhengi sem þau eru. Við höfum rætt þessi mál saman að undanförnu. Að mínu mati hafa komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar áþreifanlegar og óumdeilanlegar aths. um vinnubrögð ríkisstj., það eru aths., eins og ég sagði áðan, um almenna hluti, um gerð þessa frv., um grundvöll, og það eru aths. um einstaka ákveðna þætti, einstaka liði. Ég vorkenni þeim þm. sem þurfa múlsins vegna að gangast undir að samþykkja þessi plögg, vegna þess að ég tel vinnubrögðin og þann grundvöll sem þau standa á fyrir neðan allar hellur.

Ef við snúum okkur að samræmdum spurningum um einstaka hluti, þá langar mig fyrst að víkja nokkrum spurningum til hæstv. félmrh. varðandi húsnæðiskerfið.

Fyrsta spurning sem mig langaði til að spyrja var varðandi skyldusparnað. Það kom fram í stuttu svari ráðh. við 2. umr. að fyrirliggjandi frv. um Húsnæðisstofnun mundi hægja svo á útstreymi úr skyldusparnaðarkerfinu að það yrði til bóta í framtíðinni. Mig langaði til að spyrja ráðh. hvort hann teldi að minnkandi útstreymi úr skyldusparnaðarkerfinu muni að einhverju leyti koma kerfinu til bóta á árinu 1984, sem skv. áætlun Húsnæðisstofnunar er negatíft um 75 millj. miðað við áætlun lánsfjáráætlunar.

Fyrsta spurningin var sem sagt um skyldusparnað og hvort fyrirliggjandi frv. um Húsnæðisstofnun muni hægja til verulegra bóta á útstreymi skyldusparnaðar. Önnur spurningin er þessi: Telur ráðh. að það sé fjarri lagi, sem Húsnæðisstofnunin áætlar í áætlun sinni, dags. 7. febr. s. l., að skyldusparnaðurinn verði neikvæður um 30 millj. á árinu? Mig langar að spyrja hvort ráðh. teldi þessa áætlun Húsnæðisstofnunar fjarri lagi.

Í þriðja lagi langaði mig til að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann telji að 200 millj. skv. sérstakri fjáröflun og 690 millj. frá lífeyrissjóðum muni skila sér til húsnæðislánakerfisins þrátt fyrir þær aths. sem bæði fjmrn. og stjórnarandstaða hafa gert um þennan málaflokk.

Í fjórða lagi langar mig til að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann telji að ríkisstj. sé skuldbundin til að leggja húsnæðislánakerfinu til þær 1 050 millj. sem talað er um í lánsfjárlögum. Þær sundurliðast þannig að lífeyrissjóðir eiga að leggja fram 690 millj., sérstök fjáröflun á að vera upp á 200 millj., skyldusparnaður á að skila 45 millj. og lán frá Atvinnuleysistryggingasjóði skal vera 115 millj. Ég endurtek spurninguna, hvort ráðh. félagsmála telji að ríkisstj. sé skuldbundin til að tryggja þessar 1 050 millj.

Fimmta spurning mín til hæstv. félmrh. er eftirfarandi: Samkvæmt áætlun húsnæðismálastjórnar, sem ég hef minnst á hérna áður og var dags. 7. febr. s. l., vantar 473 millj. í húsnæðislánakerfið þó að fjáröflun skv. lánsfjárlögum gengi 100% eftir. Þessar 437 millj., sem samt mundi vanta, skiptast þannig að Byggingar-

sjóð ríkisins mundi vanta 269 og Byggingarsjóð verkamanna 168. Þá langar mig að spyrja út frá þessum staðreyndum í fyrsta lagi hvort ríkisstj. hafi uppi áform um að afla þessara 400—500 millj., sem þarna vantar að áliti Húsnæðisstofnunar, og í öðru lagi: Ef ríkisstj. hefur ekki uppi áform um að afla þessara peninga, hvernig leggur hún til að niðurskurður húsnæðismála fari þá fram miðað við áætlun Húsnæðisstofnunar?

Þetta eru fimm spurningar um húsnæðismál, sem ég hef beint til hæstv. félmrh.

Nú langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. spurninga. Þetta mál er allt á hans umráðasviði og mig langaði að spyrja bæði almennra spurninga og síðan um einstök atriði.

Mig langaði að spyrja í fyrsta lagi hvort ráðh. telji eðlilegt að afgreiða lánsfjárlög í dag með þeim augljósu götum sem þar eru skv. yfirliti fjmrn. dags. 3. mars s. l. Þetta er spurning um hvort ráðh. telji það eðlileg vinnubrögð af löggjafarsamkundunni að afgreiða lánsfjárlög með þeim götum sem fjmrn. hefur sagt okkur frá á yfirliti dags. 3. mars.

Önnur spurning sem mig langaði til að spyrja er hvort og hvenær við megum eiga von á að boðaður verði fundur stjórnarandstöðu og kannske í framhaldi af því fundur blaðamanna til að segja frá lánsfjárlagagati ríkisstj. í framhaldi af þeim umr. sem fjárlagagat ríkisstj. fékk um daginn.

Þá langaði mig til að spyrja hæstv. fjmrh. þriðju spurningarinnar: Telur fjmrh. að ríkisstj. sé skuldbundin til að tryggja húsnæðislánakerfinu 1 050 millj., eins og lagt hefur verið til á lánsfjáráætlun fyrir 1984? Telur fjmrh. að ríkisstj. sé skuldbundin til að tryggja þessar 1 050 millj. til húsnæðislánakerfisins? Ég þarf ekki að sundurliða þessar 1 050 millj., ég gerði það áðan.

Í fjórða lagi langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh.: Það hefur verið samþykkt að fella niður lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli vegna Norður—Atlantshafsflugs Flugleiða. Það er upphæð sem nemur líklega um 27 millj. kr. Þetta er gert á grundvelli sérstaks uppgjörs fyrir Norður-Atlantshafsflugið eitt. Þá langar mig til að spyrja: Leitaði fjmrn. eftir upplýsingum um heildarafkomu fyrirtækisins Flugleiða áður en rn. gerði þessa tillögu? Og í framhaldi af því spyr ég þá hvort þær upplýsingar, sem ég tel að rn. hafi aflað, um heildarafkomu fyrirtækisins hafi gefið tilefni til 27 millj. kr. styrks frá ríkinu til fyrirtækisins. — Þetta voru fjórar samræmdar spurningar til hæstv. fjmrh.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. (**Forseti:** Forsrh. virðist ekki vera í salnum. Ég skal reyna að gera gangskör að því að hann verði hér.) Og kannske sjútvrh. Það er ein lítil spurning til hans. Ætli sjútvrh. sé í húsinu? (**Forseti:** Ég vona það. Ég hef óskað eftir því að þessir tveir ráðh. verði hér innan stundar og ég vona það. Það verður gert hlé þá á fundinum. — Hæstv. ráðh. ganga í salinn. Þá er fundarstörfum haldið áfram.)

Mig langaði til að bera fram eftirfarandi spurningu til hæstv. forsrh.: Ábyrgist ríkisstj. 1 050 millj. kr. fjáröflun skv. lánsfjárlögum til húsnæðislánakerfisins og hefur hún gert um það samþykkt?

Mig langaði til að spyrja hæstv. sjútvrh., vegna þess að við erum hérna að ræða lánsfjármál ríkissjóðs: Telur hæstv. sjútvrh. að fjárhagsvandi útgerðarinnar verði leystur án þess að ríkissjóður hlaupi undir bagga og afli lánsfjár og hvaða upphæðir gæti ráðh. þá nefnt í því sambandi?

Forseti (Ingvar Gíslason): Áður en lengra verður haldið vil ég minna hv. þdm. á brtt. frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur á þskj. 460. Sú brtt. er skv. þingsköpum komin of seint fram og þarf þá afbrigði við til þess að hún megi koma hér til umr. Ég ber það þá upp hvort þd. samþykki ekki að brtt. verði tekin fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 460, sem var of seint fram komin, samþ. með 31 shlj. atkv.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur komið fram að hæstv. ríkisstj. óskar eindregið eftir því að það frv. sem hér er til umr. verði afgreitt frá Alþingi í dag sem lög. Meginrökin sem fram eru færð fyrir þessari beiðni eru að verði frv. ekki samþykkt sem lög frá Alþingi í dag muni ekki vera kleift að ganga frá erlendu láni sem hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að taka.

Það sýnir satt að segja sérkennilega fjármálastjórn á íslenska ríkinu og stjórn á þingstörfum hér að það skuli vera orðið spurning um nokkrar klst. hvort hæstv. ríkisstj. tekst að taka stórt erlent lán eða ekki. Svo knöpp er fjármálastjórn íslenska ríkisins orðin að hæstv. ríkisstj. verður að koma til Alþingis og biðja um að meðferð þessa máls ljúki á þessum sólarhring til að lántökuferillinn geti haldið áfram. Þessi ósk er ærið sérstæð. En hún er einnig mjög slæm vegna þess, eins og hér hefur greinilega komið fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Einarssonar, að hæstv. ráðh. hafa hvergi nærri veitt nægileg svör við þeim grundvallarspurningum sem fram hafa verið bornar um þetta frv.

Þetta frv. er annað meginfrv. ársins í efnahagsstjórn íslenska ríkisins. Ásamt fjárlögunum veitir þetta frv. megininnsýn inn í stjórn íslenskra efnahagsmála. Nú er gerð tilraun til þess að negla hv. Alþingi niður við það að ef það afgreiði ekki þetta frv. á þessum sólarhring eyðileggist möguleikar hæstv. ríkisstj. til að taka tiltekið erlent stórlán. Þess vegna er alveg ljóst að ef stjórnarandstaðan á Alþingi á verða við óskum hæstv. ríkisstj. og stuðla þannig að áframhaldandi erlendri lántöku skv. ósk ríkisstj. er frumskilyrði að ráðh. taki á eðlilegan hátt þátt í umr. og veiti skýr og greinargóð svör við þeim lykilspurningum, sem hafa verið bornar upp nú þegar í þessari umr. og verða bornar upp í þeim ræðum sem hér á eftir að flytja. Það er hvorki sæmandi hv. Alþingi né hæstv. ríkisstj. að ganga svo frá þessu frv. til lánsfjárlaga að ríkisstj. svari því ekki hvernig hún ætlar að fylla í þau stórvægilegu göt á lánsfjáráætluninni sem nú þegar liggja fyrir í þessu frv.

Þegar þetta frv. var til umr. í hv. Nd. Alþingis 15. febr. s. l., 1. umr. um málið hér í hv. deild, gaf hæstv. fjmrh. út mjög skýra og afdráttarlausa yfirlýsingu fyrir hönd sjálfs sín og hæstv. ríkisstj. Þessi yfirlýsing var stutt en skýr. Hún fól í sér meginstefnuyfirlýsingu. Hún var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Erlendar lántökur verða ekki auknar og það verður ekki aukinn yfirdráttur í Seðlabankanum frekar en orðið er og ríkissjóður er ekki afgreiddur með halla. Frekari álögur á fólkið koma ekki til greina."

Ég vakti athygli á því við þessa 1. umr. að hér væri á

ferðinni mjög merkileg yfirlýsing hjá hæstv. fjmrh., yfirlýsing sem væntanlega ætti að taka mark á því hún væri afdráttarlaus og skýr snerti fjóra hornsteina í stefnu þessarar ríkisstj. Sá fyrsti var: Ekki aukning á erlendum lántökum. Annar var: Ekki verður aukinn yfirdráttur í Seðlabankanum. Sá þriðji var: Ríkissjóður verður ekki afgreiddur með halla. Sá fjórði var: Frekari álögur á fólkið koma ekki til greina.

Í þingtíðindum taka þessar fjórar grundvallaryfirlýsingar aðeins fjórar línur en þær eru, eins og ég sagði áðan, mjög skýrar og augljósar. Það er höfuðnauðsyn, eigi að afgreiða þetta frv. í dag, að hæstv. ráðh. geri Alþingi skýra og afdráttarlausa grein fyrir því hvernig þeir ætla að framkvæma þessi fjögur höfuðatriði. Það er sérstaklega nauðsynlegt vegna þess að skv. upplýsingum sem ég fékk frá Seðlabankanum í morgun er einn af þessum fjórum hornsteinum nú þegar brostinn. Það hefur ekki verið staðið við þetta atriði.

15. febr. s. l., sama dag og hæstv. fjmrh. gaf yfirlýsingu sína var skuldastaða ríkissjóðs við Seðlabankann 2 milljarðar 564 þús. kr. Mánuði síðar, 15. mars, hefur skuldastaða ríkissjóðs við Seðlabankann aukist um nær 200 millj. kr. 15. mars var skuldastaða ríkissjóðs við Seðlabankann 2 milljarðar 759 millj. kr. Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Hvernig getur það gerst þegar hæstv. ráðh. gefur út á Alþingi 15. febr. s. l. þá skýru og afdráttarlausu stefnuyfirlýsingu, svo notuð séu hans óbreyttu orð: „Það verður ekki aukinn yfirdráttur í Seðlabankanum frekar", þá blasir það við að á fjórum vikum hefur hann aukist um nær 200 millj.? Hvað hefur gerst? Hvað hefur farið úrskeiðis? Hvernig stendur á því að þessi hornsteinn er nú brotinn? Er hæstv. fjmrh. ekki fær um að tryggja framgang þeirra stefnumiða sem hann hefur lýst hér á Alþingi?

Hæstv. ráðh. hefur ekki kallað neinn blaðamannafund saman til þess að tilkynna að þessi hornsteinn sé brostinn. Hæstv. fjmrh. hefur heldur ekki kallað á fulltrúa stjórnarandstöðunnar til að tilkynna þeim að honum hafi ekki tekist að standa við þessa yfirlýsingu. Nei, þm. stjórnarandstöðunnar verða sjálfir að afla sér upplýsinga um að þetta hafi ekki tekist.

Þess vegna liggur ljóst fyrir að á þeim fjórum vikum sem liðnar eru síðan hæstv. fjmrh. gaf þá yfirlýsingu að yfirdráttur í Seðlabankanum yrði alls ekki aukinn hefur hann aukist um 200 millj. króna. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hverjar eru skýringarnar? Hverjar eru ástæðurnar? En það sem er kannske meira virði: Hvernig stendur á því að hæstv. fjmrh. kom ekki í veg fyrir þessa aukningu á yfirdrættinum? Hæstv. ráðh. var búinn að skýra Alþingi frá því að það yrði gert, hann yrði ekki aukinn frekar. Alþingi á kröfu á að fá skýringar á því nú fjórum vikum seinna hvað brást.

Hæstv. fjmrh. gaf einnig þá yfirlýsingu fyrir hönd hæstv. ríkisstj. í sömu ræðu á sama degi að erlendar lántökur verði ekki auknar. Því er spurt hér á Alþingi: Hvernig hyggst ríkisstj. og fjmrh. sérstaklega og forsrh., sem bera meginábyrgð á þessum málum, annars vegar fylla í það tveggja milljarða gat sem upplýst hefur verið að er í fjárlögunum og hins vegar fylla upp í þau göt og standa við þau fyrirheit sem fyrir liggja í þeirri lánsfjáráætlun sem hér er verið að fjalla um, en sem rækilega hefur verið rakið að ekki er til fjármagn fyrir án þess að auka erlendar lántökur? Stöndum við kannske líka frammi fyrir því innan fáeinna vikna að erlendu lántökurnar hafi hlaupið upp úr öllu valdi á sama hátt og við stöndum nú skýrt og greinilega skv. upplýsingum Seðlabankans frammi fyrir því að yfirdráttur ríkissjóðs hjá Seðlabankanum hefur haldið áfram upp úr öllu valdi? Hvar er festan í efnahagsstjórninni? Hvar er hin ábyrga fjármálastjórn? Hvar er hin trausta stjórn á ríkisfjármálunum? Hver er afstaða ríkisstj. sem hefur lýst því yfir að hún ætli sýknt og heilagt að gera þjóðinni grein fyrir því hvað hún er að gera? (**HBl:** Það er nú ekki hægt að komast að til að gera það.) Jú, það er alveg hægt að komast að til þess að gera það, hv. þm. Halldór Blöndal, því að ekki eru liðnar nema um 40 mínútur af þessum fundi og ég mun innan tíðar ljúka máli mínu. Þá mun á það reyna hvort þeir hæstv. ráðh., sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur kosið að styðja hér á Alþingi, veita svör við þessum spurningum eða hvort í ljós kemur við lok þessara umr. að þessir hornsteinar eru allir meira og minna brostnir.

Þeir voru fjórir. Ég hef nú þegar rakið að einn þeirra er brostinn. Yfirdrátturinn í Seðlabankanum hefur aukist um 200 millj. á fjórum vikum og er nú 2 milljarðar 759 millj. kr. og hefur ekki verið annað eins í áraraðir. Það er eins og ráðh. sé búinn að fá sér sérstaka brunaslöngu úr Seðlabankanum sem sprauti fjármagni látlaust inn í ríkiskassann og þessi fyrrv. gagnrýnandi Seðlabankans uni nú glaður við það að sitja á ríkiskassanum þar sem Seðlabankinn dælir inn fjármagni svo hundruðum millj. skiptir í hverjum mánuði til viðbótar við algjört met í skuldasöfnum ríkissjóðs við Seðlabankann. (**HBl:** Það heitir slökkvislanga, ekki brunaslanga.) Það heitir brunaslanga fyrir vestan og verður kallað brunaslanga hér vegna þess að það á sérstaklega við þegar bruninn í ríkisfjármálunum er til umræðu.

Fjórði hornsteininn sem hæstv. fjmrh. gat um var að frekari álögur á fólkið komi ekki til greina. Nú gerðist það á síðasta degi þingsins í síðustu viku að ríkisstjórnarmeirihl. í fjh.- og viðskn. Ed. lagði fram brtt. á skattafrv. hæstv. ríkisstj. Skv. þessum brtt. ætlar hæstv. ríkisstj. nú að hækka álagðan tekjuskatt á landsmenn. Við munum það allir, þm. í þessari hv. deild, að þegar hæstv. ríkisstj. lagði fram frv. sitt um tekju- og eignarskatt fyrir áramót bentum við rækilega á að í þessu frv. fælist íþynging skatta. Í fyrstu var reynt að bera á móti því uns í ljós kom að jafnvel ráðh. og sérstakir aðstoðarmenn þeirra, formaður og varaformaður Sjálfstfl., treystu sér ekki lengur til að halda því fram og viðurkenndu í verki við meðferð málsins hér að nauðsynlegt væri að lækka þessa skattstiga.

Almenningur í landinu gekk frá sínum skattaframtölum og almenningur í landinu gerði kjarasamninga í samtökum sínum mörgum hverjum, þó alls ekki öllum, en m. a. þó í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, í þeirri góðu trú að þeir skattstigar, sem tilkynntir höfðu verið á Alþingi af hæstv. ríkisstj. nokkrum vikum áður, mundu standa óbreyttir.

En nú gerist það í síðustu viku að hæstv. ríkisstj. laumar inn í þingið till. um hækkun á þessum skattstigum, aukna skattinnheimtu af fólkinu í landinu. Ósvífnin er slík að í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. er þessi nýja skattahækkun rökstudd með því að í nýgerðum kjarasamningum hafi fólk fengið meiri tekjur en reiknað var með í forsendum fjárl. og þess vegna sé nauðsynlegt að hækka skattprósentuna. Þess vegna er alveg ljóst, hæstv. fjmrh., að þessi fjórði hornsteinn,

um að frekari álögur á fólkið komi ekki til greina, brestur ef þær brtt., sem fulltrúar hæstv. ríkisstj. lögðu fram í Ed. s. l. fimmtudag, verða samþykktar.

Það er satt að segja ærið sérkennilegt að þessir fulltrúar Sjálfstfl. skuli hér hvað eftir annað leggja fram till. um skattahækkanir. Ferill þessa tekjuskattsfrv. í þinginu var orðinn nægilega hróplegur fyrir þótt ríkisstjórnarmeirihl. bætti nú ekki um með því að sækja röksemdafærslu sína fyrir hækkaðri skattprósentu í nýgerða kjarasamninga.

Mér er kunnugt um að þessi skattahækkun hefur komið forustumönnum í samtökum launafólks mjög á óvart. Þeir eru þeirrar skoðunar að með þessari skattahækkun sé komið aftan að þeim. Þeir hafi gert þessa kjarasamninga í trausti þess að skattarnir yrðu eins oog tilkynnt hafði verið á Alþingi upp úr áramótum að ríkisstj. stefndi að. En með því að flytja skattahækkunartill. fyrir helgina í Ed. er verið að stuðla að því að taka hluta af þessari launahækkun beint inn í ríkissjóð. (**HBl:** Hver segir að þetta sé skattahækkun?) Hv. þm. Halldór Blöndal hefur ekki enn þá gert sér grein fyrir því að hækkun á skattprósentum skattstigans felur í sér hækkun á þeim sköttum sem greiddir eru, en hv.þm. kemst að því þegar hann greiðir skattana sína. (Gripið fram í.) Nú heyri ég að sérstakur aukaaðstoðarmaður fjmrh., varaformaður Sjálfstfl. sem er sífellt ýmist hlaupandi hér um sali eða gjammandi fram í ræður til að bjarga fjmrh., er farinn að tyggja röksemdir inn í umr. um hlutfall af launum. Var launafólkinu sagt það þegar kjarasamningur ASÍ og VSÍ var gerður að það ætti að taka ákveðið hlutfall af þessu í skatta? (Gripið fram í:) Það hefur hvergi legið fyrir, hv. þm. Friðrik Sophusson.

Ég skora á þm. að vitna í ræður á Alþingi, fara í saumanlagðan texta sem hæstv. fjmrh. hefur flutt þjóðinni á undanförnum vikum og mánuðum, og finna því stað að sagt hafi verið að í kjölfar kjarasamninganna kæmi hækkun á skattstiganum. Hvar hefur það verið sagt að í kjölfar kjarasamninga kæmi hækkun á skattstiganum? Er einhver hér inni sem hefur heyrt ráðh. eða þm. ríkisstjórnarflokkanna segja það? Getur hv. þm. Friðrik Sophusson nefnt stað og stund þar sem sagt var að í kjölfar kjarasamninganna kæmi hækkun á skattstiganum? Auðvitaað getur hann það ekki vegna þess að það var hvergi sagt. Það kom ekki í ljós fyrr en þessari brtt. var laumað inn í Ed. s. l. fimmtudag rétt áður en þm. gengu til veislu. Það verður ekkert burtu skafið með frammíköllum eða útúrsnúningum um hlutfall af launum að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að hækka skattstigann í kjölfar kjarasamninganna. Það er eins skýrt eins og nokkuð getur verið. Það er greinilega sérstök framkvæmd á þeirri skattastefnu sem Sjálfstfl. telur sé sæma að hampa gagnvart þjóðinni.

Herra forseti. Ég hef sérstaklega beint spurningum til hæstv. fjmrh. varðandi þessar tvær meginyfirlýsingar sem hann gaf hér, að yfirdráttur í Seðlabankanum og frekari álögur á fólkið kæmu ekki til greina. Ég vil svo að lokum ítreka þá spurningu sem hér hefur verið borin fram til bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh.: Telja þeir kleift að ráða bót á þeim götum sem komið hafa í ljós á fjárlagafrv. og ráða bót á þeim lánsfjárvanda og þeirri lánsfjárvöntun sem mjög rækilega hefur verið rakin hér í umr. að er fyrir hendi, bæði gagnvart því frv. sem hér er til umr. og gagnvart vanda útvegsins, gagnvart vanda bænda og öðrum vanda atvinnuveganna? Telja þeir kleift að ráða bót á honum án frekari erlendrar lántöku? Ef þeir telja það væri mjög æskilegt að fá nánari skýringar á því í ræðustól á Alþingi með hvaða hætti því Alþingi er ekki sæmandi að afgreiða þetta frv. án þess að það komi skýr og greinileg svör við því.

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í vetur mjög skýrt og greinilega að ef erlendar lántökur færu yfir 60% markið ætti ríkisstj. að segja af sér. Þá ætti hann að segja af sér. Þá ætti hæstv. forsrh. að segja af sér. Þá ætti ríkisstj. öll að segja af sér. Þessa yfirlýsingu sína hefur hæstv. fjmrh. síðan ítrekað. Við höfum upplýsingar um það að nú þegar sé markið komið upp í rúmlega 59% þannig að ljóst er að ekki er nema innan við eitt prósent eftir í þetta 60% mark.

Í ljósi þessara yfirlýsinga, þessa stefnumiðs, er því nauðsynlegt að fá skýr svör við þeim spurningum sem bæði hv. þm. Guðmundur Einarsson og ég höfum borið fram.

Ég vil svo að lokum vekja athygli hv. þingdeildar á svörum sem birt eru með nál. minni hl. fjh.- og viðskn. á bls. 23 við fsp. sem Ólafur Ragnar Grímsson og Páll Pétursson báru fram við iðnrh. á fundi í fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Skv. þeim svörum sem þar eru gefin virðist það vera áform ríkisstj. að fjárfestingar til orkuframkvæmda verði á næstu þremur árum í kringum 1 milljarð kr. á hverju ári og árinu 1988 600 milljónir til 1 milljarður króna.

Það er alveg ljóst að skv. þessum tölum verða ekki á þessu kjörtímabili neinar sérstakar stórframkvæmdir í orkumálum. Þess vegna vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. iðnrh. og ef hann er fjarstaddur til hæstv. fjmrh. hvort að baki þessum tölum, sem hæstv. iðnrh. hefur afhent Alþingi, liggi fyrir skýr og eindregin stefnumótun af hálfu ríkisstj. um orkuframkvæmdir á þessu tímabili. Ef svo er er alveg ljóst að ráðh. Sjálfstfl. og þingmenn Sjálfstfl. hafa hlaupið frá öllum sínum fyrri stóryrðum um nauðsyn stórra átaka í orkumalum á Íslandi og öll sú gagnrýni, sem þeir höfðu fram að færa á Alþingi á árinu 1980—1983, fellur dauð og ómerk og var þó ekkert eitt atriði sem þeir gagnrýndu eins harðlega í tíð þeirrar ríkisstj. og þetta.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Þau eru eiginlega dæmigerð fyrir hv. 7. þm. Reykv. hans síðustu orð. Þau hafa verið rauði þráðurinn í hans ræðum í mörg ár. Allt það sem kemur frá öðrum en honum sjálfum er dautt og ómerkt. En hann er áreiðanlega hér um bil einn um þá skoðun. Ég hef stundum sagt, og það er rétt hjá virðulegum 7. þm. Reykv., að mistakist stefna ríkisstj., að lækna það sem lækna þarf eftir óstjórnartímabil það sem á undan er gengið, þá eigi ríkisstj. að segja af sér — og ég þá kannske fyrst og fremst. Ekki vegna þess að ég búist við því að ríkisstj. hætti að stjórna, heldur vegna þess að fólkið í landinu á að staðfesta að það vilji þá stefnu aðhalds og þann lækningamátt sem í henni felst fyrir íslenskt þjóðfélag, en ekki að hún sé hrakin í burtu. Því það fer ekkert á milli mála að fólkið í landinu vill aðgerðir. Það skilur betur en Alþb.-menn hvernig ástandið er eftir það stjórnarímabil þegar þeir réðu mestu um fjármál landsins.

Talað er um að erlendar lántökur megi ekki fara fram úr ákveðnu marki miðað við þjóðarframleiðslu. Það er alveg rétt. Það er sú prósentutala sem við tókum við. Sú

prósentutala hefur ekki hækkað. Hækki hún er enn þá meiri vá fyrir dyrum en þó er og erum við þó löngu komin yfir hættumörk. Þess vegna er það óráð að haga sér á þann hátt að frekari erlendar lántökur eigi sér stað. Það sjá allir. Þeir þurfa jafnvel ekki að vera prófessorar til þess. Þjóðin öll skilur þetta. En lán sem eru nú í hættu, vegna þess að lánsfjárlagafrv., sem lagt var fram fyrir áramót um líkt leyti og fjárlög, er enn á dagskrá og komið langt fram í marsmánuð, eru skuldbreytingalán en ekki viðbót við þá óstjórn í erlendum lántökum sem átti sér stað hjá fyrrv. ríkisstj. þar með er þeirri spurningu svarað.

Þá var talað um yfirdrátt til viðbótar við þann yfirdrátt sem þessi ríkisstj. tók við, um 200 millj. kr. á viðskiptareikningi á fjórum vikum. Hvaða blekkingartala er þetta? Hvert einasta fyrirtæki, hvort sem það heitir ríkisfyrirtæki eða íslenska þjóðfélagið og ríkissjóður, sem hefur viðskiptareikning í Seðlabanka Íslands, notar sinn viðskiptareikning fram og til baka yfir árið. Það er niðurstaða ársins, og hún liggur alls ekki fyrir núna, sem við getum borið saman við niðurstöður s. l. árs, en ekki hvernig hreyfingar eru inn og út á viðskiptareikningum frá einu tímabili til annars innan ársins.

Ég veit ekki til þess að ég hafi kallað einn einasta blaðamannafund saman um fjárlögin. Ég veit ekki til þess að ég hafi kallað saman neitt annað en stjórnarandstöðuna til að skýra henni frá hvernig fjárlagadæmið stóð og hvernig útlitið var. Við erum hér að ræða þann vanda sem er uppsafnaður frá fyrri tíð, þann vanda sem kom í ljós eftir að fjárlög voru gerð, til þess, eins og ég hef marglýst, að bæði stjórn og stjórnarandstæðingar viti hvað blasir við. Og það eru breytt vinnubrögð frá því sem áður var þegar fjmrh. sat og gerði sín viðbótarfjárlög út allt árið og tilkynnti svo í lok ársins hvernig staðan var. Ég er að tilkynna núna hvernig hún hugsanlega verður, til að reyna að koma í veg fyrir að hún verði eins slæm og hún hugsanlega getur orðið. Ef menn kalla það slæm vinnubrögð að vera með fyrirbyggjandi vinnu í staðinn fyrir að standa uppi með vandann í lok tímabilsins þá þeir um það. Ég finn það á fólkinu í landinu að það kallar það ekki slæm vinnubrögð að fá að vita fyrir fram hvaða vanda er verið að sigla þjóðarskútunni út í ef ekkert er að gert. Þannig að skuldastaðan nú, eða má segja á hvaða tíma árs sem er fram að uppgjöri við Seðlabankann, er bara blekkingartala, m. a. af því að tekjur ríkissjóðs eru oftast nær minni í byrjun árs en í lok árs af eðlilegum ástæðum. Þetta er því einn blekkingarvefur virðulegs 7. þm. Reykv. í viðbót við alla hina.

Ég vona að okkur takist að finna leiðir til að fylla þau göt sem talað er um í fjárlögum án þess að grípa til mikillar erlendrar lántöku. En ég er ekkert að útiloka að verið geti að önnur leið sé ekki til, ef ekki næst samstaða um aðgerðir, sem eru meira í því fólgnar að afla lánsfjár innanlands, draga saman á einhvern hátt.

Hrakspár hv. 7. þm. Reykv. standast ekki vegna þess að stjórnin stendur sterk. Í stjórninni er algjör samstaða og Alþb., sem ekki hefur nein mál að flytja, tekst ekki með nokkurri þeirri leið sem því er töm og það reynir að beita að efna til sundrungar milli ráðh. Stjórnin stendur sterk. Hún stendur sterk saman um að stjórna þessu landi og hún er að mínu mati ekkert hrædd við það að fara í kosningar þegar í stað, ef á þarf að halda til þess að láta þjóðina dæma um þær leiðir sem hún fer nú til að komast frá þeim fjárlögum sem ég fékk hér og ég ætla að biðja hv. 7. þm. Reykv. að líta á. Það er gjöf frá Alþb., mér afhent af blaðamanni Þjóðviljans, og hann benti mér sérstaklega á gatið hér í miðjunni sem væri frá mér. Hin götin hljóta þá að vera frá ykkur, Alþb., frá Ragnari Arnalds. Hvað skyldu þau vera mörg? Eitt, tvö, þrjú, fjögur, fimm, sex, sjö, átta, níu — þau eru bara tíu. Og það eru þessi göt sem við verðum að reyna að fylla upp í sérstaklega. (**Gripið fram í:** Þetta er málefnaleg umræða.) Þetta er málefnaleg umræða. Við erum að tala um göt á fjárlögunum, við erum að tala um göt sem við tókum við, við erum að tala um vanda sem þessi ríkisstj. tók við. Vandann sem við tókum við og nú hefur fengið nafnið Gat á fjárlögum. Ég kalla það sömu nöfnum og þið.

Hvað snertir ásakanir um frekari álögur og hækkandi tekjuskatt vil ég undirstrika að ríkisstj. stefnir að því að skattbyrði hækki ekki á milli ára á fólki. Það hefur verið stefna ríkisstj. Það stendur í okkar plöggum. Og við það stöndum við.

Ég vil leyfa mér að svara virðulegum 4. landsk. þm. sem heldur því fram að stjórnin sé ekki sú styrka fjármálastjórn sem lýst var í fjárlögunum. Sýnir það veikleikamerki að koma fram með vandann fyrir alþjóð og segja: Þetta er það sem við erum að glíma við.— Í staðinn fyrir að bíða til loka ársins og kynna þá vandann eins og hann þá er, í staðinn fyrir að segja frá honum eins og hann hugsanlega verður ef ekkert er að gert. Ég tel að ríkisstj. standi á þennan hátt sterk og samstæð. Hún ætlar hvorki að blekkja Alþingi né þjóðina. Hún kemur fram og segir: Þetta er það sem við verðum að horfast í augu við. Við verðum að finna leið út úr þessum vanda. Það er ekki veikleikamerki.

Og þegar rn. skrifar öðrum rn. og stofnunum og fylgir eftir þeirri sparnaðarstefnu sem ríkisstj. hefur samþykkt, þá er það ekki veikleikamerki. Við erum að biðja um að fá að vita hvernig hvert og eitt rn. og hver stofnun ætlar að leysa það verkefni sem Alþingi Íslendinga hefur samþykkt að fela þeim. Það er að skera reksturskostnað niður um 5% og spara í launagjöldum um 2.5%. Það er ekki veikleikamerki. (**Gripið fram í:** Hvernig ætli það gangi?) Hvernig ætli það gangi, er spurt hér af hv. 3. þm. Reykv. á miðju ári, ekki einu sinni miðju ári, eftir tveggja og hálfs mánaðar vinnu í þá veru. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég veit ekki hvernig það gengur, en ég veit að það er vilji til þess að vinna að þessu, að þessari stefnu, en hver niðurstaðan verður er spurning sem er tímabær um næstu áramót.

Þá er deilt á það hvernig fjárlög hafi verið undirbúin. Fjárlögin eru undirbúin á hefðbundinn hátt. Þau eru ekki undirbúin á annan hátt nú en oft áður, alls ekki, nema þá kannske að því leytinu til að ég boðaði fund með stjórnarandstöðunni áður en fjárlögin voru lögð fram, áður en lánsfjáráætlun var lögð fram, til þess að hún gæti fylgst með því sem var að ske. Það getur verið að þar með sé brugðið út af hefðbundinni vinnu.

Það er líka spurt: Eru eðlileg vinnubrögð að afgreiða lánsfjárlög með þeim götum sem lýst er í bréfi, líklega fjmrn., frá 3. mars? Ég álít að það sé. Ég álít að það sé eðlilegt að afgreiða lánsfjárlög eins og þau liggja fyrir. Ég er ekki kominn til með að segja að innlend lánsfjáráætlun, sem mest hefur verið deilt á, standist

ekki. Ég var ásamt hæstv. félmrh. á fundum með forustumönnum lífeyrissjóðanna og við lögðum þar fyrir þá þá spurningu hvort þeir teldu raunverulega hægt með góðum vilja að ná þeirri skuldabréfasölu sem um gat í lánsfjárlögum. Það var talið hægt. Ég ítrekaði þá spurningu á seinni fundinum og það kom engin athugasemd við það. Þeir aðilar sem við vorum að ræða við, forustumenn sjóðanna, samþykktu að beina þeim tilmælum til þeirra sem ráða kaupunum. Annað gátu þeir ekki gert. Þar kemur spurningarmerkið inn í þessa mynd. En meðan ég hef ekki aðrar upplýsingar en þær sem ég fékk frá þessum aðilum, forustumönnum lífeyrissjóðanna, á fundum með þeim í fjmrn. breyti ég ekki minni trú á því að þessi árangur náist. Og sé spurt hvort ég ætli að halda fund með blaðamönnum og stjórnarandstöðu til að lýsa götum lánsfjárlaganna er því til að svara að ég hef ekki haldið einn einasta blaðamannafund og ég hef ekki hugsað mér að gera það. En það getur vel verið að ég biðji stjórnarandstöðuna um að koma á minn fund til þess að upplýsa hana, ef ég sé ástæðu til, og ég vona að ég liggi ekki undir ádeilu fyrir þau vinnubrögð frá stjórnarandstöðunni.

Síðan er spurt: Er ríkisstj. skuldbundin að tryggja 1050 millj. kr. framlag til húsnæðismálakerfisins skv. lánsfjárlögum? Mitt svar hefur alltaf verið og er enn: Ef ríkisstj. nær ekki þeirri fjárhæð með sölu á skuldabréfum sem á að fara til húsnæðismálanna þá hef ég ekki peninga frá Alþingi til að greiða þetta út. Ef Alþingi ætlast til þess að ég borgi meira en ég hef milli handanna þá verður Alþingi að benda mér á leiðir til að gera það. En ég tel heiðarlegra, vegna þeirra sem hugsanlega sækja um lán, að segja: Ef peningar eru ekki til þá verður að fresta framkvæmdum. Það tel ég heiðarlegra en að hleypa fólki út í framkvæmdir sem verða þá kannske stöðvaðar og standa á dýrum vöxtum ónotaðar á einhverju byggingarstigi. En ég er alls ekkert að útiloka það heldur að alþm. eða þá ríkisstj. finni einhverja aðra leið til að standa skil á þessum 1050 millj sem virðulegur 4. landsk. þm. gat um.

Þá er eftir síðasta spuriningin sem hv. þm. beindi til mín, varðandi lendingargjöld Flugleiða, að þau verði niður felld. Það kom bráðabirgðauppgjör frá Flugleiðum á mitt borð sem ég hef ekki tekið afstöðu til. Ég hef hugsað mér að bíða með ákvarðanir. Þarna er um að ræða heimild fjmrh. til að fella niður lendingargjöld. Og heimild fjmrh. er ekki notuð af neinum öðrum en honum. En ég hafði hugsað mér að bíða eftir aðalfundi Flugleiða, sem mun verða 29., til að fá reikninga félagsins og biðja þá rétt til kvadda aðila, ríkisendurskoðanda og e. t. v. fleiri, a. m. k. ríkisendurskoðanda að gefa mér þær upplýsingar sem ég þarf til að taka ákvarðanir um niðurfellingu eða ekki niðurfellingu á lendingargjöldum til Flugleiða.

Ég verð nú, virðulegi forseti, að fá að spyrja þá tvo virðulegu þm. sem í hlut eiga hvort ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint. Má ég fyrst spyrja virðulegan 7. þm. Reykv.? (**ÓRG:** Öllu má nú nafn gefa.) Öllu má nú nafn gefa. Það þýðir já á hans máli. (**ÓRG:** Ég var ekki búinn. Hæstv. ráðh. svaraði ekki þessu með skattstigann.) Ég svaraði því með skattstigann. Ég er með punktað hérna niður það sem ég sagði og ég skal endurtaka það: Að stefna ríkisstj. væri óbreytt, að skattbyrði mundi ekki hækka á milli ára. Þessu svaraði ég.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég kem í ræðustól til að gera grein fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 460 ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og snertir tekjur Erfðafjársjóðs.

Um síðustu áramót tóku gildi lög um málefni fatlaðra, en með þeim lögum var kveðið á um stóraukin verkefni í þágu þroskaheftra og fatlaðra frá því sem verið hafði. Lög um aðstoð við þroskahefta og lög um endurhæfingu frá 1970 féllu úr gildi, en ákvæði um Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra og Erfðafjársjóð, sem fjármagnað hafði framkvæmdir í þágu þroskaheftra og fatlaðra, voru felld inn í ákvæði nýju laganna. Skv. ákvæðum þeirra laga áttu tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra að vera með þeim hætti að ríkissjóður átti að leggja sjóðnum til árlega næstu fimm árin a. m. k. jafnvirði 55 millj. kr., miðað við verðlag 1. jan. 1983, og í sjóðinn áttu einnig að renna tekjur Erfðafjársjóðs — og í aths. við þá grein í frv. kom skýrt fram að í sjóðinn áttu að renna óskertar tekjur Erfðafjársjóðs.

Þessi ákvæði laga um málefni fatlaðra, sem samþykkt voru á s. l. Alþingi og tóku gildi um áramótin síðustu, voru þverbrotin við afgreiðslu fjárlaga. Skv. lögunum hefði framlag ríkissjóðs átt að vera 91 millj. kr. í stað 40 millj. kr. á fjárlögum. Það hækkaði aðeins um 40 þús. milli ára eða um 0.1% Skv. því er framlag ríkissjóðs til sjóðsins skert um 51 millj. kr. eða um 56%. Skv. lögunum áttu einnig tekjur Erfðafjársjóðs að renna til sjóðsins, sem áætlað er að verði á þessu ári 40 millj., en við fjárlagaafgreiðslu er það stórlega skert sem renna á til sjóðsins eða yfir 50% og er skv. fjárlögum aðeins 19 millj. og 400 þús. Er þar einungis um að ræða 215 þús. kr. hækkun milli ára eða 0.11%.

Samtals nam því skerðingin á Erfðafjársjóði og framlagi ríkissjóðs skv. lögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra um 71 millj. kr. eða tæplega 55%.

Ég tel að fullyrða megi að engin framkvæmdaframlög hafi verið skert eins gífurlega í nýafgreiddum fjárlögum og framlög þessi sem renna áttu í framkvæmdir í þágu fatlaðra og þroskaheftra. Meðan fjárlögin gera ráð fyrir að framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækki að jafnaði um 11% milli ára er hækkun á Erfðafjársjóði aðeins 0.11% milli ára, en framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra einungis hækkað um 0.1% milli ára.

Við fjárlagaafgreiðslu var gerð tilraun til að hækka framlagið úr ríkissjóði í Framkvæmdasjóð fatlaðra, þannig að framlagið yrði 55 millj. í stað 40, en 55 millj. er sú krónutala sem nýsamþykkt lög gera ráð fyrir og þá ekki gert ráð fyrir neinni verðtryggingu eins og þó var kveðið á um í lögunum. Þessi brtt. ásamt annarri, er kvað á um 50 millj. eða 10 millj. kr. hækkun, voru felldar við afgreiðslu fjárlaga. Ég sé því ekki að það þjóni neinum tilgangi þó á nýjan leik nú við afgreiðslu lánsfjárlaga, yrði reynt að ná fram hækkun á framlagi ríkissjóðs í framkvæmdasjóðinn. Ég vil þó freista þess nú ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að reyna að ná fram leiðréttingu að því er snertir tekjur Erfðafjársjóðs og því er þessi till. flutt. Hér er um að ræða tekjur sem inn koma af erfðafjárskatti, en ekki bein framlög úr ríkissjóði og ætti það að skipta nokkru máli. Þessar tekjur, sem inn koma, eiga lögum skv. að renna í

Erfðafjársjóð, en skv. fjárlagaafgreiðslunni ætla stjórnvöld sér að taka yfir helming af þessum tekjum í ríkissjóð, sem renna eiga til framkvæmda í þágu fatlaðra.

Um það mætti hafa mörg orð hve fráleitt er að ríkissjóður taki þannig bróðurpartinn af tekjum sem renna eiga til framkvæmda í þágu fatlaðra, en skatturinn er innheimtur á þeim forsendum. Ég læt nægja að vitna til orða núverandi formanns fjvn., sem hann viðhafði við fjárlagaafgreiðslu 1983 er hann fjallaði um vinnubrögð varðandi ráðstöfun á tekjum Erfðafjársjóðs. Núverandi formaður fjvn. sagði þá, með leyfi forseta:

„Sé talið eðlilegt að lækka framlög til sjóðanna um félagsleg markmið, t. d. Erfðafjársjóðs, á að sjálfsögðu að gera það með breytingum á lögum. Sé það ekki gert er skatturinn innheimtur á fölskum forsendum."

Ég hef áður vitnað til þess sem segir í aths. með frv. um málefni fatlaðra, en þar er skýrt tekið fram að óskertar tekjur Erfðafjársjóðs eigi að renna í framkvæmdasjóðinn. Ég tel að hæstv. félmrh. hafi staðfest þessa túlkun í síðustu viku þegar fjallað var um lánsfjárlögin við 2. umr., en þá sagði hæstv. félmrh., með leyfi forseta:

„Það er ljóst að með þeirri lagabreytingu, sem tók gildi 1. jan. s. l., eiga tekjur Erfðafjársjóðs að renna óskiptar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra."

Óskiptar, sagði hæstv. félmrh. Ég er honum sammála og vænti þess að hann standi við orð sín og samþykki þá brtt. sem hér er fram borin.

Nú er það iðulega svo að tekjur af erfðafjárskatti verða meiri en ráð er fyrir gert við fjárlagaafgreiðslu. Þannig var við fjárlagaafgreiðslu 1983 gert ráð fyrir að tekjur af erfðafjárskatti yrðu 21.6 millj. Skv. þeim upplýsingum sem ég hef nú varð innheimtur erfðafjárskattur á því ári 37 millj. og 53 þús. kr. eða um 48% hærri en ráð hafði verið fyrir gert, en einungis fóru 19 millj. 185 þús. af þeim tekjum til framkvæmda í þágu fatlaðra, sem þó er með lögum ætlað að renna óskertum til fatlaðra. Allt eins má gera ráð fyrir að þessar tekjur verði einnig hærri á yfirstandandi ári en gert var ráð fyrir í fjárlaagafgreiðslu, sem var um 40 millj. kr.

Ef við gerum ráð fyrir sömu þróun og í fyrra, að tekjurnar verði 48% hærri en ráð er fyrir gert nú, þá yrðu tekjur af innheimtum erfðafjárskatti nálægt 60 millj. kr. eða sama upphæð og allt ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra er á yfirstandandi ári. Það mundi þýða í raun að framlag frá ríkissjóði sjálfum væri ekkert því að fullar tekjur kæmu á móti af innheimtum erfðafjárskatti. Ég tel það því enga ofrausn né mundu sliga ríkissjóð þó að auk þessa 40 millj. kr. framlags, sem skv. fjárlögum á að renna í framkvæmdasjóðinn, gæti Alþingi fallist á að tekjur Erfðafjársjóðs af innheimtum erfðafjárskatti rynnu að fullu til sjóðsins, eins og lög gera ráð fyrir, til þess að hægt væri að einhverju leyti að standa við öll þau loforð og fyrirheit sem í nýsamþykktum lögum um málefni fatlaðra felast.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að rökstyðja þá knýjandi þörf sem er fyrir aukið framlag í framkvæmdasjóðinn frá því sem nú er ráð fyrir gert í fjárlögum. Þá þörf rökstuddi ég ítarlega við afgreiðslu fjárlaga og sé ekki ástæðu til að endurtaka hér. Ég tel að allt stefni í að framkvæmdasjóðurinn geti ekki staðið við þegar gerðar skuldbindingar, hvað þá að hægt sé að byrja á nýjum framkvæmdum sem knýjandi þörf er á, ekki síst fyrir fjölfötluð börn, en þar ríkir nú neyðarástand, eins og rækilega kom fram við afgreiðslu fjárlaga og svæðisstjórn Reykjavíkur hefur gert fjvn. grein fyrir. Sú brtt. sem hér er flutt mundi bæta þarna nokkuð úr, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„16. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. fjárlaga fyrir 1984, 07971 Erfðafjársjóður, skulu allar tekjur af innheimtum erfðafjárskatti renna í Erfðafjársjóð, sbr. og 35. gr. laga nr. 41 1983."

Ég vil benda hæstv. forseta á að það vantar inn í brtt. sem hér hefur verið lögð fram: fjárlaga fyrir 1984. Ég hef gert ráðstafanir til þess að það verði leiðrétt og að réttu þskj. verði dreift til þm.

Vænti ég þess að þm. geti sameinast um þessa brtt., sem leyst gæti það neyðarástand sem nú ríkir hjá fjölda fatlaðra í landinu.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna ræðu hv. 2. landsk. þm. varðandi erfðafjárskatt vil ég til viðbótar því sem ég sagði við 2. umr. um lánsfjárlög taka fram að eftir er að ganga frá skilum við gildistöku nýrra laga um málefni fatlaðra að því er varðar erfðafjárskatt og Erfðafjársjóð. Það mál er núna í undirbúningi og þegar hafnar viðræður milli rn. um það mál. Því liggur ekki endanlega fyrir hver stefnan verður á þessu ári.

Ég ætla að leitast við að svara nokkrum spurningum sem hv. 4. landsk. þm. beindi til mín í sambandi við húsnæðismálin. Þetta verður einhvers konar framhaldsþáttur því ég á ósvarað mörgum spurningum hv. þm. í fyrirspurnatíma. Væntanlega verður um þetta framhaldsþáttur á morgun á þingi.

Í sambandi við skyldusparnaðinn vil ég endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að í nýju frv., sem er til afgreiðslu á hv. Alþingi, í félmn. þessarar deildar, eru vissir möguleikar á breytingum að því er varðar skyldusparnaðinn. Hann er furðulegur. Gegnum skyldusparnað fóru t. d. yfir 500 millj. kr. s. l. ár, en niðurstaðan varð sú að spamaður var mínus í árslok í staðinn fyrir að vera plús. Reglurnar um skyldusparnað í þessari veru eru því greinilega orðnar úreltar og þarf að gera á þeim breytingar. Ég geri ráð fyrir, miðað við þá athugun sem við höfum látið fara fram, að með tiltölulega litlum breytingum, sem lagt er til að gera á títtnefndu frv., verði hægt að hægja á gegnumstreymi skyldusparnaðarins svo nemi miklu stærri upphæðum en nú, jafnvel stærri en gert er ráð fyrir í lánsfjárlögunum sjálfum. Þetta verður að sjálfsögðu ítrekað við hv. félmn. þegar málið verður lagt fyrir til 2. umr., sem væntanlega verður innan skamms.

Þar með tel ég að fyrstu og annarri spurningu hv. þm. hafi verið svarað.

Þriðja spurningin var um hvort ráðh. telji að sérstök fjáröflun, 200 millj., og fjáröflun frá lífeyrissjóðunum muni skila sér. Ég get aðeins endurtekið það sem ég hef sagt áður: Ég tel að svo verði. Ég vil bæta því við í sambandi við lífeyrissjóðina, eins og raunar kom fram hjá hæstv. fjmrh. áðan, að um þetta var fundað sérstaklega hvað eftir annað með fulltrúum lífeyrissjóðanna og náðist við þá viðunandi samkomulag að okkar mati. Ég lýsti því hér við 2. umr. um þetta mál að fyrstu tveir mánuðir þessa árs bentu til þess að lífeyrissjóðirnir

hefðu tekið við sér að því er þetta varðar þar sem skil þeirra til Byggingarsjóðs ríkisins í janúar og febrúar voru tæpar 100 millj. kr. á móti aðeins 36 millj. fyrstu tvo mánuði ársins 1983. Á þetta mun reyna. Ég hef enga ástæðu til á þessari stundu að vefengja lífeyrissjóðina um þetta hlutverk þeirra. Ég mun leggja mjög sterka áherslu á það og hef þegar gert það við Húsnæðisstofnun að gerður verði samningur við hvern lífeyrissjóð út af fyrir sig um greiðsluskil ársins 1984. Það hefur aðeins verið beðið eftir samþykkt lánsfjáráætlunar til þess að hægt væri að ganga formlega að slíkum samningum, en undirbúningur undir þá samninga er þegar hafinn og eru þeir tilbúnir til útsendingar.

Fjórða spurning hv. þm. var um hvort ég áliti að ríkisstj. væri skuldbundin að leggja 1050 millj. kr. í húsnæðiskerfið miðað við lánsfjárlögin. Ég hef þegar svarað að því er varðar lífeyrissjóðina og ég get bætt því við að ég tel að mismuninn, sem er 360 millj., sé tvímælalaust skylda ríkissjóðs að tryggja, þ. e. sérstök fjáröflun upp á 200 millj., skyldusparnaður 45 millj. og lán frá Atvinnuleysistryggingasjóði 115 millj. Ég endurtók við 2. umr. málsins að skv. lögum á ríkissjóður að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði það fjármagn sem löggjafinn skyldar hann til að láta af hendi. Samþykkt lánsfjáráætlunar leggur skyldu á Atvinnuleysistryggingasjóð sem ríkissjóður er þar með skuldbundinn að sjá um að verði innt af hendi.

Í 5. og 6. spurningu hv. þm. vitnar hann í framkvæmdaáætlun frá húsnæðismálastjórn, sem fjh.- og viðskn. hafði fengið frá stjórninni, þar sem kemur fram að að þeirra mati muni vanta 437 millj. kr. Ég hef ekki annað svar við þessu en það að sú áætlun er byggð á óskalista Húsnæðisstofnunar. (Gripið fram í.) Ég hef lagt það fyrir Húsnæðisstofnun og það veit hv. 3. þm. Reykv. að er venja að Húsnæðisstofnun gerir áætlun miðað við það fjármagn sem henni er ætlað á fjárlögum og lánsfjárlögum. Þegar þessi fjárlög hafa verið samþykkt mun húsnæðismálastjórn gera nákvæma sundurliðun á þessari áætlun, sem hún hefur þegar gert fyrir mig, en verður senn gerð opinber, og eftir henni verður að sjálfsögðu farið. Ríkisstj. leggur þess vegna ekki til við húsnæðismálastjórn sérstakan niðurskurð á neinum hennar till. Hún gerir tillögur í samræmi við það sem Alþingi ætlast til með samþykktum fjárlögum og lánsfjárlögum. Þetta er einföld útskýring sem ég vænti að hv. alþm. átti sig á.

Ég vil geta þess hér þessu til viðbótar, sem ég kom lauslega inn á við 2. umr. þessa máls, að til viðbótar við till. í lánsfjárlögum samþykkti ríkisstj. að viðskrh. og félmrh. hæfu viðræður við Seðlabanka og fulltrúa viðskiptabanka og sparisjóða um að þessir aðilar tækju að sér að veita sérstakt framkvæmdalán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Þessi lán voru áætluð á bilinu 115—140 millj. kr. Viðræður um þessa fjáröflun eru hafnar og búið að halda tvo fundi um þetta og þeim viðræðum verður haldið áfram. Ef samningar nást, sem ég hef vissar ástæður til að halda, er það viðbótarfjármagn við það sem kemur fram í lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun og kemur örugglega að mjög góðum notum við framkvæmd þessa máls.

Ég held, herra forseti, að ég sjái ekki ástæðu til að lengja þessar umr. Ég tel að þessar skýringar frá minni hálfu séu í samræmi við þá túlkun sem ég hef á þessu máli og ég vík ekki frá henni í neinum atriðum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Einarsson beindi þeirri spurningu til mín hvort ríkisstj. ábyrgist 1050 millj. kr. til húsnæðismálakerfisins. Ég vísa til þess sem hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. hafa hér sagt. Ég tel að með samningum við lífeyrissjóði og eftir öðrum leiðum sé tryggt eins vel og frekast er kostur að þetta fjármagn fáist.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil áður en hv. þm. tekur til máls geta þess að þessum fundi verður að ljúka kl. 4. Áður hafði verið umtal um að fundurinn gæti haldið áfram eitthvað lengur en nú hefur það ráðist að svo getur ekki orðið. Er þá gert ráð fyrir fundarhléi á tímabilinu fjögur til fimm, en þá hefst fundur að nýju.

Svavar Gestsson: Vill hæstv. forseti upplýsa að ósk hverra fundinum er lokið kl. 4.? (**Forseti:** Það er mér sagt skv. ósk Alþfl. sem hefur staðið að þessu samkomulagi.) Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar.

Ég vil fyrst beina orðum mínum til hæstv. forsrh. Það er hluti af þessu samræmda prófi sem hv. 4. landsk. þm. hóf áðan að leggja fyrir hæstv. ráðh. Hv. 4. landsk. þm. spurði: Ábyrgist ríkisstj. lánsfjáráætlunina eins og hún hefur verið samþykkt fyrir Húsnæðisstofnunina? Þetta var spurning hv. 4. landsk. þm. Guðmundar Einarssonar. Svar hæstv. forsrh. var: Ríkisstj. ábyrgist þetta eins og fjmrh. og félmrh. sögðu. En þeir sögðu tvennt. Hæstv. félmrh. sagði: Það verður staðið við áætlunina — og hann margendurtók að staðið yrði við áætlunina. En hæstv. fjmrh. sagði í raun og veru allt annað. „Ég tryggi ekki fé nema skuldabréf seljist," sagði hæstv. ráðh. orðrétt. Hvað þýðir þetta? Það þýðir að öll sú fjármögnun Húsnæðisstofnunar ríkisins sem byggist á skuldabréfasölu er í óvissu, þ. e. bæði 200 millj. kr. sérstaki sparnaðurinn og 525 millj. kr. lántökurnar hjá lífeyrissjóðunum og þá er ég bara að tala um Byggingarsjóð ríkisins.

Ég bið hæstv. forsrh. að bera sig saman við félmrh. og fjmrh. um það hvorum ráðh. hann er sammála. Ég óska eftir því að hann tali við þá báða í einu þannig að ekkert fari á milli mála vegna þess að hæstv. fjmrh. er ekki hér í salnum núna. Ég treysti ráðh. ekki betur en svo að ég tel nauðsynlegt að þeir beri sig saman um það sem þeir segja á hv. Alþingi.

En hérna er greinilegt að hæstv. forsrh. hefur komið sér upp framsóknarlegu fyrirkomulagi, hann vitnar í tvo ráðh. og segist vera sammála þeim, þeir segja í rauninni sitt hvað. Fyrir formann Framsfl. breytir það í rauninni engu, hann getur sennilega verið sammála þeim báðum, en þeir sögðu gersamlega sitt hvað í þessu efni. Fjmrh. vísaði því frá sér að hann bæri á þessu ábyrgð umfram það sem skuldabréfasölunni nemur en félmrh. sagði: Ríkissjóður borgar allt.

Nú er það svo, herra forseti, að hæstv. fjmrh. hefur lagt á það mjög ríka áherslu að stjórnarandstaðan greiði sem mest hún má fyrir afgreiðslu þessara mála. Hann mun einnig hafa óskað eftir því að hið sama gildi í Ed. þar sem stjórnarliðið er með uppsteyt gegn skattahækkunartillögum ríkisstj. Það er útilokað, herra forseti, að ræða um þessi mál, lánsfjáráætlun, öðru vísi en að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur. Ég óska þess vegna eftir því að kallað verði á hæstv. fjmrh. hingað inn en ég mun

halda áfram ræðu minni vegna þess að ég ætlaði að varpa orði á aðra ráðh. og þó einkum hæstv. félmrh.,

Hér fóru fram ítarlegar umr. við 2. umr. um lánsfjáráætlun og lánsfjárlög. Ég bið menn að átta sig á því, m. a. hæstv. félmrh., að hér er ekki verið að afgreiða lánsfjáráætlun. Það er ríkisstj. sem hefur afgreitt lánsfjáráætlun, Alþingi er ekki að fjalla um lánsfjáráætlun út af fyrir sig heldur er Alþingi að fjalla um frv. til lánsfjárlaga sem lánsfjáráætlun byggist á. Þess vegna getur t. d. Húsnæðisstofnun þegar í stað gengið frá sínum útlánaáformum skv. lánsfjáráætlun ríkisstj. Húsnæðisstofnun þarf í raun og veru ekki að bíða neitt frekar eftir Alþingi í þessum efnum og skjóta sér á bak við Alþingi varðandi seinagang við afgreiðslu á áætlun Húsnæðisstofnunarinnar. En Húsnæðisstofnunin hefur þegar gengið frá annarri áætlun en þeirri sem við höfum fengið að sjá. Hæstv. félmrh. viðurkenndi á miðvikudaginn í síðustu viku að hann hefði leyniáætlun undir höndum. Hann endurtók það á fundinum áðan að hann væri með þessa leyniáætlun og hún verður birt allra náðarsamlegast þegar Alþingi er búið að afgreiða lánsfjárlögin en fyrr fá menn ekki að sjá þetta plagg.

Ég vil segja við hæstv. félmrh.: Ég tel þetta ekki boðleg vinnubrögð. Ríkisstj. hefur óskað eftir því að stjórnarandstaðan hafi gott samstarf við stjórnarliðið um afgreiðslu lánsfjáráætlunar á þessum sólarhring. Ég segi: Það er engin ástæða til þess að verða við þeirri beiðni hæstv. ríkisstj. ef hæstv. félmrh. er að leyna stjórnarandstöðuna lykilplöggum frá opinberum stofnunum. Þess vegna geri ég kröfu til þess hér og nú að hæstv. félmrh. sýni Alþingi niðurskurðarplaggið, leyniplaggið, sem hann var með hér í vasanum á miðvikudaginn var en skammaðist sín fyrir og vildi ekki sýna þinginu. Komi hann með niðurskurðarplaggið þannig að unnt verði að afgreiða þessi mál.

Skv. áætlun húsnæðismálastjórnar vantar 269 millj. kr. upp á áætlunina 7. febrúar. Auk þess er viðurkennt að Atvinnuleysistryggingasjóður borgi ekki neitt og þar koma þá 115 millj. kr. til viðbótar. Svo er gert ráð fyrir því að skyldusparnaður skili ekki 45 millj. heldur þurfi að borga með honum 30 millj. króna, þar skakki 75 millj. kr.

Hæstv. félmrh. sagði áðan að hugmyndir um breytingar á skyldusparnaði væru þannig útbúnar að þær myndu tryggja stóraukið fé á þessu ári, jafnvel meira en þarna er gert ráð fyrir. Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvaða greinar — númer óskast tiltekin — í stjórnarfrv. um húsnæðismál mundu í verki tryggja betri skil skyldusparnaðar en hér er um að ræða? Í öðru lagi spyr ég hann: Af hverju gekk hann ekki inn á það, sem stjórnarandstaðan bauðst til fyrir áramótin, að afgreiða þennan kafla húsnæðismálalaganna til þess að þessi þáttur yrði þá tryggður?

Fyrir utan þann vanda sem hér er rakinn er bersýnilegt að mjög erfitt verður að ná af lífeyrissjóðunum nema um 400 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins og auk þess er 200 millj. kr. sérstök fjáröflun óviss. Hér er þess vegna um að ræða vanda upp á mörg hundruð millj. króna. Nú skora ég á hæstv. félmrh. að fara að fordæmi hæstv. fjmrh., viðurkenna gatið, koma til stjórnarandstöðunnar, þingsins og þjóðarinnar og segja: Ég ætla að stoppa upp í þetta gat en það lýtur svona út núna. Ég skora á hæstv. félmrh. að gera þetta frekar en að stinga höfðinu í sandinn eins og mér sýnist að hann ætli því miður að gera.

Ég vil enn fremur spyrja hæstv. félmrh. að því hvernig hann ætlar að skera niður áætlun húsnæðismálastjórnar um 269 millj. kr. því að það er þó tala sem hann viðurkennir, þ. e. frá áætlun húsnæðismálastjórnar 7.2. og til lánsfjáráætlunar. Hvaða lánaflokkar eru það sem á að skera niður? Eru það lán til dagvistarstofnana? Eru það lán til elliheimila? Eru það lán til orkusparnaðarbreytinga á íbúðarhúsnæði? Eru það lán til öryrkja með sérþarfir? Eru það G-lán, eru það F-lán? Hvaða lán eru það sem hæstv. ráðh. ætlar að láta skera niður? Ég geri kröfu til þess að hann svari þessari spurningu því hann hefur þegar mótaðar hugmyndir um það hvernig það á að gerast. Það hlýtur að vera vegna þess að hann hefur haft þessa lánsfjáráætlun fyrir framan sig í marga mánuði, og hlýtur að hafa gert sér grein fyrir þessum hlutum. Hæstv. félmrh. er kannske að hugsa um að fækka útborguðum lánshlutum í ár, er hann að því?

Í athugasemdum með áætlun Byggingarsjóðs ríkisins 7. febrúar 1984 segir:

„Nýbyggingar, frumlán vegna 925 íbúða, 17% fækkun frá 1983. Þeir sem ekki hafa átt íbúð fá lánin í tveimur hlutum, fyrri hlutann mánuði eftir að íbúðin varð fokheld og seinni hlutann sex mánuðum síðar.“ — Svo kemur setningin, takið eftir: „Aðrir fá miðað við óbreytt fyrirkomulag.“

Verður staðið við þessa setningu, já eða nei? Ég óska eftir að hæstv. félmrh. svari þeirri spurningu skýrt hér á eftir. Vegna þess að Húsnæðisstofnunin er þegar búin að éta þetta ofan í sig fyrir hönd hæstv. félmrh., eða hvað? Í bréfi hennar til Kjartans Jóhannssonar dagsett 5. mars s. l. segir orðrétt:

„Ljóst er að einhverjar frestanir á lánaveitingum verða að eiga sér stað til ársins 1985.“

Hérna stendur fullum fetum í plaggi sem er prentað í nál. minni hl. að fresta eigi lánshluta til ársins 1985 en hæstv. félmrh. neitar þessu á Alþingi á miðvikudaginn var og fullyrðir að engu eigi að fresta af lánshlutum Húsnæðisstofnunar. Þessu verður hann að svara alveg skýrt.

En Húsnæðisstofnunin segir líka um þessa frestun:

„Það mætti hugsa sér að fresta fyrsta hluta lána til þeirra sem gera fokhelt frá 1. júlí og ekki eiga íbúð fyrir. Skv. hefðum og venjum ættu þeir að fá fyrsta hlutann til greiðslu í nóv.–des. n. k.“

Getur þetta fólk gert sér vonir um að fá fyrsta hlutann greiddan í nóv.–des. n. k.? Ég er að spyrja um þetta vegna þess að ef svar félmrh. er já mun ég gera ráðstafanir til þess að þjóðin fái að vita af því þannig að húsbyggjendur viti hvaða loforð ráðamenn þessara mála hafa gefið, enda getur hér verið um að ræða úrslitaatriði í fjárhag þessa fólks.

Síðan segir í plaggi Húsnæðisstofnunarinnar vegna þess að þar er gert ráð fyrir að fresta þessum lánshluta frá í nóv.–des. yfir á árið 1985:

„Ef þessari lánveitingu yrði frestað myndi sjóðurinn afgreiða fyrri hluta 1. hluta vegna 700–800 íbúða á árinu 1984 miðað við áætlun frá 7. febr. s. l.“ — sem var um 925 íbúðir. Síðan segir hér: „Einnig mætti fresta lánveitingum til þeirra sem leggja inn umsóknir til kaupa á eldra húsnæði frá 1. apríl til júníloka n. k. Þá mundi sjóðurinn afgreiða G-lán vegna 1850—1900 íbúða á árinu 1984 miðað við áætlun 7. febr. s. l.“

Í þessu plaggi frá Húsnæðisstofnun er sem sagt verið að segja í fyrsta lagi: Dregið verður að borga því fólki sem er að byggja á fyrri hluta þessa árs. — Og í öðru lagi: Dregið verður að borga því fólki sem er að kaupa íbúð á þessu ári. Félmrh. verður að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessu efni, það hefur honum ekki tekist ennþá. Þessari umr. má ekki ljúka án þess að það sé alveg skýrt hvað hér er verið að tala um.

Ef hins vegar verður farið eftir þeirri niðurskurðarstefnu, sem félmrh. er að pukrast með í leyniáætluninni frá því 22. febr., er verið að skera niður íbúðarbyggingar um 25% frá árinu 1983 þannig að ávinningur af lánshækkuninni um 50%, sem félmrh. er að hrósa sér af, er allur þotinn út í veður og vind af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir svo mikilli kjaraskerðingu að miklu færri einstaklingar geta nú byggt eða keypt íbúðir en áður hefur verið. Það er meginástæðan að fólk getur ekki byggt. En í öðru lagi vegna þess að ætlunin er að fresta útborgunum þannig að með þessari afstöðu sinni er ríkisstj. að gera að engu þá djörfu og skynsamlegu ákvörðun að hækka lánin um 50%.

Hæstv. félmrh. hefur einnig greint frá því að hann ætli ekki bara að skera niður Byggingarsjóð ríkisins. Þá kem ég að athugasemd nr. 2 í mínu máli, en þetta var athugasemd nr. 1 sem ég var með núna. Athugasemd nr. 2 er varðandi Byggingarsjóð verkamanna. Hann á að greiða á þessu ári skv. áætlun í nýbyggingar 405.6 millj., reyndar var búið að lækka þá tölu aðeins í seinni plöggum. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að hann eigi að borga þetta.

Nú er áætlun ríkisstj. að framkvæmdum verði frestað við verkamannabústaði. Búið er að fara þess á leit við verkamannabústaðina í Kópavogi og verkamannabústaðina í Reykjavík að framkvæmdum verði frestað. Þessu háttar þannig til í Reykjavík að íbúðir eru í byggingu á þremur svæðum, á Eiðsgranda er verið að ljúka við allmargar íbúðir, í Ártúnsholti eru hafnar framkvæmdir við 10 grunna, auk þess sem gerðir hafa verið samningar við verktaka um verulegar framkvæmdir á Ártúnsholtssvæðinu, og í þriðja lagi er um að ræða íbúðir í Neðstaleiti, 31 íbúð.

Stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík auglýsti þessar íbúðir til sölu. Hún birti auglýsingu í blöðunum um að á árinu 1984 yrðu til úthlutunar 200 íbúðir í Reykjavík, 100 í nýbyggðum verkamannabústöðum, þ. e. 70 í Ártúnsholti, 31 í Neðstaleiti og 100 í endursöluíbúðum eða alls 200 íbúðir í Reykjavík. Stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík situr þessa dagana á fundum við að úthluta þesum íbúðum og 900 umsækjendur bíða eftir niðurstöðum nefndarinnar. Sömu dagana tilkynnir ríkisstj. stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík að skera eigi niður fjármagn til verkamannabústaðanna um ¼ og greinilegt er að allur þessi niðurskurður í Reykjavík kæmi niður á framkvæmdum í Ártúnsholti og í Neðstaleiti vegna þess að gerðir hafa verið bindandi samningar varðandi framkvæmdir á Eiðsgranda sem taka þá fjármuni sem þar hefur verið samið um og yrðu að hafa algjöran forgang.

Skv. áætlun verkamannabústaðanna í Reykjavík var gert ráð fyrir eftirfarandi upphæðum til bygginga á þessu ári frá ríkinu: 1. Eiðsgrandi 50.6 millj. kr. 2. Ártúnsholt 72.1 millj. kr. 3. Neðstaleiti 24 millj. kr. Eða samtals í Reykjavík 146.7 millj. kr. sem er langt til helmingurinn af framkvæmdafé verkamannabústaðanna á þessu ári.

Nú hefur verið farið fram á að þessi tala verði skorin niður úr 147 millj. kr. niður í 102 millj. kr. Af þessum 102 millj. kr. mundi fara 51 millj. til að ljúka Eiðsgrandaframkvæmdinni. Þá eru eftir 50 millj. kr. til þess að vinna að verkefnum sem kosta 96 millj. kr. og þá er eftir að svíkja það fólk sem nú er verið að úthluta íbúðum til af stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík. Ég óska eftir því að félmrh. hugleiði það eitt augnablik hvort auðveldara verður fyrir lífeyrissjóðina að kaupa skuldabréf af þeirri ríkisstj. sem er búin að svíkja fyrirheitin um félagslegar íbúðabyggingar sem skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna voru tengd með órjúfanlegum hætti.

Ég er sannfærður um að þessi svik á markmiðunum um félagslegar íbúðarbyggingar munu draga verulega úr áhuga ýmissa lífeyrissjóða á því að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði á þessu ári. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er það ætlun ríkisstj. að ganga svona nærri verkamannabústaðakerfinu eins og hér er verið að tala um? Er samstaða um það innan ríkisstjórnarflokkanna að gera svo? Um það spyr ég vegna þess að á bak við ályktun stjórnar verkamannabústaðanna í Reykjavík eru atkvæði allra stjórnarmanna þar og þeir eru úr fimm stjórnmálaflokkum.

Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. félmrh. geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu efni vegna þess að með slíkri árás á verkamannabústaðakerfið væri verið að skemma það mjög verulega og ég óttast að sá skaði verði ekki bættur nema á mjög löngum tíma.

Það er til lítils að bæta húsnæðislánakerfið í landinu með því að taka fjármuni af þeim sem helst þurfa á stuðningi að halda, en það er það sem núv. ríkisstj. er að gera. Hún er að hopa með þau félagslegu markmið sem voru sett á síðasta kjörtímabili um eflingu verkamannabústaðakerfisins og notar að sínu leyti fjármuni úr verkamannabústaðakerfinu til þess að hækka lánin á öðrum vettvangi þar sem hún hefur í raun og veru einnig eyðilagt sín handaverk með kjaraskerðingu og stórkostlegri óvissu um allt húsnæðislánakerfið.

Forustumenn Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gengu nýlega á fund félmrh. og gerðu honum grein fyrir áhyggjum sínum vegna niðurskurðar á félagslega íbúðabyggingakerfinu. Stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík hefur skrifað félmrh. bréf út af þessu máli. Ég spyr hann sem sé: Er ætlun hans að halda fast við þessi niðurskurðaráform? Ég minni hæstv. félmrh. á að sveitarfélögin hafa þegar gert ráð fyrir útgjöldum vegna verkamannabústaðanna á sínum fjárhagsáætlunum. Reykjavíkurborg hefur þegar gert ráð fyrir að þessar framkvæmdir í Reykjavík, sem ég nefndi áðan upp á u. þ. b. 146 millj. kr. í verkamannabústöðum á þessu ári, haldi áfram í ár þannig að það er inni í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Þess vegna væri líka mun óeðlilegra að ganga fram eins og ríkisstj. hugsar sér að gera.

Nú hef ég lokið, herra forseti, að fara yfir nokkur atriði varðandi húsnæðislánakerfið. Ég á eftir fjögur atriði sem mig langaði til þess að ræða við hæstv. fjmrh. og bið um að hann verði kvaddur á vettvang. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort við gætum ekki sæst á að fresta nú fundinum vegna þess að það eru aðeins 5 mínútur eftir af fundartímanum. Við byrjum svo aftur

kl. 17:00 og þá vona ég að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur og ég skal reyna að tryggja það.) Já, ég fellst á það, herra forseti. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Í fyrri hluta ræðu minnar í dag ræddi ég nokkuð um stöðuna hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég lagði fyrir félmrh. fáeinar spurningar og bað hann m. a. um að greina frá þeirri leyniáætlun sem hann kvaðst hafa undir höndum en hefði ekki viljað sýna þinginu fyrr en eftir að búið væri að samþykkja lánsfjárlögin. Það þótti mér fullseint svo að ég skoraði á hæstv. ráðh. að gera þinginu þegar í stað grein fyrir þessari leyniáætlun úr því að hún er til á annað borð. Nú vill svo illa til að hæstv. ráðh. er ekki kominn í salinn né heldur hæstv. fjmrh., sem einnig er rétt að varpa á orði í sambandi við þessa áætlun (**Forseti:** Ég vil taka það fram að ég átti tal við hæstv. fjmrh. og hann hét mér því að vera hér viðstaddur þegar fundur hæfist kl. 5.) Já, hann hlýtur þá að vera væntanlegur á hverri stundu. En ég vil gjarnan upplýsa, og því má skila til hæstv. félmrh., að mér hefur borist bréf frá Húsnæðisstofnun ríkisins, dags. 19. mars 1984, þ. e. í dag, undirritað af einum af deildarstjórum stofnunarinnar, þar sem gerð er grein fyrir þessari leyniáætlun. Ég ætlaði að lesa hana upp fyrir félmrh. og athuga hvort við værum örugglega ekki með sama plaggið, gætum borið okkur saman. Er hæstv. félmrh. væntanlegur? (**Forseti:** Því getur forseti ekki svarað, en ég skal gera gangskör að því að hann verði hér viðstaddur.)

Já, herra forseti. Ég held þá áfram máli mínu þar sem hæstv. fjmrh. er kominn í salinn. Hæstv. fjmrh. greindi frá því í ræðu sinni í dag m. a. að ríkisstj. mundi ekki stuðla að neins konar skattahækkunum. Það var í tilefni af fsp. frá hv. 7. þm. Reykv. Þá sagði hæstv. fjmrh. að það væri stefna ríkisstj. að skattbyrði aukist ekki milli ára. Og við það stöndum við, sagði hæstv. fjmrh.

Nú vill svo til að í þessum töluðum orðum fjmrh. var haldinn fundur í Ed. Alþingis. Þar var í ræðustól hv. 9. þm. Reykv., Ólafur Jóhannesson, sem komst þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil taka það fram að eins og sakir standa nú er ég andvígur öllum hækkunum, öllum tillögum um hækkun á skattaprósentunni og mun þar af leiðandi greiða atkvæði gegn þessum brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur flutt á þskj. 443.“

Hér hefur hv. þm. Ólafur Jóhannesson tekið undir viðhorf stjórnarandstöðunnar í þessu efni, að ríkisstj. er í raun og veru með þessum till. sínum í Ed. að hækka skatta og auka skattbyrði frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Og hv. þm. Ólafur Jóhannesson lætur ekki hér við sitja að gagnrýna ríkisstj. fyrir þessa skattahækkun, sem er óvefengjanleg, heldur segir hann: Það eru óviðfelldnar röksemdir sem ríkisstj. flytur í þessu máli. Hverjar eru röksemdirnar? Að ríkisstj. þurfi að taka aftur kjarasamningana, sem gerðir voru 21. febr. s. l., a. m. k. að hluta til. Hv. þm. Ólafur Jóhannesson hefur þannig látið ríkisstj. heyra þau sjónarmið sem heyrast alls staðar í þjóðfélaginu núna, að rökstuðningurinn af hálfu hæstv. fjmrh., skattahækkunarráðherra núv. ríkisstj., sé í hæsta máta óviðfelldinn. Að það sé verið að rífa niður þá kjarasamninga sem nýlega voru gerðir.

Ég held að þetta sé alveg óyggjandi sönnun um það að hæstv. fjmrh. hefur ekki staðið við þau orð sem hann sagði hér í ræðustólnum kl. 3 í dag: Skattbyrði aukist ekki milli ára. Og við það stöndum við. Þetta hefur ekki gengið eftir. Það liggur alveg óvefengjanlega fyrir.

En það er fleira, hæstv. fjmrh., í ræðunni sem flutt var hér áðan sem ég vildi gera aths. við. Næst það að bent er á að ríkisstj. ætli sér að skera niður rekstrarkostnað um 5% og launaútgjöld hjá ríkinu um 2.5% á þessu ári eða samtals um 200—300 millj. kr. Ég kallaði hér fram í hjá hæstv. ráðh. og spurði: Hversu mikill er sparnaðurinn orðinn, hvað hefur þegar verið gert í þessu máli? Og hæstv. fjmrh. skildi þetta svo að það mætti ekki spyrja um málið fyrr en árið væri allt. Það sem ég var að spyrja um er einfaldlega þetta: Hvaða ákvörðun um sparnað hefur verið tekin hér og nú? Hvaða ákvörðun um sparnað hefur verið tekin hér og nú, hæstv. ráðh.? Ég endurtek þá spurningu. Og vegna þess að eftir því sem lengri hluti líður af árinu, eftir því verður að ná fram meiri niðurskurði til þess að jafna fjárlögin frá því sem gert hafði verið ráð fyrir, er spurningin þessi: Hvað hefur verið gert þegar í stað til þess að tryggja þann sparnað á rekstri og launaútgjöldum ríkissjóðs sem fjárlögin gera ráð fyrir?

Þau mál sem hér hafa verið rædd eru auðvitað mjög þýðingarmikil í sambandi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina. En ég ætla ekki að fara út í þau frekar, heldur aðeins að víkja að lánsfjáráætluninni sjálfri umfram það sem ég hef þegar gert og snertir sérstaklega húsnæðismálin. Ég var búinn að rekja nokkuð aths. mínar í sambandi við Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Ég kem þá næst að erlendum lántökum.

Erlendar lántökur koma fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á bls. 25. Nú vildi ég biðja hæstv. fjmrh. og embættismenn hans að fara með mér í gegnum þá töflu um peningamál, erlend lán og greiðslujöfnuð sem er á bls. 25 í lánsfjáráætluninni.

Þar er gert ráð fyrir því að löng erlend lán í lok þessa árs verði 37.5 millj. kr. Stutt vörukaupalán verði 4.6 milljarðar kr. (**Gripið fram í:** Það þýðir ekkert að vera að þessu, fyrst fjmrh. er farinn.) Magnús Pétursson heyrir. Ætlar hæstv. fjmrh. að vera lengi í burtu? (**Forseti:** Forseta er ókunnugt um það. Ég hugsa að hann hafi aðeins vikið sér frá. En ég vil ítreka það að ég átti tal um það við hæstv. ráðh. að þess væri óskað að hann yrði við þessar umræður hér kl. 5 og hann hét mér því fyrir u. þ. b. klukkutíma.) Mér er ómögulegt, herra forseti, að halda þessum umr. áfram nema hæstv. fjmrh. sé hér. (**Forseti:** Ég hef verið upplýstur um það að hæstv. ráðh. sé að gegna þingskyldum sínum í Ed. Hann er þar við atkvgr. svo ég vona að þetta verði ekki langur tími.) Það ku vera knappt á dalnum hjá stjórnarliðinu í Ed. Stjórnarandstaðan skilur það að hæstv. ráðh. þurfi þangað í atkvgr. núna.

Ég ætla aðeins, meðan hæstv. fjmrh. víkur sér frá, að benda á einn þátt í lánsfjáráætluninni sem er nauðsynlegt að skoða sérstaklega. Það er þróun peningamála og útlánaaukning bankanna. Það er gert ráð fyrir því í lánsfjáráætlun ríkisstj. að útlánaaukning bankanna á þessu ári verði 1605 millj. kr., 1605 millj. kr. á öllu árinu eða 11.9% aukning. Það væri fróðlegt fyrir hæstv. viðskrh. að líta á þessar tölur, að öll útlánaaukning bankanna á þessu ári átti að vera 1605 millj. kr., því að í janúar einum var búið að lána út af þessari tölu, hæstv. viðskrh., 728 millj. kr. Viðskrh. ætlaði að láta bankana lána út 1605 millj. kr. en í janúar var hann búinn með

728 millj. kr. Það eru því fleiri en ríkissjóður sem eru með gat og fleira en lánsfjáráætlun sem er eins og gatasigti í stefnu þessarar ríkisstj. Í peningamálum stendur heldur ekki steinn yfir steini. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hér og nú: Hvaða ráðstafanir hefur hann gert til þess að tryggja það að útlánaþróun bankanna fari ekki á þessu ári langt fram úr þeim mörkum sem ríkisstj. hefur sett? Aðeins í janúarmánuði lánuðu bankarnir út 45% af allri aukningunni sem átti að vera á árinu, og svarið er hvað? (**Viðskrh.:** Það hefur þegar verið samið við þá banka sem hafa lánað umfram það sem áætlað var og sektarfé sem geti verið innan þess ramma sem ætlað er.) Það þýðir það, hæstv. viðskrh., ef þú vildir halda áfram að ræða þetta við mig, að það er meiningin að bankarnir auki sín útlán á ellefu mánuðum ársins, takið eftir því, á ellefu mánuðum ársins um 800 millj. kr. Þýðir það það? Á öll útlánaaukning bankakerfisins á tímabilinu febr. til 31. des. 1984 þá að vera 800 millj. kr.? Það hlýtur að vera svo. Hæstv. viðskrh. vefst að vísu tunga um höfuð í þetta skipti, svo ég noti þau orð sem hæstv. iðnrh. hefur fyrir okkur stundum.

Hér hef ég komið á framfæri einu atriði í sambandi við peningamálastefnu ríkisstj., efnahagsmálastefnu hennar, sem er í algerri óvissu og ólagi og ríkisstj. veit í raun og veru ekki hvernig hún ætlar að leysa. Síðan kem ég að öðru atriði af því að hæstv. fjmrh. er nú kominn á ný. Og það er þetta: Í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir því að löng erlend lán verði í lok þessa árs 37.5 milljarðar kr. og að stutt vörukaupalán verði 4.6 milljarðar kr. Upp í þetta fáist síðan útflutningsbirgðir upp á 2.5 milljarða og gjaldeyrisstaða upp á 3 milljarða sem batni á þessu ári um 500 millj. kr. Hún á að batna á þessu ári um 500 millj. kr. þannig að nettóstaðan við útlönd í lok þessa árs verði 36.6 milljarðar, neikvæð um 36.6 milljarða kr., sem þýðir 58.5% af vergri þjóðarframleiðslu. En nú hefur verið upplýst að þessi tala sé hærri, m. a. vegna þess að hin verga þjóðarframleiðsla er minni en þarna er gert ráð fyrir, þannig að raunverulega er hér um að ræða tölu upp á 59.2% eða svo.

En auk þessa stefnir ríkisstj. og hæstv. fjmrh. í miklu meiri erlendar lántökur. Og nú bið ég hann, hæstv. ráðh., að skrifa niður og spyr hann: Eru þetta tölur sem eru fjarri lagi?

Í fyrsta lagi hefur verið rætt um það að útgerðin þurfi 400—500 millj. kr. til að breyta stofnlánum sínum og 300—450 millj. kr. í rekstrarlán.

Í öðru lagi hefur hæstv. iðnrh. lofað erlendum lánum í skipaviðgerðir, sem ekki eru í þessum plöggum hér, upp á 150 millj. kr.

Í þriðja lagi er talað um að bændur eigi að fá breytingu á sínum lausaskuldum. Þar er talað um nokkuð óvissa upphæð, en við skulum segja að hún sé á bilinu 100—150 millj. kr., og það hefur komið fram í landbn. Nd. að bankastjóri Búnaðarbankans telur að þetta fé verði ekki lánað nema sem erlent fé, endurlánað erlent fé.

Í fjórða lagi liggur það fyrir að ríkisstj. vill ábyrgjast erlent lán fyrir Arnarflug, verulega upphæð. Frv. um það mál liggur fyrir þinginu. Verður fróðlegt að hafa umr. um það fyrirtæki hér. Hún verður örugglega mjög ítarleg.

Í fimmta lagi liggur það núna fyrir að hallinn á ríkissjóði verður ekki 400 millj. heldur 2000 milllj. eins og þetta lítur út núna. Það er auðvitað verið að tala um að minnka hann, en 2000 millj. að öllu óbreyttu.

Í sjötta lagi hefur hæstv. fjmrh. sjálfur lýst því yfir og ríkisstj. að innlend lánsfjáröflun verði 300—400 millj. kr. minni á þessu ári en gert er ráð fyrir í lánsfjáráætluninni. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. af þessu tilefni: Hvaða framkvæmdir eru það sem á að skera niður í lánsfjáráætluninni um 300—400 millj. kr.? Eða ef það er ekki ætlunin, þá er fjmrh. að segja með því að það eigi að auka við erlendar lántökur sem þessu nemur. Ég vil einnig benda honum á að auðvitað er hallinn á ríkissjóði bein ávísun á auknar erlendar lántökur vegna þess að halli á ríkissjóði gengur á gjaldeyrisforðann og á móti slíkum halla er dregið á yfirdráttarréttindi okkar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Þær tölur sem ég nefndi hérna, sex tölur upp á 2—3 milljarða kr., er ekki hægt að leggja saman og segja: Erlendar skuldir aukast sem þessu nemur. En ég fullyrði að ríkisstj. ætlar sér þegar að bæta við a. m. k. 1.5 milljarði kr. í erlendar lántökur og versnandi gjaldeyrisstöðu skv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja. Það er sem sagt búið að sjá það fyrir að erlendar lántökur ríkisstj. aukast um 1—1.5 milljarð. Það eru alveg óyggjandi tölur fyrirliggjandi í þessum efnum. Og hvað þýðir það? Fyrir hverjar 600 millj. kr. sem erlendar skuldir aukast um þá hækkar hin heilaga prósenta um einn. 600 millj. kr. til viðbótar þýða 60.2%. Og 600 millj. þar til viðbótar þýða 61.2%. Þannig að aukist hinar erlendu skuldir um 1.2 milljarða kr. þá fer þetta hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu upp í 61—62%. Það er óvefengjanlegt. Ég skora á hæstv. fjmrh. að afsanna það að þær tölur séu réttar sem ég fer hér með. Ég skora á hann að gera grein fyrir því, lið fyrir lið, hvað það er sem er rangt í þeirri talnafærslu sem ég hef hér rakið.

Ég spái því þess vegna, eins og staðan er núna, að nettóstaða þjóðarbúsins við útlönd, sem er auðvitað það sem máli skiptir, það er 5. dálkur í töflunni á bls. 25 í lánsfjáráætluninni, ég spái því að þessi tala, sem er þarna 36.6 milljarðar, verði miklum mun hærri þegar árið er á enda runnið. Ég rökstyð það með því að gjaldeyrisstaðan, sem á árinu öllu átti að batna um 500 millj., hefur versnað frá áramótum, á tveimur mánuðum um 1.3 milljarða kr., sem þýðir að þessi tala, nettóstaðan við útlönd, er af þessari ástæðu einni orðin 800 millj. kr. hærri nú þegar en er í þessu plaggi. Það er mismunurinn á þeirri áætlun sem hér er upp á 500 millj. og reyndinni sem er 1300 millj. kr. verri gjaldeyrisstaða frá áramótum en var þá.

Þessi tafla á bls. 25 stenst ekki. Og það verður gengið eftir því að menn geri hana upp í lok ársins 1984, þannig að það komi ótvírætt fram hvað hér hefur í raun og veru gerst. Því að þessi tafla, eins og hún er hér nú, mun ekki standast próf veruleikans. Og mér sýnist reyndar að hæstv. ríkisstj. ætlist ekki til þess að þessar tölur standist próf veruleikans. Mér sýnist að ríkisstj. ætlist ekki til þess að það sé í raun og veru tekið mark á henni í þessu efni, og að hún ætli sér í þessu eins og í sambandi við fjárlögin að hlaupa út með málið eftir nokkra mánuði og segja: Við sáum þetta ekki fyrir, það er gat, þetta er einhverjum öðrum að kenna en okkur. Og berja sér á brjóst og segja: Sjá, hvað við erum hér heilagir, við komum til ykkar með vandann. Og þið eigið að þakka okkur fyrir það. Þó að sama ríkisstj. hafi

lýst því yfir að hún hafi verið kosin í landinu til þess að leysa þennan vanda. Ég tel þess vegna í sambandi við erlendar lántökur að þar standi ekki steinn yfir steini.

Fjórði þátturinn sem ég ætlaði að gera að umtalsefni var í sambandi við peningamálaáætlun ríkisstj. Ég rakti það fyrir hæstv. viðskrh. áðan að það er gert ráð fyrir því að aukning útlána á árinu nemi um 1600 millj. og það eru þegar í janúar farnar út 700 millj. af þessari upphæð. M. a. s. hæstv. forsrh. hefur gefið út yfirlýsingu um að hann telji ástæðu til að hafa áhyggjur af þessari þróun í peningamálum. En hæstv. viðskrh. var að enda við að lýsa því hér yfir, þannig að það sé á hreinu, að útlánaaukning bankanna á ellefu mánuðum eigi að vera 800 millj. kr. Og það skal verða gengið eftir því að hann sjái til þess að það verði framkvæmt. Það verður fróðlegt að sjá hvernig hann ætlar að framkvæma það, því að ég er sannfærður um að hann getur það ekki. Hann getur ekki framkvæmt þetta, það er óframkvæmanlegt við þessa stöðu.

Þetta sýnir í rauninni betur en allt annað að allt talið um það að ríkisstj. hafi leyst efnahagsvandann er tóm vitleysa og blekking. Hún hefur ekki leyst neinn efnahagsvanda. Hún hefur breytt hinum mikla verðbólguvanda þjóðfélagsins í vanda alþýðuheimilanna í landinu. Allt annað er hér í uppnámi.

Hæstv. ríkisstj. segir: Við ætlum að ná auknu fé með innlendri lánsfjáröflun. Og þá kem ég að fimmta atriðinu sem ég ætlaði hér að nefna. Þegar lánsfjárlagafrv. kom inn í þingið var gert ráð fyrir því að afla heimilda til innlendrar lánsfjáröflunar upp á 478 millj. kr. á almennum markaði. Ég er hér ekki að tala um lífeyrissjóðina. Nokkrum vikum síðar fékk ríkisstj. vitrun, þetta væri eiginlega of lág tala, það væri nauðsynlegt að hækka þessa tölu. Og áður en varði var komin brtt. inn í lánsfjárlagafrv. í Ed. og þar með fór þessi tala upp í 600 millj. kr. Og þetta var bara tala, það var ekkert annað á bak við það, en ríkisstj. fylltist bjartsýni á að hægt væri að auka innlendan sparnað í þessu efni upp á 122 millj. kr. Í þessu bjartsýniskasti í Ed. færði hún töluna í 1. gr. lánsfjárlagafrv. upp í 600 millj. kr.

En svo fóru menn að horfa framan í veruleikann og menn fóru að skyggna hið mikla gat og mæla það á alla vegu. Og sjá, þá kemur þriðja yfirlýsing fjmrh. í sambandi við innlendan sparnað. Hún gengur út á það að innlend lánsfjáröflun verði ekki 800 millj. heldur lækki um 300—400 millj. þaðan í frá. Þannig er talan sem upphaflega var 478 millj. og seinna 600 millj. nú orðin allt, allt önnur. Þetta ber auðvitað vott um yfirgengilegan hringlandahátt. Ég fullyrði að mennirnir vita ekkert hvað þeir eru að gera. Þeir sulla þarna inn einhverjum tölum rétt til þess að draga úr einhverjum pólitískum óþægindum sem þeir verða fyrir á vissum stað og stund, en þeir hafa ekki hugmynd um það hvað kemur út úr þessum hlutum. Þeir vita ekkert um það, enda hafa engin rök komið fram í þessu efni.

En í tilefni af þessu, að ríkisstj. er sjálf búin að segja að þetta eigi að lækka um 300—400 millj. kr., þá spyr ég fjmrh. aftur: Hvaða framkvæmdir í lánsfjáráætluninni á að skera niður fyrir þessar 300—400 millj. kr.? Hvaða framkvæmdir eru það? Ég óska eftir að gefnar verði um það upplýsingar áður en málið fer héðan úr deildinni. Ég vil fá að vita hvaða framkvæmdir það eru. Ef ekki er ætlunin að skera niður neinar framkvæmdir, þá er ætlunin að taka erlend lán, og ef ekki er ætlunin að taka erlend lán þá á að stunda seðlaprentun í Seðlabankanum með ávísun á gjaldeyrisforðann sem minnkar nú dag frá degi.

Þetta var fimmta atriðið, virðulegi forseti, sem ég vildi nefna í sambandi við þessa lánsfjáráætlun. Í sjötta lagi vildi ég koma að því sem ég hef kallað harðnandi samkeppni um sparifé landsmanna. Ljóst er að ríkið tekur meira til sín en áður af sparifé landsmanna. Í viðtölum fjh.- og viðskn. Nd. kom fram að forustumenn bankanna hafa mjög miklar áhyggjur af þeirri stöðu sem þeir eru í um þessar mundir. Bankarnir geta ekki boðið svona ávöxtunarkjör, sögðu bankastjórarnir sem ræddu við fjh.- og viðskn. Nd., en þeir voru þá að bera sig saman um þau ávöxtunarkjör sem ríkissjóður býður. Það kom líka fram í þessum viðtölum að lífeyrissjóðirnir töldu að þeir væru ekki nauðbeygðir til þess að taka skuldabréf frá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna eins og verið hefur. Vegna þess að það er hagstæðara fyrir okkur, sögðu fulltrúar lífeyrissjóðanna, að vera með okkar fjármuni inni í bönkunum á almennum bankareikningum en að kaupa bréf af byggingarsjóðunum. Einnig kom fram að þeir töldu að aðrar sparnaðarhugmyndir ríkisins, sparnaðarform, væru enn þá hagstæðari en bankarnir. Þannig að hér bítur hvað í rófuna á öðru.

Ríkisstj. býður núna þestu kjör á skuldabréfum á almennum markaði sem eins og sakir standa virðist vera völ á. Það er það sem ríkisstj. býður. Hvar kemur það niður? Það kemur í öðru lagi þannig fram að þá verður minni sparnaður í bönkunum sem þó standa næstir ríkissjóði að því er sparnaðarform varðar. Þar á eftir koma svo fjárfestingarlánasjóðirnir, þ. e. byggingarsjóðirnir og Framkvæmdasjóður. Dæmið horfir þannig við lífeyrissjóðunum — ég vil biðja hæstv. ráðh. að athuga það, sem þeir hafa vafalaust gert — að þeir velta fyrir sér: Hvar er best að ávaxta fé lífeyrissjóðanna núna? Er það hjá Byggingarsjóði ríkisins eins og það hefur verið? Það er ekki þar. Ljóst er að hagstæðustu kjörin eru núna að liggja með féð inni í bönkunum eða að kaupa eitthvað af þeim sparnaðarformum sem ríkið býður upp á almennum markaði. Þannig að fjárfestingarlánasjóðirnir mæta afgangi.

Forustumenn lífeyrissjóðanna sögðu þegar við vorum að ræða við þá núna fyrir nokkrum vikum: Við eigum nóga aðra möguleika. Við þurfum ekki að fara með okkar sparnað í fjárfestingarlánasjóðina. Og það var annað sem þeir bentu á sem er mjög athyglisvert, að eftirspurn eftir lánum frá lífeyrissjóðunum er beint frá almenningi. Hún er meiri núna en verið hefur vegna þess að fólk telur óhagstæðara að taka lán í bönkunum en hjá lífeyrissjóðunum. Þannig að menn seilast eftir lánum í lífeyrissjóðunum í miklu stærri stíl núna en áður hefur verið.

Við þessa niðurstöðu skapast vandi í fjárfestingarlánasjóðunum og ríkið situr eftir með vandann án þess að geta rönd við reist vegna þess að hin nýju sparnaðarform ríkisins framleiða ekki peninga í landinu, þau auka ekki sparnað nettó frá því sem verið hefur í verulegum mæli. Niðurstaðan verður sú að ríkið verður að greiða hærra verð fyrir sparnaðarformin en nokkru sinni fyrr. Menn taka lán á almennum markaði og draga þannig úr áhuga lífeyrissjóðanna um leið á því að koma til móts við fjárfestingarlánasjóði ríkisins. Þannig að þetta

gengur alls ekki upp. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. þessarar spurningar: Er hann þeirrar skoðunar að fjárfestingarlánasjóðirnir séu í hættu vegna þess að fjármagnið hljóti að leita annað eins og sakir standa?

Ég hef hér, virðulegi forseti, rakið fáein atriði úr þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Í fyrsta lagi tel ég mig hafa sýnt fram á að samkeppnin um sparifé fer harðnandi og skapar erfiðleika við að sjá fram úr fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Í öðru lagi hef ég sýnt fram á að ríkisstj. hefur haft í frammi ótrúlegan hringlandahátt í sambandi við hugmyndir um innlendan sparnað. Í þriðja lagi tel ég mig hafa sýnt fram á að peningamálastefna ríkisstj. fyrir árið 1984 var þegar komin úr böndunum í janúarlok hið sama ár, 1984. Í fjórða lagi tel ég að hér hafi komið fram að erlendar lántökur stefna í mikið hærri tölu en áður hafði verið gert ráð fyrir. Þegar þetta er allt lagt saman, erlendar lántökur, peningamálastefnan í heild, innlend sparifjármyndun, og stöðu ríkissjóðs bætt við sést að ríkisstj. hefur þegar á tiltölulega stuttum ferli kveðið upp yfir sjálfri sér mjög þungan dóm. Stefna hennar í efnahagsmálum hefur mistekist að öðru leyti en því að hún hefur látið alþýðu landsins borga niður verðbólguna. Þannig er staðan í dag. Ekkert hefur verið tekið á hinum raunverulegu efnahagsvandamálum á Íslandi.

Í upphafi máls míns rakti ég í fimmta lagi hvernig staðan er hjá Byggingarsjóði verkamanna og ég bar fram fsp. til hæstv. félmrh. í þeim efnum. Ég vil þá að allra síðustu víkja að því atriði sem ég nefndi í upphafi máls míns, þ. e. í sjötta lagi, það er í sambandi við Byggingarsjóð ríkisins. Hæstv. félmrh. er vonandi ekki mjög langt undan núna? Væri hægt að nálgast hann, ráðh.? Er hann farinn vestur? (**PS:** Þetta er nú besti kafli ræðunnar.) Þú skalt fá að hlusta á hann aðeins lengur ef þú vilt. (**PS:** Þakka þér fyrir.) Virðulegi forseti. Ætli hæstv. félmrh. sé horfinn úr þinghúsinu? (**Forseti:** Það er verið að athuga það hvort hæstv. félmrh. er í húsinu?) Er það ekki fljótgert að kanna það, það er ljósatafla hérna frammi. Er ekki hægt að gá, hvort það er lifandi á ráðh.? Jú, það er.

Í upphafi máls míns í dag ræddi ég nokkuð um Byggingarsjóð ríkisins og bað hæstv. félmrh. að gera grein fyrir þeirri leyniáætlun sem hann skýrði frá á miðvikudaginn var að hann hefði í fórum sínum um Byggingarsjóð ríkisins. Mér hefur í dag borist bréf frá Húsnæðisstofnun ríkisins, dags. 19. mars 1984, undirritað Katrín Atladóttir. Þar eru upplýsingar um lán frá Byggingarsjóði ríkisins og áform á árinu 1984. Þar eru allt aðrar tölur en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og þar eru allt aðrar tölur en koma fram í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. Það er nokkuð sérkennilegt þegar verið er að fjalla um svona mál í þinginu og það er ekki til að greiða fyrir afgreiðslu þeirra þegar menn eru að hringla aftur og fram með atriði í máli sem hefur legið fyrir langtímum saman til meðferðar í þinginu.

Skv. þessu plaggi, sem ég fékk í dag frá Húsnæðisstofnun ríkisins og er ekki merkt trúnaðarmál, kemur fram að gert er ráð fyrir því að í nýbyggingar fari á árinu 1984 550 millj. kr., en það voru 600 millj. í áætluninni 7. febr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að í eldri íbúðir fari á þessu ári 357 millj. kr., en í áætluninni frá 7. febr. voru þetta 477 millj. kr. Það er niðurskurður á lánum til eldra húsnæðis upp á 120 millj. kr. Gert er ráð fyrir því í þessari áætlun að leiguíbúðir og heimili fyrir aldraða fái 34 millj. kr. í ár, en í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir 65 millj. í þessu skyni. Það er skorið niður um meira en helming. Ýmsir framkvæmdaaðilar eiga að fá skv. lánsfjáráætlun 125 millj. kr., en hér er gert ráð fyrir 93 millj. kr. Þannig að árangurinn af samningum félmrh. við bankana um framkvæmdaaðilana er hér metinn á 33 millj. kr. Loks er gert ráð fyrir því í þessari áætlun að önnur lán nemi 63 millj. kr., en það var í áætluninni, sem við höfðum til meðferðar í fjh.- og viðskn., 99 millj. Niðurstaðan af þessum tölum verður 1 milljarður 97 millj. kr. í þessari leyniáætlun sem félmrh. vildi ekki sýna okkur. Hvernig á svo að skera niður lánin skv. hugmyndum þeim sem hér er gerð grein fyrir og mér eru sendar frá Húsnæðisstofnuninni núna áðan? Jú, svarið liggur fyrir. Það er svona, með leyfi forseta:

„Skv. ákvörðun ríkisstj. eiga þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð að fá sín lán í tveimur hlutum, fyrri hlutann mánuði eftir að íbúðin varð fokheld og seinni hlutann 6 mánuðum síðar óbreytt. Aðrir fá lánin þrískipt með svipuðum hætti og á árinu 1983 að frátöldum þeim sem gera fokhelt frá 1. júlí n. k. til septemberloka n. k. og eru ekki að eignast sína fyrstu íbúð, fá ekki sinn fyrsta hluta fyrr en á árinu 1985, en ekki í nóv. og des. eins og verið hefur undanfarin ár."

Það er þessi niðurskurður á lánsréttindum fólks sem hæstv. félmrh. hefur verið að fela fyrir Alþingi undanfarna daga. Niðurstaðan verður þess vegna sú að í þessari áætlun er gert ráð fyrir frumlánum vegna um 760 íbúða á árinu 1984. Þessari tölu neitaði hæstv. félmrh. í umr. á miðvikudaginn var. Ég endurtek: Er þessi tala enn röng og ef hún er röng, hvernig ætlar þá ráðh. með öðrum hætti að láta enda ná saman hjá Húsnæðisstofnun ríkisins á árinu 1984?

Í þessari áætlun, sem mér barst í dag frá Húsnæðisstofnuninni, er líka gert ráð fyrir því að skera G-lánin mjög verulega niður og fresta þar útborgun. Ég ætla ekki að fara út í það frekar. Ég hafði lagt ákveðnar spurningar fyrir hæstv. ráðh. og ég vona að hann svari þeim hér á eftir. Því eins og ég gat um er útilokað fyrir stjórnarandstöðuna eða nokkurn annan að taka þátt í að afgreiða þetta mál öðruvísi en að þessar lykilupplýsingar varðandi húsnæðismálin og fleiri atriði í þessari áætlun liggi fyrir. Þessi atriði liggja ekki enn þá fyrir af hálfu hæstv. ríkisstj. Þar er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast heldur upplýsingatregðu af hálfu ríkisstj. til hv. Alþingis.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ef það er ætlun hæstv. ríkisstj. að koma þessu máli fram í dag er sjálfsagt að þeir hæstv. ráðherrar sem hafa fengið jafnítarlegar og mikilvægar spurningar og hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. hafa fengið nú svari þeim spurningum áður en við þm. tökum til máls. Skv. þingsköpum sem hér gilda hef ég ekki tækifæri til að tala aftur nema til að gera örstuttar aths. Ég tel það ekki til að greiða fyrir framgangi málsins að ráðh. hafi þann hátt á hér að ætlast til þess að einstakir þm. tali sig dauða áður en svarað er þeim spurningum. Ég mælist því eindregið til þess við hæstv. forseta að hæstv. félmrh. og hæstv.

fjmrh. svari nú þegar þeim spurningum sem til þeirra hefur verið beint svo að umr. geti haldið áfram á greiðan og eðlilegan hátt, en ekki sé verið að níðast á þingsköpum með þeim hætti að láta þm. tala sig dauða áður en hæstv. ráðh. þóknast að svara.

(**Forseti:** Vegna beiðni hv. 7. þm. Reykv. vil ég upplýsa að forseti hefur ekki vald til að krefjast þess af ráðherrum að þeir fari í ræðustól og svari spurningum. Þeir hafa ekki enn beðið um orðið, en næstur á mælendaskrá er hv. 7. þm. Reykv.)

Herra forseti. Það samkomulag sem gert var um að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls, svo að hæstv. ríkisstj. gæti tekið nýtt erlent lán eins og hún er að kappkosta að geta gert á morgun, var háð því að þeir ráðherrar sem hér bera ábyrgð á meginþáttum málsins veittu greinargóð svör við þeim spurningum sem til þeirra hefur verið beint. Ef hvorki hæstv. fjmrh. né hæstv. félmrh., þrátt fyrir þær spurningar sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur til þeirra borið og þá ósk sem ég hef hér sett fram, hafa beðið um orðið er það eingöngu yfirlýsing af þeirra hálfu um að þetta samkomulag, sem þeir hafa átt aðild að við stjórnarandstöðuna, sé í sundur slitið. Það eru þá þessir tveir hæstv. ráðh. sem hafa slitið það samkomulag í sundur og bera alla ábyrgð á hvort hæstv. ríkisstj. tekst að taka þetta lán eða ekki því að við þm. í stjórnarandstöðu látum ekki koma þannig fram við okkur hér að við verðum að skerða okkar eðlilega rétt til að fjalla um þetta mál og knýja fram svör og ráðh. svari svo ekki spurningum og notfæri sér þingsköpin á þann hátt að láta okkur tala okkur dauða.

Þegar stjórnarandstaða og hæstv. ríkisstj. gera samkomulag um afgreiðslu mála, eins og hér hefur verið gert, er það á grundvelli þess að hæstv. ráðherrar svari spurningum sem til þeirra er beint. Ef þeir kveðja sér ekki hljóðs nú og láta mælendaskrána ganga eins og hún er hjá virðulegum forseta, og það er alveg rétt hjá virðulegum forseta að hún hefur ekki vald til að knýja þá upp í ræðustólinn, ber eingöngu að skoða það sem yfirlýsingu af hálfu ríkisstj. um að samkomulag um framgang málsins sé þar með í sundur slitið. Við munum bíða fáeinar sekúndur eftir því að vita hvort svo sé. Þá kemur það skýrt í ljós og þá geta hvorki formaður þingflokks Sjálfstfl., Ólafur G. Einarsson, né varaformaður og sérstakur eftirrekstrarstjóri Sjálfstfl., Friðrik Sophusson, kvartað yfir því á eftir hvaða afleiðingar það hefur. — En við munum sem sagt bíða í fáeinar sekúndur og gá að því hvort hæstv. fjmrh. eða hæstv. félmrh. biðja um orðið til að svara spurningum. (**Forseti:** Það eru enn tveir hv. þm. á mælendaskrá, hv. 7. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. þm. Hv. 7. þm. Reykv. er næstur á mælendaskrá. Óskar hann eftir því að taka til máls síðar?) (**SvG:** Ráðh. gefur sig ekki fram enn þá.) Gefi ráðh. sig ekki fram er þetta samkomulag sundur slitið. (**Forseti:** Hv. 7. þm. Reykv. er á mælendaskrá. Óskar hann að taka til máls núna?)

Friðrik Sophusson: Virðulegi forseti. Ég held að full ástæða sé til að vekja athygli á því að hv. 7. þm. Reykv. talaði fyrr í dag og honum hefur verið svarað. Hafi hann erindi aftur í ræðustólinn er það vegna þeirra svara sem komu fram við fsp. hans. Það er harla óeðlilegt að hann gangi nú fram fyrir skjöldu og heimti svör við fyrirspurnum annarra sem ég trúi að vel geti borið hönd fyrir höfuð sér.

Ólafur Ragnar Grímsson: Virðulegi forseti. Það er ekki nýtt að þegar ráðherrar Sjálfstfl. og aðrir ráðherrar í þessari ríkisstj. kjósa að þegja og veita ekki svör komi hv. þm., varaformaður Sjálfstfl., Friðrik Sophusson upp í ræðustólinn og veiti svör. Það væri fróðlegt að vita í krafti hvers hann gerir það. Hann er enginn sérstakur verkstjóri hér í þinginu, þó að hann kannske haldi það. Hann kann að vera það í Sjálfstfl. og þá er best hjá honum að nota það verkstjóravald heima hjá sér. Sá sem er verkstjóri Sjálfstfl.-þm. hér er hv. þm. Ólafur G. Einarsson og í forföllum hans varaformaður þingflokksins, Halldór Blöndal. Ég held að því sé tími til kominn að hv. þm. Friðrik Sophusson hætti þessum slettirekuskap hérna í þinginu, nema hann vilji sýknt og heilagt vera að sýna hæstv. fjmrh. að það þurfi að hjálpa honum í hverju málinu á fætur öðru og hæstv. ráðh. sé ekki einfær um að veita svör við því sem hann er spurður um.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði, að ég bar hér fram ýmsar spurningar. Þeim var hins vegar að mjög litlu leyti svarað. Nú hefur hv. þm. Svavar Gestsson ítrekað mjög margar þessara spurninga á mjög ítarlegan hátt og greinargóðan og lagt fram sundurliðaðar óskir um svör frá hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. um þau efni. Ég tel það ekki þjóna neinum tilgangi, hv. þm. Friðrik Sophusson, að ég sé að koma hér upp á ný og endurtaka mikinn hlut af þessu efni, ef það er ætlun manna að greiða fyrir þingstörfum. Ef það er hins vegar ekki lengur neitt kappsmál að greiða fyrir þingstörfum er alveg sjálfsagt að halda áfram með mælendaskrána eins og hún er hjá virðulegum forseta. En það var ósk hæstv. ríkisstj. að greiða svo fyrir þessum málum að þau mætti afgreiða frá Nd. í dag. Ég hef gefið hæstv. ráðh. tvö tækifæri til að láta skrá sig á mælendaskrána og svara þessum spurningum svo að ég geti t. d. stytt ræðu mína og gæti jafnvel íhugað hvort ég þurfi þá yfir höfuð að kveðja mér hljóðs. En fyrst hæstv. ráðherrar hafa ekki orðið við þeirri ósk hafa þeir, eins og ég lýsti yfir áðan, alveg greinilega slitið í sundur samkomulagið sem hér var gert. Ég veit að hv. þm. Ólafur G. Einarsson þekkir ósköp vel að það kann ekki góðri lukku að stýra að ráðh. verði þannig til þess að slíta sundur samkomulag sem gert hefur verið til að greiða fyrir framgangi mála. Ef það er kappsmál hjá ríkisstj. að slíta þetta samkomulag í sundur verður að hafa það og við beygjum okkur fyrir því. En það er þá alveg ljóst á hverra ábyrgð það er.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Það hefur komið fram fyrr í umr. að gert var samkomulag milli þingflokkanna um að ljúka afgreiðslu þessa máls í dag eða fyrir miðnætti, skulum við segja. Formaður þingflokks Alþb., Ragnar Arnalds, staðfesti við mig fyrir nokkrum mínútum að það samkomulag stæði. Ég vil taka það skýrt fram, að það því leyti sem ég kom að þessum samningaumleitunum gerði ég að sjálfsögðu ráð fyrir að spurningum yrði hér svarað. Við vorum ekki að semja um að hæstv. ráðherrum eða einstökum þm. yrði meinað að tala í þinginu. En ég get náttúrlega ekki fullyrt neitt um það fyrir fram hvort hv. þm. geðjast svörin sem ráðherrar flytja hér.

Ég vonast nú til að menn geti fallist á þetta samkomu-

lag, umr. ljúki hér það tímanlega að málið komist til hv. Ed. í kvöld. Þar hefur verið boðaður fundur kl. 9, þannig að málinu verði lokið fyrir miðnætti, eins og ég veit að allir skilja að nauðsyn er á.

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 451, 455). — Frh. 3. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vona að ráðh. verði ekki ásakaðir í framtíðinni fyrir að standa of oft upp ef þeir hætta að taka þann kostinn að safna saman spurningum sem kunna að berast frá þm. almennt.

Það er eins og hv. 7. þm. Reykv. haldi enn í þá skoðun sína að hann sé svo sérstakur þm. að í hvert skipti sem hann eða hans menn leggi fyrir ráðh. spurningar skuli þeir svara honum þegar í stað og þá skipti engu máli hvort aðrir þm. standa upp og leggja fram spurningar eða ekki. Það er furðulegt stærilæti sem felst í þessum málflutningi aumingja mannsins.

Virðulegur 3. þm. Reykv. hélt því fram að skattbyrði mundi aukast á milli ára og um það var hans fyrsta spurning til mín. Ég get ekki svarað henni öðruvísi en að það er mín staðfasta trú að svo sé ekki þrátt fyrir þá hækkun á skattstiga sem nú hefur verið lögð til. Það er svarið við fyrstu spurningunni.

Önnur spurningin: Hvar spara menn 5% í rekstri og 2.5% á launalið? Þessari spurningu er ég margbúinn að svara hér. Hvernig við förum að því hefur líka verið upplýst. Við höfum skipað nefnd manna sem í eru: ríkisendurskoðandi, forstöðumaður gjaldadeildar, forstöðumaður hagsýslunnar og aðstoðarmaður ráðh. Einnig fylgjast með formaður og varaformaður fjvn. Eitt af því fyrsta sem nefndin gerði var að skrifa viðkomandi stofnun og forstöðumönnum þeirra ásamt rn., svo ég tali nú ekki um ráðh., og biðja um upplýsingar um hvernig menn hygðust standa að þessum sparnaði. Ég vona að virðulegur fyrirspyrjandi virði mér það til vorkunnar þó að ég geti ekki svarað á þessari stundu hvaða árangri þetta muni skila þegar árið er gert upp, en eins og er get ég ekki skýrt frá öðru en því að undirtektir forstöðumanna hafa verið góðar.

Þriðja spurningin var til viðskrh., en fjórða spurningin til mín. Hún er þá þriðja spurningin til mín og varðar löng erlend lán, áætlaða stöðu í árslok 1984. Þá kom virðulegur 3. þm. Reykv. með langan talnalista, sem er merktur inn á blað sem ég er með, og biður mig um að vefengja þær tölur. Ég verð að segja alveg eins og er að ég get ekki vefengt þær tölur á þessu stigi. Ég treysti mér hvorki til að vefengja þær né yfirleitt leggja neinn dóm á þær. En ég treysti mér til að fara yfir þær og láta meta þær og svara virðulegum hv. 3. þm. Reykv. þegar ég hef haft tækifæri til þess að gera það. Ég held að það sé tæplega hægt að ætlast til annars þegar menn þylja upp tölur í ræðustól og líklega eingöngu til að gera svar viðkomandi, sem á að svara spurningunum, tortryggilegt og benda á hann og segja: Hí, hí, þú getur ekki einu sinni svarað svona auðveldum spurningum. — En ég treysti mér ekki til þess að vefengja þær né heldur að staðfesta.

Þá síðasta spurningin til mín. Hún var: Hvar ætlar fjmrh. að skera niður 300—400 millj. kr. vegna lægri innlendrar fjáröflunar? Ég er nú að vinna í því að finna leiðir til að skera niður vegna þess fyrirsjáanlega vanda sem blasir við okkur ef ekkert er að gert. Ég get ekki á þessari stundu upplýst hvar ég mun bera niður, en það verður að sjálfsögðu að vera í fullu og góðu samstarfi við meðráðh. mína. Hef ég þegar rætt um ýmsa möguleika við þá, en er ekki reiðubúinn að segja hvar ég mun bera niður með tillögur né heldur hvað verður endanlega samþykkt af þeim.

Ég vona að ég hafi svarað spurningunum, 4 af 5, sem virðulegur 3. þm. Reykv. lagði fyrir mig. En ég vil að lokum gera aths. við upphaf ræðu 3. þm. Reykv. Hann benti á undirtektir Ólafs Jóhannessonar, 9. þm. Reykv., þar sem hann taldi skattahækkanir eiga sér stað og það væri óviðfelldin röksemdin sem þeim fylgdi. Röksemdin er ekki fjmrh., þetta er röksemd meiri hl. nefndarinnar. En till. er till. fjmrh., þannig að ég er ekki að koma sökinni af mér. Ég er ekki í nefndinni og skrifa ekki nál., en till. um að hækka skattstigann er frá mér.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Það var ekki meining mín að fara að tefja umr. eða hnýta einhvern hnút á þær því að afgreiða þarf það sjálfsagða mál sem hér er til meðferðar, lánsfjárlög. Satt að segja taldi ég að hv. 3. þm. Reykv. væri búinn að fá þau svör frá mér sem nægðu honum til að halda áfram á síðum Þjóðviljans að reyna að gera húsnæðismálin nógu tortryggileg, miðað við það sem fram hefur komið þar áður, og léti við það sitja og óskaði ekki eftir frekari staðfestingu á þeim skoðunum og því áliti sem ég hef hér látið í té.

Það má vel vera að hv. þm. hafi greiðan aðgang að Húsnæðisstofnun, en ég vil endurtaka að húsnæðismálastjórn er enn ekki farin að gera framkvæmdaáætlun fyrir árið 1984 af þeirri einföldu ástæðu að beðið er eftir því hver úrslit lánsfjárlagafrv. fær á hv. Alþingi. Það er beðið eftir því að lánsfjárlög verði samþykkt, en um leið og það liggur fyrir mun húsnæðismálastjórn koma saman og gera sína áætlun. Þær tölur sem hægt er að fá í Húsnæðisstofnun í dag eru því aðeins byggðar á þeim möguleikum sem hér liggja fyrir. Það eru ekki neinar staðfestar tölur til frá húsnæðismálastjórn.

Ég vil bæta því hér við, ef mönnum hefur láðst að átta sig á þeirri staðreynd, að stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins er þingkjörin og þetta er sjálfstæð stofnun, sem mun að sjálfsögðu taka sínar ákvarðanir þegar til þess eru aðstæður. Ég hef þess vegna enga ástæðu til þess að svara spurningum, sem hér hafa komið fram, um hvernig félmrh. ætlar að skera niður eitt eða annað. Ég mun taka tillögur stjórnarinnar til meðferðar þegar þær koma og við munum sameiginlega, félmrn. og stjórn stofnunarinnar, reyna að vinna úr þeim tölum, sem liggja til grundvallar, eftir því sem við teljum skynsamlegast og stofnunin gerir ákveðnar tillögur um.

Ég vil einnig benda hv. þm. á að tölur hafa ekki breyst. Í lánsfjáráætlun er reiknað með 1160 millj. kr. til útlána árið 1984 úr Byggingarsjóði ríkisins. Sú tala mun standast. Ég hef þegar lýst því að viðskrh. og félmrh. standa í viðræðum við bankakerfið um sérstaka fyrirgreiðslu til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði og þessi tala, 1160 millj., mun standast.

Ég tel einnig ástæðu til að segja það hér, að undarlegt er að hlusta á hv. 3. þm. Reykv. vera að halda hér hrokaræður um að verið sé að svíkja hitt og þetta í sambandi við þessi mál og sífellt sé verið að gefa út

áætlanir sem ekki standist. Hafi nokkur félmrh. þurft að láta gera nýjar og nýjar áætlanir á ári hverju, þá er það hv. 3. þm. Reykv. þegar hann var félmrh. Það er ósköp einfalt að sýna fram á það með því að fletta bókum stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins. (Gripið fram í.) Það er ástæða til að gera það við tækifæri, hv. þm.

Ég tel að ég hafi engu við það að bæta sem ég hef áður sagt. Miðað við þessa áætlun mun takast að framfylgja þessum málum. Ég vil geta þess hér að í lok þessarar viku hefst úthlutun húsnæðislána fyrir árið 1984 með 50% hækkun lána til húsbyggjenda, sem er náttúrlega aðalatriðið í þessu öllu saman. Og ég vil bæta því við, sem virðist oft gleymast, að í desember- og janúarmánuði hafa verið greiddar tæpar 300 millj. í viðbótarlán til húsbyggjenda sem fengu lán 1981–1983. Það er hrein viðbót við það sem áður var búið að lána og sérstakt afrek þessarar ríkisstj., sem húsbyggjendur í landinu kunna áreiðanlega að meta.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það var ánægjulegt að hv. þm. Ólafur G. Einarsson kom í salinn áðan og tók við stjórninni á Sjálfstfl. og ráðherrunum af hv. þm. Friðrik Sophussyni. Þá fyrst fór þetta að ganga og ráðh. að átta sig á að það væri betra fyrir þá að veita svör við þessum spurningum. Ef þessari umr. lýkur á skikkanlegum tíma er það greinilega því að þakka að hv. þm. Friðrik Sophusson hætti afskiptum af þessu máli og hv. þm. Ólafur G. Einarsson tók við stjórninni á nýjan leik. Ef gefa mætti Sjálfstfl. og ríkisstj. ráð væri það að láta nafna minn vera meira í forsvari fyrir þessum málum hér í salnum, en benda varaformanni Sjálfstfl. á að hugsa meira um ástandið heima hjá sér. (**FrS:** Hann þakkar fyrir góð ráð í auðmýkt.) Já, það er ágætt. Þá er bara að fylgja þeim.

Hæstv. fjmrh. hefur opinberað í þessum umr. sérkennilega hlið, sem að vísu hefur borið dálítið á undanfarið en aldrei verið eins skýr og í dag. Það er alveg sama hvar komið er að einhverjum mistökum í stjórn efnahags- og fjármála sem heyra undir ráðh. og rökstudd gagnrýni er sett fram, þá hleypur hæstv. ráðh. upp í ræðustólinn og segir: Ekki ég, ekki ég. Það er ekki mín sök. Það eru einhverjir aðrir sem bera ábyrgð á því. — Hæstv. ráðh. var bent á að yfirdrátturinn í Seðlabankanum hefði stórlega aukist frá því að hann gaf yfirlýsingu sína hér á Alþingi. Það var ekki hans sök. Hæstv. ráðh. var bent á hið mikla gat sem er í fjárlögunum og hann kom hér upp í ræðustólinn og sagði: Það er ekki mín sök. Það er Alþb. að kenna. — Engu að síður sögðu hæstv. ráðh. og Lárus Jónsson, formaður fjvn., um þessi sömu fjárlög fyrir nokkrum mánuðum að þetta væru raunhæfustu fjárlög sem afgreidd hefðu verið. En nú er gatið allt í einu Alþb. að kenna. Þegar hæstv. ráðh. var bent á það að erlendar skuldir kynnu kannske að fara upp fyrir 60% mörkin sagði hæstv. ráðh. líka: Ja, það verður ekki mín sök. Það verður sökum þess að það bregst innlend lánsfjáröflun. — Og þegar hæstv. ráðh. er kominn út í horn út af þeirri skattahækkun sem lögð hefur verið til á tekjuskatti og rökstudd er með tilvísunum í síðustu kjarasamninga, þá kemur hæstv. ráðh. og segir: Það er ekki mín sök. Það eru ekki mín rök. Það eru rök sjálfstæðismanna í Ed. (**Fjmrh.:** Það er alveg rétt.) Já, það er auðvitað allt rétt, en það er dálítið sérkennilegt að upplifa að hæstv. ráðh. sé svona lítill karl. (**Fjmrh.:** Að segja satt?) Nei, ekki að segja satt, heldur vera að þeirri léttvægu pólitísku iðju að finna sífellt sökudólga í sínum eigin félagahóp og vera sífellt að benda í þingsalnum á einhverja aðra menn, ýmist í eigin flokki eða í öðrum flokkum, og gera eins og litla gula hænan sem segir: Ekki ég, ekki ég. (Gripið fram í.) Já, það getur vel verið að hæstv. ráðh. finnist það. En eins og hér hefur komið fram í þessum umr. ... (Gripið fram í.) Það er alveg rétt að ég hefði átt að lesa litlu gulu hænuna aðeins betur. Þá hefði komið fram að það var einmitt litla gula hænan sem kannaðist við sín verk. Það hefði verið rétt að hafa líkinguna þannig, að hæstv. fjmrh. hafi ekki einu sinni jafnmikinn kjark og litla gula hænan.

Við eigum sjálfsagt eftir að upplifa þetta oftar hér í þinginu, að meginpólitísk iðja hæstv. fjmrh. verður að finna sökudólga til að skella á skuldinni af sínum eigin mistökum, ýmist innan Sjálfstfl., meðal annarra stuðningsmanna ríkisstj. eða hjá stjórnarandstöðunni. Það hefur gerst í umr. í dag að hvort sem minnst er á aukna skuld við Seðlabankann, auknar erlendar lántökur, götin í fjárlögunum eða auknar skattheimtur, allt þetta hefur hæstv. ráðh. sagt að ekkert þýði að sakast um við sig, en hefur bent á aðra sökudólga innan þingsins. Ég verð að segja það við hæstv. ráðh. að miklu væri skemmtilegra ef hann vildi vera jafnstór karl hér í þinginu og hann vill gjarnan vera utan þings og kannast við sín eigin verk.

Hæstv. ráðh. var að reyna að skjóta sér undan því að gatið í fjárlögunum væri á hans ábyrgð og endurtók hér í stólnum fullyrðingar um að þetta gat væri Alþb. og síðustu ríkisstj. að kenna. Þegar fjárlagafrv. var afgreitt hér í þinginu sagði hæstv. fjmrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjárlagafrv. er gerð alvarleg hreingerning í þessu efni og reynt að áætla raunhæft fyrir þeim rekstri sem áætlaður er".

Ráðh. sagði enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Metið er á raunhæfan hátt umfang rekstrar miðað við haldbestar upplýsingar um hvað starfsemin raunverulega kostar".

Og hæstv. fjmrh. sagði einnig:

„Ekki mun á næsta ári þýða að koma í fjmrn. og biðja um aukafjárveitingar".

Hv. þm. Lárus Jónsson, formaður fjvn., sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt grundvallarstefnumiðið við gerð þessara fjárlaga er að þau verði sem raunhæfust".

Það er hægt að lesa upp hér í ræðustól fjöldann allan af öðrum tilvitnunum í hæstv. ráðh. og helstu trúnaðarmenn hans í fjármálakerfinu, þar sem þeir sögðu hver um annan þveran að nú hefði Alþingi í fyrsta skipti afgreitt raunhæf fjárlög, nú væri ekki verið að afgreiða marklaust pappírsgagn eins og í tíð fyrrverandi ríkisstj. En þegar það kemur í ljós tveimur mánuðum seinna að þeirra eigið frv. er sundurskotið af þeirra eigin götum eru þessir menn svo huglausir að þeir hlaupa til og reyna að hía á stjórnarandstöðuna fyrir sín eigin verk.

En hvað segir sá embættismaður sem ber ábyrgðina á gerð fjárlaga? Vill ekki hæstv. fjmrh. kynna sér það? Hann segir í blaðaviðtölum að verulegur hluti af þessum götum sem ráðh. hefur nú gert opinber sé tilkominn „vegna ákvarðana ríkisstj. eftir að fjárlagafrv. var

samþykkt.“ Æðsti embættismaður ríkisins, yfirmaður fjárlagagerðarinnar, lýsir því yfir í viðtali við fjölmiðla að það séu ákvarðanir ríkisstj. sjálfrar, eftir að frv. var samþykkt, sem hafi skapað þessi göt. Það kom fram í viðtölum bæði við Morgunblaðið og Þjóðviljann. Ætlar kannske hæstv. fjmrh. líka að fara að hía á þennan embættismann og reyna að skjóta sér á bak við hann? Væri ekki nær að hæstv. ráðh. viðurkenndi mannbrulega hér að honum hafa orðið á einhver mestu mistök í gerð fjárlaga sem þingið hefur orðið vitni að? Það er hans eigin ríkisstjórn sem ber ábyrgð á þessum götum.

Hæstv. fjmrh. verður að horfast í augu við að hann var svo linur innan ríkisstj. að hann leyfði samráðherrum sínum að bora hvert gatið á fjárlögin á fætur öðru. Það er kjarni málsins að hæstv. fjmrh. stóð ekki í stykkinu gagnvart samráðherrum sínum innan ríkisstj. Það eru þeir sem hafa borað göt í þessi fjárlög. Það væri nær fyrir hæstv. ráðh. að svipast um í kringum sig innan ríkisstj. og skoða þessa gatameistara, sem þar eru, í stað þess að vera að reyna á opinberum vettvangi og á Alþingi að koma þeirri sök yfir á stjórnarandstöðuna og síðustu ríkisstj. Og vil ég bara benda hæstv. fjmrh. á að lesa greinargóð svör æðsta embættismanns síns í þessum málum við spurningum um það hvernig á þessum götum standi og hvernig þau séu til komin.

Ég ætla þess vegna að vona að hæstv. fjmrh. hætti því hér í ræðustólnum að vera sífellt að reyna að koma þessum fjárlagagötum yfir á stjórnarandstöðuna, síðustu ríkisstjórn og Gunnar Thoroddsen. Það var nú eftir öðru að fjmrh. reyndi að koma þessari sök yfir á Gunnar Thoroddsen. (**Fjmrh.:** Hvað ætlar þú að fara langt niður fyrir beltið?) Hæstv. ráðh. hefur gefið fullt tilefni til þess hér í ræðustól, að farið sé æðilangt niður fyrir það ef á að bjóða mönnum upp á það í rökræðum um þessi mál á þinginu að í stað þess að koma með greinargóð og skynsamleg svör við spurningum sé reynt að benda á með einhverjum dellurökum sökudólga í öðrum flokkum.

Það liggur alveg ljóst fyrir að götin í fjárlögunum eru að meginhluta til komin vegna stjórnmálalegra ákvarðana ríkisstj. sjálfrar, vegna vanefnda einstakra ráðh. á þeim loforðum sem þeir hafa gefið og vegna þess að fjármálastjórn hæstv. fjmrh. hefur verið of lin. Hann hefur ekki verið nógu harður húsbóndi yfir samráðherrum sínum.

Annað meginatriði í svörum hæstv. ráðh. var að segja að yfirdrátturinn gagnvart Seðlabankanum væri allur á ábyrgð fyrrv. ríkisstj. Það væri ekki hans sök. Það væri sök fyrrv. ríkisstj. Ég vil benda hæstv. ráðh. á töflu á bls. 18 í þskj. 442, þar sem birtar eru tölur frá Seðlabankanum um þróun samskipta ríkissjóðs og Seðlabankans á undanförnum árum eftir einstökum mánuðum. Þar kemur skýrt fram að frá miðju ári 1983, í júnímánuði, skömmu eftir að ríkisstj. tekur við, og til ársloka er skuld ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum nokkuð stöðug. Hún er að vísu mjög há, en hún er nokkuð stöðug. Hún er 1 milljarður 319 millj. í júní. Hún er 1 milljarður 468 millj. í júlí. Hún er aftur 1 milljarður 393 millj. í ágúst. Hún er 1 milljarður 170 millj. í september. Hún er 1 milljarður 285 millj. í október. Hún er 1 milljarður 169 millj. í nóvember og hún er 1 milljarður 470 millj. í desember. Á þessu 6—7 mánaða tímabili frá því að ríkisstj. tók við er skuldastaðan gagnvart Seðlabankanum nokkuð stöðug, sveiflast frá 1 milljarði 170 millj. upp í 1 milljarð 470 millj.

En hvað hefur svo gerst frá áramótum, hæstv. fjmrh.? Það sem gerst hefur frá áramótum er það að í janúarmánuði er skuldastaðan 1 milljarður 626 millj., 15. febrúar er hún komin upp í 2 milljarða 564 millj. og 15. mars er hún komin upp í 2 milljarða 759 millj. Á fyrstu tæpum þrem mánuðum þessa árs, 2½ mánuði rýkur skuldastaðan upp úr öllu valdi og allt að því tvöfaldast frá því sem hún var á öllum seinni helmingi síðasta árs eftir að ríkisstj. tók við.

Hvernig má það vera, hæstv. fjmrh., að þessi skyndilega sveifla upp á við sé síðustu ríkisstj. að kenna? Ef hún hefði átt að vera síðustu hæstv. ríkisstj. að kenna hefði það átt að koma fram jafnt og þétt á seinni hluta síðasta árs. Eins og ég hef hér rakið í tölum gerðist það ekki. Það varð að vísu allmikil hækkun á fyrstu fimm mánuðum ársins, úr 243 millj. og upp í 1 milljarð. Við skulum segja að sú aukning sé að einhverju leyti á ábyrgð síðustu ríkisstj. og þeirra þm. sem hlupust undan merkjum og hættu að styðja hana, þ. e. hæstv. núv. fjmrh. og hv. þm. Eggerts Haukdal. Við skulum láta málin liggja þannig, þó það megi svo sem ýmislegt annað segja en að það sé eingöngu á ábyrgð þeirrar ríkisstj. Síðan kemur allur seinni hluti ársins. Þá er hallinn nokkuð stöðugur á því bili sem ég var að lýsa. En það er ekki fyrr en í upphafi þessa árs sem þessi skyndilega skuldasöfnun við Seðlabankann á sér stað. Þess vegna benda töflur frá Seðlabankanum alveg eindregið til þess að það sé núv. hæstv. ríkisstj. og fjmrh. hæstv. sem beri alla ábyrgð á þeirri aukningu sem hefur orðið frá því að vera rúmur milljarður að jafnaði á mánuði allan seinni hluta síðasta árs yfir í það að vera núna orðinn rúmir 2 og jafnvel tæpir 3 milljarðar í skuldastöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum.

Það væri nær fyrir hæstv. fjmrh. að viðurkenna þessar tölulegu staðreyndir, sem blasa hér við eins og sérhver sæmilega skynsamur maður getur séð, og reyna að gera sjálfum sér og þinginu grein fyrir því hvernig stendur á þessu. Hvað hefur farið úr skorðum á þessum fyrstu 10 vikum ársins 1984 sem gerir það að verkum að skuldastaðan fer upp í tæpa 3 milljarða á 10 vikum? Ef það á að vera skynsamleg fjármálastjórn hér í landinu er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir því hvað hefur gerst, en reyni ekki að telja sjálfum sér trú um að það sé stjórnarandstöðunni og síðustu ríkisstj. að kenna. Látum nú vera ef hæstv. ráðh. er bara að bera það á borð hér í áróðursskyni, en ef hann trúir sínum eigin málflutningi sjálfur er ekki von á því að það verði neinar endurbætur í stjórn ríkisfjármálanna, ef hæstv. ráðh. heldur að þetta sé allt saman síðustu ríkisstj. að kenna og það sé þess vegna ekkert við þessu að gera.

Málið er alveg skýrt og greinilega að hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson ber á því fyrsta heila ári sem hann stýrir ríkissjóði ábyrgð á hröðustu og mestu skuldaaukningu ríkissjóðs við Seðlabankann í áraraðir. Þess vegna er alveg það sama með þessa skuldaaukningu og götin á fjárlagasmíðinni að hún skrifast alfarið og algjörlega á reikning hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild sinni. Fyrst hæstv. ráðh. er svona annt um það að geta sagt að hann sé maðurinn sem kemur hreinskilnislega fram og segi hvernig hlutirnir eru væri nær fyrir hæstv. ráðh. að gera það einnig í þessu efni.

Hæstv. ráðh. var einnig að mæla gegn því hér að sú

skattahækkun sem hann hefur lagt til á tekjuskatti með brtt. í Ed. væri raunveruleg skattahækkun. Þó er sú nýjung í málflutningi hæstv. ráðh., eins og ég vék að áðan, að hann er núna farinn að kenna flokksbræðrum sínum, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Lárusi Jónssyni og Valdimar Indriðasyni, um og segir að það séu þeir sem beri sökina á því að rökstyðja þessa skattahækkun með tilvísun í nýgerða kjarasamninga. Það séu þessir þrír þm. Sjálfstfl. sem beri ábyrgð á því að í kjölfar kjarasamninganna komi hækkun á skattstiganum. Það væri fróðlegt að fá nánari útlistanir frá hæstv. fjmrh. á því hvers vegna þessum flokksbræðrum hans hefur orðið svona á í messunni að þeir dreifa hér formlegu þskj. þar sem þessi rökstuðningur kemur fram, en hæstv. fjmrh. vill svo ekkert við hann kannast. Það skyldi þó ekki vera að ástæðan væri sú að hæstv. ráðh. líði eitthvað illa vegna þess að hv. þm. Ólafur Jóhannesson, fyrrv. forsrh., tók af skarið í Ed. í dag og lýsti sig algjörlega sammála þeim meginrökum sem ég flutti hér fyrr í dag við umr. um þetta frv. (Gripið fram í.) Hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði í Ed. í dag, er hann lýsti sig andvígan þessari skattahækkun, með leyfi hæstv. forseta:

„Þær röksemdir, sem nefndar hafa verið í þessu sambandi fyrir því að eðlilegt væri að hækka þessa skattprósentu, að kaup hafi orðið nokkru hærra en reiknað var með, get ég ekki fallist á. Mér finnst þær óviðfelldnar í hæsta máta. Mér finnst það óviðfelldið ef fólk hefur fengið eitthvað hærra kaup en gert var ráð fyrir, kauphækkun, sé því veifað framan í það um leið að hluti af þessu verði tekinn aftur í stað þess að fara þá eðlilegu leið sem ætið á við að við tekjur þessa árs verði skattstofn næsta árs miðaður og þá verði fólkið auðvitað að greiða af þeim hækkunum sem hafa orðið á kaupi ásamt öðrum tekjum þess."

En hv. þm. sagði meira. Hv. þm. Ólafur Jóhannesson kallaði þau rök sem hæstv. fjmrh. flutti fyrr hér í dag — þó hann sé að reyna að hlaupa frá þeim núna — og sem þm. Sjálfstfl. Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Valdimar Indriðason fluttu í sínu nál. og í ræðum í Ed. í dag, með leyfi hæstv. forseta, skollaleik sem hvert barn sér í gegnum. Það var dómur þessa fyrrv. forsrh. Framsfl. um rökstuðninginn fyrir skattahækkunum ríkisstj. að það væri skollaleikur sem hvert mannsbarn sæi í gegnum. Það er von að hv. þm. Páll Pétursson reyni að hlæja hér í salnum.

En hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði meira. Hann sagði að þótt þingflokkur Sjálfstfl. hafi samþykkt að hækka skatta hafi Ólafur Jóhannesson lýst því skýrt yfir í þingflokki Framsfl. að hann sé andvígur þessari skattahækkun. Hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði að hann harmaði það að svo góðum dreng sem hæstv. fjmrh. skyldi ekki reynast kleift að standa við þær yfirlýsingar sem hann hefði gefið um að auka ekki skattana á fólkinu í landinu.

Hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Ég er á móti þessu af því að ég tel það ósanngjarnt að láta slíka skattahækkun, þó ekki sé stórvægileg, koma í kjölfarið á mjög tilfinnanlegri kjaraskerðingu, kjararýrnun, sem hefur verið framkvæmd hér og allir viðurkenna að hefur verið framkvæmd hér."

Ætlar hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarmeirihlutinn að þræta öllu lengur? Liggur það ekki alveg ljóst fyrir að sá maður í þingliði ríkisstjórnarflokkanna sem hefur lengsta ráðherrareynslu, sá maður sem lengst allra núlifandi Íslendinga hefur gegnt embætti forsrh. í landinu, hefur kveðið upp alveg skýran dóm yfir þessum skattahækkunum, þær séu ótvíræðar og þær séu siðlausar? Hvað ætla ráðh. ríkisstj. lengi að reyna að andmæla þessum dómi Ólafs Jóhannessonar? Væri ekki nær að þeir hefðu hreinskilni í þessu efni líka til að viðurkenna að auðvitað er hér skattahækkun á ferðinni? Rökin eru sótt í nýgerða kjarasamninga. Með þessum hætti er ríkisstj., ríkissjóður og ríkisjatan að sækja til sín hluta af þeim kauphækkunum sem lægst launaða fólkið í landinu fékk — eða heldur hæstv. fjmrh. virkilega að þjóðin trúi honum frekar í þessu efni en hv. þm. Ólafi Jóhannessyni? Þótt ég hafi ekki alltaf verið sammála hv. þm. Ólafi Jóhannessyni eins og allir vita hér, liggur það alveg tvímælalaust fyrir að í þessum efnum hefur hann lengur borið ábyrgð á meðferð mála í Stjórnarráði Íslands en nokkur annar þm. hér.

En hv. þm. Ólafur Jóhannesson sendi fjmrh. einnig aðra kveðju. Hún var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fullkomin ástæða er til þess að fara að ræða fjármálapólitík hæstv. ríkisstj. og fá á henni ýmsar skýringar. Til þess er kominn tími."

Það er einmitt þetta sem við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna höfum verið að reyna að gera í þessum umr., að reyna að fá ýmsar skýringar á fjármálapólitík hæstv. ríkisstj. Við höfum verið að reyna að hrinda því í framkvæmd í dag sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson taldi nauðsynlegt í Ed. að gert væri. En því miður verður að segjast eins og er að þau svör, sem hæstv. ráðh. hafa leitast við að gefa, hafa ýmist verið algjörir útúrsnúningar, eins og komu fram hjá hæstv. fjmrh., eða viðurkenningar á slæmu ástandi, en sökinni þá einfaldlega komið yfir á aðra. Þannig skjóta menn sér algjörlega hjá því að reyna að rökræða vandamálið. Þess vegna væri í raun og veru full ástæða til þess að fara að hætti hæstv. iðnrh., eins og hann gerði við þáltill. fyrir helgina, og óska eftir því að fjh.- og viðskn. tæki þetta frv. aftur til meðferðar.

Ég á bágt með að trúa því — en það verður sjálfsagt að veruleika í dag — að hv. þm. Þorsteinn Pálsson sem hefur áður en hann kom á Alþingi verið talsmaður ábyrgrar fjármálastjórnar og sett sig á háan hest hér í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu á undanförnum árum með því að krefjast ábyrgrar fjármálastjórnar af ríki og atvinnuvegum, ætli í fyrsta sinn þegar hann afgreiðir fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á Alþingi að standa að svona afgreiðslu. Hann er ekki öfundsverður af því hlutskipti, hv. þm. Þorsteinn Pálsson að hans fyrstu afskipti af ríkisfjármálum, lánsfjármálum og efnahagsstjórn á Alþingi Íslendinga sé að afgreiða marklausustu lánsfjáráætlun sem hér hefur verið til umr. á undanförnum árum.

En það er það sem hér er að gerast. Það er það sem ríkisstj. er að reyna að pína í gegn. Slíkir menn geta aldrei aftur komið fram á opinberan vettvang og gert kröfu til ábyrgrar fjármálastjórnar eða gert kröfu til annarra um að þeir sýni festu, skýrleika og heiðarleika í meðferð mála af þessu tagi. (**HBl:** Er þetta nú ekki ofmælt?) Nei, það er ekki ofmælt, hv. þm. Halldór Blöndal. Við erum orðnir vanir þessu frá þér en við væntum þess satt að segja að þegar hinn nýi formaður

Sjálfstfl., fyrrverandi framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, sem hefur verið mikill þátttakandi í umr. um nauðsyn ábyrgrar fjármálastjórnar í þjóðfélaginu— og þar hef ég oft og tíðum verið honum sammála um margt, þó ég hafi verið honum ósammála um annað — skuli láta það verða sitt fyrsta verk sem nm. í fjh.- og viðskn. þessarar deildar að leggja til að frv. verði samþykkt með þessum hætti.

Ég er ekkert hissa á hv. þm. Páli Péturssyni. Hann vill láta vaða á súðum í þessum efnum eins og öðrum innan þingflokks Framsfl. Ég er kannske ekki heldur alveg eins hissa á hv. þm. Friðrik Sophussyni og þó nokkuð. En að formaður Sjálfstfl. skuli gera það að sínu fyrsta meiri háttar fjárhags- og efnahagsverkefni á Alþingi að leggja til sem nm. í fjh.- og viðskn. að þetta frv. verði samþykkt er einfaldlega yfirlýsing um að hv. þm. Þorsteinn Pálsson óskar ekki eftir því að vera tekinn alvarlega í umr. um efnahagsmál. Hann hefur ekki fyrr á þessu þingi staðið að nál. um meiri háttar frv. í efnahagsstjórn. Þetta er hans fyrsta frv. þeirrar ættar og frágangurinn á frv. er yfirlýsing til Alþingis af hálfu hv. þm. Þorsteins Pálssonar um að hann dragi til baka öll sín stóru orð sem fallið hafa á undanförnum árum um nauðsyn ábyrgrar fjármálastjórnar og óski ekki lengur eftir því að vera talinn marktækur í umr. um þau mál heldur ætli sér að dansa þann sukkdans, þann gatadans og þann óráðsíudans sem hæstv. ráðherrar dansa.

En það vil ég segja við hv. þm. Þorstein Pálsson í fullri einlægni og fullum vinskap að kannske væri þörf á því, ef hv. þm. Þorsteinn Pálsson ætlar ekki að missa algjörlega tökin á atburðarásinni, að hann hugleiði í alvöru að fara að dæmi hv. þm. Ólafs Jóhannessonar, fyrrv. forsrh. og fyrrv. formanns Framsfl., og afhjúpi þennan skollaleik sem, eins og hv. þm. Ólafur Jóhannesson sagði réttilega, allir sjá í gegnum. Því hv. þm. Ólafur Jóhannesson þekkir það af langri reynslu að sá tími kemur í ferli hverrar ríkisstj. að það borgar sig að segja sannleikann. Það var það sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson var að gera í dag. Það væri verðugt verkefni fyrir hinn nýja formann Sjálfstfl. að hugleiða í alvöru hvenær hann ætlar að koma fram og ganga í lið þeirra sem segja þjóðinni sannleikann í þessum efnum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég þakka þau svör sem hafa borist úr þessum stóli við spurningum mínum og langar aðeins að ræða út frá þeim. Hæstv. fjmrh. spurði mig hvort ég væri vanþakklátur fyrir upplýsingafundi fjmrh. með stjórnarandstöðu þar sem gerð hefur verið grein fyrir ýmsum málum. Ég er ekkert að vanþakka þessa fundi. Það má alls ekki skilja það svo. Hins vegar veit ég ekki hvað ég yrði kátur að mæta á upplýsingafund um lánsfjárlagagatið og þurfa svo að þakka veittar upplýsingar eftir að vera búinn að standa hér í stól í margar vikur og gefa þessar upplýsingar. Það kæmi engum á óvart, það væri ekki verið að segja neinar nýjar fréttir þó boðaður yrði fundur um slæmt ástand í lánsfjárlögum ríkisins. Það er það sem ég var að tala um, hvort sem um er að ræða fjárlagaafgreiðslu eða lánsfjárlagaafgreiðslu að hér stendur stjórnarandstaðan og bendir á það hversu málin eru illa útbúin. Síðan eiga þeir að kvaka og þakka með titrandi tár eftir nokkrar vikur þegar þeim er boðið á upplýsingafund þar sem verið er að segja þeim það sem þeir voru að tala um fyrir nokkrum vikum. Það eru þessi vinnubrögð sem ég tel ekki sæmandi, hvorki þinginu, þjóðinni né ríkisstj. og það er það sem ég er að gagnrýna. Hér kemur hver ræðumaðurinn og bætir um betur og borar á fjárlögin göt. Ég tel að þetta sé ekki orðið vammlaust og ég tel að það verði leið stund í lífi okkar að þurfa sum að taka þátt í að afgreiða þetta í kvöld og önnur að horfa upp á það

Í sambandi við húsnæðislánakerfið spurði ég hæstv. fjmrh. um það hvort hann teldi að ríkisstj. bæri ábyrgð á þeim 1050 millj. kr. sem verja á skv. lánsfjáráætlun til húsnæðislánakerfisins. Í ljós kom að fjmrh. telur ríkisstj. ekki bera neina ábyrgð og ber það fyrir sig að ef eitthvað af þessari lánsfjáröflun bregðist þurfi Alþingi um það að fjalla. Vill hann þá ekki fá heimildarákvæði inn í þessi lánsfjárlög um að ef eitthvað stendur á peningunum frá lífeyrissjóðunum eða eitthvað stendur á peningum annars staðar frá fái ríkisstj. leyfi til að ganga frá þeim málum á sama hátt og heimildarákvæði er til að bjarga Flugleiðum ef í ljós kæmi eftir aðalfund fyrirtækisins að einhverjar krónur vantaði.

Þetta er bara spurning um hvað ríkisstj. vill og hvað ríkisstj. ætlar sér. Ef hún lítur á húsnæðismálin þeim augum að þau hafi forgang eins og önnur félagsmál í landinu er henni í lófa lagið að láta það koma fram hérna vafningalaust að hún muni tryggja þessa fjármuni, annað eins hefur maður nú horft upp á hérna.

Komið hefur í ljós af því hvernig hæstv. fjmrh. ræddi um þessa lánsfjáröflun, 1050 millj. kr. að hann lítur alls ekki á þetta frv. til lánsfjárlaga eins og hann beri neina ábyrgð í þessu máli. Hann sagði eitthvað á þessa leið: Ef bréfin seljast ekki eru þessir peningar ekki til og ég ráðlegg fólki að bíða með að byggja. — Þetta eru nú skilaboðin sem hæstv. fjmrh. flytur fólkinu í landinu og Húsnæðisstofnun. Hverjum á Húsnæðisstofnun að trúa?

Annars vegar stendur félmrh. sem segir: Þetta eru okkar tölur, við þetta ætlum við að standa. — Hins vegar er fjmrh. sem ræður kassanum og segir: Þetta er ábyrgðarlaust, við berum enga ábyrgð á þessu. Ef þessir peningar skila sér ekki frá lífeyrissjóðunum, ef þeir skila sér ekki úr skuldabréfunum verður bara svo að standa og þá verða menn að standa með sín hálfköruðu hús. — Þetta sagði fjmrh. um ábyrgð í sambandi við húsnæðislánakerfið. Hann ætlaði hins vegar að hafa miklu betri vara gagnvart Flugleiðum. Ekki er nóg að bíða og sjá til eftir aðalfund fyrirtækisins hvort því verður einhvers fjár vant. Þar á að setja undir lekann með því að setja inn heimildarákvæði núna til þess að hægt verði að bjarga þeim ef reikningar fyrirtækisins fullbúnir, lagðir fram á aðalfundi, sýni þörf á einhverjum stuðningi. Þar er tekin ábyrgð.

Ég lagði líka spurningar fyrir hæstv. félmrh. Fyrstu spurningarnar tvær voru í sambandi við skyldusparnað. Ég verð að viðurkenna að ég var að vísu ekki þingreyndur maður í haust þegar ég var viðstaddur umr. um húsnæðismálafrv. og ég er ekki þingreyndur maður enn, en það hefur algerlega farið fram hjá mér að í fyrirhuguðu frv. um Húsnæðisstofnun séu svo stórkostlegar breytingar í aðsigi í sambandi við framkvæmd skyldusparnaðar að ástæða sé til að ætla að undir vorið þegar frv. taki gildi geri það meira að segja meira en að skila 45 millj. kr. Samkvæmt áætlun stofnunarinnar stendur það í mínus 30 millj. kr. en svo gæti farið að

ef það tekur gildi einhvern tíma í vor — það er ennþá í n. í fyrri deild — gæti það jafnvel skilað meira en 45 millj. kr. Það eru svo sannarlega veigamiklar breytingar.

Um skuldbindingu ríkisstj. á 1050 millj. kr., eins og það horfir við frá hæstv. félmrh., er svolítið annað hljóð í strokknum. Tekið var sérstaklega fram að ríkisstj. beri tvímælalaust ábyrgð á þeim 360 millj. kr. sem eigi að koma úr Atvinnuleysistryggingasjóði, úr skyldusparnaði og sérstakri fjáröflun, það er algerlega án nokkurs fyrirvara hjá hæstv. félmrh.

Í sambandi við 690 millj. kr. sem eiga að koma frá lífeyrissjóðunum minnir mig raunar að hann hafi ekki tekið tvímælalaust af skarið, jafn sterklega þar, en hins vegar vísaði hann til mjög traustvekjandi funda sem þeir fjmrh. og hann höfðu haldið með forsvarsmönnum samtaka sjóðanna.

En það var enginn vafi á því að það var tvímælalaust ábyrgð ríkisstj. að standa klár á þessum 360 millj. og þar í eru 200 millj. í sérstakri fjáröflun sem átti að afla með skuldabréfasölu og sem hæstv. fjmrh. var nýbúinn að sverja af sér og segja: Ja, ef bréfin seljast ekki þá verða engin lán. (**Fjmrh.:** Það er ekki mér að kenna.) Ég fer nú að fá ríka ábyrgðartilfinningu út af þessu máli öllu saman, enda lagði ég til ásamt öðrum sem stóðu að minnihlutaáliti að þessu frv. yrði vísað aftur til ríkisstj. þannig að okkur gæfist betri tími til þess að leita saman lausnar á vandanum.

Í sambandi við 437 millj. kr., sem ber á milli í áætlunum Húsnæðisstofnunar annars vegar og síðan áætlunum ríkisstj. tók hæstv. félmrh. skýrt fram að þær væru byggðar á óskalista Húsnæðisstofnunar. Hvað er óskalisti Húsnæðisstofnunar? Óskalisti Húsnæðisstofnunar er í fyrsta lagi byggður á gildandi lögum og reglugerðum í sambandi við þessi mál og í öðru lagi bráðabirgðaumsóknum sem stofnunin hefur þegar til þess að skipuleggja þessi mál. Maður getur spurt: Á hvaða óskalista byggist áætlunin sem ríkisstj. gerði þá um sínar áætluðu lánveitingar? Hérna er um að ræða áætlun frá stofnun sem við skulum ekkert reikna með að sé að gera einhverja óskalista út í bláinn. Þeir eru að reyna að byggja upp grundvöll fyrir lánastarfsemi á ári sem þegar er liðið að ¼.

Ef við tökum saman þetta sérkennilega samspil fjmrh. og félmrh. í þessu máli og síðan það finale sem hæstv. forsrh. gaf lítur það svona út: Fjmrh. tekur ekki ábyrgð á lánsfjáráætlun enda telur hann að hann geti það ekki þar sem tilhlutan Alþingis þyrfti ef til nýrrar fjáröflunar þyrfti að koma. Gott og vel. Ef bréfin seljast ekki eru engin lán og fólki er sagt að það verði þá bara að hætta að byggja og það sé ábyrgðarhluti að segja því að það gæti hugsanlega byggt á þessu ári. Þetta segir fjmrh.

Félmrh. segir: Tvímælalaus ábyrgð á 360 millj. kr. a. m. k., þar með taldar hinar 200 sem fjmrh. var að vísa af sér. Síðan kemur hæstv. forsrh. samhentrar og styrkrar stjórnar og segir að hann taki undir með báðum og það sé stefna ríkisstj. Ég held að bæði þingið, húsbyggjendurnir og Húsnæðisstofnunin eigi rétt á því að fá svolítið styrkari og samhentari svör frá hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Síðan ég talaði í fyrri umferðinni hafa ýmsar upplýsingar bæst við. Í 2. umr. á miðvikudaginn var sagði hæstv. félmrh., með leyfi forseta:

„Húsnæðismálastjórn hefur ekki endanlega gengið frá neinni lokaáætlun um árið 1984, sem er ekki eðlilegt. Það er beðið eftir þessari afgreiðslu sem hér liggur fyrir og reiknað er með 925 nýbyggingum á árinu 1984. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að við það verði staðið miðað við óbreyttar tölur sem hér eru til grundvallar. Ég vil geta þess að í þeirri áætlun sem kemur fram í fskj. minni hl. eru ekki þær tölur sem ég hef nýjastar frá Húsnæðisstofnun í sambandi við þessa áætlun."

Við höfum heyrt þær tölur sem eru nýjastar frá Húsnæðisstofnun og það er ekki gert ráð fyrir 925 nýbyggingalánum, gert er ráð fyrir 760 ef ég man rétt. Þetta eru nú styrk og samhent svör styrkrar og samhentrar stjórnar í málaflokki sem ætlar að ganga illa að fá þann sess sem honum ber í flokki með öðrum félagsmálum eins og heilbrigðismálum og menntamálum sem ekki eru sett á gaddinn þó illa gangi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég leyfði mér hérna í umr. í dag að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. fjmrh. og ég get ekki sagt að ég sé mjög sáttur við svör hans. Það er ekki vegna þess að ég sé honum ósammála, heldur vegna þess að ég tel að hann hafi engin svör gefið við þeim spurningum sem lagðar voru fram, því miður. Það er að nokkru leyti vegna þess að ráðh. getur ekki gefið svörin. Það eru svör sem er ekki á hans færi að gefa á þessari stundu af ýmsum ástæðum, m. a. vegna þess að ekki hafa verið teknar nauðsynlegar ákvarðanir í fjmrn. í þessu efni.

Mínar fsp., til að fyrirbyggja misskilning, voru ekki bornar upp við hæstv. fjmrh. til að koma svo upp á eftir og hía á hann, svo ég noti hans eigin orð. Ég hef engan áhuga á því. Hæstv. fjmrh. þarf ekki að vera svona spéhræddur þó hann sé spurður af alþm. í stjórnarandstöðu. Ég er þeirrar skoðunar að við séum í góðri trú að reyna að feta okkur í gegnum þessi lánsfjárlög og lánsfjáráætlunina og reyna að skilja hvert annað og átta okkur á efnistökum með og á móti hinum ýmsu þáttum í málinu.

Ég tel að ég hafi farið mjög samviskusamlega yfir þessa hluti hér í dag eins og ég hafði best þekkingu til. Ég rakti hér margar tölur sem liggja fyrir, m. a. í gögnum frá ríkisstj., og ég óskaði eftir að fá um þetta efnislega umr. Umr. um málið á hv. Alþingi eru ekki bara spurningar og svör. Þetta er ekki fsp.-tími. Við erum hér til að skiptast á skoðunum um meginatriði efnahagsmála. Vissulega er lánsfjáráætlunin grunnplagg í því efni. Ég segi það alveg eins og er að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með þessi skoðanaskipti. Mér finnst ekki að þau hafi farið alveg heiðarlega fram. Annars vegar hafa menn komið og lagt fram sínar athuganir á málinu og hins vegar koma ráðh. og segja: Ég trúi því að skattbyrði aukist ekki — og annar segir: Ég trúi því að allt verði í himnalagi með húsnæðismálin. Það kemur að vísu ekki fram á hverju þessi trú er byggð, þ. e. hvaða trúarsetningum. Þegar menn kjósa að rökræða með þessum hætti, að segja nánast við stjórnarandstöðuna „o, víst" eins og krakkarnir segja, og víst er það svona en ekki hinsegin, þá er komið að vendipunkti, þá verður ekki um að ræða nein vitsmunaleg skoðanaskipti, þá eru menn farnir að pexa og þar með er málið á enda runnið.

Ég harma að ráðh. skuli vera gangandi, eða öllu heldur sitjandi, rökþrotabú eins og þeir reynast vera

hér í dag. Þeir hafa engin rök, engin svör, engin rök af neinu tagi til að rökstyðja sitt mál með eðlilegum hætti. Ég óttast að þeir viti ekki hvað þeir eru að gera og þeir viti jafnvel stundum ekki hvað þeir eru að segja, sem er þó ábyrgðarhluti þegar um ráðh. er að ræða vegna þess að þá á að vera hægt að taka mark á orðum þeirra. Svo kemur hér hæstv. forsrh., sem á daginn eins og oft áður hér. Það höfðu komið fram yfirlýsingar frá hæstv. fjmrh. um að hann tæki enga ábyrgð á þessari lánsfjáráætlun í sambandi við húsnæðismálin, ekki nokkra. Svo kemur hæstv. félmrh. og segir: Þetta stendur allt. — Og þá kemur hæstv. forsrh., sem er nú framsóknarmaður, til að skýra málið aðeins betur og segir: Ég er sammála báðum, þ. e. bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. Þannig hefur forsrh. á þessu máli eins og flestum öðrum a. m.k. tvær skoðanir og er einatt svo leikinn að hann kemur iðulega báðum fyrir í einni og sömu ræðunni. Þetta væru megintíðindi af hálfu hæstv. forsrh., en ég ætla að endurtaka spurninguna. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. greini frá því hvorum hann er sammála. Stenst lánsfjáráætlunin? Ætlar ríkisstj. að standa við þau fyrirheit sem gefin eru húsbyggjendum í lánsfjáráætlun? Ég spyr hæstv. forsrh. vegna þess að ég vil fá það svar að þetta eigi að standast og ríkisstj. ætli sér að láta það standast. En ég segi líka við hæstv. félmrh.: Það er ábyrgðarhluti, að mínu mati, af honum að láta þetta fara þannig út úr deildinni hér í dag að það standi líka sú yfirlýsing hæstv. fjmrh. að fjmrn. beri ekki ábyrgð á því að þessi áætlun verði framkvæmd. Ég tel hættulegt fyrir hæstv. félmrh. að leggja upp með áætlun húsnæðismálastjórnar án þess að fjmrh. taki orð sín aftur í þessu efni og lýsi því líka yfir með hæstv. félmrh. að við áætlunina verði staðið í einu og öllu. Ég óska eftir að það komi fram hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að við lánsfjáráætlunina verði staðið í einu og öllu á þessu ári, hún verði framkvæmd eins og efni standa til. Ég óska eftir að þessar yfirlýsingar verði gefnar algerlega skýlaust.

Ég spurði hæstv. fjmrh.: Hvað segir þú um þá auknu skattbyrði sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson gagnrýnir? Og hv. fjmrh. svarar: Ég trúi því ekki að skattbyrðin aukist. Önnur rök hefur hann ekki og þar með punktur. Og ég segi: Ég trúi engu öðru en því að ég hef fyrir framan mig upplýsingar sem gera ráð fyrir að skattbyrðin hækki. — En ef það dugar ekki, ef staðreyndir duga ekki til að hreyfa skrúfu fjmrh., þá nær málið ekki lengra.

Ég spurði hæstv. fjmrh.: Hvar spara menn 5% og 2.5% í rekstri og launum hjá ríkinu? Svarið er ekkert. Svarið er núll. Svarið er: Ég hef skipað nefnd. — Ég vil greina hæstv. fjmrh. frá þeirri reynslu minni að áður hafa verið skipaðar nefndir um svipuð verkefni hjá ríkinu án þess að það hafi skilað ýkja miklum árangri.

Í þriðja lagi segir hæstv. fjmrh., og það var í raun og veru eina efnislega svarið sem frá honum kom, að hann ætlaði að skera niður upp í þær 300 til 400 millj. sem vantaði upp á innlendu lánsfjáröflunina. Hann sagði: Ég sker niður upp í 300—400 millj. — Það þýðir að hann ætlar ekki að taka erlend lán í þetta og hann ætlar sér ekki að láta prenta peninga í Seðlabankanum út á þetta. Eftir því verður gengið að ljóst verði af hans hálfu að hann standi við þessi orð sín betur en ýmsar aðrar yfirlýsingar um ríkisfjármál sem hann hefur gefið á undanförnum árum og hafa varla staðið sólarhringana út, satt best að segja.

Hæstv. félmrh. kom hér og kveinkaði sér undan því að ég væri að halda hér hrokaræður um húsnæðismál. Ég skil ekki hvers lags málflutningur þetta er. Ég veit ekki betur en ég hafi verið hérna í hverri ræðunni á eftir annarri að leggja félmrh. lið í húsnæðismálum og boðist til þess að stjórnarandstaðan, a. m. k. Alþb., legði sig fram um að hjálpa félmrh. í þeirri stöðu sem hann er í, þröngri stöðu. Af hverju heldur hann að ég sé að reyna að pína fram yfirlýsingar frá hæstv. fjmrh. og forsrh. nema til þess að hæstv. félmrh. standi betur að vígi í slagnum þegar hann fer að framkvæma þessa hluti á árinu 1984? Hann á ekki að vera að taka því illa þó menn gagnrýni, heldur á hann að meðhöndla þá gagnrýnisþætti sem fram koma af fullri sanngirni. En í svari hans, ef svar skyldi kalla, kom ekkert fram. Það var 0.0.

Ég spurði um hina nýju áætlun Húsnæðisstofnunarinnar, leyniplaggið sem hann var með hérna í síðustu viku, og hvort það ætti að lána 760 ný lán á þessu ári. Hann svaraði engu. En s. l. miðvikudag sagði hæstv. félmrh. að ætlunin væri að lána skv. áætluninni 7. febrúar 960 lán. Ég tel að meðan ekki kemur önnur yfirlýsing frá félmrh. standi hún sem hans afstaða — og ég bæti því við: Félmrh. hefur með afstöðu sinni og yfirlýsingu s. l. miðvikudag einnig lýst því yfir í raun að húsbyggjendur, sem gera fokhelt á tilteknum tíma og eiga rétt á lánum í nóvember og desember, fái sinn fyrsta lánshluta, það sé ekki ætlun hans að skera þar niður. Ef félmrh. mótmælir þessum skilningi mínum ekki núna á eftir tel ég að hann sé að segja við þessa húsbyggjendur: Þið fáið lánin eins og verið hefur í nóv. og des. 1984. — Standi þetta svona, þá er vel. En eftir því verður tekið hver niðurstaðan verður í þessu efni. Ef hann ekki mótmælir þessu hér á eftir lít ég svo á að við þetta sé miðað og þar með sé mótuð afstaða ríkisstj. og félmrh. í þessu efni. Og þá mun ég fyrir mitt leyti beita mér fyrir því og koma því á framfæri þar sem ég get að fólk fái að vita af þessu, þannig að félmrh. fái ekki aðeins stuðning stjórnarandstöðunnar, heldur einnig hins almenna húsbyggjanda við að halda utan um þessa hluti.

Hæstv. félmrh. svaraði engu um Byggingarsjóð verkamanna. Hann sagði ekki aukatekið orð um hann. Það er sem sagt ætlunin hjá ríkisstj. — eða hvað? — að skera niður allar framkvæmdir verkamannabústaðanna um ¼. Er það ætlunin, hæstv. félmrh., að skera þetta niður um ¼? Er það ætlunin að skera framkvæmdir niður hjá Byggingarsjóði verkamanna í Reykjavík, eins og ég gerði grein fyrir fyrr í dag, þannig að þeir sem eru núna að fá tilkynningu um að þeir fái úthlutað íbúðum fái á morgun tilkynningu um að því sé frestað fram á árið 1986? Er það svona sem á að vinna. Ætlar ríkisstj., ætlar hæstv. félmrh. að halda fast við að fresta þessum ¼? Ég skora á ráðh. að svara þessu á eftir.

Ég bað hæstv. félmrh. að gera grein fyrir því hvernig honum sýndist skyldusparnaðurinn innheimtast betur skv. því frv. sem liggur fyrir þinginu. Hann hefur engu svarað um það. Ég bað hann að benda á greinar í frv. Hann hefur engar greinar bent á í því efni. Ég tel því miður, hæstv. félmrh., að frv. hafi stórversnað frá því sem það var í fyrra einmitt í þessu efni. Þar var gert ráð fyrir nokkuð ströngum ákvæðum í sambandi við skyldusparnaðinn. Ég vil taka það fram, ef um það gæti orðið

samkomulag í sambandi við húsnæðismálin, að ég væri fyrir mitt leyti tilbúinn að beita mér fyrir því að laga stórlega kafla frv. um skyldusparnaðinn, þannig að hann skilaði betri tekjum fyrir húsnæðislánakerfið en nú er um að ræða, vegna þess að eins og sakir standa er stór spurning hvort það er nokkur ávinningur af því fyrir húsnæðislánakerfið að hafa skyldusparnaðinn á sínum vegum. Það er stór spurning miðað við þá miklu fyrirhöfn sem þetta kerfi hefur í för með sér.

Herra forseti. Ég ætla ekki að sinni að ræða miklu frekar um þessi mál, það er orðið þröngt um tíma, en áður en ég vík úr ræðustól vil ég minna á tvennt.

Í fyrsta lagi buðust fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis til að afgreiða sérstaklega erlendu lánsfjárábyrgðina í þessu frv., þannig að hún fengi hraða meðferð í gegnum Alþingi. Með þessu móti hefði verið hægt að flýta því máli mjög og taka hér upp ítarlegri umr. um aðra þætti lánsfjáráætlunarinnar. Þessu góða boði stjórnarandstöðunnar var hafnað, þannig að ríkisstj. getur kennt sjálfri sér um þann vanda sem nú er um að ræða í sambandi við afgreiðslu málsins á kvöldfundi þeim sem senn hefst.

Í öðru lagi vil ég minna á að sem fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. Nd. bauðst ég til þess fyrir hönd míns flokks að stuðla að því að lánamál bænda fengju afgreiðslu um leið og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin og lánsfjárlögin. Einnig því góða boði Alþb. var hafnað.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. iðkar það mjög að koma upp í ræðustólinn og hafa eftir ræðumönnum það sem hann segir að þeir hafi sagt, en þá fer hann gjarnan með rangt mál. Hv. ræðumaður hefur nú tvisvar sinnum komið hingað upp og fullyrt að ég hafi sagst vera sammála bæði hæstv. fjmrh. og félmrh. um það sem þeir sögðu um 1050 millj. kr. til húsnæðismála. Það sem ég sagði, og hv. þm. getur flett því upp í því sem ritað verður eftir mér, það kemur í Alþt., var að bæði fjmrh. hefðu lýst því hvernig leitast væri við að tryggja þetta fjármagn í fyrsta lagi með samningum við lífeyrissjóðina. Ég lýsti þeirri skoðun minni að þetta væri tryggt eins vel og frekast er kostur. Ég hygg að þetta séu nokkurn veginn óbreytt orð mín.

Ef þetta tekst ekki vil ég vekja athygli á að húsnæðismálin eru forgangsverkefni stjórnarflokkanna og munu ríkisstj. og stjórnarflokkar fjalla um hvernig það fjármagn verður útvegað sem ekki næst með því móti sem lánsfjárlögin gera ráð fyrir. En ég endurtek, og vísa enn til þess sem kom fram í ræðu fjmrh. og félmrh., ég vísa til þess sem þeir sögðu um fundi sína með lánasjóðnum, að það er mín skoðun að eins vel hafi verið frá þessu gengið og frekast er kostur og miklu betur en tókst í tíð fyrri ríkisstj.

Það er ekkert undarlegt þótt hv. þm. sárni að nú skuli verða aukið fjármagn til húsnæðismála úr rúmlega 700 millj. í yfir 1600 millj. í lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum og í fjárlögum. Hv. þm. var að bauka við það í allmörg ár að auka útlán til húsbyggjenda, en því miður — okkur þótti það öllum leitt sem með honum voru í ríkisstj. — tókst það ekki.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að taka til umr. einstaka liði þessa frv. Aðrir hafa orðið til þess og gert það mjög ítarlega. Ég vil aftur á móti gera að umræðuefni hér þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið og þær breyttu forsendur sem nú eru fyrirliggjandi.

Í fyrra voru lánsfjárlög til umr. 2. mars á Alþingi. Við það tækifæri sagði hæstv. núv. viðskrh. Matthías A. Mathiesen með leyfi forseta: „Mér reiknast til að frv. sé tæpum fimm mánuðum of seint á ferðinni.“ Í framhaldi af framansögðu minnti hann einnig á lög nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., sem kveða skýlaust á um það í 7. gr. að með fjárlagafrv. skuli ár hvert leggja fram áætlun er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til. Í lögunum er enn fremur gert ráð fyrir því að lögð skuli fram með fjárlagafrv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Þannig hljóðaði m. a. það sem hæstv. núv. viðskrh. Matthías Á. Mathiesen hafði að segja við upphaf umr. um lánsfjárlög 2. mars í fyrra. Því rifja ég þetta upp hér og nú að ég tel að þessi rök eigi ekki síður við í dag. Lánsfjárlögin eru a. m. k. fimm mánuðum of seint á ferðinni í ár alveg eins og í fyrra. Þetta undirstrikaði hæstv. fjmrh. einnig í ræðu sinni 12. des. s. l. þegar þetta frv. var lagt fram í Ed. Þá sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Það liggur mikið á að lánsfjárlög séu samþykkt á hverju ári. Og það vita þeir sem að sveitarstjórnarmálum starfa að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga verða ekki gerðar fyrr en fjárlög eru að fullu afgreidd með fylgifrv. Fyrr geta sveitarstjórnir ekki gert sínar fjárhagsáætlanir og það hefur oft dregist langt fram eftir nýju ári.“

Hvernig skyldi fjárhagsáætlunum sveitarstjórna líða nú í ár? Ekki nóg með að afgreiðsla lánsfjárlaga hafi dregist heldur eru forsendurnar fremur hæpnar, svo ekki sé nú meira sagt.

Nú er það svo, að það er ekki nóg með að ríkisstj. sé komin á sama bát við afgreiðslu lánsfjárlaga og fyrrv. ríkisstj., sem núv. hæstv. stjórnarliðar gagnrýndu svo mjög fyrir seinagang og fáránleg vinnubrögð, heldur er einnig allur grundvöllur og forsendur fyrir þessu frv. brostinn. Þar á ég við tilkomu upplýsinga um hið mikla gat, sem er nú óstoppað í í fjárlögum og svo einnig í þessu frv. sem hér er til umr. Það er því greinilegt að gera þarf umfangsmiklar breytingar á vinnubrögðum við gerð þess mikilvæga hagstjórnartækis sem lánsfjárlögin eru, sem allir stjórnarliðar voru sammála um við umr. um fjárlög í haust að nú væru undir styrkri hendi stjórnarinnar og að annað eins hefði aldrei fyrr þekkst. Það er auðvitað varla gerlegt að fjalla um þetta frv. til lánsfjárlaga á þessum forsendum, sem nú þegar eru brostnar, auk þess sem það er gallað og gefur alls ekki rétta mynd af því hvernig hugsanlegum lántökum ríkisins muni verða háttað.

Það er auðvitað óréttlátt og ekki síður óraunhæft og ábyrgðarlaust af hæstv. ríkisstj. að ætlast til þess að lánsfjárlögin verði afgreidd í þeirri mynd sem þau liggja fyrir nú. Ef það verður gert er það einungis til þess að hafa lánsfjárlög til staðar, einhver málamyndalánsfjárlög, sem enga stoð eiga sér í raunveruleikanum, hreinlega blekkingarvefur. Ef vel ætti að vera þyrfti að taka þetta frv. til rækilegrar endurskoðunar og leggja það svo fram aftur að því loknu. Það er ekki nóg að hreykja sér af því að hafa lagt fram frv. til lánsfjárlaga fyrir þingið mjög snemma í messunni, eins og hamrað hefur verið á mörgum sinnum, ef það reynist svo vera

ónothæft þegar á reynir.

Svavar Gestsson: Herra forseti: Ég hafði gert ráð fyrir að ráðh. reyndu að drattast hér í stólinn einu sinni enn, væru ekki orðnir svo þungir af setunni þarna að þeir kæmust ekki þennan spöl. — En hæstv. fjmrh. spyr til hvers, og er greinilega undrandi á því að menn skuli þurfa að ræða við hann um þessi mál. Hann hefur haft þann hátt á í þessari umr., eins og svo oft áður, að reyna að axla málinu fram af sér og hefur ekki lagt sig mjög fram um, að mér hefur fundist stundum, að reyna að setja sig í smáatriðum inn í þau mál sem hér eru á dagskrá og menn þurfa þó að kunna skil á ef þeir ætla að fylgja þeim í gegnum þingið.

Hæstv. forsrh. var hins vegar að greiða fyrir umr. hérna áðan, flýta fyrir því að lokið yrði 3. umr. um lánsfjárlög. Hann fullyrti í fyrsta lagi að ég hefði í máli mínu fyrr í dag í tvígang farið rangt með það sem hann sagði. Það er mjög athyglisvert ef ég hef gert svo, vegna þess að ég tók eftir því að þessi orð hans vöktu gífurlega athygli í salnum. Ég var áreiðanlega ekki sá eini sem skildi hans orð svo, að hann væri bæði sammála hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., sem þó höfðu gjörsamlega gagnstæðar skoðanir á því máli sem var um að ræða þá stundina. Hæstv. forsrh. hefur einfaldlega orðað hlutina illa og óskýrt og það er þess vegna sem hann verður svo að koma í stólinn aftur og þýðir ekkert fyrir hann að reyna að bera upp á mig útúrsnúning í því efni. Málið snýst heldur ekkert um hvort mér sárni eitt eða neitt í þessum efnum. Það er ekki það sem stjórnarandstaðan hefur verið að tala hér um. Ekki var hv. þm. Kristín S. Kvaran í síðustu ríkisstj. svo ég nefni dæmi — ekki félmrh. né heldur talsmaður þeirrar stjórnar. (Gripið fram í.) Ég skal biðja um orðið um þingsköp vegna framkomu ráðh. Ef hæstv. fjmrh. óskar eftir því get ég tekið mér tíma í það.

Hæstv. forsrh. dró því miður í land í sinni yfirlýsingu áðan og reyndist vera sammála hæstv. fjmrh., en ekki félmrh. Hann sagði í sambandi við byggingarsjóðina að hann væri ekki tilbúinn að taka ábyrgð á þeim að öðru leyti en því að leitast yrði við að tryggja fjárhag þeirra ef lánsfjáröflunin brygðist. Og hvað segir þetta í raun og veru? Hæstv. forsrh. er að tala um að þarna hafi fyrst og fremst verið átt við lífeyrissjóðina. Það er algjörlega rangt. Hérna er verið að tala um það, ef forsrh. hefur ekki tekið eftir því undanfarna daga, að það vantar 200 millj. af sérstakri fjáröflun í húsnæðislánakerfið, sem er í óvissu, það vantar 115 millj. af því sem á að koma frá Atvinnuleysistryggingasjóði, en kemur þaðan ekki, og það vantar 75 millj. upp á áætlun í sambandi við skyldusparnaðinn. Það er þetta fjármagn sem verið er að tala um. Það er ekkert verið að tala hér um lífeyrissjóðina. Ef menn hefðu nennt að setja sig inn í þessa lánsfjáráætlun og skilja um hvað hún snýst mundu menn vita um að þessi vandi er upp á 5—6—700 millj. kr.

Það er svo auðvelt fyrir forsrh. að koma upp og hrósa sér af því að ríkisstj. hafi nú bjargað málum húsbyggjenda. Með hverju? Það liggur ekkert fyrir um hvernig það á að gerast á árinu 1984. Það er allt galopið. Það eru engar upplýsingar til um það til eða frá. Ráðh. hafa engu svarað. Félmrh. hefur sagt: Ég trúi, ég trúi. — Vonandi verður honum að trú sinni. Aftur og aftur hef ég lýst því yfir að ég er tilbúinn að styðja hann til þess að það náist saman endar hjá Húsnæðisstofnuninni. En það liggur ekkert annað fyrir en trú hæstv. félmrh. Trú hefur stundum gefist mönnum vel undir Jökli. Vonandi gengur honum vel líka í þetta skipti.

Staðreyndin er sú, að það alvarlega sem stendur upp úr í umr. núna er að félmrh. hefur ekki treyst sér til að sverja af sér fyrirhugaðan niðurskurð á verkamannabústaðakerfinu. Það er verið að segja við það fólk sem verið er að úthluta verkamannabústöðum núna: Bíðið þið fram á árið 1986. — Og hitt, sem er stóralvarlegt, er að hæstv. forsrh. hefur gengið í lið með óvissuöflunum í sambandi við Byggingarsjóð ríkisins ásamt hæstv. fjmrh. Það er alvarlegt og það er mikill ábyrgðarhluti af hæstv. félmrh. að ganga frá lánsfjáráætlun svona árið 1984. En eins og ég tók fram áðan lít ég svo á að yfirlýsing hans frá s. l. miðvikudegi standi þar sem ekki hefur annað verið tekið fram og þeir sem slíkar yfirlýsingar gefa séu ómerkir orða sinna ef þær ekki koma til framkvæmda.

Staðan í þessum málum er sú, að það er verið að afgreiða hér lánsfjárl. þar sem allt er í uppnámi. Lánsfjárlögin eru ekki gat heldur gatasigti. Það er ekkert sem stemmir. Það var þess vegna sem stjórnarandstaðan lagði til af velvild sinni að málinu yrði vísað aftur til ríkisstj., þannig að ríkisstj. gæti gert heimaverkefni sín betur en hún hefur gert til þessa.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Það er kannske vegna þess að allt var í lagi hjá síðustu ríkisstj. sem neyðaráætlunin til fimm ára var búin til af Alþb. á sínum tíma og þjóðstjórn skyldi falið að till. þess að framkvæma hana. Ekkert dugði annað en samstarf allra stjórnmálaflokka í fimm ár og neyðaráætlun til að ráða fram úr þeim mikla vanda sem ríkisstj. var komin í.

Ég ætla að taka undir það með hæstv. forsrh. að það er ekki oft sem hv. 3. þm. Reykv. getur farið rétt með. Ég sagði frá því, svaraði spurningu hans númer tvö, hvar ætti að spara 5% og 2½% og hvernig ætti að standa að því og hverjir stæðu að því. Ég sagði líka að ég mundi gera tillögur um niðurskurð á framkvæmdum, en ekki að ég ætlaði að koma slíku í gegn með einhverju offorsi. Til þess þarf samþykki meðráðh. — Ég vil bara að það sé rétt með farið.

Annars sé ég ekki ástæðu til þess að elta ólar við nokkurn skapaðan hlut af því sem kom fram í ræðu þm. umfram það að svara þeim spurningum sem hann lagði fyrir mig og ég tel mig hafa gert. En eitt ætla ég að gera að umræðuefni því það er táknrænt og það er lærdómsríkt um leið. Það er táknrænt fyrir Alþýðubandalagsmenn og það er lærdómsríkt fyrir þá sem vilja á annað borð læra þingmennsku.

Fram kom áðan hjá hv. 4. landsk. þm. að hann væri ekki þingreyndur. Það er ekki nema eðlilegt. Ég er búinn að vera hérna í áratug og tel mig alls ekki þekkja það völundarhús sem þingið er, en ég veit þó pínulítið meira en hann. Og nú ætla ég að gefa honum eina smákennslustund í því sem menn eiga að vara sig á, og ég vona að hann taki við án þess að þakka mér sérstaklega fyrir það, þó menn eigi alltaf að vera þakklátir fyrir það sem þeir fá umfram það sem þeir geta útvegað sér sjálfir.

Hér kom hv. 7. þm. Reykv. og vitnaði í hvorki meira né minna en nál. minni hl. Þetta nál. er undirritað af Guðmundi Einarssyni, fundaskrifara minni hl. n. Á bls.

18 er tafla sem virðulegur 7. þm. Reykv. vitnaði í og taldi þar upp hvernig staðan hefði verið seinni partinn á s. l. ári, en hann gat eins ekki — og nú kemur sá lærdómur sem ég ætla að biðja unga stjórnmálamenn, nýja stjórnmálamenn, að átta sig á. Hér er taflan með svohljóðandi yfirskrift: „A=kröfur Seðlabankans á ríkissjóð, nettó (A-hluti). Staða í mánaðarlok í milljónum króna.“ Síðan les hv. 7. þm. Reykv. stöðuna í mánaðarlok frá miðju ári 1983 fram til janúar 1984, en þegar hann kemur svo að því sem þurfti að vera bareflið á fjmrh. vitnar hann í uppgefnar tölur af Seðlabankanum, eins og hann sagði, frá 15. þessa mánaðar, 15. mars — ekki mánaðarlokum, eins og hinar tölurnar, heldur 15. mars. En fyrir 15. mars eru greidd laun til ríkisstarfsmanna og það eru greiddar lífeyrisbætur og fyrir mánaðamótin koma inn tekjur af söluskatti og ýmislegt annað. Svona verða menn blekktir ef þeir ekki átta sig á hver talar og við hvern er að eiga.

Ég vil leiðrétta þetta og að það kom fram að svona er málflutningur hv. 7. þm. Reykv., ekki bara núna heldur yfirleitt. Og því segi ég: Enn þá sakna ég Guðmundar J., vinar míns.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur komið hér fram oftar en einu sinni við þessa umr. að hæstv. ríkisstj. óskar eftir því að fá þetta frv. afgreitt í dag vegna þess að ríkisstj. þurfi að taka erlent lán og frestur til þess renni út á miðnætti. Þannig er nú teflt á hin tæpustu vöð í efnahagsstjórn ríkisins. Ríkisstj. á það undir stjórnarandstöðunni hvort henni tekst að ná hinu erlenda láni.

Nú er alveg ljóst að þau deiluatriði sem hér hafa aðallega verið til umr. snerta fyrst og fremst innlenda þætti fjármála ríkisins, húsnæðismál, stöðuna gagnvart Seðlabanka og aðra slíka þætti. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hvort þeir vilja ekki í fundarhléi hugleiða á ný það tilboð sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði ríkisstj., og að ég held stjórnarandstaðan öll, að afgreiða sérstaklega í þessu frv. þann þáttinn sem brýnt er að afgreiða, þ. e. greinina sem veitir ríkisstj. heimild til að taka þetta erlenda lán, en gefa síðan þingheimi tækifæri til að komast til botns í öðrum deilumálum. Ég vil taka hér dæmi um nauðsyn þess. Hæstv. fjmrh. var að enda við það í ræðustól að bera mér á brýn mjög ómerkilega talnafölsun og vara hv. þm. Guðmund Einarsson við að taka sér til fyrirmyndar slík vinnubrögð, vegna þess að ég hefði eingöngu fjallað í töflunni um stöðuna í lok mánaðarins, en hefði svo lesið hér upp úr ræðustól ... (**Fjmrh.:** Tölur frá 15. mars.) Já, já, alveg hárrétt fjmrh., alveg hárrétt. Ástæðan fyrir því að ég las upp þessar tölur var sú að hæstv. ráðh. gaf út yfirlýsingu 15. febrúar um að ekki yrði aukið við skuldastöðuna gagnvart Seðlabanka frá því sem verið hefði. Ástæðan fyrir því að ég tók 15. mars var að þegar ég hringdi í Seðlabankann í morgun var síðasta talan sem þeir höfðu handbæra frá 15. mars. Ég spurði auðvitað að því, vegna þess að ég hef kannske aðeins meiri þingreynslu en Guðmundur Einarsson, en ekki alveg eins mikla og hæstv. fjmrh., ég spurði auðvitað Seðlabankann líka að því: Mun þetta breytast mjög það sem eftir er mánaðarins? Ég taldi hins vegar ekki ástæðu til að vera að rekja það hér vegna þess að þar var á ferðinni álit viðkomandi starfsmanns Seðlabankans, en ekki beinharðar tölulegar upplýsingar sem liggja fyrir í skýrslum Seðlabankans. Mér fannst ekki ástæða til þess að ég væri að blanda inn í umr. í þinginu skoðun starfsmanns Seðlabankans. En fyrst hæstv. fjmrh. knýr mig nú til þess í vörn gagnvart þeim ásökunum sem hann hefur hér á mig borið um að beita ómerkilegum aðferðum í mínum málflutningi, þá get ég upplýst að þessi starfsmaður Seðlabankans taldi að þessir 2 milljarðar og rúmlega 700 millj. kr., sem skuldirnar væru nú, 15. mars, gætu kannske minnkað um tæpar 200 millj. það sem eftir væri mánaðarins, en ekki miklu meira. Það er nú allt og sumt.

Herra forseti. Ég vildi aðeins nefna þetta dæmi hér vegna þess að það voru síðustu orð hæstv. fjmrh., þegar hann fór hér úr ræðustólnum, að bera á mig talnafals. Ég er til knúinn að sýna hvernig í málunum liggur. Það er alveg brýn nauðsyn á að þingið fái við umr. í fjh.- og viðskn. eða hér í deild aðstöðu til að fara ofan í þessar tölur og fá umr. um innlendu þættina sem hér hefur verið deilt um í dag, en málið sé ekki skilið eftir í fullkominni óvissu og í umræðustíl sem hæstv. fjmrh. lét sér sæma áðan.

Þess vegna, herra forseti, hef ég kvatt mér hljóðs um þingsköp til að óska eftir því, að þótt ekki séu fleiri á *mælendaskrá* ákveði hæstv. forseti að fresta umr. til klukkan níu og slíta henni þá ef enginn kveður sér hljóðs. Ég reikna ekki með að neinn í stjórnarandstöðunni muni gera það í millitíðinni. Þetta væri eingöngu til að gefa hæstv. ríkisstj. færi á því í matartímanum að hugsa sig um og kanna hvort hún er ekki reiðubúin að samþykkja þá ósk og það tilboð að við afgreiðum hér erlenda þáttinn, sem brýnt er að afgreiða, en vísum öðrum þáttum á ný til skoðunar í n. og umr. Þá geta menn hafið hana á nýjan leik þegar fjh.- og viðskn. hefur skoðað þá innlendu þætti sem hér hefur verið deilt um. Það er ósk mín, herra forseti, að þannig verði á málum tekið hér í trausti þess að menn muni í stjórnarandstöðunni ekki kveða sér hljóðs í millitíðinni, heldur sé eingöngu verið að nota þennan frest til þess að hæstv. ríkisstj. geti hugsað sig um.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég þakka það vinarþel sem mér hefur verið sýnt á þessum fyrstu og erfiðu sporum þingferils míns. Það er vel við hæfi í framhaldi af samræmdum spurningum í dag, samræmdu prófi í lánsfjárlögum, að taka nú samræmda kennslustund í þingmennsku. Ég mun kappkosta að nýta mér það besta sem ég tel mig geta fengið úr þeim báðum og ber enn fram þakkir til hæstv. ráðh. og alþm. fyrir að bera hag minn svo mjög fyrir brjósti.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta þolinmæði forseta mjög lengi. Það er hins vegar alveg ljóst að ráðh. hafa ítrekað gert í því hér í kvöld að tefja umr. með skætingi í garð stjórnarandstöðunnar og útúrsnúningum. Það er ekki nýtt. Þeir gera þetta iðulega þegar þeir eru orðnir rökþrota, og einkum er það hæstv. fjmrh. sem beitir sér mjög í þessu efni og sýnir þann drengilega svip sinnar þingmennsku. (**Fjmrh.:** Þetta er ekkert annað en málþóf.) Ætli ég hafi orðið núna um þingsköp eða hæstv. fjmrh. sé að ráðast

að talsmönnum stjórnarandstöðunnar þegar þeir eru búnir að tala sig dauða, eins og það heitir, og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér öðruvísi en í aths. um þingsköp?

Hæstv. fjmrh. er rökþrota. Hann er rökþrotabú. Það er eitt sem alltaf er hægt að hafa til marks um að hann sé kominn á botn í rökrænum málflutningi. Það er þegar hann fer að tala um neyðaráætlun Alþb. Hann lýkur yfirleitt öllum umr. hér á því að tala um neyðaráætlun Alþb., sem ég hafi lagt til að gera yrði til fimm ára á vegum þjóðstjórnar. Ég fagna því mjög að hæstv. fjmrh. skuli sýna með svo óyggjandi hætti hvenær hann stendur á gati. En í rauninni er núv. hæstv. fjmrh. sá fjmrh. sem staðið hefur á gati fremur en nokkur annar maður sem sögur fara af í því embætti í margföldum skilningi þess orðs. Neyðaráætlun Alþb. hafði hins vegar þann megintilgang að afstýra þeirri neyð frá íslenskum alþýðuheimilum sem stefna hans hefur innleitt í landinu að undanförnu. Það er ekki von að hann átti sig á því (Gripið fram í.) og geri sér grein fyrir því.

Hvað var hæstv. ráðh. að segja? (**Fjmrh.:** Ég skal lesa þetta fyrir þig.) Ég hef lesið þetta og kann þetta mjög rækilega. (Gripið fram í.) Í þessu stendur, hæstv. ráðh., að það sé nauðsynlegt að gera áætlun til að afstýra þeirri neyð sem ella blasir við þjóðarbúinu á Íslandi. (**Fjmrh.:** Hverjir voru þá í stjórn?) M. a. var það ég, hæstv. ráðh., — í stjórn sem þú innleiddir hér á Íslandi fremur en ýmsir aðrir menn, og er það eitt af því sem þú getur hrósað þér fyrir á þínum stjórnmálaferli (**Fjrmh.:** Það eru ósannindi.) og þingmennskuferli á liðnum árum. Eru það ósannindi, hæstv. ráðh., að þú hafir beitt þér mjög fyrir því að ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var mynduð? (**Fjmrh.:** Ég tók engan þátt í því.) Hvers lags eiginlega? (Gripið fram í.) Hvernig var með bréfið (**Forseti:** Ekki samræður.) til hæstv. forseta Íslands sem lýsti því yfir að páv. hv. þm. Gunnar Thoroddsen mætti gjarnan fá leyfi til þess að reyna að mynda ríkisstj.? (**Fjmrh.:** Það er ekki stjórnarmyndun.) Hvað er þetta? Ætlar hæstv. fjmrh. ekki að kannast við handaverk sín? (Gripið fram í.) Hverjum á að kenna um þetta? Er kannske einhver sem hægt er að kenna um þetta? (Gripið fram í.) Er verið að klaga? Ja, hvílík hetjudáð og hetjuskapur hér! Það er athyglisvert að þessi hæstv. ráðh. skuli taka að sér að kenna hv. þm. Guðmundi Einarssyni þingmennsku. Ég held nú að það færi flestum öðrum betur að reyna að hafa yfir lexíur í þeirri grein.

Herra forseti. Því miður hefur þessi umr. ekki leitt til þeirra lykta, sem eðlilegt hefði verið, að stjórnin hefði svarað fyrir þau mál sem hér hafa verið borin fram af fullum heilindum og með málefnanlegum hætti af stjórnarandstöðunni í dag. Ég harma málefnafátækt ríkisstj. og ég tel að henni hefði verið fyrir bestu að taka þeim leiðbeiningum stjórnarandstöðunnar að lesa heimastílinn sinn betur og koma með lánsfjárlögin í betri búningi hingað til þingsins til meðferðar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þessum umr. utan dagskrár er lokið. Ég vil nú spyrja hv. 7. þm. Reykv. hvort hann haldi fast við þá kröfu að ljúka ekki umr. nú. Ég held að eðlilegast sé að henni verði nú lokið. Það er enginn á mælendaskrá.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að gefa hæstv. ríkisstj. tækifæri til þess á lokastigi málsins að sjá sig um hönd og gefa þinginu tækifæri til að fjalla um þau göt sem tvímælalaust hafa verið leidd í ljós í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Ef hæstv. ráðh. hafa ekki vilja til þess að taka þessu tilboði, hafna því algjörlega og vilja fá þetta frv. afgreitt svona úr garði gert, eins og hér hefur verið lýst mjög rækilega, er það auðvitað þeirra vilji. Þeir ráða í þeim efnum.

Ósk mín til hæstv. forseta var eingöngu sett fram í því skyni að gefa hæstv. ríkisstj. tækifæri til þess nú í matarhléinu að hugsa sig um. Vill hún taka því tilboði að erlendi lánahlutinn yrði afgreiddur nú og síðan gæfist þinginu tækifæri til að fara ofan í alla aðra þætti málsins og leiða þá skýrt fram til þess að þjóðin þyrfti ekki til viðbótar við stórgötótt og sundurskotið fjárlagafrv. að standa uppi með botnlausar fjárfestingar á lánsfjáráætlun? Þetta er annað meginplaggið í efnahagsstjórn ríkisins. En ef hæstv. ráðh. vilja ekki taka þessu tilboði, herra forseti, á forseti engan annan kost en að ljúka þessari umr.

En það verður hins vegar tekið eftir því síðar meir og á það minnt að hæstv. ríkisstj. átti þennan kost, að geyma afgreiðslu þessara mála í þinginu þar til þau skýrðust nánar, en hún hafnaði því. Þá þýðir ekkert, hæstv. fjrmh., að koma á nýjan leik og segja að hæstv. ráðh. hafi ekki verið varaður við. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. segir að ég eigi að hætta að spila trúð. Þetta er — (**Forseti:** Ekki samtal). Jú, ég held að það að þau komi fram hér sé einmitt af hinu góða svo að þingsagan og þingtíðindin fái að geyma mjög rækilega síðustu orð hæstv. fjmrh. í umr. um þetta mál hér í deildinni. Ef nokkurn tíma hefur verið lögð fram trúðsleg lánsfjáráætlun og trúðslegt lagafrv., sem er byggt á þeim skollaleik sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson greindi frá í Ed. í dag, þá er það það sem hér er verið að afgreiða. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. situr uppi með þann titil, reynslan sýnir að hann er mesti trúðurinn sem setið hefur í embætti fjmrh. á Íslandi. (Gripið fram í.) Hann er með sundurskotna trúðshúfu, hann er með sundurskotinn trúðskufl, hann er með stórt gat á nefinu til að minna á götin í fjárlagafrv. og lánsfjáráætluninni og birtist þjóðinni í þeim búningi. Það ber svo að fagna því að þessi setning hafi verið lokin á ummælum hæstv. fjmrh. og komi þannig í þingtíðindin. — [Fundarhlé.]

ATKVGR.

Brtt. 455,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 460 felld með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBH, KP, KSK, SJS, SvG, GE, ÓRG, GHelg, HG, JS.

nei: MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, GHG, FÞ, GB, GGS, HÁ, HBl, IG.

8 þm. (KJóh, KH, RH, BÍG, FrS, GSig, GeirG, GA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Eins og áður

hefur komið fram í dag vil ég samt enn vekja athygli manna á því að hér er ríkið að draga sér fé sem á að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra og ekki er af fjárlögum heldur er þetta fé sem átti að vera markaður tekjustofn til uppbyggingar stofnana fatlaðra af öllu tagi, notað til að stoppa í göt fjárlaga ríkisstj. Því er ég andvíg og ég segi já.

Brtt. 455,2 samþ. með 28 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, GHG, FÞ, GB, GE, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HG, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SJS, SvG, SvH, ÞP, ÞS, AS, IG.

ÓRG, JS, JBH, KP greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (BÍG, FrS, GSig, GeirG, GA, KJóh, KH, RH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þessi brtt. var flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. núna við 3. umr. málsins og málið kom aldrei til meðferðar í fjh.- og viðskn. (**PP:** Þér sýnist það.) Ég er ekki búinn að ljúka máli mínu, hv. þm.

Forsendur málsins hafa aldrei legið fyrir, hvorki fyrir fjh.- og viðskn. sem hv. þm. og frammíkallari er formaður fyrir, né heldur hefur hv. þm. haft fyrir því að kynna deildinni málið. Ég vil láta þessa getið vegna þess að hér er mjög óvenjulega að málum staðið. Ég tel að nauðsynlegt sé að fara þess á leit við hæstv. félmrh., sem fer með málefni Bjargráðasjóðs, að hann geri fjh.- og viðskn. grein fyrir þessu máli á síðari stigum þannig að n. megi fara yfir þá úthlutun sem hér er ráðgert að fram fari. Mér finnst orðalagið á þessu að sumu leyti nokkuð óljóst en þó er það ekki ólíkt því sem var þegar um var að ræða sjálfskuldarábyrgð á láni vegna kartöflubænda sem var afgreitt við 2. umr. málsins.

Með tilliti til þess að ég geri ráð fyrir því að hér verði farið með mál á svipaðan hátt og verið hefur á vegum Bjargráðasjóðs þá segi ég já við þessari till.

Frv., svo breytt samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, GHG, FÞ, GB, IG.

nei: JBH.

ÓRG, GHelg, HG, JS, KP, KSK, SJS, SvG, GE greiddu ekki atkv.

8 þm. (GA, KJóh, KH, RH, BÍG, FrS, GSig, GeirG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Fram hefur komið að eina ástæða þess að verið er að afgreiða þetta frv. hér í kvöld er sú að hæstv. ríkisstj. er komin í eindaga erlendis með að taka erlend lán. Verði frv. ekki afgreitt hér í kvöld verður ríkisstj. af þessum lántökumöguleika.

Einnig hefur komið fram við þessa umr. að hæstv. ríkisstj. hefur verið boðið af hálfu stjórnarandstöðunnar að afgreiða eingöngu þá grein þessa frv. sem snertir hina erlendu lántöku, en láta aðra þætti, sem mjög hefur verið deilt um við þessa umr. og allir eru í mikilli óvissu, bíða. Þessu tilboði hefur hæstv. ríkisstj. neitað að taka. Þess vegna liggur ljóst fyrir að hæstv. ríkisstj. er staðráðin í að fá hér afgreitt frv. til lánsfjárlaga sem er svo mikilli óvissu háð að það gefur í raun og veru enga vísbendingu um efnahagsstjórnina á því ári sem nú er að líða. Þetta frv. er botnlaust frv., þetta frv. er merkingarlaust frv. og það er ekki skv. sóma Alþingis að afgreiða þetta frv. hér og nú.

En fyrst ríkisstj. vill sitja uppi með þennan gjörning verður hún að eiga þá ákvörðun. Ég tek þess vegna ekki þátt í afgreiðslu þessa máls og sit hjá.

Frv. endursent Ed.

Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, frv. 196. mál (þskj. 352, n. 429 og 438, 427, 439). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og fram kom við 1. umr. skipaði landbrh. í desembermánuði 1982 nefnd til þess að huga að afkomu bænda, m. a. með hliðsjón af árferðisáföllum og mismunandi tekjum eftir búgreinum. Formaður þessarar nefndar var Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur, aðstoðarbankastjóri í Seðlabankanum. Aðrir nm. voru Ingi Tryggvason formaður Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson bóndi í Eystra-Geldingarholti, Sigurður Líndal bóndi á Lækjamóti og Sigurður Sigurðsson bóndi á Brúnastöðum. Í skýrslu, sem þessi nefnd hefur sent frá sér, segir m. a., með leyfi forseta:

„Þörfin fyrir skuldbreytingu svo fljótt eftir hina síðustu á sér að mörgu leyti sömu orsakir og þá, en einnig er um nýtilkomnar ástæður að ræða:

1. Ófullnægjandi frumfjármögnun fjárfestingar af lánshlutfalli og lánalengd sem einkum kemur hart niður á frumbýlingum.

2. Sérstök árferðisáföll, svo sem árið 1979 og væntanlega aftur nú 1983, svo og langvarandi örðugt tíðarfar, en það hefur komið misjafnt niður eftir landshlutum.

3. Skipulegur framleiðslusamdráttur sem haft hefur í för með sér þyngingu fjármagnskostnaðar miðað við afurðatekjur.

4. Verðtrygging mikils og vaxandi hluta lánsfjárins án þess að lengd lána hafi enn þróast til fulls samræmis við það."

Síðar segir í þessari skýrslu:

„Af þeim athugunum sem gerðar hafa verið skv. framansögðu og umr. um þær virðist mega draga eftirfarandi ályktanir um fjárhagsvanda bænda. Ljóst er að vandinn er að nokkru almennur, háður efnahagsárferði landsins, verðbólgu, lánsfjárstefnu og stöðu landbúnaðarins í hagþróun. Markaðsþrengsli og þvingaður samdráttur framleiðslunnar skapa landbúnaðinum sérstöðu meðal atvinnuvega enda þótt vandkvæði af þeim sökum séu ekki sambærileg við þann vanda sem nú mæðir á sjávarútvegi."

Enn segir í þessari skýrslu:

„Lán til landbúnaðar eru bæði til bænda, einkum fjárfestingarlánin, og til vinnslu- og afurðasölufyrirtækja sem bændur bera kostnað af og standa ábyrgir fyrir. Lán lánastofnana til íbúðarbygginga og kaupa eru ekki með tekin."

Landbn. kallaði fyrir sig formann þessarar nendar, Bjarna Braga Jónsson, og enn fremur Stefán Pálsson bankastjóra í Búnaðarbankanum. Nefndin hélt nokkra

fundi um málið og eins og kemur fram í nál. meiri hl. á þskj. 438 leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingum sem eru á sérstöku þskj. Auk þess áskilja einstakir nm. sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Þessar brtt. sem meiri hl. landbn. leggur til eru í fyrsta lagi að í 1. gr. bætist orðin „til búrekstrar" og þá verði mgr. þannig: „Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga til búrekstrar á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum."

Í öðru lagi stóð í frv. í 2. gr., 2. mgr.: „Ákvörðun um lánakjör skal tekin af stjórn veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbrh."

Stjórn veðdeildarinnar er bankaráð Búnaðarbankans og í bankaráðinu hafa náttúrlega ekki aðrir atkvæðisrétt en þeir sem eru stjórnendur í bankaráðinu. Þar af leiðir að meiri hl. gerir þá till. að síðari mgr. 2. gr. orðist svo:

„Ákvörðun um lánakjör skal tekin af bankaráði Búnaðarbanka Íslands að höfðu samráði við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbrh."

Í þriðja lagi er breyting til samræmis við þetta við 6. gr.

Við 1. umr. þessa máls urðu verulegar umr. um þetta mál og var talið af ýmsum að jafnéðlilegt væri að breyta lausaskuldum annarra, t. d. húsbyggjenda. Voru mörg orð höfð um það og raunar í framhaldi af því tillöguflutningur sem ég ætla ekki að fara út í að öðru leyti en því, að ég vil svara því sem þar kom fram á þann veg að frá síðustu lausaskuldabreytingu í þágu bænda um áramótin 1979 og 1980 hafa farið fram tvær umferðir skuldbreytinga fyrir íbúðabyggjendur. Hin fyrri fór fram árið 1981. Voru styttri íbúðarlán viðskiptabanka og sparisjóða þá yfirleitt lengd í átta ár og svipaðri lánalengd að mestu haldið síðan á lánum ætluðum sem viðbótarlán. Við valdatöku núv. ríkisstj. var boðið upp á tvenns konar lánalengingu: Í fyrsta lagi frestun fram yfir lánstímann á fjórðungi ársgreiðslu íbúðarlána. Í öðru lagi lausaskuldbreytingu vegna þeirra sem byggt hafa eða keypt íbúð fyrsta sinn undanfarin 2—3 ár. Þessi skuldbreyting hefur verið í gangi að undanförnu eins og hv. alþm. vita en upplýsingar um fjárhæðir liggja ekki enn fyrir.

Í sambandi við sjávarútveginn má minna á það í sambandi við þær till. sem hér liggja fyrir og þær umr. sem fram fóru að á síðari hluta árs 1982 og fram um áramótin 1982—1983 fór fram víðtæk breyting lausaskulda sjávarútvegsins, ekki aðeins við lánastofnanir heldur einnig viðskiptaaðila útvegsins. Nam heildarskuldbreytingin sem þá var gerð 577 millj. kr. fyrir milligöngu viðskiptabankanna og með sérstakri fyrirgreiðslu Seðlabankans við þá. Út af því sem fram hefur komið um þetta mál vil ég minna á þetta því að segja má að skipun þessarar nefndar, sem fyrrv. landbrh., Pálmi Jónsson. skipaði eins og ég gat um áðan og núv. landbrh. fól að halda áfram könnun sinni á skuldastöðu bænda, sé í beinu framhaldi af þessum skuldbreytingum. Þessi skuldbreyting gefur því ekkert fordæmi til skuldbreytinga gagnvart öðrum aðilum. Þetta vil ég að komi hér fram.

Ég ætla ekki að ræða mikið um þær brtt. sem hér liggja fyrir. Ég vil segja það að í sambandi við þær brtt. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flytur að þó að ég sé t. d. fyrri till. efnislega sammála að flestu leyti tel ég að 1. gr. frv. feli hana að mestu leyti í sér. Í síðari brtt. leggur hv. þm. til að innlánsstofnunum sé skylt að taka við bankavaxtabréfum er gefin verða út skv. lögum þessum, Seðlabankinn endurkaupi þessi bréf. Þegar ég fer að rifja upp þær umr. sem fram hafa farið í sambandi við skuldbreytingar undanfarið minnist ég þess að rætt hefur verið um þetta hvað eftir annað. Margir af áhrifamönnum í bændastétt hafa bent á að varla væri vogandi að fara að lögþvinga slíkt vegna þess að þá væri hætt við því að ýmsar lánastofnanir mundu verða hikandi að lána bændum sem eru í erfiðleikum og eru að byggja upp á jörðum sínum miklar upphæðir ef þær mættu eiga það víst að síðan gæti svo farið að þeir væru með lögum skyldaðir til þess að taka bankavaxtabréf til langs tíma með hinum ýmsu kjörum. Seðlabankinn hefur tekið þessi bréf af innlánsstofnunum kaupfélaganna og minni sparisjóðanna, þ. e. þeim sparisjóðum og innlánsstofnunum sem eru með heildarinnlán undir 56 millj. kr., en það munu vera 54 sparisjóðir og innlánsstofnanir sem eru með innlán undir þessari tölu. Þannig að þó það hefði kannske verið að sumu leyti æskilegt ef hefði verið hægt að ganga frá þessu þannig að tryggt væri að innlánsstofnanir og Seðlabankinn endurkeyptu þessi bréf er fleira í þessu máli sem verður að athuga. Þær skuldbreytingar sem áður hafa verið gerðar hafa, held ég, tekist með allbærilegum hætti.

Vitnað hefur verið í bréf sem birst hefur í blöðum frá Guðmundi Sigurðssyni, Áslandi í Hrunamannahreppi, þar sem hann er með vangaveltur út af þessu máli. Hann segir að veðdeild Búnaðarbankans hafi tekið 1% í þóknun fyrir sín störf. Þetta er mishermt, það er ½% sem var tekið við síðustu skuldbreytingu og ég vil að það leiðréttist og að hv. þm. viti hið sanna í því máli. Guðmundur Sigurðsson er með vangaveltur yfir því hvernig þessi skuldbreyting mundi fara fram. En eins og frv. er úr garði gert á bankaráð Búnaðarbankans að gera till. um málið til landbrh. eða ríkisstj. sem síðan samþykki það.

Síðast þegar þessi skuldbreyting fór fram voru vextir í bönkum á verðtryggðum lánum 2.5%. Fyrri part ársins 1980, þegar skuldbreytingin fór fram, var þetta ástand. En kjörin voru þau að þessi bréf voru vaxtalaus. Nú er ástandið þannig á þessum markaði að vextir á þessum bréfum eru í vissum tilvikum komnir yfir 5%. Ég held að ég geti sagt það þó að ekki sé mikið búið að fjalla um þessi mál í bankaráðinu eða í Búnaðarbankanum að auðvitað mun till. bankaráðs Búnaðarbankans miðast við það að þeir sem bændur skulda taki við þessum bréfum en þó þannig að ekki verði afföll af bréfunum. Sem sagt skoðað verður mjög vel áður en gerð verður till. til ríkisstj. um þessi kjör. Þetta er það eina sem ég get sagt á þessu stigi þannig að þessi skuldbreyting komi að tilætluðum notum og nái því markmiði sem að er stefnt.

Nokkuð hefur verið rætt um hver þessi kjör verða, bæði í nefndinni, í blöðum og annars staðar. Sú nefnd sem ég var að vitna í hefur gert sínar till. og auðvitað mun bankaráðið og aðrir sem um þetta fjalla hlusta á till. þessarar nefndar þar sem formaður hennar, eins og ég gat um áðan, er aðstoðarbankastjóri Seðlabankans

og hann var í síðustu nefnd líka og ég tel að þá hafi hann einnig unnið mjög gott verk.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þá afstöðu sem minni hl. hefur í þessu máli. Ég held að í raun og veru komi afstaða minni hl. fram í grg. þar sem tekið er fram að ótímabært sé fyrir Alþingi að taka endanlega afstöðu til málsins fyrr en nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir. En síðar kemur upptalning sem kom fram í fyrri umr. þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lesa hana upp frekar enda mun það koma fram í framsögu minni hl. á eftir.

Að svo komnu máli sé ekki ástæða til þess að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég bara vænti þess að þessi skuldabreyting verði til þess að laga fyrir þeim fjölmörgu bændum sem vegna þeirra orsaka sem ég hef hér talið áður eru í miklum erfiðleikum. Segja má að landbúnaðurinn sé nú í miklum erfiðleikum, kannske meiri erfiðleikum en oft áður af fleiri ástæðum en ég hef talið upp, en ég vil ekki fara út í það á þessu stigi frekar.

Meiri hl. landbn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef skýrt frá.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. í nál. minni hl. landbn., en minni hl. leggur til að málið verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem verðdeild Búnaðarbanka Íslands er lögum skv. heimilt að gefa út bankavaxtabréf og veita lán gegn veði í fasteignum, þar með talið að breyta í föst lán lausaskuldum bænda ef næg veð eru fyrir og um semst um lánstíma og greiðslukjör milli lánadrottna og skuldunauta, og sérstakar lagaheimildir af þessu tilefni eru þar af leiðandi óþarfar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Það kom m. ö. o. á daginn í umfjöllun nefndar um þetta frv., sem kallað er frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, að frv. er óþarft með öllu. Skv. lögum um veðdeild Búnaðarbankans er hlutverk veðdeildarinnar útgáfa bankavaxtabréfa og veiting lána gegn veði í fasteignum. Veðdeildin hefur því lögum skv. ótvíræða heimild til útgáfu nýs flokks bankavaxtabréfa og þar með til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda ef næg veð eru fyrir og lánadrottnar sætta sig við lánstíma og greiðslukjör og fjármunir eru fyrir hendi. Sérstök lög til að heimila þessa breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán eru þess vegna óþörf. Þess vegna leggur minni hl. til að frv. verði vísað frá.

Til þess að færa frekari sönnur á þetta eru birt í þskj. með nál. minni hl. gildandi lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands þar sem það kemur skilmerkilega fram hvert hlutverk deildarinnar er, að henni er þetta með öllu heimilt. Skv. 4. gr. þeirra laga kemur m. a. s. á daginn að þar er um að ræða ábyrgð ríkissjóðs, en ekki einfalda bankaábyrgð, þannig að það fer ekki milli mála og hefur ekki verið vefengt og reyndar staðfest í viðræðum við einn af bankastjórum Búnaðarbankans að að hans mati væri það alveg ótvírætt að nægar lagaheimildir væru fyrir hendi í gildandi lögum um veðdeild Búnaðarbankans. Það fer því ekkert á milli mála að þetta frv. sem slíkt er ónauðsynlegt til þess að framkvæma skuldabreytinguna, hér er ekki þörf neinna nýrra lagaheimilda. Það sem aftur á móti skortir og það sem Alþingi þarf að taka afstöðu til er auðvitað fyrst og fremst fjárútvegunin sjálf og það sem því fylgir.

Eins og fram kom í máli frsm. meiri hl. þá er aðdragandinn að þessu máli sá, að hæstv. fyrrv. landbrh. skipaði nefnd til þess að fjalla um málið og skila till. og grg., sem hún gerði með skilum þann 9. sept. s. l. Í nál. kemur það fram að nefndin mælir mjög með því að málinu sé hraðað og telur óhjákvæmilegt annað en að standa þannig að málum að þetta geti orðið að lögum fyrir s. l. áramót. Þeim mun meiri furðu hlýtur það að vekja að aðgangsharka hæstv. landbrh. er ekki meiri í þessu máli en raun ber vitni. Nefndin skilar áliti þann 9. sept. og síðan er liðinn hver mánuðurinn á fætur öðrum. Þing sest á rökstóla í október og ekki bólar á þessu frv., þó að nál. liggi fyrir skilmerkilega í okt., og nú er kominn mars. Bendir það nú vægast sagt ekki til þess að mikill hugur fylgi máli. Sú skýring var nefnd á þessum drætti í umfjöllun nefndarinnar að þarna hefði komið til andstaða af hálfu fjmrn. við því að veita ríkisábyrgð f. h. fjmrh. Því er til að svara að ef sú leið hefði verið farin sem ég er hér að benda á, þ. e. ef menn hefðu áttað sig á því að lagaheimildir voru fyrir hendi skv. lögum um veðdeild Búnaðarbankans, þar sem ríkisábyrgðin er fyrir hendi skv. lögunum þá þurfti ekki að tefja málið af þeim sökum.

Menn spyrja kannske um fordæmi. Úr því að þessi lög eru greinilega óþörf, hvernig stendur þá á því að við fyrri tilvik, þegar um hefur verið að ræða breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán, sem eru orðin ekki undantekning heldur föst regla á undanförnum árum og hefur þannig verið samfellt allt tímabilið frá 1970 til dagsins í dag, að þá hefur verið farið eins að? Því er til að svara að jafnvel þó slík frv. hafi verið lögð fram þá voru þau engu að síður óþörf. Vegna þess að t. d. 1979 var framkvæmdin sú að skv. tilmælum ríkisstj. var það Byggðasjóður sem fjármagnaði þessa skuldbreytingu, en þá mun, eftir því sem nm. voru upplýstir um, í fyrsta sinn hafa komið til þess að um sérstaka útgreiðslu nýrra lána hafi verið að ræða til þess að losa um vanskil, sem myndast höfðu áður hjá viðskiptafyrirtækjum bænda, innlánsdeildum kaupfélaga aðallega og öðrum slíkum.

Því má svo bæta við að þrátt fyrir það að málið hefur dregist svo mjög, og það að óþörfu að mínu mati, þá verður nú ekki sagt að meðgöngutíminn, þetta hálfa ár sem síðan er liðið, hafi verið notaður til þess að hægt sé að segja að málið sé undirbúið með fullnægjandi hætti. Þannig liggur raunverulega ekkert fyrir um það hvaða upphæð er verið að ræða um. Enn er mjög á reiki hver verður endanlega fjöldi umsækjenda úr hópi bænda um þessa skuldbreytingu. Þar af leiðandi liggur ekkert fyrir um hver heildarupphæð fyrirhugaðrar skuldbreytingar verður, þaðan af síður um það hlutfall af þeirri óþekktu heildarupphæð sem meiningin er að afla í formi nýrra lána til þess að greiða upp vanskil, þannig að skuldunautar verði lánshæfir. Að vísu liggur nú fyrir till. um það hvaða kjör verði á þessum reiðufjárhluta, en ýmislegt hins vegar enn í óvissu þrátt fyrir allt um það, þ. e. afstöðu lánadrottnanna sjálfra, hvort þau kjör eru ásættanleg af þeirra hálfu.

Niðurstaða míns máls er þess vegna sú í fyrsta lagi, að þessi dráttur er óeðlilegur. Í annan stað það að þetta frv. leysir ekkert vanda bænda. Jafnvel þó að þetta frv., sem ég tel mig hafa sýnt fram á með rökum að er óþarft, væri samþykkt hér og nú, þá eru bændur að engu

bættari, því að eftir er að skila vörunum, þ. e. að tryggja það lánsfjármagn sem þarf til að koma þessu á í framkvæmd, en flm. og allir sem um málið hafa fjallað leggja á það höfuðáherslu að skuldbreytingin sé óframkvæmanleg í verki ef ekki kemur til hið nýja fjármagn. M. ö. o., það er þá fyrst sem kemur til kasta Alþingis. Alþingi þarf ekki að endurnýja lagaheimildir, þær eru fyrir hendi.

Það sem leiðir af samþykkt þessa frv. er því nánast ekki neitt annað en viljayfirlýsing sem er þó þörf. Bændur eru að engu bættari og ríkisstj. hefur enn ekki, þrátt fyrir þennan langa aðdraganda málsins, lagt fram till. um það með hvaða hætti hún vilji fjármagna þetta. Rétt er hins vegar að það komi fram að þann 28. febr. mun hafa verið samþykkt í hæstv. ríkisstj. að tillögu landbrh. svohljóðandi till.:

„Ríkisstj. fellst á þá till. nefndar, sem kannaði fjárhagsvanda bænda, að veðdeild Búnaðarbanka Íslands verði útvegað lánsfé, er nemi allt að 40% skuldbreytingar á lausaskuldum bænda, enda verði séð um að röð ábyrgðaraðila á lánum þessum verði sú sama og í frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán“ o. s. frv.

Ríkisstj. hefur m. ö. o. samþykkt að útvega slík lán. Af því tilefni má nú rifja upp að við höfum í allan dag rætt hér á hv. Alþingi í þessari deild frv. til lánsfjárlaga. Í þeirri umr. hafa stjórnarandstæðingar leitt talið mjög að efnahagsstefnu ríkisstj. Sjálfir hafa stjórnarsinnar lagt til eldiviðinn í þær heitu umr. með því að upplýsa að fjárlög ríkisins nýsamþykkt eru nú með ógnarstóru gati, þannig að þeim saumaskap þarf að spretta upp og endurnýja fjárlögin. Ríkissjóður er rekinn með seðlaprentun í Seðlabankanum eða sívaxandi yfirdrætti í Seðlabankanum. Það er talað um gat í fjárlögum upp á tvo milljarða, það er talað um að á fyrstu þremur mánuðum þessa árs sé yfirdráttur ríkissjóðs við Seðlabanka um miðjan þennan mánuð kominn upp í 2.7 milljarða. Stjórnarandstæðingar telja sig hafa fært rök að því að lánsfjárlögin, nýsamþykkt, séu óraunsæ með öllu og vitna þar í gefnar yfirlýsingar stjórnarsinna sjálfra, sem viðurkenna að áætlun um innlenda lánsfjáröflun hafi brugðist. Þar að auki eru talin upp ótal verkefni sem ríkisstj. er með á prjónunum og verða ekki fjármögnuð nema með erlendum lánum, þannig að við teljum að þar standi út af um 1—1.5 milljarður. Þessu til viðbótar er það staðfest af hæstv forsrh. að peningamálastefna ríkisstj. er öll í molum. Nægir þar að nefna útlánaaukningu bankanna fyrstu tvo mánuði þessa árs sem samsvarar því að aukning peningamagns í umferð væri á einu ári 61.2%, sem er náttúrlega í engu samræmi við yfirlýst verðbólgumarkmið ríkisstj. Mjög hefur gengið á gjaldeyrisforðann af sömu ástæðum og engu munar nú þessa dagana að seinasta hálmstrá hæstv. fjmrh., sem er það að hann muni taka þokann sinn ef svo fer að hlutfall erlendra lána af vergri þjóðarframleiðslu fari yfir 60%, er nokkurn veginn að gerast þessa dagana, fyrirsjáanlegt að yfir þau mörk verður farið.

Ekki er þetta glæsileg lýsing. Ríkisstj. hefur náð takmörkuðum árangri á einu takmörkuðu sviði, en nú er allur sá takmarkaði og tímabundni árangur í hættu vegna þess að aðhaldsaðgerðir á öðrum sviðum hafa ekki fylgt á eftir. M. ö. o., það er stórkostleg hætta á því að verðbólguhringekjan fari að snúast með sívaxandi hraða og hvert viðnámsvígið á fætur öðru, sem ríkisstj. hefur lýst yfir,að hún staðnæmist í á flóttanum, er hrunið.

Það vakti að sjálfsögðu athygli okkar nm. í landbn. að engar till. voru gerðar um nýja fjármögnun að því er varðar lausaskuldir bænda í lánsfjárlögum. Þess vegna er niðurstaðan sú, að við vitum ekkert hvaðan ríkisstj. hugsar sér að taka þetta fé. Það kom fram í umræðu nefndarinnar að bankastjóri Búnaðarbankans, sem kom til viðræðu, taldi með öllu óraunhæfa þá hugmynd sem fram kemur í niðurlagsorðum samþykktar ríkisstj.: „Viðskrh. er falið að kanna hvort lenging erlendra lána Framkvæmdasjóðs ásamt aðstoð Seðlabanka Íslands nægi til fjáröflunar í þessu skyni.“ Á það var bent að lán veðdeildar, það er aðeins um að ræða eitt erlent lán, er til mjög langs tíma, lán Stofnlánadeildar munu vera einnig til langs tíma, og það framkallast ekkert nýtt fjármagn með þessum hætti. Niðurstaða okkar hlýtur því að vera sú, að ekki sé um aðra útvegi að ræða fyrir hæstv. ríkisstj. en að leita eftir heimild Alþingis til að afla þessara fjármuna með erlendri lántöku þegar að því kemur að ríkisstj. viti um hvaða fjármuni er að tefla.

Það er athyglisvert í þessu sambandi að rifja það upp, að þótt þessi lagasetning sé óþörf og komi bændum að engu gagni á þessu stigi málsins og spurningin snúist þess vegna um nýja fjármögnun, þá mætti spyrja sem svo: Er þetta þá ekki þegar á valdi veðdeilarinnar? En á fundum nefndarinnar kom það fram að veðdeildin er meira en á hausnum og ekki aflögufær til að leysa þennan vanda, þó hún hafi haft heimildir til, eins og segir í nál. minni hl.:

„Á fundum nefndarinnar var upplýst að höfuðstóll veðdeildar er neikvæður um ca. 20 millj. kr. Ástæðurnar fyrir þessu fjárhagshruni veðdeildarinnar eru einkum þrjár að sögn forráðamanna hennar:

1. Á árunum 1972—1977 var henni gert að taka erlend gengistryggð lán og verðtryggð innlend lán.

2. Útlán deildarinnar, m. a. til jarðakaupa, voru hins vegar óverðtryggð allan tímann.

3. Lögboðin framlög ríkissjóðs til deildarinnar voru skert.“

Þetta rennir enn stoðum undir það, að það virðist ekki vera annar útvegur, ef meiningin er að standa við þetta í reynd, ef þetta á að vera annað og meira en sýndartillaga, en að útvega nýtt fjármagn. Það er varða á þeirri leið að mjaka hinu ginnhelga hlutfalli erlendra lána enn upp fyrir 60% markið og ýta þar með undir það að hæstv. fjmrh. standi við stóru orðin um að standa upp úr stólnum.

Herra forseti. Frsm. meiri hl., hv. 3. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson, vék nokkuð að öðrum brtt. sem fram eru komnar í þessu máli. Þar á meðal vék hann að fordæmum um skuldbreytingu annarra aðila og þó einkum húsbyggjenda og aðila í sjávarútvegi. Af því tilefni vil ég taka það fram að samkv. upplýsingum sem ég fékk frá hagfræðingi LÍÚ og varða skuldbreytingu í sjávarútvegi árið 1982, voru skilyrði fyrir þeirri skuldbreytingu þau að hér væri eingöngu um að ræða vanskilaskuldir og undir því hámarki, að skuldbreytingin mætti ekki nema hærra hlutfalli en 7% af matsverði eigna viðkomandi fyrirtækja. Í sambandi við þá skuldbreytingu hefði skilmerkilega verið tekið fram að ekki hefði verið veitt heimild til að afla nýrra lánsfjármuna.

Herra forseti. Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, en dreg aðeins saman

niðurstöðurnar. Það er álit minni hl. að ótímbært sé fyrir Alþingi að taka endanlega afstöðu til málsins fyrr en nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir. En þær teljum við vera þessar:

1. Hver er áætluð heildarupphæð skuldbreytingarinnar?

2. Hvernig hyggst ríkisstj. útvega nýtt lánsfé til að standa undir áætluðu útgreiðsluhlutfalli og hver verður heildarupphæð þessara lána?

3. Hvaða kjör á reiðufjárhluta lánanna geta lánadrottnar sætt sig við til þess að taka við nýjum skuldabréfum í stað verðtryggðra vanskilalána með hæstu vöxtum?

Það kom fram í máli frsm. meiri hl. að algengt vaxtastig á bréfum af þessu tagi, þegar um er að ræða fjárfestingarlán og veðlán, væri nú um 5—5½%. Niðurstaðan er því þessi: Þrátt fyrir langan aðdraganda, þrátt fyrir að langt er síðan, hálft ár frá því að nefndin, sem undirbjó málið, skilaði áliti þá er málið ekki lengra komið en svo, að það reynir fyrst á efnislega afstöðu Alþingis til málsins þegar ríkisstj. stendur við samþykkt sína um að útvega þá fjármuni, sem allir sem um þetta hafa fjallað eru sammála um að skeri úr um það, hvort hér verði um að ræða annað en nafnið tómt eða hvort af framkvæmdinni verður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 19. mars, kl. 5 síðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 465, sbr. 364). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:4 atkv. og endursent Nd.

Sala lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, frv. 178. mál (þskj. 319). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:3 atkv. og afgr. til Nd.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frv. 226. mál (þskj. 398, n. 435). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Virðulagi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti allshn. Ed. um breyt. á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Eins og nál. ber með sér mælir allshn. með því að frv. verði samþykkt.

Frv. fjallar um birtingu staðbundinna gjaldskráa og gerir ráð fyrir að um birtingu þeirra verði tekin upp nýr háttur, þ. e. að horfið sé frá því að birta slíkar gjaldskrár eins og verið hefur í B-deild Stjórnartíðinda, en í stað þess látið nægja að geta þess í B-deild Stjórnartíðindanna hvenær þessar gjaldskrár hafi verið útgefnar og hvar þær liggi frammi eða hvar þær séu birtar innan þeirra staðartakmarka sem þær eiga að gilda fyrir.

Fjöldi staðbundinna gjaldskráa hefur farið mjög vaxandi, þannig að birting þeirra hefur tekið æ meira rúm í B-deild Stjórnartíðinda og er nú svo komið að þar er ekkert hóf á. Þess vegna þykir eðlilegt að fella niður birtingu þeirra í B-deildinni. Það horfir til sparnaðar, hagræðingar og birting í Stjórnartíðindum virðist óþörf vegna réttaröryggis. Það er hægt að fullnægja því skilyrði allt eins vel með því að birta gjaldskrá, hvort sem það er hafnargjaldskrá eða hitaveitugjaldskrá o. s. frv., á staðnum.

Ég endurtek svo, virðulegi forseti, að allshn. Ed. mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 19. mars, kl. 9 síðdegis.

Málflytjendur, frv. 250. mál (þskj. 452). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Stjórnarfrv. það um beytingu á lögum um málflytjendur, sem hér liggur fyrir á þskj. 452, er flutt í þeim tilgangi að taka af öll tvímæli um það hverjir njóti réttinda og beri skyldur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna skv. málflytjendalögum.

Skv. lögunum skulu lögmenn hafa með sér félag, Lögmannafélag Íslands, og skulu stjórnvöld m. a. hafa eftirlit með að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Talið hefur verið að allir þeir sem fengið hafa málflutningsleyfi eigi skylduaðild að Lögmannafélaginu.

Ýmis opinber störf eru þess eðlis að málflutningsstarf telst ósamrýmanlegt slíku starfi og lögfræðingar er þeim gegna mega ekki stunda málflutningsstarf. Hafi þeir fengið málflutningsleyfi skulu þeir leggja inn leyfi sitt meðan svo stendur á. Svo háttar til um þá sem gegna störfum við embætti dómara, lögreglustjóra, tollstjóra ríkisskattstjóra, ríkissaksóknara og í stjórnarráði og er um það fjallað í reglugerð frá 1971. Þessir málflytjendur

einir eru undanþegnir félagsskyldu en hins vegar ekki aðrir, jafnvel þótt þeir sinni ekki málflutningsstörfum.

Frv. felur það í sér að þeim sem þess óska og engin málflutningsstörf stunda verði heimilað að afhenda málflutningsleyfi sitt til varðveislu í dómsmrn. Fellur þá niður skylduaðild viðkomandi að Lögmannafélaginu meðan svo stendur á jafnframt því sem honum er óheimilt að stunda málflutning sem háður er einkaleyfi lögmanna. Með frv. verða þannig skýrari línur að því leyti hverjir séu félagsmenn í Lögmannafélaginu og beri skyldur og réttindi lögmanna. Skapast með þessu betri aðstaða fyrir stjórn Lögmannafélagsins til að gegna skyldum sínum að því er varðar þá sem málflutning stunda. Hefur stjórn Lögmannafélagsins óskað eftir því að breyting þessi komist á og hefur þótt rétt að stuðla að því með flutningi frv.

Frv. gerir jafnframt ráð fyrir því að þeim sem af sjálfsdáðum leggja inn leyfi sitt til varðveislu verði heimiluð aukaaðild að Lögmannafélaginu, svo og að málflytjanda, sem hefur málflutning að aðalstarfi í þágu opinbers aðila, verði heimiluð full aðild að félaginu.

Frv. þetta fjallar um afmarkaðan þátt að því er varðar starf málflytjanda, þann að taka af tvímæli um hverjir njóti réttinda og beri skyldur lögmanna. Er þess að vænta að breytingin tryggi betur að hafa megi eftirlit með starfi þeirra lögmanna sem málflutning stunda.

Ég tel eigi þörf á að víkja frekar að efni frv. og vísa að öðru leyti til athugasemda með því.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 19. mars, að loknum 65. fundi.

Lánsfjárlög 1984, frv. 144. mál (þskj. 471). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Frv. til lánsfjárlaga, sem verið hefur í þinginu í margar vikur og raunar fleiri mánuði, hefur sætt nokkrum breytingum í Nd. Alþingis þannig að það er nú komið aftur til Ed. Á sínum tíma urðu verulegar umr. um lánsfjárlögin. Gerð var grein fyrir þeirri meginstefnu sem ríkisstj. hefur markað í fjárfestingarmálum, þ. e. að hægja nokkuð á fjárfestingu frá því sem verið hefur um allmörg ár. Mig minnir að gert væri ráð fyrir að fjárfesting yrði tæp 24% af þjóðarframleiðslu sem er talsvert minna en sú stefna sem mörkuð hefur verið við afgreiðslu lánsfjárlaga á mörgum undanförnum árum. Venjulega var þetta hlutfall áætlað á bilinu 25—27% og varð venjulega 26—27% af þjóðarframleiðslu þegar árið var gert upp. Höfuðeinkenni lánsfjárlaganna er það að hægja á fjárfestingu, sem ætti að draga úr þenslu og væntanlega stuðla að því að halda niðri verðbólgu.

Breytingar urðu í Nd. á 3. gr. lánsfjárlaganna. Landsvirkjun er, skv. því sem Nd. samþykkti nú, heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 900 millj. kr. sem skiptist þannig:

Í fyrsta lagi til Blönduvirkjunar, 200 millj. kr. Í öðru lagi Kvíslaveitur og Þórisvatn 350 millj. kr. Í þriðja lagi Suðurlína 180 millj. og í fjórða lagi í annað 170 millj.

Þá skal enn fremur gætt ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka skv. þessari grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

Síðan er viðbót við 24. gr. frv., að í stað 2.5 millj. kr., sem þar eru tilgreindar, komi 3.6 millj. kr. En 24. gr. frv. hljóðar þá svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð, skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 3.6 millj. kr. á árinu 1984."

32. gr. frv. fjallar um það að fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem tekin eru til smíði skips sem Vélsmiðja Seyðisfjarðar hf. hefur í smíðum. Skip þetta má vera allt að 26 metra langt og með vélarafl allt að 600 hestöflum. Mega lánin nema allt að 80% smíðaverðs skipsins skv. mati ríkisábyrgðasjóðs. Ábyrgð þessi skal falla niður þegar smíði skipsins er lokið og skipasmíðastöðin afhendir það til kaupanda.

Þótt afhending skipsins hafi farið fram er fjmrh. heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð erlend vörukaupalán sem tekin kunna að verða fyrir milligöngu innlendra banka til smíði skipsins. Þegar lokið er smíði skipsins mega slík lán nema allt að 20% af endanlegu matsverði skipsins fullbúnu. Til tryggingar sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs komi 2. veðréttur í skipinu og má samanlögð fjárhæð vörukaupalánanna og annarra lána sem á undan eru í veðröð nema allt að 80% af matsverði skipsins fullbúins. Fjmrh. ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

Síðan komi á eftir þessari grein frv. tvær nýjar greinar sem hljóða svo:

„33. gr. Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurgreiða Flugleiðum hf. og Cargolux lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli vegna Norður-Atlantshafsflugs. Heimildin gildir fyrir tímabilið 1. okt. 1983 til 31. des. 1984. Ráðh. er heimilt að ákveða nánari framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð í samráði við fjvn.

34. gr. Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar kartöflubændum vegna uppskerubrests á árinu 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbættri eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs."

Þetta er smávægileg, nánast tæknileg, breyting á 12. gr. Þá fjallar brtt. um að 35. gr. heimili ríkisábyrgð fyrir 30 millj. kr. láni til Bjargráðasjóðs, sem endurláni bændum vegna ótíðar sumarið 1983.

Þetta eru þær breytingar sem urðu á frv. í Nd. og hafa

nú komið aftur til Ed. Vegna þess að menn hafa áhuga á því, eins og hv. þdm. er kunnugt, að afgreiða þetta mál í kvöld eða nótt eftir atvikum vegna þess að það stendur þannig á með lántökur að þessi heimild þarf helst að verða að lögum fyrr en seinna, vil ég leyfa mér að beina þeim tilmælum til hv. þdm. og fjh.- og viðskn., sem væntanlega fjallar um frv., að stuðla að því að svo megi verða, að frv. geti orðið að lögum á þessum fundi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Það er freistandi að taka eina lotu um skipasmíðarnar og skipastólinn en ég held að ég stilli mig um það. Ég hef þó ekki heyrt neina stórræðu um að loðnuskipin væru of mörg núna alveg á síðustu dögunum en þær voru margar fyrir áramót. En ég skal stilla mig um þetta og leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur skoðað þetta frv. eins og það kemur frá Nd. en það kemur til Ed. á nýjan leik eins og fram kom hjá hv. þm. Tómasi Árnasyni. Þm. sem styðja ríkisstj. í hv. fjh.- og viðskn. leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kemur frá Nd. Ég skal með örfáum orðum gera grein fyrir þeim breytingum sem urðu á frv. í Nd.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að til Landsvirkjunar verði tekið lán að fjárhæð 900 millj. kr. Það er sama upphæð og gert var ráð fyrir að tekin yrði til láns í frv. upphaflega. En í þeirri brtt. sem samþykkt var í Nd. er gert ráð fyrir að þessari fjárhæð verði varið á nokkuð annan veg en í þeirri till. sem hér var samþykkt á sínum tíma. Hér er gert ráð fyrir því að til Suðurlínu verði varið 180 millj. kr. en þar var um lægri fjárhæð að ræða m. a. Eins er gert ráð fyrir því að framlag til Kristnisjóðs verði 3.6 millj. í stað 2.5. Auk þess eru heimildir, sem samþykktar voru í Nd., fyrir fjmrh. að hann geti heimilað að endurgreiða Flugleiðum hf. og Cargolux lendingargjöld og að fjmrh. hafi heimild til að ábyrgjast sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar kartöflubændum. Þá er sams konar heimild fyrir fjmrh. til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð 30 millj. til Bjargráðasjóðs vegna ótíðar sumarið 1983. Og að lokum er nánast leiðrétting á tilvísun til laga út af ákvæði um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Þetta eru þær breytingar sem orðið hafa á frv. í Nd. Ég endurtek að við leggjum til að frv. verði samþ. óbreytt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Við afgreiddum þetta mál frá þessari hv. deild á sínum tíma. Síðan hefur Nd. gert á því ýmsar breytingar og þar hafa orðið um það miklar umr. Hefur nú reyndar komið í ljós, sem sagt var hér, að ekki stendur nú steinn yfir steini í þessu frv. til lánsfjárlaga lengur. Það er gersamlega marklaust plagg í hvívetna. Það hefur komið mjög rækilega fram hér hvað eftir annað og málið er komið hingað aftur vegna breytinga sem á því voru gerðar í Nd.

Í Nd. lögðu stjórnarandstöðuflokkarnir til að málinu yrði vísað til ríkisstj. þar sem þetta væri marklaust plagg orðið og þyrfti að vinna það allt upp á nýtt og endurskoða tölur. Í Nd. var það fellt. Ég geri síður ráð fyrir að við förum að endurflytja þá till. hér, heldur munum að líkindum sitja hjá við afgreiðslu málsins. Sú verður a. m. k. afstaða míns flokks.

En þetta er eins og ég sagði botnlaust plagg. Það er ekki einu sinni hægt að segja um það að botninn sé suður í Borgarfirði því það er engin botn í þessu. Það hefur t. d. verið bent á það mjög rækilega í umr. um þetta að húsnæðislánadæmið er gersamlega galopið og ófyrirsjáanlegt hvernig vanda húsbyggjenda verður mætt. Ljóst er að þar þarf að útvega mörg hundruð milljónir. Engar till. eru uppi um hvernig það verður gert. Ljóst er að þetta mun snerta a. m. k. þúsund fjölskyldur í landinu. Þannig er þetta allt með sömu endemunum. Svo er aftur hægt að koma hér og koma þar við sögu. Fjmrh. er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð, allt að 30 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til að lána kartöflubændum og aðrar 30 millj. til að lána bændum vegna ótíðar. Það má segja ekki munar um einn kepp í sláturtíðinni. Hvað eru 30 millj. hér og hvað eru 30 millj. þar? En allt safnast þetta nú saman og hækkar áætlanir nokkuð. — Það er raunar umhugsunarefni að því er kartöflurækt-endur varðar. Mér er tjáð að fáar búgreinar, jafnvel í meðalárum hvað þá í góðum árum, hafi gefið jafnvel af sér og kartöflurækt, en þegar kemur eitt slæmt ár er staðan þannig í þeirri grein að ríkissjóður verður að hlaupa undir bagga.

30 millj. þar og 30 millj. hér munar ekki mikið um, en á frv. til lánsfjárlaga eru alvarlegir ágallar, eins og komið hefur fram, og mætti tala um það hér verulega langt mál. Nú hefur komið fram að öll eru þessi mál komin í eindaga ef þetta frv. verður ekki að lögum í kvöld eða nótt missir ríkisstj. rétt til að hefja lán sem samið var um og sótt til Japan að manni skilst með ærnum tilkostnaði. Þá er sá kostnaður sjálfsagt farinn í súginn. Ég leiði engum getum að því hver hann hefur verið, en þá er sá kostnaður farinn í súginn og þess vegna er sjálfsagt brýnt að þetta mál verði afgreitt með einhverjum hætti í kvöld eða nótt. Það verður náttúrlega að vera alfarið á ábyrgð stjórnarinnar og stuðningsmanna hennar.

Við stjórnarandstæðingar höfum komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé meira og minna út í hött. Fyrst koma fjárlög sem eru út í hött og það rennur upp fyrir hæstv. fjmrh. þegar þrír mánuðir eru liðnir af nýju ári að fjárlögin eru með 1700 millj. kr. gati. Það rennur upp fyrir hæstv. fjmrh. eftir þrjá mánuði og hann skýrir alþjóð frá því hér á Alþingi og mun væntanlega skýra alþjóð enn þá betur frá því í sjónvarpinu annað kvöld þar sem þessi mál verða til umr., og verður fróðlegt að hlýða á það. En við frábiðjum okkur að bera ábyrgð á þessu plaggi. Fyrst eru fjárlögin marklausu samþykkt og síðan kemur frv. til lánsfjárlaga sem er enn þá minna að marka en fjárlögin. Allt mun þetta koma í ljós síðar. Og þetta verða þungar byrðar að bera fyrir hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh.

Nú þykist ég vita að hæstv. fjmrh. eru þessi vinnubrögð ekki að skapi, ef ég þekki hann rétt. Þess vegna hefði verið sæmst að samþykkja þá till. sem fram var borin í Nd. um að ríkisstj. tæki þetta mál til endurskoðunar. Það hefði verið sjálfsagt að samþykkja þá grein er lýtur að erlenda láninu sem ekki verður hægt að hefja á morgun nema sú grein verði samþykkt. Mér finnst sjálfsagt að stjórnarandstaðan bjóði ríkisstj. að sam-

þykkja þá grein sérstaklega, þannig að ekki komi til þess að áfallinn kostnaður fari í súginn, en að ríkisstj. taki aðrar greinar, sem bent hefur verið á að ekki eru í réttu samræmi við raunveruleikann, og endurskoði þær og komi síðan aftur með málið til Alþingis. Mér finnst sjálfsagt að ríkisstj. sé boðið að hafa þann hátt á, en ég þykist vita að það verði hér með sama hætti og í Nd., að skellt verði skollaeyrum við öllum slíkum tilboðum til sátta og samvinnu og málið keyrt í gegn. En ég endurtek að það er þá alfarið á ábyrgð hæstv. ríkisstj. og þeirra sem hana styðja. Við frábiðjum okkur að bera þar nokkra ábyrgð.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Við afgreiðslu þessa máls hér í Ed. á dögunum bentum við stjórnarandstæðingar á að ekki væru allar áformaðar erlendar lántökur fram taldar hér, þar vantaði stórar upphæðir, bæði vegna atvinnuveganna, einkum landbúnaðar og sjávarútvegs, og eins vegna húsnæðismála. Af þeirri ástæðu að frv. var bersýnilega mjög ófullkomið tókum við þá afstöðu að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Síðan málið var afgreitt í Ed. hefur verið að koma æ betur í ljós að við höfðum á réttu að standa og það eru engin smágöt sem blasa nú við á þessari holóttu lánsfjáráætlun.

Hæstv. fjmrh. er sjálfur búinn að kynna fyrir þjóðinni að auk allra litlu gatanna sé eitt heljarstórt og mikið gat sem stafi af vöntun í fjárlögum upp á 1800 millj. króna. Það er svo sannarlega upphæð sem getur sett allt um koll í lántökuáformum ríkisstj. Ríkisstj. hefur talið það markmið sitt að erlend lántaka eða skuldastaða þjóðarinnar út á við færi ekki yfir 60% af þjóðarframleiðslu og vitað er að þjóðin hefur verið að nálgast það mark óðfluga. Ef nauðsynlegt verður að taka lán í ríkissjóð vegna stóra gatsins upp á nokkur hundruð milljónir til viðbótar við þær lántökur, sem vitað er að ríkisstj. stefnir að en eru ekki fram taldar í lánsfjáráætlun, þarf enginn að efast um að þetta áform ríkisstj. er heldur betur sprungið í loft upp með þeim afleiðingum fyrir hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. sem hann hefur sjálfur gert grein fyrir hér á Alþingi.

Ég held ég þurfi ekki að orðlengja frekar um þessa hlið málsins. Vissulega er það eðlileg till., sem borin var upp af stjórnarandstöðunni í Nd., að málinu yrði vísað til ríkisstj. þar sem ekki er venja að gefa út formleg nál. þegar mál er tekið til umr. öðru sinni í deild og ekki er um sérstakar breytingar að ræða sem fyrirhugað er að gera heldur snýst málið eingöngu um hvernig frv. skuli afgreitt er þess ekki kostur að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. En afstaða okkar mun birtast í því að við munum sitja hjá við atkvgr. um málið.

En það er einn angi þess sem mig langar að gera að umtalsefni sérstaklega. Það er 3. brtt. á þskj. 423 sem kom frá meiri hl. n. í Nd., Friðrik Sophussyni, Geir Hallgrímssyni og Þorsteini Pálssyni ásamt Sverri Sveinssyni. Þeir gerðu till. um að fjmrh. væri fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að endurgreiða Flugleiðum og Cargolux lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli vegna Norður-Atlantshafsflugs.

Nú er vitað að hæstv. fjmrh. hefur ekki talið ríka þörf á því að styrkja þetta fyrirtæki með framlögum úr ríkissjóði og hefur borið fram ýmis rök því til stuðnings að ástæðulaust sé að greiða úr ríkissjóði til þessa fyrirtækis. Var þó fyrirtækið hér fyrr á árum í allverulega miklu verri stöðu en það er nú. Þá varð það ofan á að ríkissjóður tók veruleg lán sem síðan voru endurgreidd af ríkissjóði. Ríkissjóður tók þessar upphæðir á sig og því var um að ræða beinan fjárhagsstuðning við Flugleiðir á árunum 1981, 1982 og 1983. Þessi ár var sem sagt um að ræða stórfelldan fjárhagsstuðning ríkissjóðs við Flugleiðir vegna rekstrarerfiðleika. Talið var að fyrirtækið væri í verulegri hættu og því var hlaupið undir bagga.

Svo var því lýst yfir fyrir ári síðan að nú væri hættan liðin hjá, ekki væri þörf á því að ríkissjóður veitti þessa aðstoð lengur og því var ekki gerð nein till. af hálfu hæstv. fjmrh. í fjárlögum að stuðningur yrði áframhaldandi veittur. Ég var þessu innilega sammála og taldi þetta vera skynsamlega ákvörðun. En þá er eins og talsmenn Flugleiða hafi læðst bakdyramegin að fjmrh. *með tillöguflutningi meiri hl. nm. í fjh.- og viðskn.*, Geirs Hallgrímssonar, Þorsteins Pálssonar og Friðriks Sophussonar, sem leggja til að styrkir við Flugleiðir séu teknir upp á ný, það á að greiða fyrir fyrirtækið öll lendingargjöld vegna Norður-Atlantshafsflugsins.

Þarna er um mjög stórar fjárhæðir að ræða. Ég gæti trúað því að hæstv. ráðh. yrði að þola það ef þessi till. yrði samþykkt að álíka stór upphæð rynni út úr ríkissjóði eins og hann fær inn í ríkissjóð með því að hækka skattana eins og gert var í dag með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Því vissulega mun það ekki reynast vinsæl athöfn sem framkvæmd var hér í dag, að skattarnir voru hækkaðir og ekki að vita nema sú ákvörðun ríkisstj. hafi veruleg áhrif á þá allsherjar atkvgr. sem fer fram hjá BSRB þessa dagana.

Ég hygg að hæstv. fjmrh. hafi orðið var við að menn hafi áhyggjur af þessu. En hann taldi svo brýnt að ná inn í ríkissjóð þessum tekjum, sem nema þó ekki nema líklega um 70 millj. kr., að hann mátti ekki til þess hugsa að ekki væri framkvæmd þessi skattahækkun. En hann telur sig, að því er virðist, á sama tíma, ef hann styður þessa tillgr., hafa efni á því að greiða Flugleiðum áframhaldandi styrk. Ég vil ekki segja að þarna sé um samsvarandi fjárhæðir að ræða en þó er þarna um verulega fjárhæð að ræða. Ég vildi því leyfa mér að spyrja fjmrh. álits á þessari nýju styrkveitingu. Er það stefna hæstv. ráðh. að nú verði teknar upp í hans fjármálaráðherratíð, og það á tímum þegar hinir miklu rekstrarerfiðleikar fyrirtækisins eiga að heita að baki, styrkveitingar úr ríkissjóði að nýju? Mun hann nota þá heimild sem verið er að veita honum í þessari grein? Því vissulega er hann ekki skyldugur til þess, þetta er heimild til handa fjmrh. og hann getur ráðið því sjálfur hvort hann nýtir heimildina eða ekki. Ég vil spyrja hann hvort hann ætli sér að nota heimildina og ef svo er hvernig það samrýmist fyrri afstöðu hans til mála af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál enda er orðið nokkuð áliðið dags, en ítreka að við Alþb.-menn munum sitja hjá við lokaafgreiðslu þessa máls.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Nú má ég, sagði strákurinn, greip í færið og hrökk útbyrðis. Það er mjög lærdómsríkt að taka þátt í störfum þessa þings fyrir aðila sem alltaf hefur horft á þessa atburði utan frá og kannske lærdómsríkara en ella þegar maður fylgist með þeim töfrabrögðum sem hér eiga sér stað.

Það er auðvitað alls ekki hægt að tala um lánsfjárlög öðruvísi en í samhengi við fjárlög því að hér er náttúrlega um eitt og sama málið að ræða. Það er upplýst að fjárlögin eru götótt, það stendur upp úr þessum lögum að þau eru götótt. Þessi götóttu fjárlög og þessi götóttu lánsfjárlög eru vitnisburðurinn um þá styrku og raunhæfu fjármálastjórn sem landsmönnum var lofað strax í kosningabaráttunni í fyrravor og enn frekar eftir að þessi styrka stjórn tók við. Ég get varla varist því að spyrja hvort framkoma af þessu tagi sé í raun og veru samboðin þingi, því að hér eru margir hlutir óljósir. Sú hugmynd skaut upp kollinum í dag að fresta afgreiðslu annarra þátta þessara lánsfjárlaga en þeirra sem beinlínis tengjast því láni sem knýr svo mjög á um afgreiðslu málsins. Það tilboð að fresta annarri afgreiðslu og freista þess að endurskoða frv. og færa það í átt til raunhæfari stöðu tel ég vera mjög sanngjarnt og drengilegt.

Það sem má segja að sé upphafið eða inngangurinn að þessu máli er sú undarlega yfirlýsing sem fram kom fyrir stuttu um stöðu fjárlaganna raunhæfu frá því fyrir jól, að gleymst hafi einhvers staðar í handraðanum hundruð jafnvel þúsundir milljóna og þeim skýtur allt í einu upp á yfirborðið rétt eins og korktappar eftir jól. Þar er um að ræða jafnaugljósa hluti og almannatryggingar, kostnað við sýslumenn og bæjarfógeta, grunnskóla og þess háttar. Það er risalán, sem allir menn vissu um, upp á 300 millj. vegna loðnudeildar Verðjöfnunarsjóðs og þar fram eftir götunum. Enn fremur útgjöld sem búið var í raun og veru að lýsa yfir að ekki ættu að verða til, vegna sparnaðar og samdráttar í rekstri, alls um 600 millj. kr. Og svo að lokum talsvert dvínandi bjartsýni um öflun lánsfjár á innlendum markaði sem ráð var gert fyrir í upphaflegum fjárlögum.

Í minnihlutaáliti fjh.- og viðskn. við fyrri umr. þessa máls í þessari hv. deild var minnt á önnur óleyst dæmi. Þar er um að ræða skuldir sjávarútvegsins upp á 1000—1500 millj. sem spurning er hvernig eigi að leysa og ólíklegt að verði leystar öðruvísi en með erlendum lánum. Það eru skuldir í landbúnaði upp á 150—200 millj. og það er búið að upplýsa að þeim skuldum verður bjargað með erlendu lánsfé. Alls eru þetta um 1150—1700 millj. Eitthvað af því eru erlend lán og hverjar 600 millj., sem við tökum að láni til viðbótar erlendis, færa okkur nær hinu fræga 60% marki sem allir vita hvað þýðir.

Í fljótheitum yfirfarið er alveg greinilegt að áætlanir ríkisstj. annars vegar og áætlanir Byggingarsjóðs ríkisins hins vegar um tekjuöflun og úthlutun fjár úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna fara alls ekki saman. Mjög líklegt er að þar vanti, þegar upp er staðið, nokkur hundruð millj. kr. og því alls ekki svarað hvernig ætlast er til að endar nái saman. Á meðan að svona stórir þættir eru jafnóljósir og raun ber vitni er náttúrlega ekki von að menn treysti sér í raun og veru til að taka afstöðu til þessara laga, hvorki með né á móti, og skiljanlegt að stjórnarandstaðan kjósi einna helst í því tilviki einfaldlega að sitja hjá.

Við erum líklega heppin að þessi lög fara ekki oftar á milli deilda því að litlir póstar sem voru upphaflega með 2.6 millj. eins og Kristnisjóður eru komnir upp í 3.6 með því að sigla hér á milli deilda og svo er þessi furðulega heimild um niðurfellingu lendingargjalda Flugleiða sem er eins óskynsamleg og hugsast getur. Ekki þarf nokkur maður annað að gera en að taka upp símann og hringja í Flugleiðir til að komast á snoðir um að fyrirtækið gerir ráð fyrir hagnaði á þessu ári. Jafnvel þótt lendingargjöld séu reiknuð inn í rekstraráætlun fyrirtækisins og þó að einhver halli sé á einhverjum hluta rekstrarins, þ. e. Norður-Atlantshafsfluginu, getur það alls ekki leitt til þess að ríkisstj. fari að hlaupa undir bagga með fyrirtækinu og styrkja það. Það verkar ekki öðruvísi en letjandi á fyrirtækið í sambandi við að halda sig við gerðar rekstraráætlanir og hjálpar því við að sofna á verðinum.

Mjög áberandi þáttur í öllum hugmyndum ríkisstj. um áframhald þessara mála er að ákveðin bjartsýni sem ríkti í upphafi um öflun lánsfjár á innanlandsmarkaði er þrotin. Svo virðist sem þessi bjartsýni fari dvínandi af eðlilegum orsökum vegna þess að menn horfa fram á það að í rauninni er afskaplega lítið fé að fá á innlendum lánsfjármarkaði, því er öllu meira og minna eytt og stýrt í gegnum ríkisafskipti. Því er það hverju barni augljóst að vandi ríkissjóðs verður ekki leystur nema annaðhvort með erlendu lánsfé, seðlaprentun eða skattlagningu. Eitthvað af þessu er á leið inn í kassann með skattlagningunni en reyndar kannske á leið út úr honum aftur með svona styrkjum eins og til Flugleiða. Þannig að búast má við því að það sem við erum að horfa upp á hér sé aðeins fyrsti stóri ósigurinn af mörgum. Það næsta sem við eigum von á eru auknar erlendar lántökur og seðlaprentun.

Í mínum augum sem nýliða á þingi hefur annað verið mjög áberandi að mínu mati. Við erum að tala um rekstur fyrirtækis sem er ekki ýkja stórt, ríkissjóður er líklega ekki miklu meira en 20 sinnum stærra fyrirtæki en Flugleiðir. Að jafnmargir og jafnstórir þættir skuli geta verið svona óljósir eins og fram kom við meðhöndlun þessara mála í n., að málefni upp á tugi og jafnvel hundruð milljóna séu að skjóta óvænt upp kollinum eða mönnum einfaldlega falli þau úr minni á milli daga, stappar nærri furðu fyrir hvern mann sem heldur að þessir hlutir gangi eftir mjög skipulögðum og fastmótuðum leiðum.

Ég tek þá áhættu að hæstv. fjmrh. segi að ég sé alltaf að segja það sama og vil minna enn einu sinni á að það hlýtur að vera eðlileg hugsun miðað við þessa reynslu að hér sé virkileg nauðsyn ákveðinna kerfisbreytinga sem leiði til annarra vinnubragða og dragi einfaldlega úr verkefnum bæði á tekju- og framkvæmdasviði ríkissjóðs og dreifi því verkefni á fleiri herðar en gert er í dag.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég hef áður í umr. um þetta frv. hér í hv. deild gert að umtalsefni hvernig þetta frv. markar í megindráttum óbreytta stefnu í fjárfestingarmálum frá því sem var í tíð fyrri ríkisstjórna þrátt fyrir stór orð núv. ríkisstj. í upphafi ferils síns um nýja stefnu í þessum efnum. Að vísu er heldur dregið úr fjárfestingarhraðanum en fjármagninu er eftir sem áður veitt í sama farveg þannig að hér er engan veginn um breytingu að ræða. Einnig hef ég og aðrir stjórnarandstöðuþm. fjallað um og mælt á móti því sem e. t. v. má segja að séu einu nýmælin í þessu frv., þ. e. niðurskurður á fé til ýmissa brýnna félagslegra mála eins og til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég hef þegar sagt

um þetta en lýsi því yfir að afstaða mín í þessum efnum hefur vitaskuld ekki breyst eina spönn síðan við afgreiddum þetta frv. héðan úr hv. deild til Nd. Í þessu lánsfjárlagafrv. er í grundvallaratriðum um að ræða, eins og ég sagði, sömu fjárfestingarstefnu og þá sem leitt hefur okkur út í það efnahagsástand sem við nú búum við og launafólk í landinu finnur óþyrmilega fyrir þessa dagana. Ég mun því nú sem áður ekki greiða þessu frv. atkv. mitt.

Síðan fór þetta frv. héðan frá okkur til Nd. Við nánari athugun þar í fjh.- og viðskn. og í ljósi þróunar ýmissa mála í landinu, sem orðið hafa síðan frv. var afgreitt héðan úr Ed., hefur enn betur komið í ljós að þetta lánsfjárlagafrv. er svo þrælgötótt og botnlaust að það er meira og minna ónýtt plagg. Mér er með öllu óskiljanlegt hvernig ríkisstj. ætlar að vinna eftir þessum lögum eftir að hún er búin að hafa þau í gegnum þingið. Menn hafa stungið upp á að e. t. v. eigi að koma til okkar eftir nokkrar vikur og tilkynna að nú sé illt í efni, allt götótt hér líka. Ég læt ekki bjóða mér upp á þvílíkt í tvígang og mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Mér telst að það séu 18 gr. í II. kafla þessa frv. sem mæla fyrir um að ekki skuli vera staðið við lög, heldur að einhverju leyti frá þeim fallið. Það var uppgötvað í Nd. að ein af þessum greinum væri dálítið gölluð. Flestar tilvísanir í greinina voru rangar og þar af leiðandi kemur greinin hingað breytt eins og samþykkt hefur verið í Nd. Greinin er um það að framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs skuli verða skert, eins og hefur reyndar verið gert á undanförnum árum, það skuli ekki vera staðið við lög um framlag ríkisins til Aflatryggingasjóðs. Nú vill svo til að það er annað frv. að þessu lútandi á ferðinni hér á hv. Alþingi og við í sjútvn. Ed. erum að fjalla um það mál. 2. gr. þess frv. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1984 skal framlag ríkissjóðs samkv. ákvæðum 2. tölul. 1. málsgr. 9. gr. laganna renna til áhafnadeildar sjóðsins til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga og greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna, sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa stöðvast vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984. Sjútvrn. mun setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.“

Það hefur verið gert allmikið úr því að þarna muni verða til peningar til að mæta vissum skakkaföllum sem áhafnadeildin hefur orðið fyrir vegna brbl. frá því í vor svo og vegna þess að nauðsynlegt sé að hafa fjármagn milli handanna til að mæta þeim skakkaföllum sem væntanleg eru vegna kvótareglnanna og vegna þess aflabrests sem spáð er.

Í frv. um Aflatryggingasjóð er nefnd sama tala og í lánsfjárlagafrv. Reyndar kemur fram í frv. um Aflatryggingasjóð að það sé frá gengið að upphæðin verði 18.6 millj. Er þá mjög nálægt þeirri upphæð farið sem Óskar Vigfússon formaður Sjómannasambands Íslands segir að áhafnasjóður hafi orðið af frá því í vor vegna aðgerða ríkisstj. í vor, brbl., þannig að 18.6 millj. séu ekki hærri upphæð en sem næmi því að jafna þá upphæð.

Í öðru lagi sagði formaður Sjómannasambandsins við okkur á fundi í sjútvn. að sjómenn mundu ekki una við skertan hlut Aflatryggingasjóðs og þiggja dúsu í formi ríkisstyrks til sjómanna. Mér er því spurn: Er ekki eðlilegra við þær aðstæður sem nú blasa við íslenskum sjávarútvegi að framlag til áhafnadeildar sé ekki skert? Og ég vil líka spyrja hæstv. fjmrh. hve háa upphæð hér hefði verið um að ræða ef framlag ríkissjóðs hefði ekki verið skert. Hve há er sú upphæð sem sjómenn hefðu mátt búast við að hefði runnið til Aflatryggingasjóðs? Hefði þá ekki orðið annað viðhorf sjómanna til framlags ríkissjóðs? E. t. v. hefðu þeir ekki þurft að hafa um það þau orð, sem formaður Sjómannasambandsins viðhafði í sjútvn. Nd., að þessi upphæð væri ekki annað en dúsa upp í sjómenn við þær aðstæður sem nú eru.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Hér ræðum við um fjármál einu sinni enn í dag, en hér er til umr. frv. til lánsfjárlaga. Mig langar í því sambandi að bera upp nokkrar spurningar til hæstv. fjmrh.

Við urðum þess vitni í þessari hv. deild í dag að það á að hækka skatta um 70–75 millj., en sé litið á frv. sést hvergi gerð nein tilraun til að fylla upp í það gat í fjárl. sem hæstv. fjmrh. lýsti yfir fyrir um hálfum mánuði að væri um 1800 millj. kr. Mér reiknast til að skattahækkunin frá því í dag nemi um 50 til 55 millj. upp í þetta fyrrnefnda gat, séu dregnar frá þær 20 millj. sem ríkissjóður leggur út vegna kjarasamninga, þar sem kjarasamningar kosta ríkissjóð um 220 millj., en 200 millj. endurheimtast í auknum sköttum vegna hækkandi tekna annarra landsmanna. Og þá langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh.: Eigum við von á að á næstu dögum verði ákveðnar skattahækkanir sem nema þeim 1750 millj. sem vantar í viðbót upp í þetta gat eða verður frv. til annarra lánsfjárlaga lagt fram á Alþingi? Ég held að það þurfi að skýra þetta aðeins betur. Ég get ekki séð að hægt sé að koma þessum lögum í gegnum þingið án þess að fáist a. m. k. nasasjón af fyrirætlunum hæstv. ráðh. í þessum efnum.

Það er annað atriði sem mig langar líka til að spyrja um og það er í sambandi við útgerðina. Það hefur verið rætt um skuldbreytingar sem næmu um 1.6 milljörðum eða meira og hvort ekki eigi að fara þá leið að taka erlend lán sem því nemur. Megum við eiga von á að það komi fram lánsfjárlög sem hljóða þá upp á jafnvel um 3 milljarða kr.?

Ég ætla ekki að bæta miklu við það sem áður hefur komið fram því að eins og aðrir stjórnarandstöðuþm. hafa mælt hér eru það marklaus plögg sem við erum að fjalla um og ekki ástæða til að eyða miklu fleiri orðum á þau.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég er búinn að sitja í báðum deildum í allan dag og hlusta á hvern þm. eftir annan tala um að lánsfjárlögin, sem hér liggja frammi, séu marklaus, en enginn hefur málefnalega tætt þau í sundur sem marklaus. Það hefur verið bent á ýmsa punkta sem þm. eru ósammála um, en ekki hefur verið rökstutt að þau séu marklaus nema þá á því sviði sem snertir húsnæðismál. Á því sviði hefur komið fram á tveimur fundum með forustumönnum lífeyrissjóða að þeir telja að innlend fjáröflun geti staðist. Tvíspurðir um sama efni á seinni fundinum fullyrtu þeir að hún gæti staðist. En við erum samt sem áður með allan fyrirvara um það.

Hv. 8. landsk. þm. gat um að hér væri engin tilraun

gerð til að minnka gatið á fjárl., þann vanda sem ég skýrði frá að væri fram undan ef ekkert væri að gert. Það er ekki orðinn vandi. Hér eru að því leyti til viðhöfð frábrugðin vinnubrögð að hingað til hefur fjmrh. skýrt frá því í lok ársins að staða ríkissjóðs væri svo og svo slæm (**Gripið fram í:** Eða svo og svo góð.) eða svo og svo góð. Ég hef ekki orðið var við það — ekki með neinum rétti — að sinni. En ég skal koma að því á eftir.

Við erum að benda á þann vanda sem kann að vera fram undan. Nú getur allt breyst, ef aflabrögð verða betri eða meiri en við gerðum ráð fyrir. Það getur vel verið að fólk fái ríflandi vinnu ef veiðist vel, fólk versli mikið og óbeinar tekjur komi inn í miklu meiri mæli en við áttum von á. Það er ekki útilokað.

Enn fremur hefur hv. 8. landsk. þm. misskilið dálítið skatta sem lagðir eru á vegna kjarabóta sem nú hefur um samist. Það var upplýst að það er áætlað að sá kjarasamningur sem BSRB er nýbúinn að gera við ríkið kosti ríkið um 220—240 millj., en það er reiknað með því að aukin velta skili til baka ca. 200 millj. Þannig gæti verið um 20 millj. mismunur þarna, sem væri þá ríkinu í óhag. En ég vona að ekki komi til þess að við fyllum allt þetta mikla gat, sem talað er um, enda hefur það aldrei komið til greina, með nýjum sköttum.

Ríkissjóður hefur ekki ótakmarkað frjálsar hendur um val á aðferðum til að ná í tekjur til að standa undir þeim kostnaði sem á honum hvílir og öllum þeim útgjöldum sem Alþingi hefur skyldað ríkisstj. til að standa undir með lögum. Það eru skattar, það er niðurskurður, það eru innlendar eða erlendar lántökur. Þetta eru leiðirnar. Við munum að sjálfsögðu reyna að skera niður eins og hægt er. M. a. er skerðingarákvæði í frv. sem við erum að ræða, sem margir þm. hafa dæmt ansi hart í umr. í dag. En þetta eru leiðirnar. Og ef ekki er hægt að ná samkomulagi um neinar af þessum leiðum, hvað vilja þm. þá gera? Þeir eru sjálfir búnir að hlaða þannig kostnaðarliðum á ríkissjóð að peningar eru ekki lengur til fyrir útgjöldunum sem Alþingi hefur samt samþykkt að ríkissjóður skuli standa undir án þess að hafa tekjur til þess. Þá er ekki annað eftir en fjáröflunarleiðirnar sem ég gat um.

Hv. 4. þm. Vesturl. sagði að 18 greinar segðu að ekki skuli staðið við lög. Það er einmitt vegna þess sem ég var að segja. Lögin eru það íþyngjandi að Alþingi sér ekki ríkissjóði fyrir þeim tekjum sem þarf til að standa undir þeim. Þess vegna komu skerðingarákvæði.

Það er rétt, sem hv. 11. þm. Reykv. segir, að stefna þessarar ríkisstj. er að mörgu leyti svipuð og fyrri ríkisstjórna og fjármagninu er beint í sama farveg. Þetta er alveg rétt. Það er ekki hægt að sveifla einum sprota og segja: Nú förum við í allt aðra átt. Það þarf miklu lengri aðlögunartíma til. En hitt er annað mál að það er dregið úr. Í sumum tilfellum þar sem það á við. Það er einmitt verið að framkvæma pennastrikið. Það má segja að skerðingarákvæðin séu pennastrik. Pennastrikið var ekkert annað en skerðingarákvæði. Skerða skal rétt þeirra sem hafa tekið of mikið af þeim sem afla verðmæta fyrir þjóðina, takast á við innlenda vandann. Það er ekkert um annað að ræða en að vinna sig út úr þessum farvegi á löngum tíma.

Hv. 8. þm. Reykv. minntist á Kristnisjóð. Það er rétt að hann tekur stökk á milli umr. úr 2.5 millj. í 3.6, en það er þó skerðing á því sem honum ber skv. lögum. Þjóðkirkjan færði rök að því að hún kæmist ekki af með minna. Hún á tilkall til hærri upphæðar en hér segir. Við ákváðum samt að fara ekki hærra en í 3.6 millj. Biskup heldur að hann komist af með þessa upphæð með því að fara mjög gætilega í þann kostnað sem hefðbundinn er á herðum kirkjunnar. En þetta er skv. lögum eins og margt annað.

Hv. 8. þm. Reykv. talar um Flugleiðir. Ég er honum alveg sammála á sama hátt og ég er sammála hv. 3. þm. Norðurl. v. um að það er ansi erfitt að þurfa að standa undir þessum útlátum, má segja, eða tekjumissi frá Keflavíkurflugvelli vegna Flugleiða. Þó að Ísland sé ekki stærra en 20 sinnum stærra en Flugleiðir, þá er ljóst öllum sem eitthvað þekkja til erlendis, að Ísland, þetta litla þjóðfélag, hefur skyldur og kvaðir, sem á okkar herðum hvíla, sem eru fyllilega sambærilegar og í sumum tilfellum miklu, miklu erfiðari og dýrari en mörgum sinnum stærri þjóðfélög bera. Við skulum bara hugsa um hina löngu strandlengju hjá okkur, sem er óvíða annars staðar, — óvíða ef ferðast er um Evrópu t. d. og hvergi, sem ég man eftir, í svo litlu samfélagi sem við höfum. Við höfum höfuðborgarskyldu og höfuðborgarskyldan er afskaplega lík hvar sem er. Hún er hér langt, langt umfram það sem hún er annars staðar vegna þess að höfuðborgin hér er miðpunktur þjóðfélagsins og þjóðlífsins í aðdrætti og á margan annan hátt. Hlutfallslega er höfuðborgarskylda okkar meiri og þjóðfélag okkar mörgum sinnum dýrara í rekstri en stærri þjóðfélög. Ég er ekki að tala þar um höfðatölu. Það er því ekki lítill vandi að reka þjóðfélag eins og hið íslenska og land eins og Ísland á tekjum sem aðeins 200 þús. manns eða kannske ekki helmingurinn af því vinna fyrir. Ef frá eru dregin börn og gamalmenni er það ekki svo ýkjastór hópur. Ég segi ca. 100 þús., en held að það nái því ekki. Ég var einhvern tíma með tölur sem eru þó nokkuð lægri en 100 þús. — En þetta er nú staðan hjá okkur.

Ég tek líka undir með hv. 8. þm. Reykv. að það væri æskilegt að gera hér kerfisbreytingar, en ég held að við séum ekki með það sama í huga þegar við tölum um kerfisbreytingar.

Virðulegur 3. þm. Norðurl. v. talar um gatið í fjárl. Þá er ekki verið að tala um þann vanda sem búið er að semja um og tilheyrir kannske liðinni tíð. Við erum að tala um ca. 2000 millj., sem eru um 10% af gjaldahlið fjárl. Það þýðir þá að ef ég hefði sem fjmrh. gert nákvæmlega sama og fjmrh. hingað til og ekki gefið upp neina vöntun, neitt fyrirsjáanlegt gat, hefði ég gefið út aukafjárveitingar. Aukafjárveitingar við fjárlögin 1983, sem voru gerð í 42% verðbólgu, en verðbólgan var við yfirtöku núv. ríkisstj. að nálgast 100%, fóru upp í 25% af fjárlögum. Við erum að tala um vanda, sem er fyrirsjáanlegur ef við gerum ekki neitt upp og aukafjárveitingar sem svara til 10% af fjárl. Sá vandi er því vel undir helmingi af því sem var afgreitt bak við tjöldin af einum þm., þ. e. fjmrh., á s. l. ári. Það er það sem ég er að reyna að koma í veg fyrir, en ég er farinn að efast um að slíkar upplýsingar, sem ég gef sem fjmrh., borgi sig að gefa. Ég er farinn að halda að ég hafi fallið í þá gryfju að reyna að vera hreinskilinn við þm., upplýsa þá vel, og hafi gert rangt. Þess vegna hefði ég bara átt að sitja með þá aukafjárveitingavinnu sem hingað til hefur verið unnin. Þá hefði enginn talað meira um fjárlög og enginn gert svona harðar aths. við lánsfjárlögin, eins og fram hefur komið.

Nú spyr hv. 3. þm. Norðurl. v., eftir harða ádeilu á

væntanlegar styrkveitingar til Flugleiða, hvort ég sem fjmrh. muni nota heimildina. Vill fyrrv. fjmrh. virkilega fá svar við þessu? Úr því að spurt er ætla ég að leyfa mér að lesa grg. sem ég bað um frá gjaldadeild. Ég vildi helst komast hjá því að þurfa að nota þessa heimild. En heimildina verður m. a. að nota við niðurfellinguna á lendingargjöldunum vegna þess að það tengist niðurfellingu af lendingargjöldum í Luxemborg að við fellum niður af Norður-Atlantshafsflugi Flugleiða lendingargjöldin hér líka. Í þessu tilfelli, — ég veit ekki hvort það er í fyrsta sinn eða ekki, ég held nú samt að það sé í fyrsta sinn, — gerir ríkisstjórn Lúxemborgar, eða Grand Duchy of Luxembourg eins og það heitir, kröfu til þess að lendingargjöld verði líka felld niður, sem er ekki stór upphæð, af Cargolux á vesturleið. Hér eru bréf, sem ég get lánað hv. 3. þm. Norðurl. v., sem staðfesta það, þannig að þetta tengist saman. Lendingargjöldin og lántökurnar sem áttu sér stað sem nú eru að falla á ríkisábyrgðasjóð og ríkissjóð þar með, eru skv. samningi sem er undirritaður af allt öðrum en mér. Hv. 3. þm. Norðurl. v. vill kannske upplýsa sjálfur hver gerði þann samning. En grg. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í fjárlögum fyrir árið 1982 er heimild í 6. gr. sem veitir fjmrh. heimild til sjálfskuldarábyrgðar til handa Flugleiðum sem nemur 1.6 milljörðum Bandaríkjadala. Enn fremur segir við uppgjör lánsins:

„Lendingargjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli svo og tekju- og eignarskatt, launaskatt og önnur gjöld ber félaginu að greiða á réttum gjalddögum, en þann hluta þeirra gjalda sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugs félagsins fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör."

Þá segir enn fremur að í fjárlagafrv. fyrir árið 1983 skuli tillaga gerð um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri þessa láns með hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindri flugleið umrætt tímabil, að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu sem um ræðir í 2. mgr. og miðað við þær tekjur sem telja má að ríkissjóður hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið. Ákvæði þessi eru tvíþætt. Annars vegar skulu Flugleiðir — ég undirstrika — „skulu Flugleiðir fá öll gjöld tengd nefndu flugi frádregin frá lántöku og hins vegar ef rekstrarafkoma er neikvæð skal hafa hliðsjón af því við uppgjör lánsins" þ. e. ef rekstrarafkoma er neikvæð skal hafa það til hliðsjónar við uppgjör lánsins.

„Hjálagt er bréf frá Ríkisendurskoðun, dags. 7. 11. 1983, þar sem segir að tap félagsins á umræddu tímabili nemi 4.5 millj. Bandaríkjadala af starfsemi félagsins á Norður-Atlantshafsflugleið.

Miðað við framansagt er ljóst að þau skilyrði, sem kveðið er á um í heimildagrein um að ríkissjóður taki á sig umrætt lán að fjárhæð 1.6 millj. Bandaríkjadala vegna rekstrartímabils 1. okt. 1981 til 30. sept. 1982, eru fyrir hendi og ætti því að gjaldfæra lánin, miðað við framkvæmd þessa máls árið 1982, sem framlag ríkissjóðs á árinu 1983. Í fjárl. 1983 var gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 33 millj. kr., en greiðsla nam 47 millj. kr. og hefur ríkissjóður greitt þá fjárhæð.

Í fjárlögum 1983 er samsvarandi heimildagrein fyrir lántöku að fjárhæð 1.9 millj. Bandaríkjadala vegna rekstrartímabils 1. okt. 1982 til 30. sept. 1983. Lán þetta fellur í gjalddaga á árinu 1984 í þrennu lagi, 1. mars, 1. júní og 1. sept. Má ætla að greiðsluþörfin sé um 82 millj. kr.

Í fjárl. á árinu 1984 er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til að mæta þessum greiðslum. Haft var samband við Flugleiðir hf. og þær upplýstu að ekki lægi fyrir endanlegt rekstraruppgjör fyrir árið 1983 fyrr en í apríl-maí n. k., en fram kom að talið er að rekstrarhalli mundi verða á því ári. Þá upplýstu þeir enn fremur að þeir mundu ekki geta borgað af lánum og því er ljóst að til greiðslu kæmi úr ríkissjóði nú 1. mars vegna þessa máls. Við áritun framangreinds skuldabréfs hefur viðkomandi fjmrh. notað heimild í 6. gr. fjárlaga með þeim ákvæðum, sem þar um getur og áritað eru á skuldabréfið, og því ljóst að ef þau skilyrði séu fyrir hendi um afkomu o. fl. er þetta varðar verður ríkissjóður að standa skil á greiðslu vegna þessarar sjálfskuldarábyrgðar." Ég hef ekki frjálsar hendur til að ákveða þetta sjálfur. Það er búið að ganga frá þessu. Ég er með skuldabréf í höndunum sem segir til um hvernig á að afgreiða þessi mál. (**Gripið fram í:** Þetta er allt annað mál.) Þetta er ekkert allt annað mál. Ég hóf lesturinn með því að lesa um niðurfellingu á lendingargjöldunum og síðan kemur meira sem fellur á skv. skuldabréfi sem þegar er skuldbindandi fyrir ríkissjóð og er að falla á þremur gjalddögum. Þetta er einn hluti af því gati sem er á ríkissjóði. Ég hef því ekki farið eftir bráðabirgðauppgjörinu sem ríkisendurskoðandi hefur þegar gefið umsögn um, heldur hef ég tekið þá ákvörðun að bíða þangað til aðalfundur Flugleiða hefur farið fram, en hann mun fara fram, ef ég man rétt, 29. þ. m. Þá hljóta reikningar að liggja frammi og mun þá Ríkisendurskoðun að sjálfsögðu fara yfir þá reikninga og sjá hvort hægt er að komast hjá því að fullnægja þeim ákvæðum, sem segir frá í nefndu skuldabréfi, sem fyrrv. fjmrh. undirritaði.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Mér þótti leitt að hæstv. fjmrh. skyldi koma sér undan að svara spurningu minni um það hver væri afstaða hans til þessarar nýju heimildar til niðurfellingar á lendingargjöldum Flugleiða með þeim einfalda hætti að vísa til þess að ég sem fyrrv. fjmrh. hefði stuðlað að því að Flugleiðir fengju styrk úr ríkissjóði nokkur ár í röð. Það er alveg rétt, það vita allir hv. þm. að Flugleiðir hafa fengið þennan styrk undanfarin ár. Það vita líka allir að áður en þetta var ákveðið fóru fram miklar umr. um það mál og sýndist sitt hverjum á tímabili en varð að lokum samkomulag um þá lausn sem valin var og var í því fólgin að veitt var til bráðabirgða lán til eins árs og síðan lánið gert upp árið eftir. Það kemur engum á óvart að ég stóð að því máli og það er ekki nein skýring eða svar við minni spurningu um það hver afstaða hæstv. fjmrh. nú er þegar aðstæður eru gjörbreyttar.

Það er aðalatriðið í málinu að þegar þessar ákvarðanir voru teknar af meiri hl. Alþingis stóðu Flugleiðir mjög illa. Þá var talið mjög tæpt að fyrirtækið gæti gengið með eðlilegum hætti og þetta var neyðarráðstöfun Alþingis til að tryggja rekstur Flugleiða. Nú eru hins vegar aðstæður gerbreyttar. Nú er ekki fyrirtækið lengur í neinni sérstakri hengingaról og því gilda ekki sömu rök og giltu fyrir 2—3 árum. Það sem ég spyr hæstv. ráðh. er: Hver er afstaða hans nú við þessar breyttu aðstæður úr því að hann var á móti því á sínum tíma þegar um neyðarástand var að ræða hjá Flugleiðum, að veita styrk úr ríkissjóði?

Ég gat ekki séð annað en að hæstv. ráðh. blandaði í svari sínu saman tveimur alveg óskyldum málum. Hann var að vekja athygli á því að það ætti eftir að greiða úr ríkissjóði seinasta lánið af þessum þremur. Það er búið að greiða lánið síðan 1981 og 1982 en það átti eftir að gera upp þetta seinasta lán. Það vita allir að sú saga var ekki alveg uppgerð. Það átti eftir að ljúka málinu. En það eina merkilega við þann þátt málsins var að hæstv. ráðh. upplýsir í fyrsta sinn fyrir Alþingi að hér er enn eitt gatið í fjárlögunum. (Gripið fram í.) Það var þó ekki í skýrslu fjmrh. til Alþingis á dögunum. Hvergi var getið um að þetta væri hluti af gatinu. Getið var um ýmiss konar göt sem væru á fjárlögunum en hér er fjmrh. í fyrsta skiptið að gera Alþingi og þar með þjóðinni grein fyrir því að þarna væri enn eitt gatið á fjárlögunum.

Það vantar alveg inn í fjárlögin þessar 64 millj. kr. sem þarf til að gera upp þetta seinasta lán sem veitt var Flugleiðum og mun að sjálfsögðu falla á ríkissjóð. Segja má því að þessi orðaskipti okkar hafi ekki verið til einskis úr því að það fékkst upp í umr. að hér er enn eitt stóra gatið á ferðinni. Upphæðin sem hæstv. ráðh. þyrfti að nefna er þá ekki 1850 millj. kr. heldur 1850 millj. kr. plús þessar 64 millj. kr. (**Gripið fram í:** Þetta er í því gati.) Nei, þetta er nefnilega ekki í því gati því að skv. því yfirliti, sem hæstv. ráðh. hefur gefið þinginu og með hliðsjón af öðrum upplýsingum, sem fengist hafa um þetta mál, er þetta viðbótargat.

En þetta uppgjör, sem hér er um að ræða, þ. e. uppgjör á láni sem útvegað var í Seðlabankanum á sínum tíma og þarf að gera upp á árinu 1984, er allt annað en niðurfelling á lendingargjöldunum sem núna er verið að tala um vegna þess að þetta 64 millj. kr. nýja gat sem við vorum að enda við að tala um, er uppgjör fyrir liðna tíð. En það sem hér er verið að tala um, lendingargjöldin, er niðurfelling á þeim gjöldum fyrir þann tíma sem er að líða nú. Ég heyri það á hæstv. ráðh. að hann blandar þessu algerlega saman. Það var á honum að heyra að það væri ekkert val hjá honum hvort ætti að nota þessa heimild eða ekki því að hann væri bundinn af gerðum mínum á sínum tíma. Þetta er stórkostlegur misskilningur. Hann er vissulega bundinn af gerðum fyrri ríkisstj. í því efni að hann verður að gera upp það lán sem ákveðið var að taka á sínum tíma og veita Flugleiðum. En lendingargjöldin fyrir tímabilið 1. okt. 1983 til haustsins 1984, sem er nýtt tímabil, er mál sem er nýtt á ferðinni og varðar ákvarðanir fjmrh. nú á þessum vetri, hvort hann er reiðubúinn til að greiða þessar upphæðir úr ríkissjóði.

Ég ætla svo ekki að fara að rökræða við hæstv. fjmrh. enn einu sinni um fjármál ríkisins á liðnum árum. Það væri að bera í bakkafullan lækinn að fara að taka upp þá rökræðu enn einu sinni. En afskaplega þykir mér slæmt að hlusta á hæstv. ráðh. blanda saman jafnóskyldum hlutum eins og gati í fjárlögum annars vegar og hins vegar aukafjárveitingum. Þar er um alveg óskyld mál að ræða.

Á undanförnum árum hefur verið talsverður munur á fjárlögum annars vegar og raunverulegri verðbólguþróun hins vegar. Tekjur og gjöld hafa hækkað nokkuð í takt og það hefur þurft að gefa út aukafjárveitingar vegna þess bæði á gjaldahliðina og tekjuhliðina, kannske fyrst og fremst á gjaldahliðina. Það þarf kannske ekki að veita formlegar aukafjárveitingar vegna teknanna. Þær koma af sjálfu sér og enga ákvörðun þarf til að taka við þeim. En gat tölum við ekki um öðruvísi en að ... (**Gripið fram í:** ... það sé gat.) Það sé gat, að það vanti tekjur á móti gjöldunum. Á þessu er reginmunur. Mönnum hefur oft verið ljóst í upphafi árs að verðbólguþróun kynni að verða með eitthvað öðrum hætti en spáð hefði verið og um meiri útgjöld mundi verða að ræða á árinu en reiknað var með og þá um leið meiri tekjur. En menn hafa líklega ekki í áratugi staðið frammi fyrir stóru gati í upphafi árs.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala um þetta nýuppgötvaða gat upp á 64 millj. heldur gat sem er búið að vera ljóst nokkuð lengi og það er gatið í húsnæðismálunum. Í upphafi ræðu sinnar áðan var það helst að skilja á hæstv. fjmrh. að sennilega væri ekkert gat þar vegna þess að skv. samtali hans við forustumenn tveggja lífeyrissjóða mundi innlend lánsfjáröflun standast. Þetta þykja mér mjög merkilegar fréttir og nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Með hvaða rökum töldu þessir heiðursmenn að innlend lánsfjáröflun til húsnæðismála mundi standast?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 11. þm. Reykv. spyr með hvaða rökum forustumenn lífeyrissjóðanna töldu líklegt að kaup þeirra á skuldabréfum til framkvæmdasjóða mundu standast. Það er náttúrlega á þeim rökum sem augljós eru. Miðað er við tekjur sjóðanna og það átti að nægja að sjóðirnir keyptu allir 40% af sínu ráðstöfunarfé, þ. e. aukningunni. Þeir gerðu ekki athugasemdir eins og ég sagði, þegar hæstv. félmrh. og ég töluðum við þá. En rétt er að taka fram að þessir forstumenn lífeyrissjóðanna ráða ekki útlánunum. Þeir geta aðeins beint þeim tilmælum til sjóðanna að þeir standi við eða fari eftir þeirra óskum. Það er byggt á þeim rökum að þeir gerðu ekki athugasemdir. En nú er annað orðið uppi á teningnum og ég verð því miður að draga í efa að þessi fjárhæð náist, ég hef ekki hikað við að gera það og hef sagt að ef hún ekki næst hef ég ekki peninga til þess að láta út úr ríkissjóði, sú fjárhæð hefur ekki komið inn eins og gefur að skilja. Því hef ég undirstrikað það að ef ekki eru til peningar verða húsbyggjendur að seinka sínum framkvæmdum, það verða allir að gera.

En hv. 3. þm. Norðurl. v. var að gefa þá skýringu að ég blandi hér saman láni til Flugleiða að upphæð 1.6 millj. Bandaríkjadala og uppgjöri varðandi lendingargjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli svo og tekju- og eignarskatt, launaskatt og önnur gjöld félagsins vegna þess að þau eru frádráttarbær frá láninu við uppgjör ef reksturinn ber sig ekki. (Gripið fram í.) Það er bara samningur sem gerður er við félagið og undirritaður af fyrrv. fjmrh. Hann er fyrir hendi og heimildin í frv. er í beinu framhaldi af þeim samningi þannig að þetta liggur alveg ljóst fyrir. Vegna ummæla hv. 3. þm. Norðurl. v. vil ég upplýsa það sem stendur í bréfi frá Ríkisendurskoðun. Bréfinu lýkur á þessum orðum:

„Að mati Ríkisendurskoðunarinnar gefur rekstrarreikningurinn glögga mynd af rekstri umrætt tímabil og af heildartapi félagsins, sem er 7 millj. 923 þús. dollarar, má rekja 4 millj. 545 þús. til starfsemi félagsins á Norður-Atlantshafsflugi."

Þannig að það er mikið tap á þessum rekstri enn þá

þó að félagið á þessari flugleið gangi mun betur en það gerði áður. Ekki fer á milli mála að hér er um verulegt tap að ræða og þetta þýðir það að félagið getur ekki staðið við afborganir af sínum lánum. Lendingargjöld og annar kostnaður, sem það á annars að gera upp, verður dreginn frá þessum lánum sem falla nú þrjú í röð með stuttu millibili árið 1984. Þetta er hluti af þeim vanda sem — (**RA:** Þau eru þegar uppgerð.) Þau eru ekki uppgerð, ég verð að endurtaka þetta allt saman. Virðulegi forseti. Ég verð að fá að lesa þetta nokkrum sinnum yfir til að það nái þangað sem ég er að reyna að senda það. Hér stendur hérna: „Lán þetta fellur í gjalddaga á árinu 1984 í þrennu lagi, 1. mars, 1. júní og 1. sept.“ Er það ekki rétt? (**RA:** Fyrir 1981 og 1982.) Ég er að tala um það sem um var samið. Ég held að ég endurtaki það ekki oftar, þetta er svo ljóst. En ég skal skilja þessa pappíra eftir hjá virðulegum 3. þm. Norðurl. v. ef hann vill læra það utan að. Þá hef ég lokið máli mínu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, ÁJ, EgJ, JHelg, LJ, TÁ, ÞK, SalÞ.

SveinnJ, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, greiddu ekki atkv.

6 þm. (JSv, EG, EKJ, ÓlJ, StB, VI) fjarstaddir.

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Ráðstöfun gengismunar, fsp. 224. mál (þskj. 395). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 395 flyt ég fsp. um ráðstöfun gengismunar. Hæstv. sjútvrh. hefur verið svo vinsamlegur að útbýta skriflegu svari við þessum fsp. mínum, m. a. vegna þess að margar tölur koma þar fram sem verður betra fyrir hv. þm. að átta sig á þegar þeir fylgjast með málinu.

Ég get þó ekki látið hjá líða að geta þess af hverju ég flyt þessa fsp. Það er m. a. í framhaldi af því sem mér ásamt fleiri þm. úr stjórnarflokkunum var falið á s. l. sumri að vinna þegar eftir að brbl., sem vitnað er til, voru sett. Gengismunurinn verður m. a. til vegna þessara ráðstafana sem hér er rætt um. Við áttum að gera tillögur til okkar þingflokka og hæstv. sjútvrh. um ráðstöfun þessara fjármuna.

Nú getum við deilt um það lengi hvernig eigi að skipta þessu fé þegar á heildina er litið til vinnslu, útgerðar og sjómanna. Mörgum hefði þótt eðlilegt að sjómenn hefðu fengið þriðjung þessa, en ég gerði tillögu um að það yrði ekki minna en 10% sem hefði þýtt að 55 millj. kr. hefðu farið til lífeyrissjóða sjómanna og annarra velferðarmála þeirra. Þegar þetta svar er gefið er, eins og menn sjá, búið að greiða 15 millj. kr. af heildarupphæðinni eða um 4% til lífeyrissjóða sjómanna en ekki til annarra hagsmunamála sjómanna.

Nú liggur það fyrir að þessar tekjur munu verða meiri en í svarinu kemur fram. Þær verða meiri en 555 millj. kr. og er talað jafnvel um 580 millj. kr. Auk þess er ljóst að miklar vaxtatekjur munu verða af þessum gengishagnaði eða kannske allt að 40 millj. kr.

Ég hef vakið máls á hv. Alþingi á þeim voða sem dunið hefur yfir íslenska sjómannastétt á liðnum misserum og enn varðandi slys á sjó og mannslát. Ég gat um það í umr. utan dagskrár fyrir stuttu að frá síðasta sjómannadegi hefðu 26 sjómenn farist vegna slysa á sjó og mætti hafa þá tölu hærri eftir því hvernig slys væru flokkuð eða jafnvel fast að 30. Ég er þeirrar skoðunar — og reyndar var tekið undir það í þeirri umr. — að *Alþingi þyrfti að grípa hér í taumana með aðgerðum* sem ættu uppruna sinn hér á Alþingi. Ég er sannfærður um að það verður ekki gert öðruvísi en fjármunir séu til staðar. Ég hef gamla og því miður slæma reynslu af því og bendi á það. Fyrir rúmum 20 árum flutti ég fyrst þáltill. um rannsókn á reki gúmmíbjörgunarbáta. Það tók mörg ár að fá hana samþykkta, en eftir að hún var samþykkt fékkst hún ekki framkvæmd í langan tíma vegna fjárskorts.

Sama má segja um tilkynningarskyldu fiskiskipa. Ég flutti það mál fyrst inn á Alþingi en það kom lengi vel ekki til framkvæmdar vegna fjárskorts.

Benda má á svona mál, m. a. liggur nú fyrir að sjóslysanefnd getur ekki látið framkvæma nauðsynlegar rannsóknir vegna fjárskorts. Ég mun því í framhaldi af þessu svari hæstv. sjútvrh. koma því í tillöguformi eða frumvarpsformi til hv. Alþingis að öllum þeim vaxtagróða sem verður til af gengismun ásamt auknum tekjum sem þegar eru til staðar verði markaður bás til þessara mála, til öryggismála sæfara, til rannsókna og til fyrirbyggjandi aðgerða. Það var ætlan mín að koma þessu á framfæri við hv. alþm. í framhaldi af svari hæstv. ráðh. varðandi tryggingamál sjómanna, bæði lífeyrissjóði og aðrar nauðsynlegar líftryggingar, sem allir borgarar landsins njóta ef þeir eru á landi án þess að greiða fyrir sérstaklega en ef þeir eru á sjó geta ekki notið. Þessu á að mæta með auknum tryggingum sjómanna og það á að sjálfsögðu að gera með þeim tryggingarsjóði sem var settur upp sem slíkur, þ. e. Aflatryggingarsjóður. En það er annað mál.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég taldi rétt að þessum upplýsingum yrði útbýtt skriflega hér til þess að menn gætu áttað sig sem best á því. Ég vildi aðeins vegna orða hv. þm. taka fram að það sem er áætlað óinnkomið í þennan gengismunarsjóð eru 149 millj. kr. og það er eingöngu af skreið. En þótt þessi áætlun liggi hér fyrir er því miður alls ekki víst að þessir fjármunir komi allir inn, því eins og hv. þm. vita hafa verið verulegir söluerfiðleikar á skreið og auk þess mikið verðfall. Ég tel því rétt að bíða með að fullyrða hvað kemur inn í þennan sjóð þar til skreiðin hefur selst. Að öðru leyti skýrir þetta plagg sig sjálft og vænti ég þess að það gefi glöggar upplýsingar um stöðu þessara mála. — [Sjá svar sjútvrh. við fsp. PS um ráðstöfun gengismunar, 3894—3896 dálki.]

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir það frumkvæði sem hann hefur haft að því að afla þeirra upplýsinga sem hér liggja nú fyrir og hæstv. sjútvrh. fyrir svarið. Ég kvaddi mér hljóðs til að taka undir þá hugmynd sem fram kom í máli hv. þm. Péturs Sigurðssonar varðandi ráðstöfun á

vöxtum af gengismunarfé. Ég tel að mjög æskilegt væri að sú till., sem hann gerði grein fyrir munnlega áðan, kæmi fram í þinginu hið allra fyrsta þannig að það þing sem nú situr geti fjallað um málið og afgreitt það.

Þá finnst mér einnig rétt í þessu sambandi að benda á að verulegur vandi steðjar að lífeyrissjóðum sjómanna. Sá vandi stafar af því að þar er um að ræða mjög mismunandi reglur eftir að ákvörðun var tekin um 60 ára lífeyrisrétt sjómanna með tilteknum skilyrðum. Þetta hefur komið þannig út að sjómenn fá lífeyri við 60 ára aldur í Lífeyrissjóði sjómanna og þeir fá þetta líka hjá Tryggingastofnun ríkisins, þ. e. almannatryggingakerfinu, en í mörgum almennum lífeyrissjóðum ná sjómenn ekki þessum rétti. Gera verður ráðstafanir til að samræma þennan rétt svo að sjómenn eigi þennan rétt alls staðar, sama rétt, og koma til móts við sjómenn í þessu efni. Eðlilegt er að gengismunarfé sé hagnýtt í þessu skyni eins og iðulega hefur átt sér stað.

Skv. því svari, sem hér liggur fyrir frá hæstv. sjútvrh., er gert ráð fyrir því að leitað verði samráðs við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands um reglur um endanlega skiptingu þess fjár sem fara á til lífeyrissjóða sjómanna. Í þeim efnum er nauðsynlegt að hafa ekki einasta auga á Lífeyrissjóði sjómanna. Það er ekki nóg að hafa auga á Lífeyrissjóði sjómanna og lífeyrissjóði yfirmanna. Það verður líka að hafa við þá ákvörðun auga á réttindum sjómanna í hinum almennu lífeyrissjóðum sem eru innan Sambands almennra lífeyrissjóða. Ég vil fara þess á leit við hæstv. sjútvrh. að hann taki það mál fyrir. Það hefur áður verið gert í stjórnkerfinu þannig að viss vinna liggur fyrir í því efni. Mér finnst óeðlilegt að ganga fram hjá þeim sjómönnum sem eru utan við Lífeyrissjóð sjómanna þegar verið er að ráðstafa fé í þessu skyni.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Vegna orða hæstv. sjútvrh. vil ég taka fram að ég hef ekki neinar till. uppi um að skerða það sem þegar hefur verið ákveðið og þá ekki heldur þær 37 millj. sem voru ákveðnar til velferðarmála sjómanna og hafa að nokkru verið eyrnamarkaðar af þeim sjálfum. Það sem ég er að tala um er, svo það komist kannske enn betur til skila frá mér, að ef afgangur verður fram yfir áður markaða veitingu og vextir sem ekki var búið að ráðstafa verði því fé ráðstafað á þann hátt sem ég hef þegar getið um.

Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir að taka undir það sem ég sagði um þessi mál og vil endurtaka það, sem hlýtur að vera meginmál, að ef það er vilji Alþingis að ráðast gegn þessum vanda verður ekki ráðið fram úr honum öðruvísi en hafa fjármuni til staðar. Við vitum vel hvernig staðan er í þjóðarbúinu í dag, en hér eru til staðar fjármunir sem siðferðilega og jafnvel enn frekar má telja að sjómenn eigi rétt á, og ég tel eðlilegt að þeim fjármunum verði varið eins og ég lagði til.

Að sjálfsögðu þakka ég svo hæstv. sjútvrh. fyrir að hafa gefið þm. og mér sem fyrirspyrjanda þær greinagóðu upplýsingar sem hér var útbýtt skriflega.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek undir þakkir til hv. 12. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu máli hér. Hér er vissulega um mikilvægt mál að ræða og það hlýtur að leiða hugann að því hvað hægt er að gera til varnar við því sem verið hefur að gerast á sjónum á undanförnum mánuðum.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um lífeyrissjóðina sem snúa að sjómönnum. Það er brýn nauðsyn á að gerðar verði ráðstafanir til að jafna aðstöðu sjómanna innan hvaða lífeyrissjóðs sem þeir eru. En muni ég rétt held ég að það hafi verið í tíð hv. 3. þm. Reykv. sem ráðh. sem vilyrði ef ekki loforð var gefið í sjómannasamningum um að séð skyldi verða fyrir fjármagni af hálfu ríkissjóðs til þess að allir sjómennn í hvaða lífeyrissjóði sem væri gætu notið sömu réttinda og þeir sem eru nú og njóta réttinda í Lífeyrissjóði sjómanna. Þannig er komin full ástæða til þess, þó hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki auðnast að koma til framkvæmda því vilyrði eða loforði, að óska sérstaklega eftir því að núverandi valdhafar bæti um betur. Þetta er svo knýjandi mál fyrir sjómannastéttina sem heild að Alþingi getur ekki látið það afskiptalaust.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs út af því, að í síðustu viku var hér utan dagskrár umr. um öryggismál sjómanna og í þeirri umr. varpaði ég fram þeirri hugmynd að skipuð yrði nefnd stjórnmálaflokkanna til að fjalla um öryggismál sjómanna. Nefndin mundi gera tillögur um ráðstafanir í þeim efnum og fjármögnun verkefna. Ég greindi nokkrum þm. frá þessari hugmynd í gær. Nú er mér tjáð að ríkisstj. hafi í morgun gert samþykkt um að skipa nefnd til að fjalla um öryggismál sjómanna, sem skipuð verði fulltrúum úr öllum flokkum. Ég tel eðlilegt, vegna þess að þessi umr. fer nú fram, að ríkisstj. greini frá þeirri samþykkt, sem hún hefur gert í þessum efnum, og ég fer fram á það við hæstv. samgrh. að hann skýri frá því hvernig mál standa, hvort rétt er að ríkisstj. hafi samþykkt í morgun að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um öryggismál sjómanna. Ég teldi að mjög æskilegt væri að slík nefnd yrði til með sem bestum friði allra aðila hér á þinginu, þannig að tryggt verði að hún skili sem bestum árangri.

Hins vegar hirði ég ekki um að svara hv. 3. þm. Vestf.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal upplýsa að á ríkisstjórnarfundi í morgun var samþykkt að tillögu frá mér sem samgrh. að skipuð verði nefnd níu alþm. sem fjallaði um öryggismál sjómanna og sú nefnd hefði náið samstarf við Siglingamálastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa, Slysavarnafélag Íslands og hagsmunasamtök sjómanna og útvegsmanna. Í nefndinni yrðu fimm fulltrúar frá stjórnarflokkunum og fjórir fulltrúar frá stjórnarandstöðu. Ég er þegar búinn að tala við formenn tveggja þingflokka stjórnarandstöðu um að tilnefna eins fljótt og hægt er í þessa nefnd, en hafði ekki unnist tími til að tala við tvo flokka þegar þessi fyrirspurn kom skyndilega.

Ég held að um þetta mál geti myndast breið samstaða og góð samstaða því að það er full þörf á því, eins og fram hefur komið bæði hér á Alþingi og víðar, að gera verulegt átak í öryggismálum sjómanna. Við skulum játa að rannsóknarnefnd sjóslysa hefur svo að segja frá byrjun haft ákaflega lítið svigrúm hvað fjárhag varðar til sinnar starfsemi. En nauðsyn er á að gera verulega bragarbót í þessum efnum. Ég hygg að nú ætti að nást sú samstaða sem nauðsynleg er, þannig að allir þingflokkar eigi fulltrúa í nefndinni.

Eðlilegt er að stjórnarflokkar eigi fimm fulltrúa af

níu. Það mun vafalaust fara þannig að annar stjórnarflokkurinn, miðað við þingstyrk, mundi gefa eftir einn fulltrúa til þess að allir stjórnarandstöðuflokkar fái fulltrúa í nefndinni. Eftir þessu verður óskað. En ég á eftir að tala við tvo af stjórnarandstöðuflokkunum af því mér vannst ekki tími til þess fyrr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vek athygli þingheims á því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan: Ég hirði ekki um að svara gagnrýni sem fram kemur á mig. — Þetta var megininntak hans orða. Þetta sýnir ekki djörfung eða dug eða kjark manns til að verja það sem hann hefur út úr sér látið í samningaviðræðum við hagsmunasamtök sjómanna. Þetta sýnir auðvitað og sannar að rétt er að þessu var lofað, en það var svikið. Og sá sem á því ber ábyrgð að þetta var svikið er fyrst og fremst hv. 3. þm. Reykv. ásamt öðrum þeim sem að því stóðu að gefa þetta vilyrði eða loforð á sínum tíma, en entist ekki aldur í ráðherrastól einhverra hluta vegna til að standa við það loforð. — Þetta er athyglisvert, jafngeyst og þessi hv. þm. hefur farið í ræðustól undangengna daga. Nú er hann slappur og niðurbrotinn og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér til að verja það sem hann hefur áður út úr sér látið fara.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Út af umr. um lífeyrissjóðsmál sjómanna tel ég óþarft að vera að leita uppi sökudólga í þeim efnum. Það er öllum ljóst, sem til þekkja, að lífeyrissjóðamál sjómanna hafa ekki verið í góðu horfi, en þeir greiða af kauptryggingu nánar sagt til lífeyrissjóðs og fá þar af leiðandi tiltölulega lítil réttindi. Það var ákveðið á sínum tíma að þeir fengju lífeyri við 60 ára aldur. Lífeyrissjóðir sjómanna hafa átt í miklum vandræðum með að standa við þá skuldbindingu eða a. m. k. liggur fyrir að verða mun mjög erfitt að standa við hana í framtíðinni. M. a. þess vegna hefur verið ákveðið, þegar gengismunarfé hefur verið ráðstafað, að verja fjárhæðum til lífeyrissjóða sjómanna. Þess vegna var sú ákvörðun tekin við gengisbreytinguna á s. l. vori á sama hátt og það hafði verið við fyrri gengisbreytingar.

Hins vegar er rétt að upplýsa að til lífeyrissjóða sjómanna renna árlega um 130—150 millj. Ef hins vegar væri greitt á árinu 1984 af öllum aflahlut sjómanna væri það upphæð á bilinu 230—250 millj. Ef greitt væri í lífeyrissjóð af öllum þeim tekjum sem sjómenn hafa mundu þar koma til 100 millj. til viðbótar. Eins og vitað er er samkvæmt öllum reglum venjan sú að 4% séu greidd af launþegum og 6% af vinnuveitendum.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að þetta er eitt af þeim stóru málum sem sjómenn berjast fyrir og hafa barist fyrir. Þessi mál verða áfram á borðinu eins og þau hafa verið á undanförnum árum.

Ég vildi aðeins upplýsa þetta, en tel ekki til mikils sóma að vera að kenna fyrrv. ráðh. eða núv. ráðh. um þá stöðu.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður, en það er vegna síðustu upplýsinga hæstv. ráðh. Það gæti valdið misskilningi hjá þeim þm., sem ekki þekkja til, þegar talað er um lífeyrisgreiðslur og það af fiskiskipunum, eins og ég heyrði að hæstv. ráðh. orðaði það. Það eru tvískiptar reglur um greiðslur í lífeyrissjóði á fiskiskipunum. Á stærri togurunum, sem eru með sína sérsamninga, er borgað af öllum tekjum, bæði sjómenn sjálfir og útgerðarmenn. Hins vegar á svokölluðum minni togurum, 500 rúmlestir og minni, og fiskibátum er miðað við kauptrygginguna og það eru fyrst og fremst þeir menn sem fá allt of lítið út úr sínum lífeyrisréttindum þegar þeir þurfa á þeim að halda. Á verslunarskipunum er hins vegar eins og á stærri togurunum borgað af öllum launum þeirra sjómanna sem þar starfa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég var ekki að ræða við hv. 3. þm. Reykv. um hvað hann hefði flutt af þáltill. sem óbreyttur þm. á þessu þingi. Loforðið var gefið í hans ráðherratíð og þá átti að efna það, þá var tækifæri til þess að standa við það. Ég fagna því hins vegar að hv. þm. hefur nú rankað við sér. Vonandi helst sú viðleitni, sem virðist vera komin upp í hans huga nú til þessa máls svo og fleiri góðra mála, lengur en mér virðist sú viðleitni hafa haldist frá því hann gaf loforðið til þessa dags.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fagna því að niðurstaða er fengin í því að til verði nefnd á vegum allra flokkanna um öryggismál sjómanna. Mér sýnist að hér hafi hugmyndin komist greiðlega á blað og henni verið hrint fljótt í framkvæmd. Ég hef fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga að það verði ríkisstj. sem skipi nefndina að öðru leyti en því að ég teldi að til greina kæmi að það verði forsrn. sem hafi með þessa nefnd að gera vegna þess að öryggismál sjómanna snerta ekki bara eitt rn. heldur mörg. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstj. að menn íhugi það alvarlega hvort mál af þessum toga á ekki heima undir forsrn.

Þá vil ég í sambandi við lífeyrismál sjómanna benda hv. 3. þm. Vestf. á að lesa þskj. 94, 87. mál. Það er till. til þál. um lífeyrismál sjómanna sem ég hef flutt ásamt sex öðrum þm. Alþb. þar sem saga þessara mála er rakin mjög samviskusamlega. Ég vænti þess að hann hafi að loknum lestri þeirrar grg. betri upplýsingar um málið en mér virtist hann hafa í ræðum sínum áðan.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil fagna því að búið er að ákveða skipun nefndar sem fjallar um öryggismál sjómanna með þeim hætti sem hæstv. samgrh. hefur greint frá. En ég tel rétt að hér komi fram að hugmynd um þessa nefnd var reifuð við samgrh. fyrir utan dagskrárumr. sem hér er bent á og ráðh. tók vel í hana. Ég gat hins vegar ekki verið viðstaddur umr. en málið var tekið upp strax daginn eftir. Ég endurtek að ég fagna því að þetta mál er komið á rekspöl.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Eins og vant er er stundum dálítið undarlegt að fylgjast með umr. á hinu háa Alþingi. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því hér yfir að hann og sjálfsagt aðrir ráðh. ríkisstj. hafi fullan hug á að gera eitthvað í lífeyrismálum sjómanna. Hv. þm. Karvel Pálmason sér ástæðu til þess að vera með persónulegan skæting til fyrrv. hæstv. ráðh., Svavars Gestssonar. Sannleikurinn í málinu er sá, ef þm. hefur gleymt því, að það var einmitt í hans tíð sem sett voru lög um lífeyrisréttindi sjómanna við 60 ára aldur. Það er alveg rétt að margt er ógert, en þetta var þó gert.

Nú hefur hv. þm. og fyrrv. ráðh., Svavar Gestsson, flutt, eins og hann gat um áðan, till. til þál. sem liggur fyrir þeirri n. sem m. a. ég sit í, þ. e. allshn. Sþ. Ég hlýt því að spyrja ráðh. ríkisstj., úr því að þeir eru svona áhugasamir um að þessum málum verði kippt í liðinn, hvers vegna setið hefur verið á þessu máli í þeirri n. Ég hef ekki, þrátt fyrir margar ítrekanir, fengið þetta mál, 87. mál þingsins, afgreitt eða yfirleitt rætt í hv. allshn. Hvað er þá á móti því að afgreiða það mál út úr n., svo að einu sinni kæmi nál., hið þriðja úr þeirri annars ágætu n.?

Það er afskaplega tilgangslítið að vera með persónulegt skítkast um þessi mál sem eru mikil alvörumál. Auðvitað er ýmislegt búið að lagfæra, en enn þá er fleira ógert. Lífeyrir sjómanna er til hreinnar skammar eins og nú er. Ég vænti þess að ég megi skilja þessa umr. svo, að ég megi nú biðja hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, formann allshn. Sþ., að snara út úr n. næsta þriðjudag þessari ágætu þáltill. hv. þm. Svavars Gestssonar. Ekki virðist vera nein mótstaða gegn því í hv. ríkisstj.

Hitt er svo annað að um þessi mál mætti margt segja sem ég ætla ekki að gera hér. Aldrei verður neitt vit í lífeyrismálum landsmanna fyrr en einhver hefur þá dirfsku til að bera að setja á stofn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Það er gersamlega óviðunandi að sú stétt manna, sem framleiðir mest og dregur að landi obbann af þjóðartekjunum, skuli vera verst sett eða a. m. k. með þeim verst settu þegar kemur að lífeyrismálum. Það er okkur svo sannarlega til vansæmdar.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tel rétt að upplýsa, fyrst deilt er um höfundarrétt að nefndarskipun vegna öryggismála sjómanna, að fyrir nokkrum vikum óskaði Slysavarnafélagið eftir sérstöku samstarfi við þingflokkana um þessi mál. Þingflokkarnir tilnefndu menn til samráðs og þessi nefnd kom síðan saman á fund með fulltrúum Slysavarnafélagsins. Hin hörmulegu sjóslys, sem átt hafa sér stað í vetur, voru rædd þar og ýmis mál sem lúta að slysavörnum á sjó. Ég tel hins vegar að það sé af hinu góða að sérstök nefnd sé skipuð sem hafi kannske sterkari stöðu en þessi samráðsnefnd. Hins vegar tel ég óþarfa að þar sé hugsað um meiri hl. eða minni hl. stjórnar eða stjórnarandstöðu. Ég tel — og þá hef ég í huga þann fund sem ég sat þar síðast — að menn eigi að ræða þessi hörmulegu mál án flokkaágreinings. Ég vænti þess að þessi nefnd komi til með að starfa vel en ég vil enn ítreka það að óþarfi er fyrir þm. að koma alveg af fjöllum varðandi þessi mál vegna þess að þeir hafa átt þátt í því núna fyrir nokkrum vikum síðan að tilnefna fulltrúa í slíka samráðsnefnd, nefnd sem hafði hugsað sér að koma oft saman og ræða þessi mál og gera þar góða hluti.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Komið hefur fram í máli hv. 10. landsk. þm. að þm. telur að nú sé komið lag til að snara út úr allshn. á næsta þriðjudegi ákveðnu máli. Hv. þm. er fullkunnugt um að meðgöngutími mála hjá n. er mislangur og kemur þar eitt og annað til. Eitt atriðið er það að mál eru send til umsagnar og einnig mjög gjarnan kallað á menn til funda við n. Þannig hélt n. reglulegan fund í morgun og tók fyrir tvö mál þar sem flutningsmenn voru úr Alþb. Þrír fulltrúar voru kallaðir á fund n. og mikilvirkasti nm. á mælendaskrá hjá n. var tvímælalaust hv. 10. landsk. Þannig tekur oft þó nokkurn tíma að vinna að framgangi mála.

Ég hef sagt hv. 10. landsk. þm. að ég ætla ekki að liggja á málum. Það liggur alveg ljóst fyrir og það er margbúið að koma því á framfæri. Hins vegar mun n. vafalaust þurfa að þyngja eitthvað á sinni vinnu þegar líður á veturinn og er það ekki óalgengt með slíkar n. Það má minna á að fjvn. vinnur fyrst og fremst fyrir jól. Svo má einnig segja að eðlilegt sé að þær n. sem taki við þáltill. auki sína vinnu þegar nálgast vorin.

Hitt er svo annað mál að það getur verið misauðvelt að ná n. saman og það tekst ekki alltaf vegna þess að menn hafa mörgum störfum að sinna, eru m. a. í mörgum n. og þeirra fundartími rekst gjarnan á. Þannig átti ég t. d. að vera á öðrum nefndarfundi núna í morgun kl. 10 en ég vil undirstrika það að hv. 10. landsk. þm. þarf ekki að óttast að ekki verði tekin afstaða til mála.

Sameinað þing, 13. mars.

Ráðstöfun gengismunar.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um ráðstöfun gengismunar á þskj. 395, sent þm. 12. mars.

Þegar gengi íslenskrar krónu var breytt 27. maí 1983 var ákveðið með bráðabirgðalögum nr. 55 27. maí 1983 að innheimtur skyldi 10% gengismunur af sjávarafurðum útfluttum frá og með 1. júní 1983. Var gerð áætlun um hversu mikilli fjárhæð gengismunurinn gæti numið og reyndist hún 534 millj. kr.

24. febrúar s. l. var þessi áætlun endurskoðuð af Seðlabankanum og var niðurstaðan þessi:

Staða verðhækkunarreiknings (gengismunarreikn.) 28. febr. 1984 og áætlun um óinnkomið.

	Í millj. kr.		
	Innkomið	Áætl. óinnk.	Samtals
Freðfiskur	241,1	0,5	241,6
Saltfiskur	128,5	0	128,5
Skreið	48,1	149,0	197,1
Mjöl	6,7	0	6,7
Hrogn	2,8	0	2,8
Lýsi	1,4	0	1,4
Vextir 1983	17,8		17,8
Samtals	446,4	149,5	595,9

Vextir hafa ekki verið reiknaðir frá 1. jan. 1984.

Hinn 18. ágúst s. l. ákvað ríkisstjórnin að ráðstafa gengismunarfé með eftirfarandi hætti. Í aftari dálki sést hvað þegar hefur verið greitt:

	Úthlutað	Greitt
1. Lán til loðnuskipa	60 000 000	60 000 000
2. Lán til loðnuvinnslustöðva	15 000 000	13 395 000
3. Til orkusparandi aðgerða	10 000 000	10 000 000
4. Til eflingar gæða og vöruvöndunar	10 000 000	10 000 000
5. Til lífeyrissjóða sjómanna	30 000 000	15 000 000
6. Til annarra velferðarmála sjómanna	7 000 000	500 000
7. Til styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa	4 000 000	4 000 000
8. Til sérstaks átaks í loðnuleit haustið 1983	1 200 000	1 200 000
9. Til greiðslu eftirstöðva og vaxta af skuld Olíusjóðs fiskiskipa, lög nr. 1/1983, u. þ. b.	55 000 000	30 000 000
10. Til Stofnfjársjóðs fiskiskipa inn á reikninga fiskiskipa með hliðsjón af aflaverðmæti 1. júlí 1982	100 000 000	100 000 000
11. Til Stofnfjársjóðs til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa 30. júní 1983	200 000 000	150 000 000
12. Til saltfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs	60 000 000	
	552 200 000	394 095 000

Um einstaka liði:

2. liður:
Ekki eru horfur á að um frekari útgreiðslu af þessum lið verði að ræða.

5. liður:
Nú er verið að leita samráðs við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands um reglur um endanlega skiptingu þessa fjár.

6. liður:
Um þennan lið er hið sama að segja og 5. lið. Þeir verkefnaþættir, sem helst eru ræddir, eru: Vinnutímarannsóknir á fiskiskipum, orlofshús og öryggismál sjómanna, endurmenntun sjómanna, tölvuvæðing Tilkynningarskyldunnar, orlofsmál.

9. liður:
Olíusjóður fiskiskipa var stofnaður með lögum nr. 1 11. febrúar 1983 til að greiða niður verð á gas- og svartolíu til fiskiskipa. Hann starfaði til 27. maí 1983. Tekjur sjóðsins voru 4% útflutningsgjald. Þær hrukku ekki fyrir gjöldum. Þegar sjóðurinn var lagður niður var talið að skuldin gæti numið u. þ. b. 55 m. kr., en þá voru óinnkomnar tekjur af útflutningsgjaldinu. Ný spá bendir til svipaðrar niðurstöðu, þó heldur lakari. Ógreiddur halli gæti numið 25—30 m. kr., en enn þá hafa tekjur af útflutningsgjaldi ekki skilað sér að fullu.

11. liður:
Eftirstöðvar verða greiddar þegar fé verður fyrir hendi ásamt framlagi, samkv. 5. og 6. lið.

12. liður:
Þetta fé verður notað til að greiða verðbætur á vertíðarframleiðslu 1984.

Eins og fram kemur í ofanrituðu eru ógreiddar af gengismun 158,1 m. kr. en áætlaðar viðbótartekjur ásamt innstæðu í Seðlabankanum 29. febr. 1984 nema samkvæmt áætlun 201,9 m. kr. Eru þá ekki reiknaðir vextir af innstæðum frá 1. jan. 1984, en þeir eru sem næst vöxtum af almennum sparisjóðsbókum.

Staða gengismunarreiknings 29. febr. 1984 var samkvæmt yfirliti Seðlabankans eins og hér kemur fram:

	Útborgun kr.	Innborgun kr.
Freðfiskur		241 045 062,72
Saltfiskur		128 488 262,38
Skreið		48 213 655,92
Mjöl		6 683 490,50
Hrogn		2 801 932,78
Lýsi		1 420 140,81
Vaxtatekjur ársins 1983		17 847 056,35
1. tl. 3. gr. brbl. 55/83	60 000 000,00	
2. tl. 3. gr. brbl. 55/83	13 395 000,00	
3. tl. 3. gr. brbl. 55/83	10 000 000,00	
4. tl. 3. gr. brbl. 55/83	10 000 000,00	
5. tl. 3. gr. brbl. 55/83	15 500 000,00	
6. tl. 3. gr. brbl. 55/83	4 000 000,00	
7. tl. 3. gr. brbl. 55/83	1 200 000,00	
8. tl. 3. gr. brbl. 55/83	30 000 000,00	
9. tl. A 3. gr. brbl. 55/83	100 000 000,00	
9. tl. B 3. gr. brbl. 55/83	150 000 000,00	
Mismunur	52 404 601,46	
	446 499 601,46	446 499 601,46
Innstæða pr. 29. febr. 1984	52 404 601,46	

2. mars 1984.

Sullaveiki, fsp. 237. mál (þskj. 416). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 416 fsp. til hæstv. heilbrmrh. um sullaveiki.

„1. Hvað hyggst ráðh. gera til varnar gegn útbreiðslu á sullaveiki?

2. Hyggst ráðh. láta gera úttekt á framkvæmd gildandi laga um hundahreinsun?“

Síðasta dauðsfall vegna sullaveiki var árið 1961. Að sögn landlæknis var það talið síðasta tilfellið. Í 23 ár var því talið að sullaveiki í mönnum hefði verið útrýmt á Íslandi. Nú hefur komið í ljós að svo er ekki. Það er full ástæða til að íhuga hvernig þessum málum er háttað í dag hvað varðar framkvæmd gildandi laga um hunda-

hreinsun. Auk þess sem sullaveiki hefur fundist í manni nýlega hafa komið upp nokkur tilfelli í sauðfé á Austurlandi. Er því full ástæða til að herða á eftirliti með fyrirbyggjandi aðgerðum til varnar við útbreiðslu veikinnar.

Í lögum nr. 7 frá 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, segir í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrmrn. staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélögum."

Sams konar ákvæði eru í heilbrigðisreglugerð, 83. gr., 2. tölul. Í samræmi við þessi ákvæði hafa mörg sveitarfélög sett takmörkun eða bann í viðkomandi heilbrigðissamþykktir og er slíkt bann t. d. í Reykjavík.

Brotalöm er á því að banni við hundahaldi sé framfylgt. T. d. er talið að milli 2 og 3 þús. hundar séu hér í höfuðborginni án þess að eftirlit með hreinsun þessara hunda sé framfylgt, enda eru þeir í orði kveðnu ekki til. Svo gæti háttað víðar um land.

Í reglugerð um varnir gegn sullaveiki segir, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr.: Þeir, sem annast heilbrigðisfræðslu í skólum, skulu fræða nemendur rækilega um orsakir og eðli sullaveiki í mönnum og fénaði. Ein grein þeirrar fræðslu er að kynna nemendum lög og reglur um varnir gegn sullaveiki.

Læknar og dýralæknar skulu kappkosta að brýna fyrir almenningi og leiðbeina um varúð í umgengni við hunda og um hreinlæti við sláturstörf og aðra meðferð matar til varnar gegn hvoru tveggja, að hundar sýkist af bandormum og nái að sýkja menn eða fénað af sullaveiki."

Ég tel fulla ástæðu til að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt svo og 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem kveðið er á um að allir, sem eiga hunda eldri en misseris gamla eða hafa þá undir höndum, láti hreinsa þá af bandormi einu sinni á ári.

Í Morgunblaðinu í morgun er þess getið að sullaveiki hafi fundist í fertugri konu á s. l. ári. Þar segir, með leyfi forseta:

„Blaðið Íslendingur, sem gefið er út á Akureyri, greinir frá því hinn 15. þessa mánaðar, að á síðasta ári hafi fundist sullur í rösklega fertugri konu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Sullurinn hafi verið kalkaður og skaðlaus og konan því ekki verið skorin upp til að fjarlægja sullinn.

Segir blaðið, að sé sullur í fólki kalkaður sé hann skaðlaus vegna þess að kalkhúðin einangri hann frá líkamanum. Á hinn bóginn getur hann sprungið og breiðst út og þurfi þá að grípa til ráðstafana til að hefta útbreiðslu hans. Kalkaður sullur greinist í röntgenmyndatökum, og í áranna rás hafa læknar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri af og til greint slíkan sull í fólki án þess að veður hafi verið gert út af því."

Það er því víða pottur brotinn hvað það varðar að eftirlit með hundahreinsun sé nægilegt. Verður því að gera þá kröfu til heilbrigðisyfirvalda að þau láti til sín taka nú þegar og láti kanna fjölgun hunda á Íslandi og að ákvæðum um hundahreinsun sé framfylgt.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við fyrri spurningunni:

Þeir sem hafa kynnt sér sögu heilbrigðismála hér á landi vita að einhver alvarlegasta og langvinnasta plágan sem gengið hefur yfir landið var sullaveikisplágan. Um tíma var því haldið fram að allt að fjórðungur Íslendinga væri haldinn þessari veiki.

Ekki gekk þrautalaust að sannfæra landsmenn um að sullaveiki í mönnum mætti rekja til hunda. Að fáu var gert meira gys um miðja síðustu öld en þeirri skoðun Jóns Hjaltalíns landlæknis að sullur í mönnum væri úr hundum kominn. Áttu þar jafnt hlut að máli embættisbræður hans.

Nú er öldin önnur. Í ár eru 115 ár liðin frá því að fyrstu lög voru sett hér á landi til að stemma stigu við þessum ófögnuði. Í fyrstu þokaði hægt, enda skorti þá enn mikið á skilning landsmanna. Eftir aldamótin fór árangur að koma verulega í ljós og árið 1924, þegar lög voru sett er heimiluðu bæjarstjórnum og hreppsnefndum að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum, voru sullaveikitilfelli fá og þegar lögin voru endurskoðuð 1953 svo til engin. Er því óhætt að fullyrða að tekist hafi á þessum tíma að komast fyrir þennan ófögnuð.

Fyrir skömmu greindist sullaveiki í manni á Akureyri og er það fyrsta skráða tilfellið í rúm 20 ár. Nú nýverið hefur komið upp annað tilfelli í sama kaupstað. Ég geri fastlega ráð fyrir að þetta tilfelli sé ástæðan fyrir fsp. sem hér er lögð fram.

Þótt tvö tilfelli hafi komið upp er ekki ástæða til þess að óttast útbreiðslu veikinnar. Ekki liggur t. d. fyrir hversu lengi sullurinn hafði grafið um sig. Sá tími gæti jafnvel skipt árum eða tugum ára. Ekki liggur heldur fyrir hvar sullurinn barst í manninn. Það gætu sjálfsagt margir staðir komið til greina. Eins ber að líta á að sull er víðar að finna en hér á landi. Nágrannaþjóðir, sem búa við lengri baráttusögu gegn þessum vágesti en við, telja sig þurfa að halda vöku sinni.

Ég tel ekki ástæðu til sérstakra aðgerða í þessu máli umfram þær sem gildandi lög og reglur bjóða. Síst skal ég þó gera lítið úr hættunni. Hún er vissulega fyrir hendi og nauðsynlegt að vera vel á verði. Hins vegar tel ég að nútímaheilbrigðisþjónusta og heilbrigðiseftirlit sé það öflugt fyrirbæri að lítil hætta sé á útbreiðslu sullaveikinnar.

Síðari spurning: Gildandi lög um sullaveikivarnir eru lög nr. 7 frá 1953, en í 6. gr. þeirra segir að heilbrmrn. setji, í samráði við landlækni og yfirdýralækni, reglugerð um hreinsun hunda vegna bandorma, meðferð sulla úr sláturfé svo og annað, er þurfa þykir til útrýmingar sullaveiki. Þessi reglugerð var gefin út 31. desember 1957. Um þessa þætti höfðu áður gilt reglugerðir fyrir einstakar sýslur og kaupstaði.

Því hefur verið haldið fram að reglugerð þessari sé slælega fylgt eftir, sérstaklega ákvæðum er skylda hundaeigendur til að láta hreinsa hunda af bandormum einu sinni á ári. Víst er að víða er pottur brotinn í þessum málum. Hins vegar tel ég að reglugerðinni sé í megindráttum fylgt þar sem hundahaldsmál eru tekin föstum tökum, en svo er á velflestum stöðum á landinu. Því miður á þetta ekki við um langfjölmennasta byggðarlag landsins, Reykjavík, en þar er hundahald bannað og ætti því ekki að vera þörf fyrir hundahreinsun. Annað væri tvískinnungur. Staðreyndirnar tala hins vegar öðru máli og er brýn þörf fyrir hundahreinsun þar.

Hundahaldsmál eru sveitarstjórnarmál og ákvörðun um bann og takmörkun hundahalds á þeirra færi en

ekki ráðh. eða rn. Mér er því mjög óljúft að skipta mér af þessu máli í Reykjavík eða annars staðar. Hins vegar verður ekki til lengdar búið við ófremdarástand er ríkir í þessum málum í Reykjavík. Ég verð að treysta borgaryfirvöldum fyllilega til að leysa þessi mál og vænti þess að svo verði gert bráðlega.

Ég tel ástæðulaust að láta fara fram úttekt á framkvæmd þeirra reglna er gilda um hundahreinsun því eins og áður segir tel ég okkur vita þetta í stórum dráttum. Hins vegar mun ég beita mér fyrir því í rn. að reglugerðin frá 1957 um sullaveikivarnir verði endurskoðuð, ekki síst með hliðsjón af þeim breytingum sem átt hafa sér stað á löggjöf um heilbrigðiseftirlit, nú síðast með lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Samkvæmt því kerfi sem komið er á fót með þeim lögum, þ. e. stóraukið heilbrigðiseftirlit sérstaklega í strjálbýlinu, ættu að vera miklu betri möguleikar á því að framfylgja eftirliti með hundahreinsun. Þessi endurskoðun gæti t. d. leitt í ljós misbresti á framkvæmdinni, sem mér eru ekki kunnir, og mun ég þá vitanlega taka á þeim.

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Jónsdóttir): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég er ekki sammála honum í öllum atriðum. Ég tel að hætta á útbreiðslu veikinnar hljóti að vera fyrir hendi ef fleiri þúsund, jafnvel tvö, þrjú, fjögur þúsund, hundar eru hér á Íslandi sem ekkert eftirlit er haft með hreinsun á. Þó að þessir hundar séu að jafnaði í þéttbýli gæti nú einhver ferðast með þá austur á land og hleypt þeim þar lausum í sveitinni. Það er ekki loku fyrir það skotið. Ég vonast því til þess að hæstv. ráðh. íhugi þetta mál frekar og a. m. k. hafi samband við borgarstjórn Reykjavíkur ogýti á eftir að hún sinni þessum málefnum og ef það væri víðar á landinu, sérstaklega þá í þéttbýli, sem málum væri háttað eins og í Reykjavík.

Söluskattur af snjómokstri, fsp. 207. mál (þskj. 370). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Páll Pétursson): Herra forseti. Á þinginu í fyrra voru samþykkt lög um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Við 6. gr. laganna bættist með því eftirfarandi málsgr.: „Heimilt er að endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur. Ráðh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar og tiltekur gögn er sveitarstjórnir þurfa að leggja fram til að öðlast rétt til endurgreiðslu.“ Og í 2. gr. sagði: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Þetta var samþ. á Alþingi 2. mars 1983.

Í grg. með frv. sagði ég á sínum tíma: „Ekki verður um það deilt, að mjög er óeðlilegt að ríkið hagnist á söluskatti af þeim kostnaði sem sveitarfélög verða fyrir vegna snjómoksturs.

Þessi skattheimta kemur mjög ójafnt niður á sveitarfélögin, og ekki verður séð að sæmandi sé að nota erfiðleika, sem skapast vegna ótíðar, sem tekjustofn fyrir ríkissjóð. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er reynt að jafna að nokkru skilyrði til búsetu hvar sem er á landinu.“

Páv. fjmrh., hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, var mjög samþykkur þessu máli á sínum tíma og flutti reyndar frv. svipaðs efnis hér fyrr meir, þar sem hann lagði til að endurgreiddur yrði söluskattur af snjómokstri til sveitarfélaga í þéttbýli. En þetta er nú útfært þannig að það er sama hvernig sveitarfélag um er að ræða.

Núv. hæstv. fjmrh., Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv., var enn fremur, ef ég man rétt, mjög samþykkur þessu máli. En því miður hefur í ráðherratíð hvorugs þessara hæstv. ráðh. neitt gerst í málinu svo mér sé kunnugt. Þess vegna leyfi ég mér að bera fram á þskj. 370 svohljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„Hvenær hyggst fjmrh. neyta heimildar í lögum nr. 24 frá 16. mars 1983, um breytingu á lögum um söluskatt, og endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur?“

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Fsp. sem er beint til mín á þskj. 370 er svo hljóðandi: „Hvenær hyggst fjmrh. neyta heimildar í lögum nr. 24 frá 16. mars 1983, um breytingu á lögum um söluskatt, og endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur?“

Svar mitt er: Efnislega samhljóða fsp. var hér á dagskrá hinn 24. jan. s. l. og svaraði ég henni þá. Spunnust þá um þetta málefni allnokkrar umr. Eins og ég rakti þá er fjmrh. heimilað með lögum nr. 24 frá 1983 að endurgreiða sveitarfélögum söluskatt af kostnaði sveitarfélaga af snjómokstri.

Heimild þessi hefur enn ekki verið nýtt vegna þeirra vandkvæða sem á því eru að framkvæma endurgreiðslur af þessu tagi með sæmilegum hætti. Menn verða að átta sig á því að vinnuvélaþjónusta er söluskattsskyld hvort sem hún er unnin fyrir aðra eða í eigin þágu. Snjómokstur annast sveitarfélag bæði með sínum tækjum svo og leigutækjum. Það er ákaflega erfitt fyrir skattyfirvöld að staðreyna hvenær umrætt tæki hafi verið að moka snjó eða vinna að einhverju öðru. Í raun er hér um að ræða illframkvæmanlegt verk miðað við þann mannafla sem skattakerfið ræður nú yfir.

Að mínu mati eru aðeins tvær leiðir færar í þessu efni. Önnur er sú að undanþiggja vinnuvélanotkun söluskatti. Slík undanþága yrði óheyrilega dýr og því alls ekki ráðlegt að svo stöddu að leggja til að svo verði gert. Hin er sú að taka upp einhvers konar styrkjakerfi, annaðhvort í gegnum Jöfnunarsjóð eða ríkissjóð, til handa þeim sveitarfélögum sem þurfa að moka mikinn snjó. Ég vil ítreka að það verður að gæta hófs í að fela framkvæmdavaldinu illleysanleg mál af þessu tagi. En staðreyndin er sú, að við höfum lög í höndunum þar sem fram kemur afdráttarlaus vilji Alþingis. Ég tel að athuga ætti hvort ekki mætti breyta þessum lögum á þann veg að styrkja mætti Jöfnunarsjóð eða Samband sveitarfélaga til að ráða fram úr þeim vanda sem lög þau sem hér um ræðir leggja á rn. En ég vil þó undirstrika að ég er sammála hv. 5. þm. Vestf. um að ósanngjarnt er að ríkið hagnist af snjómokstri sveitarfélaga. Ég ætti sem 1. þm. Reykv. að fagna þessu því ég er viss um að ekkert sveitarfélag í landinu yrði fegnara en Reykjavíkurborg ef þessi lög væru framkvæmanleg. Samkvæmt upplýsingum frá gatnamálastjóra sem komið hafa fram í fjölmiðlum munu það vera um 300 km sem Reykjavíkurborg þarf að moka reglulega á hverju ári.

Ég vil ítreka það sem ég sagði hér þegar ég svaraði fsp. 24. janúar. Það er unnið að því í rn. að reyna að

finna leið til að framkvæma þessi lög. Mér er hins vegar líka kunnugt um að þeir embættismenn sem um það fjalla eru í miklum vandræðum með að finna þá leið, þótt hæfir séu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Umr. um þetta mál nú eru í raun hrein endurtekning á umr. sem fram fóru fyrir tveimur mánuðum. Þá bar einn hv. þm. upp alveg hliðstæða fsp. Ég tók þátt í þeim umr. og lýsti undrun minni yfir því, að fjmrh. skyldi vera í einhverjum vafa um það hvort hann ætti að framkvæma lög sem samþykkt hefðu verið hér á Alþingi. Sérstaklega þegar hann lýsti því svo jafnframt yfir að lögin væru eðlileg og sanngjörn, eins og hann gerði í þessum umr.

Ég tel mig muna það rétt að lögin hafi verið samþykkt alveg undir lok seinasta þings vorið 1983 og þau munu ekki hafa verið staðfest og hlotið formlegt endanlegt gildi fyrr en fáum vikum áður en stjórnarskipti urðu. Hins vegar var þegar hafinn undirbúningur að setningu reglugerðar um þetta efni og vissulega var þar við viss vandamál að etja. Þeirri reglugerðarsmíð var lokið þegar stjórnarskipti urðu. Var því ekki um neitt annað að ræða en að treysta á það að sá ráðh. sem við tæki gengi endanlega frá málinu. Og satt best að segja grunaði mig ekki að á því yrði neinn dráttur.

Ég viðurkenni að nauðsynlegt kann að vera að hafa sérstakt eftirlit með því að ekki sé um misnotkun að ræða á þessari heimild. Og það er alveg rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að það er kannske erfitt að leggja þá byrði alfarið á eftirlitsmenn skattakerfisins. En þessi erfiðleiki er nú ekki óyfirstíganlegur. Mín till. er sú, að hæstv. ráðh. gangi þannig frá málinu að lögreglustjórum og sýslumönnum verði falið að gefa vottorð um þessi mál og stimpla þá reikninga sem sendir verða vegna snjómoksturs sveitarfélaga. Ég hygg að þeim eigi að vera í lófa lagið að fylgjast með þessu í hverri sýslu landsins. Þannig væri hægt að leysa þennan vanda.

Fyrirspyrjandi (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svarið þó að það sé vissulega ófullkomið og valdi manni miklum vonbrigðum. Það hefur mikið snjóað s. l. tvo mánuði og menn hefðu átt að geta hugsað um þetta mál og fundið greiða leið út úr því. Ég tel að það sé eintómur fyrirsláttur að ekki sé hægt að framkvæma þetta. Það eru margar leiðir til þess. Ráðh. er falið að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar og tiltaka þau gögn er sveitarstjórnir þurfa að leggja fram til að öðlast rétt til endurgreiðslu. Þetta ber ráðh. náttúrlega að gera. Ef um einhver vafatilvik væri að ræða, eins og að tæki gætu verið notuð til annarra verka, þá sýnist mér að ráðh. hefði það í hendi sinni að vísa frá þeim reikningum. Venjulega er það alveg ljóst hvernig tækið er notað. Snjóblásari er ekki notaður nema í snjóblástur. Í hríðarveðri er veghefill ekki notaður nema til snjóruðnings. Þetta á að liggja allt saman ljóst fyrir. Varðandi það hvenær lögin hefðu tekið formlegt endanlegt gildi, eins og fyrrv. fjmrh. hæstv. orðaði það, þá tóku þau formlegt endanlegt gildi 16. mars 1983 og þá átti sá ráðh. eftir að sitja rúma tvo mánuði í stól fjmrh.

Alþingi hefur samþykkt þessi lög og veitt ráðh. þessa heimild. Ég veit að ráðh. er allur af vilja gerður til að nýta þessa heimild, en þó hefur ekkert gerst í málinu. Þetta er sanngirnismál, sem hér er um að ræða, og ég tek ekki trúanlegt að þetta sé óframkvæmanlegt. Reikningarnir um kostnaðinn liggja fyrir og það er rétt að endurgreiða þennan söluskatt og óverjandi annað en að gera það. Ríkissjóður þarf að vísu á tekjum að halda, en ég vona að fjmrh. sé sammála mér um það að þetta sé ófær tekjustofn. Ég heiti á hæstv. fjmrh. að kippa þessu máli í lag og nota þessa heimild. Vilji Alþingis liggur fyrir. Þetta ber að framkvæma. Allt annað er bara fyrirsláttur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef þó nokkuð hugleitt þessi mál frá þeim tíma að sú fsp. var borin fram sem hæstv. fjmrh. vitnaði hér í áðan. Og mér þykir að það gæti of mikils vantrausts á bókhald sveitarfélaga. Ef ekki er hægt að greiða til baka söluskattinn af snjómokstrinum, þá er það yfirlýsing um það að bókhald sveitarfélaganna sé ekki marktækt. Það er mjög alvarlegt mál að mínu viti.

Ég vil minna á það, að skattheimta almennt í landinu byggist á því að menn taki mark á bókhaldi fyrirtækja og einstaklinga. Hvað hefur gerst sem verðskuldar það að sveitarfélögin séu ekki marktæk með sitt bókhald hvað þetta snertir? Auðvitað er hægt að svindla. Það er hárrétt hjá hæstv. fjmrh. Það er hægt. En ég vil undirstrika það, að það væri nú orðið alvarlegt mál ef Vegagerðin stæði að svindlinu á annan veginn og sveitarfélögin á hinn. Þá væri nú komið dálítið illa fyrir embættismönnum vorrar þjóðar. Ég vænti þess að ráðh. ræði þessi mál við sína undirmenn, og hann er nú þekktur fyrir það að geta tekið af skarið, og ég vænti þess að hann endurskoði afstöðu rn. í þessu máli og mark verði tekið á bókhaldi sveitarfélaga.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Vissulega er hér um að ræða mikið réttlætismál, sem samþykkt var í mars árið 1983 og ég held að a. m. k. allflestir þáv. þm. hafi verið sammála um. Það er auðvitað ótækt, og það veit ég að hæstv. fjmrh. er mér sammála um, það er auðvitað ótækt í lýðræðislandi að ráðh. fari ekki að ótvíræðum vilja Alþingis. Ég trúi því ekki að hæstv. fjmrh., jafnmikill lýðræðissinni og hann er eins og ég, sé mér ekki sammála um það að ótvírætt beri að fara að yfirlýstum vilja Alþingis í þessu máli. Allar úrtölur um það að hér sé vandi á ferðum að framkvæma þetta eru bara hégómi einn. Auðvitað eru í þessu sem og öðru vandamál, sem þarf að yfirstíga, en þau eru ekki óleysanleg. Meira að segja hefði hæstv. fyrrv. fjmrh. getað leyst það á síðustu tveimur mánuðum sem hann hafði til þess í sinni ráðherratíð. (**Gripið fram í:** Svo ekki sé nú minnst á þann sem var fjmrh. á undan honum.) Ég tala nú ekki um ef menn hafa treyst meira á það, sem mér sýnist að hv. 7. þm. Reykv. hefði gert, en sinn eiginn flokksbróður, hv. þm. Ragnar Arnalds. En það er hans mál. (Gripið fram í.) Það er eins og vant er að hér má ekki rifja upp syndir annarra en þeirra sem nú sitja án þess að menn fari að klæja undan. Þá veit maður hver á þær.

Ég treysti því, jafnréttsýnn og hæstv. fjmrh. er og honum er lagið að taka af skarið og láta framkvæma hlutina, að hann endurskoði nú þessa afstöðu ráðuneytismannanna. Ég er ekkert viss um að það sé afstaða hæstv. ráðh. sjálfs að þetta sé óyfirstíganlegt. Ég efast mjög um það. Ég á bágt með að trúa því að það komi

yfirleitt upp þau mál sem hann telur óyfirstíganleg. Ég treysti því þess vegna að hann sjái ráðin þó að ráðuneytismennirnir sjái þau ekki. Ég vildi vænta þess að nú verði hart brugðist við og í þessu verði farið að ótvíræðum vilja Alþingis. Þetta eru blóðpeningar, sem ríkissjóður er hér að innheimta, algjörir blóðpeningar. Það er auðvitað ekki hægt að láta fólk gjalda fannkomu og fannfergis í peningum ofan á öll þau óþægindi sem það veldur að öðru leyti. Slíkt er óheyrilegt og nær ekki nokkru tali. Einhvern tíma hefði hæstv. iðnrh., sem óbreyttur þm., tekið til máls af slíku tilefni.

Fjármögnun húsnæðismála, fsp. 207. mál (þskj. 370). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Þessi fsp. varðandi húsnæðismál er reyndar lögð fram fyrir nokkuð löngu síðan. Síðan hafa farið fram miklar umr. um fjármögnun húsnæðiskerfisins í tengslum við lánsfjárlög. Það er óþarfi að rifja upp í löngu máli það sem þar var um að ræða. Í örstuttu máli má segja að þar sé annars vegar um að ræða það að skv. lánsfjárlögum á að afla 1 050 millj. kr. til húsnæðiskerfisins á árinu 1984 eftir ýmsum leiðum, þ. e. a. s. frá lífeyrissjóðum 690 millj. kr., með láni frá Atvinnuleysistryggingasjóði upp á 115 millj. kr., 45 millj. kr. eiga að skila sér úr skyldusparnaði og 200 millj. kr. á að afla á innlendum lánsfjármarkaði með sölu skuldabréfa. Þetta eru sem sagt 1 050 millj. kr. sem á að afla skv. lánsfjárlögum. Margsinnis hefur komið fram hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar og þeim sem hafa tekið til máls úr stjórnarandstöðunni að verulegar ástæður eru til að ætla að þessar 1 050 millj. kr. náist ekki.

Þarna standa sem sagt annars vegar þessar 1 050 millj. kr. sem á að afla skv. lánsfjárlögum. Hins vegar stendur síðan áætlun Húsnæðisstofnunar frá 7. febr. s. l. sem gerð er skv. bráðabirgðaumsóknum skv. gildandi lögum og reglugerðum um kvaðir kerfisins. Sú áætlun sýnir fjárvöntun upp á einar 300—400 millj. kr. þó að þessar 1 050 millj. kr. fengjust þannig. Jafnvel þótt 1 050 millj. kr. skiluðu sér, sem gert er ráð fyrir skv. lánsfjárlögum, yrði um fjárvöntun að ræða í kerfinu og einhver niðurskurður húsnæðisbygginga frá því sem ætlað hefur verið.

Fsp. mín var á þann hátt hvort ráðh. teldi að á fullnægjandi hátt væri sinnt þörfum kerfisins í fjárlögum og lánsfjárlögum. Þessi fsp. stendur enn þá, ekki síst í ljósi yfirlýsinga sem komu fram í gær frá hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. sem hvorugur vildi lýsa ábyrgð ríkisstj. á því að útvega þessar 1 050 millj. kr. jafnvel þó að hæstv. félmrh. hafi lýst skoðun sinni í þeim efnum. Hæstv. fjmrh. og forsrh. létu sér nægja að lýsa yfir trú og trausti á áætlunum um fjáröflunina. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir að málið nyti forgangs hjá ríkisstj. en hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að menn yrðu bara að bíða með að byggja ef bréfin ekki seldust. Með tilvísun til þeirra umr. sem hér hafa farið fram síðustu vikuna um húsnæðismál vil ég ítreka þessa fsp. mína um það hvort hæstv. félmrh. telji að þetta sé fullnægjandi úrlausn þessara mála.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Þessi mál hafa verið mjög til umr. síðustu sólarhringa og raunar um leið og lánsfjárlög voru samþykkt á hv. Alþingi s. l. mánudag. Ég vil þó leitast við að gefa hv. 4. landsk. þm. svar við þeirri fsp. sem hann bar fram á sínum tíma á þskj. 370. Ég mun aðeins fara almennum orðum um húsnæðismálin. Eins og hv. alþm. vita ákvað ríkisstj. í byrjun valdaferils síns á s. l. ári að húsnæðismálin fengju sérstaka meðferð til að rétta hlut húsbyggjenda sem stóðu mjög illa að vígi í verðbólguástandi sem allir þekkja.

Fyrstu aðgerðir voru brbl. um frestun hluta greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta, sem þýddi í raun lengingu lána. Rúmlega 3000 aðilar notfærðu sér þessa aðgerð á s. l. ári.

Ríkisstj. gerði samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um sérstök skuldbreytingarlán til húsbyggjenda þar sem skammtímalánum var breytt í allt að 8 ára lán. Skv. upplýsingum þessara aðila svo og lífeyrissjóða nam þessi skuldbreyting rúmum 160 millj. kr. á s. l. ári.

Ríkisstj. ákvað að veita sérstök viðbótarlán til að létta vanda húsbyggjenda og húskaupenda á árunum 1981—1983 með því að hækka afgreidd lán um 50%. Skv. upplýsingum sem eru alveg nýjar voru 4884 gildar umsóknir um slík lán afgreiddar frá Húsnæðisstofnun að fjárhæð 302 millj. 893 þús. kr. og hefur Veðdeildin nú svo til afgreitt öll þessi lán að fullu.

Ríkisstj. ákvað jafnframt að frá og með 1. janúar s. l. skyldu öll lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins hækka um 50%. Jafnframt yrðu nýbyggingarlán til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn greidd í tveimur hlutum, fyrri hluti mánuði eftir fokheldisstig og seinni hlutinn 6 mánuðum frá útborgun fyrri hluta. Afgreiðsla á þessum lánum hefjast nú frá Húsnæðisstofnun n. k. mánudag.

Ríkisstj. lagði fram frv. að nýrri húsnæðislöggjöf sem er til meðferðar á hv. Alþingi og vonast er til að verði að lögum fyrir þinglok í vor. Í frv. eru mörg þýðingarmikil nýmæli, m. a. stefnubreyting í fjáröflun til húsnæðismála sem kemur til með að draga úr óvissu um fjármögnun kerfisins. Í athugasemdum með fjárlagafrv. þessa árs er eftirfarandi um húsnæðismál:

„Í fyrsta lagi er lögð áhersla á húsnæðismál. Ríkisstj. skipaði nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins verður lagt fyrir Alþingi í þingbyrjun. Ríkisstj. hefur samþykkt að öll lán hjá Byggingarsjóði ríkisins verði hækkuð um 50% um næstkomandi áramót ... Þetta eykur fjárþörf til Húsnæðisstofnunar ríkisins verulega, en hér er um að ræða málaflokk, sem verið hefur í algerri sjálfheldu, sem mikils er um vert að brjótast úr, sérstaklega fyrir ungt fólk, sem er að hefja lífsstarfið. Með þessum aðgerðum er einnig að því stefnt að jafna aðstoð ríkisins við þá sem byggja eigið húsnæði og þeirra sem fá svonefnt félagslegt húsnæði í verkamannabústöðum."

Í lánsfjáráætlun 1984 er þessi útskýring á bls. 15:

„Fjárþörf íbúðarlánasjóðanna er mjög mikil á árinu 1984 vegna ákvörðunar ríkisstj. um hækkun lána til íbúðabyggjenda. Framlag úr ríkissjóði er skv. fjárlagafrv. 400 millj. kr. Lánsfjáröflun til sjóðsins er fyrirhuguð þannig að 690 millj. kr. verði aflað hjá lífeyrissjóðum og 200 millj. kr. verði aflað með sérstakri útgáfu skuldabréfa. Að auki er gert ráð fyrir lánsfjáröflun eins og undanfarin ár, þ. e. 45 millj. kr. af skyldusparnaði og 115 millj. kr. lántöku hjá Atvinnuleysistrygginga-

sjóði. Alls nemur því lántaka byggingarsjóðanna 1050 millj. kr. Ríkisstj. stefnir að því að ná samningum um að bankakerfið fjármagni svonefnd framkvæmdalán húsbyggingakerfisins að fjárhæð alls 115 millj. kr. án beinnar milligöngu húsnæðislánasjóðanna.

Útlán íbúðarlánasjóðanna 1984 eru áætluð 1 milljarður 572 millj. kr., eins og fyrr greinir, sem skiptist þannig að Byggingarsjóður ríkisins lánar 1166 millj. kr. og Byggingarsjóður verkamanna 406 millj. kr.“

Skv. þessu eru byggingarsjóðirnir settir upp í áætlun til lánveitinga á bls. 28 og 29 í lánsfjáráætlun sem hv. þm. hafa séð. Við þetta hef ég litlu að bæta. Lánsfjárlögin hafa verið samþykkt. Húsnæðismálastjórn ríkisins mun að sjálfsögðu byggja sína útlánaáætlun á samþykkt Alþingis, þ. e. samþykktum fjárlögum og samþykktum lánsfjárlögum, með tilvísan til samþykkta ríkisstj. um sérstakan forgang húsnæðismála og ákvarðanir um hækkun lána geng ég út frá því að ríkisstj. sjái um að við samþykkt fjárlög og lánsfjárlög verði staðið varðandi þennan mikilvæga málaflokk þannig að áætlun húsnæðismálastjórnar til útlána í samræmi við það standist.

Hins vegar er mér fullkomlega ljóst að meira fjármagn þarf til húsnæðismála, ekki síst til Byggingarsjóðs verkamanna. Um þann vanda mun ríkisstj. að sjálfsögðu fjalla áfram. En með tilliti til efnahagsvandans í þjóðfélaginu var ekki fært að ganga lengra á þessu ári jafnhliða þeim stórtæku aðgerðum sem ríkisstj. framkvæmdi til að bæta stöðu húsbyggjenda vegna áranna 1982 og 1983, sem ég þegar hef lýst hvernig staðið var að. Með samþykkt á hinu nýja húsnæðisfrv. skapast nýr grundvöllur, ný stefna, til að fjármagna húsnæðismálin í samvinnu við bankakerfið og lífeyrissjóðakerfið í landinu. Jafnframt er nú verið að undirbúa nýja áætlun til 2—3 ára um þörf á byggingu félagslegra íbúða, þ. e. verkamannabústaða og leiguíbúða.

Herra forseti. Þetta er svar mitt við fsp. hv. 4. landsk. þm. á þskj. 370.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem þarna komu fram. Við höfum náttúrlega heyrt þessar tölur allar áður. Eins og kom fram í máli okkar beggja hafa þessi húsnæðismál verið svo mjög til umr. Þrátt fyrir þetta sögulega yfirlit stendur það í raun og veru enn og það er kannske það sem málið snýst um að fjármögnun húsnæðislánakerfisins, hvort sem við tölum um 1050 millj. kr. eða þær viðbætur sem þar þyrftu að koma til til þess að fullnægjandi væri, stendur í raun og veru á hálfgerðum brauðfótum. Eins og margoft hefur verið rakið er veruleg ástæða til að óttast að ekki náist sett mörk í sambandi við fjáröflun þess innanlands. Við stjórnarandstöðuþm. höfum gengið í lið með hæstv. félmrh. til að reyna að afla ótvíræðra yfirlýsinga frá ríkisstj. um ábyrgðarskyldu hennar í þessu tilliti, en það hefur því miður ekki tekist. Hæstv. talsmenn ríkisstj. aðrir en félmrh. hafa látið nægja að fara um þetta mjög almennum orðum og lýsa því að húsnæðismálin hafi forgang og að þeir verði að láta sér nægja trúnaðartraust og traustvekjandi fundi með forvígismönnum peningastofnana í landinu, svo sem bankamanna og forsvarsmanna lífeyrissjóðanna.

Í raun og veru er fátt annað um þetta að segja á þessu stigi. Fyrir liggja ýmsar fleiri upplýsingar í málinu eins og fækkun nýbyggingarlána frá áætlun 950 niður í 750 og þar fram eftir götunum. En ég tel að eftir þær umr. sem farið hafa fram undanfarna daga sé ekki ástæða til að rekja það aftur. En ég lýsi vonbrigðum mínum vegna þess að ekki skuli hafa tekist með þessum umr. síðustu vikna að fá fram óyggjandi yfirlýsingu ráðh. og hæstv. forsrh. um að ríkisstj. muni skýlaust sjá um að 1050 millj. kr. a. m. k. verði lagðar til.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég ætla að vekja athygli á einu atriði í sambandi við Byggingarsjóð ríkisins. Í ræðu á hv. Alþingi 14. mars s. l. komst hæstv. félmrh. svo að orði:

„Það er beðið eftir þessari afgreiðslu á lánsfjáráætlun sem hér liggur fyrir og reiknað er með 925 nýbyggingum á árinu 1984. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að við það verði staðið miðað við óbreyttar tölur sem hér eru til grundvallar.“

Ég tel að með þessari yfirlýsingu hafi hæstv. félmrh. sagt að þeir sem byggja og kaupa húsnæði á árinu 1984 búi ekki við lakari reglur en verið hafa. Þannig að þeir sem ættu að óbreyttum reglum rétt á F-láni árið1984 í nóv. og des. fái þau lán og þeir verði ekki fluttir yfir á árið 1985. Ef hæstv. félmrh. mótmælir þessari túlkun minni ekki lít ég svo á að hún standi óbreytt. Mjög mikilvægt er að þetta liggi fyrir vegna þess að í Húsnæðisstofnuninni eru til áætlanir um að aðeins verði veitt 760 F-lán á þessu ári, eins og ég ræddi um í gær, í þeirri niðurskurðaráætlun sem hæstv. félmrh. hefur verið með í töskunni sinni í nokkra daga en neitaði að sýna okkur í umr. um lánsfjárlögin hér á hv. Alþingi þó að eftir því væri ítrekað gengið. Hæstv. ráðh. kaus að fela þá áætlun og er það nokkuð sérkennileg framkoma gagnvart Alþingi. En hún skýrist af því að hann vildi gjarnan láta afgreiða lánsfjárlögin áður en áætlunin yrði sýnd vegna þess að hún hefði gerbreytt ýmsum þeim hugmyndum sem uppi voru um húsnæðismál á hv. Alþingi meðan lánsfjárlögin voru á dagskrá.

Annað atriði, herra forseti, sem ég vil vekja athygli á, er þetta: Nú er verið að úthluta verkamannabústöðum í Reykjavík. Það eru 200 íbúðir sem verið er að úthluta, 100 íbúðir í endursöluíbúðum, þ. e. eldri verkamannabústöðum, og 100 íbúðir í nýjum verkamannabústöðum. Skv. ákvörðun ríkisstj. og hæstv. félmrh. er gert ráð fyrir því að skera niður framkvæmdir um ¼ þannig að þessir nýju verkamannabústaðir, sem verið er að úthluta einmitt þessa dagana, komi ekki til úthlutunar endanlega þannig að fólk geti flutt inn í þá fyrr en á árinu 1986. Hér er um að ræða 200 umsækjendur úr hópi 900 umsækjenda um verkamannabústaði í Reykjavík. Ég skora á hæstv. félmrh. að gera grein fyrir því hér og nú hvort meiningin er að fara fram með þessu offorsi gegn verkamannabústöðunum í Reykjavík.

Staðan er þannig hjá verkamannabústöðunum í Reykjavík að það eru 150 millj. kr. sem þeir gerðu ráð fyrir að fá á þessu ári. Ætlun ríkisstj. er að skera þá tölu niður í 100 millj. kr. Af þeim 100 millj. er 50—60 millj. kr. þegar ráðstafað í verkamannabústaðina á Eiðsgranda. Það þýðir að framkvæmdir við verkamannabústaðina í Ártúnsholti og í Neðstaleiti fengju aðeins á þessu ári 40 millj. kr., en þyrftu miðað við fyrri áætlanir að fá 96 millj. kr. Ég skora á hæstv. félmrh. að endurskoða þessi niðurskurðaráform gagnvart verkamannabústöðunum. Og ég skora á þingflokka stjórnar-

liðsins og þm. Reykjavíkur í þeim þingflokkum, t. d. hv. 9. þm. Reykv. sem hér er inni og hv. þm. Guðmund H. Garðarsson, að taka þessi *málefni verkamannabú*staðanna í Reykjavík upp í sínum þingflokkum til umr. Ég nefni að sjálfsögðu einnig hv. 12. þm. Reykv., en þessir hv. þm. þekkja þessi mál mjög vel. Nauðsynlegt er að á þessu máli verði tekið og niðurskurðaraðgerð ríkisstj. gegn verkamannabústöðunum verði stöðvuð.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna síendurtekinna ummæla hv. 3. þm. Reykv. vil ég aðeins endurtaka það sem ég hef sagt áður og fyrr að húsnæðismálastjórn á eftir að gera endanlegar framkvæmdaáætlanir fyrir árið 1984, bæði að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. *Sú áætlun verður send til félmrh. og þá mun ég* að sjálfsögðu skoða þá áætlun sem byggð er á samþykktum fjárlögum og samþykktri lánsfjáráætlun og gera þær ráðstafanir sem þarf að gera í sambandi við þau mál. Fyrr er ekki hægt að ræða um málið eins og hv. þm. gerði áðan.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. taki vel þeim ábendingum sem fram komu hjá mér varðandi verkamannabústaðakerfið og hann reyni að gæta hófs í þeim niðurskurðaráformum sem ríkisstj. hefur í þeim efnum þrátt fyrir þau ummæli sem hann hafði hér áðan. Það er nefnilega nákvæmlega tímabært í dag að ræða um þessi mál svona eins og ég gerði vegna þess að verið er að úthluta þessu fólki þessum íbúðum. Það er alveg lágmark að hæstv. ráðh. geri Alþingi grein fyrir málinu en fari ekki undan í flæmingi eins og hann hefur gert vegna þess að hann hefur ekki þorað enn þá að tala um verkamannabústaðakerfið og niðurskurðaráform sín í ræðustólnum þrátt fyrir eftirgangsmuni af minni hálfu.

Þrátt fyrir ræðu hæstv. ráðh. áðan lít ég svo á að ræða hans frá 14. mars, um útlán til þeirra sem byggja og kaupa íbúðir, sé enn í gildi. Þrátt fyrir það að ráðh. var að skírskota til þess að Húsnæðisstofnun ætti eftir að fara yfir áætlanirnar lít ég svo á að ræðan og yfirlýsingin sem hann gaf 14. mars standi enn. Ég tel ekki að hæstv. ráðh. hafi með athugasemd sinni áðan verið að taka þá yfirlýsingu frá 14. mars til baka.

Kafarar Landhelgisgæslunnar, fsp. 215. mál (þskj. 384). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. S. l. haust, á fundi í svokallaðri landhelgisgæslunefnd, en það er nefnd sem þingið hefur kjörið til að endurskoða lög um Landhelgisgæsluna og gera tillögur um búnað hennar í framtíðinni, vakti ég máls á því að þá hefði vitnast um, og reyndar hafði ég vakið athygli á því utan dagskrár í Sþ., að látist hefði maður af slysförum um borð í síldveiðiskipi sem var að veiðum norður í Íshafi. Skipið hafði fengið nót sína í skrúfuna og enga aðstoð var að fá frá Landhelgisgæslunni eða öðrum aðilum, sem gátu komið þar til aðstoðar, nema þá að draga skipið eins og það var á sig komið í skjól eða til næstu hafnar en á því voru miklir örðugleikar vegna veðurhams.

Í þessari umr. utan dagskrá benti ég á að fyrr á árum hefði það verið fyrir forgöngu sjómannasamtaka og reyndar útgerðarmanna líka og með samþykki þáv. ríkisstj. að landhelgisgæsluskipin voru þannig búin að þau gátu haft um borð bæði lækna og kafara og fylgdu nótaveiðiflotanum, bæði á fjarlæg mið og flotanum erfið á vissum árstímum þegar veður voru vond. Ég vakti athygli á þessu síðar í nefndinni sem ég vitnaði til í byrjun ræðu minnar, og spurðist fyrir um það þar og bað um skýringu á því frá Landhelgisgæslunni af hverju ekki væri starfandi kafarar um borð í varðskipunum lengur. Ég spurðist líka fyrir um hvernig stæði á því að skip Landhelgisgæslunnar gætu ekki fylgt flotanum lengur eftir, en væru í stað þess bundin inni á fjörðum og fengju skammtaða olíu til að fara frá Reykjavík og á þann fjörð sem þau væru látin liggja á og hefðu kannske takmarkaða *olíu til* þess að komast til heimahafnar og bjarga sjálfum sér og hefðu þess vegna ekki möguleika til að grípa inn í ef skip sem væru á miðum lentu í háska.

Ég fékk enga skýringu á þessu, þótt mér hafi borist ýmis plögg frá starfsmönnum Landhelgisgæslunnnar, og bæði til sjós og lands, sem hafa nokkuð rakið aðdragandann, sem sé þá launadeilu sem í sjálfu sér virðist afskaplega smávægileg hafandi í huga að möguleikar eru á að spara í mannahaldi á öðrum sviðum, sem þó virðist ekki hafa verið ástundað að koma á.

Nú fyrir skömmu kom þetta enn betur í ljós. Sjómenn og reyndar fleiri aðila í þjóðfélaginu undraði að þegar hörmulegt slys varð hér uppi í Hvalfirði og fjórir menn af áhöfn eins verslunarskipsins, skips sem var að koma til landsins, fórust milli skips og bryggju, að öllum líkindum sína fyrstu nótt hér við land, og þegar leitað var aðstoðar til að leita líka þessara manna, þá komu kafarar Landhelgisgæslunnar næstum því sem sjálfboðaliðar til starfa þarna, en voru þar ekki sem starfsmenn hennar.

Í lögum um Landhelgisgæslu Íslands segir í 1. gr., í upptalningu um störf gæslunnar, að m. a. sem hún á að leitast við að veita er hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi og enn fremur að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum og að sjálfsögðu að hafa löggæslu á hafinu o. s. frv., en hlutverk þessarar stofnunar er ákaflega víðtækt og þýðingarmikið.

Nú hef ég leyft mér að leggja fram spurningu til hæstv. dómsmrh., sem er æðsti maður Landhelgisgæslunnar, þótt svo virðist ekki vera þegar á döfinni eru launadeilur. Þá er eins og oft og tíðum komi inn sem fulltrúar hins opinbera einhverjir strákar sem eiga að taka upp samninga við þessa menn um einstök viðkvæm atriði, hættulega vinnu. Hún hefur kannske verið framkvæmd fyrr á árum á þann veg að meira hefur verið af hugsjónum og fórnarlund, án þess að full skynsemi hafi verið þar á bak við, einfaldlega vegna þess að í stað þess að einn maður væri að verki hafa átt að vera þar tveir, eins og þekkist alls staðar í nágrannalöndum okkar undir skyldum skilyrðum.

Ég hef leyft mér að bera fram þessa fsp., herra forseti, til dómsmrh. og hún hljóðar svo:

„1. Hafa kafarar starfað á skipum Landhelgisgæslunnar á liðnum árum:

a) ráðnir sem kafarar?

b) ráðnir til annarra starfa samhliða?

2. Eru kafarar nú að störfum á skipum Landhelgisgæslunnar?

3. Ef svo er ekki, af hverju?“

Ég hef ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni, en að sjálfsögðu væri hægt að tala lengi um þetta. Ég óska svara við þessum spurningum frá hæstv. ráðh.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir fsp. sem hann ber fram til mín um kafara á skipum Landhelgisgæslunnar.

„1. Hafa kafarar starfað á skipum Landhelgisgæslunnar á liðnum árum:

a) ráðnir sem kafarar?

b) ráðnir til annarra starfa samhliða?“

Fljótlega eftir að Landhelgisgæslan tók til starfa 1926 var ráðinn kafari til hennar. Jafnframt kafarastörfum vann kafarinn ýmsa vinnu á þilfari og var málum svo háttað fram á sjötta áratuginn. Þá ruddi sér til rúms svonefnd froskköfun. Þótti eðlilegt að nýta þá köfunartækni um borð í varðskipunum og var köfurum fjölgað um leið. Varðskipsmönnum sem þess óskuðu var gefinn kostur á að læra froskköfun gegn því að vinna við köfunarstörf þegar á þyrfti að halda. Engin kvöð eða skylda fylgdi þessu aukastarfi og gátu menn hætt því þegar þeim þóknaðist. Þetta fyrirkomulag hefur haldist síðan og öðru hverju hefur einstaka starfsmönnum Landhelgisgæslunnar verið gefinn kostur á að sækja kafaraskóla erlendis. Er einn kafari nú nýkominn frá námi.

Í öðru og þriðja lagi er spurt: Eru kafarar nú að störfum á skipum Landhelgisgæslunnar og ef svo er ekki, af hverju?

Eins og er starfa kafarar ekki á varðskipum ríkisins þar eð ekki hefur náðst samkomulag um kaup þeirra og kjör. Síðast á árinu 1982 sögðu kafarar upp því samkomulagi sem gert hafði verið við fjármálastjóra skiparekstrar ríkisins. Eftir nokkrar samningaviðræður, er vinnunefnd ríkisins taldi sig hafa boðið alla þá hækkun þóknunar sem fært þótti, var köfurum boðið að láta gerðardóm fjalla um laun þeirra og kjör. Því tilboði höfnuðu kafarar og skiluðu tækjabúnaði sínum og tóku því ekki lengur að sér köfun sem aukastarf. Reynt var þá að ná bráðabirgðasamkomulagi meðan hlutlausir aðilar fjölluðu um málið, en það tókst því miður ekki.

Ég hef átt viðræður um þetta mál við Landhelgisgæsluna og einnig við fulltrúa kafara og er óhætt að fullyrða að fullur vilji er hjá báðum aðilum um að ná samkomulagi í þessari deilu. Að því hefur verið unnið að undanförnu og nú er verið að leggja síðustu hönd á gerð starfs- og öryggisreglna, sem ekki voru til áður og blönduðust því inn í samningagerðina. Þar kemur einmitt við sögu það atriði, sem hv. fyrirspyrjandi gat um, að það væru tveir kafarar á skipi, þar sem köfun færi fram, til þess að ekki væri lagt í of mikla hættu fyrir einn mann.

Jafnframt því að verið er að ljúka við frágang á þessum reglum er unnið að hinni hlið málsins, þ. e. um kjörin að öðru leyti. Vonast ég fastlega til þess að samningar takist alveg á næstunni, þannig að deila þessi verði þá úr sögunni.

Stjórn Landhelgisgæslunnar er ljóst hversu mikilvægt er að á skipum Landhelgisgæslunnar séu ætíð til reiðu vel þjálfaðir kafarar og mun hún því leggja sig fram um að þetta samkomulag takist.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann gaf. Ég þykist mega treysta því, og geri það að sjálfsögðu þegar hann tekur svo til orða sem hann gerir, að í það verði gengið nú af fullum krafti að ná þessum samningum. En mig langar að sýna þm. fram á hvað það er sem skildi á milli. Það mun hafa verið t. d. að síðasta tilboð Landhelgisgæslu, sem boðið var, var 2500 kr. fyrir köfun innan hafnar, en kröfur kafara 2825 kr. Það eru 325 kr. sem þarna bar í milli. Varðandi köfun utan hafnar bar meira á milli. Það voru 1320 kr. En teljandi ágreiningur var ekki um önnur mál. En höfum þó í huga, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, að tveir ættu að kafa, það væri krafa um að þegar kafað væri í sjó væri annar til staðar til björgunar ef eitthvað kæmi fyrir þann sem væri við köfun. Það hefur staðið á þessu. Vonandi verður það leyst. En þetta átti að koma fram á launum þeirra sem að köfun unnu. Það hafði komið fram hjá Landhelgisgæslunni að það væru heildarlaun kafaranna sem ættu að skerðast, en hins vegar var alveg ljóst að Landhelgisgæslan ætlaði að halda áfram að taka nákvæmlega það sama frá verkkaupanda og hún gerði áður.

Ég skal ekki, herra forseti, hefja neinar frekari umr. um þetta mál, en ég bendi þó á þá erfiðleika sem þessir menn eiga í til að ná rétti sínum. Þetta er eina stéttin á Íslandi sem ekki hefur möguleika á því að ná fram rétti sínum eins og gert er hjá öðrum stéttarfélögum. Það hefur ekki enn þá verið, öll þau ár frá því að þessi lög voru sett, farið formlega þá leið, sem lög kveða á um, að taka upp samninga við stéttarfélögin sjálf, sem þessir menn tilheyra. Þetta er eitt þeirra atriða sem verður auðvitað að ráða fram úr í sambandi við endurskoðun laga um Landhelgisgæsluna. Það hefur verið breytt lögum um íslenska löggæslumenn síðan lög um landhelgisgæslu voru sett. Þeir eiga jafnvel möguleika á að boða takmörkuð verkföll og fara í takmarkað verkfall, en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa ekki nokkra möguleika á því. Þessir menn eru algjörlega undir stjórn þeirra sem teljast stjórnendur Landhelgisgæslunnar, og þykir mér það út af fyrir sig í lagi ef menn eiga í hlut eins og hæstv. dómsmrh., en þegar það eru strákar úr fjmrn. tel ég það ekki nógu gott. Ég fagna því yfirlýsingu ráðh. og þakka honum enn einu sinni fyrir svarið.

Breytingar á byggingarreglugerð, fsp. 227. mál (þskj. 399). — Ein umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á þskj. 399 er greint frá fsp. sem Sturla Böðvarsson sveitarstjóri bar fram er hann sat á þingi nú fyrir skömmu og beindi til hæstv. félmrh. Fsp. er svohljóðandi:

„Er þess að vænta að núgildandi byggingarreglugerð verði breytt á þann veg að auknar verði kröfur um einangrun húsa?“

Þar sem hér er um mikilvægt mál að ræða, sem mjög hefur verið fjallað um að undanförnu og margir leitt hugann að, þykir mér rétt að beina þessari fsp. til hæstv. félmrh.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. á þskj. 399 er það að segja að þann 6. mars s. l. gaf félmrn. út umrædda reglugerð, þ. e. reglugerð um breyt. á byggingarreglugerð nr. 292 16.

maí 1979. Þessi reglugerð reikna ég með að komi í opinberum auglýsingaformum og verður hún send til kynningar ýmsum aðilum. Hún á að taka gildi 1. júní 1984.

Aðdragandinn að því að þessi reglugerð var sett er bréf til rn. frá orkusparnaðarnefnd dags. 23. des. 1983, þar sem formaður nefndarinnar skýrir frá því að nefndin hafi á fundi sínum rætt um nauðsyn þess að herða kröfur um einangrun húsa í byggingarreglugerð vegna upphitunarkostnaðar og í framhaldi af því falið einum nm., Birni Marteinssyni verkfræðingi, að gera tillögur um breytingar á byggingarreglugerðinni í þá átt. Það hafði hann gert og fór nefndin fram á að rn. breytti reglugerðinni til samræmis við þá till. Félmrn. sendi þetta bréf og þessa till. til umsagnar skipulagsstjóra ríkisins með bréfi 29. desember 1983. Skipulagsstjóri mælti með þeim breytingum sem tillagan fól í sér með lítils háttar breytingum, þó ekki efnislegum, og var það gert í samráði við ýmsa sérfróða aðila á þessu sviði.

Þær breytingar sem nú hafa verið gerðar á þessari reglugerð miða að því að einfalda reglurnar um einangrun húsa og herða þær til samræmis við tilsvarandi reglur á Norðurlöndum. Þegar haft er í huga það verð sem nú er bæði á hitaveitum, raforku og olíu til upphitunar er hagkvæmt, bæði fyrir einstaklinga þegar til lengdar lætur og þjóðfélagsheildina, að auka kröfur um einangrun húsa, eins og nú hefur verið gert með þessari reglugerð.

Þessar reglur um einangrun kveða á um lágmarkseinangrun húsa, þannig að mönnum er frjálst að einangra hús sín betur ef þeir vilja. Samkvæmt könnun sem nýlega hefur verið gerð í Danmörku kom í ljós að mjög margir einangruðu hús sín betur eða umfram það sem krafist var, en þar eru mjög áþekkar kröfur gerðar til einangrunar húsa og nú eru gerðar hér með þessari reglugerð.

Það helsta sem breytingin felur í sér er það, að numinn er á burt sá munur sem gerður var á kröfum til heildareinangrunar húsa eftir því hvort um er að ræða hús á hitaveitusvæðum eða utan hitaveitusvæða og hertar kröfur gerðar til húsa á hitaveitusvæðum. Kveðið er nánar á um hvernig reikna skuli út leiðnitap og kólnunartölur. Hert er nokkuð á kröfum um rakavarnir og hertar eru kröfur um þéttleika húsa og vindvarnir. Samkvæmt reglugerðinni eins og hún nú er voru lágmarkskröfur um einangrun í veggjum í húsum á hitaveitusvæðum 6—7 cm af glerull eða frauðull eða frauðplasti, en verða nú 9 cm. Í þökum var lágmarksþykkt einangrunar 12.5 cm, en verður nú 22 cm. Á gólfum á fyllingu var lágmarksþykkt einangrunar á bilinu 2—9 cm, en verður nú 5—12 cm frauðplast. Samkvæmt reglugerðinni eins og hún var var yfirleitt nægjanlegt að hafa tvöfalt gler í gluggum, en skv. þessari reglugerð þurfa 40% glerflatar í húsi þrefalt gler.

Ég vil geta þess í sambandi við þessa reglugerð, að eins og hér hefur komið fram er nú á döfinni hjá félmrh. og iðnrh. sérstakt samstarf um átak í orkusparandi aðgerðum í sambandi við íbúðarhúsnæði og mun það væntanlega koma fram mjög á næstunni. Útgáfa þessarar reglugerðar verður stuðningur við þá ákvörðun sem þar verður tekin.

Ég vænti þess að allir sem hlut eiga að máli taki þessari reglugerðarsetningu vel og hún verði til að skapa öryggi í þessum málum fyrir húsbyggjendur og auki raunar hagkvæmni fyrir þjóðina í heild.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Það er ánægjuefni að hann hefur látið vinna hratt í þessu máli, því að eins og hv. alþm. heyrðu er ekki hér um neitt smámál á ferðinni. Það hefur mikla þjóðhagslega þýðingu.

Það er aðeins eitt atriði. Hæstv. ráðh. gat þess, ef ég tók rétt eftir, að reglugerðin ætti að taka gildi 1. júní 1984, á þessu ári. Það er spurning hvort þá er nægur aðlögunartími fyrir þá sem eiga að lúta þessari reglugerð. En það er þó minna atriði hjá hinum, að hér hefur verið tekið til hendinni á þessu sviði. Kannske væri þó ástæða til að benda hæstv. ráðh. á að láta rn. sitt kynna þessa reglugerð vandlega fyrir þeim sem eiga að lúta ákvæðum hennar.

Snjóflóðavarnir, fsp. 231. mál (þskj. 405). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram við hæstv. félmrh. svohljóðandi fsp. um snjóflóðavarnir:

1. Hvaða ástæður voru til þess að nefnd, sem hafa átti forustu um að efla varnir gegn snjóflóðum í samræmi við ályktun Alþingis frá 2. apríl 1981, var lögð niður 4. júlí s. l.?

2. Hvað var gert varðandi snjóflóðavarnir á vegum félmrn. á tímabilinu frá 4. júlí 1983 til 22. febr. 1984 þegar snjóflóð féllu á Ólafsvík?

3. Hvað er fyrirhugað af stjórnvöldum um framhald þessara mála?

Sú þáltill., sem vitnað er til í 1. lið þessarar fsp., var samþykkt á Alþingi þann 2. apríl 1981, en hún varðaði heildarlöggjöf, skipulag og varnir gegn hættu af snjóflóðum og skriðuföllum. 1. flm. þessarar till. var Helgi Seljan en meðflm. þm. úr öðrum þáverandi þingflokkum.

Nokkur hreyfing komst á athuganir vegna snjóflóðahættu eftir snjóflóðin og tjónið mikla vegna snjóflóða í Neskaupstað í des. 1974. Fór mikil vinna fram á vegum sérstakrar nefndar sem bæjarstjórn Neskaupstaðar skipaði í framhaldi af þessum atburði, en nefndin skilaði áliti í okt. 1976 varðandi snjóflóðaathuganir og mögulegar varnir gegn snjóflóðum þar í kaupstað.

Hér á Alþingi var vorið 1975 samþykkt þáltill. frá Tómasi Árnasyni og fleirum um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Í febr. 1975 setti Rannsóknaráð ríkisins á fót nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag rannsókna á snjóflóðahættu, en hún skilaði tillögum í maí 1976 sem Rannsóknaráð gaf út í bæklingi í ágúst 1976 undir heitinu Skipulag snjóflóðarannsókna á Íslandi.

Þessar tillögur leiddu til þess nokkrum árum síðar, þ. e. 1978, að Veðurstofu Íslands var falið að fylgjast með og vara við snjóflóðahættu og hefur Veðurstofan unnið gott starf á því sviði og ráðið starfsmann til að sinna þessu verkefni.

Þáltill., sem ég vitnaði til frá 2. apríl 1981, hafði verið flutt á tveimur undanfarandi þingum, en hlaut loks samþykki. Hún er mjög efnismikil og leiðbeinandi um það verkefni sem þar er gert ráð fyrir. Henni var vísað

til félmrn. sem hóf undirbúning að málinu m. a. í samráði við Rannsóknaráð ríkisins, en framkvæmdastjóri þess, Vilhjálmur Lúðvíksson, skilaði ábendingum til þáv. félmrh. 30. jan. 1983 um hvernig rétt væri að standa að verki varðandi skipulag og framkvæmd snjóflóðavarna. Gerði félmrh. Svavar Gestsson í framhaldi af því till. um málsmeðferð í ríkisstj. sem þar var samþykkt í febr. 1983.

Í samræmi við þá ríkisstjórnarsamþykkt skipaði Svavar Gestsson félmrh. nefnd þann 3. maí 1983 til að hafa forustu um að efla varnir gegn snjóflóðum í landinu. Í nefndina voru skipaðir skv. tilnefningu 8 menn, svo og formaður nefndarinnar, Magnús Hallgrímsson verkfræðingur sem sérhæft hefur sig í snjóflóðamálum, m. a. á námsferðum og námskeiðum erlendis. Í skipunarbréfi þessarar nefndar sagði m. a.:

„Hlutverk nefndarinnar er að samræma störf opinberra aðila í þeim tilgangi að koma svo sem unnt er í veg fyrir tjón og slys af völdum snjóflóða og skriðufalla. Nefndin skal í starfi sínu leita samráðs við sveitarfélög og aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta eða hlutverki að gegna í þessu efni. Nefndin skal einnig hafa forustu um framkvæmdir á þeim sviðum sem m. a. eru rakin í ályktun Alþingis um heildarlöggjöf, skipulag og varnir gegn hættu af snjóflóðum og skriðuföllum. Nefndin skal gera heildaráætlun um aðgerðir í þessu efni, svo og tillögur um tímamörk til framkvæmda og fjármögnun. Nefndin skili fyrstu yfirlitstillögu fyrir septemberlok 1983."

Til undirbúnings að starfi nefndarinnar tók formaður hennar, Magnús Hallgrímsson, saman hugmyndir að umfangsmikilli vinnu á tímabilinu frá júní til september 1983, m. a. um að afmarkaðir verði þeir 15—20 þéttbýlisstaðir á landinu þar sem um mesta snjóflóðahættu er að ræða. Til starfa þessarar nefndar kom hins vegar ekki því að með bréfi þann 4. júní 1983 lagði Alexander Stefánsson hæstv. félmrh. nefndina niður með bréfi þar sem segir m. a.:

„Ráðuneytið hefur ákveðið að leysa nefnd þessa frá störfum þar sem ætlunin er að standa öðruvísi að lausn þessa verkefnis en gert var ráð fyrir með skipan umræddrar níu manna nefndar."

Svo virðist sem sparnaðarsjónarmið hafi ráðið þeirri ákvörðun að leggja snjóflóðanefndina niður því að í sjónvarpsviðtali um líkt leyti tilgreindi hæstv. forsrh. það sérstaklega sem helsta dæmið um árangur af sparnaðarviðleitni ríkisstj. innan ráðuneytanna að ákveðið hafi verið að leggja snjóflóðanefnd félmrn. niður.

Síðan heyrðist ekkert af þessum málum á opinberum vettvangi að ég best veit fyrr en næsta högg af völdum snjóflóða reið yfir, að þessu sinni í Ólafsvík síðkveldis 22. febr. s. l. Þá fréttist af nefnd eða starfshópi sem hæstv. núv. félmrh. virðist hafa komið á fót í kyrrþey eftir að hafa lagt hina fyrri niður. Þar sem hér er um stórt mál að ræða þar sem margir eiga í hlut og miklir hagsmunir eru í húfi hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp., sem ég kynnti hér í upphafi, til hæstv. félmrh.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. á þskj. 405 vil ég gefa eftirfarandi svar:

Þann 3. maí 1983, réttum tveimur árum eftir samþykkt þáltill. sem hv. þm. vísaði til, skipaði fyrrv. félmrh. Svavar Gestsson 9 manna nefnd sem hafa skyldi forustu um að efla varnir gegn snjóflóðum í landinu. Starfsmaður hennar hafði gert kostnaðaráætlun yfir störf þeirrar nefndar fyrir tímabilið júní—sept. 1983, sem var aðeins fyrsti undirbúningur að starfi nefndarinnar. Hljóðaði sú kostnaðaráætlun upp á 465 þús. kr. Að auki var svo kostnaður yfir önnur störf fyrir nefndina. Hér var um talsvert stóra upphæð að ræða og fé ekki fyrir hendi. Svo og var umgjörðin um starfið svo mikil að ekki þótti tryggt að það skilaði nægjanlegum árangri það fljótt miðað við tilkostnað. Þá þótti um of treyst á sérfræðiþjónustu erlendis frá, en nauðsynlegt er að auka þekkingu heimamanna á þessum málum svo að staðarþekking geti komið að sem mestum notum. Því var það að í samráði við sérfróða menn á þessu sviði ákvað ég sem félmrh. að leysa nefnd þessa frá störfum enda hafði hún ekki hafið störf. Var það gert með bréfi 4. júlí 1983.

Með bréfi dags. 21. júlí 1983 skipaði ég svo nefnd til þess að samræma störf opinberra aðila í þeim tilgangi að koma svo sem unnt er í veg fyrir tjón og slys af völdum snjóflóða og skriðufalla. Í nefndina voru skipaðir Jóhann Einvarðsson, sem er formaður nefndarinnar, Hafliði Helgi Jónsson veðurfræðingur frá Veðurstofu Íslands, Helgi Björnsson jöklafræðingur frá Rannsóknastofnun Háskóla Íslands, Helgi Hallgrímsson yfirverkfræðingur Vegagerðar ríkisins og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga. Í skipunarbréfi nefndarinnar var gert ráð fyrir því að hún skilaði áfangaskýrslu fyrir 10. okt. 1983. Þessi áfangaskýrsla barst frá nefndinni til ráðh. dags. 1. nóv. og þykir mér rétt að lesa úr þessari áfangaskýrslu sem skýrir nokkuð málið og hvað verið er að gera í þessum málum:

„Í skipunarbréfi ráðh. er nefndinni ætlað að gera heildaráætlun um aðgerðir, tímamörk til framkvæmda og fjármögnun og skila tillögum sínum fyrir 10. okt. 1983. Nefndinni reyndist ekki unnt að afgreiða alla þætti þessa máls fyrir þann tíma en hefur ákveðið að skila eftirgreindu áliti og tillögum sem áfanga í starfi sínu. Er þar miðað að því að efla þá starfsemi sem fyrir er á Veðurstofu Íslands og Almannavörnum ríkisins og auka hlutdeild sveitarfélaga í því starfi. Auk þess að leggja grundvöll að öðrum þáttum snjóflóða- og skriðuvarna sem hingað til hefur lítið eða ekkert verið sinnt. I fyrsta lagi mælir nefndin með eftirfarandi skipulagi svonefndra skammtímavarna:

1. Á Veðurstofu Íslands fari fram eftirlit með snjósöfnun á landinu öllu, mat á svæðisbundinni snjóflóðahættu og aðvaranir þar að lútandi gefnar út.

2. Í 5 kaupstöðum, Patreksfirði, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði og Neskaupstað, séu eftirlitsmenn sem í samræmi við tilmæli og leiðbeiningar Veðurstofu Íslands geri athuganir á veðri, snjóalögum og snjóflóðum og meti snjóflóðahættu í byggðarlaginu.

3. Á öllum öðrum þéttbýlisstöðum þar sem snjóflóð geta ógnað byggð séu menn með þekkingu til þess að meta staðbundna snjóflóðahættu og geti því verið almannavarnanefndum staðanna til ráðgjafar, a. m. k. þegar svæðisbundnar aðvaranir berast þeim. I þessu sambandi leggur nefndin til að þeir ofangreindu kaupstaðir sem ekki hafa eftirlitsmann nú þegar ráði slíkan mann strax eða feli starfsmanni á sínum vegum þetta eftirlit. Hér gæti verið um ⅓ eða ½ starf að ræða u. þ. b. hálft árið, breytilegt milli staða og ára en í öllum

tilfellum hlutastarf. Að ríkissjóður beri að hluta kostnað af starfi þessara eftirlitsmanna. Að haldið verði á vegum Almannavarna ríkisins og Veðurstofu Íslands námskeið í snjóflóðafræðum fyrir þessa eftirlitsmenn og þá menn sem aðrar sveitarstjórnir eða almannavarnir velja til að afla sér slíkrar þekkingar.

Í öðru lagi er ljóst að víða þarf að koma upp varanlegum vörnum, mannvirkjum, sem miða annaðhvort að því að koma í veg fyrir að snjóflóð verði eða gera þau skaðlaus. Áður en af framkvæmdum í þá veru getur orðið er mikið verk óunnið og á þessu stigi ekki unnt að leggja fram ákveðnar tillögur um það. Hins vegar er ljóst hvaða gögn þurfi að leggja til grundvallar þessari vinnu og söfnun þeirra gagna gæti hafist strax. Nefndin leggur því til að kort í hæfilegum mælikvarða verði gerð af öllum þéttbýlisstöðum sem snjóflóð og skriðuföll ógna, séu þau ekki þegar fyrir hendi. Kort þessi nái til upptakasvæða snjóflóða og skriðufalla og inn á þau séu færð öll þekkt snjóflóð og skriðuföll. Að loftmyndir séu teknar af þessum þéttbýlisstöðum og fjöllunum í kringum þar sem þær eru ekki þegar til. Að Veðurstofu Íslands verði falið að afla þessara gagna. Að Viðlagatrygging beri kostnað af þessari gagnasöfnun þar sem þarna er um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða

Í þriðja lagi þykir rétt að ríkissjóður gefi eftir aðflutningsgjöld og sölugjöld af efni og tækjum sem flutt eru til landsins til snjóflóða- og skriðuvarna.

Í fjórða lagi leggur nefndin til að komið verði í veg fyrir undanþágur frá skipulagslögum um byggingar mannvirkja í þekktum farvegum snjóflóða og jafnframt að lagt verði að sveitarstjórnum að heimila ekki framkvæmdir í næsta nágrenni slíkra farvega þegar fyrir liggur sérfræðileg skilgreining á hættusvæðum þeirra. Nákvæmari tillagna eða skilgreiningu hættusvæða og hugsanlegrar lagabreytingar er að vænta síðar.

Í framhaldi af þessari áfangaskýrslu mun nefndin leggja megináherslu á að kanna þörf á lagabreytingum og vinna að tillögum um frekari samræmingu á störfum opinberra aðila að snjóflóða- og skriðuvörnum, þ. e. hvernig standa skuli að skiptingu lands í hættusvæði, byggingu varnarvirkja og fjármögnun þess.

Reykjavík, 1. nóv. 1983.

Undirskrift nefndarmanna.“

Síðan þessi skýrsla var samin hefur verið ákveðið að bæta Ólafsvík við þá staði þar sem nauðsynlegt er talið að hafa fastráðna eftirlitsmenn jafnframt því sem kannað verður hvort kort staðarins nái til upptakasvæða snjóflóða, sem talið er nauðsynlegt, annars bætt úr því. Þá hefur rn. í samræmi við till. nefndarinnar beitt sér fyrir ráðningu sérstakra eftirlitsmanna á Patreksfirði og Ísafirði og unnið að því í Ólafsvík og starfa þessir menn í samráði við almannavarnanefndir staðanna svo og Veðurstofu Íslands. Fyrir voru í starfi eftirlitsmenn á Siglufirði, Seyðisfirði og Neskaupstað. Rn. hefur falið skipulagsstjóra að taka saman kort og loftmyndir af snjóflóðasvæðum þar sem það er ekki fyrir hendi.

Þá var undirbúið á vegum nefndarinnar í samráði við Almannavarnir ríkisins námskeið fyrir eftirlitsmenn og aðra, t. d. almannavarnanefndarmenn og björgunarsveitarmenn og fleiri. Var 27 aðilum gefinn kostur á að senda fulltrúa á námskeiðið og þetta námskeið var haldið hér í Reykjavík dagana 16. og 17. mars s. l. Það var von rn. að sem flestir þessara staða sendu fulltrúa á námskeiðið og það varð að veruleika því að þetta námskeið var vel sótt og vel heppnað að öllu leyti. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Skv. ósk rn. var samþykkt við afgreiðslu fjárlaga að ríkissjóður felli niður eða endurgreiði aðflutningsgjöld og söluskatt af efni og tækjum sem flutt eru til landsins til snjóflóða- og skriðuvarna en með því getur verið um mikilsverðan stuðning að ræða ef hagkvæmt er að byggja og/eða reisa mannvirki. Síðan nefndin skilaði áfangaskýrslu sinni 1. nóv. s. l. hefur hún starfað áfram að verkefni sínu eins og fram hefur komið og einbeitir sér nú fyrst og fremst að því að kanna þörf á lagabreytingum og tillögugerð um frekari samræmingu á störfum opinberra aðila að snjóflóða- og skriðuvörnum og hvernig standa skuli að skiptingu landsins í hættusvæði, byggingu mannvirkja og fjármögnun þess. Mjög hæfir menn skipa þessa nefnd og er þess að vænta að frá henni komi raunhæfar tillögur sem verði til að skila jákvæðum árangri til varnaraðgerða gegn snjóflóðum. Alþingi verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir þessum tillögum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur hér veitt. Það kemur fram í hans máli að hluti af þeim verkefnum a. m. k. sem hinni fyrri snjóflóðavarnanend hafði verið ætlaður hefur verið tekinn upp skv. skipunarbréfi sem verkefni hjá nýrri nefnd, sem ekki lágu fyrir neinar upplýsingar um opinberlega. Hæstv. ráðh. greindi heldur ekki frá því og leiðrétti ekki þá staðhæfingu mína að ekkert hefði frést um þetta efni opinberlega eftir að hæstv. forsrh. greindi frá því á liðnu sumri sem sérstakri sparnaðarráðstöfun að leggja þessa nefnd fyrrv. ríkisstj. niður.

Nú er ekki ástæða til að deila um efni sem þetta, þar sem allir ættu að vera sammála um nauðsyn þess að hér verði haldið uppi nauðsynlegum viðvörunar- og varnaraðgerðum gegn þessum náttúruhamförum eftir því sem frekast er kostur. En hitt er vissulega ósmekklegt, að gera aths. við störf fyrrv. ríkisstj. um þetta efni og greina þá ekki frá því sem tekið hefur verið til bragðs af nýrri ríkisstj. Ég vil geta þess í þessu sambandi að það virðist vera feimnismál hjá núv. hæstv. ríkisstj. að greina opinberlega frá þeim nefndum sem sinna ýmsum verkefnum. Maður er svona að frétta af því á skotspónum. Mér finnst það óeðlilegt, þegar um opinberar nefndir er að ræða, að það liggi ekki fyrir þegar þær eru skipaðar svo að menn viti um þær og þeirra verkefni.

Skýringar hæstv. ráðh. á ástæðunum fyrir þessu ætla ég ekki að fjölyrða um hér, en þó gera aths. við það að hann taldi kostnaðinn, sem fyrirhugað var að þyrfti að leggja út í á s. l. sumri upp á 465 þús. kr., vera mikinn og óvíst að það hefði skilað árangri á þeim tíma. Ég held að hér sé mikill misskilningur á ferðinni. Hér var markað af með skilmerkilegum hætti verkefni og verkþættir, sem nauðsynlegt var að ráðast í og vel var hægt að sinna á þessum tíma, og það lá fyrir alveg sérstök ríkisstjórnarsamþykkt um skipun þessarar nefndar og þar með auðvitað trygging fyrir því að greitt yrði fyrir fjármögnun í þessu efni þannig að það átti ekki að vera fótakefli.

Þá nefndi hæstv. ráðh. það að talið hefði verið að til

óeðlilega margra erlendra aðila hefði átt að leita í þessu efni. Ég hafna þeirri skýringu þó að nefnt sé þarna Nordisk Geoteknisk Institut sem hefur sérþekkingu á þessum efnum. Það átti einmitt að styðjast við innlenda aðila, sérfróða aðila sem hafa verið frá því að snjóflóðin féllu í Neskaupstað að sérhæfa sig í þessum efnum. Vegna þessa verð ég að nefna það hér, sem mér kemur nokkuð einkennilega fyrir sjónir, af því að þetta er nefnt sérstaklega af hæstv. ráðh., að þessi nefnd hefur ekki leitað til tveggja sérfróðra manna um þessi efni, Íslendinga, Þórarins Magnússonar verkfræðings og Magnúsar Hallgrímssonar verkfræðings, sem báðir hafa lagt á sig mikið starf til að kynna sér snjóflóðamálefni á liðnum árum og voru skipaðir af fyrrv hæstv. félmrh. í hina fyrri nefnd. Ég spyr hæstv. félmrh.: Af hverju er gengið fram hjá þessum sérfróðu aðilum? Og hverjir eru það þá sem koma með þekkinguna í þeirra stað?

Svo vil ég benda á að það er vissulega brýn nauðsyn að hér verði gengið frá lögum um stjórnarfarslega ábyrgð í þessum efnum. Það má segja að snjóflóðavarnamálaefni heyri nú undir ein sex rn. og allir vita hversu stirt það er og erfitt að tengja málefni, sem eru svo dreifð í stjórnkerfinu, saman með eðlilegum hætti. Því ber að hraða sem frekast er kostur lagasetningu, heildarlagasetningu um þessi mál. Eitt hið brýnasta í þessum efnum er að kveðið verði á um hlutdeild ríkisins og ríkissjóðs eða Viðlagatryggingar í byggingu varnarvirkja gegn snjóflóðum, þar sem byggðasvæðum stafar sannanlega hætta af snjóflóðum, eins og er víða á landinu. Þarna eru engar reglur til staðar, hvað þá lög um hlutdeild ríkissjóðs í slíkum varnarvirkjum. Tillögur um slík varnarvirki voru mótaðar af snjóflóðavarnanefnd Neskaupstaðar 1975—76 með aðstoð Nordisk Geoteknisk Institut og liggja fyrir, en það hefur að sjálfsögðu ekki verið unnt fyrir það bæjarfélag fremur en önnur að leggja út í byggingu svo dýrra mannvirkja án þess að ríkissjóður komi þar til með eðlilegum hætti. Erlendis, t. d. í Noregi, er kostnaðarhlutdeildin í sambandi við byggingu varnarvirkja gegn snjóflóðahættu á bilinu 70—90% að ég best veit. Það er slík regla og lagasetning um það sem hér þarf að koma til.

Hæstv. ráðh. nefndi þá fimm staði þar sem byggð gæti verið í hættu vegna snjóflóða og gat þess að síðan hefði Ólafsvík bæst við eftir að menn fengu þar reynsluna dýrkeyptu nú um daginn þó að sem betur fer kostaði hún ekki mannslíf. En ég held að það séu fleiri staðir þar sem svipað hagar til og nauðsynlegt er að vera á varðbergi. Og fyrir utan þetta sem ég hef nefnt um lagasetningu, þá er afar brýnt að fram fari greining á þessari hættu á öllum þéttbýlisstöðum, sem gætu verið í hættu vegna snjóflóða, og það verði tryggt í skipulagslögum og reglugerðum að ekki verði byggt á þeim svæðum, nema þá skv. alveg sérstöku sérfræðilegu mati og slíkar hömlur verði tengdar inn í tryggingu viðkomandi mannvirkja, því að ég tel að það sé ein tryggasta vörnin til þess að slíkar reglur verði haldnar.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 5. þm. Austurl. um þörf á því að sinna þessum málum og hér liggi sem fyrst fyrir frv. að heildarlagasetningu varðandi þessi mikilvægu mál. Að því er nú unnið eins og fram kom í skýrslu nefndarinnar og ég get bætt því við að mér er kunnugt um að það starf gengur mjög vel að mínu mati.

Í sambandi við þá athugasemd sem hann gerði um fyrrv. nefnd sem ekki hafði hafið störf og eins um þá tvo sérfræðinga sem hann nefndi áðan, vil ég geta þess að að allra mati sem ég hef átt tal við eru þeir menn sem eiga sæti í þessari nefnd, Hafliði Helgi Jónsson veðurfræðingur, Helgi Björnsson jöklafræðingur og Helgi Hallgrímsson yfirverkfræðingur, mjög hæfir menn á þessu sviði og ég tel alveg fyllstu ástæðu til að ætla að þeir standi undir því hlutverki sem þeim er falið í þessari nefnd.

Hins vegar vil ég taka fram að gefnu tilefni að ég hef átt viðræður við Magnús Hallgrímsson t. d. og ég hef óskað eftir því að hann yrði til taks til aðstoðar við nefndina í þessum málum þegar eftir væri leitað og það verður áreiðanlega gert í þessu máli.

Ég vil einnig segja það í sambandi við skipulagsmálin að skipulagsstjóri skrifaði eftir ábendingu frá ráðh. öllum sveitarfélögum landsins um þetta mál í sambandi við hættusvæði og varnarorð á því sviði. Ég vil einnig geta þess að núna eru á borði í félmrn. endurskoðuð skipulagslög sem fela í sér vissa áherslupunkta sem þessi mál varða. Að sjálfsögðu tek ég undir það með hv. þm. að margir fleiri staðir í landinu þyrftu að vera með í þessari athugun. Að því er unnið og ég taldi ákaflega mikilvægt að Alþingi skyldi samþykkja rýmkun í gegnum fjárlög að því er varðar eftirgjöf á aðflutningsgjöldum og sölugjaldi í sambandi við ýmis tæki og efni sem hægt er að nota í varnaraðgerðir að margra mati og hefur þegar komið að góðum notum á nokkrum stöðum á landinu.

En ég legg sem sagt áherslu á að þetta er mál sem er mikilvægt og því verður fylgt eftir af eins miklu afli og mögulegt er. En ég tel að þessi skipan mála sé í nokkuð góðum farvegi og ég lýsi ánægju yfir því námskeiði sem er nýlokið um þessi mál og var sótt af mörgum aðilum þannig að áhugi manna almennt er mjög mikill fyrir að koma þessum málum í skynsamlegt horf.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. hans upplýsingar sem hér hafa komið fram, eins og ég hef raunar þegar gert. Ég vil aðeins taka fram að ég vefengi ekki hæfni þeirra manna sem eru í þeirri nefnd sem hann hefur skipað, það eru valinkunnir menn. Mín ábending var um það að það væri sérkennilegt að ekki væri leitað til innlendra verkfróðra aðila sem hafa sérhæft sig í þessum málum og hafa mikinn vilja til að leggja þar lið og ég treysti því að það verði gert. En ég vil nefna það hér og inna hæstv. ráðh. eftir því sérstaklega hvort fyrir liggi samþykki Viðlagatryggingar Íslands við kostnaðarþátttöku í kortagerð, kortlagningu og öðrum undirbúningi til þess að unnt sé að meta snjóflóðahættu við þéttbýlisstaði og m. a. kortleggja þau snjóflóð sem þekkt eru. Ég held að mjög þýðingarmikið sé að það liggi fyrir og sé alveg ljóst ef Viðlagatrygging hefur gert samþykkt um þetta efni.

Fljótsdalsvirkjun, fsp. 231. mál (þskj. 405). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Jónsson): Herra forseti. Sem kunnugt er var með lögum um raforkuver nr. 60/1981

aflað lagaheimildar fyrir allt að 330 megawatta virkjun Jökulsár í Fljótsdal. Ári síðar eða þann 6. maí 1982 samþykkti Alþingi á grundvelli 2. gr. þessara laga þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fljótsdalsvirkjun og síðar Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Eftir því sem orkuþörf gefur tilefni til skarist annars vegar Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun og hins vegar Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun."

Með samþykkt ofangreindra laga og þál. var gengið frá stærstu samfelldu framkvæmdaáformum um virkjanir hérlendis til þessa og í fyrsta sinn tekin ákvörðun um stórvirkjanir utan Suðurlands og samhliða unnið að undirbúningi vegna orkunýtingar á Norður- og Austurlandi.

Undanfari þessara samþykkta Alþingis var mikið átak í rannsóknum varðandi umræddar vatnsaflsvirkjanir, ekki síst vegna Fljótsdalsvirkjunar, og lausn á viðkvæmum hagsmunadeilum, einkum vegna Blönduvirkjunar. Á síðasta ári lauk að fullu verkkönnunarrannsóknum vegna Fljótsdalsvirkjunar, þannig að ekkert er talið því til fyrirstöðu að unnt sé að koma virkjuninni í gagnið um 1990, eftir því sem nauðsynlegt er talið miðað við markaðsþróun.

Á lánsfjáráætlun s. l. árs var heimild til að verja 25 millj. kr. til undirbúningsframkvæmda í þágu virkjunarinnar, m. a. til vegagerðar frá Egilsstöðum norðan Lagarfljóts og inn í Fljótsdal. Skv. ákvörðun núv. iðnrh. var hins vegar aðeins varið rúmum helmingi þeirrar upphæðar eða 13.6 millj. kr. í þessu skyni. Auk áframhaldandi styrkingar vegar í byggð að virkjunarsvæði í Fljótsdal og annars undirbúnings mun næst liggja fyrir undirbúningur útboðs vegna virkjunarframkvæmdanna og rannsóknir sem tengjast því útboði.

Framkvæmdatími eftir útboð hefur verið áætlaður fimm ár, þannig að miðað við það mætti taka virkjunina í gagnið haustið 1990, og þyrfti þá að halda vel áfram undirbúningi á þessu ári og því næsta.

Auk fyrirhugaðra framkvæmda við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði hefur fátt verið meira rætt á Austurlandi en væntanlegar virkjunarframkvæmdir. Margar ályktanir hafa verið gerðar eystra um þau efni. Ég læt í því sambandi nægja að vitna til ályktunar síðasta aðalfundar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi í ágúst s. l., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Haldið verði fast við samþykkt Alþingis um næstu þrjár stórvirkjanir, þar sem Fljótsdalsvirkjun er sett næst á eftir virkjun Blöndu. Haldið verði áfram undirbúningsframkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun svo sem lög og fjáröflun framast leyfa."

Sami fundur ályktaði einnig um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði með áskorun um að sú könnun, sem nú fer fram á eignaraðild erlendra aðila, verði ekki látin tefja framgang þess máls.

Í frv. til lánsfjárlaga, sem nú er orðið að lögum, fyrir hið yfirstandandi ár er, að ég best veit, gert ráð fyrir 70 millj. kr. til virkjunarrannsókna annars staðar en við Blönduvirkjun. Sundurliðun er hins vegar engin gefin. Til að fá fram viðhorf hæstv. iðnrh. og tillögur hans varðandi Fljótsdalsvirkjun hef ég leyft mér að leggja fram svohljóðandi fsp.:

„1. Hversu miklu fé er fyrirhugað að verja á árinu 1984 til áframhaldandi undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar:

a) heildarfjárveiting,

b) til einstakra þátta,

c) vegna endurbyggingar þjóðvegar inn Fell og Fljótsdal að virkjunarsvæði?

2. Hvenær er talið að framkvæmdir þurfi að hefjast við virkjunina skv. útboði?

3. Hvenær er ráðgert að virkjunin taki til starfa og við hvaða markaðsþróun er miðað í því sambandi?"

Herra forseti. Ég vænti greinargóðra svara hæstv. ráðh. við þessari fsp.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem svar við 1. lið fsp. hv. 2. þm. Austurl. vil ég taka fram að ákveðið er að verja 13 millj. kr. til undirbúningsframkvæmda. Skipting milli einstakra verkþátta hefur ekki verið ákveðin, en meiri hluta fjármagnsins mun verða varið til vegagerðar í Fljótsdal að virkjunarsvæði.

Svar við 2. fsp., hvenær talið sé að framkvæmdir þurfi að hefjast: Árið 1986. Að sjálfsögðu ræðst upphaf framkvæmda af markaðsástæðum, en gert er ráð fyrir fimm ára byggingartíma virkjunarinnar.

Sem svar við 3. lið fsp., um hvenær ráðgert sé að virkjunin taki til starfa og við hvaða markaðsþróun er miðað í því sambandi, skal fram tekið að menn reikna með árinu 1991. Sem dæmi um markaðsástæður má nefna að samið verði um 50% stækkun álversins í Straumsvík, þar sem rekstur yrði hafinn 1988, og byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Stækkun álversins ein út af fyrir sig er ærin markaðsástæða, að ekki sé minnst á samninga um byggingu nýs álvers við Eyjafjörð. Engu verður að vísu slegið föstu nú í þessu sambandi, en nauðsynlegt er að gefa sér líklegustu forsendurnar.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir annars greinargóð svör, þó svo þau væru kannske ekki svo ýkja ítarleg. En þau tala sínu máli engu að síður og ég lýsi í sjálfu sér ánægju með að það skuli þó vera þessi fjárveiting til þessara framkvæmda, til undirbúnings virkjuninni, sem er afskaplega mikilvægt til þess að af framkvæmdum geti orðið skv. þeirri áætlun sem hér er unnið að.

En ég vil láta það koma hér fram að óneitanlega eru uppi vissar efasemdir og tortryggni af hálfu Austfirðinga í garð virkjunaráforma sem í dag er unnið að á vegum Landsvirkjunar sem við vitum að hefur allt forræði til stórra verka á sviði orkumála. Af gögnum þeim sem fram hafa komið af hálfu Landsvirkjunar og eru frá því í sept. s. l. verður ekki annað ráðið en að uppi séu áform sem e. t. v. kynnu að leiða til þess að niðurröðun virkjana yrði allt önnur en samþykktir Alþingis til þessa hafa gefið til kynna. Í því sambandi vil ég vitna til grg. um val og tímasetningu næstu virkjunar eftir Kvíslaveitu, sem út hefur verið gefin af hálfu Landsvirkjunar, en þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og áður er sagt stendur valið í raun milli þriggja kosta, Blönduvirkjunar, stækkunar Búrfells og Sultartanga. Allar þessar virkjanir eru vel viðráðanlegar á þeim tíma sem til ráðstöfunar er, en ekki liggur enn fyrir heimild Alþingis um stækkun Búrfellsvirkjunar, þannig að ekki er hægt að taka ákvörðun um að ráðast í byggingu hennar nú, en brýnt er að afla þeirrar

heimildar.“

Efasemdir hafa sem sagt vaknað í brjósti manns og mér þykir rétt að minna á orð núv. hæstv. iðnrh., sem birtust í málgagni hans á Austurlandi, Þingmúla, 27. jan. 1981, en þar segir með leyfi forseta:

„Auk þess bera virkjunarkostir í Fljótsdal af öðrum.“ Og enn fremur: „Þjóðhagslega stenst Blönduvirkjun engan samanburð við Fljótsdalsvirkjun.“ Og í Þingmúla 12. apríl 1983 segir hann í umfjöllun um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði: „Horfur eru nú batnandi á heimsmarkaði og gera kunnugir menn ráð fyrir að óhætt muni að hefjast handa um byggingu verksmiðjunnar á þessu ári.“ Það er 1983. En í þeim lánsfjárlögum sem nú hafa verið samþykkt hér á Alþingi er ekki einn stafur þess efnis sem bendir til að ráðist verði í byggingu þeirrar verksmiðju, og það eru engar ákvarðanir sem liggja fyrir í þeim efnum.

En hæstv. iðnrh. sagði enn fremur í Þingmúla 12. apríl, sama skipti og hann fjallaði um kísilmálmverksmiðjuna, með leyfi hæstv. forseta: „Þessum framkvæmdum fylgir svo virkjun í Fljótsdal. Öllu mun til kostað að það lífshagsmunamál Austurlands nái hið fyrsta fram að ganga.“

Og samflokksmaður iðnrh., hv. þm. Egill Jónsson, segir í Þingmúla 4. júní 1983: „Það verður gaman að fylgjast með störfum Sverris Hermannssonar í hans nýja vandasama embætti.“ Og það er rétt, að Austfirðingar allir ólu kannske með sér nokkrar vonir um, í kjölfar allra stóru yfirlýsinganna, að af þessum miklu áformum yrði. Við það bindum við enn í dag vonir og væntum þess að um þetta mál allt verði samstaða og fylgt verði eftir þeim ákvörðunum sem hér hafa verið samþykktar á hæstv. Alþingi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Vissulega mætti margt um þetta stóra mál ræða. Ég vil aðeins leyfa mér örfáar athugasemdir, enda leyfir tími ekki annað.

Hæstv. ráðh. kvað fyrirhugaða fjárveitingu til áframhaldandi undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar vera 13 millj. kr., ef ég hef heyrt rétt. Þetta er ótrúlega lítil upphæð að mínu mati miðað við þörf og þá tímasetningu sem hann tilgreindi að menn héldu sig enn við, að virkjunin gæti komist í gagnið. Ég bendi í því sambandi á það álit verkfræðinga, sem undirbúið hafa virkjunina og flestar stórvirkjanir hér, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, sem m. a. kom fram í bréfi í fyrra til iðnrn. frá maí 1983, að sjö ára undirbúningstíma þyrfti frá því að verkhönnun lýkur og þar til að virkjun tekur til starfa, þar af tveggja ára vinna vegna gerðar útboðsgagna.

Sú óverulega fjárveiting sem hér er um að ræða og að meiri hluta á að verja til vegagerðar að því er hæstv. ráðh. sagði nægir ekki til neinnar vinnu svo heitið geti til undirbúnings útboðs sem tekur tvö ár. Ef hæstv. ráðh. ætlar að láta hefja framkvæmdir og halda þeim möguleika opnum 1986 sé ég ekki að það gangi upp miðað við þessa fjárveitingu sem er mjög óveruleg, svo ekki sé dýpra tekið í árinni.

Á síðasta ári var gert ráð fyrir því að til virkjunarrannsókna vegna Fljótsdalsvirkjunar yrði varið 25 millj. kr. Hæstv. núv. iðnrh. heimilaði að ráðstafa helmingi þeirrar upphæðar til annarra verka þannig að á árinu sem leið komu aðeins til virkjunarinnar og vegagerðar 13—14 millj. kr. Hér er sem sagt um mun rýrari fjárveitingu að ræða sem ætlað er til þessa verks á þessu ári.

Varðandi markaðsþróunina kom það fram hér eins og á fundi Félags ísl. iðnrekenda í morgun að hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir því að stækkun álversins í Straumsvík geti orðið að veruleika 1988. Hann nefnir kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði í sömu andránni. Hvaðan ætlar hæstv. ráðh. að fá raforku til beggja þessara framkvæmda?

Hann gat þess einnig á fundi Félags ísl. iðnrekenda í morgun að ef samningar yrðu gerðir um stækkun álversins í Straumsvík, væntanlega á fyrri hluta þessa árs eða um mitt ár, gæti orðið þörf á því að hraða framkvæmdum við Blönduvirkjun. (Forseti hringir.) Við vorum í gærkvöld að samþykkja lánsfjárlög hér í Nd. Það virðist ekki vera ýkja merkilegur pappír eftir þessum ummælum að dæma, ef hæstv. ráðh. gerir því skóna nú að hann muni beita sér fyrir að hert verði á framkvæmdum við Blöndu á þessu ári. Ég hef út af fyrir sig ekki á móti því að það mál verði athugað með tilliti til þess að kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði verði reist skv. þeim lögum sem sett hafa verið um verksmiðjuna.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. heimilast að hafa uppi þær efasemdir um Fljótdalsvirkjun sem honum sýnist, en óþarft er hjá honum að nota það orðalag að áform séu uppi meðan lög eru í gildi. Hann gæti þá fyrst farið að efast ef menn bæru fram lagabreytingar á hinu háa Alþingi. Um virkjanaröð gilda lög og það hefur enginn gert tillögur um að breyta þeim. Allt er þetta því heldur ómerkilegt snakk.

Ég tók ekkert fram um ártal á kísilmálmverksmiðju í ræðu minni úti á Loftleiðum núna fyrr í morgun og það er ekki dagskrárefni hérna heldur.

En hv. 5. þm. Austurl. undrast að hér skuli ekki vera stærri áform uppi en 13 millj. kr. til undirbúnings framkvæmda í Fljótsdal austur. Á síðasta ári bað hann um og fékk frá verkfræðideild Landsvirkjunar áætlun til undirbúnings virkjunarframkvæmda upp á 13 millj. kr. Það vill nú svo til að það er sama fjárhæðin og nú. Í lánsfjárlögum höfðu verið áformaðar 25 millj. kr. Hann hafði engar aths. fram að færa við þessa tillögugerð um 13 millj. frá verkfræðideildinni. Og þannig kom ég að því máli. Það er 17. maí sem hann fær þetta sent. Ýmisleg verk tókst honum nú að vinna á tímabilinu frá 17.—26. maí, en engar aths. voru við þetta gerðar.

Við þessa áætlun er unað í fyrra, 13 millj. kr., miðað við að virkjunin kæmist í gagnið árið 1990. Þá skyldi maður nú ætla, ef þess þarf sérstaklega núna að taka stórfé til undirbúnings útboðsgagna í ár, miðað við að hún komist í gagnið 1991, að sama þörfin hefði verið fyrir ári liðnu, miðað við að hún tæki til starfa ári fyrr en nú er áformað.

Allt er þetta á eina bók lært. Það rekur sig hvað á annars horn í þessum málflutningi, sem er afar léttvægur svo ekki sé meira sagt. Það minnir mann á Siglósíld, þar sem menn höfðu aðallega uppi gagnrýni á söluverð fyrirtækisins, þó það mætti lesa beinum og berum orðum út úr kaupleigusamningi sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert við annað fyrirtæki á Siglufirði. Það er eins og að fletta upp í þessum mönnum sjálfum þegar maður tekur til við að svara þeim og þeirri gagnrýni sem frammi er

höfð.

Ef samningar verða gerðir um 50% stækkun álversins í Straumsvík, sem tæki til starfa 1986—1988 kann að vera að skynsamlegt væri að hraða framkvæmdum við Blöndu. En ef svo er þarf að leita til Alþingis um það sérstaklega. Þó er of snemmt að dæma um það nú og kann vel að vera að ekkert liggi fyrir í því máli áður en þingi lýkur og þá verður því vitanlega ekki við komið. En auðskilið er það auðvitað, að ef menn ætla að bæta við framkvæmdir einhvers staðar og þurfa að taka til þess lánsfé verður að leita til hins háa Alþingis með það.

Það er aftur svo allt annað mál að þá yrði metið sérstaklega að við værum þá að gera nýjan samning um líklega hagstæðasta stóriðjukost okkar nú og nýjan orkusölusamning sem gæti staðið undir slíkri nýrri, aukinni fjáröflun. Ella yrði það ekki lagt til.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hafði um það stór orð að hv. 2. þm. Austurl. skyldi láta sér það til hugar koma að hæstv. ráðh. hefði uppi áætlanir um að breyta röð virkjana. Hafði ráðh. um það mikil ásökunarorð. Mig minnir í þá veru að það væri þvættingur einn. Það vill svo til að þessi sami hæstv. iðnrh. skrifaði stjórn Landsvirkjunar bréf í haust og óskaði sérstaklega eftir því að stjórn Landsvirkjunar undirbyggi hið snarasta fullbúið frv. um Búrfellsvirkjun II. Í stjórn Landsvirkjunar var af hálfu fulltrúa ráðh., sem þar situr, sérstaklega rekið mjög á eftir því að þetta frv. yrði fullgert. Var ekki annað að skilja á ýmsum fulltrúum stjórnarflokkanna í stjórn Landsvirkjunar og fulltrúa ráðh. en að ráðh. hefði fullan hug á að leggja þetta frv. um nýja virkjun á Þjórsársvæðinu fyrir Alþingi um leið og það kæmi saman. Slíkur var eftirreksturinn í stjórn Landsvirkjunar af hálfu fulltrúa ráðh. sjálfs á því að þetta frv. yrði smíðað.

Stjórn Landsvirkjunar smíðaði síðan þetta frv. fyrir ráðh. skv. hans sérstöku ósk. Það hefur legið í rn. síðan. Það er alveg ljóst að í iðnrn. liggur fullbúið frv. um nýja stórvirkjun á Þjórsársvæðinu sem ráðh. óskaði sérstaklega eftir sjálfur að yrði smíðað. Ráðh. ætti þess vegna að spara sér stóryrði og stærilæti í garð þm. Hann gerir það kannske í krafti þess að í þingsalnum sé ekki til vitneskja um athæfi ráðh. utan þingsala.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það kann vel að vera að hv. 7. þm. Reykv. trúi því að Sverrir Hermannsson beri fram frv. til breyt. á lögum um breytta röð virkjana frá því sem nú er ákveðið um virkjun Blöndu og því næst Fljótsdalsvirkjunar. Það gerir áreiðanlega enginn annar en hann hér í þessum sal, ég fullyrði það. Þess vegna er honum alveg óhætt að geyma trúnaðarmálin sem hann fæst við í stjórn Landsvirkjunar hjá sjálfum sér. Þetta endemis blaður og æðibunugangur hjá þessum hv. þm. í öllum málum, sem hann hefur ekkert vit eða þekkingu til að bera í né vill hafa það, er að verða dálítið langdregið á hinu háa Alþingi.

Eins og ég segi: Þó að ég bæði um, sem sjálfsagður hlutur er, að hafa til reiðu lagafrv., heimildarfrv., ef og þegar mönnum sýnist að leggja þau fram, kemur það þessu máli ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut við. Þetta er bara hin gamla tilraun til þess að reyna að blekkja, eins og þessi hv. þm. stundar og þeir Alþb.-menn í öllum málum hér á hinu háa Alþingi. (**ÓRG:** Frv. er til.) Frv. er til, það er rétt, og mér hefur aldrei dottið í hug að draga neina dul á það. Ég óska eftir því að fá að sjá slíkt frv. og fá það í hendur til þess að ég geti þá látið meta þegar þar að kemur hvort það ætti erindi og þyrfti á því að halda. Þetta eru engar nýjar fréttir.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta. En eins og ég segi: Þeim er auðvitað sjálfrátt, Alþb.-mönnum og vinum mínum af Austurlandi sérstaklega, að halda áfram að klappa þann steininn að sá dagur muni renna að Sverrir Hermannsson beri fram lagabreytingar um breytta tilhögun um virkjanaröð frá því sem nú er. Hv. 5. þm. Austurl. mætti kannske minnast þess að hann hefði aldrei komið þeim lögum á nema með aðstoð þess sem hér talar.

Egill Jónsson: Herra forseti. Út af fyrir sig er ekki óeðlilegt þótt hv. fyrirspyrjandi komist þannig að orði að efasemdir vakni með Austfirðingum í sambandi við virkjanamál. Satt að segja er ærið tilefni til þess að Austfirðingar, miðað við fyrri reynslu, hafi nokkrar efasemdir í þeim efnum. Þannig var nefnilega árið 1979, rétt áður en þáv. orku- og iðnrh. lét af störfum, að hann gaf út fyrirmæli um að hafinn skyldi undirbúningur að virkjun í Fljótsdal. Menn hafa sumir orðað það svo að þessi ákvörðun hafi verið tekin einum stundarfjórðungi áður en sá heiðursmaður lét af embætti í iðnrn. Þá hafði sá ráðh. ekki átt langan starfsferil að baki, en það kom líka að því að hann tók aftur við sama embætti. Þá skyldu menn hafa ímyndað sér að haldið yrði áfram í framhaldi af ákvörðunum sem teknar höfðu verið af honum sjálfum aðeins fáum mánuðum áður. En svo var þó ekki. Hjörleifur Guttormsson var orku- og iðnrh. í mörg ár án þess að taka ákvörðun um virkjun í Fljótsdal.

Þetta er ég ekki að segja honum neitt sérstaklega til lasts. Það voru ekki aðstæður til þess, m. a. vegna þess að ekki var unnið að markaði, ekki var unnið að orkuöflun og hún var ekki til staðar og er því miður ekki enn til staðar. En samt sem áður eru vinnubrögð af þessu tagi kjörin til þess að valda tortryggni. Þetta eru vinnubrögð sem eru með þeim hætti að teknar eru ákvarðanir þegar menn eru að ganga út úr rn. en síðan setið auðum höndum þegar menn taka við embættunum aftur. Það eru vissulega vinnubrögð sem eru til þess fallin að vekja tortryggni.

Þess vegna hefði verið full ástæða til þess af hv. ræðumanni, Sveini Jónssyni, að segja frá því hvers vegna Austfirðingar væru tortryggnir í þessum efnum.

Þetta er raunar ekki einsdæmi. Nú hefur verið frá því sagt hér — (**Forseti hringir.**) — ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti — að fyrrv. iðnrh. hafi gengið frá stórum upphæðum inn á lánsfjáráætlun sem hafi átt að verja til virkjunarrannsókna í Fljótsdal. Þetta er bara ekki satt. Þessi liður, sem ráðh. merkti Fljótsdalsvirkjun eftir að hann hætti sem iðnrh., var ekki merktur henni þannig fyrir. Hann sagði einungis frá því eftir að hann var ráðh. og kominn í okkar kjördæmi austur á land að svona hefði fénu átt að verja. Þannig er það vissulega ekki að ástæðulausu að hv. þm. Sveinn Jónsson, sem þekkir jafnvel til starfa fyrrv. iðnrh. og raun ber vitni, taki eitthvert mið af reynslunni og segi frá efasemdum Austfirðinga.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það væri nú ástæða til þess að þm. Austurl., og einnig þótt landskjörnir séu, leituðust við að snúa bökum saman um það stóra hagsmunamál sem hér til umræðu frekar en að vera að bera menn sökum í þeim efnum. Ég vil mælast til þess að þessir hv. þingbræður mínir reyni að vera á verði gegn þeim sterku öflum sem í þá toga til að fá hnekkt þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið hér á Alþingi. En það vekur svolítinn óhug þegar menn ganga fram með þeim hætti sem hér er gert í umr. og ég ætla sannarlega að vona að það viti ekki á neitt illt.

Hæstv. iðnrh. kom hér og sagði, til réttlætingar þeirri óverulegu fjárhæð og allsendis ófullnægjandi sem gert er ráð fyrir að verja til áframhaldandi undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar á þessu ári, að ég hefði ekki gert aths. við hugmyndir og tillögur frá verkfræðistofu í fyrra um þetta efni, og gaf í skyn að ég hefði haft erindi frá verkfræðistofunni í heila viku áður en ég fór úr rn. Ég verð að upplýsa hæstv. ráðh. og líka hv. 11. landsk. þm. um að á lánsfjáráætlun í fyrra var liðurinn Virkjunarrannsóknir til orðinn vegna undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar einvörðungu. Hann var myndaður árið 1979 til að geta hraðað undirbúningi virkjana utan Suðurlands og það var aðeins Fljótsdalsvirkjun sem kom inn í þessa mynd. Landsvirkjun hafði sitt fjármagn til rannsókna á sínu svæði, Blanda hafði sitt rannsóknafé og undirbúningsfé sér merkt. Ekki var um annað en Fljótsdalsvirkjun að ræða undir þessum lið enda ritaði rn. 6. apríl 1983, varðandi lánsfé til rannsókna við Fljótsdalsvirkjun, svohljóðandi bréf til Landsvirkjunar:

„Skv. lánsfjárlögum 1983 er fyrirhugað að verja 25 millj. kr. til virkjunarrannsókna. Till. iðnrn. um þennan lið miðast við að haldið verði áfram rannsóknum og undirbúningi vegna Fljótsdalsvirkjunar á árinu 1983 miðað við að virkjunin gæti hafið rekstur árið 1990. Með hliðsjón af að Landsvirkjun hefur yfirtekið rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir Fljótsdalsvirkjunar felur rn. Landsvirkjun að taka fé þetta að láni til rannsókna og áframhaldandi undirbúnings vegna virkjunarinnar, þar með talin vegagerð. Þess er óskað að Landsvirkjun geri rn. grein fyrir hvernig áformað verði að nýta féð áður en framkvæmdir hefjast."

Þetta bréf er frá 6. apríl 1983. Þegar ég fór úr rn. voru engar till. komnar í mínar hendur um skiptingu. En þann 16. maí tekur Landsvirkjun á móti erindi frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um nýtingu til rannsókna vegna Fljótsdalsvirkjunar, þar sem tekið er sérstaklega fram að ekki sé þar um að ræða till. vegna lífríkisrannsókna. Kostnaður við samninga, ræktun o. fl. ásamt endurbótum á vegakerfi í byggð er ekki meðtalið, segir í þessu bréfi. Þannig að það kom til viðbótar þeirri upphæð sem hér var áformuð. En hæstv. núv. iðnrh. ráðstafaði um helmingi þessarar fjárveitingar í annað á liðnu sumri. Þetta liggur fyrir. Málflutning eins og hér er uppi hafður ættu menn ekki að stunda á Alþingi þegar allt annað er skjalfest.

Ólafur Ragnar Grímsson: Greinilegt er að það hefur komið mjög illa við hæstv. iðnrh. að það skyldi verða skýrt frá því á Alþingi að meðal hans fyrstu verka í embætti var að krefjast þess að fá fullunnið frv. um nýja stórvirkjun á Þjórsársvæðinu. Nú kemur hæstv. ráðh. með miklu stærilæti skv. venju og segir að það hafi örugglega engum öðrum en mér dottið í hug að hann hefði í huga að breyta virkjanaröð. Ég get upplýst ráðh. um það að ráðuneytisstjóra hans datt það í hug, samanlagðri fulltrúasveit ríkisstjórnarflokkanna í stjórn Landsvirkjunar datt það í hug. Sérstökum fulltrúa ráðh. sjálfs, sem situr í forsæti í þessari sömu stjórn, datt það einnig í hug. Ég var reyndar eini maðurinn í stjórn Landsvirkjunar sem dró það í efa að hæstv. ráðh. mundi flytja slíkt frv. Allir aðrir í stjórninni voru fylgjandi því að reka á eftir málinu eins og óskað var eftir af hálfu rn. svo að iðnrh. gæti í upphafi þings, þess sem nú stendur yfir, haft fullbúið frv. um nýja stórvirkjun á Þjórsársvæðinu. Rétt er að segja ráðh. frá því að sá sem hér stendur — svo að hans orðalag sé notað — var eini maðurinn í stjórn Landsvirkjunar sem dró í efa að ráðh. myndi flytja þetta frv. Allir aðrir í stjórninni voru þeirrar skoðunar að fyrst ráðh. ræki svona á eftir því að frv. væri smíðað — og sérstakur fulltrúi hans í stjórninni gerði það hvað eftir annað — og neitað var sérstökum óskum um að fresta málinu í stjórn Landsvirkjunar þá hlyti málið að vera þannig vaxið að ráðh. ætlaði sér að flytja frv.

Nú upplýsti ráðh. það hins vegar að það hafi aldrei hvarflað að sér og efast um að nokkur maður nema ég gæti látið sér detta það í hug sem var þó eini maðurinn í stjórn Landsvirkjunar sem stóð frekar með ráðh. hvað þetta snertir, eins og fundargerðir Landsvirkjunar sýna greinilega.

En það væri fróðlegt að hæstv. ráðh. upplýsti það, fyrst honum kom aldrei í hug að flytja þetta frv., hvers vegna í ósköpunum þessi eftirrekstur var í haust með að hafa þetta frv. fullbúið í upphafi þings. Ef ráðh. hefði aldrei ætlað sér annað en að fylgja þeirri virkjanaröð sem Alþingi hefði ákveðið lá ekkert á því að fara að vinna þetta frv. fyrr en árið 1987.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins að það komi fram að í huga mér er ekki tortryggni í garð hæstv. ráðh. En ég get ekki neitað því að að mér læðast örlitlar efasemdir eftir þær yfirlýsingar — og upplýsingar reyndar — sem hér hafa komið fram frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem á sæti í stjórn Landsvirkjunar, en Landsvirkjun er einmitt það afl sem hefur afgerandi úrslit, held ég, um framvindu virkjanamála hér á landi. Ég ber vissa tortryggni í brjósti í hennar garð því að Landsvirkjun hefur aldrei að fyrra bragði unnið að virkjunarrannsóknum eða undirbúningi að virkjunum annars staðar en á Þjórsárvirkjunarsvæðinu.

Það er fyrst með yfirlýsingu í stjórnarsáttmála Gunnars Thoroddsen frá 1980 þess efnis að stefnt skuli að því að virkjað sé annars staðar en á Þjórsárvirkjunarsvæðinu að byrjað er að vinna markvisst að því að svo megi verða. Ég gat þess í minni framsögu að unnið hefði verið markvisst að því síðan. Ég held að ekki sé í huga Austfirðinga mikil tortryggni í garð fyrrv. iðnrh. um hans gerðir í þessum efnum því að við gerum okkur ósköp vel grein fyrir því við hvað er að eiga í þessu máli. En þegar Orkustofnun kannaði æskilega virkjunartilhögun var það virkjanaröðin Blanda, Fljótsdalsvirkjun, Sultartangi sem var ótvírætt talin fjárhagslega hagstæðust eins og fram kemur í skýrslu Orkustofnunar frá febr. 1981.

Endurnýjun bræðslukera, fsp. 247. mál (þskj. 448) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 448 eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Mun iðnrh. beita sér fyrir því að endurnýjun bræðslukera álversins fari fram innanlands?"

Forsaga málsins er sú, að fyrir nokkru var boðin út endurnýjun bræðslukera álversins og niðurstaða útboða varð sú, að lægsta tilboð reyndist vera um 1.97% lægra en innlent tilboð. Það var tilboð frá Finnlandi.

Þessi litli munur var notaður til að flytja þá atvinnu úr landi sem hér er um að ræða. Ég tel að það sé algerlega óeðlilegt. Hér er um að ræða mikið verkefni og úr því að starfsemi álversins er hér í gangi er eðlilegt að þjónusta við álverið sé unnin innanlands, enda voru það ein meginrökin fyrir því að álverið var reist hér á sínum tíma að þjónusta við það gæti skapað atvinnu og starfstækifæri á öðrum sviðum.

Stálvík bauð í þetta verk og gerði mjög hagstætt tilboð, en var hafnað þrátt fyrir þennan mjög svo litla mun.

Nú standa yfir viðræður við Alusuisse um ýmis samskiptamál Íslands og þessa auðhrings og ég teldi að það væri eðlilegt að hæstv. iðnrh. tæki mál af þessum toga, þ. e. þjónustu við álverið, upp í þeim viðræðum við Alusuisse, sem nú standa yfir, þannig að tryggt verði að þessi starfsemi verði unnin innanlands í framtíðinni. Ég vil sem sagt bæta þeirri spurningu við til hæstv. iðnrh., hvort hann er reiðubúinn að beita sér fyrir því í viðræðum við Alusuisse að tryggt verði að svona þjónusta verði hér innanlands framvegis.

Auðvitað stafar vandi fyrirtækisins Stálvíkur fyrst og fremst af því, að það hefur verið tekin um það ákvörðun af núverandi hæstv. ríkisstj. að draga mjög verulega úr skipasmíðum í landinu.

Þann 24. júní 1983 skrifaði iðnrh. bréf til Stálvíkur og fleiri fyrirtækja í skipasmíðaiðnaði, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á ríkisstjórnarfundi hinn 20. júní s. l. var samþykkt eftirfarandi till. frá iðnrh.: „Ríkisstj. samþykkir að beita sér fyrir að lokið verði smíði þriggja skipa, sem hafin er smíði á, hjá Slippstöðinni á Akureyri, Þorgeiri og Ellert á Akranesi og Stálvík hf., hin svonefndu raðsmíðaverkefni stöðvanna. Enn fremur verði greitt fyrir smíði minna skips, ca. 26 metra, með sama hætti hjá skipasmíðastöðvunum á Seyðisfirði, sem kaupandi er að."

Jafnframt var bókað í fundargerð ríkisstj. að stöðvuð verði frekari smíði á bolfiskveiðiskipum. Iðnrh. var falið að athuga um gerð og útbúnað fyrrgreindra skipa með tilliti til einfaldari og ódýrari smíði og kannað verði að breyta óseldum skipum í skip fyrir Landhelgisgæsluna og/eða Hafrannsóknastofnunina." Undir þetta rita Sverrir Hermannsson og Jafet S. Ólafsson.

Það er bersýnilega af þessari ákvörðun ríkisstj. sem það er lífsnauðsyn fyrir skipasmíðastöð eins og Stálvík að fá verkefni af þeim toga sem hér um ræðir og snertir endurnýjun bræðslukera álversins. Þess vegna er það sem ég hef leyft mér að leggja þessa fsp. fram. En ég vil líka spyrja hæstv. iðnrh.: Hefur orðið stefnubreyting af hans hálfu að því er varðar smíði fiskiskipa innanlands frá því að hann skrifaði bréfið 24. júní s. l. og bannaði skipasmíðastöðvum að smíða ný fiskiskip hér á landi?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. spyr hvort ég muni beita mér fyrir því að endurnýjun bræðslukera álversins fari fram innanlands. Þessari spurningu svara ég játandi. Ég veitti þessu málefni athygli í fjölmiðlum eigi alls fyrir löngu. Ég hafði þá samband við forstjóra ÍSALs, Ragnar Halldórsson. Kom fram áhugi hjá honum að beina viðskiptum þessum til innlendra aðila, en gera má ráð fyrir miklum verkefnum á þessu sviði á næstu árum, að sögn Ragnars.

Á síðasta ári smíðaði Stálvík fimm ker af gömlu gerðinni fyrir álverið. Dróst afhending nokkuð vegna seinkunar á efni erlendis frá. Af þeirri ástæðu og vegna nýrrar tækni og enn fremur vegna verðmunar, þótt lítill væri, ákvað ÍSAL að taka finnsku tilboði í smíði 16 kera af 20 af nýrri gerð, en ákvað einnig að semja við Stálvík um smíði fjögurra kera. Er mjög mikilvægt að Stálvík skyldi fá færi á smíði keranna fjögurra og öðlast þannig þekkingu á verkefninu.

Ég bind vonir við að verkefni í Straumsvík verði fyrir fleiri stórar smiðjur í framtíðinni og tel enda ástæðu til að taka slík mál upp í samningaviðræðum við eigendur ÍSALs, sem halda munu áfram á næstunni, og mun beita mér fyrir því. Að sjálfsögðu þurfa innlendu aðilarnir að reynast samkeppnisfærir í verði og gæðum, en fyrirtæki við bæjardyr kaupanda ætti að öðru jöfnu að hafa gott forskot.

Ég vil svo í sambandi við aukaspurningu, sem hv. þm. beindi til mín, taka það fram að ég hef raunar aldrei sjálfur verið þeirrar skoðunar að skynsamlegt væri að leggja nýsmíði fiskiskipa alveg af. Ég þykist sjá með fullri vissu að innan tveggja, þriggja ára a. m. k. muni taka við mikil endurnýjunarþörf í fiskveiðiflota Íslendinga. Að slaka þann veg á klónni hjá fyrirtækjum, sem þá, þegar þar að kemur, verða ekki í neinum færum um að sinna endurnýjunarþörfinni, væri ákaflega mikil óforsjálni nú. Að missa til annarra verka frá skipasmíðastöðvunum þjálfað starfsfólk mundi ekki verða bætt — slíkt óhapp — nema á mjög löngum tíma. Þess vegna er þetta skammsýni og komin til af því að menn mæla hver upp í annan að fiskstofnar séu að hverfa af Íslandsmiðum, sem er auðvitað líka enn ein vitleysan búin til af fræðingum sem ekkert vita meir en ég um þessi mál, svo ég taki nú ekki stórt upp í mig.

Af þessari afstöðu til þessara mála helgaðist það að tekin var ákvörðun um á síðasta ári að leyfa ekki frekari nýsmíðar og að menn hafa nú beint sjónum sínum að því að halda uppi atvinnu í skipasmíðastöðvunum, þar sem eitt þúsund manns, hvorki meira né minna, njóta atvinnu, með því að beina verkefnum stöðvanna að viðhaldi flotans. Við vitum um geysistór verkefni á því sviði, til að mynda hjá 10 japönskum togurum af minni gerð, sem liggur fyrir á þessu og næsta ári stór klössun hjá, og margt, margt annað mætti telja og tína til. Þörfin er geysimikil. Fjármagnið skortir að vísu, en það hefur verið í undirbúningi hjá ríkisstj. að leita, þó síðar verði, til Alþingis um fjárútvegun í þessu skyni.

Þetta er það sem ég vil segja um skipasmíðina sjálfa. Við megum ekki missa niður neitt sem við höfum yfir

að búa í skipasmíðastöðvum okkar. Við þurfum miklu frekar að bæta og auka við það.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svarið við fsp. minni. Ég tel að það sé fullnægjandi, þannig að hann muni beita sér fyrir því í viðræðum við Alusuisse að þjónustuverkefni af þessum toga verði í landinu. Ég tel að það þurfi ekki að ganga neitt frekar eftir svörum í þeim efnum.

Enn fremur vil ég fagna því að hæstv. ráðh. skuli hafa komið sér upp þeim skoðunum varðandi skipasmíðar innanlands sem hann gerði grein fyrir áðan og taka undir þau sjónarmið fyrir mitt leyti sem hann kynnti sem sín í svari sínu áðan.

Sameinað þing, 68. fundur.

Þriðjudaginn 20. mars, að loknum 67. fundi

Veggangagerð á Austfjörðum, þáltill. 246. mál (þskj. 447). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Friðarfræðsla, þáltill. 184. mál (þskj. 328). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Ég mæli hér fyrir till. til þál. um friðarfræðslu, sem er 184. mál í Sþ. á þskj. 328. Meðflm. mínir eru hv. þm. Eiður Guðnason, Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir, Gunnar G. Schram, Helgi Seljan, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran, Páll Pétursson, Salome Þorkelsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Stefán Benediktsson.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að hefja undirbúning að frekari fræðslu um friðarmál á dagvistunarstofnunum, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Markmið fræðslunnar verði að glæða skilning á þýðingu og hlutverki friðar og rækta hæfileika til þess að leysa vandamál án ofbeldis og leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða."

Sameinuðu þjóðirnar voru settar á stofn árið 1945 eftir síðari heimsstyrjöldina og var meginmarkmið þeirra að varðveita frið og öryggi á alþjóðavettvangi. Í stofnskrá sinni einsettu þær sér enn fremur að stuðla að friðsamlegri sambúð milli þjóða á grundvelli jafnréttis og sjálfsákvörðunarréttar. Jafnframt að koma á fót alþjóðasamstarfi til að leysa vandamál af efnahagslegum, félagslegum, menningarlegum eða mannúðartoga spunnin og að gegna hlutverki miðstöðvar til að samræma aðgerðir þjóða til að ná þessum sameiginlegu markmiðum.

Ég tel víst að mönnum hafi þótt friðurinn langþráður en brothættur og vandmeðfarinn eftir sex ára manndráða styrjöld, sem lauk með því að tveimur kjarnorkusprengingum var varpað á Japan. Eftir að þessum vopnum hafði verið beitt var eins og aldrei yrði aftur snúið til þess ástands sem ríkti áður en slík vopn höfðu verið notuð. Hryllingur og örvænting síuðust smám saman inn í hugskot æ fleiri kvenna og karla, líkt og síðbúin áhrif geislavirkni, eftir því sem vitneskja um tortímingargetu vopnanna varð meiri. Og fólk spurði sig hvort stjórnendur hefðu nú loks gengið of langt með því að styðja uppfinningu og beitingu vopna sem eðlis síns vegna mundu gera seinni heimsstyrjöldina að þeirri síðustu.

Árið 1945 virtist þetta mögulegt. En menn sinntu ekki aðvörunum eða voru of óméðvitaðir um afleiðingarnar. Tækifærinu til að byggja heilvita heim á fyrstu árunum eftir lok heimsstyrjaldarinnar var glatað og hver þjóðin fylgdi á hæla annarrar niður hina hálu braut til glötunar. Hver á fætur annarri vígbjuggust þær á ný og þær sem gátu komið sér upp kjarnorkuvopnum í þeirri trú að það tryggði stöðu þeirra, án tillits til eðlis þessara vopna, og í krafti þeirra viðhorfa að beita megi sömu hernaðarlist um kjarnorkuvopn og hefðbundin vopn, hafa stjórnvöld síðan sankað að sér sívaxandi vopnabirgðum í þeirri von að fleiri vopn tryggðu meira öryggi. Þess vegna búum við nú á barmi hyldýpis og við okkur blasa meiri ógnir en mannkynið hefur nokkru sinni horfst í augu við. Veröld okkar má líkja við sjúkan mann og eitt af einkennum sjúkdóms okkar er hinn bráðsmitandi eiginleiki að eignast óvini og síðan að óttast hvað þeir óvinir geti gert okkur. Fyrrum óvinir verða bandamenn, gamlir bandamenn verða óvinir. Vopn eru notuð í æ ríkara mæli til að stjórna samskiptum milli ríkja og hafa verið notuð í hinum mörgu bardögum, stríðum og styrjöldum sem háð hafa verið síðan 1945.

En kjarnorkuváin hefur vakið fólk til meðvitundar um það að leiðtogar þess, hvort sem þeir eru hernaðarsérfræðingar, ábyrgir stjórnmálamenn eða ráðamenn ríkjanna, hafa ekki lengur stjórn á þeim vopnabirgðum sem þeir hafa fjárfest í. Þeir eru læstir inni í vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins og virðast ekki eygja leið til undankomu eða úrlausnar. Ef gáð er að yfirlýsingum þeim er leiðtogar stórveldanna hafa gefið s. l. 20 ár má finna margendurteknar og ítrekaðar athugasemdir um það hve hræðileg, hættuleg og ónothæf kjarnorkuvopn eru í raun og veru. Slíkum vopnum megi aldrei beita. Þetta hafa þeir haft á orði, bæði austan hafs og vestan mann fram af manni. Þetta er í orði, en hvað er á borði?

Þrátt fyrir allar þessar yfirlýsingar hafa þeir keppst við mann fram af manni að láta smíða æ hræðilegri, hættulegri, markvissari, kraftmeiri, dýrari og sífellt ónothæfari kjarnorkuvopn. Það er eins og mönnum sé ekki sjálfrátt. Eru þeir fangar martraðar eða getur það verið að það sé einhver ávinningur af því að halda hæfilegri úlfúð gangandi í trausti þess að hún verði hamin? Getur það verið að einhverjir, bæði austan hafs og vestan, hagnist á því að ala á ótta manna, virkja eðlislæga tortryggni og ótta sem býr í brjóstum mannanna og beina þeim að ákveðinni óvinaímynd, Bandaríkjagrýlunni fyrir austan og Rússagrýlunni fyrir vestan? Það væri þá ekki í fyrsta sinn sem grýla hefur verið notuð á mannanna börn til að hræða þau til hlýðni. Og grýlurnar nærast á óttanum og óvinaímyndin er nauðsynleg til að réttlæta vígbúnaðarkapphlaupið.

Eisenhower Bandaríkjaforseti sagði fyrir rúmum 20 árum, með leyfi forseta:

„Við verðum að vera á varðbergi gegn því að hergagnaiðnaðurinn nái óréttlætanlegum áhrifum,

hvort sem slíkt verður af ásetningi eða ekki. Möguleikinn á óheillavænlegri valdatilfærslu er og mun verða fyrir hendi. Við skulum ekki ganga að neinu sem vísu."

Stórveldin tvö hafa bæði fallið í þá gildru sem blind tæknihyggja býr börnum sínum. Hvort um sig framleiðir vopn sem gera vopn hins aðilans úrelt. Í væntingu þessa reyna báðir að framleiða vopn sem tryggja þá gegn þessari fyrningu en gefa yfirburði. Þessum ferli tæknilegra landvinninga er síðan viðhaldið af hagsmunaaðilum á sviðum efnahags, skriffinnsku og hernaðar. Vígbúnaðarkapphlaupið skapar verkefni fyrir opinber og einkafyrirtæki og veldur skriffinnskuþenslu í hernaðarmálaráðuneytum og vopnasmiðjum.

Það er viss tregða í kurteislegum og varfærnum samræðum fólks að ræða um fjárhagslegan ávinning vígbúnaðarkapphlaupsins. Getur það verið að eitthvað sem er svona fjandsamlegt lífi, eitthvað sem ber í sér sæði hörmungarinnar, útrýmingarinnar, stjórnist af gróðasjónarmiðum einstaklinga, fyrirtækjasamsteypa eða stjórnaraðila ríkja? En fjármagnsspámenn og aðrir slíkir fræðingar eru ekki svona bældir og feimnir. Þeir segja viðskiptavinum sínum óspart og ótvírætt frá vænlegum fjárfestingarhorfum fyrirtækja vegna vaxandi skerfs á fjárlögum til hergagnaiðnaðar og ráðleggja samkvæmt því. Það er mælikvarði á það vægi sem hagsmunir fjármuna og skriffinnsku geta haft í þessum efnum að þeir geta fangað svo hugi þeirra manna sem þessir hagsmunir höfða til að þeir hugsa ekki um endanlegar afleiðingar, hugsa ekki dæmið til enda. Það er líkt og raunveruleikamat þeirra sé skert, eins og tjald sé dregið fyrir framtíðina, og þeir láta sér nægja ágóða dagsins í dag, en leiða ekki hugann að því að brauðið í dag er dauði þeirra og barna þeirra á morgun. Það er líkt og tengslin hafi rofnað milli huga og hjarta, sami skortur, sama brenglun og hjá vísindamanninum sem fer í vinnuna sína á morgnana og uppgötvar hvernig má koma 10 kjarnaoddum fyrir á einni sprengju í stað sex, fer síðan heim, minnir börnin sín á að bursta tennurnar, býður þeim góða nótt með kossi, elskar konuna sína og sofnar ánægður með afrek dagsins, án nokkurrar hugsunar sem setur framtíðaröryggi fjölskyldu hans í samhengi við eigið dagsverk.

En stórveldin eru tvö og bæði eiga þau hlut að máli. Við tilheyrum vestari heildinni, þar sem umræða er opnari og upplýsingar auðfengnari. Þess vegna er okkur eðlilegra að vísa til þeirra, draga ályktanir af þeim og reyna að hafa áhrif á gang mála þar. Við vitum minna um þau öfl sem ráða vopnaiðnaði í Sovétríkjunum en þótt þar ráði aðrar ytri aðstæður eru ástæðurnar samsvarandi. Við vitum að þar er notuð grýla sem næst á *ótta* og *miðar* að því að treysta valdakerfi. Bæði stórveldin hafa svo endanlega almenna en samt áhrifamikla ástæðu til að viðhalda vígbúnaðarkapphlaupinu, en það er trúin á það að verið sé að varðveita efnahagslegt, pólitískt og félagslegt kerfi. Og þau skulu vernduð, að því er virðist, hvað sem það kostar.

Með því að safna vopnum og beita sífellt flóknari og hættulegri hernaðartækni reyna menn að verja lífshætti og hagkerfi, en í stað þess að varðveita þau dregur vígbúnaðarkapphlaupið úr styrk þeirra og veikir þau, veikir þau með því að rýja þau fjármagni og draga þannig úr umsvifum þeirra og síðan með því að ógna tilvist þeirra.

Ef til kjarnorkuátaka kemur, hvort heldur það verður vegna tæknimistaka, slysni, reiði, stundarótta eða af ásettu ráði, þá verður ekki um neitt hagkerfi að binda. Óbeisluð kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Siðmenningin og hagkerfin yrðu lögð í rúst og framtíð þeirra sem kynnu að lifa af fyrstu hryðjuna væri ótrygg ef nokkur. Heilbrigðisstéttirnar eða það sem eftir væri af þeim yrðu hjálparvana og gætu á engan hátt veitt nauðsynlega aðstoð. Slík óbeisluð kjarnorkuátök yrðu ekki sambærileg við nein vistfræðileg áföll skráðrar sögu okkar og mundu skilja eftir valdbeittan lífheim, jörð eitraða af geislavirkni. Ef það yrðu einhver börn til að erfa þessa jörð þá væru þau ekki öfundsverð af því að langtíma áhrif kjarnorkusprenginganna mundu sjá til þess að menga þau með geislavirkni. Í sannleika sagt, ef við lítum á allt það sem við vitum og miklu fremur á allt það sem við vitum ekki um áhrif margfaldra kjarnorkusprenginga, þá er rík ástæða til að óttast um framtíð mannlífs á þessari jörð.

Ég minntist áðan á þá viðleitni stórveldanna að reyna að ná yfirburðum á sviði kjarnorkuvopna. Slíkt er tóm blekking. Svonefnda yfirburði hvað varðar tölu eða gerð vopna er ekki hægt að nýta til hernaðarsigurs. Óvinur sem væri minnimáttarkjarnorkuveldi gæti samt gjöreyðilagt andstæðing sinn, þann sem hefði yfirburðina. Sú staðhæfing að annar hvor aðilinn geti verið undir eða ofan á, sé kominn fram úr eða hafi dregist aftur úr í kapphlaupinu um kjarnorkuvopnin hefur ekkert gildi lengur, enga skynsemi eða glóru. Kjarnorkuvopn eru ekki lengur nothæf sem tæki til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn af hvaða tagi sem er gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði. Við getum ekki dáið nema einu sinni.

Ég hef minnst á það mannvit sem helgað er hergagnahönnun og það fjármagnsstreymi sem rennur til vígbúnaðar. Það hlýtur að vera svipað hjá báðum stórveldunum en við höfum miklu minni upplýsingar um Sovétríkin en Bandaríkin. Því vitna ég til þeirra síðarnefndu í trausti þess að svipað gildi um báða aðila.

Á s. l. áratug eyddu Bandaríkin hundrað milljörðum Bandaríkjadollara í varnarmál á hverju ári, þ. e. um 1000 milljörðum á gengi dollarsins eins og það var skráð 1976. Það er erfitt að gera sér raunhæfar hugmyndir um slíkar risaupphæðir, en þær má annaðhvort nota til vopnakaupa eða einhvers annars, eins og að styrkja atvinnuvegi landsins, t. d. iðnað. Það er ekkert launungarmál en mikið áhyggjuefni í Bandaríkjunum að samkeppnisaðstaða þeirra í iðnaði á heimsmarkaðnum hefur orðið mun lakari á s. l. árum en t. d. Vestur-Þjóðverja og Japana. Þó eru hráefni og orkulindir Bandaríkjanna ríkulegri en beggja þessara landa. Meginmunurinn er sá að Japan og Vestur-Þýskaland hafa notað fjármagn sitt til að byggja upp atvinnuvegi eins og iðnað en Bandaríkin hafa notað mikinn hluta síns fjármagns í hernaðaruppbyggingu. Á s. l. áratug notuðu Bandaríkin 5—8% af vergri þjóðarframleiðslu til hernaðar á hverju ári, en Þjóðverjar 3—4% og Japanir minna en 1%. Er þess skemmst að minnast að Íslendingar hafa nýlega sent nefnd manna til að kynna sér iðnaðaruppbyggingu í Japan.

Í þessu sambandi langar mig til að vitna í orð bandaríska hagfræðingsins John Kenneth Galbraith sem segir, með leyfi forseta:

„Eigum við ekki að spyrja okkur enn einu sinni: Höfum við Bandaríkjamenn styrkt stöðu okkar í heiminum með því að samþykkja hnignun iðnaðar okkar? Þegar umframgeta vopna til eyðingar er jafnmikil og nú, getum við þá byggt upp styrka stöðu iðnaðar með því að fjárfesta í enn meiri umframgetu? Myndum við ekki sýna skynsemi ef við a. m. k. og í hinum íhaldssamasta skilningi hvettum til vopnatakmarkana sem myndu leyfa okkur að nota meira af fjármagni okkar til að bæta færni og hæfni á sviði iðnaðar? Ég höfða ekki til friðarsinnaðra hugsjóna heldur til hagsýnnar sjálfshyggju. Ég get ekki ímyndað mér að svarið geti vafist fyrir neinum."

Svo mæltist þessum bandaríska hagfræðingi. En Bandaríkjamenn eru ekki einir um eyðsluna. Þar koma Sovétríkin líka til og enn önnur þjóðríki leggja lóð sín á vogarskálarnar til að koma eyðslu heimsins til hernaðar upp í a. m. k. 1 millj. dollara á mínútu. Hugsið ykkur hvað mætti gera fyrir þennan blessaða heim okkar fyrir eina milljón dollara á mínútu. Má ég nefna nokkur dæmi.

80% af öllum sjúkdómum jarðarbúa eru taldir eiga rót sína að rekja til skorts á hreinu drykkjarvatni. Þriggja vikna hernaðarútgjöld gætu útvegað heilnæmt drykkjarvatn handa öllum jarðarbúum. Fyrir áratug dóu 2 millj. manna árlega úr bólusótt. Með því að verja 300 millj. dollara til bólusetninga tókst að útrýma þessum erkióvini mannsins á nokkrum árum. Þessar 300 millj. mundu samsvara 5 klukkustunda hernaðarútgjöldum heimsins. Hernaðarútgjöld í hálfan dag mundu nægja til að útrýma malaríu. Hugsið ykkur alla sjúkdómana sem við kunnum læknisráð við í dag og gætum losað okkur við. Og hvað með mannvitið og fjármagnið sem flytja mætti frá hernaði yfir í rannsóknir á sjúkdómum eins og krabbameini? Hver mundi ekki vilja losna við það? Og hvað með hungrið, atvinnuleysið og ólæsið? Um 900 millj. manna eru ólæsar, um 600 millj. atvinnulausar og um 600 millj. manna eru vannærðar eða líða hungur og tugir millj. barna deyja úr hungri á ári hverju. Þannig er það bæði togstreitan á milli austurs og vesturs og líka misréttið, sem ríkir á milli norðurs og suðurs á jörð okkar, sem ógnar framtíð mannanna. Og hvað með jörðina okkar, heimilið okkar allra, sem þjáist af þurrkum, uppblæstri jarðvegs, gróðureyðingu og uppskerubresti? Hvað með auðlindaþurrðina og mengunina sem fer sívaxandi í lofti, láði og legi vegna rányrkju okkar sem stjórnast af skammsýni? Eg vil í þessu sambandi nefna skýrslu sem gerð var af bandarískum vísindamönnum að beiðni Carters Bandaríkjaforseta og heitir „The Global 2000 Report to the President". Þessi skýrsla greinir frá því ástandi sem búast má við í heiminum árið 2000 ef engin stefnubreyting verður meðal þjóða. Er þar einkum hugað að fólksfjölgun, auðlindum og umhverfisvernd. Þessar niðurstöður eru vægast sagt ógnvænlegar og gefa til kynna möguleika á veraldarvandamálum af gífurlegri stærðargráðu ef ekkert verður að gert.

Tilhneiging þessarar þróunar bendir eindregið til vaxandi álags á öll lífkerfi jarðarinnar þannig að grundvallarþörfum æ fleiri einstaklinga verði ekki sinnt og lífkerfi jarðarinnar sjálf eru í hættu vegna þess hve lífsskilyrði þeirra verða stöðugt lélegri. Umhverfisvandamál, sem varða andrúmsloft, drykkjarvatn, ástand sjávar og gróðurs, nema ekki staðar við landamæri ríkja. Núverandi aðgerðir til að sporna gegn þessari þróun eru allsendis ófullnægjandi miðað við það hve brýn, víðtæk og flókin þessi vandamál eru.

Þær aðgerðir sem beita þarf eru ekki á valdi neinnar einnar þjóðar heldur verða allar þjóðir heims að taka saman höndum til að forðast glötun. Verkefni okkar eru óteljandi og þola enga bið. Þrátt fyrir stærð og fjarlægð þessara ógnarvandamála megum við ekki láta slíkt lama okkur til aðgerðarleysis. Hvert og eitt okkar skiptir máli til að mynda það almenningsálit sem leyfir ekki stjórnmálaleiðtogum og öðrum valdhöfum að grípa til hernaðarlausna eða halda áfram uppteknum hætti í umgengni við þessa jörð. Getum við sætt okkur við að horfa á þá læsta í vítahring skammsýni, vígbúnaðarkapphlaups, dansandi til dauða í glóandi eldskóm eins og nornin í ævintýrinu forðum, bundna álögum og geta ekki hætt? Trúandi á ógnarjafnvægi hafa þeir í meira en áratug sagst vera að semja um afvopnun og frið. Hvað eigum við að gera þegar við horfum á þessa strönduðu menn á flæðiskeri sínu úrræðalausa? Gætum við látið þá áfram eina um að leysa þessi úrslitamál mannkynsins? Er lausnanna einungis að vænta frá þeim? Eru þetta ekki mál sem varða okkur öll, öll sem viljum ekki vera meðsek og horfa á mannlífið og jörðina farast? Þess vegna verðum við að standa upp, hvert og eitt okkar, og beita því eina vopni sem okkur er leyfilegt, röddinni Og með henni segjum við: Nei, hingað og ekki lengra. Við verðum að leita nýrra lausna.

Það eru meira en tveir áratugir síðan Albert Einstein sagði með leyfi forseta: „Við þörfnumst verulegrar hugarfarsbreytingar ef mannkynið á að lifa af." Við verðum að byrja að hugsa á nýjan hátt, án þeirrar blekkingar að hægt sé að komast hjá kjarnorkustríði endalaust með því að beita stefnu ógnarjafnvægis, án þeirrar blekkingar að við getum lifað í öryggi að eilífu í skugga kjarnorkuvopna, án þeirrar blekkingar að hægt sé að takmarka eða lifa af kjarnorkustríð. Jörðin okkar er a. m. k. 4 ½ milljarða ára gömul. Menn hafa byggt jörðina í líklega eina milljón ára, en siðmenning okkar svokölluð er ekki nema 4—5 þúsund ára gömul. Kjarnorkuvopn hafa verið til í um það bil 40 ár. Engin deila austurs og vesturs er jafnmikilvæg og gagnkvæm nauðsyn okkar til að forðast kjarnorkustyrjöld. Skyldur okkar við þá sem á eftir koma krefjast þess ekki bara að við skilum lífinu og jörðinni heilum og óskemmdum til framtíðarinnar, heldur betri en þau voru þegar við tókum við þeim. Aðeins með samvinnu en ekki deilum getum við lært að lifa saman, ef við viljum lifa, og ég trúi því að þrá okkar til að lifa sé miklu sterkari en ótti okkar hvers við annað. Hví skyldum við skara eld að köku haukanna? Höfum við Vesturlandabúar efni á því að næra bandarísku grýluna í Sovétríkjunum og ganga þannig erinda rússneskra hauka? Hafa Sovétmenn efni á því að næra Rússagrýluna í Bandaríkjunum og ganga þannig erinda bandarískra hauka? Getur framtíðarvon mannkynsins leyft haukunum að ráða öllu lengur? Þurfum við ekki hvert og eitt að hemja haukeðlið en leyfa hinum sáttfúsari, skilningsríkari og umburðarlyndari eigindum okkar að ráða? Verðum við ekki að leita friðsamlegri úrræða í samskiptum, byggja brýr milli manna og þjóða, eyða óvinaímyndunum?

Slík úrræði má finna í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og á vegum þeirra og undirstofnana þeirra hafa menn verið óþreytandi við að halda samskiptum þjóða opnum og virkum. Þegar á árinu 1947, í lok síðari heimsstyrjaldarinnar, hafði UNESCO frumkvæði að ráðstefnu á alþjóðavettvangi til að leggja grundvöll að uppeldi til að auka skilning á milli þjóða. Ráðstefnan var grundvölluð á hugsjónum Þjóðabandalagsins og viðfangsefni hennar voru tillögur að alþjóðasamvinnu, gerðar af Albert Einstein, Thomas Mann, Marie Curie og fleirum. Einn árangur þessarar ráðstefnu var hönnun námsefnis fyrir skóla. Árið 1974 hélt UNESCO aftur enn stærri ráðstefnu sem lauk með svohljóðandi ályktun með leyfi forseta:

„Stríð og valdbeiting eru útilokuð á okkar tímum. Sérhver einstaklingur verður að læra að taka persónulega ábyrgð til að tryggja frið.“

Samkeppni og valdbeiting til að tryggja eigin afkomu hefur einkennt hegðun mannanna frá alda öðli. Við skiptumst í þjóðir, stéttir, kynþætti og kyn. Við höfum lært að einstaklingurinn verður að berjast fyrir sjálfan sig, að það er nauðsynlegt að vera persónulega metnaðargjarn og að árásargirni á eigin vegum eða hópsins er nauðsyn til að lifa af. En í lok 20. aldar eru þessar aldagömlu lífsaðferðir orðnar stærsta ógn okkar. Skilgreining á einstaklingshyggju er m. a. þróun á persónulegum réttindum og frelsi. Slíkt eru auðvitað afar mikilvæg markmið fyrir þroska hverrar manneskju. En ef uppeldið leggur of einhliða áherslu á einstaklingshyggju er ólíklegt að deilur milli mannanna minnki og ólíklegt að hæfileikar til samstarfs aukist. Það er nauðsynlegt að viðurkenna réttindi og frelsi einstaklingsins í samhengi við samsvarandi skyldur hans. Sérhver einstaklingur, sem hefur réttindi og frelsi, hefur á sama hátt skyldur til að nota frelsi sitt til að vinna fyrir aðra menn og réttindi þeirra á eins víðtækan hátt og frelsi hans leyfir.

Réttlátur friður handa frjálsu fólki gerir kröfur um agað framferði. Skyldur hljóta að ráða miklu um það, hvernig maður getur neytt réttar síns. Okkur er nauðsyn að efla skilning og virðingu fyrir framandi þjóðum og menningu þeirra í stað þess að ala á fordómum og þröngsýni og taka að arfi gamlar venjur og viðhorf mótuð af löngu liðnum stríðum eða deilum. Þó að eðlilegt sé að glæða með börnum ást og virðingu fyrir átthögum sínum og ættjörð, þá ber að forðast að efla þrönga einangrunarsinnaða þjóðerniskennd eða þjóðarrembu. Okkur er lífsnauðsyn að víkka út og stækka hugtakið við. Heimili okkar er jörðin og sú staðreynd verður æ raunverulegri með auknum ferðalögum og samskiptum. Við verðum því að vera samábyrg fyrir henni sem einingu. Hún er far okkar á siglingu okkar um tímann og við erum öll í sama báti. Hollusta okkar verður því að beinast að mannkyninu sem heild jafnframt því sem hún eðlilega beinist að þeirri lífheild þar sem við eigum rætur. Við verðum því að meta samhjálp ofar samkeppni, frið ofar ofbeldi. Við verðum að læra að gefa fremur en að taka og við verðum að stunda mannrækt fremur en manndráp.

Þó að oft hafi verið þörf er nú meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að efla frið milli manna og þjóða. Ein vænlegasta leið til friðar er að tryggja honum sess í hugum og atferli þeirra sem erfa löndin og efla hæfileika þeirra til að leysa deilur sínar á friðsamlegan hátt.

Í stofnskrá UNESCO stendur, með leyfi forseta:

„Þar sem stríð eiga upptök sín í hugum mannanna, þá er það í mannshuganum sem við þurfum að treysta varnir friðarins.“

Minnugur máltækisins „hvað ungur nemur, gamall temur“ og með skilningi á því að sá friður sem getur og þarf að ríkja milli manna og þjóða á sér rætur í einstaklingnum sjálfum hafa æ fleiri þjóðir tekið upp friðarfræðslu í skólum sínum í anda þeirrar samþykktar UNESCO sem þær eiga aðild að. Þessi samþykkt var gerð 1974 og eiga Íslendingar aðild að henni eins og hinar Norðurlandaþjóðirnar. Samþykkt þessi mælir með því að aðildarlöndin beiti sér fyrir fræðslu til eflingar skilnings þjóða á milli, samvinnu og friðar, svo og fræðslu um grundvallarmannréttindi. Þessi fræðsla skal ná til allra stiga og gerða uppeldis- og fræðslustofnana. En eins og ævinlega þegar eitthvað nýtt er til umfjöllunar, veldur það óvissu, jafnvel tortryggni. Hvað er friðarfræðsla og hvernig á að framkvæma hana? Þessar spurningar vakna í hugum margra.

Það má segja að enn sé ekki til nein alþjóðlega viðurkennd skilgreining á hugtakinu friðarfræðsla. Anatole Pikas, dósent í uppeldisfræði við Uppsalaháskóla, sem hefur stjórnað kennslu í friðaruppeldi við þá stofnun, gefur þessa skilgreiningu, með leyfi forseta:

„Friðaruppeldi er að móta gerðir og viðhorf manna í þá veru, að þau minnki hættu á stríði. Þessi áhrif mega ekki skerða þjóðernislega eða pólitíska vitund manna eða mannréttindi þeirra. Markmiðum friðaruppeldis er unnt að ná með auknum skilningi milli þjóða sem vígbúast af ótta hver við aðra. Mikilvægasta tæki friðaruppeldis er aukning á þekkingu og hæfni til að leysa deilur með viðræðum deiluaðila á jöfnum grundvelli.“ Pikas skýrir skilgreiningu sína nánar: „Viðleitni til aukinna gagnkvæmra friðarviðræðna milli ríkja og þjóða má ekki stefna pólitískri og þjóðernislegri vitund manna í hættu. Þetta þýðir að friðaruppeldi í einu landi má ekki hafa það að markmiði að breyta þjóðfélagsskipun annars lands.“

Það má samt segja að rætur friðarfræðslu nái dýpra en svo að þær ætli sér eingöngu að sporna gegn kjarnorkuvopnum og hernaðarlausnum á deilum. Þær leitast ekki síður við að breyta umgengni okkar við jörðina og hvers við annað og breyta þeim hugsunarhætti sem hefur ráðið henni. Friðarfræðsla leitast við að dýpka vitund, vitneskju og skilning á deilum milli einstaklinga innan þjóðfélags og milli þjóða. Hún rannsakar orsakir deilna og átaka, sem má finna samofnar skynjunum, verðmætamati og viðhorfum einstaklinga. Enn fremur má finna orsakir þeirra í félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins. Friðarfræðsla hvetur til þess að leita annarra leiða, sem fela í sér lausnir á deilum án ofbeldis, og hvetur jafnframt til þróunar þeirra hæfileika sem nauðsynlegir eru til að beita slíkum lausnum.

Markmið friðarfræðslu eru að skilja þýðingu og hlutverk friðar og rækta hæfileika til að leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða; að glæða ábyrgðartilfinningu fyrir eigin ákvörðunum og gerðum; að þroska skilning á því hve einstaklingar, hópar og þjóðir eru háð hvert öðru; að skilja eðli og orsakir deilna og athuga, skilja, meta og nýta aðferðir til að leysa deilur; að þekkja ýmsa líffræðilega og félagslega þætti sem hafa áhrif á mannlega hegðun; að rækta skilning á

réttlæti og velferð meðal einstaklinga og þjóðfélaga; að glæða virðingu og ábyrgðartilfinningu einstaklinga fyrir frelsi einstaklingsins og mannréttindum, menningarlegum fjölbreytileika, umhverfinu, samvinnu, bæði innan bekkjarins og utan, hugsun sem skírskotar til viðmiðunar við heiminn, þjóðareiningu, bæjarsamfélag eða smærri hópa; að þróa sjálfsvitund, skilning á öðrum og þá hæfileika sem nauðsynlegir eru til að gera einstaklingnum kleift að taka virkan þátt í að mynda réttlát og friðsamleg tengsl við aðra; að þróa kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnu og hlutdeild í samræmi við það sem að ofan greinir.

Um framkvæmd friðarfræðslu gilda sömu lögmál og um annað nám. Það verður að sníða eftir getu og aldri og vera í samræmi við þroskastig barnsins eða unglingsins. Það er eðlilegt að kenna börnum að kljást við sín eigin vandamál fyrst og fremst, þau sem eru í nánasta umhverfi. Í slíkri fræðslu er t. d. bæði auðvelt og eðlilegt að nota leiki sem skapa samheldni og góðan anda í hópi barna. Með því að höfða til samstarfs má byggja upp gagnkvæman stuðning og umhyggju barnanna hvers fyrir öðru. Það má sniðganga þá leiki sem neyða börn til að keppa hvert við annað eða taka þátt í ójafnri keppni. Þar er hægt að forðast útilokunarleiki, refsileiki, leiki þar sem meiri hluti þátttakenda er ekki virkur en þeir sem gengur vel leika lengst og keppa um vinninginn. Það má í staðinn leggja áherslu á leiki þar sem það að sigra eða tapa er ekki eina viðmiðun velgengninnar.

Hverjar eru svo þær hetjur sem við bjóðum börnum okkar upp á? Er ekki stríðshetja í gömlum stíl úrelt fyrirbæri á 20. öld, á tímum kjarnorkuvopna? Þurfa ekki börn okkar að hugleiða hetjur af annarri gerð, eins og t. d. Mahatma Gandhi, Martin Luther King, Albert Schweitzer, móður Theresu? Væri ekki nær fyrir börn að eygja hugrekki og hetjudáðir í daglegu lífi í starfi til að finna nýjar aðferðir til að skapa betri og réttlátari lífskjör?

Önnur hlið friðaruppeldis er að kenna börnum félagslega og vitsmunalega færni til samvinnu með því að búa til og gera hluti saman og njóta svo saman gleðinnar yfir unnu verki. Þau þurfa enn fremur að læra að meta yfirlýsingar og upplýsingar, vera gagnrýnin og þróa með sér hæfileika til að líta á mál frá mismunandi sjónarhóli.

Friðarfræðsla í skólum erlendis, t. d. í þeim löndum sem við höfum mest menningartengsl við, eins og Norðurlöndin, Bretland og Bandaríkin, er sjaldnast aðskilin námsgrein, en er öllu heldur aðlöguð sem ný vídd eða viðurkenning þess að í hverri námsgrein þurfum við stöðugt að mæta málefnum friðar og deilna í daglegu lífi og á alþjóðavettvangi. Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á að friðarfræðsla er ekki hugsuð sem ný námsgrein sem skjóta þurfi inn í námsefnið á kostnað einhverrar annarrar námsgreinar. Markmiðið er miklu fremur að tryggja það að innan almennrar námsstefnu skóla sé skýr stefna um friðarfræðslu.

Það er ekki hlutverk Alþingis að hanna námsefni handa börnum landsins, en eðlilegt er að þessi fræðsla verði tekin upp í tengslum við þá námsefnisgerð og það þróunarstarf í skólum sem nú er unnið að. Markmið friðarfræðslu falla mjög vel að þeim markmiðum sem lýst er í aðalnámsskrá grunnskóla. T. d. hefur sú námsskrá í samfélagsfræði sem gerð hefur verið á vegum skólarannsóknardeildar menntmrn. markmið sem gætu myndað eðlilegan grundvöll og tengsl við friðarfræðslu. Þessi námsskrá hefur notið styrkja frá Ford stofnuninni í New York og hefur enn fremur fengið viðurkenningu frá fulltrúum Sameinuðu þjóðanna, Harvard háskóla og Evrópuráðsins.

Með leyfi forseta vil ég vitna í aðalnámsskrá grunnskóla í samfélagsfræði þar sem stendur:

„Í samfélagsfræði er m. a. stefnt að því að nemendur séu færir um að setja sig í annarra spor og geti þannig gert sér grein fyrir eigin viðhorfum og annarra þótt þau séu ólík. Geri sér grein fyrir eigin gildismati og annarra. Viðurkenni ólík sjónarmið og rétt hvers manns til að hafa sjálfstæða skoðun. Hafi áhuga á að kynnast vandamálum í samskiptum manna og leita lausna á þeim, viðurkenni gildi samstarfs og nauðsyn samhjálpar í samskiptum manna, öðlist nægilegt sjálfstraust til að geta snurðulaust tekið þátt í gagnkvæmum skoðanakynnum og umborið gagnrýni, öðlist það viðhorf að þeir þurfi stöðugt að afla sér nýrrar þekkingar og skoða hana gagnrýnum augum."

Sumir hafa látið í ljós ótta um að friðarfræðsla verði vettvangur einhliða áróðurs. Þeim mundi ég svara að ofangreind markmið friðarfræðslu ættu einmitt að koma í veg fyrir að einstaklingar verði einhliða áróðri að bráð. Friðarfræðsla miðar að því að auka víðsýni, umburðarlyndi, skilning og þekkingu. Það er miklu fremur þegar skilningur og þekking á málefni er fyrir hendi að hægt er að draga sjálfstæðar ályktanir og mynda sér skoðanir óháð áróðri. Brýna nauðsyn ber enn fremur til að byrja nú þegar að velja og útbúa viðeigandi námsefni sem nota mætti við friðarfræðslu. Má í því sambandi vísa til úrvalsnámsefnis um þessi mál hjá Norðurlandaþjóðum, Bretum og Bandaríkjamönnum.

Foreldrar, skólar og aðrir uppalendur geta ekki stungið höfðinu í sandinn og neitað að taka tillit til þeirra áhrifa sem börn og unglingar verða fyrir í nútímaþjóðfélagi. Auk félaganna eru fjölmiðlar, þrýstingur almenningsálitsins og aldarandinn allur virkir þættir til mótunar barna okkar, skoðana þeirra, viðhorfa og hegðunar. Á þeim dynur auglýsinga- og upplýsingaflóð. Umhverfi þeirra, hlutverk og hagir allir hafa gerbreyst frá því sem foreldrar þeirra vöndust. Heimilisgerðin er önnur og möguleikar til samskipta milli fólks á mismunandi aldri eru mun minni en áður. Börn og unglingar eru meira samskiptum við eigin aldurshópa en áður var og er líklegt að það þrengi lífssýn og lífsreynslu þeirra að ýmsu leyti. Fjölmiðlar verða æ aðgangsfrekari á tíma einstaklingsins og sjónvarp og myndbönd flytja ofbeldi í auknum mæli að augum og gljúpum hugum barna og unglinga. Er það bæði í fréttum af átökum og styrjöldum og líka í leiknum myndum þar sem einstaklingar beita hvor annan grófu ofbeldi í návígi. Tæknin hefur líka fært okkur tölvuleiki og þeir eru vinsælt tómstundagaman barna — reyndar svo mikill tímaþjófur að mörgum finnst nóg um. Langflestir þeirra vinsælu tölvuleikja sem börn sækjast eftir byggjast á herskáum baráttuleikjum, sem örva árásar- og varnarviðbrögð. Stríðsleikföng eru seld af fjölbreytilegri gerð og gerast sífellt margslungnari. Oft eru þau svo eðlilegar eftirlíkingar af raunverulegum fyrirmyndum sínum að glæpamönnum tekst að blekkja fórnarlömb og lögreglu með leikfang að vopni.

Hvað er það sem við viljum leggja áherslu á og draga fram í fari barna okkar? Hvers konar áhrifavalda og umhverfi veljum við þeim og hvernig framtíð viljum við búa þeim? Þó að einhver ágreiningur geti verið um áherslur og leiðir tel ég þó fullvíst að flestum foreldrum og uppalendum sé það sameiginlegt að vilja búa börnum sínum sem best veganesti til lífsgöngunnar. Slíkt veganesti hlýtur að miða að því að börnunum takist að lifa af og að sú lífsafkoma megi verða þeim sem farsælust. Allt það sem ógnar lífsafkomu og hag barna hlýtur því að verða foreldrum mikið áhyggjuefni, svo mikið áhyggjuefni að þeir og aðrir uppalendur geti sameinast til varnar. Það ber að fagna því að nú nýlega voru stofnuð samtök um friðaruppeldi hérlendis. Þessi samtök ætla einkum að stuðla að því að nám og uppeldi rækti með fólki friðarvilja þess, veki skilning á öðrum þjóðum og umburðarlyndi með þeim og hvetji til alþjóðlegrar samvinnu. Það er enn fremur eðlilegt og skylt að Alþingi álykti og setji lög um þau mál sem mættu verða til lífs og velfarnaðar fyrir landsmenn. Því vona ég að þm. fjalli friðsamlega um þetta mál af víðsýni, velvild og skilningi.

Ég legg að lokum til að því verði vísað til hv. allshn. Sþ. að lokinni umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Undir þá till. til þál., sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hefur nú talað fyrir, hlýtur hver einasti hugsandi maður að taka. Þm. hefur gert grein fyrir efni till. Ég held að enginn komist hjá því að horfast í augu við að á þessum málum verður nú að taka.

Við horfum öll fram á vaxandi vonleysi æskufólks. Það hefur ótrú á þeirri tvíhyggju að annars vegar beri því að undirbúa sig undir gott og farsælt líf í þágu lands og þjóðar, en hins vegar eigi það að ganga hugsunarlaust inn í þá veröld vanhugsunar og vígbúnaðarkapphlaups sem gerir allt líf okkar hér á jörðinni meira en vafasamt. Unga fólkið trúir vitanlega ekki á þetta uppeldi lengur. Það sér í gegnum þessa blekkingu. Og öll sjáum við fyrir okkur afleiðingarnar: ofneyslu fíkniefna af öllu tagi, örvæntingu, firringu og óhæfni til að deila geði og gleði við annað fólk. Uppeldiskerfi okkar er orðið ónothæft og við vitum það öll.

Við verðum að læra að hugsa á annan veg hvert eitt og einasta okkar. Vísindi og siðferðileg ábyrgð verða ekki lengur aðskilin. Vísindamaður nútímans er ekki lengur að finna upp ljósaperu eða dyrabjöllu, heldur drápstæki sem geta margsinnis grandað okkur öllum á örfáum augnablikum. Kristin siðfræði er komin í sömu blindgötu. Boðskapur Jesú Krists og æ skelfilegri framleiðsla kjarnorkuvopna geta ekki farið saman. Kirkjan getur ekki horft aðgerðalaus á ógnvekjandi ákvarðanir stjórnmálamanna um heim allan. Og læknar geta ekki lengur horft aðgerðalausir á undirbúning mannanna undir gereyðingu mannkynsins, á meðan þeir leggja dag við nótt til að bjarga einu og einu mannslífi.

Ekkert eitt starfssvið getur lengur verið úr samhengi við önnur. Öll mannanna verk verða að miðast við framhald lífsins á jörðinni, við betri jörð en við tókum við. Sá boðskapur að við eigum að margfaldast og uppfylla jörðina er enn í fullu gildi. Umgengni okkar við jörðina ógnar henni nú. Þetta er stjórnmálamönnum smám saman að verða ljóst og þeir eru þegar tilbúnir að ræða um þau mál.

Á nýafstöðnu Norðurlandaþingi áttu umhverfismál stóran hluta þingtíma. Það er satt að segja skelfilegt að sjá með berum augum sem venjulegur ferðamaður í nágrannaríki okkar gjöreydda skóga, í Suður-Svíþjóð, vegna súrs regns. Menn horfðu hugsunarlaust á sjónvarpsþátt um það efni. Ég verð að játa að ég hafði satt að segja ekki gert mér grein fyrir hversu ógnvænlegt er að sjá þessa eyðingu. Um þetta vandamál voru menn tilbúnir að tala og gerðu það. En þegar kemur að vígbúnaðarkapphlaupinu, sem er ekki síður skelfilegt, eru menn fastir í eigin fordómum, sínum uppeldislegu fordómum, sínum pólitísku fordómum. Menn eru ekki við því búnir að upphefja pólitík yfir hversdagslega umræðu um pólitíska smámuni, sem við erum því miður öll allajafna að fást við.

En svo er þó komið að ýmsar gleðilegar blikur eru á lofti. Friðarþrá og vilji mannanna hefur brotið sér leið gegnum gelda og staðnaða pólitík og umræður stjórnmálamanna og almenningur um heim allan hefur látið til sín taka. Eins og menn vita situr nú í Stokkhólmsborg ráðstefna, sem sitja mun væntanlega næstu tvö árin, þar sem þjóðir heimsins ræða, mér er óhætt að segja í fyrsta sinn, af alvöru um þá tortímingu sem nú ógnar mannkyninu. En tengsl almennings, sem nú fyllir götur stórborga heimsins til að mótmæla vígbúnaðarkapphlaupinu, eru því miður stundum nokkuð óljós við þá staði þar sem ákvarðanir eru teknar. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að það erum við stjórnmálamennirnir sem tökum þessar ákvarðanir. Hlutir gerast ekki. Þeir eru gerðir.

Það er t. d. enn svo, að fimm eða öllu heldur sjö friðsamar þjóðir á Norðurlöndum sitja árlega þing um það sem best má verða til farsældar fyrir þessar þjóðir, en enn má þar ekki álykta um það sem skiptir mestu máli í lífi okkar allra, þ. e. hvort við fáum að lifa áfram á þessari jörð. Það má ekki álykta um svokölluð utanríkismál.

Sannleikurinn er sá, að hann er orðinn afskaplega þunnur skilveggurinn milli utanríkismála og innanríkismála. Það er ákaflega erfitt að skilja þessi mál í sundur á okkar tímum þó að það sé gert. Auðvitað er skýringin á því sú, að við erum enn þá föst í umræðunni sem haldið hefur verið uppi og þorum ekki, a. m. k. ekki öll, að tengja saman vígbúnaðarkapphlaupið í heiminum og efnahagsmál heimsins. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að orsökin fyrir vígbúnaðarkapphlaupinu er gróðahyggja mannsins. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að það hefði vissulega áhrif á velferð hinna ríku þjóða ef vígbúnaðarkapphlaupinu yrði skyndilega hætt. Það er barnaskapur að horfast ekki í augu við það. (**JBH:** Annað sagði frsm.) Það er ljóst að væri því hætt hefði það áhrif á efnahag hinna ríku þjóða og alveg á sama hátt og fátækt hinna snauðu þjóða heldur við velferð okkar hinna enn þá. Það er hins vegar ljóst að með þessari pólitík er mannkynið komið í blindgötu og út úr henni kemst það ekki nema í krafti nýrrar hugsunar, nýrrar pólitíkur og allt öðruvísi pólitíkur.

Þegar ég tala um pólitík er ég ekki að tala um það flokkapex sem er kallað pólitík, heldur lífsviðhorf manna, þar sem menn gera sér grein fyrir að hlutverk hvers einasta stjórnmálamanns hlýtur að vera að tryggja að mannkynið fái að lifa í friði, að það fái að lifa áfram á betri jörð en það tók við. Siðferðileg ábyrgð

stjórnmálamanna hefur ekki verið höfð í hávegum, en ég held að ekkert okkar geti lengur lokað augunum fyrir henni.

Ég held að við verðum að fara að tengja betur saman hin ýmsu starfssvið mannanna. Fyrir tveimur árum sátum við hv. þm. Halldór Blöndal ráðstefnu í Skálholti um hlutverk kirkjunnar og boðskap friðarins og ég held að við ráðstefnugestir höfum flest verið sammála um að friðarboðskapur kirkjunnar verði tæplega aðskilinn frá friðarboðskap stjórnmálamanna. Ég held að við hljótum öll, hvert á okkar sviði, hvort sem við erum listamenn, stjórnmálamenn, kirkjunnar menn, kennarar, læknar og hvað sem við tökum að okkur í lífinu, að láta það sjónarmið verða ofar öllum öðrum sjónarmiðum að hlutverk okkar sé ekki að deyða hvert annað, ekki að eyða jörðinni, sem við fæddumst á, heldur að skila henni betri í hendur barnanna okkar og gefa þeim möguleika á að lifa áfram á þessari jörð.

Ég efast ekki um að ýmsum kaldhæðnum þm. þyki þetta kannske upphafin umr. og nokkuð viðkvæmnisleg. En þetta er bláköld staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Við verðum að gera eitthvað og til þess þarf algerlega ný viðhorf, þ. á m. þarf ný viðhorf í uppeldi. Börnin okkar trúa ekki lengur á það uppeldi sem við höfum boðið þeim, hvers kyns tvíhyggju, skinhelgi og hræsni. Þau vita betur. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að orsök óhamingju þeirra milljóna unglinga um allan heim sem eygja ekki neina framtíðarvon byggist á því að þeir trúa hvorki á stjórnmálamenn né kirkjunnar menn — ekki einu sinni á foreldra sína. Þessu verðum við að breyta. Og þessu verðum við að byrja að breyta undir eins og við fáum börnin okkar í hendur. Þess vegna er þessi till., sem hér liggur fyrir, stórmerkileg og ég treysti því satt að segja að hún verði samþykkt. Ég held að líf okkar sé beinlínis undir því komið.

Nú situr að störfum nefnd, sem á að gera fyrstu drög að námsskrá fyrir dagheimili. Ég vil leyfa mér að minna á að áður en sú nefnd lýkur störfum tel ég eðlilegt og sjálfsagt að friðarfræðsla verði gerð einn meginþáttur í þeirri námsskrá. Ég vil vara íslenska þm., þm. þjóðar sem ber ekki vopn og vill ekki bera vopn og er hvenær sem er tilbúin að leggja allt það af mörkum sem hún getur til að bjarga einu mannslífi, sem betur fer, — ég vil þó vara við að draga þessa umr. niður í pólitískt þvarg um hernaðarbandalög heimsins. Það á á engan hátt við og væri ekki sæmandi. Uppalendur og kennarar þessara þjóða eru fullvel færir um að útbúa námsefni í þessum tilgangi.

Ég hef séð, bæði erlendis og hérlendis, þröngsýna fávísa stjórnmálamenn rísa upp og fara að tala um, þegar þessi mál hefur borið á góma, friðarfræðslu, að það verði að gæta þess að öll sjónarmið komist til skila. Sjónarmið NATO, sjónarmið Varsjárbandalagsins, sjónarmið allra bandalaga og viðhorfa þar á milli. Þetta kemur ekkert málinu við. Hernaðarbandalög munu aldrei leysa nokkurt mál nema með skelfingu og ógnvekjandi afleiðingum. Ég held að heimurinn hljóti að verða að fara að horfast í augu við að við leysum engin vandamál með manndrápum. Við höfum aldrei gert það og munum aldrei gera það. Og ég skora á hv. alþm. að reyna nú að rétta úr herðunum og draga þessa umr. ekki niður í það hversdagslega raus, sem við erum að fást hér við alla jafna, og ræða þessi mál í dýpstu alvöru. Íslendingar geta hér farið á undan öðrum og sýnt fram á að hægt er að vinna að þessum málum af alúð og skilningi meðal manna, hverjar aðrar skoðanir sem menn kunna að hafa um hin smærri mál. Ég held að þessi tvö mál, stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins og ný stefna í umhverfismálum, séu þau mál sem yfirskyggi öll önnur vandamál og sem okkur beri að taka á af dýpstu alvöru en ekki með flokkspólitísku pexi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vona að það hafi ekki verið vegna þess að hv. 10. landsk. þm. vissi að ég væri næstur á mælendaskrá, sem hún hafði svo oft við orð að hún vonaði að þessi umr. færðist ekki af hinu upphafna plani niður á eitthvað annað lægra. Þó má vel vera að svo hafi verið og kemur til af því að skoðanir okkar eru mjög skiptar um það hvernig rétt sé að standa að fræðslu um frið og hvað við tvö í rauninni meinum þegar við tölum um frið. Ég held að við séum kannske þarna komin að vissum kjarna þessa máls sem ég vænti að ekki verði kallað pex að vekja athygli á.

Ég vil í fyrsta lagi segja það að þrá mannkyns eftir friði og öryggi er jafngömul mannkyninu sjálfu og meira en það. Þessi þrá er ekki bundin við þessa einu dýrategund, ef ég má segja svo, hér á jörðu heldur er það sjálfsbjargarviðleitni okkar allra að reyna með öllum tiltækum ráðum að búa okkur og niðjum okkar öryggi og frið í bráð og lengd. Það er m. a. talið eitt hið göfugasta við móðurástina að móðirin snýst til varnar, er reiðubúin að fórna sínu lífi, ef henni þykir sem öryggi afkomenda sinna sé ógnað. Ég held að við getum öll verið sammála um það og ég held að við getum líka verið sammála um hitt, að höfuðskylda þeirra manna, sem takast þá ábyrgð á hendur að stjórna, fara með mál sinnar þjóðar, hlýtur að vera sú að tryggja öryggi hennar í bráð og lengd.

Það vakti athygli mína hjá frummælanda þegar hann talaði fyrir þessari till. að hann hafði svör á reiðum höndum í fyrsta lagi um það hvaðan mannkyninu stafaði ógn og í öðru lagi kom það skýrt fram í hennar máli að hún lagði þar að jöfnu hinar lýðfrjálsu þjóðir og aðrar sem búa við ofbeldi og lögregluríki, setti annars vegar á vogarskálina Bandaríkin, hins vegar Sovétríkin og vék orðum að því að hinar sömu hvatir réðu framleiðslu vopna og baráttufýsn í Sovétríkjunum og á Vesturlöndum. Það kemur raunar heim og saman við þá áherslu sem málflutningur hennar að öðru leyti lýsti og mér fannst því miður þess eðlis að ég hlýt að bera kvíðboga fyrir því af hvaða rótum þessi till. er flutt af hennar hálfu.

Það er líka athyglisvert að í markmiðum friðarfræðslu, eins og þeim er lýst á bls. 2, er ekki vikið að því að gera eigi börnum og unglingum grein fyrir ágæti lýðræðisskipulagsins og þeim mikla árangri sem vissulega hefur náðst í friðarátt í þeim þjóðfélögum sem við það búa.

Ég vil aðeins til þess að koma betur orðum að minni hugsun í þessu efni víkja að því að fyrir hálfri öld hefði flestum mönnum þótt það með algerum ólíkindum að á næsta leiti væri svo náin samvinna milli landa eins og Þýskalands, Frakklands og Englands að stórstyrjöld þar á milli væri með öllu óhugsandi. Ég held að með fullri sanngirni í allra garð megi segja að þetta sé langsamlega mesta framlag til friðar í veröldinni sem manninum hefur fram að þessu tekist að leggja fram. Skýringin á

þessu er nærtæk. Hún er sú að í þessum löndum hefur virðingin fyrir manngildinu verið glædd, landamæri hafa verið opnuð og þessum þjóðum hefur smám saman tekist að skilja að framtíð þeirra er samofin, gæfa einnar er gæfa annarrar. Ég held að ég geti líka sagt að þeir menn sem búa við almenn mannréttindi hljóti að bera kvíðboga fyrir því hversu seint gengur að koma slíkum réttindum á í öðrum löndum. Að hafa við orð að hægt sé að glæða frið, auka öryggi í heimi, tryggja framtíð mannkyns án þess að viðurkenna þessa staðreynd og án þess að hafa hana sem útgangspunkt er neitun á staðreyndum í sjálfu sér. Undir engum kringumstæðum er hægt að fallast á að hægt sé að ástunda friðarfræðslu án sannleika, án hreinskilni, án viðurkenningar á því að til þess að við getum uppfyllt jörðina í friði áfram verðum við að læra að bera meiri virðingu hver fyrir öðrum.

Ég vil líka segja það að ég sakna þess að meðal markmiða friðarfræðslu í skólum, eins og þeim er hér lýst, skuli ekki drepið á fræðslu í kristindómi, sem aftur minnir á það sem kom í blöðum nú fyrir skömmu að sumar fóstrur hefðu neitað að kenna börnunum inntak jólanna á síðustu jólaföstu. En á hinn bóginn á ég erfitt með að skilja hvers vegna hv. 10. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, beitti sér ekki fyrir því að koma kristindómsfræðslunni hér inn sem lið í þessari fræðslu vegna þess að ég gat ekki fundið annað á Skálholtsfundi þeim, sem hún vitnaði til, en hún hefði á því djúpan skilning og næman hversu miklu kirkjan getur áorkað í þessum efnum og hversu mikið sú kenning í raun og veru hefur gert fyrir frið í veröldinni þó við um leið viðurkennum að í skjóli þessara sömu kenninga hafa margir verstu glæpir mannkynssögunnar verið drýgðir, sem aftur sýnir hversu valt það er að treysta orðum og hversu auðvelt það er fyrir óprúttna valdhafa að færa sér fagrar kenningar í nyt til þess að koma óhæfuverkum fram og efla stuðning við þau.

Þetta minnir í raun og veru aftur á að á því þingi Sameinuðu þjóðanna sem ég sat fyrir skömmu vakti athygli að fulltrúi eins lands byrjaði á guðs orði á sinni tungu í upphafi hverrar ræðu. Það var fulltrúi Khomeinis og ég held að í framhaldinu hafi hann flutt dýrari óð til friðar og mannkærleika en nokkur annar maður sem tók til máls um frið á jörðu á þeirri samkundu. Það var líka mikil lífsreynsla að upplifa það á einni viku að 79 tillögur í friðarátt voru samþykktar í fyrstu nefnd Sameinuðu þjóðanna, sumar ár eftir ár og ævinlega undir því formerki að þær væru svo mikils virði að undir engum kringumstæðum mætti vísa þeim frá eða hafna þeim. Á þessu þingi Sameinuðu þjóðanna tók ekki einn einasti maður til máls sem ekki sagði að það væri æðsta boðorð síns lands að stuðla að friði á jörðu.

Við sjáum svo ef við lítum í kringum okkur hvernig ástandið er. Okkur berast uggvænlegar fréttir frá Líbanon. Við lesum um fjöldamorð í Afganistan. Daglega berast ný tíðindi frá styrjöld Íraka og Írana. Þannig mætti lengi telja. Það er undir engum kringumstæðum hægt að ræða svo um friðarmál að öll ógn manna hér stafi af kjarnorkuvopnum, svo ægileg sem þau annars eru, því að aðrir verða nú að láta sér lynda að falla fyrir ómerkilegri drápstækjum og eru jafndauðir samt.

Ný hugsun og ný pólitík, sagði hv. 10. landsk. þm. Það er öldungis rétt að við þurfum nýja hugsun og nýja pólitík í umr. um afvopnunar- og friðarmál ef við eigum að vænta þess að árangur náist í náinni framtíð. Ég geri á hinn bóginn ekki ráð fyrir því að við séum sammála um á hvað beri að leggja áherslu þar og hverju sé þar fyrst og fremst um að kenna, eins og talað var hér áðan. En jafn augljóst og það er að aukin fræðsla um kjarnorkuvopn, um það ógnarjafnvægi sem við búum við, er af því góða, jafn augljóst er hitt að við erum víðs fjarri því að geta látið slíka fræðslu óyggjandi í té. Enda kemur það fram á þingi Sameinuðu þjóðanna, sem flm. vitnaði svo mjög til að væri sú stofnun sem helst hefði lagt fram af mörkum nokkuð sem til friðar heyrir, að í þeirri stofnun er ógjörningur að ná því fram að dyr þjóðríkjanna séu opnaðar með þeim hætti að nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna geti af eigin raun fylgst með því hvað gerist innan landamæra þess, vopnavígbúnaði sem þar fer fram og þar fram eftir götunum. Þar stendur raunar hnífurinn í kúnni. Það vantar alla forsendu fyrir því að afvopnun geti átt sér stað vegna þess að það vantar gagnkvæmt traust milli þjóða og vegna þess að ein þjóð hefur ástæðu til að tortryggja aðra.

En um leið og ég vek athygli á þessu hlýt ég að viðurkenna að orðið friðarfræðsla í sjálfu sér, sú hugsun sem ég vænti á bak við það orð liggi, er góð. Auðvitað er öll upplýsing góð. Spurningin er á hinn bóginn hvernig að slíkri fræðslu eigi að standa, með hvaða hugarfari og af hverjum. Ekkert kom fram í þessari löngu ræðu flm. um það hvernig hann hugsaði sér að staðið yrði að fræðslu t. d. um útrýmingu kjarnorkuvopna og þær áherslur sem hv. flm. vill þar leggja þyngstar. Enda er það svo að eitt rekur sig þar á annars horn. Ég skal því til rökstuðnings lesa úr grg. eina setningu sem ég skil ekki alveg og þætti fróðlegt að fá nánari útskýringu á. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stöðugt fleiri einstaklingar gera sér grein fyrir því að sú leið ofbeldis, hernaðar og ógnarjafnvægis, sem þjóðir heimsins hafa farið til að ná fram vilja sínum og staðfesta mátt sinn, er ekki lengur viðunandi."

Síðan hvenær? Hvað er átt við með þessum orðum: „Er ekki lengur viðunandi"? Ég átta mig ekki alveg á því. Ég held að það hafi ekkert það nýtt gerst að breyti þeirri staðreynd að ofbeldi og hernaðarmáttur hefur verið óviðunandi frá alda öðli og ekkert nýtt í þeim efnum sem breytir né haggar þeirri staðreynd gagnvart þeim sem um sárt eiga að binda. Ég held að það sé alveg ljóst. Enda ætla ég ekki að flm. hafi haft þá hugsun að hvarflað hafi að honum með þessari setningu að réttlæta eða afsaka ójöfnuð fyrri alda, það hvarflar ekki að mér. En hitt ætla ég að þarna sé um pennaglöp að ræða.

Menn greinir á um barnauppeldi. Sumir halda því fram að börn eigi sjálf að móta sínar skoðanir, það eigi ekki að vera með innrætingu og segja þeim á unga aldri hvað þau eigi að hugsa um hvað eina. En því miður held ég að ýmsir sem mjög ákafir eru í sinni trú þrái það umfram flest annað að fá aðgang að barnssálinni á billegan hátt og ekki sakar ef hægt er að gera það undir fögru yfirskini, það sakar ekki. Hér er verið að ræða um viðsjár í heiminum. Þetta er auðvitað mjög flókið mál og fæstir sem eru þar mjög vitandi. En á hinn bóginn liggur fyrir að skoðanir manna eru mjög skiptar á aðalatriðum, í fyrsta lagi hvernig við getum unnið að öryggi fyrir okkar litlu þjóð, sem hlýtur að standa okkur næst, og í öðru lagi hvernig okkur megi takast að stuðla

að friði annars staðar í veröldinni.

Í Morgunblaðinu hinn 8. febr. s. l. er viðtal við 5—6 flm. þessarar þáltill. Athygli vekur að þeirra grundvallarskoðanir, t. d. á gildi Atlantshafsbandalagsins og varnarmætti vestrænna þjóða, er annar en þeirra tveggja ræðumanna sem töluðu áðan. Nú væri afskaplega fróðlegt að fá um það vitneskju frá 1. flm. þessarar till. hvort hann t. d. telji að rétt sé að skýra í skólum og þá hve snemma tilgang Atlantshafsbandalagsins og það sem stofnun þess hefur leitt af sér, hið mikla öryggi sem við þó þrátt fyrir allt búum við miðað við aðra heimshluta. Og nú tek ég að sjálfsögðu það svar ekki gott og gilt að kjarnorkusprengja geti ekki ógnað okkur eins og öðrum. Auðvitað veit ég það vel og auðvitað er ég ekki fáfróður um að eitt stórveldi hefur látið þau orð falla að vera kynni að sprengja dytti af þess völdum ofan á land okkar. Við skulum ekki gleyma því. En við megum heldur ekki vera svo gálaus í málflutningi að við fáumst ekki til að ræða alþjóðamál í þeirri ógnarveröld sem við búum við og miða við þá staðreynd að kjarnorkusprengjan sé til staðar. Þá er spurningin: Hvernig getum við, á meðan ekki næst samkomulag um útrýmingu kjarnorkuvopna, stuðlað að friðsamlegri sambúð þegnanna? Hvernig getum við innrætt þjóðum friðinn? Hvernig getum við haldið þannig á málum að landamæri séu opnuð, að hvarvetna í veröldinni sé reynt að glæða með mönnum virðingu fyrir manninum, stórum og smáum, litlum og gömlum? Ég held að það sé verðugt verkefni.

Þingheimi er um það kunnugt að það skáld sem einna dýrast hefur ort um frið á jörðu, Jóhannes úr Kötlum, er um leið það skáld sem dýrastan óð hefur ort um Jósef Stalín af öllum íslenskum mönnum. Það lýsir náttúrlega því sem rétt er að Jóhannes úr Kötlum var sannur friðarsinni í sínu hjarta. En hins vegar glæptist hann á að trúa því að austan járntjalds væri eitthvað það að gerast sem gæti orðið öðrum þjóðum fyrirmynd og gerðist harður talsmaður þeirrar kenningar hér á landi að okkur mundi best vegna ef Sovét-Ísland yrði að veruleika. Þetta sýnir okkur bara hvað orðið friður, hugsjónin friður, getur leitt menn á villigötur ef þeir gæta sín ekki og skoða hlutina ekki í réttu samhengi, heldur láta það eftir sér að falla fyrir áróðri og fagurgala.

Auðvitað getur friður ekki orðið án fyrirhafnar. Það væri afskaplega rangt ef við héldum því fram og það er afskaplega gagnslítið þó reynt sé að halda því fram í þessum sal að friðarfræðsla í íslenskum skólum geti orðið einhver örlagavaldur um það hvort kjarnorkuvopn haldi áfram að vera í heiminum eða ekki, eins og reynt er að gefa hér í skyn. Það er alger firra.

Vitnað er til þess í ræðu 1. flm. að friðarfræðsla í Bandaríkjunum, í Englandi, á Norðurlöndum og hér og þar hafi svo og svo mikið gildi og muni ná svo og svo langt. Ef þessi orð væru sönn og rétt væri þess heldur ekki langt að bíða að kjarnorkuváin væri úr heiminum. En hlutirnir eru ekki þannig. Hlutirnir eru einfaldlega ekki þannig. Það er allt annað sem veldur þessum viðsjám. Það er miklu flóknara mál en svo að kennsla í skólum landsins geti ráðið þar úrslitum.

En á hinn bóginn segi ég um leið: Ég er síður en svo mótfallinn því að það sé brýnt fyrir fólki, öllum Íslendingum, ungum og gömlum, hvert sé gildi friðarins, af hverju við höfum friðinn, þýðing þess að mannréttindi séu í heiðri höfð hér á landi og menn geti óáreittir farið í gönguferðir og skrifað og sagt það sem þá langar til. Ég yrði t. d. mjög ánægður yfir því ef ég frétti um það að 1. flm. þessa máls gerði sér sams konar gönguferð fyrir austan járntjald eins og hann gerði í Bandaríkjunum. (Gripið fram í.) Flm. spyr hvenær hún verði farin. (Gripið fram í.) Ég sé nú ekki annað en það ætti að vera hægt að stofna til hennar ef leikurinn er svo auðveldur og ef það er í raun og veru svo að friðarfræðslan eigi sér stað í því landi. Ef við á annað borð getum lagt Sovétríkin og Bandaríkin að jöfnu eins og flm. gerði hér áðan og ef við getum sagt að sömu hvatir ráði þar gerðum manna og afstöðu til afvopnunarmála austan tjalds og vestan, þá ætti aðgangurinn til að tjá sig og skipuleggja friðarhreyfingar austan tjalds og vestan líka að vera sá sami ef ekki væri bara verið að slá keilur, rugla menn í ríminu og tala þvert um hug sér.

Það er afskaplega einfalt hér uppi á Íslandi, í þessu litla, góða landi, að tala um að engir ógni okkar öryggi af því að við erum frjálsir nú. Það var auðvelt að halda því fram í öllum þeim löndum sem fengu fullveldi og lýðræði eftir fyrri heimsstyrjöld að þau þyrftu ekki að hugsa um sínar varnir, hlutleysisyfirlýsing ein dygði. Það var auðvelt að segja það í Eistlandi, Lettlandi, Litháen. Það var auðvelt að segja það í Póllandi, það var auðvelt að segja það í Úkraínu. En hvar eru þessi lönd nú sem fengu frelsið um leið og við Íslendingar og ættu jafnlangt fullveldi og við nú ef þau hefðu búið við það öryggi sem við búum við núna? Fólk hefði ekki verið að brenna sig í þessum löndum ef þau byggju við okkar öryggi, okkar frið.

Í skilningi Biblíunnar er um það talað að orðið friður sé afstætt. Það er friður á Íslandi. Þó að við höldum fjölmenna fundi hér úti þá ríkir hér friður, þó menn hafi hátt, þó menn fari í langar göngur. Það er friðarástand á Íslandi samt sem áður af því að þetta er hluti af því samfélagi sem við búum í. En ef slíkt hið sama gerðist í landi eins og Póllandi þá er það ógnun við friðinn að einstaklingarnir láti í ljósi sína skoðun, tjái hugrenningar sínar og þrár, líka þó að þessar hugrenningar og þrár séu eftir friði, séu eftir öryggi og séu eftir frelsi. Þetta er sá mikli munur sem er á þjóðfélagsgerð þessara landa, stjórnarháttum þeirra. Í því felst í rauninni fyrsta uppgjöf friðarfræðslunnar þegar hún segir í sinni skilgreiningu að ekki megi reyna að hafa áhrif á að breyta þjóðfélagsgerð einstakra landa. Því að með því erum við í raun og veru að segja að okkur varði ekkert um það þó að menn séu píndir, deyddir, þeim sé tortímt í öðrum þjóðlöndum, þó valdsmennirnir skrifi undir stofnskrá Sameinuðu þjóðanna með hugsunarhætti úlfsins og allt þeirra tal um frið sé einungis til þess gert að skapa sér skálkaskjól til þess að koma illu fram.

Ég leyfi mér að fullyrða að enginn frjáls maður geti í sjálfu sér verið hlutlaus gagnvart þeirri óhamingju sem er að gerast nú í þeim löndum sem ég drap á áðan og ég held að það væri afskaplega mikið ábyrgðarleysi ef friðarfræðsla færi t. d. fram með þeim hætti að ekki væri á það imprað hvaða hvatir liggi til þess að Sovétríkin hafa frá stofnun sinni viðhaldið slíkri útþenslustefnu að einstakt er í heims- og veraldarsögunni.

En þá getum við líka kannske reynt að skilja hvernig á því stendur. Hver er í rauninni ástæðan fyrir þessum sífellda ófriði, þessum sífellda átroðningi og ofbeldi við aðra? Hver er ástæðan fyrir því að Noregur stendur nú á

öndinni út af Treholtsmálinu? Hver er ástæðan fyrir því að Svíar og Norðmenn eyða nú miklum fjármunum og fyrirhöfn til þess að granda njósnabátum sem eru þar uppi í landsteinum, kafbátum? Hvað liggur á bak við það að hið stóra Rússland skuli senda og vera með slíka áreitni við smáþjóðir við hliðina á sér? Maður skyldi ætla að Sovétríkin myndu rækta og leggja sig fram um góða frændsemi t. d. við Svíþjóð sem er þó hlutlaust, er utan við Atlantshafsbandalagið og þess vegna ekki hlekkur í varnarkerfi vestrænna þjóða í þeim skilningi. En það dugir ekki til. Sovétríkin eru eftir sem áður með sinn átroðning þar og spara hvorki fé né fyrirhöfn til þess að grafa undan öryggi og öryggistilfinningu sinna litlu granna.

Stundum er sagt að yfirburðir hins lýðræðislega þjóðfélags séu m. a. í því fólgnir að við leyfuum okkur þann munað að deila um það hvernig standa skuli að stjórn efnahagsmála og innri mála í okkar landi og við byggjum það upp á því að til skiptis fari með völd helstu stjórnmálaöflin í okkar löndum. Þetta hefur skapað okkur mikla farsæld og öryggi. Og þó svo megi kannske segja að breyting á efnahagsstefnu á nokkurra ára fresti valdi okkur nokkru tjóni sýnir þó reynslan að til lengdar er það miklu affarasælla en þar sem einræðisríkin eru og sömu menn við stjórnvöl á hverju sem dynur.

Austan tjalds og í Sovétríkjunum, kommúnistaríkjunum er aftur á móti reynt að halda því til streitu að einhver einn stóri sannleikur sé til í efnahagsmálum, að hægt sé að stjórna löndum eftir fyrirfram ákveðinni formúlu, að hægt sé að skammta mönnum kjör og stétt án þess að hann fái nokkru um það ráðið sjálfur, einstaklingurinn sem við það á að búa. Reynslan hefur sýnt að þessi þjóðfélagsgerð leiðir óhjákvæmilega til ofbeldis, inn á svið lögregluríkis. Það kemur af því að mannréttindi öll eru fótum troðin, heimilishelgin rofin og þeir menn sem í ónáð falla fá hvorki að leita sér lækninga ef þeir veikjast né börn þeirra sambærilegt uppeldi og aðrir í þjóðfélaginu, eins og við höfum mýmörg dæmi um. Þessi grimmd hefur meira að segja náð svo langt að sú staðreynd að Viktor Korschnoi flúði Sovétríkin bitnaði á eiginkonu hans og barni.

Til þess að viðhalda þessu valdakerfi hafa sovésku ríkin sveigst til þess að herða tökin, auka lögregluna, efla hervarnir og, ég tala nú ekki um, efna til ófriðar, gjarnan við landamærin eins og ófriðurinn í Afganistan sýnir okkur gleggst. Þessi hefting á almennum mannréttindum í þessum löndum hefur þannig beinlínis valdið útþenslustefnu þessara ríkja og þannig ógnað öryggi þeirra sem við frelsi og frið vilja búa. Ég held að það sé öldungis ljóst.

Flm. sagði — ég veit ekki hvort ég hef skrifað þessa setningu rétt upp en merkingarlega var hún á þessa leið — með leyfi hæstv. forseta: „Réttlátur friður handa frjálsu fólki gerir kröfu um agað framferði.“ Þessu er ég öldungis sammála og ég held að við eigum að hafa þetta mjög í huga, hið agaða framferði, og að við eigum ekki að falla í þá gryfju, þó að um falleg mál sé að ræða sem við öll þráum, að tala um þau óvarlega og fylla fólk — og ég tala ekki um börn — fölskum vonum.

Ég held að saga hinna smáu lýðræðisríkja sanni betur en flest annað að öryggi sitt í dag eiga þau einmitt því að þakka að hér hefur verið ástundað agað framferði og þessar þjóðir hafa viljað leggja mikið af mörkum fyrir öryggi sitt. Ég held að það sé ekki hægt að ganga framhjá þessu. Friðarhugsunin og friðurinn gerist ekki án fyrirhafnar, það sýnir okkar saga.

Undir hitt get ég tekið, öll þau fjögur orð sem fyrri ræðumenn sögðu um lítil börn. Ég held að það geri hvorki þetta mál betra né verra að öll getum við talað fallega um lítil börn og um gildi þess að þau fari í holla leiki á barnaheimilum og sé skipt upp í hópa og að þeim sé sagt að þau megi ekki níðast á náunganum og eigi að ástunda guðsótta og góða siði, undir þetta allt tek ég. En ef við á hinn bóginn settum börnin í þann leik að ákveðinn hluti hópsins mætti fara sínu fram, mætti taka leikföngin frá hinum hópnum, mætti ganga á þann hóp, skerða athafnafrelsi þess hóps og angra hann með öllum hætti, þá held ég að sá hópur, sem sagt er að láta þetta yfir sig ganga, mundi einfaldlega segja: Nei, hingað og ekki lengra. Ég held að erfitt væri að kenna börnum það réttlæti að einn megi svo á annan ganga að sá sem eigi undir högg að sækja megi ekki snúast til varnar, a. m. k. gera fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að slík átök gætu átt sér stað. (**Gripið fram í:** Hvað segir Biblían?)

Ég veit ekki hvort friðaruppeldi er meira í barnaskólanum á Seltjarnarnesi en annars staðar, en meiri hl. bæjarstjórnar þar bendir vissulega til þess að börnum þar séu innprentaðir hollir siðir og virðing hver fyrir öðrum. Þar kom upp óleysanleg deila um það hvaða börn mættu nota knattspyrnuvöllinn í frímínútum. Þau 10 ára fóru auðvitað halloka í hvert skipti sem knattspyrna var leikin því að þau sem voru 11 og 12 ára beinlínis ráku þau af vellinum. Svo að þau fóru á fund síns kennara og skólastjóra og náðu þeim samningum að 10 ára börnin hefðu rétt á vellinum einn dag í viku. Og þetta var haldið. Þeir snerust þarna til varnar á réttan hátt, fóru til þess sem valdið hafði og náðu sínu fram. Ég geri líka ráð fyrir því að um það séum við sammála að það þjóðfélag, stórt eða smátt, sem við það byggi að enginn héldi uppi lögum og reglu mundi ekki lengi standa, ég held að það sé ljóst. Ég held þess vegna og styðst líka við söguna — um það má færa dæmi — að mikil menningarríki hafi af þeim sökum hrunið að nágrannarnir vígbjuggust en þessi ríki ekki og hrundu því til grunna. Ég held að mannkynssagan kenni okkur einnig að nauðsynlegt sé hverri þjóð að huga vel að sínu öryggi.

Ég vil svo, herra forseti, að það komi alveg skýrt fram að ég er síður en svo á móti því að sem víðast sé um það rætt hvernig okkar litla þjóð geti í fyrsta lagi sem best tryggt sér öryggi í bráð og lengd, hvernig hún geti komið fram á alþjóðavettvangi þannig að hún stuðli að friðsamlegri sambúð ríkja. Ég get undir það tekið að margt af því sem hér er sagt sem markmið friðarfræðslu eigi rétt á sér. En ég er á hinn bóginn í miklum vafa um að hægt sé að gera öllu því skil sem þarna er talið upp. Ég held að aðeins lestur þessara níu liða, sem þarna eru til tíndir, sýni okkur að þarna er færst of mikið í fang ef hugmyndin er að koma þessu öllu til skila á barnaheimilum landsins eða í grunnskólum. Ættu flestir erfitt með að skilja til fulls það sem þarna er talað um þó að þeir eyddu ævi sinni í að reyna að skýra það svo að viðunandi væri. Námsskrár eru falleg plögg en reynsla mín sem kennari sýnir að það getur verið erfitt að koma öllu til skila sem til er ætlast. Svo hygg ég að verði líka ef við ætlum að gera þessu einhver skil þó að ekki væri nema 5. lið friðarfræðslunnar, að þekkja ýmsa líffræði-

lega og félagslega þætti sem hafa áhrif á mannlega hegðun. Ég hygg að þennan lið einan gæti orðið töluvert flókið að skilja og gæti tekið töluverðan tíma að koma honum til skila.

Umr. frestað.

Hvalveiðar við Ísland, þáltill. 238. mál (þskj. 418). — Ein umr.

Flm. (Jón Sveinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um framhald hvalveiða við Ísland, sem er 238. mál Sþ. á þskj. 418. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sækja nú þegar um undanþágu frá samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem gildi á að taka árið 1986, með það fyrir augum að hvalveiðar haldi áfram við Ísland undir vísindalegu eftirliti og með skynsamlegri stjórn."

Forsaga þessa máls er sú, að á 34. ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í júlí 1982 var samþykkt algert bann við hvalveiðum tengdum iðnaði, commercial whaling, frá og með árinu 1986. Er samþykkt ráðsins á þessa leið í lauslegri þýðingu, með leyfi forseta:

„Aflakvóti vegna hvalveiða tengdum iðnaði af öllum stofnum fyrir strandvertíðina 1986 og úthafsvertíðina 1985, 1986 og þar eftir skal ekki vera neinn. Þetta ákvæði verður í endurskoðun byggðri á vísindalegum tillögum og mun ráðið fyrir árið 1990 í síðasta lagi láta gera allsherjarkönnun á áhrifum þessarar ákvörðunar á hvalastofnana og meta breytingar af þessu ákvæði og setningu annarra veiðikvóta."

Með ályktun Alþingis þann 2. febr. 1983 var samþykkt að mótmæla ekki af Íslands hálfu þessari samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um bann eða takmörkun hvalveiða, sem kunngerð hafði verið með bréfi til ríkisstj., dags. 2. sept. 1982, og taka skal gildi frá og með árinu 1986. Með þeirri afstöðu hlítum við banni Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Á 35. ársþingi Alþjóðahvalveiðiráðsins s. l. sumar kom fram að fjórar þjóðir höfðu lagt fram mótmæli við samþykkt ráðsins um algert bann við hvalveiðum tengdum iðnaði, en þær eru Noregur, Sovétríkin, Japan og Perú. Jafnframt viðurkenndi Alþjóðahvalveiðiráðið nauðsyn þess að komist yrði sem fyrst að samkomulagi um könnun og mat á einstökum hvalastofnum sem nú eru stundaðar veiðar á.

Till. sú sem ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir að sótt verði nú þegar af Íslands hálfu um undanþágu frá samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun eða bann við hvalveiðum, sem gildi á að taka árið 1986. Útiloka þær samþykktir, sem Alþjóðahvalveiðráðið hefur þegar gert, alls ekki slíka undanþágu, enda beinlínis tekið fram í samþykktinni frá 1982 að endurskoða megi ákvæðin um bann í síðasta lagi árið 1990, eins og það er orðað.

Skv. upplýsingum Hafrannsóknastofnunar er veiði stórhvala frá landstöðvum hér við land skipt í þrjú tímabil.

Fyrsta tímabilið, tímabil norsku veiðanna, stóð frá 1883 til 1915, er Alþingi setti bann við öllum veiðum vegna greinilegrar ofnýtingar stofnanna. Fram undir aldamót var steypireyður mest veidd, en strax upp úr aldamótum var langreyðurin langmikilvægasta tegundin fyrir hérlendar landstöðvar. Á þessu tímabili var allnokkuð veitt af hnúfubak, en aðeins óverulegt magn sandreyðar og búrhvals. Fjöldi hvalbáta við veiðar komst í 32, en veiðarnar voru stundaðar frá nokkrum landstöðvum á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Veiðar hófust á ný frá landstöðinni í Tálknafirði, sem starfrækt var árin 1935 til 1939, og voru flest þrír bátar við veiðarnar. Alls veiddust 469 hvalir þessi ár.

Þriðja tímabilið hófst með starfsemi hvalstöðvar Hvals hf. árið 1948. Með því tímabili hefjast veiðar á sandreyði í allnokkrum mæli og búrhveli. Steypireyður var veidd í aðeins litlum mæli fram til ársins 1960, er hún var friðuð, og aðeins sex hnúfubakar veiddust árin 1948—1954, er tegundin var alfriðuð í Norður-Atlantshafi. Langreyður hefur verið langmikilvægasta tegundin þetta tímabil, en afurðir af hverri langreyði eru mun meiri en af bæði sandreyði og búrhval.

Samkvæmt samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins á ársfundi þess 1981 gekk í gildi árið 1982 allsherjarbann við búrhvalaveiðum í Norður-Atlantshafi.

Þá er rétt að geta veiða norskra móðurskipa hér við land árin 1929—1934 og árið 1937, en a. m. k. 560 langreyðar voru veiddar frá þessum skipum á hefðbundinni hvalaslóð vestur af Íslandi. Einungis var því um algjöra friðun hvalastofnanna hér við land að ræða árin 1915—1929 og árin 1940—1947.

Hrefnuveiðar hér við land hófust árið 1914, en voru í litlum mæli allt fram yfir 1960 eða undir 100 dýrum á ári. Upp frá því jókst áhugi á veiðunum og er meðalársveiði Íslendinga talin hafa verið 105 hvalir árin 1966—1970, 137 hvalir árin 1971—1975 og um 200 hvalir 1976—1980. Að meðtalinni veiði Norðmanna hér við land á liðnum áratugum er veiðin s. l. 20 ár í kringum 200 dýr á ári. Aðalveiðisvæðin eru Norðanlands og vestan.

Um hvalveiðir hafa á seinni árum verið mjög skiptar skoðanir manna á meðal. Hafa umhverfisverndarsinnar haft sig mjög í frammi um vernd hvalastofna og algjöra stöðvun veiða. Hefur barátta þeirra í þessum efnum borið greinilegan árangur sem m. a. kemur fram í samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1982. Á öðrum sviðum hefur barátta þeirra og borið árangur, svo sem við verndun og takmörkun veiða á selum. Hafa afleiðingar þessa bitnað á þjóðum sem að mismiklu leyti hafa átt afkomu sína undir þessum veiðum. Að mínu mati hafa sjónarmið umhverfisverndarmanna þó oft fremur mótast af tilfinningum en markvissum rökum og vísindalegum athugunum.

Helstu röksemdir þeirra sem lagst hafa gegn áframhaldandi hvalveiðum eru í fyrsta lagi þær, að hvalastofnar séu í útrýmingarhættu um heim allan vegna ofveiði og algjör stöðvun veiða geti ein komið í veg fyrir þá hættu. Er fullyrt í þessu efni að núverandi aðferðir við mat á hvalastofnum séu ekki nægilega góðar til þess að þær réttlæti veiðar. Því sé allsherjarbann eini kosturinn til að komast hjá útrýmingu.

Víst er að oft hefur fyrr á tíð verið um grófa ofveiði á hvölum að ræða hérlendis og erlendis. Með auknu eftirliti og rannsóknum á seinni árum hefur hætta á slíku þó minnkað verulega. Má segja að aðeins einn hvalastofn, sem veiddur er í dag, sé í hættu vegna núverandi veiða, en það er Norðurhvalurinn svokallaði, sem

Alaska-Eskimóar veiða. Tegundin er þar með einnig í hættu, því þau 2—3000 dýr, sem stofninn er talinn vera, eru nær allt sem til er af í heiminum af þessari tegund. Eru ekki líkur á að Alþjóðahvalveiðiráðið banni þessar veiðar Alaska-Eskimóa þar sem þær flokkast undir frumbyggjaveiðar, svo furðulegt sem það nú er.

Í öðru lagi er því haldið fram að hvalveiðar séu stundaðar á ómannúðlegan hátt með seindeyðandi veiðitækjum sem séu dýrunum kvalafull. Veiðarnar séu m. ö. o. stundaðar af siðleysi. Það sæmir því í þriðja lagi ekki þjóðum sem telja sig siðaðar og á háu menningarstigi að stunda veiðar af þessu tagi.

Í fjórða og síðasta lagi er því haldið blákalt fram að framhald hvalveiða muni geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir fiskmarkaði okkar í Bandaríkjunum því að umhverfisverndarsinnar séu mjög öflugir þar og neyti allra tiltækra ráða til að ná sér niðri á þeim þjóðum sem stunda hvalveiðar. Hefur þessi hræðslukenning hrifið einkar vel hérlendis, einkum á alþm., og í raun orðið meginröksemdin gegn hvalveiðum.

Helstu rök fyrir áframhaldandi hvalveiðum hér við land eru aftur á móti þau í fyrsta lagi, að vísindalegar rannsóknir gefi ekki tilefni til að ætla að hvalastofnar við Ísland séu í hættu vegna ofveiði, þó að þeir kunni að vera það annars staðar í heiminum, sem enginn dómur skal þó á lagður. Rannsóknir bendi fremur til þess að veiðarnar hafi á seinni árum verið stundaðar af fyrirhyggju og skynsemi hérlendis. Haldi veiðar áfram ætti því ekki að vera hætta á að breyting verði á þessu. — Á undanförnum árum hefur Hafrannsóknastofnun annast rannsóknir nýttra hvalastofna hér við land. Þessar rannsóknir hafa m. a. verið gerðar í samvinnu við breska og norska rannsóknaraðila, en eru nú nær eingöngu í höndum stofnunarinnar. Komist hefur á samstarf stofnunarinnar og nokkurra stofnana Háskóla Íslands um afmörkuð verkefni. Rannsóknirnar hafa einkum verið þríþættar: rannsóknir á sambandi sóknar og veiða, rannsóknir á almennri líffræði viðkomandi hvalategunda, einkum er varðar aldur, vöxt og viðkomu þeirra, og merking og talning hvala hér við land. Þá hefur stofnunin á undanförnum árum átt fulltrúa í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins. Gefa rannsóknir á þeim tegundum, sem eru nú veiddar hér við land, langreyði, sem er langafurðamesta tegundin, sandreyði og hrefnu, síður en svo til kynna að um ofveiði sé að ræða.

Í öðru lagi hefur verið bent á hugsanlega röskun á lífkerfi hafsins vaxi hvalstofnar óheftir. Mjög er hins vegar erfitt, að sögn fræðimanna, að meta áhrif hvalveiða á lífríki sjávar í heild. Ekki leikur vafi á að ofveiði á hvalastofnum hefur raskað mjög lífkerfinu í hafinu, en hvalir eru stór blóðheit dýr sem þurfa mikla og næringarríka fæðu á degi hverjum. Sem dæmi má nefna að eftir að skíðishvölum fækkaði í suðurhöfum nýttu selstofnar og fuglar á sama fæðuþrepi tækifærið og hefur fjölgað gífurlega. Hrefna, sem ekki var veidd að nokkru ráði í Suður-Íshafi fyrr en um 1970, er einnig talin hafa notfært sér aukið fæðuframboð á sama hátt. Telja ýmsir að stöðvun hrefnuveiða á suðurhveli kunni að valda því að stórhvalastofnarnir nái sér seint eða aldrei á strik, en auk þess að éta sömu fæðu og þeir fjölgar hrefnu mun hraðar en stórhvelum ef skilyrði eru hagstæð. Er vert að gefa gaum hugsanlegum áhrifum hvalsins á afkomu annarra nytjastofna því ljóst er að bæði tann- og skíðishvalir hér við land éta verulegt magn átu og fiskmetis, svo sem síld, loðnu, þosk, karfa o. fl. Þótt samband hvala og annarra dýra í lífkerfi hafsins sé lítt rannsakað er ekki ólíklegt, að mati fræðimanna, að til aukinna árekstra þeirra og annarra dýra komi, þar á meðal nytjastofna okkar, ef stofnarnir fá að vaxa óheftir.

Í þriðja lagi er þess að geta að þjóðir sem hætt hafa þátttöku sinni í hvalveiðum í dag hafa mjög dregið úr öllum rannsóknum sínum á hvalastofnum. Þar á móti kemur að aukinn áhugi almennings á hvölum hefur ýtt undir rannsóknir á ýmsum sviðum hvalafræðinnar. Með aukinni tækni verður í framtíðinni hægt að rannsaka hvali án þess að veiðar fari fram, ef nægilega miklu fjármagni er veitt til slíkra rannsókna. Hætt er þó við að erfitt mundi að afla stuðnings til slíkra rannsókna ef hagnýtur tilgangur þeirra er ekki fyrir hendi. Í dag er því nauðsynlegt að veiða hvalina til að afla mikilvægrar vitneskju um aldur og viðkomuhraða þeirra, sem m. a. er lögð til grundvallar við útreikning á veiðiþoli og afkastagetu stofnanna.

Í fjórða lagi hefur fjöldi manns atvinnu af hvalveiðum hérlendis þann tíma sem hvalveiðar standa, sem aðeins er hluta úr ári. Í fyrirtæki Hvals hf. starfa til að mynda um það bil 200 manns meðan á hvalvertíð stendur, 45 manns á bátum og 155 manns í hvalstöðinni í Hvalfirði og fyrirtæki Hvals hf. í Hafnarfirði. Dregið hefur þó verið úr veiðum og voru á síðasta ári aðeins gerðir út þrír bátar í stað fjögurra árið áður, enda kvóti okkar minnkaður úr 194 dýrum árið 1982 í 167 dýr árið 1983. Þessu til viðbótar stunda 9—10 smábátar hrefnuveiðar frá Vestfjörðum og Norðurlandi. Hrefnuveiðikvóti Íslendinga er nú 182 hrefnur á ári, en var 192 hrefnur árið 1983.

Í fimmta lagi er á það að líta að hlutur hvalafurða í útflutningstekjum þjóðarinnar er allnokkur, nam tæpum 1.6% árið 1983. Er illt að verða af slíkum tekjum fyrir þjóðarbúið með minnkandi atvinnu, sjósókn og aflamagni að öðru leyti.

Sem flm. þeirrar till., sem hér um ræðir, hlýt ég að taka undir öll þau rök, sem nefnd eru hér að framan, með framhaldi hvalveiða.

Um rökin gegn hvalveiðum er þess fyrst að geta að rannsóknir hérlendis gefa ekki tilefni til að ætla að nýttir hvalastofnar séu ofveiddir, eins og áður er rakið. Enginn talsmaður rányrkju vil ég þó vera í þessu efni og tel jafnbrýnt og aðrir umhverfisverndarsinnar, sem unnið hafa gott starf á ýmsum sviðum, að við höldum vöku okkar í þessum efnum, eflum vísindalegar rannsóknir og eftirlit með veiðum. Stjórnun veiða og ákvörðun veiðikvóta taki síðan við af slíku eftirlits- og rannsóknastarfi. Sjálfsagt, rétt og eðlilegt er hins vegar að reyna að stunda veiðarnar þannig, að mannúðar sé gætt svo sem framast er kostur. Um tilfinningarök, sem höfða til mannúðar og menningar þjóða, er hins vegar ekki mikið að segja.

Það sjónarmið að áhrif hvalveiða á fiskmarkaði okkar í Bandaríkjunum séu neikvæð er vert að kanna nánar. Norðmenn, sem veiða hvali og mótmæltu hvalveiðibanninu á sínum tíma, eru í svipaðri stöðu og við sem fiskútflytjendur, heldur lakari þó væntanlega vegna mótmæla sinna. Því er hins vegar haldið fram af þeirra hálfu að mótmælin hafi ekki haft eins mikil áhrif á fiskmarkaði þeirra, einkum Bandaríkjamarkað, og

menn óttuðust í fyrstu. Hef ég fengið staðfestingu þessa í nýlegri blaðagrein í Norges Handels- og sjöfartstidende frá 2. febr. 1984, bls. 12, þar sem rætt er við framkvæmdastjóra norska fisksölufyrirtækisins í New Bedford í Bandaríkjunum. Í fyrirsögn greinarinnar segir að fjölmargar aðgerðir Greenpeace hafi ekki einu sinni náð að stöðva vaxandi framgang norskra fiskafurða á Bandaríkjamarkaði. Reiknar fyrirtækið með að selja fyrir 75 millj. dollara á 12 mánaða tímabili frá miðju ári 1983 til miðsumars 1984, en fyrirtækið ræður yfir um það bil 10% af freðfiskmarkaðnum innan stórkaupendageirans skv. upplýsingum framkvæmdastjórans. Þá hefur innflutningur á laxi frá Noregi til Bandaríkjanna sjaldan eða aldrei verið meiri en á síðasta ári og allt útlit er fyrir og jafnvel búist við aukningu á sölu á laxi á Bandaríkjamarkaði. Framkvæmdastjórinn viðurkennir þó að aðgerðir Greenpeace hafi minnkað söluna lítils háttar fyrst, en nýir hópar kaupenda hafi bætt það upp. Ef marka má þessa umsögn virðist hræðsla Íslendinga við neikvæð áhrif hvalveiða á fiskmarkaði okkar í Bandaríkjunum ekki á rökum reist.

Á Alþingi hefur yfirleitt verið reynt að stuðla að því að atvinnustarfsemi sem fyrir er eflist og styrkist, en ekki að úr henni sé dregið og hún jafnvel af lögð. Er samþykkt Alþingis frá 2. febr. 1983 sérstök að þessu leyti, því komi til algjörs hvalveiðibanns leggst niður starfsemi fyrirtækis sem rekið hefur verið með ágætum frá 1948. Hefur fyrirtækið m. a. stigið afgerandi skref til eflingar rannsókna á hvölum hér við land, aðstoðað við gagnaöflun í því efni og tekið þátt í fjármögnun stórhvalamerkinga. Verður Alþingi að svara því hvað skuli koma í stað þessarar atvinnustarfsemi, sé það ásetningur þess að atvinnugreinin verði lögð niður. Stefnumörkun er hér öll ákaflega óskýr.

Í landhelgisdeilu Íslendinga tókst ágætlega að halda uppi sjónarmiðum og skoðunum okkar á erlendum vettvangi. Í jafnmiklu hagsmunamáli og hér um ræðir ætti slíkt jafnframt að vera hægt, enda vísindalegar rannsóknir Íslendingum hliðhollari en mörgum öðrum þjóðum. Hálf er það aumt hlutskipti að sitja með hendur í skauti í máli sem þessu og fylgjast með viðræðum og fundahöldum Norðmanna og annarra þjóða úr fjarlægð.

Hér þurfa íslensk stjórnvöld að taka ótvíræðari afstöðu og marka sér ákveðna stefnu. Er því ekki að treysta að Norðmenn semji fyrir okkur jafnhliða eða okkur takist að feta í fótspor þeirra síðar. Yfir vinnubrögðum af þessu tagi af okkar hálfu er ekki mikil reisn og vottur sjálfstæði þjóðar.

Till. sú, sem hér er flutt um að sækja nú þegar um undanþágu frá samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun eða bann við hvalveiðum, er fyrsta skrefið á nýrri braut. Með þetta að leiðarljósi og þar sem bannið á að taka gildi árið 1986, sem ekki er svo langt undan, og ljóst er að allar undanþágur þarf að sækja með viðræðum og fundahöldum, sem óhjákvæmilega taka sinn tíma, er till. þessi flutt nú. Er með henni vænst að tekið verði á þessum málum nú þegar, enda miklir hagsmunir í húfi, ekki aðeins fyrir þá einstaklinga sem eiga atvinnu sína undir þessum veiðum, heldur einnig sveitarfélög þau sem hlut eiga að máli og síðast en ekki síst ríkissjóð vegna útflutningstekna.

Að endingu vil ég taka fram að ég hef haft undir höndum skýrslu vegna fyrirhugaðs banns við hvalveiðum, sem Jóhann Sigurjónsson líffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun og fulltrúi Íslands í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins hefur samið. Hef ég notað ýmsar upplýsingar úr skýrslu hans í máli mínu. Kann ég Jóhanni bestu þakkir fyrir þær upplýsingar sem hann hefur látið mér í té sem fræðimaður á þessu sviði.

Í skýrslu Jóhanns segir að lokum m. a., með leyfi forseta: „Til þess að tryggja hæfilega nýtingu hvalastofna heims er mikilvægt að haga veiðum með tilliti til ástands hvers einstaks stofns. Allsherjarbann við hvalveiðum getur ekki skoðast sem vísindaleg nauðsyn, eins og nú er háttað veiðum í heiminum, þótt deila megi um réttmæti einstakra veiðikvóta. Þetta á við um veiðar Íslendinga jafnt sem flestra annarra þjóða heims. Þótt þörf sé á auknum hvalarannsóknum hér á landi virðist engan veginn vera vísindaleg réttlæting fyrir stöðvun veiðanna hér."

Herra forseti. Ég legg til að till. verði vísað til hæstv. allshn. að umr. þessari lokinni.

Umr. frestað.

Efri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Orkulög, frv. 42. mál (þskj. 45, n. 420 og 461). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd meiri hl. iðnn. í þessu máli. Iðnn. hefur fjallað um þetta frv. á nokkrum fundum og m. a. fengið á sinn fund fulltrúa frá Landsvirkjun og svo framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar Reykjavíkurborgar til þess að gefa skýringar og tjá sig um ákveðin atriði varðandi þetta frv.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv., en meiri hl. n. leggur til að frv. verði fellt. Það er nokkuð óvenjulegt að þeir sem bera fram frumvörp óski eftir að frv. verði fellt en svo er ástatt í þessu efni. Þetta er ríkisstjórnarfrv. sem ríkisstj. leggur til að verði fellt. Með því að þetta er óvenjulegt, eins og ég hef tekið fram og öllum má vera ljóst, þykir mér hlýða að fara nokkrum orðum um málið.

Er þá fyrst til að taka að á síðasta þingi flutti ríkisstj. sem þá var frv. um breytingu á lögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 með síðari breytingum. 1. gr. þessara laga hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við XI. kafla orkulaga — almenn ákvæði — bætist ný grein, 81. gr., sem orðist þannig:

Breytingar á verðákvæðum í gjaldskrám orkufyrirtækja skulu háðar samþykki ráðh. orkumála."

Þetta frv. er nákvæmlega, efnislega og orðrétt, sama frv. og við nú ræðum til staðfestingar á brbl. sem sett voru um þetta efni á s. l. vori. Með þessu frv., sem lagt var fram á síðasta þingi, fylgdi grg. Þar var tekið fram að frv. væri lagt fram með tilliti til laga um Landsvirkjun, en í lögum um Landsvirkjun þótti ákvæði um það að Landsvirkjun ákvæði gjaldskrá sína vera til trafala því að ríkisstj. hefði heimild til þess að ákveða gjaldskrá Landsvirkjunar.

Í 1. umr. um þetta frv. á síðasta þingi var því haldið fram, m. a. af þeim sem nú talar, að frv. þá væri brot á samkomulagi sem gert hefði verið við Landsvirkjun þegar samið var um sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Því var haldið fram að þá hefði Landsvirkjun verið lofað því og það hefði verið sótt fast af hálfu Landsvirkjunar og af hálfu Reykjavíkurborgar að það stæði óhaggað sem áður stóð í Landsvirkjunarlögum um að Landsvirkjun setti gjaldskrár sínar sjálf.

Í umr. um þetta frv. á síðasta Alþingi við 1. umr. þess var enn fremur bent á að páv. ríkisstj. hefði lagt fram frv. til l. um Landsvirkjun og í því frv. var þess gætt að taka fram að stjórn Landsvirkjunar setti gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. M. ö. o., staðið var skv. frv. um Landsvirkjun við það samkomulag sem hafði verið gert við Landsvirkjun. Þetta frv. var samþykkt sem lög frá Alþingi, lög um Landsvirkjun, á síðasta þingi.

Í umr. á síðasta þingi við 1. umr. málsins var bent á að skv. gildandi orkulögum væru ákvæði í 25. og 29. gr. laganna sem kveða á um gjaldskrár orkufyrirtækja, bæði rafveitna og hitaveitna, og þar er ákvæði um að ráðh. skuli staðfesta gjaldskrár. Í umr. um frv. á síðasta þingi var því haldið fram að þetta almenna ákvæði í orkulögum gæfi ekki ríkisstj. heimild til þess að ákveða gjaldskrár orkufyrirtækja með svo ótvíræðum hætti og algerlega eins og gert var ráð fyrir í frv. sem þá var lagt fram vegna þess að ákvæði orkulaga 25. og 29. gr. næðu ekki svo langt. Á það var bent að eftir að verðstöðvunarlögin, sem giltu frá árinu 1971 til 1981 féllu úr gildi hefði ríkisstj. ekki haft heimildir til þess að ráðskast með gjaldskrár orkufyrirtækja eins og gert hafði verið.

Það sem ég hef hér vikið að voru meginatriði sem komu fram í gagnrýni á þetta frv. við 1. umr. þess á síðasta þingi. Frv. var þá vísað til hv. iðnn. og hlaut þar ekki afgreiðslu. Litið var svo á að frv. hefði ekki hlotið afgreiðslu vegna undirtektar þeirrar sem frv. fékk við 1. umr. og í verki hefði það sýnt sig að ekki var meiri hl. á Alþingi fyrir þessu frv. En eftir að Alþingi sleit setti ríkisstj. brbl., sem gefin voru út 8. apríl 1983, um nákvæmlega sama efni, nákvæmlega sömu lögin efnislega og orðrétt gerð að brbl. Þá kom strax fram gagnrýni á þetta ráðslag hæstv. páv. ríkisstj. að brjóta svo gegn ótvíræðum vilja Alþingis sem fram hafði komið.

Frv. það sem við ræðum í dag er frv. til staðfestingar á þessum brbl. Þetta frv. er efnislega og orðrétt nákvæmlega eins og frv. sem lagt var fram á síðasta þingi og ég hef hér vikið að.

Meiri hl. iðnn. hefur með tilliti til þess sem ég nú hef gert grein fyrir lagt til að frv. verði fellt. Með því er orðið við í fyrsta lagi óskum hæstv. ríkisstj. sem fram komu í framsöguræðu hæstv. iðnrh. Í öðru lagi er með því staðið við samkomulagið sem gert var við Landsvirkjun þegar samið var um sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Í þriðja lagi standa með því óhögguð þau ákvæði í almennum orkulögum sem er að finna í 25. og 29. gr. þeirra laga.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Á fundum iðnn., þegar það mál sem hér er til umr. var rætt og skoðað, var fámennt sem því miður kemur of oft fyrir í nefndum þeim sem a. m. k. ég á sæti í hér í Ed. Svo virtist sem áhugi stjórnarsinna fyrir því að standa að því að þetta frv. yrði fellt skv. ósk iðnrh. væri ekki sérlega mikill. Þó kemur það fram við undirskrift og afgreiðslu málsins að allir stjórnarsinnar skrifa undir nál. þar sem lagt er til að þetta mál verði fellt, m. a. hv. þm. Jón Sveinsson, fulltrúi Framsfl. og varamaður Davíðs Aðalsteinssonar sem var formaður iðnn. hv. deildar á síðasta þingi.

Því hefur verið haldið fram hér að þetta mál hafi ekki haft þingmeirihl. á s. l. vetri og svo hafi verið þegar þessi brbl. voru sett. Ég efast um að þar sé farið með rétt mál, en að nokkru leyti bendir þá afstaða framsóknarmannsins við undirskrift þessa frv. til þess að svo hafi verið og að Framsfl., sem stóð að ríkisstj. og að þessari brbl.-gerð, hafi ekki staðið þar heill að. En ég vil þó enn efast um það.

Við 1. umr. málsins í hv. deild urðu miklar umr. Þar tók til máls m. a. hv. 3. þm. Norðurl. v. og rökstuddi rækilega þörf þess að setja þessi brbl. Ég sé því ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því hér. En ég hef lagt fram grg. þar sem málið er skýrt.

Ég vil einnig fagna því að málið er þó komið á þann rekspöl að það er komið til 2. umr. í deild. Þannig eru líkur fyrir því að það fái umfjöllun í Nd. og að sá ráðh. sem gaf út brbl. fái möguleika til þess að spjalla við hæstv. núv. iðnrh. um þetta mál.

Hæstv. iðnrh. lagði á það þunga áherslu að skv. stefnu ríkisstj. þyrfti að fella þetta mál. Ríkisstj. væri ekki á því og það væri andstætt hennar stefnu að taka vald einstakra fyrirtækja í sínar hendur og stjórna með slíkum tilskipunum. Ég held að það sé varla lengra síðan en í gær að maður heyrði óm af því að þessi hæstv. ríkisstj. sem nú situr hefði hug á því að gera slíka hluti. Ég held að ég hafi ekki tekið þar rangt eftir að hæstv. iðnrh. hafi boðað það á fundi íslenskra iðnrekenda í gær að hann mundi beita sér fyrir því hvaða raforkuframleiðslustofnanir mundu breyta lánum sínum, sem sagt að það væri allt að því tilskipun frá ráðh. að lán yrðu lengd eða a. m. k. tilmæli. Sú stofnun sem hér um ræðir, þ. e. Landsvirkjun, hefði alltaf getað gert slíka hluti af eigin hvötum og lækkað orkuverð í landinu með því að lengja lán sín áður en núv. hæstv. iðnrh. hafði möguleika til að benda henni á þessa gjörð.

Nú skömmu fyrir jól taldi hæstv. ríkisstj. það höfuðatriði svo hægt væri að stjórna landinu að flytja sem mest völd í hendur hæstv. sjútvrh. Það var talið mjög nauðsynlegt, þá var ekki einu sinni verið að ræða um svipaða stofnun og Landsvirkjun, heldur var verið að reyna að ná sem mestum völdum í hendur ríkisstj. frá almenningi í landinu. Ef þetta stangast ekki á við þá stefnu hæstv. ríkisstj. að ekki megi segja Landsvirkjun að einhverju leyti fyrir verkum eða kippa í taumana þegar ríkisstj. telur að þar hafi verið stigið rangt skref þá veit ég ekki hvernig á að bera saman hluti. Ef það byggist fyrst og fremst á því að stefna ríkisstj. sé að þetta frelsi fyrirtækja skuli í heiðri haft held ég að hæstv. ríkisstj. hafi þegar sýnt að hún er ekki sjálfri sér samkvæm í því gagnvart öðrum þáttum. Þess vegna væri eðlilegt og rétt að þett mál væri samþykkt og það væri raunverulega stefna ríkisstj. jafnt sem stjórnarandstöðu eða okkar Alþb.-manna að það frv. sem hér er til umr. verði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af því sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði. Það er í fyrsta lagi að hann hafði orð á

því að fundir iðnn. hefðu verið illa sóttir þegar fjallað var um þessi mál. Ég get ekki haldið því fram að þessir fundir hafi verið vel sóttir. Og við erum kannske álíka óánægðir með mætinguna. En ég held að naumast hafi verið ástæða að hafa orð á því vegna þess að það voru nú haldnir nokkrir fundir. Auk þess var um mál að ræða sem ekki var með öllu ókunnugt því að það var nákvæmlega sama málið og fjallað var um á síðasta þingi og ég gerði grein fyrir í ræðu minni hér á undan.

Hv. 4. þm. Vesturl. virtist eitthvað vera undrandi á því — eða það mátti lesa það í orðum hans — að varamaður hv. 5. þm. Vesturl., Davíðs Aðalsteinssonar, skyldi hafa skrifað undir álit meiri hl. iðnn. í þessu máli. Ég held að ekki sé ástæða til þess að undrast á því því að þá værum við að gefa það í skyn að Davíð mundi hafa hagað afstöðu sinni á einhvern annan veg ef hann hefði verið til staðar þegar málið var afgreitt. En hann var til staðar þegar málið var rætt á a. m. k. einum eða tveimur fundum í iðnn.

Í þriðja lagi sagði hv. 4. þm. Vesturl. að hann efaðist um að það hefði verið meiri hl. á síðasta þingi á móti þessu sama frv. sem þá var lagt fram. Ég held að hæpið sé að efast um það. Ég hef ekki heyrt annan hv. þm. orða það svo að hann efaðist um það. Svo virtist sem þessar efasemdir væru eitthvað tengdar við hv. 5. þm. Vesturl. sem á síðasta þingi var formaður iðnn. Ég held að alger óþarfi sé að gera slíkt. Og ég ráðlegg hv. 4. þm. Vesturl. að lesa yfir og kynna sér ræðu hv. 5. þm. Vesturl. sem hann flutti um þetta frv. við 1. umr. Allir sjá að þar talaði þessi hv. þm. tæpitungulaust um þetta mál.

Í fjórða lagi vildi ég gera athugasemd við það sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði, um að þetta mál kæmi til hv. Nd. og þá gæti fyrrv. iðnrh. sem þar á sæti tjáð sig um þetta mál. En ég er að vona að hv. 4. þm. Vesturl. verði ekki að þessari ósk sinni og þessi hv. deild verði við því að fella frv. Og ef frv. er fellt í þessari deild á það ekki lengri lífdaga. Ég verð að segja að slæmur er málstaðurinn hjá þeim sem standa gegn því að fella þetta frv. ef menn geta ekki haldið þeim málstað uppi hér í hv. Ed. þó að fyrrv. iðnrh. sé ekki viðlátinn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Frv. það sem hér um ræðir er um staðfestingu á brbl. sem sett voru í tíð ríkisstj. dr. Gunnars Thoroddsen. Brbl. eru að sjálfsögðu ekki sett nema ríkisstj. öll sé því samþykk og það er föst venja að áður en ráðherrar ríkisstj. taka afstöðu til brbl. hafi þeir samband við sína þingflokka og tryggi sér stuðning þeirra. Ég efast ekkert um að hv. þm. Framsfl. hafi verið með í ráðum þegar ráðherrar Framsfl. samþykktu setningu þessara brbl. á sínum tíma enda man ég ekki betur en ráðherrar Framsfl. í þeirri stjórn, sem eiga tveir sæti í þessari hv. deild, hafi báðir verið áhugamenn um setningu þessara brbl. Sérstaklega er mér minnisstætt að hv. 9. þm. Reykv., Ólafur Jóhannesson, var sérstakur stuðningsmaður þessa máls og mjög hvetjandi þess að brbl. væru sett þessa efnis. Þannig liggur nú fyrir að á s. l. vori var Framsfl. eindreginn stuðningsaðili þessa máls. Hvort þar hefur einhver breyting orðið á er hins vegar mjög forvitnilegt og lærdómsríkt að fregna af. Það liggur fyrir að varamaður flokksins á þingi, sem nú situr hér í forföllum Davíðs Aðalsteinssonar, hv. þm. Jón Sveinsson, hefur skrifað undir þetta nál. og má vera að það sé hans persónulega skoðun að þessi lög eigi ekki rétt á sér, hann getur haft sín rök fyrir því. Vissulega geta menn haft fleiri en eina skoðun á þessu máli, en um afstöðu þm. Framsfl., sem sæti áttu á þingi sem seinast sat, að ég tali nú ekki um þáverandi ráðh. flokksins, þarf enginn að efast.

Þó er kannske rétt af þessu tilefni að spyrja fyrrv. ráðh., hv. þm. Ólaf Jóhannesson og hv. þm. Tómas Árnason, hvort þeirra afstaða er ekki —**(ÓlJ:** Ég gerði grein fyrir minni afstöðu við 1. umr. málsins.) Já, það má vera, þá hefur það farið fram hjá mér því að ég hefði ekki spurt ef mér væri kunnugt um þá afstöðu. En ég geng þá út frá því að hv. þm. hafi lýst yfir stuðningi sínum við efni frv. og sama hlýtur að gilda um hv. þm. Tómas Árnason og raunar aðra þm. Framsfl. sem þá áttu sæti á Alþingi.

Vissulega geta menn haldið því fram að einfaldast sé að láta orkufyrirtækin í landinu ráða sinni verðlagningu algerlega sjálf, vissulega er það sjónarmið út af fyrir sig. En mér er spurn, ef það er gert, hvers vegna á þá að staðnæmast við orkufyrirtækin? Ef það er stefna núv. ríkisstj. að gefa öllum orkufyrirtækjum lausan tauminn, fylgir þá ekki í kjölfarið að öðrum opinberum fyrirtækjum verði gefinn laus taumur? Hlýtur ekki Póstur og sími að fá frjálst ákvörðunarvald um sína gjaldskrá? Ég er hræddur um að vel yrði tekið við því hjá yfirstjórn póst- og símamála ef hún mætti ráða sinni gjaldskrá algerlega sjálf. Það yrði kátt í koti hjá póst- og símamálastjóra ef slík ákvörðun yrði tekin. Sama gildir raunar um Ríkisútvarpið og margar aðrar opinberar stofnanir sem allar hafa sótt um miklu meiri hækkanir á hverju einasta ári seinustu 10—15 árin en þær hafa fengið.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvort þessi sé stefna ríkisstj. og ef svo er ekki, hvers vegna önnur regla eigi að gilda um opinber orkufyrirtæki eins og Landsvirkjun, sem ríkið er stærstur aðili að, annars vegar og svo hins vegar um fyrirtæki eins og Póst og síma eða Ríkisútvarpið. Ég get ekki fengið neinn botn í stefnu stjórnarinnar ef ekki á eitt yfir öll þessi fyrirtæki að ganga.

Auðvitað er þörf á því að hafa aðhald að öllum þessum fyrirtækjum. Það segir sig sjálft að kostnaður við rekstur þessara fyrirtækja mun vaxa í fullu samræmi við hið margfræga Parkinsonslögmál ef þeim er gefinn algerlega laus taumur og ekki gerð nein tilraun til þess af hálfu ríkisstj. að hafa þar hemil á. Ég teldi það mjög varhugaverða stefnu ef það yrði ofan á að gefa öllum slíkum fyrirtækjum algerlega lausan taum, sérstaklega opinberum fyrirtækjum sem eru einokunarfyrirtæki í sjálfu sér. Lögmál hins frjálsa markaðar gildir ekki hvað þessi fyrirtæki snertir. Það er enginn keppinautur og þar af leiðandi hafa þessi fyrirtæki tilhneigingu til að hækka gjaldskrá sína í samræmi við óskadrauma yfirmanna stofnunarinnar um hvers konar útþenslu og óhóf í rekstri fyrirtækisins.

Menn verða sem sagt að gera sér fulla grein fyrir því, jafnvel þótt þeir séu stuðningsmenn frjálsrar verðmyndunar og frelsis í verðlagsmálum almennt, sem ég veit að ýmsir helstu forustumenn Sjálfstfl. eru, að það hljóta að gilda dálítið önnur lögmál um fyrirtæki opinberra aðila sem hafa einokunaraðstöðu á viðkomandi sviði. Það geta ekki gilt sömu lögmál. Ég trúi því satt að segja ekki fyrr en ég heyri yfirlýsingu hæstv. iðnrh. á eftir að hann

sé þeirrar skoðunar að eðlilegt sé og sjálfsagt að gefa þessum fyrirtækjum öllum lausan taum.

Ég held að ástæðan fyrir ofurkappi Sjálfstfl. að fella þetta frv. byggist ekki á neinu öðru en því að þeir telji sig með því geta komið einhverju höggi á fyrrv. ráðh. orkumála. Tilgangurinn er enginn annar. Það tengist því að hæstv. iðnrh. kemur með þetta frv., sem iðnrh. flytur, og setur það hér inn í Ed. þar sem hann síðan keyrir það áfram af ofurkappi og leggur til að frv. verði fellt þannig að Nd., þar sem fyrrv. iðnrh. á sæti, fái aldrei tækifæri til þess að fjalla um það. Auðvitað vitum við og skiljum hvernig þetta hefur verið undirbúið og hugsað af hálfu hæstv. iðnrh.

Ég tel að vissulega geti verið álitamál á hverjum tíma hvort fara eigi eftir tillögum stjórnenda orkufyrirtækja og heimila þeim þá hækkun sem þeir biðja um eða hvort þurfi að skera hana eitthvað niður. Það hlýtur að vera álitamál á hverjum tíma. Stundum kann að vera rétt að heimila þeim þá hækkun sem þeir biðja um vegna sérstakra aðstæðna eins og oft vill verða þegar t. d. fjármagnskostnaður eykst verulega, þegar dollarinn hækkar mikið í verði og lán fyrirtækisins eru bundin í dollurum o. s. frv. Þá reynir ekkert á þessi lög. En þegar ríkisstj. þarf að takmarka þessar hækkanir verður einhver slík heimild að vera fyrir hendi. Mér er ómögulegt að skilja að hæstv. iðnrh. skuli sækja það af ofurkappi að koma slíkri heimild út úr löggjöf landsins. Ég vil því eindregið mælast til þess við hv. deild að hún láti skynsemina ráða í þessu máli og felli ekki þetta frv. heldur veiti því brautargengi þannig að það fái eðlilega meðferð í hv. Nd.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég kannast ekkert við að hafa sótt það með ofurkappi að þetta mál yrði afgreitt í hv. deild. Ég hef alls ekki og aldrei átt neinn orðastað við formann n. til að mynda, hv. 4. þm. Vestf., um afgreiðslu málsins, ekki sótt það með neinu ofurkappi. Þegar frv. var lagt fram bað ég skrifstofustjóra minn að athuga með stöðu mála á hinu háa Alþingi, sem oft hefur orðið nokkur misbrestur á, að ráðherrar gættu þess að dreifa málum milli deilda, og kom í ljós að það var mikill munur þar á, að hallaði á Ed., hvað málaflokkar og mál voru þar miklu færri. Þetta réði einvörðungu og auðvitað fjarri öllu lagi að ég mundi hafa kveinkað mér við að eiga orðastað við kunningja minn, Hjörleif Guttormsson, hv. 5. þm. Austurl. Allt þetta tal er auðvitað fjarri öllu lagi.

Sannleikurinn er sá, að þetta frv., þótt að lögum yrði, breytir ekki mjög miklu. Eins og frsm. meiri hl. n. margbenti á eru ákvæði í lögum um að það verður að leita samþykkis orkuráðh. um taxtabreytingar á orku. Ég held að tilurð þessara brbl. hafi verið auglýsingamennskan einber og ekkert annað í kosningahríð þar sem stjórn sem var búin að missa tök á öllu var að auglýsa að nú ætti að fara að stemma stigu við og taka myndarlega á og stjórna. Ég get engin rök fundið fyrir brbl. önnur vegna þess, eins og ég segi, að það verður engin breyting á töxtum nema orkuráðh. samþykki skv. þeim lögum og greinum laga sem margítrekað er búið að benda hér á.

Hitt er svo annað mál og snýr að hinu háa Alþingi, hvernig málsmeðferðin var, eins og skýrlega hefur verið rakið hér af hv. 4. þm. Vestf.

Frv., ekki eingöngu sama eðlis heldur og frá orði til orðs, fékk ekki brautargengi í þessari hv. deild á síðasta Alþingi. Það var vísað til ræðu hv. 5. þm. Vesturl. Davíðs Aðalsteinssonar, þáverandi formanns iðnn., og fór ekkert á milli mála um afstöðu hans til málsins. (**ÞK:** Það var vísað til ræðu sem hann flutti við 1. umr. þessa máls. Þá var hann ekki formaður.) Nei, þá var hann ekki formaður, það er rétt. Hann hélt ræðu við 1. umr. þessa máls, þegar það var lagt fram, það er rétt, og fór ekki milli mála um afstöðu hans þá.

En enn eitt atriði í þessu sambandi. Ég lagði þetta frv. fram strax vegna þess að ég álít að það sé skylda ríkisstj. að leggja brbl. sem sett hafa verið milli þinga fyrir hið háa Alþingi eins fljótt og kostur er. Við höfum nú séð önnur vinnubrögð í þessu sambandi og hirði ég ekki um að rekja það nú og hér, en á síðasta Alþingi var meira en lítið áberandi að dregið var úr hömlu og fram að lokum þings, ef ég man rétt, að leggja fram brbl. sem mönnum sýndist misjafnt um. Ég hlaut, miðað við stefnu ríkisstj. um að t. d. sveitarfélög fengju að hafa sjálfræði í verðlagningu þjónustu sinnar, að leggja til að þetta frv. yrði fellt, enda var Sjálfstfl. alltaf andstæður þessu og ég gat engan veginn annað, þegar til alls er litið, en lagt til að þessi brbl. yrðu felld vegna afstöðu minnar og míns flokks, sem og hafði orðið samkomulag um í ríkisstj.

En þótt við viljum auka að þessu leyti vald sveitarfélaganna stendur ekki til, svo að ég svari þeirri fsp. sem hv. 3. þm. Norðurl. v. beindi til mín, að gefa þjónustustofnunum í umsjá ríkisins lausan tauminn að þessu leyti — og að ég tali nú ekki um þar sem þær eiga að hafa einokunaraðstöðu, ef við eigum að nefna það því nafni. Við skulum taka sem dæmi Póst og síma. Það stendur ekki til. Þetta er bundið við sveitarfélögin, að þau fái til þess meira olnbogarými að ákveða gjöld fyrir þá þjónustu sem þau veita, sem hjá mjög mörgum þeirra er einmitt á þessu sviði. (**RA:** Af hverju þá Landsvirkjun?) Af hverju þá Landsvirkjun? Hún er ekkert undanþegin þessu. Landsvirkjun er ekkert undanþegin þessu. Landsvirkjun getur engu breytt í sínum orkuverðsákvörðunum nema með leyfi iðnrh. hverju sinni.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það vill svo til að í þessu máli hef ég komist að sömu niðurstöðu og hæstv. iðnrh., en ég þori ekki að ábyrgjast að ástæður okkar séu endilega hinar sömu.

Í fyrsta lagi er ég á móti brbl. Ég tel þau andlýðræðisleg og þess vegna og jafnvel eingöngu þess vegna mundi ég greiða atkv. móti þessum lögum.

Annars vegar geng ég ekki þeirrar trúar að ríkisstjórnir séu ímynd skynseminnar bara vegna þess að þær séu ríkisstjórnir og trúi þess vegna ekkert frekar á þeirra forsjá í þessu efni en í mörgu öðru umfram forstjóra eða ráðamenn fyrirtækja, hvort sem það eru ríkisfyrirtæki eða önnur fyrirtæki.

Að bera Landsvirkjun saman við Póst og síma og Ríkisútvarp finnst mér ekki við hæfi, því að tengsl neytenda og ríkisvalds eru í þessu sambandi algerlega bein þar sem ríkið rekur viðkomandi fyrirtæki og enginn milliliður er þar á milli neytandans og ríkisins. Á annað borðið er þar líka um þjónustu að ræða sem er bæði innt af hendi og verðlögð nánast eins og þegar um skatta er að ræða.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. benti á að Landsvirkjun væri ekki í samkeppni við einn eða neinn. Það er að vísu

alveg rétt. Uppbygging Landsvirkjunar, þ. e. stjórnunar hennar, er reyndar sú, eins og hann þekkir náttúrlega, að hún er sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga. Sagan hefur kennt okkur að orkufyrirtæki eru reyndar í ákveðinni samkeppni við ríkisvaldið. Ríkisvaldið hefur tihneigingu til þess, þegar það þarf að innheimta meira fé af landsmönnum, að skrúfa niður í fjárþörf þessara fyrirtækja með því að hlutast til um gjaldskrár þeirra og koma í veg fyrir að þau keppi við ríkið um peninga landsmanna.

Að hér sé um að ræða a. m. k. tilraun til höggs á hv. 5. þm. Austurl., fyrrv. iðnrh., getur vel verið, en sá maður gekkst þá allavega undir þá áhættu þegar hann fór út í það mjög hæpna verk að setja þessi brbl. í fyrra og hlýtur að hafa gert sér gjörsamlega grein fyrir því sem eftirleikurinn kynni að hafa í för með sér.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Mig langar að gera stutta aths. vegna ummæla hv. formanns iðnn., hv. 4. þm. Vestf., um það að ég hefði verið að blanda skoðunum og afstöðu Davíðs Aðalsteinssonar, 5. þm. Vesturl., inn í umr. áðan. Það var af og frá að ég væri að gera það, heldur var ég eingöngu að undirstrika að ég teldi að Framsfl. hefði staðið óskiptur bak við afgreiðsluna á brbl. Þá skoðun hef ég enn þá.

Aftur á móti er alrangt að Davíð Aðalsteinsson hafi gefið einhverja yfirlýsingu um afstöðu sína til málsins við 1. umr. málsins. Meira að segja lýsti hann því yfir að hann hefði talið að eðlilegt væri að samþykkja þetta mál á síðasta þingi. Vil ég leyfa mér að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, það sem hv. þm. Davíð Aðalsteinsson sagði:

„Þegar umr. um það frv. átti sér stað lýsti ég því yfir að meðan héraðsrafmagnsveitur, hitaveitur — og Rafmagnsveitur ríkisins raunar líka þyrftu að fá samþykki ráðh. fyrir sínum gjaldskrám, þá væri ekki óeðlilegt að Landsvirkjun þyrfti einnig að fá staðfestingu ráðh. á sinni gjaldskrá."

Það er alrangt að telja að Davíð Aðalsteinsson hafi lýst einhverri ákveðinni afstöðu í þessu máli við þá umr. sem átti sér stað í hv. deild við 1. umr. þessa máls.

Í öðru lagi taldi hv. 4. þm. Vestf. mig vera bjartsýnan að búast við því að þetta mál fengi umr. í Nd. Ég vil þá undirstrika bjartsýni mína. Ég vænti þess að hv. Ed. afgreiði þetta mál á þann máta að það verði samþykkt og að eftir þá afgreiðslu muni málið fá umr. í Nd.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja ótrúlegt hvernig hæstv. iðnrh. leyfði sér að tala um þetta mál. Hann talar um það með þeim hætti að maður gæti haldið að hann vissi ekki betur, en því trúi ég ekki þegar um er að ræða mann sem er búinn að vera iðnrh. í bráðum heilt ár.

Staðreyndin er sú að það féllu úr gildi verðstöðvunarlög sem staðið höfðu allt frá 1970. Þau féllu úr gildi um áramótin 1981—82. Þá var því lýst yfir af stjórn Landsvirkjunar að hún teldi sig með öllu óbundna af fyrirmælum ríkisstj. um verðlagsmál. Þetta var rætt og athugað af lögfræðilegum ráðunautum ríkisstj. og var talið að staðreynd væri að ákvæðin í orkulögum næðu ekki til Landsvirkjunar. Þó að ákvæðin í orkulögum um samþykki ríkisstj. við taxtabreytingu gætu átt við sveitarfélögin, og nú bið ég hæstv. ráðh. að taka eftir, var ekki talið að ákvæði orkulaga næðu til Landsvirkjunar. Þess vegna hélt Landsvirkjun því fram og studdi það mjög ákveðnum lögfræðilegum rökum, að hún væri með öllu óbundin af verðlagsákvæðum. Hins vegar tókst að leysa þessi mál á árinu 1982, án þess að til árekstra kæmi, með samkomulagi milli ríkisstj. og Landsvirkjunar. Það varð þá úr að láta reyna á hvort hægt væri að leysa málin með samkomulagi almennt. Verðákvarðanir á árinu 1982 áttu sér stað líklega a. m. k. tvisvar ef ekki þrisvar án þess að til árekstra kæmi þrátt fyrir að Landsvirkjun hefði að forminu til heimild til að breyta sinni gjaldskrá eftir eigin ósk. Þegar kemur fram á árið 1983 er Landsvirkjun búin að fá feiknalega miklar hækkanir eða töluvert á annað hundrað % á skömmum tíma. Hún var þá búin að fá þrjár hækkanir, sem voru af stærðargráðunni milli 25 og 29%, hverja ofan á aðra. Það var skoðun ríkisstj. að við þær aðstæður sem ríkjandi voru í efnahagsmálum þjóðarinnar væri ekki stætt á því að bæta nýrri 29% hækkun ofan á þær sem fyrir voru. Á þetta gat stjórn Landsvirkjunar ekki fallist og það var alveg ljóst að ekki var hægt að stöðva þessa hækkun öðruvísi en að sett væru lög sem heimiluðu orkuráðh. að hafa þarna afskipti af.

Það er hins vegar rétt hjá hæstv. ráðh. að heimildin í orkulögum nær til fyrirtækja sveitarfélaganna og heimildin í orkulögum veitir því ráðh. aðstöðu til að hindra óhóflegar hækkanir sveitarfélaga, sem reka orkuveitur, en Landsvirkjun er frí og frjáls nema sett séu lög sem heimila ríkisstj. að hafa þar taumhald á. Þess vegna greip ég fram í áðan og nefndi Landsvirkjun, að ef þessi lög verða ekki samþykkt verður Landsvirkjun eina opinbera fyrirtækið sem er algerlega frjálst um sína verðlagningu og getur leyft sér að taka hvaða ákvarðanir sem því sýnist, bæði um útgjöld og einnig um tekjur. Það fordæmi ég vegna þess að hér er um að ræða einokunarfyrirtæki. Það er ekki sagt í niðrandi merkingu því að vissulega erum við öll sammála um að ekki er heppilegt að hafa rafmagnsdreifinguna á hendi margra aðila á sama svæðinu. Þannig verður þetta að vera. En þá verða líka opinberir aðilar að hafa þar taumhald á.

Ég ítreka að ef hæstv. ráðh. er ekki ljóst og hefur ekki kynnt sér það með viðræðum við lögfræðilega ráðunauta sína að við fall þessara brbl. fær Landsvirkjun lausan tauminn, þá ætti hann að sjálfsögðu að taka málið til endurskoðunar, taka sína fyrri afstöðu til endurskoðunar. Þá eru brostnar forsendur fyrir yfirlýsingum hans hér í Ed. um þetta mál. Hann verður ekkert minni maður af því að taka afstöðu sína til endurskoðunar. Það er greinilegt að hann hefur ekki gert sér fulla grein fyrir afleiðingum þess að þetta frv. verði fellt hér í Ed. Mér finnst því að hann ætti að óska eftir því að afgreiðslu málsins yrði frestað þar til hann hefði kynnt sér þennan þátt málsins betur.

Jón Sveinsson: Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í þessum umr. að ég hef í fjarveru Davíðs Aðalsteinssonar tekið þátt í meirihlutaáliti þar sem lagt er til að brbl. um breytingu á orkulögum verði felld. Það hefur verið gert að umtalsefni líka hver afstaða Davíðs Aðalsteinssonar sé í þessu máli. Um hana get ég út af fyrir sig ekki talað sérstaklega því að mér er ekki kunn hans afstaða, a. m. k. ekki um þessar mundir. Hins vegar taldi ég að ég hefði algerlega frjálsar hendur

við afgreiðslu þessa máls, hafði ekki fengið neinar ábendingar um hver væri eðlileg afstaða Davíðs í þessu efni, enda tel ég að hún skipti mig í sjálfu sér ekki máli. Ég kem hér sem varamaður hans og taldi að ég gæti greitt atkv. skv. minni sannfæringu og það gerði ég vissulega með þátttöku í þessu nál. Afstaða mín byggist fyrst og fremst á því að lögin eigi alls ekki rétt á sér, orkufyrirtæki eigi að ráða sinni verðlagningu sjálf, svo einfalt er það mál.

Ég vil líka geta þess í þessu sambandi að við setningu brbl. hverju sinni hefur sá ráðh. sem að setningu brbl. stendur enga tryggingu fyrir því fyrir fram hver afstaða þingsins muni vera þegar þar að kemur. Trygging fyrir fram á milli þinga getur því ekki ein sér tryggt að brbl. nái fram að ganga. Ég er þess vegna ekki sammála þeirri skoðun, sem hér kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, að frá þessu máli hafi verið gengið í síðustu ríkisstj.

Ég vil geta þess að endingu að innan Framsfl. hafa menn rétt á því að hafa sína skoðun og sína afstöðu. Okkur greinir kannske á, mig og Ragnar Arnalds, í því efni, þar sem þeir vinnusiðir eru kannske ekki hafðir á bæ Alþb. En við framsóknarmenn förum eftir okkar eigin sannfæringu og það gerði ég í þessu máli og þess vegna legg ég til að þetta frv. verði fellt.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Það má vera að ég hafi lagt of þröngan skilning í orð hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar við 1. umr. þessa máls, og er raunar ekki viðfelldið að ræða þetta að honum fjarstöddum, en ég skildi hann á þann veg að hann væri að segja álit sitt á þessu frv. þar sem hann sagði orðrétt, með leyfi virðulegs forseta:

„Það var mitt álit sem formanns þessarar hv. nefndar," þ. e. á síðasta þingi, „að alls ekki væri þingmeirihluti fyrir því að ganga með þessum hætti á bak orða sinna, eins og þau höfðu verið sögð og lágu til grundvallar þeim samningi um nýja Landsvirkjun sem nú hefur verið lögfestur."

Þetta voru orð hv. þm. og er of í lagt að segja að hann hafi verið með þessu að lýsa afstöðu sinni þá. En þarna kemur berlega í ljós hversu málsmeðferðin er óeðlileg, að þrátt fyrir það þótt stjórnarsinnum sýnist þá að alls ekki sé þingmeirihluti fyrir máli þá er það tekið upp, þegar þingi hefur lokið, og sett um það brbl. sem eru orði til orðs eins og frv. var sem þeir þó voru sannfærðir um að ekki nyti þingmeirihluta. Það eru þessi vinnubrögð sem náttúrlega hljóta að vera ámælisverð.

Ég hef ekki áhyggjur af Landsvirkjun í þessu sambandi. Hún mun ekki ákveða orkuverð án samráðs við núv. iðnrh. þótt lesa megi það í lögum. Það getur vel verið að öðruvísi hafi staðið á fyrir ári síðan eða svo. Það má vel vera að þeir sem löngum lágu í hernaði við þessa stofnun hafi átt örðugt um vik að hamla gegn þeirri framkvæmd sem lesa má í lögum, að hún hafi, að fengnum tillögum Þjóðhagsstofnunar að vísu, leyfi til að taka ákvörðun um gjaldskrá sína. Það kann vel að vera. En ég kvíði því ekki. Ég kvíði því ekki, enda ef ekki er haft eðlilegt samráð við æðstu stjórnvöld í þessu efni, þá hlytu menn auðvitað að bregða á annað ráð. Ég skil á hinn bóginn fullvel aðstæður hjá hv. þm., ég tala nú ekki um fyrrv. ráðh., sem hafa staðið að lagasetningu þessari. Ég verð að segja það eins og er, að ég tel ekkert óeðlilegt við það þó að þeim sé meira en lítið umhendis að mæta síðan í hv. deild til þess að greiða atkv. gegn lögum sem þeir stóðu að að sett voru.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég skal ekki blanda mér í þessa umr. hvað efni hennar snertir, en aðeins láta þess getið, að ég sat í þeirri ríkisstj. sem setti þessi brbl. og mun að sjálfsögðu standa að því að þau verði staðfest. Það hefur ekkert verið um það samið milli núv. stjórnarflokka að breyta til í þessu efni og lít ég því á það sem sjálfsagt mál að ég standi að staðfestingu laganna hér á Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. felld með 13:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SveinnJ, ÓlJ, RA, SkA, TÁ.

nei: EG, EKJ, KSG, KolJ, LJ, StB, VI, ÞK, AG, ÁJ, JSv, EgJ, SalÞ.

JHelg greiddi ekki atkv.

1 þm. (SDK) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá mér hér áðan í umr. sat ég í þeirri ríkisstj. sem stóð að útgáfu þessara brbl. Það hefur ekki verið samið um það milli stjórnarflokkanna að standa að því að fella þau. Af þessum ástæðum segi ég já.

Frv. þar með fallið.

Almannatryggingar, frv. 255. mál (þskj. 472). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir er samið í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstj. um að hún beiti sér fyrir úrbótum til handa þeim sem verst eru settir, með ákveðnum hækkunum bóta almannatrygginga. Tengist þessi ákvörðun m. a. þeim samningum sem nýlega voru gerðir á milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Þegar hefur verið tekin afstaða til þeirra hækkana sem hægt er að framkvæma með reglugerðarbreytingu, en þær hækkanir snerta almennan grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega svo og hækkun á ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra. Aðrar brtt. kalla á breytingar á lögum um almannatryggingar og fyrir því er þetta frv. hér komið fram.

Samkomulag er um það milli ríkisstj. og þeirra aðila sem áður hafa verið nefndir að bótum handa þeim hópum sem hér um ræðir verði best náð með sérstakri hækkun barnalífeyris, mæðra- og feðralauna, hækkun tekjutryggingar lífeyrisþega almannatrygginga, hækkun frítekjumarks og lækkun skerðingarprósentu, hækkun heimilisuppbótar og hækkun á ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra og öryrkja.

Í frv. er fjallað um barnalífeyri og gerð till. um að óendurkræfur barnalífeyrir verði hækkaður úr 1615 kr. á mánuði í 2015 kr. eða árlegur barnalífeyrir verði 24 180 kr. Rétt er að benda á að gert er ráð fyrir að meðlagsgreiðslur fylgi þessum greiðslum svo sem verið hefur, enda þótt lög um almannatryggingar geti ekki

um það, enda falla ákvarðanir um slíkar greiðslur undir barnalög nr. 9 frá 1981 en venjan hefur verið sú að þessar greiðslur héldust í hendur.

Gert er ráð fyrir því að mæðra- og feðralaun hækki þannig að með einu barni verði þau 1263 kr. á mánuði í stað 513 kr., með tveimur börnum 3309 kr. á mánuði í stað 1809 kr. og með þremur börnum 5869 kr. á mánuði í stað 3619 kr.

Hvað snertir tekjutrygginguna, þ. e. uppbót á lífeyri, er gerð till. um að tekjutryggingin hækki úr 3861 kr. á mánuði í 4728 kr., eða sem nemur 22.5%.

Með reglugerðarbreytingu, sem ég nefndi áður, er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir, þ. e. grunnlífeyrir, hækki um 7%, þannig að heildarhækkun grunnlífeyris og tekjutryggingar verði 15.5% skv. frv. og reglugerð um hækkun bóta.

Hér er leitast við að gera hlut þeirra sem lægstar hafa tekjurnar sem bestan, þ. e. hækkun tekjutryggingar er miklu meiri en hækkun grunnlífeyris. Hvað snertir svokallað frítekjumark, þ. e. þær tekjur sem bótaþegi má hafa á ári án þess að réttur hans til tekjutryggingar skerðist, er gert ráð fyrir því að hafi bótaþegi tekjur umfram 29 084 kr. á ári skerðist uppbótin hér eftir um 45% þeirra tekna sem umfram það eru, en skv. gildandi lögum er miðað við 55% skerðingu. Skv. almannatryggingalögum er heimilt að hækka frítekjumark með reglugerð. Gildandi reglugerð gerir ráð fyrir frítekjumarki 26 440 kr. hjá einstaklingi þannig að með frv. þessu er lagt til að það hækki sem nemur 2644 kr. Hins vegar kemur þetta frítekjumark aftur til endurskoðunar, en það er yfirleitt um mitt ár.

Gert er ráð fyrir að hjónalífeyrir verði hlutfallslega óbreyttur og tekjuhugtakið verði óbreytt frá því sem verið hefur.

Enn fremur er gert ráð fyrir því að heimilisuppbót hækki um 10% og verði 1422 kr. á mánuði. Þessa uppbót fá einhleypingar sem njóta óskertrar tekjutryggingar og eru einir um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað.

Í frv. er gert ráð fyrir breytingu á lokamálsgrein 19. gr. gildandi almannatryggingalaga til að taka af allan vafa um tekjufjárhæðir vegna tekjutryggingar, þ. e. að þær skuli miðast við tekjur á árinu 1982 og þeim fjárhæðum skuli breytt 1. júlí árlega til samræmis við hækkanir bóta og annarra tekna milli ára. Um það hafa ekki verið ákvæði í lögum áður. Lögð var til sú breyting varðandi síðustu mgr. 51. gr. laganna að við ákvörðun vasapeninga eða réttara sagt um ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra skuli heimildin miðast við 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar, en í gildandi lögum takmarkast heimildin við lágmarkslífeyri, þ. e. eingöngu frumlífeyri.

Að lokum vil ég sérstaklega benda á útreikning Þjóðhagsstofnunar varðandi hækkanir á útgjöldum almannatrygginga er frv. þetta hefur í för með sér svo og þær reglugerðir sem ég áður vitnaði til. Á ársgrundvelli er reiknað með að hækkunin muni nema um 343 milljónum kr. eða sem nemur 280—290 millj. kr. miðað við það sem eftir er af árinu, en ætlað er að þessar bætur taki gildi frá og með 1. mars.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta frv. en legg áherslu á að það fái skjóta afgreiðslu í þeirri þingnefnd sem fjallar um það. Vegna þess að þessar bætur eiga að gilda frá 1. mars er það nauðsyn að frv. verði afgreitt í byrjun næstu viku vegna útreikninga á bótum sem þurfa að fara inn í tölvu. Hér er um marga einstaklinga að ræða og væri mjög leitt ef þeir yrðu látnir bíða lengur. Veit ég að hv. alþm. skilja mjög vel þetta mál. Hér er eingöngu átt við þessar bætur þannig að það á ekkert að tefja afgreiðslu málsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. og endurtek að ég legg áherslu á að hv. nefnd hafi samvinnu við n. í Nd. svo að málið geti fengið mjög hraða afgreiðslu í þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. 251. mál (þskj. 457). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Um frv. það sem hér liggur frammi get ég verið stuttorður. Þær breytingar sem hér eru lagðar til á löggjöf um eiturefni og hættuleg efni eru þær að svokallaðar eiturbeiðnir gildi lengst í eitt ár frá útgáfu í stað þess að þær gildi í eitt ár án þess að hægt sé að stytta þann tíma. Enn fremur er lagt til að aðeins megi láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni í stað þrisvar sinnum ef um er að ræða efni sem talin eru upp á lista 2, en sá listi fjallar um eitur.

Í ljós hefur komið að nauðsyn ber til að takmarka sem allra mest útgáfu eiturbeiðna og fækka afgreiðslum skv. þeim, ekki síst þar sem um er að ræða sterk eiturefni og önnur eiturefni. Engin ástæða er til þess að nota slík efni nema þar sem brýna nauðsyn ber til og ástæðulaust að safna þeim saman og geyma. Nái þessi breyting fram að ganga yrði eingöngu hægt að láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni og hægt yrði að takmarka gildistíma, þó þannig að hann færi aldrei yfir eitt ár. Þessi skipan er hin sama og gildir í dag varðandi lyf, sbr. lyfjalög frá 1978, þ. e. að láta lyfseðla einungis gilda á eina afgreiðslu.

Þá er lögð til önnur breyting sem felur í sér að auðvelda þeim sem leyfi hafa til að kaupa og til þess að nota eiturefni að afla sér slíkra efna. Þannig kann fyrirtæki að eiga í fórum sínum eiturefni á lista 2 sem það hefur flutt inn til eigin þarfa og nýst gæti öðrum sem lögmæta þörf hefur fyrir eiturefni og leyfi hefur til kaupa. Í slíkum tilvikum er ástæðulaust að lög standi beinlínis gegn sölu milli aðila er rétt hafa til kaupa og nota á þessum efnum, en lögin eru þannig úr garði gerð í dag. Þetta leiðir einnig til óþarfa birgðasöfnunar eiturefna þegar innflutningur og notkun fer saman.

Þetta frv. er flutt skv. till. eiturefnanefndar, sem starfar skv. lögum um eiturefni og hættuleg efni, og að höfðu samráði við landlækni.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Fjarskipti, frv. 252. mál (þskj. 459). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir frv. til fjarskiptalaga. Þetta frv. var samið af nefnd sem skipuð var af fyrrv. samgrh. og segir frá í grg. með frv.

Í I. kafla er getið um nauðsynlegar orðaskýringar og eru þær samsvarandi því sem var í 1. gr. fjarskiptalaganna frá 1941 að öðru leyti en því að bætt er við orðinu „notendabúnaður". Hann telst vera þau tæki og búnaður sem notuð eru og tengd hinu opinbera fjarskiptakerfi frá „húskassa" húsrýmis eða starfsstöðvar notanda. Starfsstöð, svo sem stofnun, fyrirtæki, skólar o. s. frv., telst ein eða fleiri byggingar innan sömu lóðar.

Í lok I. kafla er tekið fram að fjarskipti, svo sem þau tíðkast innan heimila og starfsstöðva, falli utan ákvæða laganna að því er varðar einkarétt ríkisins til reksturs fjarskipta.

II. kafli frv. fjallar um rétt til reksturs fjarskipta. Í 3. gr. þess kafla felst meginbreyting á núgildandi fjarskiptalögum. Einkaréttur ríkisins til þess að flytja til landsins, selja og setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra nær ekki lengur til notendabúnaðar. Eins og fram kemur í athugasemdum við þá grein er á þá er flytja inn eða smíða og selja notendabúnað einungis lögð sú skylda, hvað varðar fjarskiptalögin, að fyrir fram sé aflað yfirlýsinga Póst- og símamálastofnunarinnar um að þær tegundir eða gerðir notendabúnaðar, sem fluttar eru til landsins og tengja á fjarskiptakerfi ríkisins, uppfylli þær tæknikröfur sem gilda á hverjum tíma um notendabúnað. Til að tryggja viðskiptaaðila jafnrétti um þetta ákvæði frv. er gert ráð fyrir því að með reglugerð verði ákveðið að skipa dómnefnd er skeri úr ágreiningi er upp kynni að koma um samskipti innflutningsaðila vegna úrskurðar Póst- og símamálastofnunarinnar um tæknibúnað. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist að jöfnu af deiluaðilum, enda tilnefna þeir hvor sinn mann í nefndina. Jafnframt er lögð sú kvöð á innflytjendur, hverjir sem þeir eru, eða framleiðendur að þeir sjái um að varahlutir og viðhaldsþjónusta sé ætíð fyrir hendi og að þeir hafi jafnan í sinni þjónustu kunnáttumenn til starfa við uppsetningu og við viðhald fjarskiptatækja.

Að sjálfsögðu má Póst- og símamálastofnun eftir sem áður flytja inn og versla með notendabúnað í samkeppni við þá aðila sem vilja sinna þeim viðskiptum.

Í III. kafla, 6. gr., er getið um skyldu til þess að hafa fjarskiptabúnað í farartækjum. Hliðstæð ákvæði í núgildandi fjarskiptalögum frá 1941 eru orðin gersamlega úrelt, fyrst og fremst vegna tækniþróunar og ýmissa lagaákvæða og reglugerða sem sett hafa verið frá setningu þeirra laga.

Um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála er fjallað í IV. kafla frv. Ég vil nefna tvö atriði í þessum kafla. Hið fyrra er að í 7. gr. er gert ráð fyrir því að Póst- og símamálastofnunin hafi eftirlit með fjarskiptum þeirra aðila sem með sérstökum lögum annast fjarskipti á tilteknum sviðum. Þetta ákvæði er ekki í núgildandi lögum. Hið síðara er að í 9. gr. er tekið upp ákvæði um heimild fyrir ráðh. til þess að ákveða að fella niður afnotagjöld af símum elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar, nú 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971. Samsvarandi ákvæði var lögfest á Alþingi á árinu 1975, sbr. lög nr. 24 það ár um breytingu á lögum um fjarskipti frá 1941.

Í V. kafla er greint frá uppsetningu og vernd fjarskiptavirkja o. fl. Tilsvarandi efnisákvæði eru í 13.—17. gr. núgildandi fjarskiptalaga. Orðalagi er þó víða breytt og lagagreinarnar færðar til samræmis við reynslu á framkvæmd þeirra undanfarin ár. Lögð er þó áhersla á eitt atriði því að sérstaklega er tekið fram í 11. gr. frv. að þeir, sem ákveða framkvæmdir er verða til þess að valda tjóni á fjarskiptavirkjum, eða þeir, sem annast þær framkvæmdir, beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem af þeim hlýst.

Í VI. kafla frv. eru ákvæði um leynd og vernd fjarskipta. Áhersla er lögð á að leynd og vernd fjarskipta gildi jafnt hjá einstaklingum og fyrirtækjum sem og á vegum ríkisins og Póst- og símamálastofnunarinnar. Sömu viðurlög gilda um brot á þessum lagaákvæðum varðandi starfsmenn þeirra aðila sem réttindi fá til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja og lögð eru á starfsmenn fjarskiptavirkja ríkisins.

Mér finnst rétt að taka það skýrt fram þegar rætt er um þessi mál að vegna breyttrar tækni er ekki unnt að banna óviðkomandi aðilum að taka við fjarskiptum eða hlusta á fjarskiptasamtöl en í þessum kafla er lagt bann við að menn notfæri sér slíkt á nokkurn hátt.

Í næstu þremur köflum frv. eru engin sérstök nýmæli, en þeir fjalla um stöðvun fjarskipta, fjarskiptavirki á hættutímum og um milliríkjasamninga. Samsvarandi ákvæði eru í núgildandi lögum. Þó er rétt að geta þess að í kaflanum um fjarskiptavirki á hættutímum er tekið inn ákvæði þess efnis að mat á endurgjaldi fyrir fjarskiptavirki eða tæki, sem afhent eru Póst- og símamálastofnuninni skv. fyrirmælum stjórnvalda, skuli framkvæmt af dómkvöddum mönnum í stað stofnunarinnar sjálfrar eins og nú er.

Að venju fjallar síðasti kafli frv. um viðurlög við brotum á lögunum og gildistöku þeirra.

Ég vil láta það koma hér fram að sú nefnd sem skipuð var 20. nóv. 1981 til þess að vinna að endurskoðun fjarskiptalaganna tók sér nokkuð langan tíma. En ég tel að niðurstaða af störfum nendarinnar sé góð og henni hafi tekist vel til og það vill svo til að í þessari nefnd eiga sæti þm. í þessari hv. deild og það hvorki meira né minna en þrír þegar varamenn eru taldir með.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég leggja áherslu á nokkur atriði sem fram koma í grg. þessa frv. og nefnd sú, sem samdi frv. og ég gat um, gerði að umtalsefni. Í fyrsta lagi vil ég nefna það að framfarir á sviði allrar fjarskiptatækni eru afar örar um þessar mundir. Símtæknin breytist svo hratt að því hefur verið spáð t. d. að um næstu aldamót verði um helmingur allra Evrópubúa með símtæki á sér. Tölvur og tölvunotkun mun færast í vaxandi mæli inn á heimili landsmanna. Talað er um það í fullri alvöru að á næstu árum þróist síminn, tölvan og sjónvarpið, sem nú eru þrjú aðskilin tæki, í það að vera eitt og sama tækið og það verði í notkun á sem næst öllum heimilum. Þessar öru framfarir leiða til þess að fjarskiptalög og reglur þar um þurfa stöðugrar endurskoðunar við til aðlögunar síbreyttum aðstæðum.

Í öðru lagi vil ég geta þess að fjarskiptalaganefndin

ræddi á fundum sínum nokkuð um svokölluð kaplakerfi sem rutt hafa sér til rúms hér á landi í nokkrum mæli utan marka laga og réttar að því er best verður séð. Ljóst er að slík kaplakerfi eða boðveitur muni verða tekin upp a. m. k. í þéttbýli á næstu árum, en þessi kerfi munu geta flutt upplýsingar og myndefni til og frá heimilum. Mér er það jafnframt ljóst að fyrr eða síðar muni koma til kasta Alþingis að fjalla um það að setja um það reglur hvaða aðilar ættu að eiga og reka slík kerfi. Ég vil í þessu sambandi minna á að nú er til meðferðar á hinu háa Alþingi frv. til útvarpslaga um breytingar á núgildandi útvarpslögum sem hugsanlega kunna að leiða til breytinga á fjarskiptalögum. Þetta frv. er mjög í frjálsræðisátt og ég vænti þess að hv. alþm. taki þessu frv. vel og er að gera mér vonir um að menn komi sér saman um að afgreiða það á yfirstandandi þingi.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni en legg til að frv. verði vísað til hv. samgn. að lokinni þessari umr.

Umr. frestað.

Iðnfræðsla, frv. 248. mál (þskj. 449). — 1. umr.

Flm. (Jón Sveinsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 449 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyting á lögum nr. 68 frá 11. maí 1966, um iðnfræðslu, sbr. breyt. á lögum nr. 18 frá 1971.

Í núgildandi lögum um iðnfræðslu, nr. 68 frá 11. maí 1966, 2. mgr. 45. gr., er gert ráð fyrir því að sveitarfélög sem ekki standa að iðnfræðsluskóla greiði námsvistargjald til þeirra skóla sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Þá ber sveitarfélagi skv. 3. mgr. sömu greinar núgildandi laga að greiða námsvistargjald ef nemendur úr sveitarfélaginu verða að sækja skóla annars skólaumdæmis vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins. Gerir frv. það sem hér um ræðir ráð fyrir þeirri breytingu að námsvistargjaldið svonefnda verði skv. 2. og 3. mgr. 45. gr. framvegis greitt úr ríkissjóði en ekki af sveitarfélagi nemenda í þeim tilvikum er sveitarfélag stendur ekki að iðnfræðsluskóla eða ef nemendur sveitarfélags verða að sækja skóla annars skólaumdæmis vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins. Frv. er því í raun mjög einfalt, en jafnframt þýðingarmikið fyrir mörg sveitarfélög.

Í 129. gr. reglugerðar um iðnfræðslu, nr. 554 frá 1. okt. 1975, var að finna sams konar ákvæði og þau er nefnd voru í 45. gr. iðnfræðslulaganna. Sú reglugerð var hins vegar úr gildi felld með nýrri reglugerð, nr. 558 frá 25. ágúst 1981, um sams konar efni. Þar er ekki sérstaklega vikið að námsvistargjaldinu, en segir aðeins í 122. gr. að um stofnkostnað og rekstrarkostnað einstakra iðnfræðsluskóla fari eftir lagaákvæðum viðkomandi skóla.

Með iðnfræðsluskóla á reglugerðin m. a. við iðnskóla og samsvarandi iðnbrautir fjölbrautaskóla. Í lögum um fjölbrautaskóla er hins vegar alls ekki að finna sams konar ákvæði um námsvistargjaldið og í lögum um iðnfræðslu, en síðast nefndu lögunum virðist hafa verið beitt með lögjöfnun til þessa þar sem sömu reglu hefur verið fylgt hvað verknám snertir. M. a. vegna þessa hafa mörg sveitarfélög, sérstaklega hin smærri og fámennari, alfarið neitað greiðsluskyldu sinni, en viðurkenning greiðsluskyldu er skilyrði þess að uppgjör námsvistargjalds geti farið fram í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, svo sem ætlast er til skv. 5. mgr. 45. gr. Telja ýmis stærri sveitarfélög sig því eiga inni nokkrar fjárhæðir hjá öðrum sveitarfélögum vegna þessa. Skv. upplýsingum frá fjármáladeild Reykjavíkurborgar námu námsvistargjöld, sem til innheimtu voru hjá innheimtudeild Reykjavíkurborgar í mars s. l., 13 millj. 608 þús. 914 kr. Eru þessar kröfur frá síðustu árum og elstu ógreiddu kröfurnar frá árinu 1977.

Kröfugerðir af þessu tagi, sérstaklega af hálfu hinna stærri sveitarfélaga þar sem iðn- og verknámsskólar eru, á hendur hinum smærri hafa oftar en einu sinni leitt til deilna milli sveitarfélaga, m. a. og kannske fyrst og fremst vegna óljósra lagaákvæða, einkum hvað fjölbrautaskóla varðar.

Helstu röksemdir þeirra sem neitað hafa greiðsluskyldu hafa verið þær í fyrsta lagi, að ekki sé til of mikils mælst að þau sveitarfélög sem hafi skóla sem hér um ræðir veiti nemendum annarra sveitarfélaga aðgang að þeim án greiðslu kostnaðar þar sem ótvíræður hagnaður sé af því að þurfa ekki að senda nemendur sína á brott úr byggðarlaginu, auk þess sem sveitarfélag sem hefur á að skipa framhaldsskóla hafi af því bæði beinar og óbeinar tekjur.

Í öðru lagi eigi öll sveitarfélög að geta notið þess framhaldsnáms sem boðið er upp á í helstu menntasetrum landsins, einkum í Reykjavík, án þess að til þess þurfi að koma sérstakt gjald sveitarfélags fyrir hvern nemanda.

Í þriðja lagi hljóti að vera ríkisvaldinu hagstæðara að byggja upp öflugar menntastofnanir á þéttbýlustu stöðum landsins en að dreifa þeim um of. Hagstæðara hljóti að vera fjárhagslega að greiða fyrir nemendur úr sveitarfélögum sem ekki eru þátttakendur í iðnfræðsluskólum en að leggja í kostnað við stofnun slíkra skóla víðar. Hefur oft verið fjallað um þessi mál í sveitarstjórnum og meðal samtaka sveitarfélaga og ályktað. Þannig var t. d. þann 12. jan. s. l. samþykkt svohljóðandi ályktun á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, með leyfi forseta:

„Stjórn SSA mótmælir harðlega innheimtu námsvistargjalda. Í meira en 100 ár hefur öll íslenska þjóðin lagst á eitt um að byggja upp og efla hjá sér stönduga og myndarlega höfuðborg. Vegna stöðu sinnar nýtur hún ýmissa sérréttinda, svo sem í skólamálum. Á liðnum áratugum hafa landsmenn allir staðið að öflugri uppbyggingu skóla og annarra menntastofnana í höfuðborg sinni, sem ekki síst á þátt í vexti og viðgangi hennar. Nemendur landsbyggðarinnar hafa því eðlilega sótt skóla til höfuðborgarinnar á vetrum þar sem viðkomandi stofnanir eru ekki til í þeirra heimabyggð. Á sumrin hafa þeir sótt í sín heimahéruð að afla tekna til að standa straum af kostnaðarsömu skólahaldi vetrarlangt í höfuðborginni. Stór hluti þessara landsbyggðarnemenda sest síðan að í höfuðborginni og gerist þar fullgildur skattþegn borgarinnar. Það er því augljóst að Reykjavíkurborg hefur margvíslegan hag af þeim utanbæjarnemendum sem þar stunda framhaldsnám. Nemendur úr höfuðborginni, sem stunda framhaldsnám úti á landi, þurfa ekki að greiða námsvistargjöld þessi. Stjórn SSA telur því að námsvistargjöldin eigi ekki rétt

á sér og þar að auki styðjist þau við ótraustan lagalegan grundvöll."

Nú er ég ekki talsmaður þess að rétt sé að leggja á hin stærri sveitarfélög aukakostnað sem þau hafa af því að þangað sækja nemendur úr öðrum byggðarlögum. Þau verða auðvitað að fá sitt til að geta haldið eðlilegum rekstri gangandi. Segja má hins vegar að miðað við núgildandi lög sé það sveitarfélögum sem ekki hafa þeim skólum eða námsbrautum á að skipa sem hér um ræðir viss byrði ef nemendur úr sveitarfélaginu leita sér menntunar í öðrum sveitarfélögum, þar sem hún býðst, því að þau verða að greiða gjald fyrir hvern og einn nemanda.

Það er yfirlýst stefna stjórnvalda að allir eigi að njóta sömu möguleika til náms, án tillits til búsetu. Ekki er því óeðlilegt að ríkissjóður komi hér til sem greiðsluaðili þeirra sveitarfélaga sem ekki geta boðið upp á það verknám sem nemandi hyggst stunda. Eiga öll sveitarfélög að geta haft jafna möguleika að þessu leyti til að senda nemendur sína til náms.

Fulls samræmis virðist ekki heldur gæta við innheimtu námsvistargjaldsins svonefnda, máske vegna óljósra lagaákvæða. Bæði Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarkaupstaður senda út reikninga vegna þessara gjalda meðan önnur sveitarfélög hafa ekki farið þá leið. Þannig hafa t. d. aldrei verið innheimt námsvistargjöld vegna nema úr öðrum sveitarfélögum í fjölbrautaskólanum á Akranesi, en þangað sækir ætíð nokkur fjöldi nemenda bæði af Austurlandi og Norðurlandi.

Ekki er óeðlilegt að reynt sé að gera sér grein fyrir hversu mikinn kostnað hér er um að ræða fyrir ríkissjóð, ef breytingin næði fram að ganga. Reiknar Reykjavíkurborg með því að tekjur vegna námsvistargjalda 1984 nemi 7 millj. 880 þús. 225 kr. skv. fjárhagsáætlun, en þangað sækja langflestir nemendur úr öðrum sveitarfélögum. Í Hafnarfirði námu tekjur vegna námsvistargjalda 1983 577 þús. 350 kr. og eru áætlaðar nema 850—860 þús. kr. á þessu ári, en þangað sækir einnig nokkur fjöldi nemenda. Gerir Kópavogsbær ráð fyrir að gjöld vegna nema sem sækja til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar verði 2.8 millj. kr. á árinu 1984. Skv. fjárhagsáætlun Mosfellshrepps er reiknað með 716 þús. kr. í námsvistargöld á þessu ári, en gjöldin námu á síðasta ári 550 þús. kr. skv. reikningum. Garðakaupstaður reiknar með að námsvistargjöld vegna nema frá þeim nemi 500 þús. kr. á þessu ári og Seltjarnarnesbær 800 þús. kr.

Sú breyting sem hér er lagt til að gera kostar því óhjákvæmilega nokkurt fé úr ríkissjóði, þó að ekki sé hér um verulegar fjárhæðir að ræða. Það sem meginmáli skiptir er hins vegar að komið er til móts við sveitarfélög og öll tvímæli tekin af. Þá jafnast vonandi með breytingunni óánægja og ágreiningur sem uppi hefur verið milli sveitarfélaga og komið verður í veg fyrir enn frekari árekstra þéttbýlis og dreifbýlis, sem óæskilegir eru í hvaða mynd sem er.

Á því máli sem hér um ræðir hefði vissulega verið þörf á að taka í lögum um skólakostnað, enda hefur til þessa ekki verið til að dreifa neinni heildarlöggjöf um fjármál framhaldsskólanna. Meðan svo hefur ekki verið gert er ekki önnur leið fær en breyting á núgildandi lögum, eigi að taka af allan efa í þessu efni. Fróðlegt hefði hins vegar verið að fá upplýst af hálfu hæstv. menntmrh. hvort til standi að leggja fram á þessu þingi nýtt frv. um skólakostnað eða óbreytt frv. fyrrv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar. Af því getur víst ekki orðið sökum fjarveru ráðh.

Svo sem fram kemur í aths. með frv. eru meginbreytingarnar á 2. og 3. mgr. núgildandi 45. gr. iðnfræðslulaga. 1. mgr. 45. gr. núgildandi laga er hins vegar haldið óbreyttri svo og 6. mgr. 45. gr. sem með frv. verður 5. mgr.

Í 4. mgr. er lagt til að iðnfræðsluráð ákveði námsvistargjald í stað menntmrn., þar sem ríkissjóður er greiðandi þess.

Loks er lagt til að 5. mgr. núgildandi 45. gr. falli brott, enda millifærsluhlutverk Jöfnunarsjóðs óþarft ef greiðslur námsvistargjalda koma úr ríkissjóði.

Að svo mæltu legg ég til að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð og ég vona að ég þurfi ekki að tefja þennan virðulega fund miklu lengur.

Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við það að þessi mál verði könnuð, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., vegna þess að okkur, sem höfum unnið mikið að sveitarstjórnarmálum, er vel kunnugt hvern vanda er þarna víða við að etja. Er full þörf á því að þarna sé gerð breyting á.

Eins og kom fram hjá flm. er þetta tengt skólakostnaðarlögunum sem við bíðum alltaf eftir. Þau sjást ekki enn þá.

Þetta er orðið mikið vandamál í þeim byggðarlögum sem reka t. d. fjölbrautaskólana og þar sem iðnfræðslan er komin inn. Það er ákaflega leiðinlegt verk, og ég hef verið á móti því, að senda reikninga til þeirra sveitarfélaga, sem eiga nemendur í þessum skólum, vegna námsvistargjaldanna. Þetta gengur ekki upp í okkar þjóðfélagi þar sem það liggur fyrir að önnur menntastig, t. d. menntaskólastigið, skuli kostað að fullu af ríkinu en svo eru sveitarfélög neydd til þess að senda reikninga fyrir námsvistargjöldum vegna annars náms. Þarna þarf að verða bót á.

Ég vildi aðeins láta heyra í mér vegna þessa fram komna frv. og koma því að að ég er meðmæltur því að málið sé skoðað mjög rækilega og gerð verði þarna leiðrétting á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frv. 226. mál (þskj. 398). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. 188. mál (þskj. 335, n. 436, 437). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Allshn.

þessarar hv. deildar hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breytingu á umferðarlögum. Efni þessa frv. er það að sé ekki hlýtt fyrirmælum laga um notkun bílbelta varði það viðurlögum. Gildandi lög eru þannig að vanræksla á því að nota bílbelti varði ekki viðurlögum fyrr en lokið er þeirri endurskoðun umferðarlaga sem umferðarlaganefnd vinnur nú að og hefur unnið að í býsna mörg ár. Þegar þetta ákvæði var sett í lög bjuggust menn við að þessari endurskoðun mundi ljúka heldur fljótt og þess vegna yrði þetta mjög tímabundið. Þetta hefur dregist og þess vegna var þetta frv., að ég hygg, flutt. Nefndin hefur fjallað um það allítarlega og mælir með því að það verði samþykkt með breytingu, sem flutt er á sérstöku þskj., þess efnis að þetta ákvæði taki gildi 1. júní á þessu ári, þ. e. að það sé nokkur umþóttunartími, þetta sé ekki látið taka gildi þegar í stað þannig að fólk hafi tíma til að átta sig á þessu.

Hvarvetna hefur komið í ljós að ákvæðin um notkun bílbelta eru marklítil eða marklaus ef ekki fylgja viðurlög. Gildir það sjálfsagt um margvísleg önnur lagaákvæði einnig að viðurlög eru nauðsynleg til þess að menn hlíti lögunum. Það er kannske illt að þurfa að segja það, en þetta er engu að síður sjálfsagt bara mannlegt eðli sem á sér sínar eðlilegu skýringar.

Ég gæti talað býsna langt mál um ágæti þessa frv. og ágæti þess að nota bílbelti. En þar sem nú er mjög liðið á fundartímann mun ég nú ekki lengja mál mitt mjög. Ég vil aðeins, virðulegi forseti, vekja athygli hv. þdm. á skoðanakönnun sem birt er í Dagblaðinu og Vísi í dag. Þó að slíkar skoðanakannanir séu sannarlega enginn allsherjar vísdómur bendir ýmislegt til að þær séu a. m. k. leiðbeinandi og gefi til kynna í stórum dráttum hug fólks til þess máls sem kannað er.

Þessi skoðanakönnun fjallaði um það hvort ætti að beita viðurlögum varðandi vanrækslu við notkun bílbelta. Úrtakið mun hafa verið 600 manns. Með leyfi forseta, langar mig að vitna í þessa könnun:

Fylgjandi sektum voru 307 eða 51.2%, þ. e. meiri hl. allra sem spurðir voru, andvígir 232 eða 38.7%, óákveðnir 36 eða 6% og 25 vildu ekki svara eða 4.2%. Ef aðeins er litið til þeirra sem tóku afstöðu eru 57% fylgjandi og 43% andvígir. Þetta kom mér nokkuð á óvart. Ég hélt að e. t. v. væri andstaða gegn sektum við þessu meiri en þetta gefur til kynna.

Ég held að ekki fari á milli mála að notkun bílbelta sé áhrifaríkasta, öruggasta og ódýrasta slysavörnin í umferðinni sem menn eiga kost á. Um það verður, held ég, ekki deilt. Það er líka staðreynd að notkun þessara mikilvægu öryggistækja verður aldrei almennt útbreidd fyrr en viðurlög koma til sögunnar. Það sýnir reynslan okkur frá fjölmörgum löndum og væntanlega sýnir reynslan okkur það einnig hér.

Ég vil nefna undir lokin tölur sem eru í norrænni skýrslu sem gefin var út í tilefni af norræna umferðaröryggisárinu í fyrra. Þær tölur eru býsna athyglisverðar. Þær eru um banaslys í umferðinni á árabilinu frá 1970—1981. Þá voru öryggisbelti í notkun á öllum Norðurlöndunum nema hér. Í Finnlandi fækkaði banaslysum um 47%, í Noregi um 40%, í Svíþjóð um 40%, í Danmörku um 45% eða að meðaltali um 43% í þessum fjórum löndum. En hvað skyldi hafa gerst hér á Íslandi á þessum sama tíma? Þá fjölgaði banaslysum í umferðinni um 20% skv. upplýsingum sem ég fékk hjá Umferðarráði í dag. Framkvæmdastjóri Umferðarráðs lýsti þeirri skoðun sinni aldeilis óhikað að það sem réði þessari fækkun á Norðurlöndunum væri vaxandi bílbeltanotkun og þessari aukningu hér aukning umferðar jafnframt því sem menn hafa hér ekki notað bílbelti.

Ég vildi víkja að því undir lokin að ég held að það sé athugunarefni og raunar sjálfsagt að stíga eitt skref í einu í þessu máli eins og öðrum. En ég held að það komi að því áður en varir að við eigum að lögbinda notkun öryggisbelta einnig í aftursætum fólksbifreiða. Reynslan og rannsóknir, bæði á Norðurlöndunum og annars staðar, benda til þess að beltin séu ekki síður nauðsynleg í aftursætum bifreiða. Í öðru lagi held ég að líka sé ástæða til að hugleiða hvort ekki er beinlínis — ýmsum kann að finnast hér heldur langt gengið — ástæða til að lögbinda það að séu börn undir ákveðnum aldri farþegar í bifreið skuli þau vera í þar til samþykktum öryggisstólum, öryggiskörfum ef um ungabörn er að ræða eða í bílbeltum sem eru sérstaklega við þeirra hæfi. Ég held að þetta hljóti mjög fljótlega að koma hér til athugunar vegna þess að allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu benda eindregið til þess að þessa sé þörf líka.

Vegna þess hve langt er liðið á fundartímann, virðulegi forseti, ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð. En allshn. mælir einróma með því að þetta frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef áður gert grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 437 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Vísitala framfærslukostnaðar, frv. 210. mál (þskj. 373, n. 476). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. varðandi frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar. Nefndin hefur rætt þetta mál á fundum sínum. Á nefndarfundi kom það fram að ráðherra hagstofumálefna mun gefa yfirlýsingu hér við 2. umr. málsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt og stendur saman að nál., en einstakir nm. skrifa undir með fyrirvara.

Þeir sem skrifa undir með fyrirvara eru Svavar Gestsson, Guðmundur Einarsson og Kjartan Jóhannsson. Aðrir nm., Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Páll Pétursson, skrifa undir án fyrirvara.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Við 1. umr. þess urðu nokkrar umr. í

sambandi við þá neyslukönnun sem framfærsluvísitalan grundvallast á. M. a. spurði hv. 3. þm. Reykv. mig hvort ég væri reiðubúinn að beita mér fyrir því, þó að lagafyrirmæli skorti í þeim efnum, að sérstök könnun fari fram á því hvernig háttað er neyslusamsetningu þess fjórðungs fjölskyldna í landinu sem lægstar hefur tekjurnar. Auk þess vék hv. 5. þm. Vestf. að því hvort ekki væri hægt að haga svo þessari neyslukönnun að sjá mætti mun á neyslugrunninum eftir landsvæðum.

Í sambandi við þetta vildi ég láta koma fram hér strax við 2. umr. eftirfarandi: Sem ráðherra hagstofumála mun ég gera ráðstafanir til þess að næstu neyslukönnun, sem lokið verði innan eins árs frá því hún er ákveðin, verði hagað þannig, að upplýsingar fáist um neyslusamsetningu og tekjur þess fjórðungs fjölskyldna sem lægstar tekjur hefur. Jafnframt megi innan hennar greina þann mun sem er á neyslugrunninum eftir landsvæðum. Tryggt verði í þessu sambandi að niðurstöður um þetta verði eins traustar og marktækar og heildarniðurstöður fyrir allar fjölskyldur sem könnunin tekur til.

Ég vænti þess að þessi mín yfirlýsing geti orðið til þess að svara því sem hér var spurst fyrir um við 1. umr. þessa máls, og að hún ásamt því sem fram hefur komið hjá hv. frsm. fjh.- og viðskn., hv. 2. þm. Norðurl. v., verði til þess að þetta frv. geti hlotið afgreiðslu á hv. Alþingi í dag.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Við afgreiðslu þessa máls í Ed. stóð Alþfl. að brtt. með öðrum fulltrúum stjórnarandstöðunnar þar í deildinni, þar sem gert var ráð fyrir því að ný neyslukönnun færi fram sem fyrst og að henni yrði hagað þannig að úr henni mætti lesa neyslusamsetningu þess fjórðungs, sem lægstar tekjurnar og bágust kjörin hefur hér á landi, og í þriðja lagi að neyslukannanir færu fram reglulega á þriggja ára fresti.

Í umr. hér í Nd. kom fram eindregin ábending frá ýmsum þm. um að þessi neyslukönnun sýndi jafnframt samsetningu neyslunnar eða breytileika eftir landshlutum.

Hér hefur hæstv. ráðherra hagstofumála gefið yfirlýsingu um að hann muni ganga mjög langt til móts við þessi sjónarmið, nefnilega sjá til þess að ný neyslukönnun fari fram sem allra fyrst og að henni verði hagað í samræmi við þær óskir sem fram hafa komið um að neyslusamsetning þess fjórðungs, sem lægstar hefur tekjurnar, og eins neyslusamsetning eftir landshlutum væri sundurgreinanleg.

Með þá vitneskju í huga að yfirlýsing af þessu tagi væri væntanleg undirritaði ég þetta nál. með fyrirvara. Í trausti þess að ráðh. fylgi fast eftir þeirri yfirlýsingu, sem hann hefur hér gefið, ítreka ég meðmæli mín með því að frv. verði samþykkt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í hv. deild urðu nokkrar umr. um nauðsyn þess að afla víðtækari upplýsinga um það hvernig neysla og útgjöld þjóðarinnar skiptast eftir tekjuhópum og landshlutum. Við ýmsir þm. létum þá skoðun í ljós að það væri brýn nauðsyn að fá hið fyrsta yfirlit yfir hve mismunandi útgjöldin eru hjá íbúum ólíkra landshluta og byggðarlaga innan landshluta og ólíkum tekjuhópum.

Nú hefur þessi umr. orðið til þess að hæstv. viðskrh. hefur gefið hér út yfirlýsingu þess efnis að hann muni, væntanlega þá fyrir árið 1985, ég skil hans yfirlýsingu svo, láta fram fara neyslukönnun sem framkvæmd verði með þeim hætti að nákvæmar upplýsingar fáist um ólík neyslumunstur fólks eftir landshlutum og tekjuhópum. Þessari yfirlýsingu ber vissulega að fagna.

En ég er enn þeirrar skoðunar að æskilegt væri að láta fram fara þegar á þessu ári bráðabirgðaneyslukönnun, sem gæti t. d. hafist 1. maí og stæði í þrjá til fjóra mánuði, til þess að veita þó ekki væri nema grófa mynd af því hvernig þessi mismunur er í reynd. Það liggur ljóst fyrir að á slíkri könnun verður ekki byggð nein vísitala. En hún gæfi þó alláreiðanlegan umræðugrundvöll um muninn á þeirri vísitölu, sem beitt er nú og byggð er á neysluvenjum fyrir u. þ. b. 5 árum, og síðan þeim neysluvenjum sem tíðkast í okkar þjóðfélagi í dag og við vitum öll að eru allt öðruvísi hjá mörgum þjóðfélagshópum en voru 1978.

Ég vildi þess vegna beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvort hann er reiðubúin til að beita sér fyrir því að sömu aðilar og hann tiltekur í sinni yfirlýsingu láti fram fara þegar á þessu ári bráðabirgðakönnun á neysluvenjum sem taki til þriggja, fjögurra eða fimm mánaða eftir því sem ákveðið verður, svo að niðurstöður liggi fyrir þegar þingið kemur saman til funda næsta haust. Ég held tvímælalaust að það yrði ríkisstj. og þinginu til mikils hægðarauka og öllum umræðum um kjör fólksins í landinu til mikillar styrktar að fá niðurstöður úr slíkri athugun. Ég tek það skýrt fram að mér er fullljóst að á slíkri könnun verða ekki byggðir formlegir útreikningar á vísitölu. En slík könnun gæti orðið mjög ákjósanlegur umræðugrundvöllur um hið ólíka neyslu- og lífsháttamynstur, sem orðið er fast í sessi hér í landinu, bæði eftir tekjuhópum og eftir landshlutum.

Ef hæstv. ráðh. væri reiðubúinn til að bæta við þá yfirlýsingu sem hann gaf hér annarri yfirlýsingu þess efnis að hann muni beita sér fyrir því að framkvæmd væri slík bráðabirgðakönnun á þessu ári, hún gæti líka verið mjög æskileg forkönnun fyrir aðalkönnunina árið 1985, svo maður vísi nú til fræðilegra vinnubragða um þessi efni, þá teldi ég vel að verki staðið og óþarft að flytja formlegar brtt. við þetta frv. En ef málið væri eingöngu skilið eftir þannig, að þessi yfirlýsing ein sé látin standa og við yrðum þess vegna að bíða til fyrri hluta árs 1986 með að fá nýjar upplýsingar um neysluvenjur og útgjaldavenjur í landinu, þá tel ég það allt of langan tíma. Sú yfirlýsing sem hæstv. ráðh. gaf hér felur það í sér að það verður ekki fyrr en á fyrri hluta eða um mitt ár 1986 sem fyrir liggja upplýsingar um neysluvenjur eftir tekjuhópum og eftir landshlutum. Aftur á móti ef farin væri sú leið sem ég er hér að benda á, þá væri hægt þegar á seinni hluta þessa árs að hafa alláreiðanlegan umræðugrundvöll um mismunandi útgjaldamynstur eftir landshlutum og tekjuhópum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir jákvæða afstöðu hans í þessu máli og vil líta svo á að þau fyrirmæli sem hann ætlar að gefa Hagstofunni hljóti að skoðast sem vinnuvenjur fyrir Hagstofuna þar til hún fengi þá önnur fyrirmæli um að taka upp nýjar vinnuvenjur frá þeim sem þarna eru settar fram.

Ég tek vissulega undir það að æskilegt væri að fá sem fyrst raunhæfa neyslukönnun og er sammála því sjónarmiði hv. 7. þm. Reykv. að það væri mjög æskilegt. Ég tel aftur á móti að miðað við þá jákvæðu afstöðu sem ráðh. hefur hér tekið þá megi vænta góðs af honum í þessum efnum. Ég fagna því að þetta hefur leitt til þeirrar niðurstöðu sem hér blasir við og ég lít svo á að það sé engu lokað með það að reyna sem fyrst að fara af stað í þessum efnum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. viðskrh. hefur gefið þá yfirlýsingu sem hann hér greindi frá, þó að ég hefði hins vegar kosið að inn í lögin sjálf hefði komið ákvæði þessa efnis. Ég hef enga ástæðu til að ætla að hæstv. núverandi viðskrh. standi ekki við þessa yfirlýsingu. Það er nú svo samt að ráðherraskipti verða, enginn veit hvenær, og spurningin er því sú, ef slíkt kæmi fyrir, sem ég veit að hæstv. viðskrh. reiknar ekki með eða vill ógjarnan, hvort tryggt væri að þessi yfirlýsing, sem gerir ráð fyrir ákveðnum vinnubrögðum, héldi gildi sínu og Hagstofan ynni skv. henni þrátt fyrir það að sá ráðh. sem yfirlýsinguna gaf væri hugsanlega horfinn úr stóli. Ég hefði þess vegna kosið að það hefði verið ótvírætt sett inn í löggjöfina. En ég geri ekki alvarlegar aths. þar við. Ég fagna því að hæstv. ráðh. hefur tekið jákvætt í málið og ég veit að hann mun fylgja því fram og treysti því að áframhaldið fari eftir því sem hans yfirlýsing gefur tilefni til að ætla.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. fjh.- og viðskn. með fyrirvara vegna væntanlegrar yfirlýsingar ráðherra Hagstofu Íslands. Ég vil líka taka undir þá skoðun að það þarf í raun og veru að láta fara fram sífellda og samfellda skoðun á neyslugrunninum í landinu, bæði hjá meðallaunþegahjónunum svo og einstökum hópum, sem ástæða er til að kanna sérstaklega, svo sem eins og komið hefur fram um lífeyrisþega eða fólk á einstökum landsvæðum. Ég tel að Hagstofan eigi að annast þessa hluti og hafa forgöngu um þá og hún eigi að starfa í samráði við hlutaðeigandi aðila, t. d. ASÍ og VSÍ. Það er svolítil áherslubreyting frá því sem er í 1. gr. þar sem Kauplagsnefnd á að starfa í samráði við Hagstofu. Ég tel að Hagstofa eigi að hafa um þetta frumkvæði og forgang og starfa síðan í samráði við þá aðila sem málið varðar. Að því leyti tel ég raunar Kauplagsnefnd sjálfa óþarfa, enda er hún kannske, eins og nafnið bendir til, arfur frá eldri tíma.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. fjh.- og viðskn. Nd. með fyrirvara. Fyrirvari minn var bundinn við væntanlega yfirlýsingu frá hæstv. viðskrh. um neyslukannanir, hvenær þær færu fram og hvernig.

Hæstv. ráðh. hefur nú gefið slíka yfirlýsingu sem er að mínu mati skýr að flestu leyti. Ég tel ástæðu til að þakka hæstv. ráðh. fyrir það að bregðast svo skjótt við óskum þm. úr þremur flokkum, sem komu hér fram þegar málið var til 1. umr. í Nd., enda mátti ætla að meirihlutavilji væri hér í hv. Nd. fyrir þeim lagfæringum sem Ed. synjaði um.

Í hv. Ed. kom fram till. um það að Kauplagsnefnd hagaði gerð neyslukannana á þann veg að sundurgreina megi þannig að marktækt sé hvernig meðalneyslu þess fjórðungs landsmanna, sem lægstar tekjurnar hefur, er háttað hverju sinni. Hæstv. ráðh. hefur með yfirlýsingu sinni komið til móts við þessa brtt. að fullu að mínu mati. Auk þess var við 1. umr. í Nd. gert ráð fyrir því að nauðsynlegt væri að innan neyslukönnunar mætti greina þann mun sem er á neyslugrunninum eftir landsvæðum. Ég tel að yfirlýsing hæstv. ráðh. komi einnig til móts við sjónarmið þau sem fram komu hér í deildinni að þessu leyti. Síðan er bætt við setningu sem er á þessa leið:

„Tryggt verður í þessu sambandi að niðurstöður um þetta verði eins traustar og marktækar og heildarniðurstöður fyrir allar fjölskyldur sem könnunin tekur til".

Hér eru að mínu mati tekin af tvímæli um þetta tvennt, annars vegar þennan lægsta fjórðung fjölskyldna sem um er að ræða og hins vegar um mismunandi landsvæði. Fyrsti efnisþátturinn í yfirlýsingu hæstv. ráðh. er hins vegar ekki alveg eins ljós og væri gott að hann skýrði hann nokkru nánar. En í frv. sjálfu segir svo um neyslukannanir í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Kauplagsnefnd skal eigi sjaldnar en á 5 ára fresti láta fara fram athugun á því hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Skal sú athugun fyrst fara fram á árinu 1985."

Á árinu 1985 á að meta hvort neyslukönnun fer fram. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir því í frv. eins og það er að neyslukönnun skuli fara fram á árinu 1985 heldur á eingöngu að meta á því ári hvort slík könnun fer fram. Það sem hæstv. ráðh. segir er ósköp einfaldlega það að ef könnun verður ákveðin á árinu 1985 þá skal henni lokið innan árs frá því að ákvörðunin er tekin. Og út af fyrir sig er þetta skýrt. En ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Telur hann ekki eðlilegt, með hliðsjón af öllum málsástæðum og því hvað hinn nýi vísitölugrundvöllur er þrátt fyrir allt þegar gamall, að ákveðið verði fyrr, t. d. á árinu 1984, að meta í Kauplagsnefnd hvort þessi könnun á að fara fram, þannig að ráðh. fari fram á það við Kauplagsnefnd þegar á árinu 1984, að hún meti hvort könnunin á að fara fram? Þar með væri í raun og veru hugsanlegt að niðurstöður könnunarinnar lægju fyrir á árinu 1985. Annars gera þær það ekki fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1986. Ég er m. ö. o. að spyrja ráðh. hvort hann treysti sér til að segja til um það að hann muni beita sér fyrir því að Kauplagsnefnd meti þegar á árinu 1984 hvort könnunin eigi að fara fram. Það er ekkert í lögum sem bannar hæstv. ráðh. það, því eins og hann hefur bent á og tekið fram hefur hann allt vald í þessu efni.

Þá er það varðandi ummæli hv. 3. þm. Vestf. um það að ráðherrar komi og fari og að nýr ráðh. sé ekki bundinn af þessari yfirlýsingu. Það er auðvitað algjörlega rangt. Nýr ráðh. er auðvitað bundinn af þessari yfirlýsingu svo lengi sem hann tekur ekki ákvörðun um eitthvað allt annað. Og ég vil bæta því við, svo að það sé skráð í þingtíðindi í tengslum við þetta mál líka, að samþykkt þessarar deildar á málinu byggist á yfirlýsingu ráðh., þannig að það eru órjúfanlegir þættir, annars vegar þessi yfirlýsing og hins vegar efnið sem hér er verið að afgreiða. Þess vegna held ég að það eigi að vera óhætt að treysta því, að unnið verði skv. þeirri yfirlýsingu sem hér hefur verið gefin.

Aðeins svo nokkur orð um vísitölur. Um vísitölur er oft mikið rætt í þessu landi eins og eðlilegt er. Ég held að menn þurfi að átta sig vel á því, að vísitölumælingin sem slík segir í raun og veru ekkert til um neyslumunstur á hverjum tíma, heldur neyslukönnunin ein. Vísi-

tölumælingin segir ekkert annað en um verðlagsþróunina sjálfa. Það var fróðlegt, sem kom fram hjá hagstofustjóra í morgun og má vera okkur nokkurt umhugsunarefni, að neyslukönnun eins og sú sem framkvæmd var fyrir hina nýju vísitölu muni kosta á verðlagi þessa dags 10—15 millj. kr. Hér getur auðvitað verið um svo mikilvægt stjórntæki að ræða að rétt sé að kosta mjög miklu til að það sé sem nákvæmast og allir séu sem sáttastir við það, en á þessu verður auðvitað að hafa auga eins og öðru þegar verið er að taka ákvarðanir af þeim toga sem hér um ræðir.

Hins vegar verð ég að segja það að auðvitað er brýnt að það sé sem best þjóðfélagsleg samstaða um vísitölumælingu lífskjara. Þess vegna fagna ég því ef það tekst að ljúka þessu máli hér á hv. Alþingi með mjög víðtækri samstöðu allra þeirra þingflokka sem hér eiga fulltrúa. Ég tel það mjög mikið keppikefli og skynsamlegt af hæstv. ráðh. að halda þannig á málum að stuðla að því eins og kostur er.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég er sammála hv. 3. þm. Reykv. um það að þegar einn ráðh. gefur yfirlýsingar undir slíkum kringumstæðum, afgreiðslu máls á Alþingi og forsendu fyrir því, séu ráðh. hverjir svo sem koma til með að gegna þeim starfa, af því bundnir. Ég get í leiðinni sagt við hv. 3. þm. Vestf. að ég á ekki von á neinni „traffík" í viðskrn. á næstu árum þannig að hann þarf ekki að óttast að ekki verði við þetta staðið.

Út af umr. sem hér spunnust og því sem hv. 7. þm. Reykv. og 3. þm. Reykv. voru að ræða mun ég eftir þessar umr. tjá Hagstofunni og Kauplagsnefnd að fram hafi komið á Alþingi óskir um að bráðabirgðaathugun skv. 3. gr. frv. fari fram svo fljótt sem auðið er. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að slíkar athuganir krefjast nokkurs undirbúnings til þess að marktækar megi verða.

Ég er sammála hv. 3. þm. Reykv. er hann sagði áðan að við afgreiðslu slíkra mála á Alþingi er mjög þýðingarmikið að samstaða takist á milli stjórnmálaflokkanna. Ég vonast til þess að þm. geri sér grein fyrir að með því sem sagt hefur verið af hálfu þess ráðh. sem fer með málefni Hagstofunnar er það viljayfirlýsing um að svo geti orðið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir þá viðbótaryfirlýsingu sem hann gaf. Ég vænti þess að það megi treysta því að hann ljái þessari ósk, sem hann lýsti nú í síðustu ræðu, stuðning síns ráðherraembættis og beiti sér fyrir því að á þessu ári fari fram slík bráðabirgðaathugun. Ég vil taka það alveg skýrt fram að óskir um slíka athugun eru settar fram til þess að afla upplýsinga um neysluskiptinguna og útgjaldaskiptinguna eftir tekjuhópum og landshlutum. Mér er ljóst að sú könnun getur ekki orðið það 100% nákvæm að hana megi leggja til grundvallar í vísitöluútreikningum. Til þess þarf lengri og ítarlegri könnun.

En óskin um þessa könnun er sett fram vegna þess að slíkar neyslukannanir eru notaðar bæði af ríkisstj. og Alþingi og fleiri aðilum í þjóðfélaginu til að vega og meta áhrifin af ýmsum stjórnvaldsaðgerðum gagnvart hinum ýmsu tekjuhópum í þjóðfélaginu. Ég tel að hægt sé að afla með slíkri könnun, sem tæki til nokkurra mánaða, upplýsinga sem væru nægilega nákvæmar til þess að verða umræðugrundvöllur í þinginu og annars staðar í þjóðfélaginu. Mér er fyllilega ljóst að á því verða ekki byggðir vísitöluútreikningar. Ég vildi ítreka það sérstaklega því ég veit að Hagstofan telur það eingöngu vera sitt hlutverk að framkvæma kannanir sem liggja til grundvallar vísitöluútreikningum. Vel má vera að Hagstofan telji óeðlilegt að hún fari að framkvæma kannanir sem ekki eiga beinlínis að leggjast til grundvallar vísitöluútreikningum. Þess vegna vil ég við lok þessarar umr. ítreka þá ósk, sem sett var fram til hæstv. viðskrh. við 1. umr., að ef Hagstofan telur sér þetta ekki kleift vegna hins sérstaka hlutverks sem hún gegnir í þessu þjóðfélagi sem mælingarstofnun á vísitölu eingöngu þá verði öðrum rannsóknaraðilum, sem hafa sérhæfni til að framkvæma slíkar bráðabirgðakannanir, falið að gera þá athugun. Málið verði ekki látið stranda á því að Hagstofan telji slíka athugun vera brot á þeirri hefð sem hún hefur lagt til grundvallar undanfarna áratugi, að framkvæma eingöngu hárnákvæmar kannanir sem eigi að leggjast til grundvallar einstökum vísitöluútreikningum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 21. mars, að loknum 60. fundi.

Vísitala framfærslukostnaðar, frv. 210. mál (þskj. 373). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 489).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 465 (sbr. 354), n. 480 og 482, 481). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 482 liggur fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. Þar kemur fram að nefndarmeirihlutinn leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 465, en á því þskj. er frv. ásamt þeim breytingum sem gerðar voru á því í hv. Ed. Þetta er nokkuð afbrigðileg meðferð á máli, enda er hér um að ræða sjöundu umr. málsins.

Þetta mál á sér nokkra forsögu. Það var lagt fram á

haustþingi, var síðan breytt í meðferð þessarar hv. deildar með tilliti til þess að nýjar þjóðhagsforsendur bentu til þess að laun hækkuðu minna á milli ára en gert hafði verið ráð fyrir í þjóðhagsforsendum og forsendum fjárlagafrv. eins og þær litu út þegar fjárlagafrv. var lagt fram á s. l. hausti.

Með tilliti til þessa flutti meiri hluti hv. n. brtt. við frv. þegar það var til umr. hér í hv. deild. Málið var síðan sent til hv. Ed. Skömmu síðar fóru fram kjarasamningar. Eftir að gengið var frá kjarasamningum hefur Þjóðhagsstofnun reiknað upp á nýtt atvinnutekjur í heild á þessu ári. Kemur í ljós að gert er ráð fyrir að þær muni hækka um 19.5% í stað 16% sem gert hafði verið ráð fyrir í áætlun Þjóðhagsstofnunar skömmu fyrir jól og aftur endurtekið í janúar s. l.

Nefndarmeirihlutinn leggur til að frv. verði samþ. eins og það kemur frá Ed., enda er frv. þannig í samræmi við þá stefnu ríkisstj. að skattbyrði beinna skatta til ríkisins skuli vera sú sama á árinu 1984 og var á árinu 1983. Er þá skattbyrði reiknuð á þann veg að tekið er hlutfall greiddra skatta af tekjum greiðsluársins.

Herra forseti. Það er óþarfi að hafa fleiri orð um þetta mál af því það er öllum kunnugt, en nokkuð brýnt er fyrir skattstofur að fá um þetta endanlegar upplýsingar í lagaformi frá hv. Alþingi. Því legg ég til að málinu verði hraðað hér í gegnum hv. deild.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er eðlilegt að hv. 2. þm. Reykv. skuli vilja hafa sem minnsta umr. um þetta frv.

Það hefur ríkt við meðferð þessa máls dæmalaus hringlandaháttur af hálfu ríkisstjórnarliðsins hér á hv. Alþingi. Fyrst var lögð fram till. á haustdögum um ákveðna skattaprósentu í frv.-formi hér í hv. Nd. Stjórnarliðar lögðu þá ofurkapp á að afgreiða málið strax og það fyrir áramót og var ekki laust við að kenndi þykkju í máli þeirra sumra þegar þeir voru að kenna stjórnarandstöðunni um að hafa tafið það þarfa mál og afgreiðslu þess fyrir hátíðarnar. En eftir á að hyggja mátti stjórnarliðið þakka stjórnarandstöðunni fyrir að hafa tafið málið, ef sökin var hjá stjórnarandstöðunni í þessu efni, því að rann upp fyrir stjórnarliðinu ljós í kringum hátíðarnar, að skattana þyrfti að lækka aðeins, og var flutt till. um skattalækkun frá þessari upphaflegu till. ríkisstj. — Það var kafli númer tvö í meðferð málsins á hv. Alþingi, en í millitíðinni hafði Nd. tekið út úr upphaflegu frv. ríkisstj. nokkra þætti sem varða álagningu skatta á árinu 1984.

Þriðji þátturinn gerðist svo uppi í Ed. Það kom till. frá ríkisstj. um að hækka skattaprósentuna aftur upp í það sem hún hafði verið í öndverðu. Það var vegna þess að runnið hafði upp fyrir þeim annað ljós en það sem þeir sáu um hátíðarnar, sem sé að nú hefðu tekjur manna í landinu hækkað svo óbærilega mikið vegna kjarasamninganna, hinna hóflegu kjarasamninga sem þeir kölluðu sumir því nafni. Vegna þess að verkalýðurinn í landinu og almenningur hafði fengið þessa gífurlegu kauphækkun upp á heil 5% varð að taka allt aftur og ríkisstj. flutti aftur till. um að hækka skattana. Svo fór að jafnvel manni eins og Ólafi Jóhannessyni, sem kallar nú ekki allt ömmu sína í stjórnmálareynslu liðinna áratuga, varð bumbult við að gleypa skattahækkunartillögur Alberts Guðmundssonar, hæstv. fjmrh., sem auk þess hafði nokkrum sólarhringum áður lýst því yfir að hans mundi aldrei, þessi vinur litla mannsins í þjóðfélaginu, hækka skatta. Hann hafði varla sleppt orðinu fyrr en hann smeygði sér inn í hv. Ed. og lét hækka skatta, sömu skatta og þeir þóttust af velvild vilja lækka í Nd.

Rökin, sem stjórnarliðið ber fram í málinu og hv. 2. þm. Reykv. lét sér sæma að endurtaka áðan, eru þau, að verið hafi gerðir kjarasamningar og nauðsynlegt sé að plokka af launafólkinu eitthvað af þeim hækkunum sem það fékk í kjarasamningunum nú á dögunum. Hér er komið með býsna svívirðilegum hætti aftan að verkalýðshreyfingunni í landinu. Forráðamenn hennar höfðu gert kjarasamninga, sem er verið að greiða atkv. um í verkalýðsfélögunum, m. a. í BSRB, þessa dagana, og þeir treystu því að þeir kjarasamningar byggðu á ákveðnum forsendum. Þær forsendur hafa verið teknar aftur. Stjórnin hefur sagt upp sínum þætti samninganna við verkalýðshreyfinguna í landinu. Stjórnin hefur með þessu frv., sem er hér til 7. umr. á hv. Alþingi, sagt upp *sinni hlið kjarasamninganna. Blekið er ekki þornað á* kjarasamningum, hinum hóflegu kjarasamningum í landinu, þegar ríkisstj. riftir þeim að sinni hálfu undir forustu hv. þm. Þorsteins Pálssonar, nýkjörins formanns Sjálfstfl., og hæstv. fjmrh. sem m. a. var kosinn til Alþingis vegna þess að hann var búinn að lýsa yfir því aftur og aftur að það ætti að lækka skattana.

Þessi framkoma, þetta siðleysi gagnvart verkalýðssamtökunum í landinu er auðvitað algjörlega dæmalaust. Það er útilokað annað en að þessir sendimenn skattahækkananna hér á Alþingi, boðberar skattahækkunarinnar hér á Alþingi, geri grein fyrir máli sínu, hvað svona framkoma á að þýða.

Kannske verkalýðshreyfingin hafi vitað að þessi skattahækkun væri væntanleg og að menn uni við þessa hækkun og forustumenn verkalýðssamtakanna séu sáttir við þá skattahækkunarstefnu sem hér er verið að hrinda í framkvæmd. Nei, það er nú eitthvað annað. Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa í dag sent öllum þingflokkunum bréf, dags. 21. mars 1984, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Efri deild Alþingis hefur nú samþykkt að hækka tekjuskatt frá því sem Nd. gerði ráð fyrir, er þar var afgreitt stjfrv. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, 129. mál. Tilgreindar ástæður þess meiri hl. sem samþykkti breytingarnar í Ed. eru þær, að laun skv. nýlega gerðum kjarasamningum hækki að meðaltali um meira en 4% á árinu 1984. Við viljum eindregið mótmæla þeirri aukningu á skattheimtu sem meiri hl. þm. Ed. hefur samþykkt. Í þessu sambandi skal vísað til þess, er skýrt kom fram í viðræðum um kjarasamning ASÍ og VSÍ, að ekki væri gert ráð fyrir aukinni skattheimtu. Þá voru og gefnar skýrar yfirlýsingar af hálfu fulltrúa fjmrh. í samningaviðræðum við BSRB um að auknar tekjur ríkissjóðs vegna almennra launahækkana næðu langleiðina til að brúa bilið á milli áætlaðra útgjalda ríkissjóðs vegna launahækkana skv. fjárlögum og aukinnar hækkunar skv. þeim samningi sem undirritaður var 29. febrúar s. l. Við lítum á þá auknu skattheimtu sem meiri hl. þm. Ed. samþykkti sem hreina ögrun við launafólk og skorum á ríkisstj. og Alþingi að falla frá þessari breytingu.

Virðingarfyllst.
Ásmundur Stefánsson forseti ASÍ.
Kristján Thorlacius formaður BSRB."

Þessir forustumenn stærstu stéttasamtaka í landinu segja nú við 2. umr. málsins hér á Alþingi að ríkisstj. sé með þessari skattahækkun að ögra verkalýðssamtökunum. Og ég spyr: Ætlar ríkisstj. og þingmeirihluti hennar hér á Alþingi að láta sig hafa það að ögra verkalýðssamtökunum með þessum hætti? Ætla þeir menn, sem hingað eru kosnir og eru jafnframt eða hafa verið trúnaðarmenn verkalýðssamtakanna, að una þessari skattahækkun? Ætla hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson eða hv. þm. Pétur Sigurðsson, að samþykkja þessa skattahækkun, sem hér er á ferðinni, í trássi við viðhorf yfirgnæfandi meiri hluta launamanna og þeirra heildarsamtaka sem þar fara fremst í forsvari?

Er það kannske svo, að innan um í liði framsóknar hér í deildinni leynist einn eða tveir sem þora að feta í fótspor hv. þm. Ólafs Jóhannessonar? E. t. v. eru fleiri þm. Framsfl. sem hafa löngun í sér til að rísa upp gegn ofríki ríkisstjórnarliðsins og segja: Hingað og ekki lengra, þegar ríkisstj. er gagngert að stofna sambúðinni við launþegasamtökin í landinu í stórfellda hættu og ögra verkalýðssamtökunum. Er það þannig að allir þm. Framsfl. hér í hv. Nd. ætli að hlíta handjárnunum 100% í bak og fyrir og gefast upp eða ætla menn að fara að fordæmi Ólafs Jóhannessonar, sem kallaði frv. sem hér er á dagskrá skollaleik?

Frv. til l. um skollaleik ætti það að heita því hér er auðvitað verið að hækka skatta. Hér er auðvitað verið að storka verkalýðssamtökunum í landinu.

Það var athyglisvert að hv. frsm. n. skyldi ekki sjá sóma sinn í því að lesa bréfið frá verkalýðssamtökunum áðan. Hann gerði það ekki. Ég heyrði ekki að hann nefndi það í nokkru. Ætlaði varaformaður Sjálfstfl. að fela þetta viðhorf forustumanna tveggja stærstu stéttarsamtaka í landinu? Átti að stinga því undir stól eins og fleiru hér í vinnubrögðum hv. meiri hl. Alþingis?

Grunsemdir hljóta að vakna um það og hlýtur að vera eðlilegt að ég gagnrýni það mjög harðlega, m. a. við hæstv. forseta Nd., þegar mikilvægum málsskjölum er stungið undir stól af frsm. nefnda. Frsm. n. er skylt að halda til haga megingögnum í málum eins og þessum. Þess vegna var það ósmekklegt af hv. 2. þm. Reykv. að gera ekki grein fyrir bréfi forseta Alþýðusambandsins og formanns BSRB í ræðu sinni áðan. Það var í fyllsta máta ósmekklegt af honum til viðbótar við þá storkun og það siðleysi sem felst í framkomu ríkisstj. gagnvart verkalýðssamtökunum, þar sem ríkisstj. er að rifta sinni hlið á því samkomulagi sem um var talað og undirritað var 21. febrúar s. l. og stjórnarliðið taldi eftir atvikum sæmilegt samkomulag, og var ekki laust við að sumir þeirra væru að hrósa sér af því úr ræðustólnum á hv. Alþingi.

Með hliðsjón af þessu, herra forseti, hefur minni hl. fjh.- og viðskn. lagt fram brtt. við frv. þetta, þ. e. brtt. við frv. eins og það kemur frá 3. umr. í Ed. Við leggjum til að það verði gerðar nokkrar breytingar á álagningarprósentum og endurflytjum till. sem við áður höfðum flutt hér við meðferð málsins í Nd. Minni hl. n. er því andvígur frv. eins og það kemur hér fyrir og þeirri skattahækkun sem í því felst.

Samkvæmt útreikningum Reiknistofnunar og ríkisskattstjóra verður verulegur fjöldi launafólks fyrir nokkurri eða verulegri skattþyngingu skv. till. meiri hl., jafnframt því sem gerð er till. af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um mikla skattalækkun á fyrirtækjunum. Í þessu frv. felst skattalækkun á fyrirtækjunum. Minni hl. n. gerir till. um að álagningarprósenta á félög skuli vera áfram hin sama og hæsta jaðarprósenta tekjuskatts á einstaklinga eins og verið hefur undanfarin ár, en jafnframt verði skattbyrði einstaklinga létt sem sömu fjárhæð nemur. Skv. þessu yrðu prósentur á skattstiga einstaklinga skv. okkar till. 22.75%, 29.75% og 44%.

Jafnframt standa nm. að tveimur öðrum brtt. Eru þær annars vegar um að milda áhrif af tekjumissi vegna atvinnubrests eða af sérstökum tekjubresti vegna t. d. aflasamdráttar. Hins vegar er till. sem tekur til þess að rétta hag hinna allra verst settu í þjóðfélaginu með útgreiðslu persónuafsláttar sem nýtist ekki til skattalækkunar eða greiðslu skatta og fellur því ónýttur við núverandi fyrirkomulag. Slík útgreiðsla næði þó að hámarki til hálfs persónuafsláttar og einungis til þeirra sem væru yfir tvítugt og störfuðu ekki við eigin atvinnurekstur skv. nánari skilgreiningu í lagagr. í brtt.

Undir nál. minni hl. rita auk mín hv. þm. Guðmundur Einarsson og Kjartan Jóhannsson. Guðrún Agnarsdóttir, hv. þm. Samtaka um kvennalista, er samþykk þeirri afstöðu minni hl., sem gerð er grein fyrir á þskj. 480, og stendur að þeim brtt. sem þar eru fluttar á þskj. 481

Ég tel, herra forseti, í tilefni af þessari umr., sem hér stendur yfir, óhjákvæmilegt að rifja nokkuð upp hver verður heildarskattbyrði á þessu ári. Samkvæmt áætlun frá Þjóðhagsstofnun, sem er dags. 12. mars 1984, er gert ráð fyrir að álagðir skattar verði alls á þessu ári 13.7% af tekjum þessa árs. Ég hef fyrir framan mig tölur fyrir árið 1975—1983. Þetta er hæsta hlutfall sem sögur fara af. 1975 er hlutfallið 11.7%, 1976 er það 12.8%, 1977 er það 10.8%, 1978 er það 12.4%, 1979 er það 13.1%, 1980 er það 12.9%, 1981 er það 12.4%, 1982 er það 12.9%, 1983 er það 12.5%, en 1984 er það 13.7%

Það fer m. ö. o. ekki milli mála að hér er um að ræða hæsta hlutfall álagðra skatta opinberra aðila af tekjum greiðsluárs sem um getur allt frá árinu 1975. Hér er ekki um að ræða tölur sem eru fengnar annars staðar og frá ómerkari aðila en Þjóðhagsstofnun, sem leggur til megingögn í ákvarðanatökum ríkisstj. í skatta- og efnahagsmálum.

Ríkisstj. heldur því fram að till. hennar nú geri ráð fyrir að álagðir skattar í hlutfalli við tekjur greiðsluárs, þ. e. til ríkisins, verði þeir sömu og á árinu 1983. Áður hafði ríkisstj. sýnt fram á að lægri skattstiginn væri sá sami og var á árinu 1983. Nú er fullyrt að hærri skattstiginn þýði sama hlutfall af tekjum greiðsluárs og á árinu 1983 vegna þess að menn eru að seilast eftir hugsanlegum ávinningi þeirra kjarasamninga sem nú hafa verið gerðir. Venjan hefur verið sú, að menn hafa tekið skatta í ríkissjóð eftir á og menn hafa skattlagt kauphækkanir eftir á með tilteknum hætti. Núverandi ríkisstj. hugsar sér að breyta þessu. Hún ætlar ekki einasta að skattleggja menn eftir á, svo sem gert hefur verið, heldur á að hremma samstundis þann litla ávinning sem liggur fyrir af þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið. Við skulum gera okkur grein fyrir að hér er farið inn á algerlega nýja braut, eins og hv. þm. Ólafur Jóhannesson gerði grein fyrir í Ed. á dögunum. Hér er þess vegna um að ræða óviðfelldinn rökstuðning

af hálfu stjórnarliðsins, að ætla sér að hrifsa þannig til sín skatttekjur á þessu ári.

Með tilliti til þess að hér er gert ráð fyrir að skattbyrði þyngist á þessu ári, með tilliti til þess að hér er um að ræða skattahækkunarfrv. og með tilliti til þess að hér er gert ráð fyrir beinni ögrun við verkalýðssamtökin, hér er stofnað í hættu þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið, þá telur minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. óhjákvæmilegt að lýsa fullri andstöðu við það frv. sem hér er á dagskrá.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. las hér bréf frá ASÍ og BSRB. Mér barst þetta bréf rétt fyrir hádegið á skrifstofu mína og ég hafði ætlað mér að gera grein fyrir því hér. Því vil ég leiðrétta þá fullyrðingu hans að ætlunin hafi verið að fela þetta bréf. Svo var ekki. Ætlun mín var að ræða það og jafnframt fara nokkrum orðum um þann misskilning sem mér finnst koma fram bæði í þessu bréfi, í umræðum hér og ekki síður í umræðum í Ed.

Eins og allir hv. þm. þekkja er reglan sú að við greiðum skatta eftir á, þ. e. ári eftir að tekna er aflað, og er þá venjulega reiknuð út svokölluð skattvísitala á milli ára, þannig að skattbyrði sé nokkuð svipuð miðað við tekjuár. Ef þessi leið hefði verið farin nú og því fylgt að greiðslubyrði af tekjum ársins í fyrra hefði verið sú sama og þá var af tekjuárinu 1982 hefði átt að innheimta 600 millj. kr. hærri tekjuskatt.

Þegar ríkisstj. fjallaði um skattamálin taldi hún þetta ekki fært vegna þess samdráttar sem orðið hefur í kaupmætti vegna minni þjóðartekna og þjóðarframleiðslu. Því var ákveðið að miða við að greiðslubyrði af tekjuskatti á þessu greiðsluári yrði ekki meiri en á því síðasta. Þetta var margyfirlýst. Þetta lá fyrir þegar frv. var lagt fram s. l. haust og við þessa stefnu hefur ríkisstj. staðið. Það hefur aldrei verið um annað að ræða fyrst horfið var frá því, sem áður hefur verið gert, að halda greiðslubyrðinni fastri miðað við tekjuár. Þarna er því um mjög mikla skattalækkun að ræða, miðað við fyrri venjur á þessu sviði. Ég vildi leggja áherslu á þetta þegar það er gagnrýnt að byggt skuli vera á tekjum yfirstandandi árs og sagt að venja sé að skattleggja tekjur eftir á. Hér er sem sagt í mjög veigamiklu atriði horfið frá því og þar með létt af skattgreiðendum miklum sköttum.

Mér sýnist jafnframt að í því bréfi sem kemur frá ASÍ og BSRB sé mikill misskilningur. Ég kannast ekki við að í neinum samningum hafi verið samið um að hverfa frá því að greiðslubyrði af tekjum ársins í ár yrði óbreytt. Ég hef skoðað það. Slíkt kemur hvergi fram. Í sambandi við láglaunabætur er lögð áhersla á að tekna verði ekki aflað til þeirra með nýjum sköttum.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja umr. um þetta mál, en ég hafði hugsað mér að gera grein fyrir umræddu bréfi og leggja áherslu á þau atriði sem ég hef nú nefnt um stefnu ríkisstj. í skattamálum.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Það er furðulegur misskilningur sem hefur komið fram í umr. um þetta mál. Ljóst er, eins og kom fram í máli hæstv. forsrh., að það var yfirlýst stefna ríkisstj. að tryggja að á þessu ári yrði greiðslubyrði tekjuskatta að meðaltali ekki meiri en hún var á síðasta ári.

Auðvitað hefði verið hægt að búa við skattalögin óbreytt eins og þau voru og breyta skattvísitölu í hátt við það sem venjulega hefur átt sér stað. Það hefði þýtt verulega aukningu á skattheimtu af öllum almenningi í landinu. Ef hér hefði verið beitt þeirri aðferð, sem hv. 3. þm. Reykv. var að leggja til að gert hefði verið, að leggja á skatta s. l. árs með óbreyttum hætti, þá hefðu væntanlega verið teknar hér — (Gripið fram í.) Hún kom fram í máli hv. þm. fyrr í þessari umr. — þá hefðu verið teknar hér a. m. k. 600 millj. kr. til viðbótar af skattgreiðendum í landinu. Það er það sem fram kemur í málflutningi hv. 3. þm. Reykv.

Það var ákvörðun stjórnarflokkanna að breyta skattalögunum á þann veg að tryggt yrði að greiðslubyrðin yrði að meðaltali óbreytt. Þær ákvarðanir eru auðvitað teknar út frá þeim forsendum sem best eru þekktar hverju sinni. Þegar frv. kom fram á haustdögum lá fyrir áætlun um hversu laun mundu að öllum líkindum hækka á þessu ári. Á þeim grundvelli var frv. byggt þegar það var lagt fram í upphafi. Síðar gerist það að nýjar forsendur koma upp í efnahagsmálum, þegar ljóst var að við mundum ekki geta veitt á þessu ári jafnmikinn fisk og við höfum ráðgert. Þá var frv. eðlilega breytt í samræmi við þær forsendur. Menn reiknuðu ekki með að svigrúm til launabreytinga gæti eftir það verið meira en sem nemur 4% frá desemberlaunum yfir til meðaltals ársins 1984.

Þegar niðurstöður kjarasamninga liggja fyrir er ljóst að þessar forsendur breytast. Það er í fullu samræmi við það sem áður hafði verið ákveðið að breyta þá á nýjan leik tölum í þessu frv. í því skyni að tryggja að greiðslubyrðin verði áfram að meðaltali sú sama og hún var á síðasta ári. Það hafa engir samningar verið gerðir um það við einn eða neinn hóp í þjóðfélaginu. Auðvitað hefði verið hægt að halda skattalögunum óbreyttum og taka hér miklu meiri skatta af þeim sökum, en það fólst ekki í stefnu ríkisstj. Hún vildi koma til móts við fólkið í landinu og koma í veg fyrir að sú mikla skattahækkun hlytist af sem orðið hefði ef skattalögin hefðu verið óbreytt og því var til þessa ráðs gripið. Hér hefur einungis verið fylgt fram markaðri stefnu. Henni hefur verið breytt í samræmi við þær forsendur sem hafa breyst í okkar efnahagskerfi. Auðvitað var alveg fráleitt að líta fram hjá þeim með öllu.

Það var pólitísk ákvörðun að framkvæma þessa skattabreytingu með þeim hætti að greiðslubyrði lækkaði nokkuð hjá þeim sem hafa lægstar tekjur, en þá auðvitað með því að hún hækkaði lítið eitt hjá hinum sem hafa hærri tekjurnar. Úrtaksathuganir sýna að greiðslubyrði tekjuskattts muni lækka um u. þ. b. 2% hjá tæplega 24 þús. gjaldenda, um 1—2% hjá 27 þúsund gjaldendum og um ½—1% hjá rúmlega 30 þúsund gjaldendum. Og það er þetta sem hér er verið að framkvæma.

Því var haldið fram í máli hv. 3. þm. Reykv. að ríkisstj. væri að rifta af sinni hálfu þeim kjarasamningum sem nýlega voru gerðir. Er það furðulegt af hálfu þess manns sem mest hefur beitt sér fyrir því að þessir kjarasamningar væru felldir og harðast hefur gengið gegn þeim ábyrgu niðurstöðum sem fengust í þeim samningum. Þegar kjarasamningarnir lágu fyrir gengu fulltrúar Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins á fund formanna stjórnarflokkanna og gerðu

þar grein fyrir ákveðnum till. um ráðstafanir í þágu þess fólks sem við verst kjör býr í þjóðfélaginu. Það var samþykkt af hálfu ríkisstj. að beita sér fyrir þeim úrbótum sem þar var greint frá. Það var ósk forustumanna Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins að sá útgjaldaauki kæmi til framkvæmda án þess að skattar yrðu af þeim sökum hækkaðir á launþega eða atvinnufyrirtæki, að fjármagns til þessara tilfærslna yrði ekki aflað með skattheimtu á launþega eða atvinnufyrirtæki. Það var skýrt tekið fram af hálfu fulltrúa stjórnarflokkanna, að þó að að þessu skilyrði yrði gengið mundi ríkisstj. á engan hátt binda hendur sínar til stjórnunar ríkisfjármála og annarra aðgerða á því sviði tekjuöflunar eða breytinga á útgjaldaáformum. Hún getur aldrei og ekki undir neinum kringumstæðum bundið hendur sínar með þeim hætti í samningum við hagsmunasamtök í þjóðfélaginu. Það var alveg skýrt tekið fram við fulltrúa þessara aðila. Að því leyti og af þeim sökum er það á misskilningi byggt, sem fram kemur í bréfi Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem sent hefur verið þingflokkum hér í dag og vitnað hefur verið til fyrr í þessum umr., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu sambandi skal vísað til þess, er skýrt kom fram í viðræðum um kjarasamning ASÍ og VSÍ, að ekki væri gert ráð fyrir aukinni skattheimtu."

Þessi tilvísun á einungis við tekjuöflun til þeirra tilfærslna í þágu þess fólks sem við verst kjör býr sem þar voru til umræðu. Það var alveg skýrt tekið fram að ríkisstj. mundi ekki binda hendur sínar að öðru leyti.

Það er þar að auki alveg ljóst að frv., eins og það hefur verið samþykkt frá Ed., felur ekki í sér neina breytingu á skattheimtu frá því sem þá lá fyrir. Það er m. ö. o. nú eins og þá verið að tryggja að greiðslubyrði tekjuskatta verði að meðaltali sú sama á þessu ári og hinu síðasta.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Umr. sem hefur orðið hér í vetur um skattamál kennir okkur eitt. Það er í fyrsta lagi alveg forkastanlegt að vera með eftiráskattheimtu sem þarf að byggja ár frá ári á einhvers konar meðaltalsútreikningum, þar sem reynt er að meta að meðaltali hvernig nýjar skattreglur mundu hugsanlega koma við einhvers konar meðaltalsfjölskyldur og meðaltalslaunþega. Þetta ætti að kenna okkur þá lexíu, að því fyrr sem við komum á staðgreiðslukerfi skatta því betra. Það er algerlega forkastanlegt að þurfa að standa svona að skattheimtumálunum ár eftir ár.

En hvað sem því líður keyrir um þverbak að koma svo, eftir alla eftiráætlunina, og taka aftur hluta af launagreiðslum sem nýlega er búið að semja um. Koma fram mótmæli við því í bréfi frá ASÍ og BSRB. Forsetar þeirra samtaka lýsa því þar yfir að það hafi alls ekki verið hluti af þeim samningum sem þeir gengust undir. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson og hæstv. forsrh. segja að þetta álit þeirra sé á misskilningi byggt. Það skyldi þó ekki vera að það ætti eftir að koma upp meiri misskilningur í sambandi við þá samningsnefnu sem gerð var hérna um daginn?

En það er aldeilis ótrúlegt að staðið skuli vera svona að hlutum. Maður getur spurt sig þá í framhaldi af þessu: Hvað verður þá gert ef samningum verður sagt upp í sumar og samið verður kannske um nýja kauphækkun? Verður þá skattakerfið tekið upp til nýrrar endurskoðunar? Hvenær lýkur þessum meðaltalsútreikningi fyrir árið í ár? Úr því menn ætluðu sér á annað borð að standa svona að þessu og reikna þetta eftir á, eins og gert hefur verið á undanförnum árum, kom ekki annað til greina en miðað væri við þær forsendur sem þekktar voru um áramótin, vegna þess að ef á að standa svona að þessu er hægt að endurskoða skattheimtu með kannske þriggja mánaða millibili. Og eigum við þá ekki bara að bíða til vors með að samþykkja þetta ágæta frv.? Okkur er ekkert að vanbúnaði. Við erum þegar búin að taka þátt í sjö umræðum um þessi mál í deildum. Við getum alveg beðið með eina umræðu, sem ætti þá líklega skv. þingsköpum að fara fram í Sþ. einhvern tíma þegar enn frekari og betri upplýsingar liggja fyrir um meðallaun fólksins í þessu landi á þessu ári.

Það hefur að öðru leyti verið gerð grein efnislega fyrir áliti stjórnarandstöðunnar í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar, en ég álít síðasta útspil stjórnarinnar í þessu máli algjörlega forkastanleg vinnubrögð og skora á hana að taka þetta aftur vegna þess að þetta fyrirgerir öllu trausti sem fólkið í þessu landi getur borið bæði til ríkisstj. og Alþingis.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal reyna að eyða ekki löngum, dýrmætum tíma deildar utan dagskrár. En ég hef kvatt mér hljóðs til þess að gera að umræðuefni í sem stystu máli þær umr. og þau skrif sem átt hafa sér stað undanfarið vegna ferskfiskmatsins. Mörg orð hafa þar verið sögð og harðlega gagnrýnt að mistök hafi átt sér stað að því er varðar Ferskfiskmatið og forstöðumann þess. Ég skal ekki gera það að umræðuefni, vil aðeins rifja upp að við fiskverðsákvörðun var um það rætt, það ég best veit, að nýjar fiskmatsreglur yrðu upp teknar og fiskverð grundvallað á þeim. Frá því var horfið og um það varð samkomulag að hinar nýju reglur skyldu til reynslu teknar upp við hlið hinna fyrri og það mundi gilda á yfirstandandi verðtímabili án þess að það yrði látið gilda sem greiðsluviðmiðun.

Nú hefur það komið upp, að ég held, að einhvers staðar hefur verið greitt skv. hinum nýju reglum sem að mati sjómanna skerða verulega þeirra hlut. Ég tel því nauðsynlegt að fá um það ótvíræða yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. að séð verði til þess að samkomulagið, sem gert var við fiskverðsákvörðun í febrúar s. l., verði í gildi, en einstökum aðilum innan Ferskfiskmatsins, hvort sem um er að ræða forstöðumann þeirrar stofnunar eða aðra, líðist ekki að beita þessum nýju reglum sem þýða í raun og veru að mati sjómanna stórkostlega tekjurýrnun þeim til handa.

Mín ósk er því sú að fá um það ótvíræða yfirlýsingu hæstv. ráðh. að séð verði til þess að það samkomulag sem gert var verði í fullu gildi þann tíma sem um var talað. Ég hygg að það sé affarasælast fyrir alla aðila að það megi treysta því að samkomulag, sem gert er með þessum hætti, standi. Mér sýnist að á því hafi orðið misbrestur. Koma verður í veg fyrir að slíkt gerist. Ég

vænti þess að hæstv. ráðh. geti gefið þá yfirlýsingu hér að til þess verði séð að samkomulag um þessi atriði, sem gert var, standi.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Við verðákvörðun í byrjun febr. barst sjútvrn. bréf frá Verðlagsráði sjávarútvegsins sem svarað var með þessum hætti:

„Varðandi bréf yðar dags. 27. jan. þá vill sjútvrn. taka fram eftirfarandi:

Starfshópur, sem skipaður var af rn. til að endurskoða reglugerð nr. 55/1970 um ferskan fisk, hefur enn ekki lokið störfum og nefndri reglugerð því ekki verið breytt.“ — En spurst var fyrir um það hvort fyrirhuguð væri breyting á þeirri reglugerð.

„Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur í samráði við Fiskmatsráð haldið námskeið fyrir alla ferskfiskmatsmenn í landinu til að samræma vinnubörgð þeirra. Rn. hefur ákveðið að beita sér fyrir því að framkvæmt verði tilraunamat á þessari vertíð þannig að samanburður fáist á því hvernig fiskur flokkast í gæðaflokka skv. gildandi matsreglum og skv. þeim reglum sem reglugerðarhópurinn er að undirbúa. Rn. ætlar sér að beita sér fyrir því að slíkt tilraunamat verði framkvæmt í samvinnu við hagsmunaaðila og niðurstöður á því tilraunamati liggi fyrir að lokinni vertíð þannig að hægt verði að nota þær við næstu ákvörðun fiskverðs.“

Í framhaldi af því voru tilnefndir menn af hagsmunaaðilum til þess að hafa umsjón með þessu tilraunamati. Síðan hafa komið upp síðustu daga nokkrar umkvartanir vegna þess að mat hafi verið framkvæmt með öðrum hætti en til hafi staðið og skal ég ekki fullyrða um það. En það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að enginn misskilningur sé varðandi þessi mál og aðilar geti treyst því að mat sé framkvæmt í samræmi við verðákvarðanir. Í framhaldi af því hefur sjútvrn. skrifað Framleiðslueftirliti sjávarafurða eftirfarandi bréf:

„Vísað er til fundar með yður og fulltrúum ráðuneytisins þann 19. mars s. l. í sjútvrn. þar sem til umr. voru m. a. kvartanir frá útgerðarmönnum og sjómönnum þess efnis að Framleiðslueftirlit sjávarafurða hafi tekið upp nýtt og hert mat á ferskum fiski. Af hálfu yðar kom fram að kvartanir þessar mundu vera að verulegu leyti á misskilningi byggðar, en að þér væruð reiðubúinn að hafa fullt samráð við rn. um framkvæmd matsins. Rn. áréttar hér með afstöðu sína að Framleiðslueftirlitið hagi mati á ferskum fiski á sama hátt og gert var í febr. s. l. út núverandi verðtímabil, þ. e. til 1. júní n. k.“

Í framhaldi af þessu hefur Framleiðslueftirlit sjávarafurða skrifað ferskfismatsmönnum öllum eftirfarandi bréf:

„Verulegur misskilningur hefur orðið um þær nýju matsaðferðir sem kenndar voru í lok jan. s. l. sem og um framkvæmd ferskfiskmatsins síðan. Ýmsir hafa ranglega talið að matsaðferðirnar væru strangari en áður tíðkaðist, en eins og ykkur er kunnugt um var stefnt að því að matsniðurstöður breyttust ekki eða sem minnst með nýjum vinnubrögðum eða á meðan núverandi verðákvörðunartímabil ríkir. Nú gerist nauðsynlegt í samráði við sjútvrn. að fresta um sinn frekari breytingum á matsaðferðum á meðan unnið er að skilningi og samþykki hagsmunaaðila fyrir bættum matsaðferðum. Ég vil því biðja ykkur að haga nú ykkar störfum í öllum aðalatriðum í samræmi við þau vinnubrögð sem stunduð voru í febr. s. l. þangað til frekari fyrirmæli verða gefin út.“

Ég vænti þess að þessi bréf staðfesti það að að sjálfsögðu verður staðið við þær ákvarðanir sem teknar voru í febr. og samstaða var um meðal útgerðarmanna, sjómanna og fiskkaupenda. Ég vænti þess að frekari misskilningur þurfi ekki að vera í kringum mál þetta. Hitt er svo annað mál að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að samræma matið og einnig er mikilvægt að breyta ýmsu að því er matið varðar. Hins vegar verður að fylgjast að breyting á verði og matsreglum því annað er ekki framkvæmanlegt og á það vil ég leggja áherslu og ég vænti þess að fullur skilningur sé meðal aðila í þeim efnum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Reglugerð um ferskfiskmat hefur ekki verið breytt. Annaðhvort er hér um það að ræða að menn tala um það undir rós að ekki eigi að fara eftir reglugerðinni eða að þeir undirstrika að ekki hafi verið farið eftir reglugerðinni áður. Aðrir valkostir eru ekki til í þessu máli.

Ég vil undirstrika það að ef Ferskfiskmatið hefur ekki farið eftir reglugerð á undanförnum mánuðum er verið að brjóta lög. Það liggur alveg ljóst fyrir og ég vil benda á það í þessu sambandi að það kemur úr hörðustu átt ef það á sér stað þegar aflaleysi er við landið að þá telji menn ekki nauðsynlegt að framfylgja reglugerð um ferskfiskmat. Hvaða afleiðingar getur það haft fyrir afkomu þjóðarinnar ef við gætum ekki að grundvallaratriðunum varðandi veiðarnar, að hráefnið komi óskemmt að landi? Mér er það óskiljanlegt að hagsmunaaðilar þeir sem hafa látið í það skína að þeir ætli að láta sigla skipunum í land hafi íslenska sjómenn á bak við sig í þessu máli. Ég trúi því ekki. Ég trúi því ekki að íslenskir sjómenn leggi til að matið verði ekki framkvæmt með eðlilegum hætti á ferskum fiski, eins og reglugerð segir fyrir um. Eru menn að tala um það að dauðblóðgaður fiskur eigi að fara í 1. flokk? Hvað er á dagskrá? Hvers vegna er talað undir rós um þetta mál? Hvers vegna þora menn ekki að segja það hreint út hér, á að fara eftir reglugerðinni eða er búið að gera það að samningsatriði að koma með skemmdan fisk að landi og borga fullt fyrir hann? Ég óska eftir því að fá skýlaus svör.

Það er ástæðulaust, herra forseti, að tala lengi um þetta mál. En málið er stórt, ég vona að þingheimur geri sér grein fyrir því, og mín afstaða er sú að það eigi skilyrðislaust að fara eftir reglugerðinni, sérstaklega í árferði þegar lítið veiðist eins og nú.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég held að það gæti nokkurs misskilnings í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Ég held að enginn maður úr röðum sjómannasamtaka, hvort sem hann semur eða sækir sjó, óski eftir því að koma með skemmdan fisk að landi. Ég vísa slíkum ummælum heim til föðurhúsanna. Ég veit ekki betur en að fulltrúar þessara samtaka hafi tekið heilshugar þátt í því að betrumbæta bæði meðferð og alla vöndun við þann fisk sem þeir draga úr sjó. Hitt verða menn að skilja, að það árar líka illa hjá þeim og líklega verr en hjá nokkurri annarri stétt í landinu. Þeir skilja hins vegar vandamálið betur en flestir aðrir, eins og ég hef áður drepið á. En þeir kæra sig ekki um að verið sé að taka upp matsreglur í samræmi við lög sem

ekki hafa enn þá verið sett. Þeir hafa heldur ekki skilið það, jafnvel þótt góðir menn, sem að þessu vinna, vilji samræma gildandi matsreglur, að þá þurfi endilega að taka mið í samræmingunni af því sem lægst er metið alls staðar, af hverju það megi ekki alveg eins vera þaðan sem topparnir koma.

Það eru nefnilega margir sem ganga með þá grillu að alltaf sé hægt að ganga á hagsmuni þessara manna. Ég leyfi mér að fullyrða, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, að ekki stendur á sjómannasamtökunum að stuðla að því að félagsmenn þeirra komi með góðan afla að landi. En það á líka að vera hagur þeirra og sá hagur á ekki að vera rýrður þegar í land er komið af einhverjum embættismönnum og kerfiskörlum.

Ég leyfi mér að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf áðan og fyrir að hafa brugðist strax við og gripið í taumana þegar sjómannasamtökin beindu orðum sínum og tilmælum til hans þar um.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf. Ég tel að hún sé alveg ótvíræð um að staðið verði við það samkomulag sem sjómannasamtökin féllust á í febrúar þar til þessu vertíðartímabili lýkur og þá verði annað tekið upp, að ég vona, í samráði við sjómenn. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, ég hef enga ástæðu til þess að ætla að sjómenn vilji ekki koma með sem bestan afla að landi. Sjómannasamtökin hafa hins vegar krafist þess að samræmt mat væri framkvæmt, ekki að geðþóttaákvörðun einstaklinga á hinum viðkomandi stöðum heldur að samræmd verði reglugerð um hvernig matið ætti að fara fram þannig að allir byggju við sama hlut, en það er það sem hefur á skort.

Ég met það svo að bréf það sem Framleiðslueftirlitið hefur sent út í morgun til matsmanna sé orðað með þeim hætti að skilja megi að aðrar reglur hafi gilt það sem af er marsmánuði en í febrúar því beðið er um það sérstaklega að tekin verði upp sömu vinnubrögð við mat og voru við það í febrúar, þar til annað verður ákveðið. Mér sýnist að þarna sé einmitt komin viðurkenningin á því að forstöðumaður Framleiðslueftirlitsins hafi þarna gengið feti lengra en honum var heimilt, þarna hafi ekki verið farið eftir gildandi reglugerð um matið. Því ítreka ég þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir það að nú hefur það verið stöðvað og ég vænti þess að því verði fylgt eftir að einstökum embættismönnum í kerfinu líðist ekki að ganga fram hjá gildandi reglum og haga sínum vinnubrögðum að geðþótta eftir því sem þeim sýnist hverju sinni.

Ég fagna því að yfirlýsing af þessu tagi er komin fram. Ég taldi nauðsynlegt og öllum til góðs að yfirlýsing af þessu tagi, væri hún fáanleg, kæmi fram á Alþingi svo að sjómannasamtökunum, sjómönnum almennt og öllum þeim sem hlut eiga að máli sé ljóst að hægt er að treysta því að yfirvöld sem þarna hafa umsjón, þ. e. hæstv. sjútvrh. og rn., muni fylgja því fast eftir að við samkomulagið verði staðið þó að út af því hafi verið brugðið í einhverjum tilfellum eins og mér sýnist vera ljóst.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég fagna því að þessi umr. fer fram og að hún skuli hafa verið vakin hér.

Það er greinilega upplýst í umr. að matinu hefur verið breytt í framkvæmd, það staðfestir forstöðumaður Framleiðslueftirlits sjávarafurða í bréfi sínu varðandi þetta mál til ferskfiskmatsmanna, hvað sem öllum fyrri afneitunum líður. Hann talar um það í bréfi sínu að orðið hafi misskilningur. Það væri fróðlegt að fá upplýst hver hafi þá misskilið hvern því að í sama bréfi ásakar hann ekki ferskfiskmatsmennina um að hafa misskilið sitt hlutverk, heldur eiginlega þjóðfélagið um að hafa misskilið sig.

Ég verð að segja að þetta mál er allt hið undarlegasta og gott er að gripið skuli hafa verið í taumana því að auðvitað verða hagsmunaaðilar í þjóðfélaginu að geta treyst þeim loforðum sem ráðh. gefa í viðkvæmum málum eins og þessum.Það er vissulega athugunarefni hvernig það gat gerst, eftir það bréf og þá yfirlýsingu sem sjútvrh. hafði gefið í sambandi við fiskverðsákvörðun, að engu að síður væri brugðið út af því sem þar var ákveðið og lagt fyrir. Ég legg til að hæstv. sjútvrh. kanni það mál nokkru nánar, hvernig það má vera að þegar yfirlýsing liggur fyrir sé ekki eftir henni farið, eins og hér hefur greinilega gerst.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er athyglisvert að þeir sem hér hafa staðið upp og mælt með því að gildandi reglugerð um ferskfiskmat væri ekki virt hafa talað undir rós. Þeir hafa talað um að vegna þess að þetta hefur verið í óstandi á undanförnum árum eigi að vera svo áfram, allt annað sé óréttlæti, mér skilst nánast brot gagnvart sjómönnum.

Ég vil undirstrika að ég lít svo á að íslenskir sjómenn hafi ekki beðið um að reglugerðin væri ekki virt. Hvenær hefur það verið samþykkt að ekki eigi að vera samræmt mat í landinu? Hefur nokkurn tímann annað verið á dagskrá en vera skuli samræmt mat á fiski í landinu? Það hefur aldrei verið neitt annað á dagskrá. Það væri nær að spyrja Noregsfarann ... (**Gripið fram í:** Spyrðu Jónas frænda þinn.) Ég hygg að þegar þm. standa hér upp hver um annan þveran og mæla með því að reglugerð sé ekki virt varðandi ferskfiskmatið ...(**Gripið fram í:** Þetta er alger misskilningur. Það er þveröfugt.) (**Gripið fram í:** Að vilja virða reglugerðina.) Það er verst að því er lýst yfir að menn vilji virða reglugerðina. Þá er rétt að við tökum sem fyrst upp umr. í þinginu um reglugerðina þar sem ákvæðin koma alveg skýrt fram, þar sem það liggur ljóst fyrir að Framleiðslueftirlit sjávarafurða er aðeins að fara eftir reglugerðinni, en er stöðvað í þeirri vinnu sinni vegna þess að menn eru lagðir á flótta fyrir hótunum frá örfáum mönnum um að flotinn ætli að fara í land. Það er allt sem hefur gerst.

Mig undrar það að við, sem lifum á matvælaframleiðslu, skulum láta okkur detta í hug að slaka á á þessum vígstöðvum. Það má vel vera að menn geti fiskað örfá atkvæði út á halda uppi slíkum málflutningi, en það er ekki í samræmi við þarfir þjóðarinnar, svo mikið er víst.

Ég hélt satt best að segja að mönnum væri ljóst að ef Framleiðslueftirlit sjávarafurða er að brjóta reglugerðina er það dómstólamál, þá á að sjálfsögðu að kæra það fyrir dómstólum og dómstólar að dæma í málinu. En vegna þess að það er ekki að brjóta reglugerðina er sú leið ekki fær hjá þeim aðilum sem hafa orðið fyrir því að fiskurinn er dæmdur niður. Þess vegna er þess krafist af framkvæmdavaldinu að það taki að sér dómsvaldið og skipi mönnunum að framkvæma ekki lög. (**Gripið fram**

í: Þú verður að skýra þetta fyrir manninum.) Nafni minn, hv. 7. þm. Reykv. —(**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann hvort hann treysti sér til að ljúka ræðunni á stuttum tíma?) Mjög lítið er eftir. Ég treysti mér ekki til að veita honum nægilegar upplýsingar um sjávarútvegsmál og mat á fiski í þeim tíma sem forseti skammtar, en það gæti verið fróðlegt fyrir hann að kynna sér hver er munurinn á dauðblóðguðun fiski og fiski sem hefur verið blóðgaður eins og á að standa að þeim málum.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Því miður var ég að koma hérna inn á bílastæðið þegar umr. um þetta mál byrjaði og ég heyrði aðeins í frummælanda og heyrði kannske ekki nógu glöggt upphaf ræðu hans.

Ég vil segja það og taka það skýrt fram að auðvitað á að virða samkomulag sem gert er og vinna eftir því, það fer ekkert milli mála. En ég hef unnið við sjávarútveg í nokkuð mörg ár og tel mig því geta eytt stund í að fjalla um þessi mál og ég veit af reynslu minni að þar er margt sem miður hefur farið og að þar er vissulega úrbóta þörf. En það er eins og svo oft fyrr að þau málin sem hvað mestu skipta fá venjulega stystan umfjöllunartíma.

Ég geri mér grein fyrir því að tel mig geta staðfest það, að mat á fiski er misjafnt, ekki aðeins milli landsvæða heldur einnig á milli manna sem framkvæma matið. Og hvað þýðir það? Það þýðir misjafnt verð á þeirri afurð sem komið er með að landi. Mig langar þess vegna að spyrja — og þeir gætu þá kannske svarað því, hv. þm. sem hér hafa talað, einhvrn tíma síðar vegna þess að tíminn er skilst mér búinn — mig langar að spyrja þá að því, hv. þm. Karvel Pálmason og Pétur Sigurðsson: Er það álit þeirra beggja að það sé misjafnt mat á þessari afurð í landinu? (**KP:** Ég svara strax játandi.) (**PS:** Það hefur enginn borið á móti því.) Nei. Þeir upplýsa, bæði hv. þm. Pétur Sigurðsson og hv. þm. Karvel Pálmason, að það sé og hafi verið misjafnt mat á ferskum fiski hér. Það er einmitt þetta sem ég ætlaði að fá fram og það undirstrikar að úrbóta er þörf. Það er misræmið sem er óþolandi. (**Gripið fram í:** Hvað er að?) Hvað er að? Það er ekki von að prófessorinn úr Háskólanum skilji þetta. Ef hann slægi það inn í tölvu í Háskólanum fengi hann sjálfsagt einhverja niðurstöðu í þeim efnum. En við erum hér, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að tala um mat á ferskum fiski upp úr sjó.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 465 (sbr. 364), n. 480 og 482, 481). — Frh. einnar umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hefði nú kosið að hv. þm. Karvel Pálmason hefði fengið að bera hér af sér sakir og hv. þm. Pétur Sigurðsson hefði fengi að leiða hv. tvo þm. Framsfl. í allan sannleikann um fiskmat. Ég sé greinilega að forseti hefur verið þeirrar skoðunar að öllum þingheimi væri ljóst að það væri hrein og klár della sem þessir tveir þm. Framsfl. hefðu hér verið að segja. Þess vegna væri engin þörf á að leiðrétta þetta sérstaklega. (**PS:** Þetta eru líka hagsmunir frystihúsanna, Ólafur.) Já, það er að vísu rétt. Ég ætla ekki að nota þennan tíma til þess að svara þeim skætingi sem kom hér í minn garð frá þessum tveimur síðustu ræðumönnum, hv. Ólafi Þ. Þórðarsyni og Stefáni Guðmundssyni.

Það voru sérkennilegar ræður sem þeir fluttu hér hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Þorsteinn Pálsson. Þeir höfðu það eitt fram að færa að allir væru að misskilja þá. Hv. þm. Ólafur Jóhannesson væri að misskilja þá. Hv. þm. Ellert B. Schram væri að misskilja þá. Ásmundur Stefánsson væri að misskilja þá. Kristján Thorlacius væri að misskilja þá. Merkilegt að þessir tveir formenn ríkisstjórnarflokkanna skuli vera svona misskildir menn. En þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessir tveir forustumenn stjórnarflokkanna hafa komið hér upp í umr. um þetta skattafrv. og ásakað alla aðra um að málflutningur þeirra, sem á móti ákvæðum frv. eru, sé byggður á misskilningi. Þegar frv. var fyrst til umr. hér í hv. Nd. bentum við ýmsir á að í frv. fælist allnokkur skattahækkun. Þá reis upp fjmrh. og forustulið Sjálfstfl. og sagði að þetta væri allt saman misskilningur. Það væri mikill misskilningur að í þessu frv., eins og það lá hér fyrir fyrst, fælist skattahækkun. Þeir fóru í ríkisfjölmiðlana og mótmæltu því að í þessu frv. fælist skattahækkun. Þeir stóðu hér í ræðustól og sögðu að það væri misskilningur að í þessu frv. fælist skattahækkun. En síðan brá svo við nokkrum mánuðum seinna að þeir viðurkenndu að það væri rétt hjá okkur að í frv. hefði falist skattahækkun. Og þeir fluttu brtt. til að leiðrétta þennan misskilning sem reyndist vera þeirra eigin misskilningur en einskis annars. Einu mennirnir sem sannarlega reyndust vera haldnir misskilningi hér við 1. umr. málsins í þessari hv. deild voru formaður og varaformaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Saga þessa máls hér í þinginu er því fyrst og fremst saga þess hvernig stjórnarliðið hefur orðið að leiðrétta sinn eigin misskilning.

Nú gerist það að sú leiðrétting sem stjórnarliðið kom sjálft með á frv. er dregin til baka í Ed. og flutt er till. um skattahækkun. Hæstv. forsrh. tók til máls í þessum umr. undir því yfirskini að hann væri að svara hv. þm. Svavari Gestssyni, en í raun var þetta tilraun til að svara hv. þm. Ólafi Jóhannessyni. Hv. þm. Ólafur Jóhannesson hefur þegar svarað forsrh. og lýst því yfir skýrt og skorinort, eins og alþjóð er kunnugt, að allar þessar röksemdafærslur um skattabyrði milli ára séu, svo vitnað sé orðrétt í hv. þm. Ólaf Jóhannesson, „skollaleikur sem hvert barn sér í gegnum“. Og ég spyr hæstv. forsrh.: Hvort heldur hann að þjóðin trúi frekar honum eða Ólafi Jóhannessyni í þessu efni? Það er alveg ljóst að tveir rétt kjörnir þm. stjórnarflokkanna hafa lýst sig sammála þeirri gagnrýni sem stjórnarandstaðan hefur flutt á þessa skattahækkun. Ólafur Jóhannesson gerði það í Ed. og Ellert B. Schram gerði það í leiðara Dagblaðsins og Vísis í dag. Í leiðaranum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt helsta kosningaloforð stjórnarflokkanna var slagorðið um lækkaða tekjuskatta. Stjórnarsáttmálinn tók í sama streng. Skattar áttu ekki að hækka. Ráðherrar hafa margsinnis endurtekið síðan að skattar skyldu ekki hækkaðir.

Hér er vert að benda á að enginn minntist á skattbyrði, enda verður að ætla að menn eigi við hvorutveggja þegar talað er um hækkaða eða lækkaða skatta. Stjórnmálamenn eru að segja kjósendum að skattar og greiðslubyrði þeirra sé spennt til hins ýtrasta og lengra verði ekki gengið.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur margoft ítrekað að

skattar eigi ekki að vera afturvirkir. Skattþegar eigi að vita nákvæmlega hver skattprósentan og álagningin verði þegar þeir telja fram.

Með skattahækkuninni nú hefur verið vikið frá þessari afstöðu. Í því felst skollaleikurinn."

Þessi ummæli eru nákvæmlega sams konar dómur og hv. þm. Ólafur Jóhannesson felldi í Ed. Þar sagði hv. þm. að ósanngjarnt væri að láta þessa skattahækkun koma í kjölfarið á mjög tilfinnanlegri kjaraskerðingu. Hann sagði einnig að það væri óviðfelldið í mesta máta að nota tækifærið þegar fólk hefði fengið eitthvað hærra kaup og taka hluta af því aftur með því að hækka skattstigann.

Ég rifja upp að hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir því í febrúarmánuði að framtalsfrestur var framlengdur um vikutíma eða svo. Meginrök hæstv. fjmrh. fyrir því að framlengja framtalsfrestinn voru að hann samþykkti þá skoðun, sem kom fram hér á hv. Alþingi, að skattgreiðendur ættu kröfu á að fá að vita hver skattstiginn yrði þegar þeir skiluðu framtali sínu. Þess vegna beitti fjmrh. sér fyrir því, sem var óvenjulegt ef ekki einsdæmi, að framtalsfresturinn var formlega framlengdur. Rökin voru þau að fjmrh. vildi að fólkið í landinu vissi skattstigann þegar það skilaði framtalinu. Nú kemur fjmrh. hér, röskum mánuði eftir að hann framlengdi framtalsfrestinn á þessum grundvelli, og flytur till. um að hækka skattstigann. Samkv. hans eigin rökum, sem notuð voru í febrúarmánuði þegar hann var að slá sig til riddara með því að framlengja framtalsfrestinn, ætti framtalsfresturinn ekki að vera útrunninn enn. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað á að þýða að koma svona aftan að fólkinu í landinu, standa keikur í febrúarmánuði og segja: Ég er að framlengja framtalsfrestinn svo allir viti hver skattstiginn á að vera þegar þeir skila framtalinu sínu inn, en hlaupa svo frá öllu saman nú og leggja fram till. um hækkun á skattstiganum? Það væri æskilegt að hæstv. fjmrh. útskýrði fyrir fólkinu í landinu hvernig þetta er hægt.

Í öðru lagi er það sérstök ósvífni að sækja rökstuðning í þessa skattahækkun í nýgerða kjarasamninga. Það liggur alveg ljóst fyrir að kjarasamningarnir hafa verið notaðir sem tilefni skattahækkunar. Ræður hæstv. forsrh. og hv. þm. Þorsteins Pálssonar í dag sanna að þeir hafa vitandi vits verið að nota kjarasamningana til að hækka þessa skatta. Þeir koma hér í ræðustólinn og segja blákalt við forseta Alþýðusambands Íslands og formann BSRB, Kristján Thorlacius og Ásmund Stefánsson: Við höfum ekki lofað ykkur neinu um það að breyta ekki sköttunum. Það er allt saman misskilningur hjá ykkur að svo hafi verið. En hvað segja Ásmundur Stefánsson og Kristján Thorlacius í bréfi sínu? Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu sambandi skal vísað til þess, er skýrt kom fram í viðræðum um kjarasamning ASÍ og VSÍ, að ekki væri gert ráð fyrir aukinni skattheimtu".

Þorsteinn Pálsson og Steingrímur Hermannsson segja í dag að ekkert hafi verið á það minnst. Ætli það sé ekki réttara, sem forseti Alþýðusambandsins og formaður BSRB segja um þetta efni, að alveg greinilega hafi verið gengið úr frá því í kjarasamningunum að skattstiganum yrði ekki breytt. Það minntist ekki nokkur maður á hækkun skattstigans þegar kjarasamningarnir voru til umr. hér í þinginu, og var þó tekinn heill dagur í að ræða það og hvað ríkisstj. mundi gera í kjölfarið á þessum kjarasamningum. Þá minntist ekki nokkur maður á, enginn ráðh. og enginn í stjórnarliðinu, að eitt af því sem ríkisstj. mundi gera sem lið í þessum kjarasamningum væri að hækka skattstigann. Það var algjör þögn um það atriði. Það er ekki fyrr en mörgum vikum seinna sem það er dregið fram í dagsljósið. Og svo hafa forustumenn stjórnarflokkanna til að bera þá óskammfeilni að segja að það sé bara sjálfsagt mál.

En það segir meira í bréfinu frá Ásmundi Stefánssyni og Kristjáni Thorlacius. Þar segir einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá voru og gefnar skýrar yfirlýsingar af hálfu fulltrúa fjmrh. í samningaviðræðum við BSRB um að auknar tekjur ríkissjóðs vegna almennra launahækkana næðu langleiðina til að brúa bilið á milli áætlaðra útgjalda ríkissjóðs vegna launahækkana skv. fjárlögum og aukinnar hækkunar skv. þeim samningi sem undirritaður var 29. febrúar s. l."

Það er þess vegna alveg ljóst að þeir forustumenn opinberra starfsmanna sem gerðu þennan samning við fjmrh. gerðu hann í trausti þess að fjmrh. ætlaði ekki að fara að afla sérstakra tekna vegna þessa kjarasamnings því rn. hans hafði gefið yfirlýsingar um að það væru nægilegar tekjur til staðar.

Í sjónvarpinu í gærkvöld greip hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson til þess ráðs að reyna að svara Ólafi Jóhannessyni. Það var merkilegt að formaður Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteinn Pálsson, kom með nákvæmlega sömu þuluna í tilraun sinni til að svara hv. þm. Svavari Gestssyni í umr. áðan. Þulan var á þá leið hjá hæstv. fjmrh., eins og hann sagði orðrétt í sjónvarpinu," að tillögur Ólafs Jóhannessonar í skattamálum hefðu þýtt 600 millj. kr. aukna skattheimtu á almenning." Tillögur Ólafs Jóhannessonar í skattamálum hefðu þýtt þetta, sagði fjmrh. í sjónvarpinu í gærkvöld. (**Fjmrh.:** Ekki var minnst á till., heldur hugmyndir.) Jæja, hugmyndir, já, já. Látum alveg liggja á milli hluta hvort það eru kallaðar tillögur eða hugmyndir. Tillaga er það kannske sem formlega er lagt fram hér í þinginu, en hugmyndir eru það sem þú sagðir að væri vilji Ólafs Jóhannessonar. Það þýðir ekkert að vera að hlaupa frá því hér núna. Það heyrði öll þjóðin þetta í sjónvarpinu í gærkvöld. (**Fjmrh.:** Ég var þar líka.) Já, það fór ekki fram hjá neinum að þú komst á síðustu stundu því að Þorsteinn Pálsson, Friðrik og Lárus neituðu að fara fyrir þig. (**Fjmrh.:** Voru þeir beðnir um það?) Já, þeir voru beðnir um það, og voru hér umr. lengi dags á göngum þingsins um það hver ykkar ætti að fara. Þú vísaðir á Lárus og Lárus vísaði á Þorstein og Þorsteinn vísaði á Friðrik og Friðrik vísaði á þig. (Gripið fram í.) Menn höfðu ekki hugmynd um það, fyrr en þátturinn átti að byrja, hver ykkar mundi koma. (**JBH:** Eða hvort það yrði gat.) Eða hvort það yrði gat. Það er alveg rétt. En það er nú heimilisvandamál ykkar og kemur okkur ekki við hér í þinginu.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson tók til máls og sagði að till. Svavars Gestssonar þýddu 600 millj. kr. skattahækkun. Skv. þessum málflutningi fjmrh. og formanns Sjálfstfl. ætti þeir að vera hér með einhverjar till. og hugmyndir Ólafur Jóhannesson og Svavar Gestsson sameiginlega um að hækka skatta á almenning í landinu um 600 millj. Hvers konar bull er þetta eiginlega sem mönnum er boðið upp á hér? Það liggur alveg skýrt fyrir hér í þingskjölum hverjar eru tillögur Svavars

Gestssonar. Þær liggja hér fyrir á sérstöku þskj. Um það verða greidd atkv. í þessari hv. deild. Það eru tillögur sem aðrir þm. stjórnarandstöðunnar standa að. Það er alveg ljóst að í þessum formlegu till., sem hæstv. fjmrh. og formaður Sjálfstfl. fá að greiða atkv. um, felst veruleg skattalækkun. Það er sérstaklega merkilegt dæmi um á hvaða stig þessi málflutningur er kominn að hv. þm. eins og Þorsteinn Pálsson og fjmrh. þurfa að sækja sér bullröksemdir og búa til algjöra endileysu til þess að réttlæta þessa skattahækkun, því að hvorki Ólafur Jóhannesson né Svavar Gestsson hafa nokkurs staðar sett fram neinar tillögur eða mugmyndir sem þýða 600 millj. kr. skattahækkun. Það er nokkuð erfitt að eiga rökræður við þessa menn um landstjórnina og efnahagsmálin þegar þeir beita röksemdum af þessu tagi.

Það liggur alveg ljóst fyrir að ríkisstj. hefur ákveðið að hækka skattana og hagnýta sér kjarasamningana sem röksemd í þeim efnum. Það liggur ljóst fyrir í öðru lagi að hæstv. fjmrh. frestaði framtalsskyldu á skattaframtali í febrúarmánuði með þeim rökum að skattstigar ættu að vera ljósir þegar framtalsfrestur rynni út. Nú hefur hæstv. fjmrh. hlaupið frá því fyrirheiti sínu og leggur fram till. um hækkaðan skattstiga. Það liggur fyrir í þriðja lagi að tveir þm. ríkisstjórnarflokkanna, Ólafur Jóhannesson og Ellert Schram, hafa báðir lýst algjörri andstöðu sinni við þessa skattahækkun. Það liggur í fjórða lagi ljóst fyrir að forseti Alþýðusambands Íslands og formaður BSRB telja þessa skattahækkun algjört brot á þeim fyrirheitum sem launafólki voru gefin í kjarasamningunum. Þeir kalla skattahækkunina beinlínis hreina ögrun við launafólk, svo notuð séu óbreytt orð þeirra. Það liggur í fimmta lagi ljóst fyrir að í yfirlýsingum sem forustumenn Sjálfstfl. í samtökum launafólks, Björn Þórhallsson og Bjarni Jakobsson, hafa gefið er þessi skattahækkun, að þeirra dómi, einnig algjört brot á þeim fyrirheitum sem launafólki voru gefin við kjarasamningana.

Virðulegi forseti. Það væri þess vegna mjög æskilegt að ríkisstj. gerði nú hið sama og hún gerði hér fyrr á þessu þingi að breyta skattstiganum á ný í það horf sem hún samþykkti vegna þrýstings stjórnarandstöðunnar fyrr á þessu þingi. Sómi ríkisstj. væri meiri ef hún viðurkenndi nú mistök sín, líkt og hún viðurkenndi fyrri mistök áður á þessu þingi, og samþykkti þá till., sem stjórnarandstaðan hefur flutt hér, að skattstigi verði á ný færður í það horf sem hann var þegar almenningur í þessu landi skilaði skattframtölum sínum. Ég skora því á hæstv. fjmrh. og forustulið stjórnarflokkanna að fara nú að vilja Ólafs Jóhannessonar og verkalýðssamtakanna að svíkja ekki þau fyrirheit, sem gefin voru þegar skattframtölunum var skilað, og sýna fólkinu í landinu einu sinni að hægt sé að treysta því sem ráðamenn segja. Hv. þm. Ólafur Jóhannesson minnti hæstv. fjmrh. á að það fylgdi ráðherradómi sá vandi að fólk þyrfti að geta treyst þeim orðum og yfirlýsingum sem gefin væru. Fjmrh. gaf þá yfirlýsingu í febrúarmánuði þegar hann framlengdi framtalsfrestinn að skattstiginn yrði í reynd sá sem ríkisstj. hafði flutt till. um þegar framtalsfresturinn var framlengdur. Ef hæstv. fjmrh. ætlar nú að knýja í gegn í þinginu í dag endanlega hækkun á þessum skattstiga skuldar hann a. m. k. þjóðinni skýringu á því hvers vegna hann hefur einnig ákveðið að svíkja þetta loforð. — [Fundarhlé.]

Um þingsköp.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þegar fundinum var frestað fyrir rúmum klukkutíma var verið að ræða annað dagskrármálið, tekjuskatt og eignarskatt. Nú hefur komið fram ósk um það frá hæstv. fjmrh. að umr. um það mál verði frestað þar til síðar á fundinum vegna þess að hæstv. ráðh. þarf að gegna sérstökum skyldum og getur ekki verið hér viðstaddur. Ég hygg að hv. 7. þm. Reykv. hafi verið í ræðustól þegar fundi var frestað.

Hins vegar hefur hv. 7. landsk. þm. óskað eftir að fá tækifæri til þess að koma að sínum athugasemdum við það mál nú vegna þess að hv. þm. þarf að vera annars staðar í kvöld þegar málið verður tekið fyrir að nýju.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. forseta að ég hafi verið í ræðustól þegar fundi var frestað. Ég hafði lokið ræðu minni og ég hafði gert það sérstaklega vegna þess að hæstv. fjmrh. kom að máli við mig hér í þingsalnum fyrr í dag og óskaði eftir því að stuðlað yrði að því að ljúka þessari umr. nú síðdegis. Ég hafði sérstaklega stytt ræðu mína til að verða við þessari ósk hæstv. fjmrh. Nú upplýsir hæstv. forseti að hæstv. fjmrh. sé farinn eitthvað burt og þess vegna geti þessi umr. ekki haldið áfram. (**Forseti:** Fyrr en síðar á fundinum.) Fyrr en síðar, já, einhvern tíma í kvöld. Ég verð að segja að ég er alveg hættur að botna í þessum hringlandahætti. Maður er beðinn um að stytta mál sitt til að hægt sé að ljúka umr. hér síðdegis og síðan er sá aðili sem um það biður farinn veg allrar veraldar og það er ekki hægt að halda umr. áfram. Ég vil biðja forsvarsmenn ríkisstj. að hafa betri stjórn á sínum ráðh. en hér er greinilega reyndin.

Herra forseti. Ég hafði sérstaklega stytt ræðu mína og lokið henni fyrir fundarhlé skv. sérstakri ósk hæstv. fjmrh., sem mér er nú tjáð að sé farinn eitthvað á brott og því sé ekki hægt að halda umr. áfram með eðlilegum hætti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil upplýsa að forseta hafa orðið á þau ein mistök í þessu máli að hafa ekki verið hér viðstaddur þegar fundinum var frestað. Varaforseti var þá hér í forsetastóli og mér hafði borist til eyrna, þó alls ekki frá hæstv. varaforseta, að hv. 7. þm. Reykv. hefði ekki lokið máli sínu. Vil ég leiðrétta þetta. En hitt er jafnvíst að hæstv. fjmrh. óskaði eftir því að þessari umr. yrði frestað um sinn á fundinum meðan svo stæði á fyrir honum að hann þyrfti að sinna öðrum störfum. Við höfum nægileg umræðuefni önnur enda ráð fyrir því gert að fundinum verði haldið áfram í kvöld. Ég vona að hv. þingdeild fallist á þá málsmeðferð forseta að veita nú hv. 7. landsk. þm. orðið og síðan verði umr. um 1. dagskrármál frestað og tekið til umr. frv. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 465 (sbr. 364), n. 480 og 482, 481. — Frh. einnar umr.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég þakka þann

velvilja að leyfa mér að taka til máls núna þar sem ég get ekki verið viðstödd hér kl. níu í kvöld þegar mér skilst að fundi verði fram haldið.

Það frv. um tekjuskatt sem hér er til umr. er orðið víðförult og margumfjallað, en ekki hefur það forframast í síðustu ferð sinni og umfjöllun í Ed.

Við 1. umr. um þetta frv. hér í Nd. fyrir allmörgum vikum lét ég í ljós þá frómu ósk að fjh.- og viðskn. fjallaði rækilega um það og lækkaði skattprósentuna verulega. Mér varð að þeirri ósk að nokkru leyti, en því miður var Adam ekki lengi í þeirri Paradís. Þetta frv. í því formi sem það nú hefur fengið er stuðningsmönnum þess til minnkunar og ég verð að segja að ég skil ekki þá sem geta látið sig hafa það að standa að hækkun skattprósentunnar á nýjan leik. Kannske er þetta einn liðurinn í þeim bandormi sem á að hringa sig upp í margumrætt gat á fjárlögum þessa árs. En ég vorkenni fjmrh., sem er margyfirlýstur andstæðingur skattahækkana, að bera þetta hér fram.

Við erum að tala um skattbyrði á fólk og ég nenni ekki að blanda mér í deildur um hvort skattbyrðin verður endanlega meiri eða minni en í fyrra eða hitteðfyrra eða árið þar áður miðað við þetta eða hitt. Menn virðast geta fengið þá útkomu sem þeim best hentar í þeim efnum. Það skiptir vitanlega talsverðu máli en ekki öllu. Það sem skiptir öllu máli er það siðleysi og miskunnarleysi sem felst í því að krefjast þessara endalausu fórna af launafólki. Greiðslugeta fólks er í lágmarki og það er fáránlegur rökstuðningur að benda á þær rýru kauphækkanir sem náðust í nýgerðum kjarasamningum. Þetta er bara rugl, ekkert annað en rugl.

Tekjur þessa árs eru skattstofn næsta árs og ríkiskassinn getur beðið með að skattleggja þær krónur eins og hingað til hefur verið venjan. Hér er svikist aftan að fólki. Skattar eiga ekki að vera afturvirkir og skattgreiðendur eiga að vita nákvæmlega hver skattprósentan og álagningin verður þegar þeir telja fram. Frá þessu er nú áformað að víkja.

Þjóðin öll hefur verið kölluð til ábyrgðar og beðin um að leggja sitt af mörkum til að rétta við efnahagskerfi landsins og minnka verðbólguna. Almenningur hefur brugðist vel við og sætt sig við miklar þrengingar. Ríkisstj. og atvinnurekendur mega sannarlega vera þakklát fyrir undirtektir launafólks við kröfum þeirra og ákalli. Stjórnarflokkarnir hafa nú brugðist trausti þessa fólks sem hefur áreiðanlega ekki reiknað með því að stjórnvöld færu samstundis að slæma krumlum sínum í þær krónur sem fengust í launahækkun í nýgerðum kjarasamningum. Það er hreint og klárt siðleysi að svíkjast svona aftan að fólki.

Því er réttilega haldið fram að þetta sé ögrun við launafólk. Ég vil einnig kalla það siðleysi og frekju og ég vorkenni þeim sem að þessu standa. Ég vona að meðal stjórnarliða hér í Nd. finnist fleiri menn eins og Ólafur Jóhannesson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, frv. 196. mál (þskj. 352, n. 429 og 438, 427, 439, 464). — Frh. 2. umr.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hef leyft mér, herra forseti, að flytja brtt. við 196. mál, sem er á þskj. 427, svohljóðandi, með leyfi herra forseta:

„1. Á eftir 1. gr. komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Lánveitingar skv. lögum þessum skulu sérstaklega miða að því að leysa fjárhagsvanda þeirra bænda sem hafa nýlega hafið búskap, staðið í gagngerri uppbyggingu eða endurbótum á bújörð sinni eða búa við sérstaklega erfiðan fjárhag vegna fjölskylduaðstæðna.

2. Á eftir 4. gr. (er verði 5. gr.) komi ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:

Innlánsstofnun er skylt að taka við bankavaxtabréfum er gefin verða út skv. lögum þessum. Seðlabankinn endurkaupir þessi bréf.“

Það er ljóst, herra forseti, að þó að Alþingi setji með lögum þeim sem hér um ræðir á þskj. 352 ákveðinn ramma um framkvæmd þeirra skuldbreytinga sem hér eru til umr. er engu að síður fjölmargt sem falið er framkvæmdaaðilum málsins, þ. e. bankaráði Búnaðarbanka Íslands og landbrh. eða ríkisstj., eins og hér er gerð till. um. Þar má nefna lánstíma, lánakjör, þóknun til útgefanda bankavaxtabréfanna, hlutfall peningalána og hlutfall skuldabréfa, útvegun fjármagns í þessu skyni og meðferð bankavaxtabréfanna að útgáfu þeirra lokinni. Þetta er allt saman falið framkvæmdaaðilum málsins í hendur og lög ekki látin kveða á um það.

Það má eflaust deila um að hve miklu leyti rétt sé að Alþingi setji með lögum reglur í slíkum tilvikum eða að hve miklu leyti eigi að fela það framkvæmdaaðilum málsins í hendur. Ég tel þó aldeilis nauðsynlegt að kveða nokkru nánar á um þau tvö atriði sem hér eru fluttar brtt. um.

Í fyrsta lagi á að tryggja alveg sérstaklega að tillit verði tekið til fjárhagsvanda yngri bænda og þeirra sem hafa, eins og segir í tillögugreininni, nýlega hafið búskap eða staðið í gagngerri uppbyggingu eða endurbótum á bújörð sinni. Einnig vil ég með þessari brtt. tryggja að tekið verði sérstakt tillit til þess ef bændur með miklar lausaskuldir búa í ofanálag við sérstaklega erfiðar fjölskylduaðstæður. Ég hef hér sérstaklega í huga barnmörg heimili og þann mikla kostnað sem t. d. er oft fylgjandi því að senda börn í skóla frá sveitaheimilum. Ég tel eðlilegt að þeir sem við slíkar aðstæður búi fái forgang um fyllstu aðstoð sem heimil er lögum þessum samkvæmt.

Þeim sem kunna að telja þessa grein óþarfa bendi ég á að í frv. þessu til l. er hvergi kveðið á um hversu víðtæk aðstoðin á að vera við hvern og einn bónda. Það er ekki sagt hvort breyta eigi öllum lausaskuldum þeirra sem til þess hafa veð í föst lán eða hluta af skuldum þeirra eða skuldum upp að vissri hámarksupphæð. Þetta eru allt saman möguleikar sem hugsanlegir væru í þessu sambandi og svo mætti framvegis telja. Þetta ásamt fjöldamörgu öðru, eins og ég hef áður bent á, er falið framkvæmdavaldinu í hendur.

Síðari brtt. varðar meðferð á bréfum þeim sem gefin verða út. Það hefur verið undan því kvartað að aðstaða lánadrottna bænda til að losna við viðkomandi bréf hafi verið misjöfn og þar af leiðandi áhugi þeirra á því að taka við bréfunum sömuleiðis. Sumar innlánsdeildir og minni sparisjóðir hafa getað endurselt bréfin í Seðlabankann, en aðrir ekki. Hér er gerð till. um að leysa þetta á einfaldan hátt þannig að aðstaða allra verði

jöfn. Með þessu móti mundu bændur losna við að heimta loforð af lánadrottnum sínum um væntanleg bréfakaup og sparisjóðir og innlánsdeildir jafnt sem bankar eða bankaútibú gætu óhrædd tekið við bréfunum. Það væri hugsanlega nóg í þessu sambandi að Seðlabankinn endurkeypti ákveðið hlutfall bréfanna af hverjum og einum og gætu þá framkvæmdaaðilar málsins komið sér niður á það hlutfall sem þeir teldu duga í þessu sambandi, þó hitt væri óneitanlega tryggast, að Seðlabankinn væri skyldur til að kaupa þessi bréf eins og þurfa þætti.

Herra forseti. Það mætti vissulega margt segja um stöðu mála í landbúnaðinum, en í þessu sambandi læt ég nægja að segja að ljóst er af þeim gögnum sem fyrir liggja að þörfin á aðgerðum til stuðnings þeim bændum sem verst eru staddir að þessu leyti er mikil.

Það er þar fyrir utan, að mínum dómi, löngu orðið tímabært að taka til gagngerrar endurskoðunar allt verðmyndunar- og peningakerfi í landbúnaðinum. Í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. landbrh., af því svo vel vill til að hann er viðstaddur þessa umr., hvað líði stefnumörkun hæstv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum og/eða hvort láta eigi það duga sem segir um þau mál í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. frá því í vor.

Það má reyndar, herra forseti, segja að ákveðin stefna í landbúnaðarmálum birtist þessa dagana í ýmsum aðgerðum hæstv. ríkisstj. Þannig vantar t. d. verulegar upphæðir í fjárlögum til þess að réttur til útflutningsbóta á landbúnaðarvörum sé fylltur. Skv. viðtali við hæstv. forsrh. í útvarpsfréttum nú fyrir skemmstu stendur til að taka stærstan hluta þeirra peninga, sem færa á til innan fjárlaga í tengslum við kjarasamninga ASÍ og VSÍ, frá niðurgreiðslum, Ríkisstj. hyggst láta taka upp nýjan neyslugrundvöll þar sem vægi landbúnaðarafurða minnkar. Og síðast en ekki síst hefur verið lagt fram hér á hv. Alþingi frv. um virðisaukaskatt þar sem aftur yrði tekin upp skattheimta á matvælum. Allt þetta og reyndar miklu fleira mætti telja til og segir sína sögu, ef þess er gætt að ekkert annað hefur komið frá hæstv. ríkisstj. þarna á móti. Þess vegna er von að spurt sé, hæstv. landbrh., hvað líði frekari stefnumörkun ríkisstj. í landbúnaðarmálum og þá á ég ekki við stefnumörkun sem birtist í þeim aðgerðum sem ég hef hér upp talið. Ég er að vonast til þess að etthvað bitastæðara og heilsteyptara komi um þau málefni frá hæstv. ríkisstj. áður en langt um líður, enda þörfin mikil á slíkri stefnumótun.

Herra forseti. Ég harma það og ég endurtek, herra forseti, að ég harma þann seinagang sem orðið hefur á framkvæmd þessa máls, sem hér er rætt um í dag, þ. e. frv. til l. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán. Nefnd sú sem starfaði að þessu máli skilaði, eins og kunnugt er, áliti snemma í haust. Því skal hér að nokkru leyti tekið undir þá gagnrýni sem birtist í nál. minni hl. landbn. hvað seinagang á þessu máli varðar. Ég hef engu að síður, herra forseti, skrifað undir álit meiri hl. með þeim fyrirvara sem þar um getur og í framhaldi af því flutt þær brtt. sem ég hef nú gert grein fyrir. Ég styð þessa aðgerð og vona að hún komist sem fyrst til framkvæmda og ég vona jafnframt, eins og ég hef hér rætt, að ekki verði látið staðar numið, heldur hafist handa um varanlegri úrbætur og úrlausn í þeim vandamálum sem við er að glíma, svo aðgerðir hliðstæðar þeim sem nú er óhjákvæmilegt að grípa til megi heyra sögunni til.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur löngum verið þannig í okkar þjóðfélagi að bændur hafa miðað sín kjör við kjör launafólks í þéttbýli. Þetta kerfi hefur verið svo fast í skorðum að sérhverjar kjarabætur sem launafólk hefur fengið hafa umsvifalaust verið reiknaðir inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða bændum til tekna. Þannig má segja að samtök bænda og stjórnvöld í landbúnaðarmálum hafi í gegnum tíðina fylgt þeirri meginreglu að kjör launafólks og bænda eigi að vera samtengd. Að vísu er rétt að stundum hafa komið fram till. um breytingar á þessu kerfi. Settar hafa verið fram hugmyndir um beina samninga bænda við ríkisvald um kjör sín og um aðrar aðferðir við útreikninga á verðlagsgrundvelli en beitt hefur verið.

Ég ætla ekki að ræða hér kosti og galla slíkra aðferða. En hitt hlýtur þó að vera meginstefna að meðan launakjör bænda og launafólks eru svo samtengd sem raun ber vitni í þjóðfélagi og verðlagskerfi landbúnaðarins öllu er óhjákvæmilegt að meiri háttar aðgerðir, sem framkvæmdar eru til þess að styrkja kjarastöðu annars hópsins, verði einnig látnar gilda gagnvart hinum. Það er á grundvelli þessrar meginstefnu, sem aldrei hefur verið dregin í efa af meginforsvarsmönnum bændasamtakanna né forsvarsmönnum landbúnaðarnefnda í deildum þingsins, að ég og hv. þm. sem þá var, Sighvatur Björgvinsson, varaþm. Karvels Pálmasonar, fluttum sérstakt frv., hliðstætt því sem hér er til umr., um breytingu á lausaskuldum launafólks í föst og löng lán.

Meginefnisþáttur þessa frv. var kynntur við 1. umr. um þetta mál. Sett var fram sú meginskoðun að kjör launafólks, hvað snertir skuldir vegna húsnæðis og heimilisrekstrar, eru jafnerfiður baggi ef ekki erfiðari baggi á fjölskyldum launafólks allt í kringum landið en lausaskuldir bænda sem þó eru erfiður baggi á bændum. Þegar þetta frv. var til 1. umr. var óskað eftir því að fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar fengi að fjalla um frv. um leið og hv. landbn. Mér er ekki kunnugt um að af þeirri umfjöllun hafi orðið. Málið er nú keyrt út úr n. í krafti þess að það sé svo brýnt að ekki megi eftir því bíða og það m. a. s. tekið fyrir í umræðuáföngum til að hraða afgreiðslu málsins.

Fyrst svo er tel ég óhjákvæmilegt að þær till. sem við fluttum, Sighvatur Björgvinsson og ég, í sérstöku frv. verði einnig tengdar endanlegri afgreiðslu þessa máls svo að þingið geti í heild sinni tekið afstöðu til þess hvort sams konar fyrirgreiðsla, sams konar kjarabætur, eigi að koma launafólki til handa eins og hér er lagt til að eigi að koma bændum til handa.

Ég vænti þess uns annað kemur í ljós að þessar till. njóti eindregins stuðnings hér í deild. Búið er að halda hér margar ræður af fulltrúum ríkisstjórnar flokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna um brýna nauðsyn þess að ráða bót á húsnæðisvanda landsmanna. Þess vegna virðist vera eindreginn vilji allra í þinginu til brýnna aðgerða í því efni. Við teljum að með því að fara mjög hliðstæða leið og farin er í þessu frv. sé hægt að ráða bót á mjög brýnum vanda húsbyggjenda. Þessi vandi mundi jafnframt verða til þess að bankakerfi landsins, lífeyrissjóðir og aðrar lánastofnanir, hefðu mun betri aðstöðu til þess að sinna vanda atvinnulífsins og fjármagna framþróun á því sviði með því að flytja fjármagn, sem

nú er bundið í lausaskuldum húsbyggjenda og launafólks, yfir í löng lán. Það er nákvæmlega sama röksemdin og beitt er hér til þess að taka upp og framlengja það kerfi sem felst í þessu frv. varðandi lausaskuldir bænda. Upplýst hefur verið við meðferð málsins að þessar lausaskuldir eru að stórum hluta í innlánsdeildum kaupfélaganna og þær muni nota þau bréf sem þessi skuldbreyting verður bundin í til þess að fullnægja bindiskyldu sinni gagnvart Seðlabankanum.

Það er því alveg ljóst að um leið og hér er gerð tillaga um að létta undir með bændum er verið að veita innlánsstofnunum kaupfélaganna sem fjármagnsstofnunum í landinu ákveðna fyrirgreiðslu varðandi bindiskylduna. Slíkt gildir ekki síður um aðrar innlánsstofnanir, banka og sparisjóði og aðrar fjármagnsstofnanir, í landinu sem hafa nú þegar bundið verulegan hluta lána sinna í lausaskuldum húsbyggjenda. Sérstaklega eru það sparisjóðirnir og minni bankar sem þetta gildir um. Þeir eru því á sama hátt og innlánsstofnanir kaupfélaganna fyrst og fremst sá aðili sem lánað hefur húsbyggjendum og launafólki.

Röksemdin fyrir því að samþykkja þetta frv. og veita innlánsdeildum kaupfélaganna þessa fyrirgreiðslu og gera þeim kleift að beita þessum bréfum til að fullnægja bindiskyldu sinni í Seðlabankanum er m. a. sú að innlánsstofnanir kaupfélaganna séu veigamikill þáttur í fjármagnskerfi landsbyggðarinnar. Það sama gildir um þá sparisjóði og bankaútibú sem hafa nú bundið mikinn hluta af sínum fjármunum í fyrirgreiðslu gagnvart launafólki. Hér er því enn á ný um hliðstæðu að ræða varðandi þetta atriði.

Ég hef ekki heyrt á Alþingi nein sérstök mótrök gegn því að þessar breytingar verði samþykktar. Að vísu hefur utan þings í einni blaðagrein verið reynt að gera gys að brtt. og því frv. sem við Sighvatur Björgvinsson fluttum en þau gamanmál hafa hljómað fyrir daufum eyrum. Ég get fullvissað hv. alþm. og hæstv. ráðh. um það að þær till. sem við Sighvatur Björgvinsson fluttum um breytingar á lausaskuldum launafólks í löng lán hafa hlotið mikinn hljómgrunn utan þings. Það eru fá mál sem ég hef staðið að á þingi á undanförnum árum sem hafa orsakað að jafnmargir hafi haft samband við mig til þess að láta í ljósi stuðning sinn og áhuga á því að þetta næði fram að ganga.

Þess vegna er alveg ljóst að það eru mjög margir, hundruð ef ekki þúsundir manna utan þings sem fylgjast munu vel með því hvernig þeim brtt., sem ég hef flutt á þskj. 464, reiðir af við atkvæðagreiðslu um þetta mál. Ég vil mælast til þess að þeir þm., ef einhverjir, sem ætla sér að greiða atkvæði gegn þessum till. láti röksemdir sínar í ljósi við umr.

Að vísu er nú aðeins landbrh. hér viðstaddur en að mörgu leyti væri æskilegt að hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. væru hér viðstaddir einnig því að það mál sem ég er hér að flytja heyrir ekki síður undir þá og reyndar hæstv. viðskrh. einnig. Í raun og veru væri eðlilegt ef maður vildi fylgja þingvenjum að maður gerði kröfu til þess að þessir ráðh. allir væru viðstaddir umr. svo að hægt væri að knýja þá til svara um afstöðu til þessara brtt.

Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að áður en þessari 2. umr. lýkur verði séð til þess að þessir ráðh., hæstv. félmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh., verði viðstaddir þessa umr. svo að hægt sé að ganga eftir því áður en atkvgr. fer fram hver afstaða þeirra og ríkisstj. er gagnvart þeim brtt. sem við höfum flutt.

Í þeim brtt. sem við höfum flutt á þskj. 464 er á ferðinni eitt af brýnustu hagsmunamálum launafólks og húsbyggjenda. Því hefur verið lýst að vandi bændanna sé mikill. Ég dreg ekki í efa að þær lýsingar séu réttar. En ég bið menn að hugleiða nokkra stund að vandi launafólksins, sem bændur hafa kosið að verða samferða í sínum launaviðmiðunum, er ekki minni. Menn þurfa ekki annað en fletta dagblöðunum, Morgunblaðinu, Dagblaðinu og Vísi og Lögbirtingablaðinu, til þess að sjá síðu eftir síðu eftir síðu nauðungaruppboða frá þeim aðilum sem lánað hafa fé fólki, sem við erum hér að fjalla um, og eru að ganga að því. Svo er ekki komið fyrir bændastéttinni enn að nauðungaruppboð á bújörðum fylli síður blaðanna, en svo er komið fyrir þessu fólki. Þess vegna er alveg ljóst að í samanburði um hina brýna nauðsyn kemur af þeim í röðum bænda sem þessum skuldbreytingum er ætlað að ná til. Og dreg ég þó ekki í efa vanda þeirra.

Við skulum gera okkur fyllilega grein fyrir því að þegar þjóðin á við mikla efnahagslega erfiðleika að stríða veldur miklu að almenningur hafi sannfæringu fyrir því að réttsýni og sanngirni sé gætt og einn hópur manna fái ekki fyrirgreiðslu eða forréttindi umfram annan sem hinn hópurinn hefur engu að síður miðað sig við í gegnum tíðina. Ljóst er að ef niðurstaða þessa máls verður að eingöngu lausaskuldum bænda verður breytt í föst lán og felldar þær brtt. sem ég hef flutt og það frv. sem ég og Sighvatur Björgvinsson höfum flutt nær ekki fram að ganga, þá er verið að reka fleyg milli launafólks og bænda í þessu efni. Þá er verið að segja: Það á eingöngu að veita einum hópi í þessu þjóðfélagi fyrirgreiðslu af þessu tagi. Annar hópur, þótt eignir hans séu komnar á nauðungaruppboð, á ekki að fá hliðstæða fyrirgreiðslu.

Vel kann að vera að menn komi og segi: Þetta hefur ekki verið gert áður. Lausaskuldum bænda var breytt yfir í föst lán í áratug áður en sú breyting, sem hér er verið að fjalla um, kom á dagskrá. Það er alveg rétt. Menn kunna að spyrja: Hvernig stendur á því að þá vildu menn ekki tengja þetta saman? Á því er mjög einföld skýring. Hún er sú að í verðbólguþjóðfélagi og verðtryggingarleysisþjóðfélagi sem við bjuggum þá við var það eðli lánanna og verðbólgunnar sem var í raun og veru sú skuldbinding sem almenningur fékk án þess að þurfa að leita annað. Lánin voru borguð með mun verðminni peningum og vandinn var þess vegna ekki fyrir hendi. Það er mál sem við höfum farið oft í gegnum í þinginu og er algjörlega óþarfi að útskýra nánar fyrir hv. þm.

En eins og allir vita hefur nú orðið breyting á. Nú eru þessi lán verðtryggð og sú kynslóð sem kemur inn á húsnæðismarkaðinn í kjölfar verðtryggingarstefnunnar býr við allt önnur og þrengri greiðslukjör en við eða fyrirrennarar okkar sem komum okkur upp húsnæði áður en þessi breyting varð. Þess vegna er brýnt að hefjast nú handa um að breyta lausaskuldum launafólks yfir í löng lán með nákvæmlega sama hætti og talið er brýnt að breyta lausaskuldum bænda yfir í föst lán.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki á hvaða grundvelli menn ætla að mótmæla því að þetta tvennt verði samferða nema eingöngu á þeim grundvelli að hér eigi bændastéttin að njóta forréttinda sem ekki

séu veitt launafólkinu í landinu og með því að vísa til þess að bændur standi í rekstri og það geri launafólk ekki. En ég nefni á móti að bændur hafa kosið að tengja sitt kjarakerfi við lífskjör launafólksins og hafa fest í sessi verðmyndunargrundvöll þar sem kjör launafólksins eru meginþátturinn. Það knýr fram kjarabreytingar í verðlagsgrundvelli bændastéttarinnar. Það er hvorki hægt né er það siðlegt að ætla sér nú að rjúfa þetta í sundur með því að segja: Af því að bændur eru atvinnurekendur og standa í rekstri á launafólkið ekki kröfu á þessu — en koma svo næsta dag og segja: Bændur eru launamenn og þess vegna eiga þeir sjálfkrafa kröfu á því að fá allt það sem launafólkið fær í kjarasamningum.

Þeir kjarasamningar sem ASÍ og VSÍ gerðu verða reiknaðir inn í verðlagsgrundvöllinn sjálfkrafa. Þeir kjarasamningar sem Dagsbrún gerir, kannske eftir verkföll og erfiða baráttu og fórnir, m. a. þær fórnir að hafa ekki tekið kauphækkun 1. mars, verða einnig reiknaðir inn í verðlagsgrundvöllinn. M. a. s. lítilfjörlegar launahækkanir og launaflokkabreytingar sem járniðnaðarmenn verða sér úti um í sínum samingum eru reiknaðir sjálkrafa inn í verðlagsgrundvöllinn. Þannig má lengi telja. Það er hvorki hægt né er það siðlegt að halda því fram að einn daginn eigi að meðhöndla bændur sem launafólk þegar það er bændum hagkvæmt en næsta dag eigi ekki að gera það vegna þess að þá kunni einhverjir aðrir að njóta góðs af því sem bændur eru að berjast fyrir.

Ég hef þess vegna á þskj. 464 flutt fjórar brtt. Þær eru að megniefni tilgreindar í 3. brtt. á því þskj. Þess vegna vildi ég óska eftir því við hæstv. forseta að þótt það fylgi ekki eðlilegri greinaröð í frv. verði brtt. nr. 3 á þskj 464 borin upp fyrst því að verði hún felld falla hinar brtt. allar um sjálft sig. Í raun og veru eru bæði brtt. nr. 1, 2 og 4 formbreytingar í samræmi við brtt. nr. 3. Þess vegna væri mjög óeðlilegt að bera fyrst upp brtt. 1 og 2, sem eru orðalagsbreytingar og formbreytingar, áður en komið er að sjálfum efniskjarna málsins. Það eru því liðir a, b, c og d í 3. brtt. á þskj. 464 sem skipta höfuðmáli.

Í a-lið er lagt til að í frv. komi ný grein sem kveður á um það að veðdeild Landsbanka Íslands skuli gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa skv. ákvörðun Húsnæðisstofnunar ríkisins. Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins skuli undirrita þessi bankavaxtabréf og þau skuli notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum launafólks vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði, svo sem íbúðarbyggingar, íbúðarkaupa, endurbóta og breytinga á árunum 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna heimilisstofnunar, innbúskaupa og kaupa á búnaði, verkfærum og tækjum sem launafólk hefur þarfnast vegna vinnu sinnar á sama tíma. Það á einkum við þá hópa launafólks sem þurfa að leggja í mikinn kostnað vegna vinnu sinnar, bæði verkfæri, tæki og annan búnað á líkan hátt og bændur þurfa að leggja í ýmsan tækjakostnað og kostnað vegna búnaðar til þess að geta stundað búskap á sínum jörðum. Síðan er kveðið á um sérstakar tryggingar vegna þessara bankavaxtabréfa.

Í b-lið er tilgreint að ákvörðun um lánskjörin skuli tekin af veðdeild Landsbanka Íslands ásamt fulltrúum Alþýðusambands Íslands í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og einum fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einum frá Bandalagi háskólamanna og einum frá Sambandi bankamanna. Kveðið er á um að leita skuli samþykkis félmrh. áður en ákvörðunin öðlast gildi.

Í c-lið er sams konar heimildarákvæði gagnvart launafólki sem býr í leiguhúsnæði á vegum ríkisins eins og er gagnvart bændum sem búa á ríkisjörðum.

Í d-lið er kveðið á um að í reglugerð, sem byggð er á umsögn stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins, Alþýðusambands Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Sambands bankamanna, skuli sett um framkvæmd þessara lagagreina.

Herra forseti. Ég gæti flutt langt mál um þann mikla vanda sem þúsundir launafólks og húsbyggjenda standa í. Ég gæti lýst því með ítarlegun gögnum og greinargerðum hvernig þessi vandi verður algjörlega óleystur ef þessar till. sem við höfum flutt verða ekki samþykktar. Það liggur ljóst fyrir að í þinginu eru ekki neinar aðrar till. uppi til þess að leysa þennan vanda. Þingheimur stendur þess vegna frammi fyrir því að taka skýra og afdráttarlausa afstöðu til þess hvort menn vilja annaðhvort láta það sama gilda fyrir launafólk og bændur eða hvort menn ætla að skilja þúsundir launafólks eftir í köldum klaka nauðungaruppboðanna á sama tíma og bændum er bjargað í land. Ég spyr þá hv. þm. sem hefur tilhneigingu til þess að hafa slíka afstöðu: Er það þjóðfélagslegt réttlæti? Er það þjóðfélagslegt réttlæti að skilja þúsundir launafólks eftir á köldum klaka nauðungaruppboðanna, láta það missa eignir sínar og húsnæði sem það hefur reynt að vinna fyrir árum saman og bundið miklar vonir við á sama tíma og bændum er bjargað í land? Halda menn að þetta þjóðfélag verði betur í stakk búið til þess að takast á við sameiginleg vandamál ef Alþingi og ríkisstj. beita sér fyrir því að einum hópi sé bjargað í land með skuldbreytingum en annar skilinn eftir á köldum klaka og látinn verða nauðungaruppboðunum að bráð?

Þeir sem þekkja til allt í kringum landið vita að þúsundir af fólki eru komnar á algjört örvæntingarstig vegna þeirra fjárhagsbyrða sem það ber og sér ekki fram á neitt annað en að missa eigur sínar.

Ég vil enn fremur spyrja þá fulltrúa í þingsalnum, sem gera sér sérstakt far um það að vera talsmenn bænda, hvort þeir telji það ekki mikilvægt skref til þess að styrkja samstöðu launafólks og bænda, fólksins í þéttbýli og fólksins í dreifbýli, að styðja þessar till. Ef menn hafna þeim, slíta þær í sundur, eru menn í raun og veru að gefa þessum þúsundum í þéttbýlinu skýrt til kynna að þar eigi ekki að eiga sér samleið þegar kreppir heldur séu það bændurnir einir sem sendur sé björgunarhringurinn. Ég tel það ekki vera skynsamlega stefnu til þess að stuðla að samstöðu launafólks og bænda. Ljóst er að það eru bændurnir sem þurfa á þeirri samstöðu að halda fyrst og fremst.

Við vitum ósköp vel að launafólk ber miklar byrðar vegna landbúnaðarins í landinu. Við getum deilt um það hvort þær byrðar séu æskilegar eða óæskilegar. Við getum deilt um það hvernig þær eru til komnar. En ljóst er að verulegum hluta þeirrar skattheimtu sem aflað er er varið til þess að greiða útflutningsuppbætur til margvíslegra styrkja og fyrirgreiðslu gagnvart landbúnaðinum. Við vitum ósköp vel að það eru öfl í landinu sem vilja efla til fjandskapar við bændur. Ekki þarf að lesa mikið í dagblöðum þessa lands þangað til menn finna áberandi skrif, jafnvel leiðara, þar sem alið er á tortryggni og andstöðu launafólks í þéttbýli gagnvart

bændum.

Ég er þess fullviss að verði þær brtt. sem ég hef flutt felldar verður það mikilvægt vopn í höndum þeirra sem vilja ala á tortryggni launafólks í þéttbýli gagnvart bændum þá mun blasa við þúsundum af fólki í þéttbýlisstöðunum allt í kringum landið að á sama tíma og þeim er vísað á kaldan klaka nauðungaruppboðanna samþykkir Alþingi og ríkisstj. að bjarga bændunum í land. Þessi skuldbreyting mun gera það að verkum að bændur þurfa ekki um nokkurt árabil að hafa neinar áhyggjur af því að missa eigur sínar. Það verður alveg á hreinu. Þeir geta átt við ýmsa erfiðleika að etja, kjör þeirra geta út af fyrir sig verið kröpp, en þeir þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur af því að missa eigur sínar. En hins vegar eru þúsundir í þéttbýlinu allt í kringum landið sem eru komin á það stig að næsta skrefið, ef ekkert verður aðhafst, verður að þær missa eigur sínar.

Herra forseti. Ég varpaði fram við 1. umr. þessa máls óskum um upplýsingar. Því miður er það svo að í þeim skjölum sem koma frá n. er ekki þessar upplýsingar að finna. Ég hef hins vegar kynnt mér það að í n. munu hafa komið fram nokkur gögn þessa efnis en n. hefur af einhverjum ástæðum ekki kynnt þau fyrir þingheimi. Ég vil spyrja hvernig standi á því að það hefur ekki verið gert því að oftast nær er það venja að láta slík skjöl fylgja prentuð með og þá útreikninga og tölulegar upplýsingar sem fram koma.

Skv. þeim upplýsingum sem ég hef hins vegar fengið í hendur úr n. skortir töluvert mikið á að nægilegar tölulegar upplýsingar séu fyrir hendi. Hvernig skiptast þeir tekjulega og eftir landshlutum og hver eru samskipti þeirra við einstakar lánastofnanir? Þó er ljóst að að verulegum hluta er hér verið að leysa ákveðinn greiðsluvanda innlánsstofnana kaupfélaganna. Með því að samþykkja þetta frv. er verið að gera öllum meginþorra innlánsdeilda kaupfélaganna kleift að fullnægja bindiskyldu við Seðlabankann með bréfum sem gefin væru út á grundvelli þessa frv.

Ég tel út af fyrir sig ekki eðlilegt að mismuna lánastofnunum með þessu hætti heldur eigi sama að gilda fyrir allar lánastofnanir ef menn á annað borð ætla að fara inn á þessa braut sem út af fyrir sig má ýmislegt um segja. En ef ætlunin er að gera það með þessum hætti er eðlilegt eitt og hið sama gildi fyrir allar innlánsstofnanir. Þess vegna vænti ég þess að við endanlega afgreiðslu á þessu frv. sýni menn þá sanngirni að taka þátt í því að láta sömu reglur gilda fyrir alla og íhugi vandlega áður en þeir hafna þeim brtt. sem hér hafa verið fluttar hvers konar skref það væri gagnvart samskiptum launafólks og bænda að segja nei við þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 464.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum ítreka þá ósk mína að þessari 2. umr. verði ekki lokið fyrr en þeir þrír hæstv. ráðh., félmrh., viðskrh. og forsrh., hafa fengið tækifæri til þess að tjá sig um þessar brtt., nema hæstv. landbrh. geti tjáð sig við umr. fyrir þeirra hönd.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs undir umr. um þetta mál fyrir tveimur dögum, ekki vegna þess að þörf væri mikilla útskýringa á þessu máli umfram þær sem þegar hafa fram komið eftir skilmerkilega ræðu frsm. meiri hl. n., hv. 3. þm. Norðurl. e., heldur til þess að gera örfáar athugasemdir við það sem fram kom í umr. sjálfri

Ég vil rifja upp að hv. 5. þm. Reykv. flutti hér mjög málefnalega ræðu og sanngjarna varðandi þetta mál. Hann skilar þó séráliti þar sem hann leggur til að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Meginröksemdir hv. 5. þm. Reykv. eru þær, að frv. þetta sé óþarft, þetta sé óþörf lagasetning vegna þess að í lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands séu nægar heimildir fyrir hendi til að þessu máli verði hrundið í framkvæmd. Út af fyrir sig er rétt að hafa má ýmiss konar form á lagasetningunni og afla má lagaheimilda og fá fram vilja Alþingis til framkvæmda í tilteknu máli, svo sem eins og þessu er varðar lausaskuldir bænda, á ýmsan hátt og getur verið álitamál hvaða form valið er. Ég vil minna á að um leið og hv. 5. þm. Reykv. hefur kosið að velja þessa forsendu fyrir sinni afstöðu, sem sé að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, hefur hann flutt frv. til l. um breyt. á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands þar sem hann gerir ráð fyrir að í þremur atriðum þurfi að breyta þeim lögum til að ná þeim tilgangi sem frv. um lausaskuldir bænda gerir ráð fyrir. Það liggur því fyrir að hv. þm., sem telur frv. óþarft, hefur þegar lagt fram frv. sem sannar að það þarf lagasetningu til að málinu verði komið í höfn, (**Gripið fram í:** Það er nauðsynlegt.) ella hefði hann tæpast flutt frv. til þess að leitast við að koma fram breytingum á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Ég segi það strax að vitaskuld væri hægt að breyta lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands og fella þar inn þau lagafyrirmæli og þau lagaákvæði sem nauðsynleg þættu. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert, hvorki við fyrri lagasetningar um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán né nú. Ég hygg að meginorsökin sé sú, að löggjafinn hafi ekki og jafnvel ekki framkvæmdavaldið heldur, kosið að gera lögin um veðdeild Búnaðarbanka Íslands þannig úr garði að það gengi fyrirstöðulaust og væri hverju sinni sjálfsagt, jafnvel árlega, að gera þær ráðstafanir sem hér er stefnt að með sérstökum lögum, þ. e. að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Ef slík lagaákvæði væru komin inn í lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands gæti stjórn deildarinnar ásamt landbrh. tekið ákvörðun um að nýta sér þau lagaákvæði. Þess vegna sýnist mér að sú leið sem hv. 5. þm. Reykv. mælir með, minni hl. hv. landbn. Nd., feli það í sér að opna þetta mál meira og opna fyrir framkvæmd þess í miklu ríkara mæli en löggjafinn hefur hingað til viljað fallast á.

Ég vil láta þetta koma fram um leið og ég segi að málflutningur hv. þm. var bæði málefnalegur og í honum fólst skilningur á nauðsyn þess að komið væri til móts við bændastéttina í þessum efnum.

Um það sem sagt var varðandi framkvæmd þessa máls, sem sannarlega skiptir veigamiklu máli, vil ég fara um örfáum orðum, þó ekki í löngu máli.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon hefur mælt hér fyrir tveimur brtt. sem hann flytur á sérstöku þskj., þskj. 427. Eftir mínum skilningi gerir fyrri brtt. ráð fyrir að útvíkka nokkuð svið þeirrar fyrirgreiðslu sem hér er gert ráð fyrir, þannig að það verði unnt að breyta í föst lán lausaskuldum sem myndast hafa vegna einkaneyslu og vegna fjölskylduástæðna og annars slíks sem ekki er tengt atvinnurekstrinum. Meiri hl. n. hefur ekki talið fært að útvíkka þetta frv. með þeim hætti. Þess vegna tel ég að þrátt fyrir að í ýmsum tilvikum geti verið um mikla þörf að ræða sé þar um hæpna leið að tefla.

Í annarri brtt. gerir sami þm. ráð fyrir því að innlánastofnunum verði skylt að taka við bankavaxtabréfum og Seðlabankanum einnig skylt að kaupa þessi bréf. Þessi atriði voru mjög rædd í landbn. Nd. Þar kom fram mjög eindregin skoðun nm. á því að nauðsynlegt væri að þessi bréf yrðu með þeim kjörum að þau væru seljanleg.

Svo vill til að nefndin sem undirbjó þetta mál og skipuð var á árinu 1982 hefur gert samþykkt, sem dagsett er 28. febr. s. l., þar sem hún gerir nýjar tillögur um framkvæmd á þessu máli. Ég hygg að rétt sé að lesa samþykkt nefndarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Reynt verði að halda opnu að útvegað verði 40% af þeirri fjárhæð sem endanlega verður skuldbreytt.

2. Þar sem fóðurkaupa er getið í frv. sem tilefnis skuldbreytingar sé átt við fóðurkaup af völdum harðinda eða árferðisáfalla, sem séu umfram venju eða fáist ekki uppgerð sökum tekjubrests af þessa völdum.

3. Útvegað reiðufé gangi að jöfnu yfir alla og þurfi stofnlánadeild þá að gera sérstakar ráðstafanir til þess að fá forgang innan uppgjörs við hvern skuldara eða/og að lengja lán sín þar sem greiðslu vanskila sleppir. Ástæður þessar eru m. a. þær að vanskil við stofnlánadeild eru nú svo mikil að rýra mundi útgreiðsluhlutfall annarra úr hófi.

4. Kjör reiðufjárhluta lánanna verði hin sömu og á aðfengna fénu að viðbættu ½% álagi til veðdeildarinnar.

5. Kjör veðdeildarbréfanna verði verðtryggð skv. lánskjaravísitölu með 2% vöxtum, en ofan á þá ½% álag veðdeildar gagnvart skuldurum.

6. Slaka verður á fyrri óskum nefndarinnar um lengd lánanna. Þó verði reynt að fá þau til 12 ára, þar af fyrsta ár afborganalaust. Endanlega fari þetta þó eftir því við hvaða kjörum lánardrottnar fást til að taka við bréfunum.

Um fjárhæðarmörk og hlutfall skuldbreytingarinnar að öðru leyti telur nefndin ekki tímabært að tjá sig fyrr en frekari upplýsingar liggja fyrir.“ Undir þetta skrifar formaður nefndarinnar, Bjarni Bragi Jónsson.

Þessar tillögur undirbúningsnefndarinnar sem fjallaði um þetta mál verða vafalaust hafðar til hliðsjónar þegar ákvörðun verður tekin um lánakjör á þessum lánum, bæði reiðufjárhluta þeirra og eins skuldabréfum, þrátt fyrir að aðrir aðilar eigi samkv. lagafrv. að taka þar ákvörðun um.

Hér var rætt um að gæta yrði þess að aðstaða til að losna við bréfin verði ekki misjöfn, bæði af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og eins kom það fram í máli hv. 7. þm. Reykv. Ég tel að mjög mikilvægt sé að haldið verði þannig á framkvæmd þessa máls að skuldabréfin verði seljanleg, sem fyrst og fremst tryggi það að aðilar sitji nokkurn veginn við sama borð í sambandi við að losna við þessi bréf. Það er rétt að við undanfarnar skuldbreytingar hafa innlánsdeildir kaupfélaga, eða a. m. k. *minni innlánsdeildir kaupfélaga og minni* sparisjóðir, getað losnað við þessi bréf upp í bindiskyldu Seðlabankans. Um það er ekkert í þessu frv. og ekkert að því er lýtur að framkvæmd málsins kveður á um eitt eða annað í þessa átt. Hins vegar hefur þetta viðgengist vegna þess að Seðlabanki Íslands hefur sett um þetta sérstakar reglur og ég hygg að það komi til ákvörðunar hvernig með það verður farið nú þegar farið verður að ræða um meðferð á lánakjörum á þeim bréfum sem hér er gert ráð fyrir að gefa út. En ég tel hins vegar mjög mikilvægt að forðast að gert verði upp á milli aðila hvað þetta og annað í meðferð þessa máls snertir.

Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál frekar. Hér flutti langa ræðu hv. 7. þm. Reykv. og hefur flutt sérstakar brtt. á þskj. 464, þar sem hann gerir ráð fyrir að útvíkka þetta mál mjög, þannig að það taki einnig til lausaskulda launafólks og þar með einnig lausaskulda bænda sem til er stofnað vegna persónulegrar neyslu svo og vegna kostnaðar við byggingu á íbúðarhúsnæði o. s. frv. Hér er farið út á alveg nýja braut. Frv. eins og það er úr garði gert gerir ráð fyrir að gefinn sé kostur á að breyta *í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga* til búrekstrar á jörðum á tilteknu árabili svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla, bústofns og fóðurkaupa á sama tíma. Hinir síðustu liðir, er snerta rekstrarvörur, eru nokkuð þrengdir í tillögum þeim sem fyrir liggja frá nefndinni sem undirbjó málið. Það á sem sé að breyta í föst lán skuldum sem myndast hafa vegna fjárfestingar í atvinnurekstri og tiltekinna rekstrarvara vegna atvinnurekstrarins. Hér er t. a. m. ekki gerð till. um að unnt verði að breyta í föst lán lausaskuldum sem myndast hafa vegna íbúðarbygginga í sveitum. Ég hygg þó að ýmsir þeir sem byggja íbúðarhús í sveit séu í jafnmiklum fjárhagsvandræðum og þeir sem byggja íbúðarhús í þéttbýli. Ef farið væri út fyrir þessi mörk væri réttast að frv. fæli í sér almenna heimild til að breyta lausaskuldum landsmanna í föst lán, þ. e. þeirra sem gætu aflað veðs. Það er miklu stærra mál en svo að ég sjái fram úr því á þessari stundu.

Mér sýnist meira að segja að það sé jafnvel nokkuð frjálslega farið með að veita veðheimildir í brtt. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, þar sem að hann gerir ráð fyrir að t. a. m. fólki sem býr í leiguhúsnæði verði veitt heimild til að veðsetja hina leigðu eign. Þetta telur þm. e. t. v. að eigi að vera til samræmis við það að bændum sem búa á ríkisjörðum verði heimilað að veðsetja þær jarðeignir. Það stafar vitaskuld af því að í flestum eða öllum tilvikum eiga bændurnir sem eru ábúendur á þessum jörðum jafnvel meginhluta þeirrar eignar sem jörðinni fylgir. Það hefur ekki verið tíðkað að slíta þau veð í sundur eftir eignarhluta. Þess vegna er nauðsynlegt að slík heimild sé veitt. Það gegnir allt öðru máli ef tiltekinn maður leigir sér íbúð í þéttbýli — íbúð sem hann á ekkert í og getur þess vegna ekki með nokkru móti ætlast til að sé veðsett fyrir hans skuldum.

Ég efa það ekki, og það vitum við öll hér á hv. Alþingi, að fjárhagur ýmissa manna í þjóðfélaginu er með þeim hætti að þeir þurfa á aðstoð að halda eða hefðu fulla þörf fyrir aðstoð ef fjármagn reyndist til. Ég tel t. a. m. að það sé augljóst mál að ýmsir séu í vandræðum vegna íbúðakaupa eða íbúðabygginga. Það er út af fyrir sig sérmál sem hefur verið tekið á að nokkru en væri þörf á að taka á miklu betur. Ef það væri gert, að taka á því máli varðandi íbúðabyggingar og íbúðakaup, mundi það ná jafnt yfir launamenn og bændur. Þá mundu bændur einnig fylgja með og fullt samræmi vera í þeirri aðstoð við bændur og launamenn.

Það er sem sagt þarna sem skilur á milli. Annars vegar er um að ræða fyrirgreiðslu vegna atvinnurekstr-

ar, sem margsinnis hefur verið veitt í þessu þjóðfélagi, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði, og hins vegar hvort á að veita fyrirgreiðslur vegna lausaskulda fólksins í landinu almennt. Þá er nokkru lengra gengið en svo að í það verði ráðið hve mikla fjármuni er um að tefla og því síður hvað fólkið í landinu á yfir höfuð möguleika á að nota sér slíka fyrirgreiðslu og hefur til þess fullnægjandi veð.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég vænti þess að reynt verði að hraða þessu máli og koma til móts við mikla þörf því að ástand í landbúnaði er sannarlega með þeim hætti að ekki er vanþörf á.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu þessa máls og þeim sem hér hafa tekið til máls fyrir þann stuðning sem þeir hafa lýst yfir við málið. Allir virðast vera sammála um að brýn þörf sé á að gera það sem frv. þetta gerir ráð fyrir, aðeins er einhver skoðanamismunur um leiðir. En hér hefur verið rakið ýmislegt í sambandi við þetta og ég skal ekki endurtaka það.

En ég verð samt sem áður að láta í ljós þá skoðun mína og taka undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að þetta eitt leysir ekki allan vanda bænda. Því miður er of mikið sagt hjá hv. 7. þm. Reykv. að þeir þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af eignum sínum næstu árin. Ég er hræddur um að þar þurfi meira til. Við vitum að aðstæður hafa breyst mjög í landbúnaði á síðustu árum af ástæðum sem öllum er kunnugt um þannig að þar þarf ýmsu að breyta. Því vil ég taka undir með hv. 4. þm. Norðurl. eystra að þörf er á stefnumörkun. Ég hef óskað eftir að fá ýmsar upplýsingar sem verið er að vinna að og hægt væri að byggja slíka stefnumörkun sem kannske væri öllu róttækari en fram hefur verið sett þegar aðstæður hafa verið aðrar en núna eru. Ég vil taka undir það að að því máli verður unnið og svara þeirri spurningu hv. þm. með því.

En þrátt fyrir stefnumörkun býst ég við að alltaf geti komið upp vandi í landbúnaði. Við vitum hvað árferðið hefur þar mikil áhrif og við vitum hversu erfitt árferði hefur verið flest árin nú um fimm ára skeið. Það á tvímælalaust stóran hlut í þeim erfiðleikum sem bændur eiga nú við að glíma.

Komið hefur fram að æskilegt væri að meiri upplýsingar lægju fyrir um það hversu umfangsmikið mál hér væri um að ræða. En því miður er útilokað að gera sér að fullu grein fyrir slíku fyrr en til framkvæmdanna kemur þrátt fyrir að ýmislegt hafi verið gert til að reyna að afla gagna eins og hér hefur komið fram. Ekki er vitað í hvað miklum mæli skuldareigendur vilja taka við þeim bréfum sem gert er ráð fyrir að gefin verði út skv. þessum lögum. Á það er ekki hægt að reyna að fullu fyrr en öll kjör hafa verið ákveðin en ekki er hægt að ganga að fullu frá því fyrr en lögin hafa verið afgreidd, svo þetta er nokkuð samtengt. Frv. kveður á um það með hvaða hætti það skuli gert eða hverjir það skuli ákveða.

Hv. 7. þm. Reykv. hefur flutt brtt. all viðamiklar við frv. og spurðist fyrir um álit samráðherra minna um það. Ég hef ekki rætt við þá um það en treysti mér þó til að fullyrða að þeir telji æskilegt að fara fremur þá leið sem hv. þm. gerði í upphafi, þ. e. að flytja sérstakt frv. um það og skoða það rækilega. Því að mér er ekki kunnugt um að þessar till. sem hann flytur hér hafi neitt verið athugaðar í n. í þinginu og því sé lítið vitað hversu umfangsmikið mál hér er um að ræða.

Ég skal ekkert draga úr því að það eru margir sem eiga við margvíslega erfiðleika í fjármálum að etja. Ástæður fyrir því eru margar. En með tilliti til þess að talið hefur verið æskilegt að fá meiri upplýsingar um skuldamál bænda sem, eins og ég sagði, hefur þegar verið reynt að afla held ég að erfitt sé fyrir hv. alþm. að taka afstöðu til þessara brtt. eða samþykkja þær nema eitthvað frekar sé vitað hvað þar er um að ræða og því sé það tvímælalaust þinglegri meðferð að taka til athugunar og afgreiðslu það frv. sem hv. þm. flutti ásamt Sighvati Björgvinssyni og liggur fyrir á sérstöku þskj. Þetta tel ég mig sem sagt geta fullyrt fyrir hönd þeirra ráðh. sem hann minntist á.

Ég vil að lokum endurtaka þakklæti til þeirra sem unnið hafa að framgangi þessa máls og undir það tekið og taka undir með þeim líka að þörf sé á að hraða þessu. Eins og kom fram í framsöguræðu minni var lögð áhersla á að þessi lagaheimild næði einnig til ársins 1983 en það gat vitanlega ekki gerst fyrr en það ár a. m. k. var liðið.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru ekki nema örfá orð sem ég sé ástæðu til að segja hér. Ég vil byrja á því að segja það að hv. 1. þm. Norðurl. v. kom í raun og veru inn á flest þau atriði sem ég vildi ræða um.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti sínar till. eftir að landbn. var búin að skila sínum till. Þar af leiddi að n. hefur ekki skoðað þessar till. á neinn hátt enda ekki ástæða til þar sem þær till. sem hann gerir hér sem brtt. eru komnar áður á sérstakt þskj.

En í sambandi við hans málflutning vil ég endurtaka það sem ég sagði í minni framsöguræðu að frá síðustu lausaskuldabreytingu í þágu bænda, sem var um áramótin 1979—1980, hafa farið fram tvær umferðir skuldbreytinga fyrir íbúðarbyggjendur. Hin fyrri fór fram 1981 og voru íbúðarlán viðskiptabanka og sparisjóða þá yfirleitt lengd í átta ár og svipaðri lánalengd að mestu haldið síðan á lánum ætluðum sem viðbótarlán.

Við valdatöku núv. ríkisstj. var boðið upp á tvenns konar lánalengingu fyrir húsbyggjendur, frestun fram yfir lánstímann á fjórðungi ársgreiðslu íbúðarlánanna og í öðru lagi lausaskuldabreyting vegna þeirra sem byggt hafa eða keypt íbúð í fyrsta sinn undanfarin tvö til þrjú ár. Þessi skuldbreyting hefur verið í gangi að undanförnu og upplýsingar um fjárhæðir liggja ekki fyrir en það liggur fyrir að hátt í 500 aðilar hafa fengið slík viðbótarlán í þessu skyni.

Á síðari hluta ársins 1982 og fram að áramótunum 1982—1983 fór fram víðtæk breyting lausaskulda sjávarútvegsins, ekki aðeins við lánastofnanir heldur einnig viðskiptaaðila útvegsins. Nam heildarbreyting 577 millj. kr. fyrir milligöngu viðskiptabankanna og með sérstakri fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands.

Ég vil að þetta komi fram vegna þess að í málflutningi hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar kom fram að verið væri að gera eitthvað sérstakt fyrir bændur sem aðrir þjóðfélagshópar nytu ekki. Þetta er alger misskilningur. Þess vegna vil ég endurtaka það sem ég sagði um þetta mál í minni framsöguræðu.

Ég þarf ekki að bæta neitt við það sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði í sambandi við 3. gr. laganna. En það er best að lesa hana hér upp eins og hún er til að sýna fram

á hvað átt er við. Þar segir:

„Heimilt er hlutaðeigandi ráðh. að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum skv. lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum."

Náttúrlega er það alveg fráleitt að leyfa þeim sem eru í leiguhúsnæði veðsetningu á íbúðunum fyrir nýjum lánum. Hvað eiga þeir í því húsnæði? Þetta er ekkert hliðstætt, þetta er alveg út í hött. Ýmislegt væri hægt að segja í sambandi við þessa umr. að öðru leyti. Hún hefur verið mjög hófleg. Ég ætla ekki að drepa á fleiri atriði til að tefja ekki þetta mál. Ég verð þó að undirstrika það sérstaklega að landbúnaðurinn hefur nú farið í gegnum mjög mikil erfiðleikaár, köldustu ár aldarinnar. Þeir yngri bændur sem hafa byrjað búskap síðan 1975 hafa orðið að sæta allt öðrum lánakjörum en þeir sem voru byrjaðir og búnir með framkvæmdir áður. Ofan á þetta bætist það að markaðsaðstæður hafa verið þannig að menn hafa orðið að draga úr sinni framleiðslu enda þótt fjárfestingarnar hafi verið komnar áður, um 20% yfirleitt. Þess vegna er ekkert undarlegt þó að þungt sé fyrir dyrum margra bænda nú.

Í sambandi við eitt atriði sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og í sambandi við lánakjörin held ég að það verði að reyna að finna út hvernig þessi lánskjör þurfi að vera til þess að lánastofnanir vilji taka við þeim án affalla. Það verður að vera stefnan í þessum málum. Ég efast ekkert um að sú leið finnist. Hvort það verður nákvæmlega eins og till. n. sem fjallaði um þetta mál, það get ég ekki sagt til um á þessari stundu. Því miður efast ég um að það dugi en áreiðanlega verður reynt að framkvæma þetta á þann veg að tekið verði tillit til erfiðleika hjá bændum eftir því sem hægt er að koma því við og þessi lög heimila. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég hef þegar gert grein fyrir afstöðu minni hl. landbn. í þessu máli, sem er í stuttu máli sú, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá með þeim rökum að nægar lagaheimildir séu fyrir hendi í lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands til þess að framkvæma skuldbreytingu þá sem hér er lýst, ef vilji er fyrir hendi, ef fjármagn er fyrir hendi og ef samkomulag tekst um lánakjör.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp aftur er þá fyrst og fremst sú, að þessu sjónarmiði var andmælt af hv. 1. þm. Norðurl. v. í umr. hér áðan. Annað tilefni til frekari umr. um þetta mál var síðan að nokkru leyti að finna í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði sem svo: Með því að flytja brtt. við gildandi lög um veðdeild er minni hl. landbn. þar með að staðfesta að lagabreyting sé nauðsynleg, og vildi þar með vefengja að þau rök væru góð og gild að frv. meiri hl. væri þarft og nauðsynlegt.

Þessi rök standast að sjálfsögðu ekki. Það er hægt að færa að því fullgild rök að það þurfti engar brtt. að flytja við lögin um veðdeild Búnaðarbankans til þess að koma fram skuldbreytingunni fyrirhuguðu. Það bar enga nauðsyn til að leggja til neinar sérstakar lagabreytingar. Það er alveg ljóst, miðað við þau gögn sem birt hafa verið, þær upplýsingar sem n. fékk í hendur um skuldastöðu bænda, að ekki var nauðsynlegt út af fyrir sig að hækka veðsetningarhlutfall það sem ákveðið er í lögum veðdeildar. Í þessum gögnum var tekið meðaltal af lausaskuldum bænda skv. þeim umsóknum sem Stéttarsamband bænda efndi til og niðurstaðan varð sú, að þessar lausaskuldir væru að meðaltali innan við 400 þús. kr. Þetta er út af fyrir sig ekki há upphæð og ég endurtek: þetta eru meðaltalstölur. Það þýðir að sá hluti bænda sem verst er staddur á við að stríða lausaskuldir sem gætu numið 600—700 þús. kr., en væntanlega mundi þetta jafnvel fela í sér að mjög margir bændur væru skuldugir í miklu minna mæli.

Ef þetta er borið saman við skuldabyrði almennra húsbyggjenda eða launþega þá er hér ekki um að ræða stórar skuldir, allra síst ef um er að ræða atvinnurekstur, þannig að veðsetningarhlutfallið, sem kveðið er á um í lögum um veðdeild, mundi væntanlega vera nóg. Þessu svara meirihlutamenn landbn. á þá leið að þessar upplýsingar séu nú mjög úreltar, þær séu kannske að verða 9 mánaða gamlar og málið sé illa upplýst. Enn eigi eftir að koma á daginn hvort ekki komi til miklu fleiri bændur sem sæki um þetta ef umsóknarfrestur er framlengdur og þegar nánari upplýsingar hafa verið birtar um kjör o. s. frv. Þar að auki hafi mjög snúist til verri vegar fyrir bændur frá því að þessi könnun var gerð.

En til þess að draga þetta saman: Sá sem hér stendur flutti brtt. við veðdeildarlögin um tvennt. Í fyrsta lagi að hækka veðsetningarhlutfallið úr 60% af matsverði eigna upp í 75% og í annan stað að færa inn í lögin það ákvæði að leiguliðar á ríkisjörðum mættu veðsetja eignir ríkisins, ábúðarjarðir sínar, fyrir þessum skuldum. Ástæðurnar fyrir þessu eru þær að undirbúningsnefndin og þá sérstaklega formaður hennar taldi að það væri af tæknilegum ástæðum mjög æskilegt að leiguliðar eða ábúendur ríkisjarða væru ekki undanskildir í þessum efnum vegna þess sem hann kallaði „ódeilanleika veðhæfni" í slíkum tilvikum. Ef þetta eru almennt tæknileg atriði þá er alveg sjálfsagður hlutur að þau séu færð inn í brtt., inn í lögin um veðdeildina, og hefur það þá almennt gildi.

Fyrra atriðið, sem varðaði veðsetningarhlutfallið, er ekkert tengt skuldbreytingarhugmyndunum sem slíkum. Í báðum tilvikum er um að ræða breytingar almenns eðlis, sem af lagalegum ástæðum fer best á að sé að finna í þessum lagabálki, lögunum um veðdeild. Og þá er kannske komið að kjarna málsins í ágreiningnum milli mín og hv. 1. þm. Norðurl. v. Hann hélt því fram að það væri óeðlilegt að gera þessar breytingar á veðdeildarlögunum vegna þess að þá væri verið að gera ráð fyrir því sem reglulegu og venjulegu ástandi að til skuldbreytinga yrði efnt stöðugt jafnt og þétt. Því er til að svara að skuldbreytingarnar eru ekki undantekningar frá reglu. Þær eru orðnar almennt ástand.. Til skuldbreytinga hefur verið efnt í tvígang frá 1970 og hafa spannað allt tímabilið frá 1970 til ársloka á s. l. ári og þar áður hefur iðulega verið efnt til slíkra skuldbreytinga þannig að því miður verður að líta svo á að hér sé ekki um undantekningu frá reglunni að ræða, heldur þvert á móti hina almennu reglu.

En brtt. mínar um veðdeildarlögin eru ekki fluttar af þessum sökum. Þær eru fluttar út frá því sjónarmiði að það sé óeðlilegt ef ráðh. beitir sér fyrir flutningi á till. í búningi lagafrv., sem í raun og veru hefur ekki meira gildi en þáltill., er í raun og veru ekkert annað en almenn viljayfirlýsing og þarf ekki að koma til kasta

löggjafarþingsins nema um þessi minni háttar framkvæmdaatriði. Hin eðlilega leið í slíkum efnum er auðvitað sú, ef menn á annað borð telja æskilegt að þessi minni háttar framkvæmdaatriði verði lögfest, að þá séu þau lögfest í þeim lagabálki þar sem þau eiga heima. Um það deilir enginn að lögin um veðdeildina heimila veðdeild Búnaðarbankans og bankaráði Búnaðarbankans að framkvæma þessar skuldbreytingar. Þeir geta það út af fyrir sig án nokkurrar lagabreytingar en hér er um að ræða minni háttar framkvæmdaatriði sem ekki sakar að séu þá færð inn á réttan stað og hafa almennt gildi. Jafnvel þótt ekki verði framar í sögu íslensks landbúnaðar efnt til skuldbreytinga væru þessi lagaákvæði samt þörf.

Hækkunin á veðsetningarhlutfallinu t. d. væri þarfleg breyting ef menn hafa það í huga að veðdeildin gæti í almennum lánum sínum gengið lengra í þá átt að lána, þó innan veðmarka, þeim bændum sem verst eru staddir hverju sinni, burtséð frá skuldbreytingum. Ef mönnum þykir það almennt réttlætismál að leiguliðar ríkisjarða megi vegna ódeilanleika veðhæfni veðsetja eignir ríkisins, vegna þess að nánast sé tæknilega ógerlegt að skilja þar í milli og félagslega ranglátt að láta menn gjalda slíkra tæknilegra lagaatriða, þá er þetta hvort tveggja almennt séð eðlileg lagaatriði sem eiga með eðlilegum hætti heima í lögunum um veðdeild Búnaðarbanka. Þetta ætti að nægja til þess að svara gagnrýni fyrrv. hæstv. landbrh. í þessu efni.

Niðurstaðan er m. ö. o. alveg ljós. Eftir stendur það óhagganlegt að þetta frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er óþarft, lögin um veðdeild Búnaðarbankans veita nægilega lagaheimild. Eftir sem áður er það staðreynd að framkvæmd málsins er háð samþykki Alþingis við nýrri fjárútvegun. Ég tók eftir því að hæstv. landbrh. notaði ekki tækifærið til þess að svara því með hvaða hætti ríkisstj. hyggst útvega þetta fé, en það er í raun og veru stóra málið sem Alþingi þarf að fjalla um. það er við þá afgreiðslu sem menn raunverulega taka hina endanlegu afstöðu. Að því er varðar þessi minni háttar framkvæmdaatriði eru þau sjálfsögð almennt séð, þörf breyting sem sjálfsagt er að gera.

Þá er ástæða til að víkja örfáum orðum að þeim brtt. öðrum sem hér liggja fyrir. Á þskj. 427 hefur hv. 4. þm. Norðurl. e. lagt fram tvær brtt. Önnur þeirra er á þá leið að lánveitingar skv. lögum þessum skuli sérstaklega miða að því að leysa fjárhagsvanda þeirra bænda sem nýlega hafa hafið búskap, staðið í gagngerri uppbyggingu eða endurbótum á bújörðum sínum og búa við sérstaklega erfiðan fjárhag vegna fjölskylduaðstæðna.

Fyrsta spurningin í sambandi við brtt. af þessu tagi er kannske spurning um fordæmi. Við erum hér að ræða um skuldbreytingar vegna lausaskulda eða vanskilaskulda vegna fjárfestingarlána í atvinnurekstri. Það kynni kannske að þykja dálítið hæpið fordæmi, ef við víkjum að öðrum atvinnugreinum, ef inn í slíka löggjöf væru sett ákvæði þar sem taka ætti tillit til fjölskylduaðstæðna, barnafjölda, aldurs barna á framfæri, skólagöngu barna o. s. frv. Vitnað hefur verið til þess að skuldbreytingar hafa átt sér stað í sjávarútvegi. Ætli sumum þætti ekki dálítið undarlegt ef farið væri að setja inn í lög um skuldbreytingar í sjávarútvegi að taka bæri tillit til félagslegra aðstæðna útgerðarmanna, barnafjölda þeirra o. s. frv. Eðli málsins samkvæmt eru þessi mál fyrst og fremst spurningar um útvegun á fjármagni og síðan spurning um mat á veðhæfni eigna á bak við þetta. Ég upplýsti við fyrri umr. að í skuldbreytingum í sjávarútvegi var sett strangt þak, miklu lægra þak á hámark skuldbreytinga, þ. e. hámarkið var 7% af fasteignamati veðhæfra eigna. Í annan stað var þar engu nýju fjármagni til að dreifa.

En hvað sem þessu líður er líka ástæða til að spyrja: Getur skuldbreyting af þessu tagi komið þeim atvinnurekendum sem verst eru staddir í landbúnaði að gagni? Um það var spurt í n. hver hefði verið reynslan af skuldbreytingunni frá 1979. Svörin voru þau að sá hópur bænda sem verst er staddur fjárhagslega og skuldar mest og rekur óarðsamastan búskap væri jafnvel engu betur settur eftir þá skuldbreytingu, þ. e. skuldbreytingin hefði ekki nægt þeim til þess að koma fjárhag þeirra á rétta kjöl. Eftir sem áður væri það staðreynd að þessi hópur bænda væri enn í verulegum og vaxandi vanskilum frá 1979, þ. e. þau skuldbreytingarlán væru ekki í skilum.

Fram kom í umr. að það var mat bankastjóra Búnaðarbankans, sem hefur mikla praktíska reynslu af þessum málum, að í þessum tilvikum væri skuldbreytingin gagnslaus ráðstöfun og kæmi ekki að viðhlítandi notum. Þarna yrðu menn að gera það upp við sig hvað ætti að gera, annaðhvort yrði að grípa til beinna styrkaðgerða, þ. e. beita fjármagni sem væri hreinlega í formi styrkja til að endurreisa fjárhag þessara bænda, ellegar að líta á þetta sem óviðráðanlegt verslunarlegt vandamál og gera þá ráðstafanir til að auðvelda þessum bændum að losna frá eignum sínum og hætta búskap. Það er því ákaflega hætt við því, þó að þessi till. hljómi fagurlega og líti fallega út á blaði, að hún feli ekki í sér raunverulega aðstoð.

Að því er varðar seinni brtt., „Innlánsstofnunum er skylt að taka við bankavaxtabréfum er gefin verða út skv. lögum þessum. Seðlabankinn endurkaupir þessi bréf," þá er þetta ákaflega merkileg till. Yfirleitt má segja um hugmyndina á bak við bindifé, þ. e. bak við þá hugmynd að eitt af meginhlutverkum Seðlabanka sé að reyna að stýra peningamagni í umferð og hafa þar með áhrif á aukningu peningamagns og eftirspurnarþenslu með því að draga fé úr umferð og frysta það, að allt kerfið sem hér er í notkun, sem er í því fólgið að nota þetta fé síðan skv. sjálfvirkum, lögbundnum reglum til útlána aftur út í hagkerfið, jafnvel á niðurgreiddum vöxtum, sýnir að ekki er heil brú í þessari pólitík. Hugmyndin á bak við bindiskylduna er þveröfug, en framkvæmdin eftir á, nýtingin á þessu fé, brýtur algjörlega í bága við tilgang upphaflegu hugmyndarinnar um bindiskyldu. Þetta er ein skýringin á því að peningamálastjórn í landinu hefur verið í molum lengst af og sérstaklega s. l. 10—12 ár. Það kom til umr. í sambandi við lánsfjárlög þegar upplýst er að útlánaaukning banka — sem byggist á yfirdrætti Seðlabanka þrátt fyrir refsivaxtaákvæði við bindiskyldu — á fyrstu tveimur mánuðum ársins er í engu samræmi við yfirlýst markmið ríkisstj. í efnahagsmálum þar sem hún hefur aukist milli 60—70% á ársgrundvelli, eins og það er sagt, á sama tíma og ríkisstj. reynir að setja sér það mark að verðbólguhraðinn verði ekki meiri en 10—12%.

Það er mikið vafaatriði að hægt sé með almennum lögum að skylda innlánsstofnanir hvað þá Seðlabanka líka, til endurkaupa, til þess að taka við bréfum án tillits

til þess á hvaða vaxtakjörum þetta er. Eðlilegast er, úr því að ekki skortir neinar lagaheimildir til þess að framkvæma þessa hluti, að það verði síðan samkomulagsatriði skuldara og lánardrottins hvort samningar takast um skuldbreytingu, lengingu lána. Þá ætti það eðli málsins skv. að gerast á þeim vöxtum sem í gildi eru almennt þegar um veðlán er að ræða.

Eins og kunnugt er er hér gert ráð fyrir niðurgreiddum vöxtum í þessu efni þ. e. 2—2.5%, í stað 5—5.5% sem í gildi eru á markaðnum. En í staðinn á hins vegar að fá lánardrottna til að taka þessi bréf með því raunverulega að útvega þeim nýtt lánsfé, það er tilgangurinn.

Í raun og veru er megintilgangur þessara till. sá að leysa greiðsluvandamál innlánsdeilda kaupfélaga. Vitað er að forstöðumenn þessara lánastofnana eru ekkert ginnkeyptir fyrir því að semja um lengingu á lánum, sem þegar eru gjaldfallin og bera kannske hæstu vexti, til lengri tíma á niðurgreiddum vöxtum. Þeir setja það að skilyrði að þeir fái þá eitthvað fyrir sinn snúð og það á að vera aukið rekstrarfjármagn í formi nýrra lána. Það er ástæðan fyrir þeirri óvenjulegu leið sem farið er, að framkvæma þessa skuldbreytingu. Það verður að teljast óvenjuleg leið að nauðsynlegt sé að afla nýrra lána til þess að fá aðila til að samþykkja þetta. Þar stendur síðan hnífurinn í kúnni, um það snýst málið í heild sinni. Er þetta fjármagn til? Hvaðan á það að fást? Á hvaða kjörum fæst það og á hvaða kjörum verður það endurlánað?

Ég hef sagt að þar sem þetta frv. er óþarft hef ég ekki séð ástæðu til að gera grein fyrir endanlegri afstöðu minni til þess, raunverulega getur það beðið þess tíma. Þó skal ég taka það skýrt fram að ég er algjörlega andvígur því að leysa mál af þessu tagi með því að slá meiri erlend lán. Rökstuðningurinn fyrir því get ég sótt í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstj. Ég er m. ö. o. alveg sammála því að við séum komnir yfir eðlileg hættumörk að því er varðar erlendar lántökur. Ég er sammála því að það eigi að vera keppikefli ríkisstj. að koma í veg fyrir að hlutfall erlendra skulda fari yfir 60%, en við það jaðrar það nú. Ég er sammála þeirri stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að snúa beri við af þessari braut, það verði að hafa strangt taumhald á erlendum lántökum, beita verði ströngum arðsemismælikvörðum í því efni, lán verði ekki tekin og þau verði ekki veitt nema til þeirrar fjárfestingar sem við getum slegið föstu að spari okkur verulegan gjaldeyri eða skili okkur nýjum gjaldeyristekjum og verði þess vegna til þess í framtíðinni að létta á okkur greiðslubyrði erlendra skulda sem þegar er orðin allt of mikil.

Hér er ekki um að ræða slíkt mál. Ef ríkisstj. vill taka sjálfa sig alvarlega, ef hún vill láta taka mark á efnahagsstefnu sinni hlýtur hún að leita annarra úrræða. Þess vegna ber hæstv. landbrh. skylda til að upplýsa það hér og nú, áður en þessari umr. verður lokið, með hvaða hætti hann hyggst útvega þetta fjármagn. Það er upplýst að veðdeild Búnaðarbankans er ofviða að leysa þetta af eigin rammleik. 1979 var þessu verkefni beint á Byggðasjóð sem auðvitað tók lán til að leysa það. Nú liggur ljóst fyrir eftir umr. um lánsfjárlög að ríkisstj. á ekki önnur úrræði, ef hún ætlar að gera þessa hluti, en að taka ný erlend lán. Er hæstv. landbrh. að boða það? Ég árétta þá spurningu og tel að ráðh. sé ekki sæmandi annað en að svara því skilmerkilega í þessum umr. Hvernig hyggst hann útvega þetta fé? Er hér raunverulega um að ræða erlenda lántöku?

Ég get skilið að ráðh. geti ekki svarað því hversu há lánin eru. Það er vegna þess að málið er, þrátt fyrir langan undirbúningstíma, ekki á því stigi að upplýsingar liggi fyrir um það. Það getur verið einhvers staðar á bilinu 40—70 millj. kr. þess vegna. En 600 millj. kr. duga sem kunnugt er til þess að hleypa upp hinni helgu, heilögu tölu, 60% af þjóðarframleiðslu, upp um eitt prósent þannig að við eigum út af fyrir sig ekki að tala hér um rosalega tölu. En þá minni ég líka á að hin erlenda lánsfjárþörf er miklu meiri í öðrum póstum þannig að það munar um hvern kepp í þessari sláturtíð.

Herra forseti. Hér liggja líka fyrir á þskj. 464 brtt. frá hv. 7. þm. Reykv., Ólafi Ragnari Grímssyni, efnislega á þá leið að með sama hætti og þetta frv. kveður á um breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán þá gildi öll ákvæði þeirra að breyttu breytanda um launþega þannig að í hverri grein, grein fyrir grein, skuli setja orðið „launþegar“ í staðinn fyrir „bændur“. Sama skuli gilda að því er varðar veðsetningu eigna, að leiguliðar í íbúðarhúsnæði á vegum ríkisins eða sveitarfélaga eða annarra aðila megi veðsetja íbúðir þeirra, sem og að ákvörðun vaxta á slíkum lánum verði ákveðin í fullu samráði við stéttarsamtök launþega í landinu.

Þessar brtt. eru í samræmi við frv. sem áður kom fram á Alþingi, flutt af þeim hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni. Hv. þm. flutti hér athyglisverða ræðu í löngu og ítarlegu máli og beindi máli sínu mjög til framsóknarmanna og, að því er mér virtist á stundum, einng til framsóknarmanna í sínum eigin flokki.

Röksemdafærsla þm. var mjög einföld. Hann sagði á þá leið: Hingað til hefur verið haft fyrir satt og verið rauður þráður í málflutningi þeirra sem telja sig mesta talsmenn bænda að hagsmunir bænda og launþega fari saman, að bændur séu raunverulega launþegar. Skv. þessu kerfi hefur launaliður bóndans í verðlagsgrundvellinum ævinlega hækkað í samræmi við almenna hækkun kaupgjalds viðmiðunarstétt. Þetta er eitt grundvallaratriðið í allri verðmyndun í landbúnaði. Af þessu ályktaði hv. m. að hið sama skyldi ganga yfir bændur og launþega. Hann sagði m. ö. o.: Ef menn fallast á annað borð á þau rök að bændur séu launþegar og eigi að eiga kjör sín mjög undir sömu þáttum og almennir launþegar þá fylgir af sjálfu sér að menn eiga að styðja skuldbreytingar til launþega á nákvæmlega sama grundvelli og til bænda. Þetta eru út af fyrir sig ágæt rök og ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir geta þeir fylgt þessum rökum.

Með því að ég flyt till. um að vísa þessu frv. frá þarf ég ekki að taka afstöðu til þess arna af þeirri einföldu ástæðu að ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar að það sé óeðlilegur hlutur með öllu að binda afkomu bænda við kjör launþega vegna þess einfaldlega að þetta er sitt hvað. Bændur eru að sjálfsögðu atvinnurekendur og eiga afkomu sína undir allt öðrum þáttum. Þeir eru aðilar sem stunda atvinnurekstur, þeir eiga afkomu sína þess vegna fyrst og fremst undir því hversu vel fyrirtæki þeirra eru rekin. Það getur verið ýmsum þáttum háð og auðvitað er afkoma þeirra mjög háð sveiflum og náttúrufari rétt eins og í útgerð og öðrum frumatvinnuvegum Íslendinga. En það breytir engu um það að þeir eru atvinnurekendur og viðmiðun við laun launþega þess

vegna út af fyrir sig engan veginn augljós né rökrétt og tengsl við meðallaun verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna þaðan af síður. Mætti nefna til hvers vegna ætti ekki að miða afkomu bænda við afkomu einhverra allt annarra stétta. Ég vil ekki fara út í þá sálma, aðeins árétta það að ég er ekki stuðningsmaður þeirrar kenningar. Ég tel að tími sé til kominn og hefði átt að vera fyrir löngu að breyta þessari viðmiðun og horfast í augu við þá staðreynd að þetta tvennt er alls ólíkt og engin rökrétt tengsl þar á milli.

En ræða hv. þm. var að því leyti til merkileg að hún markar dálítil spor í breyttu hugarfari í þessum málum innan hans eigin flokks, Alþb. Það hefur lengi verið í gildi að ekki mætti ræða um aðrar og skynsamlegri lausnir innan landbúnaðarins en þær sem orðið hafa að ráðum framsóknarkerfisins, m. a. vegna þess að sjálfskipaðir talsmenn bænda í öðrum flokkum, þ. á m. bæði í Sjálfstfl. og Alþb., hafa jafnan tekið undir þessa framsóknarpólitík í stóru sem smáu, jafnvel reynt að yfirbjóða hana stundum. Þetta hefur lengi vel átt mjög við Alþb. Sem kunnugt er hafa þessir tveir flokkar starfað lengi saman í ríkisstjórnum og reyndar verið lengi hlið við hlið líka í stjórnarandstöðu. Þetta tímabil spannar hvorki meira né minna en rúma tvo áratugi. Í ríkisstjórnum þessara flokka hefur Framsfl. ráðið landbúnaðarmálunum og Alþb. dansað þar eftir pípu framsóknar í stóru sem smáu. Alþb. hefur ekki, sem vitað er, gert neina tilraun til þess að koma vitinu fyrir framsókn í þeim efnum. Þvert á móti hafa þeir í viðleitni sinni til þess að fá vinstri sinnaða framsóknarmenn til undaneldis hjá sér reynt að yfirbjóða Framsfl., svo sem frægt var þegar einn leiðtogi Alþb. sagði að það væri ein einföld lausn á offramleiðsluvanda í landbúnaði. Hún væri sú að launþegar á mölinni ætu meira af hefðbundnum landbúnaðarafurðum. Menn ættu ekki í því tilviki að vinna sig úr út vandanum heldur éta sig út úr vandanum.

Vandamálin eru gömul í þessari grein. Þau snerta ekki hvað síst offramleiðslustefnuna, framleiðsluhvatningarstefnuna, það að taka ekkert tillit til þess hver eru eðlileg takmörk innanlandsneyslu. Á þessum grundvelli hefur verið reist mikið framleiðsluhvetjandi kerfi og sólundarkerfi sem lýsir sér best í gífurlega háum og miklum niðurgreiðslum og útflutningsbótum.

Í þessum skilningi er búið að breyta landbúnaðinum frá því að vera, eins og ég var að segja, atvinnuvegur þar sem sjálfstæðir atvinnurekendur væru að starfi yfir í atvinnugrein sem að verulegu leyti því miður hefur verið sett á framfæri neytenda í þéttbýli. Og þessi sjálfvirku tengsl í launaliðnum við kjör launþega jafnvel nálgast það að fá afkomutryggingu, nálgast það að líta megi á bændur í sumum tilvikum eins og hálfopinbera starfsmenn.

Þetta hefur auðvitað verið mikið deilumál og ágreiningsmál í íslenskri pólitík lengi. Og það er merkilegt að þess sjást nú loksins merki að sumir af forustumönnum Alþb. séu smám saman að stíga fyrstu skrefin í þá átt að snúa baki við þessari hefðbundnu framsóknarpólitík. Skrefin eru að vonum smá og þau eru hikandi fyrst í stað, en þó ber að þakka hvern vott um hugarfarsbreytingar í þessum efnum, með von um að Eyjólfur hressist meira, því það mundi áreiðanlega marka nokkur tímamót í íslenskri pólitík ef loksins væri úr því skorið, að Alþb. hefði snúið baki við þessari pólitík og áttað sig á því að það samræmist engan veginn yfirlýstri stefnu þeirra þess efnis, að þeir vilji beita sér fyrir hagsmunum launþega á Íslandi, að fylgja þessari úreltu og rangsnúnu landbúnaðarpólitík.

Ég sagði: þetta eru fyrstu skrefin. Það er náttúrlega augljóst mál að Alþb. talar tveimur röddum enn í þessu máli. Það er sitt hvað, annars vegar að hlusta á málflutning hv. þm. Steingríms Sigfússonar og taka eftir hvaða afstöðu hann tekur til málsins í landbn. eða að hlýða á málflutning hv. 7. þm Reykv. Ólafs Ragnars Grímssonar. Þetta er nú aldeilis sitt hvað. Og það fór ekki fram hjá mér né reyndar mörgum öðrum, að í sjónvarpsþætti í gærkvöldi, þar sem þá hugmynd bar á góma að vanda ríkissjóðs, fjárlagagatið fræga hans Alberts eins og sumir segja, ætti að leysa að hluta til með því að minnka niðurgreiðslur á hefðbundnar landbúnaðarafurðir. En þá gerðist það, að hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrrv. fjmrh. Alþb., komst svo að orði að hann treysti því að framsóknarmenn, og þá ekki síst hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson, stæðu nú fastir fyrir í því að koma í veg fyrir að til þessa ráðs yrði gripið. M. ö. o., þarna var sígilt dæmi um það að þessi hv. þm. Alþb. er að þessu leyti kaþólskari en páfinn, því að hæstv. sjútvrh. svaraði því þó til, þrátt fyrir allt, að það kæmi til álita að breyta þessari pólitík.

Þetta er sennilega fyrsti almenni prófsteinninn á þessi hugsanlegu sinnaskipti Alþb., hvaða afstöðu flokkurinn að lokum tekur til þessa máls ef það kemur til kasta þm. Þess vegna væri ástæða til að spyrja sérstaklega hv. 7. þm. Reykv., af því að hann talaði hér áðan fyrir brtt., sem sóttar eru í frv. til laga sem hann flytur sameiginlega með hv. varaþm. Sighvati Björgvinssyni, hver afstaða hans væri til þess frv. sem er að finna á þskj. 367, um beinar niðurgreiðslur til neytenda, sem líka er flutt af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni ásamt okkur Guðmundi Einarssyni. Þar eru í grg. áréttaðar ýmsar upplýsingar um hvað hér er í húfi. T. d. kemur það fram að ef öll fjárhæð niðurgreiðslna úr ríkissjóði samkv. fjárlögum 1984 væri greidd beint út, þá ætti greiða hverri fjögurra manna fjölskyldu í landinu rösklega 15 þús. kr. sem hún síðan ráðstafaði að vild sinni til lækkunar á neysluvöruútgjöldum. Þetta eru engar smáupphæðir sem hér er um að ræða.

Þetta undirstrikar hvílíkt neytendamál málefni landbúnaðarins eru orðin. Það er ekkert smáatriði í lífskjörum venjulegs launafólks á Íslandi þessar niðurgreiðslur, þessar útflutningsbætur, og fyrstu skrefin í þá átt að draga úr niðurgreiðslunum og reyndar að fara að margra ára gömlum till. Alþfl. um að stíga fyrstu skrefin líka í þá átt að afnema útflutningsbæturnar, sem er auðvitað algjörlega óréttlætanlegur hlutur, ekki síst í því efnahagsárferði sem nú er. Það væri nú orðið fróðlegt, og alveg nauðsynlegt í þessari umr., að fá úr því skorið hver afstaða Alþb. verður í þessu þýðingarmikla máli. Hvort eru þar ráðandi þau sjónarmið sem mér virðist að 7. þm. Reykv. Ólafur Ragnar Grímsson hafi nú tekið undir í vaxandi mæli eða verða það gömlu framsóknarsjónarmiðin sem mér virðist hv. þm. Steingrímur Sigfússon vera enn talsmaður fyrir. Og ekki væri síður fróðlegt að heyra hvað leiðtogi flokksins, formaður flokksins og 1. þm. hér í Reykjavík, hv. þm. Svavar Gestsson, hefði til þessara mála að leggja, því að það er alveg rétt sem fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykv., ræða hans var einn af byrjunarleikjunum í því að boða

það, að a. m. k. vildi hann byrja að losa um það faðmlag kolkrabbans sem Alþb. hefur verið í við Framsfl. í þessum málum að undanförnu. Það fór ekkert á milli mála að þm. var að gefa til kynna fyrir sitt leyti stefnubreytingu í þessum málum. Ég tek undir með honum að því leyti og ég veit að þeir þm. sem hlustuðu á ræðuna gera sér grein fyrir því, að ef hann talaði hér máli Alþb. væri hér um veruleg tíðindi að ræða. Ef þetta er hins vegar aðeins sviðssetning, aðeins lítil leiksýning af því tilefni eða til þess sett á svið að bekkjast svolítið við fyrrv. flokksbræður í Framsfl., sætir það náttúrlega minni tíðindum. En þess vegna væri mjög æskilegt að við fengjum að heyra í þessum umr. eitthvað frá þeim Alþb.-mönnum um það, um leið og þeir flytja brtt. eins og þær sem hér liggja fyrir um skuldbreytingar launþega í tengslum við skuldbreytingar bænda, hver afstaða þeirra er til þessara grundvallarþátta landbúnaðarstefnunnar. Eru þeir nú tilbúnir til þess að yfirgefa ríkjandi stefnu Alþb. að því er varðar niðurgreiðslur og útflutningsbætur? Gera þeir sér nú loks grein fyrir því, að þessi framsóknarpólitík í landbúnaðinum er þrátt fyrir allt, þrátt fyrir yfirlýsingar, ekki fyrst og fremst bændum í hag, allra síst þeim sem verst eru settir, heldur er hún fyrst og fremst þeim í hag sem ráða framleiðslu-, dreifingar- og milliliðakerfinu, sem satt að segja samkv. öllum upplýsingum hefur þjónað bændastéttinni í vaxandi mæli verr og verr.

Ég vil að lokum, herra forseti, rifja það enn upp að ég ætlast til þess og vonast til þess, að hæstv. landbrh. komi hér upp í stólinn áður en umr. lýkur og geri þingheimi grein fyrir hvernig hann hugsar sér að leysa það sem er kjarninn í þessu máli, að útvega það fjármagn sem á að fá lánardrottna í þessu máli til að taka við umræddum skuldabréfum. Er hér eingöngu um að ræða erlendar lántökur? Hefur það mál verið rætt í ríkisstj? Var það rætt þegar ríkisstj. samþykkti, að hún mundi útvega þetta fé? Hvenær hyggst ráðh. leggja þessar till. sínar fram? Er eining um það innan ríkisstj. að þetta mál sé af því tagi að það réttlæti nýjar erlendar lántökur? Er það í einhverju samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj. um takmörk á því sviði? Er það í einhverju samræmi við yfirlýsingar í stjórnarsáttmála og yfirlýsingar ekki síst þeirra sjálfstæðismanna um að slíkar erlendar lántökur beri að takmarka við nýjar arðbærar framkvæmdir? Ég vænti þess, hæstv. landbrh., að við fáum að heyra svör við þessum spurningum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vegna þeirra hugleiðinga sem fram komu hjá hv. Jóni Baldvin Hannibalssyni finnst mér rétt að geta þess hér að það frv. sem ég flutti ásamt Sighvati Björgvinssyni um breytingar á lausaskuldum launafólks í löng lán og þær brtt. sem ég flyt í þessum umr. í framhaldi af flutningi þess frv. voru rædd í þingflokki Alþb. allítarlega og að baki þessum flutningi liggur stuðningur þingflokksins við þau viðhorf sem koma fram í þessum þskj. Það er þess vegna alveg ljóst, eins og ég hef gefið til kynna hér, að af okkar hálfu er hér á ferðinni meiri háttar nauðsynjamál, sem við tengjum með þeim hætti sem ég hef hér gert við þau almennu sjónarmið sem ríkjandi hafa verið á þessu sviði.

Það er einnig rétt að upplýsa að þingflokkurinn fjallaði einnig um það frv., sem hann vék hér að og flutt hefur verið á öðru þskj., um breytingar á greiðslum á þann veg að neytendur fái í sinn hlut upphæðir sem þeir ráðstafi síðan sjálfir. Þetta mál var talið mjög athyglisvert í þingflokknum, en hins vegar talið krefjast nánari skoðunar hvað snertir ákvarðanir um dreifingu slíkra greiðslna og form þeirra og þær upphæðir sem þar voru á ferðinni. Vegna þess að aðalhvatamaður að frv. var hér innan þings í skamman tíma var ekki talið rétt að tefja framlagningu þess máls með því að við tækjum okkur nánari tíma til að fjalla um það í þingflokknum. Hins vegar get ég alveg lýst því yfir að við munum taka á fullan og einarðlegan hátt þátt í skoðun þess máls hér í þinginu.

Það er hins vegar alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að fulltrúar Alþb., bæði Ragnar Arnalds og eins við fleiri, hafa varað mjög við því nú að niðurgreiðslur væru minnkaðar á fljótfærnislegan hátt um þessar mundir. Sú skoðun okkar byggist fyrst og fremst á því að við teljum að í þeim neysluvenjum sem hin mikla kjaraskerðing hefur knúið fram hjá stórum hópi launafólks séu í landbúnaðarafurðir mjög ríkur þáttur, mjólkurafurðir og kjötafurðir séu mjög ríkur þáttur í þeim lífsnauðsynjum sem fjölskyldur, sérstaklega barnafjölskyldur láglaunafólks, kaupa. Þegar kjörin hafa verið skert með þeim hætti, sem hér hefur orðið samkv. þeirri stefnu ríkisstj. að það eigi að skerða kjörin um allt að fjórðungi, geti það haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir kjör þessa hóps launafólks að rjúka í það án mikilla athugana að minnka jafnvel niðurgreiðslurnar um þriðjung, eins og heyrst hefur að hæstv. ríkisstj. áformi. Það er á þeim grundvelli kjarahagsmuna launafólks sem við höfum varað við því að grípa til fljótfærnislegra aðgerða á þessu sviði.

Hins vegar höfum við talið brýna nauðsyn að taka þetta kerfi allt til skoðunar. Við höfum vakið ríkulega athygli á því að milliliðirnir í landbúnaðinum hafi verið að taka til sín sífellt stærri og stærri hluta af því fjármagni sem launafólk og bændur leggja í þennan farveg. Það þarf ekki annað en að svipast um hér á höfuðborgarsvæðinu og horfa á hina miklu byggingu sem verið er að reisa hér uppi í hæðunum og felur í sér að flytja mjólkurvinnslu af Suðurlandi til höfuðborgarinnar í eitt stærsta vinnsluhús sem hér hefur verið reist, fjármagnað með milliliðafé sem bændur og launafólk leggja milliliðafyrirtækjunum í landbúnaðinum í té. Ég er t. d. þeirrar skoðunar að bygging þessarar mjólkurstöðvar, þótt ég sé þm. Reykvíkinga, sé mjög vafasamt fyrirtæki. Sjálfsagt ættu þm. Reykvíkinga að segja sem svo: Það er ágætt að fá hingað þessa byggingu og fá hingað atvinnufyrirtæki, og fagna þessari framkvæmd á þeim grundvelli, en ég tel þvert á móti að bæði sé tilurð byggingarinnar sjálfrar, stærð hennar og umfang mjög vafasamt og þar að auki hef ég ekki enn þá heyrt rökin fyrir því að flytja mjólkurvinnsluna frá Suðurlandi og hingað til höfuðborgarinnar. Það má vel vera að þau rök séu til, en ég hef ekki heyrt þau. Það getur vel verið að hæstv. landbrh. þekki þau rök eða hv. þm. Þorsteinn Pálsson, þm. Sjálfstfl. á Suðurlandi., 1. þm. Suðurl., þekki rökin fyrir því að flytja mjólkurvinnsluna af Suðurlandi og hingað til höfuðborgarinnar og sé sammála þeim rökum, en ég er það ekki.

Á sama hátt má segja um þá miklu vinnslustöð sem reist hefur verið á Akureyri og byggð var á grundvelli fjárfestingarspekúlasjónar varðandi ostaútflutning til

Bandaríkjanna. Sú stöð var fyrst og fremst byggð til að fjármagna framleiðslu á tilteknum osti til Bandaríkjanna. Sá markaður hrundi svo einn góðan veðurdag eins og hendi væri veifað og menn sátu eftir með eina dýrustu og stærstu vinnslustöð sem hér hefur verið reist í landbúnaðinum, lítt notaða og algjörlega óarðbæra hvað snertir megintilganginn.

Mér var tjáð t. d., þegar ég heimsótti þessa vinnslustöð fyrir einu og hálfu ári, að hún gæti ekki breytt framleiðslu sinni yfir í að framleiða ýmsar smærri ostategundir fyrir innlendan markað, þótt að ljóst sé að hér hafi aukist mjög markaður fyrir ýmsar ostategundir, vegna þess að vélakostur og allt skipulag þessarar vinnslustöðvar væru miðuð við stórostagerðina sem ætluð var hinum bandarísku markaði. Þess vegna hafi það verið aðrar mjólkurvinnslustöðvar, eins og á Húsavík og annars staðar á landinu, smærri mjólkurbú, sem hafa komið á framfæri nýjungunum í ostagerðinni á undanförnum misserum. Það er þess vegna ljóst að hin mikla fjárfesting, sem varið hefur verið til þessara uppbyggingar, hefur ekki skilað miklum árangri fyrir neytendur, en aðrir, sem starfrækja hin smærri mjólkurbú og bjuggu við eldri og jafnvel lakari vélakost og höfðu ekki farið út í þessi fjárfestingarævintýri, hafa séð neytendum á höfuðborgarsvæðinu og um allt land fyrir hinni auknu fjölbreytni í ostagerð.

Það má einnig nefna í þessu sambandi hin miklu sláturhús, sem reist voru hér á undanförnum árum, einnig á grundvelli spekúlasjónar sem reyndist óraunhæf. Þau voru miðuð við að í Bandaríkjunum væri kjötmarkaður sem Íslendingum væri vænlegur. Sá markaður krafðist þess hins vegar að sláturhúsin væru búin úr garði á tiltekinn hátt. Var farið í mjög dýra vélvæðingu og húsbyggingar á ýmsum stöðum hér á landinu til að búa ný sláturhús þeim eiginleikum að þau gætu þjónað þessum bandarísku markaði, en síðan hrundi hann einnig. Það er þess vegna alveg ljóst að þegar horft er til landbúnaðarins eru það þessar röngu fjárfestingar í milliliðastarfseminni sem hljóta að koma til skoðunar.

Ég get nefnt enn annan þátt, þar sem ég tel að ekki sé rétt á málum haldið, og það er að Samband ísl. samvinnufélaga skuli fá full umboðslaun af útfluttum landbúnaðarafurðum þótt verðið sem fáist fyrir þessar afurðir erlendis sé aðeins lítið brot af því sem greitt er hér heima. Ég hef ekki séð nein rök fyrir því að Samband ísl. samvinnufélaga eða neinn annar útflytjandi eigi að fá umboðslaun af útfluttum landbúnaðarafurðum sem eru hlutfall af verðlagi varanna hér heima, en í engu samræmi við það verð sem fæst fyrir vörurnar á hinum erlenda markaði. Þetta er í raun og veru fjárplógsstarfsemi og ekkert annað í þágu milliliðastarfseminnar, sem Sambandið rekur, og gerir ekkert annað en að ala á tortryggni í garð þessarar útflutningsstarfsemi. Hins vegar, eins og við höfum rekið okkur á, standa menn traustan vörð um þessa fjárhagsmuni Sambandsins, bæði innan Framsfl. og innan Sjálfstfl. Mjög merkilegt er að upplifa það að sjá ýmsa þeirra manna, sem hafa þó talið Sambandið af hinu illa í íslensku þjóðfélagi, standa harðan vörð um þetta atriði.

Reyndar má einnig nefna þann þátt þessa máls, sem við erum að ræða hér, að það kom í ljós við meðferð málsins að sú skuldbreyting lausaskulda bænda, sem hér er verið að fjalla um, sé kannske þegar öllu er á botninn hvolft fyrst og fremst fyrirgreiðsla við innlánsdeildir kaupfélaganna. Nú skal ég taka það skýrt fram að ég er samvinnumaður og ég vil kaupfélagsstarfseminni í landinu allt gott og samvinnuhreyfingunni, en ég hef hins vegar á vettvangi samvinnuhreyfingarinnar, bæði á aðalfundum Sambandsins og aðalfundum kaupfélaganna, gagnrýnt ýmislegt sem ég tel að sé röng stefna hjá þeirri forstjórahirð sem að meginhluta hefur markað stefnu Sambandsins á undanförnum árum og áratugum. Auðvitað er ekki eðlilegt að það sé komið með lausn á fjárhagsvanda innlánsdeilda kaupfélaganna hér inn á Alþingi undir því yfirskyni að það sé lausaskuldavandi bænda.

Ég verð að segja það eins og er, og menn mega álasa mér fyrir vanþekkingu í þeim efnum, en það er nú einu sinni þannig að maður hefur ekki aðstöðu til að afla sér upplýsinga um allt sem gerist í þessu þjóðfélagi. Mér var ekki kunnugt um það fyrr en ég las það í grein í Morgunblaðinu um síðustu helgi, að þessi skuldbreytingabréf bænda hefðu um áraraðir verið notuð til að uppfylla bindiskyldu innlánsdeilda kaupfélaganna við Seðlabanka. Ég var satt að segja það barn í þessum efnum að ég hélt að innlánsdeildir kaupfélaganna sætu þarna við sama borð og sparisjóðir landsmanna, viðskiptabankarnir og aðrar fjármálastofnanir. Mér var ekki kunnugt um að komið hefði verið upp einhverju patenti í landinu sem gerði það að verkum að innlánsdeildir kaupfélaganna gætu fullnægt bindiskyldu sinni með allt öðrum hætti en aðrar bankastofnanir. T. d. gæti sparisjóður Húnavatnssýslu, svo ég vitni nú í fjárstofnun sem er Páli Pétursyni, sem hér gengur fram hjá ræðustólnum, að góðu kunnug og fyrrv. samþm. hans og flokksbróðir, sem sat hér á þingi með okkur á síðasta kjörtímabili, veitir forstöðu, Ingólfur Guðnason, ekki keypt svona skuldbreytingabréf af bændum í sparisjóðnum hjá sér og notað það sem bindiskyldugjaldmiðil í Seðlabankanum. Hins vegar gæti innlánsdeildin í kaupfélaginu gert það. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt, hvað sem okkur er vel við kaupfélögin í landinu, að við látum svona kerfi viðgangast.

Ég játa að mér var ekki kunnugt um þetta fyrr en ég las í Morgunblaðinu um síðustu helgi, í mjög ítarlegri yfirlitsgrein um það mál sem við erum hér að fjalla um, að þetta hefði verið „praktíserað" svona um áraraðir. Það má vel vera að öðrum þm. hafi verið kunnugt um það, en mér var ekki kunnugt um það.

Ég vil spyrja hæstv. landbrh., vegna þess að það hefur ekki komið fram hér í umr.: Er hann reiðubúinn að styðja það, að verði þetta frv. samþykkt verði það í þeim búningi að sérhver innlánsstofnun geti beitt þessum bréfum með þessum hætti? Annaðhvort á reglan að vera sú að ekki sé hægt að nota þessi bréf til að fullnægja bindiskyldunni í Seðlabankanum eða þá, ef það er hægt, að sérhver innlánsstofnun geti gert það. En að velja út ákveðna tegund af innlánsstofnunum, innlánsstofnanir í kaupfélögunum, og meira að segja ekki í öllum kaupfélögum því að mér er sagt að það séu einstök kaupfélög sem ekki geti gert þetta, nær auðvitað ekki nokkurri átt. Ég vildi óska eftir að hæstv. landbrh. mundi svara þessu. Hæstv. viðskrh. ætti að svara ef hann væri hér í salnum, en það er nú eins og venjulega að ráðh. hafa engan tíma til að vera hér í þinginu. Þeir eru ýmist að opna brennvínsútsölur eða

sinna einhverjum öðrum nauðsynjamálum og hafa ekki tíma til þess að gegna þingstörfum. En ef hæstv. viðskrh. væri hér, þá væri einnig mjög nauðsynlegt að hann svaraði. (**Forseti:** Ég vil upplýsa það, og það er kannske vangá af forseta að gæta þess ekki fyrr, að hæstv. viðskrh. óskaði eftir fjarvistarleyfi og honum hefur verið veitt það.) Það er sjálfsagt rétt, hæstv. forseti, en það væri nú illt í efni fyrir stjórnarliðið ef við óskuðum allir eftir fjarvistarleyfi og ekki væri hægt að halda hér fundi þess vegna. Það hlýtur að koma til skoðunar hér á næstu dögum hvort hæstv. ráðh. ætli að halda uppteknum hætti að sitja einn eða tveir þessa vakt í þinginu og maður geti ekki rætt alla efnisþætti mála vegna þess að hinir og þessir ráðh. séu annaðhvort uppteknir við að opna brennivínsútsölur eða hafi fjarvistarleyfi eða séu einfaldlega ekki mættir í húsinu. Ég tel t. d. að það væri mjög brýnt að hæstv. viðskrh. svaraði því hvort hann sé fylgjandi þeirri framkvæmd þessara laga að það séu eingöngu innlánsdeildir sumra kaupfélaga sem geti notað þessi bréf til að fullnægja bindiskyldu sinni gagnvart Seðlabankanum. Ég tel ekki forsvaranlegt að ljúka þessari umr. nema hæstv. viðskrh. svari því. En með fjarvistum sínum eru ráðh. hvað eftir annað að koma í veg fyrir að mál geti fengið hér eðlilega, efnislega og rökræna umfjöllun. Það virðist vera að einstakir ráðh. haldi það og jafnvel stjórnarþingmenn að þessi ræðusalur sé fyrst og fremst eins konar skemmtitæki fyrir okkur einstaka þm., en sé ekki vettvangur til að reyna að átta sig á og rökræða um þau þjóðmál sem á dagskrá eru.

Ég tel að með því sem ég hef hér sagt hafi ég varpað nokkru ljósi frekar á þær hugleiðingar sem komu fram hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni og rakið ýmsa þætti þessara mála, sem ég tel óhjákvæmilegt að verði teknir til umræðu á næstu mánuðum og hljóti á tímum vaxandi erfiðleika hjá okkar þjóð að verða teknir til ítarlegrar skoðunar.

Ég ítreka þá ósk mína til hæstv. landbrh. að hann svari því hér hvort það sé stefna ríkisstj. að allar innlánsstofnanir sitji við sama borð varðandi notkun þeirra skuldbreytingabréfa sem hér eru til umfjöllunar.

Hv. þm. Pálmi Jónsson varði hér nokkuð miklum hluta ræðu sinnar til að svara þeim sjónarmiðum, sem ég setti hér fram og vildi ég nú gjarnan að hæstv. forseti gerði ráðstafanir til þess að náð væri í hv. þm. Pálma Jónsson, ef hann er í húsinu, svo að hægt sé að eiga við hann orðastað. (**Forseti:** Það verður athugað.) Já, ég þakka forseta fyrir það.

En meðan verið er að bíða eftir því að athugað sé hvort hv. þm. Pálmi Jónsson er í húsinu, svo að hægt sé að ræða við hann um hans eigin ræðu, vildi ég fara nokkrum orðum um það sem hæstv. landbrh. sagði um þær brtt. sem ég hef hér flutt. Hæstv. landbrh. sagðist ekki hafa rætt þær við aðra ráðh., en engu að síður reiknaði hann með því að þeir væru frekar andvígir því að þær væru samþykktar og vildu frekar að það frv., sem við höfum flutt hér, ég og Sighvatur Björgvinsson, væri skoðað rækilega.

Ég á dálítið bágt með að skilja hvernig hæstv. ráðh. getur komist að þessari niðurstöðu án þess að hafa rætt við samráðh. sína um málið. Þó má vel vera að hann meti afstöðu þeirra rétt. Ég hefði þó kosið að það væru vandaðri vinnubrögð og ráðh. töluðu aðeins saman um hvaða afstöðu þeir ætluðu að hafa til málsins, einkum og sér í lagi hæstv. félmrh., hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. ræðumann um að hv. 1. þm. Norðurl. v. er ekki í húsinu.) Nei.

Hæstv. forseti upplýsir að hv. þm. Pálmi Jónsson sé ekki í húsinu. Það er svo sem ekki nýtt að stjórnarþingmenn hér komi í ræðustólinn og flytji gagnrýnisræður á stjórnandstöðuþm. og málflutning þeirra og fari svo heim. Ég tel það ekki vera vönduðum vinnubrögðum hér í þinginu til sóma að menn komi fram með þeim hætti. Ég sé satt að segja ekki hvernig stjórnarliðið telur að það geti með eðlilegum hætti komið til stjórnarandstöðunnar og óskað góðrar samvinnu um þingstörfin ef framkoma sem þessi á að viðgangast. Einstakir ráðh. og einstakir þm. stjórnarliðsins koma hér í stól og flytja ásakanir í garð einstakra þm. stjórnarandstöðunnar, en eru svo ekki til staðar þegar þarf að svara þeim. Það er nú einu sinni þannig, að maður hikar við að svara með eðlilegum og málefnalegum og ítarlegum hætti fjarstöddum þm., sem ekki hafa tækifæri til þess að hlýða á það sem maður hefur að segja. Ég vildi nú í fullri einlægni beina því til forsvarsmanna stjórnarliðsins, og ég tek skýrt fram að ég beini því ekki til forseta þingsins því ég veit að þeir ráða ekki við þennan gang mála, að þeir athugi alvarlega sinn gang í þessum efnum. Þeir hafa í dag verið að koma til okkar í stjórnarandstöðunni með hvert málið á fætur öðru og óskað eftir því að það sé afgreitt hér í dag, en síðan sinna ekki þeirri lágmarkskurteisi að tryggja að þeir ráðh. sem málið snertir eða þeir þm. sem í málinu hafa talað af hálfu stjórnarliðsins séu viðstaddir. Slík framkoma tel ég að sé ærið einstök þann tíma sem ég hef setið á þingi. Ég fullyrði að á síðasta kjörtímabili hefði ekki hvarflað að hvorugum stjórnarandstöðuflokknum að láta bjóða sér framkomu af því tagi. Þetta getur auðvitað ekki gengið svona til lengdar því að með þessari framkomu sinni eru ráðherrar og forsvarsmenn stjórnarliðsins að lýsa því yfir að þeir telji umr. hér í þinginu vera marklausar. Því hefur verið lýst yfir hvað eftir annað hvað nefndastörfin séu léttvæg í fjölmörgum nefndum þingsins. Sömu menn geta þá ekki komið upp í til stjórnarandstöðunnar og óskað eftir því að hún hjálpi þeim við að gera þingið að þessari ómerkilegu færibandastofnun sem virðist vera vilji ráðh. og forsvarsmanna stjórnarliðsins að þingið sé. Við, sem teljum að þingið sé hornsteinn í lýðræðisskipulagi okkar, eini tryggði umræðuvettvangurinn um þá löggjöf sem sett er í þessu landi, þar sem fulltrúar fólks eru kosnir til þess að rökræða um málin og flytja sín rök skv. bestu vitund og þeirri skynsemi og þekkingu sem þeir hafa til að bera, hljótum að hamla gegn því að þessi aðferð ríkisstj. og stjórnarliðsins, þessi forögtun á þinginu, sem birtist hér dag eftir dag, verði látin viðgangast. Það er alveg greinilegt að það er brýn nauðsyn að taka upp vörn fyrir Alþingi til að koma í veg fyrir að þessi árátta stjórnarliðsins verði til þess, það sem eftir er vetrar og svo kannske áfram, að þingið drabbist niður í það að verða ómerkileg færibandastofnun þar sem þm. stjórnarliðsins með fjarveru sinni og ráðherrar með fjarverum sínum undirstrika rækilega gagnvart þjóðinni, sjálfum sér og lýðræðinu í landinu að það skiptir einfaldlega ekki máli hvað gerist hér. Það eina sem skiptir máli eru kosningarnar og sá þingmeirihluti sem myndaður er í kjölfarið á þeim og sú ríkisstj. og þegar það er búið mánuði eftir kosningar er

leikurinn á enda. Ég held að þeir menn, sem kalla sig lýðræðissinna og eru á hátíðastundum hvað eftir annað að hreykja sér af því að þeir séu sérstakir verndarar lýðræðisins, ættu að hugleiða rækilega hvaða afleiðingar það hefur fyrir lýðræðisvitund þjóðarinnar að festa í sessi vinnubrögð af þessu tagi.

Það hefur verið upplýst af hæstv. forseta að hv. þm. Pálmi Jónsson er ekki viðstaddur. Hann tók til máls og flutti gagnrýni og ásakanir í minn garð og fór svo heim. Mér hefur verið tjáð að hv. þm. Stefán Valgeirsson sé hins vegar fjarverandi vegna lasleika. Ég geri enga aths. við það. Það getur alltaf skeð. Þó hefði ég vissulega kosið að hann sem formaður nefndarinnar og ræðumaður hér fyrr á þessum fundi væri viðstaddur.

Hæstv. landbrh. sagði að það þyrfti að kanna hve umfangsmiklar þær brtt., sem ég flyt hér, væru. Engu að síður fullyrti hann í ræðu sinni að hann gæti ekki svarað þinginu því hvað mikið fjármagn þyrfti til breytingar á lausaskuldum bænda, það væri ekki hægt að svara því fyrr en í framkvæmdina væri komið. Nokkrum mínútum seinna í þessari sömu ræðu leggst hann gegn brtt. mínum vegna þess að það þurfi að kanna miklu betur hve mikið fjármagn liggi þar að baki og hvað felist nánar í því að samþykkja þær. Ég segi alveg eins og er að ég skil ekki samhengið í því að lýsa því yfir að samþykkja eigi það frv. sem ráðh. hefur hér flutt þótt hann geti ekki veitt þinginu svör um hve miklar fjárskuldbindingar felist í því, en leggjast svo gegn mínum brtt. á þeim forsendum að slíkt sé ekki vitað.

Auðvitað gæti komið til greina að taka sér aðeins meiri tíma til að skoða þær brtt. sem ég hef hér flutt á þinginu, en ég verð að segja eins og er að ég hef enga tryggingu fyrir því að sá tími verði tekinn. Frv. var vísað til félmn. Þar hefur verið haldinn einn fundur s. l. mánuð og á þeim fundi vannst ekki einu sinni tími til að taka málið á dagskrá, hvað þá heldur vísa því til umsagnar, vegna þrýstings frá stjórnarliðinu um að afgreiða stjfrv. um húsnæðismál. Hæstv. ráðh. getur því enga tryggingu veitt okkur fyrir því, einstökum þm. stjórnarandstöðunnar, að við fáum eðlilega umfjöllun um okkar frv. í þingnefnd. Vinnubrögðin hér í vetur sýna það hins vegar svart á hvítu að það er þveröfugt. Vinnubrögðin í nefndunum eru á þann veg að yfirleitt er reynt að koma í veg fyrir að þau frv. sem við flytjum hér fái eðlilega umfjöllun.

Ég verð að segja líka eins og er, að fyrst ekki liggja fyrir upplýsingar um þetta frv., sem ráðh. er nú á kvöldfundi að reyna að pína í gegnum þingið á mjög skömmum tíma eftir að hann lagði það fram, mjög skömmum tíma, sé ég ekki rökin fyrir því að ekki megi afgreiða varðandi lausaskuldir launafólks brtt. á svipuðum grundvelli. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef ekki heyrt hér í þinginu röksemdir fyrir því hvers vegna það sé svo mikið dagaspursmál hvenær þetta frv. er afgreitt. Hæstv. ráðh. vildi e. t. v. svara því á eftir. Hvers vegna þarf að halda hér kvöldfundi og þrýsta þessu máli og nauðga því hér inn á milli annarra mála og pína menn til að vera hér á kvöldfundi til að fjalla um málið og halda sérstakan deildarfund á morgun til að taka það til atkv. og jafnvel 3. umr. með óvenjulegum hætti, án þess að nokkrar skýringar hafi komið fram um hvers vegna þetta er svona mikið dagaspursmál?

Hæstv. ráðh. dró það sjálfur í sex mánuði að leggja frv. fram frá því að hann fékk skýrslu í sínar hendur um að málið væri svo brýnt að það þyldi enga bið. Hæstv. ráðh. gat dregið það í sex mánuði að leggja frv. fram frá því að hann fékk þessa skýrslu. Af hverju má þá ekki þingið fá einn mánuð til að skoða málið? Vill hæstv. ráðh. svara því? Eru það kannske innlánsdeildir kaupfélaganna sem eru að krefjast þess að þetta sé afgreitt eða kannske SÍS sem þarf endilega að fá þá peninga? Hver er það sem rekur svona á eftir því að þetta sé afgreitt? Það væri fróðlegt að fá það upplýst hér.

Ég óskaði eftir því við 1. umr. að það fengjust ákveðnar upplýsinar, sem enn hafa ekki komið fram, og menn sitja svo frá einstökum þm. undir þeim ásökunum, ef menn vilja að málin fái eðlilega skoðun, að menn séu á móti bændum. Það er mjög leiðinlegt að þurfa að sitja undir slíkum ásökunum eða menn afsali sér rétti til að skoða mál með þinglegum hætti vegna þess að annars sé þeim stillt upp við vegg og sagt: Þú ert óvinur bænda. Ég vildi þess vegna beina því til hæstv. ráðh. að hann svari því mjög greinilega hér hvar fram komi sú brýna nauðsyn sem gerir það að dagaspursmáli hvenær þetta frv. er afgreitt. Hvar hafa verið lögð fram gögn sem sýna fram á það? Mun eitthvað gerast t. d. í næstu viku varðandi lausaskuldir bænda ef málið verður ekki samþykkt í þessari viku — eða er þetta bara rekstrarfjárvandi innlánsdeildanna? Er þá ekki rétt að breyta heiti frv. í Frumvarp til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán til að létta fjárhagsbyrði innlánsdeildar kaupfélaganna? Nú verð ég sjálfsagt sakaður um að vera á móti samvinnuhreyfingunni og SÍS. Ég vil segja þeim sem ætla sér kannske að koma upp í ræðustólinn til að flytja fram þær ásakanir: Ég hugsa að ég hafi sótt fleiri aðalfundi í kaupfélögum og fleiri aðalfundi Sambandsins en kannske nokkrir aðrir hér inni, að undanskildum 2—3 öðrum, og tel mig þess vegna alveg jafngóðan og betri samvinnumann en t. d. hv. þm. Pál Pétursson, sem ekki hefur verið staðinn að því á vettvangi samvinnuhreyfingarinnar að sinna sérstökum félagsmálum. Menn geta því alveg sparað sér þessar ásakanir.

Ég vil fá skýringar á því hver það er sem segir að það sé lífs- og dauðaspursmál að málið sé afgreitt. Kannske hæstv. fjmrh. vilji þá í leiðinni svara því hvernig hann telur að eigi að útvega það fjármagn sem felst í þessu frv. Ég vildi beina þeirri ósk til hæstv. fjmrh. að hann upplýsi litlu bændurna í landinu um það hvar hann ætlar að taka fjármagnið til að tryggja að af þessari skuldbreytingu geti orðið. Hæstv. landbrh. er að reka á eftir málinu nánast á klukkutímagrundvelli eða sólarhringsgrundvelli, haldandi nætur- og kvöldfundi til að tryggja að málið komist fram. Þá hlýtur hæstv. fjmrh. að vera búinn að tryggja peningana í málið. Vill þá ekki hæstv. fjmrh. upplýsa hvernig hann hefur tryggt það?

Ég verð að segja eins og er að ég sé engan tilgang í því að við séum að samþykkja þetta frv. hér ef ekkert fjármagn er fyrir hendi. Það er bara skollaleikur. Það er enn einn blekkingarleikurinn sem verið er að leika hér í þingsölum. Ég vildi því beina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh. að hann upplýsi þingheim um hvort fjármagn til þessara skuldbreytinga hafi verið tryggt nú þegar og hvernig það hefur verið tryggt. Ef það kemur í ljós að fé hefur ekki verið tryggt verð ég að segja við hæstv. landbrh. að ekkert liggur á að afgreiða frv. Auðvitað

skiptir það ekki bændur höfuðmáli hvort hér er prentaður einhver lagatexti. Það sem skiptír bændur höfuðmáli er að það sé þá til það fjármagn sem þeir þurfa á að halda. Það er það sem þeir spyrja um, en ekki hvort einstakir þm. geta skreytt sig með ákveðnum lagatexta.

Hv. þm. Pálmi Jónsson, sem ég get því miður ekki svarað mjög ítarlega hér vegna þess að hann er ekki mættur í húsinu, reyndi að styðja það með rökum að það væri ekki sambærilegt að leggja til sams konar meðferð á lausaskuldum launafólks vegna íbúðarhúsnæðis og heimilisstofnunar og lausaskuldum bænda vegna búreksturs og bústofnunar. Ég tel þetta mjög sambærilegt. Heimilisstofnun og húsnæði er mjög ríkur þáttur í vinnuskilyrðum og vinnutilhögun alls þorra fjölskyldna í landinu á sama hátt og jörðin og bústofninn er megingrundvöllur að atvinnu bændanna. Þess vegna sé ég engan eðlismun á því að leggja til fyrirgreiðslu á að breyta lausaskuldum vegna heimilisstofnunar og húsnæðismála og heimilisrekstrar hvað húsnæðisþáttinn snertir og að breyta búrekstrar- og fjárfestingarmálum bænda eins og hér er lagt til. Ég verð að segja að það fóru ekki alveg saman rökin hjá hv. þm. Pálma Jónssyni gegn þessum brtt. mínum og hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni.

Hv. þm. Pálmi Jónsson vildi meina að það sem ég væri að leggja til væri svo sérstakt og nýtt að það þyrfti miklu meiri skoðun. En hv. þm. Stefán Valgeirsson var helst á því að ríkisstj. væri þegar búin að gera þetta, hefði gert þetta strax í upphafi síns valdaferils. Það væri engin þörf á því að samþykkja það sem ég var hérna að leggja til vegna þess að það væri þegar komið í framkvæmd. Ég verð að segja alveg eins og er að ég kem þessum mótrökum þessara tveggja ágætu manna ekki heim og saman. Annar leggst gegn tillögum mínum vegna þess að þær séu svo nýjar og sérstakar og það þurfi langa skoðun til að kanna hvernig hægt sé að framkvæma þær, og það var reyndar skoðun hæstv. landbrh. einnig, en síðan kemur formaður landbn., hv. þm. Stefán Valgeirsson, og segir að það sé búið að framkvæma þetta, það hafi verið gert í upphafi valdaferils ríkisstj. Hvorugt af þessu er rétt. Hér er verið að leggja til aðgerð sem að vísu má segja að sé að nokkru leyti í ætt við fyrri skuldbindingar, en er þó víðtækari og almennari og er þannig úr garði gerð að stjórnkerfið getur á fullkomlega eðlilegan hátt ráðið við að hrinda henni í framkvæmd.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að ekki væri hægt að bera saman leyfi til bænda um að veðsetja ríkisjarðir sem tryggingu fyrir lánum og það heimildarákvæði sem er í mínum brtt. og í frv. okkar Sighvats Björgvinssonar um að heimila launafólki í leiguhúsnæði að beita hliðstæðri veðsetningu. Hv. þm. Pálmi Jónsson benti að vísu á að það væri ekki í öllum tilvikum, þó hélt hann í flestum, sem húsakostur á ríkisjörðum væri að meginhluta í eign bænda og þess vegna taldi hann að það væri í lagi að setja svona ákvæði í frv. eins og það er af hálfu ríkisstj. Ég get sagt honum á móti að það er ekki í mjög mörgum tilvikum sem launafólk býr í leiguhúsnæði af hálfu ríkisins. Það eru ekki mjög margir sem þannig búa. Ég efast um að þeir væru tölulega séð fleiri en undantekningarnar í bændastétt frá þeirri meginreglu sem hann var að vísa til í frv. og hlutfallslega eru þeir örugglega færri. Þarna tel ég því að sé um mjög hliðstæð ákvæði að ræða.

Hv. þm. Pálmi Jónsson viðurkenndi hins vegar að það væri við mjög alvarlegan vanda að etja varðandi lausaskuldir launafólks, en því miður hafði hann engar tillögur fram að færa um hvernig ætti að ráða bót á þeim. Hann taldi að ef ætti að samþykkja mínar brtt. væri verið að samþykkja almenna heimild til fólksins í landinu í heild sinni til að breyta lausaskuldum sínum. Það er víðs fjarri. Sú heimild, sem í þessum brtt. er, er mjög afmörkuð. Hún er í fyrsta lagi takmörkuð við tilteknar fjárfestingar í íbúðarhúsnæði, hún er í öðru lagi takmörkuð við tiltekið árabil, 1979 og 1983, og hún er í þriðja lagi takmörkuð við þau útgjöld sem beinlínis tengjast heimilisstofnun eða atvinnu. Þannig er víðs fjarri að hér sé verið að leggja fyrir einhverja almenna heimild til að breyta öllum lausaskuldum allra landsmanna í löng lán. Það eru ekkert annað en útúrsnúningar vegna þess að tillgr. ber mjög skýrt með sér að heimildirnar eru mjög afmarkaðar.

Herra forseti. Það var ýmislegt fleira í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar sem ég hefði kosið að svara og útskýra nánar, en vegna þess að hann er ekki viðstaddur umr. nú tel ég ekki eðlilegt að gera það nánar.

Ég hefði einnig talið eðlilegt að hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. svöruðu þeim spurningum sem hér hefur verið beint til þeirra. Hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur. E. t. v. getur hæstv. landbrh. svarað fyrir viðskrh. hvað snertir þær spurningar sem ég hef til hans beint og þá er það vel. Ef ekki, þá tel ég nánast óafsakanlegt að afgreiða þetta mál nú og ljúka umr., þótt hæstv. viðskrh. hafi fjarvistarleyfi, án þess að hann svari þeirri grundvallarspurningu hvort hann sé fylgjandi því að sú skuldbreyting sem nú er verið að samþykkja eigi eingöngu að tengjast bindiskyldu innlánsstofnana við Seðlabankann á þann veg að það séu bara tilteknar innlánsstofnanir, innlánsdeildir kaupfélaganna, sem geti notað þessi bréf til að fullnægja bindiskyldu sinni. Ætlar hæstv. viðskrh. að styðja að slíkri mismunun í fjármálakerfi landsins sé viðhaldið?

Það er höfuðatriði varðandi þetta frv. Ég tel þinglega fyrir neðan allar hellur ef á að halda þannig á umfjöllun um málið hér í þinginu að hæstv. viðskrh. verði ekki gefinn kostur á að svara þessari spurningu. Ég vil þess vegna beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að umr. verði frestað til þess að hæstv. viðskrh. geti svarað þessari spurningu, ef hæstv. landbrh. getur ekki nú þegar á eftir eða hæstv. fjmrh. svarað henni fyrir hans hönd. Ef þeir hins vegar gera það, þá er það gott og vel, en annars tel ég nauðsynlegt að fresta umr. þar til slíkt svar er fengið.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja það, og ítreka sem ég sagði áðan, að mér finnst þessi þingdagur hafa verið ærið sérstakur. Margt hefur maður nú upplifað í þessu húsi, en ég verða að segja alveg eins og er að ég hef ekki upplifað að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, ráðherrar og aðrir, séu hlaupandi til stjórnarandstöðunnar og biðjandi um að fjögur meiri háttar mál stjórnarinnar séu afgreidd frá þessari deild í dag og á morgun án þess að þau fái lágmarksumr. Það getur vel verið að mönnum finnist það mikill tími að verja 2—3 klukkutímum í 2. umr. um mikilvægt stjfrv. Það er lítill tími að mínum dómi. Ef menn skoða þær umr. sem fram hafa farið í þinginu á undanförnum vikum og t. d. í dag, þá hugsa ég að menn komist að þeirri niðurstöðu að sá tími, sem að meðaltali hefur verið varið til að fjalla um

mál — þ. e. yfirleitt 2. umr. sem er meginumr. um mikilvægustu stjfrv. sem stjórnin er að fá hér afgreidd — er yfirleitt ekki nema fáeinar klukkustundir. Það er fullkomlega eðlilegt og í samræmi við venju. En nú ætla þeir sér, eins og mér hefur virst, í dag og á næstu dögum að fara að biðla til stjórnarandstöðunnar um að skera þennan tíma enn niður og setja umr. þær skorður að menn fái ekki einu sinni 2—3 klukkutíma til að eiga orðastað við þá ráðh. sem málin heyra undir, einn eða fleiri, og þá nefndarformenn stjórnarliðsins, sem um málið fjalla, og þá þm. stjórnarliðsins sem til máls taka um málið. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt. Það er vanvirðing við þingið. Það er tilræði. Ég veit að það er að vísu stórt orð, en það er tilræði til leyndar við hollustu þjóðarinnar, við lýðræðislega umr. Það er í raun og veru undirstrikun á því að þingið sé ekki vettvangur til að rökræða um þjóðmálin.

Ég er alveg viss um að ef stjórnarliðið vill sýna þá sjálfsögðu og eðlilegu þinglegu kurteisi gagnvart stjórnarandstöðunni að hér taki eðlilegan þátt í umr. þeir ráðherrar sem málin heyra undir og þeir þm. stjórnarliðsins sem helst hafa afskipti af viðkomandi málum, þá mun það greiða mjög fyrir meðferð og framgangi mála hér í þinginu. Þá verða ræður styttri, skýrari og gleggri. En þegar þingstörfunum er þannig háttað að það séu nánast skipulagðar fjarvistir af hálfu þeirra sem málið snerta í stjórnarliðinu með einum eða öðrum afsökunum, þá verður það eingöngu til þess að stjórnarandstaðan þarf að gera það upp við sig hvort hún ætlar að láta ríkisstjórnarliðið nauðga þinginu með þessum hætti. Þá hlýtur stjórnarandstaðan að taka upp vörn fyrir þingið. Skoði menn málið til lengdar verður ljóst að lýðræðishagsmunum þessarar þjóðar er ekki þjónað með svona vinnubrögðum.

Þeir sem nú sitja á stjórnarstólum og halda kannske sumir, eins og hæstv. viðskrh. í dag, að þeir muni sitja þar mörg ár enn ættu að hugleiða að það kemur að því, sagan sýnir að það kemur að því, að þeir verða í stjórnarandstöðu. Sjálfstfl. ætti t. d. að hugleiða að sé litið yfir síðustu 12 ár hefur Alþb. verið helmingi lengur í stjórnaraðstöðu en Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur verið helmingi lengur í stjórnarandstöðu á þessu tímabili en Alþb. og þessi saga ætti að kenna forustumönnum Sjálfstfl. að það getur einnig verið nauðsynlegt fyrir þann flokk að stuðla að því að lýðræðislegar umræðuvenjur séu haldnar í þinginu og það sé ekki reynt að marka þinginu þá braut sem hér er greinilega verið að gera. Þess vegna vil ég í fullri vinsemd og fullri einlægni beina þeim tilmælum til forustumanna stjórnarliðsins að þeir hugleiði rækilega á næstu dögum að breyta um vinnubrögð varðandi þetta atriði og tryggja að þeir þm. og ráðherrar sem eiga eðlilegan hlut að máli séu til staðar í þinginu til að taka þátt í rökræðum um málin. Þá er ég viss um að þær umr. verða þinginu meira til sóma. Þær verða styttri. Þær verða greinarbetri. Og þær munu örugglega stuðla betur að afgreiðslu mála en sú framkoma sem við höfum orðið vitni að í dag.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það hafa verið bornar fram hér nokkrar spurningar til mín. Hv. 5. þm. Reykv. spurðist fyrir um afstöðu ríkisstj. til þessa máls. Það hefur komið hér fram að í síðasta mánuði sendi formaður nefndarinnar, sem vann að athugun á fjárhagsstöðu bænda, frá sér till. um það hvernig úrbótum skyldi háttað í framkvæmd. Þar er m. a. lagt til að útvegað yrði nýtt fjármagn, 60—80 millj. kr. Ríkisstj. samþykkti, eins og hér kom einnig fram, að stefna að því að unnt yrði að fara eftir þessum tillögum. Jafnframt var á þeim fundi viðskrh. falið að athuga málið í samráði við Seðlabankann, hvernig unnt yrði að verða við þessum tillögum sem aðstoðarbankastjórinn sendi frá sér.

Þessu máli er ekki lokið enn þá og ég get fullyrt það, að verði lagaheimilda þörf til að ná þessu markmiði, þá verður það að sjálfsögðu lagt fyrir Alþingi.

Hv. 7. þm. Reykv. kom víða við í sínu máli. Ég ætla að drepa á örfá atriði. Hann minntist hér á byggingu vinnslustöðva landbúnaðarins, m. a. nýja mjólkurstöð í Reykjavík. Það er ekki ætlunin að flytja mjólkurvinnslu af Suðurlandi með þessari byggingu. Hins vegar er þetta umfangsmesta heildsöludreifing hér á landi er mér óhætt að fullyrða, þannig að sú starfsemi sem fer fram í þessari byggingu eða á að fara fram í henni er fyrst og fremst heildsöludreifing. Það eru afgreiddar vörur daglega til 700—800 útsölustaða, og fjöldi vörutegundanna er á annað hundrað. Þarna er því vitanlega um gífurlega umfangsmikla starfsemi að ræða sem krefst góðrar aðstöðu til þess að hún geti gengið jafnhratt og þörf er á. Við vitum líka að þarna er um mjög viðkvæmar vörur að ræða sem útheimta á allan hátt góða aðstöðu. Þegar þau húsakynni sem nú eru í notkun voru byggð var það vitanlega ekki nema fyrir lítinn hluta af þeirri starfsemi sem þar fer fram núna. Þá held ég að vörutegundirnar hafi verið sex sem dreift var og umfang starfseminnar að öðru leyti eftir því.

Hv. þm. minntist á fleiri byggingar sem kæmu ekki að fullum notum vegna þess að markaðir hefðu hrunið. Það er því miður alveg rétt að það hefur komið æðioft fyrir hjá okkur að markaðir hafa hrunið svo að mannvirki, sem reist hafa verið til að nýta alla möguleika sem voru fyrir hendi á ákveðnum tíma, komu ekki lengur að notum. Við vitum öll um síldarverksmiðjur á Norðurlandi. Við munum, mörg hver a. m. k., eftir stóru skipi í Reykjavíkurhöfn sem keypt var til að vinna síld. Þannig mætti lengi telja. Því miður ráðum við hvorki yfir markaðsaðstæðum né t. d. sjávarafla hér í landi. Við sjáum ekki svo langt fram í tímann að við getum kannske ávallt hagað okkar fjárfestingu eins og hagkvæmast væri.

Hins vegar er augljóst að sláturhús þurfti að endurbyggja fyrir innlendan markað Íslendinga sjálfra, burtséð frá því hvort mikið er flutt út. En vitanlega verður reksturinn óhagkvæmari þegar nauðsynlegt er af markaðsástæðum að draga framleiðslu saman, eins og gerst hefur í sauðfjárframleiðslunni, þegar fé hefur fækkað á fóðrum um u. þ. b. 200 þús. núna á örfáum árum. En þetta sáu menn heldur ekki fyrir.

Hv. 7. þm. Reykv., sem taldi sig sérstakan sérfræðing í samvinnumálum, verður að hafa sína skoðun á því hvort samvinnufyrirtækin í landinu eru fyrst og fremst stofnuð og rekin til fjárplógsstarfsemi eins og hann orðaði það. Ég vísa slíku með öllu á bug og fullyrði að þessi félagasamtök eru tæki fólksins til þess að þjappa sér saman og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum.

Það kom a. m. k. fram mikill misskilningur hjá hv. 7. þm. Reykv. í sambandi við innlánsdeildir, að það væru einhverjar skuldir við þær. Innlánsdeildir kaupfélaga

stunda enga útlánastarfsemi þannig að þar er ekki um neinar skuldir að ræða. Hins vegar hafa kaupfélög neyðst til þess að hlaupa undir bagga með bændum þegar þá skortir rekstrarfé og lána þeim vörur í viðskiptareikning, vitanlega í þeirri von að þeir geti greitt þær þegar afurðir koma, en í hinu harðnandi árferði síðustu ára hefur það brugðist því miður of mikið að afurðirnar yrðu nægar, og sérstaklega að framleiðslukostnaðurinn varð meiri, þannig að þarna er um að ræða vanda sem er orðinn mjög erfiður. Kaupfélögin hafa jafnvel mörg hver greitt rafmagnsreikninga fyrir bændur til þess að þeir þyrftu ekki að sitja í myrkri og kulda, jafnvel þó að þeir eigi þar ekki innistæður fyrir, en því eru vitanlega takmörk sett hvað slíkt getur gengið lengi. En þannig mun áreiðanlega töluverður hluti af þessum skuldum til kominn.

Hv. 7. þm. Reykv. lét undrun sína í ljós vegna þess að innlánsdeildir sætu ekki við sama borð og sparisjóðir. Nú mun það vera nákvæmlega sama regla sem hefur verið notuð við báðar þessar stofnanir í sambandi við endurkaup Seðlabankans, þ. e. það færi eftir heildarinnlánum hverrar innlánsstofnunar. Að því leyti er það sama regla sem gildir um alla, það er eingöngu stærð innláns eða innistæðu í viðkomandi innlánsstofnun. En þarna er ekki um að ræða neina lagasetningu, heldur er þetta samkomulag við Seðlabankann. Og það frv. sem hér liggur fyrir gerir ekki ráð fyrir neinni lagaskyldu. Það eru heimildir til útgáfu skuldabréfa og það er heimild sem skuldareigendur geta, ef þeir vilja, tekið upp í skuldir. En þetta byggist allt á frjálsu samkomulagi milli viðkomandi aðila og það er m. a. af þeim sökum sem það er ómögulegt fyrr en á reynir að gera sér grein fyrir því hver er hin endanlega upphæð sem hér er um að ræða.

Ég þori að fullyrða að viðhorf viðskrh. er það sama og mitt, að við treystum okkur ekki til að lögbinda það að hér skuli skuldabréf vera endurkeypt. Það sem ég segi hér er m. a. það að ég get ekki svarað því hversu mikið fjármagn er hér um að ræða. En þrátt fyrir það er nokkuð vitað um umfang málsins. Það voru rúmlega 600 bændur sem sendu umsóknir til veðdeildarinnar núna fyrir áramótin. Af því má nokkuð ráða hvað þetta verður umfangsmikið.

Það er vitanlega afstætt hvað á að kalla að mál séu afgreidd á skömmum tíma. Það eru þó nokkrar vikur síðan þetta frv. var lagt fram og þá óskaði ég eftir því að unnið væri að afgreiðslu þess eins vel og hægt væri, þ. e. á eins skömmum tíma og unnt væri, en lagði þó áherslu á að n. sú sem fengi það til meðferðar gæfi sér nauðsynlegan tíma til þess. Og það kemur mér á óvart ef neitað hefur verið um upplýsingar í n. Ég vænti þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi reynt að koma á framfæri þeim fsp. eða spurningum sem hv. 7. þm. Reykv. hefur óskað eftir að fá svar við. En vegna þess sem ég sagði áður, að ýmis framkvæmdaatriði þessa máls byggist á þeim heimildum sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þá verður ekki hafist handa um framkvæmd þess fyrr en frv. hefur verið samþykkt. Ég vænti þess að það geti gengið með þeim hraða sem mönnum sýnist fært að hafa á málinu hér á Alþingi, en það hefur komið fram í máli margra, m. a. hv. 4. þm. Norðurl. e. að hann teldi þörf á að fá þetta mál fram.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er með hálfum huga að ég kveð mér hljóðs á þessum kvöldfundi. (**Gripið fram í:** Ég er ekki hissa á því.) Sem skiljanlegt er, já, vegna þess að margir eru á brott héðan úr salnum sem tekið hafa þátt í þessari umr. og gefið tilefni til ákveðinna svara. Þannig var sérstaklega rætt um þá brtt., sem ég hef hér flutt, af hv. þm. Pálma Jónssyni og Stefáni Valgeirssyni, sem hvorugur er nú hér staddur, annar að mér skilst af fullkomlega skiljanlegum og löglegum ástæðum, en um ástæðu hins fyrrnefnda veit ég ekki. Þá þótti mér kasta tólfunum þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hvarf úr salnum. (**Gripið fram í:** Ha? Hann er hér.) Hann hvarf úr salnum áðan og óttaðist ég þá að hann væri genginn á sömu braut og aðrir. (**Gripið fram í:** Menn þurfa nú að pissa.) Hann hefur sem betur fer birst hér aftur og er mér það mikið ánægjuefni. Gefst þá tóm til að leggja nokkuð út af orðum hans hér.

En ég hlýt þó áður en ég held lengra að skýra nokkuð að gefnu tilefni þá brtt. sem ég hef hér flutt, og harma ég þá enn og aftur að hv. 1. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, skuli vera fjarri góðu gamni þar sem ég held að skilningur hans á þeirri brtt. sem ég flyt á þskj. 427 sé ekki alveg fullkominn. Því er þannig farið að að sjálfsögðu ber að lesa brtt. með því frv. til l. sem hún er flutt við, þar sem þar er um að ræða viðbótargreinar sem koma þá til viðbótar þeim sem fyrir eru í frv. og verða að skoðast í því samhengi. (**Gripið fram í:** Þarna er Pálmi kominn.) Oft kemur góður þá getið er, og gengur nú í salinn áður nefndur hv. þm., Pálmi Jónsson 1. þm. Norðurl. v. og er honum fagnað.

Það hefur nokkuð verið rætt um meðferð á þeim skuldabréfum sem til stendur að gefa út í þessu skyni og það hefur margkomið fram í þessari umr. að þar hefur gætt nokkurrar mismununar eftir því hjá hverjum bændur hafa skuldað. Þannig hefur það t. d. verið í sumum tilfellum lán í óláni að skulda hjá litlum sparisjóði eða lítilli deild hjá kaupfélagi sem hefur innan við ákveðna ársveltu þannig að Seðlabankinn endurkaupir bréf af viðkomandi stofnun upp í bindiskyldu. Þeir sem eru svo óheppnir að skulda í stærri sparisjóðum eða bönkum eða bankaútibúum hafa hins vegar ekki notið þessarar þjónustu og á þeim vígstöðvum hefur gætt ákveðinnar og skiljanlegrar tregðu á því að taka bréf af bændum upp í skuldir þeirra. Þannig hefur einn ágætur bóndi, sem býr að Áslandi í Hrunamannahreppi í Árnessýslu, skrifað landbn. Nd. Alþingis og rakið fyrir henni erfiðleika sína af þessu tilefni. Það kom einnig fram í skoðun hv. landbn. á þessu máli að margir könnuðust við þetta misræmi. Því hef ég á þskj. 427 flutt einfalda brtt. sem mundi leysa þetta vandamál svo ekki þyrfti um að þrasa meir og væru þá jafnt bændur sem og lánardrottnar þeirra betur staddir en ella, ef hv. þd. og Alþingi treystir sér til að samþykkja þá brtt. En það er einmitt það sem hæstv. landbrh., sem hér hefur talað fyrir sína hönd og annarra fjarstaddra, treystir sér eða þorir ekki að gera samkvæmt orðum hans hér áðan og tel ég það vissulega miður.

Það er enn sem oftar þegar til umfjöllunar á hv. Alþingi kemur sú merka stofnun Seðlabanki Íslands, að þá fer mesti hugurinn úr mönnum og menn eru næsta tregir til nokkurra þeirra aðgerða sem geta á einhvern hátt skipað þeirri stofnun eitthvað fyrir verkum. Ég hefði haft tilhneigingu til að hvetja menn til að sam-

þykkja einfaldlega brtt. mína og vera þar með lausir við þennan draug og þurfa svo ekki eftir á að fara að véla um það mál hvort og þá með hvaða skilmálum Seðlabanki Íslands fáist til að taka einhvern þátt í þessum aðgerðum. Hitt þættu mér öllu hreinlegri vinnubrögð. En, herra forseti, ég skal ekki lengja þetta mjög. Þetta hefur fengið hér allítarlega umfjöllun og afstaða mín liggur fyrir á brtt.

Ég ætla ekki að kveðja þennan hv. ræðustól án þess að svara nokkuð ágætum hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni sem tók í það allmikinn hluta af ræðutíma sínum að fjalla nokkuð um landbúnaðarstefnu þess stjórnmálaflokks sem ég sit á Alþingi fyrir. Gerði hann þar í fyrsta lagi lítið úr ágætri landbúnaðarstefnu þess flokks í gegnum tíðina. Ég bendi þeim hv. þm. á að það væri fróðlegt, í anda þeirrar ágætu stefnu að neysla manna fer nokkuð eftir kaupmætti þeirra og kaupgetu, að skoða hvernig kaupmáttarskerðingin undanfarna mánuði af völdum hæstv. ríkisstj. sem nú situr og stýrir landinu að nafninu til hefur leikið kaupgetu almennings og þar með auðvitað innkaup hans á landbúnaðarvörum. Skyldi þá ekki sannast hið fornkveðna, sú ágæta stefna sem stundum hefur verið kennd við Lúðvík Jósepsson, að vandinn vaxi þeim mun meir og offramleiðslan aukist þeim mun meir sem við getum minna keypt hér innanlands. Þetta eru svo einföld sannindi að ég er viss um að jafnvel hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sér þetta ef hann hugsar um þetta augnablik, og þá þarf hann ekki lengur að gera grín að þessari ágætu stefnu.

Hann sagði að ég mundi vera nokkuð sem hann kallaði „talsmaður hinna gömlu framsóknarviðhorfa í landbúnaðarmálum innan Alþb." Þá verð ég að byrja á því að segja það við hv. þm. að vegna þess hvernig Framsfl. hefur þróast á undanförnum árum og alveg sérstaklega þetta síðasta ár vil ég miklu frekar vera talsmaður hinna gömlu framsóknarviðhorfa en þeirra nýrri. Ég tel þau hafa verið miklum mun vænlegri og þá stefnu sem sá flokkur ber nú fyrir brjósti alveg heillum horfna.

Engu að síður vil ég segja það að lokum við þennan ágæta þm., Jón Baldvin Hannibalsson, að segja má að landbúnaðurinn og Alþfl. eigi dálítið skylt með sér og séu að mörgu leyti í svipaðri stöðu. Þannig er nefnilega með Alþfl. að hann hefur lengi viljað leggja bændur niður, en að sama skapi hafa kjósendur viljað leggja Alþfl. niður. Nú er þannig ástatt að í þessum hildarleik stend ég með bændum, það verður nú að viðurkennast hér, og ef um það er að ræða að annar hvor þessara aðila eigi að hverfa út úr íslensku þjóðlífi á næstu árum eða áratugum ætla ég að vona að það verði Alþfl., en bændur verði áfram til á Íslandi. (**Gripið fram í:** Ég vona að þér skakki í þeim efnum.) Reynslan mun skera úr um það, hv. þm.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég sagði áðan að það væri forsendan fyrir því að greiða fyrir framgangi mála hér í þinginu að ráðh. svöruðu skýrt og greinilega einföldum spurningum sem til þeirra væri beint. Ég spurði hæstv. landbrh. áðan hvað það væri sem gerði það svo brýnt að hraða afgreiðslu þessa máls. Það kom ekkert svar við þeirri spurningu, engin útskýring á því hvaða nauður ræki menn til að afgreiða þetta á næstu klukkustundum. Hvaða vandi það væri sem ekki gæti beðið í fáeina daga, að menn fengju tíma til að fjalla eðlilega um málið. Við því kom ekkert svar. Ég spurði hæstv. fjmrh. að því hvort hann væri búinn að tryggja fjármagn til að gera mögulega þessa skuldbreytingu. Það kom heldur ekkert svar við því, ekki orð. Hæstv. fjmrh. hefur ekki einu sinni kvatt sér hljóðs. Og landbrh. vék ekki að því einu orði. Það er þó væntanlega frumatriði í þessu máli hvort fjármagn hefur verið tryggt og hvaðan það á að koma. Ef það er ekki, þá er þetta frv. bara lítilvægt pappírsgagn. Þetta er enn eitt dæmið um það að ekki fást hér í þinginu svör við lykilspurningum varðandi stjórnarfrv. heldur sitja ráðh. og lykilforustumenn stjórnarliðsins þegjandi þótt spurt sé um einföldustu og skýr atriði varðandi þetta efni.

Þá var einnig spurt hvort tekið yrði erlent lán. Það hefur heldur ekkert svar komið við þeirri spurningu. Síðan bar ég fram spurningu til hæstv. viðskrh., sem er nú fjarstaddur, en þá landbrh. í fjarveru hans, um það hvort allar innlánsstofnanir yrðu látnar sitja við sama borð hvað snertir þann möguleika að hagnýta þessi svokölluðu bændabréf til að fullnægja bindiskyldu sinni í Seðlabankanum ef á annað borð einhverjum innlánsstofnunum yrði veittur sá réttur áfram. Hæstv. landbrh. kom hér í ræðustól og ég gat ekki betur skilið en að hann væri að segja að þetta væri allt saman byggt á misskilningi hjá mér og var með fullyrðingar um að innlánsdeildirnar stæðu ekki í viðskiptum af þessu tagi. Það vissi ég fullvel. En við vitum líka með hvaða hætti þessi bréfakaup gerast og eftir hvaða leiðum. Ef hæstv. landbrh. veit það ekki og svar hans hér hefur verið ábending um það að hann viti það ekki, þá vil ég benda honum á að lesa mjög nákvæma lýsingu á því sem birtist í Morgunblaðinu s. l. sunnudag. Í raun og veru væri full ástæða til að lesa þann texta hér upp mjög nákvæmlega.

Þar kemur fram að samkvæmt upplýsingum forstöðumanns bankaeftirlits Seðlabankans falla allar innlánsdeildir samvinnufélaga innan þessara marka, að geta hagnýtt sér bændabréfin svokölluðu til að fullnægja bindiskyldunni í Seðlabankanum, nema ein, innlánsdeild KEA. Allar aðrar innlánsdeildir, 30 talsins, geta gert þetta. En síðan kemur fram að allir viðskiptabankarnir eru utan þessara möguleika og þrettán stærstu sparisjóðirnir. 27 minnstu sparisjóðirnir og 29 innlánsdeildir samvinnufélaganna geta fullnægt bindiskyldu sinni með þessum hætti, mismunandi mikið þó, allt eftir stærð þeirra. Fyrr í þessari grein er því lýst mjög nákvæmlega hvernig þetta gerist. Það er þess vegna ljóst að í þessari umr. hefur ekki heldur fengist neitt svar við því hvort þessi möguleiki verður látinn ganga jafnt yfir allar innlánsstofnanir eða hvort haldið verður áfram að mismuna þeim eins og gert hefur verið.

Ef mál væru hér með eðlilegum hætti, herra forseti, ætti ekki að ljúka þessari umr. fyrr en hæstv. viðskrh. hefur fengið tækifæri til þess að lýsa afstöðu sinni í þessu máli, vegna þess að eins og fram kemur í þessari grein og reyndar kom að nokkru leyti fram hjá hæstv. landbrh., þá er þessi möguleiki ekki byggður á lögum. Hann er byggður á venju og samkomulagi sem bankastofnanir, sem heyra undir hæstv. viðskrh., hafa byggt upp. Hæstv. viðskrh. hefur það þess vegna á sínu valdi að ákveða með hvaða hætti þetta verði framkvæmt. Ég tel nánast alveg útilokað að ganga til atkv. um þetta frv. og þær brtt. sem hér hafa verið fluttar án þess að hæstv. viðskrh., yfirmaður bankamála í landinu, veiti svör við

þessum atriðum.

Herra forseti. Ég þakka fyrir það tækifæri að hafa fengið að gera hér þessa athugasemd. Í henni er fólgin ítrekun á því að fjórum lykilspurningum, sem allar snerta grunnþátt þessa máls, hefur ekki verið svarað hér. Og ég spyr: hvaða tilgangi þjónar það, hvaða hagsmunum þjónar það að vera að nauðga frv. í gegnum þingið á kvöldfundum án þess að einföldum lykilspurningum varðandi málið sé svarað? Hverjir eru það sem telja sig þannig stadda í landsstjórninni að þeir þoli ekki sólarhringsbið á umr. til þess að hægt sé að svara lykilspurningum? Eða er þetta mál þannig vaxið að það þoli einfaldlega ekki rökræna umr., þoli ekki skýrar spurningar vegna þess að þá kunni menn að vera staðnir að því að hafa ekki við þeim svör, og þess vegna sé verið að reyna að nauðga þessu svona í gegn? Ég vil þess vegna, herra forseti, ítreka þau tilmæli mín hér frá því fyrr í þessari umr. að vegna þess að hæstv. landbrh. veitti engin svör við þessum spurningum verði umr. ekki lokið fyrr en hæstv. viðskrh. hefur fengið tækifæri til þess að fjalla um málið.

Forseti (Ingvar Gíslason): Vegna síðustu tilmæla hv. síðasta ræðumanns vill forseti benda á að 3. umr. málsins er eftir. (**Gripið fram í:** Atkvgr. um brtt.) Atkvæðagreiðslan fer að sjálfsögðu fram, en 3. umr. er eftir og þá gefst vonandi tækifæri til þess að ræða nánar við þá ráðh. sem ekki eru viðstaddir hér í kvöld. Skal reynt af forseta hálfu að gera rek að því að þeir verði hér viðstaddir.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Rétt tækifæri til þess að svara þeirri spurningu sem hv. 7. þm. Reykv. beindi til mín. Ég hef af mikilli tillitssemi við hv. 7. þm. Reykv. reynt að taka ekki mikið af ræðutímanum til þess að hann gæti notið sín áfram í ræðustólnum. En spurningin hljóðar svo: Hvernig á að útvega fé til að mæta þörfum bænda til þess að leysa þann vanda sem við þeim blasir?

Það svar sem ég hef á þessari stundu er það að viðskipta- og bankamálaráðherra ásamt landbrh. eru í viðræðum við Seðlabankann um útvegun þessara peninga. Landbrh. hefur þegar átt fundi með Seðlabanka og viðskipta- og bankamálaráðherra mun eiga fund með Seðlabankanum í fyrramálið.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni stórt og þýðingarmikið mál sem er brýn þörf á að ræða ítarlega og menn skiptist á skoðunum um eftir því sem þörf krefur. Hér eru enn margir þm. viðstaddir, sem vafalaust hafa eitt og annað til málanna að leggja, og þó nokkrir þm. sem enn hafa ekki kvatt sér hljóðs, þannig að sjálfsagt á umr. eftir að standa enn um nokkra stund. En ég ætla ekki að tefja umr. nú frekar en áður.

Ég ætla aðeins að víkja að því að við meðferð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar í fjh.- og viðskn. Nd. bauð ég upp á það fyrir hönd Alþb. að afgreiðslan á ábyrgðum vegna lausaskulda bænda yrði tekin með lánsfjárlögunum. Fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. Nd. kærðu sig ekkert um að flýta málinu. Því var hafnað af formanni og varaformanni Sjálfstfl., sem þar voru í fyrirsvari fyrir n. og stjórnarliðinu þar, og af fulltrúa Framsfl. í fjh.- og viðskn. Nd. Stjórnarliðið hafði því á þeirri stundu, því miður vil ég segja, engan skilning á nauðsyn þess að hraða afgreiðslu þessa máls, svo sem fram hefur komið í máli hæstv. landbrh. fyrr í dag og í kvöld að nauðsynlegt sé. Þetta vil ég að komi hér skýrt fram vegna þess að mér finnst að afstaða Framsfl. í þessu máli sé nokkuð sérkennileg þar sem hann annars vegar neitar góðu tilboði stjórnarandstöðuflokks um að flýta málinu í gegn og hins vegar kvartar undan því að málið fái ekki nægilega greiðan gang í gegnum þingið. Ég harma að hæstv. landbrh. skuli lenda í flækju af þessu tagi, en það liggur engu að síður fyrir að áhugi Framsfl. á því að afgreiða málið hratt og fljótt í tengslum við lánsfjárlög var ekki til staðar þar sem boði Alþb. um það mál var hafnað.

Hitt málið sem ég ætlaði að ræða hér, herra forseti, er það, að nokkuð sérkennileg staða er komin upp í þinghaldinu í dag. Það er rætt um það við okkur stjórnarandstæðinga í morgun að á þessum sólarhring verði afgreidd úr deildum tvö eða þrjú mál, í fyrsta lagi vísitala framfærslukostnaðar, og það mál er þegar orðið að lögum, í öðru lagi lausaskuldir bænda, og það mál er nú hér til meðferðar, og í þriðja lagi tekjuskattur og eignarskattur, 7. umr. eftir breytingar sem gerðar voru á því frv. í Ed. Þegar þessi mál hafa verið til meðferðar hefur það yfirleitt alltaf komið í ljós í dag að hæstv. ráðh. sem hlut hafa átt að máli hafa átt ákaflega erfitt með að vera viðstaddir umr. og það hefur ekki orðið til að greiða fyrir gangi mála. Ég held að nauðsynlegt sé að átta sig á því að ástæðulaust er fyrir stjórnarandstöðuna að láta bjóða sér að hún tali fyrir tómum sölum klukkutímum saman og stjórnarliðið og ráðh. nenni ekki svo mikið sem líta inn í salina nema stöku maður. (**Gripið fram í:** Það eru tólf í húsinu.) Þessi framkoma stjórnarliðsins er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Ég skora á hæstv. forseta Nd. og formann þingflokks Framsfl., sem hér situr enn uppi, en formaður hins stjórnarflokksins er sennilega farinn heim að sofa, að þessi mál verði tekin fyrir því það er þarflaust fyrir stjórnarandstöðuna að láta bjóða sér þetta. Það eru til aðferðir í þingstörfum sem koma í veg fyrir að svona vinnubrögð séu liðin. Ég held að það sé líka alveg óhjákvæmilegt að hér komi skýrt fram, a. m. k. af minni hálfu hvað svo sem öðrum líður í þeim efnum, að ef þingstörfin eiga hér í vetur að ganga með skikkanlegum hætti er nauðsynlegt fyrir menn að fara að átta sig á hvernig á að ljúka þessu þinghaldi. Mér finnst vinnubrögð hæstv. ráðh. og framkoma stjórnarliðsins í okkar garð í dag ekki bera þess vott að menn hafi neinn áhuga á að þingstörfin gangi með eðlilegum hætti.

Það ber að harma líka í þessu sambandi að þegar hv. þm. leggja fram efnislegar, skýrar og vel grundaðar athugasemdir og flytja mál sitt sterkum rökum er þeim aldrei svarað hér, nema með eftirgangsmunum. Þegar búið er að marghöggva í ráðh. aftur og fram, klukkutímum saman, m. a. í umr. um þingsköp, þá drattast þeir upp í ræðustólinn til að svara fyrir sig, og stundum er það gert bæði seint og illa, eins og í lánsfjárlagaumr. í gær eða í fyrradag. Hér er auðvitað um að ræða vinnubrögð sem eru algjörlega óþolandi af hálfu stjórnarandstöðunnar. Það skal a. m. k. skýrt af minni hálfu.

Ég minni á að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur t. d. í dag borið fram mjög þýðingarmiklar spurningar. Ég hef ekki orðið var við að hann hafi fengið svör við þeim fyrr en hæstv. fjmrh. kvaddi sér hljóðs áðan. Ég

tel að óeðlilegt sé að þannig sé málum farið. Það er ekki einasta að ráðh. og stjórnarliði sé að mínu mati skylt að svara spurningum, heldur er þeim líka skylt að taka þátt í efnislegum rökræðum um málin. Og það er ekki við hæfi að einstakir þm. veitist að öðrum þm. með skætingi og offorsi, hverfi svo úr salnum og gefi mönnum ekki kost á að svara fyrir sig. Enn síður er það við hæfi þegar hæstv. ráðh. iðka þennan leik. Og enn síður er þetta við hæfi þegar svo er komið, eins og verið hefur í allan vetur, að stjórnarliðið hefur komist upp með þetta í skjóli þagnarinnar. Þjóðin hefur ekki hugmynd um þau vinnubrögð sem stjórnarliðið iðkar hér. Það er samviskusamlega þagað yfir þeim, m. a. í ríkisfjölmiðlunum, þannig að stjórnarliðið getur hagað sér hér að vild í þessu efni. Þessi framkoma er með öllu ólíðandi.

Ég vil, herra forseti, ítreka þá afstöðu okkar að málið sem um er að ræða, lausaskuldir bænda, fái efnislega og skjóta meðferð og málefnalega hér í þinginu. Þar hefur ekkert staðið á okkur, eins og ég gat um áðan, þar sem við buðumst til þess að hraða málinu mjög í gegnum þingið á dögunum. — En ég kem upp til að beina spurningu til hæstv. fjmrh. Af því að hann lét svo lítið að svara spurningum áðan vil ég beina til hæstv. fjmrh. spurningu til viðbótar við þá sem hann gerði tilraun til að svara áðan. Hún er þessi: Verður tekið erlent lán til að standa á móti breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán? Verður tekið erlent lán í því skyni? Mundi hæstv. fjmrh. vilja vera svo vænn að svara þessari spurningu meðan ég stend hér með jái eða neii? (**Fjmrh.:** Það hefur ekki verið rætt.) Það hefur ekki verið rætt. Það kemur sem sagt til greina að taka erlent lán? (**Fjmrh.:** Það er þín túlkun.) Já. En það er bersýnilegt að ráðh. hefur ekki gert það upp við sig og telur greinilega að það komi til álita. Ég segi þetta vegna þess að bankastjóri Búnaðarbankans skýrði frá því í landbn. Nd., að mér er sagt, að bankinn hefði ekki fé til að skuldbreyta og það yrði þá að koma til erlent fé ef hann ætti að standa við þær kvaðir sem frv. gerir ráð fyrir. Ég minni á að hugmynd um erlent lán í þessu skyni jafngildir því, ef þetta eru 150 millj. kr., að hlutfallið fræga, sem var 59.2% í gær, fer upp í 59.45%. Það saxast á limina hans Björns míns stöðugt, þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem hæstv. ráðh. eru hér að gefa.

Mér þykir mjög alvarlegt ef hæstv. fjmrh. er þannig á vegi staddur að hann sé að opna fyrir erlendar lántökur í þessu efni. Ég hygg að það hafi í rauninni aldrei gerst áður að fjmrh. hafi opnað fyrir slíkt. Ég tel að það sé ekkert annað sæmandi fyrir hæstv. fjmrh. en að koma nú eða við 3. umr. í ræðustól og lýsa því yfir að ekki komi til greina að tekin verði erlend lán í þessu skyni.

Herra forseti. Hér hefur verið rætt um þá tilhneigingu sem virðist hafa verið uppi á liðnum árum til að mismuna innlánsstofnunum í sambandi við breytingar á lausaskuldum bænda. Eina leiðin til að koma í veg fyrir þá mismunun er að styðja þá till. sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur flutt og gert grein fyrir, þ. e. að þau skuldbreytingarlán sem hér yrði um að ræða verði endurkeypt af Seðlabankanum hvaða innlánsstofnun sem á í hlut. Ég tel þess vegna að þarna sé um að ræða ákaflega athyglisverða till. og ég bið hv. þm. um að hugleiða hana mjög vandlega, m. a. stjórnarliða, þannig að tekin séu af öll tvímæli og menn reki af sér óorðið með því að styðja þá hugmynd sem þarna kemur fram.

En ég fer fram á það að lokum við hæstv. fjmrh. að hann svari spurningu minni úr ræðustólnum fyrst hann treysti sér ekki til að gera það skýrt með frammíkalli áðan, eins og ég fór fram á við hann.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti vill taka það fram vegna hluta af ræðu hv. síðasta ræðumanns að forseti er fyrir sitt leyti fús til þess að taka til athugunar þá ádrepu sem hér hefur komið fram um viðveru ráðh. og þm. Og forseti getur mætavel tekið undir það að það er æskilegt og sjálfsagt að þm. reyni að gegna þeirri skyldu sinni að vera hér við þegar fundirnir eru haldnir, og þá ekki síður ráðh. En þetta mál verður tekið til sérstakrar athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 465 (sbr. 364), n. 460 og 462, 461). — Frh. einnar umr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja eins og er að mér þykir í hæsta máta óeðlilegt að þessari umr. sé hér fram haldið á þessum tíma sólarhrings, þó að fyrr hafi verið ráðgert að henni lyki í kvöld. Mér þykir það einkar óeðlilegt með hliðsjón af því að í henni hafa áður fengið tækifæri til að tala ýmsir hv. þm. og hæstv. ráðh. sem nú eru fjarverandi. Ég hef t. d., herra forseti, miklar athugasemdir að gera við ræðu sem hæstv. forsrh. flutti í dag og í annan stað vil ég beina spurningu til hæstv. forsrh. í tilefni af annarri ræðu sem hér var haldin, ræðu hv. 1. þm. Suðurl. Þess vegna vil ég nú bjóðast til að gera hlé á ræðu minni svo að a. m. k. hæstv. forsrh. geti hlýtt á mál mitt. Ég er reiðubúinn að gera hlé á til morguns og fyndist það að ýmsu leyti eðlilegra miðað við aðstæður og það fámenni sem hér er orðið.

(**Forseti:** Það verður gerður reki að því af hálfu forseta að hafa upp á forsrh., en mér er ekki kunnugt um hvort hæstv. forsrh. er hér í húsinu. Ég vænti þess að hv. 3. þm. Reykn. geti eigi að síður notað ræðutímann. Það verður gert allt sem unnt er til þess að fá hæstv. forsrh. til að vera hér í þingsalnum.)

Það er mikið vafamál, herra forseti, að ástæða sé til að slíta talfærum manna og hlustunaráhöldum við marklaust hjal, einungis til þess að drepa tímann, svo að ég geri allan fyrirvara á því að tala beinlínis í þeim tilgangi að fylla upp í tómarúm í þessum efnum. Ég get engu að síður hafið ræðu mína ef forseti óskar sérstaklega eftir því. En ég held að það muni ekkert flýta umr.

(**Forseti:** Ég bendi á að það eru allmargir hv. þm. á mælendaskrá sem sjálfsagt væru þá fúsir til að ræða málin á meðan. En þess er vænst að hæstv. forsrh. verði hér í þinghúsinu innan ekki mjög langs tíma.)

Ég skil þessa aths. forseta þannig að hann óski sérstaklega eftir því að ég hefji þá a. m. k. ræðuna og taki fyrir nokkur þau atriði sem kannske ber ekki brýna nauðsyn til að nái eyrum hæstv. forsrh.

Um það frv. sem hér er til umr. er það fyrst að segja að teljast verður í hæsta máta ankannalegt að það skuli yfirleitt vera hér til umfjöllunar. Það eru ekki nema fáeinar vikur síðan Nd. gekk frá afstöðu sinni í málinu. Það eitt hefur gerst í millitíðinni að launþegasamtökin í landinu hafa gert samning við atvinnurekendur undir

sérstakri blessun og loforði ríkisstj. um sérstakar félagslegar umbætur. Þetta er notað og tilgreint sérstaklega til þess að framkvæma þá skattahækkun sem hér er flutt till. um. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, það hafa aðrir gert áður, að þessi starfsaðferð er í fyllsta máta óviðurkvæmileg og óforsvaranleg með öllu. Ég tel það gjörsamlega óforsvaranlegt að koma með þessum hætti aftan að launafólki.

Ef það var hugmynd ríkisstj. að framkvæma skattahækkun á þessum forsendum þá hefði hún átt að skýra skýrt og skilmerkilega frá því opinberlega um leið og hún greindi frá afstöðu sinni varðandi samkomulag ASÍ og VSÍ. Allt annað var í rauninni óheiðarlegt í þessari stöðu. Það var ekki gert. Það kom ekkert fram um það á opinberum vettvangi að hugmyndin væri að hækka skatta á þeirri forsendu að hér væri um kauphækkun að ræða.

Í sambandi við þá skattaumræðu sem hefur átt sér stað undanfarna daga og vikur hefur verið farið með margar rangfærslur. Það hefur gerst hér í dag og hefur gerst áður. Því hefur verið haldið fram að greiðslubyrði yrði óbreytt eða mundi a. m. k. ekki hækka. Talsmenn ríkisstj. hafa haldið því fram að með því frv. um skattahækkun sem hér er flutt sé verið að fullnægja því stefnumiði ríkisstj. að koma í veg fyrir skattahækkun. Ég hef ásamt ýmsum öðrum sýnt greinilega fram á það, og það hafa reyndar opinberir embættismenn gert líka, t. d. ríkisskattstjóri, að þetta er rangt. Það er verið að þyngja skattbyrði á stórum hópi launafólks í landinu.

Nú getur ríkisstj. auðvitað haft ýmsar ástæður fyrir því að vilja leggja á háa skatta og þá væri sjálfsagt og eðlilegt fyrir ríkisstj. að rökræða málið út frá þeim forsendum. En það hefur hún ekki gert. Þannig hefur þessi umr. orðið bjöguð og ekki þjónað þeim eðlilega tilgangi skoðanaskipta sem verður að telja að eigi að eiga sér stað í sölum þingsins.

Í þessu sambandi vil ég láta koma skýrt fram að það hefur verið stefnumið okkar Alþfl.-manna að einkum og sér í lagi við þær aðstæður sem ríkja núna í þjóðfélaginu bæri nauðsyn til að ríkisstj. kæmi til móts við launafólkið í landinu með skattalækkunum, svo að boginn yrði ekki spenntur um of og hætta væri á að hann brysti. Í samræmi við þetta höfum við, bæði nú og fyrr, staðið að till. um skattalækkanir sem hér hefur verið dreift í sambandi við þessa umr. Þær till. eru ekki um miklar skattalækkanir vegna þess að við viljum sýna ábyrgð í þeirri stöðu sem nú er. En þær mundu koma að mjög verulegu gagni og það mundi vera tryggt með þeim að þeir launþegar sem fá greinilega skattþyngingu, þ. e. obbinn af öllum launþegum sem eru með sæmilegar tekjur, mundu ekki verða fyrir íþyngingu í greiðslubyrði á sköttum á þessu ári. Það er verulegur áfangi.

Í annan stað höfum við gert ráð fyrir að komið yrði til móts við þá sem alverst standa í þjóðfélaginu með útgreiðslu á ónýttum persónuafslætti. Þetta mál höfum við flutt oft áður.

Þegar þessi mál voru hér áður til umr. í þinginu náðum við ekki nema takmörkuðum árangri að því er varðaði þessar skattalækkanir, en nú viljum við gjarnan að á það reyni einu sinni enn. En það er síðast og ekki síst í þessum brtt. að við gerum ráð fyrir því að þeirri reglu verði haldið sem hefur verið í gildi hér áratugum saman, nefnilega að fyrirtækin beri sambærilegan skatt við einstaklinga, að sú prósentutala í heildartekjusköttum sem einstaklingar í efsta skattþrepi verða að bera sé hin sama og hjá fyrirtækjunum í landinu. Það er varasamt, og meira en varasamt það er hættulegt, að brjóta þessa reglu vegna þess að þá er augljós hætta á því að tilflutningur á tekjum eigi sér stað hjá þeim sem hafa til þess möguleika á framtali til að sleppa við skatt að flytja tekjur í hinn lægri skattstiga.

Í ræðu sinni hér í dag sagði hv. 1. þm. Suðurl. að ástæðan fyrir því að ríkisstj. flytti nú þá till. um skattahækkun sem hér er til umr. væri sú að forsendur hefðu breyst. Þetta væri hliðstætt því sem hefði gerst þegar fulltrúar stjórnarflokkanna tóku sér fyrir hendur að lækka skattprósentuna lítillega, þegar fyrir lá ný áætlun um þjóðhagsspá á grundvelli þess að þorskveiðar og aðrar fiskveiðar yrðu mjög takmarkaðar. Þá hefði það verið gert að lækka skattana lítillega vegna þess að þjóðartekjur drægjust saman. Nú hefði það hins vegar gerst með samningunum að þjóðartekjur yrðu væntanlega eitthvað hærri og þá væri rétt að framkvæma aðra leiðréttingu.

Nú hefur það komið fram að sá 220 þús. tonna kvóti sem reiknað var með í þorskveiðum væri greinilega kominn upp í 240 þús. tonn. Þá eru forsendurnar breyttar frá því sem áður var og væntanlega enn nýtt tilefni til að endurskoða skattstigann. Spurningin er þess vegna sú: Er hugmyndin að þingheimur fái fljótlega að sjá enn eina endurskoðun af hálfu ríkisstj. á tekjusköttunum og þeim skattprósentum sem við skuli miða? Ef taka á alvarlega þær röksemdir sem hv. 1. þm. Suðurl. flutti í dag er auðvitað rökrétt að enn fari fram ný umr. um skattstigann og ríkisstj. hljóti þá að bera fram enn eina till. Ég get um þetta vegna þess að röksemdir af þessu tagi eru greinilega með öllu óhaldbærar. Það væri óbærilegt ef menn ættu að vera sífelldlega að fikta við skattstigann með þessum hætti.

Ég tók eftir því, herra forseti, í umr. hér í dag að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., leyfðu sér að fara með hrein ósannindi þegar þeir sögðu að stjórnarandstaðan og hv. þm. Ólafur Jóhannesson væru í raun að krefjast þess að álagning færi fram eftir gömlu reglunum. Og út frá þeirri forsendu leyfðu þeir sér að bera saman einhverja ímyndaða skatta skv. gömlum reglum og skattvísitölu sem þeir bjuggu sér þá til sjálfir. Þetta tel ég mjög ósæmilegan málflutning, ekki síst þegar fyrir liggur að ekki einungis við þessa umr., heldur ítrekað við allar umr. um þetta mál hér í þinginu, hefur stjórnarandstaðan flutt brtt. til lækkunar á skattstigunum þar sem stefna stjórnarandstöðuflokkanna kemur mjög greinilega í ljós. Ég held að okkur sé lítill sómi að því að fara með rangfærslur af þessu tagi.

Ég tók líka eftir því, herra forseti, að hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., gerði það að umtalsefni í ræðu sinni í dag að þegar forsvarsmenn launþegasamtakanna komu til viðræðna við ríkisstj. um hinar félagslegu aðgerðir í sambandi við kjarasamningagerð hefði það verið skýrt tekið fram af ríkisstj. hálfu að hún hefði fyrirvara um alla fjármálastjórn og þar með talið að hækka skatta. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa tekið eftir því hvað í þessum orðum felst. Í þessum orðum felst það að hv. þm. er að lýsa forseta Alþýðusambands Íslands og formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ósannindamenn í sambandi

við það bréf sem þeir sendu þingflokkum í dag. Það er hvorki meira né minna.

Ég verð að segja það alveg eins og er að mér þykir harla ólíklegt að forseti ASÍ og formaður BSRB hafi setið þegjandi og samþykkjandi undir yfirlýsingu af þessu tagi og ákveðið það með sjálfum sér að um þetta skyldu þeir ekkert segja út á við. Ég tel það mjög ólíklegt. En það er annað í þessu máli sem vakti athygli mína í dag. Það var það að hæstv. forsrh., sem tók einmitt til máls hér í dag í þessari umr., fór ekki einu orði um það að slík yfirlýsing hefði verið gefin af hálfu ríkisstj. þegar samkomulagið milli ASÍ og VSÍ var blessað eða þegar samningarnir voru gerðir við BSRB. Það vekur vissulega athygli að hæstv. forsrh. skuli ekki gera þetta lykilatriði að umræðuefni.

Þess vegna vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. sem er nú einu sinni oddviti og fremsti talsmaður ríkisstj. og ætti frekar öðrum að gefa yfirlýsingar fyrir hennar hönd, hvort það hafi verið hæstv. forsrh. sem gaf þessa yfirlýsingu, ef hún var gefin, eða hvort það hafi verið einhver annar sem hafi gefið hana í nafni ríkisstj. Mér þykir þetta ákaflega forvitnilegt og þó alveg sér í lagi með tilliti til þess að í þeim orðum sem hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteinn Pálsson, notaði um þetta efni í dag fólst í rauninni ásökun á hendur forustumanna helstu verkalýðssamtakanna í landinu um það að sú yfirlýsing sem þeir hefðu látið frá sér fara í dag væri röng, væri ekki sannleikanum samkvæm. Ég tel nauðsynlegt að þingið fái úr því skorið hver sé skilningur oddvita ríkisstj., hæstv. forsrh., í þessu efni.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil gagnrýna harðlega þann hátt sem hafður hefur verið á við umfjöllun um 129. mál þessa þings, þ. e. frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 frá 1983 um breytingu á þeim lögum. Þær gagnsæju blekkingar sem ríkisstj. hyggst bera á borð fyrir launafólk í tengslum við þetta mál eru ekki sæmandi. Hvernig dettur ríkisstj. í hug að launafólk treysti eða taki mark á fyrirætlunum hennar þegar hún stendur og skammtar þeim launahækkunarlús með hægri hendinni en klípur svo mestan hlutann aftur af með þeirri vinstri og hirðir til sín með hækkuðum sköttum? Þessi ríkisstj. hefur höggvið of lengi í sama knérunn og þegar gengið of hart að launafólki þessa lands, einkum því sem verst er sett, og er löngu mál að linni. Í von um að öll él birti upp um síðir og af bjartsýni og þrautseigju hefur fólk stutt þessa ríkisstj. En öllu eru takmörk sett og blöskrar nú fleirum en nýjum þm. Vil ég vitna í hv. þm. Ólaf Jóhannesson í umr. um þetta mál í Ed., með leyfi forseta:

„Þær röksemdir, sem nefndar hafa verið í þessu sambandi fyrir því að eðlilegt væri að hækka þessar skattaprósentur, að kaup hafi orðið nokkru hærra en reiknað var með, get ég ekki fallist á. Mér finnst þær óviðfelldnar í hæsta máta. Mér finnst óviðfelldið að ef fólk hefur fengið eitthvað hærra kaup en gert var ráð fyrir, þá sé veifað framan í það um leið að hluti af þessu verði tekinn aftur í stað þess að fara þá eðlilegu leið sem ætíð að tekjur þessa árs verði skattstofn næsta árs og þá verður fólk auðvitað að greiða af þeim hækkunum sem hafa orðið á kaupi ásamt öðrum sínum tekjum."

Nei, þetta er ekki drengilegt háttalag og þeim mun síður vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur gefið margítrekaðar yfirlýsingar um það að skattar verði ekki hækkaðir. Ekki er þetta nú vinarbragð við neinn mann og gildir þá einu hvort hann er lítill eða stór. Gera verður þá kröfu til hæstv. ráðh. ekki síður en annarra þm. að þeir standi við orð sín. Í þessu sambandi vil ég enn fremur vísa til þess bréfs sem þingflokkum barst í dag frá forseta Alþýðusambands Íslands og formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Með leyfi forseta vil ég vitna í það bréf þar sem segir:

„Við viljum eindregið mótmæla þeirri aukningu á skattheimtu sem meiri hl. þm. Ed. hefur samþykkt. Í þessu sambandi skal vísa til þess, er skýrt kom fram í viðræðum um kjarasamning ASÍ og VSÍ, að ekki væri gert ráð fyrir aukinni skattheimtu. Þá voru og gefnar skýrar yfirlýsingar af hálfu fulltrúa fjmrh. í samningaviðræðum við BSRB um að auknar tekjur ríkissjóðs vegna almennra launahækkana næðu langleiðina til að brúa bilið milli áætlaðra útgjalda ríkissjóðs vegna launahækkana skv. fjárlögum og aukinnar hækkunar skv. þeim samningi sem undirritaður var 29. febr. s. l. Við lítum á þá auknu skattheimtu sem meiri hl. þm. Ed. samþykkti sem hreina ögrun við launafólk og skorum á ríkisstj. og Alþingi að falla frá þessari breytingu."

Sem fulltrúi Samtaka um kvennalista hef ég áheyrnaraðild að fjh.- og viðskn. Nd. og stend að því nál. minni hl. sem þegar hefur verið flutt hér. Auk þess vil ég ítreka þá brtt. við þetta frv. sem ég flutti við fyrri umr. um þetta mál í Nd. ásamt Kristínu Halldórsdóttur, Guðmundi Einarssyni, Kjartani Jóhannssyni og Svavari Gestssyni hv. þm. Brtt. þessari er ætlað að auka við heimildarákvæði til lækkunar á tekjuskattsstofni. Þau ákvæði fjalla almennt um þá sem vegna aldurs, sjúkleika, eignatjóns eða verulega skerts gjaldþols geta ekki staðið undir skattbyrðum sínum. Og hljóðar brtt. svo:

„Aftan við 6. tölul. 1. mgr. 66. gr. laganna komi nýr tölul. sem orðist svo:

7. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests eða af öðrum skyldum orsökum."

Þessi brtt. er flutt vegna erfiðleika þeirra sem fólk lendir í þegar launatekjur milli ára lækka verulega. Lög um tekju- og eignarskatt taka nú ekkert tillit til aðstæðna fólks þegar svo stendur á að raunvirði launanna lækkar verulega milli ára án þess að fyrri liðir 66. gr. eigi við. Við núverandi efnahagsástand má búast við að fjölmargir launamanna lækki verulega í rauntekjum milli ára og verði gert ókleift að mæta þeirri skattbyrði sem á þá er lögð. Má í þessu sambandi taka dæmi af sjómanni á aflaskipi sem haft hefur verulegar tekjur á þessu ári en þarf að taka kvótaskiptingu samfara verulega lægri tekjum á næsta ári. Einnig má minna á landverkafólk sem horfir upp á aflabrest og tekjurýrnun og mögulega atvinnuleysi.

Meðan staðgreiðslukerfi skatta hefur ekki komist á verður ekki hægt að komast hjá sveiflum sem þessum. Vandi þessi er ekki nýr og hafa margir einstaklingar og fjölskyldur orðið fyrir honum. Hinar miklu samdráttaraðgerðir sem gripið hefur verið til upp á síðkastið kunna að leiða til þess að þetta tillitsleysi laganna við raunverulegar aðstæður bitni á enn fleirum en áður hefur gerst. Þess vegna er brtt. þessi flutt.

Þessi brtt. hefur verið tekin upp í brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. Auk þess styð ég þær brtt. sem minni hl. flytur að öðru leyti um lækkun á skattaprósentu og

endurgreiðslu persónuafsláttar sem ekki nýtist til frádráttar til þeirra sem alverst eru settir í þjóðfélaginu. Sömuleiðis styð ég þá brtt. sem gerir fyrirtækjum að greiða sambærilegan skatt á við einstaklinga.

Það má svo sem skilja hvers vegna ríkisstj. grípur til þessa óyndisúrræðis sem hún hefur gert þó ekki sé hægt að samþykkja eða réttlæta það. Með því að beita forgangsröð offjárfestingar og óhófs — gamalreynd og úrelt forgangsröð það — hefur þessari ríkisstj. tekist að hanna fjárlög sem halda hvorki vatni né vindi. Auðvitað er ríkisstj. kalt og reynir að lappa upp í götin. En hún má ekki bara hugsa um sig og sína. Þá getur farið fyrir henni eins og köngulónni seinheppnu í sögunni forðum sem af skammsýni kippti undan sér lífsgrundvellinum með því að bíta sundur þráðinn að ofan, þann sem hélt uppi vef hennar.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson vill fá nánari upplýsingar af fundi þeim sem ég hef áður greint frá að ég átti með samningsaðilum í vinnudeilunni, þ. e. með fulltrúum Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.

Þessir aðilar báðu um fund að morgni þriðjudagsins 21. febr. og ég bað Þorstein Pálsson, formann Sjálfstfl., að vera einnig á þeim fundi og hafði jafnframt með mér Þórð Friðjónsson, efnahagsráðgjafa ríkisstj., og Jón Sigurðsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar.

Ég greindi frá því hér fyrr í dag að á þeim fundi gerðu samningsaðilar okkur grein fyrir þeim samningum sem tekist hefðu og m. a. till. sinni um láglaunabætur. Þeir tóku jafnframt fram að þeir legðu á það áherslu að ekki yrði aflað tekna til þessara bóta með nýjum álögum. Frá þessu greindi ég í morgun og þetta er aðalatriði málsins.

Á þessum sama fundi gerðum við samningsaðilum grein fyrir því að þótt á þetta yrði fallist væri ríkisstj. að sjálfsögðu frjálst að afla tekna með sömu sköttum eða öðrum leiðum í sambandi við hina almennu efnahagsstjórn og þessu var ekki mótmælt. Ríkisstj. samþykkti á fundi sínum, sem hófst þegar eftir þennan fund með samningsaðilum, að verða við tilmælum fulltrúa ASÍ og VSÍ. Við, þessir sömu aðilar, ég ásamt formanni Sjálfstfl., Þórði Friðjónssyni og Jóni Sigurðssyni, kvöddum fulltrúana þá þegar á okkar fund, gerðum grein fyrir samþykkt ríkisstj. og endurtókum þá enn að að sjálfsögðu byndi þetta ekki hendur ríkisstj. í annarri fjáröflun vegna hinnar almennu efnahagsstjórnar.

Ég vona að ég hafi nú gert glögga grein fyrir þessu. Þessu var ekki mótmælt. Ég hef borið mig saman við formann Sjálfstfl. hvort hann muni eftir því að mótmælt hafi verið og hann minnist þess ekki heldur. Að sjálfsögðu er hv. þm. frjálst að ræða þetta við Þórð Friðjónsson og Jón Sigurðsson sem hann þekkir báða vel.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Því hefur verið ítrekað haldið fram í dag af ræðumönnum stjórnarandstöðunnar að núv. ríkisstj. hafi hækkað tekjuskatt á mönnum og það frv. sem hér er til umr. feli í sér allverulegar hækkanir á tekjusköttum. Ég hefði haldið að það ætti að vera óþarfi að mótmæla þessari röngu fullyrðingu enn einu sinni. Það hefur þegar verið gert á skýran og glöggan máta af hæstv. forsrh. og formanni Sjálfstfl. í dag, enda liggur það fyrir í skjölum málsins að greiðslubyrði tekjuskatta á þessu ári verður að meðaltali ekki hærri en greiðslubyrði tekjuskatta á síðasta ári þrátt fyrir þá breytingu sem lögð er til í því frv. sem fyrir liggur. Það ætti að vera óþarfi að þrátta um það á þessum þingfundi meira en orðið er.

En það er kannske ástæða til þess vegna þessara ummæla að minna á það í þessu sambandi að sú ríkisstj. sem við völdum tók nú fyrri hluta sumars hefur þegar lækkað en ekki hækkað tekjuskatta um 250 millj. kr. Það var gert með efnahagsráðstöfunum sem fólu m. a. í sér lækkun tekjuskatta einstaklinga, þ. e. sem sérstök hækkun persónuafsláttar og barnabóta, og þessi lækkun nam eins og ég tók fram 250 millj. kr. Jafnframt voru aðrir skattar lækkaðir á skattþegum, innflutningsgjald af bifreiðum var lækkað um 50 millj. kr., 10% álag á ferðamannagjaldeyri var lækkað sem nam 100 millj. kr., lækkun tolla og vörugjalds af ýmsum nauðsynjum námu 70 millj. kr., niðurfelling söluskatts af innfluttum vélum, tækjum og tölvum nam 80 millj. kr. Þessar skattalækkanir í heild ásamt tekjuskattslækkuninni sem ég nefndi námu alls 550 millj. kr. Það var það sem tekjutap ríkissjóðs nam vegna þessara skattalækkana sem af einhverjum ástæðum virðast hafa gleymst í umr. í dag. Þessar skattalækkanir hafa haft það í för með sér — en þar vegur lækkun tekjuskattsins mest — að innheimtir skattar eru nú 27% af vergri þjóðarframleiðslu á þessu ári. Skatttekjur ríkissjóðs námu 1981 28.8% af þjóðarframleiðslu, 1982 30.2% af þjóðarframleiðslu en munu nú aðeins nema 27% af þjóðarframleiðslu. Hér er því um 2.7% lægra skatthlutfall af þjóðarframleiðslu að ræða en 1982. Ég held að ástæða sé til að rifja þessi atriði upp þegar talað er hér ítrekað um tekjuskatts- og almennar skattahækkanir ríkisstj.

Fyrir síðustu kosningar lögðu fleiri en einn og fleiri en tveir flokkar á það áherslu og gerðu að allmikilvægu atriði í kosningastefnuskrám sínum nauðsynina á því að lækka tekjuskatt á skattþegnum. Sjálfstfl. var einn af þeim flokkum. Allar vonir stóðu til þess að aðstæður hefðu verið slíkar að unnt hefði verið að hefja framkvæmd þeirra fyrirheita sem þá voru gefin. Þegar núv. ríkisstj. tók við ríkisbúinu kom hins vegar í ljós að ástandið á því heimili var miklum mun lakara en nokkurn mann hafði órað fyrir áður en til kosninganna kom. Í öðru lagi bættust við þau gífurlega miklu efnahagslegu áföll sem öllum eru kunn. Afleiðingin af þessu er sú að ekki hefur verið unnt að hefja framkvæmd á þeim fyrirheitum sem voru gefin um lækkun tekjuskattsins. Það má hins vegar í þeirri stöðu, sem upp var komin eftir að ríkisstj. tók við völdum, teljast nokkur áfangi að unnt var þó að koma í veg fyrir að ríkissjóði yrði aflað aukinna tekna með hækkun tekjuskattsins. Hins vegar tókst og hefur tekist, eins og þetta frv. ber með sér, að ná því markmiði að hann stendur þó í stað en eykst ekki.

Hins vegar er alveg ljóst að það urðu mér og ugglaust mörgum öðrum vonbrigði að ekki var þegar á síðasta ári unnt að hefjast handa um lækkun þessa skattstofns. Ekki fer á milli mála að tekjuskatturinn er með ranglátustu sköttum sem á þessa þjóð eru lagðir. Hér er fyrst og fremst um launamannaskatt að ræða og þótt hann sé kannske ekki ákaflega há prósenta af tekjum ríkissjóðs, 10% eða svo, leggst hann engu að síður með

miklum þunga á launamenn. Þess vegna er það verðugt markmið núv. ríkisstj. og núv. stjórnarflokka að vinna að því á næstunni að unnt verði að efna þau fyrirheit sem gefin voru um lækkun tekjuskattsins og um afnám hans í áföngum af almennum launatekjum.

Samtök launþega í landinu hafa ítrekað ályktað um nauðsyn þessa og ég vil í þessu sambandi minna á ályktun sem BHM gerði nú í marsbyrjun þess efnis að tekjuskattur verði afnuminn á almennum lanatekjum og stefnt að afnámi hans með öllu. Ég vil taka undir þessa ályktun BHM og aðrar svipaðar sem gerðar hafa verið af launþegasamtökum landsins. Ég held að það eigi að vera og hljóti að vera forgangsverkefni fjmrh. og fjmrn. að gera tillögur um og undirbúa áfanga í þessu efni þannig að þessum markmiðum verði náð. Ég efast ekki um það eftir að hafa hlustað á umr. í þessari deild í dag, að í því efni mun ríkisstj. hljóta verðugt fylgi og verðugan stuðning stjórnarandstöðunnar.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. var að fara héðan úr stólnum. Það er fróðlegt fyrir hann að velta því fyrir sér, hvort nokkrar líkur eru til þess að eftir fáeina daga eða vikur komi inn í þingið frv. um hækkun skatta frá ríkisstj. Það er greinilegt að ríkisstj. á við verulegan vanda að glíma þar sem er hallinn á ríkissjóði á þessu ári og þó að tekjuöflun ríkissjóðs sé lágt hlutfall af þjóðarframleiðslu, eins og hv. þm. rakti áðan, eru útgjöld ríkissjóðs á þessu ári með hæsta hlutfalli af þjóðarframleiðslu sem verið hefur. Það er bersýnilegt að þetta bil verður að brúa og það verður ekki brúað nema með því í fyrsta lagi að leggja á skatta, í öðru lagi að skera niður framkvæmdir og spara og í þriðja lagi að taka lán til að reka ríkisstjóð. Ríkisstj. hlýtur að vera að velta fyrir sér öllum þessum möguleikum varðandi það að brúa bilið. Hæstv. ráðh. hafa að vísu sumir lýst því yfir að ekki komi til greina að leggja á skatta til að brúa þetta bil. Mér skilst t. d. að hæstv. viðskrh. hafi látið þá yfirlýsingu frá sér fara á aðalfundi kaupmannasamtakanna núna nýlega, að því er blaðafréttir herma. En það var bersýnilegt á ummælum hæstv. fjmrh. í sjónvarpinu í gærkvöldi að hann útilokar þann möguleika ekki að til skattahækkunar komi til viðbótar við þá hækkun sem hér er á ferðinni. Þess vegna held ég að sú vegferð sem hv. 2. þm. Reykn. hóf með kosningaloforðunum um að afnema tekjuskattinn eigi eftir að verða æðigrýtt, svo að ég segi ekki meira, í fylgd með ríkisstj. sem nú situr í landinu.

Það hefur margt athyglisvert komið fram í umr. hér í dag og í kvöld um tekju- og eignarskatt. Eitt af því athyglisverðasta eru ummæli hv. þm. Þorsteins Pálssonar fyrr í dag um umræðufund hans og forsrh. með forustumönnum verkalýðssamtakanna og Vinnuveitendasambandsins. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson komst svo að orði í ræðu sinni í dag, með leyfi forseta:

„Það var skýrt tekið fram af hálfu fulltrúa stjórnarflokkanna að þó að að þessu skilyrði yrði gengið varðandi millifærslu eða tilfærslu innan ríkissjóðs, þá mundi ríkisstj. á engan hátt binda hendur sínar til stjórnunar ríkisfjármála og annarra aðgerða á sviði tekjuöflunar eða breytinga á útgjaldaáformum."

Ég heyrði ekki betur en hæstv. forsrh. væri að reyna að gefa sömu yfirlýsingu áðan. M. ö. o. er látið að því liggja að forustumenn launþegasamtakanna, sem hafa sent frá sér yfirlýsingu fyrr á þessum sólarhring, Kristján Thorlacius og Ásmundur Stefánsson, séu ósannindamenn vegna þess að í þeirra yfirlýsingu stendur, með leyfi forseta:

„Við viljum eindregið mótmæla þeirri aukningu á skattheimtu sem meiri hl. þm. Ed. hefur samþykkt. Í þessu sambandi skal vísað til þess, er skýrt kom fram í viðræðum um kjarasamninga ASÍ og VSÍ, að ekki væri gert ráð fyrir aukinni skattheimtu. Þá voru og gefnar skýrar yfirlýsingar af hálfu fulltrúa fjmrh. í samningaviðræðum við BSRB um að auknar tekjur ríkissjóðs vegna almennra launahækkana næðu langleiðina til að brúa bilið á milli áætlaðra útgjalda ríkissjóðs vegna launahækkana skv. fjárlögum og aukinnar hækkunar samkv. þeim samningi sem undirritaður var 29. febr. s. l."

M. ö. o. er ekki nóg með það að ríkisstj. gangi fram í því að hækka skatta þvert á það sem gert hefur verið ráð fyrir af þessum forustumönnum launþegasamtakanna, heldur bíta forvígismenn stjórnarflokkanna höfuðið af skömminni með því að lýsa forustumenn verkalýðssamtakanna ósannindamenn héðan úr þessum ræðustól. Hér er um að ræða gersamlega dæmalausa framkomu og ósæmilega með öllu og ég hlýt að harma að forustumenn stjórnarflokkanna, jafnvel þó að þeir eigi í hlut, komi fram með þessum hætti vegna þess að það er með vinnubrögðum af þessum toga verið að spilla stórkostlega fyrir þeirri samvinnu sem ævinlega þarf að eiga sér stað á milli ríkisstj. og forustumanna verkalýðssamtaka. Ég tel að ummæli hv. þm. Þorsteins Pálssonar og hæstv. forsrh. um misskilning forvígismanna verkalýðssamtakanna séu ákaflega sérkennileg í þessu sambandi. Og þau rök sem þeir flytja fyrir skattahækkunarfrv., sem sé þau að kauphækkanir hafi orðið meiri en gert hafi verið ráð fyrir, eru í rauninni engin rök. Í framhaldi af þeim mætti spyrja eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson gerði fyrr í dag: Hvað verður þá gert ef viðbótarkauphækkanir nást fram síðar á árinu? Verður þá enn breytt skattstiganum og enn hækkaðir skattarnir frá því sem hér er gert ráð fyrir? Röksemdir stjórnarliða í þessu máli eru ekki góðar og snjallar, eins og hv. þm. Gunnar Schram orðaði það áðan þegar hann var að vegsama leiðtoga sína, heldur eru þær hundalógík vegna þess að þær ganga ekki upp, þær bíta í skottið hver á annarri.

Fleira gemur til í þessum efnum sem væri fróðlegt að rekja og ætla ég að gera það með fáeinum orðum.

14. des. s. l. lagði ríkisstj. fram spá frá Þjóðhagsstofnun um þróun heildartekna 1983 og 1984 og um þróun skatta á þessum tveimur árum. Í þeirri spá er gert ráð fyrir að heildartekjur á landinu öllu, einstaklinga á þessu ári, verði 42.1 milljarður kr. og að hækkunin frá árinu 1983 verði 17.6%. Samkv. fjárlögum og sömu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar frá því í des. var gert ráð fyrir að skattar hækkuðu ekki um 17.6% eins og tekjurnar á milli ára, sem hefði verið eðlilegt, heldur hækki skattarnir á milli ára, og það eru skattar til ríkisins, um 18% en ekki 17.6% og verði 2390 millj. kr. Skv. spánni í des. er sem sagt gert ráð fyrir að skattar hækki hlutfallslega meira á milli áranna 1983/1984 en Þjóðhagsstofnun sjálf telur að nemi hækkun heildartekna einstaklinga.

Ef við lítum svo á spána frá því í mars 1984 og veltum

fyrir okkur hvort þarna hafi verið um að ræða rangan útreikning og mistök í des. lítur dæmið þannig út, að nú er gert ráð fyrir að heildartekjur á þessu ári verði 43 milljarðar 170 millj. og hafi hækkað frá síðasta ári um 20.6%. Í sömu töflu Þjóðhagsstofnunar dags. 12. 3. 1984 er gert ráð fyrir að skattar verði 2460 millj. eða hækki ekki frá fyrra ári um 20.6% eins og tekjurnar heldur um 21.5%. Hér er auðvitað um býsna athyglisvert atriði að ræða vegna þess að það er greinilega sama tilhneiging í báðum tilvikunum, að skattahækkunin er ívið meiri skv. tölum ríkisstj. sjálfrar en tekjuhækkuninni nemur.

Það er einnig athyglisvert í þessu sambandi og í framhaldi af þessum tölum að virða það fyrir sér að í fjárlögum ársins 1984 nema tekjuskattar einstaklinga 2390 millj. kr. Samkv. till. hér eiga þessir skattar að nema 2460 millj. kr. Hækkunin er 70 millj. kr. og hún er umfram fjárlög. Það skyldi þó ekki vera að hæstv. fjmrh., hinn hugprúði riddari gegn aukafjárveitingunum, ætli að nota þessar 70 millj. til að standa undir aukafjárveitingum eða hvað — eða ætlar hann að salta þessa peninga í Seðlabankanum, þær 70 millj. sem þarna ber á milli fjárlaga annars vegar og þeirra tillagna sem hér eru hins vegar? Hér er bersýnilega um það að ræða að verið er að taka nokkru meira fé en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum sem voru samþykkt fyrir skömmu. Það er bersýnilega um það að ræða og útilokað fyrir menn að mótmæla því.

Þegar þetta dæmi er gert upp er það hins vegar greinilegt að hækkun skattanna í beinum krónum frá upphaflegum áætlunum til þeirra sem nú liggja fyrir er upp á 2.88%. Það er tala sem ekki lætur mikið yfir sér, miðað við þau stóru verkefni sem ég fullyrði að blasi við ríkisstj. í sambandi við annan efnahagslegan vanda sem nú er um að ræða og hún hefur sjálf gert grein fyrir.

Í rökstuðningi ríkisstj. með þessu skattahækkanafrv. er vitnað til kjarasamninga ASÍ og BSRB. Það hefur komið fram að kjarasamningar BSRB kosti ríkissjóð brúttó 220 millj. kr. Frá því dragist síðan tekjur af veltusköttum upp á ca. 200 millj. kr., þannig að nettóútgjöld ríkisins vegna þessara samninga séu upp á um það bil 20 millj. kr. Það er greinilegt að með þessu frv. hér, þó að það láti lítið yfir sér, er ríkisstj. ekki aðeins að ná inn öllum kostnaðaraukanum sem stafar af samningum BSRB, heldur nokkru meira eða um það bil 50 millj. kr. umfram það. Það er fróðlegt að athuga að sömu daga og við erum að fjalla um þetta mál hér *með þessum hætti er ríkisstj. að henda út úr ríkissjóði* 25 millj. kr. handa einu fyrirtæki eða helmingnum af þeim ávinningi sem er um að ræða skv. þessu frv. eins og það hér liggur fyrir, þ. e. með styrk til Flugleiða. Flugleiðum verður gefinn helmingurinn af þeirri skattahækkun sem ríkisstj. er að þræla í gegnum þingið með kvöld- og næturfundum. Þessar tölur segja margt um núv. ríkisstj.

En fleira er í þessu efni sem nauðsynlegt er að rifja upp í þessari umr. Það er gert ráð fyrir að skattar opinberra aðila á þessu ári verið 5910 millj. kr. eða 13.7% af tekjum greiðsluárs. Á síðasta ári voru þessir skattar 12.5% af tekjum greiðsluárs. Þannig hefur ríkisstj. með ákvörðunum sínum ákveðið skattahækkun í landinu upp á 431 millj. kr. Hér er um að ræða nettóskattahækkun upp á u. þ. b. 430 millj. kr. Nú segja hv. talsmenn ríkisstj. og hæstv. ráðh.: Ja, hér er fyrst og fremst um að ræða sveitarfélögin. Það eru þau sem eru að taka skatta umfram það sem var í fyrra. Svarið við þeirri fullyrðingu er að það er rétt að hér eiga sveitarfélögin verulegan hlut að máli. En hvaða sveitarfélag er það sem vegur hér þyngst? Hvaða sveitarfélag er það sem vegur þyngst í skattaálagningunni í landinu annað en það sveitarfélag þar sem hæstv. núv. fjmrh. var forseti í sveitarstjórninni, þ. e. borgarstjórn Reykjavíkur, fyrir örfáum mánuðum? Þar er gengið lengst í skattahækkunum. Þegar þetta er lagt saman verður niðurstaðan sú að lagt er á landslýðinn 430 millj. kr. meira skv. tölum Þjóðhagsstofnunar en gert var á árinu 1983. Þetta eru staðreyndir. Þetta eru tölur sem liggja fyrir í opinberum gögnum.

Ríkisstj. getur haldið því fram að erfitt sé fyrir hana að leiðrétta þessa miklu álagningu sveitarfélaganna. Til þess hefur hún þó ýmis ráð, m. a. nýtingu ónýtts persónuafsláttar upp í útsvar umfram það sem gert hefur verið. Og hún hefur einnig pólitísk tök. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Þorsteinn Pálsson hafi heyrt getið um mann sem heitir Davíð Oddsson borgarstjóri í Reykjavík. Það er bersýnilegt að sú ákvörðun um skattahækkun í Reykjavík, sem tekin hefur verið, er studd af forustu Sjálfstfl. Hún er studd af hæstv. fjmrh. úr skattalækkunarflokknum. Hún er studd af hv. þm. Þorsteini Pálssyni. Íhaldið hér á Alþingi ber því ábyrgð á þeim gífurlegu skattahækkunum sem borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík er að innleiða með útsvarsálagningu sinni á þessu ári.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson og hæstv. fjmrh. hafa komist þannig að orði, bæði héðan úr þessum ræðustól og í opinberum fjölmiðlum, að við Ólafur Jóhannesson höfum lagt til að skattar hækkuðu um meira en hér er gert ráð fyrir, þeir yrðu 600 millj. kr. hærri en hér eru hugmyndir um. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson orðaði það þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hér hefði verið beitt þeirri aðferð, sem hv. 3. þm. Reykv. var að leggja til að gert hefði verið, að leggja á skatta s. l. árs með óbreyttum hætti, þá hefðu verið teknar hér 600 millj. kr. til viðbótar af skattgreiðendum."

Þetta er orðrétt haft eftir hv. þm. Þorsteini Pálssyni. Hann segir að ég hafi verið að leggja það til að hér hefði verið tekið 600 millj. kr. meira. Hér er um dólgslegan útúrsnúning að ræða. Ef hv. þm. Þorsteini Pálssyni dettur í hug að bera svona þvælu á borð úr þessum ræðustól bið ég hann að horfa augnablik á tölulegar staðreyndir, sem sé þær að á árinu 1983 voru skattar ríkisins 2025 millj. kr. Hækkunin sem þið stjórnarliðar eruð að leggja til er upp á 2460 millj. kr. eða talsvert meiri en nemur tekjuhækkuninni á milli ára eins og ég gat um.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa upplýst að þeim hafi dottið í huga að taka 600 millj. kr. í viðbót og það hafi verið rætt í ríkisstj. í fullri alvöru, hafi sem sagt verið gert ráð fyrir að skattarnir færu ekki upp í 2460 millj., heldur upp í 3060 millj. kr. og hækkuðu þannig milli áranna 1983 og 1984 um 50% eða nákvæmlega 49.98% og að þessi hækkun á sköttunum ætti sér stað á sama tíma og tekjur hækka í landinu um 20.6%. Þetta voru þeir að bollaleggja í stjórnarráðinu, þessir piltar, og ræddu um þessa miklu skattahækkun á milli áranna 1983 og 1984 þrátt fyrir þá gífurlegu kjaraskerðingu sem gert hafði verið ráð fyrir. Og þegar þeir eru teknir í bælinu, svo að segja, og bent

á hvað þeir eru hér að gera, leggja hér til skattahækkun, koma þeir og segja: Hv. þm. Svavar Gestsson og Ólafur Jóhannesson eru að leggja til að skattarnir verði hækkaðir um 600 millj. kr. Hér er auðvitað um svo yfirgengilegan málflutning að ræða að það sæmir ekki einu sinni talsmönnum Sjálfstfl., í þeirri þröngu og vondu stöðu sem þeir eru í núna, að bera svona þvætting fyrir sig.

Ég held, herra forseti, að staðreyndirnar í þessu máli liggi þess vegna mjög skýrt fyrir. Ríkisstj. er að taka aukna skatta frá því sem gert hafði verið ráð fyrir upp á 70 millj. kr. Hún er í öðru lagi að stuðla að því með stefnu sinni að skattar til opinberra aðila verði 430 millj. kr. hærri 1984 en þeir hefðu átt að vera miðað við sama álagningarstig og var 1983. Þeir eru í þriðja lagi að bera fyrir sig að það séu hinir lágu kjarasamningar verkalýðssamtakanna sem geri nauðsynlegt að kroppa í þessa aura aftur. Með þeim hætti eru þeir að segja upp sinni hlið kjarasamninganna. Þeir eru að sýna fram á að þeim er ekki treystandi þegar allt kemur til alls í viðtölum við verkalýðssamtökin hér í landinu. Ég tek meira mark á þeim yfirlýsingum sem hér liggja fyrir frá forustumönnum verkalýðssamtakanna en þeim ítrekaða áburði forráðamanna stjórnarflokkanna hér í dag og í kvöld að forvígismenn launaþegasamtakanna í landinu séu ósannindamenn í þeirri yfirlýsingu sem hér liggur fyrir.

Ég tel þess vegna að framganga ríkisstj. í þessu máli sé öll hin hraklegasta. Henni væri sæmst að hætta að reyna að knýja málið í gegn með þeim hætti sem hér er nú gert og taka málin til endurskoðunar og athugunar á milli umr., þannig að málið fengi enn frekari meðferð. Okkur munar ekki um að bæta við 8. og 9. umferðinni, sem er gert ráð fyrir í þingsköpum eins og kunnugt er. Hringlandahátturinn í þessu máli er alveg yfirgengilegur.

En það alvarlegasta í umr. í kvöld og í dag er að mínu mati að það skuli hafa verið borið á forvígismenn launþegasamtakanna að þeir séu í yfirlýsingum sínum ósannindamenn þegar þeir tala um að það hafi verið gengið á bak yfirlýsinga með þeirri hækkun á skattheimtu sem hér er um að ræða. Ég er sannfærður um að vinnubrögð af þessum toga geta dregið dilk á eftir sér.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 3. landsk. þm. fullyrðir að fjmrh. hafi lýst yfir að hann muni ekki standa að skattahækkunum. Margir hv. þm. hafa haldið því fram að ég leggi til skattahækkun skv. þskj. 465. Þessar sífelldu endurtekningar af þessu tagi hljóta að vera frambornar í von um að fólk fari að trúa þeim og með því takist að skapa óróa í landinu. Því finnst mér mætavel trúandi á Alþb., það er þeirra iðja og hefur verið um langan tíma, en ég skil ekki í hvaða tilgangi þm. nýrri þingflokkanna taka undir slíkan málflutning. Það er engin skylda, bara vegna þess að þeir tilheyra stjórnarandstöðu, að fylgja slíkum málflutningi og þeim lítið til sóma.

Stefna ríkisstj. hefur ekki breyst frá því að frv. á þskj. 164 var lagt fram, en þar segir í upphafi aths. við frv., eins og þm. geta lesið, með leyfi forseta:

„Frv. miðast við að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði í heild hin sama af tekjum greiðsluárs á árinu 1984 og á árinu 1983.“ Framhaldið geta svo virðulegir þm. lesið.

Á undanförnum árum hefur aðlögun skattstiga og annarra fjárhæða í tekjuskattslögum að breyttu raungildi peninga verið framkvæmd með því að hækka skattstigann í hlutfalli við tekjubreytingar milli tekjuára. Skatthlutföll hafa hins vegar ekki breyst milli ára. Þegar verðbólga snögglækkaði eftir valdatöku núv. ríkisstj. var sýnt að grípa þyrfti til sérstakra aðgerða. Ef venjulegum aðferðum hefði verið fylgt og látið duga að hækka skattvísitölu í hlutfalli við hækkun tekna á milli tekjuára hefði það leitt til stóraukinnar skattbyrði gjaldenda á árinu 1984.

Stefna ríkisstj. hefur því verið sú að skattbyrði beinna skatta til ríkissjóðs skyldi vera óbreytt sem hlutfall af tekjum greiðsluárs milli áranna 1983 og 1984. Til þess að ná þessu marki þurfti m. a. að lækka skatthlutföll, lengja skattþrep umfram skattvísitöluhækkun og hækka persónuafslátt nokkuð umfram skattvísitölu. Í samræmi við þá stefnu lagði ég sem fjmrh. fram frv. um tekju- og eignarskatt fyrir s. l. áramót. Hefði verið látið duga að hækka eldra skattkerfi á hefðbundinn hátt með beitingu skattvísitölu um 54% hefði það leitt til stóraukinnar skattbyrði á næsta ári og hefði heildarálagning orðið nærfellt 600 millj. kr. hærri en miðað var við í fyrrnefndu frv.

Upphaflegt frv. ríkisstj. tók mið af þjóðhagsspá þar sem gert var ráð fyrir því að meðaltekjur hvers manns hækkuðu um 20% milli ára 1983 og 1984. Í samræmi við fyrrgreinda stefnu var frv. ríkisstj. því við það miðað að krónutala álagðra skatta hækkaði um sama hlutfall. Í jan. s. l. var spá um tekjuþróun milli áranna 1983 og 1984 endurskoðuð í framhaldi af upplýsingum um minnkandi fiskstofna. Var nú áætlað að meðaltekjur hækkuðu um 16.5% á hvern mann í stað 20% áður. Í samræmi við stefnu ríkisstj. um óbreytta skattbyrði milli ára sem hlutfall af tekjum greiðsluárs lagði meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. því til að skattstigar yrðu lækkaðir frá því sem var í frv. þannig að krónutöluhækkun skatta hvers gjaldanda yrði að meðaltali 16.5% eða hin sama og tekjuhækkanirnar.

Eftir nýgerða kjarasamninga var áætlun um tekjuþróun milli áranna 1983 og 1984 enn endurskoðuð. Var hún nú áætluð nánast hin sama og var í upphaflegri tekjuspá þjóðhagsáætlunar eða 19.5% á mann. Í samræmi við margnefnda stefnu um óbreytta skattbyrði lagði fjh.- og viðskn. Ed. því til að frv. yrði aftur breytt þannig að krónutala skatta hækkaði um 19.5% milli ára eins og tekjurnar. Samþykkt þeirra brtt. sem fram koma á þskj. 465 tryggja það að greiðslubyrði milli ára haldist óbreytt. Þessa staðreynd verða virðulegir stjórnarandstæðingar að viðurkenna hvort sem þeim er það leitt eða ljúft.

Ég vil að gefnu tilefni svara hv. 3. þm. Reykv. vegna margendurtekinna ummæla í báðum virðulegum deildum Alþingis um niðurfellingu gjalda vegna Flugleiða. Af nótu sem ég hef hér frá gjaldadeild fjmrn. og ætla með leyfi forseta að lesa upp má kannske ráða hvað hendur fjmrh. eru bundnar af samningum sem fyrirrennari minn í starfi hafði gert og ég er hér með ljósrit af, áamt þeirri undirskrift sem þarf til þess að þeir séu löglegir. Nótan hljóðar svo:

„Í fjárlögum fyrir árið 1982 er ákvæði í 6. gr. sem veitir fjmrh. heimild til sjálfskuldarábyrgðar til handa Flugleiðum er nemur 1.6 millj. Bandaríkjadala.“ Enn fremur segir í sambandi við uppgjör lánsins að lending-

argjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, svo og tekju- og eignarskatt, launaskatt og önnur gjöld beri félaginu að greiða á réttum gjalddögum. En þann hluta þeirra gjalda sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugs félagsins fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör.

Þá segir enn fremur að í fjárlagafrv. fyrir árið 1983 skuli till. gerð um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri þessa láns með hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindri flugleið umrætt tímabil, að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu sem um ræðir í 2. mgr. og miðað við þær tekjur sem telja má að ríkissjóður hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið. Ákvæði þessi eru tvíþætt. Annars vegar skulu Flugleiðir fá öll gjöld tengd nefndu flugi frádregin frá lántöku. Hins vegar ef rekstrarafkoma er neikvæð skal hafa hliðsjón af því í uppgjöri lánsins.

Hjálagt er bréf frá Ríkisendurskoðun, dags. 7. nóv. 1983, þar sem segir að tap félagsins á umræddu tímabili nemi 4.5 millj. Bandaríkjadala á starfsemi félagsins á Norður-Atlantshafsflugleið. Miðað við framansagt er ljóst að þau skilyrði sem kveðið er á um í heimildargrein um að ríkissjóður taki á sig umrætt lán að fjárhæð 1.6 millj. Bandaríkjadala vegna rekstrartímabils 1. okt. 1981 til 30. sept. 1982 eru fyrir hendi og ætti því að gjaldfæra lánið miðað við framkvæmd þess máls árið 1982 sem framlag ríkissjóðs á árinu 1983. Í fjárlögum 1983 var gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 33 millj. kr. en greiðslan nam 47 millj. kr. og hefur ríkissjóður greitt þá upphæð.

Í fjárlögum 1983 er samsvarandi heimildargrein fyrir lántöku að fjárhæð 1.9 millj. Bandaríkjadala vegna rekstrartímabilsins 1. okt. 1982 til 30. sept. 1983. Lán þetta fellur í gjalddaga á árinu 1984 í þrennu lagi, 1. mars, 1. júní og 1. sept., og má ætla að greiðsluþörfin sé um 62 millj. kr. Í fjárlögum árið 1984 er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til að mæta þessum greiðslum.

Haft var samband við Flugleiðir hf. og af þeirra hálfu var upplýst að ekki lægi fyrir endanlegt rekstraruppgjör fyrir árið 1983 fyrr en í apríl/maí n. k. en fram kom að talið er að rekstrarhalli mundi verða á því ári. Þá var enn fremur upplýst, og þá vitna ég í hjálagt bréf og samning, að fyrirtækið mundi ekki geta borgað af lánum og því ljóst að til greiðslu kæmi hjá ríkissjóði nú 1. mars vegna þessa máls.

Við áritun framangreinds skuldabréfs hefur viðkomandi fjmrh. notað heimildir í 6. gr. fjárlaga með þeim ákvæðum sem þar um getur og árituð eru á skuldabréfið og því ljóst að ef þau skilyrði eru fyrir hendi, um afkomu og fleira er þetta varðar, verður ríkissjóður að standa skil á greiðslu vegna þessarar sjálfsskuldarábyrgðar. Síðan kemur hér bréf frá endurskoðuninni sem getur um tap upp rúmlega á 7.9 millj. dollara og af því megi rekja tæplega 4.6 millj. dollara til starfsemi félagsins á Norður-Atlantshafsleiðinni.

Þetta er sá arfur sem gjaldkeri Alþb. í ríkisstj., hæstv. fyrrv. fjmrh., skilur eftir handa núv. ríkisstj. Vil ég nota þetta sem svar við ádeilum hv. 3. þm. Reykv., formanns Alþb., fyrirliða í þeirri ríkisstj. sem skildi við eins og alþjóð veit og nú tekur sér það í munn að deila á að hluti af þeirri fyrirgreiðslu sem Flugleiðir hafa notið hingað til skuli vera veittur í ár líka og af sömu ástæðum.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í ágætum greinaflokki í Morgunblaðinu á s. l. hausti eftir prófessor Ólaf Björnsson gerði hann að umræðuefni aðferðir í kjarasamningum á undanförnum árum og lýsti þeim eftirminnilega með einu orði, að þeir hefðu einkennst af hinni svokölluðu „snuðtúttuaðferð". Það sem hann átti við var einfaldlega að vinnuveitendur og ríkisvaldið sem vinnuveitandi hefðu iðulega skrifað undir kjarasamninga sem væru umfram greiðslugetu atvinnuvega og þetta hefði verið gert vísvitandi í trausti þess að þeir sem launin áttu að greiða gætu síðan komið til ríkisstj. með bakreikning. Hann lýsti því að vinnuveitendur gengju iðulega á fund ríkisstj. og segðu: Við höfum nú skrifað undir kjarasamninga sem fyrirtækin geta ekki staðið við. Ef þessum aukakostnaði verður ekki velt út í verðlagið mun það leiða til stöðvunar og hafa aðrar hörmulegar afleiðingar fyrir launþega sjálfa. Við ætlumst þess vegna til þess að ríkisvaldið undirskrifi samningana með þeim hætti að öllum kostnaðinum verði velt út í verðlag með gengislækkunum og öðrum aðferðum. Þannig að að lokum var skv. þessari snuðtúttuaðferð þannig bundið um hnútana að launþegum var gert sjálfum að greiða þær launahækkanir sem þeir höfðu nýlega tekið við. Skv. þessari aðferð voru laun hækkuð í krónutölu um 3000% á tíu árum þótt raunveruleg kauphækkunaráhrifin í kaupmætti mæld væru brotabrot af þessu. M. ö. o. launþegum var gert sjálfum að greiða reikningana.

Nú var það eitt meginviðfangsefni núv. hæstv. ríkisstj. að þessari snuðtúttuaðferð skyldi varpað fyrir róða. Hér eftir skyldu engir baksamningar gilda. Þess vegna lýsti ríkisstj. því yfir að hún hefði sett hinn fræga ramma um greiðslugetusvigrúm til kauphækkana og það skyldi vera á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins að semja innan þessa ramma og engir bakreikningar skyldu koma.

Það var að vísu frægt að þegar til kjarasamninga var gengið var það gert í fjarveru hæstv. fjmrh. og hann taldi að ramminn hefði verið sprengdur. Engu að síður er það staðreynd — og það má hafa mörg ummæli hæstv. ráðh. um það — að þeir lýstu ánægju sinni með gerða kjarasamninga, lýstu því yfir að þeir hefðu verið gerðir af ábyrgðartilfinningu, lýstu því yfir að að svo miklu leyti sem farið hefði verið umfram þrengstu mörk skiptu þau svo litlu máli að niðurstaða kjarasamninganna væri viðunandi, þetta væri sigur fyrir ríkisstj. Ráðh. og talsmenn ríkisstj. hver á fætur öðrum mæltu með því að þessir samningar yrðu undirritaðir.

M. ö. o. lá alveg ljóst fyrir að nú átti ekki að grípa til neinna bakreikninga. Með hliðsjón af þessu hlýtur það að vekja furðu í öllum þessum umr., sem orðið hafa út af till. stjórnarflokkanna til þess að hækka aftur skattstiga eftir kjarasamninga, hvað raunverulega fyrir þeim vakir. Það er upplýst að ríkissjóður muni taka í sinn hlut vegna þessara breytinga 70 millj. kr. Sjálfir höfðu talsmenn ríkissjóðs lýst því yfir að kostnaður ríkissjóðs vegna samninganna við BSRB væru nettó 20 millj. kr. Þannig að ríkissjóður hyggst nú taka í viðbót umfram það sem kjarasamningarnir við BSRB kostuðu 50 millj. kr.

Nú er spurningin ekki fyrst og fremst efnahagslegs eðlis. Þessi upphæð skiptir engu máli að því er varðar efnahagsstefnu ríkisstj. Þar erum við að ræða um tölur sem eru svo margfalt, margfalt stærri að þessi upphæð

skiptir engu máli að því er varðar það hvort efnahagsstefna ríkisstj. er nær því að standast eða ekki. Við höfum á undanförnum dögum verið að ræða það að fjárlög ríkisins eru úr böndunum. Þar erum við að tala um tæpa tvo milljarða kr. Það liggur alveg ljóst fyrir að lánsfjárlög sem nýlega eru afgreidd eru óraunsæ með sama hætti þannig að þar stendur út af óbrúuð lánsfjárþörf sem nemur varlega áætlað á bilinu 1—1.5 milljarða kr. Við vorum fyrr í kvöld að hlýða á yfirlýsingu hæstv. landbrh. sem sagði að það væri til umr. við Seðlabankann með hverjum hætti yrði útvegað nýtt fé að upphæð 60—80 millj. kr. og þannig mætti lengi telja. M. ö. o. þessi aðgerð ríkisstj., að koma samningsaðilunum í opna skjöldu eftir á með því að ríkissjóður ætlar að taka til sín meiri fjármuni en samningar BSRB kostuðu, láta m. ö. o. opinbera starfsmenn greiða sjálfa þá kauphækkun sem þeir fengu, hún þjónar engum efnahagslegum tilgangi.

En hvaða pólitískum tilgangi þjónar þetta þá? Það er spurning sem ég fæ satt að segja ekki til að ganga upp. Að vísu vita menn að hæstv. fjmrh. var í mikilli fýlu þegar samningarnir voru gerðir og ríkisstj. féllst á niðurstöður þeirra að honum fjarverandi. Manni kemur helst í hug sú sálfræðilega skýring að þetta sé partur af innanhússdrama ríkisstj., að hæstv. fjmrh. sé enn að skeyta skapi sínu á þeim sem lögðu blessun sína yfir það að farið var lítils háttar yfir rammann. En hvort sem sú skýring er rétt eða ekki þá skiptir það ekki máli. Mér sýnist niðurstaðan vera fyrst og fremst sú að aðgerð af þessu tagi styðst ekki við nein efnahagsleg rök, hún þjónar engum efnahagslegum tilgangi. Hún þjónar þeim einum tilgangi að efna til illinda og úlfúðar, magna upp óánægju og stefna í tvísýnu þeim kjarasamningum sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa hver á fætur öðrum lýst ánægju sinni með. Vafalaust verður að segja að út frá markmiðum efnahagsstefnu ríkisstj. hafi þeir vissulega verið innan þess ramma sem ríkisstj. gat gert sér vonir um, enda þarf ekki annað en að vitna til þeirra eigin orða um það, að þeir lýstu ánægju sinni með þá.

Ég hefði haldið að ríkisstj. væri nú í þeirri stöðu að hún ætti að forðast þetta fyrst og fremst eins og heitan eldinn. Vandamálin sem á henni brenna eru mörg, þar er fyrst og fremst við hana sjálfa að sakast. Hún hefur teflt þeim takmarkaða og tímabundna árangri, sem hún hefur náð í viðureigninni við verðbólguna, í tvísýnu aftur vegna þess að hún hefur ekki sjálf efnt það sem á eftir þurfti að koma, þ. e. hún hefur ekki komið sér að því verki að snúa sér að öðrum þáttum efnahagslífsins, hún hefur ekki ráðið við að haga ríkisbúskapnum í samræmi við þessa efnahagsstefnu. Hún hefur svikist um að gera þær róttæku breytingar sem hefði þurft að gera í fjárlagabúskapnum. Hún hefur ekki komið sér að því verki að standa við gefin fyrirheit um niðurskurð og sparnað í ríkisrekstri, hún hefur ekki komið sér að því verki að breyta neinu sem máli skiptir í sambandi við fjárfestingarstýringu og það er þar sem vandinn liggur.

Út af fyrir sig liggur alveg ljóst fyrir að þessi aukna tekjuöflun ríkissjóðs skiptir m. ö. o. efnahagslega séð engu máli fyrir ríkissjóð, breytir engu til eða frá í því hrikalega dæmi sem þar er um að fjalla. Hins vegar skiptir þessi breyting miklu máli fyrir einstaka launþega sem gengu að kjarasamningum í þeirri trú að þeir skattstigar, sem birtir höfðu verið og yfirlýst var að ríkisstj. hygðist standa við, stæðu. Þeim er hins vegar breytt óvænt á seinustu stundu og eftir á og þannig launþegum og verkalýðssamtökum komið í opna skjöldu.

Ég ætla ekki að hafa nein orð um það sem er fullyrðing á móti fullyrðingu, annars vegar af hálfu hæstv. forsrh. og formanns Sjálfstfl. og hins vegar forustumanna launþegasamtakanna, um nákvæmlega hvaða orð þeim fóru í milli. En ekki fer á milli mála að af hálfu launþegasamtakanna var gengið til þessara mjög svo hófsamlegu kjarasamninga í þeirri trú að þær forsendur, sem þá voru þekktar um skatta og skattbyrði, mundu standast. Við þau fyrirheit hefur ekki verið staðið og ég er hræddur um að stjórnarflokkarnir séu ekki búnir að bíta úr nálinni með afleiðingarnar af því.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sá ástæðu til að halda mjög langa ræðu um Flugleiðir og ég teldi út af fyrir sig ástæðu til að fara ítarlega út í það sem hann sagði í þeim efnum. Ég ætla að láta það standa eftir í bókum Alþingis að niðurfelling lendingargjalda Flugleiða núna er gjörsamlega ósambærileg við það sem tíðkaðist í tíð síðustu ríkisstj., fyrst og fremst vegna þess að þá var um að ræða mjög verulegan halla á fyrirtækinu, sérstaklega á Norður-Atlantshafsfluginu, sem þáv. ríkisstj. og Alþingi ákváðu að koma til móts við. Nú er hins vegar um að ræða gullöld og gleðitíð, að dómi forráðamanna Flugleiða, og þess vegna ætti að vera óþarfi, þegar þrengir að ríkissjóði líka úr öðrum áttum, að samþykkja sérstaka styrki handa þessu fyrirtæki. Einu rökin í málinu eru að mínu mati hins vegar þau, og þess vegna greiddi ég ekki atkv. á móti þessari till. við meðferð málsins hér í þinginu, að samgrh. Lúxemborgar lýsti því yfir að því aðeins mundu þeir fella niður lendingargjöld að hið sama yrði gert hér á landi. Það eru þau rök sem gilda í málinu.

Varðandi ummæli hæstv. fjmrh. um skattahækkanir þær sem hann beitir sér fyrir ætla ég ekki að bæta miklu við þau gildu rök sem stjórnarandstaðan hefur þegar flutt í því máli úr þessum ræðustól. Hæstv. fjmrh. vill auðvitað ekki hlusta á að hann sé að hækka skatta. Hann vill ekki viðurkenna það. Hann ber höfðinu við steininn. En staðreyndirnar tala sínu máli um hækkandi tekjur ríkissjóðs. Það er greinilegt að fjmrh. fær út úr þessu bröltí, m. a. 7. umr. sem hér stendur yfir, 70 millj. kr. umfram það sem fjárlögin gera ráð fyrir. Þannig er fjmrh. bersýnilega að reyna að tína til sprek upp í gatið stóra með þeim tillöguflutningi sem hér er verið að fjalla um. Þannig getur hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson ekki vikið sér undan því að hann stendur nú frammi fyrir þeirri staðreynd, þegar þann 22. mars 1984, að hann er búinn að gera margar till. um verulegar skattahækkanir á sama tíma og hann hefur lýst því yfir aftur og aftur að hann ætli aldrei að hækka hér skatta. Hygg ég að fáir menn hafi gefið yfirlýsingar með jafnstórum orðum sem hafa staðið jafnstutt og hæstv. fjmrh. hefur gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 69. fundur.

Fimmtudaginn 22. mars, kl. 2 miðdegis.

Auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands, þáltill. 254. mál (þskj. 467). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fræðslukerfi og atvinnulíf, þáltill. 257. mál (þskj. 475). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Könnun á orsökum hins háa raforkuverðs, þáltill. 2. mál (þskj. 2, n. 336, 453, 454). — Frh. einnar umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur borið fram brtt. við tillgr., sem er til bóta og að vísu alveg nauðsynleg að mínu áliti, að kveðið sé á um að kostnaður við störf slíkrar nefndar greiðist úr ríkissjóði. Og þess vegna fylgir þessi brtt., ef svo skyldi á standa að meirihlutavilji sé fyrir samþykkt till. þessarar. Ég bar fram á síðasta fundi, þar sem þetta mál var til umr., till. til rökstuddrar dagskrár. Ýmsir fundu mjög að þeirri málsmeðferð þar sem till. mín var skriflega flutt, og breytti þar engu um þótt afbrigði væru fúslega veitt. Ég lýsti því þá yfir að mér væri sú málsmeðferð ekki föst í hendi og gæti þess vegna hugsað mér að kalla aftur till. mína til rökstuddrar dagskrár, sem ég geri hér með, hæstv. forseti. Á hinn bóginn vil ég greiða atkv. gegn till. þessari og legg til að svo geri fleiri, með vísan til þeirra raka sem ég flutti fyrir dagskrártillögu minni á síðasta fundi. Sem sagt, að athugun þessi væri í höndum nefndar á vegum rn. og lægju enda fyrir marghátttaðar upplýsingar um orkuverðsmyndunina.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það kom fram hér á síðasta fundi að hæstv. iðnrh. þótti ekki nægilega ljóst hver skyldi greiða kostnað af störfum þeirra sérfræðinga sem umrædd till. fjallar um að skuli starfa að ákveðnu verkefni. Ég greindi frá því þá að ég mundi, til þess að taka af öll tvímæli, flytja brtt. í þá veru eða viðbótartillögu. Ég hef nú gert það og er hana að finna á þskj. 454. Hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Aftan við 1. tl. bætist ný gr. er orðist svo:

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Þetta ætti að taka af öll tvímæli. Raunar er ég þeirrar skoðunar að þessi till. hafi verið óþörf, það hefði legið í hlutarins eðli að ríkissjóður greiddi kostnað af þeirri rannsókn sem hér um ræðir. En sjálfsagt er að hafa hlutina svo skýra og skilmerkilega sem kostur er og það er gert með þessu.

Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með þessari till. og heiti á sem flesta þm. að gera það einnig. Enda þótt hæstv. iðnrh. hafi lýst yfir að hann muni greiða atkv. gegn till., þá mælist ég til þess að sem flestir þm. greiði atkv. með henni enda hefur hv. allshn. lagt til einróma að hún verði samþykkt.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Forseti beindi því til n. hvort hún hygðist taka þetta mál upp aftur. Það hefur ekki verið gert og nm. líta svo á að sú brtt. sem hv. 5. landsk. þm. flytur sé út af fyrir sig sjálfsögð á þann veg að það hefur engum dottið í hug annað en að kostnaður af þessu yrði greiddur af ríkissjóði. En í þinginu liggur fyrir það álit allshn. án minnihlutaálits að samþykkja beri þessa till.

ATKVGR.

Brtt. 453 tekin aftur.

Brtt. 336,1 (ný tillgr.) samþ. með 27:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RH, SkA, SV, StH, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, EG, FÞ, GSig, GeirG, GA, GHelg, SveinnJ, IG, JBH, KSG, KP, KJóh, KolJ, KH, KSK.

nei: ÓE, SalÞ, SvH, VI, ÞP, ÁJ, GHG, EKJ, FrS, GGS, HBl, LJ, MB, MÁM.

HÁ, ÞK greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÓlJ, PJ, PS, RA, SDK, StB, StG, SJS, AG, BÍG, EgJ, GB, GE, ÓRG, HG, JS, JHelg) fjarstaddir.

Brtt. 454 (viðauki við 1. tl.) samþ. með 32:1 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 27:6 atkv.

Brtt. 336,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 29:6 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 494).

Friðarfræðsla, þáltill. 184. mál (þskj. 328). — Frh. einnar umr.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það var undarlegt að hlusta á jafnyfirgripsmikla og heimspekilega ræðu og ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur um svokallaða friðarfræðslu með tilvitnunum í ýmsa hugsuði úr tímanna rás, en án þess að minnast einu orði á þann sem kallaður hefur verið friðarhöfðingi, Jesú Krist, — hann sem við byggjum okkar siðfræðslu á. Friðarfræðsla sem er kynnt án orðsins sem Biblían er grundvölluð á er ekki traustvekjandi. Tilfinningin segir manni að þar sé á ferðinni tískutildur rótleysis og ótta. Það er ekki boðlegt að tala eins og engin friðarfræðsla eigi sér stað í skólum landsins, á heimilum landsins. Grunntónninn í fræðslu okkar er friður og mér finnst átakanlegt að bera kennurum þessa lands það á brýn að þeir sinni ekki því er snertir kennslu um frið, kennslu um kærleika, kennslu um rétt hvers manns til að hugsa sjálfstætt, framkvæma sjálfstætt, svo fremi að hann gangi ekki á rétt næsta manns. Í mínu starfi sem kennari og af kynnum mínum af kennurum þessa lands get ég fullyrt að friðurinn er sá þáttur sem er í öndvegi allrar umræðu þegar grannt er skoðað. Það á að kalla hlutina réttu nafni og ef menn vilja auka friðarfræðslu væri nær að auka kennslu í kristnum fræðum, kenna orðið sem leggur áherslu á reisn og djörfung í anda þakklætis, auðmýktar og lítillætis. Nær væri að tala hér um kristnifræðslu en friðarfræðslu. Boðskapurinn um Jesú Krist á ekki að vera neitt feimnismál og það á ekki að setja neitt froðusnakk fram fyrir hann. Jesús Kristur gerði greinarmun á þeim friði sem hann kom til að gefa og þeim friði sem heimurinn gefur. Hann sagði, með leyfi forseta:

„... minn frið gef ég yður; ekki gef ég yður, eins og

heimurinn gefur.“ Þetta er úr Jóhannesarguðspjalli, 14. kapítula.

Það má einnig minna á það sem Páll postuli segir í Rómverjabréfinu, í 14. kapítula, með leyfi forseta:

„Því ekki er guðsríki matur og drykkur, heldur réttlæti og friður og fögnuður í heilögum anda.“

Hvað eru menn að tala um nýja friðarfræðslu hjá börnum þessa lands? Á að fara að kenna 4, 5, 6 eða 7 ára börnum á dagheimilum og í skólum harðvítuga pólitík hversdagslífsins í alþjóðamálum? E. t. v. eigum við von á eftirfarandi auglýsingu í fjölmiðlum: „A morgun kl. 2 hefst ráðstefna fyrir 4—6 ára börn. Fjallað verður um Equador, Afganistan og Suður-Afríku.“

Í ræðu hv. 1. flm. þáltill. um friðarfræðslu fannst mér eins og allt heyrði til ófriðar í okkar landi, að orðið „friður“ væri nýyrði en ekki sú kjölfesta sem kristið uppeldi byggir á. Enginn ætla ég að sé á móti friði. En friðarhreyfingar eru eins misjafnar og mennirnir eru margir og víða sér merki pólitískrar mengunar. Á meðan maðurinn fær að njóta þess að hugsa verður ágreiningur á milli manna og meginhluti lífsins fer í að halda frið í stóru og smáu. Það sem einum finnst friður er ófriður í augum annars, eins og sannleikurinn er hvers manns mat. Samt getum við verið sammála um að elska friðinn. En það er ekki þar með sagt að sjónarmiðin rekist ekki á. Og hver á að skapa nýja reglu um siðfræðslu friðar? Hver á að taka við af þeim sem hefur gefið tóninn í okkar trú? Eiga sálfræðingar, félagsfræðingar, pólitíkusar eða aðrir menn í völtu gengi að skapa hinn nýja tón í þessari grundvallarsiðfræði? Nei, við skulum byggja á því bjargi sem bifast ei og leggja þar áherslu á að skapa vegarnesti fyrir börn þessa lands sem og annarra landa, ef við höfum einhver áhrif í þeim efnum.

Sígauninn lýtur líðandi stund, en geymir ilm liðinna daga í fiðlunni sinni. Við eigum að lúta því að skila landi okkar stærra og betra en við tókum við því. Til þess þurfum við frið, vinnufrið, frið til að hugsa, en við fáum ekki betri friðarboðskap en þann sem býr í þeirri siðfræði sem þjóð okkar byggir á. Ég treysti varlega á friðarkjaftæði mikillar taugaveiklunar sem nú ríður húsum víða um lönd.

Við þurfum vissulega festu og skilning. Við þurfum að auka samúð manna á meðal, en við skulum fara okkur hægt í að dansa eftir þeim takti sem Treholtar heimsins kunna að búa á bak við.

Ógn kjarnorkunnar er vissulega mikil ef henni er misbeitt. En við skulum gæta þess að fylla ekki mannlífið af ótta. Við skulum halda áttum án þess að ætla að frelsa heiminn í einni kokgleypu.

Í hinni helgu bók, þar sem sagt er frá því er lærisveinar Jesú Krists heyrðu um upprisu hans, segir, með leyfi forseta, í Lúkasarguðspjalli:

„En þegar þeir voru að tala um þetta, stóð hann sjálfur meðal þeirra og segir við þá: Friður sé með yður! En þeir urðu skelfdir og hræddir og hugðust sjá anda. Og hann sagði við þá: Hví eruð þér óttaslegnir og hvers vegna vakna efasemdir í hjarta yðar?“

Við erum sammála um að efla frið, berjast gegn óttanum, en við skulum ekki ganga það langt að ófriður kvikni af friðarhjali. Og ég bið um frið fyrir yngstu borgara þessa lands — frið til þess að þeir geti lifað lífi barnsins, frið frá ógn og skelfingu sem svo víða blasir við og ávallt hefur verið til staðar um allan heim þar sem lífið titrar, í lífi hvers einstaklings. Ég mótmæli því að börnum sé blandað inn í óttann við kjarnorkusprengjuna, ótta við að það sé þess virði að lifa lífinu. Fyrst og fremst með því að ala á bjartsýni, jákvæðum hug og dug eigum við mikla möguleika í framtíðinni. Þegar börn stálpast er óhætt að reifa við þau erfiðar spurningar um lífið og tilveruna. En ekkert er eins brothætt og orð. Orð sem vekur hatur og ótta til lífsins getur virkað eins og kjarnorkusprengja í sál lítils barns. Við skulum treysta foreldrum og öðrum fræðurum barna fyrir friðarþættinum án þess að setja lög um þann tón sem oft verður að spila af fingrum fram. Við skulum gæta þess að skipuleggja ekki pólitíska valdbeitingu á börnum okkar. Miklu nær væri að skipuleggja aukið friðarspjall meðal fullorðinna.

Í umr. um þetta mál á hv. Alþingi vék hv. þm. Halldór Blöndal að Jóhannesi skáldi úr Kötlum sem sönnum friðarsinna í hjarta sínu, en þó með þeirri mótsögn að hafa ort dýrðaróð um Jósef Stalin. Hver á að hafa leyfi til að etja saman andstæðum ef ekki skáld og í þeim farvegi fær lífið að titra í gleði og sorg sem enginn maður kemst hjá að ríma við. Jóhannes skáld úr Kötlum orti annars vegar, með leyfi forseta:

Sovét-Ísland, óskalandið,
hvenær kemur þú?

Hins vegar:

Jesús sonur Maríu er besti bróðir minn,
hann býr í hjarta mínu.

Einum finnst sem þarna liggi úthafsálar á milli, öðrum bæjarlækur o. s. frv.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði í ræðu sinni með leyfi forseta:

„Það er viss tregða í kurteislegum og varfærnum samræðum fólks að ræða um fjárhagslegan ávinning vígbúnaðarkapphlaupsins. Getur það verið af einhverju sem er svo fjandsamlegt lífi, eitthvað sem ber í sér sæði hörmungarinnar, útrýmingarinnar, stjórnist af gróðasjónarmiðum einstaklinga, fyrirtækjasamsteypa eða stjórnaraðila ríkja?“

Á meðan hver maður fær að halda sínum persónuleika, hugsa sjálfstætt og segja meiningu sína verður uppi ágreiningur sem skarar friðinn, en þar er vart um að ræða lífshættulegan ófrið, vopnaglamur. En þar kviknar hættan í friðarfræðslunni þar sem sjónarmið skarast. Einn kallar rétt, annar rangt. Mér finnst þm. gera harla lítinn greinarmun á þeim ótal þáttum, ótal andstæðum, sem ríkja í einkennum þjóðflokka og þjóða. Sú engilfagra mynd sem þm. dregur af sinni góðu hugsun öndvert við hugsun vondu karlanna heima og heiman stenst ekki vegna þess að málið er ekki svona einfalt. Við getum alveg eins sagt að hlutlaus maður sé sár á hverri þjóð til frelsis og framfara. Og ég vil gera greinarmun á hlutum, greinarmun á skoðunum þótt ég virði allt sem heitir fólk. Ég vil t. d. gera þann greinarmun á að það sé mikill munur á því lýðræði sem við búum við og þeim kommúnisma sem smýgur eins og pest inn í hverja þá þjóðarsál, sem sýnir veikleika í stöðu og stefnu. Ef við getum talað um illt sæði, þá er það drekasæði kommúnismans.

Við Íslendingar getum ekki hugsað fyrir sumar fjarlægar þjóðir, sem búa við allt önnur viðhorf, aðra menningu, aðrar hefðir, aðra viðmiðun. Okkar sannleikur er þeirra lygi. Við venjulegt fólk getum ekki hugsað fyrir kommúnista sem vill sérstakt réttlæti fyrir

sig, annað fyrir aðra. Þarna hlýtur friðarfræðslan að skarast og vekja ófrið. Vissulega er þess virði að auka skilning manna á meðal, en umfram allt með réttum formerkjum, þeim grundvelli sem við byggjum okkar siðfræði á, kristinni trú, mannkærleika, ást og umburðarlyndi, en um leið vinnusemi, þar sem okkur ber að taka tillit til þess að virða það að við erum fyrst og fremst veiðimannasamfélag í þessu landi.

Það er sagt að stutt sé á milli ástar og haturs og sama má segja um frið og ófrið. Mörkin eru oft óljós. Ég sá fyrir nokkrum dögum bréf sem hafði borist frá námsmanni, menntuðum manni, Íslendingi sem býr í Svíþjóð, hafði skrifað bók um frið, hafði sent handritið íslensku forlagi. Forlagið sá sér ekki fært að gefa bókina út og svaraði því á þá leið, en menntamaðurinn, höfundur friðarhandritsins, byrjaði sitt bréf á því að blóta útgefanda, forlagi, með orðum sem ekki er hægt að hafa eftir. Það var stutt á milli friðar og ófriðar.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði í ræðu sinni, þar sem hún fjallar um skert raunveruleikamat þeirra sem eiga að vinna að framtíðinni, með leyfi forseta:

„Það er líkt og tengslin hafi rofnað milli hugar og hjarta. Sami skortur, sama brenglun og hjá vísindamanninum, sem fer í vinnu sína á morgnana og uppgötvar hvernig koma má tíu kjarnaoddum fyrir í einni sprengju í stað sex, fer síðan heim, minnir börnin sín á að bursta tennurnar, býður þeim góða nótt með kossi, elskar konuna sína og sofnar ánægður með afrek dagsins án nokkurrar hugsunar sem setur framtíðaröryggi fjölskyldu hans í samhengi við eigið dagsverk."

Hvað meinar þm. með slíku hjali? Hvað liggur á bak við það lífsmynstur sem Kvennalistaþm. stillir þarna upp til lítillækkunar karlmanninum? Við hvaða sjálf er þm. að berjast og hvað er það sem truflar? Væri ekki í anda friðar að benda þá á eitthvert atriði sem væri jákvætt fyrir karlmanninn, t. d. það að það munu vera karlmenn sem hafa fundið upp öll þau heimilistæki sem notuð eru í þessu landi og víðar um heim? Er ástæða til að kyngreina mistök á þennan hátt?

Ein ágætiskona, Búbúlína, barðist brjóst við brjóst við mörg stórveldi án þess að æðrast. Er það rétt skilið að þm. sé að berjast við ímyndað karlaveldi af einskærum ótta? Hvaða sýndarmennska er þetta — eða er þetta e. t. v. sams konar sýndarmennska og þm. Kvennalista viðhafa nú með yfirlýsingum um að þær sæki ekki heföbundnar samkomur þm. sem þó eru e. t. v. það helsta í starfi þingsins sem elur á friði á góðri stundu utan skarkala hversdagslífsins? Hvers vegna gátu hv. þm. Kvennalista verið þekktar fyrir að sækja veislu forseta Íslands en ekki forseta Alþingis? Og hvað var einn þm. Kvennalista að gera á gægjum í Súlnasal umrætt veislukvöld? Það væri fróðleikur að fá svar við því. (**Gripið fram í:** Ég var að vinna.) Ég var að vinna, segir þm. (**Gripið fram í:** Það er lögleg afsökun. Það á líka að gera það.)

Auðvitað er það rétt, sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, að óhemju fjármagni er varið til vopnabúnaðar og víst eru það blóðpeningar. En við þurfum fyrst og síðast að gæta öryggis okkar og sjálfstæðis og við getum ekki leyft okkur að vera saklaus lömb í því valdatafli sem ávallt hefur fylgt mannkyninu. Við komumst ekki hjá því að taka afstöðu ef við ætlum að lifa af, þótt okkur ætti jafnframt að vera það ljúft að ala á friði manna á meðal, en ég kann ekki að meta yfirlýsingar þm. þar sem hún leggur að jöfnu það stjórnskipulag sem ríkir í Austur- og Vestur-Evrópu. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Þó eðlilegt sé að glæða með börnum ást og virðingu fyrir átthögum sínum og ættjörð, þá ber að forðast að efla þrönga einangrunarsinnaða þjóðerniskennd eða þjóðarrembu."

Þarna er mikill áherslumunur á vogarskálum friðarfræðslu og þjóðernisvitundar. Ég tel t. d. að það eigi ekki aðeins að glæða með börnum ást og virðingu fyrir átthögum og ættjörð. Það á að leggja mikið kapp á þessa þætti í fræðslu og uppeldi barna. Í því alþjóðaflatlendi sem ýmsar hreyfingar berjast nú fyrir er okkur lífsnauðsyn að leggja mikla og aukna rækt við átthagafræðikennslu, þjóðrækt og tilfinningu fyrir mikilvægi þess að vera Íslendingur með kjölfestu í sjálfstæði lands og þjóðar, menningu og tungu. Við viljum sýna fólki af öllum þjóðernum tillitssemi og vinarþel. En við viljum ekki fá hingað t. d. 500 þús. manns frá Indlandi eða Ameríku. Þýðir það að við séum ekki friðarsinnar þótt nóg pláss sé í okkar landi? Nei, það þýðir að við viljum hafa reglu á hlutunum og að við viljum að þjóð okkar lifi af. Við skulum ekki vera að sýnast neitt annað en við erum.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, þar sem hún segir að flestum foreldrum og uppalendum sé það sameiginlegt að vilja búa börnum sínum sem best vegarnesti til lífsgöngunnar, vegarnesti til farsældar framtíð þeirra. Við miðum heilbrigði við það að menn vilji frið, en við skulum gæta þess að hafa áhersluatriðin á réttum stöðum og þegar litið er til hinnar fræðingarsinnuðu ræðu hv. 1. flm., friðarfræðslutillögu hennar vakna efasemdir um hvaða sjónarmið liggi að baki, hvort hin nýja hugsun eigi að byggja á dauðhreinsuðum skýrslum, hvort Jesú Kristur og hans boðskapur sé orðinn svo fjarlægur ættingi að ekki skuli taka tillit til orða hans í daglegu lífi okkar.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði í ræðu sinni að nú yrði að taka á, við yrðum að læra að hugsa öðruvísi, skapa nýja hugsun, nýja pólitík þar sem friðarfræðsla skyldi vera meginþáttur. Ég fagna því ef ný pólitísk hugsun er að fara á fætur hjá hv. þm., ný hugsun, sem vonandi verður þá hafin yfir það að ganga erinda drekasæðisins. En á undan friðarþættinum, sem er í daglegu uppeldi allra barna okkar lands, vil ég fyrst leggja áherslu á átthagafræðina, þjóðræktina. Að við leggjum á það áherslu að geta lifað í sátt við menn og land, að við leggjum meiri áherslu á að nýta þá möguleika sem landið gefur til þess að geta lifað af. Í dag ræktum við okkar unga fólk frá landinu. Við menntum það í burtu frá sjávarútvegi, landbúnaði og öðrum mikilvægustu atvinnugreinum okkar lands. Við leggjum beinan veg úr grunnskóla í háskóla án þess að leggja kapp á alla breiddina sem þarf að vera þar á milli, iðnnámið í öllum greinum, fagmenntunina sem á að skila breidd í þjóðfélagið, aukna verkmenntun.

Íslenskir kristniboðar í Afríku hafa lagt megináherslu á að kenna fólki að það sé til annað afl í tilverunni en hið illa. Þeir kveikja ljós í hjörtum fólks með því að leggja áherslu á hið góða. Við skulum ekki vekja ótta barna. Við skulum gefa þeim frið til að lifa lífi barnsins án þess að rugla þau í ríminu. Allt líf er háð baráttu þótt kappkosta megi að sú barátta fari fram með friði. Það

sjónarmið er daglegt brauð í okkar samfélagi, en ávallt komum við aftur að hinni helgu bók og ég vil ljúka máli mínu með því sem segir, með leyfi forseta, í Rómverjabréfi 14. kapítula:

„Keppum þess vegna eftir því sem til friðarins heyrir og til hinnar sameiginlegu uppbyggingar."

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Mér þykir í aðra röndina hálfleiðinlegt að koma hér upp í ræðustól til þess að lýsa efasemdum mínum um ágæti þessarar till. og andstöðu við hana, a. m. k. á þessu stigi málsins. Þetta er ekki vegna þess að mér hafi þótt málflutningur 1. flm. vondur, þvert á móti. Mér þótti ræða hennar hin merkasta, verð allrar íhygli og umr. og bera höfundi sínum fagurt vitni.

Það kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og í þeirri heimsmynd og þeirri sýn, lífsskoðun, sem hún dró upp að hún er mikill friðarsinni. Hún lýsti andstöðu sinni við stríð og ofbeldi sem aðferð til þess að leysa ágreiningsefni milli þjóða og einstaklinga. Hún fordæmdi það brjálaða vígbúnaðarkapphlaup sem tröllríður heimsbyggðinni, hún harmaði þá gegndarlausu sólund efnislegra og mannlegra verðmæta sem á sér stað í okkar heimi og leiðir af þessu vígbúnaðarkapphlaupi. Hún lýsti sjúku efnahagskerfi heimsins sem birtist okkur í blöskranlegri misskiptingu auðs og valds. Hún nefndi ótal dæmi þess hvernig verja mætti þeim fjármunum, sem nú er varið til vígbúnaðar og vopnaframleiðslu, til þess að uppræta sjúkdóma, til þess að vinna bug á hungri og örbirgð, til þess að vinna bug á ólæsi og fáfræði, til þess að leysa vandamál mengunar og eyðingar í náttúrlegu lífríki okkar. Og þannig mætti lengi telja.

Ég hygg að sá maður sé vandfundinn sem lýsi andstöðu sinni við þessi háleitu markmið. Ég hygg að sá maður sé vandfundinn sem ekki hljóti að segja: Þessi orð eru út af fyrir sig töluð út úr mínu hjarta. Hvers vegna er ég þá að lýsa andstöðu við þá till. sem hér um ræðir, að innleiða skuli friðarfræðslu í skóla, umfram það sem þegar er eðli málsins samkvæmt, og þá líka á dagvistarstofnunum, barnaskólum? Ástæðan fyrir því er aðallega ein. Mér finnst till. sem slík, sem hér liggur fyrir, lýsa hugmyndum um hlutverk skóla og trú á getu skóla sem uppeldisstofnunar sem ég er engan veginn sannfærður um að sé rétt og hef miklar efasemdir um. Ég vík svolítið betur að því síðar.

Það kann að þykja nokkuð íhaldssamt sjónarmið að lýsa efasemdum um hlutverk skóla í lýðræðisþjóðfélagi af þessu tagi en að því verður vikið síðar. Þegar við hlýddum á þessa ágætu ræðu hv. 1. flm., þar sem lýst er svo háleitum markmiðum og svo hrikalegum vandamálum í mannheimi, vakna hins vegar upp margar spurningar. Spurningarnar lúta flestar að litlu orði þ. e. spurningunni: Hvernig eigum við að snúast við þessum vandamálum? Hvernig ætlum við að stefna að því að leysa þau? Getur það verið að svörin við þessu litla orði leiði í ljós einhvern djúpstæðasta pólitíska ágreining sem uppi er nærri því um flest mál, stór og smá, í mannlegu samfélagi?

Mér dettur í hug að spyrja: Við heyrum daglega fréttir af litlu ríki í Mið-Ameríku sem heitir El Salvador. Við eigum bágt með að skilja þær hörmungar sem sú þjóð býr við. Við höfum grun um að undirrótin sé ægileg misskipting auðs og valds. Nánast allt vald, allur auður þessa þjóðfélags er á höndum tiltölulega örfámennrar yfirstéttar sem virðist vera siðferðilega rotin og gerspillt. Daglegt líf alls almennings er hungur, örbirgð, fáfræði, vonleysi og meira en það. Það er morðið sjálft, hið daglega morð.

Það er erfitt að vera friðarsinni í þessum heimi. Ég spyr sjálfan mig og hef oft spurt í svipuðum tilfellum: Á þeirri stundu þegar búið væri að leiða karl föður minn til aftöku, myrða móður mína, misþyrma börnum mínum af svo óforbetranlegu valdi, væri ég þá líklegur til þess að leggjast á bæn og biðja um frið gagnvart kvölurum mínum og kúgurum? Eða væru þau viðbrögð líklegri að ég leitaði upp þann stað þar sem ég gæti komið mér upp vopnum til þess að gera upp sakir við þetta ómennska kúgunarkerfi? Ég er ansi hræddur um að siðferðilegt ágæti mitt sé ekki meira en þetta, að ég mundi fara þá leið, þegar ég stend frammi fyrir svo miskunnarlausu ofbeldi, að gjalda líku líkt.

Við spyrjum sjálf okkur: Ef við værum þeldökkir utangarðsmenn í því ríki sem heitir Suður-Afríka og stæðum frammi fyrir því í öllum daglegum veruleika okkar að við erum niðurlægð, smánuð og minnt á það að við erum nánast ekki mannfólk í þessu þjóðfélagi, hvernig bregðumst við við? Lýðræðissinni af Vesturlöndum fer náttúrlega með sína lífsskoðun, sem er sú að lýðræðið sé í eðli sínu pólitísk aðferð til þess að leysa ágreiningsmál með friðsamlegum hætti í staðinn fyrir ofbeldi. En hversu oft hefur maðurinn ekki staðið frammi fyrir þeim staðreyndum í lífi sínu að honum er neitað um friðsamlega lausn, hann er hrakinn til þess að reyna að leita réttar síns með því að rísa upp gegn kúgara sínum?

Skyldu þessar spurningar ekki vera ofarlega í huga þeirra manna sem hafa tekið sér vopn í hönd í Afganistan og ekki skirrst við að mæta yfirþyrmandi vélvæddu ofbeldi nágrannaríkisins sem fer eldi og eimyrju um land þeirra, brennir þorp, myrðir fólk með vopnavaldi? Þessir menn taka sér vopn í hönd þrátt fyrir vonleysi baráttunnar og neita að gefast upp, neita að sætta sig við það að þeir eigi að lúta þessu ofbeldi í nafni friðarins.

Það er vandasamt að vera friðarsinni í þessum heimi.

Við höfum horft upp á Pólverja, þessa stoltu, menntuðu, gáfuðu þjóð með sína glæsilegu, sögulegu erfð, tilraunir hennar á undanförnum misserum til þess að beita vopnalausri, friðsamlegri andstöðu, andófi til stuðnings kröfu um frumstæðustu réttindi, svo sem eins og réttinn til þess að þrautpíndur öreigalýður þar í landi megi mynda samtök. Bak við þá kröfu eru miklu djúpstæðari tilfinningar. Krafan er um sjálfstæði pólsku þjóðarinnar, um sjálfsforræði hennar, krafan er um það að aðrar þjóðir virði rétt hennar til lífs, til mannréttinda, til frelsis. Við höfum orðið vitni að því hvernig þessi hreyfing var brotin á bak aftur af yfirþyrmandi valdi, brotin á bak aftur að forminu til af leppstjórn sem allir sem eitthvað þekkja til mála í Póllandi, vita að mundi ekki standast deginum lengur ef henni væri ekki haldið uppi með vopnavaldi erlends stórveldis. Hægt er að nefna þessi dæmi endalaust og þau leita á hugann.

Það er erfitt að vera friðarsinni í slíkum heimi. Vissulega er það fögur hugsjón. En menn hafa svo oft og iðulega — ekki bara í sögunni heldur ekki hvað síst á þessari 20. öld sem er tvímælalaust mesta ofbeldistímabil sem hin skráða saga kann frá að greina — staðið

frammi fyrir þessum sálarháska, þessum lífsvanda. Og svörin eru engin til einhlít eða einföld, þannig að unnt sé að leiða þau inn í skólastofuna og kenna skilmerkilegar niðurstöður.

Til er skemmtileg frásögn af því þegar þeir Maxim Gorki og Vladimir Lenin ræddu þetta vandamál. Gorki lýsti efasemdum sínum við byltingarleiðtogann um það að hinn þrautkúgaði almenningur Rússlands, hinir ómenntuðu bændur, aldir upp í skriðdýrshætti gagnvart yfirstéttarvaldi, við fáfræði, skort og gjörsneyddir því sem Gorki hélt af kynnum sínum af Vesturlandabúum að væru ytri form siðmenningar, að þeir væru það hráefni sem hægt væri að byggja á nýtt þjóðfélag, nýja manngerð byggða á hugsjónum um sósíalismann sem átti að innleiða öld allsherjarnirvana — friðar í mannlegum samskiptum. Svar Lenins var einfalt. Hann sagði að þetta væru fallegar hugmyndir en því miður hefði hann ekki tíma til þess að bíða eftir því að þessi hugarfarsbreyting, sem Gorki raunverulega var að biðja um, gæti gerst. Síðan eru liðnir nokkrir áratugir, byltingin er að verða sjötug. Menn geta út af fyrir sig eftir á sagt sem svo: Þetta var ekki svo galið hjá Gorki. Arftaki Lenins, sem byggði vissulega á kenningum hans og hugsjónum og hugmyndum, fjöldamorðinginn Josef Stalin, mikilsvirkasti fjöldamorðingi sögunnar, er arftaki einhverrar háleitustu hugsjónar sem sett hefur verið fram í samhengi evrópsks húmanisma.

Við getum nú litið yfir þann veg og spurt til hvers þetta leiddi. Þjóðfélagið, sem af þessum hugsjónum spratt, er valdbeitingin og ofbeldið holdi klætt í þeim skilningi að þetta þjóðfélag fengi ekki staðist deginum lengur án ofbeldis. Það byggist á algerri valdaeinokun tiltölulega fámenns úrvalshóps. Allt vald, efnahagslegt, pólitískt, menningarlegt er í þeirra höndum. Þessu valdi hefur verið beitt af svo skefjalausu og hamslausu mannhatri og óbilgirni að í valnum liggja 50—60 millj. manna. Heilu þjóðirnar hafa orðið að sæta nauðungarflutningum. Hver sá maður, sem lýst hefur annarri skoðun, hefur mátt finna það, annaðhvort með því að gjalda fyrir með lífi sínu eða frelsi sínu, vissulega allri mannlegri virðingu sinni. Hugsjónin um alþjóðlegt bræðralag verkalýðsins hefur snúist upp í þá ömurlegu martröð að verða að alþjóðatugthúsi utan um öreiga heimsins.

Hefði verið hægt að fara hina friðsamlegu leið? Vel má vera. En spurningin er kannske betur orðuð þannig: Hvernig eiga þeir einstaklingar og þeir hópar, sem unna málstað friðar og gera sér grein fyrir því að eina leiðin til friðsamlegrar lausnar er hugsjónin um pólitískt lýðræði í venjulegu pólitísku starfi, að bregðast við ofbeldinu?

Hvernig áttu menn að bregðast við Hitler? Sósíaldemókrata hefur lengi greint á um það þegar þeir rifja upp sögu sína hvort vesældarleg og uppgjafarleg viðbrögð þeirra við valdatöku Hitlers og þýska nasismans sé ekki einn versti smánarbletturinn í þeirra sögu.

Hefðu þeir ekki átt að stemma á að ósi? Hefðu þeir ekki átt að taka þá ákvörðun, í staðinn fyrir að láta það ómennska ofbeldi yfir sig ganga, að grípa til valdbeitingar gegn valdbeitingu og koma í veg fyrir að þessi geðveiku ofbeldisöfl næðu völdum og steyptu veröldinni út í nýja heimsstyrjöld sem kostaði tugi milljóna mannslífa?

Hvernig áttu lýðræðisríkin að bregðast við Hitler? Almenningur í lýðræðisríkjunum var minnugur hörmunga fyrra stríðs þegar heilar kynslóðir ungs fólks voru leiddar að því er virtist í algjöru tilgangsleysi á blóðvöllinn. Lýðræðisríkin voru á móti stríði, almenningur var á móti stríði, hann vildi allt á sig leggja til þess að viðhalda friðnum. Ríkisstjórnir í lýðræðisríkjum eiga ekkert sérstaklega auðvelt með að egna upp vilja til styrjaldar, eða fá allan almenning til að sætta sig við þungbærar efnahagslegar fórnir til þess að byggja upp herstyrk — til að koma í veg fyrir stríð. Niðurstaðan varð sú að fólk vildi ekki trúa hinu illa. Það vildi í lengstu lög fresta uppgjörinu við Hitler og morðsveitir hans. Afleiðingarnar voru vægast sagt hörmulegar.

Í hinni ágætu ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur vakti hún upp spurninguna: Hverjar eiga að vera hetjur og fyrirmyndir hinna ungu? Eiga það að vera fjöldamorðingjarnir, eiga það að vera hugsjónaglóparnir, eiga það að vera stríðsleikameistararnir, eiga það að vera poppstjörnurnar eða eiga það að vera hinir raunverulegu merkisberar mannúðar í hversdagslegu starfi, eins og t. d. móðir Theresa, Martin Luther King eða einhverjir slíkir?

Af því að þetta er árið hans Orwells, 1984 — og af því að hv. þm. nefndi líka Mahatma Gandhi — datt mér í hug umhugsunarverð ritsmíð þessa breska hugsuðar, sem alinn var upp á jaðri breska heimsveldisins og fjallaði mikið um Indland. Hann velti því fyrir sér hvernig á því stóð að það var svo algengt meðal frjálslyndra, róttækra menntamanna í Bretlandi á þeirri tíð að lýsa mikilli aðdáun á Gandhi og reyna að yfirfæra aðferðir, sem hann beitti þar gegn breska nýlenduveldinu, og gera þær að algildri pólitískri kenningu. Niðurstaða Orwells var sú að þótt aðferðir Gandhis, þ. e. hinn vopnlausi mótþrói, hefðu skilað nokkrum árangri í baráttunni gegn breska nýlenduveldinu hefðu þær að engu gagni komið gegn Hitler, engu gagni komið gegn Stalin, engu gagni komið ef Gandhi hefði átt í höggi við raunverulega fulltrúa hins nýja vélvædda alræðisríkis, hvort heldur það er kennt við hinn rauða fasisma eða hinn brúna. Gandhi hefði ekki verið settur í fangelsi, hann hefði ekki verið frjáls að því að stunda þar fræði, ekki látinn njóta þar „andlegs frelsis", þ. e. ekki fengið að halda tengslum við samherja sína, hreyfingu sína, skrifa niður hugsanir sínar eða annað þess háttar. Hann hefði einfaldlega verið tekinn af lífi. Ofbeldinu hefði verið beitt gegn þessari hreyfingu og hún hefði verið brotin á bak aftur. Þetta var niðurstaða Orwells. Þetta kann að vera umdeilanlegt en ég hallast að því að Orwell hafi haft rétt fyrir sér. Enn eitt dæmi um það hversu vandasamt er að vera friðarsinni í þessari veröld.

Ég held að af þessum dæmum verði ekki leiddar neinar algildar niðurstöður. Ég held að ekki sé til nein einhlít kenning um hvernig eigi að mæta ofbeldinu. Ég held að ekki sé til nein einhlít skýring á orsökum ófriðarátaka og ofbeldis. Ef þær skýringar væru til hlytum við að vera komnir nær því að uppgötva þær á þessari glórulausustu ofbeldisöld sem nokkurn tíma hefur yfir mannkynið runnið.

Mér fannst gæta þess í málflutningi hv. þm., þegar hún boðaði nýjar hugmyndir og nauðsyn hugarfarsbreytingar, að í hugskoti hennar væri sú tilfinning að hún væri raunverulega að boða nýjar skoðanir, nýjan sannleika, sem áður hefði lítið gætt eða ekki fengið að njóta sín í pólitískri umr. og afstöðu til þeirra

hugmyndakerfa sem mest hafa átt ítök í hugum fólks. Kannske er þetta rangur skilningur hjá mér. En engu að síður finnst mér vera tilefni til þess að rifja upp að vandamálin sem hv. þm. var að lýsa eru ævagömul. Tilraunir manna til þess að móta sér skoðanir, smíða sér kenningakerfi um það hvernig eigi að leysa þau, eru líka ævagamlar. Má ég taka dæmi af marxisma?

Þetta hugmyndakerfi sem er upprunnið úr evrópsku iðnaðarsamfélagi hefur vissulega haft ótrúlegt aðdráttarafl. Í nafni þess hefur þriðji partur jarðarbúa verið hnepptur í þjóðfélagslega ánauð. En hver var hvatinn að þessu hugmyndakerfi? Vafalaust hvorki meira né minna en hugsjónin um að uppræta orsakir ófriðar í mannlegu samfélagi. Milovan Djilas lýsir marxismanum í viðtali á þá leið að það hræðilega við hann sé að hann sé hugmyndakerfi sem gefi einföldum sálum sem vita lítið það á tilfinninguna að þeir geti útskýrt margt og mikið. Hann leggur áherslu á hina hræðilegu einföldun, hinn hræðilega misskilning á óendanlega flóknu mannlegu eðli og flóknu mannlegu samfélagi, hina óendanlegu trúgirni á einfaldar lausnir, sem sagan síðan kennir okkur að hafa snúist upp í andstæðu sína — ömurlegustu martröð. En hvatinn að þessu hugmyndakerfi var tvímælalaust að létta af arðráni manns á manni, einnar þjóðar á annarri, að leysa vandamál örbirgðar og fátæktar og útrýma þar með orsökum ófriðar og ofbeldi.

Kenningin er ákaflega einföld. Um leið og við afnemum einkaeignarrétt á framleiðslutækjunum afnemum við arðránið, afnemum við stéttaskiptinguna og innleiðum nýtt þjóðfélag þar sem önnur mannleg gildi ráða í samskiptum fólks. Þetta var hugmyndin, þetta var kenningin. Það er ekkert óskiljanlegt við það að þessi einfalda kenning kveikti í hugum fólks, m. a. hér uppi á Íslandi.

Mér dettur í hug að rifja upp að núna fyrir jólin var endurútgefin bók eftir höfuðsnilling og skáldjöfur Íslendinga á þessari öld, Halldór Kiljan Laxness. Þessi bók heitir Gerska ævintýrið. Þetta er einhver andstyggilegasta bók sem skrifuð hefur verið á íslensku, fyrst og fremst af þeirri ástæðu að í henni er ekki að finna satt orð — þjáningar saklausra fórnarlamba eru þar hafðar að háði og spotti.

Samt er ekki nokkur vafi á því að þessi bók var skrifuð af þeirri hvöt að útrýma fordómum og fáfræði um Sovétríkin, að vara Íslendinga við einfeldningslegum áróðri um Sovétríkin — vara við „Rússagrýlunni“. Hver er niðurstaðan hins vegar þegar bókin er könnuð? Niðurstaðan er sú að höfundurinn var því miður ginningarfífl sinnar eigin botnlausu fáfræði um Sovétríkin. Það er ljóst þegar þessi bók er lesin — og var reyndar mörgum samtímamönnum ljóst þegar hún var skrifuð — að bókin er byggð á fáfræði, ranghugmyndum. Hún hafði gífurleg áhrif ásamt öðrum bókum sama höfundar í þá átt að gefa t. d. frómt þenkjandi mönnum, mönnum sem vildu láta segja sér af draumnum um hið nýja samfélag, alrangar hugmyndir um þetta samfélag. Rússagrýlan reyndist vera miklu hræðilegri en Halldór Kiljan Laxness og samtímamenn hans nokkurn tíma óraði fyrir. Skáldið hefur um síðir gert upp við þessa fortíð og gert tilraun til að leiðrétta þau sögulegu mistök sem þarna áttu sér stað, svona eins og það er á mannlegu valdi að gera það. Nú deila yfirleitt engir menn um það að þjóðfélagið sem byggt var á þessum draumi er þjóðfélag ofbeldis. Þjóðfélag friðarins, sem átti að vera, er eitt mesta hernaðarhyggjuþjóðfélag sem heimurinn hefur séð. Í hverju lýsir það sér? Það lýsir sér í því að þar er aðeins ein kenning og ein skoðun sem er leyfileg. Hún er helguð af því að þjóðfélagið er byggt á þessari skoðun. Valdhafarnir réttlæta alræðisvald sitt með skírskotun til þessarar lífsskoðunar. Þessi skoðun er síðan kennd, hún er t. d. kennd í skólum alveg frá blautu barnsbeini.

Ef nokkurt ríki í heiminum er til þar sem valdhafarnir sjálfir mundu vera ásáttir við að „friðarfræðsla“ væri í góðu lagi þá væri það í Sovétríkjunum. Kenningin er ákaflega einföld. Sovétríkin eru boðberi friðarins. Þau eiga við að glíma grimma djöfla heimsauðvaldsins, sem helgast af kenningunni um það að styrjöld sé afleiðing kapítalískra þjóðfélagshátta. Orsakir ófriðar hafa verið afnumdar í Sovétríkjunum, skv. kenningunni, með því að komið hefur verið á sósíalisma, og sósíalismi er skv. skilgreiningu friður. Þessi kenning er kennd í skólum, á dagvistarheimilum, í skátahreyfingu ríkisins, í barnaskólum, í gagnfræðaskólum, í háskólum, á vinnustöðunum, hún er kennd alls staðar. Og hver sá sovéskur þegn, sem andmælir þessari kenningu eða ofbýður ginnungagapið milli þessarar opinberu réttlætingar á ríkinu og þeirrar botnlausu hræsni sem í henni felst, er ekki látinn í friði með þann ágreining sinn, hann geldur þess í stóru sem smáu. Rísir þú upp gegn þessari innrætingu, þessum botnlausa áróðri, þessari orwellsku hugsanastýringu í skólakerfi hins nýja alræðisríkis, er alveg fyrir fram séð hver örlög þín verða. Í versta falli læturðu lífið. Í öðrum tilvikum ertu tekinn úr umferð, þú geldur þess með því að vera sviptur athafnafrelsi og atvinnu, þú ert lokaður í þrælabúðir. Ef þú gerir tilraunir til að lýsa skoðunum þínum er afleiðingin sú að þú ert settur á geðveikrahæli undir umsjón lækna í nafni vísindanna.

Þetta er skóli alræðisríkisins. Svona var skóli Hitlers, svona var skóli þýska nasismans, svona er skóli hins austræna alræðisríkis. Ég spyr áfram: Hvernig er skóli Múllanna í Íran? Hvað skyldi vera kennt þar? Og af því að við erum nú að tala um ályktun sem er komin frá allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þá vakna spurningar: Hvernig skyldi skólahaldi vera háttað í mörgum þeirra nýfrjálsu ríkja vanþróaða heimsins, að því er þetta varðar? Hvað um virðinguna fyrir skoðanafrelsi, um efasemdirnar um áróður og innrætingu í skólum? Um það væri margt hægt að segja en ég hygg að það skólahald sé a. m. k. í algjöru ósamræmi við þær viðteknu hugmyndir manna í lýðræðisþjóðfélagi að skóli eigi að vera fræðslustofnun sem fyrst og fremst eigi að forðast innrætingu skoðana. Hann eigi alltaf að byggja starf sitt á viðleitninni eftir einhverri hlutlægri umfjöllun og gagnrýni og að forðast fyrst og fremst að kenna einhverja altæka, einfalda lausn á flóknum mannlegum veruleika.

Að svo miklu leyti sem þetta varðar spurninguna um það hvort leggja megi að jöfnu það þjóðfélag sem við almennt kennum við vestrænt lýðræði og hið nýja alræðisríki ógnarstjórnarinnar þá vakna spurningar ósjálfrátt, t. d. við að hlýða á málflutning hv. flm. um hver yrði hlutur hennar og skoðanasystkina hennar í þeim þjóðfélagsveruleika sem mér skildist að hún teldi að leggja mætti að jöfnu við það þjóðfélagsumhverfi sem við búum við. Það þarf ekki að spyrja margra

spurninga. Ekki er nokkur vafi á því að í því þjóðfélagskerfi mundi hv. 1. flm. ekki líðast það að stofna sérstök stjórnmálasamtök til þess að berjast fyrir bættum kjörum, auknu frelsi eða auknum pólitískum áhrifum kynsystra sinna. Ekki er nokkur vafi á því að henni mundi ekki líðast það að stofna samtök til þess að leggja lið þeim málstað friðar sem hún vissulega var í ræðu sinni innblásinn talsmaður fyrir. Um leið og hún hefði flutt þessa ræðu einhvers staðar í þessu ríki hefði hún verið komin á skrá sem sakamaður, andlegur glæpamaður, uppreisnarmaður gegn þjóðfélaginu, uppvís að baráttu gegn grundvallarreglum og stjórnarskrá, grundvallarforsendum ríkisins. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hún hefði verið tekin úr umferð.

Þá vaknar spurningin: Hvernig getum við sem horfum á allt þetta ofbeldi úr fjarska — af því að við viljum líta á okkur sem talsmenn mannréttinda fyrst og fremst og mannréttindabaráttu og virðingar fyrir mannréttindum — helst lagt því fólki lið sem við þetta hlutskipti má búa í alræðisríkjum nútímans? Og nú er ég ekki bara að tala um Sovétríkin ein sér eða leppríki þeirra. Við getum eins litið til þjóðfélagsveruleikans í lögregluríkjum og fasistaríkjum þriðja heimsins, ekki síður.

Ég sagði í upphafi máls míns að mér þætti leiðinlegt að lýsa þessum efasemdum mínum um gildi þessara till. en ástæðan væri fyrst og fremst aðeins ein. Ástæðan væri sú að mér fyndist till. lýsa hugmyndum um skóla og getu skólans til að annast uppeldi þegnanna sem er ekki í samræmi við mínar hugmyndir eða reynslu. Í mínum huga eru takmörkin á því sem skóli getur gert það sem mér kemur fyrst í hug.

Hvert er hlutverk skóla? Að kenna að lesa og skrifa og reikna, sem eru einföldustu forsendur þess að einstaklingurinn geti bjargað sér á lífsleiðinni. Að ávaxta menningararf viðkomandi þjóðar með því að kenna unglingum reynslu kynslóðanna í sögu og bókmenntum, það háleitasta sem hefur verið hugsað, þau afreksverk sem mestur ljómi stendur um í sögu þjóðarinnar. Óhjákvæmilegt hlutverk skóla er í þriðja lagi að kenna fólki einhver undirstöðuatriði þekkingar á efnisheiminum og þeirri tækni, þeim vísindum sem iðnaðarsamfélag samtímans byggir tilveru sína á. Og vissulega þarf síðan á einhverjum stigum að kenna um þjóðfélagið, um tengsl einstaklings og þjóðfélags og hlutverk einstaklingsins í þjóðfélaginu. Það er ekkert nýtt og það er gert. Um það má nefna t. d. námsskrána sem hv. þm. vitnaði til.

Námsskrá fyrir skóla í lýðræðislegu þjóðfélagi er þá um það að það sé eðlilegur vettvangur skólastarfs að gefa unglingum á mótunarskeiði kost á fræðslu, vissulega, upplýsingum, en fyrst og fremst út frá einni grundvallarhugmynd: Að þar verði ekki leidd í öndvegi nein ein algild skoðun eða einföld lausn á flóknum veruleika. Að viðleitnin til hlutlægrar umfjöllunar verði það sem er ráðandi, að viðleitnin sé sú að kenna fólki vinnubrögð til þess að afla sér þekkingar, að efla með fólki gagnrýnið hugarfar, að auðvelda fólki sjálfstæða hugsun, að auðvelda fólki að varast áróður sem yfir það dynur alls staðar í þjóðfélaginu. En varast síðan fyrst og síðast eitt og það er að gera skólann að innrætingarstofnun, að boðbera einhverrar einnar skoðunar eða kenningar.

Þannig held ég að skóli í lýðræðisþjóðfélagi hljóti að vera. Það sé ákaflega takmarkað sem hann getur gert. Hvert er uppeldishlutverk hans í raun og veru? Er það á valdi kennara, umfram það sem honum er falið að gera, að veita fræðslu, að leysa lífsgátuna fyrir nemendur sína, umfram það sem hann kann að geta gert í nánum persónulegum samskiptum með góðu fordæmi? Er það á hans valdi að búa til hinn nýja mann? Er það á valdi skólans að skila miklu í uppeldisstarfi? Hvað ræður uppeldinu, hvað mótar skoðanirnar? Það er ekki bara skólinn sem gerir það í síminnkandi mæli. Það eru einhvers konar samtvinnuð tengsl skóla, heimilis, aldursfélaga viðkomandi barns, fjölmiðla og alls umhverfis og tíðaranda. Skólinn er aðeins takmarkaður þáttur í þessu öllu saman.

Einu er þýðingarmikið að muna eftir í þessu samhengi, að svo miklu leyti sem við erum að tala um börn á aldrinum frá kannske 5—15 ára gömul. Þá var það réttilega mælt hjá flm. þegar hún talaði um hversu ofurseldur hinn gljúpi barnshugur er áróðri sem yfir hann dynur alls staðar að úr þjóðfélaginu. Ekki mundi það vera til þess að bæta úr ef skólinn yrði samastaður þess konar áróðurs. M. ö. o. ég held að þarna eigi fyrst og fremst að gæta að því að það er ekki rétti vettvangurinn fyrir pólitíska fræðslu að fara með hana í fóstruskóla og barnaskóla, einfaldlega vegna þess að það er óframkvæmanlegt. Við erum hér að ræða spurningar og leita svara við spurningum sem ekki er hægt að gefa svör við sem henta þroskastigi barna nema með svo hrikalegri einföldun að einföldunin í sjálfu sér hlýtur að mínu mati að vera fölsun. Ég held að þetta komi betur til skila ef menn spyrja einfaldra spurninga um það, hvað er friðarfræðsla og hvernig á að koma henni á framfæri.

Þá er ég ekki að spyrja um háleit markmið, um þær heitu þrár eftir betra og ofbeldislausu þjóðfélagi, sem fram komu í ræðu hv. flm. Það eru hugsjónir sem væntanlega margir deila með henni. En þegar kemur að fræðslu sem er annað en predikun eða boðun skoðana þá á að rannsaka skv. till. „orsakir deilna og átaka sem má finna samofnar skynjunum, verðmætamati og viðhorfum einstaklinga.“ Það er ekki í lítið ráðist.

Í annan stað er markmið friðarfræðslu eins og hér segir: „Enn fremur má finna orsakir átaka í félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins.“ Ég endurtek: „félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins.“

Hvað erum við hér raunverulega að tala um? Við erum að tala um einhver flóknustu viðfangsefni vísinda eins og spurninguna um erfðir og uppeldi og hlut hvors tveggja í mótun einstaklingsins, atferlis hans og hegðunar. Við erum að tala um undirstöðuatriði í líffræði, sálarfræði, félagsfræði og mannfræði. Þegar talið berst að gerð þjóðfélagsins erum við að tala um hagfræði, sögu hagfræðilegra hugmynda, samanburð hagkerfa, við erum að tala um inntak stjórnmálafræði, afstöðuna til alræðis og lýðræðis og ótal margra annarra kenninga og hugmyndakerfa. Við erum að tala um einstaklingshyggju og félagshyggju eins og hún er skilgreind í félagsfræði. Við erum að tala um alla reynslu sögunnar af stríði og friði og þjóðfélagsþróun, eða gildismat heimspekikerfa, afstöðu til hugtaka eins og frelsis, réttlætis, jafnaðar. Þetta er ekki smátt viðfangsefni. Við erum hvorki meira né minna en að tala um alla samanlagða mannlega þekkingu, byggða að vísu mjög oft á umdeilanlegu og ólíku gildismati. Við erum að tala um stjórnun í víðtækustu merkingu. Ég verð fyrir mitt

leyti að segja að ekki treysti ég mér til að annast þessa fræðslu í fóstruskóla, barnaskóla, gagnfræðaskóla, með engu móti. Það mætti kannske bæta við þeirri spurningu hverjir eigi að kenna kennurum.

Í tilefni af þessari þáltill. var þeirri spurningu beint til Gunnars Gunnarssonar, sem er forstöðumaður öryggismálanefndar ríkisins, hver væri afstaða hans til þessarar till. um að upp skyldi tekin þessi friðarfræðsla í skólum. Mér þykir rétt að vitna til orða hans skv. Morgunblaðinu. Því miður hef ég ekki dagsetninguna við hendina, en hann segir, með leyfi forseta:

„Mér virðist sem svo að í þessari þáltill. sé í rauninni verið að fara fram á það að grundvallaratriði alþjóðastjórnmála verði kennd í skólum. Það er talað um að auka fræðslu um friðarmál, eins og það er orðað, en það er alveg ljóst að friðarmál verða ekki slitin úr samhengi við orsakir átaka. Þannig að um er að ræða þessa hefðbundnu spurningar í alþjóðastjórnmálum um stríð og frið, þ. e. hverjar eru orsakir vopnaðra átaka, og í framhaldi af því, hvaða leiðir eru vænlegastar til að koma í veg fyrir þau."

Gunnar sagði í öðru lagi:

„Í sjálfu sér hafa þessar spurningar verið alla tíð miðpunktur rannsókna í alþjóðastjórnmálum. Komið hafa fram ýmsar kenningar og menn hafa mjög mismunandi afstöðu og viðhorf til þeirra. Jafnframt er ljóst að hvers konar fræðsla um þessi mál hlýtur að krefjast þess að grundvallaratriðum í alþjóðastjórnmálum séu gerð skil, þ. e. a. s. að hún yrði að fela í sér að grein yrði gerð fyrir uppbyggingu og eðli hins alþjóðlega samfélags og hreyfiöflum milliríkjasamskipta almennt."

Enn fremur segir hann:

„Mér sýnist góðra gjalda vert að efla fræðslu í alþjóðastjórnmálum þó ég verði að segja eins og er að ég er ekki viss um að sú fræðsla eigi heima í dagvistarstofnunum og í grunnskólum eins og það er orðað í þáltill. Hins vegar held ég að þetta efni sé hægt að kenna í framhaldsskólum. En þetta er flókið mál og ég held að það sé tæpast um það að ræða að setja þetta fram við yngri nemendur. Auðvitað er hægt að einfalda mál á ýmsan hátt en of mikil einföldun gefur hreinlega ranga mynd."

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég er sammála þessu mati. Mér dettur í hug t. d. að á þingi hafa verið fluttar till. um að ráðinn yrði sérhæfður mannafli í þjónustu íslenska ríkisins, stjórnarráðsins, utanrrn., til þess að utanrrn. hefði einhver tök á því að meta út frá einhverjum faglegum sjónarmiðum allan þann urmul till., kenninga, upplýsinga, sem berast þó ekki væri nema bara í hinni alþjóðlegu afvopnunarumr., á einhvern hlutlægan máta. Aðeins hefur þokast í áttina með þetta. Þessi till. fékk ekkert sérlega góðar undirtektir á sínum tíma en öryggismálanefndin t. d. hefur unnið nokkuð gott byrjunarstarf á þessu sviði. Þó verður að játa að íslensk tunga er nærri því ónuminn akur á þessu sviði. Ef við bara spyrjum einföldustu spurninga: Hvar eru bækur, tímarit, upplýsingar á íslenskri tungu um þessi mál? Ég tala nú ekki um það sem hægt væri að nota í skólastarfi við hæfi unglinga eða barna og hægt væri að leggja til grundvallar þessari kennslu.

Ég rifja t. d. upp að á hv. þingi urðu umr. í tilefni af innrás Bandaríkjanna og nokkurra ríkja í Grenada á s. l. hausti. Ég ætla ekki að gera hana að umr. hér efnislega. En þá komu fram fulltrúar stjórnmálaflokka og kröfðust þess samhljóða að þessi aðgerð í alþjóðastjórnmálum yrði fordæmd. Mér er einna minnisstæðast frá þessari umr. — af því að hún gerðist mjög fljótlega eftir að atburðirnir áttu sér stað — að um leið og ég hlustaði á þessar umr. hallaðist ég helst að því að enginn þeirra sem þátt tóku í umr. hefðu hugmynd um hvað gerst hefði á Grenada nema vera skyldi einn. Og þá er ég hreinlega að tala um upplýsingar um það hvað raunverulega hafði þarna gerst, hver var aðdragandinn og hvaða forsendur voru fyrir því að leggja mat á þessa atburðarás eða gera kröfu um það. Ef ástandið er þannig að utanrrn. Íslendinga telur sig varla bært að leggja mat á það upplýsingasteymi, sem því eðli málsins skv. sem utanrrn. sjálfstæðs ríkis ber að gera, hvað þá um aðra aðila í þjóðfélaginu?

Ég þykist hafa sagt nóg til þess að segja að þessi mál eru býsna vandmeðfarin. Það er engan veginn einfalt mál né sjálfsagt að stórpólitísk ágreiningsefni af þessu tagi henti til hlutlægrar fræðslu fyrir börn og/eða unglinga þó að hitt sé jafnrétt að skólum ber auðvitað að lokum að gefa fræðslu og upplýsingar á hlutlægan hátt um þjóðfélagið og einstaklinginn. En ég held að það sé staðreynd að það gerist ekki, fyrir því séu ekki þekkingarlegar forsendur fyrr en talsvert er komið áleiðis í námi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mikið lengri þó að endalaust væri reyndar hægt að spyrja fleiri spurninga og reyna að varpa ljósi á fleiri hliðar þessa máls. Ég ætla aðeins að draga saman niðurstöður mínar. Ástæðan fyrir því að ég lýsi andstöðu minni við þessa till. er mjög einföld. Hún er sú að þó að ég kunni að vera sammála þeim markmiðum, þeirri heimslýsingu, sem fram kom í ræðu hv. þm. og 1. flm. að mjög verulegu leyti, er ég ósammála henni og flm. fyrst og fremst um það hvað sé eðlilegt hlutverk skóla í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Það hefur vonandi komið nægilega skilmerkilega til skila í minni ræðu að ég tel að forðast beri það fyrst og fremst, ekki síst á fyrstu árum skólagöngu barna og unglinga, að ætla sér þá dul að boða þeim einhvern algildan stóra sannleika, hvort heldur er í þessum málum eða öðrum. Ég vildi fyrst og fremst forðast það að skólakerfi í okkar þjóðfélagi dragi þannig dám af skóla alræðisríkjanna sem er raunverulega partur af áróðursvél ríkisvaldsins í viðkomandi löndum. Um leið og svo væri orðið hefði skólinn að mínu mati hætt að gegna því hlutverki sem hann þarf að gera í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Hinn rétti vettvangur fyrir þessa umr. er eiginlega alls staðar annars staðar. Hann er vissulega hér á Alþingi Íslendinga. Hann er vissulega hér úti á götu, hér úti á Austurvelli. Hann er alls staðar á mannfundum. Hann er vissulega þess virði að vera í umr. pólitískra samtaka í blöðum og fjölmiðlum, þ. e. með öllum þeim öðrum hætti, öllum þeim tækjum, sem fjölræðisþjóðfélag, lýðræðisþjóðfélag, hefur upp á að bjóða til þess að koma á framfæri skoðunum, á jafnréttisgrundvelli.

Fyrst og síðast ber hins vegar að forðast það að þröngva skoðunum eða einhverri sérstakri ákveðinni heimsmynd eða einföldum lausnum upp á fólk. Sér í lagi ber að hafa það í huga að forræði hinna fullorðnu yfir börnum býður kannske eitt út af fyrir sig upp á hættu á ákveðnu andlegu ofbeldi. Við eigum að virða rétt barnsins, unglingsins, sem ekki getur borið hönd

fyrir höfuð sér, hefur ekki forsendur til þess að varast stóra sannleika hinna fullorðnu. Við eigum að virða rétt hans til að fá að vera í friði fyrir áróðri a. m. k. fram undir það að hann er sjálfur það væddur þekkingu, skilningi og reynslu að hann geti borið hönd fyrir höfuð sér.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Till. sú sem hér er til umr. hefur satt að segja vakið meiri og kannske öðruvísi umr. en ég átti von á. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, ræddi um það undir lok sinnar löngu og ítarlegu ræðu að síst af öllu vildum við að okkar skólar tækju mark og mið eða svip af skólum í alræðisríkjunum sem hann svo nefndi. Ég er honum hjartanlega sammála. Við eigum auðvitað að forðast allt slíkt. En hvað er það í rauninni sem þessi till. fjallar um? Í henni segir með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að hefja undirbúning að frekari fræðslu um friðarmál á dagvistunarstofnunum, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Markmið fræðslunnar verði að glæða skilning á þýðingu og hlutverki friðar og rækta hæfileika til þess að leysa vandamál án ofbeldis og leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða."

Geta menn ekki verið sammála um þetta? Þarf að vera verulegur ágreiningur um þetta? Ég satt að segja hélt ekki. Einhverra hluta vegna hefur þessi tiltölulega einfalda till. orðið til þess að menn hafa kosið að misskilja hana með ýmsum hætti, leyfi ég mér að segja. Hún hefur valdið einhvers konar móðursýkisköstum sums staðar í þjóðfélaginu. Kannske var það vegna þess að þeim þm. sem að till. standa láðist að fá stuðning Morgunblaðsins við málið áður en það var lagt fram á Alþingi. A. m. k. snerist Morgunblaðið við með afskaplega undarlegum hætti þegar till. kom fram.

Í grg. þessarar till. er minnst á það að æ fleiri þjóðir hafi tekið upp svonefnda friðarfræðslu í skólum í anda þeirrar samþykktar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gert og sem við Íslendingar erum aðilar að. Fræðsla í þessa veru á sér stað, eftir því sem ég best veit, á öllum Norðurlöndunum og þykir eðlilegur þáttur í skólastarfinu þar. Nú er ég ekki að segja að allt sé gott sem þaðan kemur, alls ekki, en ýmislegt gott kemur þaðan að sjálfsögðu og mér er næsta torskilið hvers vegna menn kjósa að bregðast við þessari till. með þeim hætti sem orðið hefur, vegna þess að í rauninni er þessi till. aðeins áréttting á því sem stendur í grunnskólalögunum. Og hvað stendur í grunnskólalögunum? Þar segir í 2. gr. með leyfi forseta:

„Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið."

Starfshættir íslenska skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Og það er nákvæmlega það sem þessi þáltill. fjallar um þótt með svolítið öðrum orðum sé. En ég geri mér fyllilega grein fyrir því að hún hnykkir á þessu og góð vísa verður aldrei of oft kveðin, eins og hv. þm. Árni Johnsen veit kannske manna best. Það er full ástæða til að hnykkja á þessu í tilefni þeirrar umr. sem á sér stað. En ef menn kjósa að snúa út úr þessu og halda að hér eigi að fara að upphefja einhvern kommúnistaáróður í skólum, eins og mér heyrist hér á sumum ræðumönnum, þá er slíkt ekki tilgangur þessarar till. Ég skrifaði a. m. k. ekki undir neitt slíkt og lít ekki á þetta þeim augum. Og ég geri ráð fyrir að sama megi segja um fjölmarga af þeim hv. þm. sem eru meðflm. á þessari till. Ég nefni hér bara af handahófi hv. þm. Gunnar Schram og hv. þm. Salome Þorkelsdóttur. Halda menn að þessir þm. hafi verið að skrifa undir einhvers konar einhliða áróður kommúnista í skólum landsins? Langur vegur frá. Þessi till. fjallar bara um allt aðra hluti. Hún fjallar um kristilegt siðgæði og umburðarlyndi. Hún er bara áréttting og ítrekun á því sem stendur í grunnskólalögunum, sem kannske hefur nú ekki verið fylgt eftir á öllum sviðum svo sem skyldi. Mér kemur það því býsna mikið á óvart hvernig menn hafa brugðist við.

Auðvitað skal ég viðurkenna það að það er kannske nokkuð vandasamt hvernig á þessu skuli haldið, eins og allri fræðslu af þessu tagi, t. d. því sem segir í grunnskólalögunum um umburðarlyndi og lýðræðislegt samstarf og að efla skilning á mannlegum kjörum og umhverfi, sögu og sérkennum íslenska þjóðfélagsins og skyldum einstaklingsins við samfélagið. Það er ekki sama hvernig á þessu er haldið. En ætla menn jafnframt að segja hér upp til hópa að íslensk kennarastétt sé ófær um að gera þetta? Ég neita að taka undir það. Auðvitað er þar misjafn sauður í mörgu fé, eins og er í öllum stéttum. En ég treysti íslenskum kennurum til að gera þetta. En þetta á auðvitað að vera fræðsla sem einkennist af þeirri víðsýni sem fjallað er um hér í 2. gr. grunnskólalaganna. Við erum að tala um frið og þá eigum við auðvitað líka að tala um hvernig hefur til tekist að varðveita friðinn í okkar heimshluta. (Gripið fram í.) Vill ekki hv. þm. Árni Johnsen bara biðja um orðið hér á eftir? (**ÁJ:** Þessi fræðsla á sér stað hvern dag.) Það er nú sjálfsagt allur gangur á því. Ég veit ekki hvaða fræðslu hv. þm. á þar sérstaklega við. Það væri þá æskilegt að hann kæmi hér í ræðustól og gerði frekari grein fyrir sínum hugmyndum en hann gerði áðan í sinni ræðu.

Hluti af þeirri friðarmynd sem við okkur blasir er það hverri utanríkisstefnu Íslendingar hafa fylgt frá stríðslokum. Það er hluti af þeirri friðarstefnu, það er hluti af þeim friði sem ríkt hefur í okkar heimshluta á þeim áratugum sem liðnir eru frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Auðvitað á það að vera þáttur í slíkri fræðslu að segja frá því og skýra hvers vegna hefur verið friður í okkar heimshluta þessi ár. Um það þarf held ég ekki að deila.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessa umr. öllu meira. Ég er búinn að gera grein fyrir því hvern skilning ég legg í þessa till. og vitna til laga um grunnskóla, þar sem fjallað er um markmið skólastarfsins. Ég er búinn að benda á að fræðsla af þessu tagi á sér stað í skólum á Norðurlöndunum, og ég veit ekki til þess að þar hafi hún verið talin sérstakur áróður af hálfu kommúnista, sem eiga litlu fylgi að fagna í þeim löndum og mættu eiga minna fylgi að fagna hér líka, og vonandi verður það er fram líða stundir. Satt að segja undrast ég það offors og þá móðursýki sem fram kemur í máli þeirra sem leggjast gegn þessari till. Ég held að það hljóti að vera á misskilningi byggt. Eins og ég vék að áðan fór þessi till. í hinar fínu taugar Morgunblaðsins og það

gerði hvað það gat, sá öflugi fjölmiðill, sem berst inn á nær hvert heimili á landinu, til að gera till. hlægilega eða afkáralega og gera lítið úr þeim sem að henni standa. Vissulega er vald Morgunblaðsins mikið og þeirra manna sem þar stýra pennum. En menn láta það nú ekki kúga sig eða beygja og Morgunblaðið er engan veginn alviturt. Það er jafn misviturt og allt það góða fólk sem þar vinnur.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Í hvert sinn sem hv. 3. þm. Suðurl. tekur til máls verður andrúmsloft hér í þingsölum þrungið eftirvæntingu. Hvaða fjólum mun hv. þm. nú dreifa meðal áheyrenda? hugsa menn, og ekki brást hann vonum í dag. Inni í miðri ræðu sem einkum virtist fjalla um kristni og kvenrembu upphóf hann vangaveltur um fjarveru okkar kvennalistakvenna úr nýafstaðinni þingveislu og finn ég mig knúna til að svara því örfáum orðum, þótt mér finnist það kannske ekki eiga allt of vel heima í umr. um friðarfræðslu.

Satt er það að við létum okkur vanta í þingveisluna. Sá litli snjóbolti hefur nú hlaðið meiru utan á sig en okkur grunaði og við ætluðum. Það var aldrei ætlun okkar að slá okkur til riddara í þessu máli. Við vildum gjarnan skemmta okkur með öðrum þm. á árshátíð og erum sammála því að slík sameiginleg skemmtun geti stuðlað að samvinnu og vinsamlegum tjáskiptum þm. sem e. t. v. er ekki allt of mikið af. Hins vegar komumst við að þeirri sameiginlegu niðurstöðu, að það væri óverjandi tvískinnungur að tala hér nótt sem nýtan dag um nauðsyn sparnaðar og gagnrýna veisluhöld og bílafríðindi og hvers konar óráðsíu í yfirstjórn ríkisstofnana, en éta svo og drekka og dansa í gatinu á kostnað skattborgaranna án þess einu sinni að spyrja þá leyfis.

Við lögðum til á fundi með þingflokksformönnum og forsetum þingsins að þm. greiddu árshátíð sína úr eigin vasa. Sú hugmynd féll í grýttan jarðveg og fannst okkur þá sjálfgert að sitja heima. Okkur þykir leitt ef við höfum komið öðrum þm. í klípu með þessari afstöðu. Það var ekki ætlunin. Við gerðum okkur grein fyrir að svo gæti farið og það hvarflaði að okkur að fara þrátt fyrir allt í þessa veislu einmitt af tillitssemi við aðra þm. En þetta var orðin okkur nokkur samviskuspurning sem við hlutum að svara á þennan hátt. Svo einfalt var það nú.

En hv. þm. Árni Johnsen beindi hér til mín þeirri spurningu, hvað ég hefði verið að gera á gægjum á Hótel Sögu kvöldið sem þingveislan var og þar sem ég skil, að það kann að virðast tortryggilegt athæfi, þá vil ég upplýsa það. Þar var ég stödd að beiðni skemmtikraftanna Helgu Thorberg, Eddu Björgvinsdóttur og Arnar Árnasonar. Þau höfðu samband við mig um kl. hálftíu umrætt kvöld og báðu mig að koma og meta fyrir fram, hvort eitthvað í skemmtidagskrá þeirra kynni að ofbjóða svo virðulegri samkomu sem þau væntu að þingveislan væri. Af undirtektum veislugesta, sem ég heyrði í hliðarsal, tel ég að svo hafi ekki verið. Ykkur hafi ekki verið ofboðið, heldur hafið þið skemmt ykkur ljómandi vel. Ég bið svo afsökunar á þessu innleggi í friðarumr., sem hv. þm. Árni Johnsen gaf tilefni til.

Umr. frestað.

Veggangagerð á Austfjörðum, þáltill. 246. mál (þskj. 447). — Ein umr.

Flm. (Sveinn Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 447 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um könnun á þjóðhagslegu og félagslegu gildi veggangagerðar á Austfjörðum. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram könnun á þjóðhagslegu gildi veggangagerðar á Austurlandi. Sérstaklega skal metið félagslegt og hagrænt gildi þess að vegalengdir milli byggðarlaga styttist og leiði til aukinna samskipta. Tekið skal tillit til þess sparnaðar sem þetta mundi leiða til í snjómokstri og viðhaldi vega auk minni eldsneytiseyðslu og slits á farartækjum. Í könnun þessari skal lagt mat á einstakar hugmyndir að jarðgöngum og þeim raðað í forgangsröð jafnframt því að gildi þeirra í heild sé metið.“ Í grg. eru till. gerð skil.

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi áhuga hérlendis á veggangagerð til lausnar á samgönguvandamálum einangraðra byggðarlaga. Hefur í því sambandi einkum verið litið til nágranna okkar, Færeyinga, sem á s. l. 20 árum hafa gert sem svarar einum Oddsskarðsgöngum á ári. Samtals hafa þar verið gerðir um 13 600 m af veggöngum á tímabilinu 1963—1983 skv. frumskýrslum Orkustofnunar. Jarðgangagerð þeirra hefur gengið vel og eru þar nú 10 veggöng í notkun allt að 2500 m að lengd hver göng. Til samanburðar má nefna að jarðgöng hérlendis eru tvö samtals 1.2 km. Nú eru á lokastigi 2.2 km löng göng í Færeyjum til viðbótar því sem að framan gat. Áætlaður heildarframkvæmdakostnaður við gerð þeirra er sem svarar 50 millj. kr. á km en þau eru tvíbreið. Einbreið göng af þeirri gerð sem væntanlega yrði í flestum tilvikum byggð hérlendis eru áætluð kosta 40 millj. kr. á km.

Færeyingar nota til gangagerðarinnar sérbúinn borvagn sem er sagður kosta um 17 millj. ísl. kr. en auk þess eru ámoksturstæki og grjótflutningsbílar. Sömu 18 mennirnir vinna við framkvæmdir þessar á tvískiptri vakt 5 daga í viku og sprengja á þeim tíma um 45 m. Ein af forsendum tiltölulega hagstæðra framkvæmda er sögð vera samfelld verktilhögun með föstu starfsliði. Af þessu þurfum við að draga lærdóm og gera áætlun til lengri tíma um jarðgangagerð. Framkvæmdir yrðu síðan að miðast við fjármögnun sem gerði ráð fyrir samfelldri vinnu.

Fulltrúar Orkustofnunar hafa kynnt sér jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð í eyjunum og er skýrsla þeirra um það væntanleg á næstunni. Tæknilegir eiginleikar berglaga eru taldir mjög svipaðir og víða hérlendis, sér í lagi ef farið er í gegnum fjöllin neðarlega. Raunhæfur samanburður á aðstæðum fæst aðeins ef bornar eru saman annars vegar aðstæður í Færeyjum og hins vegar aðstæður á ákveðnum stöðum á Íslandi, t. d. jarðlög eða jarðlagasyrpur á fyrirhuguðum eða hugsanlegum jarðgangasvæðum.

Á vegum Vegagerðarinnar hefur á s. l. árum verið gert átak í athugunum á möguleikum til jarðgangagerðar og væntanlega verður framhald þar á. Nú á n. k. sumri er fyrirhuguð kynnisferð fulltrúa Vegagerðarinnar til Noregs og þátttaka í ráðstefnu þar um ódýra jarðgangagerð. Ljóst er að kostnaður við jarðgangagerð í Noregi er talinn töluvert hærri en í Færeyjum og

nær því sem Vegagerðin hefur talið að hér yrði, eða um 85—100 millj. kr. á km í einbreiðum göngum miðað við verðlag haustið 1983. Norðmenn telja kostnað við jarðgangagerð sambærilegan hvort heldur er um að ræða hefðbundnar aðferðir með sprengingum eða heilborun þversniðs. Reynslan af gerð ganga í gegnum Strákagöng og Oddsskarð verður að teljast góð en erfiðleikar og e. t. v. kunnáttuleysi áttu mikinn þátt í því að gerð þeirra varð dýrari en áformað var. Áform um frekari framkvæmdir af þessu tagi hafa því ekki hlotið hljómgrunn og tortryggni gætt í garð þeirra.

Varfærni á þessu sviði er sjálfsögð, en fullyrða má að möguleikar til rannsókna á jarðfræðilegum aðstæðum er í dag betri en áður og tækni til jarðgangagerðar hefur fleygt fram. Það hlýtur því að vera íhugunarefni hvort ekki sé tímabært að kanna þjóðhagslegt, félagslegt og hagrænt gildi veggangagerðar á Íslandi. Með þessari þál. er leitað eftir stuðningi Alþingis til að slík könnun verði gerð vegna hugmynda um veggangagerð á Austurlandi.

Hugmyndir um frekari veggangagerð á Austurlandi hafa verið að mótast á s. l. árum. Á árinu 1982 og 1983 var á vegum Vegagerðarinnar unnið að athugun á bættu vegasambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs. Hafa í því sambandi verið kannaðir fimm kostir með jarðgöngum, allt frá 940 m til 6600 m löngum. Þá voru sumarið 1983 kannaðir möguleikar á jarðgöngum frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar og þaðan tvær leiðir til Norðfjarðar. Frá Fannardal í Norðfirði var athugaður möguleiki á göngum til Eskifjarðar sem væru í mun minni hæð yfir sjó en göngin í gegnum Oddsskarð.

Enn fremur var athugað með göng frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar, samtals ca. 20 km í göngum. Varðandi göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar var á s. l. sumri gerður samanburður á hagkvæmni jarðganga og uppbyggingu vegar með bundnu slitlagi með ströndinni. Ekki var tekið tillit til félagslegrar þýðingar ganga og aðeins miðað við núverandi umferðarmunstur. Sú könnun sýndi að umferð þyrfti að sjöfaldast til að göngin yrðu hagkvæm.

Lausleg athugun var einnig gerð á göngum milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. Einnig var athugaður möguleiki á göngum úr Reyðarfirði og suður í Breiðdal stystu leið, 9.5 km. Enn fremur var kannaður möguleiki á göngum milli Seyðisfjarðar og Héraðs annars vegar og Mjóafjarðar og Héraðs hins vegar. Jarðfræðiskýrsla um þessar rannsóknir liggur ekki fyrir enn þá en fyrstu niðurstöður verða að teljast jákvæðar. Má því ætla að veggangagerð geti hér orðið álíka hagkvæm og í Færeyjum.

S. l. 5 ár hafa austfirskir sveitarstjórnarmenn vakið athygli Vegagerðar ríkisins á þýðingu jarðgangagerðar á Austurlandi. Þeir hafa bent á að hringtenging þéttbýlisstaðanna á Miðausturlandi er betri tenging og betri tenging endabyggðanna við miðsvæðið mundi efla samstöðu og styrkja framtíðaruppbyggingu landshlutans. Samtengingin gerði íbúum og fyrirtækjum kleift að ráðast í verkefni á sviði framleiðslu, þjónustu og menningarstarfs sem þau gætu ekki ráðist í hvert fyrir sig. Þjónustusvæði einstakra stofnana mundi stækka og auðveldara væri að koma á verkaskiptingu milli staða. Tilkostnaður við snjómokstur og viðhald vega mun minnka auk minni eldsneytiseyðslu og slits á farartækjum.

Þá hafa sveitarstjórnarmenn bent á að flytja mætti rafmagns- og símalínur frá veðrasömum fjalltoppum í skjólríkt göng og að með slíkri hringtengingu fengist minna viðhald og aukið öryggi í flutningslínum. Það grjót úr göngunum, sem ekki yrði notað til vegagerðar í tengslum við gangagerðina, mætti nota í varnargarða eða til steinsteypu því að víða er skortur á byggingarefni og sprengdu grjóti á Austurlandi.

Ljóst er að hér er um langtímaverkefni að ræða þegar af verður. Nauðsynlegt þykir að benda á mikilvægi þess að kannað sé félagslegt og hagrænt gildi framkvæmda af þessu tagi. Spurningin er ekki eingöngu um það hvort sé hagkvæmara að byggja upp veg með ströndum fram eða fara stystu leið í gegnum fjöllin milli fjarða. Markmiðið er ekki hvað síst að færa þéttbýliskjarna hvern nær öðrum og gera að meiri heild. Samskipti milli staða munu verða auðveldari, atvinnulífi öllu til eflingar.

Á Austurlandi sýna mannfjöldatölur síðustu 4 árin tilhneigingu til áframhaldandi stöðnunar eftir aukningu sem átti sér stað á 10 ára tímabili þar á undan umfram eða jafnt landsmeðaltali. Á síðasta ári varð fólksfækkun í Austur-Skaftafellssýslu um tvo íbúa og einnig fækkaði eða stóð í stað í öllum kaupstöðum fjórðungsins. Straumur fólksins færist nú sem fyrr í æ ríkari mæli til suðvesturhorns landsins.

Á fundum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi undanfarin ár hefur verið rætt um þessa þróun og varað við henni. Ástæður eru að sjálfsögðu margar en þar er helst um kennt háum framfærslukostnaði og einhæfu atvinnulífi. Á mörgum stöðum snýst lífið um fisk og aftur fisk, en kjör þess fólks sem við hann vinnur eru svo léleg að það endist ekki til þess að standa í því endalaust. Er nú svo komið að flytja hefur orðið inn tugi erlends verkafólks til fiskvinnslunnar.

Aflinn hefur verið mikill og verðmæti sömuleiðis. Austfirðir hafa verið aðeins lægri en Vestfirðir með magn og verðmæti á íbúa þar sem það er mest á landinu. En langlægst er það hér á Reykjavíkursvæðinu og við Reykjanes, þangað sem allir vilja þó flytja.

Í fjórðungnum er fólginn ⅓ allrar auðveldlega virkjanlegrar vatnsorku landsins. Það mun væntanlega leiða til stórfelldrar orkunýtingar á næstu áratugum. Nú þegar er ráðgerð stofnun kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði með 150 starfsmönnum auk alls skyldu- og þjónustuliðs, samtals áætlað 500—600 íbúa aukning. Á miðsvæði Austfjarða eru um 6000 manns í nokkrum þéttbýliskjörnum sem eru aðskildir af talsverðum vegalengdum. Þessar vegalengdir má stytta allverulega og gera samgöngur greiðari. Til þess þarf veggangagerð sem mun kosta umtalsverða fjármuni og tíma. Það er hald mitt að framleiðni fjórðungsins geti staðið undir því að það geti reynst hagkvæmt að ráðast í þessar framkvæmdir.

Herra forseti. Sjálfsagt þykir að leita eftir og kanna hagkvæmni þessara hugmynda frá þjóðhagslegu og félagslegu sjónarmiði. Könnun sú verður að leiða í ljós hverjar þeirra séu hagkvæmari en aðrar og raða þeim þannig í forgangsröð. Það mun síðar auðvelda alla ákvarðanatöku.

Ég vil svo í lokin leggja til að þáltill. þessari verði vísað til hæstv. allshn. Sþ. og framhalds umr.

Umr. frestað.

Neðri deild, 62. fundur.

Fimmtudaginn 22. mars, að loknum fundi í Sþ.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 465 (sbr. 364), n. 480 og 482, 481). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 481,1 felld með 22:11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, GSig, GeirG, ÓRG, GA, GHelg, JBH, KP, KJóh, KH, KSK.

nei: MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, EH, GHG, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, IG.

7 þm. (SJS, AS, BÍG, GE, GGS, HG, JS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar framtalsfrestur átti að renna út í febrúarmánuði ákvað hæstv. fjmrh. að framlengja framtalsfrest og tilkynnti þjóðinni að sú framlenging væri byggð á þeim rökum að almenningur í landinu ætti kröfu á að fá að vita hver skattstiginn yrði þegar framtalsfresturinn rynni út. Nú hefur það gerst í Ed. að ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur ákveðið að svíkja þau fyrirheit sem fjmrh. gaf þjóðinni á þessum tíma og hækka skattstigann löngu eftir að framtalsfrestur er runninn út. Í þeim brtt. sem hér er verið að greiða atkv. um er lagt til að færa skattstigann á ný í það horf sem hann var þegar almenningur í landinu skilaði sínum skattframtölum og tryggja þannig að þingið og stjórnvöld stæðu við þau fyrirheit sem fólkinu voru gefin. Verði þessar till. hins vegar felldar er ljóst að ríkisstj. hefur ákveðið skattahækkun. Ólafur Jóhannesson hefur lýst því eindregið yfir að hér sé á ferðinni skattahækkun, sama hefur gert hv. þm. Ellert B. Schram, sama hefur gert Ásmundur Stefánsson og Alþýðusamband Íslands, sama hefur gert Kristján Thorlacius og BSRB. Það er því alveg ljóst og um það verður ekki deilt að um það er víðtæk samstaða í þjóðfélaginu að hér er á ferðinni skattahækkun og skoðun þm. er sú að það eigi að standa við gefin fyrirheit og koma í veg fyrir að þessi skattahækkun nái fram að ganga og samþykkja þær brtt. sem hér er verið að greiða atkv. um, og þess vegna segi ég já.

Brtt. 481,2 felld með 23:9 atkv.

Brtt. 481,3 felld með 23:11 atkv.

Brtt. 481,4 felld með 23:10 atkv.

Frv. samþ. með 23:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 495).

Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, frv. 196. mál (þskj. 352, n. 429 og 438, 427, 439, 464). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. til rökstuddrar dagskrár felld með 23:3 atkv.

Brtt. 439,1 (ný l. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 427,1 felld með 22:6 atkv.

Brtt. 439,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 427,2 felld með 24:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, SvG, EH, GeirG, ÓRG, GHelg.

nei: JBH, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, GHG, FÞ, FrS, GSig, GB, HÁ, HBl, IG.

KH, KSK, GA greiddu ekki atkv.

7 þm. (HG, JS, SJS, AS, BÍG, GE, GGS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 439,3 (ný 6. gr.) samþ. með 23:1 atkv.

Brtt. 464,3.a felld með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, GeirG, ÓRG, GHelg, KP, KSK.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, EH, FÞ, FrS, GSig, GB, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, IG.

JBH, KH greiddu ekki atkv.

10 þm. (SJS, AS, BÍG, GHG, GE, GA, GGS, HG, JS, KJóh) fjarstaddir.

Þrír þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mikið réttlætismál fyrir launafólk í þessu landi, einkum húsbyggjendur, sem brýnt er að koma til móts við einmitt í dag. Í dag gerðist það að veðdeild Landsbanka Íslands var lokað fyrir húsbyggjendum vegna fjárskorts. Það er niðurstaðan eftir margítrekaðar yfirlýsingar hæstv. félmrh. um að þar sé allt í góðu lagi og það verði tryggt að fjármunir verði til staðar. Þessi endemis stjórn á þessum málum hvetur til þess að komið verði til móts við þetta fólk með öðrum hætti og því segi ég já við þessari till.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Með frv., sem hér er verið að afgreiða, er verið að rétta bændum hjálparhönd í efnahagslegum erfiðleikum þeirra. Það hefur komið fram í umr. að launafólk í þessu landi á enn fremur við efnahagserfiðleika að etja. Verði þessar brtt., sem ég hef hér flutt, felldar er ljóst að þingmeirihl. er að lýsa því yfir að á sama tíma og hann ætlar að bjarga bændum að landi á að skilja þúsundir launafólks eftir á köldum klaka nauðungaruppboðanna. Á hverjum degi geta menn flett dagblöðum og í hverri viku mörgum eintökum af Lögbirtingablaðinu og séð hundruð nauðungaruppboða á eignum fólks sem þessum brtt. er ætlað að bjarga. Launakjör og kjör bænda og launafólks almennt hafa verið tengd saman í gegnum tíðina á formlegan hátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða. Það er því sjálfsögð krafa og siðferðislegt réttlætismál að á sama tíma og stjórnvöld bjarga bændum að landi bjargi þau einnig launafólki að landi. Tilraun er gerð til þess með því að flytja þessa brtt. og því segi ég já.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Með vísan til þess að ég hef flutt frávísunartill. við þetta frv. í heild sinni með þeim rökstuðningi að sérstök lagasetning sé óþörf og lagaheimildir nægar fyrir í lögum um veðdeild

Búnaðarbanka Íslands, en það sem fyrst og fremst kemur til kasta Alþingis sé afstaðan til fjárútvegunar í þessu skyni, þá hefur það þau áhrif á þessar tillögur að hér eru lagðar fram tillögur um nákvæmlega sömu fyrirgreiðslu til launþega og Alþingi hefur nú samþykkt til bænda, en sá böggull fylgir skammrifi að engin grein er gerð fyrir því, sem máli skiptir, með hverjum hætti fjárútvegun verði til að sinna þessari gífurlegu þörf, þá tel ég ótímabært að taka efnislega afstöðu fyrr en fyrir liggur með hvaða hætti þessi till. verði fjármögnuð. Lokun veðdeildar sýnir að sjóðakerfi húsnæðislánakerfisins er nú greiðsluþrota og umr. á Alþingi og afgreiðsla um fjárlög, lánsfjárlög o. fl. sýnir að ríkisstj. gegnir ekki þeirri skyldu sinni að tilkynna Alþingi með hvaða hætti hún ætli að fjármagna nauðsynleg mál af þessu tagi. Þess vegna greiði ég ekki atkv. um þessa till. að svo stöddu.

7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 63. fundur.

Fimmtudaginn 22. mars, að loknum 62. fundi.

Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, frv. 196. mál (þskj. 496). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla að bera hér fram fjórar spurningar til hæstv. ráðh. sem ekki var svarað við 2. umr. þessa máls, en sem gefin voru fyrirheit um að yrði svarað við þessa umr. Fyrsta spurningin er til hæstv. viðskrh.

Það hefur komið fram að sú venja hefur tíðkast án sérstakrar heimildar í lögum að innlánsdeildir kaupfélaganna hafa getað notað þessi bændabréf til að fullnægja bindiskyldu sinni í Seðlabankanum, en mikill fjöldi sparisjóða í landinu hefur ekki getað notað þessi bréf á sama hátt né heldur almennir viðskiptabankar. Það er því ljóst að mikil mismunun er hér ríkjandi varðandi þann möguleika sem innlánsdeildir hafa til að nota þessi svokölluðu bændabréf til að fullnægja bindiskyldu sinni gagnvart Seðlabankanum. Við 2. umr. var gerð tilraun til að samræma þetta kerfi á þann veg að allar innlánsstofnanir sætu við sama borð. Nú hafa ríkisstjórnarmeirihlutinn og ýmsir aðrir hér í þinginu fellt þá brtt. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. viðskrh., þar sem það er á hans valdi: Ætlar hann að viðhalda þeirri mismunun sem er ríkjandi á þessu sviði? Ætlar hann að láta það viðgangast áfram að innlánsdeildir kaupfélaganna séu nánast eini aðilinn sem getur notað þessi bændabréf til að fullnægja bindiskyldu sinni í Seðlabankanum, en sparisjóðum, stærri sparisjóðum og innlánsstofnunum öðrum sé neitað um þennan möguleika?

Ég vil taka t. d. dæmi af ýmsum stöðum úti á landi þar sem eru hlið við hlið innlánsdeild í kaupfélaginu og sparisjóður byggðarlagsins. Ef bændur vilja versla við sparisjóðinn geta þeir ekki notað þessi bréf til að láta ganga inn í bindiskylduna í Seðlabankanum. En ef bændur versla hins vegar við innlánsdeild kaupfélagsins eiga þessi bréf greiðan aðgang inn í bindiskylduhít Seðlabankans.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Hvað ætlar hann lengi að láta þessa mismunun viðgangast? Ef hann er ekki reiðubúinn að lýsa því yfir hér hvenær henni ljúki, vill hann þá ekki lýsa afstöðu sinni gagnvart þessu kerfi? Er hann fylgjandi því að því verði breytt, og þá á hvern veg, eða er hann kannske stuðningsmaður þess að þessi forréttindi innlánsdeildanna geti haldið áfram? Ég sé satt að segja ekki hvaða tilgangi það á að þjóna að vera að festa í sessi mismunun með þessum hætti.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. landbrh.— Er hæstv. landbrh. í salnum? (**Forseti:** Ég kem nú ekki auga á hæstv. ráðh., en ég skal gæta að því hvort hann er í húsinu. Hann á ekki sæti í þessari deild.) (**Forsrh.:** Hann varð að fara á einhverja ráðstefnu.) Hann varð að fara á ráðstefnu, segir hæstv. forsrh. (**Forseti:** Þá virðist málið upplýst.) Já. Það hlýtur að vera brýn ráðstefna, vegna þess að hæstv. landbrh. hefur hvað eftir annað á síðustu sólarhringum sagt að það sé afar brýnt að þetta frv. sé afgreitt í dag. Ef hann má ekki einu sinni sjálfur vera að því að vera viðstaddur þá afgreiðslu hlýtur sú ráðstefna að vera afar brýn. — En mín spurning til hans var einmitt hvað það væri sem ræki svona á eftir því að þetta frv. væri afgreitt hér og nú, einkum og sér í lagi þegar ljóst er að ýmsir veigamiklir þættir málsins hafa ekki verið upplýstir. Hvaða aðilar eru það sem knýja á um að frv. sé afgreitt? Hvað gerist ef frv. er látið bíða einhvern tíma og menn fá svör við spurningum í millitíðinni?

Fyrst hæstv. landbrh. má ekki einu sinni vera að því að vera hér við afgreiðslu mála er það enn eitt dæmið um að ráðh. mega ekki einu sinni vera að því að vera viðstaddir afgreiðslu sinna eigin frv. hér í þinginu, en ætlast svo til þess að stjórnarandstaðan og þingheimur allur sé sífellt að greiða fyrir þeirra málum. Væri nú æskilegt að forsetar þingsins og forsrh. tækju í eitt skipti fyrir öll þessum ráðh. tak og segðu þeim að þeir eigi að vera hér. Ef þeir telja að málið sé svo mikilvægt að nauðsynlegt sé að afgreiða það í þinginu ber þeim fyllsta skylda til að vera hér í salnum. Það er satt að segja alveg út í hött að þingið sé að leggja á sig sérstakt erfiði til að veita málum einstakra ráðh. forgang þegar hinir sömu ráðh. mega svo ekki einu sinni vera að því að vera viðstaddir afgreiðsluna. Þetta kemur fyrir í hverju málinu á fætur öðru, eins og kom fram í umr. hér í gær.

En þá verð ég að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh. hvað það sé sem reki svona á eftir því að þetta mál sé hér og nú afgreitt án þess að menn fái viðhlítandi upplýsingar. Hvaða nauðsyn er það sem knýr á um nákvæma dagsetningu á afgreiðslunni? Við fengum svör við því varðandi lánsfjáráætlunina að það yrði að taka erlent lán og þess vegna yrði að afgreiða hana, en það hafa engin svör fengist við því hvað gerir það svona brýnt að afgreiða þetta mál hér og nú. Það hafa verið leiddar að því líkur að það sé fjárhagsvandi innlánsdeilda kaupfélaganna sem gerir að verkum að það sé rekið svona á eftir því að þetta mál sé afgreitt hér og þingið sé þess vegna á hlaupum við að þjónusta innlánsdeildirnar í þessu efni. En því hefur ekki verið

svarað og ekki um það fjallað. Nauðsynlegt er að fá svör við þessu.

Í þriðja lagi ætla ég að spyrja hæstv. fjmrh. — Er hann kannske líka farinn? Er hæstv. fjmrh. í húsinu? (**Fjmrh.:** Ég er aldrei langt frá þér, vinur minn.) Ágætt, það er gott að vita það. Það verður að segja hæstv. fjmrh. það til hróss að þó hann eigi ekki sæti í þessari hv. deild sér hann samt sem áður sóma sinn í því og sýnir Alþingi þá virðingu að vera viðstaddur þessa umr., þótt landbrh., sem flytur þetta frv., hafi ekki gert það. Ber að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það. Það er orðið nokkuð sjaldgæft að ráðh. sinni þingskyldum sínum með þessum hætti.

Spurning mín til hæstv. fjmrh. kemur í framhaldi af þeirri spurningu sem borin var upp í gærkvöld þegar spurt var hvernig ætti að fjármagna þessa skuldbreytingu. Þá lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að hann mundi nú í morgun halda fund með forsvarsmönnum bankakerfisins til að fjalla um það mál hvernig ætti að fjármagna þessa skuldbreytingu. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Liggur það nú ljósar fyrir en það gerði í gærkvöld hvernig á að fjármagna þessa skuldbreytingu? Það lá alls ekki ljóst fyrir í gærkvöld, það vissi það ekki nokkur maður, og seint um síðir, þegar fór að halla í miðnætti, lýsti fjmrh. því yfir að hann mundi halda fund í morgun til að reyna að leiða í ljós svör við þeirri spurningu. Það væri æskilegt áður en þetta frv. er endanlega afgreitt frá hv. deild að hæstv. fjmrh. veitti svör við því.

Lokaspurningin er svo einnig til hæstv fjmrh.: Verður tekið erlent lán til að greiða fyrir þessari skuldbreytingu? Það hefur komið fram í meðferð málsins hér í þinginu að bankastjórar Búnaðarbankans hafa lýst því yfir að Búnaðarbankinn hefði ekkert fjármagn til að greiða fyrir þessari skuldbreytingu nema fá til þess erlent lánsfé. Það er hins vegar mjög óeðlilegt að fara að sækja erlent lánsfé til að standa að baki þessari skuldbreytingu, einkum og sér í lagi þegar erlendu lántökurnar eru nú komnar jafnhátt og raun ber vitni. Þess vegna vil ég að lokum beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann geti svarað því nú, sem hann gat ekki í gærkvöld, hvort það verður tekið erlent lán eða ekki. Væri æskilegt að því væri svarað afdráttarlaust með jái eða neii.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Virðulegur 7. þm. Reykv. beindi til mín spurningum. Ég hélt að ég hefði svarað fyrri spurningunni í gærkvöld, eins og kom fram hjá honum, en þar upplýsti ég að viðsk.- og bankamálaráðherra og landbrh. ættu fundi í dag, eftir þeim upplýsingum sem ég hafði þá og ég vona að þær hafi verið réttar, með Seðlabankastjórum til að ræða um fjármögnun á því skuldbreytingarláni bænda sem hér er á dagskrá. Þetta er sama svarið og ég gaf í gærkvöld. En það er rangminni hjá hv. 7. þm. Reykv. að ég hafi átt fund með seðlabankastjórum um þetta mál.

Önnur spurning var: verður tekið erlent lán? Ég geri ekki ráð fyrir því. Þess vegna er nú verið að ræða við Seðlabankann um að reyna að leysa þetta vandamál á innlendum markaði. Það er stefna ríkisstj. að fara ekki í prósentum yfir 60% í erlendum lánum miðað við þjóðarframleiðslu þegar þessi ríkisstj. tók við. Erlent lán verður því ekki tekið ef það þýðir að farið verði yfir 60% af þjóðarframleiðslu. Eins og hv. 7. þm. Reykv. veit er sú prósenta nú um 59%.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 7. þm. Reykv. verður í framhaldi af því sem hæstv. fjmrh. sagði að viðræður hafa átt sér stað, m. a. við Seðlabankann, um fjármögnun. Þeim viðræðum er ekki lokið. Niðurstaða er ekki fengin af því máli og því ekki meira á þessu stigi af því að segja.

Varðandi bindinguna og þær hugleiðingar og þá fsp. sem hv. þm. bar fram áðan, þá get ég svarað því og sagt að s. l. mánudag — að gefnu tilefni vegna skrifa og umræðna sem um þetta mál höfðu orðið m. a. á Alþingi — ritaði ég Seðlabankanum bréf og óskaði eftir að mér væri gerð grein fyrir þessu máli, m. a. því hversu háum upphæðum hefði verið breytt í bindingu af slíkum bréfum og þá frá hverjum. Ég hef ekki enn fengið svör við því, en á von á því innan tíðar. Ég er persónulega andvígur öllum sérréttindum í þessum efnum, en er að sjálfsögðu ekki reiðubúinn að dæma fyrr en ég hef fengið þau gögn í hendurnar sem ég hef óskað eftir.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil fyrst upplýsa að ég hef athugað nánar hvar hæstv. landbrh. er. Hæstv. landbrh. er í beinni útsendingu í Ríkisútvarpinu, sem hann gat ekki breytt, og er þar bundinn. Ráðstefnan, sem ég hélt að hann væri á, er víst á morgun.

Þeirri spurningu hefur verið til mín beint hvað reki á eftir þessu frv. Ég hélt að það væri mjög vel kunnugt að greiðslustaða bænda er gífurlega erfið. Bændur hafa átt í miklum erfiðleikum undanfarin ár vegna lélegs árferðis og hafa því ekki getað staðið í skilum með fjárskuldbindingar vegna fjárfestinga sem þeir hafa lagt í á undanförnum árum. Fram undan eru hjá bændum mikil fóðurbætiskaup, því miður, vegna lélegra heybirgða. Bændur þurfa að hafa komið og gengið frá vanskilum áður en þeir geta með góðu móti ráðist í kaup á fóðurbæti. Ég vil því segja að það séu öllu fremur hin erfiða greiðslustaða og vanskil bænda sjálfra sem reka á eftir því að þetta frv. verði að lögum fremur en staða kaupfélaga og annarra lánastofnana.

Ég vek athygli á því að það tekur nokkurn tíma að framkvæma svona skuldbreytingu. Það er reynslan af fyrri skuldbreytingum. Því er mjög nauðsynlegt að hún geti komist til framkvæmda sem allra fyrst. Ég vek einnig athygli á að það hefur tekið þegar nokkurn tíma að undirbúa þetta mál. Það hefur tafist lengur en æskilegt er. Það er því ærið margt sem rekur á eftir að frv. verði að lögum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör þeirra. Það greiðir tvímælalaust fyrir umr. og gangi mála í þinginu þegar loksins fást svör við spurningum en ekki þarf að standa hér eins og í gær klukkutíma eftir klukkutíma til að láta reyna á að svör fáist. Þegar viljinn er fyrir hendi, eins og í dag, sýnir sig að hægt er á fáeinum mínútum að greiða fyrir umr. með því að veita skýr svör þáttum sem ella, eins og sýndi sig í gær þegar ráðh. voru ýmist ekki reiðubúnir að svara eða voru fjarverandi, gerðu það að verkum að málið tæki mjög langan tíma í umfjöllun.

Það hefur verið upplýst hjá hæstv. viðskrh. að það er engin niðurstaða fengin um hvernig eigi að fjármagna þessa skuldbreytingu. Það er í fyrsta skipti sem það

kemur skýrt fram við meðferð þessa máls á hv. Alþingi, við lok 3. umr. í þessari deild, að það er játað hreint og beint að ekki liggja fyrir neinar till. um hvernig eigi að fjármagna þessa skuldbreytingu. Við höfum verið að reyna að ganga á eftir því hér í þinginu að fá svör við þessu og það er ekki fyrr en nú sem það fæst á hreint að lausnin er alls ekki fundin.

Hér er sem sagt verið að óska eftir því að þingið samþykki frv. sem skuldbindur ríkið til breytingar á lausaskuldum, en hæstv. ráðh. hafa ekki enn þá fundið neina lausn á því hvernig eigi að fjármagna þá skuldbreytingu: Engu að síður liggur það fyrir í grg. að frv. er búið að vera í undirbúningi í rúma sex mánuði. Það eru rúmir sex mánuðir síðan hafinn var undirbúningur að frv. og enn er ekki fundin nein lausn á þessum vanda.

Ég bið hæstv. fjmrh. afsökunar á því að það var misminni mitt að hann hefði átt að eiga sæti á þeim fundi sem haldinn var í dag. Ég skildi hann þannig í gærkvöld. Það er alveg sjálfsagt að taka við þeirri leiðréttingu, enda hefur komið skýrt fram að hæstv. viðskrh., hæstv. landbrh. og fulltrúi Seðlabankans eru nú að halda fundi til að reyna að finna lausn á þessum vanda.

Ég vil segja við hæstv. forsrh. að það er auðvitað alveg rétt og hefur hér margoft komið fram að greiðslustaða bænda og greiðslustaða kaupfélaganna af þeim sökum er erfið, en ég sé ekki hvernig það á að greiða úr þeirri greiðslustöðu að við rjúkum til og samþykkjum frv. hér þegar hæstv. ráðh. og Seðlabankinn hafa ekki fundið fjármagnið sem á að nota í þessa skuldbreytingu. Það er margupplýst hér nú að það er ekki til. Þessi skuldbreyting gerist ekki með pappírsgögnum frá Alþingi eða ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Hún gerist á grundvelli þess fjármagns sem finnst og fæst. Það stendur þess vegna ekki á þinginu hvað þessa skuldbreytingu snertir. Það er orðið ljóst í lok þessarar 3. umr. Það stendur á hæstv. ráðh., sérstaklega hæstv. viðskrh. og hæstv. landbrh. og fulltrúum Seðlabankans, sem enn hafa ekki fundið neina lausn á málinu. (**FrS:** Gutenberg prentar ekki peningaseðlana.) Það er gagnlegt að þá liggi alveg ljóst fyrir hverjir bera ábyrgðina á þessum töfum. Það hefur verið látið að því liggja hér að stjórnarandstaðan gerði það. Nú hefur það mál verið hreinsað. Það er ljóst að þeir ráðh. sem funduðu í dag ásamt fulltrúum Seðlabankans bera meginábyrgðina.

Það kom ekki heldur neitt fram í svörum ráðh. við því hvenær þeir vænta þess að lausnin finnist. Hún er greinilega mjög vandfundin. Það hefur tekið marga mánuði að finna hana. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að hann gerði ekki ráð fyrir að erlent lán yrði tekið í þessu skyni. Það má segja að það sé nokkuð ótvíræð yfirlýsing. Þó er hún ekki algjör neitun á því að erlent lán verði tekið. Þess vegna er nokkuð ljóst að í ljósi þeirrar yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið hér kann að vera áfram þrýstingur á að erlent lán verði tekið í þessu skyni.

Ég vil svo að lokum fagna því að hæstv. viðskrh. hefur gefið hér yfirlýsingu um að hann hafi óskað eftir sérstakri greinargerð um hvernig þessi bréf hafa verið notuð til að fullnægja bindiskyldu sumra innlánsstofnana í Seðlabankanum, en öðrum innlánsstofnunum bannað að gera það. Hæstv. ráðh. lýsti því yfir hér að hann væri persónulega andvígur sérhverjum sérréttindum varðandi þetta atriði. Það má þá væntanlega treysta því að þegar hæstv. ráðh. hefur fengið þessa greinargerð muni hann beita sér fyrir því að þessi sérréttindi verði afnumin. Þau er hægt að afnema á tvennan veg: Annars vegar með því að veita öllum innlánsstofnunum þennan rétt, þannig að það verði ekki neinn — (**Gripið fram í:** Hvort hæstv. ráðh. vilji ekki birta greinargerðina.) Já, ég tel alveg sjálfsagt að hann birti greinargerðina. Það finnst mér svo sjálfsagt að það þurfi ekki einu sinni að taka það fram og hún verði jafnvel lögð fram í þinginu til upplýsingar. Í gærkveldi, þegar hæstv. viðskrh. var fjarstaddur skorti mjög á að hæstv. landbrh. gæti gefið upplýsingar um þetta atriði. Ég vil því taka undir þá ósk að hæstv. viðskrh. birti þessa grg. þegar hann fær hana í hendur.

Hitt er þó aðalatriðið að hæstv. viðskrh. hefur gefið út yfirlýsingu um það hér og nú að hann ætli að afnema þessi sérréttindi. Ég get ekki skilið að ráðh. sem er andvígur sérréttindum geti látið þau viðhaldast. Hann getur afnumið þau á tvennan veg: Hann gæti látið allar innlánsstofnanir njóta þessara réttinda. Ráðh. greiddi atkvæði gegn því fyrr í dag í þinginu og er þess vegna búinn að hafna þeirri leið. Þess vegna liggur alveg ljóst fyrir að innan tíðar hlýtur hæstv. viðskrh. að afnema þau réttindi innlánsdeilda kaupfélaganna að nota þessi bréf til að fullnægja bindiskyldu sinni í Seðlabankanum. Við bíðum eftir því að það verði þá formlega tilkynnt að hæstv. ráðh. hafi beitt sér fyrir þeirri breytingu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér hefur verið gripið á allstóru máli, sem eru innlánsdeildir kaupfélaganna. Það er kunnara en frá þurfi að segja að á dögum viðreisnar var sú ákvörðun tekin að banna innlánsstofnunum að ákveða sjálfar sín vaxtakjör, á hvaða kjörum þeir taki á móti fé og á hvaða kjörum þeir lánuðu út fé. Með þeirri ákvörðun var á sínum tíma vegið að rótum þess möguleika að innlánsdeildir kaupfélaganna ættu möguleika á að þróast eðlilega og segja má að frá þeim tíma hafi þær verið á undanhaldi.

Ég fagna þess vegna yfirlýsingu viðskrh. þegar hann segir að hann sé andvígur mismunun á milli lánastofnana. Ég get ekki skilið þá yfirlýsingu á annan veg en þann að hann muni beita sér fyrir því að leggja fram frv. á Alþingi þar sem heimilt verði að allar innlánsdeildir kaupfélaganna fái útlánarétt á sínu fé eins og um sparisjóði væri að ræða. Það eru að sjálfsögðu mikil og merk tíðindi þegar slíkt kemur frá ráðh., en hafi það verið misskilningur að hann væri andvígur mismunun á milli innlánsstofnana og að hér færi eitthvað á milli mála og það sé ekki hinn rétti skilningur að hann vilji hafa þarna jafnræði á milli, þá hvet ég hann til að gera grein fyrir því hér og nú þannig að sá misskilningur verði ekki skráður á þingskjöl. En fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykv. að það væri í undantekningartilfellum og aðeins miðað við ákveðin bréf sem hann væri andvígur því að um mismunun væri að ræða.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir það að hafa komið með þessa þörfu fsp. til hæstv. viðskrh. varðandi stöðu innlánsdeilda kaupfélaganna. Það er vissulega fróðlegt að sitja hér og hlýða á það að jafnvel hv. Alþingi veit ekki raunverulega hvað hér er á ferðinni. Þess vegna hlýtur sú spurning að vakna hjá okkur á grundvelli hvaða heimilda hafa kaupfélögin eða innlánsdeildir

annars vegar og Seðlabankinn hins vegar hugsanlega hagað viðskiptum með þeim hætti sem hér er spurt um. Það er gersamlega óviðunandi að ein tegund innlánsstofnana, þ. e. innlánsdeildir kaupfélaganna, skuli sitja við annað borð en aðrar innlánastofnanir. Það gefur auga leið, ef litið er til minni byggðarlaga þar sem kaupfélögin eru mjög sterk verslunarfyrirtæki, að staða keppinautanna í samkeppninni við slíkan aðila er raunverulega engin, þar sem kaupfélögin hafa aðferð til þess að auka ráðstöfunarfé með þeim hætti sem nemur bindiskyldu annarra innlánsstofnana á viðkomandi stað. Þessi mismunur, 28%, er gífurlegur. Þetta felur raunverulega í sér að ekkert annað rekstrarform kemur til greina í minni byggðarlögum þar sem staða innlánsdeilda er með þeim hætti sem hér hefur verið lýst.

Ég fagna því alveg sérstaklega að hæstv. viðskrh. skyldi bregðast með þeim hætti við þessu máli sem hér hefur komið fram, að hann hefur snúið sér til Seðlabanka Íslands og óskað eftir upplýsingum um málið. Það er rétt afstaða hjá hæstv. ráðh. að kveða ekki upp dóm í þessu máli fyrr en öll gögn liggja fyrir. En ef svo skyldi vera, sem því miður margt virðist benda til, að innlánsdeildir hafi notið þessara sérréttinda þá fagna ég því alveg sérstaklega að hæstv. viðskrh. skuli hafa lýst því yfir að hann sé á móti öllum sérréttindum. Í því getur ekki falist nema ein grundvallarafstaða eins og kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Með tilliti til þeirrar atkvgr. sem fram fór áðan þar sem því var hafnað að útvíkka þennan framkvæmdagrundvöll í sambandi við bindiskyldu hlýtur þetta fyrirkomulag að verða lagt niður og allir látnir sitja við sama borð.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta þann misskilning, að mér er tjáð að smærri sparisjóðirnir hafi haft sömu aðstöðu til að nýta þessi bréf til bindingar eða til að greiða upp í bindingu við Seðlabankann þannig að hér er um að ræða innlánsdeildir, en þó ekki allra kaupfélaga, og smærri sparisjóðirnir komi rétt fram.

Ég sagði að ég væri andvígur sérréttindum en ég bætti jafnframt við, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, að ég er ekki reiðubúinn að dæma fyrr en ég hef gögn málsins fyrir framan mig.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og kom fram í framsöguræðu minni, sem ég flutti sem formaður nefndar, tók ég fram að innlánsstofnanir sem hafa lægri innstæður en 56 millj. kr. hefðu þennan rétt, þ. e. 27 sparisjóðir og 27 innlánsdeildir kaupfélaga falla undir þessa reglu. Ég er hér með bréf frá Seðlabankanum frá því 21. desember um það hvernig þessi mál eru framkvæmd. Tímans vegna ætla ég ekki að bæta við það en ég hef líka skrá yfir það hvaða innlánsstofnanir þetta eru og sparisjóðir. Ef menn vilja sjá það hjá mér geta þeir fengið að sjá það síðar. En Kaupfélag Eyfirðinga er ekki inn í því, það vil ég upplýsa.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að fyrir þingi liggur á þskj. 428 frv. til laga sem ég er flm. að ásamt með hv. þm. Guðmundi Einarssyni. Frv. er efnislega á þá leið að þau tvö ákvæði fyrirliggjandi frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán sem raunverulega eru löggjafaratriði eru þar sett fram í formi brtt. við gildandi lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Nú er þetta mál hér til 3. umr. í fyrri deild, en mig langar að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvernig þingheimur á að geta tekið afstöðu, að þessu frv. samþykktu, til hins frv. sem felur í sér sömu efnisatriði en er í formi brtt. við gildandi lög.

Nú hef ég heyrt það sjónarmið hjá lögfræðingum að eðlilegra væri, úr því að um sömu efnisatriði er að ræða, að þau yrðu afgreidd sem brtt. við gildandi lög fremur en að samþykktur yrði sérstakur lagabálkur sem þar að auki er að öðru leyti í formi viljayfirlýsingar. Þá er spurningin þessi: Er ekki eðlilegra að þetta frv. verði tekið til umr. og afgreiðslu áður? Ef svo er ekki fæ ég ekki séð að þeir þm. sem kynnu að vilja fallast á að þetta væri eðlilegri leið í málinu geti tekið afstöðu til þess eftir á. M. ö. o. beini ég því til hæstv. forseta hvort ekki er eðlilegra og þinglegra af þessum ástæðum að frv. til l. um breyt. á lögum um veðdeild Búnaðarbanka Íslands á þskj. 242 verði tekið til umr. og afgreiðslu áður en þetta mál, þannig að þingmenn geti tekið afstöðu til þess hvort þeir kjósi fremur þá leið en þá sem hér er farin.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hér er að sjálfsögðu um skyld mál að ræða, en þar sem um tvö frv. er að tefla held ég að sé eðlilegast, eins og gert hefur verið fram að þessu, að þau séu á dagskrá hvort í sínu lagi og verði tekin fyrir hvort í sínu lagi. Þegar það þingmál sem hv. síðasti ræðumaður var að nefna kemur fyrir getur hv. þd. tekið afstöðu til þess alveg sjálfstætt. Ég sé enga ástæðu til að telja annað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 160. mál (þskj. 231, n. 469, 474 og 487, 470). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Hér er um að ræða 160. mál en nál. er á þskj. 469.

Frv. þetta er flutt í beinum tengslum við frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt þar sem er að finna skilyrði þess að framlög manna til fjárfestingar í atvinnurekstri séu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Markmið þessa frv. er að örva fjárfestingu í atvinnustarfsemi og örva almenning til þátttöku í atvinnulífinu með kaupum á hlutabréfum.

Það er alveg ljóst að afkoma almennings í landinu verður ekki byggð á öðru en traustu og þróttmiklu atvinnulífi og eigi að skjóta öruggum stoðum undir efnahagslega velsæld almennings og aukinn kaupmátt í framtíðinni verður það ekki gert nema með eflingu þess atvinnulífs sem öll efnahagsleg framleiðsla landsmanna byggist á. En það er alkunna að atvinnufyrirtæki á Íslandi hefur skort eigið fé og skattalög hafa fram til þessa ekki gert það fýsilegt að almenningur verði

sparifé sínu til kaupa á hlutabréfum. En markmið þessa frv. er að gera hér á nokkrar breytingar.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur yfirfarið frv., rætt við sérfræðinga og yfirfarið umsagnir hagsmunasamtaka og mælir með því að frv. verði samþykkt, þó með sérstakri breytingu sem meiri hl. n. leggur fram á þskj. 470. Þar er um að ræða breytingu á 11. gr. frv. Þar er í frv. eins og það liggur fyrir gert ráð fyrir að frádráttur vegna kaupa á hlutabréfum í hlutafélögum sé háður því skilyrði að um sé að ræða hlutafélög með hlutafé að fjárhæð 10 millj. kr. og að fjöldi hluthafa sé a. m. k. 100. Það kom fram við 1. umr. þessa máls að víða hagar svo til að erfitt getur reynst að safna svo mörgum hluthöfum, t. a. m. í litlum byggðarlögum. Vegna þess að hlutafé almennt er ekki mjög mikið í íslenskum fyrirtækjum gæti hér verið um að ræða of strangar kröfur. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að setja hér um ákveðnar takmarkanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun á þessu ákvæði. Ég lýsti því yfir fyrir mitt leyti við fyrri umr. málsins að eðlilegt væri að taka þetta sjónarmið til athugunar í n. Nefndin hefur rætt þetta og meiri hl. leggur til að þessum viðmiðunum verði breytt á þann veg að í staðinn fyrir 10 millj. kr. hlutafé komi 5 millj. kr. og í staðinn fyrir kröfu um 100 hluthafa komi ákvæði um 50 hluthafa.

Með þessari breytingu leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt en einn nm. í meiri hl. skrifar undir nál. með fyrirvara og mun gera sérstaklega grein fyrir honum.

Frsm. 1. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur þegar fengið meðferð í hv. Ed. þar sem minni hl. fjh.- og viðskn., þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Ragnar Arnalds og Eiður Guðnason, skilaði ítarlegu nál. á þskj. 355 þar sem gerð er grein fyrir þessu máli með þeim hætti sem ég tel að geri því fullnægjandi skil.

Við meðferð málsins í hv. Nd. hefur komið fram að frv. byggist á því að flytja fjármuni frá fólkinu í landinu til fyrirtækjanna. Það er sláandi að þetta mál skuli vera tekið fyrir á sama degi og samþykkt var skattahækkunarfrv. ríkisstj. sem breytt hafði verið í Ed. nú fyrir fáeinum dögum. Á sama degi og skattahækkunarfrv. ríkisstj. er tekið hér fyrir, skattahækkun á fólkinu í landinu, er hér lagt fram og lagt kapp á að afgreitt verði frv. um skattalækkun handa fyrirtækjunum. Nú er það svo að samkv. lögum um efnahagsmál o. fl. nr. 13/1979 er skýlaust ákvæði um að frv. af þessum toga eiga að fylgja upplýsingar um hvaða kostnað þau hafa í för með sér fyrir ríkið. Það hefur hins vegar farið svo með þetta frv. að embættismenn fjmrn. og talsmenn stjórnarliðsins hafa ekki treyst sér til að segja af eða á um hversu mikið tekjutap þetta frv. hefði í för með sér fyrir ríkissjóð. Það mun vera næsta einstakt að mál séu afgreidd með þessum hætti, eins og hér er gerð till. um, að menn ætli að kasta sér út í algera óvissu með jafnflókið mál og hér er á ferðinni. Það er jafnframt ljóst varðandi þetta frv. að þær reglur sem hér er gerð till. um eru mjög flóknar í framkvæmd. Skattstjórinn í Reykjavík og formaður Félags endurskoðenda gerðu grein fyrir því á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. að mörg ákvæði þessa frv. væru afar flókin, erfið og þung í framkvæmd. Þess vegna er hér verið að flækja skattakerfið, gera það enn þá flóknara og ógagnsærra og erfiðara fyrir almenning en þegar er orðið. Þótti þó flestum nóg um í þeim efnum. En jafnframt er hér um að ræða frv. um forréttindi þeirra sem kunna á kerfið, þ. e. forréttindi þeirra sem hafa möguleika á því af einhverjum ástæðum að setja sig sérstaklega inn í hið flókna skattakerfi í þessu landi. Hér er verið að opna möguleika fyrir slíka aðila til að finna fleiri og fleiri löglegar smugur á kerfinu til að troða peningunum sínum í á sama tíma og það er látið í veðri vaka að tilgangur frv. sé að hjálpa almenningi að eignast hlut í fyrirtækjum. Auðvitað er það endemis fjarstæða. Litli maðurinn með bogna bakið, sem er fræg persóna síðustu sólarhringana, á engan afgang um þessar mundir til að leggja í fyrirtækin, hann á engan afgang til þess. Maður sem er með 10 eða 20 þús. á mánuði hefur ekki tök á því að nota sér þau forréttindi sem þetta frv. býður upp á.

Af þeim ástæðum, herra forseti, að hér er um að ræða frv. um forréttindi þeirra sem kunna á kerfið, hér er um að ræða frv. um skattalækkun á sama tíma og ríkið stendur frammi fyrir stórfelldum halla á ríkissjóði og fleiri ástæðum, þá hef ég lagt hér til í nál. á þskj. 474 að þetta frv. verði fellt. Þetta frv. er eins konar fáni íhaldsins í þeirri ríkisstj. sem nú situr hér í landinu, eins konar sigurfáni, sigurflagg ákveðinna frjálshyggjuafla framan í Framsfl. Sumir mundu kalla það níðstöng frjálshyggjunnar framan í Framsfl. Hér er um að ræða frv. til l. um að framkvæma hugmyndir ofstækisfyllstu frjálshyggjupostulanna í Sjálfstfl. og það er kannske engin tilviljun að einn af höfuðhugmyndafræðingunum settist hér að í alþingishúsinu einmitt í dag, sá sem hefur skrifað langar og lærðar greinar um þann vanda sem blasir við þeim mönnum sem vilji selja ömmu sína, svo ég vitni í greinar sem voru birtar fyrir nokkru, en það var eins og kunnugt er ekki hægt vegna þess að viðkomandi hafði ekki þinglýst eignarhald á ömmunni.

Þetta frv. var sent til umsagnar m. a. hjá alþýðusamtökunum og niðurstaða þeirra var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. var sent Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umsagnar. Hvor tveggja samtökin hafa svarað og lýst yfir andstöðu sinni við frv. Umsagnir ASÍ og BSRB eru birtar hér sem fskj."

Í lokaorðum umsagnar miðstjórnar ASÍ, sem samþykkt var einróma á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins 2. febr. s. l., segir svo:

„Umsögnin er einföld: Tillögurnar eru eðlilegur þáttur í þeirri samfelldu stefnu ríkisstj. að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Alþýðusambandið getur ekki gert þá stefnu að sinni."

Hér er að mínu mati, herra forseti, komið að kjarna þessa máls. Þess vegna tel ég að miklu brýnna væri að bæta kjör lágtekjufólks með breytingum á skattalögum fremur en að veita atvinnurekendum og fjármagnsöflum enn frekari skattfríðindi. Þess vegna legg ég til, herra forseti, að þetta frv. verði fellt.

Fari hins vegar svo mót vonum mínum að þetta frv. verði samþykkt vil ég að því verði haldið til haga í þingtíðindum sem formlegri ósk af minni hálfu að skattyfirvöld og fjmrn. leggi á það mjög þunga áherslu að skrá rækilega þá aðila sem nota sér þær heimildir sem þetta frv. gerir ráð fyrir og hversu miklar upphæðir er þar um að ræða hverju sinni, þannig að unnt verði fyrir stjórnvöld að fylgjast mjög nákvæmlega með þeim áhrifum sem kunna að verða af samþykkt frv. þessa

fyrir atvinnulífið í landinu. Ég held að þau áhrif séu í raun og veru og verði í raun og veru ekki svo ýkjamikil fyrir atvinnulífið og fjölgun starfstækifæra. Ég held að hérna verði þvert á móti um að ræða lagareglur sem komi fjármagnseigendum fyrst og fremst til góða, án þess að það þurfi endilega að skila árangri í atvinnulífinu sjálfu. Þetta frv. er nefnilega undirbúið og flutt af aðilum sem eru mjög ókunnugir í atvinnulífinu. Þetta eru skrifborðsatvinnurekendur, eins og hv. þm. Þorsteinn Pálsson sem starfaði um skeið hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, menn sem þekkja ekkert til í atvinnulífinu sjálfu. Þess vegna hygg ég að í raun breyti þetta litlu um fjölgun atvinnutækifæra í landinu, en hins vegar geti þetta hyglað stórum fjármagnseigendum á kostnað fólksins í landinu.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um það úr þessum ræðustól á þessu stigi málsins. Það er samkomulag um það milli flokkanna hér í þinginu að nú verði mælt fyrir nál. þeirra tveggja mála sem hér um ræðir, þ. e. 159. og 160. máls, en síðan verði umr. frestað og haldið áfram á mánudag. Ég get þessa hér vegna þess að ég vil gjarnan að það sé skýrt um hvað menn eru að gera samkomulag. Ég minni á að einn aðili að meirihlutaáliti um mál þetta hefur skrifað undir nál. með fyrirvara. Hann er hins vegar fjarverandi í dag, hefur boðað veikindi, og því eðlilegt að honum verði gefinn kostur á því, svo og öðrum þm., að ræða málið nánar n. k. mánudag eða þegar hæstv. forseta sýnist rétt að taka málið til framhaldsumr.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vænti þess að forseti minnist þess að það var um það talað að fundum lyki kl. 6 í dag. Ég hefði helst viljað halda það samkomulag ef það væri mögulegt. (**Forseti:** Forseti mun gera sitt til þess að svo verði. En vill hv. þm. flytja ræðu sína nú?) Ég var búinn að ráðstafa mér og gera öðrum grein fyrir því á sínum tíma. (**Forseti:** Er það hv. frsm. bagalegt?) Það vill svo til að ég er frsm. bæði í þessu máli og hinu málinu sem hugmyndin var að taka fyrir. (**Forseti:** En væri ekki möguleiki á því þrátt fyrir allt að hv. þm. gerði nú grein fyrir minnihlutaáliti sínu og síðan yrði þessum fundi lokið?) Það er alltaf heldur leitt að þurfa að ganga á bak þeirra ráðstafana, sem maður hefur gert gagnvart öðru fólki og af því ég hafði gert slíkar ráðstafanir fyrr í dag, hefði ég viljað að fundi lyki núna kl. 6, eins og um hafði verið talað. (**Forseti:** Ef hv. þm. er með mjög langa ræðu er sjálfsagt erfitt að breyta nokkuð út af því sem um var rætt hér í dag. Mun þá umr. frestað og þetta mál tekið út af dagskrá. Það á einnig við um 2. dagskrármálið, það er tekið út af dagskrá. — Það liggur ekki fleira fyrir fundinum. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá.)

Umr. frestað.

Efri deild, 68. fundur.

Mánudaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. 255. mál (þskj. 472, n. 492). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti Heilbr.- og trygginganefndir beggja deilda fjölluðu um þetta frv. sameiginlega til þess að flýta afgreiðslu málsins að ósk hæstv. heilbrrh. Í framsöguræðu hans, þegar hann mælti fyrir frv., kom fram að hækkanir bóta skv. þessu frv. eigi að gilda frá 1. mars og vegna útreikninga þurfi þær að komast inn í tölvu í þessari viku. Viðstaddir nm. beggja deilda voru sammála um að stuðla að því að málið fengi greiðan aðgang í gegnum deildir þingsins.

Frv. þetta er samið í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstj. um að hún beiti sér fyrir úrbótum handa þeim sem verst eru settir með ákveðnum hækkunum á bótum almannatrygginga og tengist samningum þeim sem nýlega voru gerðir milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Hér eru nú fram komin í frv.-formi loforð ríkisstj. í síðustu samningum aðila vinnumarkaðarins og má til sanns vegar færa að þetta frv. staðfesti að menn hér á landi velkist í nokkrum vafa um hvað séu laun og hvað ekki. Tryggingabætur, barnabætur, kaup fyrir unna vinnu á vinnumarkaði — öllu þessu hefur nú verið ruglað svo kyrfilega saman að enginn virðist vita lengur hvað raunverulega felst í orðinu „laun“, afrakstur fyrir unna vinnu.

Ég er þeirrar grundvallarskoðunar að dagvinnulaun á hinum almenna vinnumarkaði eigi að vera nægilega há til að duga mönnum til framfærslu. Enginn sem vinnur fulla vinnu á að þurfa að svelta og ég tel það vera niðurlægjandi fyrir konu eða karl í fullu starfi að geta ekki framfleytt sér og sínum af atvinnutekjum sínum. Sú krafa að fólk geti fætt sig og klætt af launum sínum hlýtur að teljast hógvær krafa.

Á hinn bóginn er það jafnmikið réttlætismál að þjóðfélagið sem heild viðurkenni þá vinnu sem allajafna er unnin launalaust inni á heimilunum og hefur oftast ekki verið talin vinna, enda venjulega unnin af konum. Hér á ég við þá vinnu sem felst í því að annast um og ala upp nýja einstaklinga í þjóðfélaginu. Sjálfsagt er að þjóðfélagið viðurkenni mikilvægi þessara starfa og geri það m. a. með því að greiða þeim sem störfin vinna barnabætur, mæðralaun, fæðingarorlof og aðrar slíkar greiðslur. En þessar greiðslur eru ekki laun fyrir vinnu unna á vinnumarkaði. Þetta eru greiðslur fyrir vinnu unna utan vinnumarkaðar og þessu tvennu má ekki rugla saman eins og gert hefur verið. Þeim sem þá vinnu kaupa sem unnin er á vinnumarkaði, þ. e. atvinnurekendum, er skylt að greiða fyrir hana skv. umsömdum taxta án nokkurs tillits til hver vinnur vinnuna og hvernig aðstæður hennar eða hans annars eru. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði því hin lágu laun kvenna á vinnumarkaðinum stafa m. a. af því að á konur hefur ekki verið litið sem fyrirvinnu. Tekið hefur verið mið af hverjar þær eru og kaupið verið og er enn að sama skapi lágt.

Konur þurfa ekki að láta borga með sér á vinnumarkaðinum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Þær eiga einfaldlega heimtingu á mannsæmandi launum fyrir þá vinnu sem þær inna þar af hendi. Fyrir þá vinnu eiga atvinnurekendur að greiða. Ríkið er að greiða fyrir allt annað en vinnu unna fyrir atvinnurekendur þegar það greiðir þær greiðslur sem þetta frv. kveður á um. Mæðralaun t. d. eiga ekki að fylla upp í skarðið í launaumslaginu frá vinnuveitendanum, þau eiga að vera til staðar óháð kjarasamningum þótt eðlilegt sé hins vegar að beita þeim í samræmi við þarfir hvers og eins.

Eins og ljóst má vera af þessu er ég ósátt við hvernig þetta frv. er til komið, þ. e. sem hluti af kjarasamningum á hinum svokallaða frjálsa vinnumarkaði. Hins vegar er ég engan veginn á móti því í sjálfu sér að þær greiðslur sem hér um ræðir séu hækkaðar eins og frv. kveður á um. Ég er út af fyrir sig mjög fylgjandi því að ríkið viðurkenni á þennan máta mikilvægi þeirra starfa sem unnin eru kauplaust utan vinnumarkaðar. Á þeirri forsendu og í ljósi þeirra bágu aðstæðna sem mörg heimili í landinu búa nú við mun ég ekki greiða atkv. gegn þessu frv. Hins vegar vil ég láta í ljós og ítreka þá ósk mína að ríkisvald og aðilar vinnumarkaðarins muni í framtíðinni bera gæfu til að skilja þarna á milli, skilja á milli greiðslna fyrir vinnu unna á vinnumarkaði annars vegar og vinnu unna utan vinnumarkaðar hins vegar, þannig að enginn velkist í vafa um hvað séu laun fyrir hvað, hvers virði vinnuframlag hvers og eins sé á hinum mismunandi en jafn nauðsynlegu starfssviðum hvers einstaklings.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar fyrir rösklega afgreiðslu á þessu máli og jafnframt endurtaka að naumur tími er til að koma þessum bótum inn í tölvu þannig að þær komi til útborgunar fyrri hluta næsta mánaðar.

En vegna ræðu síðasta ræðumanns, hv. 11. þm. Reykv., vil ég taka fram að það er byggt á afar miklum misskilningi að þetta frv. rugli saman launatekjum og bótum almannatrygginga. Þetta frv. er byggt á almannatryggingalöggjöf sem búin er að vera í gildi að frumstofni frá 1936. Hins vegar eru bótaflokkar fleiri en þá voru og það miklu fleiri. En allt er þetta byggt á tryggingabótum sem eru grundvöllur almannatryggingalöggjafarinnar.

Ég vil líka taka það fram að þó að aðilar vinnumarkaðarins hefðu ekki komið til ríkisstj. og gert þessa samninga sem gerðir voru eða hliðstæða samninga hefðu bætur almannatrygginga orðið að hækka til samræmis við þær bætur. Hins vegar var samið um nokkuð annað, sem snertir beint launamarkaðinn, sem ekki kemur hér inn, en flest er þetta án tengsla við þessa samninga, almenni grunnlífeyririnn, örorkulífeyririnn. Hins vegar eru mæðralaun hækkuð meira og segja má að það sé fyrir tilstilli samninga ASÍ og VSÍ. En hinar almennu hækkanir skv. almannatryggingalögum, grunnlífeyririnn, tekjutryggingin og örorkubæt-

urnar, hefðu, þó að aðilar hefðu aldrei rætt við ríkisstj., orðið að mínum dómi að hækka þetta.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Í athugasemdum við lagafrv. þetta stendur að ákvæði þess tengist „ákvörðun ríkisstj. og samningum þeim sem nýlega voru gerðir milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja". Það fer því ekkert á milli mála að þetta frv. er tengt þeim samningum sem hér um ræðir. Ég sagði hins vegar ekki að frv. í sjálfu sér ruglaði saman launum og tryggingabótum heldur sagði ég að því hefði verið ruglað saman í þessum samningum. Ég hef ekkert á móti frv. og ég mun greiða því atkv. mitt. En ég er á móti því hvernig það er til komið.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið og vænti þess að það fái fljóta afgreiðslu. En ástæðan fyrir því að ég kveð mér nú hljóðs er undrun mín á málflutningi hv. 11. þm. Reykv. sem mótmælir því hvernig þetta er til komið, hvernig einstæðar mæður fái hærri bætur, hvernig aðrir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að fái auknar bætur, fái hærri tekjur.

Það var mikil fýla í þessum ummælum, ólund yfir því að verkalýðshreyfingin skyldi dirfast að taka að sér að semja um þessa þætti til bóta fyrir þær konur sem eiga um sárt að binda. Hvað á svona málflutningur að þýða? Ég er viss um að verkafólk skilur hvað hér er á ferðinni, verkakonur gera sér grein fyrir því að hér er um að ræða bætur sem skipta þær miklu máli. Ég hygg að aðrir í verkalýðshreyfingunni telji sjálfsagt að semja um þessa þætti eins og aðra. Þetta eru kjör fólks sem verið er að semja um.

Ég vil benda á að allar helstu úrbætur í almannatryggingum á umliðnum áratugum hafa átt sér stað fyrir þrýsting verkalýðshreyfingarinnar. Allar helstu félagslegu umbætur sem hafa komið til handa þeim sem verr eru settir í þjóðfélaginu hafa komið til vegna samninga verkalýðshreyfingarinnar, vegna krafna verkafólksins í landinu, vegna þess að fólkið í verkalýðshreyfingunni hefur talið það höfuðatriði að fá betri kjör en ekki það hvernig þau eru fengin. Saga verkalýðshreyfingarinnar sýnir að hún álítur fleira kjör en krónu.

Ég furða mig á því ef hér finnast raddir fólks sem mótmælir því að þessar aðferðir séu notaðar til að bæta úr fyrir þeim sem illa eru staddir. Verkalýðshreyfingunni er það ljóst að gera þarf betur í þessum málum. Verkalýðshreyfingunni er ljóst — og þá einkum eftir þá kjarakönnun sem fór fram nú nýlega — að þar sem borið er niður varðandi bæturnar eru aðstæðurnar hvað verstar. Það er þess vegna sem verkalýðshreyfingin taldi rétt að beina kröftum sínum í það að fá þessar bætur hækkaðar. Þetta frv. er árangurinn af þeim kröfum. Fólkið sem nýtur þessara bóta finnur og skilur hvað verkalýðshreyfingin var að gera þó að einhverjir hér inni skilji það ekki.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég er ekki á móti því að einstæðar mæður fái hærri bætur. Þvert á móti, ég fagna því, og segi það núna í þriðja skiptið hér úr þessum ræðustóli í dag. En þessar bætur eiga að vera óháðar launum þeirra á hinum almenna vinnumarkaði. Þar á verkalýðshreyfingin að sjá sóma sinn í því að semja um mannsæmandi atvinnutekjur fyrir einstæðar mæður jafnt sem aðra.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég skal reyna að verða stuttorður. Ég gat bara ekki orða bundist út af ummælum hv. 6. landsk. þm. vegna orða hv. 11. þm. Reykv., því að það var ekki nóg með að hann misskildi það sem hún var að segja, heldur sneri hann svo gersamlega út úr því að maður fer að efast um að menn séu hér virkilega með opin eyrun. Þegar maður síðan hlustar á áframhaldandi röksemdafærslu hv. þm. áttar maður sig á því að þessi málflutningur byggist náttúrlega ekki hvað síst á því, að hv. 6. landsk. þm. er í störfum sínum fyrir verkalýðshreyfinguna orðinn alveg ruglaður í því í raun og veru í hverra umboði hann er hvar og hvenær. Sem forustumanns í verkalýðshreyfingu er það hans hlutverk að semja um laun fyrir umbjóðendur sína. Þau laun eru síðan að sjálfsögðu sá kjaragrundvöllur sem þetta fólk þarf að búa við. Sem þm. er það hans hlutverk að semja lög sem lúta að möguleikum þessa fólks sem einstaklinga.

Það fer ekkert á milli mála að þær úrbætur sem hér voru réttar fram af hálfu ríkisins í hendur atvinnuviðsemjendum á vinnumarkaði, bæði atvinnurekendum og launþegasamtökum, eru nauðsynlegur grundvöllur fyrir verkalýðsfélögin til að réttlæta síðferðilega þá samninga sem þau höfðu náð. Þetta var í sjálfu sér ekki ávinningur sem verkalýðshreyfingin sem slík náði fram, heldur var þetta tilboð sem kom fram af hálfu ríkisstj. til að greiða fyrir samningum og gera verkalýðsforingjunum mögulegt að réttlæta þá í augum sinna umbjóðenda. Og það að fagna því að fá svona dulu til að breiða yfir þá stöðu sem launþegar eru í í dag gerir manni ljóst að umbjóðendur verkalýðsins eru gersamlega búnir að tapa sjónum af því hvert þeirra hlutverk er. Þetta leiðir hugann að öðru máli, sem ég veit ekki hvort við fjöllum hér um í dag, en a. m. k. á næstunni. Það er frv. um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem einmitt er verið að fara fram á það að einstaklingar og hópar þeirra öðlist rétt til að semja um sín kjör án beinnar íhlutunar forustu verkalýðsstéttarinnar. Ég held að álíka uppákomur og þessi hérna sanni hverjum hugsandi manni nauðsyn þess að einstaklingar eigi þennan rétt og geti notað hann þegar þeim þykir henta.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég fagnaði því áðan að frv. þetta er fram komið. Þess vegna er það rangt hjá hv. 8. þm. Reykv. að ég fagni sérstaklega einhverri dúsu sem hafi verið stungið upp í einn eða annan. Það er rangt og útúrsnúningur. Ég fagnaði því að frv., sem er árangur af samningum milli verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda kæmi hér fram, enda var það í verkahring ríkisstj. að leggja slíkt frv. fram.

Það er eftirtektarvert að einstaklingar sem tala um kjarasamninga nú telja sig þess umkomna að ganga í skrokk á verkalýðshreyfingunni og forustumönnum hennar eins og þeim dettur í hug. Þetta er nokkurs konar 6. herdeild Vinnuveitendasambandsins, sem hér er komin á stúfana til stuðnings við þau sjónarmið sem Vinnuveitendasambandið heldur uppi til árása á þá sem eru í forustu fyrir verkalýðshreyfingunni. Það er ekki vafi á að þeir telja þessa liðsmenn sína mjög gilda og

gegna og góða til málflutnings fyrir sig. Hins vegar er ég sannfærður um að verkafólk hafnar slíkum málflutningi.

Hér var sagt að verkalýðsfélögunum væri sæmra að semja um betri laun en náðst hefur samkomulag um nú þegar. Ég vil minna þetta fólk á að í samningum eru það tveir sem deila og þurfa að ná samkomulagi til þess að samningar náist. Það er frumatriði að menn viti það, en það er greinilegt að það gera ekki allir sér ljóst.

Það hefur tíðkast hér og það hefur tíðkast á Norðurlöndunum líka, þar sem álitið er að þjóðfélagsskipan sé hvað hagstæðust launafólki, að ríkisvaldið hefur komið inn í samninga þegar verkalýðshreyfing og atvinnurekendur hafa talið þess þurfa, einkum þó verkalýðshreyfingin. Með þessu móti hefur verið knúið á um mjög verulegar þjóðfélagsbreytingar til handa þeim sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Þjóðfélagsgerðinni hefur verið breytt á þann veg að fólkið hefur fengið meira, samfélagið hefur látið meira af hendi rakna til þeirra sem verst eru settir.

Ég get ekki að því gert að ég hef skömm á þeim málflutningi sem hér hefur verið uppi hafður, málflutningi sem einkennist af þjónkun við málstað Vinnuveitendasambandsins, málflutningi sem einkennist af árásum á þá sem valist hafa til forustu fyrir verkafólk, árásum á þær hugsjónir sem verkalýðshreyfingin er í raun að berjast fyrir.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Hv. 6. landsk. þm. segist hafa skömm á málflutningi mínum og hv. 11. þm. Reykv. Ég hirði svo sem ekki mikið um það hvort hann hefur skömm eða velvild á okkar málflutningi. Ég verð þó að vísa þeirri fullyrðingu á bug að 6. herdeild atvinnurekenda sé hér fram komin í minni persónu og persónu hv. 11. þm. Reykv. Ég held miklu frekar að hún sé enn þá í forustu fyrir verkalýðsfélögum flestöllum hér á landi. Og það að hv. 6. landsk. þm. skyldi verða sá fótaskortur á tungunni að fara að draga Norðurlönd hér inn í til samlíkingar sannar manni það einungis enn frekar. Þá er hann hreint og beint að horfa til þess gullna ástands sem þar ríkir, með hátt í 10% atvinnuleysi, sem einhverrar framtíðarhugsjónar fyrir verkafólk hér á landi. Ég er ekki viss um að verkafólk almennt geri sér grein fyrir því að hann er þar að taka undir þann málflutning og þá stefnumörkun sem hæstv. ríkisstj. hefur þegar aðhyllst, að ná hér efnahagslegu jafnvægi með því að koma á ákveðnu atvinnuleysisstigi sem leið að þeim efnahagslegu markmiðum sem hún setur sér.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé í umr. um þetta mál að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig ástandið var um það leyti sem samningar um kaup og kjör fóru fram og að hve miklu leyti þeir koma að gagni til þess að forðast mjög alvarlegt ástand í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Mér finnst verkalýðshreyfingin hafa tekið ábyrga afstöðu. Það er staðreynd að Íslendingar voru algjörlega að missa vald á sínum efnahags- og atvinnumálum. Verðbólgan var komin yfir 100%. Á sama tíma minnka stórlega þjóðartekjurnar og það hefur auðvitað djúpstæð áhrif til hins verra. Erlendar skuldir eru orðnar svo miklar að menn eru sammála um að þær skuli ekki auka. Það lá því alveg í augum uppi að ef ekki hefði verið tekið í taumana — og ekki aðeins af hálfu ríkisvaldsins, það þurfti meira að koma til — þá hefði fjöldinn allur af atvinnufyrirtækjum í landinu stöðvast á næstunni og hundruð og jafnvel þúsundir manna orðið atvinnulausir. Það er undir þessum kringumstæðum sem verkalýðshreyfingin kemur inn í þessa mynd með alveg nýjum og ábyrgum hætti að mínum dómi, með algjörlega nýjum vinnubrögðum. (**Gripið fram í:** Ertu að tala um nútíðina?) Ég er að tala um atburði seinustu mánaða og í framhaldi af því samningana um kjaramálin sem nú hafa verið gerðir.

Eins og kunnugt er var bannað að gera samninga um ákveðið tímabil. Verkalýðshreyfingin hafði ekki tök á því að ganga til samninga vegna þess að það var bannað um sinn. Mér finnst verkalýðshreyfingin hafa tekið ábyrgt á þessum málum og lagt sitt af mörkum til þess að þjóðin, ég segi þjóðin í heild, næði sæmilegu valdi á framvindu efnahags- og atvinnumála. Og mér finnst full ástæða til að eftir því sé tekið vegna þess að það er ekkert auðvelt verk fyrir þá sem eru forustumenn í verkalýðshreyfingunni. Það verður að segja það eins og er að stundum hafa launþegar og atvinnurekendur gert samninga sem hafa verið langt fyrir ofan það sem nokkur skynsemi er í. Það gerðist bæði 1974 og 1977. Ef slíkir samningar hefðu verið gerðir nú hefði viðleitni ríkisstj. til að kveða niður verðbólguna rokið út í hafsauga og hér hefði verðbólga magnast og áreiðanlega atvinnuleysi í kjölfarið, vegna þess að það lá fyrir að fjöldamörg atvinnufyrirtæki í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar um allt land voru að stöðvast. Mér finnst ástæða til að láta í ljósi þá skoðun að verkalýðshreyfingin hafi hér lagt af mörkum stóran skerf til að reyna að tryggja það að hér kæmist á sæmilegt jafnvægi í efnahags- og atvinnumálum.

Frv. sem við erum hér að ræða um er auðvitað frv. ríkisstj., það er engin spurning, það sem Alþingi fjallar um, en í alveg ákveðnum tengslum við þá samninga sem gerðir hafa verið á vinnumarkaðinum. Það er t. d. ástæða til að minna á það að fyrir nokkuð mörgum árum, líklega einum 15 árum eða meira, voru Finnar í miklum vandræðum. Þeir höfðu misst vald á verðbólgunni og höfðu gífurlegar áhyggjur af framvindu mála. Þá gerðist hjá þeim ekkert ósvipað og hér hefur gerst, að samkomulag náðist milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. um ákveðnar aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og þar með kjaramálum. Mér finnst því ástæða til að undirstrika það að verkalýðshreyfingin hafi hér tekið á. Og hún hafi gert það enda þótt það sé að mörgu leyti mjög erfitt, ekki síst vegna þess að menn búa hér við minnkandi þjóðartekjur í bili, verulega minnkandi þjóðartekjur, og hafi orðið að taka mið af þeirri staðreynd.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Auðvitað er það svo, að þær tryggingabætur sem hér eru hækkaðar eru ekki nægilegar að mínu mati. En skv. frv. og skv. þeim kjarasamningum sem áttu sér stað fyrir skemmstu náðist samkomulag um að hækka bætur mjög verulega. Hækkunin skiptir tugum prósenta miðað við það sem áður var, og ég fullyrði það að hefði ekki komið til þrýstingur frá hendi verkalýðssamtakanna og mætti verkalýðshreyfingarinnar verið beitt hefðu þessar bætur ekki fengist og þetta fólk væri því verr sett sem nemur þeim bótum sem þarna er um að ræða.

Ég tel að ríkisvaldið hefði ekki hækkað þessar tryggingar svo sem gert er nú nema vegna þessa samkomulags. Auðvitað fagna ég því að þetta samkomulag náðist. Auðvitað fagna ég því að hækkun um tugi prósenta náðist með þessum kjarasamningum. En ég er ekki þar með að segja að þetta fólk hafi fengið nóg, eins og látið var að liggja hér áðan. Það er öðru nær. Auðvitað þarf að komast miklu lengra. En þetta er þó skref í áttina, sem hefur náðst fyrir tilstilli verkalýðssamtakanna og er því af því góða. Og ég minni enn á að allar helstu umbætur í tryggingamálum hafa átt sér stað fyrir þrýsting verkalýðssamtakanna, vegna þess að mönnum er ljóst að fleira er kjör en króna.

Það er ekki vafi á því að margur á um sárt að binda þrátt fyrir þessa kjarasamninga. Auðvitað vilja samninganefndir oft komast miklu lengra en samkomulag næst um. Það er og svo í þessu tilviki. En það var mat manna að lengra yrði ekki komist að sinni og tryggingabæturnar voru þáttur í því að leysa þær deilur sem uppi voru.

Ég undrast þann málflutning sem ekki aðeins hefur heyrst hér í þingsölum heldur líka hjá mörgum samtökum sem um þetta hafa fjallað, eins og t. d. Félagi einstæðra foreldra. Þó að gera þyrfti vissulega miklu meira en gert er nú, þá voru samfara þessum samningum gerðar meiri breytingar í þágu einstæðra foreldra en nokkru sinni áður. (**Forseti:** Ég minni hv. þm. á að hann er að gera örstutta athugasemd.) Já. Það er þessi fýla sem mér finnst furðuleg í þessum efnum.

Það var aðeins vikið hér að Norðurlöndunum. Ég minntist á það, sem er staðreynd, að Norðurlöndin búa við þjóðskipulag sem þjóðir annars staðar í veröldinni horfa til með nokkurri aðdáun. Atvinnuleysi er þar minna en víðast annars staðar og fólk er tryggara í atvinnuleysi þar en annars staðar. Og það er fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar þar að svo er. Að tengja ummæli mín áðan því, að ég sé samþykkur atvinnuleysi í þessum löndum, er nú svo furðulegt að ég nenni ekki að svara því. Þeir sem ástunda slíkan málflutning mega gjarnan gera það í sinn hóp en ættu helst ekki að bjóða öðru fólki upp á slík skringilegheit.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 26. mars, að loknum 68. fundi.

Almannatryggingar, frv. 255. mál (þskj. 472). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. 188. mál (þskj. 490). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fjarskipti, frv. 252. mál (þskj. 459). — Frh. 1. umr.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hefur nú gert allítarlega grein fyrir þeim nýmælum og breytingum sem felast í þessu frv. til fjarskiptalaga og sé ég ekki sérstaka ástæðu til að fjölyrða mjög um það. En þar sem ég átti sæti í þeirri nefnd sem endurskoðaði þessi lög þykir mér ástæða til að geta hér nokkurra atriða.

Almennt má segja um þetta frv. að það horfir verulega í frjálsræðisátt frá því sem verið hefur. Er þar kannske til að taka að gefinn er frjáls innflutningur á notendabúnaði, þ. e. þeim símtólum og símtækjum sem eru fyrir innan vegg á heimili eða í fyrirtæki viðkomandi aðila. Þetta er auðvitað sjálfsagt mál og eðlilegt, sem hefði átt að vera komið til framkvæmda fyrir löngu, vegna þess að auðvitað á réttur Póst- og símamálastofnunar hverju sinni ekki að ná nema að heimilisvegg eða húsvegg í hvaða tilviki sem er, rétt eins og gildir um rafmagn, og innan dyra á viðkomandi aðili að fá ráðið því sem hann ráða vill um lagnir og tækjabúnað. Þetta er meginatriði varðandi breytingar sem frv. gerir ráð fyrir.

Ýmsu öðru hefur hér verið breytt og fært til nútímahorfs. Það sem þó er meginatriði í þessu sambandi kemur hér fram í grg. Það er sú staðreynd að á tímum eins og nú eru, þegar framfarir í fjarskiptatækni allri eru jafnörar og raun ber vitni, þá verður löggjöf af þessu tagi í rauninni að vera í stöðugri endurskoðun.

Í athugasemd við frv. er frá því greint að á fundum nefndarinnar hafi töluvert verið rætt um hin svonefndu „kapalkerfi“, sem rutt hafa sér til rúms hér á landi til hliðar við lög og rétt, og raunar mætti kannske segja í trássi við lög og rétt, en verið látin afskiptalaus að mestu. Með leyfi forseta segir hér í grg.: „Nefndarmönnum er ljóst að slík „kapalkerfi“ eða boðveitur muni koma a. m. k. í þéttbýli á næstu árum, — kerfi sem geta flutt upplýsingar og myndefni til og frá heimilum.“ Þetta er mál sem þarf að ræða hér og taka afstöðu til. Nefndinni þótti hins vegar ekki ástæða til við þessa endurskoðun fjarskiptalaganna að fjalla um svo viðurhlutamikið mál sem næsta litla umr. hefur fengið hér í þjóðfélaginu. En auðvitað er nauðsynlegt að taka á því fyrr en varir.

Framfarir á þessu fjarskiptasviði hafa verið svo örar undanfarin ár að það er raunar með ólíkindum. Það var t. d. fyrsta árið 1956 að talsímakapall var lagður yfir Norður-Atlantshaf. Áður hafði sæsíminn verið lagður, ritsími, en fyrir símtöl milli landa yfir Atlantshafið var notast við ótryggt loftskeytasamband eða radíósamband. Það var svo 9 árum seinna sem fyrsti gervihnöttur inn var sendur á loft, fyrsti fjarskiptahnötturinn. Fjarskiptahnettirnir, sem nú eru hér yfir miðbaug í 36—

38 þús. km hæð og snúast þar með jörðu, eru sennilega einhver mesta bylting sem orðið hefur í tækni og fjarskiptum á þessari öld. Þessi fyrsti fjarskiptahnöttur, sem sendur var á loft 1965, fyrir 19 árum, var nú ekki burðugri en svo, að um hann gátu ekki farið nema 240 símtöl samtímis, en þeir fjarskiptahnettir sem verið er að senda á loft á þessu ári, INTELSAT 4, INTELSAT 5 og INTELSAT 5 A anna 15 þús. símtölum samtímis. Talið er að árið 2025 muni fjarskiptahnattakerfin sem þá verða komin í notkun anna 130 þús. millj. símtala samtímis eða jafngildi þess í öðrum fjarskiptum. Þá verða íbúar jarðarinnar væntanlega ekki nema 12 þús. millj., en hins vegar munu þá verða komnar til ýmsar nýjar þarfir, svo sem sjónvarpsfundir milli landa, þar sem menn sitja hver á sínum heimastað og ræðast við. Þá verður væntanlega komið til nýtt hágæðasjónvarp sem tekur meira pláss á bylgjusviðinu en sjónvarp gerir núna og gefur margföld myndgæði á við það sem nú er. Væntanlega verður líka komið þrívíddarsjónvarp, segja þeir sem leitast við að spá fyrir um slíka hluti, og sitthvað fleira, þannig að ekki fer þetta allt undir símtöl. Þessir INTELSAT 5 fjarskiptahnettir geta sent ótrúlegt magn upplýsinga. Með þeim sendihraða sem menn ráða yfir nú er hægt að senda allt efni alfræðiorðabókar á borð við Encyclopædiu Britannicu yfir Atlantshafið sex sinnum á hverri mínútu.

Árið 1986 koma INTELSAT 4 fjarskiptahnettir í notkun. Þeir munu anna 36 þús. símtölum samtímis eða 120 sjónvarpsrásum. A. m. k. 12 slíkir hnettir verða sendir á loft og hver af þessum hnöttum getur annað öllu efni Britannicu-orðabókarinnar 25 sinnum á hverri einustu mínútu. Það er stundum verið að reyna að segja okkur það hér að kostnaður við gervihnetti og þvíumlíkt fari vaxandi. Staðreyndin er sú að þessi kostnaður fer hraðlækkandi með hverju árinu sem líður. Það eru nú 170 lönd og landsvæði sem njóta þjónustu INTELSAT hnattanna og notkunaröryggi þessa kerfis er rúmlega 99.9%. Það sem gerast mun í þessum fjarskiptum á næstunni er það, að þetta hætti að verulegu leyti að vera fjarskipti milli manna. Þetta verða annars vegar fjarskipti milli manns og tölvu og hins vegar fjarskipti milli tölva eða tölvubanka.

Ég vék áðan að verðinu á þessari þjónustu, sem okkur er sagt hér að standi kannske í vegi fyrir því að við getum nýtt okkur alla þessa tækni. Raunar er það svo, ég er þeirrar skoðunar, að Póstur og sími og þeir samningar sem við höfum við Mikla norræna ritsímafélagið hafi staðið þróuninni í þessum efnum hér fyrir þrifum. En nú kemur að því áður en langt um líður að við getum keypt Mikla norræna ritsímafélagið út úr jarðstöðinni, sem við eigum hér, og við eigum að gera það sem fyrst.

Ef miðað er við verðbólgu þá er INTELSAT-þjónustan 18 sinnum ódýrari núna en hún var 1965. Jafnframt því hefur það gerst að jarðstöðvar til móttöku á upplýsingum og fjarskiptum frá gervihnöttum verða ódýrari með hverju árinu. Þessar jarðstöðvar eru í sívaxandi mæli notaðar til að annast símaþjónustu innanlands. Einkanlega hefur þetta komið þróunarlöndunum vel, þar sem símakerfið var vanbúið eða vanþróað, og ýmis þeirra, t. d. Indland og ýmis Afríkuríki, hafa tekið slíkar stöðvar í sína þjónustu í sívaxandi mæli. Jarðstöðvar eru nú orðið ekki dýrari en svo að það væri hverju meðalfyrirtæki raunar í lófa lagið að koma sér upp eigin jarðstöð.

Það væri kannske ástæða til að minnast á ýmislegt fleira í þessu sambandi, aðeins til að benda á hvað framfarirnar hafa verið óskaplega örar og eiga eftir að verða enn þá örari. Ég geri ráð fyrir að menn hafi heyrt talað um svonefnda minniskubba, sem eru í tölvum, í tölvuúrum og vasareiknitölvum sem menn eiga. Fyrir 10 árum var hægt að setja 16 upplýsingaeiningar á einn minniskubb. Nú er hægt að setja 236 þús. slíkar einingar í samsvarandi minniskubb og menn sjá í rauninni ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að gera enn þá betur. Og allt verður þetta ódýrara eftir því sem fram líða stundir. Árið 1952, þegar tölvurnar voru að koma á markað, kostuðu 100 þús. reikningseiningar 1 dollar 25 cent. Árið 1980 kosta jafnmargar reikningseiningar, 100 þús., 0.25 cent. Það eru 400 þús. útreikningar fyrir 1 cent.

Á tímabilinu frá des. 1974 til 1979 hækkaði verð á bensíni í Bandaríkjunum um meira en 100%, verð á byggingarefnum um 65%, og verð á kjöthakki um 74%. Á sama tíma lækkaði reiknikostnaður í tölvum um 95%.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri. En ég held að við þurfum að huga mjög alvarlega að því sem er að gerast á þessum vettvangi. Við eigum að horfa fram og við eigum að notfæra okkur þær byltingar í fjarskiptum og fjarskiptatækni og upplýsingaflæði sem nú eru að eiga sér stað.

Ég geri ráð fyrir að einhverjir hv. þm. hafi hlýtt á fréttir Ríkisútvarpsins í gær. Þar var talað við einn af yfirverkfræðingum Pósts og síma sem sagði frá því að að því kæmi hér von bráðar að svonefndir glertrefjaþræðir eða ljósleiðarar yrðu teknir í notkun sem símakaplar í þéttbýli. Til marks um afkastagetu slíkra leiðara má geta þess, að strengur af því tagi með ljósleiðurum, sem er hálfur þumlungur í þvermál, getur annað 40 þús. símtölum samtímis, en jafngildur þráður með koparvírum, eins og nú eru notaðir, getur sennilega annað 30—40 símtölum samtímis. Við erum að lifa byltingu í þessum efnum og ég óttast að við höfum ekki nægа gát, fylgjumst ekki nógu vel með því sem er að gerast. Í rauninni væri fullkomin ástæða til að setja á stofn sérstaka nefnd, sem hefði það hlutverk eitt að horfa fram á við í þessum efnum, fylgjast með því sem er að gerast, kynna sér spádóma færustu sérfræðinga um hvernig þessi mál muni þróast og gera síðan tillögur um það hvernig við ættum að bregðast við. Á sviði þessarar tækni eru það nefnilega ekki hráefni sem skipta máli. Það er mannauður og menntun fólksins sem eru forsenda framfara. Ég er ekki í vafa um það að við Íslendingar getum notið góðs af. Við getum skapað atvinnu, við getum skapað velmegun með því að nýta okkur þessa tækni betur en við höfum gert. Það hefur raunar á sumum sviðum verið gert og því ber að fagna.

En að lokum, virðulegi forseti, vil ég leggja áherslu á að þetta frv., þessi endurskoðun sem hér hefur átt sér stað, er aðeins þrep á lengri leið, aðlögun þessara laga að breyttum tímum. Hér þarf að gera enn þá betur. Í rauninni held ég að væri veruleg ástæða til að huga að því hvort ekki ætti að setjast nú á rökstóla og líta sérstaklega m. a. á það sem varðar kapalkerfi og þá tækni sem er nýjust þar. Vegna þess að hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá kemur slíkt kerfi og við verðum að búa okkur undir að taka ákvarðanir um hverjir skuli eiga og reka slík kerfi, hvort það eiga að vera fyrirtæki

með gróðasjónarmið ein, hvort það eiga að vera bæjarfélög, hvort það á að vera hið opinbera. Þetta eru allt saman atriði sem við þurfum að taka afstöðu til. Og því fyrr, því betra.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég átti sæti í umræddri endurskoðunarnefnd og það er mála sannast, sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á, að endurskoðun þarf sífellt að vera í gangi varðandi þessi lög, því að óvíða mun um örari breytingar að ræða. Ég vil hins vegar í framhaldi af þessu nefndarstarfi varpa fram þeirri spurningu hér hversu unnið skuli að svo tæknilegum hlutum sem hér er um að ræða og hverjir skuli að þeim vinna.

Við höfum að vísu í þessari nefnd ágæta ráðgjöf, ég dreg ekkert úr því. En ég dreg örlítið í efa, og mæli þar af persónulegri reynslu, skynsamlega tilhögun þess að láta þá fást við slíka endurskoðun sem verða að styðjast við tæpt brjóstvitið eitt í þessum efnum, svo mjög sem hér reynir á hina tæknilegu hlið þessara mála. Vitanlega geta menn kynnt sér og eiga að kynna sér og setja sig inn í þessi mál, þó leikmenn séu, svo sem t. d. hv. síðasti ræðumaður gerði og við urðum vitni að á fundum nefndarinnar. En ég hygg að þegar leikmenn fást við endurskoðun tæknilegra atriða eins og þessara muni það frekar heyra til undantekninga en reglunnar að menn lesi niður í kjölinn um þau atriði sem tæknilegs eðlis eru og verða ekki í löggjöf sett með góðu móti nema tæknimenn komi þar að. Þar með er ég ekkert að draga úr því að mörg þeirra atriða sem við fjölluðum um, mörg þeirra álitamála sem upp koma voru þess eðlis að brjóstvitið kom sér líka vel.

Auðvitað var það einkaréttur ríkisins í heild sem þarna var mest um rætt. Ég neita því ekki að ég lét það koma fram í nefndinni að hjá mér væri um mikla fastheldni að ræða á þann rétt. Ég tel það öllum fyrir bestu. Ég tel það mönnum sérstaklega fyrir bestu til að tryggja þjónustu og jafna aðstöðu þegnanna og álít að menn hafi gengið fyllilega nógu langt með þeirri undanþágu sem gerð er varðandi notendabúnaðinn. Við vitum það öll að mismunun viðgengst hér enn í fjarskiptamálum, bæði í aðstöðu manna og ekki síður í kostnaði, þrátt fyrir þá áfanga sem náðst hafa til að jafna þann mikla mismun sem viðgengist hefur allt of lengi. Þessi lög snerta þetta að vísu ekki en þau tengjast því óneitanlega hverjir með þessi mál skuli fara, hvort það skuli vera ríkið og Póst- og símamálastofnunin fyrir þess hönd eða hvort þar skuli einkaaðilar koma til í enn frekari mæli og gróðasjónarmiðin þá verða alls ráðandi eins og alls staðar þar sem þeim er sleppt lausum.

Að sjálfsögðu var annað meginverkefni okkar einnig það að færa þetta til nútímahorfs eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á. Ég heyrði því miður ekki framsögu hæstv. ráðh. en efa ekki að hann hafi gert málinu í heild góð og glögg skil og engin ástæða til endurtekninga þar á.

Varðandi 3. gr. og notendabúnaðinn lýsi ég því yfir að ég var út af fyrir sig ekkert sérstaklega hrifinn af því að þessi undanþága væri veitt varðandi notendabúnaðinn. En ég féllst á það. Þetta var staðreynd, sem var þegar orðin skv. reglugerð sem út hafði verið gefin, og menn voru þegar farnir að framkvæma þetta á þann máta sem gerist. Það var lítið annað að gera en að viðurkenna það í lögum. En málið sjálft er þó þannig að ég er ekkert ýkja hrifinn af því. Ég óttast að það kunni að verða veitt lakari þjónusta í þessum efnum, enda þótti nefndinni sérstök ástæða til að setja inn í 3. gr. orðrétt með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sá sem flytur inn eða smíðar notendabúnað, er tengja á við fjarskiptakerfi ríkisins, skal fyrir fram fá yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunarinnar um að hver og ein tegund eða gerð tegundar notendabúnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tæknikröfur sem gilda um notendabúnað á hverjum tíma."

Og síðar segir svo aftur um það:

„Innflytjandi eða framleiðandi skal ætíð sjá til þess, að fyrir hendi séu varahlutir og viðhaldsþjónusta" og: „... þeir sem annast uppsetningu eða tengingu notendabúnaðar hafa til þess tilskilin réttindi sem nánar skulu tilgreind í reglugerð."

Við reyndum því að setja þarna undir þann leka að þetta frjálsræði, sem menn tala svo mikið um sem allsherjarlausn mála en ég er ekki eins viss um að leiði til þess, hefði það ekki í för með sér að neytendur yrðu þegar fram liðu stundir að búa við lakari þjónustu og verri kost en verið hefur.

Ég tek svo undir það með hv. síðasta ræðumanni að vel þarf að fylgjast með og gæta þess að við stöðnum ekki á þessari leið og í þessum málum, þó að oft sé rétt að fara með fullri gát og kynna sér allt sem best áður en til breytinga er gengið, en ekki breyta aðeins breytinganna vegna.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna þess sem hv. 2. þm. Austf. sagði um endurskoðun á svona tæknimálum. Mér finnst það liggja alveg í hlutarins eðli að það eru stjórnmálamenn sem eiga að ráða slíkri endurskoðun, en að sjálfsögðu í samráði og samvinnu við tæknimenn.

Ég átti þess kost í nóv. s. l., m. a. fyrir tilstilli samgrn. og Pósts og síma, að taka þátt í „panel"-umræðum á ráðstefnu í Finnlandi, þar sem m. a. var rætt um þessa nýju tækni. Í þeim umræðum tóku þátt bæði tæknimenn og stjórnmálamenn. Þar var einmitt rætt um það að stundum skorti brýr skilnings á milli þessara aðila. Einhver stjórnmálamannanna sagði þá að tæknin væri allt of mikilvæg til að láta tæknimennina eina um hana. Því má náttúrlega svara með því að stjórnmál séu allt of mikilvæg til þess að stjórnmálamenn einir eigi þar við að fást. En ég held að slíka endurskoðun eigi þeir sem endanlega taka ákvarðanir, sem í flestum tilvikum eru stjórnmálamenn, að annast, en það geta þeir auðvitað ekki gert nema í samráði og samvinnu við þá sem gerþekkja tæknina. Kannske er það líka gallinn hjá okkur, að þarna hefur ekki verið nægilega mikið og gott samstarf.

Ég minnist þess úr þessum umræðum að stjórnmálamenn voru spurðir að því af þeim vel þekktu norrænu sjónvarpsfréttamönnum sem stýrðu þessari umr. hvort þeir hefðu einhvern tíma verið sviknir, hvort þeir minntust þess að hafa fengið rangar ráðleggingar, röng ráð eða vond ráð eða rangar upplýsingar frá tæknimönnum í sambandi við töku ákvarðana á þessu sviði. Því svöruðu menn neitandi.

Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að svona endurskoðun þarf helst alltaf að vera á döfinni. En ég vildi bara að þessi skoðun mín kæmi fram, að ég held að það séu stjórnmálamenn sem þar eiga að hafa

forustu í góðu samráði og samstarfi við þá sem gerst til þekkja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, frv. 196. mál (þskj. 496). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, eins og það er á þskj. 496, eftir þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. Það hafa að undanförnu og í sambandi við umr. í Nd. orðið miklar umr. um þetta mál á almennum vettvangi. Hv. þdm. mun því vera efni þess orðið mjög kunnugt. Mun ég því aðeins drepa á fá atriði í þessu sambandi.

Á s. l. vetri skipaði þáv. landbrh. Pálmi Jónsson nefnd til að kanna afkomu bænda, m. a. með hliðsjón af árferðisáföllum og mismunandi tekjum eftir búgreinum. Formaður nefndarinnar var Bjarni Bragi Jónsson, sem nú er aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, en aðrir nm. voru Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson bóndi í Eystra-Geldingaholti, Sigurður Líndal bóndi á Lækjamóti og Sigurður Sigurðsson bóndi á Brúnastöðum.

Nefndin skilaði tillögum á s. l. hausti, gerði það í nokkrum áföngum, endanlega var það um miðjan nóv. Í áliti sínu telur hún aðkallandi að breyta lausaskuldum bænda í löng lán. Ástæður fyrir því séu allmargar.

Í fyrsta lagi að ófullnægjandi lánshlutfall af frumfjármögnun fjárfestingar kemur einkum hart niður á frumbýlingum.

Í öðru lagi sérstök árferðisáföll, en s. l. fimm ár hafa verið óvanalega köld og árferði því erfitt fyrir bændur oftast nær.

Í þriðja lagi hefur verið dregið skipulega úr framleiðslu í landbúnaðinum og það hefur haft í för með sér að fjármagnskostnaður hefur aukist miðað við afurðatekjur, heildartekjur, þar sem saman er dregið.

Í fjórða lagi er vaxandi hluti lánsfjárins verðtryggður án þess að lán hafi verið lengd í samræmi við það.

Síðast en ekki síst má svo benda á það, að verðbólgan hefur orðið bændum mjög þung í skauti, ekki síst sauðfjárbændum, vegna þess hve langur tími líður frá því að þeir þurfa að leggja fram fjármagn til rekstrarvörukaupa og þangað til afurðir fást greiddar að fullu.

Nefndin gerði nokkra könnun á stöðu bænda á s. l. vori, en í áliti sínu lagði hún til að sem fyrst yrði auglýst eftir umsóknum til þess að reyna að gera sér betur grein fyrir hver þörfin væri. Það var gert í nóvembermánuði s. l. Sóttu 605 bændur um að breyta lausaskuldum sínum. Ekki bárust fullnægjandi gögn frá þeim öllum. Þurfti því að vinna það betur og hefur verið unnið að því að afla gagna í því skyni. Umsóknirnar skiptust þannig milli kjördæma að af Vesturlandi komu 122, Vestfjörðum 20, Norðurl. v. 127, Norðurl. e. 101, Austurlandi 73 og Suðurlandi 162. Samtals 605.

Þrátt fyrir þær upplýsingar sem aflað hefur verið liggur ekki enn ljóst fyrir hver heildarfjárhæð muni þarna verða, þar sem skv. frv. er gert ráð fyrir að þessi skuldbreyting eigi að ná til ársloka 1983 og skammt liðið frá lokum þess tíma. Lagafrv. það sem hér er lagt fram er að efni til hliðstætt því sem verið hefur áður þegar leitað hefur verið heimildar til að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Í frv. er þó frávik varðandi tryggingu bankavaxtabréfa, sem gefin verða út af veðdeildinni, því að Búnaðarbanka Íslands er ætlað að ábyrgjast bréfin. Sú ábyrgð er víðtækari en áður er hún var takmörkuð við varasjóð veðdeildar bankans, en deildin er nú vanmegna að taka á sig slíka ábyrgð. Ábyrgð ríkissjóðs kemur síðan skv. lögum nr. 28 19. maí 1976, en í 2. gr. þeirra laga segir að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbreytingum Búnaðarbankans.

Skv. frv. eins og það kom frá Nd. er gert ráð fyrir að stjórn veðdeildar Búnaðarbankans ákveði lánskjör. Þar verður vitanlega að fara eftir því sem talið er nýtast best í þessu skyni. Kjörin verða að vera þannig að skuldareigendur vilji taka við þeim, en hins vegar þarf að reyna að hafa þau líka þannig, að bændur ráði við að standa undir þeim. Þennan milliveg mun stjórn veðdeildarinnar reyna að fara.

Eins og ég sagði áðan liggur ekki ljóst fyrir hver muni verða heildarfjármagnsþörf í þessu skyni. Nefndin sem ég gat um áðan leggur til að útvegað verði allt að 40% skuldanna af nýju fjármagni til þess að létta undir í þessu skyni. Ríkisstj. hefur samþykkt að stefna að því að ná þessu marki og var viðskrh. falið að ræða við Seðlabankann um það mál. Niðurstaða í þeim viðræðum liggur ekki fyrir enn þá, enda vitanlega óvíst hver þessi fjárþörf verður á meðan heildarupphæð liggur ekki fyrir.

Skv. frv. er gert ráð fyrir að hækka veðheimild í 75% af matsverði veðsins. Búast má við að í sumum tilfellum séu skuldir svo miklar að þær fari fram úr þessu hlutfalli og þá er vitanlega ekki hægt að rétta hlut þeirra bænda með þessu móti. Þeirra málefni verður því að taka til sérstakrar meðferðar eftir því sem upplýsingar liggja fyrir um það.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á það, að hér er verið að reyna að leysa úr miklum erfiðleikum sem bændastéttin er nú í. Við væntum þess að nú dragi úr verðbólgu og hún verði ekki lengur til þess að gera búreksturinn erfiðari. Vitanlega vonumst við líka til að ekki verði áfram jafnerfitt árferði eins og var á s. l. ári og undanförnum árum þannig að ef bændur eru aðstoðaðir við að komast fram úr þessu erfiðleikatímabili, þá geti þeir treyst sinn búrekstur svo að þeir ráði fram úr þeim vanda sem margir þeirra standa nú frammi fyrir.

Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég lýsi þegar yfir stuðningi við þetta frv. þó að það sé bráðabirgðalausn að nokkru leyti eins og lausaskuldabreytingarnar hafa reyndar áður verið. Vissulega hefði ýmislegt þurft að vera ljósara í bakgrunni þessa máls en ég læt það að mestu bíða nefndarstarfa og þeirra upplýsinga sem þar er unnt að fá varðandi þetta mál. Ég á sæti í landbn., en bæði við umfjöllun um málið í þeirri nefnd og við 2. umr. má koma að ýmsum atriðum þessa máls enn frekar. Ég vil þó minna á nokkur atriði nú.

Í fyrsta lagi, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. landbrh., er þetta mál í órofa samhengi við alla stöðu landbúnaðar okkar og þó kannske fyrst og fremst

kjarastöðu bændanna í heild. Inn í það dæmi kemur sá mikli tekju- og aðstöðumismunur sem ekki er minni þar en hjá öðrum stéttum. Það fer oft lítið fyrir því í umr. hvað aðstöðumunurinn og kjaramunurinn er mikill í bændastéttinni, en ég fullyrði að hann er þar ekki minni en hjá öðrum stéttum af eðlilegum ástæðum.

Lausaskuldabreyting sem þessi getur svo fyllilega átt rétt á sér, en menn vita að hér er ekki um neina allsherjarlækningu að ræða. Málið þarf allt að skoðast í víðara samhengi við heildarmótun á lánamálum landbúnaðarins og kjaramálum bændastéttarinnar þar sem aðstöðu- og kjarajöfnunin yrði í fyrirrúmi.

Í öðru lagi vaknar sú spurning, sem hvarflaði einnig að mér við síðustu lausaskuldabreytingu, hvort öllum sé með þessu sá greiði gerður sem ætlunin er hjá hæstv. ráðh. Hann kom reyndar inn á það áðan að ekki mundi reynast kleift að leysa vanda nokkurs hluta þeirra bænda, sem þó hefðu kannske mesta þörf fyrir það, með þessari breytingu. Nokkur hluti þeirra bænda, sem menn vonast til að þessi breyting taki til, er svo settur að ekkert af þessu tagi fær bjargað þeim.

Þar eru bændur vitanlega ekki einir á báti. Svo er alls staðar um menn í öllum stéttum að þeim fær fátt bjargað út úr þeim vandræðum sem þeir eru í. Ég held að könnun á búrekstrarstöðu einstakra býla þyrfti að fara fram og ég veit reyndar að hún er í gangi. Aðgerðir þyrftu svo að fylgja þar á eftir m. a. að hjálpa þeim bændum út úr vandanum alla leið sem kleift væri að bjarga með áframhaldandi búskap á viðunandi grundvelli, sumum með því einfaldlega að ríkið kaupi jarðir þeirra og veiti þeim þannig aðstoð og sumum jafnvel með því að hjálpa þeim út úr þeirri vonlausu baráttu sem þeir eiga í. Ég þekki því miður nokkur dæmi slíks. Slík dæmi eru sem betur fer ekki mörg en nægilega mörg þó til þess að þau ber svo sannarlega að skoða. Menn sem eru komnir inn í þann vítahring að ekkert fær bjargað efnahag þeirra, vonlaust er að bæta aðstöðu þeirra varðandi bústærðina og annað slíkt og að koma fyrri fjárfestingum þeirra í viðunandi verð. Nýjasta dæmið hef ég austan úr Breiðdal af vildarjörð þar, sem reynt hefur verið að selja í tvö ár árangurslaust, með hinum besta húsakosti þar sem fólk hreinlega kemst ekki frá sinni bújörð þó að það hafi ekki lengur tök á því vegna heilsufars að stunda þar búskap.

Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með þessu frv., eins og ég tók fram áðan, þótt ófullnægjandi bráðabirgðaaðgerð sé. Ég reikna ekki með öðrum varanlegri úrbótaráðum nú um stundir og hef þau ekki í hendi mér heldur. En ég leiði óneitanlega hugann að síðustu lausaskuldabreytingu sem fólst að verulegu leyti í því, eins og menn þekkja, að skuldum bænda, sem voru á vöxtum, við samvinnufélag þeirra var breytt í verðtryggt lán til lengri tíma. Sú spurning hlýtur að vakna hvort raunveruleg staða margra hafi breyst til batnaðar. Ég veit að sem betur fer varð þetta mörgum mjög til hjálpar en öðrum því miður ekki. Ég nefni sem dæmi að af þeim 306 bændum sem fengu lausaskuldabreytingu síðast eru nú 77, eða ¼ þeirra, í tveggja ára vanskilum eða meira við lánasjóði landbúnaðarins. Ekki hefur þetta orðið þeim allt of mörgum bændum til þess léttis sem menn ætluðu sér svo sannarlega þá að yrði.

Ég hygg líka að það sé fyllilega rétt, sem hæstv. landbrh. kom inn á áðan, að við lausaskuldabreytinguna nú muni nokkrir tugir bænda ekki ná veðhæfnismarkinu þar sem hreinlega ekki verður hægt að leysa mál þeirra með þeim hætti. Hæstv. landbrh. sagði að það yrði þá að gerast með öðru móti. Ég treysti honum til þess, með þann hug sem ég veit að hann ber til bændastéttarinnar, að sjá svo til að það verði gert því að skv. þeim upplýsingum sem ég hef geta nokkrir tugir bænda ekki notið þessarar lausaskuldabreytingar vegna þess að þeir hafa hreinlega ekki veð sem nægja þeim til þess að geta tekið þessi lán. Það eru margar ástæður sem spila inn í þessi mál. Það eru heilsufarsástæður og óvænt áföll og svo hitt atriðið sem við skulum ekki gleyma, að vitanlega eiga sumir bændur aldrei nálægt búskap að koma fremur en t. d. sumir útgerðarmenn og sumir iðnrekendur, að maður tali ekki um heildsala og aðra slíka.

Ég held því að þrátt fyrir þessa breytingu nú sem er óhjákvæmileg þurfum við í framtíðinni að reyna að temja okkur önnur og markvissari vinnubrögð. Ég skora á hæstv. landbrh. að láta hraða úrvinnslunni á búrekstrarstöðu jarða og tekjustöðu og aðstöðu bænda í heild og meta í ljósi þess hvaða varanlegar ráðstafanir megi koma í stað þess sem nú er verið að gera og óhjákvæmilegt er ef bjarga á fjölmennum hóp bænda. En ég óttast að þetta sé bara bráðabirgðaráðstöfun en ekki til langframa eins og þurft hefði.

Ég ætla að geyma mér stöðu veðdeildar Búnaðarbankans til seinni umr. og ástæður þess að svo er komið að deildin stendur jafnilla og raun ber vitni. Meginorsökin liggur í þeim mikla mun sem var á vöxtum á lánsfé til deildarinnar og á útlánum á árunum 1971—1977. Það mál allt snýst um einhver mestu deiluatriði síðustu ára, verðtrygginguna og hvernig hinir ýmsu atvinnuvegir og stéttir eru og voru í stakk búnir til að bregðast við slíkri breytingu án nokkurrar aðlögunar eins og þurft hefði. Bæði í nefnd og við 2. umr. skal ég ræða það, enda málið mér býsna skylt sem stjórnarmanni veðdeildarinnar þessi ár, að hafa ekki tryggt hag hennar betur en raun ber vitni og hafa þá kannske um leið hugsað meira til þess hverjir yrðu möguleikar bænda til að standa við þær lánsskuldbindingar sem þeir tóku þá við. Því að allir vita að hvergi er verra að standa skil á verðtryggðum lánum en í landbúnaði þar sem tekjur skila sér jafnseint og illa og raun ber vitni.

Hæstv. landbrh. kom inn á það að í þessu frv. væri gerð breyting frá fyrri tíma skuldbreytingum því að ekki væri til tekið um fulla bakábyrgð ríkissjóðs. Að vísu væri ríkissjóður skv. lögum um viðskiptabanka ábyrgur fyrir öllum þeirra skuldbindingum en hér er ekki um það að ræða, enda mun hæstv. fjmrh. hafa alfarið neitað því að svo yrði. Búnaðarbankinn er að sjálfsögðu ekki of góður til að taka á sig þessa ábyrgð, hann hefur á því fulla möguleika.

En þá hlýtur sú spurning að vakna hvort svo skuli gilda um aðrar atvinnugreinar, t. d. við aðrar og enn stórfelldari skuldbreytingar sem þar eiga að eiga sér stað, hvort viðskiptabankarnir eigi þar að vera einir í ábyrgð skv. þeim skilningi að vísu sem hæstv. landbrh. kom hér inn á. Ég hefði t. d. gaman að sjá það hvort Landsbanki og Útvegsbanki yrðu gerðir alfarið ábyrgir gagnvart lausaskuldabreytingum sjávarútvegsins. Ég hlakka til að sjá frv. af því tagi því að vissulega er rétt að jafnt sé skipt á milli banka og hver banki fái sitt hlutverk og sína ábyrgð í þessum efnum. (**TÁ:** Hvað þýðir pennastrikið?) Nú er hæstv. ráðh. ekki tilbúinn til

að svara því, en gaman hefði verið að eiga orðastað við hæstv. fjmrh. út af bréfi sem bankaráð Búnaðarbankans sendi honum út af þessu máli. Þar var gerð athugasemd við að hér væri um hættulegt fordæmi að ræða sem hlyti að ganga út yfir aðra atvinnuvegi en ekki einskorðast við skuldabreytingar í landbúnaði. Ég á seinna eftir að koma betur að því bréfi. Það þótti okkur hins vegar býsna skemmtileg afgreiðsla hjá hæstv. fjmrh. að daginn eftir að honum var sent þetta bréf kom frumritið aftur niður í Búnaðarbanka og stóð á hausnum: „Móttekið 9. febr., lesið, endursent, Albert."

Ég ætla bara að vona að litli maðurinn fái ekki svona afgreiðslu þegar bréfin fara að koma. En við munum seinna ræða þetta, hæstv. ráðh., þegar málið kemur úr nefnd. En þetta mun vera nokkuð óvenjuleg afgreiðsla, en skýr er hún. Ekki fer það á milli mála.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Við eigum eftir að fjalla um þetta mál í landbn. og ég veit að hv. formaður rasar þar ekki neitt um ráð fram í afgreiðslu heldur gætir þess að við fáum allar þær upplýsingar sem við þurfum að fá. En eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. er allt enn á huldu um fjármögnunina. Einstakir aðilar eiga nú viðræður við Seðlabankann en lengra er það mál ekki komið. Það er því ljóst að þetta fjármagn er í dag ekki tryggt. Vonir standa til þess að það verði tryggt en enn þá hefur hátignin í Seðlabankanum ekki gefið út neitt vilyrði fyrir því að hún hlaupi undir bagga með hæstv. ríkisstj. í þessum efnum.

Ég læt líka aðrar spurningar sem vakna um fyrirkomulag og frekari útfærslu bíða 2. umr. Ég tel að landbn. geti a. m. k. ekki afgreitt þetta mál án skýrra svara um það hvernig það skuli fjármagnað, það sé a. m. k. lágmarkið. Hitt meginatriðið, sem einnig hlýtur að skýrast í nefnd, er varðandi kaup bréfanna og skyldu Seðlabankans í því sambandi eða réttara sagt hvernig hann bregst við gagnvart viðskiptabönkunum varðandi skuldabréfakaupin og bindiskylduna. Ég held að óhjákvæmilegt sé að fá skýr svör við því.

Ég sá við skjótan yfirlestur nú í morgun að landbn. í Nd. hefur borist mjög sannfærandi og vel rökstutt bréf frá bónda einum sem segir í raun og veru alla söguna um þá erfiðleika sem eru á því að viðskiptabankarnir nái að sinna skyldum sínum fyrir hátignini í Seðlabankanum. Um það verða einnig að fást skýr svör áður en menn taka endanlega fullnaðarafstöðu til þessa máls. Mál þetta er sjálfsagt vegna þeirra erfiðleika sem bændur eiga í og það verður að framkvæma á þennan hátt nú þó æskilegra hefði verið að menn hefðu getað fundið betri og markvissari framtíðarlausn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þar sem ég og minn flokkur eigum ekki sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál mun fjalla vildi ég segja nokkur orð við þessa umr. Svo sem fram hefur komið er það ekki ný bóla að frumvörp af þessu tagi séu borin fram og hafa sætt ákveðinni gagnrýni.

Vitað er að hagur bænda er ekki góður um þessar mundir og kemur þar ýmislegt til. Ég held að sá vandi sem menn standa nú andspænis í þessum efnum eigi margar orsakir og ekki einfaldar. En fyrst og fremst hygg ég þó að ástæða sé til að taka til endurskoðunar allt það kerfi sem komið er upp í kringum og í sambandi við landbúnaðinn. Ég minni á það að í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 280 millj. kr. til útflutningsbóta sem er að líkindum hærri upphæð en hefur nokkru sinni verið í fjárlögum. Allt bendir til að þessar 280 millj. kr. til að greiða með kjöti sem flutt er út muni hvergi nærri duga ef marka má það kjötmagn sem búvörudeild SÍS, ekki óáreiðanlegri aðili, telur að flytja þurfi út á þessu ári skv. upplýsingum sem nýlega birtust í fréttabréfi SÍS. Þar er talið að flytja þurfi út í kringum 5 þús. tonn af kjöti á þessu ári. Að vísu var ekki svo mikið kjöt verkað til útflutnings, en ef fluttar verða út 5 þús. lestir af kjöti á þessu ári mun sú upphæð sem greiða þarf í útflutningsbætur verða hátt í 500 millj. kr. Það er áreiðanlega löngu kominn tími til að endurskoða okkar landbúnaðarrekstur frá rótum.

Sjálfsagt er það rétt, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að ýmsir eru að fást við búskap sem betur væru komnir við einhverja aðra vinnu. Ég vil aðeins minna á við þessa umr. að við Alþfl.-menn höfum margsinnis lagt til og flutt um það tillögur á hinu háa Alþingi að við fetum okkur út úr þessu kerfi, að við lækkum þessar útflutningsbætur í áföngum samhliða því sem dregið verði úr kjötframleiðslu. Nú er að vísu skylt að geta þess að nokkuð hefur verið dregið úr framleiðslunni þannig að sauðfé mun nú vera u. þ. b. 15% færra en var 1978. En betur má ef duga skal og meira að segja miklu betur. Þannig er hér við mikinn vanda að fást sem ekki er einfalt að leysa.

Ýmislegt fleira hefur verið bent á í þessu sambandi eins og t. d. að það kerfi sem nú er við lýði í þessum efnum skilar neytendum síhækkandi verði jafnframt því sem það skilar bændum stöðugt lækkandi kaupi. Ég hygg að um það þurfi ekki að vera neinn ágreiningur að kerfi sem skilar okkur slíkum árangri getur ekki verið gott kerfi. Samtímis því sem þetta gerist hefur milliliðavaldið í landbúnaði, sem farið hefur mjög vaxandi á undanförnum árum, ævinlega allt sitt á hreinu. Það er bóndinn sem er síðastur í keðjunni og mætir í rauninni afgangi. Hann er ekki of sæll af sínum hlut, það er langur vegur frá. Við höfum lagt til að það fjármagn sem sparast þau ár sem verið er að koma sér út úr þessu útflutningsbótakerfi verði m. a. notað til þess að styðja nýjar búgreinar, sem eru sumar hverjar að ná sér á strik og vaxa fiskur um hrygg, en líka verði komið til móts við bændur í tilvikum eins og hv. 2. þm. Austurl. rakti áðan, þar sem bændur eru, skv. orðum hans, fangar á jörðum sem þeir geta ekki selt og sjá þar afrakstur ævistarfs síns fara fyrir næsta lítið. Þarna þarf þjóðfélagið að koma til móts við menn og veita aðstoð og fyrirgreiðslu. Þetta viljum við að verði gert. Við leggjum líka áherslu á að þó svo menn tali hér hátt um að eitt og annað megi gera með pennastriki — hv. þm. Helgi Seljan vék áðan að afgreiðslu fjmrh. á bréfi sem hann tilgreindi og er sú afgreiðsla satt að segja með eindæmum — þá gerast hlutirnir í þessum efnum ekki með neinum pennastrikum vegna þess að hér er verið að fást við fólk, búsetu fólks og vandamál sem eru í eðli sínu erfið og viðkvæm. Þess vegna þurfa þessar ráðstafanir aðlögun og tíma. Okkur er það mætavel ljóst að hér gerist ekkert í grænum hvelli, heldur þurfa menn að ætla sér ákveðinn tíma. En meginmálið er að byrja á þessu og taka ákvörðun um að breyta núverandi kerfi.

Því miður óttast ég að meðan tveir núverandi stjórnarflokkar sitja við völd verði ekkert gert í þessum efnum vegna þess að sumpart virðist samstjórn þessara

tveggja flokka oft laða fram það versta í báðum — og þá er ég ekki að tala um einstaklinga, tek það skýrt fram. Hún virðist oftast laða fram það lakasta í báðum og það lakasta hjá báðum í þessum efnum er að standa vörð um kerfið, tryggja þá hagsmuni, ímyndaða eða raunverulega, sem þar eru fyrir hendi.

Að vissu leyti mætti segja að við þyrftum að gera byltingu á þessu sviði. Við þurfum að breyta verulega því kerfi sem nú er við lýði í þessum efnum. Undan því verður ekki lengur vikist. Menn tala um það fullum fetum að það verði að viðhalda byggð í landinu. Ég er ekkert sannfærður um að það eigi að viðhalda byggðinni í landinu nákvæmlega eins og hún er núna á þessari stundu. Ég er alveg sannfærður um að við værum betur komin ef ekki væri stundaður búskapur á ýmsum þeim markajörðum, ef svo mætti segja, þar sem skilyrði eru erfið.

Íslenskur landbúnaður verður að una því eins og aðrar atvinnugreinar að á hann sé lögð mælistika hagkvæmninnar. Við getum að vísu kannske ekki gengið eins langt og sumir vilja í þeim efnum, sem vilja að við í mjög vaxandi mæli byggjum á innflutningi. Ég er ekki sammála þeirri stefnu. Við verðum að hafa hér traustan og öflugan landbúnað en hann á ekki og má ekki miðast við annað en að fullnægja okkar innanlandsþörfum. Útflutningur á að vera undantekning og á einungis að koma til greina þegar hann getur orðið hagkvæmur. Það getur hann sjálfsagt orðið á ýmsum sviðum en ekki þar sem útflutningurinn er mestur núna eins og t. d. á dilkakjöti. Sá útflutningur er okkur í senn afar dýr og afar óhagkvæmur. Við þurfum að leita nýrra leiða í íslenskum landbúnaði og það er orðið mjög brýnt.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr., — tek að því leyti undir orð hv. þm. Helga Seljans að ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar og þá gefst tími til að meta þær aðstæður sem liggja að baki þeirri skuldbreytingu sem hér þarf að eiga sér stað. Það vill líka svo til að þær umr. sem hér hafa farið fram kalla ekki á mikil andsvör. Það verður að segjast eins og er að mér finnst að sá tónn sem í umr. er sé með vissum hætti jákvæður, eðlilega sé til staðar meiningarmunur. Það er augljóst mál að þessu máli þarf að hraða. Að því leyti sem það kemur í minn hlut mun ég reyna að vinna að því að svo verði.

Það er hins vegar ekki úr vegi að minna á örfá atriði í þessu sambandi og sem hafa þá komið fram í þessum umr.

Það er þá það fyrsta að talað er um orsakir fyrir þessari skuldasöfnun. Menn hafa sett fram viss sjónarmið í þeim efnum. Ég held að það sé alveg augljóst mál að meginástæðan fyrir þessari skuldasöfnun sé sú verðbólga sem hefur geisað í landinu á s. l. árum. Ég tek undir það, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan, Helgi Seljan, að það sem var gert árið 1979, að skuldbreyta þá yfir í verðtryggð lán, er vissulega meiri háttar afrek, sem bændastéttin hefur unnið, að komast þó fram úr því með þeim hætti sem raun ber vitni um.

Ég verð að segja alveg eins og er að sú áætlunartala sem er talað um sem heildarfjárþörf vegna þessarar skuldbreytingar finnst mér lág og eins er sá hópur bænda sem er tilgreindur ekki stór. Mér hafa sýnst kjör bænda ganga það niður á s. l. árum að undrum sætir hvað þeir hafa þó komist með sinn búrekstur. Þeir hafa að vísu m. a. mætt erfiðleikunum með því að stórminnka fjárfestingu, sem eins og allir vita er að langmestu leyti uppi borin af þeim sjálfum, en reyndar er hún líka greidd með lánum. Fjárfesting í landbúnaði er núna komin verulega niður fyrir þau mörk sem þörf er á einungis til að viðhalda verðmætum. Það er svo annað mál að þar er ekki nein vá fyrir dyrum. Það er eðlilegt að menn dragi úr fjárfestingum þegar þrengir að. Það hafa bændur sannarlega gert.

Mér finnst ástæða til að vekja líka athygli á því, þegar fjallað er um skuldbreytingar af þessu tagi og jafnvel koma fram efasemdir um tryggingar og veð fyrir skuldum, að mér er sagt að tæpast sé nokkurt dæmi um að þau lán, sem hafa verið veitt af þessu tagi, hafi tapast, þar hafi bændur staðið í skilum. Ég held að hollt sé fyrir menn að muna það og vita. Sú skuldbreyting sem hér er farið fram á og þær skuldbreytingar sem farið hafa fram áður gagnvart landbúnaðinum eru einnig miklu smærri í sniðum en í öðrum atvinnuvegum.

Það hefur hér verið á það minnst að breytta hætti þurfi í landbúnaðarmálum almennt. Hv. síðasti ræðumaður komst svo að orði að samstarf stjórnarflokkanna tveggja væri gjarnan með því marki brennt að það laðaði fram það versta í hvorum þeirra fyrir sig. Auðvitað þarf ekki að spyrja um árangur því að enginn er fullkominn. Og þegar það neikvæða af þessu tagi, eins og hér er lýst, fellur saman þarf ekki að búast við góðri niðurstöðu. Ég held hins vegar að þetta sé rangt. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega minna á að útflutningsbótatryggingakerfinu komu á þeir tveir flokkar sem við hv. þm. Eiður Guðnason tilheyrum. Það var viðreisnarstjórnin sem kom á núverandi sölukerfi í landbúnaðarmálum. Við megum með engum hætti neita því. Það er svo annað mál að á síðustu árum hefur verð þróast með þeim hætti að vissulega er þörf á endurskoðun. Núverandi landbrh. hefur einmitt gert ráðstafanir til þess að farið verði að endurskoða landbúnaðarlöggjöfina á mjög breiðum grundvelli. Ég held að menn ættu að geyma sér allar stórar yfirlýsingar um slæma niðurstöðu hjá núverandi stjórnarflokkum fyrr en því verki lýkur.

Það er svo annað mál að ýmsar yfirlýsingar á s. l. árum hafa vissulega ekki skilað miklu, en það er líka best að láta það liggja á milli hluta. Það bjargar engu í þessu dæmi sem fjallað er um að þessu sinni.

Það væri að sjálfsögðu hægt að taka miklu lengri tíma í að fjalla efnislega um málefni landbúnaðarins, milliliðakostnað, útflutningsbætur, samdrátt í framleiðslu og annað sem að þeim málum lýtur, en það væri einungis til að tefja tímann og ég vona satt að segja að það gefist seinna tími og hann rýmri til að fjalla um þau mál hér.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hér og ætla ekki að fara að hefja umr. um þau atriði sem menn hafa vikið óbeint að.

Ég vil leggja áherslu á að að undanförnu hafa verið gerðar ýmsar breytingar í landbúnaði, en mér er ljóst að leggja þarf meiri áherslu á að marka stefnu og miða við aðstæður þó að þarna sé ekki hægt að gera neinar skyndibreytingar eins og hv. 5. landsk. þm. tók fram.

Ég vil benda á að ef menn hefðu sagt fyrir fimm árum að það yrði mikið vandamál þó að fé fækkaði um 200

þús. og mjólkurframleiðslan drægist saman úr 120 millj. lítra niður í 105—106 hefði slíkt verið talin fjarstæða. Aðstæðurnar eru nefnilega alltaf að breytast. Það sem við teljum að nægi í dag getur orðið annað á morgun við gerbreytt viðhorf.

En ég læt þá máli mínu lokið núna og vænti þess að unnið verði vel í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 160. mál (þskj. 231, n. 469, 474 og 487, 470). — Frh. 2. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef í nál. á þskj. 487 gert grein fyrir helstu viðhorfum mínum til þessa máls.

Eins og kunnugt er er það yfirlýstur tilgangur þessa frv. að örva almenning til að leggja fé í atvinnurekstur. Þetta er mjög mikilvægt viðfangsefni, sem verður að vanda vel til, en að mínum dómi hefur ekki tekist eins vel til og nauðsynlegt væri. Af þessum sökum legg ég til að menn vinni þetta mál betur og þá einkum og sér í lagi með hliðsjón af því að þau lög sem hér um ræðir eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót og þess vegna hafa menn tímann fyrir sér fram að hausti. Niðurstaða þessa nál. sem ég mæli hér fyrir er þess vegna sú, að það sé skynsamlegt að nota tímann fram að haustþingi til að athuga málið betur, og í trausti þess að slík vinna fari fram legg ég til að málinu verði vísað til ríkisstj. og þá einmitt til slíkrar vinnu.

Eins og ég sagði er það yfirlýstur tilgangur frv. að örva almenning til að leggja fé í atvinnurekstur. Til þess að ná þeim tilgangi er lagt til að það verði heimilaður frádráttur eftir ákveðnum reglum frá skattskyldum tekjum manna vegna þeirrar fjárfestingar sem þeir gera í atvinnurekstri. Þetta er gert með tvennu móti í frv.: annars vegar er um að ræða kaup á hlutabréfum, sem geta verið skattfrjáls eftir ákveðnum reglum, og hins vegar um möguleika til að leggja fé í svonefnda stofnfjársjóði. Í samræmi við að þetta er tvíþætt ætla ég að leyfa mér að fara ofan í hvorn hluta fyrir sig.

Að því er varðar kaup á hlutabréfum og að kaup á hlutabréfum verði til þess að menn njóti frádráttar frá skattskyldum tekjum er augljóst skv. frv. að það getur einungis gerst í tiltölulega stórum hlutafélögum. Í rauninni er um þrjár leiðir að ræða sem eru leyfðar: í fyrsta lagi kaupi menn hlutabréf beint í hlutafélögum, í annan stað geri menn það í gegnum myndun starfsmannasjóða hjá hlutafélögum og í þriðja lagi kaupi menn hlutabréf í svonefndum fjárfestingarfélögum.

Ef við lítum fyrst á hin beinu hlutabréfakaup voru þau í upphaflegri gerð frv. og eins og það liggur nú fyrir bundin við að hlutaféð væri a. m.k. 10 millj. kr. og a. m. k. 100 hluthafar. Það eru einungis örfá fyrirtæki á Íslandi, trúi ég, sem uppfylla þetta skilyrði. Við þessa umr. málsins hefur meiri hl. n. hins vegar gert till. um að lækka þetta nokkuð, þ. e. að það nægi að hlutafé sé 5 millj. og að það séu 50 hluthafar til þess að frádráttarbærni við kaup á slíkum hlutabréfum geti komið til greina. Ég held að engu að síður sé ljóst að þrátt fyrir að hér sé miðað við 5 millj. og 50 hluthafa geti það einungis tekið til mjög stórra hlutafélaga á íslenskan mælikvarða. Sama gildir að mínum dómi að því er varðar starfsmannasjóði, því að rétt til að kaupa hlutabréf í gegnum starfsmannasjóði hafa einungis fyrirtæki þar sem a. m. k. 30 starfsmenn standa að sjóðsstofnuninni og þar sem stofnfé er a. m. k. 3 millj. kr.

Að því er varðar frádráttarbærni við kaup á hlutabréfum hlýtur því niðurstaðan að verða sú, að hún komi einungis til álita hjá tiltölulega stórum fyrirtækjum. Ef svo á að vera er greinilega verið að mismuna bæði fólki og atvinnurekstri eftir stærð fyrirtækjanna. Þetta gerist sem sagt hvort heldur um er að ræða bein kaup eða kaup gegnum starfsmannasjóði. Ef fyrirtækið er ekki nægilega stórt er engin frádráttarheimild við hlutafjárkaupin. Stórt fyrirtæki getur á hinn bóginn hugsanlega aflað sér fjár með hlutabréfasölu vegna frádráttarheimildarinnar meðan meðalstórt eða lítið fyrirtæki getur það ekki.

Þessa mismunun tel ég í hæsta máta mjög vafasama. Ef sú lagasetning sem hér um ræðir mun hafa tilætlaðan árangur munu sem sagt stærri fyrirtækin eflast á kostnað hinna smærri. Í þessu sambandi held ég að nauðsynlegt sé að hv. Alþingi og þessi hv. deild hafi í huga að langflest fyrirtæki á Íslandi eru lítil og víða hér um land geta þau beinlínis ekki verið annað en lítil vegna þess hvernig búsetunni er háttað í landinu. Það er ljóst að skilyrði til að reka eða stofna stór fyrirtæki eru allt önnur og lakari víðs vegar úti um land, svo sem á Hellu eða Hvammstanga eða Fáskrúðsfirði eða Flateyri, heldur en þau eru hér á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna mun sú ívilnun sem gert er ráð fyrir skv. lagafrv. nýtast hinum smærri stöðum mjög lítið eða illa. Hér er sem sagt verið að mismuna hinum smærri stöðum á landinu í óhag — ekki bara beinlínis með stærð fyrirtækjanna, heldur líka vegna þess hvernig búsetunni í landinu er háttað.

Það er oft sagt og réttilega að iðnaðurinn verði að veita ný atvinnutækifæri á komandi árum og að einmitt sé þörf nýsköpunar á því sviði. Ég held að þetta muni eiga við ekkert síður úti á landsbyggðinni en hér á höfuðborgarsvæðinu og það verði menn að hafa í huga þegar lagafrv. þetta er skoðað. Ég held líka að menn ættu að gefa því gaum að nýsköpun í atvinnulífinu er allt eins líkleg í smærri fyrirtækjum og stórum og ég tel að við höfum dæmin fyrir okkur í þeim efnum vegna þess að það er oft frumkvæði og samheldni lítils áhugamannahóps sem ræður í rauninni úrslitum um að ráðist sé í nýja atvinnustarfsemi og það einkanlega ef í þeirri atvinnustarfsemi felst einhver nýjung. Það eru litlir áhugamannahópar sem oft leiða þróunina, en skv. þessu frv. munu þeir ekki fá að njóta jafnréttis á við hina stóru og stæltu.

Það er í rauninni rauði þráðurinn í þessu frv. að því er

þetta atriði varðar og þá skattaívilnun sem hér um ræðir, að þeir einir mega njóta hennar sem eiga ekki það mikið í fyrirtækjunum að þeir hafi þar nein raunveruleg áhrif. Það eina sem á að hvetja þá til hlutabréfakaupanna er sem sagt ágóðavonin og skattalækkunarmöguleikinn. Það er lykillinn að því að fá að njóta ívilnunar að þarna ríki eiginlega tilfinningasnautt persónuleysi. Þetta kann að henta vel í ýmsum hinum stærri löndum, en mér er stórlega til efs að þetta henti hér á landi. Þannig er það svo að þeir sem hætta fé sínu í stofnun hlutafélags um atvinnurekstur sem þeir hafa trú á og vilja eiga saman og annast saman eru í raun settir á kaldan klaka ef þeir uppfylla ekki margmennisskilyrðið sem sett er í lagafrv. eða geta ekki lagt fram nógu margar milljónir. Ég held þó að einmitt áhætturekstur þeirra sem trúa á fyrirtækið sitt, trúa á hugvit sitt og dugnað og hafa vilja og þolgæði til að vinna því vel sé vaxtarbroddur nýsköpunar og hann verði einmitt að fyrirfinnast og þess vegna sé rangt að mismuna einmitt slíkum hópum og slíku frumkvæði í óhag.

Það er mismununin sem ég hef talið upp sem gerir það að verkum að ég tel að þessi þáttur frv. sé gallaður og menn séu ekki að stefna að þeim árangri til nýsköpunar sem væntanlega á að vera tilgangur frv. Í þessu sambandi kom upp í n. að það væri hræðsla við misnotkun sem réði því að menn vildu einungis binda þetta við hin stærri fyrirtæki, að menn settu svo ströng skilyrði um fjölda hluthafanna og um hlutafjárupphæðina í heild sinni. Mér finnst að með slíkri röksemdafærslu sé verið að gefa hinum stærri fyrirtækjum syndakvittun um að þau misnoti aldrei aðstöðu sína, en jafnframt felist í þessu ásökun í garð meðalstórra og minni fyrirtækja um að þar sé misnotkunar að vænta. Ég held að ekki sé sanngjarnt að fara þannig að og í þessum efnum eigi menn frekar að setja strangara eftirlit með þeim fyrirtækjum sem þessa njóta, gæðalegt eftirlit ef menn vilja svo segja, frekar en að sigla inn í þá mismunun eftir stærð og í rauninni eftir búsetu sem í þessu frv. felst.

Hinn þáttur frv. fjallar um stofnfjárreikninga og er í III. kafla frv. Það er eini kaflinn sem ekki fjallar um hlutafjárkaup og skattfrelsi vegna þeirra með einum eða öðrum hætti. Stofnfjárreikningarnir eru greinilega hugsaðir fyrir einyrkja, þ. e. þá sem standa í eigin atvinnurekstri. Um þá aðila, einyrkjana eða þá sem standa í eigin atvinnurekstri eða réttara sagt ætla að stofna til hans, eiga að gilda sérstakar reglur um innlög á bundna bankareikninga og að þessir bankareikningar og innlögin á þá geti notið skattfrelsis. Hins vegar eru heldur fátækleg skilyrði um það hvers konar fjárfesting gefi heimild til að nýta úttekt af þessum bundna reikningi án þess að það teljist að einhverju leyti til tekna.

Hér held ég á hinn bóginn að sé verið að setja mjög víðar heimildir sem opni gáttir til að stofna gervifyrirtæki í einkaeign, þar sem er einungis einn eigandi, og að menn geti gegnum þær gáttir nýtt sér ívilnanir sem frv. gerir ráð fyrir með stofnun gervifyrirtækja. Ég held að í þessum efnum væri nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um hvað menn þurfi að uppfylla til að njóta skattfrelsis með þessum hætti, en hugmyndin er í sjálfu sér góðra gjalda verð.

Ef ég dreg þetta saman, herra forseti, verð ég að segja að þetta frv. hefur í sér fólgna ýmsa galla sem gera að mínum dómi nauðsynlegt að skoða það nánar. Ég skal þá rekja þá stuttlega.

Í fyrsta lagi opnar það að því er varðar stofnfjárreikninga gáttir til „löglegs“ undandráttar, ef menn vilja svo orða það, undan skatti í formi gervifyrirtækja — eða a. m. k. verður ekki séð að þeirrar gáttar sé gætt eða henni sé lokað. Í öðru lagi mismunar það fólki og fyrirtækjum eftir byggðarlögum að því er varðar skattfrelsi vegna hlutafjárkaupa, öllum hinum fámennari byggðum í óhag. Í þriðja lagi er það hinum fáu og frumkvæðisríku í óhag að því er varðar skattfrelsi vegna hlutafjárkaupa, en hinum stóru fyrirtækjum í hag, í rauninni á kostnað hinna smærri og hinna meðalstóru.

Þó að margvísleg rök megi færa fyrir þeim hugmyndum sem í frv. felast mun það í núverandi búningi hafa að líkindum margs konar óæskileg áhrif og fela í sér mismunun sem ég held að sé meiri en menn hafi gert sér grein fyrir í upphafi við lestur frv. A. m. k. verð ég að játa að svo er að því er mig varðar. Það er fyrst eftir nákvæma yfirferð sem mér sýnist að þessi mismunun sé eins víðtæk og ég hef hér lýst.

Tilgangur frv., þ. e. að örva þátttöku almennings í fjárfestingu í atvinnulífinu, er í rauninni mjög mikilvægt viðfangsefni. En í þessari frv.-gerð hefur ekki tekist, að mínum dómi, að finna þeim tilgangi nægilega skynsamlegt og gott form. Þar sem hér er einmitt um svo mikilvægt viðfangsefni að ræða og með hliðsjón af því að ekki er gert ráð fyrir að þessi lög taki gildi fyrr en um næstu áramót sýnist mér að viturlegt sé að nota tímann fram að haustþingi til að athuga þessi mál betur. Með þeim rökstuðningi og í trausti þess að sú vinna fari fram legg ég til í nál. mínu að frv. verði vísað til ríkisstj.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef skilið það svo að leyfilegt sé að ræða hér 1. og 2. mál, hvort þeirra sem er. Ég vil fá staðfestingu á að það sé rétt. (**Forseti:** Það er rétt.) Þá vil ég í upphafi máls míns minnast lítillega á 2. málið sem hér hefur verið rætt, sem er 160. mál.

Ég er því andvíg af ýmsum ástæðum. Menn hafa margir getið þeirra ástæðna. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég vil hins vegar spyrja hvernig menn hugsa sér allt eftirlit með þeim fríðindum sem hér er verið að leggja til. Okkur er öllum kunnugt um að lítið sem ekkert eftirlit er nú þegar með hvers kyns fjármálabraski í þjóðfélaginu og skattsvik tíðkast hér af öllu tagi. Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur allt of lítið starfslið til þess að verulegur árangur náist af hans starfi og hans embættis, og öll þekkjum við örlög söluskattsins. Við þekkjum þann gráa leik sem hafður er í frammi í þjóðfélaginu um stofnun hlutafélaga sem lifa þangað til söluskattsskýrslan þarf að koma fram. Þá fer félagið á hausinn og nýtt er stofnað samdægurs.

Ég vil þess vegna benda hæstv. fjmrh. á 8. gr. frv. sem er á þskj. 231. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hafi stofnun eigin atvinnurekstrar, sbr. 6. gr., ekki farið fram innan sex ára frá lokum innborgunarárs skal heildarfjárhæð innborgunar ásamt verðbótum teljast til skattskyldra tekna á næsta ári eftir að ráðstöfun skyldi vera lokið.“

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Hverjum er ætlað að fylgjast með þessum innistæðum og telja árin sem þær hafa verið ónotaðar? Hvaða embætti á að annast að með þessu sé fylgst? Ég held að við getum

sagt okkur sjálf að eftirlit verður auðvitað ekki neitt og menn munu leika sér með þetta eins og þeim sýnist.

En það var raunar ekki vegna þessa máls sem ég kom hér í ræðustól. Ég vil þó áður en ég lýk máli mínu um þetta frv. líka benda á síðustu setninguna í 2. gr. þar sem segir: „Það sem enn kann að vera ójafnað að tíu árum liðnum fellur niður.“ — Það verður fróðlegt að sjá hvernig frá þessum málum verður gengið, fyrir nú utan alla meginhugsun í þessu frv. sem ég tel fyrst af öllu ranga.

En það sem ég vildi fyrst og fremst sagt hafa er að ég tel að við samþykkt 129. máls þingsins, frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, hafi verið gerð mikil mistök sem ég efast um að þingheimur hafi gert sér grein fyrir. A. m. k. skal fúslega játað að ég gerði mér ekki alveg grein fyrir því sem þar fór fram, og þess vegna vil ég fá að vekja athygli á því. Hér er fyrst á dagskrá frv. til laga um breytingu á sömu lögum, 159. mál. Ég tel því að enn sé möguleiki á að koma fram brtt. þó að hún sé dálítið fyrir utan það efni sem hér er til umr. og það hefði verið betur viðeigandi að ræða í tengslum við 129. mál. Ég held þó að það ætti ekki að skipta máli. Vel er hægt að hugsa sér brtt. enn. Ég mun gera slíka till. en hef hana ekki alveg tilbúna.

Það sem ég ætla að benda á er að eftir að skattalögin frá 1978 tóku gildi varð sú þróun í þjóðfélaginu að menn hættu að fá lán til húsbygginga með vöxtum fyrst og fremst, heldur koma verðbætur til sögunnar. T. d. er öllum ljóst að menn fengu næstum alls ekki önnur lán en verðtryggð á síðasta ári. Nú er það svo skv. skattalögum að menn fá einungis vexti frádregna frá tekjuskatti, ekki verðbætur. Þetta þýðir að þegar menn sjá skattana sína núna kemur í ljós að venjuleg fjölskylda sem er með verðtryggð lán fær að borga tugum þúsunda meira í skatt en ella. Ég vil leyfa mér að taka mjög einfaldað dæmi, sem ég held samt að lýsi þessu nokkuð.

Dæmið er um fólk sem tók lán með verðbótum og 2.5% vöxtum. Við skulum segja að sú fjölskylda skuldi 500 þúsund. Vaxtafrádrátturinn er 12 500 kr. Hefði sama fólk fengið lán með t. d. 45% vöxtum hefði frádrátturinn verið allt upp í 200 þúsund. Ég vil leyfa mér að spyrja: Hafa menn gert sér grein fyrir hverju þetta breytir í tekjuskatti hjá venjulegu fólki? Ég er ansi hrædd um að það kippist margir við. Þetta getur munað venjulegan húsbyggjanda 50—70 þús. í greiddum skatti. — Ég skal fúslega taka við öllum leiðréttingum, ef menn hafa, ef ég hef miskilið þetta. Þó held ég að svo sé ekki.

Ég vil benda á að nú eiga menn kost á að velja þegar þeir kaupa spariskírteini hvort þeir vilji hafa þau gengistryggð eða ekki. Séu menn svo skynsamir fá þeir gengistapið dregið frá skatti. Hver er eðlismunurinn á gengistapi og verðtryggingu? Ég held nefnilega að hvort tveggja eigi sér sömu rætur. Og ég vil biðja menn að gjöra svo vel að hlusta á þetta, ef menn hafa ekki annað að gera. — Ég hlýt því að spyrja: Er eðlilegt að lántaki fái gengistap dregið frá skatti, en venjulegir húsbyggjendur fái ekki verðbætur dregnar frá skatti?

Nú sé ég að hæstv. ráðh. Halldór Ásgrímsson er eitthvað brosleitur, og ég held að hann haldi að ég viti ekki að hluti verðbóta getur verið dreginn frá skatti. En venjan er sú, þegar við tökum lán til 20—25 ára eru verðbæturnar reiknaðar á öll þessi ár, þannig að verðbótahlutinn er ekki nema kannske 1/25, 1/20 eða 1/40 ef lánin eru það löng. Sú brtt. sem ég hyggst leggja fram er að þetta hlutfall verði mjög stækkað. Ég geri mér ljóst að kannske er ekki eðlilegt að menn fái allar verðbætur dregnar frá skatti því að þá yrði frádrátturinn mjög verulegur, en ég held að Alþingi ætti að hugsa vel um, og ég vil biðja fjh.- og viðskn.-menn að hugsa um það, hvort ekki er fullkomlega eðlilegt að finna þarna einhverja málamiðlun, t. d. að hlutfallið yrði 1/3 og 1/6 af verðbótum eða eitthvað slíkt.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að koma til móts við þá húsbyggjendur í landinu sem hafa verið svo ógæfusamir að fá öll sín lán verðtryggð. Ég held að fólk geti hreinlega ekki greitt þá skatta sem á það eru lagðir með þessu fyrirkomulagi. Ég tel á engan hátt óeðlilegt að gera um þetta brtt. nú þó að það hefði verið, eins og ég sagði áðan, eðlilegra að gera það þegar 129. mál, um skattstigann, var afgreitt.

Ég vil biðja þá sem best eru að sér í skattalöggjöf að hugleiða aðeins það sem ég hef hér minnst á og ef einhver er svo vel að sér að geta svarað því hér og nú hvort þetta eru alveg óeðlilegar hugmyndir þætti mér vænt um að heyra frá þeim hv. þm. En hvernig sem ég reyndi að rifja upp umr. um 129. mál minntist ég ekki að áhersla hefði verið lögð á þetta. Þegar þróun verður eins og sú sem hefur orðið síðan skattalögin voru samþykkt 1978, þegar menn voru mestan part með lán á vöxtum, en síðan verða öll lán meira og minna að verðbótalánum, er með öllu óeðlilegt að ekki sé athugað hvort það stenst lengur að láta menn ekki fá til frádráttar þær gífurlegu verðbætur sem þarna verða.

Ég vil benda hv. þm. á 51. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem stendur í 4. lið: „Gengistöp af hvers konar skuldum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað — það er verið að telja upp það sem til gjalda telst — og miðast þau við sölugengi viðkomandi erlends gjaldeyris í árslok.“

Svo segir hér seinna, með leyfi forseta:

„Gjöld samkvæmt þessari grein eru aðeins frádráttarbær að fullu séu þau tengd atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.“

Það er augljóst að það er flest gert til að létta undir með atvinnurekstrinum og það er ekki óeðlilegt í öllum tilvikum. En það er minna hirt um að koma til móts við þarfir einstaklinga í þjóðfélaginu, sem verða að byggja þak yfir sjálfa sig og fjölskyldur sínar — og ekki aðeins það fólk, heldur næstu kynslóðir. Við skulum aldrei gleyma því að verið er að byggja húsnæði framtíðarinnar nú.

Ég tilkynni, herra forseti, að ég mun bera fram brtt. um ákvæði um frádrátt vegna verðbóta og mun reyna að leggja þá till. fram til prentunar síðar í dag.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mig langar að hafa stuttan inngang að orðum mínum varðandi 160. mál Ed., sem er frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

Þegar skólamenn koma saman og ræða mörkun stefnu í skólamálum reyna þeir gjarnan að hafa að markmiði að skólinn eigi að undirbúa fólk fyrir lífið. Þá hefur sú spurning verið sífellt meir að vefjast fyrir okkur á seinni árum: Fyrir hvaða líf? Hvað er það líf sem börnin okkar koma til með að lifa og hvert er það líf sem við segjum að skólinn eigi að undirbúa þau fyrir?

Með hverju árinu sem líður verða breytingarnar örari og þess vegna er mönnum meiri og meiri vandi á höndum að átta sig á því fyrir hvaða líf skólinn er að undirbúa börnin.

Við getum sagt að þetta sé á vissan hátt sama vandamál og alþm. eiga við að stríða þegar þeir eru að setja reglur sem móta á almennan hátt það umhverfi sem atvinnureksturinn á að þrífast í á komandi árum. Þá spyrja menn gjarnan: Hvers konar atvinnulíf er það sem við erum að búa til almennar reglur fyrir í dag? Þar er okkur heilmikill vandi á höndum, að reyna að sundurgreina hvaða stefnu við teljum að þau mál muni taka á næstunni. Við notum þá góðu og gildu reglu að líta í kringum okkur og athuga hvaða stefnu við sjáum farið eftir í atvinnulífi annars staðar á Vesturlöndum. Og við spyrjum okkur: Hverjar eru breytingarnar í dag? Hvað er að gerast? Eru vaxtarbroddar nýs atvinnulífs í stóriðju eða eru vaxtarbroddar nýs atvinnulífs í annars konar iðju? Þeir sem gleggst hafa kannað þessi mál telja að vaxtarbroddurinn á þessu sviði á Vesturlöndum í dag sé ekki í stóriðjufyrirtækjum, heldur í fyrirtækjum sem þeir á sína vísu kalla smá eða meðalstór, eru kannske með einhverjum hundruðum starfsmanna. Það eru óumdeilanlega þessi fyrirtæki — sum hver byrjuðu jafnvel eins og bílskúrs- og eldhúsborðsfyrirtæki — sem hrundu örtölvubyltingunni af stað. Það er eitt gleggsta dæmið sem við höfum um að þeir smáu taka á rás, en risarnir sitja eftir.

Ég sé að hv. þm. Garðar Sigurðsson er ekki hérna í salnum, en ég hefði viljað taka líkingu úr líffræðinni til að gleðja hann. Í líffræðinni sjáum við dæmi þess að risaeðlurnar dóu út, en vistfræðilega eru það skordýrin sem eru sú fylking dýra sem mesta aðlögun sýndu og verða árangursríkust, hafa lifað árangursríkasta og munu lifa árangursríkasta lífi sem nokkur dýrafylking gerir. (**Gripið fram í:** Ég vek athygli á að fulltrúi risaeðlanna er kominn í salinn.)

Lærdómurinn sem kannske má draga af þessu er að við þurfum að búa þannig í haginn að það verði vöxtur í litlum og miðlungsstórum fyrirtækjum. Það er til skýrsla frá OECD frá 1980 þar sem hefur verið farið svolítið ofan í saumana á þessu. Þar hafa verið athuguð lönd eins og Sviss, Danmörk og Belgía, sem eru dæmi um lönd með litla heimamarkaði. Þar er talið að lítil fyrirtæki og miðlungsstór — enn er verið að tala um fyrirtæki sem þó hafa einhver hundruð starfsmanna — leggi til allt að 70% atvinnutækifæra í iðnaði. Hlutur þessara fyrirtækja í heildarframleiðslunni er minni en hlutur þeirra í heildaratvinnutækifærunum. Þau eru því á sinn hátt tiltölulega meira atvinnuskapandi en stóriðjan. Að auki hafa þessi fyrirtæki myndað flest ný, og eru reyndar einu fyrirtækin sem mynda ný störf á síðustu árum. Reynslan sýnir að það er í þessum fyrirtækjum sem er mest nýsköpunin. Mörg þeirra byggjast jafnvel upp á snjöllum hugmyndum tiltölulega fárra ötulla eigenda og starfsmanna.

Rannsókn sem gerð hefur verið á þessu sviði sýnir t. d. að allt að ⅔ hlutar stefnumarkandi uppgötvana í iðnaði eftir stríð koma frá litlum fyrirtækjum, jafnvel einstaklingum, frekar en hinum stóru samsteypum sem svo mikið einkenna iðnaðarumhverfi þessara ára. Þetta lýsir sér t. d. líka þannig, að það hefur orðið stefnubreyting í starfi háskóla víða erlendis. Á tímum minnkandi framlaga frá ríkisvaldi eiga þeir nú í sívaxandi mæli samvinnu með fyrirtækjum bæði um grundvallarrannsóknir og hagnýtar rannsóknir.

Þetta eru almennir punktar um að reynslan erlendis sýnir að þau fyrirtæki sem við getum sagt að einkenni iðnaðarnýsköpun í dag eru sjálfstæð, smá og mörg eins og skordýrin. Þessi fyrirtæki byggjast á framtaki einstaklinga, hugmyndum einstaklinga, og þau skutu risunum ref fyrir rass. Það er fróðlegt fyrir okkur að hugsa um að í dag erum við að sjá fyrstu merki þess að IBM risasamsteypan er að ná sér almennilega inn á smátölvumarkaðinn, sem hún hreinlega datt útaf í byrjun örtölvubyltingarinnar. IBM er núna fyrst að koma með tölvu sem e. t. v. verður verulega árangursrík á þessu sviði.

Það sem við alþm. þurfum að gera er að hjálpa til við að koma í rækt þannig garði að þessi þúsund blóm megi spretta.

Ég tel að þetta frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri sé hluti af þeirri umsköpun sem nauðsynleg sé til þess að bregðast við þessum nýju tímum. Eins og ég kem að á eftir hefur það ýmsa annmarka, en ég tel að sem þáttur af heildaraðgerðum séu þessar till. gagnlegar.

Þetta eru till. um að auka fjárfestingu í atvinnurekstri með því að mynda frádráttarbær fjárfestingarform. Ég er almennt fylgjandi slíkum till. vegna þess að í fyrsta lagi, sem er nú kannske ekki það lítilvægasta, gætu till., ef þær eru kynntar, vakið fólk til umhugsunar almennt um þátttöku í stofnun og rekstri fyrirtækja. Þetta er e. t. v. mjög mikilvægt. Ég vil t. d. geta þess í því sambandi að yfirvöld erlendis, sem hafa iðnaðaruppbyggingu og nýsköpun í atvinnumálum á sinni könnu, hafa sum gefið út kassettur, sem menn geta keypt sér í tónlistarbúðum. Á þessum kassettum eru t. d. leiðbeiningar um hvernig á að stofna fyrirtæki. Þetta geta menn sett í kassettutækið í bílnum sínum á morgnana og spilað á leiðinni í bæinn, ef þeir skyldu hafa áhuga. Ég held að svona upplýsandi og sálfræðileg atriði séu verulega mikilvæg.

Ég held í öðru lagi að þessar till. séu gagnlegar vegna þess að þær auðvelda að afla fjár og að efla eiginfjárstöðu fyrirtækja sem fyrir eru og að safna fé fyrir ný fyrirtæki eins og sumar greinar þessa frv. gera ráð fyrir. Þetta er mikilvægt á fjármagnsmarkaði sem er oft erfiður byrjendunum ef samdráttur er í peningapólitík.

Það mætti kannske líka segja að að hluta væru þessar till. mótleikur gegn miðstýrðu pólitísku úthlutunarvaldi á sparifé fólks í landinu. Það getur þarna komið fé sínu milliliðalaust í atvinnurekstur sem það hefur trú á.

Ég gerði í upphafi máls míns smáiðnað að umtalsefni. Það er alltaf dálítið erfitt að ræða almennt um þessa hluti vegna þess að við höfum ekki í höndunum óyggjandi upplýsingar um stærð fyrirtækja, starfsmannafjölda, hlutafé og þess háttar. En ég tel að þær takmarkanir sem eru í ákvæðum frv. um stærð, ef við lítum á stærðir sem þar eru, eins og 5 millj. í hlutafé og 50 hluthafar eða 3 millj. í hlutafé og 30 manns, eins og er í öðrum ákvæðum, sjái um að öllu verði í hóf stillt. Slíkt fyrirtæki er peningalega á við einbýlishús og samsvarar hvað fólksfjölda varðar nokkrum fjölskyldum. Jafnvel í litlum bæjarfélögum held ég að hægt væri að ná bæði þessum peningum og þessu fólki saman.

Hins vegar hlýtur það að vera skylda bæði okkar sem

löggjafa og framkvæmdavaldsins að fylgjast með framkvæmd þessara laga. Og ef í ljós kæmi að þessi stærðarákvæði takmörkuðu gildi frv. verulega hlyti að koma sterklega til greina að endurskoða þau.

Í sambandi við stærð fyrirtækja hérlendis má segja að það er fjöldi fyrirtækja hérlendis sem ættu í raun að hafa miklu hærra hlutafé en þau hafa nú. Þetta er m. a. afleiðing af óðaverðbólgu undanfarinna ára. Vafalaust munu mörg fyrirtæki og félög sjá sér hag í að auka hlutafé sitt og stækka hluthafahóp sinn til að komast á blað hjá ríkisskattstjóra yfir þau fyrirtæki sem fullnægja ákvæðum frv. Það mun auka fjölbreytni á þessum markaði og mundi líka styrkja eiginfjárstöðu þessara fyrirtækja.

Það eru líka í þessum till. ákvæði sem koma til móts við einyrkjana, einstaklingana, sem eru með áform um að koma af stað rekstri. Þannig er komið til móts við þá allra minnstu. En ég legg mikla áherslu á að ákvæði í frv. eru ein og sér alls ekki nóg og algjörlega ófullnægjandi til að koma á fót öflugum hópi smárra og miðlungsstórra fyrirtækja hér á Íslandi. En þau eru hluti af aðgerðinni.

Ég held að menn ættu í framhaldi af þessu að líta í kringum sig og sjá hvað er á döfinni með ýmsum öðrum þjóðum til að ná þessu sama. T. d. er í Englandi kerfi, sem mig minnir að sé kallað Small Business Loan System, þar sem ríkisstj. ábyrgist lán sem lítil fyrirtæki geta tekið á almennum markaði sér til vaxtar og viðurværis. Ég tel að samtímis skattaaðgerðum sé grundvallaratriði að líta á þetta í víðara samhengi og neyta allra kosta til að styðja virkilega vel við minni fyrirtækin.

En fyrir öllum þessum orðum mínum er sá fyrirvari að við erum þarna að gera það sem við í ýmsu tilliti sjáum ekki fyrir endann á. Ég tel algjört grundvallaratriði, bæði af hálfu Alþingis og þá fjh.- og viðskn. svo og fjmrn., að það verði fylgst árlega mjög nákvæmlega með framkvæmd þessara ákvæða, bæði að þau nái þeim markmiðum gagnseminnar sem til er ætlast og ekki síður að fylgst sé mjög nákvæmlega með því hvort ákvæði úr þessum frv. séu nýtt til þess að komast hjá því að greiða eðlilega skatta og afgjöld. Það er grundvallaratriði og ætti kannske að vera óþarfi að tala um. En af því við höfum ýmis dæmi fyrir okkur um að þetta hlutverk þingsins er vanrækt. Ég tel að það sé algjört grundvallaratriði, þegar við erum að setja lög fyrir framtíð sem við vitum ekki hvernig lítur út. Þau eru um svið sem við höfum ekki nema takmarkaðar upplýsingar um, og þá skulum við láta fylgja þann staðfasta ásetning okkar að endurskoða áhrif slíkrar löggjafar bæði til góðs og ills einu sinni á ári a. m. k.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er einn af þeim sem eru þeirrar skoðunar að það tekjuskattskerfi sem við búum við í þessu landi sé gjörsamlega misheppnað. Í dag held ég að það sé ekki til að auka jöfnuð í þjóðfélaginu, heldur alveg öfugt. Við höfum ótal dæmi þess fyrir augunum að menn komast undan því að greiða skatta, en á lifnaðarháttum þeirra verður ekki annað séð en þeir hafi fullar hendur fjár. Við erum búnir að koma okkur upp kerfi sem tryggir fyrst og fremst að sá sem lægst er settur í þjóðfélaginu fær allar sínar tekjur skráðar sem laun, engar greiðslur aðrar á launaseðli en að verið sé að greiða honum laun og svo í lífeyrissjóð. Hann er látinn greiða skatta. Stórir hópar sleppa alveg. Vissum aðilum hefur jafnframt verið fengið það lykilvald að ráða að verulegu leyti sköttum manna og þeir sem ráða þar mestu eru bankastjórar.

Það fer ekki milli mála að við erum öll eða flest hlynnt því að menn eignist eigið húsnæði til að búa í. Hins vegar er álitamál hvort að rétt sé að standa þannig að þeirri eignamyndun að hún gerist að stórum hluta á þann veg að menn komi sér undan því að greiða skatta meðan þeir eru að eignast húsnæði eða hvort rétt sé að greiða öllum þegnum ákveðinn fjármagnsstyrk til að auðvelda þeim að eignast húsnæði. Það má segja að þarna er hægt að velja á milli. Er það rétt t. d., að ef maður eignast mjög stóra og veglega villu og kemur þannig fyrir sínum lánamálum að hann fær í gegnum vexti og verðbætur nægilega mikla fjármuni frádráttarbæra geti hann verið skattlaus ár eftir ár? Á samfélagið á þennan hátt að hjálpa honum til þessara hluta? Ég segi nei. Er það rétt að það eigi að setja upp kerfi sem er þannig, að ef þú hefur þénað mjög vel og áttar þig á því í desembermánuði að þú hefðir þurft að fjárfesta fyrir þó nokkuð af þessum peningum t. d. í atvinnurekstri, þú hefur ekki gert það, en ef þú gerir það, ef þú fjárfestir á þessu augnabliki í desembermánuði, færðu helminginn af þeim peningum frá ríkinu á þann hátt að það lækkar þig í skatti, úr efsta þrepi?

Sú hugsun sem liggur á bak við að maður eigi að spara af sínum fjármunum og leggja í atvinnureksturinn er alls ekki víst að verði sú sem verður framkvæmd. Aðgerðin verður sú í framkvæmd að þú slærð lán til að borga hlutdeild þína í atvinnurekstrinum, en eyðir jafnmiklu eftir sem áður, og það eru bankastjórarnir sem munu ráða sköttum manna í vaxandi mæli.

Ég er sannfærður um að margir sem höfðu á því sterka trú að skattakerfið væri réttlátt eins og það er fóru að efast í trúnni þegar láglaunabæturnar voru greiddar eftir sköttum manna. Það kom nefnilega í ljós að furðulegustu einstaklingar í þjóðfélaginu áttu rétt á láglaunabótum. Hvað hafði komið í ljós? Það sem hafði komið í ljós var að skattakerfið var svo snarvitlaust að ekki var hægt að nota það til að framkalla þjóðfélagslegan jöfnuð. Það hafði ekkert með þjóðfélagslegan jöfnuð að gera ef það var skoðað ofan í kjölinn. (**Gripið fram í:** Það heita skattsvik.) Það heita ekki skattsvik, Guðrún, hv. þm. Reykv., að við erum búin að útbúa kort t. d. í Stjórnarráðinu þar sem þú færð keyptan mat á mjög lágu verði á sama tíma og konan sem vinnur í frystihúsi úti á landi, ef hún færi þangað í vinnu, er látin greiða fullt fyrir sinn mat. Við erum búin að koma upp kerfi sem tryggir að sumir hópar fá mjög mikið af sinni daglegu neyslu uppi borið af fyrirtækjum á sama tíma og aðrir fá það ekki. Þess vegna liggur ljóst fyrir að skattakerfið eins og það er er það vitlaust að ekki er hægt að notast við það til þjóðfélagslegs jafnaðar. Og ég vil undirstrika að fjmrh. var Alþb.-maður þegar tilraunin var gerð um láglaunabætur. Hefði hann ekki átt að taka skattsvikarana fyrir, ef það var málið? Málið var það að kerfið var of vitlaust til þess að það væri hægt.

Ég tel að tímabært sé að menn hugleiði í fullri alvöru hvort þeir eru þeirrar skoðunar að halda eigi áfram að lappa upp á skattakerfi sem hefur sannað að það er ekki

tæki til þjóðfélagslegs jafnaðar eins og það var hugsað, hvort menn ætli að halda áfram að lappa upp á það, eins og hér er verið að gera till. um og ég flokka undir hreint kák, eða hvort menn eru tilbúnir að taka þátt í því að taka það upp frá grunni.

Ég er sannfærður um að útsvarið, sem er sléttur skattur, er miklu réttlátara en tekjuskatturinn eins og hann er í dag. Og ég er sannfærður um að það væri miklu réttlátara að gera tekjuskattinn að sléttum skatti en greiða svo til baka til þeirra einstaklinga sem sannanlega ættu rétt á því að fá fjármuni aftur. Það skilar miklu réttlátari niðurstöðu en það kerfi sem við notumst við í dag. Og það er athyglisvert að eitt af því sem fellt var hér í deildinni var að skattskráin ætti, þegar hún er gefin út, að verða eign þeirra sem vildu og hver maður ætti að geta skoðað þar allt. Það var ákveðið að það væri aðeins hægt að fá hana þegar um leiðrétta skrá væri að ræða. Hvers vegna? Hver er tilgangurinn með þessu? Vissulega eru vitleysur í skránni, það vita menn, en auðvitað liggur ljóst fyrir að með þessu móti eru menn þrátt fyrir allt að fyrirverða sig fyrir að skattskrá sé kynnt á þeim tíma þegar hún hefði eitthvert fréttagildi.

Ég er þeirrar skoðunar að það reki að því fyrr en síðar að vissar stéttir í þessu þjóðfélagi, sem öðrum fremur hafa verið látnar greiða tekjuskatt, muni gera atlögu að þessu kerfi og líta á það sem eitt af sínum stærstu hagsmunamálum að því verði breytt. Stundum er talað um að þetta sé launamannaskattur. Þá vaknar sú spurning hvort við séum í reynd að úthugsa þjóðfélag þar sem það sé fyrst og fremst hæpið að vinna fyrir sínum tekjum, að vinna fyrir þeim með höndunum eða með höfðinu eða hvoru tveggja, það séu þær tekjur sem eigi að greiða skatta til ríkissjóðs af, en ef þær verði til á annan hátt eigi að koma þeim undan eftir ýmsum löglegum leiðum sem við útbúum.

Ég vil minna á að það var ráðh. í sænsku ríkisstjórninni sem notaði löglegar leiðir til að koma undan þeim fjármunum sem hann hafði fengið og bankakerfið hjálpaði honum með lánastarfsemi til að gera þetta á allan hátt löglega. Hann kom sér undan því að greiða til samfélagsins með þessu móti, en honum var bjargað fyrir horn, eins og menn muna eftir.

Ég lýsi miklum efasemdum með þau vinnubrögð að halda áfram að lappa upp á þetta kerfi. Ég tel að það þurfi að taka um það ákvörðun að undangenginni rannsókn á því hvaða þjóðfélagshópar það eru sem greiða skatta hvort það kerfi sem við erum með stuðli fremur að jöfnuði hjá þjóðinni en ójöfnuði. Jafnframt að menn geri sér grein fyrir að það er fyrst og fremst í gegnum óbeinu skattana sem við getum náð árangri.

Það hefur verið vanrækt að ná þeim inn í ríkissjóð. Það hefur verið vanrækt að ná söluskattinum inn í ríkissjóð. Það er hægt að setja upp kassa, hvort sem þeir yrðu í eigu fyrirtækjanna eða í eigu fjmrn., þar sem aðeins fulltrúar skattsins hefðu aðgang að prentuðum niðurstöðum á strimlum, og með þeirri aðferð ásamt virku aðhaldi væri hægt að ná inn mjög stórum fjárhæðum. En það broslega er að menn tala núna um virðisaukaskatt, sem útheimtir óhemju fjölgun á skattstofunum í mannafla, en virðast sjá eftir hverri einustu krónu sem á að fara í að auka mannahaldið á skattstofunni til að ná inn söluskattinum.

Ég vænti þess að sú umr. sem hér fer fram um skattamálin verði fremur til þess að koma mönnum til að hugleiða hvort við getum ekki umbylt því tekjukerfi sem ríkið hefur til að ná sér í fé, komið okkur upp bæði réttlátara kerfi og einnig tryggt að þeir fjármunir sem teknir eru af almenningi fari í ríkiskassann. Það er að sjálfsögðu alversta kerfi sem hægt er að koma sér upp ef ekki er einu sinni tryggt að þeir fjármunir sem teknir eru af almenningi í landinu fari í ríkiskassann. Þarna tel ég að við höfum mikið verk að vinna. Ég vænti þess að ríkisstj. taki á þessu máli af meiri alvöru en mér sýnist að hafi verið gert á undanförnum árum.

Ég heyri að hv. 7. þm. Reykv. hefur verið með hálfgert gelt í hliðarsölum megnið af þessum tíma. Það er svo sem ekkert nýtt að það eigi sér stað. (Gripið fram í.) En vonandi notar hann kvöldið til að hugleiða þessi mál af meiri alvöru.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það gætir oft undarlegs tvískinnungs hjá vinstrisinnuðu og félagshyggjusinnuðu fólki þegar talið berst að því ljóta orði: gróði — hagnaður. Sá tvískinnungur er eðlilegur, hann á sér langa sögu. Annars vegar er sú ævaforna trú eða skoðun eða gildismat að gróði sé í sjálfu sér af hinu illa. Hann sé ósamboðinn mannlegu eðli sem helsti drifkraftur eða hvati til athafna. Að því leyti á þessi skoðun rætur að rekja til kristilegs siðgæðismats og er kannske engan veginn einkaskoðun þeirra sem kenna sig við sósíalisma eða vinstri stefnu. Það er þess vegna ekki óalgeng skoðun að menn segi sem svo: Hagnaðarvonin, gróðasjónarmiðið, það er í andstöðu við mannleg sjónarmið sem menn vilja heldur hefja til öndvegis. Og alla vega er það svo, ef menn líta sögulega yfir þessar deilur, að þá er það hugmyndaarfur eða reynsla að menn hafa yfirleittt verið andvígir afleiðingum þess sem heitir óbeislaður kapítalismi, óheft gróðavon, að svo miklu leyti sem hún leiðir til meiri misskiptingar auðs og tekna en fólk almennt séð getur sætt sig við. Þetta er annað sjónarmiðið.

Hitt er jafnrétt, að menn gera sér grein fyrir því oftast nær að gróðavonin er drifkraftur þess hagkerfis sem við kennum við markaðsbúskap. Ef við viljum stuðla að örum hagvexti, örum efnahagslegum framförum, þá þurfum við að beita til þess ákveðnum tækjum: Við þurfum að fá fólk til þess að leggja sig fram um sparnað, til þess að leggja til hliðar í dag einhverja fjárupphæð í von um að hún skili einhverju betra á morgun. Að örva þátttöku almennings í atvinnulífinu er sjónarmið, sem margir vinstrisinnaðir menn geta tekið undir, að fá fólk til að hætta fé sínu í atvinnurekstri. Og um leið viðurkenna menn almennt séð að kerfi, sem útilokar frumkvæði einstaklinganna til að fitja upp á nýjungum, leggja fé í áhættu, er kerfi sem að lokum leiðir til stöðnunar.

Þegar verkalýðsforingjar í praktísku starfi sínu standa frammi fyrir þessum vandamálum segja þeir gjarnan: Við krefjumst þess að fyrirtækin séu bær til þess að greiða há laun. Ef við lítum til okkar eigin reynslu á undanförnum árum og áratugum þá hefur það löngum verið svo, að fyrirtæki í undirstöðuatvinnuvegum landsmanna hafa verið rekin stundum árum saman með halla, jafnvel í mesta góðæri. Afleiðingin af því hefur verið sú, að þau hafa ekki talið sér fært að greiða

mannsæmandi laun. Og vinstrisinnað fólk hefur þá snúist á þá sveifina og segja sem svo: Menn hafa ekki getað fært sönnur á það, að þetta væri rangt, og þá farið að fitja upp á þeirri röksemdafærslu, að það væri á ábyrgð ríkisins, í raun og veru skattgreiðenda, að taka á sig hluta af því sem ætti að vera eðlilegur launakostnaður fyrirtækja. M. ö. o. niðurstaðan af þessari þróun hefur oft verið sú, að taka atvinnulíf landsmanna, sjálfa framleiðsluvélina, sem á að skila verðmætunum og standa undir háum launum og góðum lífskjörum, á framfærslu skattgreiðenda sjálfra. Launþegar eru þá sjálfir farnir að greiða launin að hluta.

Ég ætla mér nú ekki þá dul að leysa þessa þversögn hér í örfáum orðum í þessum ræðustól, en hér er hún fyrir okkur lögð og hér kemur hún fram. Annars vegar er sú viðleitni að meta það af reynslunni að við þurfum á að halda öflugu atvinnulífi. Við viljum að þetta atvinnulíf geti staðið undir háum launum og góðum lífskjörum. Og ef við fylgjum þeirri röksemdafærslu eitthvað áfram, þá er það hlutverk verkalýðshreyfingar, frjálsrar verkalýðshreyfingar í lýðræðislegu þjóðfélagi, að gera kröfu á hendur atvinnulífinu um góð mannsæmandi laun og batnandi lífskjör. Ef menn vilja gera þessar kröfur þá er það nánast forsenda þeirra að krefjast þess að atvinnulífið skili hagnaði, því endalaus hallarekstur atvinnulífsins dregur að lokum lífskjör launþeganna með sér niður í fallinu.

Það hefur þess vegna verið rauði þráðurinn í hugmyndum sósíaldemókrata um þessi mál, um leið og þeir viðurkenna vissan tvískinnung í afstöðu sinni til hagnaðarvonarinnar, að segja sem svo: Af tvennu illu þá viljum við gera það sem gera þarf til þess að byggja upp öflugt atvinnulíf, til þess að örva fólk til sparnaðar, til þess að örva fólk til þátttöku í atvinnulífinu, til þess að halda uppi hagvexti, vegna þess að þetta er forsenda batnandi lífskjara. Við viljum m. ö. o. ekki útiloka að afneita gróðasjónarmiðinu heldur beisla það. Í því felst reyndar viðurkenning á því að það er alveg sama við hvers konar hagkerfi við búum, jafnvel þótt við byggjum við sósíaliskt hagkerfi, þá útrýmum við ekki hagnaðarvoninni eða gróðanum. Nægir að nefna í því sambandi að ekkert ríki í heiminum heldur uppi jafnháu hlutfalli fjárfestingar eins og hið austurevrópska stalínska hagkerfi. M. ö. o. það sem lagt er til hliðar af framleiðsluferlinum, það sem notað er til fjárfestingar, það hlutfall er hærra sem hlutfall af tekjum fyrirtækja og þjóðarbúskaparins heldur en yfirleitt er í kapítalískum ríkjum. M. ö. o. gróði í þessum skilningi á ekkert skylt við hugmyndafræði. Hann er jafn óhjákvæmilegur hvort heldur við byggjum hagkerfið á einkaeignarrétti, markaðskerfi eða hvort við byggjum hann á einhverju sem við köllum sósíalisma eða þjóðnýtingarkerfi. Meira að segja má segja að gróði í þessum skilningi, sem í fræðum Marx hét arðrán, hefur aldrei verið jafnmikill eins og í hinu sósíaliska hagkerfi. Þar á móti kemur líka að í því kerfi er engin verkalýðshreyfing til þess að vega upp á móti ofurvaldi kapítalsins, sem er í höndum fámennrar stéttar valdhafa, sem ekki hlítir neinu lýðræðislegu aðhaldi. Þannig að það er hvorki frjáls verkalýðshreyfing til að andæfa þessu valdi né heldur nein pólitísk stjórnarandstaða. Niðurstaðan er sú, að gróði í merkingunni arðrán er mestur í því þjóðfélagi sem var sett á laggirnar til þess að útrýma arðráni. Þetta nægir til að sýna fram á að þegar svolítið dýpra er skyggnst þá er hugmyndafræðilega deilan um gróða svolítið yfirborðskennd, vegna þess að hagnaður er forsenda fjárfestingar og fjárfestingu verður maður að hafa í hvaða þjóðfélagi sem er.

Hins vegar er það viðleitni okkar að við viljum áskilja okkur rétt til þess að lýðræðislega kjörnar ríkisstj. hafi áhrif á tekju- og eignaskiptinguna í landinu. Þá skiptir það lykilmáli hver afstaða manna er til þessara hluta. Að sjálfsögðu á hið lýðræðislega ríkisvald ýmis úrræði, jafnvel þótt við viðurkennum nauðsyn gróðasjónarmiðsins og hagnaðarvonarinnar, sem forsendu efnahagsframfara og bættra lífskjara. Við viljum ekki sætta okkur við óbeislaðan kapítalisma, stjórnlaust markaðskerfi, vegna þess að það hefur engan sjálfleiðréttandi búnað varðandi eigna- og tekjuskiptingu í sér fólginn. Það leiðir að lokum til eigna- og tekjuskiptingar, sem við yfirleitt viljum ekki sætta okkur við. Þá er spurningin: Fremur en að útrýma gróðasjónarmiðinu með öllum þeim afleiðingum sem það hefur, efnahagslegri stöðnun, versnun lífskjara, þá verðum við að beisla það með einhverjum hætti. Og hvernig förum við að því? Það er annars vegar hlutverk verkalýðshreyfingarinnar, þegar fram í sækir, að sækja hlutdeild vinnandi fólks í vaxandi gróða fyrirtækja og þjóðfélags í formi bættra lífskjara. Í annan stað hafa ríkisstjórnir í höndum sínum tæki til þess að stýra bæði fjárfestingu og arði fyrirtækja með ýmsum ráðum. Hér er verið að leggja til ákveðnar lausnir í þeim efnum. Það er mjög erfitt að taka endanlega afstöðu til þess út frá þeim texta sem fyrir liggur í þessu frv. Hér er einfaldlega um að ræða tilraun sem menn verða að gera upp við sig: Vilja menn að hún verði gerð eða vilja menn það ekki? Mín niðurstaða er sú, hafandi horft upp á dapurlegar afleiðingar vanhugsaðrar hagstjórnar okkar á undanförnum árum, að þessa tilraun beri að gera. Það er nánast út frá þeirri forsendu að lengi var nú ástandið vont og miklu verra getur það ekki orðið.

Leiðirnar til þess eru margar og það er margt umdeilanlegt í því efni. Það hefur á stundum verið afstaða sósíaldemókrata í þessu máli að segja sem svo: Við eigum að skattleggja hagnað fyrirtækja og við eigum t. d. að gera það þannig að við skattleggjum þann arð, sem fyrirtækin halda eftir í fyrirtækjunum og endurfjárfesta, minna heldur en útborgaðan arð, sem fer að verulegu leyti í neyslu fjármagnseigenda. Það er jafnvel til í dæminu að sú leið hefur verið farin að lögbinda það hlutfall hagnaðar fyrirtækja sem verja má til útborgunar á arði. Líka er til sú leið, að fylgja þeirri reglu að hagnaður fyrirtækja skuli vissulega vera skattlagður, einhvers staðar á bilinu 20—40% af nettóhagnaði, en um leið skuli ríkisvaldið beita ákveðnum aðgerðum til þess að hvetja fyrirtæki til fjárfestingar, umbuna þeim fyrirtækjum sem skara fram úr að því leyti að þau nýta vel sitt fjárfestingarfjármagn í arðsömum framkvæmdum, sem skila þjóðarbúinu, launþegum og öllum verulegum árangri.

Hvaða leið hér er valin fer að mestu leyti eftir því við hvers konar fjármagnsmarkað og stofnanakerfi við búum. Mér þykir t. d. athyglisvert að í þeim ríkjum t. d. í hinum angloameríska heimi þar sem fjármagnsmarkaður er mjög þróaður, þá er áhættufjármagn frá einstaklingum mjög þýðingarmikil uppspretta áhættufjármagns til fjárfestingar. Þetta er miklu síður svo t. d. í ríki eins og Vestur-Þýskalandi eða á Norðurlöndum

þar sem meginreglan er sú, að fjárfestingarfé fyrirtækja kemur úr eiginfjármyndun fyrirtækjanna eða af hvers kyns stofnanabundnum sparnaði stórra sjóða, sem eru fremur að leita eftir öryggi í fjárfestingu en skyndilegri gróðavon í áhættusamri fjárfestingu. Það er ekki hægt að segja margt um þessa hluti hér einfaldlega vegna þess að íslenska efnahagslífið er svo sérstakt. Það er í raun og veru að sumu leyti líkara austurevrópskum sósíalisma en vesturevrópsku markaðskerfi vegna þess gífurlega forræðis pólitískra millilliða í okkar stjórnkerfi. Og vegna þess að hér er ekki til nema fyrsti frumvísir að raunverulegu fjármagnskerfi.

Menn verða einfaldlega að gera það upp við sig: Vilja menn gera þessa tilraun eða ekki? Og ég fyrir mitt leyti svara því út frá nákvæmlega sömu grundvallarforsendum og næstsíðasti ræðumaður, hv. þm. Guðmundur Einarsson, að ég tel að þessa tilraun verði að gera.

Við okkar aðstæður er það fyrst og síðast eitt atriði, sem fyllir fólk almennt efasemdum og veldur því, að það ber að líta á þetta sem tilraun, sem ætti að standa einhvern tiltekinn tíma og síðan ætti að endurskoða árangur stefnunnar eftir niðurstöðunum. Ástæðan fyrir þessu er sú, að það er svo mikil hætta á því, vegna smæðar fyrirtækja, vegna þess að flestöll fyrirtæki á Íslandi eru fjölskyldufyrirtæki, að hér sé verið að bjóða upp á verulega misnotkun. Við vitum það að skattsvik eða skattundandráttur, löglegur og ólöglegur, hefur færst gífurlega í vöxt á undanförnum árum. Að sumu leyti er það áhjákvæmileg afleiðing aðgerða ríkisvaldsins, að sumu leyti óhjákvæmileg afleiðing stjórnlausrar óðaverðbólgu. Og það ber að viðurkenna að úrræðin til þess að koma í veg fyrir skattundandrátt liggja ekki alveg í augum uppi. En það er alveg augljóst mál, að á því sviði hafa íslensk yfirvöld verið ótrúlega geðlurðuleg í allri framkvæmd mála. Og þegar skattundandráttarinn er orðinn mjög verulegur, þannig að það sem skiptir sköpum um afkomu fólks er raunverulega aðstaða til skattundandráttar fremur en t. d. upphæð launa, þá erum við komin með skattkerfi sem er ónýtt. Og það sem verra er og alvarlegra. Þá erum við komin í það ástand, að tæki ríkisvaldsins til tekjujöfnunar, til áhrifa á tekju- og eignaskiptingu, eru að verulegu leyti óvirk. Þess vegna er það, að samhliða því að við tökum undir þau grundvallarsjónarmið sem hér eru sett fram og erum tilbúnir að gera þessa tilraun, þá er það eiginlega pólitísk lífsnauðsyn m. a. til að fá fólk til þess að sætta sig við þá skynsamlegu leið sem hér er mörkuð að ríkisvaldið horfist í augu við staðreyndirnar um þennan hrikalega skattundandrátt og þau hrikalegu skattsvik sem eiga sér stað í þjóðfélaginu. Og stígi á stokk og strengi þess heit að gera, jafnhliða því sem þessi tilraun er gerð, sérstakt átak til þess að koma í veg fyrir þau og uppræta þau. Og það ætti að vera prófsteinn á vilja og sanngirni ríkisstj. í þessu máli.

Það er mjög erfitt að koma til fólks og segja: Til langs tíma séð er það alveg áreiðanlegt að ef við förum þessa leið þá er það öllum þorra almennings í hag. Þá mun það, þegar tímar líða fram, verða til þess að efla atvinnulíf og fyrirtæki, auka frumkvæði, örva sparnað o. s. frv. og mun skila okkur öflugri stöðu fyrirtækja og bættum lífskjörum þegar fram líða stundir. Það er erfitt að fá fólk til að sætta sig við það á sama tíma og núið, kringumstæðurnar sem við lítum á núna, eru þær að verið er að leggja þungar byrðar á allan almenning. Menn standa frammi fyrir mjög alvarlegri og mikilli kaupmáttarskerðingu á tiltölulega skömmum tíma. Um leið horfa launþegar á það að allar tilraunir ríkisvaldsins til að jafna þessum byrðum á alla stranda á þeirri staðreynd að skattakerfið er ónýtt. Sumir sleppa alveg. Það eru aðeins launþegarnir í landinu sem bera þyngstu byrðarnar, þegar og einfaldlega af þeim ástæðum, að þeir hafa enga aðstöðu til skattundandráttar. Þeir verða að greiða sína skatta. Og það er síðan svo ákvarðandi um raunveruleg lífskjör að fólk sem kemst hjá skattgreiðslum er orðið sérréttindafólk sem býr við sérstök forréttindi í þessu þjóðfélagi. Á því sviði er mesta misréttið ríkjandi. Og það misrétti er við blasandi hvar sem er, og það er í raun og veru óþolandi og það er pólitísk staðreynd, að fólk sættir sig ekki við það.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég vil aðeins árétta það og leggja á það megináherslu: Það er pólitískt nauðsynlegt, um leið og þessi mál eru rædd og afgreidd hér á Alþingi, að þá liggi fyrir jafneinbeittur vilji meiri hluta þm. til þess um leið að gera það sem hægt er að gera og það sem gera þarf til þess að uppræta mesta og svívirðilegasta misrétti í íslensku þjóðfélagi sem er hin útbreiddu skattsvik. Þau bitna að fullu á aðeins hluta þegnanna, þ. e. launþegum, sem bera miklu meira en sinn hlut af þeim byrðum sem nú er verið að jafna út meðal fólks, á sama tíma og aðrir sleppa algjörlega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 363 (sbr. 230), n. 468 og 486). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. um frv. til l. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt.

Þetta mál er flutt samhliða því frv. sem var til umr. fyrr í dag og er í órjúfanlegu samhengi við þá stefnumörkun sem þar er fram sett. Það kom fram í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstj. að hún vildi að gerðar yrðu sérstakar breytingar á skattalögum í því skyni að örva fjárfestingu og eiginfjármyndun í atvinnulífinu, en það má öllum ljóst vera að öflugt atvinnulíf er forsenda bættra lífskjara. Frv. eru bæði tvö flutt til að koma í framkvæmd þessari stefnuyfirlýsingu ríkisstj.

Í frv. er um að ræða breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt er lúta bæði að einstaklingum og atvinnufyrirtækjum. Að því er einstaklingana varðar er hér um þrjá meginþætti að ræða.

Í fyrsta lagi er um að ræða arð og færslur í stofnsjóði, en gert er ráð fyrir að fenginn arður af hlutabréfaeign verði frádráttarbær hjá einstaklingum allt að 10% af nafnverði einstakra hlutabréfa eða hluta, en þó að hámarki 25 þús. kr. hjá einstaklingi og 50 þús. kr. hjá hjónum. Hliðstæð ákvæði hafa verið og eru reyndar enn í gildandi lögum, en mörkin eru allmiklu lægri en hér er kveðið á um.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir að frádráttarbær hámarksupphæð, sem færð er félagsmanni í samvinnufélagi til tekna í stofnsjóð vegna viðskipta hans við félagið, hækki úr 5% í 7%.

Annar þátturinn lýtur að fjárfestingu einstaklinga í atvinnurekstri. Þar er um að ræða nýmæli þar sem

einstaklingum er heimilað að draga frá tekjum sínum árlega aukningu á fjárfestingu í atvinnurekstri, allt að 20 þús. kr. hjá einstaklingi og 40 þús. hjá hjónum. Það er einmitt þetta ákvæði sem ætlað er að örvi beina þátttöku almennings í atvinnurekstrinum.

Það eru fjórar meginleiðir sem unnt er að fara að þessu marki: Í fyrsta lagi myndun bundinna stofnfjárreikninga í bönkum og sparisjóðum. Í öðru lagi er um að ræða fjárfestingu í hlutabréfum hlutafélaga, þar sem hlutafé er ekki undir 10 millj. kr. og hluthafar eru eigi færri en 50. Við þetta atriði hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. flutt brtt. varðandi 160. mál, þar sem gert er ráð fyrir að takmörkin verði færð niður í 5 millj. kr. að því er hlutafé varðar og 50 hluthafa. Í þriðja lagi er um að ræða tillög í starfsmannasjóði sem sérstaklega eru myndaðir til kaupa á hlutabréfum í hlutafélögum sem þeim eru tengd. Og í fjórða lagi er um að ræða fjárfestingu í hlutabréfum í sérstökum fjárfestingarfélögum sem mynduð yrðu til kaupa á áhættufé atvinnufyrirtækja og skuldabréfum þeirra.

Í frv. á þskj. 251, 160. máli, er kveðið á um með hvaða hætti þessum frádráttarliðum verður komið fyrir.

Þriðji þátturinn lýtur svo að hlutabréfaeign og stofnfjárinnstæðum, en þar er lagt til að hlutabréfaeign og innstæður á stofnfjárreikningum einstaklinga verði heimilt að draga frá eignum einstaklinga við ákvörðun á eignarskattsstofni, allt að 250 þús. kr. hjá einstaklingi og 500 þús. kr. hjá hjónum.

Að því er atvinnufyrirtækin varðar er fyrst og fremst um að ræða það nýmæli að gert er ráð fyrir myndun fjárfestingarsjóðs. Einstaklingar og félög, sem hafa skattskyldar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, geta myndað fjárfestingarsjóð með frádrætti frá tekjum, allt að 40% af skattskyldum hagnaði ársins. Helmingur af tillagi í fjárfestingarsjóð skal bundinn á reikningi í banka eða sparisjóði, sérstökum fjárfestingarreikningi.

Í öðru lagi er lagt til að úthlutaður arður verði frádráttarbær hjá hlutafélagi að fullu allt að 10% af nafnverði hlutafjár og getur frádrátturinn myndað yfirfæranlegt rekstrartap. Frádráttarbær arður af viðskiptum félagsmanna samvinnufélaga verði að hámarki 7% í stað 5% af viðskiptum félagsaðila.

Í þriðja lagi eru fyrningarreglur rýmkaðar í því skyni að örva atvinnufyrirtæki til endurnýjunar. Það skiptir miklu máli við núverandi aðstæður, öra tækniþróun og þegar ljóst er að íslenskt atvinnulíf þarf að laga sig að breytingum nútímaframleiðsluhátta.

Fjh.- og viðskn. hefur farið yfir þetta frv. og rætt það á allmörgum fundum, kallað til sérfræðinga og embættismenn til að gefa upplýsingar og yfirfarið álitsgerðir hagsmunasamtaka launþega og atvinnulífs sem fyrir n. hafa legið. Meiri hl. n., Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson og Halldór Blöndal, mæla með því að frv. verði samþykkt. Guðmundur Einarsson skrifar undir nál. með fyrirvara og gerir sérstaklega grein fyrir honum.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Suðurl., frsm. meiri hl. n., felast í þessu frv. margvíslegar tilhliðranir og ívilnanir að því er varðar skattskyldar tekjur. Þær varða annars vegar einstaklinga, þ. e. heimild þeirra til að nýta sér frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, sbr. það mál sem var til umr. áðan, og hins vegar ýmsar skattaívilnanir til fyrirtækjanna í landinu og reyndar til hlutafjáreigenda.

Að því er varðar skattaívilnanir til fyrirtækjanna í landinu er í tengslum við það gert ráð fyrir að framlög í svonefnda fjárfestingarsjóði komi í stað varasjóðstillaga.

Varðandi frádráttarheimildir vegna fjárfestingar í atvinnurekstri skv. 160. máli, sem var hér til umr. rétt áðan, vísa ég til þess sem ég þar sagði um þá mismunun sem greinilega felst í því frv. í þeim búningi sem það hefur nú og þeirrar afstöðu minnar að vegna þeirra galla sem á því eru ætti að nýta tímann til að endurskoða það frv., enda um öll ákvæði þess svo ástatt að ekki er gert ráð fyrir að þau taki gildi fyrr en um næstu áramót.

Ég vil líka í þessu sambandi taka sérstaklega til umræðu það sem varðar fjárfestingarsjóði. Ég tel að hér sé um mjög athyglisverða hugmynd að ræða, þ. e. þá hugmynd að láta fjárfestingarsjóði koma í stað varasjóðs og varasjóðstillaga. En hitt verður að segjast að framkvæmdin er nokkuð flókin. Þegar skattstjóri Reykjavíkur kom á fund n. hafði hann af því verulegar áhyggjur, lét í ljós kvíða sinn, að eins og þetta væri úr garði gert í frv. eins og það liggur fyrir mundi það þýða mjög vaxandi vinnuálag á starfsfólki skattstofunnar, það þyrfti að fylgjast með mjög mörgum þáttum og jafnvel úrskurða um atriði eftir að eðlilegur tími til slíks úrskurðar væri á enda runninn, þar sem um svo margar mismunandi viðmiðanir væri að ræða. Þó að þetta atriði sé mjög athyglisvert held ég að um það gildi hið sama og ég benti á að því er varðaði 160. mál, að skynsamlegt væri að skoða þetta mál nánar og leita einföldunar á þessum atriðum þannig að framkvæmdin mætti ganga snurðulaust fyrir sig og það væri ekki hætta á því að menn lentu í villum vegna þess hversu flókið þetta væri í framkvæmd.

Önnur atriði frv. en þessir tveir þættir, sem ég hef hér sérstaklega rakið, varða annars vegar lækkun á skattlagningu hlutafjár í eigu einstaklinga og hins vegar lækkun á sköttum fyrirtækjanna. Það gerist með því að úthlutaður arður verður frádráttarbær hjá hlutafélagi allt að 10% af nafnverði hlutafjár og reyndar af viðskiptum við samvinnufélög allt að 7% af viðskiptum upp að marki sem er verulega hækkað frá því sem hefur verið í gildi að undanförnu. Það gerist með því að hlutabréf og stofnfjárinnstæður verða eignarskattsfrjáls allt að 250 þús. kr. hjá einstaklingi og 500 þús. kr. hjá hjónum. Þá fer nú að verða fátt eftir sem verður eignarskattstofn nema fasteignir einar. Menn ættu þá að íhuga hvort þeir séu ekki komnir á það rólið að ætla sér eingöngu að vera með fasteignaskatt sem skiptist á milli sveitarfélaga og ríkis.

Þetta gerist líka með þeim hætti að það eru hækkuð skattfrelsismörk fyrir arð sem menn fá af hlutafélögum og reyndar af færslum í stofnfjársjóði samvinnufélaga líka. Og loks er um það að ræða að skattskyldar tekjur fyrirtækja verða lægri vegna þess að fyrningarheimildir eru rýmkaðar og hækkaðar.

Fyrir utan þá tvo þætti sem ég gerði fyrst að umtalsefni er ljóst að hér er fyrst og fremst um að ræða að lækka skatt á fyrirtækjum og atvinnurekstri og reyndar af hlutafjáreign. Það eru vitaskuld engin skilyrði til þess nú, þegar launafólk hefur fórnað fjórðungi kaupmáttar síns og þannig jafnframt verið fluttir stór-

felldir fjármunir til fyrirtækjanna, að bæta ofan á það sérstakri skattalækkun til fyrirtækja og hlutafjáreigenda. Þetta er þeim mun ankannalegra þar sem nú er nýafgreidd frá þinginu önnur sérstök skattalækkun til fyrirtækjanna, þar sem gert er ráð fyrir að skattprósenta þeirra verði mun lægri en hjá einstaklingum, og er þar vikið frá reglu sem hefur verið í gildi hér áratugum saman. Fólkið í landinu, hið venjulega launafólk, almenningur allur, hefur þegar tekið á sig miklar byrðar á undanförnum mánuðum í kjörum sínum og reyndar með þeim skattalögum sem hér hafa þegar verið samþykkt um skattlagningu á almenning. Við þessar aðstæður verða fyrirtækin vitaskuld líka að axla sitt.

Að lokum þetta: Ég er sannfærður um að skattlagning fyrirtækja og atvinnurekstrar þarfnast margvíslegrar endurskoðunar til þess að gera hana skilvirkari og réttlátari, en ég held ekki að skattlagning fyrirtækjanna í heild í landinu sé þeim ofviða eða sé of há. Þegar ríkisstj. nú gerir það samtímis að tilkynna mikla fjárvöntun ríkissjóðs og sérstaka skattalækkun á fyrirtækjum verður að segjast að það kemur mér a. m. k. mjög spánskt fyrir sjónir.

Að endingu má svo benda á að þau ákvæði sem eru í þessu frv. eru eiginlega afturvirk, og hefur þó verið mjög talað gegn afturvirkum ákvæðum með því að þau varða tekjur s. l. árs, og allt stendur nú á blístri í framtalsgerð fyrirtækjanna vegna þess að fyrir höndum sé að samþykkja þessa afturvirkni sem hér um ræðir.

Með tilliti til þess sem ég hef þegar sagt og að það er engin aðstaða til þess nú að lækka enn og aftur skattlagningu á fyrirtækjum í landinu, en jafnframt með tilvísun í þá afstöðu sem hefur komið fram varðandi 160. mál hjá mér og fjárfestingarsjóðina, þá er það mín skoðun að ekki sé um annað að ræða en að fella þetta frv. Í samræmi við þetta hefur minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. skilað áliti sem við stöndum að saman, eða sá sem hér tala og Svavar Gestsson. Þar leggjum við til að það frv. sem hér er til umr. verði fellt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 26. mars, að loknum 64. fundi.

Almannatryggingar, frv. 255. mál (þskj. 472). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir ákveðnum hækkunum bóta almannatrygginga og tengist þessi ákvörðun m. a. þeim samningum sem fyrir nokkru voru gerðir á milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Þegar hefur verið tekin afstaða til þeirra hækkana sem hægt er að framkvæma með reglugerðarbreytingum en þær hækkanir snerta almennan grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega, svo og hækkun á ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra. Aðrar breytingar en þessar kalla á breytingu á lögum um almannatryggingar og þess vegna er þetta frv. fram komið.

Það var samkomulag á milli ríkisstj. og þeirra aðila sem ég nefndi áðan að úrbótum handa þeim hópum sem hér um ræðir verði best náð með sérstakri hækkun barnalífeyris, mæðra- og feðralauna, hækkun tekjutryggingar lífeyrisþega almannatrygginga, hækkun frítekjumarks og lækkun skerðingarprósentu, hækkun heimilisuppbótar og hækkun á ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra.

Í frv. er fjallað um barnalífeyri og gerð till. um að óendurkræfur barnalífeyrir verði hækkaður úr 1615 kr. á mánuði í 2015 kr., eða að árlegur barnalífeyrir verði 27 180 kr. Rétt er að benda á að gert er ráð fyrir að meðlagsgreiðslur fylgi þessum greiðslum svo sem verið hefur, enda þótt lög um almannatryggingar geti ekki um það, enda falla ákvarðanir um slíkar greiðslur undir barnalög en venjan hefur verið sú að þessar greiðslur héldust í hendur. Gert er ráð fyrir því að mæðra- og feðralaun hækki þannig að með einu barni verði þau 1263 kr. á mánuði í stað 513 kr. en með tveimur börnum í 3309 kr. á mánuði í stað 1809 kr. og með þremur börnum 5869 kr. á mánuði í stað 3619 kr.

Hvað snertir tekjutryggingu eða uppbót á lífeyri er gerð till. um að tekjutryggingin hækki úr 3861 kr. á mánuði í 4728 kr., eða sem nemur 22,5%.

Með reglugerðarbreytingu er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir eða grunnlífeyrir hækki um 7% þannig að heildarhækkun grunnlífeyris og tekjutryggingar verður því um 15.5% skv. frv. og reglugerðinni um hækkun bóta. Hér er leitast við að gera hlut þeirra sem lægstar hafa tekjurnar sem bestan, þ. e. hækkun tekjutryggingar sem er miklu meiri en hækkun grunnlífeyris.

Hvað snertir svokallað frítekjumark, þ. e. þær tekjur sem bótaþegi má hafa á ári án þess að réttur hans til tekjutryggingar skerðist, er gert ráð fyrir því að hafi bótaþegi tekjur umfram 29 084 kr. á ári skerðist uppbótin hér eftir um 45% þeirra tekna sem umfram það eru, en skv. gildandi lögum er miðað við 55% skerðingu. Í almannatryggingalögum er heimilt að hækka frítekjumarkið með reglugerð. Reglugerð sú sem nú er í gildi gerir ráð fyrir að frítekjumarkið hjá einstaklingum sé 26 440 kr. Þannig er með þessu frv. lagt til að það hækki sem nemur 2 644 kr., en gert ráð fyrir að hjónalífeyrir verði hlutfallslega óbreyttur og tekjuhugtakið verði óbreytt frá því sem verið hefur.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að heimilisuppbót hækki um 10% og verði 1422 á mánuði. Þessa uppbót fá einleypingar sem njóta óskertrar tekjutryggingar og eru einir um heimilisrekstur.

Í frv. er gert ráð fyrir breytingu á 19. gr. gildandi almannatryggingalaga til að taka af allan vafa um að tekjufjárhæð vegna tekjutryggingar skuli miðast við tekjur á árinu 1982 og að þeim fjárhæðum skuli breytt 1. júlí árlega til samræmis við hækkanir bóta og annarra tekna á milli ára, en um það hafa ekki verið ákvæði í lögum áður.

Þá er lögð til sú breyting varðandi síðustu mgr. um ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra að heimildin skuli miðast við 25% grunnlífeyris- og tekjutryggingar en í gildandi lögum takmarkast heimildin við lágmarkslífeyri, þ. e. eingöngu grunnlífeyri.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða

frekar um þetta frv. Það hefur verið rætt og afgreitt frá Ed. og enn fremur hefur um þessar bætur verið tilkynnt í Sþ. En ég legg á það mikla áherslu að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu vegna þess að það er orðinn mjög þröngur tími til þess að útgreiðslur bóta geti átt sér stað þar sem það er í síðasta lagi í þessari viku sem það þarf að liggja fyrir að við næstu greiðslu bóta verði þetta frv. orðið að lögum. Ég vænti því að hv. þd. afgreiði þetta mál af þessum ástæðum með mjög snörum hætti.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Heilbr.- og trn. beggja deilda hafa þegar haldið fund um þetta frv. og nm. voru sammála um að vinna að því að það fengi skjótan framgang vegna þess að nauðsynlegt er að þessar hækkanir komist til greiðslu sem allra fyrst. Hins vegar er full ástæða til að vekja athygli á því að þetta frv. er þannig til komið að kjaraskerðingar þær sem orðið hafa í þjóðfélaginu hafa komið harðast niður á þeim sem njóta lífeyris af öllu tagi vegna þess að 76. gr. laga um almannatryggingar kveður svo á að hækkanir á þeim bótum skuli vera samhliða öðrum launahækkunum í landinu. Við gerð kjarasamninga var verið að reyna að klóra ofurlítið í bakkann varðandi kjör þessa fólks, og er það auðvitað betra en ekki, og þess vegna mun ég að sjálfsögðu gera það sem ég get til þess að þetta frv. fái skjótan framgang.

Ástæðan til þess að ég stóð hér upp er hins vegar sú að full ástæða er til að vekja athygli á 5. gr. frv. þar sem talað er um svokallaða vasapeninga þeirra sem dveljast á stofnunum. Það vill nefnilega þannig til að 18. des. 1982 voru sett lög um málefni aldraðra og þar segir í 26. gr., 3. mgr., með leyfi forseta:

„Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr., 2. tölul., skal þó halda eftir til eigin þarfa 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1950 á mánuði. Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 3. og 4. tölul." — þ. e. sjúkrastofnanir — „skal halda eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1330 á mánuði."

Hér var sem sagt á sínum tíma verið að bæta mjög svokallaðar vasapeningagreiðslur. Það er munur á því að talað sé um 25% „tekna sinna" eða 25% „grunnlífeyris og tekjutryggingar" eins og hér er sagt. Það sem ég er einfaldlega að segja með þessu er að við erum ekki enn þá farin að láta framkvæma þessi ákvæði í 26. gr. laga um málefni fatlaðra. Þetta vekur okkur til umhugsunar um til hvers við erum að setja löggjöf um ákveðin málefni þar sem tölur eða prósentutölur koma fyrir sem eru svo aldrei settar í framkvæmd vegna þess að á ári hverju kemur fyrst hv. fjvn. og síðan hv. alþm. og samþykkja að þrátt fyrir ákvæði þessara og þessara laga skuli viðkomandi upphæð samt sem áður ekki vera nema þetta og þetta. Það fer að verða dálítið þreytandi fyrir hv. þm. að þurfa að horfa á það á ári hverju að þau lög, sem búið er að leggja mikla vinnu í að fá í gegnum þingið til úrbóta fyrir fólkið í landinu, eru hreinlega ekki framkvæmd. Ég vil vekja athygli á þessu.

Að öðru leyti mun ég að sjálfsögðu greiða fyrir þessu frv. svo að það verði samþykkt sem allra fyrst. Það er mjög nauðsynlegt fyrir Tryggingastofnun ríkisins að geta farið að vinna að þessum greiðslum svo að þær verði að veruleika í aprílmánuði. En ég held að það sé nokkurt umhugsunarefni fyrir hv. þm. hvað þetta endurtekur sig æ ofan í æ að samþykktar kjarabætur og framlög til hinna ýmsu málefna eru ekki framkvæmd eins og lög segja fyrir um.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Fyrr á þessu þingi gerði ég nokkuð að umræðuefni hversu illa væri komið fyrir elli- og örorkulífeyrisþegum þegar þeir hefðu mátt þola 23—27% skerðingu á kjörum sínum á rúmlega ári. Nú er það auðvitað fagnaðarefni að hér skuli vera lagt fram lagafrv. sem gerir ráð fyrir því að hækka nokkuð bæði tekjutryggingu og almennar lífeyrisgreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega. En ég kemst samt ekki hjá því að vekja athygli á því hversu skammt þetta nær. Sú 7% hækkun sem hér er gert ráð fyrir að því er varðar almennan lífeyri mun engu að síður þýða það að kaupmáttur þessa almenna lífeyris er 17% lægri nú en hann var fyrir ári síðan. Tekjutryggingin mun standa eitthvað skár. En þetta er sannleikurinn að því er varðar hinn almenna lífeyri.

Þá skyldu menn hafa í huga að þeir ellilífeyrisþegar sem ekki njóta tekjutryggingar hafa framfæri sitt fyrir utan hinn almenna lífeyri af greiðslu úr lífeyrissjóðum. Þær greiðslur hafa skerst nákvæmlega jafnmikið og launin í landinu, þ. e. kaupmáttur þeirra hefur skerst um 25% rétt eins og almennar launagreiðslur því að það er sú viðmiðun sem menn hafa yfirleitt varðandi lífeyrissjóðsgreiðslur. Þó að ég sjái að hér sé stigið spor til réttrar áttar vil ég minna hv. deild á það hversu illa hefur verið gengið á hlut þessa fólks og hversu enn, þrátt fyrir þessa breytingu, eru lagðar þungar byrðar á þennan hóp sem menn tala þó oft og mikið um á tyllidögum að eigi að njóta starfa sinna fyrr á starfsævinni.

Að lokum, herra forseti, vil ég minna á í þessu sambandi að einmitt í þeirri umr. sem fór fram um skattalög fyrir nokkrum vikum síðan innti ég hæstv. fjmrh. eftir því hvort hann vildi nú ekki, miðað við aðstæður, fresta fyrirframgreiðslum eða lækka fyrirframgreiðslur almennt yfir línuna hjá elli- og örorkulífeyrisþegum. Hann sagðist mundu athuga það mál en síðan eru liðnar margar vikur og ég hef ekkert af málinu frétt. Hann tók vel í þetta á sínum tíma en efndirnar hafa því miður engar orðið. Ég vildi gjarnan fá að vita hvort von sé á efndum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir sagði um frv. þetta áðan, þannig að mín aths. er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og snertir 5. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir mjög þýðingarmikilli breytingu á 51. gr. almannatryggingalaganna.

Þar er gert ráð fyrir að vasapeningar svokallaðir verði framvegis ekki takmarkaðir við það að vera 25% af lágmarkslífeyri, eins og þetta hefur verið skv. lögum, sem hefur að vísu ekki verið hlítt, heldur er í frv. ríkisstj. gert ráð fyrir að lágmarkslífeyrir, þ. e. vasapeningar, verði 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar. Viðmiðunargrundvöllurinn stækkar því mjög verulega frá því sem verið hefur og þess vegna skapar þessi brtt. frv. möguleika til að rýmka þessa vasapeninga frá því sem gildandi almannatryggingalög gera ráð fyrir.

Hins vegar tel ég að nauðsynlegt sé af þessu tilefni að fara fram á það við hæstv. heilbr.- og trmrh. að hann íhugi hvort ekki er rétt og nauðsynlegt að samræma með óyggjandi hætti lágmarksskilgreiningu almanna-

tryggingalaganna annars vegar á vasapeningum og hins vegar lagannaa um málefni aldraðra. Í lögunum um málefni aldraðra frá 1982 er gert ráð fyrir að menn skuli halda eftir til eigin þarfa 25% tekna sinna, þ. e. þeir sem eru á dvalarstofnun fyrir aldraða, en þeir sem eru aftur á hjúkrunardeild 15% tekna sinna. Í þessu frv. gerir ríkisstj. aftur á móti ráð fyrir að menn haldi eftir 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar. Þetta þarf auðvitað ekki að vera alveg sambærileg tala, heldur getur hún verið aðeins mismunandi, en það á að vera óþarfi fyrir okkur að vera með tvær skilgreiningar á þessari viðmiðun.

Þetta var, herra forseti, sú aths. sem ég vildi gera, sem er eingöngu tæknilegs eðlis, en ég spara mér umræðu um pólitíska hlið málsins til 2. umr. til að greiða fyrir því að mál þetta komist hið fyrsta til meðferðar í n. — En ég fer alvarlega fram á það við hæstv. heilbr.- og trmrh. að þetta mál verði athugað sérstaklega.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. áður en hann kemur í stólinn aftur: Hvað líður frv. til l. um almannatryggingar sem átti að fela í sér samhljóða ákvæði og frv. mitt til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem er 30. mál þingsins? Það hefur nú legið í n. í allan vetur og ekki fengist afgreitt þrátt fyrir að allir séu því sammála, en það er till. um að fæðingarorlof lengist um einn mánuð því fleiri sem börnin eru sem fæðast í einu eða við fleirburafæðingar.

Mér hefur verið svarað því til að þetta mál þurfi ekki að hljóta afgreiðslu í n., þar sem ráðh. muni sjálfur bera það fram þegar hann komi með bálk um almannatryggingar. Nú liggur fyrir einn slíkur, og ekki er að sjá að þar standi neitt um fæðingarorlof. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Er eitthvert annað frv. í smíðum sem mun fela í sér þetta mál? (Gripið fram í.)

Og ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Kemur þetta ákvæði sem frv. frá honum? — Ella mun ég fara að gera mjög ákveðna kröfu til að þetta mál hljóti afgreiðslu í hv. heilbr.- og trn. þar sem það verður, eftir næsta fund, eina málið sem liggur fyrir n.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af fsp. hv. 10. landsk. þm. er rétt að geta þess að ég lagðist gegn því að verið væri að samþykkja sérstakt frv. um ekki veigameira atriði en hér er um að ræða, en ég sagði formanni n. að ég væri alveg sammála þessu ákvæði. Það er unnið að breytingum á lögum um almannatryggingar. Ég hafði í hyggju að leggja til í ákvæðum til bráðbirgða hvað þetta snertir og ef svo skyldi fara að það fæddust þrjú börn eða fleiri að fæðingarorlof mundi ná einnig til þeirra. Það er um töluverðar breytingar að ræða í sambandi við almannatryggingar, sem eru meiri vinna en ég bjóst við, svo endurskoðun hefur tafist. Ég get ekki alveg sagt upp á dag hversu lengi. En ég mun geta þess og ekkert liggja á því að hv. þm. flutti þetta frv. Það var eingöngu af fyrrgreindum ástæðum að ég taldi ekki rétt að vera að samþykkja frv. um þetta eina atriði þegar þarf að gera aths. við og breytingar á fleira.

Það er rétt varðandi samræmingu á hinum svonefndu vasapeningum að ósamræmi er á milli laga. Það er líka rétt að geta þess að þessir svokölluðu vasapeningar koma ákaflega misjafnlega niður. Þeir eiga kannske ekki alveg skýlausan rétt á sér. Þeir þykja ekki miklir eða burðugir hjá þeim sem eru færir um að eyða og hafa löngun til þess og fá þetta og hitt sem ekki beint tilheyrir stofnunum. Það er líka til fólk sem hefur ekkert með vasapeninga að gera, en fær þá, fólk sem er gjörsamlega út úr heiminum. Þetta er því ekki auðvelt mál að koma saman og ég held að það eigi ekki að verða neitt pólitískt bitbein. Hér er um að ræða nauðsyn á samræmingu og það hefur tekið mun lengri tíma en ég reiknaði með. Um það mun verða haft samráð við þm. eða þingflokka áður en það mál verður lagt fram á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 363 (sbr. 230), n. 468 og 486). — Frh. 2. umr.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram hér í umr., þá má skipta ákvæðum þessa frv. í grófum dráttum í tvennt. Það eru atriði sem varða einstaklinga og síðan eru atriði sem varða fyrirtæki. Af þeim atriðum sem einstaklinganá varðar, þá skipta mestu máli þau sem eru í sambandi við fjárfestingu í atvinnurekstri. Við höfum raunar gert þau að umtalsefni í umr. hér fyrr í dag og ég sé ekki ástæðu til að bæta þar við neinu. Hin atriðin í þessu samhengi varðandi arð af hlutabréfum. Þar er lagt til að arður af hlutabréfum verði frádráttarbær til tekjuskatts allt að 25 þús. kr. Þetta er hvatning til aukinnar fjárfestingar í atvinnulífi og var áður. Nú eru hins vegar tölur hækkaðar. Hér er því engin nýlunda á ferðinni. Í þriðja lagi kemur hér undir þennan haus skattfrelsi hlutabréfaeignar til eignarskatts allt að 250 þús. kr. Hér er um það að ræða að þessi sparnaður eða ávöxtunarleið fjár njóti jafnræðis við sparifé í bönkum. Ég álít því ekki að þetta sé út af fyrir sig sérstakrar umfjöllunar vert.

Það sem menn hafa kannske meiri áhuga á í þessu máli eru þær breytingar sem varða fyrirtækin sjálf. Það sem má kalla mesta nýlundu þar er að taka upp fjárfestingarsjóði sem eigi að koma á vissan hátt í stað varasjóðs. Það sem skiptir þar mestu máli er í fyrsta lagi að framlög í fjárfestingarsjóði eiga að geta numið mest 40% af hreinum tekjum og þeir eru verðtryggðir. Framlög í varasjóði gátu einungis numið um 25% en þeir voru hins vegar ekki verðtryggðir. Það er erfitt að segja nákvæmlega um það hvernig þetta mun koma út í framtíðinni í praxís með þeim ákvæðum sem um þetta gilda, en þetta mun kannske á einhvern hátt leiða til frestunar skattgreiðslna. Verðtryggingarákvæðið varðandi þennan lið er mjög mikilvægt og ætti að metast í raun. Undir þennan lið koma líka fyrningar. Þar er um að ræða breytingar á fyrningum sem í raun og veru eru aðlögun að raunveruleika sem við þekkjum vegna breyttra atvinnuhátta, vegna breyttrar tækni. Þetta er aðlögun að staðreyndum nútímans um úreldingu gamalla tækja og gamalla aðferða og þeirri staðreynd að til þess að vera samkeppnisfær þarf atvinnuvegurinn í örara og ríkari mæli en áður að taka upp nýjar aðferðir

og afla sér nýrra tækja. Þessar breytingar um fyrningarnar eru því sjálfsagðar í ljósi þeirra staðreynda, sem við okkur blasa um aðferðir og tækni í atvinnulífi.

Sú deila sem um þetta stendur er í fyrsta lagi hver tekjulækkun ríkissjóðs kann að verða af þessum aðgerðum. Það hefur komið fram í nefnd að þessa lækkun er erfitt að meta. Eins og ég vék að áðan, þá frestast sköttun kannske að einhverju leyti með ákvæðum frv. Það verður því að líta á þetta til lengri tíma þeirra hluta vegna. Það verður sömuleiðis að líta á þetta til lengri tíma vegna þess að ef markmiðið með þessum breytingum næst, sem er efling atvinnulífs, þá mun þetta væntanlega skila sér síðar í auknum sköttum. Þetta er um hugsanlegar breytingar eða hugsanlega tekjulækkun ríkissjóðs af þessum völdum.

Annað sem náttúrlega hlýtur að hvarfla að okkur, ekki síst í dag, er hvort við höfum efni á eða hvort skilyrði séu til að lækka á þennnan hátt, þó kannske til skamms tíma sé, skatta á fyrirtækjum. Það er gengið hart að einstaklingum í þjóðfélaginu og menn spyrja sig hvort núna sé rétti tíminn til að gera þessar breytingar. Því er vafalaust vandasamt að svara. Okkur mun líklega aldrei finnast nákvæmlega rétti tíminn til að gera svona breytingar. Okkur mun væntanlega aldrei finnast skilyrði svo sérstaklega góð að við höfum efni á einhverjum sérstökum aðgerðum í þessum málum. Það er vandasamt að bregðast við lækkuðum tekjum í þjóðfélaginu og það vandasamasta er kannske að finna þær aðgerðir sem til framtíðar geta rifið okkur upp úr þeim lægðum sem við lendum í. Út af fyrir sig er ekki vandasamt að gera niðurskurð. Það er hægt að gera niðurskurð á einstökum atriðum og fresta hlutum. Það sem er vandasamast og þarf stundum hugrekki til er að gera þær breytingar sem við vitum og vonum að muni til frambúðar bjarga okkur. Menn fórna stundum manni í erfiðri stöðu til þess að ná betri stöðu síðar í taflinu. Ég held að við verðum að líta svo á, að þær fórnir sem við kannske færum í augnablikinu, á þessu ári og næsta, með tekjulækkun ríkissjóðs af þessum völdum, sú fórn skili sér og við græðum á henni þegar til lengdar lætur.

Það sem ég held að sé líka rétt að minnast á í þessu sambandi er að samfara því að löggjafinn gerir þær breytingar sem eru nauðsynlegar til að skapa eðlileg vaxtarskilyrði fyrir atvinnulíf og fyrir fyrirtæki í landinu, þá hlýtur það alltaf að vera umhugsunarefni fyrir þann sama löggjafa að búa svo um hnútana að launþegar geti á hverjum tíma sótt réttlátan skerf sinn til þessara sömu atvinnufyrirtækja. Þá á ég við samningsaðferðir á vinnumarkaði. Eins og það tíðkast núna, þá eru viðurkennd þau rök að atvinnufyrirtæki í landinu, sem eru gífurlega ólík að afkomu og aðstöðu, eigi að greiða laun, sem eru meðaltal af afkomu og afkomuleysi fyrirtækja á landsvísu, meðaltal sem er reiknað upp á Rauðarárstíg. Ég tel þetta algerlega ófullnægjandi. Ég tel að á nákvæmlega sama hátt og það er verðugt viðfangsefni að búa svo um hnútana að atvinnufyrirtækin geti blómstrað bæði í nútíð og framtíð sé það líka verðugt viðfangsefni fyrir löggjafann að setja þann ramma um samningamál aðila á vinnumarkaði að launþegar geti sótt það sem þeir kalla réttlátan skerf til atvinnufyrirtækjanna. Og ég tel það betri leið og drýgri og öllum til ánægju og yndisauka að atvinnufyrirtækin skili á þann hátt gagnsemi í þjóðarbúið. En til þess að það geti gengið eins og við höfum séð að undanförnu, þá verða menn að líta nýjum augum á samningaprósessinn. Menn geta kannske spurt sig hvort hægt sé að draga einhverja lærdóma af því sem við höfum séð núna undanfarið, þar sem viðbætur í launamálum fengust ekki með samfloti eða meðaltölum á landsvísu heldur með því að semja í minni einingum eins og Dagsbrún og þeir Vestmanneyingarnir gerðu.

Ég held að það sé allt í lagi fyrir hv. þm. að dusta í kolli sínum rykið af tillögum okkar Bandalagsmanna í þessu efni þar sem við leggjum til að samið sé á grundvelli einstakra fyrirtækja, þar sem upplýsingarnar um afkomuna eru til staðar, þar sem stjórnendur, þar sem eigendur, þar sem launþegar geta tekist á á heimavelli vitandi um aðstæður í fyrirtækinu og vitandi vel um rekstrarafkomu. Á þennan hátt munu fyrirtækin í landinu skila betri og réttlátari arði til þjóðfélagsins en á þann hátt sem nú gerist.

Ég skrifaði undir meirihlutaálit vegna þessa frv. með fyrirvara. Sá fyrirvari er vegna þess að ég tel í raun og veru óalandi og óferjandi að setja lög um skattamál sem verka svona eftir á. Við erum búin að sjá þetta endurtekið á undanförnum vikum. Þetta er í hróplegu ósamræmi við stefnu ríkisstj. sem þykist leggja áherslu á skipulag og festu í fjárhagsmálum, bæði sjálfra sín og annarra. Þess vegna geri ég þann fyrirvara um þetta frv. Hins vegar kýs ég að taka efnislega afstöðu til þess og þeirra tillagna sem það ber varðandi skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja og þess vegna stend ég að áliti meiri hl.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Á þskj. 486 kemur fram afstaða mín og okkar Alþb.-manna til frv. sem hér er nú á dagskránni. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur mælt fyrir áliti minni hl. þar sem við leggjum til að frv., sem er 159. mál Ed., verði fellt, en það er sama afstaða og ég hafði til frv. sem er 160. mál Ed., um frádrátt frá skattskyldum tekjum fyrirtækja. Ég vil taka það fram vegna 160. máls að þar hefur komið fram sú till. frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að því máli verði vísað til ríkisstj. Þar sem sú till. kemur fyrst til atkv. mun ég fyrir mitt leyti greiða henni atkv. þegar þar að kemur og greiða síðan atkv. á móti frv. Ég mun hins vegar, falli frv. ekki, styðja þá brtt. sem fram er komin varðandi það að þetta nái til fleiri fyrirtækja en færri. Ég tel þá till. til bóta, ef eitthvað er, á frv. sem hér er lagt fram og hefur verið kallað af einum talsmanni ríkisstj. hér í dag hreint kák, eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson komst að orði í umr.

Ég tel að rétt sé að rifja upp hverjar eru meginástæðurnar fyrir afstöðu okkar til þessara frv.

Í fyrsta lagi tel ég að það sé óeðlilegt á sama tíma og lífskjör í landinu eru skert stórlega og félagsleg þjónusta að veita fyrirtækjum sérstök skattfríðindi. Það er fráleitt með öllu að gera slíkt og er í andstöðu við mína pólitísku stefnu og skoðun. Ég tel að með þessu móti sé ríkisstj. í rauninni að hygla fyrirtækjunum á kostnað fólksins og þannig að afhjúpa eðli sitt sem stuðningsaðili fjármagnsins þegar þessu tvennu lýstur saman, annars vegar fólkinu og hins vegar fjármagninu.

Í öðru lagi tel ég að þetta frv. sé mjög gallað tæknilega séð. Það kom fram hjá skattstjóranum í Reykjavík og hjá formanni Félags endurskoðenda að frumvörpin sem hér liggja fyrir verði mjög erfið í framkvæmd og flókin. M. a. kom það fram hjá öðrum

þessara aðila, ég hygg skattstjóranum í Reykjavík, að eftirlit með framkvæmd þessara lagaákvæða yrði mjög erfitt og dýrt. Það mundi kalla á fleiri menn til þess að fylgjast með sköttum og skattaframtölum fyrirtækja en þegar er um að ræða. Það mundi með öðrum orðum bæta við báknið meðan ávinningurinn af þessum frv. er auðvitað mjög óljós.

Þriðja atriðið sem ég nefni varðandi afstöðu mína til þessara frumvarpa er fólgið í því að ekki er vitað um það tekjutap sem þau munu hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Þess vegna tel ég að í flutningi svona frv. af hálfu ríkisstj. komi fram ábyrgðarleysi gagnvart stöðu ríkissjóðs, sem hæstv. fjmrh. hefur gert þingi og þjóð grein fyrir með mjög ítarlegum hætti síðustu vikurnar.

Í fjórða lagi tel ég að þetta frv. sé fyrst og fremst fyrir þá sem kunna á kerfið. Ég held að það sé verið að búa til „Glistrupssmugur" í íslenska skattakerfið handa þeim sem kunna að nota sér það, en það eru fyrst og fremst þeir sem hafa sérfræðiþekkingu á rekstri fyrirtækja. Við þekkjum af umræðum frá liðnum áratug hvernig þekktur danskur stjórnmálamaður hagnýtti sér smugur í danska skattakerfinu til að koma undan fjármunum í stórum stíl. — Þetta vildi ég nefna hér, herra forseti, sem meginástæðurnar fyrir því að ég er andvígur þessu frv.

Ég tel hins vegar að það sé alveg rétt, sem hér hefur komið fram, bæði hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni og hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, að þetta frv. snertir grundvallaratriði þjóðmálaumræðunnar. Það snertir spurninguna um hvar áherslur manna eru í sambandi við þjóðmál og stjórnmálaátök yfirleitt. Í þessum efnum er spurningin ekki hvað er gott eða hvað er vont, heldur er spurningin hvar menn kjósa að hasla sér völl og hvar menn hafa trú á að unnt sé að finna lausnir á þeim fjölmörgu vandamálum sem samfélögin eiga alltaf við að glíma.

Ég set þetta gjarnan þannig upp, að annars vegar sé um að ræða sjónarmið okkar sósíalista og vinstri manna, sem teljum að vinnan sé uppspretta auðæfanna og þeir sem vinnuna inna af hendi eigi að eiga sem mestan ráðstöfunarrétt á þeim verðmætum sem vinnan skapar á hverjum tíma. Með þessu móti teljum við að leggja beri áherslu á sem best kjör þeirra sem skapa verðmætin og vinnuna vinna og við teljum að það sé nauðsynlegt að leggja áherslu á félagslegar umbætur til að stuðla að sem bestum lífskjörum hins vinnandi manns. Þetta er okkar sjónarmið og við teljum jafnframt að það sé nauðsynlegt að ákvarðanir í þjóðfélaginu séu teknar á þessum grundvelli, þ. e. þeim að launamennirnir og þeir sem verðmætin skapa, sem eru yfirgnæfandi meiri hluti hverrar þjóðar, ráði sem mestu um sín kjör, þ. e. menn ákveði sjálfir hvernig þeim verðmætum er ráðstafað sem þeir sjálfir skapa. Þess vegna er það sem flokkar eins og vinstri flokkar og sósíalískir flokkar eru lýðræðisflokkar. Það eru flokkar sem leggja áherslu á að fólk hafi vald á hinu nánasta umhverfi sínu á vinnustaðnum og annars staðar og hafi einnig full tök á stjórnkerfi landsins á hverjum tíma. Þess vegna leggja slíkir flokkar að jafnaði og yfirleitt alltaf mjög mikla áherslu á nauðsyn þess að lýðræðislegar leikreglur séu í heiðri hafðar og m. a. hljóta slíkir flokkar, ef þeir vilja vera sjálfum sér samkvæmir, að leggja áherslu á það sem kallað er „plúralistískt" samfélag, þ. e. samfélag þar sem mönnum gefst kostur á að velja um stjórnmálastefnur og stjórnmálamenn á hverjum tíma. Þess vegna getur það kerfi sem vitnað var til hér fyrr í dag af hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, þar sem er í raun og veru bönnuð öll verkalýðshreyfing og stjórnarandstaða, ekki samrýmst þeim sjónarmiðum sem ég hef, a. m. k. ekki í þessum efnum, og ég tel það eigi í rauninni ekkert skylt við það sem ég kalla sósíalisma.

Ég tel að það sé eðlilegt að þessi grundvallaratriði séu rædd einmitt í tengslum við þetta frv. og það skiptir ákaflega miklu máli, að mínu mati, að okkur takist af og til, þegar við erum að deila um stjórnmál, að fara ofan í grundvallaratriðin og reyna að skiptast á skoðunum með heiðarlegum hætti eins og mögulegt er og aðstæður leyfa.

Þarna dreg ég sem sé markalínur annars vegar hjá þeim sem vinnuna inna af hendi og verðmætin skapa. Hins vegar er svo sú áhersla sem ég kalla áhersla á fjármagnið og fyrirtækin, þ. e. á gróðann eða hagnaðarvonina sem meginhvata hinnar þjóðfélagslegu framvindu á hverjum stað og hverjum tíma. Þessum viðhorfum lýstur svo að segja alltaf saman í mjög skörpum andstæðum, en það er þó ekki þannig að þetta þurfi alltaf að vera í tveimur alveg aðskildum hólfum, heldur er auðvitað hugsanlegt að almenningi á hverjum stað og hverjum tíma nýtist eitt og annað t. d. úr þeim þáttum sem lúta að samkeppni í þjóðfélaginu, lúta að einkarekstri fyrirtækja, svo að ég nefni dæmi, en þá verður auðvitað að setja um það lýðræðislegar leikreglur að skorða slíka starfsemi af þannig að fjármagnið takmarki ekki lýðræðisleg réttindi fólksins.

Ég held að þarna séum við komin að kjarna málsins. Ég held að það sé, svo að ég leyfi mér að nota stórt orð, næstum að segja siðlaust, á sama tíma og verið er að taka næstum þriðju hverja krónu af fólkinu í landinu, að ætla sér að láta fyrirtækin hafa sérstök aukaskattfríðindi. Rök meðhaldsmanna þessa frv. eru þau að með þessu móti sé hægt að bæta atvinnulífið, fjölga atvinnutækifærum og þar fram eftir götunum. Ég sé ekkert slíkt í þessu frv. sem sannfærir mig um það.

Ég segi fyrir mig að ég er til viðtals um að skoða ýmsa hluti í líkingu við það sem menn eru hér að tala um, ef ég væri sannfærður um að það hefði í för með sér að atvinnulífið efldist að marki frá því sem nú er. Í þessum efnum minni ég t. d. á launamannasjóði, sem hafa verið mjög umræddir í því landi Svíþjóð nú um nokkurra ára skeið. Það er mál sem mér finnst að komi fyllilega til athugunar að verði skoðað hér á landi, hvernig hægt er að tengja uppbyggingu launamannasjóða við eflingu atvinnulífsins og þá um leið hugsanlega aukin yfirráð launamannanna í atvinnulífinu sjálfu og áhrif þeirra á vinnustöðum á hverjum stað. Ég tel sem sagt að slíkt komi vel til greina og menn eigi að ræða það af fullri alvöru.

Ég hef á undanförnum árum oft og tíðum rætt þetta við forustumenn og aðra félaga mína t. d. í verkalýðssamtökunum og ég hef tekið eftir því að það eru skiptar skoðanir um þessa launamannasjóði þar. Sumir telja að þeir yrðu sjóðabákn til viðbótar við aðra sjóði og mundu lítinn vanda leysa vegna þess líka að það er flókið að sjá fyrir endann á því hvernig þessu ætti að stjórna. Aðrir telja að þetta væri aftur á móti af hinu góða, það mundi stuðla að auknum áhuga launafólksins á atvinnulífinu. Ég tel að það sé í raun og veru ákaflega

mikilvægt að slíkt gerist.

Ef menn ákveða hins vegar að fara út á braut eins og þá sem hér er gerð tillaga um þurfa menn að mínu mati að gera samhliða til þess ráðstafanir, t. d. með breytingum á hlutafélagalögunum, að tryggja að launamennirnir fái aukin áhrif í hlutafélögunum sjálfum, sem þeir vinna hjá. Ég held að í þessum efnum séum við hér á Íslandi mjög langt á eftir. Því hefur oft verið haldið fram, m. a. af mínum flokksbræðrum á liðnum árum, að þetta fyrirkomulag, að auka aðild launamannanna t. d. að stjórnun slíkra fyrirtækja, geti beinlínis verið varasamt við ákveðnar kringumstæður vegna þess að það dragi úr baráttuvilja eða þrótti manna í hinum einstöku verkalýðsfélögum. Ég held að þetta sé nokkur misskilningur. Ég held að við séum á því stigi samfélagsþróunarinnar að eðlilegt sé og nauðsynlegt að launamenn komi sem víðast við sögu við framþróun og uppbyggingu atvinnulífsins. Ég held að það verði að vera ljóst fyrir þeim eins og öðrum að markmið launamannanna, markmið sósíalismans og jafnaðarstefnunnar hefur auðvitað verið að launamennirnir sjálfir réðu örlögum sínum á hverjum stað og tíma, auðvitað eftir lýðræðislegum leikreglum, og þess vegna sé það mikil fjarstæða að þeir haldi sig frá atvinnurekstri á hverjum stað og hverjum tíma. Ég held þvert á móti að þar þurfi að verða veruleg breyting á.

Hér snýst ekki deilan um hvort fyrirtæki þurfi við ákveðnar kringumstæður að skila hagnaði eða þau séu jafnvel rekin með tapi. Hér er það ekki heldur þannig, að t. d. vinstri menn líti svo á að ríkið eigi að hlaupa undir og reka hallafyrirtækin. Málið snýst ekki um það og málið snýst ekki heldur um mismunandi skoðanir á hagnaði út af fyrir sig, enda er hagnaður auðvitað tilltekin bókhaldsniðurstaða í fyrirtækjum. Spurningin er miklu frekar um það, hvernig leikreglur eru settar í þeim fyrirtækjum sem hagnað hafa um ráðstöfun hans á hverjum tíma, því að það er eðlilegt að líta á hagnaðinn sem félagslega eign vegna þess að hann er til orðinn fyrir vinnu þess fólks, sem í fyrirtækinu starfar. Þess vegna er það fullkomlega órökrétt, að okkar mati, að líta á hagnaðinn sem eign einhvers einstaklings sem fyrirtækið á. Við teljum að hagnaður, hvar sem hann verður til, hljóti í rauninni að eiga að vera eign þeirra sem hagnaðinn skapa.

Þá kemur aftur að þeirri spurningu sem hv. þm. Guðmundur Einarsson velti fyrir sér áðan og hefur oft gert hér í ræðustól og það er þetta: Mundi verkafólk vera betur komið ef það gæti samið við hvert fyrirtæki fyrir sig, vegna þess að þá viti menn betur hvernig fyrirtækið er á sig komið og þá taki menn tillit til þess í sínum launasamningum o. s. frv.? Ég held að þetta sé ekki góð stefna. Ég hef reynt að hugsa um þetta af allri velvild. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að í þessum efnum verði menn að reyna að finna meðalhóf.

Að reyra svo að segja alla verkalýðshreyfinguna og öll fyrirtæki föst í einn og sama kauptaxtann á hverjum tíma er slæmt, bæði fyrir fólkið og fyrirtækin, vegna þess að það stríðir gegn allri eðlilegri þróun að reyra hlutina þannig fasta.

Ég get tekið dæmi af slíkri efnahagsstefnu, að vísu í stærra samhengi en á Íslandi. Í Sovétríkjunum er ástundaður miðstýrður áætlunarbúskapur um alla hluti, m. a. um verðlagningu sem ákveður að það skuli vera sama verð á tertum í Verkhoyansk og í Leningrad. Slík stefnumótun, hvað sem að menn kalla hana, gengur engan veginn upp. Hún er fjarstæða. Og hún er líka fjarstæða að því er varðar launamenn og atvinnurekendur. Hún er líka fjarstæða þar og líka fjarstæða í þessu litla samfélagi Íslandi. Í þessum efnum gildir það sem haft var eftir Mao formanni og seinna Guðmundi J., að það á að leyfa 1000 blómum að gróa og blómstra. (**ÓÞÞ:** Okkur þykir þetta dálítið dulræn speki.) Það þykir framsóknarmönnum eðlilega, enda eru þeir sjaldan þessa heims nú orðið.

Þessi stefna er að mínu mati í raun og veru fráleit, að ætla sér að reyra fyrirtækin og fólkið inn í eitt og sama bandið að því er varðar kaup og kjör. Hins vegar mega menn ekki láta þetta þróast svo langt að menn verði í öllum tilvikum eingöngu að sæta því sem er hjá hverjum atvinnurekanda fyrir sig. Þarna verða menn að hafa skjól hver af öðrum. Ef sú stefna væri uppi sem hv. þm. Guðmundur Einarsson hefur gjarnan barist fyrir og Bandalag jafnaðarmanna, þá er alveg ljóst að vinnuaflið, fólkið, mundi sækja frá fyrirtækjunum með slæmu afkomuna yfir til fyrirtækjanna með góðu afkomuna. Það þýðir m. ö. o. það, ef við látum þetta eitt standa, að það fæst ekki fólk til að vinna í ýmsum greinum sjávarútvegs, miðað við þær aðstæður sem hafa verið á Íslandi, því þau fyrirtæki hafa yfirleitt verið vendipunkturinn í efnahagslífinu hér og hefur þess vegna verið haldið oft og tíðum við mjög krappar rekstraraðstæður.

Ég held þess vegna að þarna verði menn að finna aðra leið en þá sem þeir þm. Bandalags jafnaðarmanna hafa talað fyrir. Ég hins vegar skil vel þær áhyggjur, sem þeir hafa og ég deili alveg með þeim, að það er beinlínis hættulegt þegar fram í sækir fyrir verkalýðshreyfinguna og reyndar fyrir fyrirtækin líka, að mínu mati, ef menn ganga allt of langt í þessari miðstýringarviðleitni. Þarna verða menn að finna aðrar reglur, og það er vandfundið meðalhófið í þessum efnum eins og öðru.

Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti, vegna þeirra ummæla sem hér komu fram í dag hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni um grundvallaratriði þessara mála. Ég er þeim auðvitað ekkert sammála um margt af því sem þeir sögðu, en það er ekki aðalatriðið, heldur vildi ég aðeins geta þess að mér finnst það þess virði í umr. um þetta mál að menn ræði nokkuð um grundvallaratriðin.

En af því að þeir framsóknarmenn eru komnir til sjálfs sín, a. m. k. einn þeirra hér í salnum, hv. ritari deildarinnar, hlýt ég að nota tækifærið og vitna til þess manns sem fer með forustu fyrir samvinnuhreyfinguna hér í þessu landi um þessar mundir, en það er grein sem birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 25. mars 1984 og heitir: Misskilningur leiðréttur. Um skattamál samvinnufélaga, hlutafélaga og Miklagarðs, eftir Erlend Einarsson forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga. — Og mér þætti nú miklu betra, þó að ég meti mikils ritara deildarinnar, ef hér væru fleiri framsóknarmenn í fyrirsvari í sambandi við þessi mál því þeir hljóta að hafa áhyggjur af því — eða hvað? — Þegar vegið er að samvinnuhreyfingunni með þeim hætti sem Erlendur Einarsson lýsir í þessari grein. Kannske hafa þeir ekki lengur neinar áhyggjur af því og skilja ekki að íhaldið er að draga að þeim dár með flutningi og samþykki þessara frv. hér í þinginu þar sem verið er í rauninni að reisa Framsfl. níðstöng. En það er ekki víst þeir skilji

það heldur, ekki einu sinni þeir sem eru á Vestfjörðum hvað þá heldur hinir.

En í grein Erlends Einarssonar kemur margt mjög fróðlegt fram um þessi frv. og það hvernig saumað er að samvinnufyrirtækjunum að hans mati í þessum frv. Það segir svo í grein hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Andstæðingar samvinnuhreyfingarinnar mikla mjög fyrir sér það hagræði sem samvinnufélögin hafa af því að mega endurgreiða félagsmönnum sínum hluta af tekjuafgangi í formi afsláttar af viðskiptum áður en tekjuskattur er á lagður. Sérstaklega blæðir þeim það í augum að samþykkja megi að leggja veittan viðskiptaafslátt til félagsmanna sem séreign hvers og eins á stofnsjóðsreikninga þeirra.

Nú er það svo að réttlæti næst ekki alltaf með því að láta nákvæmlega sömu reglur gilda um alla hluti án tillits til aðstæðna. Mismunandi skattaákvæði um hlutafélög og samvinnufélög endurspegla fyrst og fremst eðlismun á þessum tveimur félagsformum sem gera ókleift að beitt sé sömu skattareglum. Í því sambandi er rétt að undirstrika að í samvinnufélögunum er ekki um neitt innborgað áhættufjármagn (hlutafé) að ræða. Af því leiðir að samvinnufélögin geta ekki nýtt sér skattívilnanir hlutafélaga varðandi arð og jöfnunarhlutabréf. Sama má segja um afsláttarheimildir samvinnufélaganna, þær henta ekki hlutafélögunum þar sem félagsréttindi í hlutafélögum eru bundin við fjármagnið, áhættufé eigendanna, en ekki þátttöku í starfseminni, þ. e. umfang viðskipta líkt og í samvinnufélögunum. Þrátt fyrir þennan mismun og mismunandi skattákvæði er að sjálfsögðu sanngirnismál að þegar upp er staðið greiði mismunandi félagsform sambærilega skatta. Við teljum að svo sé, enda hefur aldrei verið sýnt fram á það með rökum að samvinnufélög greiði minni skatta en hlutafélög.

Samanburður á sköttum þessara tveggja félagsforma er hins vegar nokkuð flókinn og engin tök á að gera grein fyrir slíku í stuttri blaðagrein. Því mun ég ekki þreyta lesendur með löngum skýringum þar að lútandi. Óþarft ætti hins vegar að vera að taka fram að hvað aðra skatta varðar en tekjuskattinn gilda nákvæmlega sömu ákvæði um samvinnufélög og hlutafélög og einnig að skattstigar tekjuskatta eru að sjálfsögðu þeir sömu. Á því er hins vegar rétt að vekja sérstaka athygli að á næstunni kann að verða umtalsverð breyting" — ég vek athygli hv. þm. á þessu — „umtalsverð breyting á skattalegri stöðu hlutafélaga, en þar á ég við þau frv. sem nú liggja fyrir Alþingi, sem fyrirsjáanlega munu stórbæta hag hlutafélaga og eigenda þeirra, verði þau að lögum.

Frv. þessi gera ráð fyrir að hlutafélög geti dregið frá tekjum sínum 10% arð án tillits til afkomu ársins, þ. e. myndað skattalegt tap ef tekjuafgangur viðkomandi árs nægir ekki fyrir arðgreiðslum. Jafnframt verður allur arður skattfrjáls hjá einstaklingunum sem félögin eiga, þó að hámarki 50 þús. kr. hjá hjónum. Hlutafjáreign að fjárhæð 500 þús. kr. hjá hjónum verður eignarskattsfrjáls en með útgáfu jöfnunarhlutabréfa má í flestum tilfellum þannig til haga að félögin verði einnig eignarskattsfrjáls. Er þó ótalið það ákvæði að innleiða skattfrádrátt fyrir það fé sem varið er af einstaklingum til hlutabréfakaupa eða lagt til stofnfjárreikninga einstaklingsfyrirtækja.

Sýnist mér", segir svo, „að Alþingi þurfi að huga gaumgæfilega að því hvort umræddar breytingar muni ekki ívilna hlutafélögum óeðlilega mikið í samanburði við önnur félagsform, þ. á m. samvinnufélög, verði frv. þessi að lögum."

Nú óska ég eftir því að hæstv. forseti kalli hingað í formann fjh.- og viðskn. Nd., það mundi vera hv. þm. Páll Pétursson, ég þarf að eiga orðastað við hann augnablik. (**Forseti:** Ég skal athuga hvort hann er viðlátinn.) Hér er bersýnilega um það að ræða að forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga og forustumenn SÍS telja að mjög sé vegið að samvinnufyrirtækjum með þessum lagafrv. sem hér liggja fyrir. Ég hef ekki orðið var við það þó, að þeim framsóknarmönnum hafi orðið bumbult af þessum trakteringum sem Sjálfstfl. er að matreiða fyrir þá þessa dagana. Það hefur ekki komið fram að þeir framsóknarmenn hafi minnsta fyrirvara í þessu máli. Ég man reyndar ekki eftir því að það hafi neinn framsóknarmaður talað í þinginu í þessum málum, nema hv. þm. Ólafur Þórðarson sem ruddi brautina og braut ísinn, eins og hans var von og vísa, og steig hér í stólinn í dag óhræddur við að ræða um málin. Hann sagði hins vegar, þessi eini talsmaður Framsfl., eini þm. Framsfl. sem hefur þorað að tala í þessum umr., að þetta frv. væri hreint kák. Það eru einu meðmælin sem hafa komið frá Framsfl. þann tíma sem þessi frv. hafa verið á dagskrá núna í eina tvo, þrjá mánuði. Ég kannast ekki við að aðrir þm. Framsfl. hafi sagt eitt aukatekið orð um þessi frv., sem vega að samvinnuhreyfingunni eins og forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga hefur gert grein fyrir í þeirri blaðagrein sem ég var að vitna til áðan.

Ég hef reyndar aldrei verið þeirrar skoðunar að Framsfl. væri sérstakur samvinnuflokkur, hann er í rauninni búinn að yfirgefa öll grundvallaratriði samvinnustefnunnar. Hann hefur snúið baki við samvinnustefnunni svo að segja í einu og öllu. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar var auðvitað þannig séð kaflaskipti í sögu Framsfl. að hann er nú úr sögunni sem félagshyggju- og vinstri flokkur í þessu landi og rær hér eftir á hægri miðum og hvergi annars staðar. Auðvitað er þessi afstaða til frv. ríkisstj. núna í góðu samræmi við þá kúvendingu sem hefur átt sér stað í Framsfl. Þeir hafa svikið uppruna sinn, svo að segja, í einu og öllu. Það er ekkert orðið eftir af þeirri stefnu sem Framsfl. þóttist hafa í heiðri fyrir 100 árum þegar menn voru að stofna kaupfélög og berjast við danska kaupmannavaldið. Nú eru hér flutt frv. um fríðindi handa kaupmannavaldinu. Það hefðu Benedikt frá Auðnum þótt fréttir er ég hræddur um. (**ÓÞÞ:** Hvað hyggur þú flokkinn gamlan?) Framsóknarflokkurinn er allgamall flokkur. En það er eðlilegt að hv. þm. skuli spyrja um þetta. Hann er ekki sögufróðari en frægt er. (**ÓÞÞ:** Er hann 100 ára?) Þannig er að samvinnuhreyfingin er 100 ára og það var sagt fyrr á öldinni að Framsfl. ætti rætur í samvinnuhreyfingunni. Því er hv. þm. bersýnilega búinn að gleyma. Það er þess vegna greinilega þörf á að ég rifji upp nokkur orð frá forustumönnum Sambandsins um þessi skattafrv., sem hv. þm. er hér að rótast með í gegnum þingið fyrir íhaldið.

Hefur nú gengið í salinn hv. 2. þm. Norðurl. v., formaður fjh.- og viðskn. Nd. og ábyrgðarmaður Framsfl. á þessum frv. um fríðindi fyrirtækja. Þetta eru frv. sem íhaldið hefur í rauninni rekið ofan í Framsfl. Það hefur ekki komið fram að neinn framsóknarmaður

hafi séð ástæðu til að kvarta eða til að segja eitt eða neitt eða til að rökstyðja þessi mál. Það er til marks um að Framsfl. er kominn eins langt frá upprunalegri stefnu sinni í þessu máli eins og öðrum og mögulegt er. Þegar talað er um umskipting að því er varðar Framsfl. er mjög lítið sagt og vægt til orða tekið og í rauninni allt of lítið og tekur því varla að hafa það orð um þann flokk eins og hann er á sig kominn nú orðið.

Ég var ekki að vitna í minni mann en forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga sem skrifaði grein í Morgunblaðið á dögunum þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýnist mér að Alþingi þurfi að huga gaumgæfilega að því hvort umræddar breytingar muni ekki ívilna hlutafélögum óeðlilega mikið í samanburði við önnur félagsform, þ. á m. samvinnufélög, verði frv. þessi að lögum.“

Þetta er það sem Erlendur Einarsson segir. Og hvernig ætli það sé nú? Hefur Framsfl. gaumgæft þessi mál nákvæmlega hér í þinginu? Hvað hafa þeir gaumgæft þetta mál mikið, þeir félagar hv. þm. Páll Pétursson og aðrir framsóknarforustumenn hér í þinghaldinu? Hvað hafa þeir nú verið að gaumgæfa í þessu máli? hefur Samband ísl. samvinnufélaga með stærstu fyrirtæki landsins á sínum snærum verið beðið um umsögn um málið? Það er nú þannig að frv. af þessu tagi eru oft send til umsagnar ýmissa samtaka. T. d. var það hv. þm. Ragnar Arnalds sem fór fram á að þessi frv. yrðu send til umsagnar Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og verkalýðssamtakanna. En báðu þá þeir framsóknarmenn hv. þm. Páll Pétursson, sem er nú formaður í n. í Nd., eða framsóknarmaðurinn í Ed.-n., ætli það sé ekki hv. þm. Tómas Árnason, um umsögn frá Sambandi ísl. samvinnufélaga eða samvinnuhreyfingunni? Báðu þeir um hana? Liggur hún fyrir? Hvar er hún? Hún liggur ekki fyrir. Þeir báðu aldrei um það. Hins vegar var beðið um eitthvað af umsögnum frá Verslunarráðinu og slíkum aðilum. Það var tryggt að þau plögg kæmu til skila, en að samvinnuhreyfingin væri spurð, hún var ekki spurð, ekki aukateknið orð. Það var hins vegar einhver starfsmaður af SÍS-kontorunum sem var hafður í vinnu um þessi frv. ásamt hv. þm. Þorsteini Pálssyni, en hann var fyrst og fremst í því að skrifa þessa texta upp. Það var ekki álit samvinnuhreyfingarinnar eða Sambands ísl. samvinnufélaga sem kom fram í því. Þannig er bersýnilegt að Framsfl. gerir lítið með samvinnuhreyfinguna og ég er ekki að segja að það komi mér á óvart. (**ÞP:** Það er nú kominn tími til.) Hann gerir lítið með samvinnuhreyfinguna og er í rauninni enginn sérstakur samvinnuflokkur og hefur ekki verið það lengi, a. m. k. ekki frá 27. maí 1983 þegar stóru undrin gerðust. (**ÓRG:** Formaður Sjálfstfl. var að kalla fram í og sagði að það væri nú tími til kominn.) Hv. 1. þm. Suðurl. kallaði fagnandi fram í. Það er nú kominn tími til, sagði fyrrv. forstjóri Vinnuveitendasambandsins og gleðst yfir þeirri breytingu sem orðin er á framsóknarheimilinu við þá nýju forustu sem þeir hafa þar nú, þá Steingrím Hermannsson og Pál Pétursson. (**Gripið fram í:** Það er í eina skiptið sem hann hefur brosað í þingsalnum.) Þar kveður nú við allt annan róm en áður var.

Í rauninni eru mjög athyglisverð þau sinnaskipti sem Framsfl. hefur hér tekið. Það er ekki nóg með að hann hendi hér inn frv. sem vísar arfleifðinni frá Benedikt frá Auðnum á bug gersamlega, heldur kemur Framsfl. þannig fram við Samband ísl. samvinnufélaga að það er ekki látið svo lítið að biðja um umsögn frá Erlendi. Það hefði einhvern tíma þótt fyrirburður á þeim bæ ef Samband ísl. samvinnufélaga væri ekki einu sinni talið þess virði að senda umsögn um málið.

Þetta staðfestir algjörlega hvers lags flokkur Framsfl. er orðinn. Hann er flokkur hægri stefnu, fjármagns og fyrirtækja. Það er liðin tíð að Framsfl. sé samvinnuflokkur, enda er það svo að samvinnumenn hljóta að líta annað en til Framsfl. á komandi árum. Það eru aðrir sem þar hafa forustu í málflutningi.

En nú vil ég gefa hv. þm. Páli Péturssyni kost á því að bæta sig. Þannig eru mál vaxin að hv. þm. Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., benti mér á að e. t. v. yrði 3. umr. um þetta mál að fara fram á miðvikudag. Fyrst svo er er möguleiki á því samkv. þingsköpum að hv. þm. Páll Pétursson skrifi Erlendi, láti nú svo lítið af því að Erlendur er eiginlega að biðja um að fá bréf frá hv. þm. Páli Péturssyni, — brjóti nú odd af oflæti sínu í íhaldsvinnunni og skrifi Erlendi Einarssyni og biðji um skoðun á málinu. Og ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn til þess sem nm. í fjh.- og viðskn. og þannig séð undirmaður hv. þm. Páls Pétursonar að mæta á nefndarfundi strax eftir þennan fund í því skyni að ákveða að beðið verði um umsögn frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, en þá óska ég eftir því að það verði gert með þeim hætti, að það komi fram að það sé að frumkvæði Alþb., að fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. hafi farið fram á það að gefnu tilefni. Ég veit að hv. þm. Páll Pétursson er tilbúinn að gera þetta með glöðu geði, ef hann hugsar hvað það er alvarlegt sem hann er hér að beita sér fyrir, að þræla hér í gegnum þingið á kvöld- og næturfundum sérstökum skattfríðindafrv. fyrir fyrirtækin í landinu þegar Erlendur sjálfur segir. „Sýnist mér að Alþingi þurfi að huga gaumgæfilega að því hvort umræddar breytingar muni ekki ívilna hlutafélögum óeðlilega mikið í samanburði við samvinnufélög“, þegar Erlendur Einarsson fer fram á að Alþingi gaumgæfi málið. Ég lýsi mig reiðubúinn til þess fyrir hönd míns flokks, Alþb., að hjálpa hv. þm. Páli Péturssyni við að gaumgæfa málið. Þrátt fyrir afstöðu íhaldsins og að það rekur á eftir með hnútasvipu svo að segja á hverjum klukkutíma er ég sannfærður um að við þessar aðstæður tekur Páll Pétursson því vel að reyna að koma þessu máli til umsagnar.

Ég kvaddi mér hér hljóðs, virðulegi forseti, fyrst og fremst til að vekja athygli á því í fyrsta lagi að þetta frv. snýst um grundvallaratriði stjórnmálanna og í öðru lagi til þess að vekja athygli á að það hefur greinilega verið farið fram á að samvinnuhreyfingin fái að hafa formlega skoðun á þessu máli. Ég lýsi mig stuðningsmann þeirra sjónarmiða og óska jafnframt eftir því að hv. þm. Páll Pétursson brjóti nú odd af oflæti sínu og noti tímann fram að 3. umr. til að fara fram á það formlega við Sambandið að það sendi inn umsögn um þetta mál.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að þessi orð verði til þess að þeir framsóknarmenn láti í ljós skoðun á þessu frv. og svari því m. a. hvaða atriði eru það í samvinnuhugsjóninni sem sérstaklega er verið að framkvæma í þessu frv. Ég held nefnilega að það sé í raun og veru verið að stríða gegn samvinnuhugsjóninni og þess vegna sé runnin upp sú tíð, því miður, að það sé ástæða fyrir formann Sjálfstfl. að fagna sinnaskiptum þeirra fram-

sóknarmanna, eins og hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerði hér í glaðhlakkalegu frammíkalli áðan.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Það er býsna fjölskrúðug flóran sem sprottið hefur upp af málflutningi talsmanna stjórnarandstöðunnar í þessum umr. Hv. 3. þm. Reykn., formaður Alþfl., lýsti afstöðu sinni til þessara mála sem hér liggja fyrir, bæði frv. til l. um breytingu á tekju- og eignarskatti og frv. til l. um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, sem góðum hugmyndum um margt en það væru ágallar á því að samþykkja þessar góðu hugmyndir við núverandi aðstæður, sérstaklega með skírskotun til efnahagsástands, kjaraskerðingar, eins og hann orðaði það, og hins vegar með tilliti til þess að það þyrfti að huga betur að því hvernig ætti að framkvæma þessar góðu hugmyndir.

Hv. 5. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson, lýsti þessu frv. einnig sem góðri hugmynd, markverðri tilraun sem yrði að framkvæma. Þannig hafa talsmenn Alþfl. skipst í tvo hópa um mál sem þeir telja efnislega gott og virðingarverða tilraun. Annar vill framkvæma hana, hinn vill fresta henni.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur lýst andstöðu Alþb. við frumvörpin með skírskotun til marxískra hugmynda sem flokkur hans byggir á og vill nú skerpa og draga með skarpari og gleggri hætti fram í dagsljósið hvað ræður viðhorfum flokks hans til þjóðfélagsmálefna.

Þau einstöku atriði sem vikið hefur verið að lúta fyrst og fremst að því að óeðlilegt sé að koma fram með réttarbætur sem þessar í skattamálum þegar lífskjör almennings hafa skerst. Í öðru lagi að það kerfi sem hér er lagt til sé tæknilega gallað og verði erfitt í framkvæmd. Og í þriðja lagi að ekki sé vitað um tekjutap ríkissjóðs sem af samþykkt þessara frv. mundi hljótast. Þetta eru í meginatriðum þau viðhorf sem fram hafa komið gegn samþykkt frumvarpanna.

Ef við lítum fyrst á þá fullyrðingu að óeðlilegt sé að samþykkja frv. sem þessi við núverandi aðstæður í efnahagsmálum fyrir þá sök að lífskjör alþýðu manna hafi skerst á undanförnum mánuðum, þá er rétt að velta því fyrir sér hvers vegna lífskjörin hafa skerst. Hvers vegna eru lífskjörin núna minni en þau voru áður? Það er vegna þess að framleiðsla þjóðarinnar hefur farið minnkandi. Við sköpum ekki sömu verðmæti og áður. Það er ástæðan fyrir lífskjaraskerðingunni. Eitt af því sem okkur ber að gera við aðstæður sem þessar þegar lífskjör hafa dregist saman er að gera þær ráðstafanir sem geta leitt til þess að við sköpum meiri verðmæti í þjóðfélaginu. Við þurfum að ýta undir framleiðslustarfsemina í landinu, auðvelda atvinnufyrirtækjunum að takast á við ný verkefni, stofna til nýrrar framleiðslu og aukinnar verðmætasköpunar.

Ég er ekki að halda því fram að þessi frv. leysi allan vanda í þeim efnum. En þau eru snar þáttur í viðleitni stjórnvalda til þess að styrkja stöðu atvinnulífsins til þess að takast á við ný verkefni og þau eru þáttur í því að skapa almenningi tækifæri til þess að leggja fjármuni beint inn í atvinnustarfsemina og styrkja þar með stöðu atvinnulífsins, atvinnufyrirtækjanna, í samkeppni við fjármagnið. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt við þessar aðstæður að samþykkja frumvörp af þessu tagi. Einmitt við aðstæður sem þessar er mjög mikilvægt og brýnt að menn geri ráðstafanir í skattamálum sem örvi fjárfestingu og nýjar framkvæmdir í atvinnulífinu.

Í annan stað er á það bent að frv. séu tæknilega erfið í framkvæmd. Auðvitað er það svo þegar nýmæli eru sett fram í lögum að menn vita ekki nákvæmlega fyrirfram hvernig framkvæmd þeirra verður. Ég sé þó ekki að í þessu tilviki hafi neitt það komið fram varðandi erfiða framkvæmd þessara laga sem eigi að koma í veg fyrir þessa réttarbót eða mæli gegn samþykkt frv.

Ég held að það hljóti ávallt að vera þannig þegar nýmæli eru sett fram í lögum að þau kunna að kosta það að embættiskerfið, sem á að framfylgja lögunum og fylgjast með þeim, þurfi að taka upp ný vinnubrögð. Hér hafa verið settar takmarkanir varðandi þessi efni. Það eru sett ströng skilyrði fyrir frádrætti skv. þessum lögum vegna þess að menn eru fyrst og fremst að stuðla að því að fá nýtt fjármagn inn í atvinnulífið, en vilja ekki opna upp á gátt allar smugur til skattundanskota. Eðlilega leggjast á skattkerfið nýjar skyldur við að fylgja þessu eftir. Hægt væri að draga úr verkefnum skattstofanna með því að slaka á þessum skilyrðum en það er ekki lagt til hér. Ég hygg að þegar menn stíga fyrstu skref í tilraun sem þessari geti menn verið sammála um að eðlilegt er að setja framkvæmd þessara laga ákveðin takmörk.

Hv. 3. þm. Reykn. ræddi um að óeðlileg mismunun væri gerð milli fyrirtækja eftir stærð þeirra. Talsvert hefur verið rætt í umr. um þetta mál um þær kröfur sem gerðar eru varðandi frádrátt við aukningu fjárfestingar í hlutabréfum. Þá hefur það skilyrði verið sett að um sé að ræða fyrirtæki sem eru í eigu a. m. k. 100 hluthafa og hlutafé sé 10 millj. kr. Flutt hefur verið brtt. við þetta ákvæði sem lækkar hlutafjármarkið niður í 5 millj. kr. og fjölda hluthafa niður í 50. Þau sjónarmið sem liggja þarna að baki byggjast fyrst og fremst á því að talið er eðlilegt að setja skilyrði sem þessi til að hindra að verið sé að opna leið fyrir smáfyrirtæki í einstaklingseigu til þess að draga fjármagn út úr fyrirtækjum og nota sama fjármagn til þess að kaupa ný hlutabréf og mynda þannig stofn til frádráttar. Með þessari reglu á það að vera tryggt.

En það eru miklu fleiri leiðir en þessi ein sem opin er einstaklingum til þess að njóta fríðinda skv. frv. Þar er í fyrsta lagi um að ræða myndun stofnfjárreikninga, tillög í stofnfjársjóði og fjárfesting í hlutabréfum í sérstökum fjárfestingarfélögum. Þannig fer því víðs fjarri að um eina leið sé að ræða.

Þegar sú breyting hefur verið gerð sem lögð hefur verið til hygg ég að um eðlilega takmörkun sé að ræða. Það er líka vert að hafa í huga varðandi frádrátt af þessu tagi að hann gildir því aðeins að um sé að ræða fyrirtæki þar sem viðskipti eru frjáls með hlutabréf. Þetta gildir ekki varðandi lokuð hlutafélög. Það takmarkar auðvitað þessa heimild. Ekki hefur verið talið rétt að opna frádráttarheimildir skv. þessu frv. fyrir litlum, lokuðum hlutafélögum. Eðlilegt er að gera þá kröfu að hér sé um að ræða opin félög sem birta reikninga sína og leggja engar kvaðir á sölu hlutabréfa. Þannig liggur það í eðli máls að alltaf verður um ákveðna mismunun að ræða milli hlutafélaga innbyrðis. Ef þau kjósa að starfa með lokuðum hætti og birta ekki reikninga sína og leggja kvaðir á sölu hlutabréfa þá njóta þau ekki fríðinda af þessu tagi. Frá mínum bæjardyrum séð er eðlilegt að gera skilsmun þarna á milli.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði einnig um að varðandi

stofnfjárreikninga væru heimildir of víða og hætta væri á stofnun gervifyrirtækja. Hér stangast rökin á. Í öðru tilvikinu er mælt gegn frv. vegna þess að heimildir í því séu of þröngar en gagnvart næsta lið er mælt gegn því vegna þess að heimildir séu of víðar. Þegar á heildina er litið er varla hægt að taka mikið mark á gagnrýni af þessu tagi.

Inn í þetta hafa eðlilega einnig blandast umræður manna um almenn skattsvik í þjóðfélaginu. Þó að sú umr. heyri ekki beint undir þetta umræðuefni er kannske ekki óeðlilegt að menn dragi þau sjónarmið inn í þessa umr. Ég hygg að skattsvik verði ekki upprætt með sífellt auknu eftirliti. Þvert á móti held ég að háir skattar muni alltaf leiða til aukinna skattsvika, hversu mikið skattaeftirlit er menn byggja upp. Tilslökun í sköttum mun stuðla að betri skilum skatta sem ríkið ákveður að leggja á borgara landsins. Því held ég að í þessu tilviki séum við að stuðla að því að menn skili skilvíslega þeim sköttum sem menn eiga að greiða fremur en hitt.

Hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, taldi að núverandi tekjuskattsfyrirkomulag væri óheppilegt vegna þess að stórir hópar manna slyppu undan skattgreiðslu og taldi að því mætti breyta með því að leggja tekjuskatt hlutfallslega eins á alla hópa með svipuðum hætti og útsvar. Ég sé ekki hvernig draga má úr skattsvikum með þessari kerfisbreytingu einni því að mér sýnist að menn dragi jafnt undan útsvarsgreiðslum í dag eins og almennum skattgreiðslum, þannig að fyrirkomulag af þessu tagi breytti ákaflega litlu varðandi skattsvik.

Í þriðja lagi hefur verið á það bent að ekki sé vitað um tekjutap ríkissjóðs á þessu ári ef þessi frv. verða samþykkt. Ég hygg að öllum sé ljóst að mjög erfitt er að gera sér í hugarlund hversu almenn þátttaka verður í því að hagnýta sér þessi nýju ákvæði fyrst í stað. Við rennum algjörlega blint í sjóinn í því efni og því er ógerningur að segja til um það með nokkurri vissu hvert tekjutapið verður á þessu ári. Það er þó rétt að vekja athygli á því að þeim ákvæðum, sem lúta að frádrætti vegna fjárfestingaraukningar í atvinnurekstri, er ekki ætlað að koma til framkvæmda á þessu ári heldur fyrst á því næsta. Þannig er það ekki nema takmarkaður hluti frv. sem kemur til framkvæmda nú. Óhætt er að fullyrða að tekjutap ríkissjóðs á þessu ári verður mjög óverulegt. Miklu meira máli skiptir að ná þessum réttarbótum fram og stuðla þegar í stað að þeirri örvun atvinnulífs sem þessi frv. stefna að heldur en að velta um of vöngum yfir því mjög svo óverulega tekjutapi sem fyrirsjáanlegt er af þessum frv. á þessu ári.

En það er rétt sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Reykv. að þetta frv. snertir á margan hátt grundvallaratriði í hugmyndabaráttu stjórnmálaflokkanna. Hann benti á að skv. marxískum hugmyndum Alþb. ætti að leggja alla áherslu á rétt vinnunar en með þessum frv. væri verið að draga um of taum fjármagnsins. Þessi gamaldags umræða hefur ekki heyrst lengi og sennilega hefur þessi útlegging á stefnu Alþb. ekki verið í hávegum höfð síðan Einar Olgeirsson stóð hér í þingsölum og flutti langar ræður um baráttu vinnu og fjármagns.

Ég held í þessu sambandi að rétt sé að minna á viðtal sem birtist eða flutt var fyrir skömmu í Ríkisútvarpinu við einn af þeim mönnum sem unnið hefur að undanförnu að gerð kvikmyndar um Atómstöðina. En kvikmyndaiðnaður á Íslandi hefur sprottið mjög skyndilega upp og er dæmigerður fyrir það hvað einkaframtak getur komið miklu til leiðar. Þessi talsmaður þeirra sem unnið hafa mikið verk við að kvikmynda Atómstöðina benti sérstaklega á það í þessu útvarpsviðtali að íslensk skattalög vantaði heimildir til þess að þeir sem vildu leggja fram áhættufjármagn í starfsemi af þessu tagi gætu fengið slík framlög frádráttarbær gagnvart skatti.

Ég held að þarna hafi einmitt verið bent á mjög mikilvægan þátt. Þetta er gert víða erlendis og er nákvæmlega það sama og þessi frv. eiga að leiða til. Ég held að það væri ákaflega mikil lyftistöng fyrir þennan iðnað, menningariðnað, í okkar þjóðlífi sem er að spretta upp að fá heimildir af þessu tagi. Frá talsmanni þessa fyrirtækis kom fram mikill áhugi á því að heimildir af þessu tagi yrðu opnaðar í íslenskum skattalögum og hér er einmitt verið að fara inn á þá braut.

Það sem máli skiptir varðandi atvinnurekstur á Íslandi, ef við ætlum að styrkja hann og gera það mögulegt að auka hér framleiðslu og verðmætasköpun, er að auka eigið fé í atvinnulífinu. Það gerum við m. a. með þessu móti. Það sem líka er afar þýðingarmikið varðandi þróun atvinnulífsins er að stuðla að aukinni dreifingu eignarhalds á atvinnufyrirtækjunum, að fá fleiri eigendur að atvinnufyrirtækjunum, gefa fleiri mönnum kost á því að vera eigendur atvinnufyrirtækja. Það er einmitt verið að stuðla að því með þessu frv.

En gegn þessu berst auðvitað Alþb. Það vill ekki fjöldaþátttöku í atvinnufyrirtæki. Það vill ekki að allur almenningur eigi atvinnufyrirtæki. Það vill heildstæða stjórn. Það kom mjög vel fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. sem dró fram sem valkosti við þessar hugmyndir tillögur sósíaldemókrata í Svíþjóð um launamannasjóði. Þar er verið að byggja upp fjárfestingarsjóði þar sem almenningur, hinn almenni launþegi, fær hvergi nærri að koma. Byggðir eru upp sjóðir sem lúta heildarstjórn verkalýðsfélaganna. M. ö. o. er verið að vinna að því að sósíalísera atvinnulífið í gegnum verkalýðsfélögin í staðinn fyrir að gera það í gegnum ríkisvaldið. Hinn almenni launamaður og almenni verkamaður stendur jafnlangt frá því að vera þátttakandi í atvinnurekstrinum í hinum sænsku launamannasjóðum og verkamaðurinn í Rússlandi. Sósíalíseringin er nákvæmlega hin sama, einungis eftir mismunandi aðferðum. Það sem hér er verið að leggja til er að gefa einstaklingum í atvinnulífinu aukin tækifæri til þess að kaupa hlutabréf og gerast eignaraðilar að atvinnulífinu. Um þetta er grundvallarágreiningur á milli stjórnmálaflokkanna. Ég skil ósköp vel andstöðu Alþb. við frv. vegna þess að þau ganga gegn þeirra grundvallarviðhorfum. Þau lúta ekki að aukinni valddreifingu, þau lúta ekki að því að gera það mögulegt fyrir allan almenning að eignast atvinnufyrirtækin og kaupa hlutabréf í þeim.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að þeim umr. sem hér hafa farið fram um skipulag kjarasamninga. Hv. 3. þm. Reykv. varði nokkrum tíma af ræðu sinni til þess að verja það miðstýrða fyrirkomulag sem ríkir við gerð kjarasamninga en kom þó að því í lokin að vel gæti verið nauðsynlegt að víkja frá því og fór í stóran hring umhverfis það umræðuefni. Ég er mjög sammála þeim viðhorfum sem komið hafa fram á undanförnum árum um nauðsyn þess að draga úr þessari miðstýringu. Ég held að hún sé óheppileg og æskilegt sé að stefna að því

að launafólk geti gert kjarasamninga með öðrum hætti. En til þess þarf miklar breytingar á vinnulöggjöf og skipulagi kjarasamninga.

Ég undrast þá löngu tölu sem hv. 3. þm. Reykv. setti hér á til þess að mæla gegn því að hlutafélög hefðu sömu skattalegu aðstöðu og samvinnufyrirtæki. Ég skil ekki hvers vegna hann berst svo hatrammlega gegn því að hlutafélög njóti svipaðrar aðstöðu og samvinnufyrirtækin í landinu. Ég hygg, hvað sem líður mati forstjóra SÍS, að þrátt fyrir að þessi frv. yrðu að lögum væri ekki búið að jafna aðstöðumun milli hlutafélaga og samvinnufélaga. En það er vafalaust stigið skref í þá átt og ég get ekki skilið hvers vegna menn eru á móti því. Ég tel eðlilegt að skattaleg meðferð atvinnufyrirtækja eigi að vera sem jöfnust burtséð frá því hvert rekstrarformið er.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 503, sem var of seint fram komin, samþ. með 22 shlj. atkv.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég get upplýst hv. 3. þm. Reykv. um að þessi frv., 159. og 160. mál, höfum við í Framsfl. gaumgæft mjög vel. Þingflokkur framsóknarmanna tilnefndi tvo menn til þess að taka þátt í samningu þessara frv., þá hv. þm. Davíð Aðalsteinsson og Geir Geirsson endurskoðanda hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Þeir unnu að því ásamt með tveimur sjálfstæðismönnum, Þorsteini Pálssyni og Eyjólfi Konráði Jónssyni. Með þeim starfaði einnig formaður nefndarinnar, Ólafur Nílsson löggiltur endurskoðandi.

Eftir að þeir fimmmenningar höfðu skilað áliti til ríkisstj. tókum við við þessu máli og fórum vandlega yfir það. Okkur sýndist að hér væri um eðlilegt og gott mál að ræða sem við vildum styðja og vildum standa að að yrði lögfest.

Varðandi það að þetta mál hafi ekki verið sent Sambandi ísl. samvinnufélaga til sérstakrar umsagnar þá eru það að sjálfsögðu fjöldamörg þingmál sem ekki eru send því til umsagnar. En hafi hv. 3. þm. Reykv. Svavar Gestsson fram að færa ósk um það að álits fyrirsvarsmanna Sambandsins sé leitað þá er sjálfsagt að verða við því, úr því að hann setur þá ósk fram. Ég mun beita mér fyrir því að Erlendur Einarsson eða einhver annar af fyrirsvarsmönnum Sambandsins komi til viðtals við fjh.- og viðskn. á fundi hennar á miðvikudag til þess að upplýsa hv. þm. Svavar Gestsson um skoðun sína á þessu máli, svo og aðra nm.

Mér þykir til hlýða að taka þetta mál enn og aftur fyrir í n. þar sem komin er fram brtt. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur við þetta mál á þskj. 503 og nýverið voru veitt afbrigði fyrir. Það verður ekki til þess að tefja framgang málanna.

Það er gott til þess að vita að hv. þm. Svavar Gestsson er farinn að bera fyrir brjósti hagsmuni samvinnuhreyfingarinnar. Hann var hér harmi lostinn í fyrri viku og flutti langar og magnaðar ræður um svínaríið að hinar litlu innlánsdeildir kaupfélaganna skyldu eiga kost á því að losna við skuldbreytingarbréf upp í bindiskyldu. (**SvG:** Þetta eru ósannindi, hv. þm.) Þetta þótti hv. þm. heldur illa að staðið. (**SvG:** Þessar ræður voru aldrei haldnar.) Þú skalt lesa það sjálfur í þingtíðindum sem þú hefur verið að segja. Við munum hvað þú sagðir og hvernig þú lést og ég er ekkert banginn við að rifja upp alla þá sögu um framferði þitt og hv. 7. þm. Reykv. við þetta lausaskuldamál. (**SvG:** Ólafur Ragnar sagði þetta.) Ertu ekki ábyrgur fyrir því sem Ólafur Ragnar segir? Ég kem á framfæri við þig þessum ræðum þínum þegar þær hafa birst í þingtíðindum og þá skaltu sannfærast um það hvað þú sagðir, því að ég held þér veitti ekki af því að rifja það upp og skammast þín.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að kenna hv. þm. og formanni Sjálfstfl., Þorsteini Pálssyni nokkrar staðreyndir um hlutafélög. Það vill svo til að ég hef einu sinni stofnað hlutafélag — satt að segja heldur til neydd en nokkuð annað. (**Gripið fram í:** Hvað hét það?) Það heitir Kvikmyndafélagið Norðan 8, hv. þm. Og vegna þess að hv. þm. Þorsteinn Pálsson minntist á kvikmyndagerð á Íslandi þá er ég afskaplega ósammála þeirri aðferð, sem hann mælti með, að einstaklingar væru burðarstólpar hennar og fengju frádrátt á sköttum vegna þess hlutafjár sem þeir legðu þar til. Nú skal ég nefnilega segja hv. þm. Þorsteini Pálssyni, hvernig mitt hlutafé var greitt. Hann veit jafnvel og ég, hvernig slíkt gengur fyrir sig.

Ég lagði fram hlutafé, 15 þús. kr. þá, án þess að borga grænan eyri og hef aldrei gert. Þetta gekk einfaldlega þannig fyrir sig, hv. þm., að ég lánaði að vísu veð í íbúð minni ásamt nokkrum öðrum áhugamönnum um að gera eina kvikmynd — sem síðar var gerð. Út á það veð var tekið lán í einum af bönkum landsins og það var mitt hlutafé. Vill þá hv. þm. svara því á eftir: Hefði verið sanngjarnt að ég hefði fengið þetta lánsfé, sem ég aldrei borgaði, dregið frá sköttum? (**ÞP:** Þetta hefur verið lokað hlutafélag, hv. þm. Þá kom ekki til greina að þú fengir frádrátt.) Já, vissulega.

Þessi leikur í peningamálum er auðvitað hlægilegur. Við kunnum öll þá sögu hvernig framkvæmd á lögum um hlutafélög hefur verið. Íslensk hlutafélög eiga auðvitað að skila ársreikningum en gera það ekki. Þau eru lögð niður eftir geðþótta án þess að hafa nokkurn tíma skilað nokkurri ársskýrslu. Og sama fólk stofnar nýtt hlutafélag til þess að komast hjá því að greiða það sem því ber að greiða skv. hinu gamla hlutafélagi. Að heyra svo yfirlýsingar eins og þær að almennt launafólk í landinu eigi einhverja peninga til að leggja í atvinnureksturinn á meðan kjör þess eru skert stöðugt, sú umræða er fáránleg. Það er alltaf sama fólkið sem er að leika sér með þessi hlutafélög fram og aftur og það er tiltölulega lítill hópur í þjóðfélaginu. Og ég hygg að ærið margir hafi lagt fram hlutafé eins og ég. Sumir hafa hins vegar verið svo heppnir að græða á því. Það er nú ekki tilfellið í þessu dæmi, en það er önnur saga.

Ég held að áður en við getum komið nálægt því að samþykkja frv. eins og hér er á dagskrá væri ráð að gera einhverja gangskör að því að framkvæma lög um hlutafélög og helst sjá um að þau væru framkvæmd. Það kostar eflaust peninga, það kostar eflaust starfskraft. Á það er aldrei minnst. Alveg nákvæmlega eins og það er lagt til í frv. því sem hér er til umr. að það skuli vera svo og svo mikið eftirlit með þessum hlutum. Það er ekki minnst orði á hvað það kostar. Og hvar er nú ábyrgð hæstv. fjmrh., að bera fram slík frv. án þess að það liggi nokkurn veginn fyrir hvað þarf af starfskrafti til að sjá

um að framkvæma þetta eftirlit?

Umhyggja virðulegs formanns flokks míns, hv. þm. Svavars Gestssonar, fyrir samvinnuhreyfingunni er eflaust góðra gjalda verð. Þó held ég að það sé ærinn vegur frá Benedikt frá Auðnum og upp til hins koparslegna núverandi forstjóra. Og ég er ekki alveg viss um að Benedikt frá Auðnum væri alveg sammála ýmsu því sem þar fer fram. Þess vegna er ég ekki heldur handviss um að það væri málinu til framdráttar að minn ágæti formaður léti þess sérstaklega getið að hann hefði óskað umsagnar. Ég hygg að það væri frekar til þess að koma einhverjum smáóróa í mænuvökva núverandi forstjóra og hann kæmi kannske síður á fundinn.

Það er raunar margt merkilegt um þá ágætu hreyfingu, samvinnuhreyfinguna, og það fer ekki hjá því að þeir sem hafa búið við ofríki hins klassíska Bogesens í íslensku sjávarþorpi, þar sem það var skilyrði fyrir því að fá vinnu að taka út í búðinni, minnist gamalla daga þegar þeir koma í kauptún landsins. Ég vil taka um þetta eilítið dæmi, vegna þess að ég hygg að Benedikt sálugi frá Auðnum hafi haft hugsjónir um þátttöku landsins barna í framleiðsluarði þjóðarinnar og þá með fullum lýðréttindum.

Ekki alls fyrir löngu kom ég í Varmahlíð í Skagafirði og gerði að sjálfsögðu heimsókn þm. kjördæmisins, hv. þm. Ragnari Arnalds. Rétt fyrir neðan bústað hans er kaupfélagið. Og nú vantaði mig illilega Þjóðviljann. En Þjóðviljinn er ekki seldur þar vegna þess að kaupfélagið bannar það. Kaupfélagið (og samvinnuhreyfingin) vill ekkert rugl, það vill vita hvar það hefur sitt fólk. Og ég hygg að það verði erið erfitt fyrir bóndann, sem skuldar kaupfélaginu mjög mikið, að reka það erindi fast að Þjóðviljinn verði seldur í kaupfélaginu. Víða hygg ég því að menn veigri sér við í sveitum landsins að vera mikið að ybba sig gegn samvinnuhreyfingunni og Framsfl. Þau ítök hefur hann enn þá í þeirri ágætu hreyfingu. Menn geta átt það á hættu að þurfa skyndilega að fara að borga skuldir sínar við kaupfélagið. Ég get þess vegna ekki tekið undir þá umhyggju sem flokksformaður minn ber fyrir þessari mjög svo umræddu hreyfingu. (**Gripið fram í:** Það var nú bara í nösunum á honum.) Vissulega. Og var nú harla gegnsætt. Ég held að við Alþb.-menn hljótum að minna líka á ýmislegt miður fagurt sem sú ágæta hreyfing fæst við, svo sem hermang á Keflavíkurflugvelli og annað miður geðfellt sem ég hef ekki séð hingað til að skilaði sér í verulegum arði til hins almenna vinnandi manns. Ég hygg að það fari í einhverja aðra hluti.

En allt kemur þetta heim og saman við aðra hegðun þeirra framsóknarmanna og viðhorf þeirra til hins vinnandi manns í landinu. Ég hef áður minnst á það að hæstv. forsrh. var einn fimm forsrh. Norðurlanda sem fagnaði því ákaflega að þeim ágæta forstjóra Volvofyrirtækis, Pehr Gyllenhammar, datt í hug að það væri nú ágætt að taka völdin af þessu stjórnmáladóti, sem aldrei vissi hvað það vildi, og búa sjálfur til starfshóp sem gæti sagt norrænum stjórnmálamönnum fyrir um hvernig best væri að leysa efnahagsvandann og atvinnumálin á Norðurlöndum. Og ekki hefði honum fyrr dottið það í hug — og það var skýrt tekið fram í tilkynningunni að hann ætlaði sjálfur að ráða því hverjir yrðu í þessum ágæta starfshópi — en á borð okkar kom fagnaðarstuna þeirra forsrh. yfir þessari snjöllu hugmynd. Þar á meðal var okkar hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson. Ég vil þess vegna, til þess að vera nú foringja mínum trúr, hér með leggja til að hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson beiti sér fyrir því að það verði ekki bara Ragnar Halldórsson til dæmis eða einhver annar atvinnujöfur sem taki sæti í þessum hópi, heldur fái þar einnig sæti Erlendur Einarsson.

En ég verð að leiðrétta hv. þm. Pál Pétursson. Hann sagði áðan að það gæti vel verið að Samband ísl. samvinnufélaga væri ekki alltaf kallað til ráðslags um þingmál. Ég hef setið með hv. þm. alla mína þingtíð, sem nú telur bráðum fimm ár, í hinum ýmsu nefndum þingsins. Ég held að ég hafi aldrei vitað til þess, ekki í eitt einasta skipti, að mál væru send til Samdands ísl. samvinnufélaga. Og ég hef hreint ekki orðið vör við að hann óskaði þess. Hins vegar hefur Verslunarráð Íslands þeim mun oftar fengið hin ýmsu mál er snerta atvinnulífið í landinu til umsagnar. Ég held að þess séu naumast nokkur dæmi, upp á síðkastið a. m. k., að Samband ísl. samvinnufélaga fái mál til umsagnar. Og það kynni nú kannske að vera af því að hv. þm. Páli Péturssyni þyki líka leiðin orðin ærið löng frá hinum upprunalegu hugsjónum samvinnustefnunnar til þess fyrirtækis sem nú heitir Samband ísl. samvinnufélaga.

En ég skal ekki fjölyrða meira um þessi mál. Ég vil aðeins fá að ítreka með leyfi forseta það sem ég sagði í dag um þá brtt. sem ég hef hér lagt fram. Ég tel að hv. þm. beri skylda til, þó seint sé og þar skal ég taka á mig mína sök, að taka eitthvert tillit til þeirra hlutafélaga sem hvert einasta íslenskt heimili er byggt upp af þegar verið er að fjalla um skattafríðindi til fyrirtækjanna. Ég gat þess í dag að það hefði að sjálfsögðu verið eðlilegra að koma með þessa brtt. þegar 129. mál þingsins var afgreitt. En svo vill þó til að það var einnig frv. til l. um breytingar á þeim sömu lögum og hér eru á dagskrá í dag, sem sagt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ég tel ekki ástæðu til að þylja hér yfir galtómum sal það sem ég sagði í dag. Það voru þó mun fleiri sem þá voru hér viðstaddir. En inntak þessarar till. er einfaldlega það, að áfallnar verðbætur fái að teljast til skattafrádráttar eins og vextir í þrjú ár, sé stofnað til skuldar vegna íbúðakaupa, og ⅙ áfallinna verðbóta sé um að ræða nýbyggingu. Ég held að þetta skýri sig nokkuð sjálft. Það gefur auga leið að vegna lána, sem að undanförnu hafa verið veitt svo til eingöngu með verðbótum og 2.5% vöxtum, kemur mjög lítið til frádráttar á sköttum þegar aðeins vextirnir eru frádráttarhæfir. Hér er sem sé verið að fara fram á að í staðinn fyrir verðbætur séu reiknaðar við skulum segja á láni til 25 ára sem 1/25 árlega þá sé sá hlutur aukinn eins og segir í till.

Ég skora á hv. fjh.- og viðskn. að taka þessa till. til umr., ég tel að hún sé alveg þess virði. Og vegna þess að hér hefur orðið nokkuð til umr. hvaðan væri óskað umsagna þá væri t. d. ekki úr vegi að fá til skrafs og ráðagerðar við n. t. d. forsvarsmenn Sigtúnshópsins, sem hélt hér í bæ stóran fund um kjör húsbyggjenda og íbúðarkaupenda. Jafnframt væri ekki úr vegi að kalla til ráðslags við sig fulltrúa frá hinum nýstofnaða Búseta. Ég veit að það verður ekki erfitt að fá þetta gert þar sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson er maður valddreifingarinnar. Ég hygg að hann hljóti að beita sér fyrir því að fulltrúar sem allra flestra hópa í þjóðfélaginu fái að segja eitthvað um þetta mál sem varðar næstum því

hverja einustu fjölskyldu í landinu. Ég vænti þess að hv. þm. taki þessa till. til gaumgæfilegrar skoðunar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., flutti hér merkilega ræðu. Það virðist koma æ skýrar í ljós að til forustu hefur verið kjörinn í Sjálfstfl. maður sem telur þau viðhorf sem mikill meiri hluti þjóðarinnar og stór hópur manna innan Sjálfstfl. hefur talið til sinna lífshugsjóna vera argasta sovétkommúnisma.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson notaði þessa umr. um skattamál til að útskýra tvær grundvallarhugsjónir. Sú fyrri var á þá leið að þeir sem teldu vinnuna æðri fjármagninu væru óalandi marxistar sem ekki bæri að hlusta mikið á. Slíkur málflutningur væri nánast jafnúreltur og ræður Einars Olgeirssonar hér fyrir mörgum áratugum, en senn munu nú vera 20 ár síðan hann sat hér á þingi.

Hitt atriðið, sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson setti hér fram sem grundvallaratriði í hugsjón sinni, var að sú stefna að samtök launafólks eignuðust hluti í fyrirtækjum væri sovétkommúnismi. Þetta eru mjög merkilegar kenningar. Þetta var ekki sagt hér í neinum illdeilum við þm., heldur notaði formaður Sjálfstfl. tækifærið í mjög rólegri og yfirvegaðri ræðu til þess að setja fram þessi tvö grundvallarviðhorf. Ég tel það vera mjög merkileg tímamót bæði í sögu Sjálfstfl. og í íslenskum stjórnmálum að formaður hans skuli koma hér á kvöldfundi og lýsa þessum tveimur meginforsendum stefnu sinnar og lífsviðhorfum. Ég ætla að skýra það nokkrum orðum.

Fyrra atriðið sem hann var hér að hafna var kenningin um að vinnan væri æðri fjármagninu. Hvaða öfl á Íslandi hafa aðhyllst þá skoðun? Það er að vísu rétt hjá hv. þm. að Alþb. hefur aðhyllst þá skoðun, það er alveg rétt, það er ekkert nýtt. Það hefur það ætíð gert. En það eru miklu fleiri sem hafa aðhyllst þessa skoðun. T. d. aðhyllist Framsfl., skv. lýsingum Eysteins Jónssonar á hugsjónagrundvelli Framsfl., einnig þessa skoðun. Það eru til margar greinar og ræður eftir Eystein Jónsson, sem lengst allra á þessari öld hefur verið í forustu Framsfl., var í forustu flokksins hér á Alþingi frá árinu 1934 til ársins 1974 eða í 40 ár samfleytt, og situr enn að því er ég best veit í framkvæmdastjórn Framsfl., nema þá að hann hafi hætt á síðasta flokksþingi fyrir ári síðan. (**Gripið fram í:** Eysteinn hætti á síðasta flokksþingi.) Já. Þar til árið 1983 sat hann í framkvæmdastjórn Framsfl. Allan sinn stjórnmálaferil lýsti Eysteinn Jónsson grundvallarhugsjónum Framsfl. á þann veg að í þeim fælist að vinnan og manngildið væri fjármagninu og auðgildinu æðri. Þar er ekki nokkur vafi á um afstöðu.

Alþfl. er þriðji flokkurinn á Íslandi sem fylgir þessum hugsjónum, eða því sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson þreytist aldrei á að kalla sósíaldemókratíska hugsjónir hér í þingsölum, og væri nú tími til kominn að hann færi að íslenska heiti sitt á hugsjónum Alþfl., svona á þriðja eða fjórða ári þessarar þulu, Alþfl. er einnig fylgjandi þeirri lífshugsjón að vinnan og manngildið sé fjármagninu og auðgildinu æðri. Ég er viss um að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson er reiðubúinn að votta það hér.

Samtök frjálslyndra og vinstri manna, sem hér voru á Alþingi 1971—1978, eru fjórði stjórnmálaflokkurinn sem hefur verið fylgjandi þeirri grundvallarhugsjón að vinna og manngildið væru fjármagninu og auðgildinu æðri. Og ég held einnig, þó að ég kunni kannske ekki hér úr ræðustól að festa því stað, að Bandalag jafnaðarmanna sé fimmti stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem er fylgjandi því að vinnan sé fjármagninu æðri að gildi. Ég er einnig nokkurn veginn viss um, ef dæma má af málflutningi Samtaka um kvennalista, að þau eru sjötti stjórnmálaflokkurinn í landinu sem er fylgjandi þeirri lífshugsjón.

Svo kemur hinn nýi formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, hér og segir: Þessi hugsjón er bara argasti marxismi, argasti marxismi, sem ber að fordæma og er svo úreltur að hann hefur ekki heyrst hér í þingsölum síðan Einar Olgeirsson flutti hann. Ef þetta er af heilum hug og bestu vitund mælt hjá hinum nýkjörna formanni Sjálfstfl. þá er það greinilega vitnisburður um að frjálshyggjustaglið og heilaþvottur Hannesar H. Gissurarsonar á ungliðasveitinni í Sjálfstfl. hefur greinilega borið þann árangur að formaður Sjálfstfl. nýkjörinn heldur því fram grafalvarlegur hér á Alþingi að allir þeir sem telja að vinnan sé æðri auðgildinu séu örgustu marxistar sem beri að fordæma og það séu úreltar kenningar.

Kannske vill hinn nýkjörni formaður Sjálfstfl. telja Framsfl., Alþfl., Samtök um kvennalista, Bandalag jafnaðarmanna, Samtök frjálslyndra og vinstri manna marxiska flokka. Ef hann gerir það er greinilegt að hann veit ekkert hvað hann er að tala um, skilur hvorki stefnur þessara flokka né heldur hvað meint er með hugmyndafræðihhugtakinu marxismi. Engu að síður var okkur boðið upp á þennan málflutning í að því er virtist mjög yfirvegaðri stefnuræðu formanns Sjálfstfl. hér áðan.

Hitt grundvallaratriðið, sem hinn nýkjörni formaður Sjálfstfl. setti hér fram, var sú skoðun að það skipulag sem fæli í sér að sjóðir verkalýðsfélaga væru notaðir til þess að kaupa hlut í fyrirtækjum væri sovétkommúnismi. Hann sagði hreint og beint að það skipulag sem væri á stefnuskrá jafnaðarmannaflokksins í Svíþjóð, sósíaldemókrata í Svíþjóð, svo ég noti nú orðfæri Jóns Baldvins Hannibalssonar um launþegasjóði, væri nákvæmlega sömu tegundar og skipulagið í Sovétríkjunum, nákvæmlega sömu tegundar. Þetta var ekki heldur sagt hér í neinum æsingi. Þetta virtist vera yfirveguð skoðun hins nýkjörna formanns Sjálfstfl.

Ég vil biðja hv. þm. að hugleiða smástund að eitt verkalýðsfélag hér á Íslandi hefur beitt sér fyrir framkvæmd þessarar stefnu í ríkum mæli. Og hvaða verkalýðsfélag er það sem hefur haft það að stefnuatriði að framkvæma það sem formaður Sjálfstfl. stimplar nú hér í kvöld sovétkommúnisma? Það er Verslunarmannafélag Reykjavíkur. Verslunarmannafélag Reykjavíkur hefur haft það að stefnuatriði að kaupa t. d. hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands, kaupa hlutabréf í Fjárfestingarfélaginu, kaupa hlutabréf í Flugleiðum, kaupa hlutabréf í öllum meiri háttar fyrirtækjum þar sem félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur starfa. Þetta hafa forustumenn íslenskra verslunarmanna, eins og núv. hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Magnús L. Sveinsson borgarfulltrúi um áraraðir talið aðalsmerki Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Það kaupir hlutabréf, ítök í þeim stóru fyrirtækjum sem félagsmenn Verslunar-

mannafélags Reykjavíkur vinna hjá, á mjög svipaðan hátt og jafnaðarmannaflokkurinn í Svíþjóð hefur gert að stefnuatriði hjá sér. Og nú kemur formaður Sjálfstfl. hér í kvöld og segir: Þetta er bara sovétkommúnismi.

Guðmundur H. Garðarsson á sæti í þessari hv. deild. Það er miður að hann skuli ekki vera hér í kvöld til að hlusta á þennan boðskap síns nýja formanns, því ég hef hvað eftir annað á undanförnum árum heyrt hv. þm. Guðmund H. Garðarsson telja það sérstaklega Verslunarmannafélagi Reykjavíkur til tekna að hafa beitt sér fyrir ráðstöfun fjármuna félagsmanna og lífeyrissjóðsins með þessum hætti. Það eru örugglega fréttir fyrir þennan þm. Sjálfstfl. að hinn nýi formaður telji þetta jafngilda sovétkommúnisma.

Það er þess vegna alveg greinilegt að hin nýja forusta í Sjálfstfl. hefur tekið upp harðsvíraðri hægri stefnu heldur en ýmsir af helstu talsmönnum flokksins og forustumönnum Sjálfstfl. á undanförnum árum og á okkar tíma hafa látið sér til hugar komið að gæti gerst. Hinn nýi formaður Sjálfstfl. stendur í ræðustól á Alþingi og segir að það sem sjálfstæðismennirnir, sem veitt hafa Verslunarmannafélagi Reykjavíkur forustu, telja sitt mesta afrek til styrktar félaginu sé sovétkommúnismi í framkvæmd. Þetta eru kveðjurnar sem þeir Björn Þórhallsson, Guðmundur H. Garðarsson og Magnús L. Sveinsson, fá frá hinum nýja formanni Sjálfstfl.

Það er í raun og veru mjög merkilegt ef það á eftir að koma á daginn að Sjálfstfl. hafi nú kosið sér til formanns svo kreddusinnaðan, einstrengingsfullan og ofstækisfullan mann sem þau viðhorf hefur tileiknað sér sem komu fram í hans yfirveguðu og rólegu ræðu hér í kvöld. Hún gefur til kynna að lýsingar hans á þessum tveimur grundvallarviðhorfum séu bjargföst sannfæring sem hann muni beita sér fyrir að flokkurinn fylgi í reynd.

Þau félög sem t. d. Alþb. hefur haft veruleg ítök í hafa ekki beitt sér fyrir ráðstöfun fjármuna með þessum hætti eins og Verslunarmannafélag Reykjavíkur hefur gert. Það er þess vegna alveg ljóst að það verkalýðsfélag á Íslandi sem hefur skarað fram úr öllum öðrum við að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd sem formaður Sjálfstfl. lýsti hér sem sovétkommúnisma er Verslunarmannafélag Reykjavíkur. Það er söguleg staðreynd sem ekki verður hlaupið frá.

Virðulegi forseti. Það eru vissulega tímamót þegar hinn nýi formaður Sjálfstfl. afhjúpar hugsjónargrundvöll sinn með þeim hætti sem hér gerðist. Og það ber vissulega að stuðla að því verði komið á framfæri að þessi nýja lína sé nú upp tekin í forustu flokksins. Það má vel vera að Framsfl. sé hlaupinn frá þeirri stefnu að vinnan sé æðri fjármagninu og manngildið sé ofar auðgildinu. Ég hef þó ekki heyrt neinar sérstakar yfirlýsingar um það, þó að verkin kannske gefi það til kynna hér á Alþingi eða annars staðar. En það er alveg ljóst að allir aðrir flokkar hér á Alþingi en Sjálfstfl. aðhyllast þá grundvallarhugsjón að vinnan sé æðri fjármagninu og manngildið sé æðra auðgildinu. Formaður Sjálfstfl. hefur þess vegna í ræðu sinni hér í kvöld dregið mjög skarpa línu milli Sjálfstfl. annars vegar og allra annarra flokka hér á Alþingi hins vegar.

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs í þessari umr. voru þær tímamótayfirlýsingar sem komu fram hér í seinni hluta ræðu formanns Sjálfstfl. og skýra þess vegna ljóslega hvers vegna hann telur það mikið nauðsynjamál að hrinda því frv. sem hér er til umr. í framkvæmd. Það sýnir hins vegar hve hægri sinnað þetta frv. er í raun og veru að jafnvel Erlendur Einarsson forstjóri SÍS skuli hafa við það athugasemdir. Hefur hann þó ekki verið í vinstri kanti eða miðju Framsfl., heldur yfirleitt verið þar lengst til hægri sem menn yfir höfuð hafa möguleika á að skipa sér innan Framsfl. Og af því að hv. þm. Páll Pétursson var að vitna í það að þetta mál hefði mikið verið rætt innan Framsfl. þá væri ekki úr vegi að spyrja hvort þetta mál hefði t. d. verið rætt í framkvæmdastjórn Framsfl. En síðast þegar ég vissi átti Erlendur Einarsson sæti þar ásamt ýmsum hv. þm. Framsfl. sem hér eru.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Páll Pétursson vék nokkuð að þeim ræðum sem ég flutti hér um lausaskuldir bænda. Ég gagnrýndi þar vöxt milliliðafyrirtækja Sambandsins. Ég gagnrýndi þar að Sambandið tæki full umboðslaun af útflutningi á landbúnaðarafurðum sem er þó aðeins greiddur með lítlu broti af því verði sem fæst hér innan lands. Ég gagnrýndi það að gífurlegir fjármunir hefðu verið fluttir frá neytendum og bændum sjálfum yfir í uppbyggingu þessara milliliðafyrirtækja. Ég nefndi ýmis önnur dæmi um ráðstöfun fjármagns á vegum forstjóraveldisins í samvinnuhreyfingunni. Ég gagnrýndi það að sumar innlánsdeildir kaupfélaganna eða reyndar allar nema innlánsdeild KEA hefðu notið þeirra forréttinda að fá að breyta bændabréfum í ígildi inneignar í Seðlabankanum til að uppfylla bindiskyldu. Og við þá gagnrýni mun ég standa hvar og hvenær sem er. En ef hv. þm. Páll Pétursson heldur að í slíku felist fjandskapur við samvinnuhreyfinguna sem hreyfingu fólksins í landinu þá er það mikill misskilningur. Ég væri alveg tilbúinn til að ræða við Pál Pétursson hér lengi í þingsölum um samvinnuhreyfinguna annars vegar sem fyrirgreiðslubákn á vegum forstjóra og fjármagnsuppbygginga í miklu milliliðabákni og svo hins vegar samvinnuhreyfinguna sem væri fyrirtæki fólksins, yfirleitt lítil fyrirtæki hér allt í kringum landið. Flest kaupfélögin eru mjög lítil fyrirtæki.

Hins vegar eru milliliðafyrirtæki Sambandsins, heildsölufyrirtæki Sambandsins, fyrirtæki sem heyra beint undir Sambandsforstjórana, hlutafélögin og dótturfyrirtækin. Það eru stóru fyrirtækin. Það eru stóru fyrirtækjasamsteypurnar í þessu landi. En þau kaupfélög sem eru í reynd einhvers megnug að stærð til og heyra beint undir fólkið, þau eru mjög fá. Þau er hægt að telja á fingum annarrar handar eða svo. Ef hv. þm. Páll Pétursson er reiðubúinn í umr. hér í þingsölum um þetta bákn allt saman sem hvergi heyrir í samvinnuhreyfingunni, undir fólkið, þá skal ekki standa á mér. Ég hef setið á mörgum aðalfundum Sambands ísl. samvinnufélaga og er gjörkunnugur því að kosning stjórnenda í öllum þessum dótturfyrirtækjum og hlutafélagabákni öllu saman kemur hvergi fram þar sem fólkið sjálft getur haft áhrif á það innan Sambandsins, hvergi. Stjórnir þessara fyrirtækja og dótturfyrirtækja og milliliðafyrirtækja eru aldrei valdar á þeim vettvangi sem fólkið í samvinnuhreyfingunni hefur einhverja beina aðild að, aldrei. Þær eru valdar í þröngum hóp fáeinna forstjóra sem yfirleitt velja hver annan til að sitja í þessum stjórnum. Þetta er ekki lýðræði sem samvinnuhugsjónin er byggð á. Þetta er ekki réttur fólksins sem henni er ætlað að hafa í hávegum. Og þetta er ekki sú

valddreifing og sú efnahagslega lýðræðisefling sem þeir sem stofnuðu samvinnuhreyfinguna höfðu í huga. Þetta er bara sókn eftir fjármálalegri drottnun yfir æ stærri hluta þjóðfélagsins og viðleitni til þess að sanka undir litla forstjóraklíku í Reykjavík æ stærri hluta af efnahagsumsvifum landsins. Og ef Páll Pétursson er reiðubúinn í rökræður um það hér í þingsölum þá er honum það velkomið.

Venjulega er það þannig að Páll Pétursson og aðrir þeir sem eru honum samferða þora ekki í rökræður um þetta mál hér í þingsölum, heldur skjóta sér á bak við það að þeir sem vilja taka þetta til gagnrýninnar skoðunar séu fjandmenn bænda, fjandmenn samvinnuhreyfingarinnar — og þar með er ætlað að ljúka málinu. Þær hótanir sem hann hafði við mig í ræðustól áðan út af ræðum sem ég flutti hér voru alveg skóladæmi um þessi vinnubrögð. Þorir ekki í efnislegar umr. um eitt einasta atriði sem ég nefndi hér í ræðu minni en hreykir sér yfir því að hann skuli nú finna mig aldeilis í fjöru og ræða við mig þau vondu orð sem ég hafi haft um samvinnuhreyfinguna. Það sé nú aldeilis óhróður sem ég hafi haft hér í frammi og það verði séð til þess að því verði komið áleiðis að ég hafi hér verið að rægja samvinnuhreyfinguna.

Þetta eru vinnubrögðin. En að menn þori að taka eitt einasta af þeim dæmum sem hér hafa verið nefnd til umræðu, það gerist aldrei. Þeir mega gjarna flytja Páli Péturssyni það, sem hér eru úr hans flokki, að ef hann þorir í umræður hér í þingsölum um þróun samvinnuhreyfingarinnar á undanförnum áratugum, sérstaklega síðustu 20 árum eða svo, og fjármagnsuppbygginguna í dótturfyrirtækjahringunum, hlutafélagahringunum og hvernig stjórnendur eru kjörnir á þessum vettvangi, þá er velkomið að taka þátt í þeirri umr.

Ef hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur einhvern raunverulegan áhuga á því að efla vald fólksins í landinu í atvinnulífinu, þá væri nær fyrir hann að skoða þessa hluti heldur en vera að leika sér hér með frv.-flutning af því tagi sem hér getur að líta, vegna þess að í samanburði við það að skapa fólkinu í raun og veru vald yfir þeim vettvangi sem ég hef hér núna verið að lýsa eru þessi frumvörp, sem hann var að mæla hér fyrir, nánast eins og kækiber í helvíti. Og það er í raun og veru prófsteinninn á það að hve miklu leyti hv. þm. Þorsteinn Pálsson þorir að veita fólkinu í landinu raunverulegt vald í atvinnulífinu og fyrirtækjunum, að hve miklu leyti hann er reiðubúinn til að skera upp þetta milliliðadrottnunarforstjórabákn, sem hefur vaxið hér upp eins og kolkrabbi undir því yfirskini að það sé einhver samvinnuhreyfing. (**ÓÞÞ:** Hvar er þá helvíti ef þetta er kækiber?) Ef hv. þm. Ólafur Þ. Þórarðson er reiðubúinn að halda áfram að kynnast því völundarhúsi sem við gengum báðir einu sinni um, þá er ég alveg viss um að það kemur að því að hann finnur þann stað. Þess vegna vona ég að þeir menn sem hér í umr. hafa lýst vilja sínum til þess að efla vald fólksins yfir atvinnulífinu í landinu verði á næstu mánuðum og misserum tilbúnir til einhverra raunverulegra verka í þeim efnum.

Þau verk munu fela það í sér t. d. að rista upp töluvert af þessu milliliðabákni sem þarna hefur vaxið upp í skjóli forstjóraveldisins í SÍS og færa fólkinu í landinu raunverulegt vald yfir þessum fyrirtækjum og koma skipulagi þeirra þannig fyrir að það sé tryggt að það sé fólkið en ekki forstjóraklíkan sem hafi með það að gera.

Það getur þýtt líka að taka ýmis af stærri hlutafélögum einkafjármagnsins, sem hafa horfið langt frá sínu upphaflega valdi og hlutverki, og setja þeim svipuð skilyrði og gert hefur verið í ýmsum löndum eins og Bandaríkjunum t. d. Ef menn hafa einhvern raunverulegan áhuga á því að efla vald fólksins yfir atvinnulífinu í landinu, þá væri nær að taka til höndunum á þessu sviði heldur en leika sér marga mánuði að því að finna einhverjar lítilfjörlegar skattaformúlur sem, eins og hv. þm. Þorsteinn Pálsson lýsti hér sjálfur, koma til með að skipta mjög litlu á næstu mánuðum og árum.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég stend upp út af ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Það var mikið fljótræði hjá þm. að hneykslast yfir því að geta ekki fengið keyptan Þjóðviljann í kaupfélagsútibúinu í Varmahlíð. Það er vegna þess að dagblöðin eru ekki seld í kaupfélaginu í Varmahlíð og þá er náttúrlega ekki von á að Þjóðviljinn fáist þar heldur. (**GHelg:** Þetta er ekki rétt.) Það fást ekki dagblöð í kaupfélaginu. (**GHelg:** Ég keypti Morgunblaðið þar.) Það hefur verið eitthvað afbrigðilegt ástand því að ég er áreiðanlega miklu kunnugri í kaupfélagsútibúinu í Varmahlíð en þessi tiltekni þm., og ég hef ekki orðið var við að blöð væru seld þar. En hins vegar er sjoppa þarna við hliðina, sem einkaframtakið rekur, og þar er mér nær að halda að sé hægt að fá keypt öll dagblöðin, a. m. k. um ferðamannatímann. Í þessari sjoppu ber að leita Þjóðviljans og það mundi ég gera ef ég ætlaði að komast yfir það blað á þessum stað. (**GHelg:** Hann fæst ekki þar því kaupfélagið bannar það.) Kaupfélagið bannar enga sölu í Shell-skálanum. Ég leyfi mér að fullyrða að það er rangt með farið hjá þm. að kaupfélagið hafi nokkur minnstu áhrif á það hvað selt er og hvað selt er ekki í olíustöð Shell þarna í Varmahlíð. Ef þm. hefur fengið upplýsingar um þetta, þá eru þær rangar.

Varðandi ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem ég hlýddi á byrjunina á með athygli, þá vil ég árétta það, til þess að enginn efi læðist nú að þeim gamla framsóknarmanni, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem fór nú yfir hugsjónargrundvöll allra þeirra flokka sem hann er búinn að prófa og líka þeirra sem hann á eftir að vera í, að stefna Framsfl. er enn sem fyrr að manngildið skuli vera ofar auðgildinu, og ég vona að Framsfl. haldi þeirri stefnu hér eftir sem hingað til.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Ég stend hér til að þakka fyrir að formaður fjh.- og viðskn. Nd., hv. þm. Páll Pétursson, skuli hafa vikist svo vel undir áskorun mína um að kalla forstjóra Sambandsins til fundar í nefndinni til að ræða um þetta mál, og mér þykir vænt um að hv. þm. skuli vilja virða forstjóra Sambandsins viðlits í þessu efni. Þó að það hafi ekki orðið fyrr en með áskorun fulltrúa Alþb. í n. er það engu að síður vel. Í sambandi við það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að það er út af fyrir sig ekki kallað á Sambandið til umsagnar um öll mál. Hins vegar minni ég á að nýlega var sent til umsagnar frv. til l. um verslunaratvinnu, sem er 14. mál Nd., og ég óskaði þar eftir því að Samband ísl. samvinnufélaga fengi ekki síður en Verslunarráð Íslands að fjalla um það mál. Það var samþykkt í n. og málið sent þangað til umsagnar.

Varðandi spurninguna sem hér er uppi um valddreifingu og m. a. dreifingu eignarhalds á atvinnufyrirtækjunum þykir mér satt að segja miklu lakara að það skuli endilega þurfa að setja málin upp eins og hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerði fyrr í kvöld, sem sé þannig, að okkar afstaða er dæmd sem svo að við séum á móti því að fólkið hafi áhrif á atvinnureksturinn, við séum á móti því og Alþb. berjist gegn fólkinu. — Gegn þessu berst Alþb., sagði hv. þm. Þorsteinn Pálsson. Ég var að gera tilraun til hér fyrr í kvöld að fitja upp á alvarlegri umr. um það sem má kalla grundvallarefniságreining íslenskra stjórnmála. Mér fannst hv. þm. Þorsteinn Pálsson bregðast því að koma til móts við þá tilraun vegna þess að hann fór óðar að gera mönnum upp skoðanir. Hann fullyrti í ræðu sinni að Alþb. væri sérstaklega andvígt því að fólkið fengi að koma nálægt atvinnurekstrinum í landinu, þegar það þó liggur fyrir að afstaða okkar er vitaskuld sú að launamenn og landsmenn allir þurfi að tengjast atvinnurekstrinum með beinum hætti vegna þess að við berjumst fyrir því samfélagi að fólkið ráði sjálft hvernig verðmætunum er ráðstafað, m. a. þeim verðmætum sem verða til í atvinnulífinu í landinu á hverjum tíma. Þetta er því auðvitað útúrsnúningur hjá hv. þm. Þorsteini Pálssyni. *Sá maður sem ekki þekkir sína andstæðinga á mjög* erfitt með að fóta sig í stjórnmálum samtímis, að mínu mati. Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé að ítreka þetta með mjög alvarlegum hætti.

Það er líka rangt, sem hann segir í þeim útúrsnúningsstíl sem hann hefur tamið sér úr stjórnmálaskóla Heimdallar, að Alþb. berjist gegn því að svipaðar reglur gildi um samvinnufélög og hlutafélög. Þetta er rangt. Þetta er útúrsnúningur og ósannindi. Það sem ég vitnaði til áðan var að forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga lýsti áhyggjum sínum yfir því að verið væri að búa hlutafélögunum hagkvæmari reglur í þessu efni en samvinnufélögin hafa haft. Ég var ekki að láta í ljós skoðun mína á því hvort það væri endilega rétt, en ég benti á að það væri eðlilegt við þessar aðstæður að samvinnuhreyfingin, sem er mjög stór aðili í atvinnurekstri á Íslandi, væri látin segja álit sitt á frumvarpi af þessum toga. Og að formaður Sjálfstfl. skuli koma upp eftir slíkt og segja sem svo að Alþb. berjist af þessum ástæðum gegn því að svipaðar reglur gildi um hlutafélög og samvinnufélög er argasti útúrsnúningur og þvætting-ur. Það er auðvitað hægt fyrir menn sem skrifa í blöð í skjóli nafnleysis, eins og t. d. leiðarahöfundar Morgunblaðsins og Staksteinahöfundar, að halda fram ósannindum af þessum toga árum saman, en það gengur ekki þegar menn þurfa að standa fyrir máli sínu, vegna þess að þetta er ósköp einfaldlega rangt.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson heldur því fram að frumvörpin sem hér eru nú á dagskrá stuðli að sérstakri valddreifingu í þjóðfélaginu og muni auka möguleika almennings á því að hafa áhrif á eignarhald fyrirtækjanna. Ég tel að þessi frv. breyti engu í þessu efni. Ég hef enga trú á því, enda hefur hv. þm. Þorsteinn Pálsson ekki nefnt nein dæmi um það. Ég hef enga trú á því að frv. breyti verulega miklu á þessu sviði.

Ég ætla að nefna tvö mál, sem hann stendur að sem flm. hér í þinginu, sem stuðla að meiri miðstýringu, meiri samanþjöppun valds en nokkur önnur þingmál sem hér hafa verið lögð fyrir fyrr og síðar. Annað er orðið að lögum, hitt liggur hér fyrir. Ég tel að frv. um stjórn fiskveiða, sem seinna varð að lögum, feli í sér afdráttarlausara miðstýringarvald en áður hefur verið um að ræða í íslensku atvinnulífi, vegna þess að þar er ekki einasta verið að ákveða hver eru kjör og aðstaða fyrirtækjanna á hverjum stað og tíma, heldur er verið að ákveða í smáatriðum lífskjör fólksins á þessum svæðum. Menn kunna að segja sem svo, eins og ýmsir þm., t. d. hv. þm. Garðar Sigurðsson, þetta er eina leiðin til að skipta þeim takmarkaða fiskafla sem til er. En það er gert með miðstýringarákvörðun. Það er óumdeilanlegt. Og það skýtur skökku við þegar maður eins og hv. þm. Þorsteinn Pálsson kemur annars vegar með þessi frv. hér og segir: Valddreifing, valddreifing, og hins vegar stendur hann að máli af þessu tagi. Hans afstaða í þessu efni gengur ekki upp. Það rekur sig hvað á annars horn.

Annað dæmi af þessum toga er þingmál sem hér liggur fyrir um ríkismat sjávarafurða. Þar er gert ráð fyrir að sjútvrh., að vísu kjörinn af meiri hl. Alþingis væntanlega til að gegna því starfi, ákveði hverjir hafa leyfi til að stunda fiskvinnslu í hverju einasta tilviki. Hér er gengið mjög langt í miðstýringarátt. Menn geta sagt sem svo: fyrir þessu eru ýmis rök. Ég bið menn að vera ekki að snúa þannig út úr orðum mínum að ég vilji ekki *hlusta á þau rök sem eru uppi í þessum efnum varðandi* það að deila niður á landsmenn m. a. þeim félagslega vanda sem hlýst af takmörkuðum auðlindum. En allavega er ljóst að þessi afstaða annars vegar og hins vegar talið um dreifingu eignarhalds og aukið lýðræði til fólksins í landinu varðandi atvinnufyrirtækin gengur ekki upp. Og það sem var dapurlegt við ræðu hv. þm. Þorsteins Pálssonar var ósköp einfaldlega að hann fékkst ekki til að taka þátt í alvarlegum skoðanaskiptum og lagðist þess vegna í víking eftir þeim reglum sem menn læra í stjórnmálaskóla Heimdallar, því miður.

Varðandi þetta mál vil ég ekki hafa mörg orð að öðru leyti, enda er það í sjálfu sér ástæðulaust og umr. hefur dreifst mjög víða eins og gjarnan vill verða á kvöldfundum, sem eru oft góðir. En ég vil láta það koma hér fram að ég tel að samvinnuhreyfingin hafi mjög miklu hlutverki að gegna í okkar þjóðfélagi og þá tala ég í fullri alvöru og ég segi þetta að gefnu tilefni vegna orða sem féllu úr þessum stól áðan. Ég tel að samvinnuhreyfingin hafi gildu hlutverki að gegna og hér á Íslandi hafi samvinnuhreyfingin orðið mjög sterk. Hins vegar hefur það gerst á síðustu árum og áratugum að hlutafélög og vald í kringum hlutafélög hefur orðið til þess að skerða og skemma samvinnuhreyfinguna og það sem hún í upphafi barðist fyrir.

Af hverju er það sem ég tel samvinnufélag betra en hlutafélag? Það er vegna þess að í samvinnufélagi er reglan: Einn maður, eitt atkvæði. Það er ekki spurt um fjármagnseignina. Það er ekki þorskhausalýðræði þar, eins og það hefur verið kallað. Þannig getur hver einn einstaklingur sem gengur inn í samvinnufélag haft bein áhrif á stjórn þessa sama félags. Því miður hefur það þó verið þannig, að bæði hefur ekki verið nógu mikið um það að menn notuðu sér þennan rétt og svo líka hitt að forráðamenn Sambandsins hafa gengið á lagið og skákað í því skjólinu og hafa farið út í það að stofna fjölmörg hlutafélög sem hafa í veigamiklum atriðum vikið frá hugsjónum samvinnuhreyfingarinnar, þeim félagslegu hugsjónum sem hún átti að byggja á í öndverðu.

Ég tel að það skipti ákaflega miklu máli að haldið sé þannig á málum, og ég mæli það í fullri alvöru, að ekki sé gengið á hlut samvinnuhreyfingarinnar og samvinnurekstrarins í þeirri framsókn fjármagnsaflanna sem nú stendur yfir í þjóðfélaginu. Ég skora á menn, jafnvel þó að þeir séu liprir að snatta í kringum íhaldið um þessar mundir, að þeir reyni þó að standa að lágmarki til á verði um það að samvinnuhreyfingin búi a. m. k. við jafnrétti í þessum efnum, þannig að henni séu ekki búnir verri kostir en einkaframtakinu og hlutafélögunum.

Auðvitað liggur það í eðli félagshyggjuflokks eins og Alþb., flokks sem leggur áherslu á vinnuna sem uppsprettu verðmætanna í samfélaginu, á manngildið fremur en peningagildið, að vilja halda utan um og styrkja og efla samvinnuhreyfinguna. Á því getur enginn vafi leikið í okkar huga. Þegar forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga óskar eftir því í stærsta blaði landsins að Alþingi gaumgæfi tiltekið mál má því ekki minna vera en að einn þm. standi hér upp og minni á það og óski eftir því að fjh.- og viðskn. Nd. ræði málið og fái þennan mann til viðtals. Nú hefur það orðið til þess að einn af þm. Framsfl. hér í deildinni, Páll Pétursson, hefur séð sig knúinn til þess að verða við þessum áskorunum um að fulltrúi Sambandsins verði kallaður á vettvang. Það má ekki seinna vera vegna þess að málið er hér á elleftu stundu, þar sem Sjálfstfl. og þeir íhaldsmenn leggja ofurkapp á að málið verði afgreitt í snatri alveg næstu daga. Þess vegna tel ég að það sé mjög nauðsynlegt og gott að hv. þm. Páll Pétursson hefur fallist á sjónarmið mitt í þessum efnum.

Það breytir auðvitað engu um það til eða frá hver er svo mín skoðun á tilteknum athöfnum og afstöðu forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga að öðru leyti. Ég vil taka það fram, ef einhverjum hefur dottið annað í hug, að auðvitað skrifa ég ekki upp á afstöðu þess manns í einu og öllu, enda er það ekki það sem er hér á dagskrá, heldur hitt, að það séu viðhöfð þau lýðræðislegu og þinglegu vinnubrögð að þessi stóri rekstraraðili fyrirtækja í landinu, þar sem eru þúsundir manna í vinnu, fái að hafa skoðun frammi fyrir Alþingi á þessu máli. Málið er búið að fara í gegnum Ed. Þar eru framsóknarmenn á fleti fyrir í fjh.- og viðskn. og það eru ýmsir fleiri framsóknarmenn í þeirri deild. Málið er búið að vera til meðferðar í Nd. Það hefur enginn framsóknarmaður látið svo lítið að fara fram á að samvinnuhreyfingin hefði skoðun á málinu, — enginn, ekki einu sinni að málið sé sent til umsagnar. Nú er svo komið að málið verður sent til umsagnar vegna þess að Alþb. hefur krafist þess. Það sýnir auðvitað hug Alþb. til samvinnuhreyfingarinnar og þeirrar frumforsendu sem hún byggir á, en kæruleysið kemur hins vegar upp um Framsfl. í þessu efni. Það kemur þannig upp um að hann hefur gleymt í besta falli, í versta falli jarðað, þær frumforsendur og grundvallaratriði sem hann taldi sig byggja á hér fyrr á öldinni.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þeirri yfirlýsingu hv. 3. þm. Reykv. að það hafi á engan hátt mátt skilja ræðu hans svo fyrr við þessa umr. að hann væri að mæla fyrir mismunandi skattalegri meðferð á hlutafélögum og samvinnufyrirtækjum. Ég viðurkenni það að ég skildi fyrri ræðu hans á þennan veg og svaraði henni í samræmi við þann skilning. Það kom að vísu fram síðar í þessari umr. í ræðu hv. 10. landsk. þm., sem er samflokksmaður hv. 3. þm. Reykv., að öll sú ræða sem hann setti á um samvinnufélögin hefði verið skinhelgin gegnsæ og það kom síðan fram í ræðu hv. þm. að hann hefði síður en svo verið að tala fyrir mismunun á milli þessara rekstrarforma í atvinnulífinu. Ég fagna því að svo skuli vera og tel gott og heillavænlegt ef um það næst góð samstaða að ekki eigi að mismuna rekstrarformum.

En meginástæðan fyrir því að ég kom hér upp á nýjan leik var makalaus ræða hv. varaþm. 7. þm. Reykv. Ræða hans nú eins og oft áður einkenndist af rangfærslum og útúrsnúningum sem hann endurtekur mörgum sinnum í sömu ræðunni. Fullyrðingar hans gengu út á að ræða mín hefði byggst á því að draga fram andstæður fjármagns og vinnu. Þessu fer víðs fjarri. Það sem ég vakti athygli á var að hv. 3. þm. Reykv. dró þessi atriði inn í umr. fyrr í dag. Hann vakti á því athygli að þetta frv. snerist að hans mati um andstæðurnar milli fjármagns og vinnu og ég vakti á því athygli að hann hefði með skírskotun til marxískrar hugmyndafræði flokksins dregið þetta fram.

Ég get alveg lýst því yfir hér að það meginsjónarmið sem liggur á bak við þetta frv. byggist á þeirri hugmynd og þeirri grundvallarhugsjón að hagsmunir fjármagns og vinnu fari saman, að hagsmunir launþega og atvinnufyrirtækja fari saman. Það hefur verið grundvallarhugmyndafræði Sjálfstfl. frá öndverðu, var það, er það og mun verða og þetta frv. er skref í þá átt að gera þessa hugmynd að veruleika. Ég held að það muni skipta ákaflega miklu máli fyrir framþróun atvinnulífsins, fyrir afkomu launþega í þessu landi, að okkur takist að skapa þjóðfélag þar sem við leitum eftir sáttum milli fjármagns og vinnu, þar sem við aukum þátttöku alls almennings í atvinnulífinu með beinni eignaraðild. Verið er að stuðla að því með þessum hætti.

Hv. þm. minntist á fjárfestingarsjóði verkalýðsfélaga. Ég hélt því fram og held því fram að sú leið sem sænskir sósíaldemókratar hafa farið, að þvinga fram fjárfestingu verkalýðsfélaga með sérstökum sjóðum, sé ein leið að heildarsósíalíseringu sem muni leiða til svipaðrar niðurstöðu á endanum í gegnum verkalýðsfélögin eins og menn gerðu í gegnum ríkisvaldið í Sovétríkjunum. Hinir einstöku starfsmenn fyrirtækjanna koma þar hvergi nærri, hvorki í Sovétríkjunum né í sósíalisma sænskra sósíaldemókrata. (Gripið fram í.) Mjög svipaðar aðstæður eru uppi varðandi einstök verkalýðsfélög eins og Verslunarmannafélag Reykjavíkur sem hv. þm. minntist á. Þar er þó á sá munur að þar er ekki um að ræða kerfisbundinn þvingaðan fjárfestingarfarveg. En ég get lýst því yfir hér að ég tel það ekki vera hlutverk verkalýðsfélaga, hvorki með frjálsum hætti né með lögþvingaðri kerfisbindingu, að kaupa hlutabréf í atvinnufyrirtækjum. Og það á auðvitað við Verslunarmannafélag Reykjavíkur eins og önnur verkalýðsfélög.

Ég tel miklu skynsamlegra að opna leiðir fyrir launþega, starfsmenn atvinnufyrirtækjanna, að kaupa sjálfir hlutabréf, þannig að þeir geti ráðið sjálfir yfir því fjármagni sem þeir leggja fram. Heildarfjárfestingarsjóðir að sænskri fyrirmynd útiloka þetta. Þeir gera ráð fyrir því að miðstjórnir heildarsamtaka verkalýðsfélaganna fari með öll yfirráð yfir þeim hlutabréfum sem

keypt eru. Við viljum á hinn bóginn stefna að því að einstaklingarnir sjálfir ráði í samræmi við það fjármagn sem þeir leggja fram. Launþegar, sem leggja fram fjármagn til kaupa á hlutabréfum, fái að fara með þau eignaryfirráð sem þau hlutabréfakaup gera ráð fyrir.

Þessi frumvörp gera ráð fyrir því að unnt sé að stofna sérstaka fjárfestingarsjóði í fyrirtækjum með ákveðnum skilyrðum og gert er ráð fyrir því að hver einstakur þátttakandi í starfsmannasjóðum af þessu tagi ráði yfir sínu framlagi til hlutafjárkaupa á aðalfundum. Á þessu er meginmunur.

Það sem ég var einfaldlega að benda á er að komið hefur fram í þessari umr. að Alþb. er andvígt þessari valddreifingu. Það hefur dregið hér fram gildi heildarfjárfestingarsjóða þar sem einstakir launþegar hafa engin áhrif og fá ekki að ráða yfir því fjármagni sem þeir hafa lagt fram, heldur hinir sem valist hafa til þess að sitja í miðstjórnum viðkomandi samtaka.

Ég tel þetta vera óheppilegt. Ég vil stuðla að þessari valddreifingu. En talsmenn Alþb. í þessari umr. hafa mælt gegn því fyrirkomulagi sem hér er lagt til. Þeir geta ekki vikið sér undan því að þeir hafa verið að tala gegn valddreifingu í þessari umr. einfaldlega af því að þeir eru andvígir öllum hugmyndum sem hér eru settar fram. Þeir hafa lagt höfuðáherslu á miðstjórnarsjóði. Um þetta stendur ágreiningurinn og undan því geta þeir ekki vikist.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hygg að það sé dálítið hæpið hjá hv. 1. þm. Suðurl. að átelja þá Alþb.-menn mjög hart fyrir það þó að þeir hafi tekið upp sömu stefnu og viðgengist hefur hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Það er spurning hvort þeir hafi ekki smitast vegna samstjórnar með þessum mönnum innan verkalýðshreyfingarinnar. En annars hygg ég að það mál hljóti að verða rætt innan raða Sjálfstfl. hvort þeir menn, sem þar hafa staðið að því að fjárfesta í hlutafélögum, hafi brugðist stefnu Sjálfstfl.

En það sem kom mér til að standa hér upp og hefja umr. aftur er að það gerist æ algengara hér í þingsalnum að hv. 3. þm. Reykv. telji sig þurfa að rétta við stefnu og sjónarmið sem birtast hjá hv. 7. þm. Reykv. og virðist manni sem skipstjórinn sé ekki alltaf sáttur við þá stefnu sem stýrimaðurinn tekur. Þetta birtist m. a. áðan í þeirri yfirlýsingu hv. 3. þm. Reykv. þegar hann gat þess að að sínu mati hefði samvinnuhreyfingin miklu hlutverki að gegna í landinu og hann bætti við: Ég tel nauðsynlegt að taka þetta fram vegna ummæla sem fallið hafa úr þessum ræðustól. (**ÓRG:** Það var ræða Páls Péturssonar.) Það fór ekki á milli mála hver átti skotið. (**ÓRG:** Páll Pétursson.) Hv. 7. þm. Reykv. var búinn að hella sér yfir forstjóra Sambandsins og velja þeim hina verstu umsögn og var búinn að draga hér upp þá mynd að ef raunverulega ætti að skipta sér af valddreifingunni væri aðalatriðið að gera þeirra hlut sem minnstan á öllum sviðum. Það fór ekki á milli mála. Hann var með þá líkingu hér úr pontu að það sem verið væri að gera með þessum frumvörpum væri eins og krækiber í helvíti. Það voru hans óbreyttu orð. Það skildi hver einasti maður hvert skotum var beint.

Ég vil undirstrika það að ég hef löngum litið svo á að margir aðilar innan Alþb. væru einlægir samvinnumenn. Hitt er svo annað mál, að það virðist löngum vera eitur í þeirra beinum að fyrirtæki eigi að vera rekin með hagnaði. Þeir hafa löngum verið því hlynntir að á sama tíma sem þeir hafa talið eðlilegt að samvinnuhreyfingin héldi uppi verslunarrekstri t. d. í Reykjavík væri samtímis haldið uppi af öðrum aðilum það miklu verðlagseftirliti að það væri spurning hvort fyrirtækið héldi velli eða ekki. Ef það er skoðað hvaða árangri þeir hafa náð í sínum samvinnurekstri hér á höfuðborgarsvæðinu, markaðshlutdeild þeirra metin og afrakstur þeirrar starfsemi kemur í ljós að sú samvinnuhreyfing sem þeir vilja berjast fyrir og telja hina æskilegu hefur ákaflega lítil umsvif og væri raunverulega ekki megnug til neinna átaka. Ég hygg að hv. 7. þm. Reykv. geri sér grein fyrir því að það væri ekki mikið vald sem lægi hjá þeirri samvinnuhreyfingu til félagslegrar uppbyggingar í landinu.

Aftur á móti fer það ekki á milli mála að Framsfl. hefur sem félagshyggjuflokkur og vinstri flokkur barist mjög grimmt fyrir því að fólkið ætti sem greiðasta möguleika til afskipta í sínum byggðum. Ávallt þegar vel hefur tekist til hefur Alþb. kvakað á þann veg að það væri vissulega hlynnt samvinnuhreyfingunni, en þegar erfiðleikar hafa gengið yfir hafa þeir löngum skorast undan merkjum.

Það hvarflar að mér þegar hv. 3. þm. Reykv. fer að gera það að umræðuefni hér úr ræðustól að nauðsynlega þurfi að kalla á ákveðinn aðila til viðtals við fjh.- og viðskn. eða fá umsögn frá viðkomandi aðila þá sé það auglýsingamennska fyrst og fremst sem um sé að ræða. Hvers vegna óskaði hann ekki eftir þessu í nefndinni þar sem hann starfar? Hvers vegna er það tekið upp hér í ræðustól? Eru það ekki hin venjulegu vinnubrögð að nm. óska eftir því á nefndarfundi hvert mál séu send til umsagnar? Hvenær hefur slíkt verið gert að venju að taka það fyrir hér í ræðustól í skrumi til auglýsingar? (**SvG:** Þegar formaðurinn þráast við.) Hv. 3. þm. Reykv. segir: Þegar formaðurinn þráast við. Ber að skilja þessa yfirlýsingu á þá leið að Alþb. hafi á nefndarfundi óskað eftir þessu og því hafi verið neitað að málið yrði sent til umsagnar? Ber að skilja það svo? Hv. 3. þm. Reykv. svarar ekki. Hann dregur aftur á móti pennann upp úr vasanum og hyggst fara að skrifa eitthvað niður sem er vafalaust yfirlýsing um það að við eigum von á loðnum svörum þó ekki sé meira sagt. Sennilega verður það þúsund blóma ríkið sem verður nú tekið til útlistunar.

Það hvarflar að manni að þegar Alþb. lýsir því yfir að hin mikla valddreifing eigi að vera fólgin í því að láta þúsund rósir spretta — og sú speki kennd við hv. 7. þm. Reykv. sem ekki er hér staddur og vitnað í Mao formann sem höfuðspeking að þessari kenningu — hvort hin raunverulega stefna sé svo óljós að ekki sé hægt að koma henni á framfæri í skiljanlegri orðum en þessum. Þegar Alþb. fjargviðrast út í það að Framsfl. haldi sinni gömlu stefnu að dómi annars aðilans, þ. e. 7. þm. en að dómi 3. þm. Reykv. mun flokkurinn vera búinn að glata stefnunni, minnist maður þess að arftakar þeir sem hér sitja fyrir hönd Alþb. áttu líka sögulega forvera sem stofnuðu flokka og buðu fram til þings. En æra þessara flokka reyndist ekki merkilegri en svo að það sem þeir töldu aðalatriðið ef þeir ættu að halda á ný til alþingiskosninga var að skipta um nafn og númer. Tvisvar sinnum hefur það verið þrautalendingin til þess að bjarga fylginu. (Gripið fram í.) Það hvarflar að manni að það sé kannske ekki mjög beysin staða hjá

slíku afli að halda áfram á þeirri braut.

Sannleikurinn er sá að samvinnuhreyfingin hefur vissulega í gegnum tímans rás farið út í ýmis skipulagsatriði sem geta orkað tvímælis. Eitt af því er eignaraðild í hlutafélögum í jafnríkum mæli og verið hefur. Þar kemur m. a. inn í sú staðreynd að hlutafélagsformið er með takmarkaða áhættu en samvinnurekstrarformið er aftur á móti með mun meiri áhættu fyrir þá aðila sem að því standa. Ég hygg að þetta hafi haft mjög mikil áhrif á ákvarðanatöku hjá samvinnuhreyfingunni þegar þeir hafa valið þann kostinn að reka ýmis fyrirtæki í hlutafélagsformi. Satt best að segja undrar það mig að heyra að þeir aðilar sem í orði tala nú hvað grimmast um lýðræði fólksins, skuli vera fulltrúar fyrir flokk sem vitað er að kom sér fyrir löngu upp því kerfi að Þjóðviljaeignirnar höfðu úrslitavald innan Alþb., innan Sósíalistaflokksins gamla, innan Kommúnistaflokksins, um það hverjir héldu velli. Það er hið virka lýðræði sem hv. 7. þm. Reykv. talaði um áðan.

Ég ætla ekki að fara út í lengri umr. um samvinnuhreyfinguna. En það er ákaflega merkilegt hvernig menn ætla annars vegar að sverta hennar æðstu menn úr þessum ræðustól alveg miskunnarlaust, en halda svo jafnframt að hinn almenni samvinnumaður muni hylla þá sem einhverja sérstaka hugsjónamenn þar sem þeir í öðru orðinu telja sig styðja samvinnuhreyfinguna. Ég hygg að nauðsynlegt væri fyrir hv. 3. þm. Reykv. að ná samkomulagi við 7. þm. Reykv., þann sem nú situr á þingi, um það hver sé hin opinbera stefna Alþb. gagnvart samvinnuhreyfingunni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Aðeins örfáar aths.

Það er ekki eins flókið og hv. þm. Ólafur Þórðarson vildi vera láta að skilja það sem við höfum verið að gera hér í þingsalnum, hv. þm. Svavar Gestsson og ég. Við höfum hér verið að lýsa í sameiningu teoríu og praxís samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi, höfum lagt til skiptis mismunandi áherslur á teoríuna og praxísinn, en allt þetta ber hins vegar að þeim brunni að teorían er góð en praxísinn hefur mistekist heldur betur á mörgum sviðum eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson virtist reyndar átta sig á í sinni ræðu. (**Gripið fram í:** Það hefði sparað tíma ef þið hefðuð farið báðir upp í ræðustólinn í einu.) Það er alveg rétt, það hefði getað komið til greina, svo að maður tali nú ekki um tímasparnaðinn á því að fjmrh. og formaður Sjálfstfl. töluðu tveir saman þar sem þeir hittast.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson viðurkenndi það í seinni ræðu sinni að það er alveg rétt, sem ég greindi hér frá, að hann hefði verið að lýsa andstöðu við þá stefnu sem Guðmundur H. Garðarsson og ýmsir aðrir forustumenn Sjálfstfl. í verkalýðshreyfingunni hafa verið að framkvæma. Það liggur þá alveg ljóst fyrir að sú túlkun á málflutningi hans, sem ég var hér að lýsa, er alveg rétt. Hér er kominn upp mjög merkilegur ágreiningur formanns Sjálfstfl. við stærsta verkalýðsfélagið sem sjálfstæðismenn hafa stýrt og það verkalýðsfélag sem fengið hefur flesta trúnaðarmenn í æðstu stöður Sjálfstfl., sbr. borgarfulltrúann Magnús L. Sveinsson og sbr. miðstjórnarmanninn í Sjálfstfl. Björn Þórhallsson. Þessir menn, sem ég hef hér nefnt, hafa allir verið fylgjandi þeirri stefnu sem Verslunarmannafélag Reykjavíkur hefur framkvæmt og sem nýkjörinn formaður Sjálfstfl. hefur núna lýst að væri af hinu illa og mundi, ef aðrir færu að dæmi Verslunarmannafélags Reykjavíkur, leiða yfir þetta þjóðfélag stórfellda sósíalseringu efnahagslífsins. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson var því í raun og veru að biðja enn um það hér að fara ekki að dæmi Verslunarmannafélags Reykjavíkur.

Hins vegar gætti nokkurs misskilnings hjá hv. þm. varðandi túlkun mína á hans ræðu. Ég sagði hvergi að ræða hans hefði fyrst og fremst snúist um þetta atriði, heldur hefði hann í ræðu sinni vikið nokkrum orðum að því að setja fram þá þjóðfélagssýn sem ég rakti svo nokkru nánar. Hún var alveg skýr þótt hv. þm. reyndi að vefja hana inn í bómull í seinni ræðu sinni. Hún var alveg skýr á þann veg að fjármagnið ætti að hafa skv. þessu frv. meiri rétt en vinnan. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson reyndi svo að breyta áherslum sínum í seinni ræðu sinni með því að segja að stefna Sjálfstfl. væri sú að vinnan og fjármagnið ættu að sitja við sama borð og ættu að eiga samleið. Það er hins vegar athyglisvert að á sama tíma og Sjálfstfl. er hér á Alþingi að létta sköttum af fjármagninu er hann að þyngja skattana á vinnunni. Það er alveg ljóst að skattbyrðin af þeim sköttum sem menn greiða af vinnu sinni, tekjuskattinum, verður allnokkru meiri þegar allt er lagt saman á árinu 1984 en á árinu 1983, en skattabyrðin á fjármagninu léttist hins vegar allverulega. Ef horft er á framkvæmd er fjármagnið látið njóta forréttinda sem vinnunni eru ekki boðin. Það sést best á því að tekjuskatturinn, útsvarið og önnur þau gjöld sem eru greidd af vinnunni einni saman hafa þyngst, en skattarnir af fjármagninu eru léttari.

Að lokum, virðulegi forseti, held ég að formaður Sjálfstfl. ætti nú að spara sér allt þetta tal um miðstýringu og valddreifingu. Eins og hv. þm. Svavar Gestsson rakti hér stendur Þorsteinn Pálsson að mestu miðstýringarfrv. í íslensku atvinnulífi sem hafa verið sýnd hér á Alþingi ég held frá upphafi. Ég held að í þeim tveimur frumvörpum, kvótafrv. annars vegar og frv. um mat á sjávarafurðum hins vegar, séu fólgnar tillögur um meiri miðstýringu í grundvallaratvinnuvegi Íslendinga en nokkru sinni hafa verið sýndar hér á Alþingi. Það hefur ekki annað komið fram í umr. hér á Alþingi um þessi mál en að bæði þessi frv. séu flutt með stuðningi og fulltingi ráðh. Sjálfstfl., flokksforustunnar og þingflokks Sjálfstfl. Auk heldur eru ekki nema nokkrar vikur síðan hv. þm. Þorsteinn Pálsson stóð hér í ræðustól og sagði að ástæðan fyrir því að hann hefði kosið opinberlega að gagnrýna hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson og lýsa algerri andstöðu sinni við samkomulag það sem hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson gerði við verkamannafélagið Dagsbrún væri í fyrsta lagi, sagði þm., vegna þess að Dagsbrún hefði gengið gegn þeim heildarkjarasamningum sem ASÍ og VSÍ hefðu mótað og það ætti ekki að verðlauna verkalýðsfélög sem gengju gegn slíkum miðstýringarsamningum. Slíkur miðstjórnarmaður, slíkur aðdáandi miðstjórnarvalds og miðstýringar á þessu þjóðfélagi var hinn nýkjörni formaður Sjálfstfl. að hann lagði til opinberrar atlögu við fjmrh. eigin flokks vegna þess að fjmrh. hafði tekið alvarlega stefnuna um samningafrelsi einstakra verkalýðsfélaga.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson ætti að lesa aftur lofgerðarræðuna um miðstýrða kjarasamninga, sem hann flutti hér í þessum ræðustól fyrir nokkrum vikum, áður en

hann fer að koma hér upp og ásaka aðra fyrir að aðhyllast miðstjórnarvald. Það hefur ekki nokkur þm. gerst talsmaður og verjandi miðstjórnarvalds í þessu þjóðfélagi á þessu þingi í þá veru sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur gert. Það hefur ekki hvarflað að nokkrum forustumanni í íslenskum stjórnmálum að leggja til atlögu við ráðh. úr eigin flokki vegna þess að hann braut gegn slíku miðstjórnarvaldi nema hv. þm. Þorsteini Pálssyni.

Þegar þetta er lagt saman, kvótafrv., sjávarmatsfrv. og atlaga hv. þm. Þorsteins Pálssonar að Albert Guðmundssyni og þau rök sem hann flutti í þessum ræðustól á Alþingi fyrir þeirri atlögu, er það alveg ljóst að miðstjórnarvaldið í íslensku efnahagslífi og íslenskum kjaramálum á fyrst og fremst einn verjanda, hv. þm. Þorstein Pálsson. Þeir sem hafa barist gegn þessu miðstjórnarvaldi, gegn miðstjórnarvaldinu í stýringu sjávarafurða, gegn miðstjórnarvaldinu varðandi fiskmatið, gegn miðstjórnarvaldinu við gerð kjarasamninga, eru fyrst og fremst Alþb.-þm. hér á Alþingi. Þetta ætti hv. þm. Þorsteinn Pálsson að hugleiða. Það getur vel verið að hann sé fylgjandi einhvers konar smávegis valddreifingu hvað snertir einstaka skattamál hér og þar. Hitt er alveg ljóst hins vegar, að þegar kemur að hinum stóru ákvörðunum í þjóðfélaginu er hann maður hinnar miklu miðstýringar, miðstýringar sem afnemur samningsréttinn, miðstýringar sem sviptir burtu kjarasamningum, miðstýringar sem bannar verkalýðsfélögum að semja, miðstýringar sem heimtar opinberan refsirétt yfir þeim sem leyfa sér að taka alvarlega frjálsan samningsrétt einstakra verkalýðsfélaga, miðstýringar gegn öllum þeim sem dirfast að ganga gegn kjarasamningum ASÍ og VSÍ, miðstýringar í sjávarútvegi, fiskvinnslu og veiðum. Um þetta bera þingtíðindin vitni. Þessi stefnuafstaða er alveg skýr. Hún er reyndar svo skýr að í henni felst höfuðáherslan í málflutningi og stjórnarstefnu Sjálfstfl. á þessum vetri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vörumerki, frv. 201. mál (þskj. 358). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 358 er borið fram stjfrv. til l. um breytingu á lögum nr. 47 frá 2. maí 1968, um vörumerki. Með frv. þessu er lagt til að felld verði niður heimild til að áfrýja til iðnrh. ágreiningsmálum er varða skráningu vörumerkja. Þess í stað verði lögfest málsmeðferð með skipun sérstakrar áfrýjunarnefndar til að úrskurða í málum sem þessum. Frv. þetta er flutt samhliða frv. til l. um breytingu á einkaleyfalögum um sama efni. Lagt er til að ein nefnd úrskurði í ágreiningsmálum í báðum þessum málaflokkum og að heiti nefndarinnar verði í samræmi við það, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

Lagt er til að nefndin verði skipuð þremur mönnum: Formanni skipuðum til þriggja ára í senn sem vegna eðlis nefndarinnar þykir rétt að verði lögfræðingur. Aðrir nefndarmenn yrðu skipaðir til starfa í nefndinni til að úrskurða í einstaka málum. Rétt þykir að hafa vissan sveigjanleika í vali annarra nm. en formanns, þannig að skipa megi sérfróða menn eftir eðli ágreinings hverju sinni, og gætu þar eftir atvikum komið til greina menn með sérþekkingu á sviði málfræði, viðskipta, tækni eða lögfræði.

Forsaga þessara ákvæða um kæruheimild til ráðh. er sú, að þegar lög um vörumerki voru samin árið 1968 voru dönsk lög um sama efni höfð mjög til hliðsjónar. Í Danmörku er skrifstofa vörumerkjaskrárritara sjálfstæð stofnun og ekki hluti af ákveðnu ráðuneyti. Í dönsku lögunum er heimild til að skjóta ágreiningsmálum til raðh. Hér á landi hagar málum þannig, að vörumerkjaskrifstofan er hluti af iðnrn. Ljóst má vera að iðnrh. á hverjum tíma mun ekki úrskurða persónulega í málum af þessu tagi. Í reynd munu því starfsmenn þeir í rn. sem annast vörumerkjamál almennt jafnframt úrskurða í sérstökum kærumálum sem skotið yrði til ráðh. Í málum er varða einkaleyfi og vörumerki er oft um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða. Því þykir rétt að tryggt verði sem ríkast réttaröryggi í stjórnsýslunni við meðferð þeirra mála.

Stjórnvaldskæra á úrskurði vörumerkjaskrárritara til iðnrh. er því óeðlilegt stjórnvaldsúrræði hér á landi, þar sem vörumerkjaskrárritari er jafnframt starfsmaður iðnrn.

Málskot til ráðh. skv. gildandi ákvæðum hér hafa verið fátíð á undanförnum árum, þ. e. 1—2 á ári. Hugsanlega er skýring á því sú, að menn hafa ekki haft trú á kæruúrræði þessu og talið það óraunhæft. Því má búast við að kærumálum þessum fjölgi nokkuð verði frv. þetta að lögum. Ákvarðanir vörumerkjaskrárritara, sem ágreiningur hefur verið gerður um, hafa á undanförnum árum verið á bilinu 15—20 á ári.

Félag umboðsmanna eigenda vörumerkja og einkaleyfa hefur ítrekað óskað eftir breytingu á þessari tilhögun og hefur verið haft samráð við félagið við samningu frv. þessa.

Stjórnskipuð nefnd vinnur nú að heildarendurskoðun einkaleyfalaganna og mun nefnd þessi jafnframt taka vörumerkjalöggjöfina til athugunar. Búast má við að sú endurskoðun taki nokkurn tíma, þar sem hér er um tæknilega og lögfræðilega flókin málefni að ræða. Hin öra tækniþróun liðinna ára hefur kallað á ítarlegri lagaákvæði um einkaleyfi. Sömuleiðis hefur ör vöruþróun og aukin áhersla á auglýsingar og kynningar á vörum undir ákveðnu vörumerki aukið þýðingu laga um vörumerki og kallað á öflugri réttarframkvæmd á sviði vörumerkjamála.

Vörumerkjaréttur er með vissum undantekningum bundinn skráningu merkis. Vörumerkjaskrárritari annast skráningu vörumerkja. Þar sem verulegir fjármunir eru oft lagðir í að kynna vörur undir ákveðnu vörumerki eru nokkrir hagsmunir í húfi fyrir rétthafa vörumerkis að fá vörumerki skráð. Vörumerkjaskrárritari tekur skv. 19. gr. vörumerkjalaga ákvörðun um að synja um skráningu ef hann sjálfur telur merkið ekki hæft til skráningar. Auk þess tekur vörumerkjaskrárritari við andmælum gegn skráningu eftir birtingu vörumerkis skv. 22. gr. og tekur ákvörðun um synjun ef andmælin eru metin gild.

Frv. felur í sér að ágreiningi skv. ofangreindu verði skotið til sérstakrar áfrýjunarnefndar og felld verði niður heimild til að skjóta máli til ráðh., eins og að framan er lýst.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þegar þessari umr. lýkur verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Einkaleyfi, frv. 202. mál (þskj. 359). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 359 er flutt stjfrv. til l. um breytingu á lögum nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi, með síðari breytingum. Með frv. þessu er lagt til að lögfest verði önnur málsmeðferð en verið hefur í þeim tilvikum sem rn. synjar einkaleyfisbeiðanda um einkaleyfi. Í stað ákvæða um að einkaleyfisbeiðandi geti krafist þess að synjun rn. á einkaleyfi verði tekin upp aftur og rannsökuð á ný af rn. er lagt til að komið verði á fót sérstakri nefnd til að úrskurða í ágreiningsmálum er varða skráningu einkaleyfa.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. til breytinga á lögum nr. 47 frá 2. maí 1968, um vörumerki, um sama efni. Vísast til grg. með því frv. um forsendur þeirrar lagabreytingar sem hér er lögð til. En megintilgangur frv. er að stuðla að auknu réttaröryggi í stjórnsýslunni við meðferð einkaleyfa.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 70. fundur.

Þriðjudaginn 27. mars, kl. 2 miðdegis.

Þingsköp.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mig langaði að gera örstutt tilmæli hér vegna upplýsinga um að lögð hafi verið fram hér gögn frá Samtökum áhugamanna um jafnan kosningarrétt. Kosningalagaþátturinn úr fyrirhuguðum breytingum í stjórnarskrár- og kosningamálum er í n. í Nd. Bandalag jafnaðarmanna á ekki fulltrúa í þeirri n. Ég vil því nota þetta tækifæri til þess að beina þeirri eindregnu áskorun minni til n., sem raunar mun ekki enn hafa komið saman, um að koma saman hið bráðasta, kjósa sér formann og endurskoða fyrirliggjandi tillögur úr formannafrv. með tilliti til þeirra veigamiklu athugasemda sem Alþingi hafa borist í þessu máli, bæði nú í gær og fyrr í vetur, þegar bárust undirskriftir fólks af Norðurlandi, sem sömuleiðis hafði ákveðnar skoðanir um stjórnarskrár- og kosningamál, þó ólíkar væru þeim sem bárust hér í gær. Ég hygg að þessi viðbrögð fólks sýni okkur að fjöldi fólks, jafnvel þúsundir kjósenda, vilja fá umræður um þessi mál, enda þótt það hafi raunar ekki tekist í nýafstöðnum kosningum sem áttu að snúast um þetta.

Starfs- og endurmenntun vegna tækniþróunar, fsp. 214. mál (þskj. 381). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 381 um starfs- og endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu.

Allir eru sammála um að áhrif tölvuvæðingar og örtölvutækni muni hér sem annars staðar hafa mikil áhrif á atvinnulífið á komandi árum. Mikilvægt er að þjóðfélagið sé í stakk búið til að mæta þeirri breytingu og röskun sem verður á atvinnulífinu, áhrifum þess á framleiðnigetu okkar og útflutningsmarkaði sem og þeim áhrifum sem tölvuvæðingin óhjákvæmilega hefur á störfin og starfsöryggi fólks í þjóðfélaginu. Ljóst er að mörg störf munu annaðhvort taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf munu taka við.

Eðlilega hefur umræðan í þjóðfélaginu snúist mikið um áhrif tæknibreytingar á atvinnulífið, mannaflaþróun á vinnumarkaði og framleiðni og samkeppnishæfni í atvinnugreinum okkar og fjallar starfshópur á vegum félmrn. um þau mál. Veigamikill liður í því að við séum í stakk búin til að nýta okkur tækniþróunina sem og að starfsöryggi launafólks sé tryggt er ekki síst að menntakerfið taki mið af þessari þróun svo og að því fólki sem þegar er á vinnumarkaðinum sé búin aðstaða til að afla sér þekkingar og kunnáttu til að takast á við breytingar í störfum.

Inn í þá umræðu sem orðið hefur í þjóðfélaginu um þessi mál finnst mér vanta hvernig menntakerfi okkar sé í stakk búið til að mæta tæknibreytingum í atvinnulífinu.

Í fyrsta lagi með tilliti til starfsmenntunar almennt vegna nýrrar tækni, þ. e. hvaða aðstöðu skólarnir og kennarastéttin hafa til að búa nýja kynslóð undir að takast á við tæknibreytingar í atvinnulífinu, en um það fjallar sú fsp. m. a. sem hér er til umr.

Í öðru lagi: Hvaða möguleika hafa launþegar, sem eiga á hættu að missa störf vegna tæknibreytinga í atvinnulífinu, til að tileinka sér þessa nýju tækni með endurmenntun og starfsþjálfun? Í því sambandi hlýtur að vakna sú spurning hvort ekki þurfi að skipuleggja markvissa samvinnu milli menntmrn. og aðila vinnumarkaðarins um starfs- og endurmenntun. Mikilvægt er að fyrirtækin undirbúi starfsfólk sitt undir tæknibreytingar með því að gefa því kost á starfs- og endurmenntun sem hugsanlega mætti koma á í samvinnu við skóla- og menntakerfið í landinu.

Í þriðja lagi hef ég á þskj. 381 lagt þá fsp. fyrir hæstv. menntmrh. hvort ekki þurfi að gera sérstakar ráðstafanir vegna heföbundinna kvennastarfa á vinnumarkaðinum til að konum jafnt sem körlum gefist kostur á að tileinka sé þessa nýju tækni. Því er haldið fram að tæknibyltingin muni ekki síst hafa áhrif á heföbundin kvennastörf og áhrif tækniþróunarinnar muni verða þau að það verði einkum konur sem missi störfin. Margt bendir til þess hér á landi sem annars staðar að það sé ekki síst starfsöryggi kvenna sem muni vera í hættu vegna tækniþróunarinnar. Við því verðum við að vera búin og bregðast við með réttum hætti.

Konur hafa, m. a. vegna þess að heimilisstörfin og barnauppeldi hefur komið miklu meira í þeirra hlut, farið varhluta af menntun, starfsþjálfun og endurmenntun. Því er það mín skoðun að það þurfi ekki síst að skipuleggja starfs- og endurmenntun með hliðsjón af stöðu þeirra á vinnumarkaðinum þannig að þeim sé gert kleift að sækja námskeið og annað sem nauðsynlegt er til að tileinka sér þessa nýju tækni.

Samhliða starfs- og endurmenntun hlýtur einnig að vega þungt þáttur ríkisfjölmiðla í fræðslu- og endurmenntunarkerfi sem og námsflokka og bréfaskóla. Því hef ég einnig beint þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort ráðh. telji að gera þurfi sérstakar

ráðstafanir með tilliti til stöðu kvenna á vinnumarkaðinum til að þær hafi jafna möguleika og karlar til að tileinka sér nýja tækni í atvinnulífinu.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa þessi orð fleiri, en vonast til að hæstv. menntmrh. gefi þingheimi skýr svör við þeim fsp. sem ég hef hér fram borið.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér er spurt um starfs- og endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu.

Hugtakið tækniþróun er víðtækt. Það er ekki gerlegt að svara spurningunni afdráttarlaust vegna þess að tækniþróun lýtur ekki neinum ákveðnum lögmálum sem unnt er að festa hönd á eða tímasetja. Þess vegna er erfitt að ákveða ráðstafanir fram í tímann til að mæta hugsanlegum þörfum. Eigi að síður reyna þeir sem vinna í menntakerfinu að gera sér grein fyrir hvert þróunin stefnir og gera viðeigandi ráðstafanir hvað menntun varðar.

Ný tækni kemur misjafnlega ört inn í starfsgreinar og því er mismunandi auðvelt að skipuleggja breytingar á kennslu. Oft tekur einnig nokkurn tíma að mennta kennara til að leiðbeina um nýjungar í störfum, ný kennslutæki þarf að útvega og stundum að breyta kennsluaðstöðu. Þetta allt krefst fjármagns og tíma.

Óhætt er að fullyrða að almennur áhugi kennara er á því að tileinka sér nýjungar og reyna að fylgjast vel með þróuninni. Í því sambandi má nefna hinn mikla áhuga sem nú er í skólunum á að taka upp kennslu í tölvufræðum og ritvinnslu, en notkun tölva og ritvinnslu fer hraðvaxandi í atvinnulífinu og eftirspurn eftir námi af þessu tagi er mikil bæði innan og utan skólans. Það er mikið unnið á vegum menntmrn. í þessu sambandi til að hafa þarna sem allra besta yfirsýn og skipulag á hlutunum.

Það er unnið sérstaklega að því að endurmennta kennara til að sinna þessum þörfum. Kennaraháskóli Íslands hefur nú allgóða aðstöðu til að kenna tölvunotkun, bæði nemendum skólans og starfandi kennurum, á endurmenntunarnámskeiðum. Enn fremur hafa verið haldin endurmenntunarnámskeið fyrir kennara m. a. í Verslunarskóla Íslands. Einstökum skólum hefur verið heimilað að hafa sérnámskeið fyrir sína kennara og kennarar hafa sótt námskeið til útlanda til að kynna sér nýjungar á þessu sviði til þess svo að geta leiðbeint.

Engar haldgóðar rannsóknir liggja fyrir um heildaráhrif tækniþróunar á íslenskt atvinnulíf og því er vart hægt að gera viðamiklar ráðstafanir um starfs- og endurmenntun þeirra, sem kynnu að missa vinnu vegna tækniþróunar, fyrr en betur verður séð hver áhrifin verða.

Tækniþróunin sjálf kallar á ýmis ný störf sem nú eru ekki til og skilgreind menntun til undirbúnings þeim er því heldur ekki til.

Það er reyndar hætt við að tækniþróunin taki fyrst til einfaldari starfa við iðnað, t. d. þar sem margt fólk vinnur með mikla þjálfun til sérhæfðra starfa en tiltölulega þrönga menntun eða takmarkaða til annarra starfa. Má í því sambandi nefna starfsfólk í fiskiðnaði og einhvern hluta skrifstofufólks. Konur eru vissulega fjölmennar í þessum starfsgreinum og óneitanlega eru því störf kvenna í þessum greinum í meiri hættu með að leggjast niður en mörg önnur.

Hvernig best verður brugðist við þeim vanda? Það liggur ekki ljóst fyrir nú. Menntakerfið verður að sjálfsögðu að reyna að bregðast við honum að því leyti sem snertir menntun í skólakerfinu sjálfu, en að sjálfsögðu hlýtur alltaf talsverður hluti endurþjálfunar vegna tækniþróunar í atvinnulífi að fara fram í atvinnulífinu sjálfu. Í því sambandi vil ég minna á að tvær nefndir eru starfandi á vegum rn. sem máli skipta í þessu sambandi, önnur á vegum félmrn., sem sett var á laggirnar til þess einmitt að kanna áhrif nýrrar tækni á atvinnulífið, og nefnd starfar á vegum menntmrn. sérstaklega um tengsl skólakerfisins og atvinnulífsins, m. a. að því að átta sig á að hvaða leyti skólakerfið þarf sérstaklega að vera á verði til að fullnægja nýjum kröfum vegna nýrrar tækni.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi draga fram í þessu sambandi. Og ég sé ekki tilefni til sérstakra afmarkaðra svara í sambandi við einstaka stafliði. Þetta svar á við um þá alla.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin þó ég verði að segja að ég sé litlu nær eftir svör ráðh.

Hæstv. ráðh. nefnir að það séu tvær nefndir starfandi sem vinni að þessum málum, önnur á vegum félmrn. og hin á vegum menntmrn. sem athugar tengsl skólakerfisins og atvinnulífsins. Ég hefði viljað að hæstv. menntmrh. gerði okkur meiri grein fyrir störfum þessara nefnda. Eins tel ég að það sé bæði eðlilegt og æskilegt að samvinna sé á milli þessara tveggja nefnda, sem starfa á vegum félmrn. og menntmrn. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort svo sé ekki, að það sé samvinna og samstarf á milli þessara tveggja nefnda, og eins þá hvort ekki sé hægt að fá frekari vitneskju um störf nefndarinnar sem starfar á vegum menntmrn.

Hæstv. menntmrh. bendir réttilega á að störf kvenna séu í meiri hættu vegna tækniþróunar í atvinnulífinu. Það eru ekki síst hin hefðbundnu kvennastörf sem ég hef áhyggjur af. Því er haldið fram að neikvæðar hliðar tölvubyltingarinnar muni fremur bitna á konum en körlum. Til þess er vitnað að störf þeirra séu einhæfari og áhrifa tölvuþróunarinnar muni einkum gæta í þeim störfum þar sem konur eru fjölmennar, svo sem almennum skrifstofustörfum og störfum ófaglærðra t. d. í iðnaði. Í Danmörku er talið að á næstu 10 árum muni 75 þús. skrifstofustörf hverfa og í Bretlandi er því haldið fram að árið 1990 muni verða 20% atvinnuleysi hjá skrifstofufólki þar í landi. Það má ætla að svipuð þróun verði hér og hefur verið í nágrannalöndum okkar, tækniþróunin muni koma t. d. niður á skrifstofustörfum í miklum mæli.

Einnig er ljóst að með tilliti til þess að þungi heimilisstarfanna leggst fremur á konur en karla, jafnvel þó þær vinni fullan vinnudag á vinnumarkaðinum, hafa þær mun minni tíma aflögu til að tileinka sér nýja tækni. Við þessu verður auðvitað að bregðast í tíma. Væri örugglega vel til þess fallið ef skipulagt yrði af aðilum vinnumarkaðarins í samráði við menntmrn. námskeið eða endurmenntun sem a. m. k. að hluta til

væri hægt að sækja í vinnutíma. Vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort nefnd sú sem starfar á vegum menntmrn. hafi eitthvað hugað að því efni.

Á ráðstefnu sem nýlega var haldin um áhrif tæknibyltingar á atvinnulífið kom fram hjá Gylfa Kristinssyni að leiðin til að tryggja óbreytta lífsafkomu væri að auka menntun. Sagði hann m. a. að flestir virtust sammála því að menntun mannaflans hefði áhrif á það hvort og hvenær atvinnugreinar tækju nýja tækni í þjónustu sína. Af því er sýnt að meiri fjárfesting í menntun og aukin og vel skipulögð starfs- og endurmenntun eru eitt grundvallaratriðið og undirstaða þess að við verðum ekki undir í þeirri byltingu í atvinnulífinu sem tölvuvæðingin leiðir af sér, og ekki síst er hún forsenda þess að við getum vænst þess að starfsöryggi fjölda fólks á vinnumarkaðinum verði ekki stefnt í hættu.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil geta þess í sambandi við þessar umr. og þessa fsp. að á s. l. hausti skipaði félmrh. sérstaka nefnd til að gera úttekt og könnun á áhrifum nýrrar tækni á íslenskt atvinnulíf. Sú nefnd var skipuð að eindreginni ósk frá aðilum vinnumarkaðarins, bæði frá vinnuveitendum og samtökum launafólks, sem hafa vissulega áhuga á þessum málum og vissar áhyggjur af þeirri þróun sem fyrirsjáanleg er í sambandi við þessi mál.

Ég vil geta þess hér að strax þegar þessi nefnd hafði verið skipuð, sem er samsett af fulltrúum tilnefndum af þessum aðilum ásamt formanni sem er skipaður af félmrh., kom í ljós gífurlegur áhugi allra aðila um þetta starf. Það verður miklu víðtækara en menn höfðu gert sér í hugarlund í upphafi. Þessi nefnd hefur starfað skipulega og unnið vel og hún er næstum tilbúin með áfangaskýrslu sem ég hafði hugsað mér að yrði afhent þeim sem áhuga hafa og ekki síst Alþingi, ef hún verður tilbúin fyrir þinglok, sem ég vona.

Nefndin hefur aflað mikilla upplýsinga víðs vegar að. M. a. sótti fulltrúi hennar sérstaka ráðstefnu, þá fyrstu sem haldin hefur verið um þessi mál, þ. e. um áhrif tækninnar á atvinnulíf, á vegum Sameinuðu þjóðanna. Var hún haldin í París. Þar komu fram mjög miklar og góðar upplýsingar. Þá hefur verið aflað upplýsinga frá Norðurlöndunum í sambandi við málið. Mun nefndin að sjálfsögðu taka þær með í skýrslu sinni.

Það gefur augaleið að starf þessarar nefndar spannar yfir allt sviðið, þannig að nauðsynlegt er og sjálfsagt að gott samstarf verði um þá vinnu sem menntmrn. lætur fara fram í sambandi við skólakerfið.

Hér er um þýðingarmikið mál að ræða. Ég vonast fastlega til þess að út úr störfum þessárar nefndar og þeirrar nefndar sem menntmrh. hefur skipað komi nægar upplýsingar svo að fara megi að skipa þessum málum á þann veg að komi að notum bæði fyrir menntakerfið, atvinnulífið og atvinnureksturinn.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil einungis svara fsp. hv. 2. landsk. þm. um það hvort ekki sé fyrirhugað að undirbúa samvinnu milli atvinnulífs og skólakerfis að slíkri starfs- og endurmenntun. Það er einmitt eitt af þeim verkefnum sem umrædd nefnd menntmrn. hefur. Satt að segja er eitt af því langmikilvægasta sem hún hefur með höndum einmitt að koma slíku samstarfi á.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég vil minna á það, úr því að hæstv. félmrh. kom í ræðustól áðan og greindi frá nefndinni sem starfar á vegum hans rn., að í janúar s. l. svaraði hann fsp. frá mér um störf þessarar nefndar. Þá kom fram að í nefndinni á ekki sæti ein einasta kona. Tók ráðh. þá vel í þá ósk mína að í nefndina yrði skipuð kona eða fulltrúi þeirra sem kvennastörfin vinna. Þetta tengist mjög þeirri fsp. sem hér er nú til umr. þar sem þar eru látnar í ljós áhyggjur af stöðu kvenna á vinnumarkaðinum í kjölfar tækniþróunar. Mig langar því til þess að spyrja ráðh. að því hvort eitthvað hafi gerst í þessu máli, hvort skipan nefndarinnar hafi verið endurskoðuð. — Ráðh. sagði hér áðan að við þm. mættum eiga von á að fá brátt fyrstu áfangaskýrslu nefndarinnar og fagna ég því.

Fullorðinsfræðsla, fsp. 214. mál (þskj. 381). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 381 um það hvort frv. til laga um fullorðinsfræðslu verði lagt fram á yfirstandandi þingi. Ef svo er, hver verða helstu efnisatriði þess?

Í allmörg skipti hefur verið lagt fyrir Alþingi frv. til l. um fullorðinsfræðslu. Á 95. löggjafarþingi, fyrir 10 árum var frv. þar að lútandi fyrst lagt fram, en þá hafði nefnd starfað í þrjú ár að undirbúningi þess frv. Að nýju var málið lagt fyrir 96. löggjafarþing, fyrir 9 árum, síðan 97. löggjafarþing og enn fyrir 98. löggjafarþing. En allt kom fyrir ekki, málið fékk ekki afgreiðslu.

Í ágúst 1978 skipaði þáv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson nefnd til að fjalla um fræðslu fullorðinna og gerði hún í formi lagafrv. tillögur um tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslunnar. Það frv. var síðan lagt fram á 102. löggjafarþingi 1979—1980 og heldur ekki þá hlaut frv. afgreiðslu. Á 103. löggjafarþingi 1980—1981 lagði ég fram fsp. til þáv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar um hvort á því þingi yrði lagt fram frv. til l. um fullorðinsfræðslu. Í svari þáv. menntmrh. kom fram að hann stefndi að því að frv. yrði lagt fyrir það þing sem þá sat. Af því varð ekki.

Af því sem ég hef hér sagt er ljóst að 10 ár eru liðin frá því að frv. um fullorðinsfræðslu var fyrst lagt fram á Alþingi. A. m. k. þrjár nefndir hafa verið skipaðar til að fjalla um málið og undirbúa frv. og málið hefur nokkrum sinnum farið út til umsagnar sérfróðra aðila. Óhætt er því að fullyrða að málið hefur fengið ítarlega skoðun. Þörfin fyrir skipulega fullorðinsfræðslu og heildarlöggjöf um það efni hefur lengi verið mjög brýn, en kannske aldrei eins og nú þegar við siglum hraðbyri inn í tölvuöld sem kallar á skipulagða og aukna starfs- og endurmenntun.

Ég tel, herra forseti, að nóg sé komið af undirbúningi, nefndaskipan og athugun á þessu máli og brýnt sé orðið að Alþingi taki þetta mál föstum tökum svo að hér á landi verði komið á skipulagðri fullorðinsfræðslu sem byggi á heildarlöggjöf um það mál. Því er sú fsp. lögð fyrir hæstv. menntmrh. sem ég hef hér greint frá, hvort frv. verði ekki lagt fram á yfirstandandi þingi og hver verði helstu efnisatriði.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er óþarft að rekja sögu þessa máls, það gerði hv. fyrirspyrjandi svo ágætlega. En af því er ljóst að varla er á frv. um fullorðinsfræðslu leggjandi að fara hér inn og út úr þingsal einu sinni enn, án þess að samþykkt væri.

Ég vil skýra frá því að ég hef ekki í hyggju að leggja fram frv. til l. um fullorðinsfræðslu nú á þessu þingi. Ég tel hins vegar að gera þurfi lítils háttar breytingu á öðrum lögum, t. d. lögum um menntaskóla, þannig að þar sé gert ráð fyrir öldungadeildum.

Ég tel að fullorðinsfræðsla eigi ekki nauðsynlega að vera sérstakt fræðslukerfi í landinu heldur eigi fullorðnir að geta fengið aðgang með einhverjum hætti að þeirri fræðslu sem fram er boðin í menntastofnunum af ýmsu tagi. Ég er ekki sannfærð um að heildarlöggjöf tryggi þetta betur. Ég óttast hins vegar að heildarlöggjöf hafi það í för með sér að búið verði til sérstakt skrifstofuveldi til þeirra verka sem ég tel í sjálfu sér að núverandi kerfi geti annað. Vissulega er það í þessu sem svo mörgum öðrum þáttum skólalöggjafar að þar yrði kostnaðarskipting rekstraraðila vandamálið. Við sjáum ekki fyrir endann á neinum meiri háttar nýjum reglum um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég tel því að það sem gera þurfi sé að lögfesta þá starfsemi sem fram hefur farið t. d. í öldungadeildum og hefur fyrir löngu sannað gildi sitt. Að öðru leyti sé ekki nauðsynlegt að hafa sérstaka heildarlöggjöf fyrir þennan aldursflokk, fullorðna fólkið í landinu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel þá fsp. sem hæstv. menntmrh. var að svara hér mjög tímabæra. Mér þótti miður að heyra það í máli hæstv. ráðh. að ekki væri von á því að hér yrði lagt fram frv. varðandi fullorðinsfræðslu á þessu þingi. Það kom einnig fram í máli hæstv. ráðh. að hann teldi raunar enga þörf á slíkri lagasetningu. Ég skil því svar hæstv. ráðh. svo að ekki sé von á neinni löggjöf undir heitinu Lög um fullorðinsfræðslu, heldur boðaði ráðh. að tekið yrði á einstökum þáttum, aðallega til þess að staðfesta með lögum starfsemi sem þegar færi fram.

Ég verð að segja að mér kemur nokkuð á óvart að heyra þetta viðhorf eftir að þó hefur verið viðleitni til þess hjá stjórnvöldum á fyrri árum, eins og hér hefur komið fram, að móta stefnumarkandi löggjöf um þessi efni. Og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að á því er mikil nauðsyn. Ég hygg hins vegar að það hafi orðið til trafala í þessu máli að fyrsta frv. sem hér var sýnt á hv. Alþingi fyrir tíu árum síðan um fullorðinsfræðslu var ekki sniðið við íslenskar aðstæður með þeim hætti, að líklegt væri að það fengi brautargengi, og það hafi orðið til þess að tafir urðu á því máli. En ég kann út af fyrir sig ekki skýringar á því hvers vegna dregist hefur svo úr hömlu að undirbúa tillögur um þetta efni á þeim árum sem síðan eru liðin.

Ég vil aðeins hvetja til þess að undinn verði að því bráður bugur að móta rammalöggjöf eða heildarlöggjöf, hvað sem menn vilja kalla það, um þennan nauðsynlega fræðsluþátt. Ég vil benda á það að þó að starfsemi öldungadeilda við framhaldsskóla og menntaskóla sé allra góðra gjalda verð, þá eru slíkir skólar ekki í öllum byggðarlögum eða fræðsluumdæmum og nauðsynlegt að marka skýrar reglur um hlutdeild ríkisins og skyldur gagnvart fullorðinsfræðslu, hvort sem um er að ræða stuðning sem tengist hinu lögbundna skólakerfi eða við námsflokka eða önnur form slíkrar starfsemi.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er erfitt að taka mikinn þátt í umr. um svona viðamikið mál í fsp.-tíma. En ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að saga fullorðinsfræðslumálsins, ef svo má til orða taka, hefur verið hálfgerð raunasaga. Ég er þeirrar skoðunar, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að e. t. v. hafi það verið þetta magnaða frv., sem samið var fyrir svo sem tíu árum og hér var sýnt á árunum 1974—1975 eða u. þ. b., sem gerði það að verkum að það sló hálfgerðum óhug á menn við að horfa upp á slíkt bákn, því að þetta var sannkallað bákn. Ég hef verið þeirrar skoðunar að ef gera ætti eitthvað sem virkilega kæmi að gagni í þessum málum þá sé vissulega nauðsynlegt að semja heildarlöggjöf eða rammalöggjöf um þessi efni. En að mínum dómi hefur það ævinlega verið svo alveg frá fyrstu tíð, og því reyndi ég náttúrlega að beita á meðan ég var menntmrh., að slík heildarlöggjöf byggðist á því að nýta allt það kerfi sem fyrir er.

Ég hef orðið þess áþreifanlega var í umr. um þetta mál, bæði fyrr og síðar, að menn láta eins og það sé engin fullorðinsfræðsla til í landinu. Þetta er misskilningur. Ég hygg að fram fari í landinu og hafi lengi gert mjög virðingarverð starfsemi í fullorðinsfræðslu. Það er að vísu mjög erfitt fyrir mig að rekja hér nú. En ég hef áður á Alþingi gert ítarlega grein fyrir þessu einmitt í fsp.-tíma fyrir nokkuð löngu, tveimur árum eða svo, þegar sami fyrirspyrjandi spurði mig svipaðra spurninga eins og verið er að spyrja hæstv. menntmrh. nú. Þá held ég að það hafi komið mjög skýrt í ljós að það er virkilega mikið unnið að fullorðinsfræðslu. Hins vegar er margt ósamræmt í þeim efnum og þarf að bæta þar stórlega um og slíkt má vissulega gera með heildarlöggjöf.

En mín skoðun er svo að lokum sú, sem ég vil að komi fram í þessum örstuttu orðum, að það sem fyrst og fremst vantar eru peningar. Okkur vantar fyrst og fremst peninga til þess að drífa það fullorðinsfræðslukerfi sem hér er og hefur verið komið upp af miklum myndarskap af ýmsum aðilum. Ef slíkt fjármagn væri fyrir hendi þá er ég sannfærður um að margt mundi leysast nánast eins og af sjálfu sér. Ég geri samt engan veginn lítið úr því að semja þurfi löggjöf um þetta efni og að því var ég að vinna á sinni tíð. Ég fann hins vegar að það var ýmsum erfiðleikum bundið að koma þeim sjónarmiðum fram sem ég vildi að ríktu í því efni. Það varð ýmislegt til tafar að ég gæti lagt fram þess háttar heildarlöggjöf. En að mínum dómi ætti hún að byggjast á því að nýta það sem fyrir er, því að ég tel að það sé margt hér á landi hvað varðar fullorðinsfræðslustarfsemi sem hefur gefið góða raun og mundi gefa enn betri raun ef ríkisvaldið vildi rækja það betur með meiri fjárframlögum.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin þó ég verði að segja að þau ollu mér miklum vonbrigðum. Ég hélt satt að segja að það væri ekki umdeilt að þörfin fyrir aukna og skipulagða fullorðinsfræðslu væri mjög knýjandi og nauðsynlegt væri að skipuleggja hana með rammalöggjöf eða heildarlöggjöf. Sú grundvallarfræðsla sem fæst í gegnum skólakerfið er hvergi nægjanleg því að örar

breytingar í atvinnulífi kalla á margþætta fullorðinsfræðslu, í bóklegu námi sem og starfsþjálfun.

Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að í landinu er fyrir nokkuð fjölþætt fullorðinsfræðsla, hjá Námsflokkum Reykjavíkur, bréfaskólum, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Stjórnunarfélagi og öldungadeildum. En það hefur að mínu mati vantað heildarlöggjöf um markmið og leiðir til að stórauka, efla og samræma alla fullorðinsfræðslu í landinu. Því verð ég að segja að mér komu nokkuð á óvart svör ráðh. Ég tel að það þurfi ekki að vera dýrt að koma á skipulagðri fullorðinsfræðslu sem byggði á rammalöggjöf. Það er líka rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að það frv. sem var lagt hér fyrir Alþingi fyrir 10 árum síðan eða svo var heilmikill lagabálkur sem, eins og hann var fram settur, yrði nokkuð kostnaðarsamur í framkvæmd. En ég tel að tillögur þeirrar nefndar sem skipuð var 1978 og frv. í samræmi við þær, sem var lagt hér fyrir 1979—1980, hafi verið mjög aðgengilegt og að ekki hafi verið um mjög kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða ef það frv. hefði verið framkvæmt. Ég held að það sé því misskilningur hjá hæstv. ráðh. að það að koma á heildarlöggjöf eða rammalöggjöf kalli á eitthvert skrifstofuveldi.

Herra forseti. Ég ítreka það að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svör ráðh. Ég er sannfærð um það að svör ráðh. hér í dag, að hún hyggist ekki leggja fram frv. um fullorðinsfræðslu á þessu þingi, og það sem meira er, að hún telji ekki þörf á slíku frv. eða lögum um fullorðinsfræðslu, muni valda mörgum vonbrigðum.

Samanburðarkannanir á launakjörum kvenna og karla, fsp. 214. mál (þskj. 381). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í þeirri fsp. sem hér er fram borin er þeirri spurningu beint til forsrh. hvort stjórnvöld séu með ákveðnum aðgerðum tilbúin til að stuðla að því að launajafnrétti kynjanna verði virt í þjóðfélaginu.

Ég tel rétt að rifja upp í nokkrum orðum það tregðulögmál sem virðist ríkja í þessu máli og rökin fyrir nauðsyn þess að löggjafarvaldið beiti sér í þessu máli, en sitji ekki hlutlaust hjá þegar svo augljóst er að launamisrétti kynjanna á sér stað víða í þjóðfélaginu.

Eftir því sem næst verður komist er það fyrst árið 1948 sem frv. er lagt fram á Alþingi sem lýtur að því að uppræta það launamisrétti kynjanna sem upphaflega var á vinnumarkaðnum og fram kom í mismun á launatöxtum kynjanna. Í ár og áratugi höfðu konur þá haft forgöngu um að ná fram þessu launajafnrétti með eðlilegum hætti á vinnumarkaðnum án íhlutunar löggjafans. Árið 1953 er frv. um launajafnrétti kynjanna lagt fram á nýjan leik, síðan 1954 og loks 1961 var lagt fram frv., sem að lögum varð, um að launajafnrétti skyldi nást fram í áföngum á sex árum. Áður hafði orðið að lögum frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem m. a. kveða á um að konur og karlar hjá hinu opinbera skyldu hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.

Af þessari upptalningu má sjá að um 20 ár líða frá því að málinu er fyrst hreyft á Alþingi þar til löggjafinn sér ástæðu til að taka af skarið og samþykkja lög sem kveða á um launajafnrétti kynjanna. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að þau lög voru sett, sem að fullu komu til framkvæmda 1967, hafa síðan verið sett lög um jafnlaunaráð frá 1973, lög um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf og lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1976. Nú, 20 árum eftir að lög sem taka áttu af öll tvímæli um það að ekki mætti mismuna kynjunum í launum á vinnumarkaðnum og 40 árum eftir að málið er fyrst lagt fram á Alþingi, stöndum við enn í svipuðum sporum. Enn á sér stað mikil mismunun í launum og kjörum kvenna og karla á vinnumarkaðnum. Það er raunar með ólíkindum hvað konur hafa verið þolinmóðar þó lítið hafi þokast í þessum málum.

Reyndin er einnig sú, að eftir að lögin frá 1961 eru sett voru taxtarnir að vísu leiðréttir en launamisréttinu hefur verið við haldið með öðrum hætti, t. a. m. yfirborgunum, stöðuheitum, bílastyrkjum, ómældri yfirvinnu og öðrum duldum greiðslum og fríðindum á vinnumarkaðnum. Fyrir nokkru var rætt hér á Alþingi um skýrslu þá sem lögð var fram, þar sem fram kemur hvernig ómæld yfirvinna og greiðsla fyrir afnot af starfsmannabílum skiptist milli kynja. Þar kemur fram mjög mikill mismunur, að karlmenn hafa 92—95% af greiðslum sem greiddar eru hjá ríkinu fyrir ómælda yfirvinnu og afnot starfsmanna af bílum meðan konur hafa aðeins 5—8%.

Sú fsp. sem nú er lögð fyrir forsrh. er svohljóðandi:

„Er forsrh. tilbúinn til að beita sér fyrir því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samanburðarkannanir verði gerðar á launakjörum kvenna og karla í öllum starfsstéttum, jafnt á launatöxtum sem öðrum kjaraþáttum, og að niðurstöður liggi fyrir í lok samningstímabils á vinnumarkaðnum?"

Við sem berum fram þessa fsp. til hæstv. forsrh. teljum það algjöra forsendu fyrir að hægt sé á raunhæfan hátt að taka á þessu máli að stjórnvöld hafi forgöngu um að upplýsa um stöðuna í þessum málum hjá öllum starfsstéttum til að hægt sé að leita raunhæfra leiða til að taka á þessu máli og að niðurstöður liggi fyrir þegar næst verður samið á vinnumarkaðnum. Þegar allar kannanir sem gerðar hafa verið staðfesta ótvírætt að lög um launajafnrétti kynjanna séu brotin í jafnríkum mæli og raun ber vitni ber Alþingi skýlaus skylda til að grípa í taumana og gera það sem í þess valdi stendur til þess að lögin séu í reynd virt í samfélaginu. Það eru ekki eingöngu í húfi mannréttindi kvenna í samfélaginu, heldur og virðing Alþingis, sem ekki er stætt á að sitja lengur hjá eins og allt sé í stakasta lagi þegar lög og samþykktir, sem það hefur gert, hafa í a. m. k. tvo áratugi ekki verið virt í samfélaginu, að ekki sé talað um þau ósköp, ef það er raunin, sem margt bendir til, að lögin séu virt að vettugi hjá framkvæmdavaldinu og í opinberum stofnunum jafnt og á almenna vinnumarkaðnum.

Það hefur orðið mikil umræða um þessi mál í þjóðfélaginu og eins og flestum er kunnugt hafa konur tekið höndum saman, bæði í stéttarfélögum, stjórnmálaflokkum og kvennasamtökum, um að leita leiða til úrbóta í þessum málum. Konur hafa í áratugi sýnt mikið langlundargeð, en nú er þolinmæðin þrotin. Við krefjumst raunhæfra aðgerða og krefjumst þess að ríkisvaldið leggi sitt af mörkum til þess að þessi mannréttindi verði virt í samfélaginu. Af því tilefni er þessi fsp. fram borin og um leið og ég vænti þess að hæstv. forsrh. gefi skýr svör við þessari fsp. vil ég afhenda honum samantekt

um stöðuna í launamálum kvenna sem gerð hefur verið á vegum framkvæmdanefndar um launamál kvenna. Þær staðreyndir sem þar koma fram eru ótvíræð staðfesting þess að lög í landinu um jafnrétti kynjanna til launa eru brotin. Því er það skýlaus skylda framkvæmdavaldsins að sjá um að þessi lög sem og önnur séu virt í samfélaginu, kannske ekki síst þegar margt bendir til að hið opinbera virði ekki heldur þessi lög sem Alþingi hefur sett.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í raun og veru gæti ég látið nægja sem svar við þessari fsp. eitt já. Ég er tilbúinn að beita mér fyrir því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samanburðarkannanir eins og hér er spurt um verði gerðar. Líklega er það svarið sem hv. fyrirspyrjandi vill fá. Mér þykir þó tilhlýðandi að fara örfáum orðum um þetta málefni.

Ég vek til að byrja með athygli á því að slík samanburðarkönnun, sem hér er talað um, þarf að vera vel undirbúin og markmiðin verða að vera skýr ef hún á að bera þann árangur sem að er stefnt. Sömuleiðis er vitanlega nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því hvað slík könnun kostar. Ég held ég megi fullyrða að hún muni kosta allmikið fé.

Ég vek athygli á að á kvennaárinu 1975 skipaði þáv. ríkisstj. kvennaársnefnd sem m. a. hafði það viðfangsefni að kanna stöðu kvenna í íslensku þjóðfélagi, svo sem aðstöðu þeirra til náms, aðstöðu til þátttöku í atvinnulífi og til að sinna opinberum störfum, launakjör þeirra og möguleika til þess að hljóta störf til jafns við karla. Ég hygg að nefndinni hafi sérstaklega verið falið að kanna hvort konur veldust yfirleitt í hin verr launuðu störf og þá hvers vegna. Niðurstöður þessa starfs voru síðan gefnar út í allmikilli bók sem forsrn. gaf út árið 1977, hún mun hafa verið 156 bls.

Þá er jafnframt upplýst að Jafnréttisráð hyggst í lok kvennaáratugar gera hliðstæða könnun sem á þá að leiða í ljós hvað áunnist hafi í jafnréttismálum á kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna. Kostnaðaráætlun Jafnréttisráðs vegna þessa verkefnis hljóðaði upp á 172 þús. kr. og forsrn. mælti með því að fjárveiting yrði veitt í þessu skyni. Á fjárlögum þessa árs eru 100 þús. kr. ætlaðar sérstaklega til þessa verkefnis. Ég hygg þó að svo víðtæk könnun sem hér er um að ræða muni kosta miklu meira og því sé nauðsynlegt að fjárveiting verði veitt í því skyni.

Ég vek athygli á að sú könnun sem Kjararannsóknarnefnd gerði fyrir tilstuðlan forsrn., m. a. á kjörum þeirra sem við lökust kjör búa, kostaði 397 þús. 833 kr. Reyndar var þetta töluvert meira með útgáfukostnaði því að útgáfukostnaðurinn, sem Kjararannsóknarnefnd greiddi, var, minnir mig, 118 800 kr. Þess má geta að aðdragandi þeirrar könnunar var sá að Starfsmannafélagið Sókn og Verkamannafélagið Framsókn fóru fram á að könnun yrði gerð á kjörum aðila þeirra félaga. Ég leitaði þá til Þjóðhagsstofnunar um að gera þessa könnun, en Þjóðhagsstofnun taldi sér það illfært og benti á Kjararannsóknarnefnd sem hún taldi vera í stórum betri aðstöðu til slíks. Leitaði ég þá til Kjararannsóknarnefndar. Kostnaðurinn var þá áætlaður 150 þús. en hann varð þegar upp var staðið tæplega 400 þús. kr. Að hluta og e. t. v. mestu leyti má rekja það til þess að könnunin var töluvert víðtækari en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Hún náði til samtals fjögurra félaga á höfuðborgarsvæðinu og átta félaga á landsbyggðinni eða samtals tólf félaga.

Það er nokkurt innlegg í þetta mál, sem hér er til umr., að í könnun Kjararannsóknarnefndar kom fram að meðaldagvinnutekjur karla í þeim félögum sem könnunin tók til í nóv. á s. l. ári voru 16 998 kr., en meðaldagvinnutekjur fullvinnandi kvenna voru 14 696 kr. Meðaldagvinnutekjur karla voru því tæplega 16% hærri en kvenna. Hins vegar svarar þessi niðurstaða alls ekki á nokkurn máta þeirri spurningu sem um er spurt, jafnvel ekki á því takmarkaða sviði sem þessi könnun náði yfir, því að þarna var t. d. ekki gengið úr skugga um að um sambærileg störf væri að ræða o. s. frv.

En mitt svar við fsp. er játandi. Ég er tilbúinn að beita mér fyrir athugun af þessu tagi og er tilbúinn að láta fara fram athugun á því hvað hún mundi kosta. Þá er ég tilbúinn að beita mér fyrir því að fjárveiting verði veitt í þessu skyni.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. forsrh. skuli hafa goldið nokkuð skýrt jáyrði við þeirri fsp. sem hér er borin fram. Heldur fannst mér það samt ankannalegt að heyra þann undirtón hjá hæstv. ráðh. að allar launakannanir séu nokkuð dýrar. Ég er þeirrar skoðunar að þær verði einfaldlega að skoða sem fastan kostnaðarlið því án þeirra er engin leið að henda reiður á stöðunni á vinnumarkaðnum yfirleitt.

Gildi samanburðarkannana á launakjörum kvenna og karla er ótvírætt, a. m. k. fyrir alla sem láta sig jafnan rétt og jöfn kjör karla og kvenna einhverju varða. Án þess að vita hvernig kjörum kvenna er raunverulega háttað samanborið við kjör karla er ógjörningur að sjá til þess að konur og karlar njóti sömu kjara á vinnumarkaðnum. Það vantar ekki að konur hafi lengi vitað að launakjör þeirra væru miklu lakari en launakjör karla. Okkur hefur hins vegar vantað tölulega útreikninga á því hversu miklu munar og hvernig. Það hefur enda verið eitt meginmál þeirra samtaka um launamál kvenna sem stofnuð voru á s. l. hausti að fá fram upplýsingar um hvernig launakjörum kvenna er raunverulega háttað. Í þeim efnum hefur ekki verið um auðugan garð að gresja, kyngreindar upplýsingar um þessi efni eru ekki á hverju strái, enda víst að á meðan þagað er um þessa hluti er engin ástæða til að vænta neinna breytinga.

Hæstv. forsrh. nefndi fáeinar tölur áðan. Þess er að geta að þau samtök sem voru stofnuð á s. l. hausti fóru á stúfana og lásu í þær upplýsingar sem þó eru fyrir hendi um launakjör kvenna samanborið við launakjör karla. Þá kom t. d. í ljós að á árinu 1982 voru meðalatvinnutekjur kvenna skv. skattframtölum meira en helmingi lægri en meðalatvinnutekjur karla. Þar kom fram að aðeins 5.5% útivinnandi kvenna náðu þá meðaltekjum karla og að mikill meiri hluti kvenna sem starfa hjá ríkinu, bæjarfélögum og bönkum eru um eða undir miðju launastigans.

Það er löngu kominn tími til að stjórnvöld sjái sóma sinn í því að láta kanna þessa hluti almennilega, þannig að hægt verði að uppræta það misrétti sem hér á sér stað og hefur átt sér stað að mestu athugasemdalaust árum saman. Stöðugar samanburðarkannanir á launakjörum kvenna og karla eru ein af forsendum þess að takast megi að leiðrétta í kjarasamningum gersamlega óviðun-

andi launakjör kvenna. Í samningum aðila vinnumarkaðarins ráðast launakjör kvenna jafnt sem karla, þannig að það er hrein grundvallarnauðsyn að samningamenn og konur hafi nýjar upplýsingar af þessu tagi í höndunum í hvert skipti sem samið er.

Afskipti ríkisvalds af kjarasamningum hafa hingað til verið til lítils sóma. En ef hlutur ríkisvalds og Alþingis á einhver að vera í þessum málum er hann sá að leggja sitt af mörkum til þess að samningsaðilar hafi frambærileg gögn í höndunum við gerð kjarasamninga. Þess vegna skora ég á hæstv. ríkisstj. að vinna nú fljótt og vel í þessum málum og horfa þar ekki í eyrinn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil taka mjög ákveðið undir það sjónarmið sem fram kemur í þessari fsp. að gerð verði samanburðarkönnun á launakjörum kvenna og karla. Ég tel að sá kostnaður sem hlýst af slíkri könnun skipti næsta litlu miðað við nauðsynina á því að leiða sem skýrast í ljós hver raunveruleg staða þessara mála er. Það hefur þegar komið fram við upplýsingar sem hér hafa verið fram reiddar á hv. Alþingi sem nú situr að hér er mjög víða pottur brotinn á vegum hins opinbera og ástæða er til að ætla að svo sé einnig á hinum almenna vinnumarkaði.

Ég þekki það raunar nokkuð af eigin reynd, eftir að hafa starfað í rn., hversu rík tilhneiging er til þess að meta störf kvenna lakar en karla þótt um sambærilega menntun og verkefni sé að ræða. Það er satt að segja nánast ótrúlegt hvað hin óbeinu áhrif og gömul viðhorf eru enn ríkjandi inni í þessari mynd. Ég held að ýta þurfi á eftir á öllum sviðum ef unnt á að vera að leiðrétta það mikla misræmi sem ríkir á vinnumarkaðnum milli kynja. Einn þáttur þess máls, fyrir utan samanburðarkannanir eins og hér er lagt til, er sá að störf láglaunafólks, þar sem konur skipa mikinn meiri hluta, verði virt að verðleikum. Ég nefndi þar sérstaklega starfsfólk í almennum iðnaði þar sem konur eru í meiri hluta og í fiskvinnslu. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvað veldur því að verið er að löggilda og veita starfsréttindi í ýmsum greinum iðju og iðnaðar en það fólk sem vinnur hin almennu framleiðslustörf í iðnaði, þ. á m. í fiskiðnaði, fær ekki slíka viðurkenningu? Ég tel að það mál þurfi að taka til sérstakrar meðferðar til þess að laða fólk þar til starfa og lyfta þeim störfum einnig launalega séð og afnema með þeim hætti það mikla misrétti sem konur búa við varðandi launakjör á vinnumarkaðinum.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans.. Svörin voru mjög skýr og afdráttarlaus. Hæstv. forsrh. er tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að slíkar kannanir verði gerðar.

Ég verð að segja að ég hef satt að segja orðið fyrir miklum vonbrigðum með framkvæmdavaldið á undanförnum árum í þessu efni því að þetta er ekki í fyrsta skipti sem tilraun hefur verið gerð til þess á Alþingi að fá framkvæmdavaldið til að standa fyrir slíkri könnun. Ég vil minna á það að á árinu 1980, að mig minnir, var samþykkt á Alþingi till. til þál. um kannanir á tekjuskiptingu á launakjörum, en í henni fólst að ríkisstj. mundi láta framkvæma nákvæmar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Var sú könnun í tólf liðum og m. a. voru tveir eða þrír liðir sem lutu að samanburðarkönnunum á launakjörum kvenna og karla. Þrátt fyrir það að fjögur ár séu liðin frá því að þessi till. var samþykkt hefur framkvæmdavaldið alls ekki farið að vilja Alþingis í þessu efni og engar kannanir verið gerðar sem þessi till. miðar að hvað þá að gerðar hafi verið kannanir sem sérstaklega miða að því að bera saman launakjör kvenna og karla.

Ég vil líka minna á að samþykkt var á Alþingi rökstudd dagskrá fyrir þrem árum. Það var þegar frv. til l. um breytingu á lögum um jafnrétti kvenna og karla var til umr. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstj. beiti sér fyrir því nú þegar að kannanir verði gerðar á raunverulegum launakjörum kvenna og karla, svo og að kannanir þessar verði gerðar reglulega og Kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði eða öðrum aðilum verði gert kleift með fjárframlögum eða á annan hátt að standa fyrir þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi rökstudda dagskrá var samþykkt um vorið og við næstu fjárlagagerð bólaði ekki á því að leggja ætti peninga fram á fjárlögum til þess að standa fyrir þessum könnunum. Ég flutti því brtt. við fjárlagagerð þá fyrir þrem árum síðan, um 300 þús. kr. framlag í þessu skyni. Það var fellt við fjárlagaafgreiðslu, m. a. s. af þeim sem stóðu fyrir því nál. sem ég var hér að lýsa. Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með þessi mál en vænti þess að breyting verði nú á og skilja megi svör hæstv. forsrh. á þann veg að þessar kannanir fari fram.

Hæstv. ráðh. talar um að hann muni beita sér fyrir því að fjárframlag fáist til þessa verkefnis. Ég vil spyrja forsrh. hæstv. hvað það þýðir nákvæmlega, hvort við þurfum að bíða með það fram á næstu fjárlagaafgreiðslu að veitt verði fjármagn í þessu skyni. Ég tel að við getum ekki beðið svo lengi — ekki síst þar sem vilji Alþingis hefur í mörg ár legið skýrt fyrir í þessu máli — eftir að þessar kannanir verði framkvæmdar. Ég vil því spyrja hann hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því nú þegar að þessar kannanir fari í gang í samráði við aðila vinnumarkaðarins og að við megum vænta þess, eins og raunar kom fram í fsp., að niðurstöður geti legið fyrir í lok samningstímabils á vinnumarkaðnum. Þessari spurningu vil ég beina til hæstv. ráðh. og vænti svara við henni.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir til hæstv. forsrh. fyrir jákvæð svör hans varðandi þessa fsp. Það er óhætt að segja að það hafi orðið tímamót hjá íslenskum konum í kjarabaráttunni þegar þær bundust samtökum um að vinna að hagsmunamálum sínum á þeim vettvangi. Ég býst við að flestum hafi komið á óvart að mismunur kynjanna í launamálum væri svo mikill og almennur sem raun ber vitni. Það hefur komið fram að yfirleitt eru konur fjölmennastar í lægstu launaflokkunum. Það á sér að sjálfsögðu ýmsar skýringar. En það er t. d. athyglisvert, sem bent hefur verið á, að kennarar eru að verða láglaunastétt. Þeir hafa dregist aftur úr og sú skýring er gefin að þar séu konur orðnar fjölmennari en karlar. Það segir sína sögu.

Prestur einn hafði áhyggjur af því, enda þótt hann væri ánægður með að konum fjölgaði innan prestastéttarinnar, að hann taldi að vegna fjölgunar kvenna í stéttinni væri hætta á að prestar drægjust aftur úr í kjörum, að kjör þeirra yrðu lakari. Þetta segir vissulega sína sögu um viðhorfin. Litið hefur verið á það sem

staðreynd að kjör kvenna þurfi ekki að vera þau sömu og karla fyrir sambærileg störf þrátt fyrir alla löggjöf þar um.

Ég legg áherslu á það, herra forseti, að þetta er nú að verða liðin tíð. Konur hafa sjálfar kvatt sér hljóðs og munu sameinaðar vinna að leiðréttingu mála sinna.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er ég tilbúinn að beita mér fyrir könnun og ég hélt að svar mitt að því leyti væri nægilega skýrt. Ég er jafnframt tilbúinn og hef reyndar gert ráðstafanir til þess að þegar verði hafin athugun á því að skilgreina þessi markmið, hvað menn vilji nákvæmlega fá fram og það verði að sjálfsögðu gert í samráði við fulltrúa þeirra samtaka sem nefnd hafa verið til slíkrar athugunar. Ég mun einnig leita eftir að fá þann kostnað áætlaðan sem í þessu felst. Ég hef hins vegar ekki fjárveitingavaldið. Ég mun leggja þessa niðurstöðu fyrir ríkisstj. og e. t. v. er unnt að fá aukafjárveitingu í þessu skyni, en því get ég ekki svarað nú. Ég tel að það fari nokkuð eftir því hvernig tekst að lappa upp á stöðu ríkissjóðs ef ég má orða það svo. En ég teldi þetta málefni hins vegar það mikils virði að miðað við eðlilegar aðstæður er ég tilbúinn að mæla með því að aukafjárveiting verði veitt.

Árni Johnsen: Herra forseti. Ég vil taka undir mikilvægi þess að sú könnun sem hér er rætt um fari fram og það sem fyrst. Ég held að slík könnun á launum í landinu muni leiðrétta margs kyns misskilning og eyða tortryggni sem oft er reynt að ala á milli karla og kvenna, stundum af ærinni ástæðu en oft að ástæðulausu. Það er ugglaust víða pottur brotinn og ég reikna með að það halli meira á konur í þeim efnum en karla. En það er einnig hægt að nefna mörg dæmi um að konur njóti greiðslna umfram karla. Á það sérstaklega við í sambandi við einkafyrirtæki.

Það sem er mikilvægt í þessu sambandi er að fram fari hlutlaust mat. Það hefur svolítið borið á því í umræðum um karla annars vegar og konur hins vegar að undanförnu að ekki sé gætt nákvæmni eða hlutleysis. Ég vil nefna frétt í sjónvarpi fyrir fáum dögum þar sem fjallað var um tjáskipti kennara við skólabörn. Starfsmaðurinn, sem fjallaði um þetta mál, sagði að komið hefði í ljós að kennarar hefðu haft 60% tjáskipta við drengi og þar af leiðandi 40% við stúlkur. Það var ekki getið um hlutfall í þessu sambandi, ekki getið um nemendafjölda eða skiptingu, þótt yfirleitt sé reynt að skipta jafnt í bekki, og síðan endaði talsmaðurinn á því að segja að þetta þýddi að stúlkur nytu aðeins ⅓ af tjáskiptum. Þetta er mjög ónákvæmt, þó ekki sé nema af því að ⅓ er ekki það sama og 40% af dæminu. Þannig er blaðrað talsvert um þessi mál. Mér finnst það t. d. ónákvæmt hjá hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, þar sem hún fjallar um þessi mál í ræðu hér áðan og ber saman án þess að nefna tölur, án þess að nefna í dæmum hvort um er að ræða sama vinnustundafjölda eða sömu vinnu, heldur er tekið meðaltal út í loftið. Þetta er ámælisvert þegar fjallað er um svo viðkvæmt mál sem hér um ræðir, mál sem skiptir svo miklu, sérstaklega í sambandi við kvennabaráttu.

Það var minnst á það hér af hv. þm. Salome Þorkelsdóttur að laun kennara væru orðin aftur úr. Það er einnig forvitnilegt í því sambandi að það eru mörg dæmi þess að kennarar, sem hafa lokið námi og notið námslána, lækka í launum. Þeir hafa minni peninga sér til framfæris í starfi en í námi. Við síðustu útreikninga á námslánum er miðað við 14 983 kr. frá 1. mars. Það eru dæmi þess að framfærslufé menntaðs fólks, sem fer í kennslu úr háskóla, minnkar. Þetta hlýtur að vera rangt. En kannanir eins og um er rætt í þessu máli gætu leiðrétt margs konar misskilning og gefið mynd af launastiga landsmanna almennt. Það væri mjög forvitnilegt án þess að tillit væri tekið sérstaklega til kvenna eða karla.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að ítreka þakklæti mitt til hæstv. forsrh. Það hefur komið fram hér mikill skilningur hans á því að nauðsynlegt sé að þessar kannanir fari fram. Ekki síst ber að þakka þá yfirlýsingu að hann er tilbúinn að beita sér fyrir því í ríkisstj. að veitt verði aukafjárveiting til þess að þegar í stað verði hægt að hefja undirbúning að þessum samanburðarkönnunum.

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sjái til þess að kannanirnar verði einnig unnar í samráði við Jafnréttisráð og að framkvæmdanefnd um launamál kvenna fái einnig að fylgjast með þessu máli. Ég tel, herra forseti, hilla undir það að við sjáum kannske einhvern árangur í þessu máli. Eins og ég sagði hefur hér á hv. Alþingi verið reynt í 4—5 ár að fá framkvæmdavaldið til að hrinda af stað slíkum könnunum, en án árangurs. Ég ítreka þakklæti mitt til hæstv. forsrh. fyrir hans viðbrögð.

Stöður skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu, fsp. 247. mál (þskj. 448). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hinn 13. febr. s. l. var skipað í tvær skrifstofustjórastöður í menntmrn. til bráðabirgða til viðbótar við þá skrifstofustjórastöðu sem þar er fyrir og hefur lengi verið. Annar af þessum nýju skrifstofustjórum er Sólrún Jensdóttir sem áður gegndi störfum aðstoðarmanns hæstv. menntmrh. Nokkru síðar, það mun hafa verið 11 dögum síðar, 24. febr., voru þessar tvær stöður auglýstar í Lögbirtingablaðinu og umsóknarfrestur auglýstur til 14. mars. Þessar athafnir hæstv. menntmrh. vöktu strax töluvert mikla athygli í Stjórnarráðinu og vafalaust víðar.

Í lögum nr. 73 frá 1969 um Stjórnarráð Íslands eru skýr ákvæði um með hvaða hætti skrifstofustjóri verði skipaður í ráðuneytum. Þar segir, með leyfi forseta, í 11. gr.:

„Starfsdeild rn. stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra. Heimilt er að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess rn., og tekur hann þá sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans."

Í þessu tilviki vöknuðu upp þær spurningar manna á meðal hvort hér væri ekki verið að brjóta lög um Stjórnarráð Íslands í fyrsta lagi með því að verið væri að ráða þrjá skrifstofustjóra í sama rn. þótt lögin gerðu ekki ráð fyrir nema einum í hverju rn. og í öðru lagi með því að gera ráð fyrir því að aðrir en deildarstjórar úr rn. gætu komið þar til álita, en þannig er lagaákvæðið. Þar við bætist að í fjárlögum fyrir árið 1984 er

engin heimild til þess að ráða fleiri en einn skrifstofustjóra í menntmrn. Alþingi hefur nýlega afgreitt fjárlög og ekki gert ráð fyrir að þar væri bætt við nýjum stöðum. Það hefur því blasað við að ekki væri aðeins verið að brjóta gildandi lagaákvæði heldur væri um leið verið að sniðganga ákvæði fjárlaga.

Hæstv. menntmrh. hefur lítillega vikið að þessu máli í umr. sem urðu hér á Alþingi nýlega utan dagskrár og nefndi þá að hér væri um sérstaka hagræðingu að ræða. Ég hygg að flestir hv. þm. telji að um sérkennilega hagræðingu sé að ræða ef hún felst í því að bæta tveimur nýjum stöðum yfirmanna rn. við þær sem fyrir eru. Ef hagræðing og sparnaður ríkisstj. á komandi ári verður aðallega í þessari mynd þarf enginn að vera undrandi á því þótt víða verði að finna göt í fjárlagadæminu.

Ég vil vekja athygli á því að gangi þessi áform hæstv. menntmrh. fram er hætta á að þau hefðu veruleg áhrif í öllu ríkiskerfinu. Nú er einn skrifstofustjóri í hverju rn., en ef þetta fordæmi yrði skapað yrðu þeir vafalaust orðnir 2—3 í flestum rn. eftir fáein ár.

Daginn áður en umsóknarfresturinn rann út óskaði ég svara við þessum spurningum sem ég er nú að leggja fyrir hæstv. ráðh., utan dagskrár þar sem ég taldi að málið þyldi ekki mikla bið þar sem umsóknarfrestur væri að renna út. Hæstv. menntmrh. fékk fsp. afhentar skriflega daginn áður, en þessar fsp. voru þá eins og nú bornar fram af mér og hv. þm. Ingvari Gíslasyni. Það fór þó svo að hæstv. menntmrh. neitaði að svara þessum spurningum þegar eftir því var leitað og hygg ég að þessi afstaða hæstv. menntmrh. sé nokkuð einstæð í þingsögunni. Ég minnist þess a. m. k. ekki að ráðh. hafi sýnt Alþingi slíka óvirðingu.

Ef ráðh. veit svar við spurningu sem lögð er fyrir hann hlýtur hann að svara henni og þá ber honum að svara henni. Ef hann hins vegar óskar eftir því að athuga málið frekar á hann að segja það og fær þá að sjálfsögðu frest. En að ráðh. geti leyft sér að kalla spurningar utan dagskrár óþinglegar og neitað að fjalla um þær, það er auðvitað af og frá. Það flokkast undir embættishroka sem ekkert þing getur þolað.

Ég hygg að utandagskrárumr. hér á dögunum hafi ekki verið algerlega til ónýtis því að hún hefur komið því til leiðar að hæstv. ráðh. hefur dokað við með að ganga frá þessu máli, enda að sjálfsögðu útilokað með öllu að hæstv. ráðh. geti gengið frá þessu máli og afgreitt það meðan Alþingi hefur ekki fengið svör við spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar um málið.

Spurningarnar sem lagðar hafa verið fram eru prentaðar á sérstöku þskj. Þær eru um það sem ég hef nefnt hér, um lagagildi þessarar ráðstöfunar, en auk þess er spurt um það hvort fjölgun skrifstofustjóra í menntmrn. hafi verið samþykkt í ríkisstj., hvort til álita komi, ef aðstoðarmaður ráðh. sæki um stöðu skrifstofustjóra, að henni verði veitt önnur staðan og í þriðja lagi, ef svo er, hyggst hæstv. ráðh. ráða sér nýjan aðstoðarmann í stað þess sem þá færi í skrifstofustjórastöðu?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þær spurningar sem hér liggja fyrir á þskj. 448 eru að sumu leyti einfaldar og að öðru leyti er örðugt að svara þeim vegna þess að efnið er ekki til þess fallið að spyrja um. Ég kem að því nánar.

Ég vil fyrst svara spurningu nr. 2: „Er ekki ljóst að skv. 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands ber að skipa skrifstofustjóra úr röðum deildarstjóra ráðuneytisins?" Skv. þeirri grein er heimilt að skipa deildarstjóra skrifstofustjóra og verður hann þá jafnframt staðgengill ráðuneytisstjóra.

Spurning nr. 3: „Hefur fjölgun skrifstofustjóra í menntmrn. verið samþykkt í ríkisstj.?" Svarið er já.

Spurning nr. 4: „Kemur til álita, ef aðstoðarmaður ráðh. sækir um stöðu skrifstofustjóra, að henni verði veitt önnur staðan?" Þessi spurning fannst mér vera fullkomlega óviðeigandi þegar umsóknarfrestur var ekki útrunninn og mjög óviðeigandi að spyrja um það á Alþingi hvort tiltekin persóna mundi hugsanlega sækja um stöðu svo og næsta spurning sem er afleiðing af þessari. Aðstoðarmaður ráðh. var Sólrún Jensdóttir til 1. mars. Þá var hún sett skrifstofustjóri. Hún sótti um stöðu skrifstofustjóra skólamála og lagði fram mjög glæsileg gögn með umsókn sinni, verð ég að segja, gögn sem sýndu mjög mikinn lærdómsframa, kennslureynslu í framhaldsskóla og háskóla, bæði hérlendis og erlendis og auk þess hafði hún deildarstjórastöðu í rn. eins og segir berum orðum í lögum um Stjórnarráð Íslands að gildi um aðstoðarmenn ráðh. Svo stóð á um hana þar til 1. mars að hún var sett skrifstofustjóri. Þessi setti skrifstofustjóri hefur nú verið skipaður skrifstofustjóri skólamála í menntmrn. Skrifstofustjóri fjármála hefur verið skipaður Örlygur Geirsson sem verið hefur deildarstjóri fjármáladeildar í menntmrn. Hann var einnig settur skrifstofustjóri fjármála frá 1. mars s. l. Þannig liggja þau mál nú.

Að því er varðar tölulið 1 í fyrirspurninni þá vil ég fyrst geta þess að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún stefni að því að bæta stjórnkerfi ríkisins, einfalda opinbera stjórnsýslu og bæta hagstjórn. Sérstakur kafli er um þetta í málefnasamningi ríkisstj., bls. 11. Í upphafi hans segir um stjórnkerfið:

„Til þess að gera stjórnkerfið virkara og bæta stjórnarhætti mun ríkisstj. beita sér fyrir breytingum í stjórnkerfinu. Markmið slíkra stjórnkerfisbreytinga er að einfalda opinbera stjórnsýslu, bæta hagstjórn og samræma ákvarðanir í opinberri fjárfestingu, draga úr ríkisumsvifum og efla eftirlit löggjafarvaldsins með framkvæmdavaldinu."

Jafnframt var samþykkt í ríkisstj. sérstök till. frá hæstv. forsrh. í haust þess efnis að hver ráðh. um sig skyldi svo sem verða mætti láta gera hagræðingarúttekt á sínum stofnunum og fá til þess viðurkennd rekstrarráðgjafafyrirtæki. Í samræmi við þessa stefnu fékk ég á síðasta ári Gunnar Guðmundsson rekstrarverkfræðing til þess að athuga skipulag menntmrn. og gera úrbótatillögur með það fyrir augum að sú vinna sem þar færi fram mætti nýtast sem best og sem best skipulag yrði þar á. Þá stóð svo á að komið hafði fyrir æ ofan í æ að greiðslur voru stöðvaðar til skrifstofu menntmrn. Það lá beint við að láta kanna hvort hægt væri að breyta rekstrinum á þann veg að enn betur nýttust þeir fjármunir sem til rn. færu.

Tillögur Gunnars lágu fyrir í janúarmánuði. Ég kannaði þá hvort þær væru líklegar til árangurs og hvort þær mætti framkvæma eftir núgildandi stjórnarráðslögum. Um hið síðara hafði ég samband við lögfræðinga í menntmrn. og forsrn. Niðurstaða mín varð sú að tillögurnar yrðu, ef til framkvæmda kæmu, mjög til að bæta starfsemi rn. og þær mætti framkvæma án lagabreytingar. Þetta mál var þess vegna rætt á fundum

ríkisstj. svo og sérstaklega bæði við forsrh. og fjmrh. Var ríkisstj. svo og ráðherrarnir því fylgjandi fyrir sitt leyti að í skipulagsbreytinguna yrði ráðist. Það hefur nú verið gert og skipting rn. í þrjár skrifstofur gekk í gildi 1. mars s. l. og kemst í framkvæmd smátt og smátt eftir því sem aðstaða rn. leyfir. Það segir sig sjálft að húsnæðisaðstaða er vissulega örðug og hefur alla tíð verið, en ég vona að þetta verði til þess fremur að ýta á úrbætur í því efni.

Þess er vert að geta í þessu sambandi að við skýringu á lögum um Stjórnarráð Íslands þarf að beita rúmri lögskýringu ef ná á tilgangi þeirra. Það hefur verið gert allan tímann sem þau hafa verið í gildi og annars staðar í Stjórnarráðinu sérstaklega. Ljóst er að fjöldi deildarstjóra hefur verið skipaður án þess að um sjálfstæðar stjórnsýslueiningar í skilningi laganna væri að ræða.

Í menntmrn. hefur þetta aftur þróast þannig að þar eru starfsdeildirnar sjálfstæðar með sína þjónustu. Þetta gerir kerfið að sjálfsögðu þyngra í vöfum. Svo færir annars sem menn þar eru í sínum störfum er það kerfið sjálft sem er mjög þungt í vöfum. Þetta hefur m. a. hjartfólgið málgagn hæstv. fyrri fyrirspyrjanda mjög viðurkennt og farið viðurkenningarorðum um þessa skipulagsbreytingu fyrir nokkrum vikum eða um það leyti sem hún varð opinber. Fyrirspyrjandi uppgötvar, þegar þetta hefur verið opinbert í margar vikur, að þarna sé hið mesta hneyksli á ferðinni, að nú eigi e. t. v. að gera einhverjar breytingar á þessu þunga skrifstofukerfi. Menntmrn. er að því leyti til frábrugðið öðrum rn. að þar starfa um 80 manns. Það segir sig sjálft að í slíku kerfi þarf vissa einföldun í fyrirkomulagi til þess að hlutirnir gangi greiðlega og til þess að auðvelda yfirmönnum rn. sín störf.

Með lögum nr. 73 frá 1969 var sett heildarlöggjöf og jafnframt gerðar ýmsar breytingar á eldra fyrirkomulagi í Stjórnarráðinu. Það var nýmæli að lögbundið var hvaða ráðuneyti skyldu vera og jafnframt segir í lögunum: „Ráðuneyti má eigi á stofn setja né afleggja nema með lögum.“ Í lögunum eru enn fremur ákvæði um ráðuneytisstjóra og menn hliðsetta þeim, þá á ég við hagsýslustjóra og ríkisendurskoðanda í fjmrn. Enn fremur eru ákvæði um deildarstjóra og skrifstofustjóra. Þá segir í 12. gr.: „Auk ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fullrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðh.“ í lögunum segir ekki berum orðum að um önnur starfsheiti sé að ræða.

Við getum nú farið yfir í huganum ýmis rn. og athugað það að hve miklu leyti þessu ákvæði sé fullnægt í bókstaflegasta skilningi. Niðurstaðan verður sú hin sama og ég nefndi áðan, að lögin hafa alla tíð verið túlkuð rúmt. Í lögunum segir ekki berum orðum að skrifstofustjórar megi vera fleiri en einn en það segir heldur ekki að þeir megi ekki vera fleiri en einn. Þetta er algert lögskýringaratriði og það ber að skýra það rúmt skv. því sem ég sagði áðan.

Í 11. gr. laganna eru ákvæði sem eftir orðum sínum mætti ætla að ýmist gerðu ráð fyrir einum eða fleiri skrifstofustjórum. Þannig segir í 2. mgr. þessarar greinar að heimilt sé að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess ráðuneytis og taki hann þá sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans. Í 3. mgr. segir aftur á móti: „Ráðherra setur deildarstjórum og skrifstofustjórum erindisbréf.“ Hér er ráðh. í eintölu en skrifstofustjórar í fleirtölu sem út af fyrir sig bendir til að þeir geti verið fleiri en einn í sama rn.

Við skýringu á reglum stjórnarráðslaganna um starfsmenn í ráðuneytum verður að hafa í huga að ákvæðin eru ekki alveg skýr. Þau taka t. d. ekki með orðum sínum af öll tvímæli um það áhugaefni hv. fyrirspyrjenda hvort skrifstofustjórar í ráðuneytum megi vera fleiri en einn. Verður því að leita annarra lögskýringargagna. Fyrst verður þá fyrir lagafrv. sjálft sem er að finna í Alþingistíðindum 1968, A-deild, bls. 199 og áfram. Þar er ekki skýringar að finna í sjálfu frv. En næst verða fyrir umr. um málið sem prentaðar eru í B-deild, dálki 1253 og áfram. Frsm. um frv. var þáv. forsrh., Bjarni Benediktsson. Á tveim stöðum í ræðu hans sýnist augljóst að hann gangi út frá því að skrifstofustjórar hvers ráðuneytis geti verið tveir eða fleiri. Þannig segir hann:

„Það er sérstaklega rétt að vekja athygli á því að fjmrn. er nokkurs annars eðlis skv. þessu frv. heldur en hin ráðuneytin, þannig að fjmrn. skv. frv. skiptist í þrjár jafnsettar deildir. Það er hægt að skipta hinum ráðuneytunum í deildir þar sem allir deildarstjórar og eftir atvikum skrifstofustjórar eru undir einum ráðuneytisstjóra. ...“

Hér gerir frsm. ráð fyrir fleiri skrifstofustjórum en einum. Nokkru síðar í ræðunni segir hann með leyfi hæstv. forseta:

„Og ég vil taka það fram að í fyrstu lotu er ekki heldur ætlast til þess að ráðuneytisstjórum sé fjölgað, starfsmönnum, eða komið upp sérstökum skrifstofum, heldur taki ákvæðin gildi smám saman ...“

Þetta eru ummæli úr framsöguræðu. Við lögskýringu varðandi ákvæðið um fjölda skrifstofustjóra er á það að líta að tilgangur laganna er bersýnilega sá að koma fastri skipan og árangursríkari á Stjórnarráðið en ekki að vera þrándur í götu endurbóta á starfsemi þess. Þegar allt þetta er haft í huga er að mínu áliti ljóst að rétt lögskýring er sú að skrifstofustjórar megi vera tveir eða fleiri í hverju rn. ef það horfir til endurbóta. Til áréttingar þessari skoðun vil ég bæta því við að stjórnarráðslögin hafa þau 15 ár sem þau hafa verið í gildi verið skilin þannig að þau gæfu svigrúm til þess að starfsmenn væru skipaðir eins og nauðsyn hefur þótt vera innan ramma laganna rúmt túlkaðra.

Svo að nefnd séu nokkur dæmi vil ég geta um þau starfsheiti sem ég nefndi áðan og getið er um í stjórnarráðslögunum, þ. e. ráðuneytisstjóri, skrifstofu- og deildarstjóri, fulltrúar, bókarar og ritarar. Talið hefur verið heimilt að ráða starfsmenn með öðrum starfsheitum. Í forsrn. er efnahagsráðgjafi og blaðafulltrúi, í dóms- og kirkjumrn. er byggingaeftirlitsmaður, í fjmrn. er launaskrárritari og reyndar er skrifstofustjóri í ríkisbókhaldinu sem er deild innan fjmrn. Í heilbr.- og trmrn. starfar maður sem nefnist í símaskránni sérfræðingur, í iðnrn. er lögfræðingur, í menntmrn. námsstjórar og námsefnishöfundar. Þetta eru aðeins nokkur dæmi tekin aðeins upp úr símaskránni Stjórnarráðsins og við vitum að þau eru enn þá fleiri. Sum þessara starfsheita og önnur sem hér eru ekki upp talin kunna að styðjast við sérstök lög en önnur gera það ekki. Ekki hefur þótt ástæða til að túlka stjórnarráðslögin þröngt um starfsheiti utan laganna og ætti því síður að vera ástæða til þess um ákveðinn fjölda skrifstofustjóra.

Ég vil taka það fram að hinir nýju skrifstofustjórar í

menntmrn., eða þeir sem það starfsheiti hafa, eru hins vegar ekki jafnsettir þeim skrifstofustjóra rn. sem er staðgengill ráðuneytisstjóra. Ég skil lögin svo að það eigi að vera einn ákveðinn staðgengill ráðuneytisstjóra. Þannig eru þessi störf ekki að því leyti til sama eðlis og starf Árna Gunnarssonar núv. staðgengils ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra rn. Að þessu leyti til verður t. d. gerður munur í launagreiðslum að því er þessi störf varðar. Þetta vildi ég láta koma fram.

Ég held að þetta séu þau atriði sem meginmáli skipta í þessu sambandi. Það er von mín að þessi skipan verði, eins og ég heyrði raunar ákaflega marga segja að hún geti orðið, til þess að gera störf rn. eindaldari með því að láta skyldar deildir hafa auðveldara og sjálfsagðara samstarf sín í milli og skrifstofustjórarnir annist samræmingu milli þeirra og séu þannig ráðuneytisstjóra og ráðherra og öllu rn. mjög mikilsverðir starfskraftar á þann veg að bæði menntamálum og viðskiptamönnum menntmrn. verði auðveldara að fást við þau mál sem þarna er sýslað með.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur leitað svara við spurningum sem fyrir hana voru lagðar, en sú leit hefur ekki borið mikinn árangur að minni hyggju og varnirnar sem bornar eru fram reynst nokkuð fátæklegar. Eftir því sem mér heyrðist reyndist símaskráin haldbærasta lögskýringargagn ráðh.

Í 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands segir, eins og ég tók fram áðan og endurtek, með leyfi forseta:

„Heimilt er að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess ráðuneytis, og tekur hann þá sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans."

Sem sagt, það kemur alveg ljóst fram í þessu orðalagi að átt er við einn mann, það getur ekki dulist neinum. Þó að ráðh. hafi tekið þannig til orða á Alþingi á sínum tíma að hugsanlegt væri að hann hefði haft í huga þann möguleika að þeir gætu verið fleiri tekur lagagreinin sjálf af öll tvímæli um að hér er átt við skrifstofustjóra í eintölu. Ég tel það ákaflega langsótt, að ekki sé meira sagt, að ráðh. geti hagað sér að vild sinni í samræmi við framkvæmd þessara laga vegna þess að ekki sé berum orðum bannað, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að gera þetta eða hitt, t. d. í þessu tilviki að skipa fjöldamarga skrifstofustjóra í eitt rn. Ég held að það geti verið álitamál hvort það sé ekki beinlínis bannað með þessu orðalagi sem ég vitnaði til. Auðvitað þarf ekkert slíkt til. Ekki væri verið að setja inn í lög ákvæði um að heimilt væri að skipa deildarstjóra rn. skrifstofustjóra ef ekki væri átt við með því að það ætti að velja skrifstofustjórann úr röðum deildarstjóranna. Eða dettur mönnum í hug að deildarstjórar rn. hafi eitthvað minni mannréttindi en aðrir menn, að sérstaklega þurfi að taka það fram í lögunum að líka sé heimilt að veita þeim stöðuna en auk þess öllum öðrum? Þá hef ég ekki skilið starf deildarstjóranna rétt ef líta á svo á að sérstaklega þurfi að taka fram að þeir hafi þessi mannréttindi eins og aðrir að það megi skipa þá í þessa stöðu. Slíkar lögskýringar eru fjarri öllu lagi og einungis settar fram til að breiða yfir lögbrot sem augljóslega liggur hér fyrir.

Hæstv. ráðh. hafði að öðru leyti ekki mikið meira um þessar tvær fsp. að segja, sem lúta að lagahlið málsins, en að hér væri um að ræða hagræðingarátak ríkisstj. sem væntanlega mundi ganga yfir öll rn. Það voru þá fréttir fyrir alþm. ef það reynist næst á dagskrá að gera samsvarandi breytingar í öðrum rn. í samræmi við allsherjar hagræðingarátak ríkisstj. Mjög væri æskilegt að forsrh. vildi nú koma hér — hann er væntanlega í húsinu — og svara því hvort það sé stefna ríkisstj. að þannig skuli farið að í öðrum rn.

Ég held að staðreyndin sé sú að ekki séu sjáanleg nein rök fyrir því að skrifstofustjórum sé fjölgað um tvo í menntmrn. nema þau ein að hæstv. menntmrh. vill setja pólitískan skjólstæðing sinn varanlega yfir öll grunnskóla- og framhaldsskólamál í landinu og jafnframt um leið að ráða sér annan aðstoðarmann í staðinn. Þannig tekst menntmrh. að ráða sér tvo aðstoðarmenn í eitt rn. Annan ætlar hæstv. ráðh. síðan að skilja eftir í rn. þegar hún lætur af störfum. Ég hygg að ef hæstv. menntmrh. kemst upp með þessi einstæðu áform muni margir ráðh. hugsanlega eiga eftir að leika þetta eftir henni á næstu árum. Ég vara við því mjög eindregið.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur verið að gefa hér ýmsar skýringar á gerðum sínum að undanförnu í sambandi við skipulag menntmrn. En þrátt fyrir alllanga ræðu verð ég að segja fyrir mig að ég gat ekki sannfærst af því sem hæstv. ráðh. hafði að segja um þetta mál, en eigi að síður sé ég ástæðu til að þakka ráðh. svörin út af fyrir sig. Ég hef leyft mér að standa að þessari fsp. til hæstv. menntmrh. vegna þess að sú breyting eða sú uppstokkun sem segja má að sé ákveðin í menntmrn. er byggð á mjög hæpnum lagagrundvelli. Einnig held ég að þessi nýskipun sé efnislega mjög illa undirbúin og fæ ekki séð að þetta bæti skipulag menntmrn. hið minnsta.

Ekkert hefur t. d. komið fram núna, þrátt fyrir alllanga ræðu hæstv. menntmrh., sem bendir til þess að menntmrn. verði starfhæfara eftir þessa breytingu né heldur að kostnaðarminna verði að reka menntmrn. eftir að þessar breytingar hafa verið framkvæmdar. En ef eitthvert eðlilegt markmið er með skipulagsbreytingum af þessu tagi hlýtur það að vera að reyna að koma við virkilegri hagræðingu, sem er orð sem hæstv. ráðh. notaði, þ. e. að viðkomandi stofnun, í þessu tilfelli rn., verði starfhæfara og verði rekið með minni kostnaði en ella er. Ég fæ ekki séð að þessum skilyrðum sé fullnægt.

Hitt er svo annað mál að vel er hægt að hugsa sér skipulagsbreytingar í menntmrn., það er mér vel kunnugt um of fellst alveg heils hugar á það að full ástæða er til að athuga hvort slíkar skipulagsbreytingar mættu ekki fara fram. En ég held að skynsamleg skipulagsbreyting verði ekki gerð með því að rjúka til allt í einu og fara að ráðskast með þær svo undirbúningslítið eða jafnvel undirbúningslaust eins og hér hefur verið gert og auk þess í leiðinni að grípa til hæpinna aðgerða, reyndar að mínum dómi löglausra aðgerða, eins og hér hefur átt sér stað. Ég held að þetta sé alls ekki til fyrirmyndar og ákaflega hættulegt fordæmi sem mér finnst að hæstv. menntmrh. ætti að taka til alvarlegrar endurskoðunar.

Ég vil líka benda á það að heildarendurskoðun rn. hefur verið til ítarlegrar umfjöllunar og umr. á vegum núv. ríkisstj., þ. á m. í stjórnarflokkunum, og þeim málum er engan veginn lokið. Mér finnst eins og þarna sé um að ræða eins konar einleik af hálfu hæstv.

menntmrh. sem kemur mörgum mjög á óvart. Þó að ég vilji ekki draga úr því að nauðsyn sé á að vinna að endurskipulagningu rn. almennt finnst mér að þetta framtak hæstv. menntmrh. minni meira á einleik og að ráðh. hefði verið eðlilegra að reyna að fella þetta inn í umræður um víðtækari umbreytingar á rn. almennt.

Ég vil líka taka undir það, sem kom skýrt fram hjá fyrri fyrirspyrjanda, hv. 3. þm. Norðurl. v., að þetta fordæmi getur leitt það af sér að ráðh. í framtíðinni fari að ráðskast með skipulag rn. eftir duttlungum sínum en hirði lítið sem ekkert um lög sem þó ber að sjálfsögðu að gera í tilfellum af þessu tagi.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. flutti þau rök fyrir því að fjölga skrifstofustjórum í menntmrn. í þrjá að með því væri verið að einfalda opinbera stjórnsýslu. Ef önnur rn. færu að dæmi hæstv. ráðh. mundi sú einföldunaraðferð hafa í för með sér að 33 skrifstofustjórar yrðu starfandi í Stjórnarráðinu í árslok. Hefði þá hagræðingarátak ríkisstj. borið mikinn árangur.

Hæstv. ráðh. upplýsti að hún sækti rök fyrir þessari hagræðingarbreytingu í tillögur sem hún hafi fengið frá Gunnari Guðmundssyni rekstrarráðgjafa. Hæstv. ráðh. sagði: „Fékk ég Gunnar Guðmundsson rekstrarráðgjafa" til þess að gera þessar tillögur. Þessi frásögn hæstv. ráðh. stangast algerlega á við það sem komið hefur fram á opinberum vettvangi. Í blaðaviðtali nýlega upplýsti J. Ingimar Hansson að fyrirtæki hans, Rekstrarstofan, hefði verið fengin til þess af hálfu menntmrn. að gefa menntmrn. ráð og senda því tillögur um skipulagsbreytingar á rn. Í þessu blaðaviðtali ítrekaði J. Ingimar Hansson að Rekstrarstofan væri algert einkafyrirtæki sitt og aðrir ráðgjafar sem þar störfuðu, m. a. Helgi Þórsson sem nafngreindur var sérstaklega í þessu viðtali, kæmu þess vegna stjórn og fjármálum fyrirtækisins ekki við. J. Ingimar Hansson, sem titlaður er á bréfhaus Rekstrarstofunnar sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins, upplýsti einnig í þessu blaðaviðtali að það hefði ekki verið gerður neinn sérstakur verksamningur milli rn. og Rekstrarstofunnar um þetta verkefni, enda hefði Rekstrarstofan ekki talið það nauðsynlegt vegna þess að það hefði ekki tíðkast í þessum viðskiptum. Ýmislegt fleira má tilgreina úr þessu blaðaviðtali við J. Ingimar Hansson þar sem skýrt er tekið fram að það hafi verið Rekstrarstofan, einkafyrirtæki hans, svo notuð séu hans orð, sem hafi verið fengið til að gera þessa hagræðingarúttekt á menntmrn.

Nú segir hins vegar hæstv. menntmrh. allt annað. Nú nefnir hæstv. *menntmrh.* tiltekinn einstakling. (**Menntmrh.:** Það er búið að nefna hann í öllum blöðum.) Það getur vel verið að búið sé að nefna hann í öllum blöðum, það veit ég ekkert um. — Hér nefnir hæstv. menntmrh. tiltekinn einstakling. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Er það rangt, sem J. Ingimar Hansson segir í blaðaviðtali, að það hafi verið fyrirtæki hans, Rekstrarstofan, sem hafi verið fengið til að gera þessa úttekt? Vinnur Gunnar Guðmundsson hjá Rekstrarstofunni eða ekki? Eru þær greiðslur sem menntmrn. hefur sent frá sér sendar til Rekstrarstofunnar, eins og framkvæmdastjóri hennar hefur lýst yfir í blaðaviðtölum, eða eru þær sendar til þess einstaklings sem menntmrh. nefndi hér?

Ég vil einnig spyrja hæstv. menntmrh.: Hvers vegna var ekki gerður verksamningur um þessa úttekt? Hver var það af hálfu rn. sem undirritaði það bréf sem sent var þegar beðið var um þessa rekstrarúttekt? Eða var ekki sent bréf? Er hæstv. ráðh. reiðubúinn að birta Alþingi þá skýrslu sem send var svo að fram komi þar greinilega hvort það er Rekstrarstofan eða sá tiltekni einstaklingur sem ráðh. nefndi hér sem vann að þessari úttekt? Enn fremur væri fróðlegt ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa það hér hvort hún hyggst ráða sér nýjan aðstoðarmann í stað þess sem nú hefur verið ráðinn skrifstofustjóri, þannig að starfsmönnum ráðuneytisins fjölgi enn frekar í kjölfarið á þessari skipulagsbreytingu.

Ég vil svo að lokum taka undir með hv. þm. Ragnari Arnalds og Ingvari Gíslasyni, að fari aðrir ráðh. að fordæmi hæstv. menntmrh. og beiti þeirri svokölluðu „rúmu lögskýringu", svo að notuð séu orð hæstv. ráðh., sem hún notaði sér til réttlætingar, er alveg ljóst að það er verið að opna leið fyrir stórkostlega pólitíska misnotkun á embættaveitingum og skipulagi Stjórnarráðs Íslands. Það er mjög merkilegt að það skuli vera ráðh. Sjálfstfl. sem beitir sér fyrir slíkri misnotkun og pólitískri valdbeitingu á embættaveitingum í rn.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er nú orðið stórkostleg pólitísk misnotkun á embættaveitingavaldi að setja langhæfasta umsækjandann í stöðu sem auglýst er og sótt er um þegar svo stendur á að viðkomandi einstaklingur er í fyrsta lagi kona og í öðru lagi sjálfstæðiskona. Það er höfuðsyndin í augum hv. þm. sem hér hafa talað, a. m. k. tveggja, að það sé úr téðum Sjálfstfl. ráðinn í jafnábyrgðarmikið starf starfsmaður í menntmrn. Mér þykir það einkennilegt því ég veit ekki betur en slíkt hafi oft gerst áður þar á bæ sem og víðar í Stjórnarráðinu. Og mér þykir skjóta skökku við, rétt í þann mund sem þm. eru að ljúka við að ræða um fyrirspurn sem snertir mjög rétt og stöðu kvenna, að óskapast með þeim hætti sem gert er vegna þess að kona sé í jafnhárri stöðu í Stjórnarráðinu, í fyrsta sinn í sögunni.

Ég vil geta þess að ég tel menntmrn. mikinn feng að því að hafa fengið jafnhæfa konu þarna til starfa og Sólrúnu Jensdóttur, vísa á bug öllum staðhæfingum um að um sé að ræða pólitíska misnotkun og tel þær í hæsta máta óviðeigandi enda var það frámunalega hjárænulegt hve þm. lögðu á sig miklar krókaleiðir til að finna höggstað á þessari skipan. Það var svo dæmalaust furðulegt. T. d. kom það fram í máli hv. síðasta ræðumanns, 7. þm. Reykv., þar sem hann segir það alveg nýtt að Gunnar Guðmundsson rekstrarverkfræðingur hafi unnið þessa úttekt. Þetta kom fram í öllum fjölmiðlum um það leyti sem breytingin var ákveðin og að mig minnir daginn eftir að hún var kynnt og samþykkt í ríkisstj. Það kom líka fram að verkefnið væri unnið á vegum Rekstrarstofunnar, sem er fyrirtæki er hefur unnið fyrir rn. mikilvæg verkefni, t. d. í tíð Vilhjálms Hjálmarssonar. Það er ekki eins og eitthvað sé upp fundið í tilefni af hinni nýju skipan.

Hv. 7. þm. Reykv. nefndi nafn tiltekins annars starfsmanns þarna, sem kom þetta mál ekki hið minnsta við. Það minnti mig á að ég held ég hafi sjaldan séð jafnlágkúrulegan málflutning og var í blaði sem annars er nú sérfrótt í svoleiðis hlutum, Þjóðviljanum, eins og þegar fjallað var um þetta mál. Ég er áreiðanlega ein af

þeim mörgu þm. og öðrum borgurum í þjóðfélaginu sem hafa af því áratuga reynslu að horfa upp á hvernig Þjóðviljinn níðir niður starfsheiður fólks, fræðimannsheiður manna. Þetta upplifði ég — það gerir ekkert til þó að ég segi það í þingræðu — t. d. í sambandi við föður minn og ýmsa aðra aðila sem mér eru nákomnir. Enn óneitanlega er þetta nýjasta dálítið sérkennileg lífsreynsla. Það byggist e. t. v. á því að það eru ekki svo margar konur sem í slíkum störfum hafa staðið, en það er sérkennileg lífsreynsla að verða vör við það á þessum vettvangi að gripið er til þess ráðs, sem reyndar er þekkt úr sögunni, þegar konur láta sér ekki segjast. Þá er stundum veist að börnum þeirra þó svo að þau séu alsaklaus. Það gerði Þjóðviljinn í þessu tilfelli, lét sér það sæma dag eftir dag með gersamlega óviðurkvæmilegum hætti. Þetta lýsir þeim aðferðum sem menn hafa talið sig þurfa að grípa til, svo einkennilegt sem það var og svo torskilið sem allt þetta upphlaup var.

Ég á bágt með að sjá hvaða pólitísk skýring getur verið á þessu upphlaupi, sem hv. Alþb.-menn hafa haft í frammi, nema þá að menn sjást ekki fyrir. Þeir ganga of langt í þeirri von að þeir fái nú höggstað á andstæðingi sínum. En svo kom í ljós að það tókst ekki. Rökin voru öll þeim megin sem þeim hentaði ekki. Þannig stóð þetta mál. Hins vegar hafa sagt mér sérfræðingar í sálarlífi Alþb.-manna að þeir hamist oft með þessum hætti þegar þeir sjálfir vita upp á sig skömmina. Það má vel vera. Ég skal ekki um það fjalla hér. Það vita þeir best sjálfir, enda er þeim af einhverjum ástæðum ekki sérlega rótt.

Menn hrópa upp að skipaðir verði 33 skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu. Það er ekki ný saga að menntmrn. er stórt og viðamikið. Það vita þeir manna best hv. fyrirspyrjendur hér, sem auðvitað eru svolítið ergilegir. Unglingar mundu hafa tiltekið orð yfir það, að þeir væru svolítið „spældir" yfir því að hafa ekki komið þessu í verk sjálfir. Ég skil það ósköp vel.

Það komu fram ummæli um að verk þetta væri illa unnið. Ég vil mjög eindregið mótmæla því. Verkið hefur verið unnið undir umsjá og í nánu samráði við ráðuneytisstjóra allan tímann. Það er hans mat að þetta sé mjög vandlega og faglega unnið verk. Alþb. kemst því ekki hjá að taka aftur staðhæfingar sínar um að þarna sé eitthvað sem hafi verið fyrir fram pantað, si svona niðurstaða og bara afgreitt yfir borð. Það er mikill misskilningur.

Hitt er annað mál að alltaf má búast við því að þegar gerð er skipulagsúttekt á stórri og gróinni stofnun rísi einhverjir upp og andmæli því, af því að þeir eru í eðli sínu mótfallnir öllum breytingum, nema þá kannske einhverri breytingu sem þeir gera sjálfir, og þeir þola ekki að skipað sé hið hæfasta fólk í störf ef það er úr öðrum stjórnmálaflokki en þeim hentar. Nú hef ég orðið vör við það að þessi umræddi starfsmaður, Sólrún Jensdóttir, er mjög málefnalegur í öllum sínum störfum. Það er ekki undan því að kvarta. Ég hef ekki spurt hinn skrifstofustjórann nýja hvar hann sé í flokki. Mig minnir að einhvern tíma hér á árum áður hafi hann verið framarlega í samtökum Alþfl. Það má vel vera að hann sé það enn. Aðalatriðið er að um sé að ræða hæfa starfsmenn. Ég veit ekki til að það sé neitt sem viðkemur pólitík í sambandi við skipan þeirra verka sem Árni Gunnarsson vinnur. Þetta er allt saman fólk sem vinnur sín skyldustörf málefnalega. Þannig er svo fjarri lagi að þessi málflutningur Alþb.-manna og hv. forseta Nd. eigi við nokkur rök að styðjast. Það munu menn fljótlega sjá ef menn skoða hug sinn. En ég skil það hins vegar að menn verða að mæla fyrir fyrirspurnum sem þeir hafa borið fram og menn verða að finna sér eitthvað til að segja um fyrirspurnir sínar, þó ekki nema þær standi á brauðfótum.

Herra forseti. Ég hafði gleymt að geta þess að ég tel rétt sem hv. 3. þm. Norðurl. v. segir í sambandi við 11. gr. stjórnarráðslaganna, að þar sem talað er um staðgengil ráðuneytisstjóra sé átt við einn mann. Ég er sammála honum um að einn maður eigi að vera staðgengill ráðuneytisstjóra. En þegar talað er um að heimilt sé að skipa deildarstjóra skrifstofustjóra, þá stendur ástæðan í næstu málsgr. á eftir í sömu lagagrein, 11. gr., en hún er sú, að þegar svo stendur á þarf ekki að gæta skyldunnar um auglýsingu á starfinu. Það er heimilt að skipa úr tilteknum hópum í nokkur störf í Stjórnarráðinu án þess að fullnægja skyldunni um auglýsingu. Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Virðulegur menntmrh. hefur kosið að flétta fjölskyldumál sín mjög inn í vörn sína í þessu máli og verður það að vera hennar val að gera það. (**Menntmrh.:** Á þá Þjóðviljinn bara að fá að skrökva upp á fólk í friði alveg eins og honum sýnist?) Nei, nei, við skulum ræða það hér fyrst hæstv. ráðh. hóf að gera það í salnum. Hins vegar segir sagan að það hafi verið Framsfl. og Tíminn sem skrifað hafi meira um Helga Tómasson en Alþb. Ef hæstv. ráðh. er á annað borð að rifja upp þau samskipti hér í þingsölum held ég að Framsfl. og Tíminn og forráðamenn þess flokks eigi þar stærsta sögu.

Ástæðan fyrir því að Þjóðviljinn birti bréf J. Ingimars Hanssonar var það að Þjóðviljinn hafði haldið því fram að þeir rekstrarráðgjafar sem störfuðu hjá Rekstrarstofunni væru jafnframt eigendur fyrirtækisins og rækju fyrirtækið. J. Ingimar Hansson sendi hins vegar blaðinu bréf þar sem að hann bar það til baka og sagði að fyrirtækið væri algert einkafyrirtæki sitt. Þess vegna hefðu einstakir rekstrarráðgjafar, þótt þeir væru tilgreindir í bréfhaus, ekkert með fyrirtækið að gera. Þjóðviljinn vakti hins vegar athygli á því á sama hátt og hæstv. ráðh. hefur ítrekað vitnað í símaskrána lögskýringum sínum til stuðnings að Rekstrarstofan er einnig tilgreind við nafn bæði Helga Þórssonar og annarra ráðgjafa í símaskránni. Mér sýnist hæstv. ráðh. hafa hér í umr. haldið nákvæmlega því sama fram og Þjóðviljinn gerði. Þess vegna sé engin ástæða fyrir okkur að deila um það. Hæstv. ráðh. greindi frá því hér hvað eftir annað að Gunnar Guðmundsson sem sjálfstæður rekstrarráðgjafi hefði unnið þetta verk en ekki Rekstrarstofan sem fyrirtæki. Það er einmitt það sem Þjóðviljinn hélt fram, að það væru einstakir rekstrarráðgjafar sem skráðir eru á bréfhaus þess fyrirtækis sem væru aðilar að rekstrinum og stæðu saman um hann. Það liggur alveg ljóst fyrir að þar er ekki mikill ágreiningur á milli.

Ég vil síðan, herra forseti, að lokum vekja athygli á því að hæstv. ráðh. svaraði ekki ýmsum mikilvægum spurningum sem til hennar var beint varðandi þetta mál. Hæstv. ráðh. svaraði því ekki hvers vegna ekki hefði verið gerður verksamningur við Rekstrarstofuna um þessa úttekt. Hæstv. ráðh. svaraði því ekki hver

hefði skrifað bréfið um úttektina til Rekstrarstofunnar *og hvort hún væri reiðubúin að birta það bréf svo að* þingið gæti skoðað þau fyrirmæli sem Rekstrarstofan fékk. (**Salþ:** Á hvaða þskj. er sú fsp.?) Það er venja hér í fyrirspurnatíma til að greiða götu mála, að hæstv. ráðh. svari einföldum spurningum bara með já-i eða nei-i. Ég held að í þessu máli mundi það greiða mjög fyrir. En greinilegt er að í Sjálfstfl. eru fleiri en ráðh. á því að best sé að reyna að tefja meðferð þessa máls sem mest. Að lokum svaraði hæstv. ráðh. því ekki heldur hvort hún væri reiðubúin að birta þinginu þá skýrslu sem hér um ræðir svo að þingið geti sjálft fengið að dæma um þau vinnubrögð sem hún vék að.

En frá hinu getur ekki hæstv. ráðh. hlaupist að að dómi færustu manna er hér tvímælalaust um lögbrot að ræða. Hér er um að ræða pólitísk mistök sem hafa ekkert með það að gera að Sólrún Jensdóttir sé kona — *ég er að ljúka máli mínu, herra forseti.* Það sýnir kannske best hve lélegan málstað hæstv. ráðh. hefur að verja í þessum málum efnislega að hún skuli þurfa að skjóta sér á bak við tilhöfðun til kvenna til að verja stöðu sína. Það sem verið er að gagnrýna hér er að manneskja, sem kom inn í rn. sem pólitískur trúnaðarmaður og pólitískur ráðgjafi ráðh., er síðan með brotum á lögum Stjórnarráðs Íslands gerð að skrifstofustjóra. Það hefur ekkert með það að gera hvort um karl eða konu er að ræða heldur að manneskja, sem kom inn í rn. sem pólitískur trúnaðarmaður, sem pólitískur fulltrúi ráðh., er gerð embættismaður með þeim hætti sem hér hefur verið rætt um.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Málflutningur hæstv. ráðh. ber þess vott að hún forðast að *koma að kjarna þessa máls.* Þetta mál snýst um lög og það snýst um pólitískar leikreglur, það snýst um það hvort ráðh. getur fjölgað stöðum í rn. — og það m. a. s. stöðum sem skipað er í ævilangt — að eigin geðþótta og án þess að til þess sé nokkur lagaheimild. Það snýst um það hvort ráðh. geta leyft sér þau vinnubrögð að gera pólitíska aðstoðarmenn sína að æðstu ráðunautum innan rn. án þess að til þess sé nokkur sérstök heimild.

Ég vek á því athygli að hæstv. ráðh. hefur enn ekki svarað seinustu spurningunni sem var á skrifuðu dagskránni, þ. e. hvort hæstv. ráðh. hygðist ráða sér nýjan aðstoðarmann.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Verið er að ræða það hér að oft sé deilt um pólitískar embættaveitingar. Í þessu tilviki er hins vegar um dálítið annað að ræða vegna þess að þarna er verið að búa til embætti í rn. og það meira að segja eitt af æðstu embættum rn. fyrir pólitískan skjólstæðing. Það er dálítið annars eðlis, gengur dálítið lengra en þegar um pólitískar embættaveitingar er að ræða.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að spyrja: Hvað gerir næsti ráðh. sem ekki vill una þessum gerðum hæstv. ráðh.? Hann horfir fram á það að deildarstjórar fyrir iðnfræðslu, grunnskóla, skólarannsóknir hafa verið settir til hliðar, skotið hefur verið inn pólitískum erindreka Sjálfstfl. í eina æðstu stöðu innan rn. ofar embættum þessara manna. Hvað gerir hann? Mun hann una því? Hvert verður þá hans úrræði annað en að fjölga skrifstofustjórunum enn frekar?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það hefði greinilega verið í lagi ef viðkomandi hefði verið Alþb.-maður, svo er að heyra á tali hv. þm. Það er alveg augljóst að hv. þm. er hreint í vandræðum. Þetta snýst um lög, vissulega er þetta allt byggt á lögum. Það er nú einu sinni svo að það eru viss verkefni sem ráðh. er ætlað að vinna og viss verk sem undir hans ákvörðun heyra, þ. á m. skipan verka innan rn. Ég heyrði á hv. þm. Ragnari Arnalds að hann gerði því skóna að næsti ráðh. sem væri kannske ekki pólitískt sama sinnis mundi e. t. v. afnema þessa skipan. Þetta lýsir því hvernig hv. Alþb.-menn hugsa. Þeir töluðu um daginn um pólitískar hreinsanir, svo hafa þeir fundið út að það var rangt. Núna eru þeir að tala um það að ef sjálfstæðismaður sé skipaður í embætti sé viðbúið að hann missi það ef ráðh. kemur úr öðrum pólitískum flokki. Svona hugleiðingar eiga hér engan veginn við og ég mótmæli þeim alfarið. Vitanlega er það alrangt sem *hér er haldið fram að hér sé lögbrot á ferðinni.* Það er ekki fremur lögbrot en fjöldinn allur af ákvörðunum sem tekinn hefur verið í skipan Stjórnarráðs Íslands sem er eftir rúmri lögskýringu.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort viðeigandi er að svara sumu því sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði hér, svo langt var það sótt og svo fráleitt. (**HG:** Skriflegri fyrirspurn, svara henni, 5. lið er ósvarað.) Hvað var 5. liður, ég er ekki með fsp. með mér? (**RA:** Hvort ráðh. hyggst ráða sér nýjan aðstoðarmann.) Já, því er fljótsvarað: Já, það hyggst ég gera ef ég fæ tækifæri til þess. Það eru ekki búnar til nýjar stöður. Það eru ekki teknir nýir starfsmenn inn í rn., starfsmönnum er ekki fjölgað og það stendur ekki til. Hins vegar hef ég vissulega í hyggju að nota þá heimild að ráða mér pólitískan aðstoðarmann. Þá er því atriði svarað.

Ég held, herra forseti, áður en ég vík úr þessum ræðustóli að ég komist ekki hjá því að nefna það lítilfjörlega atriði sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði um, að tiltekinn starfsmaður Rekstrarstofu hefði haft nafn stofunnar í símaskránni. Þetta varð Þjóðviljanum tilefni til að segja að viðkomandi væri eigandi þessa stóra og volduga fyrirtækis. Því miður er viðkomandi ekki svo vel staddur. En ástæðan fyrir þessu — rétt svo að hv. þm. sé rórra — er sú að svo stendur á um marga unga menn í okkar þjóðfélagi að eftir langa veru erlendis eru þeir á hrakhólum með húsnæði og fá stundum leyfi vinnuveitanda síns til þess að setja nafn vinnustaðar með sínu eigin heimilisfangi sem e. t. v. er einungis í skamman tíma. Þetta vildi ég skýra þótt það sé varla nægilega mikilsvert til að fjalla um það í þingræðu. En engin ástæða er til þess að láta mönnum haldast uppi einhverjar dylgjur í þessu sambandi.

Ég held, herra forseti, að ég elti ekki ólar frekar við það sem hv. þm. hafa hér hrópað í vandræðum sínum yfir þessari fsp. Hér er um fullkomlega löglega og skynsamlega aðgerð að ræða að því er ég tel og ég hygg að menn bindi vissulega vonir við það að þetta verði til þess að bæta skipulag þessa ráðuneytis.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér finnst rétt undir þessari umr. að minna á þrískiptingu valdsins. Hér fullyrðir lögfræðingur að brotin hafi verið lög. Engum ætti að vera það ljósara en þeim að undir þeim kringumstæðum eiga þeir að sækja menn tyrir dómstólum en ekki að standa í illindum hér í þingsal ef þeir

eru sannfærðir um að þeir hafi rétt fyrir sér. Það væri náttúrlega ærin ástæða, eftir jafnstórar yfirlýsingar og gefnar hafa verið, að menn létu þá á það reyna og létu ekki standa fullyrðingu á móti fullyrðingu. (**RA:** Það er ekki hægt fyrir dómstóli, menn eiga ekki aðild að málinu. Það er einungis hægt fyrir Landsdómi.) Ég hygg að lögfræðingurinn geri sér grein fyrir því engu að síður að Alþingi Íslendinga fer ekki með dómsmál og að það er þá rétt að óskað verði eftir að það verði kannað fyrir Landsdómi ef það er leiðin.

En ég vil vekja á því athygli í þessu sambandi að mér finnst að þó að þarna hafi verið tekin djarfleg ákvörðun með endurskipulagningu á menntmrn. þá sé fullsnemmt að dæma um það á þessari stundu hvort hún er rétt eða röng. Tíminn mun svara því. Það mun koma í ljós eftir nokkur ár hvort ákvörðunin hefur verið rétt eða röng. En það hlýtur að vera eðlilegt í tímans rás að endurskoða ýmsa hluti. Menntmrn. hefur verið mjög fjölmennt ráðuneyti eins og menn vita og mikil spurning hvort ekki hafi verið þörf á endurskipulagningu á ýmsum málum innan þess. Með þessu er ég ekki að leggja neina sérstaka blessun yfir það sem gert hefur verið. Ég fullyrði það eitt að mér þykir dómurinn koma nokkuð snemma í þeim efnum. Ég hef engar tillögur um það fram að færa hvort rétt sé að leita hér úrslita hjá dómstólum en ég vil benda þeim á sem sækja málið af slíku kappi að það væri karlmannlegri leið en að hafa uppi hér jafngrófar ásakanir og menn hafa gert.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil vekja aðeins athygli á því að þrátt fyrir ítrekaðar óskir í þessari umr. hefur hæstv. menntmrh. ekki svarað spurningum um það hvers vegna ekki var gerður verksamningur um þessa úttekt. Hæstv. ráðh. hefur ekki svarað því skýrt og skorinort hvort verkið var falið Rekstrarstofunni sem fyrirtæki. Hæstv. ráðh. hefur ekki svarað því hvort hún er reiðubúin að birta það bréf sem fól þessu fyrirtæki að vinna verkið. Hæstv. ráðh. hefur ekki heldur svarað því hvort hún sé reiðubúin að birta Alþingi þá skýrslu sem hún byggir allt sitt mál á. Það er satt að segja mjög sérkennilegt að virðulegur menntmrh. og hæstv. skuli kjósa frekar að ræða fjölskyldumál sín hér ítrekað í ræðustóli, og fá út á það væntanlega samúð þm., en að svara efnislega skýrum spurningum sem beint er til hennar um embættisfærslu hennar sem menntmrh.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég er ekki talsmaður þess að fara að kalla saman Landsdóm vegna þessa máls. Hins vegar hefur mér fundist full ástæða til að finna að vissum embættisverkum hæstv. menntmrh. og sá vettvangur er nú einu sinni þingið sjálft, vettvangur okkar alþm. En svo refsiglaður er ég ekki að ég vilji fara að blása til þess að kalla saman Landsdóm út af þessu máli. Ég vona að við getum rætt málið án þess. En aðra möguleika höfum við nú kannske ekki til þess að fjalla um þetta mál fyrir dómi.

Það sem ég finn að í þessu máli er hvernig hæstv. ráðh. stendur að því að koma á skipulagsbreytingum í menntmrn. Ekki vegna þess að ég fallist ekki á að í því rn. þurfi að gera skipulagsbreytingar. Á það get ég vel fallist. En ég vil að staðið sé rétt og eðlilega að því. Hæstv. ráðh. hefur að mínum dómi staðið rangt að þessu, formlega rangt að þessu og undirbúið þetta mál mjög einhæft og illa, þannig að það er engin trygging fyrir því að eðlilegum markmiðum verði náð, eins og ég sagði hér áðan í ræðu minni, um það að starfshæfni rn. batni ellegar að það verði kostnaðarminna að reka það, sem ætti þó að vera sá tilgangur sem helst er fyrir augum þegar ráðist er í slíkar breytingar.

Það sem ég vil einnig leggja áherslu á enn á ný er það, að þar sem þetta er byggt á svo hæpnum lagagrundvelli sem verða má, með því að teygja lagabókstafinn í allar áttir, það kalla ég að sé hæpinn lagagrundvöllur ef ekki lögleysa, það sem ég óttast í þessu sambandi er það að hér sé verið að búa til fordæmi fyrir aðra ráðh., jafnvel þá sem nú starfa og svo aðra sem á eftir koma á komandi árum. Ég tel brýna nauðsyn að það séu vissar lagareglur sem ráðh. verða að fara eftir þegar um það er að ræða að gera skipulagsbreytingar á rn. og ég tel að það sé verkefni Alþingis að setja slíka löggjöf. Hún má að sjálfsögðu vera rúm og það má vel vera að eðlilegt sé að koma megi við rúmum lögskýringum á ýmsum sviðum. En þegar um er að ræða grundvallarbreytingar á rn., eins konar kollsteypu, þá held ég að nauðsynlegt sé að bera slíkt undir Alþingi og a. m. k. gera þeim viðvart sem styðja viðkomandi ríkisstj. og þ. á m. hlutaðeigandi ráðh., því að auðvitað geta ráðh. ekki leyft sér að ráðskast í embættum sínum algerlega án þess að taka nokkurt tillit til þess hvað þeir vilja sem hafa beinlínis komið þeim í þessi embætti. Af þessum sökum: að ég tel að þarna sé formlega rangt að staðið og fordæmið sem hæstv. ráðh. hefur verið að gefa sé slæmt, og svo hinu, að hér er efnislega illa að staðið, sé ég ástæðu til að finna að þessum embættisverkum. Ég vil nú samt sem áður ekki vera svo refsiglaður að leggja það til að Landsdómur verði kvaddur saman til að fjalla um þessi verk hæstv. ráðh.

Þjóðminjalög, fsp. 239. mál (þskj. 419). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég ber hér fram fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi ný þjóðminjalög. Fsp. er svohljóðandi:

„Hefur stjórnskipuð nefnd skilað tillögum um endurskoðun þjóðminjalaga? Má vænta þess að frv. til nýrra þjóðminjalaga verði flutt á yfirstandandi þingi?"

Tilefni þessarar fsp. er að löngu er tímabært, að mínu mati, að endurskoða gildandi þjóðminjalög, lög nr. 52/1969, og renna þannig stoðum undir eflda þjóðminjavernd hérlendis. Það er raunar mat flestra þeirra, að ég hygg, er láta sig varða menningarsöguleg efni, að afar mikið vanti á að þjóðminjavernd sé sinnt þannig að sæmandi sé hér á landi. Veldur þessu bæði fjárskortur til starfseminnar og ófullnægjandi og úrelt skipulag lögum samkvæmt. Við Íslendingar erum orðnir miklir eftirbátar annarra Norðurlandaþjóða á sviði þjóðminjaverndar þrátt fyrir atorkusamt starf margra til að halda þar í horfinu. Þetta á bæði við um starfsemi og aðbúnað Þjóðminjasafnsins og um minjasöfn víðast hvar á landinu.

Þörfin á endurskoðun þjóðminjalaga virðist hafa verið ljós stjórnvöldum um alllangt skeið. Haustið 1977 skipaði Vilhjálmur Hjálmarsson þáv. menntmrh. nefnd til að vinna að þessu verkefni, en hún mun lítið hafa starfað. Í des. 1981 skipaði svo Ingvar Gíslason þáv. menntmrh. nýja nefnd til að sinna sama verkefni. Það

er afrakstur af því nefndarstarfi sem hér er spurt um og viðhorf hæstv. menntmrh. til tillagna nefndarinnar, ef þær nú liggja fyrir.

Ég gæti rökstutt mál mitt varðandi nauðsynina á endurskoðun þjóðminjalaganna, en tel þó ekki rétt að taka tíma varðandi það efni að þessu sinni. Ég tel hins vegar afar brýnt að þetta mál komi sem fyrst til kasta Alþingis til að sem fyrst verði unnt að hefja átak til úrbóta í þjóðminjavernd á grundvelli nýrra þjóðminjalaga.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hin stjórnskipaða nefnd, sem nú hefur setið að störfum, var skipuð 4. des. 1981 og hún skilaði af sér nú í des. Nefndin samdi drög að frv. ásamt ítarlegri grg. Í nefndinni áttu sæti Þór Magnússon þjóðminjavörður, Gunnlaugur Haraldsson safnvörður og Friðjón Guðröðarson sýslumaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Frv. til nýrra þjóðminjalaga verður væntanlega lagt fram á yfirstandandi þingi, en frv. er nú til athugunar í rn. Um allmikinn lagabálk er að ræða, þannig að einhvern tíma mun taka að kanna hina ýmsu þætti frv. til nokkurrar hlítar, en því er langt komið og ég á von á að það verði búið mjög fljótlega.

Í hinu nýja frv. er gert ráð fyrir allvíðtækum skipulagsbreytingum og nokkrum kostnaðarauka. Það er ekki síst með það í huga sem nauðsynlegt er að athuga frv. vel og helstu atriði sem um er að ræða í þessu frv. Þau eru að landinu yrði skipt niður í sex minjasvæði og þeim svæðum aftur á móti skipt niður í ákveðinn fjölda safnasvæða. Þjóðminjasafn Íslands verði miðstöð minjavörslu í landinu og komið verði á fót þjóðminjaráði, nokkurs konar samráðsvettvangi yfirmanna minjavörslunnar. Húsfriðunarnefnd starfi áfram sem ákvörðunaraðili í málefnum húsaverndar, en hún er nú í tengslum við húsfriðunardeild Þjóðminjasafnsins, sem verði framkvæmdaaðili á þessu sviði. Þetta eru meginatriðin, en í þessu felast allmörg ný stöðugildi.

Eins og hv. þing skilur er ekki auðvelt að koma slíku í gegn nú alveg um þessar mundir. Það er m. a. með það í huga hvort unnt er að ná sama tilgangi án þess þó að út í allt það kerfi verði farið að sinni. Það var með þetta í huga sem verið er að endurskoða frv. og eins eftir ýmsum ábendingum sem fram hafa komið. Ég á von á að árangur þeirrar endurskoðunar liggi fyrir innan skamms.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og gleðst yfir því að heyra að það er ásetningur hæstv. ráðh. að leggja fram nú á þinginu frv. til nýrra þjóðminjalaga. Mér er ljóst að þar verður um mikinn bálk að ræða — hlýtur að vera það — sem tekur væntanlega til margra nýrra þátta, eins og hæstv. ráðh. vék raunar að í sínu máli.

Ég geri einnig ráð fyrir að það verði torvelt að ljúka afgreiðslu slíkra laga á þessu þingi, svo skammt sem er eftir af starfstíma þess ef að líkum lætur. Engu að síður tel ég mjög mikilsvert að frv. þetta komi hér fram á þinginu og vissulega mun ég leggja mitt af mörkum til að það hljóti þar fullnaðarafgreiðslu. En þótt svo yrði ekki er mjög gagnlegt að slíkt frv., sem hefði að geyma ýmis nýmæli í þessu þýðingarmikla máli, gæti legið fyrir til kynningar þeim sem áhuga hafa á málinu milli þinga, þannig að þeir geti komið við ábendingum, sem unnt væri þá að taka til athugunar á næsta þingi, og greiða þá væntanlega fyrir afgreiðslu málsins og setningu nýrra laga.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og vænti að þetta frv. sjáist í þinginu innan skamms.

Sameinað þing, 71. fundur.

Þriðjudaginn 27. mars, að loknum 70. fundi.

Úrbætur í umferðarmálum, þáltill. 262. mál (þskj. 491). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Friðarfræðsla, þáltill. 184. mál (þskj. 328). — Frh. einnar umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt þætti mér vænt um að þm. Halldór Blöndal og Árni Johnsen væru í salnum ef þeir eru í húsinu því ætlun mín var að svara orðum þeirra. (**Forseti:** Það skal gengið úr skugga um það hvort þeir eru í húsinu.) Sömuleiðis vona ég að hæstv. menntmrh. geti setið þennan fund. (**Forseti:** Það er þegar upplýst hvernig málin standa. Árni Johnsen gengur í salinn, Halldór Blöndal er ekki í alþingishúsinu.) Kærar þakkir.

Ég vil svara þeim þm. sem tekið hafa þátt í umr. um þáltill. um friðarfræðslu. Þeim sem hafa stutt hana þakka ég góð orð. Mig langar að víkja nánar nokkrum orðum að máli þriggja þeirra þm. sem um málið hafa talað og þá vil ég fyrst víkja að máli hv. þm. Halldórs Blöndal.

Ég fagna því að hann er í hjarta sínu sammála mér og öðrum hv. flm. þessarar þáltill. um nauðsyn þess að búa vel að börnum og enn fremur að friðarfræðsla í sjálfu sér, sú hugsun sem að baki því orði liggur, sé góð. Mér datt í hug þegar hv. þm. minntist á ævagamla þrá mannkyns eftir friði og öryggi hvort það væri ekki einmitt nú sem við ættum möguleika á að koma á friði. Auðæfi jarðar og sú tækni sem við ráðum yfir gerir okkur nefnilega kleift að sjá öllum jarðarbúum farborða. Við getum því nú ef við viljum skapað þá réttlæti sem er nauðsynlegt til að leggja grundvöll að friði sem mundi endast. En eins og hv. þm. var mér öldungis sammála um gerir réttlátur friður handa frjálsu fólki kröfu um agað framferði og ég er sammála honum um að við eigum að hafa þetta mjög í huga. Ég er líka innilega sammála hv. þm. þegar hann segir: Friðarhugsunin og friðurinn gerist ekki án fyrirhafnar. Einmitt þess vegna stend ég hér. Og einhvers staðar og alls staðar verður þessi fyrirhöfn að byrja til að draumar hv. þm. og draumar mínir og ævagamlir draumar mannkyns um frið geti ræst.

Þm. minntist á móðurástina, að eitt hið göfugasta við hana væri að móðirin snýst til varnar, er reiðubúin til að fórna lífi sínu ef henni þykir sem öryggi afkomenda sinna sé ógnað. Það lýsir nærmri skynjun hjá þm. að

taka einmitt þessa samlíkingu. Þráin eftir friði er sammannleg en lífið hefur alltaf átt brýnt og náið erindi við konur. Það hefur treyst þeim til að bera sig í skauti og faðmi. Konur hafa verið og eru enn nátengdar með líkama sínum og starfi tilurð og lokum lífsins. Það hefur verið verkefni kvenna í aldaraðir að hlúa að og sinna ósjálfbjarga og sjálfbjarga lífi. Það er því engin tilviljun að konur hafa tekið frumkvæði að því að varðveita lífið. Konur eiga að sjálfsögðu engan einkarétt á því að bjarga heiminum, en þær eru þrátt fyrir allt fjölmennar og virkar í friðarhreyfingum nútímans. Kannske eru þær nú sem Heimdallar mannkyns, skynja hættuna sterkar en aðrir og vara við henni. Þær ganga friðargöngur, halda fundi og reyna að breyta gangi sögunnar og forða ragnarökum. Með ótrúlegu hugrekki, seiglu og óbilandi trú á lífið hafa konurnar flykkst að herstöðvunum. Og þetta eru ekki bara kvenréttindakonur, harðar baráttukonur. Nei, þetta eru venjulegar konur sem hafa aldrei áður yfirgefið arininn sinn og fylgt skoðun sinni út í lífið og óvissuna. Þær koma og syngja framan í hermennina og brosa, en þeir verða óöruggir því að þeim var aldrei kennt að verjast söng eða brosum. Þær skreyta veggi herstöðvarinnar með myndum af ástvinum sínum og vefa marglita þræði í víggirðingarnar. Þær klifra yfir girðingarnar og veggina og láta taka sig fastar, í fyrsta skipti á ævi sinni sem margar þeirra hafa óhlýðnast nokkrum. En eins og ein kona sagði: Ef lög mannanna brjóta gegn lögum guðs og lögum lífsins, þá brýt ég lög mannanna. En engan meiða þær og engum sýna þær ofbeldi. En þær reyna með mennsku sinni og hlýju að breyta eðli herstöðvarinnar og vísa þessum vegvilltu drengjum og körlum leiðina út úr völundarhúsi úrræðaleysisins og þannig ganga þær erinda lífsins og friðarins. Og ég segi ykkur: Þessar konur eru hetjur. Það mun koma á daginn síðar ef við glötum ekki sjálfum okkur og sögunni á undan. Er það ekki einmitt með því að virkja þessa göfugu eða frumstæðu hvöt, móðurástina, til varnar ungviðinu sem við getum eygt leið til bjargar fyrir mannkynið allt?

Hv. þm. taldi mig hafa svör á reiðum höndum um það hvaðan mannkyninu stafaði ógn. Ég tel mig hafa réttilega bent á þá ógn sem ég sé stærsta og mesta fyrir líf á þessari jörð: kjarnorkuvopnin.

Hv. þm. Halldór Blöndal, Árni Johnsen og Jón Baldvin Hannibalsson töldu mig allir leggja að jöfnu lýðfrjálsar þjóðir og aðrar sem búa við ofbeldi og lögregluríki. Það er ekki rétt. Ég bar aldrei saman gæði þjóðskipulaga. Það sem ég gerði var að leggja að jöfnu framlag beggja stórvelda til að fylla vopnabúr heimsins og þá hættu sem þau byðu mannlífi og öðru lífi á þessari jörð upp á með slíku athæfi. Það var rétt hjá hv. þm. að ég tel að sömu eða sambærilegar mannlegar hvatir ráði vígbúnaði hvort sem hann fer fram austan einhverrar línu eða vestan, norðan eða sunnan, ótti, tortryggni, hatur, græðgi svo eitthvað sé nefnt. Löngun til að fjarlægja kjarnorkuvopn úr vopnabúri heimsins er ekki jafnframt löngun til að gangast undir sovéskt þjóðskipulag, því fer fjarri.

Hv. þm. Halldóri Blöndal finnst athyglisvert að í markmiðum friðarfræðslu sé ekki vikið að því að fræða um ágæti lýðræðisskipulags. Vitanlega hlýtur fræðsla um stjórnkerfi að verða hluti af þeirri viðleitni að skilja þjóðir og samskipti þeirra og möguleika manna til að varðveita frið. Hin flóknu vandamál sem blasa við okkur þurfa nemendur að skilja glögglega um leið og þeir eru sér meðvitaðir um þau forréttindi sem þeir njóta með því að búa í lýðræðisþjóðfélagi. Það þýðir líka að þeir verða að sinna lýðræðislegum réttindum sínum til að skapa samfélag og veröld án ófriðar. Okkur hlýtur að varða miklu að í lýðræðisþjóðfélagi séu unglingum ljósar meginstaðreyndir í meiri háttar málefnum. Að þeir heyri röksemdir um allar hliðar mála og geti síðan myndað sér skoðanir. Markmiðið hlýtur að vera að tryggja það að nemendur fái yfirvegaða mynd af hverju máli þar sem fyllsta jafnvægis er gætt við kynningu málsins.

Ég er þess fullviss að við getum treyst kennurum til þess og furða mig á því að nokkur skuli efast um hæfni þeirra til að tryggja slíkt. Um viðkvæm málefni, hvort sem þau eru stjórnmálalegs, félagslegs eða persónulegs eðlis þarf að sjálfsögðu að fjalla af nærgætni. Og það eru vitanlega skiptar skoðanir um mörg málefni er varða daglegt líf okkar og framtíð. Oft eru þetta sterkar skoðanir og andstæðar, en röksemdir þeirra þurfa unglingar engu að síður að þekkja ef menntun þeirra á að stuðla að því að þeim takist að gera veröld sína öruggari og betri til búsetu.

Hv. þm. Halldór Blöndal talar um það, með leyfi forseta, að undir engum kringumstæðum sé hægt að fallast á það að hægt sé að ástunda friðarfræðslu án sannleika, án hreinskilni, án viðurkenningar á því að til þess að við getum uppbyggt jörðina í friði áfram verðum við að læra að bera meiri virðingu hvert fyrir öðru. Þarna er ég honum alveg sammála nema hvað það erfiða með sannleikann er að hann er ekki einn og svo er hann líka afstæður. Sannleikur Jóhannesar úr Kötlum, sem hv. þm. vitnaði í, og þm. Halldórs Blöndal um frið er ólíkur og e. t. v. ekki samrýmanlegur. En einmitt, eins og hv. þm. segir, við verðum að læra að bera meiri virðingu hvert fyrir öðru og byrja að hlusta hvert á annað, komast í kallfæri, eyða tortryggni, óvinaímyndum, komast að því að þrátt fyrir erjur valdhafa, eigin fordóma, uppeldisleg áhrif og einangrun erum við öll manneskjur sem eigum svipaða drauma, þarfir og þrár og leiðir okkar munu fremur liggja saman ef við gefum hvert öðru tækifæri, hustum á hugmyndir hvers annars og reynum að samrýma í stað þess að sundra.

Hv. þm. saknar þess að ekki skuli fræðslu í kristindómi ætlaður staður meðal markmiða friðarfræðslu. Friðarboðskapur og siðfræði kristinnar trúar á mikla samleið með markmiðum friðarfræðslu en ekki þótti ástæða til að finna henni sérstakan stað þarna af því að kristnifræðsla er þegar viðurkennd námsgrein í skólum.

Þm. sagði það mikla lífsreynslu að upplifa að 79 tillögur í friðarátt voru samþykktar í fyrstu nefnd Sameinuðu þjóðanna á einni viku. Jafnframt að á þessu þingi Sameinuðu þjóðanna hefði ekki einn einasti maður tekið til máls sem ekki sagði að æðsta boðorð síns lands væri að stuðla að friði á jörðu. Síðan vék þm. að uggvænlegu ófriðarástandi í heimsmálum sem þessar þjóðir ættu þátt í. Ekki tel ég að þetta útiloki hvað annað. Miklu fremur undirstrikar þetta þá gömlu staðreynd að andinn er reiðubúinn en holdið er veikt.

Ég er líka sammála hv. þm. um það að það er jafnsárt fyrir einstaklinginn og engu réttlátara að deyja af völdum hefðbundinna vopna en kjarnorkuvopna. Munurinn er bara sá að fjöldi einstaklinga sem mun deyja ef

kjarnorkuvopnum verður beitt og þau áhrif sem slík vopn mundu hafa á lífríkið allt eru á engan hátt sambærileg við áhrif hefðbundinna vopna. Þess vegna er sú leið ofbeldis, hernaðar og ógnarjafnvægis, sem þjóðir heimins hafa farið til að ná fram vilja sínum og staðfesta mátt sinn, alls ekki lengur viðunandi, þótt hún hafi í reynd og alveg réttilega aldrei nokkurn tíma verið viðunandi, eins og hv. þm. benti á.

Hv. þm. benti á að það vanti allar forsendur fyrir því að afvopnun geti átt sér stað vegna þess að það vantar gagnkvæmt traust milli þjóða og vegna þess að ein þjóð hefur ástæðu til að tortryggja aðra. Þetta er einmitt lykilatriði og einmitt ein af þeim gjám sem við þurfum að byggja brú yfir á hinni fyrirhafnarsömu leið okkar til friðsamlegra samskipta. Hin staðlaða sýn sem margar þjóðir hafa nú hver af annarri torveldar öll samskipti. Með því að eyða hleypidómum og tortryggni og auka verulega vísindaleg, tæknileg og menningarleg samskipti, ferðamennsku og verslun væri hægt að opna nýjar friðsamlegar leiðir milli óvinaþjóða, eins og t. d. Sovétríkjanna og Bandaríkjanna.

Þm. spyr hvernig að slíkri fræðslu eigi að standa, með hvaða hugarfari og af hverjum. Hann sagði að ekkert hefði komið fram í þessari löngu ræðu minni um það hvernig ég hugsaði mér að staðið yrði að fræðslu, t. d. um útrýmingu kjarnorkuvopna, og þær áherslur sem ég vildi þar leggja þyngstar. Nú er það svo, eins og ég gat um í framsögu minni og tel að sé rétt skilið hjá mér, að það er ekki hlutverk Alþingis eða alþm. að hanna námsefni handa börnum landsins, og því eðlilegt að þessi fræðsla og hönnun og val námsefnis fyrir hana verði tekin upp í tengslum við þá námsefnisgerð og það þróunarstarf í skólum sem nú er unnið að. Að þessari kennslu hlýtur að verða staðið eins og annarri sem við treystum kennurum fyrir að miðla til barna okkar. Ég sé ekki meiri ástæðu til að vantreysta þeim í þessum efnum en öðrum. Námsefni til þessarar fræðslu þarf að hanna sem fyrst og það er síðan að sjálfsögðu háð samþykki þeirra sem bera ábyrgð á vali og gerð annars námsefnis handa börnum og unglingum.

Þm. spyr hvort ég telji rétt að skýra í skólum og þá hve snemma tilgang Atlantshafsbandalagsins og það sem stofnun þess hefur leitt af sér. Það hlýtur að vera eðlilegur og sanngjarn hluti af námsefni í friðarfræðslu að kynna fyrir nemendum hvernig þjóðir heimsins hafa talið og telja öryggi sínu best borgið. Það hlýtur að vera eðlilegt að kynna börnum þá valkosti sem menn hafa búið við og það ástand sem ríkir og hefur ríkt.

Ég hef ekki haldið því fram, eins og hv. þm. gefur í skyn, að friðarfræðsla í íslenskum skólum geti orðið einhver örlagavaldur um það hvort kjarnorkuvopn haldi áfram að vera í heiminum eða ekki. En eins og ég sagði í framsögu minni, hvert og eitt okkar skiptir máli til að mynda það almenningsálit sem leyfir ekki stjórnmálaleiðtogum eða öðrum valdhöfum að grípa til hernaðarlausna eða halda áfram uppteknum hætti í umgengni við þessa jörð.

Þm. ræddi um gönguferð sem ég tókst á hendur í Bandaríkjunum s. l. sumar ásamt norrænum konum og sagðist mundu verða mjög ánægður yfir því ef ég gerði mér sams konar gönguferð fyrir austan tjald. Til þess er ég svo sannarlega fús og tel einmitt að það sé afar nauðsynlegt að gera þannig friðsamlega „innrás“ til að auka skoðanaskipti og tengsl milli almennings austan hafs og vestan og reyna að hafa áhrif á valdhafa. Til upplýsingar vil ég segja þm. að fyrsta friðarganga norrænna kvenna var farin sumarið 1981 frá Kaupmannahöfn til Parísar. Eftir þá göngu sögðu menn: Ykkur væri nær að ganga til Rússlands. Konurnar gerðu þessi orð að veruleika og næsta sumar, árið 1982, fóru þær frá Stokkhólmi um Helsinki til Moskvu og Minsk. Árið 1983 lá svo beint við að heimsækja hitt stórveldið. Það var þriðja friðarganga norrænna kvenna sem við tvær íslenskar konur tókum þátt í, frá New York til Washington. Í sumar ætla svo norrænar konur að reka friðarbúðir í nágrenni Stokkhólms og í tengslum við Stokkhólmsráðstefnuna.

Hv. þm. Halldór Blöndal talar um, með leyfi forseta, fyrstu „uppgjöf friðarfræðslunnar þegar hún segir í sinni skilgreiningu að ekki megi reyna að hafa áhrif á að breyta þjóðfélagsgerð einstakra landa. Því að með því erum við í raun og veru að segja að okkur varði ekkert um það þó að menn séu píndir, deyddir, þeim sé tortímt í öðrum þjóðlöndum.“ En þm. má ekki gleyma því að hann sjálfur mundi ekki sætta sig við óskahugmyndir Jóhannesar úr Kötlum, þar sem hann skilgreindi fyrirmyndarríki, hvað þá ýmissa annarra skoðanabræðra hans. Og þm. mundi ekki vilja að friðarfræðsla miðaði að því að koma yfir hann slíku skipulagi. En það að ólíkir skoðanahópar séu í kallfæri og geti talast við skapar frumskilyrði fyrir víxlfrjóvgun hugmynda. Þannig verður kannske virkasta leiðin til að forða fólki frá pyntingum, dauða og tortímingu.

Þm. lauk máli sínu með því að segja, með leyfi forseta:

„Ég get undir það tekið að margt af því sem hér er sagt sem markmið friðarfræðslu eigi rétt á sér. En ég er á hinn bóginn í miklum vafa um að hægt sé að gera þessu öllu skil sem þarna er talið upp. Ég held,“ segir þm., „að aðeins lestur þessara níu liða, sem þarna eru til tíndir, sýni okkur að þarna er færst of mikið í fang ef hugmyndin er að koma þessu öllu til skila á barnaheimilum landsins eða í grunnskólum. Ættu flestir erfitt með að skilja til fulls það sem þarna er talað um, þó að þeir eyddu ævi sinni í að reyna að skýra það svo að viðunandi væri.“

Þm. talaði um kristna trú. Þó að Biblían sé bæði stór og erfið bók, full af boðskap sem gerir miklar kröfur um skilning manna og hegðun, hafa menn ekki látið það fæla sig frá því að kenna þessa bók og boðskap hennar, jafnvel litlum börnum. Hefur þar hver staðið að eftir sínum skilningi og getu, jafnt foreldrar sem skólar auk kirkju, og hefur þetta þótt sjálfsagt og gott atferli. Ég tel að sú heimsmynd og siðfræði sem fram kemur í Biblíunni sé mun viðameiri og erfiðari í framkvæmd en þeir níu liðir sem tíndir eru til sem hugsanleg markmið friðarfræðslu. Og menn hafa sannarlega eytt ævi sinni í að reyna að skýra Biblíuna svo að viðunandi væri. Ég held því að engin ástæða sé fyrir hv. þm. að bera kvíðboga fyrir því þótt verkið sé erfitt. Eins og hann sjálfur sagði, með leyfi forseta: „Auðvitað fæst ekki friður án fyrirhafnar.“

Hv. þm. Árni Johnsen taldi mig hafa borið brigður á það að kennarar hafi sinnt friðarkennslu. Því fer fjarri. Og ég vil vekja athygli hans á því sem stendur í grg. þáltill. um friðarfræðslu, með leyfi forseta:

„Það er því full ástæða til þess að vekja athygli á því sem þegar hefur verið gert í þessum efnum, styðja það

og efla þannig að kennurum sé gert kleift að sinna þessu verkefni svo sem þeim ber skylda til.“ Jafnframt vil ég benda hv. þm. á ályktun frá stjórn og skólamálaráði Kennarasambands Íslands, sem hafa fjallað um þessa þáttill., en ályktun þeirra hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn og skólamálaráð Kennarasambands Íslands styðja heils hugar þáttill. þá um friðarfræðslu sem lögð hefur verið fram á Alþingi af fulltrúum úr öllum stjórnmálaflokkum. Fræðslan sem hér um ræðir hefur að sjálfsögðu farið fram í þeim stofnunum sem nefndar eru í till., en skort hefur á að hún væri tengd öðru námi og tekin fyrir á markvissan hátt. Stjórn og skólamálaráð Kennarasambands Íslands harmar þær hártoganir og rangtúlkanir sem heyrst hafa um till. þessa.

Til upplýsinga skal á það bent að kennarar hafa sýnt máli þessu áhuga, t. d. með stofnun samtaka kennara um friðaruppeldi sem nú bætist í hóp annarra friðarsamtaka í landinu og friðarsamtaka kennara á Vesturlöndum.“

Ég skil ekki hvernig nokkrum manni, sem hefur haft afskipti af 4ra, 5, 6, eða 7 ára börnum, dettur í hug að eðlilegt geti verið að kenna þeim harðvítuga pólitík hversdagslífsins í alþjóðamálum, eins og hv. þm. Árni Johnsen orðar það. Ég taldi mig hafa vikið nægilega skýrt að mögulegu námsefni fyrir slíka aldurshópa í framsögu minni til að fyrirbyggja svo fjarstæðukennda útúrsnúninga. Þm. talar um friðarkjaftæði og friðarhjal með nokkurri lítilsvirðingu. Hann studdist mikið við Biblíuna í máli sínu og vil ég í þessu sambandi benda honum á ritningargreinina Matt. 5.9. Sömuleiðis vil ég minna hv. þm. á það hver urðu endalok friðarhöfðingjans Jesú Krists í þessum heimi og biðja hann að hugleiða hvaða eiginleikar og hvatir samtímamanna Jesú réðu úrslitum um afdrif hans.

Friðarfræðsla er ekki útilokun eða gagnrýni á kristnifræðslu nema síður sé. Þó að mannseðlið sé svipað nú og á dögum Krists eru vandamál okkar að ýmsu leyti ólík vegna þeirrar tækniþekkingar sem við búum yfir. Þess vegna er okkur nauðsynlegt að breyta áherslum og nálgun í samræmi við það.

Það er rétt hjá hv. þm. að það er óviturlegt að vekja fyrst og fremst ótta með litlum börnum gagnvart einhverju sem þau skilja ekki og ráða ekki við. En því má ekki gleyma að óttinn kemur til þeirra úr umhverfinu fyrr en síðar og besta vörnin gegn óttanum er þekkingin. Og það er hún sem þarf að miðla í samræmi við þroska og getu barna til að skilja. En fyrst og fremst miðar friðarfræðsla barna að því að gera þeim kleift að ráða friðsamlega við vandamál í nánasta umhverfi en ekki að kynna þeim neinn Stórasannleika um alþjóðastjórnmál eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson minntist á.

Árni Johnsen vitnar í orð mín þar sem ég lýsi vísindamanni sem finnur upp drápsvélar á daginn, fer síðan heim og lifir eðlilegu fjölskyldulífi á kvöldin, án þess að setja framtíðaröryggi fjölskyldu sinnar í samhengi við eigið dagsverk. Síðan segir þm., með leyfi forseta:

„Hvað meinar þm. með slíku hjali? Hvað liggur á bak við það lífsmynstur sem Kvennalistaþm. stillir þarna upp til lítillækkunar karlmanninum? Við hvaða sjálf er þm. að berjast og hvað er það sem truflar? Væri ekki í anda friðar að benda þá á eitthvert atriði sem væri jákvætt fyrir karlmanninn, t. d. það að það munu vera karlmenn sem hafa fundið upp öll þau heimilistæki sem notuð eru í þessu landi og víðar um heim? Er ástæða til að kyngreina mistök á þennan hátt?“

Ég er ekki viss um að hv. þm. hafi skilið orð mín eins og þau voru meint. Þm. talar um að ég kyngreini mistök og minnist ekki á öll þau góðu tæki sem karlar hafi fundið upp handa konum til að létta þeim heimilisstörfin. En þm. hlýtur að vera sammála mér um það að það eru ekki saumavélar og ryksugur sem ógna afkomu lífs á þessari jörð, heldur kjarnorkusprengjur. Ef karlar hafa í reynd fundið upp heimilistæki fyrst og fremst handa konum, þá hafa þeir líka fundið upp vopn og kjarnorkusprengjur fyrst og fremst handa sjálfum sér. Þessari kyngreindu áherslu bera karlar því fyrst og fremst ábyrgð á. Það vakti ekki fyrir mér að leggja áherslu á kyn þess vísindamanns sem ég lýsti í framsögu minni, heldur vildi ég undirstrika þann hættulega skort á tengslum milli huga og hjarta sem ég held að ríki í fari hans. Ég vil þess vegna leggja áherslu á það við hv. þm. að það eru ekki karlmenn eða hugvit þeirra sem Kvennalistakonur berjast gegn. Það eru miklu fremur þeir eiginleikar árásargirni og valdbeitingar sem lögð hefur verið meiri áhersla á í fari karla en kvenna og komið hafa ríkar fram hjá mörgum körlum, einkanlega þeim sem farið hafa með völd. Barátta okkar er m. a. gegn því að þessir eiginleikar fái að ráða gangi mála.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lýsti því yfir að honum þætti eiginlega í aðra röndina hálfleiðinlegt að lýsa efasemdum sínum um ágæti þessarar þáttill. Ég fagna því að honum skuli a. m. k. hálfleiðast þessi afstaða sín. En hv. þm. efast um getu skóla sem uppeldisstofnunar og getu einstaklinganna til að rísa gegn valdbeitingu og ofbeldi valdhafa. Hann kemur víða við í mannkynssögunni máli sínu til stuðnings og kemst að þeirri niðurstöðu að það sé erfitt að vera friðarsinni andspænis ofbeldi heimsins. Hann minnist á þær milljónir sem lágu í valnum að ráði fjöldamorðingja eins og Hitlers og Stalins og vitnar til ritgerðar Orwells um Gandhi og hinn vopnlausa mótþróa sem hann beitti. Orwell kemst að þeirri niðurstöðu að Gandhi hefði ekki sætt jafnmannúðlegri meðferð hjá þeim Hitler og Stalín og hjá Bretum. Þeir fyrrnefndu hefðu einfaldlega tekið hann af lífi áður en honum hefði tekist að koma kenningum sínum áleiðis eða beita þeim lengi. Það má rétt vera. En einu má ekki gleyma. Hitler og Stalin voru ekki einir við þessi dráp sín. Þeir fönguðu hugi og hendur annarra til að framkvæma verk sín. Alveg eins og Orwell dregur þá ályktun að Gandhi hefði ekki getað boðið veldi Hitlers og Stalins byrginn leyfi ég mér að draga þá ályktun að Hitler og Stalin hefðu að öllum líkindum ekki komið áformum sínum í framkvæmd ef þýska þjóðin og rússneska þjóðin hefðu notið friðarfræðslu. Menn hefðu þá e. t. v. ekki reynst eins ginnkeypt fórnarlömb fyrir áróðri eins og raun bar vitni, né heldur orðið handbendi slátrara í skjóli hlýðni og með því að firra sig persónulegri ábyrgð. Einir hefðu Hitler og Stalin ekki áorkað miklu.

Hv. þm. lýsir því hvernig hann haldi að skóli í lýðræðisþjóðfélagi hljóti að vera og vitnar í námsskrá grunnskóla. En hann efast um getu skólans til að sinna uppeldishlutverki gagnvart börnum þar sem samtvinnuð tengsl margra aðila koma til við að móta skoðanir, ráða uppeldinu, t. d. heimili, aldursfélagar, fjölmiðlar, umhverfið allt og tíðarandinn. En ég spyr: Getur

skólinn gefist upp fyrir fram, dæmt sig úr leik vegna þess að hann hefur ekki afgerandi hlutverk til mótunar? Verður ekki skólinn jafnt sem aðrir uppeldisaðilar að mæta þessu hlutverki, að búa einstaklingana undir lífið? Og sé það rétt, sem hv. þm. heldur fram, að skólinn sé ekki áhrifamikill aðili til uppeldismótunar miðað við marga aðra þætti, sem þar koma til mótvægis, hvernig dettur þá þm. í hug að skólinn geti orðið svo einráður í áróðri eins og hann óttast?

Hv. þm. spyr eins og aðrir á undan honum: Hvað er friðarfræðsla og hvernig á að koma henni á framfæri? Má ég taka dæmi úr námsefni sem sniðið var fyrir skóla í Nottinghamhéraði í Englandi. Eitt af tilgreindum markmiðum friðarfræðslu, sem kemur fram í umræddri þáltill., er að skilja þýðingu og hlutverk friðar og rækta hæfileika til að leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða. Í þessu sambandi má spyrja eftirfarandi spurninga:

1. Fá nemendur tækifæri til að kanna merkingu og hin ýmsu skilyrði þess að friðarástand geti ríkt á mismunandi sviðum samfélagsins?

2. Er skólinn stofnun sem ræktar friðsamlegt samstarf og anda persónulegrar ábyrgðar?

3. Eru nemendur hvattir til að sviðsetja og leika atriði sem skipta máli fyrir friðsamlega sambúð, t. d. ýmsar mögulegar úrlausnir deilna?

Hugsanlegt námsefni til að nálgast þetta markmið gæti verið:

a. Tungumálakennsla, annaðhvort eigið mál eða erlent. Skilgreining hugtaka á því máli.

b. Athugun á stofnunum sem hafa það verkefni að leita friðar og leysa deilur innan fjölskyldna, í persónulegu lífi einstaklingsins, á vinnumarkaðnum, á þjóðar- og alþjóðamælikvarða.

c. Rannsaka hina ýmsu þætti deilna og leika hlutverk málsaðila. Prófa ýmsar lausnir á þessum deilum.

d. Skoða Mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna.

e. Söguleg athugun á þeirri staðreynd að ekki hefur tekist að varðveita frið í heiminum.

f. Athugun á hlutverki hinna ýmsu trúarbragða heimsins við að leita friðar.

— Þarna mætti t. d. hv. þm. Árni Johnsen tengja friðarfræðslu og kristnifræðslu, eins og minnst hefur verið á. —

Annað markmið friðarfræðslu er tilgreint að glæða ábyrgðartilfinningu fyrir eigin ákvörðunum og gerðum. Og þarna komum við aftur að þeim sem framkvæmdu áform Hitlers og Stalins t. d.

Í þessu sambandi mætti spyrja eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða tækifæri er nemendum boðið upp á til að bera persónulega ábyrgð?

2. Hvaða stefnu tekur skólinn gagnvart árásarhvöt, kúgun og öðrum tegundum ofbeldis eða andfélagslegrar hegðunar?

3. Að hve miklu leyti geta nemendur valið um námsferil sinn?

Viðeigandi námsefni til að ná þessu markmiði gæti verið:

a. Athugun á fjölskyldulífi til að koma auga á ábyrgðarhlutverk og hvernig á að skilgreina þau.

b. Athuga hvaða tækifæri gefast til að stunda lýðræði innan skólans, t. d. stofnun nemendaráðs sem tæki virkan þátt í málefnum skólans.

c. Athugun á friðarsinnum og afdrifum einstakra friðarsinna, þar með talin dæmi úr mannkynssögunni.

d. Athugun á hugmyndum um lagalegan rétt og ábyrgð og siðferðilegan rétt og ábyrgð.

e. Hlutverk og ábyrgð vísindamannsins við þróun nýrra vopnakerfa.

Fimmti liður í upptalningu markmiða friðarfræðslu er að þekkja ýmsa líffræðilega og félagslega þætti sem hafa áhrif á mannlega hegðun. Þennan lið taldi hv. þm. Halldór Blöndal geta orðið töluvert flókinn að skilja og gæti tekið töluverðan tíma að koma honum til skila. Í tengslum við þennan lið mætti spyrja eftirfarandi spurninga:

1. Eru einhverjar aðferðir sem má nota til að hvetja nemendur til að fá útrás fyrir árásarhvöt?

2. Hvaða ráðleggingastefnu hefur skólinn tekið upp til þess að hafa áhrif á hegðun í skólanum?

3. Hver er stefna skólans gagnvart ofbeldishneigðri og árásargjarnri hegðun nemenda utan skólans?

Mögulegt námsefni til að nálgast þetta markmið gæti verið:

a. Athugun á árásargirni og samstarfi meðal annarra dýrategunda. Getur árásargirni einhvern tíma verið réttlætanleg? Og þá dettur mér í hug — þarna skyldu þó aldrei komnir bavíanarnir sem urðu hv. fyrrv. þm. Sighvati Björgvinssyni svo hugleiknir í skrifum hans um samfélagsfræði.

b. Athugun á hegðunarmynstrum og goggunarröð, t. d. í bekknum eða á leikvelli.

c. Samanburður á kjarnafjölskyldu og stórfjölskyldu og áhrif þeirra á samfélagið.

d. Athugun annarra þátta eins og húsnæðis, félagslegrar velferðar, atvinnu, heilsugæslu, menntunar og hefða.

e. Kynhlutverk í ýmsum þjóðfélögum, t. d. kúgun og frelsisbarátta kvenna.

f. Hergagnaiðnaður og atvinna.

Þessi dæmi sem ég hef nefnt hér eru engan veginn tæmandi eða algild, en þau gefa e. t. v. hugmynd um það hvernig hægt er að framkvæma friðarfræðslu.

Mér þykir það athyglisvert að þeir þrír hv. þm. sem ég hef reynt að svara virðast allir óttast og hafa meiri áhyggjur af friðarfræðslu en kjarnorkuvopnum. Hjá mér er þessu þveröfugt farið. Ég er miklu hræddari við kjarnorkuvopn en friðarfræðsla. Og ég er ekki ein um þann ótta. Hann hefur þegar rekið marga á fætur og opnað munn þeirra til andmæla. Sú hætta sem þessi vopn bjóða mannlífi og öðru lífi þessarar jarðar upp á er slík að við hana er ekki hægt að sættast.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði að það væri erfitt að vera friðarsinni. Það má vera. Þó hlýtur að vera enn erfiðara hlutskipti að skilja ógn kjarnorkuvopna en andæfa þeim ekki. Við verðum að sameinast um útrýmingu þessara vopna úr vopnabúrum heimsins. Hér er enginn að tala um einhliða afvopnun. Slík afvopnun yrði vitaskuld að vera gagnkvæm og að henni verðum við að stuðla á hverjum þeim vettvangi sem okkur býðst. En jafnvel þótt við útrýmum öllum þeim kjarnorkuvopnum sem nú eru til þá getum við ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að með okkur býr þekkingin um það hvernig á að smíða slík vopn. Þess vegna segi ég: Mannkyn, sem kann að smíða kjarnorkuvopn, þarfnast friðarfræðslu til að kunna að forðast sinn eigin dauðadóm.

Áður en ég lýk máli mínu langar mig að biðja hæstv.

menntmrh. að lýsa afstöðu sinni til þessarar þáltill. þegar ég hef lokið máli mínu.

En að lokum ætla ég að lesa með leyfi forseta, ljóðið Friður eftir finnska konu Anneli Pääkkönen:

Friður

Á landabréfi einhvers
erum við öll óvinir
ég og hún Helsinki mín prjónum stungnar
staðir væntanlegrar eyðileggingar
þú og brýrnar þínar í París
hann og ljósin hans í Istanbul
torgin í Moskvu og bílastæðin í Washington
bjórkrúsirnar á kránum
frýsandi hestar í fjölleikahúsinu
konurnar á leið í brauðbúðina
fjarlæg þorp við jaðar eyðimerkurinnar
hinir þyrstu sem safnast saman við brunninn
við erum öll óvinir
við
með heimilin okkar börnin okkar kettina okkar
við erum óvinir í augum þeirra
sem trúa á hjálpræði eyðileggingarinnar
þeirra sem eta dag hvern
af skilningstrénu með guði sínum
við erum óvinir í augum þeirra
sem trúa að þeir geti greint milli valds
hins rétta og ranga
það eru þeir sem hafa skipt heiminum
alveg eins og eitrið skiptir
klofinni tungu höggormsins
sem hafa stungið í okkur prjónum
á landabréfum sínum
í börnin okkar eldhúsið kaffikönnuna
söngvar okkar og faðmlög eru óvinir þeirra
þeir sjá okkur ekki
niðri í jörðinni stara þeir á landabréfin sín
á skjáina sína og á deplandi ljós huggara sinna
þeir sjá okkur ekki
en augnalausir og hjartalausir
einblína kjarnoddar eldflauga þeirra á okkur
þeir eta af skilningstrénu á hverjum degi
og trúa því að manninum vaxi sverð í annarri hendi
og rós í hinni
þeir trúa því að sverðið geti rétt rósinni hönd sína
án þess að höggva hana
sérhver þeirra trúir því
að hann geti hamið höggorminn
sérhver þeirra trúir því að hann sé sá eini
sem sitji með guði sínum í hinum vitra skugga
skilningstrésins
hið blindandi vald siðfræði sinnar
hafa þeir hamrað í glitrandi mynt
þeir geta ekki séð
rétt eins og barnið verður ekki séð
handan við skýjakljúfinn
rétt eins og sólin og stjörnurnar verða ekki séðar
úr neðanjarðarbyrgjum
lífverðir þeirra varna því
að þeir geti faðmað ástvini sína
nifteindahugsanir þeirra undir skotheldum vestum
eyðileggja hið lifandi
með banvænu bleki skrifa þeir í dagblöðin
að við séum óvinir
að við höfum hættulegar hugsanir
séum undarleg í háttum
höfum brenglaðar tilfinningar
og sýnum fáránlegan einfaldleika
að við séum hjákátleg að rækta rósir í hverjum lófa
þeir fá okkur til að trúa því
að við verðum að búa okkur undir það
að verða fórnarlömb
svo að þeir geti haldið áfram í friði
að eta af skilningstrénu með guði sínum
þeir eiga dagblöðin og fyrirsagnirnar
þeir eiga verksmiðjurnar og brauðgerðirnar
en þeir eiga okkur ekki
við getum rétt fram hönd og rós
við getum grafið sverðið og neitað
að hneigja okkur fyrir nifteindum og atómum
við getum hrópað yfir öll landamæri þeirra
til annarra sem eru í okkar mynd:
við erum vinir!
við getum veifað hvítum fánum og tauðum rósum
við getum hafið á loft rauða fána og hvítar rósir
við getum sameinað litina
og saumað hlýtt teppi handa hverju barni
hlustið!
hlustið á hlátur hvaðanæva úr heiminum
hlustið á söngvana í öngstrætunum á þjóðvegunum
á ökrunum og út um opna gluggana
sendu friðarkveðju
rétt eins og þú ferð í skóna á hverjum morgni
orð friðarins tilheyra jafnt þeim sem eiga skó
og þeim skólausu
við eigum vini alls staðar
hvaðanæva úr heiminum heyrist ómur
af fótataki barna
sem eru að læra að ganga eftir hljómfalli friðarins
að ganga erinda friðarins
börnin skipta ekki heiminum niður
í veggjuð valdasvæði
þessi börn deila heiminum með hverjum og einum
eins og þú deilir hlýjunni undir teppinu þínu
með ástvini
börnin bera með sér frið
eins og morgunninn ber með sér dagsbirtuna
og jörðin ber grasið
eins og þú deilir brauði þínu með svöngum gesti
þess vegna segi ég þér
þér sem heldur nú að þú sitjir með guði þínum
við sama borð
ég aðvara þig
ef þú skipar þessum börnum
ef þú skipar þeim að beina kjarnaoddum dauðans
að heimilum og sólskininu í bakgarðinum
að mér og öllum í minni mynd
þá munu börnin segja: Nei
á öllum tungumálum munu þau segja: Nei
megi það orð lama hendur ykkar
og verk þeirra sem þið skiljið ekki
megi hótanir ykkar falla þöglar
megi andlit sannleikans ljóma fyrir þræla ykkar
andlit sannleikans
einfalt og opið
og einmitt hér: andlit mitt
andlit þitt
andlit barna okkar

lifandi andlit
andlit svo nálæg
að þú getur kysst þau
það er ekki hægt að deyða andlit
sem hafa verið kysst.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það má hafa langt mál og stutt mál. Í hinni alkunnu vísu þjóðskáldsins:

Trúðu á tvennt í heimi
tign sem æðsta ber.
Guð í alheimsgeimi
Guð í sjálfum þér,

er nú held ég fólginn sá friður sem menn leita eftir og öllum er sameiginlegt. Vissulega stendur það hvort tveggja í Biblíunni, að menn eigi að vera saklausir sem dúfur og slægir sem höggormar, en ætli friðurinn sé ekki einhvers staðar mitt á milli.

Það er ástæðulaust að vera með hártoganir þegar rætt er um mál eins og friðarfræðslu. Það hlýtur að vera að sitt sýnist hverjum í þeim efnum og hvernig túlka eigi mál. Það sem ég hef lagt á áherslu í fyrsta lagi er að það sé mjög vandmeðfarið að kynna börnum, ungum börnum hina flæktu stöðu pólitíkur í heiminum í dag. Það er fyrst og fremst þar sem ég tel að sé erfitt að skipuleggja og marka skil, sem ekki geti leitt til vandræða og misskilnings, skemmda á börnum.

Ég lagði einnig á það áherslu, sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir kom inn á, að ég teldi óþarfa að kyngreina valdbeitingu. Hv. þm. sagði í ræðu sinni að konur væru nátengdar tilurð og endalokum lífsins með líkama sínum. Það þarf nú tvo til og er óþarfi að vera sífellt að klifa á því að konur séu einn kynþáttur og karlmenn annar. Við hljótum að gera okkur fulla grein fyrir því hver sá munur er, sem er á konum og körlum, en að vera að búa alltaf til tvær fylkingar, það stuðlar ekki að friði og er furðulegt að þannig sé tekið til orða. Það er sagt að með því að ganga að fólki án þess að meiða það eða skemma, þá sé maður að stuðla að friði. Hvenær meiðir maður fólk og skemmir? Ef fólk vill vera í friði þá er það einstaklingurinn sem metur það en ekki sá sem að vill ganga.

Ég er ekki að mótmæla eða fjargviðrast út í friðarhreyfingar eða vinnubrögð þeirra, en ég sé ekki að friðarhreyfingar hafi rétt umfram aðra til þess að fara inn á ákveðin svæði, þar sem ákveðnar reglur gilda og menn vilja fara eftir. Og kenningin um konurnar, sem klifra yfir girðingarnar inn í herstöðvarnar og syngja þar og brosa, nú verra gat það verið. En ég sé ekki tilganginn til lengdar. Þetta eru eins konar uppákomur sem ég sé ekki að skili neinum árangri. Þær hafa kannske sungið „Kveikjum eld, kveikjum eld" eða eitthvað slíkt og víst er það saklaust gaman ef laglega er sungið. En ég harma hártoganir um þessa umræðu og mér finnst svolítið einkennilegt að menn séu teknir á beinið með því að safna saman yfirlýsingum frá einhverjum skólaráðum og krefjast þess að menn svari hér já eða nei. Þetta er ekki spurning um já eða nei. Það hljóta allir að vera sammála um nauðsyn þess að stuðla að friði, en það hlýtur að vera túlkunaratriði hvernig á að standa að þeirri fræðslu. Og umfram allt er ég á móti því að ruðst sé inn á garðinn sem hýsir yngstu börnin. Ég vil leyfa þeim að vera í friði sem börn og tel þau ekki græða neitt á því að frétta af ógnandi atburðum víða í heiminum frá degi til dags.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir benti mér á að lesa Mattheus 5.9, með leyfi forseta: „Sælir eru friðflytjendur því þeir munu guðs synir kallaðir verða." Það má auðvitað halda áfram og minna á Mattheus 5.7 sem segir: „Sælir eru miskunnsamir því þeim mun miskunnað verða." Ég vona að það hafi ekki verið neitt á bak við það hjá hv. þm. að orðalagið í þessari grein Biblíunnar segir „guðs synir" því víst eru konur og karlar synir guðs í senn og vona ég að það sé ekki neitt sem kvelur þar á bak við.

Það er líka undarlegt að segja að karlmenn séu að búa til kjarnorkusprengjur fyrir sig. Það sem ég sagði frekar í gamni en alvöru um heimilistækin var ekki ástæða til að taka svona háalvarlega þótt þetta sé staðreynd engu að síður. En við skulum athuga gang mála. Við skulum fara út fyrir það friðarsvæði og það frjálslynda svæði sem við búum á á norðurhveli jarðar. Við skulum fara inn í svörtustu Afríku eða hin ýmsu lönd Asíu og bera saman hvernig hættir hafa gengið þar fyrir sig öld eftir öld. Það er ekkert undarlegt að karlmaðurinn gekk á undan á hættuslóðum, einfaldlega vegna þess að karlmaðurinn er þannig líkamlega byggður að hann hafði meira afl en konan og börnin til þess að verjast hættum, til þess að verjast ófriði. Ég er ekki að mæla því bót að í ýmsum löndum Asíu og Afríku t. d. hefur konan verið látin vinna mun meira en karlmaðurinn, en karlmaðurinn hins vegar látinn verja sig og sína þegar svo hefur borið undir. En þetta hefur leitt þannig af skynsemissjónarmiði.

Nú þarf ekki afl til þess að framleiða kjarnorkusprengjur. Mál hafa snúist við og auðvitað leiðir það til breyttra aðstæðna í heiminum. Þeim mun fáránlegra er að vera að kyngreina sérstaklega meðferð valds, tilbúning á sprengjum. Hv. þm. gerði það svo greinilega með orðalagi sínu að ekki varð um villst. Ég vil aðeins vitna, með leyfi forseta, í Prédikarann, 11. kapítula, 5. vers:

„Eins og þú veist ekki, hvaða veg vindurinn fer og hvernig beinin myndast í móðurkviði þungaðrar konu, eins þekkir þú heldur ekki verk guðs, sem allt gjörir. Sá sæði þínu að morgni og lát hendur þínar eigi hvílast að kveldi; því að þú veist ekki, hvað muni heppnast, þetta eða hitt, eða hvort hvorttveggja verður gott. Indælt er ljósið og ljúft er fyrir augun að horfa á sólina. Því þegar maðurinn lifir mörg ár, þá á hann að vera glaður öll þau ár og minnast þess að dagar myrkursins verða margir; allt, sem á eftir kemur, er hégómi. Gleð þig, ungi maður, í æsku þinni og lát liggja vel á þér unglingsár þín og breyt þú eins og hjartað leiðir þig og eins og augun girnast; en vit, að fyrir allt þetta leiðir guð þig fyrir dóm. Og hrind gremju burt frá hjarta þínu og lát eigi böl koma nærri líkama þínum; því æska og morgunroði lífsins eru hverful."

Þetta er það sem er mergurinn málsins. Það er mikill munur á því hvort þarna á að meðhöndla ungabörn, saklausar sálir, eða fólk sem er komið til nokkurs þroska. Ég tel það ekki stuðla að friði að efna til þess ófriðar sem slíkt hlýtur að leiða af sér þegar misvitrir kennarar, foreldrar og forsjármenn eiga að fara undir forsjá skólakerfis að leggja þannig línu fyrir ung börn. Ég tel þar of langt gengið. En á hinn bóginn hlýtur öll friðarfræðsla að vera jákvæð svo langt sem ekki sé gengið að rétti næsta manns.

Mér fannst ástæða til að þetta kæmi hér fram. Að öðru leyti var ekki margt sem hv. þm. Guðrún Agnars-

dóttir gagnrýndi í sjálfu sér í málflutningi mínum eða þeirra sem hún kvað sammála mér. Hún dró nokkuð í land og þykir mér vænt um það. Hún dró í land með það að ekki væri munur á lýðfrjálsum þjóðum og öðrum sem búa við einveldi eða valdbeitingu.

Auðvitað er alls staðar sama ástæða til vígbúnaðar. Það er ófriður, það skapast ófriður og ég geri ekki mikinn greinarmun á þeim ófriðarhættum sem eru vegna kjarnorkusprengju eða t. d. í einu litlu þorpi í t. d. Eþíópíu þar sem menn nota ekki nýjustu vopn. Þar sem menn nota gömul vopn eins og spjót. Söm er gjörðin og samur er dauðinn sem fylgir og þannig er æskilegt að vinna að þessum hlutum í einni heild markvisst og ákveðið og um það getum við verið sammála, en ganga þó ekki yfir mörkin þar sem um er að ræða óþroskaðar sálir og saklaus börn. Ég held að við eigum líka að sinna fyrst okkar eigin vandamálum í okkar eigin landi áður en við förum að bjarga heiminum. Við erum svo ógnarsmá að þótt við viljum gera öðrum gott og rétta hjálparhönd þá höfum við miklu fleiri vandamál við að glíma í okkar landi en svo að við getum og höfum leyfi til að eyða tíma okkar, orku, gáfum og peningum til þess að bjarga fyrst heiminum í einni heild.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Fyrir þinginu liggur till. til þál. um friðarfræðslu. Kjarni hennar er sá að hefja eigi undirbúning að frekari fræðslu um frið á dagvistarstofnunum, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Það er nú svo. Ekki veit ég hverju þeir sem þetta sömdu telja að þurfi að breyta í starfsháttum skóla og í námsskrá skóla. Ef ég lít yfir þau tímabil sem ég hef stundað kennslu er fyrst og fremst tvennt sem kemur upp í hugann þegar árásarhvöt hefur verið fullnægt. Það eru annars vegar busavígslur á Íslandi og hins vegar kappleikir milli skóla. Leggja menn til að busavígslur verði aflagðar, já eða nei? Þær eru ofbeldi, grímulaust ofbeldi oft á tíðum. Leggja menn til að kappleikir milli skóla verði aflagðir þar sem þeir vissulega veita árásarhneigð útrás? Þessar spurningar hljóta að vakna þegar menn spyrja hverju menn vilji breyta. Því aðalatriðið er að gera sér grein fyrir því um hvað menn raunverulega eru að tala þegar þeir vilja breytingar á núverandi ástandi. Eru það þessi atriði sem á að taka fyrir?

Ég hygg að Chamberlain hafi verið jafneinlægur friðarsinni og þeir flm. eru sem hér eru. Ég hef enga ástæðu til að efa það og sennilega hefur ekki annar þjóðhöfðingi talið sig hafa merkari boðskap að flytja sinni þjóð en þegar hann tjáði Bretum eftir viðræður við Hitler að hann gæti ábyrgst frið um vora daga. Friður um vora daga var það sem hann boðaði. Okkur er tjáð að friðarfræðsla sé hafin í Bretlandi, en sennilega hefði hún bjargað hefði hún verið til í Þýskalandi eða Rússlandi á sínum tíma. Hvað brást með Falklandseyjastríðið? Höfðu þessir menn aldrei fengið neina friðarfræðslu í Bretlandi sem þangað voru sendir? Er breska skólakerfið svona götótt? Hvað brást? Skutu þeir ekki hiklaust menn skv. fyrirskipun? Veit nokkur um liðhlaupa í þeim sveitum sem þangað voru sendar? Er þessi friðarfræðsla í Bretlandi ekki betri en þetta? Er verið að tala um að það eigi að innleiða friðarfræðslu á Íslandi að svipaðri gæðakröfu? Er réttlætanlegt að við hér í þinginu ætlum að fara að dæma þýsku þjóðina fyrir skort á menningu eða þá rússnesku vegna þess að Hitler og Stalin stóðu að fjöldamorðum? Hvert stefnum við í umræðunni? Hvert stefnum við? Erum við að halda því fram að þýska þjóðin og sú rússneska hafi verið svo gjörspillt vegna skorts á friðarfræðslu í skólum að það sé þessum þjóðum að kenna að gyðingarnir voru leiddir í gasklefana og drepnir og að Stalin slátraði kúlökkunum eins og hann gerði? Ég veit ekki hvert þetta leiðir, en mér finnst að þetta leiði til ofmetnaðar, drambs og hroka og viðleitni til að upphefja sjálfan sig í einhverjar himnahæðir eins og hræsnarinn forðum, þ. e. fariseinn sem baðst fyrir og sagði: „Guð, ég þakka þér að ég er ekki eins og þessi maður."

Ég fyrir mína parta get ekki dæmt þýsku þjóðina. Ég get ekki heldur dæmt þá rússnesku. Engu að síður vil ég frið. Skólinn hefur til þessa kennt um stríð og frið. Hann hefur reynt að gera það á hlutlausan hátt og ég er sannfærður um að uppeldishlutverk skóla í þágu friðar hefur verið mjög mikið, ég er ekki í neinum vafa um það. En mér er ekki ljóst hverju þarf að breyta í íslenska skólakerfinu. Hvar er þessi mikla hernaðarhyggja sem þessir menn ætla að útrýma út úr skólunum?

Þegar ég lít yfir flm. verð ég að segja eins og er að ekki hvarflar að mér að þarna séu 100% hörðustu friðarenglarnir í þinginu. (**Gripið fram í:** Hvað á hv. þm. við með því?) Hvað á hv. þm. við með því? Ég hygg að mjög auðvelt sé að skilja það. Þetta er ekki torskilið mál. (**Gripið fram í:** Eru friðarenglar harðir?) Það var það sem héfur valdið misskilningnum. Við skulum breyta þessu, mestu friðarenglarnir í þinginu, þannig að orðið harður verði ekki til þess að rugla menn í ríminu. Það kom inn í þessa umr. — (**EG:** Ætlar ekki hv. þm. að skýra út hvað hann átti við með þessari fullyrðingu?) Ég er búinn að varpa fullyrðingunni fram og við hana stend ég. Ég tel að þarna séu ekki frekar friðarsinnar en aðrir þó þeir vilji í dag skreyta sig með svona fjöðrum. Ég lít þannig á málið.

Talað var um það áðan að atferlisfræðin væri merk fræði til að leiða í ljós ýmsa hluti varðandi hegðun mannanna og árásarhneigð. Atferlisfræðin er vissulega merk fræði og segir okkur mjög mikið um hegðunareinkenni. Eitt af því sem þar kemur fram er tvímælalaust að kvendýrin eru sennilega grimmari en karldýrin. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Hvenær, er spurt. Bæði þegar verja þarf líf og eins og þegar afla þarf fæðu.

Ég hygg að þegar menn vilja varpa því fram í dag að skólarnir eigi að taka upp þetta mótunarhlutverk og ná þar miklum árangri hljótum við að spyrja okkur fyrst og fremst að því hvort ekki séu til staðar einhver öfl í þjóðfélaginu sem sannarlega skv. félagsfræðilegum rannsóknum stuðla að ofbeldi í ríkum mæli.

Búið er að framkvæma mikið af félagsfræðilegum rannsóknum í þessum efnum. Það er sannað mál og það hljóta flm. að vita, að ofbeldiskvikmyndir leiða til ofbeldis. Er till. um það að banna Hrafninn? Er það ekki ofbeldi sem þar er sýnt? Er það ekki morð á morð ofan? Hvað haldið þið að skólinn virki mikið ef börnin geta á hverju einasta kvöldi horft á ofbeldismyndir í sjónvarpi? Hvort haldið þið að sé sterkara í mótuninni? Mér finnst að verið sé að varpa þeirri kröfu á skólann að hann eigi að ábyrgjast uppeldið. En samfélagið, eins og hv. 5. þm. Reykv. réttilega gat um, er hinn sterki mótunaraðili í þessum efnum og skv. félagsfræðilegum

rannsóknum eru foreldrarnir langsterkustu mótunaraðilarnir.

Mér finnst að sú túlkun að óttinn við kjarnorkusprengjuna sé eitthvað sem við eigum að koma á framfæri alveg sérstaklega við æskuna og óhörðnuð börn sé e. t. v. mál sem mjög hæpið sé að bera á borð. Það er yfir höfuð í andstöðu við kristna trú að ala á ótta. Eitt af því sem fer verst með mennina er kvíðinn og óttinn, eilífðar kvíði og eilífðar ótti. Trúin, ekki bara kristna trúin heldur flest önnur trúarbrögð, reynir að draga úr þessum ótta og úr þessum kvíða.

Guðmundur Kamban segir á einum stað:

> Gegn svo mörgu sem guð þeim sendir
> menn gera kvíðann að hlíf,
> og kvíða oft því sem aldrei hendir,
> og enda með kvíða sitt líf.

Ég hygg að við getum öll verið sammála um það að við viljum stuðla að friði. Okkur greinir trúlega á um leiðir. Ég gat þess áðan að ég er sannfærður um að Chamberlain hefur verið jafnmikill friðarsinni og hver og einn einasti sem skrifar undir þessa till. hér. Engu að síður gerði hann samning við einræðisherra sem átti sér önnur markmið og annan tilgang. Það skiptir engu máli þó að Chamberlain vildi frið, Hitler ætlaði sér að ná vissum löndum undir Þýskaland, hversu mörgum vitum við ekki.

Ég hef horft á það eftir heimsstyrjöldina að útbreiðsla kommúnismans til nágrannalanda með vopnum hefur átt sér stað jafnt og þétt. Í dag er það Afganistan. Þegar ég var í skóla, heimavistarskóla, bárust okkur fréttirnar frá Ungverjalandi. Ég er sannfærður um að mannkynssagan út af fyrir sig boðar það eitt að vopnlaus mótspyrna hefur ekki dugað til þess að vinna sigur gegn harðstjórum. Flm. gat þess að fræða ætti börnin um það hvernig farið hefði fyrir friðarsinnum. Ég er sammála henni um að fróðlegt er að kynna sér það hvernig mannkynið hefur farið með friðarsinnana. Því miður er það heldur óhugnanleg meðferð sem þeir hafa fengið hjá jarðarinnar börnum.

Vilhjálmur frá Skáholti sagði: „Úr því að þeir krossfestu þig, Kristur, hvað gera þeir þá við ræfil eins og mig?“

Ég er ekki viss um að það mundi auka mjög á öryggistilfinningu hjá börnunum að kynna sér það hvernig farið hefur verið með friðarsinna á þessari jörðu. Ég hygg aftur á móti að þessi umr. sem slík hafi verið gagnleg. Hún opnar vissulega þá miklu gjá sem virðist vera í afstöðu manna til þess hvernig hægt sé að tryggja frið á jörðinni. Ef ég teldi að hægt væri að tryggja hann með því að auka friðarfræðslu í íslenskum skólum og samþykkja þessa till. skyldi enginn kátari styðja hana. En mér er ekki ljóst hvort hugmyndin á bak við hana byggist á þeim sem kallaðir hafa verið nytsamir sakleysingjar eða hvort menn í alvöru trúa því að vopnlaus mótspyrna eða friðarfræðsla hefði komið í veg fyrir þær ógnir sem gengið hafa yfir mannkynið á þessari öld. Ef menn trúa því, þá er það mikil og björt trú. Ég á hana ekki. Ég er sannfærður um það að Gandhi hefði fengið aðra meðferð bæði hjá Stalin og Hitler. Ég er sannfærður um að ef gyðingarnir hefðu átt að sleppa lifandi í meiri mæli en þeir gerðu hefðu þeir fyrst og fremst þurft að grípa til vopna undir ríki nasismans til að verjast, því miður.

Auðvitað stendur öllum mönnum ógn af þeirri staðreynd að í vopnabúrum heimsins eru kjarnorkuvopn sem mundu duga til að eyða ekki einu sinni heldur oftar lífinu á jörðinni. Auðvitað vonum við að valdhafarnir sem hafa þessi vopn undir höndum muni bera gæfu til að láta ógert að nota þau. En spurningin sem vestrænar þjóðir standa frammi fyrir í dag er: Vilja þeir afsala sér vopnum einhliða? Nei, segir friðarfræðsluaðilinn sýnist mér. (Gripið fram í.) Það er vissulega til umræðu í hinum vestræna heimi hvort menn eigi einhliða að afsala sér vopnum. Vilja menn gagnkvæma afvopnun? Ef menn trúa að gagnkvæm afvopnun sé eini möguleikinn verða menn að þreyja þorrann og góuna og bíða og vona hvort hægt er að ná samkomulagi um slíka afvopnun. En því miður sjást þess engin merki að líkur séu á að slík gagnkvæm afvopnun sé á næsta leiti.

Vopn eins og eiturgas, sem ekki var notað í heimsstyrjöldinni síðari, er notað í hernaði í dag. Ég hygg að alþjóðastjórnmál muni halda áfram að glíma við það jafnlengi og við lifum að reyna að ná samkomulagi um stjórnun á þessari jörð. En ég er jafnsannfærður um hitt að meðan jafnmikið óréttlæti er í heiminum og er í dag, meðan auðnum er jafnmisskipt, meðan aðstöðumunur manna innan þjóðfélaganna, milli þjóðlandanna, er jafnmikill og hann er í dag er engin von um að sá hópur sem er undir uni því og muni virða frið. Þess er engin von.

Ég hef e. t. v. að dómi flm. þessarar till. verið helst til gagnrýninn. En ég kom hér upp fyrst og fremst til að leggja fram þá spurningu: Hvað er það í starfsemi íslenskra skóla sem menn telja að breytist, verði þessi till. samþykkt? Er eitthvað í námsskránni, í hinum skrifaða texta, sem menn telja að þurfi að fjarlægja til þess að hægt sé að líta svo á að skólinn sinni og hafi sinnt því hlutverki að koma nemendum út í lífið þann veg þenkjandi að þeir væru friðarsinnar?

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Þessi till. þarf í rauninni ekki fleiri meðmælendur en hún hefur þegar fengið. En það eru nokkur atriði sem mig langar sérstaklega til að taka til umr. hér og þá aðallega hvað varðar yngstu börnin, sem getið er um í þessari till., eða börnin á dagvistunarheimilunum.

Ég verð að segja að mér finnst með ólíkindum hve mikið hefur verið reynt til þess að skrumskæla, hártoga og afmynda þá annars svo mjög góðu till. sem hér liggur fyrir. Mér finnst það alveg með ólíkindum. Það sem mér finnst að þurfi fyrst og fremst að gera er að hefja þessa umr. upp yfir flokkspólitískar erjur og þrætur.

Áður en ég byrja á því sem ég ætla aðallega að ræða hér langar mig til að taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Árni Johnsen sagði nokkur orð í sambandi við yngri börnin. Mér skildist helst að það ætti að fara að meðhöndla ungabörn og saklausar sálir, ef ég hef náð þessu rétt eftir honum, saklausar og seinna í máli hans óþroskaðar sálir, og hann hefur áhyggjur af því að það eigi að fara að skýra hina flæktu stöðu pólitíkur fyrir smábörnum. Ég vil benda hv. þm. á að lesa yfir markmið friðarfræðslu. Það lítur ekki út fyrir að hann hafi lesið það í grg. Ég get ekki af orðum hans hingað til séð að hann hafi lesið það yfir svo að ég er að hugsa um að lesa þau hér. Það er ábyggilega búið að gera það í þessari umr., en ég er að hugsa um það, af því að hv. þm. stendur hér, að lesa markmiðin upp.

„1) Að skilja þýðingu og hlutverk friðar og rækta hæfileika til að leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða.

2) Að glæða ábyrgðartilfinningu fyrir eigin ákvörðunum og gerðum.

3) Að þroska skilning á því hve einstaklingar, hópar og þjóðir eru háð hvert öðru.

4) Að skilja eðli og orsakir deilna og athuga, skilja, meta og nýta aðferðir til að leysa deilur.

5) Að þekkja ýmsa líffræðilega og félagslega þætti sem hafa áhrif á mannlega hegðun.

6) Að rækta skilning á réttlæti og velferð með og meðal einstaklinga og þjóðfélaga.

7) Að glæða virðingu og ábyrgðartilfinningu einstaklinga fyrir:

i) frelsi einstaklingsins og mannréttindum

ii) menningarlegum fjölbreytileika

iii) umhverfinu

iv) samvinnu bæði innan bekkjarins og utan

v) hugsun sem skírskotar til viðmiðunar við heiminn, þjóðaeiningu, bæjarsamfélag eða smærri hópa.

8) Að þróa sjálfsvitund, skilning á öðrum og þá hæfileika sem nauðsynlegir eru til að gera einstaklingum kleift að taka virkan þátt í að mynda réttlát og friðsamleg tengsl við aðra.

9) Að þróa kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnu og hlutdeild í samræmi við það sem að ofan greinir."

Ég sé að hv. þm. hefur horfið af hólmi. — Jæja, kemur hann aftur. Ég var að vonast til þess að hann mundi hlusta á þennan upplestur vegna þess að ég gat ekki merkt að hann hefði lesið grg. hingað til. (**ÁJ:** Það er nóg fyrir mig að lesa einu sinni.) Það virðist ekki vera.

Þar fyrir utan mátti nánast skilja orð hans þannig að það sem einna helst bæri að vinna að í áttina til friðarfræðslu væri að halda innihaldi Biblíunnar hátt á loft. Hinn góði boðskapur Biblíunnar hefur hingað til því miður ekki nægt til þess að friður hafi verið í heiðri hafður og því miður er engá von að eygja í þá átt að málin þróist svo í náinni framtíð.

Hv. þm. Árni Johnsen hafði, að því er virtist, miklar áhyggjur af því að það ætti að fara inn á þá braut að halda t. d. ráðstefnur með, að því er mig minnir, 3—5 ára börnum og kenna þeim eitthvað óskiljanlegt eða innprenta þeim, og hann hefur miklar áhyggjur af því að viðkvæm barnssálin verði ekki látin í friði og vill leyfa þeim að vera í friði sem börnum.

Ég bendi honum á að það er ekki svo hægt um vik að leyfa blessaðri barnssálinni að vera í friði fyrir ógnum umheimsins, jafnvel þó að svo maður gjarnan vildi vernda þau fyrir því. Jafnt og þétt dynja yfir í öllum fjölmiðlum bæði myndrænt og frásagnir frá hinum blóðugustu styrjöldum og upphlaupum, að ekki sé talað um bíómyndir sem eru í sjónvarpi, sem nú er til á nærfellt hverju einasta heimili eða þá í vídeói, sem virðist vera orðið mjög algengt líka. Þar eru sjálfsagt hinar og þessar myndir teknar á leigu til þess að horfa á kvöld og næturstundir. Jafnvel eru foreldrar ekki heima þegar þær eru sýndar. Þó þekki ég ekki mikið til slíks að öðru leyti en því sem ég hef heyrt.

Í mörgum tilfellum eru börnin ein þegar þau horfa á fréttir eða slíkar myndir. Annaðhvort eru þau ein eða jafnvel með öðrum jafnófróðum sér og enginn nálægt til þess að skýra út málið eða til þess að ráða börnum frá því að sjá slíkar myndir, sem oft hæfa þeim ekki. Þetta endar oft með martröð og hugarangri, ótta og kvíða sem nagar þau. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gat um áðan hve ótti og kvíði væri upplagður til að angra fólk um aldur og ævi.

Það þarf að auka þekkingu og skilning til þess að koma í veg fyrir ótta og kvíða, koma í veg fyrir það hugarangur sem hvílir svo þungt á mörgum ungum börnum og unglingum í dag. Það er vegna þess að þau skilja ekki hvað um er að vera, skilja ekki hverjar afleiðingar þetta getur haft, jafnvel fyrir þau sjálf, sem þau verða svona hrædd.

Mig langar, með leyfi virðulegs forseta, til að geta hér um starfsdaga um uppeldi til friðar sem haldnir voru í Osló dagana 8. og 9. nóv. s. l. Þessir starfsdagar voru haldnir á vegum fóstrufélaga á Norðurlöndum og þar var yfirskriftin í þetta skipti: Uppeldi til friðar.

Fyrri daginn voru haldin framsöguerindi frá Norðurlöndunum fimm. Kirsten Neidermann frá Svíþjóð flutti fyrsta erindið. Þar lagði hún út af bók, sem getur í lauslegri þýðingu heitið Umheimurinn í forskólanum, Världen i forskolan, sem gefin er út af menntastofnun opinberra starfsmanna í Svíþjóð og er samþykkt af menntmrn. þar. Í bókinni er tekið á ýmsum málum í umheiminum. Þar eru kynntar ríkar og fátækar þjóðir, þjóðarframleiðsla og menning. Bókinni er m. a. ætlað að kynna börnum þá sem eru „öðruvísi", efla siðgæðisþroska og jafnrétti þjóða á milli.

Stig Broström frá Danmörku flutti einnig framsöguerindi og var erindið tvískipt: Það var annars vegar um það hvernig vinna mætti að friði með ytri aðgerðum á dagvistarheimilum og hins vegar hvernig börn upplifðu stríð og frið og hvernig hægt væri að sinna því innan dagvistarheimilanna.

M. a. skýrði hann frá því hvernig börn túlka stríð og frið í teikningum. Þriggja ára börnin gerðu sér litla grein fyrir þessum hugtökum. Þó kom fram í stríðsmyndum þeirra sól sem grét. Fjögurra ára stúlkur, sem tóku þátt í tilrauninni, neituðu að teikna stríð, þær teiknuðu bara fallegt og friðsælt umhverfi, en drengirnir hermenn með byssur. Hjá eldri drengjunum var myndefnið fjölbreyttara. Þeir teiknuðu stríð, vígvélar, sprengjur og flugvélar. Aftur á móti áttu þeir erfiðara með að teikna frið. Þar var algeng hugmynd brotnar byssur. Myndir eldri stúlknanna af stríði voru aftur á móti stirðar og líflausar, dáin blóm, grátandi börn og fáni sem hafði verið dreginn niður. Þeim gekk mun betur að gæða friðarmyndirnar lífi, brosandi fólk, falleg börn og fáni sem blakti í blænum. Þannig var eðlismunur á teikningum drengja og stúlkna.

Er þá hægt að hugsa sér að það geti verið töluverður eðlismunur á því hvernig þessi börn hugsa og hvernig þau skynja hlutina. Það er eingöngu nær oftast uppeldinu að kenna eða þakka eða hvað við vildum nú hafa það. Vil ég þá benda á eina leikfangabúð, sem er hér við Laugaveginn og stendur þannig að auðvelt er að sjá það sem í glugganum er. Þar er öðrum megin svokallað stúlknadót. Þar eru dúkkur, hjúkrunardót, læknisdót og annað slíkt. Hinum megin er drengjadótið svokallaða. Þegar gengið er inn í búðina er spurt: Er það fyrir dreng eða er það fyrir stúlku? Drengjamegin eru þá byssur og allt þar að lútandi, cowboyhattar og búningar.

Svo að ég haldi áfram að ræða um starfsdagana um

uppeldi til friðar. Hjá stúlkunum var friður upphaflegur og stríðið eitthvað sem braut gegn honum. Hjá drengjunum var friðurinn það ástand sem komst á þegar stríðið var búið. Auk þess má geta þess að Broström ræddi um gildi virks friðarstarfs á dagvistarheimilum, svo sem friðarsöngva, friðarhátíð fyrir börn, friðargöngur og fleira.

Einnig flutti þarna erindi Ulla Karlsson frá Finnlandi. Hún lagði fram starfsáætlun um friðaruppeldi, sem samþykkt var af hinu opinbera í Finnlandi 19. nóv. s. l., en það er útfærsla á siðgæðisuppeldi úr heildarmarkmiðum dagvistarheimilanna.

Ég ætla að fara fljótt yfir sögu og geta um að það kom fram á þessum dögum að Mai Sørby, formaður Oslódeildar norska fóstrufélagsins, sagði að innan stjórnar fóstrudeildar Norsk lærerlag hefði friðaruppeldi ekki verið rætt. Það var rakin þróunin á Íslandi og hvernig friðarumræða ætti sér stað hér í dag. Einnig var sagt frá þátttöku íslenskra fóstra í friðaraðgerðum.

Í samantekt af bókinni Umheimurinn í forskólanum þá finnst mér athyglisvert að þar var sýnt fram á orsakir styrjalda og bent á hvernig hægt er að taka á málunum á barnaheimilum. Ég er ekkert að segja að við eigum endilega að apa allt eftir Svíum, alls ekki, en þar má þó hugsanlega fá hugmyndir um hvernig hægt er að útfæra þetta í heildarmarkmiðum fyrir dagvistarheimili.

Ég held að það sé númer eitt að við megum ekki sofna á verðinum. Umræðan hlýtur að þurfa að halda áfram frá og með deginum í dag. Það er skylda okkar að kenna börnum að leysa vandamál án ofbeldis. Það hlýtur alltaf að vera rangt að deyða, jafnvel til að koma í veg fyrir kúgun, því að ofbeldi hefur alltaf leitt af sér ofbeldi. Við verðum að trúa á hið góða í hverjum einstaklingi.

Umr. frestað.

Hvalveiðar við Ísland, þáltill. 238. mál (þskj. 418). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veggangagerð á Austfjörðum, þáltill. 246. mál (þskj. 447). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bygging tónlistarhúss, þáltill. 216. mál (þskj. 385). — Ein umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem flutt er á þskj. 385 um byggingu tónlistarhúss. Flm. auk mín eru hv. þm. Ragnar Arnalds, Ólafur Jóhannesson, Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Stefán Benediktsson, Pétur Sigurðsson, Guðrún Helgadóttir, Davíð Aðalsteinsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvernig best verði fyrir komið hugsanlegri aðild að og fyrirgreiðslu ríkisins við nýstofnuð samtök um byggingu tónlistarhúss í Reykjavík."

Samtök um byggingu tónlistarhúss voru stofnuð á s. l. hausti. Á stofnfundi samtakanna, sem haldinn var 16. okt. s. l., voru kosnir 36 fulltrúar úr hópi félagsmanna. Einnig tilnefndu félög og stofnanir sem aðild eiga að félaginu einn fulltrúa hvert fyrir sig í fulltrúaráðið. Eftirtalin félög og stofnanir hafa tilnefnt fulltrúa: Félag tónmenntakennara, Kammermúsikklúbburinn, Félag tónlistarkennara, STEF, Félag ísl. tónlistarmanna, Íslensk tónverkamiðstöð, Musica Nova, Tónlistarfélagið, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Samband ísl. karlakóra, Félag ísl. hljómlistarmanna, Bandalag ísl. listamanna, Tónskáldafélag Íslands, Norræna félagið, Félag ísl. organleikara, Landssamband blandaðra kóra og Íslenska óperan.

Þessi upptalning gefur e. t. v. nokkra mynd af því að húsinu er ætlað að vera tónlistarhús fyrir flutning hvers konar tónlistar. Þá er húsinu ætlað að vera fyrst og fremst heimili eða vinnuaðstaða og tónleikahús fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eins og kunnugt er er hljómsveitin með aðstöðu og heldur tónleika í Háskólabíói og er með leigusamning þar frá ári til árs. Samtímis á þetta hús að gefa möguleika á eins mörgum tegundum sýninga og samkoma og hægt er, hvers konar tónleikahalds, leik-, dans- og óperusýninga. Þá er einnig ráðgert að hægt verði að bjóða upp á fjölbreyttari nýtingu á húsinu, svo sem til leiksýninga, kvikmyndasýninga og ráðstefnuhalds.

Það er alkunn staðreynd að þótt tónlist hafi verið flutt í kvikmyndahúsum, íþróttahúsum, kirkjum og félagsheimilum alls konar til ómældrar ánægju fyrir þjóðina hefur ekkert hús verið byggt til tónlistarflutnings á Íslandi. Tónlistin hefur þó verið sú listgrein sem verið hefur í hvað mestum vexti hér á landi a. m. k. síðasta áratuginn, talið er að um 40 þús. Íslendingar iðki tónlist. Um 6 þúsund Íslendingar stunda nú nám í sérhæfðum tónlistarskólum. Árangur þessa starfs er rétt að koma í ljós en birtist þó ekki að fullu fyrr en með næstu kynslóð.

Fjölmörg félagsheimili víðs vegar um land hafa gegnt og munu gegna veigamiklu hlutverki til flutnings góðrar tónlistar. Sama máli gegnir um kirkjur landsins, ekki síst í Reykjavík. Þrátt fyrir þessa staðreynd er að áliti tónlistarmanna brýn þörf á sérstöku tónleikahúsi sem gegnir svipuðu hlutverki fyrir tónlistina og Þjóðleikhúsið fyrir leiklist í landinu, en nú eru senn liðin 35 ár síðan Þjóðleikhúsið var vígt. Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika í efnahagsmálum verður ekki lengur við það unað að ekkert tónlistarhús sé til staðar í landinu. Í þessu húsi fengi Sinfóníuhljómsveit Íslands fastan samastað eins og áður sagði og æfingaaðstöðu auk þess sem allur flutningur lifandi tónlistar ætti þar athvarf.

Miklu varðar að undirbúningur að byggingu tónleikahúss verði vandaður sem mest og eigi töluverðan aðdraganda. Bæði þarf að nýta sér þá þekkingu sem fyrir hendi er í landinu og reynslu annarra þjóða og laga hana að íslenskum aðstæðum. Í þessu skyni hafa samtökin um byggingu tónlistarhúss kynnt sér ítarlega tónleikahald hérlendis undanfarin ár og reynt að spá um þróunina á næstu áratugum. Skoðuð hafa verið

tónlistarhús víða erlendis og samband verið haft við fjölmarga aðila sem sérstaklega vinna að þessum málum.

Samtök áhugamanna um byggingu tónlistarhúss hafa nú um 2000 félagsmenn, en samtökin eru einkum fjáröflunarsamtök. Gert er ráð fyrir að húsið verði sjálfseignarstofnun og verði byggt að tilstuðlan einstaklinga, ríkisins og sveitarfélaga á stór-Reykjavíkursvæðinu. Rekstrargrundvöllur tónleikahúss virðist góður og er gert ráð fyrir að rekstur þess geti staðið undir sér en þar varðar þó nokkru hvaða opinber gjöld verða lögð á þessa menningarstarfsemi. Áætlaður kostnaður við bygginguna nemur um 200 millj. kr. á núverandi verðlagi og er ljóst að stuðningur hins opinbera þarf að koma til ef unnt á að vera að hrinda þessum áformum í framkvæmd. Ljóst er að bygging þessa mannvirkis tekur nokkurn tíma en óhjákvæmilegt er að Alþingi marki stefnu í þessu máli þegar á þessum vetri þótt ekki verði um að ræða beinan fjárhagslegan stuðning að svo stöddu.

Ýmsir möguleikar koma til greina varðandi stuðning ríkisins, svo sem bein fjárframlög eða sérstök skattfríðindi til handa þeim einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum sem leggja fé til byggingarinnar. Einnig er ljóst að bíða þarf lags í þjóðfélaginu til þess að unnt sé að veita opinbert fé til þessarar framkvæmdar en undirbúningur hennar krefst talsvert langs tíma, a. m. k. 1—2 ár, og því er þessi till. flutt nú.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég leyfa mér að lesa nokkra punkta úr fyrsta fréttabréfi Samtaka um byggingu tónlistarhúss sem Egill Ólafsson, ungur og löngu þjóðkunnur tónlistarmaður, skrifar. Hann segir m. a., með leyfi forseta:

„Nú er rúm hálf öld liðin frá því að framtakssamir lúðraþeytarar byggðu Hljómskálann, eina húsið á landinu sem einvörðungu er hannað til hljómlistarflutnings og ætluðu að spila af þaki hans fyrir gönguglaða Reykvíkinga. Þessa menn dreymdi stórt eins og hugmyndir þeirra um hljómburð í háum sal skaparans sýna. En árin hafa liðið. Í nágrenni Hljómskálans er nú flugvöllur og verk fyrir blásturshljóðfæri og flugvélar fremur sjaldgæf. M. a. þess vegna þarf að reisa tónlistarhús þar sem líkt er eftir háum sölum skaparans eins og þeir gerast bestir. Í slíku húsi ættu allir þættir lifandi tónlistar að geta þrifist undir einu þaki."

Í lok greinar sinnar segir Egill:

„Það starf, sem þar fer fram" — þ. e. í væntanlegu tónlistarhúsi — „á að vera fjölskrúðugt og viðamikið og getur einungis orðið það með samstöðu allra tónlistarunnenda, hvort sem þeir eru á bomsum, flókum, blankskóm eða sokkaleistunum."

Ég vænti þess, herra forseti, að þessi till. um byggingu tónlistarhúss fái stuðning og greiðan framgang hér á hv. Alþingi og ég vona svo sannarlega að það fámenni sem hér er í salnum á þessari stundu þegar mælt er fyrir þessari till. sé ekki vottur um áhugaleysi fyrir þessu máli heldur sé þar einhver önnur ástæða að baki, m. a. sú að nú er langt liðið á dag. En ég legg til að eftir að umr. hefur verið frestað verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. 18. mál (þskj. 18, n. 445 og 499). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. meiri hl. allshn. Ed., en hún leggur til að þetta frv. sé fellt.

Allshn. sendi frv. til umsagnar allmargra aðila. Umsagnir bárust að vísu ekki nema frá sex aðilum, en það voru þó aðilar sem eiga veigamikilla hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál, þ. e. Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Verslunarfélagi Reykjavíkur og verkalýðsfélaginu Einingu á Akureyri, svo og starfsmannafélagi ÍSALs, en það félag taldi ekki í sínum verkahring að gefa umsögn um þetta mál. Enginn hinna aðilanna mælti með samþykkt þessa frv. og sumir — já, reyndar flestir — mæltu mjög eindregið gegn því, og sérstaklega lögðu launþegasamtökin eindregið til að það yrði fellt. Hið sama gerði raunar líka Vinnuveitendasamband Íslands, sem taldi ekki rétt að taka það atriði sem er í þessu frv. út úr. Niðurstaðan hjá okkur, sem skipum meiri hl. allshn., er því sú að rétt sé að fella frv.

Þá niðurstöðu meiri hl. ber alls ekki að skilja svo að við séum alfarið andvígir öllum breytingum eða endurskoðun á vinnulöggjöfinni. Þvert á móti hygg ég að sumir okkar a. m. k. mundu vera þeirrar skoðunar að það væri orðið tímabært að láta fram fara endurskoðun á löggjöfinni um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er ekki neitt einkennilegt vegna þess að þessi löggjöf er orðin ærið gömul á okkar mælikvarða, frá því 1938, og það hefur sannarlega margt breyst í okkar þjóðfélagi frá því að þau lög voru sett. Ég hika ekki við að segja að þessi löggjöf er merk á marga lund og það var mikilvægt spor stigið þegar sú löggjöf var sett, en hitt er jafnaðlilegt, að hún þurfi kannske einhverrar athugunar við og endurskoðunar vegna breyttra tíma og þá auðvitað ekki óeðlilegt að tekið sé mið af því hver reynsla hefur fengist af framkvæmd á þeim árum sem liðin eru.

En þegar á að endurskoða slíka löggjöf sem þessa um stéttarfélög og vinnudeilur, þá er vægast sagt ákaflega nauðsynlegt að haft sé fullt samráð við þau stéttarfélög sem hér eiga hlut að máli. Það getur orðið erfitt að endurskoða þessa löggjöf og gera á henni breytingar nema í sæmilegu samkomulagi við stéttarfélögin. Að mínu mati þarf það þá að vera heildarendurskoðun en ekki tekið eitt atriði út úr eins og hér er gert.

Það einstaka atriði sem hér er tekið út úr og frv. fjallar um ætla ég ekki sérstaklega að ræða hérna, en það er í stuttu máli að veita heimild til að stofna vinnustaðafélög með vissum skilyrðum og vissum takmörkunum. Mín persónulega skoðun er sú, að sú hugmynd sem frv. byggist á sé að mörgu leyti athyglisverð, og ég verð að segja að hún skírskotar að sumu leyti til mín, en út í það ætla ég ekki að fara nánar hér af því að það er till. meiri hl. að frv. verði fellt og ekki ætla ég heldur þá að fara út í það, að ef til framkvæmda kæmi þetta frv. eða sú hugmynd sem frv. er byggð á hygg ég að það þyrfti að skýra ýmislegt nánar en gert er

í þessu frv. En það er sem sagt, virðulegi forseti, ekki við hæfi að ég fari að fara nánar út í það þar sem niðurstaða okkar í meiri hl. er sú, sem ég hef lýst, að við leggjum til að frv. verði felld.

Frsm. minni hl. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Frsm. meiri hl. hefur þegar gert grein fyrir umfjöllun málsins. Nægir fyrir mig að ítreka að þeir umsagnaraðilar sem svöruðu beiðnum um umsögn, þ. e. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands, skiluðu allir frekar neikvæðum umsögnum um þetta atriði, þó gildir það sérstaklega um BSRB og ASÍ, og lögðu til að þetta frv. yrði fellt ásamt því að allir aðilar lögðu þunga áherslu á að gildandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur yrðu tekin til rækilegrar endurskoðunar.

Ég verð að játa að ég tel mögulegt að skoða þessi atriði algerlega aðskilin og minni enn og aftur á þá einföldu staðreynd að hér er ekki um annað að ræða en að veita fólki heimild til að stofna stéttarfélög á vinnustað með sömu réttindum og skyldum og gilda um stéttarfélög nú. Ég verð reyndar að játa að það læðist að mér ákveðinn grunur um að þó að mikill áhugi sé, að því er virðist, fyrir endurskoðun þessarar löggjafar hjá þeim verkalýðsfélögum sem hér gáfu umsagnir, þá felist í þeim tilmælum að fara fram á að þetta frv. verði fellt ákveðin yfirlýsing sem gefur tilefni til þess að álykta að þegar að endurskoðuninni kemur eigi þessi réttindi ekki mikið upp á pallborðið hjá þeim aðilum sem um þetta mál fjalla. Þar með er ég kominn að raunverulegu úrslitahlutverki löggjafans, að hann verði að gera upp við sig hvort hann lætur hagsmunasamtök algerlega um að ráða málefnum sínum, líka þegar um persónufrelsi er að ræða eða frelsi einstaklinga, eða taki af skarið þegar um jafneinfalt atriði er að ræða og það að veita mönnum ákveðin réttindi, sem er ekki að hafa í dag. Að taka undir þann málflutning, sem heyrst hefur bæði hér og líka hjá þeim aðilum sem talað hefur verið við, að hér sé nánast verið að vega að rótum þess fyrirbæris sem verkalýðsfélögin eru, er mér með öllu óskiljanlegt. Annaðhvort er hér á ferðinni einföld glámskyggni manna og hræðsla við breytingar breytinganna vegna eða hér er einhvers konar rökstuddur ótti á ferðinni um að það skipulag sem fyrir hendi er sé svo veikburða og þá reyndar vitlaust að ekki flóknari aðgerð en þetta mundi geta kollvarpað baráttuaðstöðu verkalýðshreyfingarinnar í dag.

Mér er þetta mál ekki hvað síst mjög hugleikið í ljósi þess sem gerst hefur á undanförnu ári. Hér hefur farið fram mikil úttekt og skoðun á stöðu atvinnuvega og þá ekki hvað síst þeirra sem kallast stoðir efnahagslífsins. Það er alveg greinilegt á þeirri úttekt að afkoma fyrirtækja á landinu öllu er mjög misjöfn innbyrðis. Aftur á móti fara launaákvarðanir fram eftir ákveðnu landsmeðaltali eða yfirliti. Það þýðir í raun að stór hópur launþega verður af þeim hugsanlegu launahækkunum sem þeir gætu náð innan þeirra fyrirtækja sem vel ganga. Þó að að einhverju leyti mætti hugsa sér þetta sem heilbrigða jöfnunarmennsku er það ekki í mínum huga jafnaðarmennska því að það samrýmist einhvern veginn ekki í mínum kolli að hægt sé að verja það að einn aðili hafi það jafnvont og annar vegna þess að hann hefur það svo slæmt, þegar sá möguleiki er fyrir hendi víðs vegar í landinu. Það er yfirlýst að ákveðinn hluti fyrirtækja á þessu landi hefur blómstrað vegna svokallaðra efnahagsráðstafana ríkisstj. Ég fæ ekki með öllu séð að þeir sem vinna hjá þeim fyrirtækjum eigi ekki að hafa möguleika á því að taka þátt í þeim uppgangi og njóta hans að svo miklu leyti sem þeim ber. En til þess verða þeir að hafa þann kraft, það afl í sinni hendi að þeir hafi um eitthvað að semja við sína vinnuveitendur. Það geta þeir ekki öðruvísi en þeir hafi sömu réttindi og sömu skyldur og verkalýðsfélögin hafa í dag, þ. e. stóru hreyfingarnar.

Ég legg til að þetta frv. verði samþykkt. Ég býst ekki við að það gangi í gegn. Það kom til umræðu í nefndinni að vísa þessu máli til ríkisstj. í því skyni að hún gengist fyrir heildarendurskoðun á vinnulöggjöfinni. Ég tók ekki undir þá skoðun því að ég áleit það ekki neitt betri kost en að fara að tilmælum verkalýðsfélaganna sem lögðu til að frv. yrði fellt. Það er vegna þeirrar skoðunar, sem ég lýsti áðan, að sú hugsun sem að baki þeirri tillögu liggur, þ. e. að fella þetta frv., hlýtur að benda til þess að viðkomandi verkalýðsfélög muni ekki setja þetta efst á sinn óskalista þegar farið verður í að endurskoða vinnulöggjöfina.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er nú til umr. er fyrir margra hluta sakir merkilegt. Eins og segir í grg. með frv. er því ætlað að rýmka samningsrétt launþega, opna nýjar leiðir í kjarabaráttu og losa þannig um núverandi fyrirkomulag launþegasamtaka. Þessar hugmyndir tel ég allra góðra gjalda verðar og sérstaklega vil ég benda á að því smærri sem samningseiningarnar eru, því auðveldara á hver einstaklingur með að hafa áhrif á kaup sitt og kjör. Ég tel það tvímælalaust kost að færa þannig samningsmálin nær hverjum og einum sem í hlut á. Grundvallarhugmyndir þessa frv. samrýmast vel hugmyndum kvennalistans um valddreifingu og ég mun því ekki greiða atkvæði gegn þessu frv. Hins vegar finnst mér nokkuð á skorta að í frv. sé hugsað fyrir því hvernig tengslum stéttarfélaga og vinnustaðafélaga eigi að vera háttað, hvernig nýtt skipulag launþegahreyfingarinnar gæti litið út, hvernig dæmið gangi upp.

Í grg. með frv. segja flm., með leyfi forseta:

„Vitaskuld er með þessu frv. til l. lögð fram mjög róttæk grundvallarbreyting á fyrirkomulagi samninga um kaup og kjör. Flm. telja þó, eftir að hafa gefið sér þá forsendu að þessi breyting sé nauðsynleg, að í þessu frv. sé eins hægt farið í sakirnar og frekast er kostur og að öðru leyti sé aðilum vinnumarkaðarins látið eftir, hvernig þessum skipulagsmálum verður háttað."

Ég er vissulega sammála flm. um að það á að vera í höndum aðila vinnumarkaðarins hvernig skipulagi þar er háttað, en það er samt sem áður nauðsynlegt að þegar flutt eru lagafrumvörp um slík mál á Alþingi geri flm. grein fyrir því hvernig þeir hugsi sér að dæmið gangi upp, jafnvel þó að þeir séu ekki að ákveða neitt fyrir hönd aðila vinnumarkaðarins með því. Mér finnst að frv. sem ekki er hugsað til enda af hálfu flm. geti varla talist fullbúið sem rökfærður lagatexti og af þeirri ástæðu einni mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Ég tek svo undir orð frsm. meiri hl. hv. allshn. um að tímabært sé orðið að endurskoða vinnulöggjöfina frá 1938 og ég vildi sjá þær hugmyndir, sem eru settar fram í þessu frv., teknar með í reikninginn í slíkri endurskoðun. Ég held að nauðsynlegt sé, eins og kom fram í

máli hv. 8. þm. Reykv., að Alþingi beiti sér á einhvern máta fyrir því að svo megi verða, að þessar hugmyndir verði þar teknar með.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Mál það sem hér er til umr. er vissulega þannig vaxið að það verðskuldar umr. og athugun sem raunar hefur líka farið fram í hv. nefnd, en þar á ég einmitt sæti. Ég skal svo ekki hafa mjög langt mál um þetta efni en vildi aðeins koma því á framfæri að ég lít ekki svo á að álitsgerðir ASÍ og fleiri, sem bárust nefndinni, séu þannig vaxnar að þessir aðilar geti ekki hugsað sér að eitthvað í líkingu við það sem hér um ræðir gæti komið inn í heildarendurskoðun, allsherjarendurskoðun gömlu vinnulöggjafarinnar. Ég býst við að öll atriði yrðu þar til skoðunar og þá einnig þetta.

Það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að í nefndinni var gerð um það till. — kannske kom hún frá mér — að málinu yrði vísað til ríkisstj. og þá með ábendingu um að þörf væri á því að huga nú að endurskoðun vinnulöggjafarinnar frá 1938. En tillögumaður taldi, eins og hann sagði, alveg eins gott að frv. yrði þá hreinlega fellt. En með því að greiða atkv. gegn þessu frv. er ég ekki frekar en hv. frsm. meiri hl. n. að lýsa því yfir að þessi hugmynd sé óalandi og óferjandi. Þvert á móti verður þessi hugmynd skoðuð eins og aðrar ef og þegar endurskoðun vinnulöggjafarinnar fer fram.

Við vitum raunar að um langt skeið hafa verið gerðar tilraunir til þess að endurskoða vinnulöggjöfina frá 1938. Ekki hefur tekist neitt samkomulag um það fram að þessu. Það bendir óneitanlega til þess að hér sé um merka löggjöf að ræða, eins og hv. 9. þm. Reykv. gat um, en ég tel hana vera mjög merka löggjöf.

Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar að mjög ströng vinnulöggjöf — eins og það er kallað þegar jafnvel er verið að tala um að þrengja rétt manna til verkfalla sem er auðvitað óyndisúrræði — mundi endilega bera tilætluðan árangur. Ég held að í lýðfrjálsu landi verði að vera þarna ákveðið svigrúm og það verði að vera ákveðin ábyrgð lögð á þá sem ráða ferðinni á vinnumarkaði. Ég held að hún eigi að vera það rík að menn geti farið í verkföll, en taka þá líka afleiðingum þeirrar ákvörðunar á þann veg sem þessi gamla löggjöf gerir ráð fyrir. Ég hef ekki trú á því m. ö. o. að svokölluð ströng vinnulöggjöf sé eða yrði heilladrjúg á okkar landi, enda mundi ekki nást neitt samkomulag um slíka löggjöf.

En allt er breytingunum undirorpið og atvinnulífið hér á landi hefur breyst geysilega á nærri hálfri öld. Þess vegna liggur í augum uppi að margt gæti betur farið í þessari löggjöf. Þar með er ekki sagt að hún þyrfti endilega að verða ítarlegri og lengri en löggjöfin er nú, en umfram allt yrði að nást um hana allvíðtækt samstarf.

Þó að við höfum lifað í verðbólguþróun, sem m. a. hefur stundum orsakast af of miklum kauphækkunum þá er það nú svo þegar litið er yfir söguna að mjög alvarleg átök milli vinnuveitenda og verkalýðs eða verkalýðs og annarra borgara hafa sjaldan orðið á Íslandi og engin mjög alvarleg síðan árið 1955 sem mig minnir að langa, harða verkfallið hafi verið. Það ástand sem þá var mundi enginn vilja kalla yfir sig árlega eða á fárra ára fresti, þegar liggur við upplausn í þjóðfélaginu vegna harðvítugra átaka sem líka leiða til lögbrota jafnvel innan ramma þessarar gömlu löggjafar og mundu verða enn þá frekari lögbrot ef lögin væru mjög harkaleg. Þegar menn byrja að brjóta ein lög er hægara um vik að brjóta önnur og þeir sem brotið er á finnst þá kannske líka að þeir geti brotið einhver önnur lagafyrirmæli. Ég held því að fara þurfi með gát í þessi mál öllsömul.

En tilgangur minn hér í ræðustól var að lýsa þeirri skoðun minni að ekkert liggi fyrir um það að þeir sem sendu umsagnir til nefndarinnar geti ekki hugsað sér að meðal annarra nýmæla í endurskoðaðri vinnulöggjöf gætu komið ákvæði eitthvað á þann veg að starfsmenn í ákveðnum fyrirtækjum væru saman í verkalýðsfélagi. A. m. k. held ég að svo til allir og kannske allir séu ósammála því ákvæði eða þeim skilningi gömlu vinnulöggjafarinnar að a. m. k. einn eða tveir menn í 100 manna hópi getið stöðvað atvinnuveg eða atvinnufyrirtæki. Það er auðvitað fráleitt. Í slíkum tilfellum verður auðvitað að koma til einhvers konar gerðardómur eða einhvers konar annars lags sáttaumleitanir en þær sem byggðar eru á verkfalli eða verkfallshótunum.

Inn í þetta mál gætu komið umr. um það með hvaða hætti bæta mætti hag starfsmanna fyrirtækja öðrum en þeim að hækka laun. Það hefur raunar verið til umr. hér í áratugi. Ég man eftir því að á 4. og 5. áratugnum voru mjög mikið rætt á Alþingi um möguleika á svonefndu arðskipti- og hlutdeildarfyrirkomulagi. Núna er vonandi verið að lögfesta starfsmannasjóði sem gætu veitt starfsmönnum fyrirtækja aðild að hugsanlegum hagnaði fyrirtækjanna og bætt þeirra stöðu. Þó að sumir hér í þingi séu á móti öðrum ákvæðum í þeim lögum hygg ég að enginn geti verið á móti þeirri tilraun sem þar er bryddað á þó að ég telji raunar að almenningshlutafélög, þ. e. mjög almenn eign manna í fyrirtækjum almennt hér á landi, ekki einungis því félagi sem viðkomandi vinnur hjá þá og þá stundina og jafnvel ekki þó að það sé lífsstarf hans, heldur gætu menn átt hluti alveg eins í öðrum félögum og þá dreift sinni áhættu. Ég tel að það sé kannske enn þá heppilegra, en starfsmannasjóðirnir geta auðvitað líka komið þarna að notum.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég sagði örfá orð um þetta frv. við 1. umr. málsins og lýsti þar yfir vissum efasemdum um að slíkt atriði sem þetta ætti að taka út úr eitt sér varðandi vinnulöggjöfina. Ég minnti á að á sínum tíma markaði vinnulöggjöfin stórt spor í réttindabaráttu launþega í landinu og gerði þeim auðveldara að ná rétti sínum. Ég hygg að meginatriði þess gildi enn þann dag í dag þrátt fyrir breytta tíma. Hér er komið inn á aðeins eitt atriði, en það er að vísu grunnatriði í þessum málum, hver skuli grunneiningin varðandi samninga aðila á vinnumarkaði. Heimild er þetta að vísu og möguleikarnir áfram jafnir með hin hefðbundnu verkalýðsfélög eins og þau eru í dag eða ákveðna vinnustaðahópa eða vinnustaðafélög. Ég veit að þetta hefur verið mjög til umr. áður innan launþegahreyfingarinnar og þar farið fram mikil skoðanaskipti um það hvert heppilegasta formið væri til að ná verulegum árangri. Ég hygg að niðurstaðan hafi þó orðið sú innan launþegahreyfingarinnar almennt að a. m. k. yrði að athuga vel sinn gang áður en menn stigju út á þessa braut.

Ég tek hins vegar undir það að launþegasamtökin

sjálf eiga að verða að taka á þessum málum. Þeir aðilar sem fást við samninga eiga að taka á þessum málum, ekki loka öllum dyrum á það að breytingar geti orðið, en heldur ekki opna upp á gátt og á þann máta, að menn sjái kannske ekki alveg fyrir hvaða afleiðingar þetta geti haft varðandi einstaka vinnustaði og einstök verkalýðsfélög.

Ég lýsti því yfir við 1. umr. að ég óttaðist að þetta gæti leitt til glundroða. Ég er enn sama sinnis. Ég óttast að samtakamátturinn, sem ekki mun af veita að sé nýttur til fullnustu og vera þarf á hverjum tíma og vera þyrfti kannske enn meiri en hann er jafnvel í dag, veiktist með þessum hætti. Ég get því stutt afstöðu þá sem kemur fram í meirihlutaáliti hv. allshn., en ég geri það í trausti þess að launþegahreyfingarnar taki þessi mál upp í ljósi breyttra aðstæðna og nýrra tíma með opnum huga, með það þó að meginmarkmiði að endurskoðuð löggjöf, sem nokkur eining gæti tekist um, mun í engu skerða afl og möguleika fjöldahreyfinganna til að ná sem fyllstum árangri fyrir sína umbjóðendur og tryggi það jafnvel enn betur en nú að frekari launajöfnuði verði náð en reynst hefur unnt til þessa.

Ég kem inn á það mál sérstaklega, þá margrómuðu launa- og kjarajöfnun sem allir vilja í orði kveðnu fylgja og ég veit að allir vilja í raun og veru stefna að en vissulega hefur orðið misbrestur á, vegna þess að ég efa það mjög að þetta fyrirkomulag gæfi betri raun í þeim efnum en jafnvel er staðreyndin í dag. Reyndar kom það fram í máli hv. 1. flm. að einn megintilgangur þessa frv. væri e. t. v. sá, að ákveðnir hópar, betur settir við betri aðstæður hjá betur settum fyrirtækjum, gætu náð betri samningum, gætu öðlast betri kjör. Ekki skal ég hafa á móti því að menn geti þannig náð betri aðstöðu, betri kjörum. En afleiðingin gæti þá alveg jafnt orðið hin, sem ég óttast, að aðrir sætu þeim mun verr eftir, við enn lakari aðstæður, hjá þeim fyrirtækjum sem bæru sig enn verr og hefðu kannske sannanlega að sama skapi minni möguleika á því að launa sitt starfsfólk vel og þau fyrirtæki sem hv. 1. flm. talaði um að gætu sannanlega í dag greitt betri laun.

Ég held nefnilega að það hafi aldrei komið betur í ljós en einmitt nú á síðustu vikum og dögum jafnvel hverju eindreginn samtakamáttur ákveðinna verkalýðsfélaga getur áorkað í baráttu þeirra að ná fram betri kjörum fyrir sína umbjóðendur.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þegar hefur verið gerð skilmerkileg grein fyrir áliti meiri hl. allshn. varðandi þetta mál. Mig langaði þó til að bæta örfáum orðum við þá umr. sem þegar hefur átt sér stað. Um það er enginn ágreiningur, og það hefur komið fram hjá þeim hv. þm. sem talað hafa hér á undan mér, að auðvitað er löngu tímabært að endurskoða vinnulöggjöfina. Gegnir raunar furðu að það skuli ekki hafa verið gert. Hún hefur verið óbreytt frá árinu 1938 en á þessum tíma hefur afar margt og kannske allt breyst frá því sem þá var.

Fyrst er til að taka í sambandi við þetta mál að sú hugmynd sem þar er fram sett hefur auðvitað ýmsa kosti. En hún hefur líka galla eins og hér hefur verið bent á. Í mínum huga eru gallarnir fleiri en kostirnir. Leggur n. því til að frv. verði felld og er það raunar í samræmi við umsagnir, álit og afstöðu launþegasamtaka landsins sem fengu þetta mál til umsagnar.

Þetta frv. er, eins og hér hefur raunar verið á minnst, kannske ekki nema hálfhugsað, þetta er ekki nema hálf hugsun. Það vantar miklu ítarlegri útfærslu og raunar hef ég miklar efasemdir um að stjórnmálaflokkarnir eigi með þessum hætti að hafa afskipti af málum verkalýðsfélaganna. Það er áreiðanlega rétt að að mörgu leyti er starfsemi og skipulag verkalýðshreyfingarinnar úrelt og hefur ekki aðlagað sig þeim tímum sem við nú lifum. En ég held að breytingar og tillögur til breytinga verði að koma frá samtökunum sjálfum og eiga rætur og uppruna þar ef þær eiga að hafa einhver áhrif. Þess vegna held ég að ekki sé heppilegt að stjórnmálaflokkarnir og Alþingi hlutist til um þessi mál með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir, heldur eigi breytingar að koma frá grasrótinni, ef ég má nota það orð sem er í miklu dálæti og í hávegum haft hjá sumum um þessar mundir. Ég held að þetta gangi þvert á allt það sem menn á vondu máli kalla grasrótarhugmyndir og grasrótarstefnu. Ég bið eiginlega velvirðingar á því að nota þessi orð sem fara ákaflega illa í íslensku máli að mér finnst. (Gripið fram í.) Já, þau hafa verið notuð, en um aðra hluti. En menn hafa kosið á hinum síðari tímum að yfirfæra merkingu þess orðs og raunar tekið beint úr enskri tungu og er það heldur óheppileg orðnotkun að mínum dómi.

Stjórnmálaflokkar eiga ekki að hafa afskipti af þessum málum með þeim hætti sem hér um ræðir. Raunar hélt ég að það væri þvert á stefnu þeirra sem þetta mál flytja að hlutast til um þessi mál með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Ég hefði fellt mig miklu betur við þá málsmeðferð að málinu yrði vísað til ríkisstj. með þeim tilmælum að hún beitti sér fyrir því að aðilar vinnumarkaðarins, samtök launþega og atvinnurekenda, hæfu umr. um þessi mál og endurskoðun á vinnulöggjöfinni. Það hefði mér fundist miklu eðlilegri og heppilegri afgreiðsla. En þetta var nú samt niðurstaðan í n. Var þá m. a. horft til þeirra álitsgerða sem bárust frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ég stend að því meirihlutaáliti sem hér hefur verið lagt fram.

Fyrirkomulagið sem frv. gerir ráð fyrir hefur ýmsa kosti, eins og ég áðan gat um, eins og þetta er sett hér fram er hugsunin ekki til enda hugsuð og sennilega yrði þetta, eins og menn hafa hér að vikið, fremur til þess að veikja samtök launþega frá því sem nú er. En ég ítreka það að skipulag launþegasamtakanna þarf vissulega endurskoðunar við. Um það er enginn ágreiningur. En ég held að stjórnmálaflokkarnir, hvort sem þeir heita Bandalag jafnaðarmanna, Alþfl., Alþb., Sjálfstfl. eða Framsfl. eigi ekki að ráða þessum málum fyrir launþega. Það eiga launþegar að gera sjálfir í sínum félögum. Það er hinn rétti vettvangur breytinganna.

Frsm. minni hl. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Vegna nokkurra ummæla sem hér hafa fram komið langar mig til að taka eilítið lengur þátt í þessari umr. Hv. 11. þm. Reykv. talaði um það sem ástæðu fyrir væntanlegri hjásetu sinni í þessari atkvæðagreiðslu að það vantaði lýsingu á afleiðingum þessa frv. Ég get að vissu leyti alveg skilið það sjónarmið þó að ég sætti mig kannski ekki við það. En ef ég tengi þessa hugsun hennar við það sem fram hefur komið í máli annarra flm., a. m. k. í máli hv. 2. þm. Austurl. og hv. 5. landsk. þm., þá er í raun og veru grunntónninn í þeirri

gagnrýni sá að þetta frv. sé ekki hugsað. Ég má kannske minna hv. þm. sem þetta bera fyrir sig á að þetta frv. er ekki að koma í fyrsta sinn á borð þm. né til umfjöllunar. Það að halda því fram að það sé ekki hugsað er nokkuð sterkt til orða tekið vegna þess að það hefur líka verið skýrt margsinnis að það, að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig þetta kemur inn í skipulag verkalýðshreyfingarinnar, er einmitt það sem við flm. þessa frv. ekki viljum gera vegna þess að við erum alveg á sama máli og verkalýðsfélögin um það að þau eigi að hlutast til um sitt eigið skipulag.

Þetta mál snertir bara ekki skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Þetta mál snertir möguleika fólks, mannréttindi. Ef skipulag verkalýðsfélaganna væri endurskoðað gæti t. d. verkalýðshreyfingin ekki tekið upp þetta fyrirkomulag öðru vísi en að löggjöfinni væri breytt. Þannig að þarna er í raun og veru bara verið að opna ákveðinn möguleika sem hugsanlega kæmi til greina að nota í endurskipulagningu. Þessi möguleiki snýr einkum og sér í lagi að persónufrelsi einstaklinga. Þannig að það sem ég sé fyrir mér í grófum dráttum er nú dálítið í andstöðu við það sem hv. 5. landsk. þm. var að lýsa. Ég tel þetta einmitt auka möguleikana á grasrótarhreyfingu í verkalýðsfélögunum og ég vona að menn skilji hvað ég á þar við. Hv. þm. er nú reyndar farinn úr salnum. Ég ætlaði reyndar að upplýsa hann um það að orðið „Grassroots" í ensku er komið úr dönsku en ekki öfugt. (**Fjmrh:** Hann er löggiltur skjalaþýðandi á ensku.)

Hv. 5. landsk. þm. taldi reyndar þessi áhrif verða öfug. En ég sé það fyrir mér þannig að þetta auki möguleika fólks á því að ráða sínum málum sjálft á þeim stað sem því stendur næst. Hins vegar get ég líka séð það fyrir mér að þetta hefði þær afleiðingar, sem eiga sér hliðstæður erlendis, að nokkurs konar þverbönd myndist í verkalýðsskipanina, þ. e. a. s. að vinnustaðafélög í samskonar starfsgreinum eða líkum starfsgreinum myndi með sér sambönd sem eru þá í raun og veru skipulag þvert á það sem núna er í verkalýðsskipulagningunni.

Að öðru leyti vil ég ekki fara út í þessa umr. því hún er umr. sem á ekki að fara fram hér inni á þingi heldur í verkalýðsfélögunum sjálfum.

Hins vegar get ég heldur ekki látið hjá líða að víkja aðeins að athugasemd í umsögn ASÍ sem snertir þetta líka, þar sem gagnrýnt er að við samningu þessa einfalda, litla frv. hafi ekki verið haft samband við verkalýðssamtökin. Þetta snertir dálítið túlkun manna á hugtökum. Ég hef fyrir mitt leyti líklega rætt þetta mál við hundruð, ég þori ekki að fullyrða þúsundir, manna sem teljast verkamenn eða launafólk og það er mikill meiri hluti fólks sem sér í þessu ákveðna möguleika á gagnsemi. Þetta mál hefur líka verið rætt óformlega við menn úr verkalýðsforustu, en þar er mjög eindregin skoðun manna að þetta sé af hinu illa.

Ég nenni ekki að vera að leggja túlkun í þennan skoðanamun, en ég tel hann þó benda til þess að hér sé á ferðinni málefni sem snertir ákveðna hagsmunavörslu þeirra sem ráða í verkalýðsfélögunum. Hv. þm. Eiður Guðnason sagði að stjórnmálaflokkarnir eigi ekki að hafa afskipti af málefnum verkalýðshreyfingarinnar. Ég get tekið hjartanlega undir það og vil undirstrika það. Ég minni á að Karl Steinar Guðnason, hv. 6. landsk. þm., er í broddi verkalýðshreyfingarinnar. Um það er að ræða að Alþfl. taki afdráttarlausa afstöðu til þessarar yfirlýsingar hv. 5. landsk. þm.

Hv. 2. þm. Austurl. benti á að þetta mundi hugsanlega ekki leiða til jafnaðar í launakjörum. Það er alveg rétt. Það hefur heldur aldrei verið markmið verkalýðshreyfingarinnar að jafna launakjör. Verkalýðshreyfingin gengur út frá því sem alveg gefnu að launakjör manna í mismunandi starfsgreinum séu mismunandi. Að því leyti sé ég ekki að þetta stangist neitt á við þá launabaráttu sem átt hefur sér stað í landinu síðan lögin voru sett, heldur sé í raun og veru beint í framhaldi af henni. Ég átta mig ekki alveg á því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um hugsanleg gagnkvæm áhrif afkomu eins fyrirtækis á annað í launasamningum sem þessum. Sjaldan er mjög beint samhengi á milli fyrirtækja þannig að ef eitt fyrirtæki getur greitt góð laun að hafi það þau áhrif á annað fyrirtæki að það geti það ekki. Ég vona að þar hafi hugsanlega bara verið um misskilning hjá mér að ræða.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. talaði um að lögin um stéttarfélög og vinnudeilur væru merk löggjöf. Þau eru stórmerk löggjöf, það er alveg rétt. Ísland er reyndar eitt af fáum löndum í veröldinni sem hefur löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég þori ekki að fara með það alveg 100% en ég held nánast að Ísland sé eina landið hérna megin járntjalds sem eiginlega bindur nokkurs konar stéttaskiptingu í lögum. Þó ekki væri nema eingöngu þess vegna væri vel þess virði að Alþingi taki þessi lög upp aftur gjörsamlega til endurskoðunar án tillits til áhrifa verkalýðshreyfingarinnar á það. Lögin eru til þess gerð að auka frelsi manna til ákveðinna athafna, til að ráða þessum athöfnum sínum eða til þess að draga úr frelsi manna til athafna eða möguleikum til athafna. Löggjöf ætti öll að skoðast fyrst og fremst í ljósi þessa, ekki í ljósi þess hvar maður stendur í stjórnmálabaráttu, heldur með tilliti til þeirra áhrifa sem lögin hafa á þolandann. Hérna er sem sé um frv. að ræða um breytingu á löggjöf sem bætir við einum valkosti. Þegar hér verða greidd atkvæði á eftir bið ég menn að horfa fyrst og fremst til þess hvort þessi breyting veiki stöðu þeirra launþega sem hér er um að ræða eða ekki eða hvort hún styrki stöðu þeirra sem einstaklinga.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem ýmsir þm. hafa sagt um að tímabært sé að huga að endurskoðun á löggjöfinni um stéttarfélög og vinnudeilur, en sú löggjöf er, eins og fram hefur komið, orðin nærri hálfrar aldar gömul. Það eru ýmis ákvæði í þeim lögum sem væri ástæða til að endurskoða og endurmeta. Þar er af mörgu að taka. Ég vil aðeins geta þess að mér finnst það vera ákaflega óeðlilegt þegar teknar eru ákvarðanir t. d. af hálfu verkalýðsfélaga eða launþegafélaga um alvarlega hluti eins og verkfall að ekki sé hreinlega krafist ákveðinnar lágmarksþáttöku við slíka ákvörðun. Slíkt hefur gerst með tiltölulega lítilli þáttöku. Ég álít að þetta sé það alvarlegt mál og þýðingarmikið ekki aðeins fyrir launþegana heldur þjóðfélagið í heild að eðlilegt sé að krefjast lágmarksþátttöku, t. d. að helmingur félaga í stéttarfélagi, sem ætlaði að setja á verkfall, tæki þátt í ákvörðun um málið. Sumir hafa talað um að meira en helmingur þurfti að styðja slíka ákvörðun. Það er matsatriði hve langt á að ganga í þessu efni.

Annað er það í sambandi við samþykkt kjarasamninga og ákvarðanir um verkföll að mér fyndist alveg sjálfsagt að ef einhver óskar eftir því að fram fari leynileg atkvæðagreiðsla um slíka ákvörðun þá verði orðið við því. En það gerðist á Dagsbrúnarfundi um daginn að felld var till. um að hafa leynilega atkvæðagreiðslu um kjarasamningana. Ég skal ekkert reyna að meta það hvort þetta hefur haft einhver áhrif, en manni finnst þetta vera fornaldarlegt svo ekki sé meira sagt. Þetta er eiginlega dálítið svipað því og þegar menn greiddu atkvæði upphátt um það hvort menn styddu sýslumanninn sem var kannski í forsæti á fundinum og var sjálfur í framboði eða einhvern annan. Þannig að mér hefði fundist ástæða til þess, að þessu gefnu tilefni að setja hreinlega í lög að ef einhver óskar eftir því að atkvæðagreiðsla um kjarasamninga eða verkfallsákvörðun eða verkbann fari fram leynilega þá verði orðið við því. Svona eru ýmis fleiri ákvæði í lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur sem ástæða væri til að taka til endurmats.

Þetta frv. mundi heimila stofnun félaga sem vinna hjá sama vinnuveitanda að stofna verkalýðsfélag. Ég hef efasemdir um að það væri heppilegt. Hins vegar gefur það augaleið að það kæmi í veg fyrir vissa hluti sem hafa viðgengist í þessum málum eins og t. d. það að félagar í Sókn, Dagsbrún og BSRB, sem hafa unnið hlið við hlið nákvæmlega sömu störf, hafa fengið mismunandi há laun. Frá því sjónarmiði séð kæmi slík heimild, ef hún væri notuð, sennilega í veg fyrir að slíkt gerðist.

En það er annað sem ég óttast ef þessi skipan mála yrði tekin upp og framkvæmd. Það er að það mundi torvelda allsherjarákvarðanir um kjaramálin. Það yrði meiri mismunur hjá fólki þó að það ynni kannske sömu störf vegna þess að það hefði ólíka samninga. Ég óttast að það mundi skapa meiri togstreitu og torvelda heildarkjarasamninga sem ég álít að sé ákaflega heppilegt fyrirkomulag, en heildarkjarasamningar hafa raunar oftast verið gerðir hér eins og menn þekkja. Ég held að heildarkjarasamningar stuðli að stöðugleika í efnahagsmálum og atvinnumálum og séu allt að því nauðsynlegir, enda eru þeir við líði hjá þeim þjóðum sem lengst eru komnar í jöfnuði og kjaramálum.

Fram kemur í grg. álit ýmissa þýðingarmikilla aðila um þessi efni. Það eru yfirleitt neikvæðar umsagnir sem berast og er ástæða til að taka eftir því. Ég hef tilhneigingu til að taka undir mál hv. 5. landsk. þm., að vísa þessu máli til ríkisstj. Það gæti orðið upphaf að því að þessi mál yrðu hreinlega tekin upp. Á Alþingi kemur fram frv. til l. sem snertir vinnulöggjöfina og gerir ráð fyrir breytingum á henni og ég hefði haft tilhneigingu til þess að styðja þá skoðun hv. þm. að vísa málinu til ríkisstj. á þann veg að hún tæki það upp við aðila vinnumarkaðarins og þessir aðilar beittu sér fyrir heildarendurskoðun á vinnulöggjöfinni. Ég er alveg reiðubúinn til þess að standa að till. með hv. þm. í þessa veru. Það var nú raunar tilefni þess að ég tók til máls, en ef slík till. kemur ekki fram mun ég standa að því að greiða atkvæði á móti frv.

Frsm. minni hl. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Hv. 4. þm. Austurl. nefndi tvö atriði sem lúta að innri starfsemi verkalýðsfélaga. Ég get ekki á mér setið að minnast aðeins á þau vegna þess að ég get tekið undir annað þeirra, þ. e. að leynilegar atkvæðagreiðslur í verkalýðsfélögum ættu að sjálfsögðu að viðgangast. Annað er í raun og veru ekki mannsæmandi í dag. Hins vegar er ég algjörlega á móti því að sett verði einhver gengismörk í þátttöku í atkvæðagreiðslum innan verkalýðsfélaga frekar en gert er í alþingiskosningum. Alþingiskosningar eru ekki síður mikilvægt mál en kosningar innan verkalýðsfélaga um samningagerð. Því tel ég með öllu óverjandi að halda því fram að það þurfi að beita einhverjum sérstökum kvótareglum um þátttöku. Lýðræðisleg þátttaka fólks verður aldrei fram knúin öðruvísi en með heilbrigðum málflutningi og með því að vekja áhuga fólks á þeim málefnum sem um ræðir.

ATKVGR.

1. gr. felld með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KolJ, StB.

nei: DA, EgJ, EG, EKJ, HS, JH, LJ, ÓlJ, SkA, TÁ, VI, ÞK, AG, ÁJ, SalÞ.

1 þm. (SDK) greiddi ekki atkv.

2 þm. (KSG, RA) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Hér er um frv. að ræða þar sem lagt er til að auka möguleika einstaklinga á að ráða högum sínum og kjörum. Því segi ég já.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég er fylgjandi því að tekin verði upp heildarendurskoðun vinnulöggjafarinnar. Að mínu mati hefði verið heppilegast eins og kom fram hér áður, að slík ábending hefði verið tekin upp hér á Alþingi og beint til ríkisstj. Ég hefði heldur kosið þá málsmeðferð að vísa málinu til ríkisstj. Af þessum ástæðum er ég ekki samþykkur því nú að gera einstakar breytingar á vinnulöggjöfinni, ekki heldur þá sem hér er lagt til að gerð verði. Ég segi nei.

Frv. þar með fallið.

Sjómannalög, frv. 260. mál (þskj. 479). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Fyrstu almennu siglingalög eru frá 1913 en ári síðar voru þau endurútgefin sem lög. Þar er að finna allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögum, þau endurskoðuð og sett í sjómannalög. Núgildandi sjómannalög eru frá 1963. Þau eru að mörgu leyti unnin að fyrirmynd annarra Norðurlandaþjóða. Breyting var gerð á 18. gr. laganna með lögum nr. 49 frá 1980, þar sem aukin voru réttindi sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði.

Á síðustu tveimur áratugum hefur orðið talsverð þróun í kjaramálum sjómanna sem og annarra launþega og hafa aðrar Norðurlandaþjóðir þegar endurskoðað sín sjómannalög. Þar sem ljóst þótti að gildandi sjómannalög frá 1963 þurftu endurskoðunar við skipaði þáv. samgrh. 8. sept. 1981 nefnd til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og

slysatilfellum sjómanna, svo og líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og Vinnuveitendasambandi Íslands vegna kaupskipaútgerðar. Páll Sigurðsson dósent var skipaður formaður nefndarinnar.

Við skipun framangreindra nefndarmanna var m. a. leitast við að gæta þess að í nefndinni ættu sæti fulltrúar hinna helstu hagsmunasamtaka eða hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi. Nefndin skilaði í janúarmánuði því frv. sem hér er lagt fram.

Breytingar þær sem gert er ráð fyrir í frv. frá gildandi sjómannalögum miða fyrst og fremst í þá átt að gera mikilvæg atriði ljósari og lögin í heild aðgengilegri til notkunar en nú er, enda mikilvægt að réttarstaðan í samskiptum sjómanna og útvegsmanna sé sem skýrust. Á hitt er þó að líta, að aldrei verður með lögum mælt fyrir um allt það sem hugsanlega getur valdið ágreiningi milli sjómanna og útgerðarmanna, og hefur frv. helst að geyma ákvæði um þau svið sem reynslan hefur sýnt að raunhæft er að lögbinda. Mörg atriði er heppilegra að skera úr um í kjarasamningum milli þeirra stétta sem við sjómennsku, siglingar og sjávarútveg starfa.

Erfitt er að semja frv. sem átt getur við alla sjómenn á íslenskum skipum. Það má fullyrða að sjómannalög Íslendinga sem og annarra þjóða hafi einkennst af ákvæðum sem fremur lúta að stöðu farmanna en fiskimanna og má e. t. v. einnig finna þess merki í þessu frv., enda þótt sjónarmiða fiskimanna og fiskiskipaútgerðarinnar hafi einnig verið gætt.

Efni frv. skiptist í sex kafla. Í I. kafla eru almenn ákvæði um gildissvið laganna og skýrð eru meginhugtök sem notuð eru í frv. Auk þess er þar almennt ákvæði í 3. gr. um tilteknar skyldur allra þeirra manna sem á skipi eru staddir, án tillits til tengsla þeirra við skipið eða útgerð þess. Af I. kafla leiðir að horfið er frá þeirri skiptingu gildandi laga að þeir sem á skipi eru flokkast í venjulega skipverja, aðra skipverja og í þriðja lagi aðra sem á skipi eru. Skv. frv. gilda öll ákvæði þess um sjómenn (skipstjóra og skipverja) en skv. 5. gr. þess er með „skipverja“ átt við hvern þann sem ráðinn er á skip til skipsstarfa.

II. kafli fjallar um ráðningarsamning o. fl. Ákvæði kaflans eiga sér að nokkru leyti fyrirmynd í gildandi sjómannalögum, en eru um margt fyllri. Hann skiptist í undirkafla:

Í fyrsta lagi um samningsgerðir o. fl. sem hefur að geyma almennar reglur um skiprúmssamninga við skipverja. Ákvæði þessi eiga sér að nokkru leyti fyrirmynd í lögunum frá 1963.

Í öðru lagi um ráðningartíma. Um þetta efni er nú ákvæði í 12.—17. gr. laganna frá 1963. Í síðari hluta 2. mgr. 9. gr., sem fjallar um uppsagnarfrest á skiprúmssamningi yfirmanns, er mikilvæg breyting frá því sem er að gildandi lögum. Hafi ekki verið sérstaklega um annað samið gildir sú regla að sá sem starfað hefur sem afleysingamaður í yfirmannsstöðu í níu mánuði samfleytt hjá sama útgerðarmanni öðlast rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests eins og aðrir yfirmenn. Enn fremur er það nýmæli í 15. gr. að réttur til ókeypis heimferðar skapist þegar skip hefur ekki komið í íslenska höfn í fjóra mánuði frá því skipverji kom um borð.

Í þriðja lagi um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi. Hér eru nokkrar breytingar og nýmæli frá gildandi lögum sem fela í sér kjarabætur handa sjómönnum. Þó er byggt á sömu grundvallarreglum og í lögunum frá 1963, 35.—40. gr.

Í fjórða lagi um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi. Um þetta efni eru ákvæði í gildandi lögum. Þó er það nýmæli í síðari hluta 1. mgr. 25. gr. að sá sjómaður sem starfað hefur í 15 ár eða lengur í þjónustu sama útgerðarmanns á rétt til sérstakrar uppbótar, sem nema eins mánaðar launum, sé um yfirmann að ræða, en 15 daga launum sé um undirmann að ræða.

Í fimmta lagi um kaup skipverja. Ákvæði þess kafla svara að nokkru leyti til 18.—25. gr. núgildandi laga. Sá kafli fjallar þó bæði um ýmis almenn atriði varðandi launagreiðslur og um kaup til sjúkra eða slasaðra skipverja. Hér þykir fara betur á því að halda þessum tveimur þáttum aðskildum og er fjallað um umönnun og kaup sjúkra skipverja í II. kafla, 6.

Í sjötta lagi umönnun og kaup sjúkra skipverja. Hér er ástæða til að benda sérstaklega á 36. gr. sem fjallar um réttindi og skyldur í slysa- og veikindatilfellum sjómanna. Flestir sem um sjómannalögin fjalla telja að ákvæði þeirrar greinar um slys og veikindi séu langþýðingarmestu ákvæði sjómannalaganna. Ágreiningur hefur risið um nánast allt sem verða má í þessum efnum, enda um vandmeðfarin og viðkvæm efni að ræða. Meginmarkmið þessara ákvæða um slys og veikindi er að standa vörð um forfallakaupsrétt þeirra sem með réttu eiga tilkall til hans, jafnframt því að aðhald verði aukið á þann hátt að þessi réttur sé ekki misnotaður.

Varðandi 36. gr. þykir mér rétt að benda á að þrír nm. skiluðu sérstakri till. um orðalag þessarar greinar og er hún prentuð hér sem fskj. með frv.

Skv. gildandi lögum frá 1980 um breytingu á 18. gr. laganna frá 1963 getur forfallakaupstími lengstur orðið sjö mánuðir. Í fyrstu íslensku sjómannalögunum gat sá tími lengstur orðið sjö dagar. Skv. 36. gr. er gert ráð fyrir að þessi tími geti lengstur orðið 12 mánuðir vegna vinnuslysa en 10 mánuðir vegna annarra forfalla.

Í 7. mgr. er nýmæli er mælir fyrir um skyldu skipverja til að tilkynna um óvinnufærni sína án tafar. Í 8. mgr. mælir fyrir um skyldu þess skipverja er gerir kröfu um forfallakaup að hann staðreyni óvinnufærni sína með læknisvottorði. Það er nýmæli að lækni er skylt að tilgreina í læknisvottorði hver sé ástæða óvinnufærninnar, hvert sé nafn sjúkdómsins og hver meiðslin séu. Veigamiklar ástæður verða að liggja fyrir til þess að það verði ekki gert.

Í 9. mgr. felst mikilvægt nýmæli sem á sér fyrirmynd í norrænum lögum. Hún fjallar um þau tilvik þegar fyrir liggur að sá sem vill ráða sig á skip er haldinn einhverjum meiðslum eða sjúkdómi og miklar líkur eru á því að til forfalla komi af völdum þess sama sjúkdóms eða meiðsla. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir því að sjómaður og útgerðarmaður geti gert með sér sérstakt samkomulag, að fengnu samþykki stéttarfélags sjómannsins, þess efnis að verði sjómaður óvinnufær af þessum ástæðum þá sé útgerðarmaður undanþeginn greiðsluskyldu forfallakaups.

Loks má þess geta að í 10. mgr. er nýmæli sem gerir ráð fyrir því að samtök sjómanna og útgerðarmanna geti samið um aðra skipan mála en í greininni segir,

enda séu slík ákvæði, þegar á heildina er litið, sjómönnum ekki óhagstæðari en ákvæði greinarinnar.

Í 37. gr. er fjallað um umönnun sjúkra skipverja og ferða- og fæðiskostnað skipverja til útgerðarstaðar skips. Í 3. mgr. er nýmæli á þá leið að fari skipverji úr skiprúmi vegna veikinda eða meiðsla er útgerðarmanni skylt að greiða ferðakostnað og fæðiskostnað fyrir skipverja til útgerðarstaðar skips eða til heimilis hans hafi það eigi í för með sér aukinn kostnað.

Í sjöunda lagi andlát skipverja og greftrun. Um þetta efni eru ákvæði í gildandi lögum, en ákvæði frv. eru þó nokkuð ítarlegri.

Í áttunda lagi ráðningarsamningur skipstjóra. Um þetta efni eru ítarleg ákvæði í I. kafla núgildandi sjómannalaga, en í frv. m. a. lagt til að ákvæðin verði gerð nokkru einfaldari en er að gildandi rétti. Skipstjóri hefur að ýmsu leyti það mikla sérstöðu að rétt þykir nú sem fyrr að helga ráðningarsamningi við hann sérstakan kafla í sjómannalögum.

III. kafli frv. fjallar um skipsstörfin. Efni hans svarar í stórum dráttum til III. kafla gildandi sjómannalaga, en í frv. eru þó margvíslegar breytingar á einstökum ákvæðum, þar sem haft er mið af raunhæfum þörfum nú á tímum, auk þess sem þar er að finna nokkur önnur nýmæli. III. kaflinn skiptist í undirkafla sem fjalla um yfirmenn og stjórnun, starfstilhögun og varúðarreglur, almennar starfsskyldur, um upphaf vistar skipverja og fjarveru hans. Rétt er að vekja athygli á því að skv. 2. mgr. 59. gr. hvílir sú skylda á skipstjóra eða útgerðarmanni að veita skipverja greiðar upplýsingar um ferðir skips, eftir því sem kostur er, en skipverja er þó skylt að fylgjast með ferðum skipsins og vera reiðubúinn að taka upp sín störf.

Í fimmta lagi er kafli um bótaskyldu skipverja. Ákvæðið er samhljóða 2. mgr. 51. gr. í núgildandi lögum nema hvað áréttað er að þegar sérstaklega standi á megi fella bótaskyldu niður með öllu. Um aðra launþega hefur gilt sú regla að bætur til vinnuveitenda í slíkum tilvikum hafa numið jafngildi launa í hálfum uppsagnarfresti. Eðlilegt þykir að sjómenn sitji við sama borð og aðrir launþegar að þessu leyti. Með tilliti til þess hve ítarleg ákvæðin um ráðningarsamninga eru í frv. þykir rétt að setja slíkt ákvæði í þetta frv. til sjómannalaga.

Þá eru kaflar um viðurværi skipverja og aðbúð, haffærisskoðun, hvíldar- og matartíma, landgönguleyfi skipverja, farangur skipverja og aðrar eignir. Eru þessir kaflar mjög áþekkir því sem er í gildandi lögum.

Þá er kafli um agavald skipstjóra. Þær greinar svara að miklu leyti til ákvæða í gildandi lögum.

IV. kafli fjallar um ágreining út af starfsskyldum og réttarstöðu sjómanna.

Í 72. gr. er nýmæli sem ekki á sér hliðstæður í sjómannalögum annarra Norðurlanda. Skv. greininni er samgrh. heimilt að koma á fót föstum gerðardómi, sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra, eða um ágreining sem rís af starfi skipverja, ef báðir málsaðilar óska þess. Augljóst hagræði hlýtur að vera að því að starfandi sé fastur gerðardómur sem skipaður er hæfum, óvilhöllum og þjálfuðum mönnum. Skv. greininni greiðist kostnaður við störf gerðardómsins úr ríkissjóði. Fyrir ríkissjóð er vart um aukna greiðslubyrði að ræða frá því sem nú er, því ella færu mál þau sem skjóta mætti til gerðardóms fyrir almenna dómstóla sem kostaðir eru af almannafé. Einnig má ætla að í starfi gerðardómsins myndist meira samræmi í dómsúrlausnum en nú er. Stuðlar það að auknu réttaröryggi á þessu sviði.

V. kafli frv. fjallar um brot á lögum þessum og um refsingar. Þar er safnað saman ýmsum ákvæðum sem mæla fyrir um refsingu eða viðurlög handa skipstjóra, útgerðarmanni eða skipverjum vegna brota skv. sjómannalögum. Í kaflanum er m. a. um að ræða endurskoðuð ákvæði VI. kafla en einnig koma fram nokkur nýmæli. Sérstaklega skal tekið fram að lagt er til að ákvæði um refsivald skipstjóra, — sem fjallað er um í IV. kafla núgildandi laga, falli að mestu brott. Kaflinn skiptist í tvo undirkafla, almenn ákvæði og refsiákvæði.

Hér er um viðamikinn lagabálk að ræða sem ég geri mér fullkomlega grein fyrir að er ekki gerlegt að afgreiða á þessu þingi þar sem svo er liðið á þingið. En ég legg á það áherslu að sú n. sem fær þetta frv. til meðferðar sendi frv. þeim aðilum til umsagnar sem hún telur rétt að senda það til, svo að umsagnir geti verið unnar þegar frv. yrði lagt að nýju fyrir í upphafi næsta þings.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 66. fundur.

Miðvikudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 363 (sbr. 230), n. 468 og 486, 503). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:7 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 503 tekin aftur til 3. umr.
8.—16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 160. mál (þskj. 231, n. 469, 474 og 487, 470). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 487, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 21:9 atkv.
1. gr. samþ. með 21:9 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 470 samþ. með 23 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

12.—21. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Vörumerki, frv. 201. mál (þskj. 358). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Einkaleyfi, frv. 202. mál (þskj. 359). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 255. mál (þskj. 472, n. 501). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Nd. hefur fjallað um þetta mál. Frv. þetta er flutt í framhaldi af og í samræmi við þá yfirlýsingu ríkisstj. að hún muni beita sér fyrir úrbótum handa þeim sem verst eru settir með ákveðnum hækkunum á bótum almannatrygginga og tengist þetta þeim samningum sem hafa nýlega verið gerðir á milli aðila vinnumarkaðarins og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og BSRB.

Heilbrigðis- og trygginganefndir beggja deilda fjölluðu um málið á sameiginlegum fundi og auk þess hafa nefndir hvorrar deildar um sig fjallað um málið. Við erum öll sammála um að flýta þessu máli og sammála um að afgreiða það og mæla með því að það fái afgreiðslu sem fyrst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Framboð og kjör forseta Íslands, frv. 180. mál (þskj. 324, n. 505). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36 12. febr. 1945, 180. mál komið frá Ed. Nál. hefur verið útbýtt í Nd. á þskj. 505. Nefndin hefur athugað frv. og leggur shlj. til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 28. mars, að lokum 66. fundi.

Almannatryggingar, frv. 255. mál (þskj. 472). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 509).

Framboð og kjör forseta Íslands, frv. 180. mál (þskj. 324). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 510).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 363 (sbr. 230)). — 3. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Á þskj. 503 hef ég lagt fram brtt. við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem í er fólgið að koma nokkuð til móts við húsbyggjendur og íbúðakaupendur í skattafrádrætti. Fjh.- og viðskn. hv. Nd. hefur litið á þessa till. og fundist hún a. m. k. athygli verð, en hefur farið þess á leit við mig að ég flytji hana sem sérstakt mál og muni hún þá fjalla um till. sem slíka. Ég hef því komið til móts við n. og stjórnarflokkana með því að draga þessa till. nú til baka, en mun að sjálfsögðu leggja þetta mál fram á sérstöku þskj.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þess hefur verið óskað að umr. um þetta mál verði frestað um sinn. (**Gripið fram í:** Hver óskar þess?) Það mun hafa verið hv. þm. Þorsteinn Pálsson sem það gerði.

Umr. frestað.

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 160. mál (þskj. 508 (sbr. 231)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. frestað.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 200. mál (þskj. 357). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um ríkisábyrgð á launum, 200. máli Nd., þskj. 357. Frv. það sem hér um ræðir, um ríkisábyrgð á launum, er samið af nefnd sem skipuð var 10. des. 1981 af fyrrv. félmrh. til þess að endurskoða gildandi lög um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot nr. 31 frá 28. mars 1974. Í nefndinni áttu sæti Hólmfríður Snæbjörnsdóttir deildarstjóri í félmrn., sem var formaður nefndarinnar, Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Einar Árnason lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Gunnlaugur Claessen deildarstjóri í fjmrn. og Markús Sigurbjörnsson fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík.

Ástæðan fyrir því að ákveðið var að láta endurskoða lögin mun hafa verið sú að verulegir annmarkar höfðu komið fram á fyrirmælum gildandi laga um formlega meðferð greiðslukrafna á hendur ríkissjóði, auk þess sem í lögunum eru mörg ákvæði sem orðið höfðu tilefni til ágreinings um skýringu. Ég er sammála háv. félmrh. um annmarka laganna að þessu leyti og tel að það frv. sem nú liggur fyrir um þetta efni samræmist betur meginreglum réttarfars og réttarreglum um gjaldþrot en núgildandi lög gera og geri auk þess rétt þeirra launþega, sem eiga inni laun hjá gjaldþrota fyrirtækjum, gleggri, þannig að síður komi til ágreinings um til hverra krafna ábyrgð ríkissjóðs nái.

Helstu breytingar, sem frv. ráðgerir frá gildandi lögum nr. 31 frá 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, eru:

Í fyrsta lagi eru í III. kafla frv. reglur um meðferð greiðslukröfu á hendur ríkissjóði, en fyrirmæli þar um eru ekki ítarleg í gildandi lögum. Reglur þessar miða að því að hraða málsmeðferð og gera hana einfaldari í framkvæmd, auk þess að þær samræma hana betur skiptameðferð bús en núgildandi lög gera. Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 7. gr. frv., en þar er að finna upptalningu á þeim upplýsingum og gögnum sem launþegi þarf að láta fylgja kröfu sinni til rn. Þá er í 8. gr. tilgreint hverra upplýsinga rn. þurfi að afla frá skiptaráðanda um kröfu. Í 9. gr. er sérregla um gagnaöflun launþega og rn. í þeim tilvikum sem innköllun er ekki gefin út um skiptameðferð í búi vinnuveitanda. Í 11. gr. eru fyrirmæli um ákvarðanatöku í rn. um það hvort kröfu skuli greiða úr ríkissjóði og jafnframt fyrirmæli um hvernig leysa skuli úr ágreiningi um hvort krafa njóti ríkisábyrgðar. Loks eru í 13. gr. fyrirmæli um tilkynningar o. fl. varðandi yfirtöku ríkissjóðs á kröfum.

Í öðru lagi nær ríkisábyrgð skv. 1. gr. frv. til kröfu launþega á hendur skuldafrágöngubúi látins vinnuveitanda, auk þess að ná til kröfu á hendur gjaldþrota vinnuveitanda eins og núgildandi lög mæla fyrir um. Skv. b-lið 4. gr. frv. er fjölgað þeim aðilum sem krafið geta ríkissjóð um dánarbótakröfu á hendur vinnuveitanda. Í b-lið 5. gr. frv. eru fyrirmæli um 5% hámarkshlutafjáreign sem launþegi má eiga í gjaldþrota hlutafélagi til þess að hann njóti ríkisábyrgðar á kröfum sínum. Núgildandi reglugerðarákvæði þar að lútandi er 2%. Í 8. gr. 2. mgr. er heimild til þess að taka greiðslukröfu á hendur ríkissjóði til afgreiðslu fyrr en núgildandi lög mæla fyrir. Í 2. mgr. 11. gr. frv. er heimild til veitingar gjafsóknarleyfis til handa launþega í ágreiningsmálum um hvort ríkisábyrgð fylgi kröfum.

Í þriðja lagi gerir frv. í b-lið 4. gr. ráð fyrir að ríkisábyrgð nái ekki til orlofsfjárkrafna eins og núgildandi lög gera ráð fyrir nema í þeim tilvikum sem launþeginn fer sjálfur með fyrirsvar fyrir kröfum sínum. En eins og allir vita sér Póstgíróstofan um þessar greiðslur og ber ábyrgð á því að launþeginn fái greiðsluna í hendur. Í a-lið 4. gr. er sett hámark á það tímabil sem launþegi getur fengið greiðslu launakröfu úr ríkissjóði fyrir. Það ákvæði kemur í staðinn fyrir ákvæði 5. mgr. 2. gr. núgildandi laga sem reynst hafa mjög óljós og torveld að fylgja í framkvæmd. Þá vil ég taka fram að í 3. gr. frv. eru skilgreind grundvallarhugtök varðandi framkvæmd laganna sem nær með öllu vantar í núgildandi lög. Á ég þar við hugtökin vinnulaun og launþegi.

Að lokum vil ég geta þess að af hálfu ASÍ hefur verið óskað eftir að launatengd gjöld yrðu látin falla innan ríkisábyrgðar, einkum iðgjöld til lífeyrissjóða, sjúkra- og orlofssjóða. En með því að núgildandi lög hafa verið túlkuð á þá leið að þau gjöld njóti ekki ríkisábyrgðar og eina dómsúrlausnin sem gengið hefur um það atriði byggir á þeirri túlkun hefur ekki þótt fært að verða við þeirri beiðni. Í því sambandi hefur verið höfð hliðsjón af því réttarfarshagræði sem lífeyrissjóðir njóta lögum samkvæmt við innheimtu iðgjalda og því að megintilgangur laganna sé sá að tryggja launþega gegn fjárhagslegum skakkaföllum en ekki aðra aðila. Að öðru leyti vísa ég til skýringa í athugasemdum með hinum ýmsu greinum frv. sem fylgja með frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég vil að lokinni þessari umr. mælast til þess að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. gat um á þetta frv. sér nokkurn aðdraganda. Tilgangurinn með endurskoðun laganna var fyrst og fremst sá að sníða af gildandi lögum tæknilega vankanta og skýra einstök ákvæði laganna þannig að þau yrðu einfaldari í framkvæmd og ekki eins flókin úrlausnarefni og þau hafa reynst. Þegar slík endurskoðun fer fram vakna hins vegar ýmsar efnislegar spurningar um lögin að öðru leyti úr því að þau eru tekin upp hvort það er.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að koma á framfæri af minni hálfu fáeinum athugasemdum við frv. eins og það liggur hér fyrir og þá jafnframt við lögin eins og þau eru nú. Ég vil áður en ég kem að þeim athugasemdum undirstrika það að svona málum verður að ráða til lykta í mjög góðu samstarfi við verkalýðssamtökin. Þetta er mál sem upphaflega var til orðið fyrir kröfugerð samtaka launafólks eða Alþýðusambands Íslands árið 1971 og 1972 — ég trúi að Björn Jónsson hafi verið félmrh. þegar þessi lög voru sett á sínum tíma. Hér var um að ræða mikilvægt réttindamál launafólks og verkalýðshreyfingarinnar, en verkamenn og aðrir launamenn höfðu oft orðið að sæta því að missa algjörlega sín laun við gjaldþrot fyrirtækja og vera þannig gjörsamlega réttlausir.

Ekki hefur verið vegið að þessum lögum síðan. Þau hafa í raun og veru verið talin eðlileg, sanngjörn og sjálfsögð. Þó var gerð tilraun til þess á síðasta þingi að gagnrýna þessi lög mjög harðlega og draga forsendur

þeirra í efa í málflutningi hv. þm. Halldórs Blöndals sem veittist mjög harkalega að framkvæmd þessara laga, taldi að hún hefði í rauninni verið undir flokkspólitísku yfirskini eingöngu af hálfu þeirra sem þá fóru með stjórn mála í félmrn. En ég held að orð hans í þessu tilviki hafi í raun og veru dæmt sig sjálf bæði dauð og ómerk og sé í sjálfu sér þarflaust að fara um þau neinum orðum hér, nema að benda á að þrátt fyrir að hæstv. ríkisstj., sem nýtur stuðnings Framsfl. og Sjálfstfl., flytji frv. af þessum toga er bersýnilega ekki tekið neitt mark á þeirri gagnrýni sem hv. þm. Halldór Blöndal viðhafði um ríkisábyrgð á launum á síðasta þingi.

Meginatriðið, herra forseti, sem ég vil gera athugasemd við í sambandi við þetta frv. er við 4. gr., staflið b. Í 4. gr. er kveðið á um það til hvaða krafna ábyrgð ríkissjóðs tekur að því er varðar kröfur launafólks í bú atvinnurekenda. Í 4. gr. eru taldir upp fimm eða sex kröfuflokkar. Annar aðalkröfuflokkurinn varðar orlofsfé, eða eins og þar stendur, með leyfi forseta:

„Kröfu um orlofsfé, sem fallið hefur til vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti, sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra, sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búið."

Hæstv. félmrh. gat þess að í frv. væri ekki komið til móts við það sjónarmið að launatengd gjöld ættu einnig að fylgja forgangskröfu um vinnulaun. Ég get út af fyrir sig tekið undir það sjónarmið að launatengd gjöld eigi ekki í öllum tilvikum að fylgja slíkri kröfu og fylgja ábyrgð ríkissjóðs þegar um slíka kröfu í gjaldþrotabú er að ræða. En ég tel hins vegar óeðlilegt að undanskilja þarna lífeyris- og sjúkrasjóðina. Lífeyris- og sjúkrasjóðirnir eru eign launafólks og mjög stór hluti af réttindum verkafólks. Ég vil benda hæstv. félmrh. á það að sjúkrasjóðirnir eru ekki mjög þungir í þessu efni að því er varðar útgjöld og mundu mjög litlu breyta varðandi útgjöld efnislega fyrir ríkissjóð, en mundu hins vegar skipta mjög miklu fyrir það fólk sem á réttindi í sjúkrasjóðunum. Ef menn missa úr greiðslu í sjúkrasjóðina um skeið getur það þýtt stórfelldan réttindamissi við veikindi og vinnuslys hjá verkafólki. Ég vil fara þess á leit við hæstv. félmrh. að hann íhugi það mjög alvarlega hvort ekki er sjálfsagt og eðlilegt að bæta sjúkrasjóðunum við þessa kröfu um ábyrgð ríkissjóðs.

Annað atriði sem ég held að eigi líka að taka þarna inn og ég vil biðja hæstv. ráðh. að hugleiða mjög vandlega, það eru lífeyrissjóðirnir. Segja má sem svo að óeðlilegt væri að taka þarna inn bæði hlutdeild atvinnurekanda og launamanns, þ. e. bæði fjögur prósentin og sex prósentin. Mér fyndist hins vegar koma til greina að taka bara fjögur prósentin, þ. e. hlut launamannsins, enda er það óumdeildur hluti launa. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að verkafólk eigi lífeyrissjóðina og þar með sex prósentin í raun og veru líka vegna þess að menn hafi gefið eftir sem því svarar af sínu kaupi. En engu að síður teldi ég koma til greina og ég vil fara þess á leit við hæstv. félmrh. að hann skoði fjögur prósentin alveg sérstaklega.

Ef bæði lífeyrissjóðirnir og sjúkrasjóðirnir falla út getur fylgt þessu óskapleg réttindaskerðing fyrir verkafólk sem verður fyrir því að missa laun hjá gjaldþrota fyrirtæki. Ég held að hérna sé ekki um stórkostlega fjármuni að ræða fyrir ríkissjóð en hins vegar stórt réttindamál fyrir þá launamenn sem vinna hjá slíkum fyrirtækjum.

Þetta er meginatriðið, herra forseti, sem ég vil gera athugasemd við í sambandi við þetta frv. og ég veit að hæstv. ráðh. kannast við þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram.

Það er rétt sem hæstv. ráðh. tók fram í sambandi við launatengdu gjöldin, að dómstólar hafa hrundið kröfum um þau. Þess vegna er í raun og veru alveg nauðsynlegt að tekin verði afstaða til þess í þinginu hvort launatengdu gjöldin, þ. e. sjúkra- og lífeyrissjóðirnir verða látnir fylgja forgangskröfu í gjaldþrotabú. Ég vil fyrir mitt leyti segja það að ég teldi ekki eðlilegt að afgreiða þetta frv. frá hv. Alþingi án þess að á það verði látið reyna hvort Alþingi vill taka þessa sjóði með þegar fyrirtæki kemur til gjaldþrotaskipta.

Ég vil því af minni hálfu boða brtt. við frv. En ég verð að sjálfsögðu að vona — sem er aðalatriðið — að menn fallist á að skoða þetta sjónarmið sem ég hef hér rakið þannig að um það geti orðið samstaða, enda held ég að það eigi að geta orðið ef allrar sanngirni er gætt.

Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir því að ríkisábyrgðin nái 18 mánuði aftur í tímann með samspili annars vegar þessara laga um ríkisábyrgð á launum og hins vegar gömlu skiptalaganna frá 1878. Í inngangi 4. gr. er vísað til 84. gr. gömlu skiptalaganna nr. 3/1878, sem var breytt á þinginu um 100 árum síðar, 1978. Ég spyr hæstv. ráðh.: Er endilega nauðsynlegt að setja þessi tímatakmörk á kröfur? Er ekki hugsanlegt að þessi tímatakmörk verði felld niður þannig að hér verði ekki til tekið hversu langt aftur í tímann ríkisábyrgðin nær eða þá að þessi tími verði lengdur? Ég held að aldrei hafi reynt á þetta atriði fyrir dómstólum eða í kröfum um laun frá gjaldþrotabúi og þess vegna sé í raun og veru óþarfi að hafa þetta, en í örfáum tilvikum hefur komið fyrir að þetta hefur verið erfitt mál, fyrst og fremst vegna þess að, eins og menn þekkja, tekur langan tíma að fá fram gjaldþrot og ganga frá þeim. Það getur því verið á tæpasta vaði með launakröfuna þegar gjaldþrotið loksins hefur verið viðurkennt og það liggur fyrir.

Varðandi önnur atriði þessa frv. vil ég vísa til 5. gr. þess, þ. e. stafliða a og b, en þar segir: „Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafið ríkissjóð um greiðslu krafna skv. a-, b- og c-liðum 4. gr." Það eru í fyrsta lagi þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrotafélags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla og í öðru lagi þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi. Í núgildandi lögum mun þetta vera 2% minnir mig. Mér finnst álitamál hvort þessi takmörkun á að vera í lögunum vegna þess að það er mjög algengt og færist í vöxt að starfsmenn kaupi hlut í félögum. Með fyrirkomulagi af þessum toga er hugsanlegt að kannske vel flestir starfsmenn ákveðins fyrirtækis útilokist við gjaldþrotaskipti og ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Þannig að mér finnst koma til álita — og ég tek fram að þetta eru mín persónuleg viðhorf — að þetta ákvæði verði endurskoðað eða jafnvel alveg fellt niður.

Ég vil einnig taka fram að ég felli mig ekki við orðalagið „launþegi" og „vinnuveitandi". Ég minni á að löggjafinn hefur vikið frá þessari orðalagsnotkun á síðari árum með lögunum um starfsskilyrði launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í því frv. var um að ræða endurskoðun á gömlum lögum þar sem jafnan

voru notuð orðin „launþegi“ og „vinnuveitandi“. Ég teldi að það færi betur á því að halda áfram þeirri stefnumörkun sem þar var ákveðin með því að nota að jafnaði í svona lögum orðin „launafólk“ og atvinnurekandi“ frekar en orðin „launþegi“ og „vinnuveitandi“.

Í grg. frv. er fjallað um það hvernig innheimtu er háttað á orlofsfé og ábyrgð ríkissjóðs í þeim efnum í samræmi við lög nr. 202/1979. Í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skv. b-lið 4. gr. nær ríkisábyrgð til orlofsfjárkrafna, sem til komnar eru vegna launa launþega síðustu tólf starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda. Starfsmánuðir þessir þurfa að falla innan þeirra tímamarka, að forgangsréttur fylgi kröfunni skv. lögum nr. 3/1878. Tekið skal fram, að með frv. er ráðgert að einungis launþegi sjálfur geti gert kröfur skv. því. Hafi launþegi fengið greidda orlofsfjárkröfu á hendur vinnuveitanda hjá Póstgíróstofunni, án þess að vinnuveitandi hafi staðið skil á fénu til hennar, með stoð í reglugerðum nr. 150/1972 og nr. 202/1979, á Póstgíróstofan ekki tilkall til greiðslu úr ríkissjóði.“

Eins og þarna kemur fram er hér um að ræða vissa ábyrgð ríkissjóðs sem Póstgíróstofan hefur orðið að kosta af sínum fjármunum. Stoðin á bak við þetta er í reglugerðum. Ég vil benda hæstv. félmrh. á það — og hann hefur sjálfsagt rekist á það í sínu starfi líka — að komið hefur fram ágreiningur í þessum efnum við ríkissjóð. Þannig að ríkissjóður hefur í ákveðnum tilvikum neitað að greiða þessar kröfur sem Póstgíróstofan hefur gert á ríkissjóð. Af þeim ástæðum lágu vegna ágreinings þó nokkrar upphæðir á milli ríkissjóðs og Póstgíróstofunnar um nokkurra ára skeið þegar um var að ræða orlofsfjárkröfu í gjaldþrotabú. Ég vil fara þess á leit við hæstv. félmrh. að hann kynni sér þetta mál vegna þess að mér finnst koma til greina að það sé afdráttarlaust orðað að ábyrgð ríkissjóðs sé á bak við þessar greiðslur Póstgíróstofunnar því að óeðlilegt er að Póstgíróstofan fari að liggja með stórfellda fjármuni til þess að standa undir þessum kröfum þegar þær falla til.

Síðasta atriðið, herra forseti, sem ég ætlaði að gera athugasemd við er í sambandi við tekjuskilgreininguna. Þar er um að ræða nokkra breytingu frá því sem er í gildandi lögum. Ég held að í gildandi lögum sé miðað við þriggja mánaða lágmarkstekjur. En í 1. mgr. 3. gr. frv. er þetta orðað öðruvísi og miðað við nokkuð annan tíma. Í 3. gr. segir, með leyfi forseta:

„Með hugtakinu vinnulaun er í lögum þessum átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda, sem stoð á í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila, er rýmri rétt veitir launþega. Til vinnulauna teljast skv. lögum þessum hvorki greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir við útborgun launa, né greiðslur, sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð, og vinnuveitanda ber að lögum eða skv. kjarasamningi að standa skil á til þriðja manns.“

Hér er um að ræða almennu skilgreininguna á þessu og nánar er farið út í hana í grg. þar sem segir:

„Skv. a-lið 4. gr. getur launþegi í mesta lagi krafist greiðslu úr ríkissjóði á ógreiddum launum vegna sex síðustu starfsmánaða sinna hjá vinnuveitanda, og verður sex mánaða tímabil þetta að falla innan þeirra tímamarka, sem forgangsréttur helst á vinnulaunakröfu, en skv. 84. gr. laga nr. 3/1878 með áorðnum breytingum nær forgangsréttur til launa, sem falla í gjalddaga síðustu átján mánuði fyrir upphaf skipta.“

Heimild þessi um hámarksgreiðslu er talsvert rýmri en mælt er fyrir um í 5. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Ég held að það sé til bóta að rýmka þetta frá því sem verið hefur, en það er aðeins spurning hvort ekki er ástæða til þess, úr því að menn eru á annað borð að endurskoða þessi lög, að rýmka þennan rétt enn frekar.

Nú hefur nýlega verið stofnað embætti ríkislögmanns ef ég hef tekið rétt eftir skv. fréttum í blöðum síðustu daga. Ég vil að lokum spyrja hæstv. félmrh. hvort það er ætlunin að ríkislögmaður, sem er undirmaður fjmrh. trúi ég, fari með þessi mál framvegis þannig að þau verði flutt út úr félmrn.

Þær athugasemdir sem ég gerði eru tæknilegs eðlis og ég tel að þær eigi ekki síður rétt á sér í umr. af þessum toga en almennar pólitískar athugasemdir. Ég legg á það áherslu að um þetta mál þarf að verða sem allra best samkomulag svo sem verið hefur á liðnum árum og að sjálfsögðu verður að leita til verkalýðssamtakanna með umsagnir. En meginmálið er — og ég endurtek — í mínum huga að sú breyting náist fram að lífeyris- og sjúkrasjóðsiðgjöldin verði tekin með í þeim forgangskröfum sem flokkaðar eru í 4. gr. þessa frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð við þessa fyrstu umr. Ég vil mjög taka undir það sem síðasti hv. ræðumaður kom inn á og ég tel alveg nauðsynlegt að bæði lífeyrissjóðsiðgjöld og sjúkra- og orlofssjóðsiðgjöld komi inn þarna á sama hátt og önnur laun. Einnig tek ég undir það í sambandi við orlofsgreiðslurnar að þar þarf að taka af öll tvímæli í sambandi við Póstgíróstofuna, en ég vil bæta því við að ég vildi gjarnan heyra viðhorf hæstv. félmrh. til þess. Alþýðusamband Vestfjarða, vinnuveitendur á Vestfjörðum og peningastofnanir þar gerðu t. d. með sér samkomulag um inngreiðslu og ávöxtun orlofsfjár á því svæði árið 1982 og það samkomulag er í fullu gildi enn. Þannig fara inngreiðslur orlofsfjár af því svæði ekki til Póstgíróstofu. Þær eru ávaxtaðar skv. sérstöku samkomulagi á heimaslóð við peningastofnanir á viðkomandi svæðum og er — að því ég best veit og hef ég fyrir mér lögfræðiálit um það efni — það samkomulag í fullu samræmi við gildandi lög og reglur um greiðslu orlofsfjár og ávöxtun þess.

Þær greiðslur njóta hins vegar ekki ríkisábyrgðar sem borgaðar eru inn sem orlofsfjárgreiðslur í peningastofnunum á Vestfjörðum. Ég veit ekki betur en að komið hafi verið á framfæri við endurskoðunarnefndina þeirri ósk ASÍ að þetta yrði tekið inn líka. Ég vildi spyrja hæstv. félmrh. um það hvort slík ósk hefur ekki komið frá ASÍ um að ríkisábyrgð á orlofsfé nái líka til staða eins og Vestfjarða sem gert hafa sérstakt samkomulag af þessu tagi. Ég tel a. m. k. að ekki verði vikist undan því að sömu reglur gildi um það fjármagn sem borgað er inn með samkomulagi sem gert var á Vestfjörðum og er í fullu samræmi við lög og reglugerð um orlofsgreiðslur og ávöxtun þess fjár og ekkert verði undan því vikist að ríkisábyrgð taki alveg ótvírætt til þess líka. Án þess að ég ætli að vera með neinar málalengingar hér um vildi ég gjarnan heyra hvort hæstv. félmrh. er ekki sammála mér í því að slíkt þurfi að gerast. Verði það ekki tekið til greina — en ég vænti þess að sú nefnd, sem málið fær til

umfjöllunar, skoði það gaumgæfilega og komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé svo sjálfsagt mál sem verða má — hljóta að verða fluttar um það brtt. við afgreiðslu þessa máls á síðari stigum. En ég ítreka það að ég tek mjög undir það að þetta þarf líka að ná til greiðslna í lífeyrissjóði og sjúkra- og orlofssjóði stéttarfélaga. Og enda þótt orlofsfé sé ekki borgað inn í póstgírókerfi er nauðsynlegt að skipan mála verði þar á sama hátt og verið hefur í sambandi við póstgírógreiðslurnar. Ég tek hins vegar undir það líka með hv. þm. Svavari Gestssyni að taka þarf af tvímæli og ganga betur frá þeim þætti sem að Póstgíróstofunni snýr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir áhuga þeirra á þessu máli. Þetta er mál sem þarf að leysa í góðu samkomulagi. Hér er um að ræða mikilvægt réttindamál sem ég vona að sem flestir skilji að væri nauðsyn að ná fram án mikils ágreinings. Ég vil segja það í upphafi í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Reykv. að eins og fram kom í minni framsögu hef ég tiltölulega litlu breytt frá því sem sú nefnd sem skipuð var 1981 hafði lagt til. Það var aðeins um að ræða fínpússningu á frv. sem gerð var áður en það var lagt fram nú.

Hlutverk þeirrar nefndar var að endurskoða lög um ríkisábyrgð á launum og að semja frv. sem leiða mundi til greiðari og öruggari meðferðar á kröfugreiðslum skv. lögunum og tæki af vafa um umfang ríkisábyrgðarinnar. Þetta var meginefnið. Nefndinni var ekki ætlað að gera efnislegar breytingar á umfangi ríkisábyrgðarinnar, hvorki til rýmkunar né þrengingar. Það er ekki heldur gert í þessu frv. nema að því er varðar orlofsfé í þeim tilfellum sem Póstgíróstofan hefur lagt það út.

Í sambandi við það mál vil ég vegna fsp. hv. 3. þm. Vestf. segja að ég hef ekki fengið í mínar hendur sérstakt bréf frá ASÍ um þetta mál. Hins vegar fól ég sérstakri nefnd, sem er að störfum, að gera ítarlega úttekt á þessu ákvæði í sambandi við orlofslögin, hvort ætti að víkka þau þannig út að hinar ýmsu viðurkenndu peningastofnanir gætu tekið við þessu hlutverki hver á sínu svæði. Þessi nefnd er nú á lokastigi síns starfs og ég á von á því að núna næstu daga fái ég álit hennar um meðferð þessa máls. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að ræða það sérstaklega nú, það verður að koma í ljós hvernig niðurstaðan verður í þeirri athugun. Þetta var mikil vinna og nefndin hefur lagt sig fram um að reyna að fá nægjanlega glöggar heimildir fyrir því hvernig væri hægt að framkvæma þetta miðað við það sem þegar liggur fyrir og miðað við gildandi lög.

Það er alveg rétt að vafi þótti leika á því hvort iðgjöld til lífeyrissjóða nytu ríkisábyrgðar. En 29. okt. 1981 var úr því skorið með úrskurði Skiptaréttar Reykjavíkur í málinu Lífeyrissjóður byggingarmanna gegn félmrh. Niðurstaða þess máls var sú að ríkisábyrgð næði ekki til iðgjalda til lífeyrissjóðsins, hvorki iðgjaldahluta launþega né atvinnurekanda. Af hálfu lífeyrissjóðsins var úrskurðurinn ekki kærður til Hæstaréttar og verð ég að segja það sem mína skoðun að það var mjög slæmt því að auðvitað þarf að fá hæstaréttarúrskurð í sem flestum greinum um svona mikilvæg mál svo að það liggi fyrir sem staðreynd og verði hægt að miða breytingu laga í samræmi við það. Skv. meginreglum laganna er því rn. bundið af framangreindri dómsúrlausn. Það er því ekki rétt sem segir í þeirri gagnrýni sem aðeins hefur komið fram frá Sambandi ísl. lífeyrissjóða að frv., sem hér liggur fyrir, þrengi ríkisábyrgð á iðgjöldum til lífeyrissjóða miðað við núgildandi lagaákvæði.

Ég vil segja að öðru leyti í sambandi við þá gagnrýni sem hér hefur komið fram eða ábendingar að ég tel að þetta þurfi að ræða vel og vandlega í hv. n. og mikilvægt að hv. þm. átti sig á því hvort ástæða er til að ganga lengra en hér er gert. En ég vil endurtaka: Þetta var eingöngu endurskoðun sem miðar að því að gera málið greiðara og öruggara í meðferð á kröfum um þessi mál.

Ég held að ég hafi ekki meira um þetta að segja. En ég hef áhuga á því að þetta mál fái góða þinglega meðferð og athugað verði vel og vandlega hvort ganga á lengra en hér er lagt til.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera hér að umræðuefni störf þeirrar nefndar sem er að störfum. Það er í raun og veru ekki alveg tengt þessu máli. Í þessu er spurningin, sýnist mér, hvort það sama á að gilda í sambandi við orlofsfé fyrir þá orlofsþega sem hafa náð hagstæðri ávöxtun á orlofsfé með sérstöku samkomulagi, sem gert er innan þeirra laga og reglna sem í gildi eru um orlofsfé, hvort þeir aðilar eiga að njóta ríkisábyrgðar eins og aðrir sem greiða í gegnum póstgíró. (Gripið fram í.) Hvað segir hæstv. ráðh? (Gripið fram í.) Þýðir það, hæstv. ráðh., svo maður einfaldi málið, að orlofsþegar á Vestfjörðum, sem fá greitt orlofsfé inn í bankaútibú og sparisjóði á því svæði, njóti skv. þessu frv. ríkisábyrgðar á því? Nú spyr ég beint. Mér sýnist það ekki ótvírætt að svo sé og þess vegna spyr ég og vildi gjarnan fá svar hæstv. ráðh., því að ef það felst að hans áliti í þessu frv. er ástæðulaust að ræða það frekar hér. Þá er málið leyst. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. kallaði bara til mín svarið. (**Félmrh.:** Ég er ekki úrskurðaraðili í þessu.) Hvað sýnist hæstv. ráðh.? (**Félmrh.:** Ef ég má endurtaka hér sem svar til ræðumanns: Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir — í b-lið 4. gr. — .... að ríkisábyrgð nái ekki til orlofsfjár manna eins og núgildandi lög gera ráð fyrir, nema í þeim tilvikum sem launþeginn fer sjálfur með fyrirsvar fyrir kröfum sínum.) — Þetta fullnægir ekki því sem ég er að tala um að mínu áliti. Að vísu skal ég taka fram að ég er ekki lögfróður. (**ÓRG:** Heldurðu að þetta langa svar hafi komist inn í þingtíðindin?) Nei, við fáum það þá í síðari umr. (**Félmrh.:** Það er komið í þingtíðindin.) En ég stend í þeirri meiningu að þetta frv. leysi ekki þennan þátt. Það sé ekki í þessu frv. gert ráð fyrir því að á orlofsfé, sem greitt er skv. Vestfjarðasamkomulaginu t. d. í útibú bankanna og sparisjóði víðs vegar á því svæði, sé ríkisábyrgð. Ég tel nauðsynlegt að fá úr því skorið alveg ótvírætt. Ef það er skoðun hæstv. ráðh. að það sé tryggt með þessu frv. þá fagna ég því, en ég dreg mjög í efa að svo sé. En auðvitað fer þetta til skoðunar hjá hv. n. og þá mun ég a. m. k. beina þeim tilmælum til n. sem þetta mál fær til umfjöllunar að hún gangi úr skugga um það alveg ótvírætt hvort hægt er að líta svo á að frv. sem hér um ræðir innifeli þessa tryggingu gagnvart þessum launþegum eins og öðrum.

Ég ítreka líka að ég tel nauðsynlegt að lífeyrissjóðsgreiðslurnar og sjúkra- og orlofssjóðsgreiðslurnar verði sérstaklega athugaðar í tengslum við þetta. Ég vil ekkert um það fyllyrða, en ég harma það ef hvorki sú endurskoðunarnefnd sem starfið vann né hæstv. ráðh.

hefur fengið umsögn eða tillögur Alþýðusambandsins í þessu máli. Um þetta var fjallað innan miðstjórnar ASÍ og ég vissi ekki betur en að það ætti að fara til réttra aðila. Hafi svo ekki verið þá harma ég það, en það mun verða eftir því gengið að það komi þá á síðari stigum til nefndarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orka fallvatna og nýting hennar, frv. 190. mál (þskj. 341). — 1. umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923, en það er 190. mál á þessu þingi. Flm. að þessu frv. eru ásamt mér alþm. Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir og Sighvatur Björgvinsson.

Með frv. þessu er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt að orku fallvatna landsins og nýtingu hennar. Er kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frv. Meginundantekningin kveður á um að réttur landeigenda haldist til virkjunar allt að 200 kw. Þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni halda þeim rétti að sjálfsögðu svo og þeir sem hafa hafið framkvæmdir við slíkt verk. Loks er þeim, sem virkjunarheimildir hafa, veittur 10 ára aðlögunarfrestur til þess að nýta sér þær heimildir. Í frv. er enn fremur kveðið á um að ráðh. geti veitt leyfi til þess að virkja fallvötn með þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurspjalla, sem leiða af virkjunarframkvæmdum. Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs.

Frv. þetta er afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var á sínum tíma af iðnrn., raunar í apríl 1979, og verkefni hennar var að semja „tillögur að frv. til l. um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign". Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar þann 1. september 1978, en sú stjórn var studd af Alþb., Alþfl. og Framsfl. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni sem frv. mótaði ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dags. 22. sept. 1981 og fylgir það með sem fskj. á eftir grg. Þar segir m. a.:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frv. til l. um orku fallvatna og nýtingu hennar"."

Og nokkru síðar segir í sama bréfi:

„Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hlutans. Hann skilar séráliti, sem einnig fylgir bréfi þessu, þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frv.-till.".

Nál. minni hl., Páls Pétursonar alþm., og lögfræðilegt álit er því fylgdi er birt sem fskj. með þessu frv., en álit meiri hl. fylgir á eftir í heild sem grg. með frv. sem nefndin samdi, svo og aths. við einstakar greinar.

Gengið hefur verið úr skugga um að núv. ríkisstj. hyggst ekki taka þetta mál upp með þeim hætti sem gert er í þessu frv. Flm. taka hins vegar undir þá stefnu að sem mest af náttúruauðlindum landsins beri að lýsa sameign þjóðarinnar, þar á meðal réttinn til virkjunar fallvatna, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. gr. frv. Því er mál þetta nú flutt á Alþingi til að láta reyna á hvort ekki sé vilji til að lögfesta ákvæði frv., e. t. v. með einhverjum breytingum á einstökum ákvæðum þess í meðferð þingsins.

Virkjunarmálefni hafa verið til umr. á síðustu árum meira en oft áður, þ. á m. málefni Blönduvirkjunar, og sú umræða sem að undanförnu hefur farið fram um virkjunarrétt vegna þeirrar virkjunar varpar skýru ljósi á það mál sem hér er til umr., þó svo að frv. þetta breyti ekki því sem þar hefur verið um samið við heimamenn, en sumt af því er óútkljáð og gert ráð fyrir að leitað verði dómstóla um niðurstöður.

Í vatnalögum nr. 15/1923 er kveðið á um vissar nýtingarheimildir landeigenda á virkjunarréttindum, svo og annarra sem heimildir hafa á þeim tekið. Þar segir í 2. gr.:

„Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er á þann hátt er lög þessi heimila".

Og í 1. tölul. 49. gr. segir:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota skv. III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi".

Samkvæmt framansögðu hafa nýtingarheimildir á virkjunarréttindum fallvatna fylgt landareignum, sem þau liggja á, frá árinu 1923 að telja, er vatnalögin voru sett. Með frv. þessu takmarkast þó virkjunarréttindi skv. 7. gr. við 200 kw., sem samsvarar þeirri orku sem nægir til heimilis- og búsþarfa. Ráðh. er heimilt að ráðstafa því, sem umfram er, bótalaust, þó þannig að allt annað tjón sem leiðir af virkjunarframkvæmdum verði bætt.

Sú spurning hlýtur að vakna hér hvort slík tilhögun brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarnám. Í lögum hér og í öðrum löndum með sambærilegt stjórnarkerfi hefur alltaf verið talið að vissar takmarkanir á eignarréttindum einstaklinga væru heimilar án þess að um eignarnám sé að ræða. Vitna má í þessu sambandi til Ólafs Lárussonar prófessors (Eignarréttur, bls. 34—35) sem hefur haft mikil áhrif á íslenska löggjöf, en þar segir m. a.:

„[Ljóst er að ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar] var ætlað að veita eignarréttinum víðtæka vernd. En hér hlýtur einnig annað sjónarmið að koma til álita, það að tryggja almannahagsmuni gegn hagsmunum einstaklinganna. Einstrengingsleg vernd einkahagsmuna getur orðið þjóðfélaginu fjötur um fót og heft eðlilega þróun þess með ýmsum hætti. Þarf þar á meðalvegi að halda, er samræmi svo sem föng eru á þessi tvö sjónarmið, tryggi rétt einstaklinganna án þess að hefta athafnafrelsi

þjóðfélagsins um skör fram. Heimildin til eignarnáms er þar ekki nægileg. Bótaskyldan, er því fylgir, mundi oftlega tálma ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að talið er, að löggjafarvaldið hafi rétt til að setja almennar reglur um eignarréttindi manna, er geti haft að geyma ýmiss konar takmarkanir á þeim, framar því sem ákvæði stjórnarskrárinnar 67. gr. heimila, og verði eigendurnir að þola þær takmarkanir bótalaust. En mörkin milli þessara almennu takmarkana annars vegar og þeirra takmarkana, sem varða bótum, hins vegar, eru engan veginn skýr".

Þar sem skýrar reglur hafa ekki mótast um mörkin milli eignarnáms og annarra eignartakmarkana, þegar ýmsum hefðbundnum skerðingum sleppir, svo sem neyðarrétti, skattlagningu, friðunarlöggjöf o. fl., hefur verið reynt að orða ýmsar leiðbeiningarreglur um þessi mörk. Um þetta segir prófessor Ólafur Lárusson (Eignarréttur, bls. 35): „að takmörkunin sé almenn, taki til allra eigna af tilteknu tagi, telja flestir að ráði því, hvort hún er heimil án bóta, og jafnframt hitt, að ástæðurnar til þess að hún er gerð séu almenns eðlis".

Telja verður að sú eignartakmörkun, sem felst í frv. þessu, sé almenn þar sem hún nær til allra virkjunarheimilda sömu tegundar, bæði þar sem nú er talið hagkvæmt að virkja og annars staðar, og að ástæðurnar til takmörkunar séu almenns eðlis, þ. e. að auðvelda orkuöflun í almannaþágu. Hins vegar verður að hafa í huga að framangreind vísiregla ein sker ekki úr um það hvort eignartakmörkun sé heimil án bóta. Líta verður á fleiri atriði og vega þau síðan og meta í heild, t. d. verður að skoða hvort eðlileg nýting eignar er skert, hversu umfangsmikil eða þungbær skerðingin er, hvort aðilaskipti að eignarheimildum eiga sér stað o. s. frv. Almennt séð verður að styðjast við vissan jafnréttis- og réttlætismælikvarða. Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum. Mörk eignarnáms og almennra takmarkana á eignarrétti og beitingu hans eru því breytileg eftir þjóðfélagsháttum og aðstæðum, t. d. ef styrjaldarhætta eða stríðsástand er fyrir hendi. Með öll framangreind atriði í huga verður að telja að ákvæði þessa frv. brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður segir nær frv. ekki til virkjunar allt að 200 kw. Til samanburðar má geta þess að meðalbýli nota aðeins um 10 kw. eða þar undir. Einkarafstöðvar á landinu munu flest allar vera undir 100 kw. að stærð. Í flestum tilvikum er hagkvæmara að kaupa orku frá rafveitum en að notast við einkarafstöð. Almenningsrafveitur munu nú ná til yfir 95% býla á landinu eða meira og minnkar sá fjöldi stöðugt sem ekki nýtur þess að geta keypt raforku frá þeim.

Frv. nær heldur ekki til virkjaðra fallvatna né til fallvatna þar sem virkjunarframkvæmdir eru hafnar. Eru þetta sambærilegar undantekningar og gerðar voru við setningu raforkulaga nr. 12/1946, þegar kveðið var á um einkarétt ríkisins að virkjun fallvatna yfir 100 kw.

Að auki er í frv. mikilvæg undantekning frá virkjunarheimildum ríkisins, en það eru heimildir þeirra aðila sem virkja fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laganna. Þykir sanngjarnt að þeir sem hafa hug á slíkum framkvæmdum við setningu laganna haldi þeim réttindum. Einnig þykir eðlilegt að veita öðrum þennan aðlögunarfrest til þess að nýta þessi réttindi. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að taka mið af nýtingarmöguleikum eigna, sbr. það sem áður var nefnt í sambandi við mat á mörkum eignarnáms og almennum eignartakmörkum. Tefjist framkvæmdir er gert ráð fyrir að fresturinn lengist sem töfinni nemur skv. 2. gr. frv. ef það er af óviðráðanlegum ástæðum.

Á *undanförnum árum og áratugum* hafa aðrar þjóðir leitast við að ná yfirráðum yfir náttúruauðlindum sínum. Af fjölda dæma er að taka, t. d. settu Norðmenn lög nr. 21 þann 4. maí 1973 þar sem réttur til olíu undir norsku landsvæði og þess hluta landgrunns sem háður er einkaeignarrétti er lýstur eign ríkisins án bóta til landeigenda. Danir settu lög nr. 181 8. maí 1950 þar sem kveðið var á um að öll hráefni neðanjarðar, sem ekki höfðu verið nýtt af einkaaðilum, tilheyrðu ríkinu án bóta til landeigenda. Lög þessi hafa verið túlkuð svo að þau nái einnig til jarðhita. Nýsjálendingar settu lög árið 1953 (Geothermal Energy Act) þar sem jarðhiti var lýstur almannaeign án bóta til landeigenda, nema þar sem hann var beinlínis nýttur af landeigendum eða ábúendum. Fleiri dæmi mætti nefna þar sem gengið er lengra en hér er gert í því að takmarka eignarráð landeigenda. Í Bandaríkjunum er þess að geta að þar eru mjög víðtæk ákvæði varðandi virkjunarrétt fallvatna, sem tryggja rétt hins opinbera að þessu leyti.

Virðulegi forseti. Um þetta mál mætti hafa mörg orð og varpa á það ljósi, m. a. með tilliti til þeirrar umræðu sem nú fer fram vegna virkjunarréttinda við Blöndu-virkjun. Ég ætla þó ekki að taka hér tíma til að fara langt út í þau efni. En ég sé ástæðu til að vísa hér til álitsgerðar varðandi það mál sérstaklega. Hún var samin fyrir iðnrn. og er dags. þann 8. okt. 1981, frá lögmönnunum Pétri G. Thorsteinsson og Hirti Torfasyni, og varðar spurninguna: Ber virkjunaraðila eða ríkissjóði að greiða bætur að lögum fyrir virkjunarréttindi að Blöndu við Eyvindarstaðaheiði? Það sagði í niðurstöðum þessara tveggja lögfræðinga, með leyfi forseta:

„Við virkjun Blöndu þarf að leysa úr því hvort landið á Eyvindarstaðaheiði fullnægi skilyrðum til að teljast landareign sem vatnsréttindi fylgi, þ. e. að vera fullkomið eignarland og hluti af landi lögbýlis. Miðað við þau gögn sem tiltæk eru á þessu stigi er ekki unnt að fullyrða með vissu að svo sé. Hin lagalega aðstaða til úrskurðar á málinu markast af þeirri stefnu sem Hæstiréttur mótaði árið 1955, að til að sanna annan rétt til afréttar en beitarrétt þurfi sérstaka heimild. Ætla má að almennt verði gerðar strangar kröfur um sönnun í þessu tilliti og má sérstaklega ráða það af dómi Hæstaréttar um Nýjabæjarafrétt í Skagafirði 1969.

Með hliðsjón af þessu má telja verulegar líkur á því að virkjunaraðili (eða ríkissjóður) þurfi ekki að greiða bætur að lögum vegna virkjunarréttinda að Blöndu á Eyvindarstaðaheiði.

Erfitt er að meta þessar líkur þar sem margþættar upplýsingar koma til álita og mat manna á þeim kann að vera misjafnt. Hins vegar virðist varasamt að láta ekki reyna á þær fyrir dómstólum, ef til kæmi vegna fordæmisgildis og af öðrum ástæðum.

Í því sambandi má auk þess benda á að í raun væri æskilegt að fá atbeina dómstóla til að staðfesta eignarheimild hreppanna þriggja á Eyvindarstaðaheiði með

eignardómsmáli og einnig er ljóst að dómsúrlausn um vatnsréttindi vegna heiðarinnar gæti orðið til verulegs skýringarauka um stöðu afréttar hér á landi og haft þannig almennt gildi."

Þetta var niðurstaða þessara tveggja lögmanna í greinargerð til iðnrn. á þeim tíma og í samræmi við það var haldið á þessu máli í samningi við landeigendur á Blönduvirkjunarsvæðinu. Ég taldi ástæðu til að nefna þetta hér þar sem efnislega varðar þetta frv. þann rétt sem þarna er til umr. og þar sem almannarétturinn og viðhorf þeirra sem mæla fyrir einkaeignarrétti koma til álita. Ég tel að það sé mjög brýnt að löggjafinn marki skýra afstöðu til þessara mála fyrr en seinna.

Fyrr á þessu þingi mælti ég hér í þessari hv. deild fyrir öðru frv., þar sem var frv. til l. um jarðhitaréttindi, sem byggir á sömu viðhorfum og endurspeglast í þessu frv., þ. e. að helstu náttúruauðlindir eigi að vera sameign þjóðarinnar og að löggjafanum beri að marka um það ótvíræða stefnu. Fleiri mál sem ganga í sömu átt liggja fyrir þessu þingi, eins og frv. þm. Alþfl. um eignarráð á landi. Það er von mín að stuðningur við þessa stefnu fari vaxandi, bæði innan og utan þings, svo eðlileg sem hún verður að teljast og lýðræðisleg að inntaki.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Afstaða mín til þessa frv. kom raunar fram hjá hv. 1. flm. í ræðu hans, þar sem hann rakti aðdragandann að þessu frv., þ. e. álit meiri hl. virkjunarréttindanefndar fallvatna, en ég átti sæti í þeirri nefnd og álit mitt er prentað sem fskj. með þessu frv. En ég vil leyfa mér að rifja upp hvað segir í þessu nál. mínu sem minni hl. virkjunarréttindanefndar, með leyfi forseta:

„Skv. meðfylgjandi texta í skipunarbréfi frá iðnrh., dags. 9. 4. 1979, tók ég undirritaður sæti í virkjunarréttindanefnd: „Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er kveðið á um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign."

Nefndin hóf störf og aflaði ýmissa gagna varðandi fyrirhugað verkefni sitt. Fljótlega eftir að nefndin hóf störf kom þó í ljós að upphaflegur tilgangur með skipun nefndarinnar fékk ekki staðist ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn, sjá m. a. grg. þá er dr. Gaukur Jörundsson samdi fyrir nefndina og fylgir hér með áliti minni hl. sem fskj. Greinargerð dr. Gauks sannaði það, að ekki væri kleift eða réttlætanlegt að stofna til löggjafar sem svipti menn bótalaust eignum sínum, virkjunarrétti fallvatna á fullkomnum eignarlöndum, og stangaðist þannig á við eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, en í greinargerð prófessors Gauks segir m. a.:

„Meginreglan um rétt landeigenda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnalaga, en þar segir m. a. svo: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, er heimildir hafa á þeim, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ..."".

Síðar segir í greinargerð prófessors Gauks:

„Við setningu vatnalaga, nr. 15 1923, var skv. framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynnu. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur skv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt skv. vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeigu í þarfir virkjana. Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna ríkiseign án endurgjalds til eigenda.

Hins vegar hefði getað komið til álita að setja löggjöf um virkjunarrétt fallvatna „utan fullkominna eignarlanda". Á það ber þó að líta að víða eru mörk óljós um það hvaða lönd skuli teljast „utan fullkominna eignarlanda" og hugtakið „fullkomin eignarlönd" er mjög teygjanlegt og ekki unnt að marka það með efalausum hætti hver þau landsvæði eru sem liggja „utan fullkominna eignarlanda". Af þeirri ástæðu er óráðlegt að fara að setja lög um einhvern óskilgreindan hluta landsins þar sem í flestum tilfellum þyrfti að fá úr því skorið með dómi fyrst hvort lögin ættu við eða ekki og jafnvel búinn til vandi með hugtakinu „utan fullkominna eignarlanda"."

Meiri hluti nefndarinnar lét, þótt undarlegt megi virðast, hin skýru rök prófessors Gauks Jörundssonar sem vind um eyru þjóta. Þess ber raunar að geta að einn nefndarmannanna, prófessor Björn Þ. Guðmundsson, óskaði að hætta störfum í nefndinni.

Meiri hlutinn (Jakob Björnsson, Bragi Sigurjónsson, Árni Reynisson og Guðmundur Vigfússon) tók sér fyrir hendur að setja saman frv. til l., ekki skv. ákvæðum samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem vildi vinna að því „að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign", heldur samdi meiri hlutinn „frv. til l. um orku fallvatna og nýtingu hennar", en 1. gr. hljóðar svo: „Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr. ..." Í 2. gr. kemur svo upptalning léttvægra undantekninga. Þetta tel ég að ekki hafi falist í skipunarbréfi nefndarinnar, hvað þá í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar og engan veginn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, en þar er ekkert ákvæði um vatnsréttindi, heldur einungis sagt að „sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita."

Ekki verður um það deilt að „virkjunarréttur fallvatna" og „orka fallvatna" eru tvö mismunandi hugtök og ég tel því að hugsjónir sumra nm., og þá sérstaklega Braga Sigurjónssonar, hafi teymt meiri hlutann út í ógöngur.

Meiri hluti nefndarinnar lætur ítarlegar aths. fylgja frv. sínu og er þar gerð tilraun til að leiðrétta gerðir meiri hlutans. Ekki getur minni hlutinn með nokkru móti fallist á það viðhorf meiri hlutans, í fyrsta lagi, að hér sé ekki verið að brjóta í bág við ákvæði 67. gr. stjórnarskrár, í öðru lagi að lög skv. frv. þessu geti komið til framkvæmda „án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga" og í þriðja lagi þessi ályktunarorð meiri hlutans: „Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum."

Þetta telur minni hlutinn léttvæga afsökun, að friðhelgi eignarréttar verði ómerkari vegna þess að á 18. öld hafi menn aðhyllst svipuð viðhorf. Minni hlutinn vill raunar minna á að skv. Gamla testamentinu, 5. Mósebók, 5. kafla, 19. og 21. versi, var sama hugsun lögð til

grundvallar siðsamlegri breytni eins og býr að baki 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar metin er þörf á lagasetningu eins og þessari er rétt að hafa það í huga að ef og þegar almannahagur krefst er ekkert því til fyrirstöðu að beita eignarnámi ef þurfa þykir. Hefur eignarnámi einnig verið beitt ótæpilega.

Hvað varðar almennan eignarrétt á afréttum landsins, þá tel ég að svo sé best tryggð skynsamleg og hófleg nýting og varðveisla afréttanna að eignarrétturinn sé áfram í höndum bænda eða samtaka þeirra. Þeir þekkja landið best og hafa næmasta tilfinningu fyrir því. Ég hef þess vegna aldrei verið þess fýsandi að láta undan þráfaldri ásókn þeirra manna sem hafa linnulaust reynt að ná eignarréttinum á landinu, gögnum þess og gæðum úr höndum bænda.

Skv. framanrituðu sé ég ekki ástæðu til þess að setja lög í stíl við frv. það sem meiri hluti nefndarinnar aðhyllist. Um allar meiri háttar virkjanir þarf að setja sérstök lög hvort sem er, og þar er auðvelt að hafa eignarnámsákvæði ef þurfa þykir. Þess vegna er núverandi skipan fullnægjandi, en skv. 54. gr. vatnalaga er ráðh. rétt að taka lögnámi sérhvert fallvatn virkjað eða óvirkjað til að virkja úr því orku til almenningsþarfa.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens eru enda engin áform um þessa lagasetningu.

Þá er að lokum spurningin um það hvort og hve mikið eigi að þrengja að rétti bænda á landinu til varðveislu og nýtingar þess og hvar eigi að nema staðar."

Þetta er það minnihlutaálit sem ég lét fylgja starfsskýrslu virkjunarréttindanefndar. Jafnframt lét ég fylgja með áliti mínu sem fskj. álitsgerð prófessors Gauks Jörundssonar frá 14. jan. 1980 og hef vitnað til hennar á nokkrum stöðum í nál. mínu. Ég mun, með leyfi forseta, renna yfir þá álitsgerð. Hefst þá lesturinn:

I.

„Óskað hefur verið eftir því við mig undirritaðan að ég láti uppi álit mitt á því hvort 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar sé því til fyrirstöðu að sett verði löggjöf er lýsi rétt til virkjunar vatna ríkiseign án þess að bætur komi fyrir til landeigenda. Fer svar mitt hér á eftir.

II.

Um síðustu aldamót hófst fyrir alvöru umræða um löggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Í fyrstu snerist umræðan einkum um það hvort og þá að hve miklu leyti ætti að hindra útlendinga í að eignast vatnsréttindi hérlendis. Leiddi það til setningar laga nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl., svonefndra fossalaga.

Fljótlega varð mönnum ljós nauðsyn á því að setja heildarlöggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Þegar á Alþingi 1917 var samþykkt till. til þál. um skipun fimm manna nefndar til að íhuga fossamál landsins, sbr. Alþingistíðindi 1917, A-deild, bls. 1489—1490 og 1545—1556, og B-deild, d. 2282—2296. Í samræmi við þál. þessa var hinn 22. nóv. 1917 skipuð nefnd, svokölluð fossanefnd, en í henni áttu sæti Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson.

Í fossanefndinni varð ágreiningur með nm. um hve víðtækur réttur fylgdi og ætti að fylgja landareign til hagnýtingar á vatni. Meiri og minni hluti nefndarinnar skiluðu hvor um sig ítarlegu áliti á árinu 1919. Meiri hlutinn (Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að landareign fylgdu og ættu að fylgja aðeins tilteknar hagnýtingarheimildir sem skyldu í höfuðatriðum verða afmarkaðar í vatnalögum, en að öðru leyti væri ríkið aðili vatnsréttinda. Minni hlutinn (Guðmundur Eggerz og Sveinn Ólafsson) leit hins vegar svo á að landareignum einstaklinga fylgdi og ætti að fylgja réttur til hvers konar hagnýtingar vatns. Mestu máli skiptir að réttindi til hagnýtingar vatnsorku fylgdu ekki landareignum einstaklinga skv. áliti meiri hlutans, andstætt skoðun minni hlutans.

Frv. til vatnalaga var lagt fyrir Alþingi 1919 og var síðan til meðferðar á hverju þingi uns frv. til vatnalaga var samþykkt á Alþingi 1923. Frv. það, sem lagt var fram á Alþingi 1919, var byggt á áliti meiri hluta fossanefndar, en þá þegar var talið ljóst að sú skipan vatnsréttinda naut ekki meirihlutafylgis á þingi. Fór svo að árin 1921 og 1923 var lagt fyrir Alþingi nýtt frumvarp til vatnalaga sem var byggt á meginsjónarmiðum minni hluta fossanefndar um tilhögun vatnsréttinda, en að öðru leyti hafði við samningu nýja frv. verið stuðst við álit bæði meiri og minni hluta nefndarinnar. Á Alþingi 1923 var þó gerð breyting í meðferð frv. á þingi er hafði í för með sér að lögin geyma upptalningu á því hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti að landareign þegar um meiri háttar vötn er að ræða, en þar eru á hinn bóginn taldar allar helstu hagnýtingarheimildir, þar á meðal réttindi til orkuvinnslu.

Meginreglan um rétt landeiganda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnalaga, en þar segir m. a. svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ..."

Ofangreindum réttindum landeiganda til hagnýtingar vatns til orkuvinnslu eru hins vegar ýmis veigamikil takmörk sett bæði í vatnalögum og orkulögum.

III.

Við setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var skv. framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynnu. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur skv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt skv. vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeign í þarfir virkjana. Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna ríkiseign án endurgjalds til landeigenda. Þetta á þó að sjálfsögðu aðeins við vatnsréttindi sem fylgja landareign í einstaklingseign skv. gildandi lögum og getur því gegnt öðru máli um afrétti og almenninga eins og vikið verður að í IV. kafla hér á eftir.

IV.

Í löggjafarstarfi og úrlausnum dómstóla hefur stundum verið gert ráð fyrir aðgreiningu milli (fullkominna) eignarlanda og landa sem eru afréttareign. Ef um er að ræða (fullkomið) eignarland þá á eigandi landið með

öllum gögnum þess og gæðum, þar á meðal vatnsréttindum. Ef land er aðeins afréttareign ákveðins aðila, þá er þessi aðili aðeins talinn eiga upprekstrarrétt (beitarrétt), lax- og silungsveiðirétt, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og e. t. v. einhverjar aðrar nýtingarheimildir, sbr. t. d. 2. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, en ekki vatnsréttindi almennt.

Í dómi Hæstaréttar frá 2. des. 1971 (hrd. 42.1137) kom fram að svonefndar Gullberastaðatungur á afrétti Andakílshrepps í Borgarfirði höfðu á sínum tíma verið hluti jarðarinnar Gullberastaða í Lundarreykjadalshreppi en jörð þessi hafði verð seld Andakílshreppi á árinu 1898. Í þessum dómi Hæstaréttar var litið svo á að Andakílshreppur ætti botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir þessu landi eins og hverju öðru fullkomnu eignarlandi. Um annað land, sem einnig liggur að vatninu, var hins vegar tekið fram í dóminum að ekki verði ráðið hvort það sé fullkomið eignarland Lundarreykjadalshrepps eða aðeins afréttareign. Að svo vöxnu máli var Lundarreykjadalshreppi aðeins dæmur veiðiréttur í vatninu en ekki lagður dómur á kröfu hreppsins um vatns- og botnsrétt. Sömu sjónarmið koma fram í dómi Hæstaréttar frá 25. febr. 1955 (hrd. 26. 108), sbr. enn fremur dóm frá 29. apríl 1960 (hrd. 40.510).

Við undirbúning vatnalaga, nr. 15/1923, var fossanefndin sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna, sbr. nál. minni hluta fossanefndar, bls. IV og 32, og nál. meiri hluta fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. frv. meiri hl. og aths. við þær greinar. Við undirbúning námulaga var byggt á því að ríkið ætti eitt rétt til jarðefna á landi í afréttareign, sbr. Alþingistíðindi 1971, A-deild, bls. 505—510 (þskj. 142).

Miðað við ofangreindar forsendur varðandi réttarstöðu landa í afréttareign er 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki því til fyrirstöðu að í löggjöf sé því slegið skilmálalaust föstu að réttur til virkjunar vatns á slíkum löndum eða í almenningum sé þjóðar- eða ríkiseign. Hins vegar verður að telja ærna ástæðu til að kanna ýmis lögfræðileg vandamál sem þarna eru á ferðinni, m. a. það hvernig draga beri mörkin milli landa sem eru afréttarlönd og eignarlanda jarða í einstaklingseign.

Reykjavík, 14. janúar 1980.
Gaukur Jörundsson."

Herra forseti. Ég hef lokið þessum lestri. Ég taldi nauðsynlegt að álit dr. Gauks kæmi fram í þesum umr., en hann er eins og menn vita einn færasti sérfræðingur sem við eigum á þessu sviði.

Ég þarf raunar ekki miklu við þetta að bæta. Varðandi þær virkjanir sem síðan hefur verið sett löggjöf um hefur verið séð fyrir því að um eignarnámsrétt geti verið að ræða og slegnir varnaglar þar um. En varðandi það atriði sem hv. 1. flm. gerði að umræðuefni, umtal sem orðið hefur um vatnsréttindi við Blöndu á s. l. tveimur vikum, vil ég fara örfáum orðum.

Það hefur verið reynt að blása upp miklu moldviðri út af samningum varðandi vatnsréttindi við Blöndu. Ég hef fylgst allvel með gangi Blöndumálsins allt frá upphafi, en það verð ég að segja að mér kom verulega á óvart þegar Morgunblaðið hóf þessa aðför fyrir ca. hálfum mánuði með viðtali við lögmann Landsvirkjunar, Hjört Torfason. Það var öllum ljóst og kom margsinnis fram í umr. hér á Alþingi þegar þessi mál voru til umfjöllunar, að það voru gerðir samningar varðandi afréttina, um lón og tilhögun virkjunar, en samningum um vatnsréttindi var skotið á frest. Síðan hefur verið keypt ein jörð, Eiðsstaðir í Svínavatnshreppi. Það er ekki búið að gera samninga af neinu öðru tagi við landeigendur hvað virkjunina snertir, en þessi virkjun snertir nokkrar jarðir í einkaeign. Þeir samningar hafa ekki verið gerðir. Einnig vissu allir að ekki var búið að semja um veiðimál, sem að sjálfsögðu raskast verulega við tilkomu og starfrækslu virkjunar.

Það hefur verið unnið nokkuð að samningum um veiðimál. Að mínum dómi hafa þeir samningar gengið allt of hægt og það væri betur að á þá kæmist skriður. Það sem aðallega hefur verið gert er að bændur á svæðinu fóru fram á að úttekt yrði gerð á lífríki árinnar, á veiðimöguleikum í ánni og náttúrlegu ástandi og það yrði síðan lagt til grundvallar ef um bætur yrði að ræða fyrir röskun á því. Það hefur verið nokkuð unnið að því að athuga hvernig fiskur hagi sér þarna í ánni og fiskur talinn í ánni og sitt hvað hefur verið unnið að rannsóknum og ég vona að því verði haldið áfram.

Mér finnst það ekki ósanngjörn ósk hjá bændum að biðja um að gerð sé úttekt á því hvernig áin er áður en farið er að raska henni. Mér finnst það vera mjög hógvær ósk, enda hefur verið orðið við henni að nokkru leyti. Það er og sanngjarnt að áskilja sér rétt til bóta ef eitthvað eyðileggst, sem við vitum að vísu ekki nema að mjög litlu leyti um. En þegar á er stytt um eina 70—80 km, þannig að fiskur kemst ekki um hana með þeim hætti sem hann hefur áður gert, liggur í augum uppi að einhver röskun verður.

Það segir í vatnalögum, og eftir þeim verðum við að lifa, nr. 15 frá 1923, að vötn skuli falla þar sem áður féllu. Og meðan stjórnarskránni er ekki breytt verðum við að halda okkur við hana. Það er óumdeilt að nokkrar jarðir eiga vatnsréttindi skv. vatnalögum frá 1923 og réttarvenjur hafa skapast að því leyti að um svona sé annaðhvort samið eða þá að dæmt hefur verið í málum. Mér finnst eðlilegt að bætur komi þar fyrir með einhverjum hætti. Mér kemur mjög á óvart að menn skuli hrökkva við og reka upp óp þegar á það er minnst.

Hitt vil ég undirstrika, að bændur sem þessi vatnsréttindi eiga eða lögmenn þeirra hafa ekki látið frá sér heyra stunu eða hósta varðandi þessi vatnsréttindi. Það er lögfræðilegur ráðunautur Landsvirkjunar, Hjörtur Torfason, sem í Morgunblaðinu virðist vera að undirbúa einhvern sálfræðihernað í þessu máli þegar eða ef til þess komi að lögmenn bænda á þessum sex eða sjö jörðum, eða hvort þær eru nú átta sem þarna gætu átt hlut að máli, létu eitthvað frá sér heyra, en það hafa þeir alls ekki gert.

1. flm., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, rakti nokkuð álitsgerð frá Pétri Thorsteinsson lögfræðingi og einhverjum öðrum lögfræðingi — (**HG:** Hirti Torfasyni.) Hirti Torfasyni, já — varðandi vatnsréttindi á Eyvindarstaðaheiði, sem þeir unnu fyrir iðnrn. á sínum tíma. Það getur vel verið að það sé þar um einhver álitamál að ræða. Ég fullyrði að vatnsréttindi jarðanna eru tvímælalaus. Raunar hefur, eins og ég hef áður sagt, Landsvirkjun keypt eina jörðina, en hún keypti ekki vatnsréttindin. Vatnsréttindin voru undanskilin þeim samningi, ef ég man rétt.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að fara mörgum orðum

um þetta mál, en ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram og eins og ljóst má vera get ég ekki fallist á að samþykkja það frv. sem hér er til umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Sjónarmið hv. 2. þm. Norðurl. v., sem hér var að ljúka máli sínu, koma vissulega ekki á óvart í sambandi við þetta mál. Það eru þau sjónarmið sem komið hafa í veg fyrir að tekið væri með eðlilegum hætti út frá þjóðarhagsmunum á eignarrétti varðandi náttúruauðlindir, sem eðlilegt er að séu sameign þjóðarinnar jafnframt því sem gætt sé réttar einstaklinga til að nýta landið og landsins gæði og bæta fyrir þar sem spilling verður eða hindrun á þeirri nýtingu. Það segir nokkra sögu hversu langt er seilst í rökstuðningi fyrir þessum sjónarmiðum þegar hv. þm. vitnar í grg. sinni fyrir minnihlutaáliti, sem prentað er með þessu frv., alla leið til Gamla testamentisins, 5. Mósebókar, 5. kafla, sem raunar er um boðorðin. Og þar sem hann leggur áherslu á í því efni, því að hann rakti það ekki í ræðu sinni áðan, heldur nefndi bara viðkomandi vers, 19. og 21. vers, — þar sem hann taldi að væri „sama hugsun lögð til grundvallar siðsamlegri breytni eins og býr að baki 67. gr. stjórnarskrárinnar", þá tel ég rétt að það liggi fyrir hvaða vers þetta eru, hvaða boðorð það eru sem hv. þm. telur að styðji sinn málstað sérstaklega. Það er 19. vers, þú skalt ekki stela, og 21. vers, og þú skalt ekki girnast konu náunga þíns og ekki ágirnast hús náunga þíns, ekki land hans, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxa hans eða asna né nokkuð það sem náungi þinn á.

Þetta var tilvitnun í helga bók, sem gripið hefur verið til öðru hvoru hér á Alþingi undanfarna daga, og ég taldi nauðsynlegt að haldið yrði til haga þeim sjónarmiðum og rökstuðningi sem hv. 2. þm. Norðurl. v. telur að sækja megi til hennar varðandi þau þröngu sjónarmið og hagsmuni sem hann er hér að verja. Hann er ekki einn um þetta, því miður, því að talsmenn þessara sjónarmiða er að finna í báðum núverandi og enn stærstu flokkum þingsins, Sjálfstfl. og Framsfl., sem hafa komið í veg fyrir að löggjafinn tæki með eðlilegum hætti á þessum málum, og það þrátt fyrir að innan beggja þessara flokka og raunar í forustu þeirra hafa verið ríkjandi og kunn um langt skeið þau viðhorf sem lagt er til með frv. þessu að lögfest verði. Nægir þar að minna á viðhorf formanna þessara flokka á sinni tíð, Bjarna heitins Benediktssonar og Ólafs Jóhannessonar núv. hv. 9. þm. Reykv.

Hv. þm. Páll Pétursson taldi að með tillögum frv., sem hér er flutt og efnt var til í framhaldi af ákvæði stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar þess efnis að virkjunarréttur fallvatna skyldi lýstur þjóðareign, væri ekki farið eftir þessu ákvæði. Ég mótmæli þessari staðhæfingu af hálfu þm. og ég tel að í tilvitnun, sem er að finna á bls. 6 í greinargerð með þessu frv., í viðhorf Ólafs Jóhannessonar prófessors í stjórnskipunarrétti, sem fylgdi frv. til l. sem hann átti hlut að með rökstuðningi um eignar- og notkunarrétt jarðhita og lagt var fyrir Alþingi á árinu 1956, komi hans viðhorf fram til þessa máls. Það segir í þeim rökstuðningi Ólafs Jóhannessonar prófessors, með leyfi forseta: „Því verður ekki neitað, að það er sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls, að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar."

Rennandi vatn hefur enginn einstaklingur átt þátt í að skapa. Það eru þau viðhorf sem liggja að baki því frv., sem ég hef hér mælt fyrir, um að orka fallvatna verði lýst þjóðareign.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessa umr., en vænti þess að frv. fái góða athugun í þeirri nefnd sem ég hef lagt til að því verði vísað til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frv. 226. mál (þskj. 398). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. það til l. um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., fjallar um birtingarháttu staðbundinna gjaldskráa. Það er meginregla að birtar skuli í B-deild Stjórnartíðinda reglugerðir, auglýsingar og samþykktir, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðh., svo og annað efni sem frá rn. kemur og almenna þýðingu hefur. Tilgangurinn með lagabreytingu þeirri sem hér er lögð til er að gera nokkra breytingu á birtingarháttum opinberra gjaldskráa sem ráðh. staðfestir. Slíkar gjaldskrár eru einkum gjaldskrár rafveitna, hafna og hitaveitna. Gjaldskrár þessar eru samdar af viðkomandi stofnunum en til að hljóta endanlegt gildi þurfa þær að fá staðfestingu viðkomandi ráðh. og síðan birtingu í B-deild Stjórnartíðina eins og aðrar reglur sem ráðh. setur.

Á undanförnum árum hefur gjaldskrám þessum verið breytt fjórum sinnum á ári og hafa þær tekið mjög mikið rými í Stjórnartíðindum. Einnig hefur þeim stofnunum fjölgað mikið sem slíkar gjaldskrár setja. Þannig eru t. d. birtar í Stjórnartíðindahefti því sem út kom 23. febr. s. l. gjaldskrár 55 hafna á 66 bls. Af efni B-deildarinnar 1981 voru 34% vegna gjalskráa eða 517 bls. og 1982 var þetta efni 24% af heildarefni Stjórnartíðinda eða 560 síður af 2280.

Hér er lagt til að það teljist nægjanleg birting á þessum gjaldskrám að auglýst sé í B-deildinni hvenær gjaldskráin hefur verið gefin út eða staðfest og hvar hún liggi frammi almenningi til sýnis. Gjaldskrár þær, sem hafa gildi fyrir landið allt, verði áfram birtar í heild.

Telja verður að allverulegur sparnaður felist í þessari breytingu. Prentunarkostnaður Stjórnartíðinda er á þessu ári áætlaður verða um 4 millj. kr. og miðað við að 24% af efninu falli niður verður sparnaður í prentunarkostnaði um 960 þús. kr.

Við undirbúning frv. þessa var leitað álits þeirra aðila, sem breyting þessi snertir helst, þ. e. Sambands ísl. sveitarfélag, Sambands ísl. rafveitna og Hafnasambands sveitarfélaga, svo og nokkurra rn. Umsagnir mun sú nefnd fá sem fær frv. til meðferðar.

Önnur breyting á útgáfu B-deildarinnar hefur þegar verið gerð. Hafin er útgáfa á vegum iðnrn. á ritinu Vörumerkja- og einkaleyfatíðindi. Þar eru birtar tilkynningar um vörumerki og einkaleyfi sem hingað til hafa verið birtar í Lögbirtingablaðinu og síðan í lok hvers árs í B-deild Stjórnartíðinda. Þótt þessi breyting hafi ekki verulegan beinan sparnað í för með sér fyrir ríkið léttir hún verulega á B-deildinni því að þetta efni tók 170 síður í Stjórnartíðindum 1982. Þessi breyting og sú sem hér er lögð til ættu þannig að geta minnkað B-

deildina um allt að 700 síður.

Þetta frv. hefur verið afgreitt frá Ed. og ég vænti þess að það fái einnig greiðan gang hér í gegnum hv. Nd. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 363 (sbr. 320)). — 3. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 513, sem var of seint fram komin, samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 486, nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 14 sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er til umr., segir: „Tillagan um fjárfestingarsjóð í stað varasjóðs er einnig athyglisverð, en framkvæmdin er flókin. Sú hugmynd er því verð frekari skoðunar."

Í framhaldi af þessu, sem ég er sammála að er rétt ábending, mæli ég fyrir brtt. á þskj. 513 við það frv. sem hér er til umr. Till. er þess efnis að við frv. verði bætt nýju bráðabirgðaákvæði, þannig að á næstu tveimur árum verði unnt að leggja fé í varasjóð í stað fjárfestingarsjóðs, allt að 25% af hreinum skattskyldum tekjum, með sama hætti og unnt hefur verið samkv. gildandi lögum. Samkv. þessu ákvæði getur viðkomandi framteljandi við framtal 1984 og 1985 valið hvort hann leggur allt að 25% af hreinum skattskyldum tekjum í varasjóð eða 40% í fjárfestingarsjóð.

Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að eðlilegt þykir að viss aðlögun verði veitt þeim, sem hafa notað sér varasjóðsákvæði gildandi laga, áður en ákvæði um fjárfestingarsjóð koma að fullu til framkvæmda. Sanngjarnt þykir að þeir aðilar sem hér um ræðir geti um tveggja ára skeið valið milli þess að leggja fé í varasjóð eða fjárfestingarsjóð. Eðlilegt er að þessi ákvæði verði endurskoðuð að nýju að loknum umræddum aðlögunartíma í ljósi þeirrar reynslu sem þá verður fengin.

Ég vil þá, með leyfi forseta, lesa upp þessa brtt., en hún er á þskj. 513 og við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 frá 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta, og er um að við bætist ákvæði til bráðabirgða: „Við álagningu tekjuskatts á árunum 1984 og 1985 vegna tekna áranna 1983 og 1984 skulu skattskyldum aðilum samkv. 1. málsgr. 2. gr. heimilt tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkv. 11. tölul. 31. gr. Hámarksvarasjóðstillög þessara aðila skulu vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkv. II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—10. tölul. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75 frá 1981 varðandi varasjóð skuli gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu."

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Eins og rætt hafði verið um var gert ráð fyrir því á milli flokkanna í þinginu að þetta mál sem nú er á dagskrá yrði afgreitt á þessum sólarhring. Áður hafði verið rætt um að það yrði afgreitt á mánudaginn var, en það tókst ekki af ýmsum ástæðum þannig að það frestaðist fram á þennan sólarhring, þann 28. mars. Þá gerðist það fljótlega í Nd. í dag að hv. 1. þm. Suðurl. bað um frestun á þessu máli án þess að nein skýring væri á því gefin í þinginu. Það kom raunar ekki fram fyrr en ég gekk eftir því við hæstv. forseta hver hefði beðið um frestun á fundinum að það var hv. þm. Þorsteinn Pálsson.

Það kvisaðist síðan í húsinu að það stæðu yfir heiftarlegar deilur á milli stjórnarflokkanna um það hvort ætti að fara að breyta þessu frv. á síðustu stundu. Fram kom að Framsfl. vildi ekki breyta frv. en Sjálfstfl. vildi breyta því og búist var við því að það stæði í þæfingi á þingflokkafundum og að afkvæmi mundi fæðast um það leyti sem menn stigju til fundarhalda á ný um sexleytið.

Nú liggur fyrir á þskj. 513 þessi brtt. sem hæstv. fjmrh. flutti svokallaða framsöguræðu fyrir áðan. Ég segi „svokallaða" vegna þess að hún skýrði ekki málið, hún er ekki nægileg. Þannig er ekki nægilega skýrt fyrir þinginu að mínu mati hvað hér er verið að gera till. um og þess vegna eðlilegt að málið fari aftur til n. Ég óska eftir því við hæstv. forseta, svo og við hv. þm. Pál Pétursson, form. fjh.- og viðskn. Nd., að deildin eða n. fái að fjalla um þetta mál á ný vegna þess að nú er málið komið með alveg nýja vendingu og nýja stöðu og því útilokað að afgreiða það á þessum sólarhring. Stjórnarliðið hefur séð fyrir því með fumi, fálmi og káki. Þó að þeir stjórnarliðar með Þorstein Pálsson hv. þm. í broddi fylkingar hafi rekið á eftir þessu máli sólarhring eftir sólarhring, beðið stjórnarandstöðuna um að sitja á kvöldfundum til að nudda þessu áleiðis er þannig haldið á málum að á síðustu stundu er hlaupið til með þessa brtt. inn í þingið. Þetta er svo sem eftir öðru hjá þessu stjórnarliði í vetur, það veit ekki sitt rjúkandi ráð, sbr. frv. um tekju- og eignarskatt sem við vorum að afgreiða nýlega. Um það þurfti sjö umr. þar sem rokkað var fram og aftur með álagningarprósentur á milli deilda, milli umr. og milli flokka. Sama er að segja t. d. um lánsfjárlagafrv.

Stjórn Sjálfstfl. og Framsfl. á þessum þingmálum er fyrir neðan allar hellur. Það er með endemum hvernig að málunum er staðið. Hérna geta þeir ekki einu sinni sjálfir staðið við þá samninga við stjórnarandstöðuna sem þeir eru sjálfir að reyna að knýja fram. Þeir hrökkva frá þegar það liggur fyrir að meiningin er að fara að framkvæma þessa samninga.

Ég vil láta það koma fram af minni hálfu í fyrsta lagi að ég óska eftir því að málið fari aftur til n. og í öðru lagi að ekkert samkomulag hefur verið gert við stjórnarandstöðuna um að haldinn verði kvöldfundur í kvöld. Ég bendi á að formaður Alþfl., sem er aðaltalsmaður Alþfl. í þeim málum sem nú eru á dagskrá, er ekki á fundinum, hefur ekki séð þessa till. og ekki átt kost á því að fjalla um hana, né heldur form. þingflokks BJ sem á sæti í fjh.- og viðskn. Nd. Þannig er útilokað fyrir stjórnarliðið að ætla sér að þræla þessu máli í gegnum þingið á þessum sólarhring. Ég vænti þess að það geti komið fram undir minni ræðu hvaða afstöðu hæstv. forseti og stjórnarliðið tekur til þess hvort meiningin er að halda fundi áfram fram eftir kvöldi eða hvaða áform

stjórnarliðið yfir höfuð hefur í þessu efni. Alla vega verður það að vera skýrt hvort ekki er á hreinu að þeir stjórnarliðar séu tilbúnir til að kalla saman fund í fjh.- og viðskn. Ég vænti þess að hæstv. forseti geti meðan ég flyt mál mitt kannað þetta til hlítar og geti látið vita áður en lengra er haldið. (**Forseti:** Ég vil af þessu tilefni taka fram að ég mun láta kanna þetta og m. a. hafa tal af formanni fjh.- og viðskn.) Já, herra forseti.

Eitt af þeim málum sem rædd voru núna á mánudagskvöld var afstaða samvinnuhreyfingarinnar og Sambands ísl. samvinnufélaga, sérstaklega forstjóra þess, til þessa frv. Fram hafði komið að forstjóri SÍS, Erlendur Einarsson, gagnrýndi þetta frv. í Morgunblaðinu og taldi að verið væri að mismuna samvinnuhreyfingunni með því. Eða eins og hann komst að orði:

„Sýnist mér að Alþingi þurfi að huga gaumgæfilega að því hvort umræddar breytingar muni ekki ívilna hlutafélögum óeðlilega mikið í samanburði við önnur félagsform, þ. á m. samvinnufélög, verði frv. þessi að lögum."

Þannig er greinilegt að forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga hefur haft af þessum málum mjög verulegar áhyggjur. Þess vegna skoraði ég á formann fjh.- og viðskn. Nd. að kalla forstjóra Sambandsins til fundar og viðræðna við n. Það bætti svo við þessa mynd og þessar áhyggjur ýmissa samvinnumanna að leiðarahöfundur Tímans, Þórarinn Þórarinsson fyrrv. alþm., skrifaði grein í Tímann í dag, 28. mars 1984, þar sem fjallað er um þau tvö frv. sem nú eru á dagskrá. Niðurstaða Þórarins Þórarinssonar í þessum leiðara í dag er sú að vissulega beri að taka þetta til vandlegrar athugunar, þ. e. frv., áður en Alþingi gengur endanlega frá afgreiðslu umræddra frv.

Þannig er bersýnilegt að menn hafa verulegar áhyggjur af þessum frv. og því að hérna sé verið að veikja stöðu samvinnuhreyfingarinnar og samvinnufélaganna við hliðina á hlutafélögunum í landinu miðað við það sem verið hefur.

Ég taldi þess vegna nauðsynlegt að um þessi mál yrði rætt á hv. Alþingi og þess vegna var það sem forstjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga var gefinn kostur á því að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun. Það er skemmst frá því að segja að forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga sá ekki ástæðu til að gera grein fyrir máli sínu í fjh.- og viðskn. heldur sendi hann sendimann sinn á vettvang sem vill svo til að var sami maður og Framsfl. hafði tilnefnt til að undirbúa þau frv. sem hér eru á dagskrá. Geir Geirsson endurskoðandi, trúi ég að maðurinn heiti. Þótti mér það mjög miður að forstjóri Sambandsins skyldi ekki sjá sér kleift að finna orðum sínum stað frammi fyrir fjh.- og viðskn. Nd. þegar honum þó var gefinn kostur á því sérstaklega og svo mikið haft við að í rauninni var kvaddur saman sérstakur fundur í fjh.- og viðskn. til þess að fjalla um þetta mál vegna þeirrar áhyggju sem hann lýsti í Morgunblaðinu á dögunum og Þórarinn Þórarinsson fyrrv. þm. tók undir í leiðara Tímans í dag.

Í viðtölum við Geir Geirsson endurskoðanda talaði hann aftur og aftur fyrir hönd þess sem hann kallaði samvinnuhreyfinguna. Hann sagði: „að dómi samvinnuhreyfingarinnar", „samvinnuhreyfingin telur", „samvinnuheyfingin vill", „samvinnuhreyfingin ætlar", „samvinnuhreyfingin mun", „samvinnuhreyfingin hyggst". Ég tel að þetta sé í rauninni nokkuð sérkennilegur talsmáti vegna þess að á bak við álit Geirs Geirssonar eða Erlendar Einarssonar í þessu tilviki kannast ég ekki við að liggi fyrir samþykktir í samvinnufélögunum né heldur í stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga. Ég held að þess vegna sé ekki hægt að tala um eða gera ráð fyrir að samvinnuhreyfingin sem slík hafi t. d. á aðalfundi SÍS gert ályktun um að fylgja þeim skattalækkunarfrv. hlutafélaganna sem hér eru á ferðinni.

Fulltrúi Sambandsins sagði m. a. á fundinum í morgun að þær breytingar sem frv. gera ráð fyrir gætu orðið til þess að fjölga atvinnutækifærum og efla atvinnureksturinn. Hann sagði að samvinnuhreyfingin teldi hugmyndina góðra gjalda verða og líklega til að efla atvinnureksturinn. En síðan sagði hann: En þessi leið gagnar ekki samvinnufélögunum. Þess vegna verður að reyna að finna álíka leiðir fyrir samvinnufélögin um hliðstæðar skattaívilnanir þó að það sé ekki sjónarmið samvinnuhreyfingarinnar að þar eigi að gilda nákvæmlega sömu reglur. Hann gerði grein fyrir því í máli sínu að grein Erlendar Einarssonar væri ekki krafa um nákvæmlega sömu reglur handa samvinnufélögum og hlutafélögunum heldur bæri fyrst og fremst að líta á grein Erlendar sem andsvar við áróðri gegn samvinnuhreyfingunni sem komið hefði fram í Morgunblaðinu m. a. að undanförnu.

Þetta þótti mér athyglisvert. Þess vegna spurði ég þennan talsmann samvinnuhreyfingarinnar: Hvernig er hugsanlegt að ívilna samvinnufélögunum þannig að þau njóti hliðstæðra fríðinda og gert er ráð fyrir að hlutafélögin fái í þessu? Hvaða aðferð geta menn hugsað sér að finna handa samvinnufélögunum í þessu efni? Talsmaður Sambandsins svaraði því til að mjög vandasamt væri að tengja slík fríðindi félagsréttindum vegna þess að ekki er víst hvort á að tengja þau viðskiptum, en aðild manna að samvinnufélögum byggist, eins og kunnugt er, mjög á viðskiptum. En hann vitnaði til þess að í Svíþjóð hefði verið fundin leið í þessu skyni til þess að tryggja samvinnufélögunum þessi réttindi.

Í framhaldi af þessu spurði ég talsmann Sambandsins: Er afstaða Sambandsins til þessara frv. byggð á því að hliðstæðar reglur verði fundnar fyrir samvinnufélögin við endurskoðun samvinnulaganna sem nú stendur yfir og að milli þessara tveggja frv. annars vegar og endurskoðunar samvinnulaganna hins vegar séu bein pólitísk tengsl? Svar fulltrúa Sambandsins var þetta: Já, það er okkar skoðun. Þ. e. afstaða Sambandsins til þessara frv. byggist á því að þeir treysta því að við endurskoðun samvinnulaganna fái Sambandið sams konar ívilnanir fyrir samvinnufélögin og gert er ráð fyrir í þessum frv.

Í gangi mun vera endurskoðun samvinnulaganna. Ég trúi að fyrrv. viðskrh. hafi komið því af stað, nefnd sem vann þá endurskoðun á hans vegum hafi gengið frá einhverjum pappírum og skilið eftir í höndum núv. hæstv. viðskrh. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Hvaða hugmyndir er hann með um ívilnanir handa samvinnufélögunum í þessu efni? Hvernig ætlar hann að ívilna samvinnufélögunum? Það er bersýnilegt að þeir Sambandsmenn gera ráð fyrir því að þeir fái það fyrir snúð sinn þegar þau frv. komast í gegn sem hér eru á dagskrá að samvinnufélögunum verði hyglað á eftir. Ég óska

eftir því að hæstv. viðskrh. svari því með hverjum hætti þeir pólitísku samningar eru sem á bak við þessi frv. eru um að tryggja réttindi samvinnufélaganna?

Niðurstaðan af þessum viðræðum við fulltrúa Sambandsins var sem sagt fyrst og fremst sú að hann taldi að þarna væri út af fyrir sig ekki um að ræða mál sem væri ástæða til að stöðva eða fyrir samvinnuhreyfinguna að leggjast á móti, en hann vildi að samvinnufélögunum yrðu tryggð hliðstæð réttindi þegar samvinnulögin verða endurskoðuð. Ég vil sem sagt beina þessari spurningu til hæstv. viðskrh.

Nú er það svo með Sambandið að þar er ekki bara verið að tala fyrir samvinnuhreyfinguna og samvinnufélög. Það vill svo til að Sambandið er einhver umsvifamesti hlutafélagaeigandi í landinu og það kemur líka í ljós að Sambandið er einmitt fyrst og fremst með stór hlutafélög á sínum vegum. Hlutafélög Sambandsins eru milli 10 og 15 talsins að okkur er fortalið. Þetta eru það stór hlutafélög að þau munu flokkast undir þau fríðindi sem möguleikar skapast fyrir í þessum frv., þ. e. a. s. ef hlutafélaginu er vísað yfir á hendur einstaklinga vegna þess að frv., eins og þau eru hér, byggjast bara á hlutafjáreign einstaklinga en ekki samvinnufélaga. Þess vegna er alveg ljóst að ef hlutafélög Sambandsins ætla sér að njóta góðs af þessum breytingum verður að breyta þeim hlutafélögum frá því sem þau eru nú.

Mér fannst það athyglisvert sem fram kom í morgun hjá Geir Geirssyni — ég veit ekki hvort það er rétt — að í rauninni væru þau hlutafélög í landinu sem nytu góðs af þessum lögum nú þegar teljandi á fingrum annarrar handar. Hann sagði að hlutafélögin gætu að vísu breytt samþykktum sínum til þess að möguleiki skapist á því fyrir þau að nota sér það sem hér er opnað fyrir, en að óbreyttum samþykktum væru kannske fimm hlutafélög í landinu eða svo sem gætu nýtt sér þær lagfæringar sem hér er verið að gera fyrir hlutafélögin.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þarna komu fram frá fulltrúa samvinnuhreyfingarinnar og Sambands ísl. samvinnufélaga. Ég tel að mjög mikilvægt sé að Sambandið hefur fengið að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Sambandið er það stór aðili í atvinnurekstri í landinu að í raun og veru er varla hægt að hugsa sér að fram hjá því sé gengið þegar verið er að taka ákvarðanir af þessum toga og þess vegna hafi verið nauðsynlegt að koma málinu til n. og gefa þeim sambandsmönnum kost á að gera grein fyrir sínu máli. Ég vil þakka form. fjh.- og viðskn. Nd., Páli Pétursyni, fyrir að hann skyldi hafa orðið við þessari beiðni Alþb. frá í fyrrakvöld um að kalla í fulltrúa Sambandsins til viðræðna um þessi mál. Þannig sýndi Páll Pétursson skilning á því hve nauðsynlegt væri að ræða við Sambandið þegar fjallað er um mál af þessum toga.

Herra forseti. Afstaða okkar til þessa máls liggur út af fyrir sig fyrir og ég hef ekki mörgu við það að bæta. Eins og ég gat um áðan höfðu menn gert ráð fyrir því að umr. gæti lokið áður en þessi sólarhringur væri allur ef ekki hefði fram komið þessi brtt. frá hæstv. fjmrh. En ég tel að ekki eigi að þurfa að líða langur tími af fundarhöldum hér í hv. deild áður en þessi mál eru afgreidd. Þau hafa fengið rækilega meðhöndlun og afstaða Alþb. liggur þar ljós fyrir. Við höfum verið andvígir þessum frv. og greitt atkvæði gegn þeim og munum einnig gera það við 3. umr. málsins þegar atkvæðagreiðsla fer fram.

Páll Pétursson: Herra forseti. Vegna orða hv. 3. þm. Reykv. vil ég taka fram að að sjálfsögðu kvaddi ég saman fund í n. til þess að ræða við fulltrúa Sambands íslenskra samvinnufélaga eins og ég hafði gefið fyrirheit um við umr. í deild. Fundurinn var þó ekki einungis kvaddur saman til þess að ræða við fulltrúa Sambandsins þó að það væri að vísu nokkuð erindi, heldur einnig til þess að taka til meðferðar brtt. sem lögð hafði verið fram af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Geir Geirsson endurskoðandi kom á fund nefndarinnar og hann var ekki kosinn þar sem slíkur af Framsfl. Hann var sendur fyrir hönd forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga. Hins vegar var hann tilnefndur af Framsfl. til að taka þátt í samningu þessara títtnefndu frumvarpa.

Hann leysti greiðlega úr spurningum nm. Mér fannst hann komast skynsamlega að orði og upplýsa það sem hann var spurður um. Hitt er alveg öruggt að ekki liggur fyrir aðalfundarsamþykkt frá aðalfundi SÍS um 159. og 160. mál, enda kannske tæplega hægt að ætlast til þess vegna þess að þau mál eru nýlega tilkomin, en aðalfundur hefur ekki verið haldinn síðan á s. l. sumri. Það er mjög lofsvert ef hv. þm. Svavar Gestsson sér fyrir hagsmunum Sambands ísl. samvinnufélaga. Maður sefur að sjálfsögðu miklu rólegri að vita það að við samvinnumenn eigum svo góðan hauk í horni sem Svavar Gestsson sjáandi fyrir hlut samvinnuhreyfingarinnar. En ég vil skýra frá því við þessa umr. að ég mun boða fund í fjh.- og viðskn. kl. 11 í fyrramálið og taka þá fyrir þessa brtt. frá fjmrh. sem hér hefur verið lögð fram. Ég get reyndar lýst því yfir að á þeim fundi mun ég gera það að till. minni að þetta ákvæði til bráðabirgða verði samþykkt.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. þm. Reykv. vil ég taka fram að ég kannast ekki við neina pólitíska samninga í sambandi við þau frumvörp, sem hér hafa verið til umr. og á dagskrá þessa fundar. Í öðru lagi veit hv. þm. það, að viðskrn. fer með hlutafélagalöggjöfina og samvinnufélagalöggjöfina hvað snertir uppbyggingu, form og þær reglur sem þessi félög starfa eftir, en skattaleg meðferð, hvort heldur er félaganna sem slíkra eða þess sem félögunum viðkemur, tilheyrir fjmrn. Það er því hæstv. fjmrh. að svara til í þeim efnum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Út af fyrir sig er svar hæstv. viðskrh. alveg skýrt að það eru engir pólitískir baksamningar um hliðstæðar ívilnanir fyrir samvinnufélögin eins og hér er gert ráð fyrir fyrir hlutafélögin. Auðvitað er það rétt hjá ráðh. að skattamál heyra undir fjmrn. en ekki undir viðskrn. En allt að einu heyra samvinnufélögin undir viðskrn. Mér sýnist þetta benda til þess að Framsfl. hafi vanrækt að tryggja hagsmuni samvinnuhreyfingarinnar í þeim samningum. (**PP:** Við stöndum ekki í neinum hrossakaupum.) Þeir hafi vanrækt það að tryggja hagsmuni samvinnuhreyfingarinnar í sambandi við meðferð þessara mála, eins og mig reyndar grunaði og ég benti á á mánudagskvöldið. Kemur mér það í sjálfu sér ekki neitt á óvart eftir það sem á undan er gengið með þann flokk núna síðustu mánuðina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 68. fundur.

Fimmtudaginn 29. mars, kl. 1.30 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 363 (sbr. 230), 503, 513). — Frh. 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Við upphaf þessarar umr. flutti hæstv. fjmrh. till. að ákvæði til bráðabirgða við það mál sem hér er til umr. þar sem lagt er til að við álagningu tekjuskatts á árunum 1984 og 1985 vegna tekna áranna 1983 og 1984 verði skattskyldum aðilum heimilt að leggja tillög í varasjóð í stað þess að leggja tillög í fjárfestingarsjóð skv. 11. tölul. 31. gr. frv. Hámark varasjóðstillags skv. þessu verður eins og í gildandi lögum 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum hefur verið dregið skv. II. kafla.

Þau rök liggja fyrir þessu að ýmis fyrirtæki hafa, vegna þess dráttar sem orðið hefur á afgreiðslu málsins, gert upp eftir hinni gömlu aðferð. Önnur fyrirtæki hafa gert upp sína reikninga eftir þeirri aðferð sem að hefur verið stefnt að lögfesta með þessu nýja frv. Þegar svo er komið þótti ekki óeðlilegt að láta á það reyna á næstu tveimur árum hvernig fyrirtækin mundu bregðast við þessari nýbreytni, þ. e. að þau gætu valið á milli þessara tveggja aðferða á næstu tveimur árum. Þannig mundi reynslan skera úr hvort eðlilegt væri að hafa þessa skipan til frambúðar eða ákveða að fjárfestingarsjóðurinn yrði eini möguleikinn að þessum umþóttunartíma liðnum.

Þess var óskað við umr. hér í gær af hv. 3. þm. Reykv. að málið yrði á ný tekið til umr. í fjh.- og viðskn. vegna þessarar nýju till. frá hæstv. fjmrh. Það var gert. Nefndin hélt fund í morgun og ræddi tillöguna. Allir viðstaddir nm. töldu að þessi breyting væri til bóta, en afstaða þeirra til frv. er að öðru leyti óbreytt. Að þessu áliti n. standa Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Þorsteinn Pálsson, Kjartan Jóhannsson og Guðmundur Einarsson en hv. þm. Svavar Gestsson var ekki viðstaddur meðferð málsins í n. í morgun. Það er till. meiri hl. n. skv. þessu að þetta ákvæði til bráðabirgða sé til bóta og verði samþykkt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þar sem mér barst ekki boð um fund í fjh.- og viðskn. í morgun gat ég ekki sótt fundinn og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. Ég vil hins vegar láta það koma fram að þessi brtt. breytir engu um afstöðu mína eða okkar Alþb.-manna til þessara tveggja frv. um skattfríðindi fyrirtækja, sem við höfum lýst okkur andvíga í umr. hér og nál. sem fram hafa komið. En ástæða er til þess að fagna því að formaður fjh.- og viðskn. Nd. sá ástæðu til að kveðja nefndina saman til fundar til þess að fjalla um þetta mál, enda óhjákvæmilegt. Þó það sé ekki veruleg breyting frá þessum frumvörpum er það þó það mikil breyting að rétt er og eðlilegt að þm. ræði málið, svo sem gert hefur verið, eins og hv. 1. þm. Suðurl. gerði grein fyrir áðan.

ATKVGR.

Brtt. 503 tekin aftur.

Brtt. 513 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:5 atkv. og endursent Ed.

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 160. mál (þskj. 508 (sbr. 231)). — Frh. 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:6 atkv. og endursent Ed.

Efri deild, 71. fundur.

Fimmtudaginn 29. mars, að loknum fundi í Nd.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 72. fundur.

Fimmtudaginn 29. mars, að loknum 71. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 159. mál (þskj. 517 (sbr. 230)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Enda þótt hv. þdm. sé kunnugt um breytingu þá sem gerð var í Nd. nú fyrir skemmstu á frv. því sem hér er til umr. tel ég rétt að formlegur fundur verði haldinn í fjh.- og viðskn., en geri ráð fyrir að hann geti orðið stuttur. Þar yrði þá líka fjallað um þá breytingu sem gerð var á 2. dagskrármálinu nú fyrir skemmstu í Nd. Ég óska þess vegna eftir fundarhléi sem ég vænti að þurfi ekki að vera nema 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur haldið fund um þá breytingu sem gerð var á þessu frv. í Nd. og gerir engar athugasemdir við hana.

Sömuleiðis höfum við fjallað um fylgifrv. með þessu máli og þá breytingu sem á því var gerð og gerum heldur enga athugasemd við hana, en afstaða til málanna í heild kemur að sjálfsögðu fram hér við lokaatkvgr.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Þm. Alþb. greiddu atkv. gegn þessu frv. ásamt nokkrum öðrum stjórnarandstöðuþm. við afgreiðslu málsins hér í deildinni á sínum tíma. Afstaða okkar hefur að sjálfsögðu ekki breyst þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á málinu í Nd. Þó vil ég taka það fram

að ég tel ekki að þessi breyting út af fyrir sig geri frv. neitt verra en það var, þ. e. að menn megi nota núgildandi varasjóðsheimildir í stað þessara nýju heimilda sem eru í frv. Frv. verður því ekki óaðgengilegra þess vegna.

Hitt er annað mál, að þessi heimild í núgildandi lögum til þess að leggja 25% í varasjóð í félögum, sem telja fram sem sjálfstæðir skattaðilar, hefur alltaf verið til þess eins að draga úr skattgreiðslum fyrirtækja sem eru með þessu rekstrarformi. Hún hefur auðvitað aldrei verið neitt annað en hrein skattalækkunaraðferð og verður það að sjálfsögðu áfram á meðan hún er notuð. Þetta vildi ég að fengi að koma hér fram vegna þess að þessi skattalækkunarheimild sem verið hefur um langt skeið, að draga megi 25% frá áður en skattur er lagður á, á að gilda áfram. Þar er auðvitað ekki um neitt annað að ræða en aðferð til þess að gera atvinnurekstrinum í landinu kleift að borga miklu minni skatta en honum ber og hann ætti að gera frá almennu sjónarmiði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 518).

Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri, frv. 160. mál (þskj. 508 (sbr. 231)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 519).

Sameinað þing, 72. fundur.

Fimmtudaginn 29. mars, að loknum 71. fundi í Ed.

Tilkynning um mannaskipti í þingnefnd.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Vinnunefnd hefur hlutast til um, með samþykki allshn., skv. 15. gr. þingskapalaga, að Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., taki sæti Ellerts B. Schram, 6. þm. Reykv., í allshn.

Tilkynning um störf þingnefnda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Vakin er athygli þm. á því að gerð hefur verið skrá um stöðu mála hér á þinginu 27. þ. m. Það kemur í ljós skv. þessari skrá að óvenjumikið mun vera óafgreitt af málum eftir að komið er svo langt fram á þing sem nú er raun á. Það er vakin athygli á þessu. Það má líka koma hér fram að 24. febr. kvöddu forsetar þingsins formenn allra nefnda á sinn fund til þess að ræða afgreiðslu mála í nefndum. Þá var lögð áhersla á það við formenn nefnda að ekki yrði óeðlilegur dráttur á afgreiðslu þeirra mála sem nefndir hygðust afgreiða.

Það skulu ekki fleiri orð höfð um þetta en tekið er fram að í Sþ. standa þessi mál sérlega illa. Komið hafa nú fram 69 þáltill. á þinginu. Er búið að afgreiða úr nefnd 8 þáltill. og þær hafa líka fengið fullnaðarafgreiðslu frá þinginu. Í tveim nefndum, allshn. og atvmn., eru yfir 40 mál óafgreidd.

Ég vænti þess að við hjálpumst öll að því að fram geti farið eðlileg afgreiðsla — ég endurtek — á þeim málum sem nefndir ætla sér að afgreiða svo að það hrúgist ekki á síðustu daga þingsins að fá mál úr nefnd. Þessi skýrsla verður afhent formönnum þingflokkanna í dag.

Hvalveiðar við Ísland, þáltill. 238. mál (þskj. 418). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Veggangagerð á Austfjörðum, þáltill. 246. mál (þskj. 447). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bygging tónlistarhúss, þáltill. 216. mál (þskj. 385). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Friðarfræðsla, þáltill. 184. mál (þskj. 328). — Frh. einnar umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér hafa farið fram umr. æ ofan í æ, miklar og langar ræður verið haldnar, um þá till. til þál. sem hér liggur fyrir. Það hefur komið í ljós að viðhorf sjálfra flm. til till. byggjast á mismunandi forsendum. Till. hljóðar svo, eins og oft hefur verið nefnt, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að hefja undirbúning að frekari fræðslu um friðarmál á dagvistunarstofnunum,"— ekki einungis um frið á dagvistunarstofnunum, heldur almennt um friðarmál á dagvistunarstofnunum — „í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Markmið fræðslunnar verði að glæða skilning á þýðingu og hlutverki friðar og rækta hæfileika til þess að leysa vandamál án ofbeldis og leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða."

Nú er það svo að í öllu uppeldi í okkar þjóðfélagi er eitt af meginmarkmiðunum að rækta hæfileika fólks til að leysa vandamál sín án ofbeldis og friðsamlega. Það

er eitt meginatriði í öllu uppeldi í siðuðu þjóðfélagi að taka tillit til réttar annarra, að virða lög og reglur sem sett eru til þess að koma í veg fyrir deilur manna á meðal. Þetta eru mikilvæg atriði í þessu sambandi og grundvöllurinn að öllu þessu felst í hinni kristnu siðfræði sem liggur til grundvallar í öllu okkar skólakerfi og uppeldiskerfi. Allt saman er þetta þar. En í ljós kemur strax í viðtölum við flm. þessarar till., sem birt voru í Morgunblaðinu 7. febr. að mig minnir eða rétt um það leyti sem þessi till. var lögð fram, að flm. leggja sinn skilninginn hver í það efni sem þeir eru að flytja. Ef Alþingi ætlar að fela framkvæmdavaldinu að framkvæma vilja sinn verður að vera ljóst hver þessi vilji er. Svo er ekki í þessu tilviki. Sumir vilja láta fræða um alþjóðamál og vopnabúnað og vopnaviðskipti allt niður í dagvistarstofnanir. Aðrir vilja almennt auka fræðslu í almennum góðum umgengnisháttum, fræðslu um kristindóm, leggja áherslu á þessa þætti víða í samfélagsfræðinni án þess að fjallað verði um alþjóðastjórnmál á þessum stigum skólakerfisins. Það er sem sé ljóst að flm. eru ekki allir á einu máli um margt það sem stendur í grg. till.

Nú er það svo, að þar sem greint er hvað felst í markmiði friðarfræðslu eru mörg atriði sem eru augljóslega í markmiði góðs uppeldis og almennrar fræðslu hvort eð er. Þess vegna held ég að áhersla á þau atriði eigi áfram að vera í skólafræðslunni, en fræðslu um vopnabúnað, eðli vopna, alþjóðastjórnmál og þess háttar get ég ekki séð að skólinn eigi að hafa með höndum fyrir yngstu borgarana í þjóðfélaginu.

Það eru fleiri en við sem höfum átt í erfiðleikum með að finna ramma utan um slíka fræðslu og þannig að allir gætu á það fallist. Við viljum ekki stuðla að því að koma inn í skólana, í sjálfa fræðsluna einhverju sem orkar tvímælis í pólitískum deilum. Ég vænti þess að við séum sammála um að svo eigi ekki að standa að málum. Þá er ég einmitt með í huga mál sem fjallaði um þessi atriði, athugun á friðarfræðslu á Norðurlöndum, og lagt var fyrir ráðherrafund menntamálaráðherra Norðurlanda núna í sumar. Þessu máli var þar hreinlega vísað frá vegna þess að menn töldu sig hafa reynslu af því að það væri ógerlegt að setja mál í þann ramma að skynsamlegt væri að taka þetta sérstaklega út úr og skapa því aukinn sess í skólafræðslunni.

Hins vegar hafa menn haft annan hátt á að því er varðar friðarfræðslu sem m. a. tekur mið af ástandi alþjóðamála. T. d. hafa í Noregi nýlega verið uppi hugmyndir af hálfu menntmrn. þar um að gera friðar- og öryggisfræðslu að valgrein í framhaldsskólum og inn í það námsefni eru teknir ýmsir þættir í ástandi alþjóðamála og ýmsir þeir þættir sem greindir eru í grg. með þessari till. Er sérstök áhersla lögð á varnarstefnu landsins sem þátt í varðveislu friðarins og sérstök áhersla lögð á fræðslu um mannréttindi sem grundvöll friðar meðal manna.

Í því efni er ýmislegt sem varðar heimspekileg viðhorf og almennt gildismat, en ógerlegt er að fjalla af neinu raunsæi um þessa hluti nema að gera grein fyrir stefnu síns eigin lands og því hversu hún tengist varðveislu friðarins og hvernig varnarmálastefna hvers lands er þáttur í friðargæslunni, m. a. það hvern þátt þau lönd, sem ég hef gert að umtalsefni, Noregur og okkar land og sum Norðurlandanna, eiga í friðargæslu með því að leggja sitt af mörkum í varnarbandalagi sem hefur varðveitt frið í okkar heimshluta lengur samfleytt en nokkurn tíma hefur áður gerst. Þetta eru staðreyndir sem ómögulegt er að komast fram hjá. — Og ég vil sérstaklega andmæla því þegar á þessum málum er haldið á þann veg að friður sé í sjálfu sér umdeilt hugtak. Auðvitað er friður með frelsi og mannréttindum markmið í sjálfu sér. Ég sé ekki að það þurfi kennslugrein til að gera fólki grein fyrir gildi friðarins, ég held að það liggi bókstaflega í mannlegu eðli.

En ég vil leggja á það áherslu að mér þykir afar hæpið fyrir Alþingi að samþykkja till. sem Alþingi er sjálfu ekki ljóst hvað innifelur. Ef fela á stjórnvöldum framkvæmd einhvers máls verður líka að vera ljóst hvað það er sem á að framkvæma.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hvað er það sem okkur greinir svo mjög á um vegna þessarar till. um friðarfræðslu í skólum, mig og ýmsa aðra þm. og hv. frsm. og flm., 3. landsk. þm.? Er það það að hún vilji frið og ég vilji stríð? Er það það að hún sé talsmaður friðsamlegra samskipta og við sem erum gagnrýnir á þetta séum hinir mestu stríðsseggir? Stundum þegar ég hlusta á málflutning flm. virðist mér votta fyrir slíkum skoðunum.

Nú vildi ég árétta að það sem okkur greinir á um er ekki lýsing á ófriðvænlegu ástandi í heiminum. Okkur greinir ekkert á um það þegar þessi heimsmynd er dregin upp. Við getum út af fyrir sig bæði varið löngu máli í að lýsa því hversu mjög við hörmum vígbúnaðarkapphlaup, hversu mjög við hörmum hversu miklum verðmætum er varið til vígbúnaðarkapphlaups, vopnaframleiðslu, að halda uppi herjum o. s. frv. Við getum tíundað skoðanir okkar á sólundun verðmæta. Við getum út af fyrir sig verið innilega sammála um hið sjúka efnahagslíf heimsins. Þetta getum við tíundað í löngu máli.

Svo kemur hins vegar spurningin: Þegar við förum að greina þetta ástand, þegar við förum að rannsaka það, þegar við förum að spyrja okkur spurninga um hvað veldur, hverjar eru orsakirnar, og þegar við í framhaldi af því förum að spyrja sjálf okkur: Hverjar eru lausnirnar, í hverju eru þær fólgnar, kann heldur betur að vera að okkur greini á.

Mér hefur stundum satt að segja ofboðið það sem ég kalla hina einföldu heimsmynd og þá einföldun lífsskoðunar sem mér virðist koma fram í máli flm. Ég nefndi sem dæmi: Hv. flm. hefur farið nokkrum orðum um það að kona sé kynferðis síns vegna nær lífinu og ýjað að því að aukin þátttaka kvenna í stjórnmálum sé framlag til friðar vegna þess að konur séu í eðli sínu friðsamari en karlar. Og rekur það til þess að uppeldi karla sé að því leyti slæmt að með þeim sé alin upp árásargirni, ofbeldistilhneigingar o. s. frv. Mér finnst þetta ákaflega einfeldnisleg skoðun og mér finnst satt að segja að það jaðri við kynrembu í svona viðhorfum.

Ég nefni nafn þeirrar hræðilegu herfu Lady Macbeth. Mér koma upp í hugann þær konur sem kvaddar hafa verið til að fara með æðstu völd í einstökum ríkjum. Mér kemur í hug eiginkona félaga Maós og framlag hennar til „friðsamlegrar" lausnar pólitískum vandamálum í Kína. Mér kemur í hug sú stórbrotna manneskja Indíra Gandhi, hafandi lesið bréf föður hennar til hennar úr fangelsinu. Mér er ekki til efs að Indíra Gandhi tekur föður sínum langt fram að því leyti að hún

er mun herskárri í öllum sínum viðhorfum, lét það verða sitt fyrsta verk í ríkisstjórn að afnema mannréttindi á Indlandi og beita valdi líklega með stórtækari hætti en gerst hefur í Indlandi eftir að Indverjar fengu sjálfstæði. Mér kemur í hug frú Bandaranaike á Ceylon, sem varla hafði fyrr tekið við völdum en þar braust út borgarastyrjöld þar sem hún lét síst sitt eftir liggja í því að beita hervaldi. Mér kemur í hug Golda Meir. Þegar hinn hrjáði Ísraelslýður mátti heyja enn eina styrjöld fyrir lífi sínu leitaði hann til konu til þess að leiða sig í því stríði. Það rifjast upp fyrir mér þau ummæli Friðriks mikla, sem oft komst í krappan dans, að aldrei hefði hann komist í hann krappari en þegar hann átti í styrjöld við „pilsin þrjú" sem réðu fyrir ríkjum í Evrópu á hans tíð. Ég gæti jafnvel nefnt járnfrúna sjálfa, Margaret Thatcher, sem vafalaust er að lífsskoðun einhver herskáasti stjórnmálamaður sem uppi hefur verið í Bretlandi síðan Churchill leið. Og hikar ekki við, sem margur karlmaðurinn hefði nú gert, að efna til styrjaldar fremur en að una því að Bretar yrðu sviptir Malvínaseyjum með valdi.

Ég held m. ö. o. að það sé um ákaflega mikla einföldun að ræða þegar menn ætla að beita kyngreiningu, jafnvel þó það sé með öfugum formerkjum, í friðarrannsóknum.

Hv. flm. er femínisti, skilst mér, að lífsskoðun. Það er lífsskoðun sem er jafnrétthá og hver önnur og ég hef ekkert við að athuga. Ég hef stundum verið gagnrýndur fyrir að árétta það í þessum ræðustól að ég er sósíaldemókrati að pólitískri sannfæringu. Einn hv. þm. hefur fundið að því að ég hefði ekki íslenskt orð yfir þetta. Sjálfur er hann kominn úr flokki sem hét einu sinni Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn, en látum það nú vera. — Þetta er kallað á íslensku að vera lýðræðissinnaður jafnaðarmaður. Hvert er inntak þeirrar stjórnmálaskoðunar? Inntak hennar er að hafna valdbeitingu eða ofbeldi í stjórnmálastarfi, að boða það sem kjarna hugmyndafræðinnar og vinnubragðanna að leysa eigi pólitískan ágreining eftir lýðræðislegum leiðum. Það hefur stundum verið orðað þannig, að fremur en að trúa á einhverja fyrir fram gefna niðurstöðu eða formúlu í stjórnmálastarfi einkenni það sósíaldemókrata að aðferð þeirra í pólitísku starfi er friðsamleg og lýðræðisleg, hin óhjákvæmilega en hægfara leið félagslegra umbóta.

Ég kann ekki að nefna eitt einasta dæmi þess úr sögunni að sósíaldemókratar hafi tekið völd í nokkru ríki með valdi. Ég þekki aðeins eitt dæmi þess í sögunni að sósíaldemókratísk ríkisstjórn hafi orðið að beita valdi til þess að berja niður uppreisnartilraun sem gerð var. Ég hygg að það sé nærri því einsdæmi um nokkra stjórnmálahreyfingu sem í eðli sínu er alþjóðleg, það er ekkert launungarmál, það er til Alþjóðasamband jafnaðarmanna, að um hana megi fullyrða að hún hafi ekki aðeins í orði heldur verki hafnað ofbeldi í pólitísku starfi. Samt sem áður er það svo, að sósíaldemókratar eru ekki endilega „friðarsinnar" í þeirri merkingu að þeir neiti að bera vopn eða að þeir neiti því skilyrðislaust að þær aðstæður kunni að vera uppi í hinum ýmsu löndum, þar sem menn standa frammi fyrir nöktu og miskunnarlausu ofbeldi, þar sem menn eru ekki látnir njóta mannréttinda, þar sem enginn kostur gefst á því að lýsa skoðunum sínum, mynda samtök eða reyna að hafa áhrif í átt til þjóðfélagslegra umbóta með friðsamlegu starfi, þar sem menn standa frammi fyrir því að valdbeitingin er slík að annaðhvort er að beygja sig fyrir henni eða rísa upp gegn henni.

Í fyrri ræðu minni um þetta mál nefndi ég það, þegar menn renna augum yfir heimsbyggðina, að sú öld sem við lifum á er að mínu mati mesta ofbeldisöld sem yfir mannkynið hefur dunið. Ég nefndi nokkur dæmi. Ég nefndi nokkur lönd. Ég nefndi ríki eins og El Salvador, ég nefndi Suður-Afríku, ég nefndi Afganistan, ég nefndi hið sovéska nýlenduveldi. Og ég spyr: Erum við, sem búum í pólitískum friði í ríki þar sem mannréttindi eru virt, í aðstöðu til að segja við þetta fólk: Það er rangt í öllum tilvikum, fordæmanlegt, af ykkur að rísa upp gegn þessu valdi með því að beita valdi? Mér finnst þetta sjónarmið hins sannfærða friðarsinna líka bera vott um hroka. Ég held að við höfum ekki efni á því. Ég held að kannske stafi þetta af því að okkar kynslóð og fólk í okkar heimshluta lifir að vissu leyti, ef við berum það saman við aðra heimshluta, í vernduðu umhverfi og gerir sér hreinlega ekki grein fyrir því hversu blóðugur og ofbeldiskenndur sá heimur er sem við lifum í. Og að það eru engar einfaldar lausnir til. Og síst af öllu höfum við nokkur efni á því að segja við hinn niðurlægða og ofsótta svarta þegn Suður-Afríku: Að vísu er andóf þitt vonlaust, að vísu ert þú ekki maður í mannlegu samfélagi, að vísu skaltu sætta þig við þetta, að vísu skalt þú aðeins beita þeim úrræðum sem eru friðsamleg, jafnvel þótt þau gefi þér enga von um breytingar.

Það kom fram í þessum umr., ég held að það hafi verið í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals, að þegar hann sat á þingi Sameinuðu þjóðanna hefðu verið bornar fram í fyrstu nefnd þingsins 79 tillögur um frið. Við erum sjálf að ræða um ályktun þar sem vísað er til samþykktar á vegum Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1974. Hvernig er nú ástandið hjá meiri hluta þeirra þjóða sem mynda hinar Sameinuðu þjóðir? Hversu friðsamlegt er þar, hversu lýðræðislegt er þar? Þar sitja á þingi fulltrúar ríkisstjórna sem því miður hafa í vel flestum tilvikum tekið völd í viðkomandi löndum með hervaldi, sem margar hverjar standa í styrjöldum við nágrannaþjóðir og sem ótrúlega margar standa í styrjöldum við þegna sína og beita þá hervaldi og kúgun.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði: Er þetta ekki dæmi um að andinn er að sönnu reiðubúinn, við flytjum tillögur um frið, en holdið er veikt? Það má orða það svo. Það má líka segja: Það er yfirgengileg hræsni þegar fulltrúar ríkisstjórna sem eru komnar til valda vegna valdbeitingar, sem beita þegna sína hrikalegu og blóðugu valdi, koma síðan á alþjóðasamkundur og flytja tillögur um frið og mannkærleika.

Vorum við í stöðu til þess að segja við hina hrjáðu þjóð Ísraels í Evrópu: Þið áttuð að sætta ykkur við ofbeldi nasismans. Ég hefði ekki treyst mér til þess, hvorki þá né nú, þegar minjar þeirra eru svo sem eins og tvö fet af ösku víðs vegar um álfuna sem minnismerki um siðferðilegt gjaldþrot og grimmd einhverrar menntuðustu þjóðar Evrópu.

Ég hygg að það sé enginn ágreiningur milli mín og þeirra sem þessa till. flytja um að við lifum í ófriðvænlegum heimi. Það getur hins vegar vel verið að það komi fram verulegur ágreiningur þegar við förum að ræða í smáatriðum hvaða hugmyndir við gerum okkur um hvernig megi leysa þessi vandamál. Og ég vil taka skýrt fram að það er ekkert nýtt í þessum efnum. Frið-

arstefna í merkingunni að neita að bera vopn, að hafna öðrum lausnum í pólitískum ágreiningsefnum en þeim sem fela í sér vopnleysi, er ekkert ný. Það hefur verið boðað á öllum tímum. En ef við spyrjum einfaldra spurninga, eins og t. d.: Hvaða hugmyndir gera menn sér um orsakir misskiptingar auðs og örbirgðar í þjóðfélögum, við þurfum ekki að spyrja nema þessarar einu spurningar, þá erum við komin að einhverjum stórpólitískustu ágreiningsefnum sem uppi eru, ekki aðeins með okkar samtíð heldur á undanförnum árum, áratugum og öldum.

Um hvað standa stjórnmálaátök í hinum vanþróaða heimi? Að sjálfsögðu milli hugmyndakerfa, milli ólíkra þjóðfélagsskoðana. Til eru þeir menn sem hafa þá trú að hið sovéska þróunarlíkan henti best vanþróuðum þjóðum, það muni gefa skjótastan árangur til að binda endi á örbirgð og koma þessum þjóðum eitthvað áleiðis til iðnþróunar, til bjargálna. Aðrir hafna þessum kenningum alveg skilyrðislaust og segja: Þessi leið hefur verið reynd og hún hefur hvergi skilað neinum árangri. Hún er sannarlega ekki til fyrirmyndar. Fyrir nú utan það að hún þýðir fyrst og fremst að menn eru að segja: Í hinum vanþróaða heimi, þar sem vandamálin eru svo hrikaleg, dugar ekkert annað en ofbeldiskerfi. Aðdráttarafl hins sovéska kerfis er fyrst og fremst það að það gefur valdhöfum kost á að beita hrikalegu valdi til að leysa þjóðfélagsleg ágreiningsmál. — Aðrir mundu segja: Það er grundvallaratriði að fara þá leið að leysa þessi mál eftir leiðum markaðarins. Síðan nefna menn hver um sig sín dæmi. Menn segja: Hvar hafa efnahagslegar framfarir orðið mestar? Var það í Japan, er það í Kóreu, er það á Taiwan, er það í Hong Kong eða hvað er að segja um árangurinn í Austur-Evrópu og árangurinn í Suður-Ameríku, við skulum segja á Kúbu? Þetta eru allt saman stórpólitískar spurningar. Sósíaldemókratar hafa sínar hugmyndir um hvaða leið muni trúlega gefast best. En það er kannske dæmigert að það er mjög mikið um það að menn sem sjálfir búa við rótgróin lýðræðisskipulög telja oft að það sé á þeirra valdi að gefa öðrum þjóðum ráð, gefa þeim formúlu.

Mér dettur í hug af þessu tilefni að vitna í athyglisverða grein eftir þann íhugula og ágæta blaðamann, Árna Bergmann, sem birtist í Þjóðviljanum fyrir nokkrum dögum. Þar segir af skáldi frá Perú sem heitir Mario Vargas Llosa. Vargas Llosa hafði mikla aðdáun á þýska rithöfundinum Günther Grass. En eftir að Günther Grass lét sér um munn fara þau ummæli að lönd rómönsku Ameríku mundu aldrei leysa vandamál sín nema með því að fara að fordæmi Kúbu, þá var það honum tilefni til þess að senda eftirlætisskáldi sínu orðsendingu, vegna þess að sjálft var þetta skáld frá Perú síður en svo ánægt með þá reynslu sem hlotist hefur af byltingunni á Kúbu.

Ég vitna, með leyfi forseta, í þessa grein Árna Bergmanns. Þar segir:

„En af því að Vargas Llosa þykir nokkru áfátt um lýðræðið á Kúbu er hann ekki beinlínis hrifinn af þessari ráðleggingu Günthers Grass. Hann talar um að það sé í gangi hjá mörgum vinstrisinnum og frjálslyndum mönnum í Evrópu eins konar tvöfalt siðgæði að því er varðar það, hvað þeir telja gott fyrir sig og hvað þeir telji eiga við í t. d. rómönsku Ameríku. Llosa segir:

„Fyrir Vestur-Þýskaland eða þá Vestur-Evrópu og hin iðnvæddu ríki er hugsjónin lýðræði pólitískt kerfi sem er hliðhollt umbótum með kosningum, tjáningarfrelsi og rétti til að stofna pólitíska flokka í samfélagi sem um leið verndar einstaklinginn og er opið og laust við ritskoðun.

Fyrir rómönsku Ameríku er hugsjónin hins vegar bylting, valdataka með ofbeldi, stofnun eins ríkisflokks, samyrkjubúskapur með nauðung, skrifræði yfir menningunni og fangabúðir fyrir þá sem fara aðrar leiðir."

Llosa veltir því fyrir sér hvað það sé sem fái menn eins og Günther Grass" — yfirlýstan sósíaldemókrata — „til að setja dæmin upp með þessum hætti. Hann telur, að það sem mestu ráði um það sé það mikla áfall sem menn verða fyrir þegar þeir skoða nánar hina gífurlegu fátækt sem einkennir flest samfélög rómönsku Ameríku, hið gífurlega misrétti samfara eigingirni og tilfinningaleysi ríkjandi stétta í þessum þjóðfélögum andspænis neyðinni allt um kring. Þegar menn hafi skoðað þetta ástand um hríð komist margir að þeirri niðurstöðu að bylting sé eina leiðin."

Enn fremur segir í greininni: „En mestu varði þó, að hinir velviljuðu og framfarasinnuðu Evrópumenn geri sér grein fyrir því, að með því að óska sér frelsis, en telja það óþarft eða ekki skipta máli í öðrum löndum, þá geri þeir sig eiginlega seka um eins konar kynþáttafordóma, sem þeir sjálfir telja sig raunar lausa við með öllu. Hann segir:

„Menntamaður, sem telur að frelsi sé nauðsynlegt og mögulegt fyrir hans eigin ríki, getur ekki tekið ákvörðun um að það sé óþarfa munaður fyrir aðra. Hann getur a. m. k. ekki gert það nema hann sé fullviss um að hungur, ólæsi og kúgun geri fólki ófært um að lifa í frelsi.

Og þar er kannske komið að kjarna málsins.

Þegar bandarískur eða evrópskur menntamaður — eða frjálslynt blað eða stofnun — ráðleggur pólitíska valkosti fyrir rómönsku Ameríku, sem hann mundi aldrei þola í sínu eigin samfélagi, þá afhjúpar hann grundvallarefa sinn um möguleika rómönsku Ameríku á að öðlast það frelsi og virðingu fyrir rétti annarra sem einkennir lýðræðisríki.

Í flestum tilvikum er hér um að ræða meðvitaða fordóma, vanhugsun, eins konar innri kynþáttafordóma, sem þessir menn mundu afneita fljótt og vel ef þeim er bent á.""

Lýkur hér að segja frá þessum umræðum.

Menn greinir sem sé á um eftir hvaða leiðum eigi að fara til að leysa þau hrikalegu vandamál sem við erum að tala um. Friður verður aldrei í veröldinni nema menn búi jafnframt við réttlæti sem þeir telja viðunandi.

Undirrætur ófriðar eru margar. En ein af þeim er gífurleg misskipting auðs og tekna. Um réttu leiðina til að útrýma örbirgðinni hefur menn greint á árum og áratugum saman. Um þetta eru hin miklu stjórnmálaátök í heiminum. Ef það á að ræða af einhverju viti, ef það á að koma á framfæri einhverri kerfisbundinni, hlutlægri fræðslu inn í skóla um orsakir stríðs, átaka og ófriðar eru menn, hvort sem þeir viðurkenna það eða ekki, að færa inn í skólastofuna umræðu um stórpólitískustu ágreiningsmál okkar samtíðar. Það er laukrétt, sem fram kom í ræðu hv. þm. Árna Johnsen, að menn verða þá að átta sig á því og taka afstöðu til þess hvort þeir vilja að stórpólitísk ágreiningsefni af þessu tagi verði flutt inn á fósturskóla, barnaskóla o. s. frv. Telja menn að það sé framkvæmanlegt, telja menn að

það sé gerlegt? Ef menn neita því og segja sem svo: Það er alls ekki þetta sem við erum að meina, við erum að meina allt annað, við erum ósköp einfaldlega að tala um guðsorð og góða siði, við erum að tala um að það eigi að reyna að draga úr ofbeldishneigð og árásargirni stráka, við erum að tala um að fólk eigi að reyna að hegða sér skikkanlega, við erum að tala um að rækta með fólki umburðarlyndi og virðingu fyrir skoðunum annarra, — hvað eru menn þá að tala um friðarfræðslu? Menn eru þá ekki að tala um nokkurn skapaðan hlut annan en þann sem hefur verið viðleitni skóla alla tíð, þó með því fororði að hingað til hefur það verið viðurkennt hlutverk skóla í lýðræðislegu þjóðfélagi að gera ekki upp á milli lífsskoðana, að boða ekki eða prédika einhverja lífsskoðun, að þröngva ekki upp á varnarlaus börn einhverjum fyrir fram gerðum stóra sannleika eða bjóða ekki börnum og aðstandendum þeirra upp á það að í skólastofum sé farið með einhverja hrikalega einföldum á flóknum vandamálum sem þar eiga ekki heima. — Ég vara sérstaklega við einföldueinni, því einföldunin er, þó hún sé gerð í nafni frómra hugleiðinga og skoðana, e. t. v. það hættulegasta. „Hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi."

Það fer ekkert milli mála að í grg. með þessari till. er sagt: Það á m. a. að rannsaka orsakir ófriðar bæði að því er varðar einstaklinginn og hegðun hans. Og því næst á að rannsaka orsakir átaka í „félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins," alþjóðasamskipti o. s. frv. o. s. frv. Annaðhvort á að gera þetta af einhverri alvöru, einhverri þekkingu eða að þetta er bara leikaraskapur og yfirborðsmennska. Að sumu leyti finnst mér dæmin sem nefnd eru bera vott um óttalegan leikaraskap. Það er t. d. tekið svo til orða, að í uppeldi drengja sé lögð mikil áhersla á árásargirni og samkeppni, samkeppnisanda. Og það er talað um að það eigi helst að hlutast til um að ekki verði leiknir aðrir leikir en þeir þar sem enginn vinnur og enginn tapar og þar sem ekki reynir á samkeppni. Menn geta haft sína skoðun á því, en mér finnst þetta vera hreinn barnaskapur.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé lykilatriði að því er varðar skóla og uppeldisstarf að fá nemendum, sem eru óendanlega ólíkir innbyrðis, bæði að gerð hæfileika og upplagi og hverju einu, — enginn einn einstaklingur er eins, — verkefni sem reyna á hann til hins ýtrasta. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að keppa eftir því í skólastarfi að ýta undir löngun manna og vilja til að skara fram úr, til þess að reyna á hæfileika sína til hins ýtrasta á hvaða sviði sem er. Ég heyri t. d. almennar skoðanir um að það eigi helst ekki að stuðla að keppnisíþróttum. Fólk má skokka og hlaupa, til þess að ná af sér offitunni eða eitthvað þess háttar, heilsunnar vegna, en það má ekki reyna á sig, helst hvorki andlega né líkamlega. Þetta eru ekki nýjar skoðanir. Þetta eru skoðanir sem hafa verið boðaðar í nafni uppeldisfræði og verið í tísku. Ég er ósáttur við þessa skoðun og styðst þar við 10—15 ára reynslu af kennslu- og skólastarfi. Ég held að þetta séu vanhugsaðar skoðanir og þær eru í litlu samræmi við mína reynslu af umgengni við unglinga og börn og í litlu samræmi við minn mannskilning. Ég held þvert á móti ættum við að óska eftir sem mestri fjölbreytni í öllu skólastarfi og einmitt leggja á það áherslu að skóli er m. a. til þess að virkja starfskrafta, reyna á getu og hæfileika til hins ýtrasta. Hann á ekki að vera geymslustaður og allra síst letigarður.

Ég endurtek: Ef það er staðreynd að fræðsla um friðarmál felur í sér umræður og fræðslu um ágreiningsefni manna, um mann og þjóðfélag, þjóðfélagsgerð, hugmyndakerfi, heimspekikerfi, siðfræði o. s. frv. o. s. frv. þá er það staðreynd að hún snýst um pólitík. Ef það á að ræða við börn á aldrinum 4—7 ára ástæðurnar fyrir því að Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið er verið að ræða við þau um pólitík. Ef það á að vera að ræða við börn á þessum aldri um kjarnorkuvopn og rökin fyrir því hvers vegna Vestur-Evrópuríkin hafa sætt sig við það að búa við ímyndað eða raunverulegt öryggi undir kjarnorkuvopnaregnhlíf Bandaríkjamanna allan þennan tíma frá stríðslokum, þá er auðvitað verið að ræða pólitík. Ef það á að útskýra fyrir þessum börnum hvers vegna og með hvaða rökum allar ríkisstjórnir í Vestur-Evrópu óskuðu eftir því að komið yrði upp endurnýjuðum skammdrægum kjarnaflaugum í Evrópu skv. sameiginlegri ákvörðun í NATO 1979, hvað er þá verið að ræða annað en pólitík? Og hvernig á að útskýra þetta fyrir börnum á þessum aldri án þess að fara út á baksvið og þekkingu sem, bara þegar menn hugleiða málið, er ógerningur að koma til skila, þannig að merkingu hafi, við börn á þessum aldri? Á t. d. að fara að ræða þá spurningu, sem fram kom í máli hv. flm., að kjarnorkuvopn, með öllum sínum gereyðingarmætti, séu tæki sem ekki þjóna neinum pólitískum tilgangi, eins og hún sagði?

Einu sinni las ég lesendabréf í bandarísku blaði þar sem spurt var: Halda menn að Bandaríkjamenn hefðu varpað kjarnorkusprengjum á Hiroshima og Nagasaki ef þeir hefðu vitað að Japanir áttu kjarnorkuvopn? Eðli kjarnorkuvopna er vissulega það, að um leið og þeim er beitt kann það að þýða ragnarök þessa heims. Kjarnorkuvopn í höndum þeirra sem reiðubúnir eru til að beita þeim gagnvart þeim sem ekki getur svarað fyrir sig, sem engin sambærileg vopn á til að aftra slíkri árás, eru vissulega pólitískt vopn. Á að segja við börnin: Að sjálfsögðu viljum við að kjarnorkuvopnum verði útrýmt, og spyrja svo: Hvað á að koma í staðinn? Erum við friðarsinnar? Viljum við allsherjar afvopnun? Viljum við einhliða afvopnun? Nei. Hv. flm. segir t. d.: Það er enginn að tala um einhliða afvopnun. Þá er spurt: Hvað er þá verið að tala um í því tilviki? Er hv. flm. tilbúinn að ræða það við okkur, af því að ég skildi hana upphaflega þannig að hún væri alger friðarsinni, hvað á að koma í staðinn? Ég ætla ekki að fara hér í neina efnislega umr. í líkingu við það sem fram fer í vestrænum fjölmiðlum um þessi mál, aðeins spyrja: Ef við ætlum ekki að afvopnast einhliða og við ætlum ekki þar með að bjóða upp á þá stöðu í heimsmálum að hin vestrænu lýðræðisríki gefist einfaldlega upp frammi fyrir ofurvaldi hins sovéska nýlenduveldis að því er varðar yfirburði í venjulegum vopnum ætlum við þá að mæla með því að tekin verði upp herskylda í lýðræðisríkjunum? Ætlum við að mæla með því að þau efli hervarnir sínar með venjulegum vopnum? Eru þeir sem krefjast þess að kjarnorkuvopnum verði eytt reiðubúnir að mæla með því í staðinn, af því að þeir eru ekki friðarsinnar, að framlög Vestur-Evrópuríkja til varnarmála verði hækkuð verulega, vegna þess að það er vitað að þessi ríki hafa ekki staðið við sameiginlegar samþykktir sínar um að hækka þessi framlög? Hv. flm. nefndi t. d. tölur um það hversu háum upphæðum sem

hlutfalli af þjóðarframleiðslu Bandaríkjamenn verja til vígbúnaðar. Hann nefndi töluna um 5%, ef ég man rétt. Vestur-Evrópuríkin hafa margsinnis samþykkt sem leið til þess að draga úr því hversu háð þau eru kjarnorkuvopnum að hækka sitt framlag til varnarmála en aldrei staðið við það. Það er mat þeirra sérfróðu aðila sem fylgjast með Sovétmönnum að það hlutfall sem þeir verja af mun minni þjóðarframleiðslu til hermála sé um 13% af þjóðarframleiðslu, þ. e. tæplega þrefalt á við Bandaríkjamenn. Á að fara með þessar spurningar inn í barnaskóla? Þegar maður spyr svona spurningar, þá er sagt í fyrsta lagi: Nei, nei, það á ekki að gera það. Það á að varpa fram hinum og þessum spurningum svo sem eins og gert var með leikina frá Nottingham. Hvað eru menn þá að tala um? Það er ákveðinn tvískinnungur hér að baki. Annaðhvort er hér um að ræða fræðslu sem snertir kjarna þeirra ágreiningsmála sem við erum að ræða um eða að það er verið að boða þá hugmyndafræði eða þá uppeldiskenningu að það eigi að haga uppeldi í skólum þannig að ekki sé verið að reyna á samkeppni eða keppnisleiki, kennurum sé falið að sjá um að persónuleg samskipti nemenda fari fram friðsamlega og það á að stuðla að því með ýmsum hætti að fólk beri virðingu fyrir skoðunum náungans o. s. frv. Þetta er ekki nýtt, nema ef vera kynni að það ætti að fara að kenna gildismat femínisma í skólum. Þá verð ég fyrir mína parta að segja: Nei, takk, ekki fyrir mína stráka — kannske ekki fyrir mínar stelpur heldur.

Hv. 3. landsk. þm. sagði í svarræðu sinni að það væri ekki rétt sem fram hefði komið bæði í mínu máli og annarra að hún hefði lagt að jöfnu annars vegar lýðræðisríkin og hins vegar alræðisríki Austur-Evrópu. Okkur kann að greina á um það. Ég hef farið yfir þann texta í fyrri ræðu hennar og er reyndar þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt mat hjá mér. Hún hafi að vissu leyti vikið sér undan þeirri spurningu, enda kemur það fram í till. um friðarfræðslu að það á út af fyrir sig ekki, þó það eigi að ræða orsakir styrjalda og átaka og rekja það til þjóðfélagskerfa, að boða breytingar á þjóðfélagskerfum.

Af þessu tilefni langar mig til að segja frá því að fyrir nokkrum vikum heyrði ég ákaflega athyglisverðar umræður sem sjónvarpað var beint frá frægu bresku menntasetri, Oxfordháskóla, svokallaðri Oxford Union Debate. Til þessarar umræðu var boðið annars vegar varnarmálaráðherra Bandaríkjanna og hins vegar einum helsta talsmanni bresku friðarhreyfingarinnar, Edward Thompson sagnfræðingi, sem kom hingað til lands fyrir nokkrum árum í heimsókn og talaði á fundi á vegum Samtaka herstöðvaandstæðinga. Þessar umræður stóðu í hálfan annan tíma. Þessir heiðursgestir töluðu út af fyrir sig ekki langt mál hvor um sig, heldur voru það stúdentar við háskólann sem höfðu mest af ræðutímanum. Umræðuefnið var þetta: „Þessi fundur samþykkir að það sé enginn siðferðislegur munur á utanríkisstefnu stórveldanna."

Það sem mér er minnisstæðast úr þessari umræðu er örstutt ræða eftir ungan bandarískan stúdent. Það kom fram að hann væri gistinemi við Oxford frá Harvard-háskóla. Megininntakið í ræðu hans var þetta:

„Ég er að vísu gestur í þessu landi, bandarískur þegn, en ég er ekki fylgismaður ríkisstjórnarinnar í Bandaríkjunum, ég er enginn stuðningsmaður Reagans Bandaríkjaforseta. Ég er reyndar demókrati og ég er mjög gagnrýninn á utanríkisstefnu Bandaríkjanna, sérstaklega í málefnum rómönsku Ameríku. En þegar ég heyri skoðanir t. d. eins og þær, sem fram komu hjá sumum stúdentanna, að ef nokkuð væri stafaði heimsfriðnum meiri ógn og skelfing af margnefndum Bandaríkjaforseta og reyndar Bandaríkjunum og hernaðaryfirvöldum í Bandaríkjunum en Sovétríkjunum, þá fara nú að renna á mig tvær grímur", sagði þessi bandaríski stúdent.

Hver er munurinn, ef nokkur er? Og hann minnti samstúdenta sína á: Hér er staddur varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, holdtekja alls hins illa í augum sumra ykkar, yfirmaður þeirrar ægilegu hernaðarmaskínu sem hótar að sprengja heiminn í loft upp. Hann er hér staddur til að standa fyrir máli sínu, til að reyna að verja málstað sinn, til að svara gagnrýni ykkar. Ykkur er heimilt að ganga í skrokk á honum, ykkur er heimilt að gagnrýna hann eins og þið getið, ykkur er heimilt að krefja hann svara. Ég spyr: Getið þið ímyndað ykkur að sama máli gegndi um stúdenta í Tékkóslóvakíu, Póllandi, Eystrasaltslöndunum, Sovétríkjunum, Kína, Kúbu? Mundu þeir geta kallað ráðamenn sinna ríkja til sín á fund og tekið þá til bæna með sama hætti og þarna var gert?

Hann nefndi annað: „Ég er, eins og ég sagði, Bandaríkjamaður, en ekki stuðningsmaður stefnu Reagans Bandaríkjaforseta. Mér er heimilt, bæði hér og í heimalandi mínu, að berjast gegn utanríkisstefnu og stefnu valdhafanna í mínu landi eftir því sem ég best get. Ég minni ykkur á Víetnamstríðið. Berið það saman við styrjöldina í Afganistan. Hvernig stóð á því að okkur tókst að binda endi á Víetnamstríðið? Ástæðan fyrir því er sú, að þrátt fyrir alla galla og ófullkomleika bandarísks stjórnarfars, þá var bandaríska þjóðin ekki leynd staðreyndum. Sjónvarpsvélunum var beint að öllu hernaðarframferði Bandaríkjamanna í Vietnam, líka fólskuverkum þeirra. Þessi mynd var inni í stofu hvers venjulegs bandarísks borgara dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð. Hún snerti djúpt við samvisku bandarísks almennings. Stúdentar við bandarískra háskóla, kennarar við bandaríska háskóla, stjórnmálamenn í Bandaríkjunum, verkalýðsleiðtogar í Bandaríkjunum, reyndar allur almenningur, skipulögðu andóf, komu á framfæri mótmælum. Og að lokum tókst þeim að koma í veg fyrir að sá Bandaríkjaforseti sem ætlaði að halda þessu stríði áfram þyrði að bjóða sig fram. Að lokum tóks þeim að byggja upp slíkan þrýsting almenningsálits að enginn bandarískur forseti, hver sem hann var og í hvaða flokki sem hann var, treysti sér til þess að halda þessari styrjöld áfram."

Spurt er: Er enginn munur á utanríkisstefnu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna? Og bak við það er sú fullyrðing að það sé enginn munur á þessum tveimur þjóðfélagskerfum.

Niðurstaða mín er: Víst er þar munur á. Og það er sá munur sem skilur á milli feigs og ófeigs. Það er sá reginmunur sem er á þjóðfélagi frjálsborinna manna og þræla. Hvað er að gerast í Afganistan? Hvað veit sovéska þjóðin um atburðina í Afganistan? Koma fréttir af því í sovéskum blöðum? Eru umræður um það í sovéskum blöðum? Koma myndir af framferði þeirra í sovésku sjónvarpi? Hvað veit sovéskur almenningur? Jú, það myndast sögusagnir um það þegar farið er að flytja líkin heim, þegar það fer að berast út frá

fjölskyldunum, þegar lík hermannanna eru orðin óþægilega mörg. En að öðru leyti er Afganistanstríðið ekki til í sovéskum fjölmiðlum, ekki til í sovéskum þjóðfélagsveruleika.

Hvernig á almenningur í Sovétríkjunum að rísa upp gegn þessu stjórnarfari? Gera menn virkilega engan greinarmun á lýðræði og lögregluríki? Skilja menn ekki hvers konar stjórnarfar þetta er? Hvernig stendur á því að hv. flm. Guðrún Agnarsdóttir segir, og ætlast til þess að ég taki hana trúanlega, að ef friðarfræðslu hefði verið komið á í þriðja ríki nasismans eða í hinum sovéska fasisma hefði sennilega ekki komið til seinni heimsstyrjaldarinnar, þá hefði Hitler aldrei náð völdum, ef friðarfræðslu hefði verið komið á, ef hún hefði verið fyrir hendi í þriðja ríki Hitlers, þá hefði allur almenningur í landinu sennilega aldrei léð Hitler stuðning sinn til þess að ná völdum og af því leiðir hitt? Ég verð að játa að það kemur ekki oft fyrir mig að ég er orðlaus, en ég er alveg gersamlega orðlaus yfir slíkum skilningi á þjóðfélagslegum veruleika og sögu. Á bak við þetta finnst mér vera algert skilningsleysi á því við hverja er að eiga þegar um er að ræða alræðisríki af þessu tagi. Þeim nægir engan veginn að koma í veg fyrir að almenningur njóti almennra mannréttinda, að þú hafir ekki málfrelsi, ekki ritfrelsi, ekki ferðafrelsi, ekki fundafrelsi, ekki frelsi til þess að skrifa í blöð, ekki frelsi til að opna munninn, ekki frelsi til að vera í friði fyrir áróðri. Ekkert ríki í heiminum stundar eins dyggilega friðarfræðslu og Sovétríkin. Valdhafarnir þar þurfa ekki aldeilis að kvarta undan því. Sú friðarfræðsla er hins vegar dálítið einhliða. Hún er á þeirri forsendu að ófriður eigi sér eina orsök: Hann er hinum að kenna. Frá blautu barnsbeini er börnum þar, varnarlausum börnum, innrættur áróður ríkisins um hverjar séu orsakir friðar og hverjar orsakir ófriðar ásamt með því að hver einasti sovéskur þegn er sviptur öllum aðgangi að upplýsingum, staðreyndum, fréttum. Og það er ekki nóg með það. Menn eru líka sviptir sögunni. Staðreyndir mála um liðna tíð eru endurskapaðar. Persónur sem áttu mikinn þátt í að móta þetta þjóðfélag eru ekki lengur til. Glæsilegasti og gáfaðasti byltingarforingi sögunnar, maður eins og Leon Trotzky, sem guð hafði léð ofgnótt hæfileika og átti kannske manna mestan þátt í því að rússneska byltingin svokölluð tókst, er ekki til. Hver einasti maður sem reis upp eða lýsti einhverjum öðrum skoðunum eða lenti á annað borð sem fórnarlamb þessa kerfis er ekki til. Það er þessi Orwellska hugsanastýring, ekki aðeins samtíðar heldur fortíðar og framtíðar, sem alræðisríkin beita. Og það lýsir alveg ótrúlegum barnaskap ef menn halda að í viðskiptum við slíkt ríkisvald eigum við kost á að brjóta niður múra, að nálgast almenninginn í þessum löndum með því að auka samskipti ríkja, gera samninga milli ríkja um aukna verslun, sem fram fer við ríkiseinokunina, um aukin menningarsamskipti, um aukna vísindastarfsemi, um ferðalög. Mega sovéskir borgarar ferðast? Mega þeir ferðast innanlands? Nei. Mega þeir ferðast út fyrir landið? Nei. Geta þeir sem ferðast um Sovétríkin náð sambandi við sovéskan almenning? Að sjálfsögðu ekki.

Það er þetta sem Orwell átti við þegar hann sagði: „Gandhi gat beitt aðferðum hins vopnlausa mótþróa á Indlandi gegn breska heimsveldinu, þar sem sólin aldrei settist, af því að hann átti í höggi við ríki sem þrátt fyrir allt, þrátt fyrir allan sinn ófullkomleika, var lýðræðislegt þjóðfélag.“ — Hvernig fór hann að því? Hann fór að því þannig, að þegar hann setti á svið fjöldaaðgerðir almennings á Indlandi, sem lagðist á brautarteina eða hindraði lögreglu eða her heimsveldisins í að koma fram valdi sínu, þá birtust breskir fréttamenn. Þá var frá því sagt í öllum breskum blöðum, í bresku útvarpi. Gandhi gat skírskotað beint yfir höfuð stjórnmálamannanna til almennings í Bretlandi, sem að vissu leyti hafði skilning og samúð með baráttu Indverja fyrir sjálfstæði. Gandhi átti bandamenn og margir úr forustuliði sjálfstæðishreyfingar Indverja, margir hámenntaðir menn á evrópska vísu í breskum háskólum, áttu vini og bandamenn sem studdu málstað þeirra. Breski verkamannaflokkurinn gerði að lokum málstað þeirra að sínum. Þess vegna tókust þessar baráttuaðferðir. En ef Mahatma Gandhi hefði átt í höggi við einhvern Hitler og þann brúna fasisma sem þar bjó á bak við eða ef hann hefði átt í höggi við lögregluríki Stalins, þá er ansi hætt við því að þessar baráttuaðferðir hefðu komið fyrir lítið.

Ágreiningsefni mitt við flm. þessarar till. er í raun og veru aðeins eitt og það er þetta: Ég er þeirrar skoðunar að fræðsla, og þá er ég að tala um raunverulega fræðslu, ekki leikaraskap, um stærstu pólitísk ágreiningsmál okkar tíma, um orsakir stríðs og friðar, um undirrót efnahagslegs og félagslegs misréttis, um þann stóra ágreining sem er á milli sjónarmiða og lífsviðhorfa lýðræðissinna og alræðishugmyndakerfa, verði ekki svo að vit sé í útskýrð fyrir börnum frá fjögurra ára aldri og fram á unglingsár. Þegar mér er borið á brýn að þetta sé vantraust á kennarastéttina finnst mér það ómerkileg röksemd og ég vísa henni algerlega á bug. Af hverju? Ég sagði t. d. í minni frumræðu: Þetta er hlutur sem ég treysti mér ekki til þess að gera. Og ef þú treystir ekki sjálfum þér, þá er spurning: Ættirðu þá að gera þá kröfu til annarra? Ég treysti mér ekki til þess að gera þá kröfu til kennarastéttarinnar að hún boði börnum lausnir á þessum vandamálum vegna þess að þar er ekki til neinn einhlítur hlutlægur mælikvarði. Þetta eru ekki fræði sem hægt er að kenna á hlutlægan hátt. Og ég spyr enn: Ef þetta ætti að vera hlutverk þeirra sem annast umönnun og uppeldi barna, hver á þá að kenna kennurunum? Hefur þeim verið kennt það sem til þarf til þess að annast þessa fræðslu?

Niðurstaða mín er sú í fyrsta lagi: Það er rangt að flytja þessa pólitísku kennslu inn í skólana. Í öðru lagi treysti ég mér ekki til þess að gera þá kröfu til kennara að þeir geti innt þessa fræðslu af hendi með þeim hætti að ásættanlegt sé. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé óframkvæmanlegt, ekki á mannlegu valdi, og lýsi því skýrt og skilmerkilega yfir að það er ekki spurning um vantraust á kennarastéttina.

Ég þarf ekki að taka það fram að það að vera friðarsinni er auðvitað óendanlega fögur lífsskoðun, þó að ég treysti mér ekki til að lýsa því yfir við hvaða kringumstæður sem er að ég aðhyllist þá lífsskoðun. En hún er lífsskoðun eins og hver önnur. Hún er lífsskoðun alveg eins og lýðræðissinnuð jafnaðarstefna er pólitísk lífsskoðun. Hún er lífsskoðun alveg eins og Leninismi eða Stalinismi er lífsskoðun og margar aðrar skoðanir og kenningakerfi.

Ég er þeirrar skoðunar, að ekkert af þessum kenningakerfum verði útskýrt á viti borinn hátt fyrir börn á aldrinum frá 4 ára. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar,

að skóli í lýðræðislegu þjóðfélagi eigi ekki að innprenta, innræta eða prédika börnum lífsskoðanir af þessu tagi. Það er eðli lýðræðislegs þjóðfélags að einstaklingarnir sjálfir eigi að mynda sér skoðanir af þeim heildarstraumi upplýsinga sem þeim berast og eftir því sem þeir hafa aldur og þroska til. Ég tek fram að það er allt annað hvort við erum að tala um viðleitni til fræðslu um þjóðfélagið í framhaldsskólum, þegar við erum að tala um ungmenni á aldrinum 16—20 ára, en í barna- og gagnfræðaskóla. Um það er ágreiningurinn.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég vildi gjarnan svara hæstv. menntmrh. í nokkrum orðum ef hún væri í húsinu. (**Forseti.:** Ég skal athuga hvort hæstv. menntmrh. er í húsinu.)

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að lýsa skoðun sinni í þessu máli. En þó verð ég að segja að afstaða hennar hryggir mig og veldur mér miklum vonbrigðum. Í máli sínu vék hún ekki einu einasta orði að þeirri miklu ógn sem mannkyninu stafar af kjarnorkuvopnum. En þessi till. beinist fyrst og fremst að því að forðast þá ógæfu sem þessi vopn geta haft fyrir mannlíf allt. Ég vil vitna í fyrri orð mín, með leyfi forseta:

„Mannkyn sem kann að smíða kjarnorkuvopn þarfnast friðarfræðslu til að kunna að forðast sinn eigin dauðadóm."

En hæstv. menntmrh. virðist sátt við þann frið sem henni virðist ríkja meðal manna, bæði í þessu þjóðfélagi og á alþjóðavettvangi. Hún virðist trúa því að viðleitni góðs uppeldis og þau meginatriði í siðuðu þjóðfélagi sem byggist á kristinni trú séu næg til að tryggja þann frið sem heimurinn þarf á að halda, þar þurfi engu við að bæta. Henni finnst nóg að gert og engu þurfi að breyta. Á þessari forsendu vísar hún till. á bug.

Hún tekur það dæmi sem sumir aðrir hafa tekið upp í þessari umr. á undan henni, t. d. hv. þm. Árni Johnsen, Halldór Blöndal og Jón Baldvin Hannibalsson, að tekin verði upp kennsla um vopn, hernaðarbandalög og alþjóðastjórnmál á dagvistarstofnunum. Það hryggir mig að hæstv. menntmrh. skuli nota slíka röksemd. Vitanlega væri slíkt fjarstæða og vitna ég annars vegar í mín eigin orð og hins vegar í orð hv. þm. Kristínar Kvaran um þetta mál. Friðarfræðsla barna hlýtur að miða að því að gera þeim kleift að ráða friðsamlega við vandamál í nánasta umhverfi og þannig að búa þau undir lífið, en ekki að kynna þeim neinn stóra sannleika í alþjóðastjórnmálum. Það er óviturlegt að vekja fyrst og fremst ótta með litlum börnum gagnvart einhverju sem þau skilja ekki og ráða ekki við. En hversu vel sem við viljum vernda þau kemur óttinn til þeirra úr umhverfinu fyrr en síðar. En hæstv. menntmrh. hlýtur að vita, þó ekki væri nema embættis síns vegna, að ein besta vörn gegn óttanum er þekkingin og það er hún sem þarf að miðla í samræmi við þroska og getu barna til að skilja. Enginn sem að þessari till. stendur hefur svo að ég viti haldið því fram að kenna eigi um vopn, hernað og alþjóðastjórnmál til að efla friðarvitund barna á dagvistarstofnunum. En á þessari forsendu hafnar hæstv. menntmrh. líka till.

Hæstv. menntmrh. segir voðhorf og forsendur flm. þessarar till. mismunandi og telur að þeir leggi í hana mismunandi skilning. Mér dettur nú bara í hug: Þýðir þetta þá að við allar þær tillögur og öll þau frumvörp, sem menn flytja hér saman í þinginu, ríki sami skilningur? Hlýtur ekki hver að bera sinn skilning að hverju máli því að öll erum við ólík? Er þetta raunsætt?

Upplýsingar um þessa afstöðu flm. — og þar nefnir hæstv. ráðh. alla flm. — fékk hún úr viðtali við 6 flm. þessarar till. í Morgunblaðinu að mig minnir að hún hafi sagt 7. febr. En hæstv. ráðh., það eru 13 flm. á þessari till. en það voru bara 6 spurðir í þessu blaði. Málstaður hinna hefur ekki fengið aðgang í þessu blaði fyrr en í dag. Á þessum forsendum er till. líka vísað á bug.

Ráðh. minntist enn fremur á að ekki mætti taka á þeim málum sem orka tvímælis í návist barna eða unglinga. En hvernig eiga þau þá að mynda sér skoðun? Okkur hlýtur að varða það miklu að í lýðræðisþjóðfélagi, sem við höfum þau forréttindi að búa í, séu unglingum ljósar meginstaðreyndir í meiri háttar málefnum, að þeir heyri röksemdir um allar hliðar mála og geti síðan myndað sér skoðanir. Markmiðið hlýtur að vera að tryggja það að nemendur fái yfirvegaða mynd af hverju máli þar sem fyllsta jafnvægis er gætt við kynningu málsins. Hvað á að kenna í skólum ef ekki þetta? Og ég er þess fullviss að við getum treyst kennurum til þess og furða mig á því að nokkur skuli efast um hæfni þeirra til að tryggja slíkt.

Viðkvæm málefni, hvort sem þau eru stjórnmálalegs, félagslegs eða persónulegs eðlis, þarf að sjálfsögðu að fjalla um af nærgætni og það eru vitanlega skiptar skoðanir um mörg málefni er varða daglegt líf okkar og framtíð. Oft eru þetta sterkar skoðanir og andstæðar, en röksemdir þeirra þurfa unglingar engu að síður að þekkja ef menntun þeirra á að stuðla að því að þeim takist að gera veröld sína öruggari og betri til búsetu. Og er það ekki einmitt þetta sem við erum að reyna að undirbúa börn framtíðarinnar undir? Ég vona því innilega að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að endurskoða þessa afstöðu sína. Ég bið hana eindregið að lesa þær umr. sem hér hafa orðið um málið og sýna þessu máli velvild, víðsýni og skilning. Öðrum ræðumönnum, sem mér finnst hafa stundað útúrsnúninga og hártoganir sem eru þeim ekki samboðnar, hirði ég ekki að svara.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Við heyrðum á síðustu orðum hv. flm. það umburðarlyndi sem hún hefur fyrir skoðunum annarra og hefur látið fara svo mörg orð um að eigi að vera þáttur í þeirri fræðslu sem hún ætlar öðrum að ástunda í skólum landsins. Ég held að óhætt sé að segja um þessi orð og hegðun hennar í því sambandi að ekki breytir hún eftir því sem hún ætlar öðrum og síst voru þessi orð hennar til fyrirmyndar né málflutningur hennar, en að því leyti í samræmi við sumt það sem þar hefur verið sagt að þessi hv. alþm. hefur sett sig hér upp á háan stall og miðlar okkur af stórlæti sínu einu og einu komplimenti svona eins og í því skyni að láta það skiljast að okkur sé ekki alls varnað. Skal ég, herra forseti, vitna í eina setningu til þess að sýna þær fjólur sem þessi hv. þm. ræktar í sínum hugarfylgsnum. En hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég fagna því að hann" — þar á hv. alþm. við mig — „er í hjarta sínu sammála mér og öðrum hv. flm. þessarar till. um nauðsyn þess að búa vel að börnum."

Þetta var nú ekki dónalegt að fá að heyra. Það er ánægjulegt að þm. skuli hafa uppgötvað þetta. En hitt hlýtur að koma mér mjög mikið á óvart að hann skuli sérstaklega gleðjast yfir því í hjarta sínu að samþm. hans

vilji hlúa vel að börnum. Hvenær hefur það komið fram að þm. hér vilji það ekki? Og hvernig voru þau ummæli sem hv. þm. hafði hér áðan um ræðu hæstv. menntmrh. og þær ályktanir sem dregnar voru í því sambandi í hans ræðu? Skal ég ekki fara langt út í þá sálma.

En hitt vakti athygli mína í þessum síðustu orðum að nú er friðarfræðsla í skólum allt í einu orðin spurning um það hvort innræta eigi börnum almenna mannasiði í skólum landsins. Ég hélt að kennarar hefðu nú reynt að gera þetta. Ef grannt var skoðað fólst í þessum orðum mjög mikil gagnrýni yfirleitt á hæfni kennara, að þeir hefðu ekki staðið í því stykki sínu, hvorki, skildist mér, á barnaheimilum né í grunnskólum. Þá hefðu fóstrur og kennarar ekki staðið í því stykki að innprenta börnum drengskap og í leik og starfi að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu. Ég held að þetta sé einmitt ríkur og snar þáttur í allri kennslu, bæði á barnaheimilum og í grunnskóla, og held að ekki þurfi neina sérstaka till. um það á Alþingi ef það eitt býr undir.

En ég er því miður hræddur um að það sé annað sem undir búi og síðan sé hlaupið í þetta skjólið og ekki gefinn gaumur að því hvað orðin þýða sem raunverulega töluð eru. Ég óttast mjög að þar fylgi hugur ekki máli, að ekki sé allt sagt sem í hugarfylgsnunum bjó.

Ég vil líka taka skýrt fram vegna kunnugleika minna af Morgunblaðinu að því trúi ég ekki að skoðanir, málstaður flm. þessarar till., hafi ekki fengið inni á Morgunblaðinu. Nú get ég auðvitað athugað það. Það er ein símhringing til ritstjóra Morgunblaðsins um það hvort flm. þessarar till. hafi skilað þar inn grein eða á annan hátt lagt fram óskir um að um einhver sérstök atriði þar sé getið. Það veit ég ekki um. En ég sá ekki betur en nokkuð hafi verið um þessi mál fjallað í því blaði og ég veit ekki betur en það sé opið fyrir þeim sem á annað borð leggja það á sig að skrifa nokkrar línur. Ég held að Morgunblaðið sé og hafi verið opið þm. Ég neita því ekki að mér finnst stundum nóg um þegar ég sé langlokur eftir Ólaf Ragnar Grímsson þar, en allar eru þær skemmtilegar og þegar betur er að gáð prýða fremur blaðið en hitt. Ekki trúi ég öðru en Morgunblaðið muni gera hið sama fyrir konur og það gerir fyrir karlmenn því að ég hef ekki orðið var við að kyngreining þar eigi sér stað í þeim skilningi nema síður sé.

En kompliment, eins og það að ég telji að vel eigi að búa að börnum, frábið ég mér gersamlega. Ég held að enginn einn maður hér hafi efni á því að gefa öðrum slíkt kompliment fremur öðrum. Ég hef ekki orðið var við það af kunnugleikum mínum við þm.

Hitt er rétt að það er gamall siður, þegar menn reyna að gefa orðum sínum meiri áhrifamátt en inntak þeirra gefur tilefni til, að vitna til barna vegna þess að flestir eru þannig gerðir að þeir leggja við eyrun þegar víkur að þeim í ræðum manna. En ekki verður það neinum málstað til framdráttar til frambúðar að skjóta sér alltaf í það skálkaskjólið.

Hv. þm. sagði í sinni ræðu, sem ég gat því miður ekki hlýtt á þar sem ég var upptekinn á öðrum fundi eins og ég hafði sagt flm., að hann hefði ekki gert samanburð á gæðum lýðræðisskipulags annars vegar og annarra þjóðfélagsgerða og neitaði því að hann hefði lagt að jöfnu lýðfrjálsar þjóðir og aðrar þjóðir sem búa við ofbeldi og lögregluríki. Þetta er aðeins spurning um hvað er að leggja að jöfnu. Ég sagði í minni ræðu að hv. þm. hefði lagt Bandaríkin og Sovétríkin að jöfnu í þeim skilningi að hann sagði að sömu hvatir lægju á bak við vopnaframleiðslu í báðum þessum löndum. Það endurtekur hv. þm. raunar í ræðu sinni fyrir tveim dögum og kemur hvergi fram í þeirri ræðu að hv. þm. geri sömu kröfur til þeirra þjóða sem eru austan járntjalds og lýðræðisþjóða. Að vísu er, til að dreifa sykri á skyrið svo að það sé ekki eins súrt, haft orð á því að göngumóðar konur úr Norðurálfu hafi gengið eitthvað um stræti í Sovétríkjunum fyrir einum 2—3 árum og væntanlega komist til baka aftur. Í þessu sambandi mætti minna á meðferðina á manni eins og Sakharov, sem mikið hefur á sig lagt fyrir sína samborgara austur í Sovétríkjunum, hefur hlotið friðarverðlaun Nóbels þó að ég varist að bera mér í munn að hann sé friðarsinni í þeirri merkingu sem sumir eru á Vesturlöndum og raunar ekki fátítt að andófsmenn í því landi tali um þann yfirborðshátt, það skrum, sem svokallaðir friðarsinnar láta sér um munn fara í einhliða áróðri sínum um afvopnunarmál og varnarmál vestrænna þjóða.

En athyglisvert er einnig, sem hv. ræðumaður, 5. þm. Reykv., vék að áðan, að fyrir 1. flm. virðist sá stóri sannleikur augljós að konur séu í hjarta sínu meiri friðarsinnar en karlmenn. Um þetta fjallar verulegur kafli ræðunnar á þriðjudaginn og skemmtilegt er að sjá að þar skýtur upp kollinum þessi gamla rómantík um hina veiklyndu, veikgeðja konu sem getur ráðið með einu brosi við þann sterka karlmann, gráan fyrir vopnum og illan, ímynd hins illa, en aftur gæðin konunnar sem einungis hefur þær tilhneigingar sem góðar eru. Með leyfi hæstv. forseta skal ég rifja upp nokkur orð af þessu tilefni.

„Með ótrúlegu hugrekki, seiglu og óbilandi trú á lífið hafa konurnar flykkst að herstöðvunum. Og þetta eru ekki bara kvenréttindakonur, harðar baráttukonur. Nei, þetta eru venjulegar konur sem hafa aldrei áður yfirgefið arininn sinn og fylgt skoðun sinni út í lífið og óvissuna. Þær koma og syngja framan í hermennina og brosa, en þeir verða óöruggir því að þeim var aldrei kennt að verjast söng eða brosum. Þær skreyta veggi herstöðvarinnar með myndum af ástvinum sínum og vefa marglita þræði í víggirðingarnar. Þær klifra yfir girðingarnar og veggina og láta taka sig fastar.“ — Ég vek athygli á þessu, „og láta taka sig fastar“, herra forseti — „í fyrsta skipti á ævi sinni sem margar þeirra hafa óhlýðnast nokkrum.“

Þetta er gömul mynd. Grímur Thomsen hefur einmitt fjallað um þessa mynd í ágætu kvæði um Hrólf Bjarnason, konuna sem er svo lítil og veik en ræður þó við hinn hraustasta karlmann, sem aftur hlýtur að vekja þá spurningu hvort konurnar ráði ekki meiru um þessa hluti en hv. þm. vill vera láta:

„Á Hofmannafleti stóð hann sterki Hrólfur
stóð og talaði upp úr þyrpingunni:
„Sé hér nokkur við svo nýtur drengur
að nái mér að halda snöggvast kyrrum,
þó ekki sé það nema eina svipstund,
eignast skal hann ábýlið mitt góða,
allt mitt lausafé og allt mitt silfur
ær og geldfé, naut og kýr og hesta
og ég fylgi sjálfur með í kaupið.“
Svona mælti Hrólfur hátt á þingi
horfði í kringum sig og beið þar svara
en öllum féll þar Íslands drengjum hugur
enginn gaf sig fram að þreyta fangið.

Til hans allar hýrum augum horfðu
horskar konur ofan af Meyjarsæti
því að hann stóð svo frjáls, hann sterki Hrólfur,
stinnur, líkur kletti í malarsandi.
Eins og stjörnur himins augun glóðu
ennið hreint sem heiður sumardagur.
Og á herðar ofan hárið bjarta
hrundi eins og foss ofan af bjargi.
Ingibjörg kom framúr kvennaskara
kvenna var hún fríðust hér á landi
fögur litum sem hinn mæri morgunn.
Mærin hóglát gekk að Hrólfi sterka
vafði mjúkan arm að hálsi honum
hjartað lét hún slá við bringu sveinsins
lagði rjóða kinn við rjóða og mælti:
„Ríðu þig nú lausan ef þú getur".
Hvergi fékk hann Hrólfur sterki hreyft sig
heldur stóð hann grafkyrr og svo mælti hann:
„Ingibjörg, nú er ég yfirkominn,
eignast skaltu ábýlið mitt góða,
allt mitt lausafé og allt mitt silfur,
ær og geldfé, naut og kýr og hesta
og ég fylgi sjálfur með í kaupið."

Svona lýsir Grímur þessari gömlu rómantísku sýn sem við eigum mikið af. En við geymum líka úr ljóðum og sögum aðra mynd af konunni eins og Matthías Jochumsson hefur m. a. leyft okkur að njóta í ágætri þýðingu af ljóðum Tegnérs. Þar er sagt frá því er unnustinn fór út á vígvöllinn í hópi vaskra sveina. Hann kom ekki til baka með öðrum hermönnum svo að unnustan fór út á vígvöllinn og lét leita að honum milli særðra og dáinna, en hann var ekki þar að finna. Hann hafði gerst liðhlaupi, svikist um til þess að varðveita sitt líf fyrir unnustuna til þess að hann gæti skilað heilum hesti heim. Unnustan lét sér aftur á móti fátt um finnast og sagði honum óðara upp og vildi ekki við hann kannast framar.

Í þessu dæmi sýnist mér konan ekki síður hafa verið herská. Enda er það mála sannast að konur hafa ekki síður en karlmenn staðið fyrir þeirri skyldu að verja heimili, börn og ættland þegar því er að skipta gagnvart þeim sem á þeim vilja níðast. Ég held að nauðsynlegt sé í allri þessari umr. sem við höfum um friðarmál að gleyma ekki þessum kjarna sem hv. flm. vill alls ekki ræða, þ. e. frumskylda hverrar þjóðar, ráðamanna hennar og annarra sem ábyrgð bera, að tryggja öryggi þegnanna í bráð og lengd. Undan þessu verður ekki vikist með einhverju snakki um almenna uppeldishegðun á barnaheimilum. Þá tók ég eftir því að samþm. minn að norðan hrökk í kút þegar á það var minnst að það væri skylda þeirra sem ráða löndum að hugsa um öryggi og frelsi þegna sinna enda hefur hann talað þannig um öryggis- og varnarmál okkar að skömm er að og síst til sóma fyrir Norður-Þingeyinga.

Fram kom í ræðu hv. flm. áðan að þessi till. snerist fyrst og fremst um afnám kjarnorkuvopna og baráttuna gegn þeim þó hv. flm. hafi í ræðu sinni fyrir tveim dögum viljað draga úr þeirri áhættu. Nú er það svo að kjarnorkuvopn hafa ekkert sérstakt eðli. Þau valda ekki tjóni eða skaða nema notuð séu. Það er á hinn bóginn hugsunarháttur á bak við framleiðslu kjarnorkuvopna að þau ógni okkur, sem er hið hættulega, að lýðfrjálsar þjóðir skuli þurfa að vígbúast til þess að verjast og tryggja öryggi sitt. Það er sú mikla staðreynd. Að ganga fram hjá henni er ófyrirgefanlegt kæruleysi eða sinnuleysi.

Hér voru staddir nokkrir þm. frá Suður-Kóreu um daginn. Þeir höfðu orð á því að við byggjum við meira öryggi en þeir og ættum gott að því leyti vegna þess að þótt grannar þeirra, Norður-Kóreumenn séu helmingi færri og rúmlega það, 38 millj. í Suður-Kóreu og um 16-18 millj. í Norður-Kóreu, verja þeir mun meira fjármagni til vígbúnaðar og vopna en Suður-Kóreumenn, en hafa þó a. m. k. helmingi minni þjóðartekjur. Samt eyða þeir meira fjármagni til vígbúnaðar en stærra og fjölmennara landið og hafa orðið uppvísir að því að grafa undirgöng undir landamærin til þess að geta brotist í gegn, hafa í baráttu um innri völd gripið til þess óyndisúrræðis að vega að mönnum í nágrannalandi, drepa fjölmarga ráðh. og ráðamenn, þó þeim mistækist að drepa forsetann í þeirri árás. Sú árás var tímasett þannig að hún gerðist sömu daga og Alþjóðaþingmannasambandið hélt fundi sína í Seoul og var af þeim sökum ögrun við alla veröldina, ekki aðeins hinn frjálsa heim heldur öll þjóðlönd. Þessir Suður-Kóreumenn öfunduðu okkur af örygginu hér í Vestur-Evrópu og fundu glöggt til þess að þetta er önnur veröld. Börnin alast hér upp við önnur og ólík skilyrði en þau gera þar, alveg á sama hátt og aðstaða hinna norrænu kvenna á friðargöngunni í Sovétríkjunum var önnur en Sakharovs, enda tilgangurinn annar.

Mest er flaggað um afrek kvennanna á Vesturlöndum þar sem ekki er þörf á því, en Sakharov berst hljóðlátri baráttu fyrir öryggi og frelsi samlanda sinna. Svo er því slegið upp sem eitthvað merkilegum hlut að sovéskar konur skuli meta mikils friðargöngur og annað þvílíkt á Vesturlöndum og telja það til framfara. Af hverju gera þær ekki slíkt hið sama í sínu eigin landi? Af því að þær hafa ekki skilyrði til og þó karlmenn væru.

Þessi kyngreining á friðarvilja er forkastanleg hjá flm. þáltill. sem er að tala um að menn eigi að bera jafna virðingu fyrir mismunandi skoðunum, mismunandi kynþáttum, mismunandi þjóðerni, mismunandi þjóðfélagsgerð. En samt má ekki einu sinni ætla mönnum af sömu þjóð, konunum og körlum, að hafa nokkurn veginn sömu skoðun á því hvernig börnum líði eða hvort þau vilji frið eða ekki. Fyrr má nú aldeilis vera hrokinn.

Eins og ég vék að áðan fann ég að því í minni fyrri ræðu að í markmiðum friðarfræðslu væri ekki vikið að því að fræða um ágæti lýðræðisskipulags. Hv. þm. hafði þessi orð um þá athugasemd mína, með leyfi hæstv. forseta:

„Vitanlega hlýtur fræðsla um stjórnkerfi að verða hluti af þeirri viðleitni að skilja þjóðir og samskipti þeirra og möguleika manna til að varðveita frið. Hin flóknu vandamál sem blasa við okkur þurfa nemendur að skilja glögglega um leið og þeir eru sér meðvitaðir um þau forréttindi sem þeir njóta með því að búa í lýðræðisþjóðfélagi. Það þýðir líka að þeir verða að sinna lýðræðislegum réttindum sínum til að skapa samfélag og veröld án ófriðar."

Nú veit ég ekki hvað hv. þm. á við með þessum síðustu orðum: „Það þýðir líka að þeir verða að sinna lýðræðislegum réttindum sínum til að skapa samfélag og veröld án ófriðar". Í mínum huga hljótum við í þessum efnum að fara sömu leið og aðrar lýðræðisþjóðir í

stórum dráttum. Ég er þeirrar skoðunar, sem flestir Íslendingar raunar eru, að örlög okkar séu samtvinnuð örlögum Vestur-Evrópuþjóða og annarra lýðræðisþjóða sem eiga undir högg að sækja. Athyglisvert er að friðarhreyfing framhaldsskólanema leggur einmitt höfuðáherslu á þessi atriði. Tel ég nauðsynlegt, herra forseti, að sjónarmið þeirra komi hér inn í þessa umr. en ég hef undir höndum drög að stefnuyfirlýsingu friðarhreyfingar framhaldsskólanema. „Markmið" heitir fyrsti kaflinn og síðan segir, með leyfi forseta:

„Friðarhreyfing framhaldsskólanema er stofnuð í þeim tilgangi að stuðla að varanlegum friði í heiminum, frelsi manna og virðingu fyrir mannréttindum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða."

Annar kaflinn heitir „Hindranir í vegi friðarins".

„Friðarhreyfing framhaldsskólanema bendir á að ýmsar hindranir eru í vegi friðarins. Mannréttindi eru fótum troðin á meðal fjölmargra þjóða. Sjálfsákvörðunarréttur þjóða er víða vanvirtur. Hindrað upplýsingastreymi milli þjóða veldur tortryggni, ólík menningarsamfélög leiða af sér ólík sjónarmið, oft skortir á milli þjóða virðingu og skilning á ólíkum skoðunum. Það er óumflýjanleg staðreynd að til eru ríki í heiminum sem aðhyllast stjórnmálastefnu sem birtist í yfirgangi gagnvart öðrum þjóðum í krafti vopnavalds með tilheyrandi frelsisskerðingu og mannfórnum. Stærsta hindrunin er þó það þjóðfélagskerfi sem byggir á alræði. Þar eru frjáls skoðanaskipti nánast bönnuð og fólkið ræður engu um stefnu valdhafanna. Hættan stafar fyrst og fremst frá slíku þjóðskipulagi þar sem almenningsálit hefur engin áhrif, engir frjálsir fjölmiðlar, ekkert frjálskjörið þjóðþing og ekkert aðhald ríkir gagnvart aðgerðum valdhafanna."

Þriðji kaflinn heitir „Leiðir að markmiði":

„Friðarhreyfing framhaldsskólanema telur að friðartillögur verði að byggjast á raunverulegu mati á stöðu alþjóðamála. Vandamálið er tvíþætt. Annars vegar hvernig unnt er að tryggja frið og afvopnun án þess að alræðisríkin verði allsráðandi í þessum heimi í krafti vopna sinna og stjórnmálastefnu. Hins vegar hvernig hægt er að létta oki alræðisherranna af þegnum, auka frelsi og mannréttindi og stuðla þannig að þróun frá alræði til frelsis og friðar. Sú leið sem friðarhreyfing framhaldsskólanema bendir á til þess að tryggja frið er leið gagnkvæmrar alhliða afvopnunar undir ströngu, alþjóðlegu eftirliti. Friðarhreyfingin hafnar hugmyndum um einhliða afvopnun. Friðarhreyfing framhaldsskólanema tekur undir kröfur um skipulega fækkun kjarnorkuvopna og síðan algert bann við framleiðslu slíkra vopna. Hið sama gildir um allar eldflaugar. Breyting frá þjóðskipulagi alræðisríkjanna verður að mati friðahreyfingar framhaldsskólanema að koma innan frá. Þó er ljóst að hlutverk lýðræðisríkjanna er stórt og vandasamt til þess að stuðla að aukinni virðingu fyrir mannréttindum í heiminum. Það gera þau best með því að standa vörð um fengið frelsi og sýna sterka samstöðu með það fyrir augum að brjóta niður allar tilheigingar til skerðingar mannréttinda í heiminum. Hið gífurlega kostnaðarsama vopnakapphlaup er háð á sama tíma og milljónir manna líða skort. Þetta er hrikaleg staðreynd sem við verðum að horfast í augu við. Eina raunhæfa leiðin að markmiðinu, varanlegum friði í heiminum, er sterkari samstaða frjálsra þjóða gegn kúgunaröflum. Látum friðinn ekki aðeins vera stund milli stríða. Friður, frelsi og mannréttindi hljóta ávallt að vera órofa heild. Við viljum gagnkvæma afvopnun, *frið án uppgjafar, frið með frelsi.*"

Svo mörg voru þau orð og ég er ekki í vafa um það að flestir lýðræðislega þenkjandi menn eru í höfuðdráttum sammála því sem þarna er sagt. Sumir menn hafa m. a. s. tekið svo djúpt í árinni að segja að hlutverk og *þýðing hinna lýðfrjálsu ríkja hafi aldrei verið meiri en* nú og undarlegt sé til þess að vita að eftir því sem upplýsingar eru meiri, eftir því sem við vitum meira um hörmungar manna og þjóða í alræðisríkjum, skuli uppvaxa fjölmennur hópur og hávaðasamur í fjölmiðlum á Vesturlöndum sem skella *vill* við þessu skollaeyrum og ekki hugsa alvarlega um það hvernig við getum brugðist við þannig að lýðræðið verði áfram sá viti á leiðinni til frelsis sem það vissulega hefur verið og er.

Ég vék að því í mínum orðum um daginn og lagði á það ríka áherslu að mesta friðarframlag í mínum skilningi sem orðið hefði í heiminum væri sú nána vinátta, þau nánu tengsl, sem nú ríktu milli höfuðríkja Vestur-Evrópu. Undir þetta var að vísu ekki tekið í ræðu flm. en ég tek þó eftir að blærinn í orðum hennar í hinni síðari ræðu er að nokkru annar, óbein viðurkenning á því að ég hafði mikið til míns máls. En á hinn bóginn treysti flm. sér ekki til þess að fjalla um friðarmálin á grundvelli þeirra hugmynda sem hann hefur um það hvernig lýðræðisríkin eigi að bregðast við. Ég skal svo ekki hafa um það fleiri orð.

En að síðustu vil ég aðeins víkja að þeim kafla í ræðu flm. þar sem hann fjallar um traust milli þjóða og viðurkennir raunar að það sé lykilatriði, gagnkvæmt traust milli þjóða. Síðan rekur flm. með hvaða hætti hann hugsar sér að vinna að þessu gagnkvæma trausti. Athygli vekur að inn í þá upptalningu vantar það sem margar lýðræðisþjóðir og kannske allar leggja höfuðáherslu á, en það er gagnkvæm upplýsingamiðlun um það sem að vopnabúnaði snýr og eftirlit með því að samningar séu haldnir. Að þessu var ekki vikið í ræðu flm. sem sýnir raunar að hann leggur í þessum efnum áherslu á allt önnur atriði en ég og er svo djúp gjá á milli skoðana okkar þar að undarlegt má kallast.

Auðvitað er það rétt að það á að eyða hleypidómum, tortryggni, auka vísindaleg, tæknileg og menningarleg samskipti, ferðamennsku, verslun o. s.frv. En kjarni málsins er eftir sem áður sá, til þess að traustið geti skapast, að menn viti hvað hinn hefst að. Lýðræðisþjóðirnar gerðu tilraun til þess eftir síðari heimsstyrjöld að afvopnast en reynslan sýndi að mannkynið var ekki komið það langt áleiðis á vegi friðarins að slík einhliða afvopnun væri raunhæf í þeim heimi sem þá var og í þeim sem við búum við enn þann dag í dag. Það hlýtur að vera mikil spurning fyrir alla hér inni og raunar allar þjóðir heims hvernig á því megi standa að Sovétríkin leggja æ meiri áherslu á að vígbúast eins langt og þau eru komin í vígbúnaðarkapphlaupinu og eins og umsvif þeirra sýna, sum lágkúruleg og önnur ógnvænleg.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, það er um þetta mál sem mörg önnur að mestu veldur hvernig á er haldið. Það vekur athygli að flm. treystir sér ekki til þess að útfæra í einstökum atriðum hvernig hann hugsar sér að friðarfræðsla í skólum geti orðið. (Gripið fram í.) Í þeirri ræðu er aðeins talað um markmið og útlínur en ekki farið ofan í þau atriði sem við vöktum sérstaklega

máls á. T. d. vék flm. ekki, svo ég tæki eftir þegar ég las ræðu hans, að því hvort hann er sammála því sem fram kom hjá ýmsum öðrum flm. í Morgunblaðinu að í friðarfræðslu eigi að leggja áherslu á varnarstarf okkar í Atlantshafsbandalaginu og þann mikla þátt sem það öryggisbandalag frjálsra þjóða hefur átt í friði í okkar heimshluta. Að þessu vék hv. flm. ekki þó hann væri sérstaklega um það spurður og væri fróðlegt að fá um það skýr svör.

En það er kjarni málsins í þessu máli hvernig við viljum nálgast öryggismál okkar sjálfra. Hlýtur það ekki að vera grundvöllurinn, eins og hæstv. menntmrh. vék að áðan, í allri friðar- og öryggisfræðslu í skólum að velta fyrir sér þeirri spurningu hvernig við getum skapað okkur sjálfum í bráð og lengd viðunandi öryggi, að við getum búið í okkar landi eins og við sjálf viljum, eins og við höfum kosið og unum vel við? Að þessu vék flm. ekki og hlýtur það að valda mér miklum vonbrigðum.

Um hitt erum við öll sammála, eins og ég sagði áðan, að kjarnorkusprengjan, ógnartilvist hennar, ógnar lífi á jörðu. Það er vegna þess að annað öxulríkjanna, Sovétríkin, eru með útþenslustefnu, eiga í ófriði við aðrar þjóðir, halda þegnum sínum ófrjálsum og í öryggisleysi og ekki annað sýnt en vígbúnaður þeirra sé sprottinn af þeim hvötum að þau stefni að heimsyfirráðum. Það er a. m. k. öruggara að vera við því búinn þar sem lýðræðisþjóðirnar beita á hinn bóginn allri orku sinni að því að skapa meiri frið í heimi öllum til handa. Lýðræðisþjóðirnar kjósa að byggja upp varnir sínar á sama tíma og Sovétríkin leggja höfuðáherslu á árásarstríð eins og gleggst kemur fram í Afganistan.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hafði nú eiginlega ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umr. Hér er flutt þáltill. af mörgum þm. úr öllum flokkum og satt best að segja hafði maður ekki vænst þess að mál af þessu tagi fengi þá andstöðu sem hér hefur orðið raun á. Hún er óvænt a. m. k. fyrir mig og mér illskiljanleg, þessi andstaða ákveðinna hv. þm. við þessa till. En vegna þess að hún hefur komið fram vildi ég ekki láta þessari umr. ljúka svo að ég kæmi ekki hér upp og lýsti eindregnum stuðningi mínum við þessa till. Og sem ég er nú kominn í þennan hv. ræðustól ætla ég aðeins að lengja mál mitt og fjalla ofurlítið um það sem mér finnst vera kjarni þess máls sem hér er til umr.

Ég held að í stórum dráttum megi skipta þeim kostum sem við eigum völ á í tvennt. Við eigum um tvær leiðir að velja í megindráttum. Það er annars vegar leið vopnanna og leið hótananna, sem hefur verið kölluð gagnkvæm hótun eða gagnkvæm fæling, milli hinna tveggja stóru vígbúnaðarblokka í heiminum. Þetta mætti kalla eins konar hernaðarlega lausn, ef lausn er hægt að nefna það, á ástandinu í heiminum. Hins vegar eigum við þá leið að gera samkomulag eða setja með okkur grið, að afvopnast á grundvelli samkomulags. Þessa leið mætti kalla friðsamlega leið eða friðsamlega lausn.

Nú er það þannig, sem betur fer vil ég segja, að flest deilumál í heiminum í dag eru leyst með þessari síðari aðferð. Friðsamleg lausn deilumála fer sem betur fer fram vítt og breitt um heiminn í ýmsum málum aftur og aftur, enda byggjum við alls staðar við stríð og alls staðar við logandi ófrið ef þessu væri ekki svo farið þrátt fyrir allt. Benda má á það að t. d. við Íslendingar og aðrar Norðurlandaþjóðir eigum okkur langa hefð í því að leysa okkar deilumál á friðsamlegan hátt. Það má taka dæmin úr sögu okkar eigin þjóðar. Það má nefna hvernig kristin trú var tekin upp á Íslandi og því afstýrt að menn berðust, vegna þess að menn sömdu um hlutina og leystu þá á friðsamlegan hátt. Það má auðvitað taka dæmi um hið gagnstæða einnig úr okkar þjóðarsögu. Tímabil eins og Sturlungaöldin er kannske ágætt til þess. Úr sögu Norðurlanda má nefna þegar sambandið milli Noregs og Svíþjóðar var leyst upp árið 1905, þegar Íslendingar og Danir leystu sín mál, lausnin á deilunni um Álandseyjar milli Svíþjóðar og Finnlands í kringum 1920 og þegar Noregur og Danmörk leystu síðar deiluna um Grænland sín á milli á friðsamlegan hátt.

Svona gæti ég auðvitað lengi haldið áfram að rökstyðja það að við eigum um þessa leið að velja og hún hefur iðulega verið farin í samskiptum þjóða, í samskiptum kynstofna og í samskiptum einstaklinga, sem betur fer. Segja má að hún sé hin venjulega regla í daglegu lífi hvers og eins. En á þessu hefur orðið misbrestur, einkum og sér í lagi á milli þeirra stórvelda sem í gegnum tíðina hafa keppt um yfirráð í heiminum. Þar hefur orðið hvað alvarlegastur misbrestur á því að þessi leið væri farin.

Það vakti athygli mína þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson fór mjög lofsamlegum orðum um breska heimsveldið og taldi, og það er sjálfsagt að nokkru leyti rétt hjá honum, að frelsisbarátta Indverja hefði ekki fengið að njóta sín sem skyldi ef ekki hefði verið sú staða í breska heimsveldinu þá sem raun bar vitni. En við skulum nú aðeins, hv. þm. Jón Baldvin, áður en við förum að falla að fótum minningarinnar um breska heimsveldið og lofa það minnast þess hvernig framferði þess sama heimsveldis var vítt og breytt um heiminn á undanförnum öldum og hvers vegna það var eins og raun ber vitni og sagan segir okkur. Það var vegna þess að breska heimsveldið fór sínu fram. Og hvernig gat það það? Í krafti vopnanna. Það réði á höfunum, eins og ég veit að hinn sögufróði þm. Jón Baldvin Hannibalsson veit vel, og það er ekki allt fallegt sem breska heimsveldið aðhafðist í krafti sinna vopna. Ekki urðu vopnin, sem breska heimsveldið réði yfir, mikil blessun þeirri þjóð sem byggði eyjuna Tasmaníu t. d. Hvar er hún stödd í dag, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson? Hún er hvergi. Henni var útrýmt með vopnum. Það er sú blessun vopnanna sem þessi þjóð í Suðurhöfum upplifði og hafði hún þó ekki gert á hlut nokkurs manns í 30—40 þús. ár eftir því sem mannfræðin segir okkur. Þannig fór með þá þjóð, sem Tasmaníu byggði, að hún var tekin af lífi með vopnum. Reyndar segir sagan að einum manni hafi verið þyrmt og hann hafi verið hafður til sýnis á torginu í nokkur ár til þess að hvíta herraþjóðin gleymdi því ekki hvernig frumbyggjarnir litu út. Þannig er blessun vopnanna eins og hún birtist þeirri þjóð sem þarna bjó. Ég gæti spurt hvernig bandarískum indíánum reyndust vopnin. Hvar er frelsi þeirrar þjóðar sem átti nú að tryggja með vopnum? Farið út í veður og vind. Það er vegna þess að það kom sterk þjóð, sem átti betri vopn, og í krafti þeirra sigraði hún, drap, kúgaði, tók löndin af þeim þjóðum sem byggðu þessa heimsálfu og fór sínu fram. Vopnin eru því ekki einhlít aðferð til að tryggja friðinn, öðru nær. (Gripið fram í.) Þess

vegna undrar mig nokkuð mótbyr sem þessi till. fær sem maður hefði haldið að væri sjálfsögð. Ég hefði haldið að það hlyti að vera eðlilegur hluti af heilbrigðu gildismati hvers manns að leita bæri eftir því að leysa vandamál á friðsamlegan hátt ef þess væri nokkur kostur. Og í mínum huga er það einfaldlega það sem þessi till. snýst um. Að lögð verði á það áhersla í uppeldi ungs fólks að leita beri friðsamlegra leiða til að leysa vandamál. Þannig snýr þetta við mér og ég sé ekki í fljótu bragði hvernig nokkur maður getur haft á móti því að ungu fólki sé kennt slíkt.

Ég verð að segja það eins og er að sumar þær ræður sem hér eru fluttar af hv. þm. vekja eiginlega furðu manns. Þeir setja á langar ræður um ólíklegustu og óskyldustu mál og þylja jafnvel ljóð og eru komnir vítt og breitt út um heiminn til að finna rök gegn þessari till. Og það eru yfirleitt þeir sem hafa mælt gegn till. sem leita svo vítt til fanga.

Ég hlustaði einu sinni á Nóbelsskáldið okkar, það eina hingað til, Halldór Laxness, lýsa því á friðarsamkomu hvernig það hefði verið hér á árum áður að vera að boða friðinn. Menn hefðu verið hundeltir og stimplaðir einhverjir misindismenn, gott ef ekki glæpamenn. Mér er spurn: Er þetta virkilega svona enn þann dag í dag? Er það virkilega þannig að þeir sem leyfa sér að flytja hér þingmál, þar sem einfaldlega er farið fram á að gildi friðsamlegra lausna á vandamálum og deilumálum sé boðað og kennt í skólum landsins, séu stimplaðir og úthrópaðir sem glæpamenn? Sú spurning vaknar hjá manni.

Ég segi það við þá ágætu karlmenn, sem hér hafa sömuleiðis sett á nokkuð sérkennilegar ræður um þátt kvenna í því að boða friðinn, að ég fagna hverjum liðsmanni sem er að leita að friði, hvers kyns sem hann er. Ég tel ekki nokkra ástæðu til að agnúast við því þó að konur sýni sérstakt frumkvæði í þessum efnum, öðru nær. Auðvitað hlýtur hver réttsýnn maður að fagna því og vera yfir sig ánægður með það að konur, úr hvaða stétt og hvaðan sem þær koma, skuli standa upp og segja: Nú er nóg komið. Nú viljum við leita nýrra leiða í leit okkar að friði. Eftir þær ræður sem ég hef heyrt ákveðinn karlpening flytja úr þessum stóli, t. d. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Halldór Blöndal, verð ég að segja það eins og er að frekar vænti ég friðnum þess liðsinnis sem gagnar úr hópi flestra þeirra kvenna sem ég þekki en þeirra manna sem flytja slíkar ræður.

Ég held að það sé svo einfaldur sannleikur hvað vopnin sjálf eru hættuleg friðnum, hvað tilvera vopnanna, í hvaða mynd sem hún birtist okkur og í hvaða höndum sem þau eru, er í eðli sínu hættuleg friðnum að það eigi ekki að þurfa í raun og veru að rökræða um það, hvorki hér né annars staðar. Ég spyr bara: Hvort telja menn að krökkum sem sinnast muni reiða betur af annars vegar ef þeir hafa ekkert nema berar hendurnar til að útkljá sín deilumál eða hins vegar ef þeir hafa hnífa? Fyrir mér er þetta svona einfaldur sannleikur, að tilvist sjálfra vopnanna er hættuleg friðnum. (**Gripið fram í:** Á þá að fjarlægja grjótið líka?) Þeim mun alvarlegri sem vopnin eru hv. þm. (**Gripið fram í:** Það er hægt að drepa menn með þeim.) Það er alveg rétt. Þetta ber vott um svo skarpa og skýra hugsun að það er ánægjulegt að fá þessa ábendingu inn í þessa umr. Ég er yfir mig glaður. (**Gripið fram í:** Hvað um hnífa?) Þetta er alveg hárrétt athugað hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. (**Gripið fram í:** Verða búrhnífarnir bannaðir?) Vopnin eru misjafnlega hættuleg. En þau eru öll hættuleg. Þau eru í sjálfu sér öll hættuleg. Segja má að hvert það tæki sem er þess eðlis að með því er hægt að skaða og valda verulegu tjóni á lífi og heilsu annars manns sé hættulegt. En á því er auðvitað gífurlegur munur hvort um er að ræða litla, létta steinvölu í höndunum á barni eða kjarnorkusprengju eða leisergeislabyssu í höndunum á fullorðnum manni sem hefur hæfni og þjálfun til að beita slíkum vopnum. Þetta veit ég að þm. skilja þegar þeim hefur verið á það bent af jafngreindum manni og Ólafi Þ. Þórðarsyni — og hafa kannske einhverjir gert það fyrr.

En ég verð að segja að það hryggir mig nokkuð að menn skuli koma hér upp hver á fætur öðrum og lýsa andstöðu sinni við svona till. Það má vel vera að finna megi formi hennar og framsetningu eitthvað til foráttu, hún sé ekki jafnfullkomin að ytri sem innri gerð og æskilegt væri. En á það í raun og veru ekki við um flest mannanna verk og er það ekki viljinn á bak við þessa till. sem mestu máli skiptir? Getum við þá ekki sameinast um það að laga hana þannig til að hún verði okkur öllum þóknanleg, ef við getum sameinast einfaldlega um viljann sem að baki henni liggur, sem ég skil vera þann, eins og ég hef margsagt hér í þessari ræðu, að boða ungu fólki og uppvaxandi þegnum þessa lands gildi þess að leysa deilumál á friðsamlegan hátt? Það er a. m. k. minn skilningur á þessari till. Og á grundvelli hans styð ég hana heils hugar, herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að heimila mér að bera af mér sakir, en til þess er ég hingað kominn.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon bar mér það á brýn að ég hefði farið lofsamlegum orðum um breska heimsveldið. Það er misskilningur hans. Ég fór lofsamlegum orðum um breskt lýðræði sem gerði fórnarlömbum breskrar heimsvaldastefnu kleift að ná til bresks almennings með sinn málstað, öðlast þar þann stuðning sem kannske skar úr um árangurinn af baráttu þeirra.

Hv. þm. bar þeim sem andstæðir eru þessari till. það á brýn að þeir væru að andmæla því að sú skoðun væri boðuð að leita beri friðsamlegra leiða. M. ö. o. hann bar okkur sem andvígir eru þessari till. það á brýn að við værum fjandmenn friðar. Ég get ekki annað en látið í ljós undrun mína vegna þess að ég tók eftir því að hv. þm. hefur setið undir þessum umr. og hefur þá hvorki skilið upp né niður í því, um hvað þær snérust.

Hv. þm. nefndi tvö dæmi til marks um það, hversu vopn væru þýðingarlaus. Hann nefndi örlög þjóðar á Tasmaníu sem hefði verið útrýmt, ein af mörgum. Af hverju var henni útrýmt, herra þm.? Það var vegna þess að hún gat ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Henni var útrýmt af þeim sem meiri höfðu vopnastyrkinn.

Hv. þm. nefndi annað dæmi um indíána Norður-Ameríku sem var svo að segja útrýmt af þeim sem betri höfðu vopnin. M. ö. o. vopnleysi, léleg vopn, getuleysi til að verja sig í ofbeldisfullum heimi þýddi fyrir þessar þjóðir útrýmingu. Niðurstaðan: Vopn eru hættuleg, búrhnífar eru hættulegir, berir hnúar á sterkum manni í reiðiham eru hættulegir. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. En það er fyrst og fremst fólk sem er hættulegt fremur en vopnin

sjálf.

Að lokum ein athugasemd, herra forseti. Vitnað var til þess að Nóbelsskáld þjóðarinnar, Halldór Kiljan Laxness, hafi lýst því hvernig hann hafi sætt ofsóknum fyrir að flytja málstað friðar fyrr á árum. Ég rifja það upp að andmælin við málflutning Nóbelsskáldsins voru ekki fyrir það að flytja málstað friðar, heldur fyrir það að ganga erinda ofbeldisafla.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hlýt að víkja að því hvernig hv. 3. landsk. þm. túlkaði mína stuttu ræðu um þetta mál. Hv. þm. vék að því helst að ég hefði ekki fjallað um ógnir kjarnorkuvopna. Það hefur verið allrækilega gert í þessari umr. En mér skildist á hv. þm. að till. þessi miðaði fyrst og fremst að vörn gegn hættu af kjarnorkuvopnum þannig að fræðslan ætti fyrst og fremst að vera um það. Ef sú er staðreyndin ætti till. að hljóða upp á það, en það gerir hún ekki. Að svo miklu leyti sem unnt er að skilja þessa till. alveg til fulls, því hún er töluvert óljós, þá er hún almennt um það sem gæti verið grundvöllur friðar. Ég kýs að leggja þá merkingu í þetta, en orðanna hljóðan er „þýðing og hlutverk friðar".

Ég hélt að friðurinn væri eitt af því sem heyrði til grundvallarnauðsynjum manna ásamt frelsi og sjálfsögðum mannréttindum öðrum, en þessi útlistun er afar óljós. Þess vegna er ósköp eðlilegt að leitað sé skýringa á því sem hv. flm. sjálfir segja. Hv. þm. taldi að það skýrði ekki málið að haft væri viðtal við sex flm. af þrettán. En frá mínu sjónarmiði séð hefur það að sjálfsögðu æði mikið að segja hverjum augum þessir sex flm. af þrettán líta á efni þeirrar till. sem þeir eru að flytja.

Ef við lítum á það hvað þessir hv. þm. sögðu þá voru fyrst spurð þau Gunnar Schram hv. þm. og hv. forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir. Þau svöruðu er þau voru spurð hvernig þau hygðust tryggja að friðarfræðslan yrði ekki einhliða áróður að ekki væri þeirra að segja til um það. Ætlunin væri með till. að láta kanna hvernig unnt væri að auka fræðslu um friðarmál frá því sem væri í skólum landsins. En till. er ekki um það að láta kanna þetta. Hún er um það að láta hefja undirbúning að frekari fræðslu o. s. frv.

Síðan er viðtal við hv. þm. Stefán Benediktsson þar sem vikið er að því að friðarfræðsla hafi farið fram í kristindómsfræðslunni. Hann er þá spurður, með leyfi hæstv. forseta: „Friðarfræðslan þá á trúarlegum grundvelli?" Og hv. þm. svarar: „Nei, ekki beint á trúarlegum grundvelli heldur byggir þessi friðarhugsun auðvitað á kristinni hugmyndafræði og þeirri vestrænu siðfræði sem af henni er sprottin."

Blaðamaður spyr: „Ætti að þínu mati að felast í friðarfræðslu á Íslandi upplýsingar um það að vera okkar í Nató byggist á því að við teljum öryggi okkar og vörnum og jafnvægi í Vestur-Evrópu best borgið með þeim hætti?"

Hv. þm. svarar: „Mér finnst fáránlegt að fara kannske að hugsa um slíka hluti fyrir börn á barnaheimilum. En aftur á móti tengjast hugmyndir um frið og friðarbaráttu því að gera fólki grein fyrir hugtökum eins og frelsi og lýðræði."

Í viðtali við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur segir hv. þm., með leyfi hæstv. forseta, þegar hún er spurð hvort friðarfræðslan eigi þá að fela í sér fræðslu um undirstöðu utanríkisstefnu okkar og að vera okkar í NATO tryggi okkur öryggi og friðarjafnvægi í Vestur-Evrópu:

„Ég skal ekki segja um það með hvaða hætti þetta verður gert. Og auðvitað vildi ég að það yrði hægt að byggja þetta upp þannig að það byggði almennt á friði í heiminum. Ekki yrði horft til stórveldanna sem slíkra heldur yrði þetta almenn friðarfræðsla."

Hv. þm. segir einnig síðar:

„Þetta yrði áreiðanlega viðkvæmt og vandmeðfarið og spurning hvort eigi að fara með þetta alla leið niður í dagvistunarstofnanir."

Þessi svör segja að það er nokkuð mismunandi merking sem flm. sjálfir leggja í orð þessarar till. Hv. þm. Eiður Guðnason segir, með leyfi hæstv. forseta, þegar hann er spurður um það hvort fræða eigi börn um ástæður þess að við séum aðilar að NATO og það verði liður í friðarfræðslunni:

„Ég er samþykkur því að vera okkar í Atlantshafsbandalaginu tryggi best öryggi Íslands eins og nú horfir og ég held að þeim upplýsingum verði best komið á framfæri með því að skýra stöðu mála hér eins og hún er og eins og þróun sögunnar hefur verið síðan Atlantshafsbandalagið var stofnað. Atlantshafsbandalagið hefur ekki farið með ófriði á hendur neinum, það var ekki til þess stofnað, það er varnarbandalag sem er stofnað til að varðveita friðinn."

Þessi hv. þm. telur að það eigi að fræða um þennan hluta málsins en aftur á móti annar hv. þm. sem viðtal var við telur að það eigi ekki að gera það, ekki a. m. k. á yngstu stigum. Hv. þm. Kristín Kvaran segir:

„Friðaruppeldi hefur verið í framkvæmd í raun á dagvistarheimilum í mörg ár. Við byrjum á þeim mikilvæga þætti að leiða börnum fyrir sjónir að ofbeldi er ekki besta leiðin til að ná sáttum og fólk þarf að ræða málin og finna lausnir. Ég vil flokka þetta undir undirstöðu friðaruppeldis."

Þetta fer þegar fram og er auðvitað allt gott um það að segja. Hún sagði síðar að hún væri sammála því að undirstaða utanríkisstefnu okkar væri vera okkar í NATO, að hún tryggði öryggi okkar og jafnvægi friðar í Vestur-Evrópu. Varðandi það að þetta yrði kennt í friðarfræðslu sagði hún, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég veit ekki hversu langt á að ganga þegar verið er að tala um friðaruppeldi eða hvaða leiðir á að velja að því marki. Auðvitað hljótum við að fræða börnin á hvernig þessu er háttað og þar af hlýtur að leiða hvort heldur fólk er hlynnt veru okkar í NATO eða ekki að börnin verði upplýst um stöðu mála, það að við erum í NATO og af hverju við erum þar."

Öllum er ljóst að það eru ákaflega misjöfn viðhorf manna til þessa máls, veru okkar í NATO. Útlistun á *því af hverju við erum þar getur orðið ærið mismunandi* eftir því hver á þeirri útlistun heldur.

Það er margt í grg. þessarar till. sem sýnir að framkvæmdin rennir stoðum undir afar pólitíska umræðu. T. d. segir í grg., með leyfi hæstv. forseta, um friðarfræðslu:

„Hún rannsakar orsakir deilna og átaka sem má finna samofnar skynjunum, verðmætamati og viðhorfum einstaklinga. Enn fremur má finna orsakir þeirra í félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins."

Það er afar erfitt, herra forseti, að fjalla um þessi mál án þess að um það fari fram pólitísk umræða.

Í öðru lagi segir í þessari grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Frið ætti ekki einungis að skilgreina sem það tímabil þegar ekki geisar styrjöld. Mikið óréttlæti getur ríkt þó að ekki sé barist."

Mikið rétt. Mikið óréttlæti getur ríkt þó að ekki sé barist og mannréttindi geta verið fótum troðin þó að ekki sé barist. En hver á að meta hvað er óréttlæti og hvar er óréttlæti? Eftir grg. að dæma er skilgreining á friði afskaplega víðtæk, nær til flestra vandamála mannlegs lífs eins og segir í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Svið friðarfræðslu ætti að ná til félagslegra vandamála, sem leiða til ofbeldis, svo og til einstaklingsvandamála."

Það er alveg ljóst að skv. þessari till. og skýringum í grg. hennar getur nánast falist hvað sem er í friðarfræðslu. M. ö. o. að meginatriðið sem ræður þeirri afstöðu minni að Alþingi beri ekki að samþykkja slíka till. er að till. er mjög óljós. Það er alls ekki ljóst hvernig á að framkvæma þessa till., það er mjög umdeilt og það er forsmekkur að því hvernig slíkt gæti farið fram. Enda sjáum við það að í ríkjum þar sem slíkt hefur verið á námskrá skólanna hefur það leitt til pólitískra deilna og er mjög umdeilt.

Þannig hygg ég að ærið verkefni sé að sinna því almennilega sem fram fer í skólunum, grundvallaratriðum uppeldis og fræðslu. Það er mjög mikilvægt verkefni. Við höfum nýlegar upplýsingar um árangur nemenda við lokapróf úr grunnskólum. Það eitt vekur til umhugsunar um það að við þurfum mjög vel að standa í ístaðinu til þess að efla þekkingu. Þar er ég sammála hv. 1. flm. þessarar till. að þekkingin mun efla friðinn og við skulum bæta þekkinguna á ýmsum grundvallaratriðum sem þarf til þess að lifa lífinu í okkar nútímaheimi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða, þáltill. 186. mál (þskj. 331). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Virðulegi forseti. Smáþjóð eins og Íslendingum er nauðsyn að hafa góð samskipti við önnur ríki, smá og stór. Land okkar hefur um skeið verið í þjóðbraut og fáar þjóðir eru að tiltölu jafnháðar utanríkisviðskiptum og Íslendingar. Samband okkar við aðrar þjóðir hvílir sumpart á alþjóðlegri hefð og reglum sem staðfestar hafa verið milli ríkja, en þess utan hljóta gagnkvæmir hagsmunir að ráða miklu um hversu samskipti við einstök ríki þróast. Við hljótum að leggja áherslu á vinsamlegt samband við önnur lönd og eigum að koma þar fram sem boðberar friðar og sátta en þó af fullu raunsæi og festu þegar þörf og hagsmunir okkar bjóða. Smáþjóð hefur síst efni á að sýna undirlægjuhátt, sama hver í hlut á.

Ég minni á þetta í upphafi máls míns þegar ég mæli fyrir till. til þál. sem ég flyt á þskj. 331 um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis. Efni till. er þetta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að setja reglur um takmarkanir á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis, m. a. varðandi fjölda sendiráðsmana og byggingu og kaup fasteigna á grundvelli laga nr. 16/1971 og laga nr. 30/1980.

Við mótun á þessum reglum verði m. a. höfð hliðsjón af smæð íslensks samfélags og af starfsemi og aðbúnaði að íslensku utanríkisþjónustunni í löndum sem Íslendingar hafa stjórnmálasamband við og starfrækja sendiráð."

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess þegar ég les þessa till. upp að benda á að í þeim texta sem ég afhenti til prentunar var talað um „fjölda sendiráðsmanna og byggingu og kaup fasteigna". Ég tel nauðsynlegt að koma þeirri ábendingu eða leiðréttingu hér við þó að hún komi fyrst fram nú.

Ísland hefur nú stjórnmálasamband við 75 ríki, þar af eru sendiherrar tilnefndir gagnkvæmt í 53 löndum. Hér í Reykjavík eru starfandi 12 erlend sendiráð, en Ísland hefur sendiráð í 10 löndum og að auki er sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

Þáltill. varðar umsvif hinna erlendu sendiráða hér á landi og gerir ráð fyrir að ríkisstj. setji reglur þar að lútandi, svo sem heimildir eru fyrir í lögum og alþjóðasamningum sem hér hafa lagagildi. Um starfsemi erlendra sendiráða hér á landi hefur talsvert verið rætt og ritað á síðari árum, m. a. eftir að ljóst varð að risaveldin, Sovétríkin og Bandaríkin, voru stöðugt að færa hér út kvíarnar undir merkjum sendiráða sinna. Sérstaklega hafa umsvif sovéska sendiráðsins verið gagnrýnd og hefur Morgunblaðið verið í fararbroddi í þeirri umr.

Sovétríkin hafa hér stærstan hóp erlendra starfsmanna, 37 talsins í byrjun þessa árs, og hafa keypt sér allmargar fasteignir auk leiguhúsnæðis víða í borginni. Til samanburðar er þess að geta að í sendiráði Íslands í Moskvu er fjögurra manna starfslið, þrír Íslendingar og einn sovéskur ríkisborgari, þannig að starfslið Sovétríkjanna hér er 9 sinnum fjölmennara en starfslið í sendiráði Íslands í Moskvu.

Starfsmenn bandarísku sendiráðsins í Reykjavík eru 41, þar af 22 útlendingar og 19 Íslendingar fastráðnir. Á sama tíma eru fimm starfsmenn við sendiráð Íslands í Washington, allt Íslendingar, þannig að Bandaríkjamenn halda hér uppi átta sinnum fjölmennara sendiráði en Íslendingar vestra.

Í grg. með till. er að finna yfirlit frá utanrrn. um fjölda erlendra starfsmanna og fjölskyldna þeirra við sendiráðin í Reykjavík eins og hann var í janúar s. l. og til samanburðar sömu upplýsingar fyrir fimm árum. Þar kemur fram að sendiráð risaveldanna tveggja eru í sérflokki með umsvif sín, næst kemur franska sendiráðið með tíu manna erlent starfslið og Sambandslýðveldið Þýskaland með sjö. Önnur sendiráð hafa þaðan af færra fólk í starfi, eða þrjá til sex talsins. Athygli vekur hin mikla fækkun sem orðið hefur hjá kínverska sendiráðinu undanfarin fimm ár, eða úr 20 niður í 6 starfsmenn, og eru eflaust fyrir því margar ástæður.

Fyllri upplýsingar um umsvif sendiráðanna hér á landi koma fram í skriflegu svari utanrrh. þann 7. mars við fsp. minni á þskj. 332 þar sem spurt var um eftirfarandi:

„1. Hve fjölmennt er starfslið erlendra sendiráða hér á landi hvers um sig, erlendir og innlendir ríkisborgarar, og hversu margt fjölskyldulið fylgir hinum útlendu starfsmönnum?

2. Hvaða erlendir aðilar, ríkisstjórnir eða aðrir, starfrækja hér upplýsingastarfsemi, fréttamiðlun og

menningarstofnanir? Hve margir starfa að slíku á vegum hvers aðila og hvaða samningar hafa verið gerðir um þessa starfsemi?

3. Hverjar eru skráðar eignir ofangreindra erlendra aðila hér á landi, fasteignir, lóðir og bifreiðar, og hvaða húsnæði hafa þeir á leigu?"

Þetta var fsp. Varðandi skriflegt svar utanrrh. við þessum fsp. sem liggur fyrir hv. Alþingi vil ég nefna eftirfarandi auk þess sem áður er fram komið:

1. Í yfirliti, sem ég fékk frá utanrrn. í janúar og birt er í grg. með þeirri þáltill. sem ég mæli hér fyrir, voru fjölskyldumeðlimir í sendiráði Bandaríkjanna taldir vera 33. En í svari hæstv. utanrrh. eru þeir taldir 21 og fylgdi sú skýring frá utanrrn. að þeir hafi verið oftaldir. Á sama hátt voru vantaldir fjölskyldumeðlimir í sendiráði Þýska alþýðulýðveldisins, sem eiga að vera þrír eftir því sem utanrrn. nú upplýsir en ekki tveir. Talsverð hreyfing er alltaf að sögn utanrrn. á skylduliði sendiráðsmanna, börnum og mökum.

2. Í öðrum tölulið fsp. var m. a. spurt um hvaða samningar hafi verið gerðir um upplýsingastarfsemi, fréttamiðlun og menningarstofnanir á vegum erlendra aðila hérlendis. Af svari hæstv. utanrrh. verður ekki séð að neinir sérstakir samningar séu um starfsemi eins og svonefnda Menningarstofnun Bandaríkjanna, sem á enskunni heitir raunar United States Information Service, né heldur um sovésku APN fréttastofuna, NOVOSTI. Menningarstofnun Bandaríkjanna er rekin sem hluti af bandarísku sendiráðinu með níu manna starfsliði, en svo virðist ekki vera með beinum hætti varðandi NOVOSTI-fréttastofuna.

3. Í yfirliti um lóðir sendiráða er ekki tekin með ný lóð bandarísku sendiráðsins í nýja miðbænum í Reykjavík milli Ofanleitis og Háaleitis, um 11 000 fermetrar að flatarmáli. Þar er gert ráð fyrir lóðarsamningi til 75 ára og engar kvaðir um stærð byggingar, nema nýtingarhlutfall lóðar er 0.5. Þinglýsing mun ekki hafa farið fram, en verið er að ganga frá samningi um gatnagerðargjöld og gert ráð fyrir þinglýsingu að því loknu. Með þessari lóð eru lóðir erlendra ríkja samtals um 31 000 fermetrar að flatarmáli, allt í Reykjavík.

Af yfirliti í grg. með till. má lesa, að aðeins hjá Sovétríkjunum og Bandaríkjunum hefur verið um að ræða fjölgun erlendra starfsmanna undanfarin fimm ár, en sex sendiráð hérlendis hafa fækkað erlendu starfsfólki á sama tíma. Eitt sendiráð, hið pólska, hefur hætt störfum á þessu tímabili — það var árið 1982 — og eitt nýtt sendiráð bæst í hópinn, þ. e. sendiráð Finnlands þann 1. mars 1983.

Í umræðu og gagnrýni á umsvif erlendra sendiráða hérlendis virðist sem menn hafi gleymt, að lagastoð er fyrir hendi til að reisa skorður við óeðlilegri útþenslu þeirra, ef vilji er fyrir hendi hjá stjórnvöldum. Íslendingar eru aðilar að alþjóðasamningi, Vínarsamningnum um stjórnmálasamband og fullveldisrétt ríkja, en sá samningur var upphaflega gerður árið 1961. Ísland gerðist aðili að honum 10 árum síðar með lögum sem Alþingi samþykkti 31. mars 1971. Í þeim er sérstaklega tekið fram, að ákvæði samningsins hafi lagagildi hérlendis. Íslenskur texti þessa samnings er birtur í heild sem fskj. með þáltill.

Eins og fram kemur í 11. gr. Vínarsamningsins hafa íslensk stjórnvöld fullan rétt til að krefjast þess skv. orðanna hljóðan „að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það (þ. e. móttökuríkið) telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu (í þessu tilviki á Íslandi) og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs." Þetta er tilvitnun í 11. gr., 1. tölul. Vínarsamningsins.

Í 2. tölul. 11. gr. segir: „Einnig getur móttökuríkið, innan sömu takmarka og þannig að eigi sé um mismunun að ræða, neitað að taka við starfsmönnum í tilteknum starfsflokki."

Í öðrum greinum þessa samnings eru ákvæði um réttindi og hömlur varðandi skrifstofur utan sendiráðs, sbr. 12. gr., og öflun húsnæðis fyrir sendiráð og sendiráðsstarfsmenn, sbr. 21. gr. Er í því sambandi talað um húsakynni, eins og það heitir, „sem nauðsynleg eru fyrir sendiráð" og „öflun hæfilegs húsnæðis fyrir sendiráðsmenn".

Með samningi þessum, Vínarsamningnum, er dreginn alþjóðlegur rammi um stjórnmálasamband og starfsemi sendiráða. Eins og áður sagði hafa ákvæði hans lagagildi hér á landi. Skv. 2. gr. laganna um aðild Íslands að samningnum getur ráðh., þ. e. utanrrh., eins og þar segir orðrétt: „sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara". Það skortir því ekki lagastoð til að krefjast takmarkana á umsvifum erlendra sendiráða og Vínarsamningurinn dregur allskýran ramma um út frá hvaða forsendum skuli gengið í því sambandi. Hér er því spurningin aðeins um vilja og framtak réttra stjórnvalda og Alþingis sem þáltill. gerir ráð fyrir að taki af skarið í þessu efni.

Í þáltill. er einnig vísað til laga nr. 30/1980 varðandi kaup erlendra ríkja á fasteignum og lóðum. Skv. þeim á að leggja kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum á vegum erlendra sendiráða fyrir dómsmrn. og eins og þar segir: „öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en rn. hefur samþykkt hann með áritun sinni".

Í athugasemdum við lagafrv., sem birtar eru í fskj. 2 með þáltill., segir í upphafi:

„Tilgangur frv. þessa er að setja skýrar reglur um kaup erlendra ríkja á fasteignum, svo og lóðarréttindum fyrir slíkar fasteignir vegna sendiráðsstarfsemi á Íslandi."

Æskilegt væri að fá það upplýst við þessa umr. hvort slíkar reglur hafi verið settar til viðbótar við ákvæði lagatextans og fá fram viðhorf hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh. um þau efni.

Í 2. mgr. þáltill. er kveðið á um að „við mótun á reglum um umsvif erlendra sendiráða verði m. a. höfð hliðsjón af smæð íslensks samfélags og af starfsemi og aðbúnaði að íslensku utanríkisþjónustunni í löndum sem Íslendingar hafa stjórnmálasamband við og starfrækja sendiráð." Sú stefnumörkun sem hér er gerð till. um sækir stuðning í 11. gr. Vínarsamningsins sem þegar hefur verið vitnað til en einnig upphafsorða þess sama samnings þar sem vísað er til markmiða og meginreglna sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi fullveldisjafnrétti ríkja. Með þessum orðum og ákvæðum Vínarsamningsins er augljóslega vísað til gagnkvæmnisjónarmiða sem eðlilegt er að smáríki eins og Ísland höfði til við takmörkun á umsvifum sendiráða margfalt fjölmennari ríkja.

Í þessu sambandi er vert að benda á dæmi þar sem slík sjónarmið eru ekki virt skv. núverandi skipan og sjálfsagt er að leita leiðréttingar. Verður enn staldrað við sendiráð risaveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkj-

anna, þar eð umsvif þeirra hér eru í sérflokki og mismunun gagnvart íslensku utanríkisþjónustunni og íslenskum þegnum auðsæ. Ber þó engan veginn að skilja orð mín svo að ég telji ekki þörf á að hafa augun opin varðandi sendiráð og samskipti er tengjast stjórnmálasambandi við önnur ríki en þessi tvö.

Lítum fyrst aðeins nánar á fjölda starfsmanna gagnkvæmt hjá sendiráðum Sovétríkjanna og Bandaríkjanna annars vegar og Íslands hins vegar. Eins og þegar var að vikið hafa Sovétríkin yfir nífalt fleiri starfsmenn í sendiráði sínu hér en Ísland í Moskvu og Bandaríkin litlu lægra hlutfall eða yfir áttfalt fleiri starfsmenn en Ísland í Washington. Álitamál getur vissulega verið að hvaða leyti aðstæður og verksvið sendiráða þessara stórvelda eru sambærileg og að hvaða leyti ólík með tilliti til umfangs og fyrirkomulags á viðskiptum Sovétríkjanna og Bandaríkjanna við Ísland. Ljóst er að Sovétríkin kjósa hér sem annars staðar að skipa sendiráð sitt einvörðungu sovéskum ríkisborgurum, en Bandaríkin hafa hér sem víða annars staðar innlenda ríkisborgara í störfum. Hvað sem þessu líður er ljóst að umsvif sendiráða beggja þessara ríkja hérlendis eru margföld umfram það sem eðlilegt og réttlætanlegt getur talist, m. a. með hliðsjón af starfsemi íslenskra sendiráða í sömu löndum. E. t. v. þætti einstrengingslegt að krefjast nákvæmlega sama fjölda starfsmanna að höfðatölu við sendiráð erlendra ríkja og Íslendingar hafa í sendiráðum í viðkomandi löndum, en tvöfaldur til þrefaldur fjöldi ætti að vera algjört hámark. Það er tíu til fimmtán manns þegar um er að ræða Bandaríkin og Sovétríkin ef menn ekki vilja miða við jafnræði hvað snertir starfsmannafjöldann.

En það er um fleira en fjölda starfsmanna sem eðlilegt er að setja takmörk og krefjast þess að gagnkvæmni gildi í samskiptum. Lítum t. d. á nokkrar þær takmarkanir sem settar eru á starfsemi og ferðir íslenskra sendiráðsmanna í Sovétríkjunum. Þar er sendiráð Íslands í Moskvu í leiguhúsnæði, sem ekki fæst keypt það best ég veit undir starfsemina, og starfsmönnum sendiráðsins er úthlutað leiguhúsnæði til íbúðar í sérstökum hverfum eða eins konar gettóum þar sem eingöngu búa starfsmenn erlendra sendiráða. Hví skyldu íslensk stjórnvöld vera að heimila sovéskum að kaupa hér fasteignir og það að eigin vali þegar þannig er um hnútana búið gagnvart íslensku sendiráði í Sovétríkjunum?

Miklar hömlur eru lagðar á ferðafrelsi erlendra sendiráðsstarfsmanna í Sovétríkjunum þar eð tilkynna þarf um allar ferðir út fyrir 40 mílna radíus (þó er ég ekki viss um hvort það eru mílur eða kílómetrar, skiptir ekki öllu máli, en vegalengdin er stutt frá miðborg Moskvu) með tveggja sólarhringa fyrirvara og greina frá ferðaáætlun og gististöðum. Hvaða ástæða er til að ætla sendiráðsstarfsmönnum Sovétríkjanna hér rýmri heimildir til ferða?

Ýmis fleiri atriði má benda á þar sem um mismunun er að ræða, m. a. vegabréfsáritanir fyrir sovéska þegna sem allar fara í gegnum sovéska utanrrn. og þarlendir hafa ekki frjálsan aðgang að erlendum sendiráðum eins og t. d. íslenska sendiráðinu í Moskvu. Gagnkvæm skylda er um vegabréfsáritanir til og frá Sovétríkjunum og til Íslands fyrir sovéska þegna. Þessu er ekki eins farið um Bandaríki Norður-Ameríku. Þar gildir einhliða kvöð fyrir Íslendinga sem ferðast vilja til Bandaríkjanna um að afla sér vegabréfsáritunar. Allt frá árinu 1962 hafa bandarískir ríkisborgarar verið undanþegnir þeirri skyldu að fá áritun í vegabréf sín vegna ferðalaga og þriggja mánaða dvalar hérlendis. Slík mismunun er að sjálfsögðu með öllu óviðeigandi, svo ekki sé minnst á spurningar sem lagðar eru fyrir fólk sem ferðast vill héðan til Bandaríkjanna og þær persónunjósnir sem bandarísk sendiráð halda uppi, m. a. um stjórnmálaskoðanir, og sem koma greinilega í ljós við meðferð og afgreiðslu vegabréfsáritana. Íslenskum stjórnvöldum ber að mínu mati skylda til að láta gagnkvæmni ríkja varðandi vegabréfsáritanir og að taka m. a. þau mál upp við bandarísk stjórnvöld.

Í 3. gr. *Vínarsamningsins* eru skilgreind helstu viðfangsefni sendiráða, m. a. skv. d-lið orðrétt:

„að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslu um það."

Slík upplýsingaöflun hefur um langt skeið verið þáttur í starfsemi sendiráða, ekki síst stærri ríkja. Mörkin milli löglegrar og ólöglegrar öflunar upplýsinga geta verið nokkuð fljótandi og tækniþróunin gerir erfiðara um vik að koma hömlum yfir þá sem stunda ólögmæta upplýsingaöflun fyrir eða á vegum erlendra ríkja, þ. e. njósnir. Á þessu sviði á smáríki erfiðara um vik en stórveldi að gæta hagsmuna sinna, svo sem ekki þarf að eyða orðum að, en smáríki hefur líka að jafnaði minna að leyna sem slægur er í fyrir leyniþjónustur stórvelda. Hins vegar ber Íslandi sem fullvalda ríki að gæta hagsmuna sinna einnig á þessu sviði til hins ýtrasta og liður í því er m. a. að setja takmarkanir á umsvif þeirra erlendu sendiráða sem hér hafa þanið út starfsemi sína langt út fyrir öll eðlileg mörk.

Í þessu sambandi þarf einnig að gefa gaum að útibúum sendiráða sem rekin eru undir heiti upplýsingaþjónustu og menningarstofnana. Við athugun slíkra mála og mat á þeim þarf að sjálfsögðu að varast móðursýki en sýna eðlilega festu og gæta þess að horfa til allra átta. Mönnum er gjarnt að tengja slíka umræðu nær einvörðungu við stríðandi öfl austurs og vesturs. Ekki vil ég gera lítið úr þætti stórveldanna þar sem annað þeirra er hér inni á gafli með herstöðvar í skjóli svonefnds varnarsamnings, en hér geta fleiri komið við sögu.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að till. þessi um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða fái góðar undirtektir hér á hv. Alþingi og hljóti afgreiðslu eftir eðlilega þinglega meðferð. Að mínu mati má ekki dragast lengur að tekið sé á þessum málum á grundvelli laga og alþjóðasamninga. Engir geta neitað fullvalda ríki um að gæta þannig réttar síns og hagsmuna. Ég er sannfærður um að þeir eru meira metnir í samskiptum þjóða sem ganga fram af einurð á þessu sviði sem öðrum.

Ég legg til að eftir að umr. um till. verður frestað, verði henni vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þáltill. sú sem nú er til umr. er ekki ný af nálinni að því leyti til að málefni þessi hafa oft verið hér til umr., ýmist í tilefni af þáltill., sem áður hefur verið flutt um líkt efni og sú sem nú er á dagskrá, eða vegna fyrirspurna sem bornar hafa verið fram um fjölda manna í sendiráðum hér í Reykjavík.

Ég vil gjarnan rifja upp nokkur atriði í þessum efnum þótt sumt af því hljóti að vera endurtekning af því sem hv. flm. gerði að umtalsefni. Með aðild Íslands að alþjóðasamningnum um stjórnmálasamband, sem gerður var í Vín hinn 18. apríl 1961, og lögum nr. 16 frá 31. mars 1971, sem heimiluðu aðildina og gáfu samningnum lagagildi á Íslandi, var skapaður formlegur grundvöllur til afskipta íslenska ríkisins af m. a. stærð sendiráða hér á landi.

Í 11. gr. samningsins er annars vegar gengið út frá því að gerður sé sérstakur samningur um stærð sendiráðs eða að móttökuríkið geti — þ. e. varðandi sendiráð hér — „krafist þess að stærð sendiráðs verði sett takmörk", eins og komist er að orði í greininni. Takmörkin skulu þá skv. greininni vera þau er móttökuríkið telur „hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs".

Stærð sendiráða hér á landi hefur verið slík að yfirleitt hefur ekki þótt vera farið fram úr þeirri viðmiðun sem hér er nefnd. Ég hlýt þó að undanskilja að þessu leyti það sendiráðið sem fjölmennast er af erlendum sendimönnum, sovéska sendiráðið. Mér er tjáð að frá árinu 1981 hafi verið miðað við að þar fjölgaði starfsmönnum ekki. Hefur við útgáfu nýrra persónuskilríkja verið gengið úr skugga um að um væri að ræða starfsmenn er kæmu í stað annarra sem væru farnir eða á förum. Með þessu var þó ekki lagt endanlegt mat á það hvort núverandi starfsmannafjöldi sendiráðsins sé nauðsynlegur. Málið hefur verið til athugunar og meðferðar í rn. og samráð verður haft, að sjálfsögðu, við utanrmn. áður en afgreitt verður.

Í þessu efni er rétt að svara fsp. hv. flm. um það hvort notuð hafi verið heimild í lögum til handa ráðh. um að gefa út sérstakar reglur varðandi stærð sendiráða. Sú heimild hefur ekki verið nýtt. En einmitt með tilliti til þess hvort rétt sé að setja slíkar reglur hefur málið verið til athugunar í rn. um nokkurra mánaða skeið.

Rétt er að taka fram að Sovétríkin hafa gert fyrirvara við 11. gr. Vínarsamningsins sem áskilur móttökuríkinu mat á því hvað hæfileg og eðlileg stærð sendiráðs sé. En mörg ríki hafa mótmælt þessum fyrirvara Sovétríkjanna og er talið að þessi fyrirvari sé ekki gildur og hafi því ekki þýðingu.

Hvað húsnæði sendiráða snertir kveður Vínarsamningurinn í 21. gr. á um að móttökuríkið skuli „auðvelda sendiríkinu að afla sér í landi þess, í samræmi við þau lög er þar gilda, húsakynna, sem nauðsynleg eru fyrir sendiráð, eða aðstoða það við öflun húsnæðis á annan hátt". Enn fremur ber skv. þessari grein samningsins, eins og þar stendur, að „liðsinna sendiráðum við öflun hæfilegs húsnæðis fyrir sendiráðsmenn þess, þegar þörf krefur".

Öll sendiráð hér, að tveimur undanskildum, hafa skrifstofur sínar í eigin húsnæði og öll eiga viðkomandi ríki sendiherrabústaði sína. Einungis tvö ríki, þ. e. Kína og Svíþjóð, eiga nú þrjár fasteignir, en eitt, Sovétríkin, á fimm fasteignir. Þegar samþykki var veitt fyrir kaupum fimmtu fasteignar Sovétríkjanna í ársbyrjun 1982 var tekið fram í orðsendingu til sendiráðs þess að með þeim húsakaupum litu íslensk stjórnvöld svo á að húsnæðisþarfir sendiráðsins hafi verið leystar á fullnægjandi hátt fyrir fyrirsjáanlega framtíð, eins og þar var komist að orði. Ég skal taka það fram að ég var andvígur þessu leyfi til Sovétríkjanna varðandi kaup á fimmtu fasteign hér í höfuðborginni og lét þá skoðun mína í ljós í utanrmn.

Með lögum nr. 30 frá 22. maí 1980 var í formi breytingar á lögum nr. 19 frá 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sett sú regla varðandi fasteignakaup sendiráða að kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum til afnota fyrir sendiráðsskrifstofur og bústaði forstöðumanna sendiráða eða fasteignum sem þau ríki eignast til íbúðar fyrir aðra starfsmenn sendiráða sinna skal leggja fyrir dómsmrn. og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en rn. hefur samþykkt hann með áritun sinni.

Að því er framkvæmd laga þessara snertir er það að segja að dómsmrn. hefur markað þá afstöðu að það telji að túlka beri hin nýju lagaákvæði sem að framan getur þannig að ætlast sé til þess að reynt sé að gæta hæfilegs samræmis um húsnæðiskaup milli erlendra sendiráða. Svo og verður að hafa í huga að skyldur til nokkurrar öryggisgæslu aukast með aukinni húseign sendiráða. Jafnframt tók dómsmrn. eftirfarandi fram þegar fjallað var um kaup fimmtu húseignar sovéska sendiráðsins: „Í þessu sambandi verður að geta þess að svo virðist sem að allmiklu misvægi stefni að því er umsvif sendiráðs Sovétríkjanna varðar og telur ráðuneytið nauðsynlegt að hafa þær aðstæður í huga framvegis." Var það með hliðsjón af þessari afstöðu sem sendiráðinu var, eins og áður sagði, formlega tilkynnt sú skoðun að síðastnefnd húsakaup fælu í sér lausn húsnæðisþarfa þess um fyrirsjáanlega framtíð.

Við setningu áðurnefndra laga var í grg. m. a. bent á að bæði sé nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld að geta sett fasteignakaupum erlendra sendiráða vissar skorður með hliðsjón af 11. gr. Vínarsamningsins, um stærð sendiráða, svo og gera ákvæði 22. og 30. gr. Vínarsamningsins stjórnvöldum mögulegt að hafa hönd í bagga með staðarvali fyrir húsnæði sem sendiráð vilja eignast fyrir starfsemi sína þannig að nauðsynlegri öryggisgæslu verði þar við komið, en sendiráðssvæði njóta friðhelgi eins og kunnugt er. Hvílir skv. 22. og 30. gr. sérstök skylda á móttökuríkinu að gera ráðstafanir til verndar sendiráðssvæðinu og heimilum sendierindreka.

Eins og framangreindar upplýsingar bera með sér eru þegar fyrir hendi í Vínarsamningnum um stjórnmálasamband og íslenskum lögum vissar reglur varðandi stærð sendiráða, þ. e. fjölda starfsmanna og fasteignakaup. Einnig kemur hér fram hvernig mál standa varðandi framkvæmd þeirra. Þessi ákvæði sem þegar eru fyrir hendi geta verið grundvöllur frekara aðhalds íslenskra stjórnvalda í þessu efni eftir því sem eðlilegt og nauðsynlegt væri talið. Eins og ég hef drepið á er jafnframt í lögunum nr. 16/1971, 2. gr., heimild fyrir ráðh. til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna.

Ég hef einmitt vegna hugleiðinga um það hvort rétt sé að nýta þessa heimild, sem ráðh. hefur, látið fara fram nokkra könnun á því hvernig hin ýmsu ríki fara með framkvæmd á Vínarsamningnum að þessu leyti, hvað snertir stærð erlendra sendiráða og aðstöðu þeirra. Þessari könnun er ekki lokið, en það sem upplýst hefur verið leiðir í ljós að framkvæmdin er með mismunandi hætti og mörg ríkjanna hafa ekki neinar sérstakar reglur í þessum efnum.

En það breytir ekki því að ég er hv. flm. sammála um það að ég tel að nauðsynlegt sé að fylgjast grannt með

stærð sendiráða, aðstöðu þeirra og starfsemi eins og alþjóðalög heimila. Það er að vísu ekki ljóst af því sem fram hefur komið hvaða eða hvers konar frekari reglur flm. þáltill. hefur í huga eða telur rétt að setja, nema ef ég má draga þá ályktun af framsöguræðu hans áðan að hann telji að miða bæri sem næst við gagnkvæmni á sem flestum sviðum, þó þannig að rétt gæti verið að heimila aðeins stærri sendiráð erlendra ríkja hér á landi en við höfum í þeirra löndum.

Ég vil í þessu sambandi láta þá skoðun í ljós að hér verður að fara eftir atvikum og umfram allt gæta þess að hagsmunir Íslands séu ekki fyrir borð bornir. Það getur að vissu leyti verið í samræmi við okkar hagsmuni að erlend ríki hafi hér það starfslið sem nægilegt sé til þess að við getum rekið ýmis hagsmunamál okkar í tengslum við þau sendiráð, ekki síst vegna þess að sendiráð okkar erlendis eru fámenn. Við Íslendingar höfum því miður ekki efni á að hafa þann fjölda starfsmanna í sendiráðum okkar erlendis sem full þörf væri fyrir og verkefni til staðar til að sinna. Að einhverju leyti má bæta úr því með því að reka mál okkar gagnvart viðkomandi ríkjum í gegnum erlend sendiráð hér á landi, þótt ég vilji leggja áherslu á það að við verðum að byggja utanríkisþjónustu okkar erlendis þannig upp að sendiráðin geti sinnt hagsmunamálum okkar og ekki síst snúið sér að ýmsum þeim verkefnum sem orðið geta til þess að greiða fyrir viðskiptum, afla markaða fyrir íslenskar afurðir á erlendri grund. Þannig er ekki takmark í sjálfu sér að fækka starfsmönnum erlendra sendiráða hér ef tryggilega er frá því gengið að verkefni þeirra hér á landi séu ekki í andstöðu við íslenska hagsmuni.

Það læddist að mér sá grunur þegar ég hlýddi á framsöguræðu hv. flm., þótt ég vilji ekki ætla honum annað en góðan og gagnlegan tilgang með tillöguflutningi, að tvennt væri það kannske, í það minnsta samhliða einnig, sem vekti fyrir hv. flm. Það væri annars vegar að þvo hendur sínar og flokks síns af Rússaþjónkun, sem svo hefur verið nefnd og flokkur hv. þm. kenndur við, og í öðru lagi að leggja stund á þá iðju sem hann og hans flokkur er býsna iðinn við, þ. e. að leggja einræðisríki Sovétríkjanna að jöfnu við lýðræðisríki Bandaríkjanna. Þetta kemur fram þegar hann tíundar fjölda í sendiráði Bandaríkjanna hér á landi og leggur það að jöfnu við fjölda starfsmanna í sendiráði Sovétríkjanna. Ég held að þarna sé mjög ólíku til jafnað.

Það er ljóst að bandaríska sendiráðið hefur töluvert miklu meiri verkefni en hið rússneska. Hv. þm. gat þess að bæði sendiráðin afgreiddu vegabréfsáritanir til landa sinna. Þúsundir Íslendinga fara til Bandaríkjanna á hverju ári og það er verkefni bandarískra sendiráðsins að afgreiða þær vegabréfsáritanir. Ég hef ekki tiltækar tölur um hve margir Íslendingar fara til Sovétríkjanna á ári hverju en ég efast um að það séu nokkrir tugir og flestir þeirra kannske opinberir sendimenn sem fara þangað í viðskiptaerindum. Það er auðvitað spurning hvort við eigum að taka upp vegabréfsáritanir og krefja Bandaríkjamenn og Sovétmenn um vegabréfsáritanir sem hingað koma til landsins. Ég veit sannast að segja ekki hvernig hinu síðarnefnda er háttað, en í því efni skulum við einnig hafa í huga íslenska hagsmuni.

Við erum að vinna að því að gera Ísland að ferðamannalandi og sú þjóð sem eru iðnust að heimsækja okkur eru Bandaríkjamenn. Við höfum fengið heimsóknir þeirra í þúsundatali og notið góðs af því í öflun erlends gjaldeyris og sköpun starfa hér á landi í því sambandi, að ég nefni ekki flugsamgöngur okkar við umheiminn. Það er spurning hvort við getum óskað eftir því og hvort bandarísk lög heimila Bandaríkjunum að fella niður vegabréfsáritanir sem skilyrði fyrir heimsóknum Íslendinga til Bandaríkjanna. Ég teldi að það væri mjög æskilegt ef það væri unnt en hef þann skilning að það sé Bandaríkjamönnum ekki heimilt skv. lögum í því landi. En það er sjálfsagt að kanna það mál nánar.

Einnig er ljóst að þótt Sovétríkin séu okkur ágætt viðskiptaland eru Bandaríkin stærstu kaupendur að útflutningsafurðum okkar. Mig minnir að Sovétríkin séu í 5. eða 6. sæti. Þar er einnig ólíku saman að jafna.

Ég nefni í þriðja lagi að við erum í varnarbandalagi með Bandaríkjunum og á grundvelli þeirrar sameiginlegu aðildar að varnarbandalagi höfum við gert varnarsamning við Bandaríkin og eðli málsins samkvæmt hefur sendiráð Bandaríkjanna mjög mörg verkefni í tengslum við dvöl varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi. Þannig er ekki óeðlilegt að þeir þurfi á starfskrafti að halda til þess að sinna þeim verkefnum. Ég vil þess vegna ekki líta svo á að almennt talað sé unnt að segja að Bandaríkin hafi hér sendiráð sem sé óeðlilega fjölmennt.

Þá nefndi hv. flm. aðbúnað okkar sendiráðs og sendiráðsstarfsmanna í Moskvu og talaði um þann möguleika að við settum sömu hömlur á ferðafrelsi sovéskra sendiráðsstarfsmanna hér á landi og okkar fólk þarf að hlíta í Moskvu. Ég tel það fyllilega koma til athugunar og tel rétt að það sé rætt í utanrmn. Í þeim efnum munu þó vera tiltölulega fá lönd sem hafa gagnkvæmni í þessum efnum. Bandaríkin munu hafa það, en gagnkvæmni Bandaríkjanna og Sovétríkjanna innbyrðis varðandi fjölda starfsmanna er þó þannig að sendiráð Sovétríkjanna í Bandaríkjunum er mun stærra en Bandaríkjanna í Sovétríkjunum og mun skýringin m. a. vera erfiðleikar á öflun húsnæðis í Moskvuborg.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa till. á þessu stigi málsins. Ég er sammála hv. flm. að eðlilegt er að vísa henni til utanrmn. og ég vonast til þess að í n. sé unnt að ræða málin og bera saman bækur sínar og komast að þeirri niðurstöðu sem hagsmunir Íslands krefjast.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir undirtektir hans varðandi þessa till. Ég skil utanrrh. þannig að hann vilji stuðla að því að þessi till. fái umr. og meðferð í utanrmn. og hann sé efnislega ekki ósamþykkur till. eins og hún liggur hér fyrir, þó hann hafi gert ýmsa fyrirvara sem fram komu í máli hans.

Ég gæti vissulega gert ýmsar athugasemdir við það sem fram kom hjá hæstv. ráðh. varðandi þær hugleiðingar sem hann hafði hér um þessi mál og lagt fyrir hann nokkrar spurningar. Ég ætla þó að takmarka það að þessu sinni, þar sem ég geri ráð fyrir að málið verði til vandlegrar meðferðar í utanrmn. Þar sem ég er varamaður í n. gefst mér e. t. v. kostur á að fylgjast með umr. um till. í utanrmn. og meðferð af hennar hálfu.

Ég vil í fyrsta lagi ítreka það, sem ég taldi að hefði komið fyllilega skýrt fram í mínu máli, hvaða tillögur og hugmyndir ég hefði um takmörkun á umsvifum er-

lendra sendiráða. Ég heyrði líka að hæstv. ráðh. hafði eftir því tekið og það var enginn misskilningur sem þar var á ferðinni. Ég tel að það sé gagnkvæmnisjónarmiðið sem eigi að vera meginviðhorf í sambandi við þær reglur sem setja eigi, bæði varðandi fjölda starfsmanna, varðandi húsnæði fyrir starfsmenn erlendra sendiráða hér og varðandi starfsaðstöðu erlendra sendiráða hérlendis. Varðandi alla þessa þætti tel ég tvímælalaust að ríkja beri gagnkvæmnisjónarmið. Vissulega er hægt að hugsa sér að þar sé á einhver sveigjanleiki, eins og ég vék að í máli mínu, og það sé t. d. ekki nákvæmlega höfðatalan sem látin sé ráða varðandi fjölda sendiráðsstarfsmanna, en ég nefndi þau efstu mörk sem ég gat hugsað mér að gætu komið þar til álita, tvöfaldur, í allra mesta lagi þrefaldur fjöldi starfsmanna í heild sinni, og vil þó engan veginn setja það fram sem mína skoðun að svo mikinn sveigjanleika eigi að sýna í sambandi við fjölda erlendra sendiráðsmanna umfram það sem er í sendiráðum Íslands í viðkomandi löndum.

Það er eitt atriði varðandi þetta sem ég tel nauðsynlegt að fá fram skýrar en kom hér fram hjá hæstv. utanrrh., en það snertir fjölda íslenskra starfsmanna við hin erlendu sendiráð. Hæstv. ráðh. taldi að ég hefði verið að halla á varðandi samanburð milli sendiráða Sovétríkjanna og Bandaríkjanna með því að taka heildarstarfsmannafjölda hinna erlendu diplómata og hinna íslensku og hefði fengið þar með hærri starfsmannafjölda hjá hinu bandaríska. Það er alls ekki minn hugur að vera að hagræða þar neinu. Það liggur fyrir hver þessi fjöldi er. Hann er mun meiri hjá Sovétríkjunum, sem hafa enga íslenska starfsmenn í þjónustu sinni, en að meðtöldum hinum íslensku fastráðnu starfsmönnum er fjöldi starfsmanna við bandaríska sendiráðið meiri en við hið sovéska. Það liggur fyrir. En vegna þess mikla greinarmunar sem hæstv. ráðh. virðist gera á þessu tvennu og ég vil engan veginn staðhæfa að ekki sé munur á t. d. varðandi diplómatísk réttindi, það er mér alveg ljóst, spyr ég : Telur hæstv. utanrrh. þar með að ekki sé þörf á að setja takmörk á fjölda íslenskra starfsmanna, sem hin erlendu sendiráð hafa í sinni þjónustu eða teldu sér hagkvæmt að ráða til sín? Telur hæstv. ráðh. að það eigi að vera algerlega opið og eftirlitslaust? Ég á afar erfitt með að ímynda mér að það sjónarmið geti talist gilt því að þeir starfsmenn, þótt Íslendingar séu, sem erlent sendiráð ræður til sín eru að sjálfsögðu að sinna verkum í þess þágu, eru starfsmenn þess sendiráðs, ráðnir til þess og hljóta að gegna þeim verkum sem þeir eru ráðnir til. Því tel ég að þetta sjónarmið geti ekki verið gilt, að þar geti hið erlenda ríki fjölgað hömlulaust.

Þá vék utanrrh. að því að Ísland hefði takmarkað bolmagn til að halda uppi sendiráðum erlendis og starfsmannafjölda við þau. Það hefur verið alveg ljóst að stærð okkar og efnahagsgeta sníður okkur þar stakk sem og á öðrum sviðum. Ráðh. taldi að það væri vel hægt að líta svo á, ef ég hef skilið hann rétt, að hagsmunum Íslendinga væri þjónað með því að vega upp þessi takmörk smæðarinnar að nokkru leyti með því að hið erlenda ríki, sem við skiptum við, hefði hér öflugri starfsemi. Þetta er röksemdafærsla sem ég á dálítið erfitt með að skilja. Ég tel að Ísland hljóti að halda uppi sendiráðsstarfsemi og öðrum þeim þáttum í sinni utanríkisþjónustu gagnvart viðkomandi ríkjum með tilliti til þarfarinnar og beri að gera það. Það er fráleitt að ætla erlendu ríki að fara að rækja þau samskipti með því að fjölga hér í viðkomandi sendiráðum. Það er tiltölulega auðvelt að reikna sig niður í það eftir þessari röksemdafærslu að það sé alveg nóg að hafa einn sendiherra t. d. í Washington og kannske einn skrifstofumann við hliðina á honum og bæta við í sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík til þess að vega þar upp á móti, hafa þá ekki 41, heldur kannske 60 með sömu hlutfallsfjölgun eða þaðan af meira. Ég fæ ekki séð að þetta gangi upp og ég sé ekki að það sé fært að hafa í frammi slíka röksemdafærslu — ég tala nú ekki um ef menn fallast á gagnkvæmniviðhorfið sem grundvallarviðhorf í sambandi við takmörk á umsvifum erlendra sendiráða.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér við hæstv. utanrrh. á þeim nótum sem hann vék að um bakgrunn þessa till.-flutnings. Það finnst mér fyrir neðan virðingu okkar að fara að ræða þau efni með þeim hætti sem hæstv. ráðh. vék hér að. Ég held, hæstv. ráðh., að eðlilegra sé að láta orð og till. hér á Alþingi og verkin tala og ég bendi hæstv. ráðh. á að það er einmitt það sem felst í þessari till., að ekki verði látið sitja við orðin tóm í sambandi við gagnrýni á umsvif erlendra sendiráða. Við höfum haft mikið af gagnrýni í orði, t. d. á umsvif sovéska sendiráðsins hér á Íslandi, en við höfum haft sáralítil tilþrif á borði til að takmarka þessi umsvif, svo sem tímabært er fyrir löngu, og sníða þeim eðlilegan stakk. Það er á valdi hæstv. ráðh. að gera þetta. Hann þarf ekki að spyrja mig um hugrenningar mínar í þessu efni. Hann má hafa hvaða skoðun sem hann vill á því hvaða sjónarmið liggja að baki þessum till.-flutningi. En ég skora á hæstv. ráðh. að beita valdi sínu sem ráðh. og að sjálfsögðu út frá íslenskum hagsmunum og íslenskri hagsmunagæslu. Það hlýtur ráðh. að hafa í huga, ég treysti því að hann geri það, þegar hann metur þetta og beiti þeim takmörkunum sem t. d. hann og hans flokkur hafa látið að liggja að nauðsynlegar væru í þessu efni. Lög eru til staðar, alþjóðasamningar eru til staðar, sem hæstv. ráðh. sagði að Sovétríkjunum t. d. væri ekki stætt á að hafna, þó að þau hefðu gert við þá sínar athugasemdir. Ég treysti því að ráðherrann tefli út frá þessari stöðu og vinni að því með tilstyrk Alþingis, eftir að till. þessi væri samþykkt sem ályktun Alþingis, að grípa til eðlilegra takmarkana.

Ég tel tvímælalaust að það eigi að beita gagnkvæmnisjónarmiðum einnig varðandi starfsaðstöðu erlendra sendiráða. Ríki sem býr við þá kosti eins og t. d. íslenska sendiráðinu eru búnir í Moskvu á að sjálfsögðu ekki að leyfa hinum sovésku starfsmönnum sendiráðs þeirra hér að frílysta sig eftir hentugleikum varðandi ferðalög og búa um sig varðandi húsnæði með öðrum hætti en stakkurinn er sniðinn þar fyrir austan. Það gæti verið að Sovétmenn færu að hugsa sig um í sambandi við aðbúnað að sendiráði Íslands þar eystra og annarra ríkja ef þau gengju fram með hliðstæðum hætti. Það er einmitt mikið talað um, að það þurfi að beita þrýstingi til þess að fá sovéska aðila — af því að við erum að ræða um þá hér — til að virða t. d. mannréttindareglur og eðlilega samskiptahætti. Hér er vissulega verk að vinna að þessu leyti og ég gæti vel trúað að það hefði nokkur áhrif ef Ísland riði á vaðið með myndarlegum hætti að þessu leyti.

Við megum hins vegar ekki vera haldnir einsýni í þessum efnum, eins og mér fannst því miður gæta

nokkuð hjá hæstv. ráðh., þegar hann fór að líta til sendiráða risaveldanna beggja. Mikið úr máli hans gekk út á það að leita réttlætingar á stærð bandaríska sendiráðsins hér og leiða að því líkur og leita raka fyrir því, að það væri nú kannske ekki ástæða til að þrengja að því, e. t. v. ekki neitt, ekkert verulega, ef ég hef skilið orð og röksemdafærslu hæstv. utanrrh. rétt. Það er sjónarmið sem ég get ekki fallist á. Við hljótum að sjálfsögðu að beita gagnkvæmnisjónarmiðinu, óháð því hver í hlut á, af sanngirni og út frá okkar hagsmunum, og þá hagsmunum sem fullvalda ríkis, en ekki ríkis sem vill láta hið erlenda ríki leysa fyrir sig utanríkisþjónustuna með því að halda uppi sendiráðsstarfsemi hérlendis sem eigi að koma í staðinn fyrir þá þjónustu sem eðlilegt er að við sjáum um og höldum uppi með sendiráðsstarfsemi í viðkomandi landi.

Varðandi vegabréfsáritanirnar, sem ég nefndi vegna ferðalaga Íslendinga til Bandaríkjanna, er það alkunna að þar er einhliða kvöð á Íslendinga að fá vegabréfsáritun þangað, en bandarískir þegnar geta gengið hér út og inn út á sitt vegabréf án áritunar, miðað við þriggja mánaða dvöl sem ferðamenn. Að sjálfsögðu nær ekki nokkurri átt að líða að þegnum sé mismunað með þeim hætti, og að bera fyrir sig hagsmuni ferðamennsku til að réttlæta slíkt tel ég fráleitt. Hvaða ástæða er til þess að líða bandarískum stjórnvöldum að setja íslenska þegna undir einhverja sérstaka smásjá, á meðan við heimilum þeim að ganga hér út og inn, eins og eðlilegt væri að gilti um Íslendinga sem ferðast vildu til Bandaríkjanna? Það er auðvitað rýmkun á ferðafrelsinu sem þarf að verða niðurstaðan. Við þurfum að beita tiltækum ráðum til að knýja slíka rýmkun fram. Það er ekki góð latína að telja rök fyrir því, að Bandaríkin haldi hér uppi sendiráði, sem er álíka stórt eða ekkert langt frá því að vera eins stórt og bandaríska sendiráðið í Stokkhólmi, ef trúa má Morgunblaðinu, vegna þess að þeir hafi svo mikið að gera við að sigta úr Íslendinga sem leita eftir vegabréfsáritun vestur, þeir hafi svo mikið að gera við að vinna úr umsóknum um vegabréfsáritanir, að þess vegna sé réttlætanlegt að þeir haldi hér uppi svo fjölmennu sendiráði.

Það er auðvitað öllum ljóst, að langt er seilst af ríki sem beitir slíkum vinnubrögðum og leggur fyrir þá sem þangað vilja koma spurningalista, sama hver er. Allir fá held ég sama listann a. m. k. í fyrsta umgang, sem gengur út frá því að menn geti almennt séð verið í hópi glæpamanna eða misindismanna. Ég veit að hæstv. ráðh. kannast við þá lista. Hann hefur sjálfsagt fyllt þá út eins og ég, þegar sótt hefur verið um ferðaleyfi vestur.

Ég nefndi að það væri ekki allur munur á starfsmannafjölda bandaríska sendiráðsins hér og bandaríska sendiráðsins í Svíþjóð. Ef hæstv. forseti leyfði mér að ná í blað sem ég hef á borði mínu ætla ég að rökstyðja það.

Ég les það í Morgunblaðinu frá 29. febrúar 1984, haft eftir Magnúsi Brynjólfssyni, fréttaritara blaðsins í Stokkhólmi, að í bandaríska sendiráðinu í Svíþjóð séu 26 diplómatar og að auki 35 stjórnar- og tæknimenn. Ég bið menn að taka eftir þessu. Hér á Íslandi eru 22 útlendingar starfandi við bandaríska sendiráðið, 21 Bandaríkjamaður og einn af öðru erlendu þjóðerni, á sama tíma og í Stokkhólmi eru 26 bandarískir diplómatar. Hvernig stendur á þessum fjölda hér á Íslandi miðað við Svíþjóð? (**Utanrrh.:** Má ég skjóta inn spurningu? Eru þetta ekki allt Bandaríkjamenn, sem þarna er um að ræða, og þá eru ótaldir Svíar sem eru í þjónustu sendiráðsins?) Nú veit ég ekki. Nú er best að hæstv. utanrrh. leiti upplýsinga gegnum sína utanríkisþjónustu eða leiti til Morgunblaðsins. Ég tek þessar upplýsingar eins og þær koma frá fréttaritara Morgunblaðsins í Stokkhólmi. Þar er þetta tíundað þannig, að það séu 26 diplómatar og að auki 35 stjórnar- og tæknimenn, sem ég tek svo að séu bandarískir, sem þarna starfa. Þar fyrir utan komi Svíar svipað og hér starfa margir Íslendingar við bandaríska sendiráðið. (Gripið fram í.) Ég skal ekki fara út í þessar tölur nákvæmlega. Vissulega stingur í augu að það skuli ekki vera meiri munur á starfsmannafjölda í þessum löndum þar sem fólksfjöldinn er svo mismikill sem við þekkjum. Ætli sé ekki 20-faldur eða eitthvað nálægt því munur á fólksfjölda í þessum löndum, Íslandi og Svíþjóð, án þess að ég vilji fara alveg með þær tölur hér úr ræðustól.

Herra forseti. Ég hef hér vikið að nokkrum atriðum sem ég taldi ástæðu til að nefna eftir að hafa hlýtt á hæstv. utanrrh. Ég ítreka að ég tók eftir að hann taldi till. þessa vera gagnlega og nauðsynlegt að hún fengi þinglega meðferð. Ég vænti þess fastlega að hún fái afgreiðslu hér á Alþingi, þannig að vilji Alþingis í þessu mikilvæga máli liggi skýrt fyrir og hæstv. ráðh. fái þannig styrk, til viðbótar þeim heimildum sem hann hefur lögum samkvæmt, til að setja reglur til takmörkunar á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis út frá gagnkvæmnisjónarmiðum og íslenskum hagsmunum.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég get látið nægja að drepa aðeins á örfá atriði sem ræða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, 5. þm. Austurl., gefur tilefni til. Hann vék fyrst að því að ég vildi gera lítið úr því að íslenskir starfsmenn væru svo margir að störfum í sendiráði Bandaríkjanna sem raun ber vitni. Ég geri út af fyrir sig ekkert lítið úr því en ég tel það að ýmsu leyti tryggingu fyrir því að sú starfsemi sem þar fer fram innan dyra þoli dagsins ljós gagnstætt því sem um er að ræða þegar sendiráð vilja ekki hafa í þjónustu sinni neina Íslendinga eða þegna þeirrar þjóðar sem sendiráðið er staðsett í.

Ég held einnig að það sé töluverður misskilningur hjá hv. 5. þm. Austurl. þegar hann leggur svo út af mínu máli að ég hafi talið að unnt væri að hafa fámenn íslensk sendiráð erlendis ef erlend sendiráð hér væru fjölmenn. Ég benti í fyrsta lagi á að fjölmenni erlendra ríkja, hvað snertir starfsfólk sendiráða hér á landi, væri m. a. fólgið í því að þessi ríki hefðu efni á því að hafa þann fjölda starfsmanna sem þau ríki teldu sér og hagsmunum sínum nauðsynleg. Ég tel aftur á móti að við höfum því miður ekki veitt nægilegt fé til þess að við gætum mannað sendiráð okkar erlendis eins og hagsmunir okkar krefjast. Auðvitað er þarna um mjög mörg matsatriði að ræða. Unnt er að komast af án þess að sinna ýmsum verkefnum sem fjölmennara sendiráð mundi sinna ella, en það er ekki alveg á borð leggjandi að aukið starfslið gefi alltaf eitthvað í aðra hönd. En í þessu mati eru hendur okkar Íslendinga mun bundnari en ýmissa þeirra þjóða sem hafa sendiráð hér á landi.

Í öðru lagi benti ég á það að við ættum ekki að amast við starfsliði í erlendum sendiráðum hér þótt við hefðum ekki efni á því að hafa samsvarandi marga í þjónustu okkar sendiráða í viðkomandi landi vegna

þess að þessir menn væru e. t. v. ekki eingöngu að vinna að hagsmunum síns lands. Aukin viðskipti og tengsl milli viðkomandi lands og Íslands gætu einnig í mörgum tilvikum og jafnvel flestum komið okkar landi að gagni.

Það var aðeins í þriðja lagi sem ég nefndi að það væru ýmis mál sem vegna mannfæðar í sendiráðum okkar erlendis þyrfti í meira mæli en ella að reka í gegnum sendiráð erlendra ríkja hér á landi að einhverju leyti a. m. k. Þannig er ástæðulaust að gera síðasta atriðið að aðalatriði. Það var að þessu leyti aðeins ábending ásamt öðrum og dregur ekki úr þörf okkar á að hafa sendiráð okkar erlendis vel skipuð.

Ég vil líka taka fram að gefnu tilefni að það er ekkert óeðlilegt að við tækjum mið af því hvernig aðrar smáþjóðir eins og við fara með gagnkvæmnisregluna. Ég hygg að fjöldi starfsmanna í sendiráðum stærri ríkja hjá smáþjóðum sé almennt mun meiri en viðkomandi smáþjóð hefur hjá sendiríkinu. Í þessu sambandi má nefna Svía. Ég held að sovéskir starfsmenn í sendiráðum og konsúlötum séu töluvert á annað hundrað, eða jafnvel 146 — þetta er sagt skv. minni þannig að ég fullyrði ekkert endanlega um það. En í sendiráði Svía í Moskvu eru kannske 10—12 manns. Þarna ber okkur líka að bera saman bækur okkar við ýmsar aðrar góðar vinaþjóðir okkar hvernig rétt sé að standa að málum.

Varðandi vegabréfsáritun til Bandaríkjanna veit ég ekki betur en við Íslendingar sitjum alveg við sama borð og allar aðrar þjóðir. Ég hef í það minnsta staðið í þeirri meiningu að við nytum bestu mögulegra kjara af hálfu Bandaríkjanna í þeim efnum miðað við bandarísk lög. Við verðum auðvitað að ganga úr skugga um að við njótum bestu kjara í þessum efnum. Ef við njótum jafnréttis á við aðrar erlendar þjóðir og bestu kjara eru það eingöngu bandarísk lög sem valda því að við verðum að fá vegabréfsáritun ef við ferðumst til Bandaríkjanna. Ef um gagnkvæmnisjónarmið væri að ræða þyrftum við að fá þeim bandarísku lögum breytt eða að þessi krafa væri niður felld. Ég býst við því að okkur þætti það e. t. v. vera óhæfilegt ef annað ríki ætlaði sér að blanda sér í slík mál en auðvitað gætum við skorið upp herör ásamt öðrum erlendum ríkjum og skorað á Bandaríkin að fella niður vegabréfsáritun. Þetta er önnur leiðin.

Hin leiðin er svo að taka upp vegabréfsáritun fyrir Bandaríkjamenn sem hingað koma. Ég staðhæfi það og undirstrika að ég tel það andstætt íslenskum hagsmunum og vera alger minnimáttarkennd ef við ætluðum að eyðileggja svo fyrir okkur ferðaþjónustu hér á landi sem við mundum gera með slíkum hætti.

Annars hef ég ákaflega gaman af þessum orðræðum okkar hv. flm. Ég átti síst af öllu von á því að ég sæti undir gagnrýni fyrir það að vera ekki nógu aðgangsharður gagnvart Sovétmönnum hvað snertir takmörkun á stærð sendiráðs þeirra, hvað snertir húsakaup þeirra, hvað snertir ferðafrelsi þeirra. Og síst af öllu átti ég von á því að sá sem gagnrýndi mig að þessu leyti væri hv. 5. þm. Austurl.

En ég vil taka það fram, þó að ég taki ekki þessa gagnrýni alvarlega vegna þess að ég á hana ekki skilið, að ég hef ekki setið það lengi í embætti að ástæða sé til að bregða mér um aðgerðaleysi í þessu efni. Það var ekki mjög löngu eftir að ég tók við embætti að ég óskaði eftir að þessi mál yrðu könnuð til þess einmitt að gera sér grein fyrir hvort rétt væri að nota heimild í lögum, sem utanrrh. hefur, til að setja reglur varðandi þessi málefni. Þeirri könnun er ekki lokið og áður en henni er lokið tel ég ekki ástæðu til þess að taka afstöðu til hvort þessi heimild verður notuð né heldur að ganga endanlega til atkvæða varðandi það hvort Alþingi telur þörf á að undirstrika þessa þörf eins og í tillgr. stendur. Í raun og veru er unnt að setja slíkar reglur skv. gildandi lagaheimild og við getum borið saman bækur okkar um það í utanrmn., ef rétt þykir að setja slíkar reglur og menn eru almennt á eitt sáttir hvaða efni þær skuli innihalda, hvort ástæða sé til að Alþingi álykti sérstaklega um málið. En ég endurtek og ítreka að ég tel að hv. flm. hafi vakið máls á þörfu máli og mun halda áfram þessari meðferð málsins sem ég hef stuttlega gert grein fyrir að fram hafi farið í rn.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er ekki þörf á að bæta hér miklu við. Mér þótti lakara það sem síðast kom fram hjá hæstv. utanrrh., miðað við það sem ég hafði skilið af máli hans áður, að hann teldi ekki þörf á að afstaða væri tekin til till. á meðan ekki væri lokið þeirri könnun sem rn. stendur fyrir. Hæstv. ráðh. upplýsti að vísu ekki hvenær von sé á niðurstöðum úr þeirri könnun, en hvað sem henni líður tel ég að Alþingi eigi að marka sína afstöðu og sína stefnu. Þess vegna sé engin ástæða til þess að bíða eftir niðurstöðum úr athugun á því hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum aðilum því að útfærslan á reglum varðandi takmörkun kemur ekki fyrr en í framhaldi af þeirri viljayfirlýsingu sem hér er lagt til að samþykkt verði. Heimildirnar eru til staðar hjá framkvæmdavaldinu í lögum og alþjóðasamningum eins og hér hefur fram komið.

Hæstv. ráðh. nefndi það í sambandi við vegabréfsáritun til Bandaríkjanna, sem hér hefur nokkuð komið til umr., að að líkindum nytum við Íslendingar þar „bestu fáanlegra kjara" miðað við aðrar þjóðir. (**Utanrrh.:** Ég vissi ekki annað.) Hann vissi ekki annað. Ég get ekki staðhæft hvernig þessu er háttað varðandi Íslendinga miðað við aðrar þjóðir. Ég get aðeins sagt það, að ef þetta eru „bestu fáanleg kjör" sem þar eru í boði líst mér ekki vel á blikuna. Á ég þar m. a. við hina formlegu hlið þessa máls, þ. e. hvað ferðamönnum, sem ætla sér að ferðast til Bandaríkjanna, er boðið upp á í sambandi við fyrirspurnir og upplýsingar sem þeim er gert að reiða fram í sambandi við umsóknir um vegabréfsáritun. Vel má vera að þegnar annarra þjóða sæti meiri takmörkun í reynd í sambandi við afgreiðslu vegabréfsáritana. Ég hef ekki þekkingu til þess að skera úr því.

Hæstv. ráðh. nefndi það í fyrri ræðu sinni að hann vissi ekki með vissu hvernig hagað væri ferðalögum sovéskra borgara til Íslands. Ég skildi hæstv. ráðh. þannig að hann væri ekki viss um að þar væri um vegabréfsáritunarskyldu að ræða. Ég tel mig vita það með vissu að slík áritunarkvöð sé til staðar, nema Sovétríkin njóti annarra kjara að þessu leyti en ýmis önnur ríki Austur-Evrópu. Þar held ég að gildi almennt krafa um vegabréfsáritun af okkar hálfu og að því leyti gagnkvæmni.

Ég vek svo að lokum athygli á því, að hæstv. ráðh. svaraði ekki þeirri fsp. sem ég bar fram til hans varðandi fjölda Íslendinga, sem heimild væri veitt til að

störfuðu við erlend sendiráð. Hann taldi að það bæri vott um nokkurt frjálslyndi að sendiráð tækju Íslendinga í þjónustu sína og ekki væri þá verið að vinna að neinum myrkraverkum, ef svo væri. Ég hef út af fyrir sig ekki verið að gera því skóna að verið væri að vinna myrkraverk í erlendum sendiráðum. Um það verður auðvitað ekkert staðhæft af minni hálfu og um slíkt hef ég enga vitneskju. Hæstv. ráðh. og hans utanríkisþjónusta getur væntanlega lagt á það nokkurt mat. En hæstv. ráðh. svaraði ekki þeirri spurningu sem ég tel að sé mjög brýnt að leitað sé svars við: Er ekki eðlilegt að það séu einnig sett takmörk við fjölda Íslendinga sem erlendum sendiráðum er heimilt að ráða til sín og þar með um heildarstarfsmannafjölda þeirra?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar 4093, 4099, 4131, 4239, 4240.
Birting laga og stjórnvaldaerinda 4260.
Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán 4105.
Bygging tónlistarhúss 4221, 4270.
Einkaleyfi 4171, 4239.
Fjarskipti 4100.
Framboð og kjör forseta Íslands 4239, 4240.
Friðarfræðsla 4202, 4270.
Fullorðinsfræðsla 4176.
Hvalveiðar við Ísland 4221, 4270.
Orka fallvatna og nýting hennar 4249.
Ríkisábyrgð á launum 4241.
Samanburðarkannanir á launakjörum kvenna og karla 4179.
Sjómannalög 4234.
Skattfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri 4113, 4238, 4240, 4268, 4269.
Starfs- og endurmenntun vegna tækniþróunar 4171.
Stéttarfélög og vinnudeilur 4224.
Stöður skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu 4186.
Takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða 4297.
Tekjuskattur og eignarskattur 4128, 4136, 4238, 4240, 4261, 4267, 4268.
Tilkynning um mannaskipti í þingnefnd 4269.
Tilkynning um störf þingnefnda 4269.
Umferðarlög 4100, 4128.
Úrbætur í umferðarmálum 4202.
Veggangaferð á Austfjörðum 4221, 4270.
Vörumerki 4169, 4239.
Þingsköp 4171.
Þjóðminjalög 4200.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4269.
Forseti Nd. Ingvar Gíslason 4240.
Forsrh. Steingrímur Hermannsson 4181, 4185.
Félmrh. Alexander Stefánsson 4175, 4241, 4247.
Fjmrh. Albert Guðmundsson 4261.
Heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason 4094, 4131, 4135, 4234.
Iðnrh. Sverrir Hermannsson 4169, 4171.
Landbrh. Jón Helgason 4105, 4112, 4260.
Menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir 4173, 4175, 4177, 4187, 4194, 4197, 4201, 4270, 4295.
Utanrrh. Geir Hallgrímsson 4302, 4310.
Viðskrh. Matthías Á. Mathiesen 4266.
Árni Johnsen 4185, 4213.
Egill Jónsson 4111.
Eiður Guðnason 4100, 4104, 4109, 4229.
Eyjólfur Konráð Jónsson 4227, 4268.
Guðmundur Einarsson 4118, 4136, 4171.
Guðrún Agnarsdóttir 4202, 4283.
Guðrún Helgadóttir 4116, 4133, 4135, 4152, 4240.
Gunnar G. Schram 4239.
Halldór Blöndal 4284.
Helgi Seljan 4103, 4106, 4228.
Hjörleifur Guttormsson 4177, 4183, 4200, 4201, 4249, 4259, 4297, 4306, 4312.
Ingvar Gíslason 4178, 4192, 4199.
Jóhanna Sigurðardóttir 4171, 4174, 4176, 4178, 4179, 4183, 4186.
Jón Baldvin Hannibalsson 4124, 4272, 4294.
Karl Steinar Guðnason 4095, 4096, 4098.
Karvel Pálmason 4246, 4248.
Kjartan Jóhannsson 4113, 4129, 4134.
Kristín S. Kvaran 4218.
Ólafur Jóhannesson 4224.
Ólafur Ragnar Grímsson 4155, 4167, 4193, 4196, 4199.
Ólafur Þ. Þórðarson 4121, 4165, 4198, 4215.
Páll Pétursson 4151, 4160, 4253, 4266.
Pétur Sigurðsson 4239.
Ragnar Arnalds 4186, 4191, 4197, 4268.
Salome Þorkelsdóttir 4093, 4184, 4221.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 4093, 4095, 4176, 4182, 4226.
Stefán Benediktsson 4096, 4097, 4225, 4230, 4233.
Steingrímur J. Sigfússon 4291.
Svavar Gestsson 4134, 4138, 4160, 4242, 4261, 4266, 4267.
Tómas Árnason 4097, 4232.
Þorsteinn Pálsson 4128, 4147, 4163, 4267.

Leiðrétting.

20. hefti, dálkur 4040: Fyrirsögn, les: **Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 129. mál (þskj. 465 (sbr. 364), n. 480 og 482, 481). — Frh. einnar umr.**

Sameinað þing, 73. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svohljóðandi bréf hefur borist:

„Reykjavík, 2. apríl 1984.

Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að l. varamaður Alþb. í Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir kennari, Dalvík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Bréfi þesssu fylgir kjörbréf Svanfríðar Jónasdóttur.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 2. apríl 1984.

Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Böðvar Bragason, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Böðvars Bragasonar.

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 2. apríl 1984.

Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 2. varaþm. taki 3. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Jón Magnússon, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Jóns Magnússonar.

Enn fremur svohljóðandi bréf frá Guðmundi H. Garðarssyni:

„Reykjavík, 28. mars 1984.

Þar sem ég er á förum til útlanda á vegum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og mun dveljast erlendis á næstu vikum get ég ekki tekið sæti á hv. Alþingi sem 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík.

Virðingarfyllst,
Guðmundur H. Garðarsson."

Ég vil biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þessi til athugunar. Á meðan verður fundinum frestað um 10 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur kannað kjörbréf fyrir Svanfríði Jónasdóttur kennara á Dalvík, sem er 1. varamaður Alþb. í Norðurl. e., en það er óskað eftir því að hún taki sæti á Alþingi í forföllum Steingríms J. Sigfússonar, 4. þm. Norðurl. e. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf og leggur til að það sé samþykkt.

Í öðru lagi hefur kjörbréfanefnd kannað kjörbréf fyrir Böðvar Bragason, sem er 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, en það er óskað eftir því að hann taki sæti á Alþingi í forföllum Þórarins Sigurjónssonar, 2. þm. Suðurl. Kjörbréfanefnd hefur ekki séð neitt athugavert við þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

Í þriðja lagi hefur kjörbréfanefnd athugað kjörbréf fyrir Jón Magnússon, sem er 3. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, en þess er óskað að hann taki sæti á Alþingi í forföllum Friðriks Sophussonar, 2. þm. Reykv. Fyrir liggur bréf frá 2. varamanni þar sem hann lýsir því að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi og 1. varamaður á þegar sæti á Alþingi. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Svanfríðar Jónasdóttur samþ. með 33 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Jóns Magnússonar samþ. með 33 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Böðvars Bragasonar samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e., og Jón Magnússon, 2. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Svanfríður Jónasdóttir og Jón Magnússon hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni, Böðvar Bragason hefur áður setið á Alþingi. Ég býð þau öll velkomin til starfa.

Efri deild, 73. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Forseti tók öll dagskrármál af dagskrá.

Efri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, að loknum 73. fundi.

Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, frv. 196. mál (þskj. 496, n. 530). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. landbn. Ed. um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Mér þykir vert að taka það fram í upphafi að nefndin var sammála um afgreiðslu málsins, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Þetta mun vera í fimmta skipti á 20 ára tímabili sem gripið er til þess ráðs að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Það verður að segjast eins og er, að fyrri ráðstafanir sem hafa verið gerðar í þessum efnum hafa tekist vel, þær hafa leyst vanda margra bænda í landinu og að auki hafa þeir sem þarna hafa átt viðskipti ekki orðið fyrir peningatjóni. Þannig hafa verið góðar reiður á þessum viðskiptum þegar yfir sviðið allt er litið.

Það er ekki óeðlilegt þótt grípa þurfi til þess öðru hvoru að breyta lausaskuldum hjá bændum í landinu með þessum hætti og þá sérstaklega þegar á það er litið að í þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað á síðustu áratugum hefur bóndinn sjálfur lagt fram ⅔ hluta fjárfestingar. Það er alveg augljóst mál að það hlýtur að vera einhverjum ofviða að standa við slíka þátttöku í fjárfestingu sem reyndar gengur ekki nema að sáralitlu leyti inn í búvöruverðlagið.

Nú er nokkuð annað viðhorf en verið hefur að þessu leyti. Á það má gjarnan minna að fjárfesting núna, t. d. miðað við síðasta ár, er helmingi minni í landbúnaði en hún var árið 1979. Að sjálfsögðu eru þess vegna þær skuldir sem hafa safnast upp hjá landbúnaðinum að verulegu marki til komnar af öðru. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér. Bæði er að það rekstrarumhverfi sem atvinnuvegunum hefur verið búið á síðustu árum hefur snert landbúnaðinn með sama hætti og aðra atvinnuvegi, auk þess hefur verið erfitt árferði og til viðbótar við þetta hafa bændur orðið að draga saman framleiðsluna án þess þó að nokkuð hafi verið gengið til móts við þær ráðstafanir af hendi ríkisvaldsins. Það eru því ærið miklar ástæður fyrir því að greiðslustaða landbúnaðarins er erfið um þessar mundir. Það hefði sannarlega ekki komið mér á óvart þótt ég hefði séð hærri tölur en hér eru upp settar, en samkv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja, eins og staða þessara mála var um síðustu áramót, og eftir því var sérstaklega spurt hvort ekki hefðu komið inn margar umsóknir síðan, sem ekki virðist hafa verið, þá er þessi upphæð metin þannig að um 200 millj. kr. fjárþörf sé að ræða og að það séu ca. 600 bændur í þörf fyrir þessar skuldbreytingar. Miðað við aðstæður sem ég hef lýst hér áður, kemur mér nokkuð á óvart að bæði bændafjöldinn og eins heildarfjármagnsþörfin skuli ekki vera meiri en raun ber vitni um.

Það er í samræmi við þessa þörf að í því frv. sem hér er til afgreiðslu eru heimildir víðtækari en áður hafa gilt í hliðstæðum tilvikum. Fram að þessu hefur skuldbreyting fyrst og fremst miðast við fjárfestingu í landbúnaði. Hún hefur verið afmörkuð við ákveðin ár, t. d. þegar vextir hafa breyst eða þegar verðtrygging hefur breyst. Nú er heimildin allmiklu víðtækari og má segja að skuldbreytingin taki yfir hvað sem er í landbúnaði.

Annað er líka breyting frá fyrri ákvörðunum. Það er að ákveðinn hluti skuldanna er greiddur þannig að það ætti að auka mjög viðleitni þeirra sem bændur eru í vanskilum við að ganga til samninga um þessa skuldbreytingu. Þetta hvort tveggja tel ég afar mikilvægt.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um hvernig eigi að ákveða kjör á þessum skuldbreytingarlánum. Þar er það sett í vald stjórnar Búnaðarbanka Íslands, en að höfðu samráði við fulltrúa Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands að fengnu samþykki landbrh. Þetta tel ég mikilvæga tryggingu þess að frá þessum lánum verði gengið með þeim hætti að þau komi að gagni þeim sem taka og íþyngi ekki rekstri þeirra úr hófi fram.

Það hefur komið fram við meðferð málsins í landbn. Ed. Alþingis að e. t. v. muni þessi ráðstöfun ekki nægja öllum bændum til að koma fjárreiðum sínum í eðlilegt horf. Þá er væntanlega um það að ræða að þeir eigi ekki veð fyrir þeim skuldum sem þeir hafa nú stofnað til eða þá að búrekstur þeirra sé ekki það stór í sniðum að hann þoli meiri fjármagnskostnað en fyrir er. Um þetta verður ekki sagt að svo komnu máli, m. a. vegna þess að um einstakar lánsumsóknir hefur ekki enn þá verið fjallað á vegum Búnaðarbankans. Menn geta þess vegna ekki gert sér grein fyrir því hverjar þessar stærðir eru fyrr en öll gögn þar að lútandi liggja fyrir, en svo er ekki þegar þessi afgreiðsla fer fram.

Það hefur komið fram að hér væru ekki til staðar heimildir til að aðstoða þann hóp bænda sem skuldbreytingar duga ekki til að hjálpa. Ég teldi óheppilegt á þessu stigi málsins að taka upp umræður um það og raunar útilokað að setja það inn í lagafrv. meðan allar stærðir eru jafnóljósar í þessum efnum og raun ber vitni um. Ég teldi að þetta væri af tveimur ástæðum óheppilegt: Hugsanlega mundu einhverjir þessara manna skáka í því skjólinu að betri leiðir væru til og þar af leiðandi gengju þeir ekki eins eftir skuldbreytingu og ástæða væri til og þeir þyldu. Hin ástæðan er svo sú, að svo gæti farið að það drægi líka úr viðleitni einhverra þeirra aðila, sem bændur skulda nú hjá, til að styðja og vinna að skuldbreytingunni með þeim hætti sem nauðsynlegt er til þess að árangur náist.

Virðulegi forseti. Ég vitna svo til þess, sem ég sagði í upphafi máls míns, að landbn. Ed. var sammála um afgreiðslu þessa máls með þeim fyrirvara sem ég tilgreindi, þ. e. um rétt hvers og eins nm. til að flytja eða fylgja brtt. Mér finnst ástæða til að færa nm. í landbn. Ed. þakkir fyrir greið vinnubrögð í þessum efnum. Það var sameiginlegur vilji allra nm., hvort heldur sem þeir tilheyrðu stjórnarmeirihluta eða stjórnarminnihluta, að hraða afgreiðslu þessa máls. Fyrir það færi ég nm. þakkir.

Að endingu, virðulegi forseti, legg ég til að þetta frv., eins og nál. gerir ráð fyrir, verði samþykkt óbreytt frá því sem það kom frá Nd. Alþingis.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég sagði nokkur orð við 1. umr. þessa máls og ætla síður en svo að tefja það að málið nái fram að ganga. Ég lýsti þá yfir stuðningi við meginefni þess, en lýsti jafnframt yfir vonbrigðum mínum með það að málið skyldi ekki vera betur úr garði gert hvað snertir fjármögnun og ýmsar þær spurningar sem vakna hljóta við yfirlestur þess, þó mér sé það ljóst að bændur geta ekki beðið eftir því að við afgreiðum þetta hér. En bændur geta enn síður beðið eftir því að ríkisstj. taki til höndum og útvegi það fjármagn sem er forsenda þess að nokkuð verði úr þessu og að þetta verði ekki markleysa ein.

Málið snýr nefnilega þannig við í dag að það stendur fyrst og fremst á því að upplýst sé núna við lokaafgreiðslu málsins hvernig fjármagna skuli þessa breytingu á lausaskuldum bænda, hvernig að henni skuli staðið. Við vitum einnig að það eru aðrir aðilar sem ákveða skulu um það hvernig frá lánstíma og kjörum skuli gengið. Óljóst er um kaup skuldabréfanna, hvort menn losna við bréf sín þó annað sé í lagi og óljóst er um þá bændur — nokkra tugi trúlega — sem sakir ónógrar veðhæfni ná ekki landi með þessari breytingu.

Ég ætla hins vegar ekki að fara út í almenna umr. um landbúnaðarmál og kjör og aðstæður bænda yfirleitt, það gerði ég við 1. umr. og læt það duga. Enn síður ætla ég að fara út í karp við hv. 11. landsk. þm. um það hversu flokksbróðir hans, hv. þm. Pálmi Jónsson, hafi reynst sem landbrh. og hversu vel hafi tekist til í hans landbúnaðarstefnu. Um það munum við geta átt orðastað síðar. Ég nefni hins vegar núna vegna þess að það er alveg nýtilkomið að við höfum heyrt nýjustu fréttir um áburðarverðshækkun til bænda upp á 43% nú á þessu vori. Ég spái því að það komi allharkalega við þá stétt og verði ekki til þess að greiða fyrir vanda hennar nema síður væri. En út í það efni ætla ég ekki heldur að fara nánar, þó óneitanlega slái sú tala mann talsvert einmitt þessa dagana þegar við erum að fjalla um þessi mál hér.

Málið stendur fyrst og fremst þannig í þessari hv. deild að við eigum eftir að fá skýr svör um það hversu mikið fjármagn skuli vera í reiðufé, hversu mikið fjármagn skuli vera í peningum, hvað mikið í skuldabréfum, talað hefur verið um allt að 40%. Ég vona að hæstv. landbrh. geti hér á eftir gefið okkur frekari upplýsingar en hann gat gefið okkur við 1. umr. um það hvernig þessi fjárútvegun stendur gagnvart þessum 80 millj. kr. eða kannske mun hærri upphæð því að ekki eru öll kurl komin til grafar enn þá eins og hv. 11. landsk. þm. kom réttilega inn á.

Lokakönnun þessa máls er alveg eftir, hve margir þurfi í raun og veru á þessari skuldbreytingu að halda og einnig hvernig leysa eigi vanda þeirra bænda sem allra verst eru settir og ná ekki landi með þessari skuldbreytingu vegna þess að þá skortir til þess veð. Hvað skal fyrir þá gera? Hv. formaður landbn. lýsti því yfir að hann teldi óvarlegt að lýsa nokkru yfir um hjálp við þá bændur í dag. Ég minni hv. þingdeild á að hæstv. landbrh. kom inn á vanda þessara bænda í framsöguræðu sinni og lýsti þar yfir að það mál yrði skoðað sérstaklega. En gott væri að fá frekari og enn skýrari yfirlýsingar um það frá hæstv. ráðh. á hvern hátt það yrði gert. Vissulega þarf að leysa vanda þeirra bænda sem fullljóst er. Þar er um nokkra tugi bænda að ræða sem eru þannig settir að þessi skuldbreyting er útilokuð þeim til bjargar. Veðhæfni þeirra er hreinlega ekki sú að hún dugi þeim til þess að taka þær skuldbreytingar sem hér er um að ræða.

Við skulum svo ekki tefja þetta mál lengur í stjórnarandstöðu með málþófi um það hvernig staðið er að landbúnaðarmálum í dag almennt. Hér munu aðrir koma upp og gera grein fyrir þeim hugmyndum sem fram komu í landbn. en við höfum leyft okkur að endurflytja till. sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon flutti í Nd. varðandi það að ný grein komi á eftir 1. gr. sem verður 2. gr. og þegar hefur verið útbýtt. Sú till. er flutt ásamt mér af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur. Hér er um að ræða að lánveitingar skv. lögum þessum skulu sérstaklega miða að því að leysa fjárhagsvanda þeirra bænda sem hafa nýlega hafið búskap, staðið í gagngerðri uppbyggingu eða endurbótum á bújörð sinni eða búið við sérstaklega erfiðan fjárhag vegna fjölskylduástæðna.

Skýrt skal fram tekið svo að ekkert fari á milli mála að í þessu er í engu um það að ræða að möguleikar annarra í þessum efnum séu þrengdir á nokkurn hátt. Hér er aðeins lögð viss áhersla á að þessir aðilar hafi ákveðinn forgang þegar tekið verður til við þessa skuldbreytingu. Þessir menn þurfa svo sannarlega sérstaklega á þessu að halda. Þó að við skyldum ætla að þeir kæmu inn í þessa mynd hvort sem væri sakar ekki að hafa fyrir því ákveðna lagastoð þegar farið verður að fjalla um þessi mál inni í stjórn veðdeildar Búnaðarbankans sem er í raun og veru bara bankaráðið, þó í samráði við fulltrúa Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands sé.

Lausn þeirra bænda, sem þessi lög munu ekki bjarga var til umræðu hjá hv. 11. landsk. þm., formanni landbn. Ég veit að hæstv. landbrh. vill mæta vanda þessara aðila. Ég spyr, til viðbótar við fyrri spurningar mínar, um það hvernig að fjármögnun skuli staðið, hvernig fjármagn skuli tryggt til þessara aðgerða þannig að við rennum ekki alveg blint í sjóinn með það við lokaafgreiðslu málsins. Hvernig hugsar hæstv. landbrh. sér að mæta vanda þessara manna þegar það er fullljóst að þeir leysa sín mál ekki með þeim hætti sem hér er ráð fyrir gert.

Ég ætla svo að vona að þessi hraða og góða afgreiðsla okkar í hv. landbn. verði til þess að hæstv. ríkisstj. geti farið að standa við sinn hlut í málinu. Það stendur nefnilega ekki á Alþingi varðandi afgreiðslu þessa máls út úr þinginu. Það stendur á hæstv. ríkisstj. að útvega fjármagnið. Þá hefur hún ekki þá afsökun lengur að þingið eða einstakir þm. tefji fyrir, þá á hún sjálf og ein leik.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umr., um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, er nauðsynjamál sem ég styð mjög eindregið og af heilum hug. Ég held að því verði ekki á móti mælt, að staða bænda er víða mjög erfið um þessar mundir. Skýringin á því er ekki ein. Skýringarnar eru margar.

Í fyrsta lagi er það óvefengjanlegt að árferði hefur verið mjög óhagstætt á undanförnum árum. Árin 1979, 1981 og 1983 eru vafalaust einhver óhagstæðustu ár fyrir landbúnaðinn frá veðurfarslegu sjónarmiði sem komið hafa um margra áratuga skeið. Ég hygg að í sögu landbúnaðar á þessari öld hafi ekki oft komið þrjú svo vond ár með svo stuttu millibili.

Annað sem veldur vandræðum í landbúnaði er að sjálfsögðu það að fyrir fáum árum var tekin upp verðtrygging allra lána og fjárskuldbindinga sem tengjast landbúnaði. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var. Má það vera ljóst öllum sem til þekkja í sveitum landsins að þeir sem voru búnir að byggja upp og framkvæma áður en verðtryggingarstefnan var tekin upp eru nokkuð á þurru með fjárhag sinn og rekstur, en þeir sem hafa staðið í verulegum framkvæmdum eftir að ekki fengust önnur lán en verðtryggð eiga í mesta basli. Það basl er tvímælalaust meira nú en oft hefur áður verið.

Ég veit að t. d. á Norðurlandi vestra, í Húnavatnssýslum og í Skagafirði, er skuldastaða bænda tvímælalaust erfiðari en verið hefur um mjög langt skeið. Við þær tvær meginástæður sem ég hef hér nefnt bætist svo þriðja ástæðan sem ekki er veigaminnst, en það er stjórnarstefnan. (**EgJ:** Fráfarandi ríkisstjórnar.) Ekki þó stjórnarstefna fráfarandi ríkisstjórnar sem, eins og hv. 11. landsk. þm. veit, var mjög hagstæð bændum, heldur núverandi stjórnarstefna þar sem skipt hefur mjög um til hins verra og lífskjör hafa orðið allverulega miklu lakari en áður var. Þetta á auðvitað ekki bara við launafólk í þéttbýlinu. Það á engu síður við bændur sem fá laun sín greidd í gegnum landbúnaðarverðið að nokkru leyti með viðmiðun við kaup annarra stétta með lágar tekjur og meðaltekjur. Kjör bænda hafa því skerst ekki minna seinasta árið en kjör fólksins í þéttbýlinu. Þar við bætist að víða hafa menn ekki einu sinni náð því grundvallarverði sem gert er þó ráð fyrir í verðlagningunni. Vantar töluvert mikið upp á það á ýmsum verðlagssvæðum. Nefndar eru tölurnar 8—12% ef miðað er við heildarkostnað búanna, sem aftur verður þá upp undir tvöfalt hærri prósentutala ef miðað er við launalið og launatekjur bóndans.

Ekki ætla ég að taka hér upp almennar umr. um stefnu ríkisstj. En það fer ekki milli mála að hún hefur haldið uppi býsna harðvítugri leiftursókn í efnahagsmálum sem hefur komið harðast niður á fólki með meðaltekjur og lágar tekjur. Menn geta vissulega deilt um það hvort þarna hafi ekki verið gengið allt of langt, hvort kaupmáttur hafi ekki verið felldur miklu, miklu meira en nokkur rök eru fyrir. Á það ekkert síður við um bændur en launamenn. Aðalatriðið er að kaupmáttarskerðingin er staðreynd og hún á jafnt við bændur sem launafólk í þéttbýli.

Þessar þrjár ástæður, þegar þær allar koma saman, valda því að staða bænda er nú erfiðari en verið hefur um mjög langt skeið. Ég tel því að það mál sem hér er flutt af hæstv. landbrh. og fjallar um breytingu á lausaskuldum bænda sé algert nauðsynjamál sem beri að hraða og megi ekki draga öllu lengur að komi til framkvæmda. Vissulega má velta því fyrir sér hvort ekki hefði verið ástæða til fyrir hæstv. landbrh. að flytja þetta mál hér á þingi fyrr og hraða afgreiðslu málsins í heild. Úr því sem komið er sé ég þó ekki ástæðu til að upphefja rökræður um það hvers vegna þetta mál hefur tafist svo mjög sem raun ber vitni. Hitt hlýtur að vera aðalatriðið að við tryggjum í sameiningu eins hraða afgreiðslu málsins og unnt er í gegnum þessa deild. Á því stendur svo sannarlega ekki hjá okkur, sem erum í stjórnarandstöðu eða stjórnarminnihluta, eins og hv. 11. landsk. þm. komst svo ágætlega að orði áðan.

Eitt af þeim atriðum sem orðið hafa mönnum umræðuefni í þessu sambandi er hvort bændum tekst að fá lán til að gera upp verulegan hluta af þessum lausaskuldum sínum eða hvort enn eru einhverjir þröskuldar í bankakerfinu sem verða þess valdandi að þessi skuldbreytingaheimild Alþingis nýtist ekki með eðlilegum hætti. Af því fer tvennum sögum. Ég held að full ástæða sé til að óttast að margur bóndinn muni eiga erfitt með að nýta sér heimildina til fulls nema gerðar séu frekari ráðstafanir til þess að við bréfunum verði tekið í bankakerfinu. Af þeirri ástæðu flutti hv. þm. Steingrímur Sigfússon í Nd. till. þess efnis að innlánsstofnunum væri skylt að taka við bankavaxtabréfum er gefin væru út skv. lögum þessum. Og til þess að það skapaði ekki veruleg vandræði í vissum innlánsstofnunum, sem sumar eru smáar, þótt aðrar séu stórar, var þar ákveði sem gerði ráð fyrir því að Seðlabankinn endurkeypti síðan þessi bréf. Þannig væri þetta ósköp einfaldlega þjóðfélagsleg aðstoð sem veitt væri með hjálp Seðlabankans í gegnum þær innlánsstofnanir sem hlut eiga að máli. Ekki hefur orðið samkomulag um það við afgreiðslu málsins hér í deild að taka þessa till. upp. Hún hlaut ekki stuðning í hv. landbn. Ed. og er ekki heldur flutt af þeim sem þó flytja hér brtt. á vegum stjórnarandstöðunnar, þ. e. hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Helga Seljan. Höfum við því ákveðið, þrír þm. Alþb., auk mín Helgi Seljan og Skúli Alexandersson, að endurflytja þessa till. hér við 2. umr. Till. hefur þegar verið dreift, en hún er samhljóða till. sem flutt var í Nd.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, en óska eftir því að þessi till. komi til atkv. nú við 2. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 532 og 533, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 13 shlj. atkv.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli. Ég vil einnig þakka fyrir það viðhorf til landbúnaðarins sem fram hefur komið í máli ræðumanna hér á undan. Ég finn að það er mjög jákvætt og vil leggja áherslu á að slíkt er landbúnaðinum nauðsynlegt, vitanlega alltaf, en ekki síður nú en áður. Það tel ég vera mikils virði.

Útbýtt hefur verið tveimur brtt. frá nokkrum þm. Í fyrsta lagi um að þessar lánveitingar skuli sérstaklega leysa fjárhagsvanda ákveðins hóps bænda, þ. e. þeirra sem hafa nýlega hafið búskap og eru í erfiðri aðstöðu. Nú held ég að augljóst sé að það er einmitt fyrst og fremst þessi hópur sem skuldbreytingin hlýtur að ná til, af þeim ástæðum sem m. a. hafa komið hér fram í ræðu manna. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til að bæta þessu inn í frv. Eins og hv. 2. þm. Austurl. benti á er það bankaráð Búnaðarbankans sem fær þetta mál til meðferðar og framkvæmda. Ég er þess fullviss að hv. 2. þm. Austurl., sem á þar sæti, mun koma þessum sjónarmiðum á framfæri þar. Ég þekki þá sem þar starfa með honum og tel að þeir muni tvímælalaust gera sitt til þess að greiða fyrir þessu eftir því sem kostur er. Samþykkt brtt. mundi hvort sem er ekki veita neina lagaheimild í sjálfu sér, heldur er þar um fróma ósk að ræða og ég er þess fullviss að bankaráðið mun taka hana til greina þó að hún sé ekki felld inn í lagaákvæði.

Varðandi hina brtt., þar sem er verið að skylda innlánsstofnanir til að kaupa bankavaxtabréf, hefur verið bent á það að það gæti verið hæpið fyrir bændastéttina í framtíðinni ef slíkt yrði sett í lög, þ. e. ef lánveitendur ættu á hættu að vera lögþvingaðir til að kaupa skuldabréf þar upp í með kjörum sem þeir e. t. v. ekki sætta sig við. Það gæti leitt til þess að það yrði talin of mikil áhætta að lána til landbúnaðar. Það gæti reynst hálfgerður bjarnargreiði að koma slíku atriði inn. En ég vil benda á það, að í þessari skuldbreytingu er gert ráð fyrir meiri fyrirgreiðslu til lánardrottna og þá um leið bænda en áður hefur verið, þar sem ríkisstj. hefur samþykkt að miða við tillögurnar sem undirbúningsnefndin gerði, að fá allt að 40% af nýju fjármagni. Að því leyti er þarna um betri kjör að ræða en áður hefur verið.

Í sambandi við kjörin að öðru leyti hef ég látið þá skoðun í ljós að kjörin verði að miða við það að bréfin verði nothæfir pappírar fyrir bændur, þ. e. að lánardrottnar vilji taka við þeim upp í þessar skuldir, en þó með eins vægum kjörum og kostur er gagnvart bændum. Þetta er það leiðarljós sem stjórn veðdeildarinnar hlýtur að hafa við sínar ákvarðanir og það mun ég gera líka þegar málið kemur til afgreiðslu hjá mér.

Þá var einnig spurt um fjármögnun á þessu. Það hefur komið ábending eða tillaga frá nefnd þeirri sem ég gat um, undir formennsku Bjarna Braga Jónssonar aðstoðarbankastjóra, að ríkisstj. tryggi 60—80 millj. kr. í þessu skyni. Viðskrh. var af ríkisstj. falið að athuga þetta mál. Við höfum átt í viðræðum um það síðan og ég þori að fullyrða að veðdeildinni mun verða gefin trygging fyrir þessu fjármagni þegar frv. hefur verið afgreitt nú frá Alþingi, svo að afgreiðsla málsins þurfi ekki að tefjast frekar þegar frv. hefur verið afgreitt.

Um hina spurninguna, hvað verði hægt að gera fyrir þá bændur, sem við erum sammála um að séu nokkrir, sem ekki geta notið ákvæða laganna um þessa skuldbreytingu, held ég að sé ekki hægt að gefa neina einhlíta yfirlýsingu. Það eru margvíslegar ástæður sem valda því að þannig er komið fyrir mönnum. Þetta er bundið við einstaklinga og einnig við aðstæður og staðhætti. Þess vegna mun ég óska eftir því að nefndin, sem skipuð var til að undirbúa þetta mál, undir formennsku Bjarna Braga Jónssonar, fái þessi mál til athugunar þegar ljóst liggur fyrir frá veðdeildinni um hverja hér er að ræða. Ég mun óska eftir því að nefndin fjalli um það og geri tillögur um á hvern hátt þarna er hægt að bregðast við. En eins og hér var rakið af frsm. nefndarinnar, hv. 11. landsk. þm., er ekki hægt á þessu stigi að gefa ákveðin fyrirmæli þar um.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta eða fara að ræða um landbúnaðarstefnu almennt. Það hefur verið vikið hér að því hverjum þetta ástand er að kenna. Þar held ég að menn séu sammála um flest atriði, eins og árferði og verðbólgu, en ég mun ekki eyða tímanum nú í að ræða það frekar. En ég ítreka þakklæti mitt til nefndarinnar og ræðumanna hér.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Það er auðvitað satt og rétt, sem hér hefur komið fram, að hv. landbn. var á einu máli um að hraða afgreiðslu þessa máls. Eins og hv. alþm. er kunnugt hefur þetta mál verið a. m. k. að hluta til svolítið viðkvæmt í umr. hér í þinginu. En ég ætla ekki að vera langorður. Hér var aðeins minnst á það áðan að hugsanlega skorti veðhæfni í sumum tilvikum, þegar um væri að ræða þær skuldbreytingar sem í frv. felast. Jafnframt veit ég dæmi þess að bændur búa á leigujörðum en hafa ekki veð. Það hlýtur að koma upp í huga manns hvernig farið verður með mál þessara aðila. Hér hefur verið vikið að því að það væru hugsanlega 40—50 bændur sem ekki nýttust þær aðgerðir sem þetta frv. felur í sér. Þeirra mál þyrftu því sérstakrar skoðunar við. Ég geri ráð fyrir að þar geti fallið undir jafnframt þeir bændur sem ekki hafa veð þannig að þeir fái áheyrn og úrlausn sem af ýmsum ástæðum geta ekki notað sér skuldbreytinguna eins og frv. er hér fram sett með þeim reglum sem almennt verða lagðar þar til grundvallar.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. Það væri auðvitað æskilegast að öll framkvæmdin lægi ljósar fyrir en raun ber vitni, en við skulum vona að þær ráðstafanir sem frv. felur í sér nýtist að miklu leyti eins og til er ætlast.

Virðulegi forseti. Ég endurtek: Ég vænti þess að við skoðun og framkvæmd þeirra ráðstafana sem frv. felur í sér verði öll tilvik skoðuð rækilega.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa um þetta mál mörg orð. Öll meginatriði málsins hafa þegar komið fram. Ég kem hér aðeins til að undirstrika það að brtt. á þskj. 532, sem er flutt af mér og hv. þm. Helga Seljan og Kolbrúnu Jónsdóttur, er fyrst og fremst ætlað að leggja áherslu á að leysa vanda þeirra sem till. tekur til. Hún mun á engan hátt þrengja þá heimild sem frv. kveður á um. Hún leggur aðeins áherslu á ákveðin atriði. Ég tel það ákaflega mikilvægt að Alþingi lýsi yfir vilja sínum í lagasetningu og því er þessi brtt. flutt.

Um frv. sjálft ætla ég ekki að hafa mörg orð. Það er að mörgu leyti óljóst eins og hér hefur komið fram. Fjáröflunin er ekki alveg ljós. Lánstími og kjör lánanna eftir skuldbreytingu eru óviss, endurkaup skuldabréfa óviss. Ljóst er einnig að einhver fjöldi manna fær ekki lausn sinna mála með þessu. Frv. er því nokkuð ófullkomið á þessari stundu. Ég tel samt að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða og ég er efnislega fylgjandi þeim tilgangi sem frv. boðar. Þess vegna mun ég ekki setja mig á móti því að það nái að fara fljótt og vel í gegnum deildina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 532 felld með 9:7 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 533 felld með 9:3 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 75. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, að loknum 74. fundi.

Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán, frv. 196. mál (þskj. 496). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 536).

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221, n. 425). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Virðulegi forseti. Stjórnarskrárnefnd hefur fjallað um frv. þetta til stjórnarskipunarlaga. Nefndin hefur ekki orðið sammála. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt. Einn nm., Stefán Benediktsson, skilar séráliti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. n., sem sex nm. standa að.

Frv. þetta er shlj. frv. til stjórnarskipunarlaga sem flutt var af Geir Hallgrímssyni, Steingrími Hermannssyni, Svavari Gestssyni og Magnúsi H. Magnússyni og samþykkt var á síðasta þingi. Það er lagt fyrir Alþingi nú skv. ákvæðum 79. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944.

Frv. þetta fjallar um kosningar til Alþingis. Frá því er breyting var síðast gerð á kjördæmaskipun og kosningarreglum árið 1959 hefur misvægi atkv. eftir búsetu kjósenda aukist allmikið. Jafnframt hefur skort á að jöfnuður milli stjórnmálaflokka hafi náðst. Þykir því nauðsynlegt að gera breytingar sem bæta úr þessum annmörkum. Fram fóru viðræður milli stjórnmálaflokkanna um úrlausn þessara mála. Niðurstaða þeirra viðræðna varð sú, að samkomulag náðist um að flytja frv. til stjórnarskipunarlaga á síðasta Alþingi. Með því að það frv. var samþykkt á síðasta þingi hefur það nú verið flutt óbreytt á þessu þingi skv. ákvæðum stjórnarskrárinnar um breytingar á stjórnarskránni.

Í 1. gr. þess frv. sem við ræðum er lagt til að breyta 31. gr. stjórnarskrárinnar. Helstu breytingar eru þær, að þingsæti verða 63 í stað 60. Kjördæmin eru jafnmörg og óbreytt frá því sem verið hefur. Gert er ráð fyrir að bundin verði í stjórnarskrá lágmarkstala þingsæta í hverju kjördæmi, en kosningalög kveði á um skiptingu þingsæta milli kjördæma að öðru leyti. Með ákvæðum í síðustu mgr. 31. gr. er að því stefnt að hver stjórnmálasamtök, sem þm. fá, skuli fá þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína á landinu öllu. Er heimilað að setja ákvæði í kosningalög þess efnis að við úthlutun á allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis sé tekið tillit til kosningaúrslita í landinu öllu.

Í 2. gr. frv. er lagt til að breyta 33. gr. stjórnarskrárinnar. Aðalbreytingar eru tvær. Kosningaraldur er lækkaður úr 20 árum í 18 ár og er miðað við aldur á kjördegi eins og nú. Þessi breyting er í samræmi við það sem gert hefur verið í allmörgum nágrannalöndum. Hin aðalbreytingin er sú, að óflekkað mannorð er fellt niður sem kosningarréttarskilyrði. Hins vegar er því haldið sem kjörgengisskilyrði, sbr. 3. gr. frv. Enn fremur er nú rýmkað um búsetuskilyrði kosningarréttarins og komið til móts við hagsmuni þeirra sem ráða sig til vinnu eða eru við nám erlendis.

Á síðasta þingi urðu þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. ásáttir um yfirlýsingu um að annars vegar skyldi fylgja sem sérprentað fskj. með stjórnarskrárfrv. skýrsla stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar og hins vegar um að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Yfirlýsingu þessa er að sjá á fskj. með nál. meiri hl.

Í frv. þessu er að finna málamiðlun í viðkvæmu deiluefni. Þegar leitast er við að ná samkomulagi í svo viðkvæmu deilumáli, sem hér er um að ræða, má ætla að allir geti ekki orðið fullkomlega ánægðir eða jafnvel fæstir telji sig hafa fengið það sem þeir hefðu helst kosið. Samt sem áður verður að telja ákaflega mikilvægt að það skuli nú hafa tekist að ná þessu samkomulagi, sem frv. byggir á. Og það er fagnaðarefni í sjálfu sér að nú hefur tekist víðtækara samkomulag stjórnmálaflokkanna í landinu um þetta viðkvæma deilumál en áður hefur þekkst.

Menn deila um kosningar og kjördæmaskipan og þær deilur hér á landi hafa snúist um hlut stjórnmálaflokka og byggðarlaga. Við Íslendingar erum ekki einir um ágreining í þessum efnum. Engin algild fyrirmynd er fyrir hendi, sem gefið væri að ætti að nota í öllum lýðræðislöndum, heldur hefur þróunin orðið sú, að þessi mál hafa mótast með ýmsum hætti í hinum einstöku löndum, þannig að á hverjum stað væri tekið tillit til aðstæðna og þjóðarhags.

Annars ráðast niðurstöður manna í þessu máli af því hvaða markmið þeir setja sér. Ef keppikefli er að tryggja fullkomlega jafnt vægi atkv. fer ekki á milli mála að hagkvæmasta leiðin er að gera landið allt að einu kjördæmi eins og fram kom í skoðanakönnun Samtaka áhugamanna um jafnan kosningarrétt sem Alþingi var afhent grg. um nú á dögunum.

Í fæstum tilfellum hefur samt sú leið verið farin, en leitast við að ná sem jöfnustu vægi atkv. með öðrum hætti. Eitt kunnasta dæmið um fullkomleika stjórnskipunarlaga til tryggingar jöfnu vægi atkv. er Weimarstjórnarskráin þýska. Á sínum tíma þótti ekki lengra jafnað um fullkomleika í þessu efni. Samt sem áður náði ógnarstjórn nasista tökum á þýsku þjóðinni eftir leiðum sem voru formlega löglegar skv. þessari stjórnarskrá. Þetta sýnir að ekki þarf að vera einhlítt að lýðræðinu sé þeim mun betur borgið sem vægi atkv. er jafnara. Heldur er ekki fokið í flest skjól þótt misjafnt sé vægi atkvæða eða jafnvel mjög misjafnt, svo sem heita má einkenni á stjórnarskipun Breta, sem þó dugði til að verja lýðræðið og bjarga heiminum frá ógnum nasismans. Þetta kemur til af því að lýðræðið er ekki af einum og sama toga spunnið, heldur samtvinnað af hinum ýmsu þáttum stjórnskipunarinnar og framkvæmd hennar. Lýðræðið stendur því ekki og fellur með því sem fram gengur í einstökum greinum, hvort sem það varðar vægi atkvæða eða annað. Það sem ræður sköpum er samvirkni þeirra eiginda sem þjóna þjóðarhag og aðstæðum í viðkomandi landi og gefa þannig lýðræðinu lífsmagn.

Setning stjórnarskrár er ekki markmið í sjálfu sér, heldur eru stjórnarskipunarlögin til þess að móta þá starfshætti eða vísa veginn sem við förum til þess að ná þeim markmiðum sem við setjum okkur með þjóðfélagi okkar og þjóðlífi. Eitt af mikilvægustu markmiðum

okkar er að byggja land okkar, halda við byggðinni og efla. Við viljum halda uppi nútíma þjóðlífi á grundvelli fornrar menningar og sögu. Það er skylda okkar við landið að tryggja að markmiðum þessum sé náð. Hér er ekki einungis að tefla um hagsmuni þeirra sem í strjálbýlinu búa, heldur allra Íslendinga. Við verðum að halda við byggð eftir því sem þarf til þess að nýta með sem hagkvæmustum hætti auðlindir okkar, sem er að finna vítt og breitt um landið. Með því tryggjum við sem best efnahagslegar framfarir og velmegun þjóðarinnar. Auk þess er í húfi að þjóðinni haldist til langframa á hinum miklu auðlindum sínum, ef miklir landkostir standa ónýttir í þurfandi heimi. Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar gæti þá jafnvel verið í húfi.

Af þessum ástæðum má einskis láta ófreistað til þess að halda nauðsynlegu byggðajafnvægi í almannaþágu. Í þeim tilgangi þarf að styrkja stöðu strjálbýlisins. Það verður gert með margslungnum aðgerðum. Mikilvægt atriði er að staða strjálbýlisins sé styrkt með stjórnskipulegum hætti. Það er best gert með því að strjálbýlið hafi hlutfallslega fleiri þm. en þéttbýlið. Af þessari ástæðu er ekki aðfinnsluvert að vægi atkvæða sé misjafnt milli kjördæma án þess að ofgert sé í þeim efnum.

Í ræðu um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem Bjarni Benediktsson fyrrum formaður Sjálfstfl. og forsrh. flutti 21. janúar 1953 og birt var í Morgunblaðinu ræddi hann þetta mál. Eftir að hafa gert grein fyrir misrétti í vægi atkvæða milli stjórnmálaflokkanna, sem aukið væri á með því að strjálbýlið hefði hlutfallslega miklu fleiri þm. en þéttbýlið, hélt hann áfram, með leyfi virðulegs forseta:

„Að mínu viti er það raunar sanngjarnt, að strjálbýlið hafi hlutfallslega fleiri þm. en þéttbýlið. Því verður sem sé ekki neitað, að menn í strjálbýli eiga erfiðara með að fylgja málum sínum eftir og beita samtakamætti á margvíslega vegu heldur en þeir sem í þéttbýlinu búa. Ísland hættir að vera hið forna Ísland, heimkynni sérstakrar strjálbýlismenningar, ef allir þjappast saman á einn eða fáa staði í landinu. Það er þess vegna þjóðarnauðsyn að búa þannig að þeim, sem í strjálbýlinu búa, að byggð geti haldist sem víðast um landið. Slíkt er ekki síður nauðsyn fyrir þéttbýlið en þá, sem búa í dreifðum sveitum landsins. Öruggasta tryggingin fyrir því er sú að láta þessa landshluta halda hæfilegri fulltrúatölu á Alþingi. En í þessu verður að vera hóf. Það verður að laga sig eftir atvikum, og ekki dugir að láta strjálbýlið bera fjöldann í þéttbýlinu slíku ofurliði, að hagsmunir fjöldans séu fyrir borð bornir."

Bjarni Benediktsson tók fram að samkvæmt þessu skyldi, eins og hann orðaði það, kosningarréttur vera svo jafn sem þjóðarhagir og staðhættir leyfa. Þessi orð Bjarna Benediktssonar eru í fullu gildi enn. Í þessum anda var stjórnarskrárbreytingin gerð 1959. Slík viðhorf mótuðu kjördæmabreytinguna þá. Með slíkt að leiðarljósi hefur nú tekist að ná hinu víðtæka samkomulagi um breytingu þá á stjórnarskránni sem frv. það, sem við nú ræðum, fjallar um. Viðfangsefnið hefur verið að endurskoða og aðlaga kosningafyrirkomulagið frá 1959 ástandinu nú og þörfum dagsins í dag.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að meiri hl. stjórnarskrárnefndar leggur til að frv. þetta verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. stjórnarskrárnefndar. Eins og fram kemur í því áliti legg ég til að frv. verði fellt. Skv. stjórnarskipan íslenska ríkisins eru þm. aðeins kjörnir til þess að setja landinu almenn lagafyrirmæli. Þeir eru ekki, skv. reglum stjórnarskipunarinnar, kjörnir til þess að bæta aðstöðu ákveðinna hópa með hagsmunapoti. Þó ekki væri nema af þessari ástæðu einni geta misjafnir eiginleikar eða búseta aldrei verið grundvöllur misjafns atkvæðisréttar. Verkefni alþm. er að takast á um skoðanir og löggjöf um rétt og rangt. Annað er í verkahring borgaranna.

Á Alþingi hafa fulltrúar gömlu flokkanna gert samkomulag um áframhaldandi atkvæðamisvægi. Þeir eru að versla með grundvallarmannréttindi. Enn þá skal meiri hl. eftirláta minni hl. að ákveða leikreglurnar. Sú spurning hlýtur að vakna hvers vegna meiri hl. þjóðarinnar er ekki treystandi fyrir meiri hl. á þingi, hvaða skoðanir meiri hl. eru svo óheilbrigðar og vitlausar að þær megi ekki verða að lögum. Við þessari spurningu er hægt að krefjast undanbragðalausra svara. Misvægi atkvæða er mannréttindabrot og mannréttindabrot má ekki binda í stjórnarskrá.

Í 21. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á allsherjarþinginu 1948 — ég endurtek, 1948 — segir svo orðrétt:

„Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstj. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar að frjálsræði."

Til þessarar skýru og tæpitungulausu yfirlýsingar er enn fremur vísað í inngangi að Mannréttindasáttmála Evrópu sem fullgiltur var af Íslands hálfu þann 29. júní 1953. Okkur ber því siðferðileg skylda til að haga löggjöf okkar í samræmi við þennan sáttmála. Fulltrúar gömlu flokkanna vilja málamiðlun um mannréttindi. Af persónulegum og pólitískum hagsmunaástæðum vilja þeir ekki taka afstöðu með þeim grundvallarmannréttindum að sérhver íslenskur kjósandi hafi jafnan kosningarrétt. Ójafn kosningarréttur gengur þvert á allar heilbrigðar hugmyndir um jafnrétti og lýðræði. Þetta misrétti er einnig í æpandi mótsögn við algengustu hugmyndir manna um valddreifingu. Með valddreifingu hljóta menn að eiga við það að völdum sé dreift til fólks en ekki í holt og hæðir. Við hljótum að krefjast þess að þm. séu fulltrúar fyrir fólk en ekki fyrir landsvæði. Það er lágmarkskrafa að allir borgarar ríkisins hafi jafnan rétt gagnvart lögum og leikreglum. Við megum ekki lengur láta fulltrúa landsvæða eða fermetra þvælast fyrir lýðræði á Íslandi.

Nú hefur mikið verið um þetta mál rætt. Menn spyrja sig þeirrar spurningar: Getur málamiðlun um mannréttindi verið réttlætanleg? Þessari spurningu hefur mikill meiri hl. alþm. svarað játandi og ætlar að svara henni játandi aftur fljótlega. Röksemd þeirra er — a. m. k. opinberlega — fyrst og fremst sú að fleira sé mannréttindi en jafn kosningarréttur, t. d. jafn aðgangur allra landsmanna að þjónustu ýmiss konar og auk þess eigi misvægi atkvæða að koma í veg fyrir meiri búferlaflutninga en þegar hafa átt sér stað á þessari öld. Þessa fullyrðingu verður dálítið erfitt að sanna.

Auðvitað er það rétt að fleira er mannréttindi en jafn kosningarréttur. Því hefur enginn mælt í mót. En það má ekki rugla saman mannréttindum einstaklinga annars vegar og sjálfstjórnarmálum byggðarlaga hins veg-

ar. En ef taka á tillit til þess réttindamáls, þ. e. sjálfstjórnarmála byggðarlaga, er þetta frv. ekki rétta leiðin. Jöfnun aðgangs allra landsmann að opinberri eða einkaþjónustu verður ekki fengin með atkvæðamisvægi heldur með því að auka einfaldlega sjálfsforræði byggðarlaganna yfir þeim fjármunum sem þau skapa og auka vald þeirra til þess að ráða sínum hagsmunamálum sjálf. Sjálfstæði eða sjálfsforræði byggðarlaga verður aldrei leyst með þingmannakvóta á Alþingi. Sjálfstæði byggðarlaga fæst einungis með því að dregið verði úr íhlutun ríkisvalds um málefni byggðarlaga eða samtaka þeirra.

Þessi mál, þ. e. sjálfstæðismál byggðarlaganna, eru mjög brýn. En þau eru reyndar ekki hér á dagskrá nema óbeint. Óbeint eru þau þannig á dagskrá að yfir vötnunum svífur sú hugsun að atkvæðamisvægið sé réttlætanlegt tæki til að jafna aðstöðumisvægi. Þessi hugsun er í sjálfu sér óvitlaus. En niðurstaða hennar, sem fram kemur í þessu frv. og reyndar í þeim lögum sem nú eru í gildi, er ógáfuleg því að ef þessi röksemdafærsla væri tekin á leiðarenda hlýtur lokaniðurstaða hennar að vera sú, að því verr sem menn eru settir í þjóðfélaginu því meira vægi ættu atkvæði þeirra að hafa og því fleiri fulltrúa ættu þeir að hafa á þingi.

Vægi atkvæða þess fólks sem verst væri sett í þjóðfélaginu ætti þá að vera margfalt á við vægi þeirra sem best eru settir. Litli maðurinn ætti að hafa fimm atkvæði og Albert ekki nema eitt. Ég veit að hæstv. fjmrh. vildi hafa þetta þannig, en þá er hann náttúrlega að greiða atkvæði hér með vitlausu frv. Kjarni málsins er og verður að þm. eru fulltrúar fyrir fólk en ekki fyrir holt og hæðir. Allir borgarar eiga skýlausan rétt á jafnri þátttöku í stjórn ríkisins. Ég endurtek: á jafnri þátttöku í stjórn ríkisins. Því legg ég til, herra forseti, eins og ég sagði áður, að þetta frv. verði fellt og menn athugi ráð sitt og hefji úrlausn mála á þeim enda sem virkilega er brýnastur, þ. e. í sjálfsforræðismálum sveitarfélaga.

Umr. frestað.

Neðri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Ríkisábyrgð á launum, frv. 200. mál (þskj. 357). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Orka fallvatna og nýting hennar, frv. 190. mál (þskj. 341). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frv. 226. mál (þskj. 398). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Húsaleiga, frv. 157. mál (þskj. 488). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. Nd. sem hefur rætt þetta mál á fundum sínum. Hér er um að ræða frv. sem lagt var fram til staðfestingar á brbl. nr. 60 sem sett voru 22. apríl 1983 að tilhlutan ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens. Hagstofustjóri Klemens Tryggvason kom á fund nefndarinnar og nefndin varð sammmála um að mæla með samþykkt frv. Undir þetta nál. skrifa allir nm., þ. e. Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Kjartan Jóhannsson og Svavar Gestsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Framsal sakamanna, frv. 122. mál (þskj. 152, n. 511). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. Nd. um frv. til l. um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Þetta er 122. mál, nál. nr. 511.

Allshn. hefur á fundum sínum athugað þetta frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt. Undir þetta álit skrifa auk mín Guðrún Helgadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Pálmi Jónsson, Guðmundur Einarsson og Stefán Guðmundsson, en Friðjón Þórðarson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
12.—18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
19.—21. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
24.—28. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Sjóntækjafræðingar, frv. 63. mál (þskj. 397, n. 497, 498). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta er komið frá Ed. Þar voru gerðar nokkrar breytingar á upprunalegu frv. sem hét þá frv. til l. um gleraugna-

fræðinga. Meginbreytingin má segja að sé nafnið sjálft og í kjölfar þess nokkrar smærri breytingar.

Við erum sammála um það í heilbr.- og trn. hv. deildar að leggja til að frv. þetta verði samþykkt eins og það kom frá Ed. með einni breytingu, þeirri að niðurlagi 3. gr. frv. verði breytt í þá veru að ráðh. sé heimilt að veita ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni *umsögn sömu aðila og um getur í* 2. gr., *eins og segir í* brtt. sem flutt er á þskj. 498. Með þessu samræmum við skilyrðin í 2., 3. og 4. gr. og teljum eðlilegt að þessi breyting verði gerð á. Þetta er tillaga okkar í heilbr.- og trn., herra forseti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 498 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
4.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sala lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, frv. 178. mál (þskj. 319). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði á grundvelli kaupsamnings milli ríkisstj. og nýstofnaðs hlutafélags, Sigló hf. í Siglufirði, sem dagsettur er í Reykjavík 17. des. 1983. Kaupsamningurinn er fskj. með frv. þessu. Kaupverð er 18 millj. kr. og er það lánað með verðtryggðum kjörum til 10 ára.

Þá er með frv. lagt til að felld verði úr gildi lög nr. 46 frá 19. maí 1972 um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði. Með lögum nr. 46 frá 19. maí 1972 var kveðið á um rekstur ríkisins á verksmiðju í Siglufirði til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða undir firmanafninu Lagmetisiðjan Siglósíld. Jafnframt þessu yfirtók ríkið verksmiðjuhús Niðursuðuverksmiðju ríkisins sem þá var í eigu Síldarverksmiðju ríkisis.

Rekstur lagmetisiðjunnar Siglósíldar hefur frá upphafi gengið misjafnlega og hafa erfiðleikarnir aukist hin síðari ár. Á árinu 1979 varð Lagmetisiðjan Siglósíld fyrir miklum skakkaföllum vegna seinkunar á sölusamningum, farmannaverkfalls og óseljanlegra birgða sem leiddu af sér rekstrarstöðvun mánuðum saman.

Starfshóp þriggja manna var falið að kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins, rekstur og framtíðaráætlanir með tilliti til sölusamninga og hugsanlegrar uppbyggingar þess. Niðurstöður starfshópsins voru þær að ekki væri grundvöllur fyrir framhaldandi rekstri við óbreyttar aðstæður. Hann taldi hins vegar rétt að kanna sameiningu lagmetisiðjunnar og fyrirtækisins Þormóðs ramma jafnhliða endurskipulagningu í rekstri og framleiðslu beggja fyrirtækjanna í því augnamiði að auka fjölbreytni og nýtingu í framleiðslu og renna þannig styrkari stoðum undir atvinnulíf í Siglufirði. Tillögur þessar voru ræddar við bæjarstjórn og atvinnumálanefnd Siglufjarðar í febr. og mars 1980 án þess að niðurstaða fengist um framtíð fyrirtækisins.

Á árunum 1981 og 1982 seig enn á ógæfuhlið í rekstri fyrirtækisins með samdrætti í sölu og lækkandi verði í dollurum. Verðþróun innanlands var mjög óhagstæð á þessu tímabili, framleiðslugeta var illa nýtt og vélakostur orðinn slitinn. Afkoma Siglósíldar var mjög slæm 1980—1982. Árið 1980 var framleitt í 137 daga og var bókfært tap 1 millj. 329 þús. kr. þrátt fyrir 1,5 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Ég tek það fram að þær tölur sem ég nefni eru á verðlagi hvers árs.

Árið 1981 var framleitt í 130 daga og var bókfært tap 3 millj. 799 þús. kr. þrátt fyrir 1 millj. kr. framlag ríkissjóðs. Árið 1982 var framleitt í 90 daga aðeins og var bókfært tap 5 millj. 362 þús. kr. þrátt fyrir 900 þús kr. framlag ríkissjóðs. Samtals var tap fyrirtækisins á þessum árum 10 millj. 492 þús. kr. þrátt fyrir 3,4 millj. kr. framlag ríkissjóðs.

Tap á rekstri Siglósíldar að frádregnu framlagi ríkissjóðs hefur verið fjármagnað með skuldasöfnun hjá viðskiptaaðilum og ríkissjóði og að hluta til með lántökum hjá Endurlánum ríkisins. Breytingar á efnahagsreikningi hafa á sama tímabili verið þær að á árinu 1980 voru eignir alls 7 millj. 468 þús. kr. en skuldir alls 6 millj. 781 þús. kr. og eigið fé því 686 þús. kr. Árið 1981 voru eignir alls 9 millj. 677 þús. kr. en skuldir alls 12 millj. 444 þús. kr. og eigið fé því neikvætt um 2 millj. 766 þús. kr.

Árið 1981 voru eignir alls 11 millj. 933 þús. kr. en skuldir aftur á móti 21 millj. 299 þús. kr. og eigið fé neikvætt um 9 millj. 365 þús. kr. Þó að ekki liggi fyrir endanlegt uppgjör fyrir tímabilið janúar til maíloka 1983, þegar Þormóður rammi hf. tekur við rekstri fyrirtækisins, er ljóst að verulegt tap er á rekstri fyrirtækisins þetta tímabil og má það reksturstap telja í milljónum króna.

Á árinu 1983 voru beinar greiðslur, framlög úr ríkissjóði, til Siglósíldar 7 millj. kr. Að auki var framlag í formi yfirtöku á tveimur lánum hjá Endurlánum ríkisins að upphæð 10 millj. 84 þús. kr. Í maí s. l. tók Siglósíld 10 millj. kr. gengistryggt lán hjá Endurlánum ríkisins. Andvirði þess var varið til greiðslu á bráðabirgðalánum hjá ríkissjóði að upphæð 6 millj. 551 þús. kr., greiðslu vaxta og kostnaðar á lánum hjá Endurlánum ríkisins 1 millj. 172 þús. kr. og skuld að fjárhæð 2 millj. 277 þús. kr. Skv. bráðabirgðauppgjöri á efnahagsreikningi í des. 1983 voru eignir fyrirtækisins taldar nema 15 millj. 904 þús. kr. en skuldir alls 20 millj. 290 þús. kr. og eigið fé því neikvætt um 4 millj. 386 þús. kr.

Í samráði við stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíldar skipaði iðnrh. í sept. 1982 nefnd til að fara yfir stöðu fyrirtækisins og gera tillögur til rn. um endurskipulagningu á rekstrinum. Í því skyni var nefndinni falið að kanna m. a. eignaraðild heimamanna, framkvæmdasjóðs og ríkisins á endurskipulögðu fyrirtæki í lagmetisiðnaði, gera tillögur um uppgjör skulda að lokinni endurskoðun, setja fram rekstraráætlun nýs fyrirtækis ef til endurskipulagningar kæmi og gera tillögur um breytingar á lögum nr. 46 frá 1972 um Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Nefndin skilaði áliti þann 26. apríl 1983 og voru niðurstöður hennar í megindráttum þær að fyrirtæki sem framleiddi um 30 þús. kassa af gaffalbitum og 23 þús. kassa af niðursoðinni rækju ætti að geta skilað hagnaði ef það þyrfti ekki að standa undir fjár-

magnskostnaði vegna uppsafnaðra skulda og nauðsynlegar endurbætur yrðu gerðar á húsnæði og vélum.

Á grundvelli álits nefndarinnar gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma og Siglósíldar með sér samkomulag þann 16 maí 1983 um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Lagmetisiðjunnar Siglósíldar og var það samkomulg staðfest af iðnrn. og fjmrn. Rekstur Þormóðs ramma hf. á Siglósíld hefur staðið í járnum þrátt fyrir að leigan fyrir verksmiðjuna hafi verið lág, þ. e. 7% af framleiðslu eða um 300 þús. kr. frá 1. júní 1983 til 31. des. 1983. Rekstrar- og fjárhagsstöðu Þormóðs ramma hf. er þannig háttað að fyrirtækið hafði ekki bolmagn til að koma rekstri Siglósíldar í það horf sem þurfti til að gera reksturinn arðbæran.

Þegar fram kom áhugi aðila með reynslu í lagmetisiðnaði þótti rétt að athuga til hlítar hvort unnt væri að selja fyrirtækið. Í nóvembermánuði s. l. kom fram formleg ósk frá þessum aðilum um að kaupa lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, Siglósíld. Í byrjun des. skipaði ég þrjá menn í nefnd til að annast viðræður af hálfu ríkisins um sölu Siglósíldar. Nefndin átti allmarga fundi með fulltrúum fyrrnefndra aðila, en þeir stofnuðu hinn 15. des. hlutafélagið Sigló hf. með heimili og varnarþing í Siglufirði til að kaupa og starfrækja Lagmetisiðjuna Siglósíld. Á fundi aðila 14. des. 1983 náðist samkomulag um sölu Siglósíldar með fyrirvara um samþykki iðnrh., ríkisstj. og Alþingis. Frá kaupsamningi var gengið og hann undirritaður 17. des 1983 með nauðsynlegum fyrirvara. Meginatriði kaupsamnings er í fyrsta lagi:

Ríkissjóður selur hlutafélaginu Sigló hf. Lagmetisiðjuna Siglósíld og er kaupverð kr. 18 millj.

Kaupverðið greiðist með útgáfu skuldabréfs til tíu ára. Bréfið er verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og ber hæstu leyfilegu vexti af verðtryggðum lánum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.

Við ákvörðun á kaupverði hefur verið tekið mið af fasteignamatsverði eigna fyrirtækisins og bókfærðu verði þeirra. Við mat á verði tækja verksmiðjunnar verður að taka tillit til að þau eru mörg hver úrelt orðin. Þá hefur verið reynt að meta viðskiptavild fyrirtækisins — „good will" — og þá aðstöðu sem fyrirtækið hefur byggt upp. Að öllu þessu athuguðu verður að telja 18 millj. kr. viðunandi verð.

Með frv. þessu fylgir bráðabirgðayfirlit yfir efnahag Siglósíldar í des 1983, Til samanburðar er rétt að geta þess að bókfært verð fastafjármuna er skv. yfirlitinu 13 millj. 941 þús. kr. Skv. bráðabirgðauppgjörinu eru heildarskuldir Siglósíldar miðað við des. 1983 20 millj. 290 þús. kr., þar á móti á fyrirtækið veltufjármuni að fjárhæð 1 millj. 953 þús. kr. Skv. þessu er söluverð fyrirtækisins skv. kaupsamningnum u. þ. b. sama fjárhæð og þær skuldir sem á ríkissjóð falla vegna sölunnar.

Lán vegna kaupanna er tryggt með fyrsta veðrétti í eignum verksmiðjunnar og afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Stofnendur ábyrgjast persónulega 25% af láninu. Ábyrgðir þessar eru veittar vegna þess að kaupverð er lánað að fullu, enda er gert ráð fyrir að kaupandi beini kröftum sínum af alefli á næstu tveimur árum til að efla fyrirtækið.

Við samninga um greiðslukjör hefur verið tekið mið af þeim kjörum sem fjmrh. hefur boðið í almennu útboði á hlutabréfum í 15 ríkisfyrirtækjum, sbr. auglýsingu dags. 7. des. 1983. Þar er gert ráð fyrir að útborgun verði 20% og að eftirstöðvar verði lánaðar til allt að 10 ára. Hér hefur þó verið vikið frá kröfu um 20% útborgun. Telja verður að eftirfarandi atriði réttlæti slíkt frávik:

1. Með tilliti til þeirra gagngerðu endurbóta sem nauðsynlegar eru til að koma fyrirtækinu í rekstrarhæft ástand þykir óhjákvæmilegt að gera kaupendum kleift að leggja sem mest fé í fyrirtækið þegar í upphafi.

2. Fram hefur komið í viðræðum við kaupendur að þeir hyggjast fjárfesta í fyrirtækinu fyrir allt að kr. 12 millj. á fyrra helmingi þessa árs.

3. Ofangreindar aðgerðir gefa von um jafna atvinnu við fyrirtækið allt árið. Þetta mun því væntanlega efla atvinnulíf í Siglufirði.

Þá er í þriðja lagi í kaupsamningi reynt að tryggja svo sem frekast er kostur að starfrækslu Siglósíldar verði haldið áfram í Siglufirði, sem er meginatriði. Kaupendur skuldbinda sig m. a. til að halda starfrækslu Siglósíldar áfram í Siglufirði auk þess sem þeir binda í stofnsamningi tilgang hins nýja félags við að efla og styrkja atvinnulíf í Siglufirði. Þessu til tryggingar eru aðilar sammála um að í skuldabréfi verði heimildarákvæði þess efnis að gjaldfella megi skuldina ef skuldbindingar um starfrækslu í Siglufirði verði ekki haldnar.

Í samningsviðræðum aðila hefur eftirfarandi m. a. komið fram varðandi áform kaupenda um rekstur fyrirtækisins:

Í fyrsta lagi hyggjast þeir halda áfram framleiðslu gaffalbita.

Í öðru lagi hyggjast þeir vinna úthafsrækju sem veidd er úti fyrir Norðurlandi.

Í þriðja lagi hyggjast þeir vinna rækju sem veidd er í Barentshafi í samstarfi við breskt fyrirtæki til sölu á markaði í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Í fjórða lagi hyggjast kaupendur sjóða niður tilfallandi hráefni þann tíma sem ekki er unnið að síld.

Síðasttöldu atriðin tvö eru nýjung í starfsemi Siglósíldar og er vonast til að þetta geti orðið til þess að efla atvinnulíf í Siglufirði.

Til þess að unnt sé að starfrækja verksmiðjuna í samræmi við framanritað þarf að gera verulegar endurbætur á húsum og tækjum. Skv. áætlun eigenda hyggjast þeir fjárfesta á fyrri helmingi árs 1984 samtals um 12 millj. kr. til endurbóta á verksmiðjunni sem fyrr segir. Það er m. a. til að gera kaupendum kleift að framkvæma slíkar endurbætur á fyrirtækinu að fallið er frá kröfum um útborgun við sölu.

Kaupendur lögðu áherslu á að afhending færi fram hinn 1. jan. 1984. Bentu þeir í því sambandi á eftirfarandi:

1. Kaupendur hafa yfir að ráða allmiklu magni af ópilluðri rækju sem þeir geta hafið vinnslu á um leið og breytingum á verksmiðjunni er lokið.

2. Niðurlagning á gaffalbitum hefði að öllu óbreyttu átt að hefjast á vegum Þormóðs ramma í janúar. Kaupendur hugðust hins vegar breyta tilhögun við þá framleiðslu í tengslum við aukna rækjuvinnslu í fyrirtækinu. Til þess að þetta mætti takast töldu þeir nauðsynlegt að geta hafið breytingar á verksmiðjunni eigi síðar en 1. jan. s. l.

3. Fulltrúar kaupenda áttu í samningaviðræðum um vinnslu á hráefni frá Evrópu til sölu á Bandaríkjamarkaði. Forsenda þeirrar samningsgerðar var að þeir gætu hafið vinnslu í upphafi þess árs. Með vísun til þessa og þar sem 1. jan. 1984 var af öðrum ástæðum hentugur

afhendingardagur var kaupsamningurinn látinn koma til framkvæmda þann dag svo sem frá honum var gengið með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Eins og vikið var að áðan var hinn 16. maí 1983 gengið frá leigusamningi milli Þormóðs ramma hf. og ríkisins um leigu Siglósíldar. Skv. 7. tölul. þess samkomulags gildir samkomulagið í eitt ár og átti Þormóður rammi hv. forkaupsrétt að Siglósíld að þeim tíma liðnum. Rétt er að benda á að í þessari grein samkomulagsins er gert ráð fyrir að söluverð á fyrirtækinu skuli vera sama fjárhæð og langtímaskuldir í maí 1983 með verðlags- og gengisbreytingum til kaupdags. Það var sem sé í þessum leigukaupasamningi, sem svo mátti nefna, gert ráð fyrir ákvæði um söluvirði á fyrirtækinu sem mjög er í samræmi við það söluverð sem endanlega varð samkomulag um. Skv. þessari grein hefði kaupverð á verðlagi í desember 1983 verið um 18 millj. kr. eða sambærilegt því verði sem hér er samið um. Þetta er sérstaklega tekið fram því að fram hafa komið þær skoðanir að hér hafi verið um undirverð að tefla, en það eru þá fleiri en undirritaður sem hafa um það vélt.

Telja verður að leiga eða yfirtaka Þormóðs ramma hf. á Siglósíld hafi ekki verið heppileg frambúðarlausn. Eins og áður er að vikið er rekstrar- og fjárhagsstöðu Þormóðs ramma hv. þannig háttað að fyrirtækið hefur ekki bolmagn til að koma rekstri Siglósíldar í arðbært horf. Önnur sjónarmið koma og til. Þormóður rammi hf. sinnir togaraútgerð og hefðbundinni fiskvinnslu, en yfirleitt, svo sem er á Ísafirði og víðar, hafa sérhæfð fyrirtæki sinnt niðursuðu rækju og skelfiskvinnslu. Viðskiptasambönd hins nýja fyrirtækis vega einnig þungt.

Samstarfssamningi Þormóðs ramma hf. og Siglósíldar var því sagt upp með samkomulagi frá 1. jan. 1984 samhliða sölu Siglósíldar til hlutafélagsins Sigló hf. svo sem fyrr greinir. Samkomulag viðræðunefndarinnar fyrir hönd iðnrn. og stjórnar Þormóðs ramma hf. um uppsögn á leigumála var undirritað 12. jan. 1984. Skv. samningnum féll leigumálinn niður 1. jan. 1984. Þá fellur stjórn Þormóðs ramma hf. frá forkaupsrétti að fyrirtækinu skv. ákvæðum leigusamningsins frá sama tíma.

Þá var í samningnum ákvæði um uppgjör á viðskiptum aðila miðað við 1. jan. 1984. Er í samningnum frá því gengið að Þormóður rammi hf. fari skaðlaus úr þeim viðskiptum. Í tengslum við gerð samkomulags um uppsögn á leigumála Þormóðs ramma hf. og Siglósíldar var sama dag undirritað samkomulag milli ríkisstj. vegna Siglósíldar og Sigló hv. sem kaupanda og Þormóðs ramma hf. þar sem frá eftirfarandi atriðum var gengið:

a) Sigló hf. kaupir rekstrarvörur og lausafé í eigu Þormóðs ramma hf. vegna Lagmetisiðjunnar Siglósíldar.

b) Sigló hf. tekur að sér að efna skuldbindingar Þormóðs ramma hf. um síldarsöltun o. fl. er hráefnisöflun varðar og gerðar voru í þágu Siglósíldar.

c) Þormóður rammi hf. leigir Sigló hf. nauðsynlegt frystirými vegna geymslu á hráefni og afurðum.

d) Þá skuldbindur Sigló hf. sig til að greiða úr þeim skyldum sem kynnu að falla á ríkissjóð vegna sölunnar.

e) Sigló hf. tekur að sér að efna samninga við fastráðna starfsmenn verksmiðjunnar og skuldbinda sig til að veita lausráðnu starfsfólki sem starfað hefur við lagmetisiðjuna á undanförnum árum forgangsrétt til vinnu hjá fyrirtækinu.

Herra forseti. Hér hefur verið gerð grein fyrir helstu atriðum í kaupsamningi þeim sem lagt er til að Alþingi samþykki með því að veita ríkisstj. heimild til að selja fyrirtækinu Sigló hf. í Siglufirði Lagmetisiðjuna Siglósíld. Að lokinni 1. umr. legg ég svo til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Frv. það sem hér hefur verið mælt fyrir af hæstv. iðnrh. er komið frá Ed. þar sem skiptar skoðanir voru um afgreiðslu þess. Hv. iðnn. Ed. skiptist í þrjá hluta í afstöðu til þessa frv. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í n. mæltu með samþykkt þess en séráliti skilaði Karl Steinar Guðnason og Skúli Alexandersson öðru áliti sem minni hl. og mælti hann gegn samþykkt frv.

Í nál. minni hl. iðnn., 1. minni hl. í Ed., koma fram meginröksemdir gegn því að frv. þetta verði samþykkt. Sem fskj. er birt grg. frá Ragnari Arnalds, hv. 3. þm. Norðurl. v., og Hannesi Baldvinssyni, stjórnarformanni Lagmetisiðjunnar Siglósíld, þar sem þeir færa fram rök gegn þeirri tilhögun sem felst í þessu frv. og hæstv. iðnrh. hefur hér mælt með.

Ég ætla ekki að taka langan tíma til þess að gera athugasemdir við þetta mál, en vil þó nefna nokkur atriði sem athyglisverð eru. Að öðru leyti mun ég um þetta fjalla í þeirri n. sem frv. fær væntanlega til meðferðar, hv. iðnn. þessarar deildar.

Ég vil í fyrsta lagi nefna það, sem er nokkuð sérkennilegt við þá málsmeðferð sem hér er lögð til, að við erum að fjalla um frv. til l. um sölu þessa ríkisfyrirtækis en kaupsamningur um söluna er þegar gerður, raunar 17. desember s. l., og afhendingardagur fyrirtækisins var 1. janúar s. l. Í athugasemdum með frv. er einmitt að þessu vikið og segir þar, með leyfi forseta m. a.:

„Kaupendur lögðu áherslu á að afhending færi fram hinn 1. janúar 1984. Bentu þeir á í því sambandi eftirfarandi:

1. Kaupendur hafa yfir að ráða allmiklu magni af ópillaðri rækju sem þeir geta hafið vinnslu á um leið og breytingum á verksmiðjunni er lokið.

2. Niðurlagning á gaffalbitum ætti að öllu óbreyttu að hefjast 15. janúar. Kaupendur hygðust hins vegar breyta tilhögun við þá framleiðslu í tengslum við aukna rækjuvinnslu í fyrirtækinu. Til þess að þetta mætti takast töldu þeir nauðsynlegt að geta hafið breytingar á verksmiðjunni eigi síðar en 1. janúar. Yrði ekki frá samningum gengið fyrir áramót og vinnsla á gaffalbitum færi í gang á vegum Þormóðs ramma hf. kæmi það í veg fyrir að hægt yrði að gera nauðsynlegar breytingar á verksmiðjunni svo að vinnsla á úthafsrækju gæti hafist í mars n. k.“

Þetta eru tvö af þremur áhersluatriðum sem kaupendur bentu á um nauðsyn þess að afhending færi fram 1. janúar s. l. og rn. féllst á þá kröfu þeirra. Hér stendur Alþingi í rauninni frammi fyrir gerðum hlut þegar verið er að fjalla um þetta frv. Það er nokkuð sérstakt að þannig skuli staðið að málum að í rauninni er tæpast gerlegt fyrir Alþingi að taka afstöðu gegn þessu nema að taka afleiðingum þeirra gerða sem þegar hafa verið ákveðnar og framkvæmda sem þegar eru um garð gengnar að því að mér er tjáð, a. m. k. að

verulegu leyti.

Annað atriði í sambandi við málsmeðferð á undirbúningsstigi er nauðsynlegt að nefna hér. Það er að iðnrn. og hæstv. ráðh. skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að bera mál þetta undir stjórn fyrirtækisins. Ekki var einu sinni haft fyrir því að leita ráða, hvað þá meira, hjá stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíld, eins og fram kemur í grg. frá stjórnarformanni, sem ég nefndi áðan, Hannesi Baldvinssyni. Ekki var heldur leitað til bæjarstjórnar Siglufjarðar um þessa ráðgerðu sölu. Hafði þó bæjarstjórnin átt fulltrúa í stjórn fyrirtækisins s. l. 12 ár og látið sig, ásamt atvinnumálanefnd Siglufjarðar, málefni þess ítrekað skipta.

Ég tel að þarna séu viðhöfð óeðlileg vinnubrögð og þá burt séð frá þeirri till. sem þarna er gerð og þeim samningi sem gerður var um sölu á fyrirtækinu. Ég held að eðlilegra hefði verið að öllu leyti af hálfu rn. að leita til þeirra aðila sem hafði verið trúað fyrir umsjón með rekstri þess á liðnum árum og sem m. a. höfðu átt hlut að þeim leigusamningi sem gerður var á s. l. ári um tímabundna yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri Siglósíldar.

Ég nefni einnig það atriði að þessi till. um breytingu á lögum er gerð á meðan verið er að fá reynslu af þeim rekstri sem um var samið s. l. vor, eða frá 1. júní 1983, um yfirtöku Þormóðs ramma á rekstri fyrirtækisins, rekstri sem fram til þessa, að mér er tjáð, hefur gefið góða raun í kjölfar þeirra breytinga á rekstri og aðstöðu fyrirtækisins, sem iðnrn. hlutaðist til um í samvinnu við fjmrn., þ. e. að auka fjölbreytni í rekstri fyrirtækisins með kaupum á tækjum til rækjuvinnslu sem hófst á s. l. ári.

Ég tel að eðlilegt hefði verið að fá frekari reynslu á þessa tilhögun sem virtist horfa til verulegra bóta í rekstri fyrirtækisins og ganga í það að endurskoða lög um fyrirtækið í framhaldi af því og þá m. a. með hliðsjón af þeim till. sem sú nefnd, sem gerði till. um tímabundna yfirtöku Þormóðs ramma, lagði áherslu á, að heimaaðilar tækju áframhaldandi á rekstri þessa fyrirtækis ásamt ríkinu og Framkvæmdasjóði til þess að renna undir það sem traustustum stoðum. Hér er hins vegar horfið að því ráði að selja þetta fyrirtæki í hendur aðilum sem að helmingi starfa utan Siglufjarðar. Þó að settir séu fyrirvarar í kaupsamningi um rekstur þess á Siglufirði og það bundið því skilyrði, ef ég hef lesið rétt, að skuldabréf þau megi gjaldfella, ef starfsemi lagmetisiðjunnar verði flutt frá Siglufirði, er hér teflt í nokkra óvissu um það atriði. Ég vænti þess þó vissulega að ekki komi til þess að rekstri þess verði hætt þar nyrðra eða hann fluttur til annarra landshluta. Þessu fyrirtæki hefur verið haldið gangandi af eiganda þess á undanförnum árum ekki síst með tilliti til atvinnuástands í þessu byggðarlagi og ég tel að engan veginn hafi ræst úr atvinnuástandi þar með þeim hætti að til greina geti komið að þessi atvinnurekstur yrði lagður niður eða fluttur eitthvað annað.

Ég nefni einnig það sem fram hefur komið um þessi efni varðandi kaupverð fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að líta á þann þátt. Ég vil ekki hafa uppi neinar staðhæfingar um að um undirverð hafi verið að ræða í sambandi við sölu fyrirtækisins, en þó hafa líkur verið að því leiddar að verðið hafi verið í lægsta lagi, svo ekki sé meira sagt fyrir utan mjög góða skilmála sem fyrirtækið er afhent með. Ég áskil mér rétt til þess að fara ofan í þau efni nánar við athugun þessa máls í n.

Þetta eru þeir þættir sem ég tel einkum gagnrýni verða í sambandi við þetta frv. og þá stefnu sem í því felst að afhenda einkaaðilum ríkisfyrirtæki með þeim hætti sem hér er gert þegar búið er að stuðla að aðgerðum af hálfu hins opinbera, eins og gert var á síðasta ári, til að treysta undirstöður þess og vonir stóðu til að fyrirtækið færi að rétta úr kútnum.

Ég vil hins vegar taka það fram, til þess að ekki verði misskilningur og mál mitt rangtúlkað, að ég hef ekki verið þeirrar skoðunar á liðinni tíð, á meðan að ég fór með málefni þessa fyrirtækis t. d., að skilyrðislaust bæri að halda þessum rekstri í höndum ríkisins í því horfi sem gert var. Ég beitti mér þvert á móti fyrir því að kannaðar yrðu leiðir til þess að fá aðra aðila til þess að taka á málefnum þessa fyrirtækis með ríkinu. Þar voru sérstaklega hafðir í huga aðilar á Siglufirði, bæði bæjarsjóður Siglufjarðar og einkaaðilar þar og fyrirtæki sem vildu taka á þessum rekstri með ríkinu, enda væri tryggt að unnt væri að halda starfseminni áfram og bæta stöðu og hag fyrirtækisins. Ég tel að þegar um er að ræða ekki stærra fyrirtæki en þetta sé það á marga lund eðlilegt að heimaaðilar komi til sem ábyrgðaraðilar í rekstri þess, þó svo að ríkið sé þar aðili með. Ég tel að ýmislegt í reynslu af rekstri þessa fyrirtækis renni stoðum undir þá skoðun að skynsamlegt sé að halda þannig á máli að heimaaðilar eigi verulega hlutdeild í slíku fyrirtæki og finni þá jafnframt fyrir ábyrgð á rekstri þess meira en hægt er að gera ráð fyrir, ef um hreina ríkiseign er að ræða.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, undirstrika það að æskilegt er að hægt verði að halda þessum rekstri áfram og treysta hann. Þó að ég gagnrýni efni þessa frv. og sé mótfallinn þeirri heimild, sem gert er ráð fyrir að lögfesta með því vænti ég þess vissulega að þetta fyrirtæki nái að bæta sinn hag og unnt verði að standa að lagmetisiðnaði á Siglufirði með betri og traustari hætti en gert hefur verið til þessa og eins og drög höfðu verið lögð að með samrekstri og yfirtöku Þormóðs ramma á þessu fyrirtæki og samið var um tímabundið á síðasta ári.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Auðvitað eru skiptar skoðanir um gerning eins og sölu á eigum ríkisins til einstaklinga. Þar hefur flokka okkar t. a. m. greint mjög á, Sjálfstfl. og Alþb., þar ríkir grundvallarágreiningur um afstöðu til opinbers rekstrar og einkarekstrar þannig að það er ekkert nýtt. En í hv. Ed. endaði með því að allgóð samstaða náðist í lokaafgreiðslunni um þetta mál þar sem ég hygg að eingöngu hv. Alþb.-menn hafi greitt atkvæði gegn samningnum.

Rétt er að afhending fyrirtækisins hefur farið fram og hv. 5. þm. Austurl. segir að við, hið háa Alþingi, stöndum frammi fyrir gerðum hlut. Auðvitað hefur Alþingi vald til þess að breyta til og fella þennan samning og þá ganga kaupin til baka. En ég bendi á að í hvert eitt skipti sem hið háa Alþingi stendur frammi fyrir brbl. t. a. m. þá stendur það frammi fyrir gerðum hlut. Vegna þess að Alþingi var ekki viðlátið, voru ekki tök á því að bera samninginn undir hið háa Alþingi nema með þessum hætti þannig að ég verð að álíta að þetta sé svipuð aðferð og þegar sett eru brbl. um mál. Það hefði vafalust verið gert ef slíkur gerningur hefði

verið gerður á miðju ári utan þingtíma.

Ég leit svo á að stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíld hf. hefði hætt störfum þegar leigukaupasamningurinn var gerður fyrir frumkvæði fyrrv. iðnrh. og fyrrv. fjmrh. En það má vera að þess hafi ekki verið nægjanlega gætt að hún var þó til að nafninu til og því e. t. v. ástæða til að taka upp viðræður við hana. Bæjarstjórninni var kynnt þetta mál í byrjun janúar og henni sendur samningurinn, en úr þeirri átt hefur engin athugasemd borist. Ég fullyrði af allnáinni þekkingu minni af högum fyrirtækisins Þormóðs ramma að þeim var ekki fært að framkvæma þær endurbætur sem nauðsynlegar voru til þess að Lagmetisiðjan Siglósíld gæti haldið starfsemi sinni áfram. Ég er sannfærður um að ef fyrirtækið hefði verið áfram í umsýslu Þormóðs ramma hefði það lagt upp laupana óðar í bili. Það var ekkert nýtt fyrirbrigði að berjast um af hálfu stjórnvalda á hæl og hnakka að halda uppi atvinnu hjá þessu fyrirtæki og það þekkir hv. fyrirrennari minn af nokkurri raun.

Þess vegna er það að þegar þessir aðilar, allsterkir aðilar, komu til skjalanna, einnig utanbæjarmenn, taldi ég rétt að róa á þessi mið. Það á að vera nægjanlega tryggilega frá því gengið að þetta fyrirtæki verði staðsett í Siglufirði, ég er í engum vafa um það, ég tek þá gerninga gilda sem um það fjalla. Raunin varð sú að miklu meira þurfti til í viðgerðarkostnað og endurbætur en menn gerðu ráð fyrir þegar þessi samningur var gerður.

Um verðið er það að segja að þegar leigukaupasamningur var gerður milli Þormóðs ramma og Lagmetisiðjunnar Siglósíldar má lesa út úr 7. gr. þess gernings nokkurn veginn þetta kaupverð sem samið var um, 18 milljónir kr. Við erum þá einvörðungu að þrætast á um að engin útborgun varð við kaupin. En þá skýringu gef ég að vegna hins erfiða og ömurlega ástands sem fyrirtækið var í þótti nauðsyn til bera að veita þeim þessa ívilnun, að gefa eftir það sem áformað hafði verið um 20% útborgun þegar menn auglýstu vilja sinn í að selja ríkisfyrirtæki og settu þann ramma, sem auðvitað var lauslegur, um þau áform.

Þetta er af þessu að segja. En ég held að það muni sýna sig að þetta hafi verið það ráðið sem best mun gefast til þess að starfræksla verði í fyrirtækinu og verði atvinnulífi í Siglufirði veruleg lyftistöng.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú tekið undir viss atriði í minni gagnrýni í sambandi við undirbúning málsins. Ég vil nefna það af því að hann ræddi um að sett hefðu verið brbl. um þetta mál ef að þessum samningi hefði verið staðið á miðju ári. Það skil ég vel og hefði e. t. v. ekki verið útilokað að nauðsyn hefði borið til þess að standa þannig að máli. En kaupsamningurinn er nú gerður á þeim tíma þegar þing situr, eða 17. desember, og ekki hefði verið óeðlilegt að liður í því máli hefði verið að leggja þetta frv. fyrir þingið í tengslum við þá gjörð þegar þingið sat einnig. Gegnir þar nokkuð öðru en ef mál hefði borið að t. d. skömmu eftir að þingi hefði lokið og brýn nauðsyn hefði verið talin til þess að standa að slíkum gjörningi.

Ég ætlaði hins vegar fyrst og fremst að gera að umtalsefni það sem hæstv. ráðh. talaði um ágreining milli Alþb. og Sjálfstfl. um eignaraðild að fyrirtækjum. Um það mætti margt segja. Sem kunnugt er er það stefna Sjálfstfl. nú, að meiri hluta a. m. k., að bjóða útlendingum til áhætturekstrar hér á landi þegar um stórfyrirtæki er að ræða. Því er Alþb. algerlega andvígt og telur að það hljóti að koma í hlut íslenska ríkisins að vera forgönguaðili og forráðaaðili sem meirihlutaeigandi að slíkum fyrirtækjum.

En varðandi hin minni fyrirtæki er stefna Sjálfstfl. ekki ýkja skýr og ekki ýkja trúverðugt það sem skilja mátti á hæstv. ráðh. Ég veit ekki betur en Sjálfstfl. hafi iðulega beitt sér fyrir því að ríkið hlypi undir bagga með einkarekstri þegar á hefur bjátað í fyrirtækjum eins og dæmi eru um, t. d. Álafoss, Norðurstjarnan í Hafnarfirði og þann lista mætti lengja talsvert. Ég man ekki hvort þessi fyrirtæki eða hlutur Framkvæmdasjóðs í þeim er á söluskrá hæstv. fjmrh. eða hvort iðnrh. hafi eitthvað gefið í skyn þar að lútandi. Ekki kæmi það út af fyrir sig á óvart, einkum ef miðað er við að þessi rekstur gengur nú býsna vel, að ég best veit, m. a. í krafti þeirrar launalækkunar sem ríkisstj. hefur knúið fram.

Það virðist sem sagt vera sjónarmið Sjálfstfl. þegar um er að ræða meðalstór fyrirtæki að ríkið eigi að hlaupa undir bagga ef eitthvað blæs á móti hjá einkafjármagninu, en síðan eigi einkafyrirtækin að fá að fleyta rjómann ef úr rætist. Það er einnig það sem manni sýnist að sé á bak við það frv. sem hér er um að ræða. Í því sambandi bendi ég á að þrír af hluthöfum, sem eiga 40% í þessu fyrirtæki skv. kaupsamningi, eru vel kunnugir rekstri þess, voru starfandi við Lagmetisiðjuna Siglósíld og hjá Þormóði ramma og ættu að geta gert sér grein fyrir því hvaða horfur eru um afkomu þessa fyrirtækis miðað við stöðu þess og yfirtöku skv. þessum kaupsamningi. Þessar athugasemdir vildi ég gera, hæstv. forseti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. 256. mál (þskj. 473). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit tóku gildi 1. ágúst 1982. Kveða þau á um heilbrigðis- og hollustuháttaeftirlit á vegum sveitarfélaganna í landinu. Í þessum nýju lögum eru lagðar miklu ríkari skyldur á sveitarfélögin til að sinna þessu eftirliti en áður hefur verið og eru öll sveitarfélög landsins eftirlitsskyld og undir eftirlit heilbrigðisfulltrúa sett.

Samkv. áður gildandi lögum var einungis skylt að ráða heilbrigðisfulltrúa í fullt starf á stöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri, en í kaupstöðum með færri en 10 þúsund íbúa og í kauptúnshreppum yfir 800 íbúa í hlutastarf. Að öðru leyti fóru heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna með eftirlitið og var því kostnaður vegna þess í lágmarki. Hin breytta skipan hefur í för með sér aukin fjárútlát sveitarfélaganna, sérstaklega þeirra sem ekki bar skylda til að hafa þetta eftirlit áður með höndum. Engar sérstakar tekjur eru þó ætlaðar til að mæta þessum aukna kostnaði og reynslan hefur sýnt að erfiðleikum er bundið að fá sveitarfélögin til að sinna þessari lögboðnu skyldu og er borið við fjárskorti.

Samkvæmt gildandi lögum er landinu skipt í 11 heilbrigðiseftirlitssvæði og tekur eftirlitssvæðaskipan tillit til kjördæmaskipunar að verulegu leyti. Það er gert ráð fyrir að ekki færri en einn heilbrigðisfulltrúi starfi á hverju eftirlitssvæði og ekki komi fleiri en 10 þús. manns að jafnaði á hvern heilbrigðisfulltrúa. Ef litið er til þeirra eftirlitssvæða sem áður eru nefnd kemur í ljós að nú, einu og hálfu ári eftir gildistöku laganna, hefur ekki enn verið gengið frá þessum málum í samræmi við lögin á Vesturlandssvæði, Norðurlandssvæði eystra — þess ber að geta að Eyjafjarðarsvæðið er sér — og á Austurlandssvæði. Á hinum svæðunum átta, þ. e. Reykjavíkursvæði, Vestfjarðasvæði, Norðurlandssvæði vestra, Suðurlandssvæði, Suðurnesjasvæði, Hafnarfjarðarsvæði og Kópavogssvæði, eru mál misjafnlega á vegi stödd, en reynt hefur verið að fylgja lögunum eftir mætti þótt erfiðleikum sé bundið að gera það, sérstaklega þar sem samgöngur eru erfiðar eins og t. d. á Vestfjarðasvæðinu.

Það er samdóma álit allra, sem við þessi mál fást, ekki síst heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna, að það sem einkum standi starfinu fyrir þrifum sé að sveitarfélögin treysti sér ekki til að standa undir eftirlitinu, en það hefur numið um 60—70 kr. á mann á ári, ef tekið er mið af þeim svæðum, þar sem eftirlitið er framkvæmt skv. lögum.

Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við það þegar lagðar eru ákveðnar skyldur í þessu tilviki á sveitarfélögin til þess að hafa með höndum eftirlit með eftirlitsskyldri starfsemi að sú starfsemi standi að verulegum hluta undir eftirlitinu. Sú stefna hefur verið mótuð í nágrannalöndum, nú síðast í Noregi og Svíþjóð, og er þá tekið mið af því að eftirlitsskyld starfsemi beri a. m. k. helming kostnaðar við eftirlitið og eru þá tekin sérstök eftirlitsgjöld af þessari starfsemi. Rétt er að benda á að þær stofnanir ríkisins sem fara með sérhæft eftirlit, eins og Vinnueftirlit ríkisins, sem m. a. annast heilbrigðiseftirlit á vinnustöðum, innheimta eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi. Í sjálfu sér er ekki ástæða til þess að annað gildi þegar í hlut eiga eftirlitsstofnanir sveitarfélaganna og erfitt er að færa rök fyrir því, svo að dæmi sé tekið, að fyrirtæki sem lýtur eftirliti Vinnueftirlits ríkisins og er kannske skoðað einu sinni á ári greiði skoðanagjald, en fyrirtæki, t. d. mtvælaframleiðslufyrirtæki, sem skoðað er þrisvar, fjórum sinnum á ári á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna greiði ekki neitt. Þannig er málum háttað í dag og er ekki óeðlilegt að sveitarfélögin spyrjist fyrir um fjáröflunarleiðir.

Með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af framgangi laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit frá 1. ágúst 1982, svo og þeirri tregðu sem viss sveitarfélög hafa sýnt til að framfylgja lögunum vegna þess að fjármunir eru ekki fyrir hendi, þá telur rn., að höfðu samráði við stjórn Hollustuverndar ríkisins, rétt að reyna að freista þess að fá inn í lögin heimildir fyrir svæðisnefndir Heilbrigðiseftirlitsins til gjaldtöku af eftirlitsskyldri starfsemi sem kveðið er á um í 2. gr. laganna. Hér er sem sagt eingöngu lögð til heimild, þannig að lög standi ekki gegn slíkri innheimtu. Vert er að vekja athygli á því að lagt er til að svæðisnefndum verði fengin þessi heimild en ekki sveitarstjórnum og er það gert til að tryggja að gjald þetta komi eftirlitinu millilíðalaust til góða.

Í þessu frv. er lögð til önnur veigamikil breyting, en hún varðar starfsemi Hollustuverndar ríkisins sem starfar skv. lögum. Stofnuninni er skipt í þrjár deildir, heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu og mengunarvarnir, og hefur hver deild sinn forstöðumann. Mengunarvörnum er m. a. ætlað að sjá um geislavarnaeftirlit í samræmi við lög frá 1962, um ráðstafanir gegn jónandi geislum, þ. e. þá starfsemi sem Geislavarnir ríkisins áður önnuðust. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag hentar ekki. Stjórn Hollustuverndar ríkisins gerði þegar á miðju ári 1982 sérstaka samþykkt um þennan þátt vegna sérstöðu hans með það fyrir augum að hann yrði rekinn sem sjálfstæðastur og var ráðinn sérstakur deildareðlisfræðingur til að annast þessa starfsemi. Auk þessarar sérstöðu má benda á að gert er ráð fyrir samkv. áðurnefndum lögum frá 1962 að innheimt séu eftirlitsgjöld varðandi geislavarnaeftirlitið og þessi gjöld eigi að standa undir eftirlitinu og renna til þess. Veruleg vandkvæði eru á slíku þegar starfsemin er aðeins hluti af starfsemi stærri deildar. Vegna þess hefur komið fram till. frá stjórn Hollustuverndar ríkisins, sem rn. styður, um að gera geislavarnir sem sjálfstæðastar á nýjan leik og er í frv. gert ráð fyrir að geislavarnir starfi sem sérstök deild innan stofnunarinnar, þannig að deildir yrðu fjórar og forstöðumenn þar fjórir. Þessi breytta skipan ætti ekki að hafa í för með sér kostnaðarauka sem neinu nemur þar sem staða deildareðlisfræðings er þegar fyrir hendi.

Það sjónarmið hefur einnig komið fram að taka Geislavarnir ríkisins algjörlega út úr hollustuverndinni og gera þær að sjálfstæðri stofnun. Ég hygg að eins og ástatt er eigi að reyna þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir, að gera þessa deild fullkomlega sjálfstæða innan Hollustuverndarinnar.

Í þessu frv. er enn fremur lögð til önnur breyting, en það er að heimila stofnuninni að taka gjöld vegna veittrar þjónustu eða vegna sérhæfðra eftirlitsstarfa. Sú þjónusta, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst rannsóknir á matvælum, þar með talið neysluvatni fyrir heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna. Sem dæmi um sérhæft eftirlit má nefna eftirlit með mengunarvarnabúnaði við verksmiðjur landsins og væntanlegt innflutningseftirlit með matvælum og öðrum nauðsynjavörum. Um réttmæti þess að taka gjald fyrir þetta má vísa til þess sem áður segir um gjaldheimtu á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna, auk þess sem má bæta því við að mjög erfiðlega hefur gengið að fá fé á fjárlögum til að standa undir rannsóknum, t. d. matvælarannsóknum. Þannig er gert ráð fyrir að miðað við fjárframlög á yfirstandandi ári verði að fækka sýnum á rannsóknastofu, þ. e. matvælasýnum, um allt að 30% komi ekki til aukið fé. Það má í sjálfu sér segja það sama um þetta og áður hefur komið fram varðandi gjaldheimtu. Það er engin ástæða til að lög standi beinlínis gegn því að hægt sé að taka gjöld fyrir slíka þjónustu þó fastlega verði að vona að til þess komi ekki nema þá í litlum mæli.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til á lögunum snerta örfá atriði sem rn. telur að betur mættu fara í lögunum að fenginni reynslu. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um þær, en vísa til frv. sjálfs og aths. við það.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Svavar Gestsson: Um þær breytingar sem hér eru lagðar til á lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit mætti ýmislegt segja, en ég ætla ekki að fara um þær mörgum orðum.

Eins og fram kemur í grg. frv. var með lögunum nr. 50/1981 með vissum hætti brotið í blað sögu heilbrigðiseftirlits hér á landi. Lögin leggja miklu ríkari skyldur á sveitarfélögin til að sinna þessu eftirliti en áður og öll sveitarfélög landsins eru nú eftirlitsskyld og sett undir eftirlit heilbrigðisfulltrúa.

Enn fremur gerðu lögin ráð fyrir því, eins og kunnugt er, að þar rynnu saman í eina stofnun þrjár stofnanir, þ. e. Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins og Geislavarnir ríkisins. Með þessu móti var ætlunin að stuðla að betri samræmingu þessara eftirlitsstofnana en verið hafði. Í umr. um málið hér á hv. Alþingi kom einnig fram að til þess var ætlast að í framhaldi af þeirri reynslu, sem fengist af starfsemi þessarar stofnunar, yrði könnuð samræming á starfsemi hennar við aðrar stofnanir í þjóðfélaginu, eins og t. d. Vinnueftirlit ríkisins og fleiri slíka aðila. Ég tel að þarna hafi verið mörkuð mjög skynsamleg stefna í þá átt að samræma eftirlit á þessum sviðum því að það er dýrt fyrir þjóðfélagið að vera með margverknað og tvíverknað í þessum efnum. Það safnast þegar saman kemur þó að upphæðirnar séu kannske litlar í hverju einstöku tilviki.

Varðandi efnisatriði þessa frv. verð ég að segja það sem mína skoðun að mér finnst það orka mjög tvímælis að taka Geislavarnir ríkisins út úr í stofnuninni, eins og hér er gert ráð fyrir, og að geislavarnirnar verði sjálfstæð deild í stað þess að heyra áfram undir mengunarvarnadeildina eins og verið hefur. Ég held að með þessu móti sé verið að stíga skref í þá átt að sundra þessari stofnun og e. t. v. að gera hana aftur dýrari en þurft hefði að vera.

Ég tel í sambandi við annað meginefnisatriði þessa frv. ekki óeðlilegt að það sé gripið til aðgerða til að tryggja fjárhag Matvælarannsóknanna og það sé um að ræða einhverja gjaldtöku í því skyni, enda eru þeir aðilar sem eiga að greiða þetta gjald þannig staddir að eðlilegt er að þeir séu látnir standa undir þeim kostnaði sem fellur til. En í þessu sambandi minni ég á að auðvitað er verið að afla ríkissjóði aukatekna og reyna að hala upp í þann vanda sem þar er um að ræða. Hér er því um að ræða nýja gjaldtöku fyrir ríkissjóð skv. því frv. sem hér liggur fyrir, þ. e. í stað þess að þetta sé kostað með beinum framlögum úr ríkissjóði verði kostnaðurinn af starfsemi Matvælaeftirlitsins greiddur við sýnatöku hverju sinni.

Ég verð hins vegar að segja varðandi 7. gr. frv. að mér finnst hún orka mjög tvímælis. Í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er gert ráð fyrir að Áfengisvarnaráði verði sköpuð aðstaða innan Hollustuverndar ríkisins og þessar stofnanir vinni í nánu samstarfi. Í upphaflegu stjfrv. um þetta mál var gert ráð fyrir því í ákvæðum til bráðabirgða að stefnt skyldi að því á næstu árum að fella starfsemi ráðsins undir Hollustuvernd ríkisins með breytingum á þeim lögum sem um áfengisvarnir fjalla. Þetta var fellt út að beiðni Áfengisvarnaráðs og það er álíktun rn. og hæstv. heilbr.- og trmrh. að þetta ákvæði þjóni engum tilgangi og því sé í rauninni ástæðulaust að halda því inni í lögunum. Ég held að það hefði verið miklu eðlilegra að stíga skref þarna fram á við í þá átt að Áfengisvarnaráð hefði tengst þessari stofnun jafnvel enn frekar en gert er ráð fyrir í gildandi lögum og ég tel að hið sama ætti í rauninni að gilda um tóbaksvarnir sem er verið að fjalla um hér í einni nefnd þingsins eftir að stjfrv. er komið fram um það efni. — Og ég vil nota tækifærið að gefnu tilefni til að láta í ljós eindreginn stuðning við það frv. sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram í sambandi við tóbaksvarnir.

Herra forseti. Ég vildi koma þessum aths. mínum á framfæri, sem eru sumpart tæknilegs eðlis, en ég tel að eigi erindi þegar við þessa umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af aths. hv. síðasta ræðumanns.

Hér er fyrst og fremst um það að ræða að gera svæðisnefndum fært að ráða heilbrigðisfulltrúa skv. lögum þannig að þær geti lagt á eftirlitsgjöld til að halda uppi þeirri starfsemi sem lögin gera ráð fyrir. Í öðru lagi er um að ræða, og þá sérstaklega og einkum hvað snertir matvælarannsóknir, að það er meinað skv. lögunum frá 1936 að taka gjald fyrir matvælarannsóknir, en þannig er að Matvælarannsóknum búið og hefur verið búið frá fyrstu tíð að þær anna ekki með þeim mannafla sem er nema takmarkað nauðsynlegum matvælarannsóknum. Því er eðlilegt að hafður sé einhver hemill á. Þegar sami aðili sendir mjög mörg sýni svo jafnvel Matvælarannsóknum þykir nóg um, þá verður að segja: Við skulum afgreiða og rannsaka þessi sýni, en þegar komið er yfir ákveðið hámark verður að greiða fyrir það.

Þetta er nákvæmlega sama stefna og hefur verið tekin upp í nágrannalöndunum og nú nýlega í Noregi, svo að ég fellst alveg á þetta sjónarmið.

Varðandi geislavarnirnar vill svo til að ég átti sæti í stjórn þeirrar stofnunar eftir að lögin tóku gildi og var því þátttakandi í mótun á störfum stofnunarinnar. Ég verð að segja það, og ég hygg að ég megi segja það fyrir hönd allra þeirra sem voru í stjórn, að það kom strax í ljós að geislavarnirnar áttu ekki nema mjög takmarkaða samleið með mengunardeildinni. Þær hafa í raun og veru verið utan við hana þó að innan sömu deildar séu. Það hefur komið mjög ákveðið fram beiðni um að geislavarnirnar væru gerðar að algjörlega sjálfstæðri stofnun og slitnar úr tengslum við Hollustuvernd ríkisins. Ég vil fyrir mitt leyti ekki ganga lengra en þetta frv. gerir ráð fyrir að láta reyna á hvort þær geti ekki verið undir sömu yfirstjórn og aðrar deildir, en ég tel tvímælalaust vera rétt að gera þessa deild sjálfstæða.

Síðustu aths. hv. þm. voru um Áfengisvarnaráð og jafnvel tóbaksvarnir. Erfitt virðist vera að koma Áfengisvarnaráði og starfsemi þess þarna inn. Hefur komið í ljós áhugaleysi á báða bóga, og hefur þar ekki hallast á, um að taka áfengisvarnirnar inn í þessa stofnun. Tóbaksvarnir hafa ekki verið þar. En í sambandi við tóbaksvarnir og það sem hefur verið gert í þeim málum að undanförnu hef ég þetta að segja: Fyrst höfðu tóbaksvarnir ákveðinn tekjupóst af seldum sígarettum. Þessi markaði tekjupóstur var af lagður með flutningi fyrsta frv. um tóbaksvarnir, sem mig minnir að sé frá 1977, en þá gegndi ég sama ráðherraembætti og ég gegni nú og féllst þá á við þáv. fjmrh., sem var mjög andvígur mörkuðum tekjustofnum eins og margir þm. eru, en það hefur aldrei verið mér heilagt mál, að falla frá því

gegn því að ákveðin lágmarksgreiðsla yrði tekin inn af fjárlögum. Þetta var gert fyrsta árið og sennilega annnað, en eftir það fór sú greiðsla að lækka þannig að þeir sem við tóbaksvarnir fengust hafa búið í algjöru svelti. Við afgreiðslu fjvn. á fjárlagafrv. voru einnig lækkaðar tekjur Hollustuverndarinnar til áfengisvarnamála eða nánar tiltekið færðar til annarrar starfsemi. En það sem verra var: þessar fjárveitingar fóru aldrei til hollustuverndar, heldur var starfsemi þeirrar stofnunar skert sem þessari upphæð nemur.

Margt bendir til þess að þessar tvær greinar, Áfengisvarnaráðið og tóbaksvarnirnar, ættu að vera með líkum hætti og verið hefur. Hins vegar tek ég undir orð hv. þm. í þeim efnum að gert er ráð fyrir að samræma skyldar stofnanir og starfsemi þeirra og ákvæði eru í lögum um það. Það er að mínum dómi brýn þörf á að fara að hefja undirbúninginn að þeirri samræmingu og láta ekki tvíverknað tíðkast víða. Lögin um Hollustuvernd og Vinnueftirlit eru merkar lagasetningar, en engin lagasetning er það fullkomin að hana þurfi ekki að endurskoða. Ég tel að þar megi margt betur fara sem yrði ódýrara. En fyrst og fremst þurfa þeir sem að þessum málum starfa á báða bóga að vera opnir fyrir breytingum sem auka á hagræði og spara fjármagn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 188. mál (þskj. 490). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 141. mál (þskj. 182). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 182 flyt ég ásamt hv. þm. Páli Pétursyni frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Það er æðilangt um liðið síðan þetta frv. var fram lagt og ég var satt að segja orðinn úrkula vonar um að nokkurn tíma kæmi að því, þó að hér sé búið að afgreiða allmörg mál sem fram hafa verið lögð miklu, miklu síðar en þetta. En nú er stundin komin og væntanlega fá menn nægan tíma til að ræða málið þegar það kemst á dagskrá. (**ÓÞÞ:** Sjö mínútur.) Hv. skrifari ræður ekki mestu um það, sem betur fer, það eru aðrir sem þar stjórna.

Þetta frv. er eins og áður sagði um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt og er aðeins í þremur greinum. 1. gr. gerir ráð fyrir þeirri breytingu að í 7. tölul. 28. gr. núgildandi laga verði bætt við þá afsláttarliði sem þar eru að orkustyrkur sé frádráttarbær frá skatti. Hér er um að ræða nauðsynlega aðgerð að okkar viti, flm., til að koma til móts við það fólk sem ber hvað mestar byrðar og þyngstar og borgar þúsundir króna mánaðarlega til upphitunar eigin íbúða.

Í 2. gr. segir, að á eftir 68. gr. laganna komi ný grein er verði 68. gr. a og orðist svo:

Orkustyrkur.

Ríkissjóður skal greiða orkustyrk til manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr.

Skal orkustyrkur nema 35% af sannanlegum beinum kostnaði manns á tekjuárinu við orkukaup til heimilisþarfa, svo sem kaup á orku til upphitunar íbúðarhúsnæðis til eigin þarfa og kaup á orku til ljósa og eldunar á heimili. Skal styrkurinn ákveðinn af skattstjóra á grundvelli framlagðra orkureikninga. Kaupi maður jafnframt orku til annarra þarfa en heimilisþarfa, t. d. vegna atvinnurekstrar, getur skattstjóri áætlað heimilisnot með hliðsjón af stærð húsnæðis og tegund orkugjafa. Ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut skal orkustyrkur greiddur því hjóna sem hærri tekjur hefur skv. 1. tölul. 63. gr.

Orkustyrkur greiðist út til skattaðila að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda hans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt vegna tekjuársins.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldins útsvars og aðstöðugjalds frá fyrri árum.
7. Annarra gjalda eða skatta en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjmrh.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjmrh. heimilt að kveða svo á í reglugerð að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni. Þá getur ráðh. með reglugerð kveðið á um að útborgunarlegur orkustyrkur skiptist til greiðslu á fleiri en einum útborgunardegi.

3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Þetta frv. er flutt efnislega svo til óbreytt frá því frv. sem hér var flutt á síðasta Alþingi og náðist þá nokkuð ríkt samstaða um. Æðimargir flm. stóðu að því þá, en hafa nú helst úr lestinni því miður. Hverra orsaka vegna veit ég ekki.

Hér er um það að ræða, og þarf ekki að greina frá því hér, svo miklar umræður hafa átt sér stað, að jafna og minnka þann gífurlega kostnað af orku og sérstaklega upphitun íbúðarhúsnæðis á hinum köldu svæðum svokölluðu. Raunar þolir það mál enga bið. Menn hefur greint á um leiðir að þessu marki og við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Hér er lögð til sú leið að þetta verði gert eins og margt annað í gegnum tekjuskattsþáttinn, þannig að þeir aðilar sem borga mest vegna þessa kostnaðarþáttar fái mestan frádrátt. Hér er ekki verið að hygla einum eða neinum umfram annan, hér fengju allir greitt í samræmi við það sem þeir þyrftu til að kosta vegna þessa þáttar heimilishaldsins.

Ég held að það sé tími til kominn fyrir menn að gefa því frekari gaum hversu gífurlega mikilvægt og stórt mál er hér á ferðinni. Það linnir ekki ályktunum og sam-

þykktum félagasamtaka, undirskriftalistum ýmissa hópa víðs vegar að af landinu á þeim svæðum sem eru nú að kikna undan þessari byrði. Ég hef hér í höndum samþykktir frá bæjarstjórnum, sveitarstjórnum, undirskriftaskjöl frá íbúum á Vestfjörðum sem hundruðum skipta, sem skora á Alþingi að standa við marggefin fyrirheit, marggefnar yfirlýsingar í þá átt að minnka þennan gífurlega kostnaðarþátt launafólks í heimilishaldinu. Lítið hefur áorkast í þeim efnum þrátt fyrir margítrekuð og gefin loforð.

Það skal þó tekið fram, eins og væntanlega öllum er kunnugt hér, að þeir hæstv. ráðh. sem sitja hér samhliða á vinstri hönd gáfu út yfirlýsingu og tilkynningu fyrir nokkrum dögum þar sem gefið var í skyn að að hluta til a. m. k. yrði hreyft við þessu máli. Það skal ekki vanþakkað, síður en svo, en eigi að síður er það svo lítið skref og kemur það seint til svo fárra að ekki verður undan því vikist að taka miklu stærra skref en hér um ræðir og það strax. Ég hef áður og margir aðrir vikið að því ítrekað í umræðum á Alþingi að með því ástandi sem átt hefur sér stað, hefur verið að þróast og er að þróast, þá sé verið að leggja upp í meiri tilfærslu og flutning á fólki úr strjálbýli til þéttbýlis en nokkurn tíma hefur gerst áður. Það er alvarlegt mál, ekki síst þegar um það er að ræða að gífurleg kjaraskerðing hefur átt sér stað á undangengnum mánuðum, — kjaraskerðing sem verður þess valdandi að þeir launþegar sem við þetta búa eru enn verr í stakk búnir til að standa undir þeim gífurlegu byrðum sem þarna er um að ræða.

Ég minntist áðan á ýmsar yfirlýsingar, bæði hæstv. núv. ráðh. og ekkert síður hæstv. fyrrv. ráðh., sem lítið kom út úr. Ég minni á að rétt fyrir fjárlagaafgreiðslu í desembermánuði kvaddi ég mér hljóðs utan dagskrár á Alþingi til að spyrja hæstv. iðnrh. um hvað hann hygðist gera í þessu mikla máli við afgreiðslu fjárlaga. Hæstv. iðnrh. lýsti þá yfir að ríkisstj. hefði ákveðið að lagt yrði fram frv. á fyrstu dögum þings. Ég hélt að hæstv. iðnrh. yrði skjótari til að ná vopnum sínum í þessu máli en mér sýnist raun bera vitni því að enn veit ég ekki til að komið sé frv. að því er þetta varðar. (**Iðnrh.:** Kemur á morgun.) Kemur á morgun, segir hæstv. iðnrh. En nú er komið á þriðja mánuð síðan þing kom saman aftur og loforðið var: á fyrstu dögum þingsins.

Ég hef sagt það áður og segi það enn að ég vonaði lengi vel og er ekki enn úrkula vonar um að hæstv. iðnrh. hristi upp í þessu máli og léti hendur standa fram úr ermum og næði vopnum sínum fyrr en seinna til að koma á meira réttlæti en við nú búum við og hefur ríkt undangengin ár. Því hefur margoft verið lofað og ætti ekki að þurfa að ítreka það. Því hefur margoft verið lofað að skila andvirði þess tekjustofns sem orkujöfnunargjaldið var á sínum tíma og er og var ætlað með samþykki allra alþm. á þeim tíma til að jafna þessar byrðar — skila andvirði þessa gjalds til réttra aðila. Í ár mun gert ráð fyrir að það fé nemi 470 millj. kr. sem ætti að geta farið til að létta þessar byrðar. Þó vildi ég a. m. k., og ég þykist vita að svo sé um fleiri hér inni sem betur fer, að lengra væri gengið í þeim efnum því að byrðarnar eru svo þungar hjá þeim sem verst eru settir að þeir rísa ekki undir þeim þó að þessu gjaldi yrði skilað til þeirra sem réttra aðila.

Ég hygg að það sé svo um fleiri þm. en mig að nú nánast rignir yfir þá samþykktum og ályktunum þar sem þess er krafist af íbúum þessara svæða að ... (**Forseti:** Forseti vill fara fram á það við hv. þm. að hann fresti ræðu sinni þar til síðar. Fundartíminn er nú nánast liðinn og það eru nokkrar atkvgr. eftir sem forseti hafði hugsað sér að færu fram áður en þessum fundi lyki.) Veit hæstv. forseti nokkuð hvað „síðar“ þýðir? (**Forseti:** Forseti veit það ekki á þessari stundu, en hann vonar að það verði ekki mjög langur tími sem líður. Vildi hv. þm. verða forseta til liðsinnis í þessu efni?) Ég verð að sjálfsögðu forseta til liðsinnis í þessu sem og öðru. Við stjórnarandstæðingar höfum tekið þátt í miklum hildarleik hér til að koma ýmsum málum á framfæri og í gegn fyrir hæstv. ríkisstj. Ég vænti þess að það verði þá goldið líkt með líku, þannig að stjórnarliðar verði samvinnufúsir að koma þessu máli vel til skila. (**Forseti:** Ég þakka hv. flm. fyrir liðveisluna.)

Umr. frestað.

Sameinað þing, 74. fundur.

Þriðjudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lánasjóður ísl. námsmanna, fsp. 239. mál (þskj. 419). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Við 2. umr. um fjárlög fyrir þetta ár bárum við fulltrúar Kvennalistans fram brtt. um 100 millj. kr. aukið framlag ríkisins til Lánasjóðs ísl. námsmanna, eða nákvæmlega þá upphæð sem nú er opinberlega viðurkennt að muni vanta í sjóðinn. Rök okkar fyrir þeirri brtt. voru þau að kæmi ekki til aukið framlag ríkisins til sjóðsins hlyti grundvöllur hans að raskast alvarlega. Með tilliti til laga og reglugerðar sjóðsins hefði framlag ríkisins raunar þurft að vera meira, eins og ég gerði ítarlega grein fyrir þegar ég mælti fyrir brtt. okkar. Vegna takmarkaðs ræðutíma endurtek ég ekki þá röksemdafærslu nú en vísa til ræðu minnar sem skráð er í 10. hefti Alþingistíðinda 1983. Þm. stjórnarflokkanna felldu till. okkar við afgreiðslu fjárlaga í des. en nú, þremur mánuðum síðar, hefur fjmrh. viðurkennt að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hafi verið vanáætlað um einmitt 100 millj. kr.

Skv. lögum um námslán og námsstyrki, nr. 72/1982, hækkaði hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna úr 95% í 100% 1. jan. s. l. Nú hafa stjórnvöld ákveðið að fresta gildistöku þessa ákvæðis laganna, sbr. 27. gr. lánsfjárlaga. Ekki bætir það stöðu námsmanna en minnkar að sjálfsögðu fjárþörf sjóðsins. Samt vantar enn margnefndar 100 millj. skv. þrengstu útreikningum og spurningin er hvort sú lagabreyting sem felst í 27. gr. lánsfjárlaga verður látin nægja eða hvort áformað er að breyta úthlutunarreglum Lánasjóðsins til að minnka fjárþörf hans.

Óneitanlega setti kvíða að mörgum námsmönnum og aðstandendum þeirra þegar fréttir bárust nýlega af tillögum um breyttar úthlutunarreglur námslána og endurskipulagningu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Samdægurs og fyrstu fréttir af þessum tillögum birtust í dagblaðinu Tímanum lagði ég fram fsp. til menntmrh.

ásamt Steingrími J. Sigfússyni alþm. Fsp. er á þskj. 419. Hún er í fjórum liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvernig hyggst ríkisstj. mæta þeim halla sem fyrirsjáanlegur er á Lánasjóði ísl. námsmanna á þessu ári?

2. Hefur menntmrh. í hyggju breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna?

3. Hafa verið mótaðar einhverjar tillögur til breytinga á úthlutunarreglum Lánasjóðsins?

4. Ef svo er, hverjar eru þær og hverjir unnu þær tillögur?"

Síðan þessi fsp. var lögð fram hefur það svo gerst að við höfum fengið svör við a. m. k. sumum liðum hennar. Skýrslu Könnunarstofunnar hf. hefur verið dreift til allra þm. og helstu niðurstöður hennar hafa verið kynntar í fjölmiðlum og orðið um þær töluverðar umr., þó svo til eingöngu frá annarri hliðinni. Er ljóst af viðbrögðum ýmissa sem um tillögurnar hafa fjallað að verulega yrði þrengt að rétti námsmanna ef eftir þeim yrði farið. Vafalaust eru hugsanlegar einhverjar breytingar til bóta á starfsemi og úthlutunarreglum Lánasjóðs ísl. námsmanna, en þær breytingar mega þó fyrir hvern mun ekki ganga í berhögg við megintilgang sjóðsins, sem er að tryggja námsmönnum jafnrétti til framhaldsmenntunar óháð efnahag. Nú á tímum versnandi lífskjara er þetta brýnna en nokkru sinni. Ég vænti þess að í svörum menntmrh. komi fram afdráttarlaus afstaða hennar til þessarar skýrslu og þeirra tillagna sem hún greinir frá.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Áður en ég svara fsp. langar mig til að taka undir þau orð hv. fyrirspyrjanda er hún tók það fram að megintilgangur laganna væri sá að veita námsmönnum jafnrétti til náms óháð efnahag. Um þetta er ekki deilt. Vandinn felst í hinu að finna leiðir til þess að láta nýtast sem best það fé sem til ráðstöfunar er fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna.

Fyrsta fsp. var þessi: „Hvernig hyggst ríkisstj. mæta þeim halla sem fyrirsjáanlegur er á Lánasjóði ísl. námsmanna á þessu ári?"

Þá er þess fyrst að geta að ekki er fyllilega ljóst hver fjárþörfin verður. Það eru margir þættir í áætlaðri fjárþörf sem jafnan eru byggðir á líkum, á áætlun sem ekki byggir á algerlega föstum staðreyndum, og það kemur fyrst í ljós þegar nokkuð líður á árið hver hin raunverulega fjárþörf verður. Ætlunin er að reyna, svo sem verða má, að láta með úthlutunarreglum sjóðsins það fé duga sem á fjárlögum er í þessu skyni. Það var í því skyni sem lögunum var breytt um leið og lánsfjárlagafrv. sem nú nýlega hefur verið samþykkt hér og var það í samræmi við það sem lýst hafði verið yfir á Alþingi og utan þess fyrr í vetur, að ætlunin væri að halda sama lánsfjárhlutfalli á þessu ári og var á s. l. ári í stað þess að hækka það upp í 100%.

Önnur spurningin var: „Hefur menntmrh. í hyggju að breyta lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna?" Það getur ekki orðið á þessu þingi að öðru leyti en því sem þegar er orðið með ákvörðuninni og samþykkt Alþingis um að láta 95% lánsfjárhlutfallið halda sér.

Í þriðja lagi: „Hafa verið mótaðar einhverjar tillögur til breytinga á úthlutunarreglum Lánasjóðsins?" Já, það hefur verið gert. Skv. lögum á stjórn Lánasjóðsins að semja úthlutunarreglur sem ráðh. síðan staðfestir. Nú er það svo að þegar núgildandi lög voru sett um námslán og námsstyrki, nr. 72/1982, var gert ráð fyrir úthlutunarreglum skv. þeim, en nýjar úthlutunarreglur skv. hinum nýju lögum voru aldrei samþykktar fyrir árið 1982—83. Þær voru lagðar fyrir rn. frá stjórn Lánasjóðsins í ágúst í haust, en þá lá það fyrir að nokkrum atriðum þurfti augljóslega að breyta ef ætlunin væri að láta það fé, sem til ráðstöfunar var, endast.

Það segir sig sjálft að ástæðan til þess að úthlutunarreglur eru samþykktar frá ári til árs er ekki síst sú að lögin veita visst svigrúm. Mörg heimildarákvæði eru í lögum sem eðlilegt er að beita þegar rúmt er um fé, en aftur á móti að draga úr beitingu þeirra þegar þrengra er um fjárhaginn.

Þess vegna var það að í sept. í haust var stjórn Lánasjóðsins skrifað og þess óskað að athugaðar yrðu að nýju úthlutunarreglur sem sérstaklega ættu við um veitingu haustlána 1983 og eftirtalin atriði yrðu einkum athuguð í því sambandi. Var það í fyrsta lagi hin reiknaða fjárhæð framfærslueyris eða hlutfallstala lána.

Í öðru lagi hækkun á marki þeirra tekna er lántaki getur aflað án þess að lánsréttur skerðist, en það atriði hafði ég lagt mikla áherslu á við stjórn Lánasjóðsins nú í sumar til þess að Lánasjóðsreglurnar verkuðu ekki letjandi þess að afla sér tekna með einhverri vinnu ásamt náminu ef hún byðist.

Í þriðja lagi var stjórn Lánasjóðsins beðin að miða hinar nýju úthlutunarreglur við það að ferðastyrkir yrðu ekki greiddir nema gegn framvísun farseðla. Þetta á sér þá skýringu að núna er heimilt og svo hefur það verið framkvæmt að ferðastyrkir eru greiddir hvort sem ferðir eru farnar fyrir þessa styrki eða ekki. Hygg ég að þetta sé eina stofnunin í þjóðfélaginu sem svo hagar til um.

Loks í fjórða lagi var þess óskað að endurskoðaðar yrðu úthlutunarreglurnar um veitingu bráðabirgðavíxillána skv. heimild í síðustu mgr. 7. gr. laga um námslán og námsstyrki, en hún hafði einnig verið framkvæmd eins og þar væri um skyldu að ræða, en berum orðum segir í lögunum að það sé heimild. Um það atriði vil ég þess vegna segja að þegar þröngur er fjárhagur sjóðsins, eins og var á síðasta ári vegna algerlega óraunhæfra fjárlaga fyrir árið 1983, var ljóst að mjög mikið munaði um þá fjárhæð sem notuð var til bráðabirgðavíxillána sem ekki var skylt að veita skv. lögunum. Þess vegna var miklu eðlilegra og heppilegra fyrir sjóðinn og mikill sparnaður í því fólginn fyrir hann á þessum mánuðum að reynt væri að ná samkomulagi við viðskiptabankana um að þeir tækju að sér þessi víxillán og það tókst. Þess vegna kom aldrei til þess að það reyndi á þá fjárvöntun sem búið var að segja að yrði vandamálið nú seinast á haustmisseri. Í fjölmiðlum og víðar komu yfirlýsingar um að 40 millj. kr. mundi skorta, a. m. k. til þess að hægt væri að úthluta lánum í desembermánuði. Til þess að þessi vandi yrði ekki afleiðing af þeirri fjárvöntun, sem sagt var að væri fyrir hendi, var, eins og ég sagði, samið við viðskiptabankana um að þeir tækju að sér víxillánin. En svo, þegar til átti að taka, þurfti ekki einu sinni á því fé að halda. Þetta sýnir að stjórn Lánasjóðsins tókst, með vissu aðhaldi í starfsemi sinni og í beitingu úthlutunarreglnanna innan ramma laganna, að hagræða þarna og spara svo milljónatugum kr. skipti á þessum tíma. Þetta er mjög mikilsverð niðurstaða. Þetta sýnir líka óvissuna í áætlununum.

Nú lá það fyrir að fjárlög voru ekki afgreidd fremur en endranær fyrr en í des. á Alþingi. Þess vegna var ekki endanlega ljóst fyrr en eftir afgreiðslu þeirra hve fjárveitingavaldið mundi láta mikið fé í þessu skyni. Meðan það var ekki alveg ljóst taldi ég rétt að staðfesta ekki úthlutunarreglurnar heldur hafa opna þá leið að beita aðhaldi innan þeirra þegar séð væri hvaða fjárhæð fengist.

Nú hefur stjórn Lánasjóðsins verið sent bréf með ábendingum um nokkrar breytingar sem gera þyrfti á úthlutunarreglnauppkastinu til þess að það geti hlotið staðfestingu. Það eru allt breytingar sem horfa til þess að hafa betra samræmi á milli laganna og reglnanna um framkvæmdina, auk þess sem þar er um að ræða tvær reglur sem ég tel að hafi mjög mikið hagræði í för með sér fyrir námsmenn, önnur þeirra þó einkanlega fyrir þá sem stunda nám erlendis og þeirra umboðsmenn og aðstandendur.

Þessar reglur eru annars vegar um rýmri rétt til að hafa einhverjar tekjur ásamt námi sínu án þess að það skerði lánið. Menn vita að það stendur svo á í mörgu námi að því fylgir viss vinnuskylda. Fyrir það eru oft greidd lítils háttar laun en það er ósanngjarnt að þau skerði lánsréttinn.

Í öðru lagi var um að ræða reglu um það að lán til námsmanna erlendis yrðu greidd mánaðarlega og í gjaldeyri þess lands, sem námið er stundað í, inn á reikning viðkomandi námsmanns erlendis. Hingað til hefur þessu fylgt geysimikil skriffinnska. Lánin hafa verið greidd í einu lagi þrem mánuðum eftir á og þá hefur tapast fé oft og tíðum, bæði vegna þeirrar öru verðbólgu sem varð hér á umliðnum síðustu árum og svo hins vegar að ef gengisbreyting varð í dvalarlandinu varð hún líka oft til þess að námsmaðurinn tapaði þarna fé án þess að nokkur heimild væri fyrir hendi til að skerða þennan rétt hans. Þessu var ætlunin að breyta.

Ég vissi sannast sagna ekki annað en að þetta atriði væri þegar komið til framkvæmda. Það átti að vera það, en mér tjáði forsvarsmaður Lánasjóðsins nú alveg nýlega að þetta hefði ekki enn þá komið til framkvæmda alls staðar. Ég vonast til að þessu verði framfylgt hið fyrsta svo að linni kvörtunum námsmanna erlendis um þjónustu Lánasjóðsins. Einkum er yfir því kvartað að hún sé ekki nægilega góð að því er fyrirgreiðslu og upplýsingar varðar fyrir þá námsmenn sem stunda nám erlendis. Þess vegna er það að menn hafa stundum spurt: Væri ekki eðlilegt að þessi lánaflokkur, eins og svo margir aðrir, væri í einu horninu á einhverju af því glæsilega bankahúsnæði sem til er í landinu? Sannleikurinn er sá, að eins og lögin eru er hér um svo flókið kerfi að ræða að að óbreyttum lögum tel ég að slík breyting komi tæpast til greina. Til þess þyrfti mikla einföldun á lögunum. En ég hygg að mjög margir í námsmannahópi væru þess fýsandi að að því yrði horfið.

Herra forseti. Ég gleymdi að svara öðru atriðinu í 4. lið fsp. Spurt var hverjar úthlutunarreglurnar væru — ég hef lauslega gert grein fyrir því — og hverjir unnu þær till. Þessar breytingar hafa verið unnar af lögfræðingum sem starfað hafa innan rn. nú í vetur.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka menntmrh. fyrir svör hennar sem að vísu, því miður, eru ekki líkleg til að draga úr kvíða námsmanna og aðstandenda þeirra vegna frétta um breytta tilhögun á námslánakerfinu. Það sem hún nefndi um rýmri rétt til tekna og um lán til námsmanna erlendis, sem yrðu greidd mánaðarlega, þetta eru hvort tveggja ágæt atriði, sem ég er samþykk, en ég sé ekki hvernig það getur þýtt sparnað fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna. Hins vegar sagði menntmrh. að ætlunin væri að láta það fé duga sem ætlað er á fjárlögum. Og spurningin er einmitt hvernig það má verða. Það er opinberlega viðurkennt að 100 millj. kr. vanti í sjóðinn og ég reyndi að skýra það rækilega í framsögu fyrir brtt. okkar Kvennalistakvenna við umr. um fjárlögin með tölum sem ég hafði unnið upp hvers vegna við töldum að þetta vantaði. Og það var miðað við allra þrengstu útreikninga, 95%. Ég saknaði þess að menntmrh. minntist ekki á till. sem ég hef heyrt talað um og eru í skýrslunni. Það hefur t. d. verið talað um að herða kröfur um námsafköst. Að margra dómi er það ákaflega óraunhæft og nánast óframkvæmanlegt. Nefna má sem dæmi að það mun vera lánað til fjögurra ára vegna B.A.-náms og sjaldgæft að því námi sé lokið á skemmri tíma. Það eru ákaflega strangar reglur hjá Lánasjóðnum. Umsækjendur þurfa að sanna rétt sinn til lána með alls konar plöggum, innritunarvottorðum fyrir hvert misseri, ástundunarvottorði eftir á, skýrslu um árstekjur, tekjur maka o. fl. o. fl. Og þetta þarf að útvega fyrir hvert einasta misseri.

Hæstv. menntmrh. talaði áðan um afnám víxillána á fyrsta ári. Skv. reglum sjóðsins mun þarna ekki vera um neinn sparnað að ræða í rauninni, þar sem námsmaður á eftir sem áður rétt á láninu þegar hann hefur sýnt nægan námsárangur. Þar af leiðandi færist kostnaður sjóðsins þá aðeins til en minnkar ekki. Þá minntist hæstv. ráðh. á hækkun tekjuviðmiðunar. Mér finnst sjálfsagt að hækka það mark en eins og ég segi, ég sé ekki að það hafi neinn sparnað í för með sér fyrir sjóðinn, nema þá kannske mjög óverulegan. Eins hefur verið talað um að upphæð láns miðist frekar við ákveðið tekjumark í þjóðfélaginu en reiknaðan framfærslukostnað. Þetta finnst mér ákaflega varhugaverð till. Lögin kveða á um að lánin eigi að duga hverjum námsmanni til námskostnaðar og framfærslu. Nú eru aðstæður námsmanna mjög mismunandi og tilgangur sjóðsins einmitt að jafna þær aðstæður. Það væri því mjög erfitt að finna rétta tekjuviðmiðun ef ætti að tryggja það að allir fengju það sem dygði fyrir námskostnaði og framfærslu. Þá bendir nú allt til að við það mundi hreinlega aukast útstreymi úr sjóðnum.

Eins var með ferðastyrkina. Ég hef a. m. k. heyrt þá röksemd að hert eftirlit með notkun ferðastyrkja muni aðeins auka pappírsvinnu og eftirlit í sjóðnum þar sem fyrir eru allt of fáir og yfirhlaðnir starfsmenn. Eins hefur heyrst talað um að hætt yrði að lána fyrir skólagjöldum. Menntmrh. minntist ekki á þá till. Ég held að ég muni rétt að hún sé í skýrslunni þarna. Sumir hafa látið í ljós miklar áhyggjur út af þeirri till., því að þá mundu ýmsir hrökklast frá námi, sérstaklega í Bandaríkjunum og Bretlandi, þar sem námsmenn eru svo hundruðum skiptir.

Við 2. umr. um lánsfjárlög gerði ég 27. gr. þeirra að umtalsefni og átaldi þá hringlandaháttinn með ákvæðið um 100% lánveitingar, sem setti stjórn Lánasjóðsins og lántakendur í mikinn vanda. En við því er náttúrlega ekki lengur neitt að gera. Það er búið að setja það í lög.

En ég vil leggja áherslu á það að ég sé ekki af þessum svörum ráðh. hvernig á að láta þá upphæð duga, sem ætluð er í Lánasjóðinn. Eftir standa því sömu áhyggjurnar og við létum í ljósi hér við 2. umr. fjárlaga að þarna vanti fé.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Fsp. sú sem hér er til umr. er borin upp af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími Sigfússyni. Þar sem hann er nú ekki hér nærstaddur, er erlendis, vil ég segja nokkur orð um þetta mál, úr því að það er hér til umr.

Ég hygg að þessar fsp. séu fyrst og fremst fram bornar vegna þess að legið hefur ljóst fyrir að verulega mundi vanta upp á að séð væri fyrir fjárþörf Lánasjóðsins, jafnvel þótt búið sé að skera lánveitingar hans á þessu ári niður í 95% frá hinni fyrirhuguðu 100% lánveitingu til umframfjárþarfa námsmanna. Það virðist sem sagt vanta enn 100 millj. kr. eða rúmlega það til að endar nái saman. Auðvitað er fsp. ekki síst borin fram af þessari ástæðu. Hún er líka borin fram af þeirri ástæðu að lögð hefur verið fram skýrsla, sem menntmrn. hefur látið undirbúa, þar sem gert er ráð fyrir ýmiss konar skerðingu á lánum til námsmanna. Ég held að það væri mjög æskilegt að hæstv. menntmrh. svaraði því hér hvort þessar 100 millj. kr. verða örugglega útvegaðar, þannig að 95% markinu verði náð. Hins vegar svaraði hæstv. menntmrh. því til um skýrsluna og till. sem í henni eru að ekki væri von á frv. á þessum vetri. Þykir mér það satt best að segja nokkuð ánægjulegt að heyra.

Þegar lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna voru sett var samstaða allra flokka um það markmið sem þar var sett fram. Kemur námsmönnum því heldur betur spánskt fyrir sjónir að nú, svo skömmu eftir að þau lög voru samþykkt hér á Alþingi, skuli það vera uppi að ekki verði við þau staðið. (Forseti hringir.) Við skulum minnast þess að lánin frá Lánasjóði ísl. námsmanna eru ekki gjöf, þau eru ekki styrkur. Þar er um lán að ræða, verðtryggð lán. Þessi fyrirgreiðsla ríkisvaldsins er til þess ætluð að tryggja jafnrétti allra námsmanna í námi. Ég vil mjög eindregið gera það að lokaorðum mínum hér að skora á hæstv. ráðh. að ljá ekki máls þeim hugmyndum sem fram hafa verið bornar um skerðingu á þeim stuðningi sem námsmenn hafa notið.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér hefur nokkuð verið gerð að umtalsefni skýrsla sú sem er árangur faglegrar úttektar sem fram hefur farið á starfsemi og rekstri Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég hygg að flestir þm. hafi lengi verið sammála um þörf á því að slík úttekt yrði gerð. Það segir sig auðvitað sjálft að um leið og slík skýrsla liggur fyrir og bent er á hugsanlegar leiðir til úrbóta þá eru þær leiðir ekki þar með orðnar að stjórnarfrv. Þessi mál og skýrslan, ábendingar í henni og fleira, eru til athugunar. Það er margt mjög athyglisvert í henni og þær upplýsingar mjög mikils virði sem þar koma fram, m. a. hvernig það er dregið fram að aðferðin við fjármögnun sjóðsins felur það í sér að það lengist sífellt tíminn, sem líður til þess að sjóðurinn fari að standa undir sér með afborgunum til baka vegna þess að fjármagnskostnaður sjóðsins hefur verið langt umfram það sem eðlilegt má teljast. Að því hefur hv. seinasti ræðumaður m. a. staðið, fyrst í fjögur ár sem fjmrh. og þar áður sem menntmrh. Það er von að hv. þm. undrist það að nú séu uppi hugmyndir um það að leita leiða til þess að ganga svo frá reglum um þessi mál að hægt sé að standa við þær. Það er meira en hæstv. fyrrv. ríkisstjórn gerði því að hún samþykkti fjárlög og aðrar reglur hvað eftir annað án þess að hafa hugmynd um það hvort hægt væri að standa við það sem samþykkt var, enda kom það á daginn að hún gat ekki staðið við það. Þannig var það mál.

Hv. fyrirspyrjandi minntist á að það fælist ekki sparnaður í því fyrir sjóðinn að létta af honum greiðslu víxillána. Í því felst nú einmitt sparnaður þegar til þess er litið að víxillán þeirra sem halda ekki áfram námi eftir misserið eða sýna ekki nægilegan námsárangur eru greidd til baka og líka hitt að einungis sá greiðslufrestur fyrir sjóðinn sem felst í hinum hluta víxillánanna, hann er einnig nokkurs virði. Sjóðurinn þarf ekki að borga fjármagnskostnaðinn af því fé eins og af þeim lánum sem hann þarf að taka, annaðhvort hjá Seðlabanka eða með öðrum hætti. Mér þykir það óeðlileg aðferð að Lánasjóðurinn þurfi að standa undir fjármagnskostnaði af víxillánum til viðskiptamanna sem alveg eins geta fengið sín víxillán í hinu almenna bankakerfi. Við þetta bætist, eða svo var til skamms tíma á meðan verðbólgan var þó ekki komin í það skikkanlega horf sem hún er núna, að víxillánin voru langtum ódýrari en verðtryggðu lánin þannig að sjóðurinn fékk minna fyrir þau lán heldur en jafnvel verðtryggð lán eins og þau voru þá.

Ég vil andmæla því sem hv. 7. landsk. þm. kallaði hringlandaháttt með hundraðshluta lánveitingarinnar, með 100% lánsfjárhlutfallið. Það var enginn hringlandaháttur. Það lá bara fyrir frá því að fjárlög voru lögð fram í haust að að þessu væri stefnt. Þetta var forsenda fyrir afgreiðslu fjárlaga. Þessa var getið í grg. Ég tel það aftur á móti afar óskynsamleg vinnubrögð að byrja á því að reikna út 100% lánsfjárhlutfall, greiða skv. því og taka það svo aftur þegar þeir vita að það verður ekki nema 95%. En þetta er mál þeirra sem reka stofnunina frá degi til dags, en það er ekki námsmönnum til þægindaauka. Auðvitað er betra fyrir námsmenn að vita strax hvaða lánsfjárhæð þeir fá í hendur og að gengið sé út frá þeirri upphæð frá upphafi.

Hv. þm. minntist einnig á það að hert eftirlit með ferðastyrkjum mundi auka skriffinnsku. Það er auðvitað alveg rétt. Allt bókhald eykur skriffinnsku. Öll reglusemi í meðferð fjármuna getur aukið skriffinnsku. Það er auðvitað miklu fljótlegra og þægilegra að hafa opnar ávísanir á ríkissjóð, að þurfa hvorki að skila fylgiskjali né öðru. Það er hins vegar ekki skynsamleg meðferð fjármuna almennings. Við þurfum að halda trausti gagnvart þessu fyrirtæki, því að mjög miklu máli skiptir fyrir námsmenn hvert viðhorf almennings í þjóðfélaginu er til þeirrar aðferðar sem námið er fjármagnað með. Eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði er ekki um að ræða gjafir til námsmanna heldur lán sem greidd eru með þeirra vinnu. Þess vegna er það illa gert gagnvart námsmönnum að hafa slík ákvæði sem þetta þar sem ekki er fullnægt eðlilegum bókhaldsreglum í þjóðfélaginu. Auðvitað á að skila annaðhvort farmiða eða staðfestum reikningi inn fyrir þeim ferðakostnaði sem menn fá greiddan. Ég hef einnig heyrt það furðulega sjónarmið að þessi regla, að borga ferðastyrki, hvort sem menn fara ferðir eða ekki, hvetji fólk

til þess að fara heim í námshléum. Ég vil halda því fram að það sé einmitt þvert á móti. Ef fólk fær borgaðan ferðastyrk og er statt einhvers staðar úti í heimi þá getur alveg eins verið að farið sé til Rómar eða Vínar eða eitthvað annað að gamni sínu. Í styrknum felst engin trygging fyrir því að fólkið komi til Íslands. Þetta er auðvitað augljóst. Ég varð undrandi þegar ég uppgötvaði að þetta ákvæði væri svona framkvæmt. Ég hygg að svo hafi verið um fleiri og þætti nú trúlega hvergi gott í ríkiskerfinu.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. spurði hvort 100 millj. kr. yrðu örugglega útvegaðar. Hvernig var það þegar fjárlög voru samþykkt fyrir 1983? Var þá ekki hv. þm., þáv. fjmrh., öldungis viss um að það fé sem í fjárlögum stæði nægði? (Gripið fram í.) Nei, ekki það. En samt stóð hv. þm. að þessum fjárlögum og sagði að það mundi nægja þó að hann upplýsi nú að hann hafi vitað annað. Ég vil ítreka það að það sem um er að ræða þegar slík áætlun er fram sett er þetta: ýmsar stærðir, sem slík áætlun er byggð á, eru enn þá óþekktar og þær verða ekki þekktar fyrr en í sumar og nokkrar þeirra ekki fyrr en í haust. Það sýndi líka reynslan á síðasta ári að áætlanir sem þessar eru ákaflega breytingum háðar. Ég held því að þær ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar til að breyta úthlutunarreglum muni hafa mikla þýðingu í þá átt að láta fjárhæðina duga. Má líta til reynslunnar af haustmisserinu þar sem hvorki kom til þess að grípa þyrfti til útvegunar á þeim 40 millj. sem haldið var fram að vantaði né heldur einu sinni til þess að nýta heimildina sem fengin var hjá viðskiptabönkum til að greiða víxillánin. Þetta þurfti hvorugt, til þessa þurfti ekki að koma. (Forseti hringir.) Ég held þess vegna, herra forseti, að þær áhyggjur sem birst hafa í þessum fsp. séu e. t. v. ekki tímabærar enn þá. Öll höfum við áhyggjur af afkomu ríkissjóðs, eins hjá hinum opinberu stofnunum og í ríkiskerfinu yfirleitt. Það á við um þetta eins og allar aðrar stofnanir að við skulum sameinast um að vinna að því að þær séu skynsamlega reknar og að beitt sé hinu ýtrasta aðhaldi innan þeirra reglna sem lögin setja til þess að þær megi verða borgurunum til hagsbóta.

Ragnar Arnalds: Hæstv. forseti. Mér var satt best að segja alls ekki ljóst hvað hæstv. menntmrh. átti við þegar hún var að reyna að gefa það í skyn áðan að ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens hefði ekki staðið við sínar skuldbindingar gagnvart námsmönnum skv. lögum né heldur sú ríkisstj. sem ég átti áður sæti í og var undir forsæti Ólafs Jóhannessonar, þótt ég sæti að vísu ekki í henni í fjögur ár, því miður, heldur bara í liðlega eitt ár.

Staðreyndin var sú að báðar þessar ríkisstjórnir stóðu alveg fullkomlega við sínar skuldbindingar skv. lögum gagnvart námsmönnum. Þegar þannig stóð á að verðbólga var meiri en fjárlög höfðu ráð fyrir gert — eins og reyndar var öll árin og ekki bara þessi ár heldur er búið að vera seinustu 10—20 árin — þá var útvegað viðbótarfé til Lánasjóðs ísl. námsmanna í fullu samræmi við það hvaða mismunur varð þar á áætlun fjárlaga annars vegar og hins vegar raunverulegri verðbólgu.

Ég gat ekki vitað það þegar fjárlagafrv. var samið haustið 1982 hver yrði verðbólga á árinu 1983 og auðvitað fullyrti ég ekkert um það að tölurnar í þáverandi fjárlagafrv. mundu nægja. Ég gat hins vegar sagt það og staðið við það að ef á vantaði yrði það fé útvegað. Það var gert öll árin, 1979 — 1982, og það hefði verið gert árið 1983 ef sú stjórn sem ég sat þá í hefði setið áfram.

Nú er spurning hvort hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. ætli að hafa sama hátt á og standa við ákvæði laga sem nú munu miða við 95% af umframfjárþörf námsmanna skv. nýlega samþykktri lánsfjáráætlun. Ætla þeir að standa við þetta mark eða ekki? Það er það sem ég spyr um og það er það sem ég hlýt að vænta svars við frá hæstv. menntmrh. En því miður sá ráðh. sér ekki fært að svara þessari spurningu og sagði eitthvað á þá leið: Den tid, den sorg. Það verður þá að vera svo. En okkur vantar svar við þessari spurningu.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. er furðu hress eftir veru sína í síðustu ríkisstjórn. Hv. þm. segir ósköp rólega: Ja, ef fé dugði ekki á fjárlögum þá varð bara að útvega það. — En hvernig var komið hag þjóðarbúsins þegar hv. þm. fór úr stjórnarstóli? Hér var allt mjög illa statt. Hv. þm. sagði að auðvitað hefði verið útvegað fé ef ríkisstjórnin hefði setið áfram. Hv. þm. hefði eins getað sagt: Það hefði auðvitað verið útvegað fé í alla hluti sem vantaði fé í skv. fjárlögum ef ekki hefði tekið við ríkisstj. sem ákvað að reyna að rétta við fjárhag þjóðarinnar og tókst það.

Grunnskólar, fsp. 241. mál (þskj. 426). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 426 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um rekstur grunnskóla. Fsp. er í fjórum töluliðum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvað er kostnaður ríkissjóðs talinn vera mikill við rekstur allra grunnskóla landsins í einn mánuð á þessu skólaári og hve mikill hluti þess kostnaðar er vegna fastra launa þeirra starfsmanna sem taka árslaun?

2. Hver er heildarkostnaður sveitarfélaga við rekstur grunnskóla á sama tíma?

3. Hefur þátttaka grunnskólanema í atvinnulífinu á skólaári verið metin til jafns við verklegt nám, samkvæmt 42. gr. grunnskólalaga, og ef svo er, í hve ríkum mæli?

4. Hver var kostnaður ríkissjóðs við rekstur forskóla, samkvæmt 74. gr. grunnskólalaga, árið 1983 og hvað er áætlað að hann verði mikill á þessu ári?“

Fyrstu tveir töluliðir þessarar fsp. lúta að því að fá leitt í ljós hver kostnaðarauki er af rekstri grunnskóla við lengingu skólatíma. Í grunnskólalögum er kveðið svo á að grunnskóli skuli starfa í 7—9 mánuði. Framkvæmd þessa ákvæðis er breytileg frá einu skólahverfi til annars og getur það verið á valdi skólayfirvalda og sveitarstjórnarmanna að ákveða hversu lengi grunnskóli starfi. Ég tel að það sé mjög forvitnilegt að leitt sé í ljós hvaða áhrif framkvæmd á þessu ákvæði hefur á heildarkostnað við grunnskólarekstur yfir landið í heild, bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Getið var um í fsp. að það þyrfti að taka fram sérstaklega hver væri kostnaður vegna fastra launa þeirra starfsmanna sem taka árslaun. Það er vegna þess að sá kostnaður breytist ekki hvað sem skólatímanum líður.

Þriðji töluliður í þessari fsp. lýtur að því að í

grunnskólalögum, 42. gr., er fjallað um verklegt nám sem þátt í skólanámi. Það segir í upphafi 42. gr., með leyfi forseta:

„Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt, að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna. Í 7.—9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta, og skal það við það miðað, að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki, en fimmtungi hans að lágmarki".

Miðað við þetta er gert ráð fyrir í efri bekkjum grunnskóla að verklegt nám geti numið allt að helmingi námstímans að hámarki, en fimmtungi að lágmarki.

Síðar í þessari grein grunnskólalaga er upptalning á kennsluefni, þar sem j-liður fjallar um verklegt nám. En því næst segir svo, með leyfi forseta:

„Þar sem nemendur eru þátttakendur í atvinnulífinu um takmarkaðan tíma á skólaárinu skal heimilt að meta það að nokkru til jafns við verklegt nám, sbr. j-lið."

Ég minnist þess að þegar grunnskólafrv. var til meðferðar hér á hv. Alþingi á sínum tíma urðu um þetta efni mjög miklar umr., þ. e. á hvern hátt það yrði metið til jafns við skólanám að nemendur á grunnskólastigi tækju þátt í atvinnulífinu. Ég tel mjög forvitnilegt að fá upplýst á hvern hátt þetta ákvæði grunnskólalaga hefur verið framkvæmt og hversu mikið hefur verið eftir þessu starfað.

Í fjórða lagi er spurt hver verið hafi kostnaður ríkissjóðs við forskóla á síðasta ári og hver hann sé áætlaður á þessu ári. Í grunnskólalögum, 74. gr., eru heimildir til sveitarfélaga að reka forskóla fyrir börn sem ekki eru komin á skólaskyldualdur, þó með staðfestingu eða samþykki menntmrn. Það er þó ekki nein skylda að reka slíkan forskóla. Ég tel rétt að fá upplýsingar um hver kostnaður við forskóla var á síðasta ári og hvað áætlað er að hann verði mikill á því ári sem nú stendur yfir.

Ég legg þessar fsp. einnig fram til þess að sýna fram á að í grunnskólalögum eru heimildir um breytilegan skólatíma, um að meta þátttöku í atvinnulífi til jafns við nám og um forskóla, en það veltur töluvert á því hvernig þessar heimildir eru nýttar hversu mikill kostnaður af heildarrekstri skólans verður.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Um þessa fsp. vil ég segja þetta:

1. Kostnaður ríkisins er af hálfu menntmrn. áætlaður um 970 millj. kr. á yfirstandandi skólaári. Af þessum kostnaði eru um 555 millj. kr. föst laun starfsmanna á árslaunum. Kostnaður ríkisins dreifist misjafnt á mánuði ársins, en áætla má að um 80 millj. kr. séu greiddar til jafnaðar á starfsmánuði skólanna.

2. Kostnaður sveitarfélaganna. Ekki liggja fyrir nýlegar upplýsingar um hlut sveitarfélaga í rekstri grunnskóla. Kostnaður sveitarfélaga hefur hins vegar reynst vera um 25—30% af heildarkostnaði við rekstur grunnskóla eða um 250—300 millj. kr. á þessu skólaári.

4. Áætlað er að kostnaður ríkissjóðs vegna forskóla hafi verið um 25 millj. kr. árið 1983 miðað við verðlag í des. s. l. Áætlað er að kostnaður 1984 verði 31 millj. kr. miðað við sömu verðlagsforsendur.

Þá er ósvarað 3. lið fyrirspurnarinnar um þátttöku grunnskólanema í atvinnulífinu, sbr. 42. gr. grunnskólalaganna. Spurningin vísar til þess ákvæðis sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem nemendur eru þátttakendur í atvinnulífinu um takmarkaðan tíma á skólaárinu skal heimilt að meta það að nokkru til jafns við verklegt nám, sbr. j-lið. Fræðsluráð skal í samráði við launþega- og atvinnurekendasamtök og hlutaðeigandi skólastjórn skipuleggja atvinnuþátttöku nemenda, þar sem slíkrar skipulagningar er þörf, og skal metið að nokkru sem verklegt nám."

Þetta ákvæði grunnskólalaganna hefur ekki komið til framkvæmda og er sennilega óframkvæmanlegt í því formi sem það er og við ríkjandi aðstæður í fræðsluskrifstofum.

Dæmi um beina atvinnuþátttöku nemenda á starfstíma skóla eru fá. Slík dæmi er einkum að finna í sjávarþorpum, en þegar mikill afli berst á land og vinnuafl skortir er nemendum gjarnan gefið frí úr skóla til að aðstoða við frágang aflans. Slíkar leyfisveitingar eru í hendi skólastjóra.

Þá eru dæmi um að nemendur fái svokölluð réttarfrí á meðan réttir standa yfir. Víða er tekið tillit til vorstarfa í sveitum og reynt að ljúka skóla tiltölulega snemma, svona 10.—12. maí. Í þeim tilvikum, sem hér hafa verið nefnd, er ekki um að ræða skipulega þátttöku nemenda í atvinnulífinu eins og segir í greininni, heldur ákveðinn sveigjanleika í skólastarfinu til þess að mæta tímabundnum þörfum atvinnulífsins.

Ekki er kunnugt um að þátttaka nemenda í atvinnulífinu af því tagi sem hér hefur verið lýst hafi leitt til þess að nemendur fengju afslátt frá reglulegu námi í skóla, en ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að tengja skóla og atvinnulíf á einstökum stöðum og náðst af því góður árangur sums staðar þegar það hefur verið skipulagt sameiginlega af fulltrúum skólans og hlutaðeigandi atvinnufyrirtæki.

Þá má nefna ýmsar hugmyndir um þetta efni, sem sérstaklega hafa verið til umfjöllunar nú í vetur og haust í nefnd sem skipuð var af hálfu menntmrn. og gerir tillögur um tengsl skóla og atvinnulífs. Halldór Guðjónsson stýrir nefndinni. Í þessari nefnd er einmitt eitt af verkefnunum að fjalla sérstaklega um þátttöku atvinnulífsins í fræðslu og þátttöku skólans og skólanemenda í atvinnulífinu, hvernig þau verkefni geti skarast með skynsamlegum hætti, þannig að samstarf milli þessara aðila verði sem best í þágu beggja.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vildi í tengslum við þessa fsp. koma því sjónarmiði á framfæri að vissulega er æskilegt að tengsl séu á milli skóla og hins starfandi lífs utan veggja hans, þar á meðal atvinnuvega og stofnana, opinberra stofnana einnig. Hitt tel ég hæpið að framkvæmanlegt sé með skynsamlegum hætti að reikna þátttöku skólanema í venjulegum störfum í atvinnulífi sem beinan hluta af verklegu námi. Skilyrði fyrir því að unnt sé með skynsamlegum hætti að tengja slíkt saman er að mínu mati að slík þátttaka sé undir stjórn skóla og vel skipulögð af hálfu skólans sem liður í námi sem beinist að ákveðnum skilgreindum markmiðum. Það má vel vera að vakað hafi fyrir hv. fyrirspyrjanda að þannig mætti á málum taka.

Hæstv. menntmrh. nefndi það í máli sínu að tilraunir hefðu verið gerðar um þátttöku skóla í atvinnulífi á starfstíma skólans. Mér er kunnugt um, m. a. úr minni heimabyggð, Neskaupstað, góða reynslu af slíku þar

sem á því máli hefur verið tekið af grunnskóla og framhaldsskóla sem þar starfar í tengslum og samvinnu við atvinnufyrirtæki og stofnanir í bænum og raunar verið farið út fyrir bæjarmörkin í því efni.

Þetta vildi ég að hér kæmi fram. Ég er síður en svo andvígur því að leitast sé við að tengja skólastarfið hinu starfandi lífi. Það er þvert á móti mjög æskilegt markmið, en forsenda þess að það geti tekist með skynsamlegum hætti er að það sé skipulegur þáttur í skólastarfi og skólinn hafi forustu um þátttökuna.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin, sem voru kannske ekki nákvæmlega í samræmi við fsp., þannig að fram kæmi nákvæmlega það sem spurt var um, hver kostnaður við rekstur grunnskóla væri í einn mánuð skólaársins, heldur voru gefnar heildartölur. Miðað við þær tölur mætti ætla að kostnaður ríkisins við rekstur grunnskóla í einn mánuð á ári að frátöldum launum fastráðins starfsfólks væri í kringum 60 millj. kr. og kostnaður sveitarfélaga um eða nálægt helmingur þeirrar fjárhæðar. Hér er því ljóst að það veltur á töluverðum fjárhæðum hvort ákveðið er að grunnskóli starfi mánuði lengur eða skemur á skólaárinu. Ég hygg að ástæða sé til að gera úttekt á því á hvern veg þetta hefur verið framkvæmt í hinum einstöku fræðsluumdæmum og miðað við þá úttekt að gera sér grein fyrir því hvort rétt sé að málum staðið, hvort ástæða sé til að lengja skólatímann á ári hverju á einstökum stöðum eða hvort ástæða sé til að samræma hann og stytta sums staðar þar sem skóli hefur verið rekinn í níu mánuði.

Varðandi 4. lið fsp., um að á síðasta ári hafi verið varið 25 millj. kr. úr ríkissjóði til forskóla og 31 millj. kr. sé áætlað að verja til þessarar starfsemi á þessu ári, skal ég ekki fara orðum. Þessar upplýsingar liggja fyrir og þakka ég fyrir það.

Varðandi 3. lið fsp., sem hæstv. ráðh. gerði hér að umtalsefni, vil ég segja að svör ráðh. birtu að þetta ákvæði grunnskólalaga hefur ekki verið framkvæmt og ráðh. taldi vafasamt að það væri framkvæmanlegt eða raunar líklegt að það væri ekki framkvæmanlegt. Hið sama kom fram í máli hv. 5. þm. Austurl., sem hér talaði einnig. Mér leikur nokkur forvitni á, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, að vita á hvern veg þetta hefur verið framkvæmt vegna þeirrar miklu umræðu sem fram fór um þetta efni þegar grunnskólalögin voru sett og þeirra fullyrðinga, sem þá voru fram settar af þeim sem mæltu fyrir þeirri lagasetningu, að hér væri stefnt í þá átt, eins og ákvæði laganna gefa raunar tilefni til að ætla, að heimilt væri að meta þátttöku í atvinnulífi sem verklegt nám í grunnskóla. Ég hlýt að harma að ekki hafi fundist leiðir til að framkvæma þetta ákvæði í grunnskólalögum og vænti þess að það verði leitast við að vinna að því. Ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt, miðað við þann langa starfstíma sem grunnskóli starfar, að leitast við að tengja grunnskólanemendur atvinnulífinu á sem bestan máta. Ég tel það afar mikilvægt að kynna nemendum á grunnskólaaldri allt til 15 ára aldurs atvinnulíf þjóðarinnar og tengja nemendur atvinnuháttum þjóðfélagsins, og það er þýðingarmikið uppeldisatriði ekki síður en skólanám að nemendur og æskufólk öðlist sem besta þekkingu á helstu atvinnuháttum þjóðarinnar, það mun skila sér þó seint verði, — ekki síður en til að mynda nám í islam og öðrum slíkum fræðum framandi trúarbragða sem kennd eru í grunnskóla þar sem öll trúarleg hugtök eru á frummálinu arabísku.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem mér voru gefin.

Útflutningur dilkakjöts, fsp. 245. mál (þskj. 441). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt um er á hverju ári varið úr ríkissjóði verulegum fjárhæðum í útflutningsbætur vegna landbúnaðarafurða, m. ö. o. stórar fjárhæðir af skattpeningum landsmanna fara til að greiða niður landbúnaðarafurðir sem fluttar eru til útlanda. Á fjárlögum ársins 1983 var þessi fjárhæð 262.6 millj. kr. og á fjárlögum þessa árs 280 millj. kr. og eru reyndar áhöld um hvort hún dugi miðað við áætlaða útflutningsþörf. Þegar haft er í huga hversu hér er um háar fjárhæðir að ræða er nauðsynlegt að hv. Alþingi og reyndar þjóðin öll fylgist mjög nákvæmlega með því hvernig þessu fé er varið og hvaða reglur gildi um greiðslur á því. Því þótti mér rétt að bera fram fsp. um þetta efni til hæstv. viðskrh., en viðskrn. hefur umsjón með þessum útflutningi.

Í annan stað er rétt að geta þess að við og við koma upp umr. í þjóðfélaginu um það að einkaaðilar séu að reyna að hasla sér völl í þessari grein útflutnings og þá er leitað eftir sem hagstæðustu verði. Einhvern veginn virðist það allt of oft gerast að ef einstaklingar nái að gera sölusamninga gufi allt kjöt upp og aðalsöluaðilinn, sem er búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga, telji sig búinn að ráðstafa öllu sem til ráðstöfunar sé. Er skemmst að minnast umr. um þetta efni fyrir stuttu um sölusamninga einkaaðila á Bandaríkjamarkaði og enn nýrri umr. um þetta efni í framhaldi af bændafundi sem haldinn var í Suður-Þingeyjarsýslu ekki alls fyrir löngu. Með ofangreind atriði í huga hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 441 svofelldar fsp. til hæstv. viðskrh.:

1. Hve mikið var flutt út af dilkakjöti á s. l. ári og hve mikið er áætlað að flytja út á þessu ári?
2. Hvaða verð fékkst fyrir kjötið pr. kíló, sundurliðað eftir löndum sem flutt var til og um hvaða verð hefur verið samið á þessu ári og hvenær voru þeir samningar gerðir?
3. Hvað var greitt í útflutningsbætur með hverju kg á s. l. ári?
4. Hverjir önnuðust þennan útflutning, sundurliðað eftir fyrirtækjum og magni?
5. Hvernig er háttað söluþóknun, þ. e. hversu mikil er hún og við hvaða verð er miðað?

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 441 leyfi ég mér að upplýsa eftirfarandi sem svar við fyrstu fsp., „Hve mikið var flutt út af dilkakjöti á s. l. ári og hve mikið er áætlað að flytja út á þessu ári?“:

Skv. verslunarskýrslum voru flutt úr landi á s. l. ári alls 2585 tonn af frystu kindakjöti að verðmæti 92 990 þús. kr. Ég vil geta þess að ég hef gert ráðstafanir til þess að þm. fái þessar upplýsingar á borð sín eftir að fsp. hefur verið svarað.

Útflutningurinn skiptist þannig eftir löndum: Dan-

mörk 255.8 tonn, fob-verðmæti 10 millj. 90 þús. kr.; Finnland 100 tonn, fob-verðmæti 3 millj. 341 þús. kr.; Færeyjar 660 tonn, 34 millj. 697 þús. kr.; Noregur 3 tonn, 219 þús. kr.; Svíþjóð 771 tonn, 23 millj. 978 þús. kr.; Vestur-Þýskaland 767,3 tonn, 18 millj. 957 þús. kr.; Bandaríkin 21.1 tonn, 1 millj. 513 þús. kr.; Japan 6.9 tonn, 195 þús. kr. Einnig voru flutt út 800 kg af söltuðu kindakjöti til Færeyja að verðmæti 59 þús. kr. Rétt er að taka fram að í þessum tölum er einnig átt við ærkjöt, en útflutningur þess nam liðlega 550 tonnum af ofangreindu magni.

Skv. upplýsingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins er áætlað að útflutningur ársins 1984 verði liðlega 3000 tonn.

Önnur fsp. var: „Hvaða verð fékkst fyrir kjötið pr. kg, sundurliðað eftir löndum sem flutt var til, og um hvaða verð hefur verið samið á þessu ári og hvenær voru þeir samningar gerðir?“ Skv. verslunarskýrslum hefur verð pr. kg verið eftirfarandi, sundurliðað eftir löndum: Fryst kindakjöt: Danmörk 39.44 kr., Finnland 33.41 kr., Færeyjar 52.57 kr., Noregur 73 kr., Svíþjóð 31 kr., Vestur-Þýskaland 24.70 kr., Bandaríkin 71.70 kr., Japan 28.26 kr. Saltað kindakjöt: Færeyjar 73.75 kr. Rétt er að vekja athygli á að mikill verðmunur til einstakra landa stafar af því að kjötið er mismunandi mikið unnið.

Á þessu ári hafa verið gerðir samningar um sölu á liðlega 3000 tonnum af dilkakjöti til eftirfarandi landa: Svíþjóð 650 tonn, Finnland 105 tonn, Danmörk 200 tonn, Vestur-Þýskaland 175 tonn, Færeyjar 400 tonn, Noregur 1560 tonn, Bandaríkin 200 tonn.

Hvað síðari lið spurningarinnar varðar sér rn. sér ekki fært að skýra frá verði í einstökum samningum, enda mun slíkt geta torveldað frekari viðskiptasamninga.

Þriðja spurning: „Hvað var greitt í útflutningsbætur með hverju kg á s. l. ári?“ Svar: Skv. upplýsingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins voru greiddar á s. l. ári 58.62 kr. á kg í útflutningsbætur vegna dilkakjöts en 38 kr. á kg vegna ærkjöts.

Fjórða spurning: „Hverjir önnuðust þennan útflutning, sundurliðað eftir fyrirtækjum og magni? Svarið við þessari fsp. er: Búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga annaðist þennan útflutning að langmestu leyti. Sláturfélag Suðurlands flutti út 13 tonn af ærkjöti til Færeyja. Einnig voru flutt út 6—7 þús. tonn af unnu kjöti til Færeyja og Evrópu. Sá útflutningur var að mestu leyti í höndum tveggja aðila, Ísmats hf. í Njarðvík og Austmats hf. á Reyðarfirði.

Fimmta spurning: „Hvernig er háttað söluþóknun, þ. e. hversu mikil er hún og við hvaða verð er miðað?“ Reiknuð er 2% söluþóknun af óniðurgreiddu heildsöluverði, en það var ákveðið 75.62 kr. pr. kg hinn 15. sept. 1982 og miðast umboðslaunin við ofangreint verð allt árið til og með ágúst 1983. Nýtt heildsöluverð var ákveðið frá 1. okt. 1983 og er það 129.32 kr. pr. kg. Söluþóknun er 2% af þeirri upphæð allt árið til ágústloka 1984.

Með þessum svörum vonast ég til að ég hafi greitt úr fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svör hans við fsp. Þetta eru ítarleg svör og fullnægjandi. Hins vegar eru í þessum svörum nokkur atriði sem vekja athygli og vekja til nokkurrar umhugsunar. Í fyrsta lagi er það staðfest í þessum svörum, sem oft hefur reyndar verið rætt um, að búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga hefur nánast einokun á þessum útflutningi. Það er mjög athyglisvert að ræða við einstaklinga sem leitast við að hasla sér völl í þessari grein. Það kemur í ljós í þeim viðræðum að ótrúlega erfitt er að komast í gegnum kerfið til þess bæði að fá kjöt til útflutnings og leyfi til slíks útflutnings. Það virðist eins og allt kerfið sé byggt upp með það fyrir augum að vernda þá einokun sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur á þessum markaði. Ég tel að það beri brýna nauðsyn til að bæta þar úr.

Í öðru lagi vekur athygli hvernig reglurnar um söluþóknun eru ákveðnar. Fram kom í svari hæstv. viðskrh. að reiknuð er 2% söluþóknun af óniðurgreiddu heildsöluverði óháð því hvaða verð fæst fyrir kjötið á hinum erlendu mörkuðum. M. ö. o. söluaðilinn fær sitt alveg á þurru nákvæmlega sama hvaða verði hann selur kjötið á. Inni í þessu kerfi er sem sagt engin hvatning til þess að reyna að ná sem bestu verði á hinum erlendu mörkuðum. Jafnvel má segja að inni í kerfinu sé frekar dregið úr þessari hvöt því að eins og háttað er verði fyrir geymslu á kjötinu í frystigeymslum liggur við að frekar borgi sig fyrir aðilana að geyma það sem lengst í frystigeymslum en að selja það erlendis og reyna að ná fyrir það sem bestu verði.

Ég hygg að þau svör sem hér hafa komið fram staðfesti það sem oft er rætt um að hvorki hagsmunum skattborgaranna né bænda er borgið með því sölukerfi sem nú ríkir í þessum efnum. Ég tel að taka þurfi til gagngerðrar endurskoðunar þetta sölukerfi og er spurning hvort ekki þurfi að hreyfa því frekar hér á Alþingi í framhaldi af þessum svörum. Taka þarf þetta kerfi til gagngerðrar endurskoðunar. Það þarf að losa um þá einokun sem hér er á ferðinni. Byggja þarf upp kerfi sem hvetur söluaðilana til þess að fá sem best verð fyrir vöruna erlendis og líka þarf að huga betur að því en gert er hvernig hægt er að fá sem best verð, þ. e. hvort ekki borgi sig að vinna kjötið meira í neytendaumbúðir hér á landi frekar en selja það út í heilum skrokkum eins og gert hefur verið í mjög ríkum mæli.

Ég ítreka þakkir mínar fyrir svörin við fsp., en tel að þau gefi tilefni til miklu ítarlegri umr. hér á þingi síðar sem ekki er hægt að koma við í fyrirspurnatíma eins og þessum.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið en mér fannst mega misskilja orð hv. fyrirspyrjanda, 4. þm. Reykv., um það að einokun væri á útflutningi. Eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh. eru það fleiri en einn aðili sem hafa annast þennan útflutning, þó að að langmestu leyti hafi það verið á höndum eins aðila. En það sýnir að þeir sem geta selt kjöt á viðunandi verði fá til þess leyfi og slíkt er ekki stöðvað. Auðvitað er spurning um það verð sem fæst fyrir vöruna. Það verður að huga að því að finna þær skástu leiðir sem hægt er að fara í þessu þannig að sem minnst þurfi að greiða af útflutningsuppbótum.

Ég vil taka undir það sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að það er nauðsynlegt að vinna að því eins og kostur er að fá hærra skilaverð til bóndans með því að flytja kjötið út unnið. En því miður hafa margar tilraunir, sem gerðar hafa verið í þessu skyni, ekki borið nægilega góðan

árangur þannig að endanlegt skilaverð til bóndans hefur orðið lægra með því móti. En ég vil undirstrika það að það þarf að vinna betur að þessu og það er gert af fleiri en einum aðila. Og á vissum sviðum hefur orðið nokkur árangur, t. d. með því að hluta kjöt í sundur og flytja einn hluta skrokksins til eins lands og annan hlutann til annars. En ég hygg að ekki standi á leyfum frá viðskrn. eða öðrum aðilum ef um er að ræða að markaður sé talinn viðunandi miðað við það sem annars staðar er að fá.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem komu hér fram í ræðu fyrirspyrjanda, hv. 4. þm. Reykv. Birgis Ísl. Gunnarssonar. Það hefur verið skoðun okkar Alþfl.-manna að ekki væri stætt á því að skattleggja þjóðina stórlega til þess að standa undir útflutningi á varningi með þeim hætti sem gert hefur verið að undanförnu. En það er auðvitað ekki síður athyglisvert í þessu sambandi að líta á ýmis þau fyrirbæri sem birtast okkur í daglega lífinu varðandi dilkakjötið. Við upplifum það aftur og aftur að okkur er sagt að það séu stórkostlegar birgðir í landinu. Síðan er efnt til útsölu og þá er ekkert kjöt til. Sama gerist þegar einhver tekur sig til og ætlar að flytja kjöt úr landi. Þó að nýlega hafi borist fréttir af kjötfjöllum þá er ekkert kjöt til til þessa útflutnings, til þess aðila sem hefur þetta framtak í frammi.

Mér býður í grun að hluti af vandamálinu liggi í því, eins og kom reyndar fram í orðum Birgis Ísleifs, að það sé orðinn meiri gróðavegur að geyma kjöt en selja það á Íslandi. Þetta svokallaða geymslugjald sé svo ríflegt að menn hafi af því sérstakan hag að vera með kjötið í geymslum sínum eða jafnvel þykjast vera með það í geymslum sínum öllu lengur en það í rauninni er.

Hinn þátturinn sem manni sárnar er sá hversu lítið hefur verið unnið að því að ganga frá þessari útflutningsvöru með aðgengilegum hætti svo að líklegt væri að hún væri seljanleg í öðrum löndum. Hér hefur það til skamms tíma verið aðalreglan, og er enn, að selja kindakjötið í heilum skrokkum í grisjum. Ég held að slík sölumennska sé ákaflega frumstæð og sumum þessum ágætu kaupendum, sem hugsanlega gætu annars verið í grannlöndum okkar vestanhafs og austan, lítist ekki alls kostar á vöru sem svona er frá gengið. Einu sinni heyrði ég evrópska húsmóður segja þar sem ég var staddur að það mætti eins reyna að bjóða Evrópumönnum bílatvist, tvist sem er notaður til að þvo bíla með, eins og að bjóða upp á kjötið í svona umbúðum. Í þessu felst nokkur sannleikur og áeggjan um að gera nú betur í sölumennskunni.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég skildi nú ekki alveg það sem ég held að hafi verið aðdróttun í ræðu hv. síðasta ræðumanns þar sem hann talaði um sláturleyfishafa sem þykjast vera með kjöt í geymslum. Ætli það liggi nú ekki nokkuð ljóst fyrir hverjir eru með kjöt í geymslum og hverjir ekki? Sláturhúsin eru misjöfn, það er dýrt að reka þessi dýrustu sláturhús og sláturkostnaður er þar mjög hár. Útflutningsleyfi fæst hins vegar ekki fyrir kjöti nema úr bestu húsunum og okkur hefur verið gert að byggja hús sem svöruðu þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar eru í útflutningnum. Jafnvel þó að kjöt sé til í landinu er þess að gæta að mikið af því kjöti sem til er í birgðum er úr sláturhúsum sem ekki fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru ströngust til útflutnings.

Hvað varðar þá sölu sem hér bar aðeins á góma í upphafi, er Selnes hf. taldi sig geta selt í Bandaríkjunum, er rétt að fram komi að það skilaverð sem til bóndans gat komið var lakara en það verð sem Norðmenn borga okkur núna fyrir það kjöt sem við seljum þeim.

Það er fjarskalega mikilvægt fyrir landbúnaðinn að vel sé staðið að sölumálum og síst af öllu vil ég draga úr því að allra leiða sé leitað til að fá sæmilegt verð fyrir afurðir. Og ég fullyrði að það er enginn sem leggur stein í götu þeirra manna sem geta selt landbúnaðarafurðir í útlöndum fyrir betra verð en við fáum á hverjum tíma. Við munum áreiðanlega gráðugir versla við þá sem bjóða hæst verð.

Hvað varðar söluþóknunina þá er ég sammála hv. 4. þm. Reykv. um það að eðlilegra væri að miða söluþóknunina við það verð sem fyrir vöruna fengist. Hvort það væru 5% eða hvað það væri þá er það eðlilegri viðmiðun en að miða við heildsöluverð. Ég vil undirstrika það að það stendur áreiðanlega ekki á bændum að stuðla að því að við getum fengið góða sölu fyrir landbúnaðarafurðir í útlöndum. Það er auðvitað mikilvægt fyrir okkur að reyna að komast út úr þessum óhagkvæmu viðskiptum. Og það er rétt að minna á að bændur hafa stórfækkað sauðfé í því skyni að gera sitt til þess að svo megi verða.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég fagna því að þessi fsp. skuli fram komin. Ég er í rauninni ánægður með þá umr. sem hér hefur farið fram, hún hefur verið málefnaleg og réttmæt.

Ég held að það sé eitt af okkar allra brýnustu viðfangsefnum að ganga úr skugga um það með hvaða hætti hægt sé að ná fram betra markaðsverði erlendis. Þar er áreiðanlega langfýsilegast til árangurs að hafa jafnræði á milli þeirra aðila sem treysta sér til að takast á við það viðfangsefni. Alveg burtséð frá því hvort sú leið hefur verið opin eða ekki þá hafa sí og æ komið upp neikvæðar raddir þegar menn hafa verið að brjótast inn á nýjar leiðir í þeim efnum. Má m. a. minna á þau viðbrögð sem komu fram í dagblöðum núna fyrir skemmstu í sambandi við áformaða sölu Selness hf. á kjöti á Bandaríkjamarkað.

Varðandi aðra málaþætti sem hér hefur verið gripið á og þá sérstaklega í sambandi við kostnað við þessa sölu, geymslugjöld og líka að þessi vara sé ekki ætíð til staðar er það ekki í fyrsta sinn sem þetta hefur heyrst og ég veit að fyrir þessu eru í sumum tilvikum full rök. Að mínum dómi er ekki nema ein leið til að fyrirbyggja þetta, þ. e. að auka skyldur þeirra, sem vinna og versla með þessa vöru á innlendum og erlendum markaði, gagnvart framleiðandanum sjálfum þannig að það sé þeirra hagur að standa sig vel í sölunni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil einungis staðfesta að það var réttur skilningur hjá hv. þm. Páli Péturssyni að í orðum mínum áðan varðandi geymslu kjötsins og geymslugjald fólst aðdróttun. Það fyrirkomulag sem menn hafa á í þessum efnum býður upp á misnotkun og þau dæmi sem við höfum í höndunum, um það hvernig kjöt virðist geta horfið þó að það eigi að vera mikið í birgðum, gefur fyllsta tilefni til að ætla að hér eigi sér stað misnotkun. Þess vegna var það rétt

sem hv. þm. sagði, í orðum mínum fólst aðdróttun.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það eru örfá atriði sem ég vildi víkja að. Í fyrsta lagi sat ég í allmörg ár í markaðsnefnd landbúnaðarins sem reyndi að hafa augun opin og leita að nýjum möguleikum við útflutning landbúnaðarvara. Hún gerði sjálf allmargar tilraunir og var alltaf reynt að ýta undir það að leitað væri möguleika til þess að finna þar nýjar leiðir. Því miður varð reyndin sú að það sem reynt var gaf lakara verð til bóndans en hin hefðbundna leið. En ég vil ítreka það að ég er síður en svo að leggjast gegn því og tel sjálfsagt að reynt sé að leita allra leiða áfram í þessu skyni.

Vikið var að Selnesmáli. Ég þekki það kannske ekki nógu vel en ég var spurður að því munnlega hvert viðhorf mitt væri ef það kæmi svo langt að þeir óskuðu eftir útflutningsleyfi frá hendi Framleiðsluráðs vegna útflutningsuppbóta. Ég taldi vitanlega sjálfsagt að reynt yrði að gefa þeim tækifæri til þess að flytja út með útflutningsuppbótum sem væru hámark þess sem yrði að greiða á öðrum mörkuðum. En ég veit svo ekki frekar hvort á það hefur reynt. Þannig held ég að ekki hafi verið lagður steinn í götu þess.

Ég held að ákaflega hæpið sé að koma með fullyrðingu eins og þá sem hv. 3. þm. Reykn. setti fram. Ég veit ekki til þess að hann hafi neitt í höndunum um þessa fullyrðingu sína. En ég veit að gerð hefur verið könnun til að vita hvort kjötbirgðir væru eins og þær eru upp gefnar. Og það hefur ekki komið annað í ljós en að svo væri. Enda er það vitanlega hagur fyrir eigandann að gefa sem fyrst upp söluna til þess að fá verðið greitt, sem er þá að nokkuð stórum hluta niðurgreiðslur sem hann fær vitanlega ekki fyrr en salan hefur átt sér stað.

Páll Pétursson: Herra forseti. Eins og glögglega kom fram í ræðu hæstv. landbrh. hafa því miður ekki fundist neinar töfralausnir á þessum sölumálum. Ég vildi svo sannarlega að þær kæmu í ljós, en því miður höfum við ekki dottið ofan á þær enn þá. Jafnvel þó að bjartsýnir menn, áræðnir og duglegir, hafi haldið að þeir væru með eitthvað í höndunum sem bitastætt væri hefur yfirleitt reynslan orðið sú að þetta hefur allt verið á svipuðu róli.

En ég harma það að ég skuli hafa skilið rétt hjá 3. þm. Reykn. að hér væri um aðdróttun að ræða. Ég tel rétt að hann finni orðum sínum stað og verð að óska þess mjög eindregið að hann geri það með skýrum hætti því að þetta er meira en lítið alvarleg ásökun sem hann hefur þarna í frammi.

Sameinað þing, 75. fundur.

Þriðjudaginn 3. apríl, að loknum 74. fundi.

Afnám tekjuskatts af launatekjum, þáltill. 267. mál (þskj. 512). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Framburðarkennsla í íslensku, þáltill. 268. mál (þskj. 514). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, þáltill. 270. mál (þskj. 516). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Friðarfræðsla, þáltill. 184. mál (þskj. 328). — Frh. einnar umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það fer fram atkvgr. um að vísa til nefndar máli sem er eitt þeirra er aðeins getur orkað tvímælis um til hverrar n. skuli fara. Vissulega er það eðlilegt að fræðslumál fari til hv. allshn. En að því er varðar mál sem snerta heimsfriðinn þá mundu þau nú öllu fremur eiga heima í utanrmn. Mig langar, herra forseti, til að fara fram á það að hæstv. forseti Sþ. beini því til allshn., sem væntanlega fær málið til umfjöllunar, að hafa samráð við hv. utanrmn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Já, fyrst göngum við frá því í hvaða n. þetta mál fer.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. menntmrh. hefur óskað að hv. allshn. hafi samráð við hæstv. utanrmn. við afgreiðslu þessa máls. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að slíkt geti átt sér stað. Öll samráð hljóta að vera af hinu góða.

Umr. frestað.

Takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða, þáltill. 186. mál (þskj. 331). — Frh. einnar umr.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þróunarstofur landshlutanna, þáltill. 209. mál (þskj. 372). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Það hafa að undanförnu orðið talsverðar umræður, bæði innan þings og utan, um samskipti Reykjavíkur, þar sem flestar valdastofnanir þjóðfélagsins eru saman komnar, og annarra landshluta. Það er eðlilegt að slíkar umræður séu uppi þessa dagana þar sem bæði hérlendis og erlendis eru ýmsar hreyfingar í þessum efnum, nýjar hugmyndir og gamlar eru teknar upp og ræddar.

Það er einkennandi fyrir skipulag þessara atriða hjá okkur í dag að aðsetur flestallra valdastofnana þjóðfélagsins er hér í Reykjavík. Þetta er vafalaust arfur frá

þeim tíma þegar ríkisvald fór að styrkjast, fór að taka að sér ýmsar sameiginlegar aðgerðir, t. d. í atvinnumálum, þegar endurbætur í landbúnaði og sjávarútvegi voru framkvæmdar, og þessum aðgerðum var stjórnað með samstilltu átaki og í mörgum tilfellum eftir lögum frá Alþingi og styrk af opinberu fé. Þær takmarkanir sem þá voru á samgöngum milli landshluta vegna óbrúaðra áa og lélegra vega, aðrar takmarkanir á samskiptum, eins og hægar póstsamgöngur og kannske enginn sími, og ekki síst skortur á sérmenntuðu fólki úti um landið til ýmissa svona átaka, gerðu beinlínis kröfur til þess að aðgerðum ríkisvaldsins væri stýrt á einum stað, þ. e. frá Reykjavík þar sem þekking og aðstaða til stjórnunar var betri.

Nú eru hins vegar tæknilegar aðstæður orðnar talsvert breyttar. Nú eru aðstæður fyrir náin samskipti og samstarfs milli fólks, jafnvel þó heimsálfur skilji á milli, látum vera þó örfáir kílómetrar innan lítils eylands eins og Íslands skilji að. Það var fróðlegt erindi nýverið í Ríkisútvarpinu á sunnudagseftirmiðdegi sem Sigfús Björnsson dósent við Háskóla Íslands flutti um það sem hann kallaði nærtæk skref til upplýsingaþjóðfélags. Í þessu erindi var varpað ljósi á ýmsa af þeim möguleikum sem við annaðhvort sjáum fyrir okkur eða eru þegar farnir að gera áþreifanlega vart við sig í samskiptaháttum fólks. Það er hægt að senda bréf frá einni ljósritunarvél til annarrar á örfáum sekúndum með kostnaði sem er kannske ekki nema tíundi partur af því sem kostar að senda bréf í pósti. Það eru samtengdar tölvur og samtengdir tölvuskjáir á skrifborðum fólks um allt land, sem geta verið virk samskiptaleið ef óskað er. Það er því svo komið að það eru allar tæknilegar aðstæður til að dreifa valdi eða dreifa ákvarðanatöku frá Reykjavík og út um landið þar sem verkefnin eru sem verið er að vinna að hverju sinni.

Af þessum ástæðum svo og ýmsum fleiri ástæðum, sem við höfum heyrt að undanförnu, er sífellt meira horft til dreifingar valds og valdastofnana út um landið. Við sjáum ýmis merki þess að landshlutar, bæði hér og erlendis, eru að eflast og þeir sýna greinileg merki þess að vilja ráða sér sjálfir. Þeir finna til sérstöðu sinnar á mörgum sviðum, höfða til sérstöðu sinnar sömuleiðis og eflast að sjálfstæði. Eitt dæmi hérlendis er að það er mikil umræða um verkefnaflærslu frá ríkisvaldinu í Reykjavík til sveitarfélaga. Við sjáum annað dæmi sem er að á síðustu árum hafa verið stofnaðar landshlutastofur ríkisstofnana eins og Vegagerðar og fleiri. Við sjáum merki um þetta í sambandi við fjölmiðlun á síðustu árum. Það hefur orðið gífurlegur vöxtur í landshlutablaðaútgáfu ýmiss konar. Annað dæmi er landshlutahljóðvarp sem komið hefur verið upp á Akureyri. Það eru uppi óskir annarra landshluta um að fá hliðstæða möguleika. Þetta verður vafalaust mikið rætt í sambandi við útvarpslagafrv. sem nú er á döfinni. Það má nefna nýlegar óskir skólamanna um aukið forræði landshluta sjálfra í skólamálum. Það má nefna styrkingu samtaka sveitarfélaga á einstökum svæðum sem hafa látið mjög kveða að sér að undanförnu. Ýmis samtök sveitarfélaga standa fyrir mikilsverðum rekstri. Nefna má Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum sem reka ýmiss konar þjónustu þar.

Þetta eru örfá dæmi um að landshlutar eru að vakna til vitundar um eigin vilja, óskir og raunar möguleika til sjálfræðis sem eru af tæknilegum ástæðum greinilegri en fyrr. Af þessu tilefni hefur þingflokkur BJ flutt till. til þál. um þróunarstofur landshlutanna. Þetta er 209. mál á þskj. 372. Flm. eru auk mín hv. þm. Kristófer Már Kristinsson, Stefán Benediktsson og Kolbrún Jónsdóttir. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að semja frv. til l. um þróunarstofur landshlutanna.

Frv. þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og veiti alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs.

2. Stjórnir þróunarstofa séu skipaðar fulltrúum lýðræðislega kjörinna landshlutasamtaka.

3. Þróunarstofur hafi sjálfsforræði til áætlanagerðar, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegunar.

4. Þróunarstofur starfi í nánum tengslum við Byggða- og áætlanadeild (núverandi Framkvæmdastofnunar) sem verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félmrn.

5. Þróunarstofur skuli m. a.

a) sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana; sé leitað til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum og það fjármagn samþykkt á fjárlögum skuli þróunarstofur bera ábyrgð á veitingu fjárins í samræmi við áætlanir;

b) vera sameiginlegur vettvangur þess ráðgjafarstarfs sem þegar fer fram á ýmsum sviðum;

c) varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka;

d) starfa í tengslum við landshlutastofur ríkisfyrirtækja."

Í upphafi grg. með þáltill. segir svo:

Þessi till. til þál. er hluti af stefnumörkun BJ á sviði byggðastefnu og valddreifingar. Á þskj. 4 (till. til þál. um gerð frv. um framkvæmd byggðastefnu sem mælt var fyrir hér í haust) birtist fyrsti hluti þessarar stefnu þar sem m. a. voru settar fram tillögur um ýmsar breytingar á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Að þessu sinni er gerð grein fyrir tillögum um skipulag þessara mála á heimaslóð og lagt til að settar verði á fót þróunarstofur í landshlutum.

Almenn markmið tillagnanna eru þau að staðfesta frumkvæði heimamanna við gerð byggðaáætlana, umsjá þeirra með framkvæmd áætlana og ábyrgð þeirra á vörslu og veitingu fjármuna sem varið er til byggðastefnu úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Á þennan hátt má komast út úr þeim vítahring miðsóknar og miðstýringar sem einkennt hefur framkvæmd byggðastefnu og raunar flestöll samskipti stjórnvalda í Reykjavík og heimamanna úti um landið.

Um einstaka liði í þáltill. má segja eftirfarandi:

Í 1. lið er lögð áhersla á það tvíþætta hlutverk þróunarstofa að hafa forgöngu um gerð og framkvæmd byggðaáætlana annars vegar og hins vegar að vera uppspretta hugmynda, upplýsinga og víðtækrar ráðgjafar í daglegri önn atvinnulífsins í viðkomandi landshluta. Þess vegna er lagt til að þeir ráðunautar, sem þegar eru að starfi í ýmsum greinum, t. d. landbúnaði, iðnþróun, sjávarútvegi, fiskvinnslu, fiskeldi, skólamálum o. fl., hafi sameiginlegt aðsetur á stofunum.

Um 1. lið má raunar ýmislegt fleira segja. Við teljum að með því að safna þeim aðilum sem þarna er talað um saman á einn stað verði þeir í fyrsta lagi aðgengilegri fyrir fólkið sem leitar þjónustu þeirra og í öðru lagi teljum við mikilvægt að þeir hafi sameiginlegt aðsetur

þar sem þeir geta þegið ráð hver hjá öðrum og geta skapað sér örvandi umhverfi í því verkefni að hjálpa til við að þroska atvinnulíf í landshlutanum. Þannig gætu þeir myndað sér sameiginlegt umhverfi nýsköpunar og hugmyndasmíði sem við teljum að sé mikilvægt.

Í 2. lið þáltill. er lagt til að stjórnir stofanna endurspegli á sem lýðræðislegastan hátt vilja íbúanna á svæðinu. Slíku samkomulagi er hægt að ná innan þeirra landshlutasamtaka sem nú starfa, enda er ekki hægt að reikna með öðru en að vilji fulltrúanna í þeim standi til lýðræðislegra vinnubragða. Í þessu sambandi má jafnframt benda á hugmyndir BJ um almennar kosningar fylkisstjórnvalda sem mundu auðvelda lýðræðislega lausn þessara mála.

Í sambandi við þessa grg. má víkja að því að það hefur orðið ýmsum landshlutasamtökum erfitt að eins og er er stjórn þeirra víðast hvar á jafnréttisgrundvelli, þannig að þar hafa jafnmarga fulltrúa bæði þeir smæstu og þeir stærstu. Þetta hefur í einstökum atriðum valdið erfiðleikum þegar að því kemur að taka afstöðu til dreifingar stórra peningaupphæða eða reksturs á fjárfrekum framkvæmdum. Það má telja að ef vilji fólks standi á annað borð til samvinnu af þessu tagi, eins og lagt er til í till., ætti að vera hægt að leysa þetta. Auðveldast væri þetta mál leyst á þann hátt að til væru lýðræðislega kosin landshlutasamtök þar sem einn maður hefði eitt atkv. í landshlutanum og engum vafa væri undirorpið það umboð sem þeir hefðu.

Í 3. lið þáltill. er lögð áhersla á frumkvæði og ábyrgð heimamanna í byggðamálum. Það er augljóst að þekking á staðbundnum landkostum, atvinnulífi, hefðum og lífsháttum er nauðsynleg undirstaða að markvissri sókn í byggðamálum. Það er jafnljóst að heimamenn eru best í stakk búnir til að fylgjast með og bera ábyrgð á því að aðgerðir í byggðamálum séu í samræmi við áætlanir.

Í þessu sambandi langar mig aðeins að víkja að þáttum sem ég held að séu mikilvægir hvað þessu viðvíkur. Það er mikilvægt, þegar um er að ræða að hafa hönd í bagga með þróun atvinnulífs á ákveðnum stöðum eða landshlutum, að tækniþekking, sem komið er á fót eða aflað er í landshlutanum, sé í einhverju samhengi við menningu og daglegt líf fólksins á svæðinu. Þar er sem dæmi munurinn á milli sjávarbyggða og landbúnaðarbyggða. Það geta einnig verið á einstökum stöðum hefðir í t. d. iðnaðarmálum, eins og t. d. á Akureyri. Það er mikilvægt að fjallað sé um það af staðarmönnum hvernig atvinnuhættir séu vænlegastir til árangurs á svæðinu. Þetta gerist best með þeirra forsjá.

Í öðru lagi langaði mig að geta þarna um hlutverk skólakerfisins sem eins og ég sagði áðan hefur verið til umræðu í þessu sambandi. Skólamenn hafa nýlega farið fram á að þeir fái aukið sjálfsforræði bæði til mótunar námsefnis og til rekstrar skólanna. Ég tel að það sé mjög mikilvægt atriði að skólar á hverjum stað geti auðveldlega aðlagað sig staðbundnum hefðum eða möguleikum í atvinnulífi. Það kemur sömuleiðis vel til greina í sambandi við skólana og skipulag þeirra að kenna grundvallaratriði í atvinnulífi og atvinnurekstri. Það má með námskeiðum skapa áhuga á slíku. Það má skapa áhuga á framtaki og nýsköpun í atvinnumálum. Það er því ýmislegt sem skólakerfið getur gert ef það er frjálst að því að taka eigin ákvarðanir eftir því sem hugur manna stendur til á hverjum stað.

Það má nefna fleira sem þróunarstofur gætu aðstoðað fólk með. Eitt atriði væri þjálfun og aðstoð í eyðublaðafrumskóginum svokallaða. Menn gætu fengið aðstoð t. d. við lánsumsóknir, framtalsaðstoð, bókhaldsaðstoð eða rekstrarráðgjöf af einhverju tagi. Þetta er allt saman þjónusta sem er nokkuð dýr og kannske ekki á færi lítilla fyrirtækja að taka. Það má hugsa sér að á fyrstu stigum fyrirtækjarekstrarins væri þetta þjónusta sem væri veitt af þróunarstofum landshlutanna. Þetta eru örlítil dæmi sem ég vildi koma að í sambandi við þennan lið.

Það er eitt atriði enn sem er kannske vert að minnast á í þessu sambandi. Það fjallar um fjármögnun. Í 3. lið þáltill. er talað um fjármögnun þar sem sagt er að þróunarstofur hafi sjálfsforræði til áætlanagerðar, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegunar. Í þessu sambandi tel ég að það væri mjög við hæfi að virkja bankastarfsemi á hverjum stað meir til þátttöku í efnahagslífi. Við sjáum þess dæmi í ýmsum löndum sem við teljum að séu framarlega í eflingu atvinnulífs og þar sem orðið hafa verulegar efnahagslegar framfarir, eins og Þýskalandi og Japan, að þar standa bankar mjög nálægt fyrirtækjunum. Þeir eiga jafnvel fulltrúa í stjórnum þeirra. Þeir eru ráðgjafar þeirra í peningamálum. Þeir standa að framleiðsluáætlunum með stjórnum fyrirtækjanna og taka á þann hátt virkan þátt í eflingu atvinnurekstrarins. Þetta er atriði sem er langbest framkvæmt með þátttöku bankafólks og atvinnumanna hverra á sínum stað. Hugsanlega þarf ekki um þetta milligöngu þróunarstofa, en ef svo er væri það eðlilegt hlutverk þeirra.

Í 4. lið þáltill. er lagt til að þróunarstofur starfi í samvinnu við þá aðila sem sinna byggðamálum undir stjórn ríkisvaldsins. Þannig fæst eðlilegt flæði upplýsinga og tækifæri til samræmingar markmiða í víðu samhengi.

Það er óþarfi að ræða þetta frekar en það mætti hugsa sér þetta þannig, að byggða- og áætlanadeildir núverandi Framkvæmdastofnunar yrðu lagðar niður í núverandi mynd, en hlutverk þeirra yrði ýmiss konar úrvinnsla og söfnun upplýsinga, kannske á stærri grundvelli, og gætu þær verið nokkurs konar upplýsingabankar og ráðgjafarbankar fyrir þróunarstofurnar úti um landið sem stæðu í nánara sambandi við verkefnin sjálf.

Í 5. lið þáltill. er lagt til að þróunarstofur varðveiti og annist greiðslur úr iðnþróunarsjóðum sem ýmis landshlutasamtök hafa þegar sett á fót. Þar er einnig rætt um að þróunarstofur starfi með landshlutastofum ríkisfyrirtækja, svo sem Vegagerðar, Pósts og síma og RARIK, svo dæmi séu nefnd.

Um þetta þarf ekki að hafa mörg fleiri orð. Þörf samstarfs og samræmingar á störfum ríkisfyrirtækjanna innan landshlutanna liggur í augum uppi. Það getur verið óskynsamlegt að vinna að mörgum stórum verkefnum nákvæmlega sömu mánuðina vegna skynsamlegrar dreifingar atvinnunnar innan landshlutans. Þarna gæti líka komið sá þáttur að athuga með áhuga heimamanna á eða möguleika heimamanna til undirverktakastarfsemi í ýmsum þeim verkefnum sem eru á vegum ríkisfyrirtækjanna. Þó ekki væri annað er mikilsvert að kynna með góðum fyrirvara heima í héraði hver áform ríkisfyrirtækin hafa um framkvæmdir innan landshlutanna.

Herra forseti. Ég óska þess að þáltill. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að gera að umræðuefni það alvarlega ástand í atvinnumálum sem þegar er orðið og ekki verður annað séð en að fari dagversnandi eins og útlitið er. Ég held að fleiri alþm. en mér sé svo farið að þeir hafi af því miklar áhyggjur hvernig þessi mál hafa þróast og virðast ætla að þróast, verði áfram haldið þeirri stefnu sem þegar hefur verið mörkuð. Ég tel þetta svo mikilvægt mál að það sé ótvírætt skylda Alþingis að gefa sér tíma til að fjalla um það og að það þoli ekki bið, heldur verði það að gerast áður en lengra gengur í þessa átt, ef á annað borð á að reyna að sporna við því og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ástandið versni frá því sem nú er.

Ég dreg enga dul á það að þær skuggalegu horfur sem nú eru í atvinnumálum og fara dagversnandi eru afleiðing þeirrar ákvörðunar meiri hl. Alþingis í desembermánuði að afsala sér svo ótvírætt og mikilvægu valdi til hæstv. sjútvrh., nánast einræðisvaldi til að ákvarða stefnumörkun í fiskveiðum og ákvarða aflamagn sem veiða má. Um það getur vart verið ágreiningur að þetta er orsök þess ástands sem nú hefur skapast. Ég held að þó að sú kvótaskipting sem upp var tekin hafi átt sér nokkuð marga formælendur á þeirri tíð sem hún var ákveðin fari þeim nú fækkandi sem mæla með kvóta, a. m. k. í því formi sem hann hefur verið á settur og virðist eiga að reka hann.

Ég gerði tilraun í morgun til að fá um það tölulegar upplýsingar bæði í sjútvrn. og hjá Fiskifélagi hversu margir bátar það væru nú þegar sem stöðvaðir hafa verið vegna þess að þeir eru búnir að fiska sinn kvóta. Um það virðast ekki vera til neinar haldbærar upplýsingar, ekki tókst mér a. m. k. að fá þær en augljóst virðist vera af þeim fréttum sem borist hafa að um nokkra tugi báta er að ræða sem þegar hafa stöðvast vegna þess að þeir eru búnir að fiska upp í sinn kvóta. Þetta hefur gerst þegar aðeins þrír mánuðir af árinu eru liðnir. Enginn vafi er á því að á næstu dögum og vikum fer þeim bátum ört fjölgandi sem lagt verður við bryggju vegna þess að þeir eru búnir að fiska upp í þann kvóta sem þeim hefur verið ætlaður.

Hér spilar auðvitað ekki hvað síst inn í það aflamagn af þorski sem ákveðið hefur verið að leyfa á árinu 1984, 220 þús. tonn. Um það getur menn sjálfsagt greint á hvort sú tala er eðlileg undir þessum kringumstæðum. Allt bendir til þess það sem af er liðið árinu að þróunin hafi orðið mun jákvæðari að því er þennan fiskistofn varðar en menn gerðu ráð fyrir t. d. síðari hluta næstliðins árs. Öll aflabrögð og lífríki í sjónum benda til þess að horfur séu betri en fiskifræðingar töldu þá. Ég held ég hafi orðað það svo í umræðum um þetta alræðisvald til handa hæstv. sjútvrh. í fiskveiðum og raunar fiskvinnslu að ég teldi óumflýjanlegt, þrátt fyrir spá fiskifræðinga, að aflamagn þorsks yrði ekki undir 260—280 þús. tonnum á þessu ári. Ég sé ekki hvernig á að reka þetta þjóðfélag ef menn ætla að halda fast við þá ákvörðun sem tekin hefur verið um 220 þús. tonna aflamagn af þorski.

Nú er það augljóst mál að þessi ákvörðun, kvótaskiptingin og ákvörðunin um aflamagnið, kemur fyrst og harðast niður á sjávarplássum víðs vegar um landið. Hennar er þegar farið að gæta verulega t. d. á Snæfellsnesi. Þar bendir allt til þess að a. m. k. á annan tug báta séu þegar bundnir við bryggju vegna þessa. Greinilegt er að á Suðurnesjum stefnir í sama ástand innan tiltölulega stutts tíma og enginn vafi er á því að á Vestfjörðum, a. m. k. sunnanverðum, er stutt í það að svipað ástand komi upp. Allt bendir því til þess að óbreyttu að viðvarandi fjöldaatvinnuleysi verði komið hér á landi í svo til flestum landshlutum fyrir mitt ár, ef menn ætla að halda þeirri stefnu sem nú er uppi og ekki verður séð enn sem komið er að menn ætli að breyta.

Ég tel að stjórnvöldum og Alþingi beri skylda til að ræða þessi mál þegar svo alvarlega horfir sem raun ber vitni í dag og vitað er að fer versnandi ef ekki verður breytt frá þegar ákveðinni stefnu. Stjórnvöld hafa ekki leyfi til að halda að sér höndum. Ef þau ætla sér að halda við þennan ákvarðaða kvóta er augljóst að grípa verður til annarra ráðstafana þessu fólki og þar með þjóðarbúinu í heild til bjargar ef ekki er meiningin að láta hundruð ef ekki þúsundir manna ganga atvinnulausa um helming af árinu ef ekki meir. Allt stefnir í það að óbreyttu.

Mér vitanlega hefur ekkert komið frá hæstv. ríkisstj. sem bendir til breytingar frá boðaðri og samþykktri stefnu. Ég tel of seint að grípa til aðgerða þegar búið er að vera viðloðandi atvinnuleysisástand í mörgum sjávarplássum svo vikum eða jafnvel mánuðum skiptir, inn í þetta þurfi að grípa áður en slíkt ástand hefur skapast, ég tala nú ekki um þegar séð er fyrir að það gerist innan stutts tíma.

Ég á ekki von á því að hinn alræmdi kvóti verði afnuminn, því miður. En ég tel óumflýjanlegt að fá um það vitneskju frá stjórnvöldum hvað þau hafa í hyggju þar að lútandi eða á öðrum sviðum til bjargar því fólki sem nú er þegar atvinnulaust, og við horfum fram á að þar bætast stórir hópar við svo til dag frá degi.

Ég er ekki í neinum vafa um það að nú gæti vaxandi efasemda hjá mörgum þeim hv. þm. sem studdu með atkvæði sínu þá stefnu sem fylgt hefur verið og alræðisvald til handa hæstv. sjútvrh. Margir þeirra eru farnir að guggna á að réttlæta þá ákvörðun. Og aðrir einstaklingar í þjóðfélaginu, sem um þetta fjölluðu, fulltrúar hagsmunahópanna svokölluðu, eru líka farnir að efast um að hér hafi verið valin hin rétta leið miðað við þær kringumstæður sem um var að ræða. Ég tel því nauðsynlegt að fá um það vitneskju nú þegar hvað hæstv. ríkisstj. hyggst gera í þessu efni.

Ég hef kosið, herra forseti, að beina máli mínu til hæstv. forsrh. vegna þess að ég tel að hér sé fyrst og síðast um að ræða atvinnu- og efnahagsspursmál sem hann, sem heimilisfaðirinn á heimili hæstv. ríkisstj., hlýtur að svara fyrir. Auðvitað ber öll hæstv. ríkisstj. ábyrgð á þessu ástandi. En það er eðlilegt að mínu viti að það sé hæstv. forsrh. sem er spurður um hugsanlegar eða fyrirhugaðar aðgerðir hæstv. ríkisstj. í málinu eða hvort hæstv. ríkisstj. hyggst ekkert gera í því. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. í fyrsta lagi hvort uppi séu hugmyndir um að auka leyfilegt aflamagn af þorski, 220 þús. tonn, bæta þar við. Í öðru lagi, ef svo er, hvaða aflamagn menn séu þá hugsanlega um að tala. Og í þriðja lagi hvenær vænta megi vitneskju um hvort slíkt

verður gert. Ég tel að það skipti miklu máli — og kannske meginmáli, ef slíkt er í bígerð, að það verði gert sem fyrst. Það hlýtur að vera öllum hlutaðeigandi aðilum til góðs að fá um það vitneskju sem fyrst ef fyrirhugað er að bæta við það aflamagn sem þegar hefur verið ákveðið.

Ef ekki liggja fyrir neinar hugmyndir hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum nú, ef hún heldur enn fast við fyrirhugað aflamagn, 220 þús. tonn, þá er ekki síður ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. hvaða ráðstafana ríkisstj. hyggist grípa til til að koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi hér á landi a. m. k. upp úr miðju ári, ef ekki fyrr. Ég vil ekki trúa því að hæstv. ríkisstj. ætlist til þess að þeir einstaklingar sem hér eiga hlut að máli mæli götur meira en helming ársins á atvinnuleysisbótum. Ég held því að hæstv. ríkisstj. og raunar Alþingi sem heild verði að fara að taka til umræðu svo alvarlegt ástand sem hér um ræðir. Undan því verði ekki vikist. Það er ekkert lítið í húfi fyrir þjóðfélagið ef á að halda áfram að láta reka á þessari stefnu, að tugir eða hundruð fiskibáta verði bundnir við bryggjur fyrir mitt ár og liggi þar fram til áramóta. Þetta er ekki aðeins spurning um hagsmuni sjómanna, það er spurning um hagsmuni fiskvinnslufólks, það er spurning um hagsmuni bæjarfélaga, það er spurning um hagsmuni ríkisins alls, þjóðfélagsins sem heildar hvernig á þessum málum verður haldið. Mér finnst því, herra forseti, full ástæða til, og þó fyrr hefði verið, að hefja um það umr. hér á Alþingi hvert skuli stefna, hvort á að fylgja óbreyttri stefnu hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. eða hvort beygja skuli af frá því sem áður hefur verið ákvarðað. Hvort menn ætli sér virkilega að líða það ástand að fjöldaatvinnuleysi verði leitt yfir íslenskt þjóðfélag innan tiltölulega skamms tíma.

Annað, sem kannske er ekki beint tengt þessu máli en er þó angi þess að því er sjómennina varðar og snýr að hæstv. sjútvrh., sem ekki er hér til staðar, en sjálfsagt veit hæstv. forsrh. um það einnig, er að ofan á þetta ástand, að sjómenn hafa misst vinnu, bætist það að sjómenn fá ekki greidda fæðispeninga vegna þess að hér í þinginu liggur stjfrv., sem ekki hefur verið afgreitt, um breytingu á Aflatryggingasjóði. Ég vil í framhaldi af því sem ég hef þegar spurt hæstv. forsrh. um beina því til hans hvort hann geti ekki komið þeim tilmælum til hæstv. sjútvrh. að ráðstafnir verði nú þegar gerðar til þess að greiða sjómönnum a. m. k. út fæðispeninga fyrir liðinn tíma, en það hefur ekki verið gert nú í nokkurn tíma. Þetta er til viðbótar því sem þeir nú þurfa að þola vegna kvótaskiptingar og aflatakmarkana.

Ég dreg enga dul á það og hef ekki gert að ég er andvígur þessu kvótakerfi, tel að það hefði átt að fara aðrar leiðir sem hefðu skilað ekki minni varnaraðgerðum þorskstofninum til handa en hefðu komið betur út að því er varðar atvinnuspursmálið, þjóðartekjuspursmálið en kvótakerfið gerir. Það ætla ég þó ekki að gera hér að sérstöku umræðuefni. En ég vænti þess að hér séu fleiri þm. sem telja það þess vert að ræða svo stórt mál sem hér um ræðir á Alþingi, því að það er ekkert lítið í húfi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skil mætavel áhyggjur hv. fyrirspyrjanda. Í ýmsum sjávarplássum um landið virðist stefna í að kvótinn verður nýttur fyrr en gert var ráð fyrir og að sjálfsögðu hefur það mikil áhrif á atvinnuástand. Ég fullvissa hv. þm. um að ríkisstj. hefur fjallað um þessi mál og fylgist með þróun mála. Ég geri ráð fyrir að sú atvmn., sem ríkisstj. ákvað að setja á fót fyrir alllöngu og óskaði tilnefningar í frá aðilum vinnumarkaðarins, verði fljótlega sett á fót. Því miður hafa ekki borist tilnefningar frá öllum, en ég vænti þess að það verði innan mjög skamms. Hins vegar sýnist mér, þegar ég hlusta á hv. fyrirspyrjanda, að réttara hefði verið að beina þessum spurningum til hæstv. sjútvrh. Ég skal að vísu svara nokkru um kvótann og fiskafla, en ég verð að taka það fram að þar lýsi ég eigin viðhorfi til þeirra mála.

Ég vil fyrst segja eins og hv. þm. að ég er ekki kvótamaður fremur en hann. Hins vegar verð ég að segja að eftir að tillögur um samdrátt í þorskafla lágu fyrir frá fiskifræðingum sýndist mér ljóst að sú leið til stjórnunar fiskveiða sem við höfum farið yrði ófær við þessar aðstæður. Það verður að gera sér grein fyrir því að sú leið byggðist á því að skipta árinu í þrennt, takmarka veiðar innan hvers þriðjungs ársins og stöðva þær þegar náð væri ákveðnu hámarki. Miðað við að draga um helming úr afla t. d. bátaflotans var ljóst að bátaflotinn á Suðvesturlandi og víðast á Vesturlandi hefði fyllt þann kvóta sem honum yrði ætlaður á fyrsta ársþriðjungi ef ekki kæmu aðrar takmarkanir til. Það kerfi gekk því nánast ekki upp. Auk þess var það yfirlýst stefna og samþykkt hagsmunaaðila að rétt væri að taka upp kvóta á hvert skip. Ég verð því að segja að þó menn hafi sínar efasemdir held ég að önnur leið hafi vart verið fær.

Ég vil einnig lýsa þeirri skoðun minni, að eftir þær leiðréttingar sem gerðar voru sé þessi fyrsta tilraun til kvótaskiptingar á veiðum eins vel gerð og gera má ráð fyrir í byrjun. Það koma ætíð í ljós einhverjir annmarkar. Á því er ekki nokkur vafi. Ég vek athygli á að þessar reglur eru unnar af fulltrúum þeirra aðila sem hér eiga stærstra hagsmuna að gæta og ég held að þeir hafi lagt sig fram við að móta reglur sem eru viðunandi.

Ég vil einnig segja að samkv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið víða af landinu er mér tjáð að því fari víðs fjarri að menn hafi fullnýtt kvótann og sums staðar reyndar langt frá því. Aflabrögð hafa sums staðar verið slök eins og t. d. um austanvert landið. Mér er einnig sagt og hef fyrir því ábyggilegar upplýsingar að í sumum sjávarplássum hafi menn brugðist þannig við kvótanum að þeir hafi beinlínis hægt á veiðum. Ég gæti nefnt dæmi um staði þar sem togarar hafa verið bundnir við bryggju þrjá, fjóra daga með það í huga að kvótinn nýttist lengur og að gefa bátunum á þessum tíma vissan forgang, en ég get líka nefnt staði þar sem ekkert hefur verið hægt á togurum og þeir hafa landað hingað og þangað um landið af því að vinnslustöðvar í þeirra sjávarþorpum gátu alls ekki tekið við aflanum. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að ég tel að slík nýting á kvóta sé ekki skynsamleg og ekki þá tekið tillit til mikilvægis þess að vinna haldist sem jöfnust í landi.

Hv. þm. spurði hvort kvótinn yrði aukinn. Því get ég alls ekki svarað á þessari stundu. Þetta hefur að sjálfsögðu verið rætt við sjútvrh. Fiskifræðingar höfðu lofað endurskoðun tillagna fyrir lok þessa mánaðar. Þeir hafa nú fallist á að skila tillögum í næstu viku og með tilvísun til þeirrar áherslu sem menn hafa lagt á það í bak og fyrir að farið verði að tillögum fiskifræðinga trúi ég því varla að menn ætlist til þess að sjútvrh., án

þess að hafa viðbrögð fiskifræðinga og niðurstöður af leiðöngrum þeirra, auki kvótann á sitt eindæmi. Ég trúi því vart. En hann hefur tjáð mér að þeir hafi lofað sér því að hraða tillögugerð. Þeir eru nýlega komnir úr öðrum leiðangri og rannsóknarskip var sent nú einnig á Breiðafjörð til að skoða betur þorskgengd þar. Væntanlega verður því ákvörðun um viðbótarkvóta tekin í næstu viku.

Hv. þm. sagði að óhjákvæmilegt væri að auka kvótann um 40 til 50 þús. tonn. Var það ekki rétt tekið eftir? Því vil ég vekja athygli á að slík aukning og reyndar hver sem hún yrði hlýtur að ganga jafnt yfir landið. Þeir staðir sem nýtt hafa kvótann fyrst geta alls ekki haft forgang yfir aðra sem kannske hafa gætt meiri forsjálni í að nýta sinn kvóta. Þetta mundi þýða u. þ. b. 15—16% aukningu því að ég hygg að þorskkvótinn með leiðréttingum sé kominn yfir 230 þús. lestir. Eins og aflabrögð hafa verið í sumum verstöðvum landins sýnist mér að þetta þýddi svona eins og þrjár ferðir á bátana. Þetta leysir því ekki allan vanda á slíkum stöðum. Það sýnist mér alveg ljóst.

Ég vek athygli á því að við nálgumst óðum þann tíma sem ætíð hefur verið þorskveiðistopp, þ. e. páskatímann. Það eru u. þ. b. 10—11 dagar í það að þorskveiðistopp hefði orðið skv. gömlu reglunni. Mér sýnist því e. t. v. of mikið gert úr þeim bráða vanda sem talinn er fram undan. Hitt viðurkenni ég, að ef svo fer að viss sjávarpláss hafa nýtt kvótann snemma á árinu bæði bátar og togarar, er þar mjög mikið vandamál, mjög stórt vandamál og vitanlega verður að taka á því. Reynt hefur verið að draga úr slíkri hættu með því að veita víðtæk leyfi til rækjuveiða og hefur það reyndar verið gagnrýnt á sumum stöðum landsins að þau leyfi séu allt of mörg og of nærri rækjumiðum gengið og kannske markaði, en að sjálfsögðu hefur það verið gert í þeirri viðleitni að draga úr hættu á atvinnuskorti. Ég vil jafnframt nefna að gert er ráð fyrir verulegri aukningu í veiðum á kola og dragnótaheimildir eru auknar. Á sumum þeim stöðum sem hér um ræðir eru áreiðanlega möguleikar til slíks ef menn vilja.

Ég vil á þessari stundu fyrst og fremst fullvissa hv. fyrirspyrjanda og hv. þm. um að ríkisstj. er að fullu ljóst að sums staðar stefnir í vanda. Ég hygg hins vegar að það sé miklu staðbundnara en kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda og ég vil fullvissa hv. þm. um að hvert slíkt tilfelli verður vandlega skoðað.

Árni Johnsen: Herra forseti. Hér er fjallað um mál sem er eitthvert brýnasta viðfangsefni sem við er að glíma í íslenskum þjóðmálum í dag. Mér finnst ástæðulaust, eins og hv. þm. Karvel Pálmason fjallaði um sitt mál, að gera kvótann tortryggilegri en hann er. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það eru eins skiptar skoðanir um kvótann eins og menn eru hér margir inni. Og við skulum gera okkur grein fyrir því að kvótinn gekk fram vegna þess fyrst og fremst að búið var til ákveðið líkan, byggt á ákveðnum forsendum, sem átti að nota sem stjórntæki við ákveðnar aðstæður sem spáð var. Nær allir hagsmunaaðilar lögðust á eitt um að velja þessa leið. Þess vegna eigum við að fjalla um þetta mál á þann veg að meta hvort þetta tæki hefur orðið að því gagni sem reiknað var með, hvort þær forsendur sem það var byggt á hafi staðist.

Það er mikill vandi sem blasir við. Eins og fram kom í máli hv. þm. Karvels Pálmasonar blasir við stöðvun og er þegar orðin staðreynd á bátum í ýmsum verstöðvum. Þetta vandamál er í verstöðvum allt frá Hornafirði suður um og að Húnaflóa. Þetta er mismikið vandamál enn í dag og þegar grannt er skoðað hefur verið missött af mönnum á þessum tíma til veiða. Ég hef rætt við sjómenn í allmörgum verstöðvum víða um landið og mun aðeins koma inn á það í mínu máli. En ég vil undirstrika það að þegar haft er á orði að miðað sé við 220 þús. tonna aflamark í þorski er það rangt, það er þegar búið að leyfa mun hærra aflamark og ég mun færa rök fyrir því í máli mínu á eftir.

Það er skynsamlegt að taka nýjar ákvarðanir. Ég segi nýjar ákvarðanir vegna þess að ég tel að nú sé komið að tímamótum varðandi framkvæmd kvóta og fiskveiðistefnu í landinu. Ef fram hefðu gengið spár um það að fiskveiði yrði mun minni á þessu ári en reyndin er hefði ekki þurft á þessu stigi málsins að kvarta yfir framkvæmd kvótans. Staðreyndin er hins vegar sú að aflinn er ekki minni þegar á heildina er litið. Ég trúi því að koma muni í ljós skv. skýrslum Fiskifélags Íslands á næstu dögum að meðalaflinn er u. þ. b. svipaður og á s. l. ári. Það segir mikla sögu þegar tekið er tillit til aðstæðna, þegar tekið er tillit til þess að sóknin á miðin er mun minni en á s. l. ári og margt sem spilar inn í sem veldur því að í rauninni hefði verið hægt að sækja talsvert meiri afla í fang sjávar.

Tekið er tillit til sjónarmiða sérfræðinga, sjómanna og stjórnmálamanna sem eiga að taka af skarið, sem eigi að meta dæmið í heild og brúa ákveðið bil til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það hefur ekki alltaf staðist allt sem Hafrannsóknastofnun hefur látið frá sér fara og er ekki von því að margt er þar byggt á líkum og spám. Gleggsta dæmið er loðnuaflinn og þannig undirstrikast að það er hættulegt ef við ætlum okkur til lengri tíma að skipuleggja afla eins og við gerum með kvótafyrirkomulaginu með því að skipuleggja í rauninni mögulegan afla liðlega eitt ár fram í tímann. Við höfum gert það með þessu fyrirkomulagi vegna þess að í haust var ákveðið að þessi stjórnun yrði tekin upp og hún á að gilda sem tilraun a. m. k. eins og reiknað var með út árið.

Þá er komið að spurningunni: Er hægt að færa rök fyrir því að tilraunin hafi gengið á annan veg en ætlað var, að aðrar forsendur, aðrar staðreyndir blasi við? Ég tel að þær staðreyndir, sem við getum haldið í, sýni að skynsamlegra sé í okkar fiskveiðum að endurmeta þessa stöðu nú þegar. Við eigum að endurmeta hana og miða við það að hér er um mismunandi stöðu að ræða eftir vertíðum. Ég tel að reynslan hafi sýnt okkur á þessum tíma sem liðinn er að við eigum að meta á hverjum tíma, kannske 3—4 sinnum á ári, hvort það eigi að stöðva og hvað lengi. Það eru svo mörg vandkvæði sem hafa komið upp í framkvæmd kvótakerfisins að miðað við það að við erum ekki að tala um mikið minni heildarafla s. l. ár í kvótanum hefur kvótinn ekki þau rök að baki sér eins og við reiknuðum með.

Segja má að ef valin er sú leið að meta stöðuna á ársfjórðungsfresti muni það eitthvað koma niður á stöðugleika vinnslu í landi. En fyrst og fremst hljótum við að verða að meta eftir staðreyndum, eftir stöðu sjávar og sjávarafla, eftir þessum staðreyndum sem eru borðliggjandi, hvort við eigum að halda sömu stefnu eða hvort eðlilegt er að breyta til. Ef við hefðum veitt

290 þús. tonna afla ársins 1983 fyrir 5 árum hefði sá þorskafjöldi miðað við meðalþyngd þá þýtt 380 þús. tonn miðað við hitastig, ætisskilyrði og vaxtarskilyrði í sjónum. Sá kvóti, sem Hafrannsókn byggði sínar tillögur og niðurstöður á, byggðist á fjölda fiska, ekki meðalþyngd. Þá spilar strax inn í að nú eru mun hagstæðari skilyrði til sjávar. Það er heitari sjór, það er fiskur fullur af átu hvar sem dregið er úr sjó. Þetta þýðir — án þess að fræðingar þurfi til að koma og eru þeir þó alls góðs maklegir — þyngri fiska, meiri afla, hærri aflamörk miðað við fjölda fiska sem gengið var út frá. Þannig þarf að horfa til margra átta í þessu efni.

Það er ekki af neinni tilviljun að sjómenn halda því fram að með auknum hita í sjónum aukist átuskilyrði og fiskurinn þyngist. Þegar við búum við þær aðstæður að allt er tíundað sem upp úr sjó kemur getum við fylgst með þessu frá viku til viku, frá degi til dags. Þegar svo horfir að verulegur fjöldi báta mun þurfa að binda á næstu dögum og vikum og vera bundinn út allt árið hljótum við að verða að meta stöðuna að nýju og kanna til hins ýtrasta hvað sé skynsamlegt.

Ég vil nefna dæmi að í Ólafsvík er búið að landa á þessu ári 5611 tonnum af fiski. Í fyrra var landað þar á sama tíma 4492 tonnum af fiski. Þarna munar u. þ. b. 20% hvað aflinn er meiri. Ég held einnig af samtölum mínum við sjómenn í ýmsum verstöðvum að verulega mismikil sókn sé frá ýmsum plássum á landinu, t. d. mikil frá Ólafsvík, enda hafa skilyrði verið góð þar til sóknar umfram ýmsa aðra staði. Stærsti hluti af þessum afla er þorskur, af þessum 5611 tonnum, sem nú hafa veiðst í Ólafsvík, eru 5383 tonn þorskur. Af aflanum á s. l. ári í Ólafsvík, 4492 tonnum, var þorskur 4356 tonn. Hlutfallið er svipað, aflinn er þetta mikið meiri og segir ákveðna sögu.

Það er athyglisvert í sambandi við framkvæmd kvótans að vandamálið kemur fyrst upp hjá bátaflotanum. Það minnir á athugasemdir, sem gerðar voru í umr. um þessi mál, að hugsanlega væri skynsamlegra að gera þessa kvótatilraun á togaraflotanum. Þar er vandamálið ekki komið upp í dag a. m. k. Bent var á og ég hef bent á það í mínu máli í Sameinuðu þingi að ég teldi ógerlegt að framkvæma kvótann miðað við að afli væri skikkanlegur. Það var afsakanlegt stjórntæki með mun minni afla, enda hefði þá ekki komið til þess nú á þessu stigi að binda þyrfti bátaflotann, en reyndin er önnur.

Ég vil nefna fleiri staði til viðmiðunar. Bátaaflinn sem nú er búið að landa í Vestmannaeyjum er 7232 tonn á móti 10 765 tonnum á sama tíma í fyrra. Þarna er talsvert minni afli, um 30% minni afli, en þess ber að geta að það er 8 bátum færra á netum, 6 bátum færra á trolli og það hefur verið mun minni sókn frá Vestmannaeyjum vegna kvótareglna á þessari vertíð en var í fyrra og er hefðbundin sókn á þeim miðum. Einnig hafa veður verið þannig á Suðurlandsveiðisvæðinu að það hefur verið hvað verst um langt árabil að stunda þar sjósókn í vetur. Þegar á heildina er litið og við könnum hver er meðalafli netabáta í Vestmannaeyjum á þessari vertíð og síðustu vertíð þá er hann mjög svipaður. Meðalafli á netabát 1983 var 12.7 tonn. Í 531 róðri var meðalaflinn á netabát 12.9 tonn 1973, hann var 12.7 tonn nú í 417 róðrum. Þetta sýnir að einnig á Suðurlandsmiðum er mun meiri afli en við var búist og í rauninni ekki minni afli en kemur í ljós hjá Ólafsvíkurbátum vegna þess að ég hygg að það sé staðreynd að sóknarþunginn hafi verið minni frá Vestmannaeyjum á þessari vertíð en frá Ólafsvík þegar á heildina er litið.

Á Rifi var aflinn s. l. ár, fyrstu þrjá mánuði ársins, 2340 tonn, svo til allt þorskur. Nú er búið að landa þar 2865 tonnum. Þannig helst þetta í hendur og undirstrikar að meira kemur úr fangi sjávar af afla en reiknað var með.

Á Akranesi hafa bátar landað 1128 tonnum á þessari vertíð. Þar af er þorskur 1054 tonn. Á árinu 1983 lönduðu bátar þar á sama tíma 1180 tonnum, þorskur var þar af 1047 tonn. Þetta eru svo til nákvæmlega sömu hlutföll með mun minni sókn sem hefur átt sér stað frá Akranesi á þessu ári. Þannig tel ég að þessar upplýsingar, sem eru borðliggjandi, gefi ákveðna vísbendingu.

Við skulum þó umfram allt gera okkur grein fyrir því að kvótamiðstýringin drepur og dregur úr allri veiðivon fiskimannsins. Við erum með í landinu á annað þúsund fiskiskip og reikna má með að þörfin fyrir nýja, menntaða yfirmenn á ári sé um það bil 100 menn. Ef við ætlum að keyra á þessu kerfi án þess að hafa haldbær rök, án þess að hafa líkan sem stenst miðað við þær forsendur sem þær hafa byggt á, erum við komin í vanda vegna þess að hvernig eigum við að ætlast til þess að ungir menn fara til mennta í sjómennsku í dag ef þeir eiga ekki að fá neitt tækifæri til þess í framtíðinni að láta á sig reyna? Víst getum við verið sammála um að hyggilegast er að gera út á fiskimennina, þá sem eru fisknastir og mestu afburðamennirnir í þeim efnum og skila mestum arði fyrir minnsta vinnu, ná mestri nýtingu á tæki og mannafla. Það hlýtur að vera okkur kappsmál þegar á heildina er litið.

Ég sagði fyrr í máli mínu að þær reglur sem við búum við í dag gerðu ráð fyrir mun meiri afla en 220 þús. tonna hámarksafla í þorski, eins og hv. þm. Karvel Pálmason minntist á áðan. Um er að ræða úthlutun á 531 þús. tonni af fiski, u. þ. b. 400 þús. tonnum af þorskígildum. Líkanið sem við byggjum á gerir ráð fyrir 42% niðurskurði á fiski fyrir það tímabil sem miðað er við, frá 378 þús. tonna meðalafla s. l. 3 ár í 220 þús. tonn. Þessi aflarýrnun kemur að sjálfsögðu mest niður þar sem þorskur vegur hvað mest í afla. Miðað við veiði þriggja ára þýðir þessi rýrnun þorskafla eftirfarandi lækkun á botnfiskafla eftirtalinna svæða: Á Suðurlandi 26.8% rýrnun, á Reykjanesi 19.9% rýrnun, á Vesturlandi 26.8% rýrnun, á Vestfjörðum 26.4% rýrnun, á Norðurlandi vestra 28.8% rýrnun, á Norðurlandi eystra 29.4% rýrnun og á Austfjörðum 27.1% rýrnun.

Nýlega er lokið leiðréttingu á kvörtunum yfir 300 skipa í flota landsins. Þessi leiðrétting þýddi aukningu á þorskkvótanum úr 220 þús. tonnum í liðlega 226 þús. tonn. Miðað við aðrar leiðréttingar smærri báta hækkar þessi tala eitthvað. Síðan verður að taka inn í myndina að gert er ráð fyrir 10% aukningu á þorskafla miðað við ígildi afla. Það þýðir sem sagt að þar er gert ráð fyrir að þorskaflinn geti orðið allt að u. þ. b. 40 þús. tonnum hærri en 220 þús. tonn, í þessu tilviki 226 þús. tonn eftir leiðréttingar. Þá hækkar talan allsnarlega.

Síðan verðum við að gera okkur grein fyrir því að það eru veruleg brögð að því að fiski sé hent í sjóinn. Þegar ég segi verulega á ég við að strax og það fer að verða bitastætt hlutfall í afla báta er það verulegt hvað hent er í sjóinn af slæmum fiski. Komið hefur fram í samtölum við sjómenn hér og þar í verstöðvum að þeir hendi þriggja og fjögurra nátta fiski. Þeim er vorkunn því að

þeir eru með hálfónýtt og verðlítið hráefni bundið inn í þann kvóta sem þetta fyrirkomulag gefur þeim. Það hefur verið nefnt og staðfest að allt að 40% af afla í veiðiferð, þegar um er að ræða nokkurra nátta fisk, hafi verið hent í sjóinn. Þarna er um að ræða háa tölu í heild og allt leiðir þetta að sama marki, að við áætlum að veiða ekki minni afla en á s. l. ári.

Þá undirstrika ég enn þá að meðalafli fiskjar er skv. upplýsingum sjómanna og mun væntanlega koma í ljós skv. upplýsingum Hafrannsóknastofnunar talsvert meiri en í fyrra. Þar sem líkanið var byggt á fjölda fiska, ekki meðalþyngd, hlýtur það einnig að mæla með því að við breytum nú starfsaðferðinni og tökum afstöðu til þess að það þarf að stjórna þessu á annan hátt en gert hefur verið. Þetta getum við þó ekki gert endanlega að mínu mati fyrr en þessar staðreyndir liggja fyrir. Ég veit að hæstv. sjútvrh. fylgist grannt með þessum tölum, þessum staðreyndum, en þar sem málið er komið upp í hæstv. Alþingi þykir mér rétt að þessar upplýsingar komi fram.

Ég sé ekki annað en að það þurfi að taka og sé hægt að taka mjög fljótlega pólitíska ákvörðun um að hækka kvótann. Við skulum gera okkur grein fyrir því að á Austurlandi og Norðurlandi eru ekki óeðlileg aflabrögð á þessu ári, þau eru ekki mikil, og þetta er mjög misjafnt á öllu suður- og vestursvæðinu. Það hefur, held ég, meira verið gert úr þeim mikla afla sem einstakir bátar hafa fengið. Það er ekki eins gott yfir heildina, vil ég meina. En að meðaltali er um að ræða, skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið bæði hjá sjómönnum og Fiskifélagi, mjög svipaðan afla og á s. l. ári með mun minni sókn, fyrir utan óvissar tölur, t. d. í afla sem hent er.

Þess vegna held ég að ástæða sé til þess að íhuga mjög alvarlega hvort ekki séu tímamót í þessu máli, hvort ekki beri að taka af skarið, að hækka a. m. k. að hluta kvótann í prósentutölu á meðan verið er að ganga úr skugga um hvort hér séu staðreyndir sem hægt er að byggja á og ég tel í rauninni borðliggjandi.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. 3 þm. Vestf. um að það ástand sem er að skapast nú í íslenskum sjávarútvegi sé bein afleiðing þess valdaafsals og þeirrar kvótasetningar sem í framhaldi af því valdaafsali, sem átti sér stað hér fyrir áramótin, kom.

Það er sem sagt að koma í ljós að sá kvóti sem við nú búum við er það gallaður að í sumum byggðarlögum blasir nú við atvinnuleysi, við því má búast eftir að kemur fram á mitt ár. Jafnvel þó að útgerðarmenn og fiskimenn sýni hina ýtrustu forsjálni, eins og hæstv. forsrh. nefndi áðan að þyrfti að gera við þær aðstæður sem við búum nú við, virðist mikill fiskur vera á miðum, t. d. við Snæfellsnes. Jafnvel þó að menn fækki netum og bátum fækki á sjó heldur áfram að berast mikill afli að landi. Eftir að bátum hefur fækkað gerist það, eins og gerðist í gærkvöldi, að það kemur metafladagur miðað við mörg undanfarin ár. Við þessar aðstæður er sumum útgerðum, sumum sjómönnum skipað að fara í land, sagt að binda báta sína og sækja ekki fisk í sjó. Slíkar aðstæður á Íslandsmiðum held ég að enginn hafi getað ímyndað sér fyrir ári síðan eða svo.

Ástandið er þannig í Ólafsvík í dag t. d. að þar hefur 13 bátum verið lagt af líkast til um 30 bátum sem stunda þar sjó. Það hafa 9 heimabátar og 4 aðkomubátar af Norðurlandi þegar fyllt kvóta sinn og fara nú til Norðurlands til að leggjast þar og hafa ekki möguleika til þess að skapa þeim svæðum atvinnu.

Sama er að gerast á Snæfellsnesi. Eftir u. þ. b. hálfan mánuð miðað við líklegt aflamagn verður meginhluti flotans við Breiðafjörð bundinn við bryggju vegna þess að hann er búinn með kvótann sinn, jafnvel þó hann hafi sýnt hina ýtrustu forsjálni við að sækja eins lítinn afla og eðlilegt mátti teljast.

Sumir bátar við Breiðafjörð hafa á undanförnum vikum fækkað netum sínum í sjó og — það sem ég held að ekki hafi skeð almennt við fiskveiðar undanfarandi ár — hafa tekið upp net fyrir helgar. Ég veit t. d. um bát sem fyrir síðustu helgi tók upp hluta af trossum sínum og var ekki nema með 7 trossur í sjó, en kom með 32 tonn að landi í gær. Hann gat ekki forðast það, jafnvel þó hann sýndi hina ýtrustu forsjálni, að fiska þetta rösklega upp í kvóta sinn.

Við þessar aðstæður mundu sjálfsagt sumir segja það sé heppni fyrir Snæfellsnes að fá svona mikinn afla að landi. En nú eru hlutirnir orðnir þannig að þetta er orðið óheppni. Það er mjög mikil óheppni fyrir Snæfellsnes og Breiðafjarðarhafnir að svona mikill afli skuli vera þar vegna þess að við það að aflinn berst í land á svo stuttum tíma verður hann að vinnast og það þýðir að við höfum ekki atvinnu fyrir okkar fiskverkunarfólk og sjómenn þegar fram á árið líður, þ. e. eftir að búið er að vinna úr því hráefni sem að landi berst.

Ég tel því að sú spurning sem hv. þm. Karvel Pálmason lagði fyrir hæstv. forsrh. hafi verið nauðsynleg. Við þurfum að fá svar við því hvað ríkisstj. hefur hugsað til þess að leysa úr þeim vandamálum sem hljóta að koma upp og eru fyrirsjáanleg á þessum svæðum. Við vitum að það hafa verið að koma viss vandamál upp í þjóðfélaginu og það gerist árlega. Þá hefur það verið hlutverk ríkisstj. í hvert skipti að reyna að bæta þar úr.

Í haust varð kartöfluskaði í Þykkvabæ og á Svalbarðsströnd. Hæstv. ríkisstj. hljóp þar vitaskuld undir bagga og gerði ráðstafanir til þess að það kæmi ekki þungt niður á atvinnulífi þeirra byggða. En ekkert hefur verið rætt um það sem við blasir í sambandi við íslenskan sjávarútveg og menn máttu vita að hlyti að koma um leið og þessi kvóti var settur á. Ekki hefur verið rætt um það að byggðir, sem eins er ástatt fyrir og byggðunum á Snæfellsnesi hljóta að eiga kröfu til þess að gerðar verði einhverjar ráðstafanir þegar það blasir við að þar verði ekki fyrir hendi nein atvinna. Þessir menn eiga ekki aðeins þá kröfu að þeir hafi möguleika til þess að geta sótt peninga til Atvinnuleysistryggingasjóðs, heldur á þetta fólk fullan rétt á því, þegar því er skipað að hætta að stunda sína hefðbundnu atvinnugrein, að fá betri kjör en þær lágu bætur sem úr Atvinnuleysistryggingasjóði koma.

Ekki er nóg með að þetta blasi við í sambandi við fiskverkunarfólk og reyndar allt fólk á stöðum eins og nokkrum stöðum á Snæfellsnesi sem byggja alla sína afkomu á sjávarútvegi, heldur blasir það við í mörgum tilfellum að þær útgerðir, sem eru nú að hætta veiðiskap, standast það ekki að leggja þessum atvinnutækjum út árið eða svo. Margar þeirra hafa ekki möguleika á að leita fanga t. d. við djúprækjuveiðar eða að nýta sér aðra möguleika sem á hefur verið bent. Þessar útgerðir verða jafnvel ekki til taks að ári liðnu

þegar horfið verður frá þessum kvóta ef þetta er, eins og nefnt hefur verið, aðeins tilraunakvóti til eins árs.

Með þessu vil ég undirstrika að ég tel að sá kvóti sem við búum nú við sé mjög óhagstæður sem tilraunakvóti. Hann er mjög óhagstæður sem tilraunakvóti af því að hann getur haft það í för með sér að bátur sem ekki fær venjulegan kvóta getur ekki haldið uppi rekstri nema hluta ársins. Hann getur gert það að verkum með annars hæfa útgerð að öllu leyti að hún hafi ekki rekstrargrundvöll framar. Ég held að þarna hljóti að vera vandamál sem ríkisstj. hlýtur að líta á og huga að.

Vestur á Snæfellsnesi, á þessum stöðum þar sem aflinn hrúgast nú í land og hver metdagurinn kemur á fætur öðrum, fóru ungir menn út í það ævintýri í haust að kaupa sér smábáta. Þeir gerðu sér ekki grein fyrir því að upp úr áramótum yrði settur kvóti sem yrði miðaður við það að ef þeir væru með bát sem væri stærri en tíu tonn mundi þeim verða skammtaður ákveðinn afli. Þarna eru um fjóra aðila að ræða á heimastöðvum mínum, þ. e. á Hellissandi og Ólafsvík. Þeir eru allir búnir með kvótann sinn, þeir fengu 54,5 tonn af þorski. Þeir bundu sig á haustdögum í skuldabagga og treystu því að íslenskt þjóðfélag og íslensk ríkisstj. tæki ekki af þeim möguleikann til þess að standa undir þessum rekstri sínum. Þetta gekk m. a. s. það langt núna með þeim leiðréttingum, sem komu síðast og áttu m. a. að lagfæra aðstöðu þessara bátastærða, að einn af þessum bátum var skertur. Það var minnkaður afli hans frá því að hann hafði 65 tonn, en hann varð endilega ð komast í hópinn og vera jafn og fá 54,5 tonn. Þetta er nú allt réttlætið með þeim leiðréttingum sem áttu sér stað núna síðustu daga hjá kvótanefndinni.

Mín skoðun er sú að þeir þrír þættir sem nefndir voru til ágætis þessa kvóta, þ. e. að með þessum kvóta mundi útgerðin geta sparað í rekstri, hún mundi koma með betri afla og hægt væri að takmarka aflasóknina, séu núna allt að því rökleysa.

Hv. þm. Árni Johnsen benti á hvernig komið væri fyrir aflatakmarkinu. Í útreikningnum sjálfum virðist aflatakmarkið hreinlega hafa farið úr 220 þús. tonnum upp í 250—260 þús. tonn ef við er bætt 10% aflaígildi og þeim viðbótarkvóta sem er leiðrétting og átti sér stað núna á síðustu dögum. Til viðbótar kemur svo sá þáttur, sem við vitum um að hefur átt sér stað og hv. þm. benti á og er kannske einn af mestu ókostum þessa kvóta, það er að afla er kastað. Í öðru lagi hlýtur að vera miklu meiri tilhneiging til þess við þessar aðstæður að reyna að komast fram hjá vigt en áður. Eitt af því sem kom fram í umr. um kvótann og leiðréttingarkvótann var að ýmsir hefðu bent á að þeir hefðu landað fram hjá vigt áður og vildu þar af leiðandi fá hækkaðan kvótann sinn. Það er voðalega hætt við því að ýmsir aðrir reyni nú að leika þennan leik einmitt af því að það er ákveðinn kvóti bundinn á hvert skip þannig að hver sem kemur einum bíl fram hjá vigt fær hann í auknum afla. Aftur á móti á það sér ekki beint stað þegar heildarkvóta er úthlutað. Þannig er aflatakmörkun nokkuð vafasöm.

Ég tek alveg undir með þm. Árna Johnsen að allar líkur eru fyrir því að ekki verði sóttur minni þorskur á íslensk fiskimið í ár með þessum kvóta en var gert á síðasta ári. Og til hvers var þá verið að setja þennan kvóta? Af hverju gátum við ekki bara notað gamla fyrirkomulagið?

Ég get svo sem viðurkennt það að sóknarþungi hefur minnkað. Af þeim ástæðum má reikna með því að betri afli hafi komið, menn hafi verið með færri net en áður. Hægt er að reikna með því að komið hafi betri afli. En ekki hefur verið mikið gert af hálfu opinberra aðila til að fylgjast með því hvort þarna ætti sér stað jákvæð þróun. Eitthvað hefur verið gert, litið á hvernig afli hefur borist að landi, en það hefur ekki verið mjög mikið eftir leitað og það hefði þurft að vera meira og hefði verið mikið eðlilegri aðferð til þess að draga úr afla en þessi kvótaregla sem í gildi er.

Því miður held ég að sú aflahrota sem yfir Snæfellsnes dynur hafi ekki boðið upp á góða nýtingu úr þeim afla sem þar hefur borist í land. Ég hef ekki trú á því að mínir ágætu heimamenn, Sandararnir, hafi haft mikinn möguleika til þess að vinna úr þeim 300 tonnum sem þeir fengu í gær. Ég er ansi hræddur um að það séu ýmiss konar vinnubrögð sem eiga sér stað í kringum það og sumt af þeim afla fari beint í úrkast, kannske engin önnur leið til, því miður. Það tókst ekki vel þegar 500 tonn komu til Ólafsvíkur og á milli hafa verið að berast 100—150 tonn á þessa staði.

En ekki er nokkur tilraun gerð til þess af opinberri hálfu að reyna að draga úr aflaþunganum. Það litla sem gert var var gert af mönnunum sjálfum. Það sem ég tel að ætti að gera fyrst og fremst til að draga úr aflasókn væri t. d. að skipa mönnum að draga upp net sín á laugardögum. En þeir gerðu það ekki, þeir háu herrar sem höfðu valdið í sjútvrn., heldur skömmtuðu þeir kg á hvert skip. Það hefðu engin 300 tonn borist á Rif í gærkvöldi ef það hefði verið regla um það að ákveðinn hluti af netunum skyldi vera dreginn í skipin á laugardagskvöldi. Hægt hefði verið að minnka þann afla um allt að því helming. Það voru líkur á því að borist hefði að landi verðmætur og góður afli. Hann hefur sjálfsagt verið góður sem barst í land í gær en möguleikinn til að vinna hann er ansi lítill.

Það hefur verið frekar á annan veg sem hlutirnir hafa verið gerðir af hendi stjórnvalda heldur en að skipulagt hafi verið að betri afli bærist að landi og við fengjum verðmætara hráefni.

Í fyrravor var samþykkt að minnka möskva þannig að við gætum sótt frekar í smáfisk. Núna er kenningin sú að við skulum nota hvaða veiðarfæri sem er til að sækja í þennan kvóta. Það blasir sem sagt við að þeir sem eiga eftir einhvern þorskkvóta geti dundað við það í sumar eins og þeir fengu að gera í fyrrasumar að sækja fiskinn með þorskanetum yfir sumartímann. Allir sem eitthvað hafa stundað sjósókn vita hvaða hráefni berst þá að landi. En kenning þeirra sem bjuggu til þennan kvóta er fyrst og fremst sú að lofa mönnum að velja sjálfum hvernig þeir sækja fiskinn í sjóinn. Útkoman er þessi sem við blasir fyrir vestan hjá okkur að við höldum áfram að sækja fisk í sjó og minnkum möskvann jafnvel.

Kvótinn er að öllu leyti ranglátur. Hann er þó mismunandi ranglátur bæði gagnvart sjómönnum og útgerðum, en þó sérstaklega er hann óréttlátur gagnvart byggðarlögum. Enn skal ég vitna í Árna Johnsen. Hann nefndi tölur um það hvernig skerðingin kæmi út á landshluta. Ég tók svo eftir að þar voru ekki nefndar hærri tölur en 27% í aflamagni ef miðað var við heilan landshluta — (Gripið fram í.) — eða jafnvel 29%. Ef við aftur á móti tökum byggðarlög getur þessi

skerðing farið allt niður í 50%, slíkt er réttlætið. Byggðarlögin á Snæfellsnesi, sem núna eru svo heppin eða óheppin að vera að fiska svo mikið og klára þar með kvótann, eru flest skert um 50% vegna þess að þessi byggðarlög hafa fyrst og fremst fiskað þorsk og það er fyrst og fremst verið að skammta þorskveiði á Íslandi með þessum kvóta. Það gefur augaleið miðað við þær prósentur sem hv. þm. Árni Johnsen nefndi áðan að önnur byggðarlög eru þar af leiðandi mörg hver aðeins með 10% skerðingu á aflasókn. Sum eru kannske þarna einhvers staðar á milli. En það eru nokkuð mörg byggðarlög á Íslandi sem standa frammi fyrir þessari skerðingu. Það eru, eins og ég nefndi, byggðarlögin á Snæfellsnesi, byggðarlögin á sunnanverðum Vestfjörðum, Grímsey, Bakkafjörður og ýmsir svoleiðis staðir. Sjálfsagt má telja marga slíka upp. Engin tilraun hefur verið gerð og það er engin leið í kvótanum til þess að lagfæra þessa stöðu. Ekki eru nein fyrirheit um að þessi byggðarlög fái neinn sérstakan stuðning eða neina sérstaka fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera þegar að því kemur, sem hlýtur að koma fyrr en seinna, að atvinnuleysi komi yfir byggðirnar og að útgerðirnar stöðvist og fjárhagslegur grundvöllur þeirra hrynji þar af leiðandi.

Menn hafa gert mikið úr því fiskiríi sem er vestur á Snæfellsnesi, fyrst og fremst í fjölmiðlum. En sem betur fer er afli að berast að landi víðar en á Snæfellsnesi. Enn vitna ég til þm. Árna Johnsen, en hann benti á að staðir eins og Vestmannaeyjar eru með svipaðan afla, ef litið er til aðstæðna og aflasóknar, og var á síðasta ári. Vestmannaeyjar voru þá með betri veiðistöðum. Sömu sögu er sem betur fer að segja víðar á Suðurlandi. En nota bene, aðalaflatíminn á Selvogsbanka og við Reykjanes er ekki kominn enn þá. Oft hefur svo sem vel fiskast á þessum tíma og betur en nú, en páskahrotutímabilið hefur vanalega sett allt á annan endann í Vestmannaeyjum vegna þess hve mikill afli hefur borist þar að landi og víðast við Suðurland — (Gripið fram í.) Þú hefur ekki heyrt nefnda páskahrotu í Vestmannaeyjum. (**GSig:** Ég er búinn að róa þar margar vertíðir.) Sá tími er ekki kominn. Mér finnst allar líkur benda til þess að þorskgengdin við Ísland sé varla afmörkuð við Breiðafjarðareyjar og hún eigi eftir að ganga á önnur svæði hér sunnanlands. Þess vegna tel ég að nauðsynlegt sé að bætt verði við þann kvóta sem við búum við til þess að fleiri og fleiri skip þurfi ekki að stöðvast og útgerðir að missa frá sér mannskap þannig að þær geti ekki hafið róðra aftur ef gripið verður til þess ráðs einhvern tíma síðar í vor. Ákvarðanataka, sem kæmi eftir páskafrí um aukningu á kvóta, kemur ekki að gagni nema að hluti þeirra skipa sem eru að sækja sjó í dag geri það áfram. Ef ekkert verður gert verða margir búnir með kvótann sinn, segja upp sínu fólki. Í öðru lagi munu þeir sem verða við það að klára kvótann varla gera ráð fyrir því að halda áfram útgerð eftir páska ef ekki verður komið eitthvert grænt ljós um það að þeir megi fiska meira eftir páska.

Ég vil því leggja mikla áherslu á það að ef hæstv. sjútvrh. hefur ekki stöðu til þess að fá þessa tæknilegu undirstöðu til þess að taka ákvörðun þá taki hann um þetta pólitíska ákvörðun. Hæstv. forsrh. undirstrikaði það áðan að ekki væri eðlilegt að sjútvrh. tæki ákvörðun fyrr en hann væri kominn með umsögn fiskifræðinga um hvort þetta væri þorandi eða hvort hann mætti bæta við kvótann. Ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi gripið til þess ráðs og bætt stundum við ákvörðun aflamagns umfram það sem fiskifræðingar lögðu til meðan hann var sjálfur stjórnsamur — (**Gripið fram í:** Oftar en einu sinni.) þannig að við þær aðstæður sem eru í dag held ég að pólitísk ákvörðun í þessu máli væri ekki svo mjög vond. Það er kannske ekki. Og þessi umr. var reyndar ekki hafin til þess að ræða beinlínis um kvóta, þó að hún hafi snúist í þá átt, og þess vegna kannske ekki ástæða til að fara að ræða um hvaða leiðir hefði átt að fara frekar en þá leið sem valin var, umfram það sem ég sagði áðan, að ég tel að það hefði mátt takmarka mjög veiðisókn í íslenska fiskstofna, sérstaklega þorskinn, bara hreinlega með mjög hertu eftirliti með sókn og með því að fylgjast með því að sá afli sem á land bærist væri góður og að hægt væri að vinna úr honum sem hagkvæmasta framleiðsluvöru. Ég hef sagt það áður og segi enn að ég held að flestar aðrar leiðir til aflatakmörkunar hefðu verið betri en sú leið sem nú hefur verið valin.

Við erum jafnvel í þann veginn að stoppa menn við veiðar sem gætu haldið áfram að fiska og færa afla í þjóðarbúið. Eftir stuttan tíma gæti sú sönnun legið á borðinu að þetta hefði verið rangt. Ég held að það sé miklu óráðlegra að standa við slíka ákvörðun þar til í óefni er komið en að slaka til og gefa möguleika til aukinnar aflasóknar næstu vikur. Ég held að það hafi verið rangt t. d. að leyfa ekki loðnuveiði hér fyrir Vesturlandi á síðasta ári. Það er ótrúlega lítið talað um það að fyrir Vesturlandi var mjög mikil loðna á árinu 1983. En hún var látin deyja drottni sínum. Hún var ekki veidd, heldur er loðnukvótinn færður yfir á þorsk og minnkar þorskstofninn okkar. Þá er það sú leið sem var talin heppilegust. Við skulum ekki láta það endurtaka sig sem skeði í fyrra, að fiskur gangi á miðin og við megum ekki sækja hann og gera hann að verðmæti fyrir okkur. Ég held að við eigum ekki að láta það ske að bátar stoppi nú hver af öðrum heldur gefa þeim tækifæri til þess að halda áfram, a. m. k. þangað til sú staða er komin upp að sjútvrh. geti tekið fullnaðarákvörðun, byggða á þeim vísindalega grundvelli sem hann býst við að fá frá fiskifræðingum.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki hlustað á upphaf þessara umr. þar sem ég hafði fyrir löngu lofað því að mæta á stjórnarfund í Fiskveiðasjóði, sem hafði áður verið frestað, og gat ég ekki komið því við að fresta því nú. Ég var því bundinn þar kl. 4 og gat ekki losnað fyrr en ég kom hingað í salinn. Ég hef því því miður ekki fylgst með umr., sem hér hafa farið fram, að öllu leyti.

Ég tel ekki ástæðu til að fara að efna til umræðna um skipulag og stjórnun fiskveiðanna. Sú umræða hefur hér farið fram. Þó er ekkert athugavert við að rifja ýmislegt af því sem þá var sagt upp og athuga hver reynslan hefur verið. Það liggur alveg fyrir að slíkri stjórnun fylgja ýmiss konar vandamál, margvíslegir gallar og erfiðleikar. Hitt er svo annað mál, að ekki er rétt að nota þessa stund fyrst og fremst til að draga upp þá annmarka.

Ég segi fyrir mig, eftir að ég hef hlýtt á hv. 4. þm. Vesturl., að ég heyrði ekki betur en hann vildi nánast að við í sjútvrn. værum eins konar útgerðarstjórar á hverju einstöku skipi, jafnvel á Snæfellsnesi, að við

ættum að segja þeim til um hvenær þeir ættu að draga upp netin og hvenær ekki. Við teljum að það kerfi sem hefur verið byggt upp gefi mönnum ákveðið sjálfsvald og það sé enginn færari um það en sjómennirnir og útgerðarmennirnir að reyna að gera eins mikil verðmæti úr aflanum og hægt er innan þess ramma. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það væri betur að stundum væru netin dregin upp í stærri stíl, en ég treysti mér ekki til að gefa slíkar fyrirskipanir almennt vegna þess að aðstæður eru svo misjafnar. Það má vel vera að hafnarskilyrði séu víða þannig, að sama sé hvað vont er veður og bátar það góðir að menn geti farið með öll sín net í land, en víða háttar þannig til að það verður að vera mat þeirra manna sem um borð í skipi eru hvernig að skuli staðið því að lítill bátur með öll sín veiðarfæri á dekki getur orðið ansi hættuleg fleyta. Ég tel því að mat þeirra manna sem þar stjórna verði að gilda.

E. t. v. hefur margt ekki gengið vel í vetur, eins og hv. þm. sagði, og e. t. v. hefur orðið eitthvað ónýtt af fiski í þeirri verstöð sem tekur á móti 300 tonnum í dag eða gær, en ég býst við því að þessi 300 tonn hefðu getað verið 500 eða 600 tonn og hvað hefði þá orðið um það sem bættist þar við? Ég er helst á því að það hefði ansi mikið af því farið upp í hjalla og jafnvel eitthvað í gúanó, eins og oft hefur nú orðið þegar miklar aflahrotur hafa komið.

Ég held að sannleikurinn sé sá, að það hafi aldrei, þrátt fyrir allt, orðið meira úr þeim fiski, sem á land hefur komið, en á vertíðinni í vetur. Ég kom í margar saltfiskverkunarstöðvar á Suðurnesjum s. l. föstudag og ég spurði á hverjum einasta stað sömu spurningar: Er ekki fiskurinn, sem þið eruð að verka núna, betri en í fyrra? Ég fékk alls staðar sama svarið, að það væri mikill munur á. Hversu mikill gat enginn fullyrt, en alls staðar var mér sagt að hráefnið væri miklu betra, meðferðin betri, færri net og meira af lifandi blóðguðum fiski sem kæmi á land. Um það hvað verður úr aflanum höfum við ekki enn tölulegar upplýsingar eða verðmætamat, það munum við fá síðar, en þær upplýsingar sem ég hef fengið benda til betri nýtingar en áður. Ég leyfi mér því að fullyrða að þjóðartekjur okkar verði allmiklu meiri vegna þeirrar fiskveiðistjórnunar sem var tekin upp en þær hefðu ella orðið. En um þetta má sjálfsagt lengi deila. Ég fullyrði einnig að aflinn dreifist meira yfir tímabilið og skapar þess vegna meiri atvinnutryggingu en óbreytt kerfi, þótt vissulega sé sú hætta fyrir hendi að til atvinnuleysis geti komið, ég hef aldrei dregið úr því.

Aðalatriðið í þessu máli er: Erum við að tala hér um sókn í ótakmarkaða auðlind eða ekki og ætlum við að byggja okkar fiskstofna upp? Um það fjallar þetta mál. Það eru allir sammála um að okkur beri að umgangast þorskstofninn af varúð eins og nú standa sakir. Það er vissulega rétt að það hafa nokkrar aflahrotur komið, en víða er einnig dauður sjór. Mér er ekki kunnugt um að það sé mikill afli fyrir Suðurlandi þessa dagana. Mér er ekki kunnugt um að afli sé mikill fyrir Norðurlandi eða Austurlandi. Það hefur því komið ágætur afli á land á takmörkuðum svæðum. Við skulum vona að það viti á gott.

Það hefur verið lögð á það sérstök áhersla við Hafrannsóknastofnunina að öllum rannsóknum verði flýtt til að hafa um það sem bestar upplýsingar hvernig ástandið sé eftir þeim aðferðum sem við best þekkjum. Auðvitað eru allar þær aðferðir bundnar óvissu og þar verður aldrei nein fullnaðarvitneskja. Bjarni Sæmundsson er nýlega kominn úr leiðangri. Það urðu nokkrar úrtökur vegna veðurs og hann gat ekki komist yfir allt það svæði sem til stóð. Hann þurfti því að fara út aftur s. l. laugardag, hefur að vísu lent í mjög slæmu veðri hluta af tímanum, en það er gert ráð fyrir að hann komi inn — trúlega til Þorlákshafnar — á fimmtudag. Þá hefur verið lokið þeirri yfirferð sem var fyrirhuguð um hafsvæði okkar. Það er einnig verið að draga saman upplýsingar eftir fyrstu þrjá mánuði ársins og útilokað að meta stöðuna öðruvísi en að hafa reynslu þriggja mánaða.

Menn tala hér um að nú eigi að taka pólitíska ákvörðun. Vissulega verða allar ákvarðanir í þessum efnum pólitískar. En ég tel það í reynd út í hött, miðað við þá miklu áherslu sem hefur verið lögð á að flýta rannsóknum, að taka slíka ákvörðun fyrr en upplýsingar þessar liggja fyrir. Það gæti jafnvel orðið seint í næstu viku eða um aðra helgi. Ég hef lagt á það mikla áherslu að unnið verði eins hratt úr þessum upplýsingum og nokkur kostur er. Það er ekki hægt að draga enn þá miklar ályktanir af þeim rannsóknum sem hafa farið fram. Fiskifræðingar eru að safna öllum þeim gögnum saman og eru varkárir um að gefa miklar vonir. Ég tel rétt af þeim að vera varkárir vegna þess að stofninn var mjög illa á sig kominn miðað við þær upplýsingar sem við höfðum. En það er þó eitt gleðilegt, sem gerst hefur, að það virðist vera sem klakið í fyrra hafi tekist bærilega og það sé allverulega mikið af seiðum úr klakinu 1983. Og nú hafa skilyrðin í sjónum batnað mjög verulega. Við skulum vonast til þess að þau skilyrði geti haldist næstu árin. Þá skiptir að sjálfsögðu miklu máli að klak takist vel og hrygningarstofninn sé bærilega á sig kominn til þess að afli geti aukist hér í næstu framtíð.

Ég segi fyrir mig að mér finnst að menn gleymi því ansi oft að til stendur að búa í þessu landi um ókomna tíð og menn ætli að lifa lengur en þetta ár. Það skyldi nú ekki vera að það væri betur gert við þá ungu menn, sem vilja stunda sjósókn í framtíðinni, sem hér hefur verið rætt um, ef haldið væri þannig á málum að stofninn næði sér vel upp aftur. Ég held að það sé meira um vert fyrir þá en að veiða óheft á þessum dögum.

Ég vil aðeins segja að að sjálfsögðu verða þessi mál tekin til endurskoðunar, eins og alltaf hefur verið talað um. Það var rætt að gera það fyrir 15. apríl. Það verður því vel fyrir páska. Ef þorskkvótinn verður aukinn, — ég segi ef, ég vil ekkert um það fullyrða, — mun það verða gert fyrir páska eins og um var talað. Ég geri mér grein fyrir að það er mjög mikilvægt að upplýsingar liggi fyrir hið fyrsta, en ég mun ekki standa að slíkri ákvörðun fyrr en þær hafa mér borist.

Það er of snemmt að ætla að hér komi til mikils atvinnuleysis, eins og hér hefur komið fram. Það er sem betur fer ekki til þess komið enn, en því miður hefur á nokkrum bátum verið sagt upp áhöfnum og þeir menn misst vinnu sína. Það er mjög miður. En það eru ýmsar aðrar veiðar sem standa til, eins og dragnótaveiði á skarkola, grálúðuveiði, rækjuveiði, humarveiði og e. t. v. eitthvað fleira. Ég tel því að það sé of snemmt að kvíða því að til mikils atvinnuleysis muni koma. Ég er svo bjartsýnn að ég tel að það muni ekki verða í miklum mæli og ég er sannfærður um að sú stjórnun

sem við höfum upp tekið í fiskveiðunum hefur dregið verulega úr þeirri hættu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Við höfum haft þessar utandagskrárumr. í hartnær tvo klukkutíma og fimm hafa þegar talað. Á mælendaskrá eru átta nú. Það er einsætt að þessum umr. verður ekki lokið á þessum fundi. Undir venjulegum kringumstæðum hefðum við freistað þess að halda eitthvað áfram, en nú stendur þannig á að fundinum verður að ljúka. Þess vegna er frestað þessum utandagskrárumr. Við höldum þessum leik áfram á næsta fundi.

Sameinað þing, 3. apríl.

Leyfilegt aflamagn fiskiskipa.

Framhaldssvar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar og Skúla Alexanderssonar um leyfilegt aflamagn fiskiskipa, á þskj. 396, sent þm. 29. mars.

Í framhaldi af skriflegu svari sjávarútvegsráðherra 8. mars um leyfilegt aflamagn fiskiskipa er hér birt leiðrétt aflamagn eftir umfjöllun samráðsnefndar um stjórn fiskveiða.

Kvotaskiptingi Flokkur 2 LOÐNUBÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskigildi
130	Jupiter	A	91,0	64,5	35,5	108,5	20,0	1,5	8,5	- 249,3
155	Jon Kjartansson	A	150,0	38,5	60,5	216,5	-	38,0	9,0	- 364,6
183	Sigurdur	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
220	Vikingur	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
226	Beitir	A	241,0	54,0	67,0	26,5	-	10,0	3,0	- 346,6
233	Skirnir	A	85,0	2,5	13,5	2,0	-	-	0,5	- 96,0
252	Sæberg	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
264	Þordur Jonasson	A	173,5	38,0	11,5	5,0	5,0	1,5	59,5	- 264,6
962	Oskar Halldorsson	A	76,5	26,5	27,0	7,0	1,5	-	2,0	- 120,5
965	Jöfur	A	21,0	14,0	30,0	6,0	-	-	-	- 52,7
967	Keflvikingur	A	87,5	6,0	8,5	0,5	-	-	-	- 97,6
968	Bersur	A	88,0	71,5	71,5	18,5	0,5	-	4,0	- 201,7
973	Ljosfari	A	36,5	9,5	4,5	1,0	-	-	9,5	- 54,7
979	Vikurberg	A	115,0	11,0	43,5	4,5	-	-	-	- 150,8
989	Sæbjörg	A	85,5	25,0	172,5	3,0	0,5	-	-	- 203,7
1002	Gisli Arni	A	28,5	4,0	38,0	2,5	-	-	-	- 54,2
1006	Hrafn	A	238,5	54,5	189,5	30,5	6,0	-	1,5	- 412,0
1011	Gisja	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1012	Örn	A	121,5	12,0	22,5	4,0	-	0,5	2,5	- 148,5
1018	Helga II	A	161,5	18,0	111,0	16,0	1,5	-	1,5	- 249,1
1020	Gudmundur Olafur	A	103,0	33,0	29,0	1,5	1,5	-	5,0	- 152,8
1029	Svanur	A	45,5	13,5	31,5	1,5	-	-	-	- 75,1
1030	Raudsey	A	36,0	1,5	6,5	0,5	-	-	-	- 41,1
1031	Magnus	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1033	Harpa	A	132,0	13,5	34,0	4,5	0,5	1,5	17,0	- 178,7
1035	Heimaey	A	127,5	25,5	62,5	4,0	-	-	-	- 185,8
1037	Dagfari	A	156,5	63,5	65,0	20,0	6,0	-	13,0	- 272,1
1044	Hilmir II	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1046	Albert	A	177,0	66,0	59,0	10,0	1,5	-	2,5	- 274,2
1048	Fifill	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1059	Hakon	A	249,0	41,5	47,0	16,5	8,0	3,0	7,5	- 333,4
1060	Sulan	A	354,5	63,0	30,5	9,0	9,0	11,0	9,5	- 451,1
1061	Sighvatur Bjarnason	A	125,5	6,0	141,5	6,0	-	-	-	- 211,7
1062	Kap II	A	125,5	16,0	231,5	8,5	-	-	-	- 271,1
1069	Petur Jonsson	A	126,0	14,5	42,5	4,5	1,0	-	-	- 165,0
1070	Hunaröst	A	399,5	33,0	98,0	36,5	25,0	0,5	7,0	- 528,3
1076	Gudrun Þorkelsdottir	A	105,5	13,0	141,0	8,5	0,5	-	2,0	- 200,7
1272	Gudmundur	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1283	Jon Finnsson	A	137,0	17,0	1,5	0,5	-	-	11,0	- 160,8
1293	Börkur	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1361	Erling	A	53,0	19,5	38,0	4,0	0,5	0,5	2,0	- 94,9
1401	Gullberg	A	249,0	183,5	114,0	15,5	16,0	1,5	21,0	- 506,5
1411	Husinn	A	172,0	240,5	181,5	67,5	6,5	5,0	35,5	- 548,5
1413	Höfrungur	A	124,5	21,5	7,0	6,0	4,0	-	2,0	- 154,8

Kvotaskipting: Flokkur 2 LOÐNUBÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1416	Skarðsvík	A	263,5	27,0	76,0	52,0	4,0	-	2,0	-	361,8
1501	Þorshamar	A	195,5	114,0	40,5	57,5	15,5	6,5	26,0	-	382,9
1504	Bjarni Ólafsson	A	41,0	17,5	11,5	22,0	5,5	2,0	7,5	-	85,8
1512	Grindvíkingur	A	58,0	32,0	10,0	13,5	2,5	4,5	1,5	-	104,1
1525	Eldborg	A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1551	Hilmir	A	370,5	63,0	58,5	314,0	0,5	24,0	15,0	-	655,0
1586	Sjávarborg	A	265,0	70,5	75,0	182,0	8,5	1,0	8,5	-	480,5
1610	Ísleifur	A	121,0	43,5	53,5	24,0	1,0	1,0	2,5	-	203,9

Kvotaskipting: Meðalkvótar v/vals - Flokkur 2 LOÐNUBÁTAR 27- 3-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1	5	116,0	31,0	57,5	17,0	2,5	0,5	4,0	238,1	231,9
1	6	29,0	17,0	9,0	23,5	3,5	1,0	2,5	81,5	78,4
2	5	123,5	25,5	33,0	6,5	3,0	1,5	10,0	220,9	217,6
2	6	189,5	38,5	45,5	129,0	-	16,0	6,5	414,4	398,2

Kvotaskipting: Flokkur 3 SKELBÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
7	Anna	A	156,0	11,5	20,0	15,5	-	-	-	185,3
57	Framnes	A	193,0	29,0	17,5	8,5	1,0	-	185,0	- 371,6
79	Örn	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
102	Jón Freyr	A	22,5	1,5	0,5	1,0	-	-	0,5	- 25,0
154	Sigurður Sveinsson	A	40,5	3,5	-	1,0	-	-	-	- 44,0
182	Grettir	A	261,0	12,5	109,5	8,0	-	-	6,0	- 340,8
210	Sigurvon	A	67,0	8,5	33,5	3,0	-	-	9,0	- 101,1
245	Þorsnes	A	330,0	33,0	0,5	-	1,5	-	17,5	- 372,7
347	Blátindur	A	113,0	-	8,0	1,5	-	1,5	-	- 119,1
398	Gísli Gunnarsson II	A	1,0	-	-	-	-	-	2,0	- 2,5
422	Þröstur	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
467	Grundfirðingur II	A	45,5	21,0	-	3,5	2,0	-	-	- 67,0
551	Tjaldur	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
554	Fanney	A	69,5	28,0	1,0	6,5	1,5	-	-	- 98,7
616	Dagur	A	36,5	3,0	1,0	3,0	1,0	0,5	1,5	- 43,5
619	Soley	A	67,5	28,5	8,0	6,5	1,5	-	0,5	- 101,3
625	Hafborg	A	90,0	23,5	10,0	1,0	2,5	-	0,5	- 118,5
686	Arnarborg	A	71,5	23,0	5,5	12,5	-	-	2,0	- 102,5
711	Ólafur Magnusson	A	145,0	5,0	0,5	0,5	-	-	-	- 149,8
741	Arsæll	A	6,0	-	1,0	-	-	-	-	- 6,6
778	Særi	A	39,5	3,5	3,0	0,5	-	-	-	- 44,4
853	Andri	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
862	Týr	A	32,5	0,5	0,5	-	8,0	-	-	- 40,0
872	Valur	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1100	Sigluness	A	95,0	3,5	-	0,5	-	2,5	0,5	- 100,1
1106	Sif	A	199,5	11,0	20,5	1,5	-	-	1,0	- 221,7
1148	Bára	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1170	Andey	A	166,0	53,0	10,5	2,5	1,5	-	21,0	- 235,2
1222	Árni	A	-	-	-	-	-	-	0,5	- 0,4
1228	Stígandi	A	21,0	20,5	6,5	-	18,0	-	12,5	- 66,7
1244	Grundfirðingur	A	131,5	53,5	6,0	9,0	4,0	-	-	- 188,6
1252	Rúna	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1269	Snæberg	A	-	-	-	-	-	-	-	- -
1424	Þorsnes II	A	215,5	29,5	0,5	-	-	-	-	- 240,8

Kvotaskipting: Medalkvotar v/vals - Flokkur 3 SKELBÁTAR 27- 3-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1	1	5,5	5,0	1,5	-	4,5	-	3,5	20,1	19,6
1	2	64,5	4,5	1,0	1,0	82,5	-	1,5	161,1	154,1
1	3	57,5	16,5	4,5	3,5	1,0	-	1,0	95,4	94,6
1	4	216,0	24,0	23,5	4,5	0,5	-	7,5	321,0	318,3
2	2	24,0	-	1,5	0,5	1,5	-	-	33,0	32,7
2	3	92,0	4,0	0,5	1,0	0,5	1,0	0,5	121,5	121,3
2	4	183,0	12,0	-	1,0	-	-	184,0	389,9	389,8

Kvotaskipting: Flokkur 4 RÆKJUBÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluða	Steinb.	Þorskígildi
314	Sæbjörg	A	95,0	16,5	-	-	-	4,0	-	111,4
357	Þorsteinn	A	113,0	42,5	11,0	-	-	-	3,5	157,8
361	Bryndís	A	7,5	-	-	-	-	-	-	7,5
379	Dynjandi	A	-	-	-	-	-	-	-	-
530	Hafrún	A	149,5	4,5	-	-	-	-	2,5	155,2
565	Hilmir	A	-	-	-	-	-	-	-	-
570	Hjördís	A	23,0	1,5	-	-	-	-	-	24,3
592	Huni	A	15,0	-	-	-	-	-	-	15,0
598	Höfrungur	A	1,0	-	-	-	0,5	-	-	1,4
612	Ritur	A	24,5	-	-	-	-	-	-	24,5
630	Haförn	A	120,0	26,5	7,0	7,5	0,5	-	-	150,9
638	Sæmundur Sigurdsson	A	71,0	18,0	-	1,5	-	-	0,5	87,5
647	Helga Björg	A	4,5	-	-	-	-	-	-	4,5
656	Auðbjörg	A	-	-	-	-	-	-	-	-
694	Karsborg	A	38,5	4,5	-	-	-	-	-	42,3
709	Sveinn Guðmundsson	A	61,0	11,0	-	-	-	-	1,5	71,5
734	Sigurður Þorkelsson	A	-	-	-	-	-	-	-	-
740	Sigrún	A	85,0	28,0	-	-	-	6,5	36,0	139,7
747	Sigurfari	A	-	-	-	-	-	-	-	-
762	Ingibjörg	A	27,5	11,0	-	-	1,0	4,5	0,5	40,8
780	Ver	A	24,0	-	-	-	-	-	-	24,0
781	Kristín Jónsdóttir	A	55,5	5,0	2,0	-	-	-	-	60,9
782	Sólrún	A	8,0	-	-	-	-	-	-	8,0
789	Stefnir	A	16,0	0,5	-	-	-	3,0	-	18,2
821	Sæborg	A	96,0	23,5	1,0	4,5	1,5	-	-	120,3
825	Sædís	A	-	-	-	-	-	-	-	-
845	Óli	A	22,0	-	-	-	-	-	-	22,0
876	Rósa	A	3,5	4,5	0,5	-	0,5	1,5	-	8,9
941	Örn	A	27,0	-	0,5	-	-	-	-	27,3
950	Arnþ	S	52,0	-	-	-	-	-	-	52,0
993	Ása	A	35,5	4,5	-	-	-	2,0	14,0	51,0
1032	Pilot	A	-	-	-	-	-	-	-	-
1065	Gladur	M	18,5	7,0	-	-	9,0	1,5	3,0	35,3
1073	Sandvík	A	54,5	9,0	1,0	-	-	-	0,5	63,1
1102	Nökkvi	A	-	-	-	-	-	-	-	-
1109	Neisti	A	4,5	-	-	-	-	-	-	4,5
1115	Sigrún	A	9,0	4,0	-	-	19,0	2,5	0,5	30,4
1118	Sæbjörn	A	44,0	3,0	-	-	1,0	-	40,5	77,8
1129	Sigurbjörg	A	-	-	-	-	-	-	-	-
1149	Jörundur Bjarnason	A	6,0	-	-	-	3,0	-	-	8,6
1175	Donna	A	12,5	40,5	-	-	8,0	2,0	1,0	55,7
1181	Finnbjörn	A	26,0	-	-	-	-	-	-	26,0
1184	Dagrún	A	-	-	-	-	-	-	-	-
1192	Fjóla	A	24,5	-	-	-	29,5	-	-	49,6
1232	Gunnhildur	A	17,5	-	-	-	-	-	-	17,5
1240	Hafrún	A	-	-	-	-	-	-	-	-
1249	Sigurborg i Dal	A	-	-	-	-	-	-	-	-
1254	Arnar	A	63,5	17,0	-	-	-	-	2,5	79,8
1292	Haukur	A	41,5	0,5	-	-	1,5	-	47,5	78,8
1317	Grímsey	A	29,0	0,5	-	-	4,5	1,0	0,5	34,2
1344	Gissur hvíti	A	18,0	-	0,5	-	-	-	-	18,3
1354	Faxavík	A	49,5	154,0	1,5	3,5	26,5	-	6,0	210,2
1371	Guðfinnur	A	88,0	30,5	0,5	2,0	18,0	-	1,0	131,4
1381	Gunnar Sigurdsson	A	17,5	-	-	-	-	-	-	17,5
1396	Gunnvör	A	54,5	-	-	0,5	-	-	-	54,8
1403	Valur	A	13,0	18,5	-	-	30,5	5,0	2,5	59,5

Kvotaskiptingi Flokkur 4 RÆKJUBÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips		K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1427	SigurÞor	-	A	124,5	26,0	2,0	1,0	1,5	-	1,0	-	150,3
1428	Dröfn		A	5,5	-	0,5	-	-	-	-	-	5,8
1430	Ásgeir Johannsson		A	71,0	22,5	-	-	109,0	-	5,0	-	186,5
1436	Jón Pétur		A	10,5	0,5	-	0,5	-	1,0	4,0	-	14,8
1440	Sigga Sveins		A	18,5	0,5	-	-	11,0	-	0,5	-	28,6
1453	Sigurvin		A	138,5	13,5	22,5	1,0	-	-	13,5	-	173,0
1463	Sæunn		A	20,0	-	-	-	-	-	-	-	20,0
1487	Ásbjörg		A	44,0	7,0	-	-	1,0	5,5	0,5	-	54,5
1491	Hringur		A	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1502	Páll Helgi		A	97,0	13,5	-	-	0,5	-	2,0	-	110,4
1543	Brándís		A	12,5	32,0	3,5	-	6,5	4,5	0,5	-	50,2
1547	Neisti		A	4,5	-	-	-	-	0,5	-	-	4,8
1650	Þingey		M	43,0	1,0	6,0	-	-	-	1,5	-	48,3

Kvotaskiptingi Medalkvotar v/vals - Flokkur 4 RÆKJUBÁTAR 27- 3-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1	1	35,5	5,0	0,5	-	-	-	1,0	51,1	51,0
1	2	68,0	28,5	5,0	1,0	8,5	-	3,0	129,2	128,3
1	3	120,0	26,5	7,0	7,5	0,5	-	-	189,0	187,5
2	1	15,5	0,5	-	-	-	-	1,5	21,4	21,4
2	2	18,5	7,0	-	-	9,0	1,5	3,0	41,2	40,7
2	3	81,5	14,5	-	1,0	0,5	3,0	9,0	127,5	127,3

Kvotaskipting: Flokkur 5 HUMAR- OG REKNETABÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi
2	Akurey	M	206,0	46,5	77,0	9,0	2,0	-	32,5	- 318,9
10	Frodi	A	263,5	39,5	149,0	17,5	1,5	-	2,5	- 391,8
108	Haukafell	A	176,5	23,0	158,0	8,0	4,0	-	14,0	- 301,3
126	Gardey	A	266,0	55,0	123,5	5,5	1,0	-	29,0	- 406,3
137	Njördur	A	286,0	57,5	223,0	22,0	2,0	-	3,0	- 473,6
171	Sandgerdingur	M	238,0	23,5	109,0	13,0	1,0	-	13,0	- 335,7
173	Sigurdur Olafsson	A	231,0	48,0	27,0	6,0	5,0	-	52,0	- 333,2
191	Skumur	A	304,5	25,0	188,5	22,0	-	-	2,5	- 443,4
225	Skalafell	M	206,0	48,5	77,5	9,0	2,0	-	36,0	- 323,5
241	Matthildur	A	304,0	27,5	4,0	4,5	-	-	3,5	- 334,7
323	Johanna	M	206,0	46,5	77,0	9,0	2,0	-	32,5	- 318,9
469	Hafnarey	M	206,0	46,5	77,0	9,0	2,0	-	32,5	- 318,9
540	Halldor Jonsson	A	291,5	68,5	4,5	6,5	-	-	5,5	- 359,9
566	Þinganes	A	161,0	28,0	58,0	6,0	1,0	-	10,5	- 228,7
641	Audbjörg	A	206,0	46,5	77,0	9,0	2,0	-	32,5	- 318,9
707	Ofeigur III	A	291,5	13,0	148,0	20,0	-	-	10,5	- 402,8
925	Þorsnes	A	202,0	5,0	1,0	1,0	2,0	-	21,0	- 224,8
936	Æskan	A	163,5	27,5	29,5	5,0	6,0	-	100,5	- 286,3
981	Heinabers	A	165,5	15,5	66,0	3,5	-	-	5,0	- 220,7
1043	Visir	A	252,5	56,0	89,0	9,0	2,5	-	39,5	- 385,8
1054	Manatindur	A	160,5	13,5	22,5	10,5	2,0	-	13,0	- 201,6
1171	Kopur	A	209,5	85,5	103,5	17,0	1,0	-	4,0	- 352,3
1179	Ofeigur	A	291,5	13,0	148,0	20,0	-	-	10,5	- 402,8
1206	Erlingur	A	184,5	185,0	32,0	28,0	4,0	-	45,0	- 411,9
1246	Lyngey	A	204,5	44,5	32,5	6,0	2,5	-	23,5	- 283,3
1264	Steinunn	A	209,5	31,0	42,0	6,5	0,5	-	18,0	- 293,4
1286	Freyr	A	228,5	59,5	65,0	6,0	3,0	-	27,0	- 340,9
1324	Bjarni Gislason	A	177,5	48,5	17,0	3,5	3,5	-	38,0	- 261,5
1426	Hvanney	A	225,5	78,5	188,5	6,5	4,0	-	19,5	- 417,5

Kvotaskipting: Medalkvotar v/vals - Flokkur 5 HUMAR- OG REKNETABÁTAR 27- 3-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Graluda	Steinb.	Þorskígildi	
1	3	206,0	46,5	77,0	9,0	2,0	-	32,5	399,5	393,2
1	4	238,0	23,5	109,0	13,0	1,0	-	13,0	424,6	415,8
2	3	162,5	20,0	18,5	5,5	1,5	-	17,0	257,8	255,9

Kvotaskipting: Flokkur 6 HUMARBÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
13	Snætindur	A	181,5	26,5	185,5	20,5	-	-	6,0	321,8
23	Már	A	160,0	57,0	12,0	7,5	-	-	-	219,2
58	Jakob	A	177,0	49,5	28,0	7,5	4,5	-	22,0	258,9
133	Alaborg	A	161,0	72,0	88,5	13,0	1,5	-	4,0	282,3
163	Klængur	A	173,0	39,5	64,5	13,5	0,5	-	3,5	252,5
180	Jón Halldórsson	M	153,5	70,5	40,5	19,0	6,5	-	4,0	254,7
288	Þorsteinn Gíslason	A	171,0	36,0	61,0	24,5	-	-	-	248,6
290	Þórir	A	40,0	77,0	8,0	27,0	20,0	-	26,0	161,2
298	Askell	A	248,5	17,5	14,5	8,0	-	-	5,5	279,9
359	Brimnes	A	139,0	65,5	5,0	4,0	-	-	1,0	200,4
363	Þröstur	A	130,0	102,5	39,0	14,5	4,0	-	1,5	251,1
368	Lómur	A	237,5	29,0	6,5	5,0	-	2,0	0,5	270,1
392	Erlingur	A	32,0	53,5	2,0	4,0	35,5	-	14,5	121,8
399	Kári	A	22,0	135,0	-	1,0	23,0	-	-	156,9
419	Binni í Gröf	A	127,5	88,5	1,5	12,5	12,0	-	2,5	222,5
424	Sandafell	M	153,5	70,5	40,5	19,0	6,5	-	4,0	254,7
433	Draupnir	A	47,0	125,5	14,0	7,0	59,0	-	25,5	234,5
462	Geir	A	266,0	5,5	55,0	2,0	15,0	-	20,0	329,8
472	Jói á Nesi	A	262,5	94,0	1,0	4,5	-	-	0,5	345,8
482	Bjarnarvík	M	153,5	70,5	40,5	19,0	6,5	-	4,0	254,7
503	BergÞór	A	282,5	80,0	47,0	10,5	-	-	3,5	384,8
535	Haförn	A	48,0	86,5	1,5	9,0	111,5	-	36,0	249,1
542	Hólmsteinn	A	137,0	80,0	8,0	4,0	23,5	-	4,0	234,6
597	Harpa	A	160,5	60,0	23,5	6,5	-	-	1,0	228,8
606	Emma	A	70,5	71,0	44,5	14,5	8,0	-	4,0	173,1
617	Hafnarberg	A	187,0	14,5	14,5	13,0	17,5	-	2,0	230,8
623	Júlía	M	146,0	31,0	11,5	8,0	4,0	-	6,5	191,3
670	Greipur	A	239,0	71,0	3,5	7,5	-	-	1,0	306,1
671	Máni	A	168,5	54,5	11,0	11,5	-	-	0,5	227,6
710	Blíki	A	161,0	43,0	18,0	22,0	-	-	1,5	220,7
715	Jón Garðar	A	71,5	19,0	-	-	-	-	4,0	90,7
727	Hraunsvík	A	194,0	14,0	24,5	15,0	1,0	-	-	228,5
728	Rán	A	107,5	86,0	14,0	28,5	2,5	-	4,0	209,1
733	Reynir	A	182,5	76,5	37,0	23,0	2,5	-	-	282,6
759	Sjöfn	A	48,0	89,0	6,0	11,0	21,5	-	6,5	156,1
760	Sjöstjarnan	A	110,0	52,5	57,5	10,0	4,0	-	0,5	195,5
784	Sigmundur	M	153,5	70,5	40,5	19,0	6,5	-	4,0	254,7
788	Arnþór	A	133,5	31,0	45,5	4,5	-	-	2,5	189,2
795	Andvari	A	223,5	206,0	127,5	22,5	7,0	-	9,5	494,2
824	Ingólfur	A	93,5	58,0	9,5	0,5	7,5	-	-	154,7
826	Johannes Jónsson	M	153,5	70,5	40,5	19,0	6,5	-	4,0	254,7
833	Safaxi	A	54,5	132,5	10,0	1,0	61,5	-	20,5	240,8
848	Hellisey	M	153,5	70,5	40,5	19,0	6,5	-	4,0	254,7
865	Víkar Árnason	A	95,0	64,0	13,0	5,0	22,5	-	6,0	182,9
914	Þorbjörn	A	166,5	76,0	6,5	28,5	0,5	-	-	250,8
920	Þorkatla	A	134,0	104,0	2,5	13,0	3,5	-	0,5	234,3
951	Vörðunes	A	172,5	56,5	14,5	16,5	-	-	-	237,6
963	Sigurjón	A	210,5	44,5	87,5	13,0	-	-	6,5	308,5
1075	Hásteinn	A	251,0	90,0	65,0	13,0	8,5	-	2,5	379,5
1082	Skuli fógeti	A	111,0	81,5	7,0	4,0	30,0	-	3,5	214,5
1126	Skálavík	A	179,0	82,5	66,0	7,5	20,0	-	4,5	309,9
1173	Sigrún	A	183,0	41,5	35,0	14,0	-	-	-	245,2
1204	Jón Gunnlaugs	A	173,0	252,5	51,0	106,0	16,0	-	0,5	488,0
1263	Arný	A	26,5	15,5	6,5	2,0	6,0	-	27,5	70,1
1266	Jósep Geir	A	163,5	114,5	25,0	10,5	11,0	-	7,5	295,3
1303	Kristján	A	128,0	28,0	0,5	1,5	-	-	2,5	154,8

Kvotaskipting: Flokkur 6 HUMARBÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
1315	Eyrun	A	127,0	64,0	10,5	1,5	3,5	-	1,5	- 192,1
1321	Reynir	A	164,0	317,0	233,5	155,5	40,5	-	4,5	- 685,2
1386	Julius	A	117,0	39,5	1,5	1,5	4,5	-	2,0	- 157,5
1434	Kristín	A	54,0	59,0	3,0	16,0	2,5	-	1,0	- 117,5
1538	Eldhamar	A	75,0	12,5	3,0	0,5	11,5	-	11,5	- 106,0
1631	Falkinn	A	125,5	51,0	1,5	2,0	12,5	-	37,5	- 209,5

Kvotaskipting: Medalkvotar v/vals - Flokkur 6 HUMARBÁTAR 27- 3-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
1	1	26,5	15,5	6,5	2,0	6,0	-	27,5	81,2 80,5
1	2	95,0	64,0	13,0	5,0	22,5	-	6,0	213,4 211,7
1	3	153,5	70,5	40,5	19,0	6,5	-	4,0	309,6 305,3
2	2	104,0	19,5	0,5	1,5	1,0	-	27,5	174,5 174,3
2	3	146,0	31,0	11,5	8,0	4,0	-	6,5	234,8 233,2

Kvotaskipting: Flokkur 7 SÍLDARBÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
11	Sandafell	A	357,5	7,0	97,0	17,0	19,5	-	-	442,7
12	Heimir	A	280,0	51,0	215,0	27,5	30,0	-	3,5	484,9
17	Þurfell	M	300,0	86,5	156,0	19,5	20,5	1,5	3,5	491,0
21	Mummi	A	282,5	67,5	130,0	17,0	19,5	-	6,5	442,2
44	Hafnarvík	A	358,0	12,5	34,5	6,0	25,0	-	19,5	426,8
51	Faxi	M	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	488,1
67	Hafberg	A	408,0	138,5	299,0	77,0	32,0	-	5,0	763,5
68	Sigurður Bjarnason	M	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	488,1
72	Grótta	A	288,5	101,0	3,0	9,0	16,0	-	1,5	395,7
84	Haraldur	A	305,0	66,5	0,5	0,5	16,5	6,0	5,0	383,4
88	Geirfugl	A	343,5	64,5	170,0	46,5	22,0	-	0,5	536,5
89	Arni Geir	A	213,5	28,0	127,5	2,5	19,0	-	10,5	332,8
91	Helga	A	451,0	16,5	244,5	30,0	25,5	-	1,0	638,4
93	Hrafn Sveinbjarnarson II	A	321,5	74,0	224,0	38,0	31,0	-	2,5	556,7
103	Hrafn Sveinbjarnarson III	A	319,0	88,5	159,5	32,0	27,0	-	1,5	523,6
120	Höfrungur II	A	385,0	38,5	165,5	29,0	32,0	-	2,5	553,8
124	Gaukur	A	367,5	98,0	310,0	44,5	35,0	-	3,5	678,2
136	Kristbjörg	A	180,0	203,5	61,5	13,0	33,5	-	4,0	425,4
144	Gunnar Bjarnason	A	444,5	113,0	30,0	53,0	26,5	-	0,5	609,1
145	Þorsteinn	A	327,0	10,0	283,5	23,0	18,0	3,5	-	521,5
158	Oddgeir	A	343,5	90,5	121,0	11,5	60,5	-	4,0	547,7
160	Barðinn	M	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	488,1
161	Sólfell	A	344,0	47,0	100,0	9,5	24,5	10,5	11,0	479,6
167	Sigurjón Arnlaugsson	A	253,0	73,0	-	-	13,5	-	19,5	341,2
168	Sæbjörg	A	374,5	141,5	127,0	7,0	24,5	-	10,5	597,2
185	Sigþór	A	379,5	9,0	1,5	2,0	26,0	85,5	18,5	476,4
189	Valdimar Sveinsson	A	372,5	55,0	353,5	25,0	21,0	-	0,5	645,6
200	Þorlákur helgi	M	301,5	86,5	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	490,6
203	Fjölnir	M	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	488,1
212	Vatnsnes	M	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	488,1
217	Sæunn Sæmundsdóttir	A	294,5	59,0	253,5	35,0	17,0	-	0,5	518,1
221	Vonin	M	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	488,1
234	Arnar	A	316,5	24,0	308,0	11,5	17,0	-	-	527,1
235	Stafnes	A	329,0	38,5	88,5	5,0	22,5	-	0,5	432,7
236	Katrín	A	260,5	48,5	316,0	13,5	20,0	-	2,5	501,8
237	Hrungnir	A	415,5	60,5	296,5	19,5	25,5	79,0	3,0	712,0
238	Hamrasvanur	A	456,0	71,0	50,0	3,5	31,0	-	3,0	574,4
242	Geir goði	A	176,5	201,0	165,5	76,5	33,5	-	2,0	510,4
243	Guðrún	A	177,0	1,5	24,0	3,0	9,5	-	-	201,2
244	Glófaxi	A	332,0	20,0	295,5	17,0	18,0	-	-	536,2
249	Höfrungur III	A	371,5	16,5	549,0	42,0	20,0	-	6,5	732,4
250	Ísleifur IV	A	289,0	74,5	329,5	47,0	18,0	0,5	1,5	576,1
253	Hamar	A	437,5	75,0	74,0	6,0	24,0	-	2,0	567,2
254	Sæborg	A	241,5	80,0	106,5	84,0	16,5	-	5,5	432,4
261	Ósmundur	M	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	488,1
262	Ágúst Guðmundsson	M	299,5	86,0	152,5	19,5	4,0	1,5	3,5	474,1
263	Gandi	A	295,5	119,5	302,5	21,0	20,5	-	0,5	592,8
490	Gullborg	A	224,0	21,5	181,5	3,0	12,0	-	-	354,0
582	Hringur	A	228,0	31,0	5,0	-	12,5	-	-	267,7
964	Gissur hvíti	A	332,0	119,5	162,5	20,5	22,0	-	7,5	558,6
971	Boði	A	259,5	43,5	167,0	5,0	14,0	24,5	9,5	424,8
972	Pétur Ingi	M	308,5	46,0	183,0	20,0	18,5	20,0	8,5	493,4
974	Skógey	A	226,0	43,5	46,0	-	12,5	-	-	298,9
975	Sighvatur	M	306,0	45,5	171,5	19,5	18,0	20,0	7,0	482,3
977	Jakob Valgeir	A	291,0	23,0	-	1,0	28,0	42,0	542,5	767,0
980	Friðrik Sigurðsson	A	457,5	85,5	279,5	42,0	26,5	-	2,0	731,0

Kvotaskipting: Flokkur 7 SÍLDARBÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
1000	Guðmundur Kristinn	M	310,0	49,5	85,0	12,5	20,5	6,0	81,0	- 487,5
1009	Þuríður Halldórsdóttir	A	360,5	131,0	194,0	53,5	25,5	-	2,5	- 631,5
1013	Þorkatla II	M	299,5	86,0	152,5	19,5	4,0	1,5	3,5	- 474,1
1014	Arney	A	383,0	58,0	196,0	22,0	32,5	-	13,0	- 589,6
1016	Fylkir	A	457,5	5,0	22,5	9,0	32,0	-	-	- 506,3
1019	Sigurborg	A	262,5	71,0	27,0	3,0	14,5	5,5	4,5	- 358,4
1023	Skarfur	A	358,5	53,5	107,0	10,0	24,5	11,0	7,0	- 501,0
1028	Hrafn Sveinbjarnarson	A	330,5	70,5	153,5	40,0	34,0	-	6,5	- 530,6
1036	Happasæll	A	237,0	42,0	-	-	1,0	121,5	61,0	- 392,2
1039	Gjafar	A	375,5	138,0	230,0	28,5	27,0	-	4,0	- 660,9
1042	Vörður	A	455,0	88,5	201,5	48,0	32,0	-	5,5	- 698,8
1056	Ásgeir Torfason	A	305,0	58,0	174,0	23,0	24,0	-	2,5	- 484,9
1063	Kópur	A	353,0	22,5	170,0	17,0	24,0	142,0	5,5	- 584,7
1067	Johann Gíslason	A	321,0	25,0	456,5	19,0	17,5	-	-	- 618,7
1068	Arnþór	A	181,5	2,0	11,0	3,5	10,0	-	0,5	- 200,1
1077	Þorri	M	314,0	50,0	85,0	12,5	20,5	6,0	82,0	- 492,6
1084	Fridrik Sigurdsson	M	457,5	85,5	279,5	42,0	26,5	-	2,0	- 731,0
1095	Hópsnes	A	395,0	93,0	189,0	54,5	31,0	-	2,5	- 636,2
1135	Þórunn Sveinsdóttir	A	371,5	207,5	508,5	36,5	31,5	-	8,0	- 880,4
1143	Gissur	A	279,5	16,5	373,0	20,0	15,0	-	-	- 522,4
1146	Danski Pétur	A	276,5	122,0	201,5	17,0	18,0	-	4,5	- 519,1
1156	Sólfari	A	265,5	96,0	3,0	0,5	14,5	-	2,0	- 362,9
1159	Tjaldur	A	379,0	54,5	29,5	2,5	20,5	-	-	- 460,3
1199	Frár	A	235,5	357,0	209,0	24,0	21,5	-	7,5	- 691,0
1202	Hringur	A	282,5	59,0	20,5	1,5	15,5	-	1,5	- 359,0
1207	Geiri Péturs	A	552,5	20,5	13,0	6,0	32,5	-	12,5	- 617,4
1209	Freyja	A	336,0	123,0	-	-	18,0	-	0,5	- 456,2
1213	Sigurfari	A	228,5	428,0	161,5	37,0	25,0	-	1,5	- 723,8
1236	Þórir	A	290,0	55,0	66,5	2,5	25,5	-	14,0	- 406,9
1258	Súðurey	A	472,0	181,5	248,0	21,0	29,5	-	7,5	- 804,9
1291	Vótaberg	M	356,0	48,0	99,5	9,5	24,5	10,5	12,5	- 493,3
1297	Ársæl	A	393,5	271,0	209,0	35,0	34,0	-	9,5	- 794,1
1298	Bjarnarey	A	341,0	269,0	169,0	36,5	24,0	-	13,5	- 713,2
1304	Ólafur Bjarnason	A	357,5	48,0	35,5	68,0	19,5	-	-	- 471,8
1333	Sigurður Þorleifsson	A	370,5	91,0	222,0	26,5	24,5	-	2,5	- 607,2
1343	Garðar II	A	400,0	75,5	43,5	42,0	21,5	-	1,0	- 530,2
1359	Sólborg	M	353,0	57,0	109,5	10,0	25,5	10,5	12,5	- 504,5
1379	Dala Rafn	A	321,5	99,5	227,0	21,5	22,0	3,0	8,5	- 569,6
1398	Sæljón	A	311,5	89,5	73,0	3,5	19,5	-	9,0	- 453,0
1399	Haukaberg	A	360,0	93,5	15,0	22,5	38,5	-	2,0	- 494,3
1443	Bylgja	A	369,5	287,5	226,5	21,5	27,5	-	10,0	- 781,2
1510	Guðfinna Steinsdóttir	A	252,5	342,5	176,5	53,5	42,0	-	8,5	- 712,2
1562	Jón á Hofi	A	405,0	32,0	452,0	30,0	22,0	-	-	- 716,0
1574	Otto Wathne	A	344,5	365,0	160,0	12,0	28,0	1,5	60,5	- 819,4
1625	Gunnjón	M	307,5	46,0	171,5	19,5	18,0	20,0	7,0	- 484,2

Kvotaskipting: Meðalkvótar v/vals - Flokkur 7 SÍLDARBÁTAR 27- 3-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1	3	276,0	76,0	107,5	19,0	21,5	-	1,5	529,4	517,1
1	4	299,5	86,0	152,5	19,5	20,5	1,5	3,5	605,4	588,9
1	5	306,0	45,5	171,5	19,5	18,0	20,0	7,0	602,1	582,7
2	3	181,5	2,0	11,0	3,5	10,0	-	0,5	245,9	244,3
2	4	344,0	47,0	99,5	9,5	24,5	10,5	11,0	589,9	578,6
2	5	308,0	47,5	85,0	12,0	20,5	6,0	81,0	588,5	578,5

Kvotaskipting: Flokkur 8 BOTNFISKVEIÐABÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.		Þorskígildi
27	Björgvin Mar	M	276,5	48,5	88,0	32,0	24,5	6,5	8,5	-	414,8
38	Happasæll	A	421,5	91,0	219,0	17,0	23,0	54,5	-	-	680,9
43	Ellidi	A	187,5	304,0	151,5	151,5	19,5	-	3,5	-	631,8
62	Dalaröst	A	282,0	54,0	159,0	22,0	23,0	-	2,5	-	448,9
76	Helgi S	A	310,0	49,5	180,0	54,0	44,5	-	3,0	-	520,9
77	Kari	M	167,5	165,5	37,5	11,5	20,5	-	8,5	-	358,9
78	Haffari	A	283,0	109,0	60,0	30,5	6,5	7,0	21,5	-	451,3
100	Jon Jonsson	A	296,0	36,0	-	-	16,0	2,5	3,5	-	344,3
127	Vikingur III	A	330,0	51,0	-	-	18,0	110,0	433,0	-	779,4
151	Maria Julia	A	356,5	31,0	-	-	23,5	-	100,5	-	478,2
162	Bliki	A	399,5	24,5	22,0	14,0	40,0	-	4,5	-	477,5
177	Jon Ágúst	M	283,0	109,0	60,0	30,5	21,5	7,0	21,5	-	464,0
219	Vidir II	A	199,0	75,0	22,0	9,0	11,5	-	11,0	-	297,8
239	Vestri	A	449,0	75,5	20,0	1,5	37,5	55,5	23,0	-	607,4
247	Hugrun	A	290,0	34,0	-	-	24,5	-	521,5	-	730,9
256	Albert Olafsson	A	344,0	34,0	9,0	-	20,5	29,5	129,0	-	509,7
257	Sigurvon	A	297,5	50,0	-	-	21,5	249,0	476,5	-	865,0
259	Jarl	A	198,0	9,0	105,0	11,5	11,5	0,5	1,0	-	280,5
260	Sveinbjörn Jakobsson	A	269,0	47,5	8,5	2,5	14,5	-	-	-	327,8
265	Adalbjörg	A	103,0	30,0	8,5	1,5	294,5	-	0,5	-	384,7
284	Anna	A	92,0	3,5	8,0	0,5	5,0	-	2,5	-	105,8
286	Arnarn	A	14,5	-	4,5	-	1,0	-	-	-	17,8
297	Sjöfn	A	318,0	13,5	9,5	2,0	17,5	-	20,5	-	366,1
304	Audbjörg	A	70,5	4,5	-	-	4,5	-	34,0	-	103,6
306	Hrönn	A	99,0	1,5	2,5	-	54,5	-	-	-	148,0
310	Baldur	A	108,0	259,0	22,0	-	45,0	-	21,5	-	394,6
311	Baldur	A	95,5	18,5	0,5	-	421,5	-	29,5	-	491,9
325	Dröfn	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	-	80,6
338	Björg	A	135,5	290,5	66,5	3,5	65,5	-	35,5	-	503,2
360	Friga	A	62,0	18,0	2,5	-	1,0	-	-	-	79,5
372	Draupnir	A	58,5	4,0	21,5	-	3,0	-	1,0	-	77,0
378	Gisli Kristjan	A	70,5	31,0	0,5	0,5	5,5	-	1,0	-	102,8
402	Fengsæll	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	-	80,6
411	Aldan	A	47,5	0,5	20,5	-	2,5	-	2,0	-	62,8
434	Olafur	A	20,0	83,0	-	-	24,0	-	-	-	111,0
442	Þordis Gudmundsdottir	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	-	80,6
450	Geir	A	78,5	308,0	26,5	50,0	12,5	-	-	-	393,0
457	Gissur hviti	A	95,0	14,0	4,5	-	5,0	-	0,5	-	114,0
464	Haraldur	A	274,0	2,0	7,0	5,5	15,0	1,5	-	-	296,2
483	Gudny	A	238,0	36,5	-	-	13,0	-	313,5	-	515,2
491	Katrin	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	-	80,6
498	Eyborg	A	187,0	9,0	11,5	4,5	10,0	-	3,5	-	214,6
499	Sæbjörg	A	23,0	22,0	5,5	1,0	1,0	-	0,5	-	46,5
500	Gunnar Hámundarson	A	182,0	36,5	1,0	-	10,0	-	-	-	222,1
504	Audbjörg	A	259,5	13,5	1,5	1,0	67,0	-	0,5	-	329,7
524	Haflidi	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	-	80,6
525	Haflidi	A	46,0	126,0	1,5	-	41,5	-	4,0	-	192,2
526	Halldor Kristjansson	M	36,5	9,5	7,5	-	4,0	-	2,5	-	54,0
532	Gudborg	A	20,5	0,5	0,5	-	1,0	-	7,5	-	27,7
537	Gulltoppur	M	133,0	38,5	6,0	0,5	78,0	-	11,0	-	243,9
571	Fossborg	A	45,0	38,0	1,5	-	7,5	-	-	-	84,5
573	Holmsteinn	A	209,5	14,5	21,5	1,0	11,5	-	-	-	244,0
586	Björg Jonsdottir	A	263,0	7,0	0,5	3,0	14,5	2,5	21,5	-	300,8
610	Jon Juli	A	83,5	1,0	-	-	173,5	-	32,0	-	255,8
626	Jökull	A	114,0	154,0	57,0	4,5	48,5	-	7,0	-	325,2
674	Eldey	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	-	80,6

Kvotaskiptins: Flokkur 8 BOTNFISKVEIÐABÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
687	Hummi	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	- 80,6
708	Johanna Magnusdottir	A	130,0	8,5	2,0	1,5	172,0	-	2,5	- 287,2
712	Kristjan	A	84,0	27,0	1,0	-	4,5	-	4,0	- 114,3
714	Arnar	A	65,5	-	2,0	-	55,5	-	-	- 113,8
720	Bervik	A	207,0	1,0	-	-	90,5	-	-	- 284,8
721	Sigurbjörg	A	69,0	50,0	1,0	1,5	29,5	0,5	8,0	- 144,3
731	Grunnvikingur	A	215,5	45,5	7,5	1,0	12,0	-	-	- 269,1
739	Sigurbjörg	A	5,5	3,0	7,5	-	7,0	-	0,5	- 18,5
756	Villi	A	3,5	1,0	8,0	-	-	-	-	- 8,8
770	Skuli Hjartarson	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	- 80,6
783	Nanna	A	73,5	103,5	51,5	5,5	85,5	-	35,5	- 292,1
787	Mars	M	167,5	165,5	37,5	11,5	20,5	-	8,5	- 358,9
797	Sanes	A	149,5	12,5	5,5	1,5	9,0	1,0	9,5	- 179,3
839	Saljon	A	183,5	2,0	6,0	3,5	10,0	-	4,0	- 201,9
847	Fridrik Bergmann	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	- 80,6
866	Saari	A	48,5	1,0	-	-	2,5	-	19,0	- 65,7
869	Gisli Pall	A	49,0	6,0	0,5	-	3,5	-	50,5	- 95,2
874	Gulltoppur	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	- 80,6
892	Jon Helgason	A	173,0	11,5	90,5	6,5	9,5	-	0,5	- 244,6
893	Skalavik	A	201,0	10,0	1,0	1,0	98,5	-	1,0	- 295,1
903	Skalafell	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	- 80,6
910	Vonin II	A	88,0	13,5	2,0	1,5	6,0	1,0	17,0	- 119,8
913	Framfari	M	73,0	5,5	9,5	-	12,5	-	17,0	- 106,3
918	Sigurvik	A	206,0	49,0	4,0	7,0	11,0	-	0,5	- 263,4
922	Budanes	A	93,5	73,5	11,5	18,0	8,0	-	3,5	- 181,6
926	Þorsteinn	A	132,0	0,5	3,5	2,5	7,5	-	-	- 142,1
928	Þorsteinn	A	112,5	18,5	-	-	6,0	-	14,5	- 144,2
929	Svanur	A	237,5	41,5	8,0	-	13,0	-	-	- 288,2
939	Halldora Jonsdottir	A	194,0	36,0	19,5	-	15,5	-	185,5	- 387,6
949	Fagranes	A	67,0	1,5	7,5	-	3,5	-	0,5	- 75,8
956	Sif	M	197,0	14,0	4,0	1,5	11,5	0,5	65,5	- 271,1
992	Byr	M	133,0	38,5	6,0	0,5	78,0	-	11,0	- 243,9
999	Þrymur	A	321,0	35,5	-	-	22,0	-	90,5	- 437,8
1052	Orri	A	371,5	58,0	-	0,5	20,0	238,0	538,5	- 984,7
1053	Skalaberg	A	162,0	20,0	3,0	1,5	75,0	1,5	0,5	- 246,5
1074	Saxhamar	A	421,5	85,0	9,5	31,5	23,5	4,0	5,5	- 542,8
1078	Hrönn	A	5,0	-	-	-	0,5	-	-	- 5,4
1079	Ina	A	2,5	-	-	-	-	-	-	- 2,5
1081	Fiskanes	A	235,0	7,0	3,0	1,0	13,0	-	24,5	- 272,6
1091	Helgi Magnusson	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	- 80,6
1092	Hrolfur	A	28,0	9,0	3,0	-	1,5	-	0,5	- 39,0
1093	Valborg	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	- 80,6
1094	Frosti II	A	455,5	20,0	10,0	11,0	25,0	44,0	23,5	- 549,3
1097	Gudrun Björg	A	111,5	9,0	10,5	1,0	58,5	-	2,0	- 176,7
1098	Kristin	A	24,0	17,5	2,0	-	1,5	-	-	- 41,3
1103	Otur	A	176,5	-	31,5	3,0	9,5	-	-	- 203,5
1105	Gudrun Jonsdottir	A	163,5	1,5	2,0	2,0	9,0	0,5	1,0	- 175,7
1116	Birgir	A	52,5	-	54,5	2,0	3,0	-	-	- 86,1
1117	Vördufell	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	- 80,6
1123	Oskar	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	- 80,6
1124	Brimir	M	73,0	5,5	9,5	-	12,5	-	17,0	- 106,3
1125	Vöttur	A	363,5	39,0	30,5	-	38,0	-	35,0	- 472,0
1128	Ingolfur	A	319,5	158,0	97,5	175,0	65,0	7,0	32,5	- 687,5
1132	Sæbjörg	A	109,5	-	21,5	-	12,0	-	-	- 131,5
1134	Steinunn	A	315,0	32,0	16,5	2,0	17,0	2,5	-	- 368,3
1136	Rifsnes	A	448,5	69,5	62,0	7,5	28,5	-	2,0	- 571,5

Kvotaskipting: Flokkur 8 BOTNFISKVEIÐABÁTAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
1141	Guðrún Ágústsdóttir	A	25,0	15,5	-	-	1,5	-	5,5	43,6
1142	Litlanes	A	81,0	4,0	3,0	-	92,0	-	5,0	168,0
1144	Áron	M	73,0	5,5	9,5	-	12,5	-	17,0	106,3
1151	Skúmur	A	38,0	-	49,5	1,5	2,0	-	-	67,8
1152	Særos	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1153	SæÞór	A	49,5	7,5	-	-	2,5	-	28,0	79,0
1155	Hafnartindur	A	29,5	14,5	1,0	-	2,0	-	2,5	46,0
1161	Drífa	A	89,0	2,0	15,0	0,5	5,0	-	-	103,5
1163	Hafrún	A	63,0	5,0	13,0	-	3,5	-	2,5	79,3
1167	Guðmundur Þór	M	73,0	5,5	9,5	-	12,5	-	17,0	106,3
1177	Hávur	A	45,5	0,5	7,5	-	2,5	-	1,0	52,9
1178	Vidir Traustí	A	172,0	1,0	16,5	1,0	9,5	-	1,0	191,3
1180	Björgvin	A	56,5	1,5	0,5	-	3,0	-	6,0	65,1
1185	Hinrik	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1186	Ásgeir	A	147,5	3,0	2,5	-	8,0	-	8,0	164,2
1188	SæbjÖrg	A	58,0	7,0	0,5	-	3,5	-	10,0	74,7
1189	Þorkell Björn	A	77,5	32,0	21,0	-	16,5	-	7,0	135,5
1190	Hani	A	54,5	-	-	-	-	-	-	54,5
1195	Stefán Rögnvaldsson	A	135,0	-	11,5	5,5	39,0	-	-	177,5
1197	Hrefna	A	13,0	-	11,5	-	0,5	-	-	19,8
1198	Traustí	A	51,0	10,5	0,5	-	3,0	-	5,0	66,5
1201	Guðbjörg	A	108,0	23,0	1,0	1,0	274,0	-	-	361,6
1210	Magnús	A	119,0	-	23,5	-	6,5	-	-	137,4
1217	Soley	A	61,0	48,5	-	-	3,5	-	6,0	109,7
1218	Fönix	A	44,0	0,5	3,5	-	2,5	-	0,5	48,8
1220	Særi	A	52,0	9,5	16,5	-	3,5	-	2,0	73,6
1223	Freyja	A	226,0	494,5	55,0	25,0	72,0	-	8,5	757,9
1224	Skálanes	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1225	Áron	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1226	Hlýri	A	27,5	18,0	0,5	0,5	1,5	-	5,0	48,4
1227	Pétur Jacob	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1230	Gulltindur	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1231	Þorkell Árnason	A	163,5	29,0	4,0	1,0	9,0	-	-	198,5
1233	Sæfinnur	A	8,5	-	23,5	-	0,5	-	-	21,9
1237	Litlanes	A	45,0	2,0	-	-	14,0	-	89,0	125,4
1243	Örvar	A	35,5	2,5	-	-	2,0	-	12,5	48,7
1245	Stokksey	A	223,0	585,0	126,0	19,5	16,5	-	0,5	814,7
1248	Blíki	A	44,5	3,0	6,0	-	2,5	-	5,0	56,2
1250	Kári	A	58,0	-	9,0	-	3,0	-	1,0	66,3
1251	Knarrarnes	A	64,0	32,5	-	-	3,5	-	11,0	102,8
1259	Kristján S. Jónsson	A	39,0	5,0	-	-	2,5	-	-	45,4
1260	Ágúst	A	28,0	14,0	0,5	-	1,5	-	-	41,5
1261	Bergkvist	A	29,0	2,5	0,5	-	1,5	-	14,0	43,2
1262	Rúna	A	120,0	85,5	2,0	-	7,0	-	55,5	241,4
1267	Faldur	A	95,5	4,5	9,5	-	61,0	-	2,0	157,9
1271	Fraa	A	65,0	35,5	27,5	-	3,5	-	13,5	123,4
1282	Húsbóndi	A	138,0	0,5	-	-	105,0	-	-	227,7
1288	Eyfell	A	49,5	1,0	8,0	-	2,5	-	2,0	58,4
1294	Sæljómi	A	67,5	19,5	12,0	-	3,5	-	3,5	96,3
1295	Sólberg	A	67,5	5,5	13,0	-	10,0	-	2,5	89,7
1305	Guðbjörg	A	145,5	-	0,5	0,5	8,0	-	-	152,8
1311	Rúna	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1312	Sigurbára	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1316	Hersilsey	A	32,0	5,5	12,0	0,5	2,0	-	3,5	47,9
1318	SæÞór	A	198,5	2,0	3,0	2,5	11,0	-	0,5	212,9
1319	Nunni	A	85,5	6,5	19,5	-	5,0	-	-	106,0

Kvotaskipting: Flokkur 8 BOTNFISKVEIÐABÁTAR **28- 3-1984**

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
1320	Þórir	A	47,0	-	0,5	-	2,5	-	-	49,4
1329	Bára	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1331	Margrét	M	73,0	5,5	9,5	-	12,5	-	17,0	106,3
1332	Sigrún	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1334	Hafþór	A	142,0	0,5	14,5	1,0	24,5	-	-	171,8
1350	Oddur Jónsson	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1353	Víðir	A	138,0	3,0	15,5	1,5	7,5	-	1,0	157,0
1357	Níels Jónsson	A	140,0	3,0	18,0	0,5	7,5	-	-	159,1
1364	Sóley	M	73,0	5,5	9,5	-	12,5	-	17,0	106,3
1373	Reynir	A	96,5	37,0	3,0	2,0	56,5	-	1,5	179,9
1377	Gullfari	A	58,5	12,5	87,5	-	3,0	-	-	119,8
1390	Jón Guðmundsson	A	40,5	6,5	2,5	-	5,5	-	65,0	100,8
1414	Aðalbjörg II	M	133,0	38,5	6,0	0,5	85,5	-	11,0	250,2
1415	Frosti	A	346,5	58,5	30,0	21,5	19,5	-	0,5	441,5
1417	Sólrún	A	83,5	-	2,0	2,0	4,5	-	-	89,5
1419	Bjarsey	A	126,0	-	56,0	-	7,0	-	-	162,8
1420	Kristbjörg	A	173,0	8,5	1,5	4,5	25,0	2,5	1,0	207,0
1423	Þorsteinn	M	129,0	5,5	8,0	1,5	29,5	0,5	4,5	167,6
1438	Heiðrún	A	91,0	0,5	4,0	1,0	40,0	-	1,0	128,9
1445	Fanney	A	154,0	5,0	16,0	1,0	8,5	-	6,5	179,7
1452	Þorleifur	A	140,5	0,5	12,5	1,0	27,5	0,5	-	172,0
1455	Björn Sigurðsson	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1458	Farsæll	A	308,5	60,0	20,0	33,5	38,5	-	1,5	422,8
1464	Sædís	M	133,0	38,5	6,0	0,5	85,5	-	11,0	250,2
1468	Reykjaborg	A	79,5	49,5	1,5	-	296,5	1,0	1,0	375,8
1470	Már	A	130,0	49,5	2,0	-	89,0	-	25,0	267,6
1475	Sæborg	A	162,5	5,5	2,0	2,5	9,0	4,5	2,0	181,5
1480	Örn	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1489	Anný	A	16,5	0,5	-	-	25,5	-	57,5	81,7
1490	Arnarborg	A	32,0	3,0	0,5	-	1,5	-	-	36,1
1499	Sæljón	A	142,5	38,5	0,5	-	11,0	-	138,5	288,7
1511	Jóhannes Gunnar	M	89,0	2,0	15,0	0,5	5,0	-	-	103,5
1513	Geysir	A	3,0	-	6,5	-	-	-	-	6,6
1524	Ingimar Magnússon	A	100,0	28,5	-	-	11,5	-	196,0	281,0
1527	Særún	A	224,0	21,0	0,5	0,5	12,0	-	0,5	253,0
1533	Ragnar	A	101,5	28,0	45,0	1,0	5,5	-	7,0	160,5
1542	Guðbjörg	A	46,5	15,0	1,5	-	2,5	-	8,5	68,6
1546	Gestný Þórðardóttir	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	80,6
1550	Guðmundur B. Þorláksson	M	73,0	5,5	9,5	-	12,5	-	17,0	106,3
1564	Byr	A	64,5	7,0	0,5	-	6,0	-	71,5	129,5
1570	Knörr	A	12,0	0,5	1,0	-	0,5	-	-	13,4
1575	Njáll	A	126,5	28,0	10,0	-	7,0	-	-	161,8
1581	Halldór Runólfsson	A	177,0	21,0	13,0	0,5	9,5	-	19,0	224,6
1587	Sigsi Bjarna	A	147,0	5,0	13,5	0,5	11,5	-	3,5	171,3
1591	Mupur	A	415,0	70,0	1,0	2,0	22,5	36,0	18,5	530,8
1595	Helga Jóh	A	304,0	319,5	176,0	40,0	40,5	-	12,0	737,8
1600	Gullfaxi	A	52,5	3,5	0,5	-	6,5	-	9,0	68,0
1611	Valur	A	149,0	52,0	8,0	-	8,0	-	-	204,4
1622	Sæey	A	223,0	585,0	126,0	19,5	16,5	-	0,5	814,7
1626	Hafrenningur	M	278,0	48,5	88,0	32,0	26,0	6,5	8,5	417,6
1632	Birgir Þór	A	22,0	-	6,5	-	1,0	-	-	26,4
1636	Farsæll	A	175,5	35,5	24,5	0,5	10,0	-	-	227,9
1638	Jón Þórðarson	M	323,5	52,0	-	5,0	21,0	28,0	185,0	543,9
1639	Jón E. Bjarnason	A	258,0	83,5	23,0	0,5	14,5	-	8,0	360,2
1640	Patrekur	A	441,0	165,0	24,0	19,0	30,5	-	29,0	652,6

Kvotaskiptins: Flokkur 8 BOTNFISKVEIÐABÁTAR **28- 3-1984**

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1642	Laxdal	A	73,0	5,5	9,5	-	12,5	-	17,0	-	106,3
1644	Robert	A	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	-	80,6
1666	Stakkur	M	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5	-	80,6

Kvotaskiptins: Medalkvotar v/vals - Flokkur 8 BOTNFISKVEIÐABÁTAR **27- 3-1984**

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi	
1	1	54,5	14,5	11,0	-	6,0	-	3,5		
1	2	133,0	38,5	6,0	0,5	85,5	-	11,0	294,8	289,6
1	3	167,5	165,5	37,5	11,5	30,0	-	8,5	442,4	436,4
1	4	283,0	109,0	60,0	30,5	21,5	7,0	21,5	566,2	556,3
1	5	276,5	48,5	88,0	32,0	24,5	6,5	8,5	509,0	496,4
2	1	73,0	5,5	9,5	-	12,5	-	17,0		
2	2	129,0	5,5	8,0	1,5	29,5	0,5	4,5	203,5	201,1
2	3	197,0	14,0	4,0	1,5	11,5	0,5	65,5	328,1	326,9
2	4	352,5	72,5	24,0	4,5	25,0	54,5	195,5	756,2	748,2
2	5	371,5	58,0	-	0,5	20,0	238,0	538,5	1.160,1	1.141,1

Kvotaskipting: Flokkur 9 TOGARAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
978	Sigurpáll	H	693,0	170,5	102,0	79,0	26,0	74,5	39,0	- 1.033,5
1121	Arnar Sigurdsson	H	694,5	268,5	377,5	1.595,0	83,5	135,5	55,5	- 2.201,5
1253	Karlsefni	A	490,5	150,0	361,5	2.331,5	42,5	110,5	50,5	- 2.239,5
1265	Vigri	A	558,5	162,0	588,0	2.428,5	69,5	590,0	60,5	- 2.813,7
1268	Ögri	A	619,0	209,5	487,0	2.274,0	40,0	348,0	30,5	- 2.581,3
1270	Bjarni Benediktsson	A	533,0	112,0	286,5	2.093,5	35,0	278,0	29,0	- 2.155,5
1273	Vestmannaey	A	570,5	351,5	645,5	1.349,0	42,5	5,5	31,0	- 2.028,9
1274	Pall Palsson	A	1.751,5	276,5	352,5	490,5	141,5	696,0	92,0	- 3.057,1
1275	Hoffell	A	1.085,0	582,5	378,0	384,0	58,5	106,5	30,0	- 2.135,4
1276	Drangey	H	1.167,5	289,5	228,0	458,0	96,0	363,0	53,0	- 2.130,0
1277	Ljosafell	A	1.091,5	547,0	362,0	227,5	62,0	103,0	50,0	- 2.032,7
1278	Bjartur	A	1.285,0	447,0	515,0	297,5	70,0	38,5	22,0	- 2.210,9
1279	Brettingur	A	1.097,5	305,5	215,5	171,5	60,5	146,0	33,5	- 1.734,2
1280	Raudinupur	A	985,0	278,5	115,5	204,0	117,5	276,5	48,0	- 1.699,2
1281	Olafur Bekkur	A	1.074,5	240,5	125,5	270,0	115,5	327,0	40,0	- 1.820,8
1285	Bersvik	A	574,0	166,5	201,5	1.265,0	58,0	198,5	51,0	- 1.728,8
1302	Gudbjartur	A	1.147,5	253,0	143,5	751,0	104,5	319,5	79,5	- 2.194,7
1307	Arnar	A	1.353,0	312,0	185,5	405,5	159,0	473,5	73,0	- 2.417,3
1308	Juni	A	440,5	181,0	580,5	2.341,5	31,0	71,5	44,5	- 2.304,1
1313	Bessi	A	1.416,0	165,0	192,0	627,0	112,0	806,5	64,0	- 2.633,8
1325	Otur	A	712,5	201,5	182,5	1.650,5	55,0	207,5	53,0	- 2.102,9
1326	Stalvik	A	1.086,5	258,5	149,5	261,5	105,0	287,0	31,5	- 1.817,3
1327	Framnes I	A	1.014,5	192,5	245,5	680,5	97,5	481,0	96,0	- 2.130,9
1328	Snorri Sturluson	A	351,0	126,5	1.487,5	2.941,5	22,0	30,5	28,0	- 2.952,5
1337	Skafti	H	1.152,5	292,5	228,5	446,0	101,0	360,0	53,5	- 2.114,1
1339	Krossvik	A	625,0	265,0	301,0	1.837,0	69,0	148,0	96,0	- 2.245,6
1342	Sveinn Jonsson	A	569,0	233,0	461,0	2.422,5	40,5	82,5	60,0	- 2.481,9
1345	Ingolfur Arnarson	A	529,0	136,5	672,0	2.404,5	33,5	80,0	43,5	- 2.446,2
1346	Holmanes	A	1.082,5	486,0	329,0	536,5	59,0	329,5	46,5	- 2.254,4
1347	Jon Vidalin	H	600,5	223,0	341,5	1.558,5	52,0	125,5	50,0	- 1.992,1
1348	Adalvik	A	507,0	165,0	235,0	1.352,0	42,0	132,0	70,0	- 1.687,5
1349	Sigluvik	A	933,5	153,5	116,5	377,5	90,0	382,5	53,0	- 1.681,4
1351	Slettbakur	A	867,5	347,5	169,5	1.788,5	98,5	428,5	178,0	- 2.676,6
1352	Svalbakur	A	1.132,0	242,5	349,5	1.405,5	135,5	544,5	90,0	- 2.812,8
1355	Björgvin	A	1.041,5	248,5	151,0	452,0	93,5	498,0	43,0	- 1.994,9
1360	Engey	A	385,5	121,5	395,0	1.937,0	22,0	263,0	29,5	- 1.970,0
1363	Snæfugl	A	813,5	287,5	291,5	834,5	56,0	233,0	51,5	- 1.903,2
1365	Videy	A	351,0	126,5	1.487,5	2.941,5	22,0	30,5	28,0	- 2.952,5
1369	Akureyrin	H	1.374,5	266,0	177,5	1.146,0	115,5	1.180,0	48,5	- 3.171,1
1376	April	A	739,5	382,0	555,0	1.393,0	77,5	15,5	67,5	- 2.261,4
1378	Haukur	H	600,0	223,0	341,0	1.567,5	52,0	125,5	50,0	- 1.996,2
1393	Sveinborg	A	508,5	159,0	191,0	663,0	63,0	122,0	53,5	- 1.280,2
1395	Kaldbakur	A	1.374,5	266,0	177,5	1.146,0	115,5	1.180,0	48,5	- 3.171,1
1397	Solberg	A	1.357,0	212,0	137,0	216,0	91,5	287,0	46,0	- 2.015,8
1407	Sigfirdingur	H	1.160,0	304,5	231,5	457,5	144,5	362,5	54,5	- 2.179,0
1408	Runolfur	A	920,0	181,5	285,5	1.195,5	111,0	182,0	60,0	- 2.137,4
1410	Dagrun	A	1.407,5	301,0	334,5	599,0	109,5	660,0	113,0	- 2.750,6
1412	Hardbakur	A	1.132,5	290,0	343,5	1.456,5	135,5	519,0	98,5	- 2.869,5
1433	Sindri	A	589,0	389,0	410,5	1.539,0	33,0	36,5	16,5	- 2.054,2
1435	Haraldur Bödvarsson	A	639,5	261,5	319,0	2.731,0	61,0	245,0	84,0	- 2.801,1
1441	Hjörleifur	A	396,0	215,5	218,5	2.210,0	40,0	123,0	61,0	- 2.068,4
1442	Snæfell	A	898,0	128,0	115,5	387,0	73,0	279,5	28,0	- 1.533,9
1449	Erlingur	A	667,0	264,5	297,0	1.276,5	62,0	191,0	53,5	- 1.964,7
1451	Gyllir	A	1.305,5	166,5	207,5	748,0	102,0	591,5	54,0	- 2.454,7
1459	Breki	A	763,0	411,0	650,5	1.754,0	43,5	67,0	26,0	- 2.531,5
1462	Julius Havsteen	A	796,5	175,5	161,0	83,0	68,0	71,5	83,0	- 1.242,8

Kvotaskiptins: Flokkur 9 TOGARAR 28- 3-1984

Sknr.	Nafn skips	K	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
1471	Ólafur Jónsson	A	473,5	143,0	329,0	2.398,0	36,0	173,0	42,5	- 2.261,2
1472	Klakkur	A	616,0	397,0	465,5	1.121,0	36,0	62,0	30,5	- 1.916,7
1473	Bjarni Herjólfsson	M	604,0	225,0	359,5	1.568,5	52,0	125,5	51,5	- 2.013,8
1474	Gullberg	M	1.169,0	312,0	233,0	455,0	94,5	360,5	54,5	- 2.150,1
1476	Björgúlfur	A	1.209,0	150,5	130,0	499,5	86,0	451,0	40,0	- 2.056,9
1478	Bergey	M	601,0	224,0	342,5	1.551,5	19,5	125,5	50,5	- 1.962,9
1481	Dalborg	A	778,5	110,0	38,0	20,0	121,0	5,0	25,5	- 1.028,9
1482	Elín Þorbjarnardóttir	A	1.186,5	203,0	185,0	709,5	90,0	422,0	89,5	- 2.247,9
1484	Mai	A	620,0	226,5	415,5	1.900,0	39,5	34,0	39,5	- 2.169,6
1492	Hegranes	M	1.150,5	291,0	230,0	473,0	101,0	359,0	54,0	- 2.126,3
1495	Birtingur	A	1.156,0	422,0	265,5	331,0	62,0	66,0	23,0	- 1.952,3
1497	Kaldbakur	A	1.093,5	713,0	539,0	330,5	59,5	113,0	36,5	- 2.323,5
1505	Ásgeir	A	524,0	132,5	416,0	2.094,0	41,0	24,0	53,5	- 2.106,5
1506	Heiðrún	A	979,5	295,0	210,5	417,0	113,5	277,5	93,0	- 1.908,1
1507	Sigurey	A	946,0	257,5	176,0	697,0	108,5	486,0	70,5	- 2.081,7
1508	Óskar Magnússon	A	696,0	342,0	433,0	1.712,5	52,0	94,5	87,0	- 2.332,9
1509	Ásbjörn	A	573,5	208,0	567,5	1.851,5	39,0	44,5	55,5	- 2.182,2
1514	Arinbjörn	A	651,0	248,5	338,5	1.693,5	55,0	119,0	70,0	- 2.150,5
1526	Ýmir	M	634,0	236,0	351,0	1.658,5	72,0	138,0	54,0	- 2.124,3
1529	Þorlákur	M	600,0	223,0	340,5	1.538,5	52,0	125,5	50,0	- 1.980,0
1530	Sigurbjörg	A	1.444,0	188,0	159,5	494,0	183,0	499,5	44,0	- 2.451,5
1534	Talknfirðingur	A	1.070,5	266,0	184,5	779,5	179,0	739,5	113,0	- 2.507,4
1536	Julius Geirmundsson	A	1.598,5	242,5	200,5	543,5	180,5	736,5	71,5	- 2.862,8
1548	Bárði	A	1.212,0	296,5	380,0	301,5	68,0	96,5	21,0	- 1.970,3
1552	Már	A	1.075,5	147,5	440,0	1.014,5	84,0	356,0	47,0	- 2.321,1
1553	Jón Baldvinsson	A	658,0	174,0	448,0	2.467,0	38,5	193,5	34,0	- 2.583,5
1556	Sólvi Bjarnason	A	1.074,5	173,0	237,0	703,0	84,0	357,5	70,0	- 2.077,0
1558	Dagstjarnan	M	472,5	158,0	519,0	1.974,0	42,5	185,5	41,0	- 2.156,1
1566	Ásþór	A	465,0	155,5	214,0	1.452,5	33,0	45,5	43,5	- 1.601,7
1567	Hólmatindur	A	1.013,5	510,5	294,5	387,0	57,5	242,0	33,5	- 2.041,5
1576	Kolbeinsey	A	1.217,0	169,5	333,0	230,5	86,0	456,0	41,5	- 2.048,8
1578	Otto N. Þorláksson	A	673,5	165,0	628,5	3.092,0	45,0	160,5	55,0	- 3.035,8
1579	Guðbjörg	A	1.968,5	281,0	221,0	828,5	121,0	690,0	88,5	- 3.367,8
1585	Sigurfari II	A	638,0	227,0	293,0	1.580,0	91,0	185,5	71,0	- 2.103,0
1598	Örvar	A	1.365,5	332,0	181,5	373,0	134,5	621,5	42,0	- 2.471,4
1602	Sjóli	A	387,0	256,5	222,5	1.057,5	36,5	31,5	34,5	- 1.384,8
1603	Sunnutindur	A	1.062,5	452,0	343,5	299,5	67,5	197,0	46,0	- 2.010,4
1605	Haförn	A	421,5	253,5	373,5	1.026,5	50,5	55,5	33,5	- 1.508,3
1608	Baldur	A	752,0	149,0	106,0	96,0	56,0	123,0	18,5	- 1.125,0
1609	Stakfell	A	1.266,0	241,0	230,5	360,0	91,0	383,0	41,0	- 2.133,5
1612	Skipaskagi	A	413,5	287,5	188,5	1.343,0	57,0	32,5	38,5	- 1.597,0
1615	Keilir	M	321,5	188,0	183,0	728,5	24,0	26,5	24,0	- 1.036,9
1628	Slettanes	A	1.371,5	315,5	262,5	616,5	124,5	451,5	63,5	- 2.547,5
1629	Eyvindur Vopni	A	547,0	143,0	128,5	166,5	41,0	133,0	51,0	- 983,7
1630	Krossanes	M	696,5	180,5	103,0	79,0	26,5	74,5	39,5	- 1.046,9
1634	Hólmadrangur	A	1.143,5	287,5	227,5	445,5	94,5	359,0	52,5	- 2.093,1
1645	Hafnarey	A	790,0	224,0	178,0	229,0	57,0	205,5	41,0	- 1.406,8
1651	Gideon	M	263,0	155,0	151,0	600,0	20,0	22,0	20,0	- 853,0
1661	Gullver	A	1.386,0	355,5	294,0	567,5	103,0	426,5	61,0	- 2.551,2

Kvotaskipting: Medalkvotar v/vals - Flokkur 9 TOGARAR 28- 3-1984

Svæði	St.fl.	Þorskur	Ysa	Ufsi	Karfi	Sk.koli	Grálúða	Steinb.	Þorskígildi
1	7	600,0	223,0	340,5	1.538,5	52,0	125,5	50,0	2.474,0 2.269,0
1	8	319,0	187,5	182,5	728,0	41,0	26,5	24,0	1.313,8 1.213,7
1	9	466,5	154,0	516,0	1.951,5	36,5	185,5	38,5	2.662,0 2.394,2
2	7	1.143,5	287,5	227,5	445,5	94,5	359,0	52,5	2.563,5 2.482,0
2	8	693,0	170,5	102,0	79,0	63,5	74,5	39,0	1.313,9 1.289,7
2	9	948,5	242,5	228,5	1.284,0	100,5	573,0	77,5	3.010,5 2.837,5

Skýringardæmi um flutning afla milli fisktegunda.

Almenna reglan er sú að heimilt er að flytja milli einstakra fisktegunda sem nemur 10% af þorskígildi kvóta hvers skips. Þorskígildi skal reikna í samræmi við töflu um breytingarstuðla sem útvegsmönnum hafa verið sendir af sjávarútvegsráðuneytinu og eru á baksíðu „Aflaskýrslu v/leyfis til botnfiskveiða".

Dæmi 1.

Skip A hefur eftirfarandi kvóta:

Þorskur	350 tonn
Ufsi	150 tonn
Ýsa	50 tonn
Koli	10 tonn

Til þess að reikna þorskígildi þessa kvóta er ýsuafli margfaldaður með stuðlinum 0,85 (þ. e. reiknað er með að ýsan sé 85% af verðgildi þorsks), ufsaafli margfaldaður með 0,55 og koli með 0,85. Útreikningurinn lítur út á eftirfarandi hátt:

	Kvóti tonn	Breytingar-stuðull	Kvóti þorskígildi
Þorskur	350	1	350,0
Ýsa	50	0,85	42,5
Ufsi	150	0,55	82,5
Koli	10	0,85	8,5
	560		483,5

Skv. þessum útreikningi er þorskígildi þessa 560 tonna kvóta jafnt og 483,5 tonn. Skv. reglugerðinni er því heimilt að breyta milli einstakra fisktegunda jafngildi 10% af þorskígildinu, eða 48,4 tonni.

Hafi útgerðarmaður t. d. í hyggju að breyta öllum þeim ufsa sem honum er heimilt að veiða í þorsk leitar hann uppi breytingarstuðul milli þorsks og ufsa í töflunni, en hann er 1,82.

Þannig jafngildir 48,4 tonna þorskígildi 1,82 × 48,4 = 88,1 tonni af ufsa. Eftir þessa breytingu liti kvóti þessa skips þannig út:

	Upp-haflegur kvóti	Breyting	Kvóti eftir heimilaðan tilflutning
Þorskur	350	+48,4	398,4
Ýsa	50		50,0
Ufsi	150	−88,1	61,9
Koli	10		10,0

(Hér hefur tilflutningurinn einvörðungu átt sér stað milli ufsa og þorsks.)

Dæmi 2.

Um er að ræða sama kvóta og í dæmi 1, þ. e.:

Þorskur	350 tonn
Ýsa	50 tonn
Ufsi	150 tonn
Koli	10 tonn

Útgerðarmaður hyggst nýta sér tilfærslurétt á þeim 48,4 þorskígildum sem hann hefur heimild til að flytja, þannig að ýsukvótinn verði aukinn í 80 tonn og kolakvótinn um það sem þá er eftir af heimildinni, en minnka á móti þorskkvótann.

	Þorskígildi
Heimilaður flutningur	48,4 tonn
Ýsukvóti úr 50 tonnum í 80 tonn, þ. e. 30 tonn af ýsu (30 × 0,85)	25,5 tonn
Mismunur = eftirstöðvar heimildar =	22,9 tonn

Skv. breytingarstuðli jafngildir 22,9 tonna þorskígildi 27 tonnum af kola (22,9 × 1,18 = 27 tonn).

Kvóti skipsins liti því út á eftirfarandi hátt:

	Upphaflegur kvóti	Breyting	Kvóti eftir heimilaðan tilflutning
Þorskur	350	− 48,4	301,6
Ýsa	50	+ 30,0	80,0
Ufsi	150		150,0
Koli	10	+ 27,0	37,0
	560		586,6

Svo sem fram kemur í framangreindum dæmum, veitir heimild til flutnings milli einstakra fisktegunda nokkurt svigrúm varðandi kvótann.

Að lokum skal það ítrekað að einvörðungu er heimilt að flytja sem nemur 10% af heildarþorskígildi kvótans milli fisktegunda.

Breytingarstuðlar sem nota skal þegar afli er færður milli fisktegunda á aflamarki einstakra skipa. sbr. 21. gr. reglugerðar um stjórn botnfiskveiða 1984.

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Skarkoli	Grálúða	Steinbítur
Þorskur		1.18	1.82	1.82	1.18	1.67	1.33
Ýsa	0.85		1.55	1.55	1.00	1.42	1.13
Ufsi	0.55	0.65		1.00	0.65	0.92	0.73
Karfi	0.55	0.65	1.00		0.65	0.92	0.73
Skarkoli	0.85	1.00	1.55	1.55		1.42	1.13
Grálúða	0.60	0.71	1.09	1.09	0.71		0.80
Steinbítur	0.75	0.88	1.36	1.36	0.88	1.25	

Efri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. 276. mál (þskj. 527). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 46 frá 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35 frá 1976, lög nr. 23 frá 1977, lög nr. 58 frá 1977, lög nr. 61 frá 1977 og lög nr. 22 frá 1981, á þskj. 527.

Með frv. þessu er lagt til að fjölgað verði þeim embættismönnum sem kjaradómur ákveður laun. Hér er annars vegar um að ræða sendiherra og forstöðumenn stórra ríkisstofnana sem nú eru í hæsta launaflokki ríkisstarfsmanna og hins vegar héraðsdómara. Telja verður að eðli starfa þessara embættismanna sé með þeim hætti að eðlilegt sé að kjaradómur ákveði kjör þeirra en þau séu ekki samningsatriði við stéttarfélög.

Að því er héraðsdómara varðar skal tekið fram að sú breyting er í frv. felst um ákvörðun á kjörum þeirra er gerð að höfðu samráði við dómsmrh. og með samþykki Sýslumannafélags Íslands, en Dómarafélagi Reykjavíkur hefur lengi verið umhugað að breyting í þessa átt næði fram að ganga.

Gert er ráð fyrir því að um leið og launakjör sýslumanna og bæjarfógeta svo og annarra uppboðshaldara yrðu ákveðin af kjaradómi yrðu uppboðslaun til þeirra afnumin strax eða í áföngum. Með ákvæði til bráðabirgða I er þeim sýslumönnum og bæjarfógetum er þess kynnu að óska veittur frestur allt til ársins 1990 til að gangast undir kjaraákvarðanir kjaradóms og fá þá á meðan að halda óbreyttum lögkjörum, enda sitji þeir áfram í þeirri stöðu sem þeir eru nú skipaðir til. Þeir menn sem skipaðir verða í þessar stöður eftir gildistöku laganna mundu hins vegar ekki eiga slíkt val.

Í sambandi við nýgerðan aðalkjarasamning fjmrh. við launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM var undirritað eftirfarandi samkomulag:

„Fjmrh. mun á því Alþingi er nú situr beita sér fyrir þeirri breytingu á lögum um samningsrétt háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins að gildistími samninga verði samningsatriði aðila hverju sinni, en komi til kasta kjaradóms gildi úrskurður hans í eitt ár. Með lagasetningu yrði gildistími núgildandi kjarasamninga styttur í eitt ár."

Tillaga um breytingu á lögunum skv. 3. og 4. gr. frv. er gerð til að fullnægja ofangreindu samkomulagi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. 281. mál (þskj. 540). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til. l. um breytingu á lögum um útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. hefur orðið sú þróun að mikill samdráttur hefur verið í veiðum á grásleppu. Hins vegar hefur framleiðsla hér innanlands og fullvinnsla á þessari afurð, þ. e. grásleppuhrognum, farið vaxandi á undanförnum árum. Þannig háttar til að útflutningsgjald er eingöngu greitt af óverkuðum hrognum sem flutt eru óunnin úr landi. Af eðlilegum

ástæðum geta þeir aðilar sem stunda þessar veiðar ekki sætt sig við slíka skipan og telja að það eigi að vera sama gjaldtaka af grásleppuhrognum hvort sem þau eru unnin í landinu eða flutt út óunnin, enda hlýtur þróunin að verða sú að óbreyttu að viðkomandi aðilar neiti alfarið að selja hrogn sín til innlendrar framleiðslu. Þykir því eðlilegt að samræma gjaldtökuna og skv. 1. gr. verður útflutningsgjald af lagmeti úr grásleppuhrognum 1.70% sem samsvarar því gjaldi sem tekið er af óunnum hrognum.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að útflutningsgjald skv. 3. tl. 3. gr., þ. e. sá hluti gjaldsins sem gengur til Fiskveiðasjóðs, verði greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands uns skuld Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda við bankann er að fullu greidd.

Mál þetta er þannig tilkomið að samtök þessara framleiðenda stóðu fyrir margvíslegri starfsemi og er svo komið að samtökin skulduðu um s. l. áramót 3.3 millj. kr. í Landsbanka Íslands. Nokkrir félagsmenn munu hafa gengið í persónulega ábyrgð vegna þessarar skuldar. Ekki þykir eðlilegt, og veit ég ekki betur en um það sé full samstaða meðal grásleppuhrognaframleiðenda, að þessir ákveðnu einstaklingar taki þetta áfall á sig. Er því lagt til að leysa það sameiginlega og verða við eindreginni beiðni viðkomandi aðila um að þessi hluti útflutningsgjaldsins renni til þessara þarfa um sinn. Gert er ráð fyrir að það muni taka um það bil þrjú ár. Ég vænti þess að hv. sjútvn. kalli þessa aðila fyrir og spyrjist nánar fyrir um málið og fái upplýsingar beint frá þeim.

Það hafa áður verið hér fumvörp á ferðinni varðandi grásleppuhrogn. Ég held að s. l. 2—3 ár hafi á hverju þingi verið flutt frv. er varða þessa starfsemi. Eru því sjútvn.-menn allkunnugir þessum málum. Ég vænti þess að þeir muni leita eftir frekari upplýsingum og ég á von á að í ljós komi að um þetta sé góð samstaða í hópi hagsmunaaðila. A. m. k. hefur það komið fram í viðtölum þeirra við mig.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221, n. 425 og 529). — Frh. 2. umr.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Það er enginn vafi á að stjórnarskráin eða stjórnarskipunarlögin eru eitt þýðingarmesta mál sem Alþingi fjallar um þó ekki sé nema af þeirri ástæðu að í stjórnarskránni eru ákvæði sem grundvalla störf Alþingis og raunar allra þeirra sem fara með æðstu mál ríkisins, æðstu handhafa ríkisvaldsins. Það er þess vegna umhugsunarvert að þegar rætt er um þetta mál hefur t. d. pressan engan áhuga á að fylgjast með því, ekki nokkurn áhuga. Þegar 1. umr. hófst um málið held ég að ekki einn einasti fréttamaður hafi verið hér til að hlusta. En ef menn breyta um umræðuefni og fara að tala um hunda rennur pressan á lyktina. Þá kemur öll pressan, þá kemur útvarpið, þá kemur sjónvarpið með myndavélar og þá koma fréttamennirnir til að taka þátt í hundaslagnum. Það þarf raunar ekki nema einn hund til þess að þetta gerist. En að fréttamenn hjá blöðum, sjónvarpi og útvarpi hafi áhuga á að hlusta á umr. og röksemdir í sambandi við stjórnarskrármálið, það er af og frá.

Þetta frv., sem hér er til meðferðar um breytingar á stjórnarskránni, fjallar raunar fyrst og fremst um eitt ákvæði stjórnarskrárinnar, þ. e. um kjördæmaskipunina og kosningatilhögunina, auk þess sem gert er ráð fyrir að fjölga þm. um þrjá frá því sem nú er og lækka kosningaraldur úr 20 árum niður í 18 ár. Það má segja að kjarni málsins sé fyrst og fremst sá, fyrir utan fjölgun þm., að það hefur tekist samkomulag milli þingflokka, eins konar sátt í þessu máli, um það hvernig hlutfallið eða atkvæðamagnið skuli vera á bak við þm. hinna ýmsu kjördæma og má segja að í raun og veru sé þetta frv. fyrst og fremst um það.

Þegar frv. var lagt fram hér á Alþingi í fyrra urðu formenn þingflokkanna sammála um yfirlýsingu sem lögð var fram með frv. og raunar meira en það því að það voru þingflokkarnir sem urðu sammála um yfirlýsingu. Þessi yfirlýsing fylgir til áherslu áliti stjórnarskrárnefndarinnar í þessu máli og er prentuð á nefndarálitinu. Þessi yfirlýsing var svona, með leyfi virðulegs forseta:

„Þingflokkur Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frv. þessu, sem sérprentað fskj., „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar“ (Reykjavík, janúar 1983). Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi þá að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.“

Það má segja að þessi yfirlýsing fjalli um tvennt. Í fyrsta lagi gerir hún nánast ráð fyrir því að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar haldi áfram og verði framkvæmd fyrr en seinna og í öðru lagi verði gerðar jafnhliða þessu sérstakar ráðstafanir til að dreifa valdi og einnig sérstakar aðgerðir, eins og það er orðað, til að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst. Það er engu líkara en höfundum þessa frv. sé ljóst að það felur ekki í sér jöfnuð, heldur felur í sér einhvern ójöfnuð. Ég álít að í raun og veru sé þetta viðurkenning þeirra sem að frv. standa á því að frv. felur í sér einhvern ójöfnuð. Ég kem að því síðar hvaða ójöfnuður það er sem þarna er um að tefla.

Við atkvgr. um frv. til stjórnarskipunarlaga í Ed. Alþingis 10. mars 1983 gerði ég svofellda grein fyrir atkv. mínu, með leyfi virðulegs forseta:

„Herra forseti. Ég álít að leiðrétting á vægi atkv. sé eðlileg. Ég er hins vegar ekki ánægður með þá málsmeðferð sem þetta mál hefur fengið og tel að hún þyrfti

að verða með öðrum hætti, eins og ég hef áður gert grein fyrir. Ég vil undirstrika að stöðu landsbyggðarinnar verður að tryggja í stjórnarskránni þegar heildarendurskoðun hennar fer fram. Ég tel að um þetta mál, eins og það liggur hér fyrir, sé þó sæmileg sátt. Þetta er viðkvæmt mál og vandasamt til úrlausnar. Ég veit að sennilega eru bæði þéttbýlið hér suðvestanlands og landsbyggðin, strjálbýlið, óánægð með niðurstöðu málsins. Það bendir kannske til þess að hér sé um að ræða sæmilega sanngjarna sátt og m. a. með tilliti til þess segi ég já."

Ég var sem sagt samþykkur þeirri sátt sem þarna átti sér stað og sú er ástæðan fyrir því að ég fylgi þessu máli. Ég álít að það sé fyrst og fremst sátt milli Reykjavíkursvæðisins og landsbyggðarinnar utan Reykjavíkursvæðisins.

Þrátt fyrir það, þó að ég fylgi málinu vegna þessa sérstaka ákvæðis, er ég langt frá því að vera sáttur við málið sem lokaafgreiðslu og undirstrika að það verði haldið áfram með fullum krafti með heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég vil því leyfa mér að fara nokkrum orðum um frv. og fjalla m. a. um það að hverju leyti ég tel það vera gallað.

Ég tel aðalgallann á þessu frv. vera þann, að það eru langmestar líkur til þess að það muni leiða af sér fjölgun stjórnmálaflokka. Það þarf ekki annað en líta á stjórnarskrárbreytinguna frá 1959 þegar einmenningskjördæmi og tvímenningskjördæmi voru afnumin og fjölgað úr 8 þm. í 12 í Reykjavíkurkjördæmi. Síðan þá hefur flokkum fjölgað og hefur verið tilhneiging til þess að flokkum fjölgaði. Nú sitja á Alþingi sex þingflokkar í stað fjögurra áður. Þegar nú er enn þá fjölgað þm. í Reykjavík, upp í 14 eða 18, þá álít ég að það séu vaxandi líkur á því að flokkar klofni og þeim fjölgi meira en orðið er. Ég yrði ekkert undrandi á því, ef þetta fyrirkomulag gildir um nokkra áratugi, þó að flokkarnir yrðu orðnir tíu talsins eftir tiltölulega stuttan tíma.

Ég er fylgjandi því, þegar rætt er um stjórnarskipunina, að reynt verði að haga henni þannig að hún þjappi mönnum frekar saman í flokka, þeim sem skyld sjónarmið hafa, í stað þess að sundra þjóðinni í marga flokka. Ég óttast að ef svo verður fari stjórnarfarið versnandi. Það eru misjafnar skoðanir á því hvað stjórnarfarið hefur verið gott hjá þessum fjórum flokkum, en ég er sannfærður um að það fer versnandi ef flokkunum fjölgar. Í raun og veru höfum við alveg skýr dæmi um það þar sem var Weimarlýðveldið. Þar var gerð tilraun til að hafa allt saman jafnt, jafnan atkvæðisrétt, jöfnuð á milli flokka o. s. frv., en niðurstaðan varð sú að flokkarnir urðu — ég man ekki hvað þeir urðu margir, það er kannske einhver svo sögufróður að hann muni það, en þeir skiptu held ég tugum. (**Gripið fram í:** Eitthvað á þriðja tug.) Eitthvað á þriðja tug, já. Og hver varð svo niðurstaðan? Niðurstaðan varð því miður ekki sú, sem ætlað var, að fá fram jöfnuð að öllu leyti. Niðurstaðan varð sú, að það varð alger ringulreið vegna flokkafjölgunar í Þýskalandi sem leiddi beint til valdatöku nasista á sínum tíma. Þannig endaði það. Ég vona nú að ekki endi á neinu slíku hjá okkur Íslendingum en það er aldrei að vita nema ofbeldisöfl kunni að lifna við, ef upplausnin er nógu mikil, og hrifsa völdin. Það hefur stundum verið rætt um að Hitler hafi náð völdum á lýðræðislegan hátt. Slíkt er auðvitað hrein endileysa og ekkert annað vegna þess að hann og hans flokkur héldu uppi ofbeldi í Þýskalandi, eins og við þekkjum af sögunni, þannig að menn óttuðust stundum um líf sitt sem ekki voru sammála nasistum. Það var ógnarástand sem leiddi til valdatöku þeirra þó að þeir reyndu að hafa þann blæ á öllu að það væri allt með lýðræðislegum hætti.

Í þessu frv. er aðeins rætt um kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag en ekki um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Hins vegar eru gefin fyrirheit um það í yfirlýsingu þingflokkanna. Endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur verið lengi í meðferð nefnda eða allar götur frá 1944 þegar sett var á fót endurskoðunarnefnd. Það eru margar nefndir sem hafa starfað með mismunandi miklum krafti og mismunandi löngum hléum að endurskoðun stjórnarskrárinnar, en aldrei hefur náðst samkomulag um annað en kjördæmaskipunina og kosningafyrirkomulagið. Önnur ákvæði hafa verið óbreytt, eins og kunnugt er, þó að margir séu þeirrar skoðunar að það væri ástæða til að endurskoða ýmis önnur ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. þekki a. m. k. seinni hluta þessarar endurskoðunarsögu, þ. e. nefndina, sem starfaði undir forsæti Gunnars heitins Thoroddsens fyrrv. forsrh. og hefur sent frá sér allítarleg álit um þetta mál. Það hafa komið fram frumvörp um breytingar á stjórnarskránni. Það kom fram frv. sem Gunnar Thoroddsen lagði fram hér í fyrra. Það kom fram frv. sem Vilmundur heitinn Gylfason lagði fram hér á þingi í fyrra. Ég er þeirrar skoðunar að sú tillaga sem hann lagði fram um að kjósa sérstakan forseta sem skipaði ríkisstjórn, um að afnema þingrofsrétt eða að þing starfaði í fjögur ár, ráðherrar væru ekki þm. og eitthvað fleira var í hans till. — a. m. k. þessi atriði álít ég að eigi fullan rétt á sér, að þau séu rædd, og það sé alls ekki einhlítt að hafa það fyrirkomulag á sem við höfum haft þó að ég sé því fylgjandi að halda þingræðisreglunni. Ég er því fylgjandi, en ég álít að það sé ekkert einhlítt og þær tillögur sem hann setti fram eigi fullan rétt á sér og sé sjálfsagt að ræða hvaða kosti þær hafa og þá kannske hvaða galla þær hafa. Ég tel höfuðkostinn við tillögur Vilmundar heitins Gylfasonar vera að með því móti hefði þjóðin áreiðanlega skipað sér í tvær höfuðfylkingar, menn sem hafa skyld sjónarmið hefðu þjappað sér saman. Hún hefði áreiðanlega skipað sér saman í tvær höfuðfylkingar um kosningu á forseta, eins og við sjáum raunar að gerist með kosningu á valdalausum forseta. Þá er þetta þannig að menn þjappa sér saman. Ég tala nú ekki um ef sú regla hefði verið tekin upp, sem hann stakk upp á, að það yrði kosið um tvo efstu eins og er í Frakklandi. Þá er enginn vafi á að það fyrirkomulag mundi þjappa mönnum saman í tvær höfuðfylkingar í þjóðmálum. Ég álít því að sú tillaga sem þarna kom fram hafi til að bera ýmsa kosti þó að ég sé ekki reiðubúinn að samþykkja hana eins og sakir standa.

Þessar tillögur og þessi álit hljóta að koma að gagni þegar menn taka í alvöru til við að setja nýja stjórnarskrá. Við verðum að gæta að því að stjórnarskrá okkar, sem sett var 1874, fyrir 110 árum, var stjórnarskrá konungs. Í eðli og uppruna er slík stjórnarskrá allt annars eðlis en lýðveldisstjórnarskrá þannig er núverandi lýðveldisstjórnarskrá með þeim breytingum, sem gerðar voru á henni, sem voru raunar engar aðrar en

þær að breyta orðinu „konungur“ í forseta og svo nokkrar breytingar sem leiddu af þeirri höfuðbreytingu. Ég held að það sé ýmislegt í stjórnarskránni sem þarf að athuga, þó að ég sé ekki að halda því fram að við höfum vonda stjórnarskrá, nema ég álít að við höfum lélega stjórnarskrá að því er snertir kjördæmaskipunina og kosningafyrirkomulagið, og ekki fer hún batnandi með þessu. (Gripið fram í.) Þetta fer nú dálítið eftir því hvað við erum með góða stjórn hvernig stjórnirnar verða.

Það eru ýmsar skoðanir uppi um hvernig eigi að setja stjórnarskrá. Ég vil greina frá því að á seinasta flokksþingi Framsfl. var ályktað á þá leið að efna bæri til sérstaks stjórnlagaþings sem leitaðist við að ná þjóðarsáttum um stjórnskipan landsins. Það hefur marga kosti að stjórnlagaþing fjalli um stjórnarskrána og setji þjóðinni stjórnarskrá. Þetta málefni er án efa mikilvægasta málefni þjóðarinnar. Það er engin spurning. Það er þess vegna mjög áríðandi að undirbúningur að slíkri lagasetningu sé sem ítarlegastur og bestur og eigi rót sína hjá þjóðinni. Þegar verið er að kjósa til Alþingis eins og nú er gert, en það er Alþingi sem fjallar um breytingar á stjórnarskránni ásamt kjósendum bæði fyrir og eftir, skipta menn sér í stjórnmálaflokka eftir allt allt öðrum málefnum en hvaða skoðanir þeir hafa á stjórnarskránni. Ef hins vegar væri kosið til stjórnlagaþings um það mál eitt kemur fram raunverulegur vilji manna og menn þjappa sér saman með tilliti til þess hvaða skoðun menn hafa á stjórnskipuninni, jafnvel þótt menn séu í andstæðum stjórnmálaflokkum. Menn geta verið sammála um þetta mál þó þeir séu í ólíkum stjórnmálaflokkum. Þess vegna eru meiri líkur á að stjórnlagaþing mundi setja stjórnarskrá sem hefði meira fylgi með þjóðinni en ef Alþingi gerði það. Alþingi er, eins og ég sagði áður, skipað þannig, að það fer eftir allt öðrum sjónarmiðum en þeim hvaða skoðanir menn hafa á stjórnarskránni. Slíkt þing mundi einvörðungu fjalla um stjórnarskrána og ekkert annað.

Það er kunnugt að margar þjóðir hafa sett sér stjórnarskrá á sérstöku stjórnlagaþingi eða sérstakri stjórnlagasamkomu, eins og t. d. Norðmenn, Bandaríkjamenn og margir fleiri. Við höfum aldrei sett okkur stjórnarskrá í raun. Við fengum stjórnarskrá frá kónginum 1874 eins og við þekkjum og síðan höfum við gert á henni breytingar, að vísu nokkrar breytingar, en þó eru langflestar bundnar við kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag. Það er því kannske tími til þess kominn að Íslendingar setjist niður og setji sér stjórnarskrá með svipuðum hætti og margar þjóðir hafa gert á sérstakri samkomu sem fjallaði eingöngu um það mál.

Þá er annað sem ástæða er til að undirstrika í sambandi við nauðsynina á því að gera ýmsar breytingar á stjórnarskránni og það er að á seinustu áratugum hefur orðið alger bylting í búsetu manna á Íslandi og ástæða til að endurskoða stjórnskipulagið og stjórnsýslufyrirkomulagið með tilliti til þeirrar gífurlegu breytingar sem orðið hefur á búsetu manna í landinu. Það var við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður sem núverandi stjórnarskrá var sett og raunar stjórnsýslukerfið að verulegu leyti.

Eins og ég sagði áður er enginn vafi á því að ef kosið væri til sérstaks stjórnlagaþings mundu pólitísku flokkarnir riðlast í þeirri lotu. Mér finnst að sú stjórnarskrárbreyting sem við erum að ræða núna sé samkomulag milli fjögurra flokka um að setja kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipun fyrir flokkana. Það er allt saman miðað við flokkana. Það er reiknað út með tölvu hvernig kosningar hafa farið fram miðað við þetta fyrirkomulag í 20 ár eða kannske 30 og svo er fundið meðaltal. Svo er því slengt á blað og það er kjördæmaskipunin og kosningafyrirkomulagið. Þetta er allt saman miðað við þessa fjóra flokka. (**Gripið fram í:** Þú studdir þetta nú dyggilega.) Ég studdi það ekki dyggilega, en ég tók þátt í þessari sátt eins og ég gat um í upphafi og fyrst og fremst um þetta hlutfall. Stjórnlagaþing mundi ekki þurfa að reikna nákvæmlega út hvað þessi flokkur eða hinn mundi fá vegna þess að hann hefði ekki hugmynd um hvernig flokkaskipunin yrði þegar búið væri að kjósa eftir nýrri stjórnarskrá. Það er ekki hægt að reikna út, enda held ég að tölvur eigi ekki að setja stjórnarskrá — með fullri virðingu fyrir tölvum — ég held að menn eigi að setja stjórnarskrá.

Þá er eitt atriði enn sem er ástæða til að nefna. Það er að þegar Alþingi setur stjórnarskrá er Alþingi að fjalla sjálft um verksvið sitt. Það er enginn aðili réttlátur dómari í eigin sök. Það væri miklu eðlilegra að það væri annar aðili, stjórnlagaþing, sem fjallaði um stjórnarskrána. Það er veruleg gagnrýni á Alþingi. Ég er ekki að tala fyrir því að það eigi að gjörbreyta því fyrirkomulagi. Þingræði er ákaflega ríkt í Íslendingum og Alþingi er nokkurn veginn jafngamalt og þjóðin, þannig að ég er ekki að tala fyrir því. En það gæti verið ástæða til þess að einhver annar aðili en Alþingi fjallaði um valdsvið Alþingis og um vinnubrögð Alþingis, en alþm. gerðu það ekki allt saman sjálfir. Þó dettur mér ekki annað í hug en það yrðu margir alþm. kosnir á stjórnlagaþing.

Ástæða er til að staldra aðeins við það hvernig ætti að kjósa til stjórnlagaþings. Það verður að gera þá kröfu til þeirra sem vilja að sérstakt stjórnlagaþing setji þjóðinni stjórnarskrá að þeir geri henni grein fyrir því hvernig á að kjósa það. Það er eðlilegt. Þá kemur margt til greina. Ég hef tilhneigingu til að stinga upp á því að það yrði lagt til grundvallar atkvæðavægi í þessu frv. milli Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis annars vegar og landsbyggðarinnar þar fyrir utan hins vegar og þessum svæðum skipt í einmenningskjördæmi með sem jöfnustum íbúafjölda. Auðvitað koma fjölmargar aðrar leiðir til greina, en þessi mundi hafa þann kost að mínu mati að þjappa mönnum, sem hafa svipaðar skoðanir á stjórnskipuninni, saman. Og það mætti hugsa sér að hafa tvær umferðir í slíkum kosningum. Ef Alþingi bæri nú gæfu til þess einhvern tíma að það myndaðist meiri hluti fyrir því að sérstakt stjórnlagaþing setti þjóðinni stjórnarskrá væri nægilegt að leggja fram á Alþingi frv. til breytingar á stjórnarskipunarlögum um að sérstakt stjórnlagaþing verði kosið til að setja lýðveldinu stjórnarskrá, sem öðlist gildi eftir að meiri hluti Alþingis, kjósenda, hefur greitt henni atkv. Það ætti að sjálfsögðu að setja jafnframt lög um kosningar til stjórnlagaþings.

Ég gat áður um yfirlýsinguna sem þingflokkarnir lögðu fram með frv. um stjórnarskrána þar sem gert er ráð fyrir að halda áfram með heildarendurskoðun. Ég vonast til þess að Alþingi geri eitthvað í því máli meira en láta sitja við orðin tóm og yfirlýsingar, eins og hefur orðið reyndin í 40 ár. Það vakna margar spurningar í þessu sambandi. Það vakna t. d. spurningar um réttlæti í sambandi við stjórnarskrána og þau stjórnskipulegu

réttindi sem stjórnarskráin veitir landsmönnum. Ég tók eftir því að hv. þm. Stefán Benediktsson sagði um daginn að það væru mannréttindi að allir hefðu jöfn atkv. Það kann vel að vera að það séu mannréttindi að allir hafi jöfn atkv., en eru það þá mannréttindi að sumir hafi margfalt meiri réttindi samkv. raunverulegu stjórnarskránni en aðrir? Kem ég að því svolítið á eftir. Það er spurningin.

Þegar menn ræða um kosningafyrirkomulagið og kjördæmaskipunina alveg einangrað er tiltölulega léttur leikur að sýna fram á að jafn kosningarréttur sé sjálfsagður, það séu mannréttindi. En þá vaknar spurningin: Er rétt að ræða þetta eitt sér? Sú hefur orðið raunin á við breytingar á stjórnarskránni æ ofan í æ að ræða eingöngu um þetta mál en ekki um önnur atriði stjórnarskrárinnar, sem hafa gífurlega mikla þýðingu gagnvart raunverulegum efnislegum réttindum manna í þjóðfélaginu og stöðu. Það eru nefnilega mörg fleiri ákvæði í stjórnarskránni en ákvæðin um atkvæðisréttinn og hvernig með það skuli fara. Það er nefnilega ákveðið í stjórnarskránni að eitt kjördæmi skuli hafa býsna mikil réttindi. Það er ákveðið að í Reykjavíkurkjördæmi skuli Alþingi vera. Það er ákveðið að í Reykjavíkurkjördæmi skuli ríkisstjórn sitja, Hæstiréttur og forseti í grenndinni. Þar með er í raun og veru ákveðið að stjórnsýslukerfi landsins skuli vera staðsett í Reykjavík. Þannig hefur reyndin orðið. — Og miklu meira en stjórnsýslukerfið. Þetta hefur auðvitað hlaðið utan á byggð í Reykjavík og hefur valdið því að hér eru staðsettar stofnanir af öllu mögulegu tagi, sem er verulega þýðingarmikið að vera í nágrenni við.

Við getum bara byrjað á fæðingunni. Þegar börn fæðast er fæðingardeildin hér. Þar er miklu tryggari og betri þjónusta en nokkurs staðar annars staðar á landinu og er ekkert nema gott um það að segja. En það er eigi að síður staðreynd.

Lítum því næst á skólakerfið. Krakkarnir hér í Reykjavík ganga að öðru jöfnu, og þó hefur það jafnast dálítið með árunum, yfirleitt inn í og hafa betri möguleika snemma í þessum efnum en þeir sem eru búsettir úti á landi. Þetta þekkjum við sem erum fæddir og aldir upp úti á landi og fengum okkar fyrstu fræðslu þar. — Þegar við komum í framhaldsskólana er talsverður munur á því að ganga út um dyrnar heima hjá sér í menntaskóla, háskóla í alla sérskóla, listaskóla og alls konar tækniskóla, eða þurfa að fara langar leiðir til þess. Þetta er æðimikill munur. Og þetta er munur sem oft ræður úrslitum að því leyti til að hæfileikaunglingar fara ekki þessa leið þótt þeir hafi miklu meiri hæfileika en hinir sem hafa skólana við bæjardyrnar. Þetta eru geysilega mikilvæg réttindi. Ég vil ekki kalla þetta mannréttindi, þó að það væri kannske ástæða til þess, en þetta eru geysilega mikilvæg réttindi.

Það er alveg sama hvar drepið er niður. Hvað er að segja um bankakerfið? Hvernig stendur á því að menn út um allt land hafa samband við þm. og segja: Við erum alveg í vandræðum. Getið þið nú ekki hjálpað okkur í sambandi við víxil eða eitthvað slíkt? Hvernig stendur á þessu? Það stendur þannig á því að í Reykjavík eru 50 bankastofnanir, en kannske ein úti á landi á flestum stöðum. Menn hafa miklu betri aðstöðu hér. (**Gripið fram í:** Er þá Framkvæmdastofnunin meðtalin?) Ja, Framkvæmdastofnun. Það er kannske ástæða til að undanskilja hana því að hún hefur sinnt landsbyggðinni meira en flestar aðrar fjármálastofnanir. (**Gripið fram í:** Þeir taka ekki við víxlum þar.) Nei, það er yfirleitt ekki gert. Ég var bara að taka þetta sem dæmi. Ég er ekki að segja að það sé mjög mikið tíðkað, ég held það hafi farið mjög minnkandi, en menn þurfa að gera þetta og margt fleira.

Hvað er að segja um það þegar menn eru komnir út úr skólakerfinu og þurfa að fara að leita sér að atvinnu? Ætli það séu ekki ögn meiri líkur á því að þeir, sem hér eru aldir upp og þekkja allt og alla, hafi betri möguleika á að fá atvinnu en fólk sem er alið upp úti um landið og þekkir engan og enga? Ég er ansi hræddur um það.

Þegar farið er að gera upp dæmið um mannréttindi og ekki mannréttindi og stjórnarskrárákvæðin veit ég nú ekki hvað á að telja mannréttindi. Við getum alveg eins talað um stjórnskipuleg réttindi, að þau eigi að vera jöfn fyrir alla þegnana.

Mönnum hefur reynst erfitt að mæta þessu, vigta þetta út. Sú aðferð sem menn hafa notað í flestum löndum er sú að hafa misvægi á milli atkvæða. Við höfum gert það. Norðurlandaþjóðirnar hafa gert það, t. d. Norðmenn, svo að ég taki dæmi, og fleiri. Það hefur verið reynt að fá jafnvægi í málið í heild með þessu móti. Það má sjálfsagt deila um þetta. En ég sé að þingflokkarnir hafa sagt að það þyrfti að gera heilmikið, það þyrfti að gera sérstakar aðgerðir til að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst. Ég skal tala með fullri virðingu um þá þingflokka sem voru hér í fyrra. En það getur vel verið að þessir þingflokkar verði allt öðruvísi sinnaðir eftir nokkur ár. En stjórnarskráin blífur.

Ég veit ekki hvort á að kalla svona ákvæði kattarþvott. Ég hef dálitla tilhneigingu til þess. Ég hef miklu meiri trú á því að reyna að festa í stjórnarskránni sjálfri eitthvert jafnvægi í þessum málum öllum og reyna að vigta það út en vera með loforð af þessu tagi sem kannske verða aldrei efnd.

Eins og kemur fram í yfirlýsingu þingflokkanna eru gefin fyrirheit um valddreifingu. Það er hægt að dreifa valdinu með ýmsu móti. Sumar þjóðir ganga geysilega langt í því að dreifa valdinu frá höfuðborginni og höfuðstöðvunum, eins og t. d. Svisslendingar. Ríkisstjórn Sviss hefur sáralítil völd mundi ég segja. Völdin eru langsamlega mest, þar á meðal fjárveitingavaldið, hjá kantónunum, fylkjunum, og þetta hefur reynst þeim vel. Það hafa verið uppi hugmyndir um að skipta Íslandi niður í fylki eða sérstök svæði. Það gæti t. d. komið til greina að lögfesta landshlutasamtökin og dreifa valdinu til þeirra frá Reykjavík eða til sveitarfélaganna. Það er kannske eðlilegra að dreifa því til sveitarfélaganna og er léttara að gera það þannig að dreifa valdinu til landshlutasamtakanna og minnka þá miðstjórnarvaldið í Reykjavík. Þetta er auðvitað margslungið mál og þarf bæði mikillar umfjöllunar og umræðu við. En þetta er eitt af því sem rakið er í yfirlýsingu þingflokkanna.

Þetta er geysilega stórt og þýðingarmikið mál og áhugavert að hlusta á umr. um það. Ég hef nú fulla virðingu fyrir þáltill.-farganinu hér í Sþ. og er ekkert nema gott um það að segja, ég flyt þær stundum eins og aðrir þm., en þetta mál er miklu meira mál og miklu áhugaverðara mál, þó að enginn fréttamaður hafi áhuga á því, og ég álít að það sé gott að þm. láti í sér heyra, setji fram sín sjónarmið. Þau eru mörg í svona stóru

máli sem eiga fullan rétt á sér. Þess vegna er það að ég hef rætt þetta mál, alls ekki ítarlega en þó nokkuð ítarlega, og drepið á ýmis atriði sem mér finnst skipta máli í sambandi við afgreiðslu á stjórnarskrármálinu.

Það hefur verið lagt fram í Nd. frv. til kosningalaga og það kemur að sjálfsögðu til meðferðar hér á næstunni. Það er athyglisvert í sambandi við þetta frv. til stjórnarskipunarlaga um kosningafyrirkomulagið að það er heimildarákvæði í stjórnarskránni um þetta og hitt. Ég er þeirrar skoðunar að ekki eigi að vera heimildarákvæði í stjórnarskránni, heldur eigi hún að setja ákvæði um hvernig hlutirnir skuli vera og að almenni löggjafinn geti ekki breytt þeim. En vandinn er auðvitað eftir sem áður sá hvernig þau ákvæði eigi að vera. Ég held að það sé frekar fátítt að það séu svona heimildarákvæði í stjórnarskrám. Þó er það til. Þetta er dálítið óákveðið, en ég veit að t. d. í dönsku stjórnarskránni er heimilt að breyta kjördæmum, ef breyting verður á fólksfjölda í kjördæmunum, og leiðrétta þannig. Það er í sjálfu sér eðlilegt þegar kjördæmi standa að öðru jöfnu nokkuð jafnfætis. Mér finnst þó að það sé spurning um þessi heimildarákvæði. En allt finnst mér málið þannig úr garði gert að það sé sátt um sinn og menn séu þarna að sættast á það hlutfall í vægi atkvæða sem ég gat um í upphafi og það sé hugmyndin að halda áfram heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og taka þá til meðferðar málefni eins og valddreifingu og margt fleira.

Að lokum vildi ég leggja áherslu á það fyrir mína parta að ég held að tryggara væri að reyna að skapa stjórnskipulegt jafnvægi með ákvæðum í stjórnarskránni en með yfirlýsingum sem ég hef ekki tröllatrú á að verði framkvæmdar. — Það fer alveg eftir því hvernig þingið er samansett hverju sinni hvort þær verða framkvæmdar. — Ég er því á andstæðri skoðun við hv. þm. Stefán Benediktsson, sem sagði að það ætti einmitt ekki að fjalla um slík ákvæði í stjórnarskránni. Ég álít að í stjórnarskránni ætti að fjalla um bæði kjördæmafyrirkomulagið og kosningafyrirkomulagið, en einnig um það hvernig væri hægt að jafna raunverulega aðstöðu manna, alveg án tillits til þess hvar þeir eru fæddir og uppaldir, sem eiga heima í landinu.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. Tómas Árnason, hljóp um víðan völl þegar hann mælti fyrir frv. til stjórnskipunarlaga. Lengst af í hans ræðu hélt ég að hann væri að mæla gegn samþykkt þessa frv. en niðurstaðan mun vera sú að hann hafi verið að mæla fyrir frv. og mæla með því og taldi það sáttargerð stjórnmálaflokka.

Það er vissulega rétt að mikið hefur verið um þessi mál deilt og skiptast skoðanir manna mjög á því hvernig með þessi mál skuli fara. Deilurnar snúast einkum um það hvort eitt atkv. eigi að koma á hvern einstakling eða hvort mæla eigi atkvæðisréttinn í fermetrum lands. Víðast hvar markast lýðræði af því að menn hafi fullan atkvæðisrétt í málum. Það er t. d. svo hér á Alþingi að eitt atkvæði er á þm. Ég tel að svo eigi að vera með alla þjóðina, annað sé mismunun, annað sé að taka mannréttindi af fólki.

Ég játa það að mér finnst það frv. sem hér liggur fyrir vera nokkurs konar neyðarsátt. Meiri hluti landsmanna verður að una við það að þeir sem hafa minni hluta atkvæða þjóðarinnar á bak við sig hafa ekki viljað ljá máls á því að gera meiri breytingar á vægi atkvæða en nú hefur verið gert með þessu frv. Ég tel það mjög miður og við Alþfl.-menn teljum það mjög miður, en við höfum, vegna þess að við komumst ekki lengra fyrir andstöðu þeirra sem hafa minni hluta þjóðarinnar á bak við sig, ekki átt annars úrkosta en að samþykkja þessa sátt, eins og hv. 4. þm. Austurl. talaði um áðan. Hann fór víða í rökstuðningi sínum og taldi að þetta frv. mundi fæða af sér fleiri stjórnmálaflokka. Það er vandséð hvort svo verður, en hitt er annað að ég tel að rökstuðningur hans fyrir því að fjölgun flokka sé óæskileg hafi verið býsna langsótt er hann nefndi Weimar-lýðveldið og einræðisherrann Hitler í því sambandi. Ég tel að það sé almenn söguskoðun að erfiðleikar Weimar-lýðveldisins og einræðistímabilið sem á eftir kom hafi sprottið af öðrum orsökum en fjölda flokka.

Fram kom í máli hans að í þéttbýlinu séu mjög margar stofnanir sem skapi betri aðstöðu fyrir þá sem næst þeim búa. Ég er sammála því að það skapar að einhverju leyti betri aðstöðu fyrir þá sem næst þessum stofnunum búa, en ég hygg að það verði að treysta Alþingi til að breyta því eins og frjálsir menn, en ekki að gera það með þeim þvingunum að taka atkvæðisrétt af landsmönnum. Við getum vafalaust breytt þessum málum, þ. e. staðsetningu opinberra stofnana á löggjafarþinginu, en fyrir því hefur ekki verið vilji, hvorki hjá hans flokki né öðrum, a. m. k. hefur reyndin ekki verið sú. Ekki er að sjá á gjörðum þess flokks sem hann tilheyrir að vilji hafi verið fyrir slíkum breytingum. Þessi flokkur hefur ráðið ríkjum hér óhóflega lengi og ótrúlega lengi, en þrátt fyrir það hefur þessi þróun átt sér stað.

Ég álít að það sé skynsamlegt, sem hann reyndar minntist á, hv. 4. þm. Austurl., að valdinu verði dreift meira til sveitarstjórna í landinu og það eigi að stefna að því að gera það, hvort sem við gerum það með því að koma valdinu yfir til sveitarstjórnarsambanda eða hugsanlegra fylkja. Slík valddreifing gæti verið til góðs.

Fram kom hér áðan að í Framsfl. hefur verið samþykkt till. um að rétt væri að kjósa til stjórnlagaþings er fjallaði um breytingar á stjórnarskránni. Það er mjög forvitnilegt að fá að vita það hvernig hugsunin er að kjósa til slíks stjórnlagaþings, það hlýtur að vera meginmálið. Ef kjósa ætti til slíks stjórnlagaþings eftir sömu reglum og Alþingi setur varðandi kjör þm. tel ég að svokallað stjórnlagaþing hafi ekki gildi. Þá er það bara ný útgáfa af Alþingi með því sama ranglæti í atkvæðisrétti sem fyrir er og þannig er ekki kallað til þjóðarinnar, eins og hann talaði um áðan. Kosningar til slíks stjórnlagaþings verða að mínu mati að fara fram á þann hátt að hver einstaklingur í landinu eigi að hafa eitt atkvæði. Kannske er það hugsun hv. 4. þm. Austurl. að svo verði en það kom ekki fram. En ég ítreka að öðruvísi væri þetta stjórnlagaþing hrein markleysa.

Ég lýsi vonbrigðum mínum yfir því að ekki skuli hafa tekist í þeirri hrinu, sem nú hefur farið yfir með þessum breytingum á kosningalögunum eða að því er lýtur að kjöri til Alþingis, að breyta stjórnarskránni. Ég vísa til þess að Alþfl. lagði til fjölmargar breytingar á stjórnarskránni eins og þá að afnema heimild til setningar brbl., að þingrof yrði ekki leyft og ýmislegt fleira sem laut að mannréttindum sem betur þarf að tryggja í stjórnar-

skránni.

Hv. þm. ræddi um það hér áðan hve fjölmiðlar sinntu þessum málum lítið. Ég er mjög sammála honum í þessum efnum og fréttamat ríkisfjölmiðlanna kemur mér afskaplega mikið á óvart oft og tíðum. Þetta er mál sem skiptir miklum sköpum fyrir alla landsmenn og er mikið rætt meðal þjóðarinnar, en þessir fjölmiðlar sýna þessu engan áhuga. En það er ekki bara í þessum efnum sem þetta andvaraleysi eða afskiptaleysi á sér stað. Ég varð mjög undrandi í morgun t. d. og í gærkvöld þegar í ljós kom að ríkisfjölmiðlarnir gátu þess hvergi að svokallað kvótamál var rætt utan dagskrár, mál sem er rætt í hverju einasta sjávarplássi í landinu og snertir hag hvers einasta manns í landinu. Það var hvergi á þetta minnst. Þetta er mikið hitamál meðal alls almennings og skiptir lífsafkomu fólks mjög miklu, en ríkisfjölmiðlarnir töldu ekki ástæðu til þess að geta um þetta. Þetta er bara annað dæmi um það hvernig á málum er haldið.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar en ég endurtek að ég hefi gerst aðili að þessari sátt þó að ég sé óánægður með hana eins og hv. síðasti ræðumaður. Hann er óánægður á annan veg en ég og kannske eru flestir óánægðir, en þessi sátt hefur orðið til vegna þess að minni hluti þjóðarinnar hefur meiri atkvæðisrétt á löggjafarþingi þjóðarinnar en meiri hlutinn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið um fréttamat ríkisfjölmiðla. Það er oft og tíðum ákaflega undarlegt. Eg tel að það sé mál sem er full ástæða til að fjalla um í umr. um ný útvarpslög þegar það kemur hingað til okkar. En það er annað mál en það sem við erum að fjalla um hér, sem er frv. til stjórnskipunarlaga.

Samtök um kvennalista eru annar tveggja þingflokka á þessu þingi sem enga aðild á að undirbúningi þessa máls. Jafnframt hafa Samtök um kvennalista ekki átt fulltrúa í þeirri lausanefnd sem fjallar um þetta mál í þessari hv. deild. Kvennalistinn á hins vegar fulltrúa í sams konar nefnd í Nd. og mun þar fjalla ítarlega um málið.

Á þessu stigi málsins vil ég aðeins lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst málið allt vera hálfgert hálfkák og ekki fela í sér neinar úrbætur. Það staðfestir núverandi kjördæmaskipan með tilheyrandi áherslum á kjördæmasjónarmið í þingstörfum, sem ég tel ekki æskileg í jafnmiklum mæli og nú er. Jafnframt opnar frv. í rauninni engar nýjar leiðir í möguleikum nýrra stjórnmálahreyfinga til að taka þátt í löggjafarstörfum, enda eru slík sjónarmið andstæð hagsmunum þeirra aðila sem flytja þetta frv. Slíkt tel ég hins vegar mjög nauðsynlegt svo að tryggja megi jafnan rétt allra sjónarmiða og að því leytinu til jöfn lýðréttindi landsmanna allra. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessu frv.

Umr. frestað.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 222. mál (þskj. 391, n. 545 og 551, 552). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Það frv. til l., sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð, fékk allmikla umfjöllun í hv. sjútvn. Þar urðu nm. ekki sammála um afgreiðslu þess og er því skilað tveim nál. Mun ég fara nokkrum orðum um nál. meiri hl. í þessu máli. Nál. meiri hl. hljóðar þannig:

„Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og leggur meiri hl. hennar til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sú breyting, sem frv. þetta gerir ráð fyrir að gerð verði á lögum um Aflatryggingasjóð, er ákvæði til bráðabirgða á þann veg að árið 1984 verði greiddar sérstakar bætur úr hinni almennu deild sjóðsins er nemi 4% af öllu verðmæti afla miðað við lágmarksverð skv. ákvörðun verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Frv. þetta er komið fram vegna ákvörðunar um fiskverð 1. febr. s. l. og var þessi 4% greiðsla liður í þeirri fiskverðsákvörðun.

Nefndin leitaði álits Sjómannasambandsins, Farmannasambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna. Einnig komu á fund nefndarinnar fiskimálastjóri, sem jafnframt er formaður Aflatryggingasjóðs, og Þórarinn Árnason framkvæmdastjóri sjóðsins.“

Eins og kunnugt er er Aflatryggingasjóður í þrem deildum sem eru hin almenna deild, áhafnadeild og verðjöfnunardeild. Aðaltekjur Aflatryggingasjóðs og einu tekjur fyrir utan ríkisframlag eru tekjur af útflutningsgjaldi sjávarafurða, fob-verðmæti þess, sem er í flestum tilvikum 5.5%. Af þessum 5.5% fær Aflatryggingasjóður samtals um 56%, eða almenna deildin fær 15%, verðjöfnunardeildin 20% og áhafnadeildin 21%. Það sem greindi á í þessu máli og nefndin klofnaði um var það hvort réttlætanlegt væri að taka þessa upphæð, þessi 4%, úr almennu deildinni til þess að færa hana í Stofnfjársjóð fiskiskipa, eins og gert er ráð fyrir í frv. Þetta væri deild sem hefði frá upphafi þjónað ákveðnu markmiði, sem væri það að styðja við útgerð sem einhverra hluta vegna yrði fyrir áföllum eða aflatregðu þannig að ekki væri hægt að greiða hlut eða í þeim tilvikum kauptryggingu til sjómanna.

Ljóst er að þetta hefur verið gert í nokkuð mörgum tilvikum. Það hefur verið mismunandi eftir árferði hvað greitt hefur verið úr þessari almennu deild til slíkra þarfa. Frv. gerir ráð fyrir að þetta sé gert til bráðabirgða í eitt ár, að þessi almenna deild verði ekki við bótagreiðslum eins og verið hefur heldur renni þessi 4% beint til útgerðar í gegnum stofnfjársjóð. Aftur á móti gerir frv. ráð fyrir því að ríkisframlagið, sem er 18.6 millj. kr. á fjárlögum og hefur runnið í flestum tilfellum til almennu deildarinnar, renni nú til áhafnadeildar og verði þar notað eins og segir í grg. frv., með leyfi forseta, að frv. gerir ráð fyrir „að áhafnadeild Aflatryggingasjóðs fái til ráðstöfunar á árinu 1984 ríkisframlagið til Aflatryggingasjóðs, 18.6 millj. kr., auk síns venjulega tekjustofns af útflutningsgjaldi“ — sem var, eins og ég sagði áðan, um 21% — „Þetta er gert til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga til sjómanna, og einnig til þess að hún geti greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna, sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa er hætt vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984. Sjútvrn. mun setja um þetta nánari reglur í samráði við hagsmunasamtök og stjórn Aflatryggingasjóðs.“

Eins og kemur hér fram er þarna lagt til að áhafnadeildin verði efld. Ég skal taka það fram, eins og ég gerði við 1. umr. um þetta mál, að þetta er of lítið til

þess að muna þar nokkru sem nemur. En það er sama, það er þó í þá áttina.

Við kölluðum fyrir okkur í n., eins og kemur fram í nál., aðila hinna ýmsu hagsmunasamtaka og rétt er að fram komi að þar mættu fulltrúar frá Sjómannasambandinu, Farmannasambandinu og stjórn LÍÚ ásamt formanni Aflatryggingasjóðs, fiskimálastjóra og framkvæmdastjóra sjóðsins. Allir þessir aðilar nema landssambandsfulltrúarnir voru mótfallnir þessu frv.

Þau rök sem fulltrúar sjómanna og Farmannasambandsins höfðu fyrir sér í því máli voru að þeir gerðu nánast kröfu til að þeir fengju 33% af þeirri upphæð sem tekin væri úr almennu deildinni, það yrði tekið inn til hlutaskipta.

Persónulega er ég ekki sammála þeim í þessum efnum. Það hefur aldrei tíðkast að tekið væri til skipta það sem greitt væri úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs. Hún hefur verið til þess að mæta, eins og ég sagði áðan, þeim áföllum sem koma upp þegar ekki fiskast fyrir tryggingu þannig að sjómönnum séu tryggðar sínar kaupgreiðslur á þann hátt í gegnum Aflatryggingasjóð en ekki það að þessu hafi verið skipt upp sem venjulegum tekjum til hlutaskipta. (**KSG:** Þetta var framlag sjómanna.) Það er rétt, hv. þm. Karl Steinar, að þetta er framlag sjómanna, að þeir eiga auðvitað sinn hlut í útflutningsgjaldinu sem sjóðurinn lifir af og þeim hluta sem fer í almennu deildina og þeir meta sjálfir að séu 33% og vilja fá. Ég ætla ekki að fara út í þann reikning, en þeir hafa aldrei fengið mér vitanlega til hlutaskipta það sem greitt hefur verið úr áhafnadeild. Það er misskilningur sem kemur einnig fram hjá sjómönnum, bæði í skeyti frá þeim og öðrum, að þeir hafi fengið greitt til hlutaskipta sem þaðan er greitt. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um það mál hér. Þetta er aðeins mín persónulega skoðun, þetta er ekki sérstaklega afgreitt í n. En mér finnst rétt að það komi fram við þessa umr. Þetta er liður í því fiskverði sem menn geta deilt um hvort var rétt eða rangt framkvæmt 1. febr. s. l. Þá var gengið frá þessum málum á þann veg að 4% skulu greidd úr þessari deild til stofnfjársjóðs. Það er orðið mjög brýnt að þetta mál verði afgreitt vegna þeirra aðila sem þarna eiga hlut að máli og ekki síður — ég undirstrika það — gagnvart áhafnadeildinni þar sem framkvæmdastjóri sjóðsins segir mér — sem er rétt hjá honum — að hann geti ekki reiknað út fæði sem á að fara til skipverja fyrr en á það reynir hvernig þessi lög fara í gegn. Hann veit ekki eftir hverju á að fara. Það er orðið mjög brýnt fyrir bæði sjómenn og útvegsmenn, enda komið fram á miðja vertíð, að þetta mál verði sem fyrst frá gengið.

Ég legg aðeins áherslu á það að við getum hraðað þessu máli sem mest en ætla ekki að hafa fleiri orð um það að sinni.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 552, sem var of seint fram komin, samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Það kom mér nokkuð á óvart hvað frsm. meiri hl. lagði mikla áherslu á hve brýnt væri að þetta mál fengi afgreiðslu í hv. Ed. Það eru nú rúmir tveir mánuðir síðan það skeði sem um er rætt í frv. að sé þess valdandi að frv. er hér fram komið, þ. e. fiskverðsákvörðunin, og ég veit ekki til þess að staðið hafi á neinu í nefndinni sem tefði að málið væri tekið til afgreiðslu. Einhverjar aðrar utanaðkomandi ástæður hljóta þá að hafa orðið til þess að allt í einu í þessari viku var málið orðið svo brýnt sem raun ber vitni um. En ég tek undir að ef á að samþykkja frv. eins og hér er um að ræða er alls ekki æskilegt að það dragist eitthvað úr hömlu vegna þeirra atriða sem frsm. n. nefndi áðan, þ. e. beint uppgjör til sjómanna eða útgerðarmanna er það nú frekar, út frá þeim ákvæðum sem hér er um fjallað.

Við leggjum fram minnihlutaálit, ég ásamt Karli Steinari Guðnasyni og Kolbrúnu Jónsdóttur, þar sem við leggjum til að frv. þetta verði fellt, en þó munum við freista þess að fá úr því bætt þannig að því framlagi, sem í frv. er ætlað að renni óskipt til stofnfjársjóðs og þá til útgerðar, verði skipt á þann máta að það komi til hlutaskipta sem annar afli á viðkomandi skipi.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og eins og fram kom í ræðu hv. þm. Valdimars Indriðasonar, formanns n., leitaði n. álits Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna. Fulltrúar þessara samtaka mættu á fundum nefndarinnar og útskýrðu afstöðu sjómanna og lögðu mjög að okkur í nefndinni að þetta frv. yrði ekki samþykkt. Einnig komu til viðræðu við nefndina fiskimálastjóri, Þorsteinn Gíslason, og Þórarinn Árnason framkvæmdastjóri Aflatryggingasjóðs. Þó ég vilji ekki lýsa því beinlínis yfir, eins og hv. formaður nefndarinnar gerði, að þessir menn hafi lýst sig andstæða frv. var greinilegt í málflutningi þeirra að þeir töldu þar ýmsa vankanta á.

Nefndinni bárust samþykktir frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér nokkra þætti sem fram komu í þessum álitum og eru í okkar nál.

Í samþykkt Sjómannasambands Íslands segir m. a.:

„Fundurinn minnir á að upphaflegt markmið sjóðsins var eingöngu að tryggja sjómönnum laun sín ef um verulegan aflabrest væri að ræða eða ef útgerðin brygðist fjárhagslegri skuldbindingu sinni gagnvart sjómönnum. Enn í dag er eitt meginverkefni sjóðsins það sama og í upphafi.

Með frv. þessu, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ætlunin að bótagreiðslur Aflatryggingasjóðs gangi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa sem hefur allt öðru hlutverki að gegna en að tryggja sjómönnum laun sín.

Þessum breytingum mótmælir fundurinn harðlega og krefst þess að hlutverk Aflatryggingasjóðs verði óbreytt.

Fundurinn skorar á alþm. að fella þetta frv. og minnir í því sambandi á að vegna stjórnvaldsaðgerða í sjávarútvegsmálum þurfa sjómenn enn frekar en áður á núgildandi lögum Aflatryggingasjóðs að halda."

Í samþykkt Farmanna- og fiskimannasambandsins segir:

„Nái frv. það, sem nú er til umr., fram að ganga sýnir það glögglega enn eina fjármagnstilfærsluna frá sjómönnum til útgerðar ofan á allt annað sem sjómenn hafa orðið að þola. Þrátt fyrir að fyrirhugað sé að ráðstafa til áhafnadeildar sjóðsins fjármunum sem ætlað er að auka greiðslur upp í fæðiskostnað sjómanna, þá munu þær upphæðir ekki gera meira en svo að elta uppi það sem fæðisgreiðslurnar hafa dregist aftur úr raunhækkunum á matvöru. Fæðisgreiðslur úr áhafna-

deild sjóðsins hafa ekki fylgt þeim verðhækkunum sem orðið hafa á matvælum þrátt fyrir kröfur fulltrúa sjómanna í sjóðsstjórn þar um. Sjómenn hafa því orðið að greiða sjálfir stóran hluta af eigin fæðiskostnaði, mun stærri en upphaflegur tilgangur áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs gerði ráð fyrir.

Þannig gerir fé það, sem ráðstafa á til áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs, ekki að greiða „úr fjárhagsörðugleikum sjómanna sem upp kynnu að koma vegna þess að útgerð skipa er hætt vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu.““

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands sendi eftirfarandi mótmæli gegn frv.:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um að Aflatryggingasjóður verði gerður upptækur og færður í hlutfalli við aflaverðmæti til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Með þessu er gengið þvert á grundvallartilgang Aflatryggingasjóðs, mest fært til þeirra sem mest afla, atvinnulífi stefnt í hættu svo og kauptryggingu sjómanna.“

Til viðbótar við mótmæli þessara samtaka sjómanna bárust eftirfarandi mótmæli í símskeytum frá fjölda skipshafna utan af miðunum:

„Skipshafnir eftirfarandi skipa mótmæla harðlega þeirri breytingu á 27. gr. laga nr. 51 frá 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í brtt. er lagt til að almenna deild Aflatryggingasjóðs, sem á undanförnum árum hefur tryggt sjómönnum lágmarkskaup, verði á þessu ári notuð til að greiða fjármagnskostnað útgerðar og að í stað 10% greiðslu í stofnfjársjóð verði nú 4% tekin fram hjá skiptum til útgerðar. Ef hið háa Alþingi samþykkir þessa lagabreytingu um að 4% verði tekin fram hjá skiptum verður orðið lögfest að tekin verði 41% fram hjá hlutaskiptum á þessu ári.

Sú endurskoðun og uppskipti í sjóðakerfi sjávarútvegsins sem urðu 1976 í samráði við sjómenn leiddu af sér 6% lækkun á hlutaskiptum, gegn því að sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði afnumið í áföngum, sem þó var aldrei framkvæmt eins og um var samið 1976. Við viljum því vara Alþingi við að samþykkja þessa lagabreytingu án þess að þessir fjármunir komi til skipta. Með því er hið háa Alþingi að efna til ófriðar við sjómenn og ekki að setja réttlát lög, sem er þó hlutverk Alþingis Íslendinga.“

Allar þessar samþykktir bárust Alþingi á þeim tíma sem við vorum að fjalla um þetta frv. Ég varð ekki var við að jafneindregnar ályktanir og þessar hefðu nein áhrif á meiri hl. sjútvn. þannig að hún færi að leita annarra ráða til að leysa þau vandamál sem þarna voru en að halda áfram að ganga á rétt sjómanna.

Ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu við það sem kemur fram í þessum samþykktum. Ég vil gera þær að mínum og undirstrika það og legg til að þetta frv. verði fellt. En að öðrum kosti leggjum við til, eins og ég sagði áður, að þessari tilfærslu verði skipt á þann máta að sjómenn njóti þar fulls hluta. Ég sé ástæðu til að spyrja hæstv. sjútvrh. um þann þátt, þ. e. II. lið þessa frv., hvernig hann hyggst notfæra þá fjármuni sem þar verða til staðar til að bæta sjómönnum tekjutap þeirra, hvaða áætlanir eru uppi í sambandi við það mál. Við sjáum nú reyndar að þarna er ekki um stórar fjárhæðir að ræða, en það er þó nauðsynlegt að fá að heyra það frá hæstv. ráðh. hvernig þeim fjármunum verði varið.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir vekur upp margar spurningar.

Í fyrsta lagi er frv. þáttur í samningum um fiskverð. Þykir mér það mjög slæm afstaða hæstv. Alþingis ef það ætlar að samþykkja þetta frv. þar sem það gengur á rétt sjómanna og veitir útgerðarmönnum fé úr sameiginlegum sjóði útgerðarmanna og sjómanna. En það hefur komið skýrt fram áður og ég ætla ekki að ítreka það neitt frekar.

Mig langar til að beina spurningum til hæstv. sjútvrh.

Í I. kafla frv. stendur: „Á árinu 1984 skal þó í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur“ o. s. frv. — Ég spyr um orðalagið „í stað bótagreiðslna.“ Nú kom það fram á nefndarfundi að hin almenna deild sjóðsins á um 340 millj. kr., en í frv. er áætlað að varið sé um 210 millj. til þessara greiðslna. Hvað er áætlað að gera við afganginn? Á að geyma hann og ráðstafa honum á næsta ári? Á að ráðstafa honum, eins og gert hefur verið, með því að hlaupa undir bagga með nýjungum, styrkja skip sem hafa farið á úthafsrækju? Það kom fram hjá nefndarmönnum að slíkir styrkir hafa verið greiddir og bætur til grásleppuveiðimanna. Ég held að það sé ansi mikilvægt að fá upplýsingar um hvað verður gert við þær milljónir sem þarna eiga að liggja inni ef farið er eftir orðanna hljóðan.

Mig langar að spyrja um annað atriði. Ef eftir þessu er farið verður greitt hærra verð til þeirra sem leggja upp í höfnum erlendis. Eiga þeir einhvern meiri rétt á fjármagni úr þessum sjóði? Hér stendur: „sem nemi 4% af öllu verðmæti afla, sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins, en af skiptaverðmæti við landanir erlendis.“ Það á sem sé ekki að vera sama bótagreiðslan. Það er ekki miðað við lágmarksverð bæði á afla sem landað er innanlands og erlendis.

Það kom líka fram í máli sjómanna að það eru í kringum 60—70 millj. kr. sem þeir telja sig eiga af þeim 200 millj. sem þarna er verið að úthluta. Síðan fá þeir dúsu, 18.6 millj. Þeir mótmæltu því eindregið því að með þessu liti út fyrir að þeir væru komnir á ríkisstyrk á meðan tekin væri af þeim mun stærri upphæð. Ég vil líka að það komi fram að þeir voru ekkert sérstaklega áfram um að fá þennan styrk.

Það var líka athyglisvert að formaður nefndarinnar nefndi hérna áðan að aðeins einn af þeim fulltrúum sem við fengum til viðræðna mælti með samþykkt þessa frv. Segir það sína sögu og væri gagnlegt að fá nánari útlistun á því hvaðan hugmyndin um frv. hafi komið í upphafi. Er það LÍÚ, einhverjir aðrir eða ráðh. sem eru höfundar að þessu frv.?

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Nokkuð var rætt um þetta frv. við 1. umr. og er því sjálfsagt óþarfi að fara mörgum orðum um það nú. Í áliti minni hl. sjútvn. kemur fram að það var ekki aðeins þessi minni hl. sem lagðist gegn samþykkt þessa frv. heldur nær allir þeir er komu til viðræðna við nefndina. Nær öllum var það ljóst að þetta frv. fjallar um það að færa frá sjómönnum til útgerðar. Þetta er einn þáttur í því að draga fé úr vösum sjómanna til útgerðarinnar. Við hljótum að mótmæla því að svo skuli staðið að verki og

það gera reyndar öll þau hagsmunasamtök sem málið varðar. Þau vara við því að frv. verði samþykkt, telja þetta vond lög, óréttlát, sem muni verða til þess að skapa ófrið á milli útgerðar og sjómanna.

Ég tel ástæðu til að þakka formanni nefndarinnar fyrir ágætt samstarf í nefndinni um afgreiðslu mála. Þar er reynt að halda á málum á þann veg að menn fái að koma með sín sjónarmið. Ég er hins vegar undrandi á því írafári sem nú á sér stað þegar menn telja nauðsynlegt að renna þessu sem fyrst í gegn. Þetta hefur legið fyrir nefndinni mjög lengi og þar hefur aldrei vottað fyrir því að við fulltrúar minni hl. reyndum að tefja frv. Við höfum óskað upplýsinga og við höfum fengið þær. Þessar upplýsingar hafa stutt okkar sjónarmið, en hafa ekki orðið til að breyta skoðunum meiri hl. sem ég er þó sannfærður um að gerir þetta með hálfum huga. Þessum meiri hl. er vafalaust ljóst að þetta er þáttur í kjararáni því sem ástundað hefur verið á hendur sjómannastéttinni á undanförnum árum.

Ég tel ástæðulaust að fjölyrða um frv. nú. Ég mælist til þess að hv. deildarþm. samþykki þá brtt. sem minni hl. leggur fram og ég vonast til að meiri hl. sjútvn. hafi kjark til þess að greiða henni atkv. og ef sú till. nær ekki fram að ganga að fella frv., því ég veit að samviska þeirra liggur þeim megin.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Út af þeim fsp. sem hér hafa komið fram og í fyrsta lagi vegna fsp. hv. þm. Skúla Alexanderssonar varðandi ríkisframlagið sem gengur til Aflatryggingasjóðs tel ég rétt að vitna til ábendinga frá ráðgjafarnefnd um sjávarútvegsmál sem e. t. v. hefur ekki komið fram í umr. Vildi ég leyfa mér að lesa það upp sem þar kemur fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Skoðanir eru skiptar í nefndinni um þetta mál. Fulltrúar sjómanna telja eðlilegt að sjómenn fái hlut í þeirri 4% greiðslu af skiptaverðmæti úr Aflatryggingasjóði sem ráðgerð er með frv. og eru þeir andvígir till. frv. eins og hún er nú.

Hins vegar er ekki ágreiningur um það að sérstök ástæða sé nú til þess að beita Aflatryggingasjóði með öðrum hætti en verið hefur. Dregið verði úr þeirri millifærslu milli skipa og útgerðargreina sem starfsemi hans hefur valdið, en aukin áherslu lögð á að jafna milli ára eftir aflabrögðum í heild.

Þá telja fulltrúar sjómanna orka tvímælis að tillögur frv. um starfsemi áhafnadeildar feli í sér verulega eflingu hennar er dugi til þess að gera meira en að hækka fæðispeningagreiðslu.

Nefndarmenn eru sammála um að benda á að æskilegt sé að skipuð verði sérstök þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um reglur þær sem frv. gerir ráð fyrir að sjútvrn. setji um ráðstöfun fjár úr áhafnadeild, bæði til fæðispeninga og ráðstafana í þágu sjómanna. Nefnd þessi ætti að vera þannig skipuð að samtök sjómanna nefni einn mann, samtök útvegsmanna annan, en ráðherra nefni formann án tilnefningar.

Þá er á það bent að meðal þeirra vandamála sem fylgt gætu þorskaflabresti og sóknarminnkun vegna nýrrar fiskveiðistjórnar sé að sjómannafrádráttur, sem miðast við úthaldsdagafjölda, rýrni á næsta ári og komi sú rýrnun ofan á rýrnun tekna sjómanna vegna aflamissis. Leita þarf leiða til þess að leysa úr þessum vanda og létta greiðslubyrði sjómanna af sköttum sem miðast við tekjur fyrra árs."

Ég vildi vegna þessarar fsp. taka fram að ég geri ráð fyrir því að slík nefnd verði skipuð strax og Alþingi hefur afgreitt mál þetta. Einnig tek ég mjög undir þær ábendingar sem koma frá nefndinni að því er varðar sjómannafrádráttinn. Við höfum þegar tekið það mál upp við fjmrn. Þetta vildi ég taka fram að því er varðar þessa fyrstu fsp.

Hv. 8. landsk. þm. Kolbrún Jónsdóttir spurðist fyrir um það hvað ætti að gera við afganginn í Aflatryggingasjóði. Það liggur fyrir að hér er eingöngu um ráðstöfun vegna ársins 1984 að ræða og gert er ráð fyrir að mál þessi verði tekin til endurskoðunar því að lög þessi munu ekki gilda nema fyrir árið 1984. Engin ákvörðun hefur verið tekin um það enn hvernig starfsemi Aflatryggingasjóðs verði háttað í framtíðinni. Um það eru hins vegar nokkuð ákveðnar skoðanir, eins og kemur fram í því sem ég las upp áðan, að þar þurfi að verða breyting á, þótt andstæðar skoðanir séu um þá ráðstöfun sem hér er gerð.

Að því er varðar löndun afla erlendis veit ég ekki betur en hér sé fyrst og fremst verið að huga að samræmi á milli og á það ekki að koma betur út fyrir þá sem landa erlendis.

Hv. þm. spurðist einnig fyrir um það hvaða ástæður væru fyrir þessu frv. og hver væri höfundur þess. Það er mjög einfalt mál. Ástæðurnar eru sú alvarlega afkoma sem hefur verið í sjávarútveginum og sá almenni aflabrestur sem menn sáu fyrir á árinu 1984. Nauðsynlegt þótti að ráðstafa þessum bótum með öðrum hætti en áður hefur verið.

Ég ætla ekki að fara að blanda mér í þær deilur sem um þetta hafa verið hér nú. Ég hef áður gert grein fyrir mínum skoðunum. En þessar bætur hafa í gegnum árin ekki komið til skipta. Það hefur ein undantekning verið þar á við sérstakar aðstæður eitt sinn að því er varðaði loðnuvertíð, en að öðru leyti hafa bætur úr Aflatryggingasjóði ekki komið til skipta. Ég tel því að ekki sé rétt að halda því fram að hér sé verið að taka sérstaklega frá sjómönnum. Hitt er svo annað mál að sjómenn eru ekki ofhaldnir og kjör þeirra ekki of góð og mér finnst sjálfsagt að halda því á lofti. En mér hefur fundist nokkuð vera um það að ekki sé alveg rétt farið með að því er þetta sérstaka mál varðar.

Ég vil taka það fram við þessa umr. að sjómenn hafa að undanförnu lagt á það mikla áherslu að lífeyrismál þeirra væru bætt og ekki að ástæðulausu því að þeir eru verr settir að þessu leyti en aðrir þjóðfélagshópar. Við það er ekki hægt að una og ég tel því nauðsynlegt að tekið verði ákveðið á því máli á næstunni.

Í framhaldi af því lagði ég fram á ríkisstjórnarfundi í gær eftirfarandi till., sem þar var samþykkt, um skipun nefndar til endurskoðunar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Undanfarið hafa farið fram allmiklar umr. um lífeyrismál sjómanna. Fulltrúar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafa farið þess á leit við sjútvrh. að hann beiti sér fyrir lagasetningu í þá veru að stofn fyrir iðgjald til lífeyrissjóða sjómanna verði samræmdur og verði hinn sami fyrir alla sjóðfélaga sem stunda sjó, þannig að iðgjald verði framvegis greitt af heildarlaunum allra sjómanna. Þessar hugmyndir hafa mætt andstöðu útgerðarmanna, enda um talsverðan kostnaðarauka að ræða fyrir út-

gerðina ef til þessarar breytingar kæmi. Jafnframt því telja útgerðarmenn að mál þetta sé fyrst og fremst samningamál.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af stöðu annarra mála sem þessa aðila varða tel ég rétt að láta kanna þetta mál nánar og legg til að skipuð verði nefnd til að fjalla um og gera tillögur um málið. Nefndin yrði skipuð af sjútvrh., í henni ættu sæti tveir fulltrúar útvegsmanna, tveir fulltrúar sjómanna, þ. e. frá Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn nm. tilnefndur af fjmrh. og einn nm. skipaður af sjútvrh. Nefndin skili af sér fyrir septemberlok og gert yrði ráð fyrir að tillögur hennar yrðu lagðar fyrir næsta Alþingi og við það miðað að þær gætu tekið gildi í upphafi næsta árs."

Ég vil taka það fram vegna þessa máls að ég vænti þess að ákveðin niðurstaða fáist í þessu máli. Það er búið að vera að flækjast á milli stofnana og nefnda allt of lengi og ég vænti þess að niðurstaðan geti orðið sú að sjómenn fái þá leiðréttingu sem þeim ber í lífeyrismálum.

Við getum tekið sem dæmi að nú á loðnuvertíðinni fær t. d. skipstjóri greitt af kauptryggingu, sem er tæpar 40 þús. kr., rúmar 39 þús. kr. Ef þetta skip er aðeins 5 mánuði á sjó er greitt í lífeyrissjóð af tæplega 200 þús. kr., jafnvel þótt viðkomandi maður hafi miklu meiri árstekjur. Þetta gerir það að verkum að þessi maður hefur tiltölulega mjög lítinn lífeyrisrétt að lokinni starfsævi sinni lífeyrisrétt sem ekki er í samræmi við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu. Það er mjög eðlilegt að sjómenn geti ekki búið við slíkt til lengdar.

Ég vil að lokum þakka hv. nefnd fyrir störf hennar að þessu máli og vænti þess að það geti hlotið afgreiðslu sem fyrst héðan úr deildinni því að mjög bagalegt er að mál sem þetta, sem varðar miklu, sé í óvissu um langan tíma. —[Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Það er nú sjálfsagt ástæðulaust að halda áfram nokkurri umr. um þetta mál í hv. deild. Það er nokkurn veginn vitað mál hver afgreiðsla þess verður. En mig langaði að undirstrika það, sem kom fram í ræðu hv. þm. Karls Steinars, að það er nokkurn veginn ljóst að það er ekki sérstaklega mikill vilji hjá hv. — **(EgJ:** Af hverju líturðu á mig?) Ég lít ekki á þig, ég lít fram hjá þér. — fulltrúum í sjútvn. að koma þessu máli áfram. Meiri hl., sem stendur að baki hv. formanni, sá ekki ástæðu til þess, sumir þó, að vera hér í Ed. þegar umr. átti sér stað. Ég sé reyndar að hv. þm. Egill Jónsson er kominn núna. Þeir koma kannske til atkvgr. Við verðum að sjá hvað þá kemur fram.

Mér láðist að geta þess í umr. áðan að ásamt okkur Karli Steinari og Kolbrúnu Jónsdóttur er flm. að brtt. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Hæstv. sjútvrh. flutti yfirlýsingu um lífeyrismál sjómanna í ræðu sinni fyrir fundarfrestun. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að það mál skuli vera komið á þann rekspöl sem þar kom fram, en ég held að rétt sé að taka það þó fram að það er nokkuð merkilegt að þessi yfirlýsing skuli koma fram við þessa umr. hér í Ed. Það er eins og hálfgerð dúsa fyrir þá skerðingu sem sjómenn verða fyrir við samþykkt þessa máls. Ég held að það sé langt frá því að hægt sé að líta svo á að lífeyrissjóðsmál sjómanna séu að einu eða neinu leyti tengd því máli sem við erum að ræða nú, enda tekið fram í yfirlýsingu sjómanna að þetta sé fyrst og fremst samningsmál. Það sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh. var fyrst og fremst að samkomulag hefði orðið um að kjósa nefnd sem skili áliti innan ákveðinna tímamarka. Ég lýsi yfir að ég fagna því. Það er vitaskuld áfangi á þeirri leið að laga stöðu sjómanna í sambandi við lífeyrismálin.

Hæstv. ráðh. nefndi enn og undirstrikaði að hér væri ekki verið að rýra kjör sjómanna. Þetta væri þáttur sem hefði aldrei komið til skipta. Við 1. umr. í Ed. kom það fram, og ég vil undirstrika að það er skoðun sjómanna og okkar sem að minnihlutaáliti stöndum, að þó að þetta hafi ekki beinlínis komið til skipta var það viðurkennt sem trygging sjómanna fyrir launagreiðslum og þar af leiðandi ekki hægt að líta svo á að það hafi eingöngu áður gengið beint til útgerðar. Því er mótmælt.

Mér barst í hendur núna í fundarhléi útskrift úr fundargerðarbók stjórnar Fiskifélags Íslands. Ég held að það sé vert að lofa hv. Ed. að heyra hvernig afgreiðslu þetta mál fékk þar. Það eru tekin fyrir lög nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Með leyfi forseta les ég fundargerðina:

„Fiskimálastjóri gerði ítarlega grein fyrir frv. og lagði hann fram álit ráðgjafarnefndar um sjávarútvegsmálafrv. Að lokinni framsögu sagði fiskimálastjóri að hann og framkvæmdastjóri Aflatryggingasjóðs, Þórarinn Árnason, væru boðaðir á fund sjútvn. Alþingis í fyrramálið kl. 9 og bað um persónulegt álit viðstaddra á fundinum svo að hann gæti haft það sem veganesti á fundinn.

Guðjón Kristjánsson sagðist alfarið á móti því að færa meira fjármagn til útgerðar utan skipta, ræddi og 2. gr. frv. og sagði lítið sem ekkert fjármagn eftir til að greiða úr fjárhagsörðugleikum sjómanna þegar fæðið hefði verið gert upp. Ef þetta frv. verður samþykkt kann það að leiða til ófriðar.

Kristján Ásgeirsson sagðist alfarið sammála Guðjóni: Nóg er tekið utan skipta af sjómönnum.

Hilmar Bjarnason: Sammála að mæla gegn frv., nóg væri tekið utan skipta.

Ingólfur Arnarson: Ég er í höfuðatriðum sammála fyrri ræðumönnum. Ég óttast að verði frv. samþykkt, þá hefði verið stigið fyrsta skrefið að því að leggja almennu deildina niður til frambúðar.

Marteinn Jónasson: Hvað er það sem knýr á um breytingu á sjóðnum? Ég er þessu andvígur.

Ríkharður Jónsson: Ef þetta frv. verður samþykkt mun það ganga að hlutaskiptareglunni dauðri. Alfarið andvígur breytingu.

Ingólfur Stefánsson sagðist vera andvígur að breytingin yrði gerð á lögunum.

Jón Páll Halldórsson lýsti aðspurður andstöðu sinni við þessar breytingar.

Hilmar Rósmundsson og Gunnlaugur Karlsson tjáðu sig ekki og Þorsteinn Jóhannesson var eigi mættur á fundinum."

Mér finnst þessi fundargerð segja nokkuð og það að fulltrúar fiskvinnslunnar, sem þarna eru staddir, skuli allir vera á sama máli og sjómenn um að þarna skuli ekki breyta í neinu. Það er aftan að hlutunum farið ef þessi breyting á sér stað á aflatryggingasjóðslögunum í þeirra nafni.

Hæstv. sjútvrh. sagði sem svo virtist að allir menn væru sammála um að kjör sjómanna væru ekki góð. Þrátt

fyrir það er enn haldið með þessu frv. og, ef að lögum verður, farin sú leið að létta undir með útgerð með því að skerða hlut sjómanna. Þeirri leið hlýtur að vera mótmælt. Það skulu verða mín síðustu orð um frv.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að aðeins ein undantekning hefði verið gerð varðandi Aflatryggingasjóð og þar kæmi til skipta vegna þess að verið hefðu sérstakar aðstæður. Ég vil leyfa mér að halda því fram að það séu sérstakar aðstæður í landinu í dag hvað varðar kjör sjómanna og það séu sérstakar ástæður til þess að menn fái það til skipta sem nú er verið að taka af. Og ég vil leyfa mér að halda því fram að þeir stjórnarmenn í Fiskifélagi Íslands, sem vitnað var í áðan, viti hvað þeir eru að tala um. Það er fráleitt að halda því fram að allir þessir menn, sem gerst þekkja, misskilji þessa hluti.

Í umr. sem vitnað var til áðan heyrist sú rödd að með þessu háttalagi sé verið að ganga af hlutaskiptunum dauðum. Ég tek undir þá skoðun og tel jafnframt að við búum hér við sérstakar aðstæður og sérstök ástæða sé til að þetta sé ekki af sjómönnum tekið. Það er búið að taka nóg. Sjómannastéttin á annað og betra skilið en að sífellt sé þar höggvið í sama knérunn og kjörin rýrð endalaust.

ATKVGR.

Brtt. 552 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SDK, SkA, StB, EG, KSG, KolJ.
nei: TÁ, VI, AG, ÁJ, DA, EgJ, JHelg, LJ, SalÞ.
4 þm. (ÞK, EKJ, HS, ÓlJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 9:7 atkv.
2. gr. samþ. með 9:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun frá skipum, frv. 134. mál (þskj. 171, n. 507). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Samgn. Ed. hefur fjallað um þetta mál á fundum sínum og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá Nd. Alþingis.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Skemmtanaskattur, frv. 152. mál (þskj. 218, n. 549). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 58 12. maí 1970 um skemmtanaskatt. Þetta hefur verið til umfjöllunar um allnokkurt skeið í menntmn. Loksins tókst að afgreiða það frá n. og eins og kemur fram í nál. var samstaða um afgreiðslu málsins sem er afgreitt með breytingu, þ. e. í fyrri gr. frv. er gert ráð fyrir því að skemmtanaskattur af verði aðgöngumiða á skemmtanir sem taldar eru í 2. flokki skuli ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 2500 íbúa. Nefndin gerir þá till. að þessi íbúatala verði hækkuð í 7500.

Eins og fram kom við l. umr. þessa máls er kvikmyndahúsarekstur mjög erfiður í hinum fámennari byggðarlögum, þéttbýliskjörnum. Eftir að málið kom til umfjöllunar í nefnd komu fram enn frekari upplýsingar í þessu efni allar á sömu lund. Þess vegna þótti nefndinni eðlilegt að hækka þennan íbúafjölda í 7500. Ég vil nefna það í þessari andránni, eins og hv. alþm. er vafalaust kunnugt um, að kvikmyndahús hafa í nokkrum tilvikum verið undanþegin skilum á skemmtanaskatti án þess að ég fari að nefna þau tilvik. En þá hefur það verið skilyrði að skatturinn rynni til menningar- og/eða mannúðarmála.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Það var eins og ég gat um áðan alger samstaða um þetta mál. Að vísu voru hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Eiður Guðnason fjarstaddir afgreiðslu málsins, en það hefur ekkert komið fram sem ber vott um þeirra andstöðu við þetta mál, síður en svo.

ATKVGR.

Brtt. 547 samþ. með 15:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv. 198. mál (þskj. 354, n. 544). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál, sem er frv. til l. um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Eins og fram kemur í nál. bárust umsagnir frá Blindrafélaginu, frá læknaráði Landakotsspítala, Augnlæknafélagi Íslands og landlækni. Allar þessar umsagnir voru mjög jákvæðar í garð þessa máls, en eins og nál. ber með sér stígur nefndin fram sem einn maður í málinu og leggur til að það verði samþykkt.

Nauðsynlegt var að gera eina breytingu á frv., þ. e. þar sem stendur „gleraugnafræðingur" komi: sjóntækjafræðingur, af augljósum ástæðum þar sem samþykkt hefur verið frv. og lögverndað heitið sjóntækjafræðingur.

E. t. v. er ekki ástæða til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. Þó vildi ég leyfa mér, þótt liðið sé á daginn, að drepa niður í athugasemdum við þetta frv. sem koma raunar frá þeirri nefnd sem stóð að samningu þessa frv. Það skýrir að mínum dómi meginþætti í frv., með leyfi forseta:

„Í frv. því sem hér liggur frammi er gert ráð fyrir því að sett verði á laggirnar stofnun á vegum ríkisins er nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Engin slík stofnun hefur verið fyrir hendi hér á landi til þessa. Þeir sem njóta mundu þessarar þjónustu yrðu fyrst og fremst þeir sem eiga í erfiðleikum með lestur

með venjulegum gleraugum.

Eitt af markmiðum stofnunarinnar verður að tryggja það að ávallt séu hér á boðstólum sem fullkomnastar tegundir sérhæfðra hjálpartækja fyrir sjónskert og blint fólk. Enn fremur þarf að tryggja það að viðgerðarþjónusta verði sem best. Innan stofnunarinnar verður því að starfa sérþjálfað fólk til þess að leiðbeina sjúklingum og þjálfa þá svo að fullkomin nýting náist út úr þeim hjálpartækjum sem á boðstólum eru. Þarf að kappkosta að ná til sem flestra þeirra aðila sem á þessari aðstoð þurfa að halda, t. d. með ferðalögum úti á landi í tengslum við augnlækningaferðalög á vegum heilbrigðisstjórnarinnar. Leggja verður áherslu á að hér er þó um ólík atriði að ræða, þar sem augnlækningaferðirnar hafa verið farnar í lækningaskyni en þjálfunarþátturinn hefur ekki verið ræktur sem skyldi á sérhæfðum grundvelli, einkum endurhæfingin. Viðbúið er að margir, sem þurft hefðu á slíkri þjónustu að halda, hafi ekki notið hennar, þar sem sjúkdómsgreiningaþátturinn hefur ekki verið ræktur sem skyldi. Enn fremur ber að hafa í huga að allt forvarnarstarf á þessum vettvangi skilar sér í sparnaði annars staðar innan kerfisins eins og önnur dæmi sanna, t. d. þannig að viðkomandi þurfi ekki á sérkennslu að halda, sem er miklu dýrari og umfangsmeiri en venjuleg kennsla. Enn fremur má benda á að fræðsla á þessu sviði hefur ekki verið mikil þannig að af þeirri ástæðu er viðbúið að þjónustuþörfin sé meiri en fram hefur komið."

Ég taldi ástæðu til þess að lesa þetta upp úr inngangi úr athugasemdum með frv. Ég veit að hv. heilbr.- og trn. er fullkomlega sammála — annað hefur ekki komið fram — þeim sjónarmiðum sem hér eru fram sett. Ég vil vekja á því athygli að, eins og raunar hefur verið greint frá við 1. umr. þessa máls, gert er ráð fyrir því að þetta hafi nokkurn kostnað í för með sér, hjá því verður ekki komist, en þó sýnu mestan fyrsta árið vegna stofnkostnaðar af augljósum ástæðum.

Ég held að ég hafi ekki um þetta fleiri orð, virðulegi forseti, en n. leggur eindregið til að frv. verði samþykkt. Ég hafði áður gert grein fyrir brtt.

ATKVGR.

Brtt. 544 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Bókasafnsfræðingar, frv. 219. mál (þskj. 388, n. 546). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Nefndin mælir með samþykkt frv., þ. e. að starfsheitið „bókasafnsfræðingur" verði lögverndað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 4. apríl, að loknum 76. fundi.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 222. mál (þskj. 391). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EgJ, JHelg, LJ, VI, AG, ÁJ, DA, SalÞ.
nei: EG, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA.
StB greiddi ekki atkv.
5 þm. (EKJ, HS, ÓlJ, TÁ, ÞK) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Hér er um að ræða ákvæði til bráðabirgða til eins árs vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, ákvæði sem að mínu mati er meingallað. En í trausti þess að þessi mál verði endurskoðuð og Aflatryggingasjóði tryggður eðlilegur grundvöllur ekki síðar en í árslok segi ég já.

Frv. afgr. til Nd.

Neðri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Húsaleiga, frv. 157. mál (þskj. 227). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framsal sakamanna, frv. 122. mál (þskj. 152). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 566).

Sjóntækjafræðingar, frv. 63. mál (þskj. 537 (sbr. 397)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Útvarpslög, frv. 218. mál (þskj. 387). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér hefur um nokkurt skeið legið fyrir til umr. frv. sem mjög hefur verið beðið eftir af þeim sem vilja að afnuminn verði einkaréttur ríkisins til reksturs útvarps.

Það frv. sem hér liggur fyrir er flutt eins og útvarpslaganefnd gekk frá því, nema 18. gr. frv. sem breytt er í samræmi við samþykkt ríkisstj. um það að aðeins skuli greitt afnotagjald af einu sjónvarpsviðtæki á hverju heimili. Að öðru leyti er þetta frv. útvarpslaganefndarinnar.

Útvarpslaganefndin var skipuð 23. sept. 1981 af þáv. menntmrh. til þess að endurskoða núgildandi útvarpslög nr. 19/1971. Í nefndinni áttu sæti þeir Markús Á. Einarsson veðurfræðingur, sem skipaður var formaður nefndarinnar, Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Benedikt Gröndal fyrrv. forsrh., Ellert B. Schram ritstjóri, Kristján J. Gunnarsson fræðslustjóri, Ólafur R. Einarsson menntaskólakennari og Vilhjálmur Hjálmarsson þáv. formaður útvarpsráðs.

Nefndin starfaði eftir þeirri meginstefnumörkun að hún skyldi í fyrsta lagi leggja áfram þær skyldur Ríkisútvarpinu á herðar að sjá landsmönnum öllum fyrir fjölbreyttri dagskrá hljóðvarps og sjónvarps og tryggja aðstöðu og tekjur til þess að svo mætti verða. Í öðru lagi skyldi nefndin leggja til að fleirum en Ríkisútvarpinu yrði veittur réttur til útvarps, þ. e. hljóðvarps og sjónvarps, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og í þriðja lagi að ein útvarpslög skyldu fjalla um allan útvarpsrekstur í landinu.

Eins og ég vék að í upphafi er grundvallarbreytingin í þessu frv. fólgin í því að fleirum en Ríkisútvarpinu verði veitt leyfi til útvarps, en með útvarpi er í frv. átt við hljóðvarp og sjónvarp. I. kafli frv. fjallar ítarlega um skilyrðin sem þarf að uppfylla til að slík leyfi verði veitt. Í þeim kafla eru einnig ákvæði um útvarpsréttarnefnd sem skipuð verði skv. till. frv. sjö mönnum kjörnum af Alþingi og hún sjái um leyfisveitingar og alla framkvæmd I. kafla frv. Skilyrðin sem ég vék að eru í aðalatriðum þessi:

1. Að einungis verði veitt leyfi til útvarps á metra- og desimetrabylgju, en það þýðir að sendingar nái yfir takmörkuð svæði sem í aðalatriðum afmarkast af landfræðilegum aðstæðum.

2. Að Póst- og símamálastofnuninni er ætlað að sjá um úthlutun á senditíðnum og að tæknilegum skilyrðum sé fullnægt.

3. Að sveitarstjórnir mæli með veitingu leyfa til útvarpssendinga, hver á sínu svæði.

4. Að erlendir aðilar fái ekki leyfi til útvarpsreksturs.

5. Að óheimilt sé að senda út efni sem ekki hafi verið aflað leyfis fyrir með lögmætum hætti.

Heimilt verði fyrir útvarpsstöðvar, sem svo fá leyfi til þráðlausra sendinga, að þær geti aflað sér tekna með auglýsingum og þá verði hlutur auglýsinga í dagskrá svipaður og hjá Ríkisútvarpinu. Þetta er gert til þess að auðvelda útvarpsstöðvum að vanda til dagskrárinnar.

Nefndin hefur þó ekki orðið sátt á það að leggja til að kapalstöðvar fái að birta auglýsingar. Röksemdir nefndarinnar voru þær að kapalstöðvarnar ættu auðveldara með innheimtu afnotagjalda og þess vegna þætti ekki ástæða til þess að þær gengju á hlut þráðlausra útvarpsstöðva á auglýsingamarkaði.

Um þetta atriði standa allítarlegar umr. einmitt nú þessa dagana. Hér eru staddir nokkrir hv. þm. sem voru einmitt nú um helgina á fjölmiðlaráðstefnu í Stokkhólmi sem fyrst og fremst fjallaði um hina nýju tækni í sambandi við útvarp og sjónvarp og einkum notkun gervihnatta í því sambandi. Það sem greinilega einkenndi allt það sem kom fram á þessari ráðstefnu, næstum að segja hverja skoðun sem menn höfðu á efnisatriðunum, var þetta, að tækniþróunin gerði beinlínis óhjákvæmilegt að afnema einkarétt ríkisins á útvarpi og sjónvarpi.

Hins vegar greindi menn nokkuð á um þátt auglýsinganna. Sá þáttur kemur í raun og veru ekki hinum tæknilegu möguleikum við og ætti ekki heldur að koma við afstöðu manna til einkaréttar ríkisins eða afnáms hans. En samt hefur það orðið svo að þessi þáttur hefur orðið furðu fyrirferðarmikill, einkanlega hjá þjóðum sem ekki hafa auglýsingar í sínum ríkisreknu fjölmiðlum. Fyrir okkur Íslendinga ætti þetta aftur á móti að vera auðveldara viðfangs. Við höfum af þessu reynslu og við ættum líka að vita að hægt væri að setja viss skilyrði um málfar og ýmis önnur atriði þegar til auglýsinga tekur.

Það er líka með ólíkindum að það geti verið einum fjölmiðli hættulegt að annar fjölmiðill fjármagni sendingar sínar með auglýsingum, þegar þess er gætt, að aðgangur hlustenda að þessum auglýsingum, fer fyrst og fremst eftir því hversu aðlaðandi það efni er sem boðið er upp á í dagskránni. Það mundu væntanlega fæstir setjast niður og horfa á sjónvarpsdagskrá sem væri einungis auglýsingar, nema þá vegna þess að annað efni, sem yfirleitt væri boðið upp á í sjónvarpinu, þætti alls ekki aðlaðandi. Ég vil taka fram að þetta er atriði sem Alþingi hlýtur að taka afstöðu til en á þessu atriði getur afstaða til þessa frv. tæpast oltið á okkar landi.

Ég hafði ekki hugsað mér, herra forseti, að flytja ítarlega ræðu um þetta mál. Ég tel að sá tími sem Alþingi hefur til löggjafarstarfa það sem eftir er af vetrinum og í vor, sé svo skammur að málið þyrfti sem fyrst að komast til nefndar og fá þar umfjöllun. Málið hefur reyndar verið mjög mikið rætt á ýmsum vettvangi og mikill fjöldi þjóðfélagsborgaranna lætur sig miklu varða að það fái sem fyrst framgang.

Ríkisstj. hefur tekið þá afstöðu að hún ætlast ekki til þess að stjórnarflokkar hafi að neinu leyti bundnar hendur um afstöðu til þessa máls og menn hafa áskilað

sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt., enda er það fyllilega réttmætt og eðlilegt þegar um svo viðamikið mál er að ræða. Mér virðist líka ljóst að afstaða til þessa máls fer ekki eftir hreinum flokkspólitískum línum nema þá að því leyti til að það er algjörlega ljóst að Sjálfstfl. aðhyllist það sjónarmið að afnema skuli ríkiseinokun á útvarpsrekstri. Ég veit að það sjónarmið á sér fylgi í öllum öðrum flokkum og ég veit að það á sér verulegt fylgi í hinum stjórnarflokknum, eins og líka vænta má þar sem forveri minn í embætti menntmrh. stóð að skipun þeirrar nefndar sem unnið hefur þetta verk og ég veit ekki betur en hann hafi viljað framgang þess á sínum tíma. En með mál eins og þetta er það svo að menn telja sig þurfa tíma til þess að grandskoða það og gaumgæfa frá öllum hliðum. Sá tími hefur gefist og niðurstaðan liggur fyrir í formi þessa frv. sem er eins og nefndin gekk frá því á sínum tíma.

Komið hafa fram brtt. við þetta frv. frá tveimur hv. þm. Sjálfstfl. Að sjálfsögðu mun nefndin fjalla um þær till. og væntanlega láta ganga um þær atkvæði. Ég vil lítillega víkja að örfáum þessara till.

Það er í fyrsta lagi till. um skipan útvarpsréttarnefndar. Í frv. er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd sé kosin á Alþingi, en menntmrh. skipi formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna. Brtt. gerir ráð fyrir að ráðh. skipi fimm menn í útvarpsréttarnefnd eftir tilnefningu og þeir sem tilnefni séu Póst- og símamálastofnun, Samband ísl. sveitarfélaga, Ríkisútvarpið og samtök útvarpsstöðva, einn mann hver og einn til vara, og síðan skipi ráðh. formann án tilnefningar.

Þessi brtt. hefur augljóslega þann kost að hún siglir fram hjá því sem stundum hefur heyrst gagnrýni um, að nefndir séu pólitískt kosnar, eins og væri að sjálfsögðu um þá nefnd sem Alþingi mundi kjósa. En á hitt ber að líta að flokkarnir á Alþingi eru nú einu sinni umboðsmenn almennings í landinu og ekki er óeðlilegt, þegar fjallað er um málefni sem varða almenning, að fulltrúar þeirra komi þar við sögu. Eins og hv. þm. heyra gæti ég ákaflega vel hugsað mér að farin væri enn ein leiðin að þessu leyti til. M. ö. o. mér þykir þetta atriði alls ekki vera úrslitaatriði í sambandi við framgang frv. Svo er raunar um fleiri þær brtt. sem greindar eru á þskj. 493. Þar eru atriði sem ættu ekki að ráða úrslitum.

Meginmálið er þetta: Að létta af þeim algjöra einkarétti ríkisins á þessum fjölmiðli sem nú er þannig að við megum sem fyrst njóta viðlíka frelsis og fjölbreytni um efni sem flutt er á öldum ljósvakans eins og er um prentaða fjölmiðla. Það ætti ekki að vera neitt óeðlilegra nú á dögum að frelsi ríkti í þessari tegund fjölmiðlunar en er um annað tjáningarfrelsi.

Ég ætla ekki að sinni, hæstv. forseti, að hafa fleiri orð um þetta frv. Því fylgir ítarleg grg. sem ég geri ráð fyrir að hv. alþm. hafi kynnt sér. Ég geri mér ljóst að fram koma ýmsar breytingartillögur hv. þm. En ég geri mér líka ljóst að þeir hafa mikið um þetta mál hugsað. Þess vegna held ég að unnt ætti að verða að afgreiða þetta frv. sem fyrst á þessu þingi. Auk þess er það mín skoðun að afgreiðsla þess nú sé nauðsynleg vegna tækniframfara og vegna þess að þegar fer fram töluverð starfsemi í landinu sem er ekki heimil skv. núgildandi útvarpslögum og heldur áfram þrátt fyrir skort á lagaheimild. Þetta atriði tel ég að geri það enn meira aðkallandi að breyta þessum lögum þannig að unnt sé að gæta þess að sú starfsemi sem fram fer á þessu sviði verði í samræmi við lög og reglur þjóðfélagsins.

Ingvar Gíslason: Ég ætla aðeins að segja nokkur orð um þetta frv. áður en það fer til n. Eins og menn þekkja af umr. um þetta frv., sem staðið hafa nú um nokkur misseri, hefur frv. að geyma hugmyndir um nokkrar breytingar á gildandi útvarpslögum. Veigamesta brtt. er sú að takmarka að nokkru einkarétt Ríkisútvarpsins til útvarpsrekstrar, þ. e. að opna þann möguleika að fleirum en Ríkisútvarpinu verði veitt heimild til að reka staðbundið útvarp, reyndar tímabundið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem talin eru upp í 3. gr. frv. og hæstv. ráðh. rakti hér áðan í sinni ræðu.

Þótt fleiri breytingarhugmyndir felist í þessu frv. en hugmyndin um takmörkun einkaréttar Ríkisútvarpsins þá er þessi tillaga um takmörkun á einkaréttinum aðalbreytingarhugmyndin. Og ég held að það sé sú hugmynd sem mestum ágreiningi veldur og hefur valdið. En ég held líka að margs konar misskilningur hafi ríkt um þetta efni og hversu víðtæk þessi takmörkun á einkaréttinum er hugsuð í frv. Samt held ég að nauðsynlegt sé, eins og reyndar kom fram hjá hæstv. ráðh., strax í upphafi umr. á Alþingi að gera sér grein fyrir því að þessi hugmynd um rýmkun einkaréttar er nokkurt ágreiningsmál, ekki aðeins meðal alþm. heldur og meðal almennings í landinu.

Þessi ágreiningur er engan veginn flokkspólitískur, það ég best veit, og ég get tekið þar undir orð hæstv. ráðh. Ég held að það séu skiptar skoðanir innan allra flokka að meira eða minna leyti um hvort rýmka eigi einkarétt Ríkisútvarpsins og hversu mikið eigi að gera það. Vafalaust eru uppi margvíslegar hugmyndir um það hvernig haga skuli leyfisveitingum til annarra en Ríkisútvarpsins þótt menn annars geti hugsað sér að slaka á einkarétti Ríkisútvarpsins. Ég veit ekki annað en að hugmyndir manna um þetta efni séu ærið fjölbreyttar. Þær eru e. t. v. jafnmargar og mennirnir og ég held að þær þurfi ekki endilega að fara eftir pólitískum flokkslínum. Að því leyti get ég alveg fallist á það sem fram kom hjá hæstv. ráðh. þegar hún var að ræða það efni.

Það verður að segjast eins og er að sú hugmynd, sem fram kemur í þessu frv., er aðeins ein lausnin á þessu deilumáli, kannske hvorki betri né verri en ýmsar aðrar lausnir, enda eru þegar komnar fram brtt. við þetta frv. og ég er sannfærður um að það eigi eftir að koma fleiri brtt. við frv. í meðferð málsins á hv. Alþingi.

En hvað sem því líður tel ég að þetta frv. hafi verulega sérstöðu í umr. um útvarpsmál. Sérstaða þessa frv. felst í því að það er sameiginleg niðurstaða stjórnskipaðrar nefndar sem í áttu sæti tilnefndir fulltrúar þingflokka eins og var fyrir 2—3 árum, ellegar menn sem mjög eru tengdir stjórnmálaflokkum. Auk þess átti útvarpsstjóri þar sæti sem sérstakur vörslumaður hagsmuna Ríkisútvarpsins. Ekki fer á milli mála að nefnd sú, sem fjallaði um þetta frv., var þannig skipuð að hin ólíkustu sjónarmið hefðu átt að njóta sín í nefndarstarfinu, enda tel ég að svo hafi verið. En ég endurtek það að þetta frv. þarf ekki þar fyrir að vera einhver allsherjarlausn á framtíðarskipan útvarpsmála í landinu. Eigi að síður hlýt ég að segja það sem mér finnst, að þetta frv. er frambærilegur grundvöllur undir umr. um þessi mál á hv. Alþingi. Þannig hef ég ætíð litið

á þetta mál og geri enn. Auk þess er mér þetta mál nokkuð skylt því að nefnd þessa skipaði ég meðan ég gegndi störfum menntmrh. og nál. barst mér í hendur meðan ég gegndi enn ráðherrastörfum. Ég lýsti því þá yfir að ég gæti fyrir mitt leyti fallist á meginhugmyndir frv. og mundi fús til að leggja frv. fram sem stjórnarfrv. Sú var afstaða mín.

Hins vegar kom upp andstaða í þingflokki Framsfl., míns stjórnmálaflokks, gegn frv. og reyndar einnig í miðstjórn Framsfl. og síðan á flokksþingi. Innan þeirrar ríkisstj., sem ég átti sæti í, var heldur ekki um neinn einhug að ræða um frv. svo að það kom ekki til að grundvöllur væri fyrir því að leggja frv. fram á þinginu 1982—1983, sem þó var ætlun mín í upphafi. Síst af öllu var von um það á því þingi að það fengi sérstaka umfjöllun eins og þá stóð á í stjórnmálum almennt talað.

Persónuleg afstaða mín til þessa frv. hefur ætíð verið á einn veg. Ég hef alltaf litið á frv. sem mikilvægt framlag til umr. um útvarpsrekstur í landinu, en frv. er kannske engin allsherjarlausn á þessu máli, sem er annað mál. Það er heldur ekki gallalaust, geri ég ráð fyrir, það er ekki ótvírætt, en eigi að síður er það hæfasti grundvöllur sem hingað til hefur verið fundinn til þess að hefja skynsamlegar og skipulegar umr. um útvarpsmál á hv. Alþingi. Það er einnig brýn þörf fyrir slíka umr. og þess vegna ber að fagna framlagningu frv. nú og vil ég leyfa mér að gera það.

Frjálsræði í útvarpsrekstri hefur orðið nokkuð fyrirferðarmikið slagorð á síðustu árum ásamt einbeittri fordæmingu á því sem menn kalla „einokun" Ríkisútvarpsins. Þessi krafa um frjálsræði getur auðvitað verið komin af ýmsum ástæðum og atvikum. Hún getur m. a. verið sprottin af þeirri tandurhreinu frjálsræðisstefnu að athöfnum manna eigi ekki að setja neinar hömlur, allt eigi að vera athafnamönnum frjálst, ef þeir hafa fé til að hefjast handa um eitthvert verk eða athafnir. Þá má hugsa sér að krafan sé sprottin af þeirri sannfæringu einhverra að lögbundinn einkaréttur ríkis til útvarpsstarfsemi sé í raun og veru ritskoðun af stærri gerðinni og ósamrýmanlegt grundvallarreglum lýðræðis. Enda hefur það verið borið fram að einkaréttur ríkisins á útvarpi samsvari því að lög ákvæðu ríkinu einkarétt á blaðaútgáfu. Það eru m. ö. o. útvaldir merkisberar tjáningarfrelsisins sem í þessu tilfelli bera fram kröfuna um frjálsa útvarpsstarfsemi.

En þegar til kastanna kemur held ég að það sé hvorki krafa örfárra hreinræktaðra frjálshyggjumanna né krafa enn færri sjálfvalinna vörslumanna tjáningarfrelsisins, sem mestu hafa ráðið um gang umræðunnar um frjálslegri útvarpsstarfsemi hér á landi. Ég held að umr. sé fyrst og fremst sprottin af kröfu eða ósk almennings um fjölbreyttari útvarpsdagskrá, þ. e. að útvarpshlustendur og sjónvarpsnotendur hafi úr meiru að velja, að útvarps- og sjónvarpsrásir séu fleiri en ein. En þessari kröfu eða þessari ósk um fjölbreytni hefur í sjálfu sér ekki fylgt nein alvörukrafa um frjálst útvarp í merkinu frjálshyggjumanna né að almenningi hafi þótt þrengt að tjáningarfrelsinu með starfsemi Ríkisútvarpsins.

Ég tel að meiri hluti þjóðarinnar sætti sig fyllilega við það að Ríkisútvarpið haldi einkarétti sínum í höfuðatriðum. Yfirleitt gerir almenningur ekki kröfur sínar um fjölbreytni í útvarpsdagskrá á hendur neinum öðrum en Ríkisútvarpinu. Ég hef ekki orðið var við annað a. m. k. Almenningur vantreystir ekki Ríkisútvarpinu hvað snertir mannréttindamál eða athafnafrelsi, en fólk vill að Ríkisútvarpið sé fjölbreytt og frjálslegt en tréni ekki sem óumbreytanlegt kerfisbákn. Þar á meðal held ég að almenningur telji það varla geta skaðað hagsmuni Ríkisútvarpsins þótt slakað yrði á stífustu kröfum um einkarétt þess, svo sem eins og það að reka staðbundna fréttastöð í einhverju byggðahverfi eða húsasamstæðu eða kaupstað ef íbúar hefðu áhuga á slíku. Ef Ríkisútvarpið þolir ekki slíka samkeppni eða ef íslenskri menningu stafar hætta af þess háttar staðbundinni útvarpsstarfsemi heimamanna er Ríkisútvarpið heldur valt á grunni og íslensk menning í veikara lagi.

Ég vil því að það komi skýrt fram að ég tel fráleitt að ætla að standa í vegi fyrir því með einhverri hörku og stífni að leyfa það sem stundum hefur verið kallað á íslensku grenndarútvarp og er þýðing á norrænu orði, en þess háttar útvarpsstöðvar hafa mjög lítinn sendingarstyrk og þröngt afnotasvæði sem kannske er ekki annað en kaupstaðarland eða bæjarhverfi. Ég sé ekkert vit í því að Ríkisútvarpið sé svo ofverndað að fólk megi ekki taka sig saman á þröngu byggðarsvæði um rekstur smástöðva til að þjóna sínum sérstöku hagsmunum eða staðbundnum áhugaefnum. Hér á ég t. d. við það að sveitarfélög geti rekið staðbundið útvarp eða samtök sem sveitarstjórn viðurkennir.

Hins vegar sé ég ekki hvers virði það væri í alvöru, í praktískri framkvæmd, að samþykkja lagabókstaf um að engar hömlur skuli vera á því að menn fái að setja á stofn útvarpsstöð og lögjafna þá kannske út frá því sem viðurkennt er, að öllum er frjálst að setja upp prentverk og hefja bókaútgáfu, gefa út blöð og tímarit og hvers kyns prentað mál. Hér er í raun og veru verið að bera það saman sem ekki er sambærilegt, a. m. k. eins og nú háttar tækninni og þar með möguleikanum til þess að nýta slíkt frelsi í raun og veru. Ég sé því enga ástæðu til þess að vera að gefa fólki undir fótinn með það að algert frelsi til útvarpsrekstrar sé mögulegt, jafnvel þó að það kynni að vera æskilegt. Það er því óraunhæft og reyndar órökrétt að keppa að slíku marki. Algert frelsi í útvarpsrekstri er því miður eins konar „absólút" ómöguleiki. Það væri mikill tímasparnaður ef slíkt hjal væri lagt til hliðar.

Sem betur fer afskrifaði útvarpslaganefndin frjálst útvarp í þessari óraunsæju merkingu og hélt sig þannig við jörðina. M. a. af þeirri ástæðu hef ég talið útvarpslagafrv. nefndarinnar nothæfan grundvöll undir skipulegar umr. um breytingar á útvarpslögum. Ég fagna því að samflokksmenn mínir hafa að lokum og eftir vandlega umhugsun greitt fyrir því að þetta frv. er nú lagt fram til umr. án þess þó að því fylgi nokkurt fyrirheit af flokksins hálfu um stuðning við frv. í óbreyttri mynd.

Það hefur verið útbásúnað að þetta frv. útvarpslaganefndar sé tiltakanlega róttækt, stefni að gífurlegum breytingum, ef ekki byltingu, í útvarpsrekstri hér á landi. Það er rétt að frv. hefur fólgna í sér þá meginbreytingu að opnaðir eru augljósari möguleikar til þess að losa um einkarétt Ríkisútvarpsins en finna má í gildandi lögum. Þetta frv. gerir vissulega ráð fyrir því að fleirum en Ríkisútvarpinu verði heimilað að reka útvarp með vissum skilyrðum. En ég vil vekja athygli á því að frv. gengur út frá því að Ríkisútvarpið hafi áfram einkaleyfi til þess að vera landsútvarp, þ. e. útvarp sem nær til landsins alls. Undantekningar á þessu má aðeins

binda við svæðisstöðvar sem hafa takmarkað sendisvið og afnotasvæði. M. ö. o. Ríkisútvarpið mundi áfram hafa einkarétt á hljóðvarpi og sjónvarpi þegar um er að ræða sendistöðvar sem eiga að þjóna landinu í heild og miðunum umhverfis landið.

Útvarpslaganefndin leggur auk þess mikla áherslu á eflingu Ríkisútvarpsins. En þá er ég kominn að því atriði sem ég persónulega vil gera að meginmáli í sambandi við þá endurskoðun á útvarpslögum sem nú er verið að ræða. Allt er gott um það að segja að slaka eitthvað á einkarétti Ríkisútvarpsins og opna möguleika fyrir staðbundnum stöðvum sem víðast í landinu eftir skynsamlegum reglum. En affarasælast verður að efla Ríkisútvarpið og gera því kleift að vera um ókomin ár þungamiðja útvarpsrekstrar í landinu í heild.

Íslenska Ríkisútvarpið á nú orðið langa sögu, meira en hálfa öld. Útvarpið hefur að vísu verið ríkiseign og rekið á ríkisábyrgð fjárhagslega, má segja, en það hefur eigi að síður verið sjálfstæð stofnun eins og mælt er um í gildandi útvarpslögum.

Það er skoðun mín — og ég er alls ekki einn um þá skoðun — að Ríkisútvarpið hafi jafnan gætt fyllstu óhlutdrægni í starfsemi sinni og verði ekki sakað um að hafa dregið taum eins eða neins né lagt sig niður við það að þjóna undir valdhafana á hverjum tíma. Tekist hefur furðu vel að sigla fram hjá slíkum hættum. Útvarpið hefur verið mikilvægt menningartæki, sem hefur átt drjúgan þátt í að mennta og manna íslensku þjóðina í full fimmtíu ár.

Fjölbreytni dagskrár Ríkisútvarpsins er furðu mikil, og ég tel að í dagskrárstjórn, einkum hljóðvarpsins, sé gætt „frjálslyndis“ í góðri merkingu þess orðs og lýðræðislegrar stefnu, eins konar „grasrótarstefnu“, sem varla á sinn líka í öðrum löndum. Á ég þá fyrst og fremst við það hversu Ríkisútvarpið, einkum hljóðvarpið, er opið og tiltölulega aðgengilegt fyrir almenning í landinu að koma þar fram og flytja mál sitt við ýmis tækifæri og undir ýmsum dagskrárliðum.

Enda fer það ekki milli mála að Ríkisútvarpið nýtur sérstakrar stöðu í augum almennings. Ríkisútvarpinu er treyst. Almenningur lítur á Ríkisútvarpið sem óháð og frjálst menningartæki, vettvang sem er hafinn yfir pólitíska flokkshyggju og einhliða áróður valdamanna og annarra áróðursmanna. Það dettur reyndar engum í hug að Ríkisútvarpið sé valdatæki í höndum þeirra sem mestu kunna að ráða á Alþingi og ríkisstj. hverju sinni. Slíkar ásakanir heyrast sjaldan og hafa aldrei átt við rök að styðjast.

Þetta tel ég að sé reynslan af Ríkisútvarpinu í meira en fimmtíu ár. Við getum því með góðri samvisku stutt óbreytta stefnu að því leyti til að Ríkisútvarpið verði áfram þungamiðja útvarpsrekstrar í landinu um langa framtíð.

Ég vona að Alþingi beri gæfu til að halda því striki, þótt tímabært kunni að þykja að slaka eitthvað á einkarétti þess þegar um staðbundnar smástöðvar er að ræða. Reyndar er ekkert sem mælir gegn því að Ríkisútvarpið sjálft efli staðbundna starfsemi, þ. e. úti um landsbyggðina, þ. e. dreifi dagskrárgerð á fleiri hendur en finna má í Reykjavík.

Þegar ég var menntmrh. beitti ég mér fyrir því að Ríkisútvarpið efldi dagskrárgerð utan Reykjavíkur með því að komið var upp sérstakri dagskrárskrifstofu Ríkisútvarpsins á Akureyri. Hefur sú ákvörðun mælst vel fyrir og heppnast ágætlega. Það er vel hugsanlegt að Ríkisútvarpið tengist landsbyggðinni og almenningi í landinu enn nánari böndum með því að koma upp dagskrárskrifstofum víðar en á Akureyri.

Þá vil ég geta þess að Ríkisútvarpið hefur á síðustu árum reynt að auka fjölbreytni dagskrár. Síðasta tilraun í þá átt og sú veigamesta er vafalaust útsending á „Rás 2“, sem svo er kölluð, sem hafist var handa um að undirbúa 1981, eða frá því að fjárhagur Ríkisútvarpsins tók að batna eftir mjög erfiðan rekstur tveggja ára þar á undan, áranna 1979 og 1980, og eftir að fullur kraftur var settur á byggingu útvarpshússins við Háaleitisbraut um áramótin 1980—1981. Þá tók ný byggingarnefnd til starfa og gerð var markviss byggingaráætlun sem segja má að hafi staðist furðanlega, enda er nú búið að taka hluta útvarpshússins í notkun og eftir 2—3 ár ætti öll byggingin að verða komin í gagnið ef vel er á haldið.

Ég vona að sú gróska sem verið hefur hjá Ríkisútvarpinu undanfarin þrjú ár koðni ekki niður, enda þarf þjóðin á því að halda að hafa slíka menningarstofnun, sem hefur að markmiði að sameina þjóðina, þ. e. að þjóna þjóðinni sem einni heild. Það hefur alltaf verið stefna Ríkisútvarpsins að vera landsútvarp, að vera eins konar þjóðarútvarp og þeirri stefnu verður að halda. Því vil ég leggja á það megináherslu í sambandi við það frv. sem hér er til umr. að hvað sem því líður að slaka á strangasta einkarétti Ríkisútvarpsins verði þess gætt að Ríkisútvarpið haldi stöðu sinni sem sameinandi menningarstofnun íslensku þjóðarinnar og opinn umræðuvettvangur fyrir almenn málefni eins og verið hefur. Þannig held ég að Íslendingar tryggi ýmsa lýðræðislega hagsmuni sína, nauðsynlegt frjálslyndi í fjölmiðlarekstri og menningarlegt dagskrárefni. Ríkisútvarpið á að vera sameinandi afl í þjóðlífinu, ná til allra landsmanna, vera sannkallað þjóðar- eða landsútvarp.

Ég tel að frv. þetta, eins og það er úr garði gert, tryggi þessa stefnu, virði þetta meginsjónarmið, sem ég ber fyrir brjósti, og af þeim sökum styð ég frv. í öllum meginatriðum. Ég legg á það áherslu, að hvað sem öðru líður, er þetta frv. góður grundvöllur undir umr. um útvarpsmál á hv. Alþingi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þréttán ár voru liðin í síðasta mánuði frá því að útvarpslög voru síðast endurskoðuð og margt hefur breyst síðan, ekki síst á sviði fjölmiðlunar. Því var fyllilega tímabært að taka lög þessi til endurskoðunar, eins og ákveðið var í tíð síðustu ríkisstj. með skipun sérstakrar nefndar til að undirbúa tillögur um lagabreytingar. Það er afrakstur af því starfi sem hér liggur fyrir til umr. í því frv. sem hæstv. menntmrh. hefur mælt hér fyrir.

Undirbúningur þessa máls er hins vegar með nokkuð sérstæðum hætti af hálfu hæstv. núv. ríkisstj. Fyrir liggur að milli ríkisstjórnarflokkanna er verulegur ágreiningur um þetta mál varðandi veigamikil atriði. Af blaðaummælum má ráða að þingflokkur eða þm. Sjálfstfl. séu í mörgum atriðum ósammála tillögum útvarpslaganefndar, eins og þær birtast í fyrirliggjandi frv., sem menntmrh. Sjálfstfl. hefur þó lagt fram sem stjfrv., og eins kann því að vera varið með þinglið Framsfl. í heild eða að hluta til. Þá hafa komið hér fram nú þegar brtt. frá tveimur hv. þm. Sjálfstfl. Það er því ekki að undra þótt tekið sé fram í upphafi athugasemda með frv. að það kunni að taka breytingum í meðförum Alþingis.

Veruleg óvissa hlýtur að ríkja um niðurstöðu þessa máls þegar þannig er háttað um afstöðu þeirra er það bera fram. Alþb., sem er ósammála nokkrum mikilsverðum atriðum í þessu frv., þarf vissulega ekki að harma þessa stöðu málsins, þar eð von getur verið um að fá fram æskilegar breytingar á því í meðferð þingsins.

Áður en vikið er að einstökum þáttum þessa máls er ástæða til að minnast á nokkur grundvallaratriði.

Alþb., sem berst fyrir eflingu lýðræðis og opnu þjóðfélagi, þar sem mismunandi skoðanir fái óhindrað að njóta sín, tekur að sjálfsögðu undir kröfu um að þau viðhorf endurspeglist í fjölmiðlun í landinu. Við gagnrýnum þá þróun þar sem fjármagn verður drottnandi afl og ráðandi um útbreiðslu áróðurs og viðhorfa eins og gerist í vaxandi mæli í blaðaútgáfu. Alþb. er því fylgjandi að raddir sem flestra fái að heyrast, jafnt í rituðu og töluðu máli. óháð fjármunalegum og viðskiptalegum hagsmunum. Flokkurinn er jafnframt þeirrar skoðunar, að hlúa beri að frumkvæði smærri eininga og einstaklinga í sköpun og miðlun efnis, svo fremi slík miðlun verði ekki með beinum eða óbeinum hætti háð fjármagni og efnahagslegum hagsmunum fárra, m. a. í krafti auglýsinga.

Alþb. fagnar dreifðu frumkvæði almennings, hvort sem það birtist í staðbundinni útgáfu blaða og annars ritaðs máls eða í útvarpi, jafnt hljóðvarpi og sjónvarpi, sem telja má óháð í reynd og byggir ekki fjárhag sinn á viðskiptaauglýsingum né heldur á aðkeyptu efni að meiri hluta til.

Íslenska ríkisútvarpið hefur í mörgum efnum staðið vel í stykkinu, þrátt fyrir tiltölulega þröngan fjárhag lengst af og bágan aðbúnað. Það hefur verið sæmilega lýðræðislegt tæki í reynd, opið öllum landsmönnum og tekið tillit til ólíkra viðhorfa. Á þetta ekki síst við um hljóðvarpið. Nýmæli eins og svæðisstöðin á Akureyri sýna einnig ljóslega að margt má bæta að óbreyttum lögum á vettvangi Ríkisútvarpsins og raunar mikil þörf á því að haldið verði áfram með nýbreytni eins og hún birtist í svæðisútvarpi á Akureyri sem taka þarf til annarra landshluta með hliðstæðum hætti.

Krafan um að fleiri fái að spreyta sig í útvarpsrekstri er hins vegar eðlileg, m. a. í ljósi tækniþróunar og þó enn frekar vegna þess hve nærtækt er fyrir einstaklinga að eiga hlut að mótun og miðlun staðbundins útvarpsefnis. Um það vitnar leikni ungs fólks og tilraunir með eins konar staðbundið hljóðvarp á heimilum og í skólum. Svipuðu máli gegnir í vaxandi mæli með sjónvarpsefni á myndsnældum, kapalkerfum fjölbýlishúsa og í heilum sveitarfélögum.

Þessi þróun hefur leitt til skjótra viðhorfsbreytinga, sem valda því að æ fleiri efast um réttmæti þess að leyfa Ríkisútvarpinu einu, undir forræði fárra aðila, að standa að útvarpssendingum.

Af öðrum toga er áhugi og þrýstingur framleiðenda tækja og annars búnaðar á þessu sviði, iðnaðarsamsteypa og auðhringa á Vesturlöndum sem ráða miklu um markaðinn. Tengist því einnig samkeppni milli landa um framleiðslu og sköpun atvinnu í þessum vaxtargreinum iðnaðar. Um þann þátt, svo mikilvægur sem hann er, mun ég hins vegar ekki ræða frekar að þessu sinni, en víkja hér að einstökum liðum þessa máls sem tengjast fyrirliggjandi frv.

Meginbreytinguna frá gildandi útvarpslögum er að finna í I. kafla frv., um rétt til útvarps, þar sem gert er ráð fyrir heimild til að veita öðrum aðilum en Ríkisútvarpinu leyfi til útvarpsrekstrar, sbr. 2. gr., og með þeim takmörkunum sem er að finna í 3. gr. frv. Hér er grundvallaratriði á ferðinni sem skylt er að taka sem skýrasta afstöðu til.

Ég minni í þessu sambandi á að flokksráð Alþb. ályktaði um þessi efni í nóv. 1982 í sérstakri ályktun um fjölmiðla. Þar kemur fram að Alþb. telur tímabært að sett verði lög um tilraunir með svæðaútvarp, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Skilyrði fyrir stuðningi Alþb. við slíkar breytingar er hins vegar m. a. skv. þessari ályktun að „auglýsingar eða hvers konar önnur verslun með útsendingartíma verði óheimilar utan Ríkisútvarpsins". Þessi flokksráðsfundur Alþb. hvatti sérstaklega verkalýðshreyfinguna og aðrar lýðræðislegar fjöldahreyfingar að íhuga aðild að svæðaútvarpi.

Jafnframt því að minna á þessa samþykkt Alþb. frá í nóv. 1982 vísa ég til sérálits fulltrúa Alþb. í útvarpslaganefnd, Ólafs R. Einarssonar, við álit útvarpslaganefndar, sem prentað er í viðauka með frv. á þskj. 387, bls. 22. Þar tekur hann mið af ofangreindum viðhorfum og telur rétt að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins með ákveðnum skilyrðum, m. a. varðandi auglýsingar.

Ég vil hér leggja sérstaka áherslu á tvennt varðandi þetta atriði:

1. Að þau kerfi, sem upp verða sett til dreifingar á útvarpsefni, verði í opinberri eigu, þannig að allir sem uppfylla sett skilyrði til útvarpsrekstrar eigi kost á að hagnýta sér kerfin og þannig verði komið í veg fyrir einokun. Þessu atriði eru ekki gerð skil í áliti útvarpslaganefndar og í fyrirliggjandi frv., en hér er um slíkt grundvallaratriði að ræða að kveða verður skýrt á um það í lögum.

2. Að verslunar- og viðskiptaauglýsingar verði ekki heimilaðar öðrum en Ríkisútvarpinu, en hins vegar verði rúm fyrir tilkynningar er varða þjónustu, félagslíf og menningarstarfsemi. Er þetta mun meira takmarkandi en ákvæði frv. um auglýsingar skv. 4. gr.

Hér er um grundvallaratriði að ræða, sem ráða í reynd úrslitum um það hvort um frjálsa og óháða útvarpsstarfsemi verði að ræða, eða hvort slík starfsemi verður viðfangsefni fárra og fjársterkra aðila í krafti auglýsinga eða einokuð með einkaeign á dreifikerfum. Sú mótbára kann að heyrast varðandi hið síðarnefnda að nú þegar sé búið að leggja kapalkerfi til dreifingar á sjónvarpsefni. Þar er hins vegar að jafnaði um svo ófullkomnar rásir að ræða að til endurnýjunar kemur fyrr en varir og þá þarf að huga að lagningu fjölþráðakapla sem verði í opinberri eigu.

Þótt þetta sé hér fyrst talið og á það lögð sérstök áhersla eru mörg önnur atriði sem skýra þarf nánar eða breyta að mínu mati í þessu frv. Verða hin helstu hér rakin.

Í 2. lið 3. gr. er kveðið á um að skilyrði fyrir veitingu leyfis til útvarps skuli háð samþykki sveitarstjórna á viðkomandi svæði. Skv. 1. tölul. 5. gr. er kveðið á um að sveitarstjórn þurfi að heimila lagningu þráðar til útvarpssendinga um lönd sín. Er það eðlilegt ákvæði en að sama skapi óeðlilegt að sveitarstjórn geti haft neitunarvald um útvarp um slíkan þráð. Ætti því aðeins að áskilja umsögn sveitarstjórnar í því efni. Hins vegar er eðlilegt að setja það skilyrði að aðilar, sem búa utan þess svæðis sem leyfið skal taka til, megi ekki vera þátttakendur í félagi til útvarpsrekstrar.

Í 3. tölul. 3. gr. er kveðið á um að óheimilt sé að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar. Rétt verður að telja að sams konar ákvæði gildi um aðild að útvarpsrekstri og komi þá sem viðbót við sama lið.

Í 8. tölul. 3. gr. er ákvæði um að óheimilt sé að aðrir en útvarpsrekstrarfélag kosti almenna dagskrárgerð viðkomandi stöðvar, en þó gildi það bann ekki um einstaka dagskrárliði. Hér er afar varhugaverð undanþága á ferðinni sem í raun opnar fyrir utanaðkomandi aðila að hafa mikil áhrif á dagskrárgerð viðkomandi útvarps. Ég tel því rétt að orða þennan lið eitthvað á þessa leið: Óheimilt er að aðrir aðilar en félag það sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar kosti dagskrá viðkomandi útvarpsstöðvar. Þá er ekki óeðlilegt að inn verði sett ákvæði þess efnis að ekki minna en helmingur útsends efnis sé tekinn saman af starfsliði leyfishafa, þ. e. viðkomandi útvarpsfélagi.

Vert er að vekja athygli á að hvergi er að finna í frv. ákvæði er geri ráð fyrir að til samstarfs geti komið milli útvarpsstöðva. Þarf í því sambandi að gera ráð fyrir hugsanlegri myndun bandalaga eða „networks", eins og það er kallað á ensku máli, slíkra stöðva sem víða eru fyrirferðarmikil í útvarpsrekstri erlendis.

Hins vegar ætti að athuga um stuðning opinberra aðila eins og Ríkisútvarpsins, t. d. í tengslum við upptökuver eða upptökuaðstöðu, og greiða þannig fyrir gerð innlends efnis.

Varðandi 4. gr. hef ég þegar gert athugasemdir um heimild til auglýsinga. Við það vil ég bæta ábendingum um að alvarlega verði athugað að fella með öllu niður auglýsingar í sjónvarpi Ríkisútvarpsins. Í athugasemdum með frv. kemur fram að auglýsingatekjur sjónvarpsins eru innan við fjórðungur heildartekna og er þá um bráttótekjur að ræða. Vitað er að til frádráttar má reikna allverulegan kostnað sjónvarpsins af vinnu við skeytingu auglýsinga en slíkt mundi sparast væru auglýsingar aflagðar. Einnig er vert að nefna þann mikla aðstöðumun sem innlendir framleiðendur, sem auglýsa vörur sínar í sjónvarpi, búa við í samkeppni við erlenda aðila varðandi tilkostnað af gerð auglýsingaefnis. Væri af þeim sökum einum eðlilegt að fella sjónvarpsauglýsingar niður. Þá má og benda á að auglýsingar í sjónvarpi hér eru viss þrándur í götu væntanlegs alþjóðlegs samstarfs um sjónvarpssendingar, t. d. skv. NORDSAT-áætluninni. Af öðrum Norðurlöndum eru það aðeins Finnar sem heimila auglýsingar í sjónvarpi það best ég veit.

Varðandi 5. gr., sem snertir útvarp um þráð, mætti ýmislegt vera skýrara og gefur ástæðu til nánari athugunar í nefnd. Ég nefni sem dæmi ákvæði 4. töluliðar um undanþágu frá ýmsum takmarkandi ákvæðum 3. gr., sé móttaka bundin við 36 íbúðir. Hvers vegna hér er miðað við 36 íbúðir en ekki einhverja aðra skilgreiningu er harla óljóst og svo er einnig um efni í 2. og 3. tölulið um fjármál o. fl.

Kemur þá að kaflanum um Ríkisútvarpið. Hann hefur ekki að geyma nýmæli eða jafnmörg álitamál og I. kafli frv., en þó þarf ekki síður til hans að vanda. Ríkisútvarpið verður eftir sem áður burðarás í útvarpsfjölmiðlun, væntanlega um langa framtíð, og að Ríkisútvarpinu þarf að búa sem best.

Fulltrúi Alþb. í útvarpslaganefnd gerði tillögu um það að lögleitt yrði ákvæði um starfsmannaráð við Ríkisútvarpið og undir það vil ég sérstaklega taka. Slík starfsmannaráð eiga að vera starfandi í hverri ríkisstofnun. Á það lagði Alþb. áherslu m. a. í tíð dr. Gunnars Thoroddsens og þá var gefin út reglugerð af Ragnari Arnalds sem fjmrh. um réttindi og skyldur slíkra starfsmannaráða.

Á sama hátt fellur það að stefnu Alþb. að forstjórar ríkisstofnana séu ráðnir tímabundið til fjögurra eða fimm ára í senn, en ekkert ákvæði er að finna um það varðandi útvarpsstjóra. Sama ætti raunar einnig að gilda um framkvæmdastjóra deilda Ríkisútvarpsins skv. 15. gr.

Í 18. gr. er kveðið á um innheimtu afnotagjalds af útvarpstækjum sem yrðu áfram ásamt auglýsingatekjum aðaltekjustofn Ríkisútvarpsins. Í því sambandi er vert að kannað verði sérstaklega að kvótaskipta afnotagjaldi þannig — svo notuð sé orðmynd sem oft ber á góma um sjávarútvegsmál um þessar mundir — að hluti af því rynni til svæðisútvarps eða í sérstakan sjóð til eflingar slíkri starfsemi, t. d. ¼ hluti gjaldsins. Gætu menn t. d. valið þá svæðisstöð sem þeir vildu styðja. Með þessu móti yrði innheimta einfaldari í sniðum og unnt að tryggja svæðisstöðvum lágmarkstekjur, er kæmi í stað þess sem gert er ráð fyrir skv. frv. að aflað yrði með viðskiptaauglýsingum. Upphæð heildarafnotagjalds yrði að sjálfsögðu að taka mið af slíkri skiptingu, þannig að Ríkisútvarpið bæri ekki skarðan hlut frá borði.

Herra forseti. Ég hef hér stiklað á ýmsu því sem ég tel vanta í þetta frv. til útvarpslaga og jafnframt greint frá meginviðhorfum þingflokks Alþb. til málsins.

Ýmis álitamál og spurningar vakna við lestur þessa frv., umfram það sem ég hef hér gert að umtalsefni, bæði tæknilegs eðlis og varðandi menningarstefnu og fræðslu tengda útvarpsrekstri. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær mál þetta væntanlega til meðferðar. Ég mun þar leita svara við ýmsum áleitnum spurningum og fylgja eftir þeim sjónarmiðum og hugmyndum um breytingar á frv. sem ég hef hér gert að umtalsefni eða með brtt. áður en frv. fer til n. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að athuga þessi mál ásamt mínum þingflokki í samvinnu við aðra sem standa vildu að breytingum sem samstaða gæti orðið um.

Um leið og ég ítreka fylgi Alþb. við tímabundnar tilraunir með svæðaútvarp minni ég á eftirfarandi úr ályktun flokksráðsfundar Alþb. frá því í nóv. 1982. Þar segir:

„Flokksráðsfundurinn leggur ríka áherslu á ómetanlegt hlutverk Ríkisútvarpsins til að viðhalda og efla íslenska menningu. Ríkisútvarpið er og verður áfram sameiningarafl í þjóðfélaginu, frjáls fjölmiðill, opinn öllum landsmönnum. Ekkert má gera sem teflir þessu hlutverki Ríkisútvarpsins í hættu."

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tel rétt að undirstrika það sem kom fram í framsöguræðu hæstv. menntmrh. að þó að hér sé um stjfrv. að ræða þá áskildu ýmsir stjórnarþm. sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. sem fram kynnu að koma. Og að sjálfsögðu erum við tilbúnir að standa að skynsamlegum breytingum á þessu frv.

Það er hollt að hafa það í huga að ríkisfjölmiðlarnir eru snar þáttur í daglegu lífi okkar Íslendinga. Ég vil fullyrða það að útvarp og sjónvarp eru mikilsverðir, góðir og vandaðir fjölmiðlar, a. m. k. ef miðað er við

fólksfjölda þjóðarinnar, og má segja að okkur hafi tekist býsna vel að gera þá þannig úr garði að okkur sé að þeim menningarauki og sómi. Um ýmislegt má deila í því sambandi og sitthvað skolast nú með, sem er kannske ekki alveg upp á það besta, en í heildina held ég að við verðum að telja að mjög vel hafi til tekist hjá Ríkisútvarpinu, bæði hljóðvarpi og sjónvarpi. Ég vil ekki standa að neinni þeirri lagasetningu eða neinni þeirri aðgerð sem veikir stöðu þessara ríkisfjölmiðla. Hins vegar tel ég eðlilegt að skapað sé svigrúm fyrir aukna fjölbreytni og menn fái tækifæri til að setja á stofn útvarpsstöðvar eða sjónvarpsstöðvar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, enda sé frá því gengið að þær verði ekki til þess að veikja stöðu þeirra ríkisfjölmiðla sem fyrir eru. Það finnst mér vera algjörlega númer eitt.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd sé kosin. Færi hún með veitingu leyfa skv. 3.—6. gr. laganna og fylgdist með að reglum þeirra væri fylgt. Ég tel því allt eins heppilegt að útvarpsráð, sem jafnframt er þingkjörið, eins og þessi hugsaða útvarpsréttarnefnd, gegndi þessu starfi. Ég sé enga ástæðu til þess að vera að flytja þetta verkefni til útvarpsréttarnefndar.

Það er rétt að geta um það að á síðustu árum hefur aukist fjölbreytni Ríkisútvarpsins bæði með útvarpi frá Akureyri og eins með Rás 2. Ég held að við þurfum að halda áfram á þeirri braut.

Ég vona að menntmrn. takist að gera breytingar á þessu frv. svo að staða ríkisfjölmiðlanna verði betur tryggð en mér sýnist vera.

Að lokum langar mig, herra forseti, til að lesa hér úr athugasemdum með frv. á bls. 20 sérálit tveggja manna í útvarpslaganefndinni, þeirra Andrésar Björnssonar útvarpsstjóra og Vilhjálms Hjálmarssonar fyrrv. formanns útvarpsráðs, svo að það komi einnig fram við þessa umr.:

„Við undirritaðir, Andrés Björnsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, teljum að mjög orki tvímælis hversu langt skuli ganga að rýmka rétt manna til útvarpsreksturs hér á landi. Við höfum þó tekið þátt í gerð þessa frv. og skoðum það sem viðleitni að beina þróun á þessu sviði inn á heppilegri brautir en verða mundi án nýrrar löggjafar.

Varðandi veitingu réttar til útvarps og eftirlits með útvarpsrekstri setjum við fram þessar hugmyndir:

1. Menntmrh. veiti leyfin íslenskum lögaðilum, sveitarfélögum og skráðum hlutafélögum eða samvinnufélögum, sem stofnuð yrðu til þess að reka útvarpsstöðvar, að fengnum rökstuddum umsóknum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Hann geti á sama hátt afturkallað leyfi ef ekki er fullnægt lögmætum skilyrðum.

2. Eftirlit með framkvæmd dagskrár hjá öllum útvarpsstöðvum verði á einni hendi, þ. e. hjá þingkjörnu útvarpsráði.

Við teljum miklu varða að réttur félaga til útvarpsreksturs sé í fyrstu veittur til skamms tíma í tilraunaskyni og að slík leyfi verði ætíð tímabundin. Þá virðist okkur eðlilegt að veiting leyfa sé í höndum æðsta yfirmanns menntamála. Um tilhögun verði sett nánari ákvæði í reglugerð.

Skv. ákvæðum frv. yrðu skyldur allra útvarpsstöðva varðandi dagskrárgerð þær sömu að vissu marki. Því virðist eðlilegt að sama úrskurðarvald fjalli um mál þeirra allra að þessu leyti.

Af sjálfu leiðir, ef þessi háttur yrði á hafður, að breyta þyrfti nokkrum ákvæðum í frv. til samræmis við það. Að okkar dómi þyrfti einnig að skoða nokkru nánar fleiri þætti þessara viðkvæmu og vandasömu mála, m. a. með landshlutaútvarp á vegum Ríkisútvarpsins og fjármögnun nýrra útvarpsstöðva."

Undir þessar skoðanir þeirra Vilhjálms Hjálmarssonar og Andrésar Björnssonar get ég sjálfur persónulega tekið.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Við það frv. til laga sem hér er til umr. er ærið margt að athuga og þá fyrst og fremst það, að með því er nánast verið að kippa stoðunum undan rekstri Ríkisútvarpsins um leið og það situr uppi með allar kvaðirnar og skyldurnar. Eins og nú er búið að Ríkisútvarpinu er það ákaflega illa í stakk búið til að mæta samkeppni við fjársterka aðila og það er í raun og veru ástæða til að óttast atgervisflótta frá stofnuninni ef ekki er sett undir þann leka á einhvern hátt.

Ég tel það allt of mikla bjartsýni að halda að Ríkisútvarpið geti keppt við fjársterka aðila um mannafla og enn þá síður um efni. Við megum ekki gleyma því að meira en 60% alls sjónvarpsefnis er erlent efni. Starfsmenn Ríkisútvarpsins yrðu að fá rýmri fjárráð og frjálsari hendur til þess að samkeppnisaðilarnir keyptu ekki alltaf besta efnið beint fyrir framan nefið á þeim.

Það er fullkomlega ljóst að Ríkisútvarpið tapar umtalsverðum tekjum af auglýsingum með tilkomu frjálsra útvarpsstöðva. Auglýsingatekjur vega jafnþungt og afnotagjöld hjá hljóðvarpi, en talsvert minna hjá sjónvarpinu, þótt þar sé einnig um mikilvægan tekjustofn að ræða. Það er ólíklegt að Ríkisútvarpið haldi stórum hluta auglýsinga sinna af þeirri ástæðu einni að það verði eina útvarpsstöðin sem nær til allrar þjóðarinnar, eins og vikið er að í grg. Við megum ekki gleyma því hve stór hluti þjóðarinnar býr á suðvesturhorni landsins, þar sem ætla má að frjálsu stöðvarnar verði flestar, jafnvel svo til eingöngu og takist þeim sjónvarpsstöðvum sem settar verða á laggirnar að kaupa allt besta eða öllu heldur vinsælasta efnið fyrir framan nefið á starfsfólki Ríkisútvarpsins er augljóst að þangað fara auglýsingarnar líka. Það er einnig staðreynd að auglýsingar miðast að miklu leyti við þann hluta þjóðarinnar sem býr á þessu svæði. Í grg. með frv. segir að útvarpslaganefnd líti svo á að Ríkisútvarpið hljóti að mega hækka útvarpsgjald sitt sem nemur tapi auglýsingatekna. En ætli það gengi nú til lengdar, ef dagskráin verður svo óspennandi að enginn vill sjá eða heyra?

Ef við lítum svo nánar á einstakar greinar frv. er fyrst til að taka að í 2. gr. er fjallað um skipan útvarpsréttarnefndar sem veitir leyfi til útvarps. Ætti skv. þessum till. að kjósa sjö menn í þá nefnd hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Að dómi Kvennalistans væri það afleitt fyrirkomulag, rétt eins og það er almennt afleitt að hafa flokkspólitísk ráð og stjórnir á sviðum menningar og lista. Það er álit Kvennalistans að menntmrh. eigi að skipa þá nefnd skv. tilnefningu ýmissa aðila, svo sem Sambands ísl. sveitarfélaga, Ríkisútvarpsins og samtaka útvarpsstöðva, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson og Guðmundur H. Garðarsson leggja til á þskj. 493. En ég er ekki eins viss um að Póst- og símamálastofnunin eigi að hafa þar

fulltrúa. Sú stofnun yrði hins vegar að sjálfsögðu alltaf ráðgefandi aðili.

Annað í brtt. þeirra félaga virðist ekki horfa til bóta. Með þeim eru þeir í raun að færa alla möguleikana enn frekar yfir á nýju stöðvarnar en eftirláta Ríkisútvarpinu allar skyldurnar og kvaðirnar.

En um hlutverk útvarpsréttarnefndar er það að segja að henni er ekki aðeins ætlað að veita leyfi til útvarps. Í 4. tölul. 3. gr. segir svo með leyfi forseta: „Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og synjar þeim um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá eins fljótt og við verður komið fella úrskurð um kæruefnið og er sá úrskurður bindandi fyrir málsaðila.“

Er þetta eðlileg skipan mála? Hér er útvarpsréttarnefnd hreinlega orðin að dómstóli með endanlegt úrskurðarvald.

Svo sem fram kemur í 4. tölul. 5. gr. er útvarp um þráð ekki háð skilyrðum í 2., 4., 7., 8. og 9. tölul. 3. gr., sé móttaka bundin við 36 íbúðir eða færri. Nú vitum við að allmikið er um slík kerfi og er mörgum áhyggjuefni að höfundaréttarlög séu fótum troðin í mörgum slíkum kerfum. Er ekki hægt á einhvern hátt að setja undir þann leka t. d. með því að skylda slíkar stöðvar til að greiða fast gjald í höfundaréttarsjóð? Ég varpa þessu nú *svona fram til umhugsunar*.

Þá vildi ég benda á 2. málsgr. 6. gr., þar sem segir að heimil sé móttaka dagskrár sem send er um gervihnött gagngert til dreifingar til almennings. Ekkert hef ég nú við það að athuga, en spurningin er hvort þetta stangist e. t. v. á við 3. tölul. 3. gr., þar sem segir að óheimilt sé að veita erlendum aðilum leyfi til útvarpsreksturs.

Þá vildi ég fjalla hér um 13. gr. frv., þar sem kveðið er á um skipan útvarpsráðs. Þeirri skipan er Kvennalistinn algjörlega mótfallinn. Við leggjum til að útvarpsráð verði skipað af menntmrh. eftir tilnefningu. Rétt til tilnefningar í útvarpsráð hefðu t. d. eftirtaldir aðilar: Samband ísl. sveitarfélaga, Bandalag ísl. listamanna, Háskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Þjóðkirkjan og Neytendasamtökin. Auk þessara sex ættu sæti í útvarpsráði fimm starfsmenn Ríkisútvarpsins, eða samtals 11 manns. Við höfum ekki endanlega mótað þessa till., en munum væntanlega flytja hana sem brtt. við þetta frv. síðar.

Sú hugmynd hefur einnig verið rædd að hlutverk útvarpsréttarnefndar væri falið útvarpsráði.

Mikilvægt er að skilgreina hlutverk útvarpsráðs á annan hátt en gert er í 14. gr. Að okkar mati á útvarpsráð að leggja línu í dagskrárgerð og gagnrýna og fjalla um allt efnið eftir á. En það er afar mikilvægt að hendur starfsmanna séu ekki bundnar um of og ég tel að setning eins og þessi, að ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni séu endanlegar, eigi að fara út.

Við 15. gr. teldi ég einnig rétt að fella út setninguna: „Þó að fengnum tillögum útvarpsráðs“, sem er þarna í síðustu málsgr.

Hvað viðkemur III. kaflanum, það er kaflanum um fjármál Ríkisútvarpsins, vil ég fyrst nefna að í 16. gr. er kveðið á um að útvarpsstjóri ákveði útvarpsgjald að höfðu samráði við menntmrn. og er það vissulega til bóta. Hins vegar virðist mér í 17. gr. ekki tekin fullkomlega rétt stefna. Þar segir með leyfi forseta:

„Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni óskipt í sjóðinn.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.“

Er hér ekki of mikið hugsað um byggingar og tækni? Auðvitað eru það nauðsynlegir þættir í rekstri stofnunarinnar, en aðalhlutverk hennar hlýtur að vera dagskrárgerð. Það er að mínu mati atriði nr. 1, 2 og 3 eða að minnsta kosti nr. 1 og ég hefði talið að 5% af brúttótekjum væri nær lagi en 10%. Auk þess er ekki ljóst hér hvort aðflutningsgjöldin eru hugsuð sem hluti af 10% brúttótekna, sem nefnd eru í 1. málsgr., eða er ætlunin að aðflutningsgjöldin komi til viðbótar 10%? Ég beini þeirri spurningu til réttra aðila.

Áður en skilist er við fjármálin vildi ég varpa fram þeirri hugmynd að það fé sem Ríkisútvarpinu ber að greiða í söluskatt verði látið renna til dagskrárgerðar. Með einhverjum hætti verður að tryggja þessari menningarstofnun okkar fjárhagslegan grundvöll, tryggja að hún geti gegnt skyldum sínum sómasamlega. Þetta gæti verið ein leiðin.

Þetta eru helstu atriðin sem ég vildi nefna á þessu stigi málsins, en vildi að lokum undirstrika að þetta er *stórmál sem hér er um að ræða*. Markaðurinn er lítill og sú hætta er vissulega fyrir hendi að stoðum verði kippt undan Ríkisútvarpinu. En ég veit að enginn vill stuðla að því. Kvennalistinn vill fyrst og fremst stuðla að aukinni fjölbreytni í starfsemi Ríkisútvarpsins, fjölgun landshlutastöðva og frjálsari aðgangi félagasamtaka, skóla og ýmissa hópa að Ríkisútvarpinu sjálfu.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig róttæk breyting í átt til þróunar útvarps þar sem gert er ráð fyrir þeim nýmælum að fleirum en ríkinu verði veittur réttur til útvarps að uppfylltum ákveðnum skilyrðum — ég endurtek — að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. En það er samt sem áður fáránlegt að við skulum yfirleitt vera hér að ræða um það hvort, hvernig og hvenær við ætlum að rýmka þessa einkaréttarlöggjöf á meðan löndin í kringum okkur eru sem óðast að undirbúa sig undir að taka sem best á móti þeirri tæknibyltingu sem tölvuvæðing almennt er. Þær þjóðir gera sér grein fyrir því hvað það er sem er framundan og vinna að því og skipuleggja sig í samræmi við það.

Samhliða því sem ég fjalla um frv. mun ég reifa brtt. þá sem fyrir liggur á þskj. 534 frá Kristínu S. Kvaran og Guðmundi Einarssyni. 1. kafli frv. fjallar ítarlega um það með hvaða skilyrðum leyfi verði veitt til stofnunar og reksturs útvarpsstöðvar. Til þess að kóróna verkið er nú lagt til að sjö menn, kjörnir af Alþingi, skipi útvarpsréttarnefnd. Það á að vera hlutverk þessara sjö manna að vega og meta hverjir skuli taldir hæfir til að stunda útvarpsrekstur og hverjir skuli útskúfaðir frá hnossinu. Um þetta atriði mun ég fjalla nánar síðar en tek nú til við að ræða einstakar greinar.

Við 1. gr. er að okkar mati ekkert sérstakt að athuga, enda er nauðsynlegt að hafa þar hugtakaskýringu á því hvað er átt við með útvarpi, sjónvarpi og hljóðvarpi. Öðru máli gegnir hins vegar þegar kemur að 2. gr., en í brtt. okkar er lagt til að greinin orðist svo, með leyfi

forseta:

„Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði 2. kafla laga þessara. Öðrum aðilum er heimilt að annast útvarp skv. skilyrðum 3.—6. gr. þessara laga.“

Svo mörg voru þau orð. Hér er lagt til að hægt sé að stofna útvarpsstöð alveg á sama hátt og sett eru á laggirnar dagblöð og án þess að þar þurfi að koma til kasta einhverrar nefndar sem veiti leyfi eða hafni leyfisbeiðni. Ég álít að með greininni, eins og hún stendur í frv., sé verið að ganga á rétt tjáningarfrelsis manna. Því til skýringar álít ég sambærilegt ef um væri að ræða einhverja nefnd er ákvæði hvort mönnum skuli heimilað að stofna dagblað. Það mundi hiklaust vera túlkað sem verið væri að ganga á rétt manna til ritfrelsis. Því er með brtt. lagt til að útvarpsréttarnefnd verði ekki með í þessu frv. Þetta getur verið svo sáraeinfalt að Póstur og sími úthluti viðkomandi bylgju til þess að senda út á. Það þarf enga útvarpsréttarnefnd til þess að vega það og meta.

Í brtt. er einnig lagt til að 1. mgr. 3. gr. falli niður, enda fjallar hún um það áframhaldandi hvernig útvarpsréttarnefndin eigi að hefta frelsi manna til útvarpsreksturs. Fyrsta liðnum leggjum við hins vegar til að verði haldið óbreyttum eins og hann er í frv.

Í samræmi við framangreint er 2. og 4. liður óþarfur þar sem fram og til baka er verið að reifa hvernig þrengja megi að leyfisveitingum, auk þess sem 4. liðurinn gerir það útilokað fyrir alla, nema ef vera skyldi mjög svo fjársterka aðila, að stofna og reka útvarp. Með þessu á ég við það ákvæði þar sem stendur orðrétt í frv., með leyfi forseta:

„Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.“

Það er vart annað hægt en að hlæja að þessu og þó er þetta um leið mjög svo háalvarlegt mál vegna þess að þetta takmarkar mjög svo getu manna til útvarpsreksturs. Vil ég þar bara taka sem dæmi stöðvar sem flytja vilja efni sem er trúarlegs eðlis. En skv. þessari mgr. í 3. gr. þyrftu þær alltaf að sjá til þess að allar skoðanir á trúmálum fengju komið fram.

Annar liður brtt. er því í samræmi við 3. lið frv. 3. liður brtt. er í samræmi við 5. lið frv. 4. liður brtt. er einnig í samræmi við 6. lið frv., við fellum þessa liði ekki út.

5. liður brtt. kveður svo á um að væntanlegar útvarpsstöðvar skuli kosta sína dagskrárgerð sjálfar að öllu leyti. 7., 8. og 9. lið 3. gr. leggjum við til að falli niður vegna þess að eina ferðina enn er verið að þrengja að frelsi manna og setja mönnum skorður, auk þess sem 9. liðurinn beinlínis stuðlar að því að verið sé að setja lög um það að nú eigi að fara að hnýsast ofan í fjárreiður manna sem hafa með útvarpsstöðvar að gera. Ef þörf krefur á slíku á það að vera hlutverk viðkomandi skattayfirvalda.

Svo sem segir í 7. lið 3. gr. frv. á að fara að ritskoða, þ. e. orðrétt, með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er.“

Gott og vel, svo kemur rúsínan:

„Ef óskað er skal einnig láta í té dagskrá af böndum.“

Hvað er þetta annað en hefting á tjáningarfrelsi manna? Ég spyr. Hitt er svo annað mál að ef eitthvað reynist hafa verið athugavert við dagskrár viðkomandi stöðva og þær hafi ekki haldið sig innan ramma laganna ætti ekkert að vera auðveldara en að sækja slík mál fyrir dómstólum. Því að við verðum auðvitað að hafa það hugfast, eins og segir einhvers staðar, að enginn er frjáls sem ekki er eigin herra. Hugtakið frelsi má aldrei nota sem yfirvarp fyrir kúgun eins og mér virðist einna helst vera stefnt að hér. En það er sem sagt hvert atriðið á fætur öðru í þessu frv. sem hindra á eðlilegan framgang fjölbreyttari útvarpsreksturs. Stöðvar þurfa að fá að starfa í friði fyrir afskiptum hins opinbera rétt eins og dagblöð.

Þá er komið að 4. gr. frv. Það er gefið leyfi til þess að útvarpsstöðvar megi afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum. En þar eins og alls staðar annars staðar fær útvarpsréttarnefnd að hafa puttana með í spilinu. Hún á skv. frv. að ákveða auglýsingataxta, m. a. með hliðsjón af gildandi töxtum Ríkisútvarpsins. Ég sé nú ekki betur en að þetta brjóti í bága við lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Í brtt. minni og Guðmundar Einarssonar hljóðar 4. gr. hins vegar svo með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvum er heimilt að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum.“

Það er álit okkar að eins og 4. gr. stendur í frv. stuðli hún að því að útvarpsréttarnefnd geti haldið uppi óeðlilegu verðlagi og verðþróun. Vitaskuld eiga stöðvarnar að ákveða verðlagningu auglýsinga sjálfar. Auglýsingataxtinn hlýtur að eiga að miðast við mat auglýsenda á gildi þess að auglýsa hjá viðkomandi stöð.

Í 5. gr. brtt. eru 3. og 4. tölul. felldir niður í samræmi við þær breytingar sem áður voru gerðar á 3. og 4. gr. frv. 6. gr. verður óbreytt að öðru leyti en því að síðasti málsliður 3. mgr. fellur brott, enda er það að okkar mati óraunhæft að setja slík ákvæði sem ómögulegt verður að fylgjast með og/eða framfylgja.

Að síðustu leggjum við til að 7. gr. frv. falli niður af ástæðum sem að framansögðu munu vera ljósar.

Hvað varðar seinni hluta frv. er auðvitað margt hægt að segja. En við munum að svo stöddu ekki gera brtt. við þá hluta.

Ég vil þá að síðustu geta um nauðsyn þá sem breyting á útvarpslögum felur í sér í þá átt að tryggja fjárhag Ríkisútvarpsins sjálfs alltaf sem best einmitt til þess að frjálsræðið geti orðið sem mest hjá öðrum stöðvum. Það þarf að tryggja fjárhaginn sem best þannig að það geti ætíð sinnt lagalegum skyldum sínum og að það geti aukið áfram við þá grósku og þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Að lokum vil ég aðeins minna á atriði sem fram komu í útvarpserindi Sigfúsar Björnssonar verkfræðings og kennara í tölvufræðum við Háskóla Íslands þann 25. þ. m. Þar bendir hann á að nýkomið stjfrv. um fjarskipti stangist á við útvarpslagafrv. hvað varðar rétt einstaklinga eða félaga til að starfrækja kapalkerfi og önnur fjarskipti. Útvarpslagafrv. gerir ráð fyrir afnámi einkaréttar ríkisins á þessu sviði á meðan frv. um fjarskipti gerir þennan einkarétt ríkisins ótvíræðari en nokkru sinni fyrr. Sigfús sagði að í frv. um fjarskipti væri felld niður heimild til ráðh. um að veita öðrum aðilum en ríkinu leyfi til reksturs minni háttar fjarskiptakerfa. Þar með yrði lokað þeirri smugu á ný að sjálfstæðir aðilar geti rekið gagnvirk kapalkerfi, smugu sem opnast verði útvarpslagafrv. samþykkt og hefði

ráðherraheimildinni í fjarskiptalagafrv. verið haldið óskertri.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þetta mál ber að Alþingi með dálítið óvenjulegum hætti. Hér er lagt fram stjfrv. samið af nefnd sem forveri hæstv. núv. menntmrh. skipaði í septembermánuði 1981 og skilaði síðan sínu áliti í okt. 1982. Samstaða var ekki innan fyrrv. ríkisstj. um að frv. yrði flutt og þrátt fyrir það að hér er frv. kallað stjfrv. er ljóst af þeim umr. sem fram hafa farið nú að um það er ekki samstaða milli stjórnarflokkanna.Það er jafnvel ekki um það eining milli þm. í flokki hæstv. menntmrh., sbr. það að einstakir þm. Sjálfstfl., þeir hv. þm. Friðrik Sophusson og Guðmundur H. Garðarsson, flytja brtt. í veigamiklum atriðum við það frv. sem lagt er fram af hæstv. menntmrh. og er óbreytt miðað við tillögur útvarpslaganefndar frá sinni tíð.

Jafnframt kemur það fram í máli bæði fyrrv. hæstv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar og í máli formanns þingflokks Framsfl. að þeir hafa veigamiklar athugasemdir við þetta frv. að gera. Enn fremur heyrist mér af málflutningi fulltrúa annarra flokka að samstaða um málið sé lítil.

Mér sýnist þess vegna augljóst mál að um þetta þýðingarmikla mál verði að fjalla mjög rækilega í þinginu og þá fyrst og fremst í þingnefndum. Ef stíga á þýðingarmikið skref í þeim efnum verði það ekki gert nema að vandlegri könnun lokinni í nefnd og tilraunum milli flokka til þess að ná samstöðu um grundvallaratriðin.

Nú verður því ekki neitað að það ástand sem hér hefur skapast í fjölmiðlunarmálum á undanförnum árum kallaði á frumkvæði stjórnvalda um setningu nýrrar löggjafar. Ég rifja upp að með skýrslu svokallaðrar myndbandanefndar, sem hæstv. fyrrv. menntmrh. setti á laggirnar, er það hafið yfir allan vafa að mjög margvísleg löggjöf er hér brotin í stórum stíl. Þannig er t. d. nefnt að um sé að ræða dreifingu efnis í stórum stíl af myndböndum um myndbandakerfi sem brýtur í bága við íslensk lög. Þessi starfsemi varðar við fjarskiptalög, hún varðar við gildandi lagaákvæði um einkarétt Ríkisútvarpsins. Talið er sannað að í henni felist stórfelld brot á höfundarétti, fjarskiptalögum, hegningarlögum, lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, jafnvel lögum um vernd barna og ungmenna og ákvæði laga um kvikmyndaeftirlit.

Þannig var augljóst mál að ekki var hægt að horfa upp á það ástand. Það verður annaðhvort að framfylgja gildandi lögum og stöðva þá þá starfsemi, sem felur í sér lagabrot í svo mörgum greinum, eða kanna það til þrautar hvort gildandi lög eru af ýmsum ástæðum úrelt og hvort þá beri að breyta þeim. Þess vegna hefði þetta frv. gjarnan mátt koma fram fyrr. En ég geri ráð fyrir því að þetta frv. þurfi að vera lengi í umfjöllun þingsins og fá þar mjög rækilega umfjöllun áður en við getum gert ráð fyrir að samstaða takist um meginatriði.

Það er alveg ljóst í hverju tilll. útvarpslaganefndar, sem hér eru lagðar fram í frumvarpsformi, eru fólgnar. Meginatriðið er eitt, það er tilraun sem lögin heimila að gerð verði. Hún felur í sér afnám á einkarétt Ríkisútvarpsins. Engu að síður er þetta gert í tilraunaskyni. Og hér fylgir ákvæði til bráðabirgða um það, að leyfi skv. þeim skilyrðum sem þarna eru sett, verði veitt ekki til lengri tíma en þriggja ára og að lög þessi skuli endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra. Þetta út af fyrir sig er jákvætt. Þar með kemur greinilega fram að höfundar frv. viðurkenna að þeir renna að nokkru leyti blint í sjóinn með það hvernig til tekst. Þetta er tilraun. En spurningin er sú: Er þannig um hnútana búið að rétt sé að gera þessa tilraun nú? Þar eru uppi mörg álitamál.

Ég var á sínum tíma hlynntur þeirri meginstefnu útvarpslaganefndarinnar að gera þessa tilraun. En efasemdir mínar í því efni hafa vaxið aðallega af tveimur ástæðum. Sú fyrri lýtur að tæknilegum atriðum. Ég held að þróunin í þessum málum sé jafnvel hraðari en menn gerðu ráð fyrir og við séum um of að miða hér við tilraunastarfsemi sem átt hefur sér stað erlendis á undanförnum árum og við getum nú lagt raunsætt mat á. Það varðar einkum tilraunastarfsemi með mikinn fjölda dreifðra og lítilla útvarpsstöðva. Í annan stað *fleygir mjög fram nýrri tækni, bæði að því er varðar* lokuð kapalkerfi og möguleika á móttöku gervihnattasjónvarps. Bæði þessi atriði valda því að ég held að margt í tillögum útvarpslaganefndar þarfnist endurskoðunar.

Í öðru lagi má nefna það að þegar litið er á fjölmiðlaheiminn íslenska hafa áhyggjur mínar af uppvakningu nýrra einokunarsinnaðra fjölmiðlarisa á hægri væng íslenskra stjórnmála aukist fremur en hitt. Nægir þar að nefna tilkomu fyrirtækja með þátttöku fjölmiðlarisa eins og Dagblaðs, Morgunblaðs, atfylgi stærsta auðhrings þjóðarinnar eins og Sambands ísl. samvinnufélaga og misnotkun meiri hluta þeirra sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur á meirihlutavaldi sínu þar til þátttöku í fyrirtæki þar sem greinilega er að því stefnt að tryggja þessum fjölmiðlarisa gífurlega sterka stöðu á þessum nýja markaði umfram þau tök sem Dagblaðið/Vísir og Morgunblaðið þegar hafa á dagblaðamarkaðnum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, herra forseti. Ég held að það þjóni engum tilgangi á þessu stigi málsins að setja á langa ræðu um þessi álitamál. Nægir að segja að ég hef frá upphafi verið þeirrar skoðunar að mjög varlega ætti að fara í þá átt að opna allar gáttir fyrir tekjuöflun sjálfstæðra útvarpsstöðva að því er varðar auglýsingar. Þar eru að vísu settar nokkrar skorður í tillögum útvarpslaganefndar eins og þær liggja fyrir í frv., þar sem segir að sé þráðlausum útsendingum *svo háttað að einungis áskrifendur með sérstakan* útbúnað nái þeim, þá sé slíkum útvarpsstöðvum óheimilt að birta auglýsingar í dagskrá. Hins vegar er það heimilað skv. 1. mgr. ef um er að ræða þráðlausar útsendingar.

Að því er varðar kapalkerfi til sjónvarps er gert ráð fyrir því að ef engir örðugleikar eru á innheimtu afnotagjalda milliliðalaust hjá viðskiptavinum verði það fjármagnað með slíkum gjöldum fremur en með auglýsingum.

Ástæða er til þess að minna á reynsluna af auglýsingaútvarpi og auglýsingasjónvarpi. Nægir í því efni að minna hv. alþm. á mjög athyglisvert erindi sem Helgi Pétursson fréttamaður flutti í Ríkisútvarpið og birt var í Þjóðviljanum 9. okt. 1982. Þar dró hann saman niðurstöður af reynslu sinni, hafandi verið við nám í fjölmiðlafræðum og fréttaritari Ríkisútvarpsins í Bandaríkjunum, af þeirri fjölmiðlabyltingu sem þar fer hamförum.

Varaði hann sérstaklega við reynslunni af útvarpsstöðvum sem reknar voru með þessum hætti, eftir að öll ákvæði laga um skyldur þeirra um flutning á efni sem hefði eitthvert menningarinnihald eða fræðslugildi voru afnumin.

Ég minni líka á fróðlegt erindi byggt á svipaðri reynslu eftir dr. Björn Matthíasson hagfræðing hjá Seðlabanka og reyndar ýmislegt af því efni sem fram kom í grg. útvarpslaganefndar. Þannig er ég í þessu efni algjörlega andvígur þeim brtt. sem einstakir þm. Sjálfstfl. hafa lagt fram og reyndar einnig þeim till. sem fram hafa komið frá þm. BJ.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég segi að efasemdir mínar um ýmis atriði í þessu frv. hafa vaxið fremur en hitt. Það er af tvennum ástæðum: Vegna tæknilegra breytinga eða þróunar í tæknilegum efnum, sem hefur verið örari en áður, og hins, að kanna ber mjög rækilega hvað við eigum að gera til að tryggja lýðræðislegt hlutverk boðmiðlunar í þjóðfélaginu. Og hvort sú hætta geti raunverulega verið fyrir hendi að ákvæði þessa frv. nægi til þess að hér rísi upp risavaxnir auðhringir á sviði fjölmiðlunar sem renni frekari stoðum undir einokunarveldi hægri aflanna í þjóðfélaginu. — [Fundarhlé.]

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til útvarpslaga og sú fyrsta spurning sem hlýtur að sækja á hugann er þessi: Hvernig fjölmiðlun viljum við hafa? Hvernig útvarp viljum við að sé starfrækt í landinu? Hvernig sjónvarp viljum við að sé starfrækt í landinu? Við eigum kost á því að fá sjónvarp þar sem dagskráin er rofin með stuttu millibili af auglýsingum, kannske á 10 mínútna fresti, og auglýsingarnar greiða kostnað við sjónvarpið að fullu. Við eigum einnig kost á því að fá útvarp með svipuðu fyrirkomulagi. Viljum við fá þannig sjónvarp? Viljum við fá þannig útvarp?

Ég held að í þessari umr. hljótum við fyrst að gera það upp við okkur hvernig við viljum að starfræksla þessara fjölmiðla sé. Ég vil í þessu sambandi byrja á því að leggja höfuðáherslu á menningarhlutverk útvarps og sjónvarps, og þar innan veggja að sjálfsögðu fræðsluskyldu þessara fjölmiðla. Ég er ekki í neinum vafa um það að íslenska útvarpið hefur sinnt þessum þætti mjög vel í gegnum tíðina og ég hygg að það sé nokkuð óumdeilt meðal íslenskrar þjóðar að svo er. Sjónvarpið hefur ávallt verið umdeildara varðandi menningarhlutverkið, hversu það hefur rækt þann þátt.

Annað atriði sem ég vil setja í öndvegi þegar við ræðum fjölmiðlun eru tjáningarmöguleikar fjöldans í gegnum þessa fjölmiðla. Við viljum vissulega að Íslendingar eigi sem flestir kost á því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Ég vil einnig undirstrika að ég tel að að mörgu leyti hafi Ríkisútvarpið sinnt því hlutverki nokkuð vel. Sjónvarpið hefur haft takmarkaðri möguleika og heldur ekki gefið jafnmörgum kost á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Í þriðja lagi vil ég setja fram kröfuna um heiðarlegan fréttaflutning, heiðarlega umfjöllun um málefni innanlands og erlendis. Ég vil geta þess í þessu sambandi að ég hygg líka að almenningur í þessu landi sé þeirrar skoðunar að útvarp og sjónvarp hafi verið nær því að fjalla á hlutlausan og heiðarlegan hátt um innlend og erlend málefni heldur en þau blöð sem gefin eru út í landinu. E. t. v. finnst mönnum þetta nokkuð þungur dómur, en hluti af þessu er að sjálfsögðu það, að útvarp og sjónvarp hafa verið það sterkir fjölmiðlar að þau hafa haft aðstöðu til að leggja meira fjármagn í gagnasöfnun en sennilega flestir aðrir fjölmiðlar hér á landi.

Í fjórða lagi tel ég að það sé algert grundvallaratriði að öllum almenningi þessa lands séu tryggð afnot af þessum fjölmiðli á eðlilegu verði, á lágu verði. Þetta finnst kannske einhverjum að stingi í stúf við hitt, sem ég hef hér sagt, en ég sé lítinn tilgang í því að vera með góða fjölmiðla ef við höfum gjöldin svo há að almenningur, fátækasti hluti þjóðarinnar, treystir sér ekki til að njóta þeirra. Þá værum við vissulega komin á villigötur.

Eitt af því sem þeir sem sömdu þetta frv. virðast ekki hafa hugsað mikið út í er einmitt gjaldþol almennings í landinu. Fólkið hefur ekki ótakmarkaða fjármuni til að greiða fyrir þessa þjónustu. Það verða menn að taka með í reikninginn. Það kom fram hér í umr. atriði sem ég vil sérstaklega undirstrika að ég tel að sé grundvallaratriði sem þurfi að gera sér grein fyrir einnig. Það kom fram hjá hv. 7. landsk. þm. að markaðurinn er lítill. Við erum fámenn þjóð. Er rekstrargrundvöllur fyrir eitt sjónvarp, tvö, þrjú, fjögur, fimm, sex, sjö, átta, níu eða tíu í þessu landi og þá hvernig? Sjónvörp, sem mundu þá ná til Reykjavíkursvæðisins eins eða alls landsins, byggð upp á auglýsingum, byggð upp á afnotagjöldum algerlega? Hver er hugsunin á bak við það? Eða vilja menn ekki ræða rekstrargrundvöll í þessu sambandi?

Í öðru lagi er það samkeppnin. Hvert stefnir tækniþróunin á þessu sviði? Hún stefnir mjög ört í það að við hér uppi á Íslandi getum tekið á móti dagskrám frá öðrum sjónvörpum utan úr heimi einfaldlega beint á tækið í stofunni hjá okkur. Það er örstutt í það. Ég hefði talið að það væru ekki nema örfá ár þangað til við eigum slíkt val. Þá vaknar sú spurning: Viljum við reka marga fjölmiðla sem keppa við slíkan fjölmiðil? Höfum við styrkleika til þess eða erum við vegna fámennis okkar nauðbeygð, ef við ætlum að hafa okkar fjölmiðil samkeppnisfæran, að hafa bara einn í slíkri samkeppni? Við höfum þegar samkeppni við hljóðvarp frá öðrum löndum og menntun þjóðarinnar hefur þróast mjög ört á þann veg að fleiri og fleiri hafa tileinkað sér erlend tungumál og geta notið slíkrar dagskrár. Allt ber þetta að sama brunni varðandi það atriði að samkeppnin utan úr heimi á eftir að fara hraðvaxandi á næstu árum.

Þá komum við að því sem mest er haft hér á oddi, að við viljum tjáningarfrelsi. Spurningin er aðeins: Þurfum við að stofna ný útsendingarfyrirtæki til þess að koma tjáningarfrelsinu á í ríkara mæli en það er í dag eða er hægt að koma því tjáningarfrelsi á innan þeirra stofnana sem eru til staðar? Ég vil halda því fram að þegar útvarpið er komið með Rás 1 og Rás 2 um land allt, þá sé það skynsamleg stefna að leigja félagasamtökum, einstaklingum og fyrirtækjum aðgang að annarri rásinni á ákveðnum tímum og gefa þannig rými innan þessarar dagskrár fyrir meira tjáningarfrelsi en er í dag. En tæknibúnaðurinn yrði eftir sem áður í eigu útvarpsins. Með því að fara þá leið væri tryggt að allir landsmenn ættu möguleika á að njóta þeirrar aukningar sem yrði í tjáningarfrelsi. Ég hygg að innan sjónvarpsins séu ýmsir möguleikar líka til á þessu sviði og það væri sjálfsagt að hagnýta sér þá. En ég vil bæta því við að sjónvarpið á eftir í vaxandi mæli að keppa við almenningsbókasöfn þessa lands sem munu lána út myndsegulbönd til nota í heimahúsum. Að sjálfsögðu er það mesta frelsið að

hafa rétt til þess að velja í almenningsbókasafni þær kvikmyndir sem maður vill horfa á og annað efni og sýna það heima hjá sér í gegnum myndsegulband. Það er það sem við viljum hafa og það vinnur gegn mötuninni sem allt of mikið er af í dag í þjóðfélaginu. Þannig velur einstaklingurinn sér sína dagskrá sjálfur að stórum hluta alveg eins og þjóðin hefur fengið að gera með bókum. Hún fer í bókasafn og fær sér bækur til aflestrar en vill ekki láta mata sig bara með upplestri. Þess vegna er eðlilegt að stefna að því að létta svo gjöldum af þessum tækjum að þau verði almenningseign og allur almenningur geti notað þau.

Ég hygg að umr. um stefnuna í þessum málum hljóti að taka tillit til þessa vegna þess að ef við föllum ofan í þá gryfju að telja rekstrargrundvöllinn ekki skipta neinu máli eða markaðinn ekki skipta neinu máli erum við fyrst og fremst að stefna að því að hér verði margar sjónvarpsstöðvar, en allar lélegar. Ég er einnig sannfærður um það varðandi útvarpið að þó að einhverjir telji af áróðursástæðum að þeirra rými í fjölmiðlum á Íslandi sé ekki nægilega mikið og þeir vilji fá meira svigrúm hvað það snertir þá mundu hinir sömu reka upp mikið harmakvein ef tekin yrði sú stefna að ríkið færi að gefa út dagblað og setja í það það fjármagn sem þyrfti til þesss að upplagið væri stórt, verðið lágt og útbreiðslan mikil. Auðvitað væri það aukin samkeppni á sviði fjölmiðlunar og trygging fyrir því að fleiri gætu látið ljós sitt skína í blöðum. En hefðu menn áhuga? Ég efa það.

Það er nefnilega hárrétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. að hlutföllin í yfirráðum yfir fjölmiðlun í landinu eru þau í dag að hægri öflin hafa algjöra yfirburði í blaðaheiminum, svo mikla yfirburði að það er nánast skoplegt hver staðan er hjá hinum. Og hver skyldi nú skýringin vera? Hvaðan kom fjármagnið og hvaðan kemur fjármagnið í þessu skyni? Við þurfum ekki annað en að fletta blöðunum til að átta okkur á því. Fjármagnið kemur í gegnum auglýsingar fyrst og fremst. Þá er það spurning hvort við teljum að besta fjölmiðlunin í landinu eigi að þróast skilyrðislaust eftir því lögmáli að handhafar auglýsingavaldsins eigi að ráða. Þetta er einföld spurning og það er einfalt svar.

Mín skoðun er nei. Ég tel að með því móti væri búið að taka þá ákvörðun að þröngur hópur Íslendinga ætti að hafa aðstöðu til þess að ráða óeðlilega miklu um skoðanamyndun í landinu. Ég vil vekja á því athygli að þar sem blaðarisar hafa náð tökum úti í hinum stóra heimi hefur farið svo að í nafni frelsisins hefur mörgum manninum ofboðið sú staða sem upp hefur komið.

Ég hef í minni umfjöllun hér fyrst og fremst gripið á grundvallaratriðum þessa máls, ekki lagagreinum. Það verður að sjálfsögðu gert í nefndum. En ég hygg að það sé grundvallaratriði að menn gefi sér tíma og vinnufrið til að sinna því verkefni að fara yfir þetta frv. í nefndum í þinginu. Það væru nánast óafsakanleg vinnubrögð ef menn ætluðu að fara að hraðkeyra þetta í gegnum þingið, fyrir utan það hvílík vanvirða það væri við nefndir þingsins og þeirra hlutverk. Þess vegna vil ég taka mjög sterkt undir það með hv. 5. þm. Reykv. að þetta þarfnast ítarlegrar umfjöllunar.

Ég tel að rekstur Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins hafi verið til stuðnings fyrir íslenska menningu og rekstur útvarpsins tvímælalaust til stuðnings fyrir íslenska tungu. Í þeim sterku menningarstraumum sem um okkur leika hljótum við að gá mjög vel að okkur áður en við veikjum slíkan fjölmiðil. Menn hljóta að verða að gera sér grein fyrir því, áður en þeir leggja til að hinir ríkisreknu fjölmiðlar séu teknir og gerðir fjárhagslega veikburða, hvort þeir telja að þeir séu að fá eitthvað annað meira og betra í staðinn. Ég er einn af þeim sem geta ekki státað af stórum ferðalögum um heiminn, en ég hefði ekki áhuga á því að íslenska sjónvarpið væri svipað og t. d. það sem mönnum býðst að horfa á í stórborginni New York. Það væri ansi hvimleitt að geta aldrei horft á neina kvikmynd til enda án þess að fá auglýsingar á milli.

Ég hygg að það sé ærin nauðsyn að þjóðin gleymi því ekki að hún þarf að sníða sér stakk eftir vexti á mörgum sviðum. Það er mikið alvörumál hvort við þurfum ekki að reyna nú að setjast niður og ná sáttum um það að auka tjáningarfrelsið í hinum ríkisreknu fjölmiðlum, koma þar fleiri sjónarmiðum á framfæri en tryggja það jafnframt að rekstrargrundvöllur þeirra sé tryggður án þess að yfir á alþýðu þessa lands sé velt nýjum byrðum í skattlagningu með því að hækka aðstöðugjöldin úr hófi fram vegna þess að auglýsingatekjur töpuðust.

Ef við tökum ákvörðun um það með lagasetningu hér í þinginu að ræna Ríkisútvarpið og sjónvarpið auglýsingatekjum erum við annahvort að leggja til að dagskrá þessara fjölmiðla verði gerð ómerkilegri en hún er í dag eða við erum að leggja til að yfir á alþýðu þessa lands sé velt nýjum byrðum. Það er ekki nema um tvennt að ræða í þessu sambandi. Þess vegna hygg ég að þó að menn e. t. v. við skyndilestur á þessu frv. komist að þeirri niðurstöðu að það sé verið að stefna að meira frelsi og meiri möguleikum á fjölbreyttari fjölmiðlun í landinu gæti svo farið við nánari umhugsun að breytingin yrði fyrst og fremst sú að eigendurnir yrðu fleiri að fjölmiðlunartækjum og fyrirtækjum í landinu en fjölmiðluninni færi aftur en ekki fram.

Ég hef miklar efasemdir við þetta frv. og tel að meðan við erum ekki komnir lengra með að koma þaki yfir þá stofnun sem ríkið ber ábyrgð á, íslenska útvarpið og sjónvarpið, en við erum komnir í dag eftir öll þessi ár sé varla hægt að tala um að stofnunin hafi verið ofalin til þessa. Þeir sem leggja til að nú verði dregið úr þeim vaxtarmöguleikum sem hún hefur eru að mínum dómi að veikja þessa stofnun. Þeir eru að veikja hana á sama tíma og fyrirsjáanlegt er að erlendir fjölmiðlar muni í vaxandi mæli keppa við íslenska sjónvarpið og hljóðvarpið.

Ég vil aftur á móti undirstrika það til að fyrirbyggja allan misskilning að ég er sammála því að það þarf að breyta túlkuninni á hugtakinu hvað sé útvarp og hvað sé sjónvarp. Ég tel það ekki sjónvarp þó að kapalkerfi sé lagt innan veggja fjölbýlishúss. Það er aðeins verið að tala um myndsegulband með mörgum skermum í mínum huga undir þeim kringumstæðum. Ég tel það að sjálfsögðu ekki útvarp þó að skóli gefi nemendum kost á því að koma á framfæri hjá sér eða í sínu nánasta umhverfi einhverjum upplýsingum í gegnum tæknibúnað.

En ef við aftur á móti förum að fjölga hér stöðvum, sem ná til takmarkaðs hluta landsins, en ná þó e. t. v. til 60% þjóðarinnar, erum við að stuðla að því að Íslendingar klofni upp í enn ríkari mæli í fleiri menningarheildir með ólíkari viðhorf. Ég tel að við höfum ekki efni á því að halda áfram að breikka bilið sem er milli

þéttbýlis og dreifbýlis.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. 223. mál (þskj. 392, n. 521, 522). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir meirihlutaáliti sjútvn. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Grg. með þessu frv. er svohljóðandi:

„Í framhaldi af ákvörðun fiskverðs og vegna hins alvarlega þorskaflabrests á þessu ári, svo og vegna nýrra reglna um stjórn botnfiskveiða, er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir í sjávarútvegi og er frv. þetta annað af tveimur sem flutt eru í þessu skyni.

Frv. gerir ráð fyrir að útflutningsgjald af saltfiski verði ákveðið 4% á árinu 1984 til þess að jafna þann mikla mun sem er á afkomu söltunar og frystingar og draga úr taprekstri saltfiskverkunar.

Á undanförnum árum hefur saltfiskverkun sætt því að frá henni væri fært fé til annarra greina. Nú á þessi grein við sérstök — vonandi tímabundin — vandamál að stríða. Vegna þess er frv. þetta flutt í því skyni að lækka útflutningsgjöld af saltfiski um 1.5% af framleiðslu ársins 1984. Áætlað er að þessi breyting lækki tekjur af útflutningsgjaldi um 38 millj. kr. á árinu 1984 en auki tekjur vinnslunnar að sama skapi. Eftir sem áður eru horfur á hallarekstri í saltfiskverkun á þessu ári, eins og fram kemur í fskj."

Nefndin fjallaði allítarlega um þetta mál og óskuðu hagsmunaaðilar skreiðarverkenda eftir sameiginlegum fundi með sjútvn. beggja deilda til þess að lýsa áhyggjum sínum út af erfiðleikum þeirrar atvinnugreinar. Nefndin tók því þá ákvörðun að fjalla sérstaklega um þann þátt og fannst eðlilegt að fella það inn í þetta álit.

Einnig barst nefndinni bréf frá sjútvrn. um útflutning á lifrarlýsi og segir í upphafi bréfsins: „Útflutningur lifrarlýsis, þ. e. meðalalýsis og fóðurlýsis, hefur átt í vök að verjast vegna samkeppni við tilbúin vítamín. Eftirspurn eftir fóðurlýsi hefur minnkað á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum og sumpart má rekja hann til íhaldssemi notenda sem vilja heldur gefa skepnum nútímalegt vítamín en tilbúin vítamín þótt það kosti meiri vinnu. Vegna þessa hefur Lýsi hf. haft markaðskönnun á Taiwan í þessu sambandi og reynt að afla þar markaðar fyrir fóðurlýsi."

Í þessu bréfi er nefndin beðin að skoða þennan möguleika hvort hægt væri að gera eitthvað fyrir þessa grein einnig.

Nál. okkar meiri hluta sjútvn. á þskj. 521 er þannig:

„Nefndin hefur haft frv. þetta til umfjöllunar og kynnt sér efni þess eftir föngum. Fulltrúar frá skreiðarframleiðendum óskuðu eftir fundi með sjávarútvegsnefndum beggja deilda þar sem þeir lýstu áhyggjum sínum með erfiða afkomu atvinnugreinarinnar. Sjávarútvegsnefnd barst einnig bréf þar sem vakin var athygli á nauðsyn þess að efla markaðsleit fyrir fóðurlýsi. Að athuguðu máli taldi meiri hluti nefndarinnar rétt að gera brtt. við 1. gr. frv. og flytur hana hér á sérstöku þskj."

Undir þetta rita Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Gunnar G. Schram, Ingvar Gíslason, Halldór Blöndal og Friðrik Sophusson.

Brtt. við frv. er þannig frá meiri hl. sjútvn.:

„1. gr. frv. orðist svo:

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af saltfiski, framleiddum á árinu 1984, vera 4% af fobverðmæti. Sama gildir um skreið sem framleidd var fyrir 31. des. 1983 og ógreidd var á þeim degi.

Jafnframt er ráðh. heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem framleitt er á árinu 1984 og 1985, enda flytji framleiðendur það út undir íslensku vörumerki."

Hv. alþm. Guðmundur Einarsson skilar minnihlutaáliti á þskj. 557. Þar er lagt til að útflutningsgjaldið af skreiðinni lækki einnig til samræmis við það sem á við saltfiskinn, úr 5.5% í 4.5%, og að ráðh. sé gefin heimild til þess að fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem framleitt er á árinu 1984 og 1985.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég skila hérna minnihlutaáliti við frv. til l. um breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Það er nokkuð merkileg lexía að kynna sér afskipti stjórnmálamanna af fyrirtækjarekstri í landinu. Í sjávarútvegi hefur þetta verið gert í áratugi með þeim afleiðingum að mesti aflaáratugur Íslandssögunnar hefur komið sjávarútveginum, bæði veiðum og vinnslu, í óreiðuskuldir svo að nemur hundruðum millj. kr. Þetta hefur gerst á ýmsan hátt. Þetta hefur gerst með því að stjórnmálamenn hafa haft hendur í bagga með lánveitingum, styrkveitingum og öðrum athöfnum sem í þessum greinum eru kunnar. Það sem hér er sérstaklega til umr. eru afskipti stjórnmálamanna af verðlagsákvörðunum í greininni. Um árabil hefur verið fylgt þeirri aðferð að reikna út meðaltal og reyna út frá þeim reikningum að koma einhverju viti í rekstur.

Það er dálítið fróðlegt t. d. að athuga hvernig staðið er að þessum meðaltalsreikningum í sambandi við það mál sem hér er til umr. Til þess að ákveða um afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi, bæði í skreið og saltfiskverkun á árinu 1984, er tekin útkoma ársins 1982. Það er síðasta árið sem til er vel útfærð og almennileg skilagrein. Síðan er gert ráð fyrir að innbyrðishlutföll vinnslugreina, sem voru á árinu 1983, haldist áfram til ársins 1984. Þá eru teknar áætlanir um markaðsverð eða þróun markaðs og þróun gengis. Þetta eru tölur frá 1982. Með þessum áætlunarstuðlum er reiknuð út einhvers konar meðalafkoma fyrirtækja á árinu 1984 og á grundvelli þessa á síðan að skammta fólki laun og ákveða ýmislegt um afkomu þjóðarbúsins. Niðurstaðan er 5.5% útflutningsgjald af saltfiski og skreið á að fara niður í 4%.

Þetta eru nú vinnubrögðin sem hafa viðgengist í þessari grein, enda sjáum við árangurinn. Eftir tvo áratugi af þessu fyrirkomulagi síðan fyrstu lögin um verðlagsráð voru sett er svo komið að athafnamenn í sjávarútvegi eru nú bónbjargarmenn við borð stjórnmálamannanna, koma hingað á fundi hjá þingnefndum og biðja um að fá niðurfellingar eða millifærslur eða einhverja aðra fyrirgreiðslu til þess að þeir geti rekið fyrirtæki sín. Allt saman á þetta að stuðla að vexti og viðgangi í efnahagslífinu.

Þetta er hryggileg niðurstaða ríkisstj. sem hafði það eitt af aðalstefnumörkum sínum að stuðla að nýsköpun í efnahagslífinu. Ég fæ ekki með nokkru móti séð að hér örli á tilraunum til nýrra vinnubragða. Það var meiningin með lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, eins og þau voru sett 1961, að hér yrðu frjálsir samningar þeirra sem selja fisk og þeirra sem kaupa fisk með lágmarksafskiptum ríkisvaldsins einungis í nauðvörn, en nú er svo komið að þessir hraustu og marglofuðu undirstöðuatvinnuvegir landsins eru, eins og ég segi, beiningamenn við borð stjórnmálamannanna.

Ég hef skilað séráliti um þetta á þskj. 557 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í grg. með frv. þessu er það flutt í framhaldi af ákvörðun um fiskverð. Nú nema vanskilaskuldir sjávarútvegs hundruðum millj. og skuldadæmi greinarinnar í heild er talsvert á annan milljarð. Þó eru nýafstaðin einhver mestu aflaár Íslandssögunnar. Allar athafnir í sjávarútvegi, bæði veiðar og vinnsla, hafa á þessum árum verið meira og minna undir forræði ríkisvaldsins. Þar koma til lán, styrkir og verðlagsákvarðanir sem eru komnar langt frá markmiðum laganna um Verðlagsráð frá 1961. Tilgangur laganna var að koma á frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda án beinna afskipta ríkisstj. Hins vegar hefur reyndin orðið sú að embættismenn í krafti ríkisstj. ákveða fiskverð. Það hefur orðið þeirra hlutskipti að bera kröfur samningsaðila til ríkisstj. og flytja síðan til baka boðskapinn um aðgerðir stjórnarinnar, svo sem gengisfellingar og millifærslur úr sjóðum og niðurgreiðslur. Þetta fyrirkomulag á auðvitað ekkert skylt við frjálsan atvinnurekstur. Þetta kerfi ríkisforsjár og meðaltalsreikninga til núllafkomunnar hefur firrt atvinnurekendur því frumkvæði og ábyrgð sem er nauðsynleg fyrir heilbrigðan atvinnurekstur. Í þessu kerfi þrífst hallærisrekstur sem heldur niðri launum fólks og stórgróðarekstur sem fitnar eins og fjóspúki.

Það frv. sem hér er til afgreiðslu er skilgetið afkvæmi þessarar óábyrgu ríkisforsjár og er undarleg niðurstaða ríkisstj. sem þykist standa fyrir nýsköpun. Minni hl. mun ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls.“

ATKVGR.

Brtt. 522 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. 269. mál (þskj. 515). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um erfðafjárskatt á þskj. 515. Gildandi lög um erfðafjárskatt eru frá árinu 1921. Litlar breytingar hafa verið á þeim gerðar. Í þeim lögum var svo kveðið á að erfðafjárskattur skyldi greiddur í ríkissjóð eins og verið hafði skv. fyrri lögum um sama efni. Hélst sú skipan til ársins 1952 en þá voru sett lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila. Skv. þeim lögum skyldi þetta fé renna í sérstakan sjóð og tekjum hans varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra kæmi að sem drýgstum notum eins og þar stendur.

Lögunum nr. 30/1921 um erfðafjárskatt var síðan breytt 1972 og 1978. Aðalefni þeirrar breytingar var fólgið í breytingu á skattstigum til samræmis við þróun í verðlagsmálum. Það má því segja að gildandi reglur um álagningu erfðafjárskatts hafi verið óbreyttar í aðalatriðum um rúmlega 60 ára skeið. Á þessum tíma hafa að sjálfsögðu orðið miklar og margvíslegar breytingar í þjóðfélaginu og skoðanir manna og viðhorf nú að ýmsu leyti með öðrum hætti en var fyrir rúmum 60 árum. Það þótti því full ástæða og þörf til þess að endurskoða löggjöfina um erfðafjárskatt þó fyrr hefði verið.

Það varð að ráði að fela Ragnari Halldóri Hall borgarfógeta að semja drög að frv. til nýrra laga um þetta efni. Þau drög voru síðan send ýmsum aðilum til umsagnar. Að þeim umsögnum fengnum endurskoðaði Ragnar Halldór Hall þessi drög og hafði þá m. a. samráð við 1. flm. frv. til l. um breytingu á lögum um erfðafjárskatt sem lagt var fram í Nd. Alþingis 1983. Árangur þessarar endurskoðunar er frv. það sem hér liggur fyrir með nokkrum breytingum sem rn. hefur lagt til.

Í þessu frv. er að finna nokkur veigamikil nýmæli og skal ég aðeins geta hinna helstu þeirra. Í 4. gr. frv. er svo kveðið á að langlífari maki arfleiðanda sé undanþeginn erfðafjárskatti. Sama gildir um sambýlismann arfleiðanda, hafi verið um óvígða sambúð að ræða. En sambýlismaður telst sá sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar með persónu af gagnstæðu kyni og sem tekur arf eftir hann skv. arfleiðsluskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleiðandans er ótvírætt getið. Hér er um að ræða mikla réttarbót til handa eftirlifandi maka og þá ekki síður til handa þeim sem verið hafa í óvígðri sambúð, en það sambúðarform hefur orðið algengara hin síðari ár.

Þá er og kveðið svo á að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga. Þessar undanþágur frá greiðslu erfðafjárskatts til eftirlifandi maka eða sambýlismanns eða annarra aðila sem nefndir voru gilda þó ekki um arf sem aðrir erfingjar kunna að hafa afsalað til þeirra.

Viðmiðunarfjárhæðir við álagningu skattsins eru verulega hækkaðar frá því sem nú er eða úr 12 þús. kr. í 140 þús. kr. og skulu þær breytast hinn 1. des. ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Hingað til hefur þurft að gera slíkar breytingar með lögum hverju sinni.

Í frv. eru sérstakar reglur um greiðslu erfingja fyrir fram upp í arf og arf sem maður afsalar sér til annars aðila. Einnig hefur frv. að geyma ákveðnar reglur um ákvörðum um gjaldstofna, en ráðh. getur sett nánari reglur um það efni og einnig getur hann með reglugerð kveðið nánar á um önnur ákvæði frv. sem að lögum verða.

Frv. þetta hefur og að geyma einfaldari og skýrari reglur en nú gilda um réttarfar í málum sem varða álagningu og innheimtu erfðafjárskatts, upplýsingaskyldu, skýrslugerð o. fl.

Ég hef hér í stuttu máli vakið athygli á veigamestu nýmælum sem í þessu frv. felast, en til frekari skýringa vísa ég að sinni til athugasemda sem með frv. fylgja. Ég vil þó geta hér athugasemda sem komu fram frá

fjárlaga- og hagsýslustofnun, en að sjálfsögðu sendi rn. frv. til þeirrar stofnunar lögum skv. til að meta frv. í sambandi við tekjur og kostnað. Í umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar kemur fram að frv. hafi í för með sér lækkun skattbyrði frá því sem nú er og þar af leiðandi tekjuminnkun fyrir ríkissjóð.

Í fyrsta lagi verða eftirlifandi makar og sambýlismenn skv. frv. undanþegnir erfðafjárskatti og á sama við ýmsa aðra aðila eins og líknarstofnanir og opinbera sjóði. Í öðru lagi hafa verið gerðar breytingar innan skattflokka sem munu leiða til lækkunar á skattinum. Hér er fyrst og fremst um nánari skilgreiningar á hugtökum að ræða. Í þriðja lagi lækkar hámarksskattur úr 50% í 75% þar sem hlutfallshækkanir innan skattflokks C eru hægari í þessum drögum en í núgildandi lögum.

Þá er einnig í fjórða lagi nefnd til viðmiðunar fjárhæð skattsins, sem hækkar eins og áður segir úr 12 þús. kr. í 140 þús. kr. en það er sú breyting sem hefur mest áhrif til lækkunar á skattinum, enda hefur þessi fjárhæð verið óbreytt frá árinu 1978.

Aftur á móti segir fjárlaga- og hagsýslustofnun að komi hér breytingar fram á móti þessum breytingum til lækkunar á skattinum þá komi nokkur atriði sem gætu leitt til hækkunar á þessum skatti.

Í fyrsta lagi skal greiða erfðafjárskatt af leigulóðaréttindum skv. frv., en svo er ekki skv. núgildandi lögum.

Í öðru lagi: Nú deyr maður sem tæmst hefur arfur áður en hann hefur greitt erfðaskatt. Skv. frv. greiða erfingjar hans fyrst skatt af þeim arfi sem honum tæmist en síðan af því sem telst arfur eftir hann, þar með talið sú eign eða eignir sem var arfur til hans sjálfs. Skv. núgildandi lögum er einungis greiddur skattur í eitt skipti af arfi sem þessum.

Í þriðja lagi er í frv.-drögunum að finna ákvæði um vanskilavexti sem er nýmæli. Skulu þeir innheimtir ef erfðafjárskattur er ekki greiddur innan tveggja vikna frá gjalddaga.

Í fjórða lagi er ákvæði um undanþágu maka og sambýlismanns frá skatti er gæti leitt til þess að bú kæmu fyrr til skipta og minna yrði um setu í óskiptu búi.

Þetta kemur fram með ýmsum fleiri upplýsingum frá fjárlaga- og hagsýslustofnun en mat stofnunarinnar er það að þessi breyting, sem frv. gerir ráð fyrir, muni leiða til skattlækkunar um allt að 11 millj. kr. miðað við upplýsingar um árið 1983. Á árinu 1983 innheimtist erfðafjárskattur á Reykjavíkursvæðinu að upphæð 23.5 millj. kr., en á öllu landinu 37 millj. kr. En skv. þessu frv., ef það er reiknað út miðað við sömu forsendur og skattheimtan 1983, skilaði þessi skattur sér upp á 26 millj. kr. sem er 11 millj. kr. tekjuminnkun.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að eyða meiri tíma nú að ræða þetta mál. Ég legg mikla áherslu á að þetta mál fái góða meðferð hér á þingi og helst að þingnefndir sem fá málið til meðferðar gætu gert ráðstafanir til þess a. m. k. að skoða það hvort hægt væri að koma því í gegn á yfirstandandi þingi þannig að það yrði að lögum því hér er um mikla réttarbót að ræða og leiðréttingu á meðferð þessa máls miðað við það hvernig það hefur legið fyrir. Eins og ég hef rakið er þetta mjög mikilvægt fyrir marga í þjóðfélaginu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til félmn. og 2. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er mjög til baga að við skulum vera að fjalla um svo stóran lagabálk hér svo síðla kvölds þar sem einungis örfáir þm. eru viðstaddir. Ég vil af því gefna tilefni geta þess að það er ákaflega erfitt að átta sig á röð mála á dagskrá. Þetta er svo til nýtt mál, 269. mál þingsins, og er 14. mál á dagskrá í dag. Ég átti því alls ekki von á að það yrði tekið til umr. nú og er því miður ekki nógu vel undirbúin undir það mál sem ég hyggst hér flytja.

En þar sem ég á sæti í n. sem kemur til með að fjalla um þetta mál hlýt ég að spyrja ráðh. nokkurra spurninga í sambandi við þetta stóra mál. Það er þá fyrst að tekjur af erfðafjárskatti renna eins og kunnugt er í erfðafjársjóð sem skv. lögum um málefni fatlaðra rennur aftur í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það kemur mér nokkuð á óvart að hér skuli í ítarlegri grg. ekki vera tekið fram hvað þetta verður stórt tekjutap. Ég vil nú ekki orða það eins og ráðh. hæstv. gerði áðan — tekjutap fyrir ríkissjóð, sagði hann. Þetta er eingöngu tekjutap fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra. Nú hefur hann þegar verið skorinn verulega niður. Ég hlýt því að spyrja: Hvernig á að bæta Framkvæmdasjóði fatlaðra það tekjutap sem hér er um að ræða, sem mér heyrðist vera talað um að væri 11 millj.? Það er ljóst að sú uppbygging sem hafin var í málefnum fatlaðra úti um allt land kemur til með að stöðvast meira og minna á næsta ári vegna þess hve mjög hefur verið skorið af sjóðnum.

Þessi aths. mín þykir mér þarfnast svars. En ég vil taka það fram að það þýðir ekki endilega að ég sé andvíg málinu sjálfu. Ég held hins vegar að það sé varasamt að leggja svo mikið mál fram án þess að fyrir því sé gerð mjög ítarleg grein. Ég vil sérstaklega benda á að mér þykir menn stundum dálítið léttúðugir í lagasmíð hér í þinginu á þann hátt að það er lítið litið til annarra laga.

Það atriði sem hér er nýmæli er í 2. gr. þar sem sambýlismaður nýtur í raun sömu fríðinda og maki, þó því aðeins að vísu að erfðaskrá liggi fyrir. Nú er ég ekki heldur andvíg því. Ég tel það svo sem til bóta. En ég vil einungis vekja á því athygli að hugtakið sambýlismaður/sambýliskona og sambýlisformið hefur vafist æðimikið fyrir löggjöfum annarra þjóða og í íslenskum lögum er mikið ósamræmi milli lagabálka um hvernig tryggja skuli rétt þessa fólks. Ég vil aðeins taka dæmi.

Í almannatryggingalögunum nýtur sambýlismaður slysabóta, mig minnir að þar segi: enda hafi sambúðin varað í tvö ár og/eða þau eigi barn saman. Þannig hljóðar það. Það er sem sagt skilyrði þegar um sambýlismann eða sambýlismaka er að ræða. Nokkrir lífeyrissjóðir greiða alls ekki lífeyri til sambýlisfólks vegna þess að í lögunum stendur „maka“ og það þýðir að fólk hafi verið í hjónabandi, búið í lögverndaðri sambúð. Ég held að við stöndum frammi fyrir þessu: Eigum við að lögvernda sambúð sem fólk vill ekki sjálft lögvernda?

Danska þingið setti á stofn fyrir nokkrum árum nefnd lærðustu lagaprófessora í Danmörku til að fjalla um þessi mál. Mikill meiri hluti nefndarinnar voru konur, bæði af þinginu og aðrar löglærðar konur, því að hér þótti um miklar réttindabætur kvenna að ræða. Nefndin skoðaði þessi mál mjög ítarlega og komst að þeirri niðurstöðu að það væri ákaflega erfitt að tryggja ólögverndaðri sambúð sama rétt og lögverndaðri. Fólk

ætti einfaldlega kost á að velja hvort það vildi búa í lögverndaðri sambúð eða ólögverndaðri.

Ég er aðeins að vekja athygli hæstv. ráðh. á þessu. Ég held að það sé orðið dálítið vafasamt hvað mikið ósamræmi er í þessum sambýlisréttindum milli hinna ýmsu lagabálka, og ég tel að rétt væri að líta aðeins til annarra lagabálka sem fjalla um þetta sama. Ég hef áður minnst á það að hér skortir alvarlega á hinu háa Alþingi fagmenn sem framkvæma slíka lagaskoðun þegar ný frv. eru lögð fram. Embættismenn í ráðuneytum, sem vinna oft slík frv., eða einhverjar nefndir sem það er falið gera ekki alltaf mjög mikið af því að líta til samræmis í hinni íslensku löggjöf, en það held ég að sé mjög nauðsynlegt.

Ég vil taka það fram að þetta eru aðeins þenkingar. Ég hef alls ekki myndað mér ákveðna skoðun á þessum réttindamálum sambúðarfólks. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur reifað þau mál nokkuð og talið rétt að slík réttindi nytu lögverndar. Það má vel vera að svo sé. En ég held að það sé dálítið langt í það að við getum myndað okkur ákveðna skoðun um það. Ég vil vekja athygli á því að nú hefur verið farið fram á að erfðalögin sjálf yrðu endurskoðuð. Prófessor Ármann Snævarr sagði okkur í allshn. fyrr í vetur að það væri miðað að því að þeirri endurskoðun lyki nú í haust. Þá gæti verið dálítil spurning hvort þetta frv. hefði ekki átt að bíða haustsins, þegar erfðalögin kæmu endurskoðuð fram. Ég er ekki að halda neinu fram, hæstv. ráðh., ég er aðeins að varpa fram þessum spurningum.

Ég get ekki komist hjá því að vekja athygli á 38. máli þingsins, sem ég hef sjálf flutt ásamt hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, Kristínu Kvaran, Guðrúnu Agnarsdóttur og Jóni Baldvin Hannibalssyni, þar sem sú breyting er lögð til á erfðalögunum að eftirlifandi maki hafi ævinlega rétt til að halda heimili sínu utan við skipti en þarfnist ekki leyfis barna sinna til að fá að sitja í óskiptu búi.

Ég hef getið þess áður, að t. d. í Danmörku er sama hvað búið er stórt, maki hefur ævinlega rétt til að sitja í óskiptu búi. Ekki bara heimili sínu, heldur gildir það sama þó að um sé að ræða stórfyrirtæki eða miklar eignir. Ég held að þessi litla brtt., sem er þó verulega mikilvæg og skiptir fólki ákaflega miklu máli, enda hefur ekki farið fram hjá okkur flm. að það er áhugi á þessu máli úti í þjóðfélaginu, ég held að hún leysti verulegan vanda ef hún yrði samþykkt. Nú er ég ekki vonlaus um það, allshn. er ekki andvíg frv. á nokkurn hátt þó að menn hafi auðvitað viljað skoða það mjög vandlega. Ég vænti þess að það verði næsta mál sem nefndin tekur fyrir.

Ég skal nú ekki vera að tefja tímann. Ég hlaut að minnast á þessi mál. Sérstaklega vil ég biðja hæstv. ráðh. að skýra eitt fyrir okkur, hvernig hann hugsar sér að fjármagna þessar verulegu réttarbætur þeirra þegna þjóðfélagsins, sem hafa þurft að greiða háar upphæðir í erfðafjárskatt en með því fjármagnað verulegan hluta af stofnunum fyrir fatlaða, hvernig hann hugsar sér að bæta Framkvæmdasjóði fatlaðra þennan tekjumissi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. 10 landsk. þm. að það var miður að þetta mál skyldi koma til umr. án þess að fleiri hv. þm. væru viðstaddir til að taka þátt í umr. um svo veigamikið mál sem ég tel að sé hér á ferðinni og ég vænti að margir séu sammála um.

Mér hefur kannske orðið fótaskortur á tungunni þegar ég sagði „tekjur ríkissjóðs". Ég ætlaði að segja tekjur erfðafjársjóðs.

Í sambandi við þetta mál vil ég rifja það upp, eins og raunar kom fram í minni framsögu, að tekjur af erfðafjárskatti hafa í gegnum árin ekki verið í neinu hlutfalli við það sem erfðafjársjóður hefur fengið af þeim tekjum vegna þess að það er sama um þennan sjóð eins og svo marga aðra sjóði, að ríkissjóður hefur þar látið til sín taka og skammtað, sem hefur verið staðfest með lánsfjárlögum hverju sinni, það sem viðkomandi sjóður hefur fengið af sínum löglega tekjustofni. Svo ég taki aðeins s. l. ár, 1983, þá voru innheimtar tekjur af erfðafjárskatti 37 millj. kr., en erfðafjársjóður fékk aðeins 19 millj. kr. Þá sjá menn hver tollurinn hefur verið í ríkissjóð af þessum tekjustofni, sem hefur svo verið staðfest á hverju ári af hv. alþm. með samþykkt fjárl. og lánsfjárlaga. Þannig hefur þetta verið í gegnum árin. Ég hef hér töflu alveg frá 1979 um hvernig þetta hefur komið út. Hins vegar hef ég í huga að nú verði á breyting, þannig að innheimtur erfðafjárskattur komi allur til skila í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég vil geta þess í leiðinni að það er alveg ljóst að við þurfum að gera vissa breytingu á lögunum um málefni fatlaðra. Framkvæmdasjóður fær aðeins tekjur úr erfðafjársjóði. Með því móti er enn beitt sömu aðferð við skilgreiningu á þessum tekjustofni, að það fer eftir fjárlagagerð ár hvert hve mikið fer af erfðafjárskatti til erfðafjársjóðs. Þessu þarf að breyta vegna þess að bæði ég og fleiri skiljum lögin um málefni fatlaðra þannig að tekjur af erfðafjárskatti eigi að vera alfarið tekjustofn fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég vænti þess að sem flestir hv. þm. muni styðja þá viðleitni, sem á eftir að koma hér fram, að tryggja að þær tekjur, sem hér er áætlað eftir þá breytingu á lögunum sem hér er verið að leggja til að muni verða minnst 26 millj. kr., renni óskiptar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða meira um þetta atriði, en ég hef þá þann skilning og mun beita mér fyrir því að þessar tekjur renni óskiptar í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Þó að ég læsi hér upp álit fjárlaga- og hagsýslustofnunar að þetta fé muni rýrna um 11 millj. kr. taka þeir fram í athugasemdum að það sé aðeins ágiskun vegna þess að þeir reikna með að ýmsar aðrar breytingar verði jákvæðar til aukningar á tekjum sjóðsins, miðað við þær aðferðir sem hér eru gerðar tillögur um. Það hefur komið í ljós að tilhneigingin hefur verið að rýra þennan tekjumöguleika í uppgjöri búa, sem hefur verið að margra mati mjög óeðlilegt. Þar hefur verið um að ræða að eftirlifandi maki t. d. hefur orðið að hlíta því að láta gera upp sitt bú. Hefur oft verið tekið á þeim málum með tilliti til aðstæðna, sem hefur aftur á móti gert það að verkum að minna hefur innheimst í skatti.

2. gr. frv. varðar fólk í óvígðri sambúð. Hér er um mikið mál að ræða, sem margir hafa fjallað um og dregið í efa að ætti rétt á sér. Til fróðleiks vil ég geta þess að höfundur frv., Ragnar Hall og Markús Sigurbjörnsson, sem eru skiptaráðendur hér í Reykjavík, hafa gert mjög skilmerkilega greinargerð um þennan þátt málsins, þ. e. fólk í óvígðri sambúð. Niðurstaðan í þeirri greinargerð er sú, að þeir telja að það sé

réttlætismál að setja þetta fram eins og höfundur frv. gerir í 2. gr. frv., þ. e. veita þessi réttindi. Það má geta þess að samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er talið að heildarfjöldi í sambúð árið 1983 sé tæplega 100 þús. manns hér eða 99 968, þar af í hjúskap 89 902 eða 89.9%, en í óvígðri sambúð 10 066 eða 10%. Þannig eru þessi hlutföll. Þetta er gífurleg breyting frá árinu 1970, þegar aðeins 4% fólks voru í óvígðri sambúð. Hér er því um mjög mikla þjóðfélagsbreytingu að ræða. Hvort sem við fullyrðum að þetta sé jákvætt eða neikvætt eru þetta einfaldar staðreyndir.

Í sambandi við 2. gr. frv. eru settar fram skýrgreiningar, sem nauðsyn þykir bera til að taka upp til að koma í veg fyrir óeðlilega niðurstöðu, og leiða þær í öllum tilvikum til þess að viðkomandi lendir í hagstæðari skattflokki en ella:

„A-liður. Samkvæmt gildandi lögum er sambýlismaður ekki lögerfingi, en taki hann arf eftir þann, sem hann hefur búið í óvígðri sambúð með, á grundvelli erfðaskrár, ræðst fjárhæð erfðafjárskattsins af því, hvort hinn látni sambýlismaður átti niðja eða ekki. Hafi hinn látni átt niðja greiðir sambýlismaðurinn erfðafjárskatt samkvæmt lægsta skattflokki, en ella lendir hann í efsta skattflokki. Hér er hins vegar lagt til að réttarstaðan verði gerð hliðstæð því sem gildir um arf eftir látinn maka og verður sambýlismaður þá eftir 1. málsgr. 4. gr. frv. undanþeginn erfðafjárskatti. Óhjákvæmilegt þykir að binda þetta því skilyrði, að hinn látni sambýlismaður hafi tilgreint viðkomandi sem sambýlismann sinn í erfðaskrá, og er sá áskilnaður gerður til að koma í veg fyrir lagaflækjur."

Ég skal játa að ég hef ekki gert mér fyllilega grein fyrir því hversu traust þetta er í meðferð svona mála á lagamáli, en hins vegar hef ég verið fullvissaður um að þeir aðilar sem hafa nálægt þessu frv. komið, sem eru fyrst og fremst þeir sem fjalla um svona mál hér í Reykjavík, þ. e. skiptaráðendur, hafi með því að yfirfara þetta frv., og annar þeirra samdi það m. a. s., gætt þess sem kostur er að lagalega séð sé meðferð þessara mála jákvæð í frv. og það verði skilvirkara en verið hefur. A. m. k. er ljóst að lögin farið að framkvæma þessi mál án tillits til þeirra laga í mörgum tilfellum. Þess vegna er brýn nauðsyn að hér komi ný lög til. Þau hafa að sjálfsögðu þá miklu réttarbót í för með sér að eftirlifandi maki þarf ekki að greiða erfðaskatt og sama gildir um fólk í óvígðri sambúð.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins fá að víkja að tveimur atriðum.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að hinn látni yrði að tilgreina erfingja sinn sem sambýlismann. Önnur lög í landinu segja svo fyrir um að fólk skuli skrást sem sambýlisfólk í opinberum skýrslum. T. d. hefur Hagstofan ákveðna tölustafi við fólk sem er í sambúð, sem er gift, sem er fráskilið o. s. frv. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. lagalega séð: Segjum nú að hinn látni og erfingi hans hafi alls ekki verið merkt í þjóðskrá sem sambýlisfólk, hvert gildi hefur þá erfðaskrá hins látna þó að hann haldi því fram að þau hafi verið sambýlisfólk? Annaðhvort er fólk sambýlisfólk eða er það ekki. Um það gilda ákveðnar reglur og fólk verður að tjá sig um sambúð í Hagstofu.

Það eru svona hlutir sem ég er alltaf hrædd um að ekki sé gáð að. Ég hef ekkert á móti því að fólk hagi sambýli sínu eins og því sýnist, en ég held að löggjafinn verði að gera sér grein fyrir því að hjónaband er fjárhagslegt samyrkjubú, það er félagsbú sem byggist á sameiginlegum fjárhag og jafnframt á gagnkvæmri framfærsluskyldu. Maki er skyldugur að framfæra maka sinn. Sambýlisfólk er ekki gagnkvæmt framfærsluskylt. Að mínu viti er þessi löggjöf orðin óttalega tætingsleg. Ég hef áhyggjur af því, ef til dóms kæmi, hvernig hann félli. Ég get ekki séð að hinn látni geti sagt í erfðaskrá: Þetta var sambýliskona mín og hún skal erfa mig, en síðan flettir dómari upp í manntali Hagstofu og þar er þetta fólk ekki merkt sem sambýlisfólk. Ég get ekki ímyndað mér að hinn látni verði þá tekinn alvarlega um að þau hafi verið í svokölluðu formlegu sambýli. Þetta þekkja t. d. Tryggingastofnun ríkisins og starfsfólk hennar mætavel. Fólk sem ekki var merkt í sambúð kemur til Tryggingastofnunar og vill fá ekknabætur eða ekklabætur eftir látinn sambýlismann, en hafði hins vegar tekið mæðralaun eða feðralaun allan tímann af því það var ekki í sambúð. Þetta eru vandamál sem við verðum að glíma við. Ég er e. t. v. ekki sérlega lögfróð, en ég hefði gaman af að heyra álit þeirra lagaspekinga sem hér sitja enn þá og hlusta. Hvaða gildi hefur slík erfðaskrá um meinta sambúð? Ég held að þetta þurfi að skoðast afskaplega vel.

Ég skal ekki lengja þetta mál. Það er alltaf erfitt að vera að halda fólki hér, sem búið er að sitja hér allan daginn, þegar klukkan er að verða hálfátta. En mér finnst þetta mál vera svo alvarlegt að ég held að við í allshn. hljótum að verða að kalla okkur til ráðslags marga menn sem þekkja vel til þessara mála, og jafnframt vil ég segja: Svona mál á auðvitað að leggja fram miklu fyrr á þingi þannig að þm. hafi tíma til að skoða það. Ég hef grun um að hægt verði að keyra þetta mál í gegnum þingið án þess að nokkur líti á það nema nefndirnar sem þurfa um það að fjalla. Það eru ekki góð löggjafarstörf. Það eru mörg atriði í frv. sem ég tel að þurfi að skoða, og ekki síst þau sem stangast á við önnur lög.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 76. fundur.

Fimmtudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík 4. apríl 1984.

Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson fé-

lagsmálafulltrúi, Egilsstöðum taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti efri deildar."

Jón Kristjánsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi. Býð ég hann velkominn til starfa.

Kynning á líftækni, þáltill. 278. mál (þskj. 535). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Gjaldskrár þjónustustofnana, þáltill. 282. mál (þskj. 541). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Greiðslukort, þáltill. 283. mál (þskj. 542). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Kennslugagnamiðstöðvar, þáltill. 287. mál (þskj. 550). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þróunarstofur landshlutanna, þáltill. 209. mál (þskj. 372). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Þáltill. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er greinilegt að sú ákvörðun hæstv. forseta að fresta umr. á síðasta fundi hefur haft tilætluð áhrif, þannig að menn virðast hafa guggnað æði margir á því að ræða þetta mikilvæga mál. Er í mínum huga furðulegt til þess að vita. Menn geta eytt tíma í umr. dag eftir dag um friðarfræðslu og álíka málefni en það er ekki svo að sjá að hv. þm. hafi áhuga á því að ræða það sem meginmáli skiptir fyrir allt líf þjóðarinnar, þ. e. atvinnumálin, sem nú eru hvað mest í brennidepli. Ég lýsi furðu minni á því ef þm. almennt telja ekki ástæðu til að ræða slíkt mál, eins og málum er nú háttað og allt bendir til að áfram verði á þeirri braut haldið.

Hæstv. forsrh. sagði hér í umr. fyrr að sér hefði fundist eðlilegra að ég hefði beint spurningum til hæstv. sjútvrh. vegna þessa máls. Það má vera að frekar hefði það átt að gerast. Ég tel þó eðlilegra í ljósi þess efnis sem hér er um að ræða, fyrst og fremst spurningu um atvinnumál og efnahagsmál, að spurningu sé beint til hæstv. forsrh. um það hvað hæstv. ríkisstj., sem hann veitir forstöðu, hyggst gera vegna þess ástands sem þegar er komið upp og sem greinilega heldur áfram og versnar verði ekkert að gert.

Það var ekki mín ætlan — og kom ekki fram í mínu máli á þriðjudaginn — að ræða fyrst og fremst spurninguna um kvótaskiptinguna. Ekki var síður ástæða, að mínu viti, til þess að gera tilraun til að fá um það vitneskju hvað hæstv. ríkisstj. hyggst gera til þess að koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi á næstu vikum og mánuðum. Því verði haldið fast við það fyrirkomulag, sem nú er um kvótaskiptingu og það aflamagn sem þegar hefur verið leyft, er fyrirsjáanlegt fjöldaatvinnuleysi. Komi ekki önnur atvinnutækifæri til er greinilegt að stefnt er í fjöldaatvinnuleysi innan skamms tíma. Mér finnst eðlilegt að spurningum um slíkt sé beint til hæstv. forsrh. en ekki fagráðh., eins og í þessu tilfelli hæstv. sjútvrh.

Hæstv. forsrh. minnti á að ríkisstj. hefði sett á fót atvmn. Mér skildist að sú nefnd væri ekki enn tekin til starfa og þó mun vera nokkuð síðan hún var sett á laggir. Því er greinilegt að þeim sem þar ráða ferðinni virðist ekki þegar svo að sorfið í þessum efnum að ástæða sé til að fara að fjalla um málin, ræða þau og kynna sér og gera síðan till. til úrbóta.

Hæstv. forsrh. sagði eins og raunar miklu fleiri hv. þm. hafa sagt: Ég er einn af þeim sem vildi ekki kvóta. — Þeir eru fleiri sem hafa talað í þessum dúr, en endanlega samþykktu þó yfir sig þetta kerfi sem við nú búum við. Eftir því sem hv. þm. margir hverjir, sem greiddu þessu atkv. hér í desembermánuði, nú tala er engu líkara en hæstv. sjútvrh. hafi verið sá eini sem vildi þetta kerfi. Og hann hefur fengið því framgengt.

Af þeim hv. þm., sem léðu máls á því valdaafsali sem hér fór fram í desembermánuði til hæstv. sjútvrh. til einræðisákvörðunar um stjórnun fiskveiða og fiskvinnslu, fjölgar þeim nú stöðugt sem vilja vart við krógann kannast eða eru a. m. k. miklu linari og deigari í því að hér hafi verið staðið rétt og eðlilega að málum en var þegar þeir léðu máls á því með sínum stuðningi að úr varð.

Hæstv. forsrh. sagði að víðast hvar væri víðs fjarri því að kvóti hefði náðst og ekki skal ég deila um það við hæstv. ráðh. Um þetta var ekki hægt að fá áreiðanlegar upplýsingar eða heimildir þegar ég leitaði eftir því á þeim tveimur opinberu stöðum sem ég taldi líklegast eða eðlilegast að slíkar upplýsingar fengjust, þ. e. í sjútvrn. og hjá Fiskifélagi Íslands. En vel má það vera rétt að það sé víðs fjarri því að kvóti hafi náðst á mörgum stöðum. Það breytir ekki því að sumir staðir hafa nú þegar náð því kvótamagni sem þeir mega veiða og þar er þegar komið atvinnuleysi. Það er of seint, að mínu viti, að ætla sér að fara að hugsa upp aðgerðir eftir að fjöldaatvinnuleysi hefur dunið yfir í landinu. Þess vegna er ástæða til þess að vekja um það umr. hvað menn hyggist fyrir til þess að koma í veg fyrir að hvert sjávarplássið á fætur öðru verði lagt undir það böl að búa við atvinnuleysi. En við því fást engin svör. Það er engu líkara en að hæstv. ríkisstj. eða þeim sem ferðinni ráða sé ekki enn ljóst til hvaða ráða eigi að grípa ef á

annað borð þeir gera sér grein fyrir því hvaða vanda er þegar við að glíma á þeim svæðum þar sem atvinnuleysi er þegar komið á.

Hæstv. forsrh. sagði í umr. á þriðjudaginn að sér fyndist of mikið gert úr þessum bráða vanda. Hann ætti að spyrja hæstv. félmrh., flokksbróður sinn, um það hvort of mikið sé gert úr þeim vanda sem þegar er kominn upp á Snæfellsnesi, í Vesturlandskjördæmi. Ætli hæstv. félmrh. sé sammála forsrh. um það að of mikið sé gert úr vanda sem menn kalla bráðan vanda? Það væri fróðlegt að fá um það vitneskju frá hæstv. félmrh. hvort hann telur að menn geri allt of mikið úr því sem gerst hefur á Snæfellsnesi.

Ég hygg nefnilega að menn sem svona tala hafi ekki gert sér grein fyrir því hvaða böl það í raun og veru er og hvað það þýðir í sjávarplássunum þegar flotinn leggst í höfn. Þá er yfir 90% af öllu vinnandi fólki atvinnulaust. Um það ætti hæstv. forsrh. að vera kunnugt úr sínu eigin kjördæmi hvað slíkt þýðir í sjávarplássi.

Auðheyrt var á bæði hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. að enn liggur ekki fyrir hvort aukið verður við kvótann og þá hversu mikið ef það yrði gert. En báðir sögðu þeir þó að slíkrar ákvörðunar, hver sem hún yrði, mætti vænta undir lok næstu viku. En við skulum setja dæmið þannig upp að ekkert verði bætt við kvótann. Komi slík ákvörðun strax í næstu viku að engin aukning verði á kvótanum á þorskfiskveiðum í ár, hvað þýðir það? (**Gripið fram í:** Þið eruð góðir félagar.) Það þýðir að strax eftir slíka ákvörðun er stefnt að fjöldaatvinnuleysi. Ég vil a. m. k. fá að heyra frá hæstv. ráðherrum hvað þeir hyggjast gera ef slík ákvörðun verður tekin næstu viku að engin aukning fáist á kvóta. Hvað á þá að gera fyrir þá staði þar sem flotinn er þegar stöðvaður og þá staði sem augsýnilegast er að flotinn stöðvast næstu daga eða næstu vikur? Hvað skal þá gera?

Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherrar eða hv. þm. almennt geri sér ekki grein fyrir því hversu gífurlega stórt mál og afdrifaríkt getur hér verið um að ræða. Það er því nánast furðulegt að hver þm. á fætur öðrum skuli falla um sjálfan sig og gefast upp á að ræða málið.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði hér síðast. Það var ekki mín meining heldur að efna hér fyrst og fremst til umr. um stjórnun fiskveiða í ár. Þá ákvörðun er búið að taka. En það er skylda Alþingis og ekki síst hæstv. ríkisstj. að ræða og gera þinginu og þjóðinni grein fyrir því hvað hún ætlar til bragðs að taka til að bregðast við þeim afleiðingum sem sú ákvörðun um stjórnun fiskveiða hefur þegar haft og mun enn frekar leiða af sér ef ekki verður breytt um. Það er kannske það sem er fyrst og fremst um að ræða. Hvernig ætla menn að bregðast við? Ætla menn kannske að leggja megninu af flotanum eftir mitt ár og láta bæði sjómenn, fiskverkunarfólk, svo og annað launafólk mæla götur á sínum heimavígstöðvum það sem eftir er ársins á atvinnuleysisbótum? Það er það sem blasir við, verði ekkert að gert. En það er ekki, a. m. k. ekki enn sem komið er í þessum umr., hægt að fá nein svör við því.

Það er slæmt að hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl. og, það ég best veit, formaður hinnar margumtöluðu atvinnumálanefndar, skuli ekki vera viðstaddur umr. af þessu tagi þannig að menn geti fengið svör við því hvað fyrirhugað er að gera af hálfu þeirrar nefndar sem hæstv. ríkisstj. virðist treysta mest á í þessu efni. En líklega verður það svo um þetta, eins og mörg fleiri alvörumál sem hér eru til umr., að hæstv. ráðherrar eða stjórnarliðar almennt þegja þunnu hljóði um það hvað gera skuli og fást ekki til að ræða málin einu sinni.

Ég tek ekki undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði síðast, að of snemmt væri að örvænta. Nú þegar er fjöldi fólks, að vísu enn á takmörkuðu landssvæði, sem örvæntir um sinn hag. Það er því ekki að ástæðulausu að menn vilja fá svör við því hvað eigi að gera. Það er ástæða til þess að spyrja hv. þm. Vesturl., aðra en hæstv. félmrh.: Telja þeir að of snemmt sé að örvænta eins og ástandið er þegar orðið í þeirra eigin kjördæmi, að vísu á takmörkuðu svæði? Telja þeir að of mikið sé gert úr þessu máli hér? Við þessu væri gott að fá svör. Séu þetta bara hugarórar mínir er ekki alvörumál á ferðinni. En það skyldi nú ekki vera að a. m. k. sjómenn, fiskverkunarfólk og launafólk almennt talað hafi hvað mestar áhyggjur af þessu þessa dagana þó svo að hæstv. forsrh. og sjútvrh. virðist ekki hafa af því áhyggjur.

Hæstv. sjútvrh. sagði að að sínu viti skapaði kvótinn meira atvinnuöryggi. Ég er honum ekki sammála um það þó að ekki sé allt slæmt við það fyrirkomulag sem nú hefur verið tekið upp og á að gilda þetta ár a. m. k. Ég held t. d. að að því megi færa vissar röksemdir að afli sé yfirleitt betur með farinn. Ég hugsa að almennt talað megi líta svo á. En það eitt nægir ekki til þess að bjarga þeim svæðum sem fyrirsjáanlega koma til með að búa við atvinnuleysi langtímum saman á þessu ári. Það er enginn sem segir að ekki hefði mátt bæta gæði hráefnisins með öðrum leiðum en kvótaskiptingu.

Ég verð nú að viðurkenna að ég gat ekki fylgst með útreikningum hjá hv. þm. Árna Johnsen hér síðast. Ég hreinlega náði ekki þeirri línu sem hann var þar að leggja og lái mér hver sem vill, hafi menn hlustað. Ég heyrði ekki betur heldur en hann fullyrti að að óbreyttu ástandi yrðu hér veidd um 260—270 þús. tonn af þorski. Það er verst að hv. þm. er ekki við því að það væri fróðlegt að fá frekari útlistingu á þeirri reikningsformúlu sem á að koma því til leiðar að að óbreyttu ástandi verði veidd um 260—270 þús. tonn af þorski í ár. Að vísu heyrðist mér oft og tíðum að hv. þm. væri að tala um ígildi þorsks. Það er auðvitað hægt að reikna margt inn í sem ígildi þorsks — þyngd mannsins er hægt að reikna þar inn í meira að segja. (Gripið fram í.) Er nú væntanlegur sjútvrh. Alþb. genginn í salinn? Það spillir þá ekki umræðunni sjái hann sér fært að koma upp. Ég heyri að hann verður við því og þá þarf nú ekki að örvænta um útlistingar og gáfulegar umr. þegar sá hv. þm. er kominn hér í ræðustól til að tala um sjávarútvegsmál. Og þá auðvitað að eigin mati.

Hv. þm. Árni Johnsen sagði undir lok sinnar ræðu að hann teldi að mjög fljótlega þyrfti að taka pólitíska ákvörðun um það hvort auka ætti það aflamagn af þorski sem á að veiða. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Árni Johnsen væri alger andstæðingur kvótans. Nú koma þeir hér hver á fætur öðrum sem greiddu honum atkv. fyrir áramótin og enginn þeirra þm. sem tekið hafa þátt í þessari umr. það sem af er annar en hæstv. sjútvrh. hefur verið meðmæltur kvótakerfinu. Allir aðrir hafa lýst því yfir að þeir væru ekki kvótamenn. Þeir eru að vísu ekki allir komnir upp, vænti ég, sem eru farnir að linast í trúnni, en það breytir ekki þessu máli.

Spurningin er og verður þessi: Verður það aflamagn

af þorski sem veiða má aukið frá því sem þegar hefur verið ákveðið? Hvenær verður sú ákvörðun tekin og hversu miklu er hugsanlegt að bætt verði við, verði það gert? Og þó svo að þetta yrði gert með þessum hætti, þá er nauðsynlegt að fá um það vitneskju hvað hæstv. ríkisstj. hyggst gera til að bregðast við þeim vanda sem fyrirsjáanlegur er og þegar er upp kominn í sjávarplássunum fyrst og fremst og leiðir auðvitað síðan af sér atvinnuleysi líka annars staðar. Þó að menn sleppi öllu tali um kvótann og þá stjórnun fiskveiða sem nú er í gildi geta menn ekki vikið sér undan því að ræða hvað á að taka við, hvernig á að bregðast við. Það er sú spurning sem brennur á vörum fólksins í landinu, ekki síst þess fólks sem þegar er farið að mæla göturnar vegna þeirrar stjórnunar og þess kerfis sem sett var á.

Hæstv. forsrh. vék að því að ekki væri allt svart í þessum efnum og vissulega er það rétt. Benti hann m. a. á að víðtæk leyfi hefðu verið veitt til rækjuveiða og það er út af fyrir sig rétt. En ég hygg að það geti verið umdeilanleg ákvörðun hvernig að slíku er staðið. Nú er afskaplega lítið vitað um rækjustofninn og mér sýnist að hér sé enn eina ferðina verið að leggja út í slík fjárhagsævintýri að menn sjáist ekki fyrir. Ég óttast það a. m. k. (**Gripið fram í:** Að ráði fiskifræðinga.) Að menn sjáist ekki fyrir að ráði fiskifræðinga? Ekki voru það mín orð. Ég er á engan hátt að segja að ekki eigi að taka tillit til þess sem fiskifræðingar segja. En ég er heldur ekki að segja að það eigi algerlega að fara eftir því. Það hefur margsýnt sig að sú fræðigrein er þess eðlis að erfitt er þar á að byggja og er ekki við mennina að sakast sem þá fræðigrein hafa lagt fyrir sig og þau störf stunda. Það er margt annað sem þar kemur til og þess vegna verður oft að fara aðrar leiðir en fiskifræðingar vilja. Ég vil á þessari stundu ekki gagnrýna að aukin hafa verið leyfi til rækjuveiða, en ég held að menn þurfi að gá að sér í þeim efnum ef þeir ætla ekki að fara enn eina ferðina í vafasamt fjárfestingarævintýri.

Ég skal ekki, herra forseti, að sinni hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég heyri að einhverjir hv. þm. eru þegar búnir að biðja um orðið og ég vil gefa þeim tækifæri til að komast að. En í lokin vil ég aðeins vekja athygli á því sem ég kalla brenglað fréttamat þeirra aðila frá ríkisfjölmiðlum sem afla frétta úr þinginu. Það er furðulegt að hvorugur ríkisfjölmiðillinn, sjónvarp og eða útvarp, skuli sjá ástæðu til að gera grein fyrir umr. hér á Alþingi um atvinnumál, þá atvinnugrein sem allt snýst í raun og veru um í landinu. Kannske er það tilviljun að slíkt gerist á svipuðum tíma og menn eru hér að ræða ný útvarpslög og fleiri aðila inn í fréttamennskuna. Sú spurning hlýtur að vakna hvort þeir fulltrúar ríkisfjölmiðlanna sem hér fylgjast með og greina frá fréttum eru með slíku háttalagi að gefa vísbendingu um að þeir séu þeirrar skoðunar að það þurfi fleiri fréttamiðla en þá ríkisfjölmiðla sem við höfum nú. Þeir séu að létta róðurinn fyrir þá sem vilja útvíkka kerfið með því að halda á fréttaflutningi á þann hátt sem gert var hér s. l. þriðjudag frá þinginu.

Ég hélt að það væri ekki síst ástæða til þess fyrir fólkið í landinu að fylgjast með umr. á Alþingi, burt frá öllum pólitískum sjónarmiðum séð, um atvinnumálin, ekki síst í því ástandi sem þau eru þegar komin í og fer greinilega versnandi eftir því sem á líður árið. En fulltrúar ríkisfjölmiðlanna virðast ekki vera þeirrar skoðunar að fólkinu í landinu komi það neitt við hvernig hér er fjallað um atvinnumálin. Og sjálfsagt getum við ekkert við því gert. Þeir ráða þar ferðinni líklega, a. m. k. þangað til þá kemur önnur samkeppni um fréttaflutning. En ég hygg að fréttaflutningur eins og ríkisfjölmiðlarnir gerðu sig seka um hér s. l. þriðjudag sé ekki til þess fallinn að vekja tiltrú á ríkisfjölmiðlunum og veitti þó sannarlega ekki af að auka tiltrú almennings á því starfi sem ríkisfjölmiðlar eiga að vinna og sinna ef rétt er á haldið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Vestf., hóf mál sitt með því að lýsa óánægju sinni með það að horfur væru á að það yrðu minni umr. um þetta utandagskrárefni en hann hefði gert ráð fyrir eða hefði mátt ætla. Hv. þm. sagði að sýnilegt væri að ákvörðun forseta um að fresta þessum umr. á síðasta fundi hefði haft tilætluð áhrif, eins og hv. þm. orðaði það.

Af þessu tilefni skal tekið fram, að s. l. þriðjudag þegar hv. 3. þm. Vestf. kom að máli við forseta og óskaði eftir utandagskrárumr. var honum tjáð að af sérstökum ástæðum væru þrengri mörk fyrir því en venjulega hve lengi umr. gæti staðið þann dag. Því kynni að vera hyggilegra að fresta þessum umr. til fimmtudags. Hv. 3. þm. Vestf. hafnaði þessu og það var orðið við ósk hans um að hefja þessar umr. á síðasta fundi. Þeim umr. var haldið áfram á síðasta fundi í hartnær tvær klukkustundir.

Nú segir hv. 3. þm. Vestf. að það hafi verið ráð forseta að fara svo að sem gert var til þess að koma því til leiðar að færri tækju til máls en ella.

Þessi brigslyrði hv. 3. þm. Vestf. samræmast ekki þeim siðvenjum sem gera verður kröfu til að hv. þm. fylgi á Alþingi. Raunar eru þessu brigslyrði vítaverð þó að látið verði sitja nú við áminningu.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í örstuttu máli verð ég að leiðrétta það sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda um atvinnumálanefnd þá sem ríkisstj. hefur gert tillögu um að sett verði á fót. Gert er ráð fyrir að í þá nefnd tilnefni fulltrúa aðilar vinnumarkaðarins. — Mér þætti vænt um ef hv. fyrirspyrjandi mætti vera að að hlusta á skýringu mína, herra forseti. Ég er að tala til hv. fyrirspyrjanda. Ég vil leiðrétta þau ummæli sem komu fram hjá honum áðan um atvinnumálanefnd þá sem ríkisstj. hefur gert tillögu um að sett verði á fót. Gert er ráð fyrir að tilnefndir verði fulltrúar í þá nefnd frá ýmsum aðilum vinnumarkaðarins. Ríkisstj. hefur tilnefnt sína fulltrúa, sömuleiðis Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en Alþýðusamband Íslands hefur ekki tilnefnt sína fulltrúa og, ég hygg að ég fari rétt með, ekki heldur Vinnuveitendasamband Íslands. Ég vil hins vegar taka fram að ég hef átt fund með mönnum frá ASÍ, þar sem komið hefur fram áhugi þeirra á því að taka þátt í þessu nefndarstarfi og ég geri ráð fyrir því að ASÍ muni fljótlega skipa menn í nefndina. Þetta vildi ég að kæmi hér fram. Þetta er ástæðan fyrir því að þessi nefnd hefur ekki tekið til starfa.

Ég verð einnig að leiðrétta það sem hann sagði um afstöðu mína til kvótakerfisins. Ég sagðist ekki vera kvótamaður fremur en hann, ég hygg að ég muni það

orðrétt, en ég sagði jafnframt að ég hefði ekki séð að vegna þess mikla samdráttar sem fyrirsjáanlegur var og er í þorskveiðum væri vart önnur leið fær eins og er og þess vegna samþykkti ég kvótann. Ég hygg að hæstv. sjútvrh. hafi svipaða afstöðu til þessa máls. Ég gerði einnig grein fyrir því að samþykktir hagsmunaaðila í þessu sambandi hefðu að sjálfsögðu áhrif.

Ég var til fróðleiks að bera saman hvernig ástandið kynni að vera og væri líklega ef fylgt hefði verið gömlu reglunni, sem ég starfaði eftir sem sjútvrh. Bátarnir hefðu að öllum líkindum fengið um 115 þús. lestir, rétt rúmlega helminginn af þorskaflanum. Þeirri reglu var almennt fylgt. Síðan var þeim þorskafla skipt á ársþriðjunga og mjög líklega hefði á vertíðinni verið gert ráð fyrir í kringum 80 þús. lestum af þorski. Mér kæmi satt að segja ekkert á óvart, miðað við þann afla sem verið hefur á Breiðafirðinum og sæmilegur hér suðvestanlands, að fljótlega hefði dregið til þess að þorskveiðar á fyrsta ársþriðjungi hefðu verið stöðvaðar um land allt þrátt fyrir að mjög víða um landið, t. d. á Norðurlandi, Austfjörðum og Suðausturlandi, fer víðs fjarri að kvótanum sé náð. Ég vek athygli á því að það væri ekki allt unnið atvinnulega þótt fylgt hefði verið gömlu reglunni.

Sjútvrh. getur að sjálfsögðu upplýst nánar um aflabrögð, en mér þótti fróðlegt það sem ég frétti í hádeginu að afli í marsmánuði muni að öllum líkindum, þegar lagt er saman, reynast heldur minni en í marsmánuði í fyrra þrátt fyrir þann afla sem hefur verið á Breiðafirði. Þrátt fyrir það mun botnfiskafli í marsmánuði vera minni en í fyrra. Ekki bendir það til þess að um gífurlega mikinn fisk sé að ræða.

Hv. fyrirspyrjandi krefst frá ríkisstj. upplýsinga um hvað muni verða gert. Bæði ég og sjútvrh. höfum upplýst að kvótinn er til endurskoðunar. Ég trúi því ekki, ég endurtek það, að nokkur vilji krefjast þess af sjútvrh. eða ríkisstj. að ákveðinn verði viðbótarkvóti fyrr en fiskifræðingar hafa lagt fram sínar tillögur. Fiskifræðingar hafa lofað að flýta sínum tillögum. Væntanlega verða þær tilbúnar í næstu viku. Þá munu sjútvrh. og ríkisstj. fjalla um hvort bætt verður við kvótann án tafar og að öllum líkindum verða þá ef unnt er að bæta við afla, aðrar breytingar gerðar á kvótakerfinu.

Ég vil jafnframt leggja á það ríka áherslu að ríkisstj. mun bregðast við þeim vanda sem skapast af atvinnuleysi hvar sem er um landið. Ríkisstj. mun gera það og er tilbúin til þess, en ég vil ekki vera að spá fyrir fram um slíkt né get ég fullyrt að þessi vandi verði mikill eða lítill. Fyrst verðum við að sjá hvernig aflabrögð verða og hvort kvótinn er nýttur þegar upp er staðið og hvort kvótinn verður endurskoðaður alveg á næstunni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess strax út af orðum forseta áðan, sem voru allhörð, — ekki er ég þó að biðjast vægðar, á engan hátt, — að gera örstutta aths. Þegar umr. var frestað síðast og fundi slitið voru það ég best veit ellefu þm. á mælendaskrá. Það hef ég eftir hæstv. forseta sjálfum. Mér sýndist því augljóst, þegar fundur hófst hér að nýju og hver hv. þm. á fætur öðrum féll frá orðinu, hver þróunin hefði orðið frá því að fundi var slitið. Ellefu þm., sem voru á mælendaskrá þegar fundi var slitið síðast, höfðu fallið frá orðinu. Þetta er á engan hátt mælt til hnjóðs hæstv. forseta. Hæstv. forseti sagði mér sjálfur eftir að hann hafði slitið fundi síðast að á mælendaskrá væru ellefu hv. þm. og þegar fundur hófst hér áðan féllu þeir allir frá orðinu eða þá að þeir hafa gert það einhvern tíma í millitíðinni. Ég held að þetta sé augljóst mál. En ég ítreka að á engan hátt var ég að gagnrýna störf hæstv. forseta. Ég hef ekki séð og sé enga ástæðu til þess enn. Ég vil að hæstv. forseta sé það ljóst. En dæmið lítur svona út.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þessi afsökun hv. 3. þm. Vestf. á fyrri ummælum er móttekin.

Það skal leiðrétt að það hafa ekki ellefu þm. fallið frá orðinu. Það hafa þrír þm. fallið frá orðinu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hygg að 3. þm. Vestf. hafi alls ekki ætlað sér að veitast að forseta, heldur hafi hann ætlað sér að veita hv. 4. þm. Vestf. vissar ákúrur fyrir afstöðu hans í þessu máli.

En víkjum að alvörunni. Það blasir við að fiskifræðingar boðuðu okkur með svartri skýrslu að ekki væri rétt að veiða meira en 220 þús. tonn af þorski á því herrans ári 1984 og hæstv. sjútvrh. óskaði eftir því að fá umboð til að standa þannig að málum að hann hefði það nokkuð í hendi sér hversu mikið yrði veitt. Ég hygg að það sé svo með alla þm. að þeir séu reiðubúnir að standa að erfiðum ákvörðunum þegar þeirra er þörf. Nú er það aftur á móti svo með fiskifræðingana og veðurfræðingana að þeir fjalla um mál í spásagnar- eða áætlunarstíl. Enn er ekki komið svo fyrir Íslendingum þegar þeir labba úti á götu í ausandi rigningu, þó að veðurfræðingur hafi spáð sólskini, að þeir trúi því að hann hafi haft rétt fyrir sér þó sérfræðingur sé. Og jafnvel þó að þeir viðurkenni að veðurfræðingarnir viti miklu meira um veðrið en þeir taka þeir undir þeim kringumstæðum mið af staðreyndum, þ. e. þeirri staðreynd að það er rigning. Sú spurning vaknar þegar Breiðafjörður fyllist af þorski, þannig að það er landburður af þorski, hvort taka megi mark á þeirri staðreynd eða hvort enn skuli því trúað að litlu muni að aldauður sé þorskur við Íslandsstrendur.

Nú rengi ég það ekki að hæstv. sjútvrh. er mikill friðunarsinni því að hvalurinn var afgreiddur og friðaður að hans ráðum á sínum tíma. En ég hef nú talið að hann væri ekki þeirrar skoðunar að friða bæri þorskinn ef hægt væri að veiða hann. Ég vil minna á að í svörtu skýrslunni var stórt ef; ef ekki kemur fiskur frá Grænlandi. Nú er mér sagt af sjómönnum að þeir séu að veiða fisk frá Grænlandi, þó að þeir viðurkenni að sá fiskur sem er á Breiðafirði sé almennt ekki þaðan. Okkur hafa einnig borist fréttir um að klakið í fyrra hafi tekist vel, mjög mikið sé af seiðum. Hvernig fær það staðist ef þorskstofninn er hér um bil hruninn að hann skili þessu klaki? Hvað hefur gerst í þeim efnum? Er það e. t. v. niðurstaðan í því máli að það séu aðstæðurnar í sjónum, skilyrðin í sjónum sem skipti mestu máli um hversu vel klak tekst hverju sinni en ekki stærð þorskstofnsins, enda ekki svo lítið sem kemur frá hverjum þorski?

Ég ætla að þær umr. sem hér fara fram þurfi að skiptast í tvennt að því leyti að það er eitt að ákveða kvóta og annað að ákveða að hér skuli ekki veidd nema 220 þús. tonn af þorski. Ég ætla að byrja á að víkja að kvótanum sem slíkum.

Við sem höfum miklar efasemdir en studdum með fyrirvara engu að síður að gerð yrði tilraun með kvótann höfum í dag fengið þær fréttir úr þjóðlífinu sem sanna að sá efi hefur ekki reynst ástæðulaus. Í fyrsta lagi er eftirlitið með kvótakerfinu algerlega í molum. Það er hægt að landa fiski fram hjá kvóta á flestum stöðum á Íslandi. (Gripið fram í.) Á Suðurnesjum öllum, hv. þm. (**KSG:** Það finnst ekki slíkur óheiðarleiki þar.) Það var enginn að ræða um óheiðarleika. Það var verið að ræða um hvort þetta væri hægt. Mér er sagt að það sé líka hægt fyrir austan og mér er sagt að það sé einnig gert fyrir austan.

Ég vil bæta því við að við óttuðumst það margir að fiskur sem væri lélegur í netum kæmi aldrei að landi, honum væri einfaldlega hent. Okkur hefur verið sagt af þm. Sunnlendinga að það sé staðreynd, þessum fiski sé hent. (**Gripið fram í:** 40%.) 40%, fullyrti hann. Þegar hæstv. sjútvrh. spyr fiskkaupmenn á Suðurnesjum að því hvort fiskurinn sé ekki betri en þeir fengu í fyrra, þá skyldi engan undra þó hann sé betri ef 40% aflans koma aldrei að landi. Það er undarlegt ef svo er komið að menn halda að sá sem er með 3. flokks fisk og veit að hann fær sáralítið fyrir hann fer að koma með hann að landi ef hann telur að með því einu að fleygja honum geti hann komið með 1. flokks afla úr næsta róðri. Og það hefur áður skeð að fiskur hefur flotið dauður. Þetta gerðist á sínum tíma þegar svo fáránlegar reglur voru settar um síldveiðar að það var ekki hægt að fara eftir þeim.

Hæstv. sjútvrh. virðist trúa því statt og stöðugt að hægt sé að setja upp svona kerfi og hafa nánast ekkert eftirlit með því. Ég veit ekki betur en það hafi ýmsir aðilar komið á fund þeirrar nefndar sem sér um úthlutun veiðileyfanna til að koma því á framfæri að þeir hafi verið með meiri afla en skýrslur Fiskifélagsins hafi borið með sér. Það skyldi þó ekki verða, þegar upp er staðið, að það komi í ljós að allmargir aðilar landi meiri fiski en kvótinn leyfir og láti á það reyna hvort það heldur eða ekki. Kvótakerfi hefur verið reynt hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og hver var niðurstaðan að dómi Englendinganna þegar þeir sendu eftirlitsmenn til Frakklands? Frönsku eftirlitsmennirnir horfðu til himins, þegar hinir bentu þeim á síldina í kössum, og sögðust ekki sjá neina síld. Ég er ekki búinn að sjá að hægt sé að slá því föstu að sú reynsla sem þar átti sér stað komi okkur ekkert við og það sé hægt að framkvæma svona kerfi án þess að eftirlit sé haft með því. — Hæstv. sjútvrh. er genginn úr salnum. (**KP:** Hann var búinn að fá nóg greinilega.)

Ég vildi einnig koma því á framfæri að þegar úthlutað er blönduðu kvótakerfi getur svo farið að línubátur sem hefur mátt veiða visst magn af ýsu, visst magn af steinbít og visst magn af þorski sé kominn það nálægt kvótanum að menn verði að fara að lemja af önglunum þá fiska sem álpast hafa til að bíta á án þess að hafa leyfi til þess að koma í land því að það passar ekki aflasamsetningin. Þetta er einnig alþekkt í löndum þar sem kvótakerfi er. Danskir sjómenn sigldu skipum sínum í höfn vegna þess að þeir sögðu að heimildirnar sem þeir höfðu til að koma með bolfisk að landi væru of litlar, það væri ekki hægt að stunda veiðarnar miðað við þær kröfur sem þar voru gerðar.

Þriðja atriðið, sem bætir ekki skap sjómanna, er þegar happafleytur eins og Einar Ben. eru allt í einu búnar að fá tilkynningu um að þær fái miklu stærri kvóta en þær hafa nokkurn tíma komið með fisk að landi. Svo er búið að dubba upp á endann á þeim aftur þannig að þetta eru orðin virðulegustu skip, kölluð togarar. Eitt er að skipta um nöfn og annað að skipin verða að annars konar skipum fái þau andlitslyftingu.

Ég hef verið að hlusta eftir því hvort það heyrðist eitthvað frá fiskifræðingum og einnig verið að fletta blöðum í von um að þar sæjust nú einhverjar fréttir og eitthvað væri skrifað. En það var eins og þeir væru steindauðir eða allir farnir af landi brott, það heyrðist ekki frá þeim eitt einasta púst. Hvað veldur? Þeir eru úti á sjó heyrist utan úr sal. (**Gripið fram í:** Formaður sjútvn. er hérna.) Ég ætla ekki að kveða neitt upp úr um hvort þeir séu úti á sjó. En ég hygg að það séu engin rök í þessu máli að segja í dag að minni afli hafi borist í land í marsmánuði en barst á land í marsmánuði í fyrra. Ástæðan er annars vegar sú, að menn hafa verið að reyna að aðlaga sig að þessu kvótakerfi og veiða minna, verið með miklu færri net. Þeir hafa einnig, eins og hér hefur komið fram, ekki komið með allan þann afla að landi sem þeir hafa veitt. Afleiðingin er þessi.

Ég held að undan því verði ekki vikist að hæstv. ríkisstj. taki ákvörðun um það mjög fljótlega hvort svarta skýrslan með sínum boðskap um 220 þús. tonn af þorski er raunhæf miðað við það ástand sem er í sjónum núna. Skilyrðin í sjónum eru mjög góð. Það er yfir höfuð ekki umdeilt. En það má vel vera að það sé komið svo fyrir okkur að þó að við trúum því í dag að það sé rigning ef það rignir á okkur þrátt fyrir að veðurfræðingar hafi spáð sólskini, þá sé fráleitt að trúa öðru en það sé fiskleysi þó að menn drekkhlaði skipin, ef fiskifræðingar hafi spáð fiskleysi.

Það er ekkert nýtt þó að svona vandamál komi upp varðandi hverjum ber að trúa. Ég minnist þess að sem ungur maður las ég ágæta bók. Það voru dæmisögur Nasreddins. Nasreddinn átti asna. Nágranni hans sótti það mjög fast að fá þennan grip lánaðan. Það endaði með því að Nasreddinn hugsaði með sér að reyna nú að losna undan því að lána asnann sinn, svo að í stað þess að hafa hann fyrir allra augum geymdi hann asnann inni í húsi þó um hásumar væri. Svo kom nágranninn og bað um að asninn væri sér lánaður og Nasreddinn svaraði því til að asninn væri ekki við, en í því hneggjaði hann í hesthúsinu við hliðina. Þá sagði nágranninn að hann tryði þessu ekki því að hann heyrði í asnanum. En Nasreddinn brást náttúrlega reiður við og sagði: Trúir þú asnanum mínum betur en mér? Og þar við sat. — Og spurningin er í dag: Eiga íbúarnir við Breiðafjörð að trúa þorskinum eða fiskifræðingunum?

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Hér er búið að halda margar ræður, bæði á þriðjudag og í dag, um sjávarútvegsmál og þá einkum kvótamál og það sem af þeim leiðir, þ. e. atvinnumálin, þannig að allt er þetta skylt hvað öðru. Þessi umr. er mjög eðlileg þar sem nú stendur yfir hávertíð og við erum að takast á við nýja stefnu í fiskveiðimálum okkar, stefnu sem hlýtur að verða umdeild þó hún sé tekin upp til reynslu í eitt ár.

Sumir ræðumenn virðast vilja kasta öllu fyrir róða og ekki líta á slíkar stjórnunaraðgerðir þó að ekki séu liðnir nema rúmir tveir mánuðir síðan kerfið var tekið upp til reynslu. Er látið að því liggja að það sé óþarfi að grípa til slíkra stjórnunaraðgerða þar sem nægur fiskur

sé í sjónum.

En af hverju voru þessir óvinsælu stjórnunarþættir teknir upp? Af hverju fór hv. Alþingi og hæstv. ríkisstj. að skipta sér af þessu máli og skapa sér óvinsældir meðal margra þjóðfélagsþegna? Af hverju mátti ekki halda uppi óbreyttri stefnu eða stefnuleysi undanfarinna ára í fiskveiðimálum? Það hefði verið miklu þægilegra fyrir hv. alþm. að losna við þau óþægindi sem þeim ráðstöfunum fylgja sem gerðar voru s. l. haust. En til stjórnvalda, til hv. Alþingis, var boltanum kastað og þess vegna bar okkur og ber okkur sem ábyrgum stjórnmálamönnum að taka afstöðu til jafnalvarlegra mála og hér um ræðir þó að það verði að gerast á þann veg að það verði ekki til þess að skapa tímabundnar vinsældir.

En rifjum aðeins upp og lítum nánar á málin. Þó það hafi verið gert hér ætla ég að fara yfir það aftur. S. l. haust, þegar skýrsla fiskifræðinganna lá fyrir um ástand okkar fiskistofna, var ráðlagt skv. þeirra spám og tillögum að veiða 200 þús. tonn af þorski. Árið áður, 1983, var íslenski fiskiskipaflotinn, okkar voldugi floti, í fullri sókn. Hverju náði hann? Hann náði 293 þús. tonnum af þorski allt það ár. Hann hafði leyfi til að taka 350 þús. tonn. Honum tókst það ekki. Það var ekki fisk að finna til þess að ná þessum afla upp. Það er von að menn segi í dag: Það átti bara að halda áfram óheftri stefnu eins og hún var árið 1983.

Þetta gerðu forsvarsmenn hagsmunasamtaka í sjávarútvegi landsins sér ljóst og það bárust erindi frá þeim — ég tel þá ekki upp, þetta er okkur öllum kunnugt — hingað til Alþingis um það að tekin yrði upp einhvers konar stjórnun á fiskveiðum. Þetta var mikið mál og var rætt hér á haustdögum. Rétt fyrir jólaleyfi var það samþykkt — um það voru skiptar skoðanir þó, það skal tekið fram — að heimila hæstv. sjútvrh. frekari völd en hann þegar hafði til stjórnunar á þessum veiðum.

Hann hafði sér til ráðuneytis um það að hrinda þessu kvótakerfi í framkvæmd fulltrúa frá öllum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Ég tek það skýrt fram að mér er ekki kunnugt um að hann hafi á nokkurn hátt gengið á svig við þá ráðgjafa sem hann hafði í þessum nefndum við að undirbyggja þetta mál og koma á þessum kvóta. Að vissu leyti voru skiptar skoðanir milli sjómannafulltrúa og farmannasambandsfulltrúa. Þeir vildu svokallaða sóknarkvóta en meiri hl. vildi aflakvóta. Það er annað mál. En í meginatriðum er farið nákvæmlega eftir því sem þeir ráðlögðu og samþykktu og hafa unnið að með ráðherra.

Svo tala menn um í ræðum að Alþingi hafi afsalað sér sérstökum rétti — ég orða það ekki sterkara en það — til hæstv. sjútvrh. í þessum efnum. Síðast nú áðan sagði hv. 3. þm. Vestf. að farið hafi fram valdaafsal til sjútvrh. Sama sagði hv. 4. þm. Vesturl. í ræðu á þriðjudaginn var. Þessu mótmæli ég. Það var ekkert valdaafsal framkvæmt og ef slíkt orðbragð er notað í þessu efni á hv. Alþingi, þar sem er lögleg afgreiðsla meiri hl. atkv., er það rangt.

Þó að hæstv. sjútvrh. sé ekki í sama flokki og ég í pólitík er ég samt það sanngjarn að ég vil standa að baki honum í þessum málum og tel að hann hafi gert það sem honum var falið að gera á sem bestan veg. Ég treysti honum fullkomlega til að gera það áfram á þann besta veg eins og hann hefur gert fram að þessu. Það er ekki drengilegt að koma aftan að mönnum sem fengin eru slík vafasöm völd með fullyrðingar um að þeir hafi ekki kannske misbeitt þeim en gert eitthvað óðruvísi en reiknað var með að þeir ættu að gera. Þannig liggur þetta fyrir í úrtaki úr ræðum manna.

Það mætti hafa um þetta allt langt mál, en ég er þeirrar skoðunar að við megum ekki hlaupa upp í dag þó að við fréttum um mikinn afla á vissum svæðum við landið. Því miður er sá afli ekki nema í Breiðafirði enn þá. Allur afli fyrir Suðurlandinu, sem mikið er rætt um og hv. 3. þm. Suðurl. ræddi um daginn, er því miður ekki þorskafli. Þá er vitað að það er nógur ufsaafli og verulegur ýsuafli, en þorskafli er ekki búinn að ná því marki enn þá sem þurfti og reiknað var með svo að hægt sé að bæta við kvóta.

Ráðh. lýsti því yfir um daginn að nú stæðu yfir miklar rannsóknir hjá fiskifræðingum. Þeirra niðurstöður koma sennilega í lok næstu viku eftir því sem var upplýst um daginn. Ég skal verða mikill talsmaður fyrir því að ef þær mælingar upplýsa okkur um að um verulega aukningu á þorskgengd við landið sé að ræða, þá eigum við ekki að hika við það að bæta við þann kvóta sem á var settur. En við eigum alls ekki að gera það fyrr en við vitum um hvernig ástandið er á þessum fiskistofnum. Þó að sárt sé að þurfa að segja nei verður stundum að gera það.

En við skulum vera bjartsýn. Borið hefur mikið á svartsýni í þessum umr. Það er margt annað á okkar fiskimiðum heldur en þorskurinn. Það er stórvaxandi veiði á rækju. Verulega munar um þá aukningu á loðnuveiðum sem hér kom til í vetur. Því er ekki ástæða til hreinnar svartsýni.

Það sem við höfum verið að deila um er ekki minnkun á öðrum botnfiskstofnum við landið en þorskinum. Í fyrra veiddust, eins og ég sagði, 290 þús. tonn af þorski. Ef það er komið upp í 230—240 þús. tonn núna með leiðréttingu á kvóta og öðru, þá er munurinn ekki orðinn það mikill, þ. e. 50—60 þús. tonna munur. Hinar tegundirnar eru að fullu uppi og því má ekki gleyma.

Hv. 3. þm. Vestf. ræddi um atvinnumálin og ég er honum algerlega sammála um að þar er mjög alvarlegt mál á ferðinni. Hann benti á þm. Vestlendinga í þeim efnum. Þar sem þetta kreppir hvað harðast að núna er einmitt á þéttbýlissvæðunum við Breiðafjörð og þetta er alvarlegt ástand. En það verður að segjast eins og er að á þessu svæði er búið að ná upp miklu meiri afla á mun skemmri tíma en hægt var að reikna með. Þess vegna hefur verið óvenjumikil vinna þarna við fisk undanfarnar vikur og er það vel. En því miður er ekki annað að sjá í bili en að þarna þurfi að verða einhver samdráttur um tíma meðan annarra leiða er leitað.

Ég get ekki héðan úr þessum ræðustól lofað að þar verði sérstökum ráðstöfunum beitt. Það er ekki í mínum verkahring. Hins vegar verður að líta á það svæði og önnur þau svæði á landinu sem verða fyrir slíku á sérstakan hátt og leita verður ráða til að bægja þar frá atvinnuleysi sem við erum öll sammála um að er sá versti vágestur sem hér getur borið að garði.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég held að síst sé hægt að kvarta undan því að menn fái ekki að tala hér, tala hátt og raunar lengi, því miður af miklum misskilningi stundum. Ég er alveg viss um að hávaðinn leysir ekki þessi vandamál og þaðan af síður alls konar

fullyrðingasemi. Það hefur því miður verið þannig nú til allt of langs tíma í þjóðfélaginu að menn reyna að nýta sér óánægjuna fyrst og fremst í staðinn fyrir að hafa uppi jákvæðan málflutning. Þetta er allt of víða. Maður verður var við það í öllum flokkum. Ég skal viðurkenna að við Alþb.-menn höfum ærinn skammt af þessari aðferð. Hana á hins vegar ekki að nota.

Menn fara að velta sér upp úr hugsanlegu atvinnuleysi með þessum fyrirgangi og alls kyns misskilningi eins og háttur er hv. þm. Vestf., Karvels Pálmasonar. Mikið liggur við og ég get fyrirgefið honum þetta vegna þess að við erum vanir því og hann hefur þörf fyrir það.

Í umr. á þriðjudaginn var fóru menn í gegnum alla listana frá því í haust og ég verð að segja að þeir sem kvarta undan of litlum fréttaflutningi af slíkum umr. mega að mínum dómi þakka guði fyrir að þeir þegja yfir því, fjölmiðlarnir. Fréttamat fréttamanna ríkisfjölmiðlanna er stundum ósköp brenglað. Hvernig í ósköpunum eiga líka blaðamenn, kannske nýkomnir úr skóla og hafa sjaldan eða aldrei bleytt á sér fingurna, hvað þá að þeir þekki, margir hverjir, nokkurn skapaðan hlut til lífs fólksins í landinu, að taka skynsamlegar ákvarðanir í hvert skipti sem þeir eiga að leggja eitthvert mat á fréttir? Fréttamatið er því miður oftast þannig að menn taka upp eitthvert upphlaupsmál, eitthvað sem hægt er að bendla við hneyksli eða eitthvað af því tagi, en láta síðan alvöruumræður um lífið í landinu, fiskaflann, fara fram hjá sér. Enda er ég ekkert viss um að allt þetta fólk, sem er að gutla í fjölmiðlabransanum, geri sér nokkra grein fyrir því á hverju þjóðin lifir, því miður.

Í umr. á þriðjudaginn var jafnvel gengið svo langt að menn töluðu um valdaafsal frá þinginu til rn. Þetta er fjarstæða ekkert síður en það var í haust. Þingið hefur aldrei mótað neina fiskveiðistefnu, hvorki fyrr né síðar. Allt slíkt tal um valdaafsal er þess vegna misskilningur eða ósannindi, nema hvort tveggja sé. Ég nenni ekki að fara í gegnum þann lista aftur, það er bara bull. Ég get sagt ykkur hv. alþm. að ég gæti leyst öll þessi vandamál með einni handarhreyfingu ef nóg væri af fiski. En það er bara ekki nóg af fiski og þegar menn eru að rökræða þessa hluti mega þeir ekki ganga fram hjá aðalstaðreynd málsins. Hún er sú að við neyðumst til að draga þorskveiði saman í landinu geysilega hratt og geysilega mikið. Það er bara siður sumra aðila að neita að viðurkenna staðreyndir, loka augunum þegar óþægilegar staðreyndir bera fyrir. Það er auðvitað hugguleg ra að þurfa ekki að velta fyrir sér vandamálum og taka á þeim eins og maður, en ekki til þess að reyna að græða atkv. á því með því að velta sér upp úr óánægjunni úti á landi. Þetta er ómerkilegt.

Ekkert síður, jafnvel frekar, en í öðrum málum eru mörg vandamál fylgjandi þessari kvótaaðferð. Það sér hver maður. Þetta eru flókin atvinnumál og margslungin. En einstök aðferð dugar aldrei í svo margflóknu máli. Þess vegna hafa menn þurft að grípa til hliðarsporanna stundum til að lagfæra þær skekkjur sem allir vissu að kæmu, skekkjur sem hafa komið í ljós og alvörumenn hafa reynt að taka á þeim vandamálum. En það dugar ekki að hafa hátt, a. m. k. ekki bara að hafa hátt.

Ég geri mér alveg ljóst að þeir Vestlendingar hafa áhyggjur af ástandinu. Það er vegna þess hvernig atvinnulíf þar er saman sett og hvernig það hefur gengið að undanförnu. Þeir verða að koma verr út úr vissum hlutum þessa kvótakerfis en aðrir, þó ekki verr en allir aðrir því að margir eiga það sameiginlegt. Það er pólitísk ákvörðun þegar menn ákveða að láta togarana hafa svolítið meira og hvergi er hægt að taka það annars staðar frá en frá bátunum. Að vísu er þetta ekki stór upphæð en það munar um hvað sem er.

En hvernig stendur á því að þeir Snæfellingar fara svona illa út úr þessu? Í fyrsta lagi er það aðallega þorskur sem hefur byggt upp atvinnuna þarna á nesinu fyrir utan skelfisk. En þeir bátar, sem hafa sérveiðileyfi á rækju, humri, síld og skel, fá vissan frádrátt út á þá veiði. (**Gripið fram í:** Á þorski.) Á þorski, já, það er rétt.

Ég vil bara benda ykkur á að þetta er ekkert nýtt mál, þetta er margra ára gamalt mál. Ég man ekki betur en hér um árið, þegar við létum loðnuskipin fá ákveðinn þorskkvóta á vertíðinni, þá segðu menn: Þetta er ekki þorskveiðiskip, þeir eiga ekki að fá neinn þorsk. Ég var alveg á því að þeir ættu að fá einhvern þorsk. Það bjargaði þeim út úr þessum miklu vandræðum þegar loðnustofninn hrundi á sínum tíma. Þessir sömu menn, sem sögðu hér um árið að loðnuskipin ættu ekki að fá þorsk, voru kannske að tala um að það kæmi öðrum veiðum ekkert við og þeir ættu ekki að skerðast neitt sérstaklega í þorski vegna þeirra. En það er akkúrat það sama sem verið er að gera nú. Við lítum sem sagt á heildarverðmæti alls fiskafla í landinu sem eign þjóðarinnar. Ef menn hafa möguleika á því að veiða talsvert af síld, humri, skel eða öðru er ekki nema sanngjarnt að þeir fái heldur minna af hinu.

Það er í raun og veru alveg furðulegt þegar menn eru að tala um að bátarnir þarna fyrir vestan fái 50% skerðingu. Það kemur til af því að þeir fá sína 40% skerðingu þorskafla eins og allir aðrir miðað við þann samdrátt sem hefur orðið í þorskveiðunum. Aukaskerðingin er vegna sérleyfisveiðanna. Þetta verða allir að sætta sig við. Þetta þekki ég úr mínum heimabæ. Þar er það vegna síldar og humars.

Hvernig stendur svo á því að mennirnir eru svo fljótt búnir með kvótann? Það er bara allt búið í Grímsey, að veiða allan aflann. Það er dálítið merkilegt. Þetta hefur þó ekki skerst nema um þessi 40% á þessa einu tegund og það hlýtur að hafa aðeins eina skýringu. Hún er sú að þeir hafa bara fiskað svona lítið þrjú undanfarin ár því að miðað við meðalafla síðustu 3 ára er þessi kvóti ákvarðaður. Ef menn á Suðurnesjum, Vestmannaeyjum, Vesturlandi eða annars staðar hafa svona lítinn kvóta er það vegna þess að þeir hafa ekki haft löngun til þess að fiska meira undanfarin þrjú ár. Þetta er viðmiðunin. (Gripið fram í.) Ég orða þetta bara eins og mér sýnist, hv. þm.

Mönnum gengur misjafnlega vel að ná sér í afla, það er rétt. En þetta eru ekki mál sem hægt er að gera að einhverjum gamanmálum, síður en svo. En ég undrast málflutning af þessu tagi, þegar menn ganga fram hjá meginstaðreynd málsins og aðalástæðu þess að verið er að skerða þetta. Ástæðan er sú að það er bara miklu minni þorskur í kringum landið að mati fiskifræðinga. Ég verð að segja að ég vona að hann fari nú að gjósa upp. Ég skrifaði um það um daginn lærða grein. Við höfum sem sagt áður orðið fyrir því að við höfum ekki fengið þorsk fyrr en einhvern tíma í apríl, en hann er bara ekki kominn. Þess vegna eiga menn ekki að blekkja sjálfa sig. Það væri kannske út af fyrir sig í lagi

að lagnir menn reyni að plata náungann, en aldrei sjálfa sig.

Herra forseti. Ég gæti látið þetta duga og bætt amen aftan við eftir efninu, en ég vil aðeins minna þessa menn á, sem hafa hæst í þessum efnum, að kvótaskiptingaraðferð, sóknarmarkaðsaðferð eða hver önnur aðferð eykur hvorki aflann né minnkar.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Enn er hér mest rætt um kvótann, framkvæmd hans og tilurð, en tilefni umr. var fsp. hv. 3. þm. Vestf. um það hvernig ríkisstj. mundi mæta þeim vanda sem við blasir í þeim byggðarlögum þar sem að því er komið að fiskiflotinn stöðvist. Frekar lítið hefur verið um svör og enn má ítreka spurninguna um það hvort við megum ekki vænta þess að einhverjar tillögur komi fram. Ég vænti þess að hæstv. félmrh. komi inn í þessa umr. og veiti okkur einhverjar upplýsingar um það við hverju má búast.

Ég vil enn undirstrika það að það ástand sem við blasir er fyrst og fremst afleiðing þess kvóta sem við búum við, ekki afleiðing þess að við höfum búist við minni þorskafla en áður. Kvótauppbyggingin sjálf hefur skapað það ástand sem við okkur blasir. Hún hefur m. a. skapað það ástand, sem ég sagði frá að nokkru þegar umr. hófst, að fiskibátar af stærðinni 11—12 tonn stöðvast nú eftir að hafa aflað rúm 50 tonn á meðan bátar sem eru af 10 tonna stærðinni geta haldið áfram að afla. Slíkt er réttlæti þess kvóta sem yfir okkur hefur verið settur.

Hæstv. sjútvrh. sagði í ræðu sinni á þriðjudaginn að hann vildi ekki gerast útgerðarstjóri yfir hverri og einni útgerð hér á landi. Þessi orð hans voru til komin af því að ég hafði látið þau orð falla að eðlilegra hefði verið að stjórna útgerð á Íslandi í vetur með því að skipuleggja að færri net yrðu í sjó og reynt yrði að fylgjast með því að menn kæmu með góðan afla að landi. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hefði ekki orðið meiri útgerðarstjóri við það að skipuleggja þá tilhögun en að skipuleggja þann aflakvóta sem við búum við, sem sagt að skammta hverjum aðila ákveðið aflamagn, fylgjast með því hvort það aflamagn verði sótt eða ekki sótt og fylgjast með því, eins og fram kom í umr. og nauðsynlegt er, að ekki sé farið fram hjá þeim reglum. Ég held að það hefði verið mun nauðsynlegra eftirlit og mun nauðsynlegri aflastjórnun frá hendi sjútvrn. ef fylgst hefði verið með því og reynt að skipuleggja að sóttur væri góður afli og komið með góðan afla að landi í stað þess að skipuleggja eða fylgjast með því að menn fiskuðu ekki nema þetta ákveðna magn sem þeim er uppálagt.

Ráðh. nefndi einnig í sambandi við uppástungu mína á þriðjudaginn — en uppástunga mín var sú að t. d. yrði meginhluti neta dreginn upp á laugardögum — að hann vildi ekki standa að því að gera báta ósjóhæfa. Lítill bátur hefði ekki möguleika til þess að taka net um borð o. s. frv. Ég get viðurkennt að í þessu er nokkur sannleikur. En þarna er hægt að fara bil beggja. Hægt er að koma með ákveðinn hluta af netum að landi og vera með ákveðinn hluta af netum í landi í hverjum bát. Ég vil benda á að nú á síðustu árum hefur átt sér stað stórkostleg breyting í sambandi við það að koma netum fyrir í skipi. Nú eru þorskanetin ekki lengur með kúlur og grjót heldur eru þau með blýteina og flotteina þannig að mjög auðvelt er að koma netum fyrir bæði á þilfari og í lest.

Ráðh. nefndi einnig að hann hefði farið um Suðurnes og orðið var við að fiskurinn væri miklu betri núna og þetta væri vitaskuld að þakka þeim ágæta kvóta sem við búum við. Ég tók undir það í ræðu minni á þriðjudag að ég teldi að sá afli, sem hefði borist að landi í ár, væri mun betri en hefði verið t. d. á síðustu vertíð. En það er ekki kvótanum að þakka. Það er m. a. því að þakka hér á vestursvæðinu að miklu betri tíð hefur verið til sjósóknar og frátafir hafa verið mjög fáa daga. Ég held að t. d. á Snæfellsnesi hafi aðeins verið einn frátafadagur af stærri skipunum. Menn hafa líka verið með færri net vegna kvótans, en það er svolítið erfitt að segja að það sé raunverulega sú leið sem eigi að færa betri afla að landi, að menn eigi að takmarka aflasóknina á þann máta, öðruvísi en að það væri þá beinlínis undir ákveðinni skipulagningu.

Ráðh. nefndi líka að þjóðartekjur væru mun meiri vegna fiskveiðistjórnunar. Ég efast um að svo sé og veit að vegna fiskveiðistjórnunar höfum við misst ákveðnar þjóðartekjur. Það gerðum við á árinu 1983 með því að banna að sótt yrði loðna af miðunum hér við Ísland. Á því er ekki neinn vafi að þar töpuðum við þó nokkuð miklum þjóðartekjum og hefðu verksmiðjurnar sjálfsagt haft meiri möguleika til að borga hærra verð í ár hefði verið leyft að sækja loðnu í sjóinn á síðasta ári. En það er almennt álit sjómanna að mjög mikil loðnugengd hafi verið fyrir Vesturlandi á síðasta ári.

Hv. 3. þm. Vesturl. nefndi það í ræðu áðan að þægilegra væri að koma hér upp og gagnrýna það sem gert hefði verið og verið væri að gera en að vera ábyrgur stjórnmálamaður, eins og mér skildist að hann væri. Það er ósköp auðvelt að koma upp í ræðustól og segjast vera ábyrgur stjórnmálamaður og standa að aðgerð sem menn kannske í hjarta sínu viðurkenna að sé ekki rétt. Eftir þriggja mánaða reynslu af þeim kvóta sem við búum við sjáum við fram á að hverju stefnir. Þá tel ég að menn séu nokkuð kotrosknir að lýsa því yfir að það sé hin sjálfsagða skylda alþm. að standa að málum eins og hér hefur verið gert, að það sé gagnrýnisvert að koma hér upp og gagnrýna þær aðgerðir sem samþykktar voru fyrir áramótin.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson hélt hér þó nokkuð mikla ræðu um það hvernig á því stæði að við á Vesturlandi værum að verða búnir með kvótann okkar og nefndi þar m. a. að það væri vegna þess að við hefðum sótt minni fisk í sjó undanfarin þrjú ár en aðrir. Þessu er einmitt öfugt farið. Kvótinn er þannig byggður upp að þeir sem hafa aflað mikið eru skertir meira. Ég nefndi þetta nokkuð í ræðu minni á þriðjudaginn og tel ekki ástæðu til að endurtaka það nú. Á Vesturlandi er fyrst og fremst um það að ræða að fiskiskipin sækja þorsk í sjó og fyrst og fremst hefur þorskaflinn verið skertur. Byggðarlögin á utanverðu Snæfellsnesi standa frammi fyrir því að aflamagn í þeim byggðum er skert um allt að 50%. Eins og kom hér fram í umr. um daginn eru það þau byggðarlög þar sem skerðingin verður langsamlega mest. Þess vegna hlýtur það að vera sérstök krafa þessara byggðarlaga að hugað verði að málefnum þeirra og þau njóti einhvers stuðnings ef þarna verður um atvinnubrest að ræða. Ég vænti þess, eins og ég sagði áðan, að hæstv. félmrh. lofi okkur að heyra hver hans afstaða er til þessara mála.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég tel

ekki nauðsynlegt að fara að endurtaka það sem ég sagði hér s. l. þriðjudag, hygg ég hafi verið, þegar þessar umr. hófust.

Ég vil upplýsa að það er ekki eins mikil ástæða til þeirrar bjartsýni sem fram hefur komið að undanförnu varðandi veiðar okkar á þessu ári, því miður, ef taka á mið af þeim bráðabirgðatölum sem við höfum um aflann fyrstu þrjá mánuði ársins. Það er alveg rétt að gert hefur verið mikið úr því að undanförnu að mikill afli væri víða um land. Ég hygg að fiskiríið hafi verið heldur betra í fjölmiðlunum oft og tíðum en á sjónum. Þær bráðabirgðatölur sem eru komnar fyrir fyrstu þrjá mánuðina, sem er að vísu ekki alveg búið að ganga frá, sýna að þorskaflinn fyrstu þrjá mánuði ársins er um 84 þús. tonn, en var fyrstu þrjá mánuðina í fyrra tæplega 97 þús. tonn.

Mér er alveg ljóst að hluti af þessum samdrætti er vegna þess að ekki hefur verið sótt eins stíft, minna er af netum í sjó og togararnir hafa eitthvað dregið úr sínum veiðum. Hins vegar er meginástæðan almennt aflaleysi víðast hvar, því miður. Það hefur að vísu verið gott fiskirí við Breiðafjörð, en útgerðarmaður sem ég hitti af Suðurnesjum í morgun, þar sem nokkuð hefur verið gert úr að mikið fiskirí væri, sagði að það mætti þakka fyrir ef þeir næðu upp í kvótann með sama áframhaldi. Það er því ekki jafngott hljóð í mönnum alls staðar að því er þetta varðar.

Botnfiskaflinn fyrstu þrjá mánuðina í fyrra var 172 þús. tonn, en eftir þeim bráðabirgðaupplýsingum sem ég fékk áðan er hann fyrstu þrjá mánuðina í ár 142 þús. tonn eða 30 þús. lestum minni. Þetta skýrist þannig, að togaraaflinn er u. þ. b. 19 þús. tonnum minni en í fyrra og bátaaflinn u. þ. b. 11—12 þús. tonnum minni en í fyrra. Þetta eru þær staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir að því er varðar veiðina í ár.

Jafnvel þó að þessi samdráttur hafi orðið tel ég að segja megi að ekki hafi orðið neitt alvarlegt atvinnuleysi enn þá, sem betur fer. Það á sér að sjálfsögðu sínar skýringar. Aðalskýringin er sú að loðnuaflinn hefur verið mjög góður. Það kom að vísu fram áðan að það væri dæmi um mistök í fiskveiðistjórnun að ekki hefði verið leyft að veiða nægilega mikið af loðnu á s. l. hausti. Ég vil minna á að við höfum búið við það í tvö ár að ekkert hefur verið hægt að veiða af loðnu. Þeir aðilar sem að þessum atvinnuvegi stóðu voru nánast orðnir gjaldþrota. Þótti það góð fiskveiðistjórnun að standa þannig að málum að veiða upp loðnuna, þannig að það yrði að stöðva veiðar í tvö ár? Ætli ekki hafi verið skynsamlegra að taka ekki allt of mikla áhættu í þeim efnum? Ætli geti ekki verið að það sé nokkuð gott að allmikið af loðnu fékk að hrygna á þessum vetri, því það tekur ekki langan tíma fyrir þennan stofn að vaxa upp? Og ætli það geti ekki verið í lagi, miðað við þau góðu vaxtarskilyrði sem nú eru orðin í sjónum, að það vaxi upp myndarlegur stofn sem við getum veitt eftir tvö ár?

Það er undarlegt, finnst mér, að hlusta á þessar umr. þar sem menn tala sitt á hvað. Hv. þm. Karvel Pálmason spyr um hvað eigi að gera og hvort verði nokkuð gert. Ætli hafi ekki einhvern tíma áður verið aflaleysi á Íslandi og við höfum ekki áður þurft að taka því? Það hefur verið okkar helsta ráð að veiða meira meðan við höfum ekki byggt upp aðra atvinnuvegi, sem við hefðum átt að gera meira af.

Hann sagði jafnframt að það væri umdeilanlegt að ætla sér að veiða svona mikla rækju. En ætli það sé ekki líka umdeilanlegt að veiða miklu meira af þorski?

Ég geri mér fyllilega grein fyrir að það er umdeilanlegt að veiða miklu meiri rækju. Það hefur verið á það deilt og mjög harðlega að við í sjútvrn. skyldum beina svo miklum flota til rækjuveiða, t. d. með því að leigja eitt af okkar hafrannsóknaskipum til Vestfjarða, sem mér skilst að hafi veitt núna um 200 tonn af rækju. En það er nú þannig með rækjuna að það veit enginn hvað sá stofn er stór. Okkur ber að komast að því. Eina leiðin til þess er að senda allstóran flota til rækjuveiða. Það þýðir ekki að vera hræddur við allt. Ég er viss um að þessi rækjuveiði mun skapa mikla atvinnu, sérstaklega á Vestfjörðum og Norðurlandi og vonandi á Austurlandi á þessu ári, jafnvel þótt hv. þm. Karvel Pálmason segi að það sé umdeilanlegt að reyna að skapa atvinnu af því tagi fyrir fólkið á þeim stöðum. Það væri betra að stundum væri meira samhengi í málflutningnum. (**KP:** Hlustaði hæstv. ráðh. allan tímann?) Já, ég hlustaði allan tímann. Það má vel vera að ég hafi ekki skilið allt, en ég heyrði það a. m. k. nokkuð vel. Mér skildist að hvorki útvarp né sjónvarp hefði heyrt í þér s. l. þriðjudag. Ég skildi það þó.

Ég ætla mé ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það er algjörlega rangt að við í ríkisstj. höfum engar áhyggjur af þessum málum. Að sjálfsögðu höfum við miklar áhyggjur af þessum málum eins og allir í landinu. Mér dettur ekki til hugar að segja það um nokkurn mann að hann hafi ekki áhyggjur af því ástandi sem nú hefur skapast. Mig undrar að menn skuli leyfa sér að halda því fram um nokkurn mann í landinu, hvort sem það eru ráðh. eða þm., sjómenn, verkafólk eða aðrir. Að sjálfsögðu höfum við öll áhyggjur af þessu ástandi. Og við höfum mestar áhyggjur af því hvernig sagt er að þorskstofninn sé á sig kominn. Við skulum vona að það sé ekki rétt. Ég sagði við umr. á þriðjudag að það væri mjög vel fylgst með í því efni. Venjulega hefur það verið svo að fyrstu upplýsingar hafa borist frá fiskifræðingum á miðju ári. Nú hefur vinnu verið þannig hagað til að þær munu væntanlega koma í næstu viku. Það er að því stefnt. Og það hefur verið talað um það alveg síðan í fyrrahaust. Ég tel ekki rétt að fyllast örvæntingu hér á Alþingi, heldur bíða eftir því hvernig þessar upplýsingar líta út.

Ég held að það sé ástæðulaust að tala meira um það að sinni. En e. t. v. væri ástæða til að efna til umr. aftur hér á þingi þegar upplýsingarnar liggja fyrir.

Árni Johnsen: Herra forseti. Hér hefur verið fjallað um ákveðnar spurningar og hvort standist fullyrðingar um svipaðan afla og s. l. ár miðað við sókn og fleiri þætti. Þá er gott að bera saman þær tölur sem hæstv. sjútvrh. hefur nú lagt hér á borð, frá Fiskifélagi Íslands væntanlega, að þorskafli nú sé 84 þús. tonn á móti 97 þús. tonnum 1983. Þar munar 13 þús. tonnum, um 14%. Þannig er hægt að leggja á borð ákveðnar skýringar sem undirstrika það að þorskaflinn er mjög svipaður og s. l. ár þrátt fyrir þennan tölulega mun.

Hv. 3. þm. Vesturl., Valdimar Indriðason, vék að máli mínu þar sem ég fjallaði um veiðar við Vestmannaeyjar á þessu ári og taldi að þorskaflinn væri minni en s. l. ár. Þorskafli í Vestmannaeyjum nú fyrstu þrjá mánuði ársins er 4283 tonn. Þar af er bátafiskur 3712 tonn. Þorskafli í Vestmannaeyjum 1983 á sama tíma var

5114 tonn. Vestmannaeyjar skila á land liðlega 10% af afla landsmanna og eru því verulega marktæk stöð, ég tala nú ekki um á vertíð. Þegar þessar tvær tölur eru skoðaðar, þorskaflinn í Vestmannaeyjum í fyrra, 1983, 5114 tonn, 4283 tonn nú, eru ákveðnar skýringar sem auðvelt er að leggja á borð. Það eru átta færri bátar á netum á þessari vertíð en á s. l. vertíð, allir loðnubátarnir. Þeir lönduðu í fyrra um 2200 tonnum af þorski á þessum tíma. Einfaldlega með þessari skýringu er aflinn orðinn 2900 tonn 1983 á móti 4283 tonnum 1984. Þar að auki hefur sókn Eyjabáta verulega beinst að ufsa og menn hafa hreinlega reynt að sniðganga hefðbundin þorskveiðimið.

Enn má nefna dæmi. Það er sex bátum færra á trolli í Vestmannaeyjum nú en á s. l. vertíð. Trollfiskur er þar af leiðandi minni, bæði af þeirri ástæðu og einnig hinu að um langt árabil hefur aldrei verið eins erfitt að sækja sjó á trolli við Eyjar og í vetur. Þannig eru það borðliggjandi staðreyndir að þorskaflinn, þrátt fyrir allt þetta, þrátt fyrir mun minni vetrarkulda í sjó, þrátt fyrir það að menn hafi reynt að sniðganga þorskafla, er mun meiri en á s. l. vertíð. Þetta er að vísu aðeins einn staður, en ég nefndi einnig í máli mínu á þriðjudaginn Ólafsvík. Það er þetta sem ég var að benda á að gæfi vísbendingu um að staðan væri betri. Því að þó að við miðum við heildartöluna, sem hæstv. sjútvrh. gat um áðan, eru svo margar eðlilegar skýringar á því að aflinn er minni á þessari vertíð.

Hér hafa einnig verið nefnd dæmi um það að fiski sé hent, hálfónýtum fiski, margra nátta. Það eru dæmi sem vitað er að eru rétt. Þess vegan skulum við gera okkur grein fyrir því að það er inni í myndinni. Að sjálfsögðu er ég sannfærður um að ekki eru mikil brögð að því. En skv. upplýsingum sem ekki er hægt að vefengja eru brögð að því, því miður. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir staðreyndum.

Þannig er á einfaldan hátt hægt að færa rök fyrir því að það stefni í betri stöðu í þessum efnum en fiskifræðingar spáðu og vonandi leiðir það til þess að grundvöllur verði til þess að endurskoða það kvótafyrirkomulag sem við höfum. En ég er sammála þeim ræðumönnum sem vilja byggja það á staðreyndum, á tölum sem eru að koma í ljós og verða væntanlega ekki innan langs tíma á borði fiskifræðinga. En síðan þarf að meta hlutina. Þá þarf að meta í ljósi þess hvernig menn hafa breytt um veiðisókn og veiðiaðferðir við þær aðstæður sem settar voru upp. Út frá því er eðlilegt að taka ákvörðun um breytt fyrirkomulag á þessum málum.

Efasemdir voru uppi um að það væri rétt, sem ég hélt fram í máli mínu s. l. þriðjudag í þessari umr., að skv. kerfinu væri gert ráð fyrir meiri heildarafla af þorski en 220 þús. tonnum, í þessu tilviki 226 þús. tonnum vegna þess að sökum leiðréttinga hækkaði þorskaflinn um 6 þús. tonn, eða 3% eða þar um bil. En ég hef fengið útreikning frá Fiskifélagi Íslands sem sýnir að hægt er að veiða liðlega 40 þús. tonn ef menn nýta 10% frávikið allt til þorskveiða.

Nú er það auðvitað ekki sanngjarnt að miða við að slíkt gangi fram en það er a. m. k. fræðilegur möguleiki og víst að hann verður nýttur að einhverju leyti, hve miklu veit ég ekki, en samkvæmt nótu sem ég hef frá Fiskifélagi Íslands þá þýðir þetta 10% frávik í fræðilegum möguleika 41 190 tonn. Þetta er vert að hafa inni í myndinni þegar þessi mál eru skoðuð og taka verður tillit til þess hvernig spilin verða stokkuð upp. En ég vil undirstrika það, að mér finnst aðdáunarvert hvernig þeir hafa farið með þessi mál, sem hafa þurft að standa í stjórnun og útdeilingu á kvóta. Mér finnst aðdáunarvert hvernig þeir menn sem eiga að vita mest í þessum efnum, hvernig segja má að þeir gjörþekki aðstæður hvers einasta báts á landinu. Það er sama um hvaða bát þeir eru spurðir, þeir geta um hæl svarað. Og þar sem hafa komið upp deiluatriði hefur verið brugðist mjög skjótt við af hálfu sjútvrn. með miklum velvilja og jákvæðum hug. Þetta finnst mér vert að taka fram: að við erum með tæki í höndunum sem er spurning hvort hentar. Það er meginmálið hvort við erum með rétt tæki. Þess vegna er óþarfi að vera með útúrsnúninga eins og hv. þm. Karvel Pálmason hefur verið í þessum efnum, að mínu mati.

Ég þykist hér hafa sýnt fram á ákveðnar staðreyndir sem eru máli mínu til stuðnings og færa rök fyrir því. Það má geta þess, af því að ég minntist á að það eru 8 bátum færra á netum í Vestmannaeyjum á þessari vertíð, að þeir bátar hafa að sjálfsögðu verið á loðnuveiðum í vetur. Þar hefur nú verið landað 36 þús. tonnum af loðnu svo að það er mjög jákvætt. Það eru mikil verðmæti. Og það er ástæða til að taka undir hvatningu hæstv. sjútvrh. um að menn séu bjartsýnir, sýni stillingu og vegi og meti staðreyndir án þess að blanda tilfinningum um of inn í málið.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það var nú ekki meining mín að taka þátt í þessum umr. Við leysum ekki þessi vandamál hér í utandagskrárumræðum, svo mikilvæg eru þau og umfangsmikil. Og vonandi verður tækifæri síðar á þessu þingi til að ræða nánar um þessi mál þegar niðurstaða fiskifræðinganna liggur fyrir.

Ég vil þó standa hér upp í fyrsta lagi til þess að þakka hv. 3. þm. Vestf. og raunar einnig hv. 5. þm. Vestf. fyrir hinn mikla áhuga sem þeir hafa fyrir ástandi mála á Vesturlandi. Það er mjög ánægjulegt fyrir okkur, þm. Vesturlands, að eiga svo rösklegan stuðning í okkar málum og vonandi á eftir að reyna á það.

Ég held að ekki þurfi að ræða hér nánar um hvers vegna kvótakerfið var sett á. Það vita allir. Það var rakið hér greinilega áðan af einum hv. þm. Vesturl. hvernig að þessu var staðið og hvers vegna þetta var gert og er ekki þörf á að rekja það nánar. En auðvitað þurfum við að draga af þessu réttar ályktanir, draga af þessu lærdóm, sem við komum til með að þurfa að nota við áframhaldandi ákvarðanatöku um stjórnun fiskveiða, því að ljóst er að það þarf að gera í nánustu framtíð. Hér hefur nokkuð borið á góma þau ánægjulegu tíðindi að mikil fiskigengd hefur verið undanfarið á Breiðafjarðarmiðum og afli óvenjumikill. Sem dæmi get ég nefnt að í einni stærstu verstöðinni þar, Ólafsvík, var búið að landa um síðustu mánaðamót rúmlega 8 þús. tonnum af þorski. Þetta hefur hins vegar þær afleiðingar að flestir bátarnir eru búnir eða langt komnir með sinn kvóta og það skapar nýja stöðu á þessu svæði. Svipað er ástatt í öðrum verstöðvum á þessum slóðum og verður auðvitað að taka tillit til þess.

Ég held að engum blandist hugur um það að þegar svona staða kemur upp hlýtur hún að koma inn í þá endurskoðun sem fyrir dyrum stendur. Það kom fram hér í umr. s. l. þriðjudag, bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. skýrðu frá því, að ríkisstj. hefur áhyggjur af

þessum málum og hún fylgist grannt með þeim. Ég vil upplýsa það hér að vinnumáladeild félmrn. hefur úti öll spjót til að afla upplýsinga um þessi mál, ekki aðeins á Breiðafjarðarsvæðinu heldur um allt land, og hefur sett fólk í það hlutverk að safna upplýsingum um atvinnuástandið, fylgjast með því frá viku til viku, þannig að ríkisstj. hafi í höndum nákvæmar upplýsingar um þessi mál nægjanlega samantekin til þess að geta gripið í taumana ef voði er fyrir dyrum. Ég fullvissa hv. þm. um það að félmrh. hefur miklar áhyggjur af ástandinu á Vesturl. sem og öðrum stöðum á landinu og það mun ekki standa á því að knýja fast á um skynsamlegar aðgerðir til þess að forða atvinnuleysisvofunni frá okkar dyrum. Og ég vænti þess að þær aðgerðir sem ríkisstj. grípur til, þegar þessar upplýsingar liggja fyrir, væntanlega í næstu viku, verði þess eðlis að þær leysi þennan vanda.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að ræða þetta nánar hér. En ég fullvissa þá þm. sem hafa áhyggjur af þessum málum, ekki síst á því svæði sem þeir nefndu, að með þessu er fylgst daglega og við þessum vanda verður brugðist af festu.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé að það hefur verið ástæðulaus ótti manna að örvænta um að hér yrðu umr. um þetta mál því klukkan er nú farin að ganga fimm, en kl. 14.22 bað ég um orðið og satt að segja hélt ég að ég kæmist fyrr í pontuna en raun ber vitni. Þess vegna er margt búið að segja sem ég ætlaði annars að taka fram. Ég hefði svo sem getað fallið frá orðinu, en mig langaði aðeins til að hnykkja á og undirstrika frekar nokkur atriði sem mér eru ofarlega í huga.

Ég verð að segja að að nokkru leyti eru þessar umr. ekki beint um kvótakerfið. Það er e. t. v. ekki til þeirra stofnað af hv. þm. Karvel Pálmasyni til að ræða beint um kvótakerfið. Það var fyrst og fremst um atvinnumálin sem hann ræddi en atvikin hafa hagað því svo að það er svo til eingöngu rætt um stjórnun fiskveiða. Ég held að þessir klukkutímar, sem hafa farið í að ræða þau mál, fari því ekki alveg til ónýtis. Mér finnst þó að mönnum hafi legið helst til mikið á. Ég held að við hefðum átt að nýta tíma þingsins til annars nú. En menn líta misjöfnum augum á það. Ég held að umr. um fiskveiðistefnuna verði hér á dagskrá þegar álit fiskifræðinganna liggur fyrir. Þá held ég að við hljótum að hefja upp umr. um stjórnun fiskveiðanna. Við erum dálítið á undan tímanum núna að vera að tala um þessi mál. Vissulega undirstrika ég þó að það er alltaf þarft að ræða um jafnmikilsverð mál og fiskveiðar.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið vel sagt um hæstv. sjútvrh. Ég tek undir með þeim þm. sem hafa látið góð orð falla í garð hæstv. sjútvrh. Ég tek heilshugar undir þau, hvernig hann hefur staðið að framkvæmd þessa viðkvæma máls. Hann á vissulega heiður skilið fyrir það og starfsmenn ráðuneytisins. Ég vil að það komi alveg skýrt fram og tek undir þau orð sem voru sögð rétt áðan í þeim efnum. Það er hreint ekki vandalaust verk að ákveða hvernig að þessu skuli staðið. Það er hörmulegt að það jafnvel hlakkar í mönnum ef einhvers staðar hefur farið úrskeiðis, þannig að hægt sé að reyna að telja mönnum trú um að þar sé jafnvel um einhverja valdníðslu að ræða. Og mér er spurn: Hvar er valdaafsal Alþingis til ráðh. í þessum efnum? Hvar er það? Ég kannast ekki við það. Um hvað eru menn að tala? Það kom fram í umr. fyrr að hið slæma atvinnuástand hinna ýmsu byggðarlaga byggðist á því hvað kvótinn væri vitlaus. Þetta segja menn hér, koma upp hver á eftir öðrum og fullyrða að atvinnuástand í byggðalögunum sé slæmt út af því hvað kvótinn sé vitlaus. Vitaskuld er þetta alrangt og það vita þessir menn, en það hljómar vel í eyrum hv. kjósenda þessara manna að kenna kvótanum um og einhverjum pólitískum andstæðingum. Þetta eru ekki vinnubrögð að mínu skapi. Vitaskuld er um að kenna samdrætti í afla og minnkandi sókn. Vitaskuld kemur minnkandi sókn fyrst og fremst niður á þeim plássum sem eiga allt sitt undir því sem úr sjó er dregið. Það er ekki kvótanum um að kenna, heldur þeirri aflaminnkun sem við búum við og við höfum ákveðið að vinna eftir. Það er kjarni málsins.

Nú ég verð að segja að ég hef orðið að sumu leyti fyrir vonbrigðum með hvernig menn hafa brugðist við í sambandi við kvótann. Ég hélt að menn mundu haga sér nokkuð öðruvísi en raun hefur verið á. Ég hélt að menn mundu vanda sig betur. Ég hélt að menn mundu leggja sig fram um að fá sem mest fyrir það sem úr sjó væri dregið. Ég er ekkert hissa á því þó að það verði kannske viss vandkvæði í þeim byggðarlögum þar sem landburður hefur verið af fiski af bátunum, síðan hafa togararnir bæst við og vinnan og álagið hefur verið svo mikið að það hefur þurft að senda togarana burt frá heimaslóðum til að landa í öðrum höfnum. Þetta finnst mér ekki vera skynsamleg stjórnun. Ég hef sagt það hér oftar en einu sinni og oftar en tvisvar úr þessari pontu að ég skil aldrei hvers lags óskaplegt kapp þetta er. Því liggur mönnum svona óskaplega á að drepa þennan fisk? Er hann ekki innan okkar lögsögu? Við eigum 758 þús ferkm. landhelgi. Verðum við ekki að fara að átta okkur á að menn þurfa ekki alltaf að keppast við að drepa þennan fisk á undan einhverjum útlendingum? Eigum við ekki að fara að reyna að skilja það og átta okkur á því? Ég held að kominn sé tími til þess.

Ég vil líka undirstrika enn og aftur að það er ekki við kvótann að sakast í þessum efnum, heldur aflatakmörkin, 220 þús. tonn af þorski. Það er kannske um endurtekningar að ræða, því þetta hefur komið fram hjá þeim hv. þm. Valdimar Indriðasyni og Garðari Sigurðssyni, en hverjir voru það sem mótmæltu þessu kerfi í vetur, þegar við vorum að ræða þessi mál hér í þingsölum og utan þingsala í nefndum þingsins? Þeir voru ekki ófáir fundirnir sem voru haldnir þegar þetta mál var til undirbúnings. Hverjir mótmæltu þessu kerfi? (**Gripið fram í:** Það voru nú mest stjórnarsinnar.) Sem mótmæltu? Ég sat marga fundi og fékk mörg tilskrif í þessum efnum, eins og eðlilegt var þar sem ég sit í sjútvn., en í mín eyru var það aðeins einn aðili sem mótmælti kvótakerfinu, og hér eru menn inni sem geta vottað það. Fulltrúar Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda voru einu aðilarnir sem mótmæltu því að taka upp þetta kerfi. Þeir sögðust viðurkenna að vandinn væri mikill og það væru hugsanlegar aðrar leiðir, en þetta væri þó sú leiðin sem þeir vildu frekast fara. Svo tala menn hér og fordæma þennan kvóta. En eitt eiga þeir allir sameiginlegt sem fordæma hann. Þeir forðast að nefna nokkra aðra leið sem væri hægt að fara. Það hefur enginn gert. (**Gripið fram í:** Jú.) Nei. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Og nú koma þessir sömu hér og heimta

aukna sókn, nú eigi að auka sóknina. Menn hafa meira að segja rætt það hér að nú eigi bara að hætta við kvótann, nú sé stundin til þess að hætta við kvótann og gefa allt laust, leyfa mönnum að veiða eins og menn vilja það sem eftir er af árinu. Eru menn ekki heldur fljótir á sér enn og aftur? Ég heyri að hv. þm. hristir höfuðið. (**Gripið fram í:** Heyrirðu það?) Ég heyri það.

Menn hafa verið að tala um að lífsskilyrði í sjónum væru góð þessa stundina, skilyrðin væru afbragðs góð. Er þá ekki full skynsemi í því að leyfa fiskinum að hrygna ef lífsskilyrðin í sjónum eru svona góð? Er ekki full skynsemi í því að leyfa fiskinum að hrygna og taka hann svo? En það var ekki meiningin. Nei, það var ekki meiningin. (Gripið fram í.) Ég held að við ættum að bíða núna vegna þess einmitt hvað lífsskilyrðin eru góð, leyfa fiskinum að hrygna í meira mæli en gert hefur verið. Við höfum alveg örugglega nógan tíma seinni hluta ársins til að ná því aflamarki sem sett verður þó að við förum að með einhverri gát.

En kannske var aðalástæðan fyrir því að ég fór hér upp þau ummæli hv. þm. Árna Johnsen sem hér féllu á þriðjudaginn. Það er vont að hann skuli ekki vera hér. (**Gripið fram í:** Hann er þarna.) Já, hann er hér. — Í þessum sal hefur það verið tíska að liggja Norðlendingum og Vestfirðingum á hálsi fyrir að þeir hefðu þá iðju helsta í sjávarútvegsmálum að drepa smáfisk. Menn hafa barið sér á brjóst og fullyrt að þetta væri aðaliðja þessara manna. Ég endurtek að það eru þá fyrst og fremst Norðlendingar og Vestfirðingar sem talað hefur verið um, oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Þetta hefur verið fullyrt hér án alls rökstuðnings. Menn hafa gjarnan gleymt því að hvergi er meiri friðun en einmitt fyrir Norðurlandi. Þar eru heilu hafsvæðin friðuð. Hvergi hefur skyndilokunum veiðisvæða verið frekar beitt en einmitt á þessum hafsvæðum og það hefur gefist vel. Og ég tek undir að það er jákvæð aðgerð. En hér kom Árni Johnsen og sagði, og endurtók það áðan og það hryggir mig, að það væru dæmi um að 40% af afla netabáta væri hent fyrir borð. Sjútvrh. er á mælendaskrá. Ég sá að hann barði í borðið þegar hv. þm. endurtók þessi ummæli sín. Það er ástæða til að spyrja hæstv. sjútvrh.: Veit sjútvrn. um slíka rányrkju? Þetta er hrein villimennska, ef þetta á sér stað, og þetta verður að stöðva. Það var fyrst og fremst þetta atriði sem hvatti mig til að fara hingað upp.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal reyna að vera ekki langorður, en mig langar til að gera að umræðuefni örfá atriði af þeim sem hér hafa komið fram.

Það er fyrst út af því sem hæstv. sjútvrh. sagði. Mér finnst ástæðulaust hjá hæstv. ráðh. að tala hér með þjósti þó að þm. leyfi sér að bera fram fsp. til hæstv. ráðherra og ræða um atvinnumál í landinu. Það eina sem hæstv. sjútvrh. hafði um þetta að segja og það var sameiginlegt með honum og hv. þm. Garðari Sigurðssyni, var að ég talaði of hátt við þá. Mér sýnist stundum að ekki veiti af að tala nokkuð hátt við suma hv. þm. þannig að þeir séu þó vakandi í sætunum en ekki sofandi. Það ætti því ekki að vera neitt neikvætt. Til þess eru þeir hér að halda vöku sinni, en ekki sofa.

Ég held að ég hafi tekið það fram strax á þriðjudaginn að ég væri ekki fyrst og fremst að ræða um kvótakerfið. Það voru aðrir, þar á meðal hæstv. ráðherrar, sem hafa leitt umr. inn á það svið, en ekki ég. Ég hef miklu frekar áhyggjur af hvað verður gert í atvinnumálunum almennt ef kvótinn verður ekki aukinn. Það er spurningin. Ég hef því ekki leitt þessar umr. inn á kvótamálið fyrst og fremst. Ég hef mínar skoðanir á því og hef sett þær fram, en þetta var sú ákvörðun sem tekin var og við hana búum við enn.

Hæstv. sjútvrh. sagði líka að ég hefði, sem er rétt, sagt áðan að það væri umdeild ákvörðun um svo auknar rækjuveiðar. En ég sagði líka og bætti við, og er það kannske meginatriðið, að spurningin væri um fjárfestingarhlutann af því dæmi sem verið er að tala um. Eru menn ekki að fara út í fjárfestingu sem ekki kemur til með að skila sér með eðlilegum hætti? Menn hafa gagnrýnt mikið fjárfestingarpólitíkina í landinu á ýmsum sviðum. Spurningin er því sú, hvort hér er ekki verið að fara út í fjárfestingu á þessu sviði sem ekki kemur til með að skila sér. Um það vil ég ekkert fullyrða, en mér sýnist ýmis teikn geta verið um að svo gæti farið.

Hæstv. sjútvrh. var undrandi á að ég skyldi spyrja hvað ætti að gera. Og hann bætti við: Áður hefur nú verið aflaleysi. Það er einmitt málið og það er hæstv. ríkisstj. að segja til um hvað hún vill gera. (Forseti hringir.) Já, herra forseti, ég skal reyna að ljúka mér af innan örstutts tíma. Ég skal ekki lengja þetta um of. (**Forseti:** Það er ekki tilætlunin þegar veitt er leyfi til örstuttra athugasemda að halda áfram almennum efnisumr. Þetta er hugsað samkv. þingsköpum til þess menn beri af sér sakir, ef menn þyrftu á að halda.) Næg efni hefði ég til að bera af mér sakir í þessari umr. Það ætti þá að geta flokkast undir þetta. Ekki hefur svo lítið verið að mér veist. Ekki væri ástæðulaust fyrir mig að gera það. En ég skal, herra forseti, ekki þreyta þig um of og á engan hátt ætla ég að væna þig um óréttláta fundarstjórn. Það mun ég ekki gera.

En aðeins í lokin. Ég held, af því að mér gefst ekki tækifæri til þess að gera að umræðuefni ýmsar fullyrðingar og efnisatriði sem hér hafa komið fram, að það megi þó draga þá ályktun af þessari umr. að þm., margir hverjir a. m. k. hafi af því áhyggjur hvernig þessi mál hafa þróast. Ég heyrði á hæstv. félmrh. að hann hefur af þessu áhyggjur. Hann afsannaði því þær fullyrðingar hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. að ástæðulaust væri að bera í brjósti ótta á þessu stigi máls. Það gera ég og fleiri. Ég óttast að séu þróun sem þegar er hafin að því er varðar atvinnumálin með atvinnuleysi fyrst og fremst, eins og er í einu kjördæmi, en fer vaxandi, fari mjög vaxandi verði ekki fljótlega gripið inn í það af hálfu stjórnvalda og reistar skorður við því að sú þróun fái að halda áfram.

Svanfríður Jónasdóttir: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að taka aðeins þátt í þessari umr., ekki vegna þess að ég reikni með því að hv. þm. viti ekki allt sem vert er að vita um þetta mál, heldur frekar vegna hins, að hér hefur ekki verið minnst á hluti sem mér finnst ofur eðlilegt að séu inni í þessari umr.

Menn hafa komið hér á undan mér og rakið það hvers vegna kvótinn var settur á og jafnframt hitt, að það var mjög almenn samstaða um að kvóti skyldi settur á. Kom það mörgum mjög á óvart. Það að setja kvóta sem þennan á skipin hafði þann kost í fyrsta lagi að þeim vanda sem sjávarútvegurinn stóð frammi fyrir var jafnað niður á útgerðaraðila og þá tekið tillit til þess hvernig þeir höfðu staðið sig áður.

Í öðru lagi var bent á það, að með þessum hætti fengist betra hráefni og betra hráefni gæti að sjálfsögðu þýtt betri afurðir út úr vinnslunni og þar af leiðandi meiri gjaldeyri.

Í þriðja lagi var bent á það, að ef menn vissu fyrir fram hversu mikið þeir mættu taka, þá mundi slíkt minnka útgerðarkostnað.

Allt er þetta satt og rétt. Hitt er aftur annað mál, sem hér hefur ekki verið minnst á, og það er að heimaaðilar voru ekki tilbúnir að taka á móti þessu kerfi. Þeir voru ekki tilbúnir vegna þess að útgerð hafði verið í allt öðrum farvegi undanfarin ár. Það var einnig ýmislegt fleira sem spilaði inn í það, að sjávarplássin út um allt land voru ekki tilbúin að taka við þessu kerfi, jafnvel þó að menn væru ásáttir um að þetta væri skásta leiðin. Menn voru ekki tilbúnir einfaldlega vegna þess að eignarhald á fyrirtækjum er svo mismunandi að það var ekki hægt að viðhafa stýringu heima við. Einnig vegna hins, að samsetning flotans er mjög mismunandi og vinnslugreinar hafa staðið sig mjög mismunandi. Ég ætla nú að reyna að gera svolítið betur grein fyrir þessu.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. spurði hér áðan: Því liggur mönnum svona á að drepa fiskinn? Ég get vel skilið af hverju sumum aðilum liggur á að „drepa fiskinn". Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það eru fjölmargar litlar útgerðir í þessu landi, nokkurs konar fjölskyldufyrirtæki, sem hafa haft sína afkomu af því að reka einn bát og salta þann fisk sem af honum hefur fengist. Ég get mætavel skilið af hverju þessum mönnum liggur á að drepa fiskinn. Það er einfaldlega vegna þess að eina leiðin til þess að saltfiskvinnsla beri sig hjá þeim er sú, að þeir veiði mikið á stuttum tíma, þ. e. að þeir beiti ýtrustu hagkvæmni við að ná aflanum. Þannig held ég að liggi nú í því máli.

Í öðru lagi held ég að miðað við þann rekstrarvanda sem útgerð og fiskvinnsla í sumum greinum hefur mátt búa við sé afar erfitt að gera þær kröfur til útgerðaraðila að þeir hagi sinni sókn skynsamlega miðað við atvinnuástand, einfaldlega vegna þess að þeir hafa ekki efni á því. Ef menn standa með rekstur í járnum leita þeir að sjálfsögðu hagkvæmustu leiðanna. Og hagkvæmasta leiðin liggur í því að ná sem mestu á sem stystum tíma og minnka þar með útgerðarkostnað, eins og bent var á, olíukostnað og annað.

En því miður gengur þessi stefna alveg þvert á það sem stuðlar að góðu atvinnuástandi í landi. Og því segi ég það, staðirnir voru hreinlega ekki tilbúnir til þess að taka á móti kvótakerfinu. Ég minntist á það hér áðan að það væri mismunandi eignarhald á atvinnutækjunum. Það er mjög mismunandi í hverra eigu þau fyrirtæki eru sem standa að útgerð og fiskvinnslu úti um allt land. Hvað varðar bátaútgerðina þá er hún víða í þeim farvegi sem ég minntist á hér áðan, þ. e. þetta eru fjölskyldufyrirtæki. Hvað varðar togaraflotann hins vegar má segja að um 70% togaranna séu í eigu sömu aðila og reka síðan fiskvinnslu. Ég hef trú á því að þeir staðir sem hafa staðið þannig að sínum málum að þeir eru með togara sem uppistöðu í sínum flota standi betur af sér samdráttinn en vertíðarstaðirnir eins og reyndar hefur komið hér fram.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta meira. Ég vildi aðeins að það kæmi fram, að það er ekki við kvótann sem slíkan að sakast, heldur frekar hitt, að útgerðaraðilar og sjávarplássin í landinu voru ekki undir það búin að fá svo mikla stýringu af hálfu ríkisvaldsins, voru ekki í stakk búin til að taka á móti þessu þannig að stýringin yrði áfram alveg niður í vinnslugreinarnar.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Til þessara utandagskrárumræðna var stofnað með það fyrir augum að fá vitneskju um hvað stjórnvöld hygðust gera þegar heilu byggðarlögin stæðu frammi fyrir fjöldaatvinnuleysi. Síðan hafa umr. farið út um víðan völl og menn einkum rætt um kvótakerfið, stjórnun fiskveiða, en ekki það meginatriði sem ætlunin var að fá fram með þessum umr.

Búið er að samþykkja kvótafyrirkomulagið eða þá stjórnun fiskveiða sem nú er. Það var gert fyrr á þessu þingi. Við megum reikna með því, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að hin ýmsu byggðarlög um landið hafi ekki verið undir það búin að aðlaga sig þessu kvótakerfi og ég hygg að nú sé það að koma fram. Það er einnig rétt sem kom hérna fram að hinir ýmsu hagsmunaaðilar tjáðu sig í nefndum þingsins. Það kom fram að þessir aðilar voru samþykkir því að taka upp þetta kvótakerfi, allir nema einn aðili, Félag botnvörpuskipaeigenda. Þeir gengu um eins og frelsaðir menn og töldu að með þessu kvótakerfi eða þessu nýja fyrirkomulagi mundu öll vandamál leysast. Það er hins vegar að koma í ljós og ég hygg að margur þessara manna viðurkenni það nú að þeir mundu ekki halda á málum í dag líkt og þeir gerðu fyrr í vetur.

Ég tel ekki vafa á því að á miðju ári verði búið að afla upp í kvótann í mjög mörgum byggðarlögum í landinu. Ég veit að svo verður á Suðurnesjum, hvar ég þekki best til, og telja sjómenn að tugir báta verði verkefnalausir skömmu eftir páska. Þetta er nokkuð sem menn sjá fyrir. Hins vegar var spurt að því hvað ríkisstj. hygðist gera við því atvinnuleysi sem þá skapaðist. Við því hafa engin svör fengist. Ekkert hefur verið gert og ekkert hefur verið íhugað. Tillögur um úrbætur í þeim málum hljóta að þurfa að koma frá ríkisvaldinu, frá þeim sem ábyrgðina bera.

Það mátti heyra á hæstv. félmrh. áðan að það leysti allan vanda atvinnumála að skrá atvinnuleysi. Ég furða mig alveg stórkostlega á þessum ummælum og botna reyndar ekkert í því hvernig það getur forðað atvinnuleysi að skrá atvinnuleysi. Ég vil líka upplýsa að slík skráning hefur átt sér stað í áraraðir þannig að það er ekkert nýtt.

Hæstv. forsrh. kom hér upp er fyrirspyrjandi hafði lokið máli sínu og fór að ræða um kvótakerfið. En hann gat engu svarað varðandi það hvað ætti að gera þegar tugir báta væru búnir með kvótann, þegar byggðarlögin stæðu frammi fyrir fjöldaatvinnuleysi. Hann minntist á að skipa ætti nefnd, það hefði verið fyrirhugað fyrir mörgum vikum síðan. En sú nefnd hefur ekki enn verið skipuð. Spurningin er hvort nokkuð hafi verið á eftir því rekið. Ég leyfi mér reyndar að efast um að einhver nefnd komi til með að leysa þann atvinnuvanda sem skapast þegar bátarnir hafa lokið við kvóta sína, tel ólíklegt að slík nefnd bæti úr í þeim efnum.

Ég lýsi sérstökum áhyggjum mínum af því ástandi sem skapast þegar bátarnir hafa lokið við kvótann. Það má vera að hann dugi þeim mörgum fram á mitt ár en þá spyrja menn: Hvað kemur þar á eftir? Ég leyfi mér líka að halda því fram að ríkisvaldið hafi sáralítið gert til

þess að hjálpa mönnum til að aðlagast því kerfi sem nú hefur verið sett á. En einmitt það að menn hafa ekki lært á þetta kerfi eða lært að lifa eftir því gerir það að verkum að menn rjúka í að taka aflann fyrr en skyldi.

Ég vænti þess að ríkisstj. komi með till. um það hvernig á málum skuli haldið þegar við stöndum frammi fyrir atvinnuleysi í landinu. Ef svo fer sem horfir mun það ríða yfir verkafólk. Ég skora á ráðh. — forsrh. er nú reyndar farinn — að gera grein fyrir því hvað sé til ráða þegar þeir standa frammi fyrir atvinnuleysi í landinu. Ég hygg reyndar að menn geti séð það fyrir og menn geti nú þegar undirbúið tillögur og aðgerðir í þeim efnum, ekki þurfi að bíða þangað til það er yfir riðið. Það verður þess vegna að leita allra ráða til að forða því að atvinnuleysi hrjái byggðir landsins á næstu mánuðum.

Árni Johnsen: Herra forseti. Það eru tvö atriði. Hv. þm. Stefán Guðmundsson vék að málflutningi mínum um að brögð væru að því að hent væri afla. Ég gat þess að þær upplýsingar kæmu frá mönnum sem gerst ættu að þekkja hvað væri að ske og ég undirstrika það.

Í öðru lagi vildi ég aðeins leiðrétta eina tölu sem ég fór rangt með í mínu máli. Hún hafði misritast og ég áttaði mig ekki á því fyrr en ég var kominn úr ræðustól. Ég gat þess að um 36 þús. tonnum af loðnu hefði verið landað í Vestmannaeyjum það sem af er vertíðinni. Það eru 91 þús. tonn. Hins vegar er talsverður hluti af þessum afla einmitt frá þeim átta bátum sem stunduðu á s. l. vetri netaveiðar og lönduðu þá 4180 tonnum af fiski, þar af liðlega 2200 tonnum af þorski.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs vegna tveggja atriða. Í fyrsta lagi voru þær tölur sem ég fór með hér áðan að nokkru leyti rangar og stafar það af villu sem var í þeim upplýsingum. Það getur stundum verið varhugavert að vera of fljótur á sér að birta tölur. En nú hef ég fengið í hendurnar útskrift frá Fiskifélagi Íslands á aflanum jan.—mars 1984 og ég tel ástæðu til að greina frá réttum tölum.

Það sem fyrst og fremst var rangt, og kom mér satt að segja á óvart, ég skal viðurkenna það, þótt ég yrði að trúa því sem mér var sagt, var að botnfiskafli togaranna væri 56 þús. tonn á móti 74 800 tonnum í fyrra. Þetta er rangt því að afli togaranna fyrstu þrjá mánuði þ. á. er 73 636 lestir á móti 74 807 á sama tíma í fyrra. Ég tel nauðsynlegt að leiðrétta það.

Þorskafli togaranna er aðeins um 400 lestum minni en á sama tíma í fyrra og annar botnfiskafli þeirra er liðlega 700 lestum minni en á sama tíma í fyrra. Þorskafli bátanna er rúmlega 12 þús. tonnum minni. Hann var í fyrra 66 745 tonn en er fyrstu þrjá mánuði þ. á. 54 429 tonn. En annar botnfiskafli er svipaður og á sama tíma í fyrra.

Ef frá er talin loðna er aflinn u. þ. b. 12 þús. lestum minni en á sama tíma í fyrra og er það fyrst og fremst þorskaflinn. Þetta kemur einkum fram í aflatölum á Suðurlandi, eða u. þ. b. 4000 tonn á Reykjanesi u. þ. b. 4700 tonn og á Austurlandi u. þ. b. 2000 tonn. Það má því segja að aflaminnkunin sé einkum á Suðurlandi og Reykjanesi. Að sjálfsögðu er rétt að taka það fram að mestur hluti, langstærsti hluti loðnuflotans kemur frá þessum landsvæðum.

Það er einnig athyglisvert í þessum tölum að rækjuafli er nú um rúmlega 50% meiri en á sama tíma í fyrra. Sama má segja um hörpudiskafla. Þetta eru væntanlega réttar tölur og ég vil afsaka það að þær skyldu ekki vera réttar sem ég fór með. En það breytir ekki því að þorskaflinn er þetta minni en á sama tíma í fyrra, að hluta til vegna minni sóknar, en við skulum heldur ekki gleyma því að á sama tíma s. l. ár var veiði tiltölulega mjög léleg.

Varðandi þær ásakanir sem hér hafa komið fram um að afla væri hent í stórum stíl verð ég að segja að ég tel þetta mjög alvarlegar ásakanir. Við höfum engar þær upplýsingar fengið í sjútvrn. sem bendi til þess að slíkt hafi gerst í einhverjum mæli. Það hefur komið eftir brælu lélegur afli að landi. Það er alvarleg ásökun á hendur útgerðarmönnum og sjómönnum að halda því fram að afla sé hent því að það getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar í för með sér, m. a. sviptingu veiðileyfa. Ég trúi því ekki að slíkt sé gert í verulegum mæli. Auðvitað er það svo að alltaf er einhver fiskur algjörlega morkinn og sundurslitinn. (Forseti hringir.) — Ég hef nánast lokið máli mínu, herra forseti. — En ég tel ekki rétt að slíkt sé gert í þeim mæli sem hér hefur verið haldið fram.

Veiðar í erlendri fiskveiðilandhelgi, þáltill. 77. mál (þskj. 82, n. 528). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá utanrmn. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt till. á þskj. 82 með þeim breytingum sem fram koma í nál. á þskj. 528 nefnilega að till. hljóði þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna möguleika á öflun veiðileyfa fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu annarra ríkja, t. d. við Norður-Ameríku og Vestur-Afríku."

Það er rétt að taka fram, eins og reyndar kom skýrt fram í utanrmn., að samþykkt þessarar till. breytir engu um þá stefnu sem Íslendingar fylgja varðandi veiðar annarra þjóða í okkar landhelgi, heldur fjallar till. einungis um öflun veiðiheimilda fyrir íslensk fiskiskip á erlendum veiðislóðum. Um rökstuðning fyrir till. þarf ekki að fjölyrða, svo ítarleg umr. sem fram fór um hana á þessu þingi. Með samþykkt hennar vill Alþingi einfaldlega að ríkisstj. láti á það reyna og beiti sér sérstaklega fyrir því að opna hinum stóra fiskiskipaflota okkar nýja möguleika, möguleika til veiða á erlendum veiðislóðum. Það er vitaskuld ekki síst brýnt eins og ástatt er núna þegar verkefni og veiðiskapur er takmarkaður eins og raun ber vitni.

Hins vegar er það svo auðvitað útgerðaraðilanna að meta í hve ríkum mæli þeir vilja nýta sér slíka möguleika sem þannig fengjust.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Uppbygging Reykholtsstaðar, þáltill. 217. mál (þskj. 386). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 386

hef ég leyft mér ásamt öðrum þm. Vesturl. að flytja till. til þál. um uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði. Tillgr. er á þann veg að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta nú þegar undirbúa framkvæmdir við uppbyggingu og heildarskipulag Reykholtsstaðar í Borgarfirði í samræmi við megintillögur Reykholtsnefndar er starfaði frá 18. ágúst 1980 til 20. júní 1983

Till. þessari fylgir allítarleg grg. og er óþarft að rekja hana nákvæmlega í einstökum atriðum. Hitt er annað mál að færa má mörg og sterk rök að því að Reykholt er tvímælalaust í röð allra merkustu sögustaða á Íslandi. Það er kirkjustaður og prestsetur frá fornu fari. Þar hafa margir merkir menn lifað og starfað fyrr og síðar og nefna þar flestir fyrstan Snorra Sturluson er þar bjó á árunum 1206—1241.

Einnig er Reykholt merkur staður nú á dögum. Þar hefur lengi verið þekkt menntasetur, héraðsskóli, sem þar hefur starfað frá 1931 og yfirleitt verið vel sóttur og notið álits og trausts. Það er alkunna að frægð Reykholtsstaðar í Borgarfirði er löngum tengd minningu Snorra Sturlusonar og frægð af þeim toga nær langt út fyrir landssteinana. Þessi aldni, merki vísdómsmaður er í minnum hafður meðal margra annarra þjóða en Íslendinga. Þar má einkum nefna Norðmenn sem láta sér mjög annt um minningu hans á allan hátt. Það má geta þess að þeir hafa sýnt þetta í verki, m. a. með því að reisa styttu af Snorra í Reykholti, gerða af frægasta myndhöggvara Norðmanna, Gustav Vigeland.

Af þessu má ráða að Reykholt sækja heim margir gestir og ferðamenn, bæði innlendir og erlendir. Þess vegna þarf staðurinn að líta þokkalega út þannig að hann sé aðlaðandi og þar sé húsum og hlutum haldið sómasamlega við.

Af þessu öllu er ljóst að Reykholtsstað verður að sýna fullan sóma. Þar þarf að taka til hendinni á ýmsan veg. Það þarf að gera heildarskipulag af staðnum, byggja upp og auka skólahúsnæði það sem nú er þar til staðar, prýða umhverfið, varðveita fornar minjar o. fl. Ekki hefur skort góð áform af þessu tagi. Sem dæmi má nefna það að á afmæli skólans árið 1971, þá er 40 ár voru liðin frá stofnun hans, héldu þar ýmsir merkir menn ræður og lýstu því yfir að nú skyldi Reykholti sýndur fullur sómi í náinni framtíð og staðnum gert margt til sóma og bóta.

En það er nú svo með þetta eins og margt annað að þó orð séu til alls fyrst hefur oft hlaupið slaki á þessar áætlanir og yfirlýsingar á skömmum tíma. Nú má hins vegar segja að einu sinni enn hafi unnendur Reykholtsstaðar og áhugamenn bundist fastmælum að láta til skarar skríða, hefjast handa og láta ekki sitja við orðin tóm. Í því skyni var sett saman nefnd árið 1980 til þess að taka öll málefni Reykholtsstaðar til nákvæmrar athugunar. Reynt var að setja þessa nefnd þannig saman, velja fulltrúa í hana á þann veg að fram kæmu bæði sjónarmið heimamanna og annarra sem þarna hafa um málefni að véla.

Í þessa nefnd voru skipaðir Rúnar Guðjónsson sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem var formaður nefndarinnar, Þorleifur Pálsson deildarstjóri og séra Geir Waage sóknarprestur, skv. tilnefningu dóms- og kirkjumrn., Haukur Jörundarson skrifstofustjóri, skv. tilnefningu landbrn., Snorri Þorsteinsson fræðslustjóri, skv. tilnefningu skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti, séra Jón Einarsson sóknarprestur, skv. tilnefndinu Reykholtsnefndar og Ólafur Þ. Þórðarson alþm., sem nú er skipaður skólastjóri héraðsskólans í Reykholti, og var hann skipaður án tilnefningar.

Ég hygg að menn þurfi ekki að velkjast í neinum vafa um það að hér var vel til vandað og nefndin skipuð mönnum sem þarna þekkja vel til mála. Því er ekki að neita að á undanförnum árum hafa ýmsar nefndir og ráð unnið að þessum málum, Reykholtsmálum, starfað um lengri eða skemmri tíma, en ekki hefur nægilega mikið áunnist. Þó er því ekki að neita — og það má alls ekki vanmeta það sem vel hefur verið gert á undanförnum árum — að vissulega hafa nokkrir þættir mála þarna á staðnum þokast áfram. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvað langt er síðan hv. þm. hefur komið þarna upp eftir, en hann getur litast þar um ef hann hefur stund til. En það þarf ekki að orðlengja það að hin stjórnskipaða nefnd, sem sett var saman 1980, vann vel og rækilega og leysti sitt starf af hendi af samviskusemi, en það reyndist viðameira en séð var í upphafi. Úr mörgu þurfti að greiða bæði heima fyrir og hér syðra, þar sem þrjú ráðuneyti hafa komið meira og minna við sögu staðarins, a. m. k. frá 1930 og haft þar ýmis umsvif, dóms- og kirkjumrn., menntmrn. frá því héraðsskólinn tók þar til starfa, eins og ég gat um áðan, og auk þess landbrn.

Málefni Reykholtsstaðar voru því rædd vinsamlega og málefnalega af viðkomandi ráðh. í fyrri ríkisstj. í sameiningu og ráðuneytisstjórum hvað eftir annað. Urðu allir þessir aðilar svo og nefndarmenn sammála um framtíðarskipan þessara mála í meginatriðum. Segja má því að nú sé tími til kominn að hefjast handa, bæði með því að halda áfram þeim verkefnum sem að hefur verið unnið á Reykholtsstað og undirbúa ný sem nauðsynleg eru og óhjákvæmileg til þess að viðunandi lausn fáist innan hóflegra tímamarka. Að vísu má búast við þeirri mótbáru að nú sé erfitt um vik hvað opinber fjárframlög varðar og sjálfsagt munu margir skírskota til þeirra erfiðleika sem nú er við að fást í efnahagsmálum o. s. frv. En slík rök fá ekki stöðvað brýnustu framkvæmdir í tilteknum þjóðþrifamálum, aðeins dregið úr hraða framkvæmda, þar sem hófs þarf að gæta og allir verða að sjálfsögðu að hafa í huga.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. og nál. Reykholtsnefndar. En ég vænti þess að till. þessari verði vel tekið og legg til að máli þessu verði að loknum fyrri áfanga þessarar umr. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Niðurfelling söluskatts af raforku til dælingar á hitaveituvatni, þáltill. 234. mál (þskj. 413). — Ein umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér er sérstök ánægja að fá hér tækifæri til þess að mæla fyrir máli sem varamaður minn, Sverrir Sveinsson, flutti þegar hann sat hér á þingi á meðan ég var fjarverandi. Ásamt Sverri Sveinssyni fluttu þetta hv. þm. Jón Sveinsson, Ingvar Gíslason og Þórarinn Sigurjónsson.

Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til dælingar á hitaveituvatni."

Þannig hljóðaði tillgr. Í grg. sögðu flm. m. a., með

leyfi forseta:

„Mikill hluti af rekstrarkostnaði hitaveitna er fólginn í kaupum á raforku til dælingar á vatni. Söluskattur hefur verið innheimtur af raforku til dælingar þrátt fyrir þá almennu stefnu, sem mörkuð er í reglugerð um söluskatt, nr. 486/1982, að dregið sé úr húshitunarkostnaði, sbr. 19. og 20. tölul. 13. gr. og 12., 13. og 22. tölul. 14. gr. þeirrar reglugerðar, sbr. og 7. gr. laga nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku, og 1. gr. reglugerðar nr. 317/1974.

Samband ísl. hitaveitna og orkusparnaðarnefnd hafa fengið því framgengt að söluskattur verði ekki innheimtur af raforku til varmadæla, en slíkt tæki er verið að setja upp um þessar mundir og gert ráð fyrir að þau verði tekin til enn frekari nota á næstu árum. Tilgangur þeirra er að vinna hita úr volgu vatni, t. d. lághitavatni og bakrennslisvatni hitaveitna með raforku. Án niðurfellingar söluskatts af raforku til þessara nota væri þessi tækni óarðbær.

Sú er skoðun flm., og það er einnig álit Sambands ísl. hitaveitna, að raforka til dælingar á hitaveituvatni skuli með sömu rökum og ráðuneytið féllst á gagnvart varmadælum undanþegin söluskatti. Í bréfi til Sambands ísl. hitaveitna 6. des. 1983 lýsti fjmrh. þeirri skoðun sinni að flutningur á orku verði ekki lagður að jöfnu við framleiðslu hennar. Þessi skýring ráðuneytisins telur Samband ísl. hitaveitna að byggist á misskilningi þar sem í báðum tilvikum er um öflun orku („framleiðslu") að ræða. Í öðru tilvikinu er framleitt nothæft hitaveituvatn úr afrennslisvatni með raforku. Í hinu tilvikinu er öflun orkunnar („framleiðsla") fólgin í því að dæla laugarvatni upp úr borholum og koma til notenda með raforku. Í báðum tilvikum er raforka, á viðunandi verði, forsenda orkuöflunar eða „framleiðslu" á nothæfu hitaveituvatni á samkeppnisfæru verði."

Ég hef ekki öðru við þetta að bæta en því að mér sýnist að hér sé hreyft mjög réttmætu máli og eðlilegu. Ég fellst ekki á þá skýringu fjmrn. sem fram kom í grg. Ég tel að taka eigi af tvímæli um þetta og til þess að gera nýtingu varmaorkunnar arðbæra sé nauðsynlegt að samþykkja þessa þáltill.

Ég geri till. um að umr. um till. verði frestað og henni vísað til athugunar í hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Niðurfelling aðflutningsgjalda og söluskatts vegna hitaveitna, þáltill. 236. mál (þskj. 415). — Ein umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Eins stendur á um þessa þáltill. á þskj. 415 og þá á þskj. 413 að hún er flutt af hv. þm. Sverri Sveinssyni, Jóni Sveinssyni, Ingvari Gíslasyni og Þórarni Sigurjónssyni, en mér hefur verið falið að mæla fyrir henni. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af aðveituæðum og dreifikerfum hitaveitna."

Grg. fylgir með till. og hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á síðustu tíu árum hefur verið gert stórátak í nýtingu jarðvarma til upphitunar húsa hér á landi og á þeim tíma hefur hlutur jarðvarma í húshitun aukist úr 50% í tæp 80%. Er nú svo komið að um 77% þjóðarinnar búa við upphitun með jarðvarma. Á sama tíma hefur hlutur olíunotkunar minnkað úr 45% í 6%.

Á landinu eru starfandi 28 hitaveitur en kostnaður við upphitun frá þessum hitaveitum er allt frá því að vera innan við 10% og upp í 70% af kostnaði við upphitun með olíu. Orkustofnun vinnur að athugunum á aukinni nýtingu jarðvarma til upphitunar og iðnaðarnota. Á s. l. ári komu tvær skýrslur frá Orkustofnun um þetta efni. „Húshitunaráætlun, I. og II. hluti". Þar eru kynntar hugmyndir um aukna nýtingu jarðvarma og frumáætlanir um 28 nýjar hitaveitur. Gerðar hafa verið kostnaðaráætlanir um jarðhitarannsóknir, boranir, lagningu aðveituæða og dreifikerfa og orkuverð fundið út frá áætluðum rekstrarkostnaði.

Á síðasta löggjafarþingi var samþykkt breyting á orkulögum, nr. 58/1967. Við 53. gr. var bætt svohljóðandi ákvæði:

„Eigi skal innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins vegna orkurannsóknarborana og borana til vinnslu jarðhita."

Ljóst er að þetta hefur lækkað verulega kostnað við nýtingu jarðvarma til upphitunar þar sem stór hluti kostnaðarins er við virkjun jarðvarmans.

Flm. þessarar þátill. benda á að ef tækist að lækka flutnings- og dreifingarkostnað heita vatnsins með því að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af aðveituæðum og dreifikerfum hitaveitna kynni að skapast grundvöllur fyrir sumar þær hitaveitur sem þegar hafa verið gerðar frumáætlanir um.

Á það skal einnig bent að fjármögnun nýrra hitaveitna hefur að langmestu leyti verið með erlendum lánum og teljum við í fyllsta máta óeðlilegt að taka erlend lán til greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts sem rennur svo til óskiptur í ríkissjóð."

Ég held að hv. alþm. hljóti að fallast á að aðveituæðar og dreifikerfi hitaveitna eru nauðsynlegur hluti til virkjunar hitaorkunnar og þess vegna sé eðlilegt og sjálfsagt að fella aðflutningsgjöld og söluskatt af öllum þáttum mannvirkisins, ef á annað borð er eðlilegt að fella söluskatt og aðflutningsgjöld niður af einhverjum hluta. Við leggjum til að það verði fellt niður af öllu mannvirkinu.

Ég vil leyfa mér að fara þess á leit að þegar þessari umr. verður frestað í dag verði till. vísað til hv. allshn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Upplýsingamiðlun um húsnæðismál, þáltill. 235. mál (þskj. 414). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hérna fyrir till. til þál. um upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingamál sem ég flyt ásamt hv. þm. Eiði Guðnasyni, Davíð Aðalsteinssyni, Kristínu Halldórsdóttur, Geir Gunnarssyni og Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Ég vil lesa ályktunina, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sjö manna nefnd til að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingamál til almennings og aðila í byggingariðnaði með eftirtöldum hætti:

1. Útgáfu handbóka.

2. Námskeiðahaldi.
3. Uppbyggingu tölvutækra gagna.
4. Öðrum aðferðum við söfnun og miðlun upplýsinga sem hentugar þykja.

Nefndarmenn verði tilnefndir af eftirtöldum aðilum:
1. Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs.
2. Byggingarþjónustunni.
3. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
4. Reiknistofnun Háskóla Íslands.
5. Iðntæknistofnun.
6. Húsnæðisstofnun Íslands.
7. Landssambandi iðnaðarmanna.

Verkefnið njóti stuðnings ríkissjóðs í þrjú ár."

Í grg. með till. segir m. a., með leyfi forseta:

„Eitt af einkennum nútímans er það gífurlega magn upplýsinga sem til eru á flestum sviðum. Tæknilegar framfarir hafa valdið því að möguleikar til öflunar, geymslu og dreifingar upplýsinga margfaldast næstum á hverju ári.

Ein meginforsenda þess að þjóðir haldi lífskjörum sínum á næstu árum er að þær nýti þær upplýsingar sem tiltækar eru í atvinnumálum, félagsmálum og á fleiri sviðum. Aldrei hefur verið dýrara að standa í stað. Það mun hafa úrslitaáhrif á þróun íslensks þjóðfélags og þeirra gæða, sem það mun geta boðið þegnum sínum, að hér verði sem fyrst mörkuð sú almenna upplýsingastefna sem þegar er farið að fylgja víða erlendis.

Húsbyggingar og húsnæðiskostnaður eru einn dýrasti liðurinn í útgjöldum yngri heimilanna í dag og mun verða svo um langa framtíð. Á undanförnum árum, og raunar enn, hefur athyglin einkum beinst að öflun lánsfjár til húsbygginga. Minni áhersla hefur verið lögð á að lækka byggingarkostnað sem að miklu leyti hefur dulist í verðbólgubáli og óverðtryggðum lánum. Hann verður hins vegar greinilegri þegar sífellt fleiri búa í húsnæði sem eingöngu er reist fyrir verðtryggt lánsfé. Gildir þar einu hver eignaraðild íbúanna er.

Á hérlendum markaði er fjölbreytt framboð á tækni, efni og þjónustu til húsbygginga og umfangsmiklar rannsóknir fara fram hjá ýmsum aðilum. Erlendis skýtur á hverju ári upp kollinum fjöldi nýjunga í þessum efnum. Ýmsar stofnanir hérlendis búa yfir mikilli reynslu og eiga upplýsingar sem mættu koma að meira gagni en þær gera í dag. Mikið skortir á að þessari vitneskju sé á virkan hátt komið áleiðis til íslenskra húseigenda og aðila í byggingariðnaði."

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt mál. Ég hef kynnst þessu svolítið af eigin raun. Það er til mikið af upplýsingum í þessum málum hérlendis. Það eru upplýsingar sem hefur verið aflað á einstaka stofnunum. Hins vegar vantar verulega á í þeim efnum, eins og kemur fram í þessari grg., að á ákveðinn hátt sé starfað að því að dreifa þessum upplýsingum til þeirra sem eiga að vinna eftir þeim. Og það er ekkert vafamál að það er t. d. í dag verið að byggja húsnæði hér á landi sem er óhagkvæmt með tilliti til margra þátta. Það er óhagkvæmt með tilliti til orku og orkusparnaðar, það er óhagkvæmt með tilliti til byggingarkostnaðar. Það er jafnvel óhagkvæmt með tilliti til fjármögnunar til lengri tíma. Nú eru ný viðhorf, ef svo má segja, í þessum málum hérlendis. Það er að koma upp kynslóð sem fyrst allra kynslóða á Íslandi stendur frammi fyrir því verkefni að þurfa að fjármagna húsbyggingar sínar með rauntryggðum lánum, og það skiptir verulega miklu máli að það sé haldið svo á spilunum að fólk sé ekki að binda sér þá bagga sem sliga það þegar fram í sækir. Þess vegna er mikilvægara en nokkru sinni áður að notaðar séu allar tiltækar leiðir til að halda byggingarkostnaði í skefjum.

Eins og segir í grg. hefur mikið starf verið unnið, bæði hérlendis og erlendis, núna lengi við að kanna nýjar leiðir og prófa nýja möguleika í byggingarmálum. Það er því miður raunin að fáar af þessum nýjungum hafa verið teknar í notkun hér á landi, enda hefur kannske ekki verið þrýstingur til hagkvæmni í byggingarmálum hérna. Hár byggingarkostnaður hefur verið leystur með niðurgreiddu lánsfé frekar en að reyna að lækka tilkostnaðinn.

Enn fremur segir í grg. með till.:

„Verkefnistill. þessi miðar að því að þeir aðilar, sem málið er skyldast, bindist samtökum um að skilgreina og hrinda í framkvæmd þeirri gagnasöfnun og útgáfustarfsemi sem nauðsynleg er í þessu skyni. M. a. er lagt til að vinna skólanemenda verði nýtt við vissa þætti þessara verkefna eftir því sem þeir eru færir um og það samrýmist námi þeirra. Í þessu skyni verði leitað eftir samvinnu við ýmsa skóla sem kenna greinar sem að gagni mættu koma. Með því að hagnýta vinnu nemendanna með þessum hætti vinnst það m. a. að þeir fá bein kynni af þessum viðfangsefnum og námsvinna þeirra nýtist við uppbyggingu gagnasafnana. Fyrirkomulag af þessari gerð mundi styrkja samband skóla og atvinnulífs, báðum þessum aðilum til góðs. Gert er ráð fyrir að allt skráð efni yrði ýmist þegar í byrjun sett á tölvutækt form eða auðvelt yrði að koma því á slíkt form síðar. Þannig mætti gera heildarverkefnið mun ódýrara og aðgengilegra en ella."

Í grg. og till. er stungið upp á aðilum sem tilnefnt gætu menn í þessa nefnd. Þetta er alls ekkert heilög tala. Þarna gætu vafalaust fleiri aðilar komið við sögu. Ég vil t. d. nefna Fræðslumiðstöð iðnaðarins og ég vil nefna t. d. embætti borgarverkfræðings í Reykjavík, sem hefur mjög mikið með byggingarmál að gera. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þessum aðilum væri gefið tækifæri til að tilnefna fólk í svona nefnd, þannig að ef þessi till. hlýtur náð fyrir augum þeirra, sem um hana fjalla, er sjálfsagt mál að athuga hvort þarna ættu ekki fleiri aðilar að koma við sögu.

Ég vil að lokum leggja til að þessari till. verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 71. fundur.

Föstudaginn 6. apríl, kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. 218. mál (þskj. 387). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. 269. mál. (þskj. 515). — Frh. 1. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég mótmæli því að þessu máli sé vísað til félmn. Ég held að það hljóti að vera lýðum ljóst að þessu máli ætti að vísa til hv. allshn. Hér er um að ræða mál sem falla hiklaust undir þá nefnd. Ég vil gera það að till. minni að hv. þingdeild greiði um það atkv. til hvorrar nefndar málinu verði vísað. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. hafi þarna verið að hugsa til þess að tekjur af erfðafjárskatti renni til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem vissulega heyrir undir hans rn., en þarna er um að ræða tvö mál í raun og veru. Eitt er hvert tekjurnar af skattinum renna, annað hvar frv. og lagabreytingar um skattinn sjálfan eiga heima. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. forseta eða þd. hvort ekki væri eðlilegra að málið færi til hv. allshn. og legg það til.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Út af þessari aths. tel ég rétt að upplýsa að þetta mál heyrir undir félmrn. og hefur gert frá fyrstu tíð og þar af leiðandi heyrir þetta undir félmn. Ég óska þess að ekki verði farið að breyta þeirri venju sem er skv. gildandi lögum. Frv. er samið af félmrn. og lagt fram í nafni þess.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Mig langar að halda áfram þessum umr.

Hæstv. ráðh. segir að erfðafjárskattur hafi alltaf heyrt undir félmrn. Við getum þá deilt um hvort málið heyri ekki alveg eins undir heilbrmrn. þar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur alla tíð farið með eða öllu heldur tryggingaráð úthlutanir á erfðafjárskatti. Ég skal viðurkenna að ég er ekki svo þingvön og fróð að ég viti nákvæmlega hvar þetta mál ætti heima, en ég held að þarna orki nokkuð tvímælis. Hér er um að ræða, ef þetta frv. yrði að lögum, verulegt tekjutap fyrir Framkvæmdasjóð fatlaðra og þar með að ég ætla ríkissjóð. Þegar ég spurði hæstv. ráðh. í umr. hvernig stæði til að bæta þetta tekjutap upplýsti hann að það mundi verða ríkissjóður sem bætti. Það er ekki nema gott um það að segja, en þá má líka spyrja: Á þetta ekki bara heima í fjh.- og viðskn.? Ég held að í öllum tilfellum eigi þetta alls ekki heima í félmn., en vil biðja mér þingfróðari menn að segja sitt álit á því

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil mótmæla ummælum sem hv. þm. lætur hér falla. Ég hef aldrei sagt að það ætti að bæta ríkissjóði tekjutap. Ég gaf upplýsingar um það við framsögu málsins, upplýsingar sem komu frá hagsýslustofnun, að þessi breyting, sem frv. hefði í för með sér, gæti þýtt allt að 11 millj. tekjutap á þessum skatti, en ég upplýsti jafnframt hvernig hefur verið með þennan skatt farið. Það er engin ástæða til að vefengja að hægt sé að koma í veg fyrir að tekjur sem eiga að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra minnki í sambandi við meðferð þessa máls. Það verður séð um að svo verði ekki og það eru möguleikar til þess í frv. miðað við það tekjumagn sem það á að gefa.

Jafnframt vil ég benda hv. þm. á að ef hún les yfir frv. kemur fram í nokkuð mörgum greinum að félmrh. hefur með meðferð málsins að gera, bæði í sambandi við reglugerðir og annað, eins og er í sambandi við gildandi lög um erfðafjárskatt og erfðafjársjóð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hitaveita Suðurnesja, frv. 271. mál (þskj. 520). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 100 frá 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, en þeim lögum var áður breytt með lögum nr. 26 frá 1980. Með frv. þessu er lagt til að breytt verði tilgangsákvæði laganna á þann veg að hitaveitan geti tekið að sér alla orkuframleiðslu og orkudreifingu á svæði hennar. Þá er lagt til að iðnrh. verði veitt heimild til að veita fyrirtækinu einkaleyfi til að starfrækja rafveitu á starfssvæði hennar eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á rafveitukerfum. Í ákvæði til bráðabirgða er nánar kveðið á um sölu rafveitukerfa ríkissjóðs og sveitarfélaganna á Suðurnesjum til hitaveitunnar.

Alþingi ályktaði 3. maí 1982 að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til að semja frv. til l. um Orkubú Suðurnesja. Nefndin var skipuð 11. ágúst 1982 og kom saman til fyrsta fundar 27. jan. 1983. Áður en hún lauk störfum komu upp breytt viðhorf og var talið hagkvæmara að fela Hitaveitu Suðurnesja hlutverk orkubús á starfssvæði sínu heldur en að stofna fyrirtæki með nýju nafni, er tæki við rekstri og eignum Hitaveitu Suðurnesja jafnframt því að yfirtaka raforkuvirki og veitur á Suðurnesjum. Þess var því ekki óskað, að nefndin lyki gerð frv. til l. um Orkubú Suðurnesja.

Með lögum nr. 100 31. des. 1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja, sem hafa skyldi það markmið að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Eignaraðild að fyrirtækinu var ákveðin á þann veg, að sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum skyldu eiga 60% en ríkið 40%. Með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980 var lögum um Hitaveitu Suðurnesja breytt á þann veg að fyrirtækinu var heimilað að reisa og reka raforkuver og reka flutningslínu til að tengja orkuverið við orkuflutningskerfi Suðurnesja.

Í grg. með frv. þessu er tafla yfir raforkusölu á Suðurnesjunum árin 1978—1983. Eins og fram kemur í þeirri töflu hefur raforkusala frá Hitaveitu Suðurnesja numið um fjórðungi af raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1981, 1982 og 1983.

Telja verður óeðlilegt að veittar séu virkjunarheimildir í sérlögum. Því er í frv. þessu ekki gert ráð fyrir sérstakri heimild til iðnrh. að leyfa Hitaveitu Suðurnesja frekari virkjun og framleiðslu raforku, enda er slík almenn heimild í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 60 4. júní 1981, um raforkuver. Við veitingu leyfis til hitaveitunnar verður að sjálfsögðu hugað að hagkvæmni í heildarrekstri raforkukerfisins í samræmi við nýnefnda 1. gr. laga nr. 60 frá 1981.

Þá ber enn fremur að minna á nýsamþykkt lög um Landsvirkjun, en skv. 2. tölul. 2. gr. þeirra laga er það hlutverk Landsvirkjunar að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins. Tryggja þarf sérstak-

lega eðlilegan samrekstur raforkuvera hitaveitunnar við rekstur Landsvirkjunar. Skv. 13. gr. laga um Landsvirkjun skal fyrirtækið gera samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins.

Skv. ársskýrslu Hitaveitu Suðurnesja fyrir starfsárið 1983, sem lögð var fram á aðalfundi fyrirtækisins þann 30. mars s. l., varð á árinu 1983 talsverður halli á rekstri fyrirtækisins, eins og reyndar hefur verið á hverju ári síðan rekstur hófst. Tapið 1983 varð 97.4 millj. kr. og höfðu þá verið afskrifaðar tæpar 53 millj. kr. af gengisjöfnunarreikningi. Tapið 1982 var 78.3 millj. kr., sem uppfært til verðlags í des. 1983 væri 121.4 millj. kr. Tapið á sambærilegu verðlagi hefur því lækkað um 24 millj. kr.

Þá er bent á verulega aukningu hagnaðar án fjármunatekna og gjalda eða 95.5 millj. kr. í stað 3.4 millj. kr. og er 1983 fyrsta árið í sögu fyrirtækisins sem skilar veltufé frá rekstri. Þá er vert að geta þess að nú hafa verið afskrifuð tæp 19% af heildarstofnkostnaði fyrirtækisins eða 302.1 millj. kr. af 1615.2 millj. kr.

Hvað varðar næstu ár má geta þess að í samþykktri fjárhagsáætlun Hitaveitu Suðurnesja fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir nokkurn veginn hallalausum rekstri að undanskildri afskrift gengisjöfnunarreiknings. Árið 1985 ætti greiðslustaða fyrirtækisins að verða góð, en árið 1986—1988 erfið því að þá koma afborganir lána til með að falla á af fullum þunga.

Í árslok var dreifikerfi hitaveitunnar samtals um 242 km að lengd. Rafveitukerfi þau sem Rafmagnsveitur ríkisins eiga og áformað er að selja eru eftirfarandi: Tvær háspennulínur frá aðveitustöð Landsvirkjunar við Elliðaár til aðveitustöðvar í Ytri-Njarðvík. Önnur línan er með 33 kílóvolta spennu. Hún kemur við í aðveitustöð við Voga, en aðallínan liggur áfram til Njarðvíkur. Þessi lína var lögð á árunum 1946—1947.

Hin línan er 66 kílóvolta lína lögð árið 1958. Hún liggur samhliða þeirri fyrri að mestu leyti, en greinist ekki fyrr en við aðveitustöðina í Njarðvík. Þaðan liggur lína að riðbreytistöð á Keflavíkurflugvelli sem einnig er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins.

Þá eiga Rafmagnsveitur ríkisins 33 kílóvolta línur frá aðveitustöðinni í Njarðvík til Sandgerðis, Garðs og Hafna. Enn fremur er sjálft dreifikerfið í Höfnum í eigu Rafmagnsveitnanna. Ekki verður hér gerð tilraun til að leggja mat á verðmæti eigna þessara, enda er það samningsatriði eða þá háð mati gerðardóms skv. frv. Starfandi eru á Suðurnesjum sex sveitarfélagarafveitur: Í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi. Verður það að teljast samningsatriði hitaveitunnar og sveitarfélaganna hvort og þá hvernig yfirtaka á rafveitukerfum þeirra fari fram.

Í frv. er gert ráð fyrir að þetta geti gerst með tvennum hætti: Í fyrsta lagi að rafveiturnar verði seldar hitaveitunni. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að sveitarfélögin geti lagt þau fram sem stofnframlög til hitaveitunnar og mundi þá eignarhlutdeild eigenda breytast í samræmi við það. Ef síðari leiðin yrði farin mundi eignarhlutur ríkisins minnka, sem er til að mynda tilgangur og afstaða núv. iðnrh.

Ekki er rétt að spá neinu um hvernig samningum um yfirtöku á rafveitukerfum muni vinda fram. Hins vegar er hér um flókna samningsgerð að ræða, sem búast má við að taki nokkurn tíma. Jafnframt er hugsanlegt að yfirtakan fari fram í áföngum á næstu árum. Verði frv. þetta að lögum mun ég greiða fyrir því af ríkisins hálfu að samningar takist og ég trúi því að sveitarfélögin á Suðurnesjum muni gera slíkt hið sama. Með hliðsjón af hagkvæmni sameiningar rafveitnanna á svæðinu og samreksturs þeirra og hitaveitunnar treysti ég að svo verði.

Herra forseti. Ég vil að þessari framsögu lokinni leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 222. mál (þskj. 391). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 51 frá 20. apríl 1953, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Það er alkunna að orðið hafa miklir erfiðleikar í sjávarútvegi að undanförnu. Fyrir því eru margar ástæður sem ekki er hægt að rekja hér, en þær eru helstar fyrir utan almennan aflabrest að olía hefur hækkað mjög á heimsmörkuðum á síðasta áratug. Samhliða því hafa vextir og fjármagnskostnaður einnig hækkað mjög verulega alls staðar í heiminum. Einnig er vert að geta þess að það er ekki síst verðbólgan og á margan hátt óhagstæð gengisþróun fyrir útgerðina sem hefur valdið því að þessi vandamál hafa aukist stig af stigi.

Á s. l. vori var þessi vandi mjög mikill og þá voru gerðar ráðstafanir til þess að forða verstu áföllunum. Það sem fyrst og fremst var þá gert var að dregið var úr þessari miklu verðbólguþróun. Þessi verðbólga hefur trúlega verið mesti fjandi sjávarútvegsins að undanförnu. Jafnframt þessu hefur verið reynt að taka á vanda sjávarútvegsins eftir því sem tök hafa verið á, en hann er ekki aðeins fjárhagslegur heldur er hér einnig um skipulagsvanda að ræða.

Þegar birtar voru tölur um hugsanleg aflabrögð á árinu 1984 á s. l. hausti var þessi vandi enn meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Vissulega var úr vöndu að ráða hvernig fram úr því skyldi komist á árinu 1984. Í framhaldi af því var breytt um fiskveiðistefnu eins og kunnugt er og hér hefur verið rætt og ég skal ekki gera að umtalsefni við þessar umr. Fiskverð var ákveðið í byrjun febr. við mjög erfiðar aðstæður og svokallað kvótakerfi tekið upp fyrir árið 1984. Í þessu sambandi vil ég minna á að við fiskverðsákvörðun 10. febr. 1984 var gefin út fréttatilkynning frá sjútvrn. sem ég vildi vitna til, með leyfi hæstv. forseta, en hún er svohljóðandi:

„Í tengslum við ákvörðun fiskverðs fyrir tímabilið 1. febr. til 31. maí og samningu reglugerðar um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984 eru áformaðar ýmsar ráðstafanir til þess að bæta afkomu og fjárhagslegt skipulag sjávarútvegsins og stuðla að sanngjarnri og skynsamlegri tekjuskiptingu innan hans. Meginatriði eru þessi:

1. Skuldbreyting útgerðarskulda eftir almennum reglum þannig að áhvílandi skuldum, hvort sem þær eru í skilum eða vanskilum allt að 90% af vátryggingarverðmæti skipanna, verði breytt í lán sem hefur jafnlangan lánstíma og upphaflegu stofnlánin að viðbættu minnst einu en mest 7 árum og ræðst lengingin af hlutfalli

áhvílandi skulda. Lánskjörum verði breytt þannig að greiðslubyrði lækki verulega á næstu árum og dreifist sem jafnast yfir lánstímann. Auk þess verði lausaskuldum útvegsins breytt í lengri lán innan vissra marka.

2. Kostnaðarhlutdeild utan skipta skv. brbl. nr. 55/1983 haldist óbreytt en til skipta komi 2% af henni í viðbót við fyrri skiptahlut áhafna.

3. Bætur úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs verði með sérstökum hætti árið 1984 þannig að vegna hins almenna og alvarlega aflabrests, sem fyrirsjáanlegur er 1984, verði greiddar sérstakar bætur af tekjum og eignum deildarinnar sem nemi 4% af öllu aflaverðmæti miðað við skiptaverð. Bætur þessar greiðist inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4/1976. Bæturnar komi í stað allra bótagreiðslna almennu deildar sjóðsins 1984 og komi ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna."

Í fjórða lagi er í þessari fréttatilkynningu fjallað um áhafnadeild Aflatryggingasjóðs en þar er gert ráð fyrir að hann fái til ráðstöfunar á árinu 1984 ríkisframlagið til Aflatryggingasjóðs, sem er 18.6 millj. kr. auk síns *venjulega tekjustofns af útflutningsgjaldi*. Þetta verði gert til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga og einnig til þess að hún geti greitt úr fjárhagsörðugleikum *sjómanna sem upp kynnu að koma* vegna þess að útgerð skipa stöðvast vegna aflabrests og hinna nýju reglna um stjórn botnfiskveiða á árinu 1984.

Í *fimmta lagi* er fjallað í *fréttatilkynningunni* um útflutningsgjald af saltfiski.

Frv. það sem hér er flutt kemur í beinu framhaldi af þeim fyrirheitum sem gefin voru við fiskverðsákvörðun í febrúarmánuði. Þar er gert ráð fyrir því að breyta greiðslum úr Aflatryggingasjóði á árinu 1984 meðan það sérstaka ástand, sem hér hefur skapast, varir. Hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða og ég vil leggja á það áherslu að hér er ekki verið að leggja til að farið verði með Aflatryggingasjóð með þessum hætti um alla framtíð heldur aðeins á árinu 1984.

Hitt vil ég hins vegar leggja áherslu á að ég tel nauðsynlegt að breyta því fyrirkomulagi sem áður hefur verið þótt það fyrirkomulag, sem hér er tekið upp fyrir árið 1984, eigi ekki að gilda um alla framtíð. Í þessu sambandi vil ég vitna til álits ráðgjafarnefndar um sjávarútvegsmál. Þann 16. mars 1984 kom eftirfarandi fram í þeirri ráðgjafarnefnd um þetta tiltekna frv. og tel ég rétt að það komi hér fram. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skoðanir eru skiptar í n. um þetta mál. Fulltrúar sjómanna telja eðlilegt að sjómenn fái hlut í þeirri 4% greiðslu á skiptaverðmæti úr Aflatryggingasjóði sem ráðgerð er með frv. og eru því andvígir till. frv. eins og hún er nú. Hins vegar er ekki ágreiningur um það að sérstök ástæða sé nú til þess að beita Aflatryggingasjóði með öðrum hætti en verið hefur. Dregið verði úr þeirri millifærslu milli skipa og útgerðargreina sem starfsemi hans hefur valdið en aukin áhersla lögð á að jafna milli ára eftir aflabrögðum í heild.

Þá telja fulltrúar sjómanna orka tvímælis að tillögur frv. um starfsemi áhafnadeildar feli í sér verulega eflingu hennar er dugi til þess að gera meira en að hækka fæðispeningagreiðslur. Nm. eru sammála um að benda á að æskilegt sé að skipuð verði sérstök þriggja *manna nefnd* til þess að gera till. um reglur þær sem frv. gerir ráð fyrir að sjútvrn. setji með ráðstöfun fjár úr áhafnadeild bæði til fæðispeninga og ráðstafanir í þágu sjómanna. Nefnd þessi ætti að vera þannig skipuð að samtök sjómanna nefni einn mann, samtök útvegsmanna annan, ráðh. nefni formann án tilnefningar.

Þá er á það bent að meðal þeirra vandamála sem fylgt gætu þorskaflabresti og sóknarminnkun vegna nýrrar fiskveiðistjórnar sé að sjómannafrádráttur, sem miðast við úthaldsdagafjölda, rýrni á næsta ári og komi sú rýrnun ofan á rýrnun tekna sjómanna vegna aflamissis. Leita þarf leiða til þess að leysa úr þessum vanda og létta greiðslubyrði sjómanna af sköttum sem miðast við tekjur fyrra árs."

Ég vil taka það fram vegna þess sem kemur m. a. fram í þessu áliti að því hefur verið mjög haldið á loft að sjómenn hafi fengið hlutdeild í greiðslum úr Aflatryggingasjóði. Að mínu mati er rangt að halda slíku fram vegna þess að bætur þessar hafa alfarið runnið til útgerðar, en útgerð hefur síðan greitt sjómönnum kauptryggingu, í það minnsta þegar um aflabrest er að ræða. Hins vegar má halda því fram að með því hafi verið meiri trygging fyrir því að sjómenn fengju laun sín greidd. Hins vegar er á engan hátt með þessari ráðstöfun breytt þeim skiptareglum sem þar eru í gildi.

Hins vegar er ein undantekning frá þessu. Það var þegar loðnubrestur varð hér mikill, þá fengu sjómenn hlutdeild í greiðslum frá Aflatryggingasjóði. Það ætti ekki að dyljast neinum að þessar ráðstafanir treysta í nokkru afkomu útgerðarinnar og þar með getu hennar til að greiða aflahluti og kauptryggingu. Það er því í þessu eins og öðru ekki eingöngu um hagsmunamál útgerðaraðila að ræða heldur er það að sjálfsögðu einnig mál fyrir sjómannastéttina að útvegurinn sé svo staddur fjárhagslega að hann geti bærilega staðið í skilum með aflahluti.

Hitt er svo allt annað mál að kjör sjómanna eru ekki sérlega góð og því er sjálfsagt að halda á loft. En mér finnst óþarft að gera það með þeim hætti að rangtúlka eðli Aflatryggingasjóðs og starfsemi hans eins og mér hefur þótt nokkuð bera á að undanförnu. Ég vil einnig að það komi fram að við þessar ráðstafanir var ákveðið að 2% af kostnaðarhlutdeild kæmu til skipta og var það ákveðið af stjórnvöldum án samþykkis útgerðaraðila með tilliti til þess að afkoma sjómanna hefur verið fremur bágborin.

Ég vil einnig að fram komi, án þess að ég ætli að fara að blanda því sérstaklega saman við þetta mál, að sjómenn hafa lagt á það sérstaka áherslu að undanförnu og reyndar gert lengi að lífeyrismál þeirra væru tekin til mikillar lagfæringar. Þannig háttar til að sjómenn greiða í lífeyrissjóð af kauptryggingu í flestum tilvikum. Þó á það ekki við um stóru togarana. Þetta verður þess valdandi hvað varðar menn sem eru til sjós t. d. 5—6 mánuði á ári, eins og þeir sem eru á loðnuveiðum og hafa e. t. v. tiltölulega litla atvinnu þess á milli, að einungis er greitt í lífeyrissjóð þann tíma sem lögskráð er á skipin. Þetta verður í flestum tilfellum til þess að þessir menn sem sjómennsku stunda hafa sáralítinn lífeyrisrétt að lokinni sinni starfsævi. Í framhaldi af því var samþykkt í ríkisstj. s. l. þriðjudag að skipuð verði nefnd til að endurskoða lög um lífeyrissjóði sjómanna. Var þar eftirfarandi bókað sem ég vil vitna til, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarið hafa farið fram allmiklar umr. um

lífeyrismál sjómanna. Fulltrúar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafa farið þess á leit við sjútvrh. að hann beitti sér fyrir lagasetningu í þá veru að stofn fyrir iðgjald til lífeyrissjóða sjómanna verði samræmdur og verði hinn sami fyrir alla sjóðfélaga sem stunda sjó þannig að iðgjald verði framvegis greitt af heildarlaunum allra sjómanna. Þessar hugmyndir hafa mætt andstöðu útgerðarmanna enda um talsverðan kostnaðarauka að ræða fyrir útgerðina ef til þessarar breytingar kæmi. Jafnframt því telja útgerðarmenn að mál þetta sé fyrst og fremst samningamál.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af stöðu annarra mála sem þessa aðila varða tel ég rétt að láta kanna þetta mál nánar og legg til að skipuð verði nefnd til að fjalla um og gera till. um málið. Nefndin verði skipuð af sjútvrh. Í henni ættu sæti tveir fulltrúar útvegsmanna, tveir fulltrúar sjómanna, þ. e. frá Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn nm. tilnefndur af fjmrh. og einn nm. skipaður af sjútvrh. Nefndin skili af sér fyrir septemberlok og gert yrði ráð fyrir að till. hennar yrðu lagðar fyrir næsta Alþingi og við það miðað að þær gætu tekið gildi í upphafi næsta árs."

Ég vil taka fram af þessu tilefni að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að algjört ófremdarástand ríkti í lífeyrismálum sjómanna. Það er engin leið að þeir eða aðrir sætti sig við að lífeyrissjóðir þeirra séu með allt öðrum hætti en lífeyrissjóðir annarra í landinu. Ekki er hægt að sættast á það að þessir menn, sem stunda sjómennsku alla sína ævi, búi við aðeins brot af þeim lífeyrisrétti sem gengur og gerist í landinu. Ég tel því að með því nefndarstarfi sem fyrirhugað er sé að því stefnt að hér verði gerðar verulegar lagfæringar. Ég tel í reynd allt annað fráleitt.

Ég vænti þess að fyrir þessu hafi skapast verulegur skilningur í þjóðfélaginu. Hins vegar þarf að standa að því með eðlilegum hætti og eiga þarf sér stað eðlilegur undirbúningur. Ég vænti þess að sú nefnd, sem skipuð verður næstu daga, komist að góðu samkomulagi um að koma þessum málum þannig fyrir að lífeyrisréttindi sjómanna verði sambærileg og ekki síðri en gengur og gerist í þjóðfélaginu. Sjómenn eiga sér almennt mun styttri starfsævi en aðrar stéttir og því er sérstök ástæða til að sinna þessu máli af alúð.

Ég vil að lokinni þessari umr., herra forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. frestað.

Niðurfelling stimpilgjalda af íbúðalánum, frv. 27. mál (þskj. 27, n. 553). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánum. Þetta er frv. sem flutt er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 6. sept. 1983 og kváðu á um það að fjmrh. væri heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánum húsbyggjenda og íbúðakaupenda sem lánastofnanir kunna að veita í samræmi við samkomulag þeirra við ríkisstj. og stjórnarsáttmála hennar frá 27. maí 1983. Fjmrh. kveður nánar á um framkvæmd niðurfellingar eða endurgreiðslu þessarar.

N. hefur athugað þetta mál og skilar nál. á þskj. 553. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„N. hefur rætt málið á nokkrum fundum og m. a. aflað upplýsinga frá fjmrn. N. er sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Guðrún Agnarsdóttir er samþykk þessu nál.

Alþingi, 4. apríl 1984."

Og undir þetta skrifa allir nm., þ. e. Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Svavar Gestsson með fyrirvara, Þorsteinn Pálsson, Jón Magnússon, Halldór Blöndal og Kjartan Jóhannsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26, n. 554). — 2. umr.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Rétt er að geta þess að væntanlegt er nál. minni hl. í þessu máli en það hefur ekki borist. Verður því að fresta umr. að lokinni framsöguræðu formælanda meiri hl. n. sem tekur nú til máls.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum. Þetta frv. er flutt til staðfestingar brbl. sem gefin voru út á sínum tíma. Fjh.- og viðskn. klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Nál. meiri hl. er þskj. 554 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„N. hefur rætt málið á mörgum fundum og aflað margvíslegra upplýsinga, skriflegra og munnlegra. Meiri hl. n., undirritaðir nm., mæla með samþykkt frv. eins og það er lagt fram. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 4. apríl 1984."

Undir nál. rita Páll Pétursson, Þorsteinn Pálsson, Jón Magnússon og Halldór Blöndal. Eins og hæstv. forseti gat um hefur minni hl. ekki enn skilað nál. sínu og ég styð mjög eindregið hans ákvörðun um að ljúka ekki umr. fyrr en nál. liggur fyrir og minni hl. hefur gefist kostur á að mæla fyrir nál. sínu.

Umr. frestað.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 222. mál (þskj. 391). — Frh. 1. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að segja að mér finnst óhjákvæmilegt að 1. umr. þessa máls verði ekki lokið núna þar eð fundur í hv. deild er haldinn við mjög óvenjulegar aðstæður og fjöldi þm. hefur boðað lögmæt forföll, þm. sem gjarnan vilja taka þátt í umr. um þetta mál þegar við 1. umr.

Ég vil byrja á því að fagna þeirri yfirlýsingu sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. er hann skýrði frá nefndarskipan sinni og því starfi sem sú nefnd á að vinna varðandi endurskoðun lífeyrisréttinda sjómanna. Að sjálfsögðu gerir hæstv. sjútvrh. þetta ekki að óhugsuðu máli. Honum verður sjálfsagt hugsað til þess að það eru innan við tvær vikur síðan ég fjallaði um það á fundi á

Alþingi að nauðsynlegt væri að leysa það mál samfara þessu máli sem við erum að ræða núna, lögum um Aflatryggingasjóð, ekki síst vegna þess að með lausn á lífeyrismáli sjómanna er verið að leita lausnar á samningi sem gerður var við sjómannastéttina í tíð fyrri ríkisstj., sem hæstv. sjútvrh. studdi, en var svikinn þrátt fyrir að íslensk sjómannastétt hafi borgað fullu verði fyrir þetta loforð sem þeir fengu þá varðandi lífeyrissjóðsfríðindin.

Það er þetta sem núv. hæstv. ríkisstj. stendur frammi fyrir, það er spurningin: Á hún að efna loforð þeirra sem gáfu þessi fyrirheit á sínum tíma og tóku greiðslu fyrir eða á að hleypa þessu tækifæri fram hjá sér, að nota þetta mál til þess að leysa þennan vanda og þann mesta vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag, sem eru samningamál fiskimanna þjóðarinnar? Ef hæstv. ríkisstj. ekki gerir það segi ég: Guð hjálpi henni. Því að þeir hafa tækifæri enn þá til þess að ráða fram úr þessari óréttlátu niðurstöðu sem hefur verið látin gilda fram að þessu og að leiðrétta það í sambandi við það mál sem við erum að ræða núna.

Það er alveg út í hött að tala um að þessar tillögur, þetta bráðabirgðaákvæði sem við erum að ræða, um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð, varði ekki sjómenn. Aflatryggingasjóður verður til vegna þess að tekið er af óskiptum hlut sjómanna sem kemur á skip til þess að byggja upp Aflatryggingasjóð. Eins og kannske hv. þm. er kunnugt segir í 3. gr. gildandi laga um Aflatryggingasjóð, með leyfi forseta:

„Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar þegar almennan aflabrest ber að höndum eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum."

Þarna er verið að ræða um almennu deildina sem bráðabirgðaákvæði gilda um. Þessi 3. gr. laganna segir að þau eigi bæði að bæta aflahlut skips og áhafnar. En við ákvörðun fiskverðs í febr. er tekin ákvörðun um það — ekki af sjómönnum heldur af fiskkaupendum og útgerðarmönnum — að rifta þessu lagaákvæði, því hafi verið lofað, líklega í ríkisstj. Ég lofaði því aldrei í mínum þingflokki, þingflokki Sjálfstfl., enda ekki undir mig borið. Því er ég á móti þessu. Því er lofað að flytja lagafrv. um breytingu á efnisinnihaldi þessarar greinar í þá veru að alfarið verði flutt ákveðin prósenta yfir á fiskverðið til útgerðarmanna fram hjá hlutaskiptum. Það er mín skoðun á þessu máli að það jaðri við sióleysi að fara þessa leið, hafandi það í huga að við stjórn landsins í dag eru m. a. þeir menn sem sviku á sínum tíma það loforð og það fyrirheit sem þeir gáfu sjómannastéttinni 1978 og tóku greiðslu fyrir. Mun ég koma síðar að því, annaðhvort við þessa umr. eða þá næstu.

Ég get ekki látið hjá líða að benda hv. þingdeild á þær fjórar höfuðröksemdir sem hæstv. sjútvrh. hafði fyrir því að gera þurfti þær ráðstafanir í sjávarútvegi sem gerðar voru á s. l. vetri. Hann nefndi fyrstu höfuðástæðuna fyrst, þ. e. aflabrestinn. Ekki eru nema hjáróma raddir innan sjómannasamtakanna t. d. sem hafa haft á móti því að ráðstafanir væru gerðar til þess að mæta aflabrestinum. Að vísu var afskaplega lítið um frjálsa skoðanamyndun í þeirri ákvörðun. Ég veit t. d. að stjórn stærsta sjómannafélags landsins fékk aldrei að fylgjast neitt með hvað þar var að ske. Það voru aðeins einn, tveir eða þrír einstaklingar úr röðum sjómanna sem kallaðir voru til ráða hjá hæstv. ráðh. til þess að taka ákvörðun um þetta mál og móta till. sem var svo dembt yfir alla sjómannastéttina og menn urðu að taka við vegna þess að þeir skildu og vissu að þörf var á því að gera einhverjar ráðstafanir.

Auk þessarar fyrstu og mikilvægustu ástæðu nefndi hæstv. ráðh. þrjár aðrar þýðingarmiklar ástæður. Það er olíuhækkun á síðasta áratug, en allir vita að olíuverð fór lækkandi þegar þessar ráðstafanir voru gerðar, ekki síst hjá skipi sem gat keypt olíu í erlendri höfn. En það var meira að segja bætt við það sem tekið var af sjómönnum til þess að standa undir svokallaðri olíuverðshækkun eða einhverju öðru.

Þá nefndi hæstv. ráðh. að vextir og fjármagnskostnaður hefðu hækkað alls staðar í heiminum. Mesta skrautfjöður hæstv. ríkisstj. er hvað þetta hefur lækkað. Fjórða meginatriðið væri að verðbólga hefði líka hækkað alls staðar í heiminum. Það er önnur stóra skrautfjöður hæstv. ríkisstj. að verðbólgan hefur réttilega, eins og þeir segja, farið langt niður.

Það eru sem sagt þrjár af fjórum meginástæðum, sem eru taldar fyrir þessum aðgerðum, sem ekki standast lengur. Ég held að hæstv. ríkisstj. ætti að hafa þrek til þess að gera það sem hæstv. fjmrh. hefur gert þegar hann bendir sínum fyrri og núverandi félögum og starfsbræðrum á að honum þyki nokkuð seint ganga með verðlækkanir á vörur sem þeir selja. Hæstv. sjútvrh. ætti að segja við útgerðarmenn: Nú er nóg komið. Þið fáið að hafa þetta til 1. júní þangað til nýtt fiskverð verður ákveðið. Þangað til fáið þið að njóta þessara kjara, en þá skulum við breyta þessu og koma til móts við íslenska fiskimenn. — Kominn er tími til að efna það loforð sem ég m. a., í minni tíð sem stuðningsmaður fyrrv. ríkisstj. 1978 og fram úr, lofaði þeim og nota Aflatryggingasjóð til þess að ná fram þessu þýðingarmikla máli, sem hæstv. ráðh. vissulega benti réttilega á í sinni ræðu áðan en hafði ekki of mörg orð um.

En til þess að skýra þetta nokkuð betur held ég að rétt sé að fara aðeins aftur að þessum tíma sem ég hef verið að minnast á, ársins 1978. Það er alls ekki nóg að fara aftur að þeim ráðstöfunum sem unnið var að í vetur og má segja að hafi náð hámarki sínu við ákvörðun fiskverðs í febr. og með þeim ráðstöfunum sem gerðar voru í sambandi við kvótakerfið o. fl. Það sem um er að ræða er það að 1978 eru ýmsar ráðstafanir gerðar til að draga úr verðbólgu. Í stað verðbótahækkana á laun var ákveðið að félagsleg réttindi verkafólks skyldu aukin. Hinn 1. des. 1978 áttu laun að hækka um 14.13% en þá var ákveðið með lögum að laun skyldu hækka um 6.12%, 3% skyldi mætt með auknum félagslegum réttindum, 2% með skattalækkun og 3.01% með niðurgreiðslum á vöruverði.

Það var upp úr þessum ákvörðunum sem sjómannasamtökin fóru að þinga. Þá kom fram sem krafa frá þeim að sem hlutdeild þeirra í þessum félagsmálapakka yrðu m. a. aukin lífeyrisréttindi sem væru fyrst og fremst fólgin í því að hægt væri að hefja lífeyrisgreiðslur frá 60 ára aldri. Segja má að hluti af þessu loforði, sem þá var gefið varðandi félagsmálapakka sjómanna, hafi verið efnt 1979 þegar réttindi landverkafólks til launa í veikinda- og slysatilfellum voru aukin og staðfest með lögum. Þessi breyting kom þó ekki eins við sjómenn vegna þess að þeir höfðu önnur réttindaákvæði í sínum

samningum, en fengu hins vegar nokkuð annað á móti sem ég skal koma að við seinni umr. þegar ég verð meðflm. að brtt. við þetta frv.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. var flutt frv. þess efnis að þessi leið skyldi farin sem sjómannasamtökin höfðu farið fram á og þeim hafði verið heitið. Við upphaf kjarasamninga Sjómannasambands og útgerðarmanna og Farmanna- og fiskimannasambands 1980 var gerð grein fyrir stöðu þessara mála. Þeir lögðu fram kröfu um að ríkissjóður ábyrgðist þessa útgjaldaaukningu. Aldrei kom neitun við þessari formlegu kröfu vegna þess að ríkissjóður vildi ekki styggja þá sem að þeim stóðu og studdu best í þá tíð eins og nú. Þeir vildu ekki styggja útgerðarmenn og þess vegna var aldrei gengið frá þessu máli, það voru lausir endar. En að sjálfsögðu bar að leysa þetta mál með setningu laga, enda segja útgerðarmenn í dag að þetta sé samningamál og þeir eru ekki til viðræðu um að láta taka neitt frá sér. Hins vegar verða þeir alltaf tilbúnir með opinn faðm ef tekið er frá sjómönnum og flutt til þeirra, það er skiljanlegt. En það mun ekki ganga lengur.

Breyting á þessum lögum um lífeyrissjóð sjómanna var samþykkt á Alþingi á árinu 1981. Þar komu við sögu núv. ráðamenn Alþb. og m. a. núv. hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson sem hafði framsögu fyrir áliti fjh.- og viðskn. Nd. Þá voru allir einróma með samþykkt frv. sem hefur þó það í för með sér, ef ekkert annað verður að gert, að þessi sjóður, einn af stærstu lífeyrissjóðum landsins, verður orðinn gjaldþrota eftir 10—15 ár og væri líklega orðinn það fyrir löngu ef ekki hefði tekist að mylgra nokkrum milljónatugum í hann af gengishagnaði í gegnum gengislækkanir síðustu ára. Engan þarf því að undra þótt hæstv. sjútvrh., sem er maður mjög vel viti borinn, sjái nú að svona getur ekki gengið lengur eins og komið er fyrir þessum sjóði eða stöðu sjómanna í launakerfi landsins.

Eins og ég hef áður minnst á úr þessum sama ræðustól er ekki hægt að meta kjör launafólks til lengdar eftir krónutölum sem fólk fær upp úr launaumslaginu nema þegar svo stendur á að verið er að bjarga þeim sem verst eru settir frá því sem okkar launakerfi hefur að undanförnu orðið að taka á sig vegna skerðinganna af þeim aðgerðum sem verið er að gera. Meðan svo stendur á má bera saman og vitna til krónutölu sem kemur upp úr umslaginu en til lengdar er það ekki hægt vegna þess að hafa verður hliðsjón af því hverju viðkomandi persóna fórnar í vinnu og öðru sem til starfsins þarf. Hvað þarf hún að vinna lengi? Hve marga tíma sólarhrings? Það er ekki sama hvort maður vinnur 7 tíma á sólarhring eða 18 tíma. Það er ekki sama hvort maður kemur heim tvisvar á dag eftir 7 tíma eða hvort hann kemur heim á 10—12 daga fresti til sinnar fjölskyldu. Þetta er svo gjörólíkur samanburður að það getur enginn heilvita maður, hvort sem hann er launþegi eða atvinnurekandi, borið þetta saman. Það er m. a. þess vegna sem sjómannastéttin hefur notið nokkurrar sérstöðu hjá löggjafanum í sambandi við mjög óveruleg skattfríðindi sem þessi stétt hefur. Reyndar má segja að velvilji Alþingis hafi oft og tíðum komið fram í sambandi við lagasetningu, sbr. þetta sem ég hef vitnað hér til um lífeyrissjóð sjómanna. En það bara fylgir sá böggull skammrifi að þeir sem vit höfðu á þögðu yfir meginmálinu sem var að það vantaði fjármagn til þess að standa undir þessum sama velvilja.

Ég tók eftir því og hjó í það að hæstv. ráðh. vitnaði til ráðgjafarnefndar sem hann hefur skipað eða fengið ráð frá. Ég veit ekki hvernig hún hefur orðið til. En hann vitnaði í hana og nauðsyn á því að út í aðgerðir væri farið. Þetta mál, sem við erum hér að ræða um, er einn angi þeirra aðgerða. Ég hef í höndum mér umr. frá hv. Ed. þar sem skýrt var frá viðbrögðum sjómanna í Fiskifélaginu, þegar þetta frv. var kynnt fyrir þeim, en þar var þetta mál tekið fyrir, breytingarnar á lögum um Aflatryggingasjóð og þar eiga sæti fulltrúar allra aðila sem þetta mál varðar, bæði þiggjendur og veitendur. Með leyfi forseta les ég útdrátt úr fundargerð sem hljóðar svo:

„Fiskimálastjóri gerði ítarlega grein fyrir frv. og lagði hann fram álit ráðgjafarnefndar um sjávarútvegsmálafrv. Að lokinni framsögu sagði fiskimálastjóri að hann og framkvæmdastjóri Aflatryggingasjóðs, Þórarinn Árnason, væru boðaðir á fund sjútvn. Alþingis í fyrramálið kl. 9 og bað um persónulegt álit viðstaddra á fundinum svo að hann gæti haft það sem veganesti á fundinn.

Guðjón Kristjánsson sagðist alfarið á móti því að færa meira fjármagn til útgerðar utan skipta, ræddi og 2. gr. frv. og sagði lítið sem ekkert fjármagn eftir til að greiða úr fjárhagsörðugleikum sjómanna þegar fæðið hefði verið gert upp. Ef þetta frv. verður samþykkt kann það að leiða til ófriðar", sagði forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins.

„Kristján Ásgeirsson sagðist alfarið sammála Guðjóni: Nóg er tekið utan skipta af sjómönnum."

Hilmar Bjarnason: Sammála að mæla gegn frv., nóg væri tekið utan skipta.

Ingólfur Arnarson: Ég er í höfuðatriðum sammála fyrri ræðumönnum. Ég óttast að verði frv. samþykkt, þá hefði verið stigið fyrsta skrefið að því að leggja almennu deildina niður til frambúðar.

Marteinn Jónasson: Hvað er það sem knýr á um breytingu á sjóðnum? Ég er þessu andvígur.

Ríkarður Jónsson: Ef þetta frv. verður samþykkt mun það ganga af hlutaskiptareglunni dauðri. Alfarið andvígur breytingu.

Ingólfur Stefánsson sagðist vera andvígur að breytingin yrði gerð á lögunum.

Jón Páll Halldórsson lýsti aðspurður andstöðu sinni við þessar breytingar.

Hilmar Rósmundsson og Gunnlaugur Karlsson tjáðu sig ekki og Þorsteinn Jóhannesson var eigi mættur á fundinum."

Þá hafa menn það. Þá hafa menn heyrt hver skoðun þeirra í Fiskifélagi Íslands er á frv. Það er nákvæmlega sama skoðunin sem ég hef á málinu. En ég held að það sé enn þá tækifæri fyrir hæstv. ríkisstj. að bjarga sér út úr þessu vandamáli og slá tvær flugur í einu höggi og leysa þetta gífurlega vandamál, sem er lífeyrissjóðamál sjómanna, og við eigum að gera þá breytingu á frv. nú í meðferð hv. Nd. Við eigum að gera þá breytingu á frv. að lögin gildi ekki nema til 1. júní þegar ákveða á nýtt fiskverð, m. a. með tilvitnan til þess sem ég hef sagt um þrjú af fjórum meginatriðum sem hæstv. ráðh. hefur talið upp sem ástæðu til þess að út í þessar aðgerðir verður farið. Það hefur stórkostlega lækkað allur fjármagnskostnaður hjá útgerðinni. Olíuverð hefur ekki hækkað á síðustu misserum til útgerðarinnar og lánsfé hefur lækkað, verðbólgan stórum minnkað. Það á að

taka tillit til þessa. Og ég segi: Við höfum orðið að taka upp miklar takmarkanir í sambandi við veiðarnar, m. a. til að spara í útgerðinni, og við vitum að fjöldi skipa hefur nú þegar aflað upp í sinn kvóta. Ekki þurfa þeir útgerðarmenn að standa í miklum útgjöldum það sem eftir er ársins, 8—9 mánuði. Þeir eru búnir að ná í sinn kvóta. Þeir geta bundið skipin við bryggju og sagt áhöfninni upp, eins og reyndar var að stefnt með öllum þessum aðgerðum. Það var að því stefnt að útgerðin kæmist út úr prísundinni á ódýrari hátt en ella, en það gleymdist bara að til þess að útgerð gæti gengið þarf sjómenn á skipin. Það þarf enn þá þessa þræla til að vinna þar um borð og ná í aflann og flytja hann að landi.

Ég held að við ættum að gera þá breytingu að láta lögin gilda til 1. júní og segja síðan: Við munum nota þann hlut sem var tekinn fyrri hluta ársins og færður alfarið yfir til útgerðarmanna, við skulum taka hann og ekki flytja hann bara yfir til sjómanna, við skulum taka hann og skipta honum eftir þeim reglum sem farið er eftir við skiptingu í lífeyrissjóði sjómanna, 60/40, og við skulum ráða fram úr þessu stóra tryggingavandamáli sjómanna í eitt skipti fyrir öll. Við eigum ekki að binda það við þau „skip" sem eru undir 500 tonnum. Það er óréttlátt. Það á að ná yfir allan fiskiflotann, líka yfir stærri skipin. Þá mundi að mínu mati reisn þessarar ríkisstj. vera meiri en hún er í dag.

Ég skal ekki hafa miklu fleiri orð um þetta, herra forseti, við þessa umr. Ég endurtek orð mín um að ég tel nauðsynlegt að þeir þm. sem hafa löglega boðað forföll og hafa áhuga á þessu máli og hagsmuna að gæta fyrir sína umbjóðendur fái tækifæri til að ræða málin strax við 1. umr. En enn frekar vil ég benda á að afgreiðsla þessa máls hér á Alþingi á þessu vori getur skipt sköpum um þær ráðstafanir sem hæstv. ríkisstj. undir forustu hæstv. sjútvrh. hefur gert í sambandi við að leysa þetta vandamál, sem öll þjóðin hefur staðið frammi fyrir, sem er minnkandi afli, a. m. k. á þorski. Enginn óvitlaus maður tekur ekki undir varnaðarorð sem bæði hann og aðrir hafa rökstutt og reynir ekki að standa við þær aðgerðir og sjá til að þær haldist. En það gerist ekki nema það sé komið vel fram við þá sem hafa manna best skilið ástandið, hafa langt fram yfir alla aðra orðið að taka á sig launalegar og kjaralegar skerðingar vegna hins bága ástands. Allir aðrir nutu góðs af þegar vel gekk. Ef það verður ekki komið á móti sjálfsögðum hagsmunum þeirra og réttlætiskröfum segi ég að það er illa farið og það verður þá illa farið með allt það sem sáð hefur verið til þess að uppskera yrði góð þegar hagur okkar vænkast að nýju á miðum landsins.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Vegna þess sem hv. 12. þm. Reykv. sagði, að æskilegt væri að ljúka ekki þessari umr. í dag vegna þess að svo margir þm. væru fjarverandi, vil ég taka fram að það er að vísu rétt að mjög margir þm. eru fjarverandi í dag, en margir þm. höfðu líka samband við forseta með beiðni um að ekki yrðu tekin til umr. allmörg mál sem eru á dagskrá. Þetta á við um ein tíu mál sem eru á dagskránni í dag. Forseti ákvað að verða við slíkum tilmælum. En það var enginn sem bar fram tilmæli um að fresta þessu máli. Því tel ég mjög æskilegt að ljúka þessari umr. í dag. (**PS:** Eru mínar óskir lakari eða eitthvað lélegri en Alþb.-manna?) Ja, þeir óskuðu ekki eftir að þessu máli yrði frestað, en óskuðu eftir frestun á ýmsum öðrum málum. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að þetta mál fer sjálfsagt til nefndar og eftir eru tvær umr. enn í hv. Nd.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. 12. þm. Reykv. óskaði eftir. Mér finnst vart við hæfi að mál af þessu tagi sé tekið til umr. á föstudegi, líklega hinum fyrsta sem þingfundir eru haldnir á a. m. k. um langan tíma, þegar fjöldi þm. er fjarverandi. Mér finnst að þessu máli, og ekki bara málinu sem slíku heldur sjómannastéttinni, sé sýnd óvirðing með því að haga sér með þessum hætti. Það virðist nægja að formaður eða frammámaður í Alþb. óski eftir að eitthvert tiltekið mál sé ekki tekið til umr., þá sé orðið við því, en ef það er stjórnarsinni, eins og hv. 12. þm. Reykv., þá sé ekki við því orðið. Þá nægir kannske að stjórnarandstæðingur eins og ég er taki undir ósk hv. 12. þm. Reykv. og óski eftir því að umr. um þetta mál verði ekki lokið nú. Hér er ekki um neitt smámál að ræða. Ég geri ráð fyrir að ýmsir þm. vilji tjá sig um það, sem ekki hafa af margvíslegum ástæðum til þess aðstöðu í dag. Ég ítreka því þá ósk að umr. verði ekki lokið og vænti þess að hæstv. forseti geti orðið við því og ætla að sjá hver úrskurður hans verður áður en ég held máli mínu áfram.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram að gert hefur verið ráð fyrir að 1. umr. um þetta mál yrði lokið hér í dag og ég hef eindregið óskað eftir því. Þetta mál er búið að liggja fyrir þinginu um alllangan tíma og hér hafa mál komist sum hver lítt áfram og til þess er verið að boða fund í dag, hef ég skilið, að reyna að greiða fyrir því. Ég vil ítreka þá ósk að 1. umr. ljúki í dag. Það geta allir þeir þm. sem ekki eru hér tjáð skoðanir sínar þegar málið kemur til 2. og 3. umr. Og satt best að segja skil ég ekki þá röksemdafærslu að þingstörf geti ekki gengið fram með venjulegum hætti þótt nokkrir þm. séu fjarstaddir. Það sé móðgun við sjómenn á að sjálfsögðu ekki heima hér. Aðalatriðið er að hér geti farið fram eðlileg skoðanaskipti. Þeir sem ekki geta tjáð sig um málið hér nú hljóta að geta það við 2. umr. og jafnvel geta þeir sem tjá sig í dag tjáð sig aftur og síðan enn aftur við 3. umr., sem er ekki óvenjulegt. En ég vil eindregið ítreka þá ósk að 1. umr. ljúki um þetta mál í dag.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Það hefur verið gert ráð fyrir að fundur í dag stæði ekki öllu lengur en til kl. 4 og allmargir þm. hafa við það miðað. Þess vegna tel ég rétt að halda þessari umr. áfram. Það fer að sjálfsögðu eftir því hvernig umr. standa þegar að fundarlokum kemur hvort rétt er að fresta umr. eða ekki. En ég tel eðlilegt að umr. haldi nú áfram.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég sé ekki að það breytti neinu að því er varðar vinnubrögð og framgang málsins þótt 1. umr. lyki ekki fyrir kl. 4 í dag heldur lyki henni t. d. á mánudag. Og hver er það sem hefur legið á þessu máli í þinginu? Hvar stöðvaðist það og vegna hvers stöðvaðist það? Það var ekki afgreitt frá Ed. fyrr en, ef ég man rétt, líklega í fyrradag, hafi það ekki verið í gær. Og af hverju var það svona lengi þar? Mér finnast það engin rök hjá hæstv. sjútvrh. að tala um að menn

geti tjáð sig við 2. og 3. umr. Það er ekki óhugsandi að einhverjir hv. þm. vildu koma á framfæri við 1. umr. sínum aths. og óskum til nefndar sem málið fer til. Ég ítreka að mér finnst það ekki bera vott um mikla virðingu fyrir þeim sem hér eiga hlut að máli að ætla sér að keyra í gegn á föstudegi 1. umr. um þetta mál þrátt fyrir ítrekaðar óskir þm. um að það verði ekki gert. Og ég ítreka enn óskir til hæstv. forseta um að umr. verði ekki lokið og þeim þm. sem eru fjarverandi gefist kostur á að taka til máls við 1. umr og koma á framfæri sínum skoðunum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það hefur líklega ekki skilist enn hvað bjó að baki ósk minni um að umr. mundi ekki ljúka í dag. Ég bar fram aðvörunarorð vegna þess að ég veit að meðal íslenskra sjómanna er mikill hiti, ekki aðeins vegna þessa máls heldur og annarra. Þeir hafa orðið að taka á sig eins og aðrir byrðar, þeir hafa orðið að taka á sig byrðar fram yfir aðra, og það hefur verið höggvið í sama gamla knérunninn sem áður hefur verið höggvið í af stjórnvöldum hér á Íslandi. Því var ég að vara við og óska eftir því að frestur gæfist nú strax undir 1. umr. málsins í Nd. Málið er búið að vera hér á dagskrá í rúman klukkutíma. Það eru einu tafirnar sem hafa orðið á málinu í þessari deild þingsins. Og þó að það gæfist nú tími til að leita samkomulags og sátta á þeim grundvelli sem ég gat um. Ef hæstv. sjútvrh. telur það algerlega útilokað, sem mér virðist hann gera strax með ósk sinni um að keyra þetta mál áfram, þá er hans valdið og hæstv. ríkisstj. En það var ekki af neinum illvilja eða til þess að tefja málið að ég var að bera fram þessa ósk, fjarri því.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Með fullri virðingu fyrir hæstv. sjútvrh. tel ég ekki hundrað í hættunni þó að málinu sé frestað fram yfir helgi og styð þá tillögu.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það verður ekki hjá því komist að vekja athygli á þeim vinnubrögðum sem hér eru höfð í frammi. Við þm. erum kallaðir hingað til að þinga á föstudegi, eftir að við höfum sennilega flest okkar verið á löngum fundum í morgun til að flýta fyrir nefndarstörfum. Þetta gerum við góðfúslega til að koma málum áfram hér í þinginu, ef því á yfir höfuð einhvern tíma að ljúka. Hvað gerist svo? Stjórnarliðið mætir ekki. Ef formaður þingflokks Sjálfstfl. og formaður þingflokks Framsfl. geta ekki haldið saman liði sínu frábið ég mér að vera að eyða eina reglulega vinnudeginum sem við þm. höfum til að undirbúa mál næstu viku, þ. e. föstudögunum, í skrípaleik sem þennan. Hér er ekki hægt að koma fram nokkru máli eins og sannaðist áðan. Ég bar þá fram fsp. um hvort væri verið að vísa máli í rétta nefnd. Þá kemur í ljós að ekki er hægt að greiða um það atkv. hvor nefndin eigi að taka við málinu vegna þess að stjórnarliðið er ekki nógu margt. Við hörmum að formaður Alþb. skuli vera að sinna störfum sínum annars staðar og getur ekki verið hér til að hleypa málum ríkisstj. í gegn ásamt einhverjum öðrum þm. okkar. Það hlýtur að vera fyrsta skylda stjórnarflokkanna að sjá um að þm. þeirra séu hér viðstaddir svo að ekki sé verið að kalla okkur hingað til einskis.

Herra forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið, að hérna er um stórmál fyrir sjómannastéttina að ræða. En yfir hverjum eru menn að tala hér, eins og hv. þm. Karvel Pálmason og hv. þm. Pétur Sigurðsson? Því ekki að reyna að sannfæra hæstv. sjútvrh.? Það kynni að vera, ef þeir ætla að hafa einhver áhrif með þessum málflutningi sínum, að það væru aðrir þm. stjórnarliðsins sem ætti að sannfæra. Þeir eru ekki hér og þess vegna er þýðingarlaust að halda þessari umr. áfram.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Forseti. Það er ekki að ástæðulausu að ég fer þess á leit að máli þessu verði flýtt eins og kostur er í þinginu. Ég er vanur að sætta mig við venjuleg vinnubrögð hér í þinginu. En ég tel mig vera hingað kominn til að sinna mínum skyldum og ég býst við því að svo sé um aðra þm. Þeir sem ekki telja sér fært að sinna skyldum sínum í þinginu geta ekki reiknað með því að þeir sem geta ekki sinnt skyldum sínum hér stjórni þingstörfum. Mér heyrist á málflutningi manna hér að þeir eigi að stjórna þingstörfum.

Ég ítreka að það er mjög bagalegt að þetta mál hefur ekki verið afgreitt og stendur fast. Það hefur orðið til þess að þær greiðslur sem eiga að fara fram hafa ekki getað farið fram. Það er ekki að ástæðulausu að ég fer þess vinsamlega á leit að reynt sé að flýta málinu eins og nokkur kostur er eftir venjulegum þingsköpum, en þau tel ég mig hafa algerlega sætt mig við þann tíma sem ég hef verið hér í þinginu.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Eftir að hafa hlýtt á umr. sem hér hafa farið fram um þingsköp og hlýtt á óskir þm. um frestun á umr. þessa máls er forseti þeirrar skoðunar að það horfi til betra samkomulags í deildinni um endanlega afgreiðslu þessa máls ef þessari umr. yrði frestað fram á mánudag. Það geri ég í trausti þess að það verði ekki til að tefja fyrir framgangi þessa máls, því verði komið til nefndar á mánudag, og bið ég þm. að vera við því búna. Þessari umr. er þá frestað.

Umr. frestað.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. 223. mál (þskj. 573). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollskrá o. fl., frv. 119. mál (þskj. 146, n. 564). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá fjh.- og viðskn. Nd. á þskj. 564, þ. e. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 1976, um tollskrá o. fl. Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Hinn 15. mars s. l. samþykkti Alþingi till. til þál. um staðfestingu Flórens-sáttmála. Í þessu frv. er að finna breytingar á tollskrá sem þál. gerir m. a. ráð fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir, alþm. Kvennalista, er samþykk afgreiðslu nefndarinnar."

Undir nál. rita hv. þm. Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Þorsteinn Pálsson, Jón Magnússon, Svavar

Gestsson, Kjartan Jóhannsson og Halldór Blöndal.

Þál. sem hér er vísað til um staðfestingu Flórens-sáttmála hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að staðfesta aðild Íslands að alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda á varningi til mennta-, vísinda- og menningarmála, svonefndum Flórens-sáttmála UNESCO, en án viðaukabókunar sáttmálans. Jafnframt þessu verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tollskrá.

Frv. sem hér um ræðir tekur til þeirra breytinga sem varða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem ætlaður er til notkunar hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum. Nefndinni barst umsögn um málið frá framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins, sem lýkur með þeim orðum að „nefndin" — þ. e. framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs — „leggur eindregið til að frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi."

Flm. þessa frv. munu í áframhaldi af þessu hyggja að frekari lagabreytingum sem eru nauðsynlegar til að staðið sé við markmið þál. í heild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sala ríkisjarðarinnar Selárdals, frv. 266. mál (þskj. 506). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Vestf. að flytja hér frv. til l. um sölu á ríkisjörðinni Selárdal í Súgandafirði. Þetta frv. er flutt að ósk Suðureyrarhrepps, en jörðin hefur verið leigð af hreppnum um nokkurt skeið og notuð sem útivistarsvæði fyrir íbúa sveitarfélagsins og jafnframt hefur Átthagafélag Súgfirðinga fengið að byggja þar tvo sumarbústaði og einnig einn annar brottfluttur Súgfirðingur. Nú er ætlun sveitarfélagsins að nýta jörðina á þennan hátt í vaxandi mæli og telur sig þurfa að leggja þar í kostnað af þeim sökum. Það leitar þess vegna eftir því að fá jörðina keypta þannig að það fái að ráðstafa þessum málum eins og það telur skynsamlegast, en þurfi ekki að eiga það undir öðrum.

Ég tel að þessi jörð verði ekki notuð undir almennan búskap. Ástæðan er sú að hún hefur sáralítið undirlendi eða ræktunarmöguleika. Landið er kjarri vaxið í fjallshlíð sem víðast hvar er þó það brött að snjóþungi kemur í veg fyrir að þar geti vaxið skógur í neina hæð.

Ég tel ekki nauðsynlegt að hafa hér fleiri orð að sinni, en legg til að þessu máli verði vísað til allshn. að lokinni umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa fyllsta stuðningi mínum við að ríkisjörðin Selárdalur í Suðureyrarhreppi verði seld, einkum ef sú sala gæti komið íbúum héraðsins til góða. En ég leyfi mér að spyrja, herra forseti, hvers vegna í ósköpunum hv. þm. Ólafur Þórðarson og hv. þm. Karvel Pálmason flytja frv. um þetta mál. Það yrði nú eitthvað skrýtið andlitið á hv. þm. ef við Reykjavíkurþm. færum að bera fram lagafrumvörp um að selja einhverjar húseignir hér í bænum sem ríkið á. Við erum búin að afgreiða nýlega fjárlög íslenska ríkisins með ótal heimildum fyrir ríkisstj. til að selja hitt og þetta. (**KP:** Þetta er ekki það.) Hvers vegna í lifandis ósköpum kom ekki heimild sú sem hér er farið fram á inn í þá afgreiðslu í stað þess að nú er eytt dýrmætum tíma í flutning frumvarpa um sölu einstakra jarða með tilheyrandi fallegum lýsingum á kjarrinu í hlíðunum. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum. Þetta var ágæt ræða hjá hv. þm., en það verður ljóta fordæmið ef þm. kjördæmanna ætla að fara að ræða hér einstaka sveitabæi sem stendur til að selja.

Það breytir ekki því að ég lýsi yfir fyllsta stuðningi við frv. og árna Suðureyrarhreppsbúum allra heilla í þessum hlíðum og vona að þeir eigi þar sem allra besta tíma. En ég vil beina þeirri spurningu til forseta, hvort þetta er eðlileg afgreiðsla máls.

Forseti (Birgir Ísl. Gunnarsson): Svar við fsp. er að hér um fullkomlega eðlilega afgreiðslu að ræða. Það er áratuga kannske aldavenja á hv. Alþingi að ef slík mál koma upp eftir að fjárlög hafa verið afgreidd eru flutt um það sérstök frv. Ég vek athygli á að á dagskrá eru þrjú frv. sama eðlis.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur nú upplýst síðasta ræðumann um eðli málsins og efni. Það er óheimilt, það ég best veit, að selja slíkar jarðir án þess að samþykki Alþingis liggi fyrir. Þess vegna er frv. flutt til að freista þess að fá það samþykki. Þetta var ekki komið til fyrir fjárlagaafgreiðslu. Hefði vitaskuld verið freistað að taka heimild inn í fjárlög hefði málið verið komið svo langt þá, en það var ekki og nú er þetta niðurstaðan. Ég sé ekki að við höfum eytt löngum dýrmætum tíma í þetta mál. Ég vænti þess að það renni í gegnum þingið með eðlilegum hætti með stuðningi hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og fyrirgreiðslu, eins og hún hefur hér þegar lýst. En ástæðan er þessi: Þingið verður að samþykkja slíka heimild.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því vegna síðustu ræðu að í grg. með frv. segir: „Suðureyrarhreppur hefur haft Selárdal á leigu frá fardögum 1977 og hafa íbúar hreppsins notað jörðina til útivistar." Ég vil því fara fram á það við hv. þm. kjördæmisins að þeir upplýsi hreppsnefnd Suðureyrarhrepps um tilvist fjvn. og aðferðir við að koma slíkum málum í gegnum þingið og legg til að þeir fái gott kaffi næst þegar þeir koma á fund fjvn. til að biðja slíkra erinda (**Gripið fram í:** Það fá nú ekki allir kaffi.)

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka þann mikla stuðning sem fram hefur komið við þetta mál í ræðu hv. 10. landsk. þm. Ég vil taka undir það með hv. 10. landsk. þm. að ég tel ástæðulaust að við eyðum löngum tíma hérna í þinginu og vænti þess að sjálfsögðu að umr. þurfi ekki að standa lengur en orðið er, en málið komist sem fyrst til nefndar.

Varðandi þekkingu þeirra hreppsnefndarmanna á fjvn. get ég vottað að þeir eru henni málkunnugir og ég ætla að þeir hafi komið þessari ósk á framfæri þegar þeir voru hér á s. l. hausti. Þá var fjvn. í þeim önnum, sem hún löngum er, að hún hefur ekki komið þessu máli inn á heimildargrein.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 77. fundur.

Mánudaginn 9. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík 4. apríl 1984.

Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., Níels Árni Lund æskulýðsfulltrúi, Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Níelsar Á. Lund.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. apríl 1984.

Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að' óska þess, að 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Kristín H. Tryggvadóttir fræðslufulltrúi, Garðabæ, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Kristínar H. Tryggvadóttur.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. apríl 1984.

Halldór Blöndal, 5. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., Björn Dagbjartsson matvælaverkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Björn Dagbjartsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi, en svo er ekki ástatt með Níels Árna Lund og Kristínu H. Tryggvadóttur. Vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf þeirra beggja. Á meðan verður fundinum frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og kannað kjörbréf fyrir Níels Árna Lund æskulýðsfulltrúa, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., en eftir því er óskað að hann taki sæti Ingvars Gíslasonar, 1. þm. Norðurl. e., sem forfallaður er um sinn.

Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréfið og ekkert fundið við það athugavert og leggur til að það sé samþykkt.

Þá hefur kjörbréfanefnd og athugað kjörbréf fyrir Kristínu H. Tryggvadóttur fræðslufulltrúa, Garðabæ, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, en þess er óskað að hún taki sæti Kjartans Jóhannssonar, 3. þm. Reykn., sem er forfallaður.

Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréf Kristínar H. Tryggvadóttur og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Kristínar H. Tryggvadóttur samþ. með 32 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Níelsar Árna Lund samþ. með 36 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Kristín H. Tryggvadóttir, 3. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Kristín H. Tryggvadóttir hefur undirritað eið að stjórnarskránni. Ég býð velkomin til starfa á Alþingi þau Björn Dagbjartsson, Kristínu H. Tryggvadóttur og Níels Árna Lund.

Efri deild, 78. fundur.

Mánudaginn 9. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Skemmtanaskattur, frv. 152. mál (þskj. 570). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, DA, EgJ, HS, JHelg, KSG, ÓlJ, RA, SDK, SkA, JK, VI, ÞK, SalÞ.

nei: StB.

5 þm. (ÁJ, EG, EKJ, KolJ, LJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þar sem ég fæ ekki með nokkru móti séð að Reykvíkingar hafi frekar efni á því að borga skemmtanaskatt en aðrir landsþegnar þá lýsi ég mig þessari lagasetningu andvígan og segi nei.

Frv. afgr. til Nd.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv. 198. mál (þskj. 571 (sbr. 354)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Bókasafnsfræðingar, frv. 219. mál (þskj. 388). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum, frv. 134. mál (þskj. 171). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 590).

Ónæmisaðgerðir, frv. 273. mál (þskj. 524). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur færst mjög í vöxt notkun svokallaðra lifandi ónæmisefna, ekki síst í vissum greinum búfjárræktar. Töluverð hætta getur verið samfara notkun flestra ónæmisefna og því nauðsynlegt að vanda til vals þeirra og notkunar. Er því þörf á traustu eftirliti. Svo furðulegt sem það kann að virðast er engin lagaákvæði að finna um innflutning sem þennan þótt um hann hafi gilt strangar reglur í nágrannalöndunum. Á þessu eru skýringar sem raktar eru í aths. með frv.

Það hefur orðið að samkomulagi á milli mín og hæstv. landbrh. að rétt sé að setja í lög ákvæði um þessi mál, þar sem gerðar yrðu strangar kröfur til innflutnings og notkunar. Sé ég ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta hér, enda liggur málið ljóst fyrir og um nauðsyn aðhalds efast enginn. Ég vísa til þess sem fram kemur í frv. og aths. við það.

Innflutningur og notkun þessara efna er í sjálfu sér ekki minna mál fyrir landbúnaðaryfirvöld en heilbrigðisyfirvöld. Ástæðan fyrir því að ég flyt frv. er hins vegar sú, að ekki var talin ástæða til að leggja fram frv. til sérstakra laga, heldur að nægjanlegt væri að kveða á um þetta í ónæmislögum, sem eru frá 1978, í sérstakri grein, enda er hér um náskyldan málaflokk að ræða eins og fram kemur í aths. við þetta frv.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. 274. mál (þskj. 525). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér með að mæla fyrir frv. til siglingalaga. Á síðasta áratug 19. aldar eignuðust Norðmenn, Svíar og Danir samræmda siglingalöggjöf sem var árangur norrænnar samvinnu á því sviði. Var það árangur af starfi samnorrænnar nefndar sem árið 1883 var skipuð til að vinna að undirbúningi nýrra samræmdra siglingalaga meðal Norðurlandaþjóða. Íslendingar tóku ekki þátt í þessu samstarfi. Skömmu eftir að stjórn Íslandsmála fluttist inn í landið var þó farið að huga að setningu íslenskra siglingalaga, en fram til þess tíma giltu hér að mestu úrelt ákvæði hinnar fornu lögbókar. Árið 1913 voru sett siglingalög sem að öllu verulegu leyti voru samin að fyrirmynd hinna norrænu siglingalaga. Þessum lögum var síðan breytt á næsta ári og voru þau gefin út á árinu 1914. Meginstofn þeirra laga stóð til ársins 1963, en þá voru gerðar talsverðar breytingar á lögunum og þau síðan gefin út. Var með þeim lögum leitast við að samræma lögin ýmsum alþjóðasáttmálum á sviði siglinga. Enn fremur var haft mið af þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á norrænni siglingalöggjöf. Lögunum hefur síðan ekki verið breytt að neinu marki. Þó hefur ákvæðinu um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna verið breytt, fyrst og fremst til samræmis við alþjóðasamþykkt frá 1957 og 1968.

Siglingar eru alþjóðleg starfs- og viðskiptagrein sem tekur stöðugum breytingum, m. a. vegna tækniframfara og nýjunga í viðskiptaháttum. Slíkri þróun fylgja ný lögfræðileg vandamál sem bregðast verður við með fullnægjandi löggjafarbreytingu meðal siglingaþjóða. Alþjóðlegrar samræmingar hefur mjög gætt meðal siglingaþjóða varðandi siglingalöggjöf og einstaka þætti hennar og hafa margir alþjóðasáttmálar verið gerðir á því sviði.

Á þeim 20 árum sem liðin eru frá því að lög um siglingar voru sett hafa hinar Norðurlandaþjóðirnar framkvæmt heildarendurskoðun á sinni siglingalöggjöf. Ef undan er skilin breyting sem gerð var á reglunum um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna frá 1968 hafa íslensku siglingalögin alls ekki verið færð til samræmis við hin endurskoðuðu norrænu siglingalög.

Þar sem ljóst var að lögin frá 1963 þurftu endurskoðunar við, þannig að samræmd yrðu lögum annarra Norðurlandaþjóða en jafnframt yrði tekið nægilegt tillit til íslenskra séraðstæðna eða sérþarfa á þessu sviði, skipaði þáverandi samgrh. þann 8. sept. 1981 nefnd til að endurskoða gildandi siglingalög og sjómannalög, aðallega um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og slysatilfellum sjómanna svo og líf- og öryggistryggingu sjómanna og gildissvið þeirra trygginga. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar þessara aðila: Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda og Vinnuveitendasambands Íslands. Formaður nefndarinnar var skipaður Páll Sigurðsson dósent. Þetta frv. er árangur af starfi þessarar nefndar.

Í frv. er fjallað um flest hin sömu og sambærileg efnissvið og er að finna í gildandi siglingalögum, en í frv. eru þó ýmsar veigamiklar og víðtækar breytingar á gildandi lögum. Margar þessar breytingar eiga rætur að rekja til nýlegra alþjóðasáttmála á sjóréttarsviði sem íslenska ríkið á ekki enn þá aðild að.

Helstu breytingar á efnisskipan eru þessar:

1) 9.—23. gr. gildandi laga, sem fjalla um félagsútgerð skipa, eru felldar brott. Þetta félagsform hefur nú hvarvetna þokað mjög fyrir hlutafélagsforminu. Hér á landi mun þetta félagsform lítt hafa verið notað og mun nú nánast óþekkt. Lagaákvæði þar um eru því talin óþörf.

2) Ný og breytt ákvæði um farsamninga, þ. e. um flutning farþega og farangurs þeirra, eru höfð í sérstökum kafla sem er V. kafli frv.

3) Í frv. er nýr og ítarlegur kafli um sjópróf og skylda atburði.

4) Tekinn er upp í frv. sérstakur kafli um takmörkunarsjóði. Er það X. kafli.

5) Í XIV. kafla, um lausn ágreiningsefna, er lagt til að samgrh. sé heimilt að koma á fót föstum gerðardómi sem viðkomandi aðilar geti borið undir ágreining sín í millum í málum á efnissviði siglingalaga.

Efni þessa frv. skiptist í 16 kafla sem ég ætla ekki að fara efnislega út í hér því að kaflarnir skýra sig sjálfir. Ég reikna með því að mikla vinnu þurfi í þinginu og víða að leita umsagna enda þótt fulltrúar hafi verið í nefndinni frá flestum þeim aðilum sem hér eiga helst hlut að máli. Það sem fyrir mér vakir er að frv. komist til nefndar á þessu þingi og nefndin leiti umsagna um málið, en vegna þess hversu seint frv. kemur fram legg ég ekki áherslu á að málið sé afgreitt á þessu þingi, enda þarf mjög að vanda til afgreiðslu á þessu frv. eins og raunar á alltaf að vera.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Lyfjalög, frv. 261. mál (þskj. 483). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Endurskoðun lyfsölulaga frá 1963 lauk endanlega með setningu laga um lyfjadreifingu á árinu 1982 sem öðluðust gildi frá 1. jan. 1983. Áður höfðu öðlast gildi lög um lyfjafræðinga frá 1. júlí 1978 og lyfjalög 1. jan. 1979. Eins og segir í athugasemdum við umrætt lagafrv. hefur verið starfað eftir þeim í fimm ár og á þeim tíma hafa komið fram ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara. Það er þessu lagafrv. ætlað.

Áður en lengra er haldið er rétt að fram komi að breytingarnar sem felast í frv. eru gerðar í samráði og með vitund þeirra er þær varða helst og á ég þá við Lyfjaeftirlit ríkisins, landlækni og lyfjanefnd. Skal ég nú leitast við að skýra stuttlega veigamestu breytingarnar, en hvað aðrar áhrærir er bent á athugasemdir við einstakar greinar frv.

Veigamesta breytingin verður að mínu mati skipun lyfjanefndar en með lögunum er henni ætlað mikið og sérhæft starf. Með frv. er horfið frá þeirri hefð að hin ýmsu stéttarfélög tilnefni menn með tiltekna sérmenntun eða sérþekkingu til setu í nefndinni. Komið hefur fyrir að tilnefndir sérfræðingar hafi skorast undan setu í nefndinni. Því er nú með frv. farin sú leið að ráðh. skipi formann og aðra nefndarmenn í samráði við hann, þó þannig að samanlögð sérfræðikunnátta nefndarmanna sé á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að auka ábyrgð formanns enn meir en nú er á störfum og afköstum nefndarinnar.

Verkefni lyfjanefndar skv. lögum eru mikil og mörg og réttlæta fjölgun nefndarmanna. Varðandi það hvort þetta samræmist áformum ríkisstj. um sparnað í opinbera geiranum er því til að svara að skráningargjöldum og árgjöldum sérlyfja á sérlyfjaskrá er ætlað að standa straum af kostnaði af starfsemi nefndarinnar. Þessi gjöld hafa hingað til runnið í ríkissjóð og nefndin fengið fjárveitingu með fjárlögum. Í þessu skyni voru þessi gjöld hækkuð verulega í lok síðasta árs en samt eru þau lítill hluti sambærilegra gjalda í öðrum löndum. Umsóknargjald er nú 5 þús. kr. en árgjald 1250 kr.

Þá vil ég geta þess að þetta frv. er í endurprentun með nokkurri breytingu á 2. gr. þar sem niður er felld síðasta málsgr. en hún er svohljóðandi: „Heimilt er einnig að kveða svo á í reglugerð að sala ákveðinna vítamína og/eða steinefna eða ákveðinna samsetninga þessara efna takmarkist við lyfjabúðir.“ Mistök urðu þegar frv. var prentað. Þessi málsgrein átti ekki að vera með í frv. því að það er ekki ákvörðun heilbrmrn. að þessi efni, vítamín og steinefni, fari eftir heimild ráðh. hverju sinni alfarið inn í lyfjabúðir heldur vilja menn reyna að hafa frelsi sem mest í sambandi við sölu vítamínefna. Því var þetta fellt niður. En rétta frv. er því miður ekki komið fram. Aðrar breytingar eru ekki á frv. nema það sem leiðir af þessari athugasemd og auk þess verður önnur prentvilla í athugasemd leiðrétt.

Þá er einnig rétt að nefna að á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að gerðar séu tilraunir með ný og óskráð lyf hérlendis, svonefndar klínískar prófanir. Til slíkra prófana þarf nú leyfi ráðh., en engin nánari ákvæði eru til um það hvernig skuli staðið að slíkum prófunum. Á norrænum vettvangi hefur Norræna lyfjanefndin gert tillögur um hvernig að klínískum prófunum skuli staðið og mun stuðst við þær við setningu væntanlegrar reglugerðar sem gefin verður út í kjölfar samþykktar þessa frv.

Ég vil að síðustu geta þess að þetta er í þriðja sinn sem frv. er flutt um breytingu á lyfjalögum og er það von mín að nú verði það ekki látið daga uppi. Það er búið að fá mjög vandlega meðferð hjá öllum þeim sem um þetta fjalla. Hins vegar er alltaf nokkur ágreiningur uppi um hvar eigi að setja takmörkin varðandi vítamín og steinefni og hygg ég að ekki sé rétt að breyta þar miklu frá því sem verið hefur og að þetta eigi að vera sem frjálsast.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Davíð Aðalsteinsson: Virðulegi forseti. Það er laukrétt sem fram kom hjá hæstv. ráðh. að frv. í líkri mynd hefur komið hér fram áður. Það er í sambandi við 2. gr. frv. sem ég vildi víkja að örfáum orðum. Fram hefur

komið á undanförnum árum að nokkur ágreiningur er um það hvernig fara skuli með sölu á vítamínum. Ég hygg að það sé rétt að víðast hvar erlendis er miklu meira frjálsræði í meðferð þess varnings en er hér á landi. Nú er ég ekki með því að segja að nauðsynlegt sé að taka slíkt form óbreytt upp hér. En ég geri ráð fyrir því að ekki síst þessi grein komi mjög til skoðunar í heilbr.- og trn. og í því sambandi er hægt að vitna til þeirra umr. sem áður hafa orðið í umræddri nefnd.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að síðasti málsliðurinn verði felldur niður og er það að sjálfsögðu til bóta. Sannleikurinn er sá að eins og frv. liggur fyrir, að vísu með þessum síðasta málslið inni, er nánast gefið undir fótinn með það að meira að segja blessað lýsið okkar fari inn í apótekin og þar verði það selt með 75% álagningu. En hér mun verða breyting á.

Það er annað sem ég vildi víkja að örfáum orðum. Það er varðandi lyfjanefndina. Því miður var ég ekki genginn í salinn þegar hæstv. ráðh. talaði um 12. gr. en þar er vikið að lyfjanefndinni. Það má vel vera að sá háttur sem hér er gert ráð fyrir að verði á hafður, þ. e. að ráðh. skipi formanninn, síðan verði aðrir nefndarmenn valdir af ráðh. nánast og formanninum, sé heppilegt fyrirkomulag. Ég skil það á þá lund að þessi háttur verði á hafður ekki síst til að reyna að stuðla að því að þessi nefnd verði miklu virkari í sínum störfum en hingað til hefur verið. En allt mun þetta koma til skoðunar í nefndinni og er í sjálfu sér ekki ástæða fyrir mig að hafa um það fleiri orð.

Ég hef ekki að sinni fleiri athugasemdir fram að færa við aðrar greinar. Ég tel frv. í heild sinni fremur til bóta og hef ekki um það fleiri orð.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Það er fyrst út af lyfjanefndinni. Það sem vakir fyrir mönnum með þeirri breytingu er að gera lyfjanefndina eins starfhæfa og hægt er þannig að hún hraði störfum. Hér á landi starfar mjög fátt fólk við þessi mál miðað við nágrannalöndin en við þurfum í raun og veru að fjalla um næstum því eins mörg mál. Það hefur á liðnum árum oft verið þannig að menn sem eru störfum hlaðnir hafa setið í þessari nefnd og ekki getað sinnt störfum nóg vegna anna. Aðalatriðið er að fá formann sem getur gegnt formennskunni þannig að við getum afgreitt með eðlilegum hætti mál og haldið uppi skráningu lyfja.

Þó að sagt sé að ráðh. skipi í nefndina held ég að mér sé óhætt að fullyrða að enginn ráðh. fari að skipa í þessa nefnd nema að tillögu formanns nefndarinnar og að því tilskildu að þeir menn sem til þessara starfa eru fengnir vilji sinna þeim og hafi nokkurn tíma til þess. En þarna hefur oft orðið mjög langur dráttur vegna þess að um hefur verið að ræða önnum kafna menn. Það er tiltölulega fámennur hópur sem hægt er að leita til í þessu efni. Við verðum líka að taka tillit til þeirra sem standa straum af starfsemi lyfjanefndarinnar, þeirra sem flytja inn, þeirra sem greiða skráningarlyfin. Þeir segjast ekkert setja sig upp á móti því að gjöld á þá séu hækkuð en þeir fari hins vegar fram á það að fá góða þjónustu með líkum hætti og gerist í okkar nágrannalöndum.

Varðandi 2. gr. þá verða alltaf deilur uppi í sambandi við vítamín og/eða steinefni. Mín persónulega skoðun er sú að við eigum að fara með sem minnst af þessum efnum inn í lyfjabúðirnar og að sala þeirra eigi að vera sem frjálsust. Hins vegar er hér lagt svo fyrir að við ákvörðun marka skuli taka mið af ráðleggingum manneldisráðs um það hver sé dagskammtur vítamína og/eða steinefna við íslenskar aðstæður. Í því felst töluverð leiðbeining og það getur mjög komið til greina að fengnum tillögum t. d. manneldisráðs að skylda þá sem selja vítamín til að setja á einhverja ákveðna skammta. Um þetta geta verið skiptar skoðanir og það verður að athugast við setningu reglugerðar en ekki í lögunum.

Hins vegar fannst mér fráleitt — þó að þessi mistök hafi átt sér stað, síðasta málsgrein 2. gr. — að heimilt skyldi einnig að kveða svo á um í reglugerð að sala ákveðinna vítamína og/eða steinefna eða ákveðnar samsetningar þessara efna takmarkist við lyfjabúðir. Ég tel að engin ástæða sé til þess að hafa svo víðtæka heimild fyrir lyfjabúðir. Það mætti gjarnan koma fram í nál. ef það er skoðun nefndarmanna. Eins og ég var að lýsa áðan þori ég að ábyrgjast að eftir því verður farið þegar leitað verður tillagna í sambandi við útgáfu reglugerðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221, n. 425 og 529). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Virðulegi forseti. Það hafa orðið hér við 2. umr. um þetta frv. til stjórnarskipunarlaga nokkrar umr. Mér þykir hlýða, þó ekki væri nema sem frsm. meiri hl. stjórnarskrárnefndar, að leggja nokkur orð í belg. En ég hef ekki hugsað mér að fara að upphefja einhverjar almennar umr. um stjórnarskrármálið, það mikla mál, aðeins segja nokkur orð að gefnu tilefni.

Menn hafa hér sumir tekið mikið upp í sig í sambandi við þetta mál. Hv. 8. þm. Reykv., sem skilar sérnál., segir það í nál. og lagði áherslu á það í ræðu að það frv. sem við hér ræðum væri einskis virði.

Hv. 11. þm. Reykv. tók álíka djúpt í árinni og sagði að frv. væri allt hálfgert kák og engar nýjar leiðir væri þar að finna fyrir ný stjórnmálasamtök, eins og komist var að orði. Ég verð að segja að ég átta mig ekki á því við hvað er átt með þeim ummælum, því að ég hef litið svo á og gera verður ráð fyrir að það séu ekki nokkrar hömlur í þessu frv. lagðar á stofnun nýrra stjórnmálaflokka.

Hv. 6. landsk. þm. talaði einnig í þessu máli og lagði þar áherslu á að þar væri jafn atkvæðisréttur og taldi það höfuðatriði að vægi atkvæða væri alls staðar hið sama. Það er mál út af fyrir sig. En ef menn vilja það er spurningin hvers vegna þeir fara þá ekki hina einu öruggu leið í því efni og hafa landið eitt kjördæmi. Það var hér fyrr á árum stefnuskráratriði hjá Alþfl. einmitt, en Alþfl. virðist hafa horfið frá þeirri stefnu af einhverjum ástæðum sem ég skal ekki fjölyrða um hér. (**Gripið fram í:** Ég sagði að það væri neyðarsátt.) Já. neyðarsátt.

Það sem var kjarninn í, mér liggur við að segja, stóryrðum hv. 8. þm. Reykv. og hv. 11. þm. Reykv. í þessu máli var að ekki væri jafnt vægi atkvæða eða

nægilega jafnt. Þarna komu þessir hv. þm. inn á það atriði þessa máls sem mest hefur verið rætt. Ég kom lítillega í minni framsöguræðu fyrir meirihlutaáliti nefndarinnar inn á þessi mál og sé ekki ástæðu til að endurtaka neitt sem ég sagði þar, og það sem hv. 8. þm. Reykv. og hv. 11. þm. Reykv. sögðu gefur mér í raun ekki sérstakt tilefni til þess að fara að taka upp nú umr. um þau atriði. En með sérstöku tilliti til þess að hv. 4. þm. Austurl. flutti hér ítarlega ræðu og fjallaði að verulegu leyti einmitt um þann þátt málsins sem við kemur vægi atkvæða vil ég taka það fram að í meginatriðum er ég sammála þeim viðhorfum sem fram komu í ræðu hv. 4. þm. Austurl. um þetta atriði.

Hins vegar er ég ekki sammála hv. 4. þm. Austurl. um ýmis önnur atriði, sem hann kom inn á í ræðu sinni, eða það má kannske segja að við leggjum mismunandi áherslu á þau atriði. Og það var kannske einkum það sem kom mér til að segja núna nokkur orð.

Hv. 4. þm. Austurl. lét sér alltíðrætt um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og lýsti sínum skoðunum að nokkru leyti um þau efni. Það er um þau efni sem okkar viðhorf fara ekki að öllu leyti saman. Með tilliti til þess þykir mér hlýða að lýsa með nokkrum orðum mínum viðhorfum til heildarendurskoðunar stjórnarskrárinnar af þessu gefna tilefni frá hv. 4. þm. Austurl.

Þetta er nú ekki nýtt mál, hvorki hér á Alþingi né annars staðar í okkar þjóðlífi, því að sannleikurinn er sá, að allt frá stofnun lýðveldisins árið 1944 má segja að stjórnarskrármálið hafi verið á dagskrá. Þá var heitið „heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar", eins og það hefur gjarnan verið orðað. Síðan hefur hver stjórnarskrárnefndin tekið við af annarri, en engin lokið störfum. Að minni hyggju á þessi þráhyggja samfara árangursleysi sínar skýringar.

Þegar við skildum við Dani þótti ekki annað sæmandi en að losa sig við það sem danskt var. Ekki þótti hægt að una því að búa við stjórnarskrá sem að stofni til var frá 1874 og gefin af dönskum kóngi. Það var ekki spurt að því hvað gott væri, enda kannske ekki sama hvaðan gott kæmi; frá Dönum mátti það ekki vera. Það var samt mikið gæfuspor að þeir sem réðu ferðinni við sambandsslitin við Danmörku létu þetta ekki trufla sig, því það er hætt við að lýðveldisstofnunin hefði frestast um ófyrirsjáanlegan tíma ef menn hefðu verið haldnir þeim fordómum að slíkt mætti ekki ske nema jafnframt fengi þjóðin að stofni til ný stjórnarskipunarlög, nýja stjórnarskrá eins og það hefur verið nefnt.

Í umræðum um stjórnarskrármálið hefur margur mælt af misskilningi um uppruna stjórnarskrár okkar. Hafa menn þá litið á íslensku stjórnarskrána sem afsprengi danskrar stjórnskipunar og stjórnvisku. En þá hefur mönnum yfirsést að bæði íslenska og danska stjórnarskráin, svo sem stjórnarskrár annarra lýðræðisríkja, eiga með einum eða öðrum hætti rætur sínar að rekja til stjórnarhátta sem viðgengust þegar fyrir tveimur öldum í móðurlandi þingræðisins, Bretlandi.

Stjórnarskrár fela í sér almennar reglur sem kveða á um skipulag og hlutverk ríkis. Slíkar grundvallarreglur eru yfirleitt stuttorðar. Slíkt kemur ekki að baga, heldur er þvert á móti kostur. Í hverju landi fyrir sig getur framkvæmd á grundvallarreglum stjórnarskipunarlaga verið með mismunandi hætti. Hin stuttorðu stjórnarskrárákvæði gefa svigrúm fyrir mismunandi framkvæmd og stjórnskipunarvenjur eftir því sem aðstæður og viðhorf í hverju landi krefjast. Það hefur stundum verið sagt um eðli stjórnarskráa að þær séu ekki búnar til heldur þróist þær og dafni. Allt er þetta skiljanlegt þegar þess er gætt að ekki er óhjákvæmilegt að um skrifaða stjórnarskrá sé að ræða.

Í Bretlandi sjálfu, þaðan sem fyrirmynd stjórnskipunarlaga er sótt, er t. d. ekki skrifuð stjórnarskrá. Þar er ekki gerður greinarmunur á stjórnskipunarlögum og almennum lögum eins og er hjá okkur. Þar eru ekki stjórnarskrárvarin réttarákvæði. Þar er grundvallarreglan sú að þingið er alls ráðandi. Í þrengri merkingu er þess vegna ekki um að ræða nein stjórnarskipunarlög í Bretlandi, heldur aðeins um allsherjarvald þingsins. Í stað skrifaðrar stjórnarskrár er að finna í Bretlandi reglur um stjórnskipunina í almennum lögum, dómvenjum, þingsköpum og stjórnskipunarvenjum.

Þegar höfð eru í huga eðli og uppruni stjórnarskrár okkar má það vera nokkur skýring á þróun stjórnarskrármálsins allt frá lýðveldisstofnun fram til þessa dags. Með lýðveldisstofnuninni varð stjórnskipulega ekki önnur breyting en sú, að þjóðhöfðinginn varð forseti í stað konungs áður. Við Íslendingar höfðum áður öll okkar mál í eigin höndum. Í þessu efni varð ekki breyting við lýðveldisstofnunina, nema slitið var persónusambandinu við Dani frá 1918.

Þjóðlíf, menning eða atvinnuhættir tóku vegna sambandsslitanna engum breytingum sem kröfðust aðlögunar stjórnarskipunarlaga. Lýðveldisstofnuninni fylgdi enginn grundvöllur fyrir stökkbreytingum í almennri stjórnskipun landsins, heldur áframhaldandi þróun í venjum og framkvæmd okkar stjórnarskipunarlaga.

Að þessu leyti voru fyrirheit um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og nýja stjórnarskrá að mínu viti á misskilningi byggð. Þetta hefur legið á borði þó að það hafi ekki verið viðurkennt í orði. Þetta er að mínu viti skýringin á því að ekki hafa ræst hin háfleygu loforð og fögru fyrirheit um nýja stjórnarskrá þjóðinni til handa. Það er ekki að kenna amlóðahætti þeirra sem skipað hafa stjórnarskrárnefndirnar að árangurinn hefur ekki skilað sér af heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Það er heldur vegna þess að þegar í harðbakka hefur slegið hafa menn staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að stjórnarskráin sem við höfum hefur þjónað okkur vel svo að afgerandi breytingar hafa ekki verið sjálfsagðar. Samt sem áður hafa margs konar hugsanlegar breytingar verið gaumgæfilega athugaðar af þeim hæfileikamönnum sem skipað hafa stjórnarskrárnefndirnar fyrr og síðar og athyglisverðar hugmyndir settar fram. En ekkert af þessu hefur náð fram að ganga eða verið nægileg samstaða um á þeim grundvelli að breyting væri til bóta.

Hver stjórnarskrárnefndin hefur tekið við af annarri. Síðast var skipuð í des. 1978 stjórnarskrárnefnd sú sem síðan hefur starfað. Í ágústmánuði 1980 sendi nefndin frá sér tvær skýrslur. Önnur þeirra var „yfirlit um ýmis atriði, sem koma til athugunar við endurskoðun stjórnarskrárinnar," eins og það var orðað. Hin skýrslan var, eins og fyrirsögn hennar var orðuð: „Hugmyndir um breytingar á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi".

Þann 2. des. 1982 gaf nefndin út skýrslu um kjördæmamálið og í jan. 1983 skýrslu um endurskoðun

stjórnarskrárinnar í heild. Í formála að þeirri skýrslu segir, með leyfi hæstv. forseta:

„...hefur ýmsum greinum stjórnarskrárinnar verið breytt allverulega frá því sem nú er, en aðrar greinar eru óbreyttar...Hefur náðst samstaða í nefndinni um að senda þingflokkunum þessa skýrslu sem grundvöll að umræðum innan þeirra um textann. Nefndarmenn hafa gert fyrirvara um afstöðu flokka sinna og sína, þegar málið kemur fyrir Alþingi."

Það er í fersku minni að í lok síðasta þings var borið fram frv. til stjórnarskipunarlaga sem byggt var á starfi því sem fram hafði farið þá í stjórnarskrárnefndinni. Frv. þetta var ekki flutt af hálfu stjórnarskrárnefndar né þeirra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa í nefndinni og ekki var það heldur ríkisstjórnarfrv. Frv. var flutt af þáverandi formanni nefndarinnar og forsrh. Gunnari heitnum Thoroddsen. Mælti hann fyrir frv. þessu við 1. umr., en engar umr. fóru fram og málið hlaut ekki frekari meðferð þingsins.

Í raun hafa engar breytingar verið gerðar á stjórnarskránni frá lýðveldisstofnun nema kjördæmabreytingin 1959 og lækkun kosningaaldurs 1968 úr 21 ári í 20 ár. Slíkar breytingar, sem í raun varða framkvæmd á grundvallarreglum stjórnarskipunarinnar, hljóta að eiga sér stað um einstök atriði eftir því sem með þarf. Slík breyting er á ferðinni þar sem er frv. það sem við nú ræðum.

En þetta á ekki skylt við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar eða breytingar á grundvelli stjórnskipunarinnar, sem væri svo gagnger að tala mætti um nýja stjórnarskrá í þeirri merkingu að til kæmi stjórnarskrá af nýjum stofni.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns þótti mér rétt að gefnu tilefni að lýsa í örfáum orðum almennum viðhorfum mínum til stjórnarskrármálsins og breytinga á stjórnarskránni og til þeirrar hugmyndar að setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá, eins og það hefur verið orðað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. 284. mál (þskj. 543). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Söluskattsmál hafa sannarlega verið til mikillar umr. nú að undanförnu og hæstv. ríkisstj. hefur sérstaklega verið með öll söluskattsmálin til umfjöllunar á sínu borði og ekki enn þá ljóst hvað út úr því starfi kemur. Þetta frv. er í raun og veru eins konar framhaldssaga hér í hv. deild allt frá 1977 því að forsaga málsins er sú að á sínum tíma giltu um öll verksmiðjuframleidd hús, öll einingahús, allt aðrar reglur hvað varðaði innheimtu söluskatts en á öðru húsnæði sem byggt var á byggingarstað.

Við þetta varð vitanlega ekki unað, alveg sérstaklega þar sem hér var um að ræða mjög áhugaverða framleiðslu þar sem gætt var mikils hófs í öllum kostnaði og um verulega atvinnubót að ræða víða í minni byggðarlögum. Þá fluttum við hv. núv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og þáv. hv. varaþm. sem sat þá á þingi, Hannes Baldvinsson, frv. til l. um það að þessu yrði breytt á þann hátt að vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð sem unnin er á byggingarstað, svo og í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð, yrði undanþegin söluskatti. Hér var í raun og veru ekki um neina nýja undanþágu að ræða heldur aðeins samræmingu við almenna byggingarstarfsemi í landinu þannig að sama gilti um undanþágu frá söluskatti hvort sem húsið væri byggt á byggingarstað eða byggt í verksmiðjum eins og einingahúsin hafa verið.

Á þessu varð sú breyting að eftir að við höfðum flutt þetta frv. tvisvar tók hæstv. þáv. fjmrh. af skarið, hv. 4. þm. Austurl. Tómas Árnason, og bar fram stjórnarfrv. um það að íbúðarhús yrðu undanþegin söluskatti þó þau væru framleidd í verksmiðjum.

Okkur þótti sannast sagna ekki nóg að gert þó að þetta væri langmikilsverðasti þátturinn því hér er um hreint samræmingaratriði að ræða eins og ég sagði áðan og á ekkert skylt við það hvort undanþágur almennt frá söluskatti eiga rétt á sér eða ekki. Við sem flytjum þetta frv. nú hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson, hv. 6. landsk. þm. Karl Steinar Guðnason og hv. 5. þm. Vesturl. Davíð Aðalsteinsson, erum á þeirri skoðun að hér eigi að koma inn í til viðbótar við íbúðarhúsin, barnaheimilin og leikskólana — en við fengum, nokkrir þm., barnaheimilin og leikskólana inn fyrir tveimur árum síðan — eigi að koma félags- og safnaðarheimili. Ekki er að vísu mikið um slíkar byggingar en þó eru þær til. Auk þess eigi atvinnuhúsnæði að bætast við. Um það skuli gilda sömu reglur og gilda nú um verksmiðjuframleitt íbúðarhúsnæði, barnaheimili og leikskóla sem þegar eru inni.

Í raun og veru skiptir atvinnuhúsnæði hér mestu máli. Ég bendi á það að smærri atvinnurekstur vill gjarnan nýta sér þessa möguleika. Hér er ekki um að ræða að stórfyrirtæki fari að láta verksmiðjuframleiða fyrir sig hús af þessu tagi heldur er hér um að ræða m. a. ýmsa smærri iðngarða, úti á landsbyggðinni alveg sérstaklega, og smærri iðnrekstur þar sem svona verksmiðjuframleidd hús koma sér sérstaklega vel.

Ég held að forsaga þessa máls og sanngirni og réttlæting þess sé nægilega rakin í grg. En ég tek það fram að sú mismunun söluskattsinnheimtu sem gildir hér enn þá eftir því hvort vinnan er unnin á byggingarstað eða í verksmiðjum er með öllu óviðunandi og í raun og veru endaleysa. En þrátt fyrir að nú sé mjög um undanþágur frá söluskatti deilt og jafnvel talið að í þeim felist fyrst og síðast möguleikar til undanskots frá skilum er það sem fyrr skoðun flm. að sama regla hljóti að eiga að gilda um verksmiðjuframleiddar byggingar sem aðrar byggingar í landinu. Því skal enn leitað vilja Alþingis til samræmingar og réttlætis í þessum málum og því er frv. þetta flutt.

Ég gæti haft langt mál um söluskattinn almennt, innheimtu hans, skil hans og annað því um líkt. En eins og gengið var frá þessu máli við afgreiðslu þess þegar barnaheimilin og leikskólarnir voru teknir inn í til viðbótar við íbúðarhúsin hygg ég að óvíða, ef nokkurs staðar, sé um betri skil að ræða á sanngjörnum hluta söluskatts en einmitt á hinum verksmiðjuframleiddu húsum. Ég hygg að það sé alveg ótvírætt, það er fylgst það vel með því — sem betur fer, segi ég því að vitanlega er ekki verið að gera þessar undanþágur nema í raun og veru til þess að létta byggingarkostnað, létta

ákveðnum kvöðum af húsbyggjendum og öðrum þeim sem þurfa að byggja yfir starfsemi sína t. d. Afleiðing þess að þessi söluskattur væri lagður á aftur að fullu á allar slíkar byggingar yrði einfaldlega hærri byggingarkostnaður og á hann hélt ég að væri ekki bætandi. Ég held að þessi samræming sé því nauðsyn og því leggjum við til að við það sem fyrir er bætist félags- og safnaðarheimili og atvinnuhúsnæðið þó að ég telji enn þá að það hefði átt að vera altæk heimild um það að öll verksmiðjuframleidd hús ættu að falla undir þessa lagagrein.

Ég vil svo, virðulegi forseti, að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þetta fram komna frv. um undanþágur frá söluskatti og jafnframt lýsa yfir stuðningi mínum við þá grundvallarhugsun að allar verksmiðjuframleiddar byggingar njóti sömu kjara og hús sem framleidd eru á byggingarstað. Ég vona bara að hv. flm. þessarar till. sjái ástæðu til þess einhvern tíma á næstunni — þó ekki verði á þessu þingi — að koma fram með slíka till. og kanna hvort ekki megi ná stuðningi við hana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. 294. mál (þskj. 572). — 1. umr.

Flm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 572 flyt ég frv. til l. um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95 frá 1981. Þetta er hvorki stórt mál né merkilegt. Hér er eingöngu um að ræða að kippa í lag smágalla í gildandi lögum sem ég trúi varla að hafi í raun og veru verið vísvitandi. Í svörum hæstv. viðskrh. við fsp. frá Birgi Ísl. Gunnarssyni á þskj. 441 kom í ljós að reiknuð er 2% söluþóknun af óniðurgreiddu heildsöluverði útfluttra landbúnaðarafurða. Ég hjó ekki eftir þessu fyrr en eftir á og við frekari umhugsun varð þetta frumvarpskorn mitt til. Í grg., sem er nú líklega ekki sú lengsta sem þm. hafa séð hér á þingi, tel ég einfaldlega með öllu óverjandi að sölulaun einnar eða annarrar vörutegundar séu tekin af öðru en söluverðmæti þess varnings sem verið er að versla með og ótækt að þau séu tekin af óniðurgreiddu heildsöluverði eins og gert er í þessu tilviki í dag.

Ég legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 9. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Hitaveita Suðurnesja, frv. 271. mál (þskj. 520). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. 223. mál (þskj. 573). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollskrá o. fl., frv. 119. mál (þskj. 146, n. 564). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Sala ríkisjarðarinnar Selárdals, frv. 226. mál (þskj. 506). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. 269. mál (þskj. 515). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Niðurfelling stimpilgjalds af íbúðarlánum, frv. 27. mál (þskj. 27, n. 553). — Frh. 2. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þetta frv. mun hafa verið tekið hér til umr. á föstudaginn var. Ég var þá ekki hér á fundi, hafði tilkynnt það bæði forseta og formanni fjh.- og viðskn. og átti þar af leiðandi ekki kost á því að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði við afgreiðslu málsins. Ég hafði þann fyrirvara við afgreiðslu málsins að ég óskaði eftir ýmsum gögnum, m. a. um tekjumissi ríkissjóðs af samþykkt þess og það hversu margir hefðu notað sér þá heimild sem í frv. þessu felst. Þessa beiðni lagði ég fram fyrir mörgum

mánuðum og ég hef ekki fengið svar við henni enn þá. Ég tel ástæðu til þess að þetta komi hér fram. Það mun ekki hafa áhrif á afstöðu mína við afgreiðslu málsins núna þar sem það á eftir að fara til 3. umr. Ég óska eftir því við formann nefndarinnar eða varaformann, hv. þm. Jón Magnússon, sem gegnir því starfi núna, að hann hlutist til um það að þær upplýsingar sem ég hef beðið um út af þessu máli verði lagðar fram svo að eðlileg afgreiðsla fáist á því við 3. umr.

Jafnframt vil ég leyfa mér, herra forseti, að gera aths. hér við síðustu ákvörðun um að senda mál í nefnd. Það er út af fyrir sig rétt, að mál um erfðafjárskatt hafa sjálfsagt iðulega farið í félmn. vegna þess að þau heyra undir félmrn. Hins vegar man ég ekki betur en að frv. um það efni, sem flutt var af hv. þm. Halldóri Blöndal og fleirum, hafi fyrr á þessu þingi verið vísað til fjh.- og viðskn. Það er því ekki samræmi í þessum ákvörðunum deildarinnar varðandi nefndir til að fjalla um erfðafjárskatt. Þetta bið ég hæstv. forseta að taka til athugunar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26, n. 554 og 581). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. í Nd. um frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum. Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórnarandstaðan óskaði eindregið eftir því að Alþingi yrði kallað saman s. l. sumar til að fjalla um efnahagsmál. Því var ekki sinnt. Úr því að leið brbl. var farin var það lýðræðisleg skylda ríkisstj. að láta taka þau til umr. um leið og þing kom saman í okt. s. l. Nú eru liðnir rúmir tíu mánuðir síðan þessi lög tóku gildi. Það eru liðnir sex mánuðir síðan þingið kom saman og fjórir mánuðir síðan Ed. Alþingis lauk meðferð sinni á málinu. Alþm. sitja frammi fyrir löngu gerðum hlut. Þetta frv. fjallar m. a. um skattgreiðslur á árinu 1983 vegna tekna sem aflað var á árinu 1982. Þessi málsmeðferð er með öllu óverjandi.

Í fskj. með frv. stendur að brbl. hafi verið sett til að „vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa". Í minnihlutaáliti fjh.- og viðskn. Ed. frá 17. nóv. s. l. er bent á að skattalagabreyting frv. hafi áhrif á skattgreiðslur flestra annarra en þeirra sem við lökust kjör búa. Aðrar breytingar frv., svo sem á greiðslum almannatrygginga, eru ófullnægjandi með tilliti til þess hversu gífurleg kjaraskerðing hefur orðið síðan í júní.

Með hliðsjón af framansögðu um afgreiðslu og innihald þessa frv. mun minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. ekki taka þátt í afgreiðslu þess.

Guðrún Agnarsdóttir, þm. Samtaka um kvennalista, er samþykk þessu áliti minni hl. n.

Alþingi, 9. apríl 1984."

Undir þetta rita Guðmundur Einarsson, Svavar Gestsson og Kjartan Jóhannsson.

Þetta er sem sagt gamall kunningi sem við sáum hérna á síðasta ári. Það er fróðlegt að rifja upp ýmislegt sem kom fram þá. Þá gerðu menn m. a. að umræðuefni þær breytingar á persónuafslætti sem frv. gerir ráð fyrir. Það eru hvorki meira né minna en 1400 kr. fyrir hvern mann. 1400 kr. á heilu ári eru 120 kr. tæpar á mánuði það ár. Ef við tökum fyrir þó ekki væri nema einungis þá mánuði ársins sem eftir lifðu þegar lögin voru sett eru þetta 200 kr. á mánuði til ársloka 1983. Miðað við 12 þús. kr. mánaðarlaun samsvarar þetta rúmlega 1% í lækkun mánaðarlauna á þeim tíma. Þetta gerist á sama tíma og það er óumdeilt að kjör fólks voru skert um líklega 25%.

Þetta er um persónuafsláttinn að segja. Í ofanálag er bent rækilega á það í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. að breytingin á persónuafslætti nær alls ekki til þeirra sem lökust höfðu kjörin. Um þetta voru sýnd dæmi í nál. og það er öllum kunnugt. Þetta voru nú herlegheitin sem fólki var boðið upp á á þessu herrans ári.

Það má líka líta á ýmsar þær breytingar sem lagðar voru til á tryggingabótum. Það er í raun sömu sögu að segja um þær, að þær hækkanir voru svo sáralitlar í ljósi hinnar stórkostlegu skerðingar lífskjara að það er spurning hvort menn geti borið höfuðið sæmilega hátt eftir að hafa staðið að því að bera fram svona mál og samþykkja það.

Hins vegar vekur nafn þessa frv., frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, menn til umhugsunar um hvort það sé kannske ástæða til að fara að hyggja að einhverju svipuðu aftur. Þær lausafregnir sem okkur berast nú úr stjórnarherbúðum um aðferðir til „gatífyllingar" benda til þess að menn ættu kannske að fara að huga að því annan umganginn að vernda lífskjör í þessu landi og reyna þá að finna til þess leiðir sem séu varanlegar og skipta einhverju máli. Ég held að það væri kannske öllu merkilegra verkefni fyrir þing og ríkisstj. að fjalla um verndun lífskjara í framtíðinni frekar en vera að tala hér um tíu mánaða gamalt mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BD, MB, ÓÞÞ, PJ, PS, RH, StG, SV, SvH, ÞP, BB, NL, AS, BÍG, EH, FÞ, JM, GSig, GB, GJG.

HG, JS, JBH, KP, KHT, KH, KSK, SvG, GeirG, GE, GHelg greiddu ekki atkv.

9 þm. (MÁM, ÓE, PP, StH, SvanJ, GeirH, GA, GGS, HÁ) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BD, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PS, RH, StG, SV, SvH, ÞP, BB, NL, AS, BÍG, EH, FÞ, JM, GB.

GHelg, HG, JBH, KP, KHT, KH, KSK, SvanJ, SvG, GSig, GeirG, GE, GJG, JS greiddu ekki atkv.

7 þm. (GA, GGS, HÁ, MÁM, PP, StH, GeirH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. 176. mál (þskj. 317, n. 568). — 2. umr.

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér

fyrir nál. fjh.- og viðskn. á þskj. 568 um frv. til l. um breyt. á lögum um skipan opinberra framkvæmda.

Frv. felur í sér að sem fyrr verði heimilt að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þessi verkefni, en við er bætt að engu að síður skuli verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs í samræmi við 13. gr. laganna.

Þá er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að ráðh. sé heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd laganna.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um málið og leggur samhljóða til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Afnám laga um álag á ferðagjaldeyri, frv. 23. mál (þskj. 23, n. 558 og 559). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um afnám laga um álag á ferðagjaldeyri.

Frv. þetta var flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 29. júlí 1983 og gerir ráð fyrir að niður verði felld lög frá 23. des. 1980 um álag á ferðagjaldeyri. Þetta var gert í því skyni að efla traust á íslenska gjaldmiðlinum, eyða mismunun við sölu erlends gjaldeyris og koma í veg fyrir óeðlileg viðskipti með gjaldeyri og með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga í gjaldeyrismálum.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og aflað upplýsinga og mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Guðmundur Einarsson skrifar undir með fyrirvara, en minni hl. skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég held að það væri ástæða til þess þegar þetta mál er hér til meðferðar, sömu dagana og ríkisstj. leitar með logandi ljósi að peningum til að fylla upp í gatið fræga, að hæstv. fjmrh. væri staddur í salnum og ég vil biðja hæstv. forseta um að sjá til þess að hæstv. fjmrh. verði kallaður hingað þannig að ég geti lagt fyrir hann nokkrar fsp. undir meðferð þessa máls.

Ég skila ásamt hv. þm. Kjartani Jóhannssyni sérstöku áliti um þetta mál á þskj. 559 og er nál. á þessa leið:

„Undirritaðir nm. telja það einkar táknrænt fyrir vinnubrögð stjórnarmeirihlutans á Alþingi að leggja til staðfestingu á brbl. um afnám álags á ferðamannagjaldeyri sömu dagana og stjórnarliðið leitar logandi ljósi að öðrum sköttum til þess að fylla upp í ríkissjóðshítina. Ríkisútgjöldin eru nú stærri hluti þjóðarframleiðslunnar en nokkru sinni fyrr.

Afnám álags á ferðamannagjaldeyri var vitaskuld ótímabært á sama tíma og félagsleg þjónusta er skorin niður. Full heimild var í lögum til álagningar gjalds þessa út árið 1983 og engin brýn nauðsyn bar til þess að fella gjaldið niður. Minni hl. fjh.- og viðskn. hefur gengið ítrekað eftir upplýsingum um formlegar kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi niðurfellingu gjaldsins. Hefur komið fram að engin bréfaskipti liggja fyrir um þessi efni, þannig að krafa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um niðurfellingu gjalds þessa réttlætti á engan hátt setningu brbl."

Ég vil skjóta því hér inn í, að strax og málið kom fyrir í fjh.- og viðskn. Nd. óskaði ég eftir afritum af bréfum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til fjmrn. eða viðskrn. um mál þetta. Skjalaverðir þessara ráðuneyta leituðu með logandi ljósi í gögnum sínum að því hvort þar mætti finna einn einasta staf þar sem þess væri krafist að fella gjald þetta niður. Það fannst ekki. Og þrátt fyrir eftirgangsmuni í allan vetur hefur ekkert fengist fram um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi nokkurn tíma formlega farið þess á leit í bréfum að gjald þetta yrði fellt niður. Hins vegar lá fyrir að talsmenn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem koma hingað einu sinni á ári til að gefa skýrslur og skrifa skýrslur um efnahagsmál, nefndu þetta eins og í framhjáhlaupi í viðtölum við ráðh. fyrrv. stjórnar aftur og aftur, en það var greinilegt að af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fylgdi málinu enginn þungi af neinu tagi. Það er því hreinn fyrirsláttur, sem fram kemur í máli hv. 1. þm. Suðurl., að hér hafi verið um að ræða mjög alvarlega kröfu af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. — Síðan segir hér í nál. minni hl.:

„Auk þess hlýtur slík skattlagning að vera á valdi ríkisstj. Íslands hverju sinni og Alþingis og óeðlilegt er að bera kröfur erlendra stofnana fyrir sig í þessum efnum, en það hefur verið ein meginmálsástæða ríkisstj."

Eins og kunnugt er var því borið við aftur og aftur s. l. sumar af hálfu hæstv. fjmrh. að það væri nauðsynlegt að fella þetta gjald niður vegna þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði krafist þess. Ég tel að með þessari afstöðu sinni hafi hæstv. fjmrh. í rauninni verið að segja að skattlagningarvald á Íslandi geti verið í höndum útlendinga í ákveðnum tilvikum. Ég tel að þessi röksemd af hálfu íslensks ráðh. sé í rauninni algerlega ósæmileg og ég tel fulla ástæðu til að mótmæla henni sérstaklega hér. Auðvitað hlýtur það að vera á valdi íslenskra stjórnvalda hverju sinni hvernig þau haga skattlagningu á vörum og þjónustu hér innanlands. Þar á ekki að fara eftir fyrirskipunum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða öðrum slíkum alþjóðlegum stofnunum.

Í nál. minni hl. segir síðan:

„Í fjárlögum ársins 1983 var gert ráð fyrir að innheimta 75 millj. kr. af gjaldi þessu á s. l. ári. Miðað við breyttar gengisforsendur — er ríkisstj. felldi gengið á miðju s. l. ári — má hins vegar gera ráð fyrir að gjald þetta hefði gefið í ríkissjóð 100 millj. kr. árið 1983. Þegar gjaldið var fellt niður í júlímánuði nam innheimta þess um 58 millj. kr. og má því áætla tekjutap vegna niðurfellingarinnar á s. l. ári 40—50 millj. kr. Í ár (1984) hefði gjald þetta gefið í tekjur handa ríkissjóði (skv. lauslegri ágiskun fjárlaga- og hagsýslustofnunar) um 130 millj. kr. þannig að samtals nemur tekjutap ríkissjóðs vegna niðurfellingar þessa gjalds um 170—180 millj. kr. frá því að það var fellt niður til loka ársins

1984. Eðlilegra hefði verið að nota þessar tekjur til þess að tryggja lífsnauðsynlega þjónustu við aldraða og öryrkja en að fella gjaldið niður," segir enn fremur í nál. „Auk þess verður útgáfa brbl. í þessu skyni að teljast á ystu brún þess sem eðlilegt má telja þar sem engar sannanir liggja fyrir um að brýn nauðsyn hafi verið á að fella niður gjald þetta eins og kveðið er á um í stjórnarskránni.

Nú er ríkisstj. önnum kafin við að setja saman frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna óreiðunnar sem skapast hefur í yfirstjórn ríkisfjármála undir forustu núv. ríkisstj. Er það einkar athyglisvert að meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. skuli sömu dagana knýja mál þetta fram til staðfestingar.

Með tilliti til málsatvika allra telur minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. því rétt að frv. þetta um staðfestingu á brbl. um afnám álags á ferðamannagjaldeyri verði fellt.

Guðrún Agnarsdóttir, þm. Samtaka um kvennalista, er samþykk þessu nál.

Alþingi, 4. apríl 1984.
Kjartan Jóhannsson.
Svavar Gestsson."

Í framhaldi af þessu máli og í tengslum við það vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað líður undirbúningi ríkisstj. að framlagningu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna þess gífurlega halla á ríkissjóði, sem hann gerði grein fyrir fyrir nokkrum vikum? Mér var tjáð af formönnum stjórnarflokkanna, hv. þm. Þorsteini Pálssyni og hæstv. forsrh., fyrir einni eða tveimur vikum að frv. um þetta efni væri væntanlegt í þingið alveg næstu daga. Það bólar ekki á því enn og það er hver höndin uppi á móti annarri í stjórnarliðinu skv. þeim fregnum sem borist hafa í blöðum, m. a. í málgögnum ríkisstj. Í málgagni Framsfl. er skýrt frá því núna fyrir helgina að þær ráðstafanir sem hér er um rætt muni þýða um 4—6% skerðingu á kaupmætti ráðstöfunartekna almennings, en til samanburðar skal á það bent að verkalýðssamtökin og Vinnuveitendasambandið sömdu um 5% kauphækkun 21. febr. s. l. Það er með öðrum orðum bersýnilega á döfinni að skerða verulega þá kauphækkun sem um var samið af verkalýðssamtökunum núna fyrir nokkru, sem sumir talsmenn ríkisstj. töldu þó að væri innan þess sem kallað var hófleg mörk. Alþýðusambandið hefur þegar sent frá sér yfirlýsingu, þar sem talað var um að slík skattlagning af hálfu ríkisstj. væri griðrof á verkalýðssamtökunum og ég held að það sé nauðsynlegt að halda því til haga einmitt hér.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvenær er þess að vænta að frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og í öðrum efnahagsmálum komi fyrir þingið? Verður það í þessari viku eða er við því að búast að málið komist ekki til meðferðar fyrr en eftir páska? Heyrst hefur að það sé ætlun stjórnarmeirihl. að þinginu verði frestað um næstu helgi. Það væri einnig fróðlegt og er kannske fróðlegt fyrir hv. þm. að taka eftir því og mér er ekki kunnugt um að það liggi neitt samkomulag fyrir um það enn, hvernig þinghaldi verður hagað til páska eða eftir páska. Ég tel að það sé tímabært, svo að ekki sé meira sagt, að gengið verði frá samkomulagi um það efni hér í þinginu. — En ég vil sem sagt spyrja hæstv. fjmrh.: Hvenær má vænta þess að frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og öðrum efnahagsmálum komi fyrir þingið?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég ætla helst að sleppa við að lesa ræðu mína frá því að ég lagði fram frv. það sem hér er til umr., frv. til l. um afnám laga nr. 81 frá 23. des. 1980, um álag á ferðamannagjaldeyri. Ég vil aðeins taka það fram að hvergi kemur fram í minni ræðu — ég er með hana hér skrifaða — að Alþjóðabankinn hafi gert kröfu til þess að þessum skatti yrði aflétt. Hitt er annað mál að fram kemur að gjaldið hafi verið heimilað til bráðabirgða og síðan endurnýjað þannig að það segir sig sjálft að ætlast var til þess að þessu gjaldi yrði létt af til þess að Íslendingar einir þjóða væri ekki á undanþáguákvæðum frá gjaldeyrisbankanum.

Þær ráðstafanir sem verið er að vinna að um lausn á þeim efnahagsvanda sem er í prósentutölum miklu lægri en verið hefur um undanfarin ár því að það er vandamál sem við höfum verið að glíma við og kallað er hið fræga gat upp á væntanlega 10% af niðurstöðutölum gjalda fjárlaganna. Það er þó sennilega ⅔ af því sem það var s. l. ár og lægra en það var 2—3 árin þar áður. Þannig voru veitt um 25% með aukafjárveitingu árið 1983. Þessi vandi sem við sjáum fram undan gæti hugsanlega orðið um 10%. Ég vona að það séu réttari vinnubrögð að reyna, eins og kom fram í frægum ræðum milli núv. heilbrrh. og fyrrv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann. En sem sagt, þetta er vandi sem við sjáum fyrir og það er reiknað með að aukafjárveitingar yrðu um 10% þegar að áramótunum kemur, þegar reikningnum er lokað. Það er ekki vandi sem við erum komnir út í í dag. En lausn þessa vanda er vonandi í dag eins og hún var í gær á næsta leiti.

Ég hef svarað tillögum sem fram komu frá forsrh. nýlega, með nýjum tillögum frá mér. Þetta er í athugun og á meðan menn tala saman og reyna að finna lausn get ég ekki dagsett, hvorki upp á dag né klukkutíma, hvenær frv. verður lagt fram. En öll ummæli, sem kunna að koma fram í Tímanum, jafnvel þó að þau kæmu fram í Þjóðviljanum, eru ágiskanir og ég bið hv. þm. að fara ekki of mikið eftir þeim.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. með fyrirvara í þessu máli. Sá fyrirvari er af tveimur orsökum. Annars vegar vegna þess að ég álít að þetta mál hafi alls ekki gefið tilefni til setningar brbl. Ég lít svo á að taka eigi alvarlega þá grein stjórnarskrárinnar sem leggur ríkisstj. þá skyldu á herðar að meta stranga nauðsyn slíkrar lagasetningar ef hún kemur til umr. Það var alls ekki sú brýna þörf í þessu efni í júní s. l. að það væri tilefni til að setja brbl.

Í öðru lagi tel ég að upplýsingaskyldu rn. hafi ekki verið sinnt í þessu máli. Það voru margítrekaðar óskir til viðskrh. um að fá upplýsingar um bréfaskipti við útlendinga sem vitnað hafi verið til. Því hefur ekki verið sinnt. Hins vegar er ég efnislega fylgjandi því að afnema álag á ferðagjaldeyri vegna þess að ég tel í fyrsta lagi að tvöfalt gengi leiði til brasks með gjaldeyri og ég held að það hafi gerst á þeim tíma sem þetta álag á ferðagjaldeyri var. Í öðru lagi skiptir það menn miklu máli að þetta álag á ferðagjaldeyri tekur ekki einungis til einhverra skemmtiferða einangraðs eða útvalins hóps. Það tekur í fyrsta lagi til skemmtiferða fjölda fólks. Það tekur í öðru lagi til hvers konar viðskiptaferða. Það

tekur til styttri námsferða og styttri námsdvala erlendis, þ. e. þeirra námsferða og námsdvala sem ekki flokkast undir 6 mánaða skólanám. Ég tel að fjarlægð okkar frá meginlöndum heimsins og stærstu upplýsingalindum og menningarsvæðum sé okkur nægur þrándur í götu þó að skattheimta af hálfu ríkisvaldsins komi ekki þar að auki. Þess vegna er ég efnislega samþykkur því að fellt sé niður álag á ferðagjaldeyri. En ég tel að það hefði átt að gerast með venjulegum flutningi frv. í okt. þegar þing var sett.

Varðandi tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum er greinilegt að ef 10% álag hefði verið tekið upp á ferðagjaldeyri nú í dag fyrir árið 1984 hefði það haft veruleg áhrif á sumarleyfisáætlanir fjölda fólks því að fjöldi fólks hefur þegar gert sínar áætlanir um sumarleyfi og það er bókað í fjölda ferða. Ég tel að ekki sé við hæfi að skella svona skatti á nú með litlum fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Rifjum aðeins upp hvernig þessi skattur var settur á. Hann var settur á með ákvörðun ríkisstj. sem var mynduð 1. sept. 1978 og ákvörðun um álagningu skattsins var tekin í stjórnarmyndunarviðræðum milli Framsfl., Alþfl. og Alþb. Það var þess vegna ekkert um það að ræða, eins og hæstv. fjmrh. orðar það, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eða einhver önnur slík stofnun hafi áður heimilað að þessi skattur yrði lagður á. Sú stofnun var aldrei spurð um það, heldur var ákvörðunin tekin hér. Hún var tekin af þeim flokkum sem áttu aðild að myndun þeirrar ríkisstj. Um leið og skatturinn var lagður á var svokallaður ferðamannagjaldeyrir tvöfaldaður frá því sem áður hafði verið.

Þessar tvær ákvarðanir voru í rauninni mjög skynsamlegar og stuðluðu að eðlilegri vinnubrögðum í þessu efni en áður höfðu verið. Ekki var nein ástæða til þess að fella akkúrat þennan skatt niður á þessum tíma miðað við það hvernig staða ríkissjóðs virtist fyrirsjáanlega ætla að verða á síðari hluta ársins 1983 og komið hefur í ljós skv. upplýsingum núv. ríkisstj., að nú ekki sé minnst á þann vanda sem um er að ræða á árinu 1984. Þannig er hérna ekki spurningin um það hvort menn telji að þessi skattur sé góður eða vondur út af fyrir sig. Spurningin er um það hvort menn kjósa að halda þessum skatti og tryggja í staðinn tiltekna félagslega þjónustu eða hvort menn vilja fella þennan skatt niður og þá skera niður ákveðna félagslega þjónustu eða leggja í staðinn á annan skatt eins og hæstv. ríkisstj. er að tala um, þ. e. það sem rætt hefur verið um í blöðum, t. d. hækkun sjúkratryggingagjalds o. fl. í þeim efnum.

Ég minni á það að sú tekjuskerðing ríkissjóðs, sem þessi niðurfelling álags á ferðamannagjaldeyri hefur í för með sér, er upp á 160 millj. kr. Það er verulega miklu hærri upphæð en fer til uppbyggingar allra sjúkrahúsa í landinu og heilsugæslustöðva á þessu ári, 1984. Hér munar um þessa tölu, hún er stór í ríkisfjármáladæminu. Þess vegna er furðulegt að hæstv. fjmrh. skuli beita sér fyrir því sérstaklega að henda þessum tekjustofni út úr ríkissjóði á miðju ári 1983, en brbl. voru gefin út 29. júlí 1983.

Ég spurði hæstv. fjmrh. að því hvenær væri að vænta niðurstöðu af þeim heiftarlega ágreiningi sem er innan stjórnarflokkanna um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem hver höndin er upp á móti annarri og menn vita ekkert hvað þeir ætla að gera. Upplýsingar hæstv. fjmrh. eru þær að þeir eru að skrifast á, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., þeir eru að senda hvor öðrum bréf þessa dagana. Ég verð að segja að það eru nokkuð sérkennileg vinnubrögð í ríkisstj. landsins ef það er þannig að ráðherrar eru að senda hver öðrum bréf. Kannske eru það póstsamgöngur sem valda því að ekki er fyrr búið að ákveða þessa hluti, það hafi dregist svona að koma bréfunum á milli Arnarhvols og Stjórnarráðsins. Sagt er að hæstv. forsrh. hafi gert tillögur í þessu máli og sent til fjmrh. Það eru athyglisverð vinnubrögð í ríkisstj. að forsrh. skuli taka tillöguvald í þessu efni af fjmrh. Það er nýlunda. Ég sat í tveimur ríkisstjórnum um nokkurra ára skeið. Ég man aldrei eftir því að það hafi verið annar en fjmrh. sem hafði frumkvæði að tillögugerð varðandi ríkisfjármál. Nú er vantraust núv. forsrh. og flokksbræðra fjmrh. á fjmrh. orðið slíkt að forsrh. er látinn gera till. og kannske hv. þm. Þorsteinn Pálsson hafi hjálpað honum að gera þær. Þannig eru vinnubrögðin orðin í ríkisstj. að búið er að taka tillöguvaldið af hæstv. fjmrh. í þessu máli. Hann nýtur ekki trausts lengur hjá sínum samstarfsmönnum úr Framsfl. og sennilega ekki úr Sjálfstfl. heldur. Það er hver höndin uppi á móti annarri og hæstv. fjmrh. er að velta því fyrir sér hvernig hann eigi að svara bréfinu frá Steingrími, hæstv. forsrh. Hann er ekki búinn að komast að niðurstöðu um það og hann segir eins og búið er að segja undanfarna daga: Þetta kemur bráðum, svarið er á næsta leiti. Það þýðir að ríkisstj. hefur gefist upp á því að koma fram með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir páskana. Það er ljóst. Þannig verður það verkefni vorþingsins að taka á þessum málum. Það er bersýnilegt að menn ætla að vera að gaufa með þetta fram eftir vori, fram eftir útmánuðum vegna þess að engin niðurstaða er fengin. Ekkert pólitískt samkomulag er í ríkisstj. í þessum efnum af einu eða neinu tagi. Nýlundan er sú að hæstv. fjmrh. er þarna settur út í horn og forsrh. tekur að sér að skrifa niður tillögurnar um lausnir á vandanum.

Hæstv. fjmrh. hefur gefið margar yfirlýsingar um ríkisfjármál. Ein er sú: Það verða ekki lagðir á skattar. M. ö. o., í tillögunum um ríkisfjármálaráðstafanir verða væntanlega ekki tillögur um skattabreytingar, eða hvað? Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur hann skipt um skoðun frá ítrekuðum yfirlýsingum sínum um það að skattar verði ekki hækkaðir? Er hugsanlegt að hann muni þrátt fyrir þessar yfirlýsingar leggja til skattahækkanir alveg á næstu dögum?

Hæstv. fjmrh. hefur líka sagt: Það verða ekki tekin erlend lán í þessu skyni. En ljóst er að halli á ríkissjóði, peningaprentun fyrir ríkissjóð gengur á gjaldeyrisforðann og rýrir nettógjaldeyrisstöðu landsins út á við. Ætlar fjmrh. að skera niður fyrir öllu þessu gati sem þarna er um að ræða eða með hvaða hætti er yfirleitt ætlunin að þetta verði gert miðað við þær yfirlýsingar sem þegar liggja fyrir frá hæstv. fjmrh.? Ég sé ekki að hann eigi í rauninni mjög marga kosti eftir ef hann ætlar að standa við yfirlýsingarnar. En það er kannske það sem hæstv. forsrh. er að skrifa honum bréf um núna, að reyna að reka ofan í kokið á honum þær yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson hefur verið að gefa. Það er kannske bréfið sem komið er frá forsrh., þar sé verið að reyna að leiðbeina fjmrh. og fá hann vinsamlegast til þess að éta ofan í sig allar þær yfirlýsingar sem hann hefur á undanförnum mánuðum gefið í

ríkisfjármálum.

Hæstv. fjmrh. ræðir um það í sífellu bæði nú og oft áður að hér sé um að ræða minni vanda en oft hafi verið í ríkisfjármálum á liðnum árum. Þetta er fullkomin fjarstæða. Aldrei hefur verið önnur eins staða á ríkissjóði og er nú á árinu 1984 undir forustu hæstv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar. Menn þurfa jafnvel að leita allt aftur til Matthíasar Á. Mathiesen til þess að finna jafnhroðalega stjórn á ríkisfjármálum og er um að ræða á árinu 1984. Er þá langt til jafnað þegar þarf að fara að bera saman við það ástand, en þá var ríkissjóður rekinn af náð Seðlabankans og Jóhannesar Nordals. Má segja að það komi vel á vondan að hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson skuli vera kominn á Seðlabankaframfæri.

Hæstv. fjmrh. hefur iðulega lýst því yfir og sagði það fyrir áramótin aftur og aftur: Engar aukafjárveitingar á árinu 1984. Núna væri fróðlegt að vita hvernig staða þeirra mála er. Það er 9. apríl. Hafa verið heimilaðar aukafjárveitingar úr ríkissjóði til þessa? Hversu miklar? Eða hafa engar verið heimilaðar, eins og hæstv. fjmrh. lýsti yfir að yrði? Ég vil leyfa mér að spyrja ráðh. að þessu hvort hann hafi enn þá staðið fast gegn því að veita aukafjárveitingar. Er það svo að engin aukafjárveiting hafi komið það sem af er árinu? Ég vil leyfa mér að leggja þá fsp. fyrir hæstv. fjmrh.

Ég held að þetta mál, frv. til laga um afnám álags á ferðagjaldeyri, sé í rauninni mjög táknrænt fyrir vinnubrögð núv. ríkisstj., stjórnleysi á ríkisfjármálum og stjórnleysi á þinginu.

Í fjh.- og viðskn. Nd. sitja helstu leiðtogar stjórnarflokkanna, formaður þingflokks Framsfl., formaður og varaformaður Sjálfstfl. Þeim hefði átt að vera í lófa lagið að koma þessu máli frá sér fyrir mörgum mánuðum. En ósamkomulagið innan stjórnarliðsins hefur verið slíkt að menn hafa ekki einu sinni komið frá sér einföldum afgreiðslum og staðfestingum á brbl. Þegar málið er svo til meðferðar á hv. Alþingi er formaður fjh.- og viðskn., Páll Pétursson, ekki í salnum, hann hefur fjarvistarleyfi, eða er ekki svo? Varaformaður nefndarinnar, hv. þm. Friðrik Sophusson, situr ekki inni í þinginu. Þannig eru þeir menn, sem með þessi mál hafa haft að gera í nefndinni fyrst og fremst í vetur, ekki hér til svara. Stjórnleysið er slíkt að þegar á að fara að taka fyrir mál af þessum toga og til afgreiðslu hér í Nd. hefur stjórnarliðið ekki meiri hluta í salnum til að koma málinu fram. Ljóst er að á fundi Nd. í dag hefur það aftur og aftur gerst að stjórnarliðið hefur þurft hjálp stjórnarandstöðunnar til að þoka málum fram vegna þess að stjórnarþm. hafa ekki verið nægilega margir í salnum. Hér er því um að ræða mál sem er einkar táknrænt fyrir vinnubrögð og stjórnleysi núv. ríkisstj., bæði á málameðferð og þinghaldinu öllu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er gaman að hlusta á hv. 3. þm. Reykv. blása út. Annað hefur hann ekki fram að færa á Alþingi en þennan útblástur sinn, sem er orðinn endurtekning á fyrri fullyrðingum. En mér þykir ákaflega leitt að þurfa að hryggja hv. 3. þm. Reykv. með því að segja honum, án þess að upplýsa nokkuð, að hvernig sem hann blæs, hvað sem hann segir, þá kemur hann ekki fleyg á milli samstarfsmanna í ríkisstj. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að reyna að telja sjálfum sér eða öðrum trú um að það sé mögulegt. Til þess eru allt of ábyrgir aðilar sem standa að ríkisstj. og þeir gera sér fyllilega ljósa grein fyrir þeim mikla vanda sem þeir tóku við. Sjálfstfl. og Framsfl. eru ekki flokkar sem endilega vilja starfa saman, en þetta eru ábyrgir stjórnmálaflokkar og það er ástandið í þjóðfélaginu, sem Alþb. skildi eftir sig, sem gerir það að verkum að menn verða að ýta til hliðar ágreiningi, sem annars er á milli flokkanna, til þess að mennirnir, sem fólkið kaus, geti tekið á þeim vanda sem Alþb. skilur eftir sig sem slóð hvar sem það fer um. (Gripið fram í.) Fyrirgefðu, hvað sagðir þú? (**Gripið fram í:** Ásamt með framsókn.) Já, já, menn læra af reynslunni, er það ekki, Jón? Þeir sem hafa verið víða kunna meira fyrir sér en hinir sem alltaf hafa heima setið.

Ég vil fullyrða, hv. 3. þm. Reykv., að heiftarlegur ágreiningur er ekki fyrir hendi innan stjórnarliðsins og hvað oft sem hv. þm. endurtekur það á hv. Alþingi fær hann menn aldrei til að trúa að hann fari með sannleikann í því máli frekar en flestum ef ekki öllum öðrum. Hann gæti hugsanlega verið farinn að trúa því sjálfur, en það skaðar hann mest því að hann eyðir þá sínum tíma í að vinna öðruvísi að stjórnmálum en hann ætti að gera til að ná árangri.

Það er alveg rétt að forsrh. og ég höfum sett á blað okkar hugmyndir. Það er góður siður að setja á minnisblað það sem rætt er um og geyma hugmyndir, sem koma fram, og ræða málin fram og til baka. Till. sem koma fram á fyrstu fundum eru stundum ekki ræddar aftur fyrr en þær eru kannske dregnar fram á síðustu fundum, en þær geta hugsanlega reynst bestu till. Þær gleymast ekki ef þær eru á minnisblöðum. Þetta eru eðlileg og sjálfsögð vinnubrögð í opinberu samstarfi góðra samstarfsmanna. Og það er svo langt frá að tillöguvald sé tekið af fjmrh. og honum þar með sýnt vantraust. Ég hef ekki orðið var við það. Ég hef verið afskaplega sáttur við þá verklagsreglu sem tekin hefur verið upp í ríkisstj. Mér skildist á hv. 3. þm. Reykv. að hver ráðh. ætti að taka ákvörðun og af því að hann væri ráðh. ættu allir aðrir að dansa eftir hans hugmyndum og vilja. Þetta gengur ekki þannig fyrir sig í þessari ríkisstj. Við þurfum allir stuðning, við erum allir jafnlitlir, enginn stærri en annar, en við erum óttalegt afl eins og við stöndum saman. Það er það afl sem hv. 3. þm. Reykv. sér blasa við og þess vegna blæs hann og blæs á flóttanum undan þessum ógnvekjandi bola sem hann sér fram undan sér. En það er gott að hann er hræddur.

Virðulegi 3. þm. Reykv. Ég get fullvissað bæði þig og þína flokksmenn innan þessara veggja og um land allt að stjórnin stendur sterk og samhent. Það er ekki á færi utanaðkomandi að kljúfa hana eða samstarfið.

Nú skal ég taka undir það með virðulegum 3. þm. Reykv. að það er mikill vandi á höndum. Þetta fræga gat, — sem ég veit ekki hvort ég vil fylla lengur, mér er farið að þykja vænt um það, því þegar það er ekkert gat lengur hvað hafið þið þá til þess að tala um? — það er ekkert nýtt, það er alveg rétt. Þetta var hv. 3. þm. Reykv. ljóst. Ég minni hann á neyðarástandið sem átti að ríkja hér í 4—5 ár. Ég minni hann á þær yfirdráttarskuldir sem voru fyrir hendi þegar þessi ríkisstj. tók við. Og ég ætla að benda virðulegum þm. og þingheimi á að jafnvel þó að tekjur ríkisins yrðu meiri og það verulega miklu meiri en við búumst við, þá verðum við samt að

standa saman og draga saman útgjöldin vegna þess að það er góðra og heiðarlegra manna siður að þegar vel gengur á að safna upp í þær skuldir og skuldbindingar sem þjóðfélagið stendur í. Við eigum því langt í land og það eru erfiðleikar fram undan.

Virðulegur þm. sagði líka að það væri ekki margra kosta völ til lausnar. Ég er alveg sammála honum. Það eru ekkert fleiri leiðir fyrir þjóðfélagið í heild en einstaklinginn. Hann þarf að vinna fyrir skuldum. Hann þarf að draga í land. Hann þarf að spara við sig þegar hann er búinn að eyða of lengi og of miklu umfram tekjur. Það er einföld leið og þarf ekki að tala um hagfræðikenningar í því sambandi.

Virðulegur þm. segir að ég sé kominn á framfæri Seðlabankans. Auðvitað er það alveg rétt. Ég hef aldrei nokkurn tíma þurft að berjast við aðrar eins skuldir og vandamál og einmitt síðan ég tók við af fjmrh. Alþb. Seðlabankinn tók ríkisstj. í fóstur á tíma Alþb. og mér hefur ekki tekist að losna úr þeim böndum. Ég vona að það komi að því, en til þess þarf að auka tekjur þjóðarinnar og minnka útgjöld. Við þurfum að gera miklu, miklu meira fyrir minna, hvernig sem tekjurnar aukast, vegna þess að við þurfum að standa í skilum líka á sama tíma. En hv. 3. þm. Reykv. hefur kannske aldrei látið sér detta það í hug.

Aukafjárveitingar hafa verið veittar á þessu ári, það er að sjálfsögðu ekkert nýtt, hvernig sem ég reyni að komast hjá því. En þær hafa ekki verið veittar öðruvísi en í samráði við forustu fjvn. Fjvn. hefur ekki öll verið á fundum með mér, en forusta fjvn. hefur fylgst með. Það eru breytt vinnubrögð. — En ég vona að smátt og smátt verði af lögð þau vinnubrögð að fjmrh. skuli vera neyddur til þess án lagaheimilda að leiða til lykta einsamall hluta af fjárlögunum eftir að þau eru samþykkt á fjárlagaárinu. Ég er oft að spyrja sjálfan mig: Hvernig stendur á því að þetta er leyfilegt? Hvernig stendur á að þetta má? Það er engin samþykkt fyrir því neins staðar. Þetta er furðulegt.

Virðulegur 3. þm. Reykv. sagði að fyrrv. ríkisstj. hefði ekki þurft að spyrja Alþjóðabankann eða neinn þegar hún tók ákvarðanir um ferðagjaldeyri. Ég les, með leyfi forseta, hluta af ræðunni sem ég flutti þegar ég lagði þetta bráðabirgðalagafrv. fram. Þar segir:

„Upphaflega var skatturinn, sem var 10% álag á söluverð gjaldeyris, lagður á með 17. gr. brbl. nr. 96/1978, sem staðfest voru með lögum nr. 121 frá 1978 og var þeim ætlað að gilda í eitt ár. Gjaldið var síðan framlengt tímabundið með lögum nr. 100 frá 1979 til ársloka 1980 og með lögum nr. 81 frá 1980 var gjaldið gert að ótímabundnum tekjustofni ríkissjóðs.

Að mörgu leyti var þessi skattlagning hæpin á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga Íslands varðandi gjaldeyrismál. Með aðild sinni að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum skuldbundu Íslendingar sig til að taka ekki upp tvöfalda gengisskráningu. Veitti sjóðurinn þó tímabundna undanþágu fyrir þessari skattlagningu, en lagði jafnframt áherslu á að gjaldið yrði afnumið við fyrsta tækifæri."

Það var bæði með brbl. og líka með undanþágu undan alþjóðlegum skuldbindingum fyrir íslensku ríkisstjórnina sem þessi ferðamannaskattur var lagður á. Það er sem sagt fyrrv. ríkisstj. sem bað um leyfi Alþjóðagjaldeyrisbankans til að setja þessi brbl., en núverandi ríkisstj. bað engan um leyfi. Hún felldi þau niður. Þetta er staðreyndin í málinu.

Ég vona bæði sjálfs mín vegna og kannske heilsu annarra líka, ef við orðum það þannig, að lausn fari að finnast á þeim fjárhagsvanda sem við sjáum fram undan og við erum að reyna að forðast, þannig að hv. 3. þm. Reykv. þurfi ekki frekar en aðrir að bíða miklu lengur. En það get ég sagt, að ef ekki næst samkomulag verð ég sem fjmrh. að leggja einhverja till. fram. En ég geri það ekki nema í samstarfi við mína samstarfsmenn, þessa órjúfandi heild sem stjórnarflokkarnir eru bak við sína ríkisstj., svo ég tali nú ekki um forustuna, ríkisstj. sjálfa.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Virðulegi forseti. Ýmislegt fróðlegt kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. og full ástæða til að hefja þessa umr. miðað við það sem fram hefur komið. Það sem hann lagði mesta áherslu á var það að enginn heiftarlegur ágreiningur væri milli stjórnarflokkanna eða stjórnarsinna í sambandi við þetta mál. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig stendur þá á þessum drætti sem orðinn er á því að koma málinu hér fyrir ef þar er enginn ágreiningur? Hvað er það sem veldur þessum drætti og þessum slóðaskap miðað við þær yfirlýsingar sem formenn stjórnarflokkanna hafa haft í frammi bæði við fjölmiðla og eins við mig og aðra formenn stjórnarandstöðuflokkanna þegar við ræddum saman núna fyrir tveimur vikum eða svo? Þá var sagt að frv. væri alveg að koma, það kæmi sennilega eftir helgina sem þá fór í hönd. Það sést ekki neitt. Hvað er það sem veldur því að flokkarnir geta ekki komið sér saman fyrst þar er þessi eining andans sem hæstv. fjmrh. var að gera grein fyrir? Hann fullyrðir að þessi ágreiningur sé ekki til, það sé 100% samstaða í stjórnarliðinu. Það var sérstaklega athyglisvert að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að þessi samstaða stjórnarflokkanna væri „óttalegt afl". Það er rétt. Það er nákvæmlega það sem þessi hópur sem að ríkisstj. stendur er í augum fjölda fólks, þúsunda í landinu, vegna þess að þessi ríkisstj. hefur beitt þannig ráðstöfunum að hún hefur komið fram sem óttalegt afl gagnvart almenningi í landinu.

Hæstv. fjmrh. bætti við til að mála í enn þá sterkari litum, til að gefa myndmáli sínu enn þá gleggra bókmenntalegt yfirbragð og listrænt gildi: Þegar þessir tveir flokkar hafa sameinast þá birtist þar — hvað? ógnvekjandi boli. Ógnvekjandi boli, m. ö. o. nautpeningur sem hæstv. fjmrh. líkir sínum samstarfsmönnum við. Hið mikla sameiningartákn, þessi ógnvekjandi boli ríkisstj., þetta óttalega afl, það er sú niðurstaða sem væntanlega fæst áður en langur tími líður í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Stundum hefur verið haft við orð að hæstv. fjmrh. væri misjafnlega orðheppinn maður. Ég verða að segja eins og er að ég tel að fáir menn hafi lýst ríkisstj. með gleggri og greinarbetri hætti í stuttu máli en hæstv. fjmrh. gerði hér í dag þegar hann sagði að ríkisstjórnarflokkarnir sameinaðir væru ógnvekjandi naut sem ætti núna að sleppa lausu á þjóðina áður en nokkur tími væri liðinn. Sjaldan hefur nú risið verið mikið hærra í bókmenntalegum og listrænum samlíkingum en einmitt hér. (**GHelg:** Það verða nú rauðar dulur settar fyrir bola.) Dettur mönnum kannske í hug að í þessu efni sé hæstv. fjmrh. að hugsa til þess nautpenings sem frægastur er í okkar sögu, t. d. Þorgeirsbola?

En það var hins vegar athyglisvert að um leið og

hæstv. fjmrh. útmálaði styrkleika þessa tvíeina bola, Framsfl. og Sjálfstfl., sem hann sagði að væri órjúfandi afl þá viðurkenndi hann um leið að svo gæti farið að hann yrði að leggja fram sínar eigin till. í þinginu vegna þess að nautið hefði ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu. Hinn ógnvekjandi boli væri bundinn fastur í Stjórnarráðinu og kæmist þaðan ekki út. Það væri nú saga til næsta bæjar ef hæstv. fjmrh. tækist ekki að efla til lífsins þetta ógnvekjandi afl og yrði sjálfur að leggja fram tillögur í þinginu. En svo bætti hann því við eins og til að vera sjálfum sér samkvæmur: Auðvitað mun ég ekki leggja fram tillögur í þinginu nema að höfðu samráði við mína stjórnarflokka. Niðurstaðan er auðvitað engin af þessari orðræðu hæstv. fjmrh. eins og stundum áður, hún er núll komma núll fyrir utan þessar sérkennilegu bókmenntalegu samlíkingar sem hann hafði hér uppi áðan.

En í þessu efni þurfti hæstv. fjmrh. enn þá einu sinni að fara að vega að síðustu ríkisstj. Ég hef stundum orðað það svo að það sé til marks um rökþrot hæstv. fjmrh. að þegar hann fer að tala um neyðaráætlun Alþb. á hann yfirleitt ekkert eftir lengur í fórum sínum. Í þessari ræðu sem hann flutti hér áðan notaði hann tækifærið enn þá einu sinni til að sverja af sér aðild sína að fráfarandi ríkisstj. Gunnars Thoroddsen, en hæstv. núv. fjmrh. beitti sér sérstaklega fyrir því að Gunnar Thoroddsen fékk umboð til myndunar þeirrar ríkisstj. á sínum tíma. Í árásum sínum á þá ríkisstj. gætir hæstv. fjmrh. þess ekki að hann er ekki einasta að ráðast á Alþb. — en látum það nú vera að hann ráðist að þeim flokki í stjórnarandstöðu sem hann er að slást við — heldur ræðst hann líka að Framsfl. alveg sérstaklega. Látum það einnig vera þó að hann sé að vísu farinn að tala fyrir Framsfl. hér aftur og aftur, en hann ræðst alveg sérstaklega að hv. þm. Pálma Jónssyni og Friðjóni Þórðarsyni sem báðir áttu sæti í þessari ríkisstj. og bera því fulla ábyrgð á gerðum þeirrar ríkisstj. allt þar til yfir lauk. Ég verð að segja að það er undarlegt langlundargeð þeirra þm. og fyrrv. félaga minna í þeirri ríkisstj. að þeir skuli aftur og aftur láta bjóða sér þann ósannindavaðal sem uppi er hafður af núv. talsmönnum ríkisstj. um fráfarandi ríkisstj. og viðskilnað hennar.

En það er hins vegar líka táknrænt og fróðlegt að velta því fyrir sér að þegar núv. hæstv. ríkisstj. er að verja gerðir sínar reynir hún jafnan að gera það með samjöfnuði við fráfarandi ríkisstj. Metnaður hennar nær sem sagt á engu sviði lengra en til þess að ná því sem fráfarandi ríkisstj. gat og gerði. Það er athyglisvert og menn hljóta að velta því fyrir sér til hvers stjórnin var mynduð ef pólitískur metnaður ráðh. nær ekki til annars en þess að standa sig svipað og fráfarandi ríkisstj. gerði.

Hæstv. fjmrh. viðurkenndi það í ræðu sinni áðan að hann væri kominn á framfæri Seðlabankans. Mun það vera í fyrsta sinn í sögunni sem fjmrh. viðurkennir það að hann sé á beinu seðlaprentunarframfæri hjá Seðlabanka. Það var mjög athyglisvert að heyra þá yfirlýsingu. Í ræðu sinni kom fjmrh. að aukafjárveitingum og viðurkenndi að aukafjárveitingar hafa verið greiddar út úr ríkissjóði. Þar með er sú yfirlýsingin fallin líka. Það átti ekki að hækka skatta og það átti ekki að grípa til þess að yfirdraga á Seðlabankann enn meira, hann lýsti því yfir í vetur. En nú er þriðja yfirlýsingin af mörgum reyndar fallin líka. Aukafjárveitingarnar eru farnar út úr ríkissjóði, hann var að lýsa því yfir hér áðan.

Hæstv. ráðh. lýsti því yfir að það væri í samráði við fjvn. Það er rangt. Það er í samráði við formann og varaformann fjvn. sem eru úr stjórnarflokkunum. En það er ekki hægt að segja að þetta sé í samráði við fjvn. þar sem eru fulltrúar stjórnarandstöðunnar og mér er ekki kunnugt um að þeir hafi verið kallaðir til í sambandi við aukafjárveitingar. Það verður fróðlegt fyrir litla manninn að sjá hinn ógnvekjandi bola þegar hann loksins birtist í frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það verður fróðlegt að sjá með hvaða hætti það gerist og hvenær það gerist.

Hæstv. fjmrh. hefur ekki fengist til að dagsetja það enn þá hvenær niðurstaða fæst hjá stjórnarflokkunum í þessu efni þrátt fyrir þessa órjúfandi einingu, hina góðu samstöðu þessara tveggja flokka sem báðir eru ábyrgir að sögn hæstv. fjmrh., en hann er farinn að tala líka fyrir Framsókn hér í salnum. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að Framsfl. væri alveg sérstaklega ábyrgur flokkur og væri gott að vinna með honum. Sameiningartákn þessara tveggja flokka nú orðið virðist vera hæstv. fjmrh. því að inn á við í báðum flokkunum leikur allt á reiðiskjálfi yfir þeim ráðstöfunum sem nú á að fara að gera og enginn ráðh. vill taka á sig að bera þann kross sem ætlast hefur verið til af þeim skv. þeim fréttum sem birst hafa.

Það er greinilegt af þessari umr. að í fyrsta lagi er fjmrh. farinn að veita aukafjárveitingar. Í öðru lagi veit hann ekkert um það hvenær ráðstafanir í ríkisfjármálum verða tilbúnar af hálfu ríkisstj. Það er hver höndin upp á móti annarri í stjórnarliðinu og það er enginn vissa um það hvaða niðurstöður verða þar til. Það er staðan sem nú liggur fyrir þegar gatið margfræga hefur verið til umr. núna um margra vikna skeið. Það eru nú öll afrekin að ríkisstj. er ekki sjálf búin að komast að niðurstöðu í þessu efni og stjórnarflokkarnir ekki heldur. Það er það sem núna liggur fyrir hjá hv. Alþingi og til þess var þessi umr. gagnleg, að fá það fram hvernig ríkisstj. stendur að málum af þessum toga á sama tíma og hún ætlar að pína það hér fram að við samþykkjum að staðfesta brbl. sem henda 160 millj. kr. út úr þeim sama ríkissjóði sem er á hausnum eins og kunnugt er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:8 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 22. mál (þskj. 391). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Mér sýnist að ekki muni vera nema 2—3 mínútur til stefnu þar til fundi verður frestað svo að mér sýnist ekki ástæða til þess að hefja ræðuhöld fyrir þann tíma í svo viðamiklu máli sem hér er um að ræða. Ég vildi því gjarnan fara þess á leit við virðulegan forseta að hann sleppti mönnum í þessar tvær mínútur sem eru eftir til þingflokksfundartíma fyrst meiningin er á annað borð að halda fund kl. 6. Hins vegar hefði ég talið að það hefði

átt að vera hægt með skikkanlegum vinnubrögðum af hálfu stjórnarliða í dag að koma þessu máli til nefndar fyrir kl. 4 og í raun og veru var að því stefnt þegar málið var rætt s. l. föstudag. En fyrst svo er ekki vildi ég fara þess á leit við forseta að málið verði ekki tekið til umr. fyrr en kl. 6 fyrst meiningin er að halda fund þá.

(**Forseti:** Við þeirri ósk verður orðið og er fundinum frestað til kl. 6.) — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér um ræðir var á dagskrá hv. deildar s. l. föstudag til 1. umr. Þá sýndist ýmsum, þ. á m. mér, að æskilegra væri, vegna þess að allmargir hv. þm. höfðu fjarvistarleyfi og voru fjarverandi, að 1. umr. yrði a. m. k. ekki lokið án þess að þeim sem fjarverandi voru gæfist tækifæri til að tjá sig um málið. Mér sýndist ekki hafa fjölgað mikið í hv. deild frá því sem var á föstudag þannig að þess sé ekki að vænta að margir láti í sér heyra. En hvað um það, ekki er það mín ætlan að reyna að tefja neitt fyrir þessu máli og engin ástæða til þess.

Það frv. sem hér um ræðir er vissulega þess eðlis að um það mætti segja allmikið þó að ég ætli ekki að gera það, a. m. k. ekki við þessa 1. umr. Ég mun geyma mér frekari umfjöllun um það eftir að málið hefur farið til nefndar enda var lögð á það áhersla af hæstv. sjútvrh. að málið kæmist sem fyrst til nefndar. Þó má benda á að málið er búið að vera allmargar vikur ef ekki mánuði í hv. Ed. þannig að ekki er að sjá að þar hafi verið talin mikil þörf á að flýta umfjöllun málsins.

Hæstv. sjútvrh. hefur boðað veikindaforföll. Það er að vísu slæmt en ég sé ekki ástæðu til annars en að ljúka þessari umr. þótt hann sé ekki viðstaddur. Hann kæmi þá inn í þær umr. síðar. Hins vegar væri miklu viðkunnanlegra að hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður þeirrar nefndar sem málið fer til, þ. e. sjútvn., væri viðstaddur umr. En enga kröfu geri ég til þess að hann verði fluttur hingað inn frekar en aðrir stjórnarsinnar sem fjarverandi eru. Það verður þá að koma í ljós hvort þeir sjái sér fært að vera hér síðar.

Áhrif þess frv. sem hér er um að ræða eru afskaplega einföld. Frv. er um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og er hér enn ein ferðin farin í þá átt að færa til fjármuni frá sjómönnum til útgerðaraðila. Nú ætti það að vera ljóst öllum sem til þekkja að líklega hefur engin stétt í þjóðfélaginu orðið fyrir meiri kjaraskerðingu á undanförnum vikum, mánuðum eða árum en sjómenn. Þar kemur tvennt til. Sú aflaminnkun sem orðið hefur á okkar fiskimiðum vegna stjórnar fiskveiðanna með aflatakmörkunum og síðast en ekki síst kvótaskiptingunni sem tekin var upp á yfirstandandi ári. Og svo einnig hitt, sem snýr líka að öðrum launþegum, þ. e. sú kjaraskerðingarstefna sem uppi hefur verið undangengna mánuði og má raunar segja undangengið ár. Þó að hún hafi bitnað harkalega á launafólki almennt hygg ég að engir hafi orðið eins illa fyrir barðinu á henni og sjómannastéttin.

Því finnst mér það frv. sem nú er til umræðu furðuleg ráðstöfun hjá hæstv. ríkisstj., að færa frekari fjármuni frá sjómönnum til útgerðaraðila með því að hækka greiðslu í Stofnfjársjóð fiskiskipa úr 10% í 14% fyrir árið í ár. Menn segja að þetta geti gengið í eitt ár og gert er ráð fyrir að þetta ákvæði til bráðabirgða gildi ekki nema í eitt ár. En líklega eru miklu fleiri dæmi þess að þó að menn hafi ætlað sér að hafa tiltölulega stuttan gildistíma á ákvæðum sem þessum hafi þau orðið lífseig og ekki verið afnumin. Hættan er sú að ef þetta skref verður á annað borð stigið verði því ekki kippt til baka á næstunni.

Nú hygg ég að öllum sé ljóst hver upprunalega ætlunin var og hver tilgangur með stofnun Aflatryggingasjóðs var á sínum tíma. Það var til að tryggja sjómönnum laun ef illa gengi og útgerðaraðilar kæmust af einhverjum ástæðum í þá aðstöðu að geta ekki staðið í skilum. Þessu markmiði hefur Aflatryggingasjóður sinnt frá upphafi. Nú er gerð tillaga um að breyta þessu að nokkru leyti með því að skerða verulega getu sjóðsins til að sinna þessu brýna verkefni.

Við umr. í hv. Ed. kom fram að hagsmunaaðilar, þ. e. Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hafa harðlega mótmælt þessum bráðabirgðaákvæðum frv. Og hver skyldi lá þessum aðilum það eftir það sem á undan er gengið, kjaraskerðingu þá sem umbjóðendur þeirra hafa orðið fyrir? Hv. 12. þm. Reykv. flutti líka harðorða gagnrýnisræðu s. l. föstudag þar sem hann mótmælti harðlega þessu frv. og lýsti því yfir að hann mundi ekki greiða því atkvæði enda hafi það aldrei verið borið undir hann, þótt stjórnarsinni væri og sér vitanlega hafi það ekki verið borið undir þingflokk Sjálfstfl.

Nú skal ekkert um það sagt hvort fleiri stjórnarsinnar í þessari hv. deild eru þessarar skoðunar. Ekkert hefur komið í ljós um það enn. En ég hygg að margir hverjir vildu gjarnan hafa sömu afstöðu og hv. 12. þm. Reykv., þ. e. mættu þeir um frjálst höfuð strjúka í þeim efnum.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson gerði líka grein fyrir því, eins og ég hygg raunar að hafi verið rifjað upp í umr. í Ed., að sú ráðgjafarnefnd í sjávarútvegsmálum sem starfandi hefur verið hafi komið á fund sjútvn. Ed. og gert þar grein fyrir þessu máli. Ég sé ekki ástæðu til að rekja álit þessara einstaklinga frekar, það gerði hv. þm. Pétur Sigurðsson rækilega. En mér sýnist að af þeim 11 einstaklingum sem þar er um að ræða séu 8 andvígir þessari breytingu, þ. á m. útvegsmenn og framámenn í sjávarútvegi og útgerð.

Ég óttast að verði af þessu sé það fyrsta skrefið til þess að eyðileggja Aflatryggingasjóð, a. m. k. eyðileggja grundvöll þess sem hann átti upprunalega fyrir að sjá og hefur þjónað frá upphafi. Menn geta sagt sem svo að kannske gerist ekki mikið þó að þetta kæmi til með að gilda í eitt ár. En ég er næstum því viss um að ef á annað borð verður stigið skref af þessu tagi verður það áframhald á endanum, a. m. k. er hætta á því að sjóðurinn verði ekki lengur fær um að þjóna sínu upprunalega markmiði.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa hér langt mál að sinni en mig langar til í tengslum við þetta mál um Aflatryggingasjóð að greina með örfáum orðum frá atburði sem gerðist fyrir rösklega 45 árum vestur í Bolungarvík, atburði sem ég hygg og ýmsir aðrir að hafi verið fyrsta skrefið í þá átt að tryggja sjómönnum með þeim hætti sem Aflatryggingasjóður hefur gert að þeir fengju laun sín greidd. Greint er frá þessum atburði í samantekt um starfsemi Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur frá stofnun þess. Þar segir, með leyfi forseta, í þeim kafla sem ég tel að sé nokkuð nálægt því umræðuefni sem við erum nú að tala um:

„Í desembermánuði 1938 sagði sjómannadeild innan Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur upp

samningum og ákvað félagið að standa með deildinni ef til deilu kæmi. 5. febr. 1939 var haldinn fundur í sjómannadeildinni og ræddur samningsgrundvöllur og var samningsnefnd veitt fullt umboð til að semja fyrir deildarinnar hönd. Sest var að samningum við útgerðarmenn kl. 5 að kvöldi 6. febr. og setið til kl. 2 um nóttina ásamt ríkisskipuðum sáttasemjara er þá var Björn Jónsson skólastjóri á Ísafirði. Kl. 2 um nóttina var langt komið með að semja og 7. febr. var framhaldsfundur þar sem samningar fóru í strand vegna þrákelkni atvinnurekendafélagsins.

9. febr. 1939 voru svo samningar loksins undirskrifaðir kl. 12 á miðnætti. Samningar þeir er þá voru undirskrifaðir voru að einu leyti þeir merkilegustu sem gerðir höfðu verið fyrir sjómenn á Íslandi með því að þeir byggðust alveg á því að sjómenn og útgerðarmenn stofnuðu tryggingarsjóð sem tryggja skyldi sjómönnum í Bolungarvík ákveðnar mánaðartekjur, eins þótt illa gengi með aflabrögð. Voru þar ákveðnar lágmarkstekjur 125 kr. á mánuði. Tekjur þessa sjóðs skyldu vera 2% af brúttóafla báta þeirra er samningur þessi náði til en þá voru stærri bátar allt niður í 5 smálestir. Var samin reglugerð fyrir sjóð þennan sem lögð var fyrir Stjórnarráð Íslands og staðfest þar. Að öðru leyti voru samningar svipaðir og þeir er áður höfðu gilt. Í sjómannadeildinni voru samningar þessir samþykktir mótmælalaust. Þó fannst það á að ekki voru allir ánægðir.

Þessir samningar í gömlu verstöðinni við hið ysta haf áttu þá eftir að valda gjörbyltingu í tryggingamálum sjómanna um allt Ísland".

Ég held að þessi stutta frásögn af því sem þarna gerðist fyrir röskum 45 árum síðan eigi vel við til þess að koma inn í umr. þær sem nú fara fram um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Á þessum tíma var í raun og veru lagður grundvöllur að því kerfi sem við höfum búið við um langt árabil, kerfi sem ég held að sjómenn almennt séu sammála um að fráleitt sé að skerða. Ég tek undir þau varnaðarorð hv. 12. þm. Reykv. á föstudaginn og vara hæstv. ríkisstj. við því að ganga þessa leið í ljósi þess að ef það verður gert er hér um slíka ögrun við sjómannasamtökin að ræða að engar líkur benda til þess að þau láti bjóða sér það ofan á það sem þau hafa þurft að þola til þessa.

Ég hygg að það væri miklu affarasælla fyrir hæstv. ríkisstj. að ganga til móts við sjómannasamtökin að því er þetta varðar heldur en að knýja þetta mál hér fram með þeim hætti sem mér sýnist allt benda til að eigi að gera. Því að verði það gert er það vitandi vits gert í ljósi þess að sjómannasamtökin a. m. k. munu ekki una þessum lagaákvæðum ef þau verða í þeim dúr sem hér er lagt til. Ég held að hvað sem mínum varnaðarorðum líður ætti hæstv. ríkisstj., hæstv. sjútvrh. að taka tillit til þeirra varnaðarorða sem hv. þm. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., sem stjórnarsinni, lét sér um munn fara s. l. föstudag. Verði þetta gert með þessum hætti er hæstv. ríkisstj. að egna til ófriðar á vinnumarkaðnum, ekki bara gagnvart sjómannastéttinni. Afleiðingar þessarar ákvörðunar, nái hún fram að ganga, koma til með að ná miklu víðar og hafa miklu meiri afleiðingar en það eitt að sjómannasamtökin muni segja: Hingað og ekki lengra. Ég hugsa að hæstv. ríkisstj. þyrfti á því fremur að halda að ástunda friðariðju — í skjóli friðarumræðna sem hér hafa farið fram lengi vel — í viðskiptum sínum við sjómannasamtökin, við launafólk almennt í landinu, ef hún a að eiga möguleika á því að halda velli.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. En ég lýsi strax við 1. umr. algjörri andstöðu Alþfl. við þetta frv., við þá breytingu sem hér er um að ræða, að skerða nú ofan á allt annað launakjör sjómanna og færa þannig til stórar fjárhæðir frá sjómönnum til útgerðaraðila.

Ég vildi gjarnan koma þeirri ósk á framfæri við hv. þm. Stefán Guðmundsson sem formann hv. sjútvn. sem málið fer til — bæði frá mér og hv. þm. Pétri Sigurðssyni sem ekki gat verið hér viðstaddur — að fengin verði skrifleg umsögn stjórnar Aflatryggingasjóðs um þá breytingu sem hér er lagt til að gerð verði, í umr. í n. eða með öðrum hætti þannig að formlega liggi ótvírætt fyrir hver afstaða stjórnar Aflatryggingasjóðs til þessa máls er. Það er eindregin ósk okkar, hv. þm. Péturs Sigurðssonar og mín, að þetta verði gert og þessu er hér með komið á framfæri við hv. formann sjútvn.

Ég skal svo ekki, herra forseti, eyða meiri tíma í þetta að sinni. Ég vil á engan hátt standa í vegi fyrir því að málið komist sem fyrst til n. þó að ekki yrði þess vart í Ed. að því lægi mikið á þar sem það var í margar vikur eða mánuði án þess að það væri afgreitt. Ég vil að lokum enn ítreka varnaðarorð um það að hæstv. ríkisstj. sjái nú að sér og gangi ekki þessa götu til enda því að þá mun illa fara, bæði fyrir henni og öðrum.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það er rétt að segja um þetta nokkur orð og er þó kannske óþarfi að segja miklu meira en hv. þm. Karvel Pálmason sagði um það áðan. Ég veit satt að segja ekki fyrir hönd hverra hann var að bera fram þær hótanir sem komu fram í hans máli.

Út af fyrir sig er full ástæða til að taka myndarlega í þegar um þetta mál er að tefla. Það hafa komið umsagnir frá ýmsum aðilum varðandi þetta frv. og að því ég best veit til hafa flestir þeir aðilar sem ég hef séð umsagnir frá verið neikvæðir.

Áður en ég held lengra máli mínu um þetta efni verð ég að leyfa mér að kvarta yfir því að hafa ekki fengið í hendurnar nál. minni hl. frá Ed., en út af fyrir sig er hægt að ræða málið án þess að hafa það milli handanna.

Efni frv. er einfalt. Það fjallar í stuttu máli um að taka þá peninga sem lagðir hafa verið í almennu deild Aflatryggingasjóðs og færa þá yfir til útgerðarinnar í gegnum stofnfjársjóð. Þetta er tilgangur frv. Þar með hlýtur hlutverk almennu deildarinnar að falla niður þann tíma sem þetta frv., ef að lögum verður, á að gilda, sem sagt á árinu 1984.

Menn skyldu athuga að þessi 4% eru allmiklir fjármunir, þ. e. 25. hluti af öllu verðmæti fiskafla í landinu, fjórir hlutar af hundrað af öllu hráefnisverði fiskjar í landinu.

Það er einfalt að ráðast að öllum atriðum frv., en sannleikurinn er sá að það hagar nokkuð sérstaklega til á þessu ári eftir að voru settar reglur um kvótasetningu. Þá er hverju skipi ætlaður ákveðinn skammtur af hverri fiskitegund og menn geta gengið að því vísu, menn geta fengið þarna ákveðinn skammt í sinn hlut. Almenna deildin hefur verið notuð til að greiða þeim sem ekki hafa fiskað nægilega mikið til að standa undir tryggingu. Jafnvel þó svo væri ekki ber þessum útgerðum að greiða mönnum hana.

Það atriði í þessum lögum sem er verst að mínum

dómi er einfaldlega að þessi 4% af afla skuli fara óskipt til útgerðar. Hv. alþm. ætti að vera fullkunnugt hversu mjög hefur gengið á hlut sjómanna að undanförnu, ekki aðeins á þessu ári eða hinu síðasta, heldur undanfarin ár. Árið 1981 var mesta aflaár í sögu þjóðarinnar. Það er engin ástæða til að búast við því að slík aflaár komi hvert á eftir öðru eða mörg í röð. Einhvers staðar hlýtur toppurinn að vera. Og menn geta fyllilega sætt sig við það að fá heldur minna í hlut en það ár sem mest veiðist. En svo langt og svo hratt hefur aflinn hrapað á undanförnum þrem árum að sjómannastéttin hefur farið á stuttum tíma úr ágætum kjörum ofan í þau verstu sem þekkjast í landinu. Ég vil leyfa mér að fullyrða að sjómaður hefur lægra tímakaup en nokkur starfsmaður í annarri atvinnugrein í landinu.

Við getum rétt ímyndað okkur hver væru laun hjá fólki sem ynni aldrei minna en 84 stundir í viku, því það er það sem menn gera á togurum sem hafa sex og sex tíma vaktir og þykir ekki mikið hjá sjómönnum. Þegar sá háttur var tekinn upp á sínum tíma þótti það satt að segja mikill lúxus, svo maður noti forníslenskt orð, en 84 tímar samt, fjarri heimili og vinna jafnt nætur og daga. Ég er alveg ssannfærður um að á meðalvertíðarbát er tímakaupið hjá sjómanninum miklu lakara en þekkist í nokkurri annarri stétt.

Þegar afli dregst svo saman sem raun ber vitni gefur auga leið að sjómannastéttin dregst aftur úr og hrapar mjög niður í launum og nú, eftir að sýnt var að ekki var hægt að mæla með meiri þorskveiði á þessu ári en 220 þús. tonnum eða svo, varð ljóst að á sama tíma og aðrar stéttir í landinu fengu nokkra launahækkun, sem virðist nú vera að falla fyrir borð þó lítil væri, að á sama tíma og aðrar starfsstéttir hafa fengið nokkra leiðréttingu sinna mála hafa sjómenn misst stórkostlega af sínum tekjum. Það er talað um að laun þeirra muni á þessu ári falla kannske frá 30—45% eftir aðstæðum. Frv. þetta fylgir á eftir brbl. á s. l. ári, þegar sjómenn þurftu að taka á sínar herðar miklar byrðar sem fólgnar voru í meiri þátttöku í kostnaði og talsvert stærri hluti var tekinn af hráefninu utan skipta. Og þó að það sé sagt að það eigi að gilda aðeins á þessu ári er ákaflega óheppilegur tími valinn til að bæta enn ofan á kostnaðarhlutdeildina um 4%. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef farið verður að eins og þetta frv. gerir ráð fyrir fer af fiskverðinu 41 kr. af hverjum 100 áður en til skipta kemur. Ég verð að segja að þarna finnst mér allt of langt gengið eins og á stendur. Ég er alveg viss um að íslenskir sjómenn eru tilbúnir að taka á sig allmiklar byrðar til að leysa erfið vandamál í þessu þjóðfélagi. En ég sé ekki ástæðu til þess að þeim séu lagðar miklu þyngri byrðar á herðar en nokkrum öðrum í þessu þjóðfélagi — miklu þyngri, því miður.

Út af fyrir sig er þarna um að tefla lög sem eiga, ef samþykkt verða, að gilda aðeins í eitt ár. Það er jákvætt að svo skuli vera og er þá greinilega tekið mið af því að kvótakerfið eigi aðeins að gilda jafnlangan tíma. Það er samhengi þarna á milli. Þarna er ekki verið að breyta lögum um hina almennu deild Aflatryggingasjóðs nema um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma. Það er einnig jákvætt. En ég vil ekki sætta mig við að þessir feikna fjármunir séu fluttir yfir til útgerðar án þess að áhöfnin fái sinn hlut. Í raun og veru er óforskammað eins og á stendur að bjóða upp á það.

Virðulegi forseti. Um þessi atriði mætti auðvitað fara miklu fleiri orðum, en málið er í raun og veru afar einfalt. Ég held, án þess að hafa kynnt mér sérstaklega álit minni hl. sjútvn. í Ed., að ef hæstv. ríkisst. hugsar sér að ýta þessu máli áfram og gera þetta frv. að lögum í því skyni að sjálfsögðu að gera tilraun til að leysa hluta þess vanda sem útgerðin stendur frammi fyrir og allir sjá og viðurkenna, verði ekki komist hjá því, þrátt fyrir slæma stöðu útgerðar á þessu ári aflasamdráttar að ríkisstj. sjái svo um að þessi 4% komi til skipta. Ég á bágt með að trúa því að þeir sem þekkja til sjávarútvegs og aðstæðnanna á þessu ári vilji ganga svo hart fram að taka þessi 4% algjörlega út úr hlut sjómannanna. Sannleikurinn er sá að í flestum tilfellum mun útgerðin fá ⅔ eða svo af þessum 4%, en áhafnirnar ⅓. Auðvitað getum við flutt um það brtt., en ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. ríkisstj. — og ég veit að þar sitja menn sem þekkja til þessara hluta, nokkrir þeirra, — að hún sjái um það sjálf að þetta verði leiðrétt. Ég óttast að hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. hafi ekki hugsað þetta mál til enda. Ég á afar bágt með að trúa því að t. d. maður eins og hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh., sem báðir eru gjörkunnugir þessum efnum, hafi ekki hugað að þessu atriði nægilega vel og gert sér grein fyrir hvað það þýðir. Ég hef enga stöðu til að hóta einum eða neinum ráðstöfunum á vegum sjómanna eða tala fyrir þeirra hönd, en ég vil segja við hæstv. ríkisstj. í fullri alvöru: Það er mjög óskynsamlegt að þröngva þessu máli óbreyttu í gegn. Ég tek aftur fram að í þessum orðum felast engar hótanir af neinu tagi. Það er ákaflega óskynsamlegt að ganga þannig fram. Ég legg þess vegna til, virðulegi forseti, að hæstv. ríkisstj. ræði þetta atriði, þó að ekki sé um annað að ræða í frv. en þetta eina atriði sem ég nefni hér, á næsta fundi sínum. Það er skynsamra manna háttur að meta stöðu eins og þessa og taka síðan ákvarðanir af yfirveguðu ráði. Þarna er gengið svo grimmt fram á versta tíma og þegar verst á stendur að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hæstv. ríkisstj. sjái ekki að það er eina leiðin sem er boðleg í sambandi við þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Sala kristfjárjarðarinnar Ytra-Vallholts, frv. 277. mál (þskj. 531). — 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Virðulegi forseti. Frv. þetta til l. á þskj. 531 um heimild til að selja kristfjárjörðina Ytra-Vallholt í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu er flutt af mér ásamt öðrum þeim þm. Norðurl. v. sem sæti eiga í hv. Nd.

Jörðin Ytra-Vallholt í Seyluhreppi, sem kallast kristfjárjörð, var gefin með gjafabréfi Þórðar biskups Þorlákssonar hinn 20. júlí 1693 til að vera „æfinlegt kristfé" þaðan í frá, eins og segir í því gjafabréfi. Gjafabréf Þórðar biskups er birt í Lovsamling for Island, I, bls. 508—509, og er gjafabréfið birt frá orði til orðs í grg. frv. Þar segir m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Góðum og guðhræddum lesendum og heyrendum þessa bréfs óska eg. Þórður Þorláksson, Superintendens Skálholtsstiftis, guðs náðar og miskunar,

með tímanlegum og eilífum frið fyrir vorn drottinn Jesum Christum: Hérmeð kunnugt gjörandi, að eg hefi í guðs nafni og góðri meiningu tileinkað og gefið fátækum guðs þurfamönnum, einkum munaðarlausum ekkjum og föðurlausum börnum í Hegraness þingi til ágóða og viðhjálpar, mína eignarjörð Ytra-Vallholt í Skagafirði, eptir því sem mitt testamentisbréf, daterað Skálholti þann 30. júnii Anno 1690 og auglýst á alþingi í lögréttu þann 10. júlii sama árs, útvísar, hvers bréfs póstur og innihald um sagt efni svo er hljóðandi orð fyrir orð sem eptir fylgir:

Sanctæ Mariæ kirkju að Hólum í Hjaltadal, hvar eg er borinn og barnfæddur, gef eg jörðina Ytra-Vallholt, XI hundruð að dýrleika, með VI kúgildum, hverja jörð mér fékk og gaf mín elskulega fósturmóðir, Halldóra Pétursdóttir, í próventu, með samþykki og ráði síns fróma og góða ektamanns, Hallgríms Guðmundssonar. Jörð sú er í Skagafirði, Hegraness þingi og Holts kirkjusókn. Skal jörðin, með kúgildunum og öllu því sem henni með réttu tilheyrir, vera æfinlegt kristfé héðan í frá. En það skil eg til, að fátækar, munaðarlausar ekkjur og föðurlaus börn, sem helzt eru þurfandi í Norðlendinga fjórðungi, einkum Hegraness þingi, hafi not af jörðinni. Biskup á Hólum sjái fyrir jörðinni og hennar afgjaldi sem bezt hentar, og fátækum guðs þurfamönnum má bezt haga &c."

Gjafabréfið er allmiklu lengra. Skv. ákvæðum gjafabréfsins skal jörðin Ytra-Vallholt vera ævinlegt kristfé, og með því öðlast ábúandi hennar ekki kauprétt skv. ábúðarlögum og jarðalögum. Á hinn bóginn hefur Alþingi í nokkrum tilvikum afgreitt sérstök lög um sölu kristfjárjarða, þannig að talið er að Alþingi hafi til þess fullt vald að kveða á um breytingar á gjafabréfum slíkum sem ég las hér kafla úr. Fyrir því eru nokkur fordæmi. Fyrir lýðveldistökuna 1944 var sótt um leyfi konungs í slíkum tilvikum og konungur Danmerkur og Íslands á þeirri tíð gaf leyfi sitt fyrir því að fjölmargar jarðir, sem voru kristfjárjarðir eða amtgjafasjóðsjarðir, voru seldar einstaklingum. Fyrir slíkum ráðstöfunum eru því ærin fordæmi.

Jörðin Ytra-Vallholt er sjálfseignarstofnun, sem nefnd er Legatssjóður Ytra-Vallholts. Skv. gjafabréfinu var Hólabiskupi falið að hafa umsjón með henni. Síðustu áratugi hefur prófasturinn í Skagafjarðarprófastsdæmi haft þessa umsjón með höndum í umboði biskups.

Í frv. þessu er lagt til að ríkisstj. fái heimild til að selja þessa jörð og annast um sölu hennar. Eðlilegt er að þar sé kveðið á um að matsverð gildi varðandi söluverð og er gert ráð fyrir að verð fari eftir mati dómkvaddra manna og andvirði jarðarinnar verði síðan afhent biskupi til ráðstöfunar í samræmi við ákvæði gjafabréfsins. Jafnframt er gert ráð fyrir því að kaupandi greiði kostnað við matið til þess að fullnægja því að fullt verð komi fyrir þessa eign.

Ábúandinn á Ytra-Vallholti, Hafsteinn Lúðvíksson, hefur búið þar síðan 1964. Hann er eigandi að nálega öllum mannvirkjum á jörðinni, öllum húsum, ræktun og mestöllum girðingum. Þessi mannvirki eru allmikil vegna þess að ábúandinn, Hafsteinn Lúðvíksson, er mikill myndarbóndi og duglegur og hefur þess vegna gert mikið á jörðinni. Ef svo færi, sem vitaskuld kemur að, að ábúendaskipti yrðu á þessari jörð og nýr ábúandi keypti ekki af fráfaranda, þá yrði Legatssjóði Ytra-Vallholts skylt að leysa til sín eignir núverandi ábúanda ef hann færi af jörðinni. Til þess hefur sjóðurinn ekkert bolmagn. Það er lítið fé í þeim sjóði. Þess vegna er betur séð fyrir hagsmunum sjóðsins með því að sala fari fram á jörðinni en hið gagnstæða, þó að einhver kynni að ætla annað.

Ég vil svo geta þess að með frv. eru tvö fskj., meðmæli frá jarðanefnd Skagafjarðarsýslu og hreppsnefnd Seyluhrepps. Báðar þessar nefndir mæla með því, að Hafsteinn Lúðvíksson fái ábýlisjörð sína keypta. Bæði fskj. eru með undirskrift Gunnars Gíslasonar sem er ritari bæði jarðanefndar og hreppsnefndar. Má vel geta þess hér að sá Gunnar Gíslason er séra Gunnar Gíslason, fyrrv. alþm. og prófastur í Glaumbæ, sem hafði umsýslu með þessari eign í umboði biskups til skamms tíma.

Ég leyfi mér svo að mælast til þess að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki sett mig sérstaklega inn í það mál sem hér var mælt fyrir, sölu þessarar tilteknu kristfjárjarðar, Ytra-Vallholts í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, en ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til að vekja athygli á því að staða kristfjárjarða er að ég best veit með mjög sérstökum hætti hvað snertir umráð og tilgang með stofnun þeirra á sinni tíð. Ég er dálítið kunnugur þessu máli vegna lagafrv. sem afgreitt var sem lög vorið 1982 frá hv. Alþingi í tengslum við fyrirhugaða kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. En svo vill til að þær þrjár jarðir sem tengjast athafnasvæði fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju voru einmitt kristfjárjarðir sem var ánafnað í því skyni einhvern tíma fyrir árið 1367, en gjafabréf vegna þeirra jarða er nú glatað.

Ég vil vekja sérstaka athygli hv. þingnefndar og hv. þingdeildar á því að um þetta mál var fjallað á þessum tíma, og er þó staða þessara jarða nokkuð önnur en þeirrar jarðar sem hér er lagt til að seld verði tilteknum aðila.

Munurinn er kannske sérstaklega sá að söluheimild var veitt skv. 4. gr. laga um kísilmálmverksmiðju frá árinu 1982, eins og segir í 4. gr. orðrétt, með leyfi forseta:

„Í sambandi við stofnun hlutafélags skv. 1. gr. er landbrh. fyrir hönd ríkissjóðs og hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, hreppsnefnd Helgustaðahrepps og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar sem umráða- og hagsmunaaðilum heimilt að selja ríkissjóði kristfjárjarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi. Andvirði hinna seldu jarða skal varið til félagslegra framkvæmda í Reyðarfjarðarhreppi, Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað. Ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félmrn. og ráðstöfun söluandvirðis skal vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa."

Í athugasemdum við þessa frvgr., sem eru allítarlegar, er vikið að því sem vitað er um stofnun þessara jarða sem kristfjárjarða. En eins og ég gat um er gjafabréfið glatað og hið helsta sem vitað er um er að jarðirnar voru orðnar kristfjárjarðir fyrir árið 1367. Síðan segir um þetta í athugasemdunum:

„Umráð kristfjárjarðanna Sómastaða og Sómastaðagerðis höfðu frá ómunatíð verið í höndum prestsins á Hólmum við Reyðarfjörð. Með breyttri þjóðfélags-

skipan færðust þessi umráð snemma á öldinni til ríkisins en fram til ársins 1960 var afgjaldinu skipt milli umræddra hreppa til að létta fátækraframfærsluna. Engin afgjöld hafa verið innheimt fyrir jarðirnar síðasta áratuginn. Stjórnarráðið, nánar tiltekið landbrn., hefur með hendi umsjá kirkjujarða annarra en prestssetra. Því er eðlilegt að líta svo á að umráðin, sem frá ómunatíð höfðu verið í hendi kirkjunnar, séu nú réttilega í höndum landbrn. Sveitarstjórnirnar hafa hins vegar ríkra hagsmuna að gæta af sölunni og því þykir eðlilegt að þær komi fram sem hagsmunaaðilar við söluna ásamt landbrh. sem seljanda. Samhliða því að heimild er veitt til sölunnar er fjmrh. veitt heimild til að kaupa jarðirnar. Ábúendur jarðanna eru eigendur mannvirkja og ræktunar. Þar sem nábýli við verksmiðjuna torveldar búskap á jörðunum er fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs veitt heimild til að kaupa eignir ábúenda þannig að þeir geti komið sér fyrir á nýjum stað og verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna verksmiðjuframkvæmdanna."

Síðan er gert ráð fyrir því í því framhaldi að ríkissjóður leigi hlutafélaginu Kísilmálmvinnslunni hf. nauðsynlegt jarðnæði fyrir verksmiðjureksturinn. Fyrirtækið verði ekki eigandi heldur ríkissjóður sem leigir verksmiðjunni aðstöðu.

Mikið var unnið á vegum iðnrn. að athugun þessa máls í samvinnu við sveitarstjórnirnar í umræddum þremur hreppum og liggja því fyrir í iðnrn. veruleg gögn varðandi stöðu kristfjárjarða og lögfræðileg skoðun þess máls unnin af Halldóri Kristjánssyni lögfræðingi ásamt fleirum sem hann leitaði til.

Ég tel að hér sé um mjög athyglisvert lögfræðilegt atriði að ræða fyrir utan almenna stöðu og tilurð kristfjárjarða og hvet eindregið til þess að vel sé farið ofan í þessi efni í tengslum við athugun á því frv. sem hér er til umr. Hér var einmitt vitnað til þess, eins og stendur í gjafabréfi Þórðar Þorlákssonar biskups, að jörðin sé gefin til að vera ævinlegt kristfé þaðan í frá. Menn vitna oft í sambandi við eignar- og umráðarétt til stjórnarskrárinnar og eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar sem ýmsir vilja túlka mjög þröngt. Ég er ekki í hópi þeirra, síst þegar um almannaheill og almannarétt er að ræða. En ég spyr: Hvar kemur inn réttur kristjarða og Kristsbónda í sambandi við ákvæði stjórnarskrárinnar? Er ekki vert að menn velti því fyrir sér og taki það til athugunar í sambandi við meðferð þessa máls?

Ég hef enga mótaða skoðun hér og nú varðandi afgreiðslu þessa fyrirliggjandi frv. Ég tel þetta fyrst og fremst vera málefni sem þörf sé að fara ofan í með tilliti til fordæmis, þeirrar ráðstöfunar sem gerð hefur verið á kristfjárjörðum undanfarið eða það sem menn hafa heimildir til og hvernig menn meta stöðu kristfjárjarða með tilliti til þeirra, sem enn halda gildi sínu sem slíkar, varðandi afgjöld og ráðstöfun afgjalds, hvernig er staða þeirra m. a. með tilliti til viðhorfa manna til eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 78. fundur.

Þriðjudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Innheimta tekjuskatts, fsp. 241. mál (þskj. 426). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 426 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. um innheimtu tekjuskatts.

Það er almennt viðurkennt að tekjuskattur, sem hafa átti þann tilgang að vera tekjujöfnunartæki þannig að skattbyrði yrði jafnað réttlátlega niður á þjóðfélagsþegnana, hefur ekki náð tilgangi sínum. Þvert á móti hefur tekjuskatturinn að verulegu leyti framkallað ójöfnuð sem einkanlega má rekja til þess að allt of margir komast upp með að telja ekki fram sínar raunverulegu tekjur. Þó að menn viðurkenni almennt þennan ójöfnuð hefur ekki náðst pólitísk samstaða um að afnema tekjuskattinn og leita réttlátari leiða til að jafna skattbyrðina. Grundvöllur ætti þó að vera fyrir því að leita nýrra leiða í þessu efni og afnema tekjuskattinn ef marka má að fyrir þinginu liggja tvær till. um afnám tekjuskattsins.

Sú fsp., sem hér er fram borin, er sett fram í þeim tilgangi að varpa ljósi á það hvernig tekjuskattsbyrðin raunverulega dreifist milli einstaklinga og einstaklinga með atvinnurekstur svo og hvernig tekjuskatturinn skiptist milli hinna einstöku rekstrarforma í atvinnurekstrinum. Þessar upplýsingar hafa ekki legið á lausu, en á fjárlögum kemur einungis fram heildartalan um tekjuskatt einstaklinga sem er á árinu 1984 áætlaður 1 milljarður 885 millj. og félaga 340 millj. Ég tel að það hljóti að vera bæði gagnlegt og nauðsynlegt fyrir þá umr. sem nauðsynlegt er að fram fari hér á hv. Alþingi um afnám tekjuskattsins að þessar upplýsingar liggi fyrir. Ég er sannfærð um að með slíkri sundurliðun og þeim upplýsingum, sem þessari fsp. er ætlað að varpa ljósi á, komi fram staðfesting á að tekjuskatturinn er sérskattur á launþega. Liggi það fyrir svart á hvítu ætti það að auðvelda hv. þm. að ná samstöðu um að afnema þennan óréttláta skatt og leita þá nýrra og sanngjarnari leiða til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Fsp. sú sem ég beini til hæstv. fjmrh. á þskj. 426 er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hverju nam innheimtur tekjuskattur á árinu 1983 og hvernig skiptist hann á eftirtalda aðila:

a) einstaklinga,
b) einstaklinga með atvinnurekstur,
c) hlutafélög,
d) samvinnufélög,
e) sameignarfélög?

2. Hve margir greiddu tekjuskatt á árinu 1983 skv. sömu sundurliðun og í 1. lið og hver var fjöldi skattskyldra aðila, sundurgreint á sama hátt?"

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 426 ber hv. 2. landsk. þm. fram fsp. sem hún hefur þegar kynnt. Svör mín eru svohljóðandi:

Upplýsingar þær sem fyrirspyrjandi biður um í 1. lið eru ekki fyrir hendi sundurliðaðar með þeim hætti sem beðið er um og þeirra verður ekki aflað nema með mjög tímafrekum og kostnaðarsömum hætti. Ástæðan að

baki því er sú, að í tekjubókhaldskerfi ríkisins er aðeins greint á milli greiðslna frá einstaklingum, þ. e. allra einstaklinga, hvort sem þeir stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eða ekki, og lögaðila, þ. e. félaga, að því er innheimtu tekjuskatts varðar. Kerfið byggir m. ö. o. á sundurliðun sem skattalögin gera ráð fyrir og skattkerfið notar við álagningu. Skv. þeirri sundurliðun skiptist innheimta tekjuskatts á s. l. ári þannig, að einstaklingar greiddu tæplega 2.1 milljarð kr. eða 2 milljarða 69 millj. í tekjuskatt, en lögaðilar hins vegar tæplega 469 millj. kr., þ. e. 467.9. Samtals nam innheimta tekjuskatts á s. l. ári rúmlega 2.5 milljörðum kr.

Á sama hátt er ekki hægt að lesa úr gögnum tekjubókhaldskerfisins hve margir, sundurliðað á sama hátt og í 1. lið, greiddu tekjuskatt á árinu 1983. Umrædd sundurliðun liggur, eins og áður segir, ekki fyrir, auk þess sem ríkisbókhaldið bókar fyrst og fremst fjárhæðir greiðslna en ekki fjölda þeirra.

Hins vegar er hægt að upplýsa að fjöldi skattskyldra einstaklinga á gjaldárinu 1983 var 168 þús. 171. Tekjuskattur skv. álagningarskrá 1983 var lagður á 88 þús. 350 einstaklinga. Nam álagningin þá tæpum 1.7 milljörðum kr. Af umræddum fjölda einstaklinga voru 21 066 með reiknað endurgjald skv. álagningarskrá 1983. Þar af voru 6 þús. bændur, þá bæði hjón talin. Fjöldi einstaklinga sem fengu álagt aðstöðugjald var samtals 15 688.

Af þessum tölum má fara nærri um hve margir af ofangreindum einstaklingum stunda rekstur eða sjálfstæða starfsemi. Hins vegar verður ekki ráðið, eins og áður segir, af fyrirliggjandi gögnum hve hárri fjárhæð álagður tekjuskattur á þá nam á s. l. ári.

Skattskyldir lögaðilar á álagningarskrá 1983 eru 6551. U. þ. b. þúsund aðilar á álagningarskránni hafa ekki með höndum atvinnurekstur í lengri eða skemmri tíma. Af ofangreindum fjölda lögaðila var lagður tekjuskattur á 2435 á árinu 1983, samtals að fjárhæð 457 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. svör hans, en ég vil lýsa vonbrigðum mínum og undrun á því að þessar upplýsingar séu ekki aðgengilegri í kerfinu en hér hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh. Þessar upplýsingar hljóta að vera nauðsynlegar til að varpa ljósi á hvernig tekjuskatturinn dreifist innbyrðis og til að flýta fyrir því að ná fram pólitískri samstöðu um að afnema tekjuskattinn og leita nýrra leiða til tekjuöflunar og sanngjarnari dreifingar skattbyrðar.

Alþfl. hefur haft það lengi á stefnuskrá sinni að afnema þennan launamannaskatt og lagt fram um það tillögur. Ég trúi ekki að nokkur mæli því í gegn að þetta er óréttlátur skattur og að þessi skattbyrði lendir að mestu leyti á hinum almenna launamanni, því að skattkerfið og undandráttur frá skatti gerir öðrum kleift að sleppa billega frá því að greiða sinn skerf. Mér finnst þetta koma nokkuð ljóslega fram í bæklingi eða bók sem Framkvæmdastofnun ríkisins gaf út um vinnumarkaðinn 1982. Þessar upplýsingar Framkvæmdastofnunar eru fengnar með sérstakri úrvinnslu upplýsinga sem eru á launamiðum og eigendaframtölum. Þar kemur fram að meðallaun eigenda í öllum atvinnugreinum voru tæpum 40% lægri en faglærðra í öllum atvinnugreinum og 14% lægri meðaltalslaun höfðu atvinnurekendur á árinu 1982 en ófaglært verkafólk og skrifstofufólk. Að vísu er hér um áætluð laun eigenda í atvinnurekstri að ræða, en þessar tölur staðfesta ótvírætt að okkar hripleka og ósanngjarna skattkerfi þarfnast endurskoðunar og að afnema ber þennan óréttláta launamannaskatt sem tekjuskatturinn er.

Þetta er auðvitað ekkert annað en launamannaskattur. Um það vitnaði t. d. Ólafur Björnsson í Vísi í okt. 1975 í ítarlegri grein sem hann nefndi „Tekjuskattur, sérskattur á launþega". Þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Tekjuskattar, hvort heldur til ríkis eða bæjar- og sveitarfélaga, verða í framkvæmd sérskattar á tekjur þeirra er vinna í þjónustu annarra, þar eð aðrir geta nokkurn veginn ákveðið sjálfir skattlagningu sína. Það er því ekki á rökum reist að tekjuskatturinn sé tæki til þess að jafna tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Það á aðeins við um innbyrðis tekjuskiptingu milli launþega, en engan veginn þegar litið er á þjóðfélagið í heild."

Þetta er hverju orði sannara hjá prófessor Ólafi Björnssyni, og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. í framhaldi af þessu hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar að tekjuskatturinn sé sérskattur á launþega og þá einnig í framhaldi af því hvort nokkur áform séu uppi í ríkisstj. um að afnema tekjuskattinn. En það hlýtur þó að vera lágmarkskrafa að meðan þessi skattur er lagður á sé hægt á auðveldan hátt að fá upplýst hvernig hann skiptist innbyrðis. Ég tel skyldu fjmrh. að sjá svo um að þær upplýsingar séu aðgengilegar meðan þessi skattur er á annað borð lagður á.

Í framhaldi af því vil ég einnig spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hyggist þá gera einhverjar ráðstafanir í því skyni í kjölfar þessara takmörkuðu upplýsinga sem hann hefur gefið þdm. og við þeirri fsp. sem ég hef hér fram borið.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Þó að tekjubókhald ríkisins gefi ekki þær upplýsingar sem um var beðið held ég að þær hafi komið fram í mínu svari, þær voru fengnar annars staðar frá. Ég svaraði þeim fsp. sem bornar voru fram þó svörin hafi komið annars staðar frá en frá tekjubókhaldi ríkisins.

Hvað varðar tekjuskattinn get ég upplýst, ef hv. þm. ekki veit það fyrir, að það er á stefnuskrá Sjálfstfl. að leggja hann niður og ég hef ekki orðið var við neina aths. við það frá samstarfsflokki ríkisstj. Ég reikna með því að að því verði unnið áfram.

Mengun lofts og lagar, fsp. 285. mál (þskj. 548). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina til hæstv. samgrh. og heilbrrh. fsp. um rannsóknir á mengun lofts og lagar við Ísland. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvernig er fylgst með langtímabreytingum á mengun lofts og lagar við Ísland?

2. Hvaða niðurstöður liggja fyrir um slíka mengun, m. a. varðandi geislavirk efni og súra úrkomu?"

Markmiðið með fsp. er að fá upplýst hvernig þessum málum er hagað hérlendis, en tilefnið er m. a. þær fréttir sem nýlega hafa borist um það að vart hefði orðið geislavirkra efna á hafsvæðinu milli Íslands og Græn-

lands. Þar hefði komið fram við mælingar cesíummengun þar sem um er að ræða geislavirkt efni sem rakið hefur verið til Windscale-stöðvarinnar á Bretlandi, en það er stöð þar sem unnið er úr kjarnorkuúrgangi.

Nú hefur komið í ljós við mælingar að mengun frá þessari stöð hefur komið fram við mælingar í Norðursjó og í Norðurhöfum, þ. e. við Austur-Grænland. Hér er vissulega um mál að ræða sem nauðsynlegt er að íslensk stjórnvöld fylgist náið með þar sem Austur-Grænlandsstraumurinn kvíslast sitt hvoru megin við Ísland og getur borið mengun á íslenska veiðislóð. Afleiðingar af slíku, ef um verulega mengun er að ræða, geta vissulega orðið alvarlegar fyrir fiskveiðar og sölu fiskafurða frá Íslandi. Ísland hlýtur því að gera kröfur til þess að fyrir þessa mengun verði tekið. Ég hygg raunar að Ísland hafi slegist í hóp með öðrum Norðurlöndum sem hafa óskað eftir úrbótum á þessari úrgangsvinnslu kjarnakleyfra efna á Bretlandseyjum.

Hinn mengunarþátturinn sem sérstaklega er nefndur í fsp. varðar súra úrkomu. En sem kunnugt er veldur fátt meiri áhyggjum í iðnaðarríkjum nú en mengun af völdum súrrar úrkomu sem stafar af brennisteinssamböndum og fleiri efnasamböndum sem berast út í andrúmsloftið frá iðjuverum af ýmsu tagi. Ástandið er nú þannig í Mið-Evrópu að verulegur hluti skóglendis t. d. í Vestur-Þýskalandi er þegar stórskemmdur. Maður les jafnvel um að ⅓ skóglendis þar í landi beri nú þegar skaða af völdum mengunar, sérstaklega vegna súrrar úrkomu.

Sama er að segja um Norðurlönd sem verða fyrir barðinu á þessari mengun, sérstaklega vegna þess að hún berst með suðvestlægum eða vestlægum vindum frá Bretlandseyjum og Mið-Evrópu inn yfir Norðurlönd og hefur valdið þar geysilegu tjóni nú þegar á skóglendum og á fersku vatni. Þannig er mikið af veiðivötnum í Noregi þegar spillt og sumpart ördeyða svo að þar er engan fisk að fá og ekkert líf sem staðið geti undir vatnafiski.

Hérlendis höfum við talið okkur að mestu laus við mengun af þessu tagi. Engu að síður hljótum við að eiga að fylgjast með slíku því að loftstraumar berast inn yfir Ísland og loftmengun af þessu tagi getur hingað borist og valdið tjóni sem sérstaklega mundi þá bitna á ferskvatni, auk sýringar jarðvegs.

Hv. alþm. er kunnugt að umhverfismál okkar eru ekki í því horfi sem skyldi hvað varðar stjórnsýslu og fyrirkomulag þessara mála. Ég veit að þessi mál heyra undir ýmis ráðuneyti, þ. á m. heilbrmrn. sem fer með hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, en einnig undir samgrn. sem fer með málefni Siglingamálastofnunar. Hún hefur með að gera eftirlit með mengun sjávar og eftirlit með alþjóðasamningum sem Íslendingar hafa gerst aðilar að varðandi mengun sjávar. Þar má nefna samninginn um bann við losun úrgangsefna í hafið, hina svokölluðu Osló-samþykkt og einnig Parísar-samninginn um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem staðfestur var með lögum frá Alþingi 18. maí 1981.

Umræða um endurbætur á löggjöf varðandi umhverfismál varðar ekki síst mengunarvarnir og nauðsynina á að koma þeim málum í viðunandi horf, gera löggjöfina skilvirka að þessu leyti og tryggja samræmingu í þessum efnum.

Ég vænti þess að þau svör sem vænta má frá hæstv. ráðh. varpi ljósi á þessi efni, sem hér er um spurt, en það varðar sérstaklega langtímabreytingar vegna mengandi efna.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Rannsóknir á mengun hafsins við Ísland hafa hingað til verið fremur takmarkaðar og tæpast hægt að tala um markvissar athuganir eða mælingar á mengun sjávar hér við land. Þess vegna er mjög erfitt að fullyrða um það hvort mengun sjávar hafi hér vaxið á síðustu árum eins og víða annars staðar í heiminum, staðið í stað eða jafnvel minnkað. Helst er rætt um mengun í sjó sem mjög staðbundið fyrirbæri, svo sem mengun einstakra hafna og/eða mengun frá verksmiðjum.

Að vísu eru, vegna krafna frá erlendum kaupendum fiskafurða héðan, framkvæmdar reglulega mælingar á tilvist kvikasilfurs og þungmálma í fiskafurðum. Má segja að þessar mælingar eigi að gefa nokkra vísbendingu yfir lengra tímabil um breytingar á tilvist þessara efna í hafinu ef um slíkt er að ræða, þar eð slíkt ætti að koma fram í breyttu innihaldi þeirra í fiskafurðum. Þessar mælingar, sem hófust að marki 1974, leiða í ljós að litlar breytingar hafa orðið á tilvist þessara efna í helstu fiskafurðum okkar á þessu tímabili.

Á vegum aðildarríkja tveggja alþjóðasamninga um varnir gegn mengun hafsins, þ. e. svonefndrar Oslósamþykktar frá 1972 um varnir gegn losun úrgangsefna í hafið frá skipum og flugvélum og svonefndrar Parísarsamþykktar frá 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, eru nýlega hafnar skipulagðar mælingar (monitoring program) í Norðaustur-Atlantshafi. Í þessum mælingum er lögð áhersla á að taka sjávarsýni, botnssýni og ákveðnar fisktegundir til athugunar. Vonast er til að Ísland geti orðið virkur þátttakandi í þessari starfsáætlun sem væntanlega mun, þegar fram líða stundir, varpa frekara ljósi á mengun sjávar hér við land. Nú nýlega hefur verið óskað eftir því við íslensk stjórnvöld frá erlendum aðildarríkjum að Ísland taki þátt í þessu verkefni þar sem gera megi ráð fyrir að mælingar hér við land endurspegli nokkuð hin náttúrlegu mörk mengunar í sjó.

Af þungamálmum hefur kvikasilfur mest verið rannsakað í sjó í grennd við Ísland. Var það vegna þess að fyrir nokkrum árum komu fram erlendar niðurstöður, sem bentu til þess að allmikið kvikasilfur væri í pólsjó. Í stystu máli hafa rannsóknir hér stangast mjög á við þær erlendu og sýnt að styrkur kvikasilfurs í sjó er mjög lítill.

Þegar gaus í Heimaey 1973 og hraun rann í sjó kom fram nokkur aukning á kvikasilfri og einnig kísilflúor, járni, mangan og zinki. Vegna mikillar blöndunar við eyna náðu þessi áhrif skammt og ollu engum skaða.

Rannsóknir á DDT og öðrum pólyklórineruðum kolvatnsefnissamböndum, svo sem PCB, í lífverum sjávar hér við land eru mjög takmarkaðar. Árið 1971 var þó safnað sýnum af ýmsum tegundum fiska sem voru rannsökuð í Woods Hole í Bandaríkjunum. Niðurstöður bentu til nokkurs styrks þessara efna í sýnum héðan en miklu lægri þó en er í lífverum frá svæðum þar sem mengunar gætir, eins og t. d. í Norðursjó. Þess ber að gæta að talið er að DDT og PCB berist loftveg um alla jörðu.

Um mælingar á mengun af völdum geislavirkra úrgangsefna í hafinu er það að segja að þær hafa ekki farið fram hér við land. Nýlegar athuganir á vegum Svía

og Dana við Austur-Grænland benda til þess að geislavirk mengun hafi vaxið í sjó í Austur-Grænlandsstraumnum sem gengur upp að Íslandsströndum. Þessa auknu mengun, sem enn er þó langt fyrir neðan hættumörk, má rekja til endurvinnslustöðva fyrir kjarnorkuúrgang í Evrópu, aðallega þó á Englandi. Ísland hefur brugðið hart við þessum teiknum og lagt fram tillögur ásamt Dönum, Norðmönnum og Svíum um að tækjabúnaður endurvinnslustöðvanna verði bættur þannig að komið verði í veg fyrir þessa mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur framkvæmt mælingar til að fylgjast með áhrifum af völdum mengandi starfsemi. Í því sambandi hafa einnig verið gerðar bakgrunnsmælingar til að fá upplýsingar um ástandið eins og það var áður. Niðurstöður þessara mælinga má nota til að fylgjast með þróun mengunar á viðkomandi svæði, en þær eru allt of fáar og strjálar til að gefa upplýsingar um ástand mengunarmála í landinu í heild.

Söfnun úrkomusýna og loftsýna til efnagreiningar hefur verið framkvæmd frá árinu 1958 í samvinnu við erlenda aðila. Athugunin hefur nær eingöngu beinst að súrnun úrkomu af völdum aðfluttrar brennisteinsmengunar. Veðurstofa Íslands hefur annast söfnun sýnishorna, en frá 1978 hefur þetta verið hluti af verkefni á vegum Efnahagsnefndar Evrópu. Söfnun þessara sýna fer nú fram á Írafossi.

Niðurstöður benda til að enn sé loftmengun lítil hér á landi. Brennisteinstvígildi og köfnunarefnistvígildi, sem talin eru valda mestu um súrnun úrkomu, hafa verið mæld en í mjög litlum mæli. Köfnunarefnistvígildi hefur aðeins verið mælt umhverfis Reykjavík þar sem ætla má að styrkur þess sé mestur. Niðurstöður benda til að mengun sé 20—30% af áhyggjumörkum. Mengun af völdum brennisteinstvígildis hefur í öllum tilfellum mælst undir 10% af áhyggjumörkum nema á mjög takmörkuðum svæðum í kringum mengandi starfsemi. Brennisteinstvígildi og köfnunarefnistvígildi eru ekki góðir mælikvarðar á aðflutta mengun. Súlfat, nítrat og sýrustig úrkomunar gefa fremur vísbendingu um hana. Sýrustig úrkomu í jafnvægi við koltvígildi ómengaðs andrúmslofts er um það bil 5.5. Hér á landi hefur sýrustig í úrkomu mælst nærri þessari tölu, en svo virðist sem sýrustig hafi nokkuð lækkað. Þannig mældist sýrustig áranna 1958—1968 að meðaltali 5.5, en áranna 1974—1979 5.1. Þá mælast öðru hvoru stutt tímabil þar sem sýrustig er verulega lægra.

Það sem gert hefur verið af mælingum á fínu ryki í andrúmsloftinu bendir til þess að rykmengun sé á bilinu 10—30% af áhyggjumörkum. Með fínu ryki er hér átt við rykkorn sem eru minni en 10 míkrómetrar í þvermál.

Lítið hefur verið gert af vatnsmengunarmælingum hér á landi og ekki um neinar reglulegar mælingar að ræða. Nokkuð hefur verið gert til að kanna mengun frá holræsum og benda niðurstöður til þess að á nokkrum stöðum gæti mengunar af þeirra völdum en svo til ekkert er vitað um vatnsmengun af öðrum völdum.

Hér á landi eru geislavirk efni einkum notuð á stærstu sjúkrahúsunum og þá til lækninga, sjúkdómsgreininga og við rannsóknir. Auk þess eru geislavirk efni lítillega notuð við rannsóknir utan sjúkrahúsanna, við kennslu og í iðju og iðnaði. Haft er eftirlit með innflutningi og meðferð geislavirkra efna af hálfu Hollustuverndar ríkisins, áður Geislavarna ríkisins. Með hliðsjón af þeirri notkun sem um er að ræða á ekki að þurfa að óttast mengun vegna geislavirks úrgangs, sérstaklega þar sem meðferð geislavirkra efna hér á landi er í samræmi við reglur Alþjóðageislavarnaráðsins þar um.

Á árunum 1960—1967 fóru fram á vegum Geislavarna ríkisins og Raunvísindastofnunar Háskólans umfangsmiklar mælingar á geislavirkum efnum í andrúmslofti, í kjöti og mjólk. Hliðstæðar mælingar fóru einnig fram í flestum löndum Evrópu um þetta leyti. Var það vegna tilrauna stórveldanna með kjarnorkuvopn ofanjarðar en þær höfðu í för með sér geislavirkt úrfelli um alla jörðina. Niðurstöður þessara mælinga hér voru sambærilegar við hliðstæðar mælingar á hinum Norðurlöndunum.

Á árinu 1967 var ákveðið að þessum mælingum skyldi ekki haldið áfram enda var þá hætt tilraunum með kjarnorkuvopn ofanjarðar auk þess sem mælingar sýndu að magn geislavirkra efna hafði minnkað mikið frá því sem var. Fylgst hefur verið með niðurstöðum mælinga á Norðurlöndunum á 8. og 9. áratugnum. Til samanburðar og fróðleiks má geta þess að þegar mælingum var hætt hér á landi 1967 mældust um 14700 Bq af geislavirku cesíum pr. 1000 lítra mjólkur og í Færeyjum mældust á árinu 1981 5100 Bq af geislavirku cesíum pr. 1000 lítra mjólkur.

Á árinu 1982 fóru fram mælingar á styrk geislavirks cesíum í Norðaustur-Grænlandsstraumnum. Sýni voru tekin nálægt 70° N og 20° V. Styrkur geislavirks cesíum reyndist vera 5.4—6.8 Bq pr. 1000 lítra sjó. Vegna hins geislavirka úrfellis sem féll til jarðar á 7. áratugnum er styrkur geislavirks cesíum á þessu hafsvæði áætlaður um 5 Bq pr. 1000 lítra sjó. Þessa örlitlu aukningu á styrk geislavirks cesíum, 0.4—1.8, má rekja til kjarnorkuvera í Bretlandi er leiða geislavirkan úrgang í Írlandshaf. Þaðan berast efnin norður með Danmörku og Noregi og allt norður til Svalbarða en sveigja síðan með straumnum niður með Austur-Grænlandi. Talið er að það taki efnin 8—10 ár að berast þessa leið. Af hálfu Hollustuverndar ríkisins er fylgst náið með þróun þessara mála.

Í þessu svari er stuðst við upplýsingar frá Siglingamálastofnun ríkisins, mengunarvarnadeild, og geislavörnum innan Hollustuverndar ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem fram koma í svari hans. Þær bera í fyrsta lagi vott um að mengun geislavirkra efna og sýring sé ekki nálægt hættumörkum og er það vissulega ánægjuefni. Hitt er áhyggjuefni að um aukningu er að ræða á geislavirkum efnum á hafsvæðum sem tengjast straumakerfinu við Ísland. Við höfum lengi talið okkur í nokkrum sérflokki varðandi mengunarmál og hælst um af hreinu vatni og tæru lofti. Það eru vissulega gæði sem við þurfum að standa mjög fast vörð um, ekki síst sem matvælaframleiðsluland og einnig í ljósi þess að lífríki á norðlægum slóðum er viðkvæmara fyrir mengun en gerist á suðlægari slóðum, þar sem ýmsar aðstæður fyrir líf eru hagstæðari.

Ég tel að brýna nauðsyn beri til þess að samræma tök íslenskra stjórnvalda á þessum málum, því að eins og kom fram í svari hæstv. ráðh. þá eru það fleiri en ein og fleiri en tvær stofnanir sem sinna þessum málum. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að samvinna milli

þeirra er engan veginn með þeim hætti sem æskilegast væri. Sumar þessara stofnana, eins og t. d. Veðurstofa Íslands, hafa sinnt þessum verkefnum, sumpart með tilstyrk erlendra aðila og fyrir hvatningu erlendis frá og hafa ekki fengið sérstakt fjármagn til þess að vinna að þessum málum. Það mun gilda að ég hygg um Veðurstofu Íslands.

Siglingamálastofnun, sem ber ábyrgð á eftirliti með mengun sjávar, hefur kvartað undan því að hafa ónóg ráð til þess að fylgjast með í þessum efnum enda verið leitast við að spara í rekstri stofnunarinnar að undanförnu að ég hygg.

Ég held að við þurfum að gæta þess, jafnframt því sem fullrar hagsýni er gætt, að þrengja ekki svo að þeim aðilum sem eiga að rækja eftirlit varðandi mengun lofts og lagar að ekki sé um fullkomna upplýsingasöfnun að ræða miðað við þau tæki og tækni sem við ráðum yfir í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. nefndi það, að nú væri búið að gera áætlun um athuganir á mengun í Norðurhöfum á vegum þeirra þjóða sem standa að Oslóar-samkomulaginu og Parísar-samkomulaginu um mengun sjávar og fyrirhugað sé að Íslendingar gerist aðilar að þessu starfi. Ég fagna því vissulega að svo er og vænti þess að þær athuganir verði með þeim hætti, að Íslendingar geti haft af þeim sem fyllst gagn.

Ég nefndi í inngangsorðum mínum umhverfismál og stjórnun þeirra og fyrirhugaða löggjöf. Fyrr í vetur var hæstv. félmrh. inntur eftir því hér á þingi hvenær mætti vænta frv. til laga um umhverfismál. Það mun hafa verið í öndverðum febrúarmánuði. Hæstv. ráðh. taldi þá líklegt að frv. um þetta efni kæmi fram á þingi snemma í mars eða í öllu falli í marsmánuði. Mars er nú liðinn og kominn apríl. Ég vek athygli á þessu vegna þess að með slíkri löggjöf þarf alveg sérstaklega að taka á þeim málum sem varða mengunarmálefni og fylla í þær eyður sem eru í okkar löggjöf.

Ég vil að endingu þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og treysti honum til þess að stuðla að endurbótum á þessu sviði varðandi mengunarrannsóknir, ekki síst rannsóknir til lengri tíma þannig að Ísland fái haldið stöðu sinni sem eitt af þeim tiltölulega fáu löndum jarðar, þar sem mengun er tiltölulega lítil og undir hættumörkum. Það þarf að vera okkar takmark.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég hef mikinn hug á því að þessi ráðuneyti bæði fylgist vel með í þessum efnum og við höfum í hyggju að eiga náið samstarf við erlend aðildarríki að þeim tveimur alþjóðasamningum sem fyrr er getið þannig að Ísland taki þátt í því verkefni sem ég ræddi um. Gera megi ráð fyrir að mælingar hér við land geti nokkuð endurspeglað hin náttúrlegu mörk mengunar í sjó. Við tökum þátt í þessu alþjóðasamstarfi. En það er hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þessar stofnanir sem hér eiga hlut að máli hafa ekki fengið nægilegt fjármagn á liðnum árum og ekki nú og eru illa settar til þess að auka starfsemi sína á þessu sviði. Við erum að vísu ólíkt betur settir í þessum efnum en þjóðir á meginlandi Evrópu en það breytir því ekki að okkur ber að halda vöku okkar og fylgjast með því sem er að gerast því að hættan er nálægt okkur þó að við séum ólíkt betur á vegi staddir en þessar þjóðir.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli og ég vil einnig þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargott svar. Því er ekki að neita að geislavirkni í hafi er visst áhyggjuefni hvort sem hún stafar af vinnslu geislavirkra úrgangsefna á Bretlandseyjum eða slysi sem gæti orðið t. d. á kjarnorkuknúnum kafbát einhvers staðar í hafinu. Það er ekki vegna þess að kjarnorkuknúnir kafbátar muni geta valdið sprengingu heldur getur leki af geislavirkni í hafinu í nágrenni Íslands haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sölu okkar á fiskafurðum.

Á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins höfum við reiknað með því, því að það eru fleiri en þessar tvær stofnanir sem taldar voru upp sem telji sér málið skylt, við höfum reiknað með því að fyrr eða síðar yrðum við að vera í stakk búnir til þess að geta mælt geislavirkni í fiskafurðum hvenær sem þess er krafist. Mér er ekki kunnugt um hversu mikils búnaðar er þörf en ég hef við lauslega áætlun talið að hann sé ekki mjög mikill. Hitt er alveg laukrétt að mjög nauðsynlegt er að þarna sé einhver samræmd afstaða og aðstaða og alger óþarfi að margar stofnanir séu að grautast í þessu í einu.

Við höfum, eins og reyndar kom fram, í mörg ár fylgst með þungmálmamengun og reyndar einnig í sambandi við þessar DDT-mælingar frá 1970, það litla sem gert var. Ég get fullyrt það að vottorð um að engra þungmálma sé að vænta í íslenskum fiskafurðum hafa haft sitt að segja við sölu á þessum afurðum. Þetta getur hvenær sem er átt við um geislavirkni líka.

Minni háttar einkamál fyrir héraðsdómi, fsp. 285. mál (þskj. 548). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Magnússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„Hvað líður undirbúningi að setningu laga um meðferð minni háttar einkamála fyrir héraðsdómi?"

Á Alþingi 1976—1977 var lögð fram og samþykkt þáltill. um fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum. Flm. voru Bragi Sigurjónsson o. fl. Till. var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj. að hún láti nú þegar semja frv. til breytinga á lögum og geri aðrar ráðstafanir til undirbúnings því að komið verði á fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum. M. a. geti dómari ákveðið að mál sem höfðuð eru af viðskiptavini verslunar eða þjónustufyrirtækis vegna viðskipta við fyrirtækið hljóti skjótari og ódýrari afgreiðslu en nú tíðkast. Meðferð þessari megi beita við minni háttar mál, sem varða allt að 100 þús. kr. Við þessar lagabreytingar verði meðferð líkra minni háttar mála í öðrum löndum höfð til hliðsjónar en reglur höfða til íslenskra aðstæðna."

Hér ber að geta að sú fjárhæð sem nefnd var í þáltill. var að sjálfsögðu í gömlum krónum. Í ýmsum löndum hafa verið lögfestar reglur sem heimila einfaldari og ódýrari meðferð einkamála en almennt gildir. Í því sambandi má benda á Bandaríkin, Bretland og Svíþjóð. Í Bandaríkjunum hefur þessi skipan mála verið við lýði í sumum ríkjum allt frá árinu 1912, en lög um þessi efni voru sett í Bretlandi árið 1973 og í Svíþjóð árið 1974. Einkenni þessara svokölluðu minni háttar einkamála

eru þau, að einungis er heimiluð einfaldari málsmeðferð fyrir dómstólum þegar kröfufjárhæð er undir ákveðinni hámarksfjárhæð. Í Bandaríkjunum er miðað við 1000 dollara, í Bretlandi 2000 pund og í Svíþjóð 10400 sænskar kr. Markmið slíkrar lagasetningar í umræddum löndum er að tryggja það að fólk geti náð rétti sínum án þess að þurfa að leggja í meiri háttar kostnað og án þess að bíða eftir úrslitum máls í óhæfilega langan tíma. Þá er og annað einkenni þessara mála í umræddum löndum, að ekki er dæmdur annar málskostnaðar en sá sem nemur ferðakostnaði viðkomandi og kostnaði við endurrit og birtingu dóms.

Á undanförnum árum hefur víðast hvar á Vesturlöndum verið leitast við að auðvelda og hraða meðferð einfaldra innheimtumála. Sú lagasetning sem hefur átt sér stað í þeim efnum og önnur svipaðs eðlis koma aðallega þeim til góða sem stunda einhverja atvinnustarfsemi. Í kjölfar aukins neytendastarfs og ríkari neytendavitundar á síðari árum hefur athyglin beinst í auknum mæli að því hvernig einstaklingar geti á sem auðveldastan hátt náð rétti sínum. Hefur mönnum fundist að venjuleg dómstólameðferð væri of seinfarin og kostnaðarsöm, sérstaklega varðandi mál um lágar fjárhæðir. Þessi mál eru þó iðulega ekki jafnauðveld úrlausnar og þau innheimtumál sem ég talaði um. Einstaklinginn getur hins vegar skipt miklu máli að eiga möguleika á því að fá úrlausn slíkra mála án allt of mikils kostnaðar. Það skiptir líka máli í þessu efni að seljendur vöru og þjónustu viti af því að neytendur eiga þess kost að fá úrlausn mála með ódýrum og skjótvirkum hætti. Slíkt veitir nauðsynlegt aðhald, skapar aukið jafnræði á markaðnum og getur skapað fordæmi um það hvað séu góðir verslunarhættir og þjónusta.

Í grg. með þáltill. um fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólum frá 1976 segir svo, með leyfi forseta:

„Í neysluþjóðfélagi eins og því íslenska fer ekki hjá því að upp komi fleiri eða færri deilumál, m. a. milli neytenda og þeirra sem selja þeim vörur og þjónustu. Mörg þessara mála varða hvert um sig e. t. v. ekki mikilli upphæð og verður það óhjákvæmilega til þess að neytandanum þykir ekki borga sig að eyða tíma og fé fyrir dómstólum. Á þennan hátt fer forgörðum heilbrigt aðhald sem verslunarstéttunum er nauðsynlegt."

Þá segir einnig, með leyfi forseta: „Þessa meðferð mála mætti einnig nýta í öðrum skyldum smámálum og létta þannig vinnuálagi á dómstólunum, og það hlýtur þá einnig að leiða til hraðari meðferðar umfangsmeiri mála."

Þann 6. nóv. 1979 fól þáv. dómsmrh. Vilmundur Gylfason borgardómurunum Friðgeiri Björnssyni og Hrafni Bragasyni að vinna að undirbúningi löggjafar um fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómstólunum, svonefndra neytendamála. Eftir því sem ég best veit skiluðu þeir Friðgeir og Hrafn verki sínu í apríl árið 1980 þannig að drög að frv. og grg. lá þá fyrir. Þar sem mér er ekki kunnugt um að nokkuð hafi gerst í málinu síðan, en fullbúin frumvarpsdrög hafi legið fyrir og þáltill. sem ég nefndi hér áðan, leyfi ég mér að bera fram framangreinda fsp. til hæstv. dómsmrh.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 548 ber hv. 2. þm. Reykv. fram fsp. þar sem óskað er upplýsinga um hvað líði undirbúningi að setningu laga um meðferð minni háttar einkamála fyrir héraðsdómi. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda þá var vorið 1977, undir þinglok, samþykkt á Alþingi þál. um undirbúning löggjafar um meðferð minni háttar einkamála fyrir héraðsdómi. Munu þar einkum hafa verið höfð í huga svonefnd neytendamál.

Þál. þessa lagði dómsmrn. fyrir réttarfarsnefnd sem fjallað hefur um endurskoðun á þessum þætti laga.

Í nóv. 1979 fól þáv. dómsmrh. borgardómurunum Hrafni Bragasyni og Friðgeiri Björnssyni að undirbúa lagafrv. um framangreint efni. Fengu þeir til umfjöllunar þau gögn er réttarfarsnefnd hafði aflað sér um löggjöf ýmissa þjóða um meðferð á þessu sviði. Sendu þeir rn. tillögur sínar í formi lagafrv. vorið 1980. Var það lagafrv. sent réttarfarsnefnd til athugunar þegar í stað. En nefndin hefur ekki skilað áliti um málefnið.

Rn. hefur nú óskað grg. um afstöðu nefndarinnar og mun stefnt að því að málið skýrist svo að um megi fjalla áður en Alþingi kemur saman á komandi hausti. Hv. fyrirspyrjanda mun ljóst að meiri vandkvæði eru á úrlausnum um réttarfarsúrræði við þær aðstæður sem eru hér á landi, þar eð aðeins er um tvö dómstig að ræða. Ég vænti þess þó að fundin verði viðunandi úrlausn sem til bóta megi verða á þessu mikilvæga sviði fyrir almenning.

Fyrirspyrjandi (Jón Magnússon): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. svör hans og fyrirheit um að einhver gangur fari að koma í málið. Ég vænti þess að frv. þessa efnis verði lagt fyrir næsta Alþingi, helst eigi síðar, og bendi á að sú þáltill. sem ég vitnaði til og var samþykkt á vordögum 1977 felur það í sér að lagt er fyrir ríkisstj. að hún láti nú þegar semja frv. til breytinga á lögum og geri aðrar ráðstafanir til undirbúnings því að þessari lagasetningu um meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómi verði komið á. Síðan eru liðin hvorki meira né minna en átta ár og frá því að fullbúin frumvarpsdrög lágu fyrir, eins og hæstv. ráðh. staðfesti hér áðan, í aprílmánuði 1980 eru liðin rétt fjögur ár. Mér finnst það töluvert mikið athugavert að þegar Alþingi hefur falið framkvæmdavaldinu að gangast fyrir ákveðnum hlutum, þá skuli gangurinn vera með þeim hætti sem hér er lýst.

Hæstv. dómsmrh. benti á það að umrædd frv.-drög hefðu verið lögð fyrir réttarfarsnefnd. Hann benti líka réttilega á þá erfiðleika sem skapast hafa varðandi þennan málaflokk vegna þess að það er aðeins eitt áfrýjunardómstig eða aðeins tvö dómstig í landinu. En ég hygg að þegar hafi verið bent á þann möguleika hvað þetta atriði varðar að sá aðili, sem unir ekki úrslitum varðandi slíka einfaldari meðferð, geti þá áfrýjað málinu til ákveðins dómstigs þar sem t. d. sitji í þrír borgardómarar í Reykjavík eða sem sagt fjölskipaðra dómsvald í héraði. Ég hygg því að í raun ættu tæknileg vandamál ekki að hindra það að lagasetning varðandi meðferð minni háttar mála komi fram og Alþingi afgreiði það mál. En ég tel að hér sé um að ræða stórkostlega mikið hagsmunamál fyrir einstaklinginn, litla manninn í þjóðfélaginu mætti kannske segja sem getur átt í vök að verjast varðandi það að fá úrlausn, varðandi 1000 kr. sínar. (Gripið fram í.) Ég segi þetta vegna þess að í morgun var ég úti í borgardómi Reykjavíkur og þar lá einmitt fyrir mál þar sem um var

að ræða endurgreiðslukröfur tryggingarfélags og einn af fáum einstaklingum í þjóðfélaginu leyfði sér að malda í móinn og neitaði endurgreiðslukröfu tryggingarfélagsins að fjárhæð 1000 kr. Ég hygg að einstaklingar geri þetta almennt ekki en þeir geta haft fullan rétt til þess og ef um væri að ræða slíka meðferð mála sem ég er hér að tala um mundu fleiri gera þetta og einstaklingurinn ætti mun auðveldara með að leita réttar síns. Það er mergurinn málsins.

Sameinað þing, 79. fundur.

Þriðjudaginn 10. apríl, að loknum 78. fundi.

Sjúkra- og iðjuþjálfun í heilsugæslunni, þáltill. 288. mál (þskj. 555). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjónvarpsefni frá fjarskiptahnöttum, þáltill. 290. mál (þskj. 562). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hætta af Skeiðarárhlaupum, þáltill. 291. mál (þskj. 565). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útvarp frá Alþingi, þáltill. 295. mál (þskj. 574). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ný tækni í vinnubrögðum á Alþingi, þáltill. 297. mál (þskj. 576). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Veiðar í erlendri fiskveiðilandhelgi, þáltill. 77. mál (þskj. 82, n. 528). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 528 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 597).

Uppbygging Reykholtsstaðar, þáltill. 217. mál (þskj. 386). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Niðurfelling söluskatts af raforku til dælingar á hitaveituvatni, þáltill. 234. mál (þskj. 413). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Upplýsingamiðlun um húsnæðismál, þáltill. 235. mál (þskj. 414). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Niðurfelling aðflutningsgjalda og söluskatts vegna hitaveitna, þáltill. 236. mál (þskj. 415). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Einsetning skóla, þáltill. 33. mál (þskj. 33, n. 578, 579). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Baldvin Hannibalsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um könnun á kostnaði við einsetningu skóla, samfelldan skólatíma og skólamáltíðir. Nefndin mælir með samþykkt till. með breytingu sem hún gerir till. um á þskj. 579. Brtt. felur í sér að könnunin fari fram og niðurstöður hennar verði lagðar fyrir næsta þing. Alþingi lýsi hins vegar ekki vilja sínum um framkvæmd fyrr en niðurstöður könnunar liggja fyrir.

Í upphaflegri þáltill. var annars vegar gert ráð fyrir því að fram færi slík könnun á kostnaðarauka vegna einsetningar og samfellds skólatíma ásamt með skólamáltíðum. Hins vegar fólst í ályktunargreininni að því var beint til ríkisstj. að hún hlutist til um það að fyrir næsta skólaár verði komið á einsetningu. Athugasemd nefndarinnar er m. ö. o. sú að könnunin fari fram, niðurstöður hennar verði lagðar fyrir og því næst taki þá Alþingi málið til athugunar og ákvörðunar, að þeim niðurstöðum fengnum.

Nefndinni bárust umsagnir frá fjölmörgum aðilum: menntmrn., sem gaf jákvæða umsögn um nauðsyn þessarar könnunar, Sambandi ísl. sveitarfélaga, stjórn Kennarasambands Íslands, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Fóstrufélagi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og stjórn Kvenfélagasambands Íslands. Umsagnir allra þessara aðila voru jákvæðar um nauðsyn þessarar könnunar. Menntmrn. taldi fyrir sitt leyti æskilegt að könnunin færi fram, en benti á að hún yrði vafalaust nokkuð yfirgripsmikil og tæki því nokkurn tíma og

fjármagn. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga tók undir þann hluta till. sem fjallar um könnun á kostnaðarauka og sparnaði við umgetnar breytingar, en leggur til að róttækar breytingar verði ekki gerðar fyrr en að niðurstöðum fengnum.

Nefndin mælir með því að könnun þessi verði gerð og að kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

ATKVGR.

Brtt. 579 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 598).

Rekstrarvandi í sjávarútvegi, þáltill. 280. mál (þskj. 539). — Fyrri umr.

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kosningu milliþinganefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. Er hún 280. mál í sameinuðu þingi á þskj. 539. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd er skilgreini rekstrarvanda íslensks sjávarútvegs, safni saman upplýsingum og bendi á leiðir til úrbóta.

Í starfi sínu gerir nefndin m. a. samanburð á rekstrarskilyrðum útgerðar og fiskvinnslu hér á landi og í samkeppnislöndum okkar. Í því sambandi athugi nefndin sérstaklega eftirfarandi:

1. Olíuverð til fiskiskipa.
2. Orkuverð til fiskvinnslu, svo sem frystingar og bræðslu.
3. Viðhalds- og þjónustukostnað, svo sem verð á tækjum, vélum og varahlutum.
4. Fjármagnskostnað og fjármögnun fjárfestinga.
5. Flutningskostnað útflutningsafurða.
6. Söluverðmæti afurða á erlendum mörkuðum.
7. Launakostnað í veiðum og vinnslu.
8. Ríkisstyrki.

Nefndin skili af sér með skýrslu til Alþingis fyrir næstu áramót.

Nefndin hafi samvinnu við hagsmunaaðila í sjávarútvegi svo sem þurfa þykir og ráði sér sérfræðiaðstoð ef með þarf.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði".

Meðfylgjandi er stutt grg. sem ég ætla að leyfa mér að lesa líka, með leyfi forseta:

„Það er staðreynd að hver íslenskur sjómaður fiskar meira en annars staðar gerist og að færri skip eru notuð til að ná þeim afla en hjá þeim þjóðum sem við gjarnan berum okkur saman við.

Það er einnig staðreynd að sjávarútvegurinn hefur verið og er enn meginundirstaða íslensks efnahagslífs og nægir í því sambandi að benda á hlutdeild hans í útflutningstekjum okkar, en hún hefur undanfarin ár verið á bilinu 70—80%. Á sama tíma hafa ársverk í veiðum og vinnslu aðeins verið 13.5— 14.5% af unnum ársverkum.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir hefur rekstrargrundvöllur sjávarútvegs verið með þeim hætti að hann berst í bökkum og kjör þess fólks, sem við hann vinnur, oft og tíðum bæði lakari og ótryggari en gerist hjá öðrum stéttum, en kjör þessa fólks eru nátengd þeim rekstrarskilyrðum, sem sjávarútveginum eru búin.

Það er ljóst að til þess að sjávarútvegurinn geti keppt við aðrar greinar um vinnuafl og svarað kröfum um aukin gæði og verðmætasköpun þarf að tryggja rekstrargrundvöllinn.

Í ljósi þessa og mikilvægis sjávarútvegsins í þjóðarbúskapnum gerir till. ráð fyrir að dregnar verði saman víðtækar upplýsingar um rekstrarskilyrði sjávarútvegs og stöðu hans, m. a. með tilliti til aðstæðna sjávarútvegs í samkeppnislöndum okkar. Í framhaldi af slíkri gagnasöfnun verði bent á leiðir til úrbóta."

Það má segja að tilgangur þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, sé tvíþættur. Það er í fyrsta lagi að unnt verði í ljósi þeirra upplýsinga, sem nefndinni er gert að safna saman, og þeirrar yfirsýnar sem nauðsynleg er að gera ráðstafanir til að komast úr því fari tímabundinna lausna sem tíðkaðar hafa verið og ekkert lát er á, sbr. þau lagafrv. sem nú eru til meðferðar hér á hv. Alþingi. Í öðru lagi er tilgangurinn að við gerum okkur ljóst hvernig búið er að samkeppnisaðilum okkar því eins og fram kemur í grg. er ekki svo lítið í húfi fyrir okkur Íslendinga að standa okkur á mörkuðum þar sem 70—80% útflutningtekna okkar koma frá þessum atvinnuvegi.

Enda þótt þeir sem sjá um sölu sjávarafurða okkar, einstaklingar og samtök, hafi nokkra yfirsýn yfir markaðsmálin hver fyrir sig skortir heildaryfirsýn og úttekt á stöðu okkar gagnvart þeim sem við keppum við. Gæði íslenskra afurða hafa hingað til verið okkar besta söluvopn og vegna gæðanna hefur okkur oft tekist að ná hærra verði en öðrum. En nú er vitað að t. d. Kanadamenn eru að gera sérstakt átak í gæðamálum. Menn hafa væntanlega líka tekið eftir því í fréttum í gær að Kanadamenn ætla sér á næstu tveimur árum að bæta við þorskveiðikvóta sinn álíka miklu magni og öllum okkar þorskveiðikvóta er í ár. Miðað við þetta er eðlilegt að við gerum okkur grein fyrir því hver áhrif þessa geta orðið ekki aðeins á Bandaríkjamarkaði heldur einnig á saltfisk- og saltsíldarmörkuðum því þar eru þeir einnig að verða áberandi umsvifamiklir. Ýmiss konar ríkisaðstoð er við sjávarútveg í nágrannalöndum okkar og Kanada. Auðvitað hefur slíkt áhrif á samkeppnisstöðu okkar og gott fyrir okkur að hafa slík atriði á hreinu.

Hvað varðar fyrra atriðið er ljóst að vegna eðlis sjávarútvegsins, vegna sveiflna á mörkuðum og sveiflna í veiðum þarf iðulega að grípa til tímabundinna ráðstafana eða millifærslna innan greinarinnar, svo óvinsælt orð sé notað. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að þannig sé búið að undirstöðuatvinnuveginum að rekstur standi sífellt í járnum eða tap sé á honum og að þeir sem með reksturinn fara skuli þurfa að eyða stærstum hluta tíma síns í að bjarga fyrirtækjunum frá viku til viku í stað þess að hafa tíma til að styrkja reksturinn og huga að framtíðarmöguleikum. Meðan svo er er hætt við að ýmislegt fari úr böndum og að fjárfestingar verði ekki eins markvissar og skynsamlegar og best væri með tilliti til afkomu greinarinnar og þjóðarhags.

Það hefur verið mjög í tísku undanfarin misseri að benda á fjárfestingar í sjávarútvegi sem meginskaðvaldinn í íslensku efnahagslífi. Þrátt fyrir að erlendar skuldir vegna sjávarútvegs, og nú er ég að tala um langtímaskuldir, námu aðeins rúmum 16% í árslok 1983 af

heildarlangtímaskuldum íslenska ríkisins. Þannig hefur mátt sjá og heyra hvern éta upp eftir öðrum í ræðu og riti að fjárfestingar undanfarinna ára í sjávarútvegi séu hreint að sliga þjóðarbúið, sérstaklega fiskiskipaflotinn. Einhvern veginn fáum við það á tilfinninguna, sem byggjum sjávarplássin, framleiðslustaðina, að fjöldi landsmanna viti ekki lengur af hverju þessi þjóð er rík. Dágóður hópur virðist því miður standa í þeirri trú að fiskiskip, togarar og vinnslustöðvar séu eins konar leikföng sem ríkisvaldið skammti landsbyggðarlýðnum, honum væntanlega til skemmtunar í fásinninu, en að hér sé verið að renna stoðum undir aukna verðmætasköpun, auknar gjaldeyristekjur, sem skila sér e. t. v. síst í sjávarplássinu, það virðist hverfa í skuggann. Ég ætla mér ekki að fara að standa vörð um allar þær fjárfestingar sem gerðar hafa verið í sjávarútvegi undanfarin ár. Þar sem annars staðar getum við vissulega fundið hæpnar fjárfestingar. En sá málflutningur sem hæst hefur borið er fjarri öllu lagi.

Við skulum aðeins líta á þennan margfræga fiskiskipaflota. Sá skrifborðstalnaleikur sem tíðkaður hefur verið gengur út á að leggja saman stærð skipanna í brúttórúmlestum og draga síðan frá leyfilegt aflamagn fiskjar í tonnum og fá þannig út að fiskiskipaflotinn sé ⅓ of stór. Niðurstaðan er svo fáránleg að það tekur varla tali. Samt sem áður virðist þessi skrifborðsniðurstaða hafa haft þau áhrif að jafnvel fréttamenn ríkisfjölmiðla spyrja í sakleysi sínu þegar rætt er um kvótann hvort þetta sé leiðin til að fækka skipunum um ⅓, rétt eins og búið sé að ákveða einhvers staðar að það skuli gert. Hins vegar vita þeir sem til þekkja að fiskiskipafloti okkar er meira eða minna sérhæfður, þ. e. hann er byggður fyrir ákveðnar veiðar miðað við ákveðnar aðstæður, eins og t. d. loðnuflotinn, og þeir vita líka að flotanum hefur verið haldið til veiða svo sem leyfilegt hefur verið allan ársins hring í öllum veðrum með miklu álagi á vélar og tæki, skip og ekki síst mannskap, enda veiðum við meira en aðrir. En þrátt fyrir þetta og alla þessa sókn tókst flotanum okkar ekki að ná leyfilegu aflamagni á s. l. ári og færri skip hefðu líklega náð enn þá minna. Og við skulum ekki gleyma því að þá voru líka verulegar takmarkanir á sókn í ákveðna fiskistofna þó það héti ekki kvóti þá.

Hvað varðar árið í ár eru aðstæður það sérstæðar að það væri í meira lagi furðulegt ef teknar yrðu ákvarðanir um niðurskurð fiskiskipaflotans á grundvelli þess, vegna þess að hið yfirlýsta markmið aflatakmarkananna er að byggja upp fiskistofnana og væntanlega þurfum við vel útbúin skip til að sækja þann afla sem það á að skila okkur. Samkvæmt tölum frá Hafrannsóknastofnun hefur meðalþorskafli á Íslandsmiðum undanfarna áratugi verið um 400 þús. tonn á ári. Við skulum því ekkert örvænta þó á móti blási í bili.

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að þó skipin hafi stækkað í brúttórúmlestum talið nota þau enn þá sömu veiðarfæri og meðan minni skip voru notuð til veiðanna. Þar hefur ekki orðið sú gjörbylting sem orðið hefur í annarri tækni. Aukinn tækjabúnaður um borð í skipunum krefst meira rýmis, en það hefur jafnframt haft í för með sér fækkun í áhöfn skipanna. Sjálfsagt hefur engin stétt gengið jafnhart fram í því að fækka í eigin röðum með aukinni tækni og sjómenn.

En stór hluti af þeirri stækkun sem hefur orðið í flotanum er til kominn vegna þess að nú er betur búið að þeim sem starfa um borð í skipunum, þ. e. sjómönnunum sjálfum. Hér áður fyrr var algengt að jafnvel tveir menn deildu koju, en nú deila menn klefa og hafa að sjálfsögðu sína eigin koju og aðstöðu til að þrífa sig. Þetta er sú meginbreyting sem hefur verið að ganga yfir íslenska fiskiskipaflotann. Það væri gaman til samanburðar að benda á að fyrir nokkrum áratugum bjó íslenska fjölskyldan, sem var kannske 6—8 manns á þeim tíma, í 40—50 fermetra húsnæði á meðan 3—4 manna fjölskyldan í dag býr í 120—140 fermetra húsnæði. Þannig er greinilegt að þær auknu kröfur sem við gerum í landi eru jafnframt gerðar til sjós og ekki nema sjálfsagt.

Að lokum, tengt þessari umræðu vegna umræðna um öryggismál sjómanna, held ég að við megum aldrei missa sjónar á að besta öryggistæki sjómannsins er að sjálfsögðu gott og vel útbúið skip. Það hlýtur alltaf að verða númer eitt.

En áður en ég skil við þetta fjárfestingartal vildi ég gjarnan benda á að það getur líka verið bagalegt að fjárfesta ekki eða hafa ekki fjárfest. Í því sambandi er vert að benda á að í dag ætla margir að bæta sér skaðann í botnfiskveiðunum með því að veiða rækju. Við heyrum af breytingum á togurum í þá veru að þeir geti soðið, fryst og gengið frá rækjunni um borð, unnið hana beint á markað og gert þannig að verðmætari útflutningsvöru en aðrir vinnsluhættir gera. Fyrir sjö árum var byrjað að gera út einn slíkan togara, lítinn, sérsmíðaðan til rækjuvinnslu. Útgerðaraðilar vildu síðan fá að kaupa annan stærri til að þróa veiðarnar þegar sýnt var að ekki var hægt að halda hinum úti einskipa yfir vetrarmánuðina langt út í sjó. Það gekk ekki. Menn sáu ekki ástæðu til þess á þeim tíma að huga að möguleikum á þessu sviði. En ólíkt held ég að við stæðum betur að vígi nú ef fengist hefði að fylgja þeim tilraunum betur eftir.

Í fiskvinnslunni hefur svipuð þróun átt sér stað og í flotanum. Við eigum stærri og fullkomnari hús, aukin vélvæðing og tækni hafa skilað meiri og betri vöru til útflutnings og sem betur fer hefur líka hluti af fjárfestingunni farið í að bæta aðstöðu starfsfólks þó svo að þar sé enn víða pottur brotinn.

En hvað svo sem mönnum kann að finnast um fjárfestingarnar er ljóst að við gerum æ meiri kröfur til sjávarútvegsins og það er líka alveg sjálfsagt. Hingað til höfum við aðeins nýtt það besta úr fiskinum en að mestu látið aðra möguleika ónýtta, og þeir eru margir eins og mönnum hér inni er kunnugt. Það má t. d. benda á að loðdýraræktin, sem hefur verið tískulausn ýmissa í atvinnumálum undanfarið, byggir nánast á nálægð við verstöð og sama virðist uppi á teningnum þegar menn ræða um lífefnaiðnað. Þar á að notast við úrgang frá sjávarútvegi og landbúnaði, þ. e. hefðbundnum atvinnugreinum okkar Íslendinga. En möguleikarnir eru miklu fleiri og nánast óþrjótandi ef við viljum leggja í það fjármuni að kanna þá og nýta. Það verður bara að vera samræmi á milli þeirra krafna sem við gerum til sjávarútvegsins og þess sem við ætlumst til af honum og þess hvernig við búum að greininni og því fólki sem vinnur í sjávarútvegi. Kjör þessa fólks eru því miður oft og tíðum bæði lakari og ótryggari en almennt gerist. Það verður sjálfsagt hvað gleggst á þessu ári þegar reikna má með að atvinnuleysi vegna aflaminnkunar bitni fyrst og harðast á þessu fólki.

Hvað varðar rekstrargrundvöllinn sjálfan, sem hefur gleymst um sinn vegna umræðunnar um kvótann, það má segja að hann hafi fallið í skuggann, ætla ég ekki að fara að tíunda hér afkomutölur útgerðar eða einstakra vinnslugreina. Þeim tölum, sem hafa verið birtar um slíkt og þm. hafa að mér skilst margoft haft á borðum sínum í vetur, ber ekki alls kostar saman. Það skiptir ekki öllu máli. Ég held ég fari ekki að hefja talnalestur í því sambandi. En reksturinn hefur í heildina tekið verið afar þungur. Það held ég að öllum sé ljóst. Annars væru ekki uppi umræður um rekstrarvandann og hefðu ekki verið uppi.

Rekstur í sjávarútvegi er að sjálfsögðu háður fjármagnskostnaði og þjónustukostnaði engu síður en verði afurða á erlendum mörkuðum. Og þar sem hér er um útflutningsatvinnugrein að ræða er ekki möguleiki á að velta kostnaðarhækkunum út í verðlagið, eins og innlendir þjónustuaðilar hafa fengið að gera, enda verulegur afkomumunur á milli þessara greina. Um það bera vitni taptölur annars vegar í sjávarútveginum og hagnaðartölur hins vegar, sem nú liggja fyrir fyrir 1983, hjá hverju þjónustufyrirtækinu á fætur öðru og muna menn þar væntanlega eftir bæði Eimskip og Flugleiðum.

Á undanförnum mánuðum hafa verið í undirbúningi hjá núverandi ríkisstj. miklar breytingar á fjármálamarkaði og má segja að útlínur þessara breytinga hafi verið að koma í ljós undanfarið. Fjmrh. reið á vaðið og bauð út ríkisvíxla með ávöxtun umfram ávöxtunarmöguleika í bönkum og viðbrögð bankanna eru núna að koma. Þeir svara með tilboðum til fjármagnseigenda sem geta ekki verið lakari en það sem ráðh. býður. En peningarnir verða hvorki til í höndum ráðh. né heldur í bönkum og á sama hátt og ráðh. þarf að auka álögur til að greiða aukna vexti þurfa bankarnir að hækka vexti útlána, þ. á m. til atvinnustarfsemi, til að geta staðið undir sínu og ekki óhugsandi að þeir fari að bjóða út útlán. En hverjir geta þá boðið hæstu vextina? Það verður tæpast sjávarútvegurinn í þeirri stöðu sem hann er. Hins vegar bendir margt til að þjónustuaðilar, sbr. áðurgreind félög, geti tekið dýr lán, enda geta þeir hækkað verð fyrir sína þjónustu ef gróðinn lækkar um of að þeirra mati. Og hvað varðar samanburð við samkeppnislöndin gæti verið fróðlegt fyrir okkur öll og gagnlegt fyrir ýmsa að fá að vita af hverju olíuverð til fiskiskipa á Íslandi er og hefur verið u. þ. b. ¼ hærra hér en í Bretlandi, af hverju orkuverð til fiskvinnslu er lægra t. d. í Færeyjum en í okkar orkuríka landi, af hverju viðhaldskostnaður er minni sé farið með skipin í klössun erlendis og af hverju það kostar meira að flytja loðnumjöl frá landinu en til landsins. Það eru ýmsar svona fullyrðingar og staðhæfingar sem eru á floti og væri fróðlegt fyrir okkur öll að vita hvað er satt og rétt í þessu og gagnlegt fyrir þá sem taka að sér að benda á leiðir til úrbóta.

Vegna allra þessara umræðna um rekstrarvanda, rekstrarerfiðileika, að sjávarútvegurinn sé kominn út að endamörkum og geti nú ekki meira, virðist vantrú á getu sjávarútvegsins stinga sér víða niður. T. d. hefur aðsókn að Sjómannaskóla Íslands farið minnkandi. Ég óttast að þar sé vantrú á ferðinni að einhverju leyti. Í ljósi þess að hér er um undirstöðuatvinnuveg að ræða er afar bagalegt ef neikvæð umræða verður til þess að ungt fólk fráfælist nám sem leiddi það inn í vinnu við sjávarútveginn því að þessi atvinnugrein þarf svo sannarlega á vel menntuðu og hæfu vinnuafli að halda engu síður en aðrar.

Varðandi viðhorfin langar mig að nefna hér dæmi um áherslur sem gætu nú bent til þess að vantrúin, sem ég minntist á áðan, væri víðtækari en okkur e. t. v. órar fyrir. Nú um hríð hafa verið uppi raddir um það, eins og ég sagði áðan, að tækifæri í sjávarútvegi væru fullnýtt, — þetta er ekki ný speki, hún er orðin líklega tveggja áratuga gömul a. m. k., — og að framtíðarmöguleikar okkar væru í stóriðju, málmbræðslu af einhverju tagi. Gott og vel. Slíkar verksmiðjur hafa verið reistar, bæði álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Og nú skyldi maður ætla, miðað við alla þá athygli og umræðu sem rekstur af þessu tagi hefur fengið, að maður tali nú ekki um allar utanferðir háttsettra manna á fundi eigenda verksmiðja af þessu tagi, að eftir miklu væri að sækjast. En við skulum líta á staðreyndir og við skulum nota skreiðina okkar, sem þykir ekki það merkilegasta af framleiðslu sjávarafurða, til samanburðar.

Árið 1981 var útflutningsverðmæti skreiðar 13.9% af heildarútflutningi. Það sama ár var útflutningsverðmæti áls og járnblendis 5.1% af heildarútflutningi, þ. e. nettóútflutningstekjur. Árið 1982 voru sambærilegar tölur 4.5% í áli og járnblendi samanlagt, en einnig 4.5% fyrir skreið, en þá var hætt að flytja skreið út um mitt ár og birgðir söfnuðust upp. Það hefði mátt ætla, miðað við allar sendinefndirnar, ráðherra- og seðlabankastjóraferðirnar sem farnar hafa verið vegna áls og járnblendis, að það hefði verið gert út með fríðan flokk til Nígeríu með a. m. k. ráðh. ef ekki líka seðlabankastjóra í broddi fylkingar. En ekkert slíkt hefur gerst. Menn sem gegna slíkum lykilstöðum á Íslandi hafa aldrei til Nígeríu komið. Af því má kannske ráða hvað það er sem þykir mikilvægt á Íslandi.

Ég ætla að taka það fram, af því að þetta dæmi er svo makalaust, að þessar tölur eru upp úr því riti Þjóðhagsstofnunar sem heitir Þjóðarbúskapurinn og dæmið fyrst og fremst dregið upp til að sýna fram á þann áherslumun sem virðist vera gagnvart atvinnustarfsemi í landinu.

Ég held að til þess að við gerum okkur betri grein fyrir af hverju við erum rík, eins og ég sagði áðan, þurfum við að haga umræðunni um sjávarútveginn á örlítið annan hátt en verið hefur. Hún þarf að vera jákvæðari einfaldlega vegna þess að þarna eru óteljandi möguleikar og þetta er grein sem er okkar undirstöðuatvinnugrein og hörmulegt ef menn missa á því trúna að hægt sé að lifa í þessu landi af því sem þessi endurnýjanlega auðlind gefur af sér ásamt og með öðru að sjálfsögðu. Ég held að fyrsta skrefið í áttina til þess að við eflum aftur trú á þennan atvinnuveg sé að rekstrargrundvöllur hans verði tryggður þannig að ungt fólk geti hugsað sér að vinna við þennan atvinnuveg og að við fáum rétta mynd af því hvað er mikilvægt. Ég vænti þess að þessi till., ef samþykkt verður, geri sitt gagn í því að við gerum okkur betri grein fyrir því hvernig við eigum að vinna okkur út úr þeim vanda sem hér hefur að steðjað.

Að lokum, herra forseti, geri ég þá till. að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjaldskrár þjónustustofnana, þáltill. 282. mál (þskj. 541). — Ein umr.

Flm. (Jón Magnússon): Herra forseti. Á þskj. 541 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá um að þjónustustofnunum ríkis og sveitarfélaga verði skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands".

Í grg. með þáltill. þessari er þess getið að till. sama efnis hafi þrisvar sinnum áður verið flutt hér á Alþingi en aldrei fengið afgreiðslu. Ég tek það fram að þáltill. er flutt í samráði við og með samþykki fyrri flutningsmanns. Þegar talað er um efnislegar breytingar á gjaldskrám í þáltill. þessari er ekki átt við þær breytingar sem verða vegna almennra verðlagshækkana. Þær breytingar sem hér um ræðir eru breytingar á reglugerðum og gjaldskrám, sem varða einstaka kostnaðarliði, þannig að hlutfallsbreytingar eigi sér stað innbyrðis í gjaldskránni eða nýir þættir eru teknir inn. Efnislegar breytingar á gjaldskrám taka því skv. framansögðu til allra meiri háttar breytinga svo og til formbreytinga á gjaldskrám opinberra þjónustustofnana.

Í löndum sem búa við frjálst markaðskerfi með eftirliti hins opinbera veitir markaðurinn framleiðendum og seljendum nauðsynlegt aðhald. Markaðsráðandi framleiðendur og fyrirtæki geta þó haft þau tök á verðlagningu og þjónustu að bæði hér á landi og víðast í Vestur-Evrópu hefur löggjafinn talið nauðsynlegt að setja sérstakar lagareglur til að tryggja eðlilega samkeppni eða eftirlit með slíkum fyrirtækjum. Þannig hefur Alþingi lögfest reglur um verðlag, samkeppnishömlur og hringamyndanir til að tryggja eðlilega starfsemi markaðarins og fyrirbyggja að kaupendur þurfi að sæta of hárri verðlagningu markaðsráðandi aðila. Um það má vissulega deila hvort þær reglur séu þess eðlis að þær nái fyllilega tilgangi sínum. Jafnframt má benda á í því sambandi að óvíða í Vestur-Evrópu stuðlar ríkisvaldið jafnlítið og hér að virku neytendastarfi, en slíkt starf er til þess fallið að benda á þær misfellur sem verða við verðlagningu einstakra fyrirtækja, skort nauðsynlegrar samkeppni, léleg vörugæði eða merkingar á einstökum framleiðsluvörum. Ég hygg þó að almennt séð séu þær reglur sem lögfestar hafa verið varðandi samkeppnishömlur og hringamyndanir nokkuð góðar, þó að hægt sé að færa ýmis rök að því að eftirlitshlutverkinu sé ekki sinnt sem skyldi. Með lögfestingu framangreindra laga um verðlag, samkeppnishömlur og hringamyndanir, starfrækslu Verðlagsstofnunar og með styrkveitingu til Neytendasamtakanna leitast ríkisvaldið við að tryggja eftirlit og aðhald í viðskiptalífinu. Hins vegar skortir á það að nægilegt eftirlit og aðhald gildi um opinberar þjónustustofnanir.

Í sumum löndum tíðkast að sérstakar opinberar eftirlitsnefndir séu starfandi og fylgist með starfsemi einstakra ríkisfyrirtækja. Hlutverk slíkra nefnda er bæði að fylgjast með gæðum þjónustunnar og verðlagningu hennar. Hér á landi er engu slíku til að dreifa. Ég leyfi mér að fullyrða að eftirlit og aðhald með opinberum þjónustufyrirtækjum, þjónustu þeirra og verðlagningu sé ábótavant. Í flestum tilvikum hafa þessar þjónustustofnanir einkarétt á viðkomandi þjónustu og aðstaðan er oft slík að nánast er um kaupskyldu neytandans að ræða af viðkomandi fyrirtæki. Það ætti því að vera ljóst að það skiptir miklu máli að virkt eftirlit sé haft með slíkum fyrirtækjum. Spurningin getur verið hvernig slíku eftirliti verði best fyrir komið. Ég hygg að ríkisvaldið eða sveitarfélögin séu ekki bestu eftirlitsaðilarnir með sjálfum sér og því verði að leita annarra lausna. Hér er lagt til að Neytendasamtökin og Verslunarráð Íslands fái í þessu efni takmarkað eftirlitshlutverk, sem er lágmark þess sem hægt er að krefjast varðandi eftirlit með opinberum þjónustufyrirtækjum.

Neytendasamtökin og Verslunarráð Íslands eru eðlilegir umsagnaraðilar í þessu efni. E. t. v. gæti verið ástæða til að fela fleiri aðilum sama umsagnarrétt. Bæði Neytendasamtökin og Verslunarráð Íslands hafa áður lýst stuðningi við samþykkt þessarar þáltill. og eru reiðubúin til að taka að sér það eftirlitshlutverk sem greinir í till. Innan vébanda Verslunarráðs Íslands eru fyrirtæki úr nánast öllum greinum íslensks atvinnulífs svo að lítil hætta er á því að ráðið vilji mismuna atvinnuvegum í þessu sambandi. Neytendasamtökin eru samkvæmt eðli sínu, uppbyggingu og samþykktum til þess að gæta hagsmuna hins einstaka neytanda svo og heildarhagsmuna neytenda. Samtökin eru byggð upp sem frjáls félagasamtök og innan þeirra starfar fólk sem hefur áhuga á neytendastarfi og hefur svipað viðhorf í þeim málum þó skoðanir séu skiptar að öðru leyti. Samtökin eru því vel til þess fallin sem hlutlaus aðili að gegna eftirlitshlutverki með verðlagningu opinberra þjónustustofnana.

Ég hef oft orðið þess var sem formaður Neytendasamtakanna að á það skortir í ýmsum tilvikum að opinberar þjónustustofnanir veiti þá þjónustu sem ætlast verður til af þeim. Þá hefur einnig komið fram að eðlilegum kvörtunum neytenda er ekki sinnt. Vegna stöðu sinnar geta þessar stofnanir því iðulega farið sínu fram sem og önnur markaðsráðandi fyrirtæki sem ekki búa við nauðsynlegt aðhald.

Herra forseti. Ég leyfi mér að fara fram á að þessi þáltill. fari til skoðunar í allshn., en vil láta það fylgja með að mér þætti vænna um að ríkisstj. taki málið upp hjá sjálfri sér án slíkrar till. og gerði í þessum málum þær breytingar sem þáltill. felur í sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stefnumörkun í skólamálum, þáltill. 299. mál (þskj. 580). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín H. Tryggvadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um stefnumörkun í skólamálum, sem ég flyt. Ég vil lesa hér till. með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nú þegar 11 manna nefnd til að móta stefnu í málum grunnskólans og framhaldsskólans fram til aldamóta. Nefndin verði skipuð þannig:

a. Samtök kennara tilnefni fimm,
b. samtök foreldra tilnefni tvo,
c. Alþingi kjósi fjóra.

Menntmrh. skipi formann nefndarinnar. Í störfum sínum fjalli nefndin einkum um eftirtalda þætti: Innra starf skólans, skólahúsnæði, námsgögn og búnað skóla, skólasöfn, skólatíma, námsefni, menntun kennara, rétt-

indi til kennslu, tengsl við atvinnulífið, samstarf við heimilin, skólaskipan (dreifbýli/þéttbýli), tengsl grunnskóla og framhaldsskóla. Nefndin hafi víðtækt umboð og geti m. a. skipað undirnefndir til að vinna að afmörkuðum þáttum. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Og í grg. kemur fram:

„Tilgangurinn með skipun þeirrar nefndar sem þáltill. kveður á um er sá að hefja nú þegar stefnumótun til langs tíma varðandi meginþætti skólamála og leggja grunn að markvissum vinnubrögðum í þessum tilgangi. Sú skólastefna sem nú er ríkjandi mótaðist á árunum eftir 1960 og hefur verið að festast í löggjöf síðustu 10—15 árin. Nú stendur yfir endurskoðun grunnskólalaga en ný framhaldsskólalöggjöf hefur ekki enn verið samþykkt á Alþingi, en í anda hennar starfa þó margar menntastofnanir.

Það er augljóst mál að ekki er hægt að þróa og breyta stefnu í skólamálum nema á löngum tíma, enda ekki æskilegt. Stefnan í skólamálum þarf að vera ljós allri þjóðinni til að hægt sé að koma í veg fyrir sífellt hringl og öryggisleysi sem bitnar á nemendum, kennurum og foreldrum. Það er því nauðsynlegt að kanna nú þegar hvernig haga beri stefnumörkun fyrir síðasta tug aldarinnar og marka stefnu í kjölfar þeirrar athugunar og umræðu í þjóðfélaginu sem nauðsynleg er. Reynsla síðasta misseris sýnir mjög glögglega þörfina á að þingmenn, blaðamenn og allur almenningur hafi þekkingu og skilning á hvað gerist innan veggja skólans sem er ein umfangsmesta stofnun þjóðfélagsins og sú sem e. t. v. á stærstan þátt í að leggja grunn að hamingju og hagsæld einstaklingsins og þar með þjóðarinnar".

Ég tel mjög brýnt að fram fari allsherjar stefnumörkun í skólamálum. Í athugun eru ýmsir af þessum liðum. Nefnd hefur þegar verið skipuð um samstarf við heimilin, önnur um tengsl við atvinnulífið, það hafa komið fram þáltill. um einsetinn skóla, um kennslugagnamiðstöðvar við hvert fræðsluumdæmi. En það virðist gleymast að þessir þættir eru aðeins hluti af heildinni. Hvernig á að leysa alla hina? Þegar einn og einn þáttur er þannig dreginn út riðlast allir hinir. Ég ætla þess vegna að fjalla hér aðeins um þessa þætti.

Ef ég ræði fyrst nefndarskipunina, þá er ákveðinn tilgangur með skipan 11 manna. Það er enginn einn aðili með meiri hluta í nefndinni, samtök kennara tilnefni fimm, foreldrar tvo og Alþingi fjóra þannig að það þarf alltaf tvo aðila til til að ná fram meiri hluta. Innra starf skólans er hér auðvitað fyrst á blaði og raunar það þýðingarmesta, þ. e. kennsluaðferðirnar, stefnan. Við erum að tala um utanbókarlærdóm, að það verði að læra ákveðin atriði. Auðvitað er það nauðsynlegt. En hvernig er sú kennsluaðferð? Hvað gerir skólinn? Hann hlýðir yfir það sem nemendur læra heima. Skólinn hlýtur að verða að móta sína starfshætti á sem fjölbreyttastan hátt, þannig að hver nemandi geti unnið, numið eftir sinni getu og þroska og haft áhuga á því námsefni sem hann er að vinna með. Án áhuga fer ekkert nám fram.

Innan þessa þáttar, innra starfs skólans, má einnig nefna röðun í bekkjardeildir. Á að raða nemendum eftir getu, á að blanda, eins og kallað er? Hvers konar námsgögn, kennslutæki þurfum við þá? Hvers konar námsbækur þurfum við? Þetta þarf að ræða sem heild.

Kennari er í dag umsjónarmaður tveggja bekkjardeilda. Allt það starf sem því fylgir, samstarf við sálfræðinga, alla aðra sérfræðinga í skólanum, foreldra, heimilin og umönnun við alla nemendurna. Þessu tengist skólahúsnæði og þar með einsetinn skóli. Ef vilji er fyrir einsetnum skóla þá er vissulega orðið um að ræða einn kennara sem er umsjónarmaður með einum bekk.

Námsgögn og búnaður skóla. Í erindisbréfi kennara segir að þeir skuli sjá um að stólar og borð og lýsing og búnaður séu við hæfi hvers nemanda. En kennarinn hefur ekki fjármagnið. Hvað viljum við? Viljum við að kennarinn hafi eftirlit með þessu raunverulega eða ekki? Hentar t. d. sama stærð af stólum fyrir 12 ára nemanda og 7 ára — sem deila sömu stofu?

Kennslugagnamiðstöðvar, skólasöfn — þetta er að ýmsu leyti einn liður. Sem betur fer er verið að flytja till. til þingsályktunar um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum. Grunnskólalögin mörkuðu mjög sterkan vilja um að skólasafnið yrði eitt af meginhjálpartækjum skólans. En síðan hefur lítið verið gert í þeim málum nema hér í Reykjavík, þar sem sett var sérstök reglugerð um skólasöfn.

Skólatími — árlegur eða daglegur. Hvenær viljum við hafa börnin í skólanum? Hvenær er það æskilegast? Aftur snertir það einsetinn skóla. Auðvitað þarf að ræða þessi mál í samhengi.

Námsefnið — einkum hver á að fjalla um hvaða námsefni er kennt í skólunum. Grunnskólalög marka í 11 eða 12 þáttum hvað á að kenna, en síðan skuli menntmrn. ákveða að öðru leyti námsefnið. Síðan hafa verið samþykkt lög um ýmislegt sem kenna á utan grunnskólalaganna, t. d. um umferðarmál, bindindi, jafnréttismál. Síðan er það aukin Íslandssögukennsla — og kennsla í íslensku. Ég held því að það sé ekki seinna vænna að við mörkum okkur heildarstefnu um námsefnið. Af hverju á að taka í staðinn? Hvað á daglegur skólatími að vera langur? Hve mikið er hægt að leggja á skólann? Þessu tengist menntun kennara. Til að hún sé í samræmi við þær kröfur sem við gerum, hvernig á þá menntun kennara að vera? Þá er komið að liðnum réttindi til kennslu. Þjóðfélagið kallar á kennara: Þið eigið að vera góðir uppalendur, góðir fræðarar, þið eigið að vera skapgóðir, þið eigið að geta sinnt öllum börnum, þið eigið að geta kennt allt námsefni. En kröfurnar til atvinnuréttinda kennara sem kenna eru engar.

Ég var að skoða nýjar tölur í morgun um fjölda réttindalausra í kennslu í grunnskólum, en því miður tók ég þær ekki með, ég átti ekki von á að vera hér með framsögu í dag. Á því blaði kom þó m. a. í ljós að kennarar með gagnfræðapróf eða gamalt landspróf eru nærri 70. Við erum að kvarta yfir því sem gerist í skólanum, að ekki sé alls staðar allt eins og það á að vera. En ég held að það séu ekki margar starfsstéttir sem búa við það að hafa í reynd enga starfsmenntun. Þetta getur haft þær afleiðingar sem við sjáum raunar fyrir okkur, að einungis fólk í hálfu starfi getur sinnt kennslu. Þversagnirnar eru miklar. Og ég skil vel skólastjórann og aðra yfirmenn skóla að velja fólk í hálfu starfi — og auðvitað tala ég hér um konur sem eiga þá góðar fyrirvinnur og hafa efni á því að vera í hálfu starfi, því það eru einmitt þær sem hafa tíma til að sinna þessum málum eins og þarf að gera í dag samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru og það starf er svo sannarlega unnið sem fullt starf.

„Tengsl við atvinnulífið“ er í nefnd og ég ætla ekki að fjalla hér um það, einnig samstarf við heimilin. Skólaskipan, þ. e. viljum við heimavistir, heimanakstur, á forskóli og grunnskóli að vera saman, framhaldsskólinn sér, 9 ára skólaskylda o. s. frv. Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla. Verið er að athuga samræmdu prófin og breytingar á þeim, en höfum við hugsað út í hér á Alþingi afleiðingar sem samræmdu prófin geta haft fyrir ýmsa? Sumir skólar hafa ekki kennara með réttindi, aðrir verða að búa við það að skipta um kennara á hverju einasta ári. Allir nemendur verða að taka samræmdu prófin, líka þeir sem ekkert geta á slíku prófi.

Ég skora á hv. þm. að huga vel að þessum málum. Ég held að það sé ekki seinna vænna að við mótum stefnu, allsherjarstefnu í skólamálum.

Ég mæli með að till. verði síðan vísað til allshn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það heyrist stundum kvartað yfir því í bakherbergjum hér á hv. Alþingi að heldur mikið sjáist til varamanna í þingsölum. Ég get að vissu leyti undir það tekið að hóf ber að hafa í þeim efnum eins og ýmsu öðru og ástæður verði að vera fyrir því að varamenn komi inn á Alþingi. En ég tel að þær tvær ræður sem við höfum heyrt nú í Sþ. — og á ég þá við þá framsögu sem flutt var hér áðan af hv. 4. þm. Norðurl. e. Svanfríði Jónasdóttur um sjávarútvegsmál og ræðu og till. hv. 3. þm. Reykn. Kristínar H. Tryggvadóttur nú varðandi stefnumörkun í skólamálum — færi okkur heim sanninn um það að það getur verið gott að fá inn í sali Alþingis fólk sem ekki situr hér daglega en horfir til þingsins úr þeirri aðstöðu að vera varamenn, eiga kannske kost á því einhvern tíma að skreppa hér inn fyrir dyrnar og leggja eitthvað til málanna. Ég tel að þessir hv. þm., sem hér mæltu um þessi stóru mál, sjávarútveginn og skólamálin, hafi þegar unnið fyrir þingfararkaupi sínu sem þeir munu fá fyrir setuna hér þann stutta tíma sem varaþm. staldra hér við.

Á þessu vildi ég vekja athygli, því að mér finnst það ástæðulaust að sitja undir svo góðum tölum og finna að þar er verið að taka með ferskum hætti á ýmsum málum og bornar fram hugmyndir um endurbætur án þess að undir það sé tekið hér í þinginu. Slíkar hugmyndir eru vel þegnar hér í þingsölum.

Varðandi það mál sem hér er til umr., till. til þál. um stefnumörkun í skólamálum, er þar vissulega tekið á afar stórum þætti ekki síður en gert var í hinni fyrri till. um rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi. Vissulega getur verið álitamál með hvaða hætti eigi að taka á svo víðtæku máli sem þessu hversu margir eigi þar um að fjalla og hverja eigi að kveðja til. Ég þykist vita að ýmsum finnist strax að mikið sé í ráðist að kveðja til 11 menn og setja í nefnd til að fjalla um þetta en það fer ekki alltaf eftir höfðatölunni hvernig vinnst. Mestu skiptir þegar verið er að taka á málum að leitað sé til aðila sem málið varðar og geta lagt eitthvað af mörkum í þeim efnum.

Ég held að það sé fyllilega tímabært fyrir Alþingi og framkvæmdavaldið að líta til stefnumörkunar í skólamálum til lengri tíma en gert hefur verið og er okkur nú eðlilega tamt að líta til aldamótanna því að það er ártal sem minnir á sig.

Það hefur dregist úr hömlu hjá hv. Alþingi að kveða upp úr um stefnumótun í mjög veigamiklum þáttum í skólamálum landsins. Um árabil hefur það dregist. Endurskoðun grunnskólalaganna er raunverulega tímabært verkefni í ljósi 10 ára reynslu. En það hefur kannske legið hjá garði vegna þess að Alþingi hefur verið að vænta þess að geta tekið á lagasetningu varðandi framhaldsskólann sem ekki hefur tekist þrátt fyrir það að hér hafa verið sýnd frumvörp eftir frumvörp þing eftir þing um þetta efni og menn hafa ekki unnið sig fram úr því að setja löggjöf um samræmdan framhaldsskóla. Það væri illa komið ef ekki kæmi til atorka þess fólks sem er að vinna í skólunum og glímir í rauninni oft við að leysa þar málin án þess að leiðbeining liggi fyrir frá löggjafar- og framkvæmdavaldinu. Vissulega er það góðra gjalda vert að hægt sé að taka á málum án þess að lagafyrirmæli liggi fyrir. En oft verður það nokkuð sundurvirkt og vanburða ef ekki er fjármagn til staðar og leiðbeiningar til staðar til þess að eðlilegs samræmis sé gætt, þó að engan veginn þurfi þar að steypa allt í sama mótið.

Ég minni á það að ógert er að kveða upp úr um lengd skólaskyldu í landinu. Þó að grunnskólalög hafi gert ráð fyrir því að þetta væri, gert fyrir allnokkru síðan — ég man ekki árið — þá hafa menn látið nægja að velta þessu máli á undan sér ár frá ári og framlengja gildandi lög árlega. Ég á von á því að ef ekki kemur til einhver forusta núverandi ríkisstj. í þessum efnum verði það eitt af verkefnum vorsins að bæta þar við einni framlengingunni enn. Svar við spurningunni um lengd skólaskyldu í 8 ár eða 9 ár er ókomið.

Litið til framhaldsskólans er af geysimörgu að taka. Ég ætla ekki að fara að ræða það efnislega en minni aðeins á það, að það er nánast með ólíkindum að við skulum ekki hafa fengið frv. um það frá hæstv. ríkisstj. nú, eftir alla þá vinnu sem í þessi mál hefur verið lögð á undanförnum árum og í ljósi þess hversu málið er brýnt. Sama gildir um háskólastigið. Það er raunverulega löngu tímabært að taka það til meðferðar í heild sinni en það er ekki einu sinni farið að fitja upp á því máli að ég best veit.

Hins vegar vil ég undirstrika að ég tel að uppbygging í skólakerfinu þurfi að gerast í þeirri röð sem menn hafa verið er að fást við frá grunnskóla og upp úr, en ekki verði farið að móta afstöðu til háskólastigsins sérstaklega og ætla síðan að færa þau viðhorf niður í framhaldsskóla og niður í grunnskóla, viðhorf sem fyrir liggja á háskólastigi. En mér finnst raunar að þess gæti nokkuð nú, að þar sé verið að reisa kröfur sem síðan eigi að færa niður eftir skólastiganum og steypa hin lægri skólastig, sem svo eru kölluð, yngri nemendur í það mót sem menn á háskólastigi óska.

Sumir kunna að segja: Er nokkru að tapa þó að þetta hafi farist fyrir? Ég tel svo vera. Ég tel að t. d. sundurvirknin í ákvörðunum um lengd námsbrauta og krafna varðandi nám til einstakra starfa sé tilfinnanleg og skaði þjóðfélagið. Ég tel að gætt hafi of mikið þeirrar tilhneigingar, sem hafi verið látið undan, að færa nám ótímabært upp á háskólastig. Ekki það að ég telji ekki fyllilega ástæðu til þess að skóla fólk sem best til starfa, en það hefur komið niður á viðkomandi starfsgreinum og starfsstéttum í ýmiss konar togstreitu. Að baki liggja ekki alltaf fagleg viðhorf eða spurningin um hvaða menntunarkröfur eigi að gera heldur finnst viðkomandi hópum sem þeir fái betri stöðu til að leiðrétta kjör sín ef fyllri menntunar sé krafist. Hjúkr-

unarnámið er lýsandi dæmi um sundurvirkni í þessum efnum og skal ég þó ekki leggja neitt endanlegt mat á það hvaða kröfur beri að gera til einstakra þátta í því efni.

Herra forseti. Ég vildi svo að endingu vekja athygli á því að í skólamálum og aðbúnaði skóla sem og á öðrum sviðum í þjóðfélaginu er ólíku saman að jafna varðandi aðstöðu þessa stóra þéttbýlis hér á suðvesturhorni landsins og dreifbýlisins. Eitt af brýnum verkefnum í skólamálum er að leiðrétta og vinna gegn því misvægi sem er að finna í ýmsum greinum skólastarfs og aðbúnaðar skóla úti í hinum dreifðu byggðum.

Ég bendi t. d. á nauðsynlegar breytingar á grunnskólalögum sem þarf að ganga frá að mínu mati fyrr en seinna og varða stuðningsaðila við skólastarf úti í landshlutunum, m. a. sálfræðinga og félagsráðgjafa sem ráðnir hafa verið á grundvelli grunnskólalaga. Þar er það höfðatalan sem skammtar en ekki vinnusvæði viðkomandi aðila. Það er fáránlegt og fjarstæða að miða við sömu höfðatölu varðandi heimildir og réttindi til að ráða slíkt fólk til starfa, annars vegar hér í Reykjavík og hins vegar úti í hinum dreifðu byggðum landsins. Það er eitt af brýnum málum sem á þarf að taka.

Ég tek hins vegar undir það að lokum með hv. flm. þessarar till. að mikil nauðsyn er á að horft sé til heildarinnar þegar verið er að vinna að einstökum breytingum í skólastarfi og því þarf bæði löggjöf og framkvæmd í skólum að vera í endurskoðun, helst stöðugri endurskoðun. Við skulum minnast þess að það eru ekki síst þeir sem verkin vinna og þeir sem næst eru þeim sem skólana sækja, þ. e. kennararnir sem starfsmenn og foreldrarnir, sem geta lagt mikið af mörkum í þessum efnum. Því er það ofur eðlilegt sem hv. flm. leggur til að þeir verði kvaddir til verka í sambandi við stefnumörkun af því tagi sem till. gerir ráð fyrir.

Umr. frestað.

Framkvæmd byggðastefnu, þáltill. 4. mál (þskj. 4, n. 563). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. á þskj. 4, um gerð frv. um framkvæmd byggðastefnu. Till. þessi er flutt af hv. 8. þm. Reykv. Stefáni Benediktssyni og þremur öðrum hv. þm. Bandalags jafnaðarmanna. Till. þessi felur það í sér að skipuð verði nefnd til að semja frv. til l. um framkvæmd byggðastefnu og síðan eru talin upp eftirtalin atriði sem eigi að vera meðal efnis í þessu frv.:

1. Byggða- og áætlanadeild núverandi Framkvæmdastofnunar ríkisins verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félmrn.
2. Starf byggða- og áætlanadeildar verði tengt skipulagsstarfi á vegum Skipulags ríkisins og sveitarfélaga með löggjöf.
3. Starfssvið byggða- og áætlanadeildar verði skýrt afmarkað sem og gerð byggðaáætlana.
4. Lánadeild og stjórn Framkvæmdastofnunar hætti störfum.
5. Alþingi ákvarði, þegar eftir því er leitað, upphæðir á fjárlögum til einstakra byggðaáætlana.

Nefndin leitaði umsagna nokkurra aðila um þessa till. Ég vil geta niðurstöðu úr þessum umsögnum. Það er í fyrsta lagi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Þar var lagst gegn því að þáltill. þessi næði fram að ganga. Var talið rétt að bíða eftir niðurstöðum af starfi nefndar sem nú er að störfum á vegum ríkisstj. til að endurskoða tilvist og verksvið Framkvæmdastofnunar ríkisins. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi taldi ekki tímabært að gefa umsögn um einstök frumvörp, eins og þar stendur, um framkvæmd byggðastefnu á meðan ekki væri lokið þeirri endurskoðun á Framkvæmdastofnun og þar með byggða- og áætlanadeild sem nú sé í gangi. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum taldi að framkvæmd byggðastefnu undanfarin ár hefði verulega raskað æskilegri dreifingu fjármagns um landsbyggðina til hins verra og taldi því æskilegt að gera breytingar á. Hins vegar var stjórnin ekki tilbúin að lýsa yfir stuðningi við einstök þmfrv., eins og það er þar orðað, um breytingar en telur að um málið verði að takast víðtækt samstarf með hagsmuni allra landsmanna fyrir augum.

Samband ísl. sveitarfélaga taldi þær hugmyndir sem fram koma í liðum 1—3 í tillögunni athyglisverðar og mælti með samþykkt tillögunar að því er þá töluliði varðar en benti á varðandi liði 4 og 5 að þá væru skiptar skoðanir innan stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og því ekki ályktað beint um þau efnisatriði.

Skipulag ríkisins var meðmælt því að umrædd þáltill. næði fram að ganga og taldi skynsamlegt að taka þessi þýðingarmiklu mál til endurskoðunar í heild en vildi ekki taka afstöðu til þess hvort hyggilegt væri að leggja Byggðasjóð og Framkvæmdastofnun niður í núverandi mynd.

Eins og fram kemur í sumum þessara umsagna hefur á vegum hæstv. ríkisstj. verið starfandi nefnd frá því í ágúst 1983 til að endurskoða lög um Framkvæmdastofnun ríkisins. Sú nefnd hefur verið að störfum og mun að sögn formanns nefndarinnar skila tillögum til ríkisstj. innan skamms.

Innan atvmn. voru skiptar skoðanir um efni þessarar till., þ. e. um þau efnisatriði sem áskilið var að yrðu felld inn í frv. Hins vegar var nefndin sammála því að efni þessarar till. kæmi til athugunar í sambandi við tillögugerð ríkisstj. um mál þetta og leggur nefndin því til að till. verði vísað til ríkisstj. Um þetta var samstaða í nefndinni. Einn nm., hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem ég sé að ekki er hér, skrifaði undir með fyrirvara. Hann tjáði mér að sá fyrirvari sinn byggðist á því að hann teldi óeðlilegt að nefndin væri skipuð á þann veg sem hún er, þ. e. að annar af framkvæmdastjórum Framkvæmdastofnunar ríkisins skyldi vera formaður þessarar nefndar. Mér þykir rétt að koma því hér á framfæri þar sem hann á væntanlega ekki kost á að gera grein fyrir þessum fyrirvara sínum þar sem hann er hér ekki staddur á þessu augnabliki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þróunarverkefni á Vestfjörðum, þáltill. 229. mál (þskj. 401). — Ein umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við þrír Vestfjarðaþm., 3., 4. og 5. þm. Vestf., flytjum þessa till. til þál. um þróunarverkefni á Vestfjörðum sem hér

er til umr. 1. flm. er Sighvatur Björgvinsson sem sat fyrr í vetur á þingi sem 3. þm. Vestf. Með því að Sighvatur Björgvinsson situr nú ekki á þingi hefur það fallið í minn hlut að mæla fyrir till. þessari.

Till. þessi gerir ráð fyrir að Framkvæmdastofnun ríkisins sé falið að semja álitsgerð um framkvæmd þróunarverkefna í atvinnumálum á Vestfjörðum í því skyni að hraða nýsköpun í atvinnulífi, örva framtak einstaklinga og félaga, efla vöxt byggðakjarna og auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi. Gert er ráð fyrir að í álitsgerð komi fram, auk ábendinga um æskileg verkefni, hugmyndir um hvernig að framkvæmdum skuli staðið, þar á meðal um hvaða sértækum aðgerðum skuli beita af hálfu sveitarstjórna og ríkisins til þess að greiða fyrir framgangi atvinnuþróunarverkefna sem líkleg væru til að treysta grundvöll atvinnulífsins og búsetu fólks á svæðinu, eins og það er orðað í till.

Þegar meta skal hvað brýnast er af verkefnum sem kalla á í málefnum Vestfjarða er margs að gæta. Það verður að líta á ástandið í dag og ekki síður þá byggðaþróun sem orðið hefur á Vestfjörðum síðustu áratugina og raunar á þessari öld. Á mesta framfaraskeiði þjóðarinnar hafa mikil umskipti orðið á Vestfjörðum. Framfarir og uppbygging hafa átt sér stað í atvinnu-, félags- og menningarmálum og framlag Vestfirðinga til hagsældar og velmegunar þjóðarinnar ekki verið minna en annarra landsmanna, nema síður sé. Á Vestfjörðum hefur þróast það mannlíf sem nútíminn býður upp á.

En samt sem áður hafa Vestfirðingar sérstöðu gagnvart öllum öðrum kjördæmum. Hin mikla fólksfjölgun landsmanna á þessari öld hefur skipst misjafnt milli landssvæða núverandi kjördæma. Hlutfallið af heildaríbúatölunni hefur sums staðar aukist, en annars staðar minnkað. En einungis á Vestfjörðum hefur bæði verið um að ræða hlutfallslega og tölulega fækkun íbúa. Þetta vita Vestfirðingar, en það eru ekki allir sem gera sér þetta ljóst.

Þegar við ræðum eflingu byggðar á Vestfjörðum verður ekki gengið fram hjá þessari staðreynd og raunar verðum við að byggja umr. á þessari staðreynd. Sækja verður ýmis framfaramál Vestfjarða í greipar ríkisvaldsins með þeim rökum að það þurfi að gera meira fyrir þennan landshluta en aðra. Hér liggur til grundvallar sú hugsun byggðastefnu eða aðgerða til jafnvægis í byggð landsins að ríkisvaldinu beri að styrkja sérstaklega þau byggðarlög sem höllum fæti standa og í vök eiga að verjast. Í þessu efni hafa Vestfirðir algera sérstöðu vegna fólksfækkunar.

Þessi sérstaða var viðurkennd af ríkisvaldinu þegar Vestfjarðaáætluninni var hleypt af stokkunum og öllu fjármagninu sem kom frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins var veitt til Vestfjarða. En síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Tilhneigingin til þess að láta aðgerðir og fjármagn sem upphaflega var ætlað til að efla jafnvægi í byggð landsins ná til allra jafnt hefur tröllriðið byggðastefnunni. Byggðaáætlanir vilja menn nú gera alls staðar. Hvarvetna skal efla byggðina. Það gildir einu hvort um er að ræða byggðarlög þar sem ofvöxtur hefur raskað jafnvægi í byggð landsins eða byggðarlög sem orðið hafa fyrir barðinu á þessari þróun í formi fólksfækkunar. Þegar svo er komið ná ekki tilgangi sínum aðgerðir sem upphaflega voru ætlaðar til jafnvægis í byggð landsins. Í stað þess að jafna aðstöðumun verða framlög í nafni byggðastefnu aðeins viðbót við það fjármagn sem almennar lánastofnanir veita til framfara og uppbyggingar um land allt.

Engir þurfa frekar að standa á verði gagnvart þessari þróun en Vestfirðingar. Efling byggðar og mannlífs á Vestfjörðum er ekki síst undir því komin að sýndur sé í verki vilji til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Þegar efla á byggð í einum landshluta þurfa að koma til alhliða ráðstafanir. Þar sem unnið er skipulega og markvisst að slíkum verkefnum er lögð áhersla á að ekki nægi að taka einstök atriði fyrir, heldur alla meginþættina sem móta mannlíf þess landssvæðis sem um er að ræða. Þannig hefur t. d. Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins viljað haga vinnubrögðum við þau byggðaverkefni sem hann lánar til. Þetta eðli viðfangsefnisins verða menn að hafa í huga þegar meta skal hvað sé brýnast að gera til að efla byggð á Vestfjörðum.

Hér er um margþætt og margslungið viðfangsefni að ræða. Í atvinnulegu tilliti hlýtur sjávarútvegurinn að vera megingrundvöllur mannlífs á Vestfjörðum í framtíðinni sem hingað til. Þessi landshluti er að sjálfsögðu háður almennum rekstrarskilyrðum og markaðsástandi þess atvinnuvegar eins og aðrir landshlutar. En Vestfirðingar hafa sérstöðu í þessum efnum. Enginn landshluti byggir svo á fiskveiðum og fiskvinnslu sem Vestfirðir. Þess vegna varðar miklu að tekið sé tillit til þessarar staðreyndar við framkvæmd fiskveiði- og fiskverndarstefnu okkar Íslendinga. Ekki má skerða hlut Vestfjarða fram yfir aðra landshluta í þessu efni. Þetta er þeim mun sjálfsagðara sem þjóðhagslega hlýtur að vera hagkvæmast að Vestfirðingar sjálfir hagnýti sem mest hin fengsælu fiskimið á heimaslóðum. Hlutur Vestfirðinga í fiskveiðum og fiskvinnslu má undir engum kringumstæðum minnka frá því sem mest hefur verið, heldur þarf þvert á móti að stefna að auknum hlut Vestfjarða í þessu efni sem er svo mikilvægt fyrir alla byggðaþróun þar.

Þróun síðustu ára sýnir hvað hér er um mikilvægt mál að ræða fyrir alla byggðaþróun á Vestfjörðum. Á áttunda áratugnum var um að ræða mikla uppbyggingu á Vestfjörðum í fiskveiðum og fiskvinnslu. Segja má að grundvöllurinn að þessu hafi verið tilkoma skuttogaranna sem bætti svo mjög aðstöðu Vestfirðinga til að nýta sér nábýlið við auðugustu fiskimið landsins. Enginn vafi er á að þetta leiddi til þess að stórlega dró úr fólksflutningum frá Vestfjörðum á áttunda áratugnum og þéttbýli efldist þar. Þær breytingar héldust í hendur við mikil umskipti í tekjumöguleikum fólks á Vestfjörðum miðað við landsmeðaltal. Í upphafi áttunda áratugarins, þegar enn var mikill fólksflótti frá Vestfjörðum, voru meðalbrúttótekjur framteljenda þar nokkuð undir landsmeðaltali. Við lok þess áratugar, þegar fólksflóttinn hafði minnkað, höfðu meðaltekjur á Vestfjörðum vaxið meira hlutfallslega en í nokkrum öðrum landshluta og voru komnar talsvert yfir landsmeðaltal.

Um og eftir 1980 fer svo að verulegu marki að gæta afleiðinga af aukinni fiskveiðistjórn og auknum takmörkunum á þorskveiðum. Þá fer bæði magnhlutdeild og verðmætishlutdeild Vestfirðinga í heildarframleiðslu hraðfrystiiðnaðarins að hraka. Árið 1978 nam hlutur Vestfirðinga í heildarframleiðslu hraðfrystihúsa 22.8%, en hafði verið 17.4% 1972. En árið 1982 er þetta hlutfall komið svo niður í 19.5%. Ef með hliðstæðum hætti er litið á framleiðsluverðmæti hraðfrystihúsanna

vex hlutur Vestfirðinga úr 18.4% 1972 í 24.4% 1977 og 1978, en er árið 1982 fallið niður í 21.4%. Þennan samdrátt má án efa rekja beint til aukinna veiðitakmarkana sem fylgt hafa í kjölfarið á stækkandi fiskveiðiflota landsmanna. Auðvitað hefur þetta haft sín áhrif á atvinnutekjur þeirra sem fiskvinnslu stunda. Þegar þetta er haft í huga má ljóst vera hvílíkur voði er nú fram undan fyrir þennan landshluta þegar fram koma afleiðingar af hinni nýju fiskveiðistjórn sem tekin hefur verið upp nú með kvótafyrirkomulaginu.

Með því að beita takmörkunum á veiðum skv. kvótaskipulaginu jafnt um allt land, burtséð frá því hvað fiskveiðar og fiskvinnsla eru mikill hluti af atvinnulífi hvers staðar, er sérstaklega vegið að þeim byggðarlögum sem eiga allt undir þessari atvinnugrein. Gefur auga leið að slíkar reglur eru bein fjörráð við landshluta eins og Vestfirði og geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir alla byggðaþróun þar. Það er því grundvallaratriði fyrir alla byggðaþróun á Vestfjörðum að fá leiðréttingu þessara mála.

Þó að staðið hafi verið vel að uppbyggingu fiskveiða og fiskiðnaðar á Vestfjörðum hefur ekki fylgt þessu sú aukning í þjónustuiðnaði sem eðlileg má kalla. Aukning frumframleiðslu í fiskveiðum og fiskvinnslu hefur ekki leitt til samsvarandi aukningar í þjónustuiðnaði á Vestfjörðum sjálfum. Þjónustuumsvifin hafa ekki skapast í heimabyggðinni, heldur í fjarlægum byggðarlögum, t. d. á höfuðborgarsvæðinu. Hin mikla uppbygging í fiskiðnaði með stórauknum atvinnutekjum hefur m. ö. o. ekki orðið Vestfirðingum nema að takmörkuðu liði í annarri atvinnuuppbyggingu. Hin óbeinu áhrif hafa komið fram annars staðar og orðið öðrum að gagni. Hér þarf að verða breyting á, jafnframt því að alhliða aðgerðir þurfa til að koma til að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Þegar rætt er um atvinnumál á Vestfjörðum og það sem einkum er ábótavant í þeim efnum verður ekki komist hjá að minnast á einhæfni atvinnulífsins. Þá er spurningin hvernig bætt verður úr í þeim efnum. Kemur þar að sjálfsögðu margt til greina, en sérstaklega skal staðnæmst við iðnaðinn. Þjónustuiðnaðinn á Vestfjörðum þarf að byggja upp með svipuðum hætti og annars staðar á landinu. Vel búin verkstæði þurfa að vera fyrir hendi til að sinna hvers konar þjónustuverkefnum. Sérstakt verkefni í landshluta sem byggir fyrst og fremst á sjávarútvegi eru skipasmíðar og skipaviðgerðir og það hlýtur að vera eitt af höfuðviðfangsefnum einmitt nú að sjá svo um að þessi iðnaður skipi þann sess sem honum ber og nauðsynlegt er á Vestfjörðum.

Til eflingar iðnaðar á Vestfjörðum þarf að koma meira til en hinn beini þjónustuiðnaður. Á Vestfjörðum þurfa menn að hasla sér völl í sjálfum framleiðsluiðnaðinum. Í þeim efnum eru Vestfirðir langt á eftir öðrum sambærilegum landshlutum. Hef ég þá í huga ýmsan léttiðnað og smáiðnað. Ég ætla ekki að fara að telja hér upp einstakar greinar slíks framleiðsluiðnaðar, sem kemur til álita, en þó vil ég nefna einn iðnað sem frá mínu sjónarmiði er kjörinn til þess að Vestfirðingar beiti sér við. Þeim mun fremur ætti að huga að þessu þar sem þessi iðnaður er á þeim vettvangi sem verður svo ráðandi í tæknivæddu atvinnulífi, bæði næstu framtíðar og um ófyrirsjáanlega framtíð. Hér á ég við rafeindaiðnaðinn. Í þessu efni er hvetjandi fyrir Vestfirðinga það mikla framtak og hugvit sem þegar er fyrir hendi í þessu efni þar sem er fyrirtækið Póllinn á Ísafirði.

Það fer vart milli mála að hagstætt er fyrir þjóðarheildina að nýttar verði þær auðlindir sem Vestfirðir hafa yfir að búa. Þar kemur fleira til en nábýli við miðin og sú sérþekking og hæfni sem vestfiskir sjómenn og fiskiðnaðarmenn hafa tileinkað sér í útgerð skipa og vinnslu afla. Jarðhiti er víða á Vestfjörðum og liggur sums staðar mjög vel við. Fiskiræktarmöguleikar eru miklir. Í hinum djúpu fjörðum í Ísafjarðardjúpi, í Þorskafirði og fleiri fjörðum eru möguleikar til jafnvel stærri og meiri framkvæmda við fiskirækt en víða annars staðar á Íslandi. Bent hefur verið á aðrar lítt kannaðar náttúruauðlindir, svo sem surtarbrand sem víða er að finna á Vestfjörðum, málmgrýti sem er að finna í Önundarfirði og víðar, en sem litlar athuganir hafa farið fram á þótt áður fyrr hafi hagnýting þessara auðlinda verið mjög til umræðu og athugunar.

Það er stundum talað um atvinnumál á Vestfjörðum svo sem atvinnulífinu þar sé áskapað að vera einhæfara en í öðrum landshlutum. Þá er kannske stundum talað svo eins og Vestfirðir séu annars flokks land í þessu tilliti. Þetta er víðs fjarri raunveruleikanum. Það er ekki rétt, eins og stundum er talað um, að Vestfirðir séu ekki hlutgengir t. d. þegar talað er um stóriðju. Það er rétt að á Vestfjörðum eru ekki stór vatnsföll til stórvirkjana samanborið við það sem stærst gerist í öðrum landshlutum. Samt sem áður hafa Vestfirðir möguleika á umtalsverðum vatnsaflsvirkjunum sem hljóta að verða settar upp á Vestfjörðum þegar hagkvæmt þykir. En enn fremur geta Vestfirðir notað stórvirkjanir landsins til stóriðju. Það er ekkert sem útilokar það. Það er ekki meiri vandkvæðum bundið t. d. að flytja raforku frá Blönduvirkjun til stóriðju á Vestfjörðum en að flytja raforku frá virkjun við Þjórsá til stóriðju í Hvalfirði. Það kann að vera að það sé nú eins og stendur ýmislegt nær Vestfirðingum í iðnaðarmálum en að hyggja að stóriðju á Vestfjörðum, samt sem áður eru Vestfirðir ekki úr leik í þeim efnum og það þarf að vera á verði um að hagnýta þau tækifæri sem kunna að gefast á þessu sviði.

Ég hef áður sagt að það verkefni sem við hér ræðum um sé æðimargslungið. Og vissulega er að mörgu að hyggja þegar rætt er um þróunarverkefni á Vestfjörðum. Þegar Vestfjarðaráætlun kom til var ákveðið að byrja á samgöngumálunum og aðrir þættir áttu að koma á eftir. Þó að þá og síðar hafi mikið verið gert í samgöngumálum Vestfjarða er svo mikið ógert enn að telja verður hiklaust að þau mál séu enn ein af brýnustu viðfangsefnunum. Ég ætla ekki að fara að tala hér um einstök verkefni í samgöngumálunum. Þar er að sjálfsögðu af mörgu að taka eins og alkunnugt er. Á það jafnt við vegamál, brúargerðir, jarðgangagerðir, hafnargerðir og flugvallaframkvæmdir. Mikilvægi alls þessa blasir við þegar rætt er um þróun byggðar á Vestfjörðum.

Þá er vert að minna á að eitt af því allra brýnasta til eflingar byggðar á Vestfjörðum er aukin áhersla á byggingu íbúðarhúsnæðis. Húsnæði er grundvallarskilyrði þess að fólk geti flutt til Vestfjarða og sest þar að. Á síðari árum hefur síður skort framleiðslutæki á Vestfjörðum en fólk til að hagnýta þau sem best. Skortur á íbúðarhúsnæði hefur verið hemill á uppbyggingu á Vestfjörðum. Ef vel á að vera þarf að mæta

þessum vanda með sérstakri fyrirgreiðslu við húsbyggjendur í þessum landshluta.

Með till. þessari til þál. er lagt til að Framkvæmdastofnun ríkisins verði falið að semja álitsgerð um framkvæmd þróunarverkefna fyrir Vestfirði með skírskotun til þeirrar sérstöðu í atvinnulífi landshlutans sem ég hef hér lýst. Líkur eru til að fyrirsjáanlegar stórbreytingar í atvinnuháttum kunni, ef ekkert verður að gert, að leiða til stórfelldrar byggðaröskunar Vestfjörðum í óhag og þjóðarheildinni til tjóns. Slík þróunarverkefni eiga í fæstum tilvikum að vera frumkvæðisverkefni opinberra aðila né á sviði opinbers rekstrar. En það er sjálfsagt að hið opinbera veiti t. d. einkaaðilum tiltekinn stuðning til þess að hrinda slíkum verkefnum í framkvæmd og getur sá stuðningur verið með margvíslegum hætti. Ekki á það aðeins við um ríkið og stofnanir þess, heldur ekki síður við sveitarfélögin sem veitt gætu aðstoð t. d. með tímabundinni eftirgjöf á opinberum gjöldum til atvinnulegrar uppbyggingar slíkra þróunarverkefna. Það væri mikill fengur að fá slíkum hugmyndum lýst í álitsgerð sem gæti orðið grundvöllur að aðgerðum síðar meir, eins og hér er gerð till. um hvað varðar Vestfirði sérstaklega.

Herra forseti. Að loknum fyrri hluta umr. um þessa þáltill. leyfi ég mér að leggja til að till. verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 10. apríl.

Tollkrít.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Eiðs Guðnasonar um tollkrít, á þskj. 500.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða reglur gilda hjá fjármálaráðuneytinu um tollkrít, eða greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og söluskatti?
2. Hvaða verktakafyrirtækjum hefur verið veitt tollkrít vegna innflutnings vinnuvéla undanfarin tvö ár?
3. Með hvaða kjörum og til hve langs tíma eru slík tollkrítarlán veitt?
4. Hvernig er skuldastaða þeirra verktakafyrirtækja við ríkissjóð sem fengið hafa lán af þessu tagi undanfarin tvö ár?

Skriflegt svar óskast.

Svar:

1. Árið 1969 var lögfest ákvæði í 53. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit þar sem fjármálaráðherra var heimilað með reglugerð að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Við það var að miða að greiðslufrestur yrði veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu sem fjármálaráðherra tæki gilda. Jafnframt var gert ráð fyrir að það skilyrði yrði sett að viðkomandi vara yrði tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan tiltekins frests sem ákveðinn yrði í reglugerð og var sérstaklega tekið fram að hann skyldi ekki vera lengri en einn mánuður frá komudegi flutningsfars til landsins. Jafnframt var kveðið svo á í lögunum að heimilt væri að takmarka greiðslufrest við ákveðnar tegundir vöru.

Þegar á reyndi varðandi notkun heimildarákvæðis þessa komu í ljós ýmsir annmarkar, sem hér skulu ekki tíundaðir, er voru því til fyrirstöðu að koma heimildarákvæðinu til framkvæmda. Var því horfið frá því að setja almennar reglur um ákvæðið. Í þess stað var ákveðið að reyna tollkrít á einstökum mjög stórum vörusendingum og varð því niðurstaðan að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í eftirtöldum tilvikum:

1. Magninnflutningi á timbri.
2. Magninnflutningi á járni.
3. Bílum samkvæmt sérstöku samkomulagi, m. a. við Bílgreinasambandið.
4. Vörum til skipasmíða samkvæmt nánari reglum, en tollur af þeim er hvort eð er endurgreiddur eftir á.

Framkvæmd greiðslufrests að því er varðar ofangreindar vörur var í upphafi falin embætti tollstjórans í Reykjavík og gilti sem almenn regla. Reglur þær sem þannig voru mótaðar í upphafi eru í stórum dráttum enn þá í gildi. Skal hér á eftir gerð örlítið nánari grein fyrir þessum reglum.

Með ráðuneytisbréfi dags. 22. ágúst 1972 var veitt heimild til handa járninnflytjendum og timburkaupmönnum til þess að tollafgreiða þessar vörur með greiðslufresti til tveggja mánaða. Greiðslufrestur var bundinn því skilyrði að bankaábyrgð lægi fyrir við tollafgreiðslu. Að svo miklu leyti sem aðflutningsgjöld hvíla á járni og timbri eru reglur þessar í fullu gildi enn þá.

Að því er varðar greiðslufrest á aðflutningsgjöldum á efnivörum til skipasmíða og skipaviðgerða er nú í gildi almennt bréf til tollstjóra frá 14. ágúst 1980. Samkvæmt því er tollstjórum heimilt að veita skipasmíðastöðvum, útgerðaraðilum og skipaviðgerðaraðilum allt að sex mánaða greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og öðrum ríkissjóðsgjöldum vegna tollafgreiðslu á vélum, tækjum og efnivörum til skipasmíða og skipaviðgerða. Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skal veittur gegn útgáfu skuldarviðurkenningar og skilyrðislausri ábyrgð banka eða sparisjóða um greiðslu, verði krafa samkvæmt skuldarviðurkenningu eigi greidd á réttum gjalddaga.

Samkvæmt ráðuneytisbréfi frá 16. nóvember 1973 er tollstjóra heimilt að veita olíufélögunum greiðslufrest á tolli af bifreiðabensíni. Greiðslufrestur er þó aðeins veittur að hluta, þ. e. hann nær einungis til 35% af tollinum.

Sérstakt samkomulag var gert á árinu 1974 milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Verslunarbanka Íslands hf. og Bílaábyrgðar hf. Samkvæmt samkomulagi þessu er bifreiðainnflytjendum, sem eru hluthafar í Bílaábyrgð hf., veittur gjaldfrestur á aðflutningsgjöldum af bifreiðum gegn afhendingu skuldarviðurkenn-

inga. Greiðslufrestur er á bilinu 10 til 20 dagar, talið frá afhendingardegi bifreiðar. Til tryggingar greiðslu á aðflutningsgjöldum hefur Verslunarbanki Íslands hf. sett ríkissjóði bankaábyrgð. Jafnframt var Bílaábyrgð hf. gert að setja að handveði tryggingar vegna hugsanlegra krafna Verslunarbanka Íslands hf. á hendur bifreiðainnflytjendum. Að öðru leyti eru í samkomulagi þessu ítarleg ákvæði um hvernig skuli leita fullnustu ef til vanskila kemur svo og um viðurlög. Sams konar samkomulag milli fjármálaráðherra, Samvinnubanka Íslands hf. og Sambands íslenskra samvinnufélaga var svo gert síðar sama ár.

Með ráðuneytisbréfi dags. 13. apríl 1976 var olíufélögunum veittur greiðslufrestur á gjaldi af gas- og brennsluolíum. Greiðslufrestur er allt að fimm mánuðir frá komudegi flutningsfars til landsins. Greiðslufrestur er að öðru leyti veittur gegn útgáfu skuldarviðurkenningar.

Greiðslufrestur samkvæmt framansögðu gildir aðallega vegna innheimtu tolls og annarra aðflutningsgjalda, en að því er varðar innflutning efnivara til skipaviðgerða og skipasmíði er þó jafnframt heimilt að taka við skuldarviðurkenningu vegna söluskatts þegar um er að ræða innflutning af hálfu útgerðaraðilanna sjálfra.

Af fjármálaráðuneytisins hálfu hafa ekki verið settar frekari almennar reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum vegna almenns innflutnings á öðrum vöruflokkum en hér hafa verið tilgreindir.

Sérstakt fyrirkomulag gildir að því er varðar tímabundinn innflutning á vörum. Um tímabundinn innflutning ferðamanna á bifreiðum gildir sú regla að ferðamenn þurfa almennt ekki að setja sérstakar tryggingar vegna innflutnings á bifreiðum sínum. Sama gildir um tímabundinn innflutning vísindamanna og vísindaleiðangra á tækjum og öðrum búnaði sem þeir nota hér við rannsóknir sínar. Í öðrum tilvikum má segja að meginregla sé að innflytjandi verði að setja peningatryggingu vegna greiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem tímabundið eru fluttar inn í landið. Með ráðuneytisbréfi dags. 10. júní 1981 hefur fjármálaráðuneytið þó heimilað tollstjórum að taka við skuldarviðurkenningu fyrir lögboðnum áföllnum gjöldum svo og öðrum kostnaði í stað peningatryggingar þegar um tímabundinn innflutning er að ræða. Heimildin er bundin því skilyrði að fyrir liggi skilyrðislaus sjálfskuldarábyrgð banka.

2.1 Hinn 16. júní 1983 var Agnari Hallvarðssyni veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum og sölugjaldi að fjárhæð 2×400 þús. kr. gegn sjálfskuldarábyrgð banka. Gjalddagar voru 27. júní 1983 og 11. júlí 1983. Agnar flutti inn vélgröfu.

2.2 Hinn 29. júní 1983 var Helga Þór Jónssyni veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum og sölugjaldi að fjárhæð 2×1 735 þús. kr. vegna innflutnings kranabifreiðar. Helmingur lánsins var tryggður með veði í kranabifreiðinni R—33012 en hinn helmingurinn með veði í húseign. Lánið er til tveggja ára, verðtryggt og ber 2% vexti.

2.3 Hinn 31. ágúst 1983 var Vörðufelli hf. heimilað að greiða aðflutningsgjöld og sölugjald með skuldabréfum er tryggð væru með sjálfskuldarábyrgð banka eða sjálfskuldarábyrgð Almennra trygginga hf. Lánið er til tveggja ára, verðtryggt og ber hæstu vexti. Upphæð lánsins var 3 556 þús. kr. Vörðufell flutti inn vökvagröfu.

2.4 Hinn 2. febrúar 1984 var Hagvirki hf. heimilað að greiða aðflutningsgjöld og sölugjald með skuldabréfum að nafnverði 5 308 þús. kr. er tryggð væru með sjálfskuldarábyrgð banka. Lánið er til tveggja ára, verðtryggt og ber hæstu vexti. Hagvirki hf. flutti inn jarðýtu.

2.5 Hinn 23. mars 1984 var Veli hf. heimilað að greiða aðflutningsgjöld og sölugjald með skuldabréfum er tryggð væru með sjálfskuldarábyrgð banka, væru verðtryggð og bæru hæstu vexti. Völur hf. hefur greitt tolla að fjárhæð 792 þús. kr. með skuldabréfi er fellur í gjalddaga í október 1984. Skuldabréf til greiðslu á söluskatti mun væntanlega berast ríkissjóði 25. apríl. Nafnverð þess er ekki þekkt en andvirði þess á að greiðast ríkisféhirði í desember 1984.

3. Þessum lið fyrirspurnarinnar er svarað með upplýsingum er gefnar hafa verið varðandi fyrirspurn í lið 2.

4. Það er stefna ráðuneytisins að veita ekki upplýsingar um skuldastöðu einstaklinga eða fyrirtækja við ríkissjóð. Þær kröfur er ríkissjóður á og taldar eru undir lið 2 eru svo vel tryggðar að skuldastaða þeirra fyrirtækja sem þar eiga hlut að máli rýrir ekki líkur ríkissjóðs á að fá aðflutningsgjöld og sölugjald það sem hér um ræðir greitt.

Sameinað þing, 80. fundur.

Miðvikudaginn 11. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Á dagskrá er eitt mál, rannsókn kjörbréfs, en svo er ástatt að hvorki hefur viðkomandi varamaður náð því að koma til þings né hefur kjörbréf borist, hvort tveggja vegna þess að veður hefur hamlað í dag. Með tilliti til þessa er dagskrármálið tekið út af dagskrá.

Efri deild, 79. fundur.

Miðvikudaginn 11. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 301. mál (þskj. 585). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum er ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um þetta efni en þau eru frá 30. apríl 1973. Frv. var unnið á vegum samgrn. í nefnd þar sem sæti áttu fulltrúar frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélskóla Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands,

Vinnuveitendasambandi Íslands vegna kaupskipaútgerðar, Landsambandi ísl. útgerðarmanna og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Formaður var skipaður án tilnefningar.

Síðan lög voru fyrst sett um atvinnu við siglingar á árinu 1883 hafa orðið geysimiklar breytingar á þessu sviði sem öðrum, bæði varðandi tæknilegar framfarir og aukna menntun. Ný lög voru sett um þetta efni 1905. Á næstu árum þar á eftir urðu nokkrar breytingar á þessum lögum, einkum lög nr. 31 frá 1931 og einnig skipta hér máli lög frá 1924 og lög frá 1935. Frá árinu 1936 gengu í gildi ný og ítarleg lög um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum sem urðu síðan grundvöllur laga frá 1945 og 1946.

Í lögum frá 1936 er fyrst getið um heimild til þess að halda sérstaka deild fyrir skipstjóraefni á varðskipum ríkisins. Sú heimild var þó fyrst notuð árið 1953, en með lögum nr. 52/1968 var skipstjóraprófi á varðskipum ríkisins gert að skyldu fyrir skipstjórnarréttindi á varðskipum. Á árinu 1945 komu ný lög um þetta efni, um atvinnuréttindi á íslenskum skipum, sem síðan voru endurútgefin í breyttri mynd árið eftir. Þar var um viðamikinn lagabálk að ræða sem einnig hafði að geyma auk ákvæða um skipstjóra og stýrimenn ítarlegar reglur um vélamenn á mótorskipum og eimskipum. Með lögum frá 1966 voru sett sérstök lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum og tilheyrandi ákvæði felld úr lögunum um skipstjórnarmenn. Lögin frá 1968 komu í stað laganna frá 1946 sem giltu þar til núgildandi lög frá 1973 leystu þau af hólmi.

Í III. kafla athugasemda við þetta frv. er getið helstu breytinga á frv. frá gildandi lögum en þær eru þessar:

1. Niðurskipan efnis verður í heild gerólík því sem er í gildandi lögum.

2. Í stað orðsins „verslunarskip“ er í frv. notað orðið „flutningaskip“. Hugtakið „farþegaskip“ er skilgreint sérstaklega í stað þess að það felist í hugtakinu „verslunarskip“ sem notað er í gildandi lögum. Hugtakið „varðskip“ er skilgreint sérstaklega í 2. gr. þessa frv., en svo er eigi að gildandi lögum, og sama er um orðalagið „önnur skip“.

3. Ákvæði 3. gr. gildandi laga eru að sumu leyti felld niður en að sumu leyti fléttuð inn í ákvæði annarra greina.

4. Í II. kafla frv. um fjölda skipstjórnarmanna telst það einkum til nýmæla að lagt er til að einn stýrimaður verði á flutningaskipum 31—400 rúmlestir en í gildandi lögum ná þau mörk að 200 rúmlestum. Þá er og miðað við að tveir stýrimenn séu á flutningaskipi 401—1500 rúmlestir í stað 200—1500 rúmlesta eins og nú er. Sérákvæði eru tekin upp fyrir farþegaskip og varðskip. Ákvæði fyrir landróðrabáta miðast við 40 rúmlestir í stað 30 rúmlesta skv. gildandi lögum.

5. Ákvæðin í III. kafla frv. um atvinnuréttindi stýrimanna hafa þessar breytingar helst í för með sér varðandi fiskiskip og önnur skip: 1. stigs próf frá stýrimannaskóla veitir réttindi á skipum 240 rúmlestir og minni í stað allt að 120 rúmlestir skv. gildandi lögum. Helmingur siglingatímans á skipi yfir 40 rúmlestir mátti áður allur vera á skipi yfir 12 rúmlestir. 15 mánaða hásetatími á skipi yfir 100 rúmlestir skv. frv. kemur í stað 12 mánaða tíma á skipi yfir 30 rúmlestir. Auk þess felst breyting í ákvæðum frv. um það ef viðkomandi hefur verið skipstjóri eða stýrimaður á minni skipum. Í 2. mgr. 6. gr. frv. er það nýmæli tekið upp að af óskilgreindum siglingatíma megi 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Um flutningaskip, farþegaskip og varðskip vísast að þessu leyti til þess sem segir um einstakar greinar frv.

6. Varðandi IV. kafla skal einkum tekið fram að stærðarmörkum er skv. 8. gr. frv. breytt úr 30 rúmlestum í 40 og hásetatími skal vera 12 mánuðir í stað 18 mánaða. Í 9. gr. frv. er m. a. það nýmæli að heimilað er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum án stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

7. Varðandi V. kaflann um aldursskilyrði og læknisvottorð má benda á að ekki er þar miðað við lögræði svo sem er í gildandi lögum heldur einungis miðað við tiltekinn aldur og þá aðeins notað við eitt aldursmark.

8. Í 17. gr. frv. eru athyglisverð nýmæli sem snerta atvinnuheimild erlendra ríkisborgara, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan eða erlendan skóla, og íslenska ríkisborgara, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla — hvort tveggja að fullnægðum nánari skilyrðum.

9. Í 18. og 19. gr. eru ákvæði um skipan og starfsemi sérstakrar „mönnunarnefndar“ sem er algert nýmæli.

10. Að lokum má nefna að lagt er til að reglur þær um gerð og efni sjóferðabóka, sem nú eru í 28. gr. gildandi laga verði ekki lengur í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Telur nefndin að ákvæðum þessa efnis sé betur skipað í sjómannalögum eða reglum sem settar séu með heimild í þeim og hefur nefnd sú á vegum rn. sem endurskoðaði sjómanna- og siglingalög hugað að þessu atriði enda hefur það komið fram við framlagningu þeirra frumvarpa.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa hér öllu lengri framsögu fyrir þessu máli. En ég vil vekja athygli hv. þdm. á því að undanþágur til skipstjóra, stýrimanna og vélstjóra hafa verið mjög margar gefnar út af rn. á undanförnum árum. Í vetur svaraði rn. fsp. skriflega sem kom fram í þingi þar sem kemur fram að þessar undanþágur voru frá 1. okt. 1982 til jafnlengdar á árinu 1983 hvorki meira eða minna en 1592, þar af til skipstjóra 161, stýrimanna 437, en 1. og 2. vélstjóra tæplega 1000 eða nánar tiltekið 994. Þessi undanþágufjöldi segir þó ekki alla sögu því að sömu menn eru með fleiri en eina og fleiri en tvær undanþágur því að þær eru gefnar út til mjög skamms tíma í senn. Sömuleiðis gefur það svar ekki rétta hugmynd um hversu mörg skip hafa fengið undanþágur, en ég tel að það sé ekki nema u. þ. b. fjórðungur til helmingur miðað við skipafjölda.

Hins vegar er ljóst að þessar undanþágur allar eru orðnar ákaflega hvimleiðar. Þeim hefur farið fjölgandi vegna þess hverjar breytingar hafa orðið á stærð skipa og orku véla og því hefur verið tekið mjög tillit til þessa við samningu þessa frv. sem varðar skipstjórnarmenn og sömuleiðis hins frv. sem ég mæli hér fyrir á eftir. Þetta mál er búið að vera mjög lengi í meðferð og um þetta hafa fjallað forsvarsmenn flestra ef ekki allra sem eiga helst hlut að máli. Hér er um niðurstöðu og samkomulag að ræða sem erfitt var að ná en náðist þó að lokum. Rn. hefur ekki breytt frv. á einn eða annan veg frá því sem nefndin gekk frá því. Það er einlæg ósk mín að hv. nefnd, sem fær frv. þetta til meðferðar, reyni að hraða afgreiðslu þessa máls vegna þess að hér er um knýjandi breytingu að ræða og nauðsynlegt að aflétta að mjög miklu leyti þessari undanþáguplágu sem hefur

verið gangandi á undanförnum árum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Árni Johnsen: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. samgrh. er hér um ákaflega brýnt mál að ræða. Talið er að það þurfi u. þ. b. 100 nýja skipstjórnarmenn á ári til þess að viðhalda eðlilegri þróun í flotanum. Fram kom hjá hæstv. ráðh. að um 1600 undanþágur hafa verið á s. l. ári hjá skipstjórnarmönnum. Það á við u. þ. b. 1100 einstaklinga eftir því sem ég komst næst þegar ég skoðaði skrána yfir undanþágur. Þetta sýnir að það er ákaflega alvarlegt ástand í menntun skipstjórnarmanna á íslenska flotanum og kannske er það einnig veigamikill þáttur í hinni miklu slysatíðni sem á sér stað í íslenskum skipum.

Það hefur sýnt sig að slysatíðnin miðað við s. l. 2 ár til sjós og lands er 150 sinnum meiri til sjós en á landi. Þetta er ákaflega hátt hlutfall og undirstrikar það hvað brýnt er að tekið sé á í þessum efnum. Ég held þó að það hljóti að koma inn í þessa umr. og afgreiðslu þessa máls hvernig bregða megi skjótar við en kannske er gert ráð fyrir í þessu annars ágæta frv.

Ég held að það þurfi t. d. að koma því þannig fyrir að sá mikli fjöldi skipstjórnarmanna í landinu í dag, sem hefur undanþágur til starfa, þurfi að fá tækifæri til þess að afla sér menntunar á eins skömmum tíma og unnt er. Þarna er í mörgum tilvikum um að ræða menntun sem þarf kannske ekki að standa nema örfáa mánuði. Í flestum tilvikum er þarna um að ræða fjölskyldumenn og þess vegna held ég að það þurfi að veita þá sérstöðu varðandi skipstjórnarréttindi í landinu að þeir menn geti fengi námslán til þess að taka próf í því fagi sem þeir eiga síðan að gegna starfi í. Þetta er ekki inni í námslánakerfinu í dag vegna þess að miðað er við ákveðin tekjumörk og að mörgu leyti ákveðna námslengd einnig. Það er ekki hvetjandi fyrir fjölskyldumenn í sjómannastétt að mennta sig eins og kannske þeirra hugur stendur til og umfram allt eins og ástæða er til fyrir þjóðfélagið að stuðla að vegna þess að þeir hafa ekki aðstæður til þess að afla sér þeirrar menntunar af fjárhagsástæðum. Þess vegna ætti að gera þeim kleift að fá námslán þann stutta tíma sem þeir þurfa til þess að afla sér viðbótarmenntunar svo að þeir geti talist fullgildir starfsmenn á íslenska skipaflotanum.

Í þessu sambandi má einnig benda á að það er ótrúlegt að í íslenska skipaflotanum, sem telur um það bil 800 fljótandi atvinnutæki, er stöðvun, þar er engin framþróun í því að fagmenntaðir menn, verkfræðingar, skipaverkfræðingar og aðrir gangi til starfa. Þar hefur verið stöðnun um langt árabil. Það er mikil þróun í fyrirtækjum á landi um skipulagningu, stýringu, skynsamlega hagræðingu. Þetta á sér ekki stað í okkar fljótandi atvinnutækjaskipastól. Þetta er íhugunarefni en kemur einnig inn á þetta mál varðandi menntun og réttindi skipstjórnarmanna.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tel að það sé mjög tímabært að taka á því máli sem þetta frv. fjallar um og minni á að þessi mál hafa verið til umr. almennt í þjóðfélaginu og meðal hagsmunasamtaka í áraraðir. Á árunum 1974—75 var ég einmitt í nefnd til að endurskoða þetta mál. Þá var núv. hæstv. samgrh. einnig samgrh. Því miður tókst ekki að ljúka gerð þeirrar endurskoðunar þá og þeir sem á eftir honum komu höfðu ekki burði til að halda henni áfram eða flytja frv. um málið. Því fagna ég því að þetta er nú komið upp á borð hjá Alþingi og þakka það frumkvæði sem hér er á ferðinni.

Hitt er annað að ég hygg að vel þurfi að huga að því hvers vegna þessar undanþágur eru tilkomnar. Ég tel að það sé m. a. vegna þess að kjör manna á t. d. fiskiskipum hafi ekki verið svo eftirsóknarverð eða aðbúnaður annar. Ég mótmæli því sem kom fram hér hjá hv. síðasta ræðumanni að það séu tengsl á milli slysatíðni og undanþága. Ég tel að það þurfi að rannsaka það frekar áður en fullyrðingar koma upp um það og tel óeðlilegt að setja fram getgátur um slíkt án þess að rannsókn hafi farið fram. Nauðsynlegt er að tryggja atvinnuréttindi skipstjórnarmanna af mörgum ástæðum og það verður að vera kappsmál Íslendinga að hafa sem hæfasta skipstjórnarmenn hverju sinni til að sinna þeim verkefnum sem fyrir eru á fiskiskipaflotanum og annars staðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 302. mál (þskj. 586). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. á að leysa af hólmi gildandi lög frá 13. maí 1966, um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum. Frv. er unnið á vegum samgrn. í nefnd þar sem áttu sæti fulltrúar frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélskóla Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, vegna kaupskipaútgerðar, Landssambandi ísl. útgerðarmanna og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, en formaður var skipaður án tilnefningar.

Frv. er í eðli sínu náskylt frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, sem var lagt fyrir áðan.

Árið 1966 gengu í gildi lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum, sem höfðu í för með sér talsverðar breytingar frá þeim lagaákvæðum sem áður höfðu gilt um það efni. Stóð efni hinna nýju laga í nánu sambandi við efni nýrra laga um vélstjóranám, sem einnig tóku gildi um sama leyti. Um aðdraganda þeirra laga vísast til ítarlegra greinargerða sem fylgdu viðkomandi frv. á sínum tíma.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan framangreind lög voru sett, hafa orðið margvíslegar breytingar á því atvinnusviði, sem hér um ræðir, m. a. vegna örrar tækniþróunar, sem í reynd skapar nýjar eða breyttar kröfur um kunnáttu, hæfni og starfsemi þeirra manna sem bera eiga ábyrgð á vélum skipa.

Í því frv. um atvinnuréttindi, sem hér liggur fyrir, er leitast við að koma til móts við þessar breyttu þarfir, auk þess sem með frv. er ætlað að einfalda mjög gildandi reglur um þetta efni. Það var hins vegar ekki hlutverk þeirrar nefndar að gera tillögur um breytta tilhögun á vélstjóranámi almennt, en nefndin vill þó koma á framfæri þeim ábendingum að það verði gert

hið fyrsta og þá þannig að haft verði mið af ákvæðum þessa frv., ef það verður að lögum.

Hvað varðar efni frv. skal einkum vísað til skýringa með einstökum greinum þess, en þó skulu hér áréttuð örfá meginatriði:

1. Ákvæði frv. eru að miklum mun einfaldari en er að gildandi lögum og efnisskipan þess jafnframt skýrari og aðgengilegri. Í frv. er m. a. almennt ekki gerður greinarmunur á tegundum skipa, svo sem hins vegar er gert í gildandi lögum.

2. Ákvæði frv. um fjölda vélstjóra og vélavarða fela í sér meðaltalsreglur, sem nefndin telur æskilegar og reyndar nauðsynlegar í flestum tilvikum. Ljóst er þó að í lögum verður að gæða þessar reglur nokkrum sveigjanleika vegna óhjákvæmilegra aðstæðna, enda örðugt eða jafnvel ógerlegt að setja reglur sem hentað geti jafn vel fyrir öll skip, hvort sem þau eru ný eða gömul, hvert sem verkefni þeirra er. Er því mönnunarnefnd ætlað að leyfa frávik frá meginreglunni, ef sérstakar ástæður krefjast þess eða réttlæta það.

3. Miðað er við að færri sérfróða menn þurfi til starfa í vélarrúmi nú miðað við það sem áður var. Þetta leiðir m. a. af tölvuvæðingu og hinni auknu sjálfvirkni sem orðið hefur í vélbúnaði á síðustu árum, auk þess sem stjórntök véla hafa í auknum mæli færst úr vélarrúmi yfir til stjórnpalls skips. Notkun svokallaðrar skiptiskrúfu í stærri skipum hefur einnig leitt til einföldunar á vélstjórn.

4. Með frv. er miðað að því að mjög verði dregið úr undanþágum frá lögmæltum kröfum til atvinnuréttinda vélstjóra. Nefndin telur að óæskilegt sé að mikið kveði að þess háttar undanþágum, en þær hafa verið mjög tíðkaðar, eins og ég sagði áðan, á mörgum undanförnum árum, einkum á fiskiskipaflotanum. Það er því lagt til að dregið verði nokkuð úr kröfum til hinna lægri réttinda með það að markmiði að tryggt verði að allir þeir, sem við vélstjórn fást, hafi fengið einhverja lágmarksnámsþjálfun og þarf þá að sjá til þess að námi og kennslu verði í framtíðinni hagað til samræmis við þetta.

Aðalbreytingarnar í þessu frv. frá gildandi lögum eru þessar í mjög stuttu máli:

1. Samkv. frv. eru reglur um útgáfu skírteina mjög einfaldaðar þar sem þeim er nú fækkað úr 18 í 6. Gildandi lög hafa reynst frekar flókin í framkvæmd og stefna þessi lög mjög til bóta.

2. Greinarmunur á fiskiskipum, farþegaskipum og flutningaskipum er felldur niður í sambandi við réttindamörk og reynslutíma.

3. Hjá skipum með 102—300 hestafla vél er ekki skylt að hafa vélstjóra, heldur vélavörð, sem þarf mun skemmri námstíma en vélstjóri.

4. Á skipum með 300—1019 hestafla vél þarf skv. frv. einn vélstjóra og einn vélavörð í stað tveggja vélstjóra.

5. Á skipum með 1020—2038 hestafla vél þarf skv. frv. tvo vélstjóra, en á farþega- og flutningaskipum með vél yfir 1766 hestöfl þarf auk þess vélavörð eða aðstoðarmann í stað þriggja til fjögurra vélstjóra skv. gildandi lögum.

6. Á skipum með stærri vél en 2038 hestöfl skal hafa þrjá vélstjóra og á farþega- og flutningaskipum auk þess vélavörð eða aðstoðarmann.

7. Í 5. gr. er nýmæli um sérstaka undanþágunefnd, sem veitir undanþágur ef ástæða þykir til, en synjunarúrskurðum hennar má skjóta til ráðherra. Í 2. mgr. er heimild fyrir ráðh. að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur, sem renna skuli í sjóð til að veita lán eða styrki til undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Benda má á að skv. frv. hlýtur undanþáguveitingum að stórfækka, en fjöldi þeirra stafar af úreltum lagaákvæðum sem miðuð eru við allt aðrar aðstæður en nú eru með mikilli tækniþróun á þessu sviði.

8. Í 6. gr. frv. eru ákvæði um mönnunarnefnd, sem hefur heimild til að ákveða frávik um fjölda vélavarða og vélstjóra ef ástæða þykir til.

Um einstaka greinar frv. umfram það sem að framan greinir vísa ég til grg. sem fylgir frv.

Ég legg áherslu á að þetta frv., eins og hið fyrra sem ég mælti fyrir, fái afgreiðslu á þessu þingi vegna þess erfiða ástands sem er varðandi undanþágur. Hér er búið að vinna langan tíma, eins og að fyrra frv., til þess að reyna að ná sæmilegu eða nokkuð góðu samkomulagi. Vona ég að sú nefnd sem fær þetta frv. einnig til meðferðar geri sitt besta til að hraða sem kostur er afgreiðslu þessa máls.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 593). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta á þskj. 593.

Um árabil hafa gjaldeyrisbankarnir greitt til ríkissjóðs ákveðið hlutfall af tekjum af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Þessir tekjustofnar voru fyrst á lagðir með lögum nr. 86/1960, um útflutningssjóð o. fl., og síðar skv. lögum nr. 4/1960, um efnahagsmál. Núgildandi ákvæði eru í lögum nr. 40 frá 1969, um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Skv. þeim lögum greiða bankarnir til ríkissjóðs 60% af vergum tekjum vegna þessara viðskipta, en 40% renna til viðkomandi gjaldeyrisbanka. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um raunverulegan kostnað gjaldeyrisbankanna vegna þessara viðskipta, en upplýst er að mismunur kaup- og sölugengis hefur verið ákveðinn meiri en vera mundi ef ekki kæmi til skattlagningar á þessi viðskipti. Sama má segja um ýmis þjónustugjöld sem leyfilegt er að taka samkv. gjaldskrá.

Skv. ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 65 frá 1982, um skattskyldu innlánsstofnana, var gjald þetta ákveðið 50% frá gildistöku laganna til ársloka 1982, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40/1969. Í frv. til þeirra laga var gert ráð fyrir að hlutfall þetta lækkaði á árinu 1983 í 40%. Þá var einnig gert ráð fyrir heildarendurskoðun laganna fyrir árslok 1983 í ljósi þeirrar reynslu sem þá væri fengin af framkvæmd þeirra. Ákvæði frv. um þetta efni náðu ekki fram að ganga umfram lækkun úr 60% í 50% á árinu 1982. Í bráðabirgðaákvæði skv. tölul. V í lögunum

var hins vegar ákveðið að starfandi bankamálanefnd skyldi endurskoða lög nr. 40 frá 1969 fyrir þingbyrjun haustið 1982. Skilaði bankamálanefnd áliti til fjmrh. með bréfi dags. 24. nóv. 1982. Fylgdu bréfi nefndarinnar tvenn drög að frv. til l. um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Var í öðru þeirra gert ráð fyrir að skatturinn yrði 50% til frambúðar, en í hinu að hann félli niður í áföngum á árunum 1983—1985. Ekki varð af því fyrir árslok 1982 að fyrir Alþingi væri lagt frv. um þetta efni. Hækkaði gjaldið því aftur úr 50% í 60% 1. jan. 1983.

Með frv. þessu er lagt til að gjald þetta verði fellt niður í áföngum á árinum 1984—85. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs á árinu 1984 vegna þessa nemi 18 millj. kr., en 36 millj. kr. á árinu 1985 miðað við verðlag ársins 1984. Sem rök fyrir niðurfellingu gjaldsins má nefna að innlánsstofnanir greiða tekjuskatt frá og með rekstrarárinu 1983 skv. lögum nr. 66/1982. Þykir ekki fært að skattleggja sömu tekjur til frambúðar með tvennum hætti. Þar sem niðurfelling gjaldsins þegar í stað mundi hafa í för með sér verulegan missi tekna sem áætlaðar eru í fjárl. fyrir árið 1984 er lagt til að gjaldið verði fellt niður í áföngum.

Þá er lagt til að fjmrh. verði heimilað að endurgreiða eða falla frá innheimtu á ⅙ hluta gjaldsins vegna ársins 1983. Með því er komið í veg fyrir þá tímabundnu hækkun gjaldsins sem leiddi af því hversu síðbúnar tillögur um frambúðarskipan þess urðu.

Með niðurfellingu gjaldsins er þess að vænta að mismunur kaup- og sölugengis erlends gjaldmiðils verði ákveðinn með hliðsjón af breyttum aðstæðum svo og ýmis gjöld vegna þessara viðskipta endurskoðuð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. 306. mál (þskj. 594). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 frá 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana, á þskj. 594.

Vorið 1982 voru á Alþingi samþykkt lög um skattskyldu innlánsstofnana, lög nr. 65 frá 1982. Efnislega fólst í lögum þessum að á árinu 1982 skyldu innlánsstofnanir, aðrar en smæstu sparisjóðir, greiða sérstakan skatt til ríkissjóðs er næmi 0.06% af heildarinnlánum þeirra í lok hvers mánaðar. Frá og með tekjuárinu 1983 skulu þær innlánsstofnanir, er lögin taka til, hins vegar vera skyldar til greiðslu tekju- og eignarskatts og skal álagning byggjast á almennum reglum laga nr. 75/1981. Þó eru gerð frávik frá almennum reglum skattalaga varðandi fáein atriði. Þessi frávik varða heimild til niðurskriftar útistandandi viðskiptaskulda, skattalega meðferð við sameiningu sparisjóða og annarra innlánsstofnana og greiðslufyrirkomulag skatta skv. lögunum, þar sem nokkurs konar staðgreiðslufyrirkomulagi er komið á varðandi innlánsstofnanir. Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða samkv. rómverskum tölul. V í lögunum er loks tekið fram að þau skuli ásamt lögum nr. 40/1969 endurskoðuð af starfandi bankamálanefnd. Í samræmi við þetta gerði nefndin drög að nýju frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana og tvenn drög að frv. að lögum um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Þessi frv.-drög sendi nefndin fjmrn. með bréfi dags. 24. nóv. 1982. Er bréf þetta ásamt fyrrgreindum frv.-drögum birt sem fskj. með lagafrv. þessu. Í till. bankamálanefndar um frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana er í höfuðdráttum byggt á ákvæðum laga nr. 65 frá 1982. Þó eru í frv. gerðar tillögur um fimm viðamiklar efnisbreytingar sem allar horfa til þess að létta skattbyrði innlánsstofnana. Eru brtt. nefndarinnar eftirfarandi:

1. Í 1. mgr. frv.-dragana er gert ráð fyrir að innlánsstofnanir verði eignarskattsfrjálsar. Ætla má að eignarskattur þeirra aðila sem skattskyldir eru skv. lögunum mundu nema nálægt 22 millj. kr. vegna eigna í lok ársins 1983, miðað við að eignarskattur sé 1.1% af stofni.

2. Í 2. gr. frv.-draganna er gert ráð fyrir að allir stofnlánasjóðir og veðdeildir bankanna verði undanþegin skattskyldu, en skv. gildandi lögum er þessi skattundanþága bundin við lögbundna stofnlánasjóði. Erfitt er að meta hversu mikil fjárhagsleg áhrif þessi till. hefur, ekki síst þar sem hún kann að hafa áhrif á uppbyggingu einstakra deilda innlánsstofnana þegar fram í sækir.

3. Í 3. gr. frv.-draganna er lagt til að opnuð verði heimild til sérstakrar niðurfærslu er nemi 1% af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Ætla má að þessi heimild geti lækkað skatttekjur um nálægt 10.5 millj. kr. vegna rekstrarársins 1983, og er þá miðað við að skatturinn sé 50% af skattstofni.

4. Þá er í 5. gr. frv.-draganna lagt til að innlánsstofnanir með lægri innstæðu en 50 millj. kr. í árslok 1982 skuli vera skattfrjálsar. Fjárhagsleg áhrif af þessari till. eru óveruleg þar sem þær innlánsstofnanir sem hér um ræðir höfðu einungis tæp 4% af heildarinnlánunum 1982.

5. Loks leggur bankamálanefndin til í ákvæði til bráðabirgða IV að horfið verði að eftirágreiðslu skatts í stað núgildandi staðgreiðslufyrirkomulags. Við þetta félli niður tekjustreymi eins árs í ríkissjóð og mundi áhrifanna að langmestu leyti gæta á árinu 1984.

Allítarlegan rökstuðning fyrir tillögum bankamálanefndar er að finna í grg. með frv.-drögum og vísast um þær til fylgiskjals.

Telja verður að rík rök mæli með því að starfsemi innlánsstofnana sé skattskyld á hliðstæðan hátt og starfsemi annarra atvinnufyrirtækja í landinu. Af því leiðir að sterk rök varðandi séreðli starfseminnar verði að liggja fyrir til þess að unnt sé að víkja frá almennum skattlagningarreglum að því er þessar stofnanir varðar. Verður að telja það hæpið að nægilega þungvæg rök af þessu tagi liggi að baki öllum tillögum bankamálanefndarinnar. Að því er greiðslufyrirkomulag á sköttum innlánsstofnana varðar er ljóst að ríkissjóður má á árinu 1984 alls ekki við þeim tekjumissi er af tillögum bankamálanefndar í þessu efni mundi leiða. Í frv. þessu eru því einungis gerðar tillögur um tvenns konar breytingar á núgildandi ákvæðum laga um skattskyldu innlánsstofnana. Svara þær til þeirra tillagna sem

bankamálanefnd gerði og raktar eru í 3. og 4. tölul. hér að framan, enda þótt í frv. þessu sé lögð til nokkuð önnur útfærsla en bankamálanefnd gerði tillögur um, eins og nánar er rakið í aths. við einstakar greinar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Sjóntækjafræðingar, frv. 63. mál (þskj. 537 (sbr. 397)). — Ein umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. Ed. tók til umfjöllunar frv. til l. um sjóntækjafræðinga. Eins og hv. þm. rekur minni til var þetta frv. afgreitt héðan frá Ed. með nokkrum breytingum. Nú hefur það gerst að smávægileg breyting var gerð á frv. í Nd. og því er það komið hér til umr. á nýjan leik.

Það er ekki mikil breyting sem gerð var í Nd. við 3. gr. frv., nánast orðalagsbreyting. Eins og frv. hljóðaði eftir 2. umr. í Ed. var 3. gr. á þessa leið:

„Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðh. heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fengnum meðmælum sömu aðila og um getur í 2. gr.“

Breyting var gerð í Nd. þar sem stendur „að fengnum meðmælum“. Þar er lagt til að standi: að fenginni umsögn. Þá er komið sama orðalag í öllum þeim greinum þar sem getið er um og vitnað til umsagnaraðila.

Ég talaði um það áðan að hér væri aðeins um orðalagsbreytingu að ræða. Það skal viðurkennt að hér er um nokkra efnisbreytingu að ræða, en smávægilega. Meðmæli eru þrengri merkingar en umsögn.

Heilbr.- og trn. hefur ekkert við þetta að athuga og leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem var lögð til í Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 612).

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. 223. mál (þskj. 573). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Við ákvörðun fiskverðs þann 10. febr. s. l. var að venju rætt mikið um afkomumál sjávarútvegsins. Þá kom í ljós að afkomuhorfur í saltfiskframleiðslu voru tiltölulega slæmar á árinu 1984 og saltfiskframleiðendur, sem stóðu að fiskverði, töldu að nokkur mismunun þyrfti að eiga sér stað annars vegar á útflutningsgjöldum saltfisks og hins vegar á útflutningsgjöldum af frystum fiski. Þeir vitnuðu til þess, að hér á árum áður voru útflutningsgjöld af frystum fiski lægri en af saltfiski og skreið og töldu rétt að til þessa væri tekið tillit við núverandi aðstæður. Ég vil taka það fram að ég tel út af fyrir sig óheppilegt að nota útflutningsgjald með þessum hætti. Hinu er hins vegar ekki að neita, sem fram kom í þeirra rökstuðningi, að fordæmi var fyrir því. Þótti eftir atvikum rétt að verða við tilmælum þeirra og var ákveðið að leggja fyrir Alþingi frv. sem kvæði á um að útflutningsgjald af saltfiski skyldi vera 4% á árinu 1984 í stað 5.5% áður. Þetta munar saltfiskframleiðsluna nokkru og minnkar þann taprekstur sem áætlaður var við ákvörðun fiskverðs.

Í Nd. var gerð sú breyting á frv. að nefndin ákvað að lækka einnig útflutningsgjald af þeirri skreið sem framleidd var fyrir 31. des. 1983 og ógreidd var á þeim degi í 4% úr 5.5%. Eins og kunnugt er hafa verið miklir söluörðugleikar á skreið. Tel ég því eðlilegt að gera þessa breytingu með tilliti til þeirra aðstæðna.

Einnig var gerð sú breyting í Nd. að ráðh. er heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi, sem framleitt er á árunum 1984 og 1985, enda flytji framleiðandi það út undir íslensku vörumerki. Hér er um mjög lítið mál að ræða fjárhagslega. En fyrirtæki hafa verið að reyna að vinna nýja markaði fyrir fóðurlýsi og áhugi er fyrir því að auka framleiðslu þess til að nýta betur þann úrgang sem nú er hent í sjóinn. Eðlilegt er að liðka til fyrir þeim aðilum sem vilja koma þessari afurð á markað. Þar af leiðandi féllst sjútvn. Nd. á að veita þessa heimild, þó aðeins á árunum 1984 og 1985. Með því ætti að fást reynsla á því hvort hér geti orðið um framtíðarmarkaði að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa frekari orð um mál þetta. Það skýrir sig vel í grg. með frv. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. til Nd.

Málflytjendur, frv. 250. mál (þskj. 252, n. 592). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti allshn. sem er að finna á þskj. 598. Eins og það ber með sér hefur nefndin athugað frv. um málflytjendur og leggur til að það verði samþykkt.

Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum og efni þess er skýrt. Í aths. er gerð rækileg grein fyrir því hvert efni þess er. Enn fremur skýrði hæstv. dómsmrh. efni frv. í framsöguræðu sinni. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að lengja mál mitt um frv. en endurtek að allshn. mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. 251. mál (þskj. 457, n. 560). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. á þskj. 560, um frv. til l. um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, með síðari breytingum. Frv. þetta lýtur að því að þrengja útgáfu eiturbeiðna tiltekinna eiturefna í flokkum I og II þannig að þau megi aðeins láta úti einu sinni á sama hátt og gildir um útgáfu lyfseðla. Einnig er gildistími þrengdur og verður hámark eitt ár frá útgáfudegi.

Þá er einnig gert ráð fyrir að heimila fyrirtækjum sem flytja inn eiturefni til eigin þarfa að selja öðrum af birgðum sínum. Nefndin fékk formann eiturefnanefndar, Þorkel Jóhannesson, á sinn fund. Svaraði hann fyrirspurnum nefndarmanna um starfshætti eiturefnanefndar. Það kom fram í þeim viðræðum að þessi breyting á útgáfu leyfisskírteina tekur ekki til þeirra manna sem starfa í landbúnaði og garðyrkju eða við meindýraeyðingu og þurfa stöðugt að hafa með höndum slík efni sem heyra undir X- og A-flokka. Þeirra leyfi eru útgefin til þriggja ára. En ætla má að þessir aðilar hafi þá þekkingu til að bera á notkun slíkra efna að óþart sé að setja tímamörk á útgáfu slíkra leyfa því að þessir aðilar fá kennslu t. d. í Garðyrkjuskóla ríkisins í meðferð eiturefna.

Nefndin mælir með samþykkt þessa frv. með tveimur breytingum. Þær eru ekki efnislegar heldur er þar aðeins um orðalagsbreytingar að ræða. Undir nál. skrifa Davíð Aðalsteinsson, Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason, Kolbrún Jónsdóttir, Lárus Jónsson, Árni Johnsen og Salome Þorkelsdóttir.

ATKVGR.

Brtt. 560, 1 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 560, 2 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 182. mál (þskj. 326, n. 595). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. á þskj. 595 um frv. til l. um breytingu á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, með síðari breytingum. Frv. þetta fjallar um að við akstur bifreiða, bifhjóla og léttra bifhjóla skuli jafnan vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum, þ. e. um notkun ökuljósa allan sólarhringinn allan ársins hring, og jafnframt um merkingar á bifreiðum, sem flytja skólabörn, þ. e. stöðvunarskyldu bifreiða sem koma á eftir eða á móti slíkum bifreiðum á meðan skólabörnum er hleypt út eða þau eru tekin upp í skólabifreiðina.

Nefndin leitaði umsagna eftirtaldra aðila um frv.: Félags ísl. bifreiðaeigenda, Bílagreinasambandsins, Umferðarráðs, Blindrafélagsins, Bifreiðaeftirlits ríkisins, Öryrkjabandalagsins, Bindindisfélags ökumanna og Umferðarlæknisfræðifélagsins. Skriflegar umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum nema Umferðarlæknisfræðifélaginu, en þaðan kom munnleg umsögn í gegnum síma.

Allar þessar umsagnir eru jákvæðar. Sumar þeirra gera nokkuð ítarlega grein fyrir áliti sínu á þeim þáttum sem frv. fjallar um. Aðrar umsagnir eru á þann veg að ekki eru gerðar athugasemdir eða mælt með samþykkt frv.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, herra forseti, en ég vil lesa hér niðurlag umsagnar stjórnar og varastjórnar Blindrafélagsins, því að sú umsögn gefur nokkuð góða mynd af því sem að baki flutnings þessa frv. liggur. Í bréfi Blindrafélagsins segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin telur að hér sé um mikið hagsmuna- og öryggismál að ræða fyrir blinda og sjónskerta, aldraða og börn og alla öryrkja og aðra þá sem eiga í erfiðleikum í umferðinni. Enn fremur leyfir stjórnin sér að benda á að samþykkt frv. þessa eykur til muna öryggi heyrnarlausra í umferðinni, hvort sem þeir eru gangandi eða akandi. Samþykkt þessa frv. mun einnig stuðla að því að færri hljóti örorku af völdum umferðarslysa."

Undir bréfið ritar formaður Blindrafélagsins, Samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, Halldór S. Rafnar, og Sverrir Karlsson varaformaður.

Eins og ég sagði áðan sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Það fékk nokkra umfjöllun í þessari hv. deild við 1. umr. Nefndin mælir með samþykkt frv. Einn nm., Eiður Guðnason, var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en hann er einn af meðflm. frv. Einn nm., Valdimar Indriðason, skrifar undir með fyrirvara. Aðrir nm. sem skrifa undir frv. eru Ólafur Jóhannesson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Stefán Benediktsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Salome Þorkelsdóttir.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. frsm. n. skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Þarna er þó ekki um að ræða alvarlegan fyrirvara af minni hálfu. Ég er í meginefni sammála þessu frv. hvað viðkemur skólaakstrinum og öryggisreglum við hann og annað slíkt. Það sem ég er ekki sammála öðrum nm. um er í sambandi við ljósatíma.

Mér er sagt að endurskoðun á umferðarlögum standi yfir og sé búin að standa alllengi yfir. Kannske kemur eitthvað nýtt fram í þessum efnum við þá endurskoðun sem við erum nú að leggja til að breytt verði en það liggur ekki fyrir í dag. Það sem ég finn að þessu, eins og ég sagði, er það að fara að skylda alla til þess að hafa ljós á bifreiðum sínum allt árið um kring. Ég er ákaflega mótfallinn því að við setjum þau lög og reglur, sem ekki eru haldin. Ég er nærri því viss um að yfir hásumarið, a. m. k. í þéttbýlinu, verður það þverbrotið að ekið verði með ljósum allan sólarhringinn á sólskinsdögum, sem við vonandi fáum fleiri í sumar en í fyrrasumar. Persónulega finnst mér það truflandi í umferð og ég ítreka það að ég er á móti því að við setjum of mikið af reglum sem eru brotnar. Ég óttast það mjög að löggjafinn geti ekki haft það eftirlit með þessu sem

skyldi. Hins vegar verður auðvitað eins og alltaf áður að miða akstur við aðstæður og án vafa verður áfram kveikt á ljósum úti á rykugum vegum og í dumbungi og þoku og súld, eins og fram kemur líka í núverandi umferðarlögum. En ég vara við því að það verði tekið svona beinskeytt upp alveg ákveðið allt árið. Þess vegna legg ég til að við höfum þetta til málamiðlunar á þann veg núna að ljósaskylda verði ekki nema á meðan skólatími stendur yfir. Það er fjallað um skólabifreiðar og öryggi skólabarna hér á öðrum stað í frv. Því er ég sammála, en þar þarf að fara gætilega líka. Ég legg því til að ljósaskylda á ökutækjum hjá okkur verði ekki nema við sérstakar aðstæður tímabilið 15. maí til 1. september. Annan tíma sé þá skylda að hafa ökuljós.

Vegna tímaskorts er ég hér með skriflega brtt. Það mun reyna á það hvort hún hefur fylgi hér í hv. deild eða ekki. Ég geri það að till. minni að niðurlag 2. gr. gildandi umferðarlaga orðist svo:

„Ljósatími: Tíminn frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás frá 15. maí til 1. september. Annan árstíma svo og í þoku og við önnur svipuð birtuskilyrði, skulu ljós ökutækja ávallt tendruð í akstri.“

Með þessari breytingu er fellt inn í núverandi lög tímabilið 15. maí til 1. september, sem ljósaskylda er ekki á, ef svo má segja. Á öðrum árstíma sé ljósaskylda á öllum ökutækjum og auðvitað áfram eins og verið hefur við slæm akstursskilyrði.

Hæstv. forseti. Ég legg þetta fram hér á þennan veg. Ég veit ekki hvort þetta er fullnægjandi, en ég hafði ekki önnur ráð til að koma brtt. á framfæri við þessa umr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég er einn af flm. þessa frv. og kem hér aðeins vegna brtt. sem hv. 3. þm. Vesturl. mælti fyrir áðan. Mig langar til að benda hv. þm. í því sambandi á umsögn Bifreiðaeftirlits ríkisins um þetta frv. Þar segir með leyfi forseta:

„Bifreiðaeftirlit ríkisins telur notkun ljósa við akstur bifreiðar, bifhjóls og létts bifhjóls allan sólahringinn allt árið til mikils öryggis.“ Þeirra álit fer því ekki á milli mála.

Ég skil vel hvað vefst fyrir hv. 3. þm. Vesturl. í þessu máli. Það er svolítið ankannalegt að hugsa sér bifreiðar aka um með fullum ljósum á sólskinsdögum. En þeir eru nú ekki margir hér á landi og ég held að öryggisatriði þess að þetta sé almenn regla vegi miklu þyngra en smekksatriði í þessu efni.

Árni Johnsen: Virðulegi forseti. Ég vil minna á það að við búum í landi sem er þeim kostum búið að hér er bjart svo til allan sólarhringinn ákveðinn hluta ársins. Og ég vil minna á það að fara ætti varlega í að flytja inn ýmsar erlendar hugmyndir þótt þær kunni að henta í ákveðnum löndum. Ég tel einmitt þennan þátt þessa frv., ljósaskyldupáttinn, vera þess eðlis að hann eigi ekki við í okkar landi. Ég vil taka undir orð hv. 3. þm. Vesturl. Ég er sammála þessu frv. í meginmáli en þykir ekki ástæða til að styðja slíka ljósaskyldu og vil enn benda á það, að það er reynsla af því hér á landi að almennt er hægt að treysta ökumönnum til þess að aka með ljósum þegar þörf krefur við erfið skilyrði, hvort sem það er á skyldum ljósatíma eða ekki. Þess vegna tel ég þetta atriði í frv. óþarft.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 615) samþ. með 13:1 atkv.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér nokkur orð vegna aths., sem fallið hafa varðandi ljósanotkun bifreiða, frá hv. 3. þm. Vesturl., sem hefur skrifað undir nál. með fyrirvara og hefur nú lagt hér fram brtt., og einnig vegna orða hv. 3. þm. Suðurl.

Það má segja að við séum að endurtaka það sama og kom fram við 1. umr. Þetta eru sömu þm. og þá lýstu skoðun sinni. Hún er því nokkuð vel kunn. Mig langar þó að benda hv. 3. þm. Suðurl. á að ekki er ætlað að taka upp notkun ökuljósa hér allan sólarhringinn vegna þess að svo sé erlendis. Frv. er í sjálfu sér ekki að erlendri fyrirmynd hugsað. Það er ekki svo víða erlendis sem almenn ljósaskylda hefur verið tekin upp, en þó er það á döfinni og er verið að koma slíkri skyldu á víða á Norðurlöndum. Segja má að ástæðan hafi verið skilgreind hér. Ég gerði það áðan og kannske einmitt best með þeim orðum sem ég tók upp úr bréfi frá Blindrafélaginu. Þetta er öryggisatriði sem er talið skipta miklu máli. Það skiptir miklu máli að gera allt það sem tiltækt er til að fækka slysum í umferðinni. Það er alveg sama hvort sú umferð fer fram í lofti, á láði eða legi. Það er jafnalvarlegt mál hvar sem umferðarslys verða. Hér er verið að fjalla um umferðarslys á landi.

Hv. 3. þm. Suðurl. minntist á að það væri bjart allan sólarhringinn. Þetta er ekki alveg rétt vegna þess að menn sjá misvel til. Sumir eru sjóndaprir og það er einmitt verið að taka tillit til þeirra sem ferðast í umferðinni fótgangandi, þurfa að gæta sín á ökutækjunum. Það er verið að fara fram á það að þeir sem stjórna ökutækjunum taki tillit til þessara vegfarenda með því að kveikja á ljósunum, jafnvel þó um hábjartan dag sé, því að sjóndaprir sjá þá ökutækin fyrr en ef engin ljós eru sem gefa til kynna að ökutæki sé á ferð. Þetta er meginmálið sem ég vil einu sinni enn ítreka.

Það mætti e. t. v. nefna það hér að Bifreiðaeftirlit ríkisins telur notkun ljósa við akstur bifreiða, bifhjóls og létts bifhjóls allan sólarhringinn allt árið til mikils öryggis. Þetta kemur fram í umsögn þess. Ég held að það hljóti að vera óhætt að taka mark á því sem starfsmenn Bifreiðaeftirlits ríkisins segja um þessi mál.

Mér þykir við þetta tækifæri, úr því að ég er nú komin aftur í ræðustólinn, rétt að skýra frá öðru atriði sem kom fram í umsögn Bifreiðaeftirlitsins. Ég vil leyfa mér að lesa síðustu mgr., með leyfi forseta, en þar stendur:

„Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur gefið út námsskrá til undirbúnings almennu ökuprófi. Í henni er lögð mikil áhersla á að nemendur læri að gæta varúðar, einkum þar sem hætturnar eru mestar, jafnframt að sýna lipurð og tillitssemi í akstri. Þá er lögð áhersla á að nota ljós bifreiðarinnar einnig til að vekja athygli á eigin bifreið. Þessi viðbót við sjálft svarið kann að skýra nánar afstöðuna gagnvart einstökum liðum frv.“, segir Guðni Karlsson, forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins, í sinni umsögn.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að hafa öllu fleiri orð um þetta. Nefndin var sammála um að gera ekki breytingar á frv. Þó get ég út af fyrir sig verið sammála því að málamiðlun væri að sleppa skyldunotkun ljósa

yfir hásumartímann, eins og brtt. hv. 3. þm. Vesturl. fjallar um. Þetta var nokkuð rætt þegar frv. var lagt fram. Í meðförum allshn. á síðasta þingi var m. a. forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins þeirrar skoðunar að kannske væri rétt að lögleiða þetta í áföngum og miða ljósatímann við skólatíma í fyrstu. En hann hefur skipt um skoðun. Ég held að ég hafi skýrt frá þessu áður, en ég get ítrekað það nú. Hann telur að það eigi að ganga alla leið til að tryggja sem best öryggi í þessum efnum. Þess vegna hefur niðurstaðan orðið sú, að allshn. varð sammála um að koma ekki með brtt. við frv. Þess vegna verð ég að lýsa því yfir að ég get ekki fallist á brtt. þótt svo ég viðurkenni að frv. svo breytt væri spor í rétta átt.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég er samþykkur því frv., sem hér er um að ræða, í öllum meginatriðum, en eftir þær umr. sem hér hafa farið fram er ég samþykkur þeirri brtt. sem borin hefur verið fram við frv. Það er einkum vegna þess að ég óttast að eftirlit með framkvæmd frv. yfir þann tíma verði mjög slælegt hjá okkur, þessi löggjöf verði ekki haldin og lögregla hafi ekki aðstöðu til að hafa eftirlit með henni eins og skyldi. Þá óttast ég að það auki á óöryggi í umferðinni t. d. að sjónskertir treysti á að yfir þennan tíma séu ljós á öllum bifreiðum, en þegar í ljós komi að svo sé ekki muni öryggið fara minnkandi yfir sumartímann en ekki batnandi. Þetta finnst mér meginatriðið og þess vegna er ég samþykkur þeirri brtt. sem hér hefur verið borin fram.

Umr. frestað.

Efri deild, 80. fundur.

Miðvikudaginn 11. apríl, kl. 6 síðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. 223. mál (þskj. 573, n. 613). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Hér er frv. til l. um breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Um það var fjallað í sjútvn. Ed. og nefndin varð sammála um að mæla með því óbreyttu eins og það kemur frá Nd. Hér er um það að ræða að lækka útflutningsgjald á saltfiski framleiddum 1984 úr 5.5% í 4% og einnig var gerð sú viðbót og breyting í Nd. að skreið, sem er með sama útflutningsgjaldi, 5.5%, verði einnig lækkuð í 4%. Svo er einnig um fóðurlýsi.

Þetta gefur ekki tilefni af minni hálfu til langrar umr. þannig að ég læt þessar skýringar aðeins koma fram. Nefndin er öll sammála því að þetta frv. verði samþykkt, en Kolbrún Jónsdóttir skrifar undir nál. með fyrirvara.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og sú athugasemd sem ég hef við þetta frv. er sú að hér er einu sinni enn verið að afgreiða mál vegna ákvörðunar ríkisvaldsins um fiskverð. Það er því einu sinni enn bráðabirgðaaðgerð af hálfu ríkisvaldsins til að sætta viðsemjendur sína um fiskverð. Fyrir stuttu síðan kom fram í Morgunblaðinu að saltfiskur er að hækka á mörkuðum Íslands erlendis en sú hækkun skilar sér ekki til sjómanna. Þess vegna er það mjög bagalegt að ríkisvaldið skuli ekki sjá að sér og hætta afskiptum af samningum um verð á fiskafurðum sem er þó hagsmunamál útgerðarmanna og sjómanna fyrst og fremst. Ég hef þó ekki neitt að athuga við það að þetta gjald sé lækkað. Það eru fyrst og fremst þessi afskipti af fiskverðssamningum sem ég geri athugasemd við.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ábyrgð á láni fyrir Arnarflug, frv. 240. mál (þskj. 424, n. 611). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Hæstv. forseti. Nefndin hefur rannsakað mál þetta allítarlega og fengið á fund sinn m. a. forystumenn Arnarflugs sem hafa veitt um það upplýsingar og svarað ýmsum spurningum og skýrt stöðu síns félags. Þar að auki hefur n. notið aðstoðar fjmrn., m. a. ráðuneytisstjóra. Að vel athuguðu máli telur n. rétt að ráðh. fái þá heimild sem hér um ræðir. Enda liggja fyrir upplýsingar af hans hálfu héðan úr þessum ræðustól og frá ráðuneytisstjóra á fundum n. um það að ábyrgð verði einungis veitt skv. reglum ríkisábyrgðasjóðs sem kveða á um það að ábyrgð verði aldrei hærri upphæð en sem nemur 70% verðmætis fullgildra veða.

Á fundinum sat hv. þm. Stefán Benediktsson og er hann sammála nm. um þessa afgreiðslu. Eiður Guðnason var fjarverandi en aðrir nm. styðja það að mál þetta verði samþykkt hér og nú.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. frsm., 4. þm. Norðurl. v., er ég samþykkur þessari afgreiðslu málsins, enda ríkt lagt á við hæstv. fjmrh. að hann fari að lögum í þessu máli. Ég veit reyndar ekki hvort það er með öllu verjandi að orða nál. með slíkum hætti. En ég vil taka það skýrt fram að hvernig svo sem þessu máli er velt fyrir sér fer ekkert á milli mála að sú upphæð, sem hér er verið að biðja um fyrirgreiðslu fyrir, er í krónutölu mjög svipuð þeirri upphæð sem segja má að þessu fyrirtæki hafi verið lögð á herðar við stofnun þess þegar það gekk inn í þrotabú og var nánast þvingað til að kaupa ákveðnar eignir til þess að öðlast flugleyfi á vissum leiðum milli landa. Ég tel að hér hvíli mjög mikil ábyrgð á stjórnvöldum og að það sé ekki verjandi að velta þessu vandamáli yfir á herðar skattgreiðenda. Ég vona að þm. allir muni fylgjast mjög vel með því hvernig með þetta mál verður farið og bregðist harkalega við ef í ljós

kemur að þær aðgerðir sem af því leiða verða millifærsla á peningum eða skuldum frá þeim aðilum sem raunverulega bera ábyrgð á þessu fjárfestingarslysi, því að þetta er eitt af þessum mörgu fjárfestingarslysum sem við erum að berjast við, yfir á herðar skattgreiðenda.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 81. fundur.

Miðvikudaginn 11. apríl, að loknum 80. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. 223. mál (þskj. 573). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 624).

Ábyrgð á láni fyrir Arnarflug, frv. 240. mál (þskj. 424). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 73. fundur.

Miðvikudaginn 11. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Sala kristfjárjarðarinnar Ytra-Vallholts, frv. 277. mál (þskj. 531). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 21:3 atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 119. mál (þskj. 146). — 3. umr.

Guðrún Helgadóttir: Virðulegi forseti. Ég kemst ekki hjá því að taka til máls þó að komið sé að 3. umr. þessa máls.

Eins og menn minnast var samþykkt á hinu háa Alþingi í vetur þáltill. um að ríkisstj. undirritaði svonefndan Flórens-sáttmála. Ég undraðist það dálítið þá að stjórnarþm. skyldi flytja slíkt mál fremur en að ríkisstj. tæki einfaldlega þá ákvörðun að undirrita samninginn, en lýsti því jafnframt yfir að vitaskuld væri sama hvaðan gott kæmi. Nú bregður svo við að hér hefur legið fyrir þinginu frv. til l. frá hinum sama flm., hv. þm. Gunnari Schram, um einn lið í Flórens-sáttmálanum, þ. e. að lagt er til að tollskrá verði breytt til þess að niður falli tollar af tækjabúnaði til vísinda. Ég kom að máli við hann þegar þetta mál hafði verið afgreitt út úr hv. fjh.- og viðskn. og innti hann eftir því hvort það væri með vilja gert að undan væru skilin önnur atriði sáttmálans, sem eru t. d. bækur, tímarit og skýrslur, listaverk, safngripir með menntunarlegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi, sýningarefni og hvers kyns hljóðritað efni með menntunarlegt, vísindalegt og menningarlegt gildi. Síðan er talað um vísindatæki og búnað og vörur til afnota fyrir blinda, en af þeim hafa þegar verið felldir niður tollar.

Hann athugaði málið og bað mig að tefja ekki málið við 2. umr. þar sem hann mundi einfaldlega flytja nýtt frv. til að taka inn önnur atriði sem Flórens-sáttmálinn fjallar um, sem eru ekki síður mikilvæg en vísinda- og tæknibúnaðurinn sem er auðvitað gott að fá afgreitt.

Nú hef ég haft samband við fjmrn. og þá varð undrun mín eiginlega enn þá meiri vegna þess að í því góða rn. telja menn að þetta frv. hafi jafnvel verið með öllu óþarft. Í lögum um tollskrá nr. 120 frá 1976 segir í 3. gr. 6. tölul., með leyfi forseta:

„Fjmrn. er heimilt ... að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tollalækkunarákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum."

Þeir embættismenn telja því að þetta frv. hefði jafnvel verið óþarft. En nú er það komið fram og sjálfsagt að samþykkja það. Þá liggur alveg ljóst fyrir að jafnnauðsynlegt er að um önnur atriði sáttmálans verði jafnframt lagt fram frv.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á þessu. Ég geri ráð fyrir að menn hafi kannske ekki allir áttað sig á þessu. En eftir stendur og sú niðurstaða er alveg óumdeilanleg að annaðhvort þarf frv. fyrir öll atriði sáttmálans eða það þarf ekkert frv. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ef þetta frv. var nauðsynlegt til frekari ítrekunar á núverandi heimild í tollskrárlögum á það ekkert frekar við um vísinda- og tæknibúnað en önnur atriði. Ég mun að sjálfsögðu styðja þetta frv., en ég vil beina því til þm. hv. Ed., og mun ræða við nm. í fjh.- og viðskn. þar, að þeir kanni hvernig þetta mál stendur því hér er sannarlega einkennilega að farið um lagasetningu.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Fram koma fullyrðingar um að frv. þetta sé ófullburða í fyrsta lagi og í öðru lagi með öllu óþarft. (**GHelg:** Það sagði ég ekki.) Var ekki hv. þm. að vitna til þess að lög næðu e. t. v. yfir þetta þannig að það væri óþarft, en í öðru lagi ófullburða að því leyti að það nái ekki nægjanlega yfir þau atriði sem að þessum nefnda sáttmála snúa? Ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann fresti afgreiðslu þessa máls vegna þess að það er

engin hæfa, ef það stenst sem hér er haldið fram, að hv. Nd. afgreiði þetta með þessum hætti frá sér.

Guðrún Helgadóttir: Virðulegi forseti. Ég get að sumu leyti fallist á það með hæstv. iðnrh. að hér er ekki, að ég held, farið að með öllu eins og æskilegast væri. Ég harma hins vegar ef mál mitt verður til þess að tefja fyrir því að vísinda- og tæknibúnaður verði undanskilinn tolli. Ég treysti því þá, ef það verður niðurstaðan að hæstv. ríkisstj. vill rannsaka nánar þetta mál, að þetta þing líði ekki án þess að þau atriði verði samþykkt á þinginu. Ég væri þess vegna tilbúin að styðja þetta frv. og hef gert það hingað til.

Ég var einfaldlega að fara fram á að ekki yrðu undanskilin önnur þau atriði sem Flórens-sáttmálinn fjallar um. Það verður auðvitað að vera mál stjórnarflokkanna hvort þeir vilja bera fram nýtt frv. um öll atriði sáttmálans eða samþykkja þetta frv. og síðan bera fram annað með því sem eftir er. En ég vil eindregið að það komi fram að ég er ekki á móti því, síður en svo, að tollskrárlögum verði breytt í þá veru að tækjabúnaður til vísinda verði tollfrjáls, en ég hlaut að vekja athygli á þessu af lagalegum og lagagerðarlegum ástæðum.

Umr. frestað.

Niðurfelling stimpilgjalda af íbúðarlánum, frv. 27. mál (þskj. 27). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 607).

Skipan opinberra framkvæmda, frv. 176. mál (þskj. 317). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Afnám laga um álag á ferðagjaldeyri, frv. 23. mál (þskj. 23). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 608).

Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, frv. 26. mál (þskj. 26). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BD, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PS, RH, StG, StH, SvH, ÞP, BB, NL, AS, BÍG, EH, FÞ, JM, GB, HÁ.

13 þm. (HG, JBH, KP, KHT, KH, SvanJ, SvG, GSig, GeirG, GE, GA, GHelg, JS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (KSK, MB, MÁM, PP, StV, GeirH, GJG, GGS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 609).

Iðnlánasjóður, frv. 265. mál (þskj. 504). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð ásamt síðari breytingum. Frv. þetta gerir ráð fyrir minni háttar breytingum á núgildandi lagagreinum um Iðnlánasjóð. Meginbreytingin er sú að áformað er að bæta nokkrum lagagreinum inn í núgildandi lög um Iðnlánasjóð til að einfalda og styrkja sjóðakerfi iðnaðarins.

Frv. þetta felur í sér að Iðnrekstrarsjóður er lagður niður en í stað hans er stofnuð vöruþróunar- og markaðsdeild í Iðnlánasjóði og mun hún taka við starfsemi Iðnrekstrarsjóðs. Frv. þetta er samið í iðnrn. í samráði við fulltrúa frá Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna og Iðnaðarbanka Íslands hf.

Með breytingu þeirri sem frv. felur í sér er stefnt að því að efla vöruþróunar- og útflutningsstarfsemi íslenskra iðnfyrirtækja. Jafnframt er sjóðakerfi iðnaðarins einfaldað og gert aðgengilegra fyrir þá sem þangað vilja leita.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. segir m. a., með leyfi virðulegs forseta:

„Unnið verði að endurskipulagningu fjárfestingasjóðakerfisins, stefnt verði að fækkun sjóða með sameiningu þeirra til að draga úr kostnaði og gera starfsemi þeirra heilsteyptari, m. a. með samræmingu lánskjara."

Þessi breyting er því í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj.

Áætlanir um fjárfestingu tengjast oftlega fyrirætlunum um nýjar framleiðsluvörur og markaðssetningu. Það er því eðlilegt að ákvarðanir um lán og styrki til einstakra fyrirtækja vegna þessara þátta séu teknar á einum stað en dreifist ekki á fleiri aðila. Einn öflugur sjóður er auk þess hæfari til að takast á við stór og viðamikil verkefni.

Með þessu frv. er lagt til að lán og styrkir til vöruþróunar og markaðsstarfsemi verði að hluta fjármagnaðir með hækkun iðnlánasjóðsgjalds úr 0.05% af aðstöðugjaldsstofni í 0.25%. Einnig er gert ráð fyrir að starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins verði að verulegu leyti fjármögnuð með þessari hækkun gjaldsins.

Brýn nauðsyn er að efla alla starfsemi er lýtur að vöruþróunar- og markaðsstarfsemi, þ. e. með því að auka tekjur sjóðsins af hinu sérstaka gjaldi og með framlagi ríkissjóðs. Hér er því lagt til að iðnlánasjóðsgjaldið hækki í 0.25% sem þó er aðeins helmingur þess sem það var fyrir 1983. Þar á móti kemur framlag úr ríkissjóði jafnhátt þeim hluta gjaldsins, ⅔ hlutum, sem verja skal til vöruþróunar og markaðsstarfsemi hjá Iðnlánasjóði. Hér er því um að ræða sameiginlegt átak iðnaðarins og hins opinbera til þess að auka verulega

fjármagn til þessarar starfsemi.

Rétt þykir að hafa hækkun iðnlánasjóðsgjalds og framlag ríkissjóðs tímabundið og er því lagt til að upphæð og skipting gjaldsins verði tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988. Fyrr er vart unnt að meta árangur af þeirri starfsemi sem hér er fjallað um. Vöruþróun og markaðsleit skilar yfirleitt ekki árangri fyrr en að nokkrum tíma liðnum og því er lagt til að þessi skipan gildi í a. m. k. þessi 4 ár.

Iðnaðarbanki Íslands hf. mun sjá um daglegan rekstur sjóðsins eins og verið hefur, en gert er ráð fyrir að samningur þar að lútandi verði endurskoðaður.

Rétt er að víkja nokkrum orðum að Iðnrekstrarsjóði. Iðnrekstrarsjóður var stofnaður árið 1973 og starfar nú skv. lögum nr. 54/1980. Í upphafi styrkti sjóðurinn nær eingöngu aðgerðir til að efla útflutning. En með lagabreytingu árið 1980 var hlutverk sjóðsins aukið verulega og samhliða því var auknu fjármagni veitt til hans. Á undanförnum árum hafa styrkveitingar Iðnrekstrarsjóðs í stórum dráttum skipst á þrjá aðalþætti, þ. e. útflutningsaðgerðir, vöruþróun og nýiðnað og iðngreinaverkefni og framleiðniaðgerðir.

Lagt er til að vöruþróunar- og markaðsdeild taki við starfsemi Iðnrekstrarsjóðs frá 1. júlí 1984 og taki þá við eignum og skuldum sjóðsins.

Í uppgjöri fyrir Iðnrekstrarsjóð hinn 31. des. 1983 kemur fram að eignir sjóðsins eru um 43 millj. kr. Samþykkt óútborguð lán voru 8.4 millj. kr. og samþykktir óútborgaðir styrkir voru 1.7 millj. kr. Engin lán hvíla á sjóðnum. Ekki hefur verið lagt mat á þann hluta af eignum sjóðsins sem eru útistandandi lán. Reikna má með að eitthvað af vöruþróunarlánum verði afskrifað þannig að raunveruleg eign sé nokkru lægri en reikningar sýna. Auk þess nema ábyrgðir sjóðsins um 10.6 millj. kr. en óvíst er hvort og þá hve mikið af ábyrgðum sjóðurinn þarf að leysa til sín. Ábyrgð þessi er nær eingöngu tengd einu fyrirtæki.

Lagt er til að sjóðnum verði heimilað að kaupa hlutabréf í starfandi fyrirtækjum og taka þátt í stofnun nýrra fyrirtækja þegar stjórn sjóðsins telur slíkt samræmast markmiði sjóðsins. Stjórn Iðnlánasjóðs mun gefa út nánari reglur um starfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Við það er miðað að 0.25% gjaldið verði lagt á iðnaðinn á árinu 1985, á gjaldstofn ársins 1984. Árið 1983 nam 0.05% iðnlánasjóðsgjaldið 4 millj. 660 þús. kr. Ef gert er ráð fyrir 75% meðalhækkun útgjalda hjá fyrirtækjum milli áranna 1982 og 1983 gæfi 0.25% gjald 40.25 millj. kr. í tekjur fyrir Iðnlánasjóð fyrir árið í ár sem skiptist þannig:

A. 1/7 hluti eða 5.75 millj. kr. til stofnlána.
B. 3/7 hlutar eða 11.5 millj. kr. til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
C. 4/7 hlutar eða 23 millj. kr. til áhættulána og vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Lagt er til að framlag ríkissjóðs til deildarinnar vegna áhættulána verði jafnhátt þeim 4/7 hlutum af gjaldinu sem lagt er á iðnaðinn vegna áhættulána. Er sú viðmiðun höfð í huga að framlög ríkissjóðs vegna áhættulána séu jafnhá því sem iðnaðurinn í landinu leggur fram til áhættulánastarfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Lagt er til að ákvæði um framlag ríkissjóðs taki gildi á árinu 1985 skv. fjárlögum fyrir árið 1985. Framlag ríkisins skal veitt árlega á fjárlögum til og með árinu 1988 en verði þá endurskoðað. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frv. varðandi stofnun vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Í frv. er lagt til að stjórn Iðnlánasjóðs verði heimilt að veita lán til kaupa á tölvubúnaði og tölvukerfum. Ákvæði um þetta í núgildandi lögum eru ekki afdráttarlaus og skýr. Notkun á tölvum og hvers kyns rafeindabúnaði hefur aukist mjög í iðnaði hin síðari ár og á eftir að aukast enn meir. Stjórnvöld hafa komið til móts við þessa þróun með því að fella niður öll aðflutningsgjöld af þessum tækjum til iðnaðarins.

Lagt er til að heimildir um tryggingar, er sjóðstjórnin metur gildar, verði rýmkaðar. Þannig verði heimilt að veita lán gegn tryggingu þriðja aðila er gæti verið tryggingafélag eða annað fyrirtæki en það sem sækir um lánið.

Að lokum er lagt til í frv. að fella skuli niður allar breytingar á lögum nr. 68/1967 og endurútgefa lögin í heild. Þá er ákvæði um að fyrir árslok 1988 skuli taka ákvæði laganna, er lúta að gjaldtöku af iðnaðinum til Iðnlánasjóðs og skiptingu þess, til endurskoðunar.

Gert er ráð fyrir að frv. þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi 1. júlí 1984 og frá þeim tíma falli lög um Iðnrekstrarsjóð úr gildi. Iðnlánasjóður mun frá þeim tíma yfirtaka eignir Iðnrekstrarsjóðs og ábyrgjast allar skuldbindingar hans. Ég legg áherslu á að frv. þetta hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Meginefni þess frv. um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, sem hæstv. ráðh. hefur mælt hér fyrir, er þess efnis að lagður verði niður Iðnrekstrarsjóður og starfsemi sem hann hefur annast verði falin sérstakri vöruþróunar- og markaðsdeild innan Iðnlánasjóðs. Einnig að lögfest verði breytt ákvæði um tekjuöflun til þessarar starfsemi. Þau ákvæði fela í sér álögur á iðnfyrirtæki í þessu skyni með fimmföldun iðnlánasjóðsgjalds frá gildandi lögum, gert er ráð fyrir að það skili 40 millj. kr. miðað við árið 1985, að fram komi jafnhátt framlag úr ríkissjóði að lágmarki til Iðnlánasjóðs, og auk þess verði ráðstafað til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins 3/7 hlutum af iðnlánasjóðsgjaldi.

Iðnrekstrarsjóður hefur nú starfað í 10 ár og gegnt mikilvægu hlutverki. Hann var stofnaður með lögum 1973 að frumkvæði Magnúsar Kjartanssonar þáverandi iðnrh. og tilgangur sjóðsins þá skilgreindur þannig m. a. að stuðla að auknum útflutningi iðnvarnings, breyttu skipulagi og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði. Stofnfé sjóðsins var gengishagnaður af útflutningi iðnaðarvara og 50 millj. kr. framlag á þáverandi verðlagi úr ríkissjóði.

Fyrsta fulla starfsár sjóðsins námu útborguð lán og styrkir úr honum um 10 millj. kr. reiknað á verðlagi ársins 1982. Þær tölur, sem ég fer með hér varðandi framlög til sjóðsins, eru reiknaðar á verðlagi þess árs. Tekjur sjóðsins lækkuðu síðan og útborgað fé hans ár frá ári til ársins 1978 og varð lægst það ár 6 millj. kr. á umræddu verðlagi.

Í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar var hafist handa um eflingu Iðnrekstrarsjóðs og áfram í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens, enda efling sjóðsins sérstaklega nefnd í stjórnarsáttmála þeirrar

ríkisstjórnar. Þetta gerðist með endurskoðun laga um sjóðinn og setningu nýrra laga nr. 54 vorið 1980 svo og með framlögum til sjóðsins af tekjum af tímabundnu aðlögunargjaldi sem innheimt var af innfluttum iðnaðarvörum hálft árið 1979 og árið 1980. Skv. gildandi lögum um sjóðinn er gert ráð fyrir framlagi til hans úr ríkissjóði er miðist að lágmarki við 0,6% af vinnsluvirði iðnaðar undanfarið ár skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar og gildi það fyrir árið 1982—1985 en verði þá endurmetið með hliðsjón af þörfum, eins og segir í lögunum. Jafnframt því að tryggja sjóðnum auknar tekjur voru verkefni hans gerð víðtækari með lagabreytingunni 1980, þ. e. að styðja alhliða umbótastarf í iðnaði, einkum með tilliti til útflutnings, vöruþróunar, nýsköpunar og aukinnar framleiðni.

Skv. lögum um Iðnrekstrarsjóð er sjóðnum ætlað að rækja hlutverk sitt sem endurbóta- og örvunarsjóður m. a. með styrkjum og framlögum, með áhættulánum, með ábyrgðum gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingarlánasjóðum og með viðbótarlánum til fjárfestinga. Útborganir sjóðsins hin síðustu ár urðu á verðlagi ársins 1982 þessar: 1981 16 millj. kr., 1982 um 13 millj. kr., 1983 röskar 17 millj. kr. og 1984 skv. fjárlögum 11 millj. kr. og munu ekki hafa orðið lægri frá árinu 1978 að telja. Framlög ríkisins til sjóðsins voru nokkru undir þeirri viðmiðun sem lögin gerðu ráð fyrir þessi ár en þó mun hærri en áður gerðist. Eftirspurn eftir stuðningi sjóðsins fór hins vegar vaxandi, árlegur fjöldi afgreiddra umsókna óx úr um 50 að meðaltali á árunum 1974—1979 í um 110 afgreiddar umsóknir á árunum 1980—1982 að meðaltali, og enn fleiri sóttu um lán og styrki úr sjóðnum á árinu 1983.

Það var því í mikilli mótsögn við vaxandi þörf iðnaðarins og yfirlýsingar núverandi stjórnvalda að framlög til sjóðsins voru stórlega skert á árinu 1984. Nema þau skv. fjárlögum aðeins 15 millj. kr. í stað 44 millj. kr. ef farið hefði verið nákvæmlega að lögum sjóðsins. Svarar þetta til aðeins um 11 millj. kr. ráðstöfunarfjár fyrir sjóðinn á verðlagi ársins 1982, eins og þegar hefur komið fram. Er það stórfelld lækkun að raunvirði frá árinu 1983, en á sama mælikvarða nam framlag ríkisins það ár 17.3 millj. kr. Af þessum sökum hefur stjórn sjóðsins nú orðið að draga verulega úr styrkveitingum og lánum, m. a. til stuðnings við markaðsstarfsemi og til þátttöku fyrirtækja í vörusýningum, t. d. um 30% varðandi kynningarefni í tengslum við sýningar.

Það er því út af fyrir sig ánægjuefni að ríkisstjórnin og iðnrh. hyggjast í einhverju bæta ráð sitt eins og fram kemur að nokkru í fyrirliggjandi frv. Frv. felur í sér endurskipulagningu með samruna Iðnrekstrarsjóðs og Iðnlánasjóðs eða réttara sagt að Iðnrekstrarsjóður verði lagður undir Iðnlánasjóð. Það getur vissulega verið skynsamlegt markmið að sameina sjóði og haft í för með sér hagræðingu sem sjálfsagt er að vega og meta. Fleira hangir þó hér á spýtunni. Ég tel vafamál að heppilegt sé að hafa áhættusjóð eins og Iðnrekstrarsjóð nátengdan fjárfestingarlánasjóði og undir sömu stjórn og Iðnlánasjóður. Á öðrum Norðurlöndum er algengt að slíkir sjóðir séu aðgreindir, fjárfestingarlánasjóðir og þróunarsjóðir. Enn hæpnara tel ég þó vera að tengja slíkan áhættusjóð svo náið viðskiptabanka eins og Iðnaðarbankanum svo sem lagt er til að gert verði og það enn frekar þar sem Iðnaðarbankinn er að verða hreinn einkabanki skv. ákvörðun hæstv. iðnrh. Viss hætta er á því að bankinn noti vörslu sjóðsins til að tryggja sína hagsmuni á kostnað iðnaðarpólitísks ávinnings og markmiða sem Iðnrekstrarsjóði hefur verið ætlað að sinna. Um þetta verður auðvitað ekki fullyrt en ég vek athygli á þessari hættu og tel nauðsynlegt að í samningum við bankann, ef að ráði verður að leggja sjóðinn til hans, verði gengið þannig frá að girt verði fyrir þetta svo sem verða má.

Varðandi stjórn og vörslu þessa fjármagns að öðru leyti vil ég segja: Með breytingu á lögum um Iðnlánasjóð og afnámi laga um Iðnrekstrarsjóð verða mun færri sem koma að þessu máli, þ. e. úthlutun þess fjármagns til iðnþróunarmála sem til fellur ef ákvæði frv. verða lögfest.

Stjórn Iðnrekstrarsjóðs skipa nú sjö menn, þar af sex skv. tilnefningu. En í stjórn Iðnlánasjóðs sem á að yfirtaka Iðnrekstrarsjóð, eru þrír menn, þar af tveir skv. tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna. Þeir sem settir eru til hliðar skv. frv. úr stjórn og umráðum þessa fjár eru m. a. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnverkafólks og

Ég vek sérstaka athygli á þessu. Mér er ekki kunnugt um að samráð hafi verið haft við þessa aðila um breytta tilhögun en hæstv. ráðh. leiðréttir það þá í umr. ef svo hefur verið.

Þetta er raunar í samræmi við fleira hjá hæstv. ríkisstj. þegar um er að ræða samskipti við alþýðusamtökin í landinu. Hér er verið að ýta þeim til hliðar frá því að fylgjast með þessum iðnþróunarmálum og ráðstöfun umrædds fjármagns. Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem í 10 ár hefur átt aðild að stjórn Iðnrekstrarsjóðs, er einnig ýtt til hliðar eins og alþýðusamtökunum, á sama tíma og Iðnaðardeild Sambandsins er ætlað að reiða fram verulega fjármuni til hliðstæðrar starfsemi á vegum Iðnlánasjóðs.

Ég tel ástæðu til þess að spyrja um afstöðu ráðh. Framsfl. til þessa atriðis og hvort þeir hafi gert sér grein fyrir þeirri breytingu sem hér er á ferðinni í sambandi við áhrif Sambands ísl. samvinnufélaga á ráðstöfun þessa fjármagns.

Líka er ástæða til þess að spyrja um ástæður fyrir þessari skipulagsbreytingu, aðrar en hagræðingarsjónarmiðið eitt sem hæstv. ráðh. færði fram. Var ástæðan kannske sú öðru fremur að víkja Sambandi ísl. samvinnufélaga frá áhrifum á útdeilingu fjársins?

Að sjálfsögðu var í lófa lagið að afla fjár til þessarar starfsemi með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir án þess að leggja Iðnrekstrarsjóð niður. Sá er möguleiki til staðar að fela umsjá þessa fjár stjórn eða nefnd sem sömu aðilar komi að, þó að sjóðirnir séu tengdir nánari böndum en gert hefur verið. Ég veit heldur ekki til þess að ágreiningur hafi ríkt um afstöðu eða stefnu innan stjórnar Iðnrekstrarsjóðs á liðnum árum og af þeim sökum hafi verið ástæða til skipulagsbreytingar.

Ég vek hins vegar athygli á að hlutverk Iðnrekstrarsjóðs er mun víðtækara en fjárfestingarlánasjóða þar sem er m. a. stefnumarkandi afstaða til iðnþróunarmála. Ég er andvígur þeirri þrengingu sem fram kemur varðandi stjórnun þessara mála, eins og það birtist í frv.

Ég kem þá að tekjuöflunarhlið frv. þar sem gert er ráð fyrir fimmföldun iðnlánasjóðsgjalds frá gildandi lögum og gert ráð fyrir að það skiptist með tilteknum hætti í sjöunda hluta milli vöru- og iðnþróunardeildar

Iðnlánasjóðs eða þeirrar starfsemi sem Iðnrekstrarsjóður hefur haft með höndum og svo útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

Ég minni á að iðnlánasjóðsgjald var lækkað úr 0.5% í 0.05% eða um 90% með lögum 4. maí 1982 og var það auðvitað nokkur hagsbót fyrir iðnaðinn. Nú er verið að stíga það skref að hálfu til baka að mér skilst með samkomulagi við Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. Ég bið um að það verði leiðrétt ef rangt er hermt að um það sé full samstaða við þessi samtök iðnaðarins.

Ég tel vissulega góðra gjalda vert að samtök iðnaðarins eru reiðubúin að fallast á slíka gjaldtöku af iðnfyrirtækjum til þeirrar iðnþróunarstarfsemi sem hér er gert ráð fyrir svo og til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Ég vek hins vegar athygli á að hér er verið að lækka framlag ríkisins til þessara mála frá því sem ákvæði eru um í gildandi lögum. Á ég þá við framlag ríkisins sem veitt var í reynd á árunum 1980—1983. Það er í samræmi við þá miklu skerðingu sem ríkisstj. knúði fram á þessu ári til Iðnrekstrarsjóðs skv. fjárlögum. Með framlagi iðnfyrirtækja skv. frv. væri ráðstöfunarfé sjóðsins í heild sem næmi 25 millj. kr., reiknað á verðlagi ársins 1982, og er þá gert ráð fyrir 20% verðbreytingu frá miðju ári 1983 til jafnlengdar 1984. Til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins var veitt 2.9 millj. kr. á fjárlögum 1983 og sömu upphæð í krónutölu á þessu ári þannig að framlag ríkisins var rýrt skv. fjárlögum að raungildi.

Nú segir í c-lið 3. gr. 4. lið þessa frv. að ⅔ hlutum af Iðnlánasjóðsgjaldi skuli ráðstafað óskiptu til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins en ekkert segir í frv. um mótframlag af hálfu ríkisins í þessu skyni. Ég spyr því hæstv. iðnrh. hvert viðhorf hans sé varðandi framlag ríkisins til Útflutningsmiðstöðvarinnar, ég hygg að það hafi numið 2.9 millj. kr. á fjárlögum þessa árs eða þar um bil. Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir að lögfesta mótframlag af hálfu ríkisins til Útflutningsmiðstöðvarinnar í þessu frv. hliðstætt og gert er varðandi framlagið til vöruþróunardeildar Iðnlánasjóðs?

Fari svo að dregið verði úr framlagi ríkisins í þá starfsemi, þ. e. til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, er um enn meiri samdrátt á ríkisframlagi til iðnaðarins að ræða í tengslum við þetta frv. en að því er varðar Iðnrekstrarsjóð einan.

Herra forseti. Ég tel þá stefnu sem í þessu frv. felst í ýmsum greinum ranga. Þar er fækkað um hleming þeim aðilum sem útdeila fjármagni til þróunarstarfsemi í iðnaði og alþýðusamtökin og Samband ísl. samvinnufélaga útilokuð frá áhrifum á þau mál. Með frv. er rýrt framlag ríkisins til þessara mála frá því sem verið hefur á undanförnum árum og verulega frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum sem gert var ráð fyrir að endurskoðuð yrðu frá árinu 1985 að telja. Væntanlegum einkabanka, þ. e. Iðnaðarbankanum, er falin ávöxtun fjármagns sjóðsins, sem m. a. á að nota til styrkja og áhættulána.

Til bóta horfir hins vegar skv. frv. að iðnaðurinn leggur skv. því meira af mörkum til iðnþróunarmála en áður. Slíkt framlag hefði hins vegar átt að koma sem viðbót við óskert framlag ríkisins, því að nauðsyn ber til að efla þá starfsemi sem Iðnrekstrarsjóður hefur staðið að með góðum árangri á undanförnum árum. Iðnaðurinn hefur borið skarðan hlut frá borði í opinberum framlögum miðað við aðra atvinnuvegi um langt skeið. Að leiðréttingu í þeim efnum hefur verið unnið á undanförnum árum en hér er stefnt í átt til vaxandi misræmis að þessu leyti.

Virðulegi forseti. Ég á sæti í þeirri n. sem um frv. fjallar og mun leita þar eftir umsögnum og upplýsingum um þetta mál. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða það frekar á þessu stigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv. 198. mál (þskj. 571(sbr. 354)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er samið af nefnd sem fyrrv. heilbr.- og trmrh. setti á fót í desember 1982. Það hefur fengið afgreiðslu í Ed. Það er álit þessarar nefndar að ekki sé annað fært en að skipa fyrir um þau mál sem snerta stofnun sjónstöðvar með lögum vegna þeirrar samræmingar sem þeim er ætlað að hafa í för með sér og þess kostnaðar sem af þeim muni leiða. Ég mun víkja nánar að því síðar.

Með þessu frv. er sérstaklega tekið á eftirfarandi þáttum: starfsemi sjónstöðvar, skipulagningu sjónverndar í landinu, úthlutun hjálpartækja og hlutdeild hins opinbera í augnlækningaferðum og samvinnu við aðra aðila sem sýsla með störf á þessu sviði.

Á undanförnum árum hafa verið sett margs konar lög til að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar sem á hjálp hafa þurft að halda. Má í því tilviki nefna almenn lög um aðstoð við þroskahefta, almenn lög um málefni fatlaðra, enn fremur sérlög eins og lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, en sú stofnun annast hvers konar þjónustu fyrir heyrnarskerta, svo sem prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja.

Sú þjónusta sem veitt hefur verið á sviði sjónverndar, þ. e. félagsleg þjónusta og endurhæfing sjónskertra, hefur svo til eingöngu verið í höndum Blindrafélagsins, en það var stofnað árið 1939. Eins og kunnugt er hefur félagið verið einn helsti brautryðjandi í málefnum blindra hér á landi og helgað starfsemi sína hagsmunamálum blindra og sjónskertra ásamt Blindravinafélagi Íslands.

Um efnisatriði þessa frv. er það helst að segja að lagt er til að sett verði á laggirnar stofnun á vegum ríkisins er nefnist Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Engin slík stofnun hefur verið fyrir hendi hér á landi til þessa. Þeir sem njóta mundu þessarar þjónustu yrðu fyrst og fremst þeir sem ekki geta við dagleg störf notað venjuleg gleraugu sökum sjóndepru.

Þetta frv. skýrir sig sjálft og því fylgir ítarleg greinargerð og sömuleiðis fskj. yfir kostnað sem leiða mun af frv. ef að lögum verður. Gert er ráð fyrir því að lögin taki gildi 1. janúar 1985.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Skemmtanaskattur, frv. 152. mál (þskj. 570). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það mál sem hér liggur fyrir var flutt í hv. Ed. og fjallar um afnám skemmtanaskatts á kvikmyndasýningum í byggðalögum sem eru innan við tiltekna stærð. Þetta er öðrum þræði byggðamál. Er það hugsað til þess að auðvelda rekstur kvikmyndahúsa á fámennum stöðum. Kvikmyndasýningar eru ein vinsælasta skemmtun ungs fólks og raunar fleiri. Þessar eru höfuðástæðurnar fyrir flutningi þessa frv. Hv. Ed. hækkaði það mark íbúafjölda sem gert var ráð fyrir í upphaflega frv. og afgreiddi málið einhuga úr n. á þann veg að skemmtanaskattur á kvikmyndir skyldi innheimtur í þéttbýliskjörnum þar sem væru fleiri en 7500 manns.

Ég vona, hæstv. forseti, að þetta mál fái jafn einhuga framgang í menntmn. þessarar hv. deildar og legg til að því verði þangað vísað að lokinni þessari umr. og vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Bókasafnsfræðingar, frv. 219. mál (þskj. 388). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér liggur fyrir lítið frv. sem einnig er nýkomið frá hv. Ed. og hlaut þar ágreiningslausa afgreiðslu. Það er lögverndun starfsheitisins bókasafnsfræðingur. Það felur í sér lögverndun þess að mega kallast því nafni að því tilskildu að menn hafi að baki tiltekna menntun. Menntunarkröfurnar eru greindar í frv. Fjallar frv. einungis um þetta, að þeir sem hafi tiltekna menntun í bókasafnsfræðum hafi rétt til þess að kalla sig bókasafnsfræðinga.

Ég leyfi mér að leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. menntmn.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hliðra til í umr. í hv. Nd. svo að taka mætti fyrir mál utan dagskrár og hæstv. forsrh. fyrir að samþykkja að svara fsp. sem ég hyggst beina til hans.

Tilefnið er fyrirsögn í málgagni Framsfl. í dag á forsíðu. Þar stendur: „Gengisfelling ef ekki tekst að fylla gatið? Ríkisstj. fjallar enn um fjárlagadæmið.“ Þar er haft eftir hæstv. forsrh. að ef ekki tekst samkomulag um ráðstafanir í ríkisfjármálum verði að fella gengið umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Með þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. verða þátttaskil í yfirlýsingagleði ráðherranna núna undanfarnar vikur varðandi vandamálin í ríkisfjármálum.

Í fyrsta lagi er bersýnilega á dagskrá ríkisstj. að fella gengið umfram það sem gert var ráð fyrir þegar gengið var frá kjarasamningunum 21. febr., en þá var miðað við að gengi ísl. krónunnar yrði á þessu ári fellt um 5%.

Í öðru lagi er ljóst af þessari yfirlýsingu að verði hún framkvæmd þýðir það beina kjaraskerðingu umfram það sem ella er augljóst, þar sem verðbætur á laun eru bannaðar með lögum. Þar með færi Ísland niður fyrir öll Evrópulönd í launum og leita yrði samjafnaðar í öðrum heimsálfum til þess að finna samjöfnuð eins og iðnrh. hefur bent á, en hann kallar Ísland núorðið „Singapore norðursins“ til þess að storka verkalýðshreyfingunni og hæðast að henni.

Í þriðja lagi er greinilegt að forsrh. hæstv. ætlar að kenna hæstv. fjmrh. um gengisfellinguna ef af henni verður. Þetta er gamla framsóknaraðferðin. Í stjórnarsamstarfi reynir Framsfl. alltaf að klína yfirsjónum og vandamálum á aðra þegar fer að losna um samstarfið, eins og bersýnilega á sér stað um þessar mundir þar sem hver hendin er uppi á móti annarri í ríkisstj. Framsókn er að búa sig undir kosningabaráttuna með þessum hætti og ætlar að kenna íhaldinu um það sem illa fer þegar kemur að næstu kosningum.

Í fjórða lagi kemur fram í þessari yfirlýsingu forsrh. dæmafátt virðingarleysi fyrir starfi ráðh., sérstaklega forsrh., sem ætti að vera síðastur manna til að gefa yfirlýsingar um gengisfellingar. Með yfirlýsingu er hann að gefa heildsölum og öðrum innflutningsaðilum aðvörun svo að þeir geti farið að hamstra til að raka saman fé þegar að gengislækkuninni kemur. Þannig birtist sérstök tillitssemi forsrh. við heildsalana í landinu með þessum hætti, og er ekki einleikið hvernig hann tekur að sér í hverju málinu á fætur öðru að þjóna undir Verslunarráðið og hagsmuni þess.

Í fimmta lagi birtist í þessari yfirlýsingu forsrh. upprifjun á einum helsta efnahagsvandanum í tíð fráfarandi ríkisstj., sem var lausmælgi formanns Framsfl. Aftur og aftur gaf hann yfirlýsingar um að gengið hlyti að falla, síga eða hrynja á næstunni og í tengslum við fiskverðsákvarðanir voru jafnvel hafðar eftir honum tölur opinberlega. Þannig voru yfirlýsingar formanns Framsfl. iðulega efnahagslegt vandamál út af fyrir sig, og væri fróðlegt að láta Þjóðhagsstofnun reikna út hvaða áhrif yfirlýsingar hans höfðu á verðbólguhraðann í tíð síðustu ríkisstj.

Yfirlýsing hæstv. forsrh. nú er fram komin eftir mikla yfirlýsingagleði ráðherranna í fjölmiðlum að undanförnu. Þær hófust þegar „gatið“ mikla var afhjúpað við hátíðlega athöfn hér á Alþingi fyrir nokkrum vikum. Síðustu dagana hafa ráðherrarnir síðan rifist hver við annan í stjórnarblöðunum.

Í Tímanum í dag segir hæstv. forsrh. frá ástandinu á stjórnarheimilinu með þessum hætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Steingrímur sagði kannske einhverja samstöðu hafa náðst um helming vandans, en hitt vanti enn þá. M. a. gat hann þess að tillögur væru komnar fram um í kringum 200 millj. kr. sértekjur í heilbrigðis- og tryggingakerfinu, þannig að á því sviði hafi töluvert náðst.“ M. ö. o. er kannske einhver samstaða um helming vandans, ef grannt er skoðað, að mati hæstv. forsrh. eftir linnulausa fundi núna undanfarnar vikur — og samstaðan er um hvað? Jú, um að skera niður eða hækka þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu um 200 millj. Það er afraksturinn af þeim tíðu fundahöldum sem hafa

átt sér stað innan stjórnarflokkanna og milli stjórnarflokkanna að undanförnu að mati hæstv. forsrh. skv. málgagni hans, Tímanum, í dag.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson hefur hins vegar önnur ráð á takteinunum í þeim vanda sem nú er um að ræða. Hann segir í Morgunblaðinu í dag, með leyfi hæstv. forseta, m. a.:

„Ríkisstj. hefur það verkefni að leysa þetta mál og hún kemst ekki undan því að gera það fyrir þá sök að ella stefnir hér í stórauknar erlendar lántökur.“

Hins vegar segir hv. þm. í sama blaði: „Tekjuöflun með einum eða öðrum hætti hlýtur ásamt öðru að verða þáttur í lausn málsins.“

Og þegar hann er spurður af blaðamanni Morgunblaðsins hvort þetta þýði að Sjálfstfl. sé horfinn frá þeim yfirlýsingum að ekki komi til greina að leggja á nýja skatta — þar með viðurkennir Morgunblaðið auðvitað að fyrir síðustu kosningar var því aftur og aftur lofað af íhaldinu að ekki kæmi til greina að leggja á nýja skatta — þá svarar hv. þm. með þessum orðum:

„Sjálfstfl. ber fyrst og fremst ábyrgð á því að stjórn á fjármálum ríkisins sé traust og örugg og að hallarekstur leiði ekki til aukinnar verðbólgu.“

Það er m. ö. o. bersýnilegt að formaður Sjálfstfl. er kominn að þeirri niðurstöðu varðandi ríkisfjármálavandann að það verði að leggja á nýja skatta til að leysa vandann. Þar með er Sjálfstfl. horfinn frá stærstu kosningayfirlýsingum sínum frá því fyrir síðustu kosningar og hæstv. fjmrh., sem aftur og aftur hefur undanfarnar vikur og mánuði lýst því yfir að ekki kæmi til greina að hækka skatta, virðist nú verða að láta undan ef að líkum lætur og fallast á skattahækkanir sem komnar eru um sameiginlegar tillögur frá hv. þm. Þorsteini Pálssyni og frá hæstv. forsrh.

Það er athyglisvert hvernig stjórnarliðar, skv. Morgunblaðinu í dag, lýsa ástandinu í þessum efnum þar sem þessi orð eru höfð:

„Þm. stjórnarliða, sem blaðamaður Morgunblaðsins ræddi við í gær, lýstu sig margir uppgefna á að fylgjast með gangi málsins og höfðu menn títt á vörum sér orðin „þæfingur“ og „þvæla“.“

Um leið og hæstv. ráðh. lýsa því yfir í öðru orðinu að ekki komi til greina að taka erlend lán er því lýst yfir af sömu aðilum í blöðum að nú sé lausnin fólgin í því að taka erlend lán. Þannig er það haft eftir þm. Þorsteini Pálssyni í Dagblaðinu í dag, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít að ríkisstj. verði að leysa úr þessum vanda í öllum meginatriðum, annað væri uppgjöf. Í fyrsta lagi með sparnaði, í öðru lagi með nýjum tekjum, í þriðja lagi með því að taka auknar greiðslur fyrir opinbera þjónustu og í fjórða lagi með takmörkuðum erlendum lántökum.“

Þannig eru ekki aðeins yfirlýsingarnar um að ekki verði lagðir á skattar fallnar, heldur liggur einnig fyrir að ríkisstj. hugsar sér að reka ríkissjóð frá degi til dags, þ. e. borga laun og önnur rekstrargjöld hjá ríkinu, með erlendum fjármunum. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem það hefur gerst að ríkissjóður væri þannig rekinn með erlendum lántökum og er það ekki síst athyglisvert þegar um er að ræða þá ríkisstj. sem aftur og aftur hefur lýst því yfir að hún hafi verið mynduð til að draga úr ofurþungri byrði af erlendum lántökum hér á landi.

Ein athyglisverðasta yfirlýsingin frá ráðherrum og talsmönnum stjórnarflokkanna er svo í Morgunblaðinu í dag frá hæstv. forsrh., sem af öllum mönnum tekur sér fyrir hendur að gagnrýna ráðh. fyrir blaður út á við. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsrh. var spurður“, segir í Morgunblaðinu, „hvort hann reiknaði með niðurstöðu málsins á ríkisstjórnarfundi á morgun, fimmtudag. Hann svaraði: „Ég held að hún hefði átt að vera komin fyrir löngu eða áður en farið var að tala um þetta opinberlega, en ég skal ekkert segja um það.““

Mun þetta vera í fyrsta sinn sem hæstv. forsrh. setur sérstaklega ofan í við samstarfsmenn sína fyrir málgleði og má segja að batnandi manni sé best að lifa því að sama daginn lýsti þessi sami ráðh. því yfir að gengisfelling væri ein af þeim leiðum sem ríkisstj. væri að fjalla um um þessar mundir.

Í framhaldi af þessu og í tilefni af þeim umræðum sem fram hafa farið að undanförnu leyfi ég mér að bera fyrir forsrh. eftirfarandi spurningar:

1. Er það rétt, sem haft er eftir forsrh. í Tímanum í dag, að gengislækkun verði beitt til að leysa efnahagsvandann, sem stafar af óstjórn í ríkisfjármálum, og þá er átt við gengislækkun umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir, þ. e. um 5%?

2. Stendur það til hjá honum og ríkisstj. að beita sér fyrir því að gengislækkuninni um 5% verði flýtt frá því sem gert hafði verið ráð fyrir?

Hugsanlegt er að sjálfsögðu að dagblaðið Tíminn hafi eitthvað rangt eftir forsrh. og þá finnst mér sjálfsagt að gefa honum kost á því á hv. Alþingi að leiðrétta sig í jafnalvarlegu máli.

Ég hef lokið máli mínu og vænti þess að hæstv. forsrh. sjái sér kleift að svara þeim spurningum sem ég hef fram borið.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Satt að segja hef ég ýmislegt við fsp. hv. þm. að athuga. Ég tel framsetninguna ákaflega óviðeigandi, allt fært úr samhengi, rangsnúið og satt að segja mjög ódrengilega fram sett. Ég verð að segja að mér þykir leitt að hv. þm. skuli falla í þá gryfju aftur og aftur. Ég tel að fsp. utan dagskrár verði að vera málefnalegar og nákvæmar.

Ég segi aldrei í umræddri grein að gengisfellingu verði beitt til að leysa vandann, það kemur hvergi fram í greininni. Fyrirsögninni tek ég að sjálfsögðu enga ábyrgð á, hún er ekki frá mér. Hún er reyndar sett upp á blaðinu með spurningarmerki.

Í stuttu viðtali lýsi ég þeim áhrifum sem of mikil aukning á peningamagni í umferð muni hafa og viðurkennt er af öllum hagfræðingum. Það er viðurkennt af öllum hagfræðingum að of mikil aukning peningamagns í umferð leiði til þess að viðskiptahalli eykst, leiði til þess að erlendar skuldir aukist og eykur þrýsting á gengi sem, ef ekki er á móti spyrnt, leiðir til þess að það lætur venjulega að lokum undan. Þetta eru viðurkenndar hagfræðilegar staðreyndir.

Ég vil hins vegar fullvissa hv. fyrirspyrjanda um að ríkisstj. mun standa við það markmið að verðbólga í lok ársins verði u. þ. b. 10%. Til að ná því markmiði mun ríkisstj. standa við það, sem hún hefur lýst yfir, að gengisbreytingar að óbreyttum ytri aðstæðum, sem ekki er séð fyrir nú að stofni slíku í hættu, verði ekki umfram plús eða mínus 5%. Til að koma í veg fyrir þá þenslu sem er hættuleg í hvaða efnahagskerfi sem er er ríkisstj.

nú að gera ráðstafanir til að draga úr halla ríkissjóðs og mun í samráði við bankana gera ráðstafanir til að draga úr þenslunni í peningamálum.

Ég vísa á bug öllum fullyrðingum og brigslyrðum hv. þm. um ósamkomulag í ríkisstj. Um slíkt er ekki að ræða. Ráðh. og stuðningsmenn ríkisstj. vinna af fullri einlægni að því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og þeim mun verða náð.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Það er einkar athyglisvert að hlýða á hv. 3. þm. Reykv. byggja mál sitt á upprifjunum á átökum sem virðast hafa farið fram í síðustu ríkisstj. og upprifjunum á því hvernig Alþb. hafi farið halloka í samskiptum við samstarfsflokka í þeirri ríkisstj. Ég sé í sjálfu sér ekki hvaða máli það skiptir í umr. sem þessum að draga þau mál hér inn. Við þurfum miklu fremur að horfa á þau verkefni sem við blasa og framundan eru og ættum síst að horfa aftur í tímann og síst til stjórnarára Alþb. í þeim efnum.

Þessi ríkisstj. var ekki mynduð til þess að missa tök á stjórn ríkisfjármálanna og þar af leiðandi mun hún auðvitað takast á við það verkefni sem við blasir nú, að tryggja greiðslujöfnuð á rekstri ríkissjóðs. Það er óhjákvæmileg forsenda efnahagsstefnu ríkisstj. að það takist að halda gengi krónunnar tiltölulega stöðugu. Það er meginástæðan fyrir þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni við verðbólguna að gengi krónunnar hefur verið tiltölulega stöðugt síðan efnahagsaðgerðir ríkisstj. voru gerðar á s. l. vori. Þeirri stefnu verður að sjálfsögðu fram haldið.

En hitt má öllum vera ljóst, svo sem hæstv. forsrh. hefur bent á, að verulegur halli á rekstri ríkissjóðs mundi nú, eins og áður þegar Alþb. hafði stjórn ríkisfjármála með höndum, leiða til óðaverðbólgu. Þess vegna er óhjákvæmilegt að takast á við þennan vanda. Það er rétt sem hv. 3. þm. Reykv. bendir á að afleiðingarnar af því að ekki yrði tekist á við vandann mundu hafa kjaraskerðingu í för með sér. Þannig gengu mál fyrir sig meðan ríkisfjármálin voru undir stjórn Alþb. Það er alveg hárrétt að þetta mundi gerast aftur ef ekki yrði tekist á við vandann. Það er af þeim sökum, að við mundum fara af leið í baráttu okkar gegn verðbólgunni og við mundum ekki tryggja það kaupmáttarstig sem við höfum leitast við að halda þrátt fyrir veruleg áföll í þjóðarbúskapnum, sem okkur er óhjákvæmilegt að takast á við þetta verkefni.

En það er ekkert hlaupið að því að ná saman endum í þessum efnum. Eðlilegt er að það taki nokkurn tíma að finna lausn sem leiðir okkur ekki af braut í baráttu okkar fyrir efnahagslegu jafnvægi. Öllum má vera ljóst að við þessar aðstæður er útilokað að mæta öllum þessum vanda með niðurskurði á útgjöldum ríkisins. Meginhluti ríkisútgjaldanna er á sviði heilbrigðis- og tryggingamála og menntamála. Við ætlum okkur ekki í einu vetfangi að standa þar að slíkum niðurskurði að hann jafnaði þessi met. Það er ekki í samræmi við okkar markmið og mundi ekki þjóna þeim hagsmunum sem við erum að vinna að. Þess vegna getur niðurskurður á útgjöldum ríkisins ekki leyst þennan vanda að öllu leyti. En hann er óhjákvæmilegur að hluta.

Þess vegna komumst við ekki hjá því að einhverju leyti að afla nýrra tekna. Við komumst heldur ekki hjá því að neytendur opinberrar þjónustu taki aukinn þátt í þeim kostnaði og svo kann að fara að að einhverju leyti verði að auka erlendar lántökur til þess að endar nái saman. Auðvitað er það erfitt verk að ganga frá ríkisfjármálum með þeim hætti. En þetta eru hinar köldu staðreyndir sem menn hafa fyrir augunum og þessi mál verða auðvitað ekki leyst öðru vísi en að menn viðurkenni þær og bregðist við í samræmi við það.

En að lokum er rétt að undirstrika og leggja á það ríka áherslu að stefna ríkisstj. og stjórnarflokkanna í efnahagsmálum er óbreytt. Það verður hér eftir sem hingað til meginforsendan fyrir því að ná efnahagslegu jafnvægi að halda gengi krónunnar tiltölulega stöðugu. Frá því verður ekki vikið.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Ég vísa því á bug að málflutningur minn hafi verið á nokkurn hátt ódrengilegur hér áðan. Það sem ég var að gera var að ég vitnaði í stjórnarblöðin og í hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) En það kann að vera ódrengilegt að lesa upp úr Tímanum þannig að líklega er vafasamt að gera það framar og er þetta líklega til marks um ástandið í kringum Tímann og Framsfl. um þessar mundir.

En hæstv. forsrh. tók þannig til orða að ríkisstj. mundi stefna að því að draga úr hallanum á ríkissjóði, ríkisstj. mundi stefna að því að draga úr peningamálaþenslunni. En hann sagði: Ef þetta ekki tekst er auðvitað hætta á því að það verði að grípa til gengislækkunar. Þetta voru þau orð sem hann hafði hér uppi og vitnaði m. a. til viðtalsins í Tímanum í þeim efnum. Hann taldi sem sagt að ef hlutirnir færu úr böndunum efnahagslega áfram í ríkisfjármálum og í peningamálum — eins og þeir eru þar sem allt er í rusli hjá ríkisstj. eins og sakir standa — gæti það orðið ávísun á gengislækkun. Það er í raun og veru það sem ég var að spyrja um þannig að útilokað var fyrir mig að skilja hæstv. forsrh. öðru vísi en sem svo að gengisfelling væri á dagskrá hjá hæstv. ríkisstj. Hann hafði í raun og veru engin þau orð uppi sem gefa tilefni til þess að hann hafi tekið aftur þá fyrirsögn sem er í Tímanum í dag, að vísu með spurningarmerki.

Ég var fyrst og fremst með það í huga þegar ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár að hæstv. forsrh. gæti gert þingi og þjóð grein fyrir því að aukagengislækkun væri ekki á dagskrá. Hæstv. forsrh. gerði það ekki í ræðu sinni áðan.

Bæði hv. þm. Þorsteinn Pálsson og hæstv. forsrh. vísuðu á bug ágreiningnum í ríkisstj. og töluðu um að þar væri um að ræða órjúfanlega samstöðu með svipuðum orðum og hæstv. fjmrh. gerði á dögunum þó að ekki væri vitnað til nautpenings sérstaklega eins og hæstv. fjmrh. hafði gert í þeim efnum. En ég held að ekki fari á milli mála að yfirlýsingar ráðh. eru þannig í blöðunum að undanförnu að þar rekur sig hvað á annars horn. Hæstv. forsrh. segir einn daginn: Það er ekkert að gera nema skera niður með flatri 5—6 prósentu yfir alla línuna. Annan daginn kemur hæstv. heilbr.- og trmrh. og samgrh. sem er með hálfan ríkisbúskapinn undir sér og segir: Svona tillögur eru fáránlegar. Þannig rekur sig eitt á annars horn og greinilega er um bullandi ágreining að ræða milli flokkanna og einnig innan flokkanna, ekki síst innan Sjálfstfl.

Hins vegar var óskynsamlegt af hv. þm. Þorsteini Pálssyni að fara að vísa til kjaramála sérstaklega vegna þess að einnig er á dagskrá hjá ríkisstj. að lækka þetta lága kaup í landinu, þetta Ítalíukaup sem nú er verið að

borga hér og færa menn enn þá nær Singapore. Í uppslætti í dagblaðinu Tíminn, sem birtist fyrir fáeinum dögum, er greint frá því að áform ríkisstj. í ríkisfjármálum þýði 4—6% kaupmáttarskerðingu. Og hvernig ætlar hv. þm. Þorsteinn Pálsson að hækka skatta í fyrsta lagi, í öðru lagi opinber þjónustugjöld upp á mörg hundruð millj. kr. án þess að það þýði kaupmáttarskerðingu?

Bæði hv. þm. Þorsteinn Pálsson og form. Framsfl., hæstv. forsrh., eru að ganga á bak orða sinna sem þeir gáfu verkalýðshreyfingunni þegar þeir gengu frá kjarasamningunum. Þá gerðu menn ráð fyrir því að kaup og kjör í landinu á árinu 1984 byggðust á tilteknum forsendum. Þegar nokkrar vikur eru liðnar keyrðu þeir hér í gegnum skattahækkun upp á 70 millj. kr. og núna eru þeir að koma með viðbótarskattahækkun upp á mörg hundruð milljónir króna.

En það er athyglisvert að sömu dagana og þeir eru að tala um skattahækkanir á almenningi og skera niður þetta smánarkaup sem greitt er í landinu er verið að dreifa hér á borðin hjá þm. frv. um að lækka skatta. Hjá hverjum? Hverjir ætli það séu sem þurfi helst á fjárhagsaðstoð frá ríkinu að halda um þessar mundir? Akkúrat þegar verið er að öngla saman upp í gatið fræga eru hérna frv. um skattalækkanir á borðunum handa ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu. Hverjir eru þeir bónbjargaraðilar sem ríkisstj. ætlar að fara að aðstoða sérstaklega núna? Hver er hinn litli maður sem á sinn vin í hinni miklu ríkisstj.? Viðskiptabankarnir. Bankar og sparisjóðir. Frv. til l. um að lækka skattana á bönkunum er flutt hér af hæstv. fjmrh. sömu dagana og menn eru að velta því fyrir sé hvernig eigi að ná saman peningum í ríkissjóðinn upp í gatið stóra. Fyrr skal taka erlend lán en að fyrirtækin fái að búa við sama skattastig og þau gerðu í fyrra og hitteðfyrra.

Af hverju er hv. þm. Þorsteinn Pálsson að tala um að taka erlend lán? Það er af því að hann er búinn að lækka skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hann er búinn að lækka tekjuskatt á fyrirtækjum. Hann er búinn að lækka skatta á hlutafélögum og hann ætlar að fara að lækka skatta á bönkum. Til þess að borga styrkinn til bankanna, styrkinn til hlutafélaganna, styrkinn til verslananna og skrifstofuhúsnæðisins á að taka erlend lán. Ég fullyrði að aldrei hefur önnur eins hringavitleysa sést í skattlagningarstefnu og ríkisfjármálum og birtist hjá ríkisstj. þessa síðustu daga.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson viðurkenndi það áðan að á dagskrá ríkisstj. væri þrennt. Í fyrsta lagi að afla nýrra tekna. Hvað þýðir að afla nýrra tekna? Það þýðir að hækka skatta. Í öðru lagi að neytendur opinberrar þjónustu greiði hærri hlut hennar en áður hefur verið. Hvað þýðir það? Það þýðir að viðskiptamenn heilbrigðiskerfisins og tryggingakerfisins verði látnir taka á sig auknar greiðslur frá því sem verið hefur. Það munu vera uppi hugmyndir um að gjörbreyta sérfræðingatilvísunum í heilbrigðisþjónustunni og að þeir sem skipta við sérfræðinga, lækna og slíka þurfi að greiða miklu hærri hluta af kostnaðinum en áður hefur verið.

Það eru þessar lausnir sem þeir eru með. Hvað er þetta? Þetta er líka skattlagning vegna þess að þarna er hv. þm. Þorsteinn Pálsson búinn að finna nýjan skattstofn. Að þessu sinni eru það ekki þeir sem eru inniliggjandi á spítölunum. Nú er ekki meiningin að leggja á þannig sjúklingaskatt að menn verði rukkaðir um leið og þeir eru skornir á staðnum eins og stóð til af ríkisstj. í haust. Nú á að rukka þá sem njóta þjónustu göngudeilda og sérfræðinga úti um bæinn. Það er sjúklingaskatturinn sem hér er aftur kominn á blað. Hann heitir því fína nafni hjá hv. formanni Sjálfstfl. að neytendur opinberrar þjónustu greiði meira. Þar var eitt bjargráðið.

Þriðja bjargráðið er auknar erlendar lántökur hjá ríkisstj. sem er búin að lýsa því yfir að það sé allt að keyra um koll, fráfarandi ríkisstj. hafi skilið allt eftir í kalda koli í sambandi við erlendar lántökur. Nú er verið að tala um að borga framfærslustyrkina til bankanna og hlutafélaganna með erlendum lánum.

Svo átta menn sig ekki á því hvað hér er í rauninni mikill skrípaleikur á ferðinni í aðra röndina, hvað það er fáránlegt sem ríkisstj. er hér að knýja fram. Ég er sannfærður um að í þingliði beggja stjórnarflokkanna eru menn rasandi yfir þessum vinnubrögðum. Og hvernig er nú með þessa mætu menn sem aldrei máttu heyra nefndan skatt í fyrri ríkisstj., eins og þann mann sem þarna situr, hv. þm. Eggert Haukdal? Aldrei mátti hækka nokkurn skatt af neinu tagi, þá ætlaði allt vitlaust að verða og það átti að fella heila ríkisstj. ef mönnum datt í hug að rétta af fjárhag ríkissjóðs. Nú er hann uppi eins og ádóma þegar kröfurnar koma frá hv. þm. Þorsteini Pálssyni um að hækka skatta í landinu. Nú er öldin önnur.

Eins er það með hæstv. fjmrh., skattalækkunarleiðtogann mikla sem ásamt Davíð Oddssyni ber nú ábyrgð á því að skattbyrði Reykvíkinga er þyngri en hún hefur verið um langt árabil enda ætlar hæstv. fjmrh. nú að fara að setjast inn í borgarstjórnina til þess að það sé á hreinu að hann hafi þar líka tögl og hagldir ekki síður en Davíð Oddsson. (**Gripið fram í:** En er hv. ræðumaður sammála Haukdal að auka nýja skatta?) Hv. þm. Eggert Haukdal hefur ekki gert grein fyrir því hér að hann sé á móti því að leggja á einhverja nýja skatta. Ég hef ekki heyrt það en hins vegar hef ég með orðum mínum viljað gefa honum kost á því að gera grein fyrir máli sínu og svara því hverju sæti þau sinnaskipti sem hann hefur sýnt núna á milli tveggja ríkisstj.

Í ummælum hæstv. forsrh. áðan lýsti hann því ekki yfir að ríkisstj. gæti tekið af skarið um að gengislækkun færi alls ekki fram úr þessum 5% sem um hafði verið rætt. Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að í yfirliti Seðlabankans um þróun gengis íslensku krónunnar hefur orðið gífurleg breyting á raungengi krónunnar frá því að ríkisstj. tók við. Ef notaður er verðlagskvarði á raungengi og við miðum við að gengið hafi verið 100 árið 1978 þá var það 79 1. júní í fyrra. Það var kjörgengið, það gengi sem eðlilegast var að miða við að mati ríkisstj. Nú er þetta gengi 1. apríl 1984 komið upp í 90.7%. Munurinn á genginu á þessum tíma er 14—15% ef notaður er verðlagsmælikvarði.

Ef hins vegar er notaður launamælikvarði var gengið miðað við launakostnað í landinu 1. júní í fyrra 82 samanborið við 100 1978, en var 1. apríl í ár 85.9. Ef notaður er verðlagskvarðinn er gengishreyfingin á þessum tíma 14—15%, en ef notaður er launakvarðinn er gengishreyfingin á þessum tíma 4.5—5%. Ég tel að rétt sé að rifja þessar tölur upp því hæstv. ríkisstj. hlýtur að hafa þær fyrir framan sig þegar hún er að velta fyrir sér stöðu gengismála sem sjálfsagt er og eðlilegt, að ríkisstj. geri.

Eins og ég gat um áðan var tilgangur minn með

þessari umr. utan dagskrár fyrst og fremst sá að gefa hæstv. forsrh. og hv. formanni Sjálfstfl. kost á því að gera hreint fyrir sínum dyrum í sambandi við þessi gengisfellingarmál. Það hefur þeim mistekist.

Að lokum þetta: Hv. þm. Þorsteinn Pálsson var að gagnrýna mig nokkuð fyrir það að ég hefði verið að rifja það upp hvernig Framsfl. hagaði sér í síðustu ríkisstj. og taldi að það ætti ekki mikið erindi í þessa umr. Það er mikill misskilningur, hv. þm., að það eigi ekki erindi í þessa umr. Ég hef langa reynslu af samstarfi við Framsfl., lengri en þú, hv. þm. Þorsteinn Pálsson. Ég tel það ekki eftir mér að miðla nýjum þm. og flokksformönnum af þeirri reynslu því að ég tel að mjög nauðsynlegt sé fyrir forustumenn stjórnmálaflokkanna í landinu að þekkja vinnubrögð Framsfl. sem hafa komið ákaflega vel fram einmitt í þessari umr. í dag og í blöðum að undanförnu þar sem gerð er til þess tilraun að klína ríkisfjármálavandanum á hæstv. fjmrh. einan. Því er bætt við að ef hann ekki leysir vandann verði gengisfelling og þá verður hæstv. fjmrh. kennt um þá gengislækkun. Þetta er aðferðin sem Framsfl. notar í samstarfi við aðra flokka, það þekki ég af reynslu. Því á hv. þm. Þorsteinn Pálsson bersýnilega enn þá eftir að kynnast.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Nú berast okkur enn einu sinni fregnir af samhentu ríkisstj. Það hefur verið verulega skemmtilegt í vetur að fylgjast með samhentu ríkisstj. Þessi uppákoma er nú ekki sú fyrsta. Á sama tíma og aðstandendur hennar keppast við hver í kapp við annan að lýsa staðfestu hennar og tryggri stjórn, þá fellur gríman alltaf öðru hvoru og nautahjörðin á bak við kemur í ljós. Þessi gríma hefur oft fallið í vetur og þá kemur í ljós þessi óttalegi boli, sem var til umr. hérna um daginn, þessi óttalegi boli í öllu sínu veldi, sem hringsnýst og bölvar í allar áttir, en bolarnir bölva bara sinn til hverrar áttarinnar.

Það er kannske ágætt að gera á þessu svolitla upprifjun. Fyrst komu bolarnir í ljós í rammaslagnum góða í vetur. Þá rákust þeir fram og til baka hver með sinn ramma og hver með sinn skilning á honum. Þeir lýstu því ýmist yfir að þeir segðu af sér, að þing yrði rofið, það yrði boðað til nýrra kosninga. Og hver var ástæðan? Ástæðan var sú að talin var hætta á því þá að aðilar vinnumarkaðarins færu eftir þeirri höfuðreglu sem ríkisstj. sagðist fylgja, að samningar væru frjálsir og á ábyrgð samningsaðila. Þá varð allt vitlaust og ráðh. rákust hver á annan. Þá var fjmrh. með 4% ramma, iðnrh. smíðaði nýjan, sem var 6% rammi, og forsrh. tók undir 6% rammann og taldi auk þess að hann þyrfti að vera sveigjanlegur og teygjanlegur. Þá móðgaðist fjmrh. og taldi að verið væri að bola sér í burtu, þá væru bolarnir að bola hinum í burtu. Þá er mér minnisstætt að Morgunblaðinu ofbauð og fór fram á það í leiðara að sjálfstæðismenn í ríkisstj. töluðu hver við annan áður en þeir töluðu við fólk, til þess að það væri svona sæmileg lína í því sem ríkisstj. væri að segja. Þannig var þessi rammagerðarþáttur hinnar svokölluðu samhentu ríkisstj.

Næst gerðist ríkisstj. eftirminnilega samhent í umræðum um lánsfjárlagafrv. Þegar húsnæðismálapartur þess bálks var til umræðu komu ágætar yfirlýsingar. Þrír ráðh. svöruðu spurningunni: Telur þú að ríkisstj. beri skylda til að tryggja húsnæðislánakerfinu þær 1050 millj. sem rætt er um á lánsfjárlögum? Þá komu þessi svör: Félmrh. sagði já, fjmrh. sagði nei og forsrh. sagði: ég tek undir með báðum. Það var sá kafli í sögu samhentrar ríkisstj.

Nú er kominn þriðji kaflinn. Nú höfum við horft að undanförnu á þriðja þáttinn í sögu þessarar samhentu ríkisstj. Nú er það vegna þess að þeir eru að leita að stoppuefni í götin.

Fyrir nokkrum vikum var mjög á lofti vöndurinn um erlenda lánsfjársöfnun. Þá var þessi vöndur um erlendu lánin notaður til þess að flengja landslýðinn til hlýðni. Allt var á leið til vítis, bæði í blöðum, sjónvarpi og útvarpi; vegna þess að menn töldu að lánsfjársöfnunin stefndi upp fyrir 60% af þjóðarframleiðslu. Ég man ekki betur en að einhver ætlaði að segja af sér ef lánin færu upp fyrir ramma sem þar var smíðaður, við 60%.

Í dagblöðunum í dag talar fjmrh. sjálfur hins vegar um að það verði að taka erlend lán til þess að stoppa upp í gatið en formaður Sjálfstfl. dregur úr. Formaðurinn vill hins vegar hækka skatta en fjmrh. dregur úr. Svo kemur forsrh. og bætir um betur og borar á allt saman gat. Hann ætlar að opna fyrir gengisfellingu. Á tímum ríkisstj., sem talar mest um þörfina á festu, að ekki megi skapa spennu og ekki megi auka þenslu, geta menn spurt sig: Hvaða áhrif halda menn að þetta tal um gengisfellingu muni hafa? Ætli komi ekki aftur auglýsingarnar, sem við þekkjum frá fyrri árum frá bílasölum eða raftækjasölum, þar sem er skorað á fólk að vera nú á undan gengisfellingunni, passa sig nú? Gaman verður að sjá hvaða áhrif þessi umr. hefur, þessi yfirlýsing um að gengisfelling gæti farið fram úr því sem ríkisstj. telur viðráðanlegt.

Það var ekki gert mikið úr þessari þolanlegu gengisfellingu þegar fólkið í landinu var að samþykkja yfir sig kjarasamninga um daginn. Ég man ekki eftir að mikið væri talað þá um 5% gengisfellingu sem væri samþykkjanleg allt að því æskileg að því er manni skilst nú.

Reyndar segir hæstv. forsrh. í sama viðtali og hann boðaði gengisfellinguna að hin mikla þensla í ríkisfjármálum sé langalvarlegasta málið í sambandi við peningapólitíkina. Þá er yfirlýsinga- og umræðugleði hæstv. ráðh. orðin dálítið ruglingsleg. Ég held nefnilega að yfirlýsingar um gengisfellingar séu einu yfirlýsingarnar sem stjórnmálamenn eigi aldrei að gefa, a. m. k. þeir stjórnmálamenn sem vilja láta taka sig alvarlega. Ég held að yfirlýsingar um gengisfellingar eigi ekki að vera til í orðaforða þeirra vegna þess að þær leiða akkúrat til þeirra skaðlegu aukaverkana sem menn vilja komast hjá.

Fjmrh. lýsti því yfir þegar hann fletti frá gatinu að hann vildi koma út og segja fólki fyrir opnum tjöldum hvernig ástandið væri. Hann sagði: Við verðum öll að standa saman. Þetta er okkar mál. Þetta verða þing og þjóð að leysa, sagði hann. Þess vegna langar mig að biðja nú hæstv. ríkisstj. formlega um að tilkynna Alþingi og þjóðinni undanbragðalaust hvað hún ætlar að gera í þessum fjármálum. Ég held að það sé algjörlega óumflýjanlegt að við fáum að heyra hvernig þeir ætli að taka á þessum málum til þess að við getum nú tekið á með fjmrh. og reynt að hjálpa til við að leysa þetta vandamál. Ég held að þetta verði að gerast núna fyrir páskaleyfi. Ég held að við ættum ekki að fara í páskaleyfi fyrr en kominn er botn í þetta, ekki síst vegna þess að við berum þann ugg í brjósti að þetta sé ekki

eina gatið sem er á ferðinni.

Við munum eftir umr. um lánsfjárlögin. Þar voru svona göt að opnast út við sjóndeildarhringinn. Það voru t. d. göt í húsnæðiskerfinu. Ég hef grun um að þau göt séu nú að stækka og gliðna. Hvað með t. d. Atvinnuleysistryggingasjóðinn? Ætlar hann að borga eins og honum var skipað? Er það rétt að komið sé bréf frá Atvinnuleysistryggingasjóði þar sem hann kveðst ekki geta innt af hendi það sem hann ætlaði að gera á þessu ári? (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Það skyldi þó ekki vera komið eitt gatið enn þar. Ég held nefnilega að menn verði að reyna að komast yfir þetta fjárlagagat sem þeir eru búnir að standa frammi fyrir núna í margar vikur og reyna að taka til við lánsfjárlagagatið vegna þess að ég er ekki viss um að okkur endist tíminn við það ef við förum ekki að taka á því almennilega.

Ég skora aftur á ríkisstj. að skýra frá því hvað hún hyggst gera í þessum málum áður en hún fer í frí vegna þess að ríkisstj. sem hefur það efst á sínum lista að stuðla að stöðugleika, að stuðla að vissu og stuðla að öryggi getur ekki vikum saman skilið fólk eftir í óvissu um skattamál, um gengisfellingar, um niðurskurð, um stórkostlegar breytinar á félagslegri þjónustu í landinu. Það er algjörlega óviðunandi að við frestum þinghaldi fyrir páskana fyrr en við fáum einhverjar hreinar línur í þetta. Þetta stuðlar að óvissu. Ef við fáum ekki eitthvað að vita um þetta áður en við förum í frí mæli ég með að þjóðin fái áheyrnarfulltrúa í ríkisstj., einhvern annan en forsrh., til þess að reyna að fá að fylgjast með því sem gerist þarna yfir páskaleyfið. fá að fylgjast með því sem kemur úr tölvum fjrmrn. næstu nætur og daga vegna þess að þessi óvissa er óviðunandi og ekki í anda þeirrar styrku stefnu sem menn telja sig í ríkisstj. vera að fylgja.

En það er annað sem mikilvægt er að gera sér grein fyrir. Í skjóli þessa neyðarástands, sem búið er að skapa og óspart er blásið upp á hverjum einasta degi, á að fara að gera ýmsar viðamiklar breytingar á íslenskri félagsþjónustu. Gerðar verða breytingar í heilbrigðiskerfinu og í menntakerfinu. Eftir fregnum að dæma gæti þarna verið um að ræða eðlisbreytingar á íslensku velferðarkerfi sem verið hefur samkomulag milli allra flokka um að byggja á á undanförnum áratugum. Það er algjörlega óviðunandi að gerðar séu breytingar á þessu kerfi í reykfylltum bakerbergjum þingflokkanna og þessar breytingar séu síðan keyrðar í gegn í hasti með þingslitasvipuna yfir höfðum þm. eftir páska.

Velferðarkerfi eins og önnur kerfi eiga auðvitað að vera til endurskoðunar á hverjum tíma. Þau eru aldrei svo fullkomin að þau þoli ekki að farið sé ofan í saumana á þeim. En sú endurskoðun á að fara fram með opinni umr. fyrir opnum tjöldum inni á þingi og úti í þjóðfélaginu og síðan eiga kjósendur að kjósa um slíkar breytingar í almennum kosningum, en þær eiga ekki að smokrast inn um bakdyrnar í svona flautaþyrilsnautahjarðarsprelli eins og virðist eiga að fara að gerast núna.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég sé mig neyddan til að ítreka það, sem ég lagði áherslu á áðan. Engin gengisfelling er fram undan umfram það sem ríkisstj. hefur lýst yfir að verður hámark á þessu ári. Hv. þm. Svavar Gestsson kom hér upp og fór rangt með mín orð enn einu sinni. Vil ég ráðleggja honum að fá afrit af minni ræðu, sem hann getur fengið mjög fljótlega, og þá mun hann geta sannfærst um það að á þetta lagði ég áherslu. Ég sagði: ríkisstj. mun standa við sitt markmið um verðbólgu um það bil 10% í lok ársins. Því verður gengi ekki breytt umfram það sem ráðgert er og því verður komið í veg fyrir þá þenslu sem of mikil aukning á fjármagni veldur.

Ég sé ekki ástæðu til að svara því sem kom fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Einarssonar. Ég er dálítið undrandi á því að hann skuli láta hafa sig í það að elta hv. 3. þm. Reykv. hingað upp í ræðustólinn. En þar sannaðist enn einu sinni: Eftir höfðinu dansa limirnir.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Fyrst örfá tímabær orð um pólitíska landafræði.

Menn tóku eftir því að hæstv. iðnrh. brást hinn versti við þegar hv. 3. þm. Reykv. bar honum á brýn að hafa sagt í Finnlandi að Ísland væri orðið „Singapore norðursins". Finnsk lygi, sagði hæstv. iðnrh. Það er meira en það. Þetta er bæði finnsk lygi og haugalygi því að Singapore er alls ekkert eymdarríki á suðurhveli. Það sem gerst hefur á Íslandi að undanförnu er að Ísland er orðið að Sikiley norðurhjarans skv. nýjustu tölum um launakjör almennings, en um Singapore er það að segja að það er orðið Svíþjóð suðurhjarans. Þetta verða menn að gera sér ljóst.

Í Singapore gerðist það fyrir 1—2 árum að tekin var ríkisstjórnarákvörðun um að hækka laun um 20% á ári að raungildi í tvö ár. Hvers vegna? Jú, það var vegna þess að Singaporemenn tóku ákvörðun um að Singapore skyldi ekki verða frambúðarláglaunasvæði, dæmt til eymdarkjara vanþróaðra ríkja. Þeir tóku um það ákvörðun að ryðja sér braut í hátækniiðnaði og þar skyldi ekkert fyrirtæki þrífast sem ekki gæti staðið við háar kröfur um laun og batnandi laun í krafti mikils hagvaxtar og örrar tækniþróunar. Singapore er því eitt best stjórnaða ríki heims, eins og t. d. hópur manna úr röðum íslenskra iðnrekenda má ekki nógsamlega oft endurtaka sem fór í kynnisferð um Japan, Taivan og Singapore. Ég endurtek: Singapore, er eitt best stjórnaða ríki heims, þar sem hagvöxtur er ör, hagstjórn mjög skynsamleg og lífskjör ört batnandi, og er nú mikill munur á hversu betur er stjórnað í því landi en landi hæstv. iðnrh. vegna þess að þar hafa hlutirnir snúist svo gjörsamlega við að Ísland er orðið að Suður-Ítalíu, Sikiley, norðurhjarans og hefur tekið sæti Ítala sem botnfallið í samanburðartöflu lífskjara innan OECD. En látum það nú vera.

Tilefni þessarar umræðu er auðvitað að reyna að fá fram í allri vinsemd svör við því hvort eitthvað sé hæft í fregnum fjölmiðla um yfirvofandi nýjar skattahækkanir og yfirvofandi stórfelldar nýjar erlendar lántökur. Einhverra hluta vegna hefur ekki tekist vel að fá þær upplýsingar.

Það segir í einu dagblaðanna í dag, með leyfi forseta:

„Þeir Albert Guðmundsson fjmrh. og Þorsteinn Pálsson formaður Sjálfstfl. eru sammála um að fjárlagagatinu verði lokað með erlendum lánum. Þorsteinn leggur þó áherslu á að það geti ekki orðið uppistaðan í úrlausninni og enn fremur að einhverjar nýjar álögur séu óhjákvæmilegar".

Spurningin er: Er þetta rétt eða er þetta ekki rétt? Á að loka fjárlagagatinu með nýjum erlendum lántökum? Á að gera það með nýjum álögum, nýjum sköttum? Um þetta er spurt.

Í Morgunblaðinu í dag er formaður Sjálfstfl. sömuleiðis spurður hvort Sjálfstfl. væri horfinn frá þeim yfirlýsingum að ekki komi til greina að leggja á nýja skatta. Svarið er véfréttarlegt, en hljóðar svo:

„Sjálfstfl. ber fyrst og fremst ábyrgð á því að stjórn á fjármálum ríkisins sé traust og örugg og að hallarekstur leiði ekki til aukinnar verðbólgu".

Hvað þýðir þetta á mannamáli? Það þýðir að það stendur fyrir dyrum að hækka skatta. Tilgangurinn með þessari umr. var auðvitað fyrst og fremst að fá það staðfest. Er þetta rétt? Ég fæ ekki betur séð en að niðurstaðan sé sú, þrátt fyrir allt, að með eftirgangsmunum er því játað. Það á að leggja á nýja skatta. Í öðru lagi: Það á að leita eftir nýjum erlendum lánum. Og í þriðja lagi kemur fram að enn á að fara þá leið að taka gjald í auknum mæli fyrir veitta opinbera þjónustu. Það er ekkert nýtt. Það hefur verið í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar. En það sem hefur á skort er að stjórnin hefur ekki náð samkomulagi um neitt af þessu og ekki staðið við gefin fyrirheit. Þess vegna verð ég, virðulegi forseti, að láta í ljós undrun mína á því að hæstv. forsrh. skuli í fyrsta lagi bera mönnum á brýn ódrengskap fyrir að hreyfa þessum spurningum hér á hv. Alþingi og í annan stað svara digurbarkalega á þá leið að það sé mesti misskilningur að innan ríkisstj. sé ágreiningur. Hvað á að þýða að reyna að telja mönnum trú um þetta? Hér sitja inni 59 menn sem allir vita betur.

Auðvitað er ágreiningur í ríkisstj. Hvað þýðir að vera að neita því? Hvers vegna hafa ákvarðanir dregist vikum og mánuðum saman? Það er vegna þess að það er ágreiningur. Og um hvað er ágreiningurinn? Það er m. a. ágreiningur um að einstakir fagráðh. í þessari ríkisstj. þverneita að leggja fram þær sparnaðartillögur eða þær tillögur um niðurskurð og samdrátt í opinberri þjónustu sem er stefna þessarar ríkisstj. og forsenda fyrir því að eitthvert vit verði í fjármálastjórn ríkisstj. Því er margyfirlýst að hæstv. forsrh. hefur kvartað undan því að vald fagráðh., sjálfdæmi þeirra, hvers í sínu konungsríki sé allt of mikið til þess að hægt sé af hálfu ríkisstj. að fylgja fram samræmdri stefnu. Það liggur alveg ljóst fyrir að hæstv. heilbr.- og trmrh. er margsinnis búinn að lýsa því yfir að þeir megi spara hvar sem er annars staðar en í sínu ráðuneyti. Ekki með flötum niðurskurði, eins og hann segir.

Hvað er þá um þetta að segja? Það er ósköp einfalt. Fyrir nokkrum mánuðum kom hér til valda ný ríkisstj. Hún boðaði nýja stefnu. Hún sagði: Nú verða á algjör umskipti. Nú verður ekki lengur neinn framsóknarskottís í ríkisfjármálum. Nú verður ekki lengur nein sjálfvirk óðaverðbólga samkv. sjálfvirkri loforðaóskhyggjustefnu Alþb. Hér verða á algjör umskipti. Við ætlum að kveða verðbólguna niður. Og hvernig ætlum við að gera það? Við ætlum að gera það með því í fyrsta lagi að afnema vísitölukerfi launa sem part af sjálfvirku verðhækkanakerfi. Í öðru lagi ætlum við að koma í veg fyrir vaxandi viðskiptahalla og erlendar lántökur. Hvernig ætlum við að gera það? Það hljótum við að gera með því að stöðva sjálfvirkni í erlendum lántökum ekki síst til hins opinbera geira. Og koma í veg fyrir að nýju erlendu lánsfé verði veitt út í gegnum ríkisforsjárkerfið í framkvæmdir og fjárfestingar sem ekki eru arðbærar. Og í þriðja lagi: Við ætlum með því að minnka ríkisgeirann, með því að skera niður ríkisútgjöldin, að skapa forsendur fyrir því að við getum fylgt fram stefnu okkar um að lækka skatta.

Það er eitt grundvallarstefnuatriði núv. ríkisstj. að hlutur ríkis og ríkisstofnana af þjóðartekjum á að fara minnkandi. Ef því er ekki fylgt eftir með niðurskurði situr skattapólitíkin gamla eftir. Og hvað er það sem raunverulega hefur hér gerst? Það sem hér hefur verið að gerast á undanförnum vikum er að ríkisstj. sem lagði upp með fyrirheit um róttæka stefnubreytingu er nú að reka sig hvarvetna á vegg. Hún er að reka sig á það í ríkisfjármálum, í skattapólitík sinni, í lánapólitík sinni, að hún hefur sjálf svikist um að gera það, sem var grundvallaratriði þessarar stefnu, að taka upp skurðarhnífinn og skera niður ríkisútgjöld, minnka hlut ríkisgeirans, lækka hlut hinnar opinberu skattheimtu, draga úr erlendum lánum, gera strangari arðsemiskröfur og búa þannig smám saman í haginn fyrir nýtt vaxtarskeið í íslensku atvinnulífi. Þetta var hin róttæka yfirlýsing í upphafi. Það sem við erum að horfa núna upp á er að það er aftur að sækja í sama farið. Þetta er að verða gamli framsóknarskottísinn. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann að því hvort hann eigi langt mál eftir eða hvort hann vilji fresta máli sínu til kl. 18.00 þegar fundir byrja aftur að loknum þingflokksfundum.) Virðulegi forseti. Ég sé enga ástæðu til að hafa þessa ræðu miklu lengri, þó að hún gæti verið það eftir efnum og ástæðum. Ég skal ljúka ræðu minni með örfáum orðum.

Það sem þessi ríkisstj. stendur frammi fyrir er einföld spurning: Ætlar hún þrátt fyrir allar stóru yfirlýsingarnar að verða sams konar ríkisstjórn og þessar sorglegu og dæmalausu ríkisstjórnir framsóknar og Alþb. á undanförnum árum? Ætlar hún að fara uppgjafarleiðina? Ætlar hún að hrekjast yfir í að slá vandamálunum á frest, að leysa vanda sinn núna í ríkisfjármálunum með nýjum erlendum lántökum, sem engin réttlæting er fyrir og er yfirlýsing um gjaldþrot þessarar stefnu? Ætlar hún að fara þá leið enn að leysa vandann í ríkisfjármálum, sem ráðh. treysta sér ekki til að leysa, með því að varpa honum yfir á herðar skattgreiðenda rétt einu sinni enn og sitja uppi með að úrræði þeirra sé sami grautur í sömu skál?

Ég vek athygli á því að stærsti þátturinn í niðurskurðarleiðinni, ef hún verður farin, er sá auðvitað að skera niður meðlagsgreiðslurnar til atvinnulífsins og fyrirtækjanna í landinu. Þær upphæðir nema milljörðum kr. innan ríkisfjármálageirans. Þá geta menn rétt spurt sig hvort þeir sjálfstæðismenn í ríkisstj. undir forustu hv. 1. þm. Suðurl. séu líklegir til að ná samkomulagi um það við sameinaða framsóknarforustuna að byrja nú á að skera niður þarflausar himinhrópandi útflutningsbætur, kolvitlausar niðurgreiðslur og önnur slík gæluverkefni hins háopinbera kerfis sem nemur eins og ég segi milljörðum kr. Ef þeir ekki koma sér að þessu verki er stefnan sprunggin.

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að votta þm. Þorsteini Pálssyni samúð mína fyrir að sitja upp í hvílíkri framsóknarríkisstjórn. Vegna þess að ég veit fyrir fram að hann nær engum árangri hér eftir í þessari ríkisstj. — [Fundarhlé.]

Þorsteinn Pálsson: Frú forseti. Þeir hv. þm. Reykv. hafa rætt þetta viðfangsefni, sem hér er til umr. utan

dagskrár, með allsérkennilegum hætti.

Hv. 5. þm. Reykv. hélt því fram hér að staða þessa máls sýndi að ríkisstj. og þá sérstaklega Sjálfstfl. hefði gefist upp við það verkefni að beita aðhaldi í stjórn ríkisfjármála og draga úr útgjöldum ríkisins, draga úr hlutdeild ríkisútgjalda í hlutfalli af þjóðartekjum. Það voru hans orð að í þessu hefði ríkisstj. og þá sérstaklega Sjálfstfl. mistekist. Það gegnir furðu að þessi hv. þm., sem hefur tekið allmikinn þátt í störfum þingsins og í umr. um þau efni sem hér eru til umr., skuli bera fram fullyrðingar af þessu tagi í þessari umr.

Árið 1983 námu útgjöld ríkisins 30.6% af framleiðslu þjóðarinnar. Fjárlög voru samþykkt með útgjaldaákvörðunum sem námu 28.7% af útgjöldum þjóðarinnar. Við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga var tekist á við það verkefni að skera niður útgjöld ríkisins, almenn rekstrarútgjöld og launaútgjöld, með þeim árangri að ríkisútgjöld lækka úr 30.6% niður í 28.7%. Svo kemur hv. þm. og heldur því fram að í þessu efni hafi mönnum algjörlega mistekist. Ef við hefðum þjóðartekjur á þessu ári sem væru sambærilegar við þjóðartekjurnar 1982 og verðum 28.7% þeirra til ríkisútgjalda hefðum við 1520 millj. kr. meira úr að spila á þessu ári. Ef þjóðartekjurnar væru óbreyttar frá árinu 1982 og hlutfall ríkisútgjalda það sama hefðum við þetta miklu meiri tekjum úr að spila á árinu. Það er kannske fyrst og fremst þetta sem kristallar þann vanda sem við stöndum frammi fyrir. Þrátt fyrir lækkun þjóðartekna hefur tekist að lækka hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu. Og við höfum kappkostað þrátt fyrir þessar aðstæður að viðhalda því velferðarþjóðfélagi sem við höfum hér uppbyggt og það eru þessar aðstæður sem við stöndum frammi fyrir.

Hv. 5. þm. Reykv. taldi það einnig til ámælis að hér væru menn að ræða um lausn á þessum vanda með því að skera niður að einhverju leyti útgjöld ríkisins til viðbótar því sem áður hefur verið skorið niður, að auka tekjur ríkisins að einhverju marki og að einhverju leyti að taka ný erlend lán. Þetta þótti hv. þm. hin mesta firra. Það er athyglisvert að bera þessi ummæli saman við ræðu formanns Alþfl., hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, sem hann flutti á hinu háa Alþingi þegar fjmrh. hæstv. gerði Alþingi grein fyrir þeirri stöðu sem nú er komin upp í ríkisfjármálunum. Þá benti formaður Alþfl. á það í ræðu sinni að þennan vanda yrði að leysa með þessum þremur aðferðum. Svo kemur hv. 5. þm. Reykv., einn af aðaltalsmönnum Alþfl. í efnahagsmálum, og telur það firru og fjarstæðu eina sem hér er verið að fjalla um og formaður Alþfl. taldi eðlilegt að við legðum til grundvallar við lausn málsins. Það er yfirleitt orðin venja að Alþfl.-þingmenn eru ekki sammála, nánast í hverju máli sem hér er til umr., og þeir skipta um skoðun í hinum stærri málum frá einu þingi til annars eins og vindurinn. Það þekkir hv. 5. þm. Reykv. vel og ummæli hans í þessari umr. lýsa einkar vel ástandinu innan Alþfl.

Enn merkari og athyglisverðari var ræða hv. 3. þm. Reykv. Ég held að flestir geri sér grein fyrir að við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegum vanda í þessum efnum, að það er alvarlegt ástand þegar svo mikill halli er á rekstri ríkissjóðs. Og ég held að flestir geri sér grein fyrir að miðað við það mikla fall í þjóðartekjum sem við höfum þurft að horfast í augu við á undangengnum árum er það verulegum erfiðleikum háð að halda áfram óbreyttu útgjaldastigi ríkisútgjalda án þess að mæta erfiðleikum af þessu tagi. Maður skyldi ætla að hv. þm., sem nokkur undangengin ár hefur gegnt embætti ráðh., gæti rætt um þessi alvarlegu mál af fullkominni ábyrgð og raunsæi, en það var öðru nær. Hann var á móti því að láta reka á reiðanum. Hann vakti á því athygli réttilega að það mundi leiða til meiri þenslu í hagkerfinu og kjaraskerðingar fyrir launafólk. Það var kostur sem hann hafnaði með öllu. Ég get enn á ný tekið undir það með hv. þm. að það er leið sem við getum ekki sætt okkur við og munum ekki sætta okkur við. En hann var líka á móti því að skera niður ríkisútgjöld til að jafna tekjur og gjöld ríkisins. Það kom ekki til greina að mati hv. þm., formanns Alþb. Hann var líka algjörlega andvígur því að mæta þessum aðstæðum með nýrri tekjuöflun. Það var algjör fjarstæða af hans hálfu. Og að sjálfsögðu komu erlendar lántökur ekki til greina af hans hálfu. Hann er á móti því að láta reka á reiðanum. Hann er andvígur því að grípa til nokkurra þeirra úrræða sem kostur er á til þess að taka á þessu vandamáli. (Gripið fram í.) Þetta er málflutningur formanns Alþb. Mundi nokkur maður treysta þeim aðilum, sem tala um þetta alvarlega mál með þessum hætti, fyrir stjórn landsmála? Ég held að svarið sé augljóst og það sé nei.

Það er ekki tilviljun að þessi hv. þm. hefur nú mætt meiri niðurlægingu í eigin flokki og innan verkalýðshreyfingarinnar en aðrir forustumenn Alþb. Hann setti á stað mikla hreyfingu og hafði um hana forustu að fella kjarasamningana sem gerðir voru. Hann flutti miklar ræður, herhvöt til launafólksins í landinu að fella þessa kjarasamninga. Hann brýndi forustumenn verkalýðshreyfingarinnar að samþykkja ekki þá kjarasamninga sem Alþýðusambandið hafði staðið að. Hann hélt langar ræður um að það væri ekki rétt stöðumat sem forusta launþegahreyfingarinnar hefði komist að. Eigi að síður var það ákvörðun fólksins í landinu að hafa þessar upphrópanir að engu. Og nú er svo komið að allir helstu forustumenn Alþb. í verkalýðshreyfingunni hafa samþykkt vítur á þennan málflutning og þessi vinnubrögð hv. þm. Það er því ekki einungis hér á Alþingi sem hann er ber að því að sýna ábyrgðarleysi í málflutningi, vera á móti öllum tillögum sem geta leyst þann vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir. Hann stendur einnig berskjaldaður að þessu leyti í eigin flokki.

Það er þetta val sem þjóðin stendur frammi fyrir, að þessu þjóðfélagi sé stjórnað út frá þessum sjónarmiðum. Það er ekki nein tilviljun að þjóðin hefur hafnað því. Þjóðin veit alveg hvað það kostaði að láta þessi sjónarmið ráða um of ferðinni við stjórn efnahagsmála. Það var engin tilviljun að verðbólgan fór í hæstu hæðir undir fjármálastjórn Alþb. Meðan Alþb. hafði stjórn ríkisfjármála lét það reka svo á reiðanum að það var útilokað að láta enda ná saman öðru vísi en með verðbólgu. Hagur ríkissjóðs byggðist á viðskiptahalla og óhóflegum innflutningi. Áföll þjóðarbúsins var það eina sem Alþb. gat gert út á þegar það hafði stjórn ríkisfjármálanna með höndum. Ég sé ekki betur en hv. 3. þm. Reykv. sé enn að bjóða upp á þann valkost, en því mun þjóðin að sjálfsögðu hafna.

Það var ein leið, að vísu, sem hv. þm. benti á. Það má auka skattheimtu á atvinnufyrirtækin. Nú er það almennt viðurkennt að atvinnulíf landsmanna stendur

ekki eins traustum fótum og við höfum kosið. Um langan tíma hefur verðmætasköpunin um of verið dregin út úr atvinnufyrirtækjunum, framleiðslufyrirtækjunum hringinn í kringum landið með rangri gengisskráningu og of háum sköttum. Ef við ætlum að tryggja aukna framleiðslu í landinu, auka verðmætasköpun, er það höfuðverkefni við þær aðstæður sem við búum við í dag að leyfa verðmætasköpuninni í ríkari mæli en áður að sitja inn í fyrirtækjunum til áframhaldandi uppbyggingar, til þess að skapa ný atvinnutækifæri, til þess að treysta velmegunina í landinu og bæta lífskjörin. Það er eina leiðin til þess að við getum unnið okkur út úr vandamálunum að auka framleiðsluna. En þá er það eina tillaga hv. 3. þm. Reykv., formanns Alþb., að leggja aukna skatta á atvinnulífið, að reyna að leggja meira farg á atvinnustarfsemina og drepa hana í dróma með þeirri einu afleiðingu að auka hér hættuástand í atvinnumálum og stofna til atvinnuleysis. Það eru úrkostir Alþb. Það er rétt að þjóðin geri sér grein fyrir því hvaða valkostir eru hér fyrir hendi.

Kristín Halldórsdóttir: Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að hafa hér langt mál, en ég hafði hugsað mér að bera eina spurningu fram við annan hvorn ráðh., fjmrh. eða forsrh., ef annar hvor þeirra gæti látið svo lítið að vera hér. Ég sá fjmrh. hér nýlega í hliðarsal, svo ég vænti að hann sé í húsinu. **(Forseti:** Hæstv. forsrh. hefur fjarvistarleyfi nú, en ég skal athuga hvort hægt sé að ná í hæstv. fjmrh.)

Nú, ekki kom mér á óvart að ráðh. og starfsfólk þeirra þyrfti drjúglangan tíma til þess að fylla þetta óttalega gat, sem svo lengi hefur verið helsta umræðuefni manna, en löng er nú biðin orðin eftir úrræðunum. Það vantaði ekki að stjórnarandstaðan væri spurð í þaula um hennar ráð um leið og gatið var gert opinbert og margir urðu til þess að benda á leiðir, en stjórnarliðar hafa vikið sér fimlega undan öllum kröfum um lausnir. Á mörgu hefur þó verið tæpt og það er ískyggilegt hve mikið er nú talað um háar upphæðir í heilbrigðis- og tryggingamálum og menntamálum þjóðarinnar og veit það varla á gott. Minna heyrist talað um þau miklu útgjöld sem ætluð eru t. d. til vegamála og orkumála og enginn minnist nokkru sinni á ferða- og risnukostnaðinn, sem skiptir hundruðum milljóna hjá hinu opinbera, að ekki sé nú minnst á flugstöðina á Keflavíkurflugvelli.

En það sem hefur valdið mér mestum áhyggjum og rekur mig að þessu sinni hingað upp snertir söluskattinn sem ég er sannarlega sammála um að þarfnast endurskoðunar. Það hefur m. a. verið talað um að grisja þyrfti undanþágufrumskóginn, auk þess sem stefna beri að aðhaldssamari innheimtu. Er þetta vafalaust hvort tveggja rétt. En þar sem heyrst hefur að komið hafi til umræðu að afnema undanþágu frá söluskatti á matvælum vil ég nota þetta tækifæri til að láta koma fram hér eindregna andstöðu Kvennalistans gegn slíkri ráðstöfun og þarf varla að eyða dýrmætum tíma þingheims í útskýringar á þeirri afstöðu. Það verður að segjast eins og er að undanfarnar vikur hefur minnkað traust mitt á vini litla mannsins. Úr því hann finnur þau ráð helst að hækka skatta á heilsudrykkjum, hreinum ávaxtasafa, Jóga og Mangósopa, um leið og verð á sykurvatni er lækkað, þá finnst mér honum því miður trúandi til að róa enn frekar á þessi mið og reyna að hafa einhvern pening í tóma kassann með því að skattleggja enn frekar það sem fólk má síst vera án, þ. e. matinn. Um leið og ég tek ákveðið undir tilmæli Guðmundar Einarssonar og fleiri þm. hér um hreinskilnislegar yfirlýsingar ríkisstj. um það hvaða ráðum hún hyggst beita til að rétta af hallann á ríkisbúskapnum vil ég beina þeirri spurningu til ráðh. hvort það eigi að verða eitt af ráðum ríkisstj. í glímunni við gatið að afnema undanþágur frá söluskatti á matvælum. Ég var að vona að hæstv. ráðh. hefði tíma til að hlusta á þetta, sem ekki var nú lengra, og að hann afgreiddi ekki spurningu mína sem ómálefnalegan málflutning eins og hæstv. forsrh. gerði við eðlileg og sjálfsögð tilmæli hv. 4. landsk. þm. hér fyrr í dag.

Má ég kannske endurtaka spurningu mína úr því að ráðh. er mú mættur? **(Fjmrh:** Endilega.) Ég var að spyrja að því hvort það ætti að verða eitt af ráðum ríkisstj. í glímunni við gatið að afnema undanþágur frá söluskatti á mat.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Ég skal nú ekki vera lengi. Mig langaði aðeins að koma að tveimur atriðum, sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson vék að í ræðu sinni hér áðan þegar hann var að glíma við ummæli hv. þm. Svavars Gestssonar. Það var um kjarasamningana. Þar lýsti hv. þm. Þorsteinn Pálsson því fjálglega hvernig fólkið í landinu hefði tekið ábyrga afstöðu í kjarasamningum, hefði tekið ábyrga afstöðu þrátt fyrir óábyrgan málflutning hv. þm. Svavars Gestssonar og Alþb. Menn skyldu kannske spyrja sig ef fólkið í landinu og samningsmenn þess voru svona ábyrgir, hversu ábyrgir voru hinir samningsaðilarnir? Hvað vissu þeir sem voru að semja við ASÍ og BSRB á þessum tíma um það sem væri í vændum? Því þrátt fyrir það að menn láti eins og þetta gat hafi komið öllum á óvart og dottið skyndilega ofan úr skýjunum, þá hlýtur stjórnmálavit og fjármálavit þessarar styrku og öruggu ríkisstj. að hafa verið nægilega mikið til þess að gera sér grein fyrir því að einhvers staðar vantaði 1500 millj. eða jafnvel 2000 millj. Þá upphæð vantar ekki svo glatt án þess að menn taki eftir því jafnvel þó á ýmsum tímum í vetur hafi komið yfirlýsingar frá ráðh. um að þeir hafi nú ekki gert sér grein fyrir og ekkert vitað í raun hvernig ástandið í ríkisbúskapnum var. Menn týna ekki svo auðveldlega 2000 millj. Það liðu ekki margir dagar frá því að búið var að undirrita samninga við þetta ábyrga fólk í landinu þangað til þessi örugga og trausta ríkisstj. kom fram á vígvöllinn og lýsti gatinu. Nú styðjumst við aðeins að vísu við lausafregnir vegna þess að hin örugga og opna ríkisstj. lætur ekki svo lítið að skýra fólki frá því hvað hún hefur í hyggju. Menn verða að snapa það upp úr dagblöðum sem þeir segja síðan að misfari með orð þeirra. En hvað vissu þessir menn um það sem væri í vændum þegar þeir sömdu við hið ábyrga fólk í landinu? Það getur ekki verið annað en það, að þeir hafi vitað að von var á skattahækkunum. Það getur ekki verið annað en það, að þeir hafi vitað að von var á hækkun á ýmiss konar þjónustu. Þetta kemur ekki fram nú sem ábyrg afstaða við hina ábyrgu samningamenn fólksins sem þeir sömdu við fyrir nokkrum vikum og mánuðum. Ég held því að á sama tíma og menn tala hátt um það að fólkið í landinu hafi tekið ábyrga afstöðu í samningsmálunum þá skyldu þeir sjálfir athuga hversu ábyrgir þeir voru í sinni afstöðu til þessara mála.

Annað atriði, sem mig langar til að taka aðeins upp, var það að við þyrftum að vinna okkur út úr vandanum. Að við hefðum tapað í þjóðarframleiðslu og nú lægi okkur á að vinna okkur út úr vandanum. Það væri ekki fyrr en þjóðarframleiðsla hefði aukist, fyrr en arður hefði aukist, að menn gætu átt von á því að eitthvað batnaði. Þetta er kannske eitt aðalatriðið. Þá spyrja menn sig: Hvað sjáum við til þessara manna sem vilja vinna sig út úr vandanum? Það er kannske ein hryggilegasta niðurstaðan af þeirri fjármálaumræðu sem hér hefur farið fram síðan í haust, bæði í sambandi við fjárlög og lánsfjárlög, að það örlar ekki mikið á nýjum lausnum. Ég tel að skattabreytingar, sem voru gerðar um daginn í sambandi við atvinnurekstur, muni hugsanlega, eins og ég sagði þá, skila okkur einhvern tímann á næstu árum styrkara atvinnulífi. En þar er ekkert sem skilar sér öðruvísi en á mjög löngum tíma og það eru ekki þessar lausnir sem munu verða til þess að bjarga fólkinu í landinu á allra næstu árum. Það þarf eitthvað annað að koma til. Og þess vegna hljótum við að spyrja: Hvar eru hinar nýju lausnir? Hvar er nýsköpunin í atvinnumálum? Hvar er nýsköpunin? Við sjáum hennar nefnilega ekki mikil merki. Steinullarverksmiðjan, er það nýsköpun? Menn geta spurt: Hvað með stóriðjuna? Hvað með samningana í sambandi við járnblendið um daginn? Það fór frekar lítið fyrir orkuhækkuninni þar. Ég held að menn þurfi að leita ansi grannt ef þeir ætla að finna hvar úrbót morgundagsins á að koma, vegna þess að þrátt fyrir allt tal um nýsköpun örlar ekki á neinum vilja til þess að láta þau loforð rætast.

Þetta voru tvö atriði sem mig langaði til að minnast á hér. Ég ætla líka að ítreka það álit mitt og ítreka þær óskir mínar að ríkisstj. skilji ekki svo við þetta þing fyrir páska, að við fáum ekki einhverjar bitastæðar upplýsingar um það hvað ríkisstj. hyggst fyrir í efnahagsmálum. Það er ekki sæmandi að láta þetta leka út sem kannske meira og minna misfærðar fréttir í blöðum. Það eru þarna á ferðinni of stórir hlutir til þess að þeir eigi skilið slíka meðferð og það er of margt fólk sem bíður eftir því að fá eitthvað að vita í þessu efni til þess að það eigi skilið slíka meðferð. Þess vegna vil ég ítreka þær óskir við ríkisstj. að á morgun eða föstudag fái þingið yfirlit yfir það hvað hefur verið til umr. á samráðsfundum stjórnarflokkanna og hvernig þessi hugmyndasmíði og tillögusmíði stendur núna. Ég tel að það sé skylda þeirra að láta þessar upplýsingar af hendi.

Um viðbrögð hæstv. forsrh. við þessum óskum mínum og hinar rökvísu orðræður, sem hann hafði hér í frammi, ætla ég ekki að fjölyrða.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Mér skilst að hv. 4. landsk. þm. hafi farið fram á það áðan í einni af sínum fyrri ræðum að stjórnarandstaðan, og þá líklega hann sjálfur, fengi áheyrnarfulltrúa á ríkisstjórnarfundum. Nú finnst mér hann hafa verið að gefa í skyn að hann vildi líka fá að vera áheyrnarfulltrúi hjá ríkisstjórnarflokkunum til þess að fylgjast með hverra ráða þeir væru að leita í sambandi við þann vanda sem ég kynnti hér og kallaður hefur verið „hið fræga gat“ — vanda sem við kynningu var fagnað að skyldi koma fram í dagsljósið í staðinn fyrir að hingað til hefur hann verið falinn og þm. fengu ekki að vita um hann fyrr en kannske löngu eftir að uppgjör hafði átt sér stað. Þá kom nýr og allt annar fjmrh. til að gera grein fyrir liðinni tíð. Þm. almennt fögnuðu því að nú skyldi vandinn kynntur þegar hann blasti við. Þetta fræga gat var fyllt á síðasta ári með 25% aukafjárveitingu af fjmrh. Vandinn sem við erum nú að tala um er 10% af gjaldahlið fjárl. Þetta gat hefur þó minnkað á milli ára úr 25% í 10%. Það er bara þetta eitt, sem allir fögnuðu nú, sem virðist hafa orðið áróðurs- og árásarefni á ríkisstj. Það á nú að nota í neikvæðum tilgangi að hafa kynnt vandann, að hafa ekki þagað yfir honum, sem árás á ríkisstj. Í upphafi umræðna um þennan vanda var það talin hreinskilni og virðingarvert. Svo gjörsamlega málefnasnauð er stjórnarandstaðan að nú er þessu snúið við.

Ég sé ekki að nokkur vandi verði leystur með nokkru af því sem komið hefur fram hjá stjórnarandstöðunni í dag. Það vantar ekki viljann til að leggja stein í götu ríkisstj. Það tekst ekki. Ég er margbúinn að segja það hérna. Ykkur tekst ekki með þessum látum að hylja málefnafátækt ykkar né heldur að koma fleyg á milli manna í ríkisstj. eða einstakra stuðningsmanna hennar.

Það eru ýmsar leiðir sem hafa komið fram og verið ræddar. Hér kom fram sú fullyrðing frá stjórnarandstæðingi að það væri í tugum prósenta sem vantaði upp á innheimtu á söluskatti. Mér fannst ég ekki geta legið undir slíkum fullyrðingum sem fjmrh., farandi með innheimtu á söluskatti. Þar af leiðandi bað ég skattrannsóknastjóra að senda mér tillögur til úrlausnar. Þær óskir lét ég í ljós eftir umr. um fsp. sem kom frá hv. 2. landsk. þm., núverandi forseta hv. Nd. Ein af leiðunum sem skattrannsóknastjóri talar um er að leggja söluskatt á fleiri vörutegundir en nú er gert til að auðvelda innheimtuna, þ. e. fækka undanþágum. Þar var m. a. talað um matvörur. Það er engin ákvörðun tekin um það. Ég hef ekki orðið var við að málið sé komið á það stig að búið sé að taka ákvörðun um að leggja söluskatt á matvöru og kannske fella þá niður niðurgreiðslur líka, þannig að í útsölu hækki landbúnaðarafurðir um fleiri tugi prósenta. En þessar hugmyndir til lausnar á vandanum sem stjórnarandstæðingur hefur dregið athygli að, eru nú notaðar í áróðursskyni eins og ríkisstj. væri þegar byrjuð að starfa eftir þeim. Þetta er furðulegur málflutningur.

Má sama segja um skattlagningu á mjólkurdrykki. Getur einhver bent mér á lögbrot í sambandi við það sem ég hef gert þar? (**GJG:** Landbrh. er nú ekki hress með það.) Landbrh. er ekkert hress með það. Ég veit það. Sumir menn eru ekkert hressir yfir því að lög skuli ná yfir þá yfirleitt. (Gripið fram í.) Þú getur bara giskað á, vinur minn, við hverja ég á.

Ég ætla að lesa upp greinargerð sem ég hef fengið frá embættismönnum fjmrn. varðandi það sem snertir drykkjarvörur. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með lögum nr. 77 frá 1980, um vörugjald, var hér á Alþingi lagt fyrir að innheimta 17% gjald af öllum drykkjarvörum sem flokkast undir vörulið 22 02 í tollskrá. Undir þennan lið tollskrárinnar flokkast límonaði með eða án bragðefna og ýmsar aðrar óáfengar drykkjarvörur að undanskildum hreinum ávaxtasafa.“

Því hefur verið haldið fram að lög þessi næðu ekki til ýmissa drykkjarvara sem framleiddar eru af mjólkurbúunum og úr landbúnaðarafurðum, þ. e. m. a. Sopi, Jógi og kakómjólk sem framleidd eru úr kakói, ávaxtasafa og mjólk. Þetta er á misskilningi byggt. Vörur þær sem

ég hef hér tilgreint verða ekki taldar til mjólkurafurða í skilningi tollskrárlaga, en á þeim er vörugjaldstakan byggð, heldur teljast þær til drykkjarvara í XXII. kafla tollskrárinnar, m. a. eins og hliðstæð vara sem framleidd er hér innanlands og nefnd hefur verið Svali. Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á að mér er ekki einungis heimilt að leggja vörugjald á þær vörutegundir sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni, heldur er mér skylt að fara að lögum og láta innheimta af þeim vörugjald.

Ef Alþingi vill ekki að ég fari að lögum verður Alþingi að segja mér það eða breyta lögunum. En þetta eru lög sem ég fer eftir og það veit dómsmrh. vel. Það þarf ekkert að blanda honum inn í þessa óvæntu fsp. til mín. En hitt er annað mál, að þó að ég hafi heimild til þess að undanþiggja mjólkurafurðir þessari skattlagningu hef ég ekki hugsað mér að gera það. Ég hafði hugsað mér að láta reyna á hvort lög ná yfir alla landsmenn og alla hliðstæða starfsemi í landinu eða ekki.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Þegar hæstv. fjmrh. lendir í rökþrotum að verja þær ógöngur sem stjórnarstefnan er nú komin í bregður hann ævinlega á eitt og sama ráðið. Það er að segja: Þau vandamál sem við er að fást eru forverum mínum að kenna. Því næst heldur hann ræðuna sína um Alþb. sem út af fyrir sig er nokkuð góð ræða en gleymir því um leið að sú ríkisstj. sem telst vera forveri hæstv. ráðh. hefði aldrei orðið til, aldrei náð völdum, aldrei verið kvödd til valda, aldrei valdið neinum óskunda í íslensku efnahagslífi ef ekki hefði verið fyrir sérstaka persónulega og afdráttarlausa milligöngu hæstv. núv. fjmrh. sem eins og kunnugt er gerðist hennar guðfaðir með sérstöku innsigluðu bréfi.

Því næst gleymir hæstv. fjmrh. því að aðilar að þessari ríkisstj. voru hvorki meira né minna en núv. samstarfsflokkur og forustuflokkur núv. ríkisstj. og reyndar vösk sveit úr þingflokki hans sjálfs ásamt með guðföðurnum sjálfum. M. ö. o. svar ráðh. þegar hann verður rökþrota er að segja: Þetta er allt — ég ætla ekki að nota blótsyrðið – kommunum að kenna. — En hann gleymir því um leið að aldrei hefðu kommarnir náð því að setjast í stjórnarstólana nema vegna þess að hæstv. ráðh. tryggði það sjálfur og flokksmenn hans.

Mér kom á óvart að heyra að hv. 1. þm. Suðurl. ætlaði nú að fara að þreyta þessar kúnstir líka. Hann byrjaði ræðu sína á því að brigsla okkur Alþfl.-mönnum um mikinn hringlandahátt og mikla málefnalega ósamstöðu. Um hvað snýst þessi umr.? Hún snýst um það að spurt er: Ætlar núv. ríkisstj. að leysa þann vanda, sem hún hefur hingað til ekki ráðið við vikum saman og stafar af hallarekstri í ríkisfjármálum, með nýjum sköttum og nýjum auknum erlendum lántökum? Um það er spurt. Umr. hafa þó þrátt fyrir allt leitt í ljós að svarið er jákvætt, já, ríkisstj. ætlar að auka skatta, já, ríkisstj. ætlar að auka erlendar lántökur.

Nú bið ég menn bara að rifja upp hvern fyrir sig: Hvað var það sem Sjálfstfl. setti á oddinn í síðustu kosningum? Það var númer eitt að hverfa af þeirri braut að leysa vanda ríkisfjármálanna með sífelldum erlendum lántökum og fresta þannig í það óendanlega að snúa sér að vandamálunum og númer tvö að gera ráðstafanir til þess í ríkisfjármálum að forsendur væru fyrir því að draga úr skattheimtu ríkisins. M. ö. o. þetta voru hornsteinar stefnunnar og þetta var það sem innsiglað var í málefnasamningi núv. ríkisstj. að ætti að vera stefnan. Nú er komið fram á annað ár þeirrar stefnu. Það átti m. ö. o. að draga úr erlendum lántökum og það átti að lækka skatta. Síðan kemur hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., og gerir þá játningu að núv. ríkisstj. muni að vísu ætla að gera hvort tveggja, að bregðast grundvallaratriðum nr. 1 og 2. Hún ætlar að hækka skatta, hún ætlar að auka erlendar lántökur. Síðan lýkur hann ræðu sinni með snoturri ræðu um hringlandahátt og mótsagnir andstæðinga sinna og styður það svo með eftirfarandi rökum: Ríkisstj. hefur tekist ætlunarverk sitt. Okkur hefur tekist að lækka hlut ríkisfjármálanna skv. niðurstöðum fjárlaga sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og nefnir í því skyni ákveðnar tölur.

Um hvað erum við að tala? Við erum að tala um það að fljótlega eftir að fjárlög voru samþykkt kom hæstv. fjmrh. fyrir þing og sagði: Því miður voru þessi fjárlög ómark, það vantar tvo milljarða tekjumegin til þess að eiga fyrir þeim útgjöldum sem nú liggja fyrirsjáanlega fyrir. M. ö. o. hv. form. Sjálfstfl. vitnar í fjárlög sem verið er að slá föstu að eru marklaus. Þegar það vantar tvo milljarða upp í þetta dæmi þýðir það auðvitað að útgjaldahlutinn er miklu meiri en nemur þeim prósentutölum sem hv. þm. nefndi. Hann nefndi að ef hlutfallið væri hið sama og úr væri að spila sömu þjóðartekjum munaði það hvorki meira né minna en rúmum 1500 millj. kr. Hér er verið að tala um tvo milljarða, 2000 milljónir kr. M. ö. o., verið er að tala um að þessi fjármálastefna hefur mistekist, það er sjálf forsendan fyrir allri umræðunni.

Hv. 1. þm. Suðurl. segir: Það er nú sitthvað að heyra í 5. þm. Reykv. sem mótmælir nýjum sköttum og mótmælir auknum erlendum lántökum eða formanni Alþfl. Hvar eru mótsagnirnar í því? Jú, formaður Alþfl. lýsti því yfir að það væri úr því sem komið væri ráðlegt að skipta þessum vanda í þrennt. Spurning væri um tekjuöflun að ⅓, um niðurskurð að ⅓ og um frestun á þessum fjárlagahalla kannske að þriðja hluta.

Meiri tekjuöflun — þá er það spurningin um skattheimtuna. Hverjir eiga að bera aukna skatta? Formaður Alþfl. nefndi ákveðna hluti í því efni. Hann nefndi skatta á Seðlabanka, hann nefndi skatta á bankakerfið, hann nefndi það að láta vera að fella niður tekjustofna sem núv. ríkisstj. hefur fellt niður, svo sem eins og álag á ferðamannagjaldeyri o. s. frv. Hann nefndi að fresta um eitt ár fyrirhuguðum skattaívilnunum fyrirtækja. Nú vill svo til að það liggur fyrir að þessi stjórnarmeirihluti hefur hafnað þessari leið alveg gjörsamlega. Það liggur alveg ljóst fyrir, þessari leið hefur verið hafnað.

Að því er varðar þriðjung nr. 2, þ. e. niðurskurðarleiðina, þá liggur það fyrir að þrátt fyrir það að hæstv. ráðh. hafi engst yfir þessu dæmi vikum saman liggja hér engar tillögur fyrir og ekkert samkomulag í ríkisstj. um það.

Að því er hitt varðar að afgangsstærðinni verði einfaldlega frestað, þá er það ósköp einfaldlega afgangsstærð sem menn taka ekki afstöðu til fyrr en að svör liggja fyrir um hvort ríkisstj. ætli að beita sér fyrir niðurskurði og þá hverjum og í hve miklum mæli.

Hvað er það sem réttlætir meiri tekjuöflun á þessum tíma, meiri skattlagningu? Það er alveg ljóst að stjórn-

armeirihlutinn er búinn að hafna þeim tillögum sem Alþfl. gerði í þessum umr. um tekjöflun. Þá er verið að tala um skattaukningu á almenning í landinu, annaðhvort í formi hækkaðra neysluskatta eða í formi hækkaðra beinna skatta. Í umr. um skattundandrátt og skattsvik, sem farið hafa fram á þingi og reyndar í framhaldi af því í fjölmiðlum, hafa menn nefnt ýmsar tölur. Þær lægstu byggðar á mestri varfærni voru tölur sem forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, Jón Sigurðsson, nefndi í viðræðuþætti í sjónvarpi og taldi að undandráttur frá beinum sköttum, tekju- og eignarsköttum, væri mjög varlega áætlaður um 3 milljarðar kr. en tekjutap ríkissjóðs af þeim sökum mætti þar af leiðandi áætla um 1500 millj. kr. Þetta eru lægstu tölurnar sem nefndar hafa verið um þennan skattundandrátt og skattsvik, 1500 millj. kr.

Hvað eru menn hins vegar að tala um hér að vanti í ríkissjóð? Menn eru að tala um 2 milljarða um leið og helsti ráðgjafi ríkisstj. segir að skv. varlegustu, íhaldssömustu spám megi slá því föstu að skattundandráttur og skattsvik í þessum hluta skattgeirans nemi a. m. k. 1500 millj. kr. Nú eru flestir aðrir þeirrar skoðunar að þessi áætlun sé mjög varfærin og aðrar áætlanir sem til eru benda til þess að hér sé um mun hærri upphæðir að ræða og hafa þá verið nefndar tölur eins og t. d. um 10—11% af þjóðarframleiðslu eða yfir 5 milljarðar.

Ég spyr: Hvað er það sem réttlætir það að leysa þann ríkisfjármálavanda sem núv. ráðh. og ríkisstj. stendur frammi fyrir með aukinni skattlagningu á almenning í landinu, væntanlega í formi aukinna tekjuskatta eða eignarskatta á sama tíma og því er yfir lýst af ábyrgum aðilum og ráðgjöfum þessarar sömu ríkisstj. að a. m. k. 1500 millj. kr. skili sér ekki skv. þeim lögum sem í gildi eru í landinu?

Mættum við því halda áfram að spyrja: Þegar hér er komið sögu um stjórnarsamstarfið er þá ekki orðið tímabært að bera saman hlut þeirra aðila í björgunarleiðangrinum sem gerður var út í vor til þess að bjarga íslensku efnahagslífi? Hver er hlutur launþega í málinu? Það er vitað mál að þeirra hlutur er stærstur. Þeirra hlutur er stærstur í því að hafa tekið á sig þær fórnir sem dugðu til þess að keyra niður stjórnlausa óðaverðbólgu á Íslandi. Sá árangur sem náðst hefur í þeim efnum má fyrst og fremst rekja til þess að launþegar á Íslandi sættu sig við að afnema sjálfvirkt vísitölukerfi, væntanlega í trausti þess að á eftir fylgdi að ríkisvaldið stæði við og fylgdi þessum aðgerðum eftir fyrir sitt leyti.

Hlutur launþega er sá að þeir hafa sætt sig við lægri laun. Þeir sætta sig við að vinna mun lengri vinnudag en tíðkast í nágrannalöndum fyrir mun lægri laun. Þeir sætta sig við að hlutur ríkissjóðs eða sá hluti ríkisútgjalda sem fer til almennra velferðarmála — þá erum við fyrst og fremst að tala um heilbrigðis- og tryggingamál — er lægri en víðast hvar í nágrannalöndum. Þeir hafa sætt sig við það fram á þennan dag að sérstaklega hlutur yngri kynslóðanna í landinu í aðstoð í húsnæðismálum er að verða lítill sem enginn og eiga eftir að komast að því fullkeyptu þegar umr. hefur lokið í þinginu um það gagnslausa, hripleka og götótta húsnæðismálafrv. sem væntanlega sér hér dagsins ljós innan fárra vikna.

Hver er svo hlutur ríkisins? Hver er hlutur þeirra ráðh. sjálfra? Hver er hlutur Sjálfstfl. sem boðaði kjósendum sínum að ef þeir væru reiðubúnir til þess að færa þessar fórnir mundu þeir fyrir sitt leyti beita áhrifum sínum til þess að draga úr skattheimtu á almenning í landinu og stöðva erlendar lántökur, sem er auðvitað fyrst og fremst frestun á nýrri skattheimtu?

Hlutur ráðh., hlutur þeirra handhafa ríkisvaldsins, hann er sá sem eftir liggur. Launþegar hafa vissulega fært sínar fórnir en það sem á vantar er að ráðh., forustumenn Sjálfstfl., forustumenn Framsfl., ábyrgðarmenn þessarar ríkisstj. standi við sinn hlut. Eftir sem áður hafa þeir ekki hróflað við því sem við getum kallað velferðarríki atvinnurekstrarins á Íslandi sem sér vissulega víða stað, bæði í fjárlögum ríkisins og í ríkisbúskapnum í heild.

Eftir sem áður er hægt að telja upp ótal atriði þar sem þessi ríkisstj. að óbreyttum lögum stendur dyggan vörð um sérréttindi atvinnurekenda og heilla atvinnugreina. Enn sem fyrr er t. d. tryggð algjör innflutningsvernd fyrir þá atvinnugrein sem heitir íslenskur landbúnaður. Enn sem fyrr er tryggð fullkomin markaðstrygging og verðstýring að því er varðar reyndar fyrst og fremst landbúnaðinn og reyndar að nokkru leyti sjávarútvegsinn líka. Enn sem fyrr eiga launþegar að horfa upp á það, á sama tíma og verið er að boða að leggja eigi á okkur meiri skatta, að tekið er af þeim í sköttum til þess að verja til niðurgreiðslna sem eru að mjög takmörkuðu leyti tekjujafnandi og í útflutningsbætur handa erlendum neytendum hvorki meira né minna en hálfur annar milljarður kr. Enn sem fyrr er horft upp á það að einstakir atvinnurekendur í landinu njóta niðurgreiðslna bæði á fjárfestingarlánum og afurðalánum. Enn sem fyrr er boðið upp á það að ríkisvaldið telur það sjálfsagðan hlut að taka á sig hluta af því sem kallast verður launagreiðslur atvinnurekstrarins í landinu. Enn sem fyrr er tabú og totem að ræða þann þátt svokallaðrar byggðastefnu sem felst raunverulega í tekjutilfærslum frá öllum þorra þjóðfélagsþegna og skattgreiðenda til tiltölulega fárra hagsmunaaðila í atvinnulífi.

Enn sem fyrr er ekkert gert, ekki nokkur skapaður hrærandi hlutur að því er varðar þau útbreiddu skattsvik sem um er að ræða hér á þingi, bara boðið upp á það í óbreyttu hripleku skattakerfi að leggja beri á meiri skatta.

Enn sem fyrr horfum við upp á það um leið og talað er um það blákalt að auka eigi erlendar lántökur að hér eru lögð fram frv. um skuldaskil fyrir heilu atvinnugreinarnar, reyndar bæði í landbúnaði og væntanlega líka í sjávarútvegi, þar sem á að taka erlend lán til þess að bjarga atvinnurekendum með pennastriksaðgerðum. Þannig má lengi telja.

Ég endurtek, herra forseti, umr. hefur snúist um eitt. Ætla ráðh. að staðfesta það að það sé þeirra áform að leggja á nýja skatta á almenning í landinu? Ætla þeir að staðfesta það að þeir ætli að leita eftir nýjum, auknum erlendum lántökum til þess að leysa þann ríkisfjármálavanda sem þeir nú viðurkenna að þeim hefur mistekist að leysa eftir öðrum leiðum? Þeir boðuðu að þeir mundu draga úr ríkisútgjöldum, það hefur mistekist. Þeir boðuðu að þeir mundu skera niður ríkisútgjöld, það hefur mistekist. M. ö. o. það liggur alveg ljóst fyrir, launþegar hafa staðið við sinn hluta af þessu, þeir hafa sýnt þessari ríkisstj. mikið umburðarlyndi. Sá takmarkaði og tímabundni árangur sem náðst hefur má rekja til þess sem launþegar hafa á sig lagt en eftir liggur í heild sinni allur hlutur ríkisvaldsins. Það er þar sem

hnífurinn stendur í kúnni, það er þar sem málið hefur brugðist og það er ósvífni í hæsta máta að á sama tíma og almenningur hefur verið krafinn um slíkar fórnir komi forsvarsmenn flokka sem gengu til kosninga seinast með tvö loforð númer eitt, minnkun erlendra skulda, lækkun skatta, og segi: Vegna þess að engin eining er í okkar röðum, vegna þess að okkur hefur gersamlega mistekist að fylgja þessu eftir eigum við ekki önnur ráð en þau gömlu, góðu að hækka skatta og auka erlendar lántökur.

Það er engin ósamkvæmni í því þegar við segjum: Það er engin önnur leið til þess, miðað við ríkjandi aðstæður í íslenskum þjóðarbúskap ef menn ætla að standa við þau orð sín að stöðva erlendar lántökur og minnka skatta, en að skera mjög verulega niður í fjármálum ríkisins. Tillögur ættaðar úr Sjálfstfl. hafa verið lagðar fram um það. Ég vitna t. d. til einnar greinar eftir einn yfirlýstan sjálfstæðismann sem heitir „Við veljum sparnaðarleiðina" og birtist í Morgunblaðinu 14. mars. Þar birtist mjög rækileg úttekt og ráðgjöf til forsvarsmanna Sjálfstfl. um að skera mjög rækilega niður. Reyndar eru hér lagðar fram sparnaðartillögur upp á rúma 3 milljarða kr. Þær eru flokkaðir þannig:

Í fyrsta lagi er lagt til að styrkir til einstaklinga og félagasamtaka verði lagðir niður á þeirri forsendu að þessir aðilar geti sjálfir staðið undir sínum útgjöldum. Í öðru lagi er talað um að afnema styrki til hinna og þessara stofnana. Í þriðja lagi styrkir til atvinnuvega. Í fjórða lagi framlög til fyrirtækja. Langsamlega stærsti hluturinn af framlögum til fyrirtækja er fólginn í þessum eina og hálfa milljarði kr. sem áfram á að verja af skattpeningum almennings í millifærslur til landbúnaðarkerfisins. Hér er talið upp forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum tæpar 10 millj. kr., framlög til Stofnlánadeildar landbúnaðarins 12 millj. kr., framlög til framleiðsluhvetjandi jarðræktar 126 millj. kr., útflutningsbætur 280 millj. kr. með fyrirvara um það að þessi upphæð er í reynd um helmingi hærri. Búfjárræktarframlög 16 millj. kr., Bjargráðasjóður 30 millj. kr., jöfnunargjald 77 millj. kr., framlög til iðju og iðnaðar 11 millj. kr., niðurgreiðslur á vöruverði 945 millj. kr.

Þetta er bara dæmi. Þeir sem segja að ekki megi hrófla við liðum af þessu tagi hljóta að enda að lokum í þeim vanda að þeir geta ekki staðið við fyrirheit sitt um að draga úr ríkisútgjöldum til þess síðan að geta efnt loforðin um lækkun skatta.

Ræðan sem hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteinn Pálsson, flytur um nauðsyn þess að efla atvinnulíf í landinu, að auka hagvöxt og framleiðni og bæta þannig til langs tíma aðstöðu fyrirtækja til þess að greiða hærri laun er út af fyrir sig ósköp snotur og margt gott um þennan ræðustúf að segja. En staðreyndin er bara sú að reynslan hefur sýnt í þessu ríkisstjórnarsamstarfi að hv. þm. kemst aldrei til þessara góðu verka. Hann er kominn í nákvæmlega sömu spor og fyrri ríkisstj., misheppnaðar ríkisstj. liðins áratugar, að hafa ekki pólitíska samstöðu innan ríkisstj. fyrir þeirri uppstokkun sem þarf að gera.

Nú vil ég taka það fram að þó að ég hafi nefnt sérstaklega landbúnaðargeirann mega menn ekki misskilja mig á þann veg að ég einblíni á hann einan. Hægt er að nefna í lengra máli fjölmörg önnur dæmi.

Niðurstaðan er einfaldlega þessi: Það er engin samstaða innan núv. ríkisstj. um niðurskurð af neinu tagi. Þeir hafa gefist upp á þeim verkefnum, þeir hafa raunverulega sætt sig við það, á sama tíma og fórnirnar eru lagðar á launþega, að viðhalda velferðarkerfi fyrirtækjanna, að halda áfram stórfelldum meðlagsgreiðslum, tekjutilfærslum frá almenningi og skattgreiðendum til fyrirtækja, atvinnugreina og atvinnuvega. Meðan sú stefna er við lýði ná þeir engum árangri í niðurskurði ríkisútgjalda. Meðan þeir ekki gera það geta þeir ekki staðið við fyrirheit sín um lækkun skatta. Meðan þeir halda áfram á þessari braut er eina þrautalendingin að lokum hin sama og fyrri ríkisstjórna að velta vandanum á undan sér, að fresta honum í formi skattlagningar á yngri kynslóð og óborna í formi sívaxandi erlendra skulda og að lokum stofna þar með efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í háska.

Guðrún Agnarsdóttir: Virðulegi forseti. Er hæstv. fjmrh. í húsinu? Mig langaði einungis að minnast á mjög lítinn hluta þessa stóra og flókna máls og beina spurningu til hæstv. fjmrh.

Heilbrigðisyfirvöld, foreldrar og skólamenn hafa haft miklar áhyggjur á undanförnum árum af neysluvenjum barna og unglinga. Peningum hefur verið varið til að gera kannanir um þessi mál og leiddu niðurstöður þeirra í ljós að rík ástæða væri til að hafa áhyggjur af því hve lítið næringargildi sú fæða hefur sem mörg börn og unglingar neyta, einkum á morgnana áður en þau fara í skóla og fyrri hluta dags. Er þá aðallega um að ræða óhóflega neyslu á sælgæti og gosdrykkjum á kostnað næringarríkari og hollari fæðu. Viðbrögð við þessum niðurstöðum voru að vinna að því og tryggja það að börnum stæði til boða hollari og betri fæða í skólunum. Er nú á boðstólum ágætis skólanesti í grunnskólum og er það vel.

En nú bregður svo við að hæstv. fjmrh. tekur til bragðs að vinna gegn þessu uppbyggilega og jákvæða starfi með því að stuðla að lækkun verðs á sykurvatni sem að sjálfsögðu mun örva kaup á slíkum drykkjum á kostnað annarra og miklu hollari. Maðurinn er það sem hann etur, stendur skrifað einhvers staðar og ég spyr: Eigum við ekki að byggja börnin okkar upp á haldbetra og næringarríkara fæði en sykurvatni? Þurfum við ekki dugmeira fólk en sætindaætur til að erfa þetta land? Nú hef ég heyrt að hæstv. fjmrh. má skv. lagaheimild gera þær undanþágur sem honum sýnist og ég ætla ekki að væna hann um lögbrot. En það sem mér leikur hugur á að vita og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um: Hvers vegna í ósköpunum valdi ráðh. að stuðla að frekara gosdrykkjaþambi barna og unglinga sem hlýtur að verða á kostnað annarra og hollari svaladrykkja?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað vita fyrir fram að þessi fsp. væri væntanleg. Ég hefði kannske búist við henni hér á dagskrá fyrr og þá eftir venjulegum leiðum þannig að ég hefði getað notað þau gögn sem ég hef undirbúið í rn. til þess að svara henni. En ég ætla samt að reyna að svara henni. (Gripið fram í.) Nú, ef svo er þá er eðlilegt að fá skriflegar spurningar eftir eðlilegum þinglegum leiðum þannig að þeim verði svarað á hefðbundinn hátt. En ég tel nauðsynlegt úr því að þessi áróðursræða er fram komin líklega til þess að fá samstöðu með þeim sem fjmrh. er að ráðast á, blessuðum börnunum sem þurfa

aukið næringargildi og reyna að forða þeim frá gosdrykkjum og sælgætisáti.

Af hverju er þetta ekki bannað ef þetta er svona slæmt fyrir þjóðina almennt? Af hverju þá ekki bara beina sölu mjólkurafurða inn í barnahópinn og láta þá banna hitt ef þetta er að skemma þjóðina, búa til verri menn en þeir annars gætu verið ?

En nú er það bara svo að ég vil uppástanda það að ef við viljum stuðla að mjólkurdrykkju, drykkju á vörum sem koma frá Mjólkursamsölunni með alls konar bragðefnum þá getum við gert það á margan annan hátt en að gefa þeim skattfrelsi, undanþágu undan skattheimtu. Ef verðið liggur að verulegu leyti, eins og fram hefur komið, í umbúðunum, hvað er þá því til fyrirstöðu að flytja þetta í stórum pakkningum í skólana svo að hægt sé að selja það í stærri umbúðum sem eru ódýrari og með miklu meira magni? Verðmunurinn ætti þá að koma fram ef fólk losnar við þessar dýru umbúðir sem hafa mikið geymsluþol og seldar eru á 12.35 kr. pelinn sem þýðir yfir 50 kr. mjólkurlítrinn í þessum umbúðum.

Ég gekk svo langt þegar þetta var til umr. í ríkisstj. að ég bauðst til þess að fara út í mjólkurbúð og kaupa lítra af mjólk á 18 kr. eða svo og kakódós og gefa þeim mjólkurkakó. (**Gripið fram í:** Hvað sögðu þeir?) Það var nú ekki þegið þá. En þetta var bara til þess að fá fram hið eiginlega verð, útsöluverð á vörunni.

Ég hef beðið um að fá upplýsingar um verðmyndunina. Ég hef ekki fengið þær. Ég hef fengið lista sem byrjar á heildsöluverði og síðan koma kostnaðarliðir þar undir sem felast í vöruverði upp að heildsöluverði. Ef þetta er heildsöluverð þá er enginn framleiðslukostnaður, þá er bara dreifingarkostnaður og opinber gjöld. Ég fæ með engu móti skilið hvernig mjólkursamsölur reikna út sitt verð, þetta háa verð þegar mjólkurlítrinn er kominn upp í 50 kr. í útsölu á niðurgreiddri mjólk sem er afgangsmjólk þar að auki.

En þó ég kalli þetta okur er þó mysan enn þá dýrari. Hún er allt að fjórum sinnum dýrari í þeim svaladrykkjum sem hún er notuð í. Það væri verðugt verkefni fyrir þá sem bera svona mikla umhyggju fyrir börnunum að þeir beini skeytum sínum til þeirra sem framleiða vöruna og verðleggja hana, ekki fer þetta til bændanna. Það skyldi þó aldrei vera til skýring á því hvers vegna mjólkurbú og alls konar hallir rísa bæði í Reykjavík og um land allt án þess að mikil lán þurfi að taka? Beinið þið skeytum ykkar að þeim sem gera hollustuvörur dýrar en ekki að þeim sem fara að lögum.

Ég mun óska eftir opinberri rannsókn ef þessir aðilar borga ekki sína skatta. Ef þessir aðilar hækka sínar vörur vegna þess að þeir þurfa að borga skatta mun ég biðja um opinbera rannsókn og vita hvort ég fæ þá ekki hina eiginlegu uppbyggingu á vöruverði mjólkurafurða. Þá skulum við sjá í hverju það liggur að börnin þurfa að borga meira en efni og ástæður standa til.

En nú hefur það komið fram að mikið af þessu dýra verði liggur í hinum dýru umbúðum. Hver segir að það þurfi að afgreiða í þessum dýru umbúðum, í pelaumbúðum, til skólanna? Af hverju má þetta ekki vera í miklu stærri umbúðum sem eru framleiddar af innlendum aðilum, ekki undir erlendum „license" eins og í Samsölunni, heldur af innlendum aðilum, t. d. Kassagerðinni þar sem hægt er að fá 5, 10 eða 20 lítra pakkningar og selja börnunum um leið og selt er til þeirra þetta hollustufæði sem nestið er og þá miklu ódýrara en nú er? Þetta er svona rétt til umhugsunar. — [Fundarhlé.]

Vinnumiðlun, frv. 228. mál (þskj. 400). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Virðulegi forseti. Á þskj. 400 er frv. til l. um breytingu á lögum um vinnumiðlun sem ég flyt ásamt hv. varaþm. Sighvati Björgvinssyni og Guðmundi H. Garðarssyni. Frv. gerir ráð fyrir þeirri einu breytingu á lögunum um vinnumiðlun frá 9. apríl 1956 að jafnframt því sem vinnumiðluninni verði ætlað að veita öryrkjum og unglingum sérstaka þjónustu verði gert ráð fyrir því að vinnumiðlun hafi sérstakar skyldur við aldraða.

Eins og kunnugt er hafa verið í gildi um tveggja, þriggja ára skeið lög um málefni fatlaðra þar sem kveðið er á um að fötluðum beri að tryggja atvinnu og leita þeim atvinnu við hæfi með sérstökum hætti. En í lögunum um málefni aldraðra eru engin sérstök ákvæði um það að veita beri öldruðum sérstaka þjónustu á vegum vinnumiðlana. Þess vegna er þetta frv. flutt. Frv. lýtur að því að sú einfalda breyting verði gerð á lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun að meðal hlutverka hennar verði að útvega eldra fólki sem er starfsvant og hefur starfsheilsu aðstoð til þess að afla sér atvinnu við hæfi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að vinnumiðlun sem starfrækja beri í hverjum kaupstað eða kauptúni með 300 íbúa eða fleiri hafi slíkum skyldum að gegna gagnvart öllum öðrum, þ. á m. gagnvart unglingum og öryrkjum. Eini hópurinn sem af einhverjum ástæðum hefur orðið útundan er eldra fólkið í upptalningu laganna. Þó er atvinnuvandi eldra fólksins oft einna mestur, t. d. fólks sem látið hefur af störfum sökum langs starfsaldurs en heldur enn starfsþreki og vill fá að halda áfram að vinna sér og öðrum til gagns. Það er ekki aðeins til hagsbóta fyrir heildina að starfskraftar þessa fólks, sem hefur aflað sér mikillar reynslu og þekkingar, fái að njóta sín heldur er það einnig beinlínis heilsufræðilegt og félagslegt atriði að fólk, sem vill vinna, fái að vinna.

Við Íslendingar höfum búið við þær sérstöku aðstæður miðað við aðrar svokallaðar þróaðar þjóðir að hér hefur verið full atvinna og það hefur verið möguleiki á því að tryggja einnig öldruðu fólki atvinnu lengur en annars staðar. Á öldrunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var á árinu 1982 vakti það alveg sérstaka athygli hvaða möguleika Íslendingar buðu öldruðum til starfa miðað við það sem kostur er á annars staðar. Kom það m. a. fram í máli nokkurra þingfulltrúa, útlendinga, að e. t. v. væri þessi möguleiki aldraðra til starfa á Íslandi ein skýringin á því að fólk er hér langlíft og heldur betri heilsu fram eftir aldri en gengur og gerist í öðrum löndum eins og kunnugt er.

Fátt er meira niðurdrepandi fyrir andlegt og líkamlegt heilbrigði fólks sem vanist hefur vinnu og skilað miklu ævistarfi en að uppgötva einn góðan veðurdag að ekkert viðfangsefni sé lengur fyrir hendi þótt hvorki vinnuvilja né starfsheilsu bresti. Skapar þetta oft mikinn og sáran vanda sem iðulega er mætavel unnt að leysa ef einhver vill veita sitt lið. Margt eldra fólk, sem vanist hefur því um ævina að líta á sjálft sig sem fullgilt til verka, veigrar sér við og forðast að ganga bónarveg milli vinnustaða í atvinnuleit eftir að hafa skilað fullu

ævistarfi. Öðru máli gegndi ef það gæti leitað milligöngu vinnumiðlunar á vegum sveitarfélagsins sem með lögum hefði verið falið að veita eldri þjóðfélagsþegnum sömu fyrirgreiðslu og þjónustu og öllum öðrum.

Með sama hætti er það algengt að fólk sem látið hefur af störfum vegna starfsaldurs flytjist í nýtt umhverfi þar sem það þekkir lítið til. Segir það sig sjálft hversu miklu auðveldara það væri fyrir það fólk að geta eins og allir aðrir þegnar þjóðfélagsins snúið sér til vinnumiðlunar í viðkomandi sveitarfélagi með fyrirspurnir um vinnumál en að leita á náðir ókunnugs fólks í framandi umhverfi.

Þetta eldra fólk sem oft hefur öðlast mikla reynslu og þekkingu á langri vegferð er oft á tíðum vinnukraftur sem nýtist ekki síður, jafnvel betur, en sumir þeir sem meiri starfsorku hafa. Sé vinnan þessu fólki ekki um megn eru vandfundnir samviskusamari og ötulli einstaklingar. Ýmsir atvinnurekendur mundu án efa hafa áhuga á því að fá ýmislegt af þessu fólki til starfa ef hér væri unnið að með kerfisbundnum hætti. Ef þetta frv. yrði að lögum gætu þeir leitað eftir því við vinnumiðlanir í sveitarfélögum að þær hefðu milligöngu um starfsútvegun fyrir eldra fólkið.

Ekki verður í fljótu bragði séð nein haldbær ástæða fyrir því að eldra fólk skuli sérstaklega undanþegið þeirri þjónustu sem vinnumiðlanir veita eins og nú er skv. lögum. Sýnist raunar fráleitt að sleppa eldra fólki sérstaklega í upptalningu laganna um vinnumiðlun. Þetta frv. er flutt til þess að kanna hvort aðrir alþm. séu ekki sammála okkur flm. um það að hérna sé um að ræða verkefni sem verði að taka á og að sennilega hafi það fallið út af hreinni vangá að nefna aldraða þegar skyldur vinnumiðlunar eru taldar upp.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að um nokkurra ára skeið hafa verið í endurskoðun lög um vinnumiðlun. Vinnumiðlun hefur ekki verið virk hér á Íslandi. Því miður hefur vinnumiðlun fyrst og fremst verið fólgin í skráningu atvinnuleysis og upplýsinga um það, en ekki hefur verið um að ræða hér á landi það sem kalla mætti virka vinnumiðlun. Um nokkurt skeið hafa þess vegna lögin um vinnumiðlun verið í sérstakri endurskoðun.

Í félmrn. starfaði nefnd að þeim málum fyrir fáeinum árum undir forustu Sigurðar heitins Guðgeirssonar prentara. Sú nefnd lauk ekki störfum en núv. hæstv. félmrh. mun hafa tekið það mál upp og vonandi þokast það eitthvað áleiðis. Jafnvel þó að heildarlögin um vinnumiðlun séu í endurskoðun fyndist mér full ástæða til þess að taka á þessu sérstaka máli, að leggja þá lagaskyldu á herðar vinnumiðluninni að hún eigi að þjóna eldra fólki sérstaklega með störfum sínum.

Ég vona að hv. Alþingi taki þessari litlu till. vel og ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Níels Á. Lund: Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. flm. þessa frv. fyrir að leggja það fram hér á hv. Alþingi. Fyrir mitt leyti vil ég aðeins leggja þau orð í belg að ég er því fullkomlega samþykkur. Ég vonast til að það fái skjóta afgreiðslu á þessu þingi.

Guðrún Agnarsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil einnig lýsa stuðningi við þetta ágæta mál, eins og hv. þm. Níels Á. Lund gerði á undan mér, og þakka hv. flm. fyrir að flytja þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sala eyðijarðarinnar Írafells í Lýtingsstaðahreppi, frv. 258. mál (þskj. 477). — 1. umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til þess að selja eyðijörðina Írafell í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði. Ásamt mér eru flm. þeir Páll Pétursson og Pálmi Jónsson, þm. Norðurl. v. sem sæti eiga í þessari ágætu deild.

Frv. hljóðar svo:

„1. gr. Ríkisstj. er heimilt að selja Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði, eyðijörðina Írafell fyrir það verð sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðarinnar skal hún metin af dómkvöddum mönnum."

2. gr. Lög þessi öðlist þegar gildi."

Í grg. með frv. segir m. a.:

„Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði. Landnám ríkisins keypti jörðina Írafell 21. febr. árið 1956 og var kaupsamningi þinglýst 28. nóv. 1957.

Seljendur jarðarinnar voru synir Kristbjargar Jónsdóttur sem var síðasti ábúandi jarðarinnar. Jörðin var í ábúð hennar til ársins 1955, en fór þá í eyði. Árið 1957 fékk Pétur Bjarnason, Ánastöðum í sömu sveit, jörðina til leigu og nytjaði hana til ársins 1982, en hafði þar aldrei búsetu. Árið 1983 keypti Lýtingsstaðahreppur þau hús er á jörðinni voru, það er skemma, sem notuð var sem fjárhús, og hlaða.

Í Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781—1952, útgefnu 1952, segir m. a.:

Írafell (Ýrarfell) í Svartárdal var landnámsjörð Hrosskels þess er Landnáma segir að hafi numið Svartárdal allan og Írafellslönd. Írafell var talið 20 hundr. að dýrleika að fornu mati. Árið 1861 var Írafell metið eitt sér 19,9 hundr. að dýrleika, árið 1922 á 45 hundruð kr. og 1942 á 39 hundr. kr. Írafell var bændaeign og sjálfseignarbændur bjuggu þar öðru hvoru.

Frá því um 1780 til ársins 1955 hefur 21 ábúandi verið á Írafelli og búið þar mjög mislengi.

Lýtingsstaðahreppur er víðlendasti hreppur Skagafjarðarsýslu og hefur að líkindum verið það frá öndverðu. Þegar frá eru talin Mikleyjar-, Stokkhólma- og Skatastaðalönd tekur hreppurinn yfir allt land frá Héraðsvötnum og Jökulsá eystri til austurmarka Húnavatnssýslu að vestan og frá suðurmörkum Seyluhrepps skammt innan við Stóra-Vatnsskarð og fram að Hofsjökli. Þarna eru víðáttumestu afréttarlönd sýslunnar og víðlend heimalönd frá einstökum jörðum.

Á fyrri öldum var Lýtingsstaðahreppur frábrugðinn öðrum hreppum sýslunnar að því að fjórar af hverjum fimm jörðum í hreppnum töldust bændaeign á sama tíma og meiri hluti jarða eða jafnvel allar jarðir í öðrum hreppum sýslunnar voru eign biskupsstólsins á Hólum, Reynistaðaklausturs og kirkna í héraðinu.

Grg. fylgir til fróðleiks tala byggðra jarða og ábúenda í hreppnum. Ég sé ekki ástæðu til að lesa það upp. Það geta menn skoðað ef þeir vilja og áttað sig á þessu. Einnig er ég hér með prentað kort af þeim hluta Skagafjarðar sem hér er m. a. um fjallað.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta

fleiri orð. Ég legg til að málinu verði vísað til landbn. og vænti þess að það njóti hér góðs skilnings þm.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Ég ætla að gera örstutta aths. við meðferð málsins. Ég tel að það séu eðlilegri vinnubrögð, þegar til umr. er að jarðeignir ríkisins séu seldar, að um þau mál sé fjallað í fjh.- og viðskn. þingsins. Ég ætla að gera um það till. að þessu máli verði vísað til fjh.- og viðskn. Það gegnir held ég sama máli um þetta og aðrar eigur þjóðarinnar, að eðlilegra er að fjallað sé um þessi mál þar.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Það færist mjög í vöxt á seinni árum að flutt séu hér frv. um að selja bújarðir sem eru í eigu ríkisins, þjóðareign. Ég held að það orki mjög tvímælis hversu langt hefur verið gengið í þeim efnum og oft hafi verið seilst furðu langt til raka til að koma þessum jörðum í einkaeignarhald, vegna þess að ekki hefur verið séð að ríkiseign á jörðinni hafi hindrað á henni eðlilega ábúð.

Þetta var ekki aðalerindi mitt í ræðustól, heldur hitt að lýsa því yfir að ég tel að sá þingsiður, sem tíðkast hefur, að vísa málum af þessu tagi til landbn. sé með öllu óeðlilegur. Þess vegna styð ég fyrir mitt leyti till. hv. þm. Guðmundar Einarssonar um að málið fari til fjh.- og viðskn. en ekki til landbn., þegar það kemur til ákvörðunar Nd.

Guðmundur J. Guðmundsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr., áskil mér hins vegar rétt til að ræða frv. frá hv. þm. Pálma Jónssyni. Reyndar er frv. þetta líka frá honum því að hann er einn flm.

Hér er, held ég, mál sem þarf að íhuga öllu betur. Ræða Pálma Jónssonar er reyndar ekki á dagskrá hér, en hann rökstuddi mál sitt vel og fór langt í sögu aftur. Ég heyrði ekki betur en þar væri endanlega verið að breyta gjöf til Krists og það hefði meðmæli einhverrar hreppsnefndar í Skagafirði. Hann er ekki hátt skrifaður, Kristur, þarna fyrir norðan.

Þetta er kallað eyðijörð. Ekki vefengi ég það. En ég er ekkert sannfærður um að Alþingi eigi að vera að hlaupa eftir því þegar mætir þm. eru í atkvæðaharki í sínum kjördæmum, seljandi kristfjárjarðir, brjótandi erfðaskrár eða þá að hygla einhverjum kjósanda og selja honum jörð. Ég er ekkert sannfærður um það. — Ég ætlaði nú að flytja gagnmerka ræðu um þetta við 2. umr., og skal ekki rekja hana fyrir fram.

Ég er ákaflega tortrygginn á að vísa frv. til landbn. og tek undir með þm. Guðmundi Einarssyni og Svavari Gestssyni. Neytendur mega yfirleitt ekki eiga fulltrúa í landbn.

Ég held að burtséð frá þessum tveimur jörðum hafi verið allt of mikið um það að selja ríkisjarðir eftir hendinni, eftir þörfum hverju sinni, eftir því hvernig hreppsnefndarmeirihluti verður þar nyrðra og ég tala nú ekki um þingsæti. Það má vel vera að eitthvað göfugra og dýpra vaki í sambandi við sölu þessara tveggja jarða í Skagafirði, en ég fullyrði að um nokkurra ára skeið hefur það verið „praktíserað“ í allt of ríkum mæli og allt of tækifærissinnað og óyfirvegað að láta kostajarðir úr eign ríkisins, selja þær einstaklingum.

Ég styð mjög eindregið að frv. færi til fjh.- og viðskn. Við getum svo rætt það þegar það kemur þaðan.

Pálmi Jónsson: Virðulegi forseti. Mér þótti vænt um að fá að heyra hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni með hvaða sniði hann hyggst flytja ræðu við 2. umr. um allt annað dagskrármál. Skulum við bíða eftir að ræða það þegar þar að kemur.

Ég get hins vegar fullyrt að það eru ákaflega lítil líkindi til þess að það velti á þingsæti fyrir mig eða hv. 1. flm. þessa frv., hv. 5. þm. Norðurl.v., hvernig fer um þetta mál og svo er um annað sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gerði hér að umtalsefni.

Hitt er svo annað mál að hér hefur verið gerð athugasemd af þremur hv. þm. við það að frv. til l. um heimild til að selja ríkisjarðir sveitarfélögum eða einstaklingum skuli vísað til hv. landbn., svo sem jafnan hefur verið, og tillögur gerðar um að vísa slíkum málum til fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Ég er slíkri till. og ábendingu gersamlega ósammála. Það er ekki einungis fyrir það að hér er um gamalgróna þingvenju að ræða. Margar þingvenjur okkar eru vitaskuld góðar, svo sem þessi, en þó geta þær eins og annað þurft endurskoðunar við í tímans rás. Ég er andvígur þessu fyrst og fremst vegna þess að eðli sínu samkvæmt og samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands fer landbrn. með flestar ríkisjarðir, ekki að vísu þær sem heyra undir dóms- og kirkjumrn., þ. e. kirkjujarðir og prestssetursjarðir. Landbúnaðarlöggjöfin er mjög náin um meðferð á þessum eignum og eigendaskiptum og það er eðli máls samkvæmt að um þessi mál sé fjallað á vegum landbrn. og á vegum landbn. Alþingis.

Ég heyrði því skotið hér fram að það fengist varla svo skipað í landbn. á Alþingi að þar væri neytandi. Ég veit ekki betur en að ég sé neytandi í þessu þjóðfélagi. **(Gripið fram í:** Guðmundur er stórneytandi.) Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er kannske meiri neytandi en ég, a. m. k. á neftóbak, en ekki skal ég fara lengra út í þá sálma. En þetta eru auðvitað engin rök í svona máli, heldur fyrirsláttur.

Ég vil svo bæta því við að ég hef af því nokkurn kunnugleika að meðferð á jarðeignum ríkisins kostar oft og tíðum vafninga, starfslið og tíma og þar með fjármuni af hálfu ríkisins. Ef að svo væri, eins og sumir hv. alþm. hafa viljað leggja til, að flestar eða allar jarðir á landinu væru í ríkiseign þá er víst að það þyrfti að fjölga stórlega ríkisstarfsmönnum og mundi mjög vaxa kostnaður í Stjórnarráðinu við meðferð þessara mála. Þetta get ég fullyrt um. Að vísu var svo á þeirri tíð er ég kom í landbrn. að nauðsynlegt var að leggja í mikla vinnu vegna þess að skráning ábúðarsamninga og eftirgjald af jarðeignum ríkisins, sem heyrðu undir það rn., voru mjög á reiki og í rauninni í hinni mestu óreiðu. Það tók mjög mikinn tíma og mikla vinnu að koma skikki á þau mál, sem var gert. Eigi að síður er það svo, að það fylgir meðferð þessara mála oft mikil vinna og mundi verða stórum meiri ef ríkisjörðum fjölgaði. Ég tel þess vegna kost að þeim fækki og þeim er vel borgið í höndum sveitarfélaga og þeirra einstaklinga sem hafa sýnt að þeir eru dugmiklir bændur og forsjármenn fyrir sig og sitt heimili og þar með stólpar í sinni sveit.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég ætla að bæta við í sambandi við þetta mál. Í fyrsta lagi eru og verða jafnvel á næstu árum uppi umræður í landinu um grundvallaratriði eins og eignarhald á landi. Það eru þegar fyrir þinginu frv. sem fást

við þau atriði. Það er mitt mat að það sé réttast að hinkra við með jarðasölur til að sjá hver niðurstaða verður í þeim málum ef umr. fæst um þau. Varðandi tæknilega meðferð þessa máls hygg ég að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að eðlilegt sé að landbrn. og landbn. höndli með ríkisjarðir hvað varðar búsetu og umsýslan og rekstur þeirra. En ég tel að þegar um er að ræða sölu sé verið að tala um breytingar á eignum þjóðarinnar, sem þingið fjallar um, og þá eigi að taka málið fyrir í fjh.- og viðskn. Alþingis. Það er staðföst trú mín.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Virðulegi forseti. Þessi umr. hefur bæði farið út í efnislega umræðu um sölu ríkisjarða og hvaða form eigi að vera á meðferð þeirra mála á hv. Alþingi.

Varðandi fyrri þáttinn vil ég lýsa þeirri skoðun minni að ég er mjög ánægður yfir því að sjá slík frv. á borðum þm. Ég tel að ríkið eigi alls ekki að stunda það, nema í neyðartilvikum, að safna að sér jörðum út um allt land og ríkið eigi, þegar það kemst yfir slíkar jarðir, að reyna að losa sig við þær sem fyrst til dugandi bænda eða sveitarfélaga. Því tel ég að sú stefna sé rétt sem fram kemur í þessu frv. og reyndar kemur fram í tveimur frv. sem fram hafa komið um lík efni áður.

Varðandi meðferð málsins í hv. deild skil ég út af fyrir sig að menn hafi nokkrar áhyggjur af því hver eigi að fara með umboð og gæta hagsmuna Krists þegar um er að ræða sölu kristfjárjarða, en ég er þeirrar skoðunar að þessi mál eigi að vera í landbn. Ég rökstyð það m. a. með því sem fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég tel að það sé ekki síður landbúnaðarmál en fjárhagsmál fyrir ríkið hvernig háttað er búsetu og ábúð á slíkum jörðum og þess vegna séu þau mál vel komin í landbn.

Reyndar skil ég ekki að hv. þm. sem sitja í fjh.- og viðskn. skuli ekki aðeins í þessu máli heldur í ýmsum öðrum málum sem upp koma hér í hv. Nd. seilast æ lengra til fanga. Það koma oft upp mál hér svipað efnis þar sem því er haldið fram að vegna þess að um fjárhagsmál sé að ræða, peningar skipti þar einhverju máli, þá eigi öll slík mál að fara til fjh.- og viðskn. Ég tel það ekki rétt. Ég tel að þessi n. hafi meira en nóg að starfa. Reyndar hefur mér oft dottið í hug hér á hv. Alþingi að það ætti að brjóta upp störf fjh.- og viðskn. Því að mér sýnist að hún komist á engan hátt yfir þá miklu málahrúgu sem yfir hana er dembt og hv. meðlimir í þeirri n. eigi síst að vera að draga til sín fleiri mál en þeir þegar hafa og brjóta upp á nýjum venjum hér á hv. Alþingi að því er það snertir.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Ég hlýt að bera blak af meðnefndarmönnum mínum í fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Því fer víðs fjarri að hún hafi mikinn áhuga á því að seilast inn á verksvið annarra nefnda, hún hefur ærið að starfa, sumir segja meira en nóg af verkefnum. En svo vill til að þannig er róið í þeirri n., a. m. k. hér í hv. Nd., að þm. úr stjórnarandstöðunni hv. þm. Guðmundur Einarsson tók að sér að stýra fundi n. í morgun, og verkefnalisti n. var svo að segja tæmdur að svo miklu leyti sem nokkur kostur var á. Þannig er engin ástæða til þess að hlífa n. við verkum út af fyrir sig. Þegar þar er vel róið í fyrirrúmi ganga hlutirnir með mjög eðlilegum hætti.

Varðandi hins vegar þessar ríkisjarðir almennt ætla ég ekki að ræða það mál ítarlega hér en vil aðeins minna á að jarðir í sveitum eru ekki eingöngu bújarðir í seinni tíð. Við verðum að athuga það að af jörðum eru margvísleg önnur not, m. a. fyrir þéttbýlisbúa. Það er þjóðin öll sem á þessar jarðir þar sem þetta er ríkiseign. Það er ekkert sem segir að slíka jörð eigi skilyrðislaust að taka til búnytja. Þess vegna finnst mér í rauninni alveg fráleitt að flytja hérna röksemdir af því tagi sem heyrðust hér áðan um að á þessum jörðum sé jafnan um að ræða landbúnað. Margs konar önnur not geta þar iðulega komið til greina.

Vikið var að því í máli hv. þm. Pálma Jónssonar áðan að einhvern tíma hefði það heyrst hér í þinginu að menn vildu láta allar jarðir vera í ríkiseign. Ég vil taka það fram af minni hálfu að þetta var alla vega ekki mín rödd. Ég hef engan áhuga á því að allar jarðir séu í ríkiseign og ég tel að við séum heldur ekki að tala um það heldur hitt, með hvaða hætti eigi að selja þær jarðir sem þjóðin nú á og hvernig eigi að standa að því. Okkur þykir eðlilegt sumum að þau mál fari til fjh.- og viðskn.

Inn í þessa umr. hefur svo borist annað mál sem var á dagskrá þingsins núna á dögunum, þ. e. sala kristfjárjarða. Það er mál sem er alveg sérstaks eðlis og verður að reyna að mínu mati að glöggva þau mál mjög verulega frá því sem nú er. Um ríkisjarðir gilda ákveðnar hefðir í þessu efni og venjur og hið sama er að segja um jarðir sem þjóðkirkjan á. Um kristfjárjarðir gegnir allt öðru máli. Þær eru gefnar með öðrum hætti, þær eru gefnar Kristi skv. gjafabréfum á 12. og 13. öld iðulega og um meðferð þessara mála er allt á reiki í okkar stjórnkerfi. Ég held að þau rn. sem með þessi mál fara, bæði dóms- og kirkjumrn. og landbrn., ættu að reyna að koma þessum hlutum betur fyrir þannig að það verði skýrt með hvaða hætti verður farið með þessar jarðir framvegis. Ég held að það hafi skapað mjög veruleg óþægindi fyrir þá sem hafa búið á kristfjárjörðum að þær hafa svo að segja svifið í lausu lofti í stjórnkerfinu.

Það er m. a. af þeirri ástæðu sem ég, virðulegi forseti, lagði hér fram í dag fsp. til dóms- og kirkjumrh. um kristfjárjarðir þar sem spurt er um það í fyrsta lagi hve margar kristfjárjarðir séu í landinu, í öðru lagi hverjar þær séu. Skriflegt svar óskast. Ég held að það verði ákaflega fróðlegt að fá það fram hversu margar þessar jarðir eru og í framhaldi af því komi menn sér saman um hvernig eigi að stjórna þeim málum í framtíðinni.

Þegar þetta mál kom hér inn til forseta Sþ. og hann sá þessa fsp. þá velti hann því óðara fyrir sér hvaða ráðh. ætti að spyrja. Það lá nefnilega ekki fyrir í stjórnkerfinu að mati hæstv. forseta Sþ. hver það væri sem ætti að fara með þessar jarðir og yfirstjórn þeirra. Ég er alveg sannfærður um að hv. þm. og samstarfsmaður minn um árabil, Pálmi Jónsson, er þeirrar skoðunar að þessar kristfjárjarðir eigi að vistast í landbrn. Ég lagði fram spurninguna til dóms- og kirkjumrh. m. a. vegna orðalags sem var í till. hv. þm. Pálma Jónssonar um að andvirði ákveðinnar kristfjárjarðar rynni til Biskupsstofu.

Enn fremur hafa þær raddir heyrst að þessar kristfjárjarðir eigi að vera undir yfirstjórn félmrh. vegna þess að skv. gjafabréfum fyrir þessum jörðum á andvirði þeirra

að renna til félagslegra verkefna. Þegar seld var ákveðin kristfjárjörð í Reyðarfirði fyrir 2—3 árum eða svo var tekin um það ákvörðun að andvirði þeirrar jarðar rynni til málefna aldraðra á Reyðarfirði og á Eskifirði. En þar var um að ræða sérstaka ákvörðun sem tekin var út af þeirri sérstöku jörð en ekki að menn væru að móta almenna reglu.

Á þetta vil ég leggja áherslu, virðulegi forseti, vegna þess að mér finnst að þessar athugasemdir eigi heima í þessari umr. Mér finnst sem sé að eðlilegt sé að skýra stöðu þessara þjóðareigna í stjórnkerfinu frá því sem verið hefur.

Ég veit að í tíð Pálma Jónssonar sem landbrh. var mjög verulega mikið unnið að þeim málum og ég vona að svo sé enn því það er óþolandi bæði fyrir ríkið, stjórnkerfið og fyrir ábúendur þessara jarða að þessi mál séu í lausu lofti svo sem verið hefur um langt árabil.

Böðvar Bragason: Virðulegi forseti. Mig langar til að bæta nokkrum orðum við þessa umr. Það er af því tilefni að mér er ekki um annað kunnugt en það hafi verið í tíð hv. 1. þm. Norðurl. v., þáv. landbrh., að eignarhald ríkisins á jörðum fékk einhverja verulega umfjöllun og uppstokkun. Fyrir það vildi ég færa honum þakkir vegna þess að það ástand sem áður ríkti í þeim málum olli í það minnsta innheimtumönnum ríkissjóðs á árgjaldi jarða töluverðum vandræðum. En úr því rættist mjög við þær aðgerðir sem hann hafði uppi í sínu rn.

Menn hafa lítillega minnst á væntanlega endurskoðun og framhaldsumr. um eignarhald á landi og að ekki væri rétt að halda áfram sölu ríkisjarða fyrr en það mál væri komið á hreinni grundvöll en nú er. Ég held að umr. um eignarhald á landi sé áratuga spursmál eins og því miður sum önnur mál og málaflokkar sem koma fyrir hið virðulega Alþingi og þess vegna sé ekki ástæða til að bíða eftir umfjöllun um þann málaflokk með sölu á ríkisjörðum og nýtingu þeirra.

Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að ríkissjóður selji sveitarfélögum jarðir ef eftir er leitað og einnig dugandi ábúendum því ég veit ekki betur en að slíkt sé í fullkomnu samræmi við þá stefnu sem mótuð var á hinu hv. Alþingi 1976 með setningu jarðalaga og ábúðarlaga sem nú gilda. Það er því að mínu viti með öllu eðlilegt að farið sé með það mál sem hér er til umr. svo sem flm. leggja til og styð ég því að þessi jörð ríkissjóðs verði seld.

Að lokum vildi ég mega láta það fylgja að ekki væri úr vegi að landbrn. hefði nánara samband við sveitarfélög um þær ríkisjarðir sem innan þeirra vébanda eru. Ég hef um það grun að það sé oft til trafala varðandi ráðstafanir á þessum jörðum hversu sambandið milli þessara aðila er lítið. Ég vísa þá til stuðnings þessum orðum mínum aftur í anda þeirra laga sem ég nefndi áðan, þ. e. jarðalaga og ábúðarlaga, sem ég veit að öllum þm. er fullkunnugt um.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð til viðbótar við það sem hér hefur verið sagt. Ég vildi fyrst byrja á því að beina orðum mínum til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar sem sagði að þm. ættu ekki að vera í svona atkvæðasnapi, eins og ég held að hann hafi orðað það. Ég vil nú ekkert segja annað en það að sér er nú hvert atkvæðasnapið, Guðmundur J. Guðmundsson. (**Gripið fram í:** Eyðijörð.) Já, með þá eyðijörð sem hér er verið að tala um. Ég verð að segja að það getur varla talist neitt óeðlilegt við það, hv. 7. þm. Reykv., þó að hreppsnefnd — og það er nú ekki eins og hún sé margklofin í þessu máli heldur öll — fari fram á það við þm. síns kjördæmis að flytja slíkt mál á Alþingi. Ég hef kannske ekki langa reynslu hér en ég get ekki séð að það sé neitt óeðlilegt við það. Mér hefði fundist það miklu frekar óeðlilegt ef þessir gömlu sveitungar mínir og góðir vinir hefðu brugðið á það ráð að leita til hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar og beðið hann að flytja þetta mál. Þá hefði mér hætt að lítast á blikuna. (**Gripið fram í:** Af hverju?) Vegna þess að ég hefði talið miklu nær að þeir hefðu beðið hv. þm. Ragnar Arnalds þess. (Gripið fram í.) Já, þú meinar Ragnar og mig, já, ég reikna með því líka að það geti verið þannig, ástandið hjá mér.

Ég vil taka undir það sem Pálmi Jónsson sagði hér. Mér fannst kveða við einkennilegan tón hjá þessum ágæta ræðumanni, hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, sem sagði að neytendur mættu ekki eiga hlut í landbn. Hverjir eru neytendur? Hverslags brengl er þetta? Eru neytendur ekki um allt? Menn tala um að það sé alveg vita fráleitt að vísa þessu til landbn. Ég var ekki búinn að grípa það að þetta eru allt menn úr fjh.- og viðskn. sem eru að biðja um málið til sín. Hver skyldi vera formaður fjh.- og viðskn. Nd. sem þessir menn eru að biðja um að fá í málið til þess að stýra því? Ef ég man rétt er það samþingsmaður minn, hv. þm. Páll Pétursson góðbóndi. (**SvG:** Það verður þá að treysta honum.) Já, ég treysti Páli fullkomlega í þessu máli, en þetta sýnir aðeins að þetta er heldur betur í bland.

Ég vildi þó áður en ég sest niður þakka hv. þm. Birgi Ísleifi Gunnarssyni fyrir hans innlegg í þetta mál. Þar var vel mælt en kom mér að vísu ekkert á óvart. Frekar hefur komið á óvart það sem ýmsir aðrir hafa sagt og þá fyrst og fremst hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Það stingur mig nokkuð hvernig kveður við tón í hans umfjöllun. Ég undirstrika það og legg áherslu á það að þetta mál fari til landbn. Þar hafa slík mál verið og eiga að vera. En það skyldi aldrei fara svo að það sannaðist á þessu eins og mörgum öðrum málum að litlu málin verða oft þau stærstu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heimilishjálp í viðlögum, frv. 279. mál (þskj. 538). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á lögum frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum. Hér er um að ræða gömul lög eins og nafnið sumpart bendir til og er til marks um það eins og fleira hve sundurlaus okkar félagsmálalöggjöf er. Eins og kunnugt er styðst félagsleg aðstoð við einstaklinga í sveitarfélögum við framfærslulögin frá 1947 sem eru meingölluð og að mörgu leyti tæplega sæmandi nútíma þjóðfélagi. Í stað þess að breyta hins vegar þeim lögum í heild hefur verið farið út í það á síðustu árum að flytja sérlög um ýmsa málaflokka og hópa eins og málefni aldraðra og málefni fatlaðra og auk þess hafa verið gerðar ýmsar minni háttar breytingar í gegnum tíðina á lögunum um heimilishjálp í

viðlögum.

Ástæðan til þess, virðulegi forseti, að þetta frv. er hér flutt er sú að á undanförnum árum hafa sveitarfélög, a. m. k. flest, veitt fötluðum heimilisaðstoð skv. rúmri túlkun á lögunum um heimilishjálp í viðlögum. Sennilega hafa sveitarfélögin túlkað orðalagið „vegna sjúkdóma“, eins og það er í lögunum, þannig að það næði yfir fatlanir. Nú er það svo að fötlun flokkast ekki undir sjúkdóma og fatlaðir líta ekki á sig sem sjúklinga. Þess vegna taldi ég að nauðsynlegt væri að flytja þetta frv. um að bæta inn í upptalningu laganna þessu orði þannig að síðari hluti gr. orðist svo:

„Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, fötlunar, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.“

Í fyrsta lagi er sem sagt ástæðan sú að ég vildi að það væri ótvírætt í lögunum að fatlaðir ættu að njóta heimilishjálpar skv. þeim. Önnur ástæðan til þess að ég flutti þetta frv. er sú að upp á síðkastið hefur gætt tilhneigingar til að túlka nýsett lög um málefni fatlaðra á þá lund að þau tækju til og gerðu ráð fyrir heimilishjálp til þess hóps landsmanna sem kallast fatlaðir. Í þessu er stundum bent á 10. gr. laganna um fatlaða. Hún er túlkuð á þá lund að skv. henni eigi að greiða framfærslukostnað og/eða heimilishjálp. Þessi skilningur hefur að mati aðila verið rangur þar sem umrædd grein gerir eingöngu ráð fyrir peningagreiðslum til framfærenda sem vilja annast gæslu og umönnun barns í heimahúsi. Framfærendur taka því að sér þjónustu sem hugsanlega er ekki hægt að veita af hinu opinbera. Þessi skilningur kemur reyndar berlega fram í þeim drögum að reglugerð vegna laganna um málefni fatlaðra sem nú mun vera til umfjöllunar í félmrn.

Skv. 6. gr. laganna um málefni fatlaðra skal veita fötluðum þjónustu á almennum stofnunum. Fatlaðir einstaklingar í þjóðfélaginu eiga að sjálfsögðu allan sama rétt og við hin sem köllumst vera ófötluð. Það er því í grundvallaratriðum röng stefna að ýta almennum þjónustuþáttum út úr almennri löggjöf yfir í sérlöggjöf þótt hún sé fyrir hendi. Lög um málefni fatlaðra byggja líka á þeirri grundvallarhugsun að öll almenn þjónusta sé hinum fatlaða tiltæk. Lög um fatlaða eru því viðbót sem kemur ekki í staðinn fyrir almenn lög eða viðtekna hefð í framkvæmd.

Í lögum um heimilishjálp, þ. e. skv. breytingum á þeim lögum frá 10. apríl 1974, er gert ráð fyrir því að heimilishjálp nái einnig til aldraðra. Skv. lögum um aldraða er þessi þjónustuþáttur tekinn þar inn og því þarflaus í lögum um heimilishjálp í viðlögum. Hins vegar er gert ráð fyrir því í lögum um málefni aldraðra að um þessa aðstoð verði sett reglugerð. Ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. að því hvað líður setningu reglugerðar um heimilishjálp við aldraða skv. lögum um málefni aldraðra en þar sem hæstv. ráðh. er ekki hér nú verð ég að nota annað tækifæri til þess.

Ég vil að lokum undirstrika, virðulegi forseti, að með þessu frv. er einungis verið að árétta viðtekna starfsreglu og að leggja áherslu á það almenna sjónarmið að fatlaðir eigi sama rétt og allir aðrir til þjónustu síns sveitarfélags og að það sé óeðlilegt að skjóta sér á bak við lögin um málefni fatlaðra, sem eru sérlög, þegar kemur að þjónustu við fatlaða á vegum heimilishjálpar.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, leiðir þetta mál hugann að því hve brýn þörf er á því að okkar félagsmálalöggjöf verði endurskoðuð og samræmd. Fyrir mörgum árum, ég hygg að það hafi verið í tíð Magnúsar Magnússonar fyrrv. félmrh., hófst ákveðinn undirbúningur að því að endurskoða og samræma félagsmálalöggjöfina alla, löggjöf um félagslega þjónustu sveitarfélaganna og opinberra aðila. Þessari vinnu var haldið áfram í minni tíð í félmrn. Satt að segja skilaði sú vinna verulega myndarlegri úttekt á þessum málaflokki. En það kom í ljós að mínu mati að þegar niðurstöður lágu fyrir lágu jafnframt fyrir tillögur um allt of viðamikla löggjöf um þessi mál, tillögur sem gerðu ráð fyrir því að kveðið væri á um félagslega aðstoð í sveitarfélögunum í einstökum smáatriðum. Það var í rauninni gengið allt of langt í þeim efnum. Miklu nær er að setja um félagsmál almenna rammalöggjöf um réttindi þeirra sem félagslegrar þjónustu þurfa að njóta.

Grannþjóðir okkar hafa lent í miklum ógöngum í þessum efnum. Danir hafa sett mjög víðtæka félagsmálalöggjöf, sömuleiðis Svíar og Norðmenn, þar sem er um að ræða einhverja stærstu lagabálka sem þeirra lagasöfn hafa inni að halda. Þeir hafa lent í þeim vandræðum að reyna að taka á allt of mörgum smáum atriðum í þessum lögum sínum. Ég held að við eigum að setja hér upp almenna rammalöggjöf sem tryggir mönnum tiltekin grundvallarréttindi.

Af því að ég er kominn hér í ræðustólinn vil ég að allra síðustu víkja að því að nú stöndum við á Íslandi frammi fyrir alveg nýju félagslegu vandamáli sem aldrei hefur áður komist á dagskrá hér á landi. Það er það, að skv. lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð fá menn atvinnuleysisbætur í tiltekinn tíma, enda hafi þeir unnið ákveðinn tíma á næstu 12 mánuðum þar á undan. Þegar þessi tími er liðinn missa menn rétt til atvinnuleysisbóta og geta verið án atvinnuleysisbóta í 4, 5, 6 eða 7 mánuði. Nokkur dæmi um þetta munu nú t. d. vera á Akureyri. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem það kemur upp í stórum stíl að fólk fullnýtir sinn atvinnuleysisbótarétt. Þetta fólk sem fullnýtir sinn atvinnuleysisbótarétt og hefur lent í því í grannlöndum okkar getur snúið sér þá að sérstakri félagslegri löggjöf sem á að tryggja þessu fólki ekki lakari kjör en það hefur haft meðan það naut atvinnuleysisbótanna. Engin slík löggjöf er til hér á landi. Engin slík þjónusta er til hér á landi og félagsmálastofnanirnar, sem ættu kannske að annast þessi vandamál í hinum einstöku byggðarlögum, hafa enga fjármuni til að koma til móts við vanda þessa fólks. Ég held að þetta sé því miður verkefni sem við verðum að taka mjög alvarlega á, sérstaklega ef við förum að horfa framan í vaxandi atvinnuleysi á komandi árum. Ég tel reyndar ekki vansalaust að jafnríkt þjóðfélag og það íslenska skuli vera með jafnstórar gloppur í sína félagsmálalöggjöf og þetta atriði bendur til, að fólk, sem hefur tæmt sinn atvinnuleysisbótarétt, á hvergi höfði að að halla ef það er ekki sjúkt eða fatlað og getur með þeim hætti lent inni á almannatryggingalöggjöfinni. Hér er þess vegna um að ræða ákaflega alvarlegt vandamál sem er nauðsynlegt að verði fjallað sérstaklega um. Er að mínu mati ekki óeðlilegt að það sé nefnt í tengslum við þetta litla frv. um lagfæringar á þessum þætti

félagsmálalöggjafar okkar.

Ég vona, virðulegi forseti, að þessu frv. verði vel tekið af hv. Alþingi. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Selveiðar, frv. 304. mál (þskj. 591). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um selveiðar á Íslandi, en um selveiðar eru í reynd engin lög og hefur þótt nauðsynlegt að setja löggjöf um mál þetta.

Frv. þetta er undirbúið af nefnd sem hæstv. fyrrv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson, skipaði 31. ágúst 1982 og var nefndinni falið að semja frv. til l. um selveiðar á Íslandi. Í þessari nefnd voru Björn Dagbjartsson forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Agnar Ingólfsson prófessor, Árni G. Pétursson hlunnindaráðunautur og Jón B. Jónasson skrifstofustjóri í sjútvrn.

Frv. það sem hér er flutt er samhljóða áliti nefndarinnar að öðru leyti en því að breyting er gerð á 3. gr., sem ég mun nánar víkja að síðar, og eru það mistök að ekki skuli koma skýrar fram í grg. með frv. að breyting er gerð á 3. grein frá niðurstöðu nefndarinnar.

Það má segja að selveiðar hér við land hafi verið stundaðar allt frá landnámi og hefur selurinn í reynd verið hluti af lífi fólks í landinu. Margvíslegar þjóðsögur hafa um hann spunnist, þannig að það má segja að í gegnum söguna hafi í reynd mikil virðing verið borin fyrir þessu dýri, enda skepnan viturleg á að líta. Þegar horfst er í augu við sel verður manni oft hugsað til þess að nokkurt vit hljóti að búa að baki þeirra augna.

Það má segja að þessi skepna hafi oft og tíðum bjargað mönnum hér í landinu frá hungurdauða. Hins vegar hefur það verið svo, að lengst af hefur selurinn verið mikilvægur tekjustofn fyrir bændur í landinu. Skv. grg. frv. kemur fram að meðalselveiði á árunum 1897—1919 hafi verið um 6 þús. dýr. Hins vegar er þessi veiði í lágmarki á árunum 1939—1959, þá er aðeins um 2500 dýr að ræða. Það má segja að upp úr 1960 aukist selveiðar aftur og er þá um að ræða um það bil 6500 seli á hverju ári fram til 1977 að meðaltali. 1978 verður mikið verðfall á selskinnum á mörkuðum á meginlandi Evrópu. Þá var hafður í frammi mikill áróður gegn veiðum á selnum. Féll það í góðan jarðveg og varð til þess að hætt var að nýta selinn til tekjuöflunar. Var það mjög bagalegt víða og kannske ekki síst á Grænlandi, en Grænlendingar hafa haft verulegar tekjur af selveiðum. Kom þetta verðfall mjög illa við fátæka veiðimenn þar um slóðir og víðar um heim. Þetta varð til þess að veiðin hér féll niður í um 3000 dýr 1981.

Um þetta leyti fara augu manna að beinast í auknum mæli að hringorminum og því mikla tjóni sem hann veldur á helstu útflutningsafurðum okkar. Hafa farið fram allítarlegar rannsóknir, þó að þær séu á engan hátt nægilegar, á ástæðum fyrir hringormi. Hefur það verið rakið til selsins og færðar á það sönnur að hringormurinn eigi uppruna sinn frá selnum eða sé a. m. k. við haldið fyrir tilstilli hans, sem ég skal ekki fara nánar út í hér. Einkum er það útselurinn sem talinn er vera þar sérstakur skaðvaldur, en hringormur í landsel hefur ekki verið mjög mikill eftir því sem ég best veit.

Ég ætla í stuttu máli að rekja efni þessa frv. Í 1. gr. er fjallað um að yfirumsjón þessara mála skuli vera í höndum sjútvrn., en í lögum um Stjórnarráð Íslands segir í 9. gr. að landbrn. fari með mál er varða veiði í ám og vötnum og önnur veiðimál er eigi ber undir annað rn. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að selveiðar verði felldar undir sjútvrn. og hefur þótt fara best á því. Má rekja það til þess, að þær rannsóknir sem stundaðar hafa verið hafa farið fram á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunar og umsjón þessara mála á síðustu árum verið í höndum sjútvrn. Um það hafa verið nokkuð deildar meiningar hvort rétt sé að málum sé skipað með þessum hætti, en niðurstaðan orðið sú, að vegna þess hvernig mál hafa æxlast og hinna miklu hagsmuna fiskiðnaðarins falli málið undir sjútvrn.

Í 2. gr. er tekið fram að allar rannsóknir er varða sel við landið skuli unnar á vegum Hafrannsóknastofnunar og ef aðrar rannsóknir fari fram eða sjútvrn. feli öðrum aðilum utan Hafrannsóknastofnunar að annast slíkar rannsóknir skuli þeirri stofnun ávallt gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum þeirra rannsókna, eins og sjálfsagt má telja.

Í 3. gr. er fjallað um það, við hvaða aðila skuli haft samráð við stjórn og skipulagningu selveiðanna. Í nál. sem kom frá þeirri nefnd er ég áður gat um var 3. gr. orðuð svo:

„Til aðstoðar sjútvrn. um stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðh. nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nm. skipaður skv. tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn skv. tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn skv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn skv. tilnefningu Fiskifélags Íslands, en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna. Tillagna nefndarinnar skal leita vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjútvrn. um hvað eina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórnun og skipulagningu selveiða."

Um það hafa verið nokkuð deildar meiningar hvaða form skyldi haft á því samráði sem hér er fjallað um í 3. gr., hverjir teljist hagsmunaaðilar í þessu sambandi. Það má segja að það sé einnig fiskvinnslan og þeir aðilar sem berjast við hringorm á mörkuðum. Ég tel eðlilegt að fara bil beggja varðandi þessa grein, en vil leggja á það áherslu að mjög nauðsynlegt er að hafa um þessi mál náin samráð og samvinnu og leysa þau í tengslum við þau samtök sem hér eru nefnd. Ég tel hins vegar eðlilegt að sú nefnd sem þetta mál fær til umfjöllunar fjalli nánar um þessa grein og kynni sér sjónarmið aðila í þessu sambandi og sjálfsagt að nefndin taki það til íhugunar hvort rétt sé að gera einhverjar breytingar á þessari grein eftir að hafa kynnt sér sjónarmið aðila í þessu sambandi. Ég tel út af fyrir sig eðlilegt að nefndin og þingið taki það til gaumgæfilegrar athugunar og breyti þá þessari grein ef sú niðurstaða verður.

Í 4. gr. er staðfestur einkaréttur landeigenda til veiða í landareign. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að landeigendur hafi í þessum efnum óskoraðan rétt, en ég vil hins vegar leggja á það áherslu að það verður einnig að leggja þær skyldur á þessa sömu landeigendur að

þeir annist þessar veiðar.

Í 6. gr. kemur skýrt fram hvaða aðgerða er hægt að grípa til varðandi skipulag og stjórnun veiðanna. Ég skal ekki hér skýra þar hvern lið sérstaklega, en þar kemur fram að ráðh. getur sett reglur um bann við selveiðum á ákveðnum svæðum, ákveðið bann við veiðum ákveðinn tíma, friðað ákveðnar selategundir og ákveðið heildarfjölda þeirra sela sem drepa má. Þar er einnig heimilt að ákveða aðgerðir til fækkunar sela, t. d. með veiðiverðlaunum eða ráðningu sérstakra veiðimanna. Í þessu sambandi er rétt að leggja á það áherslu að hér er um alvarlegt mál að ræða og nauðsynlegt að þarna séu fyrir hendi ákveðnar heimildir, sé þess ekki gætt að halda þessum stofni í skefjum eftir því sem rannsóknir benda til.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. mjög langt mál. Hér er fjallað um viðkvæmt mál sem er mikilvægt að leysa í sem bestri samvinnu aðila. Hér er annars vegar um að ræða að góð umgengni sé um náttúru landsins og um hana sé farið með fullri tillitssemi og þeirra sjónarmiða gætt eftir því sem nokkur tök eru á. Hins vegar er um að ræða mjög mikla hagsmuni fiskvinnslu okkar og þar af leiðandi okkar mestu þjóðartekna.

Hringormur hefur vaxið mjög að undanförnu. Eftir þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er hringormur í einhverjum mæli í nánast öllum okkar nytjafiskum, sem jafnvel var ekki fyrir nokkrum árum, og er svo komið með þorskinn að það eru að meðaltali í fiskholdinu 10 hringormar og 70% fiska eru sýktir. Það þarf ekki að skýra frá því hér hvað hér er um alvarlegt mál að ræða, ekki aðeins að því er varðar þann kostnað sem því er samhliða að hreinsa fiskinn, heldur einnig þeim vandræðum sem skapast á okkar mörkuðum og alls konar óbeinum kostnaði sem þessu er samfara.

Það er út af fyrir sig erfitt að áætla hver er beinn kostnaður við ormahreinsun, en í plaggi, sem ég hef fengið frá forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Birni Dagbjartssyni, vitnar hann til upplýsinga sem birtust nýlega í tímaritinu Ægi þar sem kemur fram í athugun í hraðfrystihúsi á Vestfjörðum að kostnaður við að ormahreinsa 2000 tonn af frystum þorskflökum var tæplega 3.9 millj. kr. Ef þessi reynsla er yfirfærð á allan okkar frystiiðnað er varlega áætlað að þessi kostnaður sé ekki undir 100 millj. á ári hverju.

Það kom upp mikið vandamál í saltfiskverkuninni á s. l. ári. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda áætlaði að kostnaður við að hreinsa orm úr saltfiski væri um 80 millj. eða 3—5% kostnaðarauki fyrir saltfiskverkunina. Það má því telja að varlega áætlað sé að þessi kostnaður nemi um 200 millj. kr. á ári hverju, fyrir utan margvíslegan óbeinan kostnað. Ég ætla ekki að halda því fram að við sjáum fram á það að losna algerlega við þennan kostnað, en ekki verður fram hjá því gengið að selurinn hefur hér veruleg áhrif og að sjálfsögðu er nauðsynlegt að halda þeim stofni í skefjum og halda því jafnvægi sem eðlilegt er talið í lífríkinu.

Í því sambandi er að sjálfsögðu mikilvægast að hægt sé að nota selinn, þ. e. að nota þær afurðir sem hann gefur. Fyrst og fremst hefur skinnið verið verðmætt, þar til 1978 eins og ég gat um áður. Ég er þeirrar trúar að þeir tímar muni aftur koma að skinnin verði verðmæt. Má það teljast nokkuð undarlegt ef hægt verður að halda þeirri iðju áfram að telja það ósæmilegt að nýta afurð af selum, en sæmilegt að nýta afurð af ýmsum öðrum dýrum, sem alin eru í búrum, og eftir því sem þrengra er um þau, þeim mun betra.

Það er nú svo að mínu mati, að það gætir oft mikillar tvöfeldni í umræðum um náttúruverndarmál. Ég varð ekki síst var við það þegar ég sat þing Alþjóðahvalveiðiráðsins hvað í reynd ríkir mikil tvöfeldni þar. Fólk kemur fram og segir: „Við umhverfisverndarþjóðirnar," en þessar þjóðir eru jafnvel sumar hverjar í fararbroddi um mengun andrúmsloftsins og mengun sjávar, sem er að sjálfsögðu enn þá meira böl fyrir lífríkið í heiminum, og hika þó ekki við að segja að þær séu í fararbroddi fyrir umhverfisvernd í heiminum. Að mínu mati er ekkert samband þar á milli og eðlilegrar nýtingar auðlindanna. Við Íslendingar höfum lagt áherslu á að nýta okkar auðlindir með eðlilegum hætti, en jafnframt berum við fulla virðingu fyrir þessum auðlindum og umgengni við þær.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um frv. þetta fleiri orð. Ég vænti þess að það verði tekið til athugunar í nefnd og kallað á þá aðila sem um þessi mál hafa fjallað, bæði frá fiskvinnslu, frá landbúnaðarsamtökum, frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og hringormanefnd og þá ekki síst Náttúruverndarráði sem gaf í janúar s. l. út greinargerð um mál þetta. Þar liggur að baki veruleg vinna. Náttúruverndarráð hefur lagt á það mikla áherslu að þessi lög verði sett og komið á stjórnun þessara veiða, en margir hafa talið að þær hafi ekki verið með þeim hætti sem best verður á kosið. Ég vænti þess að menn leitist við, bæði í þeim samtökum og aðrir hagsmunaaðilar, að skapa sem best samkomulag og frið um þetta annars mjög viðkvæma mál.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér hefur hæstv. sjútvrh. mælt fyrir merku og þörfu máli þar sem er frv. til l. um selveiðar við Ísland. Ég kannast við efni þessa frv. frá tíð síðustu ríkisstj. þar sem það var kynnt af þáverandi hæstv. sjútvrh. Steingrími Hermannssyni. Ég var þess hvetjandi þá þegar að þetta frv. yrði flutt inn á vettvang Alþingis þar sem mikil nauðsyn er á því að setja löggjöf um selveiðar hér og taka á þessum málum með nokkuð öðrum hætti en gert hefur verið á liðinni tíð.

Ég tel að efni þessa frv. sé í öllum meginatriðum jákvætt og eðlilegt. Ég hef ekki skoðað það svo nákvæmlega enn að ég vilji staðhæfa að ekki þurfi þar við að auka í einhverjum greinum en geri ráð fyrir því að það fái vandlega meðferð.

Hæstv. ráðh. nefndi það sérstaklega að ein grein frv. væri ekki samhljóða þeim till. sem frá nefndinni hefðu komið sem um þetta mál fjallaði. Ég tel að þar sé vikið að atriði sem einmitt þarf sérstaklega að vanda til, þ. e. hvernig samráði verði hagað við aðila sem láta sig þessi mál einkum varða, bæði náttúruverndaraðila, rannsóknaraðila og beina hagsmunaaðila þessara mála. Ég teldi eðlilegt að lögfest yrðu atriði um samráð með eitthvað öðrum hætti en gert er hér í fyrirliggjandi 3. gr., t. d. að gert verði ráð fyrir samráðsnefnd þeirra aðila sem þar eru til nefndir ásamt fulltrúa frá sjútvrn.

Ég held að mjög æskilegt sé að bæði verndarsjónarmiðin og nýtingarsjónarmiðin takist á á einhverjum skipulegum vettvangi og þannig sé meiri von um að

hægt sé að stilla saman um aðgerðir, m. a. aðgerðir til þess að halda selastofninum í skefjum að svo miklu leyti sem það er talið réttlætanlegt í ljósi rannsókna og nauðsynlegt af hagsmunalegum ástæðum.

Eins og hæstv. ráðh. nefndi hafa þessi mál verið mikið í umræðu á síðustu árum, einkum eftir að sjútvrh. Kjartan Jóhannsson, hv. 3. þm. Reykn., setti á fót svokallaða hringormanefnd þann 16. ágúst 1979 með skipunarbréfi þar sem hann fól þeirri nefnd sem skipuð var aðallega hagsmunaaðilum „að hafa yfirumsjón með rannsóknum og tilraunum sem fyrirhugaðar eru til að leita lausnar á þeim vanda sem hringormar í fiski valda íslenskum fiskiðnaði," eins og segir í skipunarbréfi. Einnig er þar kveðið á með svofelldum orðum:

„Nefndinni er einnig ætlað að hafa yfirumsjón með rannsóknum sem þegar eru hafnar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á selastofnum við Ísland."

Skipun þessarar nefndar sætti að mínu mati eðlilega gagnrýni og ég tel að það komi í rauninni fram í þessu frv. og athugasemdum við greinar þess að hér hafi verið gengið fram með nokkuð óeðlilegum hætti, sérstaklega gagnvart Hafrannsóknastofnun sem á skv. lögum um stofnunina að annast rannsóknir af þessu tagi. Það liggur fyrir skjalfest í bréfi frá forstjóra Hafrannsóknastofnunar frá 20. desember 1982, sem svar við fsp. frá Landvernd, að ekki hafi verið haft neitt samráð við stofnunina um skipan þessarar nefndar og engin samvinna verið á milli hennar og Hafrannsóknastofnunar varðandi selarannsóknir hér við land.

Þetta hefur eðlilega verið gagnrýnt, m. a. af Náttúruverndarráði og einnig hefur Landvernd látið sig mál þessi varða, eins og hér kom fram, og rætt þau á sínum vettvangi. Ég tel það mjög mikilsvert að því skuli slegið föstu, eins og gert er í 2. gr. þessa frv., að það sé Hafrannsóknastofnun sem annist rannsóknir á selum við Ísland og ef leitað er til annarra aðila skuli henni ávallt gert kleift að fylgjast með gangi mála og niðurstöðum rannsókna varðandi selinn.

Nú ætla ég ekki að fara að ganga á tíma þingdeildar á þessu kvöldi með því að fara að rekja þau álitamál sem uppi hafa verið fræðilegs og vísindalegs eðlis varðandi samhengið á milli hringorms í þorski og stærðar selastofnsins við Ísland. Sem kunnugt er hefur það samhengi og þær ályktanir, sem dregnar hafa verið af *fyrirliggjandi þekkingu á þessum málum*, verið vefengdar af ýmsum aðilum. Það kemur m. a. greinilega fram gagnrýni á ályktanir af fyrirliggjandi rannsóknum í þeirri grg. Náttúruverndarráðs frá janúar 1984 sem hæstv. ráðh. vitnaði til í sínu máli og er forvitnilegt fyrir þá n. sem fær þessi mál til meðferðar að kynna sér þau viðhorf sem þar koma fram. Eflaust eiga ýmsir fleiri eftir að setja fram viðhorf bæði með og móti þeim sjónarmiðum sem þar eru túlkuð.

Ég vil ekki að mál mitt misskiljist þannig að ég skilji ekki fyllilega áhuga þeirra aðila sem vinna í fiskvinnslu á Íslandi að leitast við að draga úr þeim mikla vanda og þeim mikla tilkostnaði sem stafar af hringormi í þorski. Það er tvímælalaust mikið hagsmunamál fyrir okkur að unnt verði að komast eins og verða má að ástæðu fyrir aukningu á hringormi í þorski sem ég vefengi ekki að orðið hafi á liðnum árum.

Ég tel að verja eigi fjármagni til rannsókna, bæði grundvallarrannsókna á því líffræðilega samhengi sem þarna *er um að ræða og einnig rannsókna á tækni til* þess að fást við hreinsun á hringormi og ná tökum á henni með sem kostnaðarminnstum hætti. Vissulega hafa tilraunir verið gerðar í þeim efnum en þær hafa ekki leitt til þess að leysa mannshöndina af hólmi í sambandi við ormatínsluna og ég skal engu spá um það hversu langan tíma það taki að leysa það mál tæknilega.

Heyrst hafa raddir þess efnis að það mundi verða til að svipta ýmsa atvinnunni ef ormatínslan legðist niður. Það er kannske ekkert óeðlilegt að slík sjónarmið komi fram á tímum þegar menn óttast um atvinnu fólks, m. a. í fiskiðnaði, en ég tel samt að ekki beri að láta *slíkt sjónarmið ráða. Ég held að sú vinna sem unnin er* við hreinsun hringorms sé afskaplega hvimleiður starfi þó ég hafi ekki sjálfur við það fengist. Ég hef heyrt það hjá mörgu fiskverkunarfólkinu sem við þessi störf fæst að það mundi ekki syrgja það þó að ormatínslunni létti. Ég held að við verðum að leita annarra leiða til að leysa atvinnuvandann en að draga við okkur að leita lausnar á þessum vanda, einnig hvað snertir ormatínsluna.

Ég vil svo að endingu, virðulegi forseti, þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það að hafa lagt þetta mál fyrir þingið. Ég hvet eindregið til þess að reynt verði að ljúka setningu þessara laga á yfirstandandi þingi og taka upp þráðinn á grundvelli þeirra við stórefldar rannsóknir á selastofninum, nýtingarmöguleikum á selnum sjálfum og á því samhengi sem tengist hringormi í þorski.

Ég get tekið undir með hæstv. ráðh. sem ræddi hér áðan um náttúruverndarmálin að þar er ekki alltaf mælt út frá sama bakgrunni. Ekki eru alltaf sömu sjónarmiðin sem þar liggja að baki málflutningi manna og vissulega getur þar leynst úlfur í sauðargæru undir málflutningi náttúruverndar eins og í sambandi við fleira. En hvað sem því líður held ég að alveg nauðsynlegt sé fyrir okkur Íslendinga að taka af raunsæi tillit til hræringa erlendis þó að okkur líki þær ekki að öllu leyti eða höfum um þær skiptar skoðanir, teljum jafnvel að þær beinist gegn okkar hagsmunum í vissum tilvikum. Heimurinn er það samtvinnaður að mikil þörf er á því að horfast í augu við þróun mála, einnig erlendis. Það tel ég að Alþingi hafi gert með skynsamlegum hætti t. d. í sambandi við hvalveiðimálið, sem leitt var til lykta á hv. Alþingi í fyrra, þar sem hæstv. núv. sjútvrh. lagði lóð á rétta vogarskál. Ég treysti honum alveg til þess að fara með þessi mál á meðan hann gegnir starfi ráðh. en ég hvet að endingu til þess að gengið verði sem best frá samráði við náttúruverndaraðila og hagsmunaaðila í fiskvinnslu og einnig landeigendur við frágang þessa frv., áður en að lögum verður, og vil stuðla að því fyrir mitt leyti að það fái sem greiðastan gang í gegnum þingið.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að neita þrálátum orðrómi um að ég sem „funkerandi" formaður fjh.- og viðskn. sé að reyna að fá þetta mál þangað. Ég uni fullkomlega þeirri ósk ráðh. að um þetta mál verði fjallað í sjútvn., enda er þetta mál sjútvrn.

Ég fagna því að þetta frv. hefur verið lagt fram. Málið hefur verið rætt á þinginu í vetur í fsp.-tíma, þar sem var spurst fyrir um hvað því liði.

Það er langt síðan fyrst var óskað eftir lagasetningu um selveiði. Það var gert með ályktun Náttúruverndarráðs frá sumrinu 1982. Hvatinn að þeirri ályktun og þeirri ósk voru umdeildar aðgerðir til örvunar selveiða.

Þetta mál hefur síðan komið til umræðu alltaf öðru hvoru, nú síðast eftir greinargerð sem Náttúruverndarráð sendi frá sér í jan. s. l. eins og hæstv. ráðh. vitnaði til. Ég ætla að lesa niðurlag grg. Náttúruverndarráðs. Þar segir, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð vill ítreka þá skoðun sína að brýna nauðsyn beri til að sett verði hið fyrsta lög um selveiðar við Ísland er tryggi fullnægjandi stjórnun þessara veiða. Ráðið telur rétt í því sambandi að sjútvrn. hafi yfirumsjón mála er selveiði varðar. Þá er eðlilegt að Hafrannsóknastofnun annist rannsóknir á selum að öðru jöfnu, en fylgist að öðrum kosti náið með rannsóknum sem aðrir kunna að hafa með höndum. Hyggilegt væri að koma á fót sérstakri nefnd er væri til aðstoðar sjútvrn. um allt er varðar stjórnun og skipulag selveiða, en í slíkri nefnd ættu m. a. að sitja fulltrúar Náttúruverndarráðs, Hafrannsóknastofnunar og hagsmunaaðila. Ofangreint fyrirkomulag mundi stuðla að því að selveiðar yrðu undir ströngu eftirliti. Jafnframt tryggði það ítarlega umfjöllun um þessi mál, bæði frá fræðilegu sjónarmiði og frá sjónarmiði náttúruverndar, en á hvort tveggja hefur verulega skort frá því að hringormanefnd hóf afskipti sín af selveiðum.

Náttúruverndarráð vill að lokum taka fram að það er að sjálfsögðu ekki andvígt skynsamlegri nýtingu sela hér við land. Hins vegar vill ráðið enn vara við ótímabærum og hæpnum aðgerðum til fækkunar sela. Eins og fram hefur komið hér að framan er þörf miklu meiri rannsókna á fjölmörgum sviðum er snerta hringormavandamálið. Þegar haft er í huga hversu gífurlegir hagsmunir eru hér í húfi verður það og að teljast nauðsynlegt að veita miklu fjármagni til hnitmiðaðra rannsókna."

Ég held að þarna komi fram ýmis mikilsverðustu atriði þessa máls. Í fyrsta lagi kemur þarna fram það álit Náttúruverndarráðs að eðlilegt sé að komið sé á fót sérstakri nefnd er væri sjútvrn. til aðstoðar um allt sem varðar stjórnun og skipulag selveiða. Þetta er einnig niðurstaða þeirrar nefndar sem hæstv. ráðh. vitnaði til áðan og hafði samningu þessa frv. með höndum. Það var niðurstaða þeirrar nefndar, sem kom fram í 3. gr. draga þeirrar nefndar að frv., að slík nefnd væri formlegur samráðsgrundvöllur fyrir hagsmunaaðila, þ. e. eins og þeir voru og eru tilgreindir, Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands.

Ég ætla að segja þá skoðun mína að ég held að rétt væri að athuga mjög vandlega í nefnd, eins og ráðh. vék að, hvort ástæða væri til að gera þá breytingu á þessu frv. að færa þessi samráð til formlegri háttar, eins og Náttúruverndarráð og nefndin sem samdi frv. hafði hug á.

Ég tek líka undir það sem hérna hefur áður komið fram, að full ástæða er til að fara um þessi mál mjúkum höndum. Í grg. Náttúruverndarráðs er lögð áhersla á að aðgerðir í þessum efnum skuli í fyrsta lagi byggjast á rannsóknum, þannig að menn hafi fyrir sér góðan vísindalegan grundvöll fyrir aðgerðunum, og í öðru lagi að um framkvæmd þessara mála verði að ríkja sæmileg sátt í þjóðfélaginu, ekki bara milli þeirra sem hv. þm. Garðar Sigurðsson kallar „hringormavina" og hinna, heldur líka alls almennings, landeigenda og fjölda þess fólks sem þarna kemur við sögu.

Ég hef frétt úr Morgunblaðinu frá í vetur. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Á aukafundi sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, sem haldinn var 21. des., var gerð svohljóðandi ályktun varðandi seladráp:

Aukafundur sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, haldinn 21. 12. 1983, lýsir undrun sinni á þeirri aðferð sem er viðhöfð við að halda niðri selastofninum við landið, þar sem skotmenn eru verðlaunaðir fyrir seladráp. Það hefur m. a. leitt til þess að bændur hafa orðið fyrir mikilli ágengni skotmanna, jafnvel í friðlýstum varplöndum og sellátrum. Sýslunefndin bendir á að mun eðlilegra væri að styrkja þá sem áður stunduðu selveiðar og höfðu af því tekjur, þannig að þeir gætu áfram nýtt sér kópaveiði í ábataskyni, enda er sá veiðiskapur raunhæfasta og eðlilegasta leiðin til að halda selastofninum niðri."

Síðar segir í fréttinni:

„Þessi samþykkt var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum. Sýslunefndarmenn líta svo á að enn sé í gildi hið fornkveðna, að á skuli að ósi stemma. Það muni sem sagt vera heppilegra að vinna á ungviðinu eins og gert er t. d. um grenjavinnslu heldur en að skotmenn séu að þenja sig út og suður um allan sjó til þess að skjóta fullorðna seli."

Þetta er eilítill vitnisburður um að framkvæmd þessara mála hefur ekki verið eins og best væri á kosið á undanförnum árum, að ég tel. Þar að auki hefur verið óeining meðal rannsóknamanna um þann grundvöll sem þessi selafækkunarstefna hvílir á.

Ég tel að það sé full ástæða til þess að taka undir það, sem segir í áliti Náttúruverndarráðs, að það þurfi að styrkja þessar rannsóknir. Það verður aldrei um þessi mál sæmileg sátt fyrr en menn eru vissir um að aðgerðirnar séu réttar, bæði hvað varðar samband hringorma og sela svo og framkvæmdina á sjálfri selafækkuninni. Ég held að þar verði að fara þannig með löndum að almenningi sé ekki misboðið í sambandi við umgengni við skepnuna.

Ég held, miðað við að orðið er áliðið kvölds, að ég láti vera að sinni að fara nánar út í þessi selafækkunarmál. Ég ætla að ítreka að ég fagna því að þetta frv. hefur verið lagt fram. Ég ætla líka að ítreka þá skoðun mína að ég tel að það eigi að fara vandlega í það í nefnd hvort ekki ætti að breyta 3. gr. til þess forms sem nefndin, sem frv. samdi, ætlaði sér. Síðan mæli ég með að þegar þetta frv. hefur tekið gildi, þegar það er orðið að lögum, sem ég vona að verði, verði selormanefnd, sem nú starfar, lögð niður.

Björn Dagbjartsson: Virðulegi forseti. Ég kem hér aðallega upp til að gera nokkrar aths. við málflutning tveggja síðustu hv. þm. og þó einkum að upplýsa þá sem virðast ekki hafa kynnt sér málin til hlítar, um þær rannsóknir sem þegar hafa farið fram á þessu sviði. Til að byrja með þá langar mig til að segja hv. 4. landsk. þm. það, að það er alls ekki einhlítt að þetta eigi að falla undir sjútvrh., það er mikið síður en svo. Og það var reyndar með sérstöku samkomulagi við landbrn., ef ég man rétt, að þetta frv. var samið á vegum sjútvrh. Selveiðar hafa nefnilega verið og eru hlunnindi lögum samkvæmt og verða það eflaust áfram um sinn.

Þess vegna er einnig mjög skiljanleg ályktun sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu sem ég reikna með að sé að miklu leyti skipuð mönnum sem væntanlega vilja

hag hlunnindabænda sem mestan. En hitt er alveg ljóst, að hlunnindi af sel verða væntanlega mest þegar selastofnar eru í algjöru hámarki. Þá verður afrakstur af selalátrum mestur. Og það er því miður ekki ástand sem við getum búið við miklu lengur í þessu landi, þ. e. svo lengi sem við viljum lifa á fiskveiðum. Hitt er svo annað mál, að ef við viljum lifa á selveiðum, þá er gott að hafa selastofna sem allra stærsta, eins og sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu væntanlega vill, sem stærsta selastofna og mestan afrakstur.

Það eru til upplýsingar um það, og rannsóknir á fleiri hundruð selamögum sýna það, að það eru u. þ. b. 150 kynþroska selormar í maga, þ. e. stóri hringormur, Locanema decipiens heitir selormur á latínu, og mér finnst ástæðulaust að kalla hann annað en það. Hitt er svo annað mál, að það eru margir fleiri hringormar í íslenskum fiski, því miður, og hringormanefnd hefur alls ekki breytt um nafn eins og hv. þm. var að gefa í skyn hér áðan. Það eru 150 fullþroska selormar í hverjum landselsmaga að jafnaði en 600 kynþroska selormar í hverjum útsel.

Það liggur alveg ljóst fyrir með mörgum vísindalegum, erlendum gögnum — ekki innlendum, sem hin illa hringormanefnd hefur látið rannsaka. Hún hefur kostað ærnu fé til rannsókna, ekki aðeins á hinu líffræðilega samhengi, heldur einnig — til upplýsinga fyrir hv. 5. þm. Austurl. — varið milljónum króna til leitar að leiðum til þess að finna orm og fjarlægja úr fiskholdi. Og þar er enn verið að vinna mjög mikið og víðtækt verk. En því miður hefur engin leið fundist enn sem er mannsauganu þar betri. En þessu verður að sjálfsögðu haldið áfram.

Einnig hefur miklu fé verið varið til þess að kanna hvers konar nýtingarmöguleika. Selskinn hafa verið send til fjarlægra heimsálfa þar sem flytja má inn selafurðir, sem er nú að verða nokkuð sjaldgæft. Kjötneysla, selkjötsneysla er því miður ekki neins staðar þekkt svo að nokkru nemi nema meðal eskimóa og þeir fara að sjálfsögðu ekki að kaupa selkjöt héðan. Hinu megum við ekki gleyma að það eru nokkuð hundruð þúsund selir veiddir hér á norðurísnum árlega og nýting á selafurðum, hvað snertir kjöt, bein eða spik, kemur til ákaflega lítilla álita fyrir okkur hér. Skinn hafa verið send til Austurlanda. Eina nýting selafurða sem við höfum fundið í svokallaðri hringormanefnd er nýting á selkjöti til refafóðurs. Það hefur gengið vel og á s. l. ári voru líklega hátt á annað hundrað tonn nýtt í þessu skyni, til loðdýraeldis hérlendis. Þetta er eftirsótt til þeirra hluta.

Við strendur Kanada hafa rannsóknir leitt í ljós að það er samhengi milli fjölda og útbreiðslu sela og hringormasýkingar í fiski. Það hefur einnig komið í ljós þar að útselir dreifa aðallega selorminum. Þeir sem vilja afla sér upplýsinga um þetta geta það. Með leyfi forseta vil ég vitna hér í nokkrar greinar, sérstaklega í Scott sem skrifar í Journal of Fisheries Research Board of Canada, 8. bindi 10. árgangs. Það má nefna Platt sem skrifar í Journal of Ecology. Það mun vera hefti eða árgangur 12. Það má nefna Rae og Yong sem skrifa 1972 í Marine Research, 2. hefti. Og þá getum við nefnt hér Øritzland. Það er vitnað í Fiskets Gang, 11. árgangi, hefti 22. Rae og Yong gerðu ítarlega könnun á samhengi ormatíðni og selafjölda við bresku strendina. Við Noregsstrendur hefur komið í ljós að þorskur sem heldur sig nálægt helstu útselabyggðum þar er 90% sýktur af selormi, en sýking á hafsvæðum lengra frá er 30%. Platt kannaði hafsvæðið hér í kringum Ísland og hann leiddi góðar líkur að því að meiri sýking þorsks af hringormum á Breiðafirði en út af Vestfjörðum stafaði af útselum á þessum slóðum.

Ég veit ekki hvað kallað er óeining meðal rannsóknamanna í þessu samhengi. Ég vil halda því fram að óeining rannsóknamanna, þeirra sem hafa rannsakað fyrirbrigðið, er engin. Um þetta eru allir sammála. Hins vegar eru ýmsir sem ekki taka þessar niðurstöður trúanlegar, ekki síst ef þeir hafa ekki lesið þær.

Það má lengi deila um það hvenær rannsóknir eru nægilegar. Það væri nógu fróðlegt að fá það upplýst hvað menn telja óyggjandi rök fyrir samhengi milli selafjölda og hringormasýkingar í fiski. Það væri nógu gaman að vita hvenær menn telja óyggjandi rök fyrir því, hvenær hringormasýking fer vaxandi. Við höfum bónusskýrslur úr frystihúsum og bónusskýrslur byggja á því hversu marga orma fólk tínir úr fiskflökum. Við höfum þær í allmörg ár, líklega um 15, 20 ár. Þær sýna svo ekki verður um villst að þarna er um verulega aukningu að ræða. Ef menn vilja heldur vísindalegar talningar höfum við hér Cutting og Burgess frá 1960 sem sýna að meðalfjöldi hringorma á Íslandsmiðum í þorski var 1.5 í þorski, sennilega þá einstaklingi. Frá Platt 1973 höfum við 4.8. Jónbjörn Pálsson líffræðingur gerði rannsóknir á þessu 1973. Hann fékk 7.1. Og Erlingur Hauksson gerði þessa rannsókn 1981. Hann fékk 9.6. Þetta eru vísindalegar rannsóknir, ef menn taka þær frekar trúanlegar en þær sem byggðar eru á bónusskýrslum frystihúsa.

Ég gæti sjálfsagt haldið hér áfram langt fram yfir miðnætti með þeim gögnum sem ég hef hér, en ég ætla ekki að gera það. Það er aðeins eitt sem hv. 5. þm. Austurl. vék að í upphafi síns máls, að ekkert samráð hefði verið haft við Hafrannsóknastofnun, engin samvinna af hálfu hringormanefndar. Það er ekki rétt. Ég hef þau bréfaviðskipti undir höndum, en þau eru þess eðlis, sérstaklega svarbréf Hafrannsóknastofnunar, að ég vil ekki lesa það úr þessum ræðustól. Annað er það að skipun hringormanefndar var á sínum tíma eingöngu framkvæmd vegna óskar frá hagsmunaaðilum um að sett yrði upp eitthvert sérstakt „apparat" til þess að gera á þessu heildaryfirlit og stunda rannsóknir. Kostnaður hefur aldrei verið greiddur neinn úr ríkissjóði af störfum þessarar nefndar og að sjálfsögðu getur þessi nefnd haldið áfram að starfa þó að formaður hennar verði látinn víkja, sem reyndar hefur verið boðið fram þar sem formaður nefndarinnar er það eina sem hið opinbera hefur með þessi mál að gera.

Hafrannsóknastofnun á að stunda rannsóknir á þessu sviði, en hún hefur ekki gert það, vegna peningaskorts sjálfsagt. En það er enginn sem segir í neinum lögum að íslenskir ríkisborgarar megi ekki kosta og stunda rannsóknir á íslenskum náttúrufyrirbærum. Það hefur engin stofnun einkarétt á því að rannsaka íslensk náttúrufyrirbæri. Hvað halda menn að væri þá um Kvískerjabræður, Einar á Skammadalshóli og þar fram eftir götunum ef bannað hefði verið að stunda rannsóknir af öðrum en opinberum stofnunum? Ef afrán sela af fiskstofnum er svo líka tekið með í reikninginn sést að þarna er um annað og líka ekki hverfandi hagsmunamál fyrir íslenskan sjávarútveg að ræða. Sá selafjöldi sem við Íslands-

strendur lifir er nokkuð vel upplýst nú að er milli 40 og 50 þúsund dýr. Þessar rannsóknir og talningar hafa farið fram nokkrum sinnum og borið nokkuð vel saman. Hvort þetta eru 40 þús. dýr eða 50 þús. dýr veit ég ekki nákvæmlega. Það er mjög auðvelt að reikna það út að til þess eins að draga fram lífið þurfa þessi 40—50 þús. dýr að éta yfir 100 þús. tonn af fiski á ári. Það er alveg ljóst og líffræðileg staðreynd. Þetta eru að vísu allar tegundir af fiski, þetta geta verið sandsíli, loðna, skeljar og hvað sem er, en rannsóknir á nokkuð hundruð selamögum sýna að algengasta fæðutegundin er smár þorskur. Þá geta menn reiknað það út að ef sá þorskur væri einhvers virði — þetta hafa verið u. þ. b. 30% þorskur, tveggja, þriggja ára, — ef sá þorskur vex upp geta menn líka reiknað hann út til verðmætis ef menn vilja. En það er önnur saga. Að sjálfsögðu er það ekki meining mín að selum verði nokkurn tíma útrýmt við Ísland, en stanslausri, gegndarlausri fjölgun þeirra verðum við að sporna við.

Nú eru veiðar aftur farnar að nálgast það sem þær voru á árunum frá 1960 og fram undir 1980, þegar veidd voru frá 5 þús. og upp í 7 þús. dýr. Það var árleg veiði á hverju ári að segja. Á árinu 1981 var þessi tala komin niður fyrir 3 þúsund. Nú eru selaveiðar vegna örvunar með greiðslu veiðilaunanna komnar upp í 5 þús. dýr s. l. ár. Það heggur ekki skarð í selastofninn enn þá, en það stemmir kannske stigu við fjölgun hans.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki flytja langt mál um þetta frv. sem hér er á dagskrá. Ég vil gjarnan taka undir það að mér sýnist þörf á því að sett verði lög um selveiðar við Ísland og ég vil líka taka undir það sem fram hefur komið, ekki síst í máli hæstv. ráðh., að hér er um býsna vandasamt mál að ræða og viðkvæmt. Það þarf því að vanda það samstarf sem nauðsynlegt er að byggja á í sambandi við meðferð þessara mála. Að þessum orðum mæltum vil ég gjarnan lýsa því sem minni skoðun að eigi að síður feli þetta frv. í sér nokkuð vandræðalegt skipulag. Það segir í athugasemdum við 1. gr. frv. að gert sé ráð fyrir að yfirumsjón allra mála er selveiðar varða séu í höndum sjútvrn. Enn fremur segir í lok athugasemda við 1. gr. með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar eru í lögum nr. 76 16. júní 1970, um lax- og silungsveiðar, nokkur ákvæði er snerta ófriðun sels í ám, veiðivötnum og ósasvæðum, en þau mál falla undir landbrn. og er gert ráð fyrir að svo verði áfram."

Síðari tilvitnunin haggar þeirri fyrri. Það er sem sé ljóst að þessi mál hljóta að heyra skv. þessu frv. undir tvö rn. og vera undir umsjá tveggja ráðh. sem með þau mál fara. Enn fremur vitnaði hæstv. ráðh. til þess að í gildi er auglýsing númer 91 frá 13. desember 1969 um reglugerð um Stjórnarráð Íslands þar sem segir að landbrn. fari með mál er varða veiði í ám og vötnum og önnur veiðimál er eigi beri undir annað rn. Ég lít svo til að það verði óglögg skil á meðferð þessara mála í höndum tveggja rn. miðað við þetta frv. en þó eru skilin kannske þau að það takmarkist við þar sem segir í 4. gr. að landeigendum séu einum heimilar selveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni svo langt út sem netlög ráða eða 115 metra frá stórstraumsfjöruborði í sjó. Jarðir sem eiga land að sjó hafa þessi landamerki og þessar jarðir eru tíðast í höndum bænda og þær verða undir forsjá landbrn. Þess vegna mun það hafa sem kallað er yfirumsjón allra mála er selveiðar varða, sem e. t. v. fyrst og fremst gilda utan netlaga. Þó er svo að skilja á þessu frv. að sjútvrh. geti ákveðið reglur um framkvæmd laganna sem taki til landareigna og einkaréttar sem hér er um fjallað innan netlaga tiltekinna jarða. Þar verða skilin mjög óglögg.

Það er þetta sem ég kalla að frv. feli í sér frekar vandræðalegt fyrirkomulag þó að sennilega sé vandséð á hvern hátt þessum málum væri þann veg skipað að heyrði undir eitt rn. nema þá að það væri undir landbrn. Ég skal ekki um það dæma að sinni en ég vildi gjarnan vekja á þessum atriðum athygli því að skv. lagaákvæðum um lax- og silungsveiði kemur í vissum tilvikum til úrskurðarvald landbrh. að því er tekur til atriða er snerta selveiðar.

Ég skal ekki fara um þessi efni mikið fleiri orðum en ég vænti þess að þau samskiptamál, sem þarna koma til greina og hér hefur verið að vikið og mér sýnist að geti verið viðkvæm og erfið, verði athuguð gaumgæfilega í n. sem um þetta mál fjallar og einnig af þeim samráðsaðila sem 3. gr. frv. fjallar um.

Ég skal ekki fara út í það að ræða hér, sem ýmsir ræðumenn hafa gert mjög skilmerkilega, um þann þátt sem selurinn á í lífkeðju hringormsins og það mikla tjón sem af því hlýst að selum hefur farið fjölgandi hér við land. Ég vil aðeins segja það að ég tel nauðsynlegt að halda selastofninum í skefjum og tek undir það að ekki er hægt að una því að honum fjölgi svo að tjón af hans völdum fari mjög vaxandi eins og væntanlega hefur gerst á síðustu árum þar sem veiðar hafa lítt verið stundaðar vegna verðfalls á skinnum. En ég held að það sé líka nauðsynlegt í sambandi við þessi mál að tekið sé tillit til sjónarmiða eins og fram komu í ályktun sem hér var lesin frá sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu, að óboðnir menn fari ekki um varplönd, friðlýst svæði, sem eru í einkaeign og hagsmunir einstakra manna og byggðarlaga eru bundnir við, þannig að hætta sé á að valdi tjóni. Ég held að það hafi verið laust og góðlátlegt skot af hálfu síðasta ræðumanns, hv. þm. Björns Dagbjartssonar, að láta liggja að því að einhverjir kynnu að vilja lifa af selveiðum. Það er auðvitað ekki meiningin með þessu enda þótt selur og selveiðar hafi í gegnum tíðina verið til búdrýginda á Íslandi og talist til hlunninda og hafi þess vegna verið í umsjá og notkun bænda og búaliðs og í því liggi grunnur þessi að enn eru í lögum ákvæði sem fella þessi mál undir landbrn.

Ég held að ekki sé ástæða fyrir mig að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil aðeins ítreka það að ég tel nauðsynlegt að halda selastofninum í skefjum. Ég tel að sú viðkvæmni sé einkennileg sem borið hefur á í seinni tíð varðandi selveiðar ef þær eru stundaðar með þeim hætti sem sæmilegt má telja svo sem er um aðrar veiðar. Mér finnst sjálfsagt að nýta þessi veiðidýr með skaplegum og eðlilegum hætti og reyna að gera sér mat úr því eða koma þeim í verð með þeim hætti sem kostur er. En því miður eru þeir möguleikar nú þrengri en verið hefur oft á tíðum áður. Það voru einkanlega þessi samskiptamál tveggja rn. sem ég vildi vekja hér athygli á og skal svo ekki hafa um það fleiri orð að öðru leyti en því að ég tel eðlilegt að þau mál séu frekar athuguð í n. sem um þetta mál fjallar.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að taka undir orð síðasta ræðumanns um að eðlilegt er að fram fari skynsamleg nýting þessa stofns.

Það segi ég sem gamall selveiðimaður austan af Skeiðarársandi. Þar byrjaði ég að veiða sel 12 ára gamall og hef aldrei unað mér betur. Ég tel að það eigi að gera það enn. Menn eru ekkert að mæla á móti því að nytjaður sé selur. A. m. k. ekki neinn sem hefur talað hér í kvöld. Það er ekki haft neitt á móti því heldur í þessu áliti Náttúruverndarráðs sem menn hafa verið að vitna í. Þar er þvert á móti talað um það oftar en einu sinni að eðlilegt sé að selastofninn hér við land sé nýttur, það verði bara að gera með skynsamlegum hætti.

Hv. þm. Björn Dagbjartsson vék að því að það ættu engar stofnanir, hvorki litlar né stórar, að hafa einkarétt á rannsóknum og talaði í því sambandi um Kvískerjamenn og aðra sem hafa unnið að merkilegum rannsóknum upp á eigin spýtur. Málið snýst ekki um það. Menn eru ekki að áfellast það að menn taki sér fyrir hendur af eigin frumkvæði að rannsaka hlutina. Ég veit að Kvískerjamenn hafa varið ævi sinni í þær rannsóknir sem þar hafa farið fram og ég áfellist það ekki og það gerir enginn. Hins vegar veit ég að Kvískerjamenn hafa ekki gengið um og borgað mönnum laun fyrir að skjóta fuglana sem þeir eru að skoða. Það er það sem menn gera athugasemd við í sambandi við framferði hringormanefndar. Það kemur saman klúbbur manna og veitir og auglýsir opinberlega veiðilaun fyrir að menn fari út og skjóti. Ég veit að hvorki Hálfdan Björnsson né Sigurður Björnsson frændur mínir hefðu nokkru sinni viljað standa að slíku. Það er tvennt ólíkt, frjálsar rannsóknir eða frjáls veiðilaun og skot. Ég tel að ekki eigi að rugla því saman. Þeirra niðurstöður og þeirra hús hafa líka á hverjum tíma verið öllum opin til þess að kynnast því sem þeir hafa fram að færa í þessu efni.

Í sambandi við afrán selastofnsins af íslenskum þorski þá vantar í raun og veru haldgóðar tölur. Ég held að öllum sé ljóst að við mundum þurfa að skjóta alveg gífurlegan fjölda sela. Ef við erum að tala um selastofn upp á 40—50 þúsund, eins og hv. þm. Björn Dagbjartsson vék að, þá ættum við mjög langt í land áður en það færi að hafa áhrif á viðkomu þorsksins og stærð selastofnsins við landið. Það eru það margir aðrir þættir en afrán selsins sem hafa þar áhrif á að það eru held ég varla rök í þessu máli að tala um afrán selastofnsins af þorski. Þetta er svipað mál og oft hefur verið rætt manna á milli í sambandi við skot á veiðibjöllu og gilda þar hliðstæð rök.

Það getur vel verið að við getum eitthvað stemmt stigu við fjölgun selastofnsins með því að skjóta einhver þúsund dýr af stofni sem er kannske upp á 40, 50, 60, 70 þús. — við bara vitum það ekki. Það er einmitt það sem menn hafa m. a. haft við þessi mál að athuga. (Gripið fram í.) Já, ég er alls ekki að tala á móti skynsamlegum veiðum eða skynsamlegum rannsóknum eða neinu af því tagi.

Fram kom að hringormanefnd hefði lagt vinnu og peninga í að kynna sér þau gögn sem væru til um þetta og reyna að finna aðferðir til þess að nýta sel og finna orm og það er ekkert annað en gott um það að segja. Það er lofsvert framtak og landsmenn verða þeim ævinlega þakklátir fyrir, trúi ég.

Í sambandi við upplýsingar um fjölgun hringorma erum við aftur á vissan hátt í vandræðum með að meta á hverju við stöndum raunverulega. Í fyrsta lagi höfum við bónusskýrslur. Skv. þeim hefur hringormum fjölgað mjög mikið. Þetta er hliðstætt vandamál og menn hafa átt við að etja í sambandi við skýrslugerð í heilbrigðismálum að mjög erfitt er að meta spurninguna um sókn, um það hversu kröftug eftirgrennslan er vegna þess að á síðustu árum hefur verið lögð gífurlega vaxandi áhersla á að finna þennan árans orm um leið og lögð hefur verið meiri áhersla á það frá mörkuðunum að þessu máli væri vel sinnt.

Í sambandi við aðrar rannsóknir sem menn geta gengið að í sambandi við fjölgun ormanna er vitnað í rannsóknir sem Jónbjörn Pálsson gerði 1973 og birti 1975. Bara til að sýna hve erfitt getur verið að leggja mat á þessi mál getum við borið saman niðurstöður Jónbjörns Pálssonar frá 1973 og tölur sem selormanefnd hefur frá 1980—1981. Ef við tökum prósentvísa sýkingu af birgðum kemur í ljós að 1975 voru 72% fiska sýktir, 1981, þ. e. átta árum síðar, eru 70% sýktir skv. þessum sömu tölum, þ. e. það virðist ekki hafa orðið aukning í prósentvís sýkingu fisks á þessu tímabili. Á sama tíma hins vegar fjölgar eða eykst meðalfjöldi hringorma í hverjum fiski úr 7.1 og upp í 9.6. Þetta er úr sömu rannsókn en upplýsingarnar á vissan hátt misvísandi að þessu leyti. Þarna er alla vega ekki þessi gífurlega aukning á þessu tæpa tíu ára tímabili sem menn hafa verið að tala um í sambandi við þetta.

Ég er ekki, hv. þm. Björn Dagbjartsson, að draga úr því að þetta sé vandamál í sjávarútvegi. Ég er bara að benda á að það er erfitt að byggja góðan grundvöll í máli sem þessu, á sama tíma og góðs grundvallar er vissulega þörf vegna þess að annars vegar erum við að tala um kostnaðarsamar aðgerðir, t. d. við verulega fækkun og um leið erum við að tala um aðgerðir sem eru viðkvæmar frá sjónarmiði ýmissa fagmanna og alþýðu manna í landinu í sambandi við þessa dýrategund.

Það má fleira um þessi gögn segja. Af hverju er t. d. enginn hringormur í fiski við Grænland? Menn spyrja líka: Af hverju varð ekki á sama tíma og selastofnar þrefölduðust við Bretland samsvarandi aukning á hringormi í fiski þar? Þetta er erfitt mál og enginn öfundsverður af því að byggja sér þarna góðan grundvöll en menn verða að reyna eins og þeir geta. Það er einmitt það sem lögð er áhersla á í skýrslu Náttúruverndarráðs. Að auka þær rannsóknir sem hægt er að gera í þessu máli.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Hvað oft á að segja mönnum að það er ekki hringormur í fiski við Grænland vegna þess að sjórinn er svo kaldur? Þetta er búið að segja í ræðu og riti í mörg ár og Náttúruverndarráð, m. a. s. þeir leyfa sér að segja þetta í sinni skýrslu, og spyrja því af hverju þetta sé ekki. Það er enginn hringormur í fiski vegna þess að eggin klekjast ekki út, eggin sem ganga niður af selnum klekjast ekki út í sjó sem er kaldari en svona 2—3 gráður. Þetta var þá sagt enn einu sinni — það kemur þá í þingtíðindum að þetta er svona. Það kannske þýðir ekkert, það verður spurt að því strax aftur.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég geri mér engar vonir um að við leysum hér ágreiningsefni í sambandi við samhengi selastofnstíðni hringorms og annað af því tagi, enda Alþingi ekki vettvangur til þess

að útkljá slík ágreiningsmál. Mig langar hins vegar til að benda á að ástæða er fyrir því að málefni dýrastofna valda oft miklum umræðum og deildum meiningum hjá lærðum sem leikum, ekki síður hjá leikum. Ég held að ástæðan fyrir því sé sú fyrst og fremst, að það sem mönnum gætu virst dagljós sannindi og auðsæ eru það ekki þegar til kastanna kemur, vegna þess að yfirleitt er um að ræða mjög flókið samhengi sem dylst mönnum nema það sé skoðað mjög vendilega eða menn hafi fengið reynslu af að fást við það.

Auðvitað komust menn á liðinni tíð að ýmsum góðum og gildum sannindum í sambandi við dýrastofna, þeir sem umgengust þá og nytjuðu, það ætla ég engan veginn að vefengja. En ég tel að það gildi um velflesta dýrastofna við Ísland, villta stofna, að við höfum ónóga þekkingu á þeim þáttum sem varða stofnstærðina og því samhengi sem þar liggur að baki. Við höfum verið að fást við einstaka þætti og gott starf hefur verið unnið á einstökum sviðum, en það er mjög langt í land að menn hafi náð viðeigandi tökum á þessum málum þannig að þeir geti með stjórnunaraðgerðum markvisst gripið inn í hið náttúrlega samhengi með sæmilegri vissu um niðurstöður. Þetta held ég að eigi við varðandi selastofninn og þau dýr sem hann geymir sem hýsill og svo einnig varðandi ýmsa aðra stofna sem ég ætla ekki að fara að ræða hér um.

Hér kom til umræðu spurningin um hvaða rn. ætti að fara með þessi mál og hvernig ætti að tryggja að hagur landeigenda væri ekki fyrir borð borinn. Ég held að þetta sé einn af þeim þáttum sem mjög nauðsynlegt er að líta á í nefnd um þetta mál. Ég vil ekki vera að stinga upp á neinum kjörlausnum í sambandi við þetta, þó að mér komi eitt og annað í hug. Ég nefni það meira til gamans en sem tillögu af minni hálfu að fela þetta einhverju þriðja rn. umfram þau sem hér hafa verið til nefnd. Minni ég á að einn er sá dýrastofn villtur á Íslandi sem menntmrn. hefur umsjón með, þar sem eru hreindýrin, og hefur oft verið hent gaman að því að það skuli vera viðfangsefni ráðherra menntamála á Íslandi að setja reglugerð um fækkun hreindýra og veiði og skipti milli hreppa á Austurlandi. (**StG:** Þetta er nú mikið fjárhagsmál, svo fjh.- og viðskn. kæmi til greina.) Hv. þm. Stefán Guðmundsson. Það var ekki inn í þetta samhengi sem ég var að tala, heldur um yfirstjórn málsins, engan veginn varðandi þingnefnd. En það er nokkuð liðið á kvöldið þannig að eðlilegt er að menn nái ekki öllu sem hér er talað.

En í framhaldi af því er auðvitað áhorfsmál hvort ekki þarf að finna aðra tilhögun um stjórnun auðlinda af þessu tagi og náttúrlegra auðlinda landsins almennt með tilliti til nýtingar. Þar kemur að mínu mati fyllilega til álita, ef hér verður stofnað umhverfisráðuneyti, sem ég vona að verði fyrr en seinna, að það fái a. m. k. mjög gildan íhlutunarrétt um meðferð auðlindanna, ekki síst hinna lífrænu auðlinda, með tilliti til nýtingar þeirra.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég þakka þann skilning sem þessu máli hefur verið sýndur og vænti þess að það takist að ljúka því á þessu þingi, jafnvel þótt mikið liggi fyrir á þeim tíma sem eftir er.

Það hafa komið hér fram nokkrar efasendir um það undir hvaða rn. þetta mál eigi að heyra, og vissulega má draga það í efa og um deila. En ég verð að segja eins og er, að mér finnst að oft og tíðum sé einum of mikið úr því gert. Ég tel að aðalatriðið sé að máli sem þessu sé sinnt af kostgæfni. Það hefur verið undirbúið og því stýrt af sjútvrn. á undangengnum árum. Það starf hófst löngu áður en ég kom í það rn. Rannsóknir eru allar á vegum þess rn. Mér finnst eðlilegt að reynt sé að samræma þessa hluti sem mest undir einu og sama rn. þannig að með því sé tryggt að málinu sé vel sinnt.

Af því að minnst var á hreindýrin hér hygg ég að það hafi jafnvel verið svo að rannsóknir á hreindýrastofninum hafi heyrt undir Landsvirkjun eða iðnrn. vegna virkjunarmála á Austurlandi. Sannleikurinn er sá, að þetta gengur allt saman á skjön í stjórnkerfinu og eðlilegt að þar gangi stundum illa. Einstök rn. virðast vera mjög viðkvæm fyrir því ef eitthvað er verið að fara inn á þeirra verksvið, sem ég tel minni háttar mál ef vel er að málum staðið.

Ég vil taka það fram, að það er út af fyrir sig ekkert áhugamál af minni hálfu að þetta mál heyri undir sjútvrn. Það er aðaláhugamál í þessum efnum að tekið verði fullt mið af þeim miklu hagsmunum sem hér eru í húfi. Ég vil ekki leyna því að eins og hér hefur komið fram er ástæða til að hafa af því miklar áhyggjur. Ég minni á að þau laun sem fiskvinnslufólk okkar fær eru ekki mikil. Það eru miklar fjárhæðir í húfi ef hægt er að draga úr kostnaðinum, og yrði það e. t. v. til þess að í þessum atvinnuvegi væri hægt að greiða mannsæmandi laun.

Ég vil taka fullt tillit til hagsmuna landeigenda í þessu sambandi og náttúruverndarsjónarmiða, en það er nú svo í þjóðfélagi okkar að minni hagsmunir verða því miður oft og tíðum að víkja fyrir meiri hagsmunum. Ef svo er verður það þannig að vera ef við viljum almennt sækja fram í okkar þjóðfélagi. Hins vegar er nauðsynlegt að á því sé fullur skilningur, eins og ég tók hér fram. En ég vil leggja á það áherslu að ég tel að ekkert hafi komið fram sem réttlæti að slaka á í því á nokkurn hátt að halda selastofninum í skefjum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 81. fundur.

Fimmtudaginn 12. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. apríl 1984.

Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, þar sem 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e. situr þegar á Alþingi, að 2. varamaður, Valgerður Sverrisdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhanna Sigurðardóttir,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Valgerðar Sverrisdóttur. Ég vil leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til athugunar. Á meðan verður fundi frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Skv. tilmælum forseta hefur kjörbréfanefnd nú kannað kjörbréf fyrir Valgerði Sverrisdóttur, Lómatjörn, Suður-Þingeyjarsýslu, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra. 1. varaþm. flokksins í þessu kjördæmi, Níels Árni Lund, situr þegar á Alþingi. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert við það. Leggur hún því einróma til að kjörbréfið verði samþykkt og kosningin verði metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Valgerður Sverrisdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Býð ég hana velkomna til starfa á Alþingi.

Leiguaðstoð við láglaunafólk, þáltill. 300. mál (þskj. 584). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmd byggðastefnu, þáltill. 4. mál (þskj. 4, n. 563). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 563, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 34 shlj. atkv.

Þróunarverkefni á Vestfjörðum, þáltill. 229. mál (þskj. 401). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rekstrarvandi í sjávarútvegi, þáltill. 280. mál (þskj. 539). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Gjaldskrár þjónustustofnana, þáltill. 282. mál (þskj. 541). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stefnumörkun í skólamálum, þáltill. 299. mál (þskj. 580). — Frh. fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er till. um að vísa þessari þáltill. til allshn. Hreyft hefur verið þeirri hugmynd að vísa till. til fjvn. á þeirri forsendu að nokkur útgjöld fylgi till. Ég hygg að það sé ekki næg ástæða til þess að taka fjvn. fram yfir allsherjarnefnd, því að ef svo væri gert í hliðstæðum tilvikum mundu allflestar tillögur fara til fjvn. á þeirri forsendu. En ég lít svo á að það sé ekki bein till. um fjvn. (Gripið fram í.) Það er tillaga. Þá eru það tvær tillögur, önnur um allshn., sem flm. gerir, og svo er tillaga um fjvn.

Till. vísað til allshn. með 26:15 atkv.

Greiðslukort, þáltill. 283. mál (þskj. 542). — Fyrri umr.

Flm. (Jón Magnússon): Herra forseti. Á þskj. 542, 283. mál Alþingis, hef ég leyft mér að flytja þáltill. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að semja frv. til laga um greiðslukort og starfsemi greiðslukortafyrirtækja."

Á undanförnum árum, þó sérstaklega á s. l. ári, varð notkun ákveðinnar tegundar greiðslukorta, svonefndra kreditkorta, æ algengari í viðskiptum. Segja má að undir lok ársins 1983 hafi orðið veruleg umskipti hvað notkun slíkra korta varðar. Notendum kortanna fjölgaði verulega og sölu- og þjónustuaðilum sem heimiluðu greiðslukortaviðskipti fjölgaði mjög mikið einnig. Nú eru starfandi tvö greiðslukortafyrirtæki í samvinnu við ákveðnar innlánsstofnanir, Eurocard og Visa Island.

Þetta greiðsluform hefur rutt sér til rúms víða í nágrannalöndum okkar á undanförnum árum og af viðbrögðum fólks hér má ráða að fjölmörgum finnst þetta hentugt greiðslufyrirkomulag og vafalaust á það eftir að verða mun algengara í viðskiptum hér eftir en hingað til. Til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning vil ég taka það fram að framangreindri þáltill. er á engan hátt stefnt gegn þessu greiðsluformi. Það er á margan hátt mjög heppilegt og getur sparað tíma og vinnuafl innlánsstofnana og greitt fyrir viðskiptum ef rétt er á málum haldið. Hins vegar er óeðlilegt að

stjórnvöld skuli á engan hátt móta þá stefnu sem fylgja ber varðandi uppbyggingu og þróun þessa greiðslufyrirkomulags.

Þær tegundir greiðslukorta sem algengar eru í ýmsum nágrannalöndum okkar eru aðallega þrenns konar: Svokölluð kontokort eru þannig að notandinn getur keypt ákveðna eða ákveðnar vörur frá einum eða fleiri framleiðendum skv. sérstökum samningi. Svokölluð kreditkort, sem við þekkjum nokkuð vel í viðskiptum, draga úr þörf fyrir greiðslufé og kaup eru ekki takmörkuð við ákveðna upphæð. Venjulega fær þá notandinn greiðslufrest í einn til einn og hálfan mánuð. Þriðja tegundin sem notuð er í viðskiptum er svokölluð kaupkort, sem líkjast í öllum aðalatriðum ávísanareikningi nema þau eru í plastikkortaformi.

Öllum þessum þremur tegundum greiðslukorta er það sameiginlegt að þörf fyrir að bera á sér reiðufé minnkar og um er að ræða einfaldan og fyrir margan hentugan greiðslumáta. Greiðslukortin bjóða því upp á margvíslegt hagræði í viðskiptum. Ef svo væri ekki mundu notkun þeirra og vinsældir ekki vera jafnmiklar og raun hefur orðið á. En samfara notkun þeirra hljóta að koma upp ýmis úrlausnarefni sem vert er að gefa gaum og bregðast við áður en þau verða að vandamáli. Það þarf að skoða þetta greiðslukerfi með tilliti til þeirra afleiðinga sem það getur haft fyrir peninga- og lánakerfið í landinu, svo og hvaða viðskiptaleg og réttarfarsleg sjónarmið koma til athugunar við notkun þeirra. Hvað notanda greiðslukorts varðar bendi ég á að með venjulegri markaðsstarfsemi sinni tekur hann ekki þátt í ákvörðunum um hvernig kerfið á að vera og það er of seint að grípa í taumana og ætla að breyta greiðslukortafyrirkomulaginu, þó annað sýnist hentugra, eftir að ákveðin þróun hefur staðið í nokkuð langan tíma.

Þau atriði sem leggja verður áherslu á varðandi greiðslukort og notkun þeirra eru að greiðsluformið sé aðgengilegt fyrir sem flesta, að það hafi sem mest notagildi, notandi fái jafnan yfirlit yfir úttektir, þannig að hann hafi möguleika á að krefjast leiðréttinga ef um rangar færslur er að ræða. Það þarf að setja reglur vegna hugsanlegrar misnotkunar kreditkorta, t. d. vegna fölsunar, og um hvaða skilríki seljanda ber að krefja korthafa ef hann telur þess þörf. Greiðslukort þurfa að vera þannig að nánast sé útilokað fyrir aðra en korthafa að nota þau. Þá er full ástæða til að setja reglur um hvað korthafi á að greiða fyrir greiðslukort og notkun þess. Þar koma til skoðunar sjónarmið eins og þau að korthafi greiði raunverulegan kostnað greiðslukortafyrirtækja og til álita getur komið að korthafi greiði miðað við notkun greiðslukortsins. Slíkt mundi leiða til hagkvæmari notkunar þess. Það má einnig velta því fyrir sér hvort eðlilegra sé að korthafi greiði allan kostnað vegna notkunar greiðslukorts eða hvort leggja á þann kostnað á söluaðila eins og nú er gert.

Upplýsingar um neyslu korthafa má ekki misnota, t. d. hvað notandinn kaupir og við hvaða aðila hann verslar. Í þessu sambandi er ekki nægjanlegt að ætla að banna misnotkun, það verður að reyna að gera hana ómögulega með öllum þeim tækjum sem hugsanleg eru. Þannig eiga innlánsstofnanir viðkomandi ekki að hafa aðgang að þessum upplýsingum.

Af því sem hér hefur verið rakið sést að nauðsyn ber til að mótuð verði stefna í þessum málum og sett verði heildarlöggjöf. Neytendasamtökin og Neytendafélag Reykjavíkur og nágrennis hafa hvatt til þess að slík löggjöf verði sett og bent á að ekki megi mismuna þeim neytendum sem nota greiðslukort og þeim sem nota þau ekki. Ég hef orðið var við að kaupmenn og ýmsir þjónustuaðilar telja líka að mikil þörf sé fyrir að skýr stefna sé mótuð í þessu máli. Þeir telja að vegna aukinnar notkunar greiðslukorta og þess gjalds sem fyrirtækin greiði af hverri sölu, þar sem greiðslukort eru notuð, sé óhjákvæmilegt annað en að vöruverð hækki. Bent er á að víða þurfi verslunarfyrirtæki að greiða hærri fjárhæð til greiðslukortafyrirtækja en þau greiða í húsaleigu. Einnig benda þessir aðilar á að vegna þess hvað greiðslur koma seint þegar greiðslukort eru notuð minnki innkaupageta þeirra og fjármagnskostnaður aukist. Þá telja þeir út í hött að ekki séu settar reglur um lágmarksupphæð sem nota megi greiðslukort til greiðslu á og segja ekki óalgengt að jafnvel sé eitt stykki dagblað keypt með greiðslukorti.

Af því sem hér er sagt er ljóst að þær reglur sem mótast hafa hér á landi um notkun greiðslukorta eru settar einhliða af greiðslukortafyrirtækjum og þeim lánastofnunum sem þessi fyrirtæki eru tengd. Þessar reglur eru að mörgu leyti ágætar, en ýmis atriði þurfa þó skoðunar við, eins og hér hefur verið bent á.

Hér er um flókið mál að ræða sem snertir hagsmuni flestra þjóðfélagsþegna. Til þess að móta skynsamlega löggjöf í þessu efni þarf að kanna mörg atriði og það er eðlilegt að allir hagsmunaaðilar geti fjallað um hvernig hún á að vera. Ég tel eðlilegt að ríkisstj. hafi forgöngu í þessu máli með skipun nefndar til að semja frv. til l. um greiðslukort og starfsemi greiðslukortafyrirtækja, eins og lagt er til í þáltill. þessari. Það er viðbúið að slíkt nefndarstarf geti tekið langan tíma, þannig að ástæða er til að fara fram á að þáltill. fái afgreiðslu á þessu þingi þar sem um svo aðkallandi mál er að ræða.

Herra forseti. Ég leyfi mér að fara fram á að till. verði vísað til atvmn. Sþ.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil fyrst af öllu byrja á því að lýsa yfir eindregnum stuðningi við þessa till. til þál. og tel að hún hefði þurft að vera komin fram löngu fyrr.

Ég vil minna á að 11. mars 1980 bar ég fram fsp. til þáv. hæstv. viðskrh., Tómasar Árnasonar, sem voru á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þarf að leita leyfis stjórnvalda til stofnunar lánakortafyrirtækis hér á landi?

2. Eru slík fyrirtæki háð eftirliti, t. d. samsvarandi bankaeftirliti?

3. Ef slík lánastarfsemi er óháð lögum, hyggst þá viðskrh. beita sér fyrir lagasetningu, sem tekur til slíkrar starfsemi og tryggir eftirlit með henni?“

Í svari þáv. hæstv. viðskrh. kom fram að ekki þyrfti að leita leyfis stjórnvalda til stofnunar slíks fyrirtækis, að lánakortafyrirtæki væru ekki skv. núgildandi eða þágildandi lögum og reglum háð eftirliti sem samsvarar bankaeftirliti.

Þriðju spurningunni, hvort ráðh. hygðist beita sér fyrir lagasetningu, svaraði hann svo, með leyfi forseta:

„Viðskrn. hefur gert ráðstafanir til að afla upplýsinga um lög og reglur um lánakortafyrirtæki í nokkrum nágrannalöndum okkar og mun taka afstöðu til þess,

hvort setja þurfi sérstök lög eða reglur hérlendis í ljósi þeirra upplýsinga, sem berast, og reynslunnar af lánakortastarfseminni hér í landinu."

Í þessari umr. tók einnig til máls Kjartan Jóhannsson, sem var hæstv. viðskrh. á undan þáv. viðskrh. Hann upplýsti að hann hefði í sinni ráðherratíð óskað eftir upplýsingum frá bankaeftirlitinu um hvert væri álit þess og Seðlabankans á því hvort starfsemi af þessu tagi samræmdist lögum um bankastarfsemi. Síðan sagði hv. þm. Kjartan Jóhannsson, með leyfi forseta:

„Ég trúi að þau svör, sem bárust, séu í fórum viðskrn., og þau svör, sem viðskrh. gaf hér áðan, séu í samræmi við þá umsögn, sem barst frá Seðlabankanum eða bankaeftirlitinu varðandi þetta efni."

Þess vegna minni ég á þessa umr. að það væri ráð að athuga hvert var álit Seðlabankans og bankaeftirlitsins á nauðsyn þess að setja um þessi mál löggjöf.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um viðbrögð flestra við þessum fsp. mínum. Í Morgunblaðið reit einn af stofnendum Kreditkorta mjög illskeytta grein og taldi fyrirspyrjanda allt til foráttu fyrir að voga sér að vera að skipta sér af þessu á hinu háa Alþingi. Ég vona að flm. þáltill. nú fái mildari meðferð og jafnvel stuðning, því að svo sannarlega á þessi þáltill. stuðning skilið. Ég treysti því að hv. Alþingi samþykki þessa till. á þessu þingi og unnið verði að því að setja um þessa starfsemi löggjöf.

Flm. getur tveggja atriða í grg. Hann talar um að skortur á löggjöf geti valdið réttaróvissu. Það er vissulega rétt. Síðan minnist hann á annað atriði og ekki ómerkara, sem er áhrif notkunar greiðslukorta á vöruverð. Ég held að það væri verkefni fyrir verkalýðsforustuna í landinu að láta mjög til sín heyra um hver eru áhrif aukinnar notkunar kreditkorta á vöruverð í landinu. (Gripið fram í.) Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson upplýsir að verkalýðsforustan noti öll kreditkort. Því fer svo fjarri að ég hafi nokkuð á móti því. En það kemur ekki í veg fyrir að hún mætti leggja nokkra vinnu í að athuga hver áhrif notkun forustunnar hefur á peningabuddur þeirra sem hún er að vinna fyrir og ég treysti að hún muni gera það. Jafnframt er ástæða til þess að neytendasamtökin í landinu létu þetta mál til sín taka.

Að endingu ítreka ég þær óskir mínar að hið háa Alþingi samþykki þessa framkomnu tillögu.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég vil byrja með því að lýsa því yfir að ég styð till. sem hér er fram komin. Ég vil einnig upplýsa að til fjh.- og viðskn. Ed. hafa þegar leitað samtök kaupmanna og farið fram á að sú nefnd beitti sér fyrir því máli og hér er hreyft, þó að ekki hafi orðið úr því enn. Það er ekki lengur hægt að líta á greiðslukortaviðskipti sem einangraða þjónustu fyrir einangraðan hóp þjóðfélagsins. Hún er þegar orðin það almenn og á eftir að verða það víðtæk að það hlýtur að vera brýn nauðsyn að setja almenna löggjöf um þetta fyrirbæri til þess einmitt, eins og flm. tekur fram, að koma í veg fyrir þá réttaróvissu sem ógreinileg skilyrði og skilmálar geta valdið.

Til aths. hef ég það eitt fram að færa að ég teldi eðlilegra að þessu máli yrði vísað til hv. allshn. og geri það að formlegri till. minni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heildarúttekt á stöðu íþrótta í landinu, þáltill. 307. mál (þskj. 596). — Fyrri umr.

Flm. (Níels Á. Lund): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að bera fram þáltill. um skipan nefndar til að gera heildarúttekt á stöðu íþrótta í landinu. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að gera heildarúttekt á stöðu íþróttamála í landinu. Starf hennar skal miðast við að unnt verði á grundvelli þeirra gagna, sem hún leggur fram, að móta samræmda stefnu í íþróttamálum til ársins 2000.

Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá: Íþróttanefnd ríkisins, Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Íþróttakennarafélagi Íslands og tveir fulltrúar frá menntmrn. og sé annar þeirra skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin skili áliti fyrir fyrsta samkomudag næsta reglulegs Alþingis, þannig að unnt verði að taka til heildarendurskoðunar, ef þurfa þykir, á næsta löggjafarþingi íþróttalög nr. 49/1956, með þeim breytingum sem á þeim hafa orðið."

Þessari þáltill. fylgir svohljóðandi grg.:

Í þeirri þáltill., sem hér er lögð fram, er lagt til að ríkisstj. skipi sérstaka nefnd til þess að gera heildarúttekt á íþróttamálum í landinu. Á áliti þessarar nefndar og tillögum verði síðan mótuð heildarstefna í þessum veigamikla málaflokki til ársins 2000, eða næstu 15 árin.

Mikið liggur nú þegar fyrir af gögnum sem nefndin getur unnið úr. Í ársbyrjun 1975 skipaði menntmrh. fimm manna nefnd til að rannsaka stöðu íþrótta í íslensku þjóðlífi. Nefnd þessari tókst ekki að ljúka störfum. Eftir er að vinna yfirlit og skrár og framkvæma rannsóknir varðandi hina ýmsu þætti sem leggja verður til grundvallar þegar meta á stöðu íþrótta.

Með þessum gögnum er m. a. unnt að athuga og gera glögga grein fyrir hvort íþróttastarfsemi og líkamsrækt með nemendum skóla og almenningi utan þeirra hefur eflst, hvort aðstaða hefur batnað og hvernig fjárveitingum hefur verið háttað frá því að Alþingi mótaði með íþróttalögum 1939 það sjónarmið „. . . að áhrif íþrótta til þroska, heilsubótar og hressingar nái til sem flestra í þessu landi".

Í þáltill. er lagt til að í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá: Íþróttanefnd ríkisins, Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Íþróttakennarafélagi Íslands og tveir fulltrúar skipaðir af menntmrn.

Um þessa nefndarskipan er það að segja að ekki er nema eðlilegt að fulltúi frá Íþróttanefnd eigi þar sæti, m. a. í ljósi þeirrar staðreyndar að um þá nefnd fer mikill hluti þess fjármagns sem til íþróttamannvirkja er varið og til fleiri þátta íþróttamála. Þá er einnig sjálfsagt að í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá þeim tveim fjöldasamtökum sem með íþróttamál fara í landinu, annars vegar Íþróttasambandi Íslands, sem er heildarsamtök íþróttafélaganna í landinu, og hins vegar Ungmennafélagi Íslands en starfsemi þess er að verulegu leyti bundin við íþróttir. Bæði hafa þau með að gera íþróttasamskipti innanlands sem utan. Þá er lagt til að Samband ísl. sveitarfélaga eigi einnig fulltrúa þar. Eins og allir vita eru það sveitarfélögin sem eiga hvað stærstan þátt í uppbyggingu íþróttamannvirkja og annast viðhald þeirra og rekstur, auk þess sem þau hvert og

eitt veita stórum hluta tekna sinna til íþróttamála eftir því sem þeim finnst eðlilegast og best.

Þá er lagt til að einn fulltrúi verði frá Íþróttakennarafélagi Íslands. Íþróttakennarar eru þeir aðilar sem daglega vinna að íþróttamálum í einni eða annarri mynd og gjörþekkja því til þessara mála. Reynsla þeirra og tillögur væru mikils virði sem innlegg í störf nefndarinnar.

Að lokum er lagt til að tveir fulltrúar frá menntmrn. eigi sæti í nefndinni. Það er ekki óeðlilegt þar sem menntmrn. er ráðuneyti íþróttamála. Um það fara allar fjárveitingar ríkisins til opinberrar fjárveitingar ríkisins til íþróttamála og það tekur ákvarðanir um byggingu íþróttamannvirkja og skiptingu kostnaðar vegna þeirra. Þá ber einnig að nefna að menntmrn. hefur einnig með höndum ábyrgð á íþróttakennslu í skólum og ráðningar starfskrafta til þeirra hluta. Í menntmrn. er starfandi íþróttafulltrúi sem hefur með höndum þessi mál fyrir rn.

Íþróttir og það mikla starf sem þeim fylgir þarfnast stefnumörkunar ekkert síður en aðrir stórir málaflokkar. Ekki ber svo að skilja að engin stefnumörkun hafi átt sér stað varðandi íþróttir því eins og allir vita eru bæði í gildi íþróttalög ásamt mörgum fleiri þáttum sem móta stefnu á þessu sviði. Eins ber á það að líta og leggja ber ávallt áherslu á að sveitarfélög, og þá ekki síður hin frjálsu félagasamtök, hafa alltaf mótað sína stefnu sjálf og eiga að gera það áfram.

Hitt er svo aftur annað mál að til þess að hægt sé fyrir þessa aðila eina sér eða alla saman að móta samræmda stefnu í íþróttamálum er nauðsynlegt fyrir þá að fyrir liggi úttekt á stöðunni eins og hún er í dag. Það er þessari nefnd ætlað að gera. Þegar þeirri úttekt er síðan lokið á að vera auðvelt að móta samræmda stefnu allra aðila í íþróttamálum.

Athugun nefndarinnar er margþætt, en helstu þættir sem athuga þyrfti og ég vil benda á eru:

A. Skólar. Aðstöðu þá sem þeir veita til íþróttaiðkana þarf að athuga, bæði bundinna í námsskrá og með frjálsri þátttöku. Einnig þarf að gera grein fyrir árangri af framkvæmd sundskyldu og öðrum íþróttaiðkunum í skólum.

B. Ungmenna- og íþróttafélög. Auk þess sem aðstaða til íþróttaiðkana, keppni og félagsmála er athuguð skal athugun einnig beinast að starfrækslu íþróttamannvirkja og hvernig þau verði best nýtt, bæði fyrir félagsbundna iðkendur og ófélagsbundinn almenning. Afla þarf upplýsing um kostnað við íþróttaiðkanir svo sem laun, starfrækslu, flutninga og tæki. Afla þarf upplýsinga um innlend og erlend íþróttaviðskipti, umfang þeirra og kostnað. Þá þarf einnig að athuga hverjar séu sérþarfir fatlaðra í íþróttum og kostnaður í sambandi við það.

C. Afreksíþróttir. Athuga þarf starf tengt Ólympíuleikum, heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni, Norðurlandakeppni, landskeppni og annarri slíkri keppni. Lýsa þarf umfangi þeirra, og greina frá kostnaði einstaklinga, félaga og samtaka s. l. ár og hver stuðningur opinberra aðila hafi verið og hver hafi verið hlutur erlendra íþróttaaðila.

D. Almenningsíþróttir. Að síðustu er lagt til að þurfi að skoða sérstaklega almenningsíþróttir. Gerð verði grein fyrir möguleikum almennings til ófélagsbundinna íþróttaiðkana og hver sé þróunin á því sviði. Í því sambandi komi fram að hve miklu leyti fjölskyldan geti notið íþróttaiðkana saman og almenningur óháð aldri og kynjum.

Mikið hefur þegar áunnist og verið gert af hálfu opinberra aðila í þessum málum en hvort íþróttaaðstaðan nái til allra þyrfti að athugast betur og gera úrbætur ef með þarf. Ástæða er til að ætla að skipuleggja megi betur en gert er nýtingu íþróttahúsa. Á flestum stöðum eru íþróttahúsin fullbókuð frá morgni til kvölds og það eru oftast ákveðin félög eða hópar sem þeirra geta notið. Þær raddir heyrast oft að erfitt sé fyrir hinn almenna mann að fá þar inni jafnvel þótt benda megi á að húsið standi ónotað. Þessu tel ég að breyta mætti mikið til batnaðar með aukinni hagræðingu og skipulagningu.

Mikið er til af góðri íþróttaaðstöðu í landinu og hefur mikil aukning orðið á henni nú síðustu ár. Ég vil nefna sem dæmi að nú eru 111 íþróttahús í landinu og þar af 55 byggð síðan 1970 eða yngri en 15 ára. Alls eru til staðar rúmir 40 þús. fermetrar af íþróttasölum í landinu og rúmir 19 þús. fermetrar af sundlaugum. Þá eru til 109 grasvellir og um 100 malarvellir og um þessar mundir er verið að vinna að 50 vallarsvæðum í landinu. Samtals eru til í landinu rúmlega 670 íþróttamannvirki. Þessar upplýsingar koma fram í fréttabréfi frá Íþróttasambandi Íslands frá því í febr. s. l. og eru unnar af Þorsteini Einarssyni fyrrv. íþróttafulltrúa ríkisins. Þótt öll þessi mannvirki séu geysilega mikið notuð mætti eflaust auka nýtingu þeirra. Sérstaklega ber að athuga hvort ekki megi gefa almenningi aukið tækifæri á að nýta þau.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á þeirri breytingu á daglegu lífi fólks á Íslandi sem ég tel að í vændum sé. Þar á ég við aukinn frítíma fólks. Eins og vitað er byggist góð fjárhagsleg afkoma manna hér ekki síst á löngum vinnutíma og margir hverjir vinna jafnvel reglulega tvöfalda vinnu. Með aukinni tölvuvæðingu og hagræðingu á öðrum sviðum vil ég vona að vinnutími manna hér styttist án þess að það bitni á fjárhagslegri afkomu þeirra. Þar með eykst frítími þeirra sem ég tel afar nauðsynlegt að hver og einn fái tækifæri á að nýta á heilbrigðan og þroskavænlegan hátt sjálfum sér og öðrum til farsældar og hamingju. Ég tel afar mikilvægt að þessu sé nægur gaumur gefinn.

Í tómstundastarfi má greina á milli tveggja stórra þátta. Annars vegar skapandi starfs sem krefst þess eða ætlast til þess að einstaklingurinn sé virkur í starfinu, skapandi, gefandi eitthvað af sjálfum sér og þiggjandi eitthvað á móti. Hins vegar er aðeins ætlast til þess í sumu tómstundastarfi að einstaklingurinn sé hlutlaus þiggjandi, matður af öðrum. Ofnotkun á slíkri afþreyingarstarfsemi tel ég afar hættulega og geti leitt til verri siða.

Áherslu ber því að leggja á hið skapandi starf. Þar má nefna ýmsa þætti tómstundastarfs, svo sem hvers konar félagsmál, listir, safnanir, klúbbastarfsemi, útivist, nám utan skóla og fleiri og fleiri þættir. En einn allra, allra stærsti þátturinn og sá vinsælasti eru íþróttir hvers konar. Íþróttir eru bæði heilbrigðar og vinsælar meðal almennings og leggja ber því sérstaka rækt við þær. Því er þessi till. flutt í þeirri von að íþróttamálin verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar og mótuð heildarstefna næstu 15 árin eða til ársins 2000.

Í framhaldi af þessari athugun þarf nefndin að gefa ábendingar um hvaða ákvæði íþróttalaga þarfnist breytinga eða hvort þörf sé á heildarendurskoðun þessara laga. Íslensk íþróttalög má rekja til þess að í apríl 1938 skipaði þáv. forsrh. og kennslumálaráðh., Hermann Jónasson, 9 manna milliþinganefnd er, eins og segir í till. þeirri sem þá var flutt, með leyfi forseta: „... geri till. til ríkisstj. fyrir næsta reglulegt Alþingi um það hvernig hagkvæmast verði að efla íþróttastarfsemi og líkamsrækt meðal þjóðarinnar, fyrst og fremst með það sjónarmið fyrir augum að áhrif íþrótta til þroska, heilsubótar og hressingar nái til sem flestra í þessu landi."

Nefndin skilaði till. að frv. til íþróttalaga á tilskildum tíma og í des. 1939 var það afgreitt sem lög frá Alþingi nr. 25 12. febr. 1940. Síðan hefur verið skv. þeim starfað að mestu óbreyttum. Endurskoðuð voru lögin og afgreidd frá Alþingi 28. mars 1956. Breytingar voru gerðar á lögunum 1968 og einnig 1972. Það er ekki ólíklegt að núgildandi íþróttalög þurfi breytinga við þótt því sé ekki slegið föstu.

Stefnumótun á að ná til ársins 2000 eða næstu 15 ára. Búast má við mikilli aukningu í þátttöku í íþróttum eins og ég sagði áðan, ekki er síst þess að vænta að hún eigi sér stað meðal almennings í ljósi breyttra atvinnuhátta og styttri vinnutíma. Það er því mikilsvert að sveitarfélög eins og aðrir geri sér þetta ljóst í tíma og bregðist við því á þann hátt að almenningur geti nýtt frístundir sínar til íþróttaiðkana sjálfum sér og öðrum til gagns og ánægju.

Að lokum skal á það lögð áhersla að ætlast er til að höfuðmarkmið nefndarinnar verði að gera tillögur sem miða að því að sem flestir hafi jafna möguleika til íþróttaiðkana hvar á landinu sem er.

Herra forseti. Að loknum þeim umr. sem hér fara fram um þessa till. legg ég til að henni verði vísað til hv. allshn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er um þarfa till. að ræða og sjálfsagða sem ég hlýt að styðja því að mikilvægi þess málaflokks sem þessi till. snertir er ótvírætt. Því hafa menn gert sér grein fyrir sem betur fer þó að skilningur hafi hvergi nærri verið nægur á þessum málum í heild sinni, m. a. ekki hjá fjárveitingavaldinu.

Málið er skylt starfi hv. fyrra flm. og eðlilegt að hann taki hér á. Það hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni að í grg. með þessari till. segir að í ársbyrjun 1975 hafi verið skipuð 5 manna nefnd til að gera úttekt á stöðu íþrótta í íslensku þjóðlífi. Síðan er nærri áratugur og þrátt fyrir það að nefndin hafi unnið vel að þessum málum um tíma að manni skilst hefur þetta mál legið í salti síðan.

Ég kom hér aðallega upp til þess að minna um leið á það að allsnemma á þingi í vetur fluttum við þrír þm. aðra till. sem fékk litla umfjöllun á þeim tíma, raunar minnir mig aðeins framsöguna og svo búið, till. um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna. Ég vil í tengslum við þessa till., sem er um náskylt efni og kemur inn á fjöldamörg sömu atriði, leyfa mér að vitna til þessarar till., með leyfi hæstv. forseta, en þar segir svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og semja löggjöf um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna. Skal í því sambandi haft náið samband við fjöldahreyfingar á þessu sviði, svo sem Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands. Meðal áhersluatriða í löggjöf þessari skulu vera:

1. Sérstök rækt verði lögð við almenningsíþróttir og hvernig laða megi sem flesta til líkamsræktar.
2. Samstarf skóla og félagasamtaka um eflingu íþrótta verði stóraukin.
3. Hvers konar íþróttastarfsemi verði skipulega nýtt í þágu baráttunnar gegn vímuefnaneyslu.
4. Tekið verði upp ákveðnara og skipulegra form þess fjárhagsstuðnings sem hið opinbera veitir við íþróttastarfsemi.
5. Tryggð verði sem best nýting þess fjármagns sem veitt er til íþróttahreyfingarinnar í því skyni að stórauka þátttöku almennings og þá ungs fólks alveg sérstaklega."

Ég bendi á þetta hér þar sem í grg. með þessari till. er sérstaklega farið inn á sömu áhersluatriði, m. a. í a-lið varðandi skólana, í b-liðnum varðandi ungmenna- og íþróttafélög og í d-liðnum varðandi aukna áherslu á almenningsíþróttir. Ég sé þess vegna að þó að þessi till. sé einskorðuð við nefndarskipan um úttekt á stöðu íþróttamála hnígur hún um margt í sömu átt og hér er um sömu áhersluatriðin að ræða í flestum þeim greinum sem máli skipta.

Fyrst og fremst er sú hugsun að baki að efla og bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar, auka þátttöku almennings, gera íþróttirnar að almenningseign, gera þær að virkum þætti í heilsugæslu okkar og þá alveg sérstaklega sem fyrirbyggjandi þætti og aðgerðum í þeirri sömu heilsugæslu. Að gera það mögulegt að nýta íþróttirnar og þá iðkun sem þeim er samfara til baráttu gegn þeirri vímuvá sem við stöndum andspænis. En eins og hv. frsm. kom inn á áðan tilheyra íþróttir þeirri grein tómstundaiðju sem hollust er og best gæti verið til þess fallin að efla lífsfyllingu manna almennt.

Í þessari till. kemur einnig fram ótvíræður stuðningur við þá áhugaaðila sem við lögðum sérstaka áherslu á í okkar till., þ. e. Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands, þar sem þessir aðilar leggja á sig ómælt erfiði fyrir unga fólkið, fyrir almenning. Það skiptir mestu, því að þessir fjármunir skila sér margfaldlega til baka, líka í beinum þjóðhagslegum skilningi svo að maður taki jafnvel hrein fjárhagsleg dæmi þar inn í, en auðvitað fyrst og fremst í bættri heilsu og aukinni og betri lífsfyllingu fólks almennt.

Mér þykir það nokkuð miður að ekkert bólar á undirtektum hv. allshn. við þessari till. okkar sem við héldum nú sannast sagna að fengi nokkuð greiða meðferð í þeirri nefnd. Fyrst hv. allshn. hefur ekki séð ástæðu til þess að skila áliti um þessa till. tel ég það sjálfgefið að hún skoði þessar tillögur báðar í samhengi því að áhersluatriðin eru svo lík í þeim báðum að ég teldi það sjálfgert hjá hv. allshn. að gera með einhverjum hætti eina till. hér úr, sameina þau áhersluatriði sem kunna að vera eitthvað öðruvísi. Þar verði farið fram á að annars vegar verði gerð úttekt á stöðu þessara mála og hins vegar betur séð fyrir skipulegum opinberum stuðningi við ungmenna- og íþróttahreyfinguna í landinu.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti.

Ég kveð mér hljóðs til þess í fyrsta lagi að lýsa stuðningi við þessa till. Ég held að það sé mjög þarft að láta fara fram heildarúttekt á hinum fjölbreyttu möguleikum sem nýttir eru í þágu íþrótta í landinu. Til þessa starfs eru lagðir mjög miklir fjármunir og það skiptir auðvitað miklu að þeir nýtist sem allra best, bæði hinum fjölmennu hópum æskufólks sem íþróttirnar stunda og svo landsmönnum almennt.

Þó að íþróttamálin heyri undir menntmrn. vil ég gjarnan beina því til þeirrar n. sem fær þetta mál til umfjöllunar hvort e. t. v. væri rétt að heilbrrn. tilnefndi líka einn fulltrúa a. m. k. í þessa nefnd þar eð hér er um að ræða mál sem mjög snertir heilsufar manna. Þess verður stundum vart að talin er ástæða til að fá enn betri tengsl einmitt við heilbrigðisþátt þessara mála. Það er ekki síst ástæða til þess þar sem áhugi á almennum íþróttum fer mjög vaxandi. Þátttaka almennings í íþróttum vex. Einmitt þetta atriði og þegar kemur til æfinga sem miðast við keppnisíþróttir gerir það að verkum að ástæða er til þess að hugsa sérstaklega um hinn heilsufarslega þátt í þessu sambandi. Ég veit að á þessu er skilningur víða en það sem einmitt vantar er það sem þessi till. fjallar um, að gerð sé á þessum málum heildarskoðun.

Það hafa verið mikil umbrot — ef ég má svo segja, umbrot í jákvæðri merkingu — á sviði þessara málefna nú á undanförnum árum og fer áhuginn tvímælalaust vaxandi. Það er auðvitað þarna sem víðar að kapp er best með forsjá og stundum vantar vissar leiðbeiningar. Það er líka ýmislegt sem unnt er að gera af hálfu sveitarfélaga til þess að hvetja til þátttöku í almenningsíþróttum, veita aðstöðu með leiðbeiningum og hvatningu án þess að í því felist svo geysimikil fjárútlát. Líka gæti það skipt máli í sambandi við þátttöku heilla fjölskyldna í ýmiss konar almenningsíþróttum. Það atriði þyrfti sérstaklega að athuga.

Þá vil ég nefna eitt atriði enn sem æskilegt væri að taka til sérstakrar umfjöllunar. Það er á hvern veg væri unnt að hvetja til aukinnar þátttöku skólanemenda í hinu svokallaða frjálsa íþróttastarfi, í íþróttafélögum, þannig að ekki verði einungis um að ræða hinar skyldugu skólaíþróttir sem vissulega eru að sumra mati e. t. v. ekki nægilega miklar og annarra mati í það mesta. Það sem máli skiptir er að virkja áhuga og getu hinna ungu nemenda í heilbrigt starf af þessu tagi. Það fer vissulega fram mikilvægt starf í þessu skyni á vegum menntmrn. og m. a. í störfum hv. flm. þessarar till. og á vegum íþróttafulltrúa og fleiri starfsmanna. Ég hygg að það verði störfum allra þessara aðila til framdráttar að fá slíka úttekt gerða sem þessi till. fjallar um. Vissulega er unnt að gera úttekt án þál. en ég hygg að hér sé um svo stóran málaflokk að ræða og svo stóran þátt í útgjöldum ríkisins eða hér sé æskilegt að fá umfjöllun Alþingis áður en að slíkri heildarúttekt verði horfið. Ég vil aðeins mæla með till., herra forseti.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek undir það að hér er hreyft þörfu máli og lýsi stuðningi við þessa till. Það er ekkert vafamál að hér er einn af þeim þáttum í okkar þjóðlífi sem er hvað mikilvægastur og Alþingi sem fjárveitingavaldinu bæri að sinna þeim þætti betur en gert hefur verið á undanförnum árum. Það er ekki vansalaust að fjárframlög, sem ríkið á að leggja til skv. lögum, skuli ekki vera afhent viðkomandi aðilum fyrr en allt upp í áratug eftir að framkvæmdum er lokið. Það sjá allir að það er fyrir neðan allar hellur að ekki sé staðið betur að málum þó að lög séu fyrir hendi. Í þessum málaflokki eins og fjöldamörgum öðrum má gera miklu betur en gert er þrátt fyrir að ekki væri meira fjármagn fyrir hendi en úthlutað hefur verið til þessara mála. Þá á ég við það að ég þekki a. m. k. mörg dæmi þess að sveitarfélög víðs vegar um landið hafa óskað eftir að hefja byggingarframkvæmdir á íþróttaaðstöðu sem kostar tiltölulega lítið miðað við það sem topparnir í menntmrn. hafa lagt til að færu í slíkar byggingarframkvæmdir en fengið synjun. Sú stefna hefur a. m. k. allt til þessa það ég best veit verið ríkjandi í rn. og hjá þeim sem ráða þessum málum að nánast hefur verið ókleift fyrir hin smærri sveitarfélög eða byggðir að byggja þessa aðstöðu upp vegna þess hversu gífurlega mikil áhersla hefur verið lögð á að þetta væri byggt miklu fullkomnara en nokkur þörf er á.

Ég veit nokkur dæmi þess úr mínu kjördæmi að tiltölulega fámenn sveitarfélög hafa óskað eftir að byggja upp aðstöðu af því tagi sem þau töldu sér nægja. En þá var neitað um fjárveitingu vegna þess að það þótti ekki nógu fín og góð aðstaða sem fyrirhugað var að koma upp.

Ef við tökum bara einn þátt út úr í þessu sem er sundið, þá er það ekki vansalaust fyrir þjóðfélag sem byggir á fiskveiðum að í velflestum sjávarplássum á landinu er ekki aðstaða til sundkennslu sem er þó sá þátturinn sem ætti að leggja hvað mesta áherslu á að sinna, ekki síst í sjávarplássunum. Þar getur oft verið um að ræða spurningu um líf eða dauða þeirra sem sjóinn sækja hvort þeim hefur auðnast að læra sund eða ekki. Það er ekki vansalaust að þessum þætti skuli hafa verið sinnt af slíkum trassaskap að í velflestum sjávarplássum á landinu er engin aðstaða til sundkennslu. Ég held að nauðsynlegt sé að gefa þessum þætti gaum í úttekt eins og hér er um talað að gerð verði.

Ég hef nokkrum sinnum hér á Alþingi flutt frv. um breytingu á kostnaðarskiptingu í sambandi við skólamálin þar sem ég hef lagt til að þátttaka ríkissjóðs yrði aukin í uppbyggingu á sundaðstöðu í sjávarplássunum þar sem hennar er mest þörf og þau verði látin ganga fyrir. Í þau skipti sem þetta frv. hefur verið flutt hefur málið verið drepið. Það er sá skilningur sem meiri hluti hér á Alþingi hefur sýnt á þessum þætti íþróttamálanna sem er auðvitað meira en íþróttamál. Hér er um að ræða þátt sem er lífsspursmál fyrir þá einstaklinga sem gera sjómennsku að lífsstarfi sínu. En undir þetta hefur ekki verið tekið á þann hátt að það næði fram að ganga.

Ég held því að þó að þessi till. sé mjög þörf og góð og ég lýsi eindregnum stuðningi við hana þurfi breytta stefnu stjórnvalda til þess að hér verði breyting á frá því sem verið hefur og er. Það þarf hugarfarsbreytingu stjórnvalda og fjárveitingavaldsins til þess að hér verði bætt úr. Sé slík hugarfarsbreyting ekki fyrir hendi kemur ekkert út úr því starfi sem hér er lagt til að unnið verði. Það eru vinsamleg tilmæli mín til hv. 1. flm. þessarar till. að hann beiti áhrifum sínum á þeim vinnustað sem hann starfar oftast nær til þess að sú hugarfarsbreyting eigi sér stað á þeim vinnustað sem gæti orðið hvatning til þess að fjárveitingavaldið tæki við sér og gæfi þessu máli meiri og betri gaum en raun ber vitni. Án þess að hugarfarsbreyting eigi sér stað hjá þeim aðilum, sem fyrst og fremst um þessi mál fjalla og

ferðinni ráða, verður engin breyting. Ég legg því höfuðáherslu á að allir þeir aðilar sem geta geri sér ljóst að til þess að ná fram árangri í þessu máli verður að hafa þau áhrif á stjórnvöld, fjárveitingavaldið og þá aðila aðra sem fyrst og fremst um málið fjalla, að fáist fram jákvæðara hugarfar til þess að breyta frá því sem verið hefur.

Þó að ég vilji á engan hátt draga úr því að mikið sé í fang færst á sem flestum sviðum er ég þó þeirrar skoðunar, a. m. k. í því ástandi sem við búum við í fjárhag og útliti í dag í þjóðarbúskapnum, að það sé númer eitt í framkvæmdum á þessu sviði að koma upp sundaðstöðu í öllum sjávarplássum á Íslandi þannig úr garði gerða að sjómenn og sjómannsefni geti áður en þeir velji sér það lífsstarf, sem er hvað hættulegast hér á landi, notið þessa þáttar í sambandi við íþróttaaðstöðuna. Ég er ekki á nokkurn hátt að gera lítið úr öðrum þáttum en ég tel þetta brýnasta verkefnið og að þessi mál séu í svo miklum ólestri allt of víða í sjávarplássum að ekki sé vansalaust fyrir Alþingi að láta það mál ekki til sín taka og það fyrr en síðar.

Flm. (Níels Á. Lund): Herra forseti. Ég vil þakka þann stuðning sem þessi þáltill. hefur fengið á hinu háa Alþingi og vonast til að framgangur hennar í gegnum þingið verði með svipuðum hætti. Ég vil aðeins bæta því við þessa umr. að nú er mikið rætt um hvers konar fyrirbyggjandi störf og mikið rætt um fíkniefnavanda. Sérstaklega er verið að tengja saman í hverju orði ungt fólk og fíkniefni. Ég vil vara við þeim hugsunarhætti að tengja það einboðið alltaf saman og vil benda á þann mótandi þátt sem slíkt getur haft. Ég nefni þetta vegna þess að ég held m. a. að ein leiðin í fyrirbyggjandi starfi sé að bjóða upp á hollt starf á öðrum sviðum. Þar hljóta íþróttirnar að skipa veglegan sess eins og þær hafa gert.

Hv. þm. Karvel Pálmason ræddi áðan um þá aðstöðu sem boðin er. Ég ætla ekki að fjölyrða um það nema ég vonast til að sú úttekt, sem fyrirhuguð er, komi til með að svara þeim spurningum t. d. hvort rétt sé að velflest sjávarpláss séu ekki með neina aðstöðu til sundkennslu. Ýmsum svona stórum spurningum er nauðsynlegt að fá svör við og ég vona einmitt að þessi nefnd komi til með að skila slíkum svörum.

Miklar breytingar hafa orðið, sérstaklega hvað varðar fjölgun í almenningsíþróttunum. Ég vil nefna ykkur sem dæmi að 1973 voru iðkendur taldir 48 þús. en 1982 eru þeir komnir í 82 þús. Þarna er að vísu eflaust eitthvað um tvítalningu að ræða en aukningin er samt geysileg. Samtals eru núna taldir vera um 88 þús. iðkendur ýmissa íþróttagreina á landinu. Við sjáum að þetta er ekki lítill fjöldi og það er ekki lítill þáttur sem íþróttir skipa í okkar þjóðfélagi. Ég fullyrði það að þetta er m. a. einn sá þáttur sem gæti nýst okkur hvað best í að brúa hið margumtalaða kynslóðabil.

Hins vegar hefur orðið vart þeirrar þróunar að meira ber á að þeir sem stunda íþróttir vilja ráða hvenær þeir fara í íþróttir án tillits til þess hvort þeir eru í ákveðnum félagsskap, án tillits til þess hvort þeir hafa einhvern ákveðinn tíma eða án tillits til aldurs eða kyns. Þeir vilja fá að ráða því sjálfir og stjórna því þar með án þess að vera félagsbundnir. M. ö. o., iðkun almennings fer stórvaxandi og það er einmitt sá þáttur, sem við þurfum að skoða.

Ég ætla ekki að ræða um þann stóra þátt sem félagsleg hlið íþróttanna er. En eins og ég bryddaði aðeins á fyrst í þessari seinni ræðu minni eru íþróttirnar ekki hvað síst hlekkur í hinu stóra og mikla fyrirbyggjandi starfi sem við erum að ræða um daginn út og daginn inn. Við sjáum kannske ekki alltaf fram á hvað sé best og kannske horfum við þar ekki til þeirra átta sem við ættum helst að gera heldur leitum lausnanna á stöðum sem minna kemur út úr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framburðarkennsla í íslensku, þáltill. 268. mál (þskj. 514). — Ein umr.

Flm. (Árni Johnsen): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um framburðarkennslu í íslensku og málvöndun. Meðflm. eru hv. þm. Halldór Blöndal og Ólafur Þ. Þórðarson, Kolbrún Jónsdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Geir Gunnarsson og Þorsteinn Pálsson.

Mörgum hefur þótt síga á ógæfuhliðina í íslenskri tungu nú um nokkurt skeið og það er ekki að ástæðulausu að fjölmargir fræðimenn í íslensku og áhugamenn um málvernd hafa haft miklar áhyggjur af þróun íslenskrar tungu.

Í grg. með till. er fjallað um ástæður fyrir mikilvægi þáltill.

Íslenska þjóðin átti snemma því láni að fagna að fóstra afburða sagnaritara og mikil skáld. Eddur og ættarsögur urðu arfur hinna óbornu, Mímisbrunnur kynslóðanna. Þegar erlend tungumál hafa herjað á þjóðina hafa Íslendingar snúist til varnar máli og menningu. Á 400 ára afmæli Guðbrandsbiblíu er ekki úr vegi að minnast þess hve prentun Biblíunnar og boðun kristinnar trúar á íslensku stuðlaði að vernd íslensku tungunnar. Hún á nú undir högg að sækja og að henni er vegið úr ýmsum áttum. Þar eigum við sjálfir ekki síst hlut að máli. Mikil ástæða er til að vera vel á verði á tækniöld, þegar erlend áhrif flæða út og suður um allar jarðir, ef við ætlum ekki að verða eins og rótlaust þang í hafsjó þjóðanna.

Í viðtölum við fjölmarga íslenskufræðinga á síðustu vikum um framburð íslenskrar tungu og málvöndun almennt lögðu þeir allir ríka áherslu á hvílíkt stórmál það væri, í orðsins fyllstu merkingu, að stinga við fæti, snúa vörn í sókn. Nokkrir sérfræðingar töldu að íslensk tunga væri orðin svo brengluð, bæði í rit- og talmáli, að varla yrði unnt að hreinsa hana nema með samstilltu átaki og markvissu. Þá væri mögulegt að snúa við blaðinu, og mætti ekki undan dragast.

Íslensk tunga er dýrmætasti fjársjóður okkar og greinir okkur frá öllum öðrum þjóðum. Hún er nátengd sjálfstæðisbaráttu okkar og því er varðveisla hennar eitt mikilvægasta þjóðræknismál okkar. Hún er undirstaða samhengis íslenskrar menningar og veitir okkur ómetanlega hlutdeild í fornum arfi, enda getur sérhver Íslendingur lesið fornan texta án erfiðleika. Ísland byggðist vegna þess að hluti Norðmanna vildi ekki lúta ofbeldi. Þeir tóku með sér út hingað dýrmæta tungu sína, efldu hana og ræktuðu, meðan hún dó austan hafs. Nú er hún kjölfestan í menningu okkar og bókmenntirnar sá þáttur hennar sem hæst hefur borið. Án þessara megineinkenna íslensks þjóðernis er vafamál hvort á okkur hefði verið hlustað, til að mynda í

landhelgisdeilum.

Við höfum tapað áttum í lestri og framburði, áherslur eru að brenglast. Sem dæmi um breytingar í þungaáherslum má nefna eftirfarandi orð: ráð**herra,** ríkis**útvarpið,** same**ining,** stjórnmála**flokkar** og þing**full**trúar, orð þar sem áherslan hefur færst yfir á seinni lið orðsins. Enn má nefna óeðlilegan sönglanda í lestri margra á opinberum vettvangi. Talað er hratt, óskýrt og með orðalagi og orðaforða sem nær engri átt.

Það er sorgleg og stórhættuleg staðreynd að íslenskan er nú æ meir töluð með erlendum framburði og framburðaráherslum, svo að úr verður algert hrognamál. Mest er þetta áberandi hjá ungu fólki og stundum er ekki hægt að skilja fyrr en í þriðju eða fjórðu lotu hvað verið er að segja. En þetta er þó einnig ótrúlega algengt hjá fólki á ýmsum aldri. Þá hefur stóraukist notkun erlendra orða í málinu, mest enskra, og á það bæði við um daglegt mál, sem þar af leiðandi er erfitt að kalla mælt mál, og einnig í sambandi við nöfn á fyrirtækjum. Mál er að linni.

Með leyfi forseta: „Við þurfum að leggja mun meiri áherslu á mælt mál og það má alveg eins kenna málfræði í mæltu máli", sagði Helgi Hálfdanarson rithöfundur í samtali við mig um þessi mál. Og hann hélt áfram:„Tungan og æskan eru okkar dýrmætasti efniviður, en það er aðeins einn og einn kennari sem gerir sér far um að bæta málfar nemenda sinna. Í heild er þetta skipulagslaust. Það er sífellt lagt meira og meira upp úr hraðlestri í skólum, en þarna verða að koma þáttaskil. Eftir þriggja ára nám barna þarf að leggja meiri áherslu á betri framburð, bæði í tali og upp úr bók, ekki skyldu framburð í öllum atriðum, heldur þannig að hver mállýska sé töluð eins vel og unnt er með einkennum sínum. Skólinn er of hlaðinn af mörgum námsgreinum og þá er spurningin hvað er mikilvægast fyrir þroska mannsins? Menningarlegt málfar er höfuðatriði."

Í mjög athyglisverðri grein í Morgunblaðinu 14. jan. s. l., „Viltu vera mem?" eftir Matthías Johannessen skáld og ritstjóra er fjallað um stöðu og stefnu íslenskrar tungu og borin m. a. saman þróun í íslensku og norsku. En tilefni greinar Matthíasar er heimsókn hans til Noregs og hvernig Íslendingur er þar sífellt minntur á uppruna sinn. Matthías Johannessen segir, með leyfi forseta:

„En það sem Íslendingi verður þó helst til umhugsunar á ferð um Noreg er tungan, þessi framlenging tilfinninga og hugsana forfeðra okkar; þessi farvegur sameiginlegra erfða og uppruna.

Það er mikilvægt fyrir Íslendinga að ferðast um söguríkar byggðir Skandinavíu og gera sér grein fyrir forsendum tilveru sinnar og þeim arfi sem ein kynslóð hefur tekið við af annarri. Það hefur eik, er af annarri skefur, segir í Eddukvæðunum. Þannig getum við einnig rifjað upp sögu Ólafs Tryggvasonar sem stofnaði Þrándheim þegar við stöndum við bryggjuhúsin við Nið og hugsum til þeirra kirkjuhöfðingja sem hingað sóttu púðrið í andleg skothylki sín. Í Björgvin getum við barið Hákonarhöllina augum og minnst þess konungs sem reisti hana og stjórnaði Íslandi eftir 1262. Og svo getum við skroppið til Lundar, Brima og Kaupinhafnar og höfum þá komið til fimm höfuðborga Íslands á einu bretti. Í Lundi stóð Jón Ögmundarson undir grásvartri hvelfingu dómkirkjunnar og söng svo fagurlega að erkibiskup leit aftur ásamt kórbræðrum til að sjá hvaða söngfugl var kominn í þennan griðastað kaþólskrar menningar og hafði erkibiskup þó forboðið bræðrum sínum að líta um öxl undir aftansöng á hverju sem gengi.

En mikilvægast er þó að sjá svart á hvítu hvernig norrænt mál hefur flosnað upp í þessum löndum og breyst á löngum tíma í skrýtnar mállýskur. Þó eimir eftir af íslensku sums staðar í Noregi, sauirnir mínir, sagði norskur bóndi við mig í Sogni. Það veit ég ekkji, sagði ung stúlka, þegar ég spurði hvenær næsta ferja færi. En kynni af málþróuninni á Norðurlöndum brýna og vekja okkur til meðvitundar um þá skyldu að standa vörð um tunguna því að án hennar yrðum við Íslendingar ekki annað en rótlaus flökkuþjóð án einkenna, forsendulaus í upplausn og rótleysi samtímans.

Það sem áður hét Bergheimur í Noregi er nú kallað Bærum. Og það sem hét Sæheimr á fornri norskri tungu er nú kallað Sem. Rjúkandi er orðið að Rjúkan, segir Þórhallur Vilmundarson í Grímni. Sæheimsvatn er nú Semsvatn. Ég hélt í fyrstu að þetta væri úr syndaflóðssögu Nóa: Sem, Kam og Jafet. Slíkt afhroð hefur tunga feðra okkar goldið í aldanna rás austur þar, að því er málfróðir menn sögðu mér. Haraldur krónprins býr á setri sínu við Asker og heitir nú Skaugum. Það er komið úr þágufallsmyndinni Skógheimum og hefur þannig eins og margt annað í norskri tungu farið veg allrar veraldar og engu líkara en frændur okkar í Skandinavíu hafi glatað þessu megineinkenni sínu, tungunni, vegna þess að þeir nenntu ekki að bera hana fram; eða hirtu ekki um það. Og nú er svo komið að enginn veit, hvað Bærum eða Sem eða Skaugum merkir, eða þau óteljandi orð önnur sem afbakast hafa með sama hætti. Vesalings heiðlóan á Dofra er orðin að skrípamyndinni: heiló. Ekki hefði höfundur Konungs skuggsjár, norskur maður á 13. öld, sætt sig við svo lausbeislaða þróun tungu sinnar og hefur hann þó áreiðanlega verið nákunnugur ýmsum mállýskum í Noregi um sína daga.

Það er svo sannarlega ástæða til að draga alvarlegar ályktanir af málþróuninni í Noregi og kenna unglingum að tala íslensku í skólum og gera kröfu til þess að þeir tali einnig íslensku sem á annað borð þykjast fjölmiðlafærir. Það er ekki einasta að menn séu farnir að „myndsegulbandvæða" íslenska tungu, heldur heyrist nú æ oftar a fyrir æ, u fyrir au og u fyrir ö svo að dæmi séu tekin. Einhver talaði nýlega um hustbrim, hufuð og hufunda, annar um fut, narbuxur og djúpa lagð við Granland, enn annar um suluvöru og miviggudag. Innan skamms verður íslensk tunga horfin og Skaugum, Bærum og Sem tekið við ef ekki verður aðhafst. Í besta falli að barnamál verði alls ráðandi íslenska. Krakkarnir segja hver við annan: Viltu vera mem? sem merkir: Viltu vera með mér? Barnamál, það er sök sér. En vonandi verður barnamál ekki sú eina íslenska sem töluð er, þegar fram líða stundir. Það verður ekki undir neinum öðrum komið en okkur sjálfum. Við skulum láta okkur nægja Sálminn um blómið og þá upphöfnu ritsnilld, sem þar hefur vaxið úr ómótaðri veröld barnsins. Lassfossar, Gard-loftur, rerðu og rykkrussa eru spaugileg og vandmeðfarin blæbrigði úr þessari ævintýraveröld.

Miklar umræður hafa sem betur fer farið fram í bæði Lesbók og Morgunblaðinu um íslenska tungu. Ungur íslenskukennari, Sverrir Páll Erlendsson, skrifaði til að

mynda stórathyglisverða grein, Mál er að mæla ..., í Morgunblaðið 13. des. 1983. Hún er alvarleg varnaðarorð um þá hættu, sem tungu okkar stafar af þeirri flatlendisþróun, sem nú á sér stað, ekki síst í sambandi við áherslur og framburð. Ef við stingum ekki við fæti, gerum harðar kröfur til alþm., fjölmiðla, kennara og sjálfra okkar (heimila barna og unglinga), dagar íslenska tungu uppi eins og austanhafs, þar sem hún varð að steini eins og fyrrnefnd dæmi sýna. Sverrir Páll bendir á mjög óhugnanleg hættumerki, raunar svo hroðaleg að við verðum að fara að kenna framburð í útvarpi, sjónvarpi og skólum, ef við ætlum ekki að verða viðskila við arf okkar og menningu. Og hvað eigum við þá eftir? Þorsklaust haf og verðlitla orku, eins og nú blasir við. Dæmi um hættumerki: lög unga fólsins. Frandi minn sem er laknir hann á jappa sem er graddn. Kvattllara geráttir? Dassgrá útvarps, þissgaland, kjarrlekur, flittaðér, leiktu vimmig. Svo að ekki sé nú talað um það, hvernig farið er að flytja aðaláherslu orða, eitt helsta einkenni íslenskrar tungu, af fyrsta atkvæði á annað, þriðja eða jafnvel fjórða atkvæði: verð**bólgu**áhrif, suð**vest**an, verðbólg**an**, verðbólguáhrif**in** o. s. frv. Ég lýk svo þessum þætti hugleiðinga eftir Noregsför með samtali sem Sverrir Páll Erlendsson fullyrðir, að sé nútíma íslenska:

Hæ.
Hæ.
Hvaseiru?
Gottbra.
Kvattlara faráttir?
Kvasseiru?
Kva attlara fará ettir?
Kvarta seia mar?
Kva attlaru a fara, seiég.
Ég skiligi hvaðúrt a reina seia.
Djösis ass nertu. Ertigi meiru?
Láttigi sona. Reindu bara tala harra. Ég heirigi almila íðér.
Ég gedigi tala harra. Herðannas. Attlariggjað koma uppidir mokkur?
Ég veidigi. Já vísta fara til lakknirs.
Akkuru? Er eikk vaðér?
Érme verkí maganum.
Íllt íonum?
Obb oss la.
Ve sen. Á éa koma meðér?
Nei, é reddus alveg. Ég bara kemstigi uppidir mukkur meðan ér hjáðussum lakknir.
Gedurigi komiðá bará ettir?
Jú, ábiggilega.
Ókei. Vertu ðáigi leingi.
Neinei.
Altilæ, séðigðá.
Ókei, bæðá.
Blesar.

Helgi Hálfdanarson segir í niðurlagi greinar sinnar um málrækt (Morgunblaðið 3. jan. 1984), að þau tvö boðorð sem þar skipti mestu máli séu: íhaldssemi og gífurleg íhaldssemi. Hann hefur oft verið útvörður, þegar íslensk tunga hefur þurft á að halda. Ég læt mig að vísu litlu skipta, hvort við sunnlendingar segjum taga og láda, en norðlendingar taka og láta. Slíkt eru engin óeðlileg blæbrigði á tungu sem er að þróast á vörum lifandi fólks, auk þess sem sunnlendingar geta vart lært harðhljóðin, svo að rétt sé, frekar en norðlendingar hvhljóðið. Sunnlendingur næði ekki réttri röddun í orðum eins og stúlka og mjólk, auk þess sem slíkur framburður yrði tilgerðin einber. Slíkt getur engum sköpum skipt, a. m. k. ekki ef við þekkjum okkar vitjunartíma og komum með kennslu og ákveðni í veg fyrir að láda verði la og taga verði ta eins og í frændþjóðamállýskum okkar og Helgi bendir á. En slík þróun væri að vísu í ætt við efni þessarar ferðagreinar frá Noregi. En ráðumst fyrst að helstu hættunum eins og flámælinu á sínum tíma. Blæbrigðin eru skemmtileg tilbreyting, ef þau eru innan hóflegra marka.

Mállýskutilbrigðin í Noregi eru einu eftirlegukindur fornrar norrænnar tungu, sem gaman er að, þótt við Íslendingar kunnum ekki alltaf að meta þær vegna návistar við dönsku og systur hennar, ríkismálið (sem hafa einnig verið farvegur mikilla bókmennta — en það er annað mál). En mundi okkur ekki vera hollast að líta í eigin barm? „Milli mín og þín eru þúsund ár", sagði gamall alþýðumaður við mig fyrir 30 árum. „Ég er samtímamaður Egils Skallagrímssonar." Ég skildi ekki þá til hlítar, við hvað hann átti. Nú skil ég það betur. Tungutak hans var gullaldarmál — án þess að hann vissi það sjálfur. Það væri óskemmtilegt, ef snara þyrfti Snorra-Eddu eða Laxness á það hrognamál, sem hér að framan er vitnað í og tekið er úr grein Sverris Páls Erlendssonar. Öll berum við ábyrgð á þessari aðför að tungunni. Boðorðin tvö um íhaldssemi og gífurlega íhaldssemi eiga rétt á sér, a. m. k. í augum þess sem hefur fengið sína „lexíu" á lærdómsríkri ferð um Noreg."

Nú er það ekki nýtt að varað sé við þeirri þróun að íslensk tunga sé að afbakast og víst verður hún að hafa ákveðinn sveigjanleika eins og allt sem lifir og er breytingum undirorpið. En á sama ári og við minnumst 40 ára afmælis íslenska lýðveldisins og 400 ára afmælis Guðbrandsbiblíu er ljóst að svo hratt hefur sigið á ógæfuhliðina í framburði og málfari okkar að snarlega verður að grípa til ráðstafana ef við ætlum að halda tungunni og viljum að niðjar okkar geti áfram lesið fornar bókmenntir og nýjar.

Athyglisverðar eru hugmyndir sem fram komu í greininni „Mælt mál og málvöndun" eftir prófessor Matthías Jónasson í Morgunblaðinu 10. febrúar s. l., og eru þær skynsamlegar til úrbóta í þessum efnum og koma heim og saman við skoðanir íslenskra fræðimanna sem rætt hefur verið við um mál þessi.

Í umræddri grein prófessors Matthíasar segir, með leyfi forseta:

„Í ritgerð minni, Móðurmálsnám (Tímarit Máls og menningar 1951, 3. hefti) leiddi ég rök að því, að hinn hljómandi þáttur tungunnar, mælt mál, væri hróplega vanræktur, svo að „réttur hreimur og eðlilegur málblær" yrði að þoka í skólum vegna ofurkapps eftir lestrarhraða. Þar segir m. a.:

„Rétt ritað mál, lesið á réttan hátt, hljómar sem mælt mál. Hér sannast enn á ný að sú rót, sem allar greinar málsins vaxa af, er tungan, hið hljómandi mál. Málið er hið sama, rétt lesið af bók og mælt af munni fram. Þannig numin lýkur tungan upp fyrir börnum og unglingum dýrasta andlegum auði þjóðarinnar, bókmenntunum".

Og síðar segir:

„Þannig er vanræksla í kennslu hins mælta máls að

drepa alla lifandi orðsnilld. Því að mælskan hvílir á tungu manns, ekki á pennanum. Hún krefst annarrar tækni en ritlistin ...“

Enn segir:

„Hér þarf að stinga við fótum. Hér er þörf afturhvarfs. Íslenskukennarar verða að snúa sér að þeim mikilvægari verkefnum, sem bíða þeirra. Stafsetningaræfingar og skrifleg fullgreining ná aldrei tilgangi sínum, meðan hljómfegurð, myndauðgi og skýrleiki mælts máls týnast og gleymast í skugga þeirra. Ef við viljum innræta æskunni málvöndun, bæði að hljómi, orðavali og byggingu, þá verðum við öllu framar að kenna henni að tala málið skýrt og hreint, opna eyru hennar fyrir hljómi og gerð hins mælta máls, kenna henni að þekkja og virða lögmál málfræðinnar í hinum síkvika straumi þess. Hver unglingur, sem lýkur námi, á að kunna að orða hugsun sína viðstöðulaust, tala með eðlilegum hraða svo hreint mál og fagurt sem hann gæti ritað best, tala með eðlilegum áherslum og hreinum raddblæ“.“

Þá segir prófessor Matthías:

„Hugmynd mín er sú að stóraukin rækt verði lögð við kennslu og þjálfun í mæltu máli, allt frá þriðja eða fjórða ári grunnskóla. Hún á að tengjast lestri, en takmarkast þó engan veginn við hann, enda fer meginhluti skólakennslu fram á mæltu íslensku máli. Eftir þrjú skólaár er allur þorri barna orðinn sæmilega læs. Þá ætti að hefjast nýr þjálfunaráfangi í áheyrilegum lestri og framsögn og standa til loka grunnskólans. Vissulega þarf að kenna skýran og hljóðréttan framburð allt frá upphafi skólagöngunnar og veitir hljóðaðferðin við lestur góð tök á því. Samt þurfa börn að hafa náð nokkurri lestrarleikni áður en þeim er ætlandi að losa sig frá bókinni að því marki, að lestur þeirra nálgist hreim hins mælta máls.

Rangt væri að gera sér tálvonir um skjót umskipti, en með raunsæjum undirbúningi mætti þó ná verulegum árangri. En hvað er raunsær undirbúningur? Hér er ekki rúm til að skýrgreina það, en þó vil ég nefna tvö atriði. Kennarar eru yfirleitt vel talandi, samt þyrfti að halda með þeim sérstök þjálfunarnámskeið. Í öðru lagi þyrfti að fella út úr námsskrá þýðingarminna efni til að rýma til fyrir aukinni móðurmálskennslu. Það væri blindni að taka upp nýjar námskröfur, að þeim óbreyttum, sem nú gilda.“

Í lok ræðu Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi um Hismið og kjarnann, sem hann flutti í Egilsstaðaskógi sumarið 1958, segir m. a., með leyfi forseta:

„Á morgun hefst nýr vinnudagur. Að því skal stefnt, að hagsæld komi í stað dýrtíðar, samhugur í stað sundrungar, tómstundir í stað lamandi strits, tónlist í stað dægurlaga, stjórn í stað ofstjórnar, andi í stað efnishyggju. Þá mun íslenskur ættstofn vaxa og þjóðlíf blómgast, uns hver einasti maður lifir samkvæmt þeim lögmálum, sem veita honum mesta fullkomnun.

Til þess reis Ísland úr sæ að veita börnum sínum hlutdeild í því, sem mest er og dýrmætast. Þess vegna mun það um komandi aldir verða þjóðinni hjartfólgin móðir og fósturjörð“.

Til þess að orð okkar ástsæla þjóðskálds standist tímans tönn ber okkur að tryggja íslenskt mál í sessi, vernda það gegn mengun, skola hismið frá kjarnanum. Það á að vera okkur leikur einn, ef við er brugðist.

Davíð frá Fagraskógi segir frá kveðjustund séra Matthíasar Jochumssonar og Stephans G. Stephanssonar í grein um kynni sín af séra Matthíasi, með leyfi forseta:

„Þótt þessi tvö höfuðskáld hefðu bæði hlotið hinn innra eld í ríkulegum mæli, var útlit þeirra og framkoma næsta ólík, ekki síður en ljóð þeirra. Matthías var feitlaginn, þreklegur og höfðinglegur útlits. Stephan grannur og þreytulegur. Matthías síkvikur og sítalandi. Stephan hæglátur og fámáll. Og nú sátu þeir hvor í sínu horni dagstofunnar á Sigurhæðum og horfðust í augu — í síðasta sinn. Yfir Stephani hvíldi hljóðlát kyrrð, alvöruþungi. Matthías var orðhreifur og gamansamur. Ég fann, að þessar tvær gömlu hetjur undu vel samvistum. Enda þótt ljóð þeirra væru ólík að formi og ytra búnaði, áttu þeir sviplíkar hugsjónir, drauma um heill og framtíð þeirra, sem jörðina byggja. Þó að ljóð Stephans væru veðurbitin, en ljóð Matthíasar geislum mögnuð, höfðu bæði skáldin náð þeirri snilld, sem því aðeins næst, að mikill andi og heitt hjarta leggi saman alla krafta sína.

Það leyndi sér ekki, að þeim var þungt um andardráttinn. Samtalið var stutt og fábreytt, engin andagift, enginn eldur — aðeins hversdagsleg orð.

Loks reis Stephan úr sæti — Matthías líka. Nokkur andartök stóðu þeir andspænis hvor öðrum, hljóðir, orðlausir. Geti andlegar verur úr öðrum heimi nálgast jörðina, þá er ég sannfærður um, að á þessari stund var stofa Matthíasar full af ósýnilegum, hvítum sálum. Og þarna stóðu þeir, tveir höfðingjar andans, sinn úr hvorri heimsálfu, en þó synir sömu þjóðar, báðir rammíslenskir. Báðir höfðu þeir unnið stórvirki, báðir hlotið ást og lotningu Íslendinga. Hér átti íslensk skáldlist, íslensk hámenning aldarinnar, sína bestu fulltrúa, og guð má vita, hvenær tveir slíkir menn heilsast og kveðjast aftur. Á þessari stund var að gerast mikill atburður, einn hinna merkari í sameiginlegri sögu Íslendinga heima og erlendis.

Loks rétti Stephan G. fram æðabera, skjálfandi höndina. En þá breiddi Matthías út faðminn, vafði Stephan örmum og — kyssti hann. Matthías grét, Stephan grét ekki. Það var eins og andlit Stephans væri höggvið úr bergi, hrufótt, stirðnað, aðeins augun ljómuðu — og sá ljómi var ósvikinn. En það vissi ég þá og seinna, að skilnaðurinn var honum mun þyngri og sárari en séra Matthíasi. Það var eins og Stephan G. hefði kvatt allt Ísland og alla íslensku þjóðina hérna megin hafsins í síðasta sinn, með þessum eina kossi. Úr þessu var hann á heimleið — vestur.

Íslendingar ættu aldrei að gleyma þessum skáldakossi. Þeir mega muna hann sem tákn skyldleikans, tákn hins íslenska anda, sem tengja skal alla Íslendinga, hvar sem þeir búa á hnettinum.“

En grundvallartáknið er tungan sem skáldin notuðu hvort í sinni heimsálfu og varð að stórveldi í verkum þeirra.

Þegar íslensk tunga er orðin bögglauppboð í töluðu og rituðu máli í útvarpi, sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum, skulum við rísa upp til varnar. Við þurfum að útrýma margs konar skekkjum og slappleika á hinu víða sviði framburðar og málvöndunar. Hér má nefna t. a. m. furðulega þróun nafna íslenskra fyrirtækja. Sé ekið annars vegar um Reykjavíkurveg við Hafnarfjörð og hins vegar um Laugaveg í Reykjavík blasa eftirfarandi nöfn fyrirtækja við: Libra, Shell, Bombay, Amor, Bimm Bamm, Parma, Prisma, Gaflinn, Winnys, Higas,

Domus, Goldie, Magnor Kristall, Gresco, Top Class, Figaro, Pom Dápi, Marella, Baby Björn, Carters, Faco, Quadro, 012 benetton, Blondie, Habitat, Costa Boda, Bristol og Biering, svo ekki sé nú talað um allar vídeóleigurnar.

Að mörgu er að hyggja. En með samstilltu átaki heimila, kennara, fjölmiðlafólks og hins opinbera ætti okkur að auðnast að fá börn og ungmenni til að beita tungutaki landshluta síns eins skýrt og áheyrilega og hæfileikar hvers og eins leyfa, og rækta þannig framburð og málvöndun.

Það eru sköp ef faðir deyr á undan syni, en ósköp ef sonur deyr á undan föður. Svo nákvæm er íslensk tunga. *Þannig eru það sköp ef tungan heldur réttum* hljómi, en ósköp ef hún breytist í hrognamál. Það skiptir ekki máli hvort við segjum að Eyjafjörður sé stórkostlega fagur, eða með leyfi forseta: „Djöfull eru þetta frambærileg fjöll", eins og Helgi Sæmundsson orðaði það við mig fyrir norðan nýlega. En það hefði skipt sköpum ef hann hefði sagt: Djölletta framifjöl!

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa fyllsta stuðningi við þessa till., sem ég tel tímabæra, og lít með umburðarlyndi fram hjá því að hún svo og grg. er skreytt forneskjutákni því er zeta nefnist. Góður framburður og vandað málfar ætti að vera keppikefli allra Íslendinga og þeim mun frekar þar sem tunga okkar er svo sérstæð. Ég er sammála þeirri skoðun flm. þessarar till. að íslensk tunga eigi nú í vök að verjast og að fyllsta ástæða sé til að spyrna við fótum. Á það bæði við um latmæli og linmæli svo og hreinar málfræðilegar villur. Látum nú vera þótt gullaldarmálið liggi ekki öllum laust á tungu en undanlátssemi við málsóða er farin að valda verulegum áhyggjum. Vissulega er þetta ekki nýtt vandamál en það er áreiðanlega vaxandi vandamál og hefur að ég tel sigið heldur á ógæfuhliðina síðustu ár. Mér er minnisstætt þegar ég fyrst kynntist latmæli í sinni verstu mynd fyrir 25 árum eða svo. Það var menntaskólanemandi, og skiptir kannske ekki *máli hvaðan af landinu hann var*, sem sagði m. a. alltaf „ávuru" í stað af hverju og mér fannst í raun og veru erfitt oft að skilja mælt mál hans. Þeim hinum sama fannst víst einnig stundum erfitt að skilja mig, en það var þó hreint ekki vegna þess að ekki væri kveðið nægilega fast að orði. Á þessum árum var hér um frekar einangruð tilfelli að ræða og ég minnist þess ekki að slíkt hafi valdið miklum áhyggjum eða verið sérlega umtalað. Nú virðist mér einmitt latmæli af þessu tagi hafa færst gífurlega í vöxt eins og reyndar 1. flm. gaf nokkur dæmi um hér áðan og mætti nefna mörg fleiri. Ég vil aðeins nefna örfá eins og „tvöðusund" í staðinn fyrir tvö þúsund, sem er mjög algengt að heyra núna í máli barna og unglinga, „inndudeild" í stað innheimtudeild, sem ég heyrði margsinnis í útvarpi eitt sinn, „fóbolti" í stað fótbolti. Þetta eru dæmi um latmæli sem fullyrða má að færist í vöxt. Vil ég m. a. kenna því um að alls ekki hafa verið gerðar nægilega miklar kröfur til framburðar þeirra sem koma fram í ríkisfjölmiðlunum.

Þá virðist harðmæli, þ. e. t,-p,-k-framburðurinn einnig á undanhaldi fyrir linmælinu d, b, g. Ég er ósammála því sem um þetta stendur í grg. með þessari till. og ég vitna hér í með leyfi forseta. Á bls. 4 í þessari löngu grg. stendur eftirfarandi:

„Ég læt mig að vísu litlu skipta hvort við Sunnlendingar segjum taga og láda, en Norðlendingar taka og láta. Slíkt eru engin óeðlileg blæbrigði á tungu sem er að þróast á vörum lifandi fólks, auk þess sem Sunnlendingar geta vart lært harðhljóðin svo að rétt sé frekar en Norðlendingar hv-hljóðið."

Linmæli eða harðmæli er fyrir mörgum aðeins smekksatriði, en hér er um annað og meira að ræða að mínum dómi. Ef ekki er spyrnt við fótum heldur þróunin áfram. Harðmælið er nú á undanhaldi og þegar linmælið hefur náð fótfestu svo að harðmæli heyrist vart nema í máli einstakra þá er stutt í enn meiri linku í máli. Þá er stutt í að t, sem orðið er d, breytist í ð. Íslendingar segi láða í stað láda, sem margir segja sem betur fer enn þá láta. Og þá er stutt í að b, sem til er orðið úr p, breytist í v. Menn segi káva í stað kába, fyrir eldra kápa. Og loks er stutt í að k, sem breyst hefur í g, verði enn linara. Menn segi þá taqa í stað taga fyrir enn eldra taka. „Það er bleyduvæda á gödum Reygjavígur," sögðu *norðlensk börn í gamla daga og gerðu þannig gys* að sunnlenskunni, sem svo var nefnd, en er og hefur lengi verið miklu víðtækari en svo að kenna megi hana eingöngu við Suðurland. Ef ekki verður spyrnt við fótum á þessu sviði kynni þessi setning að hljóma svo eftir allmarga áratugi vænti ég: „Þa e bleyðuvæða á göðum Reyqjavíqur" og þyrfti þá meira en regnkávu til að mæta þeim aðstæðum á réttan hátt. Hins vegar er ég sammála því, sem stendur í grg., að röddun í framburði eins og tíðkast á Norðurlandi eystra í orðum eins og stúlka, *mjólk, hempa, vöntun* o. s. frv. sé ekki keppikefli þeim sem ekki hafa alist upp við slíkan framburð og er ekki hlynnt því að reynt sé að kenna hann, þótt óneitanlega væri mikil eftirsjá í þeim framburði, ef hann legðist algerlega af, á sama hátt og leitt væri ef langa aið þeirra Vestfirðinga legðist af með öllu.

Um málfræðivillur í töluðu máli finnst mér óþarfi að fjölyrða, en vil taka fram að mér finnst undanlátsmenn á því sviði hafa verið of ráðandi undanfarin ár. Væntanlega er óþarfi að færa frekari rök fyrir því að ástæða sé *til að spyrna við fótum og vinna að því* að aukin rækt verði lögð við málvöndun og kennslu í framburði íslenskrar tungu svo sem þessi till. til þál. gerir ráð fyrir. Ég sakna þess hins vegar að ekki er fjallað um það að neinu marki í grg. hvernig framkvæmdin megi verða. Því miður hef ég nú engar ákveðnar tillögur þar um, enda stóð ég ekki að undirbúningi þessa máls og hef ekki gefið mér tíma til að huga sérstaklega að því. En ég vil a. m. k. láta það koma fram að ég tel sérstaka nauðsyn bera til þess að auka verulega kröfur á hendur þeim sem flytja mál í útvarpi og sjónvarpi. Það er t. d. deginum ljósara að einkanlega þeir sem koma fram í tónlistarþáttum fyrir ungt fólk og íþróttaþáttum bera mikla ábyrgð á versnandi framburði í máli ungs fólks. Og við eigum sem betur fer fjöldann allan af vel menntuðu fólki og áhugasömu um varðveislu íslenskunnar í sinni fegurstu mynd, sem treystandi er til að vinna að þessu máli, *ef því er gert það kleift.* — [Fundarhlé.]

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að auka mörgum orðum við þessa umr. Það gleður auðvitað gömul augu mín að sjá slíka till. lagða fram og gömul eyru að heyra um þessi mál rætt.

Mig minnir að hv. 7. landsk. þm. hafi orðað það svo að þetta væri tímabær umræða og tímabær tillögugerð. Umræður og göfug áform í þessum efnum var, er og verður tímabært mál. Það er hins vegar engin nýlunda á hinu háa Alþingi að þessi mál beri á góma. Ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp örstutta tillögugerð frá árinu 1977 þar sem ég ber fram till. til þál. um íslenskukennslu í fjölmiðlum ásamt með hv. þm. Tómasi Árnasyni, Jónasi Árnasyni rithöfundi, Gylfa Þ. Gíslasyni fyrrv. ráðh. og hv. þm. Karvel Pálmasyni. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um að sjónvarp og útvarp annist kennslu og fræðslu í öllum greinum móðurmálsins. Þrettán manna ráð" og taki menn nú eftir, því að spurt var af hálfu hv. 7. landsk. þm. um framkvæmdina: „Þrettán manna ráð, kosið hlutfallskosningu á Alþingi, skal hafa með höndum stjórn þeirra mála."

Í grg. sagði svo með leyfi hæstv. forseta:

„Engum dylst að íslensk tunga á nú í vök að verjast. Á þetta sérstaklega við um talað mál, framburð og framsögn. Einnig fer orðaforði fólks þverrandi og erlend áhrif hvers konar vaxandi. Engum orðum þarf að fara um lífsnauðsyn þess, að stemma stigu við slíkri óheillaþróun, og snúa við inn á þá braut íslenskrar málhefðar sem ein verður farin ef íslensk mennig á að lifa og dafna.

Ríkisútvarpið hefur lagt nokkuð af mörkum til fræðslu og kennslu í íslenskum fræðum, tungu og bókmenntum. Er það góðra gjalda vert, en það er skoðun flm. að betur megi ef duga skal, og á það einnig við um meðferð tungunnar yfirleitt í munni þeirra sem í útvarp tala.

Áhrifaríkasti fjölmiðillinn, sjónvarpið, hefur hins vegar í engu sinnt fræðslu í meðferð íslenskrar tungu. Virðist jafnvel ekki lögð sérstök rækt við orðfæri eða framburð þeirra sem þar starfa." Þetta átti nú og á sínar undantekningar og mæli ég þetta af sérstökum ástæðum sem mér nú koma í hug. „Á þessu þarf að verða gjörbreyting", segir enn. „Langsterkasta áróðurstækið, sem flust hefur inn á gafl á hverju heimili landsins, þarf að taka tröllataki til eflingar íslenskri menningu, sérstaklega til viðreisnar íslenskri tungu, en það er brýnasta verkefnið nú.

Lagt er til að kosið verði hlutfallskosningu á Alþingi þrettán manna ráð sem hafi með höndum stjórn þessara mála í fjölmiðlunum. Verkefnið er viðamikið og þykir flm. því ástæða til að allmargir eigi hlut að máli, enda hefur þjóðin til þess arna á að skipa mörgum mjög hæfum mönnum." Svo mörg voru þau orð.

Þetta mál var rætt ítarlega á hinu háa Alþingi veturinn 1977—1978 og niðurstaðan varð samþykkt þál. um íslenskukennslu í Ríkisútvarpinu, samþykkt á Alþingi 5. maí 1978, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um að kennsla og fræðsla í Ríkisútvarpinu í öllum greinum móðurmálsins verði efld".

Nú er að spyrja um framhaldið. Og það er ekki ný fsp. sem menn varpa fram nú. Það hefur verið spurt skriflega og formlega á hinu háa Alþingi um framkvæmd þessarar þál. Mér flaug í hug svarið á dögunum, þegar menn æddu hér upp með fyrirgangi og hneykslan af því sem fallið hafði milli stafs og hurðar þáltill. frá hinu háa Alþingi um lífefnaiðnað og líftækni. Þar kom m. a. upp hæstv. fyrrv. menntmrh., og þykir mér nú mjög miður að hann skuli vera fjær, og hneykslaðist á því og taldi að það þyrfti nú sérstakrar athugunar við hvernig það mætti vera að till. eins og þessi hefði mislagst með þeim hætti að hún hefði ekki komið til meðferðar af framkvæmdavaldinu. Það var nú að mér komið að fara upp og minna hann á að ýmsar tillögur hefðu verið samþykktar á hinu háa Alþingi og ályktað í ýmsum málum sem framkvæmdavaldið hefði ekkert gert með.

Ég þarf ekki að kvarta undan því að á hinu háa Alþingi hafi ekki verið áhugi á þessum málum og vel vikist undir, þegar þau hefur borið á góma, með ályktanir og samþykktir. Ég minni auðvitað á samþykkt Alþingis frá 1973 þegar stafsetningarsullumbullið reið hér húsum. Það var gerð samþykkt á hinu háa Alþingi. Hvað gerði framkvæmdavaldið? Það beitti valdníðslu hreinni eins og það hefur jafnan gert í þessum málum. (**Gripið fram í:** Hvað gerði það?) Ekki neitt, hlýddi ekki boði hins háa Alþingis. Yfir því hef ég kvartað að hið háa Alþingi hafi látið misbjóða sér með þeim hætti sem hér ber raun vitni um. Yfir því hef ég sárlega kvartað æ ofan í æ og fyrir því m. a. hef ég lýst því yfir að ég muni, meðan ég gegni ráðherrastöðu, framkvæma hvað eina sem hinu háa Alþingi þóknast að samþykkja. Og ég hef bætt við, með leyfi forseta: hversu vitlaust sem það kann að vera — af því sem þetta er siðferðisskylda þeirra sem með framkvæmdavaldið fara. Það þarf að taka þessi mál sérstökum tökum og láta framkvæmdavaldið finna til þess í hvers þjónustu það er og hver ræður þegar til kastanna kemur.

Það er með ólíkindum að menn skuli una því að í þessu máli, einu mikilvægasta af málum sem hið háa Alþingi fæst við, skuli hreinni og beinni valdníðslu vera beitt æ ofan í æ árum saman. Skellt hefur verið skollaeyrum við þegar menn hafa yfir þessu kvartað og gagnrýnt þetta harðlega, sem hefur skeð ár eftir ár og oft á ári. Ég spurðist fyrir um það fyrir tveimur árum eða svo hvað liði framkvæmd þál. frá 5. maí 1978. Svör gáfust ekki. Eitthvert þvarg um það að þeir teldu ýmis tormerki á að framkvæma þetta í Ríkisútvarpinu, stjórnendur þar. Og mála sannast er það — og maður getur dæmt það af viðbrögðum hins háa Alþingis, hinum jákvæðu viðbrögðum þess — að hér hlýtur að stranda á embættismannavaldinu. Það er alveg óhjákvæmilegt. Framkvæmdavaldið, sem á hér sæti meðal okkar þm. og erum við einir af þeim, mundi ekki haga sér með þessum hætti ef það væri ekki hið valdagíruga embættismannavald sem þarna hefði úrslitaáhrif. Og aumingjaskapur framkvæmdavaldsins að láta þetta embættismannavald setja sér stólinn fyrir dyrnar. (Gripið fram í.) Það var auðsýnt hverjir réðu ferðinni þegar ályktunin í stafsetningarmálunum var gerð um árið. Það vissu allir menn. En það hlýtur einnegin að vera að þarna, þegar kemur til kasta framkvæmdavaldsins að gefa fyrirmæli um að framkvæma ályktun eins og þá sem ég hef vitnað hér til, þá getur ekki verið öðrum um að kenna en embættismannavaldinu, sem hundsar fyrirmælin, og aumingjaskap framkvæmdavaldsins sem lætur þar við sitja.

Ég á sérstakt erindi að taka undir með tillögugerð eins og þeirri sem hér liggur fyrir. En ég minni auðvitað á að sporin hræða. Ég gerði það að lokum um árið að

fallast á að það ákvæði tillgr. sem gerði ráð fyrir þrettán manna ráði væri numið brott. Það hefði ég aldrei átt að gera. Ég boða hér brtt., viðaukatillögu við tillgr. á þskj. 514 um framkvæmdaaðila, valinn af hinu háa Alþingi, sem fær þetta verkefni í hendur, því það er margsannað að þeir sem við hafa átt að taka og fara að vilja Alþingis hafa skellt við skollaeyrum. Við það verður ekki unað lengur. Æ fleiri sjá í hvert óefni stefnir. Ég bið um það að sú n. sem fær þetta til meðferðar taki sérstaklega tillit til þeirrar reynslu sem af þessu hefur fengist. Það er þýðingarlaust og ég hef engan áhuga á því að samþykkja enn á ný till. þessa efnis ef við ekki ráðum fram úr framkvæmdinni um leið, ef við ekki segjum fyrir um það nákvæmlega hverjir skuli hafa með höndum framkvæmdina, vegna þess að það er margsannað að þeim er ekki treystandi sem hafa átt að sjá um framkvæmdina áður fyrr. Hvers vegna ekki þrettán manna akademíu? Það er a. m. k. góð tala. Ég geri ráð fyrir því að ég muni flytja viðaukatillögu sem gengur í þá átt. Vildi ég þá mega mælast til við hv. n. að hún taki þetta mitt málskot sérstaklega til meðferðar og kysi helst, og mun enda koma því á framfæri við hana, að hún flytti slíka breytingu.

Ég legg höfuðáherslu á þetta: að við sjáum fyrir framkvæmdinni um leið. Ég er sannfærður um að þeir sem til þessa yrðu valdir mundu víkjast undir það með glöðu geði. Hver og einn þingflokkur mundi fá til þess mannskap sem ekki þyrfti að þiggja há laun fyrir þó sjálfsagt sé líka að menn hafi fyrir snúð sinn.

Þetta var aðalerindið og eins að rifja upp fyrir fólki þessa hörmungarsögu um aumingjaskapinn hjá framkvæmdavaldinu og frekju og yfirtroðslu embættismannavaldsins sem hefur haldist það uppi að hafa að engu viljayfirlýsingar og ákvarðanir hins háa Alþingis.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hæstv. iðnrh., var ekki að skafa neitt utan af hlutunum frekar en hans er vandi hér í þessum ræðustól. Það er hverju orði sannara sem hann sagði um hversu ömurlegt til þess er að vita þegar Alþingi gerir ályktanir sem framkvæmdavaldið síðan kýs að hafa að engu. Nú beini ég því til hæstv. iðnrh., enda hæg heimatökin hjá honum þar sem hann er handhafi framkvæmdavalds, situr í ríkisstj., að hann beiti nú áhrifum sínum þar til þess að eitthvað verði að gert.

Ég get sömuleiðis tekið undir þá gagnrýni hans á þeirri till. sem hér er til umr. að þar skuli ekki vera neitt um framkvæmdina fjallað. Rétt er að það komi fram að hv. 1. flm. þessarar till. bauð mér að gerast meðflm. að henni en ég kaus að hafna því góða boði, ekki vegna þess að ég sé ekki sammála þeim efnisatriðum sem felast í till., einkanlega því sem segir í upphafi hennar, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að í ríkisfjölmiðlum og í grunnskólanámi verði stóraukin rækt lögð við kennslu í framburði íslenskrar tungu og málvöndun...“ Hins vegar tjáði ég honum að mér fyndist síðari hluti till. hreint ekki vera skýrt eða skilmerkilega orðaður, þ. e. „... svo að grundvöllur tungunnar raskist ekki, en hann varðar meginþátt íslenskrar menningar eins og varðveisla tungunnar að öðru leyti.“ Mér finnst þetta bara hálfgerður grautur, svo ég segi mína meiningu alveg umbúðalaust. Þetta er ekki skýrt hugsað og ekki skýrt fram sett. Ég vil geta þess líka að grg. var mér heldur ekki að skapi. Ólíkt skýrari og skilmerkilegri þótti mér sú grg. sem vitnað var til í síðustu ræðu.

En efnislega get ég tekið undir og stutt það sem felst í till. og tek jafnframt undir það sem hæstv. iðnrh. sagði að hér þarf að ákveða um framkvæmdina einnig. En ekki er ég alls kostar viss um að sá háttur, sem hann hefur lagt til að verði á þessu hafður, sé endilega bestur. En um það má að sjálfsögðu lengi deila og mun sitt sýnast hverjum.

Hér var nokkuð vikið að Ríkisútvarpinu og hlutverki þess í þessum efnum sem óneitanlega er stórt og vandasamt. Ég hef átt sæti í útvarpsráði síðan á árinu 1978. Ég minnist þess ekki — þó kann það að vera — að þangað hafi komið tilmæli frá menntmrn. um að framfylgja þessari samþykkt Alþingis. En hitt er það að nokkur viðleitni er höfð uppi af hálfu Ríkisútvarpsins í þessum efnum og nefni ég þar fyrst þáttinn Daglegt mál sem er fluttur þrisvar sinnum í viku, bæði kvölds og morgna raunar, þáttur sem ég held að sé með áheyrilegasta útvarpsefni og jafnframt í flokki með því efni sem einna mest er hlustað á. Ég nefni til þáttinn Íslenskt mál sem er í höndum þeirra orðabókarmanna. Eftir þeim bréfum að dæma sem þeim umsjónarmönnum berast er mikill og lifandi áhugi á verndun íslenskrar tungu meðal þjóðarinnar. Ég hygg að á þennan þátt sé einnig mikið hlýtt.

Sjónvarpið hefur verið aðgerðaminna í þessum efnum, kannske skv. eðli máls, en nokkur viðleitni var þar höfð uppi fyrir fáeinum árum um skýringar á myndhverfum orðtökum ef ég rétt man. En auðvitað má miklu betur gera.

Nú á undanförnum vikum og mánuðum með tilkomu annarrar útvarpsdagskrár, Rásar 2, sem svo hefur verið nefnd, hefur að nokkru keyrt um þverbak og mönnum sýnst að nú væri mælirinn fullur þar sem ambögurnar hafa óspart riðið húsum. Þetta leiddi til mikilla umræðna í útvarpsráði um málfar í útvarpi og málvöndun. Niðurstaðan varð sú að vinnunefnd, sem útvarpsráð skipaði til að kanna þetta mál, gerði það að till. sinni að ráðinn yrði að Ríkisútvarpinu sérstakur kunnáttumaður til að leiðbeina þeim sem þar koma fram um málfar. Þetta var síðan samþykkt í útvarpsráði. Útvarpsstjóri brá skjótt við og leitaði eftir manni til þessara starfa til eins árs til að byrja með. Mun málfarsráðunautur væntanlega taka til starfa við Ríkisútvarpið nú á vordögum. Ég held að þetta sé breyting til bóta, alla vega sýnir það áhuga stofnunarinnar á því að sinna þessu hlutverki sínu sem raunar eru ákvæði um í útvarpslögum.

Það er hverju orði sannara að margir hafa af því miklar áhyggjur að orðaforði fari minnkandi og málfari hrakandi. Um þetta eru ýmis dæmi og þar eiga stjórnmálamenn sök líka. T. d. hefur verið næsta áberandi hér hve áhersluflutningur af fyrsta atkvæði hefur smitað út frá sér. Hann fór fyrst að heyrast hér fyrir 10—12 árum svo að eftirtakanlegt væri. Menn tala um forsætis**ráð**-herra og mörg fleiri dæmi mætti hér til taka. Þetta hefur breiðst óhugnanlega út á hinu háa Alþingi. Þannig verðum við í sambandi við þessa hluti líka að líta í eigin barm.

Sjálfsagt má tala um það langt mál hverjar skýringar þetta á sér, þær yrðu margar og áreiðanlega flókið fyrirbæri og ber margt til. Ég vildi nefna eitt af því sem mér hefur flogið í hug. Í fyrsta lagi eru börn nú meira

ein og með jafnöldrum sínum en áður var, umgangast fullorðið fólk í minna mæli þannig að málið flyst ekki með eðlilegum hætti frá fullvöxnum til barna. Því svo læra börnin málið sem fyrir þeim er haft. Þjóðfélagsaðstæður eru nú þannig að í fjöldamörgum tilvikum eru foreldrar báðir að heiman allan daginn og hafa svo mismikinn tíma til að sinna börnunum þegar komið er heim á kvöldin og ræða við þau. Ég held að þetta sé einn þátturinn.

Myndmálið hefur öðlast æ ríkari sess hvarvetna með tilkomu sjónvarps og myndbanda sem börn horfa á í töluvert ríkum mæli og oft aðgæslulaust þegar enginn er heima nema þau ein. Myndsögur hvers konar hafa orðið æ stærri þáttur þeirra barnabókmennta sem á boðstólum eru. Það er sjálfsagt þróun sem erfitt er að gera við en ég held að það sé afar óæskileg þróun þegar myndasögur, sem yfirleitt hafa heldur lítið bókmenntagildi og þar sem frásagnarlistin er nánast aukaatriði á myndunum, eru að verulegu leyti komnar í stað venjulegra bóka.

Þá vil ég enn nefna það til þessarar sögu að sú breyting hefur orðið á í skólakerfinu að því er varðar kennslu í erlendum tungumálum að þar hefur í mjög vaxandi mæli verið horfið frá því sem tíðkaðist hér um langa tíð að láta nemendur þýða texta. Tungumálakennslan beinist nú í ríkari mæli að því að geta talað. Að hluta til er það af hinu góða en ég held að þarna eins og í mörgum öðrum tilvikum höfum við gengið of langt vegna þess að kennslustundirnar, hvort sem það var í ensku, dönsku, þýsku eða frönsku, byggðust að verulegu leyti á því að þýða texta og koma honum yfir á skaplegt íslenskt mál. Þessar kennslustundir voru nefnilega líka íslenskukennsla, þær voru móðurmálskennsla í mjög ríkum mæli. Þarna held ég að hafi orðið breyting til hins verra.

Ég hef sjaldan orðið jafnhissa og mér liggur við að segja skelfdur og fyrir fáeinum árum þegar ég fékk það verkefni að þýða af íslensku yfir á ensku úrlausnir háskólanema í ákveðinni grein. Þannig var að þar var enskur kennari en nemendur höfðu fengið heimild til að skila prófúrlausnum sínum á íslensku. Ég hef satt að segja sjaldan orðið jafnhissa. Í fyrsta lagi var stafsetning og íslenskukunnátta langtum lakari en ég hafði búist við. Svo er það kannske annar handleggur en stundum var næsta erfitt að þýða vegna þess að ekki var heil hugsun í heilli setningu, það var ekki gott að þýða það.

Þetta eru sem sagt fáeinar af þeim ástæðum sem e. t. v. liggja m. a. því til grundvallar að svo hefur farið um þessi efni sem farið hefur. Þetta er ekki fyrirbæri sem er bundið við okkur Íslendinga sérstaklega. Þetta vandamál er uppi í löndunum í kringum okkur og kannske í langtum ríkari mæli en hér. Það fer ekki fram hjá neinum sem les norræn blöð og fylgist með umræðu þar hversu enskuskotið málið er að verða. Nordisk kontakt, tímaritið sem lagt er hér á borð þm., gefur þetta einnig til kynna. Þar var grein um kynningu á þm. í síðasta blaði sem stakk mig m. a. fyrir það hvað þar var mikið af hreinum enskum orðum. Skandínavar tala um weekenden og þannig mætti lengi telja. Á ráðstefnum sem ég sótti í fyrra eða hitteðfyrra þar sem verið var að ræða framtíð og starf menningarmálatímarita á Norðurlöndum vitnuðu menn óspart til enskrar tungu, slógu um sig með tilvitnunum á ensku og sögðu jafnvel „eins og við segjum á nýsænsku“ og vitnuðu síðan til ensku. Nú er ég ekki að hafa á móti ágæti enskrar tungu nema síður sé en allt hefur sinn stað og allt hefur sinn tíma.

Ég vék áðan að Ríkisútvarpinu og hlutverki þess. Það skiptir ákaflega miklu máli að þeir sem þar koma fram tali gott mál, og rétt mál og skýrt. Á því er misbrestur. Eins og okkar útvarp starfar endurspeglar það fyrst og fremst það málfar sem talað er með þjóðinni á hverjum tíma vegna þess að ég hygg að óvenjumikið sé um það að almenningur komi fram í útvarpinu. Það eru ekki neinir sérhæfðir starfsmenn sem hafa einkarétt á því, hér koma margir menn að.

En það eru ljót dæmi úr útvarpinu. Ég er ekki enn búinn að sætta mig við það að heyra talað um Agnesinga, Keblvíkinga og Akeyringa þegar verið er að segja frá íþróttakappleikjum. En margt hefur líka verið bærilega gert í þessum efnum en auðvitað má miklu betur. Þessi tilraun, að ráða málfarsráðunaut að Ríkisútvarpinu, er tvímælalaust af hinu góða. Það kom fram á fundi útvarpsráðs fyrir skömmu að útvarpsstjóri hafði farið þess á leit við Árna Böðvarsson cand. mag. að hann tæki þetta að sér. Ég held að það mál sé þá í mjög góðum höndum.

Ég vænti þess að þessi till. fái ítarlega umfjöllun og breytingar í þeirri n. sem fær hana til meðferðar. Ég held að ljóst sé að það verður að breyta till. Mér finnst hún ekki geta staðist eins og hún er orðuð, ég tel það raunar óhjákvæmilegt. Eitthvað verður líka að koma fram um framkvæmd málsins, undir það tek ég heils hugar. Það er nefnilega of mikið um það að hið háa Alþingi samþykki alls konar till. sem er í rauninni búið að útvatna svo að þær segja harla lítið. Þess eru mörg dæmi að n. hafa tekið nokkuð ítarlegar till. og útvatnað þær með þeim hætti að þær segja nánast ekki neitt. Menn verða að gæta sóma síns í þeim efnum og sjá um að það sem héðan fer sem samþykkt Alþingis að það sé marktækt og að alveg ótvírætt sé við hvað er átt og hvernig það skuli framkvæmt. Ég beini því til þeirrar n. sem málið fær til umfjöllunar að hún athugi þetta vel. Þá efast ég ekki um að þegar búið er að gera á þessu þær lagfæringar sem þarf að gera muni þetta mál eiga greiðan gang til samþykktar á hinu háa Alþingi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Mig langar að víkja örfáum orðum að þeirri till. um framburðarkennslu í íslensku og málvöndun sem hér er flutt. Víst þarf að vanda málfar og það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Því er ábyrgð okkar mikil sem fullorðin erum. Vil ég í því sambandi vekja athygli á aukinni ábyrgð fjölmiðla á hugi og málvitund barna og unglinga. Þar á ég við frv. til útvarpslaga, 218. mál þessa þings, þar sem lagt er til að gefa fleiri aðilum frelsi til útvarpsreksturs en nú er, og enn fremur till. til þál. um móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum, þingmál nr. 290.

Það er vandratað meðalhófið milli þess að vera heimsborgari og að varðveita mál og menningu lítillar þjóðar sem þarfnast samskipta við umheiminn til að lifa af. Víst þurfum við að gæta okkar og hlúa að og rækta mál okkar og barna okkar, en það gerum við best með því að tala saman. Eitt af því sem e. t. v. ræður mestu um málþróun barna er einmitt við hverja þau eiga samræður. Við vitum það öll að samskipti barna og unglinga við sér eldri kynslóðir hafa minnkað mikið frá því sem áður var og halda þau sig mun meira að

jafnöldrum sínum þar sem málið er samlitara og lítil skipti verða á málhefð hinna eldri og þeirra yngri. Hætta er á að orðaforði þeirra verði minni þó að mörg nýyrði bætist að vísu við, sprottin úr jarðvegi samtímans. Því hvet ég menn til að gefa því gaum að mestu varðar til að varðveita málið að tala það saman.

Enn fremur tek ég undir með hv. þm. Eiði Guðnasyni þar sem hann talar um ríkjandi myndmál og þverrandi lestur barna og unglinga af þeim ástæðum, þar er þróun sem þarf að huga að. Annað er það svo að ég held að lítið þýði að stinga við fæti gegn óhjákvæmilegri þróun málsins. Sagt hafa mér málfræðingar og íslenskumenn að okkur nútímamönnum mundi trúlega veitast erfitt eða illmögulegt að skilja mælt mál þeirra sögualdarmanna sem við státum okkur sem mest af og sækjum menningararf okkar til. Svo mikið hefur talmálið breyst. Því verðum við að gera raunsæjar kröfur um varðveislu málsins og mestu varðar auðvitað að menn nái að tjá með máli sínu það sem inni fyrir býr fyrir öðrum mönnum þannig að þeir skiljist. Því tel ég naumorðun manninum og menningu hans hættulegri en framburðarbreytingar.

Efnislega styð ég þessa till. og hvet hv. þm. og alla aðra menn að gerast málræktarmenn í eigin garði og sinna þannig ábyrgð sinni gagnvart íslenskri tungu og skila áfram þeim menningararfi sem þeim var fólginn.

Kristín H. Tryggvadóttir: Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir það að rækta þurfi og varðveita íslenska tungu. Það er orðalag og tilmæli till. sem hér liggur frammi sem ég bendi sérstaklega á. Enn á ný er hér till. um það sem grunnskólinn á að gera en ekkert um hvernig það skuli gera. Hvað er grunnskóli? Hvað gerist í grunnskóla? Ég lýsti því á þriðjudaginn að grunnskóli væri margþætt stofnun. Því bendir flutningur þessarar till. á brýna nauðsyn þess að samþykkt verði till. mín um stefnumörkun í skólamálum. Við stóraukna framburðarkennslu í grunnskóla þarf að huga að ýmsum fleiri þáttum samtímis ef ekki er ætlast til stóraukins daglegs starfstíma, en kannske er það svo.

Ég ætla að benda á nokkra þætti:

1. Nauðsyn þess að þeir sem kenna séu með starfsmenntun. En eins og fram kom hjá mér á þriðjudaginn eru í tveim kjördæmum eða fræðsluumdæmum landsins aðeins rúm 60% kennara með kennaramenntun.

2. Fjölda nemenda í bekkjadeildum. Við erum að tala um samskipti kennara og nemenda og hvað kennarinn eigi að gera. En hafið þið hugsað það, hv. alþm., að 7—9 ára börn eru venjulega þrjá tíma á dag í skólanum. Í 30 barna bekk eru þá að meðaltali 3—4 mín. á barn á dag í samskipti og sjálfsagt talar kennarinn sjálfur meginpartinn.

3. Skipting milli námsgreina. Það er að stærstum hluta kennd íslenska og skrift á stundatöflu í 7—9 ára bekk. Á að leggja niður stærðfræði eða kristinfræði og samfélagsfræði sem koma inn á íslenskukennslu í formi viðtala? Ég ætla að benda á það að kennsla hefur mjög breyst á síðustu árum í það horf að nemendur tjá sig miklu meira nú, bæði skriflega og munnlega.

4. Skólasöfnin. Þau eru ómetanlegt hjálpartæki í skólastarfinu ef vel er á haldið og mikill hvati til lestrar góðra bóka. Ég hef sjálf persónulega reynslu af því í vetur að nemendur mínir í öðrum bekknum sem ég kenni, 8 ára bekk, fá ekki myndasögubækur heim því þau eiga að venja sig á að lesa góðar bækur og að lesa — en myndasögur komast þau hjá að lesa. Ef ég lýsi aðeins nánar íslenskukennslunni á safninu þá hafa börnin fengið að taka þátt í keppni í einn mánuð um hver þeirra gætu lesið flestar bækur. Sú keppni var kölluð lestrarsprettur. En þau lásu ekki bara bækurnar, heldur urðu þau að segja frá munnlega eða skriflega um hvað bókin fjallaði, hvort þeim hefði líkað vel eða illa við hana, eftir hvaða höfund hún væri, hver gaf hana út o. s. frv.

Að lokum vil ég segja það að ég tek undir með hv. þm. Eiði Guðnasyni að það þurfi að lagfæra þessa till., þá er hún gott innlegg í heildarstefnumörkun í skólamálum.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er auðvitað rétt sem hv. 3. þm. Reykn. sagði að það þarf margt að betrumbæta í skólunum, alveg sérstaklega hjá þeim herrum sem nú þykir óþarft að kenna ungu fólki að á dögunum hafi verið hér maður sem hét Snorri Sturluson og skrifaði saman skynsamlegar bækur — og sleppa því úr Íslandssögukennslunni.

En ég átti erindi hér vegna ummæla hv. 5. landsk. þm. Ég rifjaði það upp, sem ég mundi rétt, þegar ég gerði fsp. til hæstv. fyrrv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar um afdrif áminnstrar þáltill. frá 5. maí 1978, að hann hefði svarað því til að embættismennirnir í Ríkisútvarpinu létu ekki segja sér fyrir verkum í þessu efni. Og fyrir því er það, herra forseti, að ég leyfi mér að vitna til umr. sem fram fóru 20. apríl 1982. Á einum stað segir hæstv. þáv. menntmrh. á þessa leið:

„Þál. þessi" — það er hin áminnsta till. mín um að kennsla og fræðsla í Ríkisútvarpinu skyldi efld í öllum greinum móðurmálsins — „Þál. þessi hefur alloft verið kynnt Ríkisútvarpinu á síðustu árum með óskum um að hún hlyti þar góðar viðtökur, þ. e. að fræðsla um íslenskt mál yrði ávallt mikil og sem mest í ríkisfjölmiðlunum. Ég er viss um að þeir sem gegnt hafa embætti menntmrh. síðan þessi till. var samþykkt, og það eru alls fjórir menn að mér meðtöldum, hafa allir haft skilning á því að æskilegt væri að fræða almenning sem mest um móðurmálið í útvarpi og sjónvarpi. Þetta held ég að sé sameiginlegt einkenni á öllum þeim sem farið hafa með starf menntmrh. síðustu 4—5 ár. Hins vegar reynist málið alls ekki alveg svona einfalt þegar til kastanna kemur."

„Sannleikurinn er sá", segir hæstv. menntmrh. þáv. orðrétt „*að forráðamenn Ríkisútvarpsins*" — og þar með telst áreiðanlega útvarpsráð — „að forráðamenn Ríkisútvarpsins hafa eigin skilning á því hvernig eigi að fjalla um dagskrármál og efnisval til flutnings í fjölmiðlum stofnunarinnar. Útvarpið er af grundvallarástæðum ófúst að taka við fyrirmælum frá framkvæmdavaldi og jafnvel frá löggjafarvaldi" — hlusti menn nú á — „um hvaða efni skuli flytja í útvarpi og sjónvarpi. Útvarpsráð vill sjálft semja dagskrár ríkisfjölmiðla og unir því ekki að slíkt verði gert á Alþingi eða í stjórnarráði. En ég fullyrði að útvarpsráði er mjög vel kunnugt um áhuga Alþingis á fræðslu um móðurmálið og þeirri vitneskju hefur oft verið komið á framfæri við útvarpið."

Ég hlýt að vitna til þess arna af því sem hv. 5. landsk. þm., sem hefur átt sæti síðan síðla árs 1978 í útvarpsráði, kannast ekki við þessi málskot af hálfu hins háa

menntmrn. Og að það hafi farið fram ítrekað, eins og hér er haldið fram, getur heldur ekki staðist. En að hlusta á hvernig framkvæmdavaldið beygir sig í auðmýkt fyrir embættismannavaldinu, eins og fram kemur í þessum orðum, er blöskranlegt. Og ég ítreka að mér þykir verra en vont að hv. 1. þm. Norðurl. e., fyrrv. hæstv. menntmrh., skuli ekki vera hér nær, því ekki vil ég tala honum á bak.

Seint í þessari ræðu vitnar hann síðan til bréfs frá Andrési Björnssyni útvarpsstjóra til menntmrn. sem hann hefur skrifað í tilefni af þessari þál. Það svar verður í besta falli nefnt kjaftæði. Það er svarað í sumartunglið, það er farið með himinskautum og fjallasýn, alla leiðina út í gegn í þessu svari. Og það lætur framkvæmdavaldið sér lynda eins og jafnan áður þegar embættismannavaldið hefur tekið til sinna ráða. Eins og jafnan áður, a. m. k. hvað varðar þessi þýðingarmiklu mál.

Hér eru þessi mál síðan rædd af þáv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, af hv. 5. landsk. þm. núv., af hv. þáv. þm. Árna Gunnarssyni o. fl. Og hæstv. þáv. menntmrh. Ingvar Gíslason ítrekar í ræðu síðar á þessum þingfundi að hann komist ekki hjá að endurtaka það, sem hann hafi þegar sagt, að það ríki ákveðin tregða í Ríkisútvarpinu í þessu efni. Það er eins og þeim finnist, sem þar ráða, þar á meðal hygg ég útvarpsráði, að þarna sé um að ræða utanaðkomandi þrýsting og óþarfa afskiptasemi sem rétt sé að hafa alla gát á. Fyrrv. menntmrh. er að gefa Alþingi svar við hvernig hann stendur að framkvæmd á ályktunum hins háa Alþingis. Það þarf engu við þetta að bæta. Það sjá allir í hendi sér hvað aumt upplit er á framkvæmdavaldinu í þessu falli.

Og hv. 1. þm. Norðurl. e. hefði ekkert getað um þetta bætt þó hann hefði verið hér nær. Kannske er það jafngott að hann er fjarverandi — hans vegna. En það gæti þó verið að hann hefði önnur sjónarmið á þessu nú þegar hann er orðinn alþm. og langar kannske til að leggja orð í belg eða ráða með framkvæmdavaldinu um framvindu mála. Ekkert skal ég um það segja.

Aðalerindi mitt var að vekja athygli á því að hér er því haldið fram af þáv. ráðh. að hann hafi gert tilraun til að koma fram þessari ályktun en ráðamenn útvarpsins þverskallast. Ég leyfi mér að draga í efa, og það kemur enda fram í svörum hv. 5. landsk. þm. þá, að hann dregur þessar fullyrðingar í efa, eins og hann gerði hér í ræðu sinni áðan. En staðreynd er það að alls ekkert hefur verið aðhafst í þessum málum. Í engu hefur verið farið að þessari ályktun Alþingis. Og það er meginmálið nú þegar við ætlum að sameinast, og ég þykist þess fullviss að hér eru allir tilbúnir til þess að ljá því atkvæði sitt, við ætlum að sameinast um það á nýjan leik að gera eindregna ályktun í þessum mikilsverðu málum, þá er það undirstaða máls að við komum okkur saman um framkvæmdina. Ég er tilbúinn til þess að ræða allar mögulegar leiðir í því. Það þarf enga hlutfallskosningu mín vegna í þessu máli. Ég gæti vel hugsað mér til að mynda að þessu yrði skotið með ákvörðun hins háa Alþingis til Íslenskrar málnefndar. Ég get vel fellt mig við þá aðferð. En það verða að vera menn fyrir þar sem við ætlum að koma þessu máli fyrir.

Ég get líka hugsað mér að hver og einn þingflokkur veldi einn mann sem hann treysti best í þessum fræðum til framkvæmdarinnar. Það væri kannske einlægast. En ég tek undir það að við þurfum aðeins að lagfæra málsgreinarnar sjálfar, tillögugreinina sjálfa, þótt ég dragi nú ekki í efa að þar liggi skýr og góð hugsun á bak við. En það má bæta hana, sýnist manni, og þó öllu helst að bæta við þar og ráða fram úr með hvaða hætti að framkvæmdinni skuli staðið. Þar má ekkert skorta, ella er hætt við að sæki í sama farið og við höfum hér raunalega reynslu af.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að flytja hér yfirgripsmikla ræðu um framburðarkennslu í íslensku og málvöndun. Ég efast satt að segja mjög um persónulega hæfni mína til þess og þekkingu til að ræða það nema þá því betur undirbúinn. Ég vildi aðeins rifja hér upp gamalt atvik. Fyrst vildi ég taka það fram að í umgengni við eldra og yngra fólk vekur sérstaklega athygli mína mismunurinn á tungutakinu, það er orðfátæktin hjá unga fólkinu, erfiðleikarnir við að tjá sig á eðlilegan hátt í mæltu máli.

Það sem kom mér til að brjótast hér upp voru tvö atvik sem ég ætla að segja hér frá. Menn geta lagt þau út á hvern þann veg sem þeim sýnist. En þessi atvik snúast um tvo verkamenn, vini mína, og skeðu fyrir nokkrum árum. Annar var rösklega tvítugur, hinn eitthvað yfir sjötugt. Þetta skeði í sama mánuði. Þessi rösklega sjötugi verkamaður hafði legið veikur um skeið. Og þar sem hann lá rúmfastur gerast gleðitíðindi. Sonur hans uppkominn kom heim úr siglingu og færði honum a. m. k. eina þrjá rommkúta og kassa af Havanavindlum. Þegar gamli maðurinn hafði gætt sér á þessum rommkút seig á hann höfgi og sennilega hefur Havanavindillinn fallið á sængina. Gamli maðurinn vaknaði við það að tveir slökkviliðsmenn voru að berjast við að koma honum í sjúkrakörfu en hús loguðu öll og sængurföt hans líka. Þá sagði gamli maðurinn: Látið mig bara liggja, piltar. Mér er ekki vandara um en Njáli í brennunni. Meira mælti hann ekki í þessu lífi. Þetta voru nú karlmannleg andlátsorð.

Í sama mánuði kom á fund okkar nokkurra ungur maður. Hann hafði lokið héraðsskólaprófi og var eitthvað dapur og sagði, með leyfi forseta: Helvítis djöfull, maður. Svo komu fleiri blótsyrði sem ég hirði ekki um að nefna. Nú, er eitthvað að? spurði ég. Já, helvítis andskoti. Mamma dó í nótt.

Honum var harmur í huga. Orðgnóttin og íslenskan lék honum ekki betur á tungu en þetta. Tvítugur og sjötugur, tungutakið ólíkt. Sá eldri ólst upp við Njálu, sá yngri hafði ágætt próf úr Reykholti, setri Snorra Sturlusonar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins til að taka af tvímæli vegna þess að hæstv. iðnrh. vitnaði til umr. á árinu 1982 vil ég ítreka það sem ég sagði í minni ræðu, að ég minnist þess ekki að þessi till. hafi komið inn til afgreiðslu útvarpsráðs, en þó kann það að vera. Ég fortek það ekki. En alla vega var því þá ekki fylgt eftir af mikilli festu eða ákveðni af hálfu hins háa menntmrn.

Hæstv. ráðh. vék að þeim ummælum sem hér féllu í þá veru að hjá Ríkisútvarpinu væri tregðast við að taka við fyrirmælum annars staðar frá, jafnvel frá Alþingi. E. t. v. kann eitthvað að vera til í því. (Gripið fram í.) Já. Nú er það svo skv. útvarpslögum að útvarpsráð á að gera tillögur um dagskrá fram í tímann. Hins vegar er valdsvið útvarpsráðs heldur óljóst skv. útvarpslögum. T. d. heyra fréttastofur útvarps og sjónvarps beint

undir útvarpsstjóra en ekki útvarpsráð og útvarpsráð hefur engin áhrif á fréttaflutning þó að það geri sínar athugasemdir þegar mönnum þykir þar miður takast til og ekki unnið sem skyldi.

Ég er hins vegar afdráttarlaust þeirrar skoðunar að þegar Alþingi gerir ályktun í þessa veru beri útvarpsráði að taka til þess tillit. Útvarpsráð er kjörið af Alþingi og sækir vald sitt til þess með nokkrum hætti. Útvarpsráð getur ekki látið það sem vind um eyru þjóta þegar ályktanir á borð við þá sem hér var vitnað til eru gerðar. Þá verða menn að leggja við eyru og ekki bara það heldur eiga menn að taka til höndum. Hins vegar skal ég líka viðurkenna að þetta er vandmeðfarið. Alþingi kýs útvarpsráð til að hafa með höndum dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins. Ég held að útvarpsráði beri siðferðileg skylda til þess að hlýða á það með gaumgæfni sem Alþingi Íslendinga ályktar um Ríkisútvarpið. Enda er það beinlínis tekið fram í útvarpslögum að meðal hlutverka Ríkisútvarpsins er að standa vörð um íslenska tungu. Þannig hefur útvarpið á þessu sviði beinar lagaskyldur, sem það hefur sinnt, eins og ég rakti áðan, en má eflaust sinna miklu betur. Sú staðreynd, að þar tekur nú á næstu mánuðum til starfa sérstakur ráðunautur um málfar, held ég að sé liður í þeirri viðleitni Ríkisútvarpsins að gegna þessu lögbundna hlutverki sínu. En vissulega má þar margt betur gera.

Flm. (Árni Johnsen): Herra forseti. Ég fagna þeim undirtektum sem umrædd þáltill. hefur fengið hér. Mér finnst það koma vel fram í máli manna hve mikilsvert mál er hér á ferðinni. Ég vil þó benda aðeins á að hér er till. sem gengur lengra en sú þáltill. sem hæstv. iðnrh. fjallaði um. Sú till. fjallaði um íslenskukennslu í Ríkisútvarpinu. Þessi till. fjallar um íslenskukennslu í Ríkisútvarpinu og einnig í grunnskólum landsins. Mér finnst þetta fara vel saman og sé engin vandkvæði á því að þarna megi vinna úr og ég get vel tekið undir það sem hæstv. iðnrh. sagði um framkvæmd þessa máls. Við höfum ekki verið í neinum vafa um það að menn hefðu ákveðnar skoðanir um það hvernig mætti framfylgja þessu máli. Ég fyrir mitt leyti get alveg tekið undir þá till. sem hann hefur boðað, eða þá ábendingu sem hann hefur beint til þeirrar nefndar sem tekur málið fyrir, að sett verði upp eins konar akademía, þrettán manna akademía, sem er góð hugmynd að mínu mati.

Hv. alþm. Eiður Guðnason og fleiri þm. hafa gagnrýnt orðalag till. Ég vil nú skjóta því hér inn að það eru níu íslenskufræðingar og norrænufræðingar sem lásu þennan texta og töldu að hann ætti að vera með þessum hætti. (**KP**:Ekki lagar það hann.) Það má beina því einnig til hv. þm. Karvels Pálmasonar að það er betra að skoða textann og meta hvað hann segir áður en gelt er fram í á þennan hátt. Ég skal fara aðeins yfir þá setningu sem hefur verið gagnrýnd. Ég vil þó hins vegar taka það fram að það er ekki meginmál hvað þessi setning segir í till. eða þessi viðauki í setningunni, vegna þess að það er til áhersluauka. Meginmálið er komið fram að mínu mati einnig í textanum þar sem segir svo: „svo að grundvöllur tungunnar raskist ekki, en hann varðar meginþátt íslenskrar menningar eins og varðveizla tungunnar að öðru leyti."

Þetta er skothelt. Þetta segir það að það skiptir svo miklu máli að íslensk tunga sé kennd rétt á Íslandi, að það skiptir máli varðandi alla okkar menningu. Þetta er eitt af undirstöðuatriðum okkar menningar. Tungan er ekki aðeins tæki til að tjá sig með, hún er grundvöllurinn undir okkar menningu og sjálfstæði. Vegna þess að við höfum haldið verulegri málvernd í landinu, þá eigum við því láni að fagna að við erum samtíma þúsund ára sögu þjóðarinnar. Með lítilli tilsögn og kennslu getur hvert mannsbarn, sem á annað borð hefur lært að lesa íslensku, lesið íslenskar bókmenntir fornar og nýjar. Þar sem erfiðleikar eru í þeim efnum, þeir eru vissulega, eru þeir líklega meiri varðandi atómkveðskap nýjan en fornan texta. Og við eigum því láni að fagna að með því að varðveita tunguna, bæði vegna þess að það skiptir máli í grundvelli tungunnar og varðveislu tungunnar að öðru leyti, þá búum við yfir ritmáli, bókmáli og talmáli sem veldur því að við erum samtíða allri sögunni í okkar landi, öndvert við aðrar Norðurlandaþjóðir sem búa ekki yfir þessum kostum.

Hver getur ekki lesið Íslendingabók Ara? Hver getur ekki lesið Landnámu? Það geta allir og það er það sem málið snýst um. Og það er að þessu leyti sem það er ástæða til að hafa þessa viðaukasetningu sem undirstrikar mikilvægi málsins. Með þessu móti erum við samtíða kjarnanum í okkar sögu. Það eru ekki aðrar þjóðir sem geta á þennan hátt lesið það sem skrifað hefur verið á þeirra máli frá 11. og 12. öld. Engin önnur þjóð í heiminum.

Þetta vildi ég taka fram vegna þeirra ummæla sem komu fram um till. sjálfa. Við skulum vera þess minnug að það er einmitt vegna þess að við búum yfir þessum arfi, búum yfir þeim arfi að vera hluti af okkar sögu vegna tungunnar og það er varðveisla hennar að mörgu leyti í talmáli, ritmáli, bókmáli sem skiptir máli í þeim efnum. Þess vegna hefur þessi þjóð meira sjálfstraust en hún ella hefði að margra mati. Það styrkir sjálfstæði hennar. Og að því leyti vísa ég á bug því sem ég tel útúrsnúning um þennan texta till., sem er þó ekki meginmál í þessu efni. Meginmálið er að það sé tekið á og þessu hrint í framkvæmd og ég sé ekki annað en að það eigi að nást samstaða um slíkt. Það eru auðvitað alltaf smekksatriði í orðalagi eins og annað, og það er nú kannske það sem þessi tunga býður upp á, að menn geti haft ákveðnar skoðanir í því hvernig eigi að setja hana upp.

En það sem skiptir öllu máli er að framkvæma það sem till. býður, það sem er kjarni till. og setja þannig hrygg í íslenska tungu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í lokin. Aðalástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs var sú að taka mjög undir harkalega gagnrýni hæstv. iðnrh. á aumingjaskap framkvæmdavaldsins í því að fara að samþykktum vilja Alþingis, ekki bara í þessu máli sem hér er til umr. heldur og fjöldamörgum öðrum. Ég nýti mér hvert það tækifæri sem gefst til að gagnrýna harðlega að hér á Alþingi er verið að samþykkja í þessu tilfelli sem hér er um rætt till. frá 1978, í mörgum öðrum tilfellum aðrar ályktanir, sem framkvæmdavaldið síðan gerir ekkert með, bókstaflega ekkert. Ég vona að hæstv. iðnrh. fari úr ráðherrastólnum án þess að hafa tekið þátt í slíku.

Annað mætti kannske nefna til viðbótar varðandi þennan þátt. Það væri nú gaman að fá um það upplýsingar hvort hæstv. menntmrh. hafi verið kunnugt um þessa ályktun Alþingis. Hæstv. ráðh. er nú búinn að

vera í ráðherrastólnum í nokkra mánuði og hlýtur að hafa kynnt sér hvað fyrir hefur legið. Ekki var svo lítil gagnrýni stjórnarandstöðuhluta Sjálfstfl. á fyrrv. ríkisstj., að það hlýtur að hafa verið tekið með inn í dæmið og hæstv. ráðh. kynnt sér hvað eftir hefur legið þegar hún fór frá. Um þetta er ekki hægt að spyrja hæstv. menntmrh., hann er ekki viðstaddur. En vonandi kemur hæstv. iðnrh. þessu til skila. Ég vænti þess að góðar samgöngur séu þar enn í milli.

Ég á ekki von á því að nokkrum hv. þm. dyljist það að þörf er á átaki í því máli sem hér er um rætt. Ég hugsa að það sé svo um fleiri hv. þm. en mig að við hlýðum á í útvarpinu, horfum á og hlustum á í sjónvarpinu sprenglærða menn koma þar fram sem, í bókstaflegri merkingu sagt, geta ekki tjáð sig. Þess eru fjölda mörg dæmi. Ég er ekki með þessu að gagnrýna menntun, síður en svo. En það er lágmark að mínu viti að háskólamenntaður einstaklingur geti tjáð sig skiljanlega á íslensku máli. Þau eru óhugnanlega mörg dæmin sem sýna að svo er ekki. Þess vegna er þörf á því að betrumbæta í þessum efnum. En það er tilgangslaust að samþykkja hér ályktanir á ályktanir ofan í sömu málum án þess að því sé fylgt eftir af framkvæmdavaldi að framkvæma það. Þetta er ekki bara aumingjaskapur framkvæmdavaldsins gagnvart embættismannakerfinu, eins og hæstv. iðnrh. sagði. Þetta er líka aumingjaskapur Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu að láta því líðast þetta. Og það er kannske sá þátturinn sem ömurlegast er upp á að horfa í öllum þessum málum, að það virðist vera meiri hluti Alþingis sem líður framkvæmdavaldinu það á hverjum tíma, skiptir ekki máli hvaða ríkisstj. á í hlut eða hverjir einstaklingar, Alþingi líður framkvæmdavaldinu það í hverju málinu á fætur öðru að draga lappirnar og beinlínis koma í veg fyrir að vilji Alþingis nái fram að ganga. Það er alvarlegur hlutur og það ber að gagnrýna harðlega. Því tek ég heils hugar undir harkalega gagnrýni hæstv. iðnrh. — en þó eðlilega á það hvernig framkvæmdavaldið virðir að vettugi samþykktan vilja Alþingis í hinum ótalmörgu málum. Ég vil trúa því og treysta að a. m. k. sem flestir hv. þm. taki upp harkalega gagnrýni á þessi vinnubrögð og líði það ekki öllu lengur að embættismannakerfinu eða framkvæmdavaldinu líðist að draga lappirnar á þann hátt að koma í veg fyrir að vilji meiri hluta Alþingis nái fram að ganga í þeim efnum sem það hefur samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kynning á líftækni, þáltill. 278. mál (þskj. 535). — Fyrri umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kynningu á líftækni. Hún er á þskj. 535. Mig langar til að lesa ályktunina, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sjö manna nefnd til að annast kynningu á aðferðum og möguleikum líftækni. Iðnrh. skal skipa formann nefndarinnar án tilnefningar. Aðrir nm. skulu skipaðir skv. tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: 1) Alþýðusambandi Íslands. 2) Háskóla Íslands. 3) Rannsóknaráði ríkisins. 4) Sambandi íslenskra sveitarfélaga. 5) Tækniskóla Íslands. 6) Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin skal ljúka störfum innan eins árs frá skipun hennar. Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

Líftækni er vaxandi framleiðslusvið á Vesturlöndum. Að mati kunnáttumanna munu aðferðir líftækninnar hasla sér völl í fjölmörgum greinum, svo sem matvælaframleiðslu, eldsneytisvinnslu, eyðingu úrgangs, umhverfisvernd, efnaiðnaði o. fl. Ýmsir telja að líftæknin muni valda byltingu á þessum sviðum og verða einkennandi fyrir atvinnurekstur 21. aldarinnar.

Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins hefur tekið til starfa stór hópur vísindamanna sem mun gera tillögur um mótun framtíðarstefnu í líftækni. Störf þessa hóps munu óumflýjanlega taka nokkurn tíma. Líftæknin er nú þegar stórtækur þáttur í atvinnulífi Vesturlanda og fyrirsjáanleg staðreynd í atvinnulífi okkar.

Það er löngu tímabært að hefja kynningu á grundvallaraðferðum og möguleikum líftækninnar. Sú kynning þarf að fara fram meðal almennings, skólamanna, sveitarstjórnarmanna, verkafólks og atvinnurekenda.

Nú fara fram í þjóðfélaginu miklar umræður um nýsköpun íslensks atvinnulífs. Það er nauðsynlegt að líftæknin tengist þeirri umræðu með þeirri þekkingu sem þegar er fyrir hendi. Framtíðarhlutverk líftækninnar, fjölbreytileiki aðferða hennar og hráefna og möguleikar til starfrækslu smárra jafnt sem stórra eininga gera hana að girnilegasta kosti okkar í dag. Fjöldi atvinnurekenda og framtakssams athafnafólks vill kynnast framtíðarsýn þessara nýju hugmynda.

Íslendingar hafa oft nagað sig í handarbökin vegna sofandaháttar og þunglamalegra viðbragða í síbreytilegri samtíð sinni. Við höfum nú þegar nægja þekkingu til að hefja almenna kynningu meðal lærðra og leikra. Hver ársfjórðungur sem þjóðin lifir við skert lífskjör er henni dýr og verður ekki bættur. Hér er lagt til að nefndin láti semja fræðsluefni um líftækni, t. d. greinargóðan bækling, myndbönd og blaðagreinar. Þessum upplýsingum ætti að dreifa sem víðast, m. a. til skóla, verkalýðsfélaga, fyrirtækja, t. d. í landbúnaði, sjávarútvegi, matvælaiðnaði, mjólkuriðnaði, efnaiðnaði og þess háttar, og sveitarstjórna.

Einnig væri eðlilegt að skipuleggja fræðsluerindi og fundi í tengslum við þessa kynningu.

Lagt er til að nm. fái laun samkv. reglum um nefndarstörf hjá hinu opinbera. Nefndinni verði heimilað að kaupa ráðgjöf og aðstoð, sem svarar einu ársverki skv. launaflokki BHM (115). Kostnaður nefndarinnar, svo sem vegna launa nm., aðstoðarfólks og ráðgjafa, vegna prentunar og dreifingar bæklings og kynningarfunda og þess háttar skal greiðast úr ríkissjóði.

Lagt er til að nefndin miði störf sín við eftirfarandi tímabil frá skipunardegi:

a) 1.—2. mánuður. Drög að kynningarstarfinu samin og kynnt iðnrn. og atvmn. Sþ.

b) 3.—6. mánuður. Kynningargögn samin og framleidd og fundir skipulagðir með félagasamtökum og einstökum byggðarlögum.

c) 7.—12. mánuður. Kynningarstarf skv. framansögðu. Áhersla skal lögð á að hvetja fólk til fyrirspurna og safna hugmyndum.

Í lok þessa 12 mánaða tímabils skal nefndin skila

skýrslu um starfsemi sína til iðnrn., atvmn. Sþ. og þeirra aðila sem tilnefndu fulltrúa í nefndina.

Nefndin skal skila öðrum gögnum sínum til Rannsóknaráðs ríkisins sem skal annast vörslu þeirra og frekari dreifingu ef óskað er."

Í framhaldi af lestri þessarar grg., áður en ég fer lengra út í almenna umr., langar mig að lesa lokaorð í grg. dr. Jóns Braga Bjarnasonar um lífefnatækni, sem er birt í þessu þskj. sem fskj. I. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og fyrr greindi er helsti þrándur í götu þróunar lífefnatækninnar á Íslandi áhugaleysi og skortur á rannsóknarviðleitni. Áhugaleysi fjárveitingavaldsins og forustumanna atvinnuveganna stafar fyrst og fremst af eðlilegum þekkingarskorti, en máttleysi rannsóknastarfseminnar af andvaraleysi stjórnmálamanna og forsvarsmanna rannsóknastofnana. Hinn auðfengni afli undanfarinna ára og áratuga hefur auðvitað haft slævandi áhrif á viðleitni til nýjunga, en það er lífsnauðsyn að nýta betur innlent hráefni, einkum þegar skortur er á því. Hér er um háþróaðan iðnað að ræða sem er ekki mannfrekur en skilar miklu í aðra hönd, og það er sú tegund atvinnustarfsemi sem mannfá, neyslufrek þjóð þarf á að halda.

E. t. v. getur könnun Rannsóknaráðs haft veruleg áhrif til að auka áhuga manna á lífefnatækni, en ljóst er þó að meginniðurstöður hennar verða á sama veg og könnun iðnrn. fyrrum, þ. e. að lífefnatækni lofar góðu en að rannsókna sé jafnframt þörf. Það þarf því að fylgja fast eftir með öflugu rannsóknarstarfi.

Þegar er fyrir hendi vísir að rannsóknum á sviði lífefnatækni við Háskóla Íslands. Þennan vísi verður að styrkja og efla nú þegar svo unnt verði að viðhalda þeirri þekkingu og reynslu sem búið er að byggja upp og samfelldni nái að haldast í þessum rannsóknum. Ekki er fært að bíða eftir niðurstöðum könnunar Rannsóknaráðs og tilvonandi jákvæðum viðbrögðum".

Í þessum lokaorðum dr. Jóns Braga koma fram atriði sem ég tel að séu áhugaverð og við ættum aðeins að líta á nánar.

Í fyrsta lagi er sagt að máttleysi rannsóknastarfseminnar á þessu sviði stafi af andvaraleysi stjórnmálamanna og forsvarsmanna rannsóknastofnana. Ef við lítum aðeins nánar á það atriði má það líklega nokkuð til sanns vegar færa.

1974 var skipuð nefnd til að kanna þær hugmyndir sem menn höfðu þá um lífefnavinnslu á Íslandi. Nefndin komst auðvitað að þeirri niðurstöðu að þetta væri hið besta mál og að þarna væru ýmsir möguleikar, það væri ýmiss konar innlent hráefni sem menn gætu auðveldlega gert dýrmætara og þetta væri mál sem ætti að styðja. Það þyrfti að styrkja, efla og athuga nánar.

Átta árum síðar er málið tekið upp aftur á Alþingi, það er 1982, og þá er samþykkt þáltill. um þetta mál þar sem er skorað á Alþingi að athuga hvort þetta sé nú hagkvæmt. Það var búið að athuga það átta árum fyrr að þetta er hagkvæmt.

Tveimur árum áður en Alþingi Íslendinga var að velta því fyrir sér hvort þetta væri hugsanlega hagkvæmt voru aðilar erlendis, eins og t. d. starfshópur rannsóknaráðs breska ríkisins og konunglega breska vísindafélagsins, búnir að komast að því að líftækni mundi, eins og mig minnir að hafi verið nokkurn veginn þeirra orð, skapa algerlega nýtt atvinnulíf með lítilli orkuþörf og muni skipta sköpum fyrir efnahagslíf heimsins á næstu öld. Þetta voru Bretarnir búnir að finna út 1980. Tímaritið Economist segir 1979 eða 1980, ég man ekki alveg hvort, að lífefnaiðnaður muni setja svip sinn á atvinnulíf næstu aldar í jafnríkum mæli og stóriðja efna- og málmiðnaðarins setur svip sinn á þessa öld. Þetta var 1979 eða 1980.

1982 heldur könnunardeild Economist, — það er reyndar sérfyrirtæki, það er deild sem tekur að sér könnun á ýmsum hagfræðilegum málum, — þing í Hollandi um líftækni og um það hvort Evrópumenn gætu yfirleitt verið í þessum bransa. Þá var gefin út skýrsla sem heitir: Líftækni. Mun Evrópa standa sig í kapphlaupinu? eða: Biotechnology. Can Europe stay in the race? Þetta er 1982. Þá eru þegar nægar upplýsingar til þess að þarna kemur saman stór hópur manna, bæði úr fyrirtækjum og rannsóknastarfsemi, og flytur mörg erindi um líftækni, um ýmis vandamál sem henni fylgja, um siðfræðileg vandamál sem eru fylgjandi því að búa til nýjar gerðir lífs, um lögfræðileg vandamál sem því fylgja, um ýmis hagfræðileg mál, þ. e. hversu hagræn þessi iðja er, hvernig samstarfi fyrirtækja og skóla eigi að vera háttað. Það er fjallað um þetta á mjög fjölbreyttan hátt.

Þetta er 1982. Þetta er sama árið og Alþingi Íslendinga er að taka upp þetta mál og „spekúlera" í því hvort það sé eitthvert vit í þessu. Það var búið að athuga þetta fyrir íslensk stjórnvöld átta árum fyrr. Síðan var þessi þáltill. send í iðnrn., þaðan var hún send í Iðntæknistofnun og síðan hefur ekki heyrst af henni. Ég lít því svo á að dr. Jón Bragi hafi nokkuð til síns máls í lokaorðum sínum þegar hann segir að áhugaleysi fjárveitingavaldsins og forustumanna atvinnuveganna stafi fyrst og fremst af eðlilegum þekkingarskorti, en máttleysi rannsóknastarfseminnar af andvaraleysi stjórnmálamanna og forsvarsmanna rannsóknastofnana.

Ég held að við megum vara okkur á því að verða ekki öðru sinni andvaraleysinu að bráð. Nú hefur verið stofnaður starfshópur skv. skipunarbréfi sem er fskj. nr. V í þessu þskj. Það er Rannsóknaráð ríkisins sem gengst fyrir því að skipa þann starfshóp. Þar eru saman komnir þeir sem vita helst um þessi mál, tæknilega eða líffræðilega, hjá okkur í dag. Þetta er álitlegur hópur vísindamanna. Er áætlað að hann ljúki störfum haustið 1985, en það gæti jafnvel dregist. Sú vinna sem þessi hópur á að inna af hendi er nauðsynleg fyrir almenna stefnumörkun til að gera sér grein fyrir hvaða möguleika við getum haft og hvernig við eigum að standa að þessu máli. En það er stórkostleg hætta á því að við verðum aftur andvaraleysinu að bráð og segjum sem svo: Rannsóknaráð er byrjað að athuga málið og við skulum bíða og sjá hvað kemur út. Það eru tvö ár þangað til. Ég hygg að það séu eitt og hálft til tvö ár þangað til við getum vænst þess að sú vinna skili sér, nema það verði kannske gefnar út fyrr áfangaskýrslur eða eitthvað þess háttar. Alla vega vitum við miklu meira en nóg um þetta mál til að hefja ýmsar aðgerðir nú þegar. Við megum ekki láta starfshóp Rannsóknaráðs verða til þess að aðrar eðlilegar aðgerðir tefjist.

Hvað er það sem hægt er að gera strax? Eitt af því sem hægt er að gera strax er að mínu mati að kynna þetta mál. Það er þegar vitað nægilega mikið um ýmsa íslenska möguleika, eins og fram kemur í grg. Jóns

Braga á bls. 5 í þessu þskj. Þar er talað um vinnslu úr sláturúrgangi. Það er talað um vinnslu úr fiskúrgangi. Það er talað um vinnslu úr loðnumjöli. Það er talað um að nýta hveraörverur. Það er talað um að nýta blóð sláturdýra. Það er talað um að nýta slógmeltu og mysu. Þegar er vitað um ýmis atriði alveg nægilega mikið til þess að hægt sé að kynna þetta mál fyrir ýmsum sem þarna eiga að koma við sögu. Þess vegna er þessi þáltill. flutt. Hún miðar að því að kynna þetta svið, sem er að mörgu leyti upplagt fyrir framtak og sjálfsbjörg heimamanna og einstaklinga hér og þar um landið. Þess er óskað að mönnum séu kynntir þeir möguleikar sem þarna eru og að þeir fái að vita hvað lífefnatækni er.

Ég held að slík kynning væri ágætt innlegg inn í þá umræðu sem gengur t. d. hjá okkur í dag, þar sem verið er að tala um að við þurfum nýjar atvinnugreinar til að vinna okkur út úr vandanum, að við þurfum nýjar atvinnugreinar til að gera atvinnulíf fjölbreyttara, að við þurfum að gera eitthvað til að jafna byggð í landinu, til að koma með nýja atvinnumöguleika, ný fyrirtæki á staði þar sem fyrirsjáanlegt er að hinar sígildu atvinnugreinar lendi í vandræðum, t. d. vegna vandræða í sjávarútvegi sökum aflabrests og vandræða vegna byggðaröskunar og þess háttar. Þetta er innlegg líka inn í það að vekja áhuga skóla á að taka upp fræðslu nemenda sinna í þessu. Og þetta er innlegg til þess að vekja áhuga nemenda á þessu sviði. Nemandi sem fer í framhaldsnám á þessu sviði í dag kemur ekki aftur til að sinna forustuhlutverkum í þessum málum fyrr en eftir 5 til 10 ár. Það tekur langan tíma að mennta fólk til forustu í þessum efnum. Þess vegna er nauðsynlegt, af öllum þeim ástæðum sem ég hef talað um, að láta nú þegar hefja kynningu á þeim möguleikum, á þeim verkefnum sem þarna eru. Við vitum þegar nægilega mikið um það mál til að vekja áhuga og til að gera fólki grein fyrir hvað þarna býr á bak við. Við þurfum ekki að bíða. Við erum búin að bíða síðan 1974. Við hefðum getað byrjað 1974. Þá skilaði nefnd niðurstöðum sem hefðu átt að vera nægar til þess að hefjast handa. En þá hefur líklega verið sæmilegur afli. Ég hef reyndar ekki aflatölurnar í kollinum, en líklega hefur verið það þokkalegur afli þá að menn hafa ekki séð ástæðu til að vera neitt að brydda upp á nýjungum.

Í framhaldi af þessari kynningu, sem ég álít að sé tímabær og möguleg, eru fleiri atriði sem við ættum að hyggja að nú þegar. Það er t. d. fjármögnun á þeirri starfsemi sem er fyrir í landinu af þessu tagi. Það er líka vikið að þeim atriðum í lokaorðum grg. Jóns Braga Bjarnasonar. Hann tekur svo til orða, með leyfi forseta:

„Eins og fyrr greindi er helsti þrándur í götu þróunar lífefnatækninnar á Íslandi áhugaleysi og skortur á rannsóknarviðleitni."

Hann talar síðan um áhugaleysi fjárveitingavaldsins o. fl. Ég held að það sé mjög mikilvægt að styrkja þá viðleitni sem er þegar fyrir hendi í rannsóknum hérna, bæði hjá rannsóknastofnunum og skólastofnunum og hjá einstökum fyrirtækjum sem hafa þarna mikilvægum málum að sinna, það er vitneskja fyrir hendi hjá fyrirtækjum í þessu landi, fyrirtækjum sem starfa t. d. í matvælaiðnaði, eins og fiskiðnaði, mjólkuriðnaði og þess háttar. Þar er aðstaða, þar eru rannsóknastofur, þar eru hráefni, þar er fólk sem gæti vel sinnt þessu hlutverki ef það væri vakinn á því áhugi og ef það væri mörkuð einhver stefna. Sömuleiðis eru fyrirtæki í efnaiðnaði af ýmsu tagi sem mundu vafalaust geta hugsað sér að fara inn á þetta svið ef þetta væri kynnt og vakinn á því áhugi. Því tel ég að fjármögnun nú þegar sé verkefni sem menn ættu að sinna.

Við skulum minnast þess að við erum þessa dagana að tala um ýmis stórverkefni. Við erum að tala um að renna til tugum og hundruðum milljóna, t. d. innan sjávarútvegs, með einstökum breytingum á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, með breytingum á lögum um útflutningsgjald. Við erum að renna milljónahundruðum til og frá í sjóðakerfinu. Á sama tíma hef ég fregnað að það hafi tekist að kreista 200 þús. kr. út úr sjóðum þjóðarinnar til að koma í veg fyrir að það stöðvaðist rannsóknaviðleitni sem þegar er haldið uppi við Háskólann í þessu efni. 200 þús. krónur! Ég komst einhvern veginn þannig að orði í blaðagrein sem ég skrifaði um þetta mál í mars s. l., að ef við ætlum okkur hlut í framtíðinni verðum við að kaupa hlutabréf strax í dag. Við gerum það með því að segja námsfólki okkar frá möguleikunum og hugmyndum okkar um lífshætti morgundagsins. Við gerum það með því að styrkja rannsóknir á íslenskum möguleikum líftækninnar. Þar mundi stórkostlega muna um fjárstyrk þó ekki væri meiri en sem nemur ferðastyrkjum og dagpeningum stóriðjunefndarinnar.

Menn skulu nefnilega gera sér grein fyrir að í þessari vinnu munar um hvern þúsundatuginn. Það munar um hvern einn mánuð sem hægt er að fá fólk til að vinna að þessum efnum. Við eigum þegar mikla aðstöðu fyrir í landinu. Við eigum rannsóknatæki. Við eigum gott fólk og húsnæði handa því og það er áhugasamt. Og við þurfum ekki að bíða til haustsins 1985 eftir útkomunni hjá starfshópi Rannsóknaráðs til þess að efla þessa viðleitni, sem er þegar fyrir hendi. Ég tel því að fyrir utan kynningu sé fjármögnun atriði sem við ættum að snúa okkur að strax.

Í þriðja lagi nefni ég atriði sem þarf að sinna í sambandi við lífefnaiðnað. Það er skipulagning hans eða skipulagning rannsóknaviðleitninnar. Ég held að þegar menn fjalla um það mál sé athyglisvert að gefa gaum hvernig samsetur er sá hópur sem Rannsóknaráð ríkisins hefur kallað saman til að vinna að þessum málum. Einstaklingarnir sem þar eru koma frá Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Tilraunastöðinni að Keldum, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Raunvísindastofnun Háskólans, Rannsóknastofu í veirufræði, Iðntæknistofnun Íslands og formaður nefndarinnar frá Raunvísindastofnun Háskólans. Þarna eru tilgreindar stofnanir þar sem þegar eru fyrir hæfir einstaklingar. Þarna eru tilgreindar stofnanir sem þegar eiga tæki, eiga bókakost, eiga húsnæði, eiga aðstoðarfólk og annað sem er uppspretta að þessu. Í öllum þessum stofnunum vinna einstaklingar sem standa föstum fótum í hópi samstarfsmanna og þess umhverfis sem þar hefur tekist að skapa. Það er upp úr þessum fjölskrúðuga akri sem ég held að lífefnaiðnaðurinn hljóti að spretta. Ég held að nytsamlegt sé að gera sér grein fyrir þessu þegar við gerum tillögur um skipulag á þessari starfsemi. Ég tel að fyrir næstu 5 eða 10 árin sé nægilegt og skynsamlegast í þessum efnum að mynda formlegan samstarfshóp þar sem fulltrúar frá þessum einstöku stofnunum hefðu með sér formlegt samstarf, t. d. í sambandi við skipulagningu verkefna, í sambandi við tækjakaup og í sambandi við aðstoðarfólksráðningar og þess háttar, en

að þeir haldi hver sínum vinnuvettvangi til þess, eins og ég segi, að nýta þá aðstöðu sem þar er fyrir hendi og það umhverfi sem þeir koma úr. Í framhaldi af því er náttúrlega óumflýjanlegt að sníða þessu einhvern þrengri stakk, en ég tel að næstu 5 til 10 árin eigi að styrkja þessa starfsemi í þeim sporum sem hún vex upp úr núna.

Ég hef minnst hérna á þrjú atriði sem ég tel að skipti höfuðmáli. Það er í fyrsta lagi kynning, það er í öðru lagi fjármögnun og það er í þriðja lagi framtíðarskipulag. Af því að verið er að tala um framtíðarskipulag ætla ég að ljúka þessu með því að minna á atriði sem hefur kannske ekki verið mikið rætt þegar menn tala um líftækni hérna á Íslandi. Við tökum eðlilega það sem okkur stendur nær, sem er nýting á ýmsum hráefnum sem eru tilfallandi í okkar atvinnuvegum. En langtímamarkmiðin og stóru vonirnar eru tengdar við annað. Þær vonir eru tengdar við möguleika á því að búa til nýjar lífverur, eins og nýja gerla sem geti tekist á við algerlega ný verkefni. Á þessu ári og undanförnum árum hefur slíkt náð einna lengst í Ameríku, þar sem slíkar aðferðir hafa verið notaðar til að framleiða mjög dýr efni, eins og hormóna og þess háttar sem mannfólkið vantar stundum í öngum sínum. Það er hægt að beita svokölluðum erfðaverkfræðilegum aðferðum við að búa til nýjar lífverur sem geta breytt hráefnum yfir í ný framleidd efni. Það er á þessu sviði sem hinar stóru vonir eru. En það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir að á þessu sviði verðum við kannske að vera tilbúin að eyða í dag og uppskera ekki fyrr en löngu, löngu síðar. Ég sá nýlega tölur um að árið 1982 hafi sú grein staðið nokkurn veginn þannig að búið var að verja til rannsókna í henni um 500 millj. dollara en verslunarlegur afrakstur var um 10 millj. dollara. Það er því enn þá langt í land. Það gengur vel, það eru miklar framfarir, en það er kannske enn þá langt að bíða þess að við getum notað þessar erfðaverkfræðilegu aðferðir við nærtæk verkefni sem við mundum kannske vilja huga að. En þetta eru langtímamarkmið sem við þurfum að hafa í huga.

Til þess að draga þetta saman tel ég að okkar verkefni, sem við eigum þegar að snúa okkur að, sé að kynna þessi mál fyrir öllum sem þau koma til með að snerta í framtíðinni og að veita fjármagni til þeirrar starfsemi sem er þegar fyrir hendi í landinu og huga í framhaldi af því að framtíðarskipulagi sem ég tel að eigi að taka mið af þeim jarðvegi sem þessi viðleitni vex upp úr í dag.

Að lokum legg ég til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. atvmn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér liggja fyrir hv. Alþingi tvö mál sem tengjast lífefnaiðnaði. Það er í fyrsta lagi sú till. til þál. sem hér er mælt fyrir af hv. 4. landsk. þm. en að auki liggur fyrir hv. Nd. sérstakt frv. sem ég ætla að vitna hér til, 272. mál þingsins á þskj. 523, frv. til l. um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, flutt af Steingrími J. Sigfússyni. Fyrir þessu máli hefur enn ekki verið mælt í Nd. en meginefni þess varðar lífefnaiðnað og till. um að sett verði á fót sérstök rannsóknastofa lífefnaiðnaðarins.

Ég tel að þessi mál bæði sem liggja fyrir þinginu og þá ekki síður sú till. sem hér er mælt fyrir, séu mjög góðra gjalda verð og þörf málefni. Sá rökstuðningur, sem hér hefur komið fram frá hv. þm. Guðmundi Einarssyni, flm. þessarar þáltill., er mjög ítarlegur. Ég tek eindregið undir það að nauðsynlegt er að gefa þessum málum mjög aukinn gaum frá því sem verið hefur og kynna möguleika á þessu sviði og reyna að koma hér á skipulagi varðandi rannsóknir á þessu sviði og síðan könnun á framleiðslumöguleikum eftir því sem frekast verður við komið að bestu manna yfirsýn.

Ég vil vekja á því athygli að ekki ætti að þurfa að skorta fjármagn í þessu skyni miðað við þá starfsemi sem reikna má með að ráðist yrði í á næstunni. Ég vil vekja á þessu athygli vegna þess að það hefur ekki nógsamlega komið fram í umr. um þetta mál. Alþingi hefur á undanförnum árum veitt sérstaka fjárveitingu til iðnaðarrannsókna. Á þessu ári eru á fjárlögum 10 millj. kr. veittar til iðnaðarrannsókna. Það var fjárlagaliður sem upp var tekinn í minni tíð sem iðnrh. til þess að unnt væri að standa fyrir undirstöðurannsóknum og hagnýtum rannsóknum á framleiðslumöguleikum í iðnaði. Þar er um að ræða allverulegt fjármagn miðað við það hvað veitt hefur verið af opinberri hálfu til þessara mála. Þessi fjárlagaliður lá fyrir í fyrra og raunar í hitteðfyrra, þó að meiri hluta þá sem lánveiting, en síðan hefur í vaxandi mæli verið veitt beint framlag til þessara þátta. Ég tel því að það ætti að kanna þegar á þessu ári hvað þörf væri á að styðja við á sviði lífefnaiðnaðar og taka það mál upp við iðnrn., að veittur verði fjárhagslegur stuðningur af þessum fjárlagalið sem ég geri ekki ráð fyrir að hafi verið ráðstafað til fulls á þessu ári þó að nokkuð sé á það liðið. Ég vek athygli á því að honum var ekki skipt af fjvn. nú við afgreiðslu fjárlaga og það hefur ekki verið gert á undanförnum árum, að öðru leyti en því að fjvn. hefur fengið málið til umsagnar. Það gilti a. m. k. fyrir árið 1982.

Ég vil hér við þessa umr. um leið og ég tek undir till. benda á að athuga þarf í nefndum hvernig best verði staðið að kynningu á líftækni og m. a. hvaða aðilar það séu sem æskilegt er að kveðja þar til. Það er auðvitað alltaf álitamál til hverra á að leita í þessu efni. Ég sakna t. d. úr þeim lista í till. flm. um 7 menn í nefnd að ekki er þar á blaði Iðntæknistofnun Íslands sem ætlast hefur verið til að sinnti þessum málum og ekki er óeðlilegt að komi þar við sögu þar sem hún hefur sérstaka þróunardeild. Komið hefur verið á skipan varðandi Iðntæknistofnun þar sem sérstök ráðgjafarnefnd er starfandi við þróunardeildina, m. a. með fulltrúum frá Háskólanum til þess að vera starfsmönnum hennar til ráðgjafar um athuganir og þróun á sviði iðnaðar.

Ég vil þá leyfa mér að koma að í þessari umr. þeirri gagnrýni sem ekki hefur farið neitt sérstaklega lágt í minn garð í sambandi við þetta mál. Ég hafði satt að segja vænst þess að hæstv. iðnrh. yrði hér við umr. og sæi ástæðu til þess, og mundi þá víkja að því sem skylt er af hans hálfu að mínu mati, að ekki voru gefnar réttar upplýsingar hér 6. mars á hv. Alþingi í sambandi við afdrif þáltill. um lífefnaiðnað.

Ég heyrði það áðan að hæstv. ráðh. hafði stór orð uppi um það að illa væri farið ef framkvæmdavaldið ekki fylgdi eftir ályktunum Alþingis, og ég er honum alveg sammála um það atriði. Hann nefndi þessa till. í framhjáhlaupi um lífefnaiðnað sem hefði „fallið milli stafs og hurðar" eins og hann orðaði það í umr. áðan. En hæstv. ráðh. veit nú betur, að á þessu máli var tekið

af iðnrn. nokkru eftir að þessi þáltill. barst því og fékk þar ákveðna afgreiðslu. Ég tel nauðsynlegt að greina hér frá því, ekki síst í ljósi þeirrar geysilegu holskeflu gagnrýni sem hefur tekið á sig býsna fjölskrúðugar myndir í fjölmiðlum um það að lagst hefði verið á þessa till., hún hefði verið falin jafnvel af ásettu ráði eins og lesa mátti í leiðara eins dagblaðsins, að þáv. ráðh. iðnaðarmála hefði stungið henni undir stól, e. t. v. vegna þess að flm. till. á Alþingi hafi ekki verið hans flokksmaður. Það eru auðvitað mjög alvarlegar ásakanir þegar slíkar dylgjur eru uppi hafðar og ég vænti þess að fjölmiðlar sjái sóma sinn í því að leiðrétta þetta mál í ljósi þess sem hér greinir.

Þann 18. maí berst iðnrn. svofellt erindi frá forseta Sþ. og skrifstofustjóra:

„Hér með er ráðuneytinu send þingsályktun um innlendan lífefnaiðnað samþ. á Alþingi 4. þ. m.“

Þetta erindi er dags. 17. maí og berst rn. þann 18. eða er stimplað þar inn þann 18. maí. Þann 12. júní er að finna minnisblað sent ráðh. og ráðuneytisstjóra frá skrifstofustjóra, þar sem er að finna 8 erindi frá Alþingi, frumvörp vísað til ríkisstj. og sjö þáltill. sem sendar hafa verið rn. og fylgja þar með. Ég greindi frá því við umr. um þessa fsp. á Alþingi að ég minntist þess ekki að hafa haft þessa till. sérstaklega á borði, en orðaði það svo:

„Vegna þessarar fsp. um lífefnaiðnað er rétt að fram komi af minni hálfu að ég minnist þess ekki að þessi þáltill. hafi verið fyrir mig lögð eftir að hún fékk samþykki á Alþingi 1982. Sá háttur var á hafður í sambandi við þáltill. sem vörðuðu iðnrn. að þær bárust rn. og var tekið til meðferðar af embættismönnum í samráði við mig hvert þeim var vísað. Sá háttur var á hafður þegar Alþingi hafði lokið störfum ár hvert. Ég kann ekki skýringar á því hvers vegna þessi till. hefur ekki fengið þá meðferð og komið inn á mitt borð.“

Síðan vék ég að því að um þessi mál hefði verið fjallað á þessum tíma og sagði m. a.:

„Iðntæknistofnun var falið að vinna að athugun þess máls“ — það varðaði c-vítamínframleiðslu — „og samdi síðan um það við samtök sveitarfélaga á Suðurlandi að þau ættu hlut að máli. Það var einnig settur á fót sérstakur ráðgjafarhópur rannsóknastofnana í landinu til að fjalla um undirbúning og framleiðslumöguleika á sviði orkufreks iðnaðar. Sá hópur er að ég best veit að störfum í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands.“

Þetta sagði ég í mínu máli. Það kom mér á óvart þegar þessi fsp. kom hér til umr., að hún hefði ekki fengið meðferð og ég greindi hér frá því sem ég helst vissi um málið á því stigi, en síðan er að finna í iðnrn. og liggur fyrir afrit af bréfi, dags. 11. ágúst 1982:

„Iðntæknistofnun Íslands, Skipholti 37, Reykjavík. Meðfylgjandi þál. um innlendan lífefnaiðnað var samþykkt á Alþingi á s. l. vori og falin iðnrn. til framkvæmda. Ráðuneytið fer þess á leit við Iðntæknistofnun Íslands að hún geri yfirlit yfir þær rannsóknir sem fram hafa farið á ýmsum þáttum lífefnaiðnaðar hjá rannsóknastofnunum og Háskóla Íslands. Í framhaldi þeirrar samantektar óskar rn. eftir ábendingum Iðntæknistofnunar varðandi vænlega kosti innlends lífefnaiðnaðar.

F. h. r.

Páll Flygenring,

Guðrún Hallgrímsdóttir.

Afrit: Hörður Jónsson, Iðntæknistofnun Íslands, Vesturvör 27, Kópavogi,“ en hann er framkvæmdastjóri þróunardeildar Iðntæknistofnunar.

Þetta gerist þann 11. ágúst 1982 og ég minnist þess og hef raunar fengið það staðfest af embættismönnum í rn. að við undirbúning að umsókn fjárlagaliðar um iðnaðarrannsóknir var af minni hálfu sérstaklega minnt á lífefnaiðnað og nauðsyn þess að gera ráð fyrir því að eitthvert fjármagn gæti verið til ráðstöfunar í sambandi við rannsóknir á framleiðslumöguleikum og öðrum þáttum lífefnaiðnaðar. Þetta er ekki óvenjuleg meðferð þáltill. af hálfu rn. Ég hef vafalaust fengið um það ábendingar frá starfsmönnum þar og till. um það að vísa málinu til Iðntæknistofnunar, þar sem hún er sú stofnun á vegum iðnrn. sem fjallar um þróunarmöguleika í iðnaði og þ. á m. um nýmæli. Það var einmitt lögð sérstök áhersla á það á þeim árum, sem ég starfaði innan veggja iðnrn., að Iðntæknistofnun yrði efld og til hennar aflað fjármagns til þess að unnt væri að standa að rannsóknum á nýmælum, nýjum framleiðslumöguleikum í íslenskum iðnaði.

Ég ætla, herra forseti, ekki að fara að vitna hér til blaðaummæla út af þeim misskilningi eða missögnum sem hér komu fram, m. a. frá hæstv. iðnrh. sem svar við fsp. hv. 4. landsk. þm. þann 6. mars s. l. Það væri að æra óstöðugan að fara yfir þau efni. En ég minni á það að þetta fór nánast hringinn í forustugreinum dagblaðanna, og með þeim hætti sem ekkert er óvenjulegt. Það var ekki einu sinni farið eftir ábendingum ráðh. um það að þarna mundu hafa verið mannleg mistök á ferð, heldur hitt að fyrrv. ráðh. hefði sennilega vísvitandi lagst á málið eða týnt því í skýrslubunkum og pappír í sínu rn. Það eru klisjur sem ég er ósköp vanur að heyra í sambandi við þann vettvang sem ég sinnti á þessum árum.

Ég hvet til þess að á þessari þáltill. verði tekið eins og tillögumaður hefur lagt til og um hana fjallað í nefnd. Ég tel að Rannsóknaráð ríkisins hafi tekið með eðlilegum hætti á þessu máli með því að setja á fót sérstakan starfshóp til þess að fara yfir sviðið og það er vissulega verkefni Rannsóknaráðs, sem er ráðgefandi fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna, að fjalla um fyrirkomulag rannsókna í landinu.

Ég tek undir það með hv. flm. að það er engin ástæða til þess að bíða eftir beinum tillögum eða lokatillögum þessa hóps. Hann getur eflaust gefið gagnlegar ábendingar mjög fljótlega sem hafa má stuðning af. Nauðsynlegt er að þeir aðilar, sem eðlilegt er að komi hér við sögu, hafi skynsamlegt samstarf. Sú kynning, sem hér er lagt til að gerð verði á þessu sviði, er fyllilega tímabær, m. a. fyrir þá ungu uppvaxandi menntamenn og væntanlega vísindamenn sem eru að velta fyrir sér inn á hvaða svið skuli leitað.

Hitt skulum við jafnframt varast að gylla möguleika okkar um of. Ég er ekki að segja að það sé gert hér. Hér er dregin upp framtíðarsýn af þeim sem við þessi mál vinna, býsna lokkandi og heillandi framtíðarsýn í mörgum greinum. Við hljótum að eiga þarna verulega möguleika en þeir verða auðvitað ekki að veruleika nema á málunum sé tekið af festu og við veljum úr þau svið þar sem líklegast er að við getum komið við sögu í sambandi við framleiðslu í framtíðinni.

Ég vek líka athygli á því að þetta svið lífefnaiðnaðar og lífverkfræði er engan veginn hættulaust svið og því

tengjast ýmsir þættir, þar sem menn þurfa að hafa vakandi auga á. Í því sambandi er vert að benda á að Rannsóknaráð ríkisins, framkvæmdastjóri þess, hefur séð ástæðu til þess í sambandi við markmið athugana í lífefnaiðnaði sem þriðja lið að benda á þær „hættur sem fylgt geta líftæknilegri starfsemi fyrir umhverfi eða heilsu manna og hvaða reglur þurfi að setja um slíka starfsemi til að forðast hugsanleg slys og draga úr áhættu.“ Þetta er tilvitnun í erindisbréf þessa starfshóps.

Líftækni og þróun hennar tengjast vissulega ýmis siðræn vandamál sem nauðsynlegt er að gefa gaum. Einnig hérlendis þegar verið er að fara inn á þetta nýja svið er vissulega ástæða til þess að hafa nokkra gát á. Hv. flm. nefndi hér möguleikann á að framleiða nýjar örverur, bakteríur og aðrar smásæjar lífverur. Það er mikið um rætt, en menn skulu hafa í huga að slíkt er ekki hættulaust með öllu. Það þarf a. m. k. að átta sig sem best á því hvaða þættir það eru sem þarf að gæta að í því sambandi. Ég ítreka svo að lokum að ég tek undir þennan tillöguflutning sem og það frv. sem hér liggur fyrir hv. Nd. um þetta mál og vænti þess að sú umr. og hvatning, sem fram hefur komið á þessum vetri í þessum efnum skili okkur með jákvæðum hætti áfram á þessu sviði.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil taka eindregið undir með hv. flm. þessarar þáltill., að hér er um afar mikilvægt mál að ræða sem mun valda gerbyltingu í framleiðslu og atvinnuháttum í náinni framtíð. Það gæti orðið okkur dýrkeypt að dragast aftur úr í þessari þróun, þannig að við verðum algerir þiggjendur í þessum efnum. Í líftækni felast geysimiklir atvinnumöguleikar fyrir litla þjóð og mun stuðla að sjálfstæði okkar að verða þar skapandi og gefandi fremur en einhliða þiggjendur.

Ég vil upplýsa hv. flm. um að starfshópur sá sem Rannsóknaráð ríkisins hefur skipað um þróun líftækni hefur þegar hafið störf af miklum krafti og áhuga og vonandi nýtist árangur starfa hans í áföngum þannig að ekki þurfi að bíða alveg til haustsins árið 1985 eftir niðurstöðum.

Að lokum tel ég að kynning á líftækni sem og öllum öðrum rannsóknum sé bæði skylda og nauðsyn. Það þarf að vekja almenning og stjórnvöld rækilega til meðvitundar um mikilvægi rannsókna fyrir menningarlegt sjálfstæði og atvinnuhagsmuni þjóðarinnar.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir undir þetta mál. Ég ætla aðeins að koma að fáeinum atriðum um þá sem tilgreint er í þáltill. að skuli tilnefna menn í þessa nefnd. Ætla ég að lýsa því hvernig ég valdi þá.

Eins og sést af þessum lista eru þetta fulltrúar fyrir aðila sem ég tel að sérstaklega þurfi að kynna málið fyrir. Ég tel að það þurfi að kynna málið meðal vinnuveitenda, meðal nemenda í Tækniskólanum, meðal Sambands ísl. sveitarfélaga, meðal háskólakennara og háskólanema og meðal aðildarfélaga Alþýðusambandsins. Rannsóknaráð ríkisins er eini aðilinn, sem þarna er settur inn, sem er ekki beinlínis fulltrúi fyrir eitthvert svið. Síðan hafði ég hugsað mér að þessir aðilar sæju um kynningu á þessu máli í sínum samtökum, en nefndin gæti að öðru leyti aflað sér faglegrar aðstoðar þar sem hún er til, eins og á stofnunum. Við getum hugsað okkur auglýsingastofu þar sem eru til annaðhvort tæknileg eða fræðileg atriði sem skipta máli. Vafalaust mætti hugsa sér að þessi hópur væri stækkaður og inn í hann kæmu tæknifulltrúar fyrir ýmsar stofnanir sem búa þegar yfir þekkingu bæði til þess að fræða, eins og Iðntæknistofnun þar sem eru fræðsludeildir og stofnanir, eða eru með rannsóknir á þessu sviði. Það er meira en mögulegt.

Það sem ég sagði í sambandi við starfshóp Rannsóknaráðs má alls ekki túlka þannig, að ég sé að vanþakka það starf sem hann vinnur. Ég er bara að leggja sérstaka áherslu á að í ýmsum atriðum er ekki eftir neinu að bíða. Eins og Jón Bragi Bjarnason segir í lokaorðum sínum: Það er ljóst að meginniðurstöður könnunar Rannsóknaráðs verða þær sömu og könnunar iðnrn. fyrrum og reyndar allra kannana sem verða látnar fara fram í þessum málum, þ. e. að líftækni lofi góðu en að það sé þörf rannsókna. Þessar niðurstöður liggja alveg fyrir og að því leyti er ekki eftir neinu að bíða í sambandi við ákveðin undirbúningsstörf. Alsíðasta setningin í grg. Jóns Braga er sú, að ekki sé fært að bíða eftir niðurstöðum könnunar Rannsóknaráðs og tilvonandi jákvæðum viðbrögðum.

Ég tek mjög undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði um gylltar framtíðarsýnir. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir að þarna gerist ekkert í hvellinum. Það sem menn átta sig kannske ekki á, og það er þess vegna sem ég tel að þurfi að kynna málið, er að líftækni er heilt svið aðferða sem sumar eru þegar í notkun. Við erum þegar með umfangsmikinn lífefnaiðnað á landinu í sambandi við ostagerð og í sambandi við alls konar mjólkuriðnað. Ef tillögur um bjór verða samþykktar bætist lífefnaiðnaði á Íslandi enn þá ein stór grein, sem yrði bjórframleiðsla. Þetta er allt saman lífefnaiðnaður. Í líftækninni höfum við allt sviðið, það sem þegar er notað og hefur verið notað kannske í árhundruð eða árþúsundir og allt til þess sem við vitum að verður ekki mögulegt fyrr en eftir áratugi, einhvern tíma langt fram á næstu öld. Þetta verðum við náttúrlega að hafa í huga. Sumt af þessu tekur tíma, sumt er hægt að gera með litlum aðdraganda, en þetta er mjög mismunandi.

Ég vil að lokum harma þær missagnir sem hafa greinilega orðið í sambandi við afdrif þáltill. frá 1982 og ég tel það ámælisvert af hálfu iðnrn. að hafa ekki leiðrétt þau orð sem voru af þess hálfu höfð frammi um þetta mál á sínum tíma. En það er kannske huggun harmi gegn að líklega hefur sagan um týndu þáltill. orðið framar öllu öðru til þess að lyfta þessu máli og orðið til þess að líftækni eða lífefnaiðnaður eru svo mikið á dagskrá sem raun ber vitni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kennslugagnamiðstöðvar, þáltill. 287. mál (þskj. 550). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram till. til þál. um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum sem er 287. mál

þessa þings á þskj. 550. Meðflm. mínir eru hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, Eiður Guðnason, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran, Ólafur Þ. Þórðarson, Salome Þorkelsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta kanna hvernig best væri að haga samstarfi við samtök sveitarfélaga um að koma á fót kennslugagnamiðstöðvum í tengslum við fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum. Kennslugagnamiðstöðvar hafi það meginverkefni að lána skólum námsgögn, kennslutæki og hjálpargögn þannig að öllum nemendum verði tryggður aðgangur að fjölbreyttum kennslugögnum hvar á landinu sem þeir búa."

Mál þetta hefur a. m. k. einu sinni áður komið fyrir Alþingi. Í frv. til l. um breytingu á lögum nr. 63 21. maí 1974, um grunnskóla, sem lagt var fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83 er í 39. gr. eftirfarandi heimildarákvæði: „Enn fremur er heimilt að setja á stofn kennslu- og skólasafnamiðstöðvar í fræðsluumdæmum í samvinnu við Námsgagnastofnun þar sem slíkt þykir henta að mati menntmrn." Frv. þetta hlaut ekki afgreiðslu.

Flm. þessarar till. sem nú liggur fyrir þingi telja að hér sé um svo brýnt mál að ræða að það megi ekki lengur bíða auk þess sem ljóst er að meira þarf til en óljós heimildarákvæði ef hrinda á þessu máli í framkvæmd. Flestum er kunnugt að verulegur munur er á aðstöðu barna til náms og kennslu hér á landi. Þessi þáltill. tekur á einum þætti þessa flókna máls, þ. e. aðstöðumun hvað varðar námsgögn, kennslutæki og önnur hjálpargögn. Skólar hér á landi eru afar misvel búnir hvað þetta varðar. Í þessu sambandi má vitna til könnunar er gerð var á vegum Félags skólastjóra og yfirkennara á aðstöðu og búnaði í skólum 1981. Í niðurstöðum hennar segir m. a., með leyfi forseta:

„Ekki er neitt einhlítt um hvar besta eða lakasta búnaðinn er að finna en víða virðast fámennustu kjördæmin, þ. e. Vestfirðir og Norðurland vestra, lakar búin. En þá verður að hafa í huga að einmitt í þessum kjördæmum eru margir smáir skólar."

Um bókasöfn segir m. a.:

„Í þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum í endurskipan kennsluefnis og breyttum kennsluháttum er gott bókasafn meðal helstu forsendna þess að árangurs sé að vænta. Í ljósi þessa er niðurstaðan um skólasöfnin uggvænleg og mikið áfall fyrir þá aðila er bundið hafa vonir við þetta starf. Hvergi er meiri munur á aðstöðu en einmitt á þessum vettvangi er þó síst skyldi."

Þar segir enn fremur:

„Skuggalegt er því að horfa upp á að af 168 skólum sem hér um ræðir skuli 42 skólar hafa 0—2 bækur á hvern nemanda, 16 skólar 2—4 bækur og aðrir 16 4—6 bækur, eða samtals hafa 74 skólar minna en 6 bækur á hvern nemanda."

Í lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, segir svo í 72. gr.:

„Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna. ... Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggnur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau."

Hér eru vissulega gefin fögur fyrirheit en spyrja má í fullri alvöru hvenær þess sé að vænta að slík aðstaða verði komin við alla skóla í landinu. Í því sambandi er vert að minnast þess að í rúmlega 100 skólum eru nemendur færri en 100 og í rúmlega 70 skólum eru nemendur færri en 50. Við 51 af rúmlega 220 grunnskólum starfa aðeins einn eða tveir kennarar. Ljóst er að sé þetta mál skoðað raunsæjum augum er þess seint að vænta að fullkomin skólasöfn rísi við alla skóla. Þau munu ekki í bráð eignast þau gögn og tæki sem talin eru upp í 72. gr. grunnskólalaga og til var vitnað hér á undan.

Þessi till. felur í sér leið til lausnar þess, þ. e. að litlir skólar ákveðnu svæði — jafnvel allir skólar á sama svæði — eigi saman ýmis þau gögn, tæki og áhöld sem hverjum einum skóla reynist ofviða að eignast upp á eigin spýtur eða ekki er ástæða til að hver skóli eigi. Hér er t. d. um að ræða ýmis dýr kennslutæki og hjálpargögn sem aðeins eru notuð í skamman tíma á hverju skólaári.

Rétt er að finna þessum gögnum samastað í tengslum við fræðsluskrifstofurnar í hverju fræðsluumdæmi, þaðan sem þau verði lánuð til skóla í umdæminu. Er við það miðað að það starfsfólk, sem þar er fyrir, muni a. m. k. að nokkru beina starfskröftum sínum í þennan farveg.

Til lengri tíma litið má jafnframt færa að því rök að auk margháttaðs ávinnings af starfi slíkra miðstöðva næðist beinn fjárhagslegur sparnaður af rekstri þeirra. Á það ekki síst við um ráðgjöf fyrir skóla um kaup á hentugum búnaði sem fengin væri reynsla af, en nú ræður oft kylfa kasti í innkaupum skólanna hvers um sig. Einnig hefðu kennslugagnamiðstöðvarnar til útlána ýmis tæki og gögn sem einstakir skólar ella keyptu.

Með því að byggja þessar miðstöðvar upp í fræðsluumdæmunum er þess einnig að vænta að finna megi í hverju tilviki hagkvæmustu leið við að dreifa gögnum frá kennslugagnamiðstöð út í skólana og halda kostnaði í lágmarki.

Þá ætti að gera ráð fyrir því að kennslugagnamiðstöðvar við fræðsluskrifstofurnar veiti kennurum og foreldrum ýmsa þjónustu svipaða þeirri sem veitt er í kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar í Reykjavík. Þar verði gagnasmiðja fyrir kennara, aðstaða til fræðslustarfs, sýnilega og kynninga af ýmsu tagi.

Fleiri verkefni mætti fela kennslugagnamiðstöðvum ef henta þætti. Má þar m. a. nefna þjónustu við skólasöfn og aðstoð við uppbyggingu þeirra og sameiginleg innkaup á skólavörum fyrir skólana í umdæminu.

Nokkur reynsla er komin á starfsemi kennslumiðstöðvar þeirrar er Námsgagnastofnun hefur rekið frá því í maí 1982. Meginhlutverk þeirrar miðstöðvar hefur verið kynningar- og upplýsingaþjónusta fyrir kennara. Þar er unnið að því að koma á fót gagnasafni fyrir allar námsgreinar, gagnasmiðju þar sem kennarar hafa aðstöðu til að búa til eigið námsefni. Haldnar hafa verið sýningar á námsgögnum, hjálpargögnum og skólabúnaði og efnt hefur verið til fræðslustarfsemi af ýmsum

toga. Starfsemi þessi hefur mælst afar vel fyrir meðal kennara og aðsókn mörg þúsund kennara á hverju ári sannar að full þörf hefur verið fyrir þessa þjónustu. Aðeins einn starfsmaður er í kennslumiðstöðinni og hefur svo verið frá upphafi en það takmarkar vitaskuld mjög þjónustu við kennara utan stór-Reykjavíkursvæðisins.

Við rekstur kennslumiðstöðvarinnar í Reykjavík hefur og komið skýrt í ljós hversu mikil þörf er á að unnt sé að lána skólanum námsgögn. Um þessar mundir eru möguleikar kennara á þessu takmarkaðir og þá einkum bundnir við fræðslumyndadeild Námsgagnastofnunar, sendiráð og nokkrar stofnanir og félög sem halda uppi fræðslustarfsemi.

Skv. lögum ber Námsgagnastofnun að sjá nemendum á skyldunámsstigi fyrir ókeypis námsgögnum. Aðstæður Námsgagnastofnunar valda því að þau námsgögn, sem sú stofnun gefur út, duga engan veginn ein sér til að skóli verði vel búinn námsgögnum. Hér er því sveitarfélögum ætlað stórt hlutverk en ljóst er að aðstæður þeirra til að rækja það eru afar mismunandi.

Með þessari till. er alls ekki boðað að hverfa eigi frá því markmiði að í framtíðinni rísi skólasöfn við alla skóla. Má miklu fremur líta á kennslugagnamiðstöðvar sem mikilvægt spor í þá átt. Útlán námsgagna og kennslutækja munu stuðla að hagkvæmni við þá uppbyggingu. Í því sambandi má nefna að kennarar geta við innkaup á námsgögnum og kennslutækjum stuðst við þá reynslu sem fengist hefur og þannig metið mun betur en ella hvaða námsgögn þurfa að vera til í skólanum allt skólaárið. Það er því mikilvægt að ljóst verði að hér er um að ræða leið sem hefur í för með sér bætta þjónustu um leið og gætt er ýtrustu hagkvæmni.

Síðast en ekki síst er hér um að ræða mannréttindamál. Það er óverjandi með öllu að börn okkar skuli hafa svo misjafna aðstöðu til náms eftir búsetu eins og raun ber vitni. Nútíminn og framtíðin gera æ meiri kröfur til manna, bæði um fjölbreytta og sérhæfða menntun. Það er því hvorki boðlegt börnum þessa lands að draga þau svo í dilka hvað varðar undirbúning undir lífið né heldur hefur þjóðin efni á því.

Flm. þessarar till. vilja þakka Ingvari Sigurgeirssyni deildarstjóra hjá Kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar fyrir góð ráð og ábendingar við gerð þessarar þáltill.

Að lokum vil ég, hæstv. forseti, leggja til að þessu máli verði vísað til hv. allshn. Sþ. að loknum umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta mörgu við þá ágætu framsögu sem 1. flm. þessarar till. hafði hér fyrir henni. En eins og fram kemur eru hér flm. úr öllum þingflokkum svo að við gerum okkur von um að þessi till. fái góðan byr á hv. Alþingi. Eins og fram kemur í texta hennar og fram kom í máli hv. 1. flm. er meginmarkmiðið að skapa börnum í landinu og skólafólki í grunnskólum alveg sérstaklega sem jafnasta aðstöðu. Væntanlega geta slíkar miðstöðvar hins vegar einnig orðið framhaldsnámi vítt um landið til styrktar og fræðsluskrifstofurnar í fræðsluumdæmunum láta sig raunar nú þegar málefni framhaldsskólans nokkru skipta.

Ég vildi vekja athygli á því að ég hygg að það sé víðtækur stuðningur við þetta mál hjá því fólki sem gerst ætti að þekkja til, starfsfólki skólanna, fræðsluskrifstofa og innan ráðuneytis að ég hygg líka. Það var árið 1981, 29.—30. okt., að menntmrn. efndi til sérstakrar ráðstefnu í Munaðarnesi til að fjalla um endurskoðun laga um grunnskóla, laganna frá 1974. Á þeirri ráðstefnu starfaði sérstakur starfshópur einmitt að því að fara yfir X. kafla laganna sem varðar skólasöfn og bókasöfn. Skiladi hann álitsgerð þar sem einmitt var vakin athygli á nauðsyn þess að upp rísi þjónusta af því tagi sem lagt er til í þessari þáltill. úti um landið í tengslum við fræðsluskrifstofurnar. Í þeim starfshópi, sem vann að tillögugerð á þessari ráðstefnu, voru auk forstöðumanns Kennslumiðstöðvar Námsgagnastofnunar, Ingvars Sigurgeirssonar, sem við flm. till. höfðum sérstaka ástæðu til að þakka fyrir aðstoð okkur veitta og góðar ábendingar, einnig námsgagnastjóri, Ásgeir Guðmundsson, tveir námsstjórar, einn fræðslustjóri og bókafulltrúi ríkisins. Það liggur fyrir frá þessari ráðstefnu álit þessara aðila varðandi þetta mál og raunar drög að brtt. varðandi X. kafla grunnskólalaganna „um kennslu- og skólasafnamiðstöðvar og skólasöfn“ eins og þátttakendur í þessum starfshópi notuðu sem yfirskrift yfir hugmyndum sínum um breytingar á grunnskólalögunum.

Ég vænti þess að þessi till. skili árangri fyrr en seinna. Þetta er ekki aðeins jafnréttismál fyrir nemendur. Þetta er líka byggðamál, þ. e. að efla fræðsluskrifstofurnar í landshlutunum með þeim hætti sem hér er lagt til. Það er mikið atriði fyrir byggðaþróun í þessu landi að þeir þættir sem skynsamlegt er að færa út í landshlutana komist þangað fyrr en seinna. Þar á hið opinbera að sjálfsögðu að hafa forgöngu og hér er einn slíkur þáttur á ferðinni, en þeir eru margir fleiri sem mættu fylgja í kjölfarið og þyrftu að komast út á landsbyggðina fyrr en seinna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hætta af Skeiðarárhlaupum, þáltill. 291. mál (þskj. 565). — Ein umr.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um varnir vegna hættu af Skeiðarárhlaupum, en ásamt mér eru flm. að þessari till. Egill Jónsson, hv. 11. landsk. þm. og Tómas Árnason, hv. 4. þm. Austurl. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa aðgerðir til að unnt verði að koma hið fyrsta upp fyrirhleðslum sem dregið geti úr hættu á tjóni vegna Skeiðarárhlaupa í samræmi við tillögur almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu og Vegagerðar ríkisins.“

Í grg. með till. er að finna rökstuðning fyrir flutningi hennar, en þar segir m. a.:

„Vaxandi hætta er á að Skeiðarárhlaup valdi verulegu tjóni á þeim mannvirkjum sem reist hafa verið á Skeiðarársandi og þeirri aðstöðu sem vaxið hefur upp í skjóli þeirra. Á það við um brúarmannvirki og varnargarða er þeim tengjast, þjónustumiðstöð Náttúruverndarráðs í þjóðgarðinum með tjaldstæði og húsum og mikið landsvæði austast á Skeiðarársandi sem fengið hefur skjól af varnargörðum og gróið talsvert upp undanfarin 10 ár. Ekki hefur enn verið gert við skemmdir sem urðu á varnargörðum og straumbrjótum í tveimur síðustu Skeiðarárhlaupum og auk þess er brýnt að reisa viðbótargarða við Skaftafellsbrekkur til

að auka m. a. öryggi fyrir þjónustumiðstöð Náttúruverndarráðs.“

Þá er vikið að breytingum sem orðið hafa á jarðhitasvæðinu í Grímsvötnum sem ýta undir það að brugðist verði við. Þau breyttu viðhorf kalla að mati flm. á skjótar úrbætur á fyrirhleðslum því að of seint er að hefjast handa eftir að hlaup er hafið í Skeiðará. Almannavarnanefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur haft miklar áhyggjur af stöðu mála vegna Skeiðarárhlaupa að undanförnu. Nefndin sótti m. a. um fjárveitingu til Alþingis í nóv. 1983 að upphæð 8.7 millj. kr. til að treysta varnarvirki á Skeiðarársandi. Hafði áður fengist vilyrði stjórnar Viðlagatryggingar um fjárframlag til jafns við það sem fengist úr ríkissjóði. Fjvn. hv. treysti sér ekki til þess að gera till. í sambandi við fjárlagagerð ársins 1984 í samræmi við beiðni almannavarnanefndarinnar. Bæði var að óskin var nokkuð seint fram komin, erindið dagsett 22. nóv. 1983, og fyrri hluta des., um það leyti sem nefndin hafði erindi þetta til meðferðar, hófst óvænt hlaup í Skeiðará og mun málið ekki hafa verið talið jafnaðkallandi af þeim sökum. Ekki var um að ræða að unnt væri að bregðast við vá af því hlaupi, sem varð minna en oft hefur orðið hér á árum áður og olli ekki teljandi tjóni. Nú má hins vegar ekki dragast að undirbúnar verði aðgerðir til að varna tjóni af næstu Skeiðarárhlaupum og því er þessi þáltill. flutt.

Með þáltill. er að finna allmörg fskj. til þess að auðvelda hv. þm. og þeirri n. sem fær mál þetta til meðferðar skilning á nauðsyn þess og hvernig að undirbúningi hefur verið staðið. Þar er að finna í fyrsta lagi bréf almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu til fjvn. frá 22. nóv. 1983 og mörg erindi sem fylgdu því bréfi, m. a. til Almannavarna ríkisins. Ég vek athygli á því að málið var raunar upp tekið af hálfu almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu við almannavarnaráð þegar haustið 1981 með bréfi þann 6. okt. það ár. Í svari almannavarnaráðs frá 19. nóv. 1981, sem einnig er birt sem fskj., kemur fram að almannavarnaráð er sammála áliti almannavarnanefndar Austur-Skaftafellssýslu varðandi hættuna á að Skeiðarárhlaup geti valdið skemmdum á mannvirkjum sem reist hafa verið í skjóli fyrirhleðslugarða, og lagði ráðið þá til að erindið yrði tekið upp við Viðlagatryggingu Íslands. Var almannavarnaráð reiðubúið að mæla með jákvæðri afgreiðslu þess þar, og fékkst hún innan Viðlagatryggingar sem gerði bókun á fundi sínum snemma á árinu 1982 um að veita fjárframlag til aðgerða til jafns við það sem fengist frá ríkissjóði, eins og fram hefur verið tekið.

Þá er einnig meðal fskj. bréf frá hreppsnefnd Hofshrepps, dags. 29. okt. 1983, þar sem er eindreginn stuðningur við þetta mál. Segir þar í niðurlagi, með leyfi forseta:

„Frekari dráttur á þessum framkvæmdum býður því heim þeirri hættu að Skeiðarárhlaup geti brotist í gegnum varnargarða og valdið stórtjóni á mannvirkjum í Skaftafelli og gróðurlendi í Hofshreppi því að á söndunum austan Skeiðarár eykst nú gróður ár frá ári við friðun fyrir ágangi árinnar vegna brúarmannvirkjanna.“ Þetta var tilvitnun í erindi hreppsnefndar Hofshrepps til almannavarnaráðs.

Þá er að geta bréfs og grg. frá Vegagerð ríkisins, dags. 22. nóv. 1983, þar sem er að finna ítarlegar tillögur Vegagerðarinnar varðandi aðgerðir á sandinum, styrkingu fyrirhleðslugarða og straumbrjóta og byggingu nýrra garða við Skaftafellsbrekkur til þess að verja mannvirki innan þjóðgarðs og að varna því að vatnsflaumur brjótist austur yfir til tjóns á þeim og víðfeðmu landsvæði sem gróið hefur upp nú þegar verulega á síðustu tíu árum. Skv. kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar s. l. haust var kostnaður metinn á samtals 17.3 millj. kr. og það var um helming þeirrar upphæðar sem almannavarnanefnd Austur-Skaftafellssýslu óskaði eftir framlagi til í erindi sínu til fjvn.

Þá vek ég athygli á fskj. III með þessari þáltill. sem er bréf frá Helga Björnssyni jöklafræðingi varðandi Grímsvatnahlaup, þar sem fram kemur að engin ástæða sé til þess að ætla að Grímsvatnahlaup séu úr sögunni, þótt smáhlaup falli nú, og á hann þá við það hlaup sem stóð yfir í des. s. l., þegar hann ritaði sína grg. og sagði í bréfinu m. a.:

„Vegna þessara breytinga á hegðun Grímsvatna er ekki unnt að spá með nokkurri vissu um framvindu Skeiðarárhlaupa fyrr en ljósara verður með rannsóknum hvers eðlis breytingarnar í Grímsvötnum eru.“

Af þessu er ljóst að nauðsynlegt er að búa sig undir breytingar á hegðun Skeiðarár og þyrfti raunar ekki meira en meðalhlaup til við núverandi aðstæður til þess að rjúfa varnargarðana á sandinum til stórfellds tjóns á mannvirkjum og landi. Helgi Björnsson segir einmitt í niðurlagi síns bréfs eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Jökulhlaup munu því falla frá Grímsvötnum á komandi árum sem hingað til. Um stærð þeirra mun hér ekki spáð, en ef jöklar vaxa má búast við stærri hlaupum en nú falla og aukinn jarðhiti gæti haft sömu áhrif þegar til lengdar lætur. Auk þess vekur aukin eldvirkni við Grímsvötn þann ugg að eldur gæti komið upp norðan Grímsvatna. Þá hlypi bræðsluvatn tafarlaust niður í Vötnin og stórhlaup gæti hlotist af ef hátt er í þeim. Þetta gerðist síðast árið 1938.“

Herra forseti. Ég vænti þess að till. þessi fái þinglega meðferð og jákvæða afgreiðslu í meðferð þingsins, því að hér er um mjög brýnt mál að ræða að mínu mati, og eins og ekki þarf að fjölyrða um í ljósi þeirra umsagna og erinda sem fylgja till. Ég legg til að eftir að umr. hefur verið frestað um málið þá verði till. vísað til hv. fjvn.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég ætla að taka undir það sem kemur fram í þessari till. Ég held að þarna sé hreyft mjög mikilsverðu máli. Mikil verðmæti eru í húfi, bæði byggingar og land sem þarna hefur gróið upp á seinni árum. Ég tel nauðsynlegt fyrir margra hluta sakir að vernda bæði mannvirki og land. Af öryggisástæðum tel ég líka nauðsynlegt að tekið sé svo á sem lagt er til í þessu máli.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil ekki fara héðan út úr þinginu án þess að taka undir þá till. sem hér um ræðir. Hér er mjög brýnu máli hreyft og nauðsynlegt að flýta aðgerðum í því eins og hægt er. Þarna eru mjög mikil verðmæti í hættu. Myndarleg uppbygging hefur átt sér þarna stað á síðustu árum og mjög brýnt að koma í veg fyrir spjöll af náttúruhamförum. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar og ekki lengja þessa umr. en vil eindregið hvetja til þess að till. fái jákvæða meðferð í þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þetta er síðasti fundur sameinaðs þings fyrir páska og ég vil óska öllum þm. gleðilegrar páskahátíðar.

Efri deild, 82. fundur.

Föstudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Menntaskólar, frv. 310. mál (þskj. 605). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Virðulegi forseti. Í reglugerð þeirri sem sett var árið 1971 (það var reglugerð nr. 12 frá 1971, nú 270/1974) á grundvelli nýrrar löggjafar um menntaskóla frá árinu 1970 eru ákvæði um að leyfi til að ljúka stúdentsprófi án setu í menntaskóla megi veita þeim „er á venjulegum menntaskólaaldri hafa t. d. lagt stund á annað nám eða störf, en æskja að afla sér þeirrar menntunar eða þeirra réttinda, er fylgja prófi frá menntaskóla." Jafnframt er kveðið á um að menntmrn. geti heimilað skóla að setja á stofn sérstök námskeið, þ. á m. kvöldskóla, í þágu þeirra sem kjósa að notfæra sér þennan möguleika. Þetta er hinn lögformlegi grundvöllur þeirrar kennslustarfsemi sem nú er oftast rætt um sem öldungadeildir. Í lögunum sjálfum er orðið „öldungadeild" hins vegar hvergi nefnt.

Fyrsta öldungadeildin tók til starfa á vegum Menntaskólans við Hamrahlíð árið 1972 fyrir frumkvæði Guðmundar Arnlaugssonar þáverandi rektors og hefur hún að mörgu leyti orðið fyrirmynd hliðstæðra deilda sem síðan hafa komist á laggirnar í tengslum við ýmsa menntaskóla og fjölbrautaskóla. Meðal skóla sem nú starfrækja slíkar deildir á sínum vegum, auk Menntaskólans við Hamrahlíð, má nefna Menntaskólann á Akureyri, Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Flensborgarskólann í Hafnarfirði, Fjölbrautaskólann á Akranesi og Fjölbrautaskólann á Selfossi. Vísir að öldungadeildum er og á vegum fleiri framhaldsskóla, svo sem menntaskólanna á Ísafirði, Egilsstöðum og Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki.

Starfshættir öldungadeildanna eru um margt talsvert frábrugðnir reglulegri starfsemi „móðurskólanna". Kennslan fer að jafnaði fram eftir venjulegan skólatíma og kennslustundir sem hver nemandi sækir eru færri, miðað við sama námsefni. Þetta hefur m. a. valdið því að kennsla í öldungadeildum er greidd með öðrum hætti en í dagskólum og eftir sérstökum kjarasamningum.

Frá upphafi öldungadeilda hefur nemendum þeirra verið gert að greiða innritunargjöld, og hefur á seinni árum verið miðað við að þessi gjöld nálguðust að standa undir allt að þriðjungi beins kennslukostnaðar.

Meðan öldungadeildir voru aðeins við menntaskóla beindist kennslan eingöngu að stúdentsprófi. Eftir að öldungadeildakennsla komst á við fjölbrautaskóla hafa námsmarkmiðin orðið nokkru breytilegri, eftir því hvaða námsbrautir er um að ræða á hverjum stað. Þótt ekki hafi enn verið settar heildarreglur um starfsemi öldungadeilda hefur nokkur síðustu ár verið leitast við að fylgja fram nokkrum grundvallarkröfum um tilhögun og markmið fullorðinsfræðslu til að hún nyti fjárhagsstuðnings af ríkisfé með þeim hætti sem tíðkast hefur um öldungadeildir. Þannig hefur heimild til starfrækslu fullorðinsfræðslu á vegum fjölbrautaskóla yfirleitt verið miðuð við eftirfarandi skilyrði:

1. Árlega verði lögð fyrir rn. til samþykktar áætlun um fyrirhugaða kennslu, námsáfanga og fjölda nemenda í hverjum hóp.
2. Náms- og prófkröfur verði hinar sömu og í hliðstæðum áföngum í reglulegu starfi skólans. Nemendur skrái sig á ákveðnar námsbrautir.
3. Afnot af skólahúsnæði og kennslutækjum verði látin í té án sérstaks gjalds.
4. Launakostnaður skiptist jafnt milli þriggja aðila, ríkissjóðs, sveitarfélags þess eða sveitarfélaga sem að skólanum standa og nemenda.
5. Annar rekstrarkostnaður skiptist milli ríkissjóðs og aðildarsveitarfélags eða sveitarfélaga í sömu hlutföllum og hliðstæður kostnaður við reglulega starfsemi skólans.

Þessi skilyrði taka m. a. mið af því viðhorfi að gera beri ákveðnar kröfur um að kennsla í öldungadeildum miði markvisst að tilteknum námslokum í samræmi við reglulega starfsemi „móðurskólans" og námið sé að öllu jafngilt í öldungadeild og dagskóla. Reynt er þannig að gera greinarmun á öldungadeildarkennslu og almennri námsflokkastarfsemi, sem oft er í frjálsara formi og stefnir ekki endilega að tilteknum prófum, þótt markmið hennar geti engu að síður verið góð og gild. Jafnframt er með skilyrðunum leitast við að tryggja að ekki sé efnt til öldungadeildarkennslu nema eðlilegar rekstrarforsendur séu fyrir hendi, þ. á m. að því er varðar nemendafjölda.

Þótt þannig hafi mótast ákveðnar viðmiðanir um skilyrði fyrir starfrækslu öldungadeilda er full þörf á að setja heildarreglur um þessa kennslustarfsemi. Að því miða þessi tvö litlu frv. sem hér liggja fyrir. Annað er um breyt. á lögum um menntaskóla og hitt um breyt. á lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Í reglum sem settar verða á grundvelli þeirra laga þarf m. a. að kveða á um samband öldungadeilda við „móðurskólann" t. d. að því er varðar samnýtingu starfsliðs, um réttindi og skyldur nemenda, kennslutilhögun og rekstrarforsendur, en einnig þarf að huga nánar að hlutverki öldungadeilda við þær aðstæður sem myndast hafa með fjölbreyttari námsleiðum á framhaldsskólastigi.

Margir munu fúsir til að taka undir þá staðhæfingu að öldungadeildirnar séu meðal mikilsverðustu nýjunga sem fram hafa komið í íslensku menntakerfi á síðari árum. Besta sönnunin fyrir réttmæti þeirrar fullyrðingar er að sjálfsögðu sú mikla eftirspurn sem reynst hefur vera eftir námsvist í öldungadeildunum. Að sjálfsögðu hafa ekki allir náð settu marki þar fremur en í öðrum skólum, enda síður en svo um neina fyrirhafnarlausa rennibraut að ræða. En sennilega hafa líka ýmis aðdáunarverðustu námsafrekin á síðasta áratug einmitt verið unnin í öldungadeildunum. Ég get ekki stillt mig um að geta sérstaklega um þann verulega þátt sem öldungadeildirnar hafa átt í meiri möguleikum kvenna til menntunar á seinustu árum.

Það er ekki um það deilt að á tímum óðfluga breytinga í atvinnu- og lífsháttum, ekki síst vegna örrar tækniþróunar, veltur mjög mikið á að vel sé búið í haginn fyrir hvers konar viðbótar- og endurmenntun. Slíkrar menntunaraðstöðu er þörf til að gera mönnum

kleift að tileinka sér nýja tækni og laða sig að breyttum aðstæðum, en einnig og kannske ekki síður til að eignast hlutdeild í ýmsum þeim verðmætum sem ekki eru breytingum háð. Það vill svo vel til að sú tæknibylting sem okkur verður einna tíðræddast um í bili og ýmsum stendur kannske nokkur stuggur af, sem sé tölvuvæðingin og sú margvíslega fjölmiðlunar- og upplýsingatækni sem henni tengist, ætti að geta haft í för með sér ótrúlega möguleika á sviði hvers konar fræðslustarfsemi og þá ekki síður í sambandi við fullorðinsfræðslu en almennt skólastarf. Það er því vafalaust að á vettvangi fullorðinsfræðslu blasir hvort tveggja við á komandi árum hér á landi sem annars staðar, mikil verkefni og fjölbreytilegir möguleikar til úrlausna. Hér þurfa margir aðilar að leggja hönd á plóginn, skólar félagasamtök og atvinnufyrirtæki. Öldungadeildirnar eru dæmi um hvernig virkja má þá aðstöðu sem skólakerfið býður til að leysa tilteknar þarfir í fræðslu fullorðinna. Að því ber að stefna að efla þessa starfsemi, gera hana fjölbreyttari og finna henni sem markvissast og hagkvæmast frambúðarskipulag, en til þessa hefur þessi starfsemi ekki gilt á ákveðnum lagagrundvelli. Það er von mín að þau frv., sem ég leyfi mér að nefna bæði hér samtímis, fái greiða afgreiðslu á hv. Alþingi, þannig að fastur lagagrundvöllur verði fyrir þessari mikilvægu starfsemi.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég vil alveg sérstaklega taka undir með hæstv. menntmrh. það sem að hún sagði síðast um stóraukna þýðingu fullorðinsfræðslunnar og endurmenntunarinnar í heild sinni með alveg sérstöku tilliti til þeirrar öru tækniþróunar sem við stöndum nú andspænis, þeirra miklu breytinga sem í mörgum greinum hafa orðið, þannig að sú grunnmenntun sem menn höfðu í upphafi aflað sér verður á skömmum tíma býsna úrelt og gengur ekki til fullnustu.

Þau mál sem hæstv. ráðh. mælti hér fyrir, að mér skildist báðum jafnhliða, eru þess eðlis að þau eru sjálfsögð miðað við núverandi ástand þessara mála. Ég tel þau fyrst og fremst réttmæt sem tímabundna lausn, þar sem undirstrikuð er nauðsyn þessa náms og, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, að möguleikarnir, sem hingað til hafa verið gefnir í þessu efni, hafa verið vel nýttir og vissulega komið mjög mörgum að gagni og sýnir það best þýðingu þessarar fræðslu.

Um fullorðinsfræðsluna sem slíka og aðlögun hennar að menntakerfinu hefur m. a. verið rætt í fyrirspurnatíma á Alþingi í vetur og óþarfi að fara nánar út í það hér. Ég get tekið undir það, sem kom fram í máli hæstv. menntmrh. þá, að sú leið kann að vera einmitt heilladrýgst að fella þetta nám að hinu almenna framhaldsnámi sem allra mest og best í stað þess að vera með sérstaka löggjöf fyrir fullorðinsfræðsluna eina. Það þýddi þá um leið að frambúðarlausn á skipan fullorðinsfræðslunnar yrði fólgin í því að færa lagaákvæði um hana, sem nauðsynleg væru, inn í almenna löggjöf um framhaldsskóla, framhaldsmenntun að loknum grunnskóla. Þá er ég kominn að erindi mínu nú sem allt of oft áður í tengslum við þessi mál öll, þegar þau hafa verið rædd hér: Hvernig líður vinnu að þeirri löggjöf, framhaldsskólalöggjöfinni, sem svo lengi hefur verið beðið eftir sem hinu eðlilega framhaldi af grunnskólalögum, sem nú eru orðin áratugs gömul, í ljósi reynslunnar af þeim og þeirri starfsemi í framhaldsskólunum sem nú fer fram að nokkru utan beinna lagafyrirmæla, sjálfsagt í tengslum við reglugerðir og annað slíkt, en e. t. v. án nákvæmrar lagastoðar, þar sem skólarnir hafa reynt að aðlaga sig breyttum aðstæðum og nýjum kröfum og rutt á margan hátt, eins og reyndar var komið inn á í máli hæstv. ráðh., nýjar leiðir án a. m. k. nægilegra skýrra lagaákvæða þar um?

Þessi spurning vaknar óneitanlega nú þegar þessi tvö frv., sem til umr. eru sem bráðabirgðalausn, sem vel kann að nægja til skemmri tíma, koma hér fram, en allt kallar þó á nýja löggjöf um framhaldsskólana í heild. Það má segja um það að þar hafi margir um fjallað og margt um spjallað, en ætíð hafi skort þann herslumun sem þurft hefur til samkomulags um ýmis grunnatriði, og kannske ekkert frekar ýmis menntunaratriði í þeim málum, heldur kannske öllu frekar kostnaðarhlutdeildina, skiptinguna á milli ríkis og sveitarfélaga, sem oft hefur reynst hvað illkleifastur múr á þessu máli.

Um leið og ég tek undir efni frv. og tel þau sjálfsögð sem tímabundna lausn á þessum málum nú í framhaldi af því sem þar hefur verið gert leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh. um áform og vinnu að frv.-gerð um framhaldsskóla í heild sinni, hverjar vonir hún geti gefið Alþingi, og þá kannske skólamönnum og nemendum alveg sérstaklega, um það hversu máli þessu vindur fram með tilliti til nýrrar heildstæðrar löggjafar.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Um leið og ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir góðar undirtektir við frv. vil ég svara spurningu hans um undirbúning framhaldsskólafrv.

Þannig er mál með vexti að það hefur verið árviss atburður hér á Alþingi að komið hefur fram mikill frv.-bálkur um framhaldsskóla sem aldrei hefur hlotið náð fyrir augum Alþingis. Þar hefur margt borið til og ekki síst þau atriði sem hv. þm. nefndi og varða kostnaðarskiptinguna, kostnaðarhlutdeildina í þeim rekstri. Nú stendur svo á, sem hv. þm. er vel kunnugt, að það árar mjög illa fyrir ríkissjóði. Þegar svo stendur á þykir mér ekki líklegt að auðvelt sé að fá framgengt frv. sem mundu fela í sér verulega auknar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, en sú mundi einmitt vera hugsunin til frambúðar að því er það málefni varðar. M. ö. o. er það a. m. k. mín skoðun að það væri skynsamlegt sem framtíðarfyrirkomulag að ríkissjóður tæki verulegan og mestan hluta framhaldsskólarekstursins á sig, en aftur á móti sveitarfélögin stærri hlut af grunnskólanum. Á meðan mál standa eins og nú er hygg ég að ekki sé hægt að komast að þeirri lausn málsins eða hún gæti fengið framgang hér á Alþingi og meðan svo er tel ég betra að láta frv. bíða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. 311. mál (þskj. 606). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að vísa að öllu leyti til þeirrar framsögu-

ræðu sem ég flutti með fyrra frv. um breyt. á lögum um menntaskóla og leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og menntmrn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Húsaleiga, frv. 157. mál (þskj. 227). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Á þskj. 227 er frv. til laga um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar. Ég mæli fyrir þessu frv. sem ráðherra Hagstofunnar, en frv. er flutt til staðfestingar á brbl. um sama efni sem gefin voru út 22. apríl á s. l. ári, þá af hæstv. forsrh. sem jafnframt fór með málefni Hagstofu Íslands.

Með því að fyrir lá að vísitala húsnæðiskostnaðar frá 1968 var orðin ónothæf sem mælikvarði til ákvörðunar verðbóta á húsaleigu var talið rétt að koma á fót nýju kerfi til að gegna þessu hlutverki, sbr. 2. og 3. gr. brbl. Talið var eðlilegt að húsaleiga samkv. leigusamningum, er lögin tækju til, skyldi fylgja hlutfallslegum breytingum meðallauna á næstliðnum þremur mánuðum og breytast, eins og verið hefur, ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl. Hagstofan skyldi tilkynna opinberlega hver þessi breyting væri hverju sinni.

Skiptin frá hinni gömlu vísitölu húsnæðiskostnaðar til hinnar nýju tilhögunar voru, eins og við var að búast, ýmsum vandkvæðum bundin. En vel rættist úr. Hagstofan leiðbeindi, aðallega í símtölum, fjölda fyrirspyrjenda. Þegar fyrir lá að breytingin leiddi til ósanngjarnrar niðurstöðu benti Hagstofan á eðlilega lausn sem oftast var samþykkt af leigusala og leigutaka.

Auk hækkunar þeirrar húsaleigu frá 1. maí 1983, en þá höfðu lögin tekið gildi, sem ákveðin var í brbl., hefur húsaleiga, sem þau taka til, hækkað um 8.2% 1. júlí 1983 og 4% 1. jan. 1984 eða sem svarar því sem laun hækkuðu almennt frá 1. júní og 1. okt. 1983 skv. brbl. nr. 54 27. maí 1983.

Að öðru leyti en því sem ég hef hér sagt vísa ég til þeirrar ræðu sem ég flutti við 1. umr. um mál þetta í Nd., en hv. fjh.- og viðskn. Nd. afgreiddi mál þetta samhljóða. Vænti ég þess að svo geti orðið hér því lagasetning þessi hefur vissulega orðið til bóta og skilað þeim árangri sem til var ætlast.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að fara fram á að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Sjúkraliðar, frv. 314. mál (þskj. 622). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir um sjúkraliða er samið í rn. að beiðni Sjúkraliðafélags Íslands. Það er þáttur í þeirri viðleitni heilbrigðisyfirvalda að vernda starfsheiti og réttindi hinna ýmsu heilbrigðisstétta í sérstökum lögum og þar af leiðandi kveða á um skyldur þeirra, en löngum er viðurkennd nauðsyn þess þar sem krafist er náms og starfsreynslu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara sérstökum orðum um þetta frv., heldur vísa til hliðstæðra laga um aðrar heilbrigðisstéttir og þess sem fram kemur í aths. við þetta frv. Ég vil þó sérstaklega undirstrika að ekki er hér verið að kveða á um breytta skipan þessara mála frá því sem er. Þannig er ráð fyrir því gert að sjúkraliðar starfi undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðinga, þ. e. hlutverk þeirra verði hið sama og áður. En við í rn. töldum rétt að verða við beiðni Sjúkraliðafélagsins um að flytja þetta frv. sem er um réttindi og skyldur félaga þess, en þetta er að verða með fjölmennari heilbrigðisstéttum.

Ég vil því leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. um leið og ég óska eftir því við hv. n. að hún reyni að hraða sem föng eru á afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Ljósmæðralög, frv. 315. mál (þskj. 623). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Gildandi ljósmæðralög eru að grunni til frá árinu 1933 og því komin nokkuð til ára sinna. Eins og fram kemur í aths. við þetta frv. eru mörg ákvæði gildandi laga úrelt og hafa í reynd ekkert gildi vegna síðar til kominna laga. Það er þarflaust að mínum dómi að rekja það hér nánar.

Ljósmæðrafélag Íslands hefur farið þess á leit við rn. að flutt yrði frv. um réttindi og skyldur ljósmæðra og hefur rn. orðið við þeirri ósk félagsins. Þetta frv. er samið í rn. og er að verulegu leyti byggt á tillögum Ljósmæðrafélags Íslands.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um þetta frv., heldur vísa ég til hliðstæðra laga um aðrar heilbrigðisstéttir og þess er fram kemur í aths. við frv. En ég minni á að starfsheitið „ljósmóðir" er eitt af elstu starfsheitum í íslenskri sögu. Störf ljósmæðra hafa að sönnu breyst í tímanna rás, ekki síst á síðustu árum eftir tilkomu heilsugæslustöðvanna, en grundvallarstörfin eru hin sömu og ég tel rétt að skipa þeim á sama hátt og áður, þ. e. að ljósmæður starfi við eftirlit með barnshafandi konum, foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu og að fæðingarhjálp og mæðravernd. Ljósmæðrum hafa farist verk þessi vel úr hendi.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég minna á að fyrir skömmu mælti ég fyrir frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands. Vissulega eru þessi frv. ekki af nákvæmlega sama toga, en rétt er að líta á þau í tengslum hvort við annað.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. að lokinni þessari umr. og til 2. umr. og vænti þess að hv. n. reyni að hraða afgreiðslu þessa máls eins og frekast er kostur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. 176. mál (þskj. 317). — 1. umr.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég er út af fyrir sig fylgjandi þessu frv. og hlynntur því að það verði samþykkt. Ég verð að viðurkenna að ég sé samt sem áður ekki neinn stórkostlegan árangur fylgja því og hefði reyndar kosið, og er þess vegna kominn hér í stólinn, að fjallað hefði verið um þetta mál með svolítið öðrum hætti.

Þannig háttar nefnilega til að í lögum um opinberar framkvæmdir er ákveðin grein sem ég held að hefði komið að mjög miklu gagni á undanförnum árum ef eftir henni hefði verið farið. Það er kannske ekki beint hlutverk Alþingis að úttala sig um að framkvæmdavaldið fari að lögum, en hér hefði þurft, að ég tel, að hnykkja á því með ákveðnum hætti að farið væri að þeim lögum sem fyrir eru.

Í 20. gr. laga um opinberar framkvæmdir og fasteignir ríkisins frá 1970 segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 20. gr. um skilamat:

„Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar. — Ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það, að grg. um skilamat séu lagðar fyrir fjvn. Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila."

Mér er kunnugt um að þegar hafa verið uppi ákveðnir tilburðir til að standa að þessu skilamati, m. a. hefur framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins keypt sér forláta tölvu til þessara verka. En í þessari tölvu er enn þá samt enga vitneskju að finna eða þekkingu. Hún er alveg jafngaltóm, að því mér skilst, og þegar hún var keypt. Þetta er að því leyti mjög alvarlegt að annars vegar göngum við þeirrar trúar að það sé eðlilegt og sjálfsagt að bjóða út verklegar framkvæmdir, og í grundvallaratriðum hlýtur það að vera réttur skilningur, en hins vegar hljóta menn líka að verða að ætla sér að læra eitthvað af reynslunni. Og að það skuli aldrei hafa farið fram nokkurt mat á því hver hinn raunverulegi árangur einhvers útboðs var endanlega er alveg stórmerkilegt og nánast furðulegt þegar hugsað er til þess að búið er að halda úti fjölda manna í fjöldamörg ár til að sinna þessu verki, en því hefur aldrei verið skilað. Þetta þýðir nánast að útboð fara fram ár eftir ár með nokkurn veginn alveg sama hætti án þess að menn læri af reynslunni.

Ég tel að þó það verði ekki gert í þessu tilviki sé mjög nauðsynlegt að koma því til leiðar, hvort sem það er með þinglegum hætti eða öðrum, að réttar aðferðir verði teknar upp og gengið frá útboðum eins og lög kveða á um og að ýtt verði á eftir fleiri atriðum þessara laga sem ekki eru alltaf uppfyllt, eins og t. d. þeim ákvæðum 7. gr. laganna þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

Rekstraráætlun á að fylgja áætlanagerð og nái hún til minnst fimm ára eftir að framkvæmd er lokið.

Á þessu eru mikil vanhöld. Held ég að í yfir 90% tilfellum liggi slíkar rekstraráætlanir ekki fyrir og ef þær liggja fyrir séu þær afskaplega ómerkilegar og lítt marktækar.

Það má mjög margt um hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins, og þá sérstaklega framkvæmdadeildarinnar, segja. Ég býst við að menn hafi tekið eftir því, eða kannske muna þeir það ekki lengur, að við í BJ lögðum til við gerð fjárlaga fyrir jól að þessi stofnun yrði lögð niður því að hún hefur nánast engum árangri skilað öðrum en að sinna því sem kallast byggingareftirlit og hefði mátt framkvæma af hvaða aðila sem er. Þannig séð held ég að þessi nýja grein sem í frv. felst breyti engu öðru en því að það misskilst ekki lengur að þó að einstakar ríkisstofnanir hafi sjálfar umsjón með sínum verkum þurfi jafnframt að vinna þau á grundvelli útboðs.

Það hefur oft verið gagnrýnt og það er mjög almennt einkenni á starfi hins opinbera að markmiðum hagræðingar, markmiðum þess að ná sem mestu með sem minnstum tilkostnaði er ekki sinnt nægilega. Það hlýtur að vera hlutverk löggjafans öðrum þræði að binda þannig baggana að ekki sé verið að sinna verkefnum sem opinberum aðilum eða framkvæmdaaðilum er falið að sjá um, þá á ég við framkvæmdavaldinu, öðruvísi en að það skili tilætluðum árangri. Þá höfða ég ekki hvað síst aftur til aths. minna um framkvæmd þessara laga, þ. e. sérstaklega V. kafla laganna, um skilamat á opinberum byggingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Málflytjendur, frv. 250. mál (þskj. 452). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. 251. mál (þskj. 614). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ónæmisaðgerðir, frv. 273. mál (þskj. 524, n. 610). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. og eins og nál. ber með sér leggur n. einróma til að frv. verði samþykkt.

Þetta frv. er afskaplega einfalt í sniðum. Það fjallar

fyrst og fremst um innflutning og notkun á lifandi smitefnum. Það var ekki talin ástæða til að setja um þetta sérstök lög, heldur fella ákvæði um þetta efni inn í lög um ónæmisaðgerðir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, frv. 62. mál (þskj. 67, n. 603, 600). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Félmn. Ed. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar um alllangt skeið. Eins og fram kemur í nál. bárust umsagnir frá nokkrum aðilum um frv. N. flytur tvær smávægilegar brtt. við frv.

Ég held að það væri ekki úr vegi, vegna þess að það er langt síðan mælt var fyrir þessu frv., að ég færi örfáum orðum um það.

Það kemur fram í aths. með frv. að nefndin sem samdi frv. er sama nefnd og samdi frv. til laga um hin eiginlegu húsaleigulög sem tóku gildi 1979. Þess er jafnframt getið í aths. að nefndin hafi hagað störfum sínum við endurskoðun laganna m. a. með því móti að hafa samband við allar húsaleigunefndir í kaupstöðum landsins, sem kjörnar hafa verið skv. 76. gr. laganna, og óska eftir áliti þeirra á efni laganna og reynslunni af framkvæmd þeirra. Auk þess átti nefndin fundi með nokkrum húsaleigunefndum: „Yfirleitt voru nm. sammála um að setning laganna hefði verið mjög til bóta og reynslan af þeim væri almennt góð.“ Ýmislegt kom þó fram sem álitið var að betur mætti fara í lögunum, ekki síst til þess að gera þau skýrari.

Að mínum dómi er ekki um stórkostlegar breytingar að ræða í frv. sem hér liggur fyrir, en ég vildi þó leyfa mér að fara aðeins yfir greinar þess.

Í 1. gr. er lagt til að þeim aðilum sem skylt er að dreifa húsaleigusamningseyðublöðum verði heimilað að taka gjald fyrir dreifinguna.

Í 2. gr. er lagt til að standi „forgangsréttur“ í stað „forleiguréttar“. Þykir það réttara og nákvæmara lagamál.

Það er brtt. frá n. við 2. gr. frv. Félmn. leggur til að orðin „enda séu í húsinu þrjár íbúðir eða færri“ falli niður. Félmn. fellst ekki á að það verði þrengdar heimildir húseigenda samkv. 8. gr. laganna.

Í 3. gr. er lögð til sú breyting á 10. gr. laganna að enginn vafi leiki á að með aðilum sem ekki nota staðfest samningseyðublað teljist að hafi verið stofnað til ótímabundins leigusamnings sem lýtur reglum laganna í hvívetna.

4. og 5. gr. frv. eru eingöngu í þá veru að taka af tvímæli og þar er aðeins breytt orðalag.

Í 6. gr. kemur „forgangsréttur“ í stað „forleiguréttar“.

Í 7. gr. er lagt til að reglan um að húseigandi skuli einn bera áhættuna af tjóni, sem húseigendatrygging nær til, skuli einungis eiga við um leigumála um íbúðarhúsnæði.

8. gr. frv. varð að vonum tilefni til nokkurra umræðna í n. Þó er raunin sú, að með þessari breytingu er ekki verið að gera annað en að taka af öll tvímæli um rétt leigutakans samkv. 51. gr. laganna, en tvær fyrstu málsgr. 51. gr. laganna hljóða svo, með leyfi forseta:

„Húsaleigu skal greiða fyrir fram, mánaðarlega nema um annað sé samið. Óheimilt er að krefja um leigugreiðslu fyrir fram til lengri tíma en sem svarar fjórðungi umsamins leigutíma. Leigutaki verður eigi krafinn um leigugreiðslur fyrir fram síðar á leigutímanum til lengri tíma en þriggja mánaða í senn.“

Í 9. gr. frv. er ekki að finna mikla breytingu. Þó er þar lagt til að bætist við eftirfarandi: „eða framleigja hið leigða húsnæði“. 1. málsgr. 51. gr. hljóðar því svo: „Óheimilt er leigutaka að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.“

Í 10. gr. frv. er vikið að því að bæjarstjórnir í öllum kaupstöðum landsins skuli í samvinnu við húsaleigunefndir láta fram fara árlega könnun á fjölda leigjenda í íbúðarhúsnæði og framboði á leiguhúsnæði til íbúðar. Niðurstöður slíkrar könnunar skal senda til félmrn.

Það barst umsögn m. a. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem einkum var vikið að þessari grein frv., 10. gr., og kvartað yfir því að slík könnun mundi leiða af sér ómældan kostnað fyrir sveitarfélögin. M. a. af þeim sökum og jafnframt því að í lögum um verkamannabústaði er gert ráð fyrir könnun sem þessari eða ekki ósvipaðri á fjögurra ára fresti leggur félmn. til í annarri af tveimur brtt. að í stað „árlega“ komi: á fjögurra ára fresti, þ. e. að slík könnun fari fram á fjögurra ára fresti.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta frv. Í sjálfu sér er það einfalt að allri gerð sinni. Ég ítreka það, sem fram kom í umfjöllun n. um frv., að lög um húsaleigusamninga hafa reynst nokkuð vel síðan þau voru lögfest á árinu 1979.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 600,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 600,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Ljósmæðraskóli Íslands, frv. 204. mál. (þskj. 366, n. 604, 599). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til umfjöllunar umrætt frv. til l. um Ljósmæðraskóla Íslands. Eins og fram kemur í nál. bárust fjölmargar umsagnir sem ég hirði ekki um að lesa upp hér. Það varð samstaða um afgreiðslu þessa máls. Ég vil geta þess að hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sat fund n. sem áheyrnarfulltrúi, en þess er ekki getið í nál.

Heilbr.- og trn. leggur til breytingar á frv. Ég vil skýra frá því fyrst að þær breytingar eru raunar sam-

hljóða þeim tillögum sem voru rauður þráður í öllum umsögnum um þetta mál. Jafnframt barst n. bréf undirritað af hæstv. heilbrmrh., þar sem vikið var að tveimur brtt. sem n. gerði að sínum.

Í fyrsta lagi gerir n. till. um breytingu á 3. gr. frv. Sú breyting varðar skólanefnd Ljósmæðraskólans. Lagt er til að Hjúkrunarfélag Íslands eigi fulltrúa í skólanefnd í stað Félags fæðingarlækna. Sá félagsskapur er raunar ekki til og mun vera átt við Félag ísl. kvensjúkdómalækna. Við leggjum sem sagt til að í skólanefnd verði fulltrúi Hjúkrunarfélags Íslands í stað Félags fæðingarlækna eins og stendur í frv.

2. brtt. varðar menntun skólastjóra Ljósmæðraskóla Íslands. Brtt. n. gerir ráð fyrir að ráðh. skipi skólastjóra og skuli hann vera ljósmóðir með hjúkrunarfræðimenntun.

3. brtt. er við 7. gr. frv. Eins og greinin er núna í frv. er hún upptalning á því hvað skuli taka til umfjöllunar í reglugerð. Nm. í heilbr.- og trn. telja fremur óheppilegt að einskorða það svo mjög sem gert er í 7. gr. frv. og leggja til að greinin orðist þannig: Ráðh. setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi og starfslið skólans að fengnum tillögum skólanefndar.

Ég hef þá kynnt, virðulegi forseti, brtt. heilbr.- og trn. við frv. Ég sé því ekki ástæðu til þess, a. m. k. ekki á þessu stigi, að hafa um frv. fleiri orð, en eins og fram hefur komið mælir n. eindregið með samþykkt frv. með þeim brtt. sem ég hef kynnt.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð.

Ég skrifaði undir þetta nál. og hlýt að haga minni afstöðu í samræmi við það. Þeir aðilar sem hér hafa mestra hagsmuna að gæta hafa náð saman um lausn í menntunarmálum þessarar ágætu stéttar, sem á svo langa og farsæla sögu að baki í okkar þjóðlífi. Brtt. þeirra við upphaflegt frv. hafa einnig verið teknar til greina, eins og hv. framsögumaður n. kom inn á, og hæstv. ráðh. hefur samþykkt þær. Ég hlýt að taka megintillit til vilja þessara aðila, sem lengi hafa fjallað um menntunarmál stéttarinnar og borið hag hennar fyrir brjósti framar öðru. En ég hlýt einnig að gera það með nokkrum fyrirvara, svo sem e. t. v. er um okkur öll í n. og kom sér í lagi fram á fundum okkar hjá hv. 11. þm. Reykv. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, sem sat þar sem áheyrnarfulltrúi. Mér þykir sem sé alllangt seilst til menntunarkrafna og námstímalengdar með þessari skipan.

Staða ljósmóðurinnar í heilbrigðisþjónustunni er vissulega mikilvæg og skal hvergi úr því vægi dregið. Nauðsyn góðrar undirstöðumenntunar, góðrar reynslu og sem bestrar námsaðstöðu er heldur hvergi dregin í efa. Ég vil einmitt sjá veg þessarar stéttar sem mestan og aðbúnað og kjör sem best. En ég vil líka hafa það tryggt að hinnar góðu þjónustu þeirra sé unnt að njóta sem allra víðast, að hvarvetna um landið sé auðvelt að ná fundum þeirra og njóta starfskrafta þeirra í heilbrigðisþjónustunni almennt sem og á sérsviði þeirra. Ég þekki og hef þekkt margar konur úr þessari stétt, bæði eystra og víðar, afbragðs starfsfólk, nærfærið og samviskusamt, að vísu með takmarkaða menntun og nokkuð einhliða að baki, en vel að sér og fyllilega sínum vanda vaxið, ekki bara á sínu sérsviði, heldur einnig varðandi fjölmarga aðra þætti heilsugæsluþjónustu okkar.

Varðandi menntunina mátti sannarlega verða breyting til batnaðar um fullkomnari menntun og fjölbreyttari. Við erum hér hins vegar að leggja til sex ára háskólanám að loknu stúdentsprófi sem gæti að vísu með einhverri samþættingu námsins á háskólastigi styst niður í fimm ár. Ég hlýt að spyrja sjálfan mig með nokkrum efa hvort hér sé offari haldið á menntunarmálum og hvort mesta nauðsynin í þeim sé þessi. Ég bendi einnig á að með tilkomu heilsugæslubrauta í fjölbrautaskólum okkar mun viðkomandi hafa að baki að hluta til eða eingöngu sérnám í átta ár. Ef við bætum við tveimur síðustu árunum á heilsugæslubrautinni í fjölbrautaskólanum, þar sem mjög verulega er inn á visst sérnám farið varðandi heilsugæsluþjónustuna, þá er sérnám í átta ár staðreynd þegar upp er staðið.

Ég skal hvergi mæla á móti góðri menntun. En tímalengd segir aldrei allt. Um leið og ég fylgi frv., af því ég treysti dómgreind og góðum vilja þessa fólks sem hefur hér um vélt, m. a. og sér í lagi ljósmæðra sjálfra, þ. e. stéttarinnar í heild, hvort sem þar er um að ræða háskólamenntaðar ljósmæður eða þær sem eru með hina minnstu ljósmæðramenntun, þær hafa einróma lagt þetta til, hlýt ég samt sem áður að láta uppi efa um þetta atriði, og spurningar leita á hugann um tilgang og afleiðingar því meginmarkmiðið hlýtur að vera að mennta þessa stétt sem best og um leið að starfs hennar sé notið af landslýð öllum bæði á sérsviði sem í heilsugæslunni almennt.

Ég spyr því sjálfan mig enn og aftur við afgreiðslu þessa máls, hvort við séum hér endilega á þeirri einu réttu leið. Ég hygg að rétt væri í ljósi reynslunnar að þessi mál yrðu tekin upp aftur til endurskoðunar og nýrrar athugunar svo við rötum hvergi í öngstræti með þessi mál. Það er áreiðanlegt að allra síst er það ætlan þeirra sem hér hafa um fjallað og eiga þarna mestra hagsmuna að gæta, þeirrar stéttar sem við viljum svo sannarlega að sé vel menntuð og hafi sem besta aðstöðu til að neyta starfskrafta sinna í heilsugæsluþjónustu okkar almennt.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Enda þótt það hafi komið fram í máli hv. 2. þm. Austurl. vil ég jafnframt taka það fram að efasemdir blunduðu í mínum huga um að hér væri staðið að með þeim hætti sem heppilegast gæti talist. Það er rétt, sem fram kom í máli hv. þm., að menntun ljósmæðra er að þessu frv. samþykktu orðin býsna tímafrek. Hitt er á að líta, að ljósmæður bera í raun læknisfræðilega ábyrgð í gjörðum sínum. M. a. af þeim sökum er auðvitað full ástæða til þess að þær njóti góðrar menntunar. Ég viðurkenni að tímalengd menntunarinnar segir ekki allt í þeim efnum.

Það hefur komið fram í umr. um þetta mál að síðustu tvö ár hafa allir nemendur í Ljósmæðraskóla Íslands verið hjúkrunarfræðingar, þannig að að hluta til a. m. k. erum við með samþykkt þessa frv. að viðurkenna staðreyndir. Síðan 1970 hafa langflestar ljósmæður, sem útskrifast hafa, haft að baki hjúkrunrfræðimenntun.

Í sambandi við menntun ljósmæðra hafa verið gerðar samþykktir m. a. á vegum Evrópuráðsins, sem ég fer ekki að fjalla um hér.

Hv. þm. Helgi Seljan gat um að þessi mál yrðu vafalaust tekin til endurskoðunar og tek ég undir það. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en svo verði þegar undanfari

þessa náms verður kominn inn í Háskólann. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm., að þegar það er komið til fullra framkvæmda eru líkur á að heildartímalengd námsins muni styttast.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að ræða þetta frekar. Ég vildi að það kæmi fram og ég ítreka að það varð samstaða um málið, enda þótt ég telji að það hafi blundað efi og geri það enn í hugum flestra ef ekki allra nm. í heilbr.- og trn. um þann langa námstíma sem frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 599,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 599,2 (ný 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 599,3 (ný 7. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. 276. mál (þskj. 527, n. 638 og 641, 642). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 649. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur skoðað þetta mál allrækilega og notið aðstoðar fjmrn. m. a. Það náðist ekki samkomulag um afgreiðslu þess þó að reynt væri á það. Meiri hl. nm. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem hann flytur á sérstöku þskj., en minni hl. skilar séráliti. Meiri hl. mynda Eyjólfur Konráð Jónsson, Valdimar Indriðason, Eiður Guðnason, Ragnar Arnalds og Jón Kristjánsson. Lárus Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins, en hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir skilar séráliti og bendir þar m. a. á að hún telji ekki að nægilegar upplýsingar hafi verið komnar í málinu. Hv. þm. Stefán Benediktsson sat fundi n. og er sammála nál. minni hl. Mun hann væntanlega gera grein fyrir sinni afstöðu.

Þetta mál er ekki bara flókið vegna þess að það er kjaramál. Þau eru alltaf flókin og viðkvæm. Við heyrðum það á aðalfundi Þjóðvinafélagsins í gær t. d. að frá gamalli tíð, og við heyrum og lesum það daglega enn, deila menn um kjör sín. Það er líka flókið vegna þess að það hafa verið gerðar svo margháttaðar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að það er heill frumskógur að lesa sig í gegnum það. Þess vegna tók ég það ráð að flytja hér brtt. til að ráða á þessu bót og hún hljóðar svo:

„Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt."

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það verði gert til að almenningur geti skilið hvað hér er á ferðinni. Þarna kemur raunar enn einu sinni í ljós hve bagalegt það er þegar lengi dregst að gefa út lagasöfn og slík ákvæði eru dreifð í óteljandi bókum.

Ég tel rétt, vegna þess að það er dálítið erfitt að átta sig á þeim breytingum sem nú er verið að leggja til að gerðar verði, að ég lesi upp úr 1. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar segir að ákvæði laganna taki ekki til — og síðan kemur upptalning í tölulið 1 og mundi verða með þeim breytingum sem hér hefur verið lagt til að gera á þann veg að ákvæði taki ekki til: ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanefndarmanna sem hafa nefndarstörf að aðalstarfi. — Þannig mundi greinin sem sagt hljóða.

Það er ljóst að nú vilja menn mjög gjarnan komast undan ákvæðum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem opinberir starfsmenn lögðu þó mikla áherslu á að gerðir yrðu á sínum tíma, og komast heldur undir kjaradóm. Þetta er kannske einkennileg þróun og kannske fer það svo að menn snúi alla leið til baka og telji best að gamla lagið verði á þessu þegar fram í sækir, að launalög verði sett af Alþingi. Ekki veit ég hvort svo verður. En alla vega er ásókn í að komast í þennan hóp núna og mjög vandmeðfarið. En við reyndum okkar besta til þess að komast að heilbrigðri og eðlilegri niðurstöðu og leggjum til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem ég nú hef gert grein fyrir á þann hátt sem ég held að skýrast sé. Og ég legg til brtt. sem ég hef hér flutt eftir að ég fór með aðstoð starfsmanna Alþingis í gegnum þessi plögg og reyndi að komast til botns í frumskóginum. Ég held að það sé sjálfsögð breyting að fella þetta allt inn í eina og sömu löggjöfina.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Eins og í ljós kom í framsögu hv. 4. þm. Norðurl. v. er ég samþykkur áliti minni hl. fjh.- og viðskn. og ætla ég að gera grein fyrir hvernig á því stendur.

Ég ætla að byrja á að reyna að velta því fyrir mér hvers vegna þetta frv. er til komið. Ég þori að fullyrða að í raun hafa engir þm. haft beinan áhuga á að flytja frv. um þetta mál. Ég efast líka um að nokkrum ráðh. hafi dottið það í hug að fyrra bragði, heldur er hér trúlega um ákveðinn þrýsting viðkomandi embættismanna að ræða, og reyndar að því er mér skilst fleiri, sem æskja þess, eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. orðaði það, að komast undan því að samið sé um laun þeirra í samningum opinberra samstarfsmanna. Það er eðli þessa máls og mér finnst það í hæsta máta óaðlaðandi og tel það vera megingallann á þessu máli öllu.

Allir þeir menn sem hér eru nefndir, nema í hæsta lagi ráðherrar og ríkisskattanefndarmenn hafa ákveðinn viðsemjanda að semja við. Ég get ekki séð með nokkru móti að þeir séu of fínir til að semja um sín kjör eins og gengur og gerist með opinbera starfsmenn, þ. e. að láta einhverja fulltrúa sína semja fyrir sig. Ég sé þess vegna ekki enn þá nein rök fyrir því að taka undir áhuga

þessara manna á því að komast undan venjulegum kjarasamningum með þessum hætti.

Mér er tjáð, án þess að ég hafi fyrir því nokkra vissu, að hér búi að baki, a. m. k hvað suma þessara manna snertir, ákveðin vandamál í sambandi við lífeyri að loknu starfi, þar sem þeir hafi búið við það um mjög langt skeið að grunnlaun þeirra eru nánast ekki nema helmingur þeirra launa sem þeir fá borguð, en lífeyrissjóðsgreiðslur leggjast við þessi grunnlaun og þeir standi allt í einu frammi fyrir þeim óhugnanlega vanda að verða að lifa af 60% af þingmannslaunum, sem þeir telja með öllu ófært og þurfa endilega að fá breytt. Ég sel ekki þessa sögu reyndar dýrar en ég keypti hana.

En það er annað í þessu máli sem vekur líka athygli. Hér fara saman sjónarmið ansi margra, a. m. k. rita undir þetta fulltrúar hinna fjögurra gömlu flokka. Auðvitað er ekkert erfitt að skilja að fulltrúar þeirra flokka sem hvað lengst hafa tengst valdi hér á Íslandi, þ. e. Sjálfstfl. og Framsfl., undirriti slíkt plagg, þar sem hér eru á ferðinni þeir valdamenn sem oft hafa verið mest áberandi í íslensku þjóðlífi. Ég á samt sem áður afskaplega erfitt með að skilja hvernig þeir flokkar sem telja sig vera fulltrúa verkalýðsins á þingi geta fengið af sér að skrifa undir svona lagað og þá sérstaklega þeir sem telja sig fulltrúa jafnaðarmanna. Hér er ekki á ferðinni mál til jafnaðar, heldur er hér þvert á móti verið að búa til ákveðinn einkaklúbb embættismanna sem nánast geta látið ákveða sín laun með þeim hætti sem þeir kjósa. Eins og allir menn vita sitja í kjaradómi menn sem yfirleitt tengjast störfum þessara aðila mjög náið. Ég býst við að viðhorf þessara einstaklinga, sem hér er um að ræða, mundu breytast ansi mikið ef það yrði ákveðið á morgun að draga fimm menn úr Iðju og Dagsbrún inn í Kjaradóm og láta þá ákveða laun þeirra. Ég er hræddur um að þá snérust spjótin mjög fljótt og fram kæmi krafa um annars konar fyrirkomulag.

Það er annað líka sem ég hræðist í þessu máli. Ég hafði spurnir af því að orðinn væri alllangur sá biðlisti manna sem langar til að komast í þennan fína klúbb. Ég er mjög hræddur um að við eigum von á því að hér sigli inn frv., kannske á næsta þingi, um fjölgun í þessu fagra liði og þessum mönnum fjölgi jafnt og þétt þangað til skapast einhverjar þær aðstæður í þessu þjóðfélagi að þeir telji aftur gagnlegt að komast með öðrum hætti að niðurstöðu í sínum kjaramálum.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls er ég mjög andvígur þessari þróun.

ATKVGR.

Brtt. 642,1 samþ. með 13:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.
Brtt. 642,2 samþ. með 13:2 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 649 samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 83. fundur.

Föstudaginn 13. apríl, að loknum 82. fundi.

Ónæmisaðgerðir, frv. 273. mál (þskj. 524). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsaleigusamningar, frv. 62. mál (þskj. 657). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ljósmæðraskóli Íslands, frv. 204. mál Ed. (þskj. 658). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. 276. mál (þskj. 659). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 74. fundur.

Föstudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Selveiðar, frv. 304. mál (þskj. 591). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Vinnumiðlun, frv. 228. mál (þskj. 400). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Sala eyðijarðarinnar Írafells í Lýtingsstaðahreppi, frv. 258. mál (þskj. 477). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 18:8 atkv.

Heimilishjálp í viðlögum, frv. 279. mál (þskj. 538). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 222. mál (þskj. 391, n. 637 og 646, 647). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. á þskj. 637 um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, frá meiri hl. sjútvn. Í nál. segir:

„Nefndin hefur fjallað um málið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Á fund nefndarinnnar komu fulltrúar frá Sjómannasambandi, Landssambandi ísl. útvegsmanna, svo og fiskimálastjóri sem jafnframt er formaður stjórnar Aflatryggingasjóðs.

Frv. þetta var lagt fram vegna þeirrar ákvörðunar um fiskverð sem tekin var 1. febr. s. l., en þar var gert ráð fyrir þeim breytingum á lögum um Aflatryggingasjóð sem frv. fjallar um."

Undir meirihlutaálitið skrifa Stefán Guðmundsson, Björn Dagbjartsson, Jón Magnússon og Níels Á. Lund.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls komu fram býsna alvarlegar aths. við frv. sem aðallega voru fólgnar í tveimur atriðum: Í fyrsta lagi að taka fé almennu deildar Aflatryggingasjóðs úr verkefni sem sú deild hefur séð um til margra ára, sem var að tryggja sjómönnum lágmarkslaun ef um aflabrest var að tefla. Í öðru lagi voru aths. fólgnar í því að taka meira en allar eignir almennu deildar sjóðsins í það að flytja fjármagn, sem nemur 4% af fiskverði, yfir í Stofnfjársjóð fiskiskipa, inn á reikning hvers skips eftir afla, án þess að þessi verðmæti kæmu til skipta. Það var sem sagt flutt eingöngu til útgerðarinnar, sem þýðir að nú koma aðeins til skipta milli útgerðar og sjómanna 59 fiskar af hverjum 100.

Sannleikurinn er sá, að hlutur sjómanna hefur minnkað mjög á undanförnum árum vegna minni afla. Við það ræður löggjafarsamkoman ekki. Fyrir því eru náttúrlegar ástæður. Hins vegar hefur sjómönnum alls ekki verið bætt að neinu það tekjutap sem þeir hafa orðið fyrir, sem er annað en hefur gilt um ýmsar aðrar vinnustéttir.

En það er ekki látið duga. Í fyrra var aukin mjög kostnaðarhlutdeild sjómanna og með því að taka nú 4% í viðbót af þessum fjármunum utan skipta er hlutur sjómanna, skiptaverðið, orðinn minni en 60%. Þetta er ákaflega alvarlegt mál.

Virðulegi forseti. Á þskj. 646 er nál. frá minni hl. sjútvn. Í þessum minni hl. eru tveir hv. alþm., sá sem hér stendur og hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson. Í meiri hl., sem svo er kallaður, eru hins vegar tilnefndir fjórir hv. alþm. Að vísu gat einn þessara hv. þm. ekki að þessu sinni tekið mikinn þátt í störfum nefndarinnar. Það er nú eins og stundum hefur verið áður og við skyldum varla tala mikið um það, þó að það sé nokkuð alvarlegt mál að afgreiða tvö stórmál á einum fundi með svo fáum mönnum. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að benda á að aðeins einn þeirra fjögurra manna sem mynda meiri hl. er úr fastaliði þingsins. Hinir þrír eru varamenn. Með þessum orðum er ég alls ekki — ég tek það mjög skýrt fram — að kasta neinni rýrð á þá ágætu hv. alþm. sem komið hafa inn sem varamenn. En á þessum fundi var verið að afgreiða tvö stórmál og eins og hv. alþm. þekkja er það svo, að þó varamenn séu góðir og gegnir hafa þeir yfirleitt ekki haft tækifæri til að kynna sér mál af þessu tagi eins og æskilegt væri, af eðlilegum ástæðum. Ég undrast satt að segja að þegar verið er að fást við í nefnd að vinna að málum skuli stjórnarliðar hv. ekki sjá sóma sinn í því að koma allir til fundar. Ég hefði talið, og við í minni hl., skynsamlegra, a. m. k. varðandi frv. um ríkismat sjávarafurða, að við fengjum tóm til þess fram yfir páska að taka saman brtt. og nál. og ganga betur frá því máli en gert var með því að lemja það svona áfram.

Varðandi það frv. sem hér er til umr., virðulegi forseti, stendur í nál. hins svokallaða meiri hl. n. að nefndin hafi fjallað um málið. Í nál. minni hl. er síðasta mgr. svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Minni hl. n. átelur málsmeðferð og mun flytja brtt. á sérstöku þskj."

Það er ekki oft sem menn leyfa sér að setja slíkt í nál. Fyrir því hljóta að vera ástæður og þær ærnar. Ég vil taka það fram að formaður n., hv. þm. Stefán Guðmundsson, átti svo sem ekki margra kosta völ því að hann fékk frv. ekki til meðferðar í n. fyrr en í gær. Hins vegar hafði Ed. verið að fikta við þetta mál í marga mánuði.

Þetta mikla mál er raunar býsna stórt hvernig sem á er litið. Með því er verið að breyta í grundvallaratriðum eðli ákveðins sjóðs og með þessari breytingu er verið að færa til mjög mikla fjármuni, á þriðja hundrað millj. kr. Ég gæti sem best trúað því að þessir fjármunir yrðu á þessu ári líklega nær 250 millj., þó að í frv. séu nefndar 210—220, vegna þess að nú hefur verið bætt við aflakvótann m. a. og verðbólgan er ekki alveg stopp, eins og menn hafa séð. Ég gæti trúað því að þarna væri

um að tefla um 240—250 millj. kr. þegar allt kemur til alls. Allar eignir almennu deildarinnar í Aflatryggingasjóði voru um áramót 200 millj. kr., þannig að þarna er verið að færa til fjármuni sem eru allmiklu meiri eða 12.5% meiri en öllum eignum nemur.

Það er rétt að ræða það aðeins hvaðan þessir fjármunir, sem komnir eru af útflutningsgjaldi, eru komnir og spurninguna um hverjir eiga þá. Venjulega fara menn, persónulega a. m. k., einungis með sína fjármuni eins og þeim sýnist en ekki annarra. Meira að segja eiga hæstv. ríkisstjórnir ekki að fara með fjármuni sem þær eiga ekki einhvern rétt á eða a. m. k. þeir sem eiga að fá þá. Hverjir eiga þennan hluta af útflutningsgjaldi, sem runnið hefur til almennu deildar Aflatryggingasjóðs? Það má auðvitað horfa á þetta mál frá ýmsum sjónarhornum eins og fleiri. En það er alveg augljóst að ef útflutningsgjald af sjávarafurðum er ekki tekið gæti fiskverð orðið þeim mun hærra sem því nemur, fiskverð gæti orðið jafn mörgum prósentum hærra og gjald er tekið. Þeir fjármunir væru að sjálfsögðu sameign útgerðar og sjómanna, eins og önnur verðmæti sem þessir aðilar draga að landi. Um það eru bæði lög og samningar hvernig þessum verðmætum er skipt. Ég tel að fjármunir sem þarna eru teknir úr almennu deild Aflatryggingasjóðs séu sameign útgerðar og sjómanna á sama hátt og annað aflaverðmæti sem á land er dregið. Það þýðir að þessi 4% af heildaraflaverðmæti sem á land er dregið á þessu ári eigi ekki síður að koma til skipta en annar afli. Menn hafa gagnrýnt þessar röksemdir í mín eyru, en ég verð að segja að mér finnast þær aths. ekki sannfærandi og tel að það vanti býsna sterkar röksemdir með því að fara með þessa fjármuni eins og ætlast er til hverju sinni.

Forustumenn Landssambands ísl. útvegsmanna hafa beinlínis haldið því fram og sagt það undir vitni m. a. í okkar nefnd, að þeir hafi alltaf átt þessa peninga. En til hvers voru þessir peningar? Það hef ég nú þegar sagt. Þegar um aflabrest var að tefla fengu útgerðarmenn þessa peninga til að borga sjómönnum með. Þeir voru sem sagt ætlaðir til handa sjómönnum þegar svo stóð á. Að mínum dómi fer ekki milli mála að þessir fjármunir eigi að koma til skipta á sama hátt og annar afli.

Í ræðu minni við 1. umr. beindi ég máli mínu til hæstv. ríkisstj. og óskaði eftir því að hún ræddi þetta á sínum fundi og gerði sér grein fyrir alvöru þess að ganga nú enn á sjómenn, undirstöðustétt í þessu þjóðfélagi. Íslenskir sjómenn vinna langan vinnudag við erfið og hættuleg skilyrði. Það er hættulegra að vera sjómaður á Íslandi en stríðsmaður í útlöndum, það sýna allar tölur. Á sama tíma og hlutur sjómanna skerðist af náttúrlegum ástæðum og af völdum brbl. frá því í fyrra á nú enn að ganga á þeirra hlut. Ég er ekki viss um að hv. alþm. geri sér grein fyrir því hver eru laun sjómanna. Maður sér það stundum í blöðum að þegar eitthvert skip fær mikinn afla í veiðiferð er strax reiknað út hversu mikið menn hafi haft út úr þessum túr og reiknaðir svo allir aðrir túrar ársins á sama hátt og gert ráð fyrir að hver einasti sjómaður hafi verið hvern einasta dag á sjó. Allt er þetta tóm vitleysa. Menn verða að fá sín frí frá þessari miklu vinnu. Sjómenn eru auðvitað ekki allt árið í hafi. Ég er alveg sannfærður um það, og ég er viss um að það þyrfti ekki athugunar við einu sinni, að tímalaun sjómanna eru ábyggilega lægri en nokkurra annarra í landi. Ég fór í saumana á þessu við 1. umr. málsins og talaði fyrir daufum eyrum. Þó sitja í hæstv. ríkisstj. menn sem gerþekkja þessa hluti, sumir hverjir.

Ég undrast að þeir gera sér ekki grein fyrir því hversu varasamt er að gera hluti eins og þessa eins og á stendur. Sjómenn á Íslandi hafa yfirleitt ekki verið miklir kröfugerðarmenn, það er nú eitthvað annað. Það er stétt sem hefur ekki verið hörð í kjarabaráttunni, látið mikið á sér bera eða sett úrslitakosti. Þess eru varla dæmi. Sjómenn eru raunsæir menn í beinum tengslum við að afla þeirra verðmæta sem öll þjóðin lifir á. Þess vegna eru þeir, þegar illa árar og búið er að koma þjóðarbúinu af einhverjum ástæðum í erfiða stöðu, fyrstir manna til að sætta sig við að taka þátt í að axla byrðar sem á þjóðina verður að leggja, á því er enginn vafi, og hafa oft sjálfviljugir gengið lengra vegna þess skilnings sem þeir hafa á þessum efnum. Sjómenn þurfa ekki að lesa langar töflubækur og skýrslur frá sérfræðingum sem flækja alla hluti. Þeir eru líklega snjallari en flestir hagfræðingar að átta sig á meginstaðreyndum í íslensku hagkerfi og þjóðskipulagi og þurfa ekki doktorspróf til.

Ef við skoðum það sem á landsmenn hefur verið lagt vegna hinna erfiðu glímu við verðbólguna og aðra óáran, heimatilbúna m. a., og annarra áfalla, þá dreg ég ekki úr því að fólk hefur þurft að láta mikið af sínum hlut og sættir sig raunar við margt af því eins og skynsamra manna er háttur. En ef litið er til þess hversu farið hefur með laun sjómannastéttarinnar, þá er skerðingin þar miklu, miklu meiri. Allir sjómenn í landinu verða að bera frá 40—55% kjaraskerðingu í þorskveiðum. Það liggur í augum uppi eftir aflasamdrátt. Það er ærið. En þegar breytt er hlutaskiptunum enn, þó með óbeinum hætti sé, er gengið, að mínum dómi, allt of langt. Þó þessi 4% kæmu til skipta fengi útgerðin auðvitað bróðurpartinn af því hvort sem væri. Og til hvers er hæstv. ríkisstj. að gera tilraun til þess að bæta stöðu útgerðar með þessum 4%? Það er vegna þess að staða hennar hefur versnað, það vitum við. En veit ekki hæstv. ríkisstj. að staða sjómanna hlýtur að versna nákvæmlega með sama hætti því að þeir fá hlutfallslega part af aflaverðmæti þó misjafn sé? Það sem hæstv. ríkisstj. er í rauninni að gera er að reyna að lyfta ofurlítið undir bagga útgerðarinnar í landinu, en leyfir sjómönnum að bera þá einum og engin tilraun gerð til að bæta það. Þeir mega halda á aukapinklunum. Kannske er orðið pinkill eiginlega of smátt orð. Þetta eru byrðar sem þeir bera.

Virðulegi forseti. Ég hef með mér í ræðustól allmörg blöð frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, skeyti frá fjölmörgum fiskiskipum, annað bréf frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og upplýsingar um fund í Aflatryggingasjóði. Allt það sem sagt er á þessum blöðum er á eina lund: allir mótmæla og allir færa sín rök fyrir sínum mótmælum.

Við í minni hl. hv. sjútvn. höfum ekki gengið eins langt og minni hl. hv. sjútvn. Ed. Þar leggja þeir til að frv. verði fellt. Við erum svo lítillátir að við leggjum það ekki einu sinni til. Ég ætla ekki að fara að mæla þeirri afstöðu sérstaklega bót, en til þess eru ástæður og þá fyrst og fremst sú, að þessi lög, ef frv. verður að lögum, eigi aðeins að gilda jafnlengi og kvótinn, til áramóta. Út af fyrir sig eru röksemdir fyrir því. Ég ætla hins vegar

ekki að gerast sérstakur málsvari þess. En hitt er auðvitað ljóst, að það fékk lítinn stuðning í Ed. og ég geri ekki ráð fyrir að unnt yrði að koma því þangað aftur. Í stað þess höfum við látið nægja að leggja til að þessir fjármunir komi til skipta milli útgerðar og sjómanna eftir venjulegum hætti. Það er ekki farið fram á meira. Ég tel að röksemdirnar fyrir því séu ákaflega skýrar og einfaldar og þurfi ekki að leita liðsinnis í félagasamtökum úti í bæ til að finna aðrar lögskýringar. Við þekkjum þær. Þetta mál er einfalt í raun og veru.

Ég vildi leyfa mér, virðulegi forseti, að fara örfáum orðum um málsmeðferðina, þó að ég hafi nefnt það fyrr, því að svo alvarlegt tel ég að sé af hálfu hv. alþm. að setja slíkt í nál. að það þurfi að skýra. Við högnumst lítið á stóryrðum sem lítið stendur á bak við.

Ég verð að segja að það er að mínum dómi til ansi mikils ætlast af nm. að fá aðeins eins og sem svarar hálfum fundi til að afgreiða þetta mál. Okkur er ekki gefinn neinn kostur á að kynna okkur það. Það var hálftími eftir, þegar við höfðum talað við fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna á fundinum, til þess að ganga frá þessu máli. Ég verð að segja að það fer oft býsna miklu lengri tími í að rífast um það sem öðruvísi er í þessari hv. stofnun, á hinu háa Alþingi. Hér er bitist um upphæðir sem eru kannske 200 sinnum minni en þessi í ýmsum hornum og nefndum og í umr. Örfáar millj. og jafnvel hinir smæstu hlutir taka langan tíma. En það má fara hálftími í 250 millj. Svona er þetta nú, því miður, að við erum stundum að fást við ýmis mál, daga og stundum nætur, um alls kyns þáltill. og hitt og annað af því tagi, sem oft er lítils virði, smámál, auglýsingamál einstakra þm. og ýmislegt annað, eins og þið þekkið, hv. alþm., en þegar kemur að stóru ákvörðununum eru þær hristar fram úr erminni á nokkrum mínútum og varnarlausir stöndum við frammi fyrir því að út úr nefnd skuli málinu sparkað án athugunar. Það vill svo til að kannske höfum við einhverjir í þessari nefnd haft grun um að þetta mál væri á leiðinni, það má vera, en formlega séð er auðvitað óforsvaranlegt að haga sér með þessum hætti. Ég veit ekki einu sinni til þess að það hafi verið lesnar umsagnir á þessum fundi. Það var kannske ekki tími til þess. Það eru lesnar umsagnir um aðra og minni hluti í þessari háu stofnun.

Ég vona, virðulegi forseti, að slíkt endurtaki sig ekki. Við í minni hl. skiljum vel að þetta mál verður að fá afgreiðslu og það fljótt. Þarna er um að tefla það stórt mál og mikla fjármuni, sem þarf að færa til og greiða, að þetta mál verður að fá einhverja afgeiðslu, annaðhvort samþykkt eða synjun eða samþykkt með breytingum. Við tökum ekki þátt í að tefja þau mál sem hljóta að fá afgreiðslu, hvort sem þau eru vond eða góð. Við verðum áreiðanlega ekki sakaðir um það í þessari hv. nefnd að við höfum lamið eitthvað af ástæðulausu á ríkisstj. bara til að vera á móti henni, það er nú eitthvað annað. Við höfum meira að segja stundum stutt ríkisstj. dyggilega til þess að koma fram nauðsynlegum málum, þótt vond hafi verið. En þessi háttur á meðferð þessa máls, sem kemur upp vegna fiskverðsákvörðunar í febr., að láta það dankast svo í þeirri deild að síðari deildin fái í raun og veru ekki til þess tækifæri að skoða það, er ekki til eftirbreytni. Ég vil vekja athygli á að fjórir hv. þm. sem eiga sæti í hv. sjútvn. hafa ekki séð þetta frv. Meiri hl. í nefndinni hefur ekki séð frv. Hugsið ykkur bara! Að vísu þurfum við Íslendingar líka að stjórna heiminum og er ekki nema gott um það að segja — ég tala ekki um sérstakar ráðstefnur eins og menn flykktust á um daginn, norður/suður — spurninguna, sem við leysum að sjálfsögðu með aðstoð enskra lorda og fleiri góðra manna. En þrátt fyrir það er augljóst að þarna er farið að með óviðfelldnum hætti svo vægt sé til orða tekið.

Virðulegi forseti. Ég er ekki vanur að tala lengi og ætla mér ekki að gera það nú fremur en áður. Ég hef ekki tamið mér að velta mér lengi upp úr hneykslismálum. En það er einmitt það sem þetta mál er. Það er auðvitað hneyksli að ganga enn á hlut sjómanna og það væri skömm af því að afgreiða þetta óbreytt. En ég held að það þýði ekkert að höfða til einna eða annarra kennda hæstv. ríkisstj. Hún ætlar að láta sig hafa það að hirða þessa peninga og láta útgerðina hafa þá. Þeir ætla að gera það, því miður.

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Guðmundur Einarsson í minni hl. höfum skilað nál. og ég tel það við hæfi og raunar er það venjan, að lesa þetta nál. Það er stutt. Í því hefði e. t. v. þurft að koma fram margt fleira, en aðrar röksemdir hafa verið tíndar hér til í löngu máli svo að við létum duga að hafa nál. tiltölulega fá orð. Stundum eru fá orð betri en mörg. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að lesa upp nál.:

„Nefndin fjallaði um frv. á einum fundi ásamt öðrum stórmálum. Á fundinn komu fulltrúar útgerðar og sjómanna, og frv. síðan afgreitt úr nefnd.

Með flutningi þessa frv. er gert ráð fyrir því að taka meira en allar eigur almennu deildar Aflatryggingasjóðs og færa þær yfir í Stofnfjársjóð fiskiskipa, inn á reikning hvers skips, upphæð sem nemur 4% af fiskverði.

Af sjálfu leiðir að niður falla allar bótagreiðslur almennu deildar sjóðsins árið 1984. Þessi 4% af fiskverði eru færð útgerðinni og koma ekki til hlutaskipta.

Vegna samdráttar í afla verður staða útgerðar lakari sem honum nemur og afkoma sjómanna versnar að sama skapi. Nú hefur ríkisstj. ákveðið að færa þessa fjármuni til útgerðar vegna versnandi afkomu, en leyft sjómönnum náðarsamlegast að bera skaðann óbættan.

Hin almenna deild sjóðsins hefur gegnt því hlutverki að tryggja sjómönnum sín laun þrátt fyrir aflabrest ef útgerðin hefur ekki greitt þau. Minni hl. n. lítur svo á að fjármunir Aflatryggingasjóðs séu sameign útgerðar og sjómanna og séu þessir fjármunir fluttir til eigi útgerð og sjómenn að skipta þeim sín á milli eftir lögbundnum leiðum og samningum milli þessara aðila um hlutaskipti.

Minni hl. n. lítur svo á að með því að koma því svo fyrir að umrædd 4% af afla komi ekki til hlutaskipta vegi ríkisstj. enn í sama knérunn og telur allra síst ástæðu til þess nú að auka þann hlut sem tekinn er fram hjá skiptum.

Minni hl. nefndarinnar átelur málsmeðferð og mun flytja brtt. á sérstöku þskj."

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem hér var vikið að er á þskj. 647 frá minni hl. sjútvn. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Niðurlag fyrri mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo: og komi þær til hlutaskipta með sama hætti og annað aflaverðmæti."

Þessi breyting er við ákvæði I til bráðabirgða og hljóðar þá þessi setning eftir breytinguna, sem ég vona

að verði, með leyfi forseta:

„Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febr. 1976, og komi þær til hlutaskipta með sama hætti og annað aflaverðmæti."

Í þessu er breytingin fólgin. Ég er ekki viss um að það sé til mikils að halda áfram ræðuhöldum af þessu tagi. Það ætti ekki að vera nauðsynlegt að segja hlutina nema einu sinni og þeir breytast ekkert þó að maður segi þá tvisvar. En ég held að það sé varla hægt að komast hjá því að nefna örfáum orðum það sem hefur komið fram í umsögnum sjómannasamtakanna og í því hvað fiskimenn segja. Ég vil vekja athygli á skeytum frá fjölmörgum skipshöfnum, skipum, sem hafa ekki komið fram. Við í nefndinni sáum auðvitað ekki neitt, ég fékk þessi plögg annars staðar. Ég er ekki að segja að verið sé að liggja á hlutunum vísvitandi, en það var bara ekki tími til að fá að sjá nein rök í málinu.

Þá er kannske fyrst til að taka að samþykkt barst frá Sjómannasambanndi Íslands, og ég leyfi mér að lesa, virðulegi forseti, nokkurn hluta þess:

„Formannafundur Sjómannasambands Íslands, haldinn föstudaginn 9. mars 1984 að Borgartúni 18, mótmælir harðlega framkomu frv. til l. um breyt. á lögunum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Fundurinn minnir á að upphaflegt markmið sjóðsins var eingöngu að tryggja sjómönnum laun sín ef um verulegan aflabrest væri að ræða eða ef útgerð brygðist fjárhagslegri skuldbindingu sinni gagnvart sjómönnum. Enn í dag er eitt meginverkefni sjóðsins hið sama og í upphafi.

Með frv. þessu, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ætlunin að bótagreiðslur Aflatryggingasjóðs gangi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa sem hefur allt öðru hlutverki að gegna en að tryggja sjómönnum laun sín.

Þessum breytingum mótmælir fundurinn harðlega og krefst þess að hlutverk Aflatryggingasjóðs verði óbreytt.

Fundurinn skorar á alþm. að fella þetta frv. og minnir á í því sambandi að vegna stjórnvaldsaðgerða í sjávarútvegsmálum þurfa sjómenn enn frekar en áður á núgildandi lögum Aflatryggingasjóðs að halda."

Þarna kemur auðvitað greinilega fram eitt atriði sem ég hef ekki nefnt og það er að hafi skipshöfn orðið fyrir því að ná litlum sem engum afla, útgerðarmaðurinn ekki getað borgað, þá hafa sjómenn geta gengið til Aflatryggingasjóðs og fengið fast kaup. Með þessari breytingu geta sjómenn ekki gert það. Það er lagt á þeirra herðar að ná sínum launum. Slíkt gæti tekið og tekur langan tíma. Hver hefur efni á því, ekki síst þegar illa gengur, að fá ekki kaupið sitt fyrr en eftir marga mánuði eða jafnvel enn lengri tíma ef um gjaldþrotamál er að ræða? Hver hefur efni á því í þeirri feiknadýrtíð sem er í þessu landi? Ég held að það hafi enginn og ekkert fremur sjómenn en aðrir. Þarna þyrfti auðvitað að koma eitthvað í staðinn frá hæstv. ríkisstj., einhver fyllri trygging til þess að sjómenn gætu fengið sitt kaup.

Virðulegi forseti. Alþýðusamband Íslands sendir hér einnig erindi þar sem þessu frv. er harðlega mótmælt með sömu röksemdum.

Í bréfi frá 9. mars frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands er þessu frv. harðlega mótmælt og sérstaklega því að þessir fjármunir skuli vera færðir til aðeins annars eiganda fiskjarins, því útgerðarmenn og sjómenn eiga hann saman en ekki útgerðarmenn einir. Í þessu bréfi, virðulegi forseti, segir, eftir að mótmælin hafa komið fram, með leyfi forseta:

„Sú endurskoðun og uppskipti á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem gerð var 1976 í samráði við sjómenn leiddi af sér 6% lækkun á hlutaskiptum, gegn því að sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði afnumið í áföngum sem þó var aldrei framkvæmt eins og samið var um 1976. Við viljum því vara Alþingi við því að samþykkja þessa lagabreytingu án þess að þessir fjármunir komi til skipta."

Og að lokum, virðulegi forseti:

„Með því er hið háa Alþingi að efna til ófriðar við sjómenn og ekki að setja réttlát lög, sem er þó hlutverk Alþingis Íslendinga."

Vegna þess virðulegi forseti, að efni áðurnefnds símskeytis hefur ekki komið fram, þá vil ég leyfa mér að lesa það. Þetta símskeyti er ekki komið frá stofnun, það er ekki úr byggðadeildinni, það er ekki úr Seðlabankanum eða einhverjum þessara stofnana sem við fáum skjalabunkana frá sem eru stundum varla virði pappírsins eins. Þetta símskeyti kemur frá sjómönnum. Það kemur utan af sjó. Það er ekki komið héðan af hitaveitusvæðinu. Það er ekki komið úr sölunum með þykku gólfteppunum eða palisanderklæddu veggjunum. Það er komið utan af sjó, utan úr vetrinum sem við sjáum nú varla nema rétt þá stund sem við erum að ferðast milli þessarar stofnunar og heim til okkar. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skipshafnir eftirfarandi skipa mótmæla harðlega þeirri breytingu á 27. gr. laga nr. 51 frá 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í brtt. er lagt til að almenna deild Aflatryggingasjóðs, sem á undanförnum árum hefur tryggt sjómönnum lágmarkskaup, verði á þessu ári notuð til þess að greiða fjármagnskostnað útgerðar og að í stað 10% greiðslu í stofnfjársjóð verði nú 14% tekin fram hjá skiptum til útgerðar. Ef hið háa Alþingi samþykkir þessa lagabreytingu um að 4% verði tekin framhjá skiptum, þá verður orðið lögfest, að tekið verði 41% fram hjá hlutaskiptum á þessu ári.

Sú endurskoðun og uppskipti á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem gerð var 1976 í samráði við sjómenn, leiddi af sér 6% lækkun á hlutaskiptum, gegn því að sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði afnumið í áföngum sem þó var aldrei framkvæmt eins og samið var um 1976. Við viljum því vara Alþingi við að samþykkja þessa lagabreytingu án þess að þessir fjármunir komi til skipta, með því er hið háa Alþingi að efna til ófriðar við sjómenn og ekki að setja réttlát lög, sem er þó hlutverk Alþingis Íslendinga."

Þessi texti er kominn utan af sjó. Og undir þessum texta eru nöfn skipanna og það á eftir að margfalda nafnafjöldann með líklega 14—15 að meðaltali, þannig að hér er um mjög marga sjómenn að ræða. Skipin eru þessi, með leyfi forseta: Páll Pálsson ÍS, Vestri BA, Sléttanes ÍS, Þrymur BA, Guðbjörg ÍS, Jón Jónsson SH, Akureyrin EA, Fróði SH, Tálknfirðingur BA, Steinunn SH, Dagrún ÍS, Haraldur AK, Albert Ólafsson KE, Kaldbakur EA, Gunnjón GK, Sigurvon ÍS, Sólfari AK, Vatnsnes KE, Víkingur III ÍS, Sigurborg AK, Orri Ís, Elliði GK, Guðný ÍS, Grótta AK, Ásgeir

Torfason ÍS, Guðmundur Ólafur ÓF, Stálvík SI, Jakob Valgeir ÍS, Björgúlfur EA, Sif ÍS, Gaukur GK, Hugrún ÍS, Þuríður Halldórsdóttir GK, María Júlía BA, Arney KE, Núpur BA, Faxi GK, Happasæll GK, Hjörleifur RE, Júlíus Geirmundsson ÍS, Ottó Nóvember Þorláksson RE, Guðbjartur ÍS, Viðey RE, Sigurey BA, Ingólfur Arnarson RE, Hólmadrangur ST, Rifsnes SH, Ásgeir RE, Garðar II SH, Otur GK, Halldór Jónsson SH, Þorlákur ÁR, Dalborg EA, Snorri Sturluson RE, Haukur KE, Skipaskagi AK, Ólafur Jónsson GK, Sjóli RE, Júní GK, Gyllir ÍS, Dagstjarnan KE, Sigurfari II SH, Klakkur VE, Runólfur SH, Gullberg NS, Fylkir NK, Ljósafell SU, Glettingur NS, Kambanes SU, Sunnutindur SU, Vigri RE, Snæfugl SU, Breki VE, Svalbakur EA, Hólmanes SU, Arinbjörn RE.

Upptalningu er lokið, virðulegi forseti. Hún hefði getað orðið miklu lengri. Á svona skeyti komast ekki nálægt því allir yfirleitt. Það er misjafnt að ná í menn. Menn eru í kringum allt land. En þetta er skeyti af mörgum merkum skipum, sem bera mörg merk nöfn eins og þið hafið heyrt. Þau eru kennd við ættmenni útgerðarmannanna, við örnefni, heimabæ og byggð, við kaþólska biskupa eins og Þorlák, við ritsnillinginn Snorra Sturluson og fleiri og fleiri. Kennd við sjófugla og boða og allt sem nöfnum tjáir að nefna. Mennirnir sem vinna á þessum skipum eru með þessu skeyti að senda hinu háa Alþingi sína kveðju. Og kveðjan er um það í örfáum orðum að sjómönnum þykir nú nægilega langt gengið og of langt gengið.

Fyrir þessu frv. hefur auðvitað barist formaður Landssambands ísl. útvegsmanna. Það er ekkert leyndarmál. Það er hart fyrir okkur hv. alþm. að vera einhvers konar afgreiðslustofnun fyrir þennan mann og þennan félagsskap, næstum því sama um hvað er að tefla. Og það er ekki beysið og það er áreiðanlega ekkert gaman fyrir ungan mann, kornungan mann, hæstv. ráðh. í sjávarútvegsmálum, sem vill taka á hlutunum eftir bestu getu, að þurfa að vera eins og í bandi þessa félagsskapar. Félagssamtök sjómanna eru hundsuð, en ríkisstj. er öll í bandi þessara samtaka.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég skal reyna að fara ekki mikið út í efnisatriði þessa máls, enda hefur það áður verið rætt hér á Alþingi, en ég vildi segja nokkur orð um málsmeðferð.

Það er orðið alllangt síðan þetta frv. var lagt fyrir Alþingi og þó að ég hafi ekki alveg jafnlanga reynslu af þingstörfum og ýmsir aðrir, sem hér eru, gæti ég trúað að þau dæmi skiptu nokkrum tugum, ef ekki hundruðum, þar sem mál hafa nú verið afgreidd af meiri hraða í gegnum þingið og hefur þá að venju verið litið nokkuð til mikilvægis málsins og jafnvel þótt menn hafi deilt um hvað væri rétt að gera í viðkomandi máli.

Það er svo með þetta mál, að Aflatryggingasjóður hefur ekki getað innt af hendi neinar greiðslur frá 1. febr., hvorki úr hinni almennu deild eða áhafnadeild. M. a. er gert ráð fyrir í 2. gr. frv. að allt ríkisframlagið til sjóðsins fari til þess að auka greiðslu fæðispeninga og til þess að greiða úr fjárhagsörðugleikum sjómanna og því er ekki neitað að tafir á greiðslum til Stofnfjársjóðs eru alvarlegs eðlis.

Það hefði verið hægt að afgreiða þetta frv. til nefndar hér s. l. föstudag, en það var komið í veg fyrir það og talið mikilvægara að þeir þm. sem ekki gátu þá verið viðstaddir þingfundi kæmu til þingfundar til þess að hægt væri að ræða málið við 1. umr. Ég benti á að þeir hv. þm. sem ekki væru hér viðstaddir gætu að sjálfsögðu tjáð sig um málið við 2. og 3. umr., en á það var ekki fallist fyrst og fremst af þeim sem á móti þessu frv. eru. Það hefur orðið afleiðing þess m. a. að hv. nefnd hefur ekki haft nægilegt ráðrúm, eins og hér hefur komið fram, til að kynna sér málið. En það er svo langt síðan mál þetta var lagt fram að ég býst við að hv. þm. hafi haft nægan tíma til að lesa um það ályktanir sem birst hafa í blöðum og skeyti sem einnig hafa komið fram og geta kynnt sér málið. Ég tel því vera um algerlega eðlilega málsmeðferð að ræða og ég vil mælast til þess að greitt verði fyrir því að mál þetta nái fram að ganga þannig að Aflatryggingasjóður geti viðhaft eðlilega starfsemi og það þurfi ekki að dragast fram yfir páskaleyfi þm. Þrátt fyrir allt er það bæði mikilvægt fyrir útgerðina og sjómenn einnig. En hins vegar er eðlilegt að menn deili um málið.

Því er mjög haldið fram að hér sé verið að taka utan skipta. Það vita hv. þm. jafnvel og ég að þessi hluti útflutningsgjalds hefur aldrei komið til skipta. Þetta frv. breytir heldur í engu skyldum útvegsmanna til að greiða sjómönnum laun. Hinu er svo sjálfsagt að halda á loft að tekjur sjómanna og kjör þeirra eru knöpp. Ef hv. þm. vilja gera á því breytingar er mun eðlilegra að draga úr þeirri kostnaðarhlutdeild sem einnig var ákveðin með lögum. Það hefur verið ákveðið að minnka hana um 2% eða úr 29% í 27 annars vegar og úr 25 í 23 á bátum. En það er algerlega óþarft að brengla því saman við þetta mál, að mínu mati.

Ég vildi taka þetta fram varðandi málsmeðferðina. Það ætti engum að dyljast að íslenskur sjávarútvegur er í miklum erfiðleikum og verður það á næstunni og allir vita að erfitt verður fyrir sjávarútveginn að ganga í gegnum það. Það verður einnig erfitt fyrir íslenska sjómannastétt. En þessir hagsmunir fara allir meira og minna saman og eru ekki aðskildir. Það er ekki hagsmunamál sjómanna að útgerðin sé á hausnum og það er ekki heldur hagsmunamál útvegsmanna að sjómenn hafi knöpp kjör. (Gripið fram í.) Ég býst við því, hv. þm., að ég geti fengið að ljúka þessum fáu orðum mínum hér. Ég gæti þó út af fyrir sig sagt ýmislegt um ræðu hv. þm. við umr. þessa máls. En ég vænti þess að hv. þm. hafi fullt úthald til að hjálpa til við að komast yfir þá miklu erfiðleika sem íslenskur sjávarútvegur á nú við að etja.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu ekki ætlan þeirra manna sem töluðu hér s. l. föstudag að tefja þessa umr. Sást það kannske best s. l. mánudag þegar við hjálpuðum til að koma málinu til nefndar í veikindafjarveru hæstv. ráðh. jafnvel þótt einn af hæstv. ráðh. hefði orð á því að óeðlilegt væri að taka málið fyrir í fjarveru hans. Við töldum það hins vegar sjálfsagt til þess að nefndin fengi málið til meðferðar. En hverju breytti það að koma málinu til nefndar á föstudegi? Þingnefndir starfa yfirleitt ekki á laugardögum og sunnudögum, það var ekki heldur beðið um það, enda sjáum við það á þessari einstöku meðferð nefndarinnar. Hún kemur ekki saman til fundar fyrr en á miðvikudagsmorgni og hespar þessu stóra máli svo af á hálftíma og leyfir sér m. a. s. að svara ekki þeim fsp. sem fram komu í deildinni í umr.

s. l. föstudag eða mánudag, lætur þær sem vind um eyru þjóta. Það er því rangt hjá ráðh. þegar hann talar um að umr. á föstudag hafi verið til þess að tefja málið. Það var verið að benda honum sérstaklega á þá hættu sem stafaði af því að þjösna því áfram á þann veg sem átti að gera hér í deildinni. Þá stóð yfir fundur í sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands sem endaði með því að óskað var eftir því við aðildarfélögin að leita verkfallsheimildar á fiskiskipaflotanum. Ef hæstv. sjútvrh. álítur að slíkur þjösnaskapur með þetta viðkvæma mál sjómanna sé til þess fallinn að greiða fyrir sáttaumleitunum á milli útgerðarmanna og sjómanna, þá fer hann villur vegar. Hann á margt eftir ólært í samskiptum útgerðarmanna og sjómanna ef hann heldur það.

Það kann að vera rétt hjá hæstv. ráðh. að þessi hluti útflutningsgjalds sem fer til Aflatryggingasjóðs hafi ekki komið til skipta. En það breytir ekki því meginmáli að Aflatryggingasjóður er tryggingarsjóður beggja þessara aðila, útgerðarmanna og sjómanna. Ég vek sérstaklega athygli ykkar, hv. þm. sem komið utan af landi, frá Vesturlandi, Norðurl. v., Norðurl. e. og Austfjörðum, a. m. k. fyrir austan og norðan Hornafjörð, á því að í fyrstu línu ákvæða til bráðabirgða I í 1. gr. þess frv. sem við ræðum segir: „Á árinu 1984 skal þó í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins" gera sem þar segir. Þetta þýðir auðvitað að það er verið að útiloka möguleikann á að veita slíkar bætur á þessu ári. Ég veit ekki hvort þessir hv. þm. hafa gert sér ljóst að þetta gæti kannske haft einhver áhrif á atvinnuástandið í kjördæmum þeirra. Hvað gerði þetta gjald á sínum tíma? Við vitum að vísu að hluti þess var misnotaður. En það mátti gera betrumbætur á lögunum og framkvæmd tryggingabótanna úr sjóðnum til að koma í veg fyrir það svindl. Það þurfti ekki algerlega að loka fyrir þessar bótagreiðslur því að þær gerðu stórmikið gagn víðs vegar um land og hafa gert fram að þessu, þar til hæstv. ríkisstj. ákveður nú að þær skuli felldar út gildi á þessu ári a. m. k.

Við 1. umr. málsins s. l. föstudag benti ég á aðdraganda þessa máls, að við fiskverðsákvörðun í Verðlagsráði sjávarútvegsins eru það fiskkaupendur, verkendur sjávarafla, með útgerðarmönnum sem ákveða að taka þetta fé og verja því á þennan hátt og þeir fá á einhvern hátt út úr þessum æðsta dómstól um verðlag sjávarafurða tryggingu fyrir því frá ríkisstj. að þetta skuli verða löghelgað hér á Alþingi. Þetta mun náttúrlega, þegar búið er að samþykkja þessi lög, verða fyrsta sporið sem stigið verður til þess að fella niður það kerfi sem við búum við um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Þetta verður einn nagli í þá kistu. Ég leyfi mér að halda því fram. Ég benti í fyrsta lagi á hve óeðlileg þessi ákvörðun væri, þegar sameiginleg eign sjómanna og útgerðarmanna væri tekin og henni ráðstafað af þessum tveim aðilum. Það jaðraði við siðleysi. Ég benti á þau fjögur meginatriði sem hæstv. sjútvrh. færði fram til réttlætingar þessu frv. Ég benti á að þrjú af þessum meginatriðum væru nú komin á það stig að allar forsendur fyrir málinu hefðu gerbreyst. Helstu blóm ríkisstj. hafa verið þessi þrjú atriði: verðbólgulækkunin, lækkun fjármagnskostnaðar og aflaskortur. Það eina sem eftir stendur og er vissulega alstærst og alvarlegast er auðvitað aflaskorturinn. Það var líka bent á það í þeim umr. að kvótinn væri búinn hjá mörgum skipum og þá væri hægt að ná fram sparnaði hjá þessum skipum sem eru búin með kvótann, ná því fram sem að var stefnt með kvótanum og þessum aðgerðum öllum: að leggja skipunum. Að því var stefnt.

Ég vitnaði hér í álit stjórnar Fiskifélags Íslands sem barst hv. Ed. Það var óskað eftir því hér í Nd. við 1. umr. málsins að leitað væri skriflegrar umsagnar stjórnar Aflatryggingasjóðs. Það var eitt af því sem hv. meiri hl. sjútvn. þessarar deildar gat ekki fengið sig til að gera þó að beinar óskir kæmu fram um það. Ég hef samt sem áður aflað mér álits frá nokkrum stjórnarmönnum og ætla að lesa það hér á eftir, með leyfi forseta, til þess að það birtist í þingtíðindum. Og það var ekkert erfitt að ná til þeirra manna þó að þeir séu búsettir úti á landi. Það er nefnilega nokkuð um liðið síðan þeir fundu upp símann á Íslandi, herra þm. Stefán Guðmundsson.

Ég hef margoft haft orð á því í sambandi við þetta frv. að ég álít eins og fleiri að þetta sé undanfari þess að Aflatryggingasjóður sé endanlega eyðilagður. Og ég ber líka ótta í brjósti um það, vegna þess að ekki er vitað hvað við tekur nema óreiða og vitleysa, að Verðlagsráð sjávarútvegsins verði eyðilagt með þessu líka. Þetta verði ein ástæðan til þess að það klofni og fari í tóma vitleysu. (Gripið fram í.) Það er rétt, hæstv. iðnrh., enda selja okkar skip erlendis. Við höfum ekki enn þá fengið skýringar á því hvaða verkanir hin mikla saltfiskhækkun hefur á stöðu þessa sjóðs. Er það rétt að þessi 7% hækkun á erlendum mörkuðum geti þýtt með ríkisframlagi til þessa sjóðs um 120 millj. kr. tekjur? Um þetta er verið að tala hér manna í milli. (**Gripið fram í:** Ekki á einu ári.) 87 millj. án ríkisframlags. Það komu ekki nein svör við þessum spurningum.

Í Ed. fengust ekki nein svör við spurningum sem þar voru bornar fram um það hvernig grásleppa og úthafsrækja koma inn í þetta mál. Þessar fisktegundir falla ekki undir kvótakerfi. Eru 4 prósentin færð til þessara tegunda líka eða eiga þær að falla undir gömlu regluna, sem gildir í sjóðnum, sem ekki má vinna eftir lengur? Þessi sjóður studdi á sínum tíma ýmsar tilraunaveiðar. Það má ekki lengur. Það er búið að klippa á það með þessu frv. sem við erum að ræða hér.

Ég lofaði hv. forseta því að verða ekki langorður. Samt sem áður vona ég að forseti sýni mér þá biðlund að lofa mér að lesa þessa stuttu grg. frá þremur stjórnarmönnum Aflatryggingasjóðs. Það eru fulltrúar Sjómannasambandsins, Farmannasambandsins og Alþýðusambandsins. Hún er á þessa leið:

„Um 1. lið:

Við viljum vekja athygli á að skv. 3. gr. laga um sjóðinn segir: Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að bæta aflahlut skips og áhafnar þegar almennan aflabrest ber að höndum eða brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum. Við teljum að frv. gangi þvert á megintilgang hinnar almennu deildar sjóðsins, þar sem það er meginskylda deildarinnar að greiða bætur skipi og áhöfn þegar almennur aflabrestur verður eða þegar dregið er úr veiðum til verndar mikilvægum nytjastofnum. Í grg. með frv. er ekkert sem getur rökstutt þessa breytingu á lögunum og ekkert sem ekki fellur undir 3. gr. laganna eins og þau eru.

Frv. gerir hins vegar ráð fyrir því að megintilgangur Aflatryggingasjóðs sé brotinn með því að færa fé frá almennu deildinni til Stofnfjársjóðs fiskiskipa og láta

hann greiða þeim skipum, sem mest aflaverðmæti fá, hæstar bætur og svipta áhafnir öllum bótum. Við teljum að nú sannist best að núgildandi lög nái fullkomlega yfir þann vanda sem nú steðjar að útgerðarmönnum og sjómönnum og að þessum fjármunum, sem eru sameign útgerðarmanna og sjómanna, verði best varið skv. núgildandi lögum. Er það í fullu samræmi við tilgang sjóðsins".

Og um 2. lið frv., ákvæði til bráðabirgða II:

„Samkvæmt þessum lið er gert ráð fyrir að framlag ríkisins, 18.5 millj. kr., skuli renna beint til áhafnadeildar sjóðsins til þess að deildin geti aukið greiðslur fæðispeninga og greitt úr fjárhagsörðugleikum sjómanna. Við bendum á að skerðing fæðispeninga skv. brbl. frá í maí 1983 hefur numið um 18 millj. kr. og er því nánast sama upphæð og ráð er gert fyrir í frv., þannig að þó að ríkisframlagið renni allt til áhafnadeildarinnar gerði það ekki betur en að leiðrétta þá skerðingu sem varð á síðasta ári, hvað þá til þess að bæta sjómönnum þá skerðingu sem þeir verða fyrir vegna aflasamdráttar og þeirrar skerðingar sem þeir verða fyrir vegna eftirágreiddra opinberra gjalda." Ég leyfi mér að koma hér með það innskot að líklega verður engin stétt á landinu jafnilla fyrir barðinu á þessu skattgreiðslufyrirkomulagi og þeir, vegna þess hve afli er misjafn frá ári til árs, og kannske hefur sjaldan lækkað meira á milli ára en nú.

Ég held áfram með álit þeirra: „Við viljum enn fremur benda á að skv. lögum nr. 51 frá 1983 á framlag ríkisins að nema 40% af tekjum almennu deildar sjóðsins. En síðan 1980 hefur ríkið skert þessar greiðslur: Árið 1980 um 5.6—5.8 millj., 1981 um 7.8 millj., 1982 um 8.5 millj. tæpar, 1983 um 21.8 millj tæpar og 1984 um 29.4 millj. Tvær síðustu tölurnar eru að nokkru áætlaðar. Samtals gerir þetta u. þ. b. 73.2 millj. kr.

Að mati endurskoðenda sjóðsins lætur nærri að þessar 73.2 millj. kr. framreiknaðar miðað við byggingarvísitölu jafngildi 121.6 millj. kr. Við bendum á að ef ríkið skilaði þessum peningum og þeir rynnu til áhafnadeildarinnar mundi skapast svigrúm til að greiða að einhverju leyti úr fyrirsjáanlegum fjárhagserfiðleikum sjómanna, t. d. með niðurgreiðslu á tekjuskatti frá síðasta ári.

Við sem stjórnarmenn lýsum okkur mótfallna þessu frv. og teljum að þessir fjármunir eigi alls ekki að renna til Stofnfjársjóðs fiskiskipa sem hefur skv. lögum allt annan tilgang. Við undirritaðir fulltrúar sjómanna í sjóðstjórn teljum fráleitt að afgreiða eigi breytingar á lögum um Aflatryggingasjóð án þess að leita álits sjóðstjórnarinnar."

Ég leyfi mér að fullyrða, hv. forseti, að ef leitað hefði verið til fleiri aðila úr stjórn þessa sjóðs, þá hefðu þeir tekið undir þetta álit og skrifað undir með fulltrúum sjómanna.

Ég skýrði frá því í ræðu minni s. l. föstudag við 1. umr. málsins að ég hefði talið það drengskaparverk af hæstv. ríkisstj. ef hún hefði notað þetta tækifæri nú til að koma á móti og leysa það stórkostlega vandamál sem hæstv. sjútvrh. talaði um hér við 1. umr., lífeyrissjóðsmál sjómanna. Það hefði mátt gera í góðri samvinnu við sjómannastéttina og leysa kannske samningamálin og yfirvofandi verkföll um leið. En til þess gefst enginn kostur. Það gefst ekki einu sinni kostur á því að vinna upp brtt. við þetta frv. í þá átt.

Ég hef samt sem áður, hv. forseti, leitast við ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni að ganga ekki lengra en efni standa til, en með tilliti til hinna breyttu forsendna leggjum við fram varabrtt. við till. minni hl. sjútvn. þess efnis að niðurlag fyrri málsgr. ákvæðis til bráðabirgða hljóði svo: „og komi þær til hlutaskipta sem annar afli á viðkomandi skip frá og með 1. júní 1984", en frá og með þeim tíma á einmitt að ákveða nýtt fiskverð.

Ég óska eftir því, hv. forseti, að leitað verði afbrigða fyrir þessari skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. á þskj. 656 samþ. með 23 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég skal ekki nú frekar en fyrr við umr. þessa máls tefja það á nokkurn hátt. Ég verð hins vegar að lýsa vonbrigðum mínum og undrun á þeim ummælum hæstv. sjútvrh. — vegna þess að við sem töluðum hér s. l. föstudag töldum eðlilegt, þar sem það væri óvenjulegur fundardagur, málið stórt og fjöldi þm. með fjarvistarleyfi, að fresta þeirri umr. fram á mánudag — að við værum að gera tilraun til að tefja málið á einn eða annan hátt. Það sýnir sig á þessu að ekki er þakklætinu fyrir að fara hjá hæstv. sjútvrh. til okkar stjórnarandstæðinga sem erum þó að reyna að bjarga málum í gegn þegar stjórnarþm. mæta ekki sjálfir. Við ættum að muna það, stjórnarandstæðingar, hversu mikið þakklæti hæstv. ráðh. auðsýnir í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Kostar þó kurteisin ekki neitt.) Nei, svo hefur verið sagt. En kannske þeir fari að selja hana eins og annað nú.

Ég vísa því a. m. k. algjörlega á bug að ég hafi átt nokkurn þátt í að tefja þetta mál. Það var meira að segja rætt hér s. l. mánudag, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson gerði grein fyrir, að ráðh. fjarverandi í veikindaleyfi, sem þó hefði nú kannske einhvern tíma verið notað sem átylla til að drepa málinu á dreif og ræða það ekki undir þeim kringumstæðum. Meira að segja var látið að því liggja að nefndin gæti hafið störf þegar á þriðjudagsmorgni. Það var ekkert sem kom í veg fyrir það. Það hefur gerst áður að nefndir hafa fjallað um mál þó að ekki væri búið formlega að vísa því til þeirra, þannig að það er hreinn fyrirsláttur hjá hæstv. ráðh. og hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, formanni nefndarinnar, að hér hafi á nokkurn hátt verið komið í veg fyrir það að málið gæti farið með eðlilegum hætti til nefndar og nefndin fengið eðlilegan tíma.

En það er annað sem ég á vantalað við hv. þm. Stefán Guðmundsson. Við umr. á mánudag bar ég formlega fram ósk um það frá mér og hv. þm. Pétri Sigurðssyni héðan úr ræðustól að leitað yrði skriflegrar umsagnar stjórnar Aflatryggingasjóðs á þessu frv. Þess var óskað og meira að segja hausnum nikkað þá af hv. formanni nefndarinnar. En hvað hefur gerst? Hvar liggur sú skriflega umsögn stjórnarinnar fyrir? Og ég vil spyrja nefndarmenn: Kom það ekki til umr. í nefndinni að fara að þessari ósk og leita umsagnar stjórnar Aflatryggingasjóðs? Var því hvorki hreyft af meiri hl. nefndarinnar eða minni hl.? Við skulum gera því skóna að meiri hl. hafi ekki kært sig um það. En hvað um minni hl.? Tók hann þessa ósk upp eða tók hann undir þessa ósk, að

leitað yrði formlega umsagnar stjórnar Aflatryggingasjóðs? Ég óska svara við þessu, því mér finnst þetta það stórt mál að þegar slík ósk kemur fram, þá sé á engan hátt eðlilegt annað en að verða við henni.

Herra forseti. Það hefur í sjálfu sér kannske ekki mikla þýðingu að hafa mörg orð fleiri um þetta mál. En ég vil þó aðeins bæta við það sem hér hefur verið sagt. Hv. 4. þm. Suðurl. er víst ekki í salnum, en ég fagna því að sjálfsögðu að um hann má segja eins og haft var að orðtaki hér áður fyrr, að Eyjólfur hefur hresst í andstöðunni við þetta mál frá 1. umr. Þá spurði hv. þm. Garðar Sigurðsson í hneykslunartón í hvers umboði ég talaði, þegar ég lýsti því hér yfir að ég héldi að þetta frv. eins og það liggur fyrir væri ögrun við sjómannastéttina og samþykkt þess mundi þýða ófrið ef af yrði. Nú talar hv. þm. Garðar Sigurðsson hér í heilan klukkutíma gegn málinu og endar á því að lesa upp símskeyti frá nokkrum tugum skipshafna líklega, ég þori ekki að fullyrða um töluna, þar sem nákvæmlega það sama er sagt, og ég sagði hér s. l. mánudag. Það er engu líkara en að þessi að mörgu leyti ágæti hv. þm. sé fyrir löngu slitnaður úr tengslum við hugsanagang sjómanna, a. m. k. í þessu máli. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson? (**GJG:** Hann er nú til sjós á hverju sumri.) Það nægir ekki alltaf. Það fer eftir því hvernig heilabúið er og hugsanagangurinn, hvort menn eru í raun og veru í tengslum við það sem þeir eru að gera eða ekki. Ég bið nú hv. 7. þm. Reykv. að hugsa sig betur um áður en hann segir meira um þetta. (**JBH:** Heilabú Garðars er alveg í lagi.) Ekkert bætir það um þó að hv. þm. Jón Baldvin mæli með því. Ég skal ekki, herra forseti, hafa fleiri orð um þetta sem ég heyri að þm. skemmta sér yfir. En í mínum huga er þetta ekki gamanmál. Ég tek undir það sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði hér áðan og ég sagði raunar líka s. l. mánudag: Hér er verið að stíga fyrsta skrefið að því að leggja niður það kerfi, þann sjóð sem byggður hefur verið upp sameiginlega af útvegsmönnum og sjómönnum til þess að hlaupa undir bagga þegar illa áraði.

Það er vissulega alvörumál, ekki síst í þeirri stöðu sem málið er í í dag þegar stjórnvöld gera sér beinlínis leik að því að ögra sjómannastéttinni umfram það sem þegar er búið, því engum getur dulist að það sem gerst hefur að undanförnu, bæði varðandi kjaraskerðinguna og síðan minnkandi afla, hefur bitnað af meiri þunga á sjómannastéttinni en nokkurri annarri stétt í landinu og bera þó ýmsir sig illa í þeim efnum. Þrátt fyrir þetta ætlar hæstv. ríkisstj. að ganga enn þá lengra í skerðingu á launakjörum sjómanna með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Og það er furðulegt ef það á eftir að gerast að dreifbýlisþm. utan af landsbyggðinni, frá sjávarplássunum víðs vegar um landið, sem nú eru að komast hvert af öðru á atvinnuleysisstigið, ef þeir ætla að ljá atkvæði sitt til þess að bæta enn ofan á með þessu frv. Ég hygg að menn ættu nú aðeins að staldra við. Ég held að menn ættu að hugsa sig um áður en hinir pólitísku flokksfjötrar eru frekar reyrðir um hendur þessum hv. þm.

Ég ítreka að það er mín skoðun að verði þetta frv. samþykkt eins og það liggur fyrir og mælt er með því af hálfu meiri hl. sjútvn., þá er það ógnun við sjómannastéttina. Þá er hæstv. ríkisstj. að segja sjómannastéttinni stríð á hendur og þá tekur auðvitað hæstv ríkisstj. afleiðingum þess. En það hafa sterkari ríkisstjórnir þessari hæstvirtri orðið að lúta í lægra haldi ef sjómannastéttin ætlar sér að sýna fram á það að henni þyki of langt gengið í átroðslu á sínum kjörum. Og það mun koma í ljós líka um þessa ríkisstj. að undan henni mun flæða ef hún gengur svo fram sem hér virðist ætlunin í þessu máli. Þó að mér sé á engan hátt sérstaklega vel við hæstv. ríkisstj., þá vara ég hana við því að efna til slíks óvinafagnaðar sem samþykkt þessa frv. mun örugglega reynast, verði það samþykkt eins og það nú liggur fyrir.

Ég ítreka enn andstöðu mína við frv. Ég mun greiða atkv. gegn því. Þess verður freistað að koma hér fram með brtt. Þegar eru komnar fram tvær. Hv. minni hl. nefndarinnar hefur lagt fram sína brtt. og varatillaga er komin fram við hana. Ég mun að sjálfsögðu greiða þeim atkv. En frv. er ég andvígur, og ég tala fyrir hönd Alþfl., samþykkt þessa frv. kann að hafa alvarlegri afleiðingar í för með sér en kannske margur hyggur eins og málin standa í dag. Þess vegna ber að fella þetta frv.

ATKVGR.

Brtt. 647 felld með 18:12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: JBH, KP, KHT, KSK, PS, SvanJ, GSig, GeirG, GE, GJG, GHelg, JS.

nei: BD, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, StG, VS, SvH, ÞP, BB, AS, BÍG, EH, FÞ, JM, GB, HÁ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (HG, NL, KH, RH, StH, SvG, GeirH, GA, GGS,) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í trausti þess að tekið verði jákvætt á lífeyrismálum sjómanna sem mjög eru í brennidepli nú greiði ég ekki atkvæði.

Brtt. 656 felld með 18:12 atkv.

1. gr. samþ. með 19:10 atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 149. mál (þskj. 208, n. 633, 635). — 2. umr.

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Skv. ákvæðum gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga skulu fjárhæðir í 26. gr. laganna breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

Nú hagar svo til að engin skattvísitala hefur verið ákveðin fyrir þetta ár og verður hún skv. nýjum lögum fyrst sett í fjárlög fyrir árið 1985. Með hliðsjón af því er nauðsynlegt að breyta fjárhæðum 26. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga á þann veg að ákvarðaðar verði nýjar grunnfjárhæðir í nýjum krónum í stað gildandi fjárhæða, sem verið hafa í gömlum krónum, og með hliðsjón af því, sem fram hefur komið, að skattvísitala hefði átt að hækka skv. gildandi lögum um 54%. Frv. gerir ráð fyrir þessum breytingum og félmn. er sammála um að mæla með að frv. verði þannig samþykkt.

Jafnframt hefur nefndin fjallað um viðbótarbreytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og leggur samhljóða til að aftan við 4. málsgr. 23. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

„Hafi eftirlaun eða launatekjur skert tekjutryggingu almannatrygginga hjá elli- eða örorkulífeyrisþega skal enn fremur draga frá útsvarsskyldum tekjum viðbótarfjárhæð sem svarar til þeirrar skerðingar."

Nefndin er sammála um að mæla með þessari viðbótarbreytingu og leggur til að frv. verði samþykkt við svo búið ásamt með þessari breytingu.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á að vekja athygli á því, þar sem það kom ekki fram hjá frsm. félmn., að ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara.

Fyrr í vetur lagði ég fram fsp. til hæstv. félmrh. um skattheimtu sveitarfélaga. Kom þá fram í máli mínu að allt stefndi í það að um aukningu á greiðslubyrði útsvarsálagningar yrði að ræða milli ára. Í þeirri umr. kom það fram hjá hæstv. félmrh. að ríkisstj. mundi kappkosta að koma í veg fyrir auknar skattaálögur á fólkið í landinu.

Í þessari umr. um tekjustofna sveitarfélaga verður ekki hjá því komist að vekja athygli hv. þdm. á því, hve um gífurlega þyngingu greiðslubyrðar útsvars og fasteignagjalda verður að ræða á þessu ári.

Ég hef beðið Þjóðhagsstofnun að reikna út hver skattbyrði yrði í útsvari og fasteignasköttum á yfirstandandi ári. Í því svari sem mér hefur borist kemur í ljós að um gífurlega þyngingu skattbyrðar verður að ræða á þessu ári. Í forsendum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall útsvars brúttó lækki um sem næst 1 prósentustig á þessu ári, en flest ef ekki öll sveitarfélög hafa nú ákveðið sína útsvarsprósentu. Útsvarsprósentan yrði skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar því að meðaltali um 10.5%. Skv. því hækkar álagning útsvars um rúmlega 40% frá fyrra ári, úr 2 milljörðum 133 millj. kr. í um 3 milljarða, eða um 867 millj. milli ára.

Á sama tíma og álagning útsvars hækkar um rúmlega 40% milli ára hækka tekjur einstaklinga um rúmlega 20% í heild á þessu ári og álagning tekjuskatts ríkisins hækkar um svipað hlutfall.

Skv. þessum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar taka sveitarfélögin til sín í útsvar 433 millj. umfram launahækkanir milli ára. 433 millj. leggja því sveitarfélögin á fólkið í landinu umfram hækkun launa milli ára. Þetta þýðir að skattbyrði eykst á vísitölufjölskylduna um u. þ. b. 5 þús. kr. umfram launahækkanir milli ára, en skattbyrði vísitölufjölskyldunnar vegna álagðs útsvars milli áranna 1983 og 1984 eykst um 10 þús. kr., þar af 5 þús. kr. umfram launahækkanir.

Í yfirliti sem ég hef frá Þjóðhagsstofnun hafa álagðir skattar sveitarfélaga, þ. e. útsvar og fasteignaskattar, í hlutfalli við tekjur greiðsluárs aldrei verið hærri, a. m. k. ekki s. l. 10 ár. Í áætlun frá Þjóðhagsstofnun um skattbyrði einstaklinga á árunum 1975—1984 kemur í ljós að þegar álagðir skattar sem hlutfall af tekjum greiðsluárs voru hæstir voru þeir 7.6%. Það var á árinu 1975. Í ár verða álagðir skattar sveitarfélaga 8% í hlutfalli við tekjur greiðsluárs, en á árinu 1983 voru þeir 6.8%.

Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar verður heildarskattbyrði einstaklinga um 13.7% miðað við tekjur þessa árs, þar af vegna skatta sveitarfélaga, útsvars og fasteignaskatta um 8%. Til samanburðar má sjá í þessum gögnum Þjóðhagsstofnunar að á árinu 1983 nam heildarskattbyrði 12.5%, en skattar sveitarfélaga námu á því ári um 6.8% af heildartekjum. Skattar ríkisins eru hins vegar taldir fela í sér svipaða skattbyrði á þessu ári og í fyrra skv. þessum útreikningum Þjóðhagsstofnunar eða um 5.7% af heildartekjum einstaklinga bæði árin, 1983 og 1984.

Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt fyrir hv. alþm. að gera sér ljósar þessar tölur um gífurlega aukningu skattbyrðar á fólkið í landinu nú þegar við fjöllum um frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér er verið að afgreiða, en þetta frv. fjallar um persónuafslátt og frádrátt á útsvari vegna barna.

Ég hef látið Þjóðhagsstofnun reikna út hvað þessar afsláttartölur til útsvars, þ. e. persónuafsláttur og frádráttur frá útsvari vegna barna, þyrfti að hækka til að ríkisstj. stæði við það fyrirheit sem hún hefur gefið um að skattbyrði heimilanna þyngist ekki á þessu ári frá því sem var á árinu 1983. Ef einungis er miðað við að skattbyrðin verði 30% milli ára, sem þýðir að samt sem áður yrði um aukningu á skattbyrði að ræða, eða um 10% umfram almennar launahækkanir milli ára í stað 20% hækkunar umfram hækkun launa, sem nú er fyrirhuguð, þyrftu þessar afsláttartölur, sem um er fjallað í því frv. sem hér er til umr., að tvöfaldast. Í stað 1800 kr. persónuafsláttar til útsvars kæmu 3600 kr. og barnafrádrátturinn yrði 720 kr. með hverju barni í stað 360 kr. sem hér er gert ráð fyrir.

Það er því ljóst að jafnvel þótt afsláttartölurnar í frv. yrðu tvöfaldaðar dygði það ekki til að hæstv. ríkisstj. stæði við það yfirlýsta markmið að skattbyrði heimilanna ykist ekki milli ára. Það yrði engu að síður um verulega aukningu að ræða.

Þar sem búast má við að sveitarfélögin hafi þegar gert sínar tekju- og gjaldaáætlanir verður að telja að ekki geti náðst pólitísk samstaða eða meiri hl. hér á Alþingi fyrir því að gera þær breytingar á þessu frv. sem nauðsynlegar eru til að skattbyrði heimilanna þyngist ekki milli ára. Telja verður því á þessari stundu tilgangslaust, þó freistandi væri, að flytja nauðsynlegar brtt. við frv. til að létta þá auknu greiðslubyrði sem nú er fyrirhuguð á heimilin í landinu.

Yrði 1. gr. frv. breytt og afsláttartölurnar tvöfaldaðar, sem eins og ég áður sagði þýddi samt sem áður aukna greiðslubyrði, þýddi það um 300 millj. kr. tekjutap sveitarfélaga miðað við það sem þau hafa ráðgert að óbreyttum álagningarreglum og afsláttarreglum. Ef sú breyting ætti sér stað á frv. þýddi það að lagðar yrðu á heimilin í landinu um 200 millj. í aukinni greiðslubyrði í stað 433 millj. sem nú er stefnt að. Af þessu 300 millj. kr. tekjutapi sveitarfélaganna rynnu um 230 millj. til einstaklinga en 70 millj. til ríkissjóðs í ónýttum persónuafslætti.

Þó ég telji að þessu sinni tilgangslaust að flytja brtt. við þetta frv. taldi ég nauðsynlegt að vekja athygli hv. þdm. á þessu máli. Lágmarkslaunin í landinu hafa mikið verið hér til umr. á hv. Alþingi í vetur og kjaramálin almennt. Allir eru um það sammála að enginn lifir af þessum hungurlaunum sem lágmarkslaunin eru í landinu. Í nýgerðum kjarasamningum voru þau hækkuð í 12 660 kr., sem ekki dugir einu sinni fyrir matarreikningi vísitölufjölskyldunnar hvað þá annarri

framfærslu, svo sem húsaleigu, síma, rafmagni o. fl. sem telst til brýnustu nauðsynja hvers heimilis í landinu.

Ég tel, herra forseti, að það sé tímabært að við skoðum skattaálagninguna í landinu í því ljósi að við hv. alþm. spyrjum sjálfa okkur hvort okkur sé stætt á því að skattleggja nauðþurftatekjur í landinu. Við þm. Alþfl. höfum fjallað um þetta mál og teljum tímabært og brýnt að tekið sé af skarið hér á hv. Alþingi á þann þátt að a. m. k. þessi lágmarkslaun í landinu, 12 660 kr., séu ekki skattskyld. Við bindum vonir við það að um það geti náðst pólitísk samstaða hér á hv. Alþingi. Þetta eru engin laun, ekki fyrir matarreikningi fjölskyldunnar, og hvorki ríkissjóður né sveitarfélögin eiga að geta hrifsað til sín hluta af þessari hungurlús sem lágmarkslaunin eru. Við Alþfl.-menn erum nú með þetta mál í athugun og ef tími vinnst til munum við leggja fram á yfirstandandi Alþingi frv. um skattfrelsi til útsvars sem, ef samþykkt verður, taki gildi um næstu áramót. Hugmynd okkar er sú að a. m. k. þessi hungurlús sem lágmarkslaunin eru verði ekki skattskyld. Erum við með í útreikningi ýmsa möguleika til að mæta tekjutapi sveitarfélaga ef þessi leið yrði farin. Ýmsir möguleikar kæmu til greina. Má þar nefna að útsvarsstofn yrði hækkaður svo að útsvar kæmi þá eingöngu á tekjur sem væru yfir lágmarkslaunum eða þá sá valkostur að persónuafsláttur til útsvars og barnafrádráttur yrði það hár að ekki kæmi til greiðslu útsvars af tekjum sem væru undir lágmarkslaunum í landinu.

Ég vil þó undirstrika það að með þessu móti er ekki verið að leggja til að heildargreiðslubyrði útsvars yrði meiri á þá einstaklinga sem hafa tekjur yfir þessu tekjumarki frá því sem nú er, heldur er tilgangurinn fyrst og fremst sá að þjóðfélagið viðurkenni að engar forsendur séu fyrir því að skattleggja lágmarkslaunin í landinu. Hugsa mætti sér einnig að tekjutapi sveitarfélaga yrði mætt með aukinni hlutdeild sveitarfélaganna í söluskattstekjum. Þessir möguleikar allir eru nú til skoðunar í Alþfl. Við höfum enn ekki fengið nauðsynlega útreikninga til að hægt sé að leggja mat á heppilegustu leiðina í þessu sambandi. En markmiðið liggur ljóst fyrir. Við Alþfl.-menn teljum að haga verði skattheimtu ríkis og sveitarfélaga með þeim hætti að lágmarkslaunin í landinu verði ekki skattskyld. Ef heppilegra þykir vegna framkvæmdarinnar að fara þá leið að auka persónuafsláttinn og barnafrádráttinn til að ná þessu markmiði þá viljum við að sjálfsögðu skoða þann valkost. En markmiðið er skýrt: að ekki þurfi að greiða skatta af nauðþurftatekjum. Höfum við þar a. m. k. í fyrsta áfanga staðnæmst við lágmarkslaunin í landinu og gerum okkur vonir um að geta lagt fram frv. um það á yfirstandandi þingi.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég fagna því að sjálfsögðu að samstaða náðist í félmn. um að flytja þá brtt. sem fram kemur á þskj. 635, um að hafi eftirlaun eða launatekjur skert tekjutryggingu almannatrygginga hjá elli- og örorkulífeyrisþega skuli enn fremur draga frá útsvarsskyldum tekjum viðbótarfjárhæð sem svarar til þeirrar skerðingar. Með þeim rökum sem ég hef áður lýst mun ég ekki flytja till. um þær afsláttartölur til útsvars sem hér eru til umr., þó full ástæða væri til, en taldi nauðsynlegt engu að síður að vekja athygli hv. þdm. á hvað stefnt er í mikla aukningu greiðslubyrðar vegna skatta sveitarfélaga á launafólk í landinu á þessu ári. Ég hef þess í stað lagt mikla áherslu á að brtt. sem fram kemur á þskj. 635 næði fram að ganga og um hana gæti náðst samstaða á hv. Alþingi nú við afgreiðslu þessa máls.

Herra forseti. Hér er stigið skref, þó smátt sé, í átt til þeirrar hugmyndar sem ég hef verið að lýsa og felst í því frv. sem við Alþfl.-menn erum nú með í undirbúningi um að lágmarkslaunin í landinu verði ekki skattskyld. Um það mál vænti ég að einnig geti orðið samstaða þegar að því kemur. Stefnt verður að því að slík lagabreyting taki gildi frá og með næstu áramótum.

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Frú forseti. Vegna ummæla hv. 2. landsk. þm. fyrr í þessari umr. um skattgreiðslubyrði heimilanna og yfirlýsingar ríkisstj. þar að lútandi tel ég nauðsynlegt að leiðrétta þann misskilning, sem fram kom í ummælum hv. þm. Hv. þm. hélt því fram að ríkisstj. hefði gefið fyrirheit um það að þrátt fyrir lækkun verðbólgu yrði tryggt að greiðslubyrði útsvara á þessu ári yrði óbreytt. Þetta er á misskilningi byggt. Yfirlýsing ríkisstj. laut að því að tryggja að greiðslubyrði tekjuskatta á þessu ári yrði óbreytt. Það hefur verið gert með flutningi og samþykkt laga frá Alþingi. Á hinn bóginn voru aldrei gefnar neinar yfirlýsingar um það að skerða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga um álagningu útsvars innan þeirra lagamarka sem í gildi eru. Að þessu leyti byggjast ummæli hv. þm. á misskilningi sem nauðsynlegt er að leiðrétta.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Það voru kannske ekki svo ýkja margir í salnum og eru það reyndar ekki enn þegar hv. 2. landsk. þm. kom á framfæri upplýsingum um hvað frv. þetta til l. um tekjustofna sveitarfélaga felur í sér. Þær upplýsingar voru sannast sagna mjög athyglisverðar. Þær voru á þá leið að frv. felur í sér innheimtu útsvara, sem nemur tæplega 900 millj. kr. hærri upphæð en á s. l. ári, þar af 433 millj. kr. umfram tilefni launahækkana milli ára, en þetta jafngildir hækkun útsvarsgreiðslna að meðaltali á hverja vísitölufjölskyldu í landinu sem svarar til um 5 þús. kr. Jafnframt kom fram í máli hv. þm. skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar að skattbyrði vegna útsvars og fasteignaskatta til sveitarfélaga hefði aldrei verið jafnhá á s. l. 10 árum.

Nú er það alkunna að hér hefur verið efnt til ekki færri en 7 eða 8 umræðna um breytingar á tekjusköttum til ríkisins og snar þáttur þeirra umr. hefur verið mat á skattbyrði. Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að í aths. og grg. með frv. til fjárlaga og síðar tekjuskattsfrv. lofaði ríkisstj. út af fyrir sig ekki öðru en að skattbyrði tekjuskatta skyldi verða óbreytt milli ára. Þá er hins vegar ekki nema hálf sagan sögð. Þegar tekið er tillit til þeirra upplýsinga sem hér liggja fyrir um útsvar þá liggur það fyrir að skattbyrði opinberra beinna skatta til hins opinbera mun þyngjast mjög verulega. Af því tilefni langar mig til þess að vekja athygli hv. þm. á eftirfarandi:

Á sínum tíma birti Þjóðhagsstofnun upplýsingar um hvað sveitarfélögin þyrftu að lækka útsvarsprósentu sína mikið til þess að ná því markmiði að skattbyrði í heild milli ára hækkaði ekki og komst þá að þeirri niðurstöðu að ekki mætti miða við hærri útsvarsprósentu en um 9%. Af því tilefni leitaði ég m. a. upplýsinga frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um

afstöðu þeirra til málsins. Ég fékk þá þær upplýsingar að stjórnin hefði lýst þeirri skoðun sinni við fulltrúa ríkisvaldsins, að fremur en að leggja þrýsting á sveitarfélögin um að lækka útsvarsprósentuna með þessum hætti kæmi til álita hvort Alþingi vildi ekki í staðinn breyta tekjustofnalögum að því er útsvar varðar á þann veg að skattfrelsismörk útsvars yrðu hækkuð þannig að ekki væri verið að leggja útsvar á hreinar nauðþurftatekjur. Þetta studdist auðvitað við allar þær ræður sem hér voru fluttar um nauðsyn þess að tryggja eins konar lágmarkslaun, lágmarksafkomu eða tekjutryggingu þeirra sem verst kjörin hafa.

Nú er það um þetta mál að segja að það fór athugasemdalaust frá félmn. Ed. Þegar málið kom fyrst til þessarar deildar minntist ég þess að hér urðu nokkrar umr. um það og m. a. var þessu sjónarmiði þá hreyft og því eindregið beint til félmn. hvort hún vildi ekki í umfjöllun sinni um málið taka til athugunar þá leið sem hv. 2. landsk. þm. var hér að lýsa, að hækka skattfrelsismörkin að því er útsvarið varðaði, sem auðfærari leið til þess að þyrma lægstu launanum, bæði lægstu atvinnutekjum og bótagreiðslum almannatrygginga við þessum skatti. Ef ég man rétt, þá var tekið undir þetta sjónarmið m. a. af hv. þm. Páli Péturssyni og farið þar góðum orðum um að þetta væri hugmynd sem vissulega væri þess virði að athuga nánar. Og ef ég man rétt, þá var líka tekið undir þetta sjónarmið af hæstv. félmrh.

Nú kom það fram í máli hv. 2. landsk. þm., um leið og hún boðaði flutning frv. um þetta efni síðar á þinginu, er tæki gildi frá og með næstu áramótum, að eina ástæðan fyrir því að slíkt frv. væri ekki lagt fram nú væri að það væri orðið um seinan, þar sem sveitarstjórnir hefðu auðvitað flestar gengið frá sínum fjárhagsáætlunum, og það væri að koma aftan að þeim nú að breyta þessu. Þetta gefur mér tilefni til að álykta sem svo, að þetta sé dæmi um það að nefndir þingsins, sem hér hafa fjallað um þetta mál, hafi ekki staðið í stykkinu. Ég verð að játa að það vekur óneitanlega furðu mína að mál eins og þetta skuli hafa runnið ágreiningslaust í gegnum félmn. Ed. og fulltrúar stjórnarandstöðunnar, t. d. fulltrúar Bandalags jafnaðarmanna, Kvennalista og Alþb., skuli ekki hafa gert neinar aths. við það. Að því er varðar félmn. Nd., þá hefur þar verið fyrst og fremst eitt stórmál til umfjöllunar, sem sé frv. til l. um húsnæðismál, og þetta mál var ekki tekið þar til alvarlegrar umr. fyrr en nú fyrir nokkrum dögum. Þess vegna var í raun og veru þá þegar orðið of seint að taka málið til gagngerðrar endurskoðunar þar. Þetta ber að harma. Og þetta er dæmi um það, að mál, tæknileg mál, skattamál, geta greinilega runnið í gegnum þingnefndir án aths. Jafnvel stjórnarandstæðingar, sem ekkert fer á milli mála að mundu gjarnan vilja fylgja slíkum breytingum, gerðu í þessu tilviki engar aths. Þetta er að mínu mati víti til að varast í starfi þingnefnda framvegis.

ATKVGR.

Brtt. 635 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv. 198. mál (þskj. 571 (sbr. 354), n. 630). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það mál sem við ræðum nú, um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, er komið frá Ed., hvar litlar breytingar voru gerðar á því. Þær eru í sambandi við nafnið sjóntækjafræðingar, sem við höfum nýverið samþykkt hér í þinginu að taka upp í stað gleraugnafræðinga, sem áður gilti, og reyndar er þetta í víðari merkingu. Þetta mál er búið að fá langan og mjög góðan undirbúning. Það var eftirtektarvert að í öllum umsögnum sem komu til þingsins um þetta mál voru allir sammála um að mæla eindregið með að það fengi skjóta og góða afgreiðslu. Heilbr.- og trn. Nd. er sammála um að mæla með að svo verði. Það er tilbúið húsnæði fyrir þessa starfsemi, sem mikið fé hefur verið lagt í á undanförnum árum, í húsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð. Um leið og ég mæli með að frv. verði samþykkt, herra forseti, óska ég þeim til hamingju sem eiga eftir að njóta góðs af þegar við höfum gert þetta mál að lögum frá Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Lán vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180, n. 634 og 648). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um lántöku vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Frv. gerir ráð fyrir því að heimilt verði að taka lán að fjárhæð 616 millj. kr. eða jafnvirði allt að 22 millj. Bandaríkjadala. Lánsfjárhæð vegna framkvæmda ár hvert skal síðan ákveðin í lánsfjárlögum í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Enn fremur er með þessu frv. leitað eftir nauðsynlegum heimildum til lántöku og niðurfellingar aðflutningsgjalda og söluskatts vegna framkvæmda við flugstöðvarbygginguna. Það er alkunna að núverandi flugstöð er með öllu óhæf. Það hefur verið lengi í undirbúningi og athugun að reisa nýja flugstöð. Allt frá því að varnarsamningurinn var gerður hefur verið að því stefnt að aðskilja starfsemi varnarliðsins og almennt farþegaflug. Undirbúningur að þessu máli hófst á árinu 1970, síðan með endurskoðun varnarsamningsins 1974 voru teknar ákvarðanir um það að stefna að aðskilnaði farþegaflugs og varnarstarfsemi og ljóst var að ný flugstöð væri forsenda þess að unnt væri að ná því markmiði fram.

Á árunum 1978—1979 náðist samkomulag á vegum þáv. ríkisstj. við Bandaríkin um 20 millj. Bandaríkjadala framlag til þess að hefja framkvæmdir við nýja flugstöð. Í tíð síðustu ríkisstj. var gengið frá hönnun sem núverandi teikningar eru byggðar á og Alþingi samþykkti enn fremur lántöku til upphafs fram-

kvæmda. Gólfflatarmál 1. og 2. hæðar flugstöðvarbyggingarinnar er samtals rúmir 12 þús. fermetrar miðað við utanmál byggingar. Á þessum gólffleti á að koma fyrir aðstöðu vegna móttöku, brottfarar og komu farþega, svo sem skráningu, farangursskála, tollskoðun, biðsal, veitingaaðstöðu, pósti og síma, verslunaraðstöðu fyrir fríhöfn og íslenskan markað o. fl. og ýmiss konar annarri þjónustu við farþega. Þar eiga að vera skrifstofur fyrir starfsfólk flugvallarstjóra, flugfélög, fríhöfn og aðrar stofnanir og starfsemi í flugstöðinni, aðstaða fyrir starfsfólk flugvallar og flugstöðvar, veitingabúð fyrir gesti aðra en farþega, flugeldhús og nauðsynlegt athafnarými fyrir tæknibúnað svo sem spennistöð og vararafstöð. Í núverandi flugstöð er sambærilegt gólfflatarmál rúmir 7 þús. fermetrar en eins og kunnugt er er flugeldhús, starfsmannaaðstaða, veitingaaðstaða og biðsalur farþega svo og farangursskáli allsendis ófullnægjandi. Ekki síst er starfsmannaaðstaða óviðunandi eins og nú er.

Aðalframkvæmdum er skipt í fjóra þætti. Fyrsti þáttur fólst í jarðvinnu sem farið hefur fram að undanförnu. Í öðrum áfanga er að því stefnt að gera húsið fokhelt. Þeim áfanga á að ljúka í okt. 1985. Í þriðja áfanga verður lokið innri frágangi hússins. Þeim áfanga á að ljúka í apríl 1987. Í fjórða áfanga verður unnið að frágangi utanhúss og veitukerfi. Að því er stefnt að þeim framkvæmdum ljúki 1987. Samið er um að framkvæmdum, sem Bandaríkin ein greiða, þ. e. hlöð ásamt lögnum og aðkeyrslubrautum og vegarlagningu, verði lokið eigi síðar en í apríl 1987. Heildarkostnaður við byggingu flugstöðvar, þar með taldar svæðislagnir, er nú áætlaður um 42 millj. Bandaríkjadala og munu Bandaríkin greiða um 20 millj. af þeirri upphæð. Hlutur Íslands, 22 millj. Bandaríkjadala, er háður samþykki Alþingis. Kostnaður miðast við bygginguna tilbúna til notkunar með farþega-, þjónustu- og skrifstofurými sem er samtals rúmir 12 þús. fermetrar eins og áður getur.

Stjórnunarkostnaður, viðbótarhönnunarkostnaður og ófyrirséð er tekið með í áætluninni, svo og áætlaðar verðhækkanir á byggingartíma. Samkomulag er um að skipta greiðslum milli Íslands og Bandaríkjanna við fyrsta þátt, allt að 20 millj. kr., til helminga. Vegna seinni áfanga skiptast greiðslur þannig að á árinu 1984 munu Bandaríkin greiða 67% af framkvæmdakostnaði en Ísland mun greiða 33%. Frá byrjun árs 1985 verður greiðsluhlutfall Bandaríkjanna u. þ. b. 60% af byggingarkostnaði. Helst það hlutfall þar til lokaframlög Bandaríkjanna verða innt af hendi og Ísland tekur að sér að greiða lokaútgjöld við bygginguna. Áætlað er að rekstur þessarar flugstöðvar muni standa undir afborgunum og vöxtum af lánum.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. og fengið allar nauðsynlegar upplýsingar. Fulltrúar byggingarnefndar hafa verið kvaddir á fund n. og gefið upplýsingar og lagt fram gögn um málið.

Nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt. Páll Pétursson var fjarstaddur afgreiðslu málsins en minni hl. skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 648 um frv. til l. um lántöku o. fl. vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Ég ætla að lesa nál. með leyfi forseta:

„Minni hl. nefndarinnar er andvígur ákvæðum frv. og leggur til að það verði fellt.

Ríkisstj. hefur marglýst yfir neyðarástandi í fjármálum þjóðarinnar. Ráðherrar hennar hafa nefnt ýmsar leiðir til lausnar vandanum. Þá greinir hins vegar á í öllum meginatriðum um aðgerðir — að sparnaðarleiðinni einni undanskilinni. Þrátt fyrir samstöðuna um sparnað er það staðföst ætlan ríkisstj. að halda til streitu tugmilljóna framkvæmdum við flugstöðina. Á sama tíma er boðaður og framkvæmdur margs konar niðurskurður, bæði á framkvæmdum, svo sem byggingum barnaheimila, og þjónustu og í mennta- og heilbrigðiskerfi.

Áformuð flugstöð er allt of dýr og í engu samræmi við lífskjör þjóðarinnar sem reisir hana. Hún verður óhagkvæm, enda hönnuð með hliðsjón af „gróðurhúsinu, tákni orkulinda landsins", svo að vitnað sé til byggingarlýsingar húsameistara ríkisins.

Í núverandi flugstöð er slæm aðstaða, bæði fyrir starfsfólk og farþega. Þar er þörf úrbóta. En það verður að gera þær kröfur að ný flugstöð verði ódýr og hagkvæm. Síst af öllu ætti hún að bera þau merki sóunar sam áformin bera vitni um. Jafnvel gróðurhús geta komið mönnum á kaldan klaka.

Guðrún Agnarsdóttir, þm. Samtaka kvennalista, er samþykk þessu nál. Undir þetta rita Guðmundur Einarsson og hv. þm. Svavar Gestsson.

Ég ætla að geyma mér að fara efnislega ofan í saumana á þessu efni. Eins og fram kemur í fskj., þá gerir minni hl. aths. við marga efnisþætti. Það eru gerðar aths. t. d. við hönnun með tilliti til innra skipulags og fyrirkomulags í húsinu. Það eru gerðar aths. við hönnun með tilliti til möguleika á áfangaskiptingu, bæði í byggingu og nýtingu. Það eru gerðar aths. við stærð flugstöðvarinnar með tilliti til óvissu um framtíð Norður-Atlantshafsflugsins og hvaða breytingar gætu hugsanlega orðið þar á vegna þess að milli helmingur og þriðjungur þeirra farþega sem um þessa flugstöð er ætlað að fara eru einmitt þeir „transit"-farþegar sem eru í Norður-Atlantshafsfluginu, en framtíð þess er hins vegar mjög óviss. Og verður vikið nánar að því í umr. síðar.

Við gerum aths. við byggingarkostnað eins og hægt er að reikna hann út á rúmmálseiningu í húsinu. Við teljum að hann sé allt of hár, óeðlilega hár. Síðast en ekki síst gerum við aths. við tímasetningu þessara framkvæmda, þ. e. á sama tíma og leitað er með logandi ljósi að möguleikum til sparnaðar í ríkisrekstrinum þá virðist ekki hafa hvarflað að neinum ráðh., sem þó hafa viðrað slík mál í fjölmiðlum að undanförnu, að leggja til frestun á framkvæmdum við flugstöð. Þetta eru dæmi um þær aths. sem við gerum og koma fram hér í fskj. og munum væntanlega gera nánar grein fyrir síðar.

Ég vil geta þess nú að það vantar í fskj. hluta af upplýsingum sem nefndinni bárust. Það var meining mín að setja hér þær upplýsingar sem nefndinni bárust frá varnarmáladeild, en það voru mín mistök að svo varð ekki. Það vantar upplýsingar um farþegaflæði sem bárust nefndinni í bréfi þann 8. mars s. l. að mig minnir. Ég mun gera nánari grein fyrir efni þess bréfs síðar. Ég

geymi mér frekari umr. þar til málið verður tekið fyrir að nýju.

Umr. frestað.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. 32. mál (þskj. 32, n. 639 og 640). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Einarsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 með síðari breytingum. Nál. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum og leggur samhljóða til að það verði samþykkt með breytingu sem gerð er till. um á sérstöku þskj. Nefndin leitaði umsagnar allmargra aðila og á fund hennar kom Georg Ólafsson verðlagsstjóri.

Páll Pétursson var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Guðrún Agnarsdóttir, þm. Samtaka um kvennalista, er samþykk afgreiðslu nefndarinnar.

Undir þetta skrifa Guðmundur Einarsson, Þorsteinn Pálsson, Svavar Gestsson, Jón Magnússon, Björn Dagbjartsson og Kristín H. Tryggvadóttir.

Brtt. nefndarinnar er á þskj. 640 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. Síðasta mgr. falli niður."

Ég vil lesa frv. eins og það yrði að þessari breytingu gerðri. Það er þá á þessa leið:

„13. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsstofnun skal, í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð, verðmyndun og verðþróun á einstökum vöru- og þjónustuflokkum og gera samanburðarkannanir á verði milli seljenda.

Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld skv. samræmdri, leiðbeinandi verðskrá.

Verðlagsstofnun skal birta opinberlega greinargerðir og fréttatilkynningar um framangreindar kannanir á þann veg að þær séu öllum aðgengilegar, svo og að upplýsa helstu breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi."

Sú mgr. sem nefndin leggur til að falli niður hljóðar svo:

„Verðlagsstofnun skulu árlega tryggðir í fjárlögum fjármunir til þeirrar rannsóknar- og útgáfustarfsemi sem um ræðir í þessari grein."

Fjh.- og viðskn. aflaði fjölmargra umsagna um þetta frv. Ég get nefnt, án þess að lesa umsagnirnar efnislega, frá hverjum þær komu. Það var umsögn frá Alþýðusambandi Íslands, frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, frá Neytendasamtökunum, frá Vinnuveitendasambandi Íslands, frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, frá Lögmannafélagi Íslands, frá Arkitektafélagi Íslands, frá Félagi löggiltra endurskoðenda, frá Kaupmannasamtökunum, frá Tannlæknafélagi Íslands og frá Verðlagsstofnun. Að auki mætti Georg Ólafsson verðlagsstjóri á fund n. og var því meðmæltur að frv. yrði samþykkt og lagði áherslu á þau sjónarmið sem að öðru leyti komu fram í því bréfi sem Verðlagsstofnun sendi nefndinni um þetta mál.

Að svo mæltu legg ég til að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 640 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 75. fundur.

Föstudaginn 13. apríl, að loknum 74. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 149. mál (þskj. 664). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv. 198. mál (þskj. 571 (sbr. 354)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 666).

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. 222. mál (þskj. 391). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég heyrði það að hv. stjórnarliðum og hæstv. ráðh. líði illa undir þessu. En ég skal ekki vera lengi. Við 2. umr. fyrr í dag spurðist hv. þm. Pétur Sigurðsson fyrir um það hvort þær reglur, sem nú gilda skv. þeim lögum sem um Aflatryggingasjóð eru enn í dag, um greiðslur t. d. vegna grásleppuveiði og úthafsrækjuveiði, muni gilda áfram skv. þeim lögum sem eru í dag eða hvort sú breyting, sem hér er verið að leggja til að gerð verði, nái til þessara veiða líka. (Gripið fram í.) Það kemur ekkert fram um það og hefur ekki fengist svarað, hv. þm. Garðar Sigurðsson. Þess vegna er spurt. Það hafa engin svör fengist við því. Ég ítreka þessar spurningar, annaðhvort til hæstv. sjútvrh. eða formanns hv. sjútvn., hvernig verði með þetta farið. Ég held að það sé a. m. k. nauðsynlegt til upplýsingar að menn viti hvort

gilda eiga sömu reglur um þennan veiðiskap og annan veiðiskap sem hér hefur verið um rætt.

Einnig hefur það komið fram að stutt hefur verið við bakið á tilraunaveiðum. Spurningin er þá: Mun það gilda áfram eins og verið hefur eða verður breyting þar á? Þetta vildi ég gjarnan fá upplýst. Og ég vil gjarnan fá það upplýst hvers vegna synjað var þeirri beiðni okkar hv. þm. Péturs Sigurðssonar að fengin yrði skrifleg umsögn stjórnar Aflatryggingasjóðs um þetta frv. Hvers vegna var þeirri beiðni synjað eða var henni ekki synjað? Ég vil gjarnan fá það upplýst líka, tel það nauðsynlegt upp á seinni tíma.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, hafa þessi orð fleiri, en ég vildi gjarnan fá þetta upplýst.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Það liggur ekkert annað fyrir en það að grásleppuveiði og úthafsrækjuveiði verður ekki meðhöndluð með öðrum hætti en aðrar veiðar, enda get ég ekki séð að nein ástæða sé til að meðhöndla þær veiðar með öðrum hætti. Þessar veiðar eru stundaðar af skipum sem stunda ýmsar aðrar veiðar og jafnvel þótt veiðar á þessum tegundum séu utan kvóta þá eru ýmsir aðrir stofnar einnig utan kvóta, eins og skarkoli, langa og keila, svo eitthvað sé nefnt. Ég sé ekki ástæðu til að það sé meðhöndlað með neinum öðrum hætti en þeir fiskstofnar sem falla undir kvótaregluna.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Virðulegi forseti. Bara örstutt. Ég skal svara því sem hér er búið að spyrja um oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, vegna hvers ekki hafi verið orðið við þeirri beiðni hv. þm., og þá fyrir hönd Péturs Sigurðssonar einnig, að fá skriflega grg. stjórnar Aflatryggingasjóðs um þetta frv. Mér er ljúft að svara því. Staðreyndin í málinu, sem hefur margsinnis komið fram, er að það var lítill eða nánast enginn tími til stefnu til að okkur tækist að afgreiða þetta frv. núna fyrir páskahlé. Það er staðreynd málsins og engu að leyna í því efni.

Hins vegar er rétt að geta um það, að við boðuðum á fund n. fulltrúa sjómanna og fulltrúa útvegsmanna og einnig fiskimálastjóra sem jafnframt er formaður stjórnar Aflatryggingasjóðs. Fulltrúi sjómanna, Guðmundur Hallvarðsson, kom með mann með sér á fundinn, Tómas Ólafsson, sem er fulltrúi sjómanna í stjórn Aflatryggingasjóðs. Á þennan fund tókst okkur því að ná bæði formanni stjórnar Aflatryggingasjóðs og fulltrúa sjómanna í stjórn Aflatryggingasjóðs til viðræðu við n. Nm. eru dreifðir víða og eftir að haft var samband við formanninn töldum við það ekki efni eða tíma til þess að fá skriflegt svar fyrir þennan fund okkar. Þannig gekk þetta fyrir sig. Menn sátu þarna fyrir svörum og ég held að fengist hafi, eftir því sem tími leyfði, svör við því sem spurt var um hjá þessum ágætu mönnum.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svarið. Ég taldi nauðsynlegt að þetta lægi fyrir, vegna þess að það ég best veit er ekkert um þetta í frv. Ég taldi nauðsynlegt að þm. vissu a. m. k. hvað hér væri um að ræða. Og nú liggur það fyrir skv. yfirlýsingu hæstv. ráðh. að þetta á líka við um þessar veiðar, bæði grásleppuveiði og úthafsrækjuveiði. Þó að þar sé ekki um kvótaskiptingu að ræða eiga að gilda sömu reglur þar um. Það virðist liggja alveg ljóst fyrir skv. þessari yfirlýsingu.

Að því er varðar hitt atriðið er það náttúrlega hreinn fyrirsláttur hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, formanni sjútvn., að ekki hafi verið tími til að fá skriflega umsögn stjórnar Aflatryggingasjóðs. Það er hreinn fyrirsláttur, vegna þess að í gærdag, eftir að fundum var lokið hjá hv. n., kom hér plagg undirskrifað af meiri hl. stjórnar Aflatryggingasjóðs. Er það ekki rétt? Fer ég rangt með það? **(Gripið fram í:** Þremur.) Þremur? Þá biðst ég afsökunar. Alltaf vil ég sem sannur jafnaðarmaður hafa það sem réttara reynist. Það er engin spurning um það. En það kom undirskrifað plagg frá þremur stjórnarmönnum Aflatryggingasjóðs seinni part dags í gær. (Gripið fram í.) Var ekki hæstv. sjútvrh. að bera sig illa undan frammíköllum undir ræðu í dag? En ekkert harma ég það. Hæstv. ráðh. má kalla eins og hann vill mín vegna.

Ég tel því að þetta sé hreinn fyrirsláttur og menn hafi bara ekki viljað fá þessa umsögn stjórnar Aflatryggingasjóðs um málið. Enda hygg ég, án þess að ég vilji neitt um það fullyrða, að hefði eftir því verið leitað þá hefði komið samdóma umsögn allrar stjórnarinnar á líkan veg og sú umsögn er sem þessir þrír sendu Alþingi í gær. En einhverra hluta vegna hefur mönnum ekki þótt girnilegt að fá slíkt plagg í hendur áður en þetta mál yrði afgreitt á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, ÞP, BB, AS, BÍG, EH, FÞ, JM, GB, HÁ, BD, NL, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, StG, VS.

nei: SvanJ, GSig, GeirG, GJG, GHelg, JBH, KP, KHT, KSK, JS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (SvG, GeirH, GE, GA, GGS, HG, KH, PS, RH, StH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 667).

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. 32. mál (þskj. 665). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tannlækningar, frv. 316. mál (þskj. 626). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er flutt er að meginstofni til samhljóða frv. um sama efni sem lagt var fram á Alþingi árið 1974 og varð þá ekki útrætt. Einna mest umræða varð þá um réttarstöðu tannsmiða sem töldu á rétt sinn gengið ef frv. yrði samþykkt óbreytt. Síðar þróuðust málin á þann veg að tannsmíði var gerð að iðngrein sem er nú aðallega stunduð á sérhæfðum

tannsmíðaverkstæðum. Tannlæknar hafa að sjálfsögðu rétt til að stunda tannsmíði, enda er það veigamikill þáttur í námi þeirra og lokaprófi. Hins vegar hafa þeir flestir eða allir þann hátt á að senda frá sér tannsmíðaverkefni til tannsmiða sem smíða þá eftir máli því sem tannlæknir tekur af sjúklingi. Með þessu frv. er ekki ætlunin að breyta á nokkurn hátt réttarstöðu þessara tveggja stétta varðandi tannsmíði frá því sem er í dag, en í dag er það svo að það er tannlæknirinn einn sem hefur leyfi til þess að taka mát og máta gervitennur, festa þær í sjúkling, hvort sem er heilir gómar, partar eða einstakar tennur, krónur eða brýr. Enginn annar hefur leyfi til að vinna sjálfstætt við sjúkling enda er læknisfræðileg þekking á líffærafræði tyggingarfæra undirstaða þess að vel takist til við ísetningu gervitanna.

Á þeim tíu árum sem liðin eru frá því að fyrra frv. var flutt hefur tannlæknadeild Háskóla Íslands fengið nýtt og fullkomið kennsluhúsnæði þar sem unnt væri að mennta tólf tannlæknaefni árlega til starfa. Þar væri einnig hægt að starfrækja skóla fyrir tannsmiði svo og fyrir ýmsar aðrar stéttir sem á þessu sviði starfa. Heilsugæslustöðvar hafa verið byggðar mjög víða og í þeim flestum er góð aðstaða fyrir tannlækni til starfa. Tannlæknir hefur verið ráðinn í hlutastarf í rn. sem m. a. hefur það verkefni að skipuleggja og koma á fræðslu um tannhirðu og tannvernd í skólum og heilbrigðisstofnunum um allt land og fá tannlækna til starfa í strjálbýli. Loks greiðir ríkið hluta tannlæknakostnaðar, en gerði það ekki fyrir árið 1974.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 296. mál (þskj. 575). — 1. umr.

Flm. (Jón Magnússon): Virðulegi forseti. Á þskj. 575 hef ég ásamt hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni flutt frv. til laga um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969.

Í 1. gr. frv. er lagt til að 3. mgr. 3. gr. laga nr. 82/1969 falli brott. Með því að fella þessa grein brott er áfengislögum fer um innflutning á áfengu öli með sama hætti og innflutning á öðru áfengi. Í því sambandi má minna á lög nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, en þessu frv. er að sjálfsögðu ekki ætlað að raska þeim ákvæðum.

Með 2. gr. grv. er lagt til að sömu reglur gildi varðandi meðferð, tilbúning og sölu allra áfengra drykkja og er þá haldið þeirri skilgreiningu áfengislaga um að áfengi teljist hver sá vökvi sem hefur meira en 2 ¼% af vínanda að rúmmáli.

Með 3. gr. frv. er lagt til að 15. gr. áfengislaganna verði breytt til samræmis, verði 1. og 2. gr. frv. þessa samþykktar. Þá er enn fremur lagt til að lög þessi taki ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 1985 og verður sú tímasetning skýrð sérstaklega hér á eftir.

Í grg. gera flm. grein fyir tilgangi með flutningi frv. þessa í fimm liðum á þessa leið:

1. Að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja.
2. Að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar.
3. Að afla ríkissjóði tekna.
4. Að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum.
5. Að samræma áfengislöggjöfina.

Ég tel óþarfa í framsöguræðu þessari að rekja sérstaklega sögu bjórmálsins hér á landi eða þau lagafrv. og brtt. sem fluttar hafa verið frá setningu bannlaganna til þessa dags. Það er þó ástæða til að benda á að eftir að brennivínið tók yfirhöndina hvað áfengisneyslu snertir hér á landi upp úr 1730 fyrir tillstilli danskra stjórnvalda og kaupmanna jókst drykkjuskapur ákaflega mikið. Ölneysla hafði þá um nokkurt skeið dregist saman en brennivínsneysla aukist.

Þess ber einnig að geta að í upphafi aldarinnar, meðan aðflutningur og sala sterks áfengis var verulega takmarkað en sala áfengs öls leyfð, minnkaði áfengisneysla nokkuð. Þessi tvö dæmi höfum við úr áfengissögu þjóðarinnar varðandi áhrif áfengs öls. Samkvæmt þeim virðast drykkjusiðir batna og drykkjuskapur minnka eftir því sem meira er neytt af áfengu öli í hlutfalli við sterk vín.

Enn eitt dæmi höfum við varðandi þá viðleitni að draga úr neyslu áfengis og útrýma því úr landinu, en það var við setningu bannlaganna. Niðurstaða af þeirri tilraun var einfaldlega sú, að það er þýðingarlaust í áfengismálum að berjast gegn hlutum sem stór hluti þjóðarinnar vill, jafnvel þó að meiri hluti þjóðarinnar sé andvígur áfengisneyslu. Þessi dæmi skipta máli þegar reynt er að meta réttmæti þeirra staðhæfinga sem koma fram hjá flm. að með þeirri skipun sem lagt er til í frv. þessu megi draga úr neyslu sterkra drykkja og drykkjusiðir þjóðarinnar muni breytast til batnaðar.

Bjór hefur verið bruggaður í mörg þúsund ár. Frá alda öðli var hann áfengi þeirra þjóða sem bjuggu svo norðarlega að þær gátu hvorki ræktað þar þrúgur né útvegað hunang til að laga borðvín. Sterkasti bjórinn sem bruggaður er í dag, Kulminator frá Kulmbach í Bayern, er um 13.2% vínanda að rúmmáli en sá bjór sem algengastur er og mest drukkinn er milli 3.5% og 5% vínanda að rúmmáli. Í Þýska sambandslýðveldinu er bjórneysla mest eða 147 lítrar á mann á ári, í Danmörku er neyslan 128 lítrar á mann á ári, 60 lítrar í Svíþjóð, 55 lítrar í Frakklandi en mun minni í Noregi samkvæmt upplýsingum úr bókinni The World Guide of Beer, útgefin 1979.

Ég hygg að óþarfi sé að rekja þær reglur um framleiðslu og sölu á bjór sem gilda á hinum Norðurlöndunum því þm. er vafalaust sú framleiðsla og þær reglur kunnar. Það er þó ástæða til að minnast á Svíþjóð í þessu sambandi því hin síðari ár hafa verið settar fram alrangar fullyrðingar um stöðu bjórmála í Svíþjóð af andstæðingum bjórsölu hér á landi. Af slíkum fullyrðingum hefur helst mátt ráða að bjór væri bannaður í Svíþjóð. En það er rangt eins og sést m. a. af því að í Svíþjóð eru árlega drukknir 60 lítrar af bjór fyrir hvert mannsbarn í því ágæta landi og Svíar eru 17. mesta bjórneysluþjóð heims.

Framleiðslu á bjór í Svíþjóð er skipt í þrjá flokka. Flokkur I, léttöl, hefur minna vínandainnihald að rúmmáli en 2.8%. Fram til 1977 var flokki II skipt í tvo hluta, annan með bjór að styrkleika um 2.8% en hinn að styrkleika um 3.6%. Árið 1977 voru þessir hlutar sameinaðir í einn og þá miðað við framleiðslu á bjór um

2.8%. „Mellanöllet“ svokallaða sem var um 3.6% var þar með afnumið. En fram að þeim tíma hafði það verið mjög aðgengilegt, þ. e. selt mjög víða tiltölulega ódýrt og var um 65% af allri bjórneyslu í landinu. Þessi breyting hefur frá þeim tíma verið mjög mikið til umræðu í Svíþjóð og menn greint mjög á um réttmæti hennar.

Þriðji flokkurinn af bjór sem seldur er í Svíþjóð er um 4.5% af vínanda að rúmmáli. Þegar andstæðingar bjórsins hér vitna til Svíþjóðar máli sínu til stuðnings er því ljóst að þeir gera það á fölskum forsendum því að um leið og þeir hampa réttmæti þeirra breytinga sem gerðar voru á bjórlögum í Svíþjóð 1977, þá virðast þeir hinir sömu menn ekki gera sér grein fyrir því að þeir sem mæla fyrir bjór á Íslandi hafa lagt til að skipan bjórsölu á Íslandi yrði svipuð og nú gerist í Svíþjóð og jafnvel enn takmarkaðri hvað dreifingu varðar.

Þó að ég nefni þessi dæmi hér vil ég alls ekki gera lítið úr ýmsum ábendingum bjórandstæðinga. En á það ber samt að líta að flest rök þeirra eru í eðli sínu rök gegn áfengisneyslu og varða því bjórinn ekki sérstaklega öðruvísi en sem eina tegund áfengis. Menn eiga hins vegar aldrei að loka eyrunum fyrir rökum andmælenda sinna. Þeir sem harðast leggjast gegn sölu bjórs hér á landi byggja höfuðröksemdir sínar á því að þeir óttast að bjór muni sérstaklega auka drykkju unglinga. Sjálfur tel ég ekki að svo muni verða. En þessi mótbára er tvímælalaust það veigamikil að grannt verður að fylgjast með því, eftir að bjórinn hefur verið leyfður, hvernig þróunin verður í þessu efni og kippa í taumana varðandi sölumeðferð og verðlagningu á bjór ef þessi staðhæfing reynist eiga við rök að styðjast.

Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú að byrjunaraldur áfengisneyslu hefur lækkað töluvert á undanförnum árum og það sama virðist gilda hér á landi, sbr. það að tala ungmenna, sem gista fangageymslur lögreglunnar vegna ölvunar, hefur farið vaxandi. Þá leyfi ég mér að benda á ummæli Helga Seljans í þingræðu fyrir nokkrum árum þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Mín skoðun er sú að eina réttlæting þess að færa aldurstakmarkið niður í 18 ár, svo sem við Páll Þorsteinsson lögðum til fyrir fjórum árum, var og er sú að eftirlitið yrði þá stórbætt og vel verði með því fylgst hverjar afleiðingarnar verða á enn yngri aldursflokka þó ég hljóti að telja það staðreynd að drykkjan sé þegar komin ískyggilega langt niður, jafnvel allt niður í 11—12 ára aldur.“

Þessar staðhæfingar Helga Seljans eru mjög alvarlegar. Sé það rétt að byrjunaraldur áfengisneyslu sé í raun orðinn það lágur hér á landi að mjög svipi til þess sem gerist í nágrannalöndunum getur tilkoma bjórsins varla breytt hér til hins verra svo að neinu nemi. Það skiptir verulegu máli varðandi drykkju unglinga að stjórnvöld marki skynsamlega áfengisstefnu og stórauki fræðslu meðal unglinga um áfengi og áfengisneyslu og skaðsemi hennar. Þessi fræðsla er nú í molum. Það sýndi sig hins vegar þegar SÁÁ-menn voru með fræðsluherferð í skólum í tengslum við JC-hreyfinguna fyrir nokkrum árum að sú fræðsla hafði mikið að segja og var mjög góð. Unglingarnir fylgdust vel með og tóku mark á því sem þar var sagt. Það vantaði hins vegar að fylgja þessu eftir í skólastarfinu en það er einmitt það sem verður að gerast.

Önnur mótbára bjórandstæðinga er sú að drykkja á vinnustöðum aukist. Mér er ekki kunnugt um að drukkið sé á vinnustöðum á Íslandi í dag. E. t. v. eru til einhver undantekningartilvik. Ég hef satt að segja enga trú á því að um þetta geti orðið að ræða. Vinnubrögð og vinnumórall almennt eru með þeim hætti hér á landi. Hér skiptir einnig máli hvernig bjór er verðlagður og hversu aðgengilegur hann er.

Sú röksemd bjórandstæðinga að bjórinn muni auka heildarneyslu þjóðarinnar á áfengi getur vel verið rétt. Það þarf þó ekki að hafa neitt tjón í för með sér eða auka ölvun og drykkjusýki. Ég held því fram að jafnvel þó að til þess geti komið að heildarneyslan aukist eitthvað, þá geti drykkjusiðir batnað með bjórnum og minna verði neytt af sterkum drykkjum. Í þessu efni sem og öðrum sem varða mótbárur gegn bjór skiptir mestu máli hvernig verðlagningu og sölu bjórsins verður háttað. Um leið og bjórinn verður leyfður verður að móta samræmda stefnu í áfengismálum, freista þess með verðstýringu að beina áfengisneyslu inn á þær brautir sem taldar eru skaðminnstar. Mín skoðun er sú að heppilegast sé að ódýrasta alkóhóleiningin yrði í léttum vínum, næstódýrust í bjór en dýrust í sterkum vínum.

Reynsla allra þjóða sýnir að hafa má áhrif á áfengisneyslu almennings með verðstýringu. Því hærra verð sem er á áfengi þeim mun minni neysla. Hér á landi er áfengi dýrara en víðast í veröldinni og meðalneysla jafnframt ein sú lægsta. Þrátt fyrir það að um mjög litla heildarneyslu áfengis sé að ræða hér á landi miðað við aðrar þjóðir er misnotkun áfengis og drykkjusýki með því hæsta sem þekkist í veröldinni. Ástæðurnar eru vafalaust margar, en drykkjuvenjur okkar, mikil neysla sterks áfengis, og skortur á samræmdri áfengisstefnu og fræðslu ræður hér vafalaust miklu. Einhvern veginn virðist svo vera sem við höfum tileinkað okkur flesta ókosti áfengisneyslu en farið á mis við það skásta.

Það er óneitanlega nokkuð sérstakt að hafa áfengislöggjöf sem bannar léttustu tegund þessa vímugjafa og að margra mati þá skaðminnstu en leyfir það sterkasta og skaðmesta. Í þessu sambandi má benda á ummæli í greinum sem dr. Jón Óttar Ragnarsson manneldisfræðingur hefur að undanförnu birt í dagblöðunum og þýðingu Halldórs Laxness á grein sem birtist í heilbrigðisdálki Süddeutsche Zeitung í München 26. apríl 1977. En í inngangi þýðingar sinnar segir Halldór með leyfi forseta:

„Hér veit almenningur ekki gjörla um hvað verið er að tala þegar bjór er á dagskrá, þar sem drykkurinn hefur verið krímínaliséraður hjá okkur í tvær kynslóðir, það er að segja látinn jafnbrýna glæp allar götur síðan árið 1915.“

Þessi ummæli Halldórs Laxness eru mjög lýsandi um þau viðhorf og viðbrögð sem hér hafa lengst af verið ríkjandi gagnvart bjór. Bjórnum hefur æ ofan í æ verið lýst sem einu því hættulegasta sem komið geti yfir íslenska þjóð og svo hefur farið að ýmsir trúa þessu og neita algerlega að skoða málið með opnum huga.

Bestu lýsingu sem ég hef fundið á afleiðingum þeirrar hörðu andstöðu sem hér hefur verið haldið uppi af fámennum hópi er að finna í bókinni Guðsgjafaþula eftir Halldór Laxness, en þar er því lýst að bátur skipaði upp farmi í Djúpvík. Grunur lék á og almannarómur taldi að smyglvarningur, m. a. bjór, væri í bátnum.

Tveir menn létust þegar þeir neyttu efnis úr tunnu nokkurri sem þeir álitu að hefði að geyma bjór í föstu formi, en reyndist vera arsenik. Síðan segir í bókinni með leyfi forseta:

„(Eftirmáli.) Ég get ekki stillt mig um að prenta hér að lokum skeytaskifti milli Landssambands Kvenfélaga Í Sveitum Gegn Bjórflutningi Til Íslands og ritstjóra Norðurhjarans á Djúpvík. Skeytið er sent áðuren leiðrétting mín til Ríkisútvarpsins kom fram:

Guðrúnarstöðum vestan Helkunduheiðar osfrv.

Herra ritstjóri, sakir voveiflegrar morgunfréttar í útvarpinu í dag, þess efnis að tveir verkamenn hafi orðið bráðkvaddir af bjór á ritstjórnarskrifstofu verkamannablaðsins Norðurhjarans á Djúpvík í morgun, leyfum vér oss að láta í ljós skelfingu vora útaf lífshættulegum drukk sem ógnar eiginmönnum vorum og sonum. Vér treystum yður að gefa í blaði yðar fullnægjandi skýringar á þessu voðalega atviki. Vér krefjumst þess í nafni heilsu og velferðar íslensku þjóðarinnar að þessum óttalega vökva verði helt niður í niðurhellíngarstöðinni á Akureyri. Undirskrift 25 kvenmannsnöfn.

Skeyti frá blaðinu Norðurhjara, Djúpvík, til formanns kvenfélagasambands bjór-bindindiskvenna að Guðrúnarstöðum vestan Helkunduheiðar, pr Akureyri.

Háttvirtu frúr: Það var ekki bjór, heldur arsenik. Virðingarfyllst, ritstjóri Norðurhjarans, Djúpvík.

Svar frá Kvenfélagasambandinu, Guðrúnarstöðum, osfrv.

Til herra ritstjóra blaðsins Norðurhjara, Djúpvík.

Guði sé lof það var bara arsenik. Stjórnin."

Þó að sem betur fer hafi aldrei jafn dramatískir og alvarlegir hlutir gerst og lýst er hér, þá sýnir þessi frásögn vel hvernig viðhorfin hafa oft verið til bjórs og álit ýmissa á skaðsemi hans úr öllu samhengi við raunveruleikann. Þó að í frv. því sem hér ræðir um felist einungis þær breytingar á áfengislögum að innflutningur, bruggun og sala bjórs verði heimiluð með þar til greindum skilyrðum er það skoðun flm. að verði frv. samþykkt beri svo fljótt sem auðið er að undirbúa sérstakt frv. um bjór þar sem tilgreind verði gjaldtaka ríkissjóðs af bjórframleiðslu, sett almenn ákvæði um skilyrði til að fá ölgerðarleyfi, svo og skilgreiningar og flokkun bjórsins eftir styrkleika hans. Við leggjum jafnframt til að gildistaka laganna verði ekki fyrr en 1. jan. 1985, eða jafnvel síðar, til þess að innlendir framleiðendur fái nægilegt svigrúm til að undirbúa framleiðslu og sölu bjórs. Til greina kemur einnig að okkar mati að leyfa einungis innlendan bjór fyrst um sinn. Með slíkum aðgerðum mundi markaðshlutdeild innlendu framleiðslunnar verða mikil og skilyrði yrðu sköpuð til útflutnings. Þetta mundi skapa ný störf og skilyrði yrðu sköpuð til útflutnings. Þetta mundi skapa ný störf og efla öl- og gosdrykkjaiðnað í landinu. Jafnframt því mundu tekjur ríkissjóðs aukast.

Nú liggur fyrir Sþ. till. til þál., 111. mál, þskj. 138, um almenna atkvgr. um áfengt öl. Án þess að ég vilji leggja flm. þeirrar till. orð í munn hygg ég að viðhorf þeirra séu að þoka málinu áfram þannig að út af fyrir sig ætti ekki að vera ágreiningur á milli okkar, sem flytjum þetta frv., og flm. þáltill. Hér er ekki verið að neita þjóðaratkvgr. en á það bent að Alþingi á ekki að skjóta sér undan því að ráða fram úr málum með því að láta fara fram þjóðaratkvgr. um þau mál sem eru einhver feimnismál eða ef þm. óttast að einhver hluti kjósenda þeirra felli sig illa við afstöðu þeirra. Ef öll ákvæði um framkvæmd áfengismála ættu að vera samkvæmt þjóðaratkvgr. gæti orðið tafsamt með úrbætur sem reynslan sýndi að þyrfti að gera.

Í þessu sambandi bendi ég á ummæli úr kafla úr áramótabréfi áfengisvarnaráðs til áfengisvarnanefnda. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hitt er svo annað mál, að við kjósum alþm. til að setja okkur lög, m. a. áfengislög, og þeim ber að axla þá ábyrgð sem þjóðin ætlast til að þeir beri en skjóta sér ekki bak við almenning í máli sem varðar heill og hamingju yngstu kynslóðarinnar og raunar allrar þjóðarinnar."

Það sem ég er í raun hræddastur við varðandi þetta bjórmál er það, að þegar stíflan brestur og bjórinn verður leyfður, þá gerist það svo snögglega að ekkert svigrúm gefist til þess að móta skynsamlega stefnu í málinu fyrir fram og hlutur innlendrar framleiðslu verði af þeim sökum rýr.

Ég geri mér fullljóst að skoðanakannanir eru enginn heilagur sannleikur eða staðreynd um afstöðu fólks. Hins vegar hefur reynslan sýnt að vel unnar skoðanakannanir eru marktækar þó að í þeim geti verið ákveðnir skekkjuvaldar. Fyrirtækið Hagvangur er þekkt fyrir að hafa framkvæmt vandaðar og marktækar skoðanakannanir á undanförnum árum. (**Gripið fram í:** Nei.) Nokkuð svo. (**Gripið fram í:** Ekki alltaf í kosningum.) Í skoðanakönnun sem Hagvangur gerði í okt.—nóv. á s. l. ári um sölu á bjór úr útsölum ÁTVR kom eftirfarandi í ljós. Það eru sex mánuðir síðan þessi skoðanakönnun var gerð. Spurt var um það hvort fólk væri því meðmælt að sala á áfengu öli yrði leyfð úr útsölum ÁTVR. Niðurstaðan varð sú að þeir sem vildu að þetta yrði leyft voru 63.5% aðspurðra. Á móti voru 33.7% aðspurðra og þeir sem kváðust ekki vita afstöðu sína voru 2.8%. Það sem er auk þessa athyglisvert við þessa skoðanakönnun er hvernig dreifingin er á afstöðu eftir aldurshópum. Þannig kemur í ljós að á aldrinum 20—29 ára eru 82.9% aðspurðra hlynntir því að leyfð verði sala á áfengu öli úr ÁTVR, einungis 14.2% á móti. Á aldrinum 30—39 ára eru 71.6% fylgjandi, 26 á móti. Á aldrinum 40—49 ára 60.4% með, 36.7% á móti og síðan á aldrinum 50—59 ára eru 48.7% með og 48.7% á móti. Af þeim sem eru 70 ára og eldri eru aftur á móti 26.8% með en 69% á móti.

Þetta er einkar athyglisvert og raunar í samræmi við það sem hefur verið að gerast í sambandi við sölu á áfengi á Íslandi, þar sem léttu vínin virðast sækja nokkuð á á kostnað sterku drykkjanna. Er það vitanlega af hinu góða. Ég hygg að þetta sýni líka að yngra fólkið í landinu kýs aðrar neysluvenjur hvað áfengi snertir en þeir eldri. Þá kemur einnig fram í þessari skoðanakönnun töluverður munur á skoðunum fólks á höfuðborgarsvæðinu og í þéttbýli annars vegar og svo hins vegar í dreifbýli, þar sem meiri hluti er á móti sölu áfengs öls í dreifbýli en aftur á móti töluvert mikill meiri hluti í þéttbýli hlynntur henni og þó sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Ég tel þessa skoðanakönnun sýna í raun hver meirihlutavilji þjóðarinnar er í þessu máli. Niðurstöðurnar eru svo eindregnar og ótvíræðar að þótt tekið sé tillit til hugsanlegra skekkjuvalda, þá liggur þó fyrir að meiri hluti fólksins í landinu vill að leyfð verði sala á bjór.

Jafnvel þó að meiri hluti fólks væri ekki fylgjandi sölu á bjór tel ég samt að leyfa ætti sölu hans. Ég byggi það á því að þegar um er að ræða leyfðan vímugjafa, þá eigi meiri hlutinn ekki að geta ráðið því hvort aðrir vilja hafa eitthvert annað form en hið viðtekna á þessari neyslu. Þetta er spurning um neyslumunstur almennings og ég álít að varðandi það atriði eigi meiri hlutinn ekki endilega að geta sagt minni hlutanum fyrir verkum. Ég lít á þetta sem spurningu um réttindi einstaklingsins og virðingu meiri hlutans fyrir skoðunum og vilja minni hlutans sem er grundvallarundirstaða lýðræðisviðhorfa.

Af því sem hér er rakið tel ég því skynsamlegt að Alþingi móti nú þegar stefnu í bjórmálinu og samþykki frv. þetta í samræmi við það sem virðist vera meirihlutavilji fólksins í landinu. Það sem knýr á um að Alþingi taki nú þegar afstöðu er að bjórneysla á Íslandi er staðreynd í dag í töluverðum mæli. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því. Ef við skoðum aðeins ástandið í dag, þá sjáum við hversu fráleitt það er að taka ekki á þessu máli. Nú geta menn keypt létt vín að styrkleika um eða undir 9% að vínandarúmmáli. Fjöldi veitingastaða selur bjórlíki sem er um 5% að styrkleika. Fjöldi umsókna liggur fyrir um leyfi til að setja upp veitingastaði og/eða selja slíkt bjórlíki í veitingahúsum, þannig að áður en þessi mánuður er á enda getur fjöldi þessara ölstofa sem selja bjórlíki verið orðinn hátt á þriðja tuginn ef hann er hreinlega ekki orðinn það nú þegar. Þessir staðir njóta mikilla vinsælda og það með öðru sýnir að stór hópur fólks kýs að hafa hér bjór. Væri nú ekki skynsamlegra, betra og heppilegra að hafa hér alvörubjór heldur en öl styrkt með sterku áfengi? Og mér er spurn: Að hvaða leyti getur falist í því meiri skaði að hafa bjór að styrkleika 5% en bjórlíki að sama styrkleika?

Til viðbótar þessu er selt töluvert magn af ölgerðarefnum. Þá er ótalið það magn sem árlega er flutt inn af bjór. Skv. upplýsingum sem ég hef aflað mér hjá tollgæslunni voru fluttar inn til landsins löglega árið 1979 413 400 flöskur af bjór, þ. e. 0.33—0.5 lítra flöskur. Þarna er Keflavíkurflugvöllur þó ekki inni í myndinni en talan mundi hækka í kringum 5—6 þús. flöskur ef hann bættist við. Á þeim tíma var bjórinnflutningur í gegnum Keflavíkurflugvöll bundinn við áhafnir flugvéla. En hver er síðan talan fyrir síðustu ár? Árið 1983 voru fluttar inn löglega 1 354 500 flöskur 0.33—0.5 lítra, eða um eða yfir 500 þús. lítrar af bjór. Það eru um 5.6 flöskur á hvert mannsbarn í landinu og neyslan rúmlega tveir lítrar á mann af bjór. Ljóst er að árið 1984 verður þessi innflutningur enn meiri, m. a. vegna þeirrar rýmkunar sem nýlega hefur verið gerð varðandi innflutning á íslenskum bjór. Þeir sem best þekkja áætla að löglegur innflutningur á bjór verði á yfirstandandi ári um 2 millj. bjórflöskur eða um 750—800 þús. lítrar af bjór yfir árið.

Til viðbótar þessu vita allir að mjög miklu magni af bjór er smyglað til landsins, en hvað það er mikið er erfitt að gera sér grein fyrir. Mér kæmi þó ekki á óvart þó að það væri annað eins magn, líklega þó meira. Þessu til viðbótar má benda á ferðamenn sem neyta bjórs erlendis og íslenska námsmenn og fleiri og er þá ótalinn sá leki sem kemur frá varnarliðinu og erlendum sendiráðum. Þegar allt kemur til alls má áætla að bjórneysla hér á landi á hvern íbúa geti nú verið um eða yfir 5 lítrar á ári eða um 10% af heildarársneyslu Finna, svo að dæmi sé tekið, en Finnar eru átjánda mesta bjórneysluþjóð heims. Mér er ekki ljóst hve mikils er neytt af bjórlíki, en það kemur þar fyrir utan. Aðstaðan nú er því allt önnur en hún hefur verið þegar mál þetta hefur áður komið til kasta Alþingis.

Í dag er bjórneysla og neysla áfengis af sama styrkleika og bjór staðreynd. Þeirri staðreynd þýðir ekkert að loka augunum fyrir. Af þeim sökum verður að marka þá stefnu sem er í samræmi við tíðarandann. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn. Þegar stór hluti þjóðar vill ákveðið neyslumunstur, þá finnur fólkið þeirri neyslu farveg jafnvel þó að hún sé ólögleg. Þetta sýnir reynslan alls staðar, bæði á bannárunum hér á landi og í Bandaríkjunum, en síðast en ekki síst sýna þær tölur og það ástand sem ég hef hér gert að umræðuefni það að þeir sem vilja bjór hafa orðið sér úti um leyfi til þess að neyta hans eða einhvers í líkingu við hann. Í bókinni sem ég vitnaði til áður, The World Guide of Beer, segir um bjórneyslu á Íslandi með leyfi forseta:

„Fyrr á öldum þótti það sýna mikla gestrisni á Íslandi að bjóða gestum upp á bjór. Í dag eru hlutirnir því miður öðruvísi. Aðeins má selja öl sem ekki hefur meiri styrkleika en 2.25% vínanda að rúmmáli. Pólarbjórinn sem framleiddur er í landinu er bara til útflutnings.“ Og síðan kemur: „Í raun getur þó hver sá sem ætlar sér það komist yfir bjór, ef hann vill það.“

Þetta var árið 1979. Síðan hefur bjórstreymið orðið enn meira til landsins. Stundum er sagt að glöggt sé gests augað, en þetta hafa þeir sem önnuðust útgáfu bókarinnar aflað sér upplýsinga um. Staðreynd sem æðimargir skjóta sér undan að kannast við.

Þessi tvískinnungsafstaða varðandi bjórinn þýðir í raun að tekjur ríkissjóðs af bjór eru minni en þær gætu verið. Stór hópur fólks verður lögbrjótar með því að flytja inn og veita viðtöku smygluðum bjór og innlendir framleiðendur eru að mestu leyti dæmdir úr leik.

Hér er um umfangsmikið mál að ræða og ég vona að málið geti fengið umfjöllun og afgreiðslu á þessu þingi. Eftir að frv. þetta var lagt fram hefur fjöldi fólks haft samband við mig, sem án undantekninga hefur mikinn áhuga á framgangi málsins. M. a. sendi einn áhugamaður norðan af landi mér eftirfarandi kvæði eftir Baldur Eiríksson frá Dvergasteini sem heitir Egill og ölið. Er það svohljóðandi, með leyfi forseta:

Á Alþingi forðum fjörugt var,
flokkadrættir og stympingar
og umræður æríð snarpar.
Sátu þeir þar með sorfið stál,
sömdu um grið og vígamál
Egill og aðrir garpar.

Við höfum það fræga Alþing enn,
á því sitja nú spakir menn
og eru í ærnum vanda.
Með atkvæðabrask og orðatog,
útreikninga á máli og vog
hve mjöð okkar megi blanda.

Aldrei hefði hann Egill nefnt
orðaskaki um tvö prósent
né daufum drykkjum að sinna.

Vísað hefði hann broti á bug
og bara látið það standa á tug
svo bragð mætti að bjórnum finna.

Niðjar Egils um aldaröð
ómælt supu hinn sterka mjöð
og vóðu í svima og villu.
Okkur með réttu er nú kennt
hve eitt eða jafnvel hálft prósent
má orka miklu og illu.

Brott eru horfin brekin forn,
brottu hin stóru drykkjarhorn,
margt er þar fleira falið.
Ýmislegt mundi Agli nú
allgott þykja um föng og bú
en minna í mjöðinn varið.

Egill var sinnar aldar barn,
ekki til sparðatínings gjarn
og viðskotaillur að vonum.
En handtökin snör við hlíf og stál,
hornadrykkju og skáldamál
voru hundrað prósent hjá honum.

Ég ítreka það síðan að ég vona það að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi því að það getur orðið um seinan að móta skynsamlega áfengisstefnu ef sú þróun sem orðin er í landinu fær að halda áfram enn um sinn. Þetta er spurning um það að menn þori að horfast í augu við staðreyndir og taka á þeim staðreyndum með raunhæfum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir): Þar sem þetta er síðasti fundur fyrir páskahlé þingmanna vil ég óska hv. þingdeildarmönnum gleðilegrar páskahátíðar.

Leiðrétting:
22. hefti, 4498. dálkur, 17. l. að neðan: löngun, les döngun.

Sameinað þing, 82. fundur.

Þriðjudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. þm. eru boðnir velkomnir til þings að loknu páskaleyfi. Þetta er líka fyrsti fundur Alþingis á nýbyrjuðu sumri og ég óska öllum hv. þm., skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis gleðilegs sumars.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 18. apríl 1984.

Ólafur Jóhannesson, 9. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson dósent, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Haraldur Ólafsson hefur áður setið á þessu þingi. Býð ég hann nú velkominn til starfa á ný.

Tjón af hringormi í fiski, fsp. 264. mál (þskj. 502). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Það þarf ekki orðum að því að eyða að það blæs ekki byrlega í íslenskum sjávarútvegi um þessar mundir. Botnfiskaflinn verður ekki nema helmingur þess sem hann var fyrir tveimur árum og þorskaflann hefur reynst nauðsynlegt að skerða vegna ástands stofnsins um allt að 40% á þessu ári. Þetta ástand kemur kannske einna best fram ef litið er á nýbirtar tölur um útflutningsverðmæti þorskaflans á þessu ári eins og hann er áætlaður og eins og hann var árið 1981.

Árið 1981 var útflutningsverðmæti þorskafla landsmanna 9.8 milljarðar kr. Á þessu ári er reiknað með að hann verði aðeins 4.7 milljarðar kr. Hér er því um nánast helmingssamdrátt, helmingslækkun að ræða. Þegar svo er komið er ekki nema eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvaða ráðstafanir sé unnt að gera til þess að bæta hag útgerðar og fiskvinnslu í landinu. Eitt af því sem þar þarf að taka til sérstakrar athugunar er hvernig draga má úr því mikla tjóni sem íslenskur sjávarútvegur verður fyrir á ári hverju vegna hringorms í fiski. Þar kemur til greina að gera ráðstafanir sem vegið gætu að nokkru leyti upp á móti þeim áföllum sem átt hafa sér stað í þessari atvinnugrein að undanförnu. Ég hef því leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til sjútvrh.:

1. Er vitað hve miklu tjóni og beinum kostnaði hringormur í fiski veldur í íslenskum sjávarútvegi á ári hverju?
2. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr þessum vanda?
3. Eru uppi einhver áform um frekari rannsóknir eða aðgerðir til lausnar þessu vandamáli?

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að á síðustu árum hefur hringormur í fiski hér við land verið vaxandi vandamál. Hins vegar liggur ekki ljóst fyrir hve mikið það tjón er sem hann leiðir af sér á ári hverju. Er þess skemmst að minnast er Portúgalir neituðu að taka við saltfiskförmum frá Íslandi fyrir skömmu af þessum ástæðum. Áætlað hefur verið að sá viðbótarkostnaður í saltfiskvinnslunni sem af hreinsun fisksins leiðir nemi árlega allt að 80 millj. kr. Ekki liggja fyrir neinar opinberar tölur um sambærilegan kostnað vegna vinnslu í frystihúsum landsins, en menn sem þessum hlutum eru kunnugir telja að sá aukakostnaður sé vart undir 120 millj. kr. Verður því fróðlegt að heyra hvert er mat sjútvrh. á því tjóni sem sjávarútvegurinn verður árlega fyrir vegna þessa.

Eitt dæmi skal hér nefnt sem greint var frá í 11. tölublaði Ægis á síðasta ári. Þar var um að ræða hraðfrystihús á Vestfjörðum sem fékk til vinnslu 60% togaraþorsk og 40% bátaþorsk. Var ársframleiðsla hússins alls 2 þús. tonn af frystum þorskflökum. Í ljós kom að vinnan við að tína orma úr fiskinum var 40% af snyrtingar- og pökkunartíma. Heildarkostnaður þessa eina húss vegna þessa eina útgjaldaliðar var samtals 3 millj. 875 þús. kr.

Það er ljóst að eftir því sem minna hefur verið veitt af sel hér við land hefur þetta vandamál aukist. Í grein í Ægi um athugun á selastofnum við Ísland og nýtingu þeirra er frá því skýrt að þorskormar fundust í öllum útsel sem rannsakaður var og í um 75% landsela þeirra sem rannsóknin náði til. Áður en til verðfalls á selaskinnum kom fyrir nokkrum árum veiddust árlega hér við land 6—7 þús. dýr. Síðan hefur veiðin minnkað verulega og stofninn því vaxið. Telja vísindamenn að hann sé nú um 35 þús. dýr eða jafnvel allt að 40 þús. dýr og hér sé um ótvíræða fjölgun að ræða. Þar sem augljóst samband er milli fjölgunar selsins við strendur landsins og hringorms í fiski er eðlilegt að spurt sé hvaða áform yfirvöld hafi uppi til lausnar þessu vandamáli. Eitt svarið er augljóslega að sjá svo um að selastofnum hér við land sé haldið í eðlilegri stærð og jafnvægi en þeir vaxi ekki úr hófi fram. Nauðsyn þess hefur ekki aðeins verið rökstudd með tilvísun til hringormavandans heldur einnig til samkeppninnar um fiskinn í sjónum sem nú fer æ harðnandi. Talið er að selir hér við land éti árlega um 75 þús. lestir af nytjafiski. Það jafngildir hvorki meira né minna en ársafla 25 togara miðað við aflamagn árið 1983. Ég endurtek: Þetta er sambærilegt við aflamagn 25 togara.

Að lokum skal á það lögð áhersla að brýn nauðsyn er á að auka rannsóknir á þeim selastofnum sem hér við land búa. Á undanförnum árum hafa farið fram allnokkrar rannsóknir á lifnaðarháttum þeirra og útbreiðslu, en ítarlegar rannsóknir eru tvímælalaust undirstaða frekari aðgerða í þessum efnum öllum, enda er rétt að fara þar í hvívetna fram með skynsemi og aðgát.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef varðandi fsp. þessa leitað til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fengið það svar sem hér fer á eftir:

Erfitt er að meta nákvæmlega heildarkostnað þann er hringormur í fiski veldur íslenskum sjávarútvegi. Hringormur er í einhverjum mæli í öllum okkar helstu

nytjafiskum og þorskurinn, okkar aðalnytjafiskur, hefur að meðaltali í fiskholdinu um 10 hringorma og 70% fiska eru sýktir. Úrtak úr bónusskýrslum frystihúsa, sem gert var á vegum hringormanefndar um fjölda orma í þorski sem unninn var til frystingar 1980, leiddi í ljós að hringormur er til vandræða í frystihúsum um allt land, en sérstaklega í þeim húsum sem fá mikið af hráefni sínu frá bátum og þá væntanlega af grunnslóð. Heildarkostnaður frystingarinnar vegna hringorma í þorski hefur verið áætlaður af Árna Benediktssyni framkvæmdastjóra að nemi tugum milljóna árlega. Tekur þetta aðeins til þess aukakostnaðar sem felst í því að tína hringorma úr fiskinum, en í þessari upphæð felast ekki þær aukaverkanir sem fylgja hringormamengun, þ. e. að vinna verður fiskinn í verðminni pakkningar en ella. Vinnslutafir sem gera það að verkum að fiskurinn eldist og verður ekki eins gott hráefni og nauðsynlegt er, auk þess sem hráefnisnýting minnkar, valda einnig miklu tjóni.

Fyrirspyrjandi vitnaði hér í upplýsingar sem birtust nýlega í Ægi, og ég skal ekki endurtaka það hér, en þar kom í ljós að rúmlega eina mínútu tók að tína orma úr hverju kg fisks að meðaltali. 1982 var heildarframleiðsla frystra þorskafurða, þ. e. flakapakkningar og blokk, um 42500 tonn. Kostnaðurinn við að ormahreinsa þetta magn þorskflaka, miðað við þær upplýsingar sem birtust í nefndri grein í Ægi, gæti því verið áætlaður um 83 millj. kr. Á sambærilegan hátt má reikna út að það hafi kostað um 1.8 millj. að ormahreinsa steinbítsflök, en 1724 tonn fóru til frystingar 1982 og er þá reiknað með 2.5 ormum í kg fisks að meðaltali. Hringormur er einnig í löngu, ufsa, ýsu og karfa þó í minna mæli sé. Það má því segja að það sé varlega áætlað að beinn kostnaður frystingarinnar vegna hringorma nú sé um 100 millj. kr. árlega.

Nú er svo komið að einnig verður að ormahreinsa allan saltfisk. Hefur framkvæmdastjóri Sölusamtaka ísl. fiskframleiðenda áætlað að það kosti saltfiskverkunina um 80 millj. árlega að ormahreinsa saltfisk, en það er um 3—5% kostnaðarauki saltfiskverkunarinnar frá því sem áður var. Er þá ekki reiknað með verðmætatapi því sem hlýst af rýrnun, t. d. þegar henda verður þunnildum vegna orma, né heldur þeim mikla stofnkostnaði sem felst í ljósaborðum og öðrum tækjum til tínslunnar. Fiskurinn getur einnig farið illa við ormahreinsunina og verður að hluta til ekki matshæfur eftir þeim reglum sem nú gilda.

Beinan kostnað, sem hringormur í fiski veldur íslenskum sjávarútvegi á ári hverju, má því áætla á bilinu 180—200 millj. kr. Erfitt er að meta hinn óbeina kostnað, en hann felst í miklu markaðslegu óhagræði sem hringormur veldur. Viðskiptaþjóðir okkar vilja ekki hafa hringorm í þeim fiskafurðum sem við seljum þeim og kröfur þeirra þar að lútandi harðna stöðugt. Einnig má segja að hringormar í fiski komi í veg fyrir að mögulegt sé að selja sumar tegundir ferskar beint á borð neytandans og þá fyrir mun hærra verð en áður í eins miklum mæli og æskilegt getur talist.

Talið er að hringormur hafi farið vaxandi í þorski og öðrum nytjafiskum á Íslandsmiðum. Hefur aukningin verið talin um 9% á ári að jafnaði. Búast má við því að þessi aukning haldi áfram á næstu árum ef ekkert er að gert og því hefur verið reynt að spyrna við fótum. 90% hringorma í þorski eru selormar — sú hringormstegund sem selir bera með sér og dreifa í lífríki sjávar.

Þær beinu ráðstafanir sem gerðar hafa verið til þess að draga úr hringormavandanum hingað til hafa fyrst og fremst beinst að því að bæta árangur ormahreinsunarinnar. Um 1970 gekkst Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna fyrir tilraunum um notkun mismunandi ljósgjafa við gegnumlýsingu, mismunandi efna í borðplötum snyrtiborða, lýsingarhlutfall o. fl. Þær tilraunir leiddu til þeirra aðferða sem notaðar eru enn þann dag í dag. Frekari athuganir Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hafa ekki leitt til endurbóta enn sem komið er. Þá má geta þess að íslensku sölufyrirtækin í Bandaríkjunum, einkum Coldwater Seafood Corporation, hafa leitað til bestu erlendra rannsóknastofnana í þessu skyni án verulegs árangurs. Þá hafa samtök frystiiðnaðarins varið miklum tíma og fyrirhöfn í að brýna fyrir starfsfólki þýðingu þess að fiskur sé vel ormahreinsaður. Margvísleg tæki ný og gömul, t. d. stækkunargler, sogpípur, röntgengeislar og hinar ótrúlegustu aðferðir, svo sem hitun, kæling, rafstraumur, hafa verið reynd til að finna orm og fjarlægja, en árangur hefur verið sorglega lítill.

Árið 1976 skipaði þáverandi sjútvrh. Matthías Bjarnason nefnd til að kynna sér vöxt og viðgang selastofnanna við landið og þátt þeirra í hringormavandamálinu. Nefndin skilaði skýrslu snemma árs 1978 þar sem ráðlagt var að halda áfram rannsóknum, en bent var jafnframt á að þær yrðu kostnaðarsamar. Haustið 1979 var svo hringormanefnd skipuð að beiðni Sölusamtaka fiskiðnaðarins, sem greitt hafa allan kostnað af störfum hennar. Sú nefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að draga verulega úr þessum vanda nema stemma stigu við fjölgun sela. Þess vegna hóf sú nefnd greiðslu veiðiverðlauna fyrir veidda seli vorið 1982 og hefur haldið því áfram síðan.

Sjútvrn. hefur beitt sér fyrir því að dr. Jón Pétursson í eðlisfræði við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands hefur fengið styrk til að standa straum af kostnaði við áframhaldandi ljósfræðiathuganir sem hófust á s. l. ári. Verði þessar athuganir jákvæðar, þannig að með öruggri vissu megi finna hringorma í fiskflaki með eðlisfræðilegum aðferðum, er eftirleikurinn, þ. e. vélvæðing tínslunnar, auðveldari. Þá er og kunnugt að bæði íslensku sölufyrirtækin vestanhafs hafa veitt styrki til hliðstæðra athugana með öðrum aðferðum. Áformað er að athuga á ný frá öllum hliðum þær aðferðir sem nú eru notaðar til ormatínslunnar með endurbætur fyrir augum.

Að lokum má geta þess að hringormanefnd hyggst halda áfram að greiða veiðimönnum fyrir unninn sel, þó með þeirri breytingu að verðlaun verða mest greidd fyrir kjötþunga sem lagður er inn til loðdýrafóðurs.

Ég vænti þess að svar þetta svari í nokkru þeirri fsp. sem hér hefur verið fram borin.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Vandamál hringorms í þorskafurðum hefur verið rætt tvívegis hér á hv. Alþingi eftir áramót, í fyrsta sinn í sambandi við fsp. sem fram var borin varðandi selafrv. og síðan þegar það frv. var lagt fram í Nd. og hæstv. sjútvrh. mælti fyrir því þar. Þar tók ég einnig til máls og viðhorf mitt til þessara mála kom fram við þá umr. Ég vil hér aðeins nefna það að á nýafstöðnu Náttúruverndarþingi 13.—15. apríl s. l. var gerð svohljóðandi ályktun um þetta mál, með leyfi

hæstv. forseta:

„Fimmta Náttúruverndarþing 1984 telur núverandi ástand í selveiðum algerlega óviðunandi og óréttlætanlegt að leyfa útgerð á sel með skotvopnum hvar sem er, svo sem á friðlýstum svæðum og látrum. Náttúruverndarþing telur því aðkallandi að hraðað verði setningu laga um selveiðar hér við land. Varðandi frv. það sem lagt hefur verið fram á Alþingi leggur þingið eindregið til að 3. gr. frv. verði breytt."

Þetta er tilvitnun í ályktun. Síðan er 3. gr. frv. rakin og síðan þær breytingar sem Náttúruverndarráð leggur *til að gerðar verði á henni. Hún yrði þá með sama* orðalagi og var er frv. kom frá stjórnskipaðri nefnd sem samdi frv. En það er eina breytingin að ég hygg, sem gerð var á því við framlagningu frá því sem nefndin gerði, að 3. gr. er breytt. Náttúruverndarþing leggur til svohljóðandi orðalag:

„Til aðstoðar sjútvrn. um stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð 5 mönnum. Skal einn nm. skipaður skv. tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn skv. tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn skv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn skv. tilnefningu Fiskifélags Íslands, en einn án tilnefningar. Ráðh. skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara 5 manna. Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjútvrn. um hvaðeina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórnun og skipulagningu selveiða."

Þetta er sú breyting sem Náttúruverndarþing leggur til að gerð verði á frv. um selveiðar við Ísland. „Að öðru leyti tekur þingið ekki afstöðu til frv. enda ekki haft tækifæri til að kynna sér það," segir í niðurlagi ályktunar þingsins.

Ég vil aðeins bæta því við að ég er sammála þessu viðhorfi Náttúruverndarráðs varðandi þetta frv. að æskilegt væri að breyta því í þetta horf. Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða og ég tel að skylt sé að um það sé haft samráð við hagsmunaaðila náttúruverndaraðila sem og aðra sem þetta mál varðar, með formlegum hætti eins og hér er gerð till. um. Ég greiddi því þessari ályktun atkvæði mitt á Náttúruverndarþingi.

Ég vil svo vara við alhæfingum sem fram hafa komið í sambandi við þetta mál. Ég tel að vitneskja sé allsendis ófullnægjandi varðandi líffræðilegan þátt málsins og menn ættu að varast að taka undir sjónarmið eins og fram hafa komið. Að vísu hvatti hæstv. fyrirspyrjandi til þess að aðgát yrði höfð í málinu en hann var samt að vísa til þess að selurinn mundi éta 75 þús. tonn af þorski sem jafngildi því sem 25 togarar afli. Á bak við svona sjónarmið getur leynst það viðhorf, sem hefur heyrst, að það bæri að farga selnum til þess að auka þorskveiðina hér við land. Þarna vantar mikið á þekkingu okkar áður en menn fara að taka ákvarðanir um þetta mál.

Fyrirspyrjandi (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin við fsp. á þskj. 502. Þar komu fram ýmsar fróðlegar og gagnlegar upplýsingar. M. a. var fróðlegt að heyra þá tölu um hvert beina tjónið af hringormi á Íslandsmiðum er á ári hverju fyrir sjávarútveginn eða varlega áætlað, eins og ráðh. nefndi, 200 millj. kr. Hér er aðeins um beinan útlagðan kostnað við hreinsunina að ræða en ekki tekið með í reikninginn hið mikla óbeina tjón sem, eins og ráðh. benti á, þarna er um að ræða, bæði hvað varðar markaðsvandkvæði og það að fiskur nýtist ekki og verði jafnvel að kasta.

Jafnframt komu fram þær upplýsingar að ormavandamálið í saltfiskvinnslunni eykur vinnslukostnaðinn um 3—5%. Á tímum eins og nú þegar við stöndum frammi fyrir rýrnandi fiskistofnum er þetta vitanlega mjög alvarlegt vandamál. Því er eðlilegt að menn velti því fyrir sér, ekki aðeins hagsmunaaðilar í sjávarútvegi heldur og aðrir, hvað unnt er að gera til úrbóta í þessum efnum.

Ég minntist einnig á það, sem alkunna er og náttúrufræðingar hafa vitað áratugum saman ef ekki mun lengur, að selurinn er í harðri samkeppni við sjómennina um auðlindir hafsins. Ég hafði þær upplýsingar sem ég rakti hér í ræðunni úr tímaritinu Ægi. Talið er af náttúrufræðingum að selurinn éti u. þ. b. 75 þús. tonn af nytjafiski árlega sem jafngildir, miðað við afla á síðasta ári, ársafla 25 togara. Þó svo að ég sé sammála hv. alþm. Hjörleifi Guttormssyni að sú tala þurfi alls ekki að vera nákvæm — hún gæti verið minni, hún gæti einnig verið stærri — þá er það engu að síður ljóst að hér er um mikla og harða samkeppni að ræða um fiskinn í sjónum. Þegar menn heyra nefnda 25 árstogaraafla er ljóst að hér er um stórt vandamál að ræða.

Þá komum við að því hvaða ábendingarleiða, úrbóta er þörf. Þar sakna ég í máli ráðh. markvissari úrræða, en þar komu fram. Út af fyrir sig er ágætt að heyra að hringormanefnd muni starfa áfram að athugun þessa máls og jafnframt að vísindarannsóknir séu fyrirhugaðar og séu raunverulega í gangi. En ég vil aðeins undirstrika það í framhaldi af því sem ég sagði áðan að það er kominn tími til að þessu vandamáli sé meiri gaumur gefinn. Við getum ekki litið fram hjá því, sem einnig kom fram í máli ráðh., að 90% af öllum ormi í fiski hér við land er selormur. Miðað við hina gífurlegu fjölgun selastofnanna hljótum við þess vegna að velta því fyrir okkur hvort ástæða er til að þeim sé haldið í meira jafnvægi en verið hefur síðustu árin eftir að ónefnd frönsk kvikmyndaleikkona eyðilagði markað fyrir selaskinn, a. m. k. í Evrópu. Ég er hér ekki að tala um neina herferð gegn selnum sem slíka. Ég er aðeins að benda á þetta vandamál og jafnframt það að selastofnarnir voru hér mun minni fyrr á árum og þá var líka hringormurinn mun minna vandamál. Það liggur því í augum uppi hvert samhengi er í þessum efnum. Því er greinilega nauðsynlegt fyrir ráðamenn í sjávarútvegi og sjútvrn. að velta því fyrir sér hverjar raunhæfar ráðstafanir er unnt að gera á næstunni til bóta á þessum mikla vanda.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það er greinilegt að það er hörð samkeppni, ekki aðeins um það hver tekur þorskinn okkar og eyðir honum, heldur um hitt líka hver séu mestu vandamálin í íslenskum sjávarútvegi. Þetta er 3. umr. sem fram fer í hv. Sþ. um blessaðan hringorminn — en það má víst ekki kalla það kvikindi blessað. Það mikið vandamál er þetta að hv. alþm. telja nauðsynlegt að tíma Alþingis sé eytt í þrígang til þess að fjalla um þetta mál. Núna er spurt um það hvað mikið hafi kostað að fjarlægja hringorminn úr íslenskum fiskafurðum á undanförnum árum og talað mikið um að nú sé mikill vandi fyrir höndum hjá

saltfiskframleiðendum, að 2—3% af þeirra vinnulaunakostnaði fari í það að fjarlægja þennan bansettan orm úr fiskinum.

Hvernig skyldi standa á þessu? Það er vegna þess að Íslendingar uppgötvuðu það allt í einu að ekki var hægt að bjóða þessa vöru á erlendum markaði. Okkur hafði tekist það undanfarandi ár að selja okkar vöru þótt hringormur væri í henni. Þessi kostnaður er allt í einu orðinn eitt af því sem við verðum að taka á okkur og gera okkur að góðu að greiða. Ég held að þarna hafi ekki átt sér stað nein breyting sem heitið getur frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Það er verið að búa til aukavandamál og gera miklu meira úr því en ástæða er til. M. a. s. er talað um að það sé skaði fyrir saltfiskframleiðendur að geta ekki selt þunnildin, hringormaþunnildin á erlendan markað. Hæstv. ráðh. sagði áðan að m. a. væri það skaði í sambandi við saltfiskframleiðsluna að rýrnun ætti sér stað vegna þess að ekki væri hægt að selja þunnildin sem væru skemmd af hringormi. Mikil eru ósköpin.

Mér dettur í hug þegar verið er að tala um þennan kostnað við þennan sjálfsagða þátt í okkar framleiðslu: Hvað skyldi hafa kostað af aflúsa Íslendinga? Þetta er eitthvað nálægt því, að vera að býsnast yfir því að leggja í kostnað til þess að gera vöruna hæfa til sölu á erlendum markaði. Mér finnst furðulegt — ég er sjálfur fiskframleiðandi og hef fengist við þetta í áratugi — að á hv. Alþingi skuli trekk í trekk vera gert svo mikið úr þessu sjálfsagða máli, sem er að koma okkar vöru á erlendan markað. Þetta er ekkert meira vandamál og ekkert meiri kostnaður en ákveðinn hluti við framleiðslu þessarar vöru. Það er býsnast yfir því að hringormurinn sé eitthvað miklu meiri í fiskinum núna en hann hefur verið undanfarandi ár og talað um að nauðsynlegt sé vegna minnkandi sjávarafla að taka nú vel til hendinni að verjast því að hringormurinn komi í fiskinn. Meiri hringormur er m. a. afleiðing þess að minni fiskur er á miðunum. Hver sá sem skilur lífkeðjuna gerir sér ljóst að um leið og minni fiskur er á miðunum leggst þessi ormur frekar á þá fáu titti sem fyrir hendi eru heldur en þegar fullt er af fiski.

Ég get sagt þær fréttir af Breiðafirði núna að sá fiskur sem hefur verið að fiskast þar er mjög hringormalítill. Af hverju er það? (Forseti hringir.) Vegna þess að sá mikli fiskur hefur komið af djúpmiðum, hann er ekki fiskaður á grunnmiðum heldur göngufiskur. Sá fiskur sem við sækjum á djúpmið er tiltölulega ormalítill.

Þess vegna segi ég þetta að mér finnst mikið til lagt að eyða þremur dögum af vinnutíma Alþingis til þess að ræða hringorminn. Ég er ekki endilega að gera mjög lítið úr því að við eigum að fara þessa leið og þetta er einn hluti okkar kostnaðar, en mér finnst vera of mikið gert úr þessu. Þetta er sjálfsögð og eðlileg ráðstöfun sem við áttum fyrir löngu að vera búin að taka upp í saltfiskinum. Við lentum þarna í ákveðnum erfiðleikum vegna þess að við vorum ekki tilbúnir að sinna okkar mörkuðum á þann sjálfsagða máta að hreinsa hringorminn burt.

Ég vil líka segja það að ég er nokkurn veginn viss um að af þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir í íslenskum sjávarútvegi í dag séu flestöll mál nærtækari en þetta að spjalla um. Ég veit að við gætum sparað okkur í dag svipað og við eyðum í hringorminn ef við tryggðum það að allur fiskur sem á íslensk skip kemur væri blóðgaður eins fljótt og hægt er eftir að hann kemur inn á skip. Það hefur verið þannig núna á vertíðinni í vetur að um leið og netum hefur fækkað þá hefur mönnum verið fækkað um leið. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hann er búinn að tala tvöfaldan þann tíma sem leyfilegt er.) Þá mun ég ljúka máli mínu, herra forseti. Þá hefur verið sleppt að blóðga fisk þar til búið er að draga hverja trossu. Hvað ætli þau vinnubrögð kosti íslenskan sjávarútveg? Ég held að menn ættu að velta svona vandamálum fyrir sér frekar en þessu vandamáli sem við erum búin að vera með hér í þrígang.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ekki skal ég svo mjög etja kappi við síðasta ræðumann sem er, eins og hann sagði sjálfur, reyndur fiskverkandi og hefur stundað þá atvinnu sem atvinnurekandi í mörg ár. Hins vegar verð ég að segja að ræða hans olli mér mikilli furðu. Hann gagnrýnir það að hér skuli rætt um hringorminn og þann vanda sem hann skapar í íslenskum fiskiðnaði. Ég held að okkur beri skylda til að ræða þau mál. En hvað hringormurinn og þau vandamál sem hann skapar koma við aflúsun íslensku þjóðarinnar á sínum tíma fæ ég ekki séð og sýnist mér slík röksemdafærsla gjörsamlega út í hött.

Það er alkunna og það veit hv. þm. Skúli Alexandersson líka að hringormur í fiski hér hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Hann er ekki aðeins í þorski, hann er í öllum fiski sem hér veiðist á grunnslóð. Hann er í hrognkelsum, hann er t. d. í blálöngu og hann er í öllum fiski sem veiðist á grunnslóðinni. Dregið hefur úr selveiðum og ljóst er að samband er milli stækkunar selastofnsins við landið og aukningar hringorms. Hv. þm. þurfa ekki annað en að tala við það fólk sem vinnur í hraðfrystihúsunum hér, t. d. við Faxaflóa og á Snæfellsnesi. Öllum ber saman um það að þetta vandamál hefur farið stórlega vaxandi og það verður með einhverjum hætti að taka því. Við eigum ekki að láta þessa sófanáttúruverndarmenn og kvikmyndaleikkonur úti í stórborgum Evrópu segja okkur neitt fyrir verkum í þeim efnum. Við verðum að gera þær ráðstafanir sem duga. Það er alveg öruggt mál að gera þarf ráðstafanir til að fækka selum við Ísland. Við verðum bara að líta á þá köldu staðreynd að þeir eru keppinautar okkar í baráttunni um efnahagsleg gæði og lífskjör — mat. Við verðum að hegða okkur samkvæmt því.

Þess vegna þykir mér það furðu gegna að ræður á borð við þá sem hér var haldin síðast skuli yfirleitt heyrast á hinu háa Alþingi. Við eigum auðvitað að fara með gát í þessum efnum en ég hygg að það sé allra mál sem til þekkja að þarna verðum við að bregðast við. Það er alveg ástæðulaust að koma hér í þennan ræðustól og gera lítið úr þessum málum. Ég vil hins vegar geta þess að lokum að ég tel að hv. þm. Gunnar G. Schram eigi þakkir skildar fyrir að vekja athygli á þessu máli hér.

Ráðstöfun kjarnfóðurgjalds, fsp. 292. mál (þskj. 567) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal): Herra forseti. Með breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o.fl. frá 29. maí 1981 voru Framleiðsluráði veittar víðtækar

heimildir til stjórnunar á landbúnaðarframleiðslunni. Skv. lögunum er landbrh. heimilt með reglugerð, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og Stéttarsambands bænda, að ákveða gjald á innflutt kjarnfóður. Að fengnum tillögum sömu aðila getur landbrh. ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins til bænda að hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess, m. a. mismunandi eftir svæðum vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru sem skortur er á, eins og í lögum segir. Með reglugerð sumarið 1981 var kjarnfóðurgjald lagt á og hefur svo verið síðan. Bændur hafa ekki verið á eitt sáttir um álagningu þessa gjalds né ráðstöfun þess.

Á s. l. vori stefndi í meiri áburðarhækkun milli ára en dæmi voru til eða 120%. Orsakir þessa voru fyrst og fremst óðaverðbólga sem þá geisaði og slæm staða Áburðarverksmiðju ríkisins. Þáv. ríkisstj. fór þá leið til að koma í veg fyrir hina gífurlegu áburðarhækkun að greiða hækkunina annars vegar niður úr ríkissjóði og að verja úr kjarnfóðursjóði 40 millj. til niðurgreiðslu á áburði hins vegar. Þrátt fyrir þetta varð hækkunin um 70% til bænda. Nokkur óánægja varð meðal bænda um þessa ráðstöfun kjarnfóðurgjaldsins, en játa verður að hún var óhjákvæmileg í stöðunni.

Frá því að þessi ráðstöfun var gerð í fyrravor hefur verðbólga farið mjög niður. Nú hefur nýlega verið tilkynnt nýtt áburðarverð og er þar um að ræða 43.5% hækkun. Enn sem fyrr var nauðsynlegt að áburður hækkaði sem minnst svo sú hækkun færi ekki út í verðlagið og afleiðingin yrði stórhækkun á landbúnaðarvörum. Það er trúa mín að ef tekist hefði að halda áburðarverði að verulegu leyti niðri með því m. a. að verja kjarnfóðurgjaldi til niðurgreiðslu hans, sem ekki var gert að þessu sinni, þá hefði það sannarlega verið gott innlegg í verðbólgubaráttunni. Þótt allir hefðu ekki verið á eitt sáttir um þá ráðstöfun held ég að hún væri óhjákvæmileg við núverandi aðstæður. Því vænti ég þess eindregið að þetta mál verði endurskoðað.

Með ofangreint í huga hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 567 svohljóðandi fsp. til landbrh. um ráðstöfun kjarnfóðurgjaldsins:

„1. Hverjar voru tekjur af kjarnfóðurgjaldi árið 1983?

2. Hvernig var þeim varið?

3. Hvað eru þessar tekjur áætlaðar miklar árið 1984 og hvaða áætlanir liggja fyrir um ráðstöfun þeirra?

4. Hvers vegna var ekki hluta gjaldsins ráðstafað upp í áburðarverð í ár eins og árið 1983?“

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 567 hefur hv. 6. þm. Suðurl. beint fsp. til mín um ráðstöfun kjarnfóðurgjalds.

Fyrsta spurningin er: Hverjar voru tekjur af kjarnfóðurgjaldi árið 1983? Skv. upplýsingum Framleiðsluráðs námu þær tæpum 103 millj. kr.

Í öðru lagi: Hvernig var þeim varið? Á árinu 1983 voru skv. sundurliðun samtals gjaldfærðar 124 millj. kr., sem er nokkru meira en tekjur þessa árs, og hefur þá verið ráðstafað bæði því sem áður var innkomið og að einhverju leyti því sem kom inn eftir áramót. Þetta skiptist í allmarga liði: greiðslur vegna vorharðinda 11.4 millj. kr., gjöld vegna mjólkuruppgjörs 1980, leiðréttingar, 4 þús. kr., greitt til mjólkurframleiðenda á hvern lítra mjólkur 34.3 millj., gjöld vegna kindakjötsuppgjörs 1981—1982 63 þús. kr., greitt sauðfjárframleiðendum á hvert kíló kjöts 1. og 2. verðflokks 1982 22.4 millj., greiðsla vegna verðlækkunar á kindakjöti á s. l. hausti 14 millj., greitt nautgripakjötsframleiðendum 1. og 2. verðflokks 4.2 millj., gjöld vegna alifuglaframleiðslu 236 þús., vegna svínakjötsframleiðslu 115 þús., greitt Áburðarverksmiðju ríkisins 40 millj., niðurfelling kjarnfóðurgjalds vegna loðdýrafóðurs 138 þús., stimpilgjöld o. fl. 50 þús., ýmis skrifstofukostnaður 244 þús. og önnur gjöld 16 þús.

Þriðja spurningin er: Hvað eru þessar tekjur áætlaðar miklar árið 1984 og hvaða áætlanir liggja fyrir um ráðstöfun þeirra? Það er ákaflega erfitt að segja fyrir fram um hvað tekjur muni verða miklar þar sem það er svo mörgum óvissuatriðum háð. Auk prósentuupphæðarinnar má benda á innkaupsverðið, gengisþróun og svo, eins og hv. fyrirspyrjanda er augljóst, hefur tíðarfarið bæði vor og haust ákaflega mikið að segja. Ég þori því ekki að segja hvað þarna verður um mikla hækkun að ræða frá fyrra ári.

Um ráðstöfun á þessu ári liggja fyrir upplýsingar um hverju hefur þegar verið ákveðið að ráðstafa. Það er fyrst og fremst það sem greitt er til mjólkurframleiðenda á hvern lítra mjólkur sem innlögð var vetrarmánuðina þar sem reynt hefur verið að jafna mjólkurframleiðsluna milli sumars og vetrar. Sú upphæð er 15.5 millj. kr. fyrstu þrjá mánuðina.

Að öðru leyti tengist ráðstöfuninni það sem felst í fjórðu spurningunni: Hvers vegna var ekki hluta gjaldsins ráðstafað upp í áburðarverð í ár eins og árið 1983? Þegar ég féllst á tillögu stjórnar Áburðarverksmiðju ríkisins um áburðarverð í vor, þ. e. það verð sem hún þyrfti að fá fyrir áburðinn, skýrði ég forstjóra verksmiðjunnar frá því að það yrðu athugaðir allir möguleikar á að greiða niður áburðarverðið eins og gert var þrívegis á s. l. verðlagsári.

Á s. l. vori var, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, tekið 40 millj. kr. lán til að greiða áburðarverð niður og einnig ákveðið að verja 40 millj. af kjarnfóðurgjaldinu. Mér virðist gæta þess misskilnings hjá fyrirspyrjanda að þessar 40 millj. af kjarnfóðurgjaldi hefðu lækkað verðlag búvöru. Sá hluti kjarnfóðurgjaldsins kom inn í búvöruverðið og hafði því ekki áhrif sem bein niðurgreiðsla. Í stað þess að það kæmi fram í áburðarverðinu kom það fram í kjarnfóðurliðnum.

Síðar var tvívegis ákveðið að greiða niður kjarnfóðurlið verðlagsgrundvallarins, fyrst við verðlagninguna 1. okt. s. l. og aftur 1. febr. Fyrra skiptið var varið til þess tæpum 20 millj. kr. og síðara skiptið um 8 millj.

Það hefur komið fram að umræða stendur yfir um að athuga möguleika á að færa nú enn aftur til af kjarnfóðurgjaldi til að lækka áburðarverðið. Umræður um það standa yfir, en ákvörðun hefur ekki enn verið tekin þannig að ég þori ekki að segja hver verður niðurstaðan. En á sama hátt og slík tilfærsla kom inn í áburðarverðið í fyrra mundi hún vitanlega gera það núna.

Ég vil til skýringar taka fram að af þessari verðhækkun, 43.5%, sem er skráð núna á verði til kaupenda, eru 24% vegna niðurgreiðslnanna sem ákveðnar voru í fyrravor, þ. e. með lántökunni og ráðstöfun fjár af kjarnfóðurgjaldi, en 19.4% er hækkun

sem Áburðarverksmiðjan fær vegna aukins framleiðslukostnaðar milli tímabilanna annars vegar frá júní 1982 til júní 1983 og hins vegar frá júní 1983 til júní 1984, sem er framleiðslutímabil verksmiðjunnar á þeim áburði sem seldur er á hverju sumri. Miðað við verðbólgu milli þessara tímabila held ég að telja megi að það sé lágt. — En ég get á þessari stundu ekki svarað fjórðu spurningunni nákvæmar en þetta.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja með því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft þessu máli og vil undirstrika að það sem kom fram í máli hans gæti ég vel fallist á.

Það hefur verið að því látið liggja að kjarnfóðurgjald væri lagt á til þess að stjórna landbúnaðarframleiðslunni. Það er mjög auðvelt að sýna fram á að eins og það hefur verið framkvæmt er þetta ekki stjórnunaraðgerð. Kjarnfóðurverð er ekkert hærra núna en það var á fyrri hluta síðasta áratugar. Ef það væri stjórnunaraðgerð núna hefði aldrei átt að koma til þeirrar margumtöluðu offramleiðslu sem varð. Þetta er verðmiðlunargjald. Þetta er gjald til að færa milli fjármuni innan landbúnaðarins og innan þjóðfélagsins og það er meira en vafasamt.

Þess vegna ber að undirstrika það, sem kom fram í ræðu fyrirspyrjanda, að ef á að hagnýta það með einum eða öðrum hætti til verðmiðlunar verður að gera það með einföldum hætti, og sá háttur er einfaldastur að færa það þá beint yfir í áburðarverðið og láta það ekki stoppa í þeirri rás. Það er út af fyrir sig hókus pókusaðferð að kalla inn fjármagn sem skatt í gegnum fóðurbætisgjald, varðveita það lengri eða skemmri tíma og skila því svo aftur í margfalt verðminni krónum en þegar þær voru teknar af bændunum. Þetta er einn liðurinn í því hvernig kjör bændanna hafa gengið niður á allra síðustu árum.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, taka alveg sérstaklega undir það, sem kom fram í máli fyrirspyrjanda í upphafi, að ekki er hægt að samþykkja það áburðarverð sem ríkisstj. hefur fallist á. Það er með engum hætti hægt að samþykkja yfir 40% hækkun á áburðarverði á sama tíma og gengið er út frá því að verðlag í landinu hækki um 10—12%. Þetta samrýmist ekki. Ef ekki näst fram um það aðgerðir með öðrum hætti verður að láta á það reyna hvað stór hluti Alþingis fellst á að hafa áburðarverðið með þeim hætti sem tilkynnt hefur verið.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin svo langt sem þau náðu. Rétt var það, að í vetur var nokkuð gert að því að greiða niður áburð, um 28 millj. En ég vildi ítreka að með ráðstöfuninni í fyrra kom framlagið úr kjarnfóðursjóði á mjög löngum tíma inn í verðlagið og varð það með þeim hætti miklu sársaukaminna. Það er eitt meginmál þessarar ríkisstj. að halda niðri verðbólgu og nota allar mögulegar ráðstafanir til þess. Þess vegna átti í stöðunni núna að semja um að kjarnfóðurgjaldið, og kannske var hægt að semja um það við framleiðendur, færi ekki inn í verðlagið. Það eru allra hagsmunir í dag, bænda sem annarra, að halda verðlaginu niðri og stemma stigu við verðbólgunni.

Ég þakka svörin og fagna þeim ummælum hæstv. ráðh. í lokin að þetta mál er enn til skoðunar. Ég vænti þess að kjarnfóðurgjaldið verði að hluta nýtt í því skyni að greiða niður áburð.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft þessu máli eins og hér hefur komið fram. Ég tel að ástæða sé til að fjalla um þessi mál hér á hv. Alþingi þó að það verði ekki gert nema mjög stuttlega í fyrirspurnartíma.

Ég hjó eftir því í svari hæstv. ráðh. að hann treystir sér ekki til að gefa svör við því hverjar væru áætlaðar tekjur kjarnfóðursjóðs á þessu ári. Það er vitaskuld ekki hægt að gefa nein tæmandi svör við slíkri spurningu, en það má þó fara nokkuð nærri áætlunum ef ekki eru fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á innheimtu kjarnfóðurgjaldsins. Mig langar til að fara fram á það við hæstv. ráðh. að ef einhverjar breytingar hafa þegar verið gerðar varðandi þessa innheimtu komi það hér fram. Ef svo er ekki þarf ekki svör við því. Ef ekki eru fyrirhugaðar veigamiklar breytingar á þessari innheimtu má öllum ljóst vera að um verulega fjármuni er að tefla. Þegar ætti að vera farið að leggja, a. m. k. að verulegu leyti, á ráðin um hvernig þeim skuli ráðstafað. Ég tel að það hefði verið ákjósanlegt og réttmætt að ráðstafa hluta af kjarnfóðurgjaldinu til að greiða niður áburð eins og gert var á síðasta ári.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh. að sá hluti kjarnfóðurgjalds sem til slíkra þarfa rennur kemur inn í verðlagsgrundvöll búvara til gjalda og bændur fá þá þann hluta skattsins uppi borinn í búvöruverði. Svo er raunar um alla þá þætti kjarnfóðurgjaldsins sem ráðstafað er til annars en verðjöfnunar og verðuppbóta skv. lögum um Framleiðsluráð og samkv. reglugerð við þau lög, sem sett voru að ég ætla á árinu 1982.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Gleðilegt sumar. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og tek undir það með honum og hv. 11. landsk. þm. að það er með öllu ósamrýmanlegt markmiðum hæstv. ríkisstj. um að halda verðhækkunum á þessu ári innan við 10% að áburðarverð skuli eiga að hækka um milli 40 og 50%. Það fer ekki heim og saman. Ég tek undir það að réttlætanlegt hefði verið að kjarnfóðurgjald hefði, a. m. k. að hluta til, runnið til að greiða niður áburðarverðið auk einhverra annarra ráðstafana sem hefðu að mínum dómi þurft að koma til til að hindra þessa gífurlegu verðhækkun. Það er eins og menn vita staðreynd að áburður hefur hækkað meira flest undanfarin ár en aðrar rekstrarvörur til bænda og yfirleitt meira en numið hefur verðhækkunum á hverju ári. Við svo búið má ekki standa.

Ég vil að lokum fullyrða, herra forseti, að landbúnaðurinn er á engan hátt undir það búinn að greiða þetta okurháa áburðarverð á þessu ári eins og þar árar. Hann hlýtur því að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstj. að hún reyni að halda verðhækkunum á áburði a. m. k. í einhverju samræmi við hækkun annars verðlags og hækkun á afurðaverði til bænda.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Mér láðist að geta um breytingar á innheimtu kjarnfóðurgjalds, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. spurði um. Það er vitanlega

eitt af því sem hefur áhrif á upphæð þess. Eftir tillögu Framleiðsluráðs hef ég samþykkt að sett verði hámark á gjaldið, af hverju tonni 2 þús. kr. Þar sem þetta er prósentugjald leggst það nokkuð misjafnt á eftir því hvernig aðstaða er fyrir bændur að fá kjarnfóður, eftir því hvort þeir fá það frá innlendum fóðurblöndunarstöðvum eða verða að kaupa það erlendis frá. Samkvæmt samþykktum aðalfundar Stéttarsambands bænda gerði Framleiðsluráð tillögu um hámark gjaldsins til að draga úr þessum mismun. Ég féllst á það þar sem að ég hef talið að rétt væri að reyna að verða við óskum framleiðenda í þessum málum.

Hv. 11. landsk. þm. ræddi um að kjarnfóðurgjaldið væri ekki stjórntæki og vitnaði í að kjarnfóðurverð væri hlutfallslega ekki hærra en það var fyrir 10 árum. Það er rétt að erlendis eru mjög miklar niðurgreiðslur á kjarnfóðri til útflutnings. Það hefur þau áhrif að erlenda fóðrið stendur í beinni samkeppni við innlenda fóðurframleiðslu hér. Má því segja að gjaldið sé að hluta til til þess að vega á móti erlendum niðurgreiðslum þannig að þær hafi ekki óeðlilega mikil áhrif á innlenda fóðurframleiðslu.

Það er stefna allra okkar nágrannaþjóða a. m. k. að reyna að vernda innlendu landbúnaðarframleiðsluna á slíkan hátt. Lög þau sem Alþingi hefur sett heimila Framleiðsluráði þetta stjórntæki til að hafa áhrif á heildarframleiðsluna sem við erum í erfiðleikum með að selja vegna hinna þröngu markaðsskilyrða. Ef þetta væri fellt niður er alveg augljóst að við þær aðstæður sem við búum við yrði að grípa til einhvers annars í staðinn, sem er miklu flóknara mál en hægt er að fara út í umr. um undir þessum dagskrárlið.

Lánsfjáröflun með ríkisvíxlum, fsp. 303. mál (þskj. 589). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Það mál sem hér um ræðir er ekki stórt eða mikið að vöxtum. Ég vildi aðeins fá það upplýst hér og fært til bókar hvaða verkefni á vegum ríkissjóðs þessa dagana eru svo arðbær að þau réttlæti ávöxtun þá sem ríkið býður upp á, til dæmis við sölu ríkisvíxla, en þar virðast menn treysta sér til að borga allt að 10% hærri vexti en hæstir gerast á sparimarkaði eða lánamarkaði. Líka vildi ég fá svar við annarri spurningu. Ef viðkomandi verkefni, sem menn eiga von á að skili þetta góðum arði, ef þau skila ekki þessum arði, hver á þá og hvernig á að greiða vextina sem búið er að lofa?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. spyr hvaða verkefni ríkissjóðs séu svo arðbær að þau réttlæti þá ávöxtun sem ríkissjóður býður upp á, t. d. með sölu ríkisvíxla. Í öðru lagi: Ef viðkomandi verkefni skila ekki arði hvernig á þá að greiða vextina? Mitt svar er svohljóðandi:

Andvirði seldra ríkisvíxla er ekki varið til sérstakra afmarkaðra verkefna. Peningar þeir sem inn koma eru lagðir inn á viðskiptareikning ríkissjóðs hjá Seðlabankanum og lækka um leið yfirdrátt ríkissjóðs hjá bankanum.

Með lögum nr. 79 frá 1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, var fjmrh. heimilað að selja víxla til að afla lánsfjár. Jafnframt var tekið fram að ríkissjóður væri ekki bundinn af vaxtakjörum sem Seðlabankinn ákvæði. Í nágrannalöndum er það svo að ríkissjóður verður að leita á almennan markað eftir rekstrarfé. Heyrir það til undantekninga að unnt sé að nota reikninga seðlabankanna eins og gert er hér á Íslandi. Ég tel sjálfsagt að stefna að því að ríkissjóður verði að sækja sér lánsfé með sama hætti og aðrir í þjóðfélaginu. Um leið ættum við þá að gera okkur grein fyrir hvað það fé kostar. Nafnverð seldra ríkisvíxla er nú 47.5 millj. kr. en kaupverð 44.8 millj. kr. Meðalvextir eru því 25.8% sem vissulega eru háir vextir. Hins vegar er hér um að ræða fjáröflun, sem ekki hefur verið reynd áður, og tel ég ljóst að smám saman muni vextir nálgast önnur þau kjör sem almennt eru boðin á markaðnum.

Svör mín við fsp. hv. þm. verða: Við fyrsta tölulið: Andvirði víxlanna er ekki varið til sérstakra verkefna. Með hliðsjón af því er fram kemur í þessu svari mínu við fyrsta tölulið tel ég mig hafa svarað öðrum tölulið samtímis.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og lýsi því yfir að ég tel í sjálfu sér eðlilegt að ríkissjóður afli sér lánsfjár með svipuðum hætti og önnur fyrirtæki. Ég tel aftur á móti mjög óheilbrigt að hann noti sér þá aðstöðu sem hann hefur umfram aðra aðila á lánsfjármarkaðnum, að geta boðið betri vaxtagreiðslur en menn almennt geta í venjulegum rekstri, og þar með annars vegar dregið til sín óeðlilega mikið fjármagn miðað við það sem í boði er og svo hins vegar spennt upp vaxtakjör á lánamarkaði með þeim hætti að fyrirtækjarekstur líði þar með undir því að þurfa að keppa við þennan aðila á lánamarkaðnum og hljóta endanlega að verða undir í slíkri baráttu þar sem ekkert fyrirtæki hefur þá aðstöðu sem ríkissjóður hefur: að geta sótt það sem upp á vantar, þegar greiða þarf tilskilda vexti, í vasa skattgreiðenda.

Vaxtakjör viðskiptabankanna, fsp. 309. mál (þskj. 602). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Þessi fsp. tengist að nokkru þeirri fsp. sem hér var rædd rétt í þessu. Hún er mjög einföld. Hún er til hæstv. viðskrh. og hljóðar svo:

1. Hefur viðskrh. gefið samþykki sitt fyrir þeirri innlánsvaxtabreytingu sem Iðnaðarbankinn og Landsbankinn höfðu forgöngu um í bankakerfinu?

2. Hvaða afleiðingar telur ráðh. að þessar breytingar hafi á almenn útlán bankanna síðar á árinu?

Ég þykist vita að hæstv. viðskrh. segi eitthvað á svipaða leið og seðlabankastjóri, að þetta sé bönkunum í sjálfsvald sett skv. ákvörðun Alþingis. En ef hæstv. viðskrh. segir eins og seðlabankastjóri, að útlánsvextir verði ekki hækkaðir, þá fer nú ýmsum að ganga illa við það reikningsdæmi hjá bönkunum almennt. Um þetta vil ég auðvitað ekki fullyrða á þessu stigi, en mér þótti þessi yfirlýsing seðlabankastjóra býsna athyglisverð. Kapphlaupið sjálft milli bankanna varðandi innlánsvextina er vægast sagt vafasamt og yfirboðin hin undarlegustu, alveg sérstaklega í ljósi þeirra afkomutalna sem margir bankar hafa látið frá sér fara. Maður spyr sig óneitanlega að því hvort þær tölur séu þá

marktækar, svo sem afskriftir, verðbreytingafærslur, varasjóðstillög og fleira, sem bankarnir færa mjög ríflega hjá sér, ásamt öðrum reikningskúnstum, sem eru víst allar löglegar, hvort afkoman sé þá í reynd allt önnur og betri. Að vísu hefur hæstv. ríkisstj. aumkað sig yfir þessa allsleysingja og hefur í hyggju að lækka á þeim skattana. En skammt hrekkur það þó í þessu kapphlaupi yfirboðanna, sem nú er í algleymingi, ef bankarnir geta ekki komið á móti með hækkun útlánsvaxta. Afleiðingin, eins og ég sé hana fyrir mér, varðandi afkomu bankanna síðar á árinu hlýtur í raun og veru að verða stórhækkun útlánsvaxta. Þeir bankastjórar sem ég þekki best viðurkenna að svo hljóti að verða. Og afleiðing þess, sem er þá í beinu framhaldi af því kapphlaupi sem nú er háð, þessara yfirboða sem nú eru í gangi, afleiðing þessa fyrir hinn almenna mann í landinu hlýtur að verða á eina lund. Mér þykir hins vegar forvitnilegt að heyra viðhorf hæstv. viðskrh. til þessara mála og hef því lagt fram þessa fsp. Sér í lagi fýsir mig að vita hvort viðhorf hans og seðlabankastjóra fara saman í þessum efnum.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hefur viðskrh. gefið samþykki sitt fyrir þeirri innlánsvaxtabreytingu sem Iðnaðarbankinn og Landsbankinn höfðu forgöngu um í bankakerfinu? spyr hv. 2. þm. Austurl. Svarið við því er: Ákvarðanir um vexti innlánsstofnana eru hvorki háðar samþykki ríkisstj. né viðskrh. nema um sé að ræða vexti af afurða- og rekstrarlánum atvinnuveganna. Þá er samþykki ríkisstj. áskilið, sbr. 37. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, er það Seðlabankinn sem hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta sem innlánsstofnanir mega reikna af innlánum og útlánum. Sú hækkun innlánsvaxta sem er tilefni þessarar fsp. byggir á vaxtaauglýsingu bankans frá 21. jan. s. l. sem gefin er út í samræmi við þessa lagagrein. Á hinn bóginn segir í 4. gr. laga nr. 10/1961 að Seðlabankinn skuli í öllu starfi sínu hafa náið samstarf við ríkisstjórnina. Það er óumdeilt að Seðlabankinn gætti þessa ákvæðis við útgáfu títtnefndrar vaxtaauglýsingar.

Hvaða afleiðingar telur ráðh. að þessar breytingar hafi á almenn útlán bankanna síðar á árinu? spyr hv. þm. Ég vil svara því á þá lund að það er erfitt á þessu stigi máls að segja fyrir um þær afleiðingar sem þetta skref mun hafa. Þó má öllum vera ljóst að almenn útlán bankanna dragast ekki saman vegna þess að innlánsvextir eru hækkaðir. Líklegra er að áhugi almennings á því að leggja fé sitt í banka aukist, en það mun skapa aukna möguleika fyrir bankana til útlána. Hins vegar er ástæða til að vara við of mikilli bjartsýni í þessum efnum. Traust almennings á bankakerfinu verður tæplega endurvakið í einni svipan eftir óðaverðbólgu liðinna ára, en við skulum vona hið besta í þeim efnum. Þess vegna er enn róttækari breytinga þörf á öllu peningakerfi landsmanna.

Hvað varðar vaxtakjör útlána síðar á árinu vil ég vitna til orða Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra sem hann lét falla á ársfundi Seðlabankans í síðustu viku og hv. þm. vék að hér í sinni fsp. Seðlabankastjórinn sagði orðrétt: „Seðlabankinn mun ekki skipta sér af því hvaða vexti innlánsstofnanir bjóða. En þær geta hins vegar ekki búist við því að útlánsvextir verði hækkaðir þótt þær bjóði nú hærri innlánsvexti. Það verður fyrst að sýna sig hvað innlánsstofnanirnar geta boðið í þessum efnum og hvaða áhrif hækkaðir innlánsvextir hafa á samkeppnisstöðu þeirra.“ Ríkisstj. er sammála þessari afstöðu Seðlabankans eins og hún hefur komið fram.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Það er greinilegt að hæstv. viðskrh. leggur fulla blessun sína yfir þetta kapphlaup, sem Seðlabankinn hefur í raun og veru stofnað til með vaxtaauglýsingu sinni frá því í janúar í vetur, og gerði það í fullu samráði við hæstv. ríkisstj. að því er hæstv. viðskrh. upplýsti. Ég vara hins vegar við þeirri bjartsýni að hér verði um það að ræða að nýtt sparifé myndist hjá bönkunum. Ég held að breytingin sé aðallega í því fólgin að menn breyta um innlánsform og færa það fé sem þegar er í bönkunum og ekki er bundið inn á þessa hagstæðu vexti. Ég hef því ekki trú á að útlánageta bankanna aukist að sama skapi eftir því sem líður á árið, allra síst í ljósi þeirrar afkomu sem almennt er hjá fólki í landinu.

Í ljósi yfirlýsingar seðlabankastjóra og samþykkis hæstv. viðskrh. við þá stefnu að útlánsvextir verði ekki hækkaðir verður sannarlega gaman að sjá afkomutölur bankanna um næstu áramót. Það verður sannarlega skemmtilegt að sjá þær afkomutölur, a. m. k. hjá þeim sem ekki hafa sýnt þær of góðar til þessa. Miðað við þessa yfirlýsingu verður það býsna mikill fróðleikur sem menn komast þá að. Þá hugsa ég að bankarnir þurfi ekki einu sinni að nota þær löglegu reikningskúnstir sem þeir nota í dag til að fela gróða sinn sér í lagi vegna þess að ríkisstj. verður þá sennilega komin langleiðina að afnema skattskyldu þeirra í þokkabót.

Þyrlukaup, fsp. 312. mál (þskj. 618). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Skýrsla starfshóps um flugrekstur Landhelgisgæslunnar hefur nú verið trúnaðarmál ríkisstj. í hartnær tvo mánuði. En í blaðinu Flight International frá 9. mars s. l. segir að starfshópurinn hafi mælt með kaupum á Aerospatiale SA 365 N og fyrirhugi íslenska ríkisstj. þessi kaup. Hvaða aðili hefur tekið sér þann rétt að upplýsa erlend blöð um atriði sem ekki hefur mátt segja landsmönnum sjálfum núna í tvo mánuði?

Komið hefur fram í umræðum um þyrlukaupamálið að Landhelgisgæslan hefur ekki gert upp við sig hvert hlutverk og starfssvið þyrlunnar á að vera. Það þýðir að þær kröfur sem settar eru fram um getu vélarinnar byggjast á öðrum forsendum en fyrirhuguðum þörfum Gæslunnar. Sem dæmi til skýringar má nefna að bandaríska strandgæslan hefur ákveðið kaup á Aerospatiale SA 365 N til að sinna skilgreindum verkefnum á stuttum vegalengdum af því að hún á aðrar þyrlur til að sinna verkefnum á fjarlægari slóðum. Hefði ekki verið eðlilegra við þessar aðstæður að starfshópur þeirra aðila sem sinna björgunarstörfum hefði í samráði við Landhelgisgæslu unnið verklýsingu þar sem skilgreint væri verksvið fyrirhugaðrar þyrlu með það í huga að nýting hennar yrði sem mest og best?

Nú er það að því er okkur er fortalið ekki fastákveðið hvaða þyrla verði keypt nema maður trúi fréttum erlendra blaða. En margt virðist þó benda til þess að það verði Aerospatiale SA 365 N sem verði fyrir valinu.

Við það tel ég mjög margt að athuga. Ég tel nauðsynlegt að menn fái að ræða þessi kaup opinskátt en ekki í einhverjum bakherbergjum ráðuneyta fyrir luktum dyrum. Vil ég þar til athugasemda einkum nefna tvö atriði:

Eins og áður segir hefur bandaríska strandgæslan ákveðið kaup á sams konar þyrlum og hér um ræðir. Upphaflega átti að afhenda þessar þyrlur 1. nóv. 1981. Sá frestur var framlengdur til september 1982, síðan til nóvember 1982, svo til október 1983, síðan til desember 1983 og nú síðast til janúar 1984. Enn hefur ekki ein einasta þyrla verið afhent. Það sem lengst af hefur valdið vandræðum núna s. l. ár er að þyrla sú sem hér um ræðir missir vélarafl í snjókomu. Má það sjá í grein í ritinu Aviation Week and Space Technology, 23. janúar 1984.

16. janúar er skýrt frá því í sama blaði að fyrirtækið Aerospatiale eigi í miklum kröggum og komi það einkum niður á flugvéla- og þyrluframleiðslu. Sem dæmi er tiltekið að fjöldi framleiddra SA 365-véla lækki úr 16 í 5 á mánuði á þessu ári. Þessi staðreynd gæti skýrt ýmsa erfiðleika fyrirtækisins við að uppfylla þau skilyrði sem bandaríska strandgæslan hefur sett eins og drátturinn á afhendingunni sýnir.

Ég tel það mjög vanhugsað og meira að segja hættulega tilraun að ætla sér að kaupa þyrlu sem lítil sem engin reynsla er af og íslenskum sjófarendum sé lítill greiði gerður ef af þessum kaupum yrði. Þess vegna hef ég leyft mér að setja hér fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um þessi þyrlukaup í fjórum liðum:

1. Verður Alþingi kynnt hvernig vali á björgunar- og gæsluþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna er háttað?
2. Verða Alþingi kynntar umsagnir Slysavarnafélags Íslands, Flugbjörgunarsveitarinnar, Hjálparsveitar skáta og annarra aðila sem umsagnir hafa gefið um þyrlukaupin?
3. Hefur verið leitað umsagnar Björgunarsveitar varnarliðsins eða annarra erlendra, sérfróðra aðila í björgunar- og gæslustörfum um fyrirhuguð þyrlukaup?
4. Hvaða skýringar gefur dómsmrh. á þeirri frétt sem ég nefndi áðan?
5. Hvort á að kaupa eina eða tvær þyrlur?

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 618 hefur hv. 8. þm. Reykv. borið fram nokkrar spurningar til mín um þyrlukaup til landhelgisgæslu og björgunarstarfa. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur ríkisstj. nú tekið jákvæða afstöðu til tillögu sem ég flutti um að þyrlur skyldu keyptar en hins vegar talið eðlilegt að skoða betur þessi mál áður en þau kaup verða afráðin og þá m. a. þau atriði sem hv. fyrirspyrjandi minntist á. Það lá ljóst fyrir þegar farið var að ræða um þyrlukaup að afgreiðslufrestur á þyrlum er nokkuð langur en hins vegar eru möguleikar á að fá leigðar þyrlur með miklu styttri fyrirvara. Ég lagði því áherslu á að reynt yrði að gera slíkt sem fyrst. Á það hefur ríkisstj. nú fallist og Landhelgisgæslunni verið heimilað að leita eftir leigu á þyrlu þar sem það er hagkvæmast og heppilegast. Vonast ég til þess að niðurstaða í því fáist fljótlega.

Um samráð við Alþingi vil ég geta þess að Alþingi kaus fyrir nokkru nefnd til þess að fjalla um málefni Landhelgisgæslunnar og því var talið eðlilegt að sú nefnd fengi þetta mál til skoðunar. Það var til hennar sent og frá henni bárust umsagnir um málið og tillögur um að tekin yrði ákvörðun um kaup eða útvegun á þyrlu sem fyrst.

Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

Það hefur áður komið fram að flugrekstur á vegum ríkisins er í athugun og spurning um flugvéla- og þyrlukost til gæslu- og björgunarstarfa tengist vitanlega þeirri athugun. Á meðan niðurstöður í því liggja ekki fyrir er ekki hægt að fullyrða hvort keyptar verða ein eða tvær þyrlur.

Áskoranir ýmsar hafa borist dómsmrn. um að útvega sem fyrst þyrlur til þessara starfa og ég hygg að mjög margar þeirra hafi birst opinberlega í fjölmiðlum enda eru þær ekkert leyndarmál. Því held ég að óhætt sé að segja að ekki þurfi neitt að spyrjast fyrir um slíkt.

Samstarfshópur um undirbúning að þyrlukaupunum mun hafa rætt við mjög marga aðila og aflað upplýsinga víða að. Ég hef ekki óskað eftir sérstökum lista um það en ég hygg að leitað hafi verið upplýsinga um starfsemi Björgunarsveitar varnarliðsins í þeim málum.

Um fjórðu spurninguna, hvaða skýringu ég get gefið á þeirri frétt sem birtist í erlendu blaði, verð ég að viðurkenna að mér er ekki kunnugt um það hvernig fréttamenn eða blaðamenn afla sér sinna upplýsinga. Við höfum svo mörg dæmi um það að bæði í innlendum og erlendum fjölmiðlum birtist atriði sem ekki hafa verið ætluð til birtingar.

En ég vil að lokum ítreka það að ég lagði áherslu á að sem fyrst yrði fengin þyrla til afnota fyrir Landhelgisgæsluna. Ég vænti þess að það takist áður en langt um líður með því að leita eftir leigu á henni og síðan verði kaupin endanlega afráðin að fenginni reynslu og eftir nánari athugun.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er slæmt að hafa ekki nema tvær mínútur til þess að ræða þetta stóra mál. Vonandi fær maður að taka til máls aftur.

Hæstv. dómsmrh. sagði að sú nefnd sem vinnur að málefnum Gæslunnar hafi fengið þetta mál til skoðunar. Nefndin var aðeins spurð um eitt atriði og það var: Mælir nefndin með því að keypt verði björgunarþyrla eða ekki? Auðvitað sagði nefndin já. Hún var hins vegar ekki spurð neitt um það hvort hún vildi kaupa miklu minni þyrlu, þyrlu sem er hrein „prototype“ og hefur ekki verið flogið nema 80 til 100 klst. Nefndin var sem sagt ekki spurð um það hvaða tegund henni litist best á.

Það sem mér finnst alvarlegast í því sem hæstv. ráðh. sagði var að Landhelgisgæslunni hefði verið heimilað að leita eftir kaupum á þyrlu í trausti þess að þeir mundu velja hagkvæmustu og heppilegustu flugvélarnar. Hver er reynslan í því? Muna menn það ekki þegar Landhelgisgæslan fór á stúfana til að kaupa sér flugvél fyrir nokkrum árum? Þeir keyptu sér ekki ódýra flugvél, þeir keyptu sér 50 manna farþegaflugvél, tækjalausa og allslausa, ekki einu sinni tilbúna undir tréverk. Hvað segja þeir nú sem vilja hæla Fokkernum og segja að ekki þurfi annað en að kaupa í hann 360 gráðu radar? Það er ekki eins og það eigi að fara að hengja auglýsingu upp á vegg, það þarf að gerbreyta flugvélinni. Sú aðgerð ein að setja í hann 360 gráðu radar með scannerhúsi kostar það að lengja þarf á henni lappirnar, það þarf að breyta burðarbitum flugvélarinnar. Þessi breyting með tækinu kostar á þriðju milljón dollara. Ef ég fengi þá peninga í hendurnar skyldi ég kaupa handa hæstv. dómsmrh. miklu betri flugvél, sem getur meira, þolir meira, flýgur hærra og flýgur hraðar og er miklu betri í alla staði, bara fyrir þann pening einan. Ég treysti Landhelgisgæslunni ekki til þess að velja heppilegasta

kostinn og þaðan af síður þann hagkvæmasta. (Gripið fram í.) Já, er það sölumaður Puma-verksmiðjunnar sem veifar? Menn hafa orðið býsna franskir í hugsunarhætti þegar þeir hafa verið að tala um þyrlur að undanförnu og það er svo sem ekki að undra vegna þess að á s. l. ári komu hér franskir sölumenn með geysilega öfluga þyrlu til Íslands til sýnis. Eftir að þeir sáu þær hafa þeir ákveðið að kaupa mjög litlar þyrlur og óreyndar. Hins vegar er Puma-vélin svo dýr að við teljum okkur ekki hafa efni á að kaupa hlutinn.

Herra forseti. Ég tel einmitt nauðsynlegt að láta þá nefnd, sem hefur verið að fjalla um þessa hluti fyrir Gæsluna, fá það verkefni að selja vélar og kaupa vélar í staðinn. Ég treysti ekki þeirri nefnd, jafnvel þótt stjórnmálafræðingur sé formaður hennar.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Það er víst til siðs að þakka hæstv. ráðh. fyrir veitt svör hvernig svo sem þau hafa verið. Af öllum loðnum svörum held ég að við höfum sjaldan heyrt þau loðnari en í þetta sinn. Nákvæmlega ekkert var í raun og veru á því að græða sem hæstv. ráðh. sagði. Tel ég mjög vítavert að koma sér með þessum hætti undan þeirri ótvíræðu upplýsingaskyldu sem á ráðh. hvílir. Það er ekki nóg með það að ekki sé svarað, heldur er einnig snúið út úr því sem svara á.

Um fyrsta lið spurningarinnar, hvort Alþingi verði kynnt hvernig valinu verður háttað, erum við nú upplýstir. Nefndin var spurð: Á að kaupa þyrlu eða ekki, já eða nei? Enginn þarf að ganga lengi að því gruflandi hvernig svarið hlaut að verða. Menn eru mjög jákvæðir, það hefur verið fengin jákvæð afstaða til till. um að þyrlur skuli keyptar, hvað sem það svo þýðir. Mér skilst af svari ráðh. að Landhelgisgæslan hafi fengið leyfi til að leigja þyrlur. Og þá er manni náttúrlega spurn: Hvers vegna í ósköpunum var það ekki gert strax, úr því að það var vitað löngu fyrir fram að það tæki langan tíma að afhenda þyrlurnar, og síðan með einhverjum hætti undirbúin betur þau kaup sem hugsanlega kynnu að verða ákveðin, eða þannig sko, heyrðist mér hæstv. ráðh. vera að reyna að svara.

Um annan lið þessarar spurningar: Verða Alþingi kynntar umsagnir Slysavarnafélags Íslands, Flugbjörgunarsveitarinnar, Hjálparsveitar skáta, þ. e. þeirra stofnana sem hér starfa að björgunarmálum auk Landhelgisgæslunnar, var ekkert sagt annað en það að birst hefðu áskoranir í blöðum undanfarið. Og hvers vegna er þetta svar svohljóðandi? Það er auðvitað vegna þess að aldrei hefur verið leitað umsagna þessara aðila. Enginn þessara aðila hefur haft umsögn um þetta mál. Og manni er þá næst að spyrja: Hvernig í ósköpunum ætla menn að taka þessa ákvörðun svona gersamlega yfir höfuðið á öllum þeim aðilum sem hér starfa, bæði sjálfboðaliðar og aðrir að björgunarstörfum, á ekki að ætla þeim einu sinni þann rétt að hafa umsögn um verkefni þessarar þyrlu sem öðrum þræði á að sinna björgunarstörfum?

Hæstv. dómsmrh. reyndi að gera lítið úr þeirri frétt sem ég nefndi hér í blaðinu Flight International frá 10. febrúar s. l. Ég hefði svo sem alveg eins getað tekið undir það ef hér hefði verið um frétt í einhverju íslensku dagblaði að ræða, en Flight International er mjög virt og útbreitt tímarit og yfirleitt ekki þekkt að því að fara með fleipur, þannig að þegar menn lesa þessa frétt erlendis þá taka þeir mark á henni á svipaðan hátt eins og þegar þeir lesa þá frétt í Aviation Week and Space Technology að það fyrirtæki sem helst er horft á í þyrlukaupahugmyndum Íslendinga er nánast á hausnum þessa dagana, alla vega í það miklum kröggum að framleiðsla þess hefur dregist saman um tugi prósenta og mjög óvíst um að þeir geti afhent þau tæki sem þeir hafa samið um sölu á nema með eins eða tveggja ára drætti á afhendingu. Og ég vil taka undir óskir hv. 4. þm. Suðurl. að ekki einungis sú nefnd sem skipuð var á sínum tíma fái að ræða þau mál sem hér um ræðir, heldur líka að þm. fái síðan að skoða þá umr. og reyna að skapa sér afstöðu til hennar og að menn sjái sóma sinn í því hér framvegis að fara ekki með mál eins og þessi, jafnalvarleg eins og þau eru, í þá launkofa sem það hefur verið í s. l. tvo mánuði.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þegar þyrlukaup, þyrlurekstur ber á góma verður mönnum gjarnan heitt í hamsi, að maður nú ekki tali um björgunarflug eða Björgunarsveit varnarliðsins. Mér datt því í hug í þessu sambandi að rifja upp minnisblað sem fyrrv. flugmálastjóri Agnar Kofoed-Hansen lét mér eitt sinn í té, með leyfi forseta, því að mér finnst að menn séu oft heldur fákunnandi um aðdraganda þessara mála:

„Í mars—apríl 1946 stóð fyrsta ráðstefna ICAO, þá PICAO, um málefni flugs og flugöryggis á Norður-Atlantshafi. Á dagskrá ráðstefnunnar voru málefni varðandi stofnun og staðsetningu framtíðarskipulags flugbjörgunarsveita fyrir Norður-Atlantshaf. Eftir miklar umr. var m. a. samþykkt að flugbjörgunarsveit skyldi staðsett á Íslandi, kostuð af alþjóðafé og rekin af Íslendingum. Bretar höfðu beitt sér gegn þessari samþykkt þar sem í þeirra hlut hlaut að koma allstórt framlag af sameiginlegum kostnaði. Sneru þeir sér því til Bandaríkjanna og fóru fram á það að þeir tækju að sér að reka þessa þjónustu á sinn kostnað meðan þau héldu aðstöðu á Keflavíkurflugvelli. Var að sjálfsögðu á þetta fallist af öllum aðilum af hagkvæmnisástæðum.

Þannig er því tilkoma hinnar alþjóðlegu flugbjörgunarstöðvar á Keflavíkurflugvelli sem veitt hefur mörgum þjóðum, þ. á m. Sovétmönnum og Íslendingum, ómetanlega þjónustu á undanförnum áratugum. Allt tal um það að Íslendingar geti ekki verið þekktir fyrir að láta Bandaríkjamenn bjarga íslenskum mannslífum á sjó eða landi er því með öllu óskiljanleg staðhæfing þar sem hér er um hlekk úr alþjóðlegu kerfi að ræða.

Kaup stórrar þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna, til þess að hún geti tekið þetta verkefni að sér, eru einnig út í bláinn. Til þess þyrfti að koma upp algerlega hliðstæðri þjónustu við þá sem nú er á Keflavíkurflugvelli, en það mundi árlega hafa milljarðakostnað í för með sér.

Hjálagt leyfi ég mér að senda upplýsingar um fyrirkomulag starfsemi þessarar í nágrannalöndunum sem einnig er hluti af heildarskipulagi flugbjörgunarþjónustu á Norður-Atlantshafi skv. samþykkt í mars 1946 í Dublin."

Þetta vildi ég leyfa mér að rifja upp nú til skýringa. En þó ég hafi látið þessi orð falla og upplýsingar skal það skýrt tekið fram að ég er heils hugar fylgjandi því að Landhelgisgæsla Íslands verði sem allra best búin gæslu- og björgunartækjum, skipum, flugvélum og þyrlum með fullkomnasta öryggis- og tæknibúnaði sem völ er á og svarar kröfum tímans. Hlutverk Gæslunnar

er vissulega mikilvægt hér eftir sem hingað til. Hana verðum við að efla svo sem frekast er kostur og fjárhagur leyfir eins og nágrannaþjóðir okkar telja sér skylt og sjálfsagt.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Þar sem í annað sinn á tiltölulega skömmum tíma á þinginu í vetur koma nú til umfjöllunar störf þingkjörinnar nefndar sem átti að skoða starfsemi Landhelgisgæslunnar þykir mér tilhlýðilegt að gera örstutta grein fyrir því sem við höfum verið að fást við að undanförnu, þessi þingkjörna nefnd sem ég er formaður fyrir. Jafnframt vil ég að þegar verið er að tala hér um nefnd sem er að skoða þyrlurekstur Landhelgisgæslunnar átti menn sig á því að þá er verið að tala um sérstakan starfshóp sem forstjóri Landhelgisgæslunnar skipaði og í eiga sæti tveir eða þrír starfsmenn Landhelgisgæslunnar og einn starfsmaður fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Nauðsynlegt er að mönnum sé það ljóst að hér er annars vegar verið að tala um till. hans og hugmyndir um val á þyrlutegund fyrir Landhelgisgæsluna og hins vegar það álit sem þingkjörna nefndin lét frá sér fara um málið.

Eins og fram kom í máli hæstv. dómsmrh. var það að hans ósk að þingkjörna nefndin tók málið til skoðunar og umfjöllunar og við fengum frá honum send þau gögn sem honum hafði borist um málið, þ. á m. álit þessa starfshóps sem forstjóri Landhelgisgæslunnar skipaði sérstaklega.

Eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Suðurl., Garðars Sigurðssonar, sem á sæti í þingkjörnu nefndinni, var það rétt að við töldum það ekki hlutverk okkar í þessari þingkjörnu nefnd að fjalla um það hvaða þyrlutegund ætti að kaupa, a. m. k. ekki á þessu stigi án frekari tilmæla. Ef við hins vegar hefðum fengið þau eða mundum fá slík tilmæli mundum við taka málið upp að nýju. En eins og það var fyrir lagt töldum við það ekki vera okkar hlutverk. Nefndin þyrfti líka sérfræðilega aðstoð ef hún ætti að skoða málið í því ljósi og gefa upplýsingar um þyrlutegundir, um það hvað einstök tegund hefði umfram aðra, bera saman verð o. s. frv., o. s. frv. Þetta gerðum við ekki heldur lögðum við til að Landhelgisgæslunni yrði útveguð þyrla, hún eignaðist þyrlu sambærilega við þá vél sem fórst í vetur, TF Rán, þyrlu sem hefði sömu eða hliðstæða möguleika til þess að vinna að gæslustörfum, björgunar- og hjálparstörfum eins og Rán gerði. Við teljum að eðlilegt sé að Landhelgisgæslan hafi slíka vél til umráða og eigi slíka vél. Hins vegar bentum við á að hugsanlegt væri á þessu stigi að leigja vél að sinni til þess að þjóna þessu verkefni meðan verið væri að semja um kaup á þeirri vél sem menn teldu að réttast væri að Gæslan ætti og ræki. Ég ætla ekki á þessu stigi — enda vart tími til þess — að fjalla neitt um það frekar.

Við fengum álit þessa starfshóps frá Landhelgisgæslunni þar sem fjallað er um hvaða vél ætti að kaupa og þeirra álit á því. Þeir skoðuðu sérstaklega fjórar þyrlutegundir sem þeir töldu að hefðu hliðstæða möguleika og sú vél sem Gæslan átti. Sýnist sjálfsagt sitt hverjum um þær niðurstöður. En við í þessari þingkjörnu nefnd töldum það ekki okkar hlutverk á þessu stigi að skoða það mál nánar, eins og ég hef áður gert grein fyrir, heldur fyrst og fremst að leggja til að Landhelgisgæslan keypti og ætti þyrlu og sem hefði sambærilega möguleika og TF Rán hafði.

Í fsp. er einnig spurt um samstarf við varnarliðið. Við í þingkjörnu nefndinni teljum að það mál megi hugsanlega athuga en það er bara ekki tímabært eins og er. Á döfinni eru veigamiklar breytingar á rekstri varnarliðsins á þeim þyrlum sem það hefur til umráða nú. Við þurfum þess vegna að leysa okkar mál á annan hátt og þá í samræmi við það sem verið hefur og við teljum rétt og eðlilegt að Landhelgisgæslan geri.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Fyrirspyrjandi taldi að það væri lítið eða ekkert á þeim svörum sem ég gaf að græða. Kannske er mín afsökun að ég skil ekki almennilega hvað hv. fyrirspyrjandi er að fara í sínum spurningum. Ég vil þó strax láta í ljós furðu mína á því hvernig hér hefur verið talað um starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem hafa þó stundað þessi störf um langt skeið og hafa held ég ekki aðrir meiri reynslu í þessum málum heldur en þeir. Það er furðulegt að halda því fram að ekki hafi komið fram álit þeirra sem mesta reynsluna hafa. En ég skýrði frá því að ríkisstj. hefði talið rétt að skoða þessi mál betur, þ. e. hvaða gerð eða hvers konar þyrlu væri heppilegast að kaupa með tilliti til flugrekstrar ríkisins almennt. Og ef ég á að fara að gefa einhverjar yfirlýsingar um það hér hvernig málum verður hagað, áður en niðurstaða af þeirri athugun liggur fyrir, þá finnst mér það sé til of mikils mælst af hv. fyrirspyrjanda. Ég vil hins vegar að það liggi skýrt fyrir að ég tel æskilegt að þetta mál sé skoðað frá sem flestum hliðum og ítarlegast. Ég hélt að það hefði komið fram í máli mínu, og mér skildist einmitt að það væri það sem hv. fyrirspyrjandi væri að leggja áherslu á, að það yrði athugað nánar en þegar hefði verið gert, en á meðan yrði útveguð þyrla sem gæti gegnt svipuðu hlutverki og þyrlan gerði sem fórst, þannig að það yrði ekki of langt hlé á þessari starfsemi Landhelgisgæslunnar.

Ég held að hv. fyrirspyrjandi og eins hv. 4. þm. Surðurl. séu hér að gera ráð fyrir ágreiningi okkar á milli. Ég held að það sé a. m. k. að verulegu leyti á misskilningi byggt. Ég held að það vaki það sama fyrir okkur öllum: að fá þau tæki sem heppilegust eru, en til þess þurfi málið þá ítarlegri skoðun.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þetta er allt of stuttur tími til að ræða málið.

Menn hafa ekki aðeins verið að tala um þyrlu heldur þyrlur. Það er svo að þyrlur eru ákaflega dýr tæki. Tæki af þessari tegund, sem um er að ræða, kostar með öllum búnaði a. m. k. 90 millj. kr. hvert stykki. Það er ljóst að ef menn hafa eina þyrlu í rekstri þarf meiri varahluti en handa tveimur þyrlum, ósköp einfaldlega vegna þess að þegar einn varahlutur fer í annarri stendur hin tilbúin til flugs. Þyrla númer tvö er þá hreinlega til vara. Það eru ríkir menn í svona litlu þjóðfélagi sem hafa efni á því að láta 90 millj. kr. stykki standa til vara nema einstaka sinnum þegar þarf að grípa til.

Það er mín skoðun að við eigum að reka eina burðuga þyrlu. Þegar hún þarf að fara í skoðun og lagfæringu getum við notast við aðstoð Bandaríkjamanna eins og við höfum gert. Íslendingar bjarga öðrum þegar þeir eiga þess kost og Bandaríkjamönnum einnig. Það bjargar auðvitað hver öðrum, alveg sama af hvaða þjóðerni. Það er engin skömm að styðjast við það, síður

en svo.

Ég undrast dálítið orð hæstv. dómsmrh. þegar hann talar af vandlætingu um að við skulum tala svona um starfsmenn Gæslunnar. Í þessari nefnd, með stjórnmálafræðinginn úr Framsfl. í fararbroddi, eru auðvitað ekki starfsmenn Gæslunnar. En ég talaði svona um starfsmenn Gæslunnar vegna þess að sporin hræða. Muna menn eftir því hvers konar vélar hafa verið keyptar? Katalínaflugbátur, DC 4 Skymastervél, tveir Grumman bátar, sem hafa varla komist í loftið og annar kannske aldrei, og síðan Fokker, 50 manna vél sem kostar þrisvar sinnum meira á flugtíma að reka en minni vél.

Ég tek alveg undir það að við eigum að efla Gæsluna. Með hverju verður hún efld? Verður hún efld með því að kaupa þrisvar sinnum dýrari tæki sem er þrisvar sinnum dýrara að reka? Við höfum ákveðið fjármagn og það fjármagn hlýtur að vera í eðli sínu takmarkað. Ef við horfumst í augu við þá staðreynd að fjármagnið er takmarkað þurfum við að haga gæslunni þannig að vel sé farið með peningana, að við stundum ódýrari rekstur sem gerir sama gagn og við fáum meiri gæslu út úr því. Það er staðreyndin í málinu. Og ég treysti Gæslunni ekki nú fremur en fyrri daginn til þess að velja heppilegustu tæki, hvað svo sem hæstv. dómsmrh. segir, og ég skammast mín ekkert fyrir að nefna það, enda er þetta sagt á opinberum vettvangi og þeir geta gagnrýnt það ef þeir vilja.

Ég legg á það áherslu við hæstv. dómsmrh. vegna þess sem ég hef sagt og margir aðrir í þessu þjóðfélagi, sem þekkja þetta mál: Formaður þessarar nefndar, Þórður Ingvi Guðmundsson, hefur auðvitað ekkert vit á flugi. Það er alveg skelfilegt að setja formann í svona nefnd sem þekkir ekkert til slíkra hluta. Auðvitað á að velja menn í þetta sem hafa haft eitthvert inngrip í flug. Og það á ekki heldur að velja menn í þessa nefnd sem hafa valið vitlausa kosti áður, jafnvel þó þeir séu tengdir Gæslunni. Það er hinn voðalegasti misskilningur að þeim sé best treystandi sem hafa verið að starfa í Landhelgisgæslunni í þessum efnum. Þetta er sérhæft mál. Ég vil minna hæstv. dómsmrh. á erindi sem honum hefur verið sent, sem ég hef í höndum, frá einum þekktum starfsmanni Gæslunnar, þar sem hann ræðir flugvélamál af svo óskaplegri vanþekkingu og misskilningi að það er ekki ein einasta brú í nokkurri einustu málsgrein í bréfinu.

Vegna þess sem ég hef nú sagt er nauðsynlegt að gera opinberlega grein fyrir málinu og það verður gert. En, herra forseti, tíminn er stuttur. Ég vil þó nota nokkrar sekúndur til að biðja hæstv. dómsmrh. að fela þessi verkefni mönnum sem hafa þekkingu á þeim.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að andmæla hæstv. dómsmrh. í því að við höfum nokkuð lík markmið í því að efla skuli Landhelgisgæsluna, en fyrst verða menn að gera sér grein fyrir því til hvers Landhelgisgæslan er, þ. e. hvert er verksvið hennar og verkefni, en ekki, eins og farið hefur verið að í því máli sem hér er rætt, að fyrst leiti menn tilboða í að kaupa einhvern hlut og síðan fari þeir að hugsa og komist þá að þeirri niðurstöðu að þeir þurfi að hugsa enn þá meira. Ég tel þetta afskaplega talandi og ljóst dæmi um það hvernig þessu landi er stjórnað þessa dagana. Einu ákvarðanirnar sem menn taka eru nánast að hugsa meira, skoða meira, en láta það vera að taka ákvarðanir sem á einhvern hátt leiða til framfara og árangurs í þeim málum sem um ræðir.

Sameinað þing, 83. fundur.

Þriðjudaginn 24. apríl, að loknum 82. fundi.

Sala á íslenskri sérþekkingu erlendis, þáltill. 313. mál (þskj. 621). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framburðarkennsla í íslensku, þáltill. 268. mál (þskj. 514). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kynning á líftækni, þáltill. 278. mál (þskj. 535). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Greiðslukort, þáltill. 283. mál (þskj. 542). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 30:5 atkv.

Kennslugagnamiðstöðvar, þáltill. 287. mál (þskj. 550). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hætta af Skeiðarárhlaupum, þáltill. 291. mál (þskj. 565). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Heildarúttekt á stöðu íþrótta í landinu, þáltill. 307. mál (þskj. 596). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Sameinað þing, 24. apríl.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Helga Seljan um skuldabréfakaup lífeyrissjóða, á þskj. 549.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve mikið keyptu lífeyrissjóðirnir af skuldabréfum af Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði og ríkissjóði í samræmi við lánsfjárlög 1983? Sundurliðun óskast eftir sjóðum.
2. Hve hátt hlutfall voru þessi skuldabréfakaup af ráðstöfunarfé einstakra lífeyrissjóða það ár? Sundurliðun óskast eftir sjóðum.
3. Hvað er hverjum lífeyrissjóði ætlað að kaupa af skuldabréfum skv. áætlun fjármálaráðuneytis 1984?

Skriflegt svar óskast.

Svar við 1. og 2. tölulið.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða af fjárfestingarlánasjóðum á árinu 1983.

Heildarkaup lífeyrissjóða á veðskuldabréfum af fjárfestingarlánasjóðum námu 840,6 m. kr. á árinu 1983 og er það 79% hækkun frá fyrra ári. Skuldabréfakaup af hinum opinberu fjárfestingarlánasjóðum námu 653,5 m. kr. sem er hækkun frá 1982 um 81,9%, en frá öðrum námu kaupin 187,1 m. kr. eða hækkun frá fyrra ári um 71%.

Lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir að 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna næmi 804 m. kr. á árinu 1983 og gengi til hinna opinberu fjárfestingarlánasjóða. Af heildarkaupum lífeyrissjóðanna gengu 78% til opinberu sjóðanna en 22% til annarra. Kaup lífeyrissjóðanna af opinberum sjóðum námu 81% af áætluðum kaupum samkvæmt lánsfjáráætlun sem er hærra hlutfall en var á árinu 1982. Kaup lífeyrissjóðanna af hinum opinberu sjóðum voru 151 m. kr. lægri en lánsfjáráætlun áformaði, en ef litið er til heildarkaupanna þá ráðstafa lífeyrissjóðirnir um 38% af endurskoðaðri áætlun um ráðstöfunarfé til veðskuldabréfakaupa af fjárfestingarlánasjóðum.

	Kaup til		Aukning	Lánsfjáráætlun	
Opinberir fjárfestingarlánasjóðir (m. kr.)	31/12'83	31/12'82	%	Fjárhæð	%
Byggingarsjóður ríkisins	267,7	128,9	107,7	321,0	83
Byggingarsjóður verkamanna	117,6	66,8	76,0	158,0	74
Framkvæmdasjóður Íslands	145,9	90,3	61,6	230,0	63
Ríkissjóður	87,0	55,0	58,2	85,0	102
Stofnlánadeild landbúnaðarins	35,3	18,3	92,9	10,0	253
Samtals	653,5	359,3	81,9	804,0	81
Aðrir fjárfestingarlánasjóðir (m. kr.)					
Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf.	90,6	50,0	81,2		
Verslunarlánasjóður	64,0	33,5	91,0		
Stofnlánadeild samvinnufélaga	32,5	25,9	25,5		
Samtals	187,1	109,4	71,0		
Alls	840,6	468,7	79,3		

Veðskuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af opinberum fjárfestingarlánasjóðum á árinu 1983.

		Byggingar-sjóður ríkisins	Byggingar-sjóður verkam.	Fram-kvæmda-sjóður	ríkis-sjóður	kaup alls	Áætluð kaup (40%)	Kaup alls í hlutfalli við áætluð kaup
Eftirlaunasjóður	Hafnarfjarðarkaupstaðar	2 000				2 000	2 000	100,0%
„	starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka	4 000		16 000		20 000	28 000	71,4%
Lífeyrissjóður	ASB og BSFÍ	1 000				1 000	1.200	83,3%
„	bókagerðarmanna	7 500				7 500	9 200	81,5%
„	Bolungarvíkur	1 930		1 000		2 930	3 800	77,1%
„	byggingarmanna	5 400	13 000			18 400	20 000	92,0%
„	Dagsbrúnar og Framsóknar	8 000	26 000			34 000	38 000	89,4%
„	Félags ísl. hljómlistarmanna	100	100			200	1 500	13,3%
„	Félags leiðsögumanna	270				270		0%
„	flugvirkja	4 700				4 700	4 600	102,2%
„	Hlífar og Framtíðar	5 500	5 500			11 000	12 800	85,9%
„	ísl. stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli	1 200				1 200	2 200	54,5%
„	málm- og skipasmiða	7 700	7 000			14 700	24 000	61,3%
„	matreiðslumanna	1 200				1 200	2 700	44,4%
„	múrara	3 200				3 200	4 800	66,7%
„	rafiðnaðarmanna	4 000	6 000			10 000	14 000	71,4%
„	Rangæinga	2 200				2 200	4 400	50,0%
„	SÍS	4 000		21 000		25 000	48 800	51,2%
„	sjómanna	35 000		10 000	25 000	70 000	50 000	140,0%
„	slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli	3 100				3 100	2 600	119,2%
„	Sóknar	700	4 000	10 700		15 400	16 400	93,9%
„	starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	400				400	1 400	28,6%
„	starfsmanna ríkisins	50 000			62 000	112 000	140 000	80,0%
„	stéttarfélaga í Skagafirði	1 800				1 800	2 300	78,3%
„	verkafólks í Grindavík	2 600				2 600	2 200	118,2%
„	verkalýðsfélaga á Suðurlandi	8 300				8 300	6 800	122,1%
„	verkalýðsfélaga á Suðurnesjum	15 800				15 800	17 200	91,9%
„	verkfræðinga	2 900				2 900	8 800	33,0%
„	verkstjóra	3 000	1 000			4 000	11 200	35,7%
„	verslunarmanna	22 500				22 500	116 000	19,4%
„	Vestfirðinga	10 599	3 165			13 764	17 200	80,0%
„	Vestmannaeyinga	4 000		8 000		12 000	12 000	100,0%
„	Vesturlands	5 950	5 750			11 700	12 800	91,4%
Lífeyrissjóðurinn	Hlíf	4 400		400		4 800	5 200	92,3%
„	Sameining	10 100	4 900			15 000	15 200	98,7%

Söfnunarsjóður	lífeyrisréttinda	....	22 620		22 620	18 000	125,7%	
Lífeyrissjóður	blaðamanna	....		2 800	2 800	3 000	93,3%	
„	Félags garðyrkjumanna	....		500	500	500	100,0%	
„	leigubifreiðastjóra	....		1 600	1 600	1 600	100,0%	
„	bænda	....		15 000	15 000	35 200	42,6%	
„	Arkitektafélags Íslands	....		100	100	600	16,7%	
„	verksmiðja SÍS, Akureyri	....		1 500	1 500	4 800	31,3%	
Eftirlaunasjóður	atvinnuflugmanna	....		2 000	2 000	12 000	16,7%	
„	Búnaðarbanka Íslands	....		6 600	6 600	6 600	100,0%	
„	Sláturfélags Suðurlands	....		4 000	4 000	5 400	74,0%	
Lífeyrissjóðurinn	Skjöldur	....		3 500	3 500	4 600	76,0%	
Almennur lífeyrissjóður	iðnaðarmanna	....			0	3 700	0%	
Eftirlaunasjóður	Rafha	....			0	200	0%	
„	Akureyrar	....			0	3 200	0%	
„	Keflavíkur	....			0	1 400	0%	
„	Olíufélagsins Skeljungs hf.	....			0	2 900	0%	
„	Olíuverslunar Íslands hf.	....			0	3 400	0%	
„	Útvegsbanka Íslands	....			0	5 400	0%	
Elli- og örorkusjóður	lækna	....			0	2 000	0%	
Lífeyrissjóður	apótekara og lyfjafræðinga	....			0	4 000	0%	
„	byggingariðnaðarmanna, Hafnarfirði	....			0	1 800	0%	
„	leikara	....			0	1 100	0%	
„	Akraneskaupstaðar	....	1 000		1 000	1 800	55,6%	
„	Austurlands	....	12 000		12 000	12 000	100,0%	
„	Kópavogskaupstaðar	....	2 000		2 000	3 400	58,8%	
„	Landssambands vörubifreiðastjóra	....	3 000		3 000	3 000	100,0%	
„	trésmiða, Akureyri	....	1 000		1 000	1 900	52,6%	
„	verkalýðsfélaga Norðurlandi vestra	....	3 700		3 700	8 100	45,7%	
„	verkamanna, Hvammstanga	....	1 200		1 200	1 800	66,7%	
„	verksmiðjufólks	....	6 000		6 000	19 200	31,3%	
Lífeyrissjóðurinn	Björg, Húsavík	....	10 100		10 100	7 600	132,9%	
Lífeyrissjóður	verkamannafélagsins Öldunnar, Húsavík	....	710		710	—	0%	
Vinnudeilusjóður	Verkamannafélagsins Dagsbrúnar	....	450		450	—	0%	
Lífeyrissjóður	Mjólkursamsölunnar	....		2 300	2 300	3 800	60,5%	
„	Hf. Eimskipafélags Íslands	....		6 000	6 000	7 000	85,7%	
„	lækna	....		13 500	13 500	11 200	120,5%	
„	Félags framreiðslumanna	....		250	250	1 200	20,8%	
„	starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar	....		2 000	2 000	2 000	100,0%	
„	Tannlæknafélags Íslands	....		900	900	1 400	64,3%	
„	hjúkrunarkvenna	....		12 000	12 000	10 000	120,0%	

Veðskuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af opinberum fjárfestingarlánasjóðum á árinu 1983.

		Byggingar-sjóður ríkisins	Byggingar-sjóður verkam.	Fram-kvæmda-sjóður	ríkis-sjóður	kaup alls	Áætluð kaup (40%)	Kaup alls í hlutfalli við áætluð kaup
„	Tæknifræðingafélags Íslands			3 500		3 500	3 500	100,0%
„	starfsmanna SÍF			700		700	1 000	70,0%
„	starfsmanna í veitingahúsum					0	3 800	0%
„	Iðju, Akureyri					0	1 400	0%
„	iðnaðarmanna, Suðurnesjum					0	300	0%
„	KEA					0	8 000	0%
„	lögmanna					0	600	0%
„	Neskaupstaðar					0	500	0%
„	Nótar					0	400	0%
„	starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar					0	600	0%
Frjálsi	lífeyrissjóðurinn					0	1 600	0%
						618 094	897 800	

Svar við 3. tölulið.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða af opinberum fjárfestingarlánasjóðum á árinu 1984.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1984 er gert ráð fyrir að það nemi 2,5 milljörðum kr. sem er hækkun um 6,4% frá endurskoðaðri áætlun 1983. 40% kaupskylda nemur því um einum milljarði kr.

Samkvæmt lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að af 1,0 milljarði verðbréfakaupa lífeyrissjóðanna gangi 920 m. kr. til opinberra sjóða sem greinist þannig:

Fjárhæðir í milljónum kr.	Áætluð kaup	Dreifist skv. áætlun	Kaup til marsloka
Byggingarsjóður ríkisins	525	567	120
Byggingarsjóður verkamanna	165	180	42
Framkvæmdasjóður Íslands	110	172	20
Ríkissjóður	120	120	15
Samtals	920	1 039	197

Áætlun hér á eftir greinir skuldabréfakaup einstakra lífeyrissjóða af einstökum fjárfestingarlánasjóðum hins opinbera eftir mánuðum. Hins vegar er ekki tekin afstaða til kaupa einstakra lífeyrissjóða af öðrum fjárfestingarlánasjóðum.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna á árinu 1984.

Nafn lífeyrissjóðs (fjárhæðir í m. kr.)	Áætluð kaup 1984	Kaup til 31. mars 1984	Eftirstöðvar kaupa	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Lífeyrissjóður verslunarmanna	135,0	14,0	121,0[B]	10,0	10,0	10,0	13,0	13,0	13,0	13,0	19,0	20,0
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	162,0	15,0	147,0[R/B]	16,0[R]	16,0[R]	16,0[R]	16,0[R]	16,0[R]	16,0[R]	16,0[R]	16,0[B]	19,0[B]
Lífeyrissjóður SÍS	56,6	6,0	50,6[F]	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	10,6
Lífeyrissjóður sjómanna	58,0	45,0	13,0[B]	—	—	10,0		3,0				
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar	44,0	20,0	24,0[V]	2,0	3,0	—	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	4,0
Lífeyrissjóður bænda	41,0	5,0	36,0[F]	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	20,0	4,7	15,3[B]	2,0	3,0	2,0	1,0	1,0	1,0	2,0	1,0	2,3
Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða	27,8	4,0	23,8[B]	2,0	3,0	4,0	2,0	3,0	4,0	3,0	1,0	1,8
Lífeyrissjóður starfsmanna Landsbanka/Seðlabanka	32,5	5,0	27,5[B]	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,5
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurnesjum	20,0	3,0	17,0[B]	2,0	1,0	1,0	3,0	3,0	3,0	1,0	1,0	2,0
Lífeyrissjóðurinn Sameining, Akureyri	17,6	3,3	14,3[B]	1,0	1,5	2,0	2,0	1,5	2,0	1,0	1,0	2,3
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	21,0	9,8	11,2[B]	2,0	1,5	1,5	1,5	2,0	2,0	0,7		
Lífeyrissjóður byggingarmanna	23,2	8,0	15,2[V]	1,5	3,0	2,0	2,0	3,0	2,0	1,7		
Lífeyrissjóður verksmiðjufólks	22,3	1,0	21,3[V]	2,0	2,0	2,5	2,5	2,5	2,5	2,0	3,0	2,3
Lífeyrissjóður Austurlands	13,9	0,7	13,2[V]	3,0	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	—	1,2
Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna	16,2		16,2[V]	4,0	3,0	2,0	2,0	2,0	1,0	1,0	—	1,2
Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga	13,9	3,0	10,9[B]	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,5	2,4
Lífeyrissjóður Hlífar og Framtíðarinnar	14,8	3,0	11,8[B]	1,0	1,0	1,0	1,5	1,5	1,0	1,0	1,0	2,8
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	—	—	—									
Lífeyrissjóður atvinnuflugmanna	13,9	1,5	12,4[F]	1,3	1,0	1,0	1,5	1,5	1,5	1,5	1,0	2,1
Lífeyrissjóður verkstjóra	13,0	1,0	12,0[B]	2,0	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	2,0
Lífeyrissjóður lækna	13,0	4,0	9,0[F]	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5			
Lífeyrissjóður bókagerðarmanna	10,7	3,0	7,7[B]	1,0	1,0	1,0	—	1,0	1,0	1,0	1,0	0,7
Lífeyrissjóður Vesturlands	14,8	6,5	8,3[B]	—	1,0	2,0	1,0	1,0	2,0	1,3		
Lífeyrissjóður Sóknar	19,0	3,0	16,0[F/V]	2,0[V]	2,0[F]	2,0[V]	1,5[F]	1,5[V]	1,5[V]	2,0[F]	1,0[F]	2,5[F]
Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar	3,7		3,7[B]	1,0	0,5	0,5	0,5	—	0,5	—	—	0,7
Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar	2,3		2,3[B]	1,0	—	—	0,5	—	—	0,8		
Eftirlaunasjóður Keflavíkurkaupstaðar	1,6		1,6[B]	0,5			0,5				0,6	
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	6,3		6,3[F]	1,0	1,0	0,5	0,5	1,0	0,5	0,5	0,5	0.8
Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbankans	7,7		7,7[F]	2,0	1,0	—	—	1,0	—	2,0	—	1,7
Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíufélagsins Skeljungs hf.	3,4		3,4[B]	1,0			1,0			1,0		0,4
Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíuverslunar Íslands hf.	3,9		3,9[B]	1,0		1,0			1,0		0,9	
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	6,3		6,3[B]	2,0			2,0			2,0		0,3
Elli- og örorkutryggingasjóður lækna	2,3		2,3[B]	1,0					1,0			0,3
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	2,1		2,1[V]	0,5		0,5		0,5		0,5		0,1
Lífeyrissjóður Arkitektafélags Íslands	0,7	0,1	0,6[F]	0,1	0,1	0,1	0,1	—	—	0,1	0,1	
Lífeyrissjóður ASB og BSFÍ	1,4		1,4[B]	0,5		0,2		0,3		0,2		0,2
Lífeyrissjóður blaðamanna	3,5		3,5[B]	1,0		0,5		0,5	0,5		0,5	0,5
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	4,4	2,4	2,0[B]	—	0,5	—	1,0		0,5			
Lífeyrissjóður Hf. Eimskipafélags Íslands	8,1	2,0	6,1[V]			1,0		1,0	1,0	2,0		1,1
Lífeyrissjóður Félags garðyrkjumanna	0,6		0,6[F]	0,2		0,1		0,2			0,1	
Lífeyrissjóður Félags ísl. hljómlistarmanna	1,7	0,1	1,6[B]	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	—	0,2	0,2	0,2

Lífeyrissjóður Félags íslenskra leikara	1,3	0,1	1,2[V]	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1
Lífeyrissjóður Félags starfsmanna í veitingahúsum	4,4		4,4[B]	1,5	0,5	0,5	0,5	—	0,5	—	0,5	0,4
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	5,3	3,0	2,3[B]	—	1,0	—	1,0		0,3			
Lífeyrissjóður Félags framreiðslumanna	1,4		1,4[F]	0,5		0,5			0,4			
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	11,6	2,0	9,6[V]	2,0		2,0		2,0		2,0		1,6
Lífeyrissjóður Iðju á Akureyri	1,6		1,6[V]	0,5			0,5				0,6	
Lífeyrissjóður Iðnaðarmannafélags Suðurnesja	0,3		0,3[B]			0,3						
Lífeyrissjóður stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli	2,6		2,6[B]	1,0			0,5		0,5			0,6
Lífeyrissjóður Kópavogskaupstaðar	3,9	1,0	2,9[V]				1,0			1,0		0,9
Lífeyrissjóður Landssambands vörubifreiðastjóra	3,5	5,0	—									
Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra	1,9		1,9[F]	0,5		0,5			0,5			0,4
Lífeyrissjóður matreiðslumanna	3,1	0,5	2,6[B]	0,5		0,5		0,5		0,5		0,6
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	4,4		4,4[F]	1,0		1,0		1,0			1,4	
Lífeyrissjóður múrara	5,6		5,6[B]	1,5		1,0			1,0		1,0	1,1
Lífeyrissjóður Nótar, félags netagerðarfólks	0,5		0,5[B]				0,5					
Lífeyrissjóður Rangæinga	5,1		5,1[B]	1,0		1,0		1,0		1,0		1,1
Lífeyrissjóður slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli	3,0		3,0[B]	1,0		0,5		0,5	0,5		0,5	
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju	2,3		2,3[F]	0,5			0,5		1,0			0,3
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurbæjar	1,6		1,6[B]	0,5				0,5			0,6	
Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði	2,7	1,0	1,7[B]			0,5		0,5		0,7		
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1,6	0,2	1,4[F]	0,5			0,5				0,4	
Lífeyrissjóður trésmiða á Akureyri	2,2		2,2[V]	0,5		0,5		0,5		0,5		0,2
Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands	4,0	0,6	3,4[F]	0,4		0,6		0,5	0,5	0,5	0,5	0,4
Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík	2,6	0,6	2,0[B]		0,5		0,5		0,5		0,5	
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra	9,4		9,4[V]	2,0		1,0		1,0		2,0	1,5	1,9
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi	7,9	5,0	2,9[B]		1,0			1,9				
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga, Hvammstanga	2,1	0,3	1,8[V]	0,5		0,5			0,5		0,3	
Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands	10,2		10,2[B]	2,0		1,0		2,0	1,0		2,0	2,2
Lífeyrissjóðurinn Björg, Húsavík	8,8	1,0	7,8[V]	1,5	1,0		1,0		1,0		1,5	1,8
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	6,0		6,0[B]	2,0	1,0			1,0		1,0	1,0	
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	5,3	0,7	4,6[F]		1,0	0,5	0,5	1,0		0,5	0,5	0,6
Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF	1,1	0,2	0,9[B]		0,2		0,2		0,2		0,3	
Lífeyrissjóður apótekara og lyfjafræðinga	4,6	0,3	4,3[B]	0,5	0,5		0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,8
Lífeyrissjóður KEA	9,3		9,3[B]	3,0		1,0		1,0	1,0	1,0	1,0	1,3
Lífeyrissjóður lögmanna	0,7		0,7[B]	0,2		0,2			0,2		0,1	
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	0,6	0,5	0,1[B]		0,1							
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar	0,7		0,7[B]	0,4			0,3					
Lífeyrissjóður verksmiðja KEA, Akureyri	5,6		5,6[B]	2,0			0,5		1,0		1,0	1,1
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	1,9		1,9[B]	0,5			0,5			0,5		0,4
Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna	4,3	0,3	4,0[B]	1,0		0,5		0,5		1,0		1,0
Samtals	1 039,2	196,4	842,8	111,6	81,2	95,8	85,9	97,2	89,8	88,8	82,2	111,8

Sjóðir:
B—Byggingarsjóður ríkisins.
F—Framkvæmdasjóður Íslands.
R—Ríkissjóður.
U—Byggingarsjóður verkamanna.

Efri deild, 84. fundur.

Miðvikudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 149. mál (þskj. 664). — Ein umr.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Hér er til umr. frv. til l. um breyt. um lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þetta frv. var afgreitt héðan frá þessari hv. deild fyrr á þingtímanum, en við 2. umr. í Nd. hefur verið gerð till. um breytingu við það. Bætt verði við nýrri l. gr., þ. e. aftan við 4. málsgr. 23. gr. laganna frá 1980, með svofelldum texta:

„Hafi eftirlaun eða launatekjur skert tekjutryggingu almannatrygginga hjá elli- eða örorkulífeyrisþega skal enn fremur draga frá útsvarsskyldum tekjum viðbótarfjárhæð sem svarar til þeirrar skerðingar."

Félmn. Ed. hefur fjallað um þetta mál aftur og er sammála og mælir með breytingunni sem þarna er lögð til. Um er að ræða að verið hafa nokkur brögð að því og valdið nokkurri óánægju og oft misskilningi hjá aðilum að hafi menn haft einhvern lífeyri annan en sín ellilaun og tekjutryggingu hefur hann verið dreginn frá tekjutryggingarupphæðinni þegar til útsvarsálagningar kemur. Það sem felst í þessari breytingu er að ávallt fái ellilífeyrisþegar ellilaunin sín og tekjutrygginguna frádregin áður en til útsvarsálagningar kemur. Á sama hátt er gert ráð fyrir því hjá örorkulífeyrisþegum og er þar átt við þá örorkulífeyrisþega sem njóta fullra bóta eða 75%.

Þetta er gert til áréttingar og framkvæmdavaldinu til auðveldunar þegar til framkvæmda kemur. Það er skoðun félmn. að svona verði að þessu staðið.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð hér um, en n. leggur til að þetta verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 678).

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. 321. mál (þskj. 652). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Með frv. þessu er fyrirhugað að afla ríkisstj. lagaheimildar til að gera þær ráðstafanir til endurskipulagningar á fjárhag Íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga sem nauðsynlegar eru til að unnt verði að ganga frá samningum við Elkem a/s í Noregi og Sumitomo Corporation í Japan um þátttöku hins síðarnefnda sem samstarfsaðila ríkisins í félaginu við hlið Elkem, skv. 2. gr. laga þar um nr. 18/1977. Er það meginatriðið með samstarfsaðild Sumitomo og þeim ráðstöfunum sem henni eru tengdar að styrkja markaðs- og fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins til varanlegrar frambúðar.

Nánar tiltekið verður hin fyrirhugaða samvinna við Sumitomo á því byggð að komið verði á samskiptum til langs tíma um sölu til Sumitomo og viðskiptavina þess í Japan á kísiljárni frá Grundartanga í verulegu magni. Jafnframt gerist Sumitomo minnihlutahluthafi í Járnblendifélaginu ásamt Elkem og eignist þar 15% heildarhlutafjár, en hlutafjáreign Elkem lækki úr 45% í 30%.

Staða ríkisins og hlutafjáreign (55%) í Járnblendifélaginu breytist ekki við tilkomu Sumitomo sem hluthafa. Staða Elkem verður og óbreytt að öðru leyti en því, að hlutfjáreign þess minnkar skv. framansögðu og það verður ekki söluaðili að kísiljárni því sem Sumitomo tekur við á hverjum tíma. Elkem mun áfram sjá um sölu á öðru kísiljárni frá Grundartanga, á öðrum mörkuðum en hinum japanska, og bera ábyrgð á heildarskipulagningu sölunnar á þeim grundvelli sem um var samið í sölusamningi Elkem og Járnblendifélagsins frá 1977. Jafnframt mun Elkem áfram veita Járnblendifélaginu tækniaðstoð á grundvelli tæknisamnings frá 1976.

Rétt er að leggja áherslu á að fjárhagsaðgerðir þær sem leitað er heimildar fyrir með frv. þessu eru ekki sambærilegar við þær ráðstafanir í þágu Járnblendifélagsins sem heimilaðar voru fyrir tveimur árum með lögum nr. 45/1982. Að því sinni var ráðgert að tryggja greiðsluafkomu félagsins næstu árin með:

a. Beinni hlutafjáraukningu (allt að 5.8 millj. Bandaríkjadala).
b. Víkjandi láni með sjálfskuldarábyrgð hluthafa (um 6 millj. Bandaríkjadala).
c. Eigin lánum félagsins án beinnar ábyrgðar hluthafa (um 10 millj. Bandaríkjadala), en hluti hinna síðastnefndu (6 millj. Bandaríkjadala) komi í stað rekstrarláns sem félaginu var tryggt við stofnun.

Félagið starfar enn innan þess ramma sem þarna var settur, þannig að framlög til þess hafa ekki orðið meiri en þá var ákveðið (þ. e. 5.8 millj. Bandaríkjadala). Hins vegar hefur félaginu ekki tekist að nýta þennan ramma til fullnustu vegna hinnar veiku eiginfjárstöðu sinnar. Hefur hún komið í veg fyrir að félagið geti framkvæmt þær eigin lántökur sem til var ætlast (c). Gerðist þetta þegar fyrir árslok 1982, vegna hinnar miklu hækkunar á gengi Bandaríkjadollars gagnvart norskri og íslenskri krónu, sem varð á því ári. Má vísa um það til ársskýrslu félagsins frá í maí 1983. Hið nýja hlutafé skv. frv. þessu kemur þannig að sínu leyti í stað lánanna sem hætta þurfti við að taka 1982, auk þess sem það leiðir til þess að lánið, sem þá var tekið með hluthafaábyrgð (6 millj. dalir) og jafngildir í rauninni hluthafalánum, verður nú úr sögunni, sbr. 2. gr. frv. sem ég mæli nú fyrir.

Upphaf viðræðna við Sumitomo Corporation má rekja til haustsins 1982, en þá áttu fulltrúar Elkem í stjórn íslenska járnblendifélagsins hf. fund í Reykjavík með þáv. iðnrh., Hjörleifi Guttormssyni, um vandamál félagsins sem snertu hluthafa mjög um þær mundir vegna áðurnefndrar gengisþróunar. Vörpuðu þeir þar fram hugmyndum um samvinnu við japanskan aðila til að breikka starfsgrundvöll félagsins og töldu ákjósanlegast að líta til Sumitomo í því sambandi.

Iðnrh. þáv. svaraði málaleitan þeirri með bréfi í nóvember 1982 þar sem fallist var á að taka upp viðræður við japanskan aðila um sölusamning til langs tíma og einnig um eignaraðild að Járnblendifélaginu, að því tilskildu að íslenska ríkið héldi þar meirihlutaaðstöðu. Var skipaður starfshópur til að undirbúa viðræður þessar og koma þeim af stað. Áttu þar sæti m. a.

þeir Páll Flygenring ráðuneytisstjóri, Ragnar Árnason lektor, Hjörtur Torfason hrl., stjórnarformaður félagsins, auk þess sem Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri félagsins, starfaði með hópnum. Nokkrir fleiri fulltrúar á vegum iðnrn. tóku þátt í þessu starfi og hjá Elkem var sérstökum starfshópi falið verkefnið. Fyrsti viðræðufundur með fulltrúum Sumitomo var haldinn í Reykjavík í janúar 1983 og síðan fylgdu fundir í Osló og Tokyo í kjölfarið.

Sumarið 1983 varð nokkurt hlé á viðræðum vegna athugunar á fram komnum sjónarmiðum og frestunar á fyrirhugaðri heimsókn Japana til Íslands, jafnframt því sem stjórnarskipti höfðu átt sér stað. Ákvað núv. iðnrh. hinn 5. júlí 1983 að fela nýskipaðri Samninganefnd um stóriðju, þeim dr. Jóhannesi Nordal, dr. Gunnari G. Schram hv. þm. og Guðmundi G. Þórarinssyni verkfræðingi, að annast frekari viðræður um málið og hefur hún gert það síðan ásamt ritara sínum Garðari Ingvarssyni. Þeir Páll Flygenring, Hjörtur Torfason og Jón Sigurðsson hafa starfað með nefndinni auk þess sem fulltrúar Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar hafa komið þar við sögu.

Þessar viðræður Samninganefndar um stóriðju hafa farið fram á fundum hér heima og erlendis síðan í septembermánuði 1983. Hafa þær nú náð því marki, á fundi nefndarinnar með fulltrúum Elkem og Sumitomo dagana 5.—6. apríl 1984, að samkomulag hefur náðst um að stefna að endanlegum samningum milli aðila á tilteknum grundvelli. Var þetta staðfest með undirritun samkomulagsyfirlýsingar hinn 6. apríl s. l.

Samkomulagið var undirritað með fyrirvara um samþykki stjórnar Elkem, Sumitomo, Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar og íslenskra stjórnvalda, auk þess sem málið verður borið undir lánveitendur Járnblendifélagsins. Var ákveðið að stefna að því að leiða alla samningsgerð og heimildaöflun til lykta fyrir 1. júní 1984. Er frumskilyrði í því sambandi að Alþingi fallist á að veita þá lagaheimild sem hér er leitað eftir.

Grundvelli samkomulagsins hefur þegar verið lýst að nokkru, en hann er í stuttu máli sem hér segir:

1. Núverandi hluthafalánum verði breytt í hlutafé, sbr. aths. um l. gr. frv.
2. Núverandi hluthafar leggi til nýtt hlutafé, sem nemur jafnvirði 120 millj. norskra króna, m. a. með yfirtöku skulda sem nú eru með ábyrgð hluthafanna.
3. Sumitomo kaupi 15% hlutabréfa í fyrirtækinu af Elkem, eftir að endurskipulagning eiginfjárstöðu Járnblendifélagsins hefur farið fram.
4. Sumitomo verði skipaður einkaumboðsmaður á Japansmarkaði fyrir kísiljárn frá Járnblendiverksmiðjunni og taki að sér sölu og ábyrgist á tilteknu árlegu magni á þeim markaði (20 þús. tonnum). Að öðru leyti verður sölustarfsemi áfram í höndum Elkem á grundvelli gildandi sölusamnings, og er gert ráð fyrir að unnt verði að tryggja fulla sölu á framleiðslu verksmiðjunnar miðað við venjuleg afköst.
5. Kísiljárn til Sumitomo verður afhent með sömu kjörum og gilda skv. sölusamningi við Elkem, þ. e. eftir markaðsverði.
6. Gert er ráð fyrir sérstökum samningi við Landsvirkjun um viðbótargreiðslur ofan á gildandi orkuverð þegar tiltekinni arð- og eiginfjárstöðu járnblendiverksmiðjunnar er náð.
7. Jafnframt ofangreindu hefur einnig tekist samkomulag um aukna þátttöku Elkem í kostnaði við sérstök tækniþróunar- og rannsóknarverkefni hjá Íslenska járnblendifélaginu. Einnig er gert ráð fyrir virkari þátttöku íslenska járnblendifélagsins í markaðsmálum.

Lagafrv. sjálft snertir einungis fjármögnunarþátt samninganna, þar sem aðrir þættir þeirra kalla ekki á lagabreytingar. Aðild Sumitomo að Járnblendifélaginu fellur að öðru leyti inn í ákvæði laga nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðjuna með eðlilegum hætti, þ. á m. ákvæði 2. gr. um þátttöku, 4. gr. um hluthafa, 6. gr. um samstarfssamninga og 8. gr. um skattamál.

Hin fjárhagslega endurskipulagning á Íslenska járnblendifélaginu hf., sem tengd er aðild Sumitomo Corporation, verður fólgin í því í fyrsta lagi að núverandi hluthafar félagsins, ríkisstj. og Elkem, munu breyta í hlutafé hinum víkjandi hluthafalánum sem þeir hafa veitt félaginu á árunum 1981—1983 vegna taprekstur fram til þessa. Nema lánin alls sem næst 140 millj. norskra króna eða 18.6 millj. Bandaríkjadollara. Frá sjónarmiði hluthafanna er aðallega um formbreytingu að ræða, þar sem ekki var gert ráð fyrir endurgreiðslu þessara lána fyrr en félagið væri farið að skila arði umfram greiðslur af öðrum stofnlánum, og eru því kölluð víkjandi hluthafalán. Að því er ríkið snertir er þess einnig að gæta, að umrædd lán eru byggð á þegar fengnum heimildum í lögum nr. 18/1977 til hluthafaráðstafana (3. málsgr. 6. gr.) og hækkunar hlutafjár (1. tölul. 3. gr., þar sem framlagsheimild var hækkuð með lögum nr. 45/1982 úr jafnvirði 13.2 millj. Bandaríkjadala í jafnvirði 19 millj. Bandaríkjadala).

Í öðru lagi og aðallega munu núverandi hluthafar leggja fram nútt hlutafé til Járnblendifélagsins skv. samkomulagi við Sumitomo, sem alls nemur jafnvirði 120 millj. norskra króna eða sem næst 15.9 millj. Bandaríkjadala. Yrði þetta gert eftir núverandi eignarhlutföllum, þannig að ríkið leggi til 55% eða 66 millj. norskra króna og Elkem 45% eða 54 millj. norskra króna. Er fyrirhugað að fé þetta verði notað að mestu eða öllu leyti til að greiða niður núverandi skuldir Járnblendifélagsins vegna lána til verksmiðjunnar. Munu hluthafarnir því ekki þurfa að afla nýs fjár vegna hlutafjáraukningarinnar, nema þeim þyki það betur henta, heldur geta þeir framkvæmt hana með yfirtöku á hluta þessara lána. Það er fyrst og fremst vegna þessarar ráðstöfunar sem lagaheimild þarf og málið er lagt fyrir Alþingi í formi þessa frv.

Ráðagerðir aðila um þessa nýju hlutafjáraukningu eru til komnar vegna þess efnahagsvanda sem við hefur verið að glíma í járnblendiiðnaði á undanförnum árum. Á járnblendiverksmiðjunni að Grundartanga hefur hann bitnað með þeim hætti, sem kunnugt er, að ekki hefur verið unnt að selja allt það kísiljárn sem verksmiðjan gæti framleitt með venjulegum afköstum og söluverð á heimsmarkaði hefur verið til muna of lágt miðað við þarfir nýrrar verksmiðju með þunga byrði stofnkostnaðar. Vegna þessa hefur Járnblendifélagið safnað mjög verulegu tapi frá því er rekstur hófst vorið 1979, þrátt fyrir þá staðreynd að starfsræksla verksmiðjunnar hefur gengið eins og best verður á kosið í tæknilegum efnum og í rauninni nær algjörlega hnökralaust, þegar frá er talinn orkuskortur veturinn fyrir gangsetningu Hrauneyjafossvirkjunar.

Mjög hefur dregið úr þrengingum verksmiðjunnar á

síðustu mánuðum, þar sem jafnvægi hefur ríkt milli framboðs og eftirspurnar frá því síðla vors 1983 og verksmiðjan því starfað með fullum afköstum, auk þess sem markaðsverð hefur hækkað verulega. Tap Járnblendifélagsins varð því miklu minna 1983 en 1982 og útlit er fyrir að það nái hallalausum rekstri á yfirstandandi ári. Vandinn er þó ekki úr sögunni, þar sem enn ríkir lægð í stáliðnaði víðast hvar í heiminum og afturkippur gæti komið í þann bata sem orðið hefur á járnblendisviðinu.

Ástæða er því til að ætla að núverandi hluthafar, annar eða báðir, gætu enn þurft að bregðast við vanda félagsins á einhvern hátt, hvort sem þriðji hluthafinn kæmi til skjalanna eða ekki, með auknum framlögum eða ábyrgðum. Hin nýja hlutafjáraukning gengur þó mun lengra en sú aðstoð sem hluthafarnir mundu þannig ráðgera ef þeir stæðu einir að málinu, a. m. k. fyrsta kastið. Þetta stafar af því, að hlutafjáraukningin er ekki aðeins hugsuð sem skammtímaráðstöfun til lausnar á aðsteðjandi vanda, heldur er henni einnig ætlað að koma fjárhag félagsins í það horf að það geti staðið af sér samkeppni á heimsmarkaðnum og haldi velli til frambúðar, jafnvel þótt enn kæmi þar til alvarlegs samdráttar. Um leið má vænta þess, að félagið fari þá tiltölulega fljótt að skila arði ef vel árar fyrir starfsemina.

Umrædda ráðstöfun telja hluthafarnir rétt að gera með tilliti til þess, að þátttaka þriðja hluthafans stuðlar mjög að því að leysa til frambúðar úr öðrum meginvanda járnblendiverksmiðjunnar, nefnilega því að tryggja möguleika á að reka verksmiðjuna með fullum afköstum á hverjum tíma. Væntir Sumitomo þess að geta haldið uppi stöðugri sölu á Japansmarkaði á verulegum hluta af framleiðslu verksmiðjunnar og eru þá allar líkur til að takast megi að selja afganginn af því sem verksmiðjan getur annað við venjulegar aðstæður.

Í kjölfar ofangreindrar hlutafjáraukningar er svo ráðgert að lækka nafnverð heildarhlutafjárins sem svarar uppsöfnuðu tapi félagsins, þannig að bókfært tap í íslenskum krónum við lok endurskipulagningarinnar sé að fullu jafnað. Þetta bókfærða tap nemur samanlagt sem næst 390 millj. íslenskra króna eða um 100 millj. norskra króna. Hefur félagið þá uppfyllt skilyrði hlutafélagalaga til að geta greitt arð til hluthafa miðað við lækkað hlutafjárnafnverð þegar starfsemin fer að skila ágóða eftir endurskipulagninguna eins og vonir standa til.

Þegar núverandi hluthafar hafa þannig framkvæmt hina ráðgerðu endurskipulagningu á fjárhag Járnblendifélagsins verður gengið frá aðild hins nýja hluthafa að félaginu með því að Sumitomo kaupi 15% heildarhlutafjárins af hluta Elkem, eins og fyrr segir. Fær Sumitomo hlutabréf sem því svarar, en Elkem mun fyrir sitt leyti nota andvirði hlutabréfanna til að vega á móti þeim framlögum og skuldbindingum sem það hefur á sig tekið við endurskipulagninguna. Þeir endar ná þó ekki alveg saman, þannig að Elkem þarf að taka á sig nokkrar skuldbindingar án þess að hlutafjárandvirði komi á móti.

Gagnvart ríkissjóði verða áhrifin af endurskipulagningunni þannig í stuttu máli, að ríkið breytir núverandi lánum sínum og ábyrgðarskuldbindingum vegna Járnblendifélagsins í beint hlutafé í félaginu og eykur jafnframt hlutafé sitt til nokkurrar viðbótar með niðurgreiðslu eða yfirtöku frekari skulda félagsins. Með þessu heldur ríkið á hinn bóginn óskertri hlutfallslegri eignarhlutdeild í félaginu og þar með fullri hlutdeild í þeim arðsvonum og öðrum hagsmunum sem tengdir eru áframhaldandi rekstri félagsins. Við þetta bætast svo hinir ýmsu möguleikar sem tengdir eru samskiptunum við Sumitomo beint og óbeint.

Fyrir Elkem verða áhrifin þau, að fyrirtækið breytir lánum og skuldbindingum í hlutafé á sama hátt og ríkið, en fær fjármögnun á þeirri ráðstöfun að verulegum hluta með því að minnka eignarhlutdeild sína í félaginu um þriðjung. Af því leiðir að fyrirtækið á minni arðsvon en áður af áframhaldandi starfsemi járnblendiverksmiðjunnar, auk þess sem það gefur eftir rétt sinn til að selja það kísiljárn sem Sumitomo tekur við. Á móti hinum neikvæðu áhrifum kemur hitt, að með þessum ráðstöfunum hefur Elkem tryggt sér eins og unnt er að þurfa ekki framar að inna af hendi fjárframlög til að standa undir óbreyttum rekstri verksmiðjunnar. Auk þess nýtur fyrirtækið hinna ýmsu möguleika af samstarfi við Sumitomo.

Frá sjónarmiði Íslendinga er endurskipulagningin mjög jákvæð að því leyti, að hún hefur í för með sér umtalsverða lækkun á heildarskuldum þjóðarbúsins, eða sem svarar jafnvirði nær 16 milljóna Bandaríkjadollara. Þetta stafar af því, að hið nýja fjármagn til Járnblendifélagsins verður notað til að greiða niður erlendar skuldir félagsins og hinir erlendu hluthafar taka fullan þátt í þeirri fjármögnun að sínum hluta.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að Elkem hefur frá upphafi tekið fullan þátt á móti ríkissjóði í þeirri fjárhagsaðstoð sem Járnblendifélaginu hefur verið veitt á undanförnum árum. Hefur félagið þannig gert stórum betur en að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Íslendingum um framlög til verksmiðjunnar, þar sem bein loforð þess náðu ekki nema til hins upphaflega hlutafjár, sem var 10.2 millj. Bandaríkjadala, og 19.8 millj. norskra króna í hluthafalánum skv. 3. málsgr. 6. gr. laga um járnblendiverksmiðjuna nr. 18/1977. Enda þótt fyrirtækið hafi nú kosið að verjast frekari áhættu í þessu efni með því að minnka hlut sinn í Járnblendifélaginu er ekki ástæða til að túlka það sem neina uppgjöf gagnvart verksmiðjunni, heldur má nú ætla þvert á móti að rekstrargrundvöllur hennar verði traustari en nokkru sinni fyrr.

Af hálfu Íslendinga hefur frá upphafi verið lögð stund á að athuga í viðræðum um málið, bæði við Elkem og Sumitomo, hvort efni væru til að breyta formerkjum hinna gildandi samninga um járnblendiverksmiðjuna í tilefni af þáttöku Sumitomo og tengdum aðgerðum. Um sölusamninginn við Elkem er það að segja, að skilmálar hans eru hagstæðir Grundartangaverksmiðjunni, og ekki er getuleysi Elkem um að kenna, nema síður væri, þótt treglega hafi gengið að selja framleiðsluna þar til nú á liðnu ári. Er því ástæða til að fagna því, að unnt verður að byggja einnig á þessum samningi í viðskiptunum við Sumitomo. Hins vegar er nú um það rætt, að fulltrúar Járnblendifélagsins taki virkari þátt í framkvæmd markaðsmála en verið hefur og skiptir það mestu í þessu sambandi.

Samkvæmt tæknisamningum við Elkem greiðir Járnblendifélagið þangað árlegt gjald fyrir tækniaðstoð sem er verksmiðjunni mjög mikilvægt. Rætt hefur verið um þetta gjald og niðurstaðan orðið að halda því

óbreyttu, m. a. vegna þess að Sumitomo telur enga ástæðu til að lækka það. Í þess stað er gert ráð fyrir að Elkem auki þátttöku í kostnaði við tækniþróunar- og rannsóknarverkefni sem unnin verði hér heima.

Viðræðurnar hafa því einkum snúist um það hvort tök séu á að breyta rafmagnsverði Landsvirkjunar til Járnblendifélagsins. Ljóst er að félagið hefur ekki bolmagn til að greiða hærra rafmagnsverð en um hefur verið samið, eins og sakir standa nú. Er því gert ráð fyrir að gildandi rafmagnssamningur haldist óbreyttur, en í honum eru m. a. sjálfstæð ákvæði um endurskoðun vegna breyttra forsendna. Hins vegar verði gerður viðbótarsamningur við hann um sérstakar greiðslur ofan á gildandi orkuverð, þegar tiltekinni arðsemis- og eiginfjárstöðu er náð hjá félaginu, í formi skiptingar til þess og Landsvirkjunar á umframágóða verksmiðjunnar. Hér er um mikilvægt samningsatriði að ræða sem tryggir hagsmuni Íslendinga eins og best verður á kosið um sinn.

Með ofangreindum samningum um málefni Íslenska járnblendifélagsins hf. verður brotið blað í sögu félagsins og íslenskra atvinnumála. Er ástæða til að vona að þeir muni marka drjúg og gæfurík spor í þróun fyrirtækisins og orkufreks iðnaðar hér á landi.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Ég vil við þessa umr. þakka hæstv. iðnrh. fyrir vasklega framgöngu í þessu máli, að koma málum járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga í þann farveg að við getum vænt þess að þar verði um bjartari framtíð að ræða en verið hefur. Einnig vil ég þakka sérstaklega stóriðjunefnd sem að þessum málum hefur unnið undir stjórn hæstv. iðnrh.

Að mínu mati hefur tekist vel til með þessar ráðstafanir. Það má auðvitað alltaf deila um einstakar gerðir í hverjum samningum en heildarramminn, sem blasir við mér, er góður. Ég vil sérstaklega færa þakkir vegna þess að í þessari verksmiðju okkar var orðin ríkjandi mikil svartsýni s. l. sumar og lá við að haft væri í hótunum um það að þessari verksmiðju yrði lokað og öllu starfsfólki sagt upp. Það er mjög viðkvæmt mál við slíkt stórfyrirtæki og atvinnusvæði sem þarna er. Þess vegna vil ég aðeins ítreka þakkir mínar til iðnrh. fyrir það hvað hann hefur tekið vasklega á þessu máli og vonast til þess að þarna verði um gæfuríkt spor að ræða fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. hefur gert grein fyrir nýframkomnu frv. til l. um breytingu á lögum um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Miðað við efni þessa frv. væri ekki fjarri lagi að frv. þetta héti „Frv. til l. um neyðarráðstafanir í þágu járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði". Það er kjarni þessa máls að hér er atvinnufyrirtæki á ferðinni sem tapað hefur gífurlega miklum fjármunum á skömmum tíma. Eins og fram kom í ræðu hæstv. iðnrh. er bókfært tap fyrirtækisins hvorki meira né minna en 390 millj. ísl. kr. Með þeim ráðstöfunum sem hér er verið að gera er m. a. verið að lækka nafnverð heildarhlutafjárins sem svarar þessu uppsafnaða tapi félagsins en um leið að gera ráðstafanir til þess að auka hlutafé í staðinn þannig að fyrirtækið geti staðið frammi fyrir lánardrottnum sínum og viðskiptavinum og litið út sem viðunandi fyrirtæki á viðunandi heilbrigðum grundvelli.

Ég tel sjálfsagt að sú nefnd sem fær málið til meðferðar kanni rækilega þau flóknu samningsákvæði sem hér er um að ræða. Ég hygg að allir geti verið sammála um það að ekki hafi verið unnt að víkjast undan því að fram færi fjárhagsleg endurskipulagning þessa fyrirtækis og gerðar yrðu neyðarráðstafanir til þess að koma því aftur á réttan kjöl áður en það ylti algerlega um koll. Þetta fyrirtæki er nokkuð stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og þjóðin er bundin miklum skuldbindingum vegna fjárfestingar í þessu fyrirtæki. Það verður því ekkert aftur snúið með það að fyrirtækið verður að reka og það verður að endurskipuleggja það, koma því aftur á lappirnar þegar það veltur út af eins og hér hefur orðið.

Hvort valin hefur verið nákvæmlega hin rétta leið í öllum atriðum með þeim samningi sem gerður hefur verið getur vissulega verið álitamál. Ég hygg að samningsákvæðin sem hér um ræðir séu ekki öll óumdeilanleg en mun áskilja okkur Alþb.-mönnum tækifæri til þess að skoða þau mál við umr. í nefnd. Ég ætla ekki að fella neinn dóm um það nú hvort hér hafi verið rétt að *verki staðið þótt mér þyki að vísu ákaflega slæmt í þessu* sambandi að ekki er gert ráð fyrir verulegri hækkun á orkuverði til verksmiðjunnar eins og eðlilegast hlýtur að teljast miðað við það hvað framleiðslukostnaður á orku er orðinn hár og hvað verksmiðjan býr við lágt orkuverð. Það er þjóðarnauðsyn að hækka orkuverðið til stóriðjunnar í landinu. Maður hefði vissulega gert sér vonir um að í tengslum við þessa samninga og þessa *fjárhagslegu endurskipulagningu hefði verið unnt að ná* samkomulagi um verulega hækkun á orkuverði.

Ég vil í þessu sambandi minna á og ég held að öllum hv. alþm. sé skylt að rifja það upp í huga sér að þegar ákvarðanir voru teknar um þessa verksmiðju og byggingu hennar lágu fyrir mikil sérfræðigögn frá hámenntuðum og sprenglærðum sérfræðingum sem allir vitnuðu um það og vottuðu það að hér væri afar arðbært fyrirtæki á ferðinni sem mundi skila þjóðinni verulegum arði. Ég hygg að eftir þennan reynslutíma sem fengist hefur nú sé lærdómsríkt fyrir okkur öll að gera okkur grein fyrir því að hinir margvísu *sérfræðingar fóru með* fleipur sem leiddi til einhverra mestu fjárfestingarmistaka sem þjóðin hefur gert. A. m. k. er dæmið þannig eins og það blasir við í dag eftir að ríkið og Alþingi neyðist til þess að leggja fram mjög miklar upphæðir beint af fé skattborgaranna til þess að halda þessu fyrirtæki gangandi og til þess að tryggja að eitthvað annað og miklu verra gerist ekki með stöðvun fyrirtækisins.

Eins og ég hef þegar tekið fram er þetta eitt af mörgum dæmum um það þegar ákvarðanir eru teknar og síðan verður ekkert aftur snúið. Síðan þýðir ekkert að gera tilraun til að skrúfa fyrir eða loka vegna þess að það yrði enn dýrara en hitt að reka verksmiðjuna með nokkru tapi.

Ég vil leyfa mér að minna á í þessu sambandi að Alþb. var eini stjórnmálaflokkurinn hér á Alþingi sem var andvígur byggingu þessarar verksmiðju. Við vorum að vísu á vissu tímabili með hugleiðingar um að hér kynni að vera hyggilegur valkostur á ferðinni í sambandi við atvinnuuppbyggingu þjóðarinnar og fengum

gerða úttekt á þessu máli þegar við áttum aðild að ríkisstj. á árunum 1971—74. En þær úttektir leiddu til þeirrar ályktunar og þeirrar niðurstöðu í okkar hópi að þetta væri óskynsamleg fjárfesting, þetta væru óráðleg áform. Það var fyrst og fremst frá þremur sjónarmiðum sem við gagnrýndum byggingu þessa fyrirtækis:

Í fyrsta lagi bentum við á að miðað við þá áformuðu fjárfestingu í orkuverum, sem fyrir lá um miðjan seinasta áratug, gæti bygging þessarar verksmiðju valdið því að verulegur orkuskortur yrði upp úr 1980 ef illa áraði og ekki væru þau ágætu vatnsár í orkukerfinu sem við höfðum vissulega lengi búið við en enginn gat verið viss um að héldu áfram.

Þessi aðvörun okkar reyndist á miklum rökum reist því að það fór svo að vatnsár reyndust miklu lélegri og lakari en meðaltölin gáfu til kynna frá fyrri árum. Vegna byggingu þessarar verksmiðju lenti orkukerfið allt í verulegum þrengingum á árunum 1980—82 sökum þess að það vantaði orku, bæði til stóriðjunnar og til almennra nota. Vegna þessa urðum við að hraða byggingu Hrauneyjafossvirkjunar meira en ella hefði verið gert og leggja þar fram verulega fjármuni til byggingar orkuvers sem framleiddi orku sem var að framleiðslukostnaðarverði um það bil tvöfalt dýrari en verðið sem þessi verksmiðja greiddi fyrir orku.

Í öðru lagi bentum við á það að orkuverðið, sem verksmiðjan ætti að greiða, væri alltof lágt fyrir okkar orkuframleiðslukerfi. Það þyrfti að gera ráð fyrir hærra orkuverði. Ég hygg að þessi varnaðarorð okkar hafi svo sannarlega reynst rétt því að nú blasir það við að framleiðslukostnaðarverð á orku úr nýjum virkjunum, sem verið er að byggja, er meira en helmingi hærra en verðið sem þessi verksmiðja greiðir okkur.

Loks bentum við á það að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins væri mjög ótraustur og ekki þyrfti miklar sveiflur í verðlagi á alþjóðlegum markaði til þess að fyrirtækið væri komið í dúndrandi taprekstur.

Öllu þessu var mótmælt af þeim flokkum sem stóðu að byggingu verksmiðjunnar, en það voru fyrst og fremst Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Það voru þessir þrír flokkar sem töldu sig hafa allt sérfræðivitið í sínum höndum, vita að þetta væri hið mesta gróðafyrirtæki. Það er ekkert að ófyrirsynju að það er nú rifjað upp að þessir flokkar höfðu rangt fyrir sér og að stóriðjuglýjan, sem þeir gengu þá með og ganga enn með, reyndist ekki eins arðbær fyrir þjóðina og þeir höfðu vonað. Ég ætla mér að vona að saga þessarar verksmiðju, reynslan af þeim mikla taprekstri sem íslenskir skattgreiðendur hafa orðið að taka á sig, nú seinast með þessu frv. hér, með beinum framlögum úr ríkissjóði svo nemur hundruðum millj. kr., verði okkur nokkurs virði í framtíðinni þegar ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu iðnaðar hér á landi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. að svo komnu máli. Það eru þar ýmsir þættir sem þarfnast nánari skoðunar og gefst vafalaust tækifæri til þess í nefnd.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál mun fjalla og sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um það á þessu stigi. Þó þótti mér ástæða til að koma hingað upp og láta þá von í ljós að þetta mundi verða í síðasta skipti sem það yrði hlutskipti iðnrh. að koma í ræðustól á Alþingi með gögn og tillögur í höndum um að leysa fjárhagsvanda járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Ég vona að með þeim aðgerðum, sem hér er verið að leggja til, og með þeim er verið að rétta hag þessa fyrirtækis, en létta fjárhagsbyrðum af almenningi, sé þessari göngu nú lokið og rekstur fyrirtækisins á næstu árum og áratugum verði ekki með því lagi sem verið hefur hingað til. Hæstv. iðnrh. lýsti í ræðu sinni áðan að á fyrirtækinu hefði verið taprekstur allan tímann, en að öðru leyti hefði rekstur þess gengið að óskum. Það er að mínu viti ekki góð lýsing á rekstri fyrirtækis.

Ég vil benda á það líka að hér er verið að leggja til að samið sé við japanskt fyrirtæki um eignarhlut og þátttöku í rekstri járnblendiverksmiðjunnar. Það minnir okkur á að Japanir, þessi mikla iðnaðarþjóð, eru á þeirri leið núna að losa sig við stórverksmiðjurekstur. Japanir eru að koma því á aðra aðila að annast framleiðslu á járnblendi, jafnvel stáli og öðrum slíkum þungavarningi. Í staðinn fyrir það koma þeir sér nú í auknum mæli upp léttiðnaði. Stefna þeirra viðskiptaaðila sem við Íslendingar erum nú að tengjast í sambandi við stóriðjurekstur er á þann veg að þeir eru að losa sig við slíkan rekstur og koma honum yfir á aðra, en sjálfir byggja þeir upp léttan iðnað. Ætti það e. t. v. að vera hlutskipti okkar að snúa á þann veg líka?

Í öðru lagi kemur fram í þessu frv. að hlutur Elkem minnki í sama hlutfalli og þátttaka Sumitomo verður í fyrirtækinu, en samningur við Elkem í sambandi við kostnað af tækniþjónustu skal óbreyttur standa. Okkur sem höfum fylgst með gangi verksmiðjunnar á Grundartanga hefur fundist sárt að vita til þess að erlent fyrirtæki tæki allt of mikið fyrir slíka þjónustu. Það er almennt viðurkennt að íslenskir verkamenn og íslenskir tæknimenn séu í engu eftirbátar Norðmanna í sambandi við rekstur fyrirtækis eins og verksmiðjunnar á Grundartanga. Það er að mínu mati, og ég veit að það er að mati starfsmanna verksmiðjunnar, alrangt að Elkem séu borgaðar stórar fjárhæðir vegna slíkrar þjónustu. Ég gagnrýni að enn skuli sá hlutur standa óbreyttur að Elkem njóti ákveðinnar greiðslu fyrir tækniþjónustu við verksmiðjuna þrátt fyrir að Elkem hafi minnkað sinn hlut í rekstrinum.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að ég vænti þess að það sem hér er verið að leggja til að gert verði verði til þess að taprekstur á þessu fyrirtæki sé úr sögunni og, eins og hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni, að þátttaka þriðja aðilans í rekstri og eignaraðild að þessu fyrirtæki leysi aðalvandamál þess til framtíðar. Að öðru leyti áskil ég mér vitaskuld allan rétt til að leita frekari upplýsinga um þetta mál við vinnu í nefndinni. Ég veit að hv. 4. þm. Vestf., formaður iðnn., mun leggja sig fram um að veita okkur upplýsingar og leita að upplýsingum í sambandi við þetta mál þegar málið verður til umr. í iðnn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég lýsi stuðningi við þetta frv. Ég held að þær aðgerðir sem í því felast séu skynsamlegar og raunhæfar í þeirri stöðu sem þetta fyrirtæki er í núna og í ljósi sögu þess og er þeirrar skoðunar að þetta renni styrkari stoðum undir rekstur þessa mikilvæga fyrirtækis. Þess vegna mun ég greiða frv. atkv. þegar þar að kemur í þessari hv. þd.

Það er vissulega rétt að gengið hefur á ýmsu um rekstur þessa fyrirtækis fram til þessa, en vonandi

breytist það nú til betri vegar. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði í sinni ræðu að þegar þetta mál var á byrjunarstigi hefðu legið fyrir viðamikil gögn sérfræðinga margra greina um hversu bjarta og blómlega framtíð þetta fyrirtæki ætti í vændum og þessi gögn og þessar spár hefðu reynst fleipur eitt. Rétt er það að spár hafa ekki ræst á þann veg sem menn vonuðu þegar þetta fyrirtæki var stofnað, það er alveg rétt, en þegar menn gera sér hugmyndir um hvernig slíkum fyrirtækjum muni vegna áður en þau eru sett á stofn er það auðvitað mörgum óvissuþáttum háð. Hér reyndust óvissuþættirnir vissulega fleiri en menn höfðu átt von á og þróun okkur miður hagkvæm í þessum efnum kom á daginn. En að kalla stofnun þessa fyrirtækis mestu fjárfestingarmistök sem Íslendingar hafi gert, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði, er auðvitað gersamlega út í hött og úr lausu lofti gripið. Mér þætti fróðlegt að vita hvort hv. 4. þm. Vesturl. tekur undir þau ummæli flokksbróður síns og vill endurtaka þau fyrir sínum kjósendum á Akranesi. Ég trúi ekki að hann taki undir þau og veit raunar að hann gerir það ekki.

Ef meta á hver eru mestu fjárfestingarmistök seinni ára og hver fjárfestingarmistök stjórnvalda hafi orðið íslenskum skattborgurum dýrust hygg ég að þar sé ofarlega á blaði fyrirtæki sem hv. 3. þm. Norðurl. v. þekkir næsta vel og ber nokkra ábyrgð á, þar sem er Kröfluvirkjun í Mývatnssveit. Ég held að það liggi langtum nær að kalla það ólukkufyrirtæki, sem því miður hefur verið, mestu fjárfestingarmistök seinni ára, að ekki sé sterkar að orði kveðið. Þar var það nefnilega ekki svo að það lægju fyrir ítarlegar greinargerðir hinna færustu sérfræðinga, sem sjálfsagt hefðu getað reynst mistraustar, heldur var þar látið vaða á súðum án tillits til varnaðarorða ýmissa sérfræðinga. Í þessu felst auðvitað reginmunur.

Það er svo aftur saga sem ekki er ástæða til að rifja upp í löngu máli hver afskipti flokkur þeirra tveggja hv. þm. sem töluðu síðast hafði af upphafi þessa máls, þegar stofnað var til samninga og samskipta við bandaríska auðhringinn Union Carbide, sem síðan dró sig út úr málinu, og allt það frumkvæði sem Alþb. á sínum tíma hafði um upphaf þessa máls, þó að þar væru raunar skiptar skoðanir innan dyra og ýmislegt gerðist síðar þegar Alþb. hvarf úr ríkisstj. Þá breyttist skoðun þess skyndilega og undrafljótt á þessu máli. Þá fór hv. þm. flokksins og reisti níðstöng þar sem verksmiðja þessi nú er risin. Allt var þetta með miklum endemum.

Svo gerist það aftur síðar, þegar Alþb. er aftur komið í ríkisstjórn og hefur þar forræði iðnaðarmála, að þá leggur sá flokkur til, þrátt fyrir erfiðleika Grundartangaverksmiðjunnar sem öllum voru ljósir og blöstu við, að nær sams konar, allavega mjög skyld og lík, verksmiðja verði reist á fjörðum austur, og má þó segja að ekki hafi horfurnar þar verið miklu byrlegri í rauninni um reksturinn og kannske nákvæmlega jafnmikið að marka spár og tillögur sérfræðinga um framtíð þeirrar verksmiðju. En þá horfðu hlutirnir öðruvísi við. Þetta er satt best að segja undarleg og merkileg tvöfeldni.

Við höfum öðlast nokkra reynslu að því er varðar rekstur stóriðjufyrirtækja af þessu tagi. Hún hefur vissulega verið dýrkeypt að ýmsu leyti. Við erum reynslunni ríkari. Það má auðvitað endalaust um það deila hvort sú reynsla hafi verið þess verðs virði sem hún var keypt. Hún var keypt dýru verði, það skal ég játa. En ég hygg þó að þær framkvæmdir sem við höfum ráðist í á þessu sviði hafi verið óhjákvæmilegar og við eigum ekki að láta staðar numið þar. Við eigum að nýta okkar orku í þessum efnum, en við eigum ekki að einblína á stóriðju. Það er auðvitað hárrétt, sem hv. síðasti ræðumaður Skúli Alexandersson sagði, að við eigum líka að horfa á annan iðnað — þann iðnað sem einkum og sér í lagi krefst þeirra hráefna sem eru menntun, tækniþekking og kunnátta.

Kannske skortir okkur mest á í þeim efnum reynslu og kunnáttu til að selja framleiðsluvörur okkar, til að selja tækniþekkingu, til að selja ýmiss konar hugvit. Og hver er skýringin á því? Ég held að skýringin á því sé sumpart sú, að meðan innflutningur hér á landi hefur verið gefinn frjáls er útflutningur enn í viðjum einokunar og leyfakerfis. Þeir einstaklingar sem hafa viljað starfa á þessum vettvangi, sem hafa viljað starfa að kaupsýslu, sölumennsku og ýmiss konar framkvæmdum á þessu sviði, hafa allir snúið sér að innflutningi og að selja innflutningsvörur. Ég held að það hefði verið nokkuð hagkvæmara í þeirri þróun sem orðið hefur ef fleiri einstaklingar hefðu fengið að spreyta sig á útflutningi og þeirri sölumennsku sem þar fylgir. Staðreyndin er sú að allur útflutningur héðan hefur verið og er í höndum örfárra manna, í höndum örfárra fyrirtækja sem sum hver eru hrein einokunarfyrirtæki. Ég held að þarna sé ein af meginmeinsemdum okkar atvinnulífs. Okkur hefur ekki lærst og við kunnum ekki að koma okkar nýjungum, okkar framleiðslu nægilega vel á framfæri, að markaðssetja eins og það hefur verið kallað á vondu máli. Ég held að þarna sé veikur hlekkur í okkar kerfi.

Það mætti svo sem sitt af hverju fleira segja um þetta mál. En að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka stuðning við þetta mál og leggja ríka áherslu á að utanaðkomandi aðstæður hafa valdið erfiðleikum í þessari grein — aðstæður sem við höfum átt ómögulegt með að sjá við eða bregðast við, sem við höfum ekki með neinu móti fengið við ráðið. En rekstur þessa fyrirtækis, reksturinn sjálfur, hefur gengið vel. Þarna eru hæfir starfsmenn og þetta fyrirtæki er vel rekið, þar er vel unnið og því er vel stjórnað. Ég hygg að framleiðni og afköst og vinnubrögð öll í verksmiðjunni á Grundartanga séu með því besta sem þekkist í veröldinni í verksmiðjum af þessu tagi. Hingað hafa menn meira að segja komið um langan veg erlendis frá til að kynnast þeim og fylgjast með hvernig þarna er unnið. Þar er allt til fyrirmyndar. Loks endurtek ég að hér er um að ræða skynsamlegar ráðagerðir til að treysta þetta fyrirtæki, sem á ýmsan hátt hefur lent í mótbyr sem menn sáu ekki fyrir í upphafi og engin leið var að sjá fyrir, en margt bendir nú til þess og vonandi verður það raunin að í þessum efnum sé betri og bjartari tíð fram undan.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Hv. þm. Eiður Guðnason virðist telja það einhvern kjarna þessa máls að önnur og stærri fjárfestingarmistök hafi verið gerð en þessi mistök, að byggja Grundartangaverksmiðjuna. Krafla sé kórónan í mistökunum og Grundartangi fölni í þeim samanburði. Vissulega skal ég taka fulla ábyrgð á mig fyrir að hafa tekið þátt í ákvörðunum um Kröfluvirkjun þótt ekki væri ég samþykkur því að hefja

byggingu Grundartangaverksmiðjunnar. En um Alþfl., sem hv. þm. er fulltrúi fyrir, verður það að segjast í fullri hreinskilni að á þeim flokki annars vegar og Alþb. hins vegar er sá munur að Alþfl. ber ábyrgð á hvoru tveggja. Hann ber fulla ábyrgð á hinum miklu fjárfestingarmistökum sem áttu sér stað með byggingu Grundartangaverksmiðjunnar og hann tók líka fulla ábyrgð á sig við samþykkt frv. um byggingu Króflufvirkjunar sem hann stóð að eins og allir aðrir flokkar hér í þinginu þótt hann snéri seinna við blaðinu eftir að gos var komið upp á svæðinu og eftir að illa horfði um byggingu þessarar verksmiðju vegna náttúruhamfara. Þá skipti Alþfl. um skoðun í Króflumálinu og upphóf andstöðu gegn því fyrirtæki.

Ef hv. þm. getur fært fram einhverja aðra vitnisburði í þessu sambandi væri ákaflega gott að hann kæmi hér upp aftur og upplýsti hvort ekki sé rétt munað hjá mér að Alþfl. greiddi atkv. með byggingu Króflufvirkjunar þegar það frv. var afgreitt á Alþingi veturinn 1974. Ég veit að svo var, en mér þætti ótrúlegt ef þm. ætlaði að reyna að breyta sögunni hvað það varðar.

Staðreyndin er sú að eftir að gos kom upp við Króflu urðu margir ágætir menn mjög spakir og vitrir, að vísu eftir á, eins og stundum vill verða. Þessir spekingar bentu á að það hefði verið hið mesta óráð að byggja raforkuver á eldgígsbarmi. En því miður var það svo að þeir ásamt öllum öðrum tóku þessa áhættu vegna þess að hinir færustu vísindamenn töldu að þetta væri óhætt og þetta væri skynsamlegur kostur. Það var um tvennt að ræða þarna norður frá, annaðhvort að byggja orkuverið í Námaskarði eða uppi í Króflufdalnum og það var alveg ótvírætt að vísindamenn og náttúrufræðingar töldu skynsamlegra að velja Króflusvæðið. Það var þeirra ráðlegging og þeirri ráðleggingu var tekið.

Svo er það aftur kafli úr þessari löngu sögu norður við Króflu, sem sjálfsagt er ekki ástæða til að orðlengja öllu frekar um, að þau miklu mistök voru gerð að hlýða ráðum þessara spekinga, sem urðu svona spakir eftir á, með því að stöðva allar frekari orkuöflunaraðgerðir um margra ára skeið. Það hefur síðan orðið til að þessi virkjun er enn ekki rekin með fullum afköstum, auk þess sem aldrei hefur verið gengið í það að afla henni eðlilegra langtímalána eins og öðrum slíkum fjárfestingum á orkusviði. Þannig er afborgana- og vaxtabyrði af þessu fyrirtæki mjög mikil en tekjur of litlar.

Hins vegar er það mín skoðun að ef gengið væri í það að ljúka við þessa virkjun gæti þetta orðið eitt af ágætari fyrirtækjum hér á landi. Víst er að þarna vorum við að þreifa okkur áfram á sviði þar sem mikil framtíð bíður okkar. Það var mikill lærdómur sem fékkst með byggingu Króflufvirkjunar og sá lærdómur er mikils virði fyrir þjóðina og á eftir að koma sér vel. Þar er tækniþekking á ferðinni sem ekki hefði fengist nema nokkru væri kostað til.

Ég kom bara með þennan útúrdúr til að minna á að Alþfl. ber ekkert minni ábyrgð á byggingu Króflufvirkjunar en aðrir flokkar þótt forustumenn flokksins hefðu geð í sér á sínum tíma til þess að snúa við bakinu þegar erfiðleikarnir dundu yfir og skella allri skuldinni á þáverandi valdhafa sem áttu að stjórna þessu fyrirtæki. Ég var þá í stjórnarandstöðu en hafði ekki geð í mér til þess að nota mér þá erfiðleika sem þá komu upp til árása á þáverandi iðnrh. eða aðra forustumenn sem mesta ábyrgð báru í þessu. En Alþfl. notaði sér erfiðleikana af miklum krafti og miklu hugviti og með prýðilegum árangri. Það er rétt.

Hv. þm. vék að því áðan að það væri einkennilegt að Alþb. skyldi eftir andstöðu sína við byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði fara að beita sér fyrir byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði því það væri, eins og hv. þm. orðaði það, nær samskonar fyrirtæki, í öllu falli mjög líkt og vildi telja þetta einhvers konar tvöfeldni, óskiljanlega afstöðu Alþb., að vera á móti Hvalfjarðarverksmiðjunni en með verksmiðju á Reyðarfirði. Þetta er argasta einföldun staðreynda sem ástæðulaust er að dvelja lengi við. Hér er um gjörólíka framleiðslu að ræða og gjörólíka uppbyggingu. Afurðin sem framleiða á á Reyðarfirði er allt önnur en sú sem framleidd er í Hvalfirði. Verðlag á þessum tveimur afurðum hefur verið mjög ólíkt á undanförnum krepputímum og sem betur fer hefur verið ólíkt bjartara yfir sölu á kísilmálmi en á járnblendi.

Auk þess er um að ræða mun minni verksmiðju á Reyðarfirði og þar af leiðandi fyrirtæki sem við Íslendingar eigum miklu auðveldara með að stjórna og ráða yfir án þess að tekin sé stórkostleg áhætta. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði er verksmiðja af allt annarri stærðargráðu.

Þar við bætist að ráð hefur verið fyrir því gert að kísilmálmverksmiðjan á Reyðarfirði greiddi viðunandi verð fyrir þá orku sem hún kaupir, sem er auðvitað allt annað og gjörólíkt því sem gildir um verksmiðjuna í Hvalfirði. Miðað við það verðlag, sem hefur verið á kísilmálmi jafnvel á krepputímum, hefur rekstrargrundvöllur fyrir fyrirtækið virst viðunandi.

Alþb. tók afstöðu í járnblendiverksmiðjumálinu út frá málefninu. Ef orkuverðið hefði verið viðunandi, ef rekstrargrundvöllur hefði virst vera mjög jákvæður, jafnvel á krepputímum, ef aðrir þeir ókostir, sem blöstu við varðandi verksmiðjuna í Hvalfirði, hefðu ekki verið fyrir hendi hefðum við að sjálfsögðu fylgt því að slík verksmiðja væri byggð. En hún var bara með þeim ókostum gerð að við hlutum að snúast gegn henni.

Við teljum að áformin um byggingu verksmiðju á Reyðarfirði séu töluvert annars eðlis. Ekki er um sömu ókosti að ræða varðandi byggingu þeirrar verksmiðju og er varðandi Hvalfjarðarverksmiðjuna. Svo einfalt er það. Það er með öllu fráleitt af hv. þm. Eiði Guðnasyni að koma svo hér í ræðustól og segja við hv. þm., nánast eins og þeir hafi ekki allt of mikið innanborðs uppi í kollinum, að þetta séu eiginlega samskonar verksmiðjur og óskiljanlegt að menn séu á móti annarri en með hinni þegar fyrir liggur að allar aðstæður varðandi þessi tvö fyrirtæki eru gjörólíkar.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Auðvitað getur ekki nokkur maður með góðri samvisku a. m. k. verið á móti þessu frv. og þeim aðgerðum sem stefnt er að með framlagningu þessa frv. Það virðist þó, eftir því sem ég fæ best séð, að eftir á gildi hið sama og stundum er viðhaft í orðbragði læknastéttarinnar, að uppskurðurinn hafi tekist, sjúklingurinn sé samt sem áður dauður, en kannske von til þess að hann hjarni við ef utanaðkomandi aðstæður breytist og þá e. t. v. ekki endilega fyrir tilstilli læknisaðgerðarinnar þó að hún geri ástandið alla vega ekki neitt verra. Og ekki finnst mér nein ástæða til að setja fyrir sig þó að, eins og segir

einhvers staðar hér í grg., stjórnun félagsins verði eitthvað flóknari fyrir það að til komi einn aðili til viðbótar.

En það er eitt í þessu máli sem mig langaði til að benda á og kannske aðallega með tilliti til eftirbreytninnar. Hv. 5. landsk. þm. minntist á það að rekstur þessa fyrirtækis væri til fyrirmyndar. Ég held að menn séu allir sammála um að erfiðleikar fyrirtækisins séu af utanaðkomandi aðstæðum, en að rekstur fyrirtækisins í sjálfu sér sé til fyrirmyndar. Við vitum líka að járnblendiverksmiðjan greiðir árlega allstóra upphæð, mjög stóra upphæð, til Elkem fyrir veitta aðstoð og *tækniþekkingu*, þ. e. Elkem hefur selt *járnblendiverk*smiðjunni sína tækniþekkingu. Hún er náttúrlega grundvöllur þessa góða rekstrar sem þarna á sér stað og af því hafa Íslendingar lært. Ég tel að það, sem er fátítt á Íslandi, að menn meta það sem kallað er á útlensku slangri "know how", þ. e. þekkingu, til einhvers fjár og gera sér grein fyrir verðgildi hennar þó að það skili því miður ekki í þessu tilviki þeim árangri að fyrirtækið beri hagnað. Menn horfa til þess að í þessu þjóðfélagi höfum við náð ákveðnu takmarki í bættri rekstrarstöðu eða rekstrarmöguleikum fyrirtækja, en við eigum enn þá gífurlega stóran áfanga fram undan til að ná aftur upp þeim hagvexti hér á Íslandi að við getum rutt af okkur *þeim skuldum og þeim erfiðleikum sem við glímum við í* dag. Þá þurfa menn að gera sér grein fyrir tvennu, þ. e. að ekkert það sem við gerum í framtíðinni leiði til þess að við eigum ekki þá þekkingu og það "know how" sem til þarf til að standa að uppbyggingu atvinnulífs, og þá á ég einkum og sér í lagi við öll þau mál sem víkja að menntun og námi, og svo hins vegar að við förum yfir smærri gjár í fyrstu, en leggjum ekki sífellt til atlögu við stærstu gjárnar með þeim afleiðingum, sem orðið hafa á undanförnum árum, að við liggjum síðar meira eða minna beinbrotnir á botni þeirra og sjáum ekki fyrir hvernig við getum með sjálfshjálp komist upp úr þeim. Við þurfum í framtíðinni að leggja meiri áherslu á smærri atvinnutækifæri og fleiri með það fyrst og fremst í huga að áhættan verði í hverju tilviki minni og afleiðingarnar ekki eins alvarlegar þegar illa tekst til.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það verður ekki við það unað að þau ummæli sem hv. 3. þm. Norðurl. v. lét hér falla standi skráð í þingtíðindum án þess að þeim sé mótmælt. Ég sé að hann hefur nú vikið úr salnum, en vildi gjarnan að hann mætti heyra þau orð sem ég ætlaði einkum að beina til hans vegna ummæla hans áðan. (**Forseti:** Það er verið að leita að hv. þm. Ragnari Arnalds.)

Virðulegi forseti. Hafi hv. 3. þm. Norðurl. v. annaðhvort kosið eða *þurft að víkja af vettvangi skal ég ekki* tefja störf þessarar hv. deildar með því að bíða hans hér þótt ég hefði gjarnan kosið að hann mætti heyra mál mitt.

Hv. þm. lét svo um mælt að ég hefði talið það kjarna þessa máls að önnur og meiri fjárfestingarmistök hefðu verið gerð en bygging Grundartangaverksmiðjunar. Það er langt frá því að vera rétt. Það er enginn kjarni þessa máls. Það var bara vinsamleg ábending til hv. þm. að ef hann teldi byggingu verksmiðjunnar á Grundartanga hafa verið fjárfestingarmistök mætti þar ýmislegt fleira til taka og við bæta. Raunar er Króflurvirkjun kóróna þess sköpunarverks, ef svo mætti segja.

Hv. þm. vék þannig orðum að ég hefði talað um verksmiðjuna á Grundartanga og verksmiðjuna sem fyrirhuguð er á Reyðarfirði með þeim hætti að ég gerði ekki ráð fyrir að þm. hefðu mikla þekkingu, kunnáttu, vit eða greind til að skilja þau mál. Það er algjör útúrsnúningur og örgustu rangfærslur. Ég hygg hins vegar að flestir þm. viti að hér er um mjög skylda starfsemi að ræða, svo skylda að það er vandalítið og ekki mjög kostnaðarsamt að breyta verksmiðjunni á Grundartanga í þá veru að hún geti framleitt sömu afurð og gert er ráð fyrir að framleiða á Reyðarfirði. Og ef Reyðarfjarðarverksmiðjan er svo mjög hagkvæm sem hv. 3. þm. Norðurl. v. lét í ljós og ég skal ekkert í efa draga, hversu hagkvæm hefði sú verksmiðja þá ekki orðið ef hún hefði verið reist á Grundartanga? Ég hygg að þar hefði miklu munað. — Mér hefur nú borist vitneskja um að hv. 3. þm. Norðurl. v. sé farinn héðan úr húsinu að sinni, en ég mun engu að síður rekja þau atriði sem ég tel ástæðu til.

Hann gat þess að Alþfl. hefði greitt atkv. á sínum tíma með lögum um jarðgufuvirkjun við Kröflu. Þetta var árið 1974. Ég átti ekki sæti á hinu háa Alþingi þá, en áreiðanlega er þetta rétt hjá honum. Þau lög fjölluðu um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu og voru heimildarlög. Þau gerðu *ráð fyrir að fela væntanlegri* Norðurlandsvirkjun, sameignarfélagi ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila að reisa og reka, eins og segir, með leyfi forseta, í þessum lögum, „jarðgufuaflstöð við Kröflu eða austanvert Námafjall með allt að 55 mw. afli til framleiðslu á raforku og leggja það aðalorkuveitu til tengingar" o. s. frv.

Var það þetta sem var gert? Nei, það er ekki þetta sem var gert. Það var sett á laggirnar svokölluð Kröflunefnd þriggja flokka. Það voru Alþb., Sjálfstfl. og Framsfl. sem áttu fulltrúa í þeirri nefnd. — Það er miður, virðulegi forseti, að það skuli vera nauðsynlegt að rekja þetta hér, en það er óhjákvæmilegt að leiðrétta þær rangfærslur sem komu fram á máli hv. 3. þm. Norðurl. v. — Það var allt öðruvísi að þessu máli staðið en heimildarlögin gerðu ráð fyrir. Hér er talað um allt að 55 mw. afl. Ég veit ekki betur en að þær túrbínur sem keyptar voru til orkuframleiðslu hafi verið langt um öflugri eða áttu að geta afkastað miklu meiru en þetta, allt að 35 mw. hvor ef ég man rétt. (**Gripið fram í:** Þrjátíu.) Þrjátíu hvor, alla vega meira en heimildarlögin segja til um. Það var sem sagt ekki að þessu staðið eins og efni stóðu til og það var gagnrýni vert hvernig staðið var að framkvæmd þarna, en ég ætla ekkert að fara að rekja þá sögu hér, það er búið að rekja hana svo oft og hún er öllum þm. kunn. En því mótmæli ég og það er umsnúningur staðreynda og rangfærsla, að þá fyrst þegar Kröflueldar hinir síðari hófust hafi Alþfl. farið að gagnrýna þessa framkvæmd. Þetta er alrangt og það er þetta sem ég vildi fyrst og fremst mótmæla. Þarna fór hv. þm. alrangt með staðreyndir og því vil ég ekki láta hér ómótmælt.

Ég læt þá, virðulegi forseti, þessum útúrdúr lokið, sem var óhjákvæmilegur vegna þeirra ummæla sem hér höfðu fallið, en að öðru leyti kemur þetta ekki því máli við sem hér er til umræðu.

Ég sé nú að hv. 3. þm. Norðurl. v. er kominn í salinn að nýju og skal nú ekki þreyta hv. deild með því að endurtaka hér allt sem ég hef sagt, en í örfáum

setningum kjarna þess máls. — Í fyrsta lagi: Það er rétt að Alþfl. studdi heimildarlögin um virkjun við Kröflu eða við Námafjall, en það var ekki að framkvæmdum staðið eins og þau lög gerðu ráð fyrir. Þetta veit hv. þm. mætavel því að í þeim lögum er ríkisstj. heimilað að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sameignarfélagi ríkis og sveitarfélaga... (**RA:** Eða öðrum.) Já, eða öðrum aðila, það er rétt. Sömuleiðis voru keyptar öflugri túrbínur til þessa verks en heimildarlögin gerðu ráð fyrir. Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt. Og það er meginatriði, sem ég vil mótmæla hér og ítreka enn einu sinni að það var ekki fyrst eftir að eldsumbrot hófust á Kröflusvæðinu sem Alþfl. gagnrýndi þessa framkvæmd. Það var löngu áður. Þetta veit hv. 3. þm. Norðurl. v. mætavel og þess vegna er það ekki aðeins ósanngjarnt, óréttmætt, það er raunar vil ég segja ódrengilegt að halda því fram að Alþfl. hafi þá fyrst farið að gagnrýna þetta mál þegar jarðeldar voru uppi á Kröflusvæðinu. Þetta er rangt. (**RA:** En svona er það nú samt.)

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Hæstv. forseti. Ég geymi mér umræður um kísilmálm. Við fáum væntanlega hið háa Alþingi hið fyrsta til að fjalla um þau mál. Eins er ég löngu hættur að fjargviðrast út af Kröfluvirkjun. Ég hafði ýmislegt um það að segja á sínum tíma, eins þegar ég kom úr flugferð yfir Leirhnjúk þennan fræga morgun, 20. des. 1976 minnir mig að það hafi verið, eða 1975. Árni Johnsen ætti að muna það, þar sem við vorum þar saman farþegar, með listflugmanni miklum. Við reynum að gera eitthvað gott úr Kröflu og víst höfum við fengið haldgóða reynslu af umsvifum þar og ekki er að vita, þegar fram líða stundir, nema hún geti gert í blóðið sitt. Þetta er afkastamikil virkjun eins og jarðgufuvirkjanir eru. Þar er það ekki sveiflukennt vatnsafl sem á í hlut. Nú verða holur á Hvíthólasvæði tengdar þessari gufuaflsvirkjun þannig að vélasamstæðan, sem sett hefur verið upp, mun skila 30 mw. Auðvitað eru það miklar skuldir sem á þessu fyrirtæki hvíla, en úr því sem komið er þýðir ekki um það að fást, heldur reyna að koma því sem hagfelldast fyrir í okkar orkukerfi, en fyrir því hefur ekki verið séð fram til þessa dags. Til að mynda er það að virkjunin stendur óhreyfð í allt sumar. Þannig megum við ekki halda á málum, heldur þurfum við að skipuleggja orkuframleiðsluna sem mest eftir markaðsþörfum, enda þótt við þurfum á hverjum tíma að eiga nokkra umframorku í kerfinu sjálfu.

Ég þakka ágætar undirtektir við þetta frv. frá hv. 3. þm. Vesturl., hv. 5. landsk. þm. og hv. 8. þm. Reykv. Ég legg ekki mikið upp úr því að andstöðu hafi sérstaklega gætt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. Og víst var það greinilegt að hv. 4. þm. Vesturl. gerði bæði sárt og klæjaði.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. minntist á að hér væri um neyðarráðstafanir að tefla. Ég læt mér hægt um það orðalag, en sé svo, þótt ég vilji álíta að hér séu ráðstafanir gerðar til frambúðarstarfrækslu og arðsemi þessa fyrirtækis, þá er hitt víst að aðgerðirnar sem gerðar voru með lögum nr. 45 frá 1982 voru neyðarráðstafanir hreinar, þar sem lagðar voru undir um 20 millj. dollara til fjárhagsendurskipulagningar, hlutafjáraukningar, víkjandi lántökum sem kallaðar eru, sem er auðvitað sjálfskuldarábyrgð og kemur ekki til endurgreiðslu af hálfu lántakanda fyrr en önnur stofnlán eru greidd, og með beinum ábyrgðum hluthafa 10 millj. Bandaríkjadala. Öll þessi lántaka fór ekki fram vegna hinnar erfiðu stöðu félagsins. En við þessa aðgerð nú verður létt af íslenska ríkinu sem svarar 15.9 millj. Bandaríkjadala, 470 millj. ísl. króna, sem léttir af erlendri skuldastöðu okkar vegna hlutafjáraukningarinnar og vegna þess að greiddar eru niður skuldir fyrirtækisins. Þess vegna er það að mínum dómi ákaflega mikilsvert að hafa náð þessum samningum. Við höfum gjarnan kosið að geta hækkað orkuverðið verulega. Að því er þó gætandi að við erum meirihlutaeigendur í þessu fyrirtæki, eigum 55%, og þess vegna er hagur okkar auðvitað allur að fyrirtækið komist á réttan kjöl.

Ég vil upplýsa að forgangsorkan er seld til þessa fyrirtækis á 11.386 mill og er það auðvitað ekki nálægt því eins hátt verð og við þyrftum. Hins vegar eru tekin inn ákvæði um það, að þegar fyrirtækið hefur skilað verulegum ágóða, 50 millj. norskra kr., þá skiptist umframágóði af því milli Landsvirkjunar og félagsins í hlutföllunum 33:67, þannig að hér er auðvitað stórt í sniðum og ef heldur svo fram sem horfir um rekstur fyrirtækisins, þá er það fróðra manna hyggja að innan 4—5 ára kynni þessu marki að verða náð. Einnegin er þarna um eiginfjárstöðu fyrirtækisins að tefla í að mig minnir hlutföllunum 60:40 eiginfjárstöðu miðað við endurskoðaða hlutafjáreignina.

Ég vil aðeins upplýsa að árið 1981 framleiddi þessi verksmiðja einungis 32 þús. tonn, 1982 42 þús. tonn, 1983 50 þús. tonn. Núna stefnir í það hámark og eiginlega fram úr því sem hún að meðaltali er talin geta afkastað, sem er 53—55 þús tonn. Menn gera sér vonir um að nú náist um 58 þús. tonn. 55 þús. tonna framleiðsla er trygg á hverju ári, 30 þús. tonna vegna sölu Elkem og 20 þús. tonna vegna Sumitomo. Þess má geta að það var deiluatriði harðsnúið undir lokin að Sumitomo hefur forgang að 5 þús. tonnum fram yfir 50 þús. tonn, þannig að við teljum okkur örugg um hámarkssölu á hámarksafköstum verksmiðjunnar. Lauslega áætlað má ætla, miðað við rekstur verksmiðjunnar í dag, að nettógjaldeyristekjur vegna reksturs verksmiðjunnar séu 420 millj. kr. Af þessu sjá menn að mikið er í húfi að vel takist til um viðreisn þessa fyrirtækis. Það er misskilningur, sem hv. 4. þm. Vesturl. hélt fram, að Japanir væru að koma stórrekstri, stóriðju fyrir í öðrum löndum með þessari athöfn sinni og annarri sem þeir hafa nú aðhafst í þessum málum. Ástæðurnar eru þær að vegna gífurlegs orkukostnaðar í Japan hafa járnblendiverksmiðjur og álbræðslur farið á dúndrandi hausinn. (**Gripið fram í:** Og stálið líka.) Og þar er enginn Byggðasjóður til þess að halda fyrirtækjum við, eins og við hv. 4. þm. Austurl. rákum með prýði einu sinni, til þess að hindra að arðbær fyrirtæki í Japan fari á hausinn. Þessi er ástæðan.

Menn hafa auðvitað lengi fundið til þess að tækniþróun, sölukostnaður o. s. frv. væri allhár hjá þessu fyrirtæki. Auðvitað er tækniþekkingin mjög mikilvæg. Ég vil geta þess að þetta er nýjasta verksmiðja sinnar tegundar í heiminum. Hún hefur gengið með ágætum. Rétt er það að þær fréttir af rekstri fyrirtækis eru ógóðar sem eru eingöngu um að það hafi tapað alla sína tíð, en þó er það huggun harmi gegn að tæknilega hefur hún staðist fyllstu kröfur. Ég nenni nú ekki að fara í

söguskoðun hér, en einhvern tíma var sagt: Sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Og ég man alveg hver stóð fyrir upphafi járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Það var 1971—72 undir forystu Alþb. Það kann vel að vera að Union-Carbide-menn séu miklu betri viðurskiptis og hugnanlegri Alþb.-mönnum heldur en Elkem í Noregi. Þeir báru ekki, Alþb.-menn, ábyrgð á samningunum við Elkem. En þeir báru ábyrgð á því að þeirra kæru vinir, eins og bréfaskriftirnar hljóðuðu upp á, Yours truly always, þeir voru með í þessum leik Union Carbide á sínum tíma og til allra ráðgerða um þetta mál var stofnað af hálfu Alþb. og Magnúsar heitins Kjartanssonar.

Ég var óánægður með samningana um Járnblendifélagið á sínum tíma. Sú óánægja mín orsakaðist af því, sem aðallega réð ferðinni og eftir stóð af hugmyndum Alþb., og það var að Íslendingar skyldu eiga meiri hluta í þessu fyrirtæki. Það var höfuðgallinn að mínum dómi. Og það er óbreytt skoðun mín enn í dag að á þessum markaði, þar sem stóriðjuframleiðslan er seld, munum við Íslendingar aldrei ráða neinu. Eins og menn þekkja, þá er sala afurðarinnar síðasta stig framleiðslunnar. Fyrir því er það að ég hef verið eindreginn andstæðingur þeirrar stefnu, sem hefur verið nefnd af hálfu Alþb. hin íslenska stefna, að Íslendingar ættu að eiga meiri hlutann í slíkum fyrirtækjum. Við eigum ekki að hætta slíku til og ég mun ýmislegt á mig leggja áður en slíkt verður gert, meðan ég fer með það starf sem nú gegni ég. Þetta vil ég taka fram, sem raunar er óþarft, af því sem menn vita um afstöðu mína og Sjálfstfl. til þessa atriðis. Honum varð það á 1974—78 að taka upp þessa stefnu Alþb., sem aldrei skyldi verið hafa. En hér hefur okkur sem sagt tekist að minni hyggju, enda mundi ég ekki leggja þetta annars til, að gerbreyta allri aðstöðu þessa mikilsverða fyrirtækis, sem veitir fjölmörgum mönnum atvinnu, sem aflar stórmikils gjaldeyris, sem getur og að minni hyggju verður mikil lyftistöng í atvinnusögu okkar. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað enda bendir allt til að þannig muni til takast.

Ég fer fram á það við hv. nefnd og hv. deild, að séð verði fyrir skjótum framgangi þessa máls, þar sem bráðabirgðasamkomulagið hljóðar á þann veg að menn skuli hafa lokið öllum heimildum og allri gagnasöfnun sem að lokasamningi lýtur fyrir 1. júní n. k.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Bæjarstæðis í Seyðisfjarðarhreppi, frv. 181. mál (þskj. 325, n. 619, 620). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Það er með góðri samvisku hægt að mæla fyrir samþykkt þessa frv. Hins vegar vildi ég geta þess — og það ættu menn að athuga þegar þeir flytja frv. um jarðasölur almennt séð, það nær ekki til hliðstæðna sem þessara hér — að í jarðalögum eru ákvæði um það að eftir 10 ára ábúðarrétt á jörð eignist leiguliði kauprétt á sama grundvelli og heimildarlög, sem almennt fjalla um jarðasölur, kveða á um. Ég held að í mörgum tilvikum sé allt í lagi þó að slík viðskipti bíði þess að menn eignist þá heimild.

En hér er hins vegar um að ræða miklu einfaldara mál og sjálfsagðara því að þessi jörð hefur verið nytjuð frá nábýlisjörð og þaðan hefur verð séð um fjallskil og aðra hirðu á jörðinni þannig að það er öllum fyrir bestu að jörðin komist að fullu og öllu í góðra manna hendur.

Það hefur aðeins verið gerð sú breyting frá upphaflega frv. að vitna til ábúðarlaga, jarðalaga, þar sem tilgreint er að viss og ákveðin réttindi séu undanskilin við jarðasölu, t. d. vatnsréttindi og námuréttindi. Það er í rauninni það sem hefur viðgengist að væri tekið undan þegar ríkissjóður hefur selt sínar jarðir þannig að á þessu er ekki mikil breyting frá því sem verið hefur.

Með hliðsjón af framangreindum skýringum hefur landbn. samþykkt að mæla með samþykkt frv. Einn nm., Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, er með fyrirvara en að öðru leyti eru nm. sammála.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þetta mál var ítarlega rætt í hv. landbn. og niðurstöðuna er að finna í nál. og brtt. sem formaður n. hefur þegar gert grein fyrir. Ég ritaði undir þetta nál. með fyrirvara vegna þess að mér finnst miklu skipta að athugað sé vendilega áður en til nýtingar á þeim heimildum kemur, sem frv. kveða á um, hvort á þessum jörðum séu einhverjar náttúruminjar sem ástæða sé til að friða í almannaþágu. Ég legg áherslu á að slíkt sé þá gert áður en heimildin er nýtt.

Skv. upplýsingum Náttúruverndarráðs er jörðin Bæjarstæði ekki á náttúruminjaskrá. Hins vegar er næsti dalur við hliðina á þeirri jörð, sem nefndur er Austurdalur, á skrá og því er e. t. v. ástæða til að athuga það vel hvort eitthvað sé sameiginlegt með þeim tveimur dölum sem þarna um ræðir.

Með leyfi forseta, langar mig til að gera svipaðar athugasemdir við annað mál sem er á dagskrá í dag, þ. e. heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Þjóðólfshaga í Holtahreppi í Rangárvallasýslu, vegna þess að athugasemdirnar eru sams konar og það mundi spara hv. deild tíma.

Hvað Þjóðólfshaga varðar geri ég sömu athugasemdir, þ. e. að þar sé einnig athugað hvort um einhverjar náttúruminjar sé að ræða. Sú jörð er heldur ekki á náttúruminjaskrá en þar mun vera skráður merkislækur sem nefndur er Steinslækur og ósnortið votlendi í kring sem mun vera orðið nokkuð fátítt á Íslandi nú til dags og ástæða til að athuga hvort friða bæri.

Því vil ég spyrja hæstv. landbrh. að því hvort hann sé tilbúinn til að leita umsagnar Náttúruverndarráðs varðandi hugsanlega friðun á þessum jörðum og taka síðan tillit til þeirra umsagna áður en heimildirnar, sem frumvörpin kveða á um, eru nýttar. Sé svo mun ég greiða þessum frv. báðum atkv. mitt en ella ekki.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leiðrétta eitt nafn sem hér var nefnt áðan. Þessi dalur heitir Austdalur en ekki Austurdalur. Það eru þrjár jarðir í Seyðisfirði sem eru elstar, þ. e. Fjörður, Vestdalur og Austdalur. Til þess að þetta komi rétt inn í þingtíðindi eins og það er í okkar fornu bókum vil ég koma þessari leiðréttingu á framfæri. Hv. þm. er sjálfsagt ekki staðarkunnugur og þess vegna kom þetta nafn, Austurdalur, inn en á að vera Austdalur.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Hv. 11. þm. Reykv. beindi til mín fsp. um það hvort ég væri fús að lýsa því yfir að leitað yrði umsagnar Náttúruverndarráðs áður en heimildir yrðu nýttar sem samþykktar kunna að verða með lögum þessum. Ég vil láta það koma fram að ég mun fara að því og leita þeirrar umsagnar. Síðan verður þá tekið tillit til þeirrar niðurstöðu sem þar kann að koma fram eftir því sem efni munu standa til.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ekki er ástæða til þess að setja á langar tölur um þetta enda menn óvenju stuttorðir nú og ég skal vera það einnig. Aðalatriðið er að þegar slík jörð er seld einstaklingi, eins og hér er um að ræða, er það vegna búrekstrarins og þess sem honum tengist sem nýr eigandi fær umráða- og eignarrétt. Eins og kom fram í máli hv. frsm., 11. landsk. þm., getur þetta einmitt haft þau áhrif að vikomandi jörð er sýndur meiri sómi, meiri umhirða og betur að henni gætt. Það er þannig a. m. k. í flestum tilfellum þar sem ég þekki til að slíkar jarðir hafa verið seldar einstaklingum.

Það kom einnig fram að skv. jarðalögum eru skýr ákvæði um það að undanskilin séu námaréttindi og annað það sem nýr eigandi kynni að öðrum kosti að auðgast á óeðlilega. Þannig fer ekkert á milli mála að það er eingöngu til búskaparnytja sem landið nýtist hinum nýja eiganda skv. þeim lögum. Um slíkar jarðasölur er hins vegar ævinlega nokkur spurning í mínum huga hversu með skuli fara.

Ekki leikur vafi á réttmæti þessarar jarðarsölu þó ég taki fyllilega undir almenna ábendingu hv. 11. þm. Reykv. um nauðsyn þess að þess sé vel gætt að þar séu ekki neinar náttúruminjar sem hætta sé á að fari til spillis eða verði eyðilagðar vegna þess að ríkið eigi ekki lengur þar aðild að. En þrátt fyrir Austdalinn, sem hv. 4. þm. Austurl. hefur af miklum kunnugleika leiðrétt að heiti svo, er jörðin sem slík þess eðlis að fullkomlega ástæðulaust er að hafa af því áhyggjur. Enda hefur hæstv. landbrh. tekið þar af öll tvímæli ef svo kynni að fara, sem gæti verið út af fyrir sig skemmtilegt fyrir okkur Austfirðinga, að á þessum slóðum, eins og svo víða þar austur frá, leyndust einhver slík dýrmæti. Við eigum reyndar nóg af þeim og kæmi okkur hv. 4. þm. Austurl. kannske ekki á óvart þó að jafnvel þarna væru einhver slík dýrmæti fólgin.

ATKVGR.

Brtt. 620 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Þjóðólfshaga, frv. 213. mál (þskj. 378, n. 616, 617). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Ég get í sjálfu sér vísað til umr. sem nú er nýlokið um 8. dagskrármálið. Það á í rauninni allt hið sama við um þetta mál eins og það. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með sambærilegri breytingu eins og við hitt málið var samþykkt hér áðan, þ. e. að vísað er til 3.—5. mgr. 29. gr. jarðalaga.

ATKVGR.

Brtt. 617 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 182. mál (þskj. 326, n. 595, 615, 625). — Frh. 2. umr.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 625. Hún er flutt af sömu flm. og standa að því frv. sem hér er til umr. og afgreiðslu, um breytingu á umferðarlögunum. Í framhaldi af þeim umr. sem hér fóru fram fyrir páska um þetta frv. og þá fyrst og fremst varðandi ljósanotkun ökutækja allan sólarhringinn allan ársins hring, þar sem hv. 3. þm. Vesturl. mælti hér fyrir brtt. um að ljósatíminn gilti ekki yfir sumartímann, varð það að samkomulagi flm. frv. að betur athuguðu máli að leggja fram brtt. varðandi það atriði að fresta gildistöku laganna, þannig að þau taki ekki gildi fyrr en 1. sept. 1984 í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi. Ég held að þetta sé heppileg ráðstöfun. Með þessu móti veitist þarna aðlögunartími, ekki síst með tilliti til þeirra sem eru enn þá í nokkrum vafa um gildistöku laganna með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, að ljósatíminn sé allan ársins hring allan sólarhringinn.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að orðlengja þetta frekar. Það væri mjög æskilegt að hægt væri að ganga til atkv. um frv. núna og afgreiða það til 3. umr. Ég vænti þess að hv. þdm. hafi skilning á þessari brtt. og líti á hana sem nokkurs konar samkomulag í átt til þess sem þeir sem eru í vafa um þetta mál geti sætt sig við.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Það er varðandi ljósatímann. Flm. frv. hafa breytt því þannig að lögin taka ekki gildi 1. júlí heldur 1. sept., þannig að það er þó frestun í eitt sumar, ef þessi brtt. verður samþykkt. Sumarið 1985 kemur eftir 1984 og þá eiga lögin að taka gildi þannig að ég sé ekki ástæðu til að hverfa frá minni till. Mín till. gerir ráð fyrir því að tímabilið 15. maí til 1. sept. séu ekki höfð uppi ljós. Þetta er því nákvæmlega sama og brtt. gerir ráð fyrir, nema ég geri ráð fyrir að það komi annað ár eftir 1984, þannig að það verði þá að breytast þá. Þess vegna held ég mig við mína fyrri brtt. um það að sú breyting sem þarna er lögð til verði gerð á gildandi umferðarlögum.

ATKVGR.

Brtt. 615 felld með 8:7 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 625 (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 25. apríl, kl 2 miðdegis.

Áfengislög, frv. 296. mál (þskj. 575). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 119. mál (þskj. 146). — Frh. 3. umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Hæstv. forseti. Ég tek hér til máls við 3. umr. um frv. til l. um breytingu á lögum um tollskrá. Það eru lög nr. 120/1976. Fyrir nokkru var samþykkt hér í Sþ. till. til þál. um staðfestingu Flórens-sáttmála, 118. mál, og hlaut einróma samþykkt. Sú þáltill. var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að staðfesta aðild Íslands að alþjóðasáttmála um niðurfellingu aðflutningsgjalda af varningi til mennta-, vísinda- og menningarmála, svonefndan Flórens-sáttmála UNESCO, en án viðaukabókunar sáttmálans. Jafnframt þessu verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tollskrá."

Þannig hljóðaði texti þáltill. Það er í framhaldi af samþykkt hennar í Sþ. og til þess að verða við niðurlagsákvæðum þáltill. þessarar sem þetta mál er hér flutt í Nd.

Meginefni aðildar okkar að Flórens-sáttmálanum, sem nú er undirbúin í utanrrn., er það að aðildarríkin skuldbinda sig til þess að fella niður tolla og önnur aðflutningsgjöld á tilteknum menningartækjum sem við gætum svo nefnt. Það er í fyrsta lagi um að ræða bækur og tímarit, í öðru lagi listaverk og safngripi, í þriðja lagi sýningarefni og hvers kyns hljóðritað efni með menntunarlegt, vísindalegt og menningarlegt gildi, í fjórða lagi vísindatæki og búnað og í fimmta lagi vörur til afnota fyrir blinda. Efni þessa frv. sem hér liggur fyrir lýtur að 4. liðum sem ég vék að, þ. e. um er að ræða niðurfellingu tolla á vísindatækjum og búnaði sem notaður er á viðurkenndum vísinda- og rannsóknastofnunum.

Till. um breytingu á tollskrárlögum á þskj. 146 er svohljóðandi:

„Í 3. gr. laganna breytist 39. tölul. og orðist svo:

Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem ætlaður er til notkunar hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum."

Þetta frv. er flutt af þeim alþm. í Nd. sem sæti eiga í Rannsóknarráði ríkisins, þ. e. auk mín þeim Birni Dagbjartssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur, Guðmundi Bjarnasyni, Hjörleifi Guttormssyni, Jóni Baldvin Hannibalssyni og Pálma Jónssyni.

Það er m. ö. o. nauðsynlegt að afla þessarar lagaheimildar til þess að fylgja á eftir og gera virka niðurfellingu tolla og annarra aðflutningsgjalda sem Flórens-sáttmálinn gerir ráð fyrir. Hér verða þessi tvö mál í raun að verða samferða. Aðildin að Flórens-sáttmálanum er í undirbúningi, eins og ég gat um eftir samhljóða samþykkt Sþ., en hér þarf einnig að koma til breyting á tollskránni í þessa veru sem ég hef hér lýst.

Ég vil bæta því við að eins og fram kom þegar ég rakti efni Flórens-sáttmálans er hann allvíðtækur og tekur til fleiri atriða heldur en niðurfellingar aðflutningsgjalda á vísindatækjum og rannsóknatækjum og slíkum búnaði. M. a. er þar einnig nefnt sýningarefni og hvers kyns hljóðritað efni sem hefur menningarlegt, vísindalegt og menntunarlegt gildi. Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar einungis um vísindatæki og búnað. En það liggur í hlutarins eðli og mun leiða af aðild Íslands að Flórens-sáttmálanum að einnig verður að breyta tollskránni hvað þessi atriði varðar á sama hátt og hér er lagt til varðandi vísindatæki og búnað. Flm. þessa frv. munu hafa forgöngu um að svo verði gert. Hins vegar einskorðast þetta frv. við vísindatæki og búnað enda borið fram, eins og ég sagði áðan, af þeim deildarmönnum sem sæti eiga í Rannsóknaráði ríkisins. En það gefur auga leið að einnig verður að sjá svo um að tollar og aðflutningsgjöld séu niður felld af hljóðrituðu, innfluttu efni, enda er það í fullu samræmi við Flórens-sáttmálann og væri raunverulega í algerri andstöðu við hann ef slík gjöld væru áfram á þeim varningi.

Að því er tekur til bóka, tímarita, listaverka og safngripa og margs kyns efnis og vara fyrir blinda hafa aðflutningsgjöld þegar verið felld niður af þeim vöruflokkum þannig að um þá þarf ekki frekar að hugsa eða fjalla í þessu sambandi.

Ég vil aðeins víkja til viðbótar að einu atriði í þessu efni, sem alveg réttilega var á bent í fyrri hluta 3. umr. hér í hv. deild, að í tollskrárlögunum nr. 120/1976 er þess getið í 3. gr. 6. tölul. að fjmrh. sé heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af þeim vörum sem falla undir fríverslunar- eða tollfrelsissamninga þá sem Íslendingar gera við aðrar þjóðir. Nú má segja að hér er um góða og ugglaust nytsamlega heimild að ræða, en ég vil undirstrika í þessu sambandi að hér er einungis um heimildarákvæði að ræða fyrir fjmrh. sem liggur algerlega á hans valdi hvort hann notar eða ekki. Það er þess vegna tvímælalaust nauðsynlegt og rétt leið að fá lagaheimild í þessu efni þrátt fyrir þetta heimildarákvæði. Það er engin skylda að fella niður tolla skv. þessu tollskrárlagaákvæði. Það er þess vegna tvímælalaust nauðsynlegt að breyta tollskrárlögunum á formlegan hátt þrátt fyrir þetta heimildarákvæði eins og hér er lagt til að gert verði þannig að það liggi alveg ljóst fyrir og sé vafalaust að aðflutningsgjöld verði felld niður, í þessu tilviki af vísindatækjum og búnaði, eftir að Alþingi hefur fjallað um málið.

Ég held að ég þurfi ekki hér við 3. umr. að rekja fyrir hv. þd. þau rök sem liggja til þess að hér er talin full ástæða og raunar mikil nauðsyn á því að frv. þetta nái fram að ganga að lokinni þessari umr. svo að unnt verði að senda það til Ed. til þóknanlegrar fyrirgreiðslu.

Það er svo að íslenskar vísinda- og rannsóknastofnanir hafa fengið fé til tækjaöflunar frá ríkinu. Það er einnig staðreynd að mjög mikinn hluta þess hefur ríkið tekið aftur í formi tolla og annarra aðflutningsgjalda svo undarlegt sem það kann nú að virðast. Hefur jafnvel gengið svo langt að tekjur ríkissjóðs af innfluttum rannsóknartækjum hafa verið meiri en framlag hans til raunvísinda í gegnum Vísindasjóð á liðnum árum. Það

er m. a. til þess að leiðrétta atriði sem þessi sem þetta frv. er borið fram. Ég vil leyfa mér að láta þá von í ljós að það fái greiða og góða afgreiðslu hér í hv. þd.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þar sem ég hef orðið til þess að halda uppi nokkrum umr. um þetta mál vil ég aðeins bæta hér við þær. Eins og ég hef marglýst yfir styð ég að sjálfsögðu það frv. sem hér liggur fyrir um að fella niður tolla af vísindatækjum og búnaði en ég vil enn og aftur ítreka að mér finnst með öllu óeðlilegt, þar sem um er að ræða milliríkjasamning, að fram skuli borið frv. um einn þátt samningsins. Nú sagði hv. flm. frv. hér í ræðustóli rétt áðan að hann og hans samflm. mundu sjá til þess að fram yrði borið frv. um aðra þætti samningsins. Ég hlýt að spyrja — og þá e. t. v. hæstv. utanrrh. sem hefur milligöngu um að undirrita þennan samning — hvers vegna slíkt frv. er í raun og veru borið fram af þm. í ákveðnu ráði, að þessu sinni Rannsóknaráði ríkisins, hvers vegna ríkisstj. sem slík sér ekki um að þær breytingar verði gerðar á tollskrá sem samningurinn tekur til. Þetta eru, ég endurtek það enn og aftur — ákaflega óeðlileg vinnubrögð, að einn þáttur þessa samnings sé afgreiddur hér alveg ótvírætt fyrir þrýsting frá Rannsóknaráði ríkisins en ríkisstj. sjálf virðist ekki hafa tiltakanlegan áhuga á því að breyta tollskrá þannig að öll atriði samningsins séu þannig afgreidd.

Hv. þm. Gunnar Schram sagði rétt áðan að búið væri að fella niður tolla af flestum öðrum atriðum sáttmálans og nefndi til listaverk eða safngripi. Þetta er ekki rétt og ég hef sagt það hér áður. Það vill svo til að það veit ég af reynslu sem stjórnarmaður í einu listasafni bæjarins að til þess að ná inn í landið safngripum — og þeir geta þess vegna verið 100 ára gamlir — verður að standa í hvers kyns kífi og þvargi við tollyfirvöld, reiða fram fé til tryggingar og annað slíkt til þess að fá að koma þessu inn í landið. Ef gengið hefði verið frá öllum atriðum sem sáttmálinn tekur til væri þetta úr sögunni. Ég hlýt að spyrja utanrrh. til þess að fá það alveg á hreint: Stendur til að þegar þingi lýkur verði búið að bera fram frv. um öll önnur atriði sáttmálans?

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil sem svar við fsp. hv. þm. aðeins segja það að ég skal kanna þetta mál, að hve miklu leyti ógert hefur verið látið að bera fram frv. til þess að lög landsins séu í samræmi við fullgildingu á þessum sáttmála. En ég hygg að skv. honum sé það í nokkurt sjálfsvald sett fullgildingaraðilum hvenær og að hvað miklu leyti og hve fljótt gengið verði frá löggjöf hvers ríkis til samræmingar við sáttmálann sjálfan. En sem sagt, ég mun athuga það mál nánar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 141. mál (þskj. 182). — Frh. 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan kosið, ef forseti gæti séð svo til, að hæstv. iðnrh. væri viðstaddur þessa umr. vegna þess að ég tel að þetta, bæði umr. sem slík og málið í heild, höfði ærið mikið til hans. Vildi hæstv. forseti ekki grennslast fyrir um hvort hæstv. iðnrh. er í húsinu? (**Forseti:** Ég skal láta athuga hvort ekki er hægt að ná í hæstv. iðnrh.)

Ég skal á meðan, virðulegi forseti, halda áfram minni framsöguræðu, sem ég flutti hluta af fyrir röskum þrem vikum. — Hvað segir hv. þm. Halldór Blöndal á flækingi hér um deild, sem sjaldan er nú þó? — Það hugsa ég að heyri til nokkurra undantekninga að framsöguræða fyrir máli sé slitin í sundur með þeim hætti sem hér gerist í þetta langan tíma og sýnir kannske betur en margt annað þá áþreifanlegu staðreynd hve óbreyttir þm. stjórnarandstöðu á hverjum tíma eiga erfitt um vik að koma áfram málum sem þeir gjarnan vildu koma a. m. k. til skila í umr. þó svo ekki yrði nú meira. — Ég heyrði að einn stjórnarþm. kallaði hér fram í: Þetta á við um stjórnarliða líka.

Auðvitað er þetta gersamlega óþolandi. Ég vil taka það strax fram að ég er ekki að deila á núv. hæstv. forseta, en það er auðvitað óþolandi fyrir þm. að þeir skuli ekki með nokkuð eðlilegum og skikkanlegum hætti geta komið málum hér til umr. Þetta mál er lagt fram í des. s. l., 2. apríl fer fram hluti af framsögu fyrir málinu og núna 25. apríl fæst vonandi a. m. k. að ljúka framsögunni fyrir því. Þetta sýnir að á þessum tíma hefur verið hrúgað upp og þröngvað í gegn frumvörpum frá hæstv. ríkisstj. sem kannske er eðlilegra að gangi að öllu jöfnu fyrir í þinghaldinu. En það er með ólíkindum að mál skuli dragast á langinn með þeim hætti sem þetta frv. hefur þó gert og ég hygg að svo sé um mörg önnur frv. hv. þm. stjórnarandstöðunnar t. d., þó að við tökum ekki hina með.

Í fyrri hluta framsögunnar var ég búinn að rifja upp meginefni þessa frv., fór að vísu ekki í mjög ítarlegu máli út í allar greinar þess, en í meginatriðum var ég búinn að gera grein fyrir því hvað væri hér um að ræða: sem sagt að létta, a. m. k. gera tilraun til þess að létta, byrði þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem búa á hinum „köldu svæðum“ og búa við okurorkuverð á ýmsum sviðum, og á það ekki síst við um þann kostnað sem er samfara upphitun á íbúðarhúsnæði. Það ætti að liggja í augum uppi og ætti að vera öllum hv. þm. ljóst að ekki getur gengið að leggja slíkar byrðar á einstaklinga á þessum svæðum. Rösklega helmingur mánaðartekna verkamanns fer til að standa undir þessum þætti einum í heimilishaldinu. Það eru dæmi þess, a. m. k. á mínum heimavígstöðvum, að menn borga allt að 8—9 þús. á mánuði fyrir að hita upp sitt íbúðarhúsnæði á sama tíma og verið er að skammta launafólki lágmarkslaun í kringum 12 þús. kr. á mánuði. Ég hélt satt að segja að það ætti ekki að þurfa að hafa um það mörg orð hversu brýnt er að leiðrétta þennan þátt hjá þessu fólki.

Ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár í desembermánuði, rétt um þær mundir sem 2. umr. fjárlaga átti að fara fram, og gerði þá að umræðuefni einmitt þetta, að fá um það vitneskju með hvaða hætti hæstv. ríkisstj., og þá fyrst og fremst hæstv. iðnrh., ætlaði að taka á þessu máli við fjárlagaafgreiðsluna. Hæstv. iðnrh. lýsti því þá yfir í þingræðu í des., að strax á fyrstu dögum í janúar, eftir að þing kæmi saman eftir jólaleyfi, mundi hann leggja fram frv. þessa efnis. Fyrir um þrem vikum, þegar þetta mál var hér á dagskrá og ég vitnaði til þessarar yfirlýsingar hæstv. iðnrh., kallaði hann fram í úr sínum stól að frv. kæmi á morgun. Þetta er skjalfest í

þingtíðindum. Fyrir um þrem vikum kom önnur yfirlýsing frá hæstv. iðnrh. þess efnis að frv. að þessu lútandi kæmi „á morgun". Ég veit ekki til — ég bið menn að leiðrétta mig fari ég með rangt — að slíkt frv. sé fram komið enn, mér er ekki um það kunnugt, þannig að mér sýnist að það ætli að dragast hjá hæstv. iðnrh. að koma frá sér frv., og fer nú að verða hver síðastur, eigi það að afgreiðast á þessu þingi, að það fari að sjá dagsins ljós á borðum þm. Enn sé ég ekki hæstv. iðnrh. genginn í salinn, en það er ástæða til að spyrja: Hver er orsökin fyrir því að margítrekaðar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. í þessum efnum standast ekki? Hver er dragbíturinn á að slíkt frv. sjái dagsins ljós hér á Alþingi, sem efnislega ætti að verða til þess að létta þessar byrðar? Hvaða aðilar eru það, séu þeir einhverjir, sem eru dragbítar í þeim efnum? Það er nauðsynlegt að fá vitneskju um slíkt, ekki síst í ljósi þessarar yfirlýsingar hæstv. ráðh. og umfram allt í ljósi þeirra erfiðleika sem þeir einstaklingar, sem hér eiga hlut að máli, eiga við að etja. Ég trúi því ekki að það hafi ekki fleiri hv. alþm. en ég fengið kvartanir, ályktanir, undirskriftir, allar á þann veg að þessu oki verði létt af heimilum almennings á hinum „köldu svæðum", en ekkert virðist duga.

Í desembermánuði lauk þar til skipuð nefnd störfum, en hún átti að gera tillögur um úrbætur í þessum efnum. Nokkru áður hafði önnur nefnd, að ég best veit, skilað áliti varðandi þetta mál. Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir í des. í utandagskrárumr. að svo stutt væri síðan sú nefnd, hin seinni, hefði skilað sér áliti og hann gæti ekki greint frá því þá. Mér vitanlega hefur ekki verið greint frá því síðan hvað sú nefnd lagði til að gert yrði. Mér sýnist því allt bera að sama brunni í þessu máli á þann veg að mestar líkur eru á því að ekkert eigi hér að gera í þessum efnum áður en Alþingi verður sent heim.

Ég held að ég hafi sagt það einhvern tíma áður í umr. um þessi efni að ég vildi ekki trúa því að núverandi hæstv. iðnrh. hefði ekki dug í sér til að koma máli af þessu tagi fram hér í þinginu og leiða það til lykta. En mér sýnist allt benda til þess, a. m. k. verður ekki annað séð, en þetta þing líði án þess að neitt verði gert í þessum efnum.

Ég hugsa að hv. alþm., ef þeir fengjust til að velta því fyrir sér hversu gífurlegar byrðar hér er um að ræða, þætti það hár reikningur, jafnvel á þeirra laun, að þurfa að borga þetta frá 6—9 þús. á mánuði fyrir þennan þátt einan í heimilishaldinu. Ég hugsa a. m. k. að þingmenn Reykjavíkurkjördæmis mundu kippast við ef þeir fengju reikning með þeirri upphæð heim til sín mánaðarlega bara vegna greiðslu á þessum eina þætti í heimilishaldinu. Því er mér það óskiljanlegt með öllu hversu þm., og þá fyrst og fremst hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðið, daufheyrast við þessum sjálfsögðu kröfum þeirra einstaklinga, sem hér eiga hlut að máli, um leiðréttingu þessa máls.

Menn geta vart vatni haldið sumir hverjir, heyrist mér, vegna þess sem þeir kalla misvægi atkvæða. Menn þvælast hér í ræðustól hver um annan þveran uppfullir fordóma um það óréttlæti, mannréttindabrot og önnur orð nota þeir í þeim dúr varðandi það mál. En það er ekki að sjá að menn finni neitt til með þeim einstaklingum sem þurfa að borga þúsundir króna á hverjum einasta mánuði til að sjá þeim þætti heimilishaldsins borgið sem kyndingarkostnaðurinn er.

Mér er óskiljanlegt hversu hæstv. ríkisstj., og ég tala nú ekki um hæstv. iðnrh., hversu linir þessir aðilar eru í þessu máli. — Virðulegi forseti. Hefur nokkuð orðið ágengt í að grennslast fyrir um iðnrh.? (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. er bundinn í ræðustól í Ed.) Það þýðir að ég verð að tala hér þangað til hann lýkur sér af þar. (Gripið fram í.) Ekki væri það vandamál ef það ruglar hann ekki hinum megin. Það er meiri hætta á því að hann ruglist en ég.

Hæstv. forsrh. er ekki heldur viðstaddur? Það hefði þó verið ástæða til að tala við hann augnablik á meðan hæstv. iðnrh. er upptekinn því að þetta tilheyrir ekki síður hæstv. forsrh. Veit hæstv. forseti nokkuð hvar hann muni vera niðurkominn nú? — Þess vegna segi ég þetta varðandi hæstv. forsrh. að á árinu 1982, þegar samningar stóðu yfir milli Alþýðusambands Vestfjarða og Vinnuveitendafélags Vestfjarða, var gerð sú krafa á hendur ríkisvaldinu, á hendur páv. hæstv. ríkisstj. sem hæstv. núv. forsrh. átti sæti í, ein af meginkröfunum á hendur þeirrar ríkisstj. var sú að hafist yrði handa um lækkun og jöfnun orkuverðs í landinu. Ég tel að sú hæstv. ríkisstj. hafi gefið um það loforð við lok þeirrar samningsgerðar með símskeyti til ríkissáttasemjara að leiðrétting yrði gerð í þessum efnum, ekki að fullu, um það skal ég ekki neitt segja, en að leiðrétting yrði gerð í þessum efnum og það væri liður í lausn þeirrar deilu sem þá stóð yfir. Ég vildi a. m. k. líta á það sem einn meginþáttinn í því að sú deila leystist að þetta loforð var gefið. Því finnst mér ástæða til þess að hæstv. núv. forsrh. hlýddi á þetta, vegna þess að það væri fróðlegt líka að fá um það vitneskju hvort ekki væri meiningin, a. m. k. af hans hálfu sem eins af þeim einstaklingum og ráðh. sem loforðið gaf á sínum tíma, að við það yrði staðið.

Ég gat þess strax í upphafi míns máls fyrir þrem vikum að frv. efnislega shlj. því sem hér er nú til umr. hefði verið flutt á síðasta þingi. Þá náðist nokkuð góð samstaða meðal hv. flm. þessa frv. úr flestum ef ekki öllum stjórnmálaflokkum sem þá áttu fulltrúa hér á Alþingi, bæði úr þeim armi Sjálfstfl. sem þá var innan ríkisstj. og eins hins sem var í stjórnarandstöðu. Líka hv. þm. Alþb. Ég man ekki betur en þm. úr þeim flokki væru flm. að því frv. Þó bregður svo við nú að enginn þessara aðila vill standa að endurflutningi þessa máls. Nú vil ég taka það skýrt fram að ég er ekki að segja að það sem hér er lagt til sé eina rétta leiðin til að jafna þarna um. Það kunna að vera til aðrar, kannske margar aðrar, leiðir sem kæmu að svipuðu eða hliðstæðu gagni. Það er ekkert heilagt í mínum huga hver leið verður valin ef hún leiðir til þess að þeim byrðum sem hér er um að ræða verði létt af því fólki sem þær ber nú. Hvort sá afturkippur hv. núv. þm. sem stóðu að flutningi þessa máls á síðasta Alþingi bendi til þess að menn telji nóg að gert, málið sé leyst, skal ég ekki um segja. Ég á þó ekki von á því. Ég a. m. k. trúi ekki öðru en að þm., a. m. k. þm. dreifbýlissvæðanna eða þeirra svæða sem hér eiga hlut að máli, sé ljóst að það er svo víðs fjarri að gengið hafi verið til móts við sanngjarnar og eðlilegar óskir þessa fólks til þess að létta þessar byrðar. Það er víðs fjarri, hvað sem menn kunna að segja um efnisatriði þessa frv.

Sumir hafa haldið því fram að óæskileg leið væri að gera þetta í gegnum skattakerfið, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Um það má endalaust deila. Ég held þó að með þeirri leið sem hér er bent á sé farin leið sem allir

mættu geta unað við vegna þess að þar er ekki verið að gefa neinum neitt umfram annan. Þar fá allir frádrátt í samræmi við þann kostnað sem þeir leggja í í þessum efnum.

Í raun og veru gengur jafnt yfir alla yrði farin sú leið sem hér er bent á. Þeir fengju mestan skattafrádráttinn sem mest borguðu og mest þyrftu á honum að halda. Er það óhugsandi nú af hálfu hæstv. ríkisstj., sem hér getur auðvitað ráðið mestu um hvað gerist, er það óhugsandi eftir að hæstv. ríkisstj. hefur létt byrðum á atvinnurekstrinum í landinu í gegnum skattakerfið, er að létta byrðum af bankakerfinu í landinu, er þá óhugsandi að fá hina sömu ríkisstj. til að létta byrðar þess fólks sem er unnvörpum kannske nú eða á næstunni að flosna upp, flytja búferlum frá „köldu svæðunum" vegna þess að fólk rís ekki undir þeim kostnaði sem er samfara því að búa á þeim landssvæðum og borga í þessum þætti einum eins og hér hefur verið lýst? Er óhugsandi að jafna þarna í gegnum skattakerfið, þó að hæstv. ríkisstj. hafi séð sig tilneydda — kannske talið það sjálfsagt — að létta byrðum af bæði atvinnurekstrinum og bankakerfinu? Er þetta ekki hvað þyngst nú hjá launafólki vegna þeirrar gífurlegu kjaraskerðingar sem átt hefur sér stað á undanförnum mánuðum?

Það má kannske segja sem svo að fólk hafi látið sig hafa að borga þessu meira þegar það gat fengið vinnu, lagt nótt við dag til að afla tekna til að geta borið þetta uppi. Nú er ekki slíku fyrir að fara lengur. Nú verður fólk yfirleitt að láta sér nægja 8—10 tíma vinnu. Það þýðir að það verður að láta rösklega helming þeirra tekna, sem inn koma vegna þeirrar vinnu, til að standa skil á þessum þætti heimilishaldsins. Núv. hæstv. ríkisstj. er sá aðilinn sem fyrst og fremst hefur orðið þess valdandi með gerðum sínum að kjaraskerðingin er jafnmikil og raun ber vitni. Það hvílir því sú skylda á henni ekki hvað síst að gera ráðstafanir til að létta byrðar á því fólki sem er nú að sligast og jafnvel að flosna upp úr sínum heimabyggðum vegna þess að það getur ekki staðið undir þessum kostnaði. Það er hörmulegt til þess að vita í ljósi þess að innan hæstv. ríkisstj. eru margir ráðherrar úr kjördæmum sem þetta hvílir hvað þyngst á. Það eru a. m. k. 4—5 hæstv. ráðh. úr þeim kjördæmum sem þarna hvílir mest á fólki, þar sem fólk er að sligast og flosna upp vegna þessa. Það er ekki að sjá að það hafi nein áhrif á þessa hæstv. ráðh. Þeir virðast una sér vel þrátt fyrir þessa staðreynd sem þó er ein af fleirum sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni.

Ég skal, virðulegi forseti, ekki halda áfram öllu lengur að sinni. Ég hefði gjarnan, eins og ég gat um í upphafi, viljað spyrja hæstv. iðnrh. í tengslum við þetta mál hvað liði því frv. sem hann boðaði hér í desembermánuði að fram yrði lagt á fyrstu dögum þings í janúar og ítrekaði fyrir þremur vikum að kæmi „á morgun", en hefur ekki séð dagsins ljós enn. Það er full ástæða, a. m. k. ég tel mig eiga heimtingu á að fá vitneskju um það og þm. almennt og þjóðin, að fá að vita hverjir það eru, ef einhverjir eru innan stjórnarliðsins, sem eru dragbítar á að þetta mál verði leiðrétt. Það er nauðsynlegt að fá um það vitneskju hverjir þar eiga hlut að máli.

Ég vek líka athygli á því, og raunar kemur það fram í grg. með þessu frv., að formenn hinna gömlu stjórnmálaflokka fjögurra, hinna gömlu segi ég, formenn þeirra stjórnmálaflokka sem áttu fulltrúa á síðasta Alþingi, gáfu yfirlýsingu um að samhliða breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins mundu verða gerðar ráðstafanir til að jafna aðstöðu fólks og draga þannig úr félagslegu og efnalegu misrétti. Lítið hefur heyrst um þennan þátt málsins. Hann á eigi að síður fullkomlega rétt á sér til umræðu í tengslum við það mál sem hér er nú verið að ræða.

Ekki alls fyrir löngu var beðið um tilnefningu þingflokka, það ég best veit, á mönnum í nefnd til að sinna þessu verkefni, að gera tillögur í ljósi yfirlýsinga formanna stjórnmálaflokkanna um að jafna efnalegt og félagslegt misrétti íbúa þessa lands. Ég spurðist fyrir um það í mínum þingflokki í gær hvernig því starfi þessarar nefndar miðaði. Formaður þingflokks Alþfl. var tilnefndur af honum í þessa nefnd og svarið við þeirri spurningu var: Enginn fundur hefur verið boðaður í þessari nefnd. En samhliða eru öfgaöflin, liggur mér við að segja, í sambandi við kosningaréttarmálið að knýja á um það mál, að ryðja út úr nefndinni sem það mál er í til þess að koma því hér á dagskrá, en ekki er boðaður fundur í hinni nefndinni. Þetta sýnir kannske viðhorfið sem ríkir til þess máls sem hér er nú til umr., viðhorfið sem ríkir hjá þeim sem ráða ferðinni til þess fólks sem er að sligast undan byrðunum, fyrst og fremst þessum en þar að auki öðrum, vegna versnandi lífskjara.

Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. forsrh. um það líka — ég geri ráð fyrir að það mál heyri fyrst og fremst undir hann — hvernig á því standi að nefnd fulltrúa þingflokkanna, sem á að gera tillögur um að draga úr efnalegu og félagslegu misrétti þjóðfélagsþegna, hafi ekki verið kölluð saman og hver það sé sem á að sjá til þess að sú nefnd hefji störf — eða er það meiningin hjá hæstv. ríkisstj. fyrst og fremst, þar eiga auðvitað fleiri hlut að máli, er það meiningin hjá þeim mönnum sem vilja ráða ferðinni í kosningalagamálinu að keyra það eitt hér fram í offorsi, en virða að vettugi gefin fyrirheit og gefnar yfirlýsingar stjórnmálaforingja í landinu um að jafnhliða séu önnur óréttlætismál leiðrétt? Ég fer að halda að sú yfirlýsing sem gefin var í umræddri grg. hafi verið gefin vísvitandi í því skyni að svíkja hana. Ég sé ekki betur en öll vinnubrögð sem snúa að þeim þætti málsins séu með þeim hætti að þar hafi verið gefin yfirlýsing sem menn voru fyrir fram ákveðnir í að svíkja. Ég a. m. k. vil fá um það vitneskju hvernig á því stendur að ekkert gerist í því máli.

Það er greinilegt, hæstv. forseti, að það er hvorki von á hæstv. iðnrh. né hæstv. forsrh., a. m. k. ekki enn sem komið er, þannig að það sé hægt að beina spurningum til þeirra. Ég skal því ekki orðlengja þetta öllu meira. Vonandi gefst til þess tækifæri að þeim viðstöddum að leggja fyrir þá spurningar þessu máli að lútandi.

Ég vil, virðulegi forseti, að lokum leggja til að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er á dagskrá mál sem efnislega hefur oft borið á góma bæði á þessu þingi og áður, og tilefni þessarar umr. er frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt frá hv. þm. Karvel Pálmasyni.

Eins og hann gat um hér í framhaldi framsöguræðu sinnar í dag er þetta mál búið að vera á dagskrá þingsins frá því fyrir áramót og hv. 1. flm. málsins var að ljúka framsögu sinni áðan. Þetta segir sína sögu um hvernig

tekið er á málum frá hv. stjórnarandstæðingum varðandi umr., og vil ég út af fyrir sig ekki fullyrða að þar hafi orðið einhver róttæk breyting á nú, en ég tel að háttur eins og hér hefur verið á hafður, einnig það að kljúfa þessa umr. í sundur með þeim hætti sem gert hefur verið, sé ekki farsæll til þess að greiða fyrir eðlilegri meðferð málsins, sem sjálfsagt er að fari sem fyrst til nefndar og hefði þurft að vera komið þangað áður.

Varðandi málið efnislega tel ég að það þurfi að fá sína meðferð í nefnd. Ég er fyllilega samþykkur markmiði því sem fram kemur með frv. þessu, að lækka húshitunarkostnað hjá þeim hluta landsmanna sem þyngstar byrðar bera og menn reyni að ná saman um leiðir í því efni.

Ýmsar tillögur hafa komið fram um þessi mál. Ég minni á þáltill. sem nú liggur fyrir hv. atvmn. Sþ., 104. mál þessa þings, sem er till. til þál. um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í orkusparnaði, flutt af sjö þm. Alþb. Þar er gerð ítarleg grein fyrir stöðu þessara mála og lagðar fram till. sem fela það í sér að kostnaður við húshitun skv. gjaldskrá verði hvergi meiri en sem nemur sex vikna launum þeirra sem dagvinnutekjutryggingar njóta, sem skv. fskj. með þeirri till. var talið að næmi 17 200 kr. á ári. Ég ætla ekki að fara út í það mál, enda hefur það verið rætt hér.

Varðandi það form, sem lagt er til með frv. þessu, að taka upp orkustyrk til þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr. frv., þá hygg ég að það geti verið ýmsir framkvæmdalegir erfiðleikar í því efni.

Þó vil ég ekki taka af um það hér og nú að ekki sé hægt að ná tökum á þessu máli til réttlætis með því að beita skattakerfinu og tel að sjálfsagt sé að á það sé litið í þingnefnd og skoðað með hliðsjón af öðrum tillögum sem fram hafa komið um þetta efni.

Ég vil minna á það við þessa umr. að fyrir hv. sameinuðu þingi liggur fsp. frá mér til hæstv. iðnrh. um lækkun húshitunarkostnaðar og sérstaklega um hvenær vænta megi þess frv. sem hæstv. ráðh. gaf yfirlýsingu um á Alþingi 19. des. að lagt yrði fram á fyrstu dögum þings eftir áramót, en hv. fyrri flm. þess frv. sem hér er til umr. vék einmitt að því máli. Ég ætla ekki að fara að ganga eftir svari hér og nú. Fsp. frá mér um þetta efni var á dagskrá í gær en kom þá ekki til umr., en verður væntanlega tekin fyrir n. k. þriðjudag. Ég vil hins vegar víkja að staðhæfingum sem fram hafa komið um þetta mál og veita nokkrar upplýsingar sem ættu að geta varpað nokkru ljósi á það hvernig tilkostnaður hefur þróast í sambandi við húshitun með rafmagni á undanförnum árum. Þar hafa komið fram staðhæfingar sem ég hef leitast við að leiðrétta. Ég hef hér gögn í höndum sem ég tel að æskilegt sé að komi fyrir hv. þd.

Stuðningsmenn núv. ríkisstj. hafa margsinnis staðhæft það, þeirra á meðal hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson og eftir honum hefur hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., tekið þá staðhæfingu, að raunkostnaður orku hjá heimilum í landinu hafi þrefaldast í minni tíð sem iðnrh., þ. e. á árabilinu 1978—1983. Þannig sagði hv. 11. landsk. þm. í umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1984 í Sþ. 19. des. s. l. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„En hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur lagt fram sínar tillögur hér á Alþingi í till. til þál. Það er ýmislegt í hans till. ekkert mjög ósvipað tillögum orkuverðsnefndar þótt tillaga Hjörleifs sé hins vegar veigaminni. Það er hins vegar athyglisvert og ég hjó alveg sérstaklega eftir því í till. þm., að þar gerir hann ráð fyrir að sem viðmiðun við kostnað við upphitun á meðalíbúð verði haft til hliðsjónar sex vikna kaup verkamanns. Þessi tala virðist ekki tekin af neinni tilviljun. Þegar tekið er meðaltal áranna fyrir embættistímabil Hjörleifs Guttormssonar var kostnaðurinn þessi. Þá tók það verkamann um sex og hálfa viku að vinna fyrir ársreikningi til húshitunar. Á valdaferli Hjörleifs Guttormssonar þrefaldaðist þessi tala. Hún fór úr sex vikum og upp í rúmar átján vikur. Ég hygg að hvergi sé hægt að finna jafnskýra mynd af árangri af störfum eins ráðh. og þá sérstaklega þessa ráðh. og með þessum einfalda hætti, að orkuverð til húshitunar hækkar eins og þarna kemur fram á fimm árum. Og það er engin hending hvernig þm. velur svo viðmiðunina inn í framtíðina. Það er ekki hægt að sækja þá viðmiðun inn í það umhverfi sem hann skapaði í raforkuiðnaði í þessu landi. Það verður að fara aftur fyrir hans tímabil. Það sem athygli vekur er að þm. gerir sjálfur tillögur um að embættisferill hans í þessum efnum gleymist."

Ég fullyrti við umr. í þinginu að þessar staðhæfingar hv. 11. landsk. þm. væru fjarri öllum sanni þótt okkur greindi ekki á um að orkukostnaðurinn væri langtum of hár. Ég hafði þá tölur handa á milli og hef nú látið yfirfara þær og látið reikna þetta dæmi út á sambærilegum grundvelli, orkukostnað meðalheimilis miðað við upphaf og lok þess tímabils sem ég gegndi starfi iðnrh. og síðan þróunina í tíð núv. ríkisstj. Í þessum útreikningum eru teknir gjaldtaxtar Rafmagnsveitna ríkisins, húshitunartaxti (C 1) og almennur heimilistaxti (A-1), og miðað er við meðalíbúð 400 rúmmetra með 32 800 kwst. ársnotkun til hitunar og 4000 kwst. til annarra heimilisnota. Þá er í öllum tilvikum miðað við dagvinnutímakaup verkamanna eins og það var á hverjum tíma til að fá skýrt fram hversu lengi menn höfðu verið og séu að vinna fyrir orkukostnaðinum.

Ég dreg hér fram niðurstöður í þessu efni umreiknaðar í vinnustundafjölda sem það hefur tekið verkamann að vinna fyrir orkukostnaðinum. Niðurstöður úr þeim útreikningum eru þessar:

Frá 1. sept. 1978: Til að vinna fyrir húshitun þurfti þá 240 stundir, fyrir heimilisrafmagni öðru en til upphitunar 139 stundir eða samtals 379 stundir þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við 1. sept. 1978.

Frá 10. maí 1983, en það var þá síðast sem gjaldskrárbreyting varð í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens: Þá þurfti vegna húshitunar 310 vinnustundir, fyrir heimilisrafmagn 157 vinnustundir eða samtals 467 vinnustundir. Aukning á tæpum fimm árum: 88 vinnustundir eða rúm 23%. Hafa ber í huga að verkafólk átti skv. kaupsamningum, sem voru í gildi við stjórnarskiptin síðustu, rétt til rösklega 20% verðbóta þann 1. júní 1983 og hefði slík kaupbreyting nærri sléttað dæmið ef hún hefði gengið fram. Miðað við slíka kaupbreytingu, sem samningsbundin var, hefði þurft 389 stundir til að vinna fyrir orkukostnaðinum, þ. e. tæp 3% umfram það sem var haustið 1978. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar koma vissulega inn í þetta dæmi, en þær voru teknar upp 1. október 1982 að telja, og óniðurgreidd orka hefði vissulega komið óhagstæðar út fyrir notendur ef ekki hefði notið við niðurgreiðslunnar. Það var þáttur af viðleitni þáverandi

ríkisstj. til að draga úr þeirri þróun sem fylgdi hækkandi orkuverði, sem stafar fyrst og fremst af óhagstæðum orkusölusamningum til stóriðju, og með því var m. a. verið að bregðast við og framkvæma yfirlýsingu sem ríkisstj. gaf í tengslum við kjarasamninga og hér var vikið að í ræðu áðan.

Ég minni einnig á að dregið var stórlega úr verðmun á heimilisrafmagni milli dreifbýlis og þéttbýlis, sérstaklega á árunum 1978—1980, þannig að í stað þess að vera 90%, eins og munurinn var við stjórnarskiptin 1978, var honum komið niður í 20—25% hið mesta á heimilistaxta raforku og hefur svo haldist síðan. Þessi verðjöfnun tókst ekki síst vegna þess að það var samþykkt hér á hæstv. Alþingi að hækka verðjöfnunargjald af raforku úr 13% í 19% í desember 1978 og sérstaklega tekið fram við þá lagasetningu að tekjunum skyldi varið til að draga úr mismun á orkukostnaði þar sem hann væri mestur hjá þeim fyrirtækjum sem njóta verðjöfnunargjalds af raforku.

En þá er að því að víkja hvernig þróunin hefur orðið eftir stjórnarskiptin á síðasta ári. Fyrstu verk ríkisstj. og Sverris Hermannssonar iðnrh. voru að heimila stórfelldar verðhækkanir á rafmagni frá Landsvirkjun, fyrst um 19% þann 3. júní s. l. og síðan um 31% frá 1. ágúst 1983 eða samtals um 56%. Afleidd hækkun á heimilisrafmagni varð 38.5% og 17.4% á rafhitunartaxta þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur. Frá 1. ágúst 1983 var því staðan þannig til 1. febrúar 1984, að tími verkamanns til að vinna fyrir húshitun yfir árið nam 331 klst. og fyrir heimilisrafmagni 198 stundum eða samtals 529 vinnustundum, en það er aukning um 62 vinnustundir sem þurfti í viðbót til að greiða orkukostnað heimilisins frá því sem var við stjórnarskiptin í maí 1983. Er þá ekki tekið með í reikninginn að kaup var 4% lægra 1. júní til 1. október 1983 en eftir þann tíma, sem gera mundi þessa útreikninga enn óhagstæðari fyrir notendur raforkunnar.

Í þessu samhengi er óhjákvæmilegt að minna á að ein helsta svoköllуð mildandi aðgerð af hálfu ríkisstj. með brbl. 27. maí 1983 átti að vera sú að lækka húshitunarkostnað og verja til þess 150 millj. kr. á árinu 1983, en nú liggur það fyrir að þeim 150 millj. var ekki varið í þessu skyni, heldur aðeins 70 millj. af þessari heimild sem tekin var með brbl. til lækkunar á húshitunarkostnaði með niðurgreiðslu raforku.

Við skulum að lokum líta á dæmið eins og það er frá 1. mars 1983, til að öllu sé til haga haldið, og skoða málið eins og það lítur út eftir kaupbreytingu 1. mars s. l. og lítils háttar aukningu á niðurgreiðslu raforku til húshitunar, sem nam 5 aurum á kwst., aukningin frá 1. febrúar 1984. Þá er dæmið þannig, að 292 stundir þarf sami verkamaður til að vinna fyrir húshitun og 185 stundir til að vinna fyrir heimilisrafmagni eða samtals 477 stundir, þ. e. 10 vinnustundum meira en við stjórnarskiptin í maí 1983. Í millitíðinni í hálft ár, eða frá 1. ágúst 1983 til 1. febrúar 1984, er sami aðili búinn að verja sem nemur 88 vinnustundum meira á ársgrundvelli, eins og kallað er, vegna orkukostnaðar meðalfjölskyldu.

Þetta er staðan 1. mars s. l. að nýgerðum kjarasamningum, þar sem ekki er að finna neina verðtryggingu launanna og hækkanir launa til loka ársins nema aðeins samtals 5% í tveimur áföngum umfram það sem varð við undirskrift samninga, verði samningum ekki sagt upp 1. september n. k. og þá fáist leiðrétting. Þetta gerist á sama tíma og felld eru á hv. Alþingi að frumkvæði hæstv. iðnrh. brbl. sem gáfu honum færi á að hafa hemil á verðhækkunum Landsvirkjunar. Nú hefur Landsvirkjun þau mál í hendi sér lögum samkvæmt og getur hækkað gjaldskrá með einfaldri stjórnarsamþykkt. Að ég best veit hefur nýlega verið samþykkt í stjórn Landsvirkjunar að hækka heildsöluverð raforkunnar um 5% frá 1. maí n. k.

Þetta gerist einnig á sama tíma og hæstv. iðnrh. básúnar það út í fjölmiðlum að hann muni beita sér fyrir því að verðjöfnunargjald af raforku verði lækkað og helst afnumið, en í krafti þess sama gjalds hefur verið unnt að jafna verulega taxta á heimilisrafmagni milli þéttbýlis og dreifbýlis, eins og ég gat um áðan.

Það liggur nú ljóst fyrir að í stað mildandi aðgerða með lækkun orkukostnaðar hefur ríkisstj. bætt verulegri íþyngingu í orkukostnaði ofan á gífurlega kjaraskerðingu hjá öllu launafólki í landinu. Svo koma talsmenn Sjálfstfl. hér á Alþingi með margföld ósannindi um þróun þessara mála í tíð fyrri ríkisstj. í von um að fá þannig mildað þann áfellisdóm sem þeir heyra í sinn garð, ekki síst úti um land þar sem menn finna sárast fyrir byrðum hins háa orkukostnaðar.

Hv. 11. landsk. þm. taldi tímann til að vinna fyrir rafhitun hafa vaxið úr sex vikum í átján vikur í minni tíð, hvorki meira né minna. Staðreyndin er aukning úr 240 klst. í 310 stundir eða úr sex vikum í 7.75 vinnuvikur á tímabilinu frá 1. september 1978 til 10. maí 1983 eða breyting sem nemur rúmum 23% og þá ekki tekið tillit til þess að kaupsamningar gerðu ráð fyrir yfir 20% verðbótum á laun mánuði eftir að síðast var breytt gjaldskrá í tíð fyrri ríkisstj. sem hefði nánast haldið þessum reikningum sléttum.

Þetta eru meðaltalsreikningar, sem hér eru fram reiddir, og menn gera sér að sjálfsögðu grein fyrir að frávik frá þeim eru mörg í reynd og víða mjög til hækkunar og íþyngingar fyrir notendur sem búa í ófullnægjandi húsnæði, m. a. vegna ónógrar einangrunar, aldurs húsa, auk þess sem veðurfar og meðalhiti er misjafnt hér í landinu sem kunnugt er og kemur auðvitað einnig inn í þetta dæmi til þyngingar frá meðaltalsútreikningum fyrir þá sem búa t. d. á Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi, svo minnst sé á þau svæði þar sem ársmeðalhitinn er lægri en á sunnanverðu landinu.

Þetta voru staðhæfingar hv. talsmanna Sjálfstfl. og þeir virðast ekki kynoka sér við að bera þessi efni fram þrátt fyrir að hæstv. iðnrh. þess flokks gerði það eitt af sínum embættisverkum að hleypa fram 56% hækkun raforkuverðs hjá Landsvirkjun og afleiðingin var að hlutfallið, miðað við vinnutíma til að vinna fyrir húshitun, hækkaði í 330 vinnustundir eða 8.3 vinnuvikur miðað við 400 rúmmetra vel einangrað hús.

Hv. 11. landsk. þm., sem ekki er hér viðstaddur þessa umr., en sjálfsagt er færi á að ræða um þessi mál við hann við annað tækifæri, hefur sjálfur kallað sig eftirlitsmann með ráðherranum, en ljóst er að þau ummæli sem hann viðhafði í þinginu 19. desember s. l. voru gróf ósannindi, eins og þegar hefur verið mótmælt af minni hálfu, en liggur nú reikningslega fyrir á grundvelli sem er fyllilega sambærilegur miðað við þetta tímabil.

Þetta dæmi verður svo enn óhagstæðara ef litið er til

heildarorkukostnaðar meðalfjölskyldu, þ. e. heimilisrafmagnið hefur hækkað um 38.5% í tíð núverandi ríkisstj. og þar koma engar niðurgreiðslur til að draga úr álaginu á fjárhag heimilanna.

Virðulegi forseti. Það væri ástæða til að ræða þessi mál lengur hér af minni hálfu. Ég taldi nauðsynlegt að koma þessum upplýsingum á framfæri þannig að það liggi ljóst fyrir hver hefur verið þróun þessara mála miðað við meðaltalsaðstæður á undanförnum 5—6 árum. Ég nefndi það að fyrir þinginu liggur fsp. frá mér um úrbætur af hálfu ríkisstj. og hvað þeim málum líði.

Það er margt sem vekur ugg í þessum málum, m. a. það sem lesa mátti í Morgunblaðinu þann 30. mars 1984 varðandi gjaldtöku upp í gatið svokallaða, en þar var greint frá því með svofelldum orðum:

„Framsfl. vill nýjar gjaldtökur til að brúa bilið í fjárlögum samkvæmt skriflegum hugmyndum þeirra sem þeir lögðu fram á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun".

Síðar í sömu grein Morgunblaðsins segir:

„Hugmyndir framsóknar, sem þeir kynntu í ríkisstj. í gær, virðast að mörgu leyti falla að hugmyndum sjálfstæðismanna".

Einnig segir þar í sömu grein:

„Til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði eru á fjárlögum 230 millj. kr. Einnig eru í ríkissjóði 60 millj. kr. sem ekki var ráðstafað á síðasta ári. Lýsa framsóknarmenn sig reiðubúna til að skera þennan lið niður".

Og í þann mund birtist hér hæstv. iðnrh., sem betur hefði verið viðstaddur þessa umr., en ég þykist vita að hann hafi verið upptekinn við umr. í hv. Ed. þingsins. Ég vil ekki að þessu sinni vera að rekja þessi mál hér aftur hans vegna. Þessi mál verða hér á dagskrá væntanlega í næstu viku í tilefni fsp. minnar, þannig að bæði getur þá hæstv. ráðh. vikið að því sem hér hefur fram komið fyrir utan það að veita svör við því sem fyrir liggur á þskj. í fyrirspurnarformi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. 251. mál (þskj. 614). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Breytingarnar sem hér eru lagðar til á löggjöf um eiturefni og hættuleg efni eru þær að svokallaðar eiturbeiðnir gildi lengst í eitt ár frá útgáfu í stað þess að þær gildi í eitt ár án þess að hægt sé að stytta þann tíma. Enn fremur er lagt til að aðeins megi láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni í stað þrisvar sinnum, ef um er að ræða efni sem talin eru upp á lista 2, en sá listi fjallar um eitur.

Lögð er til önnur breyting sem felur í sér að auðvelda þeim sem leyfi hafa til að kaupa og til þess að nota eiturefni að afla sér slíkra efna. Þannig kann fyrirtæki að eiga í fórum sínum eiturefni skv. lista 2, sem það hefur flutt inn til eigin þarfa, sem nýst gæti öðrum sem lögmæta þörf hefur fyrir eiturefni og leyfi hefur til kaupa. Í slíkum tilfellum er ástæðulaust að lög standi beinlínis gegn sölu milli aðila er rétt hafa til kaupa og nota á þessum efnum, en lögin eru þannig úr garði gerð í dag.

Frv. þetta er flutt skv. tillögum eiturefnanefndar, sem starfar skv. lögum um eiturefni og hættuleg efni, og að höfðu samráði við landlækni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Ónæmisaðgerðir, frv. 273. mál (þskj. 524). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur færst mjög í vöxt notkun svokallaðra lifandi ónæmisefna, ekki síst í vissum greinum búfjárræktar. Töluverð hætta getur verið samfara notkun flestra ónæmisefna og því nauðsynlegt að vanda til vals þeirra og notkunar. Er því þörf á traustu eftirliti. Engin lagaákvæði er að finna um innflutning sem þennan, þótt um hann hafi gilt strangar reglur í okkar nágrannalöndum. Á þessu eru skýringar sem raktar eru í aths. með frv.

Það hefur orðið að samkomulagi milli landbrh. og heilbrmrh. að rétt sé að setja í lög ákvæði um þessi mál, þar sem gerðar yrðu strangar kröfur til innflutnings og notkunar. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta hér, enda liggur málið ljóst fyrir og um nauðsyn aðhalds efast enginn. Ég vísa til þess sem fram kemur í frv. og aths. við það.

Innflutningur og notkun þessara efna er í sjálfu sér ekki minna mál fyrir landbúnaðaryfirvöld en heilbrigðisyfirvöld. Ástæðan fyrir því að ég flyt frv. er hins vegar sú, að ekki var ástæða talin til að leggja fram frv. til sérstakra laga, heldur væri nægjanlegt að kveða á um þetta í ónæmislögum nr. 38 frá 1978, í sérstakri grein, enda er hér um náskyldan málaflokk að ræða eins og fram kemur í aths. við þetta frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Ljósmæðraskóli Íslands, frv. 204. mál (þskj. 658(sbr. 366)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. er um Ljósmæðraskóla Íslands og hefur hlotið afgreiðslu í Ed. með nokkrum breytingum þar. Bæði var gerð breyting við 3. gr. frv. og sömuleiðis á 4. gr. frv. Þetta frv. var samið af nefnd sem skipuð var í okt. 1980 af þáv. heilbr.- og trmrh. til þess að endurskoða lög um Ljósmæðraskóla Íslands. Hins vegar var þetta frv. ekki flutt, þó að nefndin hafi lokið störfum fyrir alllöngu, vegna þess að um það varð ekki samkomulag að þessi skóli, sem hefur starfað undir stjórn heilbr.- og trmrh., yrði starfræktur á vegum

menntmrn. Varð það að samkomulagi á milli menntmrh. og heilbr.- og trmrh. að hann heyrði áfram undir sama rn. og því var þessi breyting gerð frá því sem nefndin lagði til, enda skiptir það ekki höfuðmáli.

Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að þetta frv. verði samþykkt á þessu þingi. Um það hefur verið fjallað í Ed. með þeim breytingum sem ég gat um.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er góðra gjalda vert að tryggja menntun þegnanna. En það hvarflar einna helst að manni að barnadauði og dauði við barnsfarir sé stórkostlegt vandamál hér á landi, þegar maður les það frv. sem hér er lagt fram. Og maður spyr sjálfan sig hvort ástandið sé virkilega svona slæmt. Ég hygg að það sé Alþingi nokkuð hollt að fara að gera það upp við sig hvort stéttir eru að leggja til lengingu á skólagöngu af þörf fyrir menntunina eða hvort það er liður í því að koma á framfæri kaupkröfum og byggja þannig múra gagnvart þeirri æsku sem tekur við. Það væri t. d. fróðlegt að fá það upplýst hér hvaða nám ljósmæður, þær sem í starfi eru, hafa þurft að hafa til þess að ná þeim réttindum að mega kallast ljósmæður. Ég hygg að það sé lengi hægt að halda áfram að bæta ofan á kröfur um skólagöngu. Það er hægt að halda áfram svo lengi að það verði kannske aðeins nokkur ár úr miðbiki ævinnar sem fara í það að vinna, hinn hlutinn fari í það að vera í skóla og svo að komast á eftirlaun.

Það hlýtur að vera rétt að menn geri sér grein fyrir því, þegar þeir taka fyrir frv. til l. eins og hér er á ferðinni, að við erum að fjalla um stórkostleg útgjöld fyrir ríkið, í fyrsta lagi í formi skóla og í öðru lagi í formi miklu hærri launa. Við erum að leggja byrðar á ákveðna þegna í þjóðfélaginu með frv. eins og þessu, mjög miklar byrðar, og við höldum stöðugt áfram.

Heilbrigðiskerfið er gífurlega þungt eins og allir vita. Heilbrigðis- og tryggingakerfið tekur meiri fjármuni til sín en nokkuð annað á fjárlögum ríkisins. Auðvitað viljum við stuðla að því að heilbrigði sé gott í landinu. En ég veit ekki betur, ráðh. leiðréttir mig þá ef svo er ekki, en að barnadauði sé minni hér á landi en í flestum öðrum löndum heims. Ég veit ekki betur en að ef fæðingar ganga illa þá sé kallað á lækni til að vera til staðar og tryggja það að áhættan sé sem minnst. Er það virkilega álit ráðh. að sú lenging skólagöngunnar sem hér er verið að leggja til sé í einhverju samræmi við nauðsyn — eða er það staðreynd að hér er verið að láta undan þrýstingi, þeim þrýstingi að það eigi að koma öllu námi á háskólastig?

Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi að það er verið að veita mönnum undanþágur mjög grimmt á íslenska fiskiskipaflotanum, mönnum sem bera ábyrgð á lífi manna. Og ég veit ekki betur en þar sé mikið um slys. Megum við þá eiga von á því að tekin verði ákvörðun um að með einu pennastriki skuli bannaðar allar undanþágur og jafnframt ákveðið að slíkt nám verði sett á háskólastig? Það hlýtur einhvern tíma að koma að því að menn spyrji sjálfa sig: Hvað er nauðsynlegt að menn læri til þess að þeir geti sinnt ákveðnu starfi og hvað er umframlærdómur sem stefnir að því markmiði einu að koma mönnum hærra upp þjóðfélagsstigann í meiri launakröfum? Hvar eru þessi landamæri?

Ég geri mér fulla grein fyrir því að frv. eins og þetta, sem fer inn í heilbr.- og trn., mun koma út úr nefndinni með stuðningi þeirra aðila sem þar eru. Þeir líta ekki svo á að þeir séu að fjalla um fjármál. Þeir líta ekki svo á að þeir séu að leggja skatta á þjóðina. Þeir líta fyrst og fremst svo á að þeir séu að tryggja menntun án þess að hugleiða hvað það kostar. Ég fyrir mína parta tel að við séum komnir út á alranga braut. Við erum hér með kröfur sem eru langt út fyrir eðlilegar þarfir. Ég vænti þess að ráðh. geri grein fyrir því tölfræðilega hvernig þessi mál standi hér á landi miðað við önnur lönd í nágrenninu, t. d. Norðurlöndin, Bretland og Bandaríkin, og jafnframt verði upplýst hvaða skólagöngu er krafist í Bandaríkjunum, í Bretlandi og á Norðurlöndum í hliðstætt starf.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég er að mörgu leyti mjög undrandi yfir þessari síðustu ræðu. Ég held að ræðan sé byggð á miklum misskilningi frá byrjun til enda. Ég vil minna hv. ræðumann á það að skv. gildandi lögum um Ljósmæðraskólann er námstími þar tvö ár. Yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans er skólastjóri og yfirljósmóðir er aðalkennari. Skv. gildandi lögum fá nemendur Ljósmæðraskólans kaup, sem ákveðið er af ráðh., að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Landspítalinn selur nemendum fæði við kostnaðarverði. Þetta eru orðin úrelt ákvæði og var fullt samkomulag um það í þeirri nefnd sem samdi frv. Hins vegar skil ég hv. ræðumann ef hann á við menntun annarra heilbrigðisstétta, eins og t. d. hjúkrunarfræðinga. Þar er menntunin að færast yfir á háskólastig og um það eru vafalaust skiptar skoðanir.

Það var skoðun fyrrv. menntmrh. að þetta skref ætti að stíga og það er skoðun núv. menntmrh. að stíga þetta skref. Við getum haft okkar skoðanir á því hvort rétt hafi verið að stíga þetta skref eða ekki. Ég hef mínar efasemdir um það. Það fylgdi grg. eða umsögn núv. menntmrh., að þetta nám mundi kosta minna en núverandi hjúkrunarskóli, sem ég dreg mjög í efa og trúi ekki. En þar er auðvitað um veigamikið námsefni að ræða því að hér er um fjölmenna stétt að ræða. Ef ræða síðasta ræðumanns hefur átt að ná til þessa alls, þá skil ég ræðuna. En hér er um lítinn skóla að ræða, sem starfar innan vébanda heilbrigðiskerfisins og er rekinn í sambandi við fæðingardeildina, og námstíminn hefur verið tvö ár. Hins vegar eru gerðar vaxandi kröfur um hjúkrunarfræðinga. Hér er um vandasamt og erfitt mál að ræða.

Ljósmæðrafélagið hefur lagt á það áherslu að þessum lögum væri breytt í skjóli fenginnar reynslu. Því var þetta frv. flutt. Ég hygg að ástæðan fyrir því að fyrrv. heilbrmrh. flutti ekki frv. hafi verið sú, að ekki hafi verið fellt samkomulag um að þessi stofnun færi alfarið yfir á menntmrn. Fyrst menntmrh. hafði ekki áhuga á eða vildi ekki breyta lögunum í þetta horf, þá taldi ég ekki ástæðu til þess að legið væri á frv. eftir að þetta samkomulag varð í málinu. Því var þessi eina breyting gerð á frv. frá þeirri nefnd sem fyrrv. heilbrmrh. skipaði.

Breytingarnar sem gerðar voru í Ed. á frv. tel ég eðlilegar og sjálfsagðar hvað varðar 3. og 4. gr. Í 7. gr. hefur ráðh. heimild til þess að setja í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi og starfslið skólans að fengnum

tillögum skólanefndar. Og ég get fullvissað hv. síðasta ræðumann um það, að ég hef ekki áhuga á því að stórauka kostnað við þetta skólahald, heldur fyrst og fremst að breyta lögum til samræmis við nýrri tíma og til samræmis við álitsgerð viðkomandi fólks sem samdi upprunalega þetta frv. Reglugerð verður vafalaust gefin út þegar nokkur tími verður liðinn frá því að frv. verður að lögum, sem vonandi verður, og þá mun vafalaust verða tekið tillit til kostnaðar í þessu sambandi. En þessi skóli hefur verið með þeim allra ódýrustu í heilbrigðiskerfinu. En ég skal taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að heilbrigðiskerfið er dýrt og menntun þess sömuleiðis.

Ólafur Þ. Þórðarson: Virðulegi forseti. Þennan dóm forseta virði ég og hef því mál mitt á því að harma það að hæstv. heilbrmrh. skyldi ekki taka það alvarlega að svara þeim spurningum sem til hans var beint áðan en vildi aftur á móti koma því á framfæri að um misskilning af minni hendi væri að ræða. Ég vil biðja hæstv. heilbrmrh. að líta á 5. gr. þess frv. sem hér er til umr. Þar er það sett fram sem skilyrði fyrir inngöngu í skólann að umsækjandi hafi lokið prófi í hjúkrunarfræði og hlotið hjúkrunarleyfi frá heilbrmrn. Það er rétt að menn átti sig á því hverjir það eru sem hafa slíkt leyfi. Ég vil, með leyfi forseta, lesa 3. gr. laga sem birt eru í Stjórnartíðindum 1974 13. mars og nefnast hjúkrunarlög:

„Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðh. setur reglugerð um skilyrði til að öðlast sérfræðileyfi að fengnum till. hjúkrunarráðs. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna tvær sérfróðar hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn til þátttöku með ráðinu í meðferð einstakra mála er varða sérgrein þeirra og fá þau þá atkvæðisrétt í ráðinu.

Hjúkrunarráð skal einnig fjalla um veitingu sérfræðileyfa."

2. gr. víkur svo að því í framkvæmd hvaða menntun menn þurfa að hafa sé um þá að ræða sem lokið hafa prófi hér á landi, með leyfi forseta:

„Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunarskóla hér á landi eða frá Háskóla Íslands. Ráðh. getur og veitt hjúkrunarleyfi öðrum er lokið hafa jafngildu námi erlendis og eru að öðru leyti hæfir að dómi hjúkrunarráðs er ráðh. skipar."

Það er ekki nauðsynlegt að lesa meira.

Læknar eiga að geta lokið námi á sex árum. Skv. þeim inntökukröfum sem hér er verið að setja í Ljósmæðraskóla Íslands má gera ráð fyrir því að ljósmæður þurfi í framtíðinni 5—6 ára nám eftir stúdentspróf. Mig undrar það að hæstv. ráðh. skuli tala um misskilning þegar það er gagnrýnt að menn beri fram breytingar á lögum á þann veg að ljósmæðranám verði þyngt það mikið að það nálgist það að vera sama og hjá læknum.

Ég vil undirstrika það að ef við værum í þeirri stöðu að barnadauði hér á landi væri mikill, fjöldi kvenna færist af barnsförum og ástandið væri í einu orði sagt alvarlegt mundi þingheimur að sjálfsögðu vera reiðubúinn að gera þær breytingar sem þyrfti á þessum lögum og tryggja það að eðlilegt ástand yrði í landinu miðað við nágrannalöndin. En ég spurði hæstv. ráðh. og óska eftir svörum við því: Er ástandið hér á landi verra en í nágrannalöndunum og eru kröfurnar, sem þar eru gerðar til menntunar, sambærilegar því sem hér er verið að fara fram á?

Ég hef enga ástæðu til að halda uppi málþófi og er ekki að því. Að sjálfsögðu á að taka þetta mál fyrir í n. En ég vil undirstrika það að ég er algerlega andvígur þeirri stefnu að það eigi að byggja upp menntamúra sem stuðla miklu frekar að því að ná fram kaupkröfum en að tryggja að sú þjónusta, sem eigi að inna af hendi, sé sómasamlega unnin.

Kristín Halldórsdóttir: Virðulegi forseti. Við þm. Kvennalistans höfðum miklar efasemdir gagnvart þessu frv. um Ljósmæðraskólann þegar það kom fram. Við höfum áhyggjur af því að svo langt nám sem það gerir ráð fyrir, þ. e. 5—6 ára nám, kunni að draga úr aðsókn kvenna í ljósmæðranámið. Skv. upplýsingum sem við höfum aflað okkur eru allmargar ljósmæður sama sinnis. Þær raddir hafa jafnvel heyrst að hér sé beinlínis um atlögu að ljósmæðrastéttinni að ræða. Ekki vil ég taka svo djúpt í árinni en við hefðum talið heppilegra að samræma nám í hjúkrunarfræðum og ljósmæðrafræðum á þann hátt að komið yrði á sameiginlegu grunnnámi, t. d. í tvö ár, en síðan greindist námið í frekara hjúkrunarfræðinám og ljósmæðranám. Sú leið sem valin er varðandi menntun ljósmæðra í þessu frv. sem hér er til umr. varð hins vegar ofan á í umfjöllun þeirra sem málið varðar fyrst og fremst.

Mér hefði fundist að landsbyggðarþingmaðurinn Ólafur Þ. Þórðarson, með ein háværustu landsbyggðarsjónarmið sem heyrast hér á þinginu, hefði átt að skilja hvað liggur m. a. að baki þessu frv. um aukna menntun ljósmæðra. Verið er að tryggja að til verði í landinu ljósmæður með hjúkrunarfræðimenntun sem m. a. verði færar um að starfa á heilsugæslustöðvum úti á landi. Það er m. ö. o. verið að tryggja betri þjónustu úti á landi.

Staðreyndin er sú að enda þótt gert sé ráð fyrir að ljósmæður séu starfandi við heilsugæslustöðvar fá ljósmæður ekki ráðningu við heilsugæslustöðvar úti á landi nema þær hafi hjúkrunarfræðimenntun, en hjúkrunarfræðingar án ljósmæðramenntunar eru ráðnar þangað frekar. Aukin menntun ljósmæðra er nauðsynleg. Það er hins vegar spurning hvort fyrirkomulag námsins ætti ekki að vera annað en hér er lagt til og ég er ekki fyllilega sannfærð um að það hafi verið kannað til þrautar.

Að lokum vil ég láta í ljós undrun mína og raunar hryggð yfir vissum ummælum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar áðan þar sem hann fjallaði um ljósmæðrastarfið, að mér virtist, af lítilsvirðingu og litlum skilningi. (**ÓÞÞ:** Það er ekki rétt.) Þetta er kvennastarf en ég vona að það sé ekki ástæðan fyrir viðhorfum hans til stéttarinnar.

Vissulega má búast við að laun ljósmæðra hækki með betri menntun en þau hefðu sannarlega mátt hækka án þess. Ég hef ekki nákvæmar tölur um laun ljósmæðra, ég veit aðeins að starf ljósmóður er metið jafnt til launa og starf meindýraeyðis og hugnast nú ekki öllum sá samjöfnuður.

Þá þótti mér harla einkennilegur málflutningur að fara að tala um undanþágur til að gegna stöðum yfirmanna á íslenska flotanum í þessu sambandi. Ég hlýt

að játa að ég náði ekki alveg samhenginu. Eða var þm. að gefa í skyn að farið yrði að veita undanþágur til ljósmóðurstarfa án tilskilinnar menntunar? Varla þarf að óttast það. Hins vegar er kannske ástæða til að óttast að ef ljósmæðrum fækkar taki læknar að sér störf þeirra í ríkari mæli og það væri miður að mínu mati.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég hélt að hv. þm. þyrftu ekki að spyrja um barnadauða hér miðað við nágrannalöndin. Það hefur svo oft komið fram að við ásamt Svíum erum með minnstan barnadauða og þar hefur þróun verið í þessa átt svoleiðis að það er kannske meira vegna þingtíðinda að ég svara þessu en að bein þörf sé fyrir það.

Ég tók það fram í minni ræðu í dag að það væru mjög skiptar skoðanir um þær kröfur sem gerðar væru til hjúkrunarnáms og það er auðvitað það sem veltur á mestu í þessu sambandi. Það er ákaflega mikil viðkvæmni á milli heilbrigðisstétta í landinu. Allar eru þær að verja starfsheiti sitt, starfsskilyrði og störf og eru mjög viðkvæmar fyrir því þegar ein stéttin virðist fara eitthvað lítillega inn á störf annarrar stéttar eins og gerist og gengur. Þetta frv. er upprunalega fyrst og fremst samið að beiðni Ljósmæðrafélagsins og fyrst og fremst af þeim sökum sem ég sagði frá hér í dag hefur leikið vafi á undir hvaða rn. þessi litli skóli ætti að heyra. Ég gaf á því skýringu.

Ég hef mína persónulegu skoðun í sambandi við hjúkrunarnámið. Með þessu háskólanámi eru hér gerðar strangari og stærri kröfur en í nokkru öðru landi að Finnlandi undanskildu. Einnig má nefna Bandaríkin en þó er stúdentsnámið þar með öðrum hætti en í flestum Evrópuríkjum. Aðrar þjóðir halda sig við svipað kerfi og hér hefur verið en aftur hefur verið um að ræða sérnám fyrir ýmsa sérfræði á sviði hjúkrunar. Ég hefði persónulega talið að þetta hefði átt að vera hér áfram með líkum hætti en sérnámið aukið. En þetta heyrir undir annað rn. Það mætti segja mér að t. d. nám sjúkraliða ætti eftir að breytast í kjölfar þessa.

Þetta kemur allt til með að kosta peninga og það er rétt hjá 5. þm. Vestfirðinga að mennta- og heilbrigðiskerfið er dýrt. Hér hefur verið flutt frv. sem Ljósmæðrafélagið stendur að. Ákveðnar breytingar voru gerðar á því að beiðni þess félags í Ed. sem þm. þar tóku tillit til. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál.

Steingrímur J. Sigfússon: Virðulegi forseti. Það má eflaust draga í efa hvort farið er út á rétta braut með því að gera þá tilhögun að lögum sem hér er flutt frv. um, varðandi nám eða inntökuskilyrði í Ljósmæðraskóla Íslands, og ætla ég ekki að úttala mig mjög um það, en vegna endurtekinna ferða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar hingað í þennan ræðustól vil ég þó segja nokkur orð.

Í fyrsta lagi gerir hann því skóna að þessi tilhögun sé upp tekin til þess að ljósmæður nái að hækka laun sín. Um það má segja að þeim veitir ekki af og verði þeim að góðu ef þeim tekst það með þessari tilhögun. Kjör þeirra hafa verið það bág hingað til að þar má vel verða bragarbót á.

Í öðru lagi er rétt að benda á að tilhögun sem slík að gera til dæmis stúdentspróf að inntökuskilyrði o. s. frv. hefur alls ekki alltaf leitt til hærri launa hjá viðkomandi stétt og nægir að benda á kennara í því sambandi. Ekki flá þeir feitari gölt en áður þó að þeir hafi nú tekið upp það fyrirkomulag að gera kennaramenntun að námi á háskólastigi.

Vegna orða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar um barnadauða, sem mér komu nokkuð spánskt fyrir sjónir áðan, vil ég spyrja hv. þm. að því: Hvers vegna heldur hann að við höfum náð þeim mikla árangri sem raun ber vitni í því að draga meira úr barnadauða en þekkist annars staðar á byggðu bóli? Ég held að við höfum einmitt gert það með því að byggja upp góðar vel búnar fæðingardeildir sem hafa yfir að ráða menntuðu og vel færu starfsfólki. Án þessa hefði þetta ekki tekist. Hér er einfaldlega gerð till. um að halda áfram á þeirri braut og vonandi þá með enn frekari árangri. Og ef svo skyldi nú vera að hv. þm. hafi aldrei komið á nýtísku vöggustofu, þar sem fyrir hendi er allur sá búnaður sem nútímatækni hefur upp á að bjóða til að taka á móti fyrirburum og til að annast fæðingar þar sem eitthvað ber út af, þá veit ég að það væri fróðleg ferð fyrir hann að ganga inn á slíka stofnun, þ. e. ef hann hefur ekki þegar kynnt sér slíkt. Þar er nefnilega fyrir hendi ýmiss konar tækjabúnaður, allverulega flókinn á köflum, bæði súrefnistjöld, hjartalínuritar og ýmiss konar tæki til að fylgjast með líðan fóstursins, halda þar réttu hitastigi o. s. frv., og í slíkum stofum er hægt að veita nánast alla þá þjónustu sem þarf ef eitthvað ber út af með fæðingar. (**GJG:** Er þetta í Þistilfirði?) Nú kemur inn í þessa umr. með nokkur orð hv. 7. þm. Reykv. og spyr hvort svona stofur séu í Þistilfirði. Nei, því miður höfum við ekki jafnfullkomlega búna stofu og ég var hér að lýsa í Þistilfirði. Reyndar er ástandið þannig þar, að á því landshorninu fara yfirleitt ekki fram fæðingar. Það er ekki vegna þess, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að fólk þar og læknar þar treysti sér ekki til þess að láta fæðingar fara fram þar sem allan þennan búnað vantar, heldur ósköp einfaldlega vegna þess að héraðslæknir á slíku landshorni vill ekki hafa það á sínum herðum ef eitthvað skyldi út af bera að vöntun þessarar aðstöðu verði hugsanlega til þess að við glötum mannslífum. Þannig er nú því varið, hv. þm.

Á einum stað á landinu, á Landspítalanum, hefur verið byggð upp allfullkomin, og þó mætti þar vissulega betur gera, fæðingardeild. Þangað geta menn farið og skoðað og sannfærst um að störf ljósmæðra og annarra sem annast þau börn sem þar eru inni eru allflókin. Ég dreg það ekki í efa að a. m. k. þær ljósmæður sem fást við slík störf á slíkum deildum þurfa að búa yfir verulegri þekkingu og þjálfun. Ég er alls ekki viss um nema sex ára nám sé fyllilega réttlætanlegt í þeim tilvikum. Á hitt vil ég líka minna hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, að ef það á að verða í framtíðinni að það verði unnt í einhverjum mæli að láta fæðingar fara fram úti á landsbyggðinni er einmitt forsenda þess mjög vel menntað og hæft starfsfólk, vegna þess að ábyrgðin væri enn þá meiri að láta fæðingar fara fram á heilsugæslustöðvum úti í héruðum ef ekki væri fyrir hendi vel menntað starfsfólk. Þetta ætti sá ágæti byggðaþingmaður að hugleiða.

Að síðustu vil ég taka það fram að ég er ekki að segja með þessu að það sé endilega rétt tilhögun sem hér er gerð till. um, en mér sárnar að heyra fjallað, að því er ég vil meina, af litlum skilningi og lítilli þekkingu um þau störf sem hér um ræðir, auk þess sem ég sé ekki

betur en að þetta fyrirkomulag mundi einfaldlega þýða að ákveðinn hluti hjúkrunarfræðinga á landinu hefði til viðbótar ljósmæðramenntun. Þær væru í fyrsta lagi hjúkrunarfræðingar og gætu unnið sem slíkar og fólk hefði réttindi sem slíkt — við skulum ekki kyngreina þetta meira en orðið er — en til viðbótar hefði einhver hluti þessa fólks ljósmæðramenntun. Ég sé ekki annað en það væri gott og vel.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti. Ég kom ekki síst í stólinn til að draga í efa að þetta frv. væri lagt fyrst og fremst til að ná einhverjum krónum í kaupi, en í öðru lagi vildi ég benda hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni á að það er kannske ástæða til að hugsa áður en maður fer upp og talar um störf stéttar eins og ljósmæðra.

Ólafur Þ. Þórðarson: Virðulegi forseti. Ég stend upp til að bera af mér sakir. Það er alrangt hjá hv. 7. landsk. þm. að ég hafi talað af óvirðingu um ljósmæður. Það hef ég aldrei gert og mun aldrei gera. Ég tel að þær hafi leyst sín störf það vel af hendi að ekki þyrfti að auka menntunarkröfur. Þær hafa skilað fullkomnum störfum, þeim bestu í heimi að Svíum einum undanskildum. Því var einnig að mér dróttað að e. t. v. væri ég að leggja til að það ætti að fara að veita undanþágur frá því að það þyrfti að hafa ljósmæðramenntun til að mega sinna þessum störfum. Ég hef aldrei haldið slíku fram.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég aftur á móti segja að það getur vel verið að það sé ábyrgðarhluti að konur fæði börn við Þistilfjörð. Hitt væri nú meiri ábyrgðarhluti ef það yrði bannað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, frv. 62. mál (þskj. 657). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. til breytinga á lögum nr. 44 frá 1. júní 1979 um húsaleigusamninga. Frv. þetta var lagt fyrir Ed. Alþingis og hefur Ed. skilað frv. frá sér til Nd.

Ég tel ekki ástæðu til að fara efnislega í frv. Þetta frv. er þannig tilkomið að þeirri nefnd sem samdi gildandi lög á sínum tíma var af fyrrv. félmrh. falið að taka til athugunar reynsluna af þeim lögum og semja brtt. um þau ákvæði þeirra sem hún héldi að betur mættu fara í ljósi þeirrar reynslu. Nefndin lauk þessu starfi og samdi þetta frv. sem hér liggur fyrir og er lagt fram svo til óbreytt frá starfi þessarar nefndar. Þeir menn sem áttu sæti í þeirri nefnd sömdu þetta frv. Nefndin var sammála um þessa breytingu en einn nm., Páll S. Pálsson hrl., var með sérálit.

Ed. hefur fjallað um þetta frv. og eins og kemur fram í nál. á þskj. 603 kallaði nefndin á sinn fund Sigurð E. Guðmundsson framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar. Umsagnir bárust frá ýmsum aðilum, m. a. Húseigendafélagi Reykjavíkur, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Leigjendasamtökunum. Nefndin gerði örfáar breytingar í sambandi við nokkrar greinar frv. sem ég er efnislega samþykkur og koma fram á þskj. 657. Ég sé ekki, virðulegi forseti, ástæðu til að lengja þessar umr. Ég vísa til athugasemda um einstakar greinar frv., sem hér koma fram greinilega, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. 256. mál (þskj. 473, n. 631 og 644, 632). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Við höfum í heilbr.- og trn. hv. deildar haft þetta mál til meðferðar og fengið á fund okkar aðila sem m. a. stóðu að samningu þessa frv., þ. á m. framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og formann Félags heilbrigðisfulltrúa. Þetta mál var mjög ítarlega skýrt í framsögu af hæstv. heilbr.- og trmrh. en frv. gerir ráð fyrir því, ef að lögum verður, að sveitarfélögunum verði heimilað að afla tekna til þess að standa undir lögboðnum skyldum sem fylgja lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á sama hátt og var ákveðið í lögum um Vinnueftirlit ríkisins. Fleiri lög eru í gildi með ákvæði um greiðslur fyrir eftirlit.

Nefndin klofnaði en meiri hl. n. leggur fram tvær brtt. við frv. Annars vegar er frekar um leiðréttingu að ræða en breytingu, þ. e. að breyta orðinu „svæðisstjórn" í „svæðisnefnd", en það orð er notað í lögunum sjálfum. Í 1. gr., 5.6 leggjum við til að í stað þess, eins og þar segir, að „hlutaðeigandi svæðisnefndir eigi að höfðu samráði við sveitarstjórnir að innheimta gjaldið" leggjum við til í meiri hl. n. að sveitarstjórnum verði heimilt „að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald o. s. frv." eins og þar segir.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum. Minni hl., hv. 10. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, skilar sérálíti.

Frsm. minni hl. (Guðrún Helgadóttir): Virðulegi forseti. Ég lýsi því yfir, eins og fram kemur á því nál. sem hér liggur fyrir á þskj. 644, að ég treysti mér ekki til þess að standa að því nál. sem meiri hl. hv. heilbr.- og trn. hefur skilað þó ég telji vissulega að þær breytingar sem gerðar hafa verið séu heldur til bóta. Ástæður mínar fyrir því að geta ekki stutt þetta nál. eru þær í meginatriðum að í fyrsta lagi eru lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ekki eldri en frá árinu 1981 og þau ber að endurskoða innan 5 ára. Þau hafa alls ekki alls staðar komist til framkvæmda. Ég held því að það sé nokkurt fljótræði að fara að gera þær meginbreytingar sem hér eru gerðar svo skjótt eftir gildistöku laganna.

Sveitarfélögin hafa borið sig illa. Ein meginástæðan fyrir því að lögin hafa ekki komist í framkvæmd er fjárskortur sveitarfélaganna sem á er hlaðið í sífellu meiri kostnaði án þess að tekjustofnar þeirra séu tryggðir. Þessu á síðan að bjarga núna með því að heimila gjaldtöku fyrir heilbrigðiseftirlit. Ég held að þarna sé verið að stoppa í göt sem skipta í raun og veru ekki miklu máli og bjarga svo til engu. Ég held að það sé mikið meira en kominn tími til að endurskoða fyrst af öllu lögin um tekjustofna sveitarfélaga og reyna að

tryggja sveitarfélögunum rekstrarfé fyrir þeim brýnustu þjónustustörfum sem þeim ber að inna af hendi lögum samkvæmt.

Afgreiðsla þessa máls var nokkuð skjót. Sem dæmi má nefna að ekki er fyrirliggjandi neitt álit Vinnuveitendasambandsins. Ég held að komið hafi skýrt í ljós þegar n. kallaði á sinn fund starfsmenn hollustustofnana að þeir telja að gjaldtaka muni síður en svo bæta sambúð þeirra fyrirtækja sem þessa þjónustu þiggja og þeirra sem hana veita. Það er kannske meginástæðan fyrir því að ég treysti mér ekki til að styðja þetta nál. að ég held að um leið sé stefnt í hættu samvinnu fyrirtækjanna, framleiðslufyrirtækjanna og starfsmanna, sem annast skulu hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og um leið og því samstarfi er stefnt í hættu tel ég að sé kippt fæti undan þeirri meginbreytingu sem ætlast var til að yrði með lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Ég get því ekki og mun ekki greiða þessu frv., sem liggur fyrir á þskj. 473, atkvæði mitt.

ATKVGR.

Brtt. 632 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál. (þskj. 221). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga sem er staðfesting á því frv. sem Alþingi samþykkti fyrir síðustu kosningar. Hér er um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins að ræða og þarf það staðfestingar við á nýkjörnu Alþingi.

Ég get haft um þetta mjög stutta ræðu því málið er vel kunnugt og hefur verið þaulrætt, en skal aðeins drepa á meginatriði.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að þm. verði fjölgað í 63 þjóðkjörna þingmenn og í sömu grein er ákveðið að 54 þeirra þingsæta skuli skipt á kjördæmin, þ. e. núverandi kjördæmi. Þau eru óbreytt, en með þessu ákvæði er fjölgað þeim þm. úr 49 í 54 sem skipt er á ákveðin kjördæmi. Þessi skipting er þannig að Reykjavíkurkjördæmi eru ætluð 14 þingsæti, Reykjaneskjördæmi 8, Vesturlandskjördæmi 5, Vestfjarðakjördæmi 5, Norðurlandskjördæmi v. 5, Norðurlandskjördæmi e. 6, Austurlandskjördæmi 5, Suðurlandskjördæmi 6.

Síðan segir í sömu grein að a. m. k. 8 þingsætum skuli ráðstafað til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkv. ákvæðum í kosningalögum og loks í c-lið: „Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkv. ákvæðum í kosningalögum.“ Um þetta eina þingsæti gilda í því kosningalagafrv. sem liggur fyrir hinu háa Alþingi sérstök ákvæði sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér.

Í 2. gr. frv. er jafnframt ákveðið að kosningarrétt skuli allir hafa sem eru 18 ára eða eldri og er kosningaaldur þannig lækkaður. Sömuleiðis er ákvæði þar sem heimilað er að veita kosningarrétt íslenskum ríkisborgurum sem dvelja erlendis. Er sú heimild rýmkuð frá því sem nú er.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, er ekki ástæða fyrir mig til að hafa hér lengri framsögu og læt ég þetta nægja, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og þeirrar n. sem sérstaklega hefur verið kjörin til að fjalla um breytingu á stjórnarskrá og breytingu á kosningalögum.

Umr. frestað.

Jöfn staða kvenna og karla, frv. 243. mál (þskj. 431). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á þskj. 431, 243. mál Nd. Ég vil taka það fram að alllangt er síðan þetta frv. var lagt fram og hefur einhvern veginn borið þannig að að erfitt hefur verið að fá að hafa framsögu fyrir því. Það hefur alltaf vantað eitthvað af hv. þm. sem hafa áhuga fyrir málinu.

Jafnrétti kvenna og karla er eitt þeirra mála sem oft hefur borið á góma á þessari öld. Barátta kvenna fyrir forræði bús til jafns við maka og rétti til að greiða atkv. í kosningum til Alþingis eru tvö mikilvæg atriði í þessari baráttu. Eftir að konum hafði verið tryggð sama réttarstaða og karlmenn höfðu beindist jafnréttisbaráttan að öðrum þáttum. Sé einungis litið til allra síðustu ára hafa atriði eins og t. d. launamisrétti kynjanna, þ. e. að konur hafi sömu tækifæri til menntunar og þátttöku í atvinnulífinu og karlmenn, vinnuálag útivinnandi húsmæðra, fæðingarorlof o. fl. verið mest áberandi í umræðum.

Löggjafarstarf Alþingis hefur tekið tillit til þessara breyttu viðhorfa á vissan hátt. Ýmis lagaákvæði hafa verið sett til að tryggja jafnan rétt kynjanna. Þannig voru sett lög nr. 60 frá 1961, um launajöfnuð kvenna og karla. Fæðingarorlof hefur smám saman verið lengt, en ég er þó þeirrar skoðunar að þar þurfi að gera verulegar umbætur, m. a. að taka jafnt tillit til kvenna á vinnumarkaði og þeirra sem eru heimavinnandi. Slík lagfæring er nú í undirbúningi og er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um endurskoðun fæðingarorlofs.

Þá hefur fjárveitingarvaldið stöðugt aukið framlag sitt til byggingar dagvistarheimila fyrir börn, sem öðrum þræði bætir möguleika beggja foreldra til þátttöku í atvinnulífinu, en á auk þess að stuðla að auknum þroska barnanna.

Jafnréttislögin frá 1976 voru í raun tímanna tákn. Í 1. gr. laganna er slegið föstu að tilgangur þeirra sé að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Það lagafrv. sem hér er lagt fram endurspeglar þær breytingar sem hafa átt sér stað síðan lög nr. 78/1976 voru afgreidd frá Alþingi. Lagafrv. sem hér er lagt fram er að stofni til byggt á tillögum endurskoðunarnefndar sem skipuð var í apríl 1981 af fyrrv. félmrh. Skilaði nefndin frv. til ráðh. 12 apríl 1983. Meginverkefni nefndarinnar var tillögugerð um breytingar á jafnréttislögunum, lögum nr. 78/1976, með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá setningu laganna. Tekið var fram að nefndin skyldi taka mið af jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um

jafnréttismál. Enn fremur átti nefndin í starfi sínu að hafa samráð og samvinnu við Jafnréttisráð, Kvenréttindafélag Íslands, Rauðsokkahreyfinguna, Kvenfélagasamband Íslands og jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Í grg. endurskoðunarnefndarinnar, sem fylgdi tillögum hennar um breytingar á jafnréttislögunum, kemur fram að hún hafi kynnt sér og rætt ítarlega framkvæmd jafnréttislaga hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Nefndin hefur farið yfir starfsáætlun Sameinuðu þjóðanna um jafnréttismál, sem samþykkt var á ráðstefnu í Kaupmannahöfn 1980, einkum þann kafla sem fjallar um aðgerðir á þessu sviði í einstökum löndum. Enn fremur hefur nefndin fjallað um kannanir sem gerðar hafa verið um jafnréttismál á vegum ýmissa aðila og gerði úttekt á hlutdeild kvenna í opinberum stjórnum, nefndum og ráðum. Jafnframt var aflað upplýsinga frá öllum starfandi stjórnmálaflokkum um skipan aðalstjórna þeirra, framkvæmdastjórna, miðstjórna og annarra trúnaðarstaða með tilliti til hlutdeildar kynjanna í þeim.

Álit endurskoðunarnefndarinnar er að enn sé alllangt í land að jafnrétti ríki á milli kynjanna þrátt fyrir gildandi lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 og þar áður lög um Jafnlaunaráð frá 1973 og starf Jafnréttisráðs frá sama tíma. Nefndin telur að lögin hafi komið að gagni og reynst betri en ekki, en að þau hafi ekki verið það haldreipi í jafnréttisstarfi sem vænst hafði verið. Enn fremur að þau hafi ekki reynst nógu vel í framkvæmd þannig að breytingar hafi ekki orðið afgerandi, hvorki varðandi stöðumun karla og kvenna né viðhorf til jafnréttis.

Eins og áður sagði byggir lagafrv. það sem hér er lagt fram á tillögum áðurnefndrar endurskoðunarnefndar. Aðdragandi þeirra breytinga sem hafa orðið á tillögum nefndarinnar er sá, að eftir ríkisstjórnarskiptin í maí 1983 ákvað félmrh. að leggja fram frv. að nýjum jafnréttislögum. Í framhaldi af því hefur frv. endurskoðunarnefndarinnar verið til athugunar í félmrn. Niðurstaðan hefur orðið sú að gera nokkrar breytingar á tillögum nefndarinnar. Þær eru gerðar að höfðu samráði við stuðningsflokka ríkisstj. á Alþingi. Hér er bæði um að ræða formlegar og efnislegar breytingar.

Hvað áhrærir hið fyrrnefnda þykir rétt að ýmsar orðskýringar í tillögunum eigi betur heima í aths. við einstakar greinar frv., t. d. skýringar á orðunum „mismunun" í 3. gr. frv. og „laun" í 4. gr.

Efnislegar breytingar eru af tvennum toga spunnar. Annars vegar hafa verið felld brott ákvæði í tillögum endurskoðunarnefndarinnar sem vafasamt er talið að samrýmist íslenskri réttarvenju. Sem dæmi má nefna ákvæði sem fjallaði um frávik frá þeirri meginreglu íslensks réttar að sá sanni sök sem brotið er á.

Einnig hefur verið felld niður tillaga um sjálfstæðan málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs. Hins vegar ákvæði sem varða sjálfstæði sveitarfélaga. Þannig hefur ekki verið talið rétt að skylda allar sveitarstjórnir til að skipa jafnréttisnefndir. Í 15. gr. 9. tl. er þó gert ráð fyrir að Jafnréttisráð hafi samband við slíkar nefndir séu þær starfandi.

Nokkrar aðrar breytingar hafa verið gerðar á tillögum endurskoðunarnefndarinnar.

Í 1. gr. tillagnanna hefur verið felld niður mgr. um að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná markmiðum frv. Ákvæði í 3. gr. var breytt til samræmis við þá breytingu. Ekki er talin ástæða til þess í jafnréttislögum að beinlínis þurfi að taka fram að sérstaklega skuli bæta stöðu annars kynsins.

Þá hefur verið fellt niður ákvæði í tillögum endurskoðunarnefndarinnar um skyldu ríkis og sveitarfélaga um að nefna karl og konu þegar óskað er tilnefningar í opinberar nefndir og ráð. Í 12. gr. frv. er kveðið á um það að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka, þar sem því verður við komið.

Helstu nýmæli þessa lagafrv. frá núgildandi lögum er að finna í 1. gr. frv. Þar segir að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Í núgildandi lögum er kveðið á um að „stuðla að" jafnrétti. Á þessu er mikill meginmunur.

Mikilvæg breyting er gerð á skipan Jafnréttisráðs. Skv. 13. gr. frv. er gert ráð fyrir að félagasamtök sem hafa jafnréttisbaráttu á dagskrá tilnefni fulltrúa í ráðið. Þessi breyting ætti að stuðla að því að í ráðinu sitji fulltrúar sem hafa sérstakan áhuga á að vinna farsællega að jafnréttismálum.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á 10. gr. núgildandi jafnréttislaga sem efnislega er 15. gr. frv. Mikilvægasta breytingin kemur fram í 2. tl. greinarinnar, en skv. henni skal Jafnréttisráð vinna að framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveðið skal á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Þessa áætlun skal leggja fyrir félmrh. sem síðan skal undirbúa stefnu ríkisstj. í þessum málaflokki, sbr. 22. gr. frv., en þar stendur:

„Félmrh. skal leggja fyrir ríkisstj. framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna. Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tl. 15. gr."

Ákvæði 11. gr. frv. fjallar um sama efni og 8. gr. núgildandi laga. Hins vegar eru fleiri aðilar dregnir til ábyrgðar skv. ákvæðum frv. en nú er vegna brota á ákvæðum laga nr. 78/1976, en eins og kunnugt er, þá er hér aðallega um að ræða auglýsingar. 11. gr. frv. hljóðar þannig:

„Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða striði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt."

Að lokum má benda á að viðurlög vegna brota á ákvæðum frv. eru ákveðnari en áður. Auk þess er gert ráð fyrir endurskoðun laganna eftir 5 ár frá setningu nái frv. fram að ganga.

Herra forseti. Þótt þetta lagafrv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nái fram að ganga er ekki þar með sagt að sigurinn sé í höfn. Það sem skiptir höfuðmáli er að sjálfsögðu framkvæmdin. Skv. frv. eru miklar vonir bundnar við þátt Jafnréttisráðs. Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni er hlutur Jafnréttisráðs í framkvæmdinni tvenns konar: Annars vegar að sjá um að ákveðnum greinum frv. sé framfylgt og hins vegar að vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn, sem skal lögð fyrir félmrh., sem undirbýr stefnu ríkisstj. í jafnréttismálum. Þessi ákvæði og mörg fleiri í íslenskri löggjöf skapa konum grundvöll til að sækja rétt sinn. Þær sjálfar verða að sýna mun meira frumkvæði og áræði en fram til þessa hefur komið fram.

Á síðustu árum hafa þó sífellt fleiri konur valist til forustu í félagasamtökum og til að gegna mikilvægum embættum í stjórnkerfinu. Sú staðreynd á að vera konum frekari hvatning til aðgerða á þessu sviði. Verði þetta frv. að lögum er rétturinn ekki síður þeirra en karla.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta frv. Ég vísa að öðru leyti til þess og þeirrar grg. og skýringa sem fylgja frv. og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og félmn.

Guðrún Agnarsdóttir: Virðulegi forseti. Fyrir þessu þingi liggja nú tvö frumvörp um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það stjfrv. sem hér er til umr. er að stofni til byggt á tillögum endurskoðunarnefndar sem skipuð var í apríl 1981 af fyrrv. félmrh. Meginverkefni nefndarinnar var tillögugerð um breytingar á jafnréttislögunum, lögum nr. 78 frá 1976, með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá setningu laganna. Nefndin hafði samráð við ýmsa aðila og tók mið af upplýsingum víða að. Álit endurskoðunarnefndarinnar er að enn sé alllangt í land að jafnrétti ríki á milli kynjanna þrátt fyrir gildandi lög um jafnrétti karla og kvenna frá 1976 og þar áður lög um jafnlaunráð frá 1973 og starf Jafnréttisráðs (Jafnlaunaráðs) frá sama tíma. Nefndin telur að lögin hafi komið að gagni og reynst betri en ekki, en þau hafi ekki verið það haldreipi í jafnréttisstarfi sem vænst hafi verið. Enn fremur að þau hafi ekki reynst nógu vel í framkvæmd þannig að breytingar hafi ekki orðið afgerandi hvorki varðandi stöðumun karla og kvenna né viðhorf til jafnréttis.

Það frv. sem endurskoðunarnefndin samdi er nú lagt fram af fyrrv. félmrh. Svarari Gestssyni og fimm öðrum hv. þm. stjórnarandstöðunnar, þeim Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu S. Kvaran, Guðrúnu Helgadóttur, Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi Einarssyni, á þskj. 478. Á þessu frv. hafa síðan verið gerðar allverulegar breytingar að höfðu samráði við stuðningsflokka ríkisstj. og það síðan í breyttri mynd lagt fram sem það stjfrv. á þskj. 431 sem hér er til umr. Bæði þessi frv. ganga, að því er virðist, út frá þeirri grundvallarhugsun að konur þurfi til þess að öðlast jafnrétti að ganga í störf karla og klífa upp verkefna- og virðingarstigann til að ná því þrepi þar sem karlar standa. Sem dæmi má taka 9. gr. laganna þar sem segir með leyfi forseta:

„Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.“

En það er ekkert að því að sum störf séu kvennastörf, þvert á móti. Aðalatriðið er að þessi störf séu metin jafnmikils og karlastörf. Ennfremur segir í 2. mgr. 10. gr. stjfrv. og 11. gr. frv. Svavars Gestssonar og fleiri með leyfi forseta:

„Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara.“

Þetta stuðlar að því að gera kynin eins í stað þess að meta þau jafnt út frá sérkennum hvors um sig. Í 4. gr. beggja frv. segir með leyfi forseta:

„Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.“

Þetta er ágætt, en hvernig á að meta verðmæti starfanna? Hvaða starfsmat á að leggja til grundvallar? Hverjar eiga forsendur fyrir slíku starfsmati að vera? Hver á að meta? Um öll þessi veigamiklu grundvallaratriði er ekki eitt orð til skýringar. Þó er alveg ljóst á hvort kynið hallar í jafnréttismálum og jafnframt ljóst að brýna nauðsyn ber til að endurmeta störf kvenna, þar sem þau hafa verið gróflega vanmetin. Í grundvallaratriðum stangast þessi sjónarmið á við hugmyndir Kvennalistans um kvenfrelsi. Ég vitna í stefnuskrá Kvennalista með leyfi forseta. Þar segir:

„Við setjum á oddinn hugmyndir um kvenfrelsi sem fela í sér rétt kvenna til að vera metnar á sínum eigin forsendum til jafns á við karla. Við leggjum til hliðar hugmyndir um jafnrétti sem fela í sér rétt kvenna til þess að fá að vera eins og karlar. Konur eru mótaðar af því hlutverki að ala börn og annast. Við vinnum önnur störf og búum því yfir annarri reynslu en karlar. Reynsla kvenna leiðir af sér annað verðmætamat, önnur lífsgildi en þau sem ríkja í veröld karla. Konur líta þar af leiðandi öðrum augum á málin.“

Og þar segir enn: „Við verðum sjálfar að berjast fyrir rétti okkar og betri heimi. Aðrir gera það ekki fyrir okkur. Við verðum sjálfar að reka okkar kvennapólitík, pólitík sem leggur verðmætamat og lífsgildi kvenna til grundvallar og felst í því að skoða öll mál út frá sjónarhóli kvenna.“

Og enn segir: „Við viljum að sameiginleg reynsla og verðmætamat kvenna verði metið til jafns við reynslu og verðmætamat karla sem stefnumótandi afl í samfélaginu. Við viljum að mannleg verðmæti verði fyrst og fremst lögð til grundvallar þegar ákvarðanir eru teknar í þjóðmálum. Við viljum samfélag þar sem allir, konur, karlar og börn, eru jafn virtir og jafn réttháir. Við viljum hugarfarsbyltingu.“

Og enn vitna ég, með leyfi forseta: „Menning og reynsla kvenna byggir að mestum hluta á heföbundnum störfum við heimilishald og umönnun barna. Við viljum halda tengslum okkar við þau störf, sem hafa mótað okkur og lagt okkur til lífsgildi okkar. En við viljum ekki lengur vera í stöðu hinna efnahagslega ósjálfstæðu. Því viljum við leggja jafna áherslu á mikilvægi barnauppeldis og heimilisstarfa, samábyrgð kvenna og karla hvað þau varðar og mikilvægi þess, að konur geti með góðu móti komist út á vinnumarkaðinn og orðið efnahagslega sjálfstæðar. Við viðurkennum ekki það verðmætamat sem nú er lagt til grundvallar þegar laun fyrir störf kvenna eru ákveðin. Við viljum einnig að starfsreynsla kvenna við húsmóðurstörf verði metin jafngild annarri starfsreynslu til launa, hefji konur launuð störf.“ Og ég lýk hér tilvitnun í stefnuskrá Kvennalista.

Hugmyndir um jafnrétti leiða af rótum þess verðmætamats sem ríkir í þjóðfélaginu og við teljum að það sé fyrst og fremst breyting á verðmætamati sem heimurinn þarfnast, í þá átt að viðurkenna lífsgildi og framlag kvenna en ekki að knýja konur til þess að taka upp lífsgildi karla sem sín eigin. Sú hugsun hefur verið ríkjandi í jafnréttisbaráttu lengst af, því miður, og nægir að vitna í alþingissamþykkt frá 13. júní 1720 um lausamenn, vinnuhjú og lausgangara. Þar segir m. a. með leyfi forseta:

„Ef kona gerir karlmannsverk með slætti, róðri eða torfristu þá á að meta verk hennar sem áður segir um

karlmann til slíkra launa.“

Þó að þessi viðleitni til að komast í fótspor karlanna hafi verið virk allar götur síðan og ýmsar samþykktir um jafnrétti verið gerðar hefur ævinlega gengið illa að framfylgja þeim í reynd. Það virðist hafa ríkt mikil og furðuleg tregða gegn því að konur feti í fótspor karla, hvað þá að þær standi jafn réttháar við hlið þeirra vegna eigin verðleika. Allan fyrri hluta þessarar aldar hafa konur barist fyrir bættum kjörum sínum og náð fram ýmsum samþykktum og lagasetningum sem hafa verið áfangar í mannréttindabaráttu þeirra. Og enn erum við að setja lög, fyrst og fremst vegna þess hve erfiðlega gengur að breyta hugarfari fólks, þannig að lög og samþykktir verði ekki bara dauður bókstafur en leiðsaga um lifandi raunveruleika.

Hið upphaflega frv., sem gert var af endurskoðunarnefndinni og hér er flutt af Svavari Gestssyni o. fl., hefur ýmislegt fram að færa til betri vegar frá gildandi lögum um jafnrétti karla og kvenna. Má sem dæmi nefna ákvæði í 1. gr., þar sem segir með leyfi forseta: „Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna.“ Að vísu segir þar ekkert um hvernig þetta skuli gert. Einnig er kveðið á um breytta sönnunarbyrði, þannig að atvinnurekandi eða ákærði á að sanna að hann hafi ekki brotið gegn lögunum en ekki brotaþoli. Enn fremur er kveðið á um skyldur ríkisstjórna til að tryggja málinu framgang, þar sem segir í 24. gr. með leyfi forseta: „Ríkisstj. skal gera framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna í raun.“

Þær breytingar sem stjórnarflokkarnir hafa gert á frv. endurskoðunarnefndarinnar, þannig að úr varð það stjórnarfrv. sem hér er lagt fram, hafa leitt til þess að frv. þetta er nánast umorðun á núgildandi lögum og breytir því litlu til eða frá um ástand þessara mála. Það sem bitastæðast var í frv. nefndarinnar og hefði getað fært málin til betri vegar hefur verið fellt niður, numið á brott. Tennurnar hafa verið dregnar úr þessu frv. og er það því nánast bitlaust. Þarna er einkum um að ræða bein ákvæði um að bæta skuli hag kvenna og breytta sönnunarbyrði. Möguleikar til að beita refsiákvæðum og viðurlögum vegna brota á jafnréttislögum hafa verið rýrðir og þar með verksvið Jafnréttisráðs. Æskilegast væri ef jafnrétti mætti koma á með jákvæðu hugarfari og án refsingar. Hér er þó verið að setja lög til að vernda réttindi og reynsla sýnir að lög verða oft áhrifalítil ef ekki eru nein viðurlög við broti. Má sem dæmi nefna lög um notkun bílbelta og refsiákvæði við þeim. Þar sem refsiákvæði eru ekki í lögum um notkun bílbelta er notkun þeirra takmörkuð við lítinn hóp manna, allt of lítinn, undir 30%. Þegar síðan refsiákvæði eru sett, og tek ég þar dæmi frá nágrannalöndum okkar, þá eykst bílbeltanotkun allverulega þannig að nær allt að 90%. Vil ég í þessu sambandi benda hv. þm. á 188. mál þessa þings. Leið refsinga er þó líklega ekki vænlegasta eða árangursríkasta aðferðin til að knýja fram þá hugarfarsbyltingu sem er nauðsynlegur jarðvegur fyrir jafnrétti kvenna og karla. Til þess er fræðsla örugglega notadrýgri og varðar miklu að vel sé að henni staðið. Því þyrfti að vera mun betri útskýring á framkvæmd slíkrar fræðslu í frv.

Þótt jafnréttislög hafi reynst máttlítil hingað til er í engu verið að gera hér lítið úr hinni sleitulausu baráttu sem háð hefur verið fyrir réttindum kvenna og leitt hefur til þessara laga. En nú eru aðrir tímar og breytt viðhorf, eins og ég hef áður lýst, og því tökum við fulltrúar Kvennalista þá afstöðu til þessara frv. að við munum hvergi standa gegn þeim né hindra framgang þeirra, en getum ekki staðið að flutningi frv. sem stríða í grundvallaratriðum gegn hugmyndum okkar um kvenfrelsi.

Kristín H. Tryggvadóttir: Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umr. annars vegar og hins vegar frv. sex þm., 259. mál á þskj. 478, sýna mjög glögglega mismuninn á því hvort raunverulegur vilji er til jafnréttis kynjanna eða ekki. Í frv. hæstv. félmrh. er sleppt öllum þeim atriðum sem taka af öll tvímæli, þannig að ef það nær óbreytt fram að ganga verður áfram hægt að fara frjálslega með jafnréttið og túlka lögin að vild.

Ég ætla að benda á í þessu sambandi 3. gr. beggja lagafrv., með leyfi hæstv. forseta. Þar er ansi mikill munur og hefur mikið verið fellt úr í frv. félmrh. Ég les fyrst 3. gr. frv. hans:

„Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar“, og ekki meir þar.

Í 3. gr. í hinu frv., máli 259, stendur:

„Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil.“ Það er eins.

„Með mismunun í lögum þessum er átt við athöfn eða athafnaleysi, hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi sem skapar mismunandi stöðu kvenna og karla í raun vegna kynferðis eða atriða tengdum því.

Aðgerðir, sem eru sérstaklega ætlaðar til að bæta stöðu kvenna skv. 1. gr. 2. málsl., teljast ekki ganga gegn lögum þessum.“ Og síðan kemur það sem er líka í hinu frv.: „Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.“

Þegar greinin er orðin svo stytt í stjfrv. miðað við 3. gr. í frv. þm. þýðir hún nánast með smáútúrsnúningi, sem ekki er vandi að túlka, á orðinu „tillit“ að vinnuveitanda getur fundist að „að taka tillit til“ sé að segja konunni upp svo að hún geti verið heima og undirbúið fæðingu barnsins allan meðgöngutímann, það geti verið tillitssemi að hans mati.

Því miður eru málin þannig í dag og koma ekki til með að breytast nema greinilega, þ. e. skýrt og tæpitungulaust, sé kveðið á um vilja. Ótrúlega margir virðast álíta konur smábarnamæður allt sitt líf og margir vinnuveitendur segja, það höfum við fengið: Þið náið aldrei jafnrétti nema fórna móðurhlutverkinu. Ef það er virkilega svo, hvað verður þá um framtíð þjóðarinnar, hvað verður um þjóðina? — Ég vara við slíkum hugsunarhætti, sem er að verða býsna algengur á Vesturlöndum og er farinn að teygja sig hingað. Það er orðið hart þegar þarf að fara að hugsa um í fullri alvöru að eina ráðið til skilnings á nauðsyn jafnréttis, án tillits til þess hvort kynið gengur með börnin, sé að karlmenn, feðurnir, séu skyldaðir til að taka fæðingarorlof til jafns við konur svo og að sinna um börn sín. Kannske yrði þá farið að greiða laun til heimavinnandi fólks með ung börn.

Það hefur mikið verið rætt um launajafnrétti undanfarið og litlu við það að bæta. En orsakirnar fyrir misréttinu eru ekki skortur á starfsmenntun hjá konum, heldur eru það gömlu viðhorfin, hugarfarið um fyrirvinnu, sem eru ótrúlega lífseig. Hvað ætli margar

konurnar á Alþingi eigi heimavinnandi maka eða í hlutastarfi? Það gætu þó vel talist fyrirvinnur.

Á ráðstefnu sem Samband Alþýðuflokkskvenna hélt nýlega um heimavinnandi fólk fjallaði eitt erindið um möguleikana á að fá vinnu utan heimilis eftir nokkur ár yfir börnum heima. Í þessu sambandi ætla ég að vitna í 11. gr., um auglýsingar, það er 11. gr. frv. félmrh. sem er 12. gr. í hinu frv. óbreytt:

„Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt."

Fram kom í áðurnefndu erindi, með leyfi hæstv. forseta, ég ætla að lesa hluta af því:

„Verst þykir mér þó dæmið um hroka atvinnurekenda, sem blasir við okkur, raunar bæði konum og körlum, á síðum dagblaðanna hvern einasta dag. Þá er ég að tala um þann ótrúlega dónaskap sem er í 80% auglýsinga um atvinnu. Það er krafist þess að senda allar persónulegar upplýsingar um sjálfan sig til afgreiðslu blaðs merkt einhverju númeri eða bókstaf. Einhver aðili úti í bæ, sem maður hefur ekki hugmynd um hver er, flokkar síðan póstinn sinn og er undir hælinn lagt hvað um umsóknina verður. Einhver aðili situr síðan uppi með allar þínar persónulýsingar, ræðir jafnvel yfir kaffibolla á vinnustað. Að þeir láti svo lítið sem endursenda umsóknina, hvað þá tilkynna kurteislega að manni sé hafnað, er af og frá. Eftir að hafa reynt þetta þrisvar sinnum og bíða og vona, þora ekki út fyrir hússins dyr ef herra X skyldi nú hringja í dag eða kannske á morgun, að ég nú ekki tali um með þá andstyggðartilfinningu að vita ekkert hver situr uppi með alls konar vitneskju um mig, þá er annað tveggja að missa kjarkinn, þetta hlyti bara að vera ég sem væri svona kolómöguleg því að ekki væri ég að sækja um eitthvað annað starf en það sem ég vissi að ég gæti örugglega unnið.

Í einhverri augnabliksdjörfung hnoðaði ég saman fjórum svohljóðandi svörum:

Hef allt til að bera sem þetta starf krefst eftir lýsingu í auglýsingu og margt fleira. Hafir þú áhuga á að kynna þér mína persónu frekar, þá heiti ég og hef síma.

Í stuttu máli af fjórum vinnuveitendum hringdu tveir, sem verður að teljast frábær árangur. En ég var nú svo örvæntingarfull þegar þetta var að ég átti bágt með að leika sama djarfa hlutverkið þegar á hólminn var komið. Af hverju var ég örvæntingarfull? Jú, það var vegna þess, eins og við allar þekkjum, að það er ekki bara við atvinnurekendur að sakast. Þessi áhrif voru ekki síst frá kynsystrum mínum, lesendabréfum dagblaðanna, flest skrifuð af konum, umræðum almennings í þjóðfélaginu, starfsemi í kvennahreyfingum. Alls staðar sami tónninn: húsmóðir meðhöndluð af skatti, tryggingakerfi, umtöluð almennt og álitin 3. flokks persóna."

Ég vildi koma þessu að vegna auglýsingarinnar og umsóknar um stöðu.

Í þeirri tækniþróun sem nú er að verða felst sérstök hætta með tilliti til jafnréttis kynjanna. M. a. eru í Símablaðinu frá 1983 átakanlegar lýsingar kvenna á Patreksfirði á því þegar þær voru sendar heim vegna tæknibreytinga og fengu enga vinnu. En það er ekki eingöngu vegna fækkunar starfa og breytinga sem konur verða verr úti, heldur eru það viðhorfin sem leika stórt hlutverk. Við þurfum ekki annað en líta á sjónvarpsþátt sem var sýndur s. l. vetur, þ. e. í febr., um tölvutæknina og var í umsjá eins fréttamanns sjónvarpsins. Hann var byggður eingöngu upp á viðtölum við fimm karlmenn — engin kona. Niðurstöður m. a. í skólunum, bekkjunum: Tölvur eru mál karlmanna.

Sem betur fer eru þeir þó til sem sjá þessa hættu. Í Lesbók Morgunblaðsins 11. febr. var spjall við forstjóra IBM hér á landi þar sem hann segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Því miður verður maður var við að drengir sækjast meira eftir að komast í snertingu við tölvur og eru þar af leiðandi fljótari að tileinka sér þessa tækni en stúlkur. Þetta getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þær síðar meir. Mönnum er mikið í mun jafnrétti kynja á milli, en svo gæti jafnvel farið að atvinnumöguleikar fyrir stúlkur verði minni af þessum sökum. Erlendis hafa farið fram rannsóknir á þessu atriði og þá hefur komið fram verulegur munur þarna á. Þetta ætti kvenfólk að taka til athugunar og snúa hér algerlega við blaðinu."

Ég held því að eina ráðið til að tölvurnar eða þessar tækninýjungar verði ekki til að auka misréttið sé að kynna öllum nemendum tölvur og hvernig þær vinna. Það verður ekki gert nema í skyldunáminu, þ. e. í grunnskólanum, allir nemendur verði tölvulæsir.

Ég las nýlega grein eftir kanadíska konu, Moniku Thompson, raunar ræðu sem hún hélt á ráðstefnunni „Kanada á morgun" sem haldin var í nóv. s. l. Þar varar hún við „the electronic cottage", sem ég hef nefnt hér rafeindaselið, eða þeirri hugmynd að mörg af þeim störfum sem konur vinna nú á skrifstofum, í prentsmiðjum, útgáfufyrirtækjum og fleiri séu upplögð heimaverkefni þar sem tölvur eru á heimilinu. Þarna er kannske helst falin hættan á að vinnuveitendum, eiginmönnum, jafnvel konunum sjálfum, finnist þarna komið tækifæri fyrir þær til að færa sig aftur inn á heimilin. Því miður er þá ætlast til þess að þær vinni þessi störf með fullum heimilisstörfum og barnagæslu þar sem þær mundu leysa vandamál barnagæslunnar. En ef þróunin verður í þessa átt má jafnréttissinnað fólk fara að biðja fyrir sér. Við sjáum afleiðingarnar: Heimilisfaðirinn sparar barnagæslu, sleppur við húsverkin, þarf ekki að óttast samkeppni á vinnustað, getur unnið eftirvinnu, sótt fundi, jafnvel ferðast landshornanna á milli, m. a. í viðskiptaerindum. Konan er heima. Fyrirtækin þurfa ekki nema hluta skrifstofurýmisins því helmingur starfsfólksins er ekki þar, heldur heima í „selinu". Kostnaður lækkar mjög, m. a. vegna tækjakaupa, pappírs o. fl. En konan sjálf einangrast í starfi. Stéttarfélagið og önnur félagsstörf bíða. Vinnutími við skerma verður eftirlitslaus. Kaupið verður ekki í samræmi við kostnað af að reka skrifstofu heima með öllum stofnkostnaði og aðstöðu. Kjarabarátta, hvernig fer um hana, lífeyrissjóði o. fl.? Ég læt ykkur hv. alþm. um að hugsa þetta. Auðvitað getum við verið svolítið bjartsýn og séð fyrir okkur samheldni fjölskyldunnar, en ég veit ekki hvort við trúum því.

Ég spyr að lokum hæstv. ríkisstj. og alþm.: Er raunverulegur vilji til að koma á jafnrétti kynjanna og sýna það í verki að bæði kyn séu gædd ámóta viti eða er ætlast til að karlmennirnir hafi áfram vit fyrir konunum? Um það er að ræða eftir því hvort frv. verður samþykkt.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég þakka þær umr. sem hér hafa farið fram um þetta mikilvæga mál þó að margt hafi komið hér fram sem mætti kannske halda langa svarræðu við. Í sambandi við þá ræðu sem hv. 3. landsk. þm. flutti vil ég benda á eitt grundvallaratriði. Mér finnst að fram komi í ræðum þess fólks sem þegar hefur tekið til máls og enn fremur í þeirri ákvörðun að flytja frv. endurskoðunarnefndarinnar óbreytt að svo virðist vera að hv. þm. hafi alls ekki lesið athugasemdir við einstakar greinar stjfrv. Þar kemur m. a. fram skýring á 1. gr. frv. sem aðallega hefur verið gagnrýnd. Hér hefur verið fellt út úr frv. endurskoðunarnefndarinnar, eftir að búið er að taka fram í aðalgrein frv. að tilgangur laganna sé að „koma á“ jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum, að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði.

Ég ætla aðeins að koma inn á þetta frekar en ég vil benda hv. 3. landsk. þm. á að veigamikill þáttur í þessu lagafrv. er hversu hlutverk Jafnréttisráðs er aukið og eflt í þessum lögum eins og sjá má í 15. gr. laganna þar sem verkefni Jafnréttisráðs er tilgreint:

1. Að sjá um að ákvæðum 2.—12. gr. laga þessara sé framfylgt.

2. Að vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.

3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.

4. Að sjá um fræðslu- og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.

5. Að fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m. a. varðar þetta lagaefni og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.

6. Að stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.

7. Að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.

8. Að taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir.

9. Að hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Þetta verkefni Jafnréttisráðs er mjög aukið eins og hér kemur fram og það hefur með þessu hlutverki möguleika á því að sjá um að þessum lögum verði framfylgt.

Af því sem hér hefur komið fram tel ég einnig ástæðu til að nefna að hv. 3. landsk. þm. sagði eitthvað efnislega á þá leið að refsiákvæði væru engin í þessu frv. Í VI. kafla laganna eru fjórar greinar um viðurlög og réttarfar. Þar stendur í 17. gr.:

„Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í umboði hans. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.“

Í 18. gr.:

„Sá sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur skv. almennum reglum.“

Í 19. gr.:

„Brot á lögum þessum skal varða fésektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Félögum, fyrirtækjum og stofnunum má dæma fésektir, hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því eða hagnast á brotinu.“

Og í 20. gr.:

„Þegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur. Kveðja skal öðrum fremur til menn sem hafa víðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum sem málið varða.“

Nánar er um þennan VI. kafla í útskýringum með greinum frv. og enn þá ítarlegar tekið fram en í frumvarpsgreinunum sjálfum eins og hv. þm. geta lesið.

Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Reykn. að að sjálfsögðu er margt í þessum málum sem við erum vonandi öll hér inni sammála um að takast þarf á við og reyna að færa til betri vegar. Ég tek alveg undir með hv. þm. að við stöndum frammi fyrir vissum vandamálum hvað varðar nútíð og framtíð og það er staðreynd að ný tækni ryður sér til rúms og er þegar komin inn á okkar svið sem breytir viðhorfum til atvinnumála það mikið að það er nauðsyn að takast á við þetta verkefni.

Ég vil nefna það hér að á vegum félmrn. starfar nú sérstök nefnd sem skipuð er aðilum vinnumarkaðarins til þess að gera úttekt á áhrifum nýrrar tækni á íslenskt atvinnulíf. Þetta er mjög mikilvægt mál og hefur þegar fengið mjög jákvæðar undirtektir aðila vinnumarkaðarins. Þetta er áhugamál sem þarf að finna stöðu í til þess að takast á við þetta verkefni. Ljóst er að til þess að mæta þessum nýju verkefnum þarf breytt viðhorf, aukna menntun, símenntun og endurmenntun fólks á öllum sviðum af báðum kynjum.

Ég gæti að sjálfsögðu flutt langt mál um mismun á þessum frv. Eins og ég sagði í minni framsögu er þar um að ræða að verulegu leyti ákvæði sem eiga betur heima með skýringum og athugasemdum með svona frv. en í lagafrv. sjálfu, það er alveg augljóst. Með leyfi forseta stendur í grg. með því frv. sem hv. þm. vitnaði til að félmrh. hafi „lagt fram frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Frv. þetta, 243. mál, þskj. 431, gjörbreytir tillögu nefndarinnar og kollvarpar þeim jafnréttishugmyndum sem þar eru lagðar til grundvallar“ — ég endurtek — „sem gerbreytir tillögum nefndarinnar og kollvarpar þeim jafnréttishugmyndum sem þar eru lagðar til grundvallar.“

Að sjálfsögðu eru ekki hér færð nein rök fyrir þessari fullyrðingu frekar en mörgum öðrum í grg. með þessu frv. T. d. er ekki gerð nánari grein fyrir þessum jafnréttishugmyndum endurskoðunarnefndarinnar sem frv. félmrh. kollvarpaði. Það kemur hvergi fram og hefur ekki komið fram í ræðum þeirra hv. þm. sem hér hafa tekið til máls.

1. mgr. 1. gr. stjfrv. og frv. stjórnarandstöðuþm. hljóðar svo:

„Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum aldri.“

Er hægt að kveða skýrar að orði um vilja til að koma á jafnrétti í jafnréttislögum? Ég er þess fullviss að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga sem leggur til grund-

vallar vestrænan skilning á hugtakinu jafnrétti mundi svara þessari spurningu neitandi. Endurskoðunarnefndin og nokkrir stjórnarandstöðuþm., sem hafa látið teyma sig blindandi í þessu máli, telja þetta ekki fullnægjandi. Þessir aðilar virðast vera þeirrar skoðunar að í jafnréttislögum þurfi endilega að taka fram að sérstaklega skuli bæta stöðu annars aðilans umfram hinn. M. ö. o., hér er á ferðinni sú tegund jafnréttishugmynda sem byggir á því að allir séu jafnir en sumir séu jafnari en aðrir. Raunverulega er þetta grundvallaratriði.

Af svipuðum toga er 10. gr. í frv. stjórnarandstöðuþm. Þar er kveðið á um það að einstaklingurinn þurfi að sanna sakleysi sitt fyrir ákæruvaldinu. Slíkt fyrirkomulag að sakborningur þurfi að sanna sakleysi sitt fyrir dómstólum þekkist hér á landi en einungis í afmörkuðum undantekningartilfellum eins og t. d. í áfengislöggjöfinni. Fyrirkomulag sem þetta var og er hið venjulega fyrirkomulag í mörgum löndum sem búa við ákveðna tegund stjórnarhátta sem ekki eru tengdir því lýðræði, frelsi og víðfeðma réttaröryggi sem við Vesturlandabúar njótum.

En það er ekki einungis afstaðan til einstaklinganna sem slíkra eða skoðanir á réttarstöðu borgaranna sem koma fram í frv. stjórnarandstöðunnar og ég felli mig ekki við. Ég er andvígur áliti þeirra í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem kemur fram í 14. gr. frv. Þar eru sveitarfélög skikkuð til að skipa jafnréttisnefndir hvort sem þeim líkar betur eða verr, hvort sem þau eru stór eða smá. Ég hefði talið að þetta væri einn af þeim málaflokkum sem best væru komnir hjá kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnum og að þeir hefðu besta aðstöðu til að fjalla um án afskipta ríkisvaldsins.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. meira. Ég hefði haft mikla löngun til þess að hafa langt mál um þetta frv. Ég hef kynnst nokkuð og hef lagt mig fram um að kynnast nokkuð því starfi sem fram hefur farið á vegum Jafnréttisráðs og þeirra aðila sem hafa unnið að þessum málum, og ég verð að segja í fullri hreinskilni að það er langt frá því að þessir aðilar, Jafnréttisráð, hafi getað unnið að þessum málum eins og núgildandi lög hafa gert ráð fyrir, því miður. Kannske má rekja það til þess sem verið er að gera lítið úr hér, að í núgildandi lögum er aðeins talað um að „stuðla að" jafnrétti. Það má vel vera að það sé skýringin. En í þessu lagafrv. sem ég er hér að mæla fyrir er gert ráð fyrir því að „koma á" jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Þar er reginmunur á.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að um þetta mál geti náðst samstaða hér á þinginu. Mér finnst ástæða til að skerpa línur í þessu mikilvæga máli og ég er sannfærður um það að fyrst tókst að ná samstöðu um það stjfrv. sem hér liggur fyrir eru í gerð þess og í þeim meginlínum sem það leggur frá núgildandi lögum mikilvægar breytingar sem örugglega geta stuðlað að framgangi þess að jafna rétt kvenna og karla. Ég held að ég hljóti að álykta að allir hv. þm. séu sammála um að ná því marki.

Umr. frestað.

Lán vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180, n. 634 og 648). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Þetta mál komst stutta stund á dagskrá fyrir páskahlé og þá mælti ég fyrir nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. Með leyfi forseta les ég þetta nál. aftur rétt til þess að geta fjallað um þessi mál í því samhengi sem ég ætla mér:

„Minni hl. n. er andvígur ákvæðum frv. og leggur til að það verði fellt.

Ríkisstj. hefur marglýst yfir neyðarástandi í fjármálum þjóðarinnar. Ráðh. hafa nefnt ýmsar leiðir til lausnar vandanum. Þá greinir hins vegar á í öllum meginatriðum um aðgerðir — að sparnaðarleiðinni einni undanskilinni.

Þrátt fyrir samstöðuna um sparnað er það staðföst ætlan ríkisstj. að halda til streitu tugmilljóna framkvæmdum við flugstöð. Á sama tíma er boðaður og framkvæmdur margs konar niðurskurður, bæði á framkvæmdum svo sem byggingum barnaheimila og þjónustu og í mennta- og heilbrigðiskerfi.

Áformuð flugstöð er allt of dýr og í engu samræmi við lífskjör þjóðarinnar sem reisir hana. Hún verður óhagkvæm, enda hönnuð með hliðsjón af „gróðurhúsinu, tákni orkulinda landsins", svo vitnað sé til byggingarlýsingar húsameistara ríkisins.

Í núverandi flugstöð er slæm aðstaða, bæði fyrir starfsfólk og farþega. Þar er þörf úrbóta. En það verður að gera þær kröfur að ný flugstöð verði ódýr og hagkvæm. Síst af öllu ætti hún að bera þau merki sóunar sem áformin bera vitni um. Jafnvel gróðurhús geta komið mönnum á kaldan klaka.

Guðrún Agnarsdóttir, þm. Samtaka um kvennalista, er samþykk þessu nál."

Undir þetta rita Guðmundur Einarsson og Svavar Gestsson.

Í þessu nál. minni hl. eru fskj. sem eru gögn sem hafa komið fram í málinu. Fskj. I er úr byggingarlýsingu flugstöðvar í Keflavík. Fskj. II er grg. um flugstöð frá þingflokki BJ frá því í febr. 1984. Fskj. III er bréf frá varnarmáladeild utanrrn., dagsett 13. febr. Þetta var lagt fram í hæstv. fjh.- og viðskn. þegar fjallað var um þetta mál. Fskj. IV. eru áframhaldandi upplýsingar frá varnarmáladeild utanrrn. um flugstöðvarbyggingu. Fskj. V og VI eru gögn sem Svavar Gestsson, fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn., lagði fram. Ég vildi bæta því við að í þetta fylgiskjalasafn vantar eitt bréf sem n. barst frá varnarmálanefnd. Ég ætla að lesa þetta bréf, með leyfi forseta, til þess að það komist í þingskjöl:

„Upplýsingar um farþegaflæði. Um áramótin 1978—1979 var tekin ákvörðun um að ráðast í hönnun nýrrar flugstöðvar. Hönnunarvinnu lauk í árslok 1980."

2. liður bréfsins er svo:

„Árið 1979 voru farþegaflutningar um Keflavíkurflugvöll sem hér segir: Til Íslands 144 475, frá Íslandi 147 562, transit 261 348, samtals 553 385.

Áður en tekin var ákvörðun um fyrirhugaða stærð fór fram endurmat á fyrirliggjandi áætlunum, þ. á m. um farþegaumferð og húsnæðisþörf einstakra fyrirtækja og stofnana. Hvað rými fyrir farþega áhrærir var miðað við afkastagetu sem svarar til 1 þús. farþega á klst. Sú niðurstaða miðast við tölvuúttekt og greiningu umferð-

ar eins og hún var árið 1977.

Árið 1977 voru farþegaflutningar um Keflavíkurflugvöll sem hér segir: Til Íslands 137 487, frá Íslandi 137 016, transit 254 927, samtals 529 826.

Það skal tekið skýrt fram að afkastagetan, 1 þús. farþegar á klst., er ekki miðuð við hámarksálag. Notuð er sama aðferð og þegar t. d. ákveðinn er fjöldi akreina eða breidd vega eða stærð brúa svo dæmi séu tekin um umferðarmannvirki. Ekki er hannað fyrir mesta álag eða umferðarþunga.

Á hönnunartímanum hefur verið dregið úr stærð byggingarinnar af ýmsum ástæðum eins og kunnugt er. Upphaflega var t. d. gert ráð fyrir allt að þremur fermetrum fyrir hvern farþega í biðsal. Í samanburði á svæðum í núverandi og nýrri flugstöð, dags. 13. febr. 1984, kemur fram að biðsalur í nýju flugstöðinni, salur notaður af transit-, brottfarar- og komufarþegum, er samtals 1990 m^2, en það samsvarar tæplega 2 m^2 á mann miðað við 1 þús. farþega. Til marks um þjónustustig í þessu samhengi fylgja hér með upplýsingar úr riti, dagsettu í nóv. 1981, útgefandi AACC og IATA. Í ritinu er að finna leiðbeiningar m. a. um þetta umræðuefni.

Árið 1983 voru farþegaflutningar um Keflavíkurflugvöll sem hér segir: Til Íslands 144 628, frá Íslandi 145 557, transit 165 698, samtals 455 883."

Síðan segir:

„Bygging nýrrar flugstöðvar hefur verið á döfinni allt frá því 1968. Eitt fyrsta verkefni í því sambandi var gerð umferðarspár. Á þessu langa tímabili hefur umferðin sveiflast upp og niður eins og gerist á flestum öðrum sviðum. Spáin hefur að sjálfsögðu verið endurskoðuð þegar ástæða hefur verið til."

Hér hef ég lokið lestri þessa gagns og það er þar með komið í þingskjöl.

Það sem ég ætla að byrja á að gera að umræðuefni má reyndar rekja til þessa gagns, það eru transit-farþegar. Það er nefnilega svo að transit-farþegar, þ. e. farþegar á flugleiðinni frá Ameríku til Íslands, eru allt að helmingur þess farþegaflæðis sem um þessa flugstöð á að fara. Það er býsna fróðlegt að sjá svolítið hvernig þar hefur gengið.

Árið 1977 eru transit-farþegar 48% farþeganna sem fara um flugstöðina. Árið 1979 eru þeir 47%. Árið 1983 eru þeir hins vegar komnir niður í 36%, þ. e. þeim hefur fækkað úr helmingi niður í þriðjung þeirra farþega sem um flugstöðina fara. Transit-farþegarnir eru, eins og ég sagði áðan, greinilega stór hluti þeirra farþega sem verið er að byggja flugstöð fyrir. Á fjórum árum, þ. e. frá 1979, hefur þeim fækkað um 100 þúsund. Síðan 1977, þegar umferðargreiningin sem núverandi stærð byggist á var gerð, hefur þeim fækkað um tæp 100 þús. Þeim fækkaði sem sagt úr um 250 þús. niður í 165 þús. Þetta er umtalsverð fækkun og leiðir hugann að ýmsu um framtíð þessa rekstrar.

Skv. gögnum sem fjh.- og viðskn. bárust af öðru tilefni þar sem verið er að fara fram á niðurfellingu lendingargjalda er 4 millj. dollara tap á Norður-Atlantshafsflugi árið 1983. Þetta 4 millj. dollara tap er síðan réttlætingin sem notuð er til þess að veita ríkisstyrk með niðurfellingu lendingargjalda. Þannig getum við sagt á vissan hátt að við séum að fella niður lendingargjöld til þess að halda uppi Atlantshafsflugi til þess að halda uppi transit-farþegafjölda til þess að byggja flugstöð sem er kannske allt að helmingi stærri en íslenskir farþegar mundu þurfa.

Þegar það liggur fyrir að transit-farþegarnir eru milli þriðjungur og helmingur þeirra farþega sem um flugstöðina fara er rétt að spyrja sig í fyrsta lagi: Hvert er framtíðarútlit flugsins yfir Norður-Atlantshaf? Það sem við vitum er að þar ríkir og hefur ríkt í mörg ár gífurleg samkeppni. Við munum öll eftir Laker-ævintýrinu. Við þekkjum núna nýjasta dæmið á þessari flugleið sem er kölluð People's Express og býður mjög lág fargjöld miðað við Atlantshafsflugið. Þarna hefur í mörg ár ríkt feiknaleg samkeppni.

Ýmsir sem um flugmál á Norður-Atlantshafi fjalla hafa hugsað þá hugsun að það sé augljós þörf fyrir Flugleiðir, ef fyrirtækið ætlar að halda sig á þessu flugi í framtíðinni, að fara út í breiðþotukaup. Það hefur verið reynt og það gafst ekki vel. Spurningin er hvort fyrirtækið mundi yfirleitt þola kaup á breiðþotu miðað við núverandi rekstur. Hins vegar eru markaðshlutdeild þess sett ákveðin takmörk og eins og ég sagði áðan er þarna gífurleg samkeppni. Því er fyllsta ástæða til þess að kanna mjög vandlega hverjar framtíðarhorfur eru um þetta flug yfir Atlantshafið vegna þess að helmingur farþeganna, sem við ætlum að fara að byggja þessa flugstöð yfir, koma með þessum flugvélum.

Það getur hreinilega gerst ef transit-farþegafjöldinn fellur niður, þ. e. ef við hættum flugi á þessari flugleið, að við stöndum uppi með helmingi of stóra flugstöð jafnvel þó við miðum við þær hönnunarforsendur sem miðað er við nú. Þá getur hreinlega farið fyrir okkur eins og ýmsum fleirum sem hafa verið að byggja flugstöðvar, eins og Gautaborgarbúar og Montrealbúar, og sitja uppi með allt of stórar, rándýrar flugstöðvar sem eru eins og gínandi minnismerki um misreikninga þeirra sem um þetta áttu að fjalla. Það er að mínu mati alger forsenda fyrir því að leggja alla þessa peninga í þessa flugstöð að gera nákvæma áætlun og markaðsgreiningu á Norður-Atlantshafsfluginu til þess að mynda sér einhverja skoðun um það hvað verður um þennan rekstur í framtíðinni.

Þetta var um transit-farþegana og Norður-Atlantshafsflugið. Þetta varðar gífurlega miklu í sambandi við áætlaða stærð flugstöðvar og það er hreinasta brjálæði að fara að byggja þessa flugstöð án þess að hafa einhverjar bitastæðar upplýsingar um framtíðarhorfur á þessu markaðssvæði. Þetta var um stærð.

Nú langar mig að gera aðeins að umtalsefni könnun flugstöðvar. Þá ætla ég, með leyfi forseta, að lesa úr fskj. I í nál. Það er úr kafla 2.11 í byggingarlýsingu flugstöðvar í Keflavík og heitir „Þróun forms og útlits":

„Verður nú vikið að nokkrum atriðum sem afgerandi eru í tillögunni að svipmóti byggingarinnar.

1. Leitast er við að endurspegla í ytri formum þau megineinkenni innra fyrirkomulags sem mótast af flæði flugstöðvarinnar, þ. e. miðskip með hliðarskipum til vesturs og austurs.

2. Leitast er við að undirstrika íslensk sérkenni í svipmóti flugstöðvarinnar, þ. e. gera flugstöðina að íslensku afbrigði af alþjóðlegri flugstöð. Það stef, sem orðið hefur fyrir valinu sem íslenskt áhersluatriði, er gróðurhúsið, tákn orkulinda landsins."

Síðar í þessu plaggi segir:

„Eins og teikningar og myndir af líkani bera með sér er byggingin útlitslega skipt í miðju af skálabyggingu,

hinu svonefnda „gróðurhúsi“. Skálinn hefur til beggja enda glerflöt með 45° halla, þ. e. til norðurs og suðurs. Mænir þess þakflatar endar í ofanljós-þakglugga, burstum með austur-vestur stefnu. Þakflötur „skálans“ milli þessara ofanljós-þakglugga verður klæddur bæði að innan sem utan með bárustáli. Að innan mun skálinn hafa að nokkru yfirbragð gróðurhúss.“

Þarna er þá gróðurhúsið komið. Það hafa ýmsir haldið að þetta væri einhver uppfinning hjá þingflokki Bandalags jafnaðarmanna að tala um gróðurhúsið þarna fyrir sunnan en það er þvert á móti. Þetta er höfuðstefið í hönnun þessarar flugstöðvar.

Eins og segir í nál. minni hl. er erfið aðstaða fyrir starfsfólk, það er erfið aðstaða fyrir farþega og það er þörf úrbóta. En á þessum tímum sem við lifum núna, þegar verið er að skera niður og spara í öllum mögulegum hlutum, verður að gera þær kröfur að þær úrbætur séu gerðar á skynsamlegan hátt. Það má meta mína skoðun á skynseminni í því sem ég hef þegar vikið að í sambandi við stærðarútreikninga. Nú er komið að glerhúsinu og þá sem í þessu glerhúsi ætla að búa. Í gögnunum segir að „gróðurhúsið, tákn orkulinda landsins“ sé hið íslenska séreinkenni hússins.

Í fyrsta lagi vil ég það um gróðurhús segja að gróðurhús er dýrt í upphitun og sá sem ætlar að byggja hagkvæmt hús, sem á að kosta lítið í rekstri, byggir ekki gróðurhús.

Í öðru lagi er gróðurhús dýrt í viðhaldi.

Í þriðja lagi er gróðurhús viðkvæmt fyrir ánauð vinda og vatns og Miðnesheiði hefur ekki verið talin sérlega veðursæll staður.

Í fjórða lagi er gróðurhús, hvað sem menn halda, alls ekki hlýlegur staður til setu því að jafnvel þó að upphitað sé í gróðurhúsi valda gluggarnir óhindraðri hitaútgeislun frá mannslíkamanum þannig að menn fá kuldatilfinningu jafnvel þó að þeir sitji í eðlilegum herbergishita. Þetta þekkja menn þegar þeir sitja í stofunum sínum við stóra glugga, jafnvel þó í vel upphituðu herbergi sé. Þetta er einföld niðurstaða, þetta er einföld afleiðing þess að hiti geislar óhindrað frá líkamanum út í himingeiminn og vekur með okkur kuldatilfinningu. Þetta er ástæðan fyrir því að jafnvel þó að menn séu að byggja svona stór gróðurhús búa þeir sér alltaf til einhverja skerma eða króka til að sitja í.

Af þessum ástæðum og mörgum fleiri sem ég gæti talið tel ég þessa gróðurhúsahönnun algerlega fráleita. Ég tel hana fráleita frá rekstrarsjónarmiðum, ég tel hana fráleita frá byggingarlegum sjónarmiðum auk þess sem ég efast stórlega um að gróðurhús geti á nokkurn hátt talist séríslenskt einkenni í húsagerðarlist. Ég held að ef menn hefðu ætlað að reisa sér eða einhverjum öðrum minnisvarða sé glerhúsið heldur brotgjarn minnisvarði um þeirra ágæti. Þetta var um glerhúsið og kuldahroll þeirra sem þar ætla að búa.

Ég vil ræða áfram svolítið um hönnun þessa húss. Í 2000 fermetra biðsal eftir endilöngu húsi sem endar í glerskálanum er 13 metra lofthæð. Það er álíka hæð og fjögurra eða fimm hæða hús. Á þessu svæði, inni á gólfi þessa salar, má byggja einhvers staðar milli 10 og 20 fjögurra hæða einbýlishús. Þetta er rétt til þess að gefa mönnum hugmynd um hver stærðin er. Þetta er bærilegt pláss, ekki síst ef allir transit-farþegarnir hætta að koma og íslensku sólarlandafarþegarnir verða þeir einu sem þetta sækja nokkuð reglulega, þá er ekki víst að þeir séu beinlínis að leita að gróðurhúsi.

Skýringarnar á þessu gífurlega flatarmáli biðsalarins virðast vera þær að 1000 manns geti unað sér þar við leik og störf meðan þeir bíða eftir flugvélum eða eru að koma. Það getur vel verið að það þurfi tvö þús. fermetra til þess að hýsa íslenska farþega sem þarna verða en það þarf varla 13 metra lofthæð. 13 metra lofthæð ber ekki vott um það að menn ætli að reisa sér þarna rekstrarlega og byggingarlega hagkvæmt hús nema þeir ætli að sveifla sér í köðlum eða leika einhverjar kúnstir eins og Tarzan og Jane, það er náttúrlega aldrei að vita.

Skýringar byggingarnefndar á 13 metra lofthæð eru tvær. Í fyrsta lagi er sagt: Það er venja að hafa hátt til lofts í flugstöð. Það er ein skýringin. Önnur skýringin er sú að hallandi þak eins og er á flugstöðinni krefst hás rispláss. Þakið rís óumflýjanlega og af því að húsið er svona stórt verður þar 13 metra hátt ris í miðjunni. (**Gripið fram í:** Flugvélarnar eiga að vera inni.) Það hafa líka komið fram hugmyndir um það að kannske eigi að bakka þarna inn flugvélum sem eiga í einhverjum erfiðleikum en ég neita að trúa því þó að ég sé reyndar farinn að trúa ýmsu í því sambandi.

Ef við tökum aðeins þessi rök, að það þurfi þessa lofthæð vegna þess í fyrsta lagi að það sé bara venja að hafa svona hátt til lofts í flugstöð, þá er það fráleitt. Þá hafa þeir, sem þessa flugstöð ætluðu að teikna á heimsborgaralegan hátt með sérískenskum einkennum, ekki gert sér tíðreist um löndin vegna þess að það er alls ekki ófrávíkjanleg regla að menn hafi 13 metra lofthæð í þessum flugstöðvum. Þar byggir hver eins og hann telur sig best geta og ég hef hvergi komið þar sem er 13 metra lofthæð enn þá fyrir þá umferð sem hér er væntanleg.

Um hina skýringuna, að hallandi þak krefjist þess að þakið rísi svona hátt í miðjunni, er það að segja að þetta er spurning um hvernig menn vilja nýta þetta pláss. Hægt er að breyta lögun hússins þannig að risið rísi ekki svona gífurlega hátt í miðjunni. En ef menn vilja haga lögun hússins svona er hægt að nýta þetta pláss fyrir alls konar starfsemi, þ. e. hreinlega setja gólf í þetta. Menn gætu sett gólf á milli hæða sem eru til hliðanna og látið sér nægja á að giska 5 metra lofthæð ef ég man teikningarnar rétt. Ég tel því að það sé algerlega fráleit skýring að það þurfi að byggja þetta gífurlega ónotaða rými bara til þess að hafa nægilegan halla á þakinu.

Þetta gífurlega rými veldur því að ef við berum saman núverandi flugstöð og þá tilvonandi kemur í ljós að um leið og nýja flugstöðin er rétt tæplega tvöfalt stærri en sú gamla verður rýmið líklega hátt í fjórum sinnum meira. Þarna munar að vísu svolitlu eftir því hvaða tölur eru nákvæmlega teknar, það er spurning hvað menn telja til af kjöllurum, sorpgeymslum og þess háttar, en stærðargráðan er þessi. Á sama tíma og flatarmálið fer í þeirri gömlu úr 7 þús. m^2 upp í rúma 12 þús. m^2 í þeirri nýju, sem er eins og ég segi tæp tvöföldun, þá er líklega um fjórföldun rýmisins að ræða.

Hægt er að skoða þetta og gera við þetta ýmsar athugasemdir. T. d. má reikna sér til að þetta ónotaða þakrými, sem er yfir allri flugstöðinni og rís hæst í miðjunni þar sem líklegast stélin eiga að komast inn, sé um 39 þús. rúmmetrar. Þetta er um þriðjungur alls rúmmáls flugstöðvarinnar og það er alveg hægt að sýna fram á að með skynsamlegri hönnun mætti minnka stórkostlega þetta rúmmál án þess að flatarmál hússins

minnkaði að nokkru leyti. Það mætti lækka byggingarkostnað hússins um gífurlegar fjárhæðir. Við erum að tala um allt að þriðjung rýmis.

Segjum svo að einungis næðist fimmtungur þessa rýmis, gerðar yrðu breytingar sem annaðhvort með bættri nýtingu eða breyttu fyrirkomulagi á einhvern hátt leiddu til fimmtungs minnkunar þessa rýmis. Þá erum við að tala um að bara flugstöðvarbyggingin kostar í dag á byggingarkostnaði 1. ágúst 1983 23 millj. dollara. Ef við reiknum með mátulegum hækkunum á byggingartíma gæti verðið á endanum orðið um 25 millj. dollara. Þá mundi fimmtungsminnkun spara 5 millj. dollara og 5 millj. dollara eru ansi margar ísl. kr., ekki síst ef hægt er að spara þær í fjárlagagöt framtíðarinnar. Ég held að fyllsta ástæða sé til þess að líta svolítið betur að sér um þetta atriði. En ég ætla að láta þetta nægja um rýmiseyðsluna.

Nú langar mig aðeins að rýna í áætlaðan byggingarkostnað. Í samantekt sem þingflokkur Bandalags jafnaðarmanna gerði í jan. og febr. s. l. tókum við uppgefið verð á framkvæmdakostnaði, breyttum yfir í íslenskar krónur, og deildum í með rúmmetrafjölda byggingarinnar. Þá fengum við út byggingarkostnað sem var upp á rúmar 10 þús. ísl. kr. pr. rúmmetra. Þetta þótti okkur náttúrlega gífurleg upphæð, ekki síst þar sem þetta er um tvöfaldur, jafnvel allt að þrefaldur byggingarkostnaður íbúðarhúsa í dag.

Í gögnum dags. 13. febr. frá varnarmáladeild eru þessir reikningar leiðréttir. Þetta er fskj. III með minnihlutaáliti. Leiðréttingarnar eru efnislega tvenns konar. Í fyrsta lagi er því lýst að í verðinu sem gefið er upp fyrir flugstöð, rúmar 40 millj. dollara, sé gert ráð fyrir verðhækkunum á tímabilinu. Gott og vel. Það var hins vegar ekki tekið fram í byggingarlýsingu frá húsameistara sem ég vitnaði í áður. Hún er frá 1981. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Gerð hefur verið kostnaðaráætlun sem byggist á fullnaðarhönnun útboðsgagna. Grunnverð í kostnaðaráætluninni miðast við verkframkvæmd í Keflavík og byggingarkostnað 1. jan. 1981.

Vinnuliðir eru reiknaðir skv. hérlendum gjaldskrám nema verkstjórn í einstaka sérhæfðum vinnuliðum."

„Síðan segir:

„Kostnaðaráætlun er gerð í bandarískum dollurum og var bætt 5.5% ofan á kostnað 1. janúar 1981 til að mæta kostnaði við yfirumsjón og eftirlit með framkvæmdum og 5% ofan á heildarkostnað fyrir ýmsum ófyrirséðum kostnaði."

Í þessu er hvergi talað um framreiknun vegna hækkana á byggingartíma. Þvert á móti stendur þar sem skipting byggingarkostnaðar er gefin upp þann 1. jan. 1981: „Heildarkostnaður, sbr. útboðsgögn frá 26. febr. 1981, í bandarískum dollurum." En eins og ég segi, það hefur komið leiðrétting þar sem þetta er fært til betri vegar, og betra seint en aldrei. Það kemur í ljós að hluti af þessum 40 millj. eru áætlaðar verðhækkanir á byggingartíma. Þetta kemur fram í fskj. III. Ég er nú ekki viss um að Reagan forseti yrði sammála þeim verðbólguspám sem varnarmáladeild gerir vegna þess að í þessari heildaráætlun upp á 33.5 millj. dollara eins og kostnaður er í dag er reiknað með 8.5 millj. dollara hækkun fram til ársins 1987. Það kemur sér kannske að Reagan er í Kína svo að hann fréttir líklega aldrei af þessu, en ég held að þetta sé alls ekki prúðmannlega spáð um verðbólguþróun í Bandaríkjunum.

Ef við tökum nú þessar leiðréttu tölur og lítum aðeins á þær þá lækkar náttúrlega talsvert rúmmetraverð í byggingunni og við komum að því síðar. En síðan var gerð önnur aths. í gögnum varnarmáladeildar frá 13. febrúar. Þar var bent á að vatns- og skolpveitur og hitaveitu- og rafmagnstaugar og þess háttar ættu ekki að vera inni í byggingarkostnaði hússins þegar borið er saman við ýmsar húsagerðir hérlendar. Þetta er að mínu mati mjög réttmæt aths. að því leyti að í þessum byggingarkostnaði, allsherjar byggingarkostnaði flugstöðvar, er gert ráð fyrir meiri háttar lögnum á svæðinu, skolplögnum, vatnslögnum o. þ. h., sem er upp á nokkra kílómetra og er ekki eðlilegt að taka inn í byggingarkostnað ef bera á saman við aðrar opinberar íslenskar tölur. En með þessum leiðréttingum, þ. e. vegna hækkana á byggingartíma og vegna ýmissa hluta sem sem ekki áttu að vera inni í byggingarkostnaði, er byggingarverð flugstöðvar skv. gögnum varnarmáladeildar frá 13. apríl komið í 7 584 kr. á rúmmetra.

Samkvæmt þessum sömu gögnum var sambærilegur byggingarkostnaður, svo notað sé orðalag úr bréfi varnarmáladeildar, á Íslandi eða fyrir íslensk hús skv. upplýsingum embættis húsameistara ríkisins fyrir fjölbýlishús eða skóla 4 400 kr. á rúmmetra, fyrir einbýlishús 6 600, fyrir K-byggingu Landspítalans, sem er líklega dýrasta sjúkrahús sem verður byggt á Íslandi um langa framtíð, 8 200 kr. á rúmmetra. Og viðmiðunarkostnaður Arkitektafélags Íslands fyrir sambærilegar byggingar er 7 545 kr. á rúmmetra skv. þessum gögnum, sem eru sem sagt sambærilegur byggingarkostnaður í Reykjavík að mati varnarmáladeildar.

Hins vegar kemur í ljós við nánari könnun á þessum gögnum að byggingarkostnaðarútreikningur í byggingarlýsingum reiknar ekki með tollum eða sköttum. Í fskj. I úr byggingarlýsingu flugstöðvar í Keflavík stendur, með leyfi forseta:

„Efnisliðir eru reiknaðir á hérlendu verði, að frádregnum söluskatti og tollum, í þeim tilfellum að byggingarefnið sé innlent að uppruna. Að því er varðar erlent (innflutt) byggingarefni er tekið mið af bandarísku efni, að viðbættum flutningskostnaði til Keflavíkur. Tollar og söluskattur eru eftir sem áður undanskildir. Aðeins raflagnaefni er miðað við verð á evrópsku efni, sömuleiðis án tolla og söluskatts".

Síðan var gerð aths. við þetta og í bréfi varnarmáladeildar frá 19. mars, sem er fskj. IV, er þetta leiðrétt og tekið fram að þennan útreiknaða kostnað varnarmáladeildar frá fyrra bréfi þurfi að hækka um 12—15% vegna söluskatts og tolla svo að tölur um flugstöð verði sambærilegar við tölur um íslenskar byggingar.

Ef við reiknum þannig breytist rúmmetraverð í flugstöð úr 7 584 kr. á rúmmetra í 8 500—8 700 kr. og þá erum við nú orðin ansi há. Það stendur í fskj. að viðmiðunarkostnaður Arkitektafélags Íslands fyrir sambærilegar byggingar sé 7 500 kr. og því er flugstöð að því er virðist um 1 000 kr. dýrari á rúmmetra en Arkitektafélag Íslands telur eðlilegt. 1000 kr. á rúmmetra, skiptir það einhverju? getur einhver spurt. Þá spyr maður á móti: Hvað er flugstöðin margir rúmmetrar? Flugstöðin er 104 500 rúmmetrar. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af sinni ræðu.) Ætli ég eigi ekki eftir svona 5—10 mínútur. (**Forseti:** Ég held að við reynum þá að ljúka ræðunni.)

Ég var að segja að rúmmál flugstöðvar er 104 550 rúmmetrar. 1000 kr. á rúmmetra þar gefur okkur 104 millj. kr. Svo að við tökum aðeins smádæmi um þennan gífurlega kostnað er flugstöð 104 millj. kr. dýrari en viðmiðunartölur Arkitektafélags Íslands um sambærilegt húsnæði skv. fskj. telja eðlilegt. Og þessir útreikningar eru algjörlega gerðir á grundvelli upplýsinga frá varnarmáladeild. Það gæti munað um 104 millj. kr. í fjárlagagötum framtíðarinnar eða t. d. næsta gati sem er að koma í húsnæðislánakerfið. Og ég held að menn gætu svo sem rýnt í minni pósta og haft gagn af.

Ef við berum hins vegar saman byggingarkostnað flugstöðvarinnar og dýrustu sjúkrahúsbyggingar á landinu, svokallaðrar K-byggingar Landspítalans, þá kemur í ljós að flugstöðin er 50 millj. kr. dýrari en jafnstórt sjúkrahús, ef við reiknum á rúmmetraverði, og flugstöðin er u. þ. b. 190 millj. kr. dýrari en jafnstórt sjúkrahús ef við reiknum á flatarmálsverði. Flatarmálsverð flugstöðvar er um 53 þús. kr. á fermetra en flatarmálsverð K-byggingar er tæp 42 þús. Flatarmálsverð flugstöðvar er því um 25% hærra en flatarmálsverð dýrasta sjúkrahúss á landinu sem er með alls konar dýrum tækjabúnaði engu síður en flugstöð.

Þetta hafa verið ýmsar vísbendingar um gífurlega háan byggingarkostnað flugstöðvar. En það er þó glæta í þessu öllu saman vegna þess að nú skyndilega fer flugstöðin hríðlækkandi í verði. Í gögnum frá varnarmáladeild, dags. 13. febrúar, eru settir fram reikningar á rúmmetraverði sem ég vék að hér áðan. Þeir sýna fram á, að upphaflegir reikningar okkar Bandalagsmanna voru allt of háir. Ég hef rakið hvernig þessar tölur reiknuðust fyrst niður og reiknuðust síðan svolítið upp. En ef við skoðum þetta núna og ef við berum saman byggingarkostnað flugstöðvar skv. bréfinu 13. febr. s. l. og byggingarkostnaðartölur frá því í jan. 1981 og ef við reiknum með öllum verðhækkunum á tímabilinu eins og fskj. gera ráð fyrir, allt er sem sagt löglegt og sambærilegt, klappað og klárt, þá kemur í ljós að flugstöðin með landgangi er orðin 2.6 millj. dollurum ódýrari núna en hún var 1981. Ég ætla ekki að fara út í útreikninga á þessu, en eins og ég segi, þarna er borið saman flugstöð og landgangur. Þarna munar 2.6 millj. dollara. Hins vegar skýtur skökku við að heildarkostnaður áætlunarinnar lækkar ekki að sama skapi, þannig að það er eins og eitthvað hafi hækkað í staðinn, kannske lagnirnar, kannske skolpið. Þessi lækkun um 2.6 millj. dollara skilar sér ekki sem lækkun á heildarkostnaði.

Á fskj. IV frá varnarmáladeild er vikið að þessu gati — það eru víða göt — og með leyfi forseta vil ég lesa þær skýringar. Þetta er á bls. 9 í nál. Þar stendur:

„Fyrirspurnir Guðmundar Einarssonar alþm.

1. Skýring á lækkun áætlaðs kostnaðar flugstöðvarbyggingar og landgangs frá 1981 til 1983 (2.6 millj. dollara): 1981 var alfarið reiknað með að innflutt efni komi frá Ameríku. 1983 er reiknað með að

a) steypustyrktarstál verði keypt frá Evrópu,
b) álgluggar verði keyptir af íslenskum framleiðanda,
c) gler verði keypt af íslenskum framleiðanda,
d) mótatimbur verði flutt inn frá Evrópu,
e) límtré verði keypt af íslenskum framleiðanda.

Allt veldur þetta lækkun á kostnaði, t. d. kostar evrópskt steypustyrktarstál, komið á byggingarstað, um 45% minna en ameríska stálið."

Þetta eru gleðilegar fréttir og vonandi að mönnum hugkvæmist nú að leita fleiri tilboða frá innlendum framleiðendum, vegna þess að það gæti vel verið að svona verðlækkun geti orðið á fleiri hlutum. En þá væri nú kannske líka skemmtilegt að það skilaði sér í lækkuðum heildarbyggingarkostnaði stöðvarinnar, sem mér virðist ekki gerast.

Til þess að halda mönnum ekki lengur yfir þessu máli ætla ég bara að taka saman helstu atriðin úr máli mínu. Þau eru þessi:

Í fyrsta lagi tel ég algjörlega glórulaust að byggja þessa flugstöð upp á 104 þús. rúmmetra vitandi það að transit-farþegar eru um helmingur þeirra farþega sem þarna fara í gegn og hafa engar hugmyndir um framtíð Norður-Atlantshafsflugsins. Það er eins og ég kom að í byrjun, þar geta gerst alls konar stórir hlutir. Það er spurning um markaðshlutdeild og markaðsaðstöðu Flugleiða á þessum gömlu vélum sem þeir eru á núna. Hafa þeir efni á að kaupa breiðþotur? Hvernig verður þetta allt saman á næstu 5—10 árum? Það er algjör glópska að byggja þessa flugstöð án þess að hafa greinargóða hugmynd um hvað verður um helminginn af farþegunum.

Í öðru lagi gerði ég að umtalsefni gerð hússins, þar sem voru einkum tvö atriði, það var gróðurhúsið og svo rými og lofthæð.

Og í þriðja lagi vék ég að byggingarkostnaði og gerði að umtalsefni ýmiss konar ónákvæmni og hringlandahátt yfirvalda í sambandi við útreikninga á kostnaði. Ég gerði líka að umtalsefni gífurlega háan byggingarkostnað samkvæmt tölum sem varnarmáladeild gefur upp í samanburði við innlendar sambærilegar byggingar.

Að síðustu vil ég bara ítreka að það er þörf úrbóta í flugstöðvarmálum. En við sem eigum eftir að nota flugstöð þarna, bæði stórir og smáir, eigum náttúrlega heimtingu á því að gætt sé hófs í því hvernig hús er byggt þarna. Nú búa Íslendingar allir við lífskjör sem hafa verulega skerst. Og það er ekkert beinlínis sem horfir til úrbóta á því efni annað en eitthvað sem gæti hugsanlega gerst á löngum tíma. Það er búið að tala vikum saman um nauðsyn á niðurskurði, nauðsyn á sparnaði, nauðsyn á aðsemi, nauðsyn á aðhaldi og þar fram eftir götunum. Ég er búinn að leita með logandi ljósi að sparnaði og aðsemi og aðhaldi í þessum flugstöðvarlýsingum hérna og ég finn ekki nokkra einustu glætu á því. Ég hef lokið máli mínu.

Steingrímur J. Sigfússon: Virðulegi forseti. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá þá hér í kvöld báða hæstv. ráðh. landbúnaðarmála og félagsmála, því að ég ætla að það mál sem nú er til umr. megi á nokkurn hátt með sanni tengja þeirra rn. þó formlega séð sé þetta fyrst og fremst mál hæstv. utanrrh. sem þó er hér ekki staddur í augnablikinu. En hann hefur áður hlýtt á umr., þ. á m. mínar, um þetta mál og gengur nú hér í salinn.

Í fyrsta lagi vil ég lýsa því að ég er alfarið á móti því frv. sem hér liggur fyrir, hef reyndar áður lýst þeirri skoðun minni og þyrfti í raun og veru ekki að rökstyðja hana frekar en ég hef þegar gert. Þó held ég að ég láti ekki þetta tækifæri ónotað frekar en önnur til að ítreka enn þá skoðun mína að hér sé mjög vafasamur málatilbúnaður á ferðinni og betur heima setið en af stað farið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að efnahagsástandið í blessuðu þjóðarbúinu er ekki upp á allt of marga fiska þessa dagana. Sérstaklega er hart á dalnum hjá hæstv. fjmrh. og ríkiskassinn illa tómur. Einnig er það kunnara en frá þurfi að segja að erlendar skuldir þjóðarinnar eru allmiklar að vöxtum og hafa nú nýlega farið, mældar í löngum lánum, yfir hið fræga 60% mark sem var þó hér í eina tíð heilög víglína hæstv. ríkisstj. Samt er í þessu frv. gerð till. um lántökur að jafnvirði 22 milljarða Bandaríkjadollara sem eru núna u. þ. b. 616 millj. ísl. kr. og þó frekar rúmlega en tæplega. Í erlendum skuldum mundi þetta þýða í dag talsvert á annað prósent og yrðu þá skuldir þjóðarbúsins komnar nær 63% bæti maður þeirri lántöku sem hér er fyrirhuguð, að vísu á nokkrum næstu árum, við. Þannig er nú það og læt ég þetta duga um fjárhagslega hlið þessara mála hvað varðar skuldastöðu þjóðarbúsins og ástand ríkiskassans og væri þó margt hægt um hana að segja.

Ég hef áður gert grein fyrir því hversu ranga ég tel þá framkvæmdaröð í íslenskum flugmálum sem hér er gerð till. um og ætla ekki að bæta miklu við það. Ég vil þó segja í sambandi við þá miklu upphæð sem hér er á ferðinni að næðist fram í þessu mannvirki sparnaður, eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson gerði hér grein fyrir að hægt væri með breyttri hönnun á mannvirkinu, mundi það nema ekki eins árs heldur tveggja til þriggja ára framkvæmdafé til flugmála á Íslandi að frádreginni þessari flugstöðvarbyggingu. Svo miklar upphæðir eru hér á ferðinni. Lántakan á því ári sem nú er að líða er áætluð milli 30 og 40 millj. kr. meiri til þessa eina mannvirkis en allt framkvæmdafé til flugmála innanlands á þessu ári.

Ég ætla ekki að fara á þessum kvöldfundi ítarlega út í ástand einstakra flugvalla vítt og breitt um landið, og er þá Reykjavíkurflugvöllur ekki undanskilinn. En það má öllum ljóst vera í hvað hér er ráðist og hversu mikið hefði mátt gera í flugvallarmálum okkar, og í samgöngumálum yfirleitt, ef þessu fé hefði verið varið á þeim vettvangi. Og af því að það vill nú svo vel til, virðulegi forseti, að hæstv. landbrh. er hér í salnum, ætla ég nú að spyrja hann og síðan kannske hæstv. utanrrh. einnig, hvernig það verði með gróðurhúsið, sem reisa á í þessari byggingu, hvort það eigi að heyra undir utanrrn. eða hvort það sé samstarfsverkefni hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh., þetta ylræktarver sem þarna á að reisa suður á Keflavíkurflugvelli. Ef utanrrn. á áfram eitt og sér að fara með þessi mál, þá sé ég ekki annað en það verði að ráða sér sérstakan garðyrkjustjóra og stofna sérstaka garðyrkjudeild í utanrrn., því að þarna er á ferðinni langsamlega stærsta gróðurhús landsins og það verður auðvitað ekki við það unað að það verði ekki sómasamlega ræktað og því sinnt af fagmönnum.

Af því að hæstv. félmrh. er hér einnig í salnum og undir hann heyra byggingarmálefni þjóðarinnar að miklu leyti, þá hefur það ábyggilega verið fróðlegt fyrir hann að heyra þá ágætu úttekt á þessu mannvirki sem hv. þm. Guðmundur Einarsson flutti okkur hér áðan og gerði mikla grein fyrir. Það er mjög sláandi og mjög lærdómsríkt ef þessi bygging á að kosta pr. fermetra eða pr. rúmmetra, allt eftir því hvernig það er nú mælt, meira en dýrustu mannvirki sem við finnum dæmi um á Íslandi í dag, t. d. K-bygging Landspítalans, þar sem koma á fyrir skurðstofum og öðrum flóknasta búnaði sem eitt sjúkrahús má prýða. Það er með miklum ólíkindum ef þetta gróðurhús og það sem á utan á því hangir á að verða dýrara en sjálf K-bygging Landspítalans pr. rúmmetra. Það er ýmislegt fleira í þessari byggingu allri og hönnun hennar sem er með slíkum endemum að þegar maður fer að lesa um það og skoða það, þá þarf maður ekki að lesa einu sinni eða tvílesa, heldur þrílesa eða láta segja sér þrisvar, eins og maðurinn gerði hér forðum, til að trúa. Og nýtnitölurnar sem við manni blasa, að af 114 þús. rúmmetrum, þegar allt rými í nýju flugstöðinni er talið og eru þá kjallarar og þakrými og annað innifalið, nýtast ekki nema um 60 þús., þ. e. rétt um helmingur. Þetta eru lélegri nýtingarhlutföll en ég þekki í nokkurri byggingu á Íslandi og nokkurs staðar yfirleitt á byggðu bóli. Ég minnist þess að í ákveðinni byggingu hér í vesturbænum, fjölbýlishúsi sem ekki þótti mjög til fyrirmyndar um nýtni, nýttust til íbúðar um 65%, en afgangurinn, 35%, fór undir ganga og stigapalla og annað slíkt. Þetta þótti með eindæmum léleg nýting, en hún er þó miklum mun meiri en gert er ráð fyrir í þessari byggingu. Og eins og ég hef reyndar áður bent á er það staðreynd að þetta mikla húsnæði, gróðurhúsið og allt saman, er ekki í notkun nema örfáar klukkustundir á sólarhring eins og staða málanna er í dag. Og fari nú svo, sem við skulum út af fyrir sig vona að verði ekki, að þeir hlutir gerist í flugmálum okkar Íslendinga að þar verði verulegur samdráttur frá því sem var þegar mest voru umsvifin, þá gæti svo farið að verulegur hluti þessarar byggingar stæði ónotaður allan sólarhringinn, allan sólarhringinn árið um kring. Og hvað halda menn þá að þetta þýði fyrir reksturinn á þessari byggingu? Hvað halda menn að það þýði, í fyrsta lagi þessi lélegu nýtingarhlutföll byggingarinnar sjálfrar og síðan léleg nýting þess rýmis sem á annað borð er hægt að nota meiri hluta sólarhringsins og hugsanlega allt árið.

Ég vil áður en ég fer úr þessum ræðustól, virðulegi forseti, mótmæla harðlega, eins og ég mun alltaf gera hvar sem er og hvenær sem er, allri samþættingu íslensks atvinnulífs og íslenskra samgangna við veru erlends hers í landinu. Það tel ég með öllu ósamboðið sjálfstæðri þjóð, sem svo vill kalla sig, að sjá ekki sjálf þörfum sínum borgið í þessum efnum sem öðrum. Ég hef orðað það svo, að hversu mikið glæsivirki sem þetta hús verði, þá verði það aldrei annað en aumur kofi í mínum augum eins og að fjármögnun þess er staðið. Þar fyrir utan er það enn eitt dæmið um þann blygðunarlausa flottræfilshátt sem ákveðnir aðilar í núverandi hæstv. ríkisstj. hafa iðulega gert sig seka um, að fara nú á þessum tímum samdráttar og rýrnandi kjara alls þorra almennings á Íslandi út í svona mannvirki, sýndarmennsku í arkitektúr og flottræfilshátt í byggingarstíl, sem hvorki við né í raun og veru nokkur þjóð önnur getur réttlætt. Þar er á ferðinni sóun á fjármunum, sóun á hráefnum, sóun á tíma og peningum þeirra sem við þetta vinna og að þessu standa. Ég held að sá flottræfilsháttur sé undir öllum kringumstæðum og alltaf óréttlætanlegur, en hann er sérstaklega vítaverður þegar hann er framkvæmdur á tímum eins og þessum. Og þeim fjármunum sem sannarlega væri hægt að verja betur á ýmsan hátt, eins og ég hef gert grein fyrir og aðrir hv. þm., er að mínu mati sérstaklega illa varið í svona yfirsjónir og svona mistök, þegar ástandið er eins

og raun ber vitni. Ég held að það væri öllum fyrir bestu, þeim sem vilja nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, sem út af fyrir sig hefur ekki verið deilt um að þörf sé á, sem og hinum, sem endilega vilja þar þiggja þetta ameríska fé, að þessar áætlanir væru teknar til endurskoðunar, menn fengjust til þess að viðurkenna mistök sín, væru menn til þess, því að hvaða afstöðu sem menn hafa til þessa máls, þá held ég að enginn geti réttlætt slík mistök sem hér virðist stefnt í með byggingu og síðar rekstri þess illa hannaða og vitlausa mannvirkis sem hér er flutt frv. um lántöku til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Málflytjendur, frv. 250. mál (þskj. 452). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Frv. það um breytingu á lögum um málflytjendur, sem hér liggur fyrir á þskj. 452, er flutt í þeim tilgangi að taka af öll tvímæli um það hverjir njóta réttinda og beri skyldur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna skv. málflytjendalögum. Skv. lögunum skulu lögmenn hafa með sér félag, Lögmannafélag Íslands, og skal stjórn þess m. a. hafa eftirlit með að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samviskusemi. Talið hefur verið að allir þeir sem fengið hafa málflutningsleyfi hafi skylduaðild að Lögmannafélaginu. Ýmis opinber störf eru þess eðlis að málflutningsstarf er ósamrýmanlegt slíku starfi og lögfræðingar er þeim gegna mega ekki stunda málflutningsstarf. Hafi þeir fengið málflutningsleyfi skulu þeir leggja inn málflutningsleyfi sitt meðan svo stendur á. Svo háttar til um þá sem gegna störfum við embætti dómara, lögreglustjóra, tollstjóra, ríkisskattstjóra, ríkissaksóknara og í stjórnarráði. Er um það fjallað í reglugerð frá 1971. Þessir málflytjendur einir eru undanþegnir félagsskyldu, en hins vegar ekki aðrir, jafnvel þótt þeir sinni ekki málflutningsstörfum.

Frv. felur það í sér að þeim sem þess óska og engin málflutningsstörf stunda verði heimilað að afhenda málflutningsleyfi sitt til varðveislu í dómsmrn. Fellur þá niður skylduaðild viðkomandi að Lögmannafélaginu meðan svo stendur á, jafnframt því sem honum er óheimilt að stunda málflutning sem háður er einkaleyfi lögmanna. Með frv. verða þannig skýrari línur að því leyti hverjir séu félagsmenn í Lögmannafélaginu og beri skyldur og réttindi lögmanna. Skapast með þessu betri aðstaða fyrir stjórn Lögmannafélagsins til að gegna skyldum sínum að því er varðar þá sem málflutning stunda. Hefur stjórn Lögmannafélagsins óskað eftir því að breyting þessi komist á og hefur þótt rétt að stuðla að því með flutningi frv.

Frv. gerir jafnframt ráð fyrir því að þeim sem af sjálfsdáðum leggja inn leyfi sitt til varðveislu verði heimiluð aukaaðild að Lögmannafélaginu, svo og að málflytjanda, sem hefur málflutning að aðalstarfi í þágu opinbers aðila, verði heimil full aðild að félaginu.

Hæstv. forseti. Frv. þetta fjallar um afmarkaðan þátt að því er varðar starf málflytjanda, þann að taka af tvímæli um hverjir njóti réttinda og beri skyldur lögmanna. Er þess að vænta að breytingin tryggi betur að hafa megi eftirlit með starfi þeirra lögmanna sem málflutning stunda. Ég tel eigi þörf á að víkja frekar að efni frv. og vísa að öðru leyti til aths. með því.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sóknargjöld, frv. 320. mál (þskj. 651). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Á þskj. 651 er frv. til l. um sóknargjöld. Frv. samdi kirkjulaganefnd að meginstofni til. Þetta frv. var lagt fyrir Kirkjuþing 1982 og gerði það á því smávægilegar breytingar. Frá gerð frv. eins og kirkjuþing afgreiddi það hefur verið gerð ein breyting. Felld hefur verið niður grein um svokallað kirkjubyggingargjald. Skv. þeirri grein gat kirkjumálaráðh. heimilað sóknarnefndum, að fengnu samþykki safnaðarfundar, að leggja á þá sem sóknargjald eiga að greiða sérstakt kirkjubyggingargjald til að standa straum af kostnaði vegna byggingar eða endurbyggingar kirkju eða safnaðarheimilis svo og vegna meiri háttar viðgerðar á slíkum byggingum. Mátti gjald þetta nema allt að þreföldu sóknargjaldi. Skv. þessu gat gjald þetta hæst numið 2.4% af útsvarsstofni, ef heimildin væri að fullu nýtt.

Það var nokkuð augljóst að þetta ákvæði hefði haft í för með sér að tvísýnna var um framgang frv. Þess vegna var ákveðið að fella þessa grein niður. En meginbreytingin sem felst í frv. er sú, að sóknargjaldið er ekki lengur lagt á sem nefskattur, þ. e. sama skattfjárhæð án tillits til tekna manna eða gjaldþols, heldur verði gjaldið tiltekinn hundraðshluti af útsvarsstofni hvers gjaldskylds manns.

Í nokkur ár hefur sóknargjaldið verið eini nefskatturinn sem er lagður á. Veldur þetta óhagræði og auknum kostnaði við framkvæmd álagningar og innheimtu opinberra gjalda, m. a. í þeim tilfellum þar sem sóknargjaldið er eini skatturinn sem gjaldandi greiðir. Helsti kosturinn við þær álagningarreglur sem í frv. eru er sá, að þær tryggja sjálfkrafa aðlögun að hækkandi verðlagi og tekjum og þar með útgjöldum safnaðanna. Auk þess er í verulegum atriðum sniðinn af sá vankantur sem áður greinir um álagningu og innheimtu gjaldsins.

Rétt er að benda á ákvæði 8. gr. frv., þar sem héraðsfundi er heimilað að ákveða að allt að 5% sóknargjalda renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, sem ætlað er að standa undir sameiginlegum útgjöldum prófastsdæmisins. Er þetta nýmæli. Gæti þetta orðið til þess að örva kirkjulegt starf innan hvers prófastsdæmis.

Í nokkur ár hefur verið rætt um þörf á því að breyta gildandi ákvæðum um álagningu sóknargjaldsins. Mál þetta hefur komið til umfjöllunar á Kirkjuþingi nokkrum sinnum, m. a. 1974, 1978 og 1982. Á Alþingi 1974—1975 var flutt frv. til l. um sóknargjöld og síðan aftur 1975. Frv. þessi náðu eigi fram að ganga. Í þeim frv. var álagning gjaldsins tengd útsvari. Í frv. því sem hér liggur fyrir er gjaldið tengt útsvarsstofni. Samkv. 1. gr. skal gjaldið vera 0.2—0.4% af útsvarsstofni samkv. II. kafla laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Sóknarnefnd ákveður gjaldið innan greindra marka. Ef tekjur sóknarkirkju hrökkva eigi fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests þá er heimilt skv. 3. gr. frv., með samþykki safnaðarfundar, að hækka sóknargjaldið allt að tvöföldu, enda komi til

samþykkis kirkjumrh.

Á síðasta ári var gerð könnun á því hvernig innheimta gjaldsins hefði komið út í samanburði við gildandi reglur. Miðað var við gjaldárið 1982 og náði könnunin til sóknanna í Reykjavík. Kom þá í ljós að núverandi gjald var innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir í frv. Gögn um þetta getur n. sú sem fær málið til meðferðar fengið til afnota.

Rétt er að geta um erindi og ábendingar er borist hafa rn. og varða frv. þetta. Frá ríkisskattstjóra hafa borist nokkrar athugasemdir varðandi álagningu gjaldsins. Frá fjmrn. bréf þar sem m. a. er vakin athygli á því að ekki er gert ráð fyrir því að greiðslan fyrir álagningu gjaldsins komi til ríkissjóðs. Frá biskupi Íslands bréf þar sem farið er þess á leit við dóms- og kirkjumrn. að það hlutist til um að innheimtuþóknun, sem greidd er fyrir innheimtu sóknargjalds, lækki frá því sen nú er. Öll þessi gögn fær hv. menntmn. sem ég legg til að fjalli um frv. að lokinni þessari umr.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Áfengislög, frv. 298. mál (þskj. 577). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem er einfalt í sniðum. Það er efnislega á þá lund að úr áfengislögum falli setningin „utan kaupstaða er einungis heimilað að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. sept."

Ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt er sú að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur í samþykkt sinni frá 6. sept. s. l. beint því til Alþingis og alþm. að nema þetta ákvæði úr lögum, þar sem það takmarkar atvinnumöguleika hótelrekstrar þar í sveit, sem er mjög umfangsmikill og raunar mikill þáttur í atvinnulífi þar á staðnum. Eins og nú standa sakir er heimilt að veita vín í öllum hótelum landsins, sem um það hafa sótt og eru 1. flokks, utan þriggja að ég ætla, í Borgarnesi, Höfn í Hornafirði og Mývatnssveit. Með þessu frv. er einungis fram á það farið að þessi þrjú hótel standi rekstrarlega jafnfætis öðrum hótelum á landinu.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Það er sanngirnis- og réttlætismál að mismuna ekki atvinnurekstri með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í áfengislögum. Ég vil minna á það að ferðamannatíminn hefur lengst og ógerningur að takmarka umsvif hótela með þeim hætti sem nú er gert í lögum.

Ég vil, herra forseti, leggja til að þessu frv. verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur- og eignarskattur, frv. 293. mál (þskj. 569). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Virðulegi forseti. Á leiðinni hingað í ræðustól fór ég að hugsa um hvort hv. þm. hefðu nokkurn tímann heyrt mig mæla fyrir máli þessi fimm ár sem ég hef setið á þingi. Af einhverjum ástæðum hefur viljað svo til að það hef ég ævinlega gert fyrir galtómum sölum, seint um kvöld eða rétt undir kvöldmat. Málflutningur minn virðist því ekki þurfa að vera merkilegur. Það heyrir hann yfirleitt hvort sem er enginn.

Virðulegi forseti. Ég ætla samt enn og aftur að mæla fyrir tómum þingsal, fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en frv. þetta liggur frammi á þskj. 569 og er 293. mál þingsins. Þetta frv. er samhljóða brtt. sem borin var fram þegar 159. mál þingsins var afgreitt og var þá á þskj. 503, en sú brtt. var kölluð aftur vegna tilmæla hv. fjh.- og viðskn. og að samkomulagi varð að hún yrði flutt sem sérstakt frv.

Efni till. er það að áfallnar verðbætur á lán til íbúðakaupa eða íbúðabygginga verði frádráttarbærar við skattlagningu eins og vextir, en ekki einungis gjaldfallnar verðbætur eins og nú er. Frv. gerir ráð fyrir að telja megi til gjalda á þennan hátt þriðjung áfallinna verðbóta í þrjú ár, sé stofnað til skuldar vegna íbúðakaupa, en ⅙ áfallinna verðbóta í sex ár sé um nýbyggingu að ræða.

Hér er reynt að koma að einhverju leyti til móts við þær gífurlegu álögur sem íbúðabyggjendur og íbúðakaupendur hafa orðið fyrir vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur í lánamálum á síðustu árum eða síðan *núgildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt tók gildi.* Einmitt á þessum árum hefur hún orðið sú, að verðbótalán hafa svo til algerlega tekið við af vaxtalánum. Hugmyndin sem lá að baki því ákvæði skattalaganna að vextir skyldu vera frádráttarbærir við skattlagningu sem ívilnun fyrir þá sem eru að koma yfir sig þaki byggðist á því að bankar landsins veittu vaxtalán til fjárfestingar vegna húsnæðis, en þegar engin vaxtalán voru lengur fáanleg heldur eingöngu verðbótalán kom þessi ívilnun að litlum notum. Þess vegna tel ég að eðlilegt sé að lagfæra ákvæðið svo það þjóni tilgangi sínum. Að öðrum kosti er það einskis nýtt.

Benda má á að gengistap af gengistryggðum spariskírteinum er frádráttarbært við skattlagningu og er ekki óeðlilegt að líta á verðbótahækkanir lána sem hliðstæðu.

Það liggur nú fyrir að öll skattafrv. hæstv. ríkisstj. á þessu þingi hafa verið til þess flutt og afgreidd að þyngri byrðar legðust á hinn almenna skattgreiðanda, en ívilnanir koma atvinnurekendum til góða. Svo langt var gengið að skattar voru samstundis hækkaðir þegar ljóst varð að launþegar fengju um 5% launahækkun. Er ástæðulaust að rifja upp þann hringlandahátt og það ráðleysi sem ríkti hér í þingsölum við afgreiðslu þessara mála. Blygðunarlaust var gengið á gerða kjarasamninga og skattar hækkaðir vegna hinna hraksmánarlegu launahækkana, enda mótmæltu forustumenn BSRB og ASÍ þegar í stað. En hvorki voru þeirra raddir heyrðar né brtt. stjórnarandstöðunnar sinnt.

Hér á hinu háa Alþingi hafa í vetur farið fram tímabærar umræður um skattsvik. Öllum er ljóst að stór hluti landsmanna kemst hjá því að greiða það sem honum ber til þjóðfélagsins. Til þessa hóps heyrir hinn almenni launþegi ekki, enda borgar hann ævinlega allan brúsann. Með hinum gífurlegu kjaraskerðingum sem átt hafa sér stað í tíð núv. ríkisstj. er svo komið að venjulegir framfærendur hafa ekki til hnífs og skeiðar, hvað þá fyrir afborgunum af lánum sem sífellt hækka því meira sem greitt er af þeim. Sem dæmi má taka að lán sem tekið var í fyrra í Lífeyrissjóði opinberra

starfsmanna að upphæð kr. 112 þús. er nú reyndar orðið 178 þús. 115 kr. með reiknuðum verðbótum.

Þessar verðbætur greiða menn auðvitað fyrr eða síðar og sýnist lítil sanngirni í að ekkert tillit sé til þeirra tekið, en gengistap af gengistryggðum spariskírteinum er hins vegar talið til frádráttar við skattlagningu.

Ég treysti því að hv. fjh.- og viðskn., sem ég óska eftir að fái þetta frv. til umfjöllunar, líti á það með velvild og afgreiði það fyrir þinglok á einhvern veg.

Það er ljóst að hér er um ívilnun til íbúðakaupenda og íbúðabyggjenda að ræða. Það liggur þá fyrir hvort þingið vill eingöngu afgreiða ívilnanir til atvinnurekenda á þessu þingi eða hvort það telur þá, sem í mestum fjárhagskröggum eru í þjóðfélaginu, eiga þar einhvern rétt. Sé svo bið ég hv. n. að athuga þetta frv. vel og lagfæra það ef það mætti betur fara svo að það nái því markmiði sem því er sett, en það er að létta undir með þeim sem eru að koma yfir sig húsnæði.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 84. fundur.

Fimmtudaginn 16. apríl, kl. 2 miðdegis.

Atvinnumál á Norðurlandi, þáltill. 324. mál (þskj. 660). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskoðun laga um lausafjárkaup, þáltill. 325. mál (þskj. 661). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár af gefnu tilefni til þess að beina fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. Tilefnið er það að í blöðum, m. a. í NT, hinu nýja málgagni félags- eða frjálshyggju, hefur birst frétt þar sem frá því er skýrt að samið hafi verið vopnahlé milli hæstv. ráðh. og stjórnarflokka í ríkisstjórn Íslands í því deilumáli sem nú yfirskyggir öll önnur deilumál sem ríkisstjórn Íslands á við að fást. Þar á ég ekki við hið margfræga fjármálagat upp á 2 milljarða króna, þó að málið tengist því nokkuð, þar sem tillögur í því máli eru m. a. um að afnema undanþágur frá söluskatti og herða innheimtu söluskatts, sem hæstv. ráðh. gera sér vonir um að geti skilað svo sem eins og 200 millj. upp í hið margfræga gat. Ég er ekki að ræða um þetta, heldur er ég að ræða um það stórmál sem í máli almennings er kennt við hin suðrænu heiti Kakó, Jóga og Mangó. Það er til marks um hversu alvarlegt þetta mál er að skipuð hefur verið nefnd fjögurra ráðh. til þess, eins og það hefur verið orðað, að semja um vopnahlé í þessu máli. Þeir ráðh. sem fengið hafa það verkefni að ná friði og sáttum í málinu eru hvorki meira né minna en hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. landbrh. Auk þess skilst mér að þeir hafi skipað sér til aðstoðar í þessu mikla máli aðstoðarráðherra og sérfræðinga, þannig að allt í allt munu um 12 manns af æðstu mönnum ríkisins vera settir í þessa sáttanefnd í þessu heilaga stríði.

Um hvað snýst nú þetta stóra mál sem verðskuldar svo stóra sáttanefnd? Öfugt við það sem margir halda, þá held ég að það snúist hvorki um mataræði, hollustuhætti né mismunandi afstöðu stjórnmálaflokka til barnaverndar eða barnagæsku. Ég held að deilan snúist um nokkrar grundvallarspurningar um það hvort þegnar íslenska ríkisins eru jafnir fyrir lögum. Mér sýnist hún snúast um það hvort eitt einstakt fyrirtæki, sem er undir pólitískum verndarvæng annars stjórnarflokkanna, skuli undanþegið lögum um greiðslu skatta, söluskatts og vörugjalds. Mér finnst hún snúast um það hvort það sé í verkahring einstakra ráðh. að semja um það sín í milli innbyrðis að einstök fyrirtæki, og þá hvaða fyrirtæki, skuli undanþegin lögum. Mér sýnist hún snúast um það hvort einstakir ráðh. ætli að beita pólitísku valdi sínu til þess að undanskilja fyrirtæki, sem þeir hafa velþóknun á, skattskyldu lögum samkvæmt. Spurningar hljóta að vakna um það hvort hæstv. fjmrh. ætlar einfaldlega að gegna þeirri skyldu sinni að framfylgja settum lögum, sem Alþingi hefur samþykkt, eða hvort hæstv. ráðh. ætlar að láta undan pólitískum þrýstingi í þessu máli og bregðast þar með skyldu sinni um að framfylgja lögum um innheimtu þessara lögboðnu gjalda.

Í raun og veru snýst þetta deilumál þar af leiðandi um helstu grundvallarreglur í stjórnskipun í réttarríki, um hvort aðgreining löggjafarvalds, ríkisvalds og dómsvalds skuli í heiðri höfð. Alþingi hefur sett lög um vörugjald og söluskatt. Allir eiga að vera jafnir fyrir þessum lögum. Það er hlutverk ráðh. að framfylgja þessum lögum. Ef einstakir aðilar í þjóðfélaginu verða uppvísir að því að greiða ekki lögboðna skatta, þá eiga slík mál að hafa sinn gang fyrir dómstólum landsins samkvæmt settum lögum og reglum. T. d. er það alkunna að ef litla manninum með bogna bakið, sem er fræg þjóðsagnapersóna í þessu þjóðfélagi, yrði eitthvað slíkt á, þá yrði hann að sætta sig við að lúta lögum og reglum, verða dreginn fyrir dóm og taka afleiðingum gerða sinna. Til þess höldum við uppi skattstofum og skattrannsóknardeild að þessir aðilar eigi þá að skerast í leikinn, rannsaka skattundandrátt eða skattsvik viðkomandi fyrirtækja og vísa þeim málum síðan eftir atvikum rétta boðleið til ríkisskattanefndar, ef um það er að ræða, eða til rannsóknarlögreglu og loks til saksóknara sem tekur þá ákvörðun um ákæru og málarekstur fyrir sakadómi.

Viðurlög við slíkum brotum samkvæmt bæði söluskattslögum og almennum hegningarlögum eru giska ströng. Innheimtur söluskattur er að mati lögfræðinga fjmrn. ekki eigið fé fyrirtækja heldur vörslufé. Brot á lögum um söluskattsskil eru því litin svipuðum augum og um fjárdrátt væri að ræða eða önnur auðgunarbrot. Viðurlög varða sektum auk álaga og dráttarvaxta frá vangreiðsludegi og geta reyndar varðað allt að sex ára fangelsi skv. söluskattslögum.

Hér er því þrátt fyrir allt ekki um nein gamanmál að

ræða. Þess vegna vil ég leyfa mér að beina nokkrum fsp. til hæstv. fjmrh. í tilefni af þeim tíðindum að hæstv. ríkisstj. skuli hafa sett sérstaka nefnd ráðherra, aðstoðarráðherra og sérfræðinga til þess að semja, að því er virðist, innbyrðis um svo einfalt mál sem það virðist vera að framfylgja lögum um innheimtu skatta.

Fyrsta spurning: Í hvaða tilgangi hefur ríkisstj. skipað nefnd fjögurra ráðherra og annarra sérfræðinga til þess að leysa deilu um skattheimtu af framleiðendum Kakómjólkur, Jóga og Mangó?

Önnur spurning: Hvernig ber að skilja það að sett er upp nefnd fjögurra ráðherra til að semja innbyrðis, eins og það er orðað, um svo einfalt mál sem innheimta lögboðinna gjalda af einu einstöku fyrirtæki virðist vera?

Þriðja spurning: Er hæstv. fjmrh. ekki að eigin mati, og þá annarra kannske, einfær um að gegna þeirri skyldu sinni sem ráðh. að annast innheimtu þessara gjalda lögum samkvæmt?

Fjórða spurning: Hvað vakir fyrir nm. í þessari háttsettu og valdamiklu nefnd? Eru þeir að bjóða fram aðstoð sína við innheimtu gjaldanna eða er tilgangurinn sá að reyna að hafa áhrif á eða hindra hæstv. ráðh. í því að gegna þeirri skyldu sinni að innheimta þessi gjöld?

Fimmta spurning: Úr því að sett er upp nefnd fjögurra ráðherra til að leita samninga um innheimtu lögboðinna gjalda af mjólkursamsölunni, hvers vegna er þá ekki sett upp ráðherranefnd fjögurra manna, fjögurra ráðherra til þess að leita samninga um innheimtu vörugjalds og söluskatts af fyrirtækinu Sól hf. sem framleiðir hinn umdeilda svaladrykk sem nefnist Svali? Er þar sitt hvað Jón eða séra Jón?

Sjötta spurning: Hvað með önnur fyrirtæki, sem líkt kann að vera ástatt um, að hafi ekki gert skil á söluskatti, hvort heldur er fyrir vangá, misskilning eða annað, mega þau framvegis eiga von á því að settar verði upp ráðherranefndir til þess að semja utan dómskerfisins um það hvort innheimta skuli af þeim skatta eða ekki? Og þá í hve miklum mæli, eða hversu langt aftur í tímann, eða yfirleitt kannske ekki neitt?

Sjöunda spurning: Hafa hæstv. ráðh. gert sér grein fyrir því hver kunni að vera áhrif slíks fordæmis á meðferð skattamála framvegis í skattakerfi og dómskerfi? Hafa ráðh. gert sér grein fyrir því að bara á s. l. fjórum árum hafa 43 slík mál verið til meðferðar hjá skattrannsóknardeild ríkisskattstjóra einum saman? Í mörgum tilvikum hafa skattgreiðslur þessara fyrirtækja verið hækkaðar allverulega og þar með aukið tekjur ríkisins. Þegar þessi fyrirtæki eiga í hlut er ekki skipuð ráðherranefnd heldur er málið látið hafa sinn gang í kerfinu frá skattrannsóknardeild til ríkisskattanefndar eða rannsóknarlögreglu, til saksóknara og sakadóms. Er ráðh. kunnugt um það að söluskattsmál hafa velkst árum saman fyrir sakadómi án þess að sett væri upp sérstök ráðherranefnd til þess að sættast í þeim málum?

Þessar spurningar má draga saman, út af fyrir sig, í eina: Á framvegis að leysa mál af þessu tagi með því að skipa nefndir ráðherra innan ríkisstj. og semja um það innbyrðis milli stjórnmálaflokka hvaða fyrirtæki skuli vera skattskyld og hver ekki, hver skuli fá undanþágu frá lögboðnum sköttum og hver ekki, hvaða fyrirtækjum sé skylt að greiða skatta sína svo sem venja er sex ár aftur í tímann og hverjum ekki? Hafa hæstv. ráðh. yfirleitt hugsað það til enda hvað þeir eru að gera í þessari nefnd? Er það á verksviði ráðh. að semja um það að lög skuli brotin eða að neitað skuli að framfylgja lögum? Er það á verksviði ráðh. að úrskurða hverjum skuli skylt að hlíta lögum og hverjir skuli undanþegnir ákvæðum laga? Er þrískipting valdsins að verða úr sögunni í íslenskri stjórnsýslu? Geta ráðh. tekið sér allt í senn, löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdavald? Þannig mætti lengi spyrja.

Virðulegi forseti. Margt fleira mætti segja um þetta merkilega mál. En með þessum spurningum vil ég aðeins leggja áherslu á að hér er þrátt fyrir allt ekki um gamanmál að ræða. Hér er um spurningar að ræða sem varða grundvallaratriði í stjórnarfari í venjulegu réttarríki. Spurningin er um það hvort allir þegnar ríkisins skuli jafnir fyrir lögum eða hvort hér eigi við hin margfræga lýsing Orwells á alræðisríki ársins 1984, þess efnis að sumir skuli að vísu jafnari fyrir lögum en aðrir. Og það má kannske bæta því við, af því að ég er að beina þessum spurningum til hæstv. ráðh.: Sumir eru jafnari en aðrir og hvar er nú vinur litla mannsins í ríkisstj.?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Síðustu spurningunni er auðsvarað því eins og allir vita eru tíu vinir litla mannsins í ríkisstj. Að sjálfsögðu er hér ekki um neitt gamanmál að ræða, og ég fullyrði að allir eru jafnir fyrir lögum. Það felst í stjórnarfari okkar.

Til að svara þeim spurningum sem hv. þm. bar sérstaklega fram til mín sem fjmrh. vil ég taka fram að ég tel mig sem fjmrh. fyllilega einfæran um að annast innheimtu vörugjalds og söluskatts af stjórnvalda hálfu og þarf enga aðstoð samráðherra minna til að framfylgja lögum um þau efni, enda hefur slík aðstoð ekki verið boðin. Það mál sem hv. þm. kallar deilumál og gerir hér að umtalsefni, snýst ekki heldur um valdsvið mitt í þessu efni. Ríkisstj. hefur ekki skipað formlega nefnd fjögurra ráðh. til að fjalla um málið sem slíkt. Hins vegar hafa þeir fjórir ráðh. sem málið snertir mest hist og rætt það með sér eins og eðlilegt verður að telja um mál sem vitað er að ágreiningur er um milli manna eða stjórnarflokka. Ráðh. hafa falið fjórum af sínum samstarfsmönnum að kanna nákvæmlega með hvaða hætti verðmyndun á Kakómjólk, Mangósopa og Jóga á sér stað til þess að fá úr því skorið hvort verð á þessum vörum sé óeðlilega hátt í dag. Af minni hálfu hefur ekki komið til greina að falla frá lögboðinni innheimtu af þessum drykkjarvörum og umrædd könnun snýst ekki um það. Ég hef litið svo á að könnun þessara fjögurra manna gæti verið fyrsta skerfið í allsherjarúttekt á verðlagningu landbúnaðarvara, sem margir telja að gæti verið hagkvæmari.

Við þetta svar mitt vil ég bæta að ég tel að við verðum að grandskoða uppbyggingu á verðmyndun á neysluvörum í landinu, hvort sem þær eru innlendar eða erlendar, ef við eigum að ná árangri til frambúðar í að skapa hér betra þjóðfélag, gera krónuna verðmeiri í staðinn fyrir að halda áfram í því verðbólgukapphlaupi sem við höfum öll tekið þátt í undanfarin mörg ár.

Ég vona að ég hafi svarað virðulegum þingmanni.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það hefur lengi vafist fyrir þjóðinni hver hann væri þessi litli maður sem þeir í ríkisstj. eru alltaf að tala um og ég held að það liggi ekki á hreinu enn þá, en það hefur þó

komið fram hér á hverju hann lifir, þessi litli maður. Hann drekkur gosdrykki og étur sælgæti og þar með er það mál afgreitt og í hans þágu hafa þessar aðgerðir hæstv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar verið.

Ég vil, herra forseti, fyrst lýsa því yfir sem minni skoðun að nýjustu ráðstafanir hæstv. fjmrh. í þágu litla mannsins hafi verið misráðnar og ákaflega óheppilegar og þessi stórfellda verðhækkun á þessum innlendu „hollustudrykkjum" sé fráleit þegar tillit er tekið til þess að hér eru á ferðinni hollir drykkir í handhægum pakkningum, m. a. til nota í nestispökkum skólabarna, og á sama tíma er verð lækkað á gosdrykkjum og sælgæti, helstu sjáanlegu samkeppnisvörunum við þessa innlendu framleiðslu. Að þessu sögðu er ég ekki þar með að segja að ég sé að verja og réttlæta á allan hátt verðlagningarpólitík Mjólkursamsölunnar. Það er annað mál og óskylt og ég hef ekki til þess haldbærar upplýsingar að dæma þar um, enda skilst mér að slíkar upplýsingar liggi ekki aldeilis á lausu þó eftir sé leitað. Ég vil því ekki að þessu tvennu sé ruglað saman. Ég tel að það sé óheppileg verðlagningarstefna að stórhækka þessar vörur á sama tíma og gosdrykkir og sælgæti eru lækkaðir engum til gleði, nema þá ef vera skyldi tannlæknum.

En í framhaldi af þessu vil ég nota þetta tækifæri, herra forseti, til að beina nokkrum spurningum til hæstv. ráðh. ríkisstj., hver þeirra sem nú vill verða fyrir svörum, varðandi skylt mál sem fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarið, að standi til að lækka niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum um einar 150 til 200 millj. kr. Það er alveg ljóst að þetta eykur stórlega á þau vandamál sem fyrir eru í sambandi við landbúnaðarframleiðsluna. Það liggur fyrir ef lesin eru fyrstu fjárlög hæstv. ráðh. Alberts Guðmundssonar að það vantar miklar fjárhæðir til að standa við útflutningsuppbótarétt á þessu ári, ýmiss konar söluvandamál gera vart við sig og fyrir liggur að á fyrstu mánuðum þessa árs hefur verið óvenjumikil framleiðsla á mjólk og mjólkurvörum. Allt þetta eykur á þann vanda sem er að hlaðast upp í landbúnaðinum. Það má segja að einhver versta og óheppilegasta ráðstöfun sem hugsast gæti í þessari stöðu sé stórfelld lækkun á niðurgreiðslum, eins og heyrst hefur um og hæstv. forsrh. hefur reyndar lýst yfir í fjölmiðlum að til standi. Því vil ég spyrja þá ágætu hæstv. ráðh. sem staddir eru á hv. Alþingi í dag í fyrsta lagi hvernig þessi lækkun á niðurgreiðslum eigi að skiptast á milli vöruflokka innan þeirra vara sem niður eru greiddar. Samkv. útreikningum landbrn. mundi afnám niðurgreiðslna valda hækkun á smásöluverði landbúnaðarafurða á bilinu 10 til 40%. Ég vil spyrja í framhaldi af því hvort væntanlegar séu lækkanir á niðurgreiðslum til vinnslustöðvanna eða á niðurgreiðslum á hráefni frá landbúnaðinum og hvernig þessi mikla lækkun á að deilast út innan landbúnaðarvaranna. Það er ljóst að svona mikill niðurskurður kemur til með að valda umtalsverðri hækkun ef hann á að koma allur niður á vöruverði á síðari hluta þessa árs. Og þá má spyrja hvort aðgerðir hæstv. fjmrh. undanfarna daga og vikur, hinar skörulegu aðgerðir hans í Mangómálinu, séu forsmekkurinn af því sem væntanlegt er á öðrum sviðum. Þá er ástæða til að spyrja hvort hér sé ekki á ferðinni, ef af verður, skýlaust brot — ég bið verkalýðsleiðtoga þá sem staddir eru hér í fundarsalnum að taka vel eftir — skýlaust brot á þeim loforðum sem hæstv. ríkisstj. gaf verkalýðshreyfingunni og öðrum til að greiða fyrir kjarasamningum þeim er nýlega hafa verið gerðir. Þá væri einnig fróðlegt að fá frá t. d. hæstv. landbrh. einhver svör við því hvort í tengslum við þetta allt saman eigi að mæta landbúnaðinum 43.5% hækkun á áburðarverði á þessu vori eða hvort hæstv. ríkisstj. sé einhvers staðar í einhverju litlu gati að hugsa um að breyta þeirri hækkun eitthvað.

Því verður ekki á móti mælt að hollar og nógar landbúnaðarvörur, mjólk, kjöt, grænmeti og drykkir, t. d. úr mjólkurvörum, eru undirstaða hollrar og góðrar fæðu og það er brýnt hagsmunamál neytenda að þeir geti með hóflegum kjörum aflað sér þessarar fæðu og það í ríkum mæli. Það er einnig ljóst að lækkun á niðurgreiðslum býr til vanda í framtíðinni, hún býr til gat sem síðan mun rúlla á undan ríkisstj. og fara stækkandi og mæta henni fyrr eða síðar þegar lengra er komið upp í brekkuna. Ég spái því að það verði ekki útsala heldur stórútsala á kjöti næsta haust ef svo fer sem horfir með áætlanir ríkisstj. Maður vonar í lengstu lög að til þess komi ekki að fleygja þurfi matvælum, en þó vildi ég ekki taka fyrir að svo kunni að fara ef aðgerðir ríkisstj. verða allar að veruleika.

Víkjum þá aftur, herra forseti, lítillega að því sem ég hóf mál mitt á, sem er spurningin um skattlagningu eða ekki skattlagningu á þessum hollustudrykkjum. Ég vil að það komi fram sem mín skoðun að hér séu á ferðinni mjólkurvörur, matvæli, sem eigi að njóta þeirra undanþága sem aðrar hliðstæðar vörur njóta. Ég vil ekki flokka þessa drykki sem sælgæti eða gosdrykki. Ég held að það þurfi ekki flókna lagaskýringu til til að komast að niðurstöðu í þessu máli.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Einhverjir þm. heyrðust hér í gær smásöngla: Allir dansa tangó, mangó, mangó. Menn lýsa því reyndar yfir að þetta sé ekki gamanmál og svo er auðvitað ekki. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem kom hér frá hæstv. fjmrh. Það er traustvekjandi að heyra að hann sé einfær um að sinna sínum störfum og þurfi ekki aðstoð. Það er líka traustvekjandi að heyra hann lofa því að ekki komi til greina að semja um það hvort innheimta eigi lögboðin gjöld eða ekki. Því að sú umr. sem í gangi er — a. m. k. ef marka má túlkun blaðanna — meðal ráðh. er um það hvort framkvæmdavaldsaðilar, þ. e. ráðh., geti einfaldlega samið um það innbyrðis hvort framfylgja eigi lögum eða ekki. Að löggjafinn geti í raun og veru þolað slíka umr. er útilokað því að það er hans að segja fyrir verkum og hinna að framkvæma það sem fyrir þá er lagt, þ. e. að framfylgja lögum.

Hvað þessu sérstaka máli viðvíkur þá blandast hér mjög margt saman. Menn greinir á um það hverslags tegund drykkja hér um ræðir, hvort þetta eru hollustudrykkir eða svaladrykkir. Og menn hafa á því misjafnar skoðanir að hvað miklu leyti þetta er burðarás íslenskrar landbúnaðarframleiðslu. Menn hafa líka á því misjafnar skoðanir hvaða áhrif núv. stefna ríkisstj. í þessu máli og öðrum hugsanlegum málum sem því tengjast, eins og spurningunni um minnkandi niðurgreiðslur, hafi endanlega á þjóðarbúið og afkomu þess.

Erfitt er að halda því fram að hollusta þessara drykkja sem hér um ræðir sé algerlega einhlít. Kakó er t. d. jurtategund sem hefur afskaplega lík áhrif og kaffi og te og álíka mikla hollustu eða hollustuleysi og í því er

fólgið. Hvað hinum drykkjunum viðvíkur, sem eru mjólkursýrudrykkir eða mysudrykkir, þá hef ég einfaldlega ekki þá efnafræðiþekkingu að geta gert mér grein fyrir hvað þau bragðefni gera sem í þá er bætt. En skrýtið þætti mér ekki ef þar væri hvítasykur með í ferðinni og hollusta hans er eins og allir vita tvíræð mjög. Þar af leiðandi tel ég túlkun þessara laga ótvíræða og að réttmætt sé að framfylgja þeirri skattheimtu sem þarna er talað um. Menn geta reyndar breytt lögum ef þeir svo vilja en það er þá ekki framkvæmdavaldsaðilans að gera það heldur löggjafans ef vilji er fyrir hendi að gera slíkt. En á meðan lögunum er ekki breytt tel ég ótvírætt að þessi skattheimta skuli fara fram.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði áhyggjur af áhrifum þessa máls og annarra á afkomu landbúnaðarins. Hann talaði um útflutningsuppbætur, offramleiðslu, kjarasamninga og fleiri atriði í samhengi við þessa umr. Verður að segjast að þá sé farið að blanda ansi mörgum hlutum saman því að hér er fyrst og fremst um það að ræða hvort túlka eigi lög með þessum hætti eða öðrum. Það er okkar að segja fyrir um það, þ. e. löggjafans en ekki ráðh., hvernig túlka eigi þessi lög og engan annan að spyrja en löggjafann um það.

Aftur á móti varpa þessar athugasemdir hv. 4. þm. Norðurl. e. upp síendurteknum spurningum um stöðu landbúnaðarframleiðslu í íslensku efnahagskerfi og þjóðlífi. Þá undarlegu hugsun að útflutningsuppbætur, þ. e. að greiða niður útflutning á vöru sem ekki nær því verðgildi sem hún er talin hafa, séu nauðsynlegar og eðlilegar er erfitt að skilja og skynja. Að tala um það að offramleiðsla mjólkur hafi svo og svo mikil áhrif á þjóðarbúið, að það skuli ekki vera hlutverk þeirra sem selja og þeirra sem vinna úr mjólkinni að ákveða hversu mikið eigi að framleiða og setja á markað, að sjálfsagt sé að borga og kaupa hvern einasta mjólkurlítra sem framleiddur er, hversu margir lítrar sem eru framleiddir fram yfir það sem nauðsynlegt er, það er skilningsatriði sem líka er mjög erfitt að sannfæra menn um. Að spá því að allt þetta endi síðan í einhverskonar útsölu á grænu kjöti þegar upp er staðið, það höfum við reyndar upplifað en eiginlega er dálítið undarlegt að heyra að menn tali um slíkt sem einfalt og sjálfsagt í tengslum við skipulag þessara mála og að þarna megi alls ekki um breyta.

Að tengja þetta síðan kjarasamningum segir okkur aftur einungis það að íhlutun ríkisvalds í kjarasamninga er stórgölluð og gagnrýnisverð vegna þess að ríkisvaldið hlýtur alltaf að þurfa að hafa ákveðið svigrúm til þess að bregðast við þeim vandamálum sem við þarf að bregðast hverju sinni og þá er afskaplega erfitt að vera búinn að binda sig svo í báða skó við hagsmunaaðila að hún sé siðferðilega skuldbundin til þess að taka rangar ákvarðanir frekar en réttar.

Nú á maður eftir að heyra það hvort samráðh. hæstv. fjmrh. eru sammála honum um það að ekki komi til greina að semja um það hvort innheimta eigi lögboðið gjald eða ekki. Væri reyndar mjög forvitnilegt að fá að heyra álit þeirra á því ef einhverjir þeirra eru reiðubúnir til þess að svara því, t. d. hæstv. landbrh. En mér er ekki grunlaust um á meðan annað kemur ekki fram að hæstv. fjmrh. standi nokkuð einn uppi í ríkisstj. með þetta álit sitt á framkvæmd laga að þessu sinni og að við eigum eftir að upplifa það að hann verði að sætta sig við það að fara þá leiðina að framfylgja ekki lögum. Hann stendur þá reyndar frammi fyrir afskaplega alvarlegu vandamáli skv. þeim yfirlýsingum sem hann er búinn að gefa því að þá er hann nánast orðinn lögbrotamaður.

Páll Pétursson: Herra forseti. Í mínum huga er þetta spurningin um það hvort margnefnd Kakómjólk sé mjólkurafurð eða eitthvað annað. Ég tel að það geti ekki orkað tvímælis að þessi drykkur sé mjólkurafurð þar sem uppistaðan í þessu malli öllu saman er mjólk og útilokað sé að flokka hana undir eitthvað annað. Þar með hlýtur að verða að fara með þetta eins og aðrar mjólkurafurðir. Mér finnst þetta mál vera svona einfalt. Þess vegna lít ég svo á að sú lagatúlkun sem uppi er í fjmrn. sé ekki rétt og þess vegna tel ég að það þurfi að taka af skarið um það að þarna sé um mjólkurafurð að ræða.

Ég held að við þurfum ekki langan tíma til að ræða þetta mál. Hv. málshefjandi, Jón Baldvin Hannibalsson, spurði um það hvaða fyrirtæki ættu að vera undanþegin lögum. Ég lít svo á að allir eigi að vera jafnir fyrir lögum. En ég lít svo á að þetta sé ekki skattur á fyrirtæki, þetta er skattur á neysluvörur sem neytandinn í þjóðfélaginu kemur væntanlega til með að borga í einu eða öðru formi. Þetta er spurningin um það hvort þessi títtnefndi litli maður eigi að borga söluskatt og vörugjald af neyslu sinni af Kakómjólk og fjölskyldu sinnar.

Ég legg áherslu á að ég tel að allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum og það þurfi að vera samræmi í löggjöfinni og þess vegna sé ekki eðlilegt að innheimta söluskatt og vörugjald af Kakómjólk en ekki mjólk sem meðhöndluð er með öðrum hætti. Þetta er ekki spurning um verðlagningu þessarar vöru, það er alveg sérmál og hægt að fjalla um það út af fyrir sig.

Ég held að málið sé sem sagt þetta, að Kakómjólk er mjólkurafurð og hlýtur að verða að meðhöndlast sem slík. Kakómjólk er hollur drykkur og óeðlilegt að reyna vísvitandi að draga úr neyslu þessarar vöru. Þetta er fyrst og fremst mál neytenda þótt því sé hins vegar ekki að leyna að í þessa vöru hafa farið 1 milljón lítra af mjólk og það er út af fyrir sig heppilegt fyrir bændur hafa markað fyrir þessa lítra af mjólkinni.

Hvað varðar verðlagningu og að mönnum þyki þessi mjólk dýr þegar þeir bera hana saman við aðra mjólk, þá má minna á það að þetta er svo kölluð G-vara, miklu meira unnin en venjuleg mjólk, magnið tiltölulega lítið og pakkningarnar smáar. Ég held sem sagt að þó menn vilji koma höggi á Mjólkursamsöluna eða bændastéttina megi þeir ekki láta það blinda sig. Hér er verið að ræða um skatt á neysluvöru en ekki skatt á fyrirtæki og ég held að það sé miklu hollara fyrir litla manninn að belgja sig út af Kakómjólk ef hann hefur lyst á henni fremur en að vera að hvetja hann sérstaklega til þess að fá sér kók.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að koma með neitt innlegg hér í þá miklu spurningu hvort Kakómjólk eða Mangósopi séu hollir drykkir, né heldur hvort þetta se matvara yfirleitt. Það sem mér finnst menn leiða hjá sér hér er sú meginspurning sem margir landsmenn velta fyrir sér þessa dagana: Hvernig má það vera að fyrirtæki eins og Mjólkursamsalan er í standi til að leggja fram án þess að blikna eða blána 130 millj. í nýtt stórhýsi af hreinum gróða fyrirtækisins? Mér er það

spurning og hún nokkuð stór, hvernig þessir peningar eru fengnir. Hér tala menn með grátstafinn í kverkunum um að verið sé að skattleggja borgarana ef greiða á söluskatt af þessari vöru. En það skyldi nú aldrei vera að það væri ærinn skattur á skattborgarana þessar 130 millj. sem hægt er að reiða fram í nýtt stórhýsi án þess að taka lán. Ég hefði áhuga á því að heyra frá hæstv. landbrh. hvort fyrirtæki sem stendur svo vel þarf að vera að emja yfir þessum margumræddu söluskatti. Ég hlýt að spyrja að því.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það hefur verið æði víða komið við í þessari umr., sem hófst með fyrirspurnum um ákveðin grundvallaratriði, þ. e. hvað er ráðherranefnd að gera í máli sem er spurning um lagatúlkun og lagaskýringu, er rétt að skipa ráðherranefnd um slík mál. Menn hafa síðan komið við ansi víða. Það hefur verið rætt um verðmyndum mjólkurvöru almennt og auðsöfnun milliliðafyrirtækja í landbúnaði. Það hefur verið rætt um að þetta sé hugsanlega brot á kjarasamningum vegna þess að það leiði til hækkunar á vöruverði. Þetta hefur tengst áburðarverði. Það hefur verið rædd spurningin um hvort menn eigi að haga skattastefnu í samræmi við næringargildi. Það er svo sem mál út af fyrir sig. Það er vafalaust hægt að hugsa sér skattlagningu á alla matvöru í samræmi við næringargildi, en þá þarf að ákveða fyrst hvað er hollt og hvað er gott. Mönnum hefur nú gengið illa að samræma sig um það.

Það liggur við að það sé erfitt að hengja sig í ákveðin orð eins og matvara, mjólkurvara, hollustuvara, þar sem við vitum öll að skattlagning á þessar vörur hefur rokkað til og hoppað allt eftir því hvernig viðkomandi ríkisstjórnir hafa þurft að hagræða vísitölumálum hverju sinni og þá hafa menn ekki beinlínis verið að spyrja sig um lagatúlkun á því hvort eitthvað væri matur, hollusta eða mjólk. Þetta er því greinilegt matsatriði.

Hins vegar erum við ekki þeir fyrstu sem eiga í vandræðum út af svona. Það kom upp í huga minn áðan að Harry Belafonte orti einu sinni ljóð sem er mælt fyrir munn manns sem er að selja mangó. Það er svona, með leyfi forseta:

Listen, my woman is calling to me
She is awaiting me with anxiety
Soon she will be here if I don't appear
So, buy your Mango from me.

Og viðlag Harry Belafontes er svona:

Mango, buy my Mango
I came to the market
before the night
I've got to sell my Mango
before the night
So, buy my Mango, Mango, Mango.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Við þm. fengum að heyra það hér áðan að nú sætu í ríkisstjórninni 10 vinir litla mannsins. Fyrir nokkru kom hæstv. fjmrh. fram í sjónvarpi og lauk þá þeim þætti með þeim orðum, sem urðu fleyg, að loksins hefði litli maðurinn eignast vin í ríkisstj. Þá var orðið notað í eintölu en nú eru vinir litla mannsins orðnir 10. Kannske mundi samt einhver segja sem svo, að maðurinn ætti litla vini í ríkisstj.

Það sem olli því að ég kvaddi mér hljóðs hér var sá angi þessarar umr. sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v., Páls Pétursson, þegar hann talaði um að menn væru hér að reyna að koma höggi á Mjólkursamsöluna. Það nefndi hann fyrst og síðan að verið væri að reyna að koma höggi á bændastéttina.

Það er undarleg árátta þeirra manna sem telja sig helstu talsmenn bænda hér á þingi, að alla gagnrýni á stefnu í landbúnaði, verðlagningarstefnu eins og hér er verið að tala um, leggja þeir þannig út að það sé verið að koma höggi á bændastéttina. Þetta eru auðvitað útúrsnúningar sem eru engu lagi líkir. Þó að stefnan sé gagnrýnd og það hvernig forustusauðirnir fara þar fyrir, þá er ekkert verið að höggva á íslenska bændur þar með. Það er allt annar handleggur.

Ég held hins vegar að þessi umr. sýni næsta vel og enn einu sinni að allt það kerfi sem hér er við lýði í landbúnaðarmálum er löngu ónýtt og gengið sér til húðar. Hvernig má það vera, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm., rakti hér áðan, að Mjólkursamsalan í Reykjavík byggir milljarða höll og þarf ekki að fá nokkurn skapaðan hlut að láni þó að búið sé að leggja 130 millj. í framkvæmdina? Hvernig má það vera að þetta kerfi sem skilar Mjólkursamsölunni 130 millj. hreinum í vasann, skilar bændum stöðugt lægri og lægri tekjum og neytendum stöðugt hærra vöruverði? Hvernig má það vera að þetta geti verið gott kerfi? Er þetta ekki enn ein sönnun þess að þetta kerfi er gjörsamlega ónýtt? Það hentar ekki lengur, það þarf að söðla um og breyta til. Og það er næsta undarlegt hvernig Sjálfstfl. lætur varðhunda þessa úrelta kerfis draga sig á asnaeyrunum í þeirri ríkisstj. sem nú situr. Það er næsta undarlegt.

Ég hygg að mikill hluti, ekki aðeins þm. heldur stuðningsmanna Sjálfstfl., geri sér ljóst að þetta kerfi er ónýtt, er búið að vera og er ekki nothæft lengur. Enn eina sönnun og enn eitt dæmi um það hvernig þetta kerfi starfar var að finna í leiðara Morgunblaðsins í dag. Þetta er stuttur kafli og það er veruleg ástæða til þess að vitna í þennan leiðara og að lesa þennan stúf. Þar segir svo með leyfi forseta:

„Það verður að telja eðlilegt að nokkur umframframleiðsla kindakjöts eigi sér stað í góðærum, ef við eigum að vera sjálfum okkur nógir um þessa vöru þegar verr árar.

Það er hins vegar ekki eðlilegt að sláturkostnaður né geymslukostnaður kjöts sé jafnhár og raun ber vitni. Því var haldið fram af fleirum en einum þm., er geymsla og sala kindakjöts úr landi kom til umræðu á Alþingi á dögunum, að „það sé meiri gróðavegur að geyma kjöt en selja það á Íslandi."

Það er heldur ekki rétt að búvörudeild SÍS, sem er nær eini útflytjandi kjöts af landinu, taki söluþóknun af mun hærra „verði" en fyrir það fæst á erlendum mörkuðum. Söluverð útflutts dilkakjöts var frá 28 til 73 kr. á kg á s. l. ári eftir löndum og vinnslu vörunnar. Engu að síður fékk SÍS sölulaun af reiknuðu verði kr. 75.62 fram til 1. okt. s. l. og kr. 129.32 eftir það. Það er ekki verjandi að reikna þann veg söluþóknun af útflutningsbótum sem sóttar eru í vasa skattgreiðenda.

Það skapar ekki sterkan hvata til að ná hærra söluverði ef söluþóknun miðast ekki við raunverð heldur tilbúna reiknitölu. Það ýtir heldur ekki undir þá þróun í vinnslu vörunnar á erlendan markað sem æskileg er. Það þjónar hvorki hagsmunum bænda, sem

framleiðenda, né skattgreiðenda, sem útflutningsbæturnar borga, að hokra í sama SÍS-farinu í þessu efni."

Nú spyr ég talsmenn Sjálfstfl.: Hversu lengi ætla þeir að láta þessa vitleysu viðgangast? Eru menn virkilega ekki sammála um það að þetta kerfi sé orðið ónýtt og það meira að segja fyrir löngu? En til eru aðilar sem hafa hag af því að standa vörð um það að engu sé breytt og ekki sé hróflað við núverandi kerfi. Það er hagur hinna fáu. Hagur hinna mörgu er auðvitað að þessu kerfi verði breytt. Hve lengi á að láta það viðgangast að greidd séu mörg hundruð millj. kr. á ári með mat, sem fluttur er úr landi, seldur er úr landi fyrir sáralítið verð? Það hefur viðgengist og það hefur verið skellt skollaeyrum við öllum tillögum um að feta sig út úr þessu ófremdarfyrirkomulagi. Tillögur um það hafa verið fluttar hér á Alþingi ár eftir ár, en þeir sem hafa hag af því að þetta kerfi haldi áfram óbreytt hafa séð um það að þessar tillögur hafa aldrei náð fram að ganga.

Það er ýmislegt fleira sem til mætti taka í þessu sambandi. Ég beini því til forustumanna Sjálfstfl. hér: hve lengi ætlar sá flokkur sem kennir sig við frjálsan markað og frelsi í viðskiptum og eðlilega viðskiptahætti að láta þessi ósköp halda áfram? Ég skora á forustumenn Sjálfstfl. að koma í þennan ræðustól og svara. Hér er ekki um það að ræða að verið sé að koma höggi á íslenska bændur. Það er allt annað sem hér er um að ræða. Og ég veit að hv. þm. Páli Pétursyni er það mætavel ljóst. Honum er það manna ljósast, hygg ég, sem þekkir vel til kjara bænda, að eins og nú háttar eru þeir ekki ofsælir af sínum kjörum. Raunar hygg ég að eins og horfir nú stefni hjá mörgum bændum í stórvandræði, þegar höfð eru í huga áburðarkaup á þessu vori og þær tekjur sem bændur hafa haft. En á sama tíma leggur Mjólkursamsalan fram 130 millj. án þess að taka einn eyri að láni. Hverjir hafa borgað þessar 130 millj.? Það hafa auðvitað allir gert sem hafa keypt mjólk og mjólkurvörur. Og það hafa bændur gert líka með lægra skilaverði. Þetta gefur auga leið. Annars staðar eru þessir peningar ekki teknir.

Það eru auðvitað ýmsar fleiri hliðar á þessum málum, sem ekki er ástæða til að ræða í löngu máli undir þessum lið, sem er umr. utan dagskrár. En spurningin er: Halda menn í alvöru að það sé hægt að halda áfram á sömu braut? Hvernig hugsar hæstv. landbrh. sér að staðan verði hér í kjötbirgðamálum á komandi hausti ef svo heldur fram sem horfir? Því heyrist fleygt að draga eigi úr niðurgreiðslum um 150—200 millj. kr. Nú hefur ekkert verið sagt um það á hvaða afurðum niðurgreiðslur verði lækkaðar.

Kannske verður það kjöt og kannske ekki. Það er eitt af leyndarmálum stjórnarheimilisins þessa dagana og hins blíða samkomulags sem þar ríkir um þessar mundir. En núna þegar lambakjöt og svínakjöt er jafndýrt, a. m. k. sumar tegundir, og fólk neytir svínakjöts tilbreytninnar vegna, ekki vegna þess að íslenskt lambakjöt sé neitt lakari matur en annað kjöt, miklu betra að mörgu leyti, en tilbreytninnar vegna er áreiðanlega stóraukin svínakjötssala a. m. k. hér á höfuðborgarsvæðinu, þetta hygg ég að menn geti fengið staðfest með einföldum samtölum við kjötkaupmenn, ef á svo að hækka lambakjötið enn þá meira hve mikill verður þá sá vandi sem við blasir í haust? Ég er hræddur um að þá verði kjötbirgðamagnið í landinu töluvert meira en menn hafa áætlað núna og þá verði útflutningsbótaþörfin kannske verulega miklu meiri en nú er. Nú er það líka vitað að ekki var nema takmarkað magn af kjöti verkað til útflutnings. Hvernig ætla menn þá að leysa þennan vanda?

Herra forseti. Ég ætla ekki að svo stöddu að hafa þessi orð fleiri. Tilefnið gefst áreiðanlega til að ræða þessi mál ítarlegar í umr. um dagskrárliði, en ekki hér í þessum umr. utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið undir síðustu orð hv. 5. landsk. þm. Það gefst tækifæri að ræða þessi mál undir dagskrárliðum og mál sem þetta varðar er einmitt fyrir hv. Nd. Þessar umr. hafa nú staðið þegar í eina klukkustund. Þess er að vænta að þær þurfi ekki að standa miklu lengur ef við höfum í huga hversu mikið er á dagskrá og bíður okkar af dagskrármálum.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég taldi mér bara skylt, vegna þess sem fram kom í máli hv. 2. þm. Norðurl. v., að leiðrétta það eilítið að hér sé á ferðinni bændaandúð, sem er gagnrýni sem oft er gripið til þegar rædd eru mál sem landbúnaðinn varða. Ég tel þetta mál ekki í sjálfu sér vera landbúnaðarmál, heldur fyrst og fremst spurningu um lög og skattheimtu, og það sé ekki með nokkru móti hægt að túlka þetta þannig að verið sé að lýsa yfir einhvers konar andúð á bændum og landbúnaði. Réttilega benti hv. 2. þm. Norðurl. v. á það að þetta er skattur á neyslu en ekki á fyrirtæki. Þó ber að taka til greina aths. hæstv. fjmrh., þegar þetta mál var eilítið nefnt hér fyrir nokkrum dögum, þar sem hann tók mjög skýrt fram að hann mundi ekki leyfa verðhækkanir sem af þessari skattheimtu leiddu. Ég treysti því að þau orð hans standi enn þá. Verðmyndun var að hans mati það gölluð á þessari söluvöru að hann taldi ekki nauðsynlegt, í ljósi þeirrar vitneskju sem hann hafði þá, að verð vörunnar hækkaði þótt þessi skattheimta færi fram. Höfðaði hann þá einmitt til þess máls sem hv. 10. landsk. þm. minntist á áðan, að það fyrirtæki sem einkum kemur við sögu hefur getað lagt út ansi mikla fjármuni á s. l. ári til fjárfestingar án lántöku. Það eru ekki neinar smáupphæðir. Ég tel miklu frekar að þar sé á ferðinni einhver mesta bændaandúð sem um ræðir í okkar þjóðfélagi. Afurðin, þ. e. mjólkin, er keypt tiltölulega mjög lágu verði og það er ríkissjóður sem greiðir í raun og veru þann verðmismun sem talið er þurfa að bæta. Síðan eru afurðir unnar úr þessari mjólk, sem fengin er á þetta lágu verði, og þær eru síðan seldar á rokháu verði. Það er um það að ræða að mjólk til neytenda hér á Íslandi er seld á nokkuð lægra verði en mjólk til neytenda annars staðar á Norðurlöndunum, en afurðirnar, sem unnar eru úr þessari niðurgreiddu mjólk, eru seldar á 150—200% hærra verði en gert er í nágrannalöndunum. Þarna er á ferðinni miklu meiri bændaandúð, tel ég, heldur en í nokkurri annarri gagnrýni sem fram hefur komið á þetta kerfi. Og að menn skuli enn þá berja hausnum við steininn og neita því sem mögulegri aðferð til verðmyndunar á þessu sviði að markaðurinn, þ. e. neyslan, ráði því hversu mikið er framleitt og hversu mikið er selt af hráefni til framleiðenda og að það sé samningsatriði milli framleiðendanna og þeirra sem hráefninu skila, það get ég ekki skilið og kem ekki til með að skilja, hversu lengi

sem þessi umr. á sér stað.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin slík sem þau voru. Hann spurði hvort ég teldi að þessi svör væru fullnægjandi. Ekki get ég sagt það. Það væri fullmikið sagt. Þetta voru býsna margar spurningar. Engu að síður var mjög til bóta að fá yfirlýsingu hæstv. ráðh. um að hann væri einfær um að framfylgja lögum um innheimtu söluskatts, í þessu tilfelli af þessu umrædda fyrirtæki, og hann væri ekki reiðubúinn til samninga um að fella þá innheimtu niður og væri ekki til viðræðu um það, að því er mér skildist, við aðra ráðh. Þá er hins vegar orðin spurning um hvers vegna þessi stóra og merkilega nefnd er á laggirnar sett. Í fyrsta lagi liggur fyrir að ýmsir helstu þm. Framsfl. hafa lagt fram frv. til l. á þessu þingi um að fella niður söluskatt eftir því sem best er vitað, stutt af öllum þm. Framsfl. Það er auðheyrt á þeim ræðumönnum sem hér tala úr framsóknararmi Alþb. að þetta er einnig stutt af þeim og mér er tjáð að einhverjir menn úr framsóknararmi Sjálfstfl., að vísu ekki ýkjamargir, — þeir gæta þess mjög vel í þessum umr. að láta ekki til sín heyra — muni jafnvel styðja þetta. Þannig er ástæða til að ætla að þrátt fyrir allt verði hart að hæstv. fjmrh. sótt. Það er annars vegar tangarsókn í ríkisstj. af hálfu ráðh. og stuðningsflokks ríkisstj., framsóknarmönnum, og ef það dugar ekki hafa þeir flutt hér frv. til l. og þá reynir á afstöðu þings í þessu efni.

Það var ekki að ástæðulausu að ég spurði hvort hæstv. ráðh. væri undir þrýstingi í þessu efni. Það er nefnilega ástæða til að líta nánar á það mál. Ég vek athygli á að í grg. í frv. þeirra framsóknarmanna er komist svo að orði að skattyfirvöld hafi ekki krafið um þessi gjöld af mjólkurvörum og verði því að álíta að yfirvöld hafi talið ótvírætt að ákvæði laga um skattfrelsi mjólkurvara næðu til áðurnefndra mjólkurdrykkja. Nú byggist ákvörðun fjmrh. um innheimtu, þótt seint sé tekin, á ákvæðum tollskrár (nomenklatura) Brüsselsáttmála þar sem ekkert fer milli mála að forsendan er sú að skv. þeim tollskrárflokki sem umræddar vörur eru í ber að innheimta vörugjald og vörugjaldskyldar vörur eru um leið söluskattsskyldar. En það eru til lög í landinu þrátt fyrir allt, lög frá árinu 1933, sem að vísu eru svo dularfull að þau finnast ekki í Lagasafni Íslands, sem kveða á um að Mjólkursamsalan í Reykjavík skuli líka undanþegin öðrum sköttum. Hún er nefnilega undanþegin aðstöðugjaldi. Að vísu eru þessi lög ævaforn. Þau voru þá um það að Mjólkursamsalan skyldi vera undanþegin útsvari hér í Reykjavík. Skv. hæstaréttardómi síðar, þar sem á það var látið reyna fyrir dómstólum hvort þessu fyrirtæki væri skylt að borga skatta af rjómaísframleiðslu sinni, var úrskurðað að svo væri ekki vegna þess að þar væri um mjólkurafurð að ræða. Niðurstaðan er því sú að þetta umrædda fyrirtæki er undanþegið aðstöðugjaldi, en samkeppnisfyrirtæki t. d. í framleiðslu á rjómaís eru það ekki.

Hv. þm. Páll Pétursson beitti þeirri röksemd að hér væri um að ræða skattlagningu á neysluvöru, þ .e. hann var að lýsa því sjónarmiði sínu að ef þetta væri lagt á Mjólkursamsöluna væri hún aðeins orðin innheimtuaðili ríkissjóðs. Vissulega er það rétt. Þau fyrirtæki sem innheimta og skila söluskatti eru innheimtuaðilar ríkissjóðs og eiga ekki þetta fé. Spurning númer eitt er þess vegna sú: Er þessi framleiðsla söluskatts- og vörugjaldsskyld eins og aðrar? Og þar er kjarni málsins sá: Hver er aðstaða samkeppnisaðila sem keppa við þá sem samkv. sérstökum lögum eru undanþegnir aðstöðugjaldi sem öll önnur fyrirtæki eiga að greiða og síðan eru lögð fram sérstök lög á Alþingi um að undanþiggja þá líka vörugjaldi og söluskatti og lagður á pólitískur stórþrýstingur á hæstv. fjmrh. að láta ekki til þess koma, heldur að beygja sig fyrir þrýstingi um að gera þetta? Það eru önnur fyrirtæki í landinu sem njóta ekki þessara sérstöku kjara. Við erum að tala hér um söluskatt upp á 23.5%. Gera menn sér ekki grein fyrir að ákvörðunarvaldið í þessu efni getur ráðið lífi eða dauða fyrirtækja vegna þess að þessi skattur kemur inn í afurðaverðið og ræður þannig úrslitum um hver staða fyrirtækja er á markaði? Það fyrirtæki sem nýtur þess í skjóli pólitískra áhrifa að vera undanþegið bæði aðstöðugjöldum, söluskatti og vörugjaldi er auðvitað að tryggja sér fyrir pólitíska náð aðstöðu á markaðnum sem önnur fyrirtæki njóta ekki. Og þar eru menn að beita pólitísku valdi sínu til að koma í veg fyrir að lögum sé framfylgt. Menn eru að mismuna aðilum í landinu. Menn eru að gera upp á milli fyrirtækja. Menn eru að gera upp á milli framleiðsluvara. Menn eru að beita pólitísku valdi sínu til að ráða því hvaða fyrirtæki megi framleiða hvað og hver ekki.

Nú vil ég beina máli mínu til hæstv. fjmrh., sem lýsti því yfir að hann væri einfær um að leysa það mál að halda innheimtunni til streitu og léti ekki aðra kúga sig til að falla frá því að framfylgja lögum. Mér er tjáð að hæstv. ráðh. hafi í haust lagt fram frv. til l. innan hæstv. ríkisstj. þess efnis að forréttindi umræddsframsóknarfyrirtækis í því efni að það skuli vera undanþegið aðstöðugjaldi skyldu vera felld niður, en hann hafi þá í því máli verið beittur slíkum þrýstingi af kollegum sínum í Framsfl. að hann hafi horfið frá því að láta á þetta reyna. Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Er það rétt að samstarfsaðilar í ríkisstj. hafi kúgað hæstv. fjmrh. frá því að fylgja fram svo sjálfsögðu réttlætismáli? Er það rétt að þetta frv. hafi verið samið? Er það rétt að það hafi verið lagt fram? Er það rétt að ástæðan fyrir því að það hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi sé sú að framsóknarráðh. og þingflokkur Framsfl. hafi hótað því að slíkt varðaði við stjórnarslit? Er með öðrum orðum komið á daginn hver eru skilyrðin fyrir því að stjórna landi með Framsfl.? Ætli það sé ekki alveg á hreinu orðið hver þau lágmarksskilyrði eru? (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. svarar því til að hann vonist til þess að störf Mangó-nefndarinnar, hinna tólf postula, verði fyrsta skrefið til þess að skoða sérstaklega ekki aðeins verðmyndun þessa fyrirtækis heldur allt heila verðmyndunarkerfið í landbúnaðinum. Guð láti gott á vita, en ég spyr: Ef það er rétt að hæstv. ráðh. hafi látið framsóknarmenn kúga sig í því sjálfsagða réttlætismáli að þetta umrædda fyrirtæki skuli greiða aðstöðugjöld eins og önnur gjöld, má þá treysta því að hæstv. ráðh. bogni ekki að lokum, eins og litli maðurinn sjálfur, undan farginu frá þessu kerfi?

Ég segi fyrir mína parta að umr. hefur farið meira og minna út um víðan völl. Hún snýst ekki um barnagæslu, hún snýst ekki um hollustuhætti og hún snýst ekki um það hvort sykur í framsóknarvöru er hollari eða óhollari en í einhverri annarri. Menn skulu ekki láta sér detta í hug að þetta glundur sé neitt sérstök hollustuvara. Svo

er að sjálfsögðu ekki. Spurningin er ekki um þetta glundur. Spurningin er um pólitískt glundur. Spurningin er um hvort menn ætla að framfylgja hér lögum. Spurningin er hvort sjálfstæðismenn ætla að láta kúga sig rétt einu sinni enn af hinu margrómaða SÍS-framsóknarvaldi. Spurningin er hvort þeir ætla að standa á því að almenningur í landinu og fyrirtæki í landinu og framleiðsluvörur í landinu eigi að vera jöfn fyrir lögum. Um það er spurningin.

Og þá má minna á annað. Það eru til fleiri fyrirtæki sem njóta alveg sérstakra fríðinda. Ég vil t. d. minna á að sama máli mun gegna um fyrirtæki sem heitir Grænmetisverslun ríkisins. Hvað er um það fyrirtæki að segja? Stundum er það kallað ríkisfyrirtæki, en sjálfir mega stjórnendur þess ekki heyra á það minnst og segja að þeir stjórni sjálfseignarfyrirtæki. Sem slíkir eiga þeir líka að greiða aðstöðugjald og sem slíkir eiga þeir líka að greiða söluskatt og vörugjald af sínum söluvörum. Þeir eru undanþegnir. Það mætti nefna fleiri stofnanir og fyrirtæki. T. d. er Brunabótafélag Íslands, sem er almennt tryggingafyrirtæki, skráð inn í fjárlög sem ríkisfyrirtæki. Auðvitað er þetta eins og hver annar „bissness" og á að greiða skatta og gjöld eins og önnur fyrirtæki. Hvers vegna ekki? Hvers vegna er það ekki gert?

Og það er fleira um þetta mál að segja. Við erum að tala um fjárlagagat, sem samstarfsaðilar hæstv. fjmrh. nefna yfirleitt fjármálagatið hans Alberts, upp á rúma tvo milljarða króna. Það er merkilegt að sama daginn og þessi umr. fer hér fram birtir hið frjálsa og óháða blað DV frétt undir fyrirsögninni „Eru að guggna á nýju sköttunum. Enginn sem berst fyrir þeim, segir Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl."

Vikum saman, mánuðum saman eru þeir búnir að velkjast í þessum vanda, hvernig eigi að rimpa í þetta gat sem þeir kenna við hæstv. fjmrh. Engin ráð eru komin enn. Margsinnis er búið að lýsa því yfir að þetta verði leyst fyrir páska, þetta verði leyst strax daginn eftir páska. Nú liggur fyrir að það verður ekki leyst í dag og ekki leyst á morgun. Það verður ekki leyst fyrr en eftir helgi. Guð má vita hvenær það verður leyst. En kjarni málsins er sá: Framsfl. er að vísu búinn að samþykka tillögur um auknar álögur á almenning í landinu, en Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., segir: „Það er enginn í mínum flokki sem er búinn að samþykkja það og enginn sem berst fyrir því." Ég ætla ekki að rifja upp í löngu máli að það liggja fyrir yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um hver er afstaða hans í þeim málum. Hann hefur lýst því yfir nógu oft. Meðan hann er fjmrh. verða ekki lagðar auknar álögur á fólkið í landinu. Að vísu stendur e. t. v. til að auka erlendar lántökur um svo sem eins og 800 millj. kr., en ein aðferðin er sú, að þó á samkvæmt þessum tillögum að fella niður áður gefnar undanþágur frá söluskatti. Það á m. ö. o. að loka fyrir smugur í söluskattinum, gera þar með kleift að ganga harðar fram í innheimtu á söluskatti. Þar erum við að tala um að það eigi kannske að skila einum litlum 200 millj. í viðbót inn í ríkissjóð á þessu ári ef þetta væri gert. M. ö. o.: báðir armar ríkisstj., framsóknararmurinn og hinn armurinn, eru sammála um að þetta verði að gera, það verði að taka upp nýja stefnu, auka og herða innheimtu á söluskatti með því að fella niður undanþágur. T. d. af hverju? Jú, jú, það á að fella niður undanþágu á lögmönnum, endurskoðendum, tannlæknum, ráðgjafarverkfræðingum og öðrum slíkum aðilum. Þeir mótmæla auðvitað. Auðvitað dettur engum í hug að það eigi ekki eftir að vefjast fyrir ríkisstj. marga daga, ef ekki vikur, hvort hún rennur á rassinn undan hótunum frá lögmönnum og endurskoðendum og öðrum slíkum, en þetta er samt sem áður stefnan. Hvernig á það að ganga upp að á sama tíma og ríkisstj. er að guggna á öllu „rimperíinu" í fjárlagagatinu, lýsir því yfir að þetta sé leiðin sem hún ætlar að fara gagnvart söluskatti, eru gerðar kröfur um það af hálfu annars samstarfsflokksins í ríkisstj. að fyrirtæki, sem sá flokkur hefur sérstaklega undir sínum verndarvæng, skuli hvað sem tautar og raular, hvað sem líður lögum, undanþegin söluskatti, þannig að ríkissjóður sé sviptur tugum milljóna í skatttekjum á ári hverju?

Það er ákaflega einfalt mál að reka fyrirtæki ef þannig er um hnútana búið að það þarf ekki að greiða nein opinber gjöld af framleiðslunni. Það er ákaflega auðvelt að stunda samkeppni við aðra aðila á markaðnum ef ekki þarf að greiða nein slík opinber gjöld. Einhvern tímann hefði sú rulla heyrst í þessum umr. af hálfu þeirra sjálfstæðismanna að það væri hlutverk þess flokks og hugmyndafræðilegt keppikefli að tryggja að einkafyrirtæki í landinu fái a. m. k. að njóta þess í samkeppni við önnur fyrirtæki að þeim sé ekki mismunað að því er varðar skattheimtu og það sé ekki kippt fótunum algjörlega undan starfsemi þeirra með því að þau keppi við fyrirtæki sem eru undanþegin hvorki meira né minna en 23.5% söluskatti plús vörugjaldi plús aðstöðugjaldi. Ef svo er komið að þeir sjálfstæðismenn beygja sig í slíkum málum fer að kárna gamanið í þeim flokki, er ég hræddur um. Þá fara margir að spyrja: Hver er tilgangurinn með þessu samstarfi öllu saman ef það er allt á þá bókina lært? Sjálfstæðismenn skulu beygja sig fyrir því þegar framsóknarmenn setja hnefann í borðið að því er varðar þeirra eigin skjólstæðinga og fjandinn hirði hina. Það fer ekkert milli mála að því er varðar þau rök hv. þm. Páls Péturssonar að það varðar ekki litlu hvort um er að ræða að fyrirtæki eru undanþegin þessu eða ekki. Að sjálfsögðu verður ekki deilt við þá framsóknarmenn lengur um það hver lögin í landinu eru. Það fer ekkert milli mála. Um leið og þeir lögðu fram sín frv. um að lögum um söluskatt skuli breytt til þess að staðfesta undanþágu þessa fyrirtækis voru þeir auðvitað um leið að staðfesta það svo ótvírætt er að þeir telja að lagaheimild skorti.

Það er ein spurning enn: Er það alveg gefið mál að þótt þetta umrædda fyrirtæki, sem Framsfl. gerir sér svo annt um, yrði látið sæta því að sitja við sama borð og önnur fyrirtæki í landinu að lögum með því að greiða söluskatt, vörugjald og aðstöðugjald, er þá alveg gefið mál að fyrirtækið hljóti að velta þeirri skattheimtu af herðum sér yfir í verðlag í landinu? Hv. þm. Guðrún Helgadóttir spurði hvernig stæði á því að þetta fyrirtæki er bært til þess og hefur aðstöðu til að nota hundruð milljóna króna í nýjar fjárfestingar, í nýjum höllum og musterum, án þess svo mikið sem það þurfi að leita eftir einni krónu í láni. Skýringin er ósköp einföld. Það fyrirtæki sem nýtur þeirrar aðstöðu að þurfa ekki að greiða nein opinber gjöld í samkeppni við aðra aðila er þannig í stakk búið að það þarf ekki að leita til annarra. Reyndar mætti rifja upp svar Morgunblaðsins, höfuðmálgagns ríkisstj., til hv. þm. Páls Péturssonar, en Morgunblaðið segir í leiðara þann 15. apríl s. l.:

„Væru framsóknarmenn sjálfum sér samkvæmir ættu þeir að beita sér fyrir verulegri verðlækkun á kakómjólkinni. Eins og málum er háttað nú ætti auðveldlega að vera unnt að greiða opinber gjöld af henni án þess að hún hækkaði um einn eyri í verði.“

Það er verðugt viðfangsefni fyrir ráðherranefndina, sem er nú að kanna verðmyndunina í þessu kerfi, hvort þessi rök Morgunblaðsins standast.

En það verður fylgst með þessu máli. Hér hafa orðið á þessum vetri og núna á seinustu vikum nokkrar umræður um skattsvik og skattundandrátt í landinu. Þar hafa verið nefndar háar tölur. Ég minnist þess að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar kom í sjónvarp fyrir skömmu og var þar spurður um sitt mat á því. Hann tók það skýrt og skilmerkilega fram að hann mundi fara mjög varlega með tölur í því efni og að opinberar tölur í þeim efnum væru áreiðanlega það íhaldssamasta sem nefnt væri. Þó sagði hann að ekki væri ósennilegt að um þrír milljarðar króna væru dregnir undan skatti að því er varðar tekjuskatt og eignarskatt og vegna þess að þær tekjur væru yfirleitt í hæstu álagningarflokkum mætti ætla að þetta væru um 1500 millj. kr. Jafnframt tók hann margsinnis fram að þetta væru áreiðanlega íhaldssömustu áætlanir sem um getur. Aðrir aðilar sem hafa kannað slík mál telja að hér sé um algjörar lágmarkstölur að ræða og telja eðlilegt að nefna hærri tölur.

Alþingi Íslendinga hefur verið á hvolfi, eða a. m. k. ríkisstj., á undanförnum vikum til að ræða fjárlagagat, vöntun á tekjum til að standa undir þeim útgjöldum sem ríkisstj. er búin að fá samþykkt eða ætlar að beita sér fyrir. Það verður að gera þá kröfu að það sé samræmi í því sem hæstv. ríkisstj. gerir. Hún getur ekki ætlast til þess að henni verði hælt endalaust fyrir þá hreinskilni að skýra frá því að hún er með allt niður um sig í ríkisfjármálum. Það verður ekki beðið endalaust vikum saman og mánuðum saman eftir því að kaupin gangi saman á eyrinni innan ríkisstj. og milli flokkanna um það hvernig þeir ætla að stoppa í þetta gat. Þegar hún boðar þá stefnu að ein leiðin sé að snúa sér nú að vanskilunum í skattheimtukerfinu, m. a. með því að afnema undanþágur að því er varðar söluskatt, er það ekki beinlínis traustvekjandi, þegar þau mál koma upp, að það verða stærstu ágreiningsefnin milli Framsfl. og Sjálfstfl. hvort framsóknarfyrirtæki af þessu tagi skuli njóta þeirra forréttinda á sama tíma og þetta er að gerast að það verði staðfest með sérstökum aukalögum nú eða með pólitískum samningum innan ríkisstj. að um þau skuli gilda allt önnur lög en aðra.

Herra forseti. Ég ítreka spurningu mína til hæstv. fjmrh.: Er það rétt að hann hafi látið semja frv. til l. um að afnema skattundanþágu að því er varðar þetta fyrirtæki og varðar aðstöðugjöld? Er það rétt hermt að það frv. hafi verið lagt fram í ríkisstj.? Og ég spyr enn: Hver urðu örlög þess frv.? Megum við vænta þess, herra fjmrh., að fá að sjá þetta frv. og taka afstöðu til þess? Er ekki réttlætismál að fyrirtæki í landinu séu jöfn fyrir lögum að því er varðar skattheimtu til opinberra aðila? Er ekki tími til kominn að Alþingi fái að sjá þetta frv? Ég vænti svara við þeim spurningum.

Ég held að niðurstöðurnar í þessu máli séu fljótuppdregnar. Málið snýst ekki um hollustuhætti og það snýst ekki um mataræði. Það snýst um það hvort menn eigi að vera jafnir fyrir lögum. Við erum að tala hér um helsta tekjustofn ríkisins. Við erum að tala um söluskatt upp á rúm 23%. Þetta er stærsti tekjustofn ríkisins. Þetta er skattur sem getur skipt sköpum um hverjir eiginlega hafa heimild til að stunda atvinnurekstur í landinu. Þeim sem eru undanþegnir því án lagaheimilda en í skjóli einhverra pólitískra fríðinda er skenkt slík aðstaða að ég hygg að það væri erfitt að réttlæta slíkt eftir á. Ég held að pólitískt séð sé þetta á hinn bóginn annars konar stórmál. Það staðfestir einn ganginn enn að tilraun Sjálfstfl. til stjórnarmyndunar með framsókn er þessa dagana að renna út í sandinn. Sú tilraun er að mistakast fyrir augunum á okkur. Árangur þessarar ríkisstj. var skjótur að svo miklu leyti sem hann var eingöngu kominn undir þeirri einu aðgerð sem snertir afnám vísitölukerfis launa, sem gat vissulega átt rétt á sér, og ég fyrir mína parta t. d. tek fram og hef ekki dregið neina dul á að ég styð það, en því aðeins gat hún skilað einhverjum árangri til frambúðar að annað kæmi á eftir. Og nú reynir á það. Það reynir á hvort þessu er fylgt eftir með einhverri raunverulegri hreingerningu í fjármála- og fjárfestingarkerfi þjóðarinnar, uppstokkun á sjóðakerfi, breyttri fjárfestingarpólitík o. s. frv. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Þegar komið er að þeim heilögu kúm framsóknarkerfisins, þá er allt stopp, þá er engum árangri frekar að ná.

Í Dagblaðinu í dag, hinu frjálsa og óháða, er líka sérstök frétt sem þetta varðar: Sjóðanefndin er sprungin, engin samstaða um alvörutök á sjóðakerfinu né um að leggja Framkvæmdastofnun niður. Nánari greinargerð er sú, að nefndin hafi sprungið þannig að fulltrúar Framsfl. leggi til að allt sé látið vera óbreytt; Framkvæmdastofnun sé óbreytt, sjóðakerfi óbreytt, pólitíska skömmtunarkerfið óbreytt. Látið það bara í friði! Mér er sagt frá því að einn af ritstjórum þessa blaðs, þm. Sjálfstfl., að vísu í vetrarleyfi skilst mér, sé sá eini sem skili séráliti og vilji að fyrirheit stjórnarsáttmálans um uppstokkun á þessu kerfi verði nú efnd. — Sjóðakerfið óbreytt. Framsókn segir nei. Verðmyndunarkerfi landbúnaðarins óbreytt. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þessar umr. utan dagskrár hafa nú staðið nálega einn og hálfan klukkutíma. Það er búið að halda tíu ræður með þeirri sem verið er að halda, en hv. ræðumaður hefur talað að mér virðist jafnmikið og allir aðrir til samans. Nú vil ég mælast til við hv. þm., vegna þess að það virðist ekki hilla undir enda á ræðu hans, að hann stytti nú mál sitt. Þessi ósk er borin fram í öruggri vissu þess að það hefur verið ætlaður nægur tími til að skýra spurningar til fjmrh. Ég vænti þess að hv. þm. taki þessu vel vegna þess að þetta form, að hafa umr. utan dagskrár, getur ekki gengið nema við hjálpumst öll að því að hafa það innan vissra marka.)

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að forseti hafi hér gripið inn í ræðu mína alveg á réttu augnabliki, nefnilega nærri því við endapunktinn því það er ekki langt í hann. Ég ætla m. ö. o. að draga þær niðurstöður af þessari mjög svo fróðlegu pólitísku umr., þær eru nefnilega eins og segir í þessari merku frétt, að þegar á reynir í raunverulegum hreingerningaraðgerðum í efnahagskerfinu, hvort heldur snýr að sjóðakerfi, afurðalánakerfi eða verðmyndun í landbúnaði, sem margt er hægt að segja um og ég hafði reyndar ætlað að víkja aðeins að, þá er ljóst að Framsfl. segir stopp.

Ég lýk þessum orðum mínum með því að vænta þess að hæstv. ráðh. svari þeirri spurningu sem ég beindi til hans að auki og votta honum um leið samúð mína vegna

þessa ástands sem í ríkisstj. er, en um leið stuðning í því máli að menn skuli vera jafnir fyrir lögum á Íslandi.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Það er nú ekki ástæða til að leggja mikið upp úr því í löngu máli að innan ríkisstj. sé mikill ágreiningur. Hann er ekki fyrir hendi að því marki sem hér hefur verið talað um. Hitt er annað mál að þegar tveir flokkar, hverjir sem það eru, með mismunandi pólitískar skoðanir og markmið ná saman í samstarfi, þá hlýtur alltaf að koma upp við og við eitthvert mál sem þeir eru ekki sammála um. Það getur verið að hér sé eitt í uppsiglingu og er mjög líklegt.

Ég skal reyna að stytta mál mitt. En ég vil svara hv. 2. þm. Norðurl. v. þegar hann fullyrðir að túlkun fjmrn. sé ekki rétt. Það er rangt hjá honum. Túlkun fjmrn. er rétt og ég get upplýst hér að ég hef sem fjmrh. rétt til þess að veita undanþágur frá þessum lögum. Það hefur verið farið fram á það við mig að veita undanþágu í þessu tilfelli. Ég hef hafnað því vegna þess að það er komið fram frv. til þess að breyta þessum lögum. Ef lögunum verður breytt, þá mun ég að sjálfsögðu framkvæma þau lög.

Ég vil upplýsa hv. 4. þm. Norðurl. e. um að hér eru kannske gerðar óheppilegar ráðstafanir, en hér er verið að fara að lögum. Þó að gosdrykkir lækki og jafnvel sælgæti, sem er ekki inni í þessari mynd eins og hv. þm. gat um, þá er hér verið, má segja, að sýna forsmekk að því sem koma skal, ef ég get haft einhver áhrif þar á, þ. e. að vöruverð almennt í landinu lækki, þannig að krónum í umslögum launafólks þurfi ekki að fjölga heldur kaupmátturinn að aukast. Það er málið. Og þá er það alveg sama hvort það er litli maðurinn eða stóri maðurinn, sem ég reikna með eftir áherslu hjá virðulegum þm. að hann telji sig til, þeir geti báðir fengið sér kók eða annað sælgæti, þegar þeir þurfa á að halda eða vilja, það séu ekki forréttindi hv. 2. þm. Vestf. og annarra stórra manna. (Gripið fram í.) Ég sagði ekki stórmenna.

Fyrirspyrjandi, hv. 5. þm. Reykv., bað mig að svara einni spurningu til viðbótar og ég skal gjarnan upplýsa að það er orðið þó nokkuð síðan ég lagði fyrir ríkisstj. og þingflokkana till. um að svohljóðandi lög frá 23. júlí 1936 yrðu felld úr gildi:

„Lög um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

„Vér Christian hinn Tíundi af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, gjörum kunnugt:

Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Mjólkursamsalan í Reykjavík og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda í Reykjavík, meðan það hefir löggildingu sem aðalútflytjandi saltfiskjar skv. lögum, skulu undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, svo og því að greiða aukaútsvar eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigandi sér að hegða.

Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

Gjört í Reykjavík, 23. júlí 1936.
Undir Vor konunglega hönd og innsigli.
Christian R."

(Gripið fram í.) Það er rétt. Ég get ekki annað, úr því að ég er spurður, en svarað rétt og skýrt þeirri spurningu sem til mín var beint. Flokkarnir hafa enn ekki afgreitt þessa till. mína.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er nú ekki nokkur leið annað en kveðja sér hljóðs út af þessum miklu tíðindum sem hæstv. fjmrh. hefur hér skýrt frá. Hann hefur lagt fram í ríkisstj. frv. um að afnema skattfríðindi millilíða framsóknarkerfisins sem hér hafa verið til umr. í dag. Mangósoparnir, sem Framsfl. hefur nærst á á liðnum áratugum, það er ætlun hæstv. fjmrh. að takmarka þá nokkuð. Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun í þessu efni að ég tel það sérstakt fagnaðarefni að þetta úrelta valdakerfi Framsfl. verði tekið til uppskurðar. Og ég er sannfærður um að ef hæstv. fjmrh. á í erfiðleikum með að koma þessu máli fram innan ríkisstj., þá eru þeir margir hér á Alþingi sem eru tilbúnir til þess að leggja honum hjálparhönd, jafnvel úr hópi þeirra manna sem ekki styðja núv. ríkisstj. allajafna.

Páll Pétursson: Herra forseti. Út af fyrir sig var ég ekki hissa á síðustu yfirlýsingu hv. formanns Alþb. um fögnuð hans og stuðning við þessar sérstæðu aðgerðir fjmrh. Ég fellst ekki á túlkun hæstv. fjmrh. á þessum lögum og það gerum við ekki, þm. Framsfl. Við teljum að mjólkurvörur eigi að vera jafnar fyrir lögum eins og þegnarnir í landinu eiga að vera jafnir fyrir lögum og þess vegna eigi það sama að ganga yfir Kakómjólk og mjólk sem unnin er með öðrum hætti.

Hæstv. fjmrh. talaði fjálglega um það að hann mundi lækka vöruverð. Hann lækkar ekki vöruverð með því að setja vörugjald og söluskatt á Kakómjólk. Hins vegar vil ég lýsa undrun minni á hæstv. forseta að hann skuli leyfa þessar umr. Mér finnst það umhugsunarefni hvort það sé þinglegt að láta þessa umr. þróast eins og hún gerði þar sem í annarri deild þingsins, í Nd., liggja fyrir á tveimur þskj., 653 og 654, frv. sem bíða umr. í deild og eru um það mál sem hér hefur verið um fjallað í bráðum sjö stundarfjórðunga.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram af tilefni orða hv. síðasta ræðumanns að það orkar jafnan nokkurs tvímælis hvenær skuli leyfa umr. utan dagskrár og hvenær ekki. Þetta mál var grandskoðað með sama hætti og venjulega er gert þegar þarf að taka ákvörðun um slíkt. Það er ekki óeðlilegt að hv. þm. minnist á tiltekið þingmál sem liggur fyrir hv. Nd. en þó hygg ég að ekki orki tvímælis að það mál þarf ekki að útiloka að leyfðar séu umr. utan dagskrár varðandi þá nefnd sem ríkisstj. hefur skipað í því máli sem hér hefur verið til umr.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Aðeins örlítið innskot vegna þeirra umr. sem hér hafa orðið. Ég vil að þingheimur viti það að þrátt fyrir lög Kristjáns X. frá 1936 hefur Samband ísl. fiskframleiðenda greitt sín gjöld eins og önnur félög. Eins og hér er tekið fram er það undanþegið tekju- og eignarskatti og svo aukaút-

svari eftir efnum og ástæðum, eins og sagt er. Það hefur greitt þessi gjöld undanfarin ár. Þetta vil ég að komi fram hér svo að það verði enginn misskilningur. Það hefur ekki notað sér þessa aðstöðu sem heimild er fyrir í lögum frá okkar virðulega fyrrv. konungi, Kristjáni X.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Nú væri fróðlegt að vita hvort einhver treystir sér til að gefa sams konar yfirlýsingu hér fyrir hönd Mjólkursamsölunnar, einhver af talsmönnum þess virðulega fyrirtækis, en þess er áreiðanlega ekki að vænta.

Mig langar til að beina örstuttri spurningu til hæstv. landbrh. Ég hef ástæðu til að ætla að fyrir 3—4 árum hafi rekstrarráðgjafarfyrirtæki hér í bæ verið fengið til að gera könnun á verðmyndun og verðlagningu ýmissa framleiðsluvara Mjólkursamsölunnar. Mér skilst að skýrsla um þetta efni sé til í landbrn. Nú beini ég þeirri spurningu til hæstv. landbrh. hvort honum sé kunnugt um þetta. Mér er mætavel ljóst að það var fyrir hans tíð sem þetta gerðist en vil spyrja hann hvort honum sé kunnugt um þessa skýrslu í landbrn. Ef þessi skýrsla er þar til staðar, sem mun vera, eftir því sem mér er tjáð, ítarleg úttekt á þessari verðlagningu og þeim reglum sem þar er beitt, er þá ekki sjálfsagt mál að alþm. fái þessa skýrslu hér til athugunar í framhaldi af þeim umr. sem hér hafa orðið? Ég vildi beina því til hæstv. ráðh. hvort hann sjái sér ekki fært að beita sér fyrir því, sé þessi skýrsla til, að þm. fái hana til lestrar.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég skal reyna að forðast það að fara allt of langt þó að hér hafi verið drepið á margt sem ástæða væri til að ræða. Vegna þessara spurninga, sem síðast var beint til mín, vil ég taka það fram að ég hef ekki séð þessa skýrslu. Það getur vel verið að hún sé til í landbrn. þó að ég hafi ekki séð hana. Hins vegar hef ég það í huga að af hálfu opinberra aðila verði gerð úttekt á verðmyndun landbúnaðarvara þannig að það liggi ljóst fyrir hvernig henni er háttað. Ég held að það sé engum til góðs og allra síst bændum og fyrirtækjum þeirra að litið sé á þetta sem eitthvert leyndarmál. Bændur hafa þar ekkert að fela.

Hvað varðar Mjólkursamsöluna þá finnst mér að mönnum gleymist það hér mörgum að hér er um að ræða stærsta þjónustufyrirtæki mikils meiri hluta landsmanna sem sér um sölu og dreifingu á þýðingarmestu neysluvöru sem við þurfum á að halda, vöru sem við getum ekki án verið og veldur algeru neyðarástandi ef dreifing bregst þó ekki sé nema stuttan tíma. Þetta er sem sagt þjónustufyrirtæki neytendanna fyrst og fremst sem dreifir þessari framleiðsluvöru landbúnaðarins á eins hagkvæman hátt og kostur er.

Talað hefur verið um að það þyrfti að rífa niður þetta skipulag en ekki hefur verið minnst einu orði á hvað eigi þá að koma í staðinn. Er það þannig að hver bóndi eigi að fara að flytja vöruna til neytandans eins og var mjög títt áður en þetta fyrirtæki var stofnað? Halda menn virkilega að það væri í samræmi við nútímann að fara að snúa þannig til baka? Og þó að við gengjum ekki svo langt, halda hv. alþm. virkilega að það væri hagkvæmara að láta 10—20 aðila koma upp svona sérhæfðri vinnslu og dreifingu — eða hvað er það sem menn meina þegar verið er að tala um að það þurfi að leggja þetta skipulag niður og koma einhverju öðru á?

Ég vil svo að lokum undirstrika það sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að nægar heimildir eru til í lögum fyrir fjmrh. að undanskilja vörur söluskatti. Þegar koma upp skiptar skoðanir um það hvort skv. lögum sé skylda að leggja vörugjald og söluskatt á er það engin spurning að heimildir eru fyrir því að það sé ekki gert, enda held ég að engum detti í hug að allir þeir fjmrh., sem á undan hafa verið, hafi verið að brjóta lög. Mér finnst það ákaflega langsótt að ætla að halda því fram.

Ég skal svo ekki tefja tímann frekar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég spurði hæstv. landbrh. hvort hann vildi beita sér fyrir því, ef skýrsla sú sem ég gat um væri til, að þm. fengju hana til aflestrar og sér til upplýsingar. Ég vek athygli á því að hæstv. landbrh. svaraði ekki þeirri spurningu.

Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, þáltill. 230. mál (þskj. 402). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðmundi Einarssyni og Kristínu Halldórsdóttur. Till. er 230. mál Sþ., er á þskj. 402 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að vinna í samráði við ríkisstjórnir annarra Norðurlanda að yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Leitast skal við að tryggja slíka yfirlýsingu með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti og viðurkenndum af Sameinuðu þjóðunum."

Í stuttri grg. er sagt frá aðdraganda að því samstarfi og samkomulagi norrænna friðarhreyfinga sem er undirrótin að tillöguflutningi þessum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Barátta fyrir kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum hefur lengi verið á dagskrá norrænna friðarsinna. Framan af voru hugmyndir manna um stærð svæðisins og þær reglur, sem þar skyldu gilda, allmismunandi. Sumir vildu t. d. að aðeins skandinavísku löndin yrðu innan svæðisins en aðrir vildu að það yrðu Norðurlöndin öll.

Árið 1982 tóku friðarhreyfingar á Norðurlöndum að samræma hugmyndir sínar í þessu efni og héldu í því skyni nokkra samráðsfundi. Samtök herstöðvaandstæðinga sendu fulltrúa á þessa fundi fyrir Íslands hönd. Síðasti samráðsfundurinn var haldinn í Norræna húsinu í Reykjavík 23. — 24. apríl 1983 og þá voru endanlega samþykktar samræmdar hugmyndir norrænna friðarhreyfinga um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Samþykkt þessi er tímamótaviðburður sem vafalítið á eftir að hafa áhrif á alla friðarbaráttu í þessum heimshluta. Ef vel tekst til verður þetta fyrsta skref Norðurlandanna til myndunar friðarbandalags sem verða mun fordæmi um heim allan í baráttu mannkyns gegn örvita vígbúnaðaræði og kjarnorkuvopnakapphlaupi.

Samþykkt friðarhreyfinga á Norðurlöndunum um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, sem undirrituð var á fundi þeirra í Norræna húsinu í Reykjavík 23.—24. apríl árið 1983, er prentuð sem fskj. með þessari till. Þar er að finna meginatriði till. ásamt með grg. þar sem m. a.

er skilgreint hvað átt er við með „kjarnorkuvopnum“ og „kjarnorkuvopnalausum svæðum“.“

Tvenns konar meginsjónarmið eru uppi í þeirri viðleitni að hindra að stríð brjótist út. Annars vegar eru hugmyndir um ógnarjafnvægi lögð til grundvallar, uppbygging nægilega mikils vígbúnaðar til að hindra andstæðinginn í að reyna árás. Hins vegar er gert ráð fyrir samkomulagi. Með alþjóðlegum samningum og nýjum samstarfsformum má skipa svo málum að ríki leysi ágreiningsmál sín án þess að beita vopnavaldi.

Frá lokum seinni heimsstyrjaldar hefur ógnarjafnvægið verið haft að leiðarljósi. Afleiðingin hefur orðið síaukinn vígbúnaður og miklar efnahagslegar fórnir fyrir allan heim. Nú þegar svo er komið að sjálf tilvist vopnanna er stærsta ógnunin við tilveru okkar gerast þær raddir æ háværari sem krefjast nýrrar stefnu í öryggismálum. Till. um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd er till. um sjálfstætt frumkvæði Norðurlandaþjóða gegn þeirri ógn sem stafar af vitfirrtu kjarnorkuvopnakapphlaupi.

Í samþykkt sex óháðra friðarhreyfinga á Norðurlöndum, frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, sem birt er sem fskj. með till. þessari eins og áður sagði, eru meginatriði till. um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd dregin saman. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. Kjarnorkuvopnalaust svæði er afmarkað svæði sem er yfirlýst kjarnorkuvopnalaust með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti og viðurkenndum af Sameinuðu þjóðunum.

2. Markmið með kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum er að auka öryggi með því að koma í veg fyrir kjarnorkuvígbúnað á yfirráðasvæði Norðurlanda í framtíðinni. Ákvörðun um slíkt svæði er fyrst og fremst sjálfstæð aðgerð í þágu slökunar og afvopnunar. Henni er ætlað að vera fordæmi um nýja skipan öryggismála sem markaði stefnuna til kjarnorkuvopnalausrar Evrópu. Markmiðið er heimur án kjarnorkuvopna.

3. Umfang svæðisins. Fyrirhugað er að í upphafi nái svæðið til Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og að auki til þeirra svæða í lofti og á legi sem þessi ríki hafa lögsögu yfir skv. alþjóðareglum. Kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum þarf að skipuleggja þannig að það geti náð til Grænlands þegar og ef grænlenska þjóðin óskar þess.

4. Skilgreining kjarnorkuvopna takmarkast við sérhverja kjarnorkusprengihleðslu án tillits til annarra eiginleika og áætlaðrar notkunar.

5. Skuldbindingar landanna, sem kjarnorkuvopnalausa svæðið nær til, fela í sér:

a) að þau skuli ekki þróa, gera tilraunir með eða framleiða kjarnorkuvopn,

b) að þau skuli ekki verða sér úti um, taka á móti eða hafa yfir kjarnorkuvopnum að ráða,

c) að þau skuli ekki leyfa öðrum ríkjum að flytja inn, koma fyrir eða geyma kjarnorkuvopn innan svæðisins.

Að auki skulu þau skuldbinda sig til að taka ekki þátt í þróun, flutningi, æfingum eða notkun kjarnorkuvopna utan svæðisins. Allur flutningur kjarnorkuvopna um svæðið er bannaður nema þegar slíkt er heimilt í bindandi alþjóðasamningum.

6. Skuldbindingar kjarnorkuveldanna. Kjarnorkuveldin skuldbinda sig:

a) til að virða hið kjarnorkuvopnalausa svæði,

b) til að nota ekki kjarnorkuvopn gegn löndum innan svæðisins eða ógna löndum innan svæðisins með kjarnorkuvopnum.

Þetta felur sérstaklega í sér að þau skuli hvorki flytja kjarnorkuvopn til svæðisins né brjóta landhelgi eða lofthelgi þess með neins konar farartækjum sem bera kjarnorkuvopn.

7. Viðbótarsamningar. Svæðisríkin geta gert viðbótarsamninga innbyrðis eða við kjarnorkuveldin og jafnvel önnur ríki um málefni sem ekki falla innan skilgreiningarákvæða svæðisins. Mikilvægt atriði er að viðbótarsamningar næðu til „ytri takmarkana“, þ. e. takmörkunar á tilteknum kjarnorkuvopnakerfum utan svæðisins sem álitið er að ógni ríkjum svæðisins sérstaklega. Slíkir viðbótarsamningar gætu náðst samtímis stofnun svæðisins en einnig mætti ná þeim síðar.

8. Fyrirkomulag eftirlits þarf að ákveða til að tryggja að aðilar standi við skuldbindingar sínar. Öll Norðurlöndin hafa undirritað samninginn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna frá 1968 og eru því undir eftirliti Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vín (AIEA). Þetta eftirlit nær til framleiðslu eigin kjarnorkuvopna.

Með stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum verður einnig nauðsynlegt að fylgjast með að staðið sé við bann við útvegun kjarnorkuvopna og bann við að öðrum ríkjum sé leyft að koma kjarnorkuvopnum fyrir innan svæðisins. Þetta eftirlit tekur til landssvæða sem lúta lögsögu Norðurlanda og verður í grundvallaratriðum að vera á ábyrgð svæðisríkjanna sem þau taka á sig sameiginlega. Raunhæft gæti verið að stofna sérstaka norræna fastanefnd til eftirlits og yrði hún tengd Sameinuðu þjóðunum.

Viðbótarsamningar um takmarkanir utan svæðisins horfa nokkuð öðruvísi við þar eð þeir taka til umsvifa kjarnorkuveldanna á svæðum utan lögsögu svæðisríkjanna. Eftirlit með slíkum samningum krefst þátttöku kjarnorkuveldanna.

9. Stofnun svæðisins er sjálfstætt norrænt frumkvæði. Kjarnorkuvopnalaust svæði telst stofnað þegar tryggt hefur verið með samningi milli svæðisríkjanna að þau séu algerlega laus við kjarnorkuvopn og þessi samningur ásamt hugsanlegum viðbótarsamningum hefur verið kynntur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

10. Frekari útvíkkun svæðisins verður tryggð með því að svæðisríkin skuldbindi sig til þess að vinna ötullega að því að stækka svæðið, þróa ákvæði samninganna og auka öryggi á því. Til þessa verði komið á fót nauðsynlegum stofnunum.“

Í ítarlegri grg. með samþykkt samráðsfunda friðarhreyfinga á Norðurlöndum eru síðan þessi meginatriði till. útskýrð ítarlega hvert fyrir sig og vísast til þess fyrir þá sem afla vilja sér frekari fróðleiks um málið.

Það er að mati þeirra sem til þekkja mjög mikilvægt að við Íslendingar séum með, séum samferða frá upphafi í umr. og aðgerðum er varða kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd svo friðlýsing hinna Norðurlandanna verði ekki til að auka þrýstinginn á okkur að taka við slíkum vopnum.

Í þessu sambandi er rétt að minnast þess að umr. eru á allt öðru stigi í nágannalöndunum en hér. Það er ríkisstjórnarstefna í Svíþjóð og Finnlandi að stofna kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og það er á stefnuskrá stærstu stjórnmálaflokka í Noregi og

Danmörku að stofna slíkt svæði. Til viðbótar hefur færeyska þjóðþingið nýlega samþykkt einróma kjarnorkufriðlýsingu eyjanna og hafsvæðisins umhverfis þær.

Þá má nefna að hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði eru víðar í deiglunni, svo sem á Balkanskaga og í Benelux-löndunum og víðar. Enginn vafi er á því að frumkvæði Norðurlanda hefði góð áhrif og mundi örva aðra til dáða í þessum efnum.

Því er oft haldið fram að tillöguflutningur af því tagi sem hér um ræðir sé óþarfur vegna þess að engin kjarnorkuvopn séu á Norðurlöndum. Hér er ruglað saman tvennu ólíku. Annars vegar að kjarnorkuvopn eru að sögn ekki geymd á Norðurlöndum að staðaldri og hins vegar því að skuldbinda sig til að nota hvorki, geyma né leyfa flutning á kjarnorkuvopnum á norrænu landi, afla þeirri skuldbindingu viðurkenningar og vinna að því að stækka slíkt svæði með endanlega kjarnorkuáætlun sem takmark. Ef Norðurlöndin eru kjarnorkuvopnalaus, hvers vegna ekki að afla þeirri staðreynd alþjóðlegrar viðurkenningar?

Sérhver ferð byrjar á fyrsta skrefinu og Norðurlöndin hafa áður lagt mikið af mörkum á alþjóðavettvangi. Slíkt frumkvæði sem hér er um rætt mundi vekja athygli og vera þeim milljónum sem berjast fyrir kjarnorkuafvopnun vítt og breitt um heiminn hvatning. Því verður ekki trúað að óreyndu að Alþingi vilji stól Íslands auðan þegar og ef Norðurlandaþjóðirnar setjast á rökstóla um möguleikann á friðlýsingu Norðurlanda fyrir kjarnorkuvopnum.

Herra forseti. Að loknum þessum hluta umr. legg ég til að till. verði vísað til hv. utanrmn.

Níels Á. Lund: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða, þegar svona stórt mál kemur hér á borð Alþingis þann stutta tíma sem ég á þess kost að sitja hér inni, að standa upp og segja eilítið mína skoðun á þessu máli. Ég hef ekki átt þess kost að sjá þá þáltill. sem þarna liggur frammi en fljótt á litið sýnist mér hún alla vega þess virði að þingheimur ætti ekki síður að sjá til þess ástæðu að sitja hér inni á meðan hún er flutt en að rífast um Mangósopa eða eitthvað þvíumlíkt sem var til umr. áðan.

Þetta mál, kjarnorkuvopn og annað slíkt, stendur okkur nefnilega miklu nær en margt annað. Síðast í hádegisfréttum í gær var rætt um það að sérstök milliþinganefnd Alþingis um öryggismál, sem starfaði s. l. sumar, væri búin að láta frá sér till. þar sem hún leggur m. a. til, skildist mér, að sérstök nefnd verði látin skoða þessi mál betur. Í till. nefndarinnar var m. a. rætt um að nánast á öðru hverju heimili landsins í öllum fjölbýlishúsum, í húsum þar sem fleiri en fjórar íbúðir eru, í opinberum byggingum, ætti að búa til sérstakt byrgi fyrir okkur Íslendinga, frjálsa þjóð, til að skríða ofan í þegar þessum háu herrum dettur í hug að ýta á þann stóra hnapp.

Þetta er það sem ég vil ekki búa við og vil ekki að börnin mín þurfi að búa við. Ég vil nota þær mínútur sem ég hef hér inni á Alþingi til að koma þessum vilja mínum á framfæri. Ég vil áfram segja það að ég er ekki viss um hvort þessi till. ein og sér hnígur að réttu marki. En alla vega vil ég ítreka það að mér finnst að við ættum, hv. alþm., að gefa þessu stóra máli meiri gaum en við höfum gert hingað til. Þegar verið er að tala um það við mann í raun og sannleika að lítil börn — og þar á ég ekki við mjög lítil börn heldur kannske börn um fermingu — þori jafnvel ekki að sofa ein eða vakna upp af ótta við að kjarnorkusprengja springi og þau deyi þar með, þá er ekki við hæfi að alþm. séu í burtu þegar um þessi mál er talað hér á Alþingi.

Ég held að við þurfum að sinna þessum kjarnorkumálum á þann hátt að menn viti að á Íslandi búa menn sem vilja þessi vopn ekki nálægt sér. Við viljum fá að búa í friði, við viljum ekki láta menn úti í heimi ráða því hvort heimurinn splundrast og þar með við og okkar aðstandendur deyjum eða fáum að lifa í hinni mestu örbirgð og eymd. Ég vildi koma þessu á framfæri við þessar umr. Ég gat ekki látið hjá líða að láta mína skoðun í ljós hér á hv. Alþingi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir góðar undirtektir við það mál sem hér er flutt og hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði glögga grein fyrir í framsöguræðu áðan.

Eins og kunnugt er er þessi till., sem hér er á dagskrá, 230. mál þingsins, flutt af þm. þriggja stjórnmálasamtaka, þ. e. Alþb., BJ og SK. Við teljum það jákvæð tíðindi að það bætist liðsauki úr öðrum stjórnmálaflokkum til að taka undir þetta mikilsverða mál.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vekja athygli á að nú er svo háttað samkvæmt lögum landsins að utanrrh., hver sem hann er, getur, ef hann kemst að þeirri niðurstöðu ásamt bandarískum hermálayfirvöldum, samþykkt að hér verði staðsett kjarnorkuvopn hvenær sem er. Það þarf aldrei að bera það undir Alþingi Íslendinga. Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna er lög í landinu og hann kveður á um það alveg ótvírætt að hérna í landinu skuli hafa þann varnarbúnað sem utanrrh. og Bandaríkjastjórn koma sér saman um að sé nauðsynlegur vegna öryggis Íslands og Norður-Atlantshafsbandalagsins. Af þeim ástæðum er það svo að umræða um Pershing-eldflaugar eins og fram fór á vestur-þýska sambandsþinginu fyrir nokkrum mánuðum færi ekki fram á sama hátt hér á Íslandi, vegna þess að þar er það sambandsþingið sem tekur ákvörðun um málið, en hér væri það á hendi eins manns að ákveða hvort staðsettar væru á Íslandi meðaldrægar eldflaugar. Í rauninni er það svo, sagt í fullri alvöru, að utanrrh. getur, ef það er hans mat og Bandaríkjastjórnar, ákveðið að sett verði upp meðaldræg eldflaug á Austurvelli, ef skipulagsyfirvöld í Reykjavík samþykkja það. Þannig er háttað þessum mikilvægu öryggismálum okkar Íslendinga. Þess vegna er það sem ég hef hreyft þeirri hugmynd hér á Alþingi aftur og aftur hvort ekki væri nauðsynlegt að setja lög sem banna staðsetningu kjarnorkuvopna á Íslandi, í landhelgi Íslands og lofthelgi og flutninga kjarnorkuvopna um landið, lofthelgi þess og landhelgi. Till. sem hér er á dagskrá er hins vegar mikilsverður áfangi ef Alþingi fengist til að samþykkja hana. Ég tel að það sé mjög brýnt að utanrrmn. taki afstöðu til þessarar till. áður en þingið fer heim í vor.

Ég tel að það sé mjög miður að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera viðstaddur þegar þessi umr. fer fram. Það er ekki ástæða til að tefja umr. og draga að senda málið til n. þrátt fyrir fjarvistir hans, vegna þess að honum gefst þá kostur á því að fjalla um málið í utanrmn., þar sem hann mætir yfirleitt á fundi, en ég er sannfærður um það, herra forseti, að sú till. sem hér er á ferðinni er eitt

stærsta og þýðingarmesta utanríkismálið sem hreyft hefur verið á þessu þingi, og það er brýnt að á því verði tekið af Alþingi af fullum myndugleika.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Það hefði að óreyndu mátt búast við því að þetta mál, sem hér er flutt till. um, hefði hlotið meiri athygli hv. Sþ. en raun ber vitni og fleiri hefðu treyst sér til að vera viðstaddir og hlýða á þessa umr., en úr því sem komið er verður ekki frekar að því vikið. Ég vil þó taka undir orð hv. 1. þm. Norðurl. e. um að ýmislegt léttvægara hafa menn leyft sér að ræða hér og eyða nokkrum tíma í en þetta mál.

Ég vil minna hv. þm., þá sem hér eru a. m. k., á að hér er einungis gerð till. um að Ísland verði með þegar og ef Norðurlöndin taka sín á milli að ræða kjarnorkufriðlýsingu Norðurlanda. Ríkisstjórn Íslands er, eins og segir í tillgr., falið að vinna að því í samráði við ríkisstjórnir annarra Norðurlanda að reyna að koma á slíkri kjarnorkufriðlýsingu. Í því sambandi vil ég aftur minna á að það er ríkisstjórnarstefna á tveimur af Norðurlöndunum, þ .e. í Svíþjóð og í Finnlandi, að koma slíku á. Ég vil enn fremur minn á það að stærstu stjórnmálaflokkar í Noregi og Danmörku hafa það á sinni stefnuskrá og till.-flutningur svipaður þeim sem hér er á ferðinni er einnig á ferðinni á hinum Norðurlöndunum.

Ég vil biðja hv. þm. að hugleiða hvað það gæti þýtt ef Norðurlöndin að Íslandi undanskildu lýstu lönd sín, láð og lög friðhelg fyrir kjarnorkuvopnum og umferð þeirra, hvað það gæti þýtt fyrir Ísland og svæðið í kringum okkur. Þess vegna undirstrika ég að það er höfuðnauðsyn að við Íslendingar verðum með í öllum umræðum og öllum aðgerðum á þessu sviði. Og ég tel að við stöndum í þakkarskuld við þá menn sem tókst með mikilli vinnu að koma því þannig fyrir að friðarhreyfingar hinna Norðurlandanna samþykktu að hafa Ísland með í þessari tillögugerð og það er nú inni í þeim till. sem fluttar eru á hinum Norðurlöndunum. Þar tel ég að mikið hafi áunnist og við stöndum í þakkarskuld við þá menn sem komu því þannig fyrir.

Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. stuðninginn og ég vona að slíks stuðnings sé að vænta víðar frá þm., helst úr öllum flokkum því þetta er í eðli sínu þannig mál að ég held að hver og einn eigi að geta undir það tekið. Ég minni á samþykkt nýliðinna friðarpáska, sem var mjög í þeim anda sem þessi till. gerir ráð fyrir. Það var sérstök ánægja að heyra og sjá að hæstv. forsrh. hafði skrifað undir þá ályktun sem þar lá frammi. Ég held að þeir menn sem undir þá ályktun skrifuðu ættu í flestum tilfellum að geta tekið undir þann málatilbúnað sem hér er á ferð. Ef menn á annað borð vilja stefna að kjarnorkuafvopnun er einhver vænlegasta leiðin að koma á kjarnorkuvopnalausum svæðum og færa þau síðan út og stefna að því að í framtíðinni komist allur heimurinn undir slík lög. Vegna eðlis málsins telja þeir sem til þekkja að Norðurlöndin sem slík séu e. t. v. einhver vænlegasti kosturinn til að hefja slíka útbreiðslu kjarnorkuvopnalausra svæða til viðbótar þeim sem þegar eru fyrir í heiminum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv. að það væri mjög svo ánægjulegt ef hv. utanrmn. og hv. Alþingi treystu sér til að afgreiða þessa till. á yfirstandandi þingi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Níelsi Á. Lund að það er sorglegt hversu fámennt er hér í sölum þegar slíkt mál er á dagskrá og gleðilegt að sjá að hæstv. utanrrh. er þó kominn í salinn.

Ég stóð upp til að minna á að á 102. löggjafarþingi, veturinn 1979—1980, var flutt hér till. til þál. um bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði og voru flutningsmenn hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Karvel Pálmason, Guðmundur Bjarnason og Geir Gunnarsson. Till. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um bann við geymslu á hvers konar kjarnorkuvopnum hér á landi. Bannið nái einnig til siglinga með kjarnorkuvopn, flutninga í lofti eða á annan hátt um eða yfir íslenskt yfirráðasvæði. Jafnframt verði kveðið á um eftirlit af Íslands hálfu með því að lögin verði virk."

Till. svo til orðrétt eins hafði verið flutt áður á 100. löggjafarþingi af þáv. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur. Þessi mál eru því ekki að koma í þingsali fyrst núna. Það er hins vegar ánægjulegt að fyrir þinginu liggja nú þrjár till., að ég hygg, sem eru í þessa veru, enda greinilegt að hatrammastir andstæðingar allra slíkra till. eru e. t. v. að beygja sig fyrir mótmælum alþýðumanna sem verða æ háværari gegn kjarnorkuvígbúnaði. En ekkert af þessum till. náði fram að ganga.

Það er hárrétt, sem hér hefur fram komið, að það er beinlínis skylda Norðurlandanna að ganga á undan með góðu fordæmi og lýsa Norðurlöndin kjarnorkuvopnalaus svæði. Nú hefur færeyska lögþingið náð fram slíkri samþykkt og danska þingið einnig. Það hefur auðvitað orðið að leita málamiðlunar, en það hefur þó náðst samstæð meirihlutatill. og mig minnir af Færeyja hálfu einróma. Er það ekki rétt, herra þingmaður? Jú. Það ætti því ekki að vefjast fyrir Íslendingum að samþykkja till. í þessa veru.

Sú sorglega staðreynd hefur verið við lýði að í hinu annars ágæta samstarfi Norðurlandanna hefur um utanríkismálin, sem menn kjósa að kalla varnarmál, en eru auðvitað ekkert annað en það sem kallað er utanríkismál, vart mátt ræða á þingum Norðurlandanna. Eins og gefur að skilja hefur það auðvitað háð allri einlægni í þessu samstarfi. Þetta hefur smám saman verið að þróast í þá átt að að þessum málum er nú a. m. k. ýjað þó að um þau megi ekki ályktа.

Í lok friðarviku, sem hér var haldin um páskana, öllum þeim sem að henni stóðu til mikils sóma sem alþýða manna á öllum aldri fjölmennti á og virtist þar ekki vera neitt kynslóðabil, var hæstv. forsrh. afhent undirskriftaskjal sem hann hafði raunar undirritað sjálfur. Í tilefni af því sagði hann nokkur orð á sinn prúða og fallega máta að venju, en talaði eins og hann væri algerlega valdalaus og ráðalaus í þessum efnum. Það vill til að það er hann ekki. Hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímsson er nákvæmlega jafnsterkt afl í þessari baráttu í krafti síns embættis og hvaða annar utanrrh. í veröldinni. Ég held að íslenskum ráðherrum hætti til að taka of mikið mark á blessuðu þjóðskáldinu sem orti á svo afdrifaríkan hátt um hvað við værum fáir, fátækir og smáir. Kannske verðum við að fyrirgefa það vegna þess að skáldið var þá að yrkja um annan heim en við lifum í núna. Hver þjóð, hversu smá sem hún er, getur svo sannarlega haft sitt að segja í baráttunni gegn þeirri vitfirringu sem á sér stað í heiminum nú.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Níels Á. Lund sagði áðan um ótta barna á okkar tímum við kjarnorkusprengjuna. Fyrir örfáum árum, tveim, þremur held ég, var haldin norræn samkeppni um teikningar barna. Þessi sýning kom hingað til Íslands m. a. Það var satt að segja ógnvekjandi að sjá að að meðaltali þriðja hver teikning túlkaði ótta barnanna við kjarnorkusprengjuna. Vissulega voru þetta mjög listrænar myndir og ekki síst þær íslensku, sem báru raunar langt af. En bara þessi vitneskja, að vita börnin okkar hugsa svona mikið um þetta og óttast þetta, er satt að segja skelfileg. Það er ekki sá heimur sem við ætluðum að gefa.

Mér er satt að segja óskiljanlegt hversu stjórnmálamenn, jafnt íslenskir sem annarra þjóða, ætla að þrjóskast við að horfast í augu við þessa staðreynd. Eru hv. þm. orðnir svona gamlir og kærulausir? Halda þeir að þetta gerist ekki á þeirra tímum eða hugsa þeir eins og Íslendingar hugsuðu fyrir 50 árum: Við erum svo langt í burtu, þetta nær ekki okkur? Ég minnist þess að einhvern tíma í miðri Víetnamstyrjöldinni sagði bílstjóri einn við mig, sem raunar var að keyra undirritaða heim örþreytta úr göngu gegn Víetnamstyrjöldinni: Þið eruð eins og vitlaust fólk. Hvað kemur ykkur við það sem er að gerast austur í Asíu? Ég ætlast til að þeir menn sem kjörnir hafa verið á Alþingi Íslendinga hafi þroskast upp úr þessum hugsunarhætti. Þó ég verði að játa að sennilega kann ég svarið utan að sem hæstv. utanrrh. gæfi hér langar mig samt enn einu sinni að spyrja hvað sé á móti því að Íslendingar taki af skarið og lýsi andúð sinni við það vígbúnaðarkapphlaup sem á sér stað í heiminum. Mér finnst hann geta gert það þó það sé auðvitað yfirborðslegt á sama tíma og hann styður með ráðum og dáð veru erlends herliðs á Íslandi. Um þá gömlu sögu höfum við haldið svo margar ræður og kunnum rök hvers annars svo gersamlega á fingrum annarrar handar að það er e. t. v. ekki í þessari umr. ástæða til að endurtaka það allt saman sem hefur átt sér stað á hverju einasta þingi s. l. 35 ár.

Barátta Alþb.-manna, íslenskra sósíalista og íslenskra hernámsandstæðinga hefur auðvitað breyst líka. Við vorum að berjast fyrir öðru þegar við stofnuðum Samtök hernámsandstæðinga. Við vorum þá kannske jafnbláeyg og íslenskir hægri menn eru nú. Við vorum þá fyrst og fremst að óttast um afdrif íslenskrar menningar, íslenskrar tungu. Við töldum okkur stafa hætta af hinni menningarlegu innrás sem vera erlends herliðs í landinu kynni að leiða af sér. Auðvitað gerðum við okkur ekki ljóst hvernig þróun hernaðaruppbyggingar í heiminum yrði. Við höfum hins vegar allan tímann verið tilbúin að fylgjast með þessum málum og bregðast við þeim eins og þau þróast á hverjum tíma. Það var ekki síst fyrir baráttu þm. Alþb. að stofnuð var öryggismálanefnd sem hefur vissulega unnið gagnmerkt verk, m. a. með útgáfu upplýsingarita hinna ágætustu manna sem þm. vænti ég hafi lesið, a. m. k. hafa þeir allir fengið þau. Upplýsingarnar sem með þessum ritum hafa komið inn í þingið ættu svo sannarlega að opna huga þeirra manna sem virtust hafa getað lokað augum og eyrum áratugum saman fyrir því sem hefur verið að gerast í heiminum.

Það er auðvitað barnaskapur umfram það sem maður hefur leyfi til að hafa til að bera að gera sér ekki grein fyrir stöðu Íslands sem miðstöðvar kjarnorkuhernaðar á Norður-Atlantshafssvæðinu. Það er beinlínis óskiljanlegt að fullvaxnir margreyndir stjórnmálamenn skuli ekki horfast í augu við að af þessu stafar miklu meiri hætta en að af veru herliðsins sé nokkur vernd. Það getur vel verið að þeir hafi einlæglega haldið það fyrir 30 árum, en það er óleyfilegur barnaskapur að halda það lengur.

Það er hægt að halda áfram að tala um þessi mál endalaust. En það hlýtur að vera krafa okkar allra hér inni að hv. Alþingi taki sig nú saman og nái einhverju samkomulagi um þær þrjár till. sem hér liggja fyrir. Mér er alveg ljóst af biturri reynslu í samstarfi við hægri öflin í friðarhreyfingu íslenskra kvenna að vera herliðsins í Keflavík og aðild okkar að NATO stendur eins og þverbiti í hálsinum á þessu fólki. Tilvist herliðsins og aðild okkar að NATO háir því auðvitað að við getum átt nokkra vitræna umræðu um þessi mál. Ég held að við svo búið megi ekki standa. Ég held að íslenska alþingið verði að komast að niðurstöðu, og hefur nú raunar verið að gera einhverjar tilraunir til þess, sjálfsagt ekki með miklum hraða, en von væri til að úr slíkri vinnu gæti orðið þáltill. sem við kynnum að geta samþykkt hér öll saman kinnroðalaust. Það er svo sannarlega von mín.

Ég held að við hljótum að fara að dæmi bræðra okkar í Færeyjum og koma frá okkur sómasamlegri till. gegn því að kjarnorkuvopn verði nokkru sinni sett niður á íslenska jörð. Ég trúi því ekki eitt augnablik að einn einasti Íslendingur, þingmaður, óski þess, þó að við sjáum þess dæmi í öðrum löndum að svo virðist sem þm. geri það virkilega. Þar nægir að nefna Bretland og Þýskaland. Ég held að það væri góður endir og réttlætanlegur á heldur ömurlegu Alþingi Íslendinga, sem hér hefur staðið í vetur, að við kæmum nú frá okkur þáltill. um bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði og loforði um að vinna að því að gerast þar með hlekkur í kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum. Ég treysti hv. þm. og hæstv. ríkisstj. til að vinna að því. Þá yrði þeim margt fyrirgefið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands, þáltill. 254. mál (þskj. 467). — Ein umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir till. til þál. á þskj. 467, um auðlindarannsóknir á landgrunni, sem ég flyt hér í Sþ. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að efla og hraða rannsóknum á landgrunni Íslands, innan jafnt sem utan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, með sérstöku tilliti til auðlinda, sem þar kunna að finnast.“.

Herra forseti. Þær auðlindir sem í jörðu finnast hér á landi hafa á undanförnum áratugum verið allvel kannaðar og rannsakaðar af íslenskum vísindamönnum og öðrum sérfræðingum. Það eru hins vegar eðlilegar ástæður sem liggja til þess að landgrunnið, hafsbotninn í kringum landið, hefur ekki verið miðdepill slíkra rannsókna á liðnum árum sem landið sjálft og þær auðlindir sem þar eru fólgnar í skauti jarðar. Það er einfaldlega vegna þess að til skamms tíma var land-

grunnið íslenska mjög takmarkað, náði í fyrstu aðeins út til marka þriggja og fjögurra sjómílna landhelginnar, síðan fyrst 1958 til tólf mílnanna og þá nokkru lengra út, 50 sjómílur. Það er ekki fyrr en 1976 og 1979, þegar efnahagslögsaga Íslands er endanlega færð út í 200 sjómílur, að telja má að alþjóðalög frá þeim tíma hafi heimilað íslensku þjóðinni full ríkisyfirráð yfir landgrunninu og hafsbotninum út að 200 sjómílna mörkunum.

Síðan eru liðin fimm ár, ef við miðum við lögin sem sett voru um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn 1979 þegar þessum yfirráðum var ótvírætt lýst yfir, og þess vegna er að mati flm. orðið tímabært að við förum að snúa okkur í auknum mæli að því að rannsaka landgrunnið íslenska með tilliti til þess sérstaklega hvaða auðlindir þar kunna að leynast.

Hér er, herra forseti, ekki um neitt lítið svæði að ræða. Hér er í raun um að ræða, og þá miða ég við 200 sjómílna mörkin, svæði sem er hvorki meira né minna en sjö sinnum stærra en landið sjálft eða u. þ. b. 750 þús. ferkílómetrar að stærð. Það er þess vegna augljóst að hér er mikið verk að vinna og ekkert áhlaupaverk. Hér er um gífurlega stórt svæði að ræða, eins og þessar tölur gefa til kynna.

Af eðlilegum ástæðum vitum við í dag næsta lítið um hvaða auðlindir kunna þar að leynast. Þar ber vitanlega hæst spurninguna um hvort þar sé einhverjar orkulindir að finna, svo sem olíu- og gaslindir, en einnig koma til greina ýmis önnur verðmæt jarðefni. Raunar vinnum við þegar í dag og höfum alllengi unnið verðmæt jarðefni af landgrunninu hér uppi undir ströndum, svo sem sand og möl. Skeljasand má nefna sérstaklega í þessu sambandi.

Fram til þessa hafa hagnýtar auðlindarannsóknir á íslenska landgrunninu af þessum ástæðum verið af mjög skornum skammti. Þar hafa málin verið í örri þróun hvað varðar yfirráðarétt þjóðarinnar yfir þessu landgrunni. Hins vegar er kominn tími til þess að í þessu efni verði breyting á og þessum málum öllum verði mun meiri gaumur gefinn af stjórnvöldum en verið hefur hingað til. Við höfum ekki efni á að vanrækja rannsóknir á þessu víðáttumikla svæði, sem e. t. v. geta skapað okkur verulegan arð í framtíðinni. Af þessum sökum er þessi þáltill. fram borin, þar sem skorað er á *ríkisstj.* að efla og hraða *rannsóknum á landgrunninu* með sérstöku tilliti til auðlinda sem þar kunna að finnast.

Það má segja að ástæðunum til slíkra rannsókna megi skipta í tvo meginþætti. Það eru í fyrsta lagi rannsóknir sem lúta að réttindum okkar yfir landgrunninu þar sem það nær út fyrir 200 sjómílna mörkin. Það lýtur fyrst og fremst að spurningunni um réttindi okkar gagnvart öðrum þjóðum. Hinn þáttur málsins, og kannske sá sem ekki er síður nærtækur, er auðlindarannsóknir, þ. e. rannsókn sjálfs landgrunnsins með tilliti til þess hvort þar finnast nýtanlegar auðlindir sem við gætum á næstu árum byrjað að hafa arð af.

Ef ég vík fyrst örfáum orðum að fyrra atriðinu er þess að geta að þó ég hafi hér nefnt íslenska landgrunnið svæði sem miðast við 200 sjómílna markalínuna, þetta 750 þús. ferkílómetra svæði, þá er það svo að samkvæmt þeim nýja hafréttarsáttmála, sem samþykktur var fyrir rúmum tveimur árum af Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og Ísland undirritaði ásamt 117 öðrum þjóðum þann 10. desember 1982, er strandríkjum ekki aðeins tryggður réttur yfir landgrunninu innan 200 sjómílnanna, heldur er í ýmsum tilvikum staðfestur yfirráðaréttur strandríkisins, Íslands í þessu tilviki, til landgrunnsins og hafsbotnsins utan við 200 sjómílna línuna. Þar getur verið um að ræða réttindi allt út að 350 sjómílna mörkunum eða jafnvel — í undantekningartilvikum að vísu — út fyrir þau mörk. Þá er eðlilegt að sú spurning vakni og á að ígrundast af íslenskum stjórnvöldum: Eru möguleikar og horfur á því að réttindi Íslands geti náð 350 sjómílur eða jafnvel enn lengra út frá Íslandi sjálfu? Svarið við þeirri spurningu fæst ekki nema með rannsóknum, vegna þess að samkvæmt hafréttarsáttmálanum byggjast slík réttindi utan við 200 sjómílna mörkin á jarðfræðilegu framhaldi landsins og öðrum jarðfræðilegum þáttum landgrunns og hafsbotns. Ef tiltekin jarðfræðileg skilyrði framhalds landsins eru fyrir hendi, sem nánar er lýst í hafréttarsáttmálanum og gefst ekki tími eða tækifæri til að skýra hér nánar, eru möguleikar á að strandríki geti krafist réttinda yfir landgrunninu út að 350 sjómílna markinu eða jafnvel enn lengra. En grundvöllur þess er að unnt sé að sýna fram á það með vísindarannsóknum og jarðfræðilegum rökum að þessi réttindi eigi að falla strandríkinu í skaut.

Það er af þessum sökum hin mesta nauðsyn á því að afla sér sem gleggstrar vitneskju um landgrunnið og hafsbotninn umhverfis Ísland svo unnt sé að styðja kröfur um landgrunnsréttindi utan 200 sjómílna markanna. Þar er fyrst og fremst um að ræða hafsbotnssvæðin í suðausturátt, svo sem áður hefur komið fram í ályktunum Alþingis, en Alþingi hefur ályktað um málið fyrst og fremst að því er varðar hið svonefnda Rockallsvæði eða Rockall- og Hatton-bankana.

Hér er fyrst og fremst um það að ræða að hugsanlegt er að Íslendingar geti krafist slíkra réttinda í suðausturátt, en jafnframt á Reykjaneshryggnum utan við 200 mílna mörkin. Á því leikur miklu minni vafi og má segja að alveg augljóst sé að þar eigi Íslendingar landgrunnsréttindi utan við 200 sjómílurnar. Þar er augljóst framhald landsins, Reykjanesfjallgarðurinn, sem gengur á haf út. Hins vegar er miklu meiri vafi um mörkin í suðausturátt, þ. e. á Rockall-Hatton-svæðinu. Það er aðeins á grundvelli vísindalegra rannsókna sem unnt er að rökstyðja þær kröfur sem orðaðar hafa verið hér á Alþingi og Alþingi hefur oftar en einu sinni ályktað um.

Það eru því grundvallarrannsóknir sem ég er að fjalla um í þessu tilefni — grundvallarrannsóknir sem hverri sjálfstæðri þjóð er nauðsyn á að framkvæma og þá ekki síst, að *mínu mati*, okkur Íslendingum sem eigum hér tvímælalaust verulegra hagsmuna að gæta. Slíkar rannsóknir hafa fram að þessum degi verið af afar skornum skammti. Það er því nauðsynlegt að gerð sé rannsóknaráætlun til nokkurra ára þar sem fjallað verði um öflun aukinnar almennrar grundvallarþekkingar á landgrunninu og hafsbotninum umhverfis landið og þá ekki síst utan við 200 sjómílurnar sem innan þeirra. Það er eðlilegt að leitað verði samvinnu við erlendar vísindastofnanir um slíkar rannsóknir, en alþjóðasamvinna á þessum vettvangi hefur farið mjög vaxandi hin síðari ár. Það má segja að þetta, þ. e. grundvallarrannsóknirnar, fyrst og fremst utan við 200 sjómílurnar, sem beinast fyrst og fremst að því að rökstyðja réttinda-

kröfur okkar til svæðanna utan við þá línu, sé annað meginefni þessarar till.

Hitt atriðið er það sem beinlínis er fram tekið í heiti till., þ. e. auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands. Þar er þá um það að ræða að efla og hraða rannsóknum á landgrunninu svo að unnt verði að ganga úr skugga um hvaða auðlindir þar kunni að finnast. Slíkar rannsóknir hafa einnig fram til þessa, að vísu nýtast rannsóknirnar í báðum þessum augnamiðum í sjálfu sér, verið af mjög skornum skammti. Þar hefur fyrst og fremst hamlað skortur á fjármagni og einnig á tækjakosti. Það má þó segja að nokkuð hafi verið gert í þeim efnum. Rannsóknir á jarðlögum og sjávarbotninum eru þó mjög stutt á veg komnar. Þess vegna verður ekki í dag sagt fyrir um hvort olíu eða önnur verðmæt jarðefni er að finna í þessum jarðlögum. Það er ekki hægt heldur að ganga endanlega úr skugga um hvort um olíu er að ræða þar nema með borunum. Hins vegar, og það er fyrsta skrefið, má með jarðeðlisfræðilegum könnunaraðferðum leiða að því líkur hvort jarðlagaskipanin sé slík að hún sé líkleg til að mynda svokallaðar olíugildrur, en með slíkum jarðeðlisfræðilegum könnunum er minnkuð sú áhætta að grípa í tómt, sem jafnan er samfara borunum. Að þessu leyti er olíuleit um margt hliðstæð jarðhitaleit, eins og hún hefur verið stunduð um árabil hér á landi.

Þær jarðeðlisfræðilegu könnunaraðferðir sem reynst hafa gagnlegastar við leit að olíu og gasi eru hinar svonefndu jarðsveiflumælingar, segulmælingar og þyngdarmælingar. Af þessum mælingum eru jarðsveiflumælingar langmest notaðar í olíuleit og gefa bestar upplýsingar um líkleg olíusvæði. Jarðsveiflumælingar fela í sér könnun á jarðlögum með hljóðbylgjum, en þessar mælingar eru jafnan gerðar frá skipum. Þyngdarmælingar gefa upplýsingar um gerð og byggingu berglaga með mismunandi eðlismassa. Þau hafa lítil en þó mjög mælanleg áhrif á aðdráttarafl jarðar. Þyngdarmælingar á sjávarsvæðum eru venjulega framkvæmdar á skipi, en segulmælingar hins vegar ýmist úr flugvélum eða á skipum. Berglög með mismunandi seguleiginleika hafa áhrif á segulsvið jarðar við yfirborð og þá geta slíkar mælingar gefið vísbendingar um skipan jarðlaga á svipaðan hátt og hinar tvær fyrrtöldu.

Hér skal ekki frekar farið út í eðli slíkra rannsókna, enda yrði það of langt mál, en í þessu sambandi má minna á það örfáum orðum sem hefur gerst í þessum efnum.

Það var árið 1971 sem þáverandi iðnrh., Jóhann Hafstein, heimilaði Shell-olíufélaginu í Hollandi mælingar á hafsbotninum við Ísland. Það var í fyrsta skipti sem áttu sér stað kannanir á hafsbotninum í nokkrum mæli. Það var gert að skilyrði að sérfræðileg viðskipti og umsjón væru falin Orkustofnun. Umfang þessara mælinga var minna en efni stóðu til. Um 300 kílómetra mælilína var farin vestur af landinu.

Næst gerist það að í ágúst 1978 heimilaði þáv. iðnrh., dr. Gunnar Thoroddsen, bandaríska rannsóknarfyrirtækinu Western Geophysical að framkvæma slíkar rannsóknir. Hér var um að ræða bergmáls-, segul- og þyngdarmælingar frá skipi fyrir norðan landið á 1100 kílómetra línu að lengd. Mælingarnar voru framkvæmdar í nóvember og desember 1978 og var Orkustofnun falið í umboði rn. af hafa umsjón og eftirlit með framkvæmdum. Síðan var unnið úr þessum mælingum í London á fyrri hluta árs 1979 og tóku sérfræðingar Orkustofnunar þátt í allri úrvinnslu gagnanna. Í samræmi við skilmála þessarar leyfisveitingar afhenti rannsóknarfyrirtækið iðnrn. eintak af öllum gögnum og niðurstöðum þessarar könnunar.

Þessi könnun, sem fram fór 1978, beindist ekki fyrst og fremst að hafsvæðunum öllum heldur hafsbotnssvæðunum fyrir Norðurlandi og þar var fyrst og fremst um setlagarannsóknir að ræða. Þær rannsóknir leiddu í ljós að um veruleg setlagasvæði væri að ræða fyrir utan Eyjafjörð og Skjálfandaflóa.

Frekari rannsóknir fóru síðan fram á Skjálfandasvæðinu sumarið 1980 að tilhlutan nefndar um hagnýtar setlagarannsóknir þar sem Orkustofnun var framkvæmdaraðili. Þar var um að ræða jarðfræðirannsóknir í Flatey á Skjálfanda, á Flateyjardal og við Húsavík og þá á landi í það skipti. Þessar athuganir miðuðust við að auka vitneskju um syðri takmörk setlaganna sem hið erlenda rannsóknarfyrirtæki hafði fundið á Skjálfandaflóa og út af Eyjafirði.

Þessar athuganir bentu til þess að líkur væru á að setlögin, sem einna þykkust eru úti fyrir mynni Eyjafjarðar en ná austur á Skjálfandasvæðið, væru einnig undir Flatey. Þannig gáfu þessar athuganir vísbendingu um að skynsamlegt væri að bora í Flatey til þess að kanna nánar undirstöðu eyjarinnar og þau setlög sem þar væri að finna.

Það var síðan þáv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, sem fól Orkustofnun að framkvæma sérstakar rannsóknarboranir í Flatey á Skjálfanda sumarið 1982 til þess að kanna þar setlögin. Niðurstöður þeirra rannsókna sem framkvæmdar voru 1982 voru í stuttu máli þær að borunin staðfesti þá tilgátu sem sett hafði verið fram að undir Flatey og utan hennar væri að finna allþykk setlög en borholan var hins vegar langt frá því að vera nægilega djúp til þess að ganga úr skugga um heildarþykkt þeirra. Til þess að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í setlögum þar nyðra þarf að bora niður á 2 þús. metra dýpi. Samkvæmt fyrri vísbendingum gætu setlögin þarna verið um 4 þús. metra þykk eða 4 kílómetra þykk. Rannsóknarholan sem boruð var var hins vegar ekki nema 550 metra djúp og ekki voru tök á því með þeim búnaði sem fyrir var að ná lengra niður.

Þetta er í mjög stuttu máli það sem gerst hefur hvað auðlindarannsóknir hér á landgrunninu varðar. Það má kannske segja að þær séu ekki langt komnar. En í þessu efni er þó rétt að minna á það að með samningi okkar við Norðmenn um Jan Mayen, sem gerður var 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, er gert ráð fyrir auðlindarannsóknum á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen. Þar er gert ráð fyrir framkvæmd kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar sem fram fari á þessu landgrunnssvæði og skulu Norðmenn kosta forrannsóknir á hafsbotninum en skipulag vera í höndum beggja aðila sameiginlega, Íslendinga og Norðmanna.

Þessar undirbúningsrannsóknir eru u. þ. b. að hefjast. Að þeim hefur verið unnið en eiginlegar rannsóknir á staðnum munu ekki fara fram fyrr en næsta sumar. Stefnt er að því af hálfu beggja aðila, Íslendinga og Norðmanna, að framkvæma setþykktarmælingar á Jan-Mayen-hryggnum sumarið 1985. Eins og ég sagði áðan verða þær mælingar kostaðar af Norðmönnum en Íslendingar munu þar fylgjast með og fá vitanlega allar

rannsóknarniðurstöður í hendur.

Þetta er í stuttu máli sú staða sem uppi er í málinu í dag. Ýmsar opinberar nefndir hafa starfað að þessum málum, landgrunnsnefndir. Hin síðasta þeirra var nefndin sem ég gat um áðan, þ. e. nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir sem Hjörleifur Guttormsson skipaði í september 1980, þáverandi iðnrh. Áður hafði nefnd starfað að þessum málum sem Gunnar Thoroddsen, þáverandi iðnrh., hafði skipað 1978. Nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir lauk störfum og starfar ekki lengur. Hún lauk störfum í lok síðasta árs þannig að engin opinber framkvæmdaaðili stendur að þessum málum í dag. Hins vegar heyra þessi mál eins og menn vita undir iðnrn.

Áður en ég lýk þessari framsöguræðu má varpa þeirri spurningu fram, herra forseti, hvort ástæða sé til þess að hefjast handa í þessum efnum, svo sem hér er mælt fyrir, jafnþröngt og nú er í þjóðarbúinu, hvort við höfum í fyrsta lagi fjármagn til slíkra rannsókna og þá einnig hvort hér á landi sé um að ræða nægilega tækniþekkingu til þess að standa að slíkum vísindarannsóknum. Því er til að svara — svo ég taki síðara atriðið fyrst — að hér á landi starfa allmargir vísindamenn sem hafa hlotið menntun til slíkra landgrunnsrannsókna og hafa raunar að þeim starfað í takmörkuðum mæli, eins og ég lýsti, á liðnum árum. Þar er m. a. um að ræða sérfræðinga hjá Raunvísindastofnun Háskólans, hjá Orkustofnun og Hafrannsóknastofnun. Til þessa hefur þá hins vegar skort starfsaðstöðu, rannsóknartæki og einnig fjármagn til þess að starfa að skipulögðum rannsóknaráætlunum. Hins vegar er vissulega tímabært að við hagnýtum okkur þessa þekkingu sem til er í landinu með skipulögðu og samhæfðu átaki í þessum efnum. Á þessi atriði hefur raunar verið bent á undanförnum árum af þeim opinberu nefndum sem um þessi mál hafa fjallað og ég nefndi. Þrátt fyrir það er ekki enn um neitt skipulegt starf að ræða né fjárveitingar til slíkra hagnýtra hafsbotnsrannsókna.

Í fljótu bragði mætti líka ætla að slíkar auðlindarannsóknir sem hér eru til umræðu væru okkur Íslendingum fjárhagslega ofviða, ekki síst nú þegar svo þröngt er í búi hjá smáfuglunum, eins og við höfum heyrt hér á Alþingi síðustu daga og vikur. Svo er þó ekki að mínu áliti. Það liggur fyrir í þessu máli að ýmsar erlendar rannsóknarstofnanir og þá ekki síst auðlindaleitarfélög og erlend olíufélög eru þess óðfús að hafa samvinnu við íslensk stjórnvöld um slíkar rannsóknir á íslenska landgrunninu og bera af þeim mestallan ef ekki allan kostnað. Þá leið fóru m. a. Norðmenn þegar þeir hófu skipulega auðlindaleit á sínu landgrunni og gaf það góða raun. Við höfun einnig af þessu nokkra reynslu, þau tvö dæmi sem ég nefndi hér áðan og síðast 1978 þegar bandaríska auðlindafyrirtækinu var veitt heimild til þess að kanna setlögin fyrir Norðurlandi. Sú leið er þess vegna augljós. Hún er tiltölulega auðfarin. Þar er vitanlega jafnan sett það skilyrði að verkið sé unnið í náinni samvinnu við íslenska vísindamenn undir eftirliti þeirra, umhverfisvarna gætt við slíkar rannsóknir í fyllsta mæli og jafnframt að niðurstöður verði lagðar í hendur íslenskra stjórnvalda þegar þær liggja fyrir.

Af þessum sökum tel ég, herra forseti, að fjárhagshliðin sé hér ekki nein sú fyrirstaða að ekki sé unnt að hefjast handa í þessum efnum hið allra fyrsta. Það er af þessum ástæðum sem þessi þáltill. er borin fram. Hún er borin fram í fyrsta lagi til að vekja athygli á mikilvægi þessa máls. Í öðru lagi til að vekja athygli á nauðsyn þess að hefjast hér handa vegna þess að vísindaþekkingin er fyrir hendi. Fjármagnið er fyrir hendi í þeirri mynd sem ég lýsti ef eftir því er leitað. Við vitum vitanlega ekki á þessari stundu hve mikinn arð íslenska þjóðin mun hafa eða geta haft af slíkum auðlindum á þessu víðáttumikla svæði á næstu árum og áratugum. Hins vegar hafa þær litlu rannsóknir sem fram hafa farið gefið ýmsar vísbendingar sem að sumu leyti eru jákvæðar og eins og ég sagði áðan væri það óafsakanleg vanræksla af okkar hálfu að hefjast ekki handa í þessum efnum þegar í stað. Ég treysti því að Alþingi muni líta með velvilja til þessarar þáltill., til þessa máls í heild og jafnframt að ríkisstj. muni hefjast handa um athuganir, kannanir og raunar framkvæmdir á þessu sviði eins og hér hefur verið bent á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, þáltill. 244. mál (þskj. 432). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 432 að flytja till. til þál. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta semja frv. til l. um lífeyrissjóð fyrir húsmæður sem ekki hafa þegar öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði.“

Ég held að okkur megi vera það ljóst að eitt hið alvarlegasta misrétti í þessu þjóðfélagi er það hve eftirlaunaréttur manna er misjafn. Allflestir landsmenn hafa þó öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóðum, en kjör þeirra eru að sjálfsögðu mjög misjöfn, þar sem sumir þeirra eru verðtryggðir en aðrir ekki. Og það er í sjálfu sér mjög mikið misrétti. En þó eru þeir enn verr settir sem enga aðild eiga að lífeyrissjóði og ekki möguleika til þess að komast þar inn. Einn stærsti hópurinn sem enn stendur utan lífeyrissjóða og nýtur ekki annars lífeyris en ellilauna, sem að sjálfsögðu nægja engan veginn til framfærslu, eru húsmæður sem hafa unnið á heimilum sínum og fjölskyldna sinna en ekki þegið formleg laun úr hendi neins atvinnurekanda. Störf þessara húsnæðra hafa verið mjög mikilvæg og áreiðanlega ekki minna virði fyrir þjóðfélagið en önnur störf sem unnin hafa verið og laun þegin fyrir.

Það er alkunna að fjölskyldan er hornsteinn okkar þjóðfélagsskipunar og vinna við barnauppeldi og heimilisstörf er að sjálfsögðu mjög mikilvæg, ekki síður en önnur þau störf sem innt eru af hendi utan heimilis. Telja verður því réttmætt að allar húsfreyjur, sem þegar eru komnar á eftirlaunaaldur, fái lífeyrisrétt. Og það hygg ég að best verði gert með því að stofna slíkan sjóð. Það er óhjákvæmilegt að ríkið leggi stofn að þessum sjóði til þess að hann geti tekið strax til starfa og farið að sinna hlutverki sínu. Það er ekki óeðlilegt að ríki leggi þarna fram fjármuni þar sem þessar húsfreyjur hafa í afar mörgum tilfellum sparað ríki og sveitarfélögum mjög verulegar fjárhæðir með því að annast börn sín sjálfar. Þegar allt kemur til alls þá er það kannske mikilvægasta verkefnið sem mannfólkið tekur sér fyrir hendur og afdrifaríkasta að annast afkvæmi sín og sjá um að uppeldi þeirra og þroski takist sem best. Af öllum þeim störfum sem maður amstrar við í hinu

daglega lífi hygg ég að þetta sé nú það sem mikilvægast er.

Að sjálfsögðu getur ríkið ekki staðið alfarið undir svona sjóði. Það verður að gera ráð fyrir því að heimavinnandi húsmæður greiði tillag til sjóðsins í framtíðinni og þær eldri fái einnig heimild til þess að kaupa sér aukinn rétt sem þær kynnu að óska og hafa hentugleika til.

Ég held að það hljóti að vera stefnumið okkar að setja á stofn einn sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Því hefur margoft verið hreyft á Alþingi á undanförnum áratugum, en þó hefur ekki orðið úr framkvæmdum. Sjóður sem komið væri á fót með atbeina ríkisins, eins og ég er að leggja til að hér verði gert, gæti orðið stofn eða hvati að sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna og a. m. k. sjálfsagt að gera ráð fyrir því að hann yrði aðili að slíkum lífeyrissjóði.

Það sem tilraunir til að koma á þessum sameiginlega lífeyrissjóði, sem ég held að mikill meiri hluti manna sé sammála um að þurfi að koma hafa strandað á er með hverjum hætti unnt yrði að sameina hina ýmsu lífeyrissjóði sem bjóða upp á mjög misjöfn kjör. Sumir þessir lífeyrissjóðir hafa verið byggðir upp af mikilli framsýni og sjá mjög vel fyrir sínum sjóðfélögum en aðrir miklu miður og eru lítils megandi. Þess vegna held ég að við þurfum að sjá fram í tímann og þetta verði ekki gert nema á löngum tíma, það þurfi nokkuð mikinn aðlögunartíma til þess að af slíkri sjóðstofnun geti orðið. Ég held að rétt væri að stefna að því að ákveða það með lögum nú á næstunni að allir lífeyrissjóðir skuli sameinaðir að einhverjum ákveðnum árafjölda liðnum, t. d. eftir tíu, kannske fimmtán ár. Undirbúningurinn gæti orðið þannig að frá ákveðnum degi greiddu allir landsmenn á starfsaldri tillag í lífeyrissjóð allra landsmanna. Þeir sem þess óskuðu gætu fært réttindi sín úr sérlífeyrissjóði til þessa sjóðs um einhverra ára skeið til baka, en eldri sjóðirnir störfuðu áfram, til þess að greiða lífeyri þeirra sem eiga þar réttindi, meðan þeim entust fjármunir og/eða þangað til samkomulag næðist um inngöngu sérsjóða í lífeyrissjóð allra landsmanna.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu meira. Ég tel mjög mikilvægt að láta ekki lengur viðgangast það misrétti sem hér hefur verið við lýði. Ég heiti nú á hv. alþm. að sameinast um að lagfæra þetta ófremdarástand og samþykkja þessa tillögu mína eða eitthvað í þá veru. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn að ljá máls á allra handa breytingum, að því áskildu að lífeyrisréttur hinna heimavinnandi húsmæðra yrði sæmilega tryggður. Ef menn koma með önnur ráð og sannfæra mig um að þau séu betri en það sem ég bendi hér á, þá er ég fús til að hlusta á það. En það sem mér finnst vera meginkjarni málsins er að þetta ófremdarástand megum við ekki láta viðgangast lengur.

Herra forseti. Ég óska eftir því að þegar þessari umr. verður frestað í dag verði þetta mál sent hv. allshn. til athugunar.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð við þessa umr. um þessa till. til áréttingar grunnhugsun þeirri sem þar liggur að baki. Í umr. á Alþingi á undanförnum árum um eftirlaun aldraðra og lagasetningu þar um og síðari breytingar á þeim lögum var reynt að ná til sem allra flestra þeirra sem ekki höfðu rétt til lífeyrissjóðsgreiðslna. En vitanlega voru þau lög engu að síður bundin við eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum og mönnum var ljóst þá að ekki mundu allir njóta, þó að þau væru mikil bót fyrir fjölmarga og margir kæmu þar inn í með viðbót sem ekki höfðu áður notið slíkra réttinda. Ég býst við að húsmæðrahópurinn sé í þessu tilfelli stærstur. Þó eru enn nokkrir fleiri sem ekki ná þeim sjálfsögðu réttindum að njóta einhverrar viðbótar úr lífeyrissjóðakerfinu. Þetta á t. d. við um aldrað vinnufólk í sveitum, bæði karla og konur, ekki fjölmennan hóp að vísu, en ég þekki vel til nokkurra sem er útilokað að nái þessum rétti sínum í gegnum umsjónarnefnd eftirlauna aldraðra. Hið sama gildir og um fólk í þéttbýli. Það fólk hefur þá aldrei unnið úti á vinnumarkaði af ýmsum ástæðum, m. a. og alveg sérstaklega af heilsufarslegum ástæðum, tímabundnum eða til langframa. Þetta gildir fremur um konur en karla, en dæmi um hvort tveggja þekki ég.

Meðan við höfum ekki komið á einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn eða samræmt það kerfi hinu almenna tryggingakerfi okkar, sem væri auðvitað það eðlilegasta og sjálfsagðasta í þessum efnum að þar yrði fullkomin samræming á, þá verðum við að sjá til þess að stíga skrefið til fulls, þannig að allir nái a. m. k. sama rétti og þeir sem nú njóta viðbótar frá umsjónarnefnd aldraðra. Það er býsna takmarkað engu að síður og eins og hv. flm. kom réttilega inn á nær það náttúrlega engan veginn því sem þeir lífeyrissjóðir sem geta gert best við sína félaga veita þeim. Þó að ég viti að húsmæður séu hér langstærstur hópur þá vildi ég mælast til þess, ef þessi till. verður afgreidd hér á þingi, sem sannarlega er full ástæða til, að þessi mál verði athuguð öll í heild svo að sem allra flestir þeirra sem engra lífeyrissjóðsréttinda njóta í dag eða aðeins fá viðbót frá umsjónarnefnd eftirlauna aldraðra megi einhvers góðs njóta af samþykkt till. af þessu tagi.

Ég bendi hins vegar á að lögin um eftirlaun aldraðra falla úr gildi nú um næstu áramót ef ekkert verður gert frekar í þeim efnum. Eitthvað verður í því efni að gera. Ég þykist vita að hæstv. ríkisstj. hafi það til athugunar hvað eigi að gera þegar lögin um eftirlaun til aldraðra falla úr gildi og sé í þann veginn að móta ákveðna stefnu, sem gæti einmitt komið inn á það mál sem hér er verið að fjalla um alveg sérstaklega, hvernig skuli taka á þessum málum til frambúðar. Það hefur sem sagt sýnt sig að mikið vantar á að sá aðlögunartími sem menn reiknuðu með að þessi lög þyrftu að hafa nægi og þá þætti mér einboðið að huga að fleiri þáttum um leið. Allsherjarendurskoðun ætti því að geta skilað lífeyrisréttindum til fleiri hópa ef t. d. hugsun þeirrar till. sem hér er til umr. er höfð til hliðsjónar og að leiðarljósi. Ég bendi á það engu að síður að húsmæður í sveit ná nú loks, með breytingu á Lífeyrissjóði bænda, ef af verður, sem ég ætla að vona að Alþingi nái fyrir þinglokin, viðunandi rétti úr þeim sjóði með þeirri breytingu sem nú liggur fyrir Alþingi í frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda. En ég bendi líka á það að brýn þörf er á því einnig varðandi húsmæður í sveit og að vinnuframlag sveitakonunnar til bústarfanna sé endurmetið. Það hefur ævinlega verið ranglega metið svo að í raun og veru hneisa er að. En varðandi lífeyrisréttinn er það rétt að ef Alþingi sér sóma sinn í því að afgreiða frv. um Lífeyrissjóð bænda þá verður þar mikil breyting á.

Um þýðingu húsmóðurstarfsins þarf ekki að hafa

fleiri orð en þau sem hv. flm. hafði hér. Ég bendi hins vegar á að þar þyrfti e. t. v. ekki síður að huga að fleiri atriðum en lífeyrisréttinum, svo sem t. d. ýmis atriði í okkar tryggingalöggjöf eru gleggst dæmi um. Þar er mismunun af ýmsu tagi eins og þeir þekkja sem um það mál hafa fjallað. Þarf ekki að nefna annað en sjúkradagpeninga til þess að benda á augljós dæmi um mismunun gagnvart heimavinnandi húsmæðrum, þó að þar hafi vissulega verið gerðar vissar leiðréttingar. Mesta leiðréttingin er nú líklega orðin 12 ára gömul eða eitthvað því um líkt, á því að rétta hlut heimavinnandi húsmæðra varðandi sjúkradagpeningana.

Ég kemst hins vegar ekki hjá því, þegar um lífeyrismál er talað, að minna á þann hóp manna sem engra lífeyrisréttinda getur aflað sér sakir fötlunar og örorku. Hér er um nokkurn hóp að ræða. Sumir sem í slysum hafa lent eiga einhvern óverulegan rétt. Sama gildir um þá öryrkja sem fatlast hafa tiltölulega ungir. Og ótrúlega stór er sá hópur sem aldrei hefur átt þess kost að ávinna sér nokkurn rétt úr lífeyrissjóði og fær enga viðbót ofan á sína tekjutryggingu, allt sitt líf jafnvel, og hefur ætíð orðið að búa við hin kröppu kjör öryrkjans og heldur því fram til hins síðasta. Að þessu fólki þarf svo sannarlega að huga. Þó að hér sé um óskyld mál að ræða hljótum við að reyna að hugsa um þessi mál öll í heild sinni. Því get ég ekki annað en minnt á þennan hóp alveg sérstaklega. Öryrki sem hafði samband við mig rétt fyrir þennan fund var einmitt að benda á hver kjör hans hefðu verið frá upphafi og hver þau mundu verða ef honum entist þó sú heilsa sem hann hefur til þess að eiga einhverja elli.

Ég ítreka sem sagt aðeins að þessi mál þarf að skoða öll í heild, réttindi allra þeirra sem engra greiðslna njóta. M. a. kæmi til greina aðlögun að eftirlaunum til aldraðra þar sem stéttarfélagsaðild væri ekki skilyrði. Það kemur mér einna helst í hug ef við eigum að ná til stærri hóps en hér er um að ræða. En sjái menn sér ekki fært að gera það þá hlýt ég að lýsa yfir stuðningi við grunnhugsun þessarar tillögu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Páltill. sú sem hér er til umr. hreyfir svo sannarlega við ákaflega þörfu og brýnu máli, réttindaleysi heimavinnandi fólks í lífeyrismálum. Í þessum málum ríkir ófremdarástand sem ekki verður lengur við unað, eins og flm. tók fram í framsöguræðu sinni áðan. En það er þó einn stór galli á gjöf Njarðar. Það er það sjónarmið sem fram kemur í grg. með till., þar sem stungið er upp á því að heimavinnandi húsmæður greiði sjálfar iðgjöld til sjóðsins. Mér er í rauninni spurn: Veit hv. flm. ekki að húsmæður þiggja engin laun í krónum talið fyrir störf sín? Og með hvaða krónum eiga þær þá að borga í lífeyrissjóð?

Flm. hlýtur hér að gera ráð fyrir því að eiginmenn og fyrirvinnur þessara húsmæðra greiði þessi gjöld. En ég spyr hv. flm.: Áttar hann sig á því hvað þá gerist? Sá útivinnandi, þ. e. væntanlega eiginmaðurinn í flestum tilfellum, till. hljóðar upp á húsmæður, og skv. orðanna hljóðan eru þær kvenkyns, en það þarf ekki endilega að skilja það svo, sá útivinnandi, hvort sem það er eiginmaður eða eiginkona, er þá kominn í sömu stöðu og atvinnurekandi sem greiðir launatengd gjöld, í þessu tilfelli lífeyrissjóðsiðgjöld annars ólaunaðs starfsmanns. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri einustu átt. Það er með öllu óverjandi að stilla hjónum eða sambúðarfólki upp í þá stöðu sem hér um ræðir. Og það er að mínu mati einnig með öllu óverjandi að ætlast til þess yfirleitt að launalaust fólk greiði launatengd gjöld.

Ég er flm. till. fyllilega sammála í því að vinna við barnauppeldi og heimilisstörf er engu síður mikilvæg og merkileg en önnur störf sem unnin eru úti á vinnumarkaðnum. Og mér finnst það í rauninni standa upp á þjóðfélagið sem heild að viðurkenna þessi mikilvægu launalausu störf sem eru unnin í þágu þess alls og eru þjóðhagslega lífsnauðsynleg. Þess vegna væri það e. t. v. einfaldast og eðlilegast að allir landsmenn legðu nú nokkuð af mörkum til að tryggja heimavinnandi lífeyri og að lífeyrissjóður heimavinnandi væri að öllu leyti á höndum ríkisins.

Í raun og veru leggur hv. flm. sjálfur til rökin fyrir slíku fyrirkomulagi í grein sem hann skrifar í dagblaðið *Tímann 6. apríl s. l.*, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins og vinna við barnauppeldi, heimilisstörf og aðhlynningu sjúkra og lasburða á heimilum er mjög mikils virði og síst minna virði en þau störf sem eru innt af hendi gegn þóknun utan heimilis. Þess ber og að gæta að með heimavinnu spara húsfreyjur ríki og sveitarfélögum oft miklar fjárhæðir með því að gæta barna sinna sjálfar eða hjúkra gömlum og sjúkum."

Með öðrum orðum heimavinnandi spara fyrir ríki og sveitarfélög og því er ekki nema sanngjarnt að þessir aðilar sjái heimavinnandi fyrir lífeyri að loknum starfsdegi.

Ef mönnum finnst þessi kostur ekki fýsilegur þá er um annan kost að ræða til að tryggja heimavinnandi lífeyri. Hann er að finna í þáltill. þm. Alþfl. um gagnkvæman makalífeyri, sem lögð var fram í upphafi þessa þings og er að finna á þskj. 5. Sú till. felur í sér að áunnin stig hjóna eða sambúðarfólks verði lögð saman og skipt á sérreikninga þeirra fyrir þann tíma sem sambúð varir. Þannig er sjálfstæð aðild hvors aðila til lífeyrisréttinda tryggð og er það tvímælalaust kostur þessarar tillögu. Gallinn er hins vegar sá, að hún miðast að öllu leyti við vinnu unna úti á vinnumarkaðnum og metur því í rauninni ekki til fjár þau störf sem unnin eru inni á heimilunum. Till. tryggir m. ö. o. sjálfstæða makaaðild að lífeyrisréttindum svipað og gert er ráð fyrir með Lífeyrissjóð bænda og ég tel til bóta, þó að þar séu ekki heldur í rauninni metin til lífeyrisréttinda þau störf sem húsfreyjur vinna inni á heimilum, heldur er þar farið eftir innleggi í búvörureikning. En þessi till. sem ég er hér að ræða um núna, á þskj. 5, tryggir sjálfstæða makaaðild að lífeyrisréttindum og hún gerir ekki heldur ráð fyrir því að þeir sem engin laun hafa greiði eitt eða annað, eins og sú till. sem hér var flutt áðan. Ber fyrri till. tvímælalaust af þeirri síðari að þessu leyti.

Hins vegar er till. Alþfl. -manna ófullnægjandi vegna þess, eins og ég sagði, að hún metur í rauninni ekki heimavinnuna til fjár, hún dreifir aðeins réttindunum og gerir lítið annað. Það væri aftur móti hægt að gera hana aðgengilegri með því að kveða svo á að þegar og ef heimavinnandi fara út á vinnumarkaðinn eftir einhvern árafjölda við heimilisstörf, þá sé heimavinnutíminn metinn sem starfsreynsla og heimavinnandi gefinn kostur á að kaupa sér lífeyrisréttindi í samræmi við það og á

sérstökum vildarkjörum eftir að út á vinnumarkaðinn er komið. Með slíku ákvæði til viðbótar tel ég till. Alþfl.-manna vel koma til álita.

Í öllum þeim atriðum sem snerta þá er heimavinnandi eru er þó eitt vandamál sem nauðsynlegt er að athuga vandlega, en í hvorugri þeirri till. sem hér um ræðir er það gert. Það er sú staðreynd að þótt viðkomandi sé að hluta eða í fullu starfi úti á vinnumarkaði þá er hún eða hann líka heimavinnandi. Heimilisverkin hverfa ekki þótt fólk fari út að vinna, síður en svo. Í könnun jafnréttisnefndar Reykjavíkur frá árinu 1981 kom í ljós eftirfarandi tímalengd og skipting á vinnuframlagi maka til heimilisstarfa: Ef eiginkona var ekki á vinnumarkaði, heldur heimavinnandi að öllu leyti, þá var vinnuframlag hennar á viku til heimilisstarfa 51 klst. Vinnuframlag eiginmanns var þá 5 klst. Ef eiginkona var í hlutastarfi á vinnumarkaði þá var vinnuframlag hennar á viku til heimilisstarfa 34 klst. en vikuframlag eiginmanns 6 klst. Ef eiginkona var í fullu starfi á vinnumarkaði þá var vinnuframlag hennar á viku til heimilisstarfa 22 klst. en framlag eiginmanns 7 klst. M. ö. o., ef kona er í sambúð eða gift og í fullu starfi úti á vinnumarkaði þá vinnur hún sem svarar tæplega hálfu starfi í heimavinnu að auki.

Það er því ljóst að því fer fjarri að fólk sé ekki heimavinnandi þótt það sé einnig útivinnandi. Einnig er ljóst að heimavinnan hvílir að meginhluta til á konum, hvernig sem útivinnunni er háttað. Og þá er það vandamálið: Er nokkurt réttlæti í því að þær sem eingöngu eru heimavinnandi njóti ákveðinna réttinda fram yfir þær sem eru bæði útivinnandi og heimavinnandi og vinna oft og tíðum tvöfaldan vinnudag? Varla getur það talist réttlátt. Því er það meginmál að finna út hvernig hægt er að meta til réttinda heimavinnu útivinnandi kvenna. Slík lausn er ekki hrist fram úr erminni í einu vetfangi. En það er um tómt mál að tala, um réttláta lagasetningu um þá sem heimavinnandi eru, nema þetta atriði sé tekið með. Þessu vil ég hér með vekja athygli á.

Að endingu vil ég lýsa yfir stuðningi Samtaka um kvennalista við fram komnar hugmyndir um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Þar er á ferðinni mikið þjóðþrifamál og eflaust verða lífeyrismál heimavinnandi best leyst innan þess ramma. Eftir öllum sólarmerkjum að dæma er þess þó líklega alllangt að bíða að slík skipan lífeyrismála komist á svo að fram að þeim tíma verður að leysa til bráðabirgða lífeyrismál heimavinnandi. En þá, eins og ég hef hér tiltekið, á þann máta að annaðhvort sé ríkið ábyrgt að öllu leyti fyrir þeim sjóði, beri allan kostnað þar af, eða þá með gagnkvæmum makalífeyri og sérstökum lífeyrisréttindum heimavinnandi eftir að út á vinnumarkaðinn er komið. Hvor kosturinn sem valinn er verður að mínum dómi að taka hlutastörf við heimilisvinnu með í reikninginn því annars er hætt við að útkoman verði engan veginn réttlát.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég hlýt að draga þá ályktun að aukinn skilningur sé að vakna í þjóðfélaginu fyrir því að koma verði réttindamálum húsmæðra eða heimavinnandi fólks í betra horf en nú er og menn séu kannske að sjá fram á og viðurkenna það réttindaleysi sem þær hafa lengi búið við og að það þurfi að verða breyting þar á. Flestir viðurkenna auðvitað að störf heimavinnandi fólks séu mjög mikilvæg þó að þau séu ekki metin að verðleikum að sama skapi. Á herðum konunnar hefur oftast hvílt meginþunginn af öllum daglegum rekstri og uppeldi barnanna. En þrátt fyrir mikilvægi heimilisstarfanna hafa þau ekki verið virt í þjóðfélaginu. Það er eins og litið sé á heimilisstörfin sem einhvern sjálfsagðan hlut, eins og eitthvert sjálfboðaliðastarf sem ekkert þarf að greiða fyrir og engan rétt þarf að veita.

Það eru auðvitað fleiri mál sem snerta heimavinnandi fólk sem þarf að kippa í lag. Það eru ekki bara lífeyrismálin. Vitanlega eru lífeyrismálin stór þáttur þar í og það mikla réttindaleysi sem heimavinnandi fólk býr við. Það kemur kannske gleggst fram í skilnaðarmálum hve réttindalausar konur eru. Þó kona hafi verið í hjúskap — ja við getum sagt 40 ár og hafi auðvitað átt eins mikinn þátt í því og eiginmaðurinn að byggja upp heimilið og þær eignir sem myndast hafa á sambúðartímanum, þá stendur hún uppi algjörlega réttindalaus í lífeyrismálum er þau skilja og þarf að sætta sig við einungis þann lífeyri sem hún fær úr almannatryggingum.

Ég held að full ástæða sé til þess að fjalla í þessari umr. um fleiri þætti en bara lífeyrismálin til þess að vekja athygli á því hvað mikið er óunnið í þessu efni, að koma réttindamálum heimavinnandi fólks í viðunandi horf.

Á ráðstefnu sem Samband Alþfl.-kvenna gekkst fyrir ekki alls fyrir löngu var fjallað um marga þætti sem snerta réttindaleysi húsmæðra. Til dæmis varðandi sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnuninni. Hvaða réttlæti er í því að heimavinnandi fólk njóti einungis ¼ af fullum sjúkradagpeningum þeirra sem önnur störf vinna í þjóðfélaginu? Af hverju fær t. d. kona, sem hefur verið á vinnumarkaðnum en er metin 65% öryrki og þarf af þeim sökum að fara inn á heimilið aftur, ekki eina krónu í örorkustyrk ef maður hennar hefur yfir 19 þús. kr. í tekjur? Þau eru ekki metnir þarna sem sjálfstæðir einstaklingar í tryggingakerfinu. Þetta er mjög mikið mál, stórmál sem þarf að breyta.

Skattamálin er ein hliðin á þessu líka. Ef konan er heima t. d. vegna margra barna og hjónin hafa komið sér saman um að hún verði heima og karlmaðurinn þá á vinnumarkaðnum, þá hefur heimilið þyngri skattbyrði af þeim sökum. En ef bæði hjónin væru útivinnandi, þá mundi skattbyrðin dreifast.

Við getum tekið fæðingarorlof líka sem dæmi. Heimavinnandi kona fær einungis ⅓ af því sem kona fær sem vinnur önnur störf í þjóðfélaginu.

Fleira má nefna, eignar- og erfðarétt í óvígðri sambúð. Tökum t. d. eignarréttinn í óvígðri sambúð. Ef heimavinnandi kona og sambýlismaður hennar skilja eftir einhvern tíma og það hafa myndast eignir á sambúðartímanum en konan hefur ekki athugað að láta skrá nafn sitt á þær eignir sem myndast hafa, þá stendur hún uppi allslaus. Það eru mörg dæmi um þetta í þjóðfélaginu. Þessi mál hafa farið fyrir dóm og þá eru konunni dæmd ráðskonulaun. Þetta er ein hliðin á málinu líka.

Ég held það væri nauðsynlegt að fram færi allsherjarúttekt á réttarstöðu heimavinnandi fólks í þjóðfélaginu eða öllu heldur réttindaleysi þess.

Eins og hér hefur komið fram þá liggja fyrir þinginu tvær till. sem báðar hafa það að markmiði að tryggja

réttindi heimavinnandi fólks. Ég vék hér áðan að ráðstefnu sem Samband Alþfl.-kvenna gekkst fyrir. Á þeirri ráðstefnu hafði Bjarni Þórðarson hjá Landssambandi lífeyrissjóða framsögu. Hann ræddi ýmsa möguleika í því sambandi að tryggja heimavinnandi fólki lífeyri og sagði að endurskoðunarnefnd lífeyrisréttindakerfis hefði verið með ýmsa valkosti í því sambandi til skoðunar. Hann nefndi þá hugmynd sem fram kemur í till. hv. 2. þm. Norðurl. v., um skyldusjóð ef ég skil till. rétt, hann nefndi till. um frjálsan lífeyrissjóð og hann nefndi þá leið sem ég hef talað fyrir og fram kemur á þskj. 5, um að áunnin stig hjóna eða sambúðarfólks verði lögð saman og skipt til helminga á sérreikning fyrir þann tíma sem sambúð varir. Þeir sem eru heimavinnandi og fráskildir fara ekki varhluta af áunnum lífeyri. Hann sagði að allir þessir kostir hefðu verið til skoðunar í þessari nefnd. Sá kostur sem honum fannst fýsilegastur í þessu var að skipta áunnum stigum hjóna eða sambúðarfólks, en það er sú leið sem m. a. er farin í því frv. sem liggur fyrir um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð bænda.

Nú hygg ég að hvorki ég né hv. 2. þm. Norðurl. v. séum í stakk búin til þess að leggja mat á það hvor leiðin sé skynsamlegri, sú leið sem fram kemur í hans till. eða þeirri till. sem ég hef lagt fram ásamt öðrum þm. Alþfl. Þessi mál hafa verið lengi til skoðunar í nefndinni. Í þeim umsögnum sem fram hafa komið um þá till. sem nú liggur fyrir allshn. á þskj. 5 bregður svo einkennilega við að það er alltaf vísað í þessa lífeyrisnefnd. Og það er ekki bara í þessu máli heldur í sambandi við allar tillögur sem lagðar hafa verið fyrir Alþingi á þeim 5 eða 6 árum sem ég hef setið á þingi og snerta lífeyrismál. Það er alltaf sagt: Það er verið að endurskoða lífeyrisréttindakerfið. Alþingi má ekkert gera og allar tillögur um að breyta lífeyrismálum í einu eða öðru sofna hér í nefnd af þeim sökum að það er verið að endurskoða lífeyriskerfið. En hvað lengi er þessi endurskoðunarnefnd búin að vera að störfum? Ég hygg að það séu a. m. k. 10 ár. Og það kemur ekkert frá henni eða a. m. k. mjög lítið. Þess ber þó að vænta að einhver skriður komist á þessi mál, ekki síst varðandi réttindamál heimavinnandi fólks. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að það heyrist eitthvað frá Alþingi í þessu máli.

Ég fagna því sem fram kom hjá 2. þm. Norðurl. v. að hann er opinn fyrir öllum breytingum á þessum tillögum sem hann telur að gæti orðið samkomulag um eða mundi ná því markmiði sem hann setur hér fram. Ég lýsi því hér yfir að mér er ekki föst í hendi sú leið sem ég legg hér til, ef hægt er að ná samkomulagi um aðra útfærslu á þessu, sem mundi ná því markmiði að tryggja rétt heimavinnandi fólks til lífeyris. Ég endurtek það að ég held að til þurfi að koma útreikningar og álit sérfróðra manna í þessum lífeyrismálum, sem eru flókin, Ég hef t. d. lagt fram till. í allshn. um breytingu í þá veru að Alþingi álykti að fela fjmrh. að beita sér fyrir því að tryggð verði lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Þar yrði það skilið opið eftir með hvaða hætti það yrði gert, en mér finnst algert lágmark að eitthvað í þá veru heyrist frá Alþingi. Ég geri ráð fyrir því að þessar tillögur verði skoðaðar saman í n. Þær hafa sama markmið eins og ég hef sagt.

Þó eru það örfá atriði í till. hv. 2. þm. Norðurl. v. sem ég fæ ekki fyllilega skilið af hverju hann setur fram eins og hann gerir í grg. Af hverju talar hann um húsfreyjur? „Telja verður réttmætt að allar þær húsfreyjur sem þegar eru komnar á eftirlaunaaldur“ o. s. frv. Hann talar ýmist um húsfreyjur eða húsmæður, að það þurfi að tryggja þeim lífeyrisréttindi. Nú geri ég ráð fyrir að hv. 2. þm. Norðurl. v. sé þeirrar skoðunar að fleiri geti gegnt heimilisstörfum en bara konur. Þess vegna fellur mér betur að tala um heimavinnandi fólk en að tala um húsfreyjur eða húsmæður. Við hljótum að vera að sigla inn í einhverja meiri jafnréttistíma en við höfum búið við undanfarið. Um leið og konurnar fara meira út á vinnumarkaðinn, eins og þær hafa gert í sívaxandi mæli á undanförnum árum, hljóta heimilisstörfin að skiptast meira milli karla og kvenna. Ég tel því ekki rétt að við séum að tala um húsfreyjur, sem tryggja þurfi lífeyrisréttindi, heldur eigum við að tala um heimavinnandi fólk.

Eins er það ljóst að sú leið sem hv. þm. Páll Pétursson talar fyrir kostar töluvert miklu meira en sú leið sem ég hef mælt fyrir. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann hafi gert sér grein fyrir þeim kostnaði sem er samfara stofnun lífeyrissjóðs fyrir húsmæður, eins og hann orðar það, og hann orðar það svo að ríkið leggi fram stofn að sjóðnum. Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Ég trúi ekki öðru en hann hafi eitthvað reynt að leggja það niður fyrir sér hvaða kostnaður væri samfara þessari till., ef samþykkt yrði hér á Alþingi, og því skulu það vera mín lokaorð: Hefur hv. þm. gert sér grein fyrir hvað slíkt mundi kosta?

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka jákvæðar undirtektir undir till. mína. Reyndar bjóst ég alltaf við því að henni mundi verða vel tekið. Mér er það sjálfum alveg ljóst að þessi till. er ekki skotheld, það er hægt að hugsa sér einhverja aðra útfærslu en þarna er bent á og ég get vel viðurkennt að henni er í mörgu áfátt. Ég er, eins og ég sagði áðan, opinn fyrir öllum leiðbeiningum til breytinga og er til viðræðna um alls konar breytingar á þessu ef meginhugsunin, eins og hv. þm. Helgi Seljan orðaði það, fær að halda sér.

Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Helga Seljan, að það eru þó nokkrir aðrir en þessar húsfreyjur, sem ég leyfi mér að kalla svo, sem standa utan lífeyrisréttinda. Hann taldi upp nokkra sem undir þann flokk falla. Það er rétt að ef að lögum verður nauðsynleg breyting á Lífeyrissjóði bænda og ákaflega réttmæt lagast hagur húsfreyja í sveit nokkuð. Og það er hópur af fólki sem hefur unnið á eigin vegum, smáatvinnurekendur og menn sem hafa skipt um störf og þess háttar sem ekki eiga viðunandi aðstöðu til lífeyris, og öryrkjar líka. Þetta þarf allt saman að takast til íhugunar. Ég var upphaflega að hugsa um að bera fram till. um það fólk sem ekki hefði nú þegar öðlast réttindi til aðildar að lífeyrissjóðum, en ég óttast að það yrði til þess að drepa málinu um of á dreif og skárra væri þá að byrja á þessum stærsta hópi og reyna að aðlaga hina að kerfinu með einhverjum öðrum hætti. Ég óttaðist að ef allir yrðu teknir leystist þetta upp í endalausar vangaveltur um hverjir væru verðugir og hverjir ekki.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir spurði áðan nokkurra spurninga. Hún spurði m. a. með hvaða krónum ég ætlaðist til að húsfreyjur, sem ekki þægju formlega laun úr hendi neins atvinnurekanda, borguðu

tillag til sjóðsins, eins og ég geri ráð fyrir í till. vegna þess að ég held að það sé ekki raunhæft að ætla ríkissjóði að greiða allt ef ekkert kemur á móti. Það er ósköp falleg og ágæt hugsun og kannske eðlilegt að svona hugmynd komi fram, en ég held að hún sé ekki raunhæf. Ég vil a. m. k. vona að heimavinnandi húsmæður hafi einhver fjárráð, jafnvel þó svo þær þiggi ekki formlega laun. Vafalaust er þröngt í búi hjá einhverjum þeirra, misþröngt þó, en það má kannske segja að með meiri fyrirhyggju gætu þær „forvaltað" þá peninga sem þær hafa með höndum. Ég er alveg viss um að flestar og ég vil vona allar hafi einhver fjárráð. Þá gætu þær tekið þátt í þessu. Ég reikna með því að ríkið þyrfti alltaf eða a. m. k. um einhvern óákveðinn tíma að leggja svona sjóði til fjármagn, en ég held að það sé nauðsynlegt að búast við því að eitthvað komi á móti frá sjóðfélögum.

Hv. 2. landsk. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur flutt mál um gagnkvæman makalífeyri. Það er að mínu viti hugmynd sem vel kemur til skoðunar. Hins vegar sýnist mér að hún nægi ekki nema í sumum tilfellum. Og í sumum tilfellum, þar sem maki hefur verulegan lífeyrisrétt eða góðan lífeyrisrétt, gæti það alveg komið til skoðunar hvort ekki er fullnægjandi lausn að skipta þessum lífeyri. En nú hafa ekki allar húsfreyjur átt maka, ekki maka á lífi, ekki endilega maka með réttindum og svo mætti lengi telja. Og út af fyrir sig er það náttúrlega ekki heldur allsherjarlausn að dreifa réttindunum. En í einhverjum tilfellum getur vel verið að það dugi og það megi koma til íhugunar.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir drap réttilega á mjög mikið vinnuálag útivinnandi húsmæðra. Ég vil ekki gera lítið úr því. Margar konur sem vinna úti á hinum almenna vinnumarkaði gegna nánast tveimur störfum eða a. m. k. hálfu öðru og þeirra byrði er ekki létt og þeirra vinna er mikil. En þó held ég að þær bjargist fremur lífeyrislega séð en þær sem ekki vinna úti og geta jafnvel unnið tvöfalt starf eða hálft annað starf þó á heimilinu sé. Ég er alveg ósammála hv. þm. Sigríði Dúnu að því leyti að mér finnst að það megi ekki einblína á útivinnandi konur og setja þá hinar hjá. Ég vil að útivinnandi konur hafi sinn rétt. En hinar eru tvímælalaust miklu verr settar þó að þær fyrrnefndu fái ekki nákvæmlega það sem þeim kannske bæri eftir strangasta reikningi fyrir sitt vinnuframlag.

Í þessum umr. kom fram mjög réttmæt og eðlileg ábending frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þó að það snerti ekki þetta dagskrármál nema óbeint, um sjúkradagpeninga og örorku. Ég var satt að segja mjög undrandi þegar ég áttaði mig á því, og ég viðurkenni að það er ekki mjög langt síðan, hvernig farið er með konur í örorkumálum ef sambýlismaður eða eiginmaður sleppur yfir þetta ákveðna tekjumark. Ég held að það sé annað atriði sem er algerlega óþolandi. Við getum kannske ekki lagað það undir þessum dagskrárlið, en ég er hjartanlega sammála Jóhönnu um að það er atriði sem þarf að laga. Eins er þetta misræmi með sjúkradagpeninga og því um líkt.

Hv. þm. lá mér nokkuð á hálsi fyrir að tala um húsfreyjur. Það getur vel verið að þetta sé gamaldags hugsanagangur hjá mér og gamaldags málfar að tala um húsfreyjur, en ég hygg að það sé í færri tilfellum sem húsbændur hafi ekki farið út á vinnumarkaðinn og átt fremur möguleika á að afla sér lífeyrissjóðsréttinda.

Ég viðurkenni að ég hef ekki um það nákvæma hugmynd hvað þetta kostar. Mér er alveg ljóst að þarna er um töluvert fé að ræða. Þess vegna held ég að það gangi ekki að ætlast til þess að ríkissjóður reiði það af hendi allt saman til frambúðar. Ég veit ekki einu sinni hvað þær húsfreyjur eru margar sem undir þetta gætu fallið. (Gripið fram í.) Ég ætlaðist til að þeir menn sem settu upp frv. kynntu sér það. En það er vafalaust að þarna er um verulega fjárhæð að ræða. Mér finnst að það sem við verðum að hafa að leiðarljósi, þrátt fyrir að margt af þessu orki einhvers tvímælis, sé það að við getum ekki látið viðgangast lengur, við getum ekki horft þegjandi upp á það og aðgerðalaus að húsmæður, sem leyst hafa sín störf af hendi með mikilli prýði og af hinni mestu snilld og mjög í þágu þjóðfélagsins og gert þetta þjóðfélag ekki síður en aðrir þegnar þess betra, séu settar hjá sjálfsögðum mannréttindum eins og þeim að hafa möguleika á því að eignast nokkurt afkomuöryggi á efri árum. Það má kannske segja að eitt meginkennimark á þjóðfélögum sé það, hvernig það meðhöndlar þá sem hafa lokið sínum starfsdegi. Það er býsna mikill mælikvarði á það á hvaða menningarstigi samfélagið er hvernig það meðhöndlar þá sem borið hafa uppi þjóðfélagið með vinnu sinni í fortíðinni.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. mikið. Ég vil byrja á því að taka undir síðustu orð hv. þm. Páls Pétursson ar. Það segir mikið um hugafar og hugsunarhátt í hverju samfélagi hvernig það samfélag kemur fram við þá sem lokið hafa starfsdegi í þágu þess.

Mig langar aðeins til að drepa hér á þrjú atriði sem hv. þm. minntist á. Það fyrsta var varðandi þá aths. mína að ekki sé hægt að ætlast til þess að þeir sem engin laun þiggja í krónum borgi greiðslur í krónum. Lét hv. þm. þau orð falla, ef ég heyrði rétt, að hann vonaði að heimavinnandi húsmæður hefðu einhver fjárráð og gætu þá tekið þátt í að greiða í þennan sjóð. Það er náttúrlega þetta stóra vandamál fyrir þá sem heimavinnandi eru, spurningin um eignarréttinn á þeim fjárráðum sem heimilið hefur yfir að ráða. Mér finnst það með öllu ófært að réttindi þeirra til lífeyris eigi að vera undir því komin hvort velvilja gætir hjá þeim aðila sem peninganna aflar. Hvað er t. d. með þær konur sem eiga fyrirvinnu sem segist ekki kæra sig um að spandera aurum í slíkan óþarfa eins og lífeyrissjóð? Kannske eru það einmitt þær konur sem þurfa mest á því að halda. Slíkt fyrirkomulag gengur yfirleitt alls ekki upp þegar í húfi eru réttindi og möguleikar á réttindum sem eru jafnmikilvæg og lífeyrisréttindi, eins og ég minntist á hér í upphafi máls míns og hv. þm. í lok síns máls áðan.

Flm. taldi mig einblína of mikið á þær konur sem útivinnandi væru. Ég vil mótmæla þessu. Líklegt er að þær bjargist sem eru bæði útivinnandi og heimavinnandi. Það er alveg rétt. Það er líklegt að þær sem eru hvort tveggja bjargist fremur lífeyrislega heldur en þær sem eingöngu eru heimavinnandi. En spurningin snýst ekki um það hver á í hlut, heldur kannske ekki síður um það hver vinnur störfin, hvaða störf er verið að meta. Spurningin snýst um það að meta ákveðin störf en ekki hver vinnur störfin. Mér finnst sjálfsagt mál að sú kona sem er útivinnandi, vinnur hálft starf með heimavinnu hljóti einhverja viðurkenningu fyrir hið tvöfalda vinnu-

álag sem hún ber. Þær konur sem ekki komast til að vinna fullan vinnudag úti, þótt þær jafnvel þyrftu þess af fjárhagsástæðum heimilisins, njóta þá engrar viðurkenningar fyrir það starf sem þær vinna innan heimilis.

Hv. 2. landsk. þm. hafði eitthvað á móti því orðafari að tala um heimavinnandi húsfreyjur. Ég hef ekkert á móti því og spyr einfaldlega: Því skyldu karlar ekki geta heitið húsfreyjur ef þeir eru heimavinnandi, rétt eins og konur sem gengið hafa í hefðbundin karlastörf hafa tekið sér karlkyns starfsheiti eins og lögfræðingar, smiðir, póstmenn, eitthvað þess háttar? Ég skal ekki hafa þessi orð lengri í bili.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af orðum síðasta ræðumanns. Ég vona að fáar húsfreyjur séu svo óheppnar með maka eða sambýlismenn að þeir séu þeir svíðingar að ómögulegt sé fyrir þær að koma fyrir þá vitinu um það að eftirlaunaréttur þeirra þurfi að vera tryggður með einhverjum hætti. Það getur skeð að það séu einhver undantekningartilfelli og þá mætti hugsa sér að líta á það með einhverju öðru móti.

En að endingu vil ég ekki viðurkenna að kona, sem vinnur á heimili sínu allan daginn, vinni minna eða ómerkilegra starf en aðrir þegnar þjóðfélagsins. Það skulu verða mín lokaorð í þessari umr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Ég vil heldur ekki viðurkenna, hv. þm., að kona, sem vinnur eingöngu heimilisstörf, vinni ómerkilegri störf en aðrar konur. Það er einmitt málið, að meta heimilisstörfin alltaf, sama hversu mörg og fjölbreytileg störf konan annars hefur með höndum. Geri hún eitthvað úti á vinnumarkaðinum, þá sé ekki einungis það metið heldur líka það sem hún gerir heima fyrir.

Hv. þm. vonaði að eiginmenn væru ekki slíkir svíðingar að þeir neiti konum sínum um lífeyrisréttindi. Ég vona það svo sannarlega með hv. þm., en ég treysti því hins vegar ekki. Og ég held að öll löggjöf, sem varðar réttindi einstaklinga, eigi að miðast við þá einstaklinga, þ. e. við konurnar í þessu tilfelli en ekki við eiginmenn þeirra. Annað telst varla löggjöf um þær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjónvarpsefni frá fjarskiptahnöttum, þáltill. 290. mál (þskj. 562). — Ein umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir þáltill. á þskj. 562 um móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum. Ég flyt þessa þáltill. hér í Sþ. ásamt þeim hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og Friðjóni Þórðarsyni. Texti till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum Evrópuþjóða hér á landi, en slíkar sendingar eru þegar hafnar og ná til Íslands."

Það mun hafa verið í aflíðandi febrúarmánuði að þær fréttir bárust á öldum ljósvakans í lok þings Norðurlandaráðs að hæstv. menntmrh. hefði átt viðræður við norska kollega sína um möguleika á því að hefja í sumar tilraunasendingar á dagskrá norska sjónvarpsins hingað til lands með atbeina gervihnattar. Þessar fréttir vöktu allnokkra athygli. Þær undirstrikuðu rækilega þá miklu möguleika og nýju leiðir sem hafa opnast í þessum efnum á undanförnum misserum og árum en sem virðast af einhverjum ástæðum hafa farið fyrir ofan garð hjá okkur Íslendingum, hjá íslenskum sjónvarpsyfirvöldum ekki síður. Hér er um nýtt og merkilegt svið og mikla möguleika að ræða og það er efni þessarar þáltill. að benda á þessa nýlegu þróun og hvetja til þess að við Íslendingar verðum í stakk búnir á næstunni til þess að notfæra okkur þessa nýju tækni til þess að komast í samband við umheiminn ef svo mætti segja á þennan máta.

Út af fyrir sig hygg ég að margir hafi tekið þeirri fregn, sem ég nefndi áðan, í lok Norðurlandaráðsþings með nokkurri ánægju og það jafnvel þó að norska sjónvarpsdagskráin sé e. t. v. ekki rómuð sem skemmtilegasta eða fróðlegasta dagskrá veraldar. En það eru engu að síður nokkur tíðindi að einangrun okkar Íslendinga, ef svo mætti kalla, á þessu sviði yrði á þennan hátt í fyrsta sinn rofin.

Ekki eru nema örfá ár síðan, tvö eða þrjú, að unnt var að hefja hér móttöku sjónvarpsefnis erlendis frá beint með atbeina jarðstöðvarinnar Skyggnis. Allir landsmenn þekkja hve miklar framfarir það hafði í för með sér hvað dagskrárgerð sjónvarpsins varðar, ekki síst á sviði frétta og íþrótta þar sem á ríður að sjónvarpsmyndum sé komið þegar í stað til sjónvarpsáhorfenda.

Á síðustu árum hefur átt sér stað í Evrópu ákaflega merkileg þróun, og að mati flm. þessarar till. er orðið fyllilega tímabært að við Íslendingar gerum okkur grein fyrir því hvaða möguleika, hvaða tækifæri þessi þróun býður upp á, hvað okkur snertir hér á landi. Það er nefnilega þannig að þótt þessum málum hafi verið lítill gaumur gefinn er meira en hálft ár síðan Póst og símamálasamtök Evrópu buðu ýmsum ríkjum Evrópu upp á not af fjarskiptahnetti sínum, svonefndum Eutelsat eins og hann hefur verið nefndur, til þess að senda sjónvarpsdagskrá milli landa. Nú þegar hafa allmargar Evrópuþjóðir hafið sendingar á sjónvarpsdagskrám fyrir atbeina þessa hnattar. Má þar nefna Bretland, Vestur-Þýskaland, Frakkland, Sviss, Holland, Belgíu og Ítalíu. Öll þessi ríki sjónvarpa daglega einhverjum dagskrám sínum — því þær eru vitanlega margar í hverju þessara ríkja — um þennan gervihnött þannig að unnt er að ná þeim víða um Evrópu.

Það kemur í ljós þegar að er gáð að ekkert er því til fyrirstöðu að unnt sé að taka á móti þessum sjónvarpsdagskrám einnig hér á landi í dag. Til þess þarf ekki nema mjög einfaldan móttökubúnað. Reisa þarf móttökuloftnet, svo sem það er kallað, sem yrði tiltölulega mjög lítið mannvirki, þyrfti ekki að vera nema fjögurra metra loftnet. Kostnaðurinn við slíka móttökustöð, sem raunar er lítið nema loftnetið, yrði skv. upplýsingum yfirverkfræðings Pósts og síma ekki nema u. þ. b. 1 millj. kr. Þannig er fjárhagslega og tæknilega séð raunverulega ekkert því til fyrirstöðu að Ísland gangi að þessu leyti inn í sjónvarpsöld Evrópu, ef svo mætti að orði komast.

Ljóst er að slíkt efni gæti íslenska sjónvarpið sent út utan venjulegs dagskrártíma íslenska sjónvarpsins, þ. e.

áður en það hefst á daginn. Það gæti einnig sent út slíkt efni ef svo bæri undir eftir þráðakerfi, svokölluðu kapalkerfi, sem er nokkur nýlunda hér á landi, þó svo að ýmis bæjar- og borgarhverfi hér búi þegar við slík kapalkerfi og einnig ýmis sveitarfélög úti á landi.

Fyrir það efni sem sent yrði um hnött Póst- og símamálasamtaka Evrópu yrði að greiða visst gjald. Það er fyrst og fremst vegna þess höfundarréttar sem þarna er um að ræða. Fyrir efnið yrði að greiða eins og aðra slíka þjónustu. En það gjald er tiltölulega vægt.

Þessi möguleiki liggur þess vegna á borðinu í dag. Það er einmitt þessi sami hnöttur sem Norðmenn ætla sér að nota nú á komandi sumri í tilraunasendingar á sjónvarpsefni til Svalbarða og til borpallanna undan Noregsströndum en það voru þær sendingar sem rætt er um að ná hingað til lands á sumri komanda. Þannig erum við hér í sjálfu sér ekki bundnir við norska sjónvarpið eitt og það er ástæða til þess að undirstrika það. Frá þessum sama fjarskiptahnetti gefst okkur tækifæri á að taka á móti, ef við svo kjósum, sjónvarpsefni frá fjölmörgum Evrópuþjóðum, þ. e. póst og símamálayfirvöld mundu annast móttökuna, íslenska sjónvarpið mundi annast dreifinguna eftir því sem frekar væri þá ákveðið.

Þetta er einn þáttur þessa máls. En í þessu máli eru miklu fleiri möguleikar, miklu fleiri atriði sem vert er að gefa gaum að. Þar er um að ræða sjónvarp frá fjarskiptahnöttum sem eru í þann veg að hefja göngu sína. Þeir eru ekki komnir á loft eins og sjónvarpshnöttur Póst- og símamálastofnunarinnar í Evrópu en þegar á næsta sumri mun verða skotið á loft tveimur fjarskiptahnöttum sem munu hafa í sér fólgnar sjónvarpsrásir og verður hafið að sjónvarpa dagskrám sem nást munu auðveldlega hér á landi.

Munurinn á þessum sjónvarpssendingum og þeirri sem ég var að gera að umræðuefni er sá að þessar sendingar eru að öllu leyti endurgjaldslausar, þ. e. fyrir efnið þarf ekki neitt að greiða. Hér er um nákvæmlega sama hlutinn að ræða og þegar menn stilla útvarpstæki sitt í dag inn á erlendar útvarpsstöðvar. Eins og ég sagði er ekkert því til fyrirstöðu að taka á móti slíkum sendingum hér á landi. Að vísu kostar það móttökuloftnet, misjafnlega stórt að vísu, en þó almennt ekki nema fjögurra til átta metra á hæð eftir því hvar menn búa á landinu.

Fyrsti hnötturinn fer af stað í sept. 1985, á sem sagt eftir rúmt ár. Það er þýska ríkið sem setur þann fjarskiptahnött á sporbaug og þar hefjast sendingar vestur-þýska sjónvarpsins. Tveimur mánuðum seinna fer franskur fjarskiptahnöttur einnig á sporbaug og hefjast sendingar franskra dagskráa. Nokkru seinna fer einnig enskur hnöttur af stað. BBC mun væntanlega eiga aðild að þeim hnetti þó það sé að vísu ekki fyllilega ákveðið. Ef svo verður mun unnt að ná dagskrám BBC hér á landi endurgjaldslaust eða alla vega bresku sjónvarpsefni.

Hér yrði þá um það að ræða að einstaklingar gætu tekið sig saman um byggingu slíks loftnets, eitt hús, ein gata, eitt bæjarhverfi og leitt það efni eftir þræði milli þeirra sem þarna vilja eiga hlut að máli. Í því sambandi væri kannske ástæða til þess að minnast á fyrirsögn á frétt sem kom í Morgunblaðinu í síðustu viku og hljóðaði svo: „Hljómbær setur upp gervihnattaloftnet, hægt að ná 12 rásum um áramót". Þó svo að opinberir aðilar, íslenska sjónvarpið, hafi ekki sinnt þessu í neinum verulegum mæli er því ljóst að einstaklingar eru vakandi í þessu efni. Eins og fram kemur í fréttinni, undirbýr þessi verslun uppsetningu loftnets til móttöku sendinga frá gervihnettinum ECS sem mun raunar vera sami hnötturinn og ég nefndi áðan, þ. e. Eutelsat, sem nú þegar, eins og stendur í fréttinni, endurvarpar sjónvarpsefni á fjórum rásum, breskri, þýskri, franskri og þeirri norsku. Um áramótin verður unnt að velja þar um efni á 12 rásum.

Það er því raunverulega aðeins tímaspursmál hvenær þessi þróun nær hingað til lands og ástæða er til þess að yfirvöld geri ráðstafanir til þess í fyrsta lagi að fylgjast með í þessum efnum og stuðli að því að íslenskir sjónvarpsnotendur eigi þess kost að horfa á slíkt efni sem þeir ekki hafa í dag.

Ástæða er til að nefna síðast en ekki síst hið norræna sjónvarpssamstarf sem átt hefur sér stað nú í allmörg ár og hefur farið fram á vettvangi Norðurlandaráðs og þá fyrst og fremst á vegum menningarnefndar Norðurlandaráðs með þátttöku íslenskra alþm. á liðnum árum. Þar hafa verið uppi miklar bollaleggingar um norrænan sjónvarpshnött, svokallaðan Nordsat. Málið hefur verið mikið skeggrætt en engar ákvarðanir teknar enn. Ef svo færi að ákvarðanir væru teknar á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í febrúar n. k., eftir tæpt ár, um að fara út í þetta fyrirtæki gætu sendingar frá hinum samnorræna sjónvarpshnetti hafist hér 1989—1990. Væri hann þá viðbót við þá möguleika og þær sjónvarpsrásir sem ég hef þegar nefnt. Ástæða er til að gefa því máli mikinn gaum því að segja má að það standi kannske okkur Íslendingum næst að taka hér á landi á móti norrænu efni.

Tillagan gerir ráð fyrir því að ríkisstj. geri sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum Evrópuþjóða hér á landi. Hún bindur sig ekki við neitt eitt land, neitt eitt mál, neinar sérstakar rásir heldur er almenns eðlis.

Þetta mál tengist vitanlega hinu nýja útvarpslagafrv. Það er spurningin um heimildir til þess að sjónvarpa eftir kapalkerfi. Framgangur málsins hlýtur nokkuð að ráðast af því hvernig málum verður skipað í hinum nýju útvarpslögum, hvort sem þau verða samþykkt á þessu þingi eða ekki fyrr en á haustþinginu. Rétt er að undirstrika nauðsyn þess að sendingar á sjónvarpsefni verði frjálsar í kapalkerfum til þeirra notenda sem þar vilja eiga hlut að máli, þó svo að hér sé ekki verið að tala um víðari útfærslu þeirrar hugmyndar.

Þetta er í stuttu máli, herra forseti, meginefni þessarar till. um móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum hér á landi sem ég legg að svo búnu til að verði vísað til nefndar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég sakna þess að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umr. Mér finnst þar nokkuð á skorta því að vissulega hefði verið áhugavert að taka upp umr. með þátttöku hæstv. menntmrh. um þetta efni, enda er það efni virkilega áhugavert sem hér er hreyft og ástæða til þess að ræða.

Fyrir nokkrum vikum þegar hæstv. menntmrh. sat þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi átti hún orðastað við Norðmenn og þar kom í þeirra tali að möguleikar opnuðust til þess að við gætum tekið við tilraunasend-

ingum frá norska sjónvarpinu nú í sumar. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa eindregnum stuðningi mínum við gerðir hæstv. menntmrh. í þessu máli. Mér þótti hún standa þar vel að.

Hins vegar hófust í kjölfar þessara umr. furðuleg orðaskipti manna hér heima þar sem menn töluðu um að hleypa hinum óttalegu Norðmönnum inn í íslenska menningarhelgi og líktu sjónvarpi þeirra við hermannasjónvarp í Keflavík sem góðu heilli var skrúfað niður í fyrir margtlöngu, líklega 11 árum. Mér fannst þessi umr. þeirra sem gagnrýndu gerðir hæstv. menntmrh. í þessu máli mjög óskynsamleg og ósmekkleg og lýsa nokkurri andúð í garð Norðmanna sem áreiðanlega gekk gott eitt til að taka á máli með þeim hætti sem þeir gerðu, og jafnframt andúð á Norðurlandabúum og norrænu samstarfi. Það held ég að hafi verið á miklum misskilningi byggt.

Við eigum að ástunda sem allra best samstarf við Norðurlandaþjóðirnar. Þær eru, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, skyldastar okkur að tungu og menningu og með þeim eigum við frekast samleið í þessari veröld.

Ég hef alla tíð verið mikill áhugamaður um sameiginlegar norrænar sjónvarpssendingar. Því miður hefur það mál dregist á langinn langt úr hófi fram. Umr. hafa staðið í mörg ár og þó er þröskuldur eftir enn. Ég vona þó að hugmyndin verði enn við lýði og málinu verði hrint í framkvæmd með þeim hætti að okkur Íslendingum megi verða gagn að og vona og treysti að á næsta þingi Norðurlandaráðs verði þetta mál tekið föstum og jákvæðum tökum. Ég held að við eigum alls ekki að gera neina tilraun til þess að einangra okkur frá áhrifum frá sjónvarpsefni Evrópuþjóða en ég held hins vegar að við eigum að leggja höfuðáherslu á að efla hið norræna samstarf í þessu sambandi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er að mínu mati hreyft hinu þarfasta máli og máli sem íslensk stjórnvöld hafa verið næsta afskiptalaus um fram til þessa þó að við höfum, eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Norðurl. v., tekið fullan þátt í því samstarfi sem er á döfinni með Norðurlandaþjóðum um þessi efni. En mér finnst mjög hafa á það skort að af hálfu stjórnvalda hér hafi verið mótuð stefna í þessum efnum. Þegar ég tala um að móta stefnu þá á ég við að gera sér hugmyndir um það hvernig við viljum að þessi mál þróist hér, enda eru hér engin smámál á ferðinni.

Ég hef velt því fyrir mér meira og minna öðru hvoru í allan vetur að flytja þáltill. í þá veru að skipuð yrði nefnd hér í líkingu við þær, sem starfa í velflestum eða öllum Norðurlöndunum og sjálfsagt í velflestum löndum Vestur-Evrópu og Norðurlandabúar kalla Mediakommission eða eitthvað í þá veru, til þess að vera ríkisstj. til ráðuneytis og leiðbeiningar og til að móta stefnu í þessum málum. En ég verð að viðurkenna að það hefur vafist mjög fyrir mér hvernig slík nefnd ætti að vera skipuð, hversu fjölmenn hún skyldi vera, hverjir ættu að eiga þar sæti o. s. frv. Ég hef ekki enn komist að niðurstöðu í því efni og er þó enn að baksa við að koma þessu heim og saman. Þarna eru margir valkostir og möguleikar en ég held að við verðum að koma á fót slíkri nefnd, hugsanlega nokkuð fjölmennri, til þess að fjalla um hvernig við viljum beita hinni nýju tækni á fjölmiðlasviðinu, hvernig við viljum beisla þá byltingu sem nú er að verða og hvaða framtíðarstefnu við viljum hafa í þessum efnum.

Varðandi þessa till. sem hér liggur fyrir hef ég þá athugasemd eina við hana að gera að mér finnst nokkuð gæta tilhneigingar til að gera flókið mál um of einfalt. Ég held að þetta mál sé ekki svo einfalt að einfaldlega sé hægt að skora á ríkisstj. að gera sem fyrst ráðstafanir til að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum Evrópuþjóða hér á landi en slíkar sendingar eru þegar hafnar og ná til Íslands. Það er allt saman rétt eins og hér var skilmerkilega og skýrt rakið áðan. En þessi mál eru bara ekki alveg svona einföld.

Í fyrsta lagi koma í sumum tilvikum til greiðslur vegna höfundarréttar, þ. e. um er að ræða efni sem ekki er hægt að taka til sýningar nema með leyfi. Þá vaknar spurningin: Hvernig eiga þær greiðslur að komast til skila? Á að bæta þessu ofan á afnotagjald íslenska sjónvarpsins eða á að senda þetta út með þeim hætti að það þurfi eins konar lykil í hverju sjónvarpstæki sem tekur á móti því til þess að sjá dagskrána og njóta hennar? Á að senda þetta um kapalkerfi sem hér eru engin alvörukapalkerfi heldur löglaust bráðabirgðahrófatildur sem menn hrófluðu upp í ágóðaskyni hér í Reykjavík, sumir hverjir? Annars staðar úti á landi hafa áhugamenn og samtök áhugamanna staðið að þessu. Allt er þetta af miklum vanefnum gert og ekki til neinnar frambúðar.

Það er fleira í þessu sambandi sem sjálfsagt er að athuga. Þeim möguleikum sem við höfum í þessum efnum fer ört fjölgandi eins og hér hefur verið getið. En einhverja stjórn verður að hafa á þessu meðan ekki er tilkomin sú tækni að menn geti valið þetta sjálfir, haft sín eigin litlu loftnet og horft á hverja þá dagskrá sem boðin er. Það er þá væntanlega fyrst og fremst auglýsingasjónvarp sem útgefendum eða sendendum er akkur í að sem flestir sjái. En nú eru komin á markað — og voru m. a. til sýnis á ráðstefnu sem haldin var um norræn sjónvarpsmál um síðustu mánaðamót í Stokkhólmi — loftnet til móttöku á slíkum sendingum, loftnet sem eru lítið eitt stærri en venjulegur matardiskur og kosta ekki neinar fúlgur fjár.

Þegar menn tala um dreifingu og móttöku á svona efni, þá eru í rauninni aðeins þrír möguleikar fyrir hendi. Það er í fyrsta lagi, og þá tel ég það sem ekki er enn komið til sögunnar en verður væntanlega fljótlega, að hver taki á móti þessu fyrir sig með litlu loftneti á sínu húsi. Í öðru lagi er sá möguleiki sem nú er nærtækastur, að notuð sé jarðstöðin Skyggnir til að taka á móti þessu og notað sé dreifikerfi íslenska sjónvarpsins þann tíma sem það er ekki með dagskrá. Þetta liggur auðvitað beint við og er hægt að gera án nokkurs teljandi kostnaðar. Ef ætti að taka á móti þessu og senda hins vegar — það er þriðji kosturinn — á þeim tíma sem íslenska sjónvarpið sýnir sína dagskrá, þá þyrfti tvöföldun á dreifikerfi sjónvarpsins og það er hlutur sem er gersamlega óraunhæft að tala um kostnaðar vegna. Hitt sem hlýtur að koma fyrr eða síðar er að slíku efni verði dreift um kapalkerfi, um boðveitu. Um það hvernig slíkur rekstur yrði er nánast ekkert farið að tala hér. Ég hef alveg ákveðnar skoðanir á því. Svona kerfi eiga að vera í eigu opinberra aðila alveg eins og aðrar kerfislagnir. Og þá er ég ekki endilega að tala um Póst og síma eða ríkið. Ég held að eðlilegast væri að þessi kerfi yrðu í eigu sveitarfélagsins hvert á sínum stað

en síðan hefði sveitarfélagið hins vegar ekki nema að mjög takmörkuðu leyti með það að gera hvernig þetta kerfi væri notað. En kerfið sjálft og rekstur þess, hinn tæknilegi rekstur, ætti að vera í höndum sveitarfélags, ekki einkaaðila.

Nú eru um þetta miklar umræður á Norðurlöndunum. Danir tala t. d. um að leggja kapalkerfi inn á öll heimili í Danmörku. Þá er talað um glertrefjakapal sem valdið hefur byltingu í fjarskiptum. Talið er að slík kapalvæðing eða boðveitubygging í Danmörku muni kosta a. m. k. 40 milljarða danskra kr., þ. e. í kringum 120 milljarða ísl. kr. Þetta er verk sem þarf að vinna auðvitað á nokkuð löngum tíma. Danir eiga hins vegar mikilla iðnaðarhagsmuna að gæta í þessu efni vegna þess að þeir eiga gróinn kapaliðnað, sem Íslendingar hafa mjög skipt við, Nordisk kabel- og trådfabrik heitir það ef ég man rétt, og þetta fyrirtæki hefur náð verulegri leikni í því að framleiða þessa glertrefjaþræði.

Til marks um það hverjar framfarir hafa orðið og hve miklu þessir þræðir afkasta má geta þess að Bellrannsóknarstofurnar í Bandaríkjunum sendu nýlega eftir svona þræði einn milljarð upplýsingaeininga, eða „Bits of data" eins og hér stendur, jafngildi 100 skáldsagna, 100 km leið án þess að til nokkurrar mögnunar þyrfti að koma. Mönnum hefur tekist að framleiða svo tært gler til þessara nota að glerrúða, sem væri 1600 metra þykk, væri fullkomlega glær. Þessir glertrefjaþræðir munu líka spara miklar auðlindir vegna þess að úr einni matskeið hráefnis er hægt að búa til mílulangan þráð. Þessi tækni er ásamt öðru að valda byltingu í öllum fjarskiptum af þessu tagi. Þráður eða kapall af þessu tagi, sem lagður hefur verið milli New York og Washington og er u. þ. b þumlungur að þvermáli, getur flutt 33 þús. símtöl samtímis. En því segi ég þetta að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að fyrr eða síðar munum við koma hér upp slíku kerfi til tvístefnuboðskipta milli heimila og upplýsingamiðstöðva margs konar og til þess að flytja sjónvarpsefni til heimila, til þess að flytja boð frá heimilum. Þess vegna skiptir svo miklu máli að þegar farið verður að tala um þessa hluti að það sé vandað í upphafi og hugsað til framtíðar að svo miklu leyti sem slíkt er hægt í þessum efnum.

En svo að ég víki aftur að hinni beinu móttöku sjónvarpsefnis, þá er alveg ljóst — og það mun gerast hér — að samtök einstaklinga, einstök bæjarfélög munu hafa frumkvæði í þessum efnum og setja upp svona loftnet og hefja móttöku slíks efnis. Ég held að það sé miður heppilegt. Það er enginn að tala um að takmarka þetta en þetta verður að gerast með sæmilega skynsamlegum hætti þannig að ekki sé sóað fé og að framkvæmdir verði sem hagkvæmastar öllum. Þess vegna er brýnt að að þessu verði hugað.

Vikið hefur verið að því sem fram kom í tengslum við þing Norðurlandaráðs í vetur þegar hæstv. menntmrh., sem ég harma mjög að skuli ekki vera viðstaddur þessar umr., átti viðræður við menntmrh. Noregs um möguleika á því að við gætum séð sendingar norska sjónvarpsins. Um þetta er allt gott að segja. Ég held að flestir fagni fleiri valkostum í þessu efni. En hins vegar er það kannske nokkurt álitamál hvort þetta mál hefur borið rétt að, hvort ekki væri eðlilegt að um þetta væri með nokkrum hætti fjallað á Alþingi vegna þess að hér er um stefnumarkandi ákvörðun í mjög veigamiklu máli að ræða.

Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni að ég er ekki viss um að sjónvarpssendingar af þessu tagi geti hafist strax næsta sumar vegna þess að þarna eru ýmis nokkuð flókin og torleyst vandamál sem eftir á að kljást við eins og t. d. greiðslur fyrir höfundarrétt og greiðslur fyrir hið norska sjónvarpsefni í heild. Gjarnan vildi ég geta séð þetta næsta sumar en mér býður í grun að það muni taka nokkuð lengri tíma að leysa öll þau flóknu mál. Sum þeirra skapa nefnilega fordæmi fyrir fyrirhugað sjónvarpssamstarf Norðurlanda og skiptir því miklu hvernig til tekst. Ég vil bara benda á að ekki er víst að þetta gerist allt í einni hendingu.

Svo er líka annað sem er umhugsunarefni í þessu sambandi. Ef þessar sendingar norska sjónvarpsins yrðu hér til ráðstöfunar á þeim tíma sem íslenska sjónvarpið sendir ekki út yrði væntanlega í töluvert ríkum mæli um að ræða barnaefni sem vissulega er ekki of mikið af í íslenska sjónvarpinu. En þá vaknar sú spurning hvort sýna eigi slíkt efni án íslensks texta. Íslenska sjónvarpið hefur fylgt þeirri stefnu að sýna ekkert efni öðruvísi en með íslensku tali eða íslenskum neðanmálstexta. Þetta hefur ekkert verið rætt. Tæknilega held ég að fullkomlega mögulegt sé að setja íslenskan neðanmálstexta á þessar sendingar ef til kemur og ég held að það væri mjög til athugunar.

Hér hefur verið vikið að hinu fyrirhugaða norræna sjónvarpssamstarfi þar sem hlutirnir hafa gengið töluvert miklu hægar og öðruvísi fyrir sig en menn áttu von á. Þetta hefur þróast þann veg að í stað þess að Norðurlöndin fimm stæðu saman að því að setja upp a. m. k. tvo sjónvarpshnetti sem spönnuðu löndin öll þannig að þegar fram liðu stundir gætu allir séð sjónvarpsdagskrá allra landanna, hafa Danir dregið sig út úr þessu samstarfi og eiga einungis áheyrnarfulltrúa í þeim viðræðum sem eiga sér stað. Svíar, sem eiga verulegra iðnaðarhagsmuna að gæta á þessu sviði, hafa verið með í undirbúningi fjarskiptahnött, Telex, sem væntanlega verður sendur upp seint á næsta ári, 1985. Norðmenn og Finnar eiga einnig lítillega aðild að þessum hnetti og þeir eru þar sömuleiðis að vernda sína iðnaðarhagsmuni. Það eru dótturfyrirtæki Saab-bílaverksmiðjanna, Nocia í Finnlandi og fleiri fyrirtæki sem eru þarna aðalþátttakendur.

Um þennan hnött á m. a. að gera tilraun með beint sjónvarp til notenda. En hann gefur aðeins möguleika á þremur sjónvarpsrásum og engin þeirra nær hingað þannig að það mál snertir okkur í rauninni ekki. Áætlaður endingartími þessa hnattar mun vera 7 ár. Hann er hugsaður sem fyrsta skref í þessu norræna kerfi sem vonandi verður að veruleika. Ég held að það skipti ákaflega miklu máli fyrir Norðurlöndin að starfa á þessu sviði, koma á öflugu sjónvarpssamstarfi þar sem þau sameina það besta úr sinni menningu og frambærilegasta á listasviði til þess að vera eins konar menningarlegt mótvægi gegn því efnisflóði sem yfir okkur hellist á næstu árum.

Því er haldið fram að í Evrópu sé skammt í það að framboð sjónvarpsklukkustunda verði 500 þús. klst. á ári þegar allt er reiknað. Samtímis þessu er kvikmyndaframleiðsla í Evrópu — og þá er ég að tala um kvikmyndir í eiginlegum skilningi, ekki sjónvarpsþætti — í kringum 1000 klst. á ári. Þannig erum við búnir að fá þessar feiknalegu umbúðir en minna fer aftur fyrir

innihaldinu. Eins og bandarískir vísindamenn sögðu stundum fyrir fáeinum árum og segja kannske enn: Nú höfum við svarið, en um hvað var eiginlega verið að spyrja? — Hið efnislega, súbjektífa mat á því hvað er gott og hvað er slæmt sjónvarpsefni er vandamál sem ég ætla ekki að fara að ræða hér. Ég hætti mér ekki út á þann hála ís í þessum umr.

Staðreyndin verður sú að framboð mun verða næsta lítt takmarkað á sjónvarpsefni og fólk mun geta valið þar að vild eins og auðvitað er eðlilegt. Ýmsir hafa látið í ljósi ótta um það að menn muni fara einhvers konar stórsvig milli skemmtiprógramma af léttasta tagi. Nú skyldu menn alls ekkert vanmeta skemmtiefni í sjónvarpi, það á fyllilega rétt á sér sem afþreying. Hvers vegna í ósköpunum skyldi fólk, þegar það kemur heim til sín á kvöldin eftir erfiðan dag í vinnunni, endilega þurfa að setjast fyrir framan sjónvarpstækið og fá þar öll heimsins vandamál í hausinn?

Menn skyldu hreint ekki vanmeta það afþreyingarhlutverk sem þessi fjölmiðill hefur og það gildi sem hann hefur sem slíkur. Menn hafa hér á móti einstökum þáttum og hafa þá gjarnan sem dæmi hið ómerkilegasta efni, en oft þó það efni sem mest er á horft skv. skoðanakönnunum. Af hverju er það endilega ómerkilegt sem flestir vilja horfa á? Ég er ekki tilbúinn að taka undir það. Áður fyrr fluttu dagblöðin framhaldssögur sem á sínum tíma voru vinsælar en eru það ekki lengur. Þessir þætti eru bara nútíma framhaldssögur eins og var í blöðunum í gamla daga og gegna alveg sínu hlutverki.

Ég óttast það kannske helst, herra forseti, að hér sé horft á flókið mál með fulleinföldum hætti. En ég legg áherslu á það að við verðum að hefja undirbúning og gera okkur grein fyrir því hvernig við ætlum að bregðast við og gera það með skipulegum hætti. Það er enginn að tala um neins konar einangrun hér eða að koma eigi í veg fyrir að menn geti horft á það efni sem öllum stendur til boða. Ég held í rauninni að slíkt sé ekki framkvæmanlegt og ekki hægt og ætti heldur alls ekki að gera. En við verðum að hafa hönd í bagga með þessari þróun til þess að þetta gerist sæmilega skipulega og að við nýtum þetta okkur til góðs.

Í framhaldi af því sem ég sagði áðan vil ég benda á að þegar þetta framboð eykst jafnmikið og raunin verður getum við litið til þess sem gerst hefur t. d. hjá Dönum og öðrum sem eiga kost á því að horfa á dagskrár annarra landa. Reyndin og niðurstaðan verður sú að allajafna og langmest horfa menn á dagskrár síns eigin lands á sínu eigin máli, það gera langflestir. En það er hiklaust af hinu góða, og á það legg ég ríka áherslu, að valkostir séu rúmir í þessum efnum.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn og meðferð nauðgunarmála, þáltill. 289. mál (þskj. 556). — Fyrri umr.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun og rannsókn á meðferð nauðgunarmála. Till. er á þskj. 556 og hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa fimm manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum."

Flm. auk *mín* eru hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir.

Ofbeldi er birting alls hins versta í mannlegu eðli og nauðgun er ofbeldi af alvarlegsta tagi, enda varða slík brot þyngstu refsingu eða allt að ævilöngu fangelsi. Því til staðfestingar vitna ég í 194. gr. almennra hegningarlaga sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef kvenmanni er þröngvað til holdlegs samræðis með ofbeldi eða frelsissviptingu eða með því að vekja henni ótta um líf, heilbrigði eða velferð hennar sjálfrar eða náinna vandamanna hennar, þá varðar það fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum eða ævilangt. Sömu refsingu skal sá sæta sem kemst yfir kvenmann með því að svipta hana sjálfræði sínu."

Svo sem segir í grg. með þessari till. til þál. teljum við flm. ekki þörf breytinga á hegningarlögunum sjálfum. Hitt er aftur á móti að hörðustu viðurlögum er nánast aldrei beitt. Frá því að rannsóknarlögregla ríkisins hóf starfsemi sína 1. júlí 1977 og til síðustu áramóta, eða á 6 ½ ári, hafa 44 nauðgunarákærur leitt til dóms. Refsingar hafa verið mismunandi en algengasta refsing er fangelsi í 12—18 mánuði. Í tveimur tilvikum af þessum 44 var maður dæmdur fyrir fleiri brot í sama dómi og í einu tilviki var dæmt í þriggja ára fangelsisvist.

Það er svo ein hlið þessara mála hvaða þýðingu slíkir fangelsisdómar hafa. Ég hef nú um nokkurra mánaða skeið safnað úrklippum úr blöðum um ofbeldismál og er það safn óhugnanlegur vitnisburður um ástandið í þessum efnum. Í þessum mánuði sem nú er að líða er m. a. sagt frá því er lögregla var kölluð til vegna háreysti og slagsmála í íbúð í Reykjavík. Maður nokkur vildi komast yfir konu gegn vilja hennar og læsti íbúðinni svo að hún kæmist ekki undan. Konan veitti hins vegar svo harða mótspyrnu að árásarmaðurinn var særður og blóðugur þegar lögreglan frelsaði konuna úr höndum hans, en konan var orðin mjög þrekuð og í taugaáfalli. Í lok fréttarinnar segir svo að árásarmaðurinn hafi tvívegis hlotið 18 mánaða fangelsisdóma fyrir nauðganir.

Enginn vafi er á því að samúð lögreglu og almennings hefur öll verið með konunni sem sagt var frá í nefndri frétt. Hún hefur varist hetjulega við vonlitlar aðstæður. Slíku er hins vegar ekki alltaf að heilsa og er þá brotaþoli í ólíkt verri aðstöðu til að kæra. Margir eru þeirrar skoðunar að sönnunarbyrði brotaþola í nauðgunarmálum sé ankannaleg, því það sé fyrst og fremst konunnar að sanna sakleysi sitt en ekki afbrotamannsins. Þá er atferli brotaþola í nauðgunarmálum bæði í fortíð og meðan á broti stóð dregið fram í sviðsljósið í ríkari mæli en við rannsókn annars konar brota. Má t. d. benda á aðstöðumun konu sem verður fyrir nauðgun og manns sem rændur er á götu úti. Ætli það þætti ekki einkennilegt ef hann væri spurður í þaula um hvort hann hefði veitt viðnám, hvort hann hefði verið ríkmannlega klæddur, hvaða ástæður lægju til þess að hann hefði verið á ferli úti á götu á þessum tíma sólarhrings, hvort hann væri þekktur fyrir að vera örlátur á fé o. s. frv.

Núgildandi hegningarlög eru frá árinu 1940. Í áðurgildandi hegningarlögum frá 1869 var það skilyrði

refsingar fyrir nauðgun að konan sem fyrir slíku varð hefði ekki á sér óorð. Það skilyrði er ekki lengur fyrir hendi, en svo virðist sem enn eimi eftir af þeim viðhorfum sem lágu til grundvallar lögunum frá 1869. Við þurfum ekki að leita lengra en 12 ár aftur í tímann til að finna skýr dæmi um slík viðhorf, en þar á ég við dóm sakadóms Húnavatnssýslu frá 7. júlí 1972. Þar voru fjórir karlmenn ákærðir og fundnir sekir um nauðgun en brotaþoli var 15 ára að aldri. Piltarnir hlutu skilorðsbundinn dóm fyrir afbrot sitt og í dómi sakadóms Húnavatnssýslu kemur mat dómara á atburðum skýrt fram, en þar segir m. a. með leyfi forseta:

„Baksvið þessa nauðgunarmáls er lágt siðgæðismat eða lausung meðal þessara unglinga.“ Á öðrum stað segir: „Vændiskona er því jafnvel varin af lögunum og sé hún prúðasta prestsmaddama.“ Og á enn öðrum stað: „Þannig hafa ákærðu sennilega alls ekki litið á þessa nauðgun er þeir tóku P. í umrætt sinn heldur aðeins einhvern hversdagslegan atburð.“ Og loks segir í þessum makalausa dómi sem vonandi á sér fáar hliðstæður í íslenskri réttarsögu: „Fleiri unglingar komust á bragðið og því fór sem fór.“

Dómurinn er þannig gegnsýrður af umburðarlyndi í garð fjögurra pilta sem neyttu margfalds aflsmunar gegn 15 ára stúlku. Í dómnum kemur einnig fram að kennari brotaþola og héraðslæknir voru fengnir til að meta andlegt ástand stúlkunnar en andlegt ástand sakborninga var ekki metið af sérfræðingi. Þetta var fyrir 12 árum.

Í ritgerð Ásdísar J. Rafnar lögfræðings um afbrotið nauðgun, sem birtist í tímaritinu Úlfljóti 1.—2. tbl. 1980, rekur höfundur nokkur dæmi úr íslenskum dómum varðandi sönnun um hvort um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga sé að ræða, tilraun til þess eða önnur brot. Of langt mál er að rekja þau dæmi hér, en þetta er hin fróðlegasta lesning sem vekur óneitanlega til umhugsunar. Eftir samanburð á forsendum nokkurra dóma segir Ásdís J. Rafnar svo með leyfi forseta:

„Af þessum dómi má ráða að þau atriði sem mestu skipta varðandi sönnun fyrir nauðgunarbroti eru hvort kærandi ber líkamlega áverka, hvernig hugarástand hennar er þegar hún hittir fyrir annað fólk eftir atburðinn, lögreglu, vini etc., hvernig klæðnaði hennar er farið er hún var í er nauðgunin átti að eiga sér stað, hvort vitni hafi orðið að átökum milli aðila eða að hljóðum sem sannað gætu átök þeirra á milli, hvort þær aðfarir sem beitt er við kæranda voru til þess fallnar að vekja henni ótta um stöðu sína, og frásögn hvors aðila er metin af atburðum, þ. e. hvor þykir trúverðugri eða sennilegri eftir atvikum.“

Og Ásdís segir enn fremur: „Eins og áður segir eru nauðgunarmál mjög erfið mál að dæma, þ. e. að því er varðar sönnun um hvort verknaður hefur verið framinn. Hver maður skal talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð og ákæra um nauðgun er mjög alvarleg ákæra, bæði með tilliti til refsimarka 194. gr. almennra hegningarlaga og siðgæðisviðhorfa, og nauðgun er með alvarlegri afbrotum sem hægt er að fremja gegn nokkrum einstaklingi.

Hér að framan tel ég mig hafa að nokkru sýnt fram á sérstöðu þessara mála og enn fremur fram á það að nokkurra breytinga er þörf í því sambandi og þá ekki síst hugarfarsbreytingar gagnvart afbrotinu nauðgun. Það hefur lítið verið til umfjöllunar í skrifum manna, en meðferð nauðgunarmála hér á landi fyrir dómstólunum er samt sem áður á margan hátt gagnrýni verð og er endurskoðunar þörf í þeim efnum.“

Ég vil eindregið benda á þetta tiltekna hefti Úlfljóts, þ. e. 1.—2. tbl. ársins 1980, en auk ítarlegrar umfjöllunar Ásdísar J. Rafnar um afbrotið nauðgun, eðli þess, þolendur nauðgunar, málsmeðferð og niðurstöður dómstóla er þar grein eftir Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing og Þorgerði Benediktsdóttur lögfræðing sem fjallar um þau atriði sem skýra viðhorf til nauðgana og viðbrögð við þeim. Og loks er þar grein byggð á samtali við Arnþrúði Karlsdóttur, þáv. rannsóknarlögreglumann, sem í starfi sínu fékkst talsvert við rannsókn nauðgunarmála.

Þá vil ég vitna hér í Jónatan Þórmundsson prófessor sem fjallar um nauðgunarmál í kennsluriti sínu, Skírlífisbrot, fjölriti útgefnu árið 1981. Ég les kafla sem nefnist Atriði er varða brotaþola, en í þeim kafla koma einmitt fram ýmis þau atriði sem valda sérstöðu nauðgunarmála. Þar segir með leyfi forseta:

„Erfitt er að fjalla sameiginlega um þolendur allra þeirra brota er XXI. og XXII. kafli hegningarlaga taka til. Til þess eru ákvæðin og verndarhagsmunir þeirra of ólíkir. Í XXII. kafla þarf að huga að hverjum brotaflokki um sig.

Brotaþolar skv. 209. gr. og 210. gr. verða oft aðeins óljóst tilgreindir og þáttur þeirra hverfur í skuggann af verknaði hins brotlega. Öðru máli gegnir um nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi kvenna þar sem brotaþoli er glögglega sérgreindur og þáttur hans mjög mikilvægur. Það einkennir m. a. brotaþola skv. 194.—199. gr. hegningarlaga, að þeir geta eingöngu verið konur, svo og að atferli þeirra er dregið fram í dagsljósið við rannsókn mála í ríkari mæli en við rannsókn annarra mála, bæði atferli þeirra fyrir og eftir brotið og meðan á því stóð.

Gerandi réttlætir gjarna brotið fyrir sjálfum sér og öðrum með því að tengja orsakir þess brotaþola og minnka fyrir sér afleiðingar þess. Sjálfrátt eða ósjálfrátt afneitar gerandi ábyrgð sinni með því að skella skuldinni á fórnarlambið. Hann hafði ekki ráðið við hvatir sínar á verknaðarstundinni, þar sem konan hafði eggjað hann og æst upp með lokkandi framkomu eða tilvist sinni einni saman. Skyld þessu er sú réttlæting geranda að brotaþoli hafi með líferni sínu fyrirgert virðingu samfélagsins og sé því nánast réttlaus. Fórnarlambið verðskuldi brotið vegna ögrunar sinnar við siðgæði samfélagsins.

Að sjálfsögðu er hinn brotlegi ekki einn um þessi viðhorf. Þau hefur hann tileinkað sér í samskiptum við aðra í samfélaginu. Þess eru dæmi hér á landi að því sé haldið fram sökunaut til varnar að stúlka hafi verið laus á kostunum fyrir atburðinn eða á eftir, og stúlkan hefur ekki einasta haft lakari sönnunaraðstöðu fyrir vikið heldur hefur hún notið takmarkaðrar samúðar almennings og fjölmiðla.

Gerandi hefur og tilheigingu til að gera lítið úr því tjóni er af háttsemi hans kann að hafa hlotist. Nauðgun eða önnur brot gegn kynfrelsi kvenna eru í huga hans tengdari kynlífi en ofbeldisárás og þannig fremur sett í samband við eitthvað ánægjulegt en sársaukafullt. Getur þetta gengið svo langt að gerendur vitni til þeirrar fáránlegu goðsagnar að allar konur hafi ómeðvitaða löngun til að láta nauðga sér.

Algengast er að skírlífisbrot séu framin af þeim sem þekkir til brotaþola vegna fyrri tengsla eða undanfarandi samskipta í fyrri hjúskap eða sambúð, á vinnustað, í samkvæmi eða á skemmtistað. Að þessu leyti svipar brotunum til líkamsárása. Áhættan er mismunandi eftir aðstæðum. Hún getur aukist á vafasömum stöðum, svo sem úti í skipi eða í samkvæmum eftir dansleiki. Einnig skiptir ástand aðila, annars eða beggja, miklu máli, einkum hvort þeir eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa. Lokkandi framkoma aðila getur aukið hættuna á broti, ef fórnarlambið vill hætta leiknum áður en gerandi hefur fengið vilja sínum framgengt.

Erlendar rannsóknir benda til þess að nauðganir séu oftar fyrir fram undirbúnar eða skipulagðar en áður var haldið. Dæmi slíks má finna í íslenskri réttarframkvæmd en þau virðast þó sjaldgæf enn sem komið er.

Ekki verður fullyrt að þessi brot tengist alltaf neyslu áfengis eða annarra vímugjafa, en það er þó líklega algengast að annaðhvort hinn brotlegi eða fórnarlambið eða báðir aðilar séu undir slíkum áhrifum. Vafasamt er að þáttur áfengis og annarra vímugjafa sé meiri í þessum brotum en öðrum. Þetta hefur þó ekki verið kannað hér á landi svo að mér sé kunnugt.

Kærulíkur skírlífisbrota hafa helst verið kannaðar í sambandi við nauðgun. Fer ekki á milli mála að mikill fjöldi nauðgana kemur aldrei fram í dagsljósið svo að hin dulda brotastarfsemi er allmikil á þessu sviði. Enskar og bandarískar kannanir benda til þess að mikill meiri hluti nauðgunarbrota sé ekki kærður. En hvers vegna kæra konur ekki nauðgun? Til þess geta legið margar ástæður. Vandamenn vilja oft koma í veg fyrir að slík brot komist í hámæli af ótta við þá smán eða önnur óþægindi sem stúlku kunna að vera búin. Brotaþoli vill sjálfur gleyma sem fyrst niðurlægingu sinni í stað þess að auka á hana með kæru og rannsókn. Þá getur aðgerðarleysi brotaþola stafað af hræðslu við reiði foreldra eða maka og stundum jafnvel af ótta við hefndaraðgerðir hins brotlega. Hlífisemi við geranda er einnig algeng ástæða, einkum þegar fyrrverandi maki eða sambýlismaður á í hlut eða þá vinnufélagi, kunningi eða ættingi. Kærulíkur aukast eftir því sem heilsutjón er meira af völdum brotsins. Enn fremur eru kærulíkur meiri ef gerandi er ókunnugur eða útlendingur, svo og ef aldursmunur er verulegur á geranda og verknaðarþola."

Herra forseti. Allir sem ég hef vitnað til og allir sem ég ræddi við meðan ég vann að undirbúningi þessa máls eru ótvírætt þeirrar skoðunar að aðstaða brotaþola í nauðgunarmálum sé á ýmsan hátt sérstæð og verri en brotaþola í annars konar málum. Till. sú til þál. sem ég mæli hér fyrir er tilraun til úrbóta í þeim efnum. Við flm. leggjum til að skipuð verði nefnd er kanni hvernig rannsókn og meðferð nauðgunarmála er háttað og geri tillögur til úrbóta. Lagt er til að í nefndinni eigi sæti fulltrúi Kvennaathvarfs, lögfræðingur, rannsóknarlögreglumaður, læknir og félagsráðgjafi eða sálfræðingur. Eðlilegt og sjálfsagt er að okkar mati að nefndin sé að meiri hluta skipuð konum. Meðal úrbóta sem til greina koma má nefna eftirfarandi:

Lögreglu sé skylt að benda brotaþola á aðstoð Kvennaathvarfs eða einhvers sambærilegs aðila þegar á fyrsta stigi kærumálsins. Brotaþola sé tryggð lögfræðiaðstoð og aðstoð geðlæknis, félagsráðgjafa eða sálfræðings þegar á fyrsta stigi rannsóknar. Læknirinn sem skoðar brotaþola sé kona. Rannsóknarlögreglumaðurinn sem yfirheyrir brotaþola sé kona. Haldin verði námskeið fyrir þá sem aðstoða brotaþola og þá sem annast lögregluranns ókn vegna nauðgunarmála.

Herra forseti. Að lokinni umr. um málið legg ég til að því verði vísað til allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég held að hér sé hreyft réttu og þörfu máli og kann flm. þakkir fyrir að hreyfa því. Ég held að hér sé um atferli að ræða sem sé náttúrlega forkastanlegt. En mér finnst að e. t. v. vanti í þetta umfjöllun um misgerðir gegn börnum sem ég heyrði ekki að hv. 1. flm. fjallaði í ræðu sinni. Það er einn þáttur þessa máls og kannske sá alvarlegasti. Ég vil bara undirstrika það að mér finnst að það megi alls ekki missa sig úr þessari umr.

Mér finnst umhugsunarefni hvort tillgr. er rétt orðuð, en það er smærra atriði og mætti laga í nefnd og ég tel víst að flm. séu samþykkir því. Tillgr. hljóðar svo: „Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa fimm manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum." Þær gefa sér að úrbóta sé þörf og ég er þeim sammála um það. Ég held að þarna sé úrbóta þörf. En þá er þetta ekki rétt orðað. Þá fyndist mér best að stytta leiðina að markinu og skipa fimm manna nefnd til þess að gera tillögur um hvernig úrbæturnar mættu verða. Þetta er óþarflega loðið orðalag, að fara að kanna hvernig háttað sé rannsókn og meðferð nauðgunarmála. Þær gefa sér, og að ég held með réttu, að úrbóta sé þörf og þá eigum við bara að álykta um það að úrbóta se þörf og setja nefnd í málið til þess að vinna verkið.

En sem sagt, ég styð þessa till. og vona að hún nái fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ný tækni í vinnubrögðum á Alþingi, þáltill. 297. mál (þskj. 576). — Ein umr.

Flm (Eiður Guðnason): Herra forseti. Gerist nú áliðið dags og ég skal vera stuttorður, enda hér ekki um langt mál að ræða. Till. sú sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 576 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að láta þegar í stað kanna hvernig hagkvæmast sé að koma við nýrri tækni að því er varðar ræðuritun og skráningu, ritun og vörslu þingskjala."

Skemmst er frá því að segja að á þessu sviði hafa orðið miklar framfarir í vinnutækni núna á örfáum undanförnum árum. Ég held að þegar Alþingi Íslendinga tók upp þann hátt að láta hljóðrita ræður þm. og skrifa þær síðan upp hafi það verið meðal fyrstu þjóðþinga í Evrópu sem notaði þá tækni. Nú ætti Alþingi að bæta um betur og taka upp þá nýju tækni sem er á boðstólum í þessu efni. Tölvutækni er nú öllum tiltæk á heimilum og í fyrirtækjum. Alþingi er býsna stórt fyrirtæki ef þannig er litið á málið og mér finnst satt að segja furðu gegna að menn skuli ekki nota þessa tækni hér til að auðvelda störfin og draga úr pappírsflóðinu sem hér er á öllum borðum og um allan sal. Það

væri einfalt mál og væntanlega mundu þá færri tré falla, náttúruverndarmönnum til óblandinnar gleði.

Það er einfalt mál að beita nútímatækni við skráningu og vörslu þingskjala þannig að þar sé hver hlutur jafn aðgengilegur með mjög einföldum hætti. Ég rak mig á það nú fyrir skömmu — og hef raunar oft gert — þegar ég þurfti að leita að nokkurra ára gamalli till. á sviði landbúnaðarmála. Ég vissi hverjir höfðu flutt hana. Ég vissi ekki nákvæmlega hvaða ár hún hafði verið flutt. Ég vissi hvaða lögum henni væri ætlað að breyta en ég vissi ekki hvernig hún hafði verið skráð í bækur í skjalasafni þingsins þar sem notast er við penna og innbundnar línubækur til þess að skrá þskj. Það tók langan tíma og mikla leit að finna þetta þskj. Ef hér hefði verið í notkun bara einfalt skráningarkerfi, sem hægt er að kaupa á kasettu fyrir tiltölulega lítið, hefði verið hægt að leita að þessari till. eftir sex eða sjö mismunandi leiðum, árið, efnið, flm. o. s. frv. Í rauninni gæti hér orðið um svo stórkostlega hagræðingu að ræða að ég held að menn átti sig hreinlega ekki á því hverju þetta mundi breyta í störfum okkar hér á þinginu.

Nú geri ég mér fyllilega grein fyrir því að í þessu máli verða stigin skref, það verða ekki tekin nein stökk. Það væri tiltölulega mjög einfalt að byrja á því að skrá þskj. í tölvukerfi svo að þau væru aðgengileg þannig. Alþingi hlýtur að hafa ráð á því að gera slíka tilraun. Ótal fyrirtæki, stór og ekki síður smá, hafa tekið þessa nýju tækni í þjónustu sína með ágætum árangri.

Svo má auðvitað hugsa þetta mál lengra. Það má beita þessari tækni til enn meiri og ítarlegri hagræðingar í störfum þingsins. T. d. má hugsa sér að hætt verði að vélrita upp ræður þm. með þeim hætti sem nú er gert heldur verði þetta allt saman sett inn í tölvu og sent síðan beint í prentsmiðjuna þegar menn hafa haft aðstæður til að lesa þetta yfir á tölvuskjá.

Það er á ótrúlega mörgum sviðum í þessu efni sem koma mætti við mikilli einföldun og mikilli hagræðingu. Menn eiga ekkert að vera hræddir við þessa nýju tækni. Menn eiga að taka hana í þjónustu sína og menn eiga að beita henni. Ég efast ekki um að hún getur haft í för með sér mjög verulegan vinnusparnað og hagræðingu. Sá tími kemur að hver þm. hefur tölvuskjá á sinni skrifstofu, getur kallað þar fram ekki aðeins ræður heldur öll þskj., skoðað á skjá og látið tölvuna prenta það sem hann kýs. Ég nefni breytingar á lögum, allar þær endurprentanir sem hér eru settar fram og breytingar. Allt þetta er kjörið til þess að vinna með hinni nýju tækni.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri þó að vissulega mætti um þetta tala langt mál. Það gerast þunnskipaðir þingbekkir enda engin furða, komið langt fram í matmálstíma. En ég þakka samt hæstv. forseta fyrir að koma þessu máli hér að þannig að það megi komast til n. Raunar orkar það nokkuð tvímælis í mínum huga hvort í rauninni er nauðsynlegt að senda þessa till. til n. En í samræmi við þingvenju geri ég till. um það að þegar þessum þætti umr. lýkur fái allshn. Sþ. þetta mál til meðferðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 85. fundur.

Mánudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Sala jarðarinnar Bæjarstæðis í Seyðisfjarðarhreppi, frv. 181. mál (þskj. 681). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. 182. mál (þskj. 682). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:4 atkv. og afgr. til Nd.

Sala jarðarinnar Þjóðólfshaga I, frv. 213. mál (þskj. 683). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. 318. mál (þskj. 643). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á þskj. 643. Frv. samhljóða þessu að undanskildu gildistökuákvæði 9. gr. var lagt fyrir síðasta þing en hlaut eigi afgreiðslu.

Um það mun hafa orðið samkomulag milli forvera míns í starfi fjmrh. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna að nokkrar breytingar yrðu gerðar á lögunum um lífeyrissjóðinn þótt ljóst sé að brýn nauðsyn er að endurskoða lögin í heild sinni.

Frv. það sem hæstv. fráfarandi fjmrh. lagði fram var samið af stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en í þeirri stjórn sitja fulltrúar fjmrh. og launþegasamtakanna. Atriðið sem mestu máli skiptir í þessu sambandi er það ákvæði 1. gr. frv. að ellilífeyrir, örorkulífeyrir og makalífeyrir skuli miðaður við starfshlutfall sjóðfélaga þegar á ævina er litið í heild en ekki þegar hann lætur af störfum eins og nú er. Nú er það svo að maður, sem er búinn að vera í fullu starfi nær allan sinn starfstíma en fer svo í hálft starf seinustu ár ævinnar, fær ekki nema hálfan lífeyri meðan aftur á móti maður, sem hefur verið í hálfu starfi kannske nær alla ævi en fer svo í fullt starf seinustu árin, eða bara seinasta árið, fær fullan lífeyri. Auðvitað sjá allir að þetta er ekki réttlátt og því er hér gert ráð fyrir að miðað sé við starfshlutfallið í heildina tekið. Þetta er meginbreytingin sem í frv. felst, langsamlega veigamesta breytingin. Þetta er sanngirnismál. Vissulega felst í þessu að menn geta ekki lengur notað sér að sveigja hjá anda laganna með því að vera í hálfu starfi mestalla ævi og afla sér svo óskerts lífeyris með fullu starfi á síðustu árunum. Mér sýnist hitt þó mikilsverðara, að menn geti minnkað við sig starf á seinustu starfsárum sínum án þess að þurfa að gjalda fyrir það í lífeyri. Það er það sem opinberir starfsmenn leggja að sjálfsögðu mesta áherslu á.

Ég vil geta hér strax ákvæða til bráðabirgða, en þar segir að þeir sjóðfélagar sem þegar hafa lokið greiðslu iðgjalda í 32 ár og enn eru í starfi eiga rétt á því að kaupa sér lífeyrisrétt vegna hlutastarfs fyrir liðinn tíma sem ekki hafa verið greidd iðgjöld fyrir í samræmi við 4. mgr. 10. gr. Tilkynningar um slík réttindakaup skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1984, ella fellur réttur þessi niður. Ákvæðið til bráðabirgða er breyting frá fyrra frumvarpi.

Margar greinar laganna, er fjalla um bótaákvæði, breytast í samræmi við þær breytingar er ég gat um. Vísa ég til greinargerðar með frv. til nánari skýringar. Sú breyting er gerð skv. 7. gr. frv. að menn njóta verðtryggðs lífeyris eftir að þeir hafa verið 3 ár í störfum hjá ríkissjóði eða ríkisstofnunum. Nú geta menn verið allt að 15 ár í störfum hjá ríkinu án þess að njóta verðtryggðs lífeyris. 7. gr. er því veruleg réttarbót fyrir sjóðfélaga, enda er ekki hægt að sjá nokkra sanngirni í því að menn þurfi að hafa verið 15 ár í starfi hjá ríkinu til þess að njóta verðtryggðs lífeyris. Ég vil þó vekja sérstaka athygli á að sú réttarbót sem hér um ræðir nær ekki að fullu til makalífeyris, enda hafa hugmyndir manna um makalífeyri breyst mjög á síðari árum.

Að lokum vil ég benda á 8. gr. frv. sem er ákaflega mikilvæg grein frá sjónarmiði ríkisins, en þar segir með leyfi forseta:

„Lífeyrissjóður skal ávaxta a. m. k. 40% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist og greiði ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem aðilar eru að sjóðnum skv. 4. gr. laganna, einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 40% af verðtryggðum heildarútlánum."

Hér er sem sagt verið að skuldbinda lífeyrissjóðinn til að ávaxta eigi minna en 40% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Það hefur tíðkast um nokkurra ára skeið að lífeyrissjóðurinn taki á sig þá kvöð að ávaxta hluta af útlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, en með þessu frv. er sú kvöð aukin. Hins vegar er ótvírætt að ekki er þetta lakari ávöxtun en sú að lána sjóðfélögum fé sjóðsins. Þetta er að sjálfsögðu heldur hagstæðari ávöxtun, enda eru verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs með allra hagstæðustu lánakjörum sem tíðkast á markaðinum. Það er hins vegar samdóma álit stjórnarinnar að mæla með því að á þetta verði fallist.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 329. mál (þskj. 684). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 44 frá 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum. Ástæðan til þess að frv. þetta er flutt í framhaldi af ákvörðun um stjórn botnfiskveiða fyrir árið 1984 er að nauðsynlegt þótti að gera ýmsar ráðstafanir í fjárhagsmálum sjávarútvegsins og hafa þau mál áður komið hér til umr. T. d. var allítarlega gerð grein fyrir því máli í frv. til l. um breytingu á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Hins vegar er Fiskveiðasjóði heimilt í lögum að veita lán sem nemur allt að ¾ hlutum kostnaðar eða matsverðs. Ein af forsendum þeirrar skuldbreytingar sem nú er verið að vinna að á vegum Fiskveiðasjóðs er sú að lán megi nema allt að 90% af húftryggingarverðmæti skipanna. Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir því að lánalengingin verði allt upp í 25 ár.

Það mun að sjálfsögðu taka nokkurn tíma að ganga frá málum þessum en Fiskveiðasjóður hefur tekið að sér forustu málsins og er þegar hafin vinna við það fyrir nokkru. Þar er ekki aðeins um lán Fiskveiðasjóðs að ræða heldur hefur sjóðurinn einnig samstarf við aðra aðila eins og Ríkisábyrgðasjóð, Byggðasjóð og bankastofnanir. Gert er ráð fyrir því að kjör þessara skipa verði samræmd eftir því sem nokkur kostur er.

Ég ætla ekki að rekja þá erfiðleika sem steðja að útgerðaraðilum vegna skulda og greiðslubyrðar en ég tel rétt og nauðsynlegt að hv. sjútvn. kalli til þá aðila hjá Fiskveiðasjóði sem vinna nú að þessum málum til að fá sem best yfirlit yfir þá vinnu. Ég tel vart mögulegt að gera viðhlítandi grein fyrir máli þessu í þessari framsögu og tel það eðlilegri vinnubrögð að til þessara aðila verði leitað til þess að nefndin geti gert sér sem best grein fyrir því hvernig mál þetta stendur en það er nú á vinnslustigi.

Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál mun fjalla og langaði þess vegna til að koma til skila tveimur spurningum sem ég tel nauðsynlegt að menn fjalli um, hver svo sem endanleg afstaða þeirra til málsins verður. Það er annars vegar hvernig farið verður með mál einstakra skuldaaðila við Fiskveiðasjóð, þ. e. hvort allir aðilar eru jafnréttháir gagnvart sjóðnum eða ekki þegar til þessara aðgerða kemur. Hins vegar er þessi grundvallarspurning: Eru þessar aðgerðir, sem hér er verið að fara fram á að heimila, virkilega sú úrbót sem vænst er, þ. e. er þetta endanleg lausn á þeim vanda sem verið er að fjalla um eða er þetta bara enn ein bráðabirgðalausnin sem síðan verður að kippa í liðinn innan mjög skamms tíma aftur?

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég tel það af og frá að hér sé um endanlega lausn á vandamálum sjávarútvegsins að ræða. (Gripið fram í.) Jæja, en við erum sjálfsagt sammála um það að þau vandamál verða áreiðanlega til meðferðar á hverju einasta ári. Það hefur verið svo á undangengnum árum. Að vísu hafa komið ár þar sem ekki hafa verið erfiðleikar í sjávarútvegi en flest árin hefur verið við veruleg vandamál að etja og e. t. v. ekkert óeðlilegt svo mikilvæg sem þessi atvinnugrein er í þjóðfélaginu.

Ég vil taka það fram að hér er um almennar reglur að ræða, sem þýðir að aðilar eru jafnir gagnvart þeim reglum sem settar hafa verið. Hins vegar má segja að ekki liggi enn nægilega skýrt fyrir hvað verði um aðila sem skulda mun meira en 90% reglan gerir ráð fyrir. En því miður skulda allnokkur skip töluvert yfir 100% af húftryggingarverðmæti. Þar verða að fara fram samningar og viðkomandi aðilar að setja aðrar tryggingar sem sjóðurinn tekur gildar. Ekki er frágengið hvaða tryggingar verða teknar gildar í því sambandi enda hlýtur að þurfa að meta nokkuð hvert einstakt tilvik þegar svo stendur á. Hins vegar er mikilvægt, og ég legg á það áherslu, að í öllum aðalatriðum gildi þar almennar reglur þannig að ekki sé um mismunun að ræða. Segja má að menn hafi gengið eins langt í þessu og talinn hefur verið kostur. Ekki er talið eðlilegt að lánstími sé lengri í nokkru tilviki en 25 ár. Segja má að það sé sá hámarksendingartími skipa sem hægt er að vonast eftir, sérstaklega að því er varðar skip sem mikið eru notuð. Einnig hefur verið ákveðið að veita vaxtaafslátt á þessu ári, 60%, þ. e. það verða 10% vextir til Fiskveiðasjóðs en síðan verður veittur sérstakur vaxtaafsláttur á árinu 1984 þannig að vextir verða 4% af svokölluðum SDR-lánum. Það má því segja að hér sé gengið eins langt og talið hefur verið fært. En ég vil taka undir það að þar með er ekki nein trygging fyrir því að það leysi öll þau vandamál sem menn eiga við að etja, enda vart hægt að gera ráð fyrir því í okkar þjóðfélagi að hægt sé að leysa öll slík vandamál. Því hlýtur alltaf að verða nokkuð um það að eigendaskipti verði á skipum og nýir aðilar taki við í þeim tilfellum sem fyrri eigendur treysta sér ekki til áframhaldandi reksturs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 24. mál (þskj. 24, n. 484). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Virðulegi forseti. Þetta mál er búið að vera alllengi fyrir þessari hv. deild. Hér er um að ræða staðfestingu brbl. frá í fyrrasumar, en þar segir að í stjórnarsáttmála ríkisstj. séu ákveðnar víðtækar efnahagsráðstafanir og brýna nauðsyn beri til að hrinda þeim í framkvæmd og þar á meðal séu ráðstafanir til að lækka tolla og þar með verðlag á ýmsum nauðsynjavörum heimilanna.

Um þetta mál hefur hv. fjh.- og viðskn. mjög mikið fjallað á liðnum vetri, bæði í sambandi við þetta sérstaka þingmál og tolla- og skattamál í heild, enda hefur hæstv. fjmrh. marglýst því yfir að hann vinni að því eða hans starfsmenn að gera uppskurð, skulum við segja, á þessum tollum og neysluköttum, sem eru í mörgum tilfellum gífurlega háir eins og menn vita.

Nefndin hefur sem sagt aflað sér mjög mikilla upplýsinga um þetta mál og það er enn þá til meðferðar. En allir nm. eru sammála um að mæla með samþykkt þessa

frv., en áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða styðja. Hv. þm. Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar þegar fjallað var um málið og var samþykkur afgreiðslu þess.

Eins og menn sjá er nál. dags. 21. mars 1984 og hefur þess vegna alllengi staðið á því að ég flytti hér framsögu af nefndarinnar hálfu, en það hefur verið án gagnrýni af öðrum nefndarmönnum, og skýringin er ósköp einfaldlega sú, að mikið hefur verið um það rætt að undanförnu að hugsanlega yrðu lagðir á einhverjir nýir neysluskattar í sambandi við gatið margfræga og mér fannst ekki við hæfi að afgreiða þetta mál út úr nefndinni fyrr en það lægi fyrir að ekki yrði dengt á einhverjum nýjum neysluskattinum því að þá hefði vissulega verið ástæða til að huga að brtt. við þetta frv., ákveða miklu meiri lækkun skattanna en er í frv. og jafnvel marga flokka aðra. En við höfum nú fengið af því fréttir góðu heilli að horfið hafi verið frá nýjum neysluskattinum og þess vegna get ég með ánægju lagt til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. 32. mál (þskj. 655). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Húsaleiga, frv. 157. mál (þskj. 227, n. 673). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um húsaleigu, sem fylgir breytingu vísitölu húsnæðiskostnaðar, og leggur einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. 176. mál (þskj. 317, n. 672). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur haft frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 frá 1970, um skipan opinberra framkvæmda, til athugunar. Frv. er komið frá Nd. og leggur nefndin til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 119. mál (þskj. 146). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 86. fundur.

Mánudaginn 30. apríl, að loknum 85. fundi.

Búnaðarbanki Íslands, frv. 332. mál (þskj. 696). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er gert ráð fyrir að bankalöggjöfin verði tekin til endurskoðunar. Jafnframt segir í sömu grein í sáttmálanum að yfirstjórn bankanna verði öll færð undir eitt rn. Það frv. sem hér er flutt er flutt til að framkvæma síðara ákvæðið í umræddri samþykkt stjórnarflokkanna og er gert ráð fyrir að yfirstjórn Búnaðarbanka Íslands verði með því falin viðskrh. í stað landbrh. sem hefur hingað til haft það hlutverk.

Bankamálanefnd, sem unnið hefur að heildarendurskoðun löggjafar um bankakerfið, hefur einnig tekið undir þetta sjónarmið og gert ráð fyrir slíkri breytingu í drögum að frv. um viðskiptabanka sem nefndin hefur skilað viðskrh. Hins vegar er ljóst að ekki vinnst tími til að fá það frv. samþykkt á þessu þingi. Ríkisstj. telur samt mikilvægt að fá strax samþykkt fyrrnefnt stefnuatriði og hefur því ákveðið að flytja tvö frv. um að viðskrh., sem fer með bankamál, skuli einnig fara með þau mál er snerta Búnaðarbankann og Iðnaðarbankann.

Kostirnir við að allir viðskiptabankarnir heyri undir sama ráðh. eru augljósir. Reyndar má segja að önnur skipan mála sé ekki eðlileg. Séu bankarnir undir sama ráðh. tryggir það samræmdari afstöðu stjórnvalda gagnvart bönkunum en verið hefur. Núverandi skipan mála er t. d. af ýmsum talin eiga sinn þátt í örri fjölgun bankaútibúa á undanförnum árum. Þá er þessi breyting til þess fallin að ýta undir þau viðhorf að hver viðskiptabanki skuli sinna atvinnulífinu í heild, en sé ekki bundinn að verulegu leyti af þjónustu við tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunahóp. Þessi viðhorf eru æskileg og í samræmi við tillögur bankamálanefndar.

Með tillögum bankamálanefndar fylgdi bókun um

sameiningu og fækkun viðskiptabanka. Í bókuninni kemur fram að nefndin er sammála um að sameining viðskiptabanka væri til mikilla hagsbóta. Í því sambandi er bent á að sú stækkun banka sem leiða mundi af sameiningu yrði til þess að þjónusta þeirra við atvinnulífið mundi batna, sparnaður í bankarekstri ykist og jafnari dreifing yrði milli banka á útlánum til atvinnuvega svo og á landfræðilegri dreifingu útlána. Þá segir í bókuninni að meiri hl. nefndarinnar sé þeirrar skoðunar að það mundi flýta sameiningu og fækkun viðskiptabanka ef viðskrh. hefði forgöngu um tæknilega útfærslu sameiningar sem leggja mætti fyrir Alþingi í frv.-formi á næsta þingi. Frv. þetta og frv. til l. um breyt. á lögum nr. 113/1951, um Iðnaðarbanka Íslands, tengjast því máli. Frv. til l. um Seðlabanka Íslands, viðskiptabanka og sparisjóði verða hins vegar lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.

Að lokum skal þess getið að Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem starfar á grundvelli laga nr. 45 frá 1971 ásamt síðari breytingum, lýtur nú yfirstjórn landbrh. Frv. þetta gerir ekki ráð fyrir að hér verði breyting á. Á hinn bóginn mun veðdeild Búnaðarbankans, sem starfar skv. lögum nr. 34/1979, falla undir yfirstjórn viðskrh., sbr. aðrar veðdeildir. Leiðir það af orðalagi 1. gr. frv.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki fjalla efnislega um þetta mál á þessu stigi. Út af fyrir sig er hér um býsna eðlilega skipan mála að ræða, að allir bankarnir heyri undir sama ráðh., og það sama meginsjónarmið get ég tekið undir, þó vissulega komi ýmis álitamál þar upp, eins og reyndar kom fram í lok þessarar grg. varðandi Stofnlánadeild landbúnaðarins alveg sérstaklega og sem ég kem nánar að síðar. Eg átta mig hins vegar ekki á því hvað rekur hæstv. ríkisstj. til þess alveg sérstaklega nú með svo miklum hraða að taka Búnaðarbankann undan landbrh. Ég átta mig ekki alveg á því hvaða gífurleg nauðsyn er á því. Ég treysti a. m. k. hæstv. núv. landbrh. ekkert síður en öðrum landbrh. til þess að fara með yfirstjórn Búnaðarbankans svo sem verið hefur, síður en svo, kannske jafnvel betur en sumum öðrum.

Það eru ýmis álitamál sem koma hér upp og það er kannske alveg sérstaklega varðandi Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það segir nefnilega ekkert hér um það á hvern hátt skuli með fara. Mér þykir líklegt að óhjákvæmilegt sé að í tengslum við þetta verði lögum breytt um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það er alveg óhjákvæmilegt, held ég, m. a. varðandi stjórn hennar og tengsl við Búnaðarbankann sem slíkan, alveg sérstaklega um viðskiptaleg og stjórnmálaleg tengsl einnig og ýmislegt sem fer þar fram sameiginlega í dag varðandi starfslið og viðskipti ýmis. I kjölfar þessa máls hlýtur því að þurfa að fylgja ákveðin breyting á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, yfirstjórn hennar og hvernig hún skuli á annan hátt starfa.

Ég nefni viðskiptatengslin alveg sérstaklega vegna þess kannske að það hefur oft komið fyrir að staða stofnlánadeildarinnar hefur verið slík að hún hefur átt í erfiðleikum með það að standa við skuldbindingar sínar gagnvart bændum í lok hvers árs. Þá hefur það oft farið svo að Búnaðarbankinn sem slíkur, vegna þeirra tengsla sem stofnlánadeildin er í við hann, hefur þar hlaupið sérstaklega undir bagga og oft svo að munað hefur mikið um fyrir bændur þá sérstaklega, sem hafa þá fengið sína fyrirgreiðslu miklu fyrr en ella. Hér verður óneitanlega að einhverju leyti höggvið á þannig að sú fyrirgreiðsla verður þá ekki sú hin sama og verið hefur. En ég segi það hins vegar í framhaldi af þessu að vissulega eru fyrir þessu samræmingarrök sem teljast sjálfsögð og vonandi er að það leiði þá í raun til bættrar yfirstjórnar bankamála í landinu. Ekki er ég að vantreysta hæstv. núv. viðskrh. í því efni, en þar er við ramman reip að draga og þyrfti kannske fyrst og fremst að koma böndum á þann sem þar deilir og drottnar, þ. e. yfir Seðlabankann fyrst og fremst, því að menn gera lítið í tengslum við viðskiptabankana ef ekkert er gert með þann yfirbanka allra ríkisstjórna.

Það er sagt í grg., sem ég hef varla haft tíma til að lesa, að núverandi skipan mála sé talin eiga sinn þátt í örri fjölgun bankaútibúa á undanförnum árum. Það kann vel að vera að þessi skipan mála hafi átt sinn þátt í því, en ég dreg í efa að það hafi verið örari fjölgun útibúa t. d. hjá jafnstórum banka og Búnaðarbankanum en hjá öðrum viðskiptabönkum. Mér þætti a. m. k. gaman að heyra rök fyrir því að þar hefði verið um meiri og örari fjölgun útibúa að ræða en hjá öðrum viðskiptabönkum. Ég dreg það stórlega í efa miðað við stærð og umfang þess banka.

Ég legg sem sagt áherslu á að í fyrsta lagi leiði þetta ekki til þess að skyldur Búnaðarbankans við landbúnaðinn verði ekki hinar sömu og verið hafa, m. a. í tengslum við lánamál landbúnaðarins og stofnlánadeildina alveg sérstaklega, og vildi þess vegna spyrja hæstv. forsrh. hvað væri fyrirhugað að gera í beinu framhaldi af þeim slitum sem verða með þessari lagabreytingu milli Búnaðarbankans annars vegar og stofnlánadeildarinnar hins vegar, bæði stjórnunarlega og reyndar viðskiptalega líka. Og í öðru lagi, sem er kannske enn frekari ástæða til þess að spyrja um vegna þess að að því er ýjað einnig í þessu, það er ýjað að sameiningu og fækkun viðskiptabanka, það verði lögð fram frumvörp á næsta þingi eða í upphafi næsta þings, þá væri fróðlegt að spyrja hæstv. forsrh. hvort einhver stefnumörkun væri komin í kjölfar álits bankamálanefndarinnar hjá hæstv. ríkisstj. í þeim efnum og þá kannske alveg sérstaklega hvort það væri ætlun þessarar ríkisstj., sem væri þá út af fyrir sig afreksverk og kannske það eina afreksverk sem hún ynni, að koma betri skikk og skipan á Seðlabankann og hafa betri og virkari yfirstjórn á þeim banka en verið hefur, því miður, á undanförnum árum og áratugum.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég vil fyrst leggja á það áherslu að þetta frv. er ekki flutt vegna þess að annar hæstv. ráðh. sé traustari en hinn. Frv. er flutt til þess að framkvæma það sem kemur skýrt fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Það er flutt nú til þess að sú vinna sem er í gangi og verður í sumar til undirbúnings á flutningi á frumvörpum hér á hinu háa Alþingi verði á einni hendi. Það er fullt samkomulag um það í ríkisstj. að þau vinnubrögð séu skynsamlegri. Ákveðið er að þetta verði gert og því raunar ekki eftir neinu að bíða með breytingu á yfirstjórn bankanna.

Ég tek undir það með hv. þm. að endurskoða þarf

skipan stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ég vek athygli á því að stjórnir annarra atvinnuvegasjóða eru skipaðar með öðrum hætti, eins og t. d. Fiskveiðasjóðs þar sem ekki situr bankaráð neins banka. Í stofnlánadeild er það hins vegar svo. Eðlilegt er að þessu verði breytt.

Ég tel mikilvægt að fleiri bankar en Búnaðarbankinn veiti aðstoð þegar stofnlánadeild þarf á henni að halda. Ég vek athygli á að Landsbankinn lánar mjög svipað til landbúnaðarins og Búnaðarbankinn, kannske örlítið minna þó, og því er ekkert óeðlilegt að sá banki veiti einnig aðstoð þegar slíkt er nauðsynlegt. Ég get því fullvissað hv. þm. um að þetta verður jafnframt til athugunar við þá endurskoðun sem nú er á döfinni.

Hv. þm. spurði um áætlanir um sameiningu bankanna. Athugun er ekki lokið. Ég er hins vegar sannfærður um að það verður eitt af miklum afrekum þessarar ríkisstj., en hvernig það verður gert skal ég ekki fullyrða á þessari stundu því að vanda skal það sem lengi á að standa.

Það þarf meira að gera en sameina bankana. Einnig er nauðsynleg tilfærsla á verkefnum á milli bankanna. Ég vek athygli á að fyrri hugmyndir um sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka eru alls ekki í dag studdar sömu rökum og þegar þetta var á dagskrá fyrir nokkrum árum. Í framhaldi af því var töluvert af verkefnum flutt frá Útvegsbanka til Landsbanka og þungi sjávarútvegsins á Útvegsbankanum nokkuð minnkaður þó að ekki væri það mikið. Þetta þarf því að skoðast mjög vandlega. Ég hygg að vart verði hægt að tala um sameiningu ákveðinna tveggja banka heldur tilfærslu verkefna á milli banka. Þetta er nú, eins og hefur komið fram og kom fram í því sem ég sagði áðan, í undirbúningi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 331. mál (þskj. 695). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Í framsögu fyrir þessu frv. get ég látið nægja að vísa til framsögu fyrir frv. um Búnaðarbanka Íslands. Rökin eru þau hin sömu að færa bankana undir eina yfirstjórn. Skal ég ekki hafa um það fleiri orð, en legg til að frv. þessu verði eins og því fyrra vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 317. mál (þskj. 627). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 627 að flytja lítið frv. ásamt þeim hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur og Karli Steinari Guðnasyni. 1. gr. frv. hljóðar svo:

„Þó skal heimilt að fella niður að fullu tolla og aðflutningsgjöld af allt að 40 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið.“

Þetta er í 3. mgr. 27. tölul. 3. gr. laga frá 1981, um tollskrá.

Í grg. með þessu frv. segir svo:

Í núgildandi lögum eru heimildir til að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum árlega fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækja. Þar er miðað við ákveðna hámarksupphæð niðurfellingar, þ. e. allt að 24 þús. kr., sem gilti í samþykkt Alþingis 8. apríl 1981. Lögin gerðu ráð fyrir breytingum skv. framfærsluvísitölu og er niðurfellingin nú 66 þús. kr.

Þetta er hin almenna heimild. Sérstök heimild er svo fyrir tvöfaldri þessari niðurfellingu til þeirra öryrkja sem verst eru staddir en geta þó ekið sérstaklega útbúinni bifreið. Sú heimild er bundin við allt að 40 bifreiðir árlega af heildartölunni 550 og er nú í niðurfellingu samtals 132 þús. kr. að hámarki.

Þessi upphæð er hverfandi miðað við það hversu stórar og um leið dýrar bifreiðar þessir aðilar þurfa að kaupa, annars vegar vegna hjólastóla sinna, sem þeir þurfa að koma í þessar bifreiðar með þægilegum hætti, og hins vegar vegna margháttaðs aukabúnaðar eða almennt vandaðri búnaðar en gengur og gerist. Þessir aðilar, sem niðurfellingar njóta skv. hinni sérstöku heimild, þ. e. 132 þús. kr., eru í raun bundnir kaupum á bifreiðum sem skv. upplýsingum frá Öryrkjabandalaginu kosta frá 500—700 þús. kr. þegar allt er meðtalið og jafnvel meira. Allir vita hve aðflutningsgjöld og tollar eru stór hluti af verði bifreiða og skv. þessu frv. yrði því um verulega bót að ræða fyrir þessa verst settu öryrkja sem þó eiga möguleika á að komast allra sinna ferða í bifreið ef nógu vel er að öllu búið.

Flm. eru þó tilbúnir til þess að skoða allar leiðir til að auka þessa niðurfellingu þótt ekki yrði að fullu.

Hitt er augljóst að miðað við almennt verð bifreiða og möguleika þeirra rúmlega 500 aðila, sem árlega fá hina lægri heimild, til þess að fá ódýrari bifreiðir, þá er hlutfallsleg staða þeirra mun betri en hinna sem mest þurfa á að halda þó að þar sé ekki verið að reikna með neinni ofrausn heldur.

Ég vil í örfáum orðum greina fyrir hönd okkar flm. frá röksemdum þessa frekar en í grg. stendur þó að það þurfi ekki mörg orð um þetta frv.

Tilefni þess er málaleitan frá nokkrum þeirra öryrkja sem þurfa á þeim bifreiðum að halda sem þetta frv. tekur til. Ég veit að þeir aðilar hafa leitað til stjórnvalda um þetta og fengið þar býsna góð svör, að ég hygg, um að á þessum málum verði tekið og vitnað til þess að tollskráin sé nú í allsherjarendurskoðun eins og hefur verið tekið fram hér á þingi í vetur.

Flm. er fullljóst að það er nokkur vandi í kringum þetta mál svo sem önnur mál er varða tollskrána og alveg sérstaklega þá sem standa að þeirri endurskoðun. Stjórnarsinnar, sem fylgjast með framvindu mála, vilja eflaust fara að öllu með gát, en ég þykist þess þó fullviss að bæði hæstv. fjmrh. og hv. stjórnarsinnar líti nokkuð öðrum augum á þetta afmarkaða mál en ýmis önnur

sem eflaust koma til athugunar við þessa endurskoðun. Ég get ekki stillt mig um að nefna í því sambandi að hæstv. núv. fjmrh. var á sínum tíma mikill hvatamaður þess að þessum lögum var á sínum tíma breytt í meðferð Nd. til hagsbóta fyrir báða aðila, bæði varðandi hina almennu heimild og ekki síður fyrir hina verst settu öryrkja um leið.

Ég vil hins vegar benda á að þessi heimild, sem er bundin við 40 bifreiðir, hefur hvergi nærri verið fullnýtt núna á síðustu árum. Ég hygg að nýtingin hafi hæst komist upp í 25—26 bifreiðir og allt niður í 20 bifreiðir árlega sem þessi hærri heimild hefði verið bundin við. Ég held að það sé rétt, sem öryrkjar hafa bent mér á, að ástæðan sé einfaldlega sú hversu dýrir þessir bílar eru og niðurfellingin því vart nægilegur hvati eða nægileg hjálp þó að þetta sé óneitanlega talsverð upphæð alveg sérstaklega í ljósi almenns bifreiðaverðs, en eins og í grg. frv. segir er hlutfall sem niðurfelling gjalds af þessum bifreiðum verst settu öryrkjanna í raun og veru mun minna en hinna sem hafa tök á að kaupa ódýrari bifreiðir, meira en helmingi ódýrari þegar aukabúnaður og vandaðri búnaðir í þessa bíla eru teknir með í reikninginn. Ég bið því hv. fjh.- og viðskn. að athuga þessa hlið alveg sérstaklega því að ég veit að allir vilja hlut verst settu öryrkjanna og hjólastólafólksins, sem getur ekið bifreið með góðum búnaði, sem bestan. Ég tek það enn fram að full niðurfelling er ekkert skilyrði, síður en svo, af hálfu okkar flm. Öll leiðrétting er af hinu góða og þetta fólk munar þar um.

Einhver kynni að segja að nær hefði 1. flm. verið að fá þá leiðréttingu, sem hér er farið fram á, í tíð fyrri ríkisstj. þegar hann átti þar aðild að. Ég get alveg tekið undir það, en ég hafði þá hreinlega ekki áttað mig á hversu hin tvöfalda niðurfelling kemur út í raun fyrr en athygli mín var vakin á þessu af þeim sem gleggst þekkja til af eigin raun. Þeir vöktu sem sagt einmitt athygli mína á því vandamáli nú á dögunum sem þeir og aðrir illa settir öryrkjar stæðu andspænis og eins því ósamræmi sem ríkir í raun milli þeirra og þess hóps manna sem gæti valið sér ódýrari bifreiðir en fengi hálfa eftirgjöf á við þá.

Ég er sjálfsagt ekki einn um þetta því að ég hygg að flestir alþm. hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað dýrar bifreiðir hjólastólafólkið þarf, hversu dýrum bifreiðum þeir þurfa á að halda sem eru bundnir við hjólastól. Ég efast stórlega um það, a. m. k. koma þessar tölur mér mjög á óvart og er ég þó vel kunnugur stórum hópi þessa fólks.

Varðandi endurskoðun tollskrárinnar, sem ég vék að áðan, hefur það heyrst að hér muni jafnvel verða gerbreyting á hvað varðar öryrkjabifreiðir. Ég veit ekki hversu þessari endurskoðun er langt komið, en af því að hæstv. fjmrh. hefur verið sérstakur áhugamaður um þessi mál væri kannske ráð að spyrja hann nú að því hvort í þeirri endurskoðun væri eitthvað um að gagnger breyting yrði á varðandi niðurfellingu gjalda af þessum bifreiðum og jafnvel yrði fellt inn í tryggingakerfið sérstaklega að styrkja og styðja öryrkja til bifreiðakaupa með einhverjum hætti. Þetta segi ég vegna þess að þessar raddir hafa heyrst frá þeim aðilum sem hafa verið að endurskoða lögin um tollskrána. Það kann vel að vera að þarna sé hægt að finna heppilegri leið og betri til lausnar þessu. Um það hljótum við hins vegar að vera sammála að í mörgu er einmitt þessi aðferð með niðurfellingu gjalda á þennan hátt eðlileg og réttlát og alveg sérstaklega miðað við það sem við höfum nú alltaf í huga varðandi hina almennu heimild, a. m. k. að misnotkunarhætta er miklu minni með þessari aðferð, en ef menn fara að setja þetta með einhverjum hætti inn í tryggingakerfið. Ég er alveg sannfærður um að misnotkunarhættan er minnst með þessari aðferð sem hér um ræðir.

Þessu litla frv. vil ég svo mega vísa til nefndar með þeirri frómu ósk að það fái þar góða og milda meðhöndlan og ef vera mætti ekki síður að hæstv. fjmrh. vildi kannske leggja hér orð í belg um það hvað hann hefði í huga í þessu efni, sem svo sannarlega hefur verið áhugamál hans og ég dreg ekkert úr að hann hefur þar mörgu góðu til leiðar komið. Væri þá ágætt að hann gæfi nefndinni annaðhvort veganesti um það hvernig með skyldi fara í sambandi við þetta mál eða þá upplýsa okkur hér í deildinni um hvort hann hefði önnur áform á prjónunum sem yrðu til leiðréttingar þessa máls.

Ég vil svo leyfa mér, virðulegi forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frv. — litla frv. eins og hv. 1. flm., 2. þm. Austurl., tók til orða. Þetta er ekki lítið frv. Þetta er mjög stórt mál fyrir sem betur fer tiltölulega fámennan hóp. Á sínum tíma flutti ég hliðstætt frv., en kom því ekki í gegn á þann hátt sem ég hefði óskað. Þá átti ég mikil samskipti við þessa aðila. Eftir að ég varð ráðh. hafa þeir haft samband við mig og ég átt með þeim fund. Ég hef reynt að leysa þetta mál í rn., en skort heimildir til að afgreiða málið. Ég hef því ekkert annað um þetta mál að segja en að ég fagna framlagningu þessa frv. og legg að sjálfsögðu til að það verði samþykkt. Ég vona að það svari öllum þeim spurningum sem til mín var beint.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 77. fundur.

Mánudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Sóknargjöld, frv. 320. mál (þskj. 651). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þar sem frv. þetta felur í sér nýja skattheimtu tel ég eðlilegt að því sé vísað til fjh.- og viðskn. Ég geri það hér með að till. minni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég var að vísu ekki við fundarstjórn hér þegar þetta mál kom fram og umr. lauk, en till. ráðh. mun hafa verið um að vísa þessu máli til allshn. Nú hefur komið hér fram till. um að málinu

verði vísað til fjh.- og viðskn. Samkv. venju ber ég fyrr upp till. ráðh. um að málinu verði vísað til allshn.

Frv. vísað til allshn. með 17:8 atkv.

Lán vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180, n. 634 og 648). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:9 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Málflytjendur, frv. 250. mál (þskj. 452). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 293. mál (þskj. 569). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 298. mál (þskj. 577). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. 256. mál (þskj. 677 (sbr. 473)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:1 atkv. og afgr. til Ed.

Vörumerki, frv. 201. mál (þskj. 358, n. 671). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. sem fjallað hefur um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47 frá 2. maí 1968 um vörumerki. Nefndin hefur rætt frv. þetta og athugað og leggur til að það verði samþykkt án nokkurra breytinga.

Undir þetta nál. rita auk mín hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson og Guðmundur Einarsson en fjarverandi afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Stefán Guðmundsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Einkaleyfi, frv. 202. mál (þskj. 359, n. 670). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Allshn. hefur skilað nál. á þskj. 670. Nefndin hefur skoðað frv. og rætt það á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt svo sem það hér liggur fyrir.

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson og Guðmundur Einarsson. Þrír nefndarmanna voru fjarstaddir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. 251. mál (þskj. 614, n. 687). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. sem gerði lítils háttar breytingar á því. Heilbr.- og trn. Nd., sem hefur haft málið til meðferðar, fellst á þær breytingar og mælir með samþykkt frv. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Ónæmisaðgerðir, frv. 273. mál (þskj. 524, n. 686). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. er einnig komið frá Ed. og fór í gegnum Ed. án þess að nokkrar breytingar væru gerðar á því. Það var hins vegar vandlega skoðað og fengnir aðilar til þess að meta áhrif þess. Nauðsynlegt er að koma þessum breytingum fram og eftir að hafa skoðað málið mælir heilbr.- og trn. Nd. með að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 40. mál (þskj. 41, n. 675, 676). — 2. umr.

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Það er 40. mál. Efnislega gerir frv. ráð fyrir þeirri breytingu að fasteignagjöld af sumarbústaðalóðum og mannvirkjum á þeim lækki úr 1% af fasteignamati í ¼%. Nefndin hefur rætt frv. og kynnt sér viðhorf sumarbústaðaeigenda og sveitarstjórna. Nefndin varð sammála um að rétt væri að lækka fasteignaskatt af sumarbústöðum úr 1% af fasteignamati lóða og mannvirkja í ½%. Fyrir því hefur nefndin sameiginlega flutt brtt. á þskj. 676 þar sem ráð er fyrir því gert að fasteignaskattur af sumarbústaðalóðum og mannvirkjum á þeim lækki með þessum hætti. Nefndin mælir með því að þannig breytt verði frv. samþykkt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Sem 1. flm. þess frv., sem hér er verið að mæla fyrir breytingu á og samþykkt brtt., vil ég lýsa yfir fyrir mína hönd að mér finnst hér vera náð fram sanngjörnum áfanga í þessu máli. Ég leyfi mér að þakka hv. nefnd deildarinnar fyrir að hafa náð samstöðu um þessa breytingu. Ég mun greiða henni atkv.

ATKVGR.

Brtt. 676 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Jöfn staða kvenna og karla, frv. 243. mál (þskj. 431). — Frh. 1. umr.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil svara hæstv. félmrh. með nokkrum orðum vegna athugasemda hans hér á þingi þann 25. apríl s. l. í umr. um frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hæstv. ráðh. segir, með leyfi forseta:

„Þar kemur m. a. fram skýring á 1. gr. frv. sem aðallega hefur verið gagnrýnd. Hér hefur verið fellt út úr frv. endurskoðunarnefndarinnar, eftir að búið er að taka fram í aðalgrein frv. að tilgangur laganna sé að „koma á" jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum, að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði."

Ráðh. segir enn fremur, með leyfi forseta:

„1. mgr. 1. gr. stjfrv. og frv. stjórnarandstöðuþingmanna hljóðar svo:

„Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum aldri." Er hægt að kveða skýrar að orði um vilja til að koma á jafnrétti í jafnréttislögum? Ég er þess fullviss að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga, sem leggur til grundvallar vestrænan skilning á hugtakinu jafnrétti, mundi svara þessari spurningu neitandi. Endurskoðunarnefndin og nokkrir stjórnarandstöðuþingmenn, sem hafa látið teyma sig blindandi í þessu máli, telja þetta ekki fullnægjandi. Þessir aðilar virðast vera þeirrar skoðunar að í jafnréttislögum þurfi endilega að taka fram að sérstaklega skuli bæta stöðu annars aðilans umfram hinn. M. ö. o., hér er á ferðinni sú tegund jafnréttishugmynda sem byggir á því að allir séu jafnir en sumir séu jafnari en aðrir."

En hæstv. félmrh.: Til hvers er verið að setja lög um jafnrétti? Hver er að knýja á? Á hvern hallar? Hver hefur ekki jafnan rétt? Hver hefur minni menntun, lægri laun? Hver á ógreiðari aðgang að stefnumótun þess samfélags sem við búum í? Hverjir vinna ⅔ hluta allra vinnustunda sem unnar eru í heiminum en fá 1/10 hluta af þeim launum sem greidd eru og eiga minna en 1% af eignum jarðarinnar? Hæstv. félmrh.: Það eru konur. Þess vegna þarf að kveða sérstaklega á um leiðir til að bæta hag kvenna. Hvað varðar refsiákvæði voru það ekki mín orð að refsiákvæði væru engin heldur sagði ég, með leyfi forseta: „Möguleikar til að beita refsiákvæðum og viðurlögum vegna brota á jafnréttislögum hafa verið rýrðir og þar með verksvið Jafnréttisráðs."

Ég sagði enn fremur: „Æskilegast væri ef jafnrétti mætti koma á með jákvæðu hugarfari og án refsingar. Hér er þó verið að setja lög til að vernda réttindi og reynslan sýnir að lög verða oft áhrifalítil ef ekki eru nein viðurlög við broti." Þá tók ég dæmi um lög um notkun bílbelta sem ég ætla ekki að vitna í frekar nú. Annað er það að trúlegt er að fræðsla sé mun notadrýgri til þess að knýja fram þá hugarfarsbyltingu sem er nauðsynlegur jarðvegur fyrir jafnrétti kvenna og karla. Þess vegna teldi ég það brýnt að hafa betri ákvæði um fræðslu og hvernig ætti að framkvæma hana í báðum frv. Enn fremur að Alþingi þyrfti að styðja allar þær aðgerðir aðrar sem auðvelda það að jafnrétti kynjanna komist á í raun. T. d. er svo um bætta félagslega þjónustu á ýmsum sviðum sem tekur tillit til þarfa fjölskyldunnar og þar með kvenna.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur hér á Alþingi lagt fram og mælt fyrir frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Réttnefni þessa frv. væri og ætti að vera frv. til l. um staðfestingu á óbreyttu ástandi í jafnréttismálum kynjanna. Ég skal ekki draga í efa góða meiningu hæstv. ráðh., en góð meining er bara ekki nóg til þess að jafna stöðu kvenna og karla í þjóðfélaginu. Ég vil leyfa mér að segja um þetta frv. að það er ekki pappírsins virði í jafnréttisbaráttunni. Frv. er pappírsgagn og mun engu breyta í jafnréttismálum á Íslandi.

Það lýsir litlum skilningi á jafnréttisbaráttunni og ber

ekki vott um að að baki búi söguleg þekking á hinni þrotlausu baráttu sem konur hafa þurft að heyja í gegnum árin með sorglega litlum árangri að leggja fram slíkt frv. Af þeim sögulega bakgrunni ættu stjórnvöld að geta dregið réttar ályktanir og út frá því lagt fram raunhæfar tillögur, sem vænta má árangurs af, ef einhver alvara lægi að baki að breyta þeirri stöðu sem er í jafnréttismálum kynjanna hér á landi.

Af öllum þeim lögum og ályktunum sem um nokkra áratugi hafa verið samþykkt hér á hv. Alþingi ættu stjórnvöld að skilja að það frv. sem nú er lagt fram er gersamlega gagnslaust og mun engu breyta. Reynslan sýnir ótvírætt að það duga ekki almennt orðuð ákvæði í lögum til að ná fram raunverulegu jafnrétti kynjanna. Þau eru einskis virði. Það þarf að gera markvissa og róttæka breytingu á jafnréttislögunum til að vænta megi árangurs, til að sýna að stjórnvöldum sé það alvara að ætla að vinna að jafnrétti kynjanna. Ég veit satt að segja ekki hvaða tilgangi það frv. sem hér er lagt fram þjónar. Ég held að stjórnvöld ættu að skilja að gegnum slíkt sýndarmennskufrv. er auðvelt að greina hvað lítið býr að baki.

Þetta frv., eins og það er lagt fram, er lítilsvirðing við jafnréttisbaráttuna og ætti í raun að vísa því frá sem slíku. Af og til á liðnum árum, þegar hávær umræða hefur orðið um stöðu kvenna og réttindaleysi þeirra í þjóðfélaginu, hefur verið skipuð nefnd til að kanna málið. Síðan er samþykkt þáltill., eða fleygt inn á Alþingi frv., eingöngu í þeim tilgangi að sýnast og til að lægja þær öldur sem risið hafa í þjóðfélaginu og kröfur um úrbætur. Þetta frv. er af þeim toga og kannske sérstakt fyrir það að blekkingin í því er svo augljós að það vekur furðu að hæstv. félmrh. skuli hafa geð í sér til að mæla fyrir slíku frv. Ég sagði að það þyrfti róttækar breytingar til að ná árangri. Eða heldur einhver því fram að annað dugi þegar litið er á sögu jafnréttisbaráttunnar undanfarna áratugi? Því til staðfestingar skal ég í örfáum orðum rifja upp nokkur af þeim frv. og þáltill. og fleiru sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi og samþykkt í jafnréttismálum. Svo geta hv. þm. borið saman árangurinn og stöðu mála í dag og velt fyrir sér hvaða tilgangi þetta marklausa plagg hæstv. félmrh. þjónar.

Eftir því sem næst verður komist er það fyrst árið 1948 sem frv. er lagt fram á Alþingi sem lýtur að því að uppræta það launamisrétti kynjanna sem upphaflega var á vinnumarkaðinum og fram kom í mismun á launatöxtum kynjanna. Í ár og áratugi höfðu konur þá haft forgöngu um að ná fram launajafnrétti með eðlilegum hætti á vinnumarkaðinum án íhlutunar löggjafans. Árið 1953 er frv. um launajafnrétti kynjanna lagt fram á nýjan leik, síðan 1954 og loks árið 1961 er lagt fram það frv. sem að lögum varð, um að launajafnrétti skyldi nást fram í áföngum á sex árum. Áður hafði orðið að lögum frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem m. a. kvað á um að konur og karlar hjá hinu opinbera skyldu hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.

Af þessari upptalningu má sjá að um 20 ár líða frá því að málinu er fyrst hreyft á Alþingi þar til löggjafinn sér ástæðu til að taka af skarið og samþykkja lög sem kveða á um launajafnrétti kynjanna. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að þau lög voru sett, sem að fullu komu til framkvæmda 1967, hafa síðan verið sett lög um Jafnlaunaráð frá 1973, fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf og lög um jafnrétti kvenna og karla frá 1976. Árið 1980 er síðan samþykkt þáltill. um úttekt á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, en nokkrir liðir hennar fjölluðu um launakjör kvenna og karla sérstaklega. Og hver er staðan í dag eftir öll þau lög sem samþykkt hafa verið, allar þáltill. og aðrar samþykktir? Um þá stöðu mætti auðvitað hafa mörg orð og leggja fram óteljandi rök því til staðfestingar að enn er langt í land að jafnrétti sé náð. Og það er furðulegt, sem fram kom í máli hæstv. félmrh. í síðustu viku, miðað við hvað langan tíma þetta virðist taka og lítið virðist þokast, að ekki er talin ástæða til að taka það fram í jafnréttislögum að sérstaklega skuli bæta stöðu annars kynsins.

Eins og allir vita ríkir enn mikill launamismunur og misrétti milli kvenna og karla. Örfá dæmi skal ég nefna því til staðfestingar. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í bækling sem gefinn hefur verið út af framkvæmdanefnd um launamál kvenna. Þar segir m. a.:

„Árið 1982 var meðaltímakaup í dagvinnu hjá ófaglærðum verkamanni við trésmíðar 42% hærra en meðaltímakaup kvenna í dagvinnu við fatasaum. Meðaldagvinnutímakaup karla við afgreiðslu í bifreiðavarahlutaverslunum var 32% hærra en meðaldagvinnutímakaup kvenna við afgreiðslu í vefnaðarvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu á öðrum ársfjórðungi 1983. Meðallaun karla á ársverk er allt að 100% hærra en meðallaun kvenna eftir atvinnugreinum."

Og áfram segir með leyfi forseta: „Meðallaun kvenna á ársverk eru hæst hjá ógiftum konum 25—44 ára og samsvara þau meðallaunum 15—19 ára pilta, 65—69 ára ókvæntra karla og 70—74 ára kvæntra karla. Árið 1982 voru verkamenn með 7% hærra meðaltímakaup en verkakonur, en sé eingöngu miðað við tímakaup í dagvinnu var munurinn 14%. Árið 1982 voru karlar við afgreiðslustörf með 24% hærra meðaltímakaup en konur, en sé eingöngu miðað við tímakaup í dagvinnu var munurinn 26%. Á öðrum ársfjórðungi 1983 voru karlar við skrifstofustörf með 35% hærra meðaltímakaup en konur, en sé eingöngu miðað við tímakaup í dagvinnu er munurinn 33%."

Að því er varðar stöður og stöðuveitingar í þjóðfélaginu í störfum þar sem ákvarðanir eru teknar og sem gefa möguleika á góðum tekjum gætir lítið áhrifa kvenna. Við búum við mikla tvískiptingu á vinnumarkaðinum. Störf flokkast enn í miklum mæli í kvenna- og karlastörf.

Á árinu 1980 lagði ég fram frv. til l. um breytingu á lögum um jafnrétti kvenna og karla. Það frv. tók mið af stöðunni eins og hún blasti við og af þeirri reynslu sem fengist hafði af þeirri lagasetningu og ályktunum sem samþykktar höfðu verið á Alþingi, sem litlum árangri höfðu skilað. Niðurstaða mín var þá og er enn að róttækra breytinga sé þörf í lagasetningu til þess að ná árangri. Frv. olli miklum deilum og mjög skiptar skoðanir voru um það. Menn létu sig ekki muna um að mistúlka og rangfæra það sem í frv. fólst. Talað var um misréttindafrv., forréttindafrv. og brot á stjórnarskránni. Þó að annað stæði í frv. var því hiklaust haldið fram hér á Alþingi sem annars staðar að með þessu frv. ætti skilyrðislaust að ráða konur í störf, sem karlar höfðu frekar valist til, án tillits til þess hvort konur hefðu menntun og hæfileika til að bera. Þetta var

auðvitað alrangt og mun ég koma að því síðar í mínu máli.

Annað meginefni frv. var að á fjárlögum ár hvert skyldi veita framlag sem gerði Jafnréttisráði kleift að standa fyrir könnunum á launakjörum kvenna og karla. Þar sem einsýnt var að ekki mundi nást samkomulag um þá leið sem lögð var til í frv. á því þingi né aðra, sem næði sama markmiði, taldi ég rétt að standa að þeirri rökstuddu dagskrá, sem félmn. lagði þá til, þar sem sá þáttur sem snýr að könnunum á launakjörum kvenna og karla fékk ákveðna afgreiðslu. Á þá málsmeðferð féllst ég þar sem ekki varð lengra komist að sinni og ekki óeðlilegt, miðað við hve skiptar skoðanir voru um frv., að frekari umr. ættu sér stað í þjóðfélaginu um þessi mál áður en Alþingi tæki ákvörðun í málinu.

Margt bendir til að nú séu margir komnir inn á þá skoðun og fallist á þau rök sem ég hafði uppi þá og því sé nú grundvöllur til að lögfesta það ákvæði sem ég lagði til eða a. m. k. efnislega samhljóða því.

Í upphafi míns máls, herra forseti, lét ég í ljós þá skoðun mína að hér væri á ferðinni frv. sem væri ekki pappírsins virði. Lítill skilningur væri í raun á jafnréttisbaráttunni og oft gætti tvískinnungs í gerðum alþm. í þessu efni. Ég skal taka dæmi máli mínu til stuðnings sem er mér enn í fersku minni. Í þessari jafnréttisbaráttu vantar nefnilega ekki að hæstv. alþm. séu fúsir að lýsa yfir vilja sínum til að uppræta launamisrétti, með samþykkt laga, með samþykkt tillagna, með samþykkt rökstuddrar dagskrár og með yfirlýsingum í nál. og yfirleitt í öllum þeim búningi sem þingsköp leyfa. En þegar á herðir, þegar til þess kemur að standa við öll loforðin, þá er oft annað uppi á teningnum. Þetta kom bersýnilega í ljós eftir að frv. sem ég lagði fram fyrir 3—4 árum fékk afgreiðslu með rökstuddri dagskrá, en til þess vil ég vitna.

Ég vil með leyfi forseta fyrst fá að vitna í nál. félmn. sem um málið fjallaði:

„Félmn. hefur haft til meðferðar frv. um breyting á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976. Með tilliti til athugasemda, sem fram komu í umsögnum um málið, telur nefndin ekki tímabært á þessu stigi að taka afstöðu til annarra ákvæða frv. en 4. gr. sem felur í sér að framlög skuli veitt til að standa fyrir könnunum á launakjörum kvenna og karla.

Nefndin telur brýnt að þessar kannanir verði gerðar til þess að Jafnréttisráði sé unnt að fylgjast með því að virt sé 2. gr. jafnréttislaganna sem m. a. kveður á um að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Samkvæmt 10. gr. jafnréttislaganna frá 1976 kemur fram að eitt af verkefnum Jafnréttisráðs sé að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum hver brögð kunni að vera að misrétti í jafnréttismálum.

Í þessu ákvæði felst að Jafnréttisráð, sem skipað er skv. 9. gr. laga nr. 78/1976, rannsaki þessi mál. Framkvæmdaaðili þessarar könnunar gæti þó verið Kjararannsóknarnefnd sé það talið hagkvæmara. Leggja verður þó áherslu á að samráð verði haft við Jafnréttisráð um alla framkvæmd og undirbúning á þessum könnunum.

Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til að frv. verði afgreitt með eftirfarandi rökstuddri dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstj. beiti sér fyrir því nú þegar, að kannanir verði gerðar á raunverulegum launakjörum kvenna og karla, svo og að kannanir þessar verði gerðar reglulega og Kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði eða öðrum aðila verði gert kleift með fjárframlögum eða á annan hátt að standa fyrir þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Fyrir þessu nál. og rökstuddri dagskrá mælti þáverandi formaður félmn. og núverandi hæstv. félmrh., Alexander Stefánsson. Þarna kom ótvírætt fram að brýnt væri að gera kannanir á launakjörum kvenna og karla og að fjárframlög yrðu veitt til þess að standa fyrir þeim.

Af þessari rökstuddu dagskrá hefði mátt ætla að þegar á fjárlögum þess árs yrði veitt framlag til að standa við það fyrirheit sem fólst í þessari rökstuddu dagskrá. En því var ekki að heilsa. Tvær tilraunir, sem gerðar voru á því þingi til þess að leggja til lítið fjárframlag til að hrinda af stað umræddri könnun, voru felldar við þá fjárlagaafgreiðslu. Þær till. fengu aðeins örfá atkvæði. Þetta sýnir auðvitað ljóslega hvað erfitt er um vik að framkvæma jafnrétti kynjanna í reynd, þegar á reynir að standa við það sem stendur í lögum og samþykktum sem frá Alþingi koma.

Þau nýmæli sem talað er um í grg. með þessu frv. tel ég lítils virði. Í fyrsta lagi er sagt að í 1. gr. felist nýmæli, sem sé að í stað þess „að stuðla að jafnrétti", eins og segir í núgildandi lögum, sé tilgangur laganna að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Ut af fyrir sig er þetta ákveðnara orðalag en í núgildandi lögum. Og í réttu framhaldi af því hefði maður haldið að hægt væri að finna ákvæði í frv. sem fæli í sér einhverja breytingu frá núgildandi lögum um hvernig koma ætti á þessu jafnrétti. En í þessu frv. er nákvæmlega ekkert að finna sem gefur minnstu von um að breyting kunni að fylgja í kjölfar samþykktar þess.

Auk þessarar breytingar sem ég hef getið er talað um breytingu á skipan Jafnréttisráðs. Þar er talað um að Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands eigi fulltrúa í Jafnréttisráði.

Talað er um að mikilvægasta nýmælið í frv. sé að finna í 2. tölul. 15. gr., en skv. henni skal Jafnréttisráð vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn þar sem kveðið skal á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Út af fyrir sig legg ég ekki lítið upp úr þessu ákvæði. Jafnréttisráð hefur í sínu starfi gert ýmsar áætlanir, sem reynt hefur verið að vinna eftir, og lagt fram áætlanir við gerð fjárlaga um það að fá aukið starfslið til þess að Jafnréttisráð geti sinnt hlutverki sínu. En fæstar þeirra hafa verið teknar til greina.

Hæstv. félmrh. gerði mikið úr því ákvæði í frv. að auka ætti hlutverk og verkefni Jafnréttisráðs. Það er auðvitað ekki nægjanlegt að skrá slíkt í frv. Það verður að sýna viljann í verki og veita fjármagn til þess að Jafnréttisráð geti unnið að þeim verkefnum sem því er ætlað í lögunum. Ég sé því ekki fyrir mér neina breytingu þó að í ákvæði frv. komi að auka eigi verkefni Jafnréttisráðs nema jafnframt fylgi því að Jafnréttisráð fái aukið fjármagn.

Ákvæði 12. gr., um að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins, sveitarfélaga og samtaka þar sem því verður við komið, tel ég algjörlega máttlaust nema því fylgi frekari skilgreining á með hvaða hætti það skuli gert.

Í sumum ákvæðum frv., t. d. 2. og 4. gr., tel ég að beinlínis sé um þrengingu að ræða frá gildandi lögum. Í 2. gr. núgildandi laga er talað um að konum og körlum skuli veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Í 2. gr. frv. nú er einungis talað um að konum og körlum skuli með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar. Sá þáttur sem snýr að launanum, um greiðslu jafnra launa fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, er þar felldur út. Að hluta til er þetta ákvæði þó sett inn í 4. gr., en þar stendur:

„Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf."

Skilgreininguna á því hvað séu jöfn laun og jöfn kjör, sem fram kemur í 2. og 3. málsgr. 4. gr., tel ég alls ófullnægjandi, einkum þó ákvæði 3. málsgr. 4. gr. frv. þar sem talað er um að með „kjörum" í lögum þessum sé átt við lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindi og hvers konar önnur samningsréttindi. Ég tel nauðsynlegt að í þessari gr. komi frekari skilgreining á kjörum þar sem vitnað er til hlunninda og hvers konar yfirborgana en einmitt til þeirra kjaraþátta tel ég að megi oft og tíðum rekja misrétti í launamálum kvenna og karla.

Þegar ég lagði fram frv. sem ég greindi frá fyrir fjórum árum síðan var við þá umr. tilkynnt að þáverandi félmrh. hygðist skipa nefnd til að kanna stöðu jafnréttismála og semja breytingar á núgildandi lögum. Þessi nefnd skilaði fyrir allnokkru drögum að frv. sem, eins og fram hefur komið, hæstv. félmrh. hafði til meðferðar. Þó ég telji að þau frumvarpsdrög gangi ekki nógu langt að því er einstök ákvæði þess frv. varðar þá tel ég þó að í því frv. komi fram töluverð viðleitni til raunhæfra aðgerða til að koma á jafnrétti kynjanna. Þó ekki næðist samkomulag um stærri áfanga í jafnréttisbaráttunni en fram kemur í því frv. tel ég það þó vera skref í rétta átt og með ákveðnum breytingum get ég fellt mig við það frv. Ég tilkynnti hv. þm. Svavari Gestssyni, 1. flm. frv. endurskoðunarnefndarinnar, sem lagt hefur verið fram, þegar ég féllst á ásamt nokkrum öðrum þm. að gerast meðflm. með honum, að ég mundi flytja brtt. við það frv. og gæti sætt mig við það með ákveðinni breytingu.

Í þeim frumvarpsdrögum kemur fram ákvæði um jákvæða mismunun, hliðstætt ákvæði og er í norsku jafnréttislögunum, en á það mátti ekki minnast þegar frv. það sem ég lagði fram á sínum tíma var til umr. Drögin fela í sér að í markmiðslýsingu er sérstaklega kveðið á um að bæta aðstöðu kvenna til að ná því markmiði. Og þó að í 3. gr. komi fram að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil þá kemur einnig fram að aðgerðir, sem eru sérstaklega ætlaðar til að bæta stöðu kvenna, teljist ekki ganga gegn lögunum. Ég fagna því sérstaklega að samkomulag náðist um þetta í nefndinni sem var skipuð fulltrúum kvennasamtaka, Jafnréttisráðs og stjórnmálaflokka. Þetta ákvæði sýnir ótvírætt að ýmsir þeir sem voru á móti því ákvæði sem ég lagði fram á sínum tíma, um ákveðnar tímabundnar aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna, eru farnir að sjá að þetta er eina raunhæfa leiðin til að ná árangri.

Reyndar benti ég á í umr. um þetta mál á Alþingi fyrir fjórum árum, þegar það frv. var til meðferðar, að ég væri tilbúin til að skoða aðrar leiðir en það ákvæði sem ég lagði til í frv. ef þær skiluðu raunverulegum árangri. Benti ég m. a. á og lagði fram í félmn. till. sem var hliðstæð ákvæðum norsku jafnréttislaganna og fól í sér að sé talið nauðsynlegt til að afnema raunverulegt misrétti kynjanna sé það ekki andstætt lögunum þó að kynjunum sé mismunað ef það er í samræmi við tilgang laganna sem er að stuðla að jafnrétti. Ekki ósvipað ákvæði var einnig í dönskum og sænskum jafnréttislögum. Nú virðist sú nefnd sem setið hefur á rökstólum um þessi mál að ég hygg í eitt og hálft til tvö ár vera komin að þeirri niðurstöðu og lagði til í sínum frumvarpsdrögum jákvæða mismunun. Í frv. vantar engu að síður ákvæði sem felur í sér tímabundnar aðgerðir eins og heimilað er í 3. gr. frv.

Í framsöguræðu minni fyrir þessu frv. fyrir fjórum árum síðan benti ég líka á aðra leið sem næði raunverulega sama marki og það ákvæði sem ég lagði til og vil ég með leyfi forseta fá að lýsa því sérstaklega vegna þess að það er það ákvæði sem ég tel nauðsynlegt að komi til viðbótar þeim frumvarpsdrögum sem nefndin hefur skilað. Ég lýsti því í upphafi míns máls að margir hefðu gert sér sérstakt far um að mistúlka og rangtúlka það ákvæði sem ég lagði fram á sínum tíma, gefa af því villandi mynd og hafa villandi túlkun uppi í umræðunni. Það lýsir kannske best hve reynt var að gera málið tortryggilegt að þeir sömu og voru hvað háværastir og töluðu um misréttinda- og forréttindaákvæði í því frv. sem ég lagði fram voru hlynntir ákveðinni túlkun á jafnréttislögunum sem fram hafði komið á norrænu lögfræðingaþingi í Kaupmannahöfn í ágúst 1978 í erindi sem Guðrún Erlendsdóttir lögfræðingur flutti. Það ákvæði er þó efnislega alveg samhljóða því ákvæði sem ég lagði fram á sínum tíma og ég margbenti á að ég gæti sætt mig við sem breytingu á jafnréttislögunum. En allt kom fyrir ekki. Menn héldu áfram sínu striki og töluðu um forréttindafrv.

Þess vegna er nauðsynlegt, herra forseti, að bera saman þessi tvö ákvæði. Út hefur verið gefinn bæklingur með erindi Guðrúnar Erlendsdóttur, lögfræðings, og er hann sérprentaður úr tímariti lögfræðinga. Þar segir m. a. með leyfi forseta:

„Ég tel það óheppilegt, að jafnréttislög innihaldi ákvæði um mismunun kynjanna og tel það andstætt jafnréttishugsjóninni að veita öðru kyninu forréttindaaðstöðu."

En síðar í erindi sínu segir Guðrún Erlendsdóttir og bið ég nú hv. þdm. að taka vel eftir:

„Þegar sett hafa verið lög um jafnrétti kynjanna eins og gert hefur verið á Íslandi, þar sem tilgangur laganna er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla, þá hafa stjórnvöld þar með tekið að sér að stuðla að þessu jafnrétti. Stjórnvöldum ber þá skylda til að sjá svo um, að konur og karlar hafi sömu möguleika til menntunar og starfa." Síðan kemur túlkunin sem ég vil fá að vitna til og er efnislega samhljóða því ákvæði sem ég lagði til og mest var um deilt á sínum tíma, en Guðrún Erlendsdóttir segir orðrétt:

„Ef sú staða kemur upp, að karl og kona sæki um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi, og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera, þá skal veita þeim aðila starfið, sem er af því kynferði, sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein."

Guðrún Erlendsdóttir lögfræðingur túlkar jafnréttislögin — (**FrS:** Lestu framhaldið, næstu setningu við

eftir Guðrúnu Erlendsdóttur.) „Ég tel sem sagt, að konur verði að vera sömu hæfileikum búnar og karlar, til þess að fá starf, og að ekki eigi að veita þau forréttindi eingöngu vegna kynferðis þeirra.“ (**Gripið fram í:** Þakka fyrir.)

Það kom fram í mínu frv. á sínum tíma að konur ættu að hafa sömu menntun og hæfileika til að bera til þess að veita þeim starfið og þetta er nákvæmlega túlkun Guðrúnar Erlendsdóttur á þessu ákvæði. Hún túlkar jafnréttislögin sem eru í gildi í dag þannig, hv. þm., orðrétt:

„Ef sú staða kemur upp, að karl og kona sækja um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi, og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera þá skal veita þeim aðila starfið, sem er af því kynferði, sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein.“ Ég hef þegar lesið framhaldið og það kveður einungis á um það að ekki eigi að veita konum starf nema þær séu sömu hæfileikum búnar og karlmenn, enda var í því ákvæði sem ég var með í mínu frv. ekki um nein forréttindi að ræða. Í því frv. kom fram að ef konur sæktu um starf þar sem þær væru í minni hluta en þær hefðu sömu hæfileika og menntun til að bera þá ættu þær að fá starfið. Það er því nákvæmlega sama túlkun hjá Guðrúnu Erlendsdóttur og er í því frv. sem ég lagði fram á sínum tíma þó að það þjónaði lund margra að vera að mistúlka það frv.

Ég tel sem sagt að Guðrún Erlendsdóttir lögfræðingur túlki jafnréttislögin — en hún er höfundur þeirra — sem eru í gildi í dag þannig að þegar tveir aðilar með sömu hæfileika og menntun sækja um starf skuli veita þeim aðila starfið sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein. Þetta ákvæði og túlkun Guðrúnar Erlendsdóttur get ég mjög vel fellt mig við og ég vil undirstrika og ítreka að ég er sammála þessu ákvæði og ég gæti vel fellt mig við að þetta ákvæði og túlkun Guðrúnar Erlendsdóttur kæmi til viðbótar og yrði tekið upp sem ákvæði til brb. í það frv. sem samþykkt yrði héðan frá Alþingi.

Ég tel sem sagt að það ákvæði nægi ekki sem fram kom í frumvarpsdrögum nefndarinnar og kveður á um að aðgerðir sem eru sérstaklega ætlaðar til að bæta stöðu kvenna teljist ekki ganga gegn lögum þessum. Ég tel að við eigum að stíga það skref að ákveða ákveðnar tímabundnar aðgerðir sem nái því markmiði sem er í 1. gr. frumvarpsdraga nefndarinnar um að sérstaklega skuli bæta stöðu kvenna til þess að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Verði slíkt ákvæði samþykkt ásamt öðrum þeim ákvæðum, sem lögð voru til af þeirri nefnd sem fjallað hefur um þessi mál á undanförnum tveimur árum, tel ég að við séum að stíga raunverulegt skref í átt til jafnréttis kynjanna. Með slíkum ákvæðum væru stjórnvöld og Alþingi að sýna fram á raunverulegan vilja til þess að bæta stöðu kvenna í þjóðfélaginu og koma í veg fyrir það misrétti og mismunun sem átt hefur sér stað.

Að vísu þarf meira að ske og þá á ég við að uppræta þá mismunun og misrétti sem ríkir í launamálum. Því hef ég einnig viljað sjá í nýjum lögum sem samþykkt væru frá Alþingi markviss ákvæði um það að stjórnvöldum væri alvara að taka á því máli. Ég gæti hugsað mér það ákvæði á þann hátt að fastsett væri í þessum lögum ákvæði um að þegar í stað yrði framkvæmd könnun á launakjörum kvenna og karla. Ég vil fagna því sem fram hefur komið nýlega á Alþingi að hæstv. forsrh. hefur slíkt í huga en slíkar kannanir þyrftu að vera reglulega í gangi og ekki er nægjanlegt að koma á einni slíkri könnun.

Herra forseti. Ég skora á hæstv. félmrh. að endurskoða afstöðu sína til þessa frv. sem hann hefur lagt fram og mælt fyrir og beita sér fyrir því að í meðförum hér á Alþingi taki frv. verulegum breytingum. Ég trúi því ekki að hæstv. félmrh. eða ríkisstj. hafi minnstu trú á því í raun og sannleik að þetta frv. skili nokkrum árangri í jafnréttisbaráttinni. Ég tel að það ættu þeir að viðurkenna með því að taka undir það frv. sem lagt hefur verið fram hér á Alþingi. Með samþykkt þess frv. kæmi fram raunveruleg viðleitni hér á hv. Alþingi til þess að breyta þeirri stöðu sem uppi er í dag í þessum málum. Félmrh. væri maður að meiri viðurkenndi hann gagnsleysi þessa frv., sem við fjöllum um og lýsti sig reiðubúinn til að taka raunhæft á þessum málum. Ég tel að annað sé lítilsvirðing við jafnréttisbaráttuna, staðfesting á óbreyttu ástandi og viljaleysi stjórnvalda til að taka á þessu máli sem ég trúi ekki að hæstv. félmrh. vilji láta kenna sig við. Ég vil leggja áherslu á það, herra forseti, hér í lokin að þetta frv. nái fram að ganga fyrir þinglok með þeim breytingum vitaskuld sem ég hef hér lýst og tel að þurfi að gera á þessu frv. til þess að það skili einhverjum árangri í jafnréttisbaráttunni.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar eru tvö mál sem snerta jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Annars vegar er stjfrv. á þskj. 431 og hins vegar frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna sem flutt er af mér ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu S. Kvaran, Guðrúnu Helgadóttur, Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi Einarssyni. Það hefur orðið að samkomulagi milli mín og forseta að ég reyni í þessu máli mínu að gera nokkra grein fyrir hinu síðarnefnda frv., þannig að þau séu hér bæði til umr. svo sem verið hefur og að menn geti þá í umr. hagað orðum sínum svo, að umr. um síðara dagskrármálið verði þeim mun styttri eða svo að segja engin vegna þess að umr. verði tæmd þegar umr. um fyrra dagskrármálið lýkur.

Í umr. um þessi mál er ég þeirrar skoðunar að mjög nauðsynlegt sé að líta á jafnréttismál í samhengi við aðra þætti í þjóðfélaginu. Ég treysti mér ekki til þess að hefja hér ræðu um þessi mál öðruvísi en að minna á að jafnrétti og jafnir möguleikar kvenna í þjóðfélaginu ráðast ekki einvörðungu af lagasetningu af því tagi sem hér er gerð till. um, heldur af margvíslegum öðrum þáttum í þjóðfélaginu, sem skipta sköpum um hvort það eru möguleikar til þess að sækja þann jafna rétt sem lögin kveða á um að konur skuli hafa á hverjum tíma. Í þessu efni skiptir mjög miklu máli hvernig búið er að margvíslegri félagslegri þjónustu og þá alveg sérstaklega vil ég nefna þar eitt dæmi sem eru dagvistarmál.

Fyrir nokkrum árum var gerð áætlun til tíu ára um byggingu dagvistarheimila árin 1981—1990. Þessi áætlun var gerð í framhaldi af samningum Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og ríkisstj. í lok ársins 1980. Og hvernig standa þessi mál núna? Hvernig stendur áætlunin um dagvistarrými fyrir börn, miðað við þau framlög úr ríkissjóði sem nú er um að ræða? Hvenær verður áætlunin komin í framkvæmd? Svarið er: Á árinu 2005 verður þessi áætlun um

dagvistarrými fyrir börn komin í framkvæmd. Það er búið með ráðstöfunum á fjárlögum þessa árs að skera svo mikið niður framlög til uppbyggingar dagvistunarstofnana að það er ekki fyrr en á árinu 2005 sem það markmið næst sem sett var í áðurnefndri tíu ára áætlun. Mér finnst að þetta sýni kannske betur en allt annað að ef menn vilja eitthvað aðhafast í jafnréttismálum verður að horfa á alla þessa þætti í senn og heildarstefna ríkisstj. á hverjum tíma ræður úrslitum um hvort jafnréttisumræðan er innantómt blaður eða hvort hún skilar málum eitthvað fram á við.

Ég vil í þessu sambandi minna á að eitt stærsta jafnréttismálið sem ákveðið hefur verið á síðustu árum er ákvörðun um að allar konur skuli hafa rétt til fæðingarorlofs sem eru í fullri atvinnu úti á hinum almenna vinnumarkaði. Áður var það svo að fjöldi kvenna í hinum almennu verkalýðsfélögum hafði aðeins tólf daga fæðingarorlofsrétt. Með lögum sem sett voru á árunum 1980 og 1981 var þessi tólf daga fæðingarorlofsréttur lengdur í þrjá mánuði. Þetta var stórt skref fram á við í jafnréttisátt. Hið sama var að segja um áætlunina um uppbyggingu dagvistarstofnana.

Ef við lítum aðeins á þróunina í þessum efnum, þ. e. framlög ríkissjóðs til stofnkostnaðar barnaheimila miðað við fast verðlag á nokkru árabili, kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Það kemur fram að langhæsta framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar barnaheimila sem um getur hefur verið á árinu 1981 eða 16 millj. kr. á verðlagi ársins 1982. Á árinu 1982 var þessi tala um 14 millj. kr. Á árinu 1983 hækkaði þessi tala verulega og varð svipað há og hún hafði verið hæst áður. Og hvað gerðist á árinu 1984 í þessu efni? Hver eru framlög ríkisins til stofnkostnaðar barnaheimila á árinu 1984? Þau eru 12.5 millj. kr. miðað við 16.6 á árinu 1983. Það er m. ö. o. um að ræða stórfelldan niðurskurð á framlögum til stofnkostnaðar barnaheimila miðað við fast verðlag. Stjórnarandstaðan lagði þess vegna fram tillögu við afgreiðslu fjárlaga í vetur um að 20 millj. kr. yrði aukalega varið til byggingar barnaheimila á árinu 1984 umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa tillögu felldi stjórnarliðið og hefði hún þó skipt sköpum varðandi þá áætlun til tíu ára sem unnin var upp úr samningum aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. á árinu 1980.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt, herra forseti, að þetta sé rækilega haft í huga þegar menn eru að velta fyrir sér jafnréttismálum. Og það er auðvitað rétt að skoða það og gera sér grein fyrir því að dagvistarrými á Íslandi hefur verið að aukast mjög verulega á síðustu árum. Á árunum 1981—1982 bættust t. d. við hvorki meira né minna en 40 dagheimili, skóladagheimili og leikskólar, á þessum tveimur árum, en til samanburðar skal þess getið að á öllu landinu voru aðeins til 70 dagheimili og leikskólar á árinu 1973. Á tveimur árum bætast þarna við 40 heimili, sem er meira en helmingur þess sem alls var til í landinu á árinu 1973. Ég held að það sé alveg ótvírætt að sú stefna sem núverandi ríkisstj. fylgir í félagslegri þjónustu er andstæð öllum jafnréttissjónarmiðum bæði í dagheimilismálum, að því er varðar heilbrigðisþjónustu og að því er varðar aðra þætti mála. Það er grundvallaratriði þegar menn nálgast jafnréttismál að það sé tekið mið af heildarstefnumótun.

Í umr. um þessi mál er það einnig mikilvægt að menn geri sér grein fyrir hvað það er sem ræður úrslitum um það verðmætamat sem er að baki ákvörðunum um laun kvenna og stöðu t. d. á hinum almenna vinnumarkaði. Ég held að nauðsynlegt sé að gera sér það ljóst að enn þá er það svo í íslenska þjóðfélaginu að konur eru láglaunahópur og varavinnuafl í útflutningsatvinnugreinunum alveg sérstaklega. Og ég held að það sé nauðsynlegt að gera sér ljóst að því aðeins verður ráðin bót á þessu að menn þori að leggja til atlögu við þau markaðssjónarmið sem eru ráðandi í þjóðfélaginu. Eins og sakir standa í þessum efnum t. d. í sjávarútveginum er það auðvitað þannig að konur eru yfirgnæfandi meiri hluti þess fólks sem skapar þau verðmæti sem þar ráða úrslitum. Ef þær sameinuðust og sýndu sitt afl gæti það á mjög skömmum tíma, að mínu mati, skipt sköpum um lífskjör þessa fólks. Ég held að það sé eitt brýnasta verkefni kvenna að þær átti sig á því afli sem felst í sameiningu þeirra t. d. á hinum almenna vinnumarkaði og alveg sérstaklega í útflutningsgreinunum. Markaðsöflin vanmeta vinnuafl konunnar og henda því út þegar ekki er hráefni, þegar ekki er fiskur eða þegar ekki er önnur aðstaða. Markaðsöflin eru á móti því að það séu gerðar félagslegar ráðstafanir til að verja konur fyrir þessu ástandi t. d. í okkar atvinnulífi. Vinnuveitendasamband Íslands hefur alltaf verið á móti því að settar væru reglur um að þrengja enn frekar möguleika atvinnurekenda til að reka konur út úr frystihúsunum þegar þar vantar hráefni með því að breyta lögum um uppsagnir og rétt fólks í veikinda- og vinnuslysatilvikum. Það hefur sem sagt bersýnilega verið þannig, að þarna hafa rekist á annars vegar félagsleg sjónarmið og hins vegar sjónarmið fjármagnsins. Það er nauðsynlegt að þetta sé haft í huga því að krafan um breytt verðmætamat og annað mat á vinnuframlagi konunnar verður ekki borin fram af neinum þrótti öðruvísi en að menn geri sér um leið grein fyrir því að þá eru menn að hafna lögmálum gróðans og markaðsþjóðfélagsins.

Það er athyglisvert að einmitt núna á þessum vetri skuli það gerast að gerður er kjarasamningur um tekjutryggingu láglaunafólks 21. febrúar s. l. sem er með þeim hætti að konur eru að jafnaði án þess að hafa bónus í fiskvinnslu fjórðu hverja viku. Fjórðu hverja viku er ekki borgaður neinn bónus vegna þess að þá eru konurnar að vinna sig upp í tekjutrygginguna. Þetta gerðist núna í vetur, eftir þá miklu umræðu sem fram hefur farið um kjaramál og réttindi kvenna í þjóðfélagi okkar. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að þarna hafi brostið mjög mikilvægur strengur og mjög mikilvægur hlekkur. Ég held að þarna hefði það þurft að gerast að einmitt þessar konur, sem ráða úrslitum í útflutningsatvinnuvegunum, hefðu risið upp og neitað þessu.

Ég hef rætt við mikinn fjölda kvenna í frystihúsum í landinu á þessum vetri. Það er bersýnilegt að þar er gífurleg óánægja með þennan samning, en þar er líka bersýnilegt að þar er mikil óánægja með að þau miklu funda- og ráðstefnuhöld sem verið hafa um stöðu kvenna á þessu ári skuli ekki hafa skilað meiri árangri en raun ber vitni um. Ég held að það megi vera okkur öllum til umhugsunar.

Ég vil líka segja það almennt, áður en ég kem að frv. sjálfum, að ég er þeirrar skoðunar hvað sem hver segir að konur hafi á liðnum árum sótt mjög fram til jafnréttis og jafnréttissjónarmið hafi unnið á í íslenska

þjóðfélaginu. Það er enginn vafi á að það hefur orðið veruleg breyting í þeim efnum á síðustu 10—15 árum. Við skulum gera okkur grein fyrir því að hluti skýringarinnar á þessu er auðvitað sá, að konur hafa í stórauknum mæli farið út á vinnumarkaðinn á síðustu áratugum og hafa í rauninni borið uppi stærri hluta hagvaxtarins í íslenska þjóðfélaginu en nokkur annar hópur á síðustu 10—20 árum. Meginhluti þeirrar nýju verðmætasköpunar sem um er að ræða og þess aukna hagvaxtar sem um er að ræða á rætur að rekja til þess að konur hafa lagt á sig stóraukið vinnuframlag frá því sem áður hafði verið.

Áður en ég kem að frv. sjálfu vil ég líka taka eitt almennt atriði fram að lokum. Það er stundum látið að því liggja, einkum í málflutningi Samtaka um kvennalista, t. d. í ræðu hv. 3. landsk. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur hér á dögunum, að í þessu frv. mínu og annarra þm. og hæstv. félmrh. í rauninni líka væri verið að hafna sérstöðu kvenna, að jafnréttiskrafa þessara frv. væri sú ein að konur ættu í öllum tilvikum að troðast inn í samfélagið á forsendum karlmannanna í einu og öllu. Ég vil segja eins og er: Sú jafnréttisbarátta sem ber ekki fulla virðingu fyrir sérstöðu kvenna og karla í okkar samfélagi er dæmd til að mistakast. Ég held að við eigum í þessari jafnréttisumræðu að viðurkenna sérstöðu kvenna og þá möguleika fyrir samfélagið í heild sem í þeirri sérstöðu felast um leið og við segjum: Við viljum að konur og karlar hafi jafnan rétt hlið við hlið þar sem um er að ræða umræðu eða átök um verkefni, laun eða annað sem er að öllu leyti sambærilegt. Ég held að það sé alveg fráleitt að setja dæmið þannig upp, við sem erum að tala fyrir jafnréttisfrv., hvort sem þau eru góð eða vond, að þar séu menn að hafna þessari sérstöðu. Það ber að viðurkenna hana og ég segi: Tilraun til umbóta í jafnréttismálum sem ekki viðurkennir þessa sérstöðu mistekst. Og ég er sannfærður um að það er alveg sama hvort um er að ræða frv. mitt og fleiri þm. eða frv. hæstv. félmrh. Það er ekki uppi sú hugmynd á bak við flutning þessara mála að slá striki yfir þá sérstöðu sem hér er og ber að virða þó að krafist sé jafnréttis.

Ég vil áður en ég lýk þessum almenna þætti svo láta það koma fram að ég fagna því sérstaklega að Alþingi hefur samþykkt till. til þál. sem nokkrir þm., ég og fleiri, hafa flutt um samfelldan skólatíma og skólamáltíðir því ég er sannfærður um að það skiptir mjög miklu máli í að skapa jarðveg fyrir jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að á öllum stigum sé sem best búið að börnunum, hvort sem það er á dagvistarstofnunum eða dagheimilum eða í skólunum sjálfum.

Ég vík þessu næst, herra forseti, aðeins að því frv. sem hér liggur fyrir og er 243. mál þingsins. Ég held að þetta frv. sé ekki mjög mikils virði. Það eru að vísu í því vissar lagfæringar, sem mér finnst alveg ástæðulaust annað en að viðurkenna, en það er engu að síður svo að ég tel að það sé mikil eftirsjón að ýmsum ákvæðum úr nefndarniðurstöðunni sem felld hafa verið út í meðferð málsins í ríkisstj.

Ég spurði hæstv. félmrh. um þessi mál í þinginu 25. okt. s. l. Ég spurði hann: Ætlarðu að flytja jafnréttisfrv.? Hæstv. ráðh. sagði þá að málið væri til meðferðar í stjórnarflokkunum. Hann væri mjög hlynntur þessu frv. óbreyttu og málið væri alveg að koma frá flokkunum. Það kom svo þremur mánuðum seinna. Ýmsir þm., þ. á m. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, skildu hæstv. félmrh. þannig, að frv. væri að koma óbreytt eða lítið breytt því þá sagði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, með leyfi forseta:

„Erindi mitt hingað var fyrst og fremst að fagna því að hæstv. núverandi jafnréttisráðherra ætlar að hafa snarari handtök í þessum málum en fyrirrennari hans".

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var á því að frv. væri að koma lítið breytt frá nefndinni þegar umr. fór hér fram 25. okt. s. l.

Í svarræðu minni eftir að hæstv. félmrh. hafði svarað minni fsp. komst ég svo að orði, með leyfi forseta:

„Það er greinilegt að þetta mál er nú til meðferðar í þingflokkum ríkisstj. og samkvæmt yfirlýsingum ráðh. er við því að búast að það komi hingað inn í þingið mjög lítið breytt frá þeim búningi sem það var í þegar málið var afgreitt frá nefnd og lagt fyrir fyrrv. félmrh. 12. apríl s. l."

Ég er alveg sannfærður um að það voru fleiri þm. en ég sem skildu það svo að frv. kæmi mjög lítið breytt hér inn í þingið.

Síðan gerðist það að haldinn var fundur með ýmsum þm., konum hér á Alþingi og tveimur karlþm., mér og hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Sá fundur var haldinn inn í Borgartúni með pomp og prakt. Það var ekki nokkur leið að skilja þann fund öðruvísi en svo að frv. kæmi óbreytt og stjórnarliðið væri því velviljað að koma frv. óbreyttu eða lítið breyttu hið fyrsta fyrir þingið.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reykn., sagði um þessi mál 25. október s. l., með leyfi forseta:

„Það hefur tekið tvö ár að endurskoða og vinna þetta mál svo að það er greinilega vel undirbúið".

Ég fyrir mitt leyti var því alveg sannfærður um að næstu daga eftir þetta, 25. október, kæmi málið fyrir Alþingi. En svo ber eitthvað annað við. Eitthvað hefur gerst í stjórnarliðinu. Frv. er gjörbreytt. Ég get þá ekki annað en spurt — og ég spyr hv. þm. Friðrik Sophusson sem er hérna einn af þm. Sjálfstfl. í salnum og var á mælendaskrá áðan og var í félmn. í fyrra: Var það Sjálfstfl. sem strikaði allar þessar lagfæringar út úr frv.? (Gripið fram í.) Var það Sjálfstfl. sem breytti frv.? Það hlýtur að vera svo, ef marka má orð hæstv. félmrh., að það hafi verið Sjálfstfl. sem sallaði niður fyrir honum frv. Það væri fróðlegt að vita hvernig það hefur gengið fyrir sig hjá Sjálfstfl. að rífa út úr frv. þau atriði sem hæstv. félmrh. vildi hafa inni í því. Svo mikið er víst að það tók langan tíma fyrir ríkisstj. að koma þessu máli inn í þingið og þegar það kom var það með þeim hætti sem hér hefur rækilega verið lýst og ég tek undir mjög margt af því sem hér hefur verið sagt í þeim efnum.

1. gr. þessa frv., sem við flytjum sem þskj. 478, er í rauninni afgerandi grein í þessu efni því þar segir:

„Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Sérstaklega skal bæta stöðu kvenna til að ná því markmiði".

Þetta atriði er fellt út. Eins og hér hefur verið rakið er það eðlilegt og sjálfsagt, ef menn eru að rétta stöðu kvenna t. d. á hinum almenna vinnumarkaði, að gerðar séu sérstakar ráðstafanir í því skyni. Hér er um að ræða vísi að því sem kallað hefur verið „jákvæð mismunun". Nú er rétt að taka fram til að fyrirbyggja allan misskilning að þetta orðalag er samkomulagsorðalag. Í nefndinni sem undirbjó þetta frv. voru einir tíu nm. og þeir höfðu mismunandi skoðanir á þessu atriði. Sumir

vildu ganga þarna miklu lengra, eins og t. d. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rakti hér áðan. Aðrir vildu ganga þarna eitthvað skemmra. Þetta var samkomulag, en þetta allsherjarsamkomulag allra jafnréttissamtaka sem þarna áttu fulltrúa er brotið niður og gert að engu þegar Sjálfstfl. fer að leiðrétta frv. sem hæstv. ráðh. Alexander Stefánsson lagði fyrir í stjórnarsamstarfinu. Ég tel að þessi breyt. á frv. sé almesta og alvarlegasta breytingin vegna þess að í þessu lagaákvæði er fólgin stefnuyfirlýsing um að löggjafinn segi: Það á að bæta stöðu kvenna með sérstökum ráðstöfunum. Og það er tekið fram í frv. með hvaða ráðstöfunum það á að gerast. Það er nefnilega rangt sem hefur verið haldið fram að það sé látið liggja á milli hluta.

Í 2. gr. er einnig nýmæli, sem stjfrv. hefur með, en það er að konum og körlum skuli með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar. Þessi orð, „með stjórnvaldsaðgerðum", í þessari grein eru ný. Það er sem sagt lögð þarna alveg ákveðin skylda á ríkisstjórn, Alþingi og sveitarstjórnir í þessum efnum. Ég tel að þess vegna sé ákaflega mikilvægt að ríkisstj. skuli hafa fallist á að hafa þetta orðalag inni í 2. gr. og ég tel það til bóta frá því sem verið hefur.

3. gr. hefur skemmst mjög verulega að mínu mati í meðferð ríkisstj. því þar eru felld út skýringaratriði sem þurfa að vera í lögunum. Í greininni segir:

„Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar".

Nú má ýmislegt um þetta orðalag segja „að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar", eins og hv. þm. Kristín H. Tryggvadóttir gat um á kvöldfundi fyrir nokkrum dögum þegar málið var til umr. Ríkisstj. hefur fellt út úr þessari grein þessar setningar:

„Með mismunun í lögum þessum er átt við athöfn eða athafnaleysi, hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi sem skapar mismunandi stöðu kvenna og karla í raun vegna kynferðis eða atriða tengdum því.

Aðgerðir, sem eru sérstaklega ætlaðar til að bæta stöðu kvenna skv. 1. gr. 2. málsl., teljast ekki ganga gegn lögum þessum".

Ég tel að greinin hafi verið mikið fyllri með þessu ákvæði eins og það var inni og ég tel skaða að ríkisstj. skuli hafa fellt það út.

Einnig tel ég það mjög alvarlegt að það skuli hafa verið fellt út varðandi skilgreiningu á launum í 4. gr. þessa frv. hvað þar er átt við. Eins og fram hefur komið hér í þinginu í svari við fsp. er greinilegt að konur eiga miklu erfiðari aðgang að ýmsum sérgreiðslum í launakerfinu en karlar. Það er bersýnilegt að karlar taka sérstakar greiðslur langt umfram það sem konur hafa haft möguleika til. Þess vegna var 2. mgr. 4. gr. mjög nauðsynleg, en hún er svo orðuð:

„Með launum í lögum þessum er átt við hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur er í fé eða fríðu, og vinnuveitandi veitir starfsmanni fyrir vinnu hans."

Með þessari upptalningu er verið að taka allar launagreiðslur, hvers konar fríðindi sem veitt eru í fyrirtækjum og konur hafa bersýnilega átt erfiðari aðgang að en karlar á liðnum árum, m. a. í ríkiskerfinu, skv. svörum við fsp. sem hér hafa verið bornar fram.

Ég vil næst, herra forseti, víkja að 10. gr. frv., en þar er um að ræða sérstaka tegund sönnunarbyrði atvinnurekenda, sem menn telja að sé ekki í samræmi við venjur í okkar löggjöf. Í stjfrv. er þetta ákvæði fellt út með þeim rökum sem hæstv. ráðh. hefur rakið. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hefur svarað rökum ráðh. í þeim efnum og tek ég undir rök hennar í þessu máli í einu og öllu. Í grg. samkomulagsfrv. segir svo:

„10. gr. er ný af nálinni, en svipuð ákvæði eru í sænsku lögunum um jafnrétti í atvinnulífinu og finnska frv. að lögum um jafnrétti kynjanna.

Þrátt fyrir að meginregla íslensks réttar sé sú að sá sanni sök sem brotið er á finnast þó undantekningartilfelli frá þeirri reglu, svo sem í áfengislöggjöfinni, 2. málsl. 17. gr. laga nr. 82/1979. Hér er öfugri sönnunarbyrði komið á þar sem mun auðveldara virðist fyrir atvinnurekanda að sanna að ekki hafi verið um mismunun á kynjum að ræða heldur en er fyrir aðila að sýna fram á hið gagnstæða."

Nú endurtek ég það sem ég sagði áðan, herra forseti, að þetta frv. og þessi texti, sem ég var að enda við að lesa, er samkomulagstexti. Það eru margir búnir að skoða þetta mjög vandlega. Mér finnst það satt að segja hálfgerð meinbægni af ríkisstj. að leyfa þessu máli ekki að fljóta með hér inn í þingið. Ég bendi á að í nefndinni sem undirbjó þetta frv. var fólk eins og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Arndís Björnsdóttir kaupmaður, Berglind Ásgeirsdóttir, Bergþóra Sigmundsdóttir, Guðríður Þorsteinsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, lögfræðingur, Ingibjörg Hafstað, María Pétursdóttir, Sigríður Thorlacius og að störfum í nefndinni komu auk þess ýmsir fleiri. M. a. kom við sögu í tengslum við störf nefndarinnar Guðrún Erlendsdóttir lögfræðingur, sem er sá lögfræðingur hér í landinu sem þekkir best allra til jafnréttislaga og umræðna um þau, ekki bara á Íslandi heldur í grannlöndum okkar. Ég bið menn um að hugsa það með fullri vinsemd: Er það endilega nauðsynlegt að henda þessu ákvæði út með skírskotun til þess að það sé óvenjulegt, þegar við höfum það fyrir okkur að fjöldinn allur af einstaklingum, m. a. ýmsir lögfræðingar eins og Guðrún Erlendsdóttir, telur að hér þurfi ekki að vera um neitt óeðlilegt ákvæði að ræða?

Ég held að sumt af breytingunum sem ríkisstj. gerði á þessu frv. hafi verið gert með hálfgerðri fljótaskrift. Ég held að menn ættu að athuga aðeins betur hvort ákvæði 10. gr. í frv. þm. geta ekki fengið að halda sér, hvort það er nokkur áhætta tekin með því þó að tekin sé upp sönnunarbyrði á atvinnurekanda eins og þar er gert ráð fyrir. Það er alveg óþarfi fyrir hæstv. félmrh. að vera að vitna í stjórnarfar í vondum löndum til þess að hrekja þessa grein. Það er alveg óþarfi að vera að benda á önnur lönd. Því miður er það nú svo, að í mörgum löndum eru jafnréttislög kannske til, en þau eru jafnvel verri en ekki neitt og framkvæmdin öll á skjön. Við þurfum ekkert að vera að hlaupa í önnur lönd. Ég veit að þeir nm. sem stóðu að till. um þetta, eins og María Pétursdóttir, Berglind Ásgeirsdóttir og Arndís Björnsdóttir, voru ekki að gera tillögu um að koma upp stjórnarfari eins og í Sovétríkjunum eða öðrum slíkum löndum, eins og hæstv. félmrh. var að ýja að í sinni svarræðu fyrir nokkrum dögum.

Ég vil þá víkja að 13. gr. frv. þm., en þar er um að ræða ákvæði sem eru felld út í frv. ríkisstj. og þó fæ ég

ekki séð að séu nein rök fyrir því. Ég bið menn í þessu efni að virða fyrir sér framtíðarnefnd forsrh., en það er nefnd sem hefur verið skipuð eins og kunnugt er og á að ákveða framtíðina fyrir ríkisstj. undir forustu Jóns Sigurðssonar. Hann er frægur að því að sjá mjög langt fram í tímann eins og kunnugt er, alveg sérstaklega í efnahagsmálum. (Gripið fram í.) Ja, það er víst meiningin að nefndin skili áliti um að ríkisstj. starfi næstu 25 árin, en það veit ég að tekst ekki frekar en ýmislegt annað sem komið hefur frá Þjóðhagsstofnun. En það var svo sem eftir ríkisstj. að leita til Þjóðhagsstofnunar um spá varðandi sína framtíð. En í þeirri nefnd er bersýnilega ekkert tillit tekið til jafnréttissjónarmiða. Og þar eru stórir hópar fólks sem fá enga fulltrúa að eiga inni, eins og t. d. listamenn svo að ég nefni dæmi. En það breytir ekki öllu, heldur vík ég að 13. gr. þmfrv. þar sem segir:

„Þegar beðið er um tilnefningu í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal nefna karl og konu. Sé það ekki gert skal veita Jafnréttisráði skriflega rökstudda grg. um ástæður þess. Við skipun skal þess síðan gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast."

Menn segja sem svo gagnvart greinum af þessu tagi: Við skulum ekki að vera að taka konur inn í nefndina bara vegna þess að þær séu konur, heldur eigum við að dæma þær á almennum hæfileikum þeirra til að gegna þeim störfum sem um er að ræða hverju sinni. Þetta er rullan sem maður heyrir alltaf í þeim efnum.

Þá vil ég minna á að umr. um þessi mál hefur staðið yfir mjög lengi t. d. innan stjórnmálaflokkanna. Og ég vil skýra frá því að á síðasta landsfundi Alþb. urðu talsverðar umr. um hvort hægt væri að taka upp reglu sem hljóðaði svo: Það kynið sem er fámennara skal a. m. k. hafa 40% aðild að stofnunum flokksins, enda komi fram nægilega mörg framboð í viðkomandi stofnun. — Auðvitað sögðu margir til að byrja með: Þetta er óframkvæmanlegt, þetta er erfitt og það er tóm vitleysa að vera að setja hlutina svona upp. Þetta hefur núna verið í framkvæmd um nokkurra mánaða skeið og það hefur verið algerlega vandalaust að framkvæma þetta um leið og alveg bersýnilegt er að það hefur tryggt aukinn fjölda kvenna í virku, almennu starfi frá því sem áður var um að ræða. Ég held því að ákvæði af þessu tagi, sem felur auðvitað í sér vissa jákvæða mismunun, — það er rétt, það gerir það, — sé fullkomlega framkvæmanlegt og það séu ekki nein rök til að víkja því til hliðar af þeirri ástæðu, að svo sé ekki, en það er sú ástæða sem alltaf er notuð í þessu efni.

Í 14. gr. segir:

„Í kaupstöðum og annars staðar, sem því verður við komið, skal skipa jafnréttisnefndir og skulu þær hafa með höndum jafnréttismál innan síns sveitarfélags.

Leitast skal við að skipa aðila sem hafa sérstakan áhuga og þekkingu á jafnréttismálum."

Þetta er fellt út hjá ríkisstj. Af hverju má ekki vera ákvæði um jafnréttisnefndir sveitarfélaga í þessu frv.? Hæstv. félmrh. segir: Það er verið að svipta sveitarfélögin sjálfræði. Hvað er nú þetta? Það er ákvæði í fjöldanum öllum af lögum um það að sveitarstjórnir skuli gera þetta og skuli gera hitt og er ekkert óeðlilegt við slíkt. Hugsanlegt væri að orða þetta aðeins öðruvísi en gert er í þessari tillögu nefndarinnar. Ég held að allavega hafi komið í ljós að jafnréttisnefndir sveitarfélaganna hafa haft mjög mikla þýðingu. Þær hafa haft kannanir, þær hafa efnt til umræðna og þær hafa jákvæð áhrif á þróun mála í viðkomandi sveitarfélögum.

Ég vil næst víkja aðeins að kaflanum um framkvæmd laganna. Þá vil ég byrja á að biðjast afsökunar á því að í frv. þm. hefur einn tilnefningaraðilinn fallið niður fyrir vangá. Það er prentvilla, pennaglöp eða hvaða orð á að nota yfir það að í 15. gr. þmfrv. vantar einn tilnefningaraðilann sem á að vera Vinnuveitendasamband Íslands. Það er gert ráð fyrir því í frv. hjá ríkisstj. og það er tekið þar upp að Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands komi þarna inn í Jafnréttisráð. Ég tek undir það sjónarmið. Mér finnst skynsamlegt að þessir aðilar séu með. Að þessu leytinu til tel ég að frv. ríkisstj. sé til bóta frá því sem verið hefur.

Í 15. gr., um framkvæmd laganna, segir einnig að kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði og skal áætla nægjanlegt fé á fjárlögum hvers árs til að Jafnréttisráð geti sinnt þeim verkefnum sem því eru falin í lögum þessum. Eg vil spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig stendur á því að þetta er fellt niður? Hvernig stendur á því að þetta ákvæði um fjármagn til starfsemi Jafnréttisráðs er fellt út frá því sem var í upphaflegum tillögum nefndarinnar? Hvað á það að þýða? Hvaða hugsun er á bak við þetta að fella þetta alveg sérstaklega niður? Er með þessu verið að segja að starfsemi þessarar stofnunar eigi að vera í 2., 3. eða 4. sæti þegar verið er að raða upp verkefnum í forgangsröð í ríkiskerfinu? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að skýrt fáist fram hvað það á að þýða að fella niður þennan málslið 15. gr. þmfrv.

Ég tel einnig að þær breytingar sem gerðar eru á 19. og 21. gr. séu mjög gallaðar varðandi málshöfðun og rétt til málshöfðunar. Það eru engin rök komin fram frá félmrh. eða einhverjum úr stjórnarliðinu um það af hverju þetta er fellt niður, heldur er þessu slengt hér á borðin og flutt mjög almenn losaraleg framsöguræða, en engin grein gerð fyrir því hvað í rauninni er hér verið að gera. Það er auðvitað greinilegt að það er verið að veikja Jafnréttisráð vegna þess að það er verið að svipta Jafnréttisráð möguleikum á sjálfstæðum málshöfðunarrétti þegar ríkissaksóknari t. d. telur ekki ástæðu til sérstakrar málshöfðunar af sinni hálfu. Ég held að það sé í rauninni mjög slæmt atriði að þetta skuli hafa verið fellt niður, um sjálfstæðan málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs.

Það var 12. apríl 1983 að nefnd sem ég skipaði á árinu 1981 skilaði álití um jafnréttismál. Þetta álit var frv. grein fyrir grein með grg. lið fyrir lið. Í grg. var það m. a. tekið fram að það hefði verið sérstaklega gott samstarf á milli þeirra aðila sem undirbjuggu málið. Ríkisstj. er svo vinsamleg að taka þetta upp úr grg. nefndarinnar. Það gæti nú verið að mönnum hafi sést yfir það á stjórnarheimilinu þegar þeir voru að setja saman þessa grg., en þeir taka dálítið upp úr gömlu grg. og m. a. jafnvel atriði sem þeir hefðu kannske ekki endilega viljað láta vera þar. Þarna stendur: Og tryggði sú skipan, þ. e. nefndarinnar, enn frekar gott samstarf þessara aðila. — Í grg. ríkisstj., sem til er orðin og liggur hér fyrir á formlegu þskj., er því viðurkennt að það hafi verið mjög gott samstarf í þeirri nefnd sem undirbjó þetta frv. Þess vegna er það auðvitað þeim mun undarlegra að ríkisstj. skuli hafa gerbreytt frv. eins og gert er ráð fyrir og gert er hér, auk þess sem hv. þm.

Salome Þorkelsdóttir, sem því miður er í Ed. svo ég get ekki átt orðastað við hana hér í Nd., hefur lýst því yfir að frv. væri alveg sérstaklega vel undirbúið.

Það er bersýnilegt, herra forseti, að frv. er mjög gallað frá því sem var í meðförum nefndarinnar. Það er greinilegt að samkomulagið innan ríkisstj. hefur skemmt frv. mjög verulega. Skv. yfirlýsingu félmrh. má ætla að það hafi verið Sjálfstfl. sem eyðilagði þetta frv. fyrir honum. Ég hef því beðið hv. þm. Friðrik Sophusson, sem hefur hlýtt hér á þessa umr., að gera grein fyrir því hvaða atriði það voru sem fóru svona í taugarnar á Sjálfstfl. og þurfti alveg sérstaklega að eyðileggja í þessu frv.

Áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, vil ég undirstrika það, sem ég sagði í upphafi, að jafnréttislög geta verið góð, en framkvæmd stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum á hverjum tíma er það sem ræður úrslitum stefnunnar í félagsmálum, heilbrigðismálum og menntamálum. Það er útilokað að horfa á jafnréttismál og jafnréttisfrv. sem einhvern afmarkaðan, einangraðan þátt frá öllum hinum. Þess vegna verður að skoða þessi mál í samhengi. Dæmið sem ég nefndi í upphafi, um að dagheimilaáætlunin yrði komin í framkvæmd í fyrsta lagi árið 2004 ef fylgt er stefnu núv. ríkisstj., sýnir hvað hún er í raun að gera þrátt fyrir fögur orð ýmissa ráðh. um jafnréttismál.

Ég tel að í stefnu sinni í jafnréttismálum á öllum sviðum, jafnrétti til menntunar, jafnrétti kynjanna, jafnrétti til heilbrigðisþjónustunnar, jafnrétti til þjónustu við aldraða, jafnrétti á öllum sviðum, hafi núv. ríkisstj. fært tímann mörg ár aftur. Það hefur verið brotið niður félagslegt jafnréttiskerfi sem hefur verið byggt upp á liðnum árum en er núna í stórfelldri hættu því miður. Þess vegna eru fögur almenn orð einstakra ráðh. um jafnréttismál hér fullkomlega á skjön við þá efnahagslegu, félagslegu og pólitísku stefnu sem núv. ríkisstj. beitir sér fyrir.

Og að lokum þetta: Jafnréttisumræða sem ekki tekur fullt tillit til þessa er gagnslítil og jafnréttisumræða og jafnréttisbarátta sem um leið viðurkennir ekki sérstöðu kynjanna er einnig til lítils.

Forseti (Ingvar Gíslason): Áður en ég gef hv. 2. þm. Reykv. orðið vil ég minna á að þessum fundi á að réttu að ljúka kl. 4 vegna þingflokksfunda. Hins vegar hefur verið tilkynnt að fundi verði fram haldið kl. 6 og honum verði haldið áfram eitthvað fram eftir. En ég vænti þess að hv. 2. þm. Reykv. geti orðið stuttorður ef þess er nokkur kostur.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði hér í a. m. k. 45 mínútur um þetta mál sem ekki er að furða vegna þess að í raun var hann að flytja framsöguræðu fyrir annað mál sem liggur fyrir hv. deild og mér hefur skilist á hæstv. forseta að þessi mál séu þar með bæði til umr. En ég hafði hugsað mér að tala fyrst og fremst um frv. hv. þm. en ekki stjfrv. sem ég styð.

Það kemur ekki á óvart að hv. 3. þm. Reykv. skuli fara víða og hafa stór orð uppi um jafnréttismál þegar þess er gætt að hann er einn af örfáum embættismönnum hér á landi sem hefur hlotið sérstakar ávítur Jafnréttisráðs fyrir embættisfærslu sína. Þetta rifja ég upp vegna þess að það kann að skýra það hve mikinn áhuga hv. 3. þm. Reykv. sýnist vilja hafa á þessu máli nú og hve mikinn tíma hann tekur til þess að ræða málið.

Það eru nokkur atriði, herra forseti, sem mig langar til þess að ræða varðandi það mál sem hér er til umr. en fram hefur komið í mínu máli fyrr að ég styð stjfrv. Það er rétt sem fram hefur komið í þessum umr. að stjfrv. er ekki eins og það nál. sem skilað var af nefnd undir forustu Vilborgar Harðardóttur. Það hefur tekið breytingum. Þær breytingar voru gerðar í félmrn. annars vegar og hins vegar af þingflokkum Sjálfstfl. og Framsfl. Alger samstaða var um að leggja frv. fram með þeim breytingum sem gerðar voru á nál. sem fyrir lá og tel ég að með því hafi verið sniðnir mestu agnúar af því áliti sem nefnd skilaði til fyrrv. hæstv. ráðh.

Síðasti hv. ræðumaður vék m. a. að sönnunarbyrðinni sem var í frv. og er nú í þmfrv. Ég tel það mjög vafasamt og varasamt að hægt sé að setja slíkar refsiábyrgðarreglur í frv. á borð við þetta. Þetta er undantekning frá meginreglu íslensks réttar og til hennar er einungis gripið þegar upplýsa þarf stærstu glæpamál þjóðarinnar. Á það legg ég áherslu og tel mjög varasamt að slíkar reglur um öfuga sönnunarbyrði verði víða í íslenskum lögum.

Ég vil jafnframt geta þess að mér finnst koma til greina að hv. þingnefnd skoði það rækilega hvort ástæða sé til að hv. Alþingi kjósi Jafnréttisráð en það verði ekki skipað eins og gert er ráð fyrir í þeim frumvörpum sem hér liggja fyrir. Ég tel fulla ástæðu til þess að hv. nefnd sem fær málið til meðferðar kanni þetta atriði sérstaklega.

Í þessum umr. hefur nokkuð verið rætt um það sem stundum er kallað tímabundin forréttindi eða mismunun og hefur verið vitnað annars vegar til norskra laga og hins vegar til brtt. sem hv. 2. landsk. þm. flutti á 103. löggjafarþinginu og gerði að umtalsefni fyrr á þessum fundi. Varðandi það atriði er rétt að það komi skýrt fram að það frv. ásamt brtt. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur var á sínum tíma sent til umsagnar. Í umsögnum Sambands ísl. sveitarfélaga, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambands Íslands og Kvenfélagasambands Íslands komu fram neikvæð viðhorf í garð þeirrar greinar í frv. hv. þm. sem horfðu til tímabundinna forréttinda. Þessar umsagnir hef ég hér undir höndum og get lesið en vegna þess að tíminn sem ætlaður er fyrir þennan fund er liðinn tel ég ekki ástæðu til þess að gera það við svo búið.

Ég tel, herra forseti, að launakannanir á borð við þá sem fyrrv. félmrh. lagði til að færi fram og hefur í raun farið fram hafi sérstakt gildi fyrir jafnréttisbaráttuna. Það hefur áróðursgildi og ég vil undirstrika það að ég er hlynntur því að slíkar kannanir séu gerðar og kannanir á fleiri sviðum því að niðurstöður slíkra kannana hljóta að hafa áróðursgildi og geta fært okkur áleiðis í jafnréttisbaráttunni. Ég vil hins vegar leggja áherslu á það sjónarmið að það er ekki víst nema síður sé að lögbinding á sviði eins og þessu hafi verulega þýðingu fyrir sjálfa jafnréttisbaráttuna. Hér er um að ræða siðferðisafstöðu manna og frjálsa samninga þeirra á milli á mörgum sviðum og vafasamt er að það hafi gildi að setja lög sem eru til þess gerð að þvinga menn til þess að breyta siðferðilegri afstöðu sinni. Þetta segi ég ekki vegna þess að ég sé gegn jafnrétti, síður en svo. Þetta segi ég vegna þess að það kann að vera að lög, sem eru þannig gerð úr garði, verði til þess að skemma fyrir

jafnréttisbaráttunni.

Komið hefur fram sú afstaða og það frá ýmsum konum sem hafa barist í jafnréttisbaráttunni að það geti verið niðurlægjandi að taka við stöðu eða fá starf einungis vegna kynferðis. En fram hjá því verður ekki horft að orðalag það sem kemur fram í þmfrv. gefur það sterklega til kynna að slíkt megi gerast í vissum tilvikum. Í umsögn frá Kvenfélagasambandi Íslands um tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á sínum tíma er þessu viðhorfi mjög gjörla lýst, en þá með þeim hætti að benda á hjúkrunarstéttina þar sem konur eru í miklum meiri hluta.

Það er jafnframt áhorfsmál hvort hægt sé að setja í lög, eins og gert er ráð fyrir í báðum þessum frumvörpum, að tilgangur laganna sé að koma á jafnrétti „á öllum sviðum." Ég tek þetta fram vegna þess að í 2. gr. norsku jafnréttislaganna frá 1978 er það sérstaklega tekið fram og rækilega undirstrikað að lögin nái ekki til einkalífs — til heimilisins. Það er varhugavert að mínu mati sem löggjafaratriði að setja lög sem má túlka þannig að löggjafinn geti haft afskipti af því hvernig menn skipta með sér verkum á heimilum sínum.

Ég ítreka enn og aftur að með þessu er ég ekki að segja það að ég hafi á móti því að sú starfsskipting, sem á sér stað á heimilum og hefur átt sér stað þar um aldaraðir, eigi ekki að breytast. Ég er þvert á móti að vara við því að löggjafinn eigi með valdi að hafa áhrif á slíka samninga sem þar eiga að eiga sér stað á milli frjálsra manna. Það leiðir hugann að því að það er einmitt einstaklingsfrelsið, bæði kvenna og karla, sem ber að virða og slíkt verður aldrei í lög leitt að það eigi að knýja það fram hvernig frjálsir samningar eru gerðir.

Hér er um að tefla siðferðisafstöðu og við breytum henni fyrst og fremst með áróðri og umr. Það kann að vera að það sé miklu meira hægt að gera á þeim sviðum í stað þess að grípa sífellt til þess vopns sem eru lög til að þvinga menn til ákveðinna aðgerða. Á þetta vildi ég leggja áherslu, herra forseti.

Ég tel hins vegar að full ástæða sé til að gleðjast yfir nýmælum í þessu frv. hæstv. ríkisstj. og sem reyndar eru jafnframt í þmfrv. Það er atriði sem kemur fram í 15. gr. frv., 2. tölul. þar sem gert er ráð fyrir því að Jafnréttisráð verði ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu, jafnrétti með konum og körlum. Þarna er beinlínis mælt fyrir með það að það eigi að ríkja á hverjum tíma ákveðin stefna í þessum málum sem vonandi knýr menn til umr. um þetta mjög svo mikilvæga mál.

Hv. síðasti ræðumaður kom að því í sinni ræðu að hann skildi ekki hvers vegna 15. gr. hefði verið breytt, en í henni stóð að það bæri að áætla nægjanlegt fé á fjárlögum til þess að standa undir kostnaði við Jafnréttisráð. Með því að breyta þessu ákvæði felst engin afstaða til þess hvort menn ætla að rýra möguleika Jafnréttisráðs til þess að sinna sínum skyldum og að draga úr fjárstreymi til ráðsins. Hér er einungis verið að koma í veg fyrir það að í lög séu sett orð sem ekki neina þýðingu hafa. Ég minni á það að hv. 3. þm. Reykv., fyrrv. félmrh., stóð margsinnis að því að setja lánsfjárlög þar sem skerðingarákvæði voru um það að þrátt fyrir gildandi lög ætti minna fjármagn að fara til ákveðinna verkefna en stóð í viðkomandi lögum. Og ég vek athygli á því að þrátt fyrir ákvæði frv. sem kemur frá þm. hefur Alþingi ávallt frjálsar hendur til þess að skerða fjárstreymið til þessarar stofnunar eins og allra annarra. Það var af þessum ástæðum sem ekki var talið að þetta þyrfti að standa. Ég minni enn á það að þrátt fyrir samþykkt Alþingis um það að launakönnunin ætti að fara fram á sínum tíma í rökstuddu dagskránni sem samþykkt var á Alþingi 1981 veit ég ekki betur en að páv. hæstv. félmrh. hafi beinlínis fellt till. þess efnis frá hv. 2. landsk. þm. eins og fram hefur komið í máli hv. 2. landsk. þm. (Gripið fram í.) Hann var ekki einn, hann hlaut þar hjálp frá ýmsum samstarfsmönnum sínum en þetta minni ég á til þess að sýna fram á þann tvískinnung sem kemur fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Herra forseti. Mér er það ljóst að tíminn er löngu liðinn. Ég hefði kosið að taka til máls um þetta mál og gera því ítarlegri skil því að hér er um merkilegt mál að ræða. Því miður get ég ekki verið hér í upphafi fundar kl. 6 og þess vegna vil ég þakka fyrir það að fá að koma fram þessum örfáu athugasemdum nú fyrir þingflokksfundartímann.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 259. mál (þskj. 478). — 1. umr.

Enginn tók til máls. (Sjá ræðu 1. flm., Svavars Gestssonar, um næsta mál hér á undan, dálka 4992—5001.)

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ábyrgð á láni fyrir Arnarflug, frv. 240. mál (þskj. 424). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir á þskj. 424 um heimild fyrir fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug hf., var lagt fram í Ed. og hefur hlotið eðlilega meðferð þar en er hér til 1. umr. í þessari hv. deild. Ég sé ekki ástæðu til að endurflytja framsöguræðu mína þar sem ég vil ekki lengja þennan fund en legg til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér þetta mál sérstaklega og ég leyfi mér að halda því fram að þannig sé ástatt um fleiri hv. alþm. þar sem þetta hefur verið til meðferðar í Ed. og ósköp fáir hlusta. Þarna er um allmikla peninga að tefla og dálítið einkennilegt erindi og ég undrast það þess vegna að hæstv. fjmrh. skuli segja það hér úr stólnum að hann hafi ekki hugsað sér að endurtaka sína framsöguræðu sem var flutt á allt öðrum stað og tíma. Ég vil leyfa mér að spyrja, hæstv. forseti, hvort það sé ekki heldur óviðeigandi að hæstv. fjmrh. skuli ekki veita okkur sömu upplýsingar hér í þessari hv. deild og veittar voru í Ed. Þó að þetta sé trúlega merkari deild sé ég ekki hvernig hæstv. ráðh. getur leyft sér að flytja slíka ræðu með frv. eins og þessu þar sem bókstaflega ekkert er gert í því af hálfu hæstv. fjmrh. að útskýra í hverju þetta mál er fólgið. Ég vil leyfa mér að óska eftir því að hæstv. fjmrh. spari sér ekki svo tímann að hann gefi ekki hv. dm. upplýsingar um málið.

Það sem þarna er um að ræða er hvort veita eigi

ákveðnu fyrirtæki hér í bænum ríkisábyrgð vegna láns væri ekki úr vegi a. m. k. að gera hv. þingheimi grein fyrir því hvort viðkomandi fyrirtæki eigi nægilegar eignir til þess að nægileg veð séu á móti. Um þetta gilda ákveðnar reglur að mér skilst, að ekki megi veita ábyrgð fyrir meiru en sem svarar 70% af matsverði eigna. Eignir þess félags sem hér um ræðir eru fólgnar í fasteignum, aðallega fasteign í Lágmúla 7 og hins vegar í flugvélum félagsins.

Nú vita menn að þegar flugvélar eru metnar til fjár er ekkert annað sem hægt er að miða við en raunverulegt söluverð eða markaðsverð, en ekki endilega eitthvert bókfært verð hjá viðkomandi félagi. Spurningin er þessi: Hvers virði er hver flugvél fyrir sig, hvers virði er fasteign félagsins, hversu mikið hefur verið veðsett og hvað skuldar fyrirtækið? Ég er ansi hræddur um það, hæstv. forseti, að þegar menn eru að ábyrgjast mikla fjármuni verði þeir að fá það nokkurn vegin ljóst hvort fyrirtækið er borgunarmaður fyrir því láni. Ég óska einnig eftir upplýsingum um það.

Ég hef hér undir höndum minnisblað frá embættismönnum til tveggja hæstv. ráðh., ekki um ríkisábyrgð til Arnarflugs heldur um hugsanlega ríkisábyrgð til Arnarflugs. Ég óska enn fremur eftir því að hæstv. fjmrh. geri okkur grein fyrir því hvernig afgreiðslan var í Ed. og hverjum skilyrðum sú afgreiðsla var háð svo að það liggi einnig ljóst fyrir. Hér er um býsna mikla fjármuni að ræða og við hv. alþm. í Nd. eigum fullan rétt og kröfu á hæstv. fjmrh. að hann geri grein fyrir þessu máli eins og það liggur fyrir. Það væri raunar ekki úr vegi vegna þess að þarna er um flugfélag að ræða að hæstv. ráðh. gengist fyrir því að sams konar eða a. m. k. svipaðar upplýsingar um eignir og veðhæfni Flugleiða væru einnig bornar hér á borð með sama hætti.

Flugleiðir eiga allstóran hlut í Arnarflugi en í þeim samskiptum eru nýliðin nokkur tímamót þar sem það skeði um s. l. áramót að Flugleiðir afskrifuðu hlutabréfaeign sína í Arnarflugi á þeim forsendum að þau væru einskis virði. (**ÓÞÞ:** En vilja þó ekki selja þau.) Hv. þm. Meira að segja Ólafur Þ. Þórðarson — svo allt fylgi með — hv. 5. þm. Vestf., gerir þá athugasemd við þetta að það sé dálítið öðruvísi, að Flugleiðir vilji ekki selja hlutabréfin. Hafi þessi aðili talið hlutabréfin verðlaus, á hvaða forsendum ættu þeir þá að selja þau? Söluverði yrði þar náttúrlega ekki neitt þar sem þau eru einskis metin. (**ÓÞÞ:** Þau eru peninga virði.) Þetta eru bókhaldsæfingar viðkomandi fyrirtækis sem ég þekki lítið til og ég geri ráð fyrir því að flestir hv. alþm. hafi ámóta vit á því og ég, kannske ívið meira skal viðurkennt. En ég legg á það áherslu, herra forseti, að þessi hv. þingdeild sé ekki sniðgengin um efnisatriði þessa máls. Ég lít svo á að ekki megi umgangast þessa hv. deild með öðrum og lakari hætti en hv. Ed.

Frv., sem er 240. mál þessa þings, er um heimild fyrir fjmrh. að ábyrgjast lán fyrir Arnarflug. Þarna er um að tefla 1½ millj. Bandaríkjadala, þ. e. sem næst 44 millj. ísl. kr. eða eitthvað u. þ. b. Þannig að hér er verið að tala um allmyndarlega upphæð ef á að ábyrgjast lán ákveðins einkafyrirtækis í landinu. Það hefur verið rifist um minna en 40 milljónir. Sannleikurinn er sá að ef litið er til þess minnisblaðs sem ég minntist á hér fyrr er ekki líklegt að þetta umrædda fyrirtæki sé aflögufært til aukinnar veðsetningar ef menn ætla sér að halda sér við það að eigi megi veðsetja fyrir meiru en sem nemur 70% af markaðsverði eigna.

Herra forseti. Ég hef óskað eftir því að hæstv. fjmrh. geri okkur fulla grein fyrir þessu máli og hvernig það stendur svo hv. þdm. geti síðan metið það hvort þetta umrædda fyrirtæki er það stælt að ríkið geti gengið í ábyrgð fyrir öllum þessum fjármunum. Ég tel hins vegar að svo sé ekki og mun því ekki standa að því að þetta umrædda fyrirtæki fái þessa ábyrgð.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hélt satt að segja að ég væri að gera hv. þm., síðasta ræðumanni nokkurn greiða með því að vera stuttorður og að sjálfsögðu þingheimi öllum en ég skal með glöðu geði lesa sömu ræðuna aftur, þ. e. þá ræðu sem hv. þm. Garðar Sigurðsson óskaði eftir að ég læsi og er sú sem ég flutti í Ed. Annars er þetta frv. búið að liggja nokkurn tíma hér í Alþingi í báðum deildum og lítið annað kemur fram í ræðu minni en er í athugasemdum við lagafrv. En ég skal byrja, með leyfi forseta:

„Með því frv. sem hér hefur verið lagt fram óskar ríkisstj. heimildar Alþingis til að veita Arnarflugi hf. ríkisábyrgð vegna láns sem tekið verður til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins og getur numið allt að 1.5 millj. dollara. Áætlun Arnarflugs miðar að því að greiða lausaskuldir fyrirtækisins með hinu nýja láni sem væntanlega verður tekið til 5 ára. Þessar lausaskuldir eru að langmestu leyti erlendar skuldir og eru vegna viðhalds- og varahlutakostnaðar og eldsneytiskaupa.

Þetta mál var fyrst borið undir stjórnvöld í bréfi Arnarflugs hf. til samgrn. og fjmrn. hinn 25. jan. s. l. Í þessu bréfi kemur fram að hallarekstur s. l. tveggja ára knýi félagið til að leita þessarar aðstoðar stjórnvalda til að gera því kleift að komast yfir erfiðleika.

Ástæður þessa taprekstur eru skýrðar í athugasemdum með frv. og vísast þangað um þá hlið málsins.

Til frekari skýringar má geta þess að innanlandsflug fyrirtækisins hefur gengið erfiðlega. Ástæður þess eru þær að ýmsir þeir staðir sem flogið er til eru litlir og aðstæður erfiðar, m. a. vegna snjóþyngsla og aurbleytu á flugvöllum.

Stjórn Arnarflugs hf. hefur upplýst að í athugun sé að endurnýja að hluta til flugvélakost í innanlandsfluginu og með hagkvæmari flugvélum eigi að vera unnt að breyta þessari erfiðu afkomu í innanlandsfluginu mjög til hins betra.

Um millilandaflugið er það að segja að félagið varð fyrir því áfalli að vél félagsins af gerðinni Boeing 720-B var úrskurðuð óhæf til reksturs vegna tæringar. Þá hefur té félagsins farið í að byggja nánast frá grunni allt markaðsstarf á þeim stöðum í Evrópu sem því var úthlutað flugleyfum til, þ. e. Amsterdam, Düsseldorf og Zürich. Allt þetta gerir að verkum að fyrirtækið þarf tíma til að vinna sig út úr erfiðleikunum.

Ég vil geta þess að lokum að forráðamenn Arnarflugs hf. telja að rekstraráætlunin sýni að taprekstri verði snúið við á næstu árum. Þessar áætlanir hafa þeir sent samgrn. Forráðamenn Arnarflugs hf. telja að á næstu vikum og mánuðum geti fyrirtækið sett þær tryggingar sem setja þarf Ríkisábyrgðasjóði til þess að ríkisábyrgð komi til greina skv. almennum reglum. Fallist hv. Alþingi á frv. þetta mun venjulega athugun fara fram á eignum fyrirtækisins og þeirri athugun hraðað sem föng eru á.“

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og þá til 2. umr. að sjálfsögðu.

Ég hef nú flutt þá ræðu sem ég var beðinn um að flytja, en ég vil fullvissa hv. 4. þm. Suðurl. um að áður en nokkur ríkisábyrgð verður veitt mun það að sjálfsögðu kannað í þessu tilfelli eins og í öðrum að farið verið að lögum og ekki veitt ríkisábyrgð nema veð og tryggingar séu nægar bak við þær. Mér er kærkomið að bjóða að hv. þm. fylgist þar vel með. Meira hef ég ekki að segja og ég þakka fyrir. En ég veit að þau veð sem losna næstu mánuði — ég held innan tveggja mánaða — fara langleiðina með að dekka a. m. k. helming eða rúmlega það af þeirri upphæð sem hér er farið fram á.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Garðar Sigurðsson um það að við munum athuga þetta frv. rækilega í fjh.- og viðskn. deildarinnar. Ég skildi hv. þm. þannig þegar hann var að tala um bókhaldsæfingar að hann hafi þá verið að tala um bókhaldsæfingar hjá Flugleiðum þegar þeir afskrifuðu hlutabréf í Arnarflugi. Ég man ekki betur en starfsmenn Arnarflugs hefðu verið tilbúnir að kaupa hluti af Flugleiðum sem voru þá ekki falir. Ég held að líka sé rétt að láta það koma fram að ég tel að Arnarflug hafi sinnt áætlun á þeim stöðum sem þeir hafa áætlun til mjög vel. Sú þjónusta sem fyrirtækið veitir á þeim stöðum þar sem þeir hafa áætlunarleiðir er alveg til fyrirmyndar. Ég held að þetta félag sé alls góðs maklegt og væri mikill skaði að því ef það yrði að hætta rekstri sínum. Hitt er svo annað mál að sjálfsagt er að þeir eigi veð fyrir þeim ábyrgðum sem þeim eru veittar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. 276. mál (þskj. 659). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 frá 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

Með frv. þessu er lagt til að fjölgað verði þeim embættismönnum sem kjaradómur ákveður laun. Hér er annars vegar um að ræða sendiherra og forstöðumenn stórra ríkisstofnana sem nú eru í hæsta launaflokki ríkisstarfsmanna og hins vegar héraðsdómara. Telja verður að eðli starfa þessara embættismanna sé með þeim hætti að eðlilegt sé að kjaradómur ákveði kjör þeirra, en þau séu ekki samningsatriði við stéttarfélög.

Að því er héraðsdómara varðar skal tekið fram að sú breyting er í frv. felst um ákvörðun á kjörum þeirra er gerð að höfðu samráði við dómsmrh. og með samþykki Sýslumannafélags Íslands, en Dómarafélagi Reykjavíkur hefur lengi verið umhugað að breyting í þessa átt næði fram að ganga.

Gert er ráð fyrir því að um leið og launakjör sýslumanna og bæjarfógeta svo og annarra uppboðshaldara yrðu ákveðin af kjaradómi yrðu uppboðslaun til þeirra afnumin strax eða í áföngum. Með ákvæði til bráðabirgða I er þeim sýslumönnum og bæjarfógetum, sem þess kynnu að óska, veittur frestur til ársins 1990 til að gangast undir kjaraákvarðanir kjaradóms og fá þá á meðan að halda óbreyttum lögkjörum, enda sitji þeir áfram í þeirri stöðu sem þeir eru nú skipaðir til. Þeir menn sem skipaðir verða í þessar stöður eftir gildistöku laganna mundu hins vegar ekki eiga slíkt val.

Í sambandi við nýgerðan aðalkjarasamning fjmrh. við launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM var undirritað eftirfarandi samkomulag:

„Fjmrh. mun á því Alþingi, er nú situr, beita sér fyrir þeirri breytingu á lögum um samningsrétt háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins, að gildistími samninga verði samningsatriði aðila hverju sinni, en komi til kasta kjaradóms gildi úrskurður hans í eitt ár. Með lagasetningu yrði gildistími núgildandi kjarasamninga styttur í eitt ár."

Tillaga um breytingu á lögum samkv. 3. og 4. gr. frv. er gerð til að fullnægja ofangreindu samkomulagi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tel viðeigandi við 1. umr. málsins að segja frá því að mér hefur sem formanni í fjh.- og viðskn. borist bréf frá skrifstofustjórum í Stjórnarráði Íslands þar sem þeir óska eftir því að komast undir kjaradóm og rökstyðja sitt mál með því að þeir séu staðgenglar ráðuneytisstjóra og þurfi að sinna þeirra starfi af og til. Þeir óska eftir að þeim verði bætt við þá upptalningu sem er í frv. Nefndin kemur til með að fjalla um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bókasafnsfræðingar, frv. 219. mál (þskj. 388). — Frh. 1. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur nú dregist óeðlilega lengi að þetta mál kæmist hér á dagskrá. Ætlun mín með því að biðja um orðið á sínum tíma var hreint ekki að fara að tefja fyrir málinu. Það sem ég hafði áhuga á að fá hér upplýst var hvernig staðið yrði að þessum málum í skólum landsins þar sem eru skólabókasöfn, hvort með þessu væri verið að leggja til að kennarar gætu ekki gegnt þeim störfum. Ástæðan fyrir því að ég leita eftir að fá svör við þeirri spurningu minni er sú, að eins og allir vita má í dreifbýlinu gera ráð fyrir að það verði ekki hægt að manna þau störf með jafnhámenntuðum mönnum og hér er um að ræða.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta frv. fjallar ekki um neitt annað en það, að tiltekin menntun liggi að baki starfsheitisins bókasafnsfræðingur. Það er ekki um það hverjir séu bókaverðir, heldur einungis hverjir bera megi starfsheitið bókasafnsfræðingur. Þetta frv. breytir því ekki rekstri skólabókasafna eða annarra safna á neinn hátt nema það sé tilskilið að þar séu bókasafnsfræðingar. Það er einungis verið að lögfesta starfsheiti og ekki annað. Það er ekki verið að tala um neinn nýjan einkarétt eða neitt slíkt. — Ég vonast til að þetta sé nægileg skýring.

Ég hafði, herra forseti, vonandi lagt það til fyrir löngu, þegar ég mælti fyrir málinu, að því yrði vísað til

2. umr. og hv. menntmn. Hafi ég ekki gert það þá geri ég það nú. A. m. k. ítreka ég þá tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 87. fundur.

Miðvikudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Jöfnun hitunarkostnaðar, frv. 330. mál (þskj. 685). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 685 er borið fram stjfrv. til laga um jöfnun hitunarkostnaðar, orkusparnað og aukna nýtingu innlendra orkugjafa. Frv. þetta kemur í stað núgildandi laga nr. 53 frá 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, en auk þess felur það í sér ýmis veigamikil efnisatriði sem ekki er að finna í gildandi lögum.

Eins og kunnugt er urðu miklar breytingar á verði olíu á s. l. áratug. Á árunum 1973-1975 hækkaði verð á olíu, m. a. til húshitunar, um nánast 80% á föstu verðlagi eftir að hafa verið nokkuð stöðugt um árabil eða jafnvel farið heldur lækkandi. Olíuverð hélst síðan nokkuð stöðugt 1975-78, en eftir byltinguna í Íran og ófriðinn við Persaflóa varð önnur mjög snögg verðsveifla. Hækkaði olíuverð þá enn um 70—80% á föstu verðlagi. Lætur því nærri að verð á olíu hafi a. m. k. þrefaldast á föstu verðlagi á s. l. tíu árum. Á sama tíma hélst verð á orkugjöfum, eins og til að mynda hjá Hitaveitu Reykjavíkur og öðrum eldri veitum, svipað lengi vel, en hefur hækkað nokkuð á síðustu misserum.

Vegna slæmrar fjárhagsstöðu innlendra orkufyrirtækja hefur verð á raforku, þar á meðal raforku til hitunar, hækkað mikið og nálgast kostnaðarverð raforku til hitunar nú verð olíu. Þessar breytingar hafa, eins og þingheimi er kunnugt um, valdið miklum mismun á kostnaði víðs vegar um land eftir því hvort íbúar hafa þurft að kynda hús sín með olíu, raforku eða hitaveitum.

Árið 1974 var byrjað að greiða olíustyrki skv. lögum nr. 47 frá 1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðshækkana á hitunarkostnað íbúða, til þeirra einstaklinga sem þurftu að kynda hús sín með olíu. Voru lög þessi framlengd um eitt ár í senn þar til árið 1978, er þeim var breytt nokkuð og gerð ótímabundin.

Árið 1980 var lagt fram frv. til l. um jöfnun og lækkun hitakostnaðar, sem að verulegu leyti var unnið í iðnrh. Frv. var samþykkt sem lög nr. 53/1980 og tóku þau gildi í maí 1980. Lög þessi fólu m. a. í sér verulega breytta úthlutun og hækkun olíustyrkja til að tryggja aukið samræmi við kyndingarkostnað, ákvæði um gerð húshitunaráætlunar, orkusparnað og aukið upplýsingastarf á því sviði, heimild til að veita lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði sem hitað er með olíu, heimild til að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Með lögum nr. 12/1980 var lagt á svonefnt orkujöfnunargjald, 1.5% á söluskattsstofn, sem renna skyldi óskipt til ríkissjóðs. Var ætlast til að fé þetta væri notað til að jafna hitunarkostnað landsmanna.

Eins og áður var vikið að var tekin upp heimild í lögum nr. 53 frá 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, til að greiða varmaveitum framlag til að verð þeirra yrði sambærilegt við óniðurgreidda olíu. Reyndist þetta mikilvægt í upphafi reksturs og þegar veitur hafa lent í tæknilegum erfiðleikum vegna vatnsöflunar. Nokkrar hitaveitur hafa lent í slíkum erfiðleikum.

Mikil hækkun varð á heildsöluverði raforku á árinu 1978 og leiddi það til mikillar hækkunar á raforku til húshitunar og til RO-veitna, þ. e. þeirra veitna sem nota ýmist rafmagn eða olíu. Í maí 1982 gaf þáv. ríkisstj. út yfirlýsingu um jöfnun upphitunarkostnaðar þar sem segir m. a.:

„Er að því stefnt að upphitunarkostnaður sambærilegs íbúðarhúsnæðis verði yfirleitt ekki meiri en gerist hjá nýjum og hagkvæmum hitaveitum, sbr. Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Verður á næstunni gerð áætlun um hvernig ná megi slíku markmiði í áföngum m. a. með endurskoðun á gjaldskrám veitufyrirtækja á næstu tólf mánuðum."

Í samræmi við þetta var síðan ákveðin lækkun á gjaldskrám orkufyrirtækja frá 1. okt. 1982. Lækkunin tók til taxta fyrir upphitun íbúðarhúsnæðis með raforku hjá Rafmagnsveitu ríkisins, Orkubúi Vestfjarða, Hitaveitu Hafnarhrepps og Seyðisfjarðar svo og Rafveitu Siglufjarðar. Nokkur fleiri fyrirtæki hafa bæst við síðan. Var við það miðað að veitufyrirtækin fengju endurgreiddan kostnað, sem næmi tiltekinni upphæð á orkueiningu, við framvísun orkureikninga. Þessar aðgerðir hafa ekki verið festar í lög og eru þær ákveðnar af iðnrn. með hliðsjón af fé því sem til ráðstöfunar er hverju sinni.

Árið 1981 var ákveðið að hefja lánveitingar á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins til endurbóta á íbúðarhúsnæði sem leiða mundu til orkusparnaðar í samræmi við lög nr. 53 frá 1980. Eftirspurn eftir lánum þessum hefur farið minnkandi og er það mat kunnugra að það stafi fyrst og fremst af of lítilli þekkingu húseigenda á þessum málum og vöntun á kynningu. Athuganir sem gerðar hafa verið benda til að mikil þörf sé á að auka þessa starfsemi og gera hana markvissari.

Við myndun núverandi ríkisstj. var ákveðið að auka jöfnun hitunarkostnaðar verulega. Í því skyni ákvað ríkisstj. að verja allt að 150 millj. kr. á árinu 1983. Hinn 14. júní s. l. skipaði iðnrh. nefnd, svonefnda orkuverðsnefnd, til að gera tillögur um leiðir til að jafna húshitunarkostnað í landinu í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um þetta efni. Nefndin aflaði ítarlegra gagna um húshitunarkostnað og ræddi við ýmsa þá aðila sem vinna að þessum málum, svo sem ráðuneytisstjóra iðnrn., orkusparnaðarnefnd, Samband ísl. rafveitna og Samband ísl. hitaveitna, deildarstjóra í viðskrn. sem fer með olíustyrkjamál, bankastjóra í Seðlabanka um lánamál hitaveitna og verkfræðinga sem vinna að verkefni um bætta einangrun og orkusparnað á vegum iðnrn. Nefndin hefur í vinnu sinni stuðst við upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og kemur það fram bæði í grg. og fskj. Skilaði hún áliti til iðnrn. ásamt drögum að frv. um jöfnun hitunarkostnaðar. Að áliti nefndarinnar er það misrétti, sem fólgið er í mismunandi hitunarkostnaði í þjóðfélaginu í dag, óviðunandi og hitunar-

kostnaður þess fólks, sem býr við lakastan kost, óbærilegur. Þótt nokkuð hafi verið bætt úr með niðurgreiðslu á olíu og rafmagni hefur orkuverð og húshitunarkostnaður landsmanna hækkað mun meira en almennt verðlag í landinu á síðustu árum.

Nefndin lagði til að brugðist yrði við vandanum með tvennu móti:

Í fyrsta lagi með aukinni niðurgreiðslu á orkuverði til húshitunar á meðan hitunarkostnaður er svo mikill sem nú er.

Í öðru lagi með orkusparnaði og hagkvæmri orkunotkun. Gert verði stórátak í að endurbæta einangrun húsa til þess að draga úr orkunotkun. Í því skyni lagði nefndin til að húseigendur fái fjármagn sem nemur 90% af kostnaði við endurbætur, annars vegar með styrkjum sem nema 10% af kostnaði og hins vegar með hagkvæmum lánum sem nema allt að 80% af kostnaði. Gangi þeir fyrir um þessa fyrirgreiðslu sem búa við hæst orkuverð til húshitunar.

Í þriðja lagi verði framkvæmdum flýtt til að innlendir orkugjafar komi í stað olíu. Skilaði nefndin drögum að frv. ásamt athugunum sínum, sem eru allítarlegar, og munu nefndir þingsins geta fengið aðgang að þeim gögnum sé þess óskað.

Frv. það sem hér er lagt fram er í veigamiklum atriðum byggt á tillögum nefndarinnar.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að meginatriðum þess frv. sem hér er til umr.

Í frv. þessu er kveðið á um ráðstafanir til að jafna hitunarkostnað, lækka kostnað við upphitun íbúðarhúsnæðis og auka nýtingu innlendra orkugjafa. Frv. er ætlað að leysa af hólmi núverandi lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar og kveða nánar á um ýmis atriði sem snerta þetta mikilvæga mál. Í frv. eru sett lagaákvæði um niðurgreiðslu raforku og hitaorku frá veitum sem nota raforku eða olíu til hitunar, en niðurgreiðslur þessar hafa eins og áður sagði tíðkast frá okt. 1982.

Gert er ráð fyrir að tilhögun og greiðsla olíustyrkja verði með svipuðu sniði og er í núgildandi lögum. Heimild er til að aðstoða hitaveitur sem eiga við sérstök vandamál að stríða skv. svipuðum reglum og nú tíðkast, þannig að verð þeirra geti verið sambærilegt og nemur hitunarkostnaði með niðurgreiddri olíu og raforku.

Þá er í frv. nýmæli varðandi skipulegt átak í orkusparnaði til að jafna hitunarkostnað með tilliti till orkunýtingar íbúðarhúsnæðis. Gert er ráð fyrir sérstakri ráðgjöf fyrir húsráðendur í þessu sambandi, sem kostuð verði af opinberri hálfu. Verður vikið nánar að því síðar.

Þá eru í frv. ákvæði um aðgerðir af opinberri hálfu til að flýta breytingu kyndibúnaðar frá olíunotkun til innlendra orkugjafa.

Frv. gerir ráð fyrir að framkvæmd þessara mála heyri undir iðnrh., en skv. núgildandi lögum heyrir II. kafli varðandi olíustyrki undir viðskrh., en III. og IV. kafli undir iðnrh.

Kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði af orkujöfnunargjaldi, sbr. lög nr. 12 frá 1980.

Eins og kunnugt er er kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis mjög mismunandi víðs vegar um landið. Í aths. með frv. kemur þessi munur ljóslega fram svo og í fskj. sem því fylgir. Kostnaður við olíuhitun með olíustyrk er nú talinn nema um 69% af óniðurgreiddri olíuhitun en niðurgreidd rafhitun kostar um 58% af verði olíu án niðurgreiðslu.

Verð hitaveitna er mjög mismunandi. Hinar dýrari og nýrri hitaveitur eru á svipuðu verði og niðurgreidd rafhitun eða olíuhitun en t. d. Hitaveita Reykjavíkur kostar um 26% af óniðurgreiddri olíu. Heldur hefur dregið úr þessum mun frá því sem var á s. l. ári. Ódýrar hitaveitur hafa hækkað tiltölulega mest að undanförnu og niðurgreiðslur á raforku hafa þegar verið auknar að því marki sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Hlutfall ódýrra hitaveitna eins og Hitaveitu Reykjavíkur og niðurgreiddrar rafhitunar er nú 1:2.2 en var allt að því 1:5 þegar það var hæst.

Í frv. er gert ráð fyrir að raforka og varmaorka sé greidd niður þannig að hlutfall raforkuverðs og vegins meðalverðs allra hitaveitna sé 1:1.8. Þessu hlutfalli hefur eins og áður sagði þegar verið náð.

Í 4. gr. er sett sú regla að niðurgreiðsla á verði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis svo og verð varmaorku frá varmaveitum sem nota rafmagn og olíu til hitunar skuli miðuð við verð á upphitunarkostnaði hjá þeim sem búa við hitaveitur en hafa jarðvarma að orkugjafa. Þetta verð er fundið með því að reikna út svokallað vegið meðaltal en í athugasemdum með frv. er nánar gerð grein fyrir því hvernig verð þetta er reiknað. Orkustofnun hefur gert þessa útreikninga fyrir Hagstofu Íslands að undanförnu. Hið vegna meðaltal er síðan margfaldað með 1.8. Miðað við núverandi gjaldskrár hitaveitna í landinu er vegið meðaltal 46 aurar á kwst. Þetta þýðir að raforku til húshitunar þurfi að greiða niður að því marki að hún kosti 83 aura á kwst. Nú nemur þessi niðurgreiðsla hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða 53 aurum á kwst.

Skv. 2. mgr. er heimilt að greiða niður verð á raforku til hitunar skólahúsnæðis. Í gildandi lögum er ekki slík heimild að því er tekur til upphitunar með rafmagni en hins vegar er nú í lögum heimildarákvæði um olíustyrki til skóla. Þykir rétt að heimild sé fyrir hendi til að styrkja upphitun skóla hvor sem orkugjafinn er, rafmagn eða olía.

Í 5. gr. er kveðið á um að niðurgreiðslur skv. 4. gr. renni til orkuveitna eins og tíðkast hefur að undanförnu. Hins vegar er tekið upp það nýmæli að niðurgreiðsla ríkisins komi fram á reikningum notenda. Þá er lagt til að heimilt sé að setja ákvæði í reglugerð um hámarksniðurgreiðslu til einstakra notenda sem hafa óeðlilega mikla orkunotkun.

Ekki skal greiða niður rafmagn til húshitunar þar sem hitaveitur eru nema sérstakar ástæður séu til þess, t. d. hjá rafveitum þar sem rafveitan sér alfarið um orkusölu í hluta bæjar vegna aflsskorts hitaveitna eða hitaveitu.

Í 7. gr. frv. er kveðið á um, að verð á olíu til húshitunar skuli greitt niður að því marki að kostnaður við olíuhitun verði eigi meiri en tvöfalt hærri en vegið meðaltal hitaveitna, sbr. 4. gr. Svarar það til þess að verðið sé um 10% hærra en raforka og varmaorka, sbr. 4. gr. Gert er ráð fyrir að reglur um úthlutun olíustyrkja séu hliðstæðar og nú tíðkast en í 8. gr. er tekin upp heimild til að krefjast þess að húsráðendur færi sönnur á að þeir eigi ekki kost á öðrum orkugjafa.

Í 14. gr. eru ákvæði um að heimilt sé að styrkja hitaveitur. Nokkrar hitaveitur, sem hafa átt við sérstakan fjárhagsvanda að etja vegna ófyrirsjáanlegra rekstrarerfiðleika, hafa þurft að setja gjaldskrá sem metin er

hærri en sem nemur hitunarkostnaði með niðurgreiddri olíu og rafmagni. Þetta hefur fyrst og fremst átt við um nokkrar smáar hitaveitur, en með þeirri lækkun á hámarksverði hitunar sem felst í 4. og 7. gr. kann að vera að þessum veitum geti fjölgað eitthvað. Í því skyni að treysta samkeppnishæfni þeirra við orkugjafa sem njóta niðurgreiðslu er skv. þessari grein heimilt að veita þeim aðstoð.

Í 15. gr. eru ákvæði um leiðir til að aðstoða hitaveitur og er gert ráð fyrir að það sé gert með framlagi til greiðslu stofnkostnaðar eða með skuldbreytingu lána, svo sem með lengingu lánstíma, minnkun gengisáhættu eða vaxtalækkun.

Auk hins mikla mismunar sem er á verðlagningu orku milli einstakra orkuveitna og orkugjafa og rakið var hér að framan er orkunotkun einstakra notenda á sama svæði mjög mismunandi. Í athugun sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gerði á um 300 húsum í fjórum sveitarfélögum á árunum 1979 og 1980 kemur fram mikill munur á orkunotkun einstakra notenda. Greint er frá niðurstöðum þessara athugana í athugasemdum með frv. Kemur fram að mismunur á orkunotkun einstakra notenda á rúmmetra húss á ári er allt að fimm- til sjöfaldur eða jafnvel meiri eigi að telja þessar niðurstöður allar marktækar.

Mismunur sá sem kemur fram í niðurstöðum athugana þessara verður enn tilfinnanlegri á þeim svæðum sem búa við hátt orkuverð. Í frv. er því lagt til að tekið verði á þessum vanda með sérstöku og skipulögðu átaki til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar íbúðarhúsnæðis með nánu samstarfi þeirra aðila sem hlut eiga að máli og er þetta að mínu mati eitt helsta nýmæli frv. Um skipulag þessa átaks er fjallað í V. kafla frv.

Húseigendum skal veitt tæknileg aðstoð við skipulagningu og mat á endurbótum sem leiða til orkusparnaðar þannig að ákvörðun þeirra í þessu efni verði á sem traustustum grunni byggð. Einnig skal þeim standa til boða lánsfjármagn til framkvæmda á hagstæðum kjörum. Gert er ráð fyrir að iðnrh. skipi þriggja manna verkefnisstjórn sem skal bera ábyrgð á framkvæmd verkefnisins.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er falið að annast fræðilegan og tæknilegan undirbúning verkefnisins og sjá um menntun og starfsemi sérstakra skoðunarmanna. Sérstök áhersla verður lögð á að tryggja að ráðgjöf sú er skoðunarmenn veita húseigendum sé vel undirbyggð og vönduð og að fyllsta samræmis sé gætt. Ráðgjöf sú sem skoðunarmenn veita húseigendum verði án endurgjalds. Er gert ráð fyrir að starfsemi skoðunarmanna verði greidd af opinberu fé í stað þess að veita húseigendum styrk sem nemur 10% af kostnaði eins og orkuverðsnefnd lagði til. Skoðunarmenn verði ráðnir til ákveðinna verka skv. ákvörðun verkefnisstjórnarinnar og fá greitt fyrir það en starfi á vegum ráðgjafaraðila sem hafa starfsemi í viðkomandi landshluta. Hér er því ekki um stofnun að ræða eða föst útgjöld fyrir ríkissjóð til frambúðar.

Forgangsröð um skoðun húsa og endurbætur skal í fyrsta áfanga miða við að aðstoða þá sem búa við óhóflegan orkukostnað vegna lélegrar orkunýtingar. Orkustofnun skal skv. 21. gr. frv. í samstarfi við orkuveitur fylgjast með orkunotkun við upphitun íbúðarhúsnæðis. Sérstaklega á stofnunin að afla upplýsinga um húsnæði, þar sem orkunotkun er óeðlilega há.

Gert er ráð fyrir að veitt verði lán í samræmi við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Stefnt er að því að þau verði afborgunarlaus fyrstu þrjú árin og megi þau nema allt að 80% af kostnaði við endurbætur. Lánin eru nú verðtryggð með 0.5% vöxtum. Með því að hafa lánin afborgunarlaus fyrstu þrjú árin gefst húseigendum ráðrúm til að greiða niður kostnað af eigin framlagi. Húsnæðisstofnun ríkisins annast veitingu lánanna og eftirlit með framkvæmdum sem lánað er til og setur reglur þar um í samráði við verkefnisstjórn. Sérstaklega ber að stefna að skjótri afgreiðslu lána og gert er ráð fyrir heimild til þess að veita bráðabirgðalán þegar við upphaf framkvæmda.

Ég legg alveg sérstaka áherslu á mikilvægi þessa átaks til orkusparnaðar og í samræmi við það hefur þegar verið hafinn skipulagður undirbúningur um framkvæmd þessara mála en þau krefjast óhjákvæmilega töluvert langs aðdraganda. Tekið hefur verið upp formlegt samstarf milli iðnrn. og félmrn. um undirbúning málsins. Ég hef skipað verkefnisstjórn til að hafa yfirumsjón með framkvæmd þessara aðgerða. Í hana hef ég skipað Karl Ómar Jónsson verkfræðing, formann, Guðna Jóhannesson verkfræðing og Jóhann Einvarðsson aðstoðarmann félmrh. sem tilnefndur var af félmrh.

Tekið hefur verið upp formlegt samstarf milli allra stofnana sem hlut eiga að máli og nefndir eru í lögunum, þ. e. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Orkustofnun og Húsnæðisstofnun ríkisins, Samband ísl. sveitarfélaga, Samband ísl. hitaveitna og Samband ísl. rafveitna. Hafa þessir aðilar tilnefnt fulltrúa í ráðgjafarhóp til að samræma aðgerðir þessara aðila til að sem bestur árangur náist.

Í mars s. l. var haldið námskeið fyrir ráðgjafa um orkusparnað að tilhlutan orkusparnaðarnefndar sem starfað hefur á vegum iðnrn. Námskeið þetta sóttu fyrst og fremst starfsmenn sveitarfélaga og orkufyrirtækja, svo sem tæknimenn og byggingarfulltrúar sveitarfélaga og starfsmenn hitaveitna og rafveitna. Í s. l. viku var haldið námskeið fyrir skoðunarmenn og á mánudag s. l. var opnuð sýning á vöruflokkum tengdum orkusparnaði hjá Byggingarþjónustunni. Sýning þessi er haldin að tilhlutan verkefnisstjórnarinnar og er fyrirhugað að fara með hana út á land í vor og sumar og halda uppi fræðslustarfsemi í tengslum við hana.

Vænti ég eindregins stuðnings hér á hv. Alþingi við þessi áform, svo og við útvegun nauðsynlegs fjármagns til þessara mála á næstu árum. Er þess vænst að viðleitni þessi muni skila umtalsverðum árangri til orkusparnaðar sem leiðir til hagsbóta fyrir húseigendur og þjóðfélagið í heild.

Í frv. er heimild til að veita húseigendum hagstæð lán til að flýta nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu og breyta hitakerfum húsa þar sem um þilofnahitun er að ræða, yfir í miðstöðvarhitun ef möguleikar eru á að tengjast varmaveitum. Er gert ráð fyrir að unnt sé að leggja niður verulegan hluta olíuhitunar í landinu á þessu og næsta ári.

Þá er í frv. heimild fyrir iðnrh. að hvetja til aukinnar nýtingar innlendra orkugjafa, svo sem með því að styrkja orkuveitur til að lækka tengigjöld, styrkja eigendur skólahúsnæðis til að nýta innlenda orkugjafa og til að styrkja húseigendur til að nýta innlent eldsneyti, svo sem rekavið, surtarbrand og mó. Mun það vafalaust fara eftir fjárveitingum hverju sinni hve langt

er hægt að ganga í styrkveitingum til þessara þarfa.

Gerð hefur verið áætlun um útgjöld skv. frv. á árinu 1984. Gert er ráð fyrir að greiða niður 365 gígawattstundir af raforku og varmaorku og greiðslu 13 þús. olíustyrkja. Miðað er við verðlag og niðurgreiðslur í febr. 1984. Eru niðurgreiðslur þessar sundurliðaðar í athugasemdum með frv. Áætlað er að niðurgreiðsla innlendra orkugjafa nemi um 190 millj. kr. en olíu um 60 millj. kr. en til annarra framkvæmda skv. frv. verði varið 90 millj. kr. Samtals er kostnaður í ár áætlaður 340 millj. kr.

Ég vona að með frv. þessu sé tekið á þeim vanda sem skapast hefur vegna hins háa og mismunandi húshitunarkostnaðar víðs vegar um land. Vandi þessi stafaði af miklum hækkunum á olíu og raforku en einnig af því að stjórnvöld héldu ódýrustu veitunum niðri um langt árabil og juku þann mismun sem skapaðist enn meir. Hins vegar er ljóst að miklar niðurgreiðslur á orku skapa einnig vanda, rugla verðskyn notenda og auka hættu á að rangar ákvarðanir séu teknar um fjárfestingu í orkumálum. Hinn mikli mismunur á orkuverði, sem verið hefur á milli þéttbýlisstaða sem njóta ódýrustu hitaveitna og landsbyggðarinnar, hefur verið óþolandi og valdið mikilli hættu á byggðaröskun. Athuganir hafa einnig sýnt að mikil nauðsyn er á að freista þess að bæta orkunýtingu við upphitun og það misræmi sem skapast á milli notenda, sérstaklega þeirra sem búa við hátt orkuverð.

Ég vil að lokum vonast til að góð samstaða takist um þetta mál hér í þinginu og leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er komið fram það frv. sem lengi hefur verið eftir beðið og hæstv. iðnrh. hefur nú mælt fyrir, en hann sagði svo um þetta frv. í þingræðu 19. des. s. l. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að lagt verði fram á fyrstu dögum þings eftir áramót frv. til l. um jöfnun húshitunarkostnaðar til að létta verulega kostnað þeirra sem þyngstar byrðar bera vegna hitunar híbýla sinna með niðurgreiðslu orkugjafa og ráðstöfunum til orkusparnaðar."

Og áfram fjallaði hæstv. iðnrh. þá um ráðstöfun orkujöfnunargjaldsins, sem ég mun síðar koma að, en sagði svo í lok ræðu sinnar um fjárlög þennan sama dag, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt:

„Við höfum aðeins gert bráðabirgðaráðstafanir í þessu skyni, en á bak við þær yfirlýsingar sem ég gaf um setningu laga til úrbóta í þessum efnum liggur fullkomin alvara, sem menn eiga eftir að þreifa á. Það skal ég fullvissa þá um og þarf ekki fleiri orð um að hafa. Það ljós mun renna upp fyrir mönnum innan rúms mánaðar eða svo."

Látum vera þó að svo hafi til tekist að ekki hafi þetta gengið eftir því að margt verður til að tefja á langri leið og aðalatriðið er hvaða niðurstaða hefur fengist hér af. Ég vil segja það um ræðu hæstv. iðnrh. áðan að hún var áreitnislaus og býsna ólík öðrum ræðum af því tagi sem fluttar hafa verið um þessi mál og við könnumst mætavel við, bæði hér úr þinginu og ekki síður úr kosningabaráttunni á s. l. ári. Ég skal hins vegar ekki taka langan tíma í þessari hv. deild til þess að fara ofan í þessi mál. Það verður gert í nefnd.

Mikilvægi málsins er slíkt að það þarf að skoðast vel. Meginþættir þess eru jöfnunin annars vegar, sem ég hefði vonast til að yrði ekki bara jöfnun heldur lækkun húshitunarkostnaðar en vitanlega skiptir það mestu máli, og svo aftur þær orkusparandi aðgerðir sem þegar höfðu verið hafnar en hér á að halda áfram og yfirlýsingar hafa verið gefnar um að muni verða auknar mjög með ýmiss konar hætti.

Mér virðist að fyrir utan V. og VI. kafla þessara laga segi þetta frv. kannske ekki mikið nýtt. Jafnvel þar er um beint framhald að ræða á því sem þegar hefur verið gert varðandi breytingu á orkugjöfum annars vegar og orkusparnaðaraðgerðum hins vegar þó að þar sé eflaust um margt lengra gengið og mönnum gert auðveldara að framkvæma þessa hluti. Ég vil hins vegar segja það í fullri vinsemd við hæstv. iðnrh. að þó að ég skilji vel traust hans á hv. Ed. til góðra verka og meira traust á þeirri deild en Nd. er það með nokkrum endemum hvernig hann hefur hagað málaframlagningu sinni hér í vetur. Ég hygg að öll þau mál þar sem þeir hafa deilt hvað harðast, hæstv. núv. iðnrh. og fyrrv. iðnrh., hafi verið lögð fyrst fram hér í Ed. Vitanlega koma þau til umr. þeirra á milli síðar. Það eru að vísu öll frv. nema það frv. sem komst ekki lengra en í þessa hv. deild, um gjaldskrárákvörðun Landsvirkjunar. Þrátt fyrir það að þessi deild sé miklu stórvirkari og velvirkari að mörgu leyti en hv. Nd. og það viti sjálfsagt hæstv. iðnrh. af biturri reynslu sem forseti úr þeirri deild tel ég það vera öllu heppilegra að mörgu leyti að þeir menn fjalli um þetta mál sem hafa næst því komist áður og þeir sem nú eru við stjórnvöl.

Ég ætla ekki að fara hér út í öll þau þungu og stóru orð sem féllu í síðustu kosningabaráttu um þær álögur sem á fólkinu á köldu svæðunum hvíldu og þær byrðar sem á það fólk væru lagðar. Gagnrýnin á fyrrv. iðnrh. var ákaflega óvægin í kosningaslagnum og loforðin um að létta og lækka og lækka fyrst og síðast voru býsna fortakslaus. Því sagði ég áðan að það vekti athygli mína að frv. nú er um jöfnun hitunarkostnaðar en lögin nú eru um lækkun og jöfnun. Ég kem að því síðar hvað mér þykir þar athugavert við.

Ekki þarf heldur að rekja það fyrir hv. þdm. að hér er einn stærsti þáttur í afkomu heimilanna og búsetumöguleikum eins og hæstv. iðnrh. kom inn á. Ég dreg heldur ekkert úr því að fyrri ríkisstjórnir hefðu mátt huga betur að og vinna meira í þessum efnum. Ég bendi líka á þá aðalástæðu sem fyrir þessu háa orkuverði er og ekki var minnst á í ræðu hæstv. iðnrh., þ. e. þá raforkusölu á undirverði til stóriðju sem hér viðgengst enn þó að bráðabirgðaleiðrétting hafi fengist á. Sú saga öll verður síðar rakin í tengslum við þá endanlegu lausn sem menn hljóta að fara að sjá fyrr en síðar í því máli þó að hæstv. iðnrh. segi nú að þau smáu atriði sem hann taldi ekki skipta neinu máli varðandi skatta fyrirtækisins og annað slíkt séu nú orðin hinn óttalegasti þungaiðnaður sem tefji býsna mikið fyrir málinu. En öll upprifjun á þessari sögu er kannske ekki aðalatriðið og síst þjónar hún hagsmunum þess fólks sem við erum hér að vinna fyrir og býr við hinar miklu álögur af völdum kyndingarkostnaðar.

Ég minnti á það áðan að hér hefði verið farið inn á þá braut að greiða niður raforkuna í áföngum. Veitt hefðu verið lán til orkusparandi aðgerða eða til skipta á orkugjöfum. Frv. þetta er beint framhald þar af og telst

því ekki að mínu viti tímamarkandi í þeim efnum alveg sérstaklega miðað við það sem stendur í grg. varðandi þá jöfnun hitunarkostnaðar sem svo mjög hefur verið til umr. En þetta verður að taka til nánari athugunar í nefnd svo að unnt sé að gera sér grein fyrir því í hvaða þáttum þetta frv. er helst marktækt og hvað í því er bitastætt fyrir húseigendur.

Ég ætla heldur ekki að rifja upp alla þá umr. sem var um orkujöfnunargjaldið á sínum tíma. Öll umr. um það byggði á því að hér hefði í raun og veru verið um markaðan tekjustofn að ræða sem hefði verið óheimilt með öllu að verja í nokkuð annað þó að grg. með því frv., sem upphaflega var lagt fram um orkujöfnunargjaldið, hafi farið í gagnstæða átt og hafi tekið þar af allan vafa. Ráðstöfun þessa gjalds nú, þó að hún sé að hluta, í ljósi þessara þungu orða í kosningahríð er vægast sagt nokkuð einkennileg. Þá var þetta kallaður stuldur, þjófnaður skyldi það heita í öllum þeim umr. og loforð voru gefin ótæpileg um það að ef ákveðnir aðilar kæmust til valda yrði þar ekkert undan dregið, þá næðu menn vopnum sínum í þessum efnum á þann hátt að þeir fengju orkujöfnunargjaldið allt til sín.

Hins vegar vekur það athygli mína á bls. 6 í þessari grg. að þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Heldur hefur dregið úr þessum mun frá því sem var á s. l. ári" — þ. e. muninum á milli varmaveitnanna eða hitaveitnanna og rafmagnskyndingarinnar — „Ódýrar hitaveitur hafa hækkað tiltölulega mest að undanförnu og niðurgreiðslur á raforku hafa þegar verið auknar að því marki sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Hlutfall ódýrra hitaveitna og niðurgreiddrar rafhitunar er nú 1:2.2 en var allt að því 1:5 þegar það var hæst.

Í frv. er gert ráð fyrir að raforka og varmaorka sé greidd niður þannig að hlutfall raforkuverðs og vegins meðalverðs allra hitaveitna sé 1:1.8. Þessu hlutfalli hefur eins og áður sagði þegar verið náð."

Þetta þýðir það á mæltu máli að lengra þurfi ekki að ganga í þessum efnum. Ástandið varðandi þennan kostnað sé orðið harla gott. Það þýðir það sem sagt að þeim miklu byrðum og álögum sem á fólkið á köldu svæðunum voru lagðar, hefur verið létt af að dómi þeirra sem leggja fram þetta frv. Meira þarf ekki að gera í þessum efnum. Það skal gert á annan hátt með orkusparandi aðgerðum eins og margoft hefur verið bent á að væri kannske brýnust nauðsynin þannig að menn gætu einangrað hús sín betur en verið hefur.

Þessi jöfnun hefur sem sagt tilkomið vegna þess að hækkanir, t. d. hjá Hitaveitu Reykjavíkur, hafa verið svo stórkostlegar sem raun ber vitni. Það á skv. þessu að vera sárabót launþegans á köldu svæðunum að kyndingin á húsunum í Reykjavík, hjá launþegunum þar, hefur hækkað jafnmikið og raun ber vitni. Það á að vera þeirra sárabót þó að öllum sé ljóst að hinn mikli kostnaður sem menn hafa talað um er sá sami og hluti kyndingarkostnaðarins af launatekjum er vitanlega ekki minni. Að því skal ég koma síðar með tölum sem ég hygg að erfitt sé að hrekja.

Þetta ber líka að skoðast í ljósi annarra þátta heimilisrekstrarins sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur síður en svo létt. Það skiptir nefnilega öllu í þessu — og það vita þeir best sem við þetta búa — hver kostnaðurinn er sem hlutfall af launum fólksins. Það segir í grg. að það sem menn borga nú í kyndingarkostnað úti á landi sé sem sagt það sem vera skuli áfram, það skuli vera og menn skuli þá bara snúa sér að því að einangra hús sín eða skipta um orkugjafa eða eitthvað því um líkt ef þeir vilji fá einhverja frekari lækkun þar á.

Þetta þykja mér vægast sagt einkennilegar röksemdir. Ég held að engum hafi dottið það í hug í ljósi þeirra orða sem féllu í kosningabaráttunni síðast að menn ætluðu sér að létta þessum byrðum af launafólki með einhverjum prósentureikningi sem byggðist á því að orkukostnaðurinn hér á höfuðborgarsvæðinu t. d. hækkaði svo miklu meira en menn höfðu þá ráð fyrir gert. Það ætti að vera nóg fyrir fólkið á köldu svæðunum að vita það að Reykvíkingar eða aðrir á því svæði sem nytu sambærilegra kjara þyrftu bara að borga þeim mun meira og nálguðust þá í orkureikningum sínum á þann hátt. Ég held að engum hafi dottið það í hug heldur væri meiningin að lækka þennan kostnað úti á landsbyggðinni verulega.

Ég veit að t. d. hv. 11. landsk. þm., sem var í þessari orkujöfnunarnefnd, er mér hjartanlega sammála í þessum efnum. Það skiptir öllu máli að lækka þennan kostnað. Það er kannske þess vegna sem það segir í inngangi að athugasemdum við þetta lagafrv. að orkuverðsnefnd hafi verið skipuð til að gera tillögur um leiðir til að jafna húshitunarkostnað í landinu. Þetta frv. byggi í ýmsum veigamiklum atriðum á starfi nefndarinnar en önnur atriði hafi tekið breytingum í meðförum rn. Ég veit að jafnhreinskilinn maður og hv. 11. landsk. þm. lætur okkur ekki bíða eftir því að það verði lagt fram á Alþingi hvað þessi nefnd hafi lagt til. Hann greinir okkur áreiðanlega frá því á eftir hvaða atriði það eru sem tekið hafa breytingum. Það kæmi mér ekki á óvart þó að þau atriði hafi verið býsna veigamikil í ljósi þess sem ég hef áður sagt um þennan kostnað. Ég segi þess vegna að það er þetta sem skiptir öllu, ekki hvort svo hafi verið hækkað hér á þessu svæði að hlutfallstölurnar hafi lagast af þeirri ástæðu einni.

Í þingræðu nú fyrir skömmu fór hv. 5. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, einmitt með beinar tölur í þessu sambandi sem hann rakti allt frá 1. sept. 1978 varðandi það hversu langan tíma hefði þurft að vinna fyrir húshitun meðalíbúðar, bæði húshitun og heimilisrafmagni, og hvernig staða þeirra mála væri nú. Ég rifja þetta upp í örstuttu máli og vitna orðrétt í þessa þingræðu af þeim ástæðum að margar undarlegar fullyrðingar hafa heyrst um það hvaða breytingar hafi á orðið í tíð hæstv. fyrrv. iðnrh. og hvað hafi nú gerst í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Menn skulu skoða þessar tölur og þessar staðreyndir í ljósi þeirra orða sem hæstv. iðnrh. fór með áðan úr áliti orkuverðsnefndarinnar þar sem hv. 11. landsk. þm. átti sæti og að ég held hv. 4. þm. Vestf. einnig. Hann sagði þar nokkurn veginn orðrétt að kostnaður þess fólks sem byggi við lakastan kost, sem sagt á köldu svæðunum, væri óbærilegur. Það væri álit þessarar nefndar. En í grg. með frv. segir að viðunandi árangri í þessu sé þegar náð, menn hafi komist á leiðarenda í þessum efnum. En með leyfi forseta vildi ég fara ofan í þessar tölur.

Frá 1. sept. 1978 þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók við þurfti til að vinna fyrir húshitun 240 stundir, fyrir öðru heimilisrafmagni 139 stundir eða samtals 379 stundir. Þegar gjaldskrár síðast breyttust í tíð ríkisstj. Gunnars Thoroddsens eða frá 10. maí 1983 var hér um að ræða húshitun upp á 310 vinnustundir, heimilisrafmagn upp á 157 stundir eða samtals 465 vinnustundir.

Aukningin, sem oft var talin vera margföld, var þá á tæpum 5 árum 88 vinnustundir eða rúm 23%. Þá ber þess vitanlega að geta að inn í þetta dæmi komu þær verðbætur sem áttu að reiknast á laun 1. júní 1983 og hefðu breytt þessari mynd verulega.

Þá skyldu menn skoða líka hvernig þessar tölur líta út í dag. Ég vitna enn orðrétt í þessar tölur hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem hann hefur eftir bestu heimildum: „Eftir hinar stórfelldu verðhækkanir á rafmagni frá Landsvirkjun, fyrst 19% 3. júní og síðan 31% frá 1. ágúst eða samtals 56%, þá varð hækkun á heimilisrafmagni 38.5% og 17.4% á rafhitunartaxta þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur, en þær voru vissulega auknar verulega til að mæta þessum gjaldskrárhækkunum. Frá 1. ágúst 1983 til 1. febr. núna á þessu ári var því staðan þannig að tími verkamanns til að vinna fyrir húshitun yfir árið nemur 331 klukkustund og fyrir heimilisrafmagni 198 stundum eða samtals 529 vinnustundum, þ. e. aukningin á þessum tíma, 1. ágúst til 1. febr., er um 62 vinnustundir frá því sem verið hafði við stjórnarslitin eða við síðustu niðurgreiðslur í ríkisstjórnartíð Gunnars Thoroddsen."

En það er líka rétt að vera með fulla sanngirni í þessu og ég vitna áfram í þessar tölur miðað við 1. febr., líta á dæmið eins og það lítur út núna eftir kaupbreytinguna þann 1. mars s. l. og lítils háttar aukningu á niðurgreiðslu raforku til húshitunar eða um 5 aura á kwst. frá 1. febr. 1984. „Þá var dæmið þannig að 292 stundir þarf til að vinna fyrir húshitun og 185 stundir til að vinna fyrir heimilisrafmagni eða samtals 477 stundir, þ. e. — og taki menn nú eftir — 10 vinnustundum meira en við stjórnarskiptin í maí 1983.

Þetta er staðan eftir nýgerða kjarasamninga þar sem ekki er að finna neina verðtryggingu launa eða hækkanir launa til loka ársins nema 5% í tveimur áföngum." Þetta eru tölur sem ég hygg að verði erfitt að hrekja og ég bið menn þá um að koma með aðrar haldbærari. Um þær verður eflaust fjallað í nefnd og verður fróðlegt að sjá það. En þessi 10 vinnustunda aukning frá stjórnarskiptum í maí 1983 er sem sagt talin slík að í athugasemdum með þessu frv. segir að þegar hafi verið náð því marki sem menn hafi sett sér varðandi jöfnun hitunarkostnaðar og lengra skuli ekki ganga. Ég er illa svikinn ef vinur minn, hv. 11. landsk. þm., er ánægður með þetta.

Það er kannske að vonum að þetta komi ekkert inn í þá mynd sem mest hefur verið til umr. nú að undanförnu, þ. e. fjárlagagatið mikla. Það er kannske enginn hissa á því þó að þetta frv. þýði ekki neina útgjaldaaukningu, kosti ekkert til viðbótar við það sem þegar var gert ráð fyrir í fjárlögum. Hæstv. iðnrh. sagði að vissulega hefði það farið miður þó að hann tæki fulla ábyrgð á því hvernig ráðstöfun orkujöfnunargjaldsins hefði orðið við afgreiðslu fjárlaganna. En það er ekki nema von að ráðstafanir í þessum efnum hafi ekki komið mikið inn í þær umr. hvernig ætti að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs ef það kostar svo sáralítið sem raun ber vitni og verður kannske að mestu leyti fólgið í að vísu hagstæðum lánum sem beitt verður til orkusparandi aðgerða.

Þetta vildi ég segja í þessum umgangi um þetta mál því að ég kem enn og aftur inn á það að það er heildarkostnaðurinn sem hvílir á fólkinu úti á landi sem skiptir öllu máli en ekki prósentureikningurinn sem byggist á því að á þessu svæði hér hafi svo miklu meira hækkað. Það er ekki það sem skiptir máli. Það er engin sárabót fyrir launþega úti á landi þó að auknar byrðar séu lagðar á launþega hér í Reykjavík. Það hljóta allir að skilja, meira að segja hæstv. iðnrh.

En hæstv. iðnrh. kom inn á 150 millj. sem hann benti réttilega á að hefði með brbl. í fyrra átt að verja beinlínis til þessa átaks. Ýmsar grunsemdir vakna nú og kannske alveg sérstaklega þegar blaðamannafundur var haldinn um orkusparnaðarátakið sem kynnt var því að þá sagði orðrétt í Morgunblaðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjármagn til þessa átaks verður fengið sem hér segir: 30 millj. kr. koma af ónotuðu fé frá síðasta ári sem ætlað var til niðurgreiðslna á orku, aðallega raforku til húshitunar, og 20 millj. af fé sem ætlað var til niðurgreiðslu á orku, aðallega raforku til húshitunar, á árinu 1984."

Það þýðir sem sagt að ekki hafa allar þessar millj. verið notaðar á síðasta ári, enda kannske ekki von ef ástandið hefur verið svona gott í raun og veru eins og grg. með þessu frv. segir til um. Ég vildi spyrja hæstv. iðnrh.: Hvað var í raun og veru miklu af þessum 150 millj. varið á síðasta ári til þess að greiða niður raforku til húshitunar? Hvað varð þá um það sem eftir stóð? Voru það aðeins þessar 30 millj. sem hér er greint frá í blaði hæstv. iðnrh., Morgunblaðinu, eða var um hærri tölu að ræða, sem ónotuð var?

Ég skal ekki hafa uppi um þetta miklu fleiri orð. Eins og ég sagði áðan: Það mætti vissulega halda hér langa og ítarlega ræðu um það hvað um þessi mál var sagt í kosningahríðinni síðast og hvað um þau mál hefur verið sagt hér á Alþingi. Áreitnislaus ræða hæstv. iðnrh. hér áðan gaf ekki tilefni til þess að fara svo náið út í það sem vissulega væri vert vegna þeirra þungu og stóru orða sem þar voru látin falla. En ég sé það hins vegar að þetta frv. felur fyrst og fremst í sér að haldið verði áfram starfi fyrrv. iðnrh. varðandi orkusparandi aðgerðir. Það er aðalatriðið sem í þessu máli felst. Man ég þó að mörg háðsyrði voru höfð uppi um það að það væri ekki lausnin fyrir fólkið í landinu að vera með einhverjar orkusparandi aðgerðir og veita aðstoð til þess að einangra húsin sín betur eða að skipta um orkugjafa, það væri ekkert aðalatriði, heldur skiptu orkureikningarnir svimháu sem helltust yfir þetta fólk auðvitað öllu máli. Hitt væru aukaatriði sem menn væru að reyna að snúa sig út úr með léttum leik.

En ég er sannfærður um það að við skoðun þessara mála gerir hæstv. iðnrh., svo glöggur og greindur maður sem hann er, sér ljósa grein fyrir því að hér er um einn meginþáttinn að ræða í því máli að menn geti varanlega tekið á þessu vandamáli á köldu svæðunum, þ. e. betri einangrun húsanna og aðrir orkugjafar og betri tæki en þar hafa verið. Þess vegna er frv. helst um þau atriði og er að því leyti fyllilega góðra gjalda vert. En mér dettur í hug þegar ég sé þetta frv. vegna þess sem sagt hefur verið í þessum málum á undanförnum árum: Fjallið tók jóðsótt og fæddist lítil mús.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég sakna þess að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson skuli ekki vera við þessa umr. því að hann, eins og kom fram í ræðu síðasta hv. ræðumanns, var formaður orkuverðsnefndar og stjórnaði hennar störfum og ég átti satt að segja frekar von á

að hann yrði hér til staðar til að túlka hennar sjónarmið eftir því sem ástæður liggja til. Ég vil minna á að orkuverðsnefnd — ég hef ekki farið yfir dagsetningar og þori ekki að hafa þær hér — hóf störf sín stuttu eftir að hún var til þess kvödd og hún hafði í meginatriðum lokið störfum sínum áður en Alþingi kom saman. Það voru hrein formsatriði sem þá lágu utan garðs og hennar vegna hefði þetta frv. getað komið fram löngu fyrr.

Það ber að hafa í huga í þessu sambandi hvernig þessi mál hafa þróast á síðustu árum og væri út af fyrir sig fróðlegt að bera saman umræður sem fóru fram á árunum 1979 og 1980. Það var m. a. fyrsta þingmálið sem ég flutti hér á Alþingi eftir að ég varð þm., þáltill. um jöfnun húshitunarkostnaðar. Þá var tæpast minnst á háan húshitunarkostnað með raforku. Það vandamál var þá ekki til. Vandamálið var bundið hinum óheyrilega olíukostnaði, sem þá hafði gengið yfir í tveimur stórum bylgjum. Vandamálið við raforkuverðið hefur þess vegna komið inn síðar. Það er satt að segja þungur dómur og erfiður kostur fyrir þessa þjóð, ekki síst vegna þess að þar höfum við verið að tala um aðrar auðlindir okkar, að þurfa að horfa upp á að hún sé nú tæpast orðin samkeppnisfær við aðra erlenda orkugjafa. Í raun vilja menn tæpast viðurkenna að það sé reyndin, enda lagði orkuverðsnefnd til að það yrði gert skipulegt átak í þá veru að losna við erlenda orkugjafa: losna við olíu til húshitunar, bæði í íbúðarhúsnæði, skólahúsnæði og öðru húsnæði félagslegs eðlis. Ég hygg að olíunotkun til húsahitunar sé núna um það bil 7% af orkunotkun til þeirra þarfa eða álíka mikil og nemur allri hitaframleiðslu Hitaveitu Suðurnesja og væri það eitt út af fyrir sig ekki lítið átak að koma þeim verðmætum yfir í innlenda framleiðslu.

Mér finnst rétt að skýra frá því, m. a. út frá því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það var í skipunarbréfi orkuverðsnefndar óskað eftir tillögum hennar um með hvaða hætti bæri að haga niðurgreiðslum á raforku á s. l. ári. Og það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að í þeim efnum var fylgt fyrri tillögum. Það var hins vegar þá gengið út frá því að orkutaxtar mundu hækka aftur á árinu og þyrfti að grípa til meiri niðurgreiðslu en þá var orðin og m. a. af þeirri ástæðu sparaðist þarna fjármagn. Það var sem sagt gert ráð fyrir að það fjármagn nægði, miðað við þær forsendur sem fyrir lágu, út s. l. ár. En með því að ekki kom til þeirra gjaldskrárhækkana sem til stóðu eyddist það fjármagn ekki allt til þeirra nota. Þetta finnst mér vera eðlilegt að komi hér fram.

Það kom fram hjá síðasta ræðumanni að almennt orkuverð í landinu hafi mikið hækkað í tíð núv. ríkisstj. Menn geta metið með hvaða hætti sem þeim sýnist dagsetningar í þeim efnum. En ég vil minna á að svo var komið á miðju ári eða fyrir mitt ár 1982 að mönnum var orðið ljóst þá hvert stefndi í sambandi við raforkuframleiðsluna í landinu. Hún var þá að komast í alger þrot. Með bréfi 23. apríl það ár var ákveðið af þáv. ríkisstj. að orkutaxtar skyldu hækka jafnt og þétt fram á árið 1983 með þeim hætti að orkuframleiðslan yrði rekin án halla. Eins og menn muna var það eitt af síðustu verkum fráfarandi iðnrh. að gefa út brbl. til þess að koma í veg fyrir að þessi ákvörðun fyrrv. ríkisstj. næði fram að ganga. Fyrrv. ríkisstj. var búin að viðurkenna nauðsyn þess og taka ákvörðun um að náð skyldi jöfnuði í rekstri raforkuiðnaðarins í þessu landi. Það var að sjálfsögðu umtalsvert átak af hendi núv. ríkisstj. að koma í veg fyrir, þrátt fyrir að þessi ákvörðun gengi fram, að orkuverð til húsahitunar hækkaði. Og það er rétt, sem hv. þm. Helgi Seljan sagði áðan, að það er núna með mjög líkum hætti sem þessi kostnaður er að raungildi miðað við taxtakaup. Ég hef satt að segja ekki farið yfir það eftir að kjarasamningar voru gerðir og þetta má e. t. v. reikna út með fleiri en einum hætti. Fram kom hjá hv. þm. að þarna hallaðist lítið á og því átti ég raunar von á.

Í tillögum orkuverðsnefndar og síðar í þessu frv. er tekin upp sérstök viðmiðun, vegið meðaltal af öllum hitaveitum í landinu. Þetta er ekki nýmæli því að ég hygg að það hafi verið 1980, á því herrans ári, sem þm. úr flokkum lögðu hér fram frv. um niðurgreiðslu á húshitun sem einmitt byggði á þessu sama kerfi. Ég get fúslega viðurkennt að ég var ekkert sérstaklega hrifinn af þessu kerfi þá og ég taldi þetta ekki nein sérstök töfrabrögð í störfum fráfarandi orkuverðsnefndar. Fyrir því eru fleiri en ein ástæða.

Í fyrsta lagi geta þessir orkutaxtar annars staðar hreyfst með þeim hætti að þeir mæli gagnstætt því sem þörfin er fyrir hjá fólkinu sem nýtur þessa og í raun, eins og ég e. t. v. fjalla um síðar, hefur þessi viðmiðun, t. d. við hitaveiturnar, verið röng. Það ber hins vegar að hafa í huga — ég tek fram að ég hef ekki farið yfir þetta frv. nákvæmlega og ekki borið það saman orði til orðs við frv. orkuverðsnefndarinnar — að sú tala sem orkuverðsnefndin setti inn var hámarkstala. Hún var viðmiðunartala. Hún var sett inn sem viðurkenning og staðfesting á því að þetta misvægi í húshitunarkostnaði mætti ekki undir neinum kringumstæðum nema meira en sem að næmi ⅛ af vegnu meðaltali í töxtum hitaveitna í landinu. Ef fjármunir væru hins vegar til staðar ætti þessi tala að vera lægri.

Ég held að það hafi verið samdóma álit okkar í orkuverðsnefnd að í raun væri þessi viðmiðun of há, en aftur á móti settum við fram skýr ákvæði í okkar frv. sem hefðu auðveldað húseigendum að lagfæra hús sín með tilliti til orkusparnaðar með verulega hagstæðara móti en frv. gerir ráð fyrir. Við gerðum ráð fyrir að ákveðnum hluta af þessu fjármagni yrði bókstaflega varið sem styrk til þess að lagfæra lélegt húsnæði. Þessar tillögur voru m. a. tilkomnar vegna þess að við fengum um það mjög skýrar ábendingar frá þeim mönnum sem höfðu fjallað um þessi mál, ég hygg að þeir viðræðuaðilar hafi verið úr orkusparnaðarnefnd, að venjuleg lánaleið dygði ekki í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, að svo mikill kostnaður fylgir slíkum endurbótum á húsnæði að það er erfitt að finna fyrir því hagfræðilegan grundvöll jafnvel þó að orkuverð sé úr hófi fram.

Það sem ég vildi hins vegar vekja athygli á í þessum efnum er það, að sú viðmiðun að það bæri að taka mið af hitakostnaði hjá nýlegum hitaveitum hefur verið og er að mínu mati röng. Kemur þar margt til, en maður hefur ekki komist hjá því að finna mjög mikla andstöðu gegn því að breyta raforkutöxtum til húsahitunar til, sem menn kalla, ósamræmis við nýjar hitaveitur. Þá ber þó alveg sérstaklega að hafa það í huga, og ég hygg að það komi fram í grg. með þessu frv., að eins og sá kostnaður hefur verið metinn á þeim svæðum þar sem um nýjar hitaveitur er að ræða hefur hann verið talinn

hærri en hann raunverulega hefur verið að raungildi til. Skal ég þó ekki fara nánar út í það. Þar hefur fengist röng viðmiðun til að halda uppi raforkukostnaði við húsahitun í landinu.

Það væri að sjálfsögðu hægt að tala um þetta allt saman miklu lengra mál, en það vill svo til að ég á sæti í þeirri n. hér í Ed. sem á eftir að fjalla um þetta frv. og ég vona að mönnum gefist þá kostur á að meta niðurstöður þar. En ég skal ekki láta hv. 2. þm. Austurl. vera í neinum vafa um skoðun mína. Ég met ekki þörfina fyrir niðurgreiðslu á raforku á hinum köldu svæðum með þeim hætti hvort hún fullnægir einhverri tiltekinni reiknitölu. Ég tek þar að sjálfsögðu mið af því hvað fólkið er megnugt að taka á sig í þessum efnum. Og ég legg á það áherslu að bæði í þessum tilvikum og öðrum er það ríkisvaldið, sem hér skammtar mönnum kjörin, sem hér ákveður verðið, og menn hafa í raun ekki í önnur hús að venda en að skipta við ríkisvaldið í þessum efnum.

Í þessu frv. og í fyrri lögum hafa verið hörð ákvæði um að menn ættu ekki að njóta niðurgreiðslu á orku til húshitunar ef raforka væri til staðar. Þessu hefur sem betur fer ekki verið framfylgt. Það hafa verið í lögum þvingunarráðstafanir til að fá menn til að skipta við ríkið í þessum efnum. Það er ómögulegt að ætlast til þess að ríkisvaldið hafi einhliða aðstöðu til þess að ákveða með hvaða hætti slíkir taxtar gangi fram.

Það er alveg augljóst mál að verulegum jöfnuði náum við ekki nema með því að bæta húsnæðið í landinu. Í þeim efnum skilur meira á milli manna en í nokkrum öðrum efnum í þessu máli. Það er talað um að nokkuð eðlileg orkuþörf, miðað við venjulegt húsnæði, sé um 32 800 kwst. á ári. Það eru sannarlega dæmi til þess að sú tala sé verulega miklu hærri. Það er alveg hárrétt, eins og fram kemur í þessu frv., að jöfnuður kemst ekki á nema með þeim hætti að lagfæra þetta lélega húsnæði. En það skulu menn líka athuga að eftir því sem taxtarnir eru hærri því minni möguleikar eru á því að takast á við þann vanda. Því mega menn ekki gleyma í þessum efnum. Og er alveg sannfærður um að þrátt fyrir frómar óskir um að gert verði skipulegt átak í þeim efnum að lagfæra húsnæðið í landinu gengur það ekki yfir nema á nokkrum árum og kannske nokkuð mörgum árum og þá getur farið svo að það hafi reynst ýmsum þeim sem þurfa að búa við orkuokur of þungt í skauti þannig að þeir hefðu þá frekar valið þann kostinn að færa sig til í landinu og setjast þar að sem orkan er ódýrari og þá ekki síst miðað við aðrar aðstæður. Ég hef þá m. a. í huga bændurna og landbúnaðinn, sem hafa nú legið undir allþungri ágjöf á síðustu árum og af einni stétt búa við verri kjör í sambandi við viðskipti við ríkisvaldið en að því er ég hygg nokkur önnur stétt í þessu landi. Mér er tjáð, og ég hef séð um það útreikninga, að umfram venjulega orkuverðshækkun hafi taxtar til landbúnaðar hækkað verulega miklu meira en aðrir orkutaxtar þannig að um muni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum hér. Eins og ég hef áður sagt á ég sæti í þeirri n. sem fær þetta mál til umfjöllunar og þar gefst mönnum kostur á að fara yfir þetta mál. Út frá því sem kom hér fram hjá hv. 2. þm. Austurl. vil ég benda á að í 3. gr. eru miklu skýrari ákvæði um að orkujöfnunargjaldinu skuli skilað. Það getur vel verið að menn telji slíka lagasetningu ekki mikils virði. Þessi ákvæði eru að því er ég held þó alveg óbreytt frá því sem orkuverðsnefndin setti fram. Auðvitað er það á valdi Alþingis, eftir að slík ákvæði eru komin inn í löggjöf, að haga störfum svo og ákvörðunum þannig að jafnskýr fyrirmæli sem þessi séu virt og að þau standi. Það er að sjálfsögðu aðalatriðið í þessum efnum að þarna er þetta sett fram alveg skýrt og ótvírætt. Og ég hygg að þó að vera megi að ýmislegt sé óðruvísi í þessu frv. en frv. orkuverðsnefndar sé þessi framsetning með þeim hætti að þeim markmiðum, sem voru sett fram í frv. okkar í orkuverðsnefnd, sé öllum hægt að ná ef vilji er fyrir hendi til slíkra áforma.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, herra forseti. Reyndar hafði eg ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umr. nú að þessu sinni, en þar sem félagi minn af Austurlandi, hv. þm. Helgi Seljan, var að gera mér upp orð og hugsanir — mjög með réttum hætti — vildi ég að mín afstaða lægi hér fyrir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er ástæðulaust að láta þessa umr. verða eins konar eintal þeirra hv. þm. Austurl. Enda þótt þetta mál hafi mjög borið á góma í þeirra kosningabaráttu eins og hér hefur margsinnis komið fram, þá var þetta mál nú samt engu að síður rætt víðar í landinu og þarf engum að koma það á óvart. Í Vesturlandskjördæmi, þar sem annars vegar háttar svo til að þar er dýr hitaveita fyrir suðurhluta kjördæmisins, en hins vegar engar hitaveitur í norðurhluta kjördæmisins, var þetta auðvitað mikið til umræðu ekki aðeins í kosningabaráttunni. Það var alltaf mikið til umræðu og verður meðan núverandi ástand helst.

Ég ætla ekki að tefja tíma hv. dm. á því að fara um það mörgum orðum hvert réttlætismál hér er á ferð, þar sem er jöfnun hitakostnaðar og hve slaklega hefur verið staðið að því máli að undanförnu. Þrátt fyrir stór orð um þann þátt málsins var slaklega að þessu staðið í tíð fyrrv. ríkisstj. Það getur hver kennt öðrum um sem þar átti hlut að máli, en það breytir ekki þeirri meginstaðreynd að ekki var unnið að þessu eins og efni stóðu til. Þetta er slíkt réttlætismál og þetta er slíkt hagsmunamál fólksins í landinu, eins og margsinnis hefur verið bent á, að þessi mikli munur á hitunarkostnaði hefur leitt til búseturöskunar, búferlaflutninga sem eru þjóðfélaginu feiknalega dýrir. Þetta er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja og ætti því ekki að þurfa að hafa um það ýkja mörg orð.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessa umr. mjög en vildi þó aðeins bæta hér við örfáum orðum. Án þess að ég hafi haft tækifæri til að kynna mér þetta sérstaka frv. til ýtrustu hlítar get ég sagt það að mér sýnist hér þó stigið skref sem er til bóta. Þó er það skref hvergi nærri eins stórt og ég taldi mig hafa ástæðu til að vona eftir umr. sem urðu hér fyrr á þessu þingi þegar hæstv. iðnrh. boðaði komu þessa frv. sem við hér nú ræðum. Ég hafði satt að segja búist við því að gengið yrði nokkru lengra en hér er gert. Hins vegar skal ég alls ekki vanmeta eða gera lítið úr því sem hér er verið að gera. Það er vissulega í rétta átt þótt meira mætti vera.

Menn hafa talað hér um átak í orkusparnaði. Þótt ýmislegt gott hafi verið gert og sé verið að gera á því sviði, þá held ég að þar megi miklu betur gera og á langtum fleiri sviðum en efst hafa verið á baugi í þeirri umr. sem átt hefur sér stað um þau efni. Það hefur mikið verið talað, og mest um endurbætur á íbúðarhús-

næði sem vissulega eru brýnar og nauðsynlegar afar víða. En það er líka margt annað á sviði orkusparnaðar hvarvetna í þjóðfélaginu sem ég held að mætti spara mjög verulega. Vissulega er höfð uppi nokkur viðleitni til þess á hinum ýmsu sviðum, en ég hygg samt að þar megi enn betur gera og á enn fleiri sviðum.

Það er vissulega til bóta í þessu frv. að gert skuli ráð fyrir því að heimilt sé að veita hitaveitum sérstaka aðstoð, þannig að þær séu samkeppnisfærar við aðra orkugjafa vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur hér á undanförnum árum, og ég segi það strax að hér er ég m. a. með í huga Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, sem allir voru sammála um að væri mjög hagkvæmt fyrirtæki, fyrirtæki sem hefur reynst mjög vel þó að mál hafi þar að sumu leyti þróast með öðrum hætti en menn gerðu ráð fyrir þegar ráðist var í þá framkvæmd. Það er einkum tvennt sem ég vil þar til nefna. Spádómar sérfræðinga um orkunotkun íbúa á þessu svæði reyndust rangir. Ég vil ekki segja að þeir hafi reynst út í hött, en þeir færu sérfræðingar sem gerðu áætlanir um rekstur og stofnun þessa fyrirtækis gerðu ráð fyrir verulega meiri notkun á heitu vatni en raun varð á. Þess vegna hefur rekstrargrundvöllur orðið allt annar en menn gerðu sér hugmynd um í upphafi. Þetta er auðvitað mjög slæmt, vegna þess að ef réttir útreikningar hefðu legið fyrir, þá hefði sjálfsagt verið farið með ýmsum hætti öðruvísi að.

Hitt atriðið er svo það, að til þessa fyrirtækis, eins og annarra með þessu sniði og á þessum vettvangi, þurfti auðvitað að taka mikil erlend lán og var það ekkert tiltökumál. Það er einmitt til slíkra framkvæmda sem er fyllilega réttlætanlegt og eðlilegt og sjálfsagt að taka erlend lán þegar jafnþröngt er á innlendum lánsfjármarkaði og raun ber vitni. Hins vegar hefur gengisþróun orðið á þann veg, og það sáu menn auðvitað ekki fyrir frekar en aðra hluti í þessum efnum, að þessi lán hafa orðið greiðendum miklu þyngri í skauti en talið var á þeim tíma sem lánin voru tekin og þess vegna hafa erfiðleikar orðið langtum meiri en nokkurn mann gat órað fyrir. Þar af leiðandi hefur notendum orku þessa fyrirtækis verið gert að greiða hærra gjald en menn höfðu ætlað.

Bæjarstjórnin á Akranesi hefur nú ritað okkur þm. Vesturl. öllum svohljóðandi bréf sem ég les hér með leyfi forseta:

„Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var 27. mars s. l.," bréfið er dags. 24. apríl, „var m. a. samþykkt eftirfarandi till.:

„Bæjarstjórn Akraness vekur athygli á að upphitunarkostnaður Akurnesinga og annarra er njóta upphitunar orku frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er orðinn mjög hár og mun hærri en notenda er njóta niðurgreiddrar orku frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Bæjarstjórn telur réttlætismál að við verðjöfnun og niðurgreiðslu á orku verði lagður til grundvallar orkukostnaður notenda og stuðningi beint til þeirra heimila er stærstar byrðar bera án tillits til þess af hvaða fyrirtækjum hitaorkan er keypt og án tillits til þess hvert form orkunnar er, enda geta notendur venjulega litlu ráðið um þetta tvennt."

Hér lýkur þessari samþykkt, en bréfinu lýkur svo með þessum orðum:

„Með bréfi þessu er vakin athygli á ofangreindri samþykkt og er þess vinsamlegast vænst að þér beitið yður fyrir framkvæmd þessa máls svo fljótt sem frekast er kostur."

Þetta vildi ég að kæmi hér sérstaklega fram varðandi þennan þátt málsins. En hér er um býsna flókið mál að ræða sem væntanlega fær mjög ítarlega athugun í nefnd.

Að lokum, herra forseti, sýnist mér þetta mál í heild heldur horfa til bóta frá því sem verið hefur þótt ég hefði vissulega vænst þess að nokkru lengra yrði gengið en þetta frv. gerir ráð fyrir. Skal ég svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Það eru aðeins örfá orð, herra forseti, vegna orða sem til mín hafði verið beint eða fsp.

Þá fyrst út af framlagningu frv. Hv. 2. þm. Austurl. fann að því að ég hefði ekki lagt þetta frv. fram þar sem hv. fyrrv. iðnrh. á sæti. Það er nokkuð vandlifað og þyrfti þessi hv. þm. helst að fá leyfi til að stikla á milli deilda svo að hægt væri að gera honum til hæfis. En það vill þannig til að ekki kom annað til greina en að leggja þetta frv. fram í Ed. af því að formaður orkuverðsnefndarinnar er formaður í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar. Það er öll skýringin. Og það er alveg skotheld skýring.

Enn fremur var það einmitt lærdómur minn, sem ég dró af starfi mínu sem forseti í hv. Nd., þegar hv. 2. þm. Austurl. gegndi forsetastörfum í Ed., að ráðherrar og ríkisstj. gættu þess ekki að deila skynsamlega niður verkefnunum og ekki heldur að taka tillit til þess hversu betur verki farin hv. Ed. er. Er það hrapalegt að menn skyldu ekki hafa það einu sinni fyrir augum þegar þeir voru að skipa málum sínum í deildir.

En það sem kom mér mest á óvart, hygg ég að óhætt sé að segja, þegar ég tók við því starfi sem nú gegni ég, voru ástæður orkufyrirtækjanna. Ef ég má nefna það svo: gjaldþrotaástæður orkufyrirtækjanna. Mér var allsendis ókunnugt um það og kom mér aldeilis í opna skjöldu að þann veg skyldi standa á fyrir Íslandsvirkjun sjálfri að stefndi í milli 300—400 millj. kr. hallarekstur á Landsvirkjun á árinu 1983 ofan í það kaup að hún var rekin með 152 millj. tapi árið 1982. Hvað halda nú menn að taki við ef slíkur búskapur er rekinn áfram með þessum hætti? Hver á að borga þetta fyrr eða síðar? Það hefur margverið rakið að ef við hefðum greitt raungildi orkunnar á árunum frá 1971—1982 í 12 ár hefði Landsvirkjun skuldað 100 millj. dollara minna en hún gerir í dag, en þessu frestuðum við þá, ekki til næsta dags eða mánaðar heldur til næsta áratugar. Ríkisstjórnir á þessum árum skeyttu þessu ekki, þær horfðust aldrei í augu við staðreyndir og hallinn á rekstri orkufyrirtækjanna var jafnaður með erlendum lántökum, dollaralántökum, og allir þekkja hvernig þróun þess gjaldmiðils hefur leikið okkur. Því er það að við höfum ekki fengið enn fangs á að ráða bót á því ógnarálagi sem orkan er á almenningi í landinu, að ég ekki tali um íbúa á köldu svæðunum sem svo eru nefnd.

Það er orðhengilsháttur hjá hv. 2. þm. Austurl. að tala um að það sé lokamark á köldu svæðunum að hitunarkostnaður við kyndingu íbúðarhúsa verði eigi hærri en sem nemur 1.8-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins. Þetta er tap. Þetta er hámarkið og þess er getið að því hafi verið náð. En vitanlega er það ekki lokamarkið. Vitalega er lokamarkið að allir búi við sama verð. Það gefur auga leið og hlýtur hverjum manni

að vera skiljanlegt. Ég sé ekki tök á því eins og nú standa sakir að því marki verði náð alveg á næstunni, en að því hlýtur að verða keppt.

En hvaða breytingar hafa átt sér stað fyrir utan það að óhjákvæmilegt var að mínum dómi, og ég ber höfuðábyrgð á því að hækka orkuverðið til þess sem nam því að orkuveiturnar sjálfar geti staðið undir sér, — hvað annað höfum við gert í þessu efni? Ég man það áreiðanlega rétt að til niðurgreiðslu á árinu 1983 skyldi skv. áætlunum fyrri ríkisstj. varið 35 millj. kr. Mig minnir að til olíuverðsniðurgreiðslu hafi verið svipuð tala, þannig að það hafi samtals í þessu skyni átt að verja skv. áætlunum fyrri ríkisstj. tæpum 70 millj. kr. Við bættum við þetta á síðasta ári, áformuðum 150 millj. í viðbót, — en nú svara ég fsp. hv. 2. þm. Austurl. þegar hann spurði hversu miklu hefði verið varið af þessum 150 millj. til niðurgreiðslna: Það voru 70 millj. 80 millj. voru færðar yfir á þetta ár. Hv. 11. landsk. þm. gaf nokkra skýringu á því hvers vegna þessu fé var ekki öllu ráðstafað. Það var fyrir það að nokkru minni hækkun varð en maður upphaflega áleit á heildsöluverði raforkunnar.

Á árinu 1983 skyldi sem sagt varið um 70 millj. í þessu skyni alls, fyrir utan lítils háttar fyrirgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun vegna einangrunaraðgerða sem voru gersamlega að fjara út, en í ár reiknuðum við með að ráðstafa til allra þessara þarfa: í niðurgreiðslu rafmagns a. m. k. 190 millj. kr., olíu um 60 millj. kr. og til annarrar fyrirgreiðslu í orkusparandi aðgerðum um 90 millj. kr. Sem sagt: 340 millj. er ætlað að við munum verja til þessara þarfa í ár. Það er a. m. k. stökkbreyting frá því sem áður var.

Ég vil líka vekja athygli manna á því að það er ekki auðvelt að setja sig í þær stellingar einvörðungu að greiða orkuverð niður. Menn hlustuðu á bréf frá bæjarstjórn Akraness, sem hv. 5. landsk. þm. las upp áðan, þar sem hún bendir á að orkuverðið, sem menn búa við frá hinni nýju og hagkvæmu, sem talin var, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er allmiklu hærra en það orkuverð sem menn búa við á þeim svæðum þar sem raforkan til að mynda er greidd niður eins og hjá Rafmagnsveitu ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Auðvitað er alltaf hægt að deila um forsendur þeirra útreikninga sem til grundvallar eru lagðir, en eftir sem áður er þetta óhrekjanlegt. Það hefur verið afstaða mín og það er afstaða ríkisstj. að hefja ekki niðurgreiðslur á svæðum eins og þessu nefnda svæði, Akranesi og Borgarfirði, en okkur er ljóst að við þurfum að koma til aðstoðar við þessa hitaveitu. Það er alveg ljóst að ekki er hægt að hækka orkuverðið þannig að endar nái saman. Skuldin sem er áhvílandi þessu fyrirtæki er sjálfsagt einum 6 millj. dollara of há til þess að ætlandi sé að fyrirtækið rísi undir henni. Þarna þarf hið opinbera að koma til skjalanna. Ég hef raunar fleiri hugmyndir í þessu sambandi, aðallega þá að stofna til sjálfstæðrar orkuveitu á þessu svæði og þá yrði í leiðinni þetta orkufyrirtæki rétt af fjárhagslega. Ég hef áhuga á því að Andakílsárvirkjun gamla taki við dreifingu orkunnar og stjórn á henni á þessu svæði og leysi Rafmagnsveitur ríkisins af hólmi. Það er stefna mín að þannig fari þetta sem mest fram í landinu. Við höfum fyrirliggjandi og brátt mun koma fyrir þessa hv. deild frv. til l. um Hitaveitu Suðurnesja þar sem gert er ráð fyrir að tilgangur hennar og hlutverk verði aukið þannig að hitaveitan sjái fyrir öllum þörfum, öflun og sölu og dreifingu á orku á Reykjanesskaganum og verði enda kaupandi að núverandi eigum Rafmagnsveitna ríkisins á þessu svæði — fyrir að vísu hátt verð því að ekkert verður gefið í því efni.

Sama gildir um Hitaveitu Akureyrar. Þar ná menn ekki endum saman, og þá yrði þjóðfélagið sjálft að hlaupa undir þennan bagga, enda eru heimildir í þessum lögum til þess að hægt sé að taka á þeim málum.

Ég sé ekki ástæðu til að víkja að fleiri atriðum nú. Ég fer fram á að hv. iðnn. athugi þessi mál rækilega. Það er alveg rétt. Ég var þeirrar skoðunar rétt fyrir jól að okkur tækist að vinna þetta mál hraðar en raun ber vitni. Ég ber meginsök á því að þetta hefur dregist svo úr hömlu sem raun ber vitni. Ég vona samt að sú undirbúningsvinna komi til góða, þannig að hraðari afgreiðsla náist á hv. Alþingi. Ég bendi á að við höfum í anda þessara tillagna, sem að meginhluta til eru frá orkuverðsnefndinni, starfað í vetur á vegum iðnrn. og félmrn., þar sem við höfum sett upp verkefni, stjórnir og ráðgjafarnefndir sem staðið hafa fyrir námskeiðum og öðrum undirbúningi í orkusparnaðaraðgerðunum. Við höfum auðvitað notað okkar heimildir til þess að greiða aukaniðurgreiðslur raforkunnar og gerðum það síðast 1. febr. niður að þessu þaki, sem orkuverðsnefndin lagði til, 1:1.8. Það er auðvitað líka rétt að ekki gengur það sem röksemd að það þak haldi ef menn fara hina leiðina og hægt sé að koma þessu þaki neðar með því að hækka á ódýru hitaveitunum og fá þannig meðaltalið upp á við. En mikil áhrif hefur það þó að þessi munur sé sem minnstur vegna hættunnar á búseturöskuninni. Þetta er áreiðanlega hættulegasta fyrirbrigðið í þá veru sem ég hef séð til á næstliðnum árum, þ. e. hinn mikli orkuverðsmismunur og orkukostnaðurinn, sem er við það að setja heimili í landinu á hliðina fjárhagslega. Þetta er okkur alveg ljóst, en ég ítreka það: Við höfum lagt mikið af mörkum í þessu efni, háar fjárhæðir á erfiðu fjárhagsári. Við skulum vona að þetta frv. verði til þess að styrkja og efla fjárframlögin af hálfu hins háa Alþingis til þeirra brýnu þarfa sem þetta er.

Ég gat þess með vísun til bréfsins frá bæjarstjórn Akraness að hér er þetta ekki vandalaust, hvað gera skuli þegar svo er komið sannanlega að nú er greitt niður rafhitun hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða niður fyrir það sem tíðkast hjá ýmsum öðrum rafveitum, á Suðurnesjum, Akranesi og víðar og víðar. Þá er þetta orðið mikið vandamál þegar fer að hallast á á þann veg.

Það eru margháttaðar aðgerðir sem ríkisstj. hefur núna til athugunar um að greiða úr því öngþveiti sem orkuverðsmyndunin öll saman er í og þessu of- eða vanskipulagi sitt á hvað sem öll orkumál okkar eru í, orkuöflunin o. s. frv. Það er engin vafi á því að fyrir utan auðvitað sprengingar á heimsmarkaði á orkuverði fylgdu í kjölfarið hjá okkur bæði rangar ákvarðanir um orkuframkvæmdir og röng fjármögnun þeirra framkvæmda. En við vinnum ekki bug á þessum vanda með því að kenna hver öðrum um og óskapast yfir þessu ástandi. Við verðum að ráða fram úr þessari miklu og háskalegu gátu. Ég bind vonir við að innan mjög skamms tíma verði hægt að bjóða fólki upp á líðanlegt orkuverð, ég bind miklar vonir við það. Ekki ætla ég að hefja nú þrætur um sölu raforkunnar til stóriðjunnar,

þann stein höfum við lengi klappað og ég blanda því ekki í þetta, en ég hygg þó að ýmislegt bendi til að sala til nýrrar stóriðju kynni einnegin að létta undir með okkur í þessu efni.

Helgi Seljan: Herra forseti. Þetta geta verið örfá orð. Það gleður mitt hjarta að sumu leyti að heyra hvað hæstv. núv. iðnrh. leggur mikla áherslu á það að verkefni séu unnin af verkefnisstjórnum og nefndum. Einhvern tíma minnir mig að hann teldi það einna helstan galla á fyrirrennara sínum í þessu efni að hann skipaði öllum málum í nefnd. Hann hefur greinilega tekið upp hans vinnubrögð í ríkum mæli í því efni og er ekki nema gott eitt um það að segja, því að vissulega þurfa þessi mál að vinnast á þann hátt. Þau eru ekki svo einföld að það nægi að einn ráðh. rétt gluggi í þau svona áður en farið er að sofa á kvöldin. Það þarf vissulega marga menn til að vinna að svo stórum verkefnum.

Ég var nú ekki beint að gagnrýna hæstv. ráðh. fyrir að þetta frv. væri lagt fram í Ed. Ég skil vel að hann treysti engum betur en hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni til að fjalla um frv. Hefði hann þá gjarnan mátt bæta við hv. 11. landsk. þm., en hefur gleymt því af einhverjum ástæðum, en ekki treysti ég honum síður til þess en hv. 4. þm. Vestf. með þó allri hans nákvæmu vinnu og ágætu sem hann framkvæmir hér í þinginu. Ég var í raun og veru að tala um öll þau frumvörp sem hafa snert á einhvern hátt samskipti þessara ráðh., eða viðskilnað fyrrv. iðnrh. og móttöku hins núverandi, því þau frv. hafa öll verið lögð fram hér í Ed. Og kannske eru mestar röksemdir fyrir því að leggja þetta frv. fram hér, en þá minni fyrir öðrum frv. sem hæstv. ráðh. hefur séð sérstaka ástæðu til að leggja fram öll í Ed., held ég að ég fari rétt með.

Hæstv. iðnrh. talaði um ástæður orkufyrirtækjanna og erlendar skuldir í því sambandi. Mér finnst að menn ættu að fara varlega í það, þeir sem sitja í hæstv. ríkisstj., að tala um erlendar skuldir eða erlendar lántökur, þegar jafnvel ríkisbúskapurinn nú á að verða á slíkum erlendum lántökum byggður að miklu leyti og svo langt jafnvel gengið að greiðsla barnsmeðlaga til Tryggingastofnunar ríkisins á að fara fram samkvæmt erlendri lántöku. Þá fara menn nú að standa illa að vígi að tala um miklar erlendar skuldir sem safnast hafi í tíð fyrri ríkisstj. vegna orkufyrirtækja, slík uppbyggingarfyrirtæki sem orkufyrirtækin eru, þegar barnsmeðlögin sjálf eru komin inn í þetta dæmi hjá hæstv. núverandi ríkisstj., en þannig er að hún barnar flest mál sem hún tekur við og því kannske eðlilegt að hún þurfi virkilega á erlendum lántökum að halda til þess að rétta þar af. (**Iðnrh.:** Þú þyrftir að ná í Albert. Hann er ljósmóðirin.) Já, ekki efast ég um það að hæstv. iðnrh. saknar hans meira en hæstv. forsrh. gerir yfirleitt. En við skulum vona a. m. k. að þessar erlendu skuldir verði þeim ekki að jafnmiklu fótakefli og hæstv. iðnrh. var að ræða um áðan að þær hefðu orðið orkufyrirtækjunum. Reyndar vék hann svo í lokin að ástæðunni fyrir þessari slöku stöðu orkufyrirtækjanna í landinu, þ. e. undirverði til stóriðjunnar, og sagðist nú bjartsýnn á það, í ljósi ýmissa teikna þar, að það mundi fara að lagast. Guð láti gott á vita, ef hann nær vopnum sínum, eins og hann segir svo oft, í þeim málum gegn hinum erlendu auðhringum.

Ég kom hér aðeins upp til að fagna því að hafa verið svo forspár um það hver skoðun og vilji hv. 11. landsk. þm. var í þessum efnum sem hann staðfesti hér áðan, m. a. það, sem hann lýsti hér yfir, að orkuverðsnefndin hefði gert ráð fyrir mun hagstæðari aðstoð við húseigendur en frv. gerir ráð fyrir, m. a. með beinum styrkjum til lagfæringar á húsnæði. Ég ætlaði einmitt að spyrja hæstv. iðnhr. hvort sú heimild yrði notuð sem er í frv. um styrk en ekki bara lán, en hv. 11. landsk. þm. hefur svarað því að í raun og veru sé ekki um það að ræða. Þetta muni verða lánið eitt. Styrkurinn sem þeir lögðu til hafi verið felldur niður af hæstv. ráðh. við framlagningu frv. En í þessum efnum skiptir auðvitað ekki öllu máli hverju varið er í greiðslum á hverju ári heldur hver kostnaðurinn er fyrir fólkið í landinu og hlutfall kyndingarkostnaðarins af launatekjum þess, hve lengi launþeginn þarf að vinna fyrir þessum kostnaði. Og þá hlýt ég að spyrja sjálfan mig: Hverju breytir þetta frv. í þeim efnum? Og svarið er af hálfu hæstv. iðnrh.: Alls engu.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég tók svo eftir að hér hefði komið fram í umr. athugasemd frá bæjarstjórn Akraness vegna gjaldskrár viðkomandi hitaveitu og að talað hefði verið um Hitaveitu Akureyrar í sömu andrá. Ég sé að hv. þm. Valdimar Indriðason horfir mikið á mig þessa stundina. Ég verð nú að segja það alveg eins og er að ég mundi ekki vorkenna sveitungum mínum að borga húshitun sína með sama hætti og gerist uppi á Akranesi því að hitaveitan þar er sannarlega mikið og gott fyrirtæki. Kannske er ein aðalástæðan fyrir því að orkuverð er ekki lægra hjá þeirri hitaveitu að það selst minna vatn þar en áætlanir gerðu ráð fyrir, verulega miklu minna vatn, og án þess að ég geti tilfært hér tölur úr samanburði sem tekinn hefur verið saman að tilhlutan iðnrn. á raunkostnaði við húshitun þá er það niðurstaðan úr þeirri athugun að miðað við raunkostnað sé hann mjög verulega miklu lægri á Akureyri og Akranesi, eða sem nemur um 25%, heldur en gerist í þessum venjulega hefðbundna taxtasamanburði, og það ætla ég að biðja menn að athuga. Þessi taxtasamanburður hefur orðið til þess að auðvelda mönnum að forsvara hátt raforkuverð til húshitunar úti á landi, en ef á að bera saman hitaveitur og raforkuhitun, þá verður að gera það með réttum hætti. Það verður að vera sannur og réttur samanburður, en hann hefur verið rangur í allri þessari umr. Það er alveg nauðsynlegt að menn viti. Ég sagði áðan að ég mundi ekki vorkenna sveitungum mínum ef þeir ættu fyrirtæki á borð við Hitaveitu Akraness. Ég hygg að það muni vera sannmæli að þar sé til staðar þegar í stað hitaorka sem muni nægja þeim vaxandi bæ fram að næstu aldamótum, þannig að ekki þurfi annað en að tengja þar við nýjar veitur. Og til viðbótar við þetta er vissulega mikil ástæða til að athuga hvað þessi bæjarfélög hafa lagt mikið fjármagn fram í þessi sín annars ágætu fyrirtæki. Sveitarfélögin sjálf, bæjarstjórnirnar sjálfar, hafa möguleika til þess að beina sínu fjármagni með ýmsum hætti og það er spurning með jafngóðu fyrirtæki og hitaveiturnar eru hvort það er ekki fyllilega forsvaranlegt að sveitarfélögin greiði niður stofnkostnað á fyrri stigum þeirra. En það er út af fyrir sig annað mál. Það sem skiptir meginmáli í þessum efnum er að þessi viðmiðun er ekki rétt og að hún hefur orðið til þess að skekkja þennan samanburð. Hún hefur orðið til þess að

halda uppi raforkuokrinu til húsahitunar úti á landi og það eitt út af fyrir sig, án tillits til alls annars, er ólíðandi.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Það eru hitamál sem hér eru til umr. Ég ætlaði ekki að koma í þennan ræðustól nú, en vegna orða hv. 11. landsk. þm. áðan get ég varla annað. Ég verð að segja það við minn ágæta vin að mér finnst hann tala þar af nokkrum ókunnugleika hvað varðar hitaveituna á Akranesi og í Borgarfirði. Hann öfundaði okkur Vestlendinga mjög af þeirri veitu, það veit ég að hann gerir, og hann má gera það því þetta verður góð veita þegar hún er búin að koma undir sig fótunum. En hún hefur orðið fyrir þeim áföllum á sínu byrjunarskeiði að vera með allt sitt í erlendum lánum eins og flestar okkar veitustofnanir. Þess vegna er hún að kikna eins og er og hitunarkostnaður er mjög hár á svæðinu. Það er orðin mikil spurning hjá fólki hvort það getur kynt með heita vatninu frá þessari veitu eða hvort það fer yfir í olíu aftur, svo ég tali nú ekki um með auknum olíustyrk eins og liggur fyrir í þessu frv. Við þessu vara ég. Það er rætt um það hér í frv. og því fylgir tafla sem fskj. I, það er talað um það á bls. 12 í 14. lið, hver sé kostnaður við húshitun samkvæmt gjaldskrám í krónum á ári og einnig meðaltalsverð per kwst. Þar er Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar komin upp í 1.06 eða 34 608 kr. Við sjáum því miður hærri tölur og það þá helst í kjördæmi hv. 11. landsk. þm., en þær eru verulega lægri í flestum öðrum tilvikum. Hvað geta menn unað því á þessu svæði að greiða mikið í verðjöfnunargjald af raforku og fá svo ekkert til baka í húshitunarkostnað og hitaveitu? Það getur orðið erfitt dæmi. Þetta er ástæðan fyrir bréfi bæjarstjórnar Akraness sem getið var hér áðan. Þar varar hún við þessari þróun. En ég vona að með þessu frv. verði þarna bót á vegna 14. gr. Í aths. við 14. gr. segir, með leyfi forseta, í grg.:

„Nokkrar hitaveitur, sem hafa átt við sérstakan fjárhagsvanda að etja vegna ófyrirsjáanlegar rekstrarerfiðleika, þurfa að hafa gjaldskrá sem metin er hærri en nemur hitunarkostnaði með niðurgreiddri olíu og rafmagni. Þetta hefur fyrst og fremst átt við nokkrar smáar hitaveitur, en með þeirri lækkun á hámarksverði hitunar sem felst í 4. og 7. gr. kann að vera að þessum veitum geti fjölgað eitthvað. Í því skyni að treysta samkeppnishæfni þeirra við orkugjafa, sem njóta niðurgreiðslu, er samkv. grein þessari heimilt að veita þeim aðstoð."

Það er ekki farið fram á neina aðstoð þarna aðra en þá að það megi lengja þau erlendu lán sem á þessum veitum hvíla og taka e. t. v. hluta af stofnkostnaði til að færa þær á réttan kjöl. Þessar hitaveitur eiga fullan rétt á sér og munu verða góð fyrirtæki innan skamms tíma og óvíða betri en einmitt Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. (**EgJ:** Nákvæmlega það sem ég var að segja.) Það er von að þú öfundir okkur af því líka. — Því miður nýtum við ekki allt heita vatnið, sem upp kemur, enn þá. Það er ekki staðið í borunum eða öðru slíku, heldur er allt vatnið fyrir hendi. Þess vegna þarf að takast strax á við það að rétta þessa veitu af svo og aðrar sem þannig standa.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni, forseta bæjarstjórnar Akraness, fyrir að hafa staðfest mína ræðu og framsetningu með þeim hætti sem hann gerði. Ég er honum alveg sammála um það, og það var einmitt í tillögum orkuverðsnefndar, að gerð yrði skuldbreyting á lánum. Á milli okkar er ekki nokkur minnsti meiningarmunur í þessum efnum. Það sem ég var að segja var ekki vegna öfundsýki í garð hans byggðarlags, heldur hitt að gott fyrirtæki þar og arðsamt og lágur hitunarkostnaður þar á allra næstu árum og reyndar nú þegar, ef rétt er að gáð, má ekki verða þess valdandi að það sé tekin sú viðmiðun annars staðar að leiði til ófarnaðar í byggðamálum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 24. mál (þskj. 24). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsaleiga, frv. 157. mál (þskj. 227). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 726).

Skipan opinberra framkvæmda, frv. 176. mál (þskj. 317). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 725).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. 256. mál (þskj. 677 (sbr. 473)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem tóku gildi 1. ágúst 1982, kveða auk annars á um heilbrigðis- og hollustuháttaeftirlit á vegum sveitarfélaganna í landinu. Í þessum lögum eru lagðar miklu ríkari skyldur á sveitarfélögin til að sinna þessu eftirliti en áður hefur verið og eru öll sveitarfélög landsins í reynd eftirlitsskyld og undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa. Samkv. áður gildandi lögum var einungis skylt að ráða heilbrigðisfulltrúa í fullt starf á stöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri og í kaupstöðum með færri en 10 þús. íbúa og í kauptúnshreppi með yfir 800 íbúa í hluta af starfi. Að öðru leyti fóru heilbrigðisnefndir sveitarfé-

laga með eftirlitið og því var kostnaður við það í lágmarki. Þessi breytta skipan hefur í för með sér aukin fjárútlát sveitarfélaganna, sérstaklega þeirra sem ekki bar skylda til að hafa eftirlit þetta áður með höndum. Engar sérstakar tekjur eru þá ætlaðar til að mæta þessum aukna kostnaði og reynslan hefur sýnt að erfiðleikum er bundið að fá sveitarfélögin til að sinna þessari lögboðnu skyldu og er borið af þeirra hendi við fjárskorti.

Samkv. gildandi lögum er landinu skipt niður í ellefu heilbrigðiseftirlitssvæði og tekur eftirlitssvæðaskipan tillit til kjördæmaskipunar að verulegu leyti. Það er gert ráð fyrir að ekki færri en einn heilbrigðisfulltrúi starfi á hverju eftirlitssvæði og ekki komi fleiri en 10 þúsund manns að jafnaði á hvern heilbrigðisfulltrúa. Það er samdóma álit allra þeirra er við þessi mál fást, ekki síst heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna, að það sem einkum standi starfinu fyrir þrifum sé að sveitarfélögin treysti sér ekki til að standa undir eftirlitinu, en það hefur numið um 60 til 70 kr. á mann á ári, ef tekið er mið af þeim svæðum þar sem eftirlitið er framkvæmt samkv. lögum.

Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við það þegar lagðar eru ákveðnar skyldur í þessu tilviki á sveitarfélögin til að hafa með höndum eftirlit með eftirlitsskyldri starfsemi að sú starfsemi standi að verulegum hluta undir eftirliti. Sú stefna hefur verið mótuð í nágrannalöndum og nú síðast í Noregi og Svíþjóð og er þá tekið mið af því að eftirlitsskyld starfsemi beri a. m. k. helming kostnaðar við eftirlitið og eru þá tekin sérstök eftirlitsgjöld af þessari starfsemi. Með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo og þeirri tregðu sem viss sveitarfélög hafa sýnt til að framfylgja lögunum vegna þess að fjármunir eru ekki fyrir hendi, telur heilbr.- og trmrn., að höfðu samráði við stjórn Hollustuverndar ríkisins, rétt að reyna að freista þess að fá inn í lögin heimildir fyrir svæðisnefndir heilbrigðiseftirlits til gjaldtöku af eftirlitsskyldri starfsemi sem kveðið er á um í 2. gr. laganna. Hér er sem sagt eingöngu lögð til heimild, þannig að lög standi ekki gegn slíkri innheimtu. Það er vert að vekja athygli á því að lagt er til að svæðisnefndum verði fengin þessi heimild, en ekki sveitarstjórnum, og er það gert til að tryggja að gjald þetta komi eftirlitinu milliliðalaust til góða.

Í frv. þessu er lögð til önnur veigamikil breyting, en hún varðar starfsemi Hollustuverndar ríkisins. Stofnuninni er skipt í þrjár deildir, heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu og mengunarvarnir, og hefur hver deild sinn forstöðumann. Mengunarvörnum er m. a. ætlað að sjá um geislavarnaeftirlit í samræmi við lög frá 1962 um ráðstöfun gegn jónandi geislum, þ. e. þá starfsemi sem Geislavarnir ríkisins áður önnuðust. Reynslan sýndi að þetta fyrirkomulag hentar ekki. Stjórn stofnunarinnar gerði þegar á miðju ári 1982 sérstaka samþykkt um þennan þátt vegna sérstöðu hans með það fyrir augum að hann yrði rekinn sem sjálfstæðastur og var ráðinn sérstakur deildareðlisfræðingur til að annast þessa starfsemi. Auk þessarar sérstöðu má benda á að gert er ráð fyrir samkv. áður nefndum lögum frá 1962 að innheimt séu eftirlitsgjöld varðandi geislavarnaeftirlitið og að þessi gjöld eigi að standa undir eftirlitinu og renna til þess. Veruleg vandkvæði eru á slíku þegar starfsemi er aðeins hluti af starfsemi stærri deildar. Vegna þess er hér lagt til að gera geislavarnir sjálfstæða deild innan stofnunarinnar og á þann hátt verður sú breyting gerð að í stað þriggja deilda verða þær fjórar að þessu leyti. Óskir hafa komið fram um að gera geislavarnaeftirlitið að algerlega sjálfstæðri stofnun, en við í rn. töldum réttara að stíga ekki stærra skref í þessum efnum en gert er ráð fyrir í frv.

Í þessu frv. er einnig lögð til önnur breyting, en hún er að heimila stofnuninni að taka gjöld vegna veittrar þjónustu og vegna sérhæfðra eftirlitsmanna. Sú þjónusta sem hér um ræðir er fyrst og fremst rannsóknir á matvælum, þar með talið neysluvatn fyrir heilbrigðisnefnd sveitarfélaganna. Sem dæmi um sérhæft eftirlit má nefna eftirlit með mengunarvarnabúnaði við verksmiðjur landsins, væntanlegt innflutningseftirlit með matvælum og öðrum nauðsynjavörum.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til á lögunum snerta örfá atriði sem rn. telur að betur mættu fara í lögum að fenginni reynslu.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta frv. Lögin gerðu ráð fyrir endurskoðun innan ákveðins árabils, en það var samhljóða álit þessara aðila allra að þessar breytingar séu nauðsynlegar. Frv. hefur farið í gegnum Nd. og stóðu allir nm. nema einn að þessari breytingu. Sérstaða þessa eina nm. var sú, að það ætti að bíða eftir heildarendurskoðun allrar löggjafarinnar. Af þeim ástæðum sem ég hef rakið hér tel ég rétt að þetta frv. nái fram að ganga til þess m. a. að uppfylla ákveðin tiltekin skilyrði laganna um samræmt heilbrigðiseftirlit í landinu öllu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Kvikmyndamál, frv. 319. mál (þskj. 650). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Núgildandi lög um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð eru frá árinu 1978 og óhætt er að fullyrða að með tilkomu þeirra laga hafi verið brotið blað í sögu íslenskra kvikmyndamála. Þá hófst hin mikla gróska í íslenskri kvikmyndagerð sem ekkert lát hefur orðið á síðan og það er vandséð að nokkur löggjöf hafi haft jafnmikil áhrif á viðgang einnar listgreinar og lögin frá 1979 höfðu á þróun íslenskrar kvikmyndagerðar. Það helst raunar í hendur við mikinn uppgang þessarar listgreinar, vinsældir hennar og mikilvægi víða í heiminum.

Kvikmyndasjóður var stofnaður 1978 eins og ég sagði áður. Ég vil víkja að því hverjar fjárveitingar til hans hafa verið. 1979 voru það sem svarar 300 þús. kr., 1980 450 þús., 1981 1 millj., 1982 1 millj. 500 þús., 1983 5 millj., 1984 6 millj. 500 þús. Þegar ég segi „sem svarar" þessum upphæðum á ég ósköp einfaldlega við það að þegar lögin voru settt voru öðru vísi kr., hundrað sinnum minni en nú eru. Þess skal getið að á árinu 1980 *fór fram aukaúthlutun úr sjóðnum og þá var úthlutað* 50 millj. og 500 þús. gömlum krónum, eða 505 þús. nýkr. Þar var um að ræða söluskatt af íslenskum kvikmyndum en söluskattur af íslenskum kvikmyndum var síðan

felldur niður.

Á tímabilinu 1979—1984 hafa verið veittir styrkir til 18 leikinna kvikmynda og má telja næsta fullvíst að ekki hefði verið ráðist í gerð neinnar þeirra ef ekki hefði komið til upprunalegur styrkur frá Kvikmyndasjóði. Allar þessar myndir hafa verið fullgerðar og sýndar hér á landi og erlendis að undanteknum þeim tveim leiknu myndum sem hlutu styrk 1984 en ráðgert er að ljúka á þessu ári. Á sama tíma hafa verið veittir styrkir til 28 heimildarmynda en af þeim munu aðeins sex vera fullgerðar. Margar heimildarmyndir eru langtímaverk og að jafnaði miklu erfiðara að fjármagna þær þar sem tekjur af þeim eru sjaldnast aðrar en af sýningum í sjónvarpi. Þá hafa verið styrktar tvær teiknimyndir, ein grafísk mynd og tvær 8 mm myndir.

Sjóðurinn hefur einnig tekið þátt í að styrkja kynningar á íslenskum myndum á kvikmyndahátíðum og kynningum erlendis og öðrum svipuðum vettvangi. Kvikmyndasjóður hefur einnig af íslenskri hálfu tekið þátt í samstarfi norrænu kvikmyndastofnananna um kynningar á norrænum kvikmyndum, en norrænu kvikmyndastofnanirnar reka öfluga kynningarstarfsemi, t. d. á stærstu kvikmyndahátíðum heims í Cannes og Berlín. Þá hefur sjóðurinn tekið þátt í norrænum kvikmyndakynningum, m. a. í Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu. Kvikmyndasjóður hefur engu starfsliði haft á að skipa en í stjórn hans sitja þrír menn, einn tilnefndur af Ríkisútvarpi/sjónvarpi, annar af Námsgagnastofnun/fræðslumyndasafni og formaður skipaður af menntmrh.

Kvikmyndasafn Íslands var sett á laggirnar með lögunum frá 1978 og hefur á vegum þess verið unnið að því að bjarga frá glötun gömlum íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um liðna atburði á Íslandi. Hefur safnið á þessu sviði unnið ómetanlegt starf þar sem síðustu forvöð hafa verið að bjarga mörgum þessara mynda, einkum nítratmyndum sem eru mjög forgengilegar. Safnið hefur nú aðsetur í leiguhúsnæði að Skipholti 31 hér í borg og hefur þar til afnota eitt herbergi og geymslu. Við safnið starfar einn maður í hálfu starfi og yfir safninu er fimm manna stjórn. Fjárveiting til safnsins á fjárlögum 1984 er 903 þús. kr.

Nú skal vikið að því frv. sem hér liggur fyrir. Þetta frv. var upphaflega samið af nefnd skipaðri af fyrrv. menntmrh. Ingvari Gíslasyni hinn 11. maí 1981. Nefndin skilaði endanlega störfum til rn. 25. mars 1982. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra þingflokka er þá áttu sæti á Alþingi. Frá Alþb. var Guðrún Helgadóttir, frá Alþfl. Vilmundur heitinn Gylfason, frá Sjálfstfl. Halldór Blöndal og frá Framsfl. Sigmar B. Hauksson. Einnig áttu sæti í n. Þorsteinn Jónsson frá Félagi kvikmyndagerðarmanna, Jón E. Böðvarsson frá fjmrn., en menntmrh. skipaði Indriða G. Þorsteinsson formann nefndarinnar án tilnefningar. Nefndin samdi nýtt lagafrv. um þessi efni en það var aldrei lagt fram. Það frv. sem hér er nú lagt fram er að meginstofni byggt á frv. nefndarinnar en þó heafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Helstu breytingar rn. á frv. nefndarinnar eru þessar:

1. Ekki er gert ráð fyrir því í frv. að sett verði á laggirnar ný ríkisstofnun, Kvikmyndastofnun Íslands, heldur er Kvikmyndasjóði ætlað að starfa áfram, en sjóðnum ætlað nokkuð víðtækara starfssvið en áður.

2. Haldið er þeirri hugmynd að sameina stjórn og starfsemi Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns í hagræðingar- og sparnaðarskyni svo að betur megi nýta starfslið og húsnæði, en að öðru leyti gert ráð fyrir að safnið starfi sjálfstætt með svipuðum hætti og verið hefur.

3. Aðaltekjur Kvikmyndasjóðs eru árlegt framlag úr ríkissjóði er skv. frv. nemi öllum áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Er þessi breyting í samræmi við sérálit Halldórs Blöndals á sínum tíma í nefndinni en á hinn bóginn er fellt niður ákvæði um ábyrgðir á lánum til kvikmyndagerðarmanna sem næsta óljóst er hvernig átti að framkvæma.

4. Nýmæli er ákvæði um skylduskil á kvikmyndum til Kvikmyndasafns.

5. Nýmæli er einnig að Kvikmyndasjóði er heimilað að láta starfsemi sína ná til myndbandagerðar og annarra tækninýjunga er tengjast heðbundinni kvikmyndagerð.

Aðrar breytingar eru minni háttar.

Ég vil láta þess getið á þessu stigi að fram hefur komið nokkur efasemd af hálfu einstakra þm. í viðræðum um málið. Ég skal ekki segja hvort sú afstaða kann að koma fram í meðferð málsins í nefnd, en nokkrar efasemdir hafa komið fram um það að starfsemin ætti að ná til myndbandagerðar og annarra tækninýjunga, að það sé tekið fram í frv. Það má vel vera að þessu atriði ætti að breyta í n. enda e. t. v. ekki ástæða til þess að það sé sérstaklega tekið fram í frv. Ég er fús til þess að láta athuga þetta atriði betur ef hv. þingnefnd sýnist svo.

Þess skal getið að miðað við áætlaðan söluskatt á árinu 1982 hefðu tekjur sjóðsins numið 14.5—16 millj. kr. skv. þessu frv. sem nú liggur fyrir. Árið 1983 mun sölugjald af kvikmyndum hafa numið ca. 27.4 millj. kr. skv. upplýsingum sem fengust símleiðis frá ríkisskattstjóra í morgun. Þessi munur mun ekki síst liggja í verðbólguþróuninni á milli þessara tveggja ára.

Nokkur ágóði varð af fyrstu leiknu kvikmyndunum sem styrktar voru af Kvikmyndasjóði. Leiknar kvikmyndir voru nýmæli og því var aðsókn að þeim sérlega mikil og unnt að selja aðgang að þeim dýrara verði en að erlendum kvikmyndum. En eftir því sem leiknum íslenskum kvikmyndum hefur fjölgað hafa þær orðið að keppa við erlendar kvikmyndir um hylli áhorfenda og eigi notið þess í jafnríkum mæli og fyrst í stað að þær voru íslenskar. Nú má heita næsta vonlítið að gera leikna íslenska kvikmynd af nokkrum metnaði, eins og stundum er sagt, á þann veg að hún geti borið sig fjárhagslega af sýningum einvörðungu á innlendum vettvangi. Hins vegar er markaður erlendis erfiður og ótryggur og krefst mikils auglýsinga- og kynningarkostnaðar. En vissulega er von um að það borgi sig að leggja í slíkan kostnað þannig að mikill árangur verði af því kynningarstarfi svo vel sem íslenskum kvikmyndum hefur verið tekið á erlendum vettvangi í seinni tíð. En okkar íslensku leiknu kvikmyndir hafa borið hróður landsins um víða veröld er óhætt að segja.

Nýlega fengu íslenskar kvikmyndir sérstaka viðurkenningu á tveim stærstu og virtustu kvikmyndahátíðum í heiminum, í Berlín og í Cannes. Það verður nánast að teljast til kraftaverka hvernig þessi unga listgrein hefur risið úr öskustónni ef svo má segja og hafist til vegs og virðingar á örfáum árum. En okkar ungi kvikmyndaiðnaður eða kvikmyndalist á nú í erfið-

leikum þó að hann taki örfleygum framförum bæði listrænt og tæknilega.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að íslenskir kvikmyndagerðarmenn fái ekki annan opinberan stuðning en frá Kvikmyndasjóði. Þeir hafa því orðið að veðsetja eigur sínar og sinna stundum til þess að geta skapað sín ágætu listaverk. Erlendis er ekki óalgengt að opinber styrkur til leikinnar kvikmyndar nemi u. þ. b. 50—75% af heildarkostnaði hennar, en styrkur Kvikmyndasjóðs hefur numið að jafnaði um 5—10%. Engin ofrausn væri því að auka nokkuð þennan stuðning og til þess er þetta frv. flutt. Það mundi auka öryggi í starfsemi og uppbyggingu þessarar listgreinar sem verður æ þýðingarmeiri fyrir land okkar að hún fengi fastan tekjustofn eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Í von um það, herra forseti, að þetta frv. geti hlotið afgreiðslu og samþykki á þessu þingi þó að nú sé orðið áliðið þings leyfi ég mér að leggja til að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar deildar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég vil fagna því að málefni íslenskrar kvikmyndagerðar eru nú komin til umfjöllunar á Alþingi og skriður þar með kominn á að setja niður skipan þessara mála hér á landi. Ég vil sérstaklega fagna því að með þessu frv. eru tekjustofnar til kvikmyndagerðar tryggðir en ég vil að öðru leyti geyma mér til síðari umr. umfjöllun um einstök atriði þessa frv.

Við þessa umr. langar mig til að vekja athygli á atriði sem ekki er að finna ákvæði um í frv. en ég tel að brýna nauðsyn beri til að tekið sé á. Eins og menn hafa orðið varir við í fréttum undanfarið stendur erlent kvikmyndafélag fyrir umfangsmikilli kvikmyndagerð hér á landi þessa dagana. Slíkt er reyndar ekki ný bóla en þetta leiðir hugann að því hvort ekki sé fyllsta ástæða til að ná með lögum yfir slíka starfsemi. Í fyrsta lagi er engin ástæða til að erlendir aðilar geti gengið um landið og myndað að geðþótta án þess að fyrir komi nokkur greiðsla til opinberra aðila. Í öðru lagi er fyllsta ástæða til að vernda íslenska kvikmyndagerð að þessu leyti með einhvers konar hömlum á þá erlendu aðila sem um ræðir, en eins og allir vita er íslensk náttúra mikilvægt myndefni íslenskra kvikmyndagerðarmanna. Þess vegna vil ég hreyfa þeirri hugmynd hér að inn í þetta frv. verði sett ákvæði um kvikmyndalögsögu Íslands og að ef erlendir aðilar fái leyfi til kvikmyndagerðar innan hennar greiði þeir tilskilin aðstöðugjöld. Slíkt fyrirkomulag tíðkast víða í nágrannalöndum okkar eftir því sem ég best veit og ég vil einnig gera það að tillögu minni að slík aðstöðugjöld renni þá beint í Kvikmyndasjóð Íslands. Hér væri um nýjan tekjustofn fyrir sjóðinn að ræða og nýir tekjustofnar eru dýrmætir nú á dögum eins og menn vita. Þannig mætti þetta í leiðinni verða til þess að efla enn frekar íslenska kvikmyndagerð.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Sem áhugamaður um kvikmyndir og raunar gamall kvikmyndagerðarmaður vil ég fagna því á hvern rekspöl þetta mál er nú komið og lýsa stuðningi við þetta frv. að meginefni til. Það eru ýmis ákvæði í því sem til mikilla bóta horfa. Ég á sæti í þeirri n. sem fær þetta mál til meðferðar og hef því tækifæri til að fjalla um það þar og skal því ekki gerast mjög langorður.

Ég vil segja það í tilefni ummæla síðasta ræðumanns, hv. 11. þm. Reykv., að það hefur í mörg ár verið skoðun íslenskra kvikmyndagerðarmanna að þegar svo háttar sem nú gerir með hið erlenda fyrirtæki, 20th Century Fox, sem hér vinnur að mikilli kvikmyndagerð með 40—50 manns, kemur með allt með sér og skilur ekkert eftir, eigi að koma nokkurt gjald fyrir þá aðstöðu sem við látum slíkum fyrirtækjum í té.

Hugmyndin um kvikmyndalögsögu er búin að vera mjög til umræðu meðal íslenskra kvikmyndagerðarmanna og í Félagi íslenskra kvikmyndagerðarmanna, þar sem ég er félagi í að nafninu til, hefur þessi hugmynd oft verið rædd. Okkur er hins vegar ljóst að einhverjir annmarkar kunna að vera á henni í framkvæmd. Það er kannske erfitt að setja nákvæm mörk milli áhugamanna sem eru hér við myndgerð og svo aftur stórra, allt að því fjölþjóðlegra fyrirtækja sem velta á hverju ári margföldum fjárlögum íslenska ríkisins. En í tilvikum eins og nú er um að ræða með kvikmyndatökuna á Skógasandi og í Vestmannaeyjum orkar það ekki tvímælis að þegar erlendir aðilar koma hingað í þessum erindagjörðum finnst okkur að þeir eigi að láta eitthvað af hendi rakna og við eigum að hafa nokkuð fyrir okkar snúð í þessum efnum. Þess eru ýmis dæmi að undir svipuðum kringumstæðum hafi aðilar sem þessir greitt til kvikmyndagerðar í því landi sem þeir hafa verið að vinna í og það á hiklaust að gera hér.

Mér finnst að sú nefnd sem fær þetta til meðferðar eigi að athuga þetta mál með kvikmyndalögsöguna sérstaklega og hafa um það samráð við kvikmyndagerðarmenn hvernig best sé að haga því máli. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Þetta er gömul hugmynd sem lengi hefur verið rædd hjá kvikmyndagerðarmönnum og þeir hafa fullan hug á að vinna henni stuðning og mun ég að sjálfsögðu ekki liggja á liði mínu með það vegna þess að mér finnst að ákvæði um þetta eigi hér heima.

Það eru örfá atriði önnur sem ég vildi minnast stuttlega á. Í 3. gr. frv. er talað um hvaða fjórir aðilar eigi að tilnefna menn í stjórn Kvikmyndasjóðsins. Mér finnst að það geti verið umræðuatriði hvort það eigi að vera Félag íslenskra leikara sem þarna tilnefni mann eða Bandalag íslenskra listamanna. Mér finnst að það geti alveg komið til athugunar.

Annað varðandi 8. gr.: „Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda skv. nánari ákvæðum í reglugerð.“ Þetta er nýmæli eins og hæstv. menntmrh. sagði í sinni framsöguræðu áðan. Nú er því öðruvísi háttað með kvikmyndir en bækur að hvert eintak er býsna dýrt þó að ekki sé annað en bara kostnaðurinn við hráefnið og kóperingakostnaður. Mér finnst að hér kæmi jafnvel til greina að Kvikmyndasafnið keypti eintök af nýjum kvikmyndum á kópíukostnaðarverði, ef nota má það orð, þ. e. greiddi kostnað við filmuefni. Annars er ég hræddur um að það kynni að brenna við að Kvikmyndasafnið fengi eintök í þessum skylduskilum sem búið væri að nota, einhvers konar vinnueintök, vinnukópíur sem væru kannske ekki fyrsta flokks, rispaðar og ekki í sem allra bestu ásigkomulagi. Það er sanngirnismál að borgað sé fyrir þetta sem nemur kópíukostnaði en kvikmyndafyrirtækin hafi ekki beinan og verulegan kostnað af því að leggja safninu þessi eintök til. Þetta held ég að ætti að koma til athugunar.

Varðandi 10. gr. sem hæstv. menntmrh. minntist á hef ég sömuleiðis heyrt þá skoðun og ýmsir látið hana í

ljós að í rauninni sé óþarfi að taka þetta sérstaklega fram vegna þess að kvikmyndir eru kvikmyndir, hvort sem þær eru á myndbandi eða hinni hefðbundnu gömlu kvikmyndafilmu. En þetta eru minni háttar atriði.

Ég lýsi sem sagt stuðningi, herra forseti, við þetta frv. Í ljósi þess hve orðið er áliðið dags ætla ég ekki við þessa umr. að hafa um þetta fleiri orð.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vildi aðeins hv. þm. til upplýsinga skýra frá því að það liggur fyrir í rn. erindi einmitt um það atriði sem tveir hv. síðustu ræðumenn viku sérstaklega að um gjald erlendra aðila sem taka stórmyndir í íslenskri lögsögu, ef svo má segja. Það var vangá að ég gat þess ekki í framsöguerindi mínu en ég hafði hugsað mér að senda hv. n. afrit af þessum erindum sem liggja fyrir frá Félagi kvikmyndagerðarmanna einmitt um þetta atriði. Athugun er í gangi á vegum rn. á því hvort þarna kynni að vera um ákvörðun að ræða sem e. t. v. samrýmdist ekki þjóðréttarreglum eða reglum í samskiptum þjóða. Það þarf að athuga þetta atriði vel frá lagalegu sjónarmiði, bæði að því er varðar grundvallarreglur í skattalögum og framkvæmd þeirra og svo í samskiptum þjóða og skattlagningu erlendra aðila sem einhver störf stunda hér á landi, taka myndir eða ferðast um. Ef þetta fer ekki í bága við nein slík ákvæði þá fagna ég því snjallræði sem ég tel felast í fjáröflun af þessu tagi. Ég veit að Spánverjar hafa sams konar áhyggjur en þar munu ameríska kúrekamyndir vera teknar í stórum stíl.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi mínum við það frv. til l. um kvikmyndamál sem hér er lagt fram. Það er hins vegar ágalli á þessu frv. hvað það er seint á ferðinni. Nú eru aðeins rúmar tvær vikur eftir af þingstörfum að því er talið er og óneitanlega er það mjög tvísýnt hvort frv. nær afgreiðslu á þessu þingi á þeim stutta tíma sem eftir er til þingloka. En ég tek það skýrt fram að ekki mun standa á mér að styðja þetta mál og hvetja til þess að það verði afgreitt á þessu þingi. En mér er hins vegar nokkur ráðgáta hvers vegna málið er svona seint á ferðinni, hvers vegna það hefur ekki verið flutt í þinginu fyrr á vetrinum ef ætlunin var að afgreiða það því að eins og kunnugt er skilaði nefndin, sem gerði fyrstu drög að frv., af sér fyrir alllöngu, þ. e. á árinu 1982. Þetta frv. var því tilbúið til flutnings þegar þessi ríkisstj. tók við.

Það vill svo til að í fskj. þessa frv. er það sérstaklega tekið fram á bls. 8 að haft hafi verið samband við páv. fjmrh. Ragnar Arnalds og hann lýst fullum stuðningi við frv., enda hafi verið haft samráð við hann þegar frv. var samið, eins og segir hér í bréfi frá Þorsteini Jónssyni ritara nefndarinnar. Það er einmitt staðreynd að ég var því mjög hlynntur að kvikmyndalöggjöfin yrði endurskoðuð og stóraukin yrðu framlög í Kvikmyndasjóð. Ég vil hins vegar taka það fram að ég gat alveg fallist á niðurstöðu meiri hl. nefndarinnar sem lagði það til að 60% af innheimtum söluskatti af kvikmyndum yrði lagður í Kvikmyndasjóð en 40% af innheimtum söluskatti eða upphæð sem því svaraði yrði á ábyrgð sjóðsins en fengin að láni í lánastofnunum. Þetta var niðurstaða meiri hl. nefndarinnar, allra nm. nema hv. þm. Halldórs Blöndal sem lagði það til að öll upphæðin, 100%, yrði tekin úr ríkissjóði. Ég vil taka það fram í þessu sambandi að ekki geri ég hér ágreining ef núv. ríkisstj. vill gera betur og leggja fram hærri fjárhæð en meiri hl. nefndarinnar lagði til að gert væri, þ. e. að öll upphæðin, 100%, væri tekin úr ríkissjóði. Þá styð ég það eindregið, það vantar ekki minn stuðning í þeim efnum.

En ég get sem sagt alveg fallist á hvora tilhögunina sem er og legg fyrst og fremst áherslu á það að málið fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég sé enga ástæðu til að draga dul á það að ég hef verið mikill áhugamaður um eflingu Kvikmyndasjóðs og flutti raunar fyrsta frv. hér í þinginu um Kvikmyndasjóð. Það frv. var flutt á þremur þingum og var síðan vísað til ríkisstj. og varð tilefni þess að ríkisstj. lagði síðan fram frv. til laga um Kvikmyndasjóð sem síðar urðu að lögum.

En gallinn á því frv. sem samþykkt var í þinginu 1978 var einmitt sá sem hæstv. menntmrh. var að benda á að sjóðurinn hafði engan fastan tekjustofn. Úr því þurfti að bæta. Þetta var gagnrýnt á sínum tíma því að þetta var ekki þannig í frv. sem ég flutti fyrst á árinu 1972. Þar var gert ráð fyrir föstum tekjustofnum fyrir Kvikmyndasjóð en í frv. sem svo loks varð að lögum var bara gert ráð fyrir ákveðinni upphæð og síðan endurskoðun hennar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og sú upphæð var mjög lág.

Vissulega urðu verulegar breytingar til batnaðar í þessum efnum á árunum 1980—1983 vegna þess að framlögin til Kvikmyndasjóðs margfölduðust. Ég hygg að fyrsta upphæðin sem ákveðin var til Kvikmyndasjóðs hafi verið í kringum 500 þús. kr. og er þá átt við nýjar kr. en framlagið á árinu 1983 til Kvikmyndasjóðs var komið upp í 5 millj. eins og hæstv. menntrh. rakti áðan.

Það er sem sagt eitt það mikilvægasta við þetta frv. að hér er stigið mikilvægt spor í þá átt að efla fjárhag Kvikmyndasjóðs en þersýnilega nokkur galli á allri málsmeðferð hversu frv. er seint á ferðinni og hversu lítil von er til þess nema með nokkuð snöggu, sameiginlegu átaki að takist að afgreiða málið fyrir þinglok. Ég vil vissulega vonast til að svo geti farið að frv. nái fram að ganga áður en þingi lýkur, en vissulega væri forvitnilegt að vita hvaða ástæða var til þess að svo lengi hefur dregist að frv. væri lagt fram.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil ekki lengja þessar umr. Ég vil einungis lýsa ánægju minni með þetta frv. Ég tel að þar sé stigið mjög merkilegt og heillavænlegt skref í kvikmyndamálum á Íslandi. Ég vil einnig undirstrika hið mikla starf sem Kvikmyndasafn Íslands hefur þegar unnið, frábært starf að því að varðveita gamlar myndir. Væntanlega á sú starfsemi öll eftir að hafa mikla þýðingu fyrir framtíðina. Ég ætla alls ekki að ræða einstök atriði frv. Ég tel eins og hv. síðasti ræðumaður að það sé æskilegt ef ríkissjóður treystir sér til að leggja allt fram og styð það að 100% söluskattur af kvikmyndum renni til sjóðsins. Ég gæti einnig stutt aðra tillögu um það ef fram kæmi en meginatriði málsins er það að Kvikmyndasjóður hafi því fjármagni yfir að ráða sem virkilega verði til stuðnings við kvikmyndagerð á Íslandi. Ég mun eindregið mæla með samþykkt þessa frv. og ef Framsfl. getur eitthvað stuðlað að því að hraða því í gegnum þingið þá tel ég það mjög vel.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða frv. sem slíkt — ég styð það að

sjálfsögðu enda stjfrv. — og heldur ekki hvort 100% eða eitthvað minna af söluskatti á að fara í Kvikmyndasjóð. En ég vil að það komi hér fram að ég hef eins og aðrir heyrt að það eigi að taka skatt af erlendum kvikmyndatökumönnum sem hingað koma. Út af fyrir sig er ég sammála því. En það er í fyrsta sinn sem ég hef heyrt till. eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. að lögfesta hér eins konar kvikmyndalögsögu og ég vil lýsa stuðningi mínum við þá hugmynd.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. þm. fyrir góðar og drengilegar undirtektir við þetta mál. Ég er þess fullviss af þessum undirtektum að það tekst, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. benti á, að afgreiða málið með snöggu sameiginlegu átaki. Annað eins hefur verið gert á Alþingi að afgreiða mál með snöggum átökum þegar orðið er áliðið þings og ég tala nú ekki um þegar samstaðan er jafngóð og í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. 167. mál (þskj. 307, n. 655, 668). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar og hefur gert það með venjubundum hætti. Vinnubrögð voru þannig, eins og fram kemur í nál., að fulltrúar hv. allshn. í Nd. tóku þátt í athugun frumgagna þessa máls og einnig naut n. aðstoðar skrifstofustjóra Alþingis við athugun allra málsskjala. Var farið vandlega í gegnum þau öll.

Eins og venja hefur verið hafði bæst við allmikið af umsóknum frá því að frv. var lagt fram og þar til það var tekið til endanlegrar afgreiðslu í n. Á sérstöku þskj., 688, leggur n. því til að við bætist allmargir einstaklingar sem þar eru upp taldir ásamt með störfum og fæðingardegi og fæðingarstað. Þetta fólk fullnægir þeim skilyrðum sem gerðar eru kröfur um. Ekki var þó svo um allar umsóknir svo sem venja er og þær bíða þá síns tíma. Venjulega er það bara tími sem upp á vantaði.

Það er kannske sérstakt og ástæða til að vekja athygli á því, að hér er hópur víetnamskra flóttamanna sem skv. sérstakri ákvörðun ríkisstj. var boðið að koma hingað til lands til búsetu. Svo sem venja hefur verið í slíkum tilvikum, var gert í a. m. k. tveimur tilvikum áður, var hliðrað til með þær reglur sem gilda um lengd búsetu hér og annað að því er þetta fólk varðar og því er það hér með, því í rauninni er þetta fólk ríkisfangslaust og á engan kost að snúa til síns heima þótt það svo kysi.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. N. leggur einróma til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem lögð er til á þskj. 668. Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins í n.

ATKVGR.

Brtt. 668 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 78. fundur.

Miðvikudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Jöfn staða kvenna og karla, frv. 243. mál (þskj. 431). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 259. mál (þskj. 478). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Bókasafnsfræðingar, frv. 219. mál (þskj. 388). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Ábyrgð á láni fyrir Arnarflug, frv. 240. mál (þskj. 424). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. 276. mál (þskj. 659). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv.

Lán vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, frv. 140. mál (þskj. 180). — 3. umr.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég talaði í þessu máli, um lán vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, við 2. umr. og vakti máls á ýmsum atriðum þar og varpaði fram ýmsum spurningum sem ég hef raunar ekki fengið neitt svar við. Mig langaði til að ítreka þær spurningar til að rifja upp það sem ég

aðallega gerði aths. við.

Þá gerði ég fyrst að umtalsmáli fjölda transit-farþega í Keflavík. Skv. gögnum sem voru lögð fram í fjh.- og viðskn. hefur slíkum farþegum farið mjög fækkandi. Þeim hefur fækkað um 100 þús. á fáum árum. Þetta skiptir mjög miklu máli vegna þess að flugstöðin á m. a. að hýsa þessa transit-farþega, en þeir eru allt frá því að vera helmingur niður í það að vera þriðjungur farþegaflæðisins á hverju ári. Við vitum að það eru ýmsar blikur á lofti í sambandi við farþegaflug yfir Atlantshafið og framtíð þess flugrekstrar sem Flugleiðir hafa haft þar með höndum. Skv. gögnum sem fjh.- og viðskn. bárust, reyndar af öðru tilefni, þar sem verið var að fara fram á niðurfellingu lendingargjalda, var 4 millj. dollara tap á Norður-Atlantshafsflugi Flugleiða árið 1983. Ef við rekjum þetta svolítið áfram getum við kannske sagt að við séum að fella niður lendingargjöld til að halda uppi Atlantshafsflugi til að halda uppi transitfarþegafjölda til að byggja upp flugstöð sem er allt of stór fyrir okkar eigin þarfir. Og svo töpum við stórfé á öllu saman.

Ég tel að það sé alveg glórulaust að fara lengra með þessar framkvæmdir fyrr en menn hafa aflað nákvæmra upplýsinga um í fyrsta lagi hverjar áætlanir Flugleiða eru á þessari flugleið, hvernig þær meta samkeppnisaðstöðu sína á næstu árum með tilliti til hugsanlegra breiðþotukaupa og þar fram eftir götunum. Og það er fásinna og það er ekki í anda ríkisstjórnar sem þykist stjórna með aðhaldi, arðsemi og sparsemi að hrinda af stað svona framkvæmdum án þess að hafa athugað hvað verður um allt að helming þess fólks sem á að vingsast í þessu ógnarlega rými. Og þetta er mín fyrsta spurning. Hún er þessi: Hverjar telur meiri hlutinn vera forsendur og framtíð Atlantshafsflugs yfir Norður-Atlantshaf? Það hlýtur að vera til góð áætlun um það í ljósi þeirrar ógnarlegu fjárfestingar sem á að fara í fyrir þetta fólk.

Í öðru lagi gerði ég hönnun þessarar flugstöðvar að umtalsefni. Ég las úr byggingarlýsingu flugstöðvar í Keflavík, sem húsameistaraembættið gaf út. Ég las kafla 2. 11, sem heitir „Þróun forms og útlits". Ég ætla að leyfa mér að lesa hann aftur, með leyfi forseta. Þar stendur:

„Verður nú vikið að nokkrum atriðum sem afgerandi eru í tillögunni að svipmóti byggingarinnar:

1. Leitast er við að endurspegla í ytri formum þau megineinkenni innra fyrirkomulags sem mótast af flæði flugstöðvarinnar, þ. e. miðskip með hliðarskipum til vesturs og austurs.

2. Leitast er við að undirstrika íslensk séreinkenni í svipmóti flugstöðvarinnar, þ. e. að gera flugstöðina að íslensku afbrigði af alþjóðlegri flugstöð. Það stef, sem orðið hefur fyrir valinu sem íslenskt áhersluatriði, er gróðurhúsið, tákn orkulinda landsins."

Síðan er í byggingarlýsingu vikið oftar að gróðurhúsinu, þessu nýja tákni orkulinda landsins og þessu séreinkenni íslenskrar byggingarlistar. Ég er ekki viss um að menn séu sammála um hver séreinkenni byggingarlist Íslendinga á og hvort gróðurhúsið sé beinlínis það sem ætti að vera þar efst á blaði. En mig langar til að koma þessu að. Það hafa ýmsir talið að þetta væri einhver uppfinning hjá þingflokki BJ, sem hefur fjallað um þessi gróðurhúsamál þarna fyrir sunnan, en það kemur skýrt fram í þessum gögnum að svo er ekki. Raunar var þess óskað í fjh.- og viðskn. að kveðja til umsagnar forsvarsmenn gróðurhúsabænda, en því var hafnað.

Ég held að þetta atriði, þ. e. þetta stóra glerhús sem á að byggja þarna, hljóti að vera þeim mönnum umhugsunarefni sem ætla að byggja með sparnað og aðhald í huga. Menn hljóta að velta fyrir sér því, hversu hagkvæmt þetta húsnæði er bæði í viðhaldi og rekstri.

Þá gerði ég aths. við hönnun hússins að öðru leyti. Þá gerði ég í fyrsta lagi aths. við stærð þar sem reiknað er með gífurlega stórum biðsal. Í þessum biðsal er 13 m lofthæð. Þetta er 2000 m² biðsalur og það er í honum 13 m lofthæð. Til þess að menn geri sér svolitla grein fyrir þessum hlutföllum jafngildir þetta því að á þessum fleti, þessum biðsal farþeganna, er hægt að byggja einhvers staðar á milli 10 og 20 fjögurra til fimm hæða hús. Þetta er plássið sem menn eiga að hafa þegar þeir drekka bjórinn sinn úti á Keflavíkurflugvelli, og það dugir ekkert minna en að hafa 13 m til lofts.

Það komu fram hugmyndir um það hérna við 2. umr. hvort kannske yrði eitthvert meira framhald á dýragarðshugmyndum ríkisstj., sem þegar hefur fjallað um hinn óttalega bola og mundi kannske fara að sýna þarna aðrar dýrategundir að sveifla sér í köðlum í Keflavík, en um það hafa ekki borist svör frekar en við öðru sem spurt hefur verið um í þessari umr.

Það hlýtur að vera að menn sem eru að hugsa um aðhald, sparnað og arðsemi velti því fyrir sér hvort rými sé ekki varið á betri hátt en með þessu móti. Það voru gerðar aths. Í fskj. með þessum plöggum með minnihlutaáliti er bent á ýmsar leiðir til að minnka þetta pláss stórkostlega. Þetta var um hönnunina.

Auðvitað er hægt að gera ýmsar fleiri aths. og það er hægt að velta fyrir sér útreikningum og áætlunum um verðlag á hverja einingu flatarmáls eða rúmmáls í þessari flugstöð. Það er sama hvernig því er velt, í ljós kemur að áætlaður byggingarkostnaður þarna er mörgum sinnum meiri en við dýrustu byggingar sem byggðar eru á Íslandi, svo sem eins og K-byggingu Landspítala sem er og verður feiknarlega dýrt hús ef af verður vegna flókins og dýrs búnaðar. En jafnvel þessi dýru hús eru ódýrari en fyrirhuguð flugstöð.

Mig langar að spyrja talsmenn meiri hlutans, og ég ítreka þær spurningar, í fyrsta lagi hvaða gögn þeir hafi í höndunum um framtíð farþegaflugs yfir Norður-Atlantshaf, í öðru lagi hvort menn hafi velt því verulega fyrir sér í anda þeirra sparnaðarbylgju sem nú fer um stjórnkerfið að hanna þessa flugstöð upp á nýjan máta, gera hana minni og viðráðanlegri, hugsanlega þannig að hægt verði er að byggja hana í áföngum til að sníða hana að breytilegum þörfum og nýta betur peninga og pláss. Þetta eru mínar aðalspurningar, held ég, að þessu sinni.

Að síðustu vil ég ítreka að það er þörf úrbóta í flugstöðvarmálum og svo hefur lengi verið, en það er krafa sem við eigum öll, og við getum öll tekið undir að við úrbætur á því sviði sé haldið þannig á peningum að það þurfi ekki að verða okkur hugsanlega um stóra framtíð til ævarandi skammar og hönnuðum og reiknimeisturum til háðungar um mistök í áætlunum, eins og hefur gerst í sambandi við flugstöðvarmál í ýmsum borgum í heiminum.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Þetta arma mál virðist nú að því komið að kveðja okkur hér í hv. Nd. a. m. k. að sinni. Ég hef notað hvert tækifæri sem

gefist hefur til að lýsa eindreginni andstöðu minni við það og ætla að halda því áfram hér við 3. umr. Ég vil lýsa eindreginni andstöðu minni við þau fjárfestingarafglöp, það skipbrot íslensks sjálfstæðis og þá röngu forgangsröð í íslenskum flugmálum og síðast en ekki síst þau reginmistök í skipulagningu og hönnun sem hér virðast ætla að eiga sér stað.

Gróðurhús eru tiltölulega einföld mannvirki ef þau eru reist ein og sér til síns brúks. Sömuleiðis geta flugstöðvar verið tiltölulega einföld mannvirki ef þær eru reistar einar sér og til síns brúks. En það er alveg greinilegt, herra forseti, að þegar þessu tvennu er blandað saman verður útkoma úr því hroðalegur bastarður. Ég vil sem sagt enn og aftur ítreka andstöðu mína, herra forseti, við þetta mál, þennan minnisvarða forheimskunar og niðurlægingar, sem á að fara að reisa suður á Keflavíkurflugvelli fyrir erlendar blóðtalentur.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Aðallega hefur verið vikið að tveimur atriðum í þessari umr. Í fyrsta lagi hefur verið vikið að stærð og kostnaði þessarar byggingar. Ég hygg að í fyrri umræðum um málið hafi komið skýrt fram að þessi bygging er í eðlilegu samræmi við þá þörf sem nú er fyrir hendi á stækkun flugstöðvarinnar. Það kemur fram í grg. frá varnarmáladeild utanrrn. varðandi byggingarkostnað, sem dags. er 13. febr. 1984, að gerður hefur verið samanburður á kostnaði þessa verks miðað við kostnað við aðrar byggingar. Þar kemur fram að kostnaður við flugstöðina er um 7 584 kr. á hvern rúmmetra en viðmiðunarkostnaður Arkitektafélags Íslands fyrir sambærilegar byggingar er 7 545 kr. Af þessum samanburði má sjá að hér er um að ræða byggingu sem er innan eðlilegra marka miðað við umfang og eðli þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Með bréfi sem formaður byggingarnefndar skrifaði 8. mars með vísan til fundar með fjh.- og viðskn. Nd. voru sendar upplýsingar um farþegaflæði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um áramótin 1978—1979 var tekin ákvörðun um að ráðast í hönnun nýrrar flugstöðvar. Hönnunarvinnu lauk í árslok 1980. Árið 1979 voru farþegaflutningar um Keflavíkurflugvöll sem hér segir: Til Íslands 144 475, frá Íslandi 147 563, transit-farþegar 261 348 eða samtals 553 385. Áður en tekin var ákvörðun um fyrirhugaða stærð fór fram endurmat á fyrirliggjandi áætlunum, þ. á m. farþegaumferð og húsnæðisþörf einstakra fyrirtækja og stofnana. Hvað rými fyrir farþega áhrærir var miðað við afkastagetu sem svarar til 1 000 farþega á klst. Sú niðurstaða miðast við tölvuúttekt og greiningu á umferð eins og hún var árið 1977.

Árið 1977 voru farþegaflutningar um Keflavíkurflugvöll sem hér segir: 137 487 til Íslands en frá Íslandi 137 016, transit-farþegar 254 927 eða samtals 529 826.

Það skal tekið skýrt fram að afkastagetan, 1 000 farþegar á klst., er ekki miðuð við hámarksálag. Notuð er sama aðferð og þegar t. d. ákveðinn er fjöldi akreina, breidd vega og stærð brúa, svo dæmi séu tekin um umferðarmannvirki. Ekki er hannað fyrir mesta álagið eða umferðarþunga.

Á hönnunartímanum hefur verið dregið úr stærð byggingarinnar af ýmsum ástæðum eins og kunnugt er. Upphaflega var t. d. gert ráð fyrir að allt að þrír fermetrar yrðu fyrir hvern farþega í biðsal. Í samanburði á svæðum í núverandi og nýrri flugstöð kemur fram að biðsalur í nýju flugstöðinni, salur notaður af transit-, brottfarar- og komufarþegum, er samtals 1 990 fermetrar, en það samsvarar tæplega tveimur fermetrum á mann miðað við 1 000 farþega."

Þá segir enn fremur:

„Árið 1983 voru farþegaflutningar um Keflavíkurflugvöll sem hér segir: Til Íslands 144 628, frá Íslandi 145 557, transit-farþegar 165 698 eða samtals 455 883."

Og síðar segir í þessari grg.:

„Bygging nýrrar flugstöðvar hefur verið á döfinni allt frá því árið 1968. Eitt fyrsta verkefnið í því sambandi var gerð umferðarspár. Á þessu langa tímabili hefur umferðin sveiflast upp og niður eins og gerist á flestum öðrum sviðum. Spáin hefur að sjálfsögðu verið endurskoðuð þegar ástæða hefur verið til. Um þessar mundir er gert ráð fyrir árlegri aukningu sem svarar til 6% fram til ársins 1987."

Á þessari áætlun hefur verið byggt og ég geri ekki ráð fyrir því að fyrirspurnir til Flugleiða muni leiða neitt annað í ljós. Ég held að það væri fremur ólíklegt að þeir færu á þessu stigi máls að gefa það til kynna að þeir færu halloka í samkeppni á Norður-Atlantshafsflugleiðinni. Þvert á móti hefur ekkert annað komið fram en að félagið ætli að halda áfram þeirri starfsemi og hlýtur þá að miða við það að auka umsvif sín á þeirri flugleið fremur en að draga þau saman. Í heild held ég að hér sé því um að ræða skynsamlega framkvæmd og mikilvægt að þetta mál nái fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Í sambandi við þann samanburð á kostnaðartölum sem hv. 1. þm. Suðurl. fór með hér vil ég taka fram að í bréfi sem síðast barst frá varnarmáladeild var gerð á þessu leiðrétting, þar sem í ljós kom við nánari athugun að það hafði gleymst að reikna inn tölur um tolla og skatta af byggingarkostnaði við flugstöð. Þessar tölur áttu því að vera 10 og 15% hærri, og þegar sú leiðrétting hefur verið gerð og borið saman við raunverulega sambærilegar tölur um byggingarkostnaðinn hérlendis, þá erum við að tala um rúmmetraverð í flugstöð sem er komið talsvert á níunda þúsundið, nálægt níu þúsundum, á meðan viðmiðunarkostnaður Arkitektafélagsins, sem hv. þm. minntist á, er 7 500.

Í sambandi við mat á stærð eru það í raun þrjú atriði sem menn ættu að velta fyrir sér í sambandi við hönnun. Það er í fyrsta lagi stærðin hvað fermetrana varðar. Í þeim gögnum sem hv. þm. las kemur í ljós að fjöldi transit-farþega hefur dregist verulega mikið saman. Það er eitt atriðið. Og hvort sem menn trúa Flugleiðum í því efni og þeirra spám verður ríkisstj., sem ætlar að fara að eyða hundruðum milljóna, máttúrlega sjálf að mynda sér einhverja skoðun á því hver þessi framtíð muni verða. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því og ég trúi ekki öðru en að einhvers staðar séu til gögn um það.

Þetta er það sem varðar fermetrana og það er sagt að þetta pláss, tveir fermetrar á hvern þeirra þúsund farþega sem eiga að geta hinkrað þarna samtímis, sé eðlilegt pláss skv., alþjóðastöðlum. En þá er spurningin: Hvað segja alþjóðastaðlar um rúmmetra per farþega? Í þeirri lofthæð sem farþegunum á Keflavíkurflugvelli er

ætluð held ég nefnilega að farið sé langt yfir það sem alþjóðastaðlar mundu nokkurn tíma gefa upp, jafnvel þó þeir væru til. Ég trúi því ekki að mönnum finnist það skynsamleg hönnun að hafa slíka lofthæð og nýta svona illa það rými sem í byggingunni verður. Þetta er um flatarmál og rúmmál.

Í þriðja lagi ætla ég síðan að koma að þessu með glerhúsið. Stjórn sem er alltaf að tala um sparnað verður að hafa hægt um sig þegar hún hegðar sér með þessari óráðsíu, vegna þess að sá skal ekki grjóti kasta sem í glerhúsi býr. Ég tel að við munum sitja þarna uppi með flugstöð sem verði okkur minnisvarði um illa undirbúna, illa teiknaða og rándýra stöð. Og jafnvel þótt menn reyni að hugga sig við rekstraráætlun sem var gerð fyrir flugstöð og er dagsett árið 1981, þá er þess að gæta að eins og venjulega þegar reiknuð er út arðsemi rekstrar opinberra fyrirtækja á Íslandi þá er stofnkostnaður ekki tekinn með. Í þeirri rekstraráætlun er ekki gert ráð fyrir neinum fjármagnskostnaði eða neinum stofnkostnaði af þessari stöð. Og það er kannske ekki mikill vandi að láta fyrirtæki bera sig ef menn geta hagað reikningunum á þann hátt. En ég er ekki viss um að það sé í samræmi við heimspekistefnu hæstv. fjmrh. sem hefur marglýst því yfir að hann vilji reka ríkissjóðinn eins og duglegur framkvæmdastjóri reki sitt einkafyrirtæki. Þó að menn hafi nú vissar efasemdir um að ríkissjóður sé beinlínis sambærilegur við einkafyrirtæki er ég sannfærður um að framkvæmdastjóri í einkafyrirtæki, sem vill sýna aðhald og arðsemi og vera góður sjálfstæðismaður, kæmist ekki upp með annað en að taka fjármagnskostnað og afskriftir og þess háttar inn í rekstraráætlun sem hann væri að gera fyrir svona fyrirtæki.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 716).

Vörumerki, frv. 201. mál (þskj. 358). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 717).

Einkaleyfi, frv. 202. mál (þskj. 359). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 718).

Eiturefni og hættuleg efni, 251. mál (þskj. 614). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 719).

Ónæmisaðgerðir, frv. 273. mál (þskj. 524). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 720).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 40. mál (þskj. 705). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tóbaksvarnir, frv. 70. mál (þskj. 75, n. 628, 629). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það frv. sem hér er til umr., frv. til laga um tóbaksvarnir, er 70. mál yfirstandandi þings og hefur verið til meðferðar í nokkuð langan tíma hjá heilbr.- og trn. hv. deildar. Það verður að teljast eðlilegt þegar lagabálkur sem þessi er í umfjöllun hjá þinginu að fyrri deild sem um málið fjallar ætli sér nægan tíma til þess. Mál sem þetta varðar marga og þinginu ber að leita eftir skoðunum og áliti fjölmargra aðila svo og að ræða við þá sem unnu að gerð frv. Þetta hefur heilbr.- og trn. deildarinnar gert.

Sú ítarlega grg. sem fylgir frv. er svo yfirgripsmikil og fróðleg að í raun þarf hvorki nefndir né þingið í heild að leita sér frekari vitneskju eða fróðleiks en þar kemur fram fyrir nauðsyn þess og þörf að setja ítarlegri löggjöf en hér gildir til þess að draga úr tóbaksneyslu og setja ákvæði sem verndi umhverfið og manninn sjálfan fyrir skaðsemi óbeinna reykinga og verði þar með til verndar almennri heilsu og vellíðan þeirra sem ekki reykja. En Alþingi þarf að sjálfsögðu um leið og það gætir réttar þeirra sem hér hafa verið nefndir að gæta þess að setja ekki þær hömlur á athafnafrelsi einstaklinganna að slík lög eða ákvæði verði ekki virt. Að sjálfsögðu ber löggjafanum, sem mótar m. a. stefnu í mennta- og heilbrigðismálum og veitir fé til þessara málaflokka, að gæta þess að allt þetta starf verði unnið með sem minnstum tilkostnaði. Því ber löggjafanum að stuðla að fræðslu um skaðsemi tóbaksneyslu, beinnar og óbeinnar, og upplýsa rækilega um afleiðingarnar sem birtast m. a. í erfiðum og hættulegum sjúkdómum sem þjóðin eyðir gífurlegu fé til að berjast gegn. Í dag ber enginn maður á móti þeim niðurstöðum vísindalegra rannsókna sem sanna okkur þann þátt sem tóbakið á í tilurð sjúkdóma, viðhaldi þeirra og mögnun.

Ég vil þegar í upphafi þessarar umr. þakka öllum sem sýndu nefnd okkar velvilja og langlundargeð í aðstoð sinni við það markmið okkar í nefndinni að ná samstöðu um þær brtt við frv. sem gætu sameinað okkur um tilgang þess. Slík samstaða yrði mótandi fyrir þingið og um leið þjóðina í heild. En ég vil sérstaklega þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir þá þolinmæði sem þeir hafa sýnt mér, sem hef stýrt fundum þann tíma sem

við höfum unnið að þessu máli, þakka samstarfsvilja þeirra og jákvæðar ábendingar og vilja til þess að finna lausn sem hróflaði ekki við meginmarkmiðum en allir gætu samt unað við.

Strax við 1. umr. þessa máls hér í hv. deild kom fram í spurningum og ræðum manna að skoðanir voru skiptar og andstaða við sum ákvæði frv. Þetta kom fram frá fleiri aðilum þótt yfirgnæfandi meiri hluti aðspurðra mælti eindregið með samþykkt löggjafar á grundvelli þess sem ákveðið var að endurskoðunarnefndin gerði till. um. Þessi endurskoðun stóð yfir frá 1980 en frv. var flutt á síðasta þingi og hlaut ekki afgreiðslu. Má lesa um þetta í inngangi eða athugasemdum með frv.

Frv. var sent til 37 aðila, m. a. allra sem höfðu áður fengið frv. til umsagnar þegar það var flutt á hv. Alþingi á fyrra ári. Á þriðja tug sömu aðila svöruðu okkur einnig nú, aðrir létu okkur vita með munnlegum skilaboðum að þeir væru sama sinnis, jákvæðir gagnvart slíku frv. eins og þeir hefðu verið á fyrra ári. Einn aðili skar sig úr í umsögn sinni og komu fram hjá honum flest atriði sem fundin hafa verið slíkri löggjöf til foráttu. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Um það er ekki deilt að tóbaksreykingar eru skaðlegar heilsu manna og því sannarlega þörf á öflugum áróðri og upplýsingamiðlun til að hamla gegn tóbaksreykingum. Þó ber að gjalda varhug við þeirri oftrú á boðum og bönnum og refsiákvæðum sem eru uppistaða frv. þessa. Það hlýtur að vera öllum þeim, er bera grundvallarreglur réttarríkisins fyrir brjósti, áhyggjuefni ef mikið kveður að lagasetningu sem engar líkur eru til að borgararnir virði. Slíkt er ekki til þess fallið að tryggja framgang þeirra markmiða er legið hafa til grundvallar lagasetningu en ávöxturinn kann að verða almennt virðingarleysi fyrir lögum og rétti."

Þessi skoðun kom einnig fram við 1. umr. málsins og í nefndinni. Ég tel að heilbr.- og trn. hv. deildar hafi reynt í starfi sínu að skera af þá vankanta sem hér er bent á. Í þessari umsögn er þó ekki komið inn á það atriði sem hlýtur að vera verkefni löggjafans, en það er að vernda þann sem hlýtur skaða af óbeinum reykingum, aðilann sem á enga vörn við skaðsemi og óþægindum af reykingum annarra. En hvað eru óbeinar reykingar? Það er kallað svo þegar fólk sem ekki reykir sjálft andar að sér lofti menguðu tóbaksreyk. Í grg. frv. er ítarlega fjallað um þennan þátt og vitna ég hér í örfá atriði, með leyfi forseta:

Síðasta áratug hefur almenningur í hinum tæknivædda heimi orðið í vaxandi mæli meðvitandi um nauðsyn þess að hamla gegn mengun umhverfisins og hugtakið umhverfisvernd orðið til. Skorin hefur verið upp herör gegn hvers konar mengun frá orku- og iðjuverum, hvort heldur eru í eigu einstaklinga, félaga eða ríkisins.

Andrúmsloftið er sameign allra og óhjákvæmileg nauðsyn hverjum þeim sem lífsanda dregur. Er það samfélagsskylda að viðhalda hreinleika andrúmslofts ekki síður en neysluvatns sem ætlað er almenningi. Með sömu rökum er það réttur hvers manns að fá að neyta ómengaðs andrúmslofts jafnt í hvíld sem starfi og heyra frávik frá því aðeins til undantekninga.

Vitundin um þennan rétt hefur m. a. verið undirrót lagasetningar er miðar að því að takmarka reykingar á almannafæri. Slík lagasetning þekkist bæði austan hafs og vestan, en í slíkri löggjöf er kveðið á um að matsölustöðum, verslunum, skrifstofum og öðrum svæðum sem ætluð eru almenningi til afnota, sé annaðhvort skipt í reykingasvæði og reyklaus svæði ellegar, ef stjórn stofnana ákveður svo, að algjört bann sé við reykingum á nefndum svæðum.

Í forsendum þessara laga er gengið út frá því að tóbaksreykur sé hættulegur heilsu almennings. Þau eru þó fyrst og fremst ætluð til verndar almennri heilsu og vellíðan þeirra sem ekki reykja. Lögð er áhersla á að þeim sem vilja reykja sé skylt að virða rétt hinna sem reykja ekki og vilja komast hjá skaðlegum áhrifum af reykingum í næsta umhverfi sínu. Reykingar eru alls ekki einkamál þeirra sem reykja.

Til eru teknir í forsendum slíkra laga fjórir flokkar einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að heilsufari þeirra sé ógnað með reykingum annarra:

1. Fólk haldið ofnæmis- eða astmasjúkdómum.
2. Börn og ungmenni vegna viðkvæmni gagnvart bólgu í öndunarfærum.
3. Sjúklingar með langvarandi hjarta- og lungnasjúkdóma.
4. Fólk með augnlinsur.

Eftir að ameríski lagabálkurinn sem um þetta fjallar var settur hefur margt nýtt komið í ljós varðandi skaðsemi óbeinna reykinga, m. a. að því er varðar varanlegar skemmdir á lungnavef og aukna áhættu á lungnakrabbameini. Svo segir í athugasemdum með frv.

Þegar þetta liggur fyrir má hv. þdm. vera ljóst hvað ég á við þegar ég tala um hinn hlutlausa aðila, þann aðila sem hvorki selur, dreifir eða neytir, en verður fyrir hinum skaðlegu áhrifum tóbaksreyks. Fólk þolir það misvel að dveljast við tóbaksreyk. Margir fá óþægindaertingu í slímhúð í augum og nefi o. s. frv. Fólk sem er með ofnæmi og astma þolir óbeinar reykingar sérstaklega illa. Það er viðurkennd staðreynd á síðustu árum að mengað loftslag í iðnríkjum, þ. á m. Íslandi, hefur haft gífurleg áhrif á alla ofnæmissjúkdóma, sérstaklega þá sem ég hef þegar nefnt.

Mikla athygli vakti niðurstaða sænsks tryggingadómstóls þegar hann úrskurðaði að lungnakrabbamein sem leiddi 55 ára konu til dauða hefði orsakast af óbeinum reykingum á vinnustað, en hún hafði aldrei reykt sjálf. Þetta er m. a. það sem hafa ber í huga þegar talað er um rétt þeirra sem ekki reykja til að sleppa við að anda að sér tóbaksreyk. Það á að vera höfuðregla að ekki sé reykt á vinnustöðum, matsölum, fundarsölum, í almenningsfarartækjum, inni í húsakynnum þar sem margt fólk safnast saman.

Það er því ekki aðeins fyrir okkur heldur fyrir alla aðra full ástæða til að leita markvisst að leiðum til verndar gegn óbeinum reykingum, enda hefur áhugi bæði leikra og lærðra farið vaxandi í þessu sambandi. Ég tel sjálfur að það sé kurteisisatriði gagnvart náunganum, gagnvart meðstarfsmanninum, að tillit sé tekið til þess að hann vill ekki neyta tóbaksreykinga beint eða óbeint því hann telur það skaðlegt fyrir sína heilsu. Þeir sem eru háðir þessari nautn verða að taka þetta til greina.

Ég ætla ekki, herra forseti, að rekja hér þær tölfræðilegu rannsóknir, sem hafa verið birtar og m. a. má lesa í grg. með frv. sem við erum að ræða, hvorki okkar eigin lækna og vísindamanna eða annarra þjóða, um þau gífurlegu fjárútlát sem við verðum að láta af hendi til lækninga vegna afleiðinga tóbaksreykinga. Að vísu

verður að viðurkenna að oft er þetta samfara öðrum ástæðum en öllum sem um málin fjalla og vit hafa á ber saman um að sjúkdómar svo sem lungnakrabbi og kransæðasjúkdómar yrðu fátíðari ef reykingar yrðu aflagðar. Það er líka ljóst að hættan á þessum sjúkdómum og reyndar fleiri sjúkdómum, þ. á m. sjúkdómum í lungum svo sem bronkítis og eins lungnakrabba, eykst því yngri sem menn byrja reykingar og því lengur sem menn reykja.

Er þá komið að því sem er eitt grundvallaratriði í þessu frv., grundvöllurinn að tóbaksvörnum, þ. e. að ungt fólk fái svo rækilega fræðslu um áhrif reykinga að þorra þess takist að sneiða hjá þeim í tæka tíð. Grundvöllurinn hlýtur að vera fræðsla í skólakerfinu. Því er það sem íslensk kennarastétt á að vera vel í stakk búin að gegna því hlutverki, fái hún þjálfun til þess.

Það er okkar hér á löggjafarþinginu að bæta úr og leggja grunn að því sem koma skal í aukinni fræðslu, fyrirbyggjandi vörn, stuðningi við fræðslu um það sem við þurfum að varast og um leið stuðning við þau samtök sem berjast gegn þeim vágesti sem fylgir í kjölfar tóbaksnotkunar beint og óbeint. Í þessu frv. er fjallað um fræðsluþáttinn. Við í nefndinni höfum reynt að gæta þess að hlutlausi aðilinn, þriðji aðilinn sem ég hef svo nefnt, verði verndaður fyrir áhrifum tóbaksreykinga.

Ég mun nú fara yfir þær allmörgu brtt. sem heilbr.- og trn. hv. deildar hefur lagt til að verði gerðar á frv.

Í 1. gr. er lögð til sú breyting að í stað orðsins „tóbaksneyslu“ komi: tóbaksreyks. Er það í samræmi við þær skoðanir sem ég hef þegar sett fram í máli mínu.

Við 5. gr. er lögð til sú breyting að í stað „tóbaksvarnaráð“ og reyndar hvarvetna í frv. á eftir komi: tóbaksvarnanefnd. Þetta er tilkomið vegna þess að sú skoðun kom fram í nefndinni að ráðsnafnið væri yfirborðskennt og umsagnaraðilar bentu á að það nafn kallaði frekar á aukið „býrókratí“ í kringum þetta starf. Enn fremur var bent á að ef sú skoðun yrði ofan á á næstu árum að sameina bæri þetta tóbaksvarnastarf Hollustuvernd ríkisins yrði auðveldara að ráða við að flytja eina nefnd inn undir Hollustuverndina í stað þess að flytja sjálfstætt ráð sem teldi heppilegra fyrir sitt starf að vera sjálfstæður aðili. Með þessari nafngift er heilbr.- og trn. að benda, þótt óbeint sé, á þann möguleika að þetta starf geti að fenginni reynslu verið skipulagt á annan hátt í framtíðinni en lagt er til í þessu frv.

Við 5. gr. eru gerðar fleiri brtt. Í 1. tölul. 2. mgr. er bætt inn í þá upptalningu sem þar er hverjum tóbaksvarnanefnd eigi að verða til aðstoðar. Er bætt við þá upptalningu Vinnueftirliti ríkisins en heilbrigðisnefndir teknar út því að þær eru að sjálfsögðu ekki annað en tvítalning þegar Hollustuverndar ríkisins er getið sem eins aðilans. Breytingin við 5. mgr. 5. gr. er eðlileg í framhaldi af fyrri brtt. en þar er bætt inn Vinnueftirliti ríkisins.

Við 6. gr. er breyting gerð í samræmi við þá skoðun okkar að óþarft væri að hafa umboðsmenn í upptalningu þeirra sem standa eiga straum af kostnaði við merkingar skv. ákvæðum þessarar greinar. Við teljum að þeir munu ekki greiða þennan kostnað. Þessi kostnaður mun í raun alltaf koma fram á verði vörunnar frá tóbaksframleiðendum eða frá heildsala hans. Við höfum fyrir því vitneskju frá öðrum Norðurlöndum, sem eru miklu stærri innflutningsaðilar en við að sjálfsögðu, að þeim hafi tekist að fá framleiðendur sjálfa, suma þeirra a. m. k. til að setja leiðbeiningar á pakkana á máli viðkomandi þjóðar. Við teljum það verða eitt af verkefnum tókbaksvarnanefndar, ef lög þessi verða samþykkt, að reyna að ná samstöðu með sambærilegum aðilum meðal annarra Norðurlandaþjóða um að við Íslendingar fáum að taka þátt í samningum sem um þetta eru gerðir við tóbaksframleiðendur.

7. gr. fjallar um auglýsingar á tóbaki og reykfærum og höfum við lagt fram nokkrar brtt. við hana. Við lagfærum orðalag í upphafi 2. málsl. í 1. mgr. varðandi auglýsingar í ritum sem eru gefin út utanlands af erlendum aðilum og erlendum tungumálum en meginbrtt. okkar er sú að fella burtu 4. og 5. mgr. Þær fjalla um atriði sem margir aðilar hafa bent á að yrðu lítt framkvæmanleg og gera meira ógagn en gagn, mundu valda andstöðu fólks við lögin í heild og framkvæmd þeirra. Hið sama má reyndar segja um 8. gr. Þar drögum við reyndar nokkuð úr. Orðinu heilbrigðisstofnanir sleppum við í þeirri upptalningu sem fjallar um stofnanir sem ekki má selja tóbak í. Undir heilbrigðisstofnanir falla t. d. dvalarheimili aldraðra, geðspítalar og meðferðarstofnanir áfengissjúklinga. Á öllum þessum stöðum er um að ræða fólk sem hefur takmarkaða hreyfigetu eins og t. d. íbúar á heimilum aldraðra. Tóbaksreykingar geta haft áhrif á viðkvæma meðferð sjúklinga og það verður að vera læknir sem segir til um hvort þá eigi að svipta tóbaki. Tóbakssvipting meðal margra slíkra sjúklinga gæti orsakað fráhvarf frá þeirri meðferð sem að er stefnt með viðkomandi aðila. Við teljum hins vegar eðlilegt að á sjúkrastofnunum þar sem verið er t. d. að vinna að afleiðingum tóbaksreykinga, t. d. á lungnadeildum, ofnæmisdeildum spítala, sé beinlínis rangt að selja tóbak. Þeir sem þurfa og vilja nota tóbak geta látið kaupa það fyrir sig og reykt á þeim stöðum þar sem það er leyft. Við urðum hins vegar sammála um að í skólum og stofnunum fyrir börn og unglinga sé eðlilegt að banna sölu á tóbaki með öllu.

Við 9. gr. leggjum við einnig til að gerðar verði breytingar, enda ákvæði hennar meðal þeirra sem mikilli gagnrýni hafa valdið. Nefndin varð sammála um að umorða 1. mgr. 9. gr. og hljóðar sú brtt. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tóbaksreykingar eru óheimilar í þeim hluta af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra sem almenningur leitar aðgangs í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu sem þessir aðilar veita. Þetta gildir þó ekki um veitinga- og skemmtistaði. Þó skulu þeir á hverjum tíma hafa afmarkaðan fjölda veitingaborða fyrir gesti sína sem séu sérstaklega merkt að við þau séu tóbaksreykingar bannaðar.“

Fyrri hluti þessarar málsgr. er til að draga úr að skaðleg áhrif tóbaksreykinga nái til hins saklausa í hópnum, að óbeinar reykingar valdi skaðlegum áhrifum á svæðum og stöðum sem almenningur þarf og leitar aðgangs að í sambandi við þjónustu. Okkur þykir þetta eðlilegt með hliðsjón af því sem áður hefur verið sagt að sú krafa sé gerð til þeirra sem reykja að þeir hafi hemil á þessari nautn sinni rétt á meðan þeir bíða afgreiðslu á slíkum stað. Við töldum okkur ekki fært að ganga lengra í sambandi við veitinga- og skemmtistaði en gert er með brtt. þessari, þ. e. að hafa afmarkaðan fjölda

veitingaborða fyrir gesti sem sérstaklega eru merkt að við þau séu tóbaksreykingar bannaðar. Margir draga í efa þýðingu þessa ákvæðis. Við, sem til þekkjum í nágrannalöndum okkar þar sem þetta hefur verið reynt, vitum hins vegar hið gagnstæða. Nú þykir víða orðið sjálfsagt þar sem mannamót eru erlendis að hafa þennan hátt á. Hv. þm. kunna sjálfsagt að meta það að á mörgum alþjóðaþingum og ráðstefnum þar sem vinnunefndir eru að starfi eru fundarmenn lausir við reykingar en gefin eru í staðinn fundarhlé til þess að viðkomandi aðilar, sem nautninni eru háðir, geti farið og notið hennar.

Við 9. gr. 2. málsgr. leggur n. til þá brtt. að í stað „tóbaksnotkunar" komi tóbaksreykingar og reyndar er þetta gert á öðrum stað í frv. einnig. Þetta er í eðlilegu samræmi við það sem ég hefi tekið fram hér að framan. Sannað er að tóbaksreykingar valdi skaða á þeim sem ekki neyta tóbaks.

Við 10. gr. komu fram athugasemdir frá mörgum aðilum varðandi rétt starfsmanna til þess að segja til um hvernig reykingar væru leyfðar í því húsnæði sem ætlað er starfsfólki sérstaklega. Leggjum við í n. til að aftan við orðið „heimilt" í 2. málsgr. komi: samkvæmt till. starfsmannafundar eða starfsmannaráðs. Er þetta talið eðlilegt og er í samræmi við það sem nú gerist á vinnustöðum almennt.

Samkvæmt 11. gr. er forráðamönnum húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að en fellur ekki undir ákvæði 9. og 10. gr., heimilað að ákveða sjálfir takmörkun reykinga í húsnæðinu. En það á að láta það koma greinilega í ljós á staðnum og jafnframt að tilkynna það heilbrigðisnefnd eða Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á skv. 1. málsgr. 17. gr. og er þá m. a. vitnað til ákvæða um starfsmannaaðstöðu. Slíkum ákvæðum hefur í raun alltaf verið beitt og hefur enginn haft við að athuga að forráðamenn húsnæðis hafi bannað tóbaksreykingar þar þegar það hefur átt við.

Um 13. gr. hafa orðið deilur og hefur sitt sýnst hverjum. Nefndin er þó sammála um að sett verði í lögin bann við reykingum í farþegarými almenningsfarartækja sem rekin eru með gjaldtöku. Undir þetta munu að sjálfsögðu falla bæði langferðabifreiðar og farþegaflugvélar, þó með þeirri undantekningu sem segir í 2. málsgr. Þegar haft er í huga að farþegabifreiðar á langleiðum stoppa yfirleitt með klukkutíma millibili sér n. ekki ástæðu til að valda þeim sem ekki neyta tóbaks þeim óþægindum sem tóbaksreykingar hafa í för með sér. Sama er um flugvélar í innanlandsflugi, en lengsta farþegaflug er um klukkustund í innanlandsflugi. Lengi hafa reykingar verið bannaðar í hinum minni farþegaflugvélum og sér n. ekki ástæðu til annars en að láta sömu reglur gilda fyrir allar flugvélar í innanlandsflugi. Undantekning frá þessu er gerð með farþegaflugvélar í utanlandsflugi, en þar er tekið fram að forráðamönnum flugvéla sé leyft að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í almennu flugi milli landa en jafnframt tekið fram að þess skuli ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja. Er þetta í raun sú regla sem gilt hefur í millilandaflugi okkar um margra ára skeið.

Þá leggur n. til að á eftir þessari málsgr. komi ný málsgr. sem fjalli um skip okkar, bæði farþegaskip, verslunarskip og önnur. Hér um svo margþætta starfsemi að ræða og flókið mál að það verður að vinna í samráði við þann aðila sem best þekkir til um skip og búnað þeirra hér á landi og setur m. a. reglur um öryggi þeirra, þ. e. Siglingamálastofnun ríkisins. Því leggur n. til að sett verði sérreglugerð um skip. Þetta er ekki óeðlilegt þegar þess er gætt að verið er að tala um skip sem bæði er vinnustaður og heimili og jafnframt nokkur þeirra með rými fyrir farþega sem greiða fyrir fargjald og falla því undir 1. málsgr. þessarar sömu greinar.

Er þá komið að 15. gr. frv. og brtt. sem n. flytur við hana. Hún hefur valdið hvað mestum umr. innan n. Við leggjum til í n. að varið verði 2% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs. Þetta ákvæði mun að sjálfsögðu stangast á við skoðanir þeirra manna sem telja rangt í sambandi við fjárlög ríkisins að vera með markaða tekjustofna. Nú þekkjum við hins vegar mörg dæmi um slíkt.

Ef við rifjum upp sögu tóbaksvarna á Íslandi leyfi ég mér að minna á að fyrstu lagaákvæði um tóbaksvarnir, þ. e. auglýsingabannið, var sett árið 1967. Þegar opinberar tóbaksvarnir hófust árið 1971 var ákveðið í lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak o. fl. að ráðstafa 2% af brúttótekjum vegna sölu tóbaks í landinu til þess að vara við tóbaksreykingum en aðvaranir á sígarettupökkum voru lagðar niður sem höfðu þó verið ákveðnar með lögum allt frá 1969.

Í kjölfar þessa ákvæðis má segja að unnið hafi verið af miklum dugnaði að tóbaksvörnum allt fram á síðustu ár. 1977 var lagt fram frv. til l. um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum og varð það frv. að lögum þá um vorið, lög nr. 27. Með þessum lögum var ákvæðið frá 1971 um 2% af brúttótekjum ríkisins af tóbaksölu til tóbaksvarna fellt burtu. Í stað þess var sú breyting gerð á að það skyldi ákveðið á fjárlögum hvert ár hve miklu fé ætti að verja í þessu skyni. Enginn vafi var á því að þeir sem stóðu að málum þá ætluðu sér að stórauka fjárframlögin til þessara mála eins og kom í ljós síðari hluta ársins 1977 þegar frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 var lagt fram. En því miður var þeirri stefnu ekki haldið lengi.

Árið 1980 voru lagðar 27 millj. kr. til tóbaksvarna og vantaði 13 millj. kr. upp á að framlagið svaraði til 2% reglunnar hefði hún verið áfram í lögum, hvað þá að um aukningu væri að ræða. Þetta hefur þýtt eftir því sem árin liðu að enn hefur dregið úr þessum fjárframlögum til tóbaksvarna. Hér er að sjálfsögðu um tvískinnung að ræða, enda var það alls ekki ætlan Alþingis með samþykkt laganna frá 1977.

Ég lýsti því yfir á fundum í heilbr.- og trn. að ég sæi ekki ástæðu til þess að halda áfram mikilli vinnu við þetta frv. ef það væri gert af sýndarmennskunni einni saman. Ég skýrði hæstv. heilbr.- og trmrh. frá þessu einnig og féllst hann á skoðanir mínir og í raun öll nefndin. Hins vegar munu einhverjir þingflokkar hafa tekið afstöðu til markaðra tekjustofna og eru þess vegna neikvæðir gagnvart þessu ákvæði. Það er þannig ástatt nú í sambandi við þá sem að þessum málum vinna að þeir gera það til þess að verða við persónulegum óskum hæstv. ráðh. en voru hættir og munu hætta ef ekki verður gerð breyting hér á.

Til þess að skýra nokkuð um hvaða upphæðir hér er að ræða má ætla skv. upplýsingum frá ÁTVR að brúttósala tóbaks verði um 1150 millj. kr. á árinu í ár. Ef þetta gjald verður tekið upp, 2% af brúttósölu að meðtöldum söluskatti, mun verða hér um að ræða

upphæð sem nemur 2.3 millj. kr. Þetta mun nema um 9 aura hækkun á hvern sígarettupakka og samsvarandi á annað tóbak. Fjárframlagið til tóbaksvarna í ár, 500 þús. kr., er hins vegar um 2 aurar á hvern sígarettupakka og samsvarandi á annað tóbak.

Í frv. er lagt til að lögin öðlist gildi 1. jan. 1985 ef samþykkt verða. Því mun fjvn. og hæstv. fjmrh. geta gert sér grein fyrir nauðsynlegri verðlagningu á tóbaki ef þessi brtt. okkar verður samþykkt. En ég hef ekki breytt skoðun minni á því að ef þessi brtt. verður felld sýnist mér sú vinna, sem hefur verið lögð í þetta frv. og reyndar í alla endurskoðunina, vera unnin fyrir gýg því að ekkert verður gert í þessum málum öðruvísi en að fjármunir séu til staðar. Við höfum því miður þá reynslu af fjárveitingu til þessara mála sem raun ber vitni um allt frá árinu 1979.

Um markaða tekjustofna vil ég taka fram persónulega að ég tel að þeir eigi fullan rétt á sér þegar þeim er varið til góðgerðarmála og menningarmála, að ég tali nú ekki um ef slíkar fjárveitingar skapa og stuðla að aukinni fjáröflun og auknu starfi til hinna sömu mála sem máske eru leyst af hendi að hluta af sjálfboðaliðum. Ég tel einnig að það séu tveir málaflokkar sem eigi skilyrðislaust að fá hluta af tekjum sem verða til af sölu þeirra til þess að þær verði nýttar til að vinna gegn afleiðingum af neyslu þessara sömu efna. Á ég hér að sjálfsögðu við alkóhól og nikótín. Þetta tel ég rétt eðli málsins samkvæmt en mun ekki fara nánar út í það nema sérstakt tilefni gefist til.

Við VI. kafla lagana sem fjallar um eftirlit og viðurlög, eru lagðar til brtt. frá því sem er í frv. Í brtt. heilbr.- og trn. er lagt til að ásamt Hollustuvernd ríkisins sé Vinnueftirlit ríkisins tekið inn til eftirlits og ráðlegginga þar sem það á við. Nefndin hefur orðið sammála að leggja til að fyrst þessar tvær stofnanir ríkisins eru orðnar aðilar að málinu gildi þau ákvæði laga sem Alþingi hefur sett um eftirlit og viðurlög gagnvart brotum við lögum um Hollustuvernd og Vinnueftirlit ríkisins. Það er því eðlilegt að þessi ákvæði nái yfir lög um tóbaksvarnir ef Alþingi samþykkir þau. Í samræmi við þessa skoðun okkar er lagt til að 17. gr. orðist eins og segir á þskj. sem brtt. eru birtar á.

Að lokum leggur n. til breytingu á 20. gr. 2. mgr. Við leggjum til að orðin „með aðstoð lögreglu ef með þarf" falli brott og eins 3. mgr. Er þetta gert með hliðsjón af því sem hér að framan segir um heilbrigðisnefndir á vegum Hollustuverndar ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins.

Ég hef, herra forseti, farið yfir þær brtt. sem heilbr.- og trn. leggur til að gerðar verði á frv. En ég vil áður en ég lýk máli mínu benda á þá ályktun og áskorun sem hefur nýlega borist til Alþingis frá aðalfundi Krabbameinsfélags Reykjavíkur og hefur verið send þm. Ég vil enn fremur, herra forseti, í lok ræðu minnar benda á áskorun frá fundi héraðslækna með fulltrúum heilbr.- og trmrh. og landlæknisembættinu sem haldinn var í Reykjavík hinn 9. og 10. apríl s. l. Í báðum þessum ályktunum kemur fram áskorun um að samþykkja efnislega frv. um tóbaksvarnir og jafnframt að Alþingi Íslendinga útvegi og marki tekjustofn fyrir þetta starf þannig að starfið verði unnið á eðlilegan hátt.

Ég vænti þess, herra forseti, að þessar skýringar, sem ég hef gefið með brtt. okkar, nægi og ég veit að meðnm. mínir munu þá bæta um ef þar skortir á.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hv. formanns heilbr.- og trn., 12. þm. Reykv., var í n. ágætis samstarf um vinnu við þetta frv. og samstaða um allar brtt. sem gerð er till. um utan eina. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka formanni fyrir ágætis samstarf. Hann þakkaði okkur meðnm. fyrir sína parta og ég get þá fyrir hönd okkar einnig þakkað honum fyrir það hversu vel hann hélt á þessum málum og stjórnaði því af röksemi og dugnaði eins og hans var von og vísa.

Ég ætla ekkert að deila við formanninn um það mál sem ég hef verið með fyrirvara um, heldur aðeins fjalla stuttlega um hvernig Alþingi hefur að undanförnu tekið á málum sem varða markaða tekjustofna. En fyrirvari minn er einmitt varðandi 17. brtt. á þskj. 629, þar sem fjallað er um breytingu við 15. gr. frv. um markaðan tekjustofn til þess að standa undir þessu tóbaksvarnastarfi. Eg vil ítreka að minn fyrirvari er ekki vegna þess að ég telji að með þeirri till. sem hér er gerð um 2% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs sé verið að eyða í það verkefni allt of miklum fjármunum né heldur allt of litlum, heldur vil ég fyrst og fremst gera fyrirvara um að tekjustofnar séu markaðir á þann hátt sem hér er lagt til. Löggjafinn hefur að undanförnu fjarlægst þá stefnu mjög að marka tekjustofna til einstakra verkefna og má í því sambandi nefna ýmis dæmi. Mig langar að geta þess að í lögum nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., er einmitt fjallað um þetta sérstaklega og segir í 8. gr. nefndra laga, með leyfi forseta:

„Fyrir árslok 1979 skulu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar, og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verða framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert, og í áætlun með fjárlagafrv. næstu þrjú árin eftir lok hvers fjárlagaárs, sbr. 7. gr. Við endurskoðun þessa skal höfð sérstök hliðsjón af stöðu og verkefnum einstakra sjóða, m. a. með tilliti til félagslegra markmiða. Samráð skal haft við hagsmunaaðila.

Endurskoðun þessi skal jafnframt taka til ákvæða í lögum er kveða á um mörkun einstakra tekjustofna til sjóða og verkefna."

Hér er sérstaklega rætt um að það skuli taka til endurskoðunar þau ákvæði í lögum er kveða á um mörkun einstakra tekjustofna til sjóða og sérstakra verkefna. Í samræmi við það skipaði þáv. hæstv. fjmrh. Tómas Árnason nefnd til þess 1979 að endurskoða þessi lagaákvæði. Sú nefnd skilaði ítarlegu nál. sem þó hefur ekki verið unnið úr lagafrv. og þar af leiðandi hefur þetta nál. ekki verið lagt hér fyrir sem slíkt, en í því kemur víða fram sú stefna, að það beri að draga úr mörkun tekjustofna til einstakra verkefna. Mig langar, með leyfi forseta, að grípa niður í nál. á þremur stöðum. Það er í fyrsta lagi þar sem fjallað er um flugvallagjaldið, en þar segir:

„Eins og kunnugt er er það eitt af markmiðum laga nr. 13/1979 að stefna skuli að afnámi markaðra tekjustofna eftir því sem kostur er. Með þetta í huga er óeðlilegt að taka nú upp mörkun að því er flugvallagjaldið varðar. Því er lagt til að framlög til flugmála verði háð ákvörðun Alþingis skv. fjárlögum hverju sinni."

Í öðru lagi segir þar sem fjallað er um einkaleyfisgjald af Happdrætti Háskóla Íslands, með leyfi forseta:

„Þótt talið hafi verið nauðsynlegt í upphafi að marka tekjur til Byggingasjóðs rannsóknastarfseminnar verður að álíta að starfsemi sú sem sjóðnum er falið að annast sé komin í það fastmótað horf að mörkun tekna af þessu tagi sé eigi lengur nauðsynleg. Því er lagt til að tekjur þessar renni framvegis ómarkaðar í ríkissjóð, en framlög til sjóðsins verði þess í stað ákveðin við gerð fjárlaga hverju sinni."

Í þriðja lagi, herra forseti, er hér fjallað um árvissa mörkun hluta af tekjum ÁTVR. Ber þá ekki síst að nefna það hér og nú af því að við erum að fjalla um nýja mörkun á tekjum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. — En í þessu nál. er fjallað um nokkra liði þar sem hluta af tekjum ÁTVR er markaður bás, þ. e. m. a. til Landgræðslusjóðs, til Landgræðslu ríkisins, til Krabbameinsfélags Íslands, til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands. Allt eru þetta góðar og gegnar stofnanir sem eiga það sannarlega skilið að fjárveitingavaldið og Alþingi sinni þeim og veiti til þeirra af fjárlögum ákveðnum upphæðum til þess að efla starfsemi þeirra, en nefndin hefur þrátt fyrir það komist að þeirri niðurstöðu í nál. sem hljóðar svo:

„Varðandi framangreind heimildarákvæði, sem ætíð eru nýtt, telur nefndin eðlilegt að hætt verði að miða við hlutdeild í tekjum ÁTVR, en þess í stað verði ákveðin ein fjárhæð í fjárlögum hverju sinni sem verja skal í þessu skyni og að fjvn. Alþingis skipti henni á milli viðkomandi aðila skv. umsóknum þeirra."

Eins og ég nefndi áðan hafa tillögur þessarar nefndar ekki verið settar fram í frv.-formi og þar af leiðandi hefur þróun mála verið með nokkuð öðrum hætti en lög nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., gerðu ráð fyrir. Hins vegar hefur löggjafinn brugðist þannig við að við samþykkt lánsfjárlaga hefur, þrátt fyrir ákvæði um mörkun tekjustofna í hinum ýmsu lögum, verið samþykktur svokallaður bandormur þar sem þessum ákvæðum er öllum saman breytt meira og minna. Í nýsamþykktum lánsfjárlögum fyrir árið 1984 eru hvorki meira né minna en 19 ákvæði þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði þessara og þessara laga, þar sem greint er frá mörkun tekjustofna, skal framlag ríkissjóðs til viðkomandi verkefnis vera svo sem segir á fjárlögum. — Ég tel því að það sé þegar sýnt að löggjafinn sé í raun að hafna þeim aðferðum við mörkun tekjustofna sem í gildi hafa verið í fjölmörgum lögum og þess vegna sé tilgangslítið að setja slíkt ákvæði nú inn í lög um tóbaksvarnir og hætt við að ákvæðin í lánsfjárlögum, þar sem slíkum ákvæðum er breytt, verði á næsta ári ekki 19 heldur 20, og þá er til lítils barist.

Ég vil aðeins að lokum, herra forseti, ítreka að ég er ekki með þessu að hafa á móti því að vel sé gert í sambandi við tóbaksvarnastarfið eða gefa í skyn að fjármagni sem varið er til þessara verkefna sé ekki vel varið. Ég tel að svo sé. Sjálfsagt má betur gera en fjárlög í ár gera ráð fyrir. Eins og fram kom í máli hv. frsm. fyrir nál. eru það nú um 500 þús. kr., en yrðu skv. þessum brtt., ef þær verða samþykktar, 2.3 millj. kr. á næsta ári. Ég vil aðeins að þetta sé ljóst. Ég er hér ekki að leggja það til eða taka neina afstöðu til þess að það fjármagn sem fengist með þeim hætti sé of lítið, heldur aðeins leggja áherslu á að ég tel að ekki sé rétt stefna að taka upp nú, miðað við fengna reynslu, að marka nýja tekjustofna til einstakra verkefna.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir afgreiðslu á þessu máli og lýsa því yfir að ég tel flestar brtt. sem n. flytur vera til bóta og get í reynd fallist á þær allar.

Ég vil gjarnan minna á að þegar lögin voru sett um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum á árinu 1977 hafði verið í gildi ákveðið framlag, markaður tekjustofn af seldum sígarettum ÁTVR, en það var fellt niður með setningu þeirra laga og gert samkomulag á milli þáv. heilbr.- og trmrh. og fjmrh. um að þetta framlag yrði ekki minna á fjárlögum og það yrði tryggt að hægt yrði að halda þessari starfsemi áfram. Það stóðst fyrsta árið, en eftir það var þetta loforð fótumtroðið þannig að þessi fjárframlög hafa verið ákaflega lítils virði og ekki eingöngu á þessu ári, heldur einnig á þremur árum þar á undan. Sú nefnd, sem átti að annast þetta verkefni, hefur fyrir löngu síðan ætlað að segja af sér vegna þess að hún hefur ekkert fjármagn til að vinna að verkefninu, en ég óskaði eftir því við formann nefndarinnar að hún frestaði nú afsögn sinni og við sæjum hver afdrif þessa frv. yrðu, og var orðið við því.

Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um eru fjármunir til þessarar starfsemi nánast engir, og ef það á að halda áfram á þeirri braut verður ekkert gert í sambandi við tóbaksvarnir.

Mér er það ekkert kappsmál endilega að ákveða hér með lögum markaðan tekjustofn, ef reikna má með því að fjárveitingavaldið á hverjum tíma standi við þau fyrirheit sem ákveðin löggjöf gerir kröfu til. En af þeirri reynslu sem ég hef orðið fyrir vil ég heldur taka upp markaðan tekjustofn. Og með allri virðingu fyrir fjmrh. og fjvn.-mönnum hef ég orðið fyrir miklum vonbrigðum í sambandi við þetta mál, að þegar er verið að taka þessi mál fastari tökum skuli enn vera skorið við nögl. Þess vegna mun ég ekkert hika við að greiða atkv. með mörkuðum tekjustofni í þessu sambandi. Ef við lítum aftur á hvað þetta eða hitt kostar held ég að með því að liggja á fræðslu, liggja á aðgerðum gegn vaxandi tóbaksnautn séum við að stórauka útgjöld á öðrum sviðum og þá sérstaklega á sviði heilbrigðismála. Við vitum hvernig fólk fer með sína heilsu með óhóflegri tóbaksnautn. Þetta þekkja ýmsir sem eru aðstandendur þessa frv. frá fyrri dögum og nm. og aðrir slíkir og menn hafa lært af reynslunni. Ég held að það sé afar mikils virði að löggjöf sem þessi komi til virkra framkvæmda. Nú vil ég vera íhaldssamur í þessum efnum eins og öðrum og ekki fara í neitt of háar upphæðir. Það er ekki endilega alltaf skylda að eyða öllum fjármunum sem veittir eru ef það er hægt að komast af með minna. En vegna þessarar bitru reynslu vil ég tryggja aðgerðir í þessum málum með þessum hætti og því greiði ég atkv. með till. meiri hl. nefndarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umferðarlög, frv. 182. mál (þskj. 682). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 158, n. 688, 690 og 692, 689, 691, 693, 694). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Félmn. hefur haft þetta frv. alllengi til athugunar. Borist hafa fjölmargar umsagnir og aths. og nefndin hefur kallað fyrir sig fjölmarga aðila á fundi sína. Þar hafa ýmis viðhorf komið fram og leiðbeiningar um þennan málaflokk, sem er svo viðkvæmur sem raun ber vitni og skoðanir skiptar um það hversu að honum skuli staðið. Hinn 26. apríl s. l. afgreiddi n. málið síðan frá sér. Skiptist hún í þrjá hluta í afstöðu sinni til málsins eins og fram kemur á nál.

Ég vil fyrst segja það um húsnæðismálin almennt að þegar ríkisstj. var mynduð var því þegar slegið föstu að húsnæðismálin skyldu hafa mikinn forgang og að því skyldi stefnt að lán til húsnæðismála, lán Byggingarsjóðs ríkisins, yrðu hækkuð mjög verulega. Varð það niðurstaðan að sú hækkun kom til framkvæmda strax á s. l. ári, enda hafði verðbólgan leikið húsbyggjendur og húskaupendur mjög grátt á árunum 1982 og 1983 og sérstakur hópur mjög fjölmennur, sem myndaður hafði verið, gat fært fyrir því gild rök að til vandræða horfði og ýmsir húsbyggjendur stæðu frammi fyrir neyðarkostum nema hið opinbera gripi inn í og veitti þeim nokkra leiðréttingu.

Sú nefnd sem samdi þetta frv. hafði þessi sjónarmið til viðmiðunar. Í aths. við lagafrv. segir með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur tekið mið af þeirri samþykkt er ríkisstj. gerði á fundi sínum þann 22. sept. s. l. varðandi húsnæðismál. Þá var samþykkt till. félmrh. um eftirfarandi breytingar á útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins frá 1. jan. 1984:

„1. Öll lán hækki um 50%.

2. Nýbyggingarlán til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn skulu greidd í tveim hlutum, þ. e. fyrri hlutinn mánuði eftir fokheldisstig og seinni hlutinn sex mánuðum frá útborgun fyrri hlutans. Útborgun lána til annarra skal vera óbreytt frá því sem nú er.

3. Nýbyggingarlán lengist úr 26 árum í allt að 31 ár.

4. Lán til kaupa á eldra húsnæði lengist úr 16 árum í allt að 21 ár.

5. Öll lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

6. Gjalddögum húsnæðislána verði fjölgað í fjóra á ári.“

Á sama fundi ríkisstj. var ákveðið að hækka lán til nýbygginga og lán til kaupa á eldra húsnæði á árunum 1982 og 1983 um 50% til þess að leysa úr fjárhagsvanda húseigenda. Þá var gert samkomulag við Samband viðskiptabanka og Samband sparisjóða um lengingu þeirra lána í 8 ár sem veitt höfðu verið til nýbygginga eða kaupa á húsnæði eftir 1. jan. 1981.

Þá er yfirlýst markmið ríkisstj. að húsnæðislánakerfið verði eflt svo á næstu árum að lánin geti numið allt að 80% byggingarkostnaðar eða kaupverðs íbúðar hjá þeim sem eru að eignast íbúð í fyrsta skipti. Með hliðsjón af fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs taldi nefndin ekki efni til þess að leggja til að á næsta ári yrði gengið lengra en samþykkt ríkisstj. frá 22. sept. s. l. gerir ráð fyrir um lánveitingar úr honum.

Í þessu sambandi leggur nefndin áherslu á að óraunhæft er að miða við lán Byggingarsjóðs eins þegar lánshlutfall er metið. Verulegur hluti af lánum lífeyrissjóða rennur til öflunar húsnæðis. Þá minnir nefndin á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er lögð áhersla á „fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning, t. d. samningsbundinn sparnað, tengdan rétti til húsnæðislána.“ Eftir þessum þrem leiðum verður að afla fjár til húsnæðislánakerfisins til þess að ná því marki að lánin fari upp í 80% á næstu árum.“

Ég hef í sjálfu sér litlu við þessi orð að bæta. Það sem hér var gefið fyrirheit um hefur ræst í þeirri útlánaáætlun sem húsnæðismálastjórn hefur gert fyrir þetta ár. Er gert ráð fyrir að það standi að þeir sem eru að kaupa eða byggja íbúðir í fyrsta sinn fái sinn hluta greiddan eins og hér er sagt: á fyrsta mánuði eftir fokheldisstig helming lánsfjárins og hinn helminginn sex mánuðum síðar. Þetta eru um 35% af nýbyggingum sem falla undir Byggingarsjóð ríkisins. Þetta er auðvitað mjög mikið og verulegt átak. Ef við miðum við verðgildi lánsfjárins er vafalaust að þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta skipti fá nú fyrirgreiðslu úr byggingarsjóði ríkisins sem er meira en 100% betri en gerðist fram að myndun þessarar ríkisstj. Ég held að það sé alveg vafalaust, þegar tekin er hliðsjón af verðbólgustiginu á undangengnum árum.

Leiðréttingin hjá þeim sem áttu íbúð fyrir er líka mjög veruleg. Sem hlutfall af byggingarkostnaði staðalíbúðar nemur leiðréttingin 50%, en ef tekin er hliðsjón af minnkandi verðbólgu og stöðugra ástandi í efnahagsmálum en verið hefur á næstu árum á undan er augljóst að þar er líka um verulega hækkun að ræða, sem að raungildi liggur vafalaust milli 50 og 100%, kannske nær 100% en 50%.

Um þetta hef ég ekki fastar tölur, enda erfitt að reikna það nákvæmlega út fyrr en við sjáum hver verðbólguþróunin verður. En það er augljóst af almennum blaðaskrifum og viðbrögðum almennings og ástandi í þjóðfélaginu að þessar ráðstafanir hafa komið mjög að notum og raunar orðið meiri en menn þorðu að gera sér vonir um í upphafi. Ég vil að þetta komi skýrt fram.

Ég vil einnig taka það fram vegna ummæla hér í nál., a. m. k. á einum stað, þar sem talað er um að um verulegar vanefndir verði að ræða í þessu efni, að eftir þeim upplýsingum sem ég hef er ekki hægt að nota um það sterk orð. Svo getur að vísu farið að greiðslur tefjist um einn mánuð eða svo frá því sem áður hefur verið hjá þeim sem eru að byggja og eiga íbúð fyrir eða hjá þeim sem eru að kaupa notaða íbúð. Og þó svo að þessir mánuðir séu des. og jan., sem þarna er um að ræða, er hæpið að tala um það sem einhvern óskaplegan samdrátt milli ára. Hitt er réttara að segja, eins og satt er, að greiðslur í lok ársins geti e. t. v. dregist fram yfir áramót. Það er þá dráttur um einn mánuð en ekki eitt ár, ef menn vilja vera sanngjarnir í umfjöllun sinni um þessi mál. Ég vil að þetta komi alveg skýrt fram. En það hefur verið svo fram að þessu, ég held að ég fari rétt með það, að þeir sem voru að eignast íbúð í fyrsta skipti urðu að sitja við sama borð og aðrir, þ. e. fengu greiðsluna í þrennu lagi, fyrst 1—2 mánuðum eftir fokheldisstig og síðan annan og þriðja hlutann sex mánuðum síðar.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að þeim brtt. sem meiri hl. n. leggur til. Það er þá fyrst 2. brtt. sem er við

9. gr., 2. tölul. 9. gr. orðast svo í frv. að fjár í Byggingarsjóð skuli aflað með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum sem nemur eigi lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár. Við leggjum til að við bætist: sem samþykkt er af félmrh. og fjmrh.

Ástæðan fyrir því að meiri hl. nefndarinnar leggur til að þessi orð bætist við er sú, að reynslan hefur sýnt að lagabókstafurinn einn hefur ekki nægt til þess á undanförnum árum að Byggingarsjóður fengi það fé sem honum er ætlað lögum skv. Með því að félmrh. og fjmrh. standi sameiginlega að útlánaáætlun sjóðsins telur meiri hl. n. betur tryggt en ella að við þetta fyrirheit verði staðið. Ég vil taka skýrt fram að þessi viðmiðun, 40%, var ekki valin út í bláinn heldur ákveðin að vel yfirlögðu ráði og eftir að gerð hafði verið af Þjóðhagsstofnun nákvæm úttekt á afkomu Byggingarsjóðs, greiðslustöðu hans og við hverju mætti búast á næstu árum.

Allítarlega er um þennan þátt fjallað í grg. frv. og sé ég ekki ástæðu til að ítreka það, en vil á hinn bóginn benda á að í till. Alþfl. er einnig gengið út frá þessu sama hlutfalli að bein fjárframlög úr ríkissjóði nemi 40% af greiðsluáætlun sjóðsins. Eru mjög athyglisverðar töflur í nál. 1. minni hl. sem styðja að þar sé skynsamlega valið. Skv. þeim töflum kemur það fram að fyrir áramót muni lántökuþörf til Byggingarsjóðsins hverfa ef gengið er út frá óbreyttu lánshlutfalli, 29% af staðalíbúð, en jafnvel þótt keppt sé að því og því marki náð að sjóðurinn láni 80% af staðalíbúð á næstu árum mun mjög skammt í það, eða ekki nema 8 ár, að sjóðurinn komist yfir erfiðasta hjallann.

Þetta er mjög athyglisvert og sýnir raunar að það er rétt stefnumörkun nú, þegar almenn verðtrygging fjárskuldbindinga hefur verið tekin upp, að gera ráðstafanir til þess að eigið fé Byggingarsjóðs vaxi svo á næstu árum að lántökuþörf verði mun minni og hverfandi miðað við það sem nú er. Ég get á hinn bóginn vegna reynslunnar ekki tekið undir það að bein tilvísun til tekna af launaskatti sé trygging fyrir því að slíkt fé skili sér í Byggingarsjóð ríkisins, vegna þess að það hefur komið fyrir, og mjög nýlega raunar, að í lánsfjárlögum hafi slíkur tekjustofn verið skertur þrátt fyrir skýr ákvæði laga um hið gagnstæða. Nægir að fara aftur til áranna 1979 og 1980 í þeim efnum.

Við 10. gr. er lítilfjörleg breyting. Þar er gert ráð fyrir því að afgreiðsla lána úr Byggingarsjóði og innheimta fari fram í almennum lánastofnunum sem húsnæðismálastjórn semji við. Ástæðulaust er að lögbinda að greiðsla fyrir slík störf eða þóknun fari fram eftir fyrirframgerðu samkomulagi. Er lagt til að fella það niður enda ástæðulaust eða raunar óþarft.

Í 17. gr. er gert ráð fyrir að lengja lánstíma úr 16 árum í 21 ár.

Við 20 gr. er hins vegar breyting sem er efnisríkari og lýtur að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis. Eins og greinin er orðuð er gert ráð fyrir því að lán í slíku skyni sé aðeins heimilt að veita sveitarstjórnum sem með skipulegum hætti vinni að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélögum. Í brtt. n. er gert ráð fyrir því að öðrum sé það einnig frjálst. Telur meiri hl. að ekki eigi að binda slíkt átak við sveitarstjórnir heldur skuli öðrum vera frjálst að vinna að þessu markmiði sem allir hljóta að vera sammála um að æskilegt sé að ná eins fljótt og kostur er. Þarf ég ekki að hafa frekari orð um það.

Ég vil næst víkja að brtt. við 44. gr. til þess að tefja ekki um of og fara ekki of nákvæmlega í sakirnar. Þetta skýrir sig að öðru leyti sjálft. Í frv. er gert ráð fyrir því að tekjuviðmiðun varðandi rétt til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum sé með þeim hætti að í krónutölu skuli miðað við næstliðin þrjú ár. Sú tala sem fundin er í frv., 141 þús. kr., er miðuð við meðaltöl tekna á árinu 1980, 1981 og 1982. Nú er launaþróun mjög mismunandi eftir árum, fer m. a. eftir verðbólgustigi og öðru slíku. Meiri hl. nefndarinnar telur að réttara sé að miða við eitt ár í krónutölu eða miða við fasta krónu ef svo má segja. Hér er gert ráð fyrir 318 þús. kr. fyrir einhleyping eða hjón, sem er nákvæmlega sama tala og þau meðaltöl tekna sem miðað er við í frv. eftir þeim upplýsingum sem nefndin hefur fengið. Þarf ég ekki að hafa um það fleiri orð. Ég geri ekki ráð fyrir því að um þetta sé í rauninni ágreiningur.

Við 46. gr. er smábreyting sem er nánast leiðrétting.

Við 47. gr. 1. mgr. er brtt. sem er nánast leiðrétting, nákvæmara orðalag en áður, en eftir að brtt. var lögð fram fékk ég ábendingu um að réttara væri að halda því orðalagi sem er í 47. gr.: „að gera upp byggingarkostnað“ í staðinn fyrir að ákveða byggingarkostnað. Mun ég leiðrétta það í samráði við forseta. Hvort það verði gert með beinni brtt. eða úr forsetastóli skal ég ekki segja, en þarna er um mistök að ræða og ég hef fengið leiðbeiningu um að þetta sé til hins verra. Að öðru leyti stendur brtt. fyrir sínu. Efnislega er hún engin, aðeins betra orðalag um það sem þar getur.

Í brtt. við 49. gr. er talað um að húsnæðismálastjórn veiti lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hverrar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður skv. lögum þessum. Sagt er: „Lánið má nema allt að 80% af kostnaði staðalíbúðar skv. 32. gr. þessara laga, þó ekki hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði þeirrar framkvæmdar sem í gangi er.“ Þessi brtt. er mjög þýðingarmikil: „... þó ekki hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði þeirrar framkvæmdar sem í gangi er.“ Óeðlilegt er að lán geti orðið hærri en 80%, þó svo að um verkamannabústaði sé að tefla, á sama tíma og okkur hefur ekki tekist að lyfta lánum á hinum almenna byggingarmarkaði hærra en raun ber vitni eða í 29.5%. Ég geri mér grein fyrir að þetta getur verið álitamál en þetta er skoðun nefndarinnar.

Við 50. gr. er smáinnskot: „... eftir gildistöku laga nr. 51/1980“, sem er leiðrétting.

Við 51. gr. er gerð sú breyting að við endursölu á íbúð í verkamannabústað skuli gefa svigrúm til þess að samkomulag náist um endurbætur og viðhald sem gert hefur verið á íbúð. Ég held að það sé til bóta og eigi ekki að geta sakað neinn.

Við 63. gr. er brtt. sem ég tel eðlilega. Þar segir í 3. mgr., með leyfi hæstv. forseta: „Heildarkaupverð má þó aldrei vera hærra en sannanlegt markaðsverð sambærilegra íbúða á staðnum, sbr. ákvæði 5. mgr. 41 gr.“ Síðan bætist við: „Heimilt er að lækka útreikning eða afskrifa eftirstöðvar lána úr Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins í sama hlutfalli og verð íbúðar.“ Þetta lýtur að því að þar sem söluverðið er ákveðið skv. sérstöku mati sé eðlilegt að þeir sem standa að íbúðinni, bæði þeir sem lánað hafa til hennar og sá sem á íbúðina, tapi jafnmiklu ef um lækkun á

kaupverði verður að ræða vegna lélegra markaðsaðstæðna viðkomandi staðar. Ég geri ekki ráð fyrir því að um þetta verði ágreiningur.

Hins vegar kemur ný grein á eftir 65. gr. sem er þýðingarmikil og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félmrh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirrar greinar."

Ástæðan fyrir því að þessi grein er tekin upp er sú að sums staðar háttar svo til að mörg hús eru í sama byggingarfélagi eða húsfélagi í þeim skilningi og hefur það valdið nokkurri óánægju og deilum hvernig staðið hefur verið að sameiginlegu viðhaldi á íbúðum. Rétt þykir að gefa því fólki sem býr í sama sambýlishúsi möguleika á því að taka viðhald í sínar hendur og varla hægt að sjá að það eigi að vera verðtryggt með þeim hætti sem nú að húsum sé sómasamlega viðhaldið. Rétt þótti hins vegar að félmrh. setti nánari reglugerð um framkvæmd greinarinnar. Þarna koma ýmis atriði til sem vel þarf að íhuga og nauðsynlegt er að athuga mjög nákvæmlega sem nefndinni gafst ekki kostur á á þeim stutta tíma sem liðinn er síðan þetta atriði kom upp innan nefndarinnar. Ég hygg að flestir hv. alþm. séu sammála um að hér sé um réttlætismál að tefla og nauðsynlegt að hafa um það skýr ákvæði.

Við 69. gr. er nýtt efnisatriði og raunar um skyldusparnaðinn. Ég vil þá fyrst segja það almennt um skyldusparnað að hann er að sjálfsögðu ekki sú sama tekjulind fyrir Byggingarsjóð og áður af þeim augljósu ástæðum að ungu fólki fjölgar ekki í árgöngum með sama hætti og áður var. Enn fremur er skyldusparnaðarféð betur ávaxtað en áður var innan Húsnæðisstofnunar. Loks má á það benda að á undanförnum misserum hefur verðtrygging fjárskuldbindinga numið verulega hærri fjárhæð en launaþróun eða hækkun launa. Loks er það staðreynd að fleira ungt fólk en áður fer til náms sem skerðir afrakstur Húsnæðisstofnunar af skyldusparnaði auk þess sem fleira fólk en áður stofnar til hjúskapar á unga aldri. Allt þetta verður til þess að draga úr tekjum af skyldusparnaði auk þess sem heimildir til undanþágu er rýmri nú en áður og meira notaðar.

Meiri hl. n. treystir sér á hinn bóginn ekki til að víkka út skyldusparnaðinn eða fara í róttækar aðgerðir í því skyni, enda, eins og ég sagði áðan, tók n. þá stefnu fram yfir að reyna að byggja upp eigið fé Byggingarsjóðs með hærri fjárframlögum úr ríkissjóði en áður og ná því markmiði eftir þeirri leið.

Eigi að síður hefur niðurstaðan orðið sú að koma nokkuð meiri festu á framkvæmd laga um skyldusparnað en áður með því að lagt er til að ekki sé heimilt að endurgreiða þeim sem nám stunda skyldusparnaðinn á sama ári og til hans er stofnað. Þetta hefur nokkra rýmkun í för með sér á þessu ári fyrir Byggingarsjóð sem nemur sennilega um 100 millj. kr. en það er að sjálfsögðu aðeins í eitt skipti. Síðan kemur þetta út á eitt og skiptir ekki máli til frambúðar. En fyrir þessu má líka færa þau almennu og uppeldislegu rök að það sé heilbrigt mark í sjálfu sér fyrir ungt fólk sem er í skóla að það geti af öðru fé sem til skyldusparnaðar heyrir haldið nægilegu til hliðar til þess að hefja skólanám og að það sé því góð búbót að fá 15% af launum eftir áramótin þegar hin síðari önn byrjar. Ráðstöfun af þessu tagi, þó að skylda sé, ætti því að sýna fram á gildi sparnaðar og þess að halda nokkru eftir af sjálfsaflafénu til síðari tíma.

Ég get svo almennt sagt það að þróunin af skyldusparnaðinum hefur verið sú á þessu ári að verulega meira fé hefur farið út en inn. Er það eins og ég sagði áðan sumpart vegna þess að verðtrygging skyldusparnaðarins hefur verið meiri á undanförnum árum og þar munar mest hjá þeim sem eru 26 ára og í öðru lagi vegna þess að laun hafa ekki hækkað eins.

Eg vil jafnframt koma inn á eitt atriði enn. Nefndin og einstakir nm. hafa fengið allmörg erindi vegna húsnæðissamvinnufélags sem stofnað hefur verið og ber heitið Búseti. Í nál. meiri hl. félmn. er vikið sérstaklega að þeirri félagsstofnun og hvort félagar í því geti vænst lánafyrirgreiðslu skv. því frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil í því sambandi leggja áherslu á það hvert orðalag c-liðar 33. gr. er, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi."

Þetta orðalag er alveg skýrt. Það liggur ljóst fyrir að hér hefur verið komið upp félagslegu kerfi fyrir þá sem við köllum láglaunafólk. Kjarni þess hefur verið verkamannabústaðakerfið sem er þannig byggt upp að viðkomandi greiði sem svarar vöxtum og afborgunum af lánum, 80% af byggingarkostnaði, sem veitt eru til lengri tíma en önnur lán jafnframt því sem íbúar í þessum húsum hafa staðið undir viðhaldi og rekstri húsanna.

Ætlun húsnæðissamvinnufélagsins Búseta er sú að meðlimir Búseta greiði hið sama og þeir íbúar sem eru í verkamannabústöðum, þ. e. standi undir vöxtum og afborgunum af lánum, greiði sameiginlegt viðhald og beri kostnað af sameiginlegum rekstri slíkra húsa. Það er ekki skoðun meiri hl. félmn. að búseturéttarfyrirkomulagið tæki við af verkamannabústöðunum. Búseturétturinn, eins og hann er skilgreindur í þeim lögum sem ég hef séð frá Búseta, er mjög óglöggur og þörf á því fyrir ríkisvaldið að fjalla ítarlegar um þann rétt ef hugmynd er að veita slíkum félögum sérstakan forgang eða betri aðgang að lánsfjármagni en öðrum, auk þess sem hvergi stendur hvernig farið verður með slit á slíku félagi eða gjaldþrot ef til kemur. (**Gripið fram í:** Eiga þeir þá ekki aðgang að Byggingarsjóði verkamanna?) Hv. þm. er vel um það kunnugt að meiri hl. n. lítur svo á að hvorki húsnæðissamvinnufélagið Búseti né önnur félög, sem stofnuð eru til þess að byggja leiguíbúðir á almennum markaði, falli undir þá grein. Það stendur hér skýrt og skorinort og við það hefur ekki verið gerð athugasemd svo að ég muni: „Leiguíbúðir, sem byggðar eru" o. s. frv. „og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til að eignast eigið húsnæði við hæfi."

Nú skal ég ekki segja hvort það geti kallast hófleg kjör í huga einhvers alþm. að leigja mönnum húsnæði á þeim skilmálum að leigjandi verði án þess að öðlast eignarrétt að greiða afborganir af lánum, lánskostnað,

sameiginlegan rekstur við að halda uppi slíku félagi, auk þess sameiginlegt viðhald og annað sem til fellur, án þess að fá í staðinn eignarrétt á íbúðinni svo sem er um verkamannabústaði. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann geti lokið ræðu sinni á stuttum tíma. Það er komið fram yfir venjulegan þingfundartíma.) Ég vildi gjarnan tala eftir að fundur kemur aftur saman. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni fyrr í dag var ég að fjalla um búsetuíbúðir. Um það vil ég segja að síðustu að það er takmarkað fé sem er til ráðstöfunar til húsnæðismálakerfisins og augljóst er að ef opnaður er möguleiki fyrir því að tiltekinn byggingarflokkur, sem ákveðin félagasamtök standi að, fái mun hærri lán en eru á hinum almenna markaði þá þýðir það sjálfkrafa lækkun á lánum hjá öðrum meðan ekki er svo mikið fé til umráða að kallast megi ótakmarkað.

Ég man ekki betur en búseturéttarmenn hafi gert kröfu um það að fá sem svarar 90% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Nú er lánað til íbúða á almennum markaði um 30%. Ef við tökum tvær slíkar íbúðir og deildum í það með tveimur mundi það þýða að um 60% af íbúðarverði staðalíbúðar kæmi á hvora íbúð. Þegar bætt er við þeim rétti sem almenningur hefur nú á lífeyrissjóðslánum er auðséð að lánsfyrirgreiðsla á að vera ærin og þess vegna út í hött að vera með slíka mismunun. Miklu heilbrigðara er að ríkisstj. standi við sitt fyrirheit um að hækka almennt lán til íbúðabygginga eins og er í stjórnarsáttmála og eins og ég hef áður vikið að. Ef það markmið næst fram munu deilur af þessu tagi hverfa af sjálfu sér.

Á hinn bóginn vil ég undirstrika hver sé tilgangurinn, eins og ég sé hann, á bak við c-lið 33. gr. Þar er gert ráð fyrir því að sveitarfélög, stofnanir á þeirra vegum eða ríkisins eða félagssamtök, sem vilji byggja yfir aldraða eða öryrkja, fái til þess nokkuð ríflegri fyrirgreiðslu en almennt er. Er það rökstutt með því að þessi þjóðfélagshópur býr alls ekki við þann húsakost sem æskilegt er en á hinn bóginn ýmsir sem vilja létta undir með því að leiguíbúðir fyrir slíka geti risið og orðið ódýrari í rekstri en ef þessar íbúðir ættu algerlega að standa undir sér sjálfar. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því að þarna opnist möguleiki fyrir stúdentagarða eða fyrir hjónagarða fyrir aðra námsmenn í framhaldsskólum og skal ég ekki fara nánar út í það. En ég sem sagt undirstrika að skv. mínum skilningi og eins og þetta ákvæði er til komið var ekki gert ráð fyrir því að almennar leiguíbúðir féllu undir þetta ákvæði heldur undir a-lið, undir tölulið 1 í 11. gr.

Nefndinni barst bréf frá byggingarsamvinnufélaginu Aðalbóli og sé ég ástæðu til að lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta, en það snertir þann kafla laganna sem fjallar um byggingarsamvinnufélög. Það er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Inn í kaflann verði bætt ákvæði þess efnis að þegar hver byggingarflokkur hefur að fullu gert upp, svo og allir einstaklingar innan flokksins, geti hann sem heild sagt sig úr félaginu að loknum tilteknum biðtíma, t. d. 5 árum. Til athugunar væri að þetta væri gagnkvæmt, t. d. að aðalfundur gæti ákveðið að þeir byggingarflokkar, sem uppfylla framangreind skilyrði, teldust ekki lengur til félagsins. Nánar mætti svo kveða á um þetta í samþykktum hvers félags."

Svo mörg voru þau orð. Hér er vikið að þýðingarmiklu ákvæði. Þetta bréf barst hins vegar svo seint að nefndin hafði ekki svigrúm til þess að gaumgæfa innihald þess né gera efnistill. um málið og hlýtur það að verða til athugunar hversu við þessu erindi skuli snúast. Þetta er engan veginn einfalt mál og þarf að kynna sér samþykktir hvers einstaks byggingarsamvinnufélags til þess að geta áttað sig á því hvernig við þessari beiðni skuli verða. En eins og ég sagði hefur ekki gefist tími til þess, en það er til athugunar þótt síðar verði og þótt það komi ekki til afgreiðslu á þessu þingi sem nú situr.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum taka fram að mér hefur ekki unnist tími til þess að gaumgæfa sem skyldi þær brtt. sem fram hafa komið við frv. frá minni hl. félmn. en mun hafa samband við flm. um þau atriði sem ég mundi óska eftir að yrðu athuguð nánar.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í annað sinn með fárra ára millibili standa alþm. frammi fyrir því að vera að afgreiða frá Alþingi breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem að nafninu til fela í sér ákvæði um bætt lánakjör til íbúðakaupenda og húsbyggjenda, að efla eigi félagslegar íbúðabyggingar o. s. frv., en síðan er ekkert hugsað um það hvernig hægt sé að standa við þessi fyrirheit eða byggja upp þá sjóði sem standa eiga undir útlánum í húsnæðislánakerfinu. Í þessu frv., sem og því sem var samþykkt í maí 1980, er öllum vandanum vísað yfir á framtíðina með sífellt aukinni lántökuþörf og minna ríkisframlagi sem ekki getur endað nema á einn veg: með gjaldþroti sjóðanna og að svikin eru loforð við íbúðakaupendur og húsbyggjendur.

Þegar frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins var síðast til meðferðar hér á hv. Alþingi, en það var á 102. löggjafarþingi, en frv. var afgreitt sem lög í maí 1980, kom fram hjá þm. Alþfl. og í nál. 1. minni hl. félmn. að með því framlagi sem Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna væri ætlað á fjárlögum væri stefnt í gífurlega mikla lántökuþörf sem sjóðirnir gætu ekki staðið undir. Í nál. kom fram að á árinu 1990 yrði lántökuþörf beggja sjóðanna um 200 milljarðar á verðlagi ársins 1980 eða tveir milljarðar nýkr. Margir urðu til þess að reyna að hrekja þessar tölur Alþfl. á sínum tíma og töldu þær marklausar. En eins og fram kemur nú í nál. 1. minni hl. á þskj. 688 staðfestir reynslan ótvírætt að þessar aðvaranir Alþfl. um gífurlega lántökuþörf á komandi árum voru á rökum reistar og nýir útreikningar Þjóðhagsstofnunar staðfesta raunar að lántökuþörfin geti vaxið mun hraðar á næstu árum en Alþfl. setti fram á sínum tíma. Það er því ljóst að stjórnvöld hafa ekkert lært og engu gleymt frá því að síðustu lög um Húsnæðisstofnun voru samþykkt á Alþingi árið 1980. Enn á ný á að afgreiða marklaust húsnæðisfrv. héðan frá Alþingi. Fjármögnun þess er í molum, fjárhagslega stendur það á brauðfótum með þeim afleiðingum að við blasir stórfelldur samdráttur í lánveitingum, hrikalegar lántökur og gjaldþrot húsnæðiskerfisins innan fárra ára verði ekkert að gert.

Öll fyrirheit um bætt lánakjör og lengingu lánstíma o. s. frv., sem í þessu frv. felast, svo og að opna möguleika til lánveitinga fyrir nýjan valkost í húsnæðiskerfinu, eins og húsnæðissamvinnufélagið Búseta, eru því gylliboð og tálvonir einar ef ekki næst pólitísk samstaða um að koma fjárhagsstöðu húsnæðiskerfisins

á traustan grundvöll.

Í ítarlegu nál. 1. minni hl., sem fram kemur á þskj. 688, eru því rækilega gerð skil hvert stefnir í fjármögnun húsnæðiskerfisins á komandi árum ef menn ætla áfram að neita að horfast í augu við raunveruleikann í þessum efnum. Það er löngu kominn tími til að alþm. átti sig á því hvert stefnir í húsnæðismálum ef það er virkilega meiningin að loka augunum fyrir því sem er að ske í fjármögnun húsnæðiskerfisins. Það er löngu kominn tími til að þeir sem ferðinni ráða hér í þjóðfélaginu í þessum efnum taki sér tak og reyni að ná pólitískri samstöðu á Alþingi um raunhæfa fjármögnun húsnæðiskerfisins.

Í síðustu kosningum höfðu allir stjórnmálaflokkar húsnæðismál efst á blaði í sínum kosningaloforðum. Allt átti að gera fyrir húsbyggjendur, efla félagslega íbúðakerfið, bæta lánakjörin, hækka lánahlutfallið í 80%. Sumir flokkar sögðu strax, sumir eftir fimm ár. Við stöndum frammi fyrir því í dag að þetta voru allt tómar blekkingar hjá stjórnarflokkunum því að aldrei hefur verið eins mikil óvissa í húsnæðismálum landsmanna og einmitt nú. Loforð um að efla félagslega kerfið hefur breyst í samdrátt frá því sem var í félagslega kerfinu og ekki verður séð að á næstu fimm árum, tíu eða fimmtán árum verði hægt að standa við 80% lánahlutfallið með því framlagi sem ríkissjóður ætlar Byggingarsjóði ríkisins. Gífurlegur samdráttur blasir einnig við á þessu ári í nýbyggingarlánum í almenna húsnæðiskerfinu. Það sem hér hefur verið haldið fram er allt rökstutt ítarlega í því nál. sem fram kemur á þskj. 688 — rökstutt ýmist með gögnum og útreikningum frá Þjóðhagsstofnun eða Húsnæðisstofnun.

Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að rekja nokkra meginþættina í fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og samdráttinn sem við stöndum frammi fyrir í útlánum til íbúðakaupenda og húsbyggjenda, þá gífurlegu greiðslubyrði sem ungu fólki er ætlað að bera, sem er í raun óviðráðanleg fólki sem er að byrja að koma sér þaki yfir höfuðið, og loks mun ég greina frá tillögum Alþfl. um að efla félagslega kerfið, byggja upp sjóði húsnæðislánakerfisins og hvernig á að fjármagna húsnæðiskerfið og mæta þeim fjárhagsvanda sem skapast samhliða því að byggingarsjóðirnir eru efldir.

Á 1. síðu í nál. 1. minni hl. kemur fram tafla frá Húsnæðisstofnun ríkisins um innstreymi Byggingarsjóðs ríkisins 1971—1983. Í þeirri töflu kemur skýrt fram afleiðing þess að Byggingarsjóður ríkisins var sviptur sínum fasta tekjustofni af launaskatti, en frá þeim tíma hefur sífellt sigið á ógæfuhliðina í fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins. Ég hef dregið saman niðurstöðuna í nál., hvernig dæmið lítur úr, hver þróunin hefur verið frá 1978 í þessu efni.

Frá árinu 1978 hefur framlag ríkissjóðs sífellt farið minnkandi, en að sama skapi hafa lántökur orðið uppistaðan í útlánum sjóðanna. Á árinu 1978 var framlag ríkisins 44.3% af heildarinnstreymi sjóðsins, en lántökur rúm 23%. Á árinu 1980 snýst dæmið algerlega við, ríkisframlagið er 12.7% og lántökurnar 52.3%. Á árinu 1984 er ríkisframlagið 12.9% af heildarinnstreymi sjóðsins, en lántökur rúm 54%.

9. gr. frv. er ein mikilvægasta greinin varðandi Byggingarsjóð ríkisins, en á framkvæmd hennar veltur hvort hægt er að standa við önnur ákvæði frv. að því er varðar útlán og lánakjör. Till. meiri hl. er að þetta frv. taki þegar gildi. Það er því ljóst af því framlagi úr ríkissjóði sem sjóðnum er ætlað skv. fjárlögum á yfirstandandi ári að stjórnarflokkarnir eru staðráðnir í því að brjóta þegar á fyrsta ári þetta mikilvæga ákvæði frv. með þeim afleiðingum að önnur mikilvæg ákvæði um lánakjör og útlán í frv. verða marklaus.

Í 9. gr. 2. tölul. kemur fram að fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins eigi m. a. að vera með þeim hætti að ríkissjóður eigi að leggja sjóðnum til skv. fjárlögum fjárhæð sem nemi eigi lægri upphæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár. Ljóst er að þetta framlag verður ekki 40% á yfirstandandi ári, heldur 17%. Félmn. hefur fengið yfirlit frá Þjóðhagsstofnun um fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins. Í því kemur fram að miðað við 17% framlag úr ríkissjóði, eins og ætlað er í sjóðinn á þessu ári, mun sjóðnum í raun stefnt beint í gjaldþrot. Það er einnig athyglisvert að miðað við 17% framlag úr ríkissjóði á yfirstandandi ári er lántökuþörfin 748 millj. úr lífeyrissjóðunum, en á lánsfjárlögum er aðeins gert ráð fyrir 525.4 millj., en það staðfestir ótvírætt að mikill samdráttur verði í nýbyggingum og kaupum á eldra húsnæði frá því því sem nú er gert ráð fyrir, jafnvel þó að forsendur í fjárlögum og lánsfjárlögum um fjármögnun úr Atvinnuleysistryggingasjóði og af skyldusparnaði standist.

Hvert mannsbarn hlýtur að sjá að framlög úr ríkissjóði hljóti að skipta sköpum um viðgang Byggingarsjóðs ríkisins á næstu árum, þó að ríkisstjórnarflokkarnir virðist ekki skilja það og neiti að horfast í augu við raunveruleikann. Á bls. 3 í nál. hef ég tekið saman töflu byggða á útreikningum Þjóðhagsstofnunar um fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins. Í þeirri töflu hef ég tekið saman hvert stefnir miðað við mismunandi ríkisframlög, þ. e. 17% eins og ráð er fyrir gert í fjárlögum eða 40% eins og frv. gerir ráð fyrir. Tekin eru dæmi af óbreyttu lánshlutfalli eða 29% af staðalíbúð ef lánahlutföll eru hækkuð í 80% á átta árum og ef lánshlutföll hækkar í 80% á fimmtán árum. Þessi tafla gefur vísbendingu um hvert stefnir í lántökum úr lífeyrissjóðunum miðað við mismunandi ríkisframlög.

Þessi tafla talar sínu máli og þarf því í raun ekki mikilla skýringa við. Hún nær fram til næstu aldamóta og staðfestir í raun tvennt:

Útilokað verður að standa við 80% lánsfjárhlufall á næstu árum að óbreyttu. Þau orð ríkisstjórnarflokkanna eru gersamlega marklaus, miðað við það fjármagn sem þeir leggja til við sjóðinn á yfirstandandi ári.

Í öðru lagi er lántökuþörfin slík að gersamlega óraunhæft getur talist, sem kannske sést best á því að áætlað er að allt ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1984 sé 2 500 millj. kr. Hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út að það geti numið röskum 3 000 millj. eftir 20 ár. Ef lánshlutfallið hækkar í 80% á næstu árum og framlag ríkissjóðs verður svipað á yfirstandandi ári mun byggingarsjóður ríkisins þurfa á að halda öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1992, þegar 80% lánahlutfalli verður náð, og á árinu 2000 um 600 millj. umfram allt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Ef miðað er við að 80% lánshlutfall náist á næstu 15 árum og ríkisframlag verði svipað og á yfirstandandi ári má sjá að á árinu 1998 þarf Byggingarsjóður ríkisins á að halda öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Jafnvel þótt lánshlutfallið yrði óbreytt til næstu aldamóta, eða 29% af staðalíbúð, yrði lán-

tökuþörfin samt of mikil eða flest árin um nær 1 milljarður kr. eða um 30% af öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Fjárhagsstaða þúsunda heimila í landinu mun velta á því á komandi árum að hin pólitísku öfl í landinu komi sér saman um skynsamlega fjármögnun í húsnæðislánakerfinu og að lánshlutfall til húsbygginga og íbúðakaupa hækki jafnt og þétt á komandi árum og að því verði stefnt að 80% lánshlutfalli verði náð á næstu árum. Sú óvissa sem nú er í lánveitingum til húsnæðismála og um hvað framtíðin ber í skauti sér í því efni gerir allar áætlanir fólks í húsnæðismálum marklausar og getur raunar valdið þeim sem standa í íbúðakaupum og húsbyggingum miklu fjárhagslegu tjóni. Ungt fólk, sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið, verður að geta gert fjárhagsáætlanir fram í tímann og séð af nokkru öryggi fyrir um lánamöguleika og lánakjör á húsnæðismarkaðinum.

Í frv. eins og það liggur fyrir er ekki að finna neina áætlun eða stefnu sem vísar veginn um hvers vænta má í uppbyggingu húsnæðislánakerfisins eða um lánakjör á næstu árum. Þvert á móti hefur óvissan aldrei verið meiri en nú. Greiðslubyrði af lánum hjá fjölda heimila í landinu er slík nú að maður veigrar sér við að hugsa til enda afleiðingar þess fyrir þann fjölda ungmenna sem er að byggja sína framtíð og koma sér þaki yfir höfuðið.

Það væri hollt fyrir okkur alþm., sem flestir hverjir höfum byggt upp okkar húsnæði og komið okkur þaki yfir höfuðið með niðurgreiddum lánakjörum á kostnað framtíðarinnar, að huga að þeim afleiðingum hvert stefnir fyrir þúsundir heimila í landinu ef áfram verður látið reka á reiðanum í þessum málum og fjármögnun húsnæðiskerfisins verði ekki tekin skynsamlegum tökum, auknir valkostir á húsnæðismarkaðinum og að greiðslubyrðin verði viðráðanleg fyrir fólk sem stendur í íbúðabyggingum og í íbúðakaupum. Okkar er ábyrgðin. Það hlýtur að vera höfuðskylda okkar alþm. og kannske eitt það mikilvægasta sem við eigum við að glíma í dag að með raunhæfum og markvissum aðgerðum í húsnæðismálum verði því fólki, sem nú er að stíga sín fyrstu skref til að koma sér þaki yfir höfuðið, tryggt öryggi í húsnæðismálum og að allar áætlanir stjórnvalda verði með þeim hætti að íbúðakaupendur og húsbyggjendur geti með sæmilegu öryggi gert sínar áætlanir í þessum málum.

Ef við ætlum áfram að sigla sofandi að feigðarósi í þessu máli berum við ábyrgð á gjaldþroti margra heimila í landinu með þeim ófyrirsjáanlegu félagslegu afleiðingum sem það gæti haft í för með sér fyrir fjölda fólks. Kannske er það dýrara fyrir þjóðfélagið á næstu árum, þegar upp er staðið, ef við finnum ekki nú þegar leiðir til raunhæfrar fjármögnunar, en veltum vandanum yfir á framtíðina og heimilin í landinu af því að við þorum ekki að taka þær pólitísku ákvarðanir sem eru nauðsynlegar til að koma húsnæðismálum og lánakjörum landsmanna á heilbrigðan grundvöll.

Þjóðhagsstofnun hefur gert útreikninga á hve gífurleg greiðslubyrði þetta er fyrir marga í dag. Þjóðhagsstofnun tekur dæmi af núverandi lánsfjármögnun íbúðabygginga og miðar við 80% lánsfjármögnun, þannig að tekið sé 620 þús. kr. húsnæðisstjórnarlán, lífeyrissjóðslán 260 þús. kr. og bankalán sem nemi því sem á vantar eða 820 þús. kr. Þá lítur dæmið þannig út að greiðslubyrði yrði 210—225 þús. kr. á ári fyrstu fimm árin a. m. k. eða tæplega 20 þús. kr. greiðslubyrði á mánuði næstu fimm árin. Greiðslubyrði af 80% láni — 1700 þús. kr. — og með 2.25% ársvöxtum yrði til samanburðar 6700 kr. á mánuði í 29 ár. Þar yrði um viðráðanlega greiðslubyrði að ræða. En getum við skapað þær aðstæður að greiðslubyrðin verði ekki meiri en 6—7 þús. kr. á mánuði? Forsendan fyrir því að það geti tekist er í okkar höndum. Okkar er ábyrgðin og við skulum reyna að standa undir henni.

Í nál. kemur fram hve gífurlega mikill samdráttur verður í íbúðabyggingum og útlánum hjá Byggingarsjóði ríkisins á yfirstandandi ári. Eins og fram kemur á bls. 5 í nál. var fjöldi íbúða sem veitt var lán til á árinu 1983 1087 nýbyggingalán. Ég óskaði upplýsinga hjá Húsnæðisstofnun um áætlun stofnunarinnar um útlán á yfirstandandi ári. Í bréfi Húsnæðisstofnunar, dags. 18. apríl, sem fram kemur á fskj. VIII með nál. kemur fram að einungis er gert ráð fyrir frumlánum vegna 760 íbúða á þessu ári, öðrum umsóknum verði frestað til næsta árs. Hér er um 30% samdrátt að ræða milli ára. Ef tekið er dæmi af fjölda íbúða sem veitt var lán til á árinu 1978 og til samanburðar á yfirstandandi ári kemur í ljós að á árinu 1978 var veitt frumlán til 1833 íbúða, en eins og áður sagði á þessu ári einungis til 760 og er um að ræða tæplega 60% samdrátt frá árinu 1978 ef miðað er við fjölda íbúða sem veitt var lán til á árinu 1978 og til samanburðar á yfirstandandi ári.

Samdráttur er líka í lánveitingum til eldri íbúða. Fjöldi eldri íbúða sem veitt var lán til á s. l. ári var 1895, en í bréfi Húsnæðisstofnunar 18. apríl kemur fram að á yfirstandandi ári er einungis gert ráð fyrir lánum til 1820 eldri íbúða, en einnig þar verður um frestun að ræða fram á næsta ár. Hér er um að ræða að veitt verði lán til 75 færri eldri íbúða en á árinu 1983 eða um 4% samdrátt. Ef árið 1979 er skoðað og gerður samanburður á fjölda eldri íbúða sem veitt var lán til á því ári og yfirstandandi ári kemur í ljós að veitt er á þessu ári lán til 588 færri eldri íbúða en á árinu 1979 og er þar um að ræða 25% samdrátt frá því sem veitt var lán til á árinu 1979.

Samkv. upplýsingum frá Húsnæðisstofnun liggur fyrir gífurlegur fjöldi umsókna, en þær eru eftirfarandi: Umsóknir liggja fyrir um 2150 nýbyggingalán, 2400 lán til kaupa á eldri íbúðum, 480 umsóknir vegna meiri háttar viðgerða og 180 lánsumsóknir liggja fyrir um orkusparandi aðgerðir eða samtals 5210 umsóknir.

Ýmsum tölum hefur verið slegið fram um fjárvöntun á yfirstandandi ári, en ljóst er að hún er gífurleg. Í fskj. VIII með nál. kemur fram áætlun Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1984, en hún er dagsett 14. mars s. l. Það er sú áætlun sem ég hef upplýsingar um að unnið sé eftir, en endanlega samþykkt útlánaáætlun liggur ekki enn fyrir. Samkvæmt þeirri áætlun er miðað við að hægt sé að veita frumlán vegna 760 nýbygginga og um 1820 lán vegna kaupa á eldri íbúðum. Er þá gert ráð fyrir að allir tekjustofnar, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum og lánsfjárlögum, skili sér að undanskildum skyldusparnaðinum. Það er þá deginum ljósara að þessir tekjustofnar muni ekki allir skila sér og að um enn frekari samdrátt verður að ræða í lánveitingum en ég hef hér lýst. Í því sambandi verður að hafa í huga að mikil óvissa ríkir um ýmsa fjármögnunarþætti og skal ég gera grein fyrir þeim helstu.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að úr Atvinnuleysistrygg-

ingasjóði komi 115 millj. Það er ekki hægt að búast við að nokkurt fjármagn komi úr Atvinnuleysistryggingasjóði þegar haft er í huga að ekkert fjármagn kom úr Atvinnuleysistryggingasjóði á s. l. ári og fyrir liggur bréf, sem Húsnæðisstofnun hefur borist frá Atvinnuleysistryggingasjóði, þess efnis að ekki sé að vænta neinna skuldabréfakaupa af hálfu Byggingarsjóðs ríkisins á yfirstandandi ári. Á árinu 1983 keypti Atvinnuleysistryggingasjóður heldur engin skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins.

Í öðru lagi er áætlað að af skyldusparnaði komi 45 millj. í Byggingarsjóð ríkisins. Ljóst er að samkv. bréfi Húsnæðisstofnunar verður skyldusparnaður neikvæður á þessu ári. Skyldusparnaðurinn var neikvæður um 8 millj. á árinu 1983 og á fyrstu þrem mánuðum þessa árs var hann neikvæður um 88 millj. samkv. því bréfi sem mér hefur borist frá Húsnæðisstofnun, dags. þann 18. apríl s. l. Í áætlun Húsnæðisstofnunar dags. 14. mars er hann áætlaður neikvæður um 40 millj. um næstu áramót. Fjárvöntun samkv. þessum lið er því 85 millj. á þessu ári.

Í þriðja lagi má ætla einnig að ofreiknað sé það fjármagn sem koma á frá lífeyrissjóðunum. Áætlað er að með lántökum frá lífeyrissjóðunum til Byggingarsjóðs ríkisins komi 525,4 millj. kr. og er það 96.3% hækkun milli ára. Engu að síður er í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1984 gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna aukist einungis um 6.4% milli áranna 1983 og 1984. En á sama tíma er gert ráð fyrir 35.8% aukningu á lífeyrisgreiðslum sjóðanna! Skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið í bréfi Húsnæðisstofnunar dags. 18. apríl kemur fram að frá lífeyrissjóðunum hafa fengist samtals liðlega 119 millj. fyrstu þrjá mánuði ársins, en samtals verið greidd í afborganir, vexti og verðtryggingu frá Húsnæðisstofnun til lífeyrissjóðanna svipuð upphæð eða rúmar 119 millj. kr. Skv. bréfi Húsnæðisstofnunar, dags. 18. apríl, er nettóútkoma vegna lífeyrissjóðslána fyrstu tvo mánuði ársins neikvæð um 9.2%. Það er því ljóst að mjög óvarlegt er að áætla að á lántökum frá lífeyrissjóðunum verði meira en 50% hækkun milli áranna. Skv. því yrði fjárvöntun á þeim lið um 125 millj. kr.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að af sérstakri fjáröflun ríkissjóðs komi 200 millj. kr. Af þeirri fjáröflun hefur Byggingarsjóður móttekið 68 millj. kr. Hér er um mjög óvissar tekjur að ræða og er óvarlegt að áætla að það skili sér nema í mesta lagi að ¾ hlutum. Skv. þessu yrði fjárvöntun í Byggingarsjóð ríkisins um 420.4 millj. kr. Af því leiddi, eins og áður er getið, að samdráttur í nýbyggingum á milli ára yrði enn meiri en 30%, svo og lánum til kaupa á eldra húsnæði. En í áætlun Húsnæðisstofnunar um 760 nýbyggingar og 1820 íbúðir vegna kaupa á eldra húsnæði er miðað við að allir tekjustofnar skv. fjárlögum og lánsfjárlögum skili sér að fullu nema skyldusparnaðurinn. Og í áætlun Húsnæðisstofnunar frá 14. mars er ekki gert ráð fyrir neinum lánum vegna nýrra framkvæmda vegna leiguíbúða aldraðra eða heimila aldraðra og engum nýjum samningum við framkvæmdaaðila.

Hæstv. félmrh. hefur hvað eftir annað í umr. um húsnæðismál á þessum vetri haldið því fram að þeir tekjustofnar sem ráð er fyrir gert í fjárlögum og lánsfjárlögum muni skila sér að fullu. Ég tel að það hafi sannast á síðustu dögum að svo sé ekki, enda er nú áformuð erlend lántaka, eftir því sem manni skilst, til þess að fjármagna húsnæðiskerfið. Og ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvort hann sé enn þeirrar skoðunar að tekjustofnar sem ráð er fyrir gert í lánsfjárlögum og fjárlögum muni skila sér að fullu og hvort hæstv. ráðh. hafi gert sér grein fyrir því að jafnvel þótt þeir skili sér að fullu verður samdráttur í nýbyggingarlánum um 30% á milli ára og einungis hægt að veita nýbyggingarlán til 760 íbúða.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðh., vegna þeirra miklu lántaka sem fyrirhugaðar eru, hvort ráðh. telji þessar miklu lántökur, sem á þarf að halda í Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, forsvaranlegar. Í Byggingarsjóði ríkisins einum er af 1167 millj., sem útlán sjóðsins eru áætluð, áætlað að 885 millj. eða tæp 76% sé aflað með lántökum. Hefur hæstv. félmrh. gert sér grein fyrir hvert stefnir í uppbyggingu sjóðanna með þessu móti?

Ég mun þá næst snúa mér að því að gera grein fyrir fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna og þeim samdrætti sem blasir þar við.

Í nál. er gerð grein fyrir fjárhagsstreymi Byggingarsjóðs verkamanna árin 1982—1983, en þessar upplýsingar komu fram í því nál. sem Þjóðhagsstofnun sendi félmn. um fjárflæði Byggingarsjóðs verkamanna. Ég hef til samanburðar bætt við þessa töflu áætluðu fjárstreymi til Byggingarsjóðs verkamanna á yfirstandandi ári eins og það birtist í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Séu þessar tölur bornar saman milli ára 1982 og 1983 hefur fjármagn til útlána aukist um 43.5% milli áranna 1982 og 1983 eða í 178.3 millj., en milli áranna 1983 og 1984 minnkar fjármagn til útlána um tæpar 4 millj. eða um tæplega 1%.

Það er ljóst að verulegur samdráttur verður einnig í lánveitingum úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra íbúðabygginga. Í bréfi sem félmn. barst frá Húsnæðisstofnun, dags. 10. apríl s. l., kemur fram fjöldi íbúða sem veitt var lán til úr Byggingarsjóði verkamanna, þ. e. til nýbygginga og endursölu íbúða. Á þeirri töflu kemur fram að á árinu 1983 voru veitt lán til 326 íbúða. Skv. þeim upplýsingum sem ég hef frá Húsnæðisstofnun voru af þeim fjölda gerðir 158 nýir samningar þar sem lán var veitt til kaupa á fokheldu og um 168 samningar sem samþykktir voru, en fresta átti fram á þetta ár að veita lán til. Í áætlun Húsnæðisstofnunar um Byggingarsjóð verkamanna, sem fram kemur í þessu nál., er byggt á þeim forsendum að fjöldi endursöluíbúða verði sá sami og árinu 1983. Yrði þá um að ræða lánveitingar til 156 endursöluíbúða skv. bréfi Húsnæðisstofnunar, dags. 10. apríl s. l. Forsendurnar byggja á að engar nýframkvæmdir verði á árinu 1984, ekki ein einasta ný lánveiting til félagslegra íbúða, og forsendurnar byggja einnig á því að skuld sjóðsins um áramót við Seðlabanka Íslands verði endurgreidd á árinu. Áætlunin byggir því á að af 405 millj. rúmum, sem ætlaðar voru til útlána skv. lánsfjáráætlun, renni 382 millj. til útlána.

Skv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja og þeim áætlunum sem nú er unnið eftir er því ljóst að ekki verða gerðir neinir nýir samningar á yfirstandandi ári og að þegar gerðum samningum, þ. e. þeim 158 sem veitt var lán til á s. l. ári, verður að fresta að ¼ hluta fram á næsta ár. Það er einnig nauðsynlegt að fram komi hér í umr. hjá hæstv. félmrh. að hann staðfesti, sem liggur

fyrir í þessari áætlun, að ekki sé gert ráð fyrir því að veitt séu lán til nýrra íbúðabygginga. Það er ekki hægt að blekkja fólk og láta það halda að það fái lán á yfirstandandi ári þegar fyrir liggja aðrar tölur. Þess vegna verðum við að fá það á hreint í þessum umr. hvað ráð er fyrir gert að veita mikið fé úr Byggingarsjóði verkamanna á þessu ári. Er það svo að það verði einungis staðið við og þó aðeins að hluta til þá samninga sem voru gerðir á síðasta ári og það þurfi að fresta a. m. k. ¼ hluta þeirra yfir á næsta ár? Eg óska eftir því að hæstv. ráðh. gefi skýr svör við þessum spurningum í þessum umr. — Ég sé að hæstv. ráðh. hristir höfuðið svo að það getur vel verið að það sé eitthvað annað uppi á borðinu. Þá er auðvitað nauðsynlegt að fá það upplýst hér í umr. Því til viðbótar er ljóst að af þeim 168 lánveitingum sem samþykktar voru á s. l. ári, en ekki var veitt neitt fjármagn til á því ári, verður verulegum fjölda eða a. m. k. helmingi að fresta fram á næsta ár, en ekki liggja endanlegar tölur fyrir um það hjá Húsnæðisstofnun.

Að þessu gefnu hlýt ég að spyrja: Hvað um markmiðið að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. ⅓ hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna þegar fyrir liggur að ekki ein einasta ný íbúð fer af stað á þessu ári? Yrði markmiði því sem fram kemur í ákvæðum 34. gr. fullnægt ætti að byggja hér a. m. k. 600—700 nýjar íbúðir á þessu ári. Samkv. því sem fyrir liggur á ekki að veita lán til einnar einustu nýbyggingar á þessu ári. Það er ljóst að eigi að standa við það markmið þarf að auka verulega framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna.

Þjóðhagsstofnun hefur gert útreikninga um lánsfjárþörf miðað við 300 íbúðir í félagslegum íbúðabyggingum annars vegar og hins vegar miðað við 600 íbúðir árlega eða ⅓ hluta af árlegri íbúðaþörf. Niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar má finna á bls. 9 í nál. Í dæmi Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að sjóðurinn njóti 1% launaskatts eða 30% af fjármagnsþörf að lágmarki í framlögum frá ríkissjóði. Eins og sést í útreikningum Þjóðhagsstofnunar er lánsfjárþörfin, ef miðað er við 600 íbúðir á ári, langt umfram það sem eðlilegt getur talist eða flest árin um helmingur af öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og þar yfir.

Herra forseti. Samkv. því sem ég hef hér greint frá og byggt er á útreikningum Þjóðhagsstofnunar hlýtur öllum alþm. að vera ljóst að með þeim lántökum sem nú stefnir í er ekki boðið upp á neitt annað en gjaldþrot beggja byggingarsjóðanna. Samanlagt mundu Byggingarsjóður verkamanna og Byggingarsjóður ríkisins þurfa á að halda í lántökum á næstu árum um 5 milljörðum kr. Þá er miðað við óbreytt ríkisframlag, 600 íbúðir í félagslegum íbúðabyggingum árlega og að 80% lánshlutfall úr Byggingarsjóði ríkisins verði náð á næstu átta árum. Það er því deginum ljósara að endurskoða þarf allan fjármögnunargrundvöll beggja sjóðanna og hækka verulega framlag ríkissjóðs frá því sem ráð er fyrir gert í frv., að ekki sé talað um frá því sem samþykkt hefur verið á fjárlögum yfirstandandi árs og lánsfjárlögum.

Á þskj. 689 flytur 1. minni hl. félmn. 26 brtt. við frv. Í þeim felst eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að efla félagslegar íbúðabyggingar og tryggja að lánskjör rýrni ekki frá því sem nú er.

Í öðru lagi að endurskoða skipulag á fjármögnun félagslegra íbúðabygginga og skapa nýja valkosti í húsnæðismálum landsmanna.

Í þriðja lagi að jafna lánakjör milli kaupa á nýjum og notuðum íbúðum.

Í fjórða lagi að vaxtakjörin verði ekki í höndum ríkisstj., heldur að hámark vaxtastigs verði ákveðið í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eins og verið hefur.

Í fimmta lagi að tryggja Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna fastan tekjustofn og aukið framlag úr ríkissjóði. Markmiðið er að ryðja braut til þess að hægt verði að hækka lánshlutfallið í áföngum á næstu árum í 80% af byggingarkostnaði og að Byggingarsjóður verkamanna geti fjármagnað a. m. k. ⅓ hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna án þess að fjárhagsstöðu sjóðsins sé stefnt í gjaldþrot með stórfelldum lántökum.

Í sjötta lagi að tryggt verði að lánshlutar fylgi breytingum á lánskjaravísitölu, þannig að lánveitingar rýrni ekki þegar lánin eru greidd út í tvennu eða þrennu lagi.

Í sjöunda lagi að viðskiptabankar og sparisjóðir auki til muna lánveitingar til húsnæðismála.

Skal nú gerð nánari grein fyrir þeim brtt. sem 1. minni hl. félmn. flytur við frv., en þær koma fram á þskj. 689.

Lagt er til að við 1. gr. frv. komi fram, í markmiðsgreininni, sú stefna að einnig verði komið til móts við þá sem velja vilja sér annan kost í húsnæðismálum en að eignast eigið húsnæði. Það er ljóst að þeirri húsnæðisstefnu sem rekin hefur verið hér á landi, þar sem fólki er þröngvað nauðugu viljugu til að eignast eigið húsnæði, verður að breyta, ekki síst á meðan lánakjörin eru svo slæm, sem raun ber vitni, að greiðslubyrði vegna húsbygginga er flestum ofviða.

Búseturéttaríbúðir eru fýsilegur valkostur til að auka fjölbreytni í húsnæðismálum. Nauðsynlegt er að stjórnvöld tryggi á ótvíræðan hátt réttarstöðu búseturéttaríbúða og aðild að húsnæðislánakerfinu og aðgang að fjármögnun á viðráðanlegum kjörum.

Það er ljóst að mjög mikil óvissa virðist ríkja um réttarstöðu búseturéttaríbúða í félagslega kerfinu. Það kom ljóst fram hér í dag hjá frsm. meiri hl. félmn. að vísa á húsnæðissamvinnufélaginu Búseta á Byggingarsjóð ríkisins. Kom það fram í máli frsm. meiri hl. að þeim er vísað á fyrirgreiðslu samkv. 11. gr. l. tölul. Hér stangast mjög á sú yfirlýsing sem kemur frá meiri hl. félmn. og þær yfirlýsingar og loforð sem hæstv. félmrh. hefur gefið varðandi búseturéttaríbúðir.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í málgagn húsnæðissamvinnufélagsins Búseta þar sem kemur fram hjá hæstv. félmrh. að hann telji að búseturéttaríbúðir eigi að fá lánafyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði verkamanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„„Ég tel nauðsynlegt að tekinn sé af allur vafi á því hver sé skilgreining félagslegs húsnæðis í lögum um Húsnæðisstofnun," sagði Alexander Stefánsson. „Ég hef fram til þessa lagt þann skilning í frv. til breytinga á þessum lögum að Búseti tilheyri Byggingarsjóði verkamanna, að með c-lið 33. gr. frv. sé m. a. átt við Búseta, þ. e. félagssamtök sem ætla að byggja leiguíbúðir fyrir félagsmenn sína sem ekki hafa möguleika á að byggja eigin íbúðir. Ég vil á engan hátt draga úr mikilvægi verkamannabústaða, en ég lít ekki á búseturéttaríbúðir sem ógnun við það kerfi. Það fyrirkomulag

er alveg nýtt og þarfnast sérstakrar löggjafar til viðbótar því að það sé tekið inn í húsnæðislánalöggjöfina. En ég vil endurtaka að ég álít nauðsynlegt að áður en frv. verði tekið til lokaumræðu á Alþingi liggi fyrir," sagði hæstv. félmrh., „ótvíræð túlkun á félagslegum byggingum og stöðu húsnæðissamvinnufélaga með hliðsjón af þeirri túlkun"."

Hér kemur skýrt og greinilega fram að hæstv. ráðh. telur að búseturéttaríbúðir eigi að fá fyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði verkamanna. Allt önnur skoðun og allt annað álit kom fram hjá frsm. meiri hl. í dag.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því, hvort hann sé ekki enn sömu skoðunar og fram kemur í þessu viðtali, að áður en þetta frv. verður afgreitt frá Alþingi verði að taka af öll tvímæli um það og tryggja að búseturéttaríbúar fái aðgang að hinu félagslega kerfi og aðgang að Byggingarsjóði verkamanna. Þar talar hæstv. ráðh. um að búseturéttaríbúðir eigi að vera háðar sömu tekjumörkum, að mér skilst, og Byggingarsjóður verkamanna. (Gripið fram í.) Ég gat ekki betur skilið á frsm. meiri hl. en að það ætti að vísa búseturéttaríbúðum alfarið yfir á Byggingarsjóð ríkisins.

Það kom fram í sjónvarpinu í kvöld í viðtali við hæstv. ráðh. að hann telur að ef þarna leiki einhver vafi á þurfi að flytja sérstakt frv. um það. Af hverju þarf að flytja sérstakt frv. um það? Við höfum húsnæðislöggjöfina hér til umr. Það liggja fyrir brtt. frá 1. minni hl. og frá 2. minni hl. um að tryggja ótvíræða aðild búseturéttaríbúa að félagslegum íbúðabyggingum. En meiri hl. félmn. treystir sér ekki til að flytja slíkar till. Þá er það einfalt mál fyrir hæstv. félmrh. að styðja till. minni hl. í þessu efni og reyna að vinna því fylgi hér á hv. Alþingi, áður en málið verður afgreitt, að það verði tekinn af allur vafi í þessu efni. Það gengur auðvitað ekki að afgreiða málið hér frá Alþingi með þeim hætti að allt sé í óvissu um réttarstöðu búseturéttaríbúa.

Ég tel líka að kaupleigufyrirkomulag sé annár valkostur í félagslegum íbúðabyggingum sem í grannlöndum okkar hefur reynst vel, en ekki hefur verið gefinn gaumur hér á landi. Það er skoðun Alþfl. að þennan valkost beri að kanna. Því er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að við endurskoðun á skipulagi hins félagslega húsnæðislánakerfis verði þessi valkostur einnig tekinn með í myndina.

2. brtt. kveður á um að tryggja Byggingarsjóði ríkisins fastan tekjustofn sem nemur ⅔ af innheimtum launaskatti. Eins og fram hefur komið er afleiðing þess hve framlag ríkissjóðs er lágt að verulegur samdráttur verður í íbúðabyggingum. Erfitt er um vik að hækka lánshlutfall til íbúðabygginga og lántökuþörf sjóðsins er hrikaleg og stefnir fjárhagsstöðu sjóðsins í mikla tvísýnu á komandi árum svo að ekki sé meira sagt.

2. brtt. á þskj. 689 hefur tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi að tryggja Byggingarsjóði ríkisins fastan tekjustofn og þar með óafturkræft framlag til að tryggja viðgang og uppbyggingu sjóðsins á komandi árum, svo að dregið verði úr þeim stórfelldu lántökum sem nú stefnir í. Lagt er til að Byggingarsjóður ríkisins fái ⅔ af launaskatti, sem mundi tryggja honum, miðað við yfirstandandi ár, 540 millj. kr., en á fjárlögum eru honum eingöngu ætlaðar 200 millj. kr. Það er aðeins 17% þess sem ákvæði 9. gr. frv. kveður á um, eins og fram hefur komið. Með því að tryggja sjóðnum fastan tekjustofn eru frekar líkur á að ná 80% lánshlutfallinu og ekki ósennilegt að ætla að það geti gerst á 8 árum.

Í 3. brtt. á þskj. 689 er lagt til að aftan við 4. mgr. 13. gr. bætist: sbr. 1. tl. A og B 17. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra. 4. mgr. 13. gr. kveður á um að veita lán til þeirra sem byggja sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða til einkaeignar. Hér er lagt til að tekið sé mið af ákvæðum frv. um málefni aldraðra, þar sem kveðið er á um íbúðir sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, en þær geta verið tvenns konar. Í fyrsta lagi þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, en engin önnur þjónusta. Í öðru lagi verndaðar þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, íbúðirnar skulu búnar kallkerfi með vörslu allan sólarhringinn og veitt skal sameiginleg þjónusta, svo sem máltíðir og ræsting. Í lögum um málefni aldraðra hefur verið mörkuð skýr stefna um hvernig byggja eigi upp sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða og verður að telja eðlilegt að lánveitingar úr Húsnæðisstofnun til þess að byggja sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða verði skv. því sem kveðið er á um í þeim lögum.

6., 7. og 8. brtt. eru af sama toga. Í 15. og 16. gr. frv. er talað um að heimilt sé að veita lán þeim sem byggja leiguíbúðir, hjúkrunarheimili eða dagvistarstofnanir handa börnum eða öldruðum. Hér er lagt til að hægt verði að byggja leiguíbúðir, þar með taldar sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða, og þar vitnað til laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra.

4. brtt. lýtur að lánum til kaupa á notuðum íbúðum. Í núgildandi lögum er talað um að lánsfjárhæðin skuli vera visst hlutfall af lánum til nýbygginga og skal hlutfallið ákveðið til eins árs í senn af félmrh. að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, sbr. og ákvæði 13. gr. Í því ákvæði 14. gr. frv. hefur verið bætt við nýrri mgr., sem getur skert töluvert lánveitingar til kaupa á notuðum íbúðum, þar sem áhvílandi lán á notuðum íbúðum úr Byggingarsjóði ríkisins verða uppfærð og mega aldrei nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán eru á hverjum tíma. Þetta gæti þýtt að þegar keyptar eru nýlegar, notaðar íbúðir gætu fylgt þeim svo mikil lán að lítið sem ekkert nýtt lán fengist úr Húsnæðisstofnun. En þar sem fólk stendur frammi fyrir því að borga kannske hátt í 70% út á fyrsta ári, þegar það kaupir notaðar íbúðir, þá gefur auga leið að það þarf að hafa töluvert mikla peninga umleikis til þess að geta slíkt.

Í umsögn húsnæðismálastjórnar var lagt til að gefið yrði aukið svigrúm frá því sem ákvæði frv. segja til um, að því er varðar fyrstu íbúð, ef um væri að ræða mjög erfiðar félagslegar aðstæður. Ég tel eðlilegt að fallast á þessa sjálfsögðu brtt., sem húsnæðismálastjórn leggur til, og um það fjallar 3. brtt. Hljóðar þá mgr. svo með þeirri breytingu sem hér er lögð til, með leyfi forseta: „Þó má lán, sem veitt er skv. þessari grein, að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins ekki nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán eru á hverjum tíma nema um fyrstu íbúðarkaup sé að ræða eða mjög erfiðar félagslegar aðstæður."

Skv. ákvæðum frv. er einnig um verulega skemmri lánstíma að ræða vegna lána til kaupa á notuðum íbúðum heldur en til flestra annarra lánaflokka í frv. Má í því sambandi nefna að nýbyggingarlán eru til 31 árs en lánstími til kaupa á notuðum íbúðum er aðeins til 21 árs. Ég tel þetta óeðlilegt og get tekið undir það sem fram kom í umsögnum t. a. m. Félagsstofnunar stúdenta um

þetta efni, en þar segir með leyfi forseta:

„Ákvæði frv. um styttri lánstíma til þeirra sem kaupa eldra húsnæði er ekki í takt við tímann. Fólk sækist nú mjög eftir húsnæði í eldri hverfum og einnig er mikilvægt að halda eldri hverfum í stöðugri endurnýjun og stuðla að því að þar búi fólk á öllum aldri, í stað þeirrar kynslóðaskiptingar sem núverandi kerfi ýtir undir og gerir t. d. það að verkum að skólar tæmast í einu hverfi meðan þeir eru yfirfullir í öðrum. Allt ræðst þetta af þeirri húsnæðispólitík sem rekin er hverju sinni og ber að athuga það þegar hugað er að framtíðarstefnu."

Í 5. brtt. er lagt til að í stað þess að lánstími verði 21 ár verði hann 26 ár, sem er þó 5 árum skemmri tími en tími nýbyggingarlána.

Ég hef þegar lýst 6., 7. og 8. brtt.

Í 9. brtt. er lagt til að þak verði sett á hámark vaxtastigs í frv. en að það verði ekki í höndum ríkisstj. á hverjum tíma að ákveða vaxtakjör húsnæðislána. Í því felst vissulega sú hætta að vaxtahækkanir, sem ákveðnar yrðu eftir að Alþingi hefur afgreitt frv., gerðu að engu þá bót sem þó er að finna í frv. um lengingu lánstíma og greiðslubyrði yrði þyngri en skv. ákvæðum núgildandi laga. Ég vil undirstrika að með þessari brtt. er ekki verið að leggja til að vextir hjá Byggingarsjóði ríkisins hækki úr 2.25% í 3%. Hér er einungis um að ræða að sett er þak á vextina en að öðru leyti skulu þeir vera breytilegir skv. ákvörðun ráðh. og þó aldrei hærri en 3% á ári. Einnig er lagt til að lán skv. 6. tl. 11. gr., en það eru sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir, verði vaxtalaus.

10. brtt. felur í sér að gjalddagar lána skv. 1.—7. tl. 11. gr. skuli eigi vera færri en sex á ári. Mikilvægt er að greiðslubyrði lána dreifist á nokkra gjalddaga yfir árið. Því er lagt til að í 30. gr. komi í stað þess að gjalddagar skuli eigi vera færri en fjórir á ári, að gjalddagar lána skuli eigi vera færri en sex á ári.

11. brtt. er mikilvæg. Hún felur í sér að lánahlutfallið skuli aldrei vera ákveðið lægra en 40% af byggingarkostnaði staðalíbúðar frá og með 1. jan. 1985. Þarna er sett fram ákveðið markmið um að frá og með næstu áramótum verði lánahlutfallið hækkað úr 29% rúmum, sem það er í dag, í 40% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Eins og áður hefur komið fram í mínu máli hafa flestir ef ekki allir stjórnmálaflokkar á stefnuskrá sinni og boðuðu það í síðustu kosningum að ná 80% lánahlutfalli. Langt er í land enn og tímabært að sett séu niður ákveðin markmið í því sambandi. Eðlilegt var að hugsa sér að ná þessu á átta árum og fyrsta skrefið yrði stigið um næstu áramót, þannig að þá yrði náð helmingi af lánahlutfallinu.

Í 12. brtt. er kveðið á um að upphæð hvers útborgaðs lánshluta skuli fylgja breytingum á lánskjaravísitölu frá samþykkt láns til greiðsludags. Það segir sig sjálft að þegar lán eru greidd í tvennu eða þrennu lagi og 12 eða 18 mánuðir líða á milli fyrsta og síðasta lánshluta, þá rýrna lánshlutarnir verulega ef um mikla verðbólgu er að ræða. Íbúðakaupendur og húsbyggjendur verða að geta treyst á að það lán sem þeir fá í upphafi og ákveðið er haldi verðgildi sínu. Í þeim tilgangi er þessi brtt. flutt.

13. brtt. kveður á um að eyða þeirri óvissu sem ríkir í ákvæðum frv. um réttarstöðu húsnæðissamvinnufélaga eins og Búseta í félagslega kerfinu. Það hefur þegar komið fram í mínu máli að ekki er vanþörf á að eyða þeirri óvissu sem ríkir um réttarstöðu búseturéttaríbúða. Ég ítreka þá ósk mína til hæstv. félmrh. að hann stígi hér í ræðustól og skoðun hans komi ótvírætt fram í þessu máli og hvað hann ætlar að gera til þess að málið verði ekki afgreitt héðan frá Alþingi án þess að þetta atriði liggi skýrt fyrir.

Með tilkomu fleiri valkosta í félagslegum íbúðabyggingum þarf að auka framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna verulega, þannig að nýir valkostir skerði ekki fjármagn til uppbyggingar íbúða í verkamannabústaðakerfinu. Á það legg ég mikla áherslu. 13. brtt. á að tryggja rétt búseturéttaríbúða, eins og ég hef áður greint frá. Hún er við 33. gr. og hljóðar svo: „Aftan við c-lið bætist nýr málsliður svohljóðandi: Einnig búseturéttaríbúðir sem byggðar eru eða keyptar af húsnæðissamvinnufélögum til ótímabundinna afnota félagsmanna."

14. brtt. fjallar um framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna. Í 34. gr. frv. er ákvæði um að fjármögnun félagslegra íbúðabygginga eigi m. a. að vera þannig háttað, að sjóðurinn fái 1% af launaskatti til að framlag sjóðsins ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins. Áætlað er að 1% af launaskatti nemi 270 millj. kr. Svo gífurlegur niðurskurður er á fjármagni til sjóðsins að hann nýtur ekki einu sinni óskerts framlags af launaskatti sem honum ber skv. ákvæðum frv. og fær aðeins 200 millj. en afgangurinn er tekinn í ríkissjóð. Ljóst er að það fjármagn sem sjóðnum er ætlað sem framlag ríkissjóðs til uppbyggingar hins félagslega íbúðakerfis er allt of lítið, ef meiningin er að standa við það markmið, sem felst í 34. gr., að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. ⅓ hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna.

Ég hef þegar lýst hver lántökuþörfin yrði ef einungis á að miða við 30% ríkisframlag af útlánum. Ef miðað er við 600 íbúðir á ári þýddi það að á áttunda ári eða árið 1992 yrði lántökuþörfin 1258 millj. Árið 2000 eða á 16. ári héðan í frá yrði lántökuþörfin 1834 millj. einungis til Byggingarsjóðs verkamanna. Á sama tíma yrði lántökuþörf í Byggingarsjóð ríkisins, miðað við það ríkisframlag sem nú er áætlað í sjóðinn og að 80% lánahlutföllum verði náð á 8 árum, um 3.5 milljarðar. Þetta þýðir að eftir 16 ár eða á árinu 2000 yrði lántökuþörfin 5336 millj. í báða sjóðina eða rúmlega tvöfalt allt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í dag. Það segir sig því sjálft að nauðsynlegt er að horfast í augu við það, að auka verður verulega framlag ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna svo og Byggingarsjóðs ríkisins, ef takast á að byggja upp þessa sjóði og koma einhverri skynsemi í fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Stjórnvöld standa hreinlega frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort draga eigi verulega úr útlánum beggja þessara sjóða og að lánakjör breytist ekkert á næstu árum frá því sem nú er, eða standa við ákvæði þessa frv. sem allt bendir til að samþykkt verði, en þá hlýtur það að krefjast verulegs fjárframlags úr ríkissjóði.

Í útreikningum Þjóðhagsstofnunar kemur einmitt fram staðfesting á því sem ég hef hér sagt. Ég vil vitna til þess sem fram kemur hjá Þjóðhagsstofnun, en það er samandregin niðurstaða Þjóðhagsstofnunar þar sem gerð er grein fyrir fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Greiðslubyrði í heildarlánum, sem nú eru tekin í byggingarsjóði, lífeyrissjóði og í bönkum til að fjár-

magna íbúðarkaup, er nú sennilega nær þrefalt þyngri fyrstu árin en verða mundi ef húsnæðisstjórnarlán yrðu hækkuð í 80% af byggingarkostnaði. Hækkun lánshlutfalls er því án efa áhrifaríkasta leiðin til að lækka greiðslubyrði fyrstu áranna og jafna henni yfir tímann. Að frátalinni hækkun útlánsvaxta til að auka útlánagetu byggingarsjóðs sýnist valið standa milli þess að auka framlag ríkissjóðs til muna til að fjármagna hækkun lána eða slaka verulega á markmiðum um útlánaaukningu."

Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvort ætlar hann að gera, að auka verulega framlag ríkissjóðs til að fjármagna hækkun lána og þau loforð sem standa í hans frv. og uppfylla þau ákvæði sem þar koma fram, eða ætlar hann að slaka verulega á markmiðum um útlánaaukningu? Það kemur fram hjá Þjóðhagsstofnun að þessir eru valkostirnir. Annaðhvort verður að velja: að slaka verulega á markmiðunum um útlánaaukningu eða auka framlag ríkissjóðs. Ég hef lagt hér til sem 1. minni hl. fyrir hönd Alþfl. að við förum fyrri leiðina og aukum verulega framlag ríkissjóðs. Ég tel að það sé rétta leiðin og við verðum hér á hv. Alþingi að reyna að ná samstöðu um það að byggja upp þessa sjóði. Þetta gengur ekki svona lengur, eins og verið hefur undanfarin ár, og ekki virðist nein breyting í augsýn á því ástandi sem verið hefur og því að vísa alltaf öllu yfir á framtíðina með sífellt aukinni lántökuþörf. Það hlýtur að vera einfalt skólabókardæmi að það fer ekki saman að bæta lánakjörin og auka útlán sjóðanna á næstu árum en halda jafnframt svo í með ríkisframlagið til sjóðanna eins og gert hefur verið.

14. brtt. kveður á um að 1. mgr. b-liðar 34. gr. orðist svo: „Með árlegu framlagi sem nemi ⅓ af innheimtum launaskatti." Eins og áður er getið fer ekki einu sinni þessi ⅓ eða 1% af launaskatti nú inn í byggingarsjóðinn. 70 millj. af honum eru á yfirstandandi ári teknar beint í ríkissjóð. Með þessu ákvæði er verið að reyna að tryggja að Byggingarsjóður verkamanna hafi þennan fasta tekjustofn. Í 2. tölul. brtt., c-lið 34. gr., segir einnig að sjóðurinn eigi að hafa árlegt framlag úr ríkissjóði sem á vantar til að samanlagt framlag af launaskatti og skv. fjárlögum ár hvert nemi 60% af fjármagnsþörf sjóðsins. Greinin mundi því hljóða svo, með leyfi forseta: „Á eftir b-lið 1. mgr. bætist nýr liður er verði c-liður og orðist svo: Með árlegum framlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum sem nemi eigi lægri fjárhæð en á vantar til að samanlagt framlag af launaskatti og skv. fjárlögum ár hvert, nemi 60% af fjármagnsþörf sjóðsins."

Skv. þesum brtt. ætti sjóðurinn að hafa yfir að ráða á yfirstandandi ári næstum 200 millj. meira en ráð er fyrir gert nú. Það liggur í augum uppi að aukið framlag ríkissjóðs, eins og hér er gert ráð fyrir, mundi draga verulega úr lántökuþörf og tryggja að hægt væri að standa við markmið ákvæða þessa frv. sem nú er verið að samþykkja hér frá hv. Alþingi.

Í 34. gr. frv. er einnig talað um að stefnt skuli að því að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. ⅓ hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna. Hér er auðvitað bara um fróma ósk að ræða, sem einungis er til þess fallin að vekja tálvonir hjá fólki í landinu, þegar til þess er litið að ekki verða veitt lán til einnar einustu nýbyggingar á þessu ári í félagslega kerfinu. Í 15. brtt. er kveðið á um að þessu markmiði verði náð á þremur árum og það verði að fullu komið til framkvæmda að Byggingarsjóður verkamanna geti á árinu 1986 fjármagnað a. m. k. ⅓ hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna í félagslegum íbúðabyggingum.

Ég held að menn verði að setja sér slík markmið og haga fjármögnun til sjóðsins þannig að við það ákvæði sé hægt að standa. Ég tel ekki óraunhæft að taka þetta í þremur áföngum og að því verði náð á árinu 1986. Ég tel raunhæft að ætla sér að ná þessu markmiði með því að auka svo framlagið til félagslegra íbúða eins og ráð er fyrir gert í 14. tölulið þessara brtt. Að vísu hafa menn áður sett sér slík markmið en ekki náð þeim fram. En skýringa er þá að leita í því að ekki hefur verið veitt aukið framlag úr ríkissjóði til sjóðsins. Árið 1980, þegar hæstv. núv. félmrh. mælti fyrir meirihlutaáliti félmn. um breytingu á húsnæðislöggjöfinni, vitnaði hann í yfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar: „Með þeirri yfirlýsingu var því heitið, að ríkisstj. beitti sér fyrir því að hraðað væri íbúðarbyggingum fyrir efnalítið fólk í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands og að stefnt skyldi að því, að eigi minna en þriðjungur af íbúðaþörf þjóðarinnar skyldi leystur á félagslegum grundvelli. Þessi yfirlýsing var síðan áréttuð af ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar 26. febr. 1976."

Í máli núv. félmrh. kom fram við þá umr. eftirfarandi með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af stöðu þessara mála mun ríkisstj. vinna að lausn á húsnæðismálum láglaunafólks í landinu í samræmi við óskir verkalýðshreyfingarinnar og leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Að lánveitingar á þessu ári (þ. e. árinu 1980) til húsnæðismála fari fram með sama hætti og undanfarin ár, en jafnframt verði þegar á þessu ári hafinn undirbúningur að framkvæmdum við byggingu verkamannabústaða á næsta ári.

2. Ríkisstj. mun beita sér fyrir því að frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins verði samþykkt.

3. Tekjur ríkissjóðs af 1% launaskatti renni frá næstu áramótum óskertar til Byggingarsjóðs verkamanna. Með þessum hætti mun ríkisstj. beita sér fyrir því að unnt verði að hefja byggingar á 400 íbúðum í verkamannabústöðum á árinu 1981 og síðan 500 íbúðum á árinu 1982 og 600 íbúðum á árinu 1983."

Þarna kemur fram hja frsm. meiri hl. á árinu 1980, sem þá var hæstv. núv. félmrh. Alexander Stefánsson, að þessu markmiði yrði náð í þremur áföngum og að á árinu 1983 yrðu fjármagnaðar 600 íbúðir úr Byggingarsjóði verkamanna. Ég tel engu að síður að raunsætt sé að ná þessu markmiði með því að úr ríkissjóði komi það sem á vantar til að samanlagt framlag af launaskatti og af fjárlögum ár hvert nemi 60% af fjármagnsþörf sjóðsins.

16. brtt. felur í sér að síðasti málsl. 4. mgr. 34. gr. falli niður. Í 4. mgr. segir svo, með leyfi forseta: „Afgreiðsla lána úr sjóðnum og innheimta þeirra fari fram í almennum lánastofnunum, sem Húsnæðisstofnun semur við um þá þjónustu." Og síðan kemur sá liður sem 1. minni hl. leggur til að falli niður: „Þóknun fyrir slík störf greiðist skv. fyrirframgerðu samkomulagi." Meiri hl. félmn. hefur lagt til að sambærilegt ákvæði falli niður varðandi Byggingarsjóð ríkisins og ég sé ekki nein rök fyrir því að þetta ákvæði um þóknun eigi frekar rétt á sér varðandi Byggingarsjóð verkamanna en Bygging-

arsjóð ríkisins. Því er lagt til að þessi málsl. falli brott.

Í ákvæði 39. gr. frv. er kveðið á um að íbúðir í verkamannabústöðum megi ekki vera stærri en staðalíbúðir skv. 32. gr. þessara laga miðað við fjölskyldustærð. Húsnæðismálastjórn hefur lagt til að þessi mgr. breytist þannig að kostnaðarverð íbúða í verkamannabústöðum megi ekki vera hærra en verð staðalíbúða skv. 32. gr. þessara laga. Ég tel eðlilegt að taka tillit til þessarar umsagnar stjórnar Húsnæðisstofnunar og er sú till. tekin upp í 16. brtt.

Í 43. gr. frv. er kveðið á um að framkvæmdalán skuli vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Verðbætur teljist til byggingarkostnaðar en vextir fari síðan eftir ákvæðum 49. gr., en í 49. gr. er kveðið á um lánskjör almennt úr Byggingarsjóði verkamanna. Ég tel eðlilegra að lánskjör vegna framkvæmdalána falli undir 57. gr., en í þeirri grein er einmitt fjallað um lánakjör vegna framkvæmdalánasamninga. Því er lagt til að í stað tilvitnunar í 49. gr. í síðasta málsl. 1. mgr. verði vitnað í 57. gr.

Í 49. gr. frv. er ákvæði um að lækka lánshlutfall útlána úr Byggingarsjóði verkamanna úr 90% í 80% af kostnaðarverði staðalíbúðar. Þetta ákvæði hefur þá þýðingu að lán til kaupa á félagslegum íbúðum lækkar um 223 þús. kr. eða úr 2 millj. og 7 þús. niður í 1 millj. 784 þús. Hér er um verulega lækkun að ræða og veruleg aukning greiðslubyrðar lántakenda er því samfara að brúa þarf þetta bil með lánum úr bankakerfinu. Því er lagt til í 19. brtt. að þetta ákvæði breytist ekki frá núgildandi lögum og lánshlutfallið verði 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar.

20. brtt. kveður á um að ársvextir af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna skuli vera 0.5% á ári, eins og nú er, en að ákvörðun um vextina verði ekki í höndum ríkisstj. eins og kveðið er á um í frv.

Í 53. gr. frv. er að finna ákvæði um sölu íbúðar, sem byggð hefur verið skv. lögum um verkamannabústaði, á nauðungaruppboði. Þar er kveðið á um að sveitarstjórn skuli þá neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söluverði skv. 51. gr. Í 21. brtt. á þskj. 689 er lagt til að út falli orðin „því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina.“ Eins og ákvæði 53. gr. í frv. er fram sett getur það þýtt að sá sem þarf að setja eign sína á uppboð fær miklu minna út úr henni en endursöluákvæði frv. kveða á um. Því er lagt til að sveitarstjórnin sé skyldug til að kaupa til sín eignina á því verði sem kveðið er á um í endursöluákvæðum frv.

Í 62. gr. frv. er kveðið á um að þegar eigandi íbúðar í verkamannabústað hyggst selja íbúð sína skal hann senda tilkynningu þess efnis til stjórnar verkamannabústaða. Stjórnin skal tilkynna eiganda afstöðu sína innan 30 daga, ella telst forkaupsrétti hafnað og gilda þá ákvæði 3. málsl. 50. gr. Ég tel að þessi tímamörk, sem stjórn verkamannabústaða eru sett til að tilkynna eiganda afstöðu sína, 30 dagar, séu allt of þröng og að stjórnir verkamannabústaða verði að hafa meira svigrúm til þess að fjalla um slík mál, og það gæti þá orðið til þess að íbúðirnar haldist frekar inni í verkamannabústaðakerfinu. Því er lagt til að í stað 30 daga komi 45 dagar.

Í 22. brtt., þar sem fjallað er um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til leiguíbúða skv. b- og c-lið 33. gr., er lagt til að lánshlutfallið verði 90% af áætluðum byggingarkostnaði í stað 80%, eins og ákvæði frv. kveða á um. Er það með sömu rökum og ég hef áður lýst varðandi 49. gr., að ekki séu nein rök fyrir því að lækka lánshlutfallið frá því sem nú er í félagslegum íbúðabyggingum.

Í 61. gr. frv. er kveðið á um að óheimilt sé að selja leiguíbúðir sem byggðar eru skv. lögum þessum meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Í 23. brtt. er lagt til að búseturéttaríbúðir falli ótvírætt einnig undir þetta ákvæði og því orðist 61. gr. þannig, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að selja leiguíbúðir eða breyta leiguíbúðum eða búseturéttaríbúðum, sem byggðar eru skv. lögum þessum, í eignaríbúðir meðan á þeim hvílir lán frá Byggingarsjóði verkamanna.“

Í 26. brtt. er lagt til að komi tvö ný ákvæði til bráðabirgða. Í fyrsta lagi að stjórn Húsnæðisstofnunar skuli beita sér fyrir því í samvinnu við viðskiptabanka og sparisjóði að komið verði á nýju sparnaðarformi tengdu rétti til viðbótarlána til lengri tíma úr bankakerfinu vegna húsnæðisöflunar. Með þessu ákvæði er verið að leggja til að viðskiptabankar og sparisjóðir komi miklu meira inn í fjármögnun húsnæðismála landsmanna en verið hefur til þessa. Um það hafa þm. Alþfl. lagt fram tillögur á Alþingi á undanförnum þingum. Hugsa mætti sér að slíkt sparnaðarform, sem tengt væri rétti til viðbótarlána til lengri tíma úr bankakerfinu vegna húsnæðisöflunar, gæti að einhverju leyti komið í stað skyldusparnaðar, en með öllum þeim undanþágum sem leyfðar eru í skyldusparnaði og þeim kostnaði sem Húsnæðisstofnun hefur af framkvæmdinni við skyldusparnaðinn liggur það fyrir að skyldusparnaðurinn hefur einungis í för með sér kostnað fyrir Húsnæðisstofnun. Sést það best í fskj. með frv., þar sem fram koma hreyfingar skyldusparnaðar árin 1979—1983, en öll árin er bruttóinnstreymi Byggingarsjóðs ríkisins miklu hærra en útstreymið.

Í 26. tölulið b. er lagt til eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

„Félmrh. skal þegar í stað skipa þriggja manna nefnd er í eigi sæti einn fulltrúi ASÍ, einum frá húsnæðissamvinnufélaginu Búseta og einn fulltrúi sem félmrh. tilnefnir úr stjórn Húsnæðisstofnunar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin hafi það verkefni að endurskoða ákvæði gildandi laga um fjármögnun og skipulag hins félagslega húsnæðislánakerfis. Nefndin miði tillögur sínar um fjármögnun við það að unnt verði að standa við yfirlýst markmið um að ⅓ hluti íbúða á ári hverju verði byggður á vegum hins félagslega kerfis og að tryggja félagasamtökum, eins og t. d. búseturéttarfélögum, ótvíræða aðild að kerfinu, bæði fjármögnun þess og stjórn, í því skyni að koma frambúðarskipulagi á leigumarkaðinn.“

Það er ljóst að ef skapa á nýja valkosti í húsnæðismálum landsmanna í félagslegum íbúðabyggingum verður að endurskoða bæði uppbyggingu og skipulag á félagslega kerfinu og taka til endurskoðunar kaflann um félagslegar íbúðabyggingar, en flest ákvæði kaflans um félagslegar íbúðabyggingar fjalla um stjórnun og aðild stjórnar verkamannabústaða í félagslegum íbúðabyggingum. Nauðsynlegt er einnig að tryggja aðild húsnæðissamvinnufélaga að félagslega kerfinu svo og að kanna þann kost sem kaupleigufyrirkomulag félagslegra

íbúðabygginga er, sem mikið hefur verið farið inn á á hinum Norðurlöndunum.

Að lokum er í nál. gerð grein fyrir tillögum Alþfl. um fjármögnun húsnæðislánakerfisins og hvernig brúa eigi það bil fjárhagslega sem skapast með þeim brtt. sem hér eru lagðar til. Er á það bent í nál. í fimm töluliðum á bls. 12 hvernig mæta eigi þeim fjárhagslega vanda sem skapast ef samstaða næst um þá brtt. sem ég hef hér lýst, en um er að ræða rúmar 500 millj. til viðbótarframlaga í sjóðina báða. Það er bent á ákveðna fjárlagaliði sem Alþfl. lýsir sig reiðubúinn til viðræðu og samkomulags um við aðra flokka, náist meiri hluti fyrir því á Alþingi að fara þá leið sem hér er mörkuð með því að auka óafturkræf framlög til húsnæðislánakerfisins og draga þar með úr lántökum.

Í fyrsta lagi er bent á að á s. l. sex árum hefur verið veitt um 13 milljörðum á fjárlögum til landbúnaðarins í formi niðurgreiðslna á vöruverði og lánakostnaði, auk úrflutningsbóta. Samsvarar það um 440 þús. á ári s. l. sex ár frá skattgreiðendum á hvert bú í landinu. Bent er á í nál. að veittar eru 1290 millj. í þessu skyni á árinu 1984. Hluta af þessu fé er lagt til að verði varið til húsnæðismála.

Í öðru lagi er á fjárlögum 1984 gert ráð fyrir styrkjum til ríkisstofnana, sem geta aflað eigin tekna að upphæð 570 millj. Hér má nefna stofnanir eins og Húsameistara ríkisins, Rannsóknaráð landbúnaðarins, Fasteignamat ríkisins, Flugmálastjórn og fleiri aðila. Sértekjur þessara stofnana nema um 232 millj. kr. Spara mætti töluverða fjárhæð ef sértekjur þessara stofnana væru auknar, en þessir aðilar selja flestir þjónustu sína til annarra fyrirtækja. Við teljum að hluta af þessu fé, sem varið er til að styrkja ríkisstofnanir sem geta aflað eigin tekna, sé betur varið til húsnæðismála.

Á fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir framlögum til fyrirtækja að upphæð ca. 100 millj. kr. — og utan fjárlaga að upphæð 322 millj. kr. — alls 422 millj. Innan fjárlaga má nefna Bifreiðaeftirlit ríkisins, Skipaútgerð ríkisins og Ríkisábyrgðasjóð, utan fjárlaga má nefna Þormóð ramma, Steinullarverksmiðju, Saltvinnslu og Stálbræðslu.

Á fjárlögum 1984 er einnig gert ráð fyrir styrkjum til atvinnuvega sem eiga að afla sjálfir tekna og bera hagnað eða tap á eigin ábyrgð. Þessir styrkir eru 300 millj. kr. Þar má nefna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, Stofnlánadeild landbúnaðarins og framlög til jarðræktar svo dæmi sé tekið.

Alls er hér um að ræða, í þeim liðum sem ég hef lýst, framlög á fjárlögum að upphæð rúmlega 2.6 milljarðar. Hluta af þessum fjárveitingum telur Alþfl. betur varið til að byggja upp fjárhag húsnæðislánakerfisins. Tillögur Alþfl. eru um að ca. ⅕ þessa fjár sé varið til húsnæðislána á árinu 1984, eins og ég hef áður getið. Alþfl. lýsir sig reiðubúinn til viðræðna og samkomulags við aðra flokka um þessar tillögur. Með þeim brtt. sem fram koma á þskj. 689 og ég hef hér lýst getur Alþfl. staðið að samþykkt þessa frv.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Fyrir liggja einnig brtt. frá 2. minni hl. svo og meiri hl. og tillögur frá þm. BJ. Ýmsar af þeim brtt., sem þar koma fram, tel ég að séu til bóta og mun styðja þær, en ég tel ekki ástæðu til þess að fara nánar út í það hér. Það mun auðvitað koma fram við atkvgr. um frv. afstaða Alþfl. til einstakra brtt. sem liggja fyrir frá meiri hl., 2. minni hl. og BJ.

Ég vil sérstaklega nefna till. þá sem kemur fram hjá meiri hl. á þskj. 693. Það er 17. brtt. á því þskj., um að heimilt sé félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. — A. m. k. tvær till. voru lagðar fram í félmn. af stjórnarandstöðunni um þetta efni. Það var mikill vilji fyrir því í n. að ná samstöðu um þetta mál og að breyta því fyrirkomulagi að byggingarfélög verkamanna annist viðhaldið, en að opnað væri fyrir það að íbúðaeigendur gætu stofnað sitt eigið húsfélag sem annaðist viðhald ef þeir svo kysu. Ég tel þessa till. til mikilla bóta og fagna því að samstaða náðist um hana í n.

Ég tel þó að ýmsar af þeim till. sem fram hafa verið lagðar við þetta frv. séu óraunhæfar, sérstaklega að því er varðar þá till., sem fram kemur hjá 2. minni hl., að verja skuli 30% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til byggingarsjóðanna og þar eigi Byggingarsjóður verkamanna að hafa forgang og Byggingarsjóður ríkisins að fá í sinn hlut það sem eftir er þegar tryggt er að Byggingarsjóður verkamanna hafi tryggt fjármagn til að byggja þriðjung íbúða í verkamannabústaðakerfinu. Þessi till. er út í hött vegna þess að til þess að byggja þriðjung íbúða í verkamannabústaðakerfinu þarf 1300 millj. kr. á ári. Ef gert er ráð fyrir að 40% af því komi sem framlag frá ríkissjóði standa eftir 880 millj. Í yfirliti frá Þjóðhagsstofnun, eins og ég hef áður greint frá, hefur komið fram að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sé 2.5 milljarðar. Ef 30% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna eiga að renna til byggingarsjóðanna er það 750 millj. kr. Skv. till. hv. þm. Svavars Gestssonar standa því eftir 130 millj. til að fjármagna þriðjung íbúða í verkamannabústaðakerfinu, jafnvel þó að Byggingarsjóður verkamanna fengi allt ráðstöfunarfé sem gert er ráð fyrir í brtt. hv. þm. eða 30% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Eftir stendur þá einnig að Byggingarsjóður ríkisins mun ekkert fá í sinn hlut af ráðstöfunarfé lífeyrisjóðanna. Einnig er ljóst að 880 millj. í lántöku til Byggingarsjóðs verkamanna með 0.5% vöxtum, þegar vextir af lífeyrissjóðslánum eru yfir 5%, eru allt of miklar lántökur. Till. hv. þm. Svavars Gestssonar munu því stefna Byggingarsjóði verkamanna í gjaldþrot mun fyrr en till. stjórnarliða mundi gera. Ég tel þessa fjármögnun því mjög óraunsæja og þær till. sem bornar eru fram af 2. minni hl. í þessu efni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mál mitt lengra að sinni nema tilefni gefist til síðar á þessum fundi. Ég ítreka að lokum þær spurningar sem ég hef lagt fyrir félmrh. Ég sé ekki ástæðu til að tefja tímann með að endurtaka þær, en vonast til þess að fá skýr svör við þeim.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég minni á í upphafi máls míns að á þessum vetri hafa farið fram umræður um húsnæðismál oftar og ítarlegri en nokkru sinni fyrr á Alþingi á einum og sama vetrinum. Mjög ítarlegar umr. fóru fram um þessi mál 12. des. s. l. og í framhaldi af því þegar fyrri umr. fór fram um frv. það sem hér er á dagskrá. Sömuleiðis var rætt mjög ítarlega um fjármögnunarþátt húsnæðislánakerfisins í tengslum við fjárfestingar- og lánsfjár-

áætlunina.

Ég ætla þess vegna ekki á þessu stigi málsins að fara út í fjármögnunarhlið húsnæðismálanna eins og þau standa í dag í löngu máli vegna þess að þeim málum hafa nýlega verið gerð skil í grg. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. þegar fjallað var um lánsfjárlögin í vetur, þar sem sýnt var fram á að húsnæðislánakerfið mundi á þessu ári búa við skort á fjármunum upp á mörg hundruð milljónir króna. Ég komst að þeirri niðurstöðu að þar væri um að ræða óvissu upp á a. m. k. 700 milljónir kr.

Hæstv. félmrh. hafnaði þessum skoðunum mínum og hefur hins vegar núna eftir að lánsfjárlög voru samþykkt orðið að beygja sig fyrir reynslunni. Hann hefur tekið um það ákvörðun, að mér er tjáð, að aflað verði erlends lánsfjár í húsnæðislánakerfið í fyrsta sinn í sögunni upp á mörg hundruð millj. kr. Hæstv. félmrh. talar yfirleitt ekki skýrt um þessa hluti en það er engu líkara en komið hafi til tals að taka jafnvel 500 millj. kr. inn í húsnæðislánakerfið með erlendum lántökum, aðrir segja að hér sé um að ræða upphæð upp á um 200 millj. kr.

Auk þess að viðurkenna þannig skipbrot stefnu sinnar í húsnæðismálum hefur hæstv. félmrh. og ríkisstj. ákveðið að skera niður útlánaáform Byggingarsjóðs ríkisins mjög verulega frá því sem verið hefur, draga mikið úr lánveitingum, m. a. með því að seinka lánum yfir á árið 1985.

Hv. talsmaður meiri hl. sem talaði hér fyrr í dag viðurkenndi að uppi væru áform um að seinka lánum til þeirra sem áður hafa byggt yfir á árið 1985 og veita þannig færri frumlán á árinu 1984 en nokkru sinni fyrr um margra ára skeið. Talaði þó hv. talsmaður meiri hl. fyrir þann flokk sem harðast gagnrýndi fráfarandi ríkisstj. fyrir húsnæðislánakerfið og sérstaklega flutti talsmaður meiri hl., hv. þm. Halldór Blöndal, ítrekaðar árásarræður á húsnæðislánakerfið í tíð fyrri ríkisstj. með yfirlýsingum um að hún hefði stolið fjármunum og annað af því taginu. Þegar aftur sú ríkisstj. tekur við sem hann styður er niðurstaðan sú að veitt eru færri lán en nokkru sinni fyrr.

Og af hverju ætli það sé? Hver er ástæðan til þess að veitt eru færri lán en nokkru sinni fyrr nema sú að búið er að skera svo niður kaupgetu almennings að maður með meðallaun, meðalkauptaxta, er tveimur til þremur árum lengur núna að vinna fyrir venjulegri íbúð en var á fyrri hluta ársins 1983. Fólk getur m. ö. o. ekki byggt lengur. Þessar staðreyndir liggja fyrir og hæstv. félmrh. hefur orðið að beygja sig í duftið fyrir veruleikanum eins og oft hendir menn. Ég ætla ekki að fara um það mörgum fleiri orðum hvernig staðreyndirnar hafa í rauninni sveigt hjá ráðh. á undanförnum mánuðum.

En ég ætla aðeins að minna á það út af ummælum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem kom hér áðan með mjög ítarlega og góða ræðu um húsnæðismál, að í frv. því, sem Alþfl.-menn gjarnan tala um og kenna sig við og Magnús H. Magnússon, var ekki gert ráð fyrir neinum föstum tekjustofnum í verkamannabústaðakerfið. Það var sá grundvallarmunur sem var á þeirri stefnu sem fylgt var á síðustu árum og þeirri sem áður var fylgt að verkamannabústaðakerfið var tekið fram yfir almenna húsnæðislánakerfið. Það var gert algerlega vitandi vits og 1% launaskattur var tekinn inn í Byggingarsjóð verkamanna í þessu skyni.

Þetta kerfi hefur skilað árangri. Þetta kerfi Byggingarsjóðs verkamanna og félagslegra íbúða hefur skilað árangri þannig að nú standa fullbúnar í landinu 740 íbúðir sem reistar hafa verið skv. lögunum frá 1980. Það munar um þetta átak til lausnar á þeim húsnæðisvanda sem hér er við að glíma.

Ég ætla, herra forseti, þessu næst að víkja nokkuð að brtt. sem við flytjum þrír þm. Alþb., ég ásamt hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og Steingrími J. Sigfússyni. Við flytjum á þskj. 691 einar 22 brtt. og á þskj. 690 er ítarleg grg. frá 2. minni hl. félmn. sem ég skipaði, en ég tók þátt í starfi n. fyrir hönd Alþb.

Fyrsta brtt. Alþb. við frv. um húsnæðismál fjallar um markmið laganna en þar er gert ráð fyrir því að breytt verði um áherslur að verulegu leyti. Þar segir að markmið laganna verði að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum. Í öðru lagi að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að tryggja fólki öruggt húsnæði. Og í þriðja lagi að leggja áherslu á félagslegar aðgerðir í þessu skyni, m. a. með byggingu leiguhúsnæðis sem er þannig tekið inn í markmiðsgrein laganna ef þetta yrði samþykkt, verkamannabústöðum, húsnæðissamvinnufélögum, sem þar með yrðu tekin á blað í fyrsta sinn í íslenskri húsnæðismálalöggjöf, byggingarsamvinnufélögum, sem eru tekin hér inn undir hina félagslegu flokkun, og öðrum aðgerðum eftir því sem fjárráð Húsnæðisstofnunar og annarra lánaaðila leyfa hverju sinni.

Hér er, eins og þeir sjá sem til þekkja, um að ræða talsverðan mun frá því sem er í gildandi lögum þar sem veruleg og svo að segja einhliða áhersla hefur verið lögð á það að einkaeignarréttarform íbúða væri í raun og veru eina eða a. m. k. aðalviðfangsefni Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Önnur brtt. Alþb. gengur út á það að undirstrika enn þá þýðingu sem við teljum að húsnæðissamvinnufélögin hafi. Talað er um að lögin skiptist í sjö meginþætti og þar er talað um húsnæðissamvinnufélögin sérstaklega, byggingarsamvinnufélög. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því að inn í þetta verði felldur sérstakur nýr kafli um íbúðalán utan Húsnæðisstofnunar. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé í rauninni útilokað fyrir hvaða félmrh. sem er og hvaða ríkisstj. sem er að ráða við þennan málaflokk svo að nokkur mynd sé á nema að menn kalli til lögbundins samstarfs bæði bankakerfið og lífeyrissjóðina. Ég held að ef menn ætla sér að einblína á Húsnæðisstofnunina eina komist menn aldrei nægilega langt. Þess vegna tel ég að leggja beri áherslu á samfellt samræmt húsnæðislánakerfi og það eigi að vera meginviðfangsefni þingsins.

Ég er ósammála því að hægt sé að gera ráð fyrir að menn leysi lánavandann í gegnum Húsnæðisstofnunina upp á 80—90% af verði íbúða og á sama tíma sé gert ráð fyrir því að bankarnir veiti stórfelld lán til íbúða og lífeyrissjóðirnir líka. Ég held að ef menn ætla sér af einhverri alvöru að reyna að ná utan um þessi húsnæðismál sé útilokað annað en að menn taki þetta allt í senn undir. Menn eiga af fullri hreinskilni að gera sér grein fyrir því sem ég hef sagt hér úr þessum stól aftur og aftur á undanförnum árum, að opinbera húsnæðislánakerfið er aðeins einn þátturinn af mörgum í húsnæðislánakerfinu á Íslandi, en að vísu mjög gildur þáttur. Ef

menn ætla sér að breyta hér verulega til verður að eiga sér stað algjör kerfisbreyting frá því sem nú er.

Ég teldi það í rauninni eitt brýnasta verkefni íslenskra stjórnmálamanna að reyna að finna leið til þess að ná saman um þetta, algjöra kerfisbreytingu á húsnæðislánakerfinu. Ég held að það breyti í rauninni tiltölulega litlu hversu langar skammarræður við höldum hér hvert yfir öðru ef við erum eingöngu að tala um þetta kerfi sem hér er á þessum blöðum. Ég held að menn þurfi að líta miklu víðar í þessum efnum. Þetta segi ég í tilefni af ákvæðinu um íbúðalán utan Húsnæðisstofnunar sem ég kem að síðar í ræðu minni.

Þriðja brtt. Alþb. er lítils háttar orðalagsbreyting á 3. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins í sambandi við deild fyrir félagslegar íbúðabyggingar þar sem fjallað er um húsnæðissamvinnufélög og málefni Byggingarsjóðs verkamanna. Með þessu móti erum við í raun og veru að gera tillögur um að húsnæðissamvinnufélögin verði inni í félagslega íbúðabyggingakerfinu og það verði tekið alveg af skarið um það að húsnæðissamvinnufélögin séu hluti af hinu félagslega íbúðabyggingakerfi með þeim hætti sem ég geri síðan till. um síðar í þessu plaggi.

Fjórða brtt. okkar snertir Byggingarsjóð ríkisins. Þar er um að ræða mjög veigamikil nýmæli. Fyrsta tillagan er í raun og veru brtt. við till. ríkisstj. Ríkisstj. gerir ráð fyrir því að ríkisframlag til Byggingarsjóðs ríkisins verði 40% af útlánaáætlun sjóðsins á hverju ári. Ég held að mjög óeðlilegt sé að fela Húsnæðismálastjórn þannig hluta fjárveitingavaldsins og þess vegna sé óhjákvæmilegt að setja hér inn ákvæði þar sem segir skýrum stöfum: „Alþingi ákveður heildarútlán Húsnæðisstofnunar með afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.“ Með þessu móti værum við í raun og veru að tryggja það að Alþingi bæri ábyrgð á öllum fjárreiðum og útlánum Húsnæðisstofnunarinnar og það væri tekin ákvörðun um þetta við afgreiðslu fjárlaga á svipaðan hátt og gert er t. d. í sambandið við Tryggingastofnun ríkisins og margar aðrar slíkar ríkisstofnanir. Ég held að í rauninni sé ekkert vit í öðru en að ganga svona frá málum.

Meiri hl. flytur till. í þessu efni sem er í raun og veru einskis virði en má þó segja að sé kannske betri en ekki neitt. Þar stendur að þessi áætlun Húsnæðisstofnunarinnar eigi að samþykkjast af félmrh. og fjmrh. Þannig hefur þetta alltaf verið, a. m. k. þau ár sem ég þekki til. Ekki var gengið frá útlánaáætlun Húsnæðisstofnunarinnar öðruvísi en að félmrh. og fjmrh. væru búnir að koma sér saman um það. Það kann að vera að einhver annar máti tíðkist í núverandi ríkisstj. í þeim efnum og að félmrh. og fjmrh. nái ekki saman um þessar áætlanir og þá afgreiði félmrh. þetta bara á borðshorninu hjá sér. Ég hef þó ekki trú á því að svo sé. Ég held að þeir hljóti að ræða um þessi mál og ég sé ekki að þessi brtt. meiri hl. breyti í raun og veru nokkrum sköpuðum hlut. Þetta er kattarþvottur, en segja má að þetta sé betra en ekki neitt, þetta er vísir að skilningi og ber að veita meiri hl. viðurkenningu fyrir viðleitni í þessu sambandi.

Önnur brtt. Alþb. í sambandi við fjármuni Byggingarsjóðs ríkisins gengur út á það að ríkissjóður tryggi lánsfé Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins ef greiðslugeta Atvinnuleysistryggingasjóðs brestur. A síðasta ári þegar Atvinnuleysistryggingasjóður gat ekki staðið við skuldbindingar sínar kom hæstv. félmrh. á fund í félmn. eða fjh.- og viðskn., reyndar Nd., og greindi okkur frá því að hann liti svo á að ríkissjóður bæri ábyrgð á þessum skuldbindingum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég er algjörlega sammála hæstv. félmrh. í þessu efni. Ég tel að svo sé, að ríkissjóður beri þessa ábyrgð eftir að lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð var breytt þannig að ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég hefði hins vegar talið að það hefði styrkt félmrh. verulega ef hann hefði fengið hér inn lagaákvæði um þetta efni til þess að staðfesta í lögum þann skilning sem hann sjálfur hefur á þessu máli. Þess vegna verð ég að segja það að ég hlýt að vænta stuðnings hæstv. félmrh. við þessa brtt. Alþb.

Fjórða brtt. sem við flytjum hér snertir mjög stórt mál sem valdið hefur deilum á liðnum árum. Ljóst er að gert hefur verið samkomulag við lífeyrissjóðina um að þeir fjármagni húsnæðislánakerfið með ákveðnum hætti. Það samkomulag var gert 1974. Í þessari brtt. Alþb. er gert ráð fyrir því að setja inn í húsnæðislögin afdráttarlaust ákvæði um að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna sem nemi 30% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hvert ár. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að báðir sjóðirnir geti fengið á árinu 1984, svo dæmi sé tekið, u. þ. b. 800 millj. kr. og það sé algjörlega lögbundið. Auðvitað er hugsanlegt að ná meiru fé af lífeyrissjóðunum til húsnæðislánakerfisins með sérstöku samkomulagi. Það mætti vel hugsa sér að þar yrði um hærri upphæðir að ræða en hér er gert ráð fyrir. En hérna væri um að ræða eins konar lágmarkstryggingu fyrir húsnæðislánakerfið og ég held að óhjákvæmilegt sé að reyna að setja í lög einhverja slíka lágmarkstryggingu.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að fyrst verði tryggt að Byggingarsjóður verkamanna hafi fjármagn til að byggja þriðjung íbúða í verkamannabústaðakerfinu sbr. 34. gr. laganna. Hérna er verið að leggja á það áherslu að lífeyrissjóðirnir tryggi fyrst félagslega íbúðabyggingakerfið. Ég tel að það sé í raun og veru mjög eðlilegt að byrja á því. Þegar það liggur fyrir hvað það þarf í sinn hlut miðað við áætlanir eins og þær eru á hverjum tíma er tekin ákvörðun um það hvernig staðið verður að annarri lánsfjáröflun og tekjuöflun til Byggingarsjóðs ríkisins.

Ég tel því miður að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi misskilið þessar hugmyndir sem hér eru uppi. Ég heyrði að vísu ekki vel hvað hún sagði en ég tel að komið hafi fram ákveðinn misskilningur í þessum hluta hennar annars ágætu ræðu um húsnæðismál áðan. Ég er sannfærður um að við getum greitt úr þessum misskilningi ef við ræðum málið aðeins betur.

Ég held að það sé réttlætanlegt og eðlilegt að taka ákvæði um lífeyrissjóðina og bindingu þeirra beint inn í húsnæðislögin. Við skulum ekkert vera að fara í grafgötur með það að lífeyrissjóðirnir eru misjafnlega ánægðir með að hlýða lögbindingu. En ég held að eina leiðin til þess að jafna byrðunum á lífeyrissjóðina sé lögbinding og ég held að það að taka þetta inn í húsnæðislögin væri verulegt spor fram á við frá því sem verið hefur.

Á þessu ári er gert ráð fyrir því í lánsfjáráætlun að Byggingarsjóður ríkisins fái ef ég man rétt 525 millj. kr. frá lífeyrissjóðunum. Ég verð að segja eins og er að ég mundi ekki vera viss um að það fé skilaði sér. Það er um

100% aukning milli áranna 1983 og 1984 meðan hækkunin á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er ekki nema 6.7%.

En ég held að slík lögbinding á lífeyrissjóðina, eins og hér er gerð till. um, mundi ekki mæta mikilli andspyrnu lífeyrissjóðanna í landinu eða þeirra sem að lífeyrissjóðunum standa. Ég hef enga trú á því. Ég hef þvert á móti trú á því að lögbinding af því tagi sem hér er gerð tillaga um væri miklum mun betur séð af verkalýðshreyfingunni og forráðamönnum lífeyrissjóðanna en sú tegund lögbindingar sem nú er um að ræða af lífeyrissjóðunum í landinu.

Næst, herra forseti, ætla ég að víkja að fimmtu brtt. Alþb. Þar er gert ráð fyrir því að afgreiðsla lána úr Byggingarsjóði ríkisins og innheimta fari fram í almennum lánastofnunum. Er lánastofnunum skylt að annast alla milligöngu um húsnæðislánin fyrir þóknun sem ákveðin er af ríkisstj.

Það hefur verið í lögum frá 1980 að þessi afgreiðsla gæti farið fram í almennum lánastofnunum. Það hefur ekki tekist samkomulag við þessar stofnanir. Þær hafa verið með múður og röfl og viljað fá stóraukið fé fyrir þessa þjónustu og ríkisstj. hefur ekki getað knúið fram samkomulag við þessa aðila. Þeir hafa farið undan í flæmingi.

Með þessari brtt. okkar Alþb.-manna erum við að taka upp eina af brtt. Vinnuveitendasambandsins. Það er ekki algengt að við gerum það. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að hérna er í rauninni verið að skylda innlánsstofnanir til þess að veita þessa þjónustu. Þær eiga að geta gert það, eru í rauninni ekki of góðar til þess. Ríkisstj. eða félmrh. getur svo ákveðið hæfilega þóknun fyrir þau störf. Ég skora á hæstv. félmrh. að horfa á þessa till. með fullri velvild. Ég held að þetta sé ágæt till. og menn þurfi ekki að vera að fara í einhverjar pólitískar skotgrafir út af henni.

Sjötta brtt. okkar er í raun og veru um áhersluatriði þannig að lán til byggingarsamvinnufélaga og viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði verði talin upp í 11. gr. laganna sem sérstakra framkvæmdaaðila og þeim þannig sýndur sá lágmarkssómi sem þau vissulega eiga skilið.

Í sjöundu brtt. sem við flytjum er um að ræða nokkuð mikilvægt nýmæli að mínu mati. Þar stendur:

„Umsókn um lán til byggingar leiguíbúða, dagvistarstofnana eða dvalarheimila skv. niðurstöðum slíkrar könnunar“ — þ. e. um þörf fyrir elliheimili — „skal fylgja umsögn heilbrrn. Heilbrrn. og félmrn. skulu eftir því sem kostur er beita sér fyrir samstarfi Framkvæmdasjóðs aldraðra, sbr. lög nr. 49/1981, og Húsnæðisstofnunar um lánveitingar og framkvæmdaáætlanir.“

Nú vill svo til að ég þekkti um skeið nokkuð til hjá þessum aðilum báðum. Ég tel að samstarfið á milli Húsnæðisstofnunar og Framkvæmdasjóðs aldraðra hafi ekki verið nærri nógu gott. Heilbrrn. fékk hugmyndir um byggingar íbúða fyrir aldraða til umsagnar og heilbrrn. sendi svar sem yfirleitt var einhvern veginn á þessa leið: „Heilbrrn. hafa borist áætlanir yðar dags. þennan og þennan dag. Rn. hefur ekkert við þær áætlanir að athuga.“ Í rauninni tók heilbrrn. og menntmrn. enga afstöðu til þessara mála í sambandi við dagheimili barna. Ég held þó að mjög nauðsynlegt sé að fagráðuneytin, þ. e. heilbrrn. sem fer með málefni aldraðra og menntmrn. sem fer með dagvistarmál, taki afstöðu til þess hvort þurfi að byggja þetta elliheimili, hvort þurfi að byggja þetta dagheimili fyrir börn. Þess vegna er þessi sjöunda brtt. Alþb. flutt.

Áttunda brtt. snertir orkusparnaðaraðgerðir í sambandi við húsnæði. Þar segir:

„Fjárhæð láns má nema allt að 80% endurbótakostnaðar, enda tryggi ríkisstj. fjármagn fyrir a. m. k. helmingi kostnaðar við þennan lánaflokk með sérstökum aðgerðum til orkusparnaðar.“

Ég er hérna að leggja til að það fé, sem ríkisstjórnin kann að afla á hverjum tíma til orkusparnaðaraðgerða eða niðurgreiðslu á orku, verði að einhverju leyti látið renna til Húsnæðisstofnunarinnar. Mín reynsla er sú, og ég hygg að margir fleiri geti sagt frá því, að húsnæðismálastjórn sé ekkert mjög viljug að snúast í kringum þennan málaflokk og lánaflokk. Ég hygg að það mundi efla mjög áhuga Húsnæðisstofnunarinnar á þessum lánafokki ef þarna kæmu til nokkrir viðbótarfjármunir frá því sem verið hefur. Hérna er um að ræða mjög mikilvægt verkefni sem hefur stóra þjóðhagslega þýðingu og miklu skynsamlegra er að stuðla að orkusparnaðarbreytingum á húsnæði í verulegum mæli en að vera að greiða niður orkugjafann í miklu stærri stíl en þegar hefur verið stefnt á.

Níunda brtt. snertir vexti Byggingarsjóðs ríkisins. Þar erum við með tillögu um að ríkisstjórnin ákveði vextina að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Það er samhljóða tillögu ríkisstjórnarinnar. Ég held að við verðum að horfast í augu við það að Byggingarsjóður ríkisins er núna um þessar mundir að taka rándýrt fjármagn. Hann er núna að taka lán hjá lífeyrissjóðunum upp á 5.08% vexti og hann er að endurlána þetta fjármagn með 2½% vöxtum. Þetta gengur ekki. En sjóðurinn getur ekki fengið ódýrara lánsfé en þetta. Þess vegna verður með einhverjum hætti að skapa möguleika á því að vaxtaákvarðanir Byggingarsjóðs ríkisins séu í einhverju samræmi við þau lánakjör sem sjóðurinn verður sjálfur að sæta úti í þjóðfélaginu. Ég held því að ekki sé annað að gera en horfast í augu við þann veruleika sem þessi till. ríkisstj. birtir. Þó er ég hér með brtt. um tvær undantekningar þannig að lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir, sem eru aðallega fatlaðir, verði verðtryggð en vaxtalaus.

Fyrrverandi ríkisstjórn flutti svipaða till. á síðasta löggjafarþingi og það má segja að þessi till. Alþb. nr. 9 sé í samræmi við þá afstöðu sem við þá tókum. Ég hef hins vegar sérstaka till. fram að færa varðandi vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna og mun ég gera grein fyrir henni hér. 10. brtt. okkar fjallar um greiðsluáætlanir ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins. Það mundi styrkja Húsnæðisstofnunina verulega ef skýr lagaákvæði væru um greiðsluáætlanir og vinnubrögð við gerð þeirra. Slík lagaákvæði mundu m. a. koma í veg fyrir það að menn þyrftu að koma að lokuðum dyrum í veðdeildinni þar sem stendur: „Lokað í dag af því það eru ekki til peningar,“ eins og gerst hefur tvisvar sinnum á þessu ári. Þau vinnubrögð sem hér er gerð till. um mundu hafa í för með sér mun farsælli stýringu þessara mála en nú er um að ræða. Það segir sig sjálft að slíkt mundi bæta mjög aðstöðu félmrh. til þess að stýra þessum málaflokki.

4. mgr. þessarar brtt. snertir annað efnisatriði og er nýmæli í þessari umræðu. Hér er gert ráð fyrir því að

þeir, sem hafa eignast sína fyrstu íbúð og fengið lán tvisvar eða oftar, geti orðið að sæta því að lán til þeirra lækki. Eða eins og það er orðað, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er þó húsnæðismálastjórn, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að ákveða hærra hlutfall og lengri lánstíma handa þeim sem eru að eignast fyrstu íbúð sína."

Það er sem sagt gert ráð fyrir því að þeir, sem ekki hafa eignast íbúð áður, geti fengið hærra lánshlutfall og lengri lánstíma en aðrir en aftur þeir, sem hafa fengið lán tvisvar eða oftar, geti orðið að sæta lánalækkun. Það er óskynsamlegt af ríkisstjórninni að opna ekki fyrir slíkan möguleika fyrir húsnæðismálastjórn. Ákvörðun, sem fælist í því að samþykkja þessar brtt., gæti skilað verulegum fjármunum fyrir Byggingarsjóð ríkisins, kannski ekki á þessu, en strax á næsta ári. Það næmi einhverjum tugum milljóna króna. Það er óskynsamlegt að opna ekki fyrir slíka möguleika í húsnæðislögum.

11. og 12. brtt. okkar fjallar sérstaklega um húsnæðissamvinnufélögin. Og þar er gert ráð fyrir því að við 33. gr., aftan við c-lið, bætist ný málsgrein á þessa leið:

„Húsnæðissamvinnufélög geta fengið lán skv. þessum kafla laganna, enda sé tryggt handa þeim sérstakt fjármagn á fjárlögum í útlánaáætlun Byggingarsjóðs verkamanna."

Það er sem sagt gert ráð fyrir því að við meðferð fjárlaganna verði einnig fjallað um útlánaáætlun Byggingarsjóðs verkamanna á sama hátt og um útlánaáætlun Byggingarsjóðs ríkisins sem áður var gerð grein fyrir.

12. brtt. fjallar síðan um fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna. Þar er um að ræða þrjár till. sem eru nýmæli. Sú fyrsta er þessi:

„Gera skal ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af báðum byggingarsjóðunum fyrir 30% af ráðstöfunarfé sínu. Byggingarsjóður verkamanna fái þann hluta af þessu fjármagni að nægi til þess að fjármagna þriðjung af árlegri íbúðaþörf landsmanna skv. stafliðum a og b í 33. grein."

Það er m. ö. o. verið að segja það hér að til þess að ná þessum þriðjungi sé fyrst og fremst verið að fjalla um stafliði a og b í 33. grein. Það sé ekki verið að fjalla þar sérstaklega um staflið c, enda kæmi það félagslega átak sem hann gerir ráð fyrir til viðbótar við þann þriðjung sem samið var um 1974 og lagaákvæðin um Byggingarsjóð verkamanna gera ráð fyrir.

Í staflið e í þessari brtt. er gert ráð fyrir því að þegar á þessu ári verði varið 200 millj. kr. sem gangi til lánveitinga á vegum húsnæðissamvinnufélaga. Þetta eru 200 milljónir miðað við byggingarvísitölu eins og hún er í apríl 1984. Ég vil í þessu sambandi minna á það að á þinginu 1982 var flutt stjórnarfrumvarp um skyldusparnað á hátekjur og fyrirtæki. Ef til þess kæmi að ríkisstjórnin vildi fallast á þessar tillögur um húsnæðissamvinnufélögin sem hér eru á blaði þá eru nógir möguleikar til að benda á tekjustofna til þess að fjármagna þetta sem hér er gerð till. um. Í þeim efnum vil ég t. d. minna á að Seðlabanki Íslands skilaði á síðasta ári 400—500 millj. kr. í hagnað áður en hann fór að fela hann eins og komið hefur fram í fréttum dagblaðanna. Vissulega væri eðlilegt að taka eitthvað af því fjármagni sem Seðlabankinn þarna hefur á milli handanna til þess að leggja til húsnæðissamvinnufélaga.

Í f-lið þessarar brtt. er svo gert ráð fyrir því að Byggingarsjóður verkamanna geti fengið fjármuni með öðrum lántökum og sölu spariskírteina til þeirra sem sérstaklega vilja beita sparnaði sínum til þess að efla húsnæðissamvinnufélögin. Hér er m. ö. o. gert ráð fyrir því að gefin yrðu út sérstök spariskírteini, sérstakar sparnaðarviðurkenningar, sem væru tengdar húsnæðissamvinnufélögunum. Ekki væri um að ræða spariskírteini sem í rauninni skiluðu peningum frá þeim þráðbeint inn í ríkissjóð sjálfan heldur spariskírteini sem væru sérmerkt húsnæðissamvinnufélögunum. Með því móti að taka húsnæðissamvinnufélögin inn á þessum mörgu stöðum sem ég hef hér rakið tel ég að komið sé til móts við þá miklu hreyfingu sem þau hafa skapað á undanförnum mánuðum og varð að nokkru leyti til vegna ítrekaðra loforða og yfirlýsinga hæstv. núverandi félmrh. eins og ég mun koma að síðar í máli mínu.

13. brtt. Alþb. er við 39. grein og fjallar um lán í verkamannabústöðunum þegar um er að ræða bílskúr eða bílskýli við verkamannabústaði. Hér tek ég upp tillögu stjórnar verkamannabústaðanna í Reykjavík um að miðað verði við að framvegis verði fylgt sama fyrirkomulagi og ákveðið var hjá verkamannabústöðunum í Kópavogi og í Ártúnsholti í Reykjavík.

14. brtt. Alþb. er ein sú mikilvægasta. Þar er gert ráð fyrir því að lán verkamannabústaðanna verði áfram 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar en ekki 80% eins og frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að með því að hækka kostnaðarhlutfall, framlag þeirra sem fara inn í verkamannabústaðina, upp í 20% erum við að loka verkamannabústaðakerfinu fyrir fjölda fólks sem nú eygir möguleika á því að koma yfir sig mannsæmandi húsnæði.

Þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, að ráðast þannig á verkamannabústaðakerfið, eru ekkert annað en svik við þau fyrirheit sem verkalýðshreyfingunni voru gefin við húsnæðis- og kjarasamninga árið 1974. Ég held að í rauninni sparist mjög lítið við þetta fyrir Byggingarsjóð verkamanna, nema ef það væri þá vegna þess að eftirspurn eftir lánum dragist stórkostlega saman. Ef þetta verður samþykkt eins og ríkisstj. gerir till. um mun það hafa þau áhrif að verkamannabústaðakerfið dragist mjög verulega saman frá því sem nú er og nái aldrei þeim þriðjungi sem lofað hafði verið.

Kannski er það ætlun ríkisstjórnarinnar að eyðileggja verkamannabústaðakerfið. Ég spyr hæstv. félmrh.: Er það stefna ríkisstj. að eyðileggja verkamannabústaðakerfið? Ég spyr af marggefnu tilefni. Ekki bara þessu, með lækkun úr 90% í 80%, heldur líka af því að núna er búið að skera niður framlög í verkamannabústaðakerfið þannig að verið er að fresta framkvæmdum við íbúðir sem unnið er við að úthluta til fólks núna þessa dagana. Þess vegna er þessi spurning rökstudd. Er það stefna ríkisstjórnarinnar að eyðileggja verkamannabústaðakerfið?

Það kemur engum á óvart að Framsfl. hafi lítinn skilning á verkamannabústaðakerfinu. Og þegar framsókn og íhaldið leggja saman í þessu efni er ekki á góðu von vegna þess að þessir flokkar hafa aldrei beitt sér fyrir því að efla hið félagslega íbúðabyggingakerfi verkamannabústaðanna í landinu. Það hefur komið í hlut alþýðusamtakanna og annarra stjórnmálaflokka. Framsfl. samþykkti till. verkalýðshreyfingarinnar og

Alþb. í húsnæðismálum vegna þess að um það var gerður stjórnarsáttmáli á sínum tíma. Þá drattaðist Framsfl. með að lokum, það er rétt. (**Félmrh.:** Verkamannakerfið var löngu til áður fyrir atbeina Framsfl.) Verkamannakerfið, fyrir atbeina Framsfl. sem það varð til, það er ansi fróðlegt. Staðreyndirnar um sögu verkamannabústaðanna liggja fyrir í þessum efnum. Staðreyndin er sú að þetta kerfi hefur alltaf verið í hættu þegar þessir tveir flokkar fyrirtækjanna hafa náð saman. (**Félmrh.:** Þetta er röfl.) Þetta er ekki röfl, hæstv. ráðherra.

Í 17., 18. og 19. brtt. Alþb. er gert ráð fyrir verulegum breytingum á endursölukerfi verkamannabústaðanna. Ríkisstj. leggur til að breyta því kerfi í grundvallaratriðum, að snúa því alveg við. Ég fullyrði að hæstv. félmrh. getur ekki gert grein fyrir því hér og nú hvernig það kerfi, sem hann er að gera till. um, kemur út fyrir eigendur verkamannabústaða í landinu. Eða hvernig vill hæstv. ráðh. í örstuttu máli skýra fyrir þingheimi þessa setningu:

„Seljandi íbúðar skal fá endurgreidda þá fjárhæð, sem hann greiddi af kaupverði íbúðarinnar þegar hann festi kaup á íbúðinni, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á 1/26, 1/33 eða 1/42 hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár sem hann hefur átt íbúðina einnig með vöxtum og verðbótum."

Það væri fróðlegt að fá nákvæma skýringu á þessu atriði. Ekki er annað sæmandi af hæstvirtum ráðherra en að gera grein fyrir því máli hér úr þessum ræðustól því það hefur hann aldrei gert þó málið hafi verið lengi til meðferðar í þinginu.

Ríkisstj. er á villigötum í sambandi við þá gjörbreytingu á endursölukerfinu sem hún gerir till. um. Þess vegna flyt ég þær till. sem fram koma í tölulið 17, 18, 19 og 20 í mínum till. Í rauninni er ég þarna að taka undir þau sjónarmið sem komu samhljóða frá stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík og voru þar studd af fulltrúum allra þeirra stjórnmálaflokka sem þar eiga fulltrúa.

Í 21. brtt. Alþb. er komið að mikilvægustu till. að mínu mati. Þar er gert ráð fyrir hinu samræmda húsnæðislánakerfi sem ég var að tala um áðan. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að sá, sem á rétt á láni til þess að byggja eða kaupa í fyrsta sinn skv. 11. grein, á jafnframt rétt á láni hjá sínum viðskiptabanka. Lánið nemur 50% af láni Húsnæðisstofnunar eins og það er á hverjum tíma og sætir sömu kjörum og lán Húsnæðisstofnunar að öllu leyti. Húsnæðisstofnun getur afgreitt lánið til lántakandans og haft milligöngu um lántökuna að öðru leyti, t. d. ef viðskiptabankinn sér sér ekki fært eða neitar að tryggja rétt lántakandans skv. þessari grein.

Hér væri í fyrsta lagi verið að auka verulega rétt þeirra sem byggja og kaupa í fyrsta sinn. En hitt er mikilvægara að með þessu ákvæði, ef samþykkt yrði, værum við að stíga skref inn í það að fella bankana að hinu almenna húsnæðislánakerfi. Ég held að nauðsynlegt sé að við gerum okkur grein fyrir því að við getum aldrei náð utan um þetta kerfi svo skaplegt sé öðruvísi en að bankarnir skili sér inn í þetta kerfi. Ég veit og þekki það af nokkurri reynslu, að það er erfitt að fá bankana til þess að taka þátt í þessu kerfi með skaplegum hætti. Ég held hins vegar að óhjákvæmilegt sé að taka á því verkefni alveg sérstaklega og þess vegna er þessi till. Alþb. flutt.

Í staflið b í brtt. 21 er enn hert á í þessu efni þar sem lífeyrissjóðirnir eru líka teknir inn hér sem lánveitendur, en þar segir:

„Nú á lántakandi, sem byggir eða kaupir íbúð í fyrsta sinn, ekki rétt á láni í lífeyrissjóði þótt hann hafi eigi áður fengið lán og skal hann þá eiga rétt á sérstöku viðbótarláni í Byggingarsjóði ríkisins. Viðbótarlánið verður þá að öllu leyti veitt með sömu kjörum og almennt gildir um lán lífeyrissjóðanna til félagsmanna sinna að því er varðar lánstíma og lánakjör. Þó skulu lán skv. 11. gr., 84. gr. og þessari gr. aldrei nema hærra hlutfalli en 80% af kostnaðarverði íbúðar skv. nánari fyrirmælum í reglugerð."

Hér er um að ræða mjög þýðingarmikinn og stefnumarkandi þátt. M. a. vegna þess að Alþb. hefur um nokkurra ára bil farið með húsnæðismál í samsteypustjórn taldi ég nauðsynlegt að marka okkar till. alveg sérstaklega og flytja þær með þeim hætti sem ég hef hér gert grein fyrir. Undirstöðuþátturinn í þeirri tillögugerð eru þessir þættir varðandi samræmt húsnæðislánakerfi. Hér er komin fram sú afstaða sem aftur og aftur kom fram af hálfu Alþb. á liðnum árum en náði þá ekki fram að ganga af ýmsum ástæðum. Skal þar engum um kennt fremur en öðrum, það náðist einfaldlega ekki samkomulag um þá leið sem þarna er gerð till. um og kom þar margt til. En hér er komin sú till. sem við vildum fyrst og fremst beita við lausn á þessum vandamálum. Þó mun ég koma að því síðar, herra forseti, að til þess að ná utan um þetta dugir í raun og veru ekki að taka bankana, lífeyrissjóðina og húsnæðislánakerfið inn í, það verður líka að athuga með hvaða hætti er hægt að setja lögbundnar reglur um greiðslukjör á fasteignamarkaði hér á landi, sem eru mun óhagstæðari og verri en tíðkast í grannlöndum okkar, eins og ég kem að síðar í máli mínu.

Ég hef nú, herra forseti, lokið við að fara yfir þær till. sem Alþb. leggur fram við 123. mál þingsins, frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ég ætla í næsta hluta ræðu minnar að gera lauslega grein fyrir því nál. sem ég hef skilað frá öðrum minni hluta félmn. og er dagsett 26. apríl 1984 og birtist á þskj. 690. Í því þskj. eru dregnar saman mjög mikilvægar upplýsingar um húsnæðislánakerfið. Ég tel að þessar upplýsingar ásamt nál. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur skapi mjög glögga mynd af húsnæðislánakerfinu hér á landi og skynsamlegt sé að raða þannig saman í þingskjöl þeim upplýsingum sem fáanlegar eru og mikilvægastar eru um húsnæðiskerfið eða þau mál sem eru á dagskrá þingsins á hverjum tíma.

Fyrsta fskj. með nál. 2. minni hluta félagsmálanefndar er umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. 16. febr. s. l. samþykkti miðstjórn Alþýðusambands Íslands umsögn um þetta frumvarp. Það var fimm dögum áður en kjarasamningarnir voru gerðir milli ASÍ og VSÍ, þeir voru undirritaðir 21. febr. eins og kunnugt er. Hvað hefur Alþýðusambandið um þessi plögg að segja sem ríkisstj. er hér að reka í gegnum þingið? M. a. segir um lækkun á lánum verkamannabústaðanna:

„Enginn vafi er á að þetta ákvæði veldur því að mjög stór hópur lágtekjufólks ræður alls ekki við að eignast nýja íbúð í verkamannabústöðum og tapar þannig einu hugsanlega möguleikanum á að eignast viðunandi húsnæði."

Hvernig vill hæstv. félmrh. svara þessum rökum? Vill hann svara þessum rökum Alþýðusambandsins með einhverjum hætti? Hefur hann einhver gagnrök eða er hann þeirrar skoðunar að stór hópur lágtekjufólks muni ekki ráða við að eignast nýja íbúð í verkamannabústöðum með þeim till. sem hann er að flytja? Hvernig svarar hæstv. félmrh. svona athugasemd frá stærstu stéttarsamtökum í landinu? Ég óska eftir því að hann geri grein fyrir því með rökum í máli sínu hér á eftir þegar hann svarar þeim spurningum og athugasemdum sem fram hafa komið hér í kvöld.

Önnur athugasemd sem ég ætla að nefna frá Alþýðusambandinu snertir breytingar á endursölukerfinu. Aðalathugasemdina tel ég vera þá sem ég nefndi varðandi lækkun á lánum úr 90% í 80% í félagslega íbúðabyggingakerfinu.

Í fskj. II með nál. 2. minni hl. félmn. eru birtar till. til úrbóta í húsnæðismálum frá Alþb. í Reykjavík. Mér fannst rétt að draga þessar till. hér fram, þær eru ítarlegar og vel unnar og voru lagðar fram til sérstakrar umr. á landsfundi Alþb. s. l. haust. Í þessum till. eru dregin saman 10 áhersluatriði og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsnæðishópur Alþb. í Reykjavík telur að við stefnumörkun flokksins í húsnæðismálum beri einkum að leggja áherslu á neðangreind atriði:

1. Húsnæði er félagslegt réttindamál á borð við t. d. menntun og heilbrigðisþjónustu. Höfuðatriði félagslegrar húsnæðisstefnu er að skipting húsnæðis milli þegna landsins miðist sem mest við þarfir þeirra en fari ekki eingöngu eftir kaupmætti.

2. Markmið húsnæðislánakerfisins skal vera að ná sem mestum jöfnuði milli landsmanna varðandi húsrými og húsnæðiskostnað en hvoru tveggja er nú mjög misskipt milli þjóðfélagshópa og kynslóða. Val skal vera um eignarhaldsform, þannig að allir geti komist í öruggt húsnæði."

Hér er minnt á það einkenni sem kannske er mest sláandi á íslenska þjóðfélaginu í dag. Það er sú gífurlega gjá sem myndast hefur, annars vegar á milli þeirra kynslóða sem fengu óverðtryggðu verðbólguniðurgreiddu lánin og hins vegar þeirrar kynslóðar sem nú er að basla við að koma yfir sig húsnæði. Í kjölfar raunvaxtastefnunnar, sem var knúin fram af miklu offorsi fyrir nokkrum árum, hefur í rauninni misvægi og misrétti í húsnæðismálum orðið meira en það hefur áður verið hér á landi. Við skulum gera okkur grein fyrir því að verðbólgulánin, sem menn voru að taka óverðtryggð hér áður, hjálpuðu hinum einstaka launamanni við að eignast örlítinn hlut í þeim ávinningi sem verðbólgan skilaði sumum í þjóðfélaginu Þarna varð á afgerandi breyting með raunvaxtastefnunni sem skapaði vanda fyrir þær kynslóðir sem nú eru að koma yfir sig húsnæði.

Nú verður auðvitað ekki horfið frá verðtryggingarstefnunni, það væri rangt að gera það við þessar aðstæður. En það þýðir þá að við verðum að koma til móts við þetta fólk vegna þess að misvægið og ójöfnuðurinn milli kynslóða í þessum efnum er meiri en á flestum öðrum sviðum og hrópar í himininn.

Þriðja áhersluatriðið í till. Alþb. er þetta:

„3. Stefna ber að því að húsbyggingar miðist mest við þarfir þegnanna, en nú og á næstu árum mun þörfin verða mest fyrir litlar íbúðir. Skipulag íbúðahverfa taki mið af þörfum ólíkra þjóðfélags- og aldurshópa, þannig að ekki komi til einangrunar hópa í mismunandi hverfum eins og nú stefnir í.

4. Leggja ber áherslu á félagsleg íbúðarform. Þar má nefna verkamannabústaði, byggingu leiguíbúða á almennum markaði, á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana, námsmannaíbúðir, byggingarsamvinnufélög, húsnæðissamvinnufélög, íbúðir fyrir aldraða og fatlaða.

5. Húsnæðislánamarkaðurinn verður samræmdur þannig að fjármagn til húsnæðis verði betur nýtt en nú er. Húsnæðislánin þurfa að stórhækka.

6. Efla skal sparnað í þágu húsnæðislánakerfisins. Í stað núv. skyldusparnaðar ungmenna 16—26 ára komi 8% sparnaður 18—24 ára ungmenna og felldar niður allar undanþágur. Einnig verði komið á fót almennum og tímabundnum sparnaði vegna fjármögnunar íbúðakerfisins."

Hér ætla ég að gera örlítið hlé á þessum lestri og snúa mér aðeins að umr. um skyldusparnaðarkerfið. Það kom ein brtt. frá ríkisstj. í sambandi við skyldusparnaðinn. Hún var sú að skólakrakkar fái skyldusparnaðinn ekki endurgreiddan á því ári, sem skyldusparnaðurinn verður til. Með þessu móti nælir húsnæðislánakerfið sér í 100 millj. kr. á þessu ári frá skólakrökkunum eins og hv. talsmaður n. gerði hér grein fyrir í dag. Segja má að allt er hey í harðindum. Ég tel að þetta sé ekki óskynsamleg till. miðað við allar aðstæður og ég mun fyrir mitt leyti greiða þessari till. atkv. eins og hún liggur fyrir frá stjórnarmeirihlutanum.

En þrátt fyrir ítrekuð tilboð mín til stjórnarmeirihlutans, bæði hér úr þessum stól og í félmn.. Nd., um lagfæringar á skyldusparnaðarkerfinu hefur ríkisstj. ekki treyst sér til þess að fara út í það verk. Ég satt að segja harma það mjög að það skuli ekki hafa verið gert.

Skyldusparnaðarkerfið er í raun og veru orðið þannig að það skilar engum notum, engu gagni fyrir húsnæðislánakerfið. Þess vegna mundi sú aðgerð sem þessi till. Alþb. gerir ráð fyrir, að taka upp óundanþægan 8% sparnað á fólki á aldrinum 18—24 ára þannig að árin 2 upp að 18 árum og eftir 24 verði felld niður, bæta þetta kerfi mjög verulega.

Auðvitað er það rétt, sem væntanlega hæstv. ráðh. mundu segja í þessu efni, að þetta mundi þýða mikinn tekjumissi í fyrstu umferð fyrir Byggingarsjóðinn. En skyldusparnaðarkerfið er komið að fótum fram, það er búið að reyna á undanförnum árum, m. a. í minni tíð, aftur og aftur að reyna að lappa upp á það og það gengur greinilega ekki miðað við ríkjandi viðhorf í landinu. Þess vegna er þessi till. Alþb. af hinu góða. Ég mundi fagna því mjög ef hæstv. félmrh. sæi sér kleift að setja í gang sérstaka athugun á skyldusparnaðarkerfinu með það í huga að lækka þessi hlutföll en binda þá þeim mun fastar það sem á annað borð sparast og enn fastar en nú er gert.

Sjöunda till. er orðuð á þessa leið, herra forseti:

„Fasteignamarkaðurinn verði tekinn til endurskoðunar með það fyrir augum að hann verði betur fær um að sinna hlutverki sínu en nú er. Ákveðnari reglur verði settar um starfsemi fasteignasala sem auki skyldur þeirra og geri þær ábyrgari." Að þessu atriði mun ég koma aðeins nánar síðar.

Áttunda till. er þessi:

„Útborgun í eldri íbúðum verði lækkuð í 30—40% og

eftirstöðvar lána greiddar á löngum tíma. Réttlætanlegt er að grípa til þvingandi opinberra aðgerða í þessum tilgangi, svo sem með heftum reglum útlána úr Byggingarsjóði ríkisins þannig að lán verði ekki veitt nema útborgun íbúðar sé sannanlega 30—40% af heildarverði. Benda má á að vegna hinnar háu útborgunar og skamma lánstíma, sem hér gildir nú, er þörf kaupenda fyrir opinbert lánsfjármagn miklu meiri en eðlilegt er. Á yfirstandandi ári" — þ. e. á árinu 1983, ég bið menn að taka eftir þessu — „mundi t. d. lækkun útborgunar úr 75% á gömlum íbúðum í 50% jafngilda 800 millj. kr. opinberu láni til kaupenda."

Þetta atriði er tekið til sérstakrar meðferðar í nál. 2. minni hl. sem prentað er sem fskj. IX en ég fór fram á það við Fasteignamat ríkisins að það léti mér í té sérstaka grg. um venjur á fasteignamarkaði og þýðingu hans í húsnæðismálum landsmanna. Þessi grg. er mjög vel unnin, í rauninni fyrirmyndarplagg miðað við margt það sem maður á að venjast í þeim efnum. Mjög margt fróðlegt kemur fram í þessu plaggi, m. a. það að heildarvelta fasteignamarkaðarins á Íslandi í fyrra var 6—7 milljarðar kr. Útborgun í þessum íbúðum varð 4.5—5.2 milljarðar kr.

Með þessu móti sjá menn hvað opinbera kerfið er í rauninni lítill partur af þessu dæmi sem við erum að tala hér um. Allt opinbera kerfið er kannske upp á 1—1½ milljarð. En hér er talað um að velta hins almenna húsnæðismarkaðar hafi verið í fyrra 6—7 milljarðar kr. Þess vegna endurtek ég það að ef menn ekki ná utan um þennan þátt, þ. e. hin almennu greiðslukjör á fasteignamarkaðinum, þá eru menn bara að moka sand í botnlausa fötu vegna þess að það dugir ekki að taka bara á hinum opinberu lánum eins og þau eru.

Níunda till. Alþb. var á þessa leið:

„Tekin verði upp ráðgjöf í fjármálum er tengjast húsnæðiskaupum t. d. á vegum Húsnæðisstofnunar og bankanna."

Þetta held ég að sé mjög stórt atriði, að fólk sé aðstoðað með ráðgjöf þegar það er að festa kaup á húsnæði. Hér er um að ræða skuldbindingu sem hangir oft á tíðum um háls fólks í mörg ár eða jafnvel áratugi. Þá skiptir ákaflega miklu máli að hvert skref sé vandað sem menn ákveða að stíga í sambandi við þessa þungu fjárfestingu sem er baggi á flestöllum venjulegum heimilum launafólks í landinu.

Tíunda till. snertir svo sérstaklega vanda fólks í dreifbýli.

Mér fannst rétt að vekja athygli á þessu, herra forseti, að með þessum till. til úrbóta í húsnæðismálum hefur Alþb. í Reykjavík unnið upp ítarlegar till. sem mega verða til nokkurrar leiðbeiningar varðandi þann vanda sem við er að glíma í þessu efni. Ég minnti á það hér fyrr að Alþb. hefði á síðustu árum verið aðili að samsteypustjórnum og því ekki komið fram sem skyldi með sínar till. í húsnæðismálum eða ýmsum öðrum slíkum málaflokkum. Þess vegna væri till. um samræmt húsnæðislánakerfi að okkar mati nauðsynleg og sérstaklega nauðsynlegt að koma fram með hana einmitt nú.

Þegar umr. fóru fram í ríkisstj. Gunnars Thoroddsen um efnahagsmál sumarið 1982 lagði Alþb. fram þrjár till. um fjármögnun húsnæðislánakerfisins sem gátu þýtt stórfellda eflingu þess frá því sem var. Að lokum samþykkti ríkisstj. að tvöfalda framlag ríkisins til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982. Í fskj. III birti ég þessar till. Alþb. til glöggvunar þannig að menn megi sjá hvaða till. það eru sem við höfum gert varðandi fjármögnun á húsnæðislánakerfinu.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, herra forseti, að yfirskrift fskj. er ekki nógu skýr. Þar stendur: „Úr frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum, lagt fram í ríkisstj. sumarið 1982." Hér er sem sagt um að ræða frv. sem Alþb. þá lagði fram í þeirri ríkisstj.

Í fskj. IV birti ég dæmi úr umsögnum sem bárust frá fjöldamörgum aðilum. Það var merkilegt að sjá þann mikla fjölda umsagna sem kom um þetta frv. Ég hygg að fá frv. hafi fengið eins rækilega meðhöndlun hjá fjölda félagasamtaka í landinu og þetta frv. Það var greinilegt að fólk fann að hér var verið að fjalla um svo mikilvægt mál að samtökum þess væri skylt að sýna því ýtrustu athygli. Ég birti í þessu nál. aðeins nokkur dæmi, ein þrettán dæmi úr þessum umsögnum.

Því miður verður að segja eins og er að ég hygg að n. hafi ekki farið nægilega rækilega í sameiningu yfir þær umsagnir sem hér er um að ræða. Það má líka heita eðlilegt vegna þess að hér var um að ræða óvenjumikið magn umsagna. Þetta má gjarnan verða okkur til nokkurrar umhugsunar um það hvernig við tökum á móti umsögnum samtaka og stofnana hér í n. þingsins. Hvernig förum við yfir þær? Hvernig tryggjum við það að efni umsagnanna skili sér? Það eru kannske ekki alveg nægilega traust vinnubrögð sem þingið hefur í þessu efni. Ég er út af fyrir sig ekki að taka þetta frv. hér sérstaklega út úr, því fer fjarri, heldur minni ég á þetta vegna þess að það voru óvenju margar og mjög vandaðar umsagnir sem komu frá mörgum aðilum um þetta frv.

Í fskj. V geri ég grein fyrir því með því að birta bréf til formanns félmn. hvað umsóknum um lán úr Byggingarsjóði ríkisins hefur fjölgað stórum frá því sem gert hafði verið ráð fyrir við lánsfjáráætlun. Þar er um að ræða mjög verulegar breytingar frá því sem þá var talað um þannig að vandi Byggingarsjóðs ríkisins er miklu stærri en við töldum, stjórnarandstæðingar, þegar við vorum að ræða um málin við afgreiðslu lánsfjárlaga á sínum tíma.

Á bls. 17 í nál. 2. minni hluta er birt yfirlit yfir lánveitingar á liðnum þremur árum. Þar kemur fram að frumlán, þ. e. a. s. F-lán, hafa verið frá 1072 upp í 1182 á þessum þremur árum. Á næstu árum þar á undan voru þetta miklu fleiri lán. Mjög veruleg fækkun varð á þessum lánum þann tíma sem fráfarandi ríkisstj. sat og ég var í félmrn. Ástæðan var fyrst og fremst þær breytingar á lánakjörum sem urðu á almennum lánamarkaði á þeim tíma.

Ég vek athygli á því að nú er verið að tala um að þessi tala hækki ekki eins og Sjálfstfl. lofaði fyrir síðustu kosningar heldur lækki hún þannig að ekki verði veitt 1000 eða 1100 af 1200 frumlánum heldur séu menn að tala um að því er mér skilst um 750 frumlán á þessu ári. Ég vil spyrja talsmann félmn. meiri hl., hv. 5. þm. Norðurl. e.: Hvenær voru síðast veitt aðeins 750 frumlán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins? Hann getur vafalaust fengið um þetta upplýsingar hjá starfsmönnum Húsnæðisstofnunarinnar hvað langt er síðan að starfsemi stofnunarinnar var keyrð svona hrottalega niður eins og núverandi ríkisstj. er að gera.

Í fskj. VI er mjög ítarlega farið yfir skyldusparnaðarmálin sem ég ræddi aðeins um áðan og þar eru birt

gögn um það efni frá Húsnæðisstofnuninni. Þar kemur fram að ásókn í endurgreiðslu skyldusparnaðarins er stöðugt þyngri. Hún er því þyngri sem kjörin eru verri almennt í landinu. Það má sjá beina fylgni á milli niðurskurðar kaupmáttar annars vegar og ásóknar í endurgreiðslur skyldusparnaðar hins vegar ef menn fara yfir þessar tölur og aðrar tölur frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í fskj. VII eru enn birtar upplýsingar um Byggingarsjóð ríkisins og lán á árunum 1976—1983. Í því fskj. sést að aldrei hefur verið hægt að koma lánum niður í 750 á ári eins og gert er ráð fyrir að verði á árinu 1984. Þá eru birtar upplýsingar um innstreymi Byggingarsjóðs ríkisins 1971—1983, greiðsluyfirlit 1977—1983, nýbyggingar á liðnum árum, upplýsingar um staðalíbúðir.

Loks er hér birt fskj. VIII sem ég hefði haft hug á að ræða við hæstv. félmrh. Skyldi hann vera farinn af fundi, herra forseti? (**Forseti:** Við skulum athuga það.) Að hann hafi sofnað, hafi lagt sig kannske? (**Forseti:** Hæstv. ráðh. gengur í salinn). Ég þakka hæstv. forseta.

Á fskj. VIII í nál. 2. minni hl. félmn. er birt plagg, þ. e. a. s. mynd af forsíðu í ritinu Búseta. Ég vænti þess að hæstv. félmrh. hafi séð þessa mynd en þetta er mynd af honum sjálfum ásamt nokkrum af forustumönnum félagsins Búseta. Hæstv. ráðh. hefur plaggið undir höndum. Þetta plagg er birt hér í myndriti sem fskj. VIII vegna þess að það er í rauninni sönnun á því að ráðh. hefur með orðum sínum á undanförnum mánuðum ýtt undir þá hreyfingu sem hefur skapast um stofnun húsnæðissamvinnufélaga og í rauninni talið fólki trú um að ríkisstj. mundi þjónusta þetta fólk alveg sérstaklega núna á næstu mánuðum. Yfirlýsingar ráðh. í þessu efni hafa gefið til kynna að fólk mætti búast við einhverjum stuðningi við húsnæðissamvinnufélögin.

Í þessu viðtali á forsíðu Búseta, málgagni húsnæðissamvinnufélaga, segir hæstv. félmrh.:

„Ég hef lagt áherslu á að opna leið inn í kerfið fyrir þetta form.“ Nú hef ég setið í félmn. á fundum og fjallað um þetta mál. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvar hefur ráðh. verið að reyna að opna leið inn í kerfið fyrir þetta form? Ekki man ég eftir því að hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem var sérstakur fulltrúi Framsfl. í húsnæðismálum í n., hafi verið mikið að reyna að nudda okkur, mér og fulltrúum Sjálfstfl., til þess að finna leið fyrir þetta form. En hæstv. ráðh. sagði þetta við það fólk sem var hundruðum saman að hópast inn í húsnæðissamvinnufélögin í trausti þess að eitthvað væri að marka það sem ráðh. segir. Og hann bætti um betur því í þessu sama blaði segir ráðh:

„Þótt það hafi ekki verið útvegað fjármagn á fjárlögum 1984 til húsnæðissamvinnufélaga á það ekki að hindra að þessu formi á uppbyggingu leiguhúsnæðis sé fundinn staður í húsnæðislánalöggjöfinni. Ég tel síður en svo útilokað að hægt sé að ná samkomulagi um túlkun á félagslegu húsnæði þannig að það hugtak nái til húsnæðis á vegum Búseta.“

Þetta skilja auðvitað allir þannig að hæstv. ráðh. ætli að beita sér fyrir því að húsnæðissamvinnufélögin fari inn í félagslega húsnæðislánakerfið. Það er bara útúrsnúningur hjá ráðh. og ekkert annað þegar hann er að halda því fram að þetta sé einhver misskilningur, hann hafi aldrei meint þetta og aldrei sagt þetta. Ef hann ekki meinti það sem menn skildu af orðum hans þá átti hann að senda út leiðréttingar og gefa aðvaranir til fólks, en það gerði hann ekki. (**Félmrh.:** Hef ég mótmælt þessu?) Ráðh. hefur ekki mótmælt þessu. (Gripið fram í.) Ráðh. hefur akkúrat ekki mótmælt þessu. En hér kemur svo hv. þm. Halldór Blöndal, undirleiðtogi ríkisstj. í húsnæðismálum, og segir hér í dag: „Húsnæðissamvinnufélögin eru ekki inni í Byggingarsjóði verkamanna, 33. gr. c-lið.“ Það var alveg skýrt. Hv. formaður félmn., Þorsteinn Pálsson, hafði hreinskilni til þess að taka þetta fram á einum af fyrstu fundum n. Þannig hafa formaður félmn. og talsmaður hennar í þessum umr. í dag lýst yfir: „Húsnæðissamvinnufélögin eru ekki hér með.“ Þess vegna er það rangt sem ráðh. sagði í þessu blaði.

Svo er mér sagt að hæstv. ráðh. hafi enn þá einu sinni verið að reyna að þvo sér í sjónvarpinu í kvöld. Og með hverju? Með því að segja: Ja, ef þetta er ekki þarna inni og ef skilningur n. er nú svona og svona og svona þá mun ég flytja frv. um málið. Ég segi við hæstv. ráðh.: Það er lítið skjól að hafa í frv. fyrir þeim næðingi sem stundum er á Íslandi. Það er vont að byggja hús úr pappír jafnvel þótt að það séu frv. sem eru prentuð á þann pappír. Er ágreiningur milli hv. þm. Halldórs Blöndal og hæstv. félmrh. í þessum efnum? Er hv. þm. Halldór Blöndal að fara með fleipur? Er það kannske rangt hjá honum að húsnæðissamvinnufélögin séu ekki inni í c-lið 33. gr. frv.? Ég krefst þess að hæstv. ráðh. geri þegar í stað og áður en umr. heldur mikið lengur áfram, vegna þess að hún á eftir að halda lengi áfram enn, grein fyrir því hvor þeirra hefur rétt fyrir sér í þessu efni.

Ef það er svo að húsnæðissamvinnufélögin komast undir c-lið 33. gr. eins og ráðh. hélt fram — mér er sagt að hann hafi í rauninni lýst því yfir að hann vildi að húsnæðissamvinnufélögin væru inn í þessu kerfi — á hann að setja ofan í við þennan aðstoðarmann sinn, Halldór Blöndal, hv. 5. þm. Norðurl. e. Hann á að skamma hann fyrir að fara með fleipur og blaður og hann á að gera grein fyrir málunum hér á eftir.

En það sem maður óttast er að hæstv. ráðh. sé í bögglingi með málið og viti ekkert hvernig hann eigi að koma því frá sér. Hann sé búinn að segja svo mikið en hafi svo litla peninga að hann sé í ýtrustu vandræðum með að flækja sér í gegnum þetta mál. Sé að róla sér á milli setninga af mikilli fimi oft á tíðum þannig að það minnir stundum á Steingrím Hermannsson, hæstv. forsrh.

Herra forseti. Þær yfirlýsingar, sem núv. félmrh. hefur gefið í sambandi við húsnæðissamvinnufélögin, eru í raun og veru þannig að honum ber siðferðileg skylda til þess að standa við þær. Ég segi: Ráðh. getur fengið stuðning stjórnarandstöðunnar í því efni hér og nú. Ef hann er í vandræðum með þá Halldór Blöndal og Þorstein Pálsson, hv. þm., þá skal stjórnarandstaðan hlaupa þar undir bagga. Þá getur hæstv. félmrh., eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á áðan, samþykkt þær brtt. sem stjórnarandstaðan er hér með. Ráðh. verður hér á eftir að gera grein fyrir þessum málum með miklu gleggri hætti en hann hefur gert. Það er ekki hægt að ljúka þessari umr. án þess að það komi skýrt fram hvoru megin hryggjar húsnæðissamvinnufélögin eru. Er það Halldór Blöndal sem fer með rétt mál eða er það hæstv. félmrh.? Það skal verða skýrt áður en þessari umr. lýkur þó að það þurfi að taka langan tíma. (**HBl:** Menn verða þá að komast að.) Bíddu rólegur,

nóg er nóttin.

Í fskj. IX frá 2. minni hl. félmn., um venjur á fasteignamarkaði og þýðingu hans í húsnæðismálum landsmanna, er birt grg. frá Fasteignamati ríkisins um þessi efni. Grg. er dags. í apríl 1984. Þessi grg. er til fyrirmyndar vegna þess að hún er stutt, glögg og skýr og sýnir okkur í hnotskurn hvaða vandi er hér uppi í sambandi við hinn almenna húsnæðismarkað. Útilokað er að halda áfram umr. um þessi húsnæðismál á þetta breiðum grundvelli öðruvísi en að taka hinn almenna húsnæðismarkað til nokkurrar umr. líka. Því miður er ekki kostur á því að fara mjög rækilega yfir þessa grg. svo góð sem hún er, og ég bið hv. þm. um að kynna sér hana. Ég ætla aðeins að fara yfir niðurstöður þessarar grg. en í henni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

Helstu niðurstöður þessarar skýrslu eru dregnar saman hér á eftir í samanþjöppuðu formi.

Heildarvelta fasteignamarkaðarins var 6—7 milljarðar í fyrra. Útborgun var 4.5—5.2 milljarðar. Fjárþörf áætlast 2.5—3.0 milljarðar.

Sala íbúða er mjög ör á Íslandi. 5—6% af öllum íbúðum eru seldar á ári hverju. Í öðrum löndum er hlutfallið 2—3%.

Greiðslukjör eru mjög óhagstæð fyrir kaupendur. Útborgun er 75% hér en 10—30% er algengt erlendis.

Óhagstæð greiðslukjör hafa mikil áhrif á lánsfjárþörf markaðarins í heild. Ef útborgun lækkar úr 75% í 50% jafngildir það 830 millj. kr. til kaupenda. Það er 50% aukning á opinbera húsnæðislánakerfinu.

Vöntun á litlum íbúðum er áberandi, segir Fasteignamat ríkisins. Verð þeirra er hátt og ekki eru teikn á lofti um meira framboð.

Hætta á offramboði er fyrir hendi á vissum flokkum íbúða ef sú þróun sem verið hefur í húsbyggingum heldur áfram. Við fjárfestum árlega hátt í 1.5 milljarði í það eitt að stækka húsnæði á hvert mannsbarn. Þegar höfum við 38 fermetra á mann.

Miklar sveiflur eru á verði íbúða. Frá 1982 til 1983 lækkaði raunverð íbúða á Íslandi um 25%.

Fasteignamiðlun er laus í böndum. Margir smáir aðilar fást við fasteignasölu. Samræmingu og festu vantar — og það er Fasteignamat ríkisins, opinber stofnun, sem hér er að tala.

Breyttar forsendur á fasteignamarkaði undanfarin ár gera félitlu fólki mun erfiðara að kaupa en áður. Útborgun — takið eftir — er nú 50% hærri en hún var síðast þegar verðbólgan í þjóðfélaginu var af sömu stærðargráðu og nú.

Erfiðleikar ungs fólks eru miklir og fara vaxandi. Há útborgun er mesti þröskuldurinn eins og er. Þegar frá líður mun verðtrygging og jákvæðir raunvextir þó hafa meiri áhrif, segir hér.

Þess er ekki kostur, herra forseti, að fara mikið ítarlegar yfir þessa góðu greinargerð frá Fasteignamati ríkisins. En í framhaldi af henni mættu menn gjarnan velta því fyrir sér í fullri alvöru hvað er hægt að gera til þess að hafa áhrif á hinn almenna fasteignamarkað þannig að hann verði ekki eins dýr og þungur fyrir almenning og nú er um að ræða. Ég held að eitt það þarfasta sem hægt væri að gera í húsnæðismálum núna væri að reyna að finna leið að því marki að bæta greiðslukjör á fasteignamarkaði hérlendis. Hvert 1% í þeim efnum er dýrmætara en nokkrar millj., jafnvel 100 millj. í hina opinberu byggingarsjóði. Þetta er í rauninni miklu stærra mál en menn hafa gert sér grein fyrir á liðnum árum. Við borgum hér miklu hærri útborganir í íbúðum en er t. d. í grannlöndum okkar og það gerir þennan markað miklu dýrari og erfiðari fyrir hinn almenna launamann en er í grannlöndum okkar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara miklu ítarlegar yfir þetta mál að sinni. Ég ætla aðeins að vekja athygli á því sem ég tel að séu megingallarnir á þessu máli eins og er:

Það er í fyrsta lagi að ég sé ekki betur en það sé rétt sem hér kom fram áðan að ríkisstj. ætli ekki á þessu ári að veita 40% af útlánaáætluninni úr ríkissjóði þegar í ár. Ég hef a. m. k. engar tillögur séð um það eða hugmyndir frá ríkisstj. að hún ætli að hækka framlög úr ríkissjóði í Byggingarsjóð ríkisins strax, ef þessi lög verða samþykkt, um 230 eða 240 millj. kr. Þess vegna óttast ég að það sé rétt að þetta 40% markmið sem talað er um verði svikið þegar á fyrsta ári þeirra laga sem menn eru hér að reyna að setja.

Í öðru lagi tel ég það eitt alvarlegasta atriðið við þetta frv. og alla þessa málsmeðferð hvernig yfirlýsingar og loforð félmrh. hafa leikið það fólk sem hefur gengið í húsnæðissamvinnufélögin. Ég sé ekki betur en að ríkisstj. sé að koma í bakið á þessu fólki einmitt í dag. Yfirlýsingar ráðh. í þeim efnum hafa ekki haldið ef þær yfirlýsingar eru réttar, sem fram komu frá hv. þm. Halldóri Blöndal, talsmanni félmn., hér fyrr í kvöld. Það er ákaflega alvarlegt ef ráðh. ætlar að ganga á bak orða sinna með þeim hætti sem margt bendir til að standi til í sambandi við húsnæðissamvinnufélögin.

Þriðja atriðið, herra forseti, sem ég tel mjög alvarlegt í þessu efni er aðförin að verkamannabústöðunum og félagslega íbúðabyggingakerfinu eins og ég hef nú rakið, bæði í þessari ræðu minni og svo áður. Auk þessa eru svo ýmsir tæknilegir gallar á máli þessu eins og í sambandi við endursölukerfi verkamannabústaðanna. Ekki er snert við vandamálum skyldusparnaðarins og fleira mætti til tína í þeim efnum. En fátt er svo með öllu illt að ekki geti eitthvað jákvætt fylgt því og margt er í þessu frv. jákvætt til tæknilegra lagfæringa á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þau atriði munum við í Alþb. fyrir okkar leyti að sjálfsögðu styðja.

Ég vil áður en ég fer úr ræðustól leggja fyrir hæstv. ráðh. tvær spurningar. Í fyrsta lagi: Hvaða vextir eru ráðgerðir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins eftir að lögin hefði verið um þá í lögum eins og hér er gerð till. um? Er ráðh. reiðubúinn til að svara því hverjir verða vextirnir á húsnæðislánum eftir að þetta frv. hefði verið samþykkt sem lög? Og í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðh. að gefnu tilefni vegna yfirlýsinga frá Halldóri Blöndal, hv. þm., hér í dag. Hv. þm. Halldór Blöndal talaði um að samþykkt hefði verið áætlun hjá húsnæðismálastjórn. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Liggur fyrir ný útlánaáætlun fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins á árinu 1984? Og ef svo er hvernig skiptast upphæðir þar á lánaflokka?

Ég hef, herra forseti, í nokkru máli gert grein fyrir þeim atriðum sem við teljum í Alþb. að mestu skipti í sambandi við þessi húsnæðismál og umr. um þau eins og hún stendur varðandi þetta frv. Mörgu hefur þó verið sleppt af því sem snertir þennan mikilvæga málaflokk. En ég vil enda á því að undirstrika það sem ég tel vera aðalatriðið. Það er að lausn á þessum vanda, fjármögnun húsnæðislánakerfisins á Íslandi, fæst aldrei

öðruvísi en að okkur takist að tengja þetta saman sem við höfum verið að ræða um hér í dag. Í fyrsta lagi opinbera kerfið, í öðru lagi bankana, í þriðja lagi lífeyrissjóðina og í fjórða lagi að okkur takist að koma á með lögum eða öðrum hætti kerfisbundinni lækkun útborgana þannig að greiðslukjör á fasteignamarkaði verði bætt stórum frá því sem nú er og verði sambærileg við það sem er í grannlöndum okkar. Þetta tel ég að skipti höfuðmáli og vil undirstrika að lokum. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. sjái sér sem fyrst fært að svara þeim fsp. sem ég hef lagt fyrir hann hér í kvöld.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég vil nú aðeins, áður en ég tek til að ræða frv. sem hér liggur fyrir, víkja að nokkrum orðum sem hv. þm. Svavar Gestsson viðhafði hér áðan. Það er að vísu fremur algengt að hann viðhafi þessi orð. Hann var í þessu tilviki að ræða um það, að ef félmrh. ætti í einhverjum vandræðum með hv. þm. Halldór Blöndal skyldi stjórnarandstaðan auðvitað hlaupa undir bagga og hjálpa honum. Ég vil bara benda hv. þm. á það, að hann getur talað fyrir sjálfan sig í stjórnarandstöðu, hugsanlega samflokksmenn sína, ég veit það þó ekki, varla alla, en alls ekki fyrir mig, og ég efa að hann geti talað fyrir aðra. (**JBH:** Ja, fyrir sjálfan sig getur þm. talað.) Já. Það getur hann gert en alls ekki tekið það fram að stjórnarandstaðan muni sem heild gera eitt eða annað sem hann hefur ekki borið undir hana. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann viðhefur þessi orð og þar sem svo vel bar í veiði að ég fór í stól á eftir honum hugsaði ég mér að nota tækifærið. Og ég er ekki eina manneskjan sem tekið hefur eftir þessu og haft hug á að andmæla því.

Virðulegi forseti. Í frv. því um Húsnæðisstofnun sem hér liggur fyrir til 2. umr. eru ýmsar nýjungar sem ótvírætt eru til bóta og sem ástæða er til að vekja athygli á og fagna. Í því sambandi má nefna hækkun lána og lengingu lánstíma þó að okkar mati í Bandalagi jafnaðarmanna sé þar enn ekki gengið nógu langt. Þá má nefna það nýmæli að lán verða afborgunarlaus fyrstu tvö árin og aukningu fastra tekjuliða skv. 9. gr. 2. tölul. ásamt hraðri afgreiðslu lána til þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Aftur á móti eru önnur ákvæði í frv. sem eru ótvírætt mikið spor aftur á bak og þarf að taka hér til umr. ekki síður en það sem er jákvætt að segja um frv.

Þar er þá fyrst að nefna að eigið framlag þeirra sem kaupa nýjar íbúðir í verkamannabústöðum er nú hækkað. Í stað þess að lánshlutfallið verði 90% eins og það er skv. núgildandi lögum er nú gert ráð fyrir að lækka það niður í 80%. Eigið framlag þeirra sem ætla má að í flestum tilfellum séu þeir tekjulægstu í þjóðfélaginu er með þessu móti hækkað. Væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig ríkisstj. hefur reiknað það dæmi, að þetta fólk geti, eftir nýyfirstaðnar kaupskerðingar og kaupmáttarýrnun, hækkað eigið framlag til þessara mjög svo nauðsynlegu framkvæmda. Þetta verður þess valdandi að stækkandi hópur lágtekjufólks hefur alls engin tök á því að eignast nýja íbúð í verkamannabústöðunum. Það hefur þar með litla sem enga möguleika til að komast í öruggt húsaskjól og verður tilneytt að flýja út á hinn mjög svo ótrygga leigumarkað, nema því aðeins að önnur úrræði svo sem búseturéttaríbúðir, verði því tryggð.

Sú breyting sem boðuð er varðandi lán til kaupa á notuðum íbúðum er að því er best verður séð til þess fallin að verulega muni draga úr kaupum á slíkum íbúðum og er þar sannarlega stigið spor aftur á bak. Forkaupsréttarkerfið, sem við lýði hefur verið á verkamannabústöðunum, er nú skv. þessu frv. fellt niður í þeirri mynd. Þetta gerir það að verkum að fjöldi efnalítils fólks, sem ekki hefur möguleika til að leysa húsnæðisvandamál sín nema í gegnum verkamannabústaðina, getur ekki fengið lausn sinna mála.

Svo að ég minnist aðeins á 36. gr., þar sem fjallað er um skipan stjórnar verkamannabústaðanna, þá er með því að fjölga fulltrúum sveitarstjórna í stjórn verkamannabústaðanna úr þremur í fjóra verið að ganga mjög á rétt verkalýðsfélaganna. Get ég ekki séð neina ástæðu til þess að það geti ekki áfram ríkt fullkomið jafnræði milli verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og sveitarstjórna hins vegar eins og verið hefur. Ég segi þetta vegna þess að ég hef ekki heyrt nein þau rök sem mæla með því að fulltrúum sveitarstjórnanna verði fjölgað í þessum stjórnum. Þar virðist hafa ríkt fullkomin samstaða og samvinna og hafa verið unnið vel. Þegar málum er svo komið get ég ekki séð neina ástæðu til að breyta slíku kerfi.

Það er auðvitað ljóst að það fyrsta sem til þarf að koma, ef um á að vera að ræða raunhæf fyrirheit um lengingu lánstíma og bætt lánakjör yfirleitt, sem að mörgu leyti virðast felast í þessu frv. við fyrstu sýn, að ég tali nú ekki um ef raunverulega er verið að bjóða upp á þann nýja valkost sem búseturéttarfyrirkomulagið er, það fyrsta sem til þarf að koma er samstaða. Og þá á ég við pólitíska samstöðu og þá fyrst og fremst auðvitað innan stjórnarflokkanna, en mér hefur sýnst hér í kvöld að hún eigi langt í land. Auk þess virðist mér vanta allnokkuð upp á að þau loforð — ég vil næstum því ganga svo langt að segja tálvonir — sem gefin voru í kosningunum s. l. vor varðandi þessi atriði séu efnd.

Það er engum blöðum um það að fletta að brýna nauðsyn ber til að taka alla fjármögnun húsnæðislánakerfisins til ítarlegrar endurskoðunar. Þessu kerfi þarf nauðsynlega að koma í traustan farveg og ekki hvað síst að koma á samfellu í húsnæðislánakerfinu þannig að um heildarútlánastefnu og markmið verði að ræða. En til þess er núgildandi kerfi og það sem boðað er í þessu frv. allt of handahófskennt.

Það er ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvað getur orðið til þess að útvegun húsnæðis verði þjóðhagslega hagkvæm. Með því að auka verulega lánveitingar til verkamannabústaða og búseturéttarfélaga og lengja lánstíma verulega segir það sig sjálft að á tiltölulega skömmum tíma næst aukið jafnvægi í húsnæðismálum hér á landi eins og raunin hefur orðið annars staðar. Markaðurinn hættir þá að ráðast einvörðungu af braski og fjárgróðasjónarmiðum ásamt stöðugri leit að leiðum til að fjármagna stærra og betra húsnæði. Það þarf að vinna skipulega að því að gera það mögulegt að félagslegar íbúðir verði leigðar út og að tryggja að lánskjörin rýrni ekki frá því sem nú er. Því næst þarf að stefna markvisst að því að auka þau. Það er eins og stjórnvöld stefni að því leynt og ljóst að þvinga fólk inn í þann farveg sem hér hefur tíðkast nær alla tíð, að fólk sé nauðbeygt til að eignast húsnæði, hvort sem því líkar það betur eða verr eða hefur möguleika til þess. Þeir sem af einhverjum ástæðum hafa ekki möguleika til að eignast húsnæði eru svo af samfélaginu

og stjórnvöldum eða stefnu þeirra dæmdir til að verða undir, vegna þess að öll uppbygging þjóðfélagsins gerir fastlega ráð fyrir því að hver einstaklingur eignist eigið húsnæði og hann byrjar að undirbúa þessa eign um leið og hann tekur til starfa á hinum almenna vinnumarkaði. Þá segir það sig sjálft hvað verður um þá einstaklinga sem af einhverjum ástæðum geta ekki hafið störf og byrjað að safna í sarpinn.

Þetta er auðvitað alveg ótækt. Þessari óheillaþróun þarf að snúa við. Þess vegna er í brtt. við þetta frv. á þskj. 694 frá tveimur þm. Bandalags jafnaðarmanna, mér og Guðmundi Einarssyni, lagt til að gerð verði breyting á 58. gr. og 6. mgr. orðist svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstíminn vera allt að 40 árum sé um að ræða íbúðir til einkaeignar. Sé um að ræða búseturéttaríbúðir skal lánstíminn vera allt að 60 árum og lánið veitt gegn 1. veðrétti."

Við rennum enn frekari stoðum undir þá skoðun sem birtist í þessari till. með því að gera brtt. við 1. gr. frv. um að 2. mgr. orðist svo, með leyfi forseta: „— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika landsmanna á öruggu húsnæði til eignar eða leigu." Eins og þessi gr. hljóðar í frv. er gert ráð fyrir því að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði. Alls staðar birtist þessi sama stefna, þvingunareignarstefnan.

Oft var þörf en nú sýnist mér nauðsyn bera til þess að koma á hugarfarsbreytingu. Ekki er samt pólitísk samstaða og samræmdur skilningur á því hvernig túlka beri þær greinar frv. sem fjalla um uppbyggingu félagslegra íbúðaforma. Í aths. við 54. gr. frv. segir m. a. — og ég bið menn að taka vel eftir: „Þegar rætt er um félagasamtök og stofnanir sem framkvæmdaaðila við byggingu leiguíbúða eru hafðar í huga sjálfseignarstofnanir svo sem Félagsstofnun stúdenta og aðrar sambærilegar stofnanir, samtök leigjenda, verkalýðsfélög og fleiri hagsmunaaðilar sem myndað gætu samtök til þess að byggja leiguíbúðir til afnota fyrir félagsmenn eða til leigu á almennum markaði."

Mér þykir verst, virðulegi forseti, að hv. þm. Halldór Blöndal skuli ekki vera hér inni núna vegna þess að mér virðist þessi útskýring á umræddri grein í aths. frv. engan veginn samræmast útskýringu hv. frsm. meiri hl. félmn. Í aths. segir: „til afnota fyrir félagsmenn eða til leigu á almennum markaði" og þar er vitnað jafnframt til 33. gr., bæði í b- og c-lið, þannig að þessi aths. rennir ótvírætt stoðum undir það sem fram hefur komið, ekki síst frá hæstv. félmrh. Svo að ef hann vantar frekari rök fyrir máli sínu til að nota í baráttunni við hringlandaháttinn í hv. þm. Halldóri Blöndal, þá getur hann notað þessa aths. Við lagatúlkun eru einmitt oftast notaðar þær aths. sem er að finna við lagagreinar í grg. frv. Ég sé að hæstv. félmrh. strikar undir þetta í frv. og ég er mjög fegin að hafa getað orðið að liði.

Frsm. meiri hl. félmn. segir aftur á móti um þetta að meiri hl. félmn. líti svo á, að hvorki húsnæðissamvinnufélagið Búseti né önnur félög sem stofnuð eru til þess að byggja leiguíbúðir á almennum markaði falli undir þessa grein. Það virðist því vanta ansi mikið upp á samræmdan skilning á þessu atriði.

Varðandi 3. gr., 1. mgr., leggjum við til að Húsnæðisstofnun starfi sem ein heild en skiptist í tvær deildir í stað þriggja eins og frv. gerir ráð fyrir og eins og nú er. Vísum við þá til VI. kafla frv. og leggjum til að sá kafli verði felldur niður enda teljum við enga þörf á því að Húsnæðisstofnun ríkisins reki tæknideild. Það er á allra vitorði að hér á landi er fjöldi mjög góðra verkfræði- og teiknistofa, arkitekta og annarra sérfræðinga sem þarf til að sinna því hlutverki sem tæknideild Húsnæðisstofnunar er ætlað. Margar þessar verkfræði- og teiknistofur skortir stundum verkefni. Það væri því þarft verk að færa þessa starfsemi út til þeirra stofa sem þegar eru til og í fullum gangi. Einnig höfum við heyrt því fleygt að félög hafi leitað til tæknideildar Húsnæðisstofnunar um hönnun íbúða en ekki séð sér fært að nýta þá þjónustu fyrir þær sakir í fyrsta lagi að verðið var of hátt og ekki síður, því miður, vegna lélegrar hönnunar. Þetta segir okkur ekki annað en það, að einkaaðilar eru þess miklu betur umkomnir að veita slíka þjónustu og sinna því verkefni sem deildinni hefur á sínum tíma verið ætlað að leysa. Að okkar áliti er tilverugrundvöllur hennar því alls ekki lengur fyrir hendi.

B. liður 2. brtt. okkar um að 4. mgr. 3. gr. falli brott tengist því að leggja tæknideildina niður og því er eins farið um 3. brtt., um að 7. gr. 2. mgr. falli brott.

Varðandi 41. gr. frv., þar sem talað er um að húsnæðismálastjórn skuli sérstaklega huga að hagkvæmni íbúða og að leiðum til að tryggja sem lægst íbúðaverð, svo sem með stöðlun, samkeppnisútboðum og sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið, finnst okkur engan veginn nógu fast að kveðið. Leggjum við því til að 41. gr. orðist svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Hagkvæmni íbúða og sem lægst íbúðarverð skal tryggja með því að framkvæmdir við byggingar verkamannabústaða skuli ætíð boðnar út."

Það hefur margoft sýnt sig og verið sannað að útboð eða bundnir samningar við verkframkvæmdir eru hagkvæmasta leiðin til betri nýtingar fjármagns skattborgaranna. Þess vegna verður að telja það mjög hagkvæmt að hafa það bundið í lögum að þarna verði ætíð um það að ræða að framkvæmdir séu boðnar út. Við hvetjum til þess að hv. þm. taki eftir þessu og að þessi brtt. verði samþykkt.

Þá leggjum við til að síðustu í brtt. okkar að VII. kafli, um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga, verði felldur brott. Skyldusparnaður hefur viðgengist hérlendis hátt á annan áratug. Reglan hefur verið sú, að ríkið heldur eftir um 15% af launum allra einstaklinga á aldrinum 16—26 ára. Þetta er gert undir því yfirskini að verið sé að gera þessu fólki greiða, að verið sé að veita því forsjá, enda hafi ungt fólk varla vitsmuni til þess að spara og fara skynsamlega með tekjur sínar og því síður að því sé ætlað að hafa nokkra sérlöngun varðandi ráðstöfun tekna sinna. Það er nákvæmlega ekkert í þessum lagafyrirmælum um skyldusparnað sem gefur til kynna að tilgangurinn sé annar og göfugri en að framan greinir, þ. e. þessi forsjárhugsjón og að fólk hafi enga vitsmuni til að bera til þess að sýna af sér ráðdeild. Það má lýsa furðu yfir þessu, sérstaklega þegar haft er í huga að á árinu 1983 var skyldusparnaðurinn neikvæður um 8 millj. kr. og skv. áætlun Húsnæðisstofnunar nú nýverið verður skyldusparnaðurinn neikvæður um sem svarar

40 millj. kr. um næstu áramót.

Hér er óhjákvæmilegt að víkja aðeins að ummælum hv. frsm. meiri hl. félmn. fyrr í dag. Þá sagði hann m. a., með leyfi virðulegs forseta: „Ég vil þá fyrst segja það almennt um skyldusparnað að hann er að sjálfsögðu ekki sú sama tekjulind fyrir byggingarsjóð og áður af þeim augljósu ástæðum að ungu fólki fjölgar ekki í árgöngum með sama hætti og áður var.“ Síðar í máli sínu segir hann þróunina hafa orðið þá að verulega meira fé hafi farið út úr þessu kerfi en inn í það. Og áfram nefnir hann, með leyfi forseta: „að fleira ungt fólk fari til náms sem skerði afrakstur Húsnæðisstofnunar.“ Nú er það orðið mjög neikvætt hve margir eru farnir að stunda nám, enn fremur sé fleira fólk en áður sem stofnar til hjúskapar á unga aldri, auk þess sem hv. frsm. nefnir að heimildir til undanþágu séu rýmri nú en áður — og meira notaðar, segir hann. Það er merkileg niðurstaða sem hv. þm. Halldór Blöndal kemst að. Um leið og hann gerir ráð fyrir því að ungt fólk á aldrinum 16—26 ára hafi ekki rænu eða vit til þess að hugsa sjálfstæða hugsun segir hann í framsögu sinni, með leyfi forseta, að nú þurfi að koma á meiri festu um framkvæmd laga um skyldusparnað, enda segir hann síðar í máli sínu, að fyrir þessu megi færa þau almennu og uppeldislegu rök að það sé heilbrigt markmið í sjálfu sér fyrir ungt fólk sem er í skóla að leggja fyrir hluta af aflafé sínu.

Þessi meinta velferðarþjónusta og forsjárhyggja mun vera einsdæmi í vestrænum lýðræðisríkjum. Til viðbótar er ekki annað að sjá en að þessi löggjöf brjóti í bága við íslensk lög um sjálfræði og fjárræði. Við í Bandalagi jafnaðarmanna lítum svo á, að þessi lög, hvað varðar skyldusparnað, brjóti á grundvallarrétti — þ. e. rétti hvers sjálfráða manns til að stýra sparnaði og eyðslu sinni eftir eigin geðþótta. Það er ekkert sjálfgefið að það sé skynsamlegt að spara til íbúðarkaupa. Það er hlutur sem sérhver einstaklingur verður að hafa rétt til þess að taka ákvörðun um, samkvæmt efnahag sínum og ekki síður samkvæmt lífsskoðun sinni. Þess utan hefur þessi svokallaði skyldusparnaður verið hreinn stuldur gegnum árin, þó að einhver bót kunni að hafa orðið á því nú hin síðari ár, eins og hv. frsm. meiri hl. félmn. gat um í ræðu sinni. Í þessum forsjárhyggjulögum er gert ráð fyrir því að fólk noti þetta fé til að byggja eða kaupa eigið húsnæði og ekki til neins annars. Þessu til staðfestingar er ákvæði sem undanþiggur þá einstaklinga þessari skyldu sem eiga íbúð til eigin þarfa. Það er ekki nóg með að yfirvöld frysti fé unga fólksins heldur veita þau líka fyrirmæli um ráðstöfun fjárins að þvingunartíma loknum.

Skyldusparnaðarlögin eru óréttlát, um það þarf engum blöðum að fletta og allflestir sjálfsagt sammála um það að meira eða minna leyti. Óréttlátari eru þó ákvæðin um undanþágur sem draga þegnana í dilka eftir þjóðfélagsstöðu. Í þessum ákvæðum er ekki spurt um tekjur og lífskjör, eins og maður skyldi nú ætla, heldur hvort menn séu giftir eða ekki og hvort menn eigi íbúð eða ekki. Síðan eru þeir ógiftu og eignalausu taldir aflögufærir en giftu eignafólki veitt undanþága. Auðvitað getur þetta veri öfugt. Það getur verið að þeir sem eru ógiftir séu eignafólk, en oft er það á hinn veginn.

Það sér hver maður að svona lög eru bæði hringlandi vitlaus og siðlaus með öllu. Með framangreint í huga leggjum við til að hætt verði að skylda fólk til þessa svokallaða sparnaðar. Það er alveg ljóst að bankarnir geta hæglega sett upp sparnaðarkerfi í svipuðum dúr, þar sem fólki gefst færi á því að spara, fá góða vexti fyrir sparnaðinn sem taki tiltekinn árafjölda og væri ákveðin prósenta af mánaðarlaununum. En menn skyldu hafa í huga að munurinn verður sá, að þar er um að ræða sparnað af fúsum og frjálsum vilja, af því að einstaklingurinn með heilbrigða skynsemi, sem ég tel að ungt fólk upp til hópa hafi, hefur komist að raun um að hann hafi tekjuafgang sem hann vill leggja til hliðar og sem hann sjálfur álítur að muni koma sér vel að geta tekið út ef hann síðar meir tekur þá ákvörðun að kaupa eða byggja sér þak yfir höfuðið. Bankarnir geta hæglega boðið ungu fólki upp á sparnað þar sem það leggur inn ákveðið hlutfall af tekjum sínum mánaðarlega og það liggur ljóst fyrir í upphafi hve mikið bankarnir treysta sér til að margfalda þá upphæð þegar að því kemur að leysa upphæðina út.

Ef skyldusparnaðarkerfið yrði fellt niður getur þetta kerfi komið í staðinn. Eins og ég gat um í upphafi máls míns þarf að samræma þessi atriði og gera ráð fyrir því við lagasetningu um þessi mál að um heildarútlánastefnu allra útlánastofnana verði að ræða.

Ég ætla ekki að taka til sérstakrar umræðu hér þær brtt. sem fyrir liggja frá öðrum, bæði úr stjórnarflokkunum og stjórnarandstöðu. Það er búið að gera ítarlega grein fyrir þeim í kvöld. Mjög mörgum þeirra erum við í BJ sammála og komum til með að greiða þeim atkvæði okkar þegar þar að kemur. Þá kemur það í ljós hverju við erum sammála og hverju ekki.

Kristín Halldórsdóttir: Virðulegi forseti. Stefna Kvennalistans í húsnæðismálum er að fólk eigi kost á öruggu húsnæði og hafi raunverulegt val um það hvernig það hagar sínum húsnæðismálum. Hvort það leigir, kaupir notað húsnæði eða byggir sjálft. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stuðla að stóraukinni uppbyggingu leiguhúsnæðis á vegum hins opinbera eða félagasamtaka. Á því sviði er þörfin tvímælalaust mest. Það er að okkar mati fullkomlega óraunhæft að gera ráð fyrir óbreyttri meginstefnu í húsnæðismálum, þ. e. þeirri stefnu að sem flestir eigi húsnæðið sem þeir búa í. Það er óraunhæft fyrst og fremst vegna breytts ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar, vegna versnandi launakjara, minnkandi möguleika til að afla aukatekna og minni verðbólgu sem áður fleytti skuldugum húsbyggjendum yfir erfiðustu hjallana.

Afstaða fólks til húsnæðis er að breytast. Það sækist nú fremur eftir öryggi en eign. Eftirspurn eftir leiguíbúðum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, fer vaxandi á sama tíma og framboð minnkar og er brýnt að snúa þeirri þróun við. Benda má á nýlegar upplýsingar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar þess efnis, að um 1100 einstaklingar á ellilífeyrisaldri séu nú á biðlista eftir leiguhúsnæði í borginni. Eins má minna á að 850 umsóknir bárust um 250 íbúðir í verkamannabústöðum sem auglýstar voru til umsóknar í janúar s. l. Þessi dæmi sýna m. a. þróunina og í hvaða farveg ber að beina fjármagninu í ríkara mæli en verið hefur.

Fyrir síðustu kosningar voru gefin mörg loforð og stór um úrbætur í húsnæðismálum sem erfitt ætlar að reynast að efna. Þegar frv. það til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hér er fjallað um var lagt fram á haustþingi, var það einkum tvennt sem okkur fannst athugavert við

það. Hið fyrra að staða húsnæðissamvinnufélaga innan félagslega íbúðakerfisins var ekki mörkuð þannig að ótvírætt gæti talist, en við teljum húsnæðissamvinnufélög einmitt fýsilegan valkost fyrir þá mörgu sem vilja njóta öryggis í húsnæðismálum án þess að þurfa endilega að eiga húsnæðið. Ljóst var af orðum frsm. meiri hl. félmn. hér fyrr í dag að áhyggjur okkar í þessum efnum voru ekki ástæðulausar, og því miður virðist enginn áhugi fyrir hendi innan meiri hlutans til að leiðrétta þetta. Það er engu líkara en að öll sú umræða, sem átt hefur sér stað nánast allt s. l. ár, og sá víðtæki áhugi fólks á þessu nýja formi í húsnæðismálum hafi farið fram hjá þeim sem skipa meiri hl. félmn. Ég tel að það væri mikið slys ef þetta frv. yrði samþykkt sem lög frá Alþingi án þess að ganga svo frá málum að þessi nýi valkostur í húsnæðismálum fengi sitt tækifæri.

Hæstv. félmrh. hefur látið að því liggja að hann hafi aðra afstöðu til þessa máls en meiri hl. félmn. ef marka *má sjónvarpsfréttir nú í kvöld, og er kannske ekki* örvænt um að því verði bjargað fyrir horn.

Í umsögn húsnæðissamvinnufélagsins Búseta um þetta frv. segir m. a., með leyfi forseta: „Stofnfundur húsnæðissamvinnufélags var haldinn þann 15. október. Á stofnfundinum flutti aðstoðarmaður félmrh., sem jafnframt var formaður fyrrnefndrar húsnæðismálanefndar, kveðjur ráðh. og lýsti því jafnframt yfir að við endurskoðun laga um Húsnæðisstofnun ríkisins væri stefnt að því, eins og hann orðaði það, að opna á hið nýja form húsnæðissamvinnufélaganna.“ Þessi ummæli eru aðeins eitt dæmi af fjölmörgum sem sýna að félmrh. hefur gefið vonir sem hann verður að standa við. Félagsmenn í Búseta skipta nú orðið þúsundum og það væri stórslys ef þetta fólk væri svipt þeim möguleika sem það nú hefur eygt til lausnar í húsnæðismálum, lausnar sem hefur sannað ágæti sitt víða erlendis.

Síðara meginákvæði okkar var að *fjármögnun* húsnæðiskerfisins virtist í algerum molum. Miklar umræður urðu um þetta frv. á fyrsta stigi málsins og umfjöllun í nefnd hefur verið rækileg, skyldi maður ætla. Samt kemur það nú aftur til deildarinnar frá nefndinni, án þess að meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, sýnist vilja viðurkenna vandann og taka á honum. Vandséð er í raun og veru hver ætlun stjórnarflokkanna er með afgreiðslu þessa frv. eins og það liggur fyrir hér með brtt. meiri hl. nefndarinnar. Hvaða tilgangi þjónar að vekja vonir sem ekki sýnist eiga að standa við? Ef ná á þeim markmiðum sem sett hafa verið í húsnæðismálum um hækkað lánshlutfall hlýtur að vera algerlega óhjákvæmilegt að auka framlög ríkisins til húsnæðislánakerfisins. Fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna er stefnt í algeran voða með því að ætla þeim að fjármagna *lánveitingar með lántökum sem þar að auki kosta þá* hærri vexti en þeir fá inn vegna endurgreiðslu lánanna. Ég furða mig á þeim vinnubrögðum meiri hlutans að taka ekki á þessum vanda af raunsæi.

Hugmyndir Kvennalistans falla í meginatriðum saman við hugmyndir Alþfl. í húsnæðismálum, og þær brtt. sem fulltrúi þess flokks flytur við þetta frv. eru að flestu leyti þær sömu og við höfðum í huga. Við höfum því ákveðið að styðja brtt. 1. minni hl. félmn. á þskj. 689, sem — eins og segir í nál. á þskj. 688, með leyfi forseta: „miða að því að draga úr þeirri óvissu sem nú ríkir í húsnæðismálum landsmanna, treysta fjárhagsstöðu byggingarsjóðanna, auka valkosti í húsnæðismálum og gera íbúðakaupendum og húsbyggjendum kleift hvort heldur er að leigja eða eignast húsnæði á viðunandi kjörum án þess að greiðslubyrði húsnæðislána ofbjóði greiðslugetu þeirra og stefni þar með fjárhagsstöðu heimilanna í mikla hættu.“ Þetta er samhljóða markmiðum Kvennalistans og við erum sammála þeim lausnum sem lagðar eru til á þskj. 689.

Á bls. 12 í nál. á þskj. 688 er bent á nokkra liði sem mætti sækja eitthvert fé til að fjármagna húsnæðismálin. Ég get ekki stillt mig um að minna hér á vegamálin í þessu sambandi. Húsnæðismál ættu að mínum dómi ekki að njóta síður velvildar en vegamál hér á landi.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Mér þykir rétt að koma inn í þessar umræður, ekki síst eftir þær mörgu fsp. sem til mín hefur verið beint.

Ég vil byrja á að þakka félmn. fyrir mikla vinnu sem *hún hefur lagt í þetta frv., ekki síst fyrir þær ítarlegu till.* sem nefndarmenn, bæði meiri hl. og minni hl., hafa lagt fram í þskj. Það undirstrikar þá staðreynd að mönnum er ljóst að hér er um mjög þýðingarmikinn málaflokk að ræða, sem vissulega er mikil þörf á að skoða vandlega og reyna að finna viðráðanlegar lausnir á. Ég held að allir séu sammála um það.

Ég vil einnig benda á í þessum sambandi hverju núv. ríkisstj. lýsti yfir í byrjun.

Í fyrsta lagi gaf hún út í stefnuskrá sinni ákveðinn boðskap í sambandi við húsnæðismálin. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Lán Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra, sem byggja í fyrsta sinn, hækki um næstu áramót. Jafnframt verði húsnæðislánakerfið eflt svo á næstu árum að lán þessi geti numið allt að 80% af byggingarskostnaði staðalíbúðar. Samsvarandi hækkun verði til þeirra sem kaupa *íbúð í fyrsta sinn.*“

Í stjórnaraðgerðum á s. l. ári og í sambandi við undirbúning fjárlaga voru tvö mál tekin út úr, annars vegar húsnæðismálin og hins vegar vegamálin, sem forgangsmál í verkefnaskrá ríkisstj. Það er rétt að nefna það hér um leið og ég fer nokkrum orðum um þennan málaflokk.

Ég held að öllum hv. alþm. hafi verið ljóst ástand fjármála í landinu á s. l. ári. Það var einnig ljóst að fjármagn til framkvæmda á árinu 1984, bæði í þessum málaflokki og öðrum, yrði af skornum skammti. Það kom líka fljótlega í ljós, þegar farið var að skoða húsnæðismálin í byrjun valdaferils þessarar ríkisstj., eins og raunar hefur verið lýst, að ástand þessara mála var miklu alvarlegra en flestir höfðu gert sér grein fyrir. Vandi húsbyggjenda í landinu og húskaupenda var miklu meiri en menn gerðu sér grein fyrir á þessu *tímabili. Þess vegna var það eitt af þeim verkefnum sem* ríkisstj. ákvað og var eitt aðalverkefnið sem félmrh. varð að vinna að að reyna að finna leiðir til að leysa þessi vandamál.

Það er sennilega aldrei of oft tekið fram, þó að e. t. v. hafi ekki verið gert mikið úr því, að lausn þessara mála tókst það vel að segja má að það hafi verið milli 450 og 500 millj. kr. sem aukið var við húsnæðiskerfið á s. l. ári. Og mér finnst dálítið furðulegt að hlusta á fólk, sem þykist hafa áhuga fyrir þessum málum og hefur starfað að þessum málum á undanförnum árum, að það skuli hér í ræðustól á hv. Alþingi láta

svo að þetta sé ekki til, ekkert hafi verið gert. Hér er verið að tala um að útvega þurfi svo og svo mörg hundruð millj. kr. í húsnæðiskerfið, en þá er bara hlaupið yfir þá staðreynd að ríkisstj. byrjaði á að útvega þetta fjármagn og fólkið er búið að fá það í hendurnar. Annars stæðum við frammi fyrir óleystu gífurlegu vandamáli. Þetta finnst mér að sé nauðsynlegt að minna á hér, ekki síst þegar við erum búin að hlusta á margra klukkutíma ræðu fyrrv. félmrh., að þetta ástand var nú einmitt afleiðingin af hans starfi að þessum málum. Ég er ekkert að draga í efa að hann hafi viljað gera vel, en erfiðleikarnir voru þetta miklir að þetta varð arfurinn sem hann skilaði af sér óleystum.

Ég held að það sé rétt við þetta tækifæri að ég taki fram að í lánsfjáráætlun og fjárlagafrv., sem allir hv. þm. hafa lesið, kom greinilega fram að ríkisstj. ákvað að draga úr félagslegum byggingum á árinu 1984, en í staðinn skyldi reynt að hækka lánahlutfall til hins almenna húsbyggjanda. Það var komið svo langt niður að lánshlutfall miðað við staðalíbúð var í milli 17 og 19% á s. l. ári, en var hækkað upp í 29.1%. Þetta var talið nauðsynlegt. En auðvitað gerðum við okkur grein fyrir að þetta hefði áhrif á félagslega þáttinn á þessu ári. Og ég vil svara því hér um leið, áður en ég gleymi því, að ríkisstj. hefur alls engin áform um að leggja niður verkamannabústaðakerfið. Síður en svo. Og ég vil taka það fram að verkamannabústaðakerfið er að mínu mati það mikilvægt í okkar þjóðfélagi að ég mundi aldrei leggja nokkurt lið slíkum áformum. Það hefur skilað það miklum árangri að það er ástæðulaust að óttast að það eigi að leggja það niður. Hins vegar getur verið sjálfsagt og er raunar þörf á að endurskoða framkvæmd þess og gera á því ýmsar lagfæringar. Fyrir því mun ég beita mér.

Ég vil segja það í sambandi við þær ræður, sem hér hafa verið fluttar í kvöld, að við skulum ekki gleyma því að við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga flestir eigin íbúð. Við erum flestir á þeirri skoðun að það sé besta kerfið. Við viljum það helst. Og við höfum verið svo lánsamir að þannig er ástandið. En vissulega þarf fjöldi fólks í þessu landi á samfélagslegum aðgerðum að halda til þess að eignast húsnæði. Það er sjálfsagt.

Ég ætla að koma inn á það sem hv. 2. landsk. þm. kom inn á í upphafi síns máls. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst ákaflega leiðinlegt að svona þingreynt fólk og fólk sem tekur svona mikinn þátt í stjórnmálum og félagsmálum í þessu landi skuli endilega koma í ræðustól á Alþingi með eintóman neikvæðan málflutning. Það er allt á niðurleið. Það er allt svo ómögulegt að það er ekki nein glæta í þeim aðalmálaflokkum sem verið er að ræða um. Það er beitt tómum blekkingum. Það er hrun og ómögulegheit á öllum sviðum. Ég held að íslenska þjóðin vilji ekki hlusta á svona málflutning. Mér finnst það leiðinlegt, ekki síst þegar um er að ræða fólk sem hefur virkilega góðan skilning á þessum málum og jafnvel þekkingu á þeim umfram aðra. Af hverju að vera að temja sér svona málflutning, hv. þm.?

Það var eitt sem kom fram í máli hv. þm. og raunar hv. 3. þm. Reykv. einnig, að það væru óvissuþættir í fjármögnuninni. Ég vil endurtaka það aftur hér, sem ég hef raunar gert í allt haust, og ég vona að enginn beri mér það á brýn að ég hafi verið að skipta um skoðanir eða haft ólíkan málflutning í sambandi við þessi mál, að ríkisstj. ætlar sér að standa við samþykktir fjárlaga og samþykktir lánsfjáráætlunar að því er varðar húsnæðiskerfið. Ég gerði mér far um það í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga að láta koma skýrt fram, þar sem óvissuþættir voru augljóslega um tvö atriði sérstaklega, þ. e. atvinnuleysistryggingasjóðsframlagið og skyldusparnaðinn, að ef þessi ákvæði yrðu samþykkt óbreytt yrði það gert undir því fororði að gerðar yrðu ráðstafanir til að þetta fjármagn væri fyrir hendi. Það er einmitt það sem er verið að staðfesta þessa dagana.

Hér hefur verið talað um skyldusparnaðinn. Ég get vel fallist á að það eru viss vandkvæði í sambandi við skyldusparnaðinn, en þó hefur hann verið ákaflega mikils virði. Fjármagnið sem streymir þarna í gegn er upp á 500—600 millj. Ég er ekki viss um að hægt sé að kasta slíku fyrir borð án þess að gera þá átak jafnhliða sem tryggir þennan sparnað á annan hátt.

Einnig vil ég segja í sambandi við lífeyrissjóðina að ég tel enga ástæðu til að ætla lífeyrissjóðunum að þeir standi ekki við þá samninga sem þeir hafa gert í sambandi við húsnæðismálakerfið. Og ég vil geta þess hér, bara til þess að menn viti það, að framkvæmdastjóri og formaður Húsnæðisstofnunar hafa haft samband við alla þá lífeyrissjóði sem eiga að láta fjármagn af hendi í húsnæðismálakerfið og þeir hafa alls staðar fengið þau svör að við skuldbindingar yrði staðið. Það er engin ástæða til að vefengja það.

Nú ég vil einnig geta þess hér, af því að það hefur ekki komið fram, að við erum í samningum við bankakerfið um sérstaka fyrirgreiðslu til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Við reiknum með því að þessir samningar takist. Upphæðin, sem þarna er um að ræða, er um 120—130 millj. kr. A. m. k. tel ég ástæðu til að trúa að við þetta verði staðið eftir því sem þessar umr. hafa gengið.

Ég held að einnig sé rétt að geta þess hér, af því að það hefur komið inn í þessum umr., að ríkisstj. hefur ákveðið að leita eftir því við bankakerfið að setja upp sérstakt nýtt sparnaðarform sem á að fjármagna í húsbyggingarkerfinu. Sérstök verkefnanefnd fær þetta hlutverk næstu daga og ég reikna með að út úr því komi yfirlýst stefna sem verður annaðhvort sett í yfirlýsingu eða gerð heyrum kunnug á annan hátt. Þetta er atriði sem er þegar byrjað að vinna að.

Þá vil ég aðeins koma að því sem hefur verið talað hér um að ekki væri staðið við eða sem hefur sérsaklega verið gagnrýnt í sambandi við framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, þ. e. þar sem stendur að lánahlutfallið er lækkað úr 90% niður í 80%. Ég vil þó geta þess, eins og menn hafa getað lesið í frv., að það er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun geti hækkað þetta í 90% hjá þeim aðilum sem versta fjárhagsstöðu hafa, þannig að það er alls ekki lokað fyrir 90% markið í sambandi við frv. En mig langar til þess að minna á, af því að hv. 3. þm. Reykv. gagnrýndi þetta allharkalega, að þegar við vorum að endurskoða húsnæðislögin fyrir tæpum tveimur árum og það kom fram frv. hér á hv. Alþingi, lagt fram af hv. 3. þm. Reykv. sem félmrh., þá var einmitt að hans till. sett inn í frv. að lækka þetta hlutfall úr 90% til þeirra aðila sem ættu rétt á lífeyrissjóðsláni. Ég les nú úr ræðu hv. þm. Þá var hann félmrh. Það stendur hér:

„Í 19. gr. eru fjögur atriði sem nauðsynlegt er að minna á. Í fyrsta lagi er fellt niður að binda framlag

kaupanda íbúðar við 10% af kostnaðarverði. Það getur oft verið meira, þó heimilt sé að lána allt að 90% af byggingarverði íbúðar. Í öðru lagi er fellt niður að skylt sé að taka 1. veðrétt fyrir lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ef kaupandi að íbúð í verkamannabústað á rétt á lífeyrissjóðsláni má gefa eftir 1. veðrétt, en þó má veðsetning íbúðar aldrei fara yfir 90% af kostnaðarverði."

Það var talið sjálfsagt að reyna þetta og ég man ekki til þess að það hafi verið talið að þarna væri verið að fremja einhvern glæp. Það var talið eðlilegt að nýta betur fjármagn Byggingarsjóðs verkamanna með því að þeir sem fengju íbúð í verkamannabústaðakerfinu gætu hagnýtt sér lífeyrissjóðslán að auki ef þeir ættu kost á því. Það er raunverulega á þessum forsendum að endurskoðunarnefndin taldi rétt að fara einnig inn á þessa braut í endurskoðun sinni. Ég held að þarna sé ekki um að ræða hættulegt mál, heldur verði þetta frekar til þess að efla byggingarsjóðinn. Það er engin ástæða til að ætla að þeir sem verst eru settir mundu ekki fá sérstaka meðhöndlun ef frv. verður samþykkt.

Þá tel ég rétt að koma að því sem hefur mest verið ráðist að mér í kvöld í sambandi við. Það er búsetuformið. Ég vil fyrst geta þess, og tel ástæðu til að undirstrika það, að í sambandi við kaflann um félagslegar íbúðir, þ. e. Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðarbyggingar, hefur það verið lengi stefna okkar framsóknarmanna, — og nú bið ég hv. 3. þm. Reykv. að taka eftir af því að hann hefur látið einhvers staðar í það skína að við framsóknarmenn værum dragbítar og við værum einskis nýtir að því er varðar húsnæðismál, og lét raunar liggja að því í kvöld að við kæmum þar hvergi nærri þó að svo einkennilega vilji nú til, ef ég á að nota hans túlkun, að það voru einmitt Alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn sem tóku höndum saman um þessa merkilegu löggjöf, verkamannabústaði og samvinnubyggingarfélögin, á sínum tíma, — en það hefur verið skoðun okkar og það var samþykkt á síðasta flokksþingi að reyna að víkka út þetta félagslega kerfi. Það hefur verið talað um að ⅓ íbúðarhúsnæðis yrði byggt eftir félagslega íbúðakerfinu, en það hefur aldrei nálgast það að því marki yrði náð. Það hefur aldrei verið hægt að nálgast það. Við vildum því útvíkka þetta nánar. C-liður í 33. gr. er tilkominn á þann hátt að við höfum haft þá stefnu að það ætti að færa þetta meira út, en c-liður er eins og allir vita um leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum og ætlaðar til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi. Ég fagna því alveg sérstaklega að nú eru allir sammála um að rétt stefna sé að færa þetta undir félagslegar íbúðir. Að vísu kom það fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að þeir í Alþb. vilja fjármagna þetta sér og vilja þá meina að nú eigi að takast að byggja ⅓ af öllu íbúðarhúsnæði í landinu undir a- og b-lið, sem aldrei tókst að láta rætast í ráðherratíð hv. 3. þm. Reykv.

Þetta er atriði sem ég legg mikla áherslu á. Ég vísa nánar í það sem hv. 1. landsk. þm. sagði hér áðan. Skýringin við þessa grein er augljós. Vil ég vekja athygli á að það hefur ekki komið ein einasta brtt. við 33. gr. frv., hvorki frá meiri hluta né neinum minni hluta að því er þetta varðar, þannig að undirstrikað er að félmn. hefur fallist á þessa túlkun.

Í sambandi við Búseta þykir mér rétt að rifja upp að þegar ég hafði framsögu fyrir þessu frv. í hv. Nd. 8. des. s. l. sagði ég m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt gildandi lögum lánar Byggingarsjóður verkamanna sveitarfélögum til byggingar leiguíbúða. Hér verður einnig gert ráð fyrir að lánað verði til félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja sem byggja leiguíbúðir handa félagsmönnum sínum eða öðrum sem þurfa á leiguhúsnæði að halda. Er þar m. a. höfð í huga mikil þörf námsfólks á leiguhúsnæði, en lítið hefur verið byggt af leiguíbúðum hér á landi um margra ára skeið. Á öllum þéttbýlisstöðum er ætíð brýn þörf fyrir fleiri eða færri leiguíbúðir og er því hér opnuð leið til þess að lána til slíkra bygginga.

Hér er lagt til að lánstími verði 31 ár og lánsupphæð verði allt að 80%.

Ég geri ráð fyrir að þessi kafli laganna verði talsvert mikið til umræðu og hann hefur þegar verið mikið til umræðu í sambandi við bæði hugmyndir námsmanna um að leysa þeirra húsnæðismál og einnig í sambandi við nýjar hugmyndir að því er varðar húsnæðissamvinnufélög sem hafa verið til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu.

Ég met mikils hinn almenna áhuga fólks á þessum nýju formum, eins og húsnæðissamvinnufélögum, en ég tel ástæðu til þess vegna þess sem á undan er gengið að vara við of mikilli bjartsýni um að á skjótvirkan hátt verði hægt að leysa húsnæðismál eftir þessum formum. Lánamarkaðir hér á landi eru miklu erfiðari og þrengri en t. d. á Norðurlöndum og ég tel nauðsyn bera til að þeir sem standa fyrir þessum samtökum — sem ég met mikils eins og ég sagði áður og tel að hér sé bryddað upp á nýjungum sem þurfi að sinna og taka til meðferðar — skoði þetta vel og vandlega áður en gefnar eru ákveðnar yfirlýsingar um hvernig þetta verður framkvæmt hér á landi."

Þetta geta menn lesið í umræðum frá Alþingi. Ég hef verið alveg samkvæmur sjálfum mér í sambandi við þetta. Ég hef setið fundi með þessu fólki og ég hef sagt því að ég telji að með c-lið 33. gr. séu möguleikar á því að þetta félagaform geti þegið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, þó með því fororði að það verður að hlíta þeim meginreglum sem Byggingarsjóður verkamanna byggir á, þ. e. um tekjuviðmiðun. Þetta legg ég mikla áherslu á. Og ég hef gert grein fyrir því að ég telji að menn verði að taka mið af þessu vegna þess að það eru engin áform um að breyta verkamannabústaðaforminu frá því sem það er byggt á í grundvallaratriðum.

Hins vegar hef ég einnig látið í ljós að ég tel sjálfsagt að þessu formi sé ýtt úr vör.

Það má vel vera að niðurstaðan verði að það þurfi að setja um þetta sérstaka löggjöf. Ég vek athygli á að forustumenn þessara samtaka hafa ekki enn lagt á það áherslu númer eitt, tvö og þrjú að samin verði sérstök löggjöf um húsnæðissamvinnufélög hér á landi. Þeir hafa fallist á að miklu eðlilegra væri að þeir gætu byrjað að undirbúa byggingar fyrir sína félagsmenn eftir þessu formi á næsta ári, en séð yrði til hvort þetta er framkvæmanlegt og hvort þörf væri á að setja um þetta sérstaka löggjöf.

En mín skoðun er alveg óbreytt. Ég tel að c-liður 33. gr. gefi þessum samtökum þennan möguleika og ég túlka það þannig.

Hins vegar vil ég benda á að húsnæðismálastjórn, sem er sjálfstæð stjórn yfir Húsnæðisstofnuninni, á að sjálfsögðu eftir að fjalla um þetta. Ég hef bent þessum mönnum á að ef þessi lög verða samþykkt sé næsta skrefið að rökstyðja að þeir eigi rétt á þessu lánaformi, miðað við það tekjumark sem þarna er viðhlítandi.

Ég held að ég láti þetta nægja. Það hefur verið sagt að ég hafi lofað og ég hafi blekkt, ég hafi hvatt fólk til að leita nýrra leiða. Mér finnst mjög mikilvægt að fólk geti fundið sameiginlega stefnu í málum eins og húsnæðismálum. Og ég hef þá skoðun, alveg bjargfasta, að eitthvert besta form sem er til staðar í okkar þjóðfélagi sé byggingarsamvinnufélögin. Ég er alveg sannfærður um að það form hentar mjög vel hér á landi. Þess vegna fagnaði ég því að algjör samstaða er um að þetta form sé endurbætt í þessum lagabálki. Og ég reikna með að það eigi eftir að aukast að fólk noti sér betur þetta form en áður hefur verið gert, þó að verið hafi mikill árangur af því. Ég bendi þar t. d. á unga fólkið hér í Reykjavík og nágrenni í sambandi við byggingarsamvinnufélagið í Kópavogi og Byggung sem hefur nýtt sér byggingarsamvinnufélagaformið á mjög raunhæfan hátt. Jafnhliða hafa byggingarsamvinnufélögin varðað leiðina sem fram undan er. Þau hafa getað komið upp sparnaði í bankakerfinu sem hefur komið þeim að notum til þess að ná árangri í sínu byggingarformi. Það er vissulega athyglisvert.

Ég ætla að koma hér inn á það, ég er nú raunar búinn að svara hluta af því, sem hv. 3. þm. Reykv. spurði mig um.

Hann spurði um ákvæði nýja frv., ef að lögum verður, í sambandi við gildistöku þess. Ég geri ráð fyrir því að það miðaði við 1. júlí. Ég get sagt strax að ég geri alls ekki ráð fyrir að á árinu 1984, við þær efnahagsaðstæður sem við búum við, hafi ríkisstj. möguleika á að auka fjármagnið til byggingarsjóðanna það mikið að hægt sé að standa við þá aukningu sem frv. felur í sér eftir gildistökuna frá 1. júlí. Ég geri ekki ráð fyrir því. Ég vil ekki vera svo bjartsýnn. Að sjálfsögðu verður reynt að fá aukið fjármagn og þar á ég sérstaklega við verkamannabústaðakerfið því að þar eigum við eftir að takast á við visst vandamál sem á eftir að skoða.

Ég var búinn að svara fsp. um lækkun lána í verkamannabústaðakerfið.

Þm. spurði um vextina. Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um vexti enn þá, en það verður að sjálfsögðu gert fljótlega eftir að þessi lög verða samþykkt.

Um útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar. Það er engin útlánaáætlun fullfrágengin enn þá. Það hafa verið sýnd ýmis drög sem Húsnæðisstofnun hefur gert í sambandi við útlánaáætlun, en stjórnin hefur ekki viljað ganga frá henni og ég ekki heldur viljað staðfesta hana eða láta ganga frá henni fyrr en væri búið að sjá hvernig þau fjármál yrðu tryggð sem við höfum verið að vinna að undanfarið. En það verður gert mjög fljótlega, næstu daga, því ég tel að næstu daga eigi að liggja nokkuð ljóst fyrir hvernig þau mál koma út.

Ég vil taka undir margt sem kom fram í máli hv. 3. þm. Reykv. Sem betur fer er hann þaulkunnugur þessum málum. Og þó að honum hafi ekki tekist að leysa húsnæðisvandann í sinni ráðherratíð á þann hátt sem æskilegast hefði verið og ætlast var til. Ég vil taka undir margt af því sem kom fram í hans máli. T. d. vil ég alveg sérstaklega taka undir það, sem kom raunar fram hjá fleirum, að við þurfum að breyta miklu meira í húsnæðismálakerfi okkar en frv. gerir ráð fyrir. En frv. opnar ýmsa möguleika til þess að gera slíkar breytingar. Þær breytingar sem ég tel mikilvægastar eru einmitt í gegnum bankakerfið, gegnum peningakerfið í okkar landi, bæði að því er varðar banka, sparisjóði og sjóðakerfið. Ég vænti þess að hv. 3. þm. Reykv. hafi orðið var við það, þegar við vorum að vinna í nefnd fyrir nokkrum árum að þessum málum, að við vorum alveg sammála um að þarna er stefnubreyting sem þarf að gera. Við þurfum að fá íslenska bankakerfið til að svara jákvætt þessari stefnubreytingu. Eins og ég sagði áðan tel ég grundvöll fyrir því að svo verði. Mér finnast viðbrögð forustumanna í bankakerfinu sýna það að þeir vilja taka á þessu á annan hátt en gert hefur verið áður. Þá þarf ríkisstj. að fylgja því fast eftir. Og ég mun gera mitt til að svo verði.

Annan þátt líka vil ég taka undir sérstaklega, sem ég hef verið með í nokkuð langan tíma í athugun, og það er fasteignamarkaðurinn á Íslandi. Sem betur fer get ég sagt frá því hér að þegar er komið frv. um fasteignakerfið, sem verður sýnt næstu daga, — ég skal ekki fullyrða hvort það verður sýnt á Alþingi því að tíminn er liðinn frá okkur, en allavega í þingflokkunum, — sem fellur að hluta til inn í þetta. Ég vænti þess að þegar þing kemur saman næsta haust verði til staðar heilsteypt frv. um fasteignamarkaðinn og fasteignakerfið og það beri með sér að þar verði um verulegar stefnubreytingar að ræða, sem gera þessi mál öðruvísi og feli það í sér að við getum farið að gera fasteignamarkaðinn hér viðráðanlegri og manneskjulegri, þannig að hann verði ekki eins og er í dag. Hin óeðlilega háa útborgun er sennilega miklu erfiðari en húsnæðislánakerfið sjálft fyrir almenning í landinu. Á þessu þarf að verða breyting og að því skulum við vinna af fullum krafti.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þetta lengra, virðulegi forseti, en endurtek að ég þakka hv. alþm., í fyrsta lagi félmn., fyrir ágætt starf og fyrir málefnalegar till. og umr. um þessi mál. Og þó okkur greini á veit ég að við þm. erum allir sammála um að efla þarf húsnæðiskerfið í landinu og reyna að ná jákvæðum árangri fyrir sem flesta. Ég vænti þess að með samþykkt þessa frv. sé stigið stórt skref til að efla húsnæðismálakerfið.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Hæstv. fyrrv. félmrh. komst svo að orði áðan að ekki væri hægt að skilja svo við þessa umr. nú að ekki fengjust ótvíræð svör frá hæstv. núverandi félmrh. um hið svokallaða Búsetamál. Þó áliðið sé orðið verð ég að segja að þrátt fyrir allt voru svör hæstv. ráðh. að mínu mati ekki nægilega skýr til þess að þeir sem hér eru og þeir fjölmörgu sem bíða eftir svörum um framhald þess máls geti slegið einhverju föstu um hver þróunin verður.

Hæstv. ráðh. heldur sig enn við þann leistann að hann telur að samkvæmt 33. gr. c-lið sé um að ræða viðurkenningu fyrir Búseta á lánshæfni skv. frv. óbreyttu. Og hann undirstrikaði að þetta væri allt með ráðum gert, þetta byggðist á stefnu Framsfl., sú stefna hefði verið mörkuð á seinasta flokksþingi. Hann vakti athygli á því að aldrei hefur tekist að standa í reynd við það markmið laganna að stefna að því að ⅓ hluti árlegrar íbúðaþarfar skuli byggður í formi félagslegra íbúða og þessi liður hefði verið settur inn í frv. beinlínis

til að stíga nú skref fram á við til þess að nálgast þetta markmið. Þetta væri þess vegna yfirlýst flokksstefna. Þetta væri allt með ráðum gert og skilningur hans væri sá að hér þyrfti engu að breyta.

Þetta er allt út af fyrir sig gott og blessað. Það sem 3000 félagsmenn í Búseta vilja hins vegar fá svör við er þetta: Hvort á að ríkja skilningur hæstv. félmrh. eða skilningur meiri hl. félmn. eins og hann birtist í framsöguræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., Halldórs Blöndals, þar með talið þeirra framsóknarmanna í félmn.? Ber að skilja það svo að hæstv. félmrh. sé sá eini í þingsölum sem haldi fram yfirlýstri stefnu Framsfl.? Hvað er að frétta af hinum framsóknarmönnunum í n.? Hver er skilningur þeirra? Taka þeir undir með félmrh. um stefnu Framsfl. — eða fer hv. þm. Halldór Blöndal með rétt mál þegar hann segir: Nei, skilningur meiri hl. n., þar með talinn þeirra framsóknarmanna sem þar eiga sæti, er alveg ótvírætt sá að þetta form húsnæðissamvinnufélagsskapar eigi ekki þennan rétt skv. óbreyttum lögum, heldur beri að vísa þeim á 11. gr. 1. tölul., eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði, og þar með gætu þeir gert sér vonir um lán að upphæð 29% af byggingarkostnaði sem væri nóg til að kippa fótunum undan þessum félagsskap? Við þessu verða einfaldlega að fást svör.

Hæstv. ráðh. sagði: Það er sagt að ég hafi gefið loforð í þessum efnum. Það er alveg ótvírætt rétt. Hæstv. ráðh. hefur lofað. Nú er spurningin: Á að standa við loforðin? Ég leyfi mér að vitna til blaðagreinar eftir formann Búseta, Jón Rúnar Sveinsson, sem birtist í Morgunblaðinu 21. mars s. l. Þetta kemur fram í ritdeilu hans við dr. Pétur Blöndal sem hafði fyrr í Morgunblaðsgreinum gagnrýnt Búseta og m. a. vefengt að þetta félagsform gæti gert sér vonir um lánveitingar úr hinu félagslega lánakerfi. Hvernig svarar nú formaðurinn því? Hann vitnar auðvitað í yfirlýst loforð hæstv. ráðh. og segir, með leyfi forseta:

„Ég sagði í fyrstu grein minni hér í þessu blaði að Búseti ætti skv. frv. félmrh. rétt á 80% láni til 31 árs og ég segi það enn. Fyrir þessu liggja algerlega ótvíræðar yfirlýsingar ráðh. bæði á Alþingi og víðar. Þessi voru óbreytt orð ráðh. á Alþingi 12. des. s. l. skv. Alþingistíðindum.“

Og hér vitnar formaðurinn orðrétt til þingræðu hæstv. ráðh. frá því 5. des.: „Stofnendur Búseta komu til mín litlu eftir að samtökin voru stofnuð. Ég óskaði þeim til hamingju með framtakið. Ég sagði þeim frá því að í nýja frv. væru opnaðir möguleikar til þess að húsnæðissamvinnufélög gætu fengið þar lánamöguleika og þar væri, eins og fram kemur í frv., reiknað með að slíkar byggingar gætu fengið 80% lán til 31 árs, eins og frv. segir til um. Hins vegar hef ég aldrei gefið nein fyrirheit um fjármagn í þennan húsnæðismálaflokk. Það yrði að sjálfsögðu að skoða vandlega og athuga hvernig við gætum útfært þessar félagslegu byggingar.“

Um fjármagnið er það að segja að ég geri satt að segja ekki þá kröfu til hæstv. ráðh., miðað við þær staðreyndir sem fyrir liggja um fjárvöntun og fjármagnsskort til þess að standa við önnur ákvæði og fyrirheit um útlán, sem engar deilur standa um, að hann galdri fram úr hattinum sínum fjármagn til þessara hluta. Ég er ekki að herma upp á hann loforð í því efni. Ég er einfaldlega að segja: Af þessum ummælum er alveg ótvírætt að ráðh. hefur alveg frá upphafi haft þennan skilning, lýst honum yfir, og hann stendur við hann enn. Af því leiðir hins vegar að menn hafa tekið mark á orðum ráðh. Og það er ekki lítil ábyrgð sem á hans herðum hvílir. Það eru risin upp í landinu samtök sem telja um þrjú þúsund manns, ekki bara hér í Reykjavík eða stór-Reykjavíkursvæðinu, heldur líka víðar um landið, norður á Akureyri, á Selfossi og víðar. Víða eru þessi félög sérstaklega undir gunnfána samvinnumanna og félagshyggjumanna, eins og t. d. á Akureyri, þar sem það vakti athygli að félagið leitar einkum fylgismanna meðal samvinnustarfsmanna, þar sem þekktir og áhrifamiklir framsóknarmenn gerðust guðfeður félagsins á stofnfundi, bæjarfulltrúar Framsfl. eiga þar aðild að stjórn, og svo mætti lengi telja. Þessi félagskapur er til kominn vegna þess að hann hefur lagt trúnað á þennan skilning ráðh.

Ég leyfi mér enn að vitna í fyrrnefnda grein eftir formann þessara samtaka, en hann segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að orð skuli standa á Alþingi Íslendinga. Það sem félmrh. hefur sagt opinberlega um túlkun frv. þess til l. er hann hefur lagt fram til breyt. á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, fer, svo sem ég hef sýnt hér fram á, ekki á milli mála. Ég trúi því ekki að dr. Pétur ætli að brigsla Alexander Stefánssyni félmrh. um það að vera tvísaga í þessu máli.“

Formaðurinn segir enn fremur:

„Ráðh. hefur sagt meira. Í viðtali við málgagn húsnæðissamvinnufélagsins Búseta í lok janúar sagði Alexander Stefánsson eftirfarandi: „Ég hef fram til þessa lagt þann skilning í frv. til breytingar á þessum lögum að Búseti tilheyrði Byggingarsjóði verkamanna, að með c-lið 33. gr. frv. sé m. a. átt við Búseta, þ. e. félagssamtök sem ætla að byggja leiguíbúðir fyrir félagsmenn sína sem ekki hafa möguleika á að byggja eigin íbúðir.“ “

Síðan er vitnað til 54. gr. og grg. um hana, en þar segir:

„Þegar rætt er um félagssamtök og stofnanir sem framkvæmdaaðila við byggingu leiguíbúða eru hafðar í huga sjálfseignarstofnanir svo sem Félagsstofnun stúdenta og aðrar sambærilegar stofnanir, samtök leigjenda, verkalýðsfélög og fleiri hagsmunaaðilar sem myndað gætu samtök til þess að byggja leiguíbúðir til afnota fyrir félagsmenn sína eða til leigu á almennum markaði.“

Síðan segir í greininni í beinu framhaldi:

„Þarna er sem sé í grg. með frv. félmrh. Alexanders Stefánssonar talað um það að samtök leigjenda myndi með sér samtök til að byggja íbúðir fyrir félagsmenn sína og fyrir almennan markað.“

Loks segir hér:

„Vitanlega tóku Leigjendasamtökin ráðh. á orðinu og stofnuðu slík samtök, sem hlotið hafa nafnið Búseti og orðin eru stærsta félagshreyfing í húsnæðismálum sem sést hefur hérlendis.“

Formaður leggur m. ö. o. ríka áherslu á að með stofnun þessara samtaka hafi stofnendur verið að taka ráðh. sjálfan á orðinu. Samtökin hafi beinlínis fengið þessa miklu fjöldaþátttöku í trausti þess að það fari ekkert milli mála að hæstv. ráðh. hafi ekki verið að fara með neitt fleipur. Það eru þrjú þúsund manns sem bíða eftir því að fá úr því skorið hvor hefur nú rétt fyrir sér, hæstv. ráðh. með yfirlýsta flokksstefnu Framsfl. upp á

vasann eða hv. 5. þm. Norðurl. e. með Sjálfstfl. væntanlega á bak við sig og þá framsóknarmenn, sem í félmn. hafa átt sæti, sem lýsa því yfir að hér fari ráðh. með alrangt mál.

Ég verð að segja fyrir mig að mér þykir það óviðurkvæmlegt með öllu að þessari umr. ljúki þannig að ekki fáist niðurstaða í þetta mál. Við erum ekki að ræða um mál sem var að koma upp í dag eða gær. Við erum að ræða um mál sem hefur verið mánuðum saman í umfjöllun Alþingis, í umfjöllun n., sem á sér langa forsögu, sem hefur haft mikil áhrif út í þjóðfélagið. Og það eru þúsundir manna — einmitt þeir hinir sömu sem verst eru settir í húsnæðismálum í dag — sem myndað hafa þessi samtök í trausti þess að það sé ráðh. sem fari með rétt mál í þessu efni.

Enn er ósvarað þessari spurningu: Hvað gerist í framhaldi af þessu? Ekki er einasta spurningin hvor hefur rétt fyrir sér, heldur hvor skilningurinn verður ráðandi. Ég mundi vilja beina því til hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, sem hér situr og er fulltrúi Framsfl. í félmn., að hann komi nú hér upp og kveði upp úr um það hvort hann fylgir í þessu máli yfirlýstri flokksstefnu Framsfl. og sínum félmrh. — eða er hann orðinn háseti á skútu þeirra hv. þm. Þorsteins Pálssonar og Halldórs Blöndals? Það skiptir miklu máli. Mennirnir sem voru uppi á pöllum fyrr í kvöld bíða eftir þessum svörum. Þeir bíða eftir því að geta sagt sínum félagsmönnum hvor verður niðurstaðan.

Ég ætlast til þess að hæstv. félmrh. geri grein fyrir því hvort málin standa virkilega þannig að hann sé í minni hluta meðal stjórnarflokkanna. Er um þetta slíkur ágreiningur milli stjórnarflokkanna og innan hans eigin flokks? Er niðurstaðan sú, að skilningur hans náist ekki fram vegna þess að Sjálfstfl. er þarna andvígur og m. a. s. fulltrúar Framsfl., sem um málið fjalla í þingnefnd, sömuleiðis?

Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á því að í sérstakri könnun sem fram fór á vegum Búseta um hverjir væru þar félagsmenn kemur á daginn að af þessum hópi er langstærstur hluti leigjendur, þ. e. það fólk sem nú býr við mest öryggisleysi og verstan kost í húsnæðismálum hér á landi. Það er líka ástæða til að nefna að konur eru nærri helmingur félagsmanna og að í þeim hópi er mikill fjöldi einstæðra mæðra. Það er líka ástæða til að nefna að vel yfir helmingur félagsmanna er verkafólk sem að því er varðar tekjur er langt undir þeim tekjumörkum sem skv. reglu gilda um aðild að hinu félagslegu kerfi á vegum verkamannabústaða. Þau tekjumörk eru talin vera skv. mati Þjóðhagsstofnunar 36 þús. kr. fjölskyldutekjur á mánuði. Það fer ekkert á milli mála að yfirgnæfandi meiri hluti ef ekki allir meðlimir þessa félagsskapar eru undir þeim mörkum. Þetta er um leið það fólk sem á þess ekki kost að leysa húsnæðisvandamál sín ef skilningur meiri hl. félmn. á að vera ríkjandi. Og það vita allir menn, og þarf ekki að hafa um það mörg orð, að verði niðurstaðan sú og verði sá skilningur ríkjandi er þessi félagsskapur með öllu útilokaður. Lán sem nema 29% af byggingarkostnaði og eru til mun skemmri tíma með alveg óvissum vöxtum útiloka að þessi félagsskapur verði nokkurn tíma þess umkominn að nýta sér þau lagaákvæði.

Ég ætla ekki að fara mjög mörgum orðum um þessi mál að öðru leyti. Ég vil einungis árétta það sem hefur þótt fréttnæmt við þessa umr., en það er auðvitað sá ágreiningur sem upp er kominn milli stjórnarflokkanna. Ef taka á orð hæstv. ráðh. trúanleg, og ég hef fyrir fram enga ástæðu til að gera það ekki, sýnist mér alveg augljóst mál að hann eigi aðeins einn kost. Hann verður að tryggja að skilningur hans verði ekki vefengdur. Hann verður að taka af öll tvímæli um það. Það er ekki nóg að hann lýsi þessum skilningi yfir. Ef sá skilningur nýtur ekki stuðnings, hvorki innan hans flokks né samstarfsflokksins, verður að taka þessi tvímæli af. Það verður ekki gert með öðrum hætti en að hnykkja á þessum ákvæðum í lögum.

Nú vill svo til að það liggja hér fyrir frá stjórnarandstöðuflokkunum brtt. sem taka af algjörlega tvímæli um hver þessi skilningur er. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðh.: Er hann reiðubúinn að lýsa því hér yfir að hann vilji standa við þennan skilning sinn í verki með því að taka undir þessar brtt. og beita sér fyrir því að þær verði samþykktar hér á þingi, þannig að hann standi jafnréttur og hafi þá öðlast alveg ótvíræða staðfestingu Alþingis á því að hans skilningur sé réttur? Geri hann það ekki er sú staða komin upp að þessi samtök, sem beinlínis hafa orðið til og vaxið í trausti þess að ráðh. fari með rétt mál, hafa alveg tvímælalaust verið blekking, og það er giska alvarlegt mál.

Aðeins örfá orð til viðbótar, virðulegi forseti. Hæstv. ráðh. kvartaði undan því að tónninn í þessum umr. hefði verið neikvæður. Um leið og hann hældi þm., sem hafa undirbúið brtt. og ítarlegar álitsgerðir, og lýsti því jafnvel yfir að hann væri sammála mörgu af því, taldi hann samt sem áður að málflutningurinn hefði verið of neikvæður og harmaði að fólk, sem hefði gott vit á þessum málum og ærna þingreynslu, talaði í svona neikvæðum tón.

Hvað á hæstv. ráðh. við með þessum neikvæða tón? Ég vek aðeins athygli á að rækilegustu gögnin sem lögð hafa verið fram af hálfu stjórnvalda um þetta frv. til húsnæðislaga eru athuganir sem gerðar hafa verið á vegum Þjóðhagsstofnunar á fjármögnun frv. Ég vísa hér til tveggja álitsgerða, annars vegar fjárflæðisathugana Þjóðhagsstofnunar á Byggingarsjóði ríkisins og hins vegar á Byggingarsjóði verkamanna. Og hver er kjarni málsins? Hverjar eru niðurstöðurnar að því er varðar þessar úttektir? Að mínu mati er það mjög einfalt mál. Kjarni málsins að því er t. d. varðar úttektina á Byggingarsjóði ríkisins er sá, að ef fylgt verður í framtíðinni sömu fjármögnunarstefnu og hæstv. ráðh. nú beitir sér fyrir stendur þar alveg skýrum orðum að þá sé borin von að hægt verði á næstu árum að standa við fyrirheit hæstv. ráðh. og almenn markmið frv. um að hækka lánshlutfallið til lántakenda á næstu árum, þannig að tryggt sé að greiðslubyrðin verði að lokum viðunandi. Niðurstaðan er m. ö. o. sú, að ef halda á áfram þeirri stefnu að vísa Byggingarsjóði ríkisins — og sama á auðvitað við um Byggingarsjóð verkamanna — í jafnríkum mæli á óvissa lánamarkaði með þeim mikla vaxtamun inn- og útlána sem þar um ræðir, gengur sú stefna alls ekki upp. Og það er af mörgum ástæðum. Það er ekki bara að vaxtamunurinn muni að lokum eyðileggja getu sjóðanna til að standa við fyrirheit um vaxandi útlán. Í raun og veru er heildarniðurstaðan sú, að ef þessari stefnu verður fylgt óbreytt þyrfti að koma til miklu meira en allt hugsanlegt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á næstu árum. Er þó vitað að staða lífeyrissjóðanna á næstu árum er slík að það er algjörlega út í

hött.

Þetta er kannske meginatriði málsins. Hæstv. ráðh. segir: Ég hef einmitt viljað beita mér fyrir því að markmiðinu um ⅓ af árlegri íbúðaþörf verði náð, þannig að það verði byggt á vegum hins félagslega kerfis. Ef lesin er úttektin um Byggingarsjóð verkamanna, sem fylgir þessu frv., er niðurstaðan sú að miðað við að byggðar verði árlega 600 íbúðir á ári, þurfa að koma til svo stóraukin framlög úr ríkissjóði, ef hægt á að vera að ná þessum markmiðum að það er alveg augljóst mál að sú stefna, sem nú er fylgt, sem er mjög lítil og takmörkuð framlög úr ríkissjóði en allt of hátt hlutfall aðfengins lánsfjár, gengur ekki upp.

Það er m. ö. o. alveg augljóst mál að gagnrýni hæstv. ráðh. um hinn neikvæða málflutning hittir fyrst og fremst fyrir ráðh. sjálfan og ríkisstj. sjálfa því að stjórnarandstæðingar hafa hér ekki gert annað en að draga niðurstöðurnar af þessum opinberu gögnum.

Ég ætla ekki að setja á langar tölur um hversu gersamlega fjármögnun á árinu 1984 er á brauðfótum. Það hefur verið rökstutt og verður ekki vefengt. Það er fljótgert að telja upp að það er ekki einu sinni staðið við ákvæði laga um framlag úr ríkissjóði, þ. e. þetta 40% framlag, fjarri því. Ráðh. viðurkennir sjálfur að það þýðir ekkert að gera ráð fyrir framlögum úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða skyldusparnaði. Það liggur þegar fyrir og lá reyndar fyrir fyrir löngu. Í því efni erum við að sjálfsögðu — ekkert neikvætt við það — að benda á staðreyndir. Það er hins vegar ákaflega neikvætt af hálfu ríkisstj. að leggja fram frv. og leggja fram till. þar sem fólki er lofað hækkandi hlutfalli lánsfjár, en sýnilegt af opinberum gögnum að við þessi fyrirheit verður ekki hægt að standa ef þessari stefnu er fram haldið.

Það er alveg sama hvort litið er heldur á Byggingarsjóð ríkisins eða Byggingarsjóð verkamanna. Það er alveg augljóst mál að fjármögnunin er öll í molum. Hæstv. forsrh. lýsir því yfir í viðtali við dagblaðið Tímann — Nútímann — að það þurfi um 500 millj. kr. erlent lánsfé til húsnæðismála. Hann segir hér: „Líklega mun þörf fyrir erlent fé til húsnæðismála reynast hátt í 500 millj. Samtals geta því erlendar lántökur orðið u. þ. b. 1000 millj. kr. hærri en ráðgert var, auk halla ríkissjóðs," þ. e. fyrir utan þetta fræga tveggja milljarða gat. — Í vinnuplöggum sem stjórnarandstöðunni hafa verið sýnd er hins vegar sagt að erlent lánsfé vegna innlends lánsfjárbrests nemi 302 millj. kr. og nýjustu tíðindi herma að hér sé verið að tala um 190 millj. kr. erlent lán sem eigi að koma í staðinn fyrir framlög Atvinnuleysistryggingasjóðs og skyldusparnaðar til Byggingarsjóðs ríkisins.

Ég skal ekki leggja neinn dóm á hvaða tölur eru réttar, hvort forsrh. fer með rétt mál eða hvort vinnuplaggið er nær lagi eða hvort þetta er hvort tveggja úr lausu lofti gripið. Kannske vita þeir það ekki sjálfir. En auðvitað er þetta staðfesting á því að hvert einasta orð sem sagt var strax við 1. umr. hér fyrir jól um að fjármögnunin væri öll í molum hefur reynst rétt.

Í því efni er kannske ástæða til að nefna sérstaklega eitt. Það er mikill galli þegar verið er að setja lög og lykilhugtak í þeim lögum á að vera samþykkt eða staðfest útlánaáætlun, eins og það er orðað í 9. gr.: samþykkt útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár, sú útlánaáætlun er öll í lausu lofti. Þessi mál hafa tekið slíkum breytingum frá því að þau fyrst komu til umr. á s. l. hausti, vegna þess að þessi útlánaáætlun er einmitt það teygjanleg, henni er breytt eftir þörfum.

Fyrir jól var miðað, t. d. að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins, við útlánaáætlun sem fól í sér lán til nýbygginga til a. m. k. 1095 íbúða. Síðan gaf Húsnæðisstofnun út áætlun þar sem sagði að þótt allar fjáröflunaráætlanir stæðust, öll lántökuáform stæðust, þá væri samt sem áður, miðað við þá útlánaáætlun, um að ræða fjárvöntun upp á 269 millj. Þetta gerist í febrúar eða byrjun mars. Svo er þessari útlánaáætlun breytt nokkrum vikum síðar. Og hvað kemur þá á daginn? Jú, þá kemur á daginn að það er búið að fækka fyrirhuguðum lánum til íbúða niður í 760. Samt sem áður er sú áætlun miðuð við að allar lánsfjáröflunaráætlanir standist.

Sama er að segja um Byggingarsjóð verkamanna. Fyrsta áætlun sem kemur frá Húsnæðsstofnun ríkisins um Byggingarsjóð verkamanna er miðuð við að það verði staðið við að veita lán til 158 nýrra íbúða í verkamannabústöðum, sem áður lágu fyrir samþykktir um á árinu 1983. Skv. þeirri áætlun var því yfirlýst að fjárvöntun þar, miðað við það að öll önnur fjáröflun stæðist, væri 149 millj. kr. Þegar ekki þykir nógu gott að sýna þetta út á við er hinni samþykktu útlánaáætlun breytt, þá er gerð ný áætlun sem miðar við þá grunnforsendu að ekki verði byrjað á einni einustu nýrri íbúð í verkamannabústaðakerfi. Og þá er niðurstaðan sú að fjárvöntunin sé 16 millj. kr.

Ég nefni þessi dæmi einfaldlega vegna þess að sú gagnrýni hæstv. ráðh. að stjórnarandstaðan sé neikvæð í umræðum sínum um þetta mál er ekki á rökum reist. Það er ekkert neikvætt við að ræða þær staðreyndir sem lagðar eru fram af hálfu opinberra aðila. Það væri ákaflega bágborin stjórnarandstaða sem léti sig ekki varða staðreyndir eins og þessar. Það má hins vegar snúa dæminu við og segja: Það er ákaflega neikvætt þegar verið er að vekja af hálfu stjórnvalda upp vonir fólks, falskar vonir, vonir sem eru byggðar á því að það er verið að leggja hér fram frv. sem lofar fólki gulli og grænum skógum, þar sem eru gefin alveg ótvíræð fyrirheit um að það sé verið að gera meiri háttar átak til að bæta ástandið í húsnæðismálunum, en þegar farið er að skyggnast aðeins undir yfirborðið kemur á daginn að þetta eru fyrst og fremst loforð á blaði. Það er enn í dag allt í óvissu um hvernig við þetta verður staðið. Og enn á ný eru ráðh. innbyrðis ósammála um það þótt hæstv. félmrh. endurtaki að bak við þær tölur, sem standa á blaði og hafa verið samþykktar hér sem lánsfjárlög frá Alþingi, eigi það að standa að ríkisstj. sé ábyrg fyrir þessum framlögum, þá kennir okkur reynslan það frá fyrri árum, sem og ummæli annarra ráðh., sem og staðreyndir mála um fjárhagsástand ríkissjóðs, að það er ákaflega óvarlegt að treysta þeim loforðum, alveg eins og það kann að reynast ákaflega óvarlegt hjá því fólki sem myndað hefur Búsetasamtökin að treysta því að hæstv. félmrh. geti staðið við að hans skilningur í því deilumáli reynist verða hinn rétti.

Virðulegi forseti. það sem fyrst og fremst er neikvætt við þessa umr. er það, að hér hefur verið lagt fram frv. um húsnæðismál sem lýsir því í reynd að sú nefnd sem á s. l. sumri undirbjó þessa löggjöf hefur því miður, að mínu mati, fúskað heimadæminu sínu. Þótt sett séu á blað loforð og fyrirheit um að lánstími skuli lengdur, um að lánahlutfall skuli hækkað og að greiðslubyrði

skuli lækkuð, þá virðist vera augljóst mál að þessi nefnd reiknaði aldrei dæmið sitt til enda. Hún lagði það aldrei niður fyrir sér hvað það væri sem hún þyrfti að gera í húsnæðisfjármálum, í fjármögnun kerfisins í heild til þess að hægt væri að treysta því að hún gæti staðið við þessi loforð, ekki aðeins á árinu 1984, sem hún getur ekki, heldur líka á næstu árum. Þess vegna er það gífurlega stórt óvissuatriði, sem hefur hlotið ákaflega litla umr. hér, stendur eftir, m. ö. o. vaxtaákvörðunin. Það er meiri háttar stefnubreyting skv. þessu frv. að nú á ekki lengur að kveða á um vextina, heldur á það að fara eftir tillögum Seðlabanka og endanlega ákvörðun ráðh. Ef menn draga saman niðurstöðurnar af könnun Þjóðhagsstofnunar á þeirri fjármögnunarleið sem hér hefur verið farin hlýtur um leið að vakna sú spurning: Ætlar hæstv. ráðh. að reyna að rétta hlut byggingarsjóðanna úr því sem komið er með því að taka ákvörðun um verulega hækkun vaxta? Það er vitað að lánsfjárþörf sjóðanna er núna mikil. Það er vitað að þær lántökur verða dýrar. Það er vitað að vaxtamunurinn er hrikalegur. Það er vitað hvaða áhrif þetta hefur á næstu árum. Eina leiðin til að rétta eigin fjárhag sjóðanna úr því sem komið er, ef menn ætla að hafna þeirri leið að auka verulega framlög ríkisins, verður í því fólgin að hækka vexti. Þess vegna væri mjög æskilegt að hæstv. ráðh. svaraði því í þessum umr.: Hver eru áform hans í því efni? Er það virkilega allt í gersamlega lausu lofti? Telur hann sig vera nær því að geta tekið þá ákvörðun þegar fyrir liggur hvað hin erlenda lántaka verður mikil? Það er gífurlega mikil breyting ofan á allt annað fyrir lántakendur að renna algerlega blint í sjóinn um það á hvaða kjörum þessi lán verða tekin.

Ég ætla ekki að ræða fleiri atriði þessa viðamikla máls, en það er fyrst og fremst tvennt sem er gagnrýnisvert: ef þessari umr. lýkur án þess að almenningur í landinu, sem fylgist vel með þessum málum, þetta snertir mjög margar fjölskyldur og einstaklinga í þessu landi, fær hvorki að vita um niðurstöðuna í deilumálum um Búseta né heldur neina vísbendingu um hver verður hin endanlega vaxtaákvörðun ráðh. Þetta eru ákaflega veigamiklir þættir í þessu máli. Hvorugt er upplýst svo að viðhlítandi sé.

Ég ítreka að ef hæstv. ráðh. vill ekki bæta við það sem hann hefur þegar sagt um skilning sinn skora ég sérstaklega á hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem er fulltrúi hans í nefndinni, að upplýsa hver er afstaða hans í málinu. Fylgir hann ráðh. sínum eða fylgir hann meiri hl.? Hvort er það ráðh. sem er talsmaður hans og Framsfl. eða hv. þm. Halldór Blöndal? Það er þýðingarmikið að þau svör fáist nú þegar. Ef það er ótvírætt að Framsfl. stendur að baki ráðh. sínum í þessu máli liggur fyrir af brtt. og álitsgerðum stjórnarandstöðunnar hver hennar afstaða er og þess vegna getur skipt sköpum um hver niðurstaða málsins verður hér á þingi hver eru svör hv. þm. við þessari spurningu. Í annan stað væri mjög æskilegt að ráðh. lyki ekki svo þessum umr. að engar upplýsingar fengjust um hvers er að vænta um vaxtaákvörðunina þegar að henni kemur af hálfu ráðh.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Því miður tókst hæstv. ráðh. ekki að svara þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar, hvorki varðandi vextina né hina nýju útlánaáætlun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Þá voru svör hans í sambandi við húsnæðissamvinnufélögin óljós og málflutningur hans og hv. frsm. félmn. er á skjön. Þar rekur sig hvað á annars horn og er ekkert samræmi á milli þess sem þeir segja.

Ég vildi, herra forseti, í þessari ræðu minni, áður en ég kem að orðum ráðh., gera örlitla grein fyrir afstöðu minni til nokkurra þeirra brtt. sem fram hafa verið bornar umfram þær tillögur sem fluttar eru af þremur þm. Alþb. Ég þarf ekki að geta þess að ef atkvgr. um þessi mál þarf að fara fram á morgun, eins og mér skilst á hæstv. forseta að sé ætlunin, er nú nauðsynlegt að menn glöggvi sig á þessum tillögum og efni þeirra og innihaldi sem best því að það kann að vera vandséð í hvaða röð sumar af þessum tillögum á að bera upp. Því hygg ég að það væri skynsamlegt verklag að hæstv. forseti og skrifstofan og flm. till. bæru sig saman um atkvgr. áður en til hennar kemur til þess að það fari ekki í handaskolum því að hér eru uppi mjög margar brtt. eða líklega um 60 alls.

Það er rétt, sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði hér áðan, að það er ákaflega ósanngjarnt að bera stjórnarandstöðunni, sem ég leyfi mér að tala um í heild í þessu tilviki, á brýn að hún sé neikvæð í þessum umr. Ég hygg að sjaldan hafi stjórnarandstaðan í vetur flutt eins mikið af jákvæðum og uppbyggilegum till. og einmitt nú. Ég vísa því líka á bug að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í félmn. hafi á nokkurn hátt tafið fyrir meðferð þessa máls meðan það var á dagskrá nefndarinnar. Ég held að það sé þvert á móti svo, að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafi lagt sig mjög fram um að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls, og ég hygg að það sé næsta óvenjulegt að svo margar vel unnar brtt. og svo ítarleg nál. komi frá minni hl. í starfsnefnd þingsins með svo skömmum fyrirvara sem í þessu máli.

Ég ætla að víkja að brtt. og fyrst að koma að brtt. meiri hl. Brtt. meiri hl. eru flestar tæknilegs eðlis og eru yfirleitt til bóta frá því sem er í frv. Ég tel t. d. að brtt. 1 og brtt. 3, 4, 5, 6, 7 og 8 frá meiri hl. séu allar þannig að ég fyrir mitt leyti a. m. k. mundi greiða þeim atkv. Ég tel hins vegar að brtt. 2 gangi allt of skammt, en ef svo færi að brtt. mín og tveggja annarra þm. Alþb. yrði felld varðandi það efni mundi ég styðja brtt. meiri hl.

Ég tel að brtt. 9 í till. meiri hl. sé ein sú veigamesta og ég held að forsendur hennar hafi verið samviskusamlega unnar. Ég hef ekki haft aðstöðu til að bera mig saman við Þjóðhagsstofnun eða Alþýðusambandið um innihald þessarar till., en ég held að hún sé í rauninni ekki efnisleg breyting, heldur fyrst og fremst breyting á reikningsaðferð. Mér finnst reikningsaðferðin, sem hér er gerð till. um af meiri hl., betri en sú sem er í gildandi lögum og ég mun þess vegna styðja till. ef ekki er um að ræða efnisbreytingu frá því sem verið hefur.

Ég vil einnig taka fram að ég tel að 14. brtt. sé til bóta frá því sem er. Ég átta mig ekki alveg á innihaldi þeirrar 15.

Ég vil lýsa stuðningi mínum við 17. brtt., en hún gerir ráð fyrir því að félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, verði heimilt að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Ég tel að þessi brtt. sé jákvæð og ég mun styðja hana fyrir mitt leyti. Ég held hins vegar að ráðh. sé

lagður þungur kross á herðar með lokasetningu þessarar greinar, en þar er honum ætlað að semja reglugerð um útfærslu hennar. Ég held að málið sé býsna flókið, en ég hygg hins vegar að það sé erfitt ef ekki vonlaust fyrir löggjafann að leysa þetta mál með miklu ítarlegri lagagrein en þarna er gerð tillaga um.

Ég hafði áður getið þess að ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. með brtt. 20 í sambandi við skyldusparnaðinn.

Ég taldi rétt, herra forseti, að afstaða mín til brtt. meiri hl. kæmi hér fram. Ég tel að þær séu, miðað við allar aðstæður, heldur til bóta frá því sem í frv. er, a. m. k. flestar þeirra.

Ég tel einnig að í rauninni séu flestar brtt. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur til bóta frá því sem er í frv. Sumar þeirra eru hreint tæknilegar, aðrar eru efnislegar, eins og ákvæðin til bráðabirgða. Ákvæðin til bráðabirgða ganga kannske að sumu leyti í aðra átt en þær brtt. sem þm. Alþb. flytja, en að þeim felldum, ef svo fer, mun ég fyrir mitt leyti styðja þær brtt. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flytur á þskj. 689. Hins vegar hef ég allan fyrirvara um mína afstöðu til brtt. hv. þm. nr. 2, við 9. gr., staflið a, og hið sama er að segja um brtt. 9, í sambandi við vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Hvað varðar brtt. hv. þm. Bandalags jafnaðarmanna get ég fyrir mitt leyti tekið undir brtt. 1 á þskj. 694. Allir tillögumenn stjórnarandstöðunnar flytja till. um breytingu á markmiðsgrein laganna. Það er í rauninni táknrænt að allir þessir þrír stjórnarandstöðuflokkar skuli þannig hver í sínu lagi flytja tillögur af því tagi sem hér eru uppi, þar sem lögð er alveg sérstök áhersla á að tilgangur húsnæðislaganna eigi að vera sá að auka möguleika fólks á öruggu húsnæði til eignar eða leigu. Hér er sem sagt ekki lengur um að ræða þá einhliða áherslu á eignarhaldsíbúðir sem verið hefur hér í okkar löggjöf, þó að það sé vissulega rétt sem hæstv. félmrh. sagði hér áðan að ég hygg að allir stjórnmálaflokkar séu sammála um að það er eðlilegt að þar sé gert það sem unnt er af samfélagsins hálfu til þess að fólk geti átt þær íbúðir sem það býr í, ef það vill og framast getur.

Ég verð hins vegar að segja að öðru leyti um tillögur þingflokks Bandalags jafnaðarmanna, hv. þm. Kristínar Kvaran og Guðmundar Einarssonar, að ég get ekki stutt þær og mun fyrir mitt leyti greiða atkv. gegn þeim, a. m. k. till. 10 og 11. Sömuleiðis brtt. á þskj. 704, um útborgun á skyldusparnaði.

Í ræðu hæstv. félmrh. áðan komu fram nokkur atriði sem ég tel nauðsynlegt að gera hér að umtalsefni. Það fyrsta var að hann ræddi nokkuð um lækkun á lánshlutfallinu úr 90% í 80% í verkamannabústöðunum. Hann vitnaði til þess að í fyrra hefði verið lagt fram stjfrv. sem hefði opnað fyrir möguleika á því að lækka þetta lánshlutfall úr 90%. Það er rétt. Það stjfrv. var flutt. Ég segi ekki að ég hafi átt hugmyndina, en þó er hugsanlegt að ég hafi komið fram með hana nokkuð snemma, að þetta yrði gert ef viðkomandi kaupandi íbúðar í verkamannabústað ætti rétt á lífeyrissjóðsláni. Mér fannst og finnst óeðlilegt að útiloka að maður sem fer inn í verkamannabústað geti tekið sitt lífeyrissjóðslán. Sú till. sem þá var flutt gerði ráð fyrir að það mætti nýta 1. veðrétt verkamannabústaða við hliðina á láni frá Byggingarsjóði verkamanna í þessu skyni. Ég er þeirrar skoðunar enn þá að þetta hafi verið skynsamleg till. Hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar ekki tekið þessa till. upp. Hún gerir eingöngu ráð fyrir að lánið verði lækkað í 80% og það er enn þá gert ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna sitji einn að 1. veðrétti. Það er ekki gert ráð fyrir því í brtt. ríkisstj., að ég best fæ séð, að lán frá lífeyrissjóði geti komið samhliða láni úr Byggingarsjóði verkamanna og þannig lækkað það lánshlutfall, sem úr honum kæmi. Ég tel að það sé ekkert við það að athuga þó að þessi tvö lán væru lögð saman, eins og þarna var gerð till. um, og ég mundi fyrir mitt leyti vera tilbúinn að taka undir slíka hugmynd.

Í öðru lagi kom hæstv. ráðh. að þessu fræga máli varðandi 33. gr. og sagði m. a. í ræðu sinni að það hefði ekki komið fram nein brtt. við 33. gr. Það er misskilningur. Það hefur komið fram brtt. við 33. gr. bæði frá mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. En það er ekki aðalatriði málsins, heldur þetta: Geta húsnæðissamvinnufélög fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna skv. þessari grein? Hv. þm. Halldór Blöndal sagði fyrr í dag: Það er ekki. Búseturéttarkerfið er fyrir utan þessa grein. Og hv. formaður félmn., Þorsteinn Pálsson, sagði með skýrum og afdráttarlausum hætti í félmn. Nd.: Húsnæðissamvinnufélögin eru fyrir utan þessa grein. Að vísu hefur þessum þm. kannske báðum láðst að lesa grg. með stjfrv., en í henni er bersýnilega gert ráð fyrir að húsnæðissamvinnufélög geti fallið undir þessa grein. Að því leytinu til hefur ráðh. grg. með sér þó að hann hafi þm. á móti sér. Hæstv. ráðh. sagði hér í sinni ræðu: Það eru möguleikar á því að þetta félagaform geti komið undir Byggingarsjóð verkamanna, enda hlíti það sömu skilyrðum og verkamannabústaðakerfið. — Og hann sagði líka: C-liður 33. gr. gefur þessum samtökum þennan möguleika. — Ráðh. lýsir því sem sagt ítrekað yfir að húsnæðissamvinnufélögin falli undir Byggingarsjóð verkamanna og félagslega íbúðabyggingakerfið. Ég vil segja út af orðum hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar um þetta mál áðan að mér fannst að yfirlýsing ráðh. væri nokkuð afdráttarlaus í þá veru að húsnæðissamvinnufélögin gætu verið þarna undir. Ég rekst hins vegar á það sem frsm. n., hv. þm. Halldór Blöndal, sagði áðan. Og ráðh. fór líka að draga í land seinna í ræðu sinni. Hann sippaði sér yfir í dálítið annað til að reyna að bjarga sér í land þegar hann sagði: Húsnæðismálastjórn á eftir að koma saman til að túlka þetta. — Það þarf sem sagt túlk og kemur nú engum á óvart. Húsnæðismálastjórn á m. ö. o. að túlka hvað það þýðir að frsm. félmn. og hæstv. félmrh. segja alveg sitt hvað í þessu efni. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hæstv. félmrh. gangi frá því við samstarfsflokk sinn í ríkisstj. hvað hér er átt við og það komi frá flokkunum báðum sameiginleg yfirlýsing í þessu efni, bæði frá Sjálfstfl. og Framsfl. Ég treysti því ekki og ég tel það ekki eðlilegt að húsnæðismálastjórn sé notuð sem túlkur í þessu efni, eins og hæstv. félmrh. ætlast til. Ég óska eftir því að flokkarnir báðir komi sínum skilningi á blað og reyni að þræla sér í að finna út formúlu sem hentar þeim báðum í þessu efni.

Hv. þm. Halldór Blöndal og þeir félagar í meiri hl. hafa gert vissa tilraun í sínu nál. Hún er dálítið bögglingsleg. Hv. þm. Halldór Blöndal, sem er með mælskustu mönnum þingsins og oft orðhagur, kom textanum nokkuð illa frá sér um skeið í dag, en sóttist þó betur eftir því sem á leið og skýrði mál sitt þannig að húsnæðissamvinnufélögin væru þarna fyrir utan. Hv.

þm. Stefán Guðmundsson, sem hér situr undir þessum löngu ræðum, skrifar undir álitið með hv. þm. Halldóri Blöndal. Ég skil það svo að þeir séu samherjar í málinu og ráðh. sé að glíma við þá báða og þess vegna þyrfti ráðh. að reyna að setjast niður á fund með meiri hl. félmn., helst í fyrramálið, til þess að fá þessa skýringu alveg skýrt frá ríkisstj. hvað hér er átt við. Það er greinilegt að menn hafa ekki enn þá komið sér saman í því efni. Það er útilokað að láta umr. um þetta mál ljúka öðruvísi en þessi skilningur liggi alveg skýrt fyrir. Ef atkvgr. á að fara fram um þetta mál kl. 4 á morgun verður áður að koma fram hver er hinn sameiginlegi skilningur. Það er hægt að freista þess í umr. og aths. með nafnakalli að knýja á um hvað það er sem ráðh. á við og nm. Gæti atkvgr. um þessar 60 brtt. orðið býsna tafsöm ef menn ætluðu sér að reyna að knýja fram niðurstöðu stjórnarflokkanna í málinu í umr. og aths. með nafnakalli. Ég skora þess vegna á hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því að niðurstaða þessara aðila liggi fyrir áður en atkvgr. fer fram.

Í þriðja lagi viðurkenndi hæstv. félmrh. að samþykktin um 40% er marklaus fyrir árið 1984. Hann sagði að hann gerði ekki ráð fyrir að ríkisframlagið yrði aukið, og svo kom þessi gamla framsóknaraðferð í stjórnarsamstarfi, sem ég þekki dálítið, er hann bætti við: Að sjálfsögðu verður reynt. Það verður reynt að pína fram einhverja hækkun á þessu í stjórnarsamstarfinu og athugað hvort fjmrh. verður eftirgefanlegur í málinu þegar búið er að þæfa hann um skeið.

Fjórða atriðið sem ráðh. nefndi er í sambandi við vextina. Ég hef engu við það að bæta sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði um það mál. Það verður auðvitað að koma fram hverjir vextirnir eiga að vera. Og það er útilokað að láta 3. umr. um þetta mál fara fram hér í Nd. öðruvísi en að niðurstaða um vextina liggi fyrir, sérstaklega núna þegar það er ætlun ríkisstj. að fara að útvega erlend lán í þessu skyni. Ég spyr hæstv. ráðh. og óska eftir svari hans á þessari nóttu: Ætlar ráðh. að standa þannig að málum að Byggingarsjóður ríkisins fari að taka gengistryggð lán? Er það ætlun ráðh. að Byggingarsjóður ríkisins fari að taka gengistryggð lán í dollurum og mörkum eða pundum, til viðbótar við það að hann þarf að taka lán hjá lífeyrissjóðunum með 5.08% vöxtum eigi Byggingarsjóður ríkisins að fara að taka gengistryggð lán? Þá held ég að hann fari nú að verða ræfilslegur þegar fram líða stundir, Byggingarsjóður ríkisins, þegar hann væri farinn að taka á sig gengistöp í stórum stíl umfram það sem þegar er á þeim háu vöxtum sem sjóðurinn verður að borga. Ég spyr hæstv. ráðh. þessarar spurningar: Verður Byggingarsjóður ríkisins látinn taka gengistryggð lán eða verður hér um það að ræða að ríkissjóður hafi milligöngu um þessa lánveitingu og Seðlabankinn, þannig að hér verði ekki um gengistryggð lán að ræða, heldur með einhverjum öðrum kjörum? Og þá spyr ég: Hvaða kjörum? Það hefur aldrei áður gerst að félmrh. á Íslandi hafi verið í þeirri nauð að hann hafi þurft að knýja á um erlenda fjármuni inn í Byggingarsjóð ríkisins. Það hefur aldrei gerst áður í sögunni. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. ráðh. Alexander Stefánsson, sem er brautryðjandi í þessu efni, geri grein fyrir því hvernig hann hugsar sér að rækja þetta brautryðjendahlutverk sitt. Ég held að það hljóti að vera hægt að fara fram á að hann svari því nú í nótt.

Í fimmta lagi sagði hæstv. ráðh. að útlánaáætlun væri ekki fullfrágengin. Hann sagði: Eftir morgundaginn verða forsendur ljósar. Og þá segi ég: Þá á hæstv. ráðh. að geta komið hingað með útlánaáætlunina við 3. umr. málsins. Hún fer sennilega ekki fram fyrr en á föstudaginn eða jafnvel mánudaginn og þá á að vera hægt að fá útlánaáætlunina. Ég fer fram á það við hæstv. ráðh., þar sem forsendur hennar eru að verða ljósar, að hann geri grein fyrir áætluninni í síðasta lagi við 3. umr. málsins.

Í ræðu ráðh. kom margt fram sem ég er sammála. Ég vil taka það fram og tel enga ástæðu til að draga það undan í þessari ræðu minni að ég tel að það sé jákvætt að hann sé að gefa sérstakan gaum að fasteignakerfinu í landinu, hann sé að hugleiða leið til að hefta markaðsöflin og áhrif þeirra á hinn almenna húsnæðiskostnað í landinu. Hann sagðist vera með í undirbúningi frv. um fasteignakerfi. Mér finnst það nokkuð sérkennilega til orða tekið, frv. um fasteignakerfi. Hvar er fasteignakerfið staðsett í stjórnkerfinu, ef ég mætti spyrja? Er það í félmrn. eða er það í dómsmrn.? Hvar er fasteignakerfið í stjórnarráðinu samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands? Ég hef aldrei áður heyrt talað um að menn ætli að flytja frv. um fasteignakerfið. Og ég vildi gjarnan vita hvar menn hugsa sér að vista það afkvæmi sem hugsanlega sæi dagsins ljós með haustinu, ef ég skildi hæstv. ráðh. rétt.

Herra forseti. Ég hef hér ítrekað nokkrar spurningar sem ég vildi bera fram til hæstv. ráðh. um leið og ég hef gert nokkra grein fyrir afstöðu minni til ýmissa brtt. sem fram hafa komið. Spurningarnar sem ég fer fram á að hæstv. ráðh. svari eru sem sagt þessar:

1. Að fram komi skýr afstaða til húsnæðissamvinnufélaganna og stjórnarflokkarnir samræmi skoðun sína.
2. Að fram komi upplýsingar um vaxtakjör á því erlenda láni sem á að fara að taka í Byggingarsjóð ríkisins.
3. Þá vil ég ítreka þá ósk mína að það komi hér skýrt fram með hvaða hætti er ætlunin að útlánaáætlunin verði. Það var sagt að hún gæti orðið fullfrágengin næstu daga eða eftir daginn á morgun.

Loks væri fróðlegt að heyra svör við spurningunni um fasteignakerfið, sem ég bar fram áðan.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti vill taka það fram vegna orða hv. síðasta ræðumanns áður en næsta ræðumanni er gefið orðið að stefnt er að því að atkvgr. fari fram um þetta mál á morgun á fundi sem boðaður er kl. 4. Ég tek undir ábendingu hv. 3. þm. Reykv. um það að forseti beri sig saman við tillögumenn. Þetta verður flókin atkvgr. og forseti býður upp á það að tillögumenn ræði þetta mál við hann um ellefuleytið á morgun. Við ræðum það þá frekar í fyrramálið. Ég mun þá leggja fyrir slíkan fund uppkast að því hvernig forseti hugsar sér að bera þessar till. upp.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hefði ekki þurft að koma hér aftur í ræðustól nú þegar svo er liðið á nóttu ef hæstv. félmrh. hefði gert svo lítið að svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Stjórnarandstaðan hefur lagt mikla vinnu í þetta frv., nál. og brtt. og hún hlýtur að eiga þá kröfu að hæstv. ráðh. svari þeim spurningum sem hér eru lagðar

fyrir hann.

Í stað þess að svara þeim spurningum, sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh., var það eina sem ég fékk að heyra að ég væri með neikvæðan málflutning, nöldur, talaði um hrun húsnæðiskerfisins og þar fram eftir götunum. Ef hæstv. ráðh. kýs að kalla það neikvæðan málflutning og nöldur þá hann um það en ég hef ekki skap til þess að vera með eitthvert fagurhjal um þetta frv. Ég tel mig hafa skoðað mjög ítarlega fjármögnunarþætti þess og tel að réttara sé að reyna að líta raunsætt á málin og reyna að sjá aðeins lengra fram í tímann varðandi húsnæðislánakerfið en mér finnst hæstv. ráðh. gera. Ef við gerum það ekki erum við ekki bara að blekkja sjálf okkur heldur líka húsbyggjendur og íbúðakaupendur sem greinilega vænta sér mikils af þessari löggjöf sem verið er að afgreiða hér á hv. Alþingi.

Ég sé fulla ástæðu til þess, hæstv. félmrh., að vera með neikvæðan málflutning yfir því að nú strax á fyrsta ári þegar verið er að samþykkja þessa löggjöf er meiningin að þverbrjóta t. d. það grundvallarákvæði sem er í 9. gr. frv. varðandi Byggingarsjóð ríkisins. Það liggur ljóst fyrir og hæstv. ráðh. hefur ekki mótmælt því að það á einungis að setja 17% inn í Byggingarsjóð ríkisins sem framlag ríkissjóðs þegar frv. gerir ráð fyrir 40%. Ég sé ástæðu til þess, hæstv. ráðh., að gagnrýna það og vera með neikvæðan málflutning um það þegar samdráttur verður svo gífurlegur í lánveitingum frá Byggingarsjóði ríkisins.

Ég sé ástæðu til þess líka að vera með neikvæðan málflutning þegar við blasir að ekki verður byggð nein íbúð eða veitt neitt nýtt lán í félagslegar íbúðabyggingar á þessu ári og fresta verður ¼ af þeim lánveitingum sem samþykktar voru á síðasta ári a. m. k. Ég sé fulla ástæðu til þess að hafa áhyggjur af því og láta það uppi hér í sölum Alþingis hvert stefnir og hver greiðslubyrðin er hjá húsbyggjendum í landinu. Ég sé ekki hvernig fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið á að geta staðið undir svo gífurlegri greiðslubyrði þegar lánahlutfallið er svo lítið. Ef það er rétt sem kemur fram hjá Þjóðhagsstofnun að þetta séu um 20 þús. kr. á mánuði og ef lánahlutfallinu verði ekki breytt verði það 20 þús. kr. á mánuði næstu fimm árin þá sé ég fulla ástæðu til þess að hafa áhyggjur af því og láta það í ljós í sölum Alþingis.

Og ég sé líka ástæðu til þess að gagnrýna það hér hvert stefnir í lántökunum. Ég byggi á útreikningum Þjóðhagsstofnunar og ég vænti þess að þeir séu réttir þegar það kemur fram að miðað við að byggðar verði 600 íbúðir í félagslega kerfinu á ári og lánahlutfall hækki í 80% næstu átta árin verði lántökur hér eftir átta ár 3 — 3 ½ milljarður og eftir 16 ár um 5 milljarðar.

Ég vil reyna, herra forseti, að ítreka aftur þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh. í þeirri von að ég fái einhver svör. Ég vil t. d. spyrja hann um þann samdrátt sem við blasir hjá Byggingarsjóði ríkisins og þar byggi ég á áætlun Húsnæðisstofnunar.

Við höfum alltaf verið að fá nýjar áætlanir og síðast þegar við ræddum þessi mál í sölum Alþingis var talað um að veitt yrðu lán til 925 íbúða úr Byggingarsjóði ríkisins á þessu ári. Ég hef hér áætlun frá 14. mars 1984 varðandi Byggingarsjóð ríkisins og þar kemur fram í athugasemdum með þeirri áætlun að „á árinu 1983", segir orðrétt, með leyfi forseta, „voru veitt frumlán vegna um 1090 íbúða." Í þessari áætlun er gert ráð fyrir frumlánum vegna um 760 íbúða enda verði um frestun að ræða. Fram kemur að það er byggt á því að allir tekjustofnar, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum og lánsfjárlögum, skili sér nema skylduspamaðurinn. Þar er líka talað um samdrátt varðandi eldri íbúðir og að ekki sé gert ráð fyrir lánum vegna nýrra framkvæmda við leiguíbúðir og heimili fyrir aldraða.

Hæstv. ráðh. upplýsir að endanleg útlánaáætlun liggi ekki fyrir og hann sjái kannske ekki ástæðu til þess að reka á eftir því fyrr en fjármálin séu tryggð. Ég skrifaði það orðrétt hér eftir ráðh. „ekki fyrr en fjármálin eru tryggð." Hæstv. ráðh. hefur þá ekki meiri trú á því en þetta að það standi sem er í fjárlögum og lánsfjárlögum. Ég vil spyrja hann varðandi þessa áætlun: Má treysta því að það sé þó a. m. k. hægt að veita lán til 760 nýbygginga á ári vegna þess að það liggur fyrir að standist ekki það sem á að veita í Byggingarsjóð ríkisins á lánsfjárlögum og fjárlögum verði um enn meiri samdrátt að ræða en fram kemur í þessari áætlun?

Varðandi Byggingarsjóð verkamanna eru þær forsendur sem nú er byggt á að fjöldi endursöluíbúða verði sá sami og á árinu 1983, að engar nýframkvæmdir verði á árinu og að skuld sjóðsins um áramót við Seðlabanka Íslands verði endurgreidd á árinu. Það hefur komið fram að þar verði að fresta ¼ fram á næsta ár. Treystir ráðh. sér til þess að staðfesta það að þannig verði staðið að málum? Við þessu hef ég ekki fengið enn svör í þessum umr.

Ég vil ítreka spurningu mína til ráðh. varðandi lántökur sem stefnt er í og hvert stefnir með að byggja þessa sjóði upp, hvort hæstv. ráðh. hafi ekki neinar áhyggjur af þessari þróun. Hvort hann hafi ekki neinar áhyggjur af því að sjóðirnir þurfi að byggja á svona gífurlega miklum lántökum. Varðandi árið í ár er áætlað að til Byggingarsjóðs ríkisins fari 1167 millj. Ég fæ ekki betur séð en að þar sé um að ræða lántökur upp á 885 millj. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðh. hafi áhyggjur af þessari þróun.

Og ég vil enn fremur spyrja hæstv. ráðh. að því hvort hann mótmæli því að það stefni í það að fjárvöntun í Byggingarsjóð ríkisins verði um 420 millj. á þessu ári. Er kannske meiningin að brúa það með þessum erlendu lántökum sem nú er talað um?

Hv. 3. þm. Reykv. kom inn á það að hæstv. ráðh. hefði sagt að stjórnarandstaðan gerði engar brtt. við 33. gr. frv. og hann benti réttilega á að það væri alrangt. 1. minni hl. flytur brtt. við 33. gr. um að aftan við c-lið bætist nýr málsliður svohljóðandi:

„Einnig búseturéttaríbúðir sem byggðar eru eða keyptar af húsnæðissamvinnufélögum til ótímabundinna afnota félagsmanna".

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. í tilefni af þeim umr. sem hér hafa orðið í kvöld: Er ráðh. reiðubúinn til þess að styðja þessa brtt. og taka þar með af allan þann vafa sem er uppi um réttarstöðu Búseta í félagslega kerfinu? Ég vil taka undir það með hv. 5. þm. Reykv. að mér fannst svör ráðh. nokkuð óljós í því efni. Hann talaði um að búseturéttaríbúar hefðu möguleika á því að komast undir þetta félagslega kerfi. Ég vil líka taka undir það með hv. 3. þm. Reykv. að það verður að liggja ljóst fyrir og það helst fyrir atkvgr. á morgun hver skilningur stjórnarflokkanna er í þessu máli.

Ég vil líka taka undir það með hv. 3. þm. Reykv. að það er nauðsynlegt áður en þetta mál fer héðan úr

deildinni að fyrir liggi samþykkt útlánaáætlun. Það er ekki verjandi að við séum að fjalla um þetta mál í marga mánuði í n. og síðan hér við 2. umr. og ekki liggi enn fyrir þessi útlánaáætlun. Ég vil taka undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að þessi útlánaáætlun verði sýnd hér á hv. Alþingi.

Ég ítreka það við hæstv. ráðh. hvort hann sé tilbúinn að styðja þá brtt. frá 1. minni hl. að tryggja ótvíræðan rétt búseturéttaríbúa eins og fram kemur þarna í 13. tölul.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson, sem hefur átt sæti í félmn., hefur setið undir þessari umr. og hlýtt á. Hann hefur ekki séð ástæðu til þess að taka hér til máls. Það verður því að líta svo á þar sem hann skrifar undir meirihlutaálit n. að hann sé sammála skilningi þeim sem hv. framsögumaður meiri hlutans lagði hér í 33. gr. frv. um að búseturéttaríbúar heyrðu ekki undir það ákvæði. Ég vil hvetja hv. þm. Stefán Guðmundsson að stíga nú hér í ræðustól og lofa okkur að heyra hans álit á þessu, hvoru megin hryggjar hann er í þessu efni. Hvort hann styðji hæstv. félmrh. og þá túlkun sem fram kom hjá hæstv. félmrh., t. d. í málgagni Búseta, eða hvort hann styðji það sem fram kom hjá hv. þm. Halldóri Blöndal þegar hann mælti fyrir meirihlutaálitinu. Mjög æskilegt væri, herra forseti, að við fengjum það fram í þessari umr. áður en henni lýkur. (Gripið fram í.) Í 33. gr.? (**StG:** Já, bls. 32 og 33.) Það er alveg sjálfsagt að lesa það hér upp. (**StG:** Ég held að ég muni það rétt að það sé þar.) Er það um 33. gr.? (**StG:** Já.)

„Skv. gildandi lögum lánar Byggingarsjóður verkamanna sveitarfélögum til bygginga leiguíbúða. Hér verður einnig gert ráð fyrir að lánað verði til félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja sem byggja leiguíbúðir handa félagsmönnum sínum eða öðrum sem þurfa á leiguhúsnæði að halda. Er þá m. a. höfð í huga mikil þörf námsfólks á leiguhúsnæði. Lítið hefur verið byggt af leiguíbúðum hér á landi um margra ára skeið. Á öllum þéttbýlisstöðum er þó ætíð brýn þörf á fleiri eða færri leiguíbúðum og er því hér opnuð leið til þess að lána til slíkra bygginga."

Ég hef hér lesið fyrir hv. þm. um 33. gr. en það breytir ekki því að fram kom í áliti framsögumanns meiri hlutans að hann vísar búseturéttaríbúum á 11. gr. 1. tölul. Ef hv. þm. Stefán Guðmundsson er ósammála honum í því efni og hefur sama skilning á þessu og hæstv. félmrh. er rétt að hann komi hér upp og taki af allan vafa í því efni.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil segja það fyrst að mér finnst nokkuð undarlegt að heyra það þrásinnis af vörum hv. 2. landsk. þm. að ekki sé nægilega vel séð fyrir fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins eftir því frv. sem hér liggur fyrir. Þessi hv. þm. hefur sjálfur gert brtt. við þá fjármögnun og í þeim brtt. er miðað við að framlag ríkissjóðs verði hið sama og gert er ráð fyrir skv. frv. (**JS:** Það var meira á þessu ári en gert er ráð fyrir á fjárlögunum.) Fjárlög fyrir þetta ár eru ekki til umr. En hitt má vel vera að þessi hv. þm. sé að hreykja sér vegna þeirrar forsögu sem flokksbróðir hans Magnús H. Magnússon átti sem ráðherra húsnæðismála. Ég man ekki betur en hann hafi á árinu 1979 lagt fram frv. um fjáröflun til húsnæðismála, en á því sama ári voru skatttekjur Byggingarsjóðs ríkisins skertar skv. heimildum í lánsfjárlögum sem munaði því að framlag ríkissjóðs sem hlutfall af ráðstöfunarfé sjóðsins lækkaði úr 49% 1978 í 39% á árinu 1979 vegna skerðingarákvæða í lánsfjárlögum sem ráðh. þessa hv. þm. beitti sér fyrir á árinu 1979. Ég get því vel skilið að hv. þm. þurfi að æsa sig upp þegar það var hans eigin ráðh. sem steig fyrstu skrefin í því að grafa undan fjárhagslegu sjálfstæði sjóðsins.

Ég vil enn fremur minna á að það var stefna Alþfl., og Alþfl. fylgdi þeirri stefnu fram með slíkri hörku og þrautseigju á árinu 1979 að hann sprengdi ríkisstj. á því, að krefjast raunvaxta af fjárskuldbindingum, en gleymdi þó þeim opinberu sjóðum sem voru í hans vörslu. Það er ekki leyndarmál og vita allir sem hér eru inni, að fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna og Lánasjóðs ísl. námsmanna, svo að þrjú dæmi séu tekin, var drepinn niður vegna raunvaxtastefnunnar og vegna þess að lánskjörin voru ekki löguð hjá þessum sjóðum nógu snemma. Við vitum líka, ef við förum enn lengra aftur í tímann, svo sem 15 ár, til áranna 1970/1971, að þá var það eitt aðalkosningamál Alþfl. að öll lán úr Byggingarsjóði ríkisins ættu að vera óverðtryggð. Það var breyting frá því sem þá hafði verið. Á þeim tíma þótti það vond latína þegar Sjálfstfl. hélt því fram að tryggja yrði fjárhagslegt sjálfstæði Byggingarsjóðs ríkisins. Ég veit að hv. þm. minnist þessarar umr. þegar hún fór fram.

Hitt er svo annað mál, að þegar Sjálfstfl. komst til áhrifa í ríkisstj. 1974—1978 beitti hann sér fyrir því að auka á ný eigið fé Byggingarsjóðs ríkisins og á árinu 1978 var framlag ríkissjóðs sem hlutfall af ráðstöfunarfé 49%, eins og ég sagði áðan, og var um 50% á árunum 1976—1978. Þetta er sannleikurinn í því máli.

Hitt er svo alveg ný lagaskýring að halda því fram að þessi ríkisstj. hafi brotið lög vegna þess að hún við gerð fjárlaga þessa árs batt sig ekki við frv. sem Alþingi hafði ekki fjallað um. (**JS:** Hvenær eiga lögin að taka gildi?) Þau áttu ekki að taka gildi í tengslum við þau fjárlög sem gilda fyrir þetta ár. Lögin eiga að taka gildi skv. brtt. 1. júlí, og að sjálfsögðu verður eftir þeim farið við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Þannig hefur það jafnan verið, að ef Alþingi samþykkir lög sem skuldbinda ríkissjóð er tekið tillit til þess á næstu fjárlögum sem samþykkt eru á Alþingi. Það er ekki hægt að taka í fjárlögum fyrir fram tillit til frumvarpa sem Alþingi á eftir að fjalla um og hefur aldrei verið gert, er hreinn útúrsnúningur og til hróplegrar skammar að þrástagast á þessu æ ofan í æ, sérstaklega þegar þess er gætt að hv. þm. hefur sömu hugmyndir og meiri hl. um hversu mikið framlag úr ríkissjóði þurfi til að koma til að byggja upp fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins nægilega fljótt. Skal ég svo ekki hafa um það fleiri orð, en vísa til álits 1. minni hl. um það hversu ör uppbygging Byggingarsjóðs ríkisins verður vegna þess ákvæðis sem gert er ráð fyrir í 11. gr.

Ég vil í öðru lagi segja að það vekur mikla athygli hversu eindregna áherslu stjórnarandstæðingar leggja á að í hinu félagslega kerfi verði leiguíbúðir látnar sitja fyrir verkamannabústöðum, að ríkið eigi nú að skipta um með þeim hætti að fólk eigi ekki að eiga þess kost lengur, sem nýtur hinna félagslegu kjara, að eignast íbúðir sínar eins og verið hefur aðall verkamannabústaðakerfisins frá upphafi. Eins og hugmyndir um Búseta eru, eins og sjálfir forustumenn Búseta lýsa

þeim kjörum sem þeim er ætlað að bjóða upp á, er við því að búast að leigutakar í húsum þeirra eigi að greiða jafnmikið í eftirgjald fyrir íbúðina og hinir sem í verkamannabústöðum búa, en eignast þó ekki íbúðina með sama hætti og í verkamannabústöðunum. Þetta er kjarni málsins. Á ég að skilja það svo að það sé stefna Alþfl. og Alþb., ef tveir menn njóta hins félagslega lánakerfis, byggja hjá tveim mismunandi aðilum, annar hjá verkamannabústöðum hinn hjá Búseta, þeir greiða jafnmikið fyrir jafndýra íbúð, greiðslubyrðin á mánuði er jafnmikil hjá báðum, að þá skuli annar aðilinn sitja við lakara borð og ekki eignast hlut í íbúðinni eins og hinn? Er það hugmynd þessara manna að mismuna svo með opinberum lánveitingum þegnum þessa lands í skjóli þess að það sé félagslegt, og er það það sem Kvennalistinn kallar öryggi, að búa við öryggi? Það væri kannske fróðlegt að gera skoðanakönnun hjá því fólki sem býr í verkamannabústöðum og spyrja það að því hvort það vilji ekki skipta. — Þið hefðuð borgað sömu krónurnar, en í staðinn fyrir að eiga 50—60—70% af ykkar íbúð, eigið þið bara einhvern óskilgreindan búseturétt sem svarar kannske 10% af kostnaðarverði íbúðarinnar. Hverjir ætli vilji skipta? Hversu má það vera að þessir tveir verkalýðsflokkar, Alþfl. og Alþb., eru svo heillum horfnir í baráttu sinni fyrir þeim sem verst eru settir að þeir grípa hvert hálmstrá til að slá um sig, hlaupa á eftir hverri tískusveiflu sem kemur og hafa ekki kjark né dug til að standa við það merki sem Héðinn Valdimarsson reisti á sínum tíma? Það væri gaman að fá skýr svör við því. Er það skoðun Svavars Gestssonar, að ef tveggja kosta er völ eigi fremur að setja féð í leiguíbúðir en í verkamannabústað, ef greiðslubyrði þess sem býr í íbúðinni er hin sama? Er það skoðun talsmanna Alþfl. að byggja með þessum hætti upp kerfi sem þvingar verkafólk til að vera ánauðugir þrælar einhvers byggingarsamvinnufélags og geta ekki skipt um íbúð eins og annað fólk í þessu landi, stækka við sig ef börnum fjölgar og þar fram eftir götunum?

Og hvað hafa svo allir þessir ræðumenn sagt um búseturéttinn? Hvernig hafa allir þessir þm. skilgreint og hvernig hafa þeir skýrt hver eigi að vera ábyrgð búseturéttarfélagsins, ef það skyldi ofkeyra sig og fara á höfuðið? Hvað þá? Hver á að vera ábyrgur fyrir því? Hvernig vilja þessir hv. þm. tryggja þá menn sem búa í slíkum íbúðum og hafa keypt einhvern svokallaðan búseturétt? Af hverju er ekki komið fram með það? Hvernig stendur á því að þessir menn, sem hér eru inni, skuli ekki svara því eftir hvaða röð og hvernig eigi að haga inngöngu manna í þessi félög? Hvernig stendur á því, ef við erum að hugsa um þá sem verst eru settir, einstæðar mæður, ungt fólk sem er að byggja yfir sig og annað þvílíkt, að ekki kemur inn í umr. að félag eins og Byggung megi gera kaupleigusamning um þessar íbúðir og fá 80% eða 90% af byggingarkostnaði? Getur þá ekki hvaða maður sem er, hver hópur sem er stofnað sitt byggingarsamvinnufélag, síðan lokað því einfaldlega með því að stofna ekki fleiri byggingarflokka, sett ákvæði um það í stofnskrá að þegar lán eru að fullu greidd skuli félagið gert upp og viðkomandi menn geti skipt á milli sín reytum félagsins? Hvernig hugsa þessir menn sér að fara með þær tekjur sem búseturéttarfélagið hefur, þá eignaaukningu sem verður í þessu byggingarsamvinnufélagi á hverju ári? Er sú eignaaukning tekjuskattsskyld? Ber húseigandanum, þessum leigutaka, til viðbótar við að borga allt það sem íbúinn í verkamannabústaðnum greiðir, líka að borga tekjuskatt til ríkisins vegna þeirrar eignaraukningar sem verður í búseturéttarfélaginu — eða er það hugmynd þessara ágætu þm. að þetta búseturéttarfélag verði undanþegið sköttum? Það væri fróðlegt að fá svör við þessu.

Það er ekki verið að tala um efnisatriði málsins á þennan hátt eða með einhverjum hætti að reyna að hjálpa því fólki sem hefur glapist, segi ég, á Búsetahugmyndinni, að skilja hvað þarna liggur á bak við, heldur er þessu þyrlað upp í moldviðri til að reyna að búa til þá ímynd að þessi ríkisstj. hafi staðið sig verr en hin síðasta í húsnæðismálum og liggur þó fyrir að á s. l. hausti og fram yfir áramót létu ríkisstj. og hæstv. félmrh. sig ekki muna um að borga 50% uppbót á öll þau smánarlega litlu lán sem hæstv. fyrrv. félmrh. veitti á árunum 1982 og 1983 og gat ekki einu sinni staðið við verðgildi þeirra meira en svo að þau fuðruðu upp í 130% verðbólgu.

Svo segir hv. 2. landsk. þm. að lítið sé að gert þegar öllum þeim sem eru að byggja íbúð í fyrsta skipti og eiga ekki íbúð fyrir er tryggður sá réttur á þessu ári að fá helming lánsins greiddan mánuði eftir fokheldisstig og síðari hlutann sex mánuðum síðar. Þetta er alger nýjung. Það er algerlega rangt og óverðugt ef verið er að reyna að gefa það í skyn hér í þingsölum að við þetta verði ekki staðið. Um það eru engar hugmyndir, hvorki innan húsnæðismálastjórnar né annars staðar svo langt ég veit, og hafði ég þó samband við menn í þessari stofnun síðast í dag. En þeir sem hafa slakan og lakan málstað geta auðvitað gert lítið úr því, og ég tala nú ekki um þegar hv. þm. hefur um það mörg orð að allir húsnæðislánasjóðirnir séu gjaldþrota, fé skorti til að rétta þá við þó einungis verði staðið við þær skuldbindingar sem verið hefur, en er samt reiðubúinn að taka upp nýja flokka, lána fleiri og fleiri 80% til þess að hinir, sem eftir sitja, lækki úr sínum 29% niður í 25, niður í 20 og tala þó um að greiðslubyrði á slíkum lánum, sem það fólk verður að sæta, er um 20 þús. kr. á mánuði og er þá miðað við 29%. Ætli það væri ekki nær að alþm. hjálpuðust að við að hækka húsnæðislánin hjá öllum, í hvaða félagi sem þeir eru, öllu því unga fólki sem er að vaxa upp, minnugir þess sem hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan, að í valdatíð hans var sá reginmunur á að þeir sem áður höfðu eignast hús fengu það gefins að stórum hluta, en þeir sem þá fóru að byggja eru nú að sligast undan húsnæðislánum? Ætli það veiti af að koma öllum til nokkurrar hjálpar og hætta einhverju snikksnakki um óskilgreinda hluti sem menn vilja svo ekki sjálfir standa við þegar að er spurt?

Ég ítreka það sem ég sagði: Ég skora á þm. að standa upp, koma í þennan ræðustól og segja að þeir vilji heldur ráðstafa fjármagni til leiguíbúða með sömu kjörum og nú eru í verkamannabústöðum en að láta fjármagnið beint inn í verkamannabústaðakerfið og gefa fólkinu þannig kost á að eignast íbúðirnar smátt og smátt. Halda menn kannske að það fólk sem horfir til leiguíbúða geti ekki allt eins hugsað sér að eignast sínar íbúðir í verkamannabústöðum ef það þarf ekki að borga meira fyrir það? Er einhver svo glámskyggn að halda að þetta fólk vilji endilega vera háð búseturéttinum? Er einhver hér sem heldur það? Það get ég ekki ímyndað mér. Mér þætti gaman að fá slíka yfirlýsingu. Og ekki vildi ég vera í sporum þess stjórnmálamanns sem tæki

þá ákvörðun að segja: Þú skalt annaðhvort ekki njóta hins félagslega kerfis eða taka við búseturéttinum og leiguíbúðinni. — Ég vil segja það fyrir hönd míns flokks að það er ekki hugmynd okkar að skipta á verkamannabústöðum og leiguíbúðum. Þeir sem vilja lyfta því flaggi mega gera það eins ótt og títt og oft og þeim sýnist.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Reiðilestur hv. þm. var um margt skemmtilegur og hefur valdið því að þessi umr. hefur nú ekki lognast út af. Þessi reiðilestur var um Búseta. Hér var að tala hv. frsm. meiri hl. félmn. Það er stundum svo í stórveldastyrjöldum að þegar Rússar meina Kínverja þá segja þeir Albanía. Þessari ræðu var greinilega beint til hæstv. félmrh. Hér er lögð fram spurning eftir spurningu sem engum ber eins skylda til að svara eins og þeim manni sem í fyrri umr. lýsti því yfir: Hið nýja form samvinnufélagsskapar í húsnæðismálum, það er flokksstefna Framsfl., það er málið sem ég hef viljað beita mér fyrir, ég vil opna þessa leið, ég tel að þarna sé um að ræða leiðina til þess að ná settu markmiði um þriðjung árlegra íbúðabygginga í félagslegu kerfi.

Reiðilesturinn var greinilega, þó honum væri beint til Alþfl., ætlaður hæstv. félmrh. Það er greinilega talsverð glóð í þessari deilu um það hvor hefur meira til síns máls eða hvor er ráðandi innan stjórnarinnar, hæstv. félmrh., sem í orði kveðnu er einn helsti talsmaður Búseta, eða hv. frsm. meiri hl. félmn. sem hefur allt á hornum sér um þetta félagskerfi. Nú fer ég virkilega að efast um það að hæstv. ráðh. geti náð sáttum eða samkomulagi innan ríkisstj. um það að hans skilningur verði ráðandi í þessu máli. Nú fer að verða mjög brýnt að hv. þm. Stefán Guðmundsson komi í stólinn og taki af tvímæli um það hvoru megin hann stendur, hvort hann er með manninum með reiðilesturinn eða hvort hann er enn í Framsfl. og fylgir ráðh. (**Gripið fram í:** Framsfl.) Það er einmitt það. En það væri æskilegra að þetta væri ekki aðeins tíst utan úr sal, heldur kæmi upplitsdjarfur maður hér upp í stólinn og tæki af tvímæli um það hvar í flokki hann stendur.

Um reiðilesturinn efnislega er það að segja að fyrst var hv. þm. svo óheppinn að víkja að Alþfl. og segja: Alþfl., flokkurinn sem drap niður fjárhag þeirra sjóða. Hann nefndi þrjá sjóði, Byggingarsjóð ríkisins í fyrsta lagi, í öðru lagi Lánasjóð ísl. námsmanna og hver var þriðji sjóðurinn, hv. frsm.? Hann man það kannske ekki sjálfur. Hvað var það sem hefur stefnt fjárhag þessara sjóða í tvísýnu? Hvað var það sem hins vegar er stærsta aðgerðin og reyndar, eins og ég hef stundum orðað áður, eina vitiborna hagstjórnaraðgerðin sem þó komst í framkvæmd á s. l. árum, hver var það sem kom verðtryggingunni á? Það hlýtur að hafa verið mismæli í reiðilestrinum að halda því fram að verðtrygging fjárskuldbindinga hafi orðið til að eyðileggja fjárhag þessara sjóða, það er þó alla vega öfugmælið stærsta í öllum þessum umr. Það er akkúrat þvert á móti.

Öllum ætti að vera kunnugt um það að hafi tilgangurinn með félagslegu lánakerfi í húsnæðismálum verið sá að tryggja einhvers konar tekjutilfærslu frá hinum efnameiri til hinna efnaminni í þjóðfélaginu þá gerðist því miður þveröfugt á þeim árum þegar lánin voru ekki verðtryggð, þegar lánin voru raunverulega styrkir. Það fer ekkert milli mála að þá var um að ræða tekjutilfærslu t. d. frá leigjendum sem enga aðild áttu að þessu kerfi — en greiddu þó væntanlega sína skatta og skyldur og sín lífeyrissjóðsiðgjöld — og nutu þar af leiðandi einskis í eignaaukningu, nutu einskis verðbólgugróða en tóku vissulega þátt í því að skapa eignaaukningu oft á tíðum hinna betur settu í þjóðfélaginu. Að því er varðar byggingarsjóðina, og sama máli gegnir um Lánasjóð ísl. námsmanna, var verðtryggingin forsendan fyrir því að hægt væri að byggja upp fjárhag þessara sjóða.

Sem betur fer eru þær raddir núna að mestu leyti þagnaðar, raddir eins og hv. frsm., sem vilja hverfa til baka til þess ástands sem ríkti fyrir verðtryggingu. Ég minnist þess t. d. og það vakti sérstaka ánægju mína að í þeim hópi sem kennir sig við Sigtún og gerði uppreisn í húsnæðismálum á s. l. sumri heyrðist ekki ein einasta rödd sem gerði kröfu um það að verðtryggingin yrði afnumin. Og að því er varðar Búseta hefur ekki ein einasta rödd heyrst um það að afnema bæri verðtryggingu lána, ekki ein einasta. (**Gripið fram í:** Hver hafði það kosningamál 1971?) Að afnema verðtryggingu? (**Gripið fram í:** Já.) Nú skiptir ekki máli, hv. þm., að fara aftur í kosningarnar 1971. Það sem skiptir máli í þessu efni er hverjir það voru sem beittu sér fyrir, börðust fyrir verðtryggingu fjárskuldbindinga. Hverjir eru það sem hafa fengið allar skammirnar fyrir að hafa komið henni á? Hverjir börðust harkalegast fyrir því, hverjir tóku á sig alla gagnrýnina og óvinsældirnar fyrir að gera það þó að allir menn séu sammála nú um að það var rétt? Það er meginmálið.

Að því er varðar fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins og hlutdeild Alþfl. að því. Ég er hér með frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins sem var lagt fram af félmrh. Alþfl. í ríkisstjórninni 1978—1979. Frv. er lagt fram seint í þessari stjórnartíð, það var samþykkt af öllum þessum samstarfsflokkum, Alþfl., Framsfl. og Alþb., en því miður náði það aldrei að verða að lögum. Þetta frv. byggði náttúrlega í fyrsta lagi á þeirri forsendu að útlán byggingarsjóðanna, hvort heldur er Byggingarsjóðs ríkisins eða verkamanna, skyldu verða verðtryggð. Í öðru lagi var það eitt sem var aðalsmerki þessa frv., þeirrar leiðar í húsnæðismálum sem það markaði. Það aðalsmerki var að sú nefnd sem undirbjó þetta mál lét sér ekki nægja eins og nefnd hv. frsm. að setja á blað loforð og fyrirheit um að það ætti að stefna að hærra lánshlutfalli sem hlutfalli af byggingarkostnaði eða lægri greiðslubyrði í hlutfalli af tekjum. Sú nefnd sem undirbjó þetta frv. reiknaði það dæmi til enda hvað þyrfti til, til þess að ná þessum markmiðum í áföngum á tilteknum árafjölda.

Það hefur aldrei verið vefengt að sú leið var ákjósanleg sem þarna var farin. Hún var sú að auka óafturkræf framlög ríkissjóðs til byggingarsjóðanna, að byggja upp traustan eigin fjárhag þessara sjóða, draga úr því hversu háðir þeir væru óvissu, takmörkuðu og dýru aðfengnu lánsfé. M. ö. o., ríkisframlögin voru aukin, þörfin fyrir lánsfé var minnkuð. Sérstaklega var þetta gert þannig að því er varðaði Byggingarsjóð ríkisins að honum voru fengnir í þessu tilviki alveg ótvírætt ákveðnir óafturkræfir tekjustofnar.

Þar segir t. d. um þetta sama mál, sem við erum nú að deila um, að Byggingarsjóð ríkisins átti að fjármagna með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum. Síðan eru í grg. settar fram dæmaraðir, sem aldrei hafa verið vefengdar, um það að með

þessari fjármögnun var tryggt að hægt var að hækka húsnæðislánin til lántakenda sem hlutfall af byggingarkostnaði um 5% á ári. Þannig t. d. væru lán núna, á árinu 1984, ef þetta frv. hefði verið látið í friði, almenn húsnæðismálastjórnarlán úr Byggingarsjóði ríkisins 50% af byggingarkostnaði í stað þess að vera nú aðeins 29%.

M. ö. o., þetta frv., sama hversu flm. segja að það sé stórkostleg framför frá því ástandi sem ríkti í tíð fyrrv. ríkisstj., það nær ekki lengra þrátt fyrir allt, þrátt fyrir allar milljónirnar sem hæstv. félmrh. var að tíunda að núv. ríkisstj. hefði orðið að setja í húsnæðismálakerfið strax á s. l. sumri nær það ekki lengra en svo að boðið er upp á lán sem er tæplega 30%, en ef þetta frv. hér, sem hv. frsm. var með reiðilestur yfir, hefði fengið að standa, þá værum við nú þegar komin með 50% lánshlutfall. Hvað mundi það þýða? Það mundi þýða það að í staðinn fyrir lán á bilinu 5—600 þús. kr. værum við með lán sem væru nú komin vel yfir 1 milljón. Hvað mundi það þýða ef saman væri tekið húsnæðismálastjórnarlán af þessari stærðargráðu og lífeyrissjóðslán? Hvað mundi það hins vegar þýða svo í greiðslubyrði venjulegs húsbyggjanda?

Í þeim gögnum sem lögð eru hér fram af Húsnæðisstofnun er sýnt fram á það, að miðað við 29% lán sem þetta frv. gerir ráð fyrir þarf venjulegur lántakandi að treysta á bæði lífeyrissjóðslán og mjög veruleg bankalán að auki, reyndar af stærðargráðunni 7—800 þús. kr. með þeim afleiðingum að greiðslubyrði fyrstu fimm árin fer yfir 20 þús. kr. á mánuði, sem þýðir auðvitað að slík greiðslubyrði er óviðráðanleg fyrir allan þorra fólks. Með þessu ástandi er munurinn á lánakjörunum sem hinn almenni húsbyggjandi nýtur úr Byggingarsjóði ríkisins og svo hins vegar þeim kjörum sem boðið er upp á í Byggingarsjóði verkamanna orðinn allt of mikill, með þeim afleiðingum að ásóknin í hið félagslega kerfi verður nánast óviðráðanleg, vegna þess að efnaminnsti hlutinn af launþegum er raunverulega og hefur verið á undanförnum árum útilokaður, gersamlega útilokaður frá því að geta ráðið við þau lánskjör sem Byggingarsjóður ríkisins býður upp á. Hann var því í mesta máta óheppilegur þessi reiðilestur í meginatriðum málsins. Í fyrsta lagi árásin á Alþfl. fyrir að hafa grafið undan eiginfjárhag þessara sjóða með verðtryggingarpólitíkinni. Það eru stærstu öfugmælin í allri þessari umr. Verðtryggingin er forsenda fyrir því að við getum yfirleitt haldið uppi sjóðakerfi, hvort heldur er til húsnæðismála eða námsmanna, alger forsenda fyrir því. Það sem hafði gerst áður var einmitt það að þessir sjóðir fuðruðu upp á báli verðbólgunnar.

Í annan stað er síðan forsendan fyrir því að hægt væri að standa við þessi fyrirheit, sem allir taka undir að nafninu til, sú að hætta að vísa byggingarsjóðunum, húsnæðislánakerfinu, í svona stórum mæli á lántökur. Í staðinn er það óhjákvæmilegt verkefni að byggja þá upp með miklu hærri framlögum á fjárlögum beint. Það er forsendan fyrir því að þetta kerfi geti gegnt hlutverki sínu.

Í þriðja lagi má minna á það, að ég man það ákaflega vel að við afgreiðslu fjárlaga í tíð fyrrv. ríkisstj. var hv. 5. þm. Norðurl. e. flm. að till. um að hverfa nú aftur að þeirri leið sem Alþfl. hafði markað í frv. 1979. M. ö. o., hann flutti sjálfur till. um það að taka upp markaða tekjustofna fyrir Byggingarsjóð ríkisins í formi launaskatts. Það er till. sem ýmsir sjálfstæðismenn, þeir sem hafa verið talsmenn Sjálfstfl. í húsnæðismálum, hafa flutt á undanförnum árum, bæði hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og hinn reiði prédikari sjálfur, hv. þm. Halldór Blöndal. Og ég minnist þess að við Alþfl.-menn studdum að sjálfsögðu brtt. hans á þeim tíma. Færi betur að hann hefði minnst þessarar till. sinnar þegar hann sat á nefndarfundum við undirbúning þessa frv. s. l. sumar. En það var nú gleymt. Í staðinn er svo komið að það er ekki aðeins verið að vísa byggingarlánasjóðunum á óvissan lánamarkað hér innanlands heldur, þegar þeir standa frammi fyrir því að þessir lánamöguleikar hafa brugðist og ekki stendur steinn yfir steini í upphaflegri lánsfjáröflunaráætlun, þá er gripið til þess ráðs, þess neyðarúrræðis, þess makalausa og óaðgengilega neyðarúrræðis að ætla að fjármagna það sem á vantar með erlendum lánum, gengistryggðum erlendum lánum.

Að því er varðar samanburðinn á verkamannabústöðum og byggingarsamvinnufélögum af því tagi sem Búseti er mundi ég vilja ráðleggja hv. þm. að kynna sér það mál ögn betur en ég hef ástæðu til að ætla af ræðu hans að hann hafi gert. Það er ástæða til að minna á að þetta er ekkert nýstárlegt form. Upplýsingar hafa verið lagðar fram um það að byggingarsamvinnufélög af þessu tagi eru einhverjir öflugustu verktakar og öflugustu aðilar í húsbyggingum í flestum nágrannalandanna. Það er mikil reynsla komin á þetta húsnæðiskerfi og að fenginni þeirri reynslu er alveg ljóst að þetta kerfi hefur annars staðar á Norðurlöndum, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, að verulegu leyti komið í staðinn fyrir það merki sem Héðinn Valdimarsson hóf hér 1929—1930, þ. e. byggingu sérstakra verkamannabústaða. Fyrir því eru mörg rök. Hagkvæmni þessa kerfis er að mörgu leyti meiri. Ég vek athygli á því að í verkamannabústaðakerfinu er við mjög alvarlegan vanda að fást sem er endurfjármögnun í þessu kerfi sem bindur mjög mikið fé og veldur mörgum vandkvæðum. Þegar um er að ræða hins vegar að menn kaupi sér búseturétt þá nýtist það fjármagn, svona í þjóðhagslegum skilningi, mun betur en í verkamannabústaðakerfinu. Það má nefna dæmi um þetta.

Tökum dæmi af ungum hjónum sem byggja sjálf eigið einbýlishús. Þau fá lánuð 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar, samtals um 2 millj. kr. Auk þess leggja þau fram talsvert eigið fé, þannig að heildarbyggingarkostnaður hússins er um 3 millj. Að tveimur árum liðnum skipta síðan þessi hjón um hús og kaupa sér nýtt einbýlishús. Nýir eigendur fá þá að láni 2 millj. kr. Gerum svo ráð fyrir því að húsið skipti næstu 10 ár um eiganda annað hvert ár, þannig að á þessu tímabili þurfi alls að lána kannske um 10 millj. kr. til þessa eina húss.

Tökum svo dæmi af húsnæðissamvinnufélagi sem byggði 50 raðhús og fengi lánað sem svarar 1.8 millj. kr. til hvers einstaks húss. Ef eitt slíkt einstakt raðhús, byggt af húsnæðissamvinnufélagi, er athugað þá blasir það við að til þessa húss þarf aðeins að veita opinbert lán í eitt einasta skipti. Þegar skipti verða á íbúðum í húsinu verða engin eigendaskipti samhliða því og þjóðfélagið þarf ekki að leggja fram ný og ný húsnæðislán.

Þetta er einn meginkostur kerfisins. Búseturéttaríbúðir þarf aðeins að fjármagna í eitt einasta skipti og ekkert af þeim peningum fer í það að fjármagna hagnað fyrri eigenda né þóknun millilliða. Það er talið að árlega

verði eigendaskipti á um 4 þús. íbúðum hér á landi. 80% fjármögnun við öll þessi eigendaskipti væri óframkvæmanleg, jafnvel þótt þess sé gætt að þeir sem eiga íbúð fyrir þurfi ekki á fullu 80% láni að halda. Þetta er bara eitt dæmi um þessa kosti.

Það hefur enginn haldið því fram hér í þessum umr. að leggja eigi af verkamannabústaðakerfið. Það sem um er að ræða er þetta: Vilja menn standa við þau markmið sem sett eru á blað um það að byggja um þriðjung af árlegri íbúðaþörf landsmanna á félagslegum grundvelli? Við getum litið aftur til baka til reynslunnar af verkamannabústaðakerfinu og við sjáum að á grundvelli þess hefur aldrei verið unnt að standa við það markmið. Við höfum ekki náð því. Þegar best hefur látið hefur það kannske nálgast 10% á ári. Ég efast þó um það.

Þess vegna viljum við hleypidómalaust meta aðrar leiðir í hinu félagslega kerfi sem bjóða þeim sem þátt taka í því mjög svo álitlega kosti í samanburði við verkamannabústaðakerfið. Hér er vissulega um að ræða leiguíbúðir, en þær eru gjörólíkar leiguíbúðum eins og við þekkjum þær á almennum markaði. Sá sem er í slíku samvinnufélagi nýtur að langflestu leyti sömu réttinda og um eign væri að ræða, þ. e. hann kaupir sér þennan rétt með sama hætti og um væri að ræða verkamannabústaði. Með aðild sinni að þessum félagsskap leggur hann fram sinn hlut til félagsins, en félagið er hins vegar hinn sameiginlegi eigandi. Þetta byggingarform, sem hefur skilað miklum árangri og reynst vel í nágrannalöndum okkar, hefur alveg ótvíræða kosti. Það er enginn að leggja það til að það útrými verkamannabústöðum, eins og ég sagði, en ég held að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir að við munum aldrei ná markmiðinu um ⅓ árlegrar íbúðaþarfar byggðrar á einhverjum félagslegum grundvelli innan ramma verkamannabústaðakerfisins eins. Það eru full rök fyrir því að það kerfi sem reynst hefur vel að þessu leyti annars staðar á Norðurlöndum muni henta hér vel líka. Aðstæður hér eru að verulegu leyti breyttar með þeim hætti að það er ástæða til þess að þetta form komi upp núna sem álitlegur kostur. Það breytist í fyrsta lagi við það að búið er að taka upp verðtryggingu, og um leið, þegar ekki er betur staðið að fjármögnun á vegum Byggingarsjóðs ríkisins en raun ber vitni, þá er þörfin orðin mjög brýn að leita nýrra leiða.

Þessi umr., sem er nú kannske útúrdúr frá meginumræðunni hér í kvöld, kemur aftur að sömu niðurstöðunni. Það er ekki von á góðu um framkvæmd hugmyndarinnar um búseturéttaríbúðir ef hugarfarið, sem ríkjandi er í stjórnarherbúðunum, er eitthvað í líkingu við reiðilesturinn sem hv. þm. Halldór Blöndal flutti hér áðan. Þess vegna fer það að verða æ brýnna að ítreka áskoranir á hv. þm. Stefán Guðmundsson um að lýsa því nú skýrt og skorinort yfir hver afstaða hans er. Fer hv. þm. Halldór Blöndal með rétt mál þegar hann kveður upp sinn úrskurð í nafni meiri hl. félmn.? Talar hv. þm. Halldór Blöndal í nafni meiri hl.? Er fullkomin eining á milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í nefndinni um þennan skilning? Eða er ekki kominn tími til fyrir hv. þm. Stefán Guðmundsson, ef það er rétt sem mér heyrðist í frammíkallinu hér áðan, að Halldór Blöndal færi þarna ekki með rétt mál, að hann taki af tvímæli um það hér úr ræðustóli áður en þessari umr. lýkur?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Þessar umr. eru farnar að verða allsérkennilegar og hafa verið lengi í kvöld um margt sérkennilegar. Ég ætla að segja það í sambandi við ræðu hv. síðasta ræðumanns, 5. þm. Reykv., þegar verið er að vitna í þetta fræga frv., sem hin svokallaða vinstri stjórn gafst á sínum tíma upp á að koma fram vegna kjarkleysis Alþfl., að það voru í því frv. veigamikil atriði sem ekki var hægt að fallast á. M. a. var það aldrei tíundað í ræðu hv. þm. að eitt meginefnið í frv. var að stytta lánstímann í 21 ár. Það var ein meginforsendan fyrir því hvernig átti að fjármagna Byggingarsjóð ríkisins að mati þeirra hv. Alþfl.-manna á þeim tíma. Þetta gagnrýndi ég og fleiri sem ekki vildum styðja frv. með þessu ákvæði í.

Ég held líka að menn gleymi því, þegar þeir eru að ræða um þessi mál, að það var nýtt viðmiðunarform sett 1980 og það er hin svokallaða staðlaða íbúð. Sú viðmiðun er atriði sem vissulega er umdeilanlegt. Hún er núna í endurskoðun. En miðað við það form sem var á þegar frv. sem hv. þm. var að nefna var lagt fram getum við sagt að í dag er þessu þannig varið með þeirri hækkun sem núv. ríkisstj. ákvað, 50% hækkun lána, að þetta stenst. Viðmiðunin er um 50% af vísitöluhúsinu. Hún er í gildi í dag, líklega rúmlega það, sennilega um 56—57% af vísitöluviðmiðuninni.

Það mætti margt segja um þessar umr., en ég skal reyna að stytta mál mitt, hæstv. forseti.

Ég verð að segja í sambandi við umr. um c-lið, um félagslegar byggingar, að búið er að gera allt of mikið úr umr. um það mál. Vissulega er alveg ljóst að ef hið svokallaða búsetuform nær hér fótfestu að því er varðar að koma upp húsnæði þarf að setja lög. Það er algerlega eftir að skilgreina þetta félagsform og það verkefni er fram undan. Það er margt sem þarf að athuga í sambandi við þau mál.

Ég get alveg tekið undir það, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að auðvitað er það ljóst að ef þetta félagsform fær framgang gengur það að einhverju leyti út yfir verkamannabústaðakerfið. Það rýrir umsvif í verkamannabústaðakerfinu. Það er alveg ljóst.

Ég ætlaði ekki að segja margt hér, en það var beint til mín nokkrum spurningum.

Ég get sagt hv. 2. landsk. þm.: Auðvitað hef ég áhyggjur af þróun byggingarsjóðanna. Það hafa allir sem um þessi mál fjalla. Við þyrftum að hafa miklu sterkari byggingarsjóði en við höfum.

Ég ætlaði aðeins að endurtaka það sem hv. frsm. meiri hl. félmn. sagði hér, að það er sérkennilegt við þessar umr. allar að það er alltaf rætt um þetta mál í heild eins og hér væri um að ræða ákvörðun sem hefði átt að vera í gildi frá 1. jan. s. l. hvað snertir fjármögnun. Auðvitað er ljóst að þó að frv. hafi verið lagt fram á s. l. hausti er sú staða þannig í dag að það er kominn maímánuður þegar það verður — vonandi — að lögum. Það er alveg ljóst að ríkisstj. varð að taka sínar ákvarðanir í haust við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga án þess að gera ráð fyrir að þetta frv. yrði að lögum fyrr en á miðju ári. Þar af leiðandi er blekking að vera að tala um þetta eins og hér er gert og reynt að útbreiða í fjölmiðlum.

Ég hef ekki tækifæri til þess hér og ég geri ráð fyrir að ef menn vilja vera sanngjarnir geti þeir ekki ætlast til þess að ég fari að gefa hér einhverjar yfirlýsingar um

meðferð vaxtamála í sambandi við þessi væntanlegu lög. Auðvitað geri ég það ekki á þessari stundu. Það er útilokað og það er ekki hægt að ætlast til þess. Ef ríkisstj. tekur erlend lán til að standa við ákvæði í lánsfjárlögum til að tryggja að það sé staðið við t. d. skuldbindingar Atvinnuleysistryggingasjóðs hlýtur að liggja í augum uppi að það verður endurlánað til húsnæðismálakerfisins og þá væri miðað við innlend kjör. Það þarf ekki að fara neinum orðum um það. Það er alveg augljóst mál.

Ég held að ég ræði þetta ekki frekar. Ég mun að sjálfsögðu óska eftir því við húsnæðismálastjórn að sú útlánaáætlun sem við munum byggja á það sem eftir er þessa árs verði til sem allra fyrst. Ekki hefur verið talið eðlilegt að hún væri staðfest fyrr en við værum búnir að fá meiri upplýsingar um þessi mál öll, sem hér er um að ræða, því að auðvitað tökum við mið af því ástandi sem er á lánamarkaðinum og því efnahagsástandi sem um er að ræða.

En ég endurtek: Ríkisstj. mun standa við þá fjáröflun sem gert er ráð fyrir í húsnæðismálakerfinu í ár, bæði að því er varðar lánsfjárlög og fjárlög. Það er öruggt mál.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er svo með ýmislegt sem menn kynnast um dagana að þegar líður langur tími frá því að þeir verða þess varir átta þeir sig á því að þeir eru farnir að sakna þess, jafnvel þó að það sé leiðinlegt. Þannig er það með reiðilestra hv. þm. Halldórs Blöndals. Hann hélt svona ræður einu sinni í viku eða svo á síðasta kjörtímabili, svipaðar og hann hélt hér áðan, stundum tvisvar á dag, og allt í einu var hann lifandi kominn aftur, blessaður maðurinn, með álíka takta og þá, þegar hann var að hella sér yfir þáv. ríkisstj. Í þetta skipti var hann hins vegar að ráðast heiftarlega að núv. hæstv. félmrh. undir dulnefninu Jóhanna Sigurðardóttir og kallaði hæstv. ráðh. snikksnakkara sem hefði glapist á tískuhugmyndum húsnæðissamvinnufélagakerfisins Búseta.

Ég tel að það sé engin ástæða til að svara hv. þm. frekar í þessu efni. Hann talaði að vísu um forráðamenn Búseta eins og þar væru á ferðinni ótíndir bófar sem ætluðu að svíkja undan skatti og hrifsa til sín reyturnar þegar félögin yrðu hugsanlega lögð niður. Ég er hins vegar sannfærður um að hv. 5. þm. Norðurl. e. er svo vel gerður að ef hann kynnir sér betur þau gögn sem liggja fyrir frá húsnæðissamvinnufélaginu Búseta kemst hann að þeirri niðurstöðu að hér er um að ræða fyrirkomulag sem er um margt skynsamlegt og heppilegt. Hins vegar er ljóst af ræðu hans að hann getur ekki samþykkt að húsnæðissamvinnufélögin fái peninga úr verkamannabústaðakerfinu eða félagslega íbúðabyggingakerfinu yfirleitt. Hv. þm. er búinn að tala sig svo fastan hér á móti húsnæðissamvinnufélögunum að hann getur ekki með nokkru móti fallist á þau sjónarmið sem t. d. hafa komið fram hjá hæstv. félmrh. í þessu efni.

Nokkur orð um ræðu hv. 5. þm. Reykv. — Það er oft talað um að verkamannabústaðakerfið hafi aldrei náð þeim þriðjungi af félagslegum íbúðabyggingum sem gert er ráð fyrir að stefnt skuli að skv. lögunum. Ég held að nauðsynlegt sé að hafa það skrifað á blað, a. m. k. í þingtíðindum, að auðvitað nálgaðist verkamannabústaðakerfið mjög þennan þriðjung eftir að lögin voru sett árið 1980. T. d. var það þannig árið 1981 að þá voru veitt F-lán alls 1072, en ný verkamannabústaðalán voru 205 eða hátt í 20% það árið. 1982 voru veitt 1182 F-lán, en 304 lán í verkamannabústöðunum. Á því ári er þetta um það bil 30%. Á árinu 1983 voru veitt 1087 F-lán, en 326 ný lán í verkamannabústöðunum. Það er rétt um 30% líka. Ef hins vegar eru teknar endursöluíbúðirnar er greinilegt að verkamannabústaðakerfið er með langt yfir 33% á móti F-lánunum á hverju þessara ára, 1981, 1982 og 1983. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. 5. þm. Reykv. og aðra hv. þm. að átta sig á að sú ákvörðun sem tekin var 1980 skilaði þessum þriðjungi ríflega þegar endursölukerfið er tekið með, en tæplega þegar eingöngu er miðað við hinar nýju íbúðir. Hins vegar stefnir í það núna að þetta fari langt niður fyrir ⅓.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að hann gæfi ekki yfirlýsingu um meðferð vaxtamála. Ég er satt að segja nokkuð undrandi á því að hæstv. ráðh. skuli ekki treysta sér til að greina okkur frá því hvað uppi er í þessum efnum því að ég er fyrir mitt leyti sannfærður um að starfsmenn Seðlabankans eru þegar farnir að velta því fyrir sér hvaða vaxtatillaga verður gerð fyrir ríkisstj. varðandi Byggingarsjóð ríkisins. Það hlýtur að vera. Hvort vaxtaprósentan er 3, 3.5 eða 4 eða hvað það er get ég auðvitað ekki sagt um, en hún hlýtur að vera einhvers staðar á þessu bili og ég held að það eigi að vera alveg útlátalaust fyrir hæstv. ráðh. a. m. k. að greina þinginu frá því hver er tillaga Seðlabankans á þessu stigi varðandi vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Ég vil a. m. k. fara fram á það við hæstv. ráðh. að hann greini frá þessu við 3. umr. málsins hið síðasta, vegna þess að ég er sannfærður um að þessi tala er til og ég er jafnsannfærður um að það er ekkert óeðlilegt að fara fram á það við ráðh. Ég skil ekki alveg í hverju er fólgin ósanngirni af okkar hálfu að bera fram þessa ósk.

Að lokum nokkur orð um Byggingarsjóð ríkisins og þróun hans. Auðvitað er það alveg rétt hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, hvað sem svo líður öllum ágreiningi um hvernig staðið var að því að koma raunvaxta- og verðtryggingarkerfinu á, að eiginfjárstaða Byggingarsjóðs ríkisins hefur verið að batna stórum á síðustu árum. Þannig er það t. d. að á árinu 1983 eru afborganir, vextir og verðbætur, þ. e. sem færast tekjumegin í Byggingarsjóði ríkisins, rúmlega tvisvar sinnum hærri en var t. d. á árunum 1976, 1977 og 1978. Og á árinu 1984 mun það vera þannig að þetta er stærsti tekjuliður Byggingarsjóðs ríkisins eða í kringum 480 millj. kr., ef ég man rétt. Hvað sem líður öllum deilum um raunvaxtastefnuna, og ég hef m. a. haft uppi árásir á Alþfl. ótæpilega af þeim ástæðum, er hitt ljóst, að Byggingarsjóður ríkisins hefur á liðnum árum verið að eflast m. a. vegna þess að menn hafa látið sig hafa það að leggja þessar byrðar á þá sem tekið hafa húsnæðislánin. Þetta segi ég út af orðum hv. þm. Halldórs Blöndals. Og þó að menn vilji gagnrýna það sem einstakir flokkar hafa lagt til í þessum efnum verða menn að gæta sanngirni í þeirri gagnrýni líka.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Það er orðið mjög áliðið nóttu og ég vona og held að umr. hafi verið gagnleg þó að vissulega hafi stjórnarliðið af og til brugðið sér í viðjar persónuleikans rétt til þess að rifja upp gamla tíma fyrir okkur hina hér í þingsalnum. Það hefur verið fróðlegt, en ég tel ekki að það sé mikil ástæða til að eyða löngum tíma í að svara hv. þm. Halldóri Blöndal hér frekar að sinni nema biðja hann og hæstv. félmrh. um að reyna að koma sér saman

um einhverja formúlu í málinu því að þeir eru í grundvallaratriðum ósammála og það er útilokað fyrir Alþingi að vísa á húsnæðismálastjórn sem einhvern túlk í þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef orðið allgaman af þessum orðaskiptum.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði áðan og vék sér undan því að svara þeirri spurningu, sem ég beindi til hans, hvort hann gæti hugsað sér að láta leiguíbúðirnar ganga á kerfi verkamannabústaða. (**SvG:** Svarið er nei.) Nú, hann er mótfallinn því. Við erum þá kannske sammála um það. Það má vera að við verðum meira sammála ef við tölum betur saman.

Hins vegar heyrðist mér á hv. 5. þm. Reykv. að hann væri á öðru máli og kom með skemmtilegt dæmi til að lýsa nú ágæti Búseta og vankönturn verkamannabústaða. Hann tók dæmi af því að íbúð gengi kaupum og sölum á tveggja ára fresti, yrði seld á 2 millj. í hvert skipti og þá mundi það þýða hvorki meira né minna en 10 millj. kr. lán úr ríkissjóði á tíu árum, þannig að eftir þessi fimm ár hvíldu 10 millj. á íbúðinni. Ég held að þetta hafi verið svolítið undarlegur reikningur. Auðvitað greiðist afskaplega lítið á fyrstu tveim árunum af þessum lánum, einkanlega þó þeim hluta þeirra sem er afborgunarlaus tvö fyrstu árin, svo að ég held að lánin geti þá staðið óbreytt og ekki komi til þess að um neina nýja lánsþörf sé að ræða. Þetta var því heldur betur útúrsnúningur og misskilningur, eins og kannske var við að búast, en ég skal ekki um það tala.

Út af því sem hv. þm. sagði um verðtryggingu Byggingarsjóðs vil ég aðeins minna á að í viðreisnarstjórninni var komið á verðtryggingu Byggingarsjóðs ríkisins að hluta, en vinstri flokkarnir börðust fyrir því, og þ. á m. Alþfl. í kosningunum 1971, að þessi verðtrygging húsnæðislána yrði afnumin, sem síðan var tekin upp að hluta á nýjan leik á árinu 1974, þegar sjálfstæðismenn og framsóknarmenn mynduðu þá ríkisstj. sem þá sat. Síðan var þessi verðtrygging aukin smátt og smátt og var komin upp í 9/10 hluta árið 1978. (Gripið fram í.) Ég veit vel að hann var utan stjórnar, en ég er að minna á hans málflutning fyrir þær kosningar. Ég er að minna á þann málflutning og stefnu Alþfl. á þeim tíma. Það má kannske vera að hann hafi tapað kosningunum vegna þess. Ég skal ekki um það segja. En þannig var nú hljóðið þá og Alþfl. átt engan þátt í því að taka upp verðtryggingu á húsnæðislánum í Byggingarsjóði ríkisins. Það gerðu Sjálfstfl. og Framsfl. Fróðlegt væri nú kannske að fletta því upp hvernig Alþfl. tók því á sínum tíma. (**JBH:** Þetta er alrangt.) Er þetta alrangt? (**JBH:** Full verðtrygging var ekki tekin upp í ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl.) Ég sagði að hún hefði verið 9/10 hlutar 1978. (Gripið fram í.) Það veit ég vel, en hins vegar brá svo við á þeim árum að eigið fé Byggingarsjóðs rýrnaði mjög. Í skýrslu sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið út um ástand og fjárreiður Byggingarsjóðs ríkisins kemur fram að árin 1980—1983 hafa orðið sjóðnum þung í skauti og munu verða það um alllangan tíma og líklegt að þess muni gæta um alllangan tíma af þeim sökum að sjóðurinn var meira en áður fjármagnaður með lántökum og þau lán sem tekin voru voru á hærri vöxtum en þau lán sem veitt voru. Það var því ekki nóg að verðtryggja sjóðinn. Á hinn bóginn batnaði hagur þessa sjóðs á árunuum 1974—1978. Ég skal svo ekki þrátta um þetta. Þetta liggur fyrir og er ástæðulaust að vera að gefa hið gagnstæða í skyn.

En ég vil aðeins ítreka hitt, sem fram kom hjá hv. þm., að svo virðist sem Alþfl. sé að missa trúna á verkamannabústaðakerfinu og muni nú hafa öðrum hnöppum að hneppa í sínum húsnæðismálum á næstunni, eins og hv. þm. talaði áðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 327. mál (þskj. 679). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ef hæstv. forseti gerir ekki aths. við mun ég mæla fyrir tveimur frv. samtímis, sem eiga samleið, þ. e. frv. á þskj. 679, þessu sem hæstv. forseti kynnti, og síðan frv. á þskj. 680, um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Rétt er í upphafi að gera nokkra grein fyrir aðild ríkisins að Iðnaðarbankanum.

Iðnaðarbankinn er fyrsti hlutafélagabankinn sem stofnaður er hér á landi, ef Íslandsbankinn sálugi er undanskilinn. Fram að þeim tíma sem Iðnaðarbankinn hóf starfrækslu, árið 1953, voru hér eingöngu starfandi ríkisbankar. Það þótti því eðlilegt og ýmsir alþm. töldu það skilyrði fyrir samþykkt sinni á lagasetningu um bankann að ríkið væri stór hluthafi í Iðnaðarbankanum. Þessi viðhorf hafa breyst á liðnum árum. Síðan Iðnaðarbankinn var stofnaður hefur Alþingi samþykkt lög um stofnun þriggja banka, þ. e. Verslunarbankans, Samvinnubankans og Alþýðubankans. Ríkið var og er ekki hluthafi í þessum bönkum.

Í lögum um Iðnaðarbankann er kveðið á um að hlutafé bankans skyldi nema allt að 6.5 millj. kr. og þar af skyldi ríkissjóður leggja fram 3 millj. kr. eða um 46% hlutafjárins. Hlutafé bankans hefur verið aukið nokkrum sinnum. Tvisvar hefur ríkið afsalað sér rétti til hlutfallslegrar aukningar hlutafjáreignar og hefur því hlutdeild ríkisins í bankanum minnkað í 27% af heildarhlutafé hans. Hluthafar í bankanum eru nú 1441 og var nafnverð hlutafjárins hinn 31. des. 1983 samtals 38 492 154 kr. Nafnverð hlutafjár ríkissjóðs í bankanum á sama tíma var 10 391 700 kr. Ákveðið hefur verið að bjóða núverandi hluthöfum í bankanum hlutabréf ríkissjóðs til kaups á samtals 32 millj. kr. Sala þessi á hlutabréfunum er háð samþykki Alþingis á því frv. er hér liggur frammi.

Með bréfi dags. 16. apríl sendi iðnrn. öllum hluthöfum bréf varðandi þessi kaup. Varðandi skilmálana um greiðslu á söluverði vísast til aths., en við það er miðað að útborgun sé um 50% af söluverði, en 50% má greiða með vísitölubundnu skuldabréfi til þriggja ára. Iðnaðarbankinn mun sjá um framkvæmd sölunnar á þessum hlutabréfum. Þau hlutabréf sem ekki seljast til núverandi hluthafa mun Iðnaðarbankinn kaupa upp að því marki sem honum er heimilt lögum skv. og bjóða síðan bréfin til sölu á almennum markaði.

Ég vil þá víkja að söluverði bréfanna, en margir hafa eflaust mestan áhuga á að fá upplýst hvernig það er til orðið.

Í upphafi leitaði iðnrn. til ríkisskattstjóra og óskaði eftir mati hans á verðgildi hlutabréfanna. Ríkisskatt-

stjóri synjaði þeirri beiðni og taldi slíkt ekki í sínum verkahring. Leitað var til Fjárfestingafélags Íslands og það beðið um mat á bréfunum. Enn fremur var kannað verðgildi þeirra hlutabréfa í bankanum sem gengið hafa kaupum og sölum undanfarin ár. Við mat á verðgildi hlutabréfanna var fyrst og fremst tekið mið af verðmæti hreinnar eignar Iðnaðarbankans 31. des. 1983 og áætlaðrar arðgreiðslu af hlutabréfunum. Verðlagning á hlutabréfunum er engan veginn einhlít þar sem hér á landi er nánast enginn verðbréfamarkaður. Hvað er rétt verð á hlutabréfum ríkissjóðs í bankanum er því erfitt að ákveða með nákvæmni.

Eigið fé bankans var hinn 31. des. 1983 143 millj. kr. Þar af var varasjóður og skattalegur varasjóður um 14 millj. Ef litið er á stærsta hluta eiginfjár bankans sem eign hluthafanna, sem það í raun og veru er, má þrefalda nafnverð hlutabréfa ríkissjóðs í bankanum. Það er einmitt það sem gert hefur verið og rúmlega það reyndar. Ég vil ekki heldur vera sakaður um að selja eigur ríkisins á lægra verði en hugsanlegt er að fá fyrir þær. Því hefur verið lýst yfir að verðlagning á bréfunum sé of há, en ég kvíði því engu að þessi hlutabréf muni ekki seljast og af viðræðum mínum við hluthafa á aðalfundi Iðnaðarbankans þann 26. apríl s. l. er ég þess fullviss að sala á hlutabréfunum á þessu verði muni ganga bærilega.

Rekstur Iðnaðarbankans gekk vel á árinu 1983 og hefur reyndar gert það mörg undanfarin ár. Heildarinnlán frá bankanum jukust um 88.4%, en innlánsaukning allra viðskiptabankanna var að meðaltali 80.3%. Hlutdeild Iðnaðarbankans í heildarinnlánum bankanna jókst úr 7% árið 1982 í 7.3% árið 1983. Hagnaður bankans árið 1983 var 12.5 millj. kr. og er þá búið að taka tillit til áætlaðrar greiðslu á tekju- og eignarskatti upp á 14.7 millj. kr.

Ég tel að ekki þurfi að fara fleiri orðum um þessi frv. Eins og áður segir er annað frv. um heimild til sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum, en hitt frv. gerir ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum um Iðnaðarbanka Íslands hf. er leiðir af sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í bankanum. Breytingarnar eru einungis tvær: sérstaða ríkissjóðs á hluthafafundum er afnumin og hin breytingin er um kosningu bankaráðs, sem verði með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi.

Ég legg mikla áherslu á að mál þessi verði afgreidd á þessu þingi. Ég leyfi mér og það snertir auðvitað það mál sem er á dagskrá, 13. dagskrármálið, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og iðnn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni stórt hugsjónamál núv. ríkisstj. og ekki síst hæstv. iðnrh. sem hér hefur mælt fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands. Eins og fram hefur komið eru yfir 30 ár liðin síðan Iðnaðarbankinn var stofnsettur á grundvelli laga sem samþykkt voru í lok árs 1951. Við stofnun lagði ríkið þessum nýja banka ákveðinn hlut, heimildin í lögunum var um allt að 3 millj. kr. sem ríkið lagði fram til bankans. Allt frá þessum tíma hafa lögin um bankann verið óbreytt að ég best veit, ríkið verið þarna minnihlutaaðili í samstarfi við aðra hluthafa og mér er ekki kunnugt um annað en þetta samstarf hafi tekist vel og verið báðum aðilum, hluthöfum að bankanum öðrum en ríkinu svo og ríkinu og iðnrn. til styrktar í margri grein.

Þegar ég fór með málefni bankans sem ráðh. iðnaðarmála varð ég aldrei var við kvartanir af hálfu aðstandenda bankans annarra en ríkisins á þeirri skipan sem ríkt hefur í þessum málum frá stofnun bankans. Þvert á móti virtist vera mjög góður friður um þessa skipan mála sem er vissulega einstæð hérlendis, að ríkið sé þannig minnihlutaaðili að banka. En af hálfu ríkisins og iðnrn. hefur á liðinni tíð verið leitast við að veita bankanum þann stuðning sem á færi rn. var en í staðinn fékk ríkið, rn., ýmsar upplýsingar frá bankanum, m. a. um stöðu lánamála iðnaðarins.

Ríkið hefur ekki á liðinni tíð það ég veit blandað sér í innri mál bankans og ekki haft neina ástæðu til þess. Mér finnst að það vanti nokkuð skýrari rök fyrir því en hér hafa heyrst frá hæstv. ráðh. hvaða nauður reki menn til þess að fara að selja hlut ríkisins í þessu arðbæra fyrirtæki sem Iðnaðarbankinn er, annað en það þá að fullnægja hugmyndum manna með rökstuðningi í Milton Friedman, Hayek og jafnvel Margréti Thatcher í sambandi við hlut ríkisins að fyrirtækjum. Ég hef lesið það í Morgunblaðinu að á þeim bæ er mikil áhersla lögð á að þessar hugsjónir nái að rætast. Farið var að reka á eftir þessu frv. í ritstjórnargreinum Morgunblaðsins áður en frv. kom hér fram á hv. Alþingi og komu fram aðfinnslur um það að seint gengi Alþingi að taka afstöðu til þessa þarflega máls að mati Morgunblaðsins.

Ég sé, herra forseti, ástæður til þess aðeins að vitna í þennan leiðara Morgunblaðsins frá 18. apríl s. l. til þess að varpa ljósi á þá áherslu sem þaðan kemur í sambandi við þetta mál, en þar segir m. a.:

„Enginn vafi er á því að hugmyndir og tillögur einstakra ráðh. um að losa ríkið út úr atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta stundað eins vel eða betur mælast almennt vel fyrir. Þess vegna vekur það furðu hve hægt miðar í þessum málum, ekki síst hjá sjálfum fjmrh., en Albert Guðmundsson ræddi þessi mál manna mest á sínum tíma," segir Morgunblaðið í þessum leiðara 18. apríl s. l. og ekki í fyrsta sinn upp á síðkastið sem hæstv. fjmrh. fær orð í eyra í því blaði. (Gripið fram í.) Ekki hef ég nú vegið það og metið, hæstv. iðnrh. En þar segir áfram í Morgunblaðinu:

„Þá er undarlegt að Alþingi skuli ekki nú þegar vera búið að taka afstöðu til sölu hlutabréfa ríkisins í Iðnaðarbankanum jafnvel og að öllum málatilbúnaði hefur verið staðið af iðnrh."

Ég hygg að þetta frv. hafi verið lagt hér fram á hv. Alþingi 26. apríl s. l. en þetta er birt 18. apríl af ritstjórn Morgunblaðsins.

„Sala á ríkisfyrirtækjum og hlutabréfum ríkisins í einkafyrirtækjum er í samræmi við þau viðhorf að ríkið eigi aðeins í undantekningartilvikum að stunda atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila eða leggja fyrirtækjum til fé í formi hlutafjár. Þessi viðhorf setja svip sinn á stefnu ríkisstjórna í þeim löndum þar sem mönnum hefur með skjótustum hætti tekist að fóta sig á heilbrigðum grundvelli fyrir rekstur fyrirtækja eftir að milliliðaafskipti ríkis og stjórnmálamanna höfðu ruglað myndina með þeim hætti að í óefni var komið. Skýrasta dæmið um þetta er sú breyting sem orðið hefur í Bretlandi frá því að ríkisstjórn Margaret Thatcher komst til valda. Og eitt gleggsta dæmið um öfugþróun

vegna of mikilla ríkisafskipta er um þessar mundir að finna í Frakklandi þar sem vinstri stjórn sósíalista og kommúnista hefur fest vaxtarbrodd atvinnulífsins í opinberar viðjar og stendur nú frammi fyrir stöðnun og mótmælagöngum."

Þetta segir m. a. í ritstjórnargrein Morgunblaðsins og það er ástæða til þess að bæta þar ögn við:

„Ríkissjóður stendur nú frammi fyrir geigvænlegum vanda og ætlar m. a. að reyna að láta enda ná saman með því að ná stærri hluta af sparifé landsmanna til sín en oft áður og býður í því efni kjör sem standast eiga samkeppni við banka. Óvíst er hvernig þeirri rimmu lýkur. En ríkissjóður á ýmis tromp svo sem eins og það að afla sér tekna með sölu á eignum sínum. Sverrir Hermannsson iðnrh. hefur riðið á vaðið í þessum efnum með sölu á Siglósíld og nú með því að bjóða hlutabréfin í Iðnaðarbankanum."

Ekki minnist ég þess að hafa séð að mikið ætti að renna í ríkissjóð á næstunni vegna sölu á Siglósíld sem hér er vitnað til. En sennilega er Iðnaðarbankinn betur staddur að þessu leyti. Ég vek athygli á því að þetta fjármagn verður ekki oft notað til að fylla upp í göt á ríkissjóði sem fæst með því að selja eignir ríkisins með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Menn bjarga sé ekki nema einu sinni með þeim hætti sem hér um ræðir.

Vegna þess að sérstaklega er vitnað til Bretlands af málgagni Sjálfstfl. og Margrétar Thatcher sem þar ræður ríkjum er vert að minna á til hvers efnahagsstefna hennar hefur leitt í sambandi við atvinnumál í því landi, hvernig atvinnuleysi hefur þar magnast og aukist þannig að óvíða er staðan jafn alvarleg í atvinnumálum. Kraumar þar nú og sýður á vinnumarkaði sem kunnugt er vegna efnahagsstefnu hinnar svokölluðu járnfrúar. En ljóst er að hæstv. iðnrh. vill leitast við að feta í fótspor hennar, studdur af Morgunblaðinu, og ekki verður annað séð en að Framsfl. ætli að ganga undir þetta jarðarmen eins og önnur fleiri sem Sjálfstfl. hefur reist honum. Hér eru nú engir talsmenn þess flokks í þingsal til þess að upplýsa það hvort það er gert með glöðu geði og uppréttu höfði eða með ólund og hnípnum huga, en e. t. v. er hægt að fá það nánar upplýst þegar málið kemur til n.

Ástæða er til þess að líta á það sem hæstv. ráðh. gerði hér að umtalsefni, þ. e. söluverð bréfanna. Ég ætla ekki að fjölyrða um það hér en ég vil lýsa yfir andstöðu við þessa sölu hutabréfa í Iðnaðarbankanum. Ég ítreka fsp. mína til hæstv. ráðh. um það, hvaða rök önnur en þau að uppfylla hugsjónir frjálshyggjumanna liggja fyrir þeirri sölu hlutabréfa í Iðnaðarbankanum sem gerð er till. um með þessu frv. sem hér hefur verið mælt fyrir.

Ég sé raunar að hér er kominn hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég var að inna eftir því, hvert væri viðhorf Framsfl. til sölu hlutabréfa í þessu fyrirtæki. Það væri ágætt ef hv. þm. gæti upplýst okkur um sinn hug til þess máls.

En hæstv. ráðh. spurði ég um, hvort það væru einhver rök sem fram hefðu komið hjá talsmönnum bankans og aðstandendum öðrum en ríkinu þar sem knúið væri á um breytta skipan mála með þessum hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fjölyrða um hitt frv., 327. mál. Ég sé út af fyrir sig ekki að sú breyting sem þar er lögð til skipti miklu. Það er breyting sem tengist hinu frv. að mér sýnist, en málið fer til n. og fær sína meðferð þar.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af því sem fram kom hjá hv. 5. þm. Austurl., sem spurði um afstöðu mína til sölu á þeim hlutabréfum sem hér eru til umr.

Við höfum að sjálfsögðu fjallað um það og tekið afstöðu til þess í þingflokki framsóknarmanna eins og til annarra mála sem lögð eru fram af hálfu ríkisstj. og við höfum samþykkt að við teljum eðlilegt að standa að sölu á þessum hlutabréfum.

Fyrir mína parta vil ég bæta því við að ég tel að það eigi að vera sá háttur á með fjármagn sem ríkissjóður leggur í ýmsum tilvikum til fyrirtækja og atvinnurekstrar að það fjármagn sé hreyfanlegt, það sé ekki endilega bundið til lengri tíma í þeim atvinnufyrirtækjum sem eitt sinn er lagt til, heldur sé það nokkurs konar áhættufjármagn, og ef hægt er að selja hlutabréf á viðunandi verði aftur, t. d. hluthöfum eins og menn vonast til að geti orðið í þessu tilviki, og verðið sé líka þannig að það sé talið a. m. k. markaðsverð, eigi það fjármagn að nýtast aftur og á annan hátt til atvinnurekstrar eða uppbyggingar í atvinnulífinu og vera þannig hvetjandi til nýsköpunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, frv. 328. mál (þskj. 680). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vísa til framsöguræðu minnar með máli á þskj. 679. Vegna fsp. hv. 5. þm. Austurl. um rök fyrir sölu hlutabréfanna skal ég aðeins geta þess, að arður af þessari hlutafjáreign nú nemur rétt rúmlega 500 þús. kr., en fáist 32 millj. kr. fyrir hlutafjáreignina, þá væri hægt með þeim bestu ávöxtunarmöguleikum sem við eigum völ á t. d. í Landsbankanum að fá um 6 millj. í ávöxtun á ári, þannig að við blasir að kapítalisering á þessu fjármagni mundi gefa verulega í aðra hönd. Ekki er ég þar með að segja að sá háttur verði hafður á um ráðstöfun þessa fjár.

Við þurfum ekkert að orðlengja um það að flokkar okkar eru á öndverðum meiði um ríkisafskipti og ríkisrekstur. Það er miklu eldri afstaða hjá Sjálfstfl. heldur en Thatcherismi, miklu eldri. Ég er hins vegar í þeim frjálslynda armi sem er tilbúinn til þess að styðja það að ríkið hlaupi undir bagga með atvinnurekstri þegar þannig stendur á, einnegin til að bægja frá atvinnuleysi, hef enga fordóma á því. En í þessu falli er aðildin alveg óþörf. Við getum aflað okkur allra upplýsinga um stöðu lánamála iðnaðarins, ég kvíði engu um það, líka hjá þessum banka. Ég er þess fullviss að þeir sem aðallega eiga hlut að máli munu sjá jafnvel fyrir rekstri hans og fyrir þörfum iðnaðarins eftir sem áður, þótt á þann veg hátti ekki til, að iðnrh. skipi nærri helming af stjórninni hverju sinni.

Ég bendi einnig á að ríkið hefur ekki haft áhuga á að halda hlutdeild sinni í bankanum, þar sem hún var upphaflega 46% af hlutafjáreigninni en er núna komin niður í 27%, vegna þess að hið opinbera hefur ítrekað

afsalað sér rétti til hlutafjáraukningar.

Ég nefndi það líka að síðan þessi banki var stofnaður hafa verið sett á Alþingi lög um hlutafélagabanka, um einkabanka, og þar hefur það ekki komið fram og engar tillögur til þess legið að ríkið ætti hlutdeild í þeim bönkum. Menn sáu það fljótlega eftir að þessi fyrsta afgreiðsla á hlutafélagabanka, einkabanka, fór fram að aðild ríkisins var ástæðulaus. Þetta var fyrsta tilraun síðan á dögum Íslandsbankans á síðustu öld og það voru nú vafalaust upp úr 1950 þær ástæður einnegin að iðnaðurinn var ekki mikils megnugur að leggja fram hlutafé. Þannig hefur það oft viljað brenna við að sótt hefur verið, og um of að mínum dómi, á ríkið um framlög til stofnunar fyrirtækja. Sjálfstfl. vill draga úr slíku, vill að einkaframtakið fái að njóta sín, en eins og ég segi: í því falli þar sem atvinnubrestur er yfirvofandi eða í því falli sem stórt er lagt undir, sem er ekki á færum annarra en samfélagsins, þá er ég tilbúinn til þess að leggja til aðild ríkisins og ríkissjóðs. Það er alveg ljóst mál og er öllum vitanlegt þótt við höfum það sem grundvallarstefnu að þar sem það á ekki við eigi ríkið ekki að vera að vasast í málum.

Ég legg svo til, herra forseti, að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. 6. þm. Norðurl. e., sem hér lýsti skoðun sinni áður, er kunnugt um það að þegar lög voru sett um Iðnaðarbanka Íslands á sínum tíma þá var það Framsfl. og þm. hans sem voru andvígir því að leggja bankanum til hlutafé og yfirleitt að stuðla að því að Iðnaðarbanki Íslands kæmist á fót. Ég er ekki þar með að segja að sá þurfi að vera hugur þm. Framsfl. til þessa banka nú, en ég tel ástæðu til að nefna það, því að miklar umr. urðu hér á Alþingi fyrir 33 árum þegar lög voru sett um þennan banka og það voru fyrst og fremst þm. úr röðum Framsfl. sem snerust þá gegn málinu og töfðu fyrir þessari lagasetningu um nokkurn tíma. En málið var borið fram af þm. í iðnn. þingsins og í samráði við hagsmunasamtök iðnaðarins á þeim tíma.

Varðandi afstöðu hæstv. iðnrh. hér, sem hann greindi frá og ítrekaði, þá vil ég minna á að það er ýmislegt sem mælir með því að ríkið eigi aðild að þessum banka, sem ætlað er öðru fremur að sinna málefnum iðnaðarins og lána til iðnaðarverkefna. Hér fyrir hv. Alþingi liggur nú frv. til l. frá hæstv. iðnrh. um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, lagabreyting sem snertir Iðnrekstrarsjóð, sem lagt er til að verði lagður niður og verði starfræktur sem deild í Iðnlánasjóði, en Iðnaðarbankinn sjái um fjárreiður sjóðsins. Hér er um að ræða sjóð sem á að fjalla um stefnumarkandi mál í sambandi við iðnþróun og lána til áhættuverkefna á því sviði. Ég vakti athygli á því þegar þetta mál var hér til 1. umr., en það er nú í n. til meðferðar, að það væri nokkuð tvísýnt að ætla einkabanka þetta vörsluhlutverk sjóðsins vegna þess að þarna væri að verða breyting á að því er heyrst hafði með því að afsala ríkinu hlut í Iðnaðarbankanum. Þetta vildi ég nefna hér, því að það tengist öðru máli sem er til meðferðar í þinginu.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Í þessu sambandi vil ég benda á að það eru til dæmi um það að sjóðir hafa verið í vörslu aðila sem ríkið á ekki beina aðild að, það eru til dæmi um slíkt, þannig að þrátt fyrir þessa breytingu, þar sem Iðnlánasjóður er að 80% má ég segja myndaður af iðnrekendum og iðnaðarmönnum í landinu, þetta er þeirra eign og sömuleiðis er bankinn að yfirgnæfandi hluta til í eigu þessara sömu aðila, þá held ég að engin ástæða sé til að óttast um ávöxtun þessa sjóðs í höndum þeirra. Satt best að segja hafa bankastjórar Iðnaðarbankans verið hinir raunverulegu framkvæmdastjórar Iðnlánasjóðs alla tíð og ég held að ég geti trútt um talað þegar ég segi að hann hafi verið jafnbest rekinn fasteignalánasjóður, atvinnuvegasjóður í landinu. Ávöxtun hans hefur gengið vel og hennar gætt jafnbest og ég get í þessu sambandi úr flokki talað því að ég hafði með höndum athugun á áætlun þess sjóðs og lánamálum í stöðu minni hjá Framkvæmdasjóði Íslands, sem var aðallánasjóður fyrir Iðnlánasjóð. Ég held að sú röksemd að bankanum verði ekki treystandi fyrir ávöxtun sjóðsins þótt minnihlutaeign ríkisins í Iðnaðarbankanum hverfi sé nú veigalítil röksemd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Bæjarstæðis í Seyðisfjarðarhreppi, frv. 181. mál (þskj. 681). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sala jarðarinnar Þjóðólfshaga I, frv. 213. mál (þskj. 683). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 85. fundur.

Fimmtudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 3. maí 1984.

Guðmundur Bjarnason, 6. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., Níels Árni Lund, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Níels Árni Lund hefur áður setið á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa á ný.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, þáltill. 335. mál (þskj. 715). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, þáltill. 230. mál (þskj. 402). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lífeyrisréttindi húsmæðra, þáltill. 244. mál (þskj. 432). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Auðlindarannsóknir á landgrunni Íslands, þáltill. 254. mál (þskj. 467). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsókn og meðferð nauðgunarmála, þáltill. 289. mál (þskj. 556). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til allshn. með 43 shlj. atkv.

Sjónvarpsefni frá fjarskiptahnöttum, þáltill. 290. mál (þskj. 562). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ný tækni í vinnubrögðum á Alþingi, þáltill. 297. mál (þskj. 576). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Flugbraut á Egilsstöðum, þáltill. 75. mál (þskj. 80, n. 645). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um nýja flugbraut á Egilsstöðum og leitað umsagna ýmissa aðila um þessa till.

Með bréfi, dags. 6. febr. s. l., skipaði samgrh. nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Skv. erindisbréfi nefndarinnar skal hún semja áætlun um almenna flugvelli sem taki til framkvæmda við flugbrautir, öryggistæki, tækjageymslur, flugskýli og flugstöðvar.

Í þessu bréfi segir m. a.:

„Við samningu þessarar áætlunar verði lögð áhersla á flugvöll á Egilsstöðum og flutning flugbrautar þar."

Það er því ljóst að hæstv. samgrh. leggur mikla áherslu á að flugvöllur á Egilsstöðum verði forgangsframkvæmd. Hins vegar er ljóst að framkvæmdir hljóta að vera háðar samþykki Alþingis, m. a. með ákvörðun í tengslum við fjárlög.

Atvmn. Sþ. varð sammála um að leggja til að þessari till. yrði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 645 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 35 shlj. atkv.

Aðgerðir gegn skattsvikum, þáltill. 98. mál (þskj. 119, n. 697, 698). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. N. hefur haft málið til umfjöllunar og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Skattrannsóknastjóra, ríkisskattstjóra, Lögmannafélagi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og fjmrn.

N. mælir með samþykkt till. með brtt. sem flutt er á sérstöku þskj.

Þorsteinn Pálsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa brtt. eins og hún kemur frá allshn.

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. tafarlausa framkvæmd eftirtalinna verkefna í þeim tilgangi að draga úr skattsvikum og gera alla skattheimtu ríkissjóðs skilvirkari og hraðvirkari en nú er:

1. Að endurskoða lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., nr. 74/1972, með síðari breytingum, svo og lög um meðferð opinberra mála, nr. 73/1973, með síðari breytingum, í þeim tilgangi að stofna sérdeild við sakadóm Reykjavíkur sem fengi m. a. eftirtalin afbrot til meðferðar: skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot og fleiri skyld brot. Einnig skal fjölgað sérhæfðum starfsmönnum hjá embætti saksóknara og efla starfsemi Rannsóknarlögreglu ríkisins í þessum málaflokkum.

2. Að beita í auknum mæli sjálfvirkum sektarákvæðum og hækkuðum sektum.

3. Að undirbúa nauðsynlegar breytingar á bókhalds-

lögum, nr. 51/1968, og reglugerð þar að lútandi, svo og lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, auk framtalsreglna, sem tryggi ítarlegri og samræmdari sundurliðun á reikningsliðum fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri með skýrari og fjölþættari upplýsingum en nú er fyrir skattayfirvöld. Sérstaklega verði endurskoðaðir frádráttarliðir af tekjum, svo sem risnukostnaður, bifreiðafríðindi, enn fremur launamat o. fl.

4. Að láta tafarlaust fara fram gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfisins með það að markmiði að koma á skilvísara eftirliti með innheimtu söluskatts. Heimild sú sem er í 17. gr. laga um söluskatt til að fylgjast með fjármagnsinnstreymi í fyrirtækjum verði notuð þar sem því verður við komið. Athugað verði einnig hvort hægt sé að fá betri skil með því að fækka undanþágum og lækka þar með söluskatt.

5. Að beita sér fyrir aukinni hagræðingu og tölvuvæðingu við upplýsingaöflun og úrvinnslu skattframtala og fylgiskjala.

6. Að fjölgað verði sérhæfðu starfsliði við embætti skattrannsóknastjóra svo og á skattstofum. Veitt verði á fjárlögum nauðsynlegt fjármagn til að stórauka allt skatteftirlit og rannsókn skattsvika, sbr. 1.—5. tölulið. Að því verði stefnt að hægt sé að taka til ítarlegrar rannsóknar a. m. k. 10% skattframtala fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri".

Það fer ekki milli mála að með þessari till. er lagt til að skatteftirlit, bæði með tekjuskatti og söluskatti, verði mun virkara en það er nú.

ATKVGR.

Brtt. 698 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 745).

Hagnýting Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar, þáltill. 172. mál (þskj. 313, n. 674). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. utanrmn. hefur rætt till. þessa og leggur einróma til að hún verði samþykkt.

Efni till. er, eins og hv. þm. vita, um hagnýtingu Íslandsmiða utan efnahagslögsögunnar og hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að rannsóknir og veiðar á Íslandsmiðum utan efnahagslögsögunnar verði stundaðar í vaxandi mæli".

Ég held að það sé nú orðið alveg ljóst að við Íslendingar getum helgað okkur gífurlega þýðingarmikil hafsbotnssvæði á Reykjaneshrygg út í 350 mílur og mundi það vera alla leið frá efnahagslögsögu Grænlands og yfir á Hatton-banka og þar með yfir á Rockall-hásléttu og að öllum líkindum nálægt 500 mílna hafsbotnsréttindi á Hatton-sléttu og 60 sjómílur frá brekkufæti, eins og þar er kallað, suður af brekkufætinum. Þetta svæði getum við kannske ekki helgað okkur einir, en það fer ekki á milli mála að við eigum þarna mest réttindi, enda höfum við nú um fimm ára skeið eða svo leitað eftir samstarfi við Færeyinga um að helga þessum þjóðum þessi réttindi, þá þeim einum, eða með því að Írar og Bretar hefðu þar einhver minni réttindi en við.

Reynslan varð sú, að þegar Bandaríkjamenn tóku sér 200 mílna hafsbotnsréttindi, 1948 hygg ég að það hafi verið, þá var sú skoðun látin í ljós m. a. í stórblaðinu New York Times að hafið yfir botninum hlyti að fylgja með, sú hlyti að verða þróunin. Og hún var líka sú. 200 mílurnar urðu að alþjóðlegri reglu og efni hafréttarsáttmálans er með þeim hætti að alveg er ljóst að það er gert ráð fyrir annars konar hagnýtingu á hafinu yfir þessum botni utan 200 mílnanna, sem þjóðirnar geta helgað sér, heldur en á opnu úthafi. Það eru því ekki eingöngu þessi réttindi sem varða námugröft og annað slíkt, eða til að hindra námugröft, hindra boranir, sem eru mikilvæg, heldur fylgja fiskveiðiréttindin líka með í miklum mæli svo og öll botnlæg dýr sem tilheyra botninum og aðrar lífverur koma án efa á eftir.

Það er ekki seinna vænna að við förum að gæta þessara réttinda, meðfram til þess að styrkja stöðu okkar í þeim samningum sem fram undan eru og þegar eru raunar hafnir við nágranna okkar, bæði Breta og Færeyinga, og viðræður við Íra, en að þessu er nú mjög unnið og verður fjallað um það í utanrmn. á næstunni, eins og gert hefur verið reyndar að undanförnu, og ekki tímabært að segja mikið meira um það.

Þegar við erum alltaf af eðlilegum ástæðum að tala um vanda útgerðarinnar þá rennur manni til rifja þegar maður heyrir það að t. d. rússnesk skip nú síðast hafi mokað upp karfanum hér rétt sunnan við 200 mílurnar án þess að við gerðum tilraun til að taka þátt í þeim veiðum eða láta varðskip okkar fylgjast með þeim. Og þegar maður heyrir af því að norskur línuveiðari hafi komið af Rockall-hásléttu í októbermánuði s. l. með 70 tonn af boltasaltfiski, 50 tonn af þorskflökum og annað eins af ferskum fiski án þess að nokkurt íslenskt skip fari á þessi Íslandsmið — og ég nefni þau vísvitandi Íslandsmið. Þess vegna held ég að allir hv. þm. geti verið sammála um það að þessi till. eigi erindi og henni beri að framfylgja. Ég vonast til þess að ekki standi á samþykkt hennar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 748).

Sala ríkisbanka, þáltill. 3. mál (þskj. 3, n. 561 og 732). — Frh. einnar umr.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um sölu ríkisbanka. Ég vil leyfa mér að lesa hér, með leyfi forseta, álit 1. minni hl.:

„Nefndin hefur fjallað um till. til þál. um sölu ríkisbanka og leggur 1. minni hl. n. til að hún verði felld.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þorsteinn Pálsson og Guðrún Helgadóttir".

Undir þetta nál. skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Eggert Haukdal og Pétur Sigurðsson.

Frsm. 2. minni hl. (Stefán Benediktsson): Herra

forseti. Ég mæli hér fyrir minnihlutaáliti 2. minni hl. í allshn. Sþ. um till. til þál. um sölu ríkisbanka. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Það er búið á undanförnum mánuðum að leiða í ljós með gleggri hætti en áður hvaða tilgangi þessi till. þjónar og hvaða hluti í okkar þjóðfélagi henni er ætlað að uppræta.

Sex aðilar sendu umsagnir um þetta mál. Þar af voru þrír ríkisbankar. Engin af stjórnum þessara þriggja ríkisbanka treysti sér til að gefa umsögn um málið, heldur héldu þeir allir að sér höndum undir því yfirskini að verið væri að endurskoða skipulag bankakerfisins og því væri ekki stætt á því að þeir létu álit sitt eða skoðun í ljós. Svo sterkt er hið pólitíska vald á þessu kerfi að forráðamenn þessara banka treysta sér ekki húsbænda sinna vegna til að segja einu sinni hvaða skoðanir þeir hafa á málum sem þessum.

Vinnuveitendasamband Íslands sendir umsögn um þetta mál. Í áliti þess, sem annars er frekar loðið, segir þó, með leyfi hæstv. forseta: „Það virðist mun líklegra til árangurs í þessu efni að breyta ríkisbönkum í hlutafélög og bjóða hlutabréf í þeim til sölu á frjálsum markaði.“ Þetta er að mati Vinnuveitendasambands Íslands ákveðin till. til lagfæringar á þeirri þáltill. sem fyrir liggur. Nú virðist e. t. v. ekki mjög greinilegt hvað þeim háu herrum gengur til með þessari till. sinni, en ég tel þó að við nánari athugun megi sjá hvað hér er á ferðinni. Þessir menn eru út af fyrir sig ekki ósammála því að hlutabréf í ríkisbönkum séu boðin til sölu, en þeir vilja halda opinni þeirri leið að ríkið eigi bankana á móti einkaaðilum. Og þá er þarna á ferðinni í raun og veru sú sama hugsun sem ræður ríkjum í dag, þ. e. að ríkið geti tekið á sig skellina þegar bankastarfsemin verður fyrir áfalli en ef að úr rætist megi hugsanlega yfirfæra eignirnar að hluta, annaðhvort með sölu eða öðrum hætti, til einkaaðila.

Síðan segir í þessari umsögn, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi væru ríkisbönkunum búin sömu starfsskilyrði og einkabönkunum og í annan stað væri tryggt að á nokkru árabili mundi eignarhald á hlutabréfum færast frá ríkinu til einstaklinga og lögaðila. Slík hægfara þróun væri tvímælalaust hagfelldust“ — hvað sem það nú þýðir — „fyrir ríkissjóð og fjármálakerfi þjóðarinnar. Svipuð sjónarmið gilda um mögulega sölu annarra fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins.“

Það er aðallega í þessum orðum, sem ég þykist sjá þá meiningu sem ég var hér að túlka, hvort sem hún er með öllu sönn eður ei. Það verður þá að reyna á það með röksemdafærslu þessara aðila hvort ég hef rangtúlkað þá grundvallarhugsun sem hér kemur fram.

Síðan kom frá Kaupmannasamtökunum umsögn sem í raun og veru tekur enga afstöðu til þessa máls og svo er að lokum umsögn frá Alþýðusambandi Íslands sem er algjörlega á móti málinu og lýsir því yfir að það telji eðlilegt að þessi till. verði felld. Það gerist einhverra hluta vegna á þeim forsendum að í gegnum árin hafa Alþýðusambandsmenn og forustumenn verkalýðsins orðið þeirrar trúar að bankakerfið sé einhvers konar hluti af félagslegum rekstri. Það er eins og þeir séu algjörlega blindir fyrir því hvernig þetta bankakerfi er notað eingöngu ákveðnum aðilum til hagsbóta, þeim aðilum sem aðallega stunda atvinnurekstur og fyrirtækjastarfsemi, og að bankarnir eru notaðir í pólitískum tilgangi til þess að úthluta fé.

Nú gætu menn að einhverju leyti talið að ég talaði hér úr tómum hatti.

En ég held að menn fari ekki í neinar grafgötur um það að Davíð Scheving Thorsteinsson talar ekki úr tómum hatti þegar hann ræðir þessi mál og ég vil leyfa mér með leyfi hæstv. forseta að vitna hér til orða hans á aðalfundi Iðnaðarbankans. Hann segir:

„Það þekkist hvergi á Vesturlöndum að bankakerfið sé undir jafnmikilli pólitískri miðstýringu og hér á landi.“ Hann er sem sé ekki í neinum vafa um það að hér er á ferðinni pólitísk miðstýring. „Alls staðar á Vesturlöndum, að undanteknu Frakklandi, hefur stefnan undanfarin ár og áratugi verið á þá lund að minnka afskipti ríkisvaldsins af viðskiptabönkunum. Það hefur þá verið talið þjóna hagsmunum fólksins í landinu betur að láta samkeppni ráða aðhaldi í rekstri bankanna fremur en miðstýringu. Ríkið á hér og rekur þrjá stærstu viðskiptabankana. Þetta er eðlilegt fyrirkomulag sé talið æskilegt að nota bankana í pólitískum tilgangi. Sé hins vegar ekki ætlunin að nota þá í pólitískum tilgangi er engin ástæða til að ríkið bindi fjármuni og mannskap í þessu skyni. Nú liggur það fyrir að mikið fé vantar í ríkissjóð til þess að standa undir sameiginlegum útgjöldum landsmanna. Er ekki fyllilega tímabært að ríkið selji viðskiptabanka sína? Meðan það er hins vegar látið ógert legg ég til að ríkisbankarnir greiði eiganda sínum arð eins og Iðnaðarbankinn gerir.“

Ég kom að þessu atriði í umr. um annað mál hér á þingi í byrjun haustsins þegar var verið að ræða um Framkvæmdastofnun. Það er með öllu óeðlilegt að menn leggi fjármuni sína til banka með þeim hætti sem landsmenn gera og fái engan arð af því fé. Og formaður bankaráðs Iðnaðarbankans lýsir hér yfir sömu skoðun. Jafnframt segir hann:

„Legg ég til að þeir greiði ríkissjóði eðlilega þóknun fyrir þá ábyrgð sem ríkissjóður hefur tekið á sig þeirra vegna á sama hátt og gildir um ríkisábyrgðir almennt.

Reyndar er brýnt að tekið verði á þessum síðast töldu atriðum af annarri ástæðu. Það er frumskilyrði eðlilegrar samkeppni að allir aðilar á markaðnum standi jafnfætis hvað varðar ytri skilyrði. Nú þegar samkeppnin er innleidd í bankakerfið er nauðsynlegt að afnema forréttindi ríkisbankanna.“

Hér er hann væntanlega að tala um þær till. sem menn eiga von á að komi fram um endurskipulagningu bankakerfisins.

„Hlutafélagabankarnir njóta í dag ekki jafnréttis í samkeppninni. Þeir hafa ekki full gjaldeyrisréttindi, þeir verða að greiða eigendum sínum arð og þeir hafa enga ríkisábyrgð á starfsemi sinni, svo ekki sé talað um fyrirmæli fjmrn. til opinberra skrifstofa og stofnana þar sem þeim er í raun bannað að eiga viðskipti við aðra en ríkisbankana.“

Síðan segir í greininni með leyfi hæstv. forseta:

„Morgunblaðið bar þessi ummæli Davíðs undir Sverri Hermannsson iðnrh. og sagði Sverrir að hann hefði marglýst því yfir að hann teldi að ríkið skipti sér í of ríkum mæli af bankastarfseminni og betur færi á því að bankarnir væru sjálfstæðir. Hann sagðist fullkomlega sammála Davíð í því að ríkisbankarnir ættu að greiða eigendum sínum arð og þóknun fyrir ríkisábyrgð. „ Því vil ég ekki sætta mig við að einkabankarnir sitji ekki við sama borð og ríkisbankarnir og mun beita mér fyrir því

að þetta verði leiðrétt mjög fljótlega", sagði iðnrh."

Þetta segir hann á sama tíma og meiri hl. allshn. Sþ. leggur til að þáltill. um sölu ríkisbankanna verði felld. En það hlýtur náttúrlega að vera hverjum manni auðskilið að bankarnir geta ekki staðið jafnfætis rekstrarlega fyrr en eignarhald á þeim er með svipuðum hætti og ytri skilyrði þar með fengin til þess að samkeppnin sé á sanngjörnum grundvelli.

Ég vitna hér í nál. mínu til atburða undanfarinna mánaða þar sem sú áhersla sem stjórnmálaflokkarnir leggja á pólitíska stýringu bankanna og á að hafa í þeirri pólitísku stýringu undirtökin hefur orðið svo augljós að ekki verður um villst. Ég hef óljósan grun um að þeim röddum hafi farið fjölgandi núna að undanförnu sem telja að rekstrarfyrirkomulagi ríkisbankanna verði að breyta, að þeim röddum hafi farið fjölgandi vegna þeirra aðgerða sem nefndar eru hér í minnihlutaálitinu. Þeir atburðir hafa gert jafnvel meira en ég hefði nokkurn tímann getað náð, hversu mikið sem ég hefði reynt, og ber mér að þakka sérstaklega formanni Sjálfstfl. fyrir veitta aðstoð á undanförnum mánuðum.

ATKVGR.

Till. felld með 35:5 atkv.

Vistunarvandi öryrkja, þáltill. 52. mál (þskj. 55, n. 636 og 731). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa till. til athugunar og rætt hana á nokkrum fundum og fengið nokkra aðila til að mæta hjá sér á fundum og skýra málið og segja frá skoðunum sínum. Einnig bárust umsagnir frá Öryrkjabandalagi Íslands, endurhæfingardeild Borgarspítalans, dr. med. Ásgeiri B. Ellertssyni og einnig lá fyrir hjá nefndinni mjög ítarleg umsögn frá heilbr.- og trmrn. undirrituð af hæstv. heilbrmrh. Matthíasi Bjarnasyni.

Í bréfi ráðherra kemur m. a. fram að fulltrúi rn. í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og öryrkja hefur flutt um þetta mál ályktun í nefndinni sem samþykkt var í lok október s. l.

Stjórnarnefndin um málefni þroskaheftra og öryrkja hefur lýst yfir að úthlutað verði úr Framkvæmdasjóði fatlaðra á árinu 1984 til þess að markmiði ályktunarinnar verði náð.

Meiri hl. n., sem reyndar var sá hluti n. sem til fundar kom því tveir nm. voru erlendis, en einn mætti ekki, lýsir stuðningi sínum við framkvæmd þeirrar till. sem samþykkt var að tilhlutan framangreindrar stjórnarnefndar um málefni þroskaheftra og öryrkja. Meiri hl. allshn. er því sammála um að þáltill. verði afgreidd með eftirfarandi rökstuddri dagskrá:

Í trausti þess að heilbr.- og trmrn. og félmrn. taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fyrirheit um fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári telur Alþingi að ekki sé þörf á samþykkt þessarar till. og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. minni hl. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Till. þessi til þál. um vistunarvanda öryrkja var til þess fram borin að skjót lausn yrði fundin á vanda tiltölulega fárra sjúklinga, sem eru svo illa farnir af völdum slysa eða annarra áfalla, bæði andlega og líkamlega, að sjúkrastofnanir geta ekki sinnt þeim með því starfsfólki sem þar er og þeirri aðstöðu sem þeim er búin. Vandi aðstandenda þessara sjúklinga er í öllum tilvikum gjörsamlega óbærilegur og heimilislífi jafnvel stefnt í voða víða vegna þess álags sem það er að hafa þessa sjúklinga ýmist inni á heimilum eða hafa af þeim stöðugar áhyggjur og óttast um hvað um þá verður í framtíðinni.

Meiri hl. hv. allshn. hefur orðið sammála um að afgreiða till. með rökstuddri dagskrá, eins og segir með leyfi forseta:

„Í trausti þess að heilbr.- og trmrn. og félmrn. taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar um málefni þroskaheftra og öryrkja að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári" o. s. frv.

Í bréfi heilbr.- og trmrn. til allshn. kemur fram að þessa till. til ályktunar í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra, sem þá sat, bar fram fulltrúi ráðuneytisins og var hún samþykkt, og segir svo í bréfi frá hæstv. ráðh. heilbrigðismála að ályktunin hafi verið send ráðuneytinu og þar með verði að telja að stjórnvöld hafi þegar tekið á þessu vandamáli og lausn sé í sjónmáli. Minni hl. nefndarinnar er þessu gjörsamlega ósammála og hafnar þessari afgreiðslu öldungis.

Í grg. með áðurnefndri samþykkt stjórnarnefndarinnar kemur fram að hún telur æskilegt að umrædd sjúkradeild yrði stofnuð við Kópavogshælið og þar yrði gert ráð fyrir vistun 6—10 sjúklinga, en 10 vistmenn hælisins yrðu þess í stað vistaðir á sambýlum. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða sambýli? Ég hygg að við vitum bæði að þau sambýli eru ekki til. Minni hl. telur í öðru lagi fráleitt að vista þessa sjúklinga á Kópavogshælinu og vísar til þess hversu sú ráðstöfun bryti gjörsamlega í bága við þá stefnumörkun sem löggjafinn hefur þegar markað með lögum um málefni þroskaheftra og síðan með lögum um málefni fatlaðra á undanförnum árum. Auk þess er um algjörlega óraunhæfa lausn að ræða þar sem Kópavogshælið er yfirfullt. Ég vildi heyra hvað starfslið þess segir um hina nýju vistmenn sem þangað eiga að koma. Ég er hrædd um að menn settu upp undarlegan svip. Þar er stefnt að fækka vistmönnum vegna þess að heimilið er ofsetið. Það er allt of margt fólk á þessari stofnun og það eru engar horfur á að sambýlisrými verði á boðstólum fyrir tíu vistmenn á þessu ári þó vissulega sé verið að byggja á vegum Styrktarfélags vangefinna sambýli sem taka væntanlega á móti um 15 vistmönnum, en þar er m. a. gert ráð fyrir að mjög illa fötluð börn fái rými.

Við vitum líka að framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra hefur verið úthlutað fyrir árið 1984 og þar er ekkert fé eftir. Ég vildi þess vegna í öðru lagi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hvaðan á að koma fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að leysa vanda þeirra sjúklinga sem við höfum gert hér að umtalsefni?

Stendur til að veita sérstaka aukafjárveitingu í sjóðinn? Annars er tómt mál að tala um þetta.

Það er því alveg augljóst að markmiði þáltill. verður ekki náð á þessu ári á þann hátt sem segir í bréfi ráðuneytisins.

Minni hl. nefndarinnar gerir sér grein fyrir að með þeim niðurskurði sem stjórnvöld hafa gert á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um tugi milljóna á þessu ári er allt fé hans þegar bundið, ekki bara í ár heldur jafnvel á næstu árum, í verkefnum um land allt sem nú er verið að vinna og byrjað var á í trausti þess að samkv. lögum um málefni fatlaðra yrði veitt fé. En sú hefur orðið raunin á, eins og með svo marga aðra lagasetningu á hinu háa Alþingi, að þó að ákvæði séu um fjárveitingar til ákveðinna mála, eins og hér var um að ræða til velferðarmála fatlaðra, hefur fjárveiting ekki verið í samræmi við það og gífurlegur niðurskurður átt sér stað í fjárframlögum. Það segir sig sjálft að það er ákaflega erfitt fyrir stjórnarnefnd um málefni fatlaðra að gera áætlanir fram í tímann um uppbyggingu stofnana fyrir fatlaða um allt land ef ekki má treysta því að það fé komi sem þegar hefur verið lofað með löggjöf.

Vitaskuld verður fjárveitingavaldið hverju sinni að ákveða upphæðir til hinna ýmsu mála, en það er erfitt að skilja þessi mál öðruvísi en svo að Alþingi Íslendinga hafi tekið ákvörðun um að velferðarmál fatlaðra og aldraðra yrði látin sitja í fyrirrúmi á næstu árum vegna þess öngþveitis sem ljóst var að orðið var í þeim málaflokkum. Á einungis 2—3 árum hefur verið gjörsamlega snúið af þessari braut og þess vegna er það næstum því móðgun við þá sem unnið hafa að þessum málum að bjóða upp á þau rök að Framkvæmdasjóður fatlaðra muni leysa vanda þessara sjúklinga, sem þáltill. gerir ráð fyrir, á þessu ári. Það vita allir að þetta er algjörlega út í hött. Það fé er ekki til.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa lýst sig sammála því sjónarmiði sem minni hl. hefur gert að sínu og fram kemur í þáltill., en í áliti þeirra á þáltill. segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar telur heppilegast að leysa vanda þessa fólks með því að koma upp sérstakri deild í nágrenni og tengslum við stofnun sem þegar sinnir endurhæfingu og hjúkrun, auk þess að efla stuðning við hjúkrun og endurhæfingu í heimabyggð þeirra sem í hlut eiga."

Við minnihlutamenn erum sammála þessu og bendum á að endurhæfingardeild Sjálfsbjargar í Hátúni hefur til að mynda leyst þennan vanda þrátt fyrir erfið skilyrði og gert það með miklum sóma. Aðstöðu mætti efla þar, en slíkt kostar að sjálfsögðu fé og það fé verðum við að finna. Til þess var þessi þáltill. fram borin. Það er líka ljóst að Reykjalundur hefur reynt að taka við sjúklingum af þessu tagi. Heilsuverndarstöðin í Reykjavík hefur reynt þetta líka. En þessi mál eru í ólestri þangað til tekin hefur verið ákvörðun um að gera þeim einhver skil.

Í áliti dr. med. Ásgeirs B. Ellertssonar um þáltill. segir svo, með leyfi forseta:

„Ég hallast helst að því að viðkomandi einstaklingar fái þá hjúkrun sem með þarf í heimabyggð á hjúkrunarheimilum, hjúkrunardeildum eða sjúkradeildum svæðissjúkrahúsa. Með þessu móti varðveitast best fjölskyldu-, vináttu- og önnur félagsleg tengsl viðkomandi einstaklinga og blöndun við aðra sjúklingahópa verður eðlileg. Hjúkrunarþyngd þessa fólks er mikil, en dreifist á fleiri hendur með þessu fyrirkomulagi".

Við talsmenn minni hl., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og ég, höfum báðar unnið að þessum málum um árabil og okkur er fullkunnugt um hver staða uppbyggingar stofnana fyrir fatlaða er í landinu í dag. Við töldum að þegar lögin um málefni þroskaheftra og síðar lögin um málefni fatlaðra voru sett væri það vilji hins háa Alþingis að byggja upp heildarskipulag þessara mála á landsvísu. Ég hygg að við höfum báðar unnið að því með því að leggja ekki alla áherslu á þessi mál á Reykjavíkursvæðinu, þó að við séum héðan af svæðinu, heldur með því að reyna að taka tillit til landsbyggðarinnar með þá stefnumörkun fyrir augum að landsmenn, hvernig sem fyrir þeim er komið, eigi þann mannlega rétt, sem við öll viljum krefjast, að geta notið þeirrar þjónustu sem þeir þurfa á að halda í sínu heimahéraði. Þannig reyndi stjórnarnefndin um málefni þroskaheftra að vinna og við í svæðisnefndinni fyrir þroskahefta á Reykjavíkursvæðinu tókum fullt tillit til þess. Þannig var reynt að jafna fjárveitingum svo að allir landshlutar nytu nokkurs góðs af. Þessi vinna hefur svo sannarlega borið árangur vegna þess að nú er verið að byggja og koma á fót stofnunum í öllum landshlutum nema á Reykjanessvæðinu, þó að að því sé verið að vinna nú, en vissulega voru stofnanir þar fyrir. Það hlýtur að vera von allra, sem þessi málefni bera fyrir brjósti, að þessar stofnanir fái fé til þess að þær verði fullbúnar og geti hafið störf.

Kópavogshælið er ekki staðurinn til að taka við þeim sjúklingum sem hér er um að ræða. Það þarf varla að minna menn á að öll hugmyndafræði sem þessi vinna hefur byggst á á undanförnum árum er sú, að þeir sem fæddir eru þroskaheftir fái að lifa sínu lífi meðal annars fólks en ekki lokaðir inni á stórri stofnun, né heldur aðrir þeir sjúklingar sem síðar hafa orðið jafnþroskaheftir af völdum slysa eða annarra áfalla. Kópavogshælið þarf á því að halda að þar sé fækkað vistmönnum og hluta af hælinu verði breytt í sambýlisform, þannig að hægt sé að gera þá stofnun nýtískulegri en hún var um langt árabil. Það starf er þegar hafið. Það er því gersamlega tómt mál að vísa til bréfs rn.

Hæstv. ráðh. fullyrðir með bréfi, sem dagsett er 9. janúar 1984, að stjórnvöld hafi þegar tekið á þessu vandamáli og að lausn þess sé í sjónmáli. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hver er sú lausn? Hvenær er hún væntanleg? Við getum ekki talið það lausn að samþykkt hafi verið ályktun sem ráðuneytisfulltrúinn bar upp í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og gekk síðan með á fund ráðh. síns. Síst af öllu viljum við styðja þá grg. sem með henni fylgir og leggjum því eindregið til að hv. þm. samþykki þáltill. eins og hún liggur fyrir og með þeim rökstuðningi sem fram kemur þar í grg. og sem fram kom við framsögu í máli hv. þm. Helga Seljan. Það getur ekki verið ofverk hins háa Alþingis að leysa vanda jafnvel innan við 20 þeirra samborgara okkar sem bágast eiga og verst eru á sig komnir með aðgerðum hér og nú.

Það er enginn að biðja um þá einu lausn, sem mönnum dettur almennt í hug þegar einhvern vanda þarf að leysa, að byggja hús. Það þarf ekkert hús að byggja. Það þarf að veita fé í deild hér á Reykjavíkursvæðinu innan þeirra sjúkrastofnana sem fyrir eru og jafnframt að veita fé til aukins starfsliðs á stofnunum

annars staðar á landinu, þannig að þetta fólk, sem þarf mann með sér allan sólarhringinn, fái þá þjónustu í nágrenni við sína nánustu, eins og hver einasta lifandi manneskja í þessu landi gerir kröfu til, að fá að vera þar sem hún á heima, ef þess er nokkur kostur, ella fái hún þjónustu þar sem best fer um hana þrátt fyrir það ásigkomulag sem kann að vera nær óbærilegt.

Ég vil ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðh.: Hvenær eigum við von á lausn á málum þessa fólks og hvernig verða þær? Ég vænti þess að ég fái svar við því áður en menn treysta sér til að greiða atkv. með ályktun meiri hl. n.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég skal vera fyrstur manna til þess að viðurkenna, sem ég reyndar gerði í framsögu fyrir þessu máli, að málið er engan veginn auðleyst. Það þarf þess vegna vandlega athugun á því með hvaða hætti er best að koma þessu fyrir. Við tillögumenn bentum á ýmsar leiðir í því efni, en því miður hefur meiri hl. allshn. séð ástæðu til að benda á enn aðra leið sem mér þykir vægast sagt nokkuð undarleg og vanhugsuð svo ekki sé meira sagt.

Ég hef lítt við það að bæta sem hv. frsm. minni hl. n. kom inn á áðan. Ég hlýt að harma afstöðu meiri hl. allshn. Ég vona að sú afstaða sé byggð á ónógri athugun þessa máls og á hugsanlegri lausn þess og einnig upplýsingum sem ekki standast um þá hugsanlegu lausn sem ég hef ekki trú á að geti staðist og get því miður ekki trúað heldur á sem slíka sem lausn fyrir þetta fólk.

Án þess að ég sé að gera nokkuð lítið úr meirihlutafulltrúunum, allra síst framsögumanni, sem hefur haft afskipti af málum mjög svipuðum þessum á margan veg, þá veit ég að þeir nefndarfulltrúar sem skila minnihlutaáliti hér eru svo gerkunnugir þessum málum að Alþingi má sannarlega treysta áliti þeirra í þessu efni.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var t. d. lengi formaður þeirrar stjórnarnefndar sem byggði upp frumstarf varðandi Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra og ég leyfi mér að fullyrða að hún vann sem formaður þeirrar stjórnarnefndar frábært starf. Ég fullyrði að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hefði aldrei dottið í hug í þeirri stjórnarnefnd að standa að samþykkt þeirri sem hér er vitnað til að stjórnarnefndin sem sat á síðari hluta síðasta árs hafi gert og allur rökstuðningur meiri hl. allshn. er byggður á. Ég tel að eftir þá reynslu sem hún sem formaður þessarar nefndar hafði af því hvað erfitt var að leysa þessi mál í heild hefði hún aldrei getað samþykkt einhverja patentlausn af þessu tagi, sem ekki er heldur til í virkileikanum, ég hef enga trú á því.

Hv. frsm. minni hl., Guðrún Helgadóttir, á sæti í svæðisstjórn Reykjavíkur, þar sem þessi mál brenna mjög á fólki, og veit einnig um þau miklu vandamál sem þar steðja að og ástand þessara mála hér, sem er þó mun betra að mörgu leyti en víða annars staðar, þó ekkert skuli dregið úr því hvað hér er um mikinn vanda að ræða einnig.

Ég segi bara fyrir hönd þessa fólks, sem ég þekki nokkuð til, þessa fámenna hóps, að ég vildi sannarlega sjá Alþingi bera gæfu til þess að samþykkja eitthvað raunhæft í þessu máli en ekki það sem meiri hl. leggur til.

Ég lýsi því hiklaust yfir að ég efa ekki góðan vilja hæstv. ráðh. til að leysa þetta mál, en auðleyst er það ekki, og ég hugsa að honum sé það alveg jafnvel ljóst og mér að auðfengin lausn á þessu er ekki á þann hátt sem hér er vitnað til, þ. e. tilvísun á yfirfullt Kópavogshæli, þetta mikla vandamál sem Kópavogshælið óneitanlega hefur verið vegna þess hversu það hefur verið ofsetið af vistmönnum. Það má aldeilis bregða snarlega við og það er þá ekki mikill fjárhagsvandi ríkissjóðs ef myndarlega verður þar á tekið í öllum greinum svo að málefni þess stóra hælis megi leysa í einu vetfangi á þessu ári. Þetta er svo óhófleg bjartsýni að ég botna ekkert í henni sem fyrrv. stjórnarmaður í stjórnarnefnd um málefni öryrkja og þroskaheftra, þar sem vandi okkar var ævinlega sá að skipta allt of litlu til allt of margra verkefna.

Ég skoða þetta hreinlega sem slys hjá fyrrv. stjórnarnefnd, sem þarna hefur gerst, og ég veit að núv. stjórnarnefnd um málefni fatlaðra hefur ekki tekið afstöðu til þessa máls á þessum grunni. Ég hefði talið miklu eðlilegra að álits hennar væri leitað til þess að vita hvað sú nefnd sem nú starfar og þarf að standa að skiptingu fjárframlaga og þarf að standa að frambúðarlausn þessara mála ásamt rn. hefði sagt um þetta mál.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það heldur að meiri hl. allshn. hefur verið í góðri trú, en ég er hræddur um að sú góða trú muni skammt duga þessu illa setta fólki og það veit ég af ærinni reynslu, m. a. af setu í téðri stjórnarnefnd um málefni öryrkja og þroskaheftra eins og hún hét áður.

Afgreiðsla þessa máls nú minnir mig því miður á það þegar meiri hl. allshn. vísaði á sínum tíma frá hér á Alþingi till. okkar nokkurra þm. um vistheimili fyrir þroskahefta á landsbyggðinni. Menn gerðu það þá í góðri trú þess að það væri rétt að allir skyldu vera á einu stóru hæli syðra. Meiri hl. allshn. vitnaði þá til svipaðs álits frá svipuðum aðila, sem gleggst átti að þekkja til þessara mála þá. Alþingi staðfesti þetta meirihlutaálit um að það væri óhæfa að reisa vistheimili fyrir þroskahefta úti á landsbyggðinni. Ég er viss um að við hæstv. heilbrmrh. getum verið sammála um að þarna hafi heldur betur verið illa að málum staðið, við sem þekkjum til þess báðir tveir að síðan hafa risið vistheimili í þeim landshlutum sem við bárum þá fyrir brjósti fyrir þroskahefta. Ef mig misminnir ekki er trúlega verið núna á þessum dögum að vígja Bræðratungu, vistheimili fyrir þroskahefta á Ísafirði, sem á að vera þjónustumiðstöð fyrir það fólk í þeim landshluta, en fyrir tólf árum þótti slíkt óhæfa hér á hv. Alþingi. Þegar litið er til þróunar þeirra mála frá þessum tíma held ég að fáir mundu vilja taka undir slíkt sjónarmið sem þá réði vilja meiri hl. Alþingis.

Hér er að vísu vitnað til rn. um lausn. Því er full ástæða til að ítreka spurningar hv. 10. landsk. þm. til hæstv. ráðh. um þessa lausn. Ég er alveg sannfærður um að þrátt fyrir það veit hæstv. ráðh. örugglega um annmarka þess að koma framkvæmdinni í þann farveg sem meirihlutaálitið byggir á, þ. e. að vista þessa einstaklinga á Kópavogshælinu. Ég veit að honum er alveg fullljóst hvílíkir annmarkar eru þar á af fjöldamörgum ástæðum. Ég ætla ekki að fara út í þær ástæður, en við vitum það sjálfsagt báðir jafnvel hvað þær eru ærnar, m. a. með tilliti til eðlis þeirrar örorku sem hér er um að ræða varðandi marga þá aðila sem við erum þarna að flytja till. um. Ég hefði gjarnan viljað sjá

hæstv. ráðh. finna þessu máli annan farveg og heppilegri farveg, sem hlýtur að vera unnt að finna þó ég viðurkenni að það sé hvergi nærri auðvelt, og ég vildi skora á hæstv. ráðh. að leita allra annarra tiltækra leiða en þeirrar að velja einmitt Kópavogshælið, þetta að mörgu leyti vandræðabarn vegna þess hvernig að þeim málum hefur verið staðið og vegna þess hversu það hefur verið ofsetið, velja það einmitt til að sinna þessu verkefni. Hæstv. ráðh. veit mætavel að þar er síst á bætandi.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi till. um vistunarvanda öryrkja fjallar fyrst og fremst um að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því að leysa vandamál þeirra öryrkja sem eiga sakir andlegrar og líkamlegrar fötlunar örðugt um vistun á þeim stofnunum sem fyrir eru. Jafnframt er bent á að helst yrði um að ræða að efla stuðning við hjúkrun í heimabyggð eða stofnun sérdeildar við ríkisspítalana. Ef þessi till. væri samþykkt óbreytt væri málið ekkert leyst þrátt fyrir það.

Hv. frsm. meiri hl. n. vitnaði í bréf heilbrmrn. og þá ályktun sem fylgdi frá stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og öryrkja. Það segir í lok þess bréfs að stjórnvöld hafi tekið á þessu vandamáli og að lausn þess sé í sjónmáli. Það má segja að fulldjarft sé til orða tekið að það sé í sjónmáli og því síður hægt að tímasetja hvenær þetta getur orðið að veruleika.

Hér er ekki um að ræða sams konar sjúklinga eins og allir vita. Hér er um að ræða ákaflega mismunandi fötlun. Annars vegar er hér um að ræða fötlun fólks sem hefur glatað algerlega sínum andlega þroska. Það eru til dæmi þess að fólk veit eiginlega ekki hvar það er og þarf að hafa eftirlit með því meira eða minna allan sólarhringinn. Þannig eru þrír af þessum sjúklingum. Svo er annars vegar fólk sem er mjög illa farið líkamlega, en er við nokkuð góða andlega heilsu að öðru leyti. Það hlýtur að hafa áhrif á hvern mann andlega að glata í einu slysi eða á broti úr mínútu heilsu sinni og kröftum. Þetta fólk á enga samleið með hinu fólkinu, það vitum við.

Við skulum bara tala um þessi mál á eðlilegan og skynsamlegan hátt. Það er ekkert gaman að standa frammi fyrir aðstandendum þessa fólks sem verður að horfa upp á að fyrst þegar slys eiga sér stað reyna læknar og hjúkrunarlið að gera aðgerðir á þessu fólki fyrst og fremst til að halda lífinu í því, ef það verður fyrir meiri eða minni beinbrotum og fleiri meiðslum. Þegar því er lokið liggur leiðin af slysavarðstofu á sjúkrahús. Síðan liggur leið þessa fólks inn á endurhæfingarstofnanir. Þar er reynd endurhæfing. Þar kemur strax upp þetta mikla vandamál: Við getum ekki haft þennan sjúkling lengur því við þurfum að rýma fyrir nýju fólki. — Síðan liggur leið viðkomandi sjúklings á stofnun sem hann á ekki heima á. Ég hef lent í því oftar en einu sinni að reyna að beita áhrifum mínum til þess að viðkomandi sjúklingur fari ekki inn á stofnun með fólki sem hann á alls ekki heima með af því að hann hefur þá andlegu heilsu að hann skynjar umhverfi sitt og á því ekki samleið með fólki sem er komið meira eða minna út úr heiminum. En í þessu ágæta landi og ríki, Íslandi, er máttur þeirra sem eiga að teljast æðstu menn þessara mála ekki meiri en sá að þar ráða læknar og forstöðumenn sjúkrahúsa og því miður verð ég oftar var við að ef það kemur beiðni frá rn. snúist sumir menn öndverðir gegn því. Það hefur oft hvarflað að mér hvort ekki væri kominn tími til að Alþingi veitti heilbrmrh. eða heilbrmrn. heimild til meiri íhlutunar um að koma fólki fyrir í stofnunum. Það er oft afar erfitt að eiga þannig undir högg að sækja. Hér er ekki um að ræða fólk sem maður þekkir persónulega, kunningsskap, skyldleika eða þess háttar. Þetta er oft bráðókunnugt fólk. En það þarf oft ákaflega mikinn styrk til þess að standa frammi fyrir fólki sem er niðurbrotið að sjá þannig komið fyrir skyldfólki sínu að það er flutt á milli stofnana og sett inn á stofnanir þar sem það á ekki heima.

Hitt er auðvitað allt annað, með fólk sem veit ekkert hvar það er, það skynjar kannske ekkert. Að því leyti til er það rétt hjá hv. síðustu ræðumönnum að ein ákveðin stofnun verður ekki sett upp fyrir alla þessa sjúklinga. Hún getur átt við í einstökum tilfellum eins og hér er sagt.

Þetta eru miklu meiri vandamál og persónulegri en maður kærir sig um að ræða frekar á hv. Alþingi, því að hér er um það fámennan hóp að ræða og ef ætti að hafa opinskáar umr. yrðu þær erfiðar og viðkvæmar. Þetta ætti miklu frekar að ræða um hjá mönnum í þröngum trúnaðarmannahópi á milli fólks sem virkilega vill leggja sig fram um að leysa erfið vandamál.

Ég verð að segja að það er kannske ekki alls kostar rétt hjá hv. 10. landsk. þm. að það sé skorið niður um milljónatugi. Þessi framlög hafa orðið til á síðustu árum. Það má segja að búið sé að byggja upp á nokkrum tíma ákaflega myndarlega fyrir þá sem eru þroskaheftir, fyrir þá sem hafa orðið fyrir áföllum og verða að vera á hælum allt lífið. Þetta er nokkurra áratuga framkvæmdasaga. Áður var ekkert gert í þessum efnum.

Þetta er ekki gert á skömmum tíma. Þessu hefur þokað mjög áleiðis á þessum árum og þegar lokið er einu verkefni tekur annað við. Og það er alveg hárrétt sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan, að ekki var talin þörf á því lengi að byggja slíkar stofnanir úti á landi. Þá litu menn svo á að það væri annað nær sem þyrfti að gera. En við efumst ekkert um að þar hefur verið tekið mjög vel til hendinni og þessar stofnanir eru bráðnauðsynlegar og vitaskuld fögnum við mjög því sem áunnist hefur.

Ég lít svo á að vandamál þessara einstaklinga verði ekki leyst á einu bretti og ekki verði gert við alla eins. Ég sagði fulltrúa rn. þá skoðun mína, þegar hann sýndi mér samþykktina, að hún væri góð það sem hún næði, en ég hefði þá skoðun að við leystum þetta ekki á einu og sama brettinu, við þyrftum að líta á þetta eftir sjónarmiðum og ástandi hvers sjúklings fyrir sig í þessu sambandi.

Ég er alveg sammála flm. þessarar till. og raunar allri n. um að menn greinir ekki á um að þarna er úrbóta þörf. En samþykkt þessarar þáltill. held ég að skipti ekki höfuðmáli. Það eru vandamál bæði peningalegs eðlis og sömuleiðis stjórnunarlegs eðlis.

Áður en ég lýk máli mínu verð ég aftur að koma inn á það hvað víða er áfátt um samstarf á milli heilbrigðisyfirvalda og t. d. lækna sem vilja ráða öllum innlögnum. Þar er brýn þörf úrbóta sem gæti verið einn og nokkuð sterkur liður í lausn á því vandamáli sem hér hefur verið hreyft.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég virði vissulega hreinskilni og raunsæi hæstv. ráðh. og ég virði líka þau mannlegu sjónarmið sem komu fram í máli hans og hef aldrei efast um að hann vildi taka vel á þessu máli. Það sem ég harmaði fyrst og fremst hér var að þessu máli skyldi vísað frá á þann neikvæða hátt sem ég tel með rökstuddri dagskrá. Alveg sérstaklega segi ég þetta eftir að hæstv. ráðh. er búinn að lýsa því yfir að það sem þessi rökstudda dagskrá er byggð á sé rangt, meginatriðin í því séu ekki í sjónmáli, því miður. Og enn síður gat ég skilið á máli hæstv. ráðh. að það væri ætlunin — og ég fagna því — að Kópavogshælið tæki við þessu verkefni svo sem skilja mátti af þessari samþykkt því að engin yfirlýsing kom fram frá hæstv. ráðh. um það — eðlilega ekki því að ég efast ekki um að að betur athuguðu máli dettur hæstv. ráðh. ekki í hug að leysa þetta mál á þann máta.

Þar af leiðandi er sá tónn sem í þessari rökstuddu dagskrá er tvímælalaust neikvæður, því miður. Það er hins vegar rétt að till. sjálf felur ekki í sér neina varanlega lausn og það var gerð grein fyrir því af hálfu okkar flm. strax í upphafi og annarra þeirra sem hér tóku til máls að það væri svo sannarlega ekki auðhlaupið að leysa þetta. Megináhersla okkar beindist að því fólki sem bæði er fatlað andlega og líkamlega. Þar er megináherslan þó að ég viti að sannarlega kemur inn í þennan hóp fleira fólk, sem á aðeins við aðra fötlunina að stríða, er megináhersla okkar á það fólk sem bæði hefur orðið fyrir líkamlegri og andlegri fötlun.

Ég endurtek að í framsögu minni um þetta mál dró ég ekkert úr því hvernig ákveðnar sjúkrastofnanir hafa tekið á málum þessa fólks. Það er svolítið viðkvæmt, af því þetta er einstaklingsbundið, að ræða um hvernig jafnvel starfslið heilu stofnananna hefur neitað og skrifað undir álit um að neita að taka við þessu fólki, að láta það dveljast hjá sér. En ég benti einnig á það þá, að vandkvæði þessara stofnana væru vissulega ærin því það væri ekki bara starfsfólkið sem yrði þarna fyrir óeðlilegu álagi, heldur einnig sjúklingarnir sem á þessum stofnunum eru og hafa svo sannarlega kvartað vegna þess að hér er um mjög órólega einstaklinga að ræða sem valda truflunum ekki bara hjá starfsfólkinu, heldur ekki síður hjá þeim sjúklingum sem eru þar að ná bata. Þetta tók ég alveg skýrt fram og vil ég að komi hér fram aftur vegna orða hæstv. ráðh. að við vorum ekkert að draga úr þeim erfiðleikum sem við vissum af að höfðu átt sér stað milli rn. og ákveðinna sjúkrastofnana í þessum efnum.

En sé það svo að þessu máli eigi nú að vísa frá með rökstuddri dagskrá í trausti þess, eins og hér segir með leyfi forseta, „að heilbr.- og trmrn. og félmrn. taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar“ — og þetta er Kópavogshælið, ekki rétt, er það ekki alveg skýrt, með samþykkt stjórnarnefndar, að svo er, ég hef tekið það þannig, að þar ætti að leysa það, — þá spyr ég: Ef það er ekki Kópavogshælið, hvað þá? Á hvaða sérstakri deild á þá að leysa málið? Ég vildi gjarnan vita það þá. Ég fagna því ef það er ekki á Kópavogshæli. Ég fagna því líka ef menn vildu rýma eitthvað af plássi t. d. á Vífilsstöðum, afvötnunardeild þar, og gætu séð sér fært að senda þetta fólk þangað. — Nú sé ég að hv. þm. Pétur Sigurðsson kinkar kolli. Mér hefur meira en dottið í hug sú lausn sem betri og varanlegri í þessum efnum. En það er bara alls ekkert átt við hana í þessu efni, því miður.

Að staðið verði við fyrirheit um fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, það hefur hv. 10. landsk. þm. rakið svo rækilega að það er útilokað að byggja rökstudda dagskrá á því. Þeir peningar eru ekki til og hafi ég skilið hæstv. ráðh. rétt undanfarna daga hafa þeir ekki fengið aukna fjármuni milli handa nema þá í erlendum lánum. Kannske er meiningin að taka erlend lán til slíkra athafna. Það væri a. m. k. miklu nær að taka erlend lán til að standa að svona framkvæmdum en að taka erlend lán til greiðslu barnsmeðlaga.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n. sem um þetta mál fjallaði og stóð að nokkru leyti að þeirri afgreiðslu sem meiri hl. n. hefur skrifað undir. Mér fellur illa sá afgreiðslumáti, sem nokkuð mikið er hér iðkaður, að vísa málum til ríkisstj., því að ég sé ekki hvaða pláss er fyrir slíkt í vinnubrögðum Alþingis. En í þessu málefni bar svo við að fyrir lá bréf undirritað af ráðh. þeirra málefna sem hér um ræðir. Þar gaf hann alveg skýra yfirlýsingu um að verið væri að vinna að þessum málum — reyndar, eins og fram kemur í bréfinu, í anda þeirrar samþykktar sem minni hl. n. hefur gagnrýnt, þ. e. hugmyndir sem komu fram hjá stjórnarnefndinni en minni hl. telur að dugi ekki til að sinna því verkefni sem hér um ræðir.

Stjórnskipunarlega eða vinnubragðalega fyrir Alþingi tel ég þetta ekki neikvæða aðferð, en aftur á móti tek ég undir það, sem komið hefur fram hér, bæði hjá hv. 10. landsk. þm. og 2. þm. Austurl., að ráðh. getur ekki skotið sér undan því að svara því beint til hverrar stofnunar hann ætlar að leita til þess að ráða fram úr málum þessa fólks. Mér finnst erfitt að taka þátt í atkvgr. um þetta mál öðruvísi en að þar liggi mjög skýr svör fyrir. Ef búið er að vinna að þessum málum núna skv. dagsetningu í rúmt hálft ár hljóta menn að vera búnir að orða það hvernig á að leysa þetta og geta skýrt það fyrir mönnum hér á þingi, þannig að þeir geti tekið afstöðu til lausnarinnar um leið og þeir taka afstöðu til málsins sem slíks.

ATKVGR.

Till. um rökstudda dagskrá á þskj. 636 samþ. með 25:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, IG, JHelg, LJ, MB, MÁM, ÓE, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, SV, StH, SvH, VI, ÞS, AG, AS, ÁJ, EgJ, EKJ, FÞ, NL, ÞK.

nei: HS, HG, JS, JBH, KSG, KJóh, KH, KSK, RA, SDK, SkA, StB, SJS, SvG, EG, GeirG, GE, GJG, GHelg.

1 þm. (RH) greiddi ekki atkvæði.

15 þm. (GGS, HÁ, KP, KolJ, SalÞ, StG, TÁ, ÞP, BÍG, DA, EH, GeirH, FrS, GSig, GA) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að það er enginn ágreiningur á stjórnarheimilinu um afgreiðslu þessa máls. Enginn er „visst próblem“ lengur. Ríkisstj. er hjartanlega einhuga um að vandi innan við 20 Íslendinga, sem verst hafa

orðið úti af völdum slysa eða annarra áfalla, verði ekki leystur. Um það er enginn ágreiningur. Þetta harma ég og ég segi nei.

Umfang skattsvika, þáltill. 169. mál (þskj. 310, n. 699, 700). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um úttekt á umfangi skattsvika. Með leyfi forseta vil ég lesa álit n.:

„N. hefur haft málið til meðferðar og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Skattrannsóknastjóra, ríkisskattstjóra, Þjóðhagsstofnun, Hagstofunni og viðskiptadeild Háskóla Íslands.

N. mælir með samþykkt till. með brtt. sem flutt er á sérstöku þskj.

Þorsteinn Pálsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Benediktsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur Sigurðsson, Guðrún Helgadóttir og Eggert Haukdal.

Með leyfi forseta vil ég þá lesa brtt. og hljóðar hún svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að koma á fót starfshópi sem í samvinnu við skattyfirvöld hafi það verkefni að gera grein fyrir og leggja mat á eftirfarandi:

1. Umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingar um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.
2. Hvort skattsvik megi rekja sérstaklega til ákveðinna starfsstétta og starfsgreina.
3. Umfang söluskattsvika hér á landi.
4. Helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegastar til úrbóta.

Niðurstöður skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 1985. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Ég vil vekja á því athygli að fyrir Alþingi liggja nú tvær till. til þál., sem ekki hafa verið ræddar, þar sem lagt er til að tekjuskattur verði afnuminn. Rök sem fram koma m. a. eru þau, að hann leggist mjög misjafnt á þjóðfélagshópana. Sú till. til þál. sem hér er lagt til að verði samþykkt með þeim smávægilegu breytingum sem um er að ræða ætti að vera gott innlegg í þá athugun hvort rétt er að breyta tekjuformi ríkisins á þann veg að tekjuskatturinn verði lagður niður.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að brtt. allshn. verði samþykkt.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég sé fyllstu ástæðu til sem 1. flm. þessarar þáltill. sem hér er til umr., svo og þeirrar sem samþykkt var fyrr á þessum fundi um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum, að þakka meðnefndarmönnum mínum í allshn. fyrir þá góðu samstöðu sem var um framgang þessara tveggja mála í n. Allt frá upphafi að bæði þessi mál komu fyrir n. kom fram eindreginn vilji allra nm. að afgreiða þessi mál og mikill skilningur á nauðsyn þess að gera átak í þessu máli. Á báðum þessum till. hafa verið gerðar nokkrar breytingar sem full samstaða var um í n. Ég ítreka þakklæti mitt og vona að þessar till. verði til þess að við megum stíga skref í þá átt að uppræta skattsvik hér á landi.

ATKVGR.

Brtt. 700 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. með 35 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 749).

Efri deild, 88. fundur.

Fimmtudaginn 3. maí, kl. 5 síðdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. 167. mál (þskj. 727). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 40. mál (þskj. 705). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frv. 25. mál (þskj. 25, n. 707). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál mjög rækilega, m. a. fengið á fund sinn stjórnarformann og forstjóra Áburðarverksmiðjunnar, og fengið í hendur þar að auki skriflegar upplýsingar, m. a. bráðabirgðareikning fyrirtækisins. Það er alveg ljóst að þetta fyrirtæki á í gífurlegum erfiðleikum. Stafa þeir mestmegnis af því að framleiðsluvaran er lánuð langtímum saman á lágum vöxtum en reksturinn síðan kostaður með dollaralánum með mjög erfiðum kjörum.

Við vildum í nefndinni reyna að komast sem allra lengst til botns í þessu máli, en urðum að lokum sammála um það að mæla með samþykkt frv. Eins og stendur í nál. er ljóst að Áburðarverksmiðjan hefur fyrir löngu notað peninga þá sem hér um ræðir og er því vart um annað að ræða en staðfesta brbl. En nefndin leggur áherslu á að viðskiptalán, sem verksmiðjan tekur, séu ekki endurlánuð til langs tíma með lakari kjörum fyrir fyrirtækið. Þetta er sem sagt ábending um það að þessir viðskiptahættir verði að breytast.

Eins og ég sagði mælir nefndin öll með samþykkt frv.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég skrifaði undir

þetta nál. með fyrirvara og ég vil geta þess í hverju sá fyrirvari einkanlega felst og skal ekki hafa um það mörg orð. Hann felst fyrst og fremst í því að hér er um að ræða ríkisfyrirtæki þar sem hafa verið rekstrarvandræði árum saman vegna þess að framleiðslan hefur ekki verið seld á því verði sem hún kostar. Hér er enn einn þáttur í hinu margumtalaða landbúnaðardæmi þar sem er verið að greiða niður með ýmsum hætti rekstrarvörur til landbúnaðarins. Ég veit ekki hvað hæstv. fjmrh., sem hefur fengist við viðskipti lengi, segir um þá rekstrarhætti, sem þarna hafa verið viðhafðir. Sem sagt, framleiðslan er ekki seld á því verði sem hún hefur raunverulega kostað, tekin eru lán með allt að því afarkjörum og síðan stundar verksmiðjan lánastarfsemi *með allt öðrum kjörum. Svona getur ekkert fyrirtæki* gengið til lengdar. Þarna verður að taka á með einhverjum hætti.

Það var auðvitað engrar undankomu auðið í þessu máli eins og kom fram hjá hv. frsm., 4. þm. Norðurl. v. Það var þegar búið að ráðstafa því fé sem hér um ræðir. Það er satt að segja ekki til fyrirmyndar hvernig að þessum málum er staðið og þetta er ekki nýtt vandamál. Þetta vandamál hefur verið hér uppi í umr. á Alþingi oft áður. Það er í þessu sem minn fyrirvari fyrst og fremst er fólginn. Um þetta mætti hafa mörg orð og miklu fleiri, en ég ætla ekki að segja margt frekar að þessu sinni. Hér stóðu menn frammi fyrir gerðum hlut og það var í rauninni enginn annar kostur fyrir hendi en láta þetta mál ná fram að ganga, hversu illa sem menn annars una því hvernig á þessum málum hefur verið haldið.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni á marga vegu að öðru leyti en því, sem út af fyrir sig skiptir ekki meginmáli í þessu sambandi, er hann segir að erfiðleikar Áburðarverksmiðju ríkisins séu þáttur í hinu margumtalaða landbúnaðardæmi, eins og ég held að þm. hafi komist að orði. Ég vil vekja athygli á því að Áburðarverksmiðjan er ekki í tengslum við landbúnaðinn að öðru leyti en því að hún selur honum afurð sína. Þetta er eins og menn vita iðnaðarframleiðsla og landbúnaðurinn skiptir við þetta fyrirtæki.

Ég tek undir það sem hér kom fram að það er ómögulegt að hugsa sér annað en að farið verði ofan í þessi mál. Hér eru menn bundnir af því að skipta við Áburðarverksmiðju ríkisins. Það er enginn möguleiki á því að haga þeim viðskiptum með öðrum hætti og annað gengur að sjálfsögðu ekki. Þá á ég við að það er að sjálfsögðu vandalaust að fá ódýrari áburð en þennan með því að flytja hann inn, en það út af fyrir sig gengur ekki. Ég hygg að launagreiðslur hjá þessu fyrirtæki séu eitthvað í kringum 100 millj. kr. eða kannske meira. Menn sjá nú hvernig það færi ef sú atvinna brygðist.

Það er hins vegar alveg ljóst að rekstur Áburðarverksmiðjunnar hefur stórversnað á allra síðustu árum. Það er að vísu rétt hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni að það hefur orðið að hlaupa undir bagga í sambandi við áburðarverð áður. Það hefur að því er ég hygg tvívegis verið gert, árin 1975 og 1976, þegar olíuverðshækkunin var sem allra mest. Sú áburðarverðshækkun stóð ekki lengi og tók fyrst og fremst til innflutts áburðar og raunar innflutts hráefnis í þann áburð sem er framleiddur hér. En að öðru leyti hefur þetta ekki gengið fram sem niðurgreiðsla. Það sem hér kemur sérstaklega til er tvennt: að á síðustu árum hefur farið fram stækkun Áburðarverksmiðjunnar með erlendu lánsfé, og líka, eins og hér hefur komið fram, að allt rekstrarfé verksmiðjunnar er í erlendri mynt og nýtur ekki sömu kjara og t. d. Sementsverksmiðja ríkisins varðandi rekstrarlán. Og ég held að sé alveg útilokað annað en að taka það til sérstakrar athugunar.

Það liggur fyrir að verð á tilbúnum áburði hefur á síðustu árum hækkað meira en búvöruverðið í landinu. Það hefur því orðið til þess að færa búvöruverðið upp. En þrátt fyrir þessar aðgerðir, eins og kom fram hjá hv. þm., hefur þetta verð hvergi nærri dugað til að standa undir rekstri verksmiðjunnar núna síðustu árin. Hér er þess vegna um augljóst vandamál að ræða sem ekki verður komist hjá að horfast í augu við. Það verður að koma rekstrarvanda verksmiðjunnar þannig fyrir að hægt sé að framleiða þessa vöru með eðlilegu verðlagi. Mér skilst að núna t. d. standi verksmiðjan frammi fyrir því að hafa safnað skuldum í erlendri mynt fyrir rekstrarhalla þriggja síðustu ára, sem nemur 200—300 millj. kr., og munar sannarlega um minna.

Þetta ætla ég ekki að orðlengja frekar núna, en ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs er fyrst og fremst og einvörðungu sú, að það er augljóst að þessum málum verður að skipa til betri vegar. Þó að menn hafi komist fram úr þessum málum að þessu sinni, þá gengur það ekki með sama hætti til langframa.

Eiður Guðnason: Forseti. Ég vildi aðeins beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. eða hæstv. landbrh. hvort nú sé á döfinni eða fyrirhuguð einhver sérstök fyrirgreiðsla til Áburðarverksmiðjunnar eða niðurgreiðsla á áburðarverði nú á þessu vori, hvort á að verja enn auknu fjármagni úr ríkissjóði til þessara hluta nú um þessar mundir. Ég vildi aðeins óska eftir svari við því.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það eru ekki áform um að verja fjármunum úr ríkissjóði til Áburðarverksmiðjunnar á þessu ári. Það var till. hennar í vetur að áburðarverð til hennar hækkaði um 19.4% en vegna þeirrar fyrirgreiðslu á s. l. ári sem kemur þarna fram í frv. verður hækkunin til bænda að óbreyttu 43.5% eins og skýrt hefur verið frá í fréttum. Ríkisstj. féllst á tillögur stjórnar verksmiðjunnar og á það að tryggja hallalausan rekstur á þessu ári. Hins vegar var í fyrra að nokkru leyti fært á milli kjarnfóðurs og áburðar innan verðlagsgrundvallarins og það er enn í athugun hvort eitthvað slíkt verður gert á þessu ári. En það er ekki um að ræða útgjöld úr ríkissjóði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 8, n. 582 og 587, 583, 588). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Herra forseti. Frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi, sbr. brbl. frá 27.

maí s. l., 8. mál þessa hv. löggjafarþings, hefur legið æðilengi óafgreitt hjá sjútvn. þessarar hv. deildar. Fljótlega eftir að mál þetta var lagt fram hér í Ed. tók sjútvn. málið til umfjöllunar og sendi frv. til umsagnar hagsmunaaðila eins og vani er. Síðustu umsagnir voru komnar inn um mánaðamótin nóv.—des. s. l. Um það leyti voru komin á borð sjútvn. þingsins önnur veigamikil mál sem tóku upp starfstíma nefndanna nær eingöngu fram að jólaleyfi, en það var hvernig skyldi staðið að stjórnun fiskveiða árið 1984 sem öllum er í fersku minni.

Fljótlega kom það upp í n. að skoðanir voru skiptar. Minni hl. n. gagnrýndi einkum tvo efnisþætti frv., þ. e. í fyrsta lagi 1. og 2. gr. þess, sem fjallar um kostnaðarhlut útgerðar, og í öðru lagi 3. gr., sem fjallar um gengismun og ráðstöfun hans.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að fiskkaupandi greiði sérstakan kostnaðarhlut til útgerðar, er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins á hverjum tíma. Þessi kostnaðarhlutdeild kemur ekki til skipta á skipum sem eru yfir 240 brúttórúmlestir, en 4% af þessum kostnaðarhlut koma til skipta á fiskiskipum sem eru minni en 240 brúttórúmlestir. Með þessari ráðstöfun er lagt til að hinn svokallaði olíusjóður og olíugjald, sem áður var í lögum, falli niður. Þarna er um að ræða einföldun sem ætti að vera til góðs og draga úr hinu illa séða sjóðakerfi þessarar atvinnugreinar.

3. gr. frv. fjallar um gengismun af þeim birgðum sem sjávarútvegurinn átti þegar gengisbreytingin var gerð s. l. vor. Áætlaður gengismunur af heildarbirgðum sjávarútvegsins var þá talinn 552 millj. kr. Ráðstöfun hans skyldi verða á þann hátt sem fram hefur komið á sérstöku þskj. sem svar frá sjútvrh. vegna sérstakrar fsp. þar um fyrr í vetur og mun ég því ekki fara nánar út í það hér.

Í viðræðum við sjútvn. kom það fram hjá forsvarsmönnum skreiðarverkenda að hlutur þeirrar greinar væri mjög erfiður vegna mikillar sölutregðu og verðlækkana á skreið. Lögðu þeir mikla áherslu á að skreiðarverkendur fengju til sín a. m. k. ákveðinn hluta af þeim gengismun sem áætlað var að taka af skreiðinni skv. frv.

Skv. síðustu upplýsingum skreiðarframleiðenda frá 9. apríl s. l. vantar 290 millj. til þess að endar nái saman skv. þeirra útreikningum, en 200 millj. er talið að vanti skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar frá sama tíma. Hvor talan sem notuð er gefur til kynna að um verulegan vanda er að ræða í þessari atvinnugrein og stafar hann einkum af hinni miklu sölutregðu sem verið hefur á stærsta skreiðarmarkaðinum, í Nígeríu, og þar af leiðandi miklum fjármagnskostnaði sem hefur myndast vegna birgðavandans. Menn gera sér vissar vonir um að úr sé að rætast um sölu á þeim birgðum sem í landinu eru, en of snemmt er að fullyrða nokkuð um það. Þessu mun þó fylgja allverulegur greiðslufrestur og jafnvel verðlækkun.

Hagsmunanefnd skreiðarframleiðenda hefur lagt fram nokkrar hugmyndir um hvernig megi leysa þennan vanda: Nú þegar verði greidd framleiðendum innistæða í skreiðardeildinni, sem hún á í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, og nemur sú upphæð um 85—90 millj. kr. Útflutningsgjald af skreið verði lækkað í 2.5% og er áætlað að það gæfi um 60 millj. Gengismunargjald lækki um 70 millj. frá því sem áður var ákveðið. Útlán Seðlabankans verði hækkuð um 10% sem gæfi um 60 millj. kr. Samtals gæfi þetta um 275 millj. upp í það gat sem talið er að hafi myndast í greininni. — En lítum nokkru nánar á þessar tillögur.

Í fyrsta lagi er farið fram á að losa um þær 85—90 millj. sem deildin á í Verðjöfnunarsjóði. Þetta eru peningar sem framleiðendur eiga og eiga einmitt að hjálpa til þegar illa gengur í viðkomandi vinnslugrein. Þess vegna hef ég verið meðmæltur því að þessir fjármunir verði greiddir framleiðendum skreiðarinnar sem fyrst. Þessa ráðstöfun þarf stjórn Verðjöfnunarsjóðs að samþykkja og mér er kunnugt um að hæstv. sjútvrh. vinnur að lausn þessa máls.

Í öðru lagi er þess farið á leit að útflutningsgjald af skreið verði lækkað úr 5.5%, eins og það er á flestallri sjávarvöruframleiðslu, í 2.5%. Nýverið var samþykkt skv. sérstöku frv. lækkun á útflutningsgjaldi af saltfiski úr 5.5% í 4% vegna erfiðleika í þeirri grein. Jafnframt var samþykkt með sérstakri brtt. frá sjútvn. Nd. að einnig skyldi útflutningsgjald af skreið lækka í 4%. Áætlað er skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar að þessi lækkun gefi skreiðarframleiðendum 27—28 millj.

Skreiðarframleiðendur fara einnig fram á að lán út á skreiðarbirgðir verði hækkuð um 10% frá Seðlabankanum. Þeir áætla að þetta muni gefa, eins og ég sagði áðan, um 60 millj. Meiri hl. n. mælir með því að þetta verði kannað og mælist til þess við hæstv. sjútvrh. að þetta mál nái fram að ganga. Ef þeir þrír liðir sem hér hefur verið minnst á ná fram að ganga má ætla að nýtt fjármagn sem til þessarar greinar kemur væri um 172—173 millj.

Skreiðarframleiðendur fara einnig fram á að fá lækkun á áætluðum gengismun um 70 millj. Þetta getur meiri hl. sjútvn. ekki fallist á. Strax á s. l. vori, í kjölfar gengisfellingarinnar þá, var þeim gengismun sem áætlað var að inn kæmi ráðstafað og ekki er enn þá útséð um hvernig þær upphæðir skila sér.

Skreiðarframleiðendur halda því fram að gengismunur af skreið verði meiri en áætlað var, einkum vegna meiri birgða en gert var ráð fyrir. Óskandi er að svo verði, en hins vegar má ekki gleyma því að stór hluti skreiðarinnar er óseldur enn þá og verð ekki þekkt og svo er einnig erfitt að segja til um rýrnun sem orðið hefur á þeim skreiðarbirgðum sem í landinu liggja.

Um upptöku gengismunar má deila og í þeim efnum sýnist sitt hverjum. Sú aðferð sem nú er notuð við ráðstöfun gengismunar er sú sama og notuð hefur verið um árarаðir af öllum ríkisstjórnum allra flokka allt frá því að gengisbreytingaskeiðið fór að hrjá okkar þjóð. Í þessum málum hefur sjávarútvegurinn notið annarrar meðferðar af hendi löggjafans en t. d. útflutningsiðnaðurinn. Ég ætla ekki að fara út í sérstakar umr. um þau efni hér og nú, en þarna þyrfti að kanna mál vel og marka skýrar línur í meðferð gengismunar í sjávarútveginum. En vonandi tekst að sigla fram hjá slíkum vandamálum á komandi árum með breyttri efnahagsstefnu og stórfelldar gengisbreytingar heyri fortíðinni til.

Eins og ég sagði áðan náði sjútvn. þessarar hv. deildar ekki samstöðu um það frv. sem hér til umr. Meiri hl. n. leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Á sérstöku þskj. 583 leggur meiri hl. n. til að viðbót komi við 1. gr. frv. sem verði 2. mgr. Þessi brtt. hljóðar

svo, með leyfi forseta:

„Frá og með 1. febr. 1984 skulu þó 2% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru yfir 240 brúttórúmlestir, en 27% ekki, og 6% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmlestir og minni, en 23% ekki."

Brtt. þessi er flutt vegna ábendingar sjútvrn. til að taka af öll tvímæli um hvernig túlka beri kostnaðarhlutdeildina sem 1. mgr. 1. gr. frv. fjallar um. Með fiskverðsákvörðuninni 1. febr. s. l. er kostnaðarhlutdeildin lækkuð um 2%, þannig að til skipta kemur 2% meira eftir 1. febr. en áður var. Kostnaðarhlutdeild á fiskiskipum yfir 240 brúttórúmlestir verður því 27% í stað 29 áður og á fiskiskipum undir 240 brúttórúmlestum verður kostnaðarhlutdeildin 23% í stað 25% áður.

Herra forseti. Þá læt ég máli mínu lokið og tel mig hafa skýrt álit meiri hl. sjútvn. hv. Ed. í þessu máli.

Frsm. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni náðist ekki samkomulag í n. um afgreiðslu þessa máls. Ágreiningur var allverulegur og skilar minni hl. séráliti, þ. e. ég, Kolbrún Jónsdóttir og Skúli Alexandersson.

Þetta frv. er 8. mál þessa þings og hefur því tekið alllangan tíma að afgreiða það. Ekki vil ég kenna því um að það hafi verið legið á málinu í n., heldur kannske frekar því að umr. um það voru geysilega miklar. Við kölluðum marga á fund til okkar og málið var rætt mjög ítarlega, enda snertir það marga, ekki aðeins útgerðina heldur líka sjómenn og marga aðra.

Við höfum gagnrýnt sérstaklega þær greinar er fjalla um kostnaðarhlut útgerðar þar sem greinilega er verið að færa mikla fjármuni til útgerðarinnar frá sjómönnum sem hafa búið við það að valdhafar hafa talið sér þóknanlegt að skerða kjörin ár eftir ár. Er svo komið að sjómannastéttin er sennilega sú stétt sem verst er sett miðað við aðrar stéttir hvað kjaraskerðingu snertir. Við teljum þetta forkastanleg vinnubrögð og ekki rök fyrir slíku. Við teljum að stjórnvöld hafi almennt komið sér hjá því að marka útgerðinni þann rekstrargrundvöll sem henni hefur hæft hverju sinni. Útgerðin hefur þess vegna átt við vandamál að stríða sem er þáttur af hinum almenna efnahagsvanda, en vandinn er ekki sá að sjómenn hafi verið of vel haldnir.

Við áteljum mjög harðlega þessa gjörð og teljum að hún sé fyrir neðan virðingu Alþingis. Við höfum einnig fært rök fyrir þessu og teljum kostnaðarhlut útgerðar of háan. Við teljum það þó til bóta að olíusjóður og olíugjald fellur niður, en þó að þetta sé að vísu einfaldari gjörð frá því sem áður var er kostnaðarhluturinn mun hærri en þessir sjóðir tóku til sín á sínum tíma.

Það má benda á að olía hefur og farið lækkandi og á vafalaust eftir að lækka áfram ef að líkum lætur.

Sjómannasamtökin hafa mjög kröftuglega mótmælt þessum lögum og fært gild rök fyrir þeim mótmælum og höfum við prentað þau í nál. okkar.

Við höfum einnig gagnrýnt upptöku gengismunar, eins og hægt er að orða það, en það kom fram hér áðan, sem er að vísu rétt, að stjórnvöld hafa ár eftir ár notað þessa aðferð til að ná í peninga. Við teljum þetta ranga aðferð og að finna þurfi aðrar leiðir til að rétta af útgerðina þegar hún er illa stödd en að færa fjármuni frá einni grein til annarrar, ég tala nú ekki um þegar svo er komið, eins og kemur fram í þessu frv., að það eru teknir stórfelldir fjármunir af verkun, sem er mjög illa stödd, sannanlega mjög illa stödd og rekin með mjög miklu tapi. Það eru teknir af skreiðarverkun stórfelldir fjármunir þrátt fyrir tap á henni til að færa í aðrar greinar og til annarra aðila.

Við nm. í minni hl. teljum þessar aðferðir gjörsamlega úreltar og rangar, þær eigi ekki að nota þó að aðrir hafi notað þær áður, og leggjumst því gegn þessu. Ef svo yrði farið með aðra sem hagnast á gengisbreytingu mætti hugsa sér að tekinn yrði upp gengismunur t. d. hjá álverinu og fluttur yfir í járnblendið eða eitthvað annað, það yrði tekinn gengismunur af varnarliðinu, sem hefur grætt ómælda fjármuni á kauplækkunum sem eru samfara gengisbreytingum, og fluttur í annan atvinnurekstur. Einhvern veginn hefur það farið svo að mönnum hefur ekki dottið í hug að beita slíkum aðferðum nema gegn útgerðinni. Þetta þýðir um leið að sjómenn og verkafólk, sem hefur unnið til þessara peninga, missa af þessum fjármunum. Þeir eru teknir frá þessum aðilum og fluttir eitthvað annað, oft í alls konar óráðsíu og taprekstur fyrirtækja sem oft og tíðum eiga ekki tilverurétt. Þetta er gert með þá hugsun að leiðarljósi að enginn megi fara á hausinn. Það er í raun girt fyrir að menn séu ábyrgir gerða sinna. Það er hægt að hirða peninga með svona tilfærslum frá öðrum sem hafa þá staðið sig betur í rekstri.

Við tilgreinum einnig í nál. ýmis ummæli frá því á síðasta þingi þegar sams konar mál lá fyrir, að ráðstafa gengismun. Þá var það að sjálfstæðismenn ásamt Alþfl.-mönnum beittu sér fyrir því að það yrði horfið frá því. Matthías Bjarnason, þáv. alþm. og núv. heilbrmrh., flutti einmitt brtt. við það frv. sem þáv. sjútvrh. flutti og fékk Matthías þá till. samþykkta, þannig að skreiðarverkun, sem hafði staðið mjög illa, þurfti ekki að greiða þennan skatt.

Það eru í nál. tilgreind þau ummæli sem eru skjalfest í þingtíðindum og þau ummæli eru mjög hörð og ágæt grg. fyrir því hvers konar vitleysa það er að standa svona að málum. Það fór svo, eins og ég sagði áðan, að alþm. voru að meiri hluta sammála þeirri túlkun að ekki næði nokkurri átt að beita þessu gagnvart þeim greinum sem byggju við stórfellt tap. En það er undarlegt að nú, aðeins nokkrum mánuðum seinna, skuli þm. sjálfstæðismanna hafa uppi allt aðrar skoðanir. Það bendir til þess að þessir menn álíti stjórnmál miklu frekar þátttöku í sirkus en þjóðmálabaráttu. Skipt er um skoðun eftir veðri eða einhverju yfirnáttúrlegu, a. m. k. skv. rökum.

Hv. síðasti ræðumaður greindi frá því hvernig skreiðarverkendur hefðu lagt til að leysa þeirra dæmi. Það hefur ekki verið farið að þeim till. enn. Þetta eru till. til þrautavara, ef svo mætti segja. Þeir hafa mjög lagst gegn því að 3. gr. frv. yrði samþ., hafa óskað eftir því að ákvæði hennar næðu ekki yfir þeirra framleiðslugrein vegna þess að ljóst væri að hún væri rekin með miklu tapi.

Þeir hafa bent á að þeir þyrftu að fá fé úr Verðjöfnunarsjóði, sem þeir reyndar eiga sjálfir, og þeir hafa bent á að þeir þyrftu 10% aukningu á lánafyrirgreiðslu í bönkum. Hvorugt hefur átt sér stað. Ég fæ ekki séð hverju meiri hl. sjútvn. getur breytt um það og að bankarnir fari að lána meira til þessarar greinar.

Auðvitað eru nm. því allir sammála að reynt verði að sinna þessu, en það hefur ekkert verið gert. Eftir sitja skreiðarverkendur mjög illa settir. Þetta eru aðilar sem gjalda þess vitlausa kerfis sem enn er notað.

Það kom fram áðan að hugsanlega væri nokkur von til þess að selja skreiðina á næstunni. Því miður er ekkert ljóst í þeim efnum, og þó hún seldist á því verði sem ætlað er að selja hana á nú standa menn alls ekki neitt betur því verðið, sem talað er um að selja skreiðina á, er mun lægra en það sem áður hefur fengist og enn er talað um stórfelldan greiðslufrest.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Við höfum rætt þessi mál mjög mikið í n. og höfum fallist á að málið verði afgreitt þó við séum mjög andvíg málinu og leggjum til að það verði fellt. En við höfum leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 588 og er hún svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aftan við 1. mgr. 3. gr. bætist: Þó skal ekki taka gengismun af skreið sem greiðist eftir 1. janúar 1984."

Við teljum að þetta sé eina leiðin til þess að koma til móts við skreiðarverkendur og reyndar ekkert annað rétt en að samþykkja þessa tillögu.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Það frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum sem hér um ræðir er til staðfestingar á brbl., eins og fram hefur komið, sem sett voru 27. maí á s. l. ári. Hafa því þessi brbl. verið í gildi í nær heilt ár.

Efnisinnihald þessa frv. er að annars vegar er kveðið á um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar af aflaverðmæti þar sem gengið er á rétt sjómanna og hins vegar er ákvæði um 10% gengismun sem skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Ríkisstj. er heimilt að ráðstafa þessu fé í þágu sjávarútvegs og sjóða hans.

Báðar þessar ráðstafanir eru gagnrýni verðar, enda til þeirra gripið til að viðhalda löngu úreltu millifærslukerfi. Reiknimeistarar ríkisvaldsins finna út meðaltalsafkomu útgerðarinnar og fiskvinnslu. Með hliðsjón af þessum útreikningum er fiskverð ákveðið að tilstuðlan oddamanns yfirnefndar verðlagsráðs í langflestum tilfellum. Þessi ráðdeildarsemi stjórnvalda hefur aðeins leitt til þess að millifærslur aukast með ærnum tilkostnaði og óráðsían eykst í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Ég ætla ekki að bæta miklu við það sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, frsm. minni hl. sjútvn. og hefur gert því efnislega góð skil sem í frv. felst, en vil þó minna á frv. til l. sem lagt var fram hér á haustdögum af þm. BJ um breytingar á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Í því frv. er lagt til að sú skipulagsbreyting verði gerð á verðlagsákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins að lágmarksverð af sjávarafla verði ákveðið í frjálsum samningum af hagsmunaaðilum í verðlagsráði sjálfu án íhlutunar ríkisvalds. Nú er unnið að endurskoðun á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Væri æskilegt að fá upplýst hvar það mál er nú statt vegna þess að frv. BJ liggur nú í hv. sjútvn. og bíður þess að glitti í þá endurskoðun sem er núna í deiglunni.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu var eitt af fyrstu málum deildarinnar strax á haustdögum og hefur verið til skoðunar í sjútvn. og er allvel yfirfarið og hefur verið sent mörgum til umsagnar. Strax í upphafi kom í ljós hvernig nm. skiptust upp í afstöðu til málsins. En af einhverjum ástæðum hefur ekki verið talin ástæða til að koma málinu til fullnaðarafgreiðslu hér í deildinni fyrr en nú. Öðruvísi mér áður brá í sambandi við meðferð brbl.

Á síðasta ári voru gerðar svipaðar ráðstafanir, þó ekki neitt í líkingu við þessar. Það var verið að gera ákveðnar efnahagsráðstafanir á haustdögum 1982 af ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Þingið hafði varla komið saman þegar hv. þáverandi stjórnarandstæðingar tóku sér tíma hvað eftir annað á hv. Alþingi, bæði í sameinuðu þingi og í deildum, til að ræða um hvernig í ósköpunum stæði á því að frv. kæmi ekki til afgreiðslu og lýstu því með mörgum orðum og löngum ræðum hvað það væri nú ólýðræðislegt að afgreiða ekki brbl. um leið og þing kæmi saman. Það virðist sem þm. Sjálfstfl. séu fljótir að skipta um skoðun og gætu, eins og hv. þm. Karl Steinar sagði, skipt um skoðanir á nokkrum mánuðum. Það er greinilegt að í sambandi við afgreiðslu brbl. hefur þeim tekist að skipta um skoðun og breyta vinnuháttum frá því sem þeir áður töldu að æskilegt væri engu síður en í sambandi við það hvernig afgreiða skyldi gengismun. Þeir eru jafnskoðanaliprir í sambandi við það hvernig skuli afgreiða brbl. og þeir eru skoðanaliprir í sambandi við það hvernig ráðstafa skuli gengismun.

Það var boðað fyrir tæpu ári eða 27. maí að þær aðgerðir sem þetta frv. fjallar um skyldu mæta rekstrarvanda í sjávarútvegi og þó einkum í útgerð fiskiskipa. Sumir hafa sjálfsagt trúað því líka að þarna væri Sjálfstfl. að koma með betri stefnu og hv. ríkisstj. og í þessum aðgerðum mundi það felast að rekstrarvandi íslenskrar útgerðar leystist. En því miður hefur raunin orðið önnur engu síður en hvað það varðar að halda fram fyrri skoðunum sínum.

Íslenski fiskiskipaflotinn stendur nú frammi fyrir ósköp svipuðum og jafnvel stærri vandamálum en hann stóð frammi fyrir á sama tíma fyrir ári. Einmitt um það leyti sem við í sjútvn. vorum að afgreiða þetta mál — á næsta fundi á eftir — fáum við á okkar borð og tökum til umræðu frv. þar sem einn smáhluti af vanda sjávarútvegsins var til umfjöllunar, þ. e. skuldaskil á stofnlánum fiskiskipa. Þeir aðilar sem komu til viðræðu við okkur um það mál voru ekkert feimnir við að segja að það væri ekki nema hluti þess vandamáls sem við blasti. Það vandamál sem við blasir núna í sambandi við sjávarútveginn og útgerð fiskiskipa er að mörgu leyti til orðið vegna þeirra aðgerða sem gerðar og framkvæmdar voru með þeim lögum sem við erum að fjalla um hér. Gengisbreytingin frá s. l. vori, sem varð samhliða þeim lögum sem við erum nú um að fjalla, olli því m. a. að meginhluti fiskiskipaflotans stendur nú í vanskilum gagnvart Fiskveiðasjóði, og nokkur hluti af flotanum í það miklum vanskilum að ríkisstj. hefur ekki enn þá fundið leiðir til þess hvernig eigi að leysa þeirra vandamál.

Ég held að það væri rétt við þessa umr. að spyrja hv. 3. þm. Vesturl. hvernig málin standi í sambandi við þau skip sem eru í mestum erfiðleikum vegna stofnfjárskulda. Þessi sami hv. þm. lýsti því yfir fyrir jól vestur í Grundarfirði að vandamál þessara skipa væru þegar að miklu leyti leyst og það væri að mörgu leyti gengið frá því. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki satt.) Þetta er mjög

nálægt því að mestu leyti. Ætli það væri ekki hægt að fletta upp á þessu í Mogganum. Hann tíundaði þetta allrækilega. Og ég veit að Grundfirðingar, sem einmitt eiga í ansi miklum vanda vegna þessa, muna vel eftir því hvað hv. þm. sagði um þetta mál.

Ég vænti þess að þm. telji sig jafnábyrga hvort sem þeir eru að gefa yfirlýsingar hér á hv. Alþingi eða vestur í Grundarfirði, ég treysti því nú, og það sé jafn sjálfsagt að standa við orðin hvort sem þau eru töluð í Grundarfirði eða hér á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** Og Stykkishólmi.) Og ekki síður í Stykkishólmi.

Þetta frv. fjallar um breytingu á kostnaðarhluta útgerðar, þ. e. skerðingu á hluta sjómanna til skipta. Þetta frv. gerði hlutaskipti marklaus á stórum hluta flotans. Meginhluti bátaflotans hefur, eftir það að þessi breyting átti sér stað, litla von um að afla það mikið að sjómenn hafi möguleika á að hlutur myndist. Þar af leiðandi veit ég að það er um það talað, eins og fram kemur í áliti Sjómannasambands Íslands sem prentað er í nál. minni hl., að sjómannafélög hafa eftir þessar aðgerðir mjög fjallað um hvort ekki sé eðlilegt að breyta launakerfi sjómanna. (**Gripið fram í:** Það er allt öðruvísi.) Ég hef trú á að það hafi ekki verið meiningin með þessum lögum að stefna að því og ég vænti þess að frá þessari stefnu verði horfið, þannig að leitað verði heldur ráða til þess að sjómenn hafi möguleika á að njóta hlutar af sem stærstum hluta síns afla. Æskilegast væri að þróuninni væri frekar snúið í þá átt að sjómaðurinn hefði von um að fá aflahlut þegar úr fyrsta fiski en halda þeirri stefnu sem hér hefur verið tekin upp og haldið undanfarin ár.

Um þessar og aðrar aðgerðir gagnvart sjómönnum hafa, eins og ég sagði hér fyrr, sjómannasamtökin fjallað. Á fundi 1. maí á Akranesi sagði Óskar Vigfússon formaður Sjómannasambands Íslands, eftir því sem Tíminn segir í dag, með leyfi hæstv. forseta. Hann talaði á ekki ómerkari stað en Akranesi og sagði m. a.:

„að sjómannastéttin hefði dregist svo aftur úr í launum, bæði vegna minnkandi afla og þeirrar stefnu að taka sífellt stærri hluta fisksins fram hjá hlutaskiptum, að ekki yrði lengur við það unað. Sjómenn hefðu lengi sýnt mikla þolinmæði í þessum málum, en nú væri svo komið að óumflýjanlegt væri að láta sverfa til stáls á þessu ári til þess að fá leiðréttingu í launamálum sjómannastéttarinnar."

Þessi lög sem við erum að fjalla um hafa að miklu leyti valdið þeirri stefnu sem sjómannasamtökin reka nú og við megum búast við að komi fram í kaupdeilum og erfiðleikum við samningagerð þegar að haustmánuðum kemur.

Annar þáttur þessa frv., sem hv. frsm. meiri hl. notaði meginhluta ræðu sinnar til að réttlæta, er taka gengismunar. Hann fullyrti það að allar ríkisstjórnir allra flokka hefðu tekið gengismun. Sjálfsagt er það að einhverju leyti satt að engar ríkisstjórnir eru saklausar þar af. En undanfarin ár hefur gengismunur ekki verið tekinn vegna þess að það hefur verið gengissig og því hefur gengismunur runnið beint til seljanda vörunnar.

Það var merkileg árátta við þær aðstæður sem voru á síðasta sumri að framkvæma gengisfellingu og skipuleggja millifærslu með þeim hætti sem gert var með þessum lögum, þ. e. að taka gengismun af vörum sem vitað var að skiluðu ekki hagnaði og af yrði halli hjá framleiðendum. Þarna var bæði um að ræða saltfiskinn og einnig skreiðina. Við getum að vísu viðurkennt að frá því að þessi brbl. voru sett hafi staða saltfiskverkunar lagast, þannig að réttlætanlegt sé að halda áfram, sem gert var með lögunum, að taka gengismun af þeirri framleiðsluvöru, enda er sá gengismunur allur þegar tekinn, en að rembast eins og rjúpan við staurinn enn við að taka gengismun af þeirri skreið sem enn er óseld í landinu og enn er ógreidd úti í Nígeríu, það fellst ég ekki á og tel alveg rangt.

Hv. þm. Karl Steinar lýsti því áðan í ræðu sinni hvað þm. Sjálfstfl. hefðu talið sjálfsagt að slíkt yrði ekki framkvæmt í fyrra. Ég tel að nú sé enn nauðsynlegra að undirstrika þá skoðun sjálfstæðismanna, sem þeir höfðu uppi í þessum málum, en þá. Það voru þó miklar líkur fyrir því á þeim tíma að skreiðin seldist og hún var að seljast á þeim tíma, en eins og stendur í dag eru litlar líkur fyrir því að þessi vara seljist og vitað er að jafnvel þó að hún seljist verður það gert með miklum halla. Það lá alls ekki fyrir þegar sjálfstæðismenn voru að boða sína kenningu um töku gengismunar á síðasta ári að þannig færi í sambandi við framleiðslu skreiðar að beinlínis yrði halli á henni. (Gripið fram í.) Ég man ýmislegt, já.

Við þessa umr. er rétt að benda á að sá tími sem við erum að upplifa núna og sú umræða sem er í þjóðfélaginu sýnir okkur hvað mikið stefnuleysi fólst í þeim aðgerðum sem gerðar voru með brbl. og þeim aðgerðum sem sú ríkisstjórn sem nú situr gerði í upphafi síns ferils. Það er hver fréttin á fætur annarri í blöðunum, sem komu út í dag, sem undirstrikar þetta. Í Dagblaðinu er það boðað, m. a. með því að hlera þm. Sjálfstfl., að vaxtahækkun sé líkleg og í leiðara þess sama blaðs segir um afgreiðslu mála sem ríkisstj. er nú að leggja fyrir Alþingi og hvernig stoppað hefur verið í fjárlagagatið eftir allar yfirlýsingar ríkisstj. um að ekki skuli bæta við erlendum lánum:

„Þótt ríkisstjórnin reyni nú að hagræða spátölum til að svo líti út sem þessi 60% múr hafi verið rofinn með lélegri niðurstöðu í sparnaðaraformum hennar má öllum öðrum vera ljós ósigur hennar. Eftir góða byrjun í fyrra er farið að síga á ógæfuhliðina. Ríkisstjórninni er þrotinn kraftur".

Ég tek reyndar ekki undir að það hafi verið góð byrjun hjá ríkisstj. að gefa út þau brbl. sem hér eru til umr., en ég tek undir að ríkisstj. sé nú þrotinn kraftur.

Frsm. meiri hl. (Valdimar Indriðason): Herra forseti. (**Gripið fram í:** Nú er að standa sig.) Ekki veitir af brýningu frá hv. 11. landsk. þm. þegar maður kemur í stólinn eftir slíka ræðu sem hér var haldin.

Í fyrsta lagi vil ég segja að við 4. þm. Vesturl. höfum átt mjög góða samvinnu í sjútvn., og ég tók það fram í framsöguræðu minni áðan að það er ekki sök meiri hl. n. að þetta mál hefur dregist þetta lengi. Ég rakti öll rök fyrir því. Þetta er búið að liggja tilbúið hjá okkur í nefndinni ég held í þrjár vikur. Ég tek því ekki með þökkum að ég sé gagnrýndur fyrir að vera að tefja þetta mál vísvitandi, að því er mér skildist á ræðumanni, í n. til að koma því í seinna lagi inn í þingið. Þetta kann ég ekki að meta.

Í öðru lagi ætla ég ekki að svara neitt sérstaklega þeirri gagnrýni sem kemur fram þarna á ýmsa liði. Karl Steinar kallaði okkur sjálfstæðismennina þátttakendur

í sirkus, heyrði ég áðan. Ég tek enga ábyrgð á orðum sjálfstæðismanna á þingi í fyrra. Ég hef mínar skoðanir hér. Þeir geta svarað fyrir sig sem þar voru. En ég sé ekki ástæðu til að afgreiða þetta mál núna öðruvísi en á þennan hátt. Það liggur ekkert fyrir, eins og ég sagði, hvað fæst fyrir skreið. Það liggur ekkert fyrir um rýrnun á henni eða annað slíkt enn þá. Það er of snemmt að fara að gefa út þann gengismun sem ekki er neins staðar í hendi á næstu mánuðum. (**Gripið fram í:** Þetta liggur fyrir.) Liggur fyrir? Það er ekki enn þá eftir mínum upplýsingum.

Svo var það að hv. 4. þm. Vesturl., Skúli Alexandersson, hneykslast mjög á gengisbreytingunni s. l. vor. Er það nú að furða? Ég er ekki að mæla bót gengisbreytingu nema síður sé, en hver var aðkoman að því ágæta búi sem ríkisstj. tók við s. l. vor? Skúli á ekki sérstaklega sök á því. Ég vil að menn tali af sanngirni um þessi mál. Hvaða leiðir voru aðrar færar til að reyna að halda þjóðarskútunni á floti en sú sem farin var þá? Svo er því kennt um núna að þetta sé að koma öllu á hausinn. Og svo notar hann aðstöðuna í hv. þingdeild til að segja frá fundi sem við vorum á, þingmenn Vesturlands, vestur í Grundarfirði í vetur og hefur farið alveg sérstaklega fyrir brjóstið á honum. Við vorum þar spurðir ýmissa spurninga um atvinnumál og þ. á m. hvers vænta mætti varðandi útgerð þeirra skipa sem þar væru og einkum nýs skips sem heitir Sigurfari II. Mikið vandamál er hjá þeim í rekstri og einnig hjá Fiskveiðasjóði. Ég sagði það, Skúli Alexandersson, hvað sem stendur í Mogganum, það geta aðrir þm. vitnað um sem voru á þessum fundi og hér eru staddir í deildinni, að unnið væri að því að leita ráða til að leysa vandamál þessara skipa og væri það vel á veg komið. Þetta sagði ég og stend við. Það var þá þegar hafin sú athugun í Fiskveiðasjóði á hvaða máta væri hægt að leysa vandamál þessara skipa. Hvort Sigurfari er til athugunar í augnablikinu skal ég ekki segja um. Sennilega er það ekki vegna þess að það eru átta skip viðskila við hópinn. En á fundinum sagði ég að það væri unnið að þessum málum og við það stend ég.

Ég skil ekki hvað það hefur farið fyrir brjóstið á hv. þm. að ég skyldi upplýsa að unnið væri að þessum málum. Það var eins og það væri honum ókært að verið væri að vinna að þessum málum. Svona málflutningur vil ég ekki að sé hafður í frammi á milli félaga úr einu kjördæmi þegar þeir ræða sérstök innanbyggðarvandamál. Þetta er ekkert feimnismál fyrir mig.

Ég ætla ekki að tefja þennan fund frekar, en vildi koma að þessum athugasemdum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil bera það af mér að ég hafi persónulega verið að bera það á formann sjútvn. Ed., hv. þm. Valdimar Indriðason, að hann hafi tafið þetta mál. Það er langt frá því að ég hafi sagt það. Aftur á móti var ég að benda á það, og ég veit að hv. þm. ber ekki á móti því, að vitaskuld var það flokkurinn hans og ríkisstjórnin... (Gripið fram í.) Nú, af hverju var málið ekki tekið fyrir? (**Gripið fram í:** Það veist þú best sjálfur.) Ég veit ekki um annað en að það lá og lá, og ég vona að aðrir þm. í nefndinni geti staðfest það og m. a. s. hv. 11. landsk. þm. Hann er nú farinn, er ekki viðstaddur.

Það er ekki rétt að ég hafi verið að gagnrýna einhvern persónulega út af þessu. Þetta var bara mín gagnrýni á það hver var pólitík Sjálfstfl. fyrir ári og hvernig hann kemur fram núna. Það var það sem ég var að segja.

Því var ekki vel tekið að ég skyldi nefna Grundarfjörð hér og fund sem við héldum í Grundarfirði. Ég ætla að undirstrika að það hljóta að vera jafnábyrg orð sem við segjum á fundi vestur í Grundarfirði og við segjum hér. Þetta sagði ég áðan. Ég skal alveg viðurkenna að hv. þm. sagði að unnið væri að þessum málum, en hann nefndi líka dagsetningu, hvenær væri líklegt að þetta kæmi. Við vorum allir bjartsýnir. Ég stóð meira að segja upp aftur til að þakka hv. þm. fyrir að hann skyldi hafa lýst þessu yfir á þessum fundi. Svona var þetta.

Ég sé ekki beinlínis sérstaka ástæðu til að fara að deila um þetta frekar, en ég tek ekki þessa yfirlýsingu mína að einu eða neinu leyti til baka. Í þessu tilfelli held ég að eðlilegast sé og auðveldast að fletta upp á Mogganum eða spyrja Grundfirðinga eða aðra þm. sem þar voru staddir.

Ég undirstrika það sem ég sagði um Sjálfstfl. í sambandi við undirbúning þessa máls og framgang þessa máls. Það er til 2. umr. í deildinni þegar brbl. eru að verða næstum ársgömul. Það fer þvert ofan í það sem þessi flokkur boðaði á síðasta ári. Sú kenning þeirra að það skyldi ekki taka gengismun af skreið fer þvert ofan í það sem í þessu frv. er ætlast til. (Gripið fram í.) Það sýnir kannske að það má ekki mikið mark taka á yfirlýsingum Sjálfstfl. Það er alveg rétt. Hann hagar seglum eftir vindi og er með þessa stefnu í þessum málum þegar það hentar honum.

Frsm. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Vesturl., sagði hér áðan, að það er röng skipulagning á þingstörfum að nú í þinglok skuli þingmenn vera að afgreiða 8. mál þingsins. Það er ekki bara hvað þetta mál varðar sem rangt er staðið að skipulagningu þingstarfa, svo er á flestum ef ekki öllum sviðum og þarf að stefna að því að ganga skipulegar til verks á næstu þingum.

En það féllu hér ansi merkileg orð. Hv. 3. þm. Vesturl. upplýsti áðan að hann svaraði ekki fyrir það sem sjálfstæðismenn hefðu gert í fyrra, og mátti finna það á hreimnum í röddinni að hann var ekki hrifinn af því hvað þeir hefðu aðhafst þá og að hann hefði nokkra skömm á því hvernig að málum hefði verið staðið. En sleppum því. Hér er staddur hæstv. núv. fjmrh., Albert Guðmundsson, sem var einnig á þingi í fyrra og lét til sín taka í umræðu um sams konar mál og við erum að tala um núna, þ. e. upptöku gengismunar. Við þá umræðu sagði sá ágæti þm. og núv. ráðh. með leyfi forseta:

„Hann [fyrrv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson] talaði um að það væru fleiri krónur sem fengjust væntanlega einhvern tíma þegar skreiðin seldist. Fleiri krónur, mikið rétt, en það eru verðlausar krónur. Halda menn virkilega, heldur hæstv. sjútvrh. að fyrir þær krónur fáist sama magn af skreið til að selja aftur seinna? Þetta gengur á verðmæti eigenda sjávarútflutningsafurða að sjálfsögðu. Það þýðir ekki að tala hér eins og verið sé að tala við nýútskrifaða viðskiptafræðinga.“

Og áfram hélt hann:

„Þá er búið að draga frá gengismun og það er búinn að hlaðast á vöruna aukakostnaður í geymslu, það er

búinn að hlaðast á hana fjármögnunarkostnaður, þannig að jafnvel þótt dollarinn hafi hækkað um 100% á árinu, þá dugar það bara ekki til til að standa undir öllum kostnaði."

Og áfram hélt hæstv. núv. fjmrh.:

„Það er hrein sjálfsblekking ef menn halda að einstaklingar fáist til að leggja nýtt fé í slíkan rekstur sem sjávarútvegurinn er orðinn...

Að leggja skatt á styrkþegann og styrkþeginn er *undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar*, þetta er alveg furðulegt fyrirtæki. Ég get ekki með nokkru móti skilið að blankur einstaklingur geti tekið lán hjá sjálfum sér til að halda áfram að fjármagna sínar þarfir."

Svo mörg voru þau orð. En nú stendur þessi sami hv. þm. að því að gera það sem honum fannst svo fjandi vitlaust í fyrra. (**Gripið fram í:** Það eru allt aðrar aðstæður í þjóðfélaginu.) Fyrst hv. þm. Egill Jónsson leggur hér orð í belg vil ég benda á að þetta er sama gjörðin og hæstv. ráðh. var að ræða um á síðasta þingi. Sama gjörðin. Aðstæður í þjóðfélaginu breyta engu þar um.

Nú langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh.:

Eru svona vinnubrögð til fyrirmyndar? Er hann í hjarta sínu sammála því að fara svona að? Brýtur það ekki í bága við samvisku hans og hugsjónir að halda svona á málum?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Í þessum orðum, sem hv. 6. landsk. þm. sagði hér, vitnaði hann í ummæli sem prentuð eru í nál. nr. 587 og skoðun mína á því ástandi sem ríkti þegar gengismunur var tekinn af skreið á s. l. ári og ber saman við það ástand í gengismálum sem nú er. Þetta er ekki sambærilegt. Það er ekki sambærilegt þegar dollarinn og annar erlendur gjaldeyrir er á hraðferð niður eða upp til skiptis og dollarinn heldur svo áfram að fara upp borið saman við það, sem verið hefur staðreynd frá því þessi ríkisstjórn tók við, að gengið hefur haldist fast. Þetta er nóg til að svara. Rökin eiga bara ekki við frá einu ári til annars. (**Gripið fram í:** Af hverju þá ekki iðnaðarvörur líka?) Iðnaðarvörur? Auðvitað á það sama við iðnaðarvörur. (**Gripið fram í:** Þú gætir þá kannske fengið eitthvað í gatið.) Auðvitað á sama við um iðnaðarvörur. Það á það sama við um allar vörur. Þjóðfélagið allt verður að fara að venjast því að það er ein þjóð í landinu sem býr við sama gengi. Það verður að fara að kenna atvinnuvegunum að það er ein þjóð sem byggir þetta land, en ekki, eins og það hefur verið, að iðnaðurinn og sjávarútvegurinn keppa um gengi eða gengissig frá einu ári til annars. Það verður að bera saman það sem er sambærilegt. (Gripið fram í.) Það verður að bera saman það sem er sambærilegt á milli ára ef menn eiga að fá rétta útkomu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hafnalög, frv. 136. mál (þskj. 173, n. 723, 724). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. samgn. Ed. um frv. til hafnalaga. Ég minni á að við fyrri umr. málsins flutti samgrh. ítarlega ræðu um efni frv. og er að sjálfsögðu engin ástæða til að fara efnislega yfir það sem slíkt. Auk þess fylgir frv. ítarleg grg. sem skýrir alla meginefnisþætti frv. Ég mun þess vegna fyrst og fremst snúa mér að þeim brtt. sem samgn. Ed. leggur hér fram. Eins og fram kemur í nál. nefndarinnar eru allir nm. sammála um afgreiðslu málsins.

Nefndin sendi frv. til umsagnar bæði til Landssambands íslenskra útvegsmanna og eins Sambands skipafélaga. Auk þess ræddi nefndin við marga aðila, þ. á m. ráðuneytisstjórann í samgrn., formann Hafnasambandsins og starfsmenn Hafnamálastofnunarinnar. Enn fremur ræddi nefndin við hafnastjóra utan af landi, bæði frá Akranesi og eins frá Stykkishólmi, til að geta fengið sem víðast að sjónarmið varðandi þetta frv. Þess má líka geta að n. fór yfir samþykkt Hafnasambandsins um þessa frv.-gerð, athugaði raunar fleiri efni í þessu tilliti. Sú niðurstaða liggur fyrir á þskj. 724 og eru þar 16 brtt. sem ég ætla að gera grein fyrir í stuttu máli.

Þessar till. eru ekki allar mjög efnismiklar, en þó verður annar andi í frv. eftir samþykkt þeirra, ef þær ná fram að ganga, því að þær stefna að því að hafa meira frjálsræði í þessum efnum, eins og raunar verið hefur, og gefa þeim aðilum sem með þessi mál fara í héraði rýmri heimildir um að ákveða hvern veg skuli þar með farið.

Í 5. gr. frv., þar sem fjallað er um tækjabúnað Hafnamálastofnunar, er bætt inn í að hún skuli hafa í sinni eigu sérhæfð tæki. Það er m. a. gert með tilliti til þess að sá markaður sem lýtur að hafnarframkvæmdum er ekki stór. Það má í þessu tilliti m. a. minna á pramma sem notaðir eru til að keyra út efni í hafnargarða.

Í 7. gr., þar sem höfn er skilgreind, eru tekin af öll tvímæli um að notkun hafnar sé öllum heimil.

Í 10. gr., þar sem kveðið er á um að sett skuli hafnarreglugerð fyrir hverja höfn, er gerð till. um að í stað hafnarstjórnar sé leitað tillagna eða umsagna eigenda hafna því að hafnarstjórnir eru að sjálfsögðu ekki sami aðilinn og eigendurnir sem hljóta að eiga að fjalla, eðli málsins skv., um reglugerðir af þessu tagi.

Í 11. gr., þar sem fjallað er um gjöld sem eiga að falla til hafnarinnar, er bætt við gjöldum af ferjuflutningum.

Það má segja að umr. um 12. gr. hafi verið einna víðtækust. Þar eru mjög víðtækar heimildir um innheimtu á aflagjöldum og hafnargjöldum. Í þessari grein, bæði 5. og 6. tölul. og reyndar í niðurlagi 4. tölul., eru harðari innheimtuákvæði en almennt gilda og sumpart mundu þau skapa fordæmi fyrir aðrar innheimtuaðgerðir. Þess vegna er lagt til að þessi hluti 12. gr. falli út, enda er vel séð fyrir því með öðrum hætti að hægt sé að fá hafnargjöldin og aflagjöldin greidd.

Í 13. gr. er kveðið á um með hvaða hætti eigi að staðfesta gjaldskrá. Þar leggur n. til að þau þjónustugjöld sem höfnin verður að greiða heima fyrir, svo sem fyrir vatn og skólp og annað slíkt, séu ákveðin af hafnarstjórn viðkomandi hafnar.

Í 17. gr. eru ströng ákvæði um með hvaða hætti eigi að selja eða veðsetja eignir hafnanna og þar er einnig kveðið á um að ekki megi ráðstafa öðru fjármagni heldur en greiðsluafgangi viðkomandi árs. Það er að sjálfsögðu útilokað að kveða svo á, því að greiðsluafgangur liggur ekki fyrir hver er fyrr en árið á

eftir. Þar af leiðandi er þessu ákvæði breytt, en lögð áhersla á samþykki samgrn. vegna hugsanlegra framkvæmda.

Þar sem fjallað er um skipulag hafnarsvæðis í 18. gr. er bætt inn í að umsagnar þurfi að leita til hafnamálastjóra auk viðkomandi hafnarstjórnar.

Í 20. gr. er lagt til að niður falli ákvæði um að ekki megi hefja hafnarframkvæmdir fyrr en að staðfesting hafi fengist frá Innkaupastofnun ríkisins eða á grundvelli þeirra laga sem um þá stofnun gilda.

Í 24. gr. er lagt til að hafnsögubátar séu styrkhæfir sem hafnarframkvæmd og með sama hætti er líka lagt til að hafnarframkvæmdir sem horfa til umhverfisbóta séu styrkhæf hafnarframkvæmd.

Það er til samræmis við aðrar breytingar í þessu frv. í till. n. að 4. liður 25. gr. sé felldur niður þar sem hann kveður á um að ekki sé heimilt að hefja framkvæmd fyrr en fyrir liggur fjárveiting á fjárlögum.

Í 26. gr. er orðalagsbreyting. Kveðið er á um að í staðinn fyrir „mannvirki“ í niðurlagi 3. liðar komi: hafnarmannvirkin.

Í 27. gr. er svo kveðið á varðandi umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda að rn. skuli, auk þess að leita umsagnar hafnarráðs og hafnamálastjóra, leita umsagnar hlutaðeigandi hafnarstjórnar.

28. gr., sem kveður á um áætlunargerð, er gerð skýrari en var í frv. og þar m. a. kveðið á um að staðfesta skuli áætlun til fjögurra ára sem reyndar sé endurskoðuð á tveggja ára fresti á Alþingi.

Herra forseti. Ég hef hér rakið meginbreytingarnar, raunar held ég allar breytingarnar, og skýrt þær, en mér þykir vert að geta þess hér að n. fjallaði ædimikið um þau breyttu viðhorf sem geta orðið og hafa reyndar þegar komið fram í sambandi við tekjur og rekstur hafna vegna þeirrar tækni sem nú ryður sér til rúms, þ. e. gámaflutninga þar sem vörum er safnað saman í flutningagáma og þær síðan fluttar á bifreiðum á sérstakar útflutningshafnir. Þetta er trúlega æskileg þróun frá sjónarmiði þeirra hafna sem þess njóta og eins í sambandi við skipulagða almenna flutninga í landinu þar sem ætla má að þetta horfi til hagræðingar og þá um leið til þess að draga úr kostnaði, sem hlýtur að vera æskilegt. Hins vegar stendur þó hitt eftir og það óhaggað, að við þessar breyttu aðstæður tapa hafnir þeirra byggðarlaga sem varan er flutt frá. Það er trúlegt að þessi breyting eigi eftir að verða enn gagngerðari og með vissum hætti eru menn frekar að spá um framtíðina en að hér hafi þegar átt sér stað umtalsverðar breytingar. M. a. af þeirri ástæðu sá n. sér ekki fært að gera hér breytingu á. Það var mat n. að hún vildi ekki með neinu móti hindra framfarir í þessum efnum.

Ég lýk svo máli mínu, herra forseti, en vil að lokum undirstrika að öll samgn. Ed. Alþingis er sammála um afgreiðslu þessa frv., og mér finnst ástæða til að færa samnefndarmönnum mínum þakkir fyrir mikið og gott starf við frágang og afgreiðslu þessa máls í samgn. Ed.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Þetta mál er búið að vera til rækilegrar athugunar í samgn. og ég þakka formanni n. sérstaklega fyrir góða forustu í þessu máli og fyrir það hvað hann hefur verið ötull að leita upplýsinga og vinna að málinu þannig að samkomulag yrði í n. og að þau lög sem frá okkur færu væru sem best búin við þær aðstæður sem nú blasa við okkur. Ég tel þó ástæðu til að benda á að í vinnu n. hefur orðið nokkur stefnubreyting frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Og það er eingöngu þannig, að það er horfið nokkuð frá því að minnka verksvið Hafnamálastofnunarinnar og í vissum þáttum, eins og t. d. í sambandi við 5. gr. frv., er bætt inn í málsgr. þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin hafi yfir að ráða sérhæfðum tækjum. Ég er ekki með brtt. í ræðustólnum og tel ekki ástæðu til að fjalla beinlínis um brtt. frá liði til liðs, en í öðrum greinum kemur einnig fram sá vilji n. að halda starfssviði Hafnamálastofnunar nokkuð óbreyttu, það yrði ekki skert eins mikið og frv. í upphafi gerði ráð fyrir.

Ég vil einnig taka undir það sem formaður n. nefndi áðan og undirstrika að í n. var rætt þó nokkuð mikið um þann þátt hafnamála sem nú blasir við, þ. e. þá þróun sem á sér stað í gámaflutningum og það að í auknum mæli eru vörur fluttar frá framleiðsluhöfnunum, þ. e. sjávarútvegsbæjunum, til stærri hafna. Þar af leiðandi er það að eiga sér stað að tekjur þessara hafna eru að minnka. Við komumst ekki það langt að gera sérstakar brtt. um þennan þátt, en ég ætla að ástæða sé til að undirstrika að það má alveg gera ráð fyrir að þarna þurfi að gera einhverjar ráðstafanir til að tryggja að eðlileg framþróun geti átt sér stað í flutningatækni, að þær hafnir sem missa tekjur af þeim sökum fái þær að einhverju leyti bættar og að það gerist ekki að hver höfn á landinu fari að hamast við að byggja sig upp til að þjóna þeirri nýju tækni sem nú er að ryðja sér til rúms.

Ég vil svo endurtaka það að ég þakka formanni fyrir mjög góða forustu og skipulagningu í starfi n.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tek undir þakkir til formanns fyrir ötula forustu í nefndarstörfum þar sem hann hefur leitast við að ná sem víðtækustu samkomulagi um brtt. á frv. til hafnalaga sem hér er til umr. Það er ljóst samkv. þessum brtt. að þær leggja meiri áherslu á hlutverk Hafnamálastofnunar en gert var í frv. Og það er viðurkennt að stofnunin þurfi á sérhæfðum tækjum að halda. Var rætt í n. að þar þyrfti m. a. að vera til staðar dýpkunarskip og fleiri tæki sem erfitt er að ætlast til að einstaklingar eigi eða reki þar sem markaðurinn er mjög þröngur og erfitt að hafa þau gangandi þar sem verkefni eru smá og dreifð víðs vegar um land. Ég fagna þessum breytingum og vænti þess að þær verði til góðs.

Það var og rætt nokkuð um þá nýju flutningatækni sem ryður sér nú til rúms og hefur þær afleiðingar að hinar minni hafnir missa af flutningum. Gámavæðingin svokallaða hefur það í för með sér að flutningarnir fara yfir á hendur þeirra hafna sem hafa aðstöðu til að taka á móti og áskipa gámum. Hitt er annað, að það er mjög erfitt að finna lausn á því hvernig höfnum sem ekki hafa þessa aðstöðu verði tryggðar tekjur áfram. Það er mikill vandi vegna þess að hætta er á að ef gripið yrði inn í þá þróun sem hér er um að ræða verði fjötrar lagðir á framfarir og tækni, sem alls ekki má ske. En það þarf að ræða frekar seinna hvernig minni höfnum verða tryggðar tekjur. Ég ætla ekki að fara yfir þær brtt. lið fyrir lið sem hafa verið gerðar, en ég tel þær til mikilla bóta og þakka einmitt þá forustu sem við höfum hlítt í samgn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Einn þáttur þessa merka frv. var ekkert ræddur í n.

Í frv. er ákvæði til bráðabirgða þar sem lagt er til, samþykkt með þessum lögum, að samgrn. skuli taka

upp viðræður við hreppsnefndir Neshrepps utan Ennis og Ölfushrepps sem og bæjarstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur um afhendingu mannvirkja landshafnanna á Rifi, Þorlákshöfn og Keflavík. Ég taldi ástæðu til, þó að svo hafi farið að þessi þáttur frv. hafi lítið sem ekkert verið ræddur í n., að koma hér upp og lýsa því yfir að ég er alveg sammála þessu ákvæði og tel nauðsynlegt að það mál verði tekið til ákveðinnar afgreiðslu sem fyrst þannig að það hvíli ekki á þessum höfnum of langan tíma. Mér er kunnugt um að hreppsnefndin í Neshreppi er samþykk því að hefja viðræður og er að mínu mati að öllu leyti tilbúin að taka við höfninni eftir þeim grunni sem hér er lýst yfir, þ. e. að hafnirnar verði afhentar þessum sveitarfélögum, en ríkissjóður taki á sig áhvílandi skuldir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Menntaskólar frv. 310. mál (þskj. 605, n. 709). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Hv. menntmn. þessarar deildar hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 12/1970, um menntaskóla. Eins og hv. þdm. rekur minni til þá gerði hæstv. menntmrh. ítarlega grein fyrir þessu máli í framsögu fyrir skömmu síðan. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til að fara um þetta frv. mörgum orðum. Sannleikurinn er sá að hér er aðeins verið að treysta þann lagagrunn sem starfið innan öldungadeildanna, eins og þær hafa verið nefndar, hvílir á.

Eins og fram kemur í nál. rita sumir nm. undir með fyrirvara. Munu þeir sem viðlátnir eru að sjálfsögðu gera grein fyrir sínum fyrirvörum. Ég vil þó taka það fram að ágreiningur var síður en svo um þetta mál í n., enda leggur n. til að frv. verði samþ.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Eina athugasemdin sem ég geri við bæði þau frv. um fullorðinsfræðslu sem hér eru á dagskrá, frv. til l. um breytingu á lögum um menntaskóla annars vegar og frv. til laga um heimild til að stofna fjölbrautaskóla hins vegar, ef ég má ræða þessi hliðstæðu mál saman, er sú að nemendum í kvöldskóla skuli vera gert að greiða þriðjung launakostnaðar við kennsluna. Ég sé enga ástæðu til, síður en svo, að nemendur á fullorðinsaldri búi við aðrar aðstæður að þessu leyti en nemendur hér á landi almennt og hef þennan fyrirvara á málinu. Þetta er atriði sem að mínu mati þarf að athuga vendilega við skoðun á heildarskipan fullorðinsfræðslu hér á landi.

Ég vil nota þetta tækifæri til að ítreka nauðsyn þess að stjórnvöld flýti því að koma almennilegum skikk á skipan fullorðinsfræðslu og endurmenntunarmála. Fullorðinsfræðsla er mikið réttindamál, og ekki síst fyrir konur sem almennt hafa töluvert minni menntun en karlar. Fyrir því liggja fjölmargar ástæður, en þar vega e. t. v. þyngst hefðbundin viðhorf til þess hvert skuli vera lífsstarf og hlutverk kvenna í þjóðfélaginu. Aðgangur að fræðslu og endurmenntun á fullorðinsárum er því einn mikilvægur þáttur í frelsisbaráttu kvenna og *mér finnst ekki annað sanngjarnt en þær njóti þar sömu* aðstæðna og börnin sem þær eru eða hafa lokið við að ala upp.

Ég vil því beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh. hvort hún sé tilbúin til, við gerð reglugerðar um starfsemi þessa, að beita sér fyrir því að kostnaðarhluti nemenda verði minnkaður frá því sem nú er og frv. kveður á um. Í frv. er reyndar kveðið svo á að kostnaðarhluti nemenda skuli vera allt að þriðjungi launakostnaðar þannig að ráðh. hefur þarna svigrúm við framkvæmd laganna. Og í framhaldi af því langar mig einnig til að spyrja ráðh. hvort hún sé tilbúin til að stefna að því í áföngum að afnema þennan kostnaðarhluta nemenda með öllu. Ég tel mikilvægt að heyra sjónarmið ráðh. í þessum efnum við afgreiðslu málsins. Að öðru leyti er ég eins og ljóst má vera af máli mínu, fyllilega samþykk efni þessara frv. beggja og fagna því að þau eru hér fram komin.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Ég tek undir það með öðrum að ég fagna því frv. sem hér er flutt og að búið sé að ákvarða stöðu fullorðinsfræðslu í landinu. Hins vegar kemst ég ekki hjá að minnast á það að þarna verður skólastigum í landinu verulega mismunað. Ég ætla að láta liggja milli hluta þann ⅓ sem síðasti ræðumaður var að tala um að yrði greiddur af nemendum. Auðvitað er það liður sem þarf að kanna. Það eiga allir rétt á fræðslu hvar sem þeir búa á landinu og við hvaða aðstæður sem er. En ég vil minnast á þetta vegna þess aðstöðumunar sem skapast þarna á milli menntaskólastigs og fjölbrautastigs. Þið fyrirgefið að ég ræði bæði málin hér í einu. Gert er ráð fyrir að nemandinn greiði ⅓ launakostnaðar, sveitarfélagið ⅓ og ríkið ⅓ þegar um fjölbrautaskóla er að ræða en þegar um menntaskóla er að ræða tekur ríkið að sér allt nema hlut nemandans. Þarna verður því verulegt misræmi. Og það er ekki eingöngu í þessu eina dæmi heldur veldur það vissum vandræðum hjá þeim sveitarfélögum sem reka fjölbrautaskólana að á viðkomandi sveitarfélagi lendir verulegur aukakostnaður. Ég held að ég muni það rétt að t. d. á Akranesi, þar sem er mjög vel rekinn og myndarlegur skóli, varð Akranesbær að greiða á s. l. ári vegna þess arna rúmar 4 millj. kr. Við höfum ekki farið þá leið sem ég kalla neyðarleið þó heimil sé, að innheimta námsvistargjöld fyrir það fólk sem kemur bæði úr Vesturlandskjördæmi og víðar af landinu. Ég kalla það neyðarleið að þurfa að gera það. Þess vegna langaði mig af þessu tilefni að spyrja hæstv. menntmrh. hvað liði skólakostnaðarlögunum. Eigum við von á breytingu á þessu innan tíðar?

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil fyrst svara fsp. hv. 3. þm. Vesturl. Frv. til l. um skólakostnað verður nú í fyrsta lagi ekki lagt fram á þessu þingi. I öðru lagi vil ég skýra frá því að nú nýlega hafa farið fram viðræður við forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga við skólakerfið. Þar hafa ýmis atriði komið til greina, en þetta atriði, sem hér er sérstaklega vikið að, er hluti af stærra máli sem verður að leysast í samhengi við kostnaðinn sem greiddur er á öðrum skólastigum. Það er mín skoðun persónulega að stefna beri að því að sveitarfélögin taki að sér stærri hlut í sambandi við grunnskólann en ríkið aftur á móti við framhaldsskólana. Ég tel að það leiði til gleggri verkaskiptingar og þá verði síður um að ræða þá mismunun milli skóla á sama skólastigi sem nú er fyrir hendi. En þessi mismun-

un sem óneitanlega er og hv. þm. minntist á, er í raun og veru leifar af því fyrirkomulagi sem var á greiðslu kostnaðar við iðnfræðsluna. Hún hefur á ýmsan veg sem og annað verknám farið inn í fjölbrautaskólana.

Að því er varðar fsp. hv. 11. þm. Reykv. um: í fyrsta lagi hvort stefnt yrði að því í áföngum að afnema þátttöku nemenda öldungadeilda í kennslulaunum, þá liggur það ekki fyrir nú að stefnt sé að því. Eins og nú árar sjáum við ekki raunhæfan möguleika á því að hægt sé að opna kerfið á þann veg að boðin sé ókeypis fræðsla fyrir alla þjóðina í skólakerfi landsins, ef svo má segja, eða fyrir hvaða aldur sem er. Ég er þeirrar skoðunar að við verðum að láta hina ungu kynslóð ganga fyrir að þessu leyti. Ástæðan er ekki síst sú, að ógerlegt yrði að gera áætlanir fyrirfram um kostnað í skólakerfinu, húsnæðisþörf, kennaraþörf og annað, ef við hefðum þennan hátt á. Hins vegar er auðveldara að sjá fyrir raunverulegan kostnað og átta sig á því hver hann verður þegar nemendurnir taka þátt í honum með þessum hætti. Enn fremur stendur í langflestum tilfellum þannig á að fólk á þessum aldri hefur haslað sér völl í lífinu, komið undir sig fótunum eins og sagt er, og stendur því ólíkt betur að vígi með að greiða sína skólavist eða velja sér námsferil á einhverju síðara stigi ævinnar heldur en þeir sem yngri eru og hafa ekki sjálfir unnið sér inn fé.

Síðan var spurt hvort ég hygðist haga því svo til í reglugerð að lagaheimildin yrði ekki notuð til fulls. Ég tel að ákvörðun í þá veru væri ekki skynsamleg, því lögin gefa svigrúm. Til þess er svigrúmið haft að það fjárhag og ég tel að það atriði verði að ráða. Meira máli skiptir að hafa námsvistarpláss fyrir fleiri, á þann veg sem unnt er þegar nemendurnir sjálfir greiða fræðsluna að nokkru eins og þarna er ráð fyrir gert. Aftur á móti kæmust færri að ef kennslan væri ókeypis eins og er fyrir aðra nemendur skólans.

Þetta vildi ég láta koma fram. Og ég vil undirstrika það að þessi starfsemi hefur verið rekin á þann veg allan þann tíma sem hún hefur verið við lýði að nemendur hafi greitt allt að þriðjungi kennslulauna og það hefur ekki hamlað því að vaxandi fjöldi fólks hefur sótt þessa fræðslu sér til gagns og þroska. Þar hefur ekki síst verið um mikilvæga starfsemi að ræða fyrir konur sem ekki hafa af einhverjum ástæðum átt þess kost að stunda nám á fyrri stigum ævi sinnar.

Ég þakka hv. menntmn. þessarar deildar fyrir greiða afgreiðslu á þessu máli og góða samstöðu um að ætla sér að koma því fram og hæstv. forseta fyrir að greiða fyrir afgreiðslu þess.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. vakti hér athygli á máli sem þörf var á að fjalla um og lagði fsp. fyrir hæstv. menntmrh. um það hvort skólakostnaðarlög mundu ekki bráðlega sjá dagsins ljós. Svarið við þeirri spurningu var á þá leið, sem við höfum sjálfsagt öll búist við, að þau mundu ekki verða lögð fram á þessu þingi. Mér fannst einnig mega ráða það af svari hæstv. ráðh. að það væri nokkuð langt í land að þau yrðu lögð fram eða að lausn þessa máls lægi fyrir.

Hæstv. ráðh. lýsti því sem sinni skoðun að ríkið ætti að sinna framhaldsskólanáminu og sveitarstjórnir stærri hluta í grunnskólanámi. Sjálfsagt eru margir á þessari skoðun. En það leysir ekki þann vanda sem við blasir í sambandi við það mál sem hv. 3. þm. Vesturl. benti á, að ákveðin byggðarlög bera sérstakan þunga af framhaldsskólanáminu en önnur ekki. Þetta hefur gengið svo langt að sum sveitarfélög sem kannske þurfa að standa straum af kostnaði við fleiri en einn skóla og telja sig hart leikin hafa tekið það til bragðs að krefjast námsvistargjalda af þeim nemendum sem í þá skóla hafa komið, öfugt við það sem gert er á Akranesi, þar sem ein slík menntastofnun er og Akurnesingar hafa ekki, eins og hv. þm. benti á, krafist námsvistargjalda.

Ég held að þetta mál geti raunverulega ekki beðið eftir því að það margþætta mál sem skólakostnaðarlögin eru verði að öllu leyti leyst. Ég legg því áherslu á að þetta mál verði tekið út úr og leyst sérstaklega og á þann máta, sem ég tel sjálfsagðan, að ríkið beri að fullu kostnað við fjölbrautaskóla eins og við menntaskóla.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjölbrautaskólar, frv. 311. mál (þskj. 606, n. 710). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Þetta mál er auðvitað hliðstætt hinu fyrra, sem nú þegar hefur verið rætt hér í hv. deild. Því er eins farið um þetta frv. eins og hið fyrra að það er nýlokið, má segja, umr. um þau hér í Ed. Það er skammt síðan mælt var fyrir þessum málum og öllum í fersku minni við hvað er átt. Það þótti eðlilegt og nauðsynlegt að koma í lagabúning því fyrirkomulagi á starfi öldungadeildanna sem viðtekið er.

Nefndin leggur að sjálfsögðu til að þetta frv. verði samþykkt. Ég vil í þessu sambandi taka undir það sem hér hefur komið fram í umr., hversu brýnt það er að fá fram heildarlöggjöf um framhaldsskólann og þá ekki síst um skólakostnaðinn.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta, herra forseti. Ég endurtek: Það var full samstaða um þetta mál í hv. menntmn.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Mig langar til þess að segja fáein orð vegna svars hæstv. ráðh. hér áðan. Þessi tvö mál sem hér eru til umr. eru nákvæmlega hliðstæð og athugasemdir sem ég gerði við fyrra málið eiga við það síðara. Ráðh. taldi að það væri erfiðara að gera áætlanir varðandi kvöldskólana, fullorðinsfræðslu, ef greiðsluhlutfall nemenda væri öðruvísi en nú er. Ég sé ekki hvernig það getur verið því að það er auðvitað spurning um að taka ákvörðun á einhverjum tíma-punkti og miða síðan við hana í áætlanagerð. Í svari ráðh. var yfirleitt gengið út frá því að einhver ákveðin upphæð væri til ráðstöfunar í þessi mál. Okkur er auðvitað öllum kunnugt um ástand ríkisfjármála þessa dagana, en mér finnst samt sem áður ekki gott að heyra að ráðh. sjái ekki fram á bjartari tíð og hafi ekki áhuga á að hlúa betur að þessum mikilvægu málum sem fullorðinsfræðslan er og sjá til þess að lagt sé fram nægilegt fé til að standa vel að verki. Ráðh. taldi einnig að fullorðið fólk gæti vel greitt eitthvað því það hafi oftast atvinnutekjur sem yngra fólk hafi yfirleitt ekki.

Það er svo sannarlega rétt. En ráðh. talaði einnig um það í leiðinni hversu mikilvægt réttindamál þetta væri fyrir konur og þá vil ég benda hæstv. ráðh. á það í leiðinni hversu bág launakjör kvenna í rauninni eru hér á landi, svo bág að þau veita ekki svigrúm til munaðar eins og fræðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 331. mál (þskj. 695, n. 713). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt mál þetta og mælir einróma með því að það verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Búnaðarbanki Íslands, frv. 332. mál (þskj. 696, n. 711). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég hlýt að láta hér nokkurt sérálit í ljósi þar eð ég mun ekki sitja hér þingfundi á morgun af óviðráðanlegum ástæðum.

Grunnhugsunin um alla banka undir sama rn. er fyllilega réttmæt. Sú breyting sem hér er lögð til er hins vegar þess eðlis að hún ætti að koma inn í allsherjarendurskoðun bankamála en ekki vera gripin ein út úr án allrar skoðunar annarra þátta. Það er auðvitað aðalatriði þessa máls. Rökstuðningur í greinargerð um örari fjölgun útibúa hjá bönkum sem viðskrh. hefur ekki haft yfir að segja er mjög úr lausu lofti gripinn, svo ekki sé meira sagt. Sama er að segja um tengslin við einstakar atvinnugreinar. Þau eru hvergi nærri jafneinskorðuð við neinn sérstakan banka eins og áður var, hvergi nærri eins. Sé ég nú að hæstv. fjmrh. hugsar um Útvegsbankann sinn. (Gripið fram í.) Nei, okkur líður nefnilega vel þar og einmitt þess vegna sjáum við ekki ástæðu til að breyta þessari skipan. En tengsl Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins, bæði stjórnunarleg og viðskiptaleg, eru slík í dag að ég tel ófært að afgreiða þessa breytingu án þess að breyta lögum um Stofnlánadeildina, stjórn hennar og málefni almennt og tryggja þar ákveðin lágmarksatriði bæði varðandi framtíðaraðbúnað og stjórnarform deildarinnar í heild. Ekkert hefur komið fram um það hér og meðan ekkert liggur fyrir um það meginmál hvernig þau tengsl eigi að vera og hver framtíðarstjórn eigi að vera þar á, sem skiptir auðvitað langmestu máli í þessu efni, þ. e. hvernig fer um Stofnlánadeildina, þá tel ég þetta frv. hvergi tímabært. Ég er andvígur því þrátt fyrir réttmæti grunntilgangsins. Aðalatriðið er það að framtíðarskipan Stofnlánadeildar landbúnaðarins er algerlega í vindinum og ekkert hefur komið fram um það með hvaða hætti þau skipti sem nú verða eigi að gerast og þau skil sem þarna verða gerð á milli Búnaðarbankans og Stofnlánadeildarinnar, sem ég er hreint ekki að segja að sé neitt heilög. En það verður að hugsa fyrir málinu áður en það er flutt, þannig að menn viti svona nokkurn veginn hvað þeir ætla að gera við þennan mikilvæga þátt, sem er Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Mér sýnist á öllu að það hafi engri hugsun verið að því eytt af hálfu frumvarpssmiða hvernig ætti að haga því máli, þar sé allt á huldu og því sé vítavert að leggja frv. fram án þess að gera sér grein fyrir því hver skuli vera framtíðarskipan Stofnlánadeildarinnar og hvernig þar skuli staðið að málum í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. 32. mál (þskj. 665, n. 714). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá Nd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollskrá o. fl., frv. 119. mál (þskj. 146, n. 708). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Nefndin mælir með samþykkt frv. óbreytts eins og það kom frá Nd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollskrá o. fl., frv. 317. mál (þskj. 627, n. 722). — 2. umr.

Frsm. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Herra forseti. Tilgangur þessa frv. er að lagfæra hlut þess fólks sem býr við fötlun á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækja. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um málið og leggur hún einróma til að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 79. fundur.

Fimmtudaginn 3. maí, kl. 5 síðdegis.

Tóbaksvarnir, frv. 70. mál (þskj. 75, n. 628, 629). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 629,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 629,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 629,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 629,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 629,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 629, 6—7 samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 629,8 samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 629,9—10 (ný 9. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 629,11 samþ. með 25 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 629,12 samþ. með 26 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 629,13 samþ. með 24 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 629,14—16 samþ. með 22 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 629,17 samþ. með 22:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvG, ÞS, BÍG, FÞ, NL, GJG, GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PS, SV, IG.
nei: SvH, GSig, GeirG, GE, GGS, HÁ, StG.
FrS, PJ, RH greiddu ekki atkv.
8 þm. (SJS, ÞP, AS, EH, GeirH, GA, HBl, StH) fjarstaddir.
15. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 629,18 (ný 17. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 629,19 (ný 18. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 629,20—21 samþ. með 23 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Bæjarstæðis í Seyðisfjarðarhreppi, frv. 181. mál (þskj. 681). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. 182. mál (þskj. 682). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Þjóðólfshaga I, frv. 213. mál (þskj. 683). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 158, n. 688, 690 og 692, 689, 691, 693, 694, 704). — Frh. 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 3. maí.

Eyðijarðir.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristófers Más Kristinssonar um eyðijarðir, á þskj. 450, sent þm. 24. apríl.

Fyrirspurn þessi var send Landnámi ríkisins með ósk um að gefin yrðu svör við fyrirspurninni, svo sem kostur væri. Í svari landnámsstjóra segir m. a.:

„Landbúnaðarráðuneytið sendi landnámsstjóra með bréfi, dags. 19. mars 1984, fyrirspurn til landbúnaðarráðherra um eyðijarðir. Óskaði ráðuneytið eftir því að gerð yrðu drög að svari við fyrirspurn þessari eftir því sem kostur væri á.

Fyrirspurnin er í átta liðum, a til h. Ef svara ætti þessari fyrirspurn á fullnægjandi hátt mundi það kosta margra mánaða vinnu. Tilgangur fyrirspyrjanda virðist óljós og þaðan af síður virðist fyrirspyrjandi né forseti hafa gert sér grein fyrir þeirri vinnu sem það mundi kosta að svara svona viðamikilli fyrirspurn.

Landnám ríkisins hefur hvorki mannafla, fjármagn né heimildir til mannaráðninga til að sinna verkefni sem þessu.

Við tókum því þá ákvörðun, með vitorði ráðuneytisins, að svara aðeins d-lið spurningarinnar sem að okkar mati gæfi allgóðar upplýsingar um eyðijarðir og tæki minnstan tíma að svara. Þó hefur það tekið skrifstofustúlku nærri þriggja vikna vinnu samhliða óhjákvæmilegum daglegum afgreiðslum á hennar verksviði á skrifstofu Landnámsins (ekki var unnið í yfirvinnu).“

Svo sem fram kemur í þessu bréfi er hér um svo yfirgripsmikið mál að ræða að ekki eru tök á því að svara öllum liðum fyrirspurnarinnar nema ráða sérstakan mann til þess verks, sem að svo komnu er ekki unnt að gera.

Sem svar er því prentuð hér eyðijarðaskrá fyrir fardagaárið 1982— 83, sem Landnám ríkisins lét gera.

Gullbringusýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Hafnahreppur:

1. Kirkjuvogur IV
   í eyði frá
   eig. Hafnarhreppur
   not.
2. Kotvogur
   í eyði frá
   eig. db. Lúthers Hróbjartss.
   not.
3. Merkines/Vesturbær
   í eyði frá
   eig. Marteinsbörn
   ónytjuð, sumarbústaður
4. Staðarhóll
   í eyði frá 1958
   eig. db. Kristínar Jósefsd.
   not.
5. Stapafell
   í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   not.

Miðneshreppur:

1. Bæjarsker I -suður-
   í eyði frá 1976
   eig. Bergur Sigurðsson
   not.
2. Bursthús
   í eyði frá 1974
   eig. Hákon Magnúss. og
   Sigurbj. Stef., nytja
3. Eystra-Miðkot
   í eyði frá 1972
   eig. db. Júlíusar Eiríkss.
   Brynj. Vil. o. fl. nytja
4. Eystri-Klöpp
   í eyði frá
   eig. db. Einars Magnúss.
   og Ara Einarssonar
   not.
5. Fuglavík
   í eyði frá
   eig. erf. Bj. Olsen Bergmann
   hlunnindi nytj. -varp-
6. Hafbjarnarstaðir
   í eyði frá 1969
   eig. Þorb. Friðrikss. o. fl.
   leigt Gunnari Kristjánssyni
   til tamninga

Miðneshr., frh.:

7. Hvalnes
   í eyði frá
   eig. db. Gísla Guðmundss.
   not.
8. Kirkjuból
   í eyði frá
   eig. Árni Jónsson
   not.
9. Kolbeinsstaðir
   í eyði frá 1969
   eig. Friðþjófur Sigfúss.
   not.
10. Lönd
    í eyði frá 1976
    eig. Oli Kr. Guðmundss.
    og Hreggviður Guðmundss.
    not.
11. Melaberg
    í eyði frá
    eig. Ólafur og Erlendur
    Sveinssynir
    not.
12. Norður-Flankastaðir
    í eyði frá 1976
    eig. Gísli Olafsson
    not.
13. Norður-Kot
    í eyði frá 1967
    eig. Eiríkur Eiríksson
    og Sigurður Eiríksson
    not. Sigurbj. Stef.
14. Nýjibær
    í eyði frá 1975
    eig. db. Sveins Pálssonar
    not. frá Nýlendu/Hvalsnesi
15. Smiðshús
    í eyði frá 1966
    eig. Hallur Guðmundsson
    not.
16. Vallarhús
    í eyði frá 1974
    eig. Miðneshreppur
    not. Ragnar Sæbjörnsson
17. Þóroddsstaðir
    í eyði frá 1960
    eig. Fiskv. st. G. Jónssonar
    not.

Gerðahreppur:

1. Akurhús
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   (Örl. Þorkelss. á íbh.)
   -tún slegið-
2. Efra-Hof
   Í eyði frá
   eig. Ellen Einarsd., Rvík
   -tún slegið-
3. Eystri-Akurhús
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   (Þorl. Matth.s. á íbh.)
   -tún slegið-
4. Garðskagi
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   -tún slegið- nytj. til beitar
5. Gufuskálar
   Í eyði frá 1977
   eig.
   -leigð til beitar-
6. Kötluhóll m/Bakkakoti
   Í eyði frá
   eig. Jóel Jónasson
   -leigð til beitar-
7. Litli-Hólmur
   Í eyði frá
   eig. Guðbergur Ingólfss.
   not. til beitar
8. Lónshús
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   (Jón B. Jónsson á íbh.)
   not.
9. Meiðastaðir -vesturbýli-
   Í eyði frá
   eig. og not. Jón Eiríkss.
   og Guðm. Gíslason
   -tún slegið-
10. Nýlenda í Leiru
    Í eyði frá
    eig. Jóel Jónasson
    j. not. til beitar
11. Rófa í Leiru
    Í eyði frá
    eig. Jóel Jónasson
    j. leigð til beitar

Gerðahr., frh.:

12. Sólbakki m/Krók og Vestri-Krók
    Í eyði frá
    eig. db. Gísla Sighvatss.
    j. leigð til beitar
13. Varir
    Í eyði frá
    eig. db. Halldórs Þorst.s.
    -tún slegið-

Vatnsleysustrandarhreppur:

1. Hátún
   Í eyði frá
   eig. Kirkjujarðasjóður
   not.
2. Hvassahraun
   Í eyði frá
   eig. margir aðilar
   (j. hefur verið seld í
   pörtum óvíst um áb.)
3. Nýjabær
   Í eyði frá 1970
   eig. Lúðvík og Friðrik
   Davíðssynir
   not.
4. Sjónarhóll
   Í eyði frá 1973
   eig. db. Vilm. Jónss.
   not.
5. Skjaldarkot
   Í eyði frá 1965
   eig. Eggert Kristm. s.
   not.
6. Stóra-Knarrarnes
   Í eyði frá
   eig. börn Þuríðar Guðm. d.
   og Ól. Péturssonar
   not.
7. Tumakot
   Í eyði frá
   eig. Óskar Eyjólfsson
   not.
8. Ytra-Móakot
   Í eyði frá 1964
   eig. Vilborg Jónsdóttir
   nytj. frá Ásláksstöðum

Kjósarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Bessastaðahreppur:

1. Bjarnastaðir
   í eyði frá
   eig. Bessastaðahr.
   -ónytjuð-
2. Breiðabólstaðir
   í eyði frá 1980
   eig. Jóh.Vestdal, o.fl.
   not. Sv.Erlendsson
3. Brekkukot/Brekkuflöt
   í eyði frá
   eig. Gunnl.Halldórss.
   not. Sigurf.Klemenzson
4. Deild
   í eyði frá 1976
   eig. Guðrún Eyjólfsd., o.fl.
   not.
5. Eyvindarstaðir
   í eyði frá
   eig. db.Stefáns Jónss.
   Olafur, Eyþór o.fl.
   j. leigð til slægna og beitar
6. Gerðakot
   í eyði frá
   skipulagt byggingarhverfi
7. Haukshús
   í eyði frá
   eig. Þórður Þórðarson
   -ónytjuð-
8. Hlíð
   í eyði frá
   eig. Lúðvík Eggertss.
   -ónytjuð-
9. Kirkjubrú
   í eyði frá
   eig. Amundi H.O., o.fl.
   not.
10. Landakot m/Deildarkoti
    í eyði frá
    eig.db.Sæm.Arngrímss.
    not.
11. Litli-Bær
    í eyði frá
    eig.og not. Jóhann Jónass.
12. Oddakot
    í eyði frá
    eig. Karl Þórðarson
    -ónytjuð-

Bessastaðahr., frh.:

13. Tröð
    í eyði frá
    eig. María Hallgrímsd.
    j. nytjuð
14. Vestur-Sviðsholt
    í eyði frá
    eig. og not. Einar Olafss.

Mosfellshreppur:

1. Álafoss
   í eyði frá
   eig. Álafoss hf.
   not.
2. Bringur
   í eyði frá 1966
   eig. ríkissjóður
   not. tilraunast.á Keldum
3. Búrfell
   í eyði frá
   eig. Sigfús Thorarensen
   not.
4. Elliðakot
   í eyði frá
   eig. dætur Gunnars
   í Von, án áb.
   not.
5. Geitháls
   í eyði frá
   eig. Gunnar Guðj., Ingv.
   Kj. og Hannes Kj.
   not.
6. Hulduhólar
   í eyði frá 1967
   eig. Mosfellshr.
   j. leigð til slægna
7. Katlagil
   í eyði frá
   eig. kennarafél.Laugarnessk.
   tún leigt til slægna
8. Laxnes I
   í eyði frá
   eig. Mosfellshr., o.fl.
   not.
9. Leirvogsvatn
   í eyði frá 1972
   eig. Mosfellshr.
   not.

Mosfellshr., frh.:

10. Oskot
í eyði frá
eig. db. Magnúsar Vigf. s.
not. til slægna og beitar

11. Reykjadalur II
í eyði frá
eig. fél. fatlaðra og lam.
not.

12. Reykjahvoll
í eyði frá
eig. Helgi O. og Sigríður Helgadóttir án áb.
not.

13. Skeggjastaðir
í eyði frá
eig. Eiríkur Ormsson
eig. húsa og landsp. Pólarminkur hf.
not.

14. Sólheimar
í eyði frá
eig. erf. Guðm. Gíslasonar, Keldum án áb.
not.

15. Úlfarsá
í eyði frá
eig. ríkissjóður
not. sem útib. frá Kleppsspítala

16. Varmaland
í eyði frá
eig. Olafur Þórðarson
hús leigð, tún nytj.

17. Æsustaðir
í eyði frá
eig. Hlíf Gunnlaugsd. án áb.
not.

Kjalarneshreppur:

1. Arnarholt
í eyði frá
eig. Reykjavíkurborg
not. frá Brautarholti

2. Bergvík II
í eyði frá
eig. Kjalarneshr.
not.

Kjalarneshr., frh.:

3. Hjarðarnes
í eyði frá
eig. Ol. Jósefss. o. fl. Rvík
not.

4. Hof
í eyði frá 1968
eig. Páll S. Pálsson, Rvík
not.

5. Lundey
í eyði frá
eig. ríkissjóður
not.

6. Lykkja I
í eyði frá
eig. Kjalarneshr.
eig. húsa og 1 ha Ol. Friðrikss.
tún nytj. frá Brautarholti

7. Saltvík
í eyði frá 1963
eig. Reykjavíkurborg
l. nytj. frá Brautarholti
hús nytj. Æskul. r. Rvíkur

8. Vellir
í eyði frá 1963
eig. Helgi Jónasson o. fl.
not.

Kjósarhreppur:

1. Blönduholt
í eyði frá
eig. Helgi Jónss., Felli
not.

2. Bær
í eyði frá
eig. Þórunn Einarsd.
-ónytjuð-

3. Hrísarkot
í eyði frá 1964
eig. Landgræðslusjóður
nytj. frá Ingunnarstöðum

4. Hurðarbak
í eyði frá
eig. Herm. Sigurj. s. og Herdís Jónsd. án bús.
not. Bj. Kristj. o. fl.

Kjósarhr., frh.:

5. Útskálahamar
   í eyði frá
   eig. Hjalti Sigurbj.s., o.fl.
   nytj. frá Kiðafelli

6. Vindás
   í eyði frá
   eig. Jón Láruss., Þóra Ól.
   og Magnús Láruss., Rvík

7. Þúfukot
   í eyði frá 1966
   eig. Jakob Jónss., o.fl.
   j. leigð til slægna

Borgarfjarðarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Strandarhreppur:

1. Glammastaðir
   í eyði frá
   eig. Björg Bj., Rvík
   not.
2. Grafardalur
   í eyði frá 1978
   eig. Böðvar Þorsteinss.
   not.
3. Litli-Botn
   í eyði frá 1979
   eig.db. Kristínar Jónsd.
   Akranesi o.fl.
   not.

Skilmannahreppur:

1. Hafsteinsstaðir
   í eyði frá
   eig. Har.Kristm.s
   not.
2. Hvítanes I
   í eyði frá
   eig. Marinó Tryggvas.
   not.

Innri-Akraneshreppur:

1. Eystri-Kross
   í eyði frá 1964
   eig. Fell hf., Akranesi
   not. B.Ellertss., Ak.

Leirár-og Melasveit:

1. Vestra-Súlunes
   í eyði frá 1970
   eig. erf. Sigr.Guðnad.
   not. frá Eystra-Súlunesi

Andakílshreppur:

1. Ardalur
   í eyði frá 1960
   eig.og not.Pétur Jónsson
   not. Jón Gíslas. I-Skeljabr.
   (íbúðarhús leigt)

Andakílshr., frh.:

2. Grjóteyri
   í eyði frá 1968
   eig.Guðm.Guðm.s., o.fl.
   tún leigt til heysk. fleiri
   aðilum, en beitiland
   not. frá Skeljabrekku
3. Ytri-Skeljabrekka
   í eyði frá
   eig. og not. Gísli Jónss.,
   Mið-Fossum (íbh. leigt)
4. Þingnes I
   í eyði frá 1958
   eig. Bj. og Ragnh.
   Sveinsbörn
   slægnalönd hafa verið nýtt

Skorradalshreppur:

1. Bakkakot
   í eyði frá 1960
   eig. Skógrækt ríkisins
   not. Guðm. og Stef.Stefánss.
   og Skógrækt ríkisins
2. Háafell
   í eyði frá 1967
   eig. Björn Þorsteinss.,
   Snartarstöðum
   not.
3. Horn
   í eyði frá 1974
   eig. Hvanneyrarkirkja
   not.
4. Litla-Drageyri
   í eyði frá 1977
   eig. Þórdís Haraldsd.
   not.
5. Stóra-Drangeyri
   í eyði frá 1966
   eig. Hvanneyrarkirkja
   not. Guðr.Davíðsd., Grund
   aðeins hluta af túni
6. Vatnshorn
   í eyði frá 1961
   eig. Einar Höskuldss.,
   Mosfelli
   not.

Lundarreykjadalshreppur:

1. England
   í eyði frá 1966
   eig. Bjarni Magnúss.
   not.
2. Gröf
   í eyði frá 1956
   eig. og not. Óskar
   Halldórsson, Krossi
3. Lundarhólmi
   í eyði frá
   eig. Eimskipafél. Ísl.
   not.
4. Mávahlíð
   í eyði frá 1957
   eig. ríkissjóður
   not. frá ríkisbúinu
   á Hesti

Reykholtsdalshreppur:

1. Skógar
   í eyði frá 1969
   eig. Skógar hf.
   not.
2. Stóri-Kroppur
   í eyði frá
   eig. Andrés Jóhanness.
   not.

Mýrasýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Þverárhlíðarhreppur:

1. Hermundarstaðir
   í eyði frá 1972
   eig. Diðrik Vilhj.s., Helgavatni
   not. frá Arnbjargarlæk
2. Lundur
   í eyði frá 1967
   eig. Þröstur Jarlsson
   not. frá Arnbjargarlæk
3. Veiðilækur
   í eyði frá 1973
   eig. Andrea og Guðrún Davíðsdætur
   not. Magnús Kristjánss. og Aðalsteinn Davíðss.

Norðurárdalshreppur:

1. Forni-Hvammur
   í eyði frá 1977
   eig. ríkissjóður
   not.
2. Sanddalstunga
   í eyði frá 1974
   eig. Friðgeir Þórarinss.
   not. frá Hafþórsstöðum

Stafholtstungnahreppur:

1. Jafnaskarð
   í eyði frá 1968
   eig. Guðlaug Einarsd.
   not.
2. Laxfoss
   í eyði frá 1981
   eig. Sturla Friðrikss.
   not.
3. Litla-Skarð
   í eyði frá 1980
   eig. Hilmar Guðm.s., Rvík
   not.
4. Múlakot
   í eyði frá 1953
   eig. Aðalst. Þórarinss.
   -ónytjuð-

Stafholtstungnahr., frh.:

5. Selhagi
   í eyði frá 1960
   eig. Pétur Kj.
   -ónytjuð-
6. Stóru-Skógar
   í eyði frá
   eig. B.S.R.B.
   -ónytjuð-

Borgarhreppur:

1. Birkiból
   í eyði frá 1972
   eig. Har. Jónass., Rvík
2. Ferjubakki I
   í eyði frá 1980
   eig. Kristján Fjeldsted
   not. frá Ferjukoti
3. Gljúfurá
   í eyði frá 1964
   eig. Jóhanna Fossberg
   not. frá Svignaskarði
4. Gufá
   í eyði frá 1962
   eig. Jón Halldórss., Jón Ingvarss., o.fl.
   not.
5. Krummshólar
   í eyði frá 1963
   eig. Krummshólar hf., Keflav.
   not. frá Beigaldi
6. Litla-Fjall
   í eyði frá 1959
   eig. P.Snæland, Jósep Reyniss. og Haukur Þorl.s.
   not. frá Valbjarnarvöllum
7. Ölvaldsstaðir III
   í eyði frá
   eig. Ólafur Þórðarson
   not.

Borgarneshreppur:

1. Hamar
   í eyði frá 1973
   eig. Borgarneshr.
   -leigt undir golfvöll-

Alftaneshreppur:

1. Háhóll
   í eyði frá 1959
   eig. Helgi Hálfdánarss.
   not. frá Valshamri

Hraunhreppur:

1. Hamraendar m/Tröðum
   í eyði frá 1956
   eig. og not. Helgi og
   Hallbj. Gíslas., Tröðum
2. Hamrar
   í eyði frá 1966
   eig. Þórður Valdimarss.
   not.
3. Hjörsey I
   í eyði frá
   eig. Þráinn Löve, Rvík
   not.
4. Hjörsey II
   í eyði frá
   eig. db. Einars Sigurbj.s.
   not.
5. Hraundalur ytri
   í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   not.
6. Saurar
   í eyði frá 1971
   eig. Hannes Blöndal
   not.
7. Seljar
   í eyði frá 1948
   eig. Bjarni B. Jónsson
   not.
8. Skíðsholt
   í eyði frá 1976
   eig. Hraunhreppur
   not.

Hraunhr., frh.:

9. Svarfhóll
   í eyði frá 1976
   eig. db. Guðjóns Guðm.s.
   not.
10. Vesturholt
    í eyði frá
    eig. Markús Benjamínss.
    not.
11. Vogur
    í eyði frá 1971
    eig. Málarafél.Rvíkur
    not.

Hnappadalssýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Kolbeinsstaðahreppur:

1. Haukatunga ytri
   í eyði frá
   eig. og not. Lárus G. Fjeldsted, Kolbeinsst.
2. Landbrot
   í eyði frá 1958
   eig. eignaraðilar Haffj.ár
   nytj. frá Skjálg
3. Moldbrekka
   í eyði frá 1955
   eig. Kolbeinsstaðahr.
   not. sem afrétt
4. Skjálg
   í eyði frá 1981
   eig. Thorsfjölskyldan
   not.
5. Syðri-Skógar
   í eyði frá 1967
   eig. Kolbeinsstaðahr.
   not. sem afrétt
6. Ytri-Skógar
   í eyði frá 1976
   eig. Kolbeinsstaðahr.
   not. sem afrétt
7. Ölviskross
   í eyði frá 1970
   eig. Thorsfjölskyldan
   not.

Eyjahreppur:

1. Hólsland
   í eyði frá 1961
   eig. ríkissjóður
   not. Kjartan Halld.s. og Hestaræktarfél. Snæf.
2. Rauðamelur Ytri
   í eyði frá 1982
   eig. Thor R. Thors
   not.

Miklaholtshreppur:

1. Gröf
   í eyði frá
   eig. Unnur Halldórsd.
   nytj. frá Borg

Miklaholtshr., frh.:

2. Hörgsholt
   í eyði frá
   eig. Verónika Narfad.
   nytj. frá Lækjarmóti
3. Kleifárvellir
   í eyði frá 1972
   eig. Viggó Sig.s., o.fl. Rvík
   not.
4. Laxárbakki
   í eyði frá 1946
   eig. Miklaholtshr.
   not.
5. Miðhraun I
   í eyði frá
   eig. Rúnar Kristjánss.
   not. Guðm. Þórðarson
6. Stakkhamar I
   í eyði frá
   eig. Bjarni Alexanderss.
   not.
7. Svarfhóll
   í eyði frá 1972
   eig. Viggó Sig.s., o.fl. Rvík
   not.
8. Syðra-Lágafell I
   í eyði frá
   eig. Sigv. Jóhannss., o.fl.
   nytj. frá Lágafelli ytra
9. Syðra-Lágafell II
   í eyði frá
   eig. Sigv. Jóhannss., o.fl.
   nytj. frá Lágafelli ytra
10. Vegamót
    í eyði frá
    eig. Kf. Borgfirðinga
    not.
11. Ytra-Skógarnes
    í eyði frá 1948
    eig. Kristján Gíslason
    not.

Snæfellsnessýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Staðarsveit:

1. Búðir
   í eyði frá 1976
   eig. ríkissjóður
   not.
2. Elliði
   í eyði frá 1953
   eig. Kristj. Elíass., Rvík
   not.
3. Hagi
   í eyði frá 1960
   eig. Þórður Jasonars.
   Rvík, o. fl.
   not. frá Hofg. og Hoftúnum
4. Kirkjuhóll
   í eyði frá 1962
   eig. Ing. Finnb. s., o. fl., Rvík
   not.
5. Krossar
   í eyði frá 1956
   eig. Stefanía Ásm. d. og
   Halldór Júlíuss., Rvík
   not.
6. Lindarbrekka
   í eyði frá 1979
   eig. Friðjón Jónsson
   not.
7. Lýsudalur
   í eyði frá 1978
   eig. Guðm. Jónsson
   not.
8. Melkot
   í eyði frá 1968
   eig. ríkissjóður
   nytj. af Gunnari Kristjánss.
9. Tjaldbúðir
   í eyði frá 1969
   eig. Seðlabanki Ísl.
   not.
10. Vatnsholt
    í eyði frá 1970
    eig. Ragnar Tómass., Rvík
    not.

Breiðuvíkurhreppur:

1. Bárðarbúð
   í eyði frá 1976
   eig. Kristinn Kristj. s.
   og Kristín Kristj. d.
   nytj. frá Ökrum
2. Dagverðará
   í eyði frá 1971
   eig. Þórður Halld. s.
   og Helga Halldórsd.
   not.
3. Fell
   í eyði frá 1978
   eig. ríkissjóður
   eig. mannv. Víkurfél. hf.
   not.
4. Litlu-Hnausar
   í eyði frá 1980
   eig. Loftur Jónss., Rvík
   not.
5. Melabúð
   í eyði frá 1976
   eig. Leifur Kristjánss.
   nytj. frá Ökrum
6. Ytri-Knarrartunga
   í eyði frá 1981
   eig. Guðmundur Alfreðss.
   nytj. frá Miðhúsum

Neshreppur:

1. Ingjaldshóll
   í eyði frá 1971
   eig. ríkissjóður
   not.
2. Kjalvegur
   í eyði frá 1964
   eig. Neshreppur
3. Klettsbúð
   í eyði frá
   eig. Neshreppur
   (jörðin tekin u. íbúðarh.
   o. fl. v/Hellissands)
4. Sveinsstaðir
   í eyði frá 1966
   eig. Ólafsvíkurhr.
   not.

Fróðárhreppur:

1. Fagrahlíð
   í eyði frá 1968
   eig. Gunnar Ól., Leifur
   og Þorsteinn Ágústss.
   nytj. frá Mávahlíð
2. Innri-Bugur
   í eyði frá 1959
   eig. Óskar Þorg.s.
   og systk.
   not.
3. Kötluholt
   í eyði frá 1974
   eig. Þorst. og Leifur Ágústss.
   nytj. frá Mávahlíð
4. Tröð
   í eyði frá
   eig. Karl, Árni og
   Margrét Magnúsarbörn
   not.
5. Ytri-Bugur
   í eyði frá 1967-68
   eig. Sig. og Guðm. Kristj.s.
   ásamt fleiri systkinum
   not.
6. Þorgilsstaðir
   í eyði frá 1973
   eig. Þorg. og Hermann
   Þorgilssynir
   nytj. frá Hrísum

Eyrarsveit:

1. Forna-Krossanes
   í eyði frá 1976
   eig. db. Jóh.O.Þorgr.s.
   not.
2. Garðsendi
   í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   (túni skipt milli Nausta
   og Nýjubúðar)
3. Háls
   í eyði frá 1970
   eig. og not. Sveinbjörn
   Hjartars., Grundarf.
4. Hellnafell
   í eyði frá 1963
   eig. Eyrarsveit
   not.

Eyrarsveit, frh.:

5. Kirkjufell
   í eyði frá 1974
   eig. Magnús Gíslason
   og synir: Alfreð, Gísli
   og Gunnar
   not.
6. Krossanes
   í eyði frá
   eig. Guðm. Jóhanness.
   og Sigurv. Bergsson
   tún heyjað frá Bergi og
   F-Krossanesi
7. Lág neðri
   í eyði frá
   eig. Björn og Lárus Guðm.s.
   tún lítið notað
8. Móabúið
   í eyði frá
   eig. Jón Kristjánsson
   not. frá Akurtröð og
   Vatnabúðum
9. Norður-Bár
   í eyði frá
   eig. og not. Sigurjón
   Halldórss., Grundarf.
10. Skerðingsstaðir
    í eyði frá
    eig. Jón Sveinss. og
    Ingólfur Bjarnas., Lárvík hf.
    not.
11. Spjör
    í eyði frá
    eig. Halldór Finnsson
    nytj. frá Suður-Bár

Helgafellssveit:

1. Akureyjar
   í eyði frá 1952
   eig. Ásg. Jónsson, Seltj.n.
   not.
2. Berserkjahraun
   í eyði frá 1953
   eig. Ingibj. Helgad. og
   Unnur Magnúsdóttir
   not.

Helgafellssveit, frh.:

3. Efri-Hlíð
   í eyði frá 1952
   eig. Helgafellssveit
   nytj. af Bæring Elíass.
4. Hraunsfjörður
   í eyði frá 1959
   eig. Jón Thors
   not. frá Kóngsbakka ytri
5. Hrísakot
   í eyði frá 1963
   eig. Ingv. Kristjánsd.
   not.
6. Innri-Drápuhlíð
   í eyði frá 1965
   eig. Helgafellssveit
   not.
7. Jónsnes
   í eyði frá 1950
   eig. og not. Kjartan Magnússon
8. Kljá
   í eyði frá 1974
   eig. Járnsm. fél. Rvíkur
   not.
9. Seljar
   í eyði frá 1958
   eig. og not. Ól. Hjaltalín
10. Skjöldur
    í eyði frá 1957
    eig. og not. Kristinn B. Gíslason, Stm. o.fl.

Skógarstrandarhreppur:

1. Borgir
   í eyði frá 1966
   eig. Barði Friðriksson
   nytj. frá Emmubergi
2. Hólmlátur
   í eyði frá 1969
   eig. og not. Kristín Guðm.d., Emmubergi
3. Litli-Langidalur fremri
   í eyði frá 1979
   eig. Jakob Jónsson
   nytj. frá Setbergi

Skógarstrandarhr., frh.:

4. Litli-Langidalur ytri
   í eyði frá 1979
   eig. Jakob Jónsson
   nytj. frá Setbergi
5. Lækur
   í eyði frá 1969
   eig. Skógarstrandarhr.
   not. Jakob J. Jónsson
6. Os
   í eyði frá 1970
   eig. og not. Þórir, María Daníel, Ásdís og Auður Guðmundarbörn
7. Öxney
   í eyði frá 1969
   eig. Jóhann Jónasson Öxneyjarbúið

Dalasýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Hörðudalshreppur:

1. Ytri-Hrafnabjörg
   í eyði frá 1955
   eig. og not. Guðm. Gíslas. og Gísli Þorst. s., Geirshlíð, Miðdalahreppi

Miðdalahreppur:

1. Gilsbakki
   í eyði frá 1975
   eig. Guðm. Pálmason
   not.
2. Skógsmúli
   í eyði frá
   eig. Sig. Jónsson Köldukinn, Haukadal
   -beitiland-
3. Snjóksdalur
   í eyði frá
   eig. Kristj. Bergjónss. og Jóna Bergjónsdóttir
   not.
4. Svarfhóll
   í eyði frá 1977
   eig. Hestam. fél. Glaður
   not.
5. Þórólfsstaðir
   í eyði frá
   eig. Hólmar Pálsson
   not.

Haukadalshreppur:

1. Brautarholt I
   í eyði frá 1976
   eig. Brynj. Aðalsteinss.
   not.
2. Kross
   í eyði frá 1954
   eig. og not. að 1/2 Yngvi Guðj. s. og Guðm. P. Ásmundss.
3. Laxaborg
   í eyði frá
   eig. Elsa Olafsdóttir
   (sumarbústaður, túnblettur l. til slægna)

Haukadalshr., frh.:

4. Núpur
   í eyði frá
   eig. starfsm. fél. Olís
   not.

Laxárdalshreppur:

1. Dönustaðir
   í eyði frá 1968
   eig. Lilja Kristjánsd.
   not. af áb. Lambeyra
2. Fjósar
   í eyði frá
   eig. Laxárdalshr.
   not.
3. Lambastaðir
   í eyði frá 1968
   eig. og not. Einar Kristj. s.
   (á lögh. á Lambastöðum)
4. Ljárskógar
   í eyði frá 1981
   eig. Anna Guðmundsd.
   -ættarjörð-
   tún l. til slægna
5. Svalhöfði
   í eyði frá 1974
   eig. Elsa Gísladóttir
   not.
6. Svarfhóll
   í eyði frá
   eig. db. Steinunnar Árnad. og Ol. Pálmason
   nytj. frá Engihlíð
7. Þrándarkot
   í eyði frá 1952
   eig. Fiskir. og Veiðifél. Laxdæla
   not. Ol. Pálmason

Hvammshreppur:

1. Gerði
   í eyði frá 1970
   eig. og not. Stef. Gíslas.
2. Ketilsstaðir
   í eyði frá 1981
   eig. Magnús Halldórss.
   not.
3. Laugar
   í eyði frá 1955
   eig. Bergl. og ekkja
   Bj. Kristj. s.
   not. frá Sælingsdal
4. Leysingjastaðir
   í eyði frá 1980
   eig. Oli P. Friðþj. s.
   not.
5. Sælingsdalstunga
   í eyði frá
   eig. og not. Jón
   Benediktss., Garði

Fellsstrandarhreppur:

1. Grund+Litli-Galtardalur
   í eyði frá
   eig. Sig. P. Guðjónss. og
   Ólafur Tryggvason
   not.
2. Hafurstaðir
   í eyði frá 1956
   eig. og not. Halldór Þ.
   Þórðarson og systkini
3. Hella
   í eyði frá 1970
   eig. og not. Þorv. Þorv. s., Rvík
4. Kjarlaksstaðir
   í eyði frá 1958
   eig. Jóh. Jóhanness., Rvík
   not. frá Breiðabólstað
5. Skoravík
   í eyði frá 1980
   eig. 19 erf. Kristínar
   Gunnarsd. (Ragnar
   Guðm. s. á þar lögh.)
   nytj. frá Hallstöðum

Fellsstrandarhr., frh.:

6. Stóri-Galtardalur
   í eyði frá 1960
   eig. Þorst. Péturss. og
   Jóhann Pétursson
   not.
7. Túngarður
   í eyði frá 1979
   eig. Fellsstrandarhr.
   not. Guðm. Jónsson

Klofningshreppur:

1. Arney
   í eyði frá 1954
   eig. Ívar Þórðars., Rvík
   Sigurður Hanness., Ak.
   og Leifur Ívarsson
   not.
2. Dagverðarnes
   í eyði frá 1981
   eig. Jón Finnss., Borg
   not.
3. Dagverðarnessel
   í eyði frá 1955
   eig. Oskar Guðm. s., Rvík
   not.
4. Efri-Langey
   í eyði frá 1953
   eig. og not. Bergur Jóh. s.,
   Langeyjarnesi
5. Fremri-Langey
   í eyði frá 1947
   eig. og not. Kj. Eggertss.
6. Hrappsey
   í eyði frá 1958
   eig. og not. Bergsveinn
   Gestsson og Gestur Már
   Stykkishólmi
7. Melar
   í eyði frá 1961
   eig. og not. Oskar Jónss.
   og Skúli Magn., Ballará
8. Purkey
   í eyði frá 1967
   eig. og not. Jón Jónsson

Skarðshreppur:

1. Akureyjar
   í eyði frá 1954
   eig. og not. Friðrik Tómass., Steinólfur Lárusson og Gunnar Högnason
2. Barmur
   í eyði frá 1961
   eig. og not. Jón G. Jónss.
3. Hvalgrafir
   í eyði frá 1967
   eig. Jónas Gestsson, o. fl. Grundarfirði
   not. Karl Pétursson
4. Kross
   í eyði frá 1972
   eig. Stangv. fél. Kvörn
   not. Trausti Bjarnason
5. Nýp
   í eyði frá 1964
   eig. "Kleifahross"
   not.
6. Reynikelda
   í eyði frá 1965
   eig. Björn Guðm. s. og Margrét Guðm. d.
   not. að hl. Karl Péturss.
7. Tindar
   í eyði frá 1975
   eig. Ragnh. Þorst. d.
   not. að hl. af Svavari Magnúss., Karli Péturss. og Hermanni Karls.

Saurbæjarhreppur:

1. Belgsdalur
   í eyði frá 1970
   eig. og not. Kristj. Sæmundss., N-Brunná
2. Hvammdalskot
   í eyði frá 1968
   eig. og not. Reynir Guðbj. s.
3. Hvammdalur
   í eyði frá 1968
   eig. og not. Ól. Gunnarss.
4. Hvítadalur I
   í eyði frá 1982
   eig. Gunnar Jónss., Bdl.
   not.

Saurbæjarhr., frh.:

5. Neðri-Brekka
   í eyði frá 1967
   eig. og not. Eysteinn Þórðarson, Bessatungu
6. Ólafsdalur
   í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   not. Stórholtsbóndi
7. Ós
   í eyði frá 1954
   eig. Sigurbj. Ól., Rvík
   not.
8. Staðarhóll
   í eyði frá 1972
   eig. og not. Ragnh. og María Ólafsdætur
9. Tjaldanes II
   í eyði frá 1954
   eig. Ketilbjörn Magnúss.
   not. ýmsir
10. Tjaldanes III
    í eyði frá 1954
    eig. Sigurður Láruss.
    not.
11. Þverdalur
    í eyði frá 1971
    eig. og not. Hörður Guðm. s., Kverngrjóti

Austur-Barðastrandarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Geiradalshreppur:

1. Króksfjarðarnes
   í eyði frá 1977
   eig. Ingim. K. Sveinbj. s.
   tún nytj. frá Gilsfjarðarm., Bakka og Kletti
2. Stekkjarholt
   í eyði frá
   eig. og not. Jón Hallfreðss., Bakka
3. Valshamar
   í eyði frá 1969
   eig. Emil Hallfreðss., o. fl.
   nytj. frá Bakka og Gautsdal

Reykhólahreppur:

1. Barmar
   í eyði frá 1967
   eig. ríkissjóður
   not. Sv. Guðmundss. og Jón Ólafsson
2. Berufjörður
   í eyði frá 1962
   eig. og not. Jens Guðm. s.
3. Hafrafell II
   í eyði frá 1972
   eig. Einar Lövdahl, Rvík
   not.
4. Hlíð v/Þorskafjörð
   í eyði frá 1959
   eig. og not. Snæbjörn Jónsson, Stað
5. Hyrningsstaðir
   í eyði frá 1959
   eig. db. Jónínu Arinbj.
   j. leigð til slægna o. fl.
6. Kollabúðir I
   í eyði frá 1970
   eig. Ketill Axelsson
   not. sem sumardv. st.
7. Kollabúðir II
   í eyði frá 1970
   eig. Ketill Axelsson
   not. sem sumardv. st.
8. Laugaland
   í eyði frá 1974
   eig. db. Theódórs Þorl. s.
   not.

Reykhólahr., frh.:

9. Melbær (S)
   í eyði frá 1974
   eig. Jón A. Guðm. s., Bæ
   not.
10. Skógar
    í eyði frá 1972
    eig. Bahái-söfnuður ísl. deild
    not.

Gufudalshreppur:

1. Barmur
   í eyði frá 1973
   eig. Jósef Ól. og Björg Hansen
   not. Samúel Sakaríasson
2. Brekka
   í eyði frá 1973
   eig. Gufudalshr., Bogi Sigurjónss. og Vigdís Ólafsd.
   not.
3. Fjarðarhorn
   í eyði frá 1970
   eig. Stangav. fél. Patreksfj.
   not. Hallgrímur Jónsson
4. Galtará
   í eyði frá 1954
   eig. Pétur, Kristín, Jakob, Sigr. og Sigurl. Pétursbörn
   not.
5. Gróunes
   í eyði frá 1928
   eig. og not. Vigdís Ólafsd., Andrés O. Bogason og Landhelgisgæslan
6. Hallsteinsnes
   í eyði frá 1955
   eig. Þorb. og Ól. Ólafss.
   not.
7. Hofsstaðir
   í eyði frá 1979
   eig. ríkissjóður
   nytj. af Einari Hafliðas. og Kr. Bergsveinssyni
8. Klaufastaðir
   í eyði frá 1957
   eig. og not. Hallgrímur Jónsson, Skálanesi

Gufudalshr., frh.:

9. Klettur
í eyði frá 1982
eig. og not. Jóhanna D. Jóhannesdóttir, o. fl.

10. Seljaland
í eyði frá 1954
eig. Jóhannes og Jóakim Arasynir
not. Jóakim Arason

11. Sveinungseyri
í eyði frá 1982
eig. Sæm., Arnór, Kristinn og Guðrún Oskarsbörn
not. Jóakim Arason

12. Teigsskógar
í eyði frá 1944
eig. Guðjóna Benediktsd.
not.

13. Þórisstaðir
í eyði frá 1964
eig. Gufudalshr., Fanney Andrésd., o. fl.
nytj. af Guðm. Sveinss. og Samúel Sakaríassyni

Múlahreppur:

1. Bær
í eyði frá 1962
eig. Jóhannes Jóhannss., Hafnarfirði
-ónytjuð-

2. Deildará
í eyði frá 1973
eig. og not. Jón G. Jónsson
selveiði og dúntekja

3. Hamar
í eyði frá 1972
eig. og not. Jón Finnbogas.
selveiði og dúntekja

4. Illugastaðir
í eyði frá 1954
eig. Einar Jónss., o. fl., Rvík
-ónytjuð-

5. Ingunnarstaðir
í eyði frá 1975
eig. og not. Áslaug Bj.

6. Kerlingarfjörður
í eyði frá 1975
eig. og not. Óskar Þórðars.

Múlahr., frh.:

7. Kirkjuból, Bæjarnesi
í eyði frá 1963
eig. Gunnar Jóhannss.
-ónytjuð-

8. Kvígindisfjörður
í eyði frá 1965
eig. Ólöf Jóhannsd.
-ónytjuð-

9. Litlanes
í eyði frá 1963
eig. Þorv. Júlíusson
-ónytjuð-

10. Selsker
í eyði frá 1954
eig. Jón Finnbogason
-ónytjuð-

11. Skálmardalur
í eyði frá 1968
eig. Einar Oskarsson og Jón Finnbogason
-ónytjuð-

12. Skálmarnesmúli
í eyði frá 1975
eig. og not. Jón Finnb. s.

13. Svínanes
í eyði frá 1959
eig. og not. Einar Guðm. s.
selveiðar

Flateyjarhreppur:

1. Sviðnur
í eyði frá 1956
eig. og not. Nikulás Jensson, Svefneyjum

Vestur-Barðastrandarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Barðastrandarhreppur:

1. Brekkuvöllur
   Í eyði frá 1979
   eig. Guðm. Sigurðss.
   not.
2. Brjánslækur I
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   nytj. frá Brjánslæk II
3. Holtsfit
   Í eyði frá 1970
   eig. og not. G. Gíslas.
   Heggsstöðum
4. Hrísnes
   Í eyði frá
   eig. Halld. Vigfússon
   not. frá Haukabergi
   og Miðhlíð ytri
5. Sauðeyjar
   Í eyði frá 1930
   eig. og not. Bj. Hákonars.
6. Skriðnafell
   Í eyði frá 1979
   eig. Valg. Jónsdóttir
   not.

Rauðasandshreppur:

1. Gröf
   Í eyði frá 1980
   eig. og not. Árni Jóhanness.
2. Hlaðseyri
   Í eyði frá 1969
   eig. Sigurþ. Magnúsd.
   not.
3. Hvallátur/Heimabær I
   Í eyði frá 1957
   eig. db. Eggerts Eggertss.
   not. Þórður Jónsson
4. Hvallátur/Heimabær II
   Í eyði frá 1968
   eig. db. Kristj. Sigmundss.
   not. Þórður Jónsson
5. Hvallátur/Miðbær
   Í eyði frá 1957
   eig. Jón Erl. s., o. fl.
   not. Ásg. Erl. s. og
   Þórður Jónsson

Rauðasandshr., frh.:

6. Hvallátur/Sæból
   Í eyði frá 1972
   eig. Daníel Eggertss., Rvík
   (kemur til sumardvalar)
   not. Þórður Jónsson
7. Kirkjuból í Kollsvík
   Í eyði frá 1972
   eig. Össur Guðbj. s.
   not.
8. Kirkjuhvammur
   Í eyði frá 1980
   eig. og not. Reynir Ívarss.
9. Kot
   Í eyði frá 1958
   eig. og not. Þórir Stefánss.
10. Krókur
    Í eyði frá 1980
    eig. og not. Árni Jóhanness.
11. Lambavatn efra
    Í eyði frá
    eig. Tryggvi Eyjólfsson
    not.
12. Naustabrekka
    Í eyði frá 1975
    eig. Ingim. Magnússon
    og Halldór Kristjánsson
    -ónytjuð-
13. Sauðlauksdalur
    Í eyði frá 1975
    eig. Kirkjujarðasjóður
    not.
14. Skápadalur
    Í eyði frá 1958
    eig. Jón Magnússon
    not.
15. Stakkadalur
    Í eyði frá 1950
    eig. Árni Jóhanness., Saurbæ
    not.
16. Stakkar II
    Í eyði frá
    eig. afk. Jóns Péturss.
    og Guðrúnar Gíslad.
    not. frá Stökkum I

Rauðasandshr., frh.:

17. Stekkjarmelur
í eyði frá
eig. Össur Guðbj.s. og Jarðakaupasjóður
nytj. frá L-Núpi

18. Vatnsdalur
í eyði frá 1961
eig. Bergst. Guðm.s., o.fl.
not.

Tálknafjarðarhreppur:

1. Eyrarhús
í eyði frá 1956
eig. db. Alberts Guðm.s.
not.

2. Hvammeyri
í eyði frá 1964
eig. db. Jóns B. Olafss.
-ónytjuð-

3. Innsta-Tunga
í eyði frá 1979
eig. Guðm.S. Guðmundss. og Magnús K. Guðm.s.
not.

4. Litli-Laugardalur
í eyði frá 1966
eig. Viggó Olafsson
not.

5. Miðtunga
í eyði frá 1958
eig. Tungueignir hf.
-ónytjuð-

6. Suðureyri
í eyði frá 1968
eig. Þórður Jónsson o.fl.

7. Yzta-Tunga
í eyði frá 1965
eig. Tungueignir hf.
-ónytjuð-

8. Þinghóll
í eyði frá 1970
eig. Tálknafjarðarhr.
not. Olafur Torfason

Ketildalahreppur:

1. Austmannsdalur
í eyði frá
eig.
not. frá Grænuhlíð

2. Bakki
í eyði frá
eig. Jón Bjarnason
not.

3. Grandi
í eyði frá
eig. ríkissjóður
not. frá Feitsdal

4. Grund
í eyði frá
eig.
not. frá Neðri-Bæ

5. Hóll
í eyði frá
eig. Bj.S. Kristófersson
not. frá heimajörð

6. Hringsdalur
í eyði frá
eig. Björgv. Einarsson
not.

7. Hús
í eyði frá
eig. ríkissjóður
not. frá Selárdal

8. Kirkjuból
í eyði frá
eig. Gísli Olafsson
not.

9. Klúka
í eyði frá
eig. Jón B. Olafsson og Björn Emilsson, Fífustöðum
not.

10. Kolbeinsskeið
í eyði frá
eig. ríkissjóður
not. frá Selárdal

11. Krókur
í eyði frá
eig. ríkissjóður
not. frá Selárdal

Ketildalahr., frh.:

12. Neðri-Hvesta I-IV
í eyði frá
falla u.Fr.- Hvestu

13. Öskubrekka
í eyði frá
eig. ríkissjóður
not.

Suðurfjarðahreppur:

1. Dufansdalur efri
í eyði frá 1959
eig. Halldór G. Jónsson
not. Björn Ólafsson

2. Dufansdalur neðri
í eyði frá
eig.og not.Björn Ól.
(sinnir frá Bíldudal)
m/eig. Eiríkur Bj. og
Guðrún Ólafsdóttir

3. Hóll
í eyði frá 1976
eig. Suðurfjarðahr.
not. að hl. af þorpsbúum

4. Langi-Botn
í eyði frá 1969
eig. Skógrækt ríkisins
not.

5. Reykjarfjörður fremri
í eyði frá 1958
eig. Björn Magnússon
(lítið not. til slægna)

6. Reykjarfjörður neðri
í eyði frá 1960
eig. Gunnar, Jóhann og
Guðrún Ólafsbörn
nytj. til slægna

7. Steinanes
í eyði frá 1959
eig. Dagbjört Hannesd.
not

8. Trostansfjörður
í eyði frá 1972
eig. Gestur Gíslason,
Sig. Samúelsson, Matth.
Bjarnason og Eyj.Þork.s.
not.

Vestur-Ísafjarðarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Auðkúluhreppur:

1. Alftamýri
   í eyði frá 1956
   eig. ríkissjóður
   not.
2. Borg
   í eyði frá
   eig. Orkubú Vestfjarða
   not. starfsm.v.Mjólkárv.
3. Dynjandi
   í eyði frá
   eig. Rafm.v.ríkisins
   not. starfsm.v.Mjólkárv.
4. Hokinsdalur
   í eyði frá 1979
   eig.db.Hallv.Magnúsd.
   not.
5. Kirkjuból
   í eyði frá 1959
   eig.og not.Pétur Sigurðss.
6. Rauðsstaðir
   í eyði frá
   eig. Orkubú Vestfjarðar
   not.
7. Stapadalur
   í eyði frá
   eig.og not.db.Guðm.R.
8. Tjaldanes
   í eyði frá 1956
   eig. ríkissjóður
   not. Hallgr.Sveinsson

Þingeyrarhreppur:

1. Arnarnúpur
   í eyði frá 1967
   eig.og not.Elías Þórarinss.
2. Bræðratunga
   í eyði frá 1963
   eig. Guðm.Lárusd.
   not. Sig.Friðfinnss.
3. Grandi
   í eyði frá 1960
   eig.og not.Svanb.Gunnl.d.

Þingeyrarhr., frh.:

4. Haukadalur IV (Höll)
   í eyði frá 1962
   eig. Guðm.P.Jónsson
   not. Gunnar Einarsson
5. Haukadalur V
   (Vést.h. m/Brautarh.)
   í eyði frá 1962
   eig. Sæm.Kr.Jónsson
   not. Valdim.Þórarinss.
6. Hraun I-IV
   í eyði frá
   eig.Guðm.S.Magnúss.,
   Elías Þórarinss.,Bjarni
   Aðalsteinss. og Helgi Pálss.
   not.
7. Hæsti-Hvammur I-III
   í eyði frá 1963
   eig.db.Finnb.Láruss.
   not.Garðar og Jóh.Sigurðss.
8. Meðaldalur
   í eyði frá 1958
   eig. Margrét Brynjólfsd.
   not.
9. Mið-Hvammur I
   í eyði frá 1958
   eig. Sigurb.Guðm.d.
   not. Sig. Friðfinnss.
10. Mið-Hvammur II
    í eyði frá 1960
    eig. og not. Jóhann og
    Garðar Sigurðssynir
11. Neðsti-Hvammur III
    í eyði frá
    eig. Leifur Þorbergsson
    not. Jóh. og Garðar Sig.s.
12. Svalvogar
    í eyði frá
    eig. Vitamálasjóður
    not.
13. Þingeyri
    í eyði frá
    eig. Þingeyrarhr.
    not.

Mýrahreppur:

1. Arnarnes
   í eyði frá
   eig. Guðný Gilsd., o. fl.
   not. frá Alviðru
2. Alfadalur
   í eyði frá
   eig. Jarðakaupasjóður
   not. frá Brekku og Hrauni
3. Birnustaðir
   í eyði frá
   eig. Valdim., Haukur
   og Har. Kristinssynir
   not.
4. Botn
   í eyði frá
   eig. Kf. Dýrfirðinga o. fl.
   not. frá Ketilseyri
5. Fjallaskagi
   í eyði frá
   eig. Valdim. og Haukur
   Kristinssynir
   not.
6. Gerðhamrar
   í eyði frá
   eig. og not. Jón Oddsson
   og Kristján Guðm. s.
   not.
7. Grænanes
   í eyði frá
   eig. og not. Sig. Friðfinnss.
8. Haukaberg
   í eyði frá
   eig. Haukur og Valdimar
   Kristinss., Vald. nytjar
9. Höfði II m/Næfurnesi I og II
   í eyði frá
   eig. Þórarinn Sighvatss.
   not.
10. Klukkuland
    í eyði frá
    eig. db. Arngr. Jónss. og
    Hjörtur Jónsson
    nytj. af Olafi Steinþórss.
11. Leiti
    í eyði frá
    eig. Héraðsskólinn Núpi
    not. frá Alviðru

Mýrahreppur, frh.:

12. Meiri-Garður
    í eyði frá
    eig. db. Hallm. Jónss., o. fl.
    not. Bergur Torfason
13. Núpur II / Rani
    í eyði frá
    eig. Héraðsskólinn Núpi
    not.
14. Sæból
    í eyði frá 1970
    eig. db. Jóns S. Jónss.
    og Finnur Þorlákssón
    nytj. af Sigurv. Guðm. s.
15. Ytri-Hús
    í eyði frá
    eig. Héraðsskólinn Núpi
    not.

Mosvallahreppur:

1. Betanía
   í eyði frá 1962
   eig. ríkissjóður
   not. frá Vífilsmýrum
2. Dalshús
   í eyði frá
   eig. og not. Guðm. Hallgr. s.
   og Björgvin Guðm. s.
   not.
3. Efri-Hesthús
   í eyði frá
   eig. Guðbj. Guðjónsson
   not. frá Hóli
4. Hestur+Neðrihús+Arnúli
   í eyði frá
   eig. og not. Guðbj. Guðjónss.
   nytj. frá Hóli
5. Kroppsstaðir
   í eyði frá 1956
   eig. Bjarni Kristinss., Kirkjubóli
   not.
6. Mosvellir
   í eyði frá 1967
   eig. Hjördís Hjörleifsd.
   not. frá Hrauni

Mosvallahr., frh.:

7. Tannanes
   í eyði frá 1970
   eig. Ingim.Guðm.s.
   not. frá Krikjubóli
   Korpudal
8. Veðraá innri
   í eyði frá 1962
   eig. og not. Magn.Jónss.
   o.fl., not. frá N-Breiðadal
   Flateyrarhrepp

Flateyrarhreppur:

1. Breiðadalur neðri II
   í eyði frá
   eig.og not.Steinar
   Guðmundsson
2. Breiðadalur neðri III
   í eyði frá 1973
   eig.og not.Halldór Mikaelss.
   og Gunnlaugur Finnsson
3. Breiðadalur neðri IV
   í eyði frá
   eig.7 börn Jóns G.
   Guðmundssonar
   not.
4. Garðar
   í eyði frá
   eig.og not.Gunnlaugur
   Finnsson og Har.Jónsson
5. Hvilft I
   í eyði frá
   eig. Flateyrarhr.
   not.
6. Sela-Kirkjuból I
   í eyði frá
   eig.og not.Ásgeir Mikaelss.
   og db.Ásg.Guðnas.að hl.
7. Sela-Kirkjuból II-IV
   í eyði frá
   eig. og not.Ragnh.
   Kristjánsd., Flateyri

Suðureyrarhreppur:

1. Botn I
   í eyði frá
   1/2 j. fallin u Birkihlíð
   eig.
2. Gilsbrekka
   í eyði frá 1912
   eig.Jón Grímss.,Ísaf.
   not.
3. Kvíanes
   í eyði frá
   eig. og not. Birkir Friðb.s.
4. Laugar
   í eyði frá 1978
   eig. Páll H. Pétursson
   not.
5. Norðureyri
   í eyði frá 1970
   eig.Þorleifur Guðnason,
   Suðureyri
   not.

Norður-Ísafjarðarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982-1983

Súðavíkurhreppur:

1. Dvergasteinskot
   í eyði frá
   eig. Karl G. Guðm. s.,
   Svarthamri
   -ónytjuð-
2. Eiði
   í eyði frá
   sennil. ríkiseign
   not.
3. Hestur
   í eyði frá 1976
   eig. db. Ingibj. Helgas.
   not.
4. Hlíð I
   í eyði frá
   eig. Axel Olafss., Kópav.
   nytj. frá Svarthamri
5. Hlíð II-IV
   í eyði frá 1967
   eig. Þorst. O. Bjarnas.
   nytj. frá Svarthamri
6. Kleifar
   í eyði frá 1976
   eig. db. Guðm. Ásg. s.
   not.
7. Seljaland
   í eyði frá 1972
   eig. Ísafjarðarkaupst.
   not. Björn Jónss., Súðavík
8. Svarfhóll
   í eyði frá 1972
   eig. og not. Ól. Gíslason
9. Tröð III
   í eyði frá
   eig. Súðavíkurhreppur
   not. Gísli Sigurbj. s.
10. Tröð III B
    í eyði frá
    eig. Súðavíkurhreppur
    not. Gísli Sigurbj. s.
11. Tröð IV
    í eyði frá
    eig. Sigríður Bjarnad.
    not. Ól. Gíslas., Súðavík

Ögurhreppur:

1. Birnustaðir
   í eyði frá 1982
   eig. db. Karls Gunnl. s.
   og 1/4 hl. db. Guðm.
   Hermannsdóttur
2. Blámýrar
   í eyði frá 1961
   eig. Júlíus Helgas., o. fl.
   nytj. frá Strandseljum
3. Borg
   í eyði frá 1969
   eig. Haukur Kjartansson
   o. fl., Rvík
   not.
4. Eyri í Skötufirði
   í eyði frá 1969
   eig. María Þorsteinsd.,
   Hafnarfirði
   not.
5. Eyri II
   í eyði frá 1969
   eig. Guðjón Jónsson,
   Þorlákshöfn
   not.
6. Hjallar
   í eyði frá 1979
   eig. Steingr. Pétursson
   not.
7. Kálfavík
   í eyði frá 1965
   eig. db. Guðr. Jónssonar,
   Grindavík
   not.
8. Kleifar
   í eyði frá 1970
   eig. Ingibj. Björnsd., Súðavík
   not.
9. Litli-Bær
   í eyði frá 1969
   eig. Kristj. Finnbogas.
   nytj. frá Hvítanesi
10. Skarð
    í eyði frá 1969
    eig. Óli, Þóarinn og Þorb.
    Jóhanness., Bolungarvík

Ögurhreppur, frh.:

11. Þernuvík
í eyði frá 1982
eig. Ögurhreppur
not.

Reykjafjarðarhreppur:

1. Bjarnastaðir
í eyði frá 1956
eig. Gróa Salvarsd., Rvík
not. frá Reykjarfirði

2. Galtarhryggur
í eyði frá 1958
eig. Guðm. og Runólfur
Elínusynir, Rvík
j.leigð Heydalsbændum

3. Kelda
í eyði frá 1973
eig. og not. A. Sigurj. s.

4. Reykjanes
í eyði frá
eig.
nytj. m. Reykjarfirði

5. Sveinshús
í eyði frá 1966
eig. Kr. Benediktss., Rvík
tún sl. af Miðhúsabónda

6. Vogur
í eyði frá 1959
eig. og not. Jón J. Hörgshlíð

Nauteyrarhreppur:

1. Arngerðareyri
í eyði frá 1966
eig. Kr. Sigurj. s., Rvík
nytj. frá Kirkjubóli

2. Brekka
í eyði frá
eig. db. Magnúsar
Jónssonar, Hamri
not.

3. Fremri-Bakki
í eyði frá 1982
eig. db. Jóns Ebenesers.
not.

Nauteyrarhr., frh.:

4. Gerfidalur
í eyði frá 1961
eig. Jarðeignad. ríkisins
tún nytj. frá Laugabóli

5. Hraundalur
í eyði frá
eig. Þórður Halldórss.
nytj. frá Laugabóli

6. Lági-Dalur
í eyði frá
eig. Júl. Helgas., o. fl.
not.

7. Nauteyri
í eyði frá 1960
eig. Nauteyrarhr.
nytj. frá Hafnardal

8. Tunga
í eyði frá
eig. Ingib. Helgas., o. fl., Rvík
-ónytjuð-

9. Vonarland
í eyði frá 1967
eig. Kr. Jónsson, Ísafirði
nytj. frá Hamri

Snæfjallahreppur:

1. Bæir III
í eyði frá 1955
eig. Oskar Halld. s., Ísafirði
nytj. frá Bæjum I

2. Sandeyri
í eyði frá 1952
eig. Jón Guðjónss., Rvík
not.

Strandasýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Arneshreppur:

1. Drangar
   í eyði frá 1966
   eig. Kristinn Jónss.
   not.
2. Eyri
   í eyði frá 1971
   eig. ríkissjóður
   (Ol.Ingólfss.hefur áb.r.)
3. Gíslabali
   í eyði frá 1959
   eig.db. Jóh.Andréss.
   Bassastöðum
   not.
4. Gjögur III
   í eyði frá 1961
   eig. Karl Thorarensen
   not.
5. Gjögur IV
   í eyði frá 1978
   eig.db.Jóns Sveinss.
   not.
6. Grænhóll
   í eyði frá 1960
   eig.db. Elísabetar Níelsd.
   not.
7. Ingólfsfjörður
   í eyði frá 1971
   eig. ríkissjóður
   (Magnús Jakobss.hefur áb.r.)
8. Kambur
   í eyði frá 1954
   eig. ríkissjóður
   not.
9. Naustvík
   í eyði frá 1967
   eig.db.Guðr.Jónsd.
   og Guðm.Árnasonar
   not.
10. Ofeigsfjörður I
    í eyði frá 1965
    eig. Pétur Guðm.s.
    not.
11. Ofeigsfjörður II
    í eyði frá 1965
    eig.db.Sigr.Guðm.d.
    not.

Arneshr., frh.:

12. Ofeigsfjörður III
    í eyði frá 1965
    eig. Guðm.Péturss.
    not.
13. Reykjanes
    í eyði frá 1959
    eig.Helgi, Tómas, María
    og Þorsteinn Jónsbörn
    nytj. frá Litlu-Ávík
14. Veiðileysa I
    í eyði frá 1961
    eig.db.Þorláks Guðbr.s.
    not.
15. Veiðileysa II
    í eyði frá 1961
    eig.db.Magn.Elíass.og
    db.Hallb.Guðbr.s.
    not.

Kaldrananeshreppur:

1. Asparvík
   í eyði frá
   eig.Guðm.Halldórsson
   nytj.til búskapar
   reki og grásleppuveiðar
2. Bjarnarnes
   í eyði frá
   eig.Guðj.Guðm.s., Árm.
   Halldórss., Haukur og
   Gunnar Torfasynir
   (grásl.v. stunduð)
3. Bólstaður
   í eyði frá
   eig.Bernódus Sig.á þar lögh.
   not.
4. Brúará
   í eyði frá
   eig.Guðm.Halldórsson
   -ónytjuð-
5. Bær II
   í eyði frá
   eig. Margr.Guðbr.d.
   not.

Kaldrananeshr., frh.:

6. Eyjar I
   Í eyði frá
   eig. Jón Guðj. s., o. fl.
   sinnir hl. á vorin
7. Eyjar II
   Í eyði frá
   eig. Benjamín Sig., Rvík, o. fl.
   sinnir hl. á vorin
8. Gautshamar
   Í eyði frá
   (skipt í ræktunarland
   fyrir Drangsnes)
9. Goðdalur
   Í eyði frá
   eig. Páll Einarsson,
   Tómas Guðm. s. og Ingi Bj.
   not.
10. Hafnarhólmur II
    Í eyði frá
    eig. db. Guðm. R. Guðm. s.
    nytj. frá Bæ II
11. Kaldbakur
    Í eyði frá
    eig. Kaldbaksvík hf., Rvík
    nytj. frá Odda
12. Kaldrananes II
    Í eyði frá
    eig. Guðbr. Kristvinss.,
    Keflavík
    sinnir hl. á vorin
13. Kleifar á Selströnd
    Í eyði frá
    eig. starfsm. fél. Landsv.
    not.
14. Kleifar í Kaldbaksvík
    Í eyði frá
    eig. Kaldbaksvík hf., Rvík
    nytj. frá Odda
15. Mýrar
    Í eyði frá
    eig. ríkissjóður
    leiguh. Elías Bjarnas.
    Drangsnesi, nytjar
16. Reykjavík
    Í eyði frá
    eig. Hjörtur Hjartars.,
    Keflavík
    stundar gráslepppuveiðar

Kaldrananeshr., frh.:

17. Skarð
    Í eyði frá
    eig. og not. Baldur Sig.
    og Arngr. Ingim. s., Odda
18. Sunnudalur
    Í eyði frá
    eig. Verm. Jónsson
    not.
19. Vík
    Í eyði frá 1982
    eig. Hafnarhólmur
    not.

Hrófbergshreppur:

1. Gilsstaðir
   Í eyði frá 1982
   eig. Jóhann og Sigurjón
   Rósmundssynir
   nytj. frá Geirmundarstöðum
2. Hólar
   Í eyði frá 1961
   eig. Loftleiðamenn:
   Hrafn Jónss., Alfreð Elíass.
   og Kristinn Ólsen
   not.
3. Kirkjuból
   Í eyði frá 1967
   eig. börn Magn. Sveinssonar
   not.
4. Kleppustaðir/Aratunga
   Í eyði frá 1974
   eig. 6 börn Björns Sigurðss.
   not.
5. Víðivellir
   Í eyði frá 1958
   eig. Guðrún Halld., Rvík
   not.

Hólmavíkurhreppur:

1. Kálfanes I
   Í eyði frá
   eig. Jóhann Níelsson
   not.
2. Kálfanes II
   Í eyði frá
   eig. Kr. Eyjólfsson
   not. frá Hólmavík
   (Ragnar Kristj. s., án áb.)

Hólmavíkurhr., frh.:

3. Kálfanes III
   í eyði frá
   eig. db. Ben. Finnssonar
   nytj. frá Hólmavík
4. Kálfanes IV
   í eyði frá
   eig. Hólmavíkurhr.
   not. frá Hólmavík
5. Seljavík
   í eyði frá
   eig. Hólmavíkurhr.
   not. frá Hólmavík
6. Stakkmýri
   í eyði frá
   eig. Hólmavíkurhr.
   not. Jón Loftss., Hólmavík
7. Vatnshorn
   í eyði frá
   eig. Rafm.v. ríkisins
   not.

Kirkjubólshreppur:

1. Arnkötludalur
   í eyði frá 1957
   eig. synir Sig. Helgasonar Hrófá, Hólmavíkurhrepp
   not.
2. Hvalsá
   í eyði frá
   eig. Matthieu Hénocque
   nytj. frá Kollafj.nesi
3. Tungugröf
   í eyði frá 1956
   eig. Runólfur Sigurðss. og Lýður Magnússon
   not. frá Húsavík

Fellshreppur:

1. Broddanes V
   í eyði frá
   eig. og not. Halldór Jónss. og Brynjólfur Jónsson
2. Hlíð
   í eyði frá 1970
   eig. Fellshreppur
   not.

Fellshreppur, frh.:

3. Þrúðardalur
   í eyði frá 1955
   eig. Sig. Jónss., St.-Fjarðarh.
   not. Þórður Sig. og Sig. Jónss.

Bæjarhreppur:

1. Bakkasel
   í eyði frá 1959-60
   eig. Ingibjörg Sig.d.
   nytj. frá Laxárdal
2. Grænumýrartunga
   í eyði frá 1967
   eig. Ragnar Guðm.s.
   nytj. frá Melum
3. Holt
   í eyði frá 1958
   eig. og not. Gunnar Benónýss. og Þórarinn Olafsson
4. Hrafnadalur
   í eyði frá
   eig. Fél. pípulagn.m., Rvík
   not.
5. Jónssel
   í eyði frá
   eig. Benóný Guðjónsson
   not.
6. Kollsá III
   í eyði frá
   eig. Valdís Brandsdóttir
   nytj. frá Kollsá II
7. Laxárdalur I
   í eyði frá
   eig. Þorst. og Ragnar Elíss.
   not.
8. Litla-Hvalsá
   í eyði frá 1958
   eig. Konráð Guðm.s., o.fl.
   nytj. frá Kollsá
9. Stóra-Hvalsá I
   í eyði frá 1970
   eig. Konráð Guðm.s., o.fl.
   not. að mestu af Sigurjóni Ingólfss. og E. Waage
10. Stóra-Hvalsá II
    í eyði frá
    eig. Bæjarhr. og Eiríkur og Hans Sigfússynir
    m.hl. nytj. frá Kolbeinsá

Vestur-Húnavatnssýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Staðarhreppur:

1. Efri-Foss
   í eyði frá 1958
   eig. Sig. og Þórh. Eiríkss.
   not. Árni J. Eyþórss., Bálkast. I
2. Fosssel
   í eyði frá 1979
   eig. Eyj. Gunnarss., Bálkast. II
   not.
3. Gilsstaðir
   í eyði frá 1963
   eig. og not. Böðvar Þorv. s.
   og Þórarinn Þorvaldsson

Fremri-Torfustaðahreppur:

1. Aðalból
   í eyði frá 1970
   eig. Bened. Jónss. og
   Aðalbj. Benediktsson
   not.
2. Fosskot
   í eyði frá 1966
   eig. Fr. - Torfustaðahr.
   nytj. frá Haugi
3. Grundarás
   í eyði frá 1980
   eig. Aðalbj. Benediktss.
   not.
4. Hnausakot
   í eyði frá 1970
   eig. Ólafur Jóh. s. og systk.
   nytj. frá N-Núpi
5. Litli-Hvammur
   í eyði frá 1979
   eig. Sigf. Jónsson
   not.

Ytri-Torfustaðahreppur:

1. Bálkastaðir syðri
   í eyði frá
   eig. Jóh. M. Jóhannss.
   nytj. frá Bálkast. ytri
2. Huppahlíð
   í eyði frá
   eig. Þorbj. Sveinbj. d. og
   Sig. Jónsson
   nytj. frá Huppahlíð II

Ytri-Torfustaðahr., frh.:

3. Sandar
   í eyði frá
   eig. Sigfús L. Jónsson
   (búseta á Lindarbrekku)
4. Svarðbæli
   í eyði frá
   eig. Kirkjujarðasjóður
   nytj. frá Sveðjustöðum og
   Tjarnarkoti, j. er í umsjá
   Jarðeignad. ríkisins
5. Syðri-Reykir
   í eyði frá
   eig. Björn Björnsson,
   Ytri-Reykjum
6. Útibleiksstaðir
   í eyði frá
   eig. Reynir Jónsson
   not.

Kirkjuhvammshreppur:

1. Almenningur
   í eyði frá 1974
   eig. og not. Heimir Ág.,
   Sauðadalsá syðri
2. Gnýsstaðir
   í eyði frá 1982
   eig. Hjalti Ragnarss., Kópav.
   not.
3. Hlíð
   í eyði frá 1969
   eig. og not. Jón Gunnl. s.
   (á þar lögh. en dv. ekki)
4. Kirkjuhvammur
   í eyði frá 1954
   eig. Hvammstangahr.
   nytj. þaðan
5. Kothvammur
   í eyði frá 1971
   eig. og not. Guðm. Jóhannss.,
   Helguhvammi II
6. Mið-Kárastaðir
   í eyði frá
   eig. Astvaldur og Steinar
   Benediktss., Hvt.
   not. Ástv. Benediktss. og
   Beneditk Stefánsson

Kirkjuhvammshr, frh.:

7. Núpshlíð
   í eyði frá 1957
   eig. og not. Elín Líndal
   og Sonja Ingim.d., Lækjarm.
8. Sauðadalsá ytri
   í eyði frá 1969
   eig. Gylfi Pálmason
   not.
9. Skarð
   í eyði frá 1974
   eig. Eggert Jónsson
   not.
10. Syðsti-Hvammur
    í eyði frá 1955
    eig. db. Sig. Davíðss., Hvt.
    not.
11. Tungukot
    í eyði frá 1965
    eig. Vald. Jóh. s. og Ellert
    Gunnl. s. og Hreggviður
    Jónsson
    not.
12. Ytri-Kárastaðir
    í eyði frá 1967
    eig. Tryggvi Eggertss.
    Ól. Þórhallss., Jón Guðm. s.
    og Örn Gíslason, Hvt.

Þverárhreppur:

1. Ásbjarnarnes
   í eyði frá
   eig. Hrefna Pétursd. og
   Rannv. Guðm. d.
   nytj. að hl. frá St.- Borg ytri II
2. Breiðabólstaður
   í eyði frá
   eig. Kirkjujarðasjóður
   (Kristján Sig. s. án áb.)
3. Flatnefsstaðir
   í eyði frá
   eig. erf. Sig. Norland
4. Foss
   í eyði frá
   eig. Kirkjujarðasjóður
   nytj. frá Grund
5. Hindisvík
   í eyði frá 1977
   eig. erf. Sig. Norland
   Hindisvíkurbúið

Þverárhr., frh.:

6. Katadalur
   í eyði frá 1976
   eig. Guðm. Sig. s.
   not.
7. Klömbur syðri og ytri
   í eyði frá
   eig. Eggert O. Levý og
   Guðmann Sigurðsson
   nytj. frá Hvoli og Harast.
8. Kolþernumýri
   í eyði frá
   eig. Valdim. Jónsson
   nytj. frá Þorfinnsstöðum
9. Krossanes
   í eyði frá 1970
   eig. og not. Bened. Jóhannss.
10. Litla-Borg
    í eyði frá
    eig. Geir Bachmann, Einar
    Helgason, Björn G. Björnss.,
    Gísli Vilhj., Sturl. Böðvarss., o. fl.
    not.
11. Selland
    í eyði frá 1979
    eig. Ben. Jóhanness.
    not.
12. Sigríðarstaðir
    í eyði frá
    eig. Rannveig Ingim. d.
    not. Ingim. Sigf. s., Rvík
13. Tunga
    í eyði frá
    eig. Sigurj. Sigurðard.
    (J. G. S. húsmaður)

Þorkelshólshreppur:

1. Árnes
   í eyði frá 1978
   eig. Steinunn Guðm. d., Jörfa
   not.
2. Brautarland
   í eyði frá 1977
   eig. Ing. Steindórss.
   og Bened. Steindórss.
   not.
3. Hrísar I
   í eyði frá
   eig. Friðrik Karlss., Rvík
   not.

Þorkelshólshr., frh.:

4. Hvarf
   í eyði frá
   eig. Jóh. Herm. Sig. s.
   nytj. frá L-Hlíð
5. Krókar
   í eyði frá 1968
   eig. Þorkelshólshr.
   not.
6. Neðri-Fitjar
   í eyði frá 1974
   eig. Þorg. Jóhanness.
   not.
7. Refsteinsstaðir
   í eyði frá 1974
   eig. Bjarni Kristm. s.
   og Jón Guðmundsson
   not.

Austur-Húnavatnssýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Ashreppur:

1. Kvisthagi
   í eyði frá
   eig. Eggert Lárusson
   not. Lárus Björnsson
2. Nautabú
   í eyði frá 1974
   eig. Jón Hannesson
   not.
3. Undirfell
   í eyði frá 1965
   eig. Bjarni Hannesson
   not. Helgi Ingólfsson
4. Vaglar
   í eyði frá 1976
   eig. Helgi Ingólfsson
   nytj. j. til beitar

Sveinsstaðahreppur:

1. Másstaðir
   í eyði frá 1967
   eig. Elínborg Jónsd.
   not. að hl. frá Bjarnast.

Torfalækjarhreppur:

1. Beinkelda I
   í eyði frá
   eig. Árdís, Ástríður Sig. og Eysteinn börn Erlends Eysteinss., frá St. - Giljá
   sem nytja jörðina
2. Efra-Holt
   í eyði frá
   eig. og not. Pálmi Olafsson
3. Kaldakinn III
   í eyði frá
   eig. db. Kristj. Kristóferss.
   nytj. frá Köldukinn II
4. Smyrlaberg
   í eyði frá
   eig. db. Páls Stefánss., Bl. ósi og Einar Kristm. s.
   nytj. að hl. frá Grænuhlíð

Blönduóshreppur:

1. Hnjúkar
   í eyði frá
   eig. Blönduóshr.
   not.

Svínavatnshreppur:

1. Brúnarvellir
   í eyði frá
   eig. Jakob Þorst. s., Rvík
   not. frá Holti
2. Höllustaðir I
   í eyði frá
   eig. db. Péturs Péturss.
   not.
3. Kárastaðir
   í eyði frá 1957
   eig. og not. Sigurj. Björnss.
4. Tungunes
   í eyði frá 1959
   eig. Stefán Theódórss., o. fl.
   not.

Bólstaðarhlíðarhreppur:

1. Botnstaðir
   í eyði frá 1956
   eig. Klemenz Guðm. s.
   lánar nytjar
2. Bólstaðarhlíð III
   í eyði frá 1967
   eig. Ævar Klemenzson
   lánar nytjar
3. Brandsstaðir II
   (sameinað Brandsst. I nema 1 ha lands og íbh. Sigmars Ólafssonar)
4. Brún
   í eyði frá 1947
   eig. Eyj. Guðm. s.
   not.
5. Fjósar
   í eyði frá 1970
   eig. sjóður á vegum Skógræktar ríkisins
   lánar nytjar

Bólstaðarhlíðarhr., frh.:

6. Hlíðarendi
   í eyði frá
   eig. db. Skarph. Eiríkss.
   not. Karl Eiríksson
7. Kúfustaðir
   í eyði frá
   eig. db. Sig. Sigvaldas.
   lánar nytjar
8. Mjóadalur
   í eyði frá 1963
   eig. og not. Sverrir Haraldss.
9. Skottastaðir
   í eyði frá
   eig. Björn Sigurðsson
   (ekki með búsetu á j.
   en hefur þar áhöfn)
10. Steiná I
    í eyði frá
    eig. Stefán Þ. Sig. s.
    lánar nytjar
11. Þverárdalur
    í eyði frá 1978
    eig. Jarðasjóður ríkisins
    not.

Engihlíðarhreppur:

1. Björgólfsstaðir
   í eyði frá 1974
   eig. Haukur Pálsson
   not.
2. Engihlíð
   í eyði frá 1964
   eig. Guðst. Kristinss., Skriðul.
   not.
3. Glaumbær
   í eyði frá 1969
   eig. Guðst. Kristinss., Skriðul.
   not.
4. Neðri-Lækjardalur
   í eyði frá 1974
   eig. Jón Árni Jónsson
   og Friðgeir Kemp
   not.
5. Vatnahverfi
   í eyði frá 1970
   eig. Blönduóshreppur
   not. Einar Guðlaugsson

Vindhælishreppur:

1. Hjarðarhagi
   í eyði frá 1976
   eig. Jökull Sigtryggsson
   not.
2. Neðri-Bær
   í eyði frá 1966
   eig. og not. Einar Guðl. s.
3. Núpur
   í eyði frá 1976
   eig. Þorv. Jónsson
   not.

Höfðahreppur:

1. Háagerði
   í eyði frá 1968
   eig. Magnús Hjaltason
   Bakka, Skagahrepp
   not.

Skagahreppur:

1. Ásbúðir
   í eyði frá 1975
   eig. og not. Pálína Ásm. d.
   og Leifur Gíslason
2. Björg II (Syðri-Björg)
   í eyði frá 1979
   eig. Jón A. Olafsson
   not. Ólafur og Sig. Pálss.
3. Harrastaðir II
   í eyði frá 1978
   eig. og not. Gunnl. Sigmarss.,
   Skagaströnd
   not. Jón Vilhj. s., Brandask.
4. Hólmi
   í eyði frá 1977
   eig. og not. Árni Sveinbj. s., o. fl.
5. Krókur
   í eyði frá 1958
   eig. Ingim. Sigvaldason
   not. Sig., Sigv. og Guðjón
   Ingimarssynir
6. Kurfur
   í eyði frá 1966
   eig. og not. Björn Sigurb. s., Hlíð
7. Os
   í eyði frá 1970
   eig. Lúkas Dóeter Karlsson
   -ónytjuð-

Skagafjarðarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Skefilsstaðahreppur:

1. Bergskáli m/Borgarlæk
   í eyði frá 1963
   eig. Viggó Sigurðss., Rvík o. fl.
   nytj. frá Hvalnesi
2. Efra-Nes
   í eyði frá 1967
   eig. og not. Lárus Björnss.
3. Foss
   í eyði frá 1964
   eig. Vilb. Guðm. s. o. fl.
   nytj. frá Gauksstöðum
4. Hafragil
   í eyði frá 1971
   eig. Valdim. Gíslason
   og Laxá hf.
   nytj. frá Skefilsst. og Þorbjargarst.
5. Herjólfsstaðir
   í eyði frá 1964
   eig. Stefán Sigurðsson
   nytj. frá Skíðastöðum
6. Hvammkot
   í eyði frá 1968
   eig. Hvammkot hf.
   nytj. frá Gauksstöðum
7. Illugastaðir
   í eyði frá 1967
   eig. Ól. Sv. læknir o. fl.
   Sauðárkróki
   -ónytjuð-
8. Kelduvík
   í eyði frá 1967
   eig. Astv. Tómasson
   nytj. frá S-Mallandi
9. Lágmúli
   í eyði frá 1981
   eig. Stefán Benediktsson
   not. Jón Bened. s., Kleif
10. Selnes
    í eyði frá 1976
    eig. Björn Vigfússon og
    Daníel Helgason, Rvík
    not.

Skarðshreppur:

1. Borgargerði
   í eyði frá
   eig. og not. Kristm. Bjarnason
   og Har. Árnason
2. Borgarmýrar
   í eyði frá
   eig. Sauðárkróksbær
   not. til hrossabeitar
3. Breiðsstaðir
   í eyði frá
   eig. Jóhannes Agnarsson
   not. frá Heiði
4. Daðastaðir
   í eyði frá 1969
   eig. og not. Pétur Guðvarðss.
5. Dalsá
   í eyði frá 1934
   eig. Sigurður Magnússon
   not.
6. Hólkot
   í eyði frá 1960
   eig. og not. Sv. Sv., Ingv. st.
7. Innstaland
   í eyði frá 1971
   eig. db. Skafta Sigurfinnss.
   not. Guðm. Helgason
8. Kálfárdalur
   í eyði frá 1962
   eig. Rípurhreppur
   -afrétt-
9. Reykir
   í eyði frá
   eig. og not. Jón Eiríksson,
   Jón Hallur o. fl.
   not.

Staðarhreppur:

1. Árnúli
   í eyði frá 1954
   eig. Gunnur Pálsdóttir
   not.

Seyluhreppur:

1. Lauftún
   í eyði frá
   eig. Landnám ríkisins
   nytj. af Vallhólma hf.
2. Stóra-Vatnsskarð II
   í eyði frá
   eig. og not. Benedikt Benediktss., St. - Vatnssk. I
3. Syðra-Vallholt I
   í eyði frá 1974
   eig. og not. Vilhj. Sig. s. og Gunnar Gunnarsson
4. Torfagarður
   í eyði frá 1959
   eig. Hestam. fél. Stígandi
   not.
5. Valadalur
   í eyði frá 1977
   eig. Gissur Jónss., Valagerði
   not.

Lýtingsstaðahreppur:

1. Bakkakot
   í eyði frá 1958
   eig.
   not. frá Byrgisskarði
2. Breiðagerði
   í eyði frá 1975
   eig. og not. Jórunn Guðm. d.
3. Hamrar
   í eyði frá 1955
   eig. Sigurj. Sigurb. s.
   nytj. frá Hamrahlíð
4. Laugarból
   í eyði frá 1966
   eig. Lýtingsstaðahr.
   not. Lýtingsstaðahr. og Sveinsstaðaskóli
5. Reyðholt
   í eyði frá 1975-76
   eig. Jóhannes Snorrason
   not.
6. Skíðastaðir
   í eyði frá 1959
   eig. Helga Erl. d. og Sveinn Jóhannsson
   not. frá Laugarh., Ljósalandi og Varmalæk

Lýtingsstaðahr., frh.:

7. Steintún
   í eyði frá 1980
   eig. Steindór Sig. s.
   nytj. frá Fitjum og Héraðsdal
8. Sveinsstaðir
   í eyði frá 1976
   eig. Borgar Símonarson
   not.
9. Syðri-Mælifellsá II
   eig. og not. Sv. Jóhannsson og Björn Sveinss., Varmal.
10. Teigakot
    í eyði frá 1955
    eig. Eyst. Sigurðsson
    not. frá Borgarfelli

Akrahreppur:

1. Axlarhagi
   í eyði frá 1957
   eig. og not. Hannes Stefánss.
2. Ásgarður
   í eyði frá
   eig. Guðm. S. Ingim. s.
   (Friðjón Hjörleifss., með lögh. og búsetu hl. úr ári)
3. Borgargerði
   í eyði frá 1974
   eig. Helgi Friðriksson og Valdimar Gunnarsson
   (partur tekinn undan j.)
4. Bjóla
   í eyði frá 1981
   eig. db. Guðm. Valdimarss. og db. Gunnars Valdimarssonar
   nytj. frá Fremrikotum
5. Hrólfsstaðir
   í eyði frá 1960
   eig. db. Guðr. Þorst. d.
   not.
6. Mikley
   í eyði frá 1952
   eig. Halldór Sigurðsson
   nytj. frá Stokkhólma
7. Tungukot
   í eyði frá
   eig. Gunnar og Einar Oddss.
   nytj. frá Flatatungu

Akrahreppur, frh.:

8. Tyrfingsstaðir
   í eyði frá 1970
   eig. Kristín Jóhannesd.
   not.
9. Víkurkot
   í eyði frá
   eig. Sig. Jóelsson
   not. frá St. - Ökrum II

Rípurhreppur:

1. Hróarsdalur I
   í eyði frá
   eig. og not. Páll Jónasson,
   Utanverðunesi
2. Hróarsdalur III
   í eyði frá
   eig. og not. Sig. Jónasson,
   Akureyri

Viðvíkurhreppur:

1. Ásgarður
   í eyði frá 1950
   eig. og not. Sigurmon
   Hartmannss., Kolkuósi
2. Hringver
   í eyði frá 1958
   eig. og not. Sig. Hólmk. s.,
   Dalsmynni
3. Lækur
   í eyði frá 1959
   eig. Ingim. Magnúss., Rvík
   og Sigr. Ingim. d.
   nytj. frá Enni
4. Mikli-Hóll
   í eyði frá 1966
   eig. og not. Sigurmon
   Hartmannss., Kolkuósi

Hólahreppur:

1. Ás
   í eyði frá
   eig. og not. Ferdinad
   Rósmundsson
2. Fjall
   í eyði frá 1956-57
   eig. Hólahreppur
   (hefur verið lögð u.
   Kolbeinsdalsrétt)

Hólahreppur, frh.:

3. Sigtún
   í eyði frá 1975
   eig. Gerður Sig. d., Keflavík
   not.
4. Skriðuland
   í eyði frá 1955-56
   eig. Hólahreppur
   (hefur verið lögð u.
   Kolbeinsdalsafrétt)
5. Smáragrund (S)
   í eyði frá
   eig. Þorv. Oskarsson
   not.
6. Unastaðir
   í eyði frá 1956-57
   eig. Gísli Magn. s., Vöglum
   not.

Hofshreppur:

1. Á
   í eyði frá
   eig. Halldór Hjálmarsson
   not. Hjálmar Sigmarsson
2. Enni I
   í eyði frá
   eig. 5 erf. Páls Þorl. s.
   not. Óttar Skjóldal
3. Hraun
   í eyði frá
   eig. Hofshreppur
   (að mestu lögð u. afrétt)
4. Hugljótsstaðir
   í eyði frá
   eig. og not. Sv. Símonarson
   j. leigð til slægna
5. Miðhúsagerði
   í eyði frá 1952
   eig. og not. Gunnar Stefánss.
6. Stekkjarból
   í eyði frá
   eig. Sigurj. A. Sigurj. s.
   og Grétar Haraldss., Rvík
   not. Hjálmar Sigmarsson
7. Tungufell
   í eyði frá 1976
   eig. Hjálmar Pálsson
   not.

Hofsóshreppur:

1. Hjarðarholt
   Í eyði frá
   eig. Hofsóshreppur
   not. Margrét Þorgrímsd.

Fellshreppur:

1. Heiði
   Í eyði frá 1980
   eig. Guðmundur Jónsson
   not.
2. Keldnakot/Keldur
   Í eyði frá 1963
   eig. Straumnes hf., Ak.
   not. af ýmsum
3. Mýrar
   Í eyði frá
   eig. og not. Eggert Jóh. s.
4. Róðhóll
   Í eyði frá
   eig. og not. áb. á Bræðraá
5. Syðstihóll
   Í eyði frá
   eig. Magnús Pétursson
6. Yzti-Hóll
   Í eyði frá 1965
   eig. og not. Jón Ásgr. s.
7. Þrastarlundur
   Í eyði frá 1955
   eig. og not. Kr. Jóhannesd.

Haganeshreppur:

1. Brautarholt I
   Í eyði frá 1968
   eig. Sv. Sveinsson, o. fl.
   not. frá E-Haganesi I
2. Dæli
   Í eyði frá 1965
   eig. ríkissjóður
   not. frá Langhúsum
3. Efra-Haganes II
   Í eyði frá
   eig.
   not. frá Minni-Reykjum
   -sumarbústaður-

Haganeshr., frh.:

4. Illugastaðir
   Í eyði frá
   eig. Þórh. Tryggvason
   -ónytjuð-
5. Karlsstaðir
   Í eyði frá 1952
   eig. ríkissjóður
   nytj. frá Fyrirbarði
6. Minni-Grindill
   Í eyði frá 1971
   eig. Hinrik Thorarensen
   nytj. frá Ökrum
7. Móskógar
   Í eyði frá 1962
   eig. Sæm. Hermannsson
   nytj. frá Yzta-Móa
8. Neðra-Haganes I
   Í eyði frá
   eig. og not. Jón K. Ólafss.,
   E-Haganesi I
9. Sjöundastaðir
   Í eyði frá 1972
   eig. og not. Lúðv. Ásmundss.
10. Steinavellir
    Í eyði frá
    eig. ríkissjóður
    not.
11. Steinhóll
    Í eyði frá
    eig. og not. Lúðv. Ásmundss.

Holtshreppur:

1. Bakki
   Í eyði frá
   eig. Rafm. v. Siglufjarðar
   not. frá Skeiðsf. v.
2. Gautastaðir
   Í eyði frá 1960
   eig. Jóh. Bogason, Siglufirði
   not.
3. Gilslaug
   Í eyði frá 1964
   eig. Björgv. og A. Færseth
   not. Trausti Sveinsson

Holtshr., frh.:

4. Hólar
   í eyði frá 1973
   eig. Pétur Pálsson, Sigluf.
   nytj. frá Molastöðum
5. Hólavellir
   í eyði frá
   eig. sveitarsj. Hólahrepps
   nytj. frá Molastöðum og Helgustöðum
6. Hraun II
   í eyði frá
   eig. og not. Pétur Guðm. s.
7. Hvammur
   í eyði frá 1975
   eig. db. Ingv. Hallgrímsd.
   nytj. frá Bjarnargili og Molastöðum
8. Illugastaðir
   í eyði frá 1959
   eig. Illugi hf., Siglufirði
   nytj. frá Brúnastöðum
9. Knappsstaðir
   í eyði frá 1974
   eig. Jarðeignad. ríkisins
   nytj. frá Þrasastöðum
10. Melbreið
    í eyði frá 1964
    eig. Sigr. Jónsdóttir
    nytj. frá Helgustöðum
11. Minni-Þverá
    í eyði frá 1959
    eig. Bened. Stefánsson
    nytj. frá S-Þverá
12. Móafell
    í eyði frá 1963
    eig. Jarðeignad. ríkisins
    nytj. frá Brúnastöðum
13. Nefstaðir
    í eyði frá 1962
    eig. Steinn Jónss., Sigluf.
    nytj. frá Bakka, Ólafsf. og Deplum
15. Nýrækt
    í eyði frá 1972
    eig. Jarðeignad. ríkisins
    nytj. frá Brúnastöðum

Holtshr., frh.:

15. Reykjarhóll
    í eyði frá 1981
    eig. Rafm. v. Siglufj., o. fl.
    nytj. frá Brúnastöðum og Molastöðum
16. Skeið
    í eyði frá 1959
    eig. Rafm. v. Siglufj.
    nytj. frá S-Þverá
17. Slétta
    í eyði frá 1971
    eig. Hinrik Thorarensen
    nytj. frá S-Holti og S-Brekku
18. Tunga
    í eyði frá 1960
    eig. Jarðeignad. ríkisins
    -afrétt Holtshrepps-

Eyjafjarðarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Svarfaðardalshreppur:

1. Auðnir
   í eyði frá 1953
   eig. Jónmundur Zóp.
   nytj. frá Hóli
2. Blakksgerði/Syðri-Grund
   í eyði frá 1956
   eig. Páll Tómass., Ak.
   nytj. frá Y.- Garðshorni
3. Brekkukot
   í eyði frá 1968
   eig. Vilhelm Sveinbj.s.
   nytj. frá Brekku o.fl.
4. Hamar
   í eyði frá 1964
   eig. Svarfaðardalshr.
   nytj. frá Skáldalæk
5. Hjaltastaðir
   í eyði frá 1963
   eig.og not.Sigurj.Sig.s.
6. Laugahlíð
   í eyði frá 1970
   eig. Svarfaðardalshr.
   nytj. frá Jarðbrú
   -kennarabústaður-
7. Miðbær
   í eyði frá 1970
   eig. ríkissjóður
   nytj. frá Uppsölum
8. Sandá
   í eyði frá 1967
   eig.og not.Jóhann Sigurbj.s.
   og Gunnl. Tryggvason
9. Skeggstaðir
   í eyði frá
   eig. og not. Gunnl.Sigv.s.,
   Hofsárkoti
10. Ölduhryggur
    í eyði frá 1966
    eig.og not. Þorgils Gunnl.s.

Árskógshreppur:

1. Hillur
   í eyði frá 1954
   eig. Kolbrún Kristjánsd.
   not.

Árskógshr., frh.:

2. Víkurbakki
   í eyði frá
   eig. Haukur Haraldss., Ak.
   not.
3. Ytri-Hagi
   í eyði frá
   eig. Friðr.Þorst.s., Ak.
   not.

Arnarneshreppur:

1. Áslaksstaðir II
   í eyði frá
   eig.og not. Ingimar
   Brynjólfss., Áslaksst.I
2. Bakkagerði
   í eyði frá 1966
   eig. ríkissjóður
   not.
3. Eyrarbakki
   í eyði frá 1962
   eig. Stefán Jörundsson
   not.
4. Grund
   í eyði frá
   eig. Arnarneshr.
   not.
5. Hallgilsstaðir
   í eyði frá
   eig.og not.Skúli Torfason
6. Hof II
   í eyði frá
   eig.og not.Gunnl.og Bjarni
   Pálmasynir, Hofi I
7. Hof III
   í eyði frá
   eig. og not. Gunnl.og Bjarni
   Pálmasynir, Hofi I
8. Hvammur v/Hjalteyri
   í eyði frá
   eig.og not. Árni Jónsson, Ak.
9. Syðri-Kambhóll
   í eyði frá
   eig. Herdís Hermannsd.
   nytj. frá S-Kambhóli

Arnarneshr., frh.:

10. Torfunes
í eyði frá
eig. Þóra og Ragnh. Stef.d.
nytj. frá Fagraskógi

Skriðuhreppur:

1. Ásgerðarsel
í eyði frá
eig. Sigm.Sigurgeirss.
nytj. frá Staðarbakka
2. Ásgerðarstaðir
í eyði frá
eig. Sig.Skúlason
not.
3. Baugasel
í eyði frá 1965
eig. og not.Ól.Skaftason
og Sturla Eiðsson
4. Bás
í eyði frá 1964
eig. og not.Gunnar
Jósavinss., Búðarnesi
5. Hallfríðarstaðarkot
í eyði frá 1961
eig. og not. Kristján
Hermannss., Lönguhlíð
6. Hólkot
í eyði frá 1965
eig. og not.Þórir Valg.s.
og Árni Þórisson
7. Myrkárdalur
í eyði frá 1954
eig. og not.Árm.Búason
8. Sörlatunga
í eyði frá 1964
eig. Guðm.Eiðsson
not. Sturla Eiðsson
9. Þúfnavellir II
í eyði frá
eig. Baldur Guðm.s.
nytj. frá Þúfnavöllum I

Öxnadalshreppur:

1. Skjaldarstaðir
í eyði frá 1961
eig. og not. Gunnar
Jósavinsson

Glæsibæjarhreppur:

1. Ás
í eyði frá 1971
eig. og not. frá
N-Vindheimum
2. Efri-Rauðalækur
í eyði frá 1979
eig. Pétur Ólafsson
og Árni Ingólfss., Ak.
not.
3. Hamar
í eyði frá 1977
eig. ríkissjóður
not.
4. Pétursborg
í eyði frá 1969
eig. félagsb. Einarsst.
not.
5. Skútar
í eyði frá 1963
eig. Glæsibæjarhr.
nytj. frá Grjótgarði
6. Steðji
í eyði frá 1968
eig. Sverrir Baldvinss.
not.
7. Vaglar
í eyði frá
eig. Skógrækt ríkisins
og Glæsibæjarhreppur
not.

Hrafnagilshreppur:

1. Espigrund
í eyði frá
eig. og not. Jón
Jóhanness,, Espihóli
2. Hólshús I
í eyði frá
eig. Helgi Schiöth
not. Reynir Sch., Hólsh.II
3. Hraungerði
í eyði frá 1968
eig. Þröstur Jóhannss.
not.
4. Miðhús
í eyði frá 1967
eig. og not.Guðrún Egilsd.
og Gísli Björnsson

Saurbæjarhreppur:

1. Guðrúnarstaðir
   í eyði frá 1967
   eig. og not. Grétar Rósantsson
2. Jökull
   í eyði frá 1953
   eig. og not. Kristj. Herm. s.
3. Kolgrímastaðir
   í eyði frá
   eig. Steinþ. Júlíusson
   not. Armann Skjaldarss.
4. Miðgerði
   í eyði frá 1977
   eig. og not. Sigurg. Sveinbj. s.
5. Miklagarður
   í eyði frá
   eig. og not. Olafur Kjartanss.
6. Rauðhús
   í eyði frá 1955-60
   eig. og not. Sigtr. Sveinbj. s.
7. Seljahlíð
   í eyði frá 1960
   eig. Jórunn Hrólfsdóttir
   nytj. frá Eyvindarstöðum
8. Syðra-Dalsgerði
   í eyði frá 1963-64
   eig. Guðm. G. Valdim. s.
   og systkini
   nytj. frá Árbakka, Hrafnag. hr.

Öngulstaðahreppur:

1. Hóll I
   í eyði frá
   eig. Kristján Jónsson
   j. leigð til slægna
2. Syðra-Laugaland
   í eyði frá 1973
   eig. ríkissjóður
   not. bændur í hreppnum
3. Tjarnarland
   í eyði frá
   eig. Theódór Kristjánss.
   not.

Suður-Þingeyjarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Svalbarðsstrandarhreppur:

1. Gautsstaðir II
   í eyði frá
   eig. og not. Friðrik
   Friðbj. s., Gautsst. I
2. Hallandsnes
   í eyði frá
   eig. og not. Guðmundur
   Haraldss., Hallandi

Grýtubakkahreppur:

1. Borgargerði
   í eyði frá
   eig. og not. Sveinn
   Sigurbjörnss., Artúni
2. Finnastaðir I
   í eyði frá
   eig. db. Þórh. Gunnl. s.
   not.
3. Grenivík
   í eyði frá
   eig. Grýtubakkahr.
   not.
4. Kljáströnd
   í eyði frá
   eig. db. Ólafs Gunnarss.
   -sumarbústaður-
5. Litla-Gerði
   í eyði frá
   eig. og not. Skírnir
   Jónsson, Skarði
6. Miðvík I
   í eyði frá
   eig. Sigrún Jóhannesd.
   not. Flosi Kristinsson
7. Miðvík II
   í eyði frá
   eig. Indr. Sigm. s., o. fl.
   not.
8. Pálsgerði
   í eyði frá
   eig. og not. Ísleifur
   Sumarliðason

Grýtubakkahr., frh.:

9. Sund
   í eyði frá 1963
   eig. og not. Sv. Jóhanness.

Hálshreppur:

1. Bakki
   í eyði frá
   eig. Valtýr og Stefán
   Kristj. s, Nesi
   -ónytjuð-
2. Fornastaðir
   í eyði frá
   eig. Sig. Stefánss. og
   Jón G. Lúthersson
   not.
3. Garður
   í eyði frá 1961
   eig. og not. Jón G.
   Lúthersson, Sólvangi
4. Melar
   í eyði frá 1963
   eig. og not. Jón F.
   Sig. s., Hjarðarholti
5. Selland
   í eyði frá 1943
   eig. og not. erf.
   Sig. O. Björnssonar
6. Snæbjarnarstaðir
   í eyði frá 1956
   eig. Hálshreppur
   not.
7. Syðri-Hóll
   í eyði frá 1971
   eig. og not. Benedikt
   Karlss. og Kr. Valdim. s.
8. Sörlastaðir
   í eyði frá 1959
   eig. Hálshreppur, o. fl.
   nytj. sem afrétt

Ljósavatnshreppur:

1. Halldórsstaðir
   í eyði frá 1982
   eig. db. Þórh. Kristj. s.
   not.
2. Landamót
   í eyði frá
   eig. Ingólfur Kristjánss.,
   Ytra-Felli III
   not.
3. Litlu-Tjarnir
   í eyði frá
   eig. Ljósavatnshr.
   not.
4. Ofeigsstaðir I
   í eyði frá
   eig.
   nytj. frá Ofeigsst. II
   og Rangá
5. Selfell
   í eyði frá
   eig. og not. Tryggvi
   B. Jónss., Fellsseli
6. Ytri-Leikskálaá
   í eyði frá
   eig. og not. Páll
   Sigurgeirss., Ártúni

Bárðdælahreppur:

1. Arnarstaðir
   í eyði frá 1971
   eig. Herm. Baldv. s.
   og systkini
   nytj. af nágrönnum
2. Hrappsstaðir
   í eyði frá 1974
   eig. Bárðdælahr.
   not.
3. Vesturhlíð
   í eyði frá
   eig. Ingvar Vagnsson,
   Hlíðarenda
   not.

Skútustaðahreppur:

1. Arnarvatn I
   í eyði frá
   eig. Bóth. og Sigurbj.
   Benediktsdætur
   nytjað af ýmsum

Skútustaðahr., frh.:

2. Álftagerði I
   í eyði frá
   eig. Gestur Jónsson
   not.
3. Bjarg
   í eyði frá
   eig. Illugi Jónsson
   nytj. af ýmsum
4. Geirastaðir
   í eyði frá 1982
   eig. erf. Stefáns Sig. s.
   nytj. af ýmsum
5. Geiteyjarströnd I
   í eyði frá
   eig. Héðinn Sverrisson
   nytj. frá Reynihlíð
6. Geiteyjarströnd III
   í eyði frá
   eig. og not. Þorst.
   Aðalsteinsson
7. Grímsstaðir I
   í eyði frá 1976
   eig. Laufey Helgadóttir
   og Helgi V. Helgason
   -tún leigt-
8. Grænavatn III
   í eyði frá
   eig. Sveinn Helgason
   nytj. frá Grænavatni I
9. Helluvað III
   í eyði frá
   eig. Sigr. Sigurg. d.
   nytj. frá Laxárbakka
10. Hörgsdalur
    í eyði frá
    eig. Jóst. B. Helgason
    not.
11. Kálfaströnd I
    í eyði frá
    eig. Elín og Auður Ísfeldsd.
    nytj. frá Kálfaströnd II
12. Stöng I
    í eyði frá
    eig. Kolb. Ásmundsson
    nytj. frá Stöng II og Heiðmörk
13. Þórólfshvoll
    í eyði frá
    eig. Þráinn, Ketill og Jón
    Þórissynir
    nytj. frá Baldursheimi I

Reykdælahreppur:

1. Birningsstaðir
   í eyði frá 1976
   eig. Þorm. Torfason
   nytj. frá Auðnum
2. Brettingsstaðir
   í eyði frá 1954
   eig. Jakob Gíslason
   og Hálfd. Eiríksson
   nytj. frá Brún
3. Glaumbær
   í eyði frá 1979
   eig. Brynjar Axelsson
   nytj. frá Grundarg./Laugab.
4. Hallbjarnarstaðir I
   í eyði frá
   eig. Erl. Teitsson
   nytj. frá Brún
5. Hallbjarnarstaðir II
   í eyði frá
   eig. Erl. Teitsson
   nytj. frá Brún
6. Halldórsstaðir I, Laxárd.
   í eyði frá 1970
   eig. William Pálsson
   not.
7. Halldórsstaðir II, Laxárd.
   í eyði frá 1960
   eig. Þóra Hallgrímsd.
   nytj. frá Kasthvammi
8. Halldórsstaðir III, Laxárd.
   í eyði frá 1969
   eig. Háskóli Íslands
   -ónytjuð-
9. Halldórsstaðir IV, Laxárd.
   í eyði frá 1969
   eig. Háskóli Íslands
   nytj. að n. frá Kasthvammi
10. Halldórsstaðir í Reykjad.
    í eyði frá
    eig. ríkissjóður
    nytj. frá Ökrum o.v.
11. Hólar í Laxárd.
    í eyði frá
    eig. Þorbj. Björnsd. og
    db. Þórl. Hjálmarsd.
    nytj. frá Árhólum
12. Laugasel
    í eyði frá
    eig. db. Helga Ásmundss.
    og Margr. Jóhannesd.
    -ónytjuð-

Reykdælahr., frh.:

13. Litlu-Laugar
    í eyði frá
    eig. Askell Sigurj. s.
    nytj. frá Laugafelli
14. Ljótsstaðir
    í eyði frá 1965
    eig. erf. Hjálmars Jónss.
    og Asl. Torfadóttur
    nytj. frá Auðnum, Þverá
    og Árhvammi
15. Skógarsel
    í eyði frá 1964
    eig. Ívar Árnas., Ragnar
    Árnas. og Sólveig Árnad.
    not.
16. Stafn II
    í eyði frá
    eig. Pétur Ingólfsson
    nytj. frá Fellshlíð
17. Stafn III
    í eyði frá 1962
    eig. og not. Njáll Hólmg. s.
18. Viðar
    í eyði frá 1973
    eig. Geir Ásmundss. og
    Hera, Kristín, Steinunn
    og Vilborg Ásmundsd.
    not.
19. Öndólfsstaðir III
    í eyði frá
    eig. Árni Jónsson
    nytj. frá Öndólfsst. II

Aðaldælahreppur:

1. Austurhagi
   í eyði frá 1966
   eig. og not. Ívar
   Ketilsson, Fjalli
2. Hlégarður (S)
   í eyði frá
   eig. Skafti Benediktsson
   not.
3. Langavatn
   í eyði frá 1973
   eig. og not. Jóh. Kristj. s.
4. Rauðaskriða III
   í eyði frá
   eig. Sig. Kr., Arnbj. Sigurðarb.
   og db. Friðf. Sig.
   not. Ríkh. Gunnarsson

Aðaldælahr., frh.:

5. Reynisstaður
   í eyði frá
   eig. Reynir Kjartanss.
   íbh. leigt Jóni R. Sigurg. s.
   o. fl. (eiga þar lögh.)
6. Skriðusel
   í eyði frá 1979
   eig. Sig. H. Friðf. s. og
   Theódór Arnason
   not.

Reykjahreppur:

1. Laufahlíð
   í eyði frá 1982
   eig. Jón F. Jónsson
   not.
2. Saltvík
   í eyði frá
   eig. Landnám ríkisins
   (hús leigt ýmsum)
3. Skógar I
   í eyði frá 1981
   eig. Gunnl. Sveinbj. s.
   not.
4. Stóru-Reykir
   í eyði frá 1964
   eig. Stef. Oskarss., Rein
   not.

Tjörneshreppur:

1. Tungugerði
   í eyði frá
   eig. og not. Sigtr.
   Bjarnason

Norður-Þingeyjarsýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Kelduneshreppur:

1. Arnarnes
   í eyði frá 1966
   eig. db. Gunnars Jóh. s.
   nytj. frá Víkingavatni
2. Árdalur
   í eyði frá
   eig. Árdalur sf., Rvík
   c/o Þórh. Björnsson
   not.
3. Bakki
   í eyði frá 1964
   eig. K. N. Þ.
   not.
4. Bangastaðir
   í eyði frá 1954
   eig. Mánárbændur
   not.
5. Eyvindarholt
   í eyði frá
   eig. Heiðar Sigvaldas.
   not.
6. Garður III
   í eyði frá 1953
   eig. Kári Þórarinss.
   not.
7. Kelduneskot
   í eyði frá
   eig. Jón G. Stef. s., Höfðabr.
   (eig. íbh. Ingunn Kristinsd.)
   not.
8. Kílakot
   í eyði frá 1966
   eig. og not. Þórarinn y. Þórarinsson, Vogum
9. Nýi-Bær
   í eyði frá 1977
   eig. Sig. H. Heiðarss.
   not.
10. Olafsgerði
    í eyði frá 1955
    eig. og not. Þórarinn y. Þórarinsson, Vogum
11. Víkingavatn II
    í eyði frá 1980
    eig. Sv. Björnsson
    tún 1. Jóh. Ól. og Jóni Ól.

Kelduneshr., frh.:

12. Þórunnarsel
    í eyði frá 1966
    eig. Egill Stefánsson og Hannes Eggertsson
    not.

Öxarfjarðarhreppur:

1. Akursel
   í eyði frá 1980
   eig. ríkissjóður
   not. Halld. Gunnarss., Víðil.
2. Bjarmaland
   í eyði frá 1957
   eig. og not. Theódór Gunnlaugsson
3. Ferjubakki
   í eyði frá
   eig. db. Aðalh. Björnsd.
   nytj. frá Bjarnastöðum
4. Hafursstaðir
   í eyði frá 1966
   eig. Helgi Gunnlaugss.
   tún lítill. nytjuð frá Y-Hvammi, Aðaldal
5. Skógar II
   í eyði frá 1979
   eig.
   nytj. frá Sandfellshaga I
6. Víðines
   í eyði frá 1963
   eig. Magn. Þorbergss.
   nytj. frá Ærlæk

Fjallahreppur:

1. Fagradalur
   í eyði frá
   eig. og not. Ragnar Guðm. s., Nýhól
2. Grímsstaðir I
   í eyði frá
   eig. db. Karls Kristj. s.
   nytj. frá Grímsstöðum II og Grímstungu

Fjallahreppur, frh.:

3. Grundarhóll
   í eyði frá 1962
   eig. Páll Kristj. s. og Bragi Benediktsson
   not.
4. Víðihóll
   í eyði frá 1964
   eig. Ól. Stefánsson
   nytj. frá Grímsst. II og Grímstungu

Presthólahreppur:

1. Arnarhóll
   í eyði frá
   eig. Presthólahr.
   nytj. frá Daðastöðum
2. Arnarstaðir
   í eyði frá
   eig. Presthólahr.
   not.
3. Brúnir
   í eyði frá
   eig. Stefán Björnss., Rvík
   not.
4. Einarsstaðir
   í eyði frá
   eig. Halldór Gunnarss.
   nytj. frá Valþjófsstöðum, af Presthólabændum o. fl.
5. Grasgeiri
   í eyði frá
   eig. Hösk. Þorst. s., Hóli
   not.
6. Grashóll
   í eyði frá
   eig. erf. Björns og Friðm. Jóhannessona
   not.
7. Grjótnes II
   í eyði frá
   eig. Guðm., Gunnar og Baldur Björnssynir
   not.
8. Harðbakur I
   í eyði frá
   eig. Margr. Siggeirsd. og börn hennar
   not.

Presthólahr., frh.:

9. Harðbakur II
   í eyði frá
   eig. db. Antons Jónass.
   not.
10. Nýhöfn
    í eyði frá
    eig. börn Kr. Kristj. s.
    not.
11. Oddsstaðir
    í eyði frá
    eig. börn P. Sigurg. s.
    not.
12. Rif
    í eyði frá
    eig. ríkissjóður
    leigul. Sigr. Methúsalemsd.
13. Sæberg
    í eyði frá
    eig. Sigr. Methúsalemsd.
    not.
14. Vatnsendi
    í eyði frá
    eig. börn P. Sigurg. s.
    not.

Svalbarðshreppur:

1. Brekknakot
   í eyði frá 1968
   eig. Svalbarðshr.
   not.
2. Flaga II
   í eyði frá
   eig. Ríkh. Jóhanness.
   nytj. frá Flögu I
3. Flautafell
   í eyði frá 1978
   eig. ríkissjóður
   not.
4. Hermundarfell
   í eyði frá 1966
   eig. og not. Eyvindur og Gunnar Þóroddssynir, Hagalandi
5. Hvammur III
   í eyði frá
   eig. Aðalst. Sigfússon
   nytj. frá Hvammi II

Svalbarðshr., frh.:

6. Krossavík II
   í eyði frá 1982
   eig. Jónas Gottsk. s.,
   Viðarholti, Eyf.
   not.
7. Kúðá I
   í eyði frá 1967
   eig. Guðbj. Gunnarss.
   not.
8. Laxárdalur III
   í eyði frá
   eig. og not. Árni og
   Þórarinn Kristj. s., Holti
9. Osland
   í eyði frá 1975
   eig. Hjalti Jóhanness., Flögu
   not.
10. Svalbarðssel
    í eyði frá 1974
    eig. Leó Jósefsson
    not.
11. Sveinungsvík II
    í eyði frá
    eig. Guðm. Einarss., Raufarh.
    nytj. frá Sveinungsvík I
12. Sævarland II
    í eyði frá 1976
    eig. Guðjón Kristdórss.,
    Sævarlandi
    not.
13. Víðimörk
    í eyði frá 1976
    eig. Arnar Aðalbj. s., Þh.
    nytj. frá Hvammi I

Sauðaneshreppur:

1. Artún
   í eyði frá 1974
   eig. Hákon Erlendss., Rvík
   og Vilhj. A. Þórðars., Rvík, o. fl.
   not.
2. Ássel
   í eyði frá 1958
   eig. db. Jónasar A. Helgas.,
   Hlíð
   -ónytjuð-

Sauðaneshr., frh.:

3. Eiði I
   í eyði frá 1974
   eig. Hákon, Björn og Jón
   Erlendss. og Vilhj. A., Sig.
   og Jón Þórðarsynir
   not.
4. Eiði II
   í eyði frá 1974
   eig. Hákon, Björn og Jón
   Erlendss. og Vilhj. A., Sig.
   og Jón Þórðarsynir
   not.
5. Eldjárnsstaðir
   í eyði frá 1958
   eig. Guðj. og Sigmar
   Kristjánss., Þórshöfn
   not.
6. Grund
   í eyði frá 1965
   eig. Haukur Oskarss., Rvík
   -ónytjuð-
7. Heiðarhöfn
   í eyði frá 1968
   eig. db. Hallmars
   Jóhannss., Eiði
   not.
8. Heiði I
   í eyði frá 1951
   eig. Vilhj. Hólmg. s.,
   Raufarhöfn og db. Sigr.
   Vilhj. d. frá Heiði
   not.
9. Heiði II
   í eyði frá 1951
   eig. Sæm. Sæm. s., Þórshöfn
   not.
10. Hóll
    í eyði frá
    eig. Margr. Árnadóttir
    -sumarbústaður-
11. Hrollaugsstaðir
    í eyði frá 1963
    eig. Vilhj. Magnúss., Húsavík
    -ónytjuð-
12. Jaðar
    í eyði frá 1964
    eig.
    (mun vera lögð u. Y-Brekkur)

Sauðaneshr., frh.:

13. Læknisstaðir I
í eyði frá 1960
eig. Magn. Jónsson, Þórshöfn
not.

14. Læknisstaðir II
í eyði frá 1960
eig. Skúli Þorsteinsson
og Óli Æ. Þorst. s., Þórsh.
not.

15. Skálar
í eyði frá 1954-57
eig. Lúðvík Jóhanness.,
Heiðarbæ, Vestm.
-ónytjuð-

16. Skoruvík
í eyði frá
eig. ríkissjóður
leigul. Björn Kristj. s., Þórsh.

17. Staðarsel
í eyði frá ca 1960
eig. Þórshafnarhr.
not.

Norður-Múlasýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Skeggjastaðahreppur:

1. Bakki
   í eyði frá 1970
   eig. Járnbrá Friðriksd.
   nytj. frá Bakka II
2. Bakki III
   í eyði frá 1965
   eig. Skúli Friðriksson
   (samþ. endurb. eyðij. '76)
3. Dalshús
   í eyði frá 1967
   eig. Fr. Höjgaard, o. fl., Vopnaf.
   not.
4. Djúpalækur
   í eyði frá 1962
   eig. Aðalbj. og Aðalst.
   Þórarinss., Ak.
   nytj. frá Bjarmalandi
5. Gunnarsstaðir
   í eyði frá 1954
   eig. Kr. Ásgeirss., Þórshöfn
   not.
6. Gunnólfsvík I
   í eyði frá 1961
   eig. Jóhann Frímannsson
   nytj. frá Felli
7. Gunnólfsvík II
   í eyði frá 1951
   eig. Jenný Stefánsdóttir
   not.
8. Hafnir
   í eyði frá
   eig. Jóhann Frímannsson
   not.
9. Hölkná
   í eyði frá 1974
   eig. og not. Ásgeir
   Þórhallss., Veðramóti
10. Melavellir
    í eyði frá 1981
    eig. Sigr. Sigurðard.
    nytj. frá Miðfjarðarn. III
11. Miðfjarðarnes I
    í eyði frá 1979
    eig. Indriði Þóroddss., Friðrik
    og Jóhanna Gunnarsbörn
    nytj. frá Miðfjarðarn. III

Skeggjastaðahr., frh.:

12. Miðfjarðarnes II
    í eyði frá 1972
    eig. Þorst. Árnason
    nytj. frá Miðfj. n. III
13. Miðfjörður I
    í eyði frá 1952
    eig. Þorbj. Þ. Bender, Rvík
    not.
14. Saurbær I
    í eyði frá 1968
    eig. og not. Sigurbj.
    Þorst. s., Hellulandi
15. Saurbær II
    í eyði frá 1960
    eig. Skúli Friðr. s., Þórshöfn
    not.
16. Sóleyjarvellir
    í eyði frá 1966
    eig. Þórshafnarhr.
    not.
17. Steintún I
    í eyði frá 1957
    eig. Þórarinn Magn. s., Rvík
    not.
18. Steintún II
    í eyði frá 1966
    eig. Hulda Kristj. d. og
    Sigurður Marinóss., Rvík
    not.
19. Veðramót II
    í eyði frá 1974
    eig. Árni E. Árnason
    nytj. frá Veðramóti I

Vopnafjarðarhreppur:

1. Áslaugsstaðir
   í eyði frá 1962
   eig. Strengur hf., Rvík o. fl.
2. Borgir
   í eyði frá 1965
   eig. Anton Gunnarss., Teigi
   not.
3. Fagridalur I
   í eyði frá 1962
   eig. börn Andrésar Sveinss.
   og Kristbj. Sveinsdóttur
   not.

Vopnafjarðarhr., frh.:

4. Fagridalur II
   í eyði frá 1962
   eig. erf. Stef. Guðm. s.
   not.

5. Fagridalur III
   í eyði frá 1962
   eig. erf. Oddnýjar
   Sveinsd., Vopnafirði
   not.

6. Fagurhóll
   í eyði frá 1961
   eig. Oddur Ol., Reykjal.
   og Gústaf Þórðars., Rvík

7. Hámundarstaðir IV
   í eyði frá
   eig. og áb. Guðni Stef. s.

8. Hellisfjörubakkar
   í eyði frá 1972
   eig. Jörgen Sigmarss.
   o. fl. nytja túnið

9. Hvammgerði
   í eyði frá 1970
   eig. Veiðifél. Strengur hf.
   not.

10. Leifsstaðir
    í eyði frá 1961
    eig. Ol. H. Oddss., o. fl.
    not.

11. Ljótsstaðir II og III
    í eyði frá 1978
    eig. Jóhann Sig. s., Ak.
    nytj. af ýmsum

12. Purkugerði
    í eyði frá 1951
    eig. og not. Hilmar
    Jósepss., Strandh.

13. Sunnudalur
    í eyði frá 1971
    eig. erf. Th. B. Líndals og
    Vilhj., Oli og Helga Jónsb.
    nytj. af ýmsum

14. Vindfell
    í eyði frá 1970
    eig. Guðm. og Ol. Leifssynir
    not.

15. Þorvaldsstaðir
    í eyði frá 1952
    eig. Sig. Ol. Vansd. gerði
    og Steinunn Oddsd., Rvík
    not.

Hlíðarhreppur:

1. Bakkagerði I
   í eyði frá 1981
   eig. Hlíðarhreppur
   (samþ. endurb. eyðij. '78)

2. Bakkagerði II
   í eyði frá 1981
   eig. Hlíðarhreppur
   not.

3. Breiðamörk I
   í eyði frá
   eig. og not. Björn
   Sigurðss., Surtsstöðum

4. Eyjasel
   í eyði frá 1972
   eig. Hlíðarhreppur
   nytj. frá Hólmatungu

5. Fagrahlíð II
   í eyði frá
   eig. Guðþ. Sig. s., Hnitbj.
   nytj. lítilsháttar

6. Háafell
   í eyði frá
   eig. Ingim. Jónss., Skriðuf.
   og Sigurj. Jónss., Torfast.
   not.

7. Sleðbrjótssel I
   í eyði frá
   eig. erf. Björn Guðm. s.
   not. Björn M. Björnsson

8. Sleðbrjótssel II
   í eyði frá
   eig. Svavar Björnss., Háaf.
   nytj. frá Grænumýri

9. Tangar
   í eyði frá
   eig. og not. Stefán
   Geirsson, Ketilsstöðum

Jökuldalshreppur:

1. Gauksstaðir
   í eyði frá
   eig. db. Þórðar Þórðars.
   not.

2. Gilsá
   í eyði frá 1967
   eig. Skjöldur Eiríksson
   nytj. frá Skjöldólfsst. II

Jökuldalshr., frh.:

3. Langagerði
   í eyði frá
   eig. Björgv. Sigv. s.
   nytj. frá Hákonarstöðum
   -beitarhús-
4. Möðrudalur I
   í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   not.
5. Möðrudalur III
   í eyði frá 1964
   eig. ríkissjóður
   not.
6. Skeggjastaðir
   í eyði frá 1966
   eig. Helgi Árnason
   not.
7. Skuggahlíð
   í eyði frá 1964
   eig. Jón Hallgrímsson
   nytj. frá Mælivöllum

Fljótsdalshreppur:

1. Hamborg
   í eyði frá 1958
   eig. og not. Aðalbjörn
   Kerúlf, Arnheiðarstöðum
2. Kleif
   í eyði frá 1980
   eig. Kirkjujarðasjóður
   nytj. af Gunnari Jónss.,
   Egilsstöðum
3. Litla-Grund
   í eyði frá
   eig. Einar Jónss., Egilsst.
   -Starfsm. fél. Búnb. Ísl. -

Fellahreppur:

1. Ás I
   í eyði frá
   eig. Guðr. Ólafsdóttir
   not. Hallgr. Helgason
2. Ás II
   í eyði frá
   eig. Bergst. Brynj. s.
   not. Brynj. Bergst. s.

Fellahreppur, frh.:

3. Birnufell II
   í eyði frá
   eig. db. Birnu Ólafsd.
   nytj. frá Birnufelli I
4. Helgafell
   í eyði frá
   eig. Gísli Helgason
   -hey selt-
5. Hrafnsgerði
   í eyði frá 1979
   eig. og not. Jón Sig. s., Rvík
6. Meðalnes I
   í eyði frá
   eig. db. Ólafs Jónssonar
   not. Þ. Jónss., Straumi
7. Miðhúsasel
   í eyði frá
   eig. Þorst. Sveinsson
   (samþ. endurb. eyðij. '82)
8. Skeggjastaðir III
   í eyði frá 1982
   eig. Anna Tómasd. og börn
   nytj. frá Sólbrekku
9. Skógargerði
   í eyði frá 1964
   eig. og not. Víkingur Gíslas.
10. Staffell I
    í eyði frá
    eig. Runólfur Sigf. s.
    not. Sigf. Oddss. og synir

Tunguhreppur:

1. Bót
   í eyði frá
   eig. Aðalbj. Péturs. og
   Hermann Eiríksson
   nytj. frá Flúðum
2. Fremrasel
   í eyði frá 1966
   eig. og not. Árni og
   Sigurbj. Jóhannssynir,
   Blöndug.
   not. Sig. og Stefán Halldórss.
3. Geirastaðir I
   í eyði frá 1963
   eig. Har. Guðmundsson
   not. Elís Hrafnkelss. og
   Oskar Guðmundsson

Tunguhreppur, frh.:

4. Gunnhildargerði
   í eyði frá 1963
   eig. Anna Olafsd., Rvík
   nytj. af ýmsum
5. Heykollsstaðir
   í eyði frá 1965
   eig. Asm. Þórarinss., Vífilsstöðum
   not.
6. Hrærekslækur
   í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   not.
7. Litla-Steinsvað
   í eyði frá 1964
   eig.
   nytj. af Benjamín Jónss., Rangá I
8. Vífilsnes
   í eyði frá 1964
   eig. Frímann Júlíuss.
   nytj. frá Vífilsstöðum og Rangá I

Hjaltastaðahreppur:

1. Ánastaðir
   í eyði frá 1978
   eig. Jarðeignad. ríkisins
   nytj. frá Hlégarði
2. Artún
   í eyði frá 1982
   eig. Stefán Sigurðsson
   not.
3. Ásgrímsstaðir
   í eyði frá 1961
   eig. Skúli Ágústss., Self. o. fl.
   nytj. frá Móbergi
4. Bóndastaðir
   í eyði frá 1959
   eig. Stefanía Sigfúsd.
   nytj. frá Laufási
5. Dalir II
   í eyði frá 1982
   eig. Ingvi Ingvarsson
   nytj. frá Svínafelli
6. Ekra
   í eyði frá 1980
   eig. Gerður og Gunnst. Stefánsbörn
   nytj. frá Dratthalastöðum

Hjaltastaðahr, frh.:

7. Eyland
   í eyði frá 1959
   eig. og not. Guðm. Halld. s.
8. Gagnstöð
   í eyði frá 1974
   eig. Sólv. Gunnarsd.
   nytj. frá Unaósi
9. Hjarðarhvoll
   í eyði frá 1982
   eig. Sigurj. Ingvarss.
   not.
10. Hólshjáleiga
    í eyði frá 1982
    eig. Eiðastóll
    nytj. frá Hóli
11. Hrollaugsstaðir
    í eyði frá 1966
    eig. Dagur Kristm. s., Egilsst.
    nytj. frá Hóli og af eig.
12. Jórvík
    í eyði frá 1951
    eig. Jarðeignad. ríkisins
    nytj. frá Svínafelli
13. Jórvíkurhjáleiga
    í eyði frá 1976
    eig. Jarðeignad. ríkisins
    nytj. frá Svínafelli
14. Klúka
    í eyði frá 1982
    eig. Halldór Guðmundss.
    not.
15. Kóreksstaðagerði
    í eyði frá 1970
    eig. Sigurj. Ingvarss.
    not.
16. Kvisthagi
    í eyði frá
    eig. Landnám ríkisins
    nytj. frá Hlégarði
17. Móberg
    í eyði frá 1982
    eig. að hl. Björn Ágústss.
    not.
18. Sandur
    í eyði frá 1973
    eig. Sigr. Ragnarsd. og Guðmar Ragnarsson
    nytj. frá Hóli

Hjaltastaðahr., frh.:

19. Sigtún/Kóreksstaðir
í eyði frá 1982
eig. Kristfjáreign
not.

20. Þórsnes
í eyði frá 1980
eig. db. Runólfs Vilhj. s.
not.

Borgarfjarðarhreppur:

1. Álftavík
í eyði frá 1904
eig.
not.

2. Breiðavík
í eyði frá 1947
eig. Daníel Pálss. o. fl.
not.

3. Brúnavík I
í eyði frá 1944
eig. Borgarfjarðarhr.
not.

4. Brúnavík II
í eyði frá 1944
eig. Jón Sigurðsson
not.

5. Dalland
í eyði frá 1948
eig. Ingibj. og Skúli Kristinss.
not.

6. Dallandspartur
í eyði frá 1954
eig. Rúnar Halld. s., Hólal.
not.

7. Glettinganes
í eyði frá 1952
eig. ríkissjóður
not.

8. Hólaland
í eyði frá 1979
eig. Friðjón Árnason
not.

9. Hólshús
í eyði frá 1943
eig.
not.

Borgarfjarðarhr., frh.:

10. Húsavík
í eyði frá 1974
eig. Anton Þorst. s., o. fl.
not.

11. Hvoll
í eyði frá 1967
eig. börn Sigurj. Bjarnas.
not. Sv. Bjarnason

12. Kjólsvík
í eyði frá 1938
eig. Hilmar Jónss., Ásta Magnúsd. og Arngr. Magn. s.
not.

13. Litla-Breiðavík
í eyði frá 1945
eig. db. Jóns Sveinss., Ak.
not.

14. Skriðuból
í eyði frá 1980
eig. Sigurður Pálsson
not.

Loðmundarfjarðarhreppur:

1. Klyppsstaðir
í eyði frá 1959 eða 1960
eig.
not.

2. Nes
í eyði frá 1953 eða 1954
eig.
not.

3. Neshjáleiga
í eyði frá 1951 eða 1952
eig.
not.

4. Stakkahlíð
í eyði frá 1974
eig.
not.

5. Sævarendi
í eyði frá 1974
eig.
not.

6. Úlfsstaðir
í eyði frá 1959 eða 1960
eig.
not.

Seyðisfjarðarhreppur:

1. Austurdalur
   Í eyði frá
   eig. Oddur Ragnarss.
   not.

2. Brimnes I
   Í eyði frá
   eig. Sig.Sig.s. og
   Axel Einarsson
   not.

3. Brimnes II
   Í eyði frá
   eig. Axel Einarsson
   (sérm.í fast.m. 1979
   ekki nafntökuleyfi,
   sjá Brimnes I)

4. Bæjarstæði
   Í eyði frá
   eig. sennil. Kirkjuj.sj.
   j. leigð til beitar

5. Skálanes
   Í eyði frá
   eig. Ingi R. Ásmundss.
   not.

6. Sörlastaðir m/Arós
   Í eyði frá
   eig. Halldór Vilhj.s.
   -ónytjuð-

7. Þórarinsstaðir
   Í eyði frá
   eig. Þórarinn Sig.s.
   -ónytjuð-

Suður-Múlasýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Skriðdalshreppur:

1. Eyrarteigur
   í eyði frá
   eig. Hóseas Ögmundss.
   nytj. af nágrönnum
2. Múlastekkur
   í eyði frá 1966
   eig. Starfsm. fél. Seðlab.
   not.
3. Stefánsstaðir
   í eyði frá
   eig. Bjarni Bergþórss., Hjarðarhlíð og Bj. Björnss., Birkihlíð
   not.
4. Vatnsskógur
   í eyði frá
   eig. Jón Magn. s., Rvík og Ívar Björgv. s., Djúpav.
   not.

Vallahreppur:

1. Buðlungavellir
   í eyði frá 1966
   eig. Skógrækt ríkisins
   not.
2. Vallaneshjáleiga
   í eyði frá 1967
   eig. ríkissjóður
   not.

Egilsstaðahreppur:

1. Kollsstaðagerði
   í eyði frá
   eig. db. Þorst. Jónss., Reyðarf.
   not. Hallgr. Bergss., o. fl. Egilsst.

Eiðahreppur:

1. Finnsstaðasel
   í eyði frá 1955
   eig. börn Soffíu Þórðard.
   nytj. frá Fossgerði
2. Gröf
   í eyði frá 1968
   eig. Eiðastóll
   not.

Eiðahreppur, frh.:

3. Hamragerði
   í eyði frá 1957
   eig. Sigurbj. Magnúss.
   not.

Mjóafjarðarhreppur:

1. Borgareyrar
   í eyði frá 1956
   eig. Brekkueig.
   not. Gísli Björnsson
2. Eldleysa
   í eyði frá 1956
   eig. db. Þorgr. Sigurj. s.
   not.
3. Fjörður I
   í eyði frá 1957
   eig. db. Bened. Sveinss.
   nytj. frá Brekku
4. Friðheimar I og II
   í eyði frá 1957
   eig. Magnús Tómasson og Ólafur Ólafsson
   not.
5. Hagi / Rimi
   í eyði frá 1964
   eig. og not. Sigfús Vilhj. s., Brekku
6. Hof
   í eyði frá 1958
   eig. Jóhanna Svendsen og Engilh. Svendsen
   not. Gísli Björnsson
7. Kross
   í eyði frá 1952
   eig. db. Baldurs Stefánss.
   -ónytjuð-
8. Reykir
   í eyði frá 1981
   eig. db. Hans Guðm. s.
   not.
9. Sandhús I og II
   í eyði frá 1980
   eig. Brekkueig.
   not. Gísli Björnsson

Mjóafjarðarhr., frh.:

10. Skógar
í eyði frá 1955
eig. Ásta Ketilsdóttir
-ónytjuð-

11. Steinsnes
í eyði frá 1956
eig.db.Þorgr.Sigurj.s.
nytj. frá Brekku

12. Stóru-Dalir
í eyði frá
eig. Erlendur Magnúss.
not.

Norðfjarðarhreppur:

1. Bakkasel
í eyði frá
eig.Bj.Björnss., Neskaupst.
-sumarbústaður-

2. Barðsnes
í eyði frá 1965
eig.Sigr.Þórðard., Nesk.
not.

3. Barðsnesgerði
í eyði frá 1955
eig.erf.Guðm.Halld.s.
Lyngbergi, Garðabæ
not.

4. Fannardalur
í eyði frá 1956
eig.Hákon Guðröðars.,
o.fl., j.nytj.af H.G.

5. Hellisfjörður
í eyði frá 1952
eig.Karl Lúðvíkss., Rvík
not.

6. Hólar
í eyði frá
eig.erf.Karls Mart.s., o.fl.
not.E.Sigf.s.og Aðalst.Halld.s.,
Skálateigi

7. Móakot
í eyði frá
eig.og not.Jón Davíðsson

8. Stuðlar
í eyði frá 1957
eig.erf.Helga Halld.s.,
Stuðlabergi, Garðabæ
not.

Norðfjarðarhr., frh.:

9. Sveinsstaðir
í eyði frá 1952
eig.erf.Guðr.Þorgrímsd.
not.

10. Viðfjörður
í eyði frá 1955
eig.Sigr.Sveinsd., o.fl.
not.

Helgustaðahreppur:

1. Hvammur (S)
í eyði frá
eig.Jón Halld.s. og
Hermann Jónsson
not.

2. Högnastaðir
í eyði frá 1971
eig. Helga Stefánsd.
nytj. frá Engjabakka

3. Ímastaðir innri
í eyði frá 1962
eig.db.Stefáns Jónss.
not.

4. Ímastaðir ytribær
í eyði frá 1965
eig. Guðni Jónsson
nytj. frá L-Breiðuvík

5. Karlsskáli
í eyði frá 1961
eig. afk. Guðna og
Björns Eiríkssona
not.

6. Karlsstaðir
í eyði frá 1968
eig. ríkissjóður
not.

7. Kirkjuból I og II
í eyði frá 1968
eig. Málfr.Jónsd.
not.

8. Stóra-Breiðavík ytri
í eyði frá
eig. ríkissjóður
nytj. af Jóh.Jónssyni

9. Svínaskálastekkur
í eyði frá
eig.og not.Jón Halld.s.
og Herm.Jónsson

Helgustaðahr., frh.:

10. Svínaskáli
í eyði frá
eig. Eskifjarðarhr.
nytj. þaðan

11. Vaðlar
í eyði frá 1967
eig. db. Þórarins Guðnas.
not.

12. Þverá
í eyði frá 1968
eig. Málfr. Jónsdóttir
not.

Reyðarfjarðarhreppur:

1. Eyri
í eyði frá 1974
eig. erf. Jóns Bóassonar
not.

2. Flateyri
í eyði frá
eig. Kirkjujarðasjóður
not.

3. Framnes (S)
í eyði frá 1982
Kristfjárjörð
not.

4. Sómastaðagerði
í eyði frá 1982
Kristfjárjörð
not.

5. Sómastaðir
í eyði frá 1982
Kristfjárjörð
not.

6. Stuðlar
í eyði frá
eig. Fjóla Gunnarsd.
not.

Fáskrúðsfjarðarhreppur:

1. Árnagerði
í eyði frá
eig. og not. Hjörtur Guðm. s., Lækjarmóti

2. Berunes
í eyði frá
eig. db. Stef. Björnssonar
not. Magn. Stefánss., Fáskrúðsf.

Fáskrúðsfjarðarhr., frh.:

3. Gvendarnes-Sunnuhvoll
í eyði frá
eig. Magn. Þorb. s.
not.

4. Gvendarnes-Gerði
í eyði frá
eig. Jarðeignad. ríkisins
nytj. frá Víkurgerði

5. Gvendarnes V
í eyði frá
eig.
-ónytjuð-

6. Gvendarnes VI
í eyði frá
eig. Björn Sigurðsson
-ónytjuð-

7. Sævarendi
í eyði frá ca. 1955
eig. Vald. og Hjördís Halldórsd. og Einar Sigurðsson og börn
not.

8. Tunguholt
í eyði frá
eig. Jarðeignad. ríkisins
-Barnaskóli-

Búðahreppur:

1. Búðir
í eyði frá
eig. Búðahreppur
-tún og lóðir leigðar-

2. Kirkjuból
í eyði frá
eig. Búðahreppur
-tún og lóðir leigðar-

Stöðvarhreppur:

1. Bakkagerði
í eyði frá 1981
eig. db. Guðm. Björnss.
not. Sigurj. Sigurj. s.

2. Borgargarður
í eyði frá
eig. Stöðvarhreppur
-ónytjuð-

Stöðvarhreppur, frh.:

3. Ekra
   Í eyði frá 1965
   eig.db.Guðbj.Erlendsd.
   not.
4. Hóll
   Í eyði frá 1965
   eig. Stöðvarhreppur
   og Björn Stefánsson
   not.
5. Hvalsnes
   Í eyði frá 1959
   eig. Jón Bjarnason
   nytj. frá Óseyri
6. Kirkjuból
   Í eyði frá
   eig. Sigr.Sigfinnsd.
   not. B.Kristj.s.
7. Kirkjubólssel
   Í eyði frá
   eig. Margr.Þórðard.
   not.
8. Lönd III
   Í eyði frá 1957
   eig. Anton Helgason
   not.

Breiðdalshreppur:

1. Hóll
   Í eyði frá 1970
   eig. ríkissjóður
   nytj. af nágrönnum
2. Jórvík
   Í eyði frá
   eig. Skógr.ríkisins
   not.
3. Kleifarstekkur
   Í eyði frá
   eig. Indriði Einarss.
   not.
4. Lágafell
   Í eyði frá 1979
   eig.db.Hjartar Einarss.
   not.
5. Lindarbakki
   Í eyði frá
   eig. Skógr.ríkisins
   not.

Breiðdalshr., frh.:

6. Os
   Í eyði frá
   eig.
   not. Pétur Sig.s.(fjárbú)
7. Ytri-Kleif
   Í eyði frá 1966
   eig. Jón Gíslason
   -tún leigt-
8. Þverhamar II A
   Í eyði frá 1971
   eig. Guðjón Sveinss.
   nytjar tún
9. Þverhamar VI B (Brekka)
   Í eyði frá
   eig. Guðm.Arason
   not.
10. Þverhamar VII (Arnarhvoll)
    Í eyði frá
    eig. Guðm.Sigurðsson
    not. Pétur og Guðm.Sigurðss.

Beruneshreppur:

1. Eyjólfsstaðir
   Í eyði frá
   eig. og not.Eyþór Guðm.s.
2. Krossgerði II
   Í eyði frá 1977
   eig. Rósa Gísladóttir
   not.
3. Núpshjáleiga
   Í eyði frá 1963
   eig. ríkissjóður
   nytj. frá Núpi
4. Steinborg
   Í eyði frá ca. 1972
   eig. Kristm.Jónsson
   not.

Búlandshreppur:

1. Háls
   Í eyði frá 1963
   eig. Búlandshr.
   not.
2. Kambshjáleiga
   Í eyði frá 1960
   eig. Búlandshr.
   nytj. frá Djúpavogi

Búlandshr., frh.:

3. Merki
   í eyði frá
   Kristfjárjörð
   not. Kr. Jóhannsson

4. Strýta
   í eyði frá 1974
   eig. Gísli Sigurðsson
   not.

Geithellnahreppur:

1. Hamar
   í eyði frá 1981
   eig. Örn Olafsson
   not.

2. Kambssel
   í eyði frá 1979
   eig. ríkissjóður
   (Jón Þ. Ragnarsson
   hefur erfðaábúð)

Austur-Skaftafellssýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Bæjarhreppur:

1. Byggðarholt
   Í eyði frá
   eig.
   nytj. frá Hraunkoti
2. Bær I
   Í eyði frá
   eig. db. Sig. V. Sigurj. s.,
   Rvík og Bæjarhreppur
   -ónytjuð-
3. Bær II
   Í eyði frá
   eig. og not. Ásgr. Halld. s.,
   Höfn
4. Þórisdalur
   Í eyði frá
   eig. Sigrún og db.
   Þórh., Höfn
   nytj. af eig. og fl. aðilum

Nesjahreppur:

1. Arnanes II
   Í eyði frá 1981
   eig. Vilmundur Jónss.
   not.
2. Árnanes III (suðurbær)
   Í eyði frá 1960
   eig. og not. Steingr.
   Sigurðsson, Höfn
3. Árnanes IV
   Í eyði frá 1968
   eig. Skúli og Ragnar Jónss.,
   Akurnesi
   not. Egill J., Seljavöllum
   og Ásgeir Þ. Núpan
4. Bjarnanes I
   Í eyði frá 1982
   eig. ríkissjóður
   -prestssetur-
5. Fornu-Stekkar
   Í eyði frá
   eig. Friðrik Sigjónss
   not.
6. Hoffell II
   Í eyði frá
   eig. Ragnh. Gíslad.
   not.

Nesjahreppur, frh.:

7. Horn II
   Í eyði frá
   eig. Guðni, Óli, Nanna
   og Eyleif Jónsbörn
   not.
8. Meðalfell II
   Í eyði frá 1950
   eig. og not. Snorri og Þorst.
   Sigj. s., Bjarnarnesi

Mýrahreppur:

1. Baldurshagi
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   nytj. frá Borg og Nýpug.
2. Digurholt
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   not. Guðm. Bjarnas., Holtah.
3. Viðborð
   Í eyði frá
   eig. Sigurb. Arnas., Svínaf.
   not. G. Sigurb. s.

Borgarhafnarhreppur:

1. Kálfafell III (Sólvangur)
   Í eyði frá 1980
   eig. og not. Helgi
   Skúlason, Leiti
2. Reynivellir I
   Í eyði frá 1960
   eig. Þuríður og Runólfur Eyj. b.
   nytj. frá Reynivöllum III
3. Reynivellir II
   Í eyði frá 1962
   eig. Eimskipafél. Ísl. hf.
   not.

Hofshreppur:

1. Fagurhólsmýri III
   Í eyði frá
   eig. áb. Kvískerja
   not.

Hofshreppur, frh.:

2. Malarás
   í eyði frá
   eig. Oddur Jónss. o. fl.
   nytj. frá Fagurhólsm.

3. Sandfell
   í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   nytj. frá Hofi I, IV, Litla-Hofi og Svínafelli III

Vestur-Skaftafellssýsla

Eyðijarðir farðagaárið 1982 - 1983

Kirkjubæjarhreppur:

1. Eystri-Dalbær
   Í eyði frá
   eig. og not. Einar Bjarnas.
2. Geirland
   Í eyði frá
   eig. Sigfús H. Vigfússon
   not.
3. Heiðarsel I
   Í eyði frá 1972
   eig. Hilmar, Skúli og
   Stefán Jónssynir
   nytj. frá Heiðarseli II
   og Þykkvabæ III
4. Heiðarsel II
   Í eyði frá
   eig. Hilmar, Skúli og
   Stefán Jónss., Þykkvab.
   not.
5. Heiði
   Í eyði frá
   eig. Bjarni Gottskálksson
   o.fl., Rvík
   not.
6. Kirkjubær I
   Í eyði frá
   eig. Siggeir Lárusson
   nytj. frá Kirkjubæ II
7. Sólheimar
   Í eyði frá 1963
   eig. Kristjana Jónsdóttir
   not.
8. Ytri-Tunga m/E-Tungu
   Í eyði frá
   eig.
   not.

Skaftártunguhreppur:

1. Borgarfell II
   Í eyði frá
   eig. Sigurb. Vigfúsd.
   not.

Leiðvallahreppur:

1. Lága-Kotey
   Í eyði frá 1955
   eig. ríkissjóður
   not. Gísli Erasmusson
2. Leiðvöllur
   Í eyði frá 1944
   eig. ríkissjóður
   not. Gísli Tómasson
3. Nýibær
   Í eyði frá 1959
   eig. ríkissjóður
   not.
4. Sandasel
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   nytj. frá Undirhrauni II
   og Rofabæ I
5. Undirhraun I -Melhóll I-
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   nytj. frá Melhól II

Hvammshreppur:

1. Bólstaður
   Í eyði frá 1977
   eig. Ellih. sj. V-Skaft.
   not.
2. Breiðahlíð
   Í eyði frá
   eig. Matth. Valfells, Olöf
   Olafsd. og Vilb. Stefánsd.
   nytj. frá Skaganesi I
3. Fjós
   Í eyði frá
   eig. Hvammshreppur
   nytj. frá Skagn. I og II
4. Hellur
   Í eyði frá
   eig. Einar Kjartanss.
   nytj. af eig. og Geir
   Einarss., S-Fossi
5. Hellur II
   Í eyði frá
   eig. erf. Kl. Árnasonar
   og Björgv. Bjarnason
   not. Sv. Klemensson

Hvammshreppur, frh.:

6. Hjörleifshöfði
   í eyði frá
   eig. Áslaug, Halla og
   Þórir Kjartansbörn og
   Skæringur Markússon
   nytj. frá Fagradal

7. Kvíaból
   í eyði frá
   eig. Steinunn Pálsd.
   og Ingv. Tómasdóttir
   nytj. frá Prestshúsi I

8. Neðri-Dalur
   í eyði frá
   eig. Þórður Eydal Magn. s.
   -sumarhús-

9. Norður-Vík
   í eyði frá
   eig. Hvammshreppur
   not. Einar Oddsson og
   Guðjón Þorsteinsson

10. Reynisbrekka
    í eyði frá 1971
    eig. Reynir Ragnarsson
    nytj. frá Höfðabrekku

11. Reynisdalur
    í eyði frá
    eig. Einar Klemenzson
    not.

12. Reynishjáleiga
    í eyði frá
    eig. erf. Gísla Skaftas.
    nytj. frá Lækjarbakka

13. Reynisholt I
    í eyði frá
    eig. Ágústa Vigfúsdóttir
    nytj. frá Þórisholti

14. Reynisholt II
    í eyði frá
    eig. Guðrún og Sveinbj.
    Hallvarðsbörn
    nytj. frá Þórisholti

15. Reynisholt III
    í eyði frá
    eig. Guðrún og Sveinbj.
    Hallvarðsbörn
    nytj. frá Þórisholti

16. Reynisholt IV
    í eyði frá
    eig. Ísleifur Guðm. s.
    Jón Ísleifss. og Guðl. Jónss.
    nytj. af Einari Klemenzsyni
    og Gísla Skaftasyni

Hvammshreppur, frh.:

17. Reynisholt V
    í eyði frá
    eig. Helgi Scheving
    nytj. frá Þórisholti

18. Reynishólar
    í eyði frá
    eig. Gunnst. og Ragnh.
    Ársælsbörn
    nytj. frá Teigagerði

19. Stóri-Dalur
    í eyði frá
    eig. erf. Arnbj. Asbj. d.
    not.

20. Suður-Vík
    í eyði frá
    eig. Hvammshreppur
    nytj. af bændum í Reynis-
    hverfi og Páli Tómassyni,
    Antoni Guðl. s. og Einari
    Oddssyni

Dyrhólahreppur:

1. Dyrhólahjáleiga
   í eyði frá 1958
   eig. Matth. og Ólöf Ólafsd.
   not.

2. Dyrhólar vestri
   í eyði frá 1960
   eig. Dyrhólahreppur
   nytj. frá Dyrhólum eystri
   og Litla-Hvammi

3. Ketilsstaðir I B
   í eyði frá
   eig. Dyrhóla- og Hvammshr.
   -Barnaskóli-

4. Norður-Garður
   í eyði frá 1964
   eig. db. Hallst. Hinrikss.
   og Guðr. Hinriksdóttir
   nytj. frá Garðakoti

Rangárvallasýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Austur-Eyjafjallahreppur:

1. Hólakot
   í eyði frá
   eig. og not. Jón
   Sigurðss., Eyvindarh. I
2. Hrútafellskot
   í eyði frá
   eig. Skæringur Olafss., Vík
   nytj. frá Hrútafelli
3. Klömbur
   í eyði frá
   eig. og not. Sig. Sigurj. s. og
   Ingim. Vilhj. s., Y-Skógum
4. Miðbæli
   í eyði frá
   eig. og not. Markús Jónss.
   og Adolf Andersen
5. Minni-Borg
   í eyði frá
   eig. Kolb. Gissurars., Selkoti
   og Markús Jónss., Rauðsbakka
   og db. Guðf. Ísl.
   nyt. sem beitil. af K. og M.
6. Skarðsmýrarfjall III
   í eyði frá
   eig. Tómas Jónsson
   not.
7. Stóra-Borg III
   í eyði frá
   eig. og not. Kolbeinn
   Gissurarson, Selkoti

Vestur-Eyjafjallahreppur:

1. Björnskot
   í eyði frá 1964
   eig. og not. Ing. Gíslas.,
   Y-Skála I og Einar
   Sveinbj. s., Y-Skála II
2. Hamragarður
   í eyði frá 1963
   eig. Skógr. fél. Rang.
   -leigð til slægna-
3. Miðdalur
   í eyði frá 1973
   eig. ríkissjóður
   -sumarbústaðaland-

Vestur-Eyjafjallahr., frh.:

4. Neðri-Dalur I
   í eyði frá 1973
   eig. og not. 10 erf. A. Ing. s.,
   erf. K. Þorl. s. og Ing. Ingv. s.
5. Neðri-Dalur II
   í eyði frá 1973
   eig. Ing. Ingv. s. og 10 erf.
   A. Ingv. s., j. nytjuð
6. Rimahús
   í eyði frá
   eig. Bára Guðmundsd.
   nytj. frá Miðgrund
7. Steinmóðarbær
   í eyði frá 1972
   eig. Lilja Sigurðardóttir
   -nytj. til sl. og beitar-
8. Syðsta-Grund
   í eyði frá
   eig. Kirkjujarðasjóður
   not. Lárus Hjaltested
9. Vallnatún
   í eyði frá 1977
   eig. Kirkjujarðasjóður
   leigð Karli Sigurj. s. og
   Olafi Sigurþórssyni
10. Vesturholt
    í eyði frá 1965
    eig. Kr. Björnss., Einar
    Jónss. og Lárus Ágústss.
    nytj. frá Indriðakoti

Austur-Landeyjahreppur:

1. Butra
   í eyði frá
   eig. og not. Kristján
   Ágústss., Hólmum
2. Fagurhóll
   í eyði frá 1977
   eig. Driðrik Sig. s., Kanast.
   not.
3. Gaularáshjáleiga
   í eyði frá 1958
   eig. A-Landeyjahr. og
   Ol. Oskarss., Gaularási
   not.

Austur-Landeyjahr., frh.:

4. Hallgeirseyjarhjáleiga
   Í eyði frá 1965
   eig. Filippus Björgvinss., Hellu
   not.
5. Kross II
   Í eyði frá 1962
   eig. Sigr. Sveinsdóttir
   not. Olafur Sigurðsson
6. Snotra
   Í eyði frá 1966
   eig. Ág. Kristj. s., Hellu
   not.
7. Syðri-Úlfsstaðir
   Í eyði frá
   eig. Karl, Sigr., Oskar og Albert Halldórsbörn
   not. Oskar Halldórsson
8. Syðri-Vatnahjáleiga
   Í eyði frá 1967
   eig. Viðar Marmundss.
   not.

Vestur-Landeyjahreppur:

1. Eystri-Tunga
   Í eyði frá
   eig. db. Ragnh. Guðnadóttir, Bakkakoti, Rangárvallahr.
   not.
2. Fíflholtsnorðurhjáleiga
   Í eyði frá
   eig. Einar Guðm. s., Hátúni
   not.
3. Fíflholtssuðurhjáleiga II
   Í eyði frá
   eig. Þorg. Markúss., Rvík
   not. H. Þorst. s., Rvík
4. Hemla I
   Í eyði frá
   eig. Andrés Ágústsson
   not. Olafur Jónsson
5. Káragerði
   Í eyði frá
   eig. og not. E. Haukdal
6. Ytri-Hóll I
   Í eyði frá
   eig. Guðjón Sigurj. s.
   not.

Vestur-Landeyjahr., frh.:

8. Ytri-Hóll II
   Í eyði frá
   eig. Haukur Þorst. s., Rvík
   nytj. af G. Magn. s., Ártúni

Fljótshlíðarhreppur:

1. Heylækur II
   Í eyði frá
   eig. Guðrún og Sigrún Þorsteinsdætur, Rvík
   not. Tómas Oskarsson
2. Hlíðarendi
   Í eyði frá 1968
   eig. db. Helga Erl. s.,
   nytj. frá Rauðuskriðum og af Ingv. Þórðars., Rvík
3. Höfði
   Í eyði frá 1962
   eig. Jarðeignad. ríkisins
   nytj. frá E-Torfast. I og II
4. Kirkjulækjarkot I
   Í eyði frá
   eig. Guðni Guðnason
   nytj. frá Kirkjul. k. III
5. Kotmúli
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   (í umsjá Hvítasunnumanna)
6. Múlakot I
   Í eyði frá
   eig. db. Halld. Nikulásd.
   not.
7. Núpur I
   Í eyði frá
   eig. Fríður Guðm. d. og Jónas Guðmundss., Hellu
   nytj. án búsetu
8. Stöðlakot
   Í eyði frá
   eig. Jórunn Þorgeirsd.
   not.
9. Torfastaðir V
   Í eyði frá 1958
   eig. og not. ábúandi Torfastaða IV

Hvolhreppur:

1. Bakkavöllur
   í eyði frá 1971
   eig. Lúðvík Gissurars.
   og Bergst. Gissurars.
   j. lítið notuð
2. Giljar
   í eyði frá 1981
   eig. ríkissjóður
   not. Fjóla Guðlaugsd.
3. Króktún
   í eyði frá 1966
   eig. Hvolhreppur
   not.
4. Móeiðarhvoll I
   í eyði frá 1973
   eig. Þorst. S. Thorarensen
   nytj. frá V-Garðsauka

Rangárvallahreppur:

1. Bolholt
   í eyði frá
   eig. Landgræðsla ríkisins
   Egill Gestss. hefur áb. r.
   dvelur aðeins á sumrin
2. Foss
   í eyði frá 1968
   eig. erf. Oskars Hafliðas.,
   Magn. Klemenzs og Rangárv. hr.
   not.
3. Fróðholtshjáleiga
   í eyði frá 1958
   eig. og not. Jósep
   Benediktss., Ármóti
4. Gaddsstaðir
   í eyði frá 1960
   eig. Kf. Þór, Rangárv. hr.
   og Steinþ. Runólfsson
   not.
5. Grafarbakki
   í eyði frá
   eig. Landnám ríkisins
   not.
6. Gröf
   í eyði frá
   eig. Landnám ríkisins
   not.

Rangárvallahr., frh.:

7. Hofteigur
   í eyði frá
   eig. db. Hauks Ing. s.
   nytj. frá Stóra-Hofi
8. Ketilhúsahagi
   í eyði frá 1961
   eig. ríkissjóður
   nytj. frá Gunnarsholti
9. Kot
   í eyði frá
   eig. og not. Land-
   græðsla ríkisins
10. Reyðarvatn
    í eyði frá 1969
    eig. ríkissjóður
    nytj. af Landgr. ríkisins
11. Reynifell
    í eyði frá 1981
    eig. db. Tómasar Sig. s. og
    db. Jóns Sig. s.
    not.
12. Vestra-Fróðholt
    í eyði frá 1969
    eig. og not. Jósep
    Benediktss., Ármóti

Landmannahreppur:

1. Lúnansholt II
   í eyði frá
   eig. og not. Jón H. Pálss., Hellu

Holtahreppur:

1. Árbær
   í eyði frá 1977
   eig. Gunnar Jóhannss.
   og Jón G. Zoëga
   not.
2. Hallstún
   í eyði frá 1963
   eig. Stella Björk, Hellu
   nytj. frá Bjálmholti
3. Hreiður
   í eyði frá
   eig. Herm. Sigurjónss.
   not.

Holtahreppur, frh.:

4. Skammbeinsstaðir II
   í eyði frá 1978
   eig. Friðrik Gunnarss.
   not.

5. Skammbeinsstaðir IV
   í eyði frá 1978
   eig. Friðrik Gunnarss.
   not.

Asahreppur:

1. Efri-Hamar
   í eyði frá
   eig. erf. Magnúsar frá
   E-Hamri
   not.

2. Hárlaugsstaðir
   í eyði frá
   eig. Kristín Andrésd., Self.
   og Sigurl. Steingr. d., Laugal.
   not.

3. Hús I
   í eyði frá 1967
   eig. Guðbj. Snorrad., Rvík
   not.

4. Vetleifsholt I
   í eyði frá
   eig. og not. Olafur
   og Þórður Olafssynir

Djúpárhreppur:

1. Brautartunga
   í eyði frá
   eig. Trausti Karlsson
   not. Jón Karlsson

2. Stekkjarkot
   í eyði frá
   eig. Tryggvi Skjaldars.
   og Arni Jónsson
   not.

Árnessýsla

Eyðijarðir fardagaárið 1982 - 1983

Gaulverjabæjarhreppur:

1. Austur-Meðalholt
   Í eyði frá
   eig. og not. bændur
   V-Meðalholts
2. Efri-Völlur
   Í eyði frá
   eig. Stefán Jasonars.
   not.
3. Haugur
   Í eyði frá 1975
   eig. ríkissjóður
   not.
4. Loftsstaðir eystri
   Í eyði frá 1963
   eig. og not. Gísli
   Jónss., Lækjarbakka
5. Loftsstaðir vestri
   Í eyði frá 1961
   eig. Sig. Sigfúss., o. fl.
   not.
6. Ragnheiðarstaðir
   Í eyði frá
   eig. Hestam. f. Fákur, Rvík
   not.
7. Rútsstaðir
   Í eyði frá 1959
   eig. K. og Ó. Þorgr. s. og
   Sig. og Jóh. Árnas., Gengish. p.
   not.
8. Vallarhjáleiga
   Í eyði frá 1963
   eig. Barnask. Eyrabakka
   og Stokkseyrar
   not. Jón Ólafsson
9. Vöðlakot
   Í eyði frá 1960
   eig. ríkissjóður
   (1. skipt til nágr. j. '67)

Stokkseyrarhreppur:

1. Brattholt
   Í eyði frá 1958
   eig. Einar Helgas., o. fl.
   not. Jón Ingvarsson

Stokkseyrarhr., frh.:

2. Eystra-Stokkseyrarsel
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   Anna og Þorv. Guðm. s. án áb.
3. Gljákot
   Í eyði frá 1969
   eig. Holtsbúið
   -nytjuð-
4. Hæringsstaðahjáleiga
   Í eyði frá 1960
   eig. Þorleifsgjafasjóður
   not. Bjarni Þorgeirsson
5. Oddagarðar
   Í eyði frá 1962
   eig. Þorleifsgjafasjóður
   nytj. frá Holtsbúinu
6. Skip I
   Í eyði frá 1962
   eig. og not. Jón Ingvarsson
7. Svanavatn
   Í eyði frá 1960
   eig. Ragnh. Ingibergsdóttir
   -sumarbústaður-
8. Syðra-Sel
   Í eyði frá 1966
   eig. Ásgrímur Pálsson
   not. Einar Helgason
9. Traðarholt
   Í eyði frá 1968
   eig. Magn. Þorl. s., o. fl.
   nytj. af hestam. úr Rvík
10. Vestra-Stokkseyrarsel
    Í eyði frá 1967
    eig. Anna Valdimarsdóttir
    nytj. af hestam. úr Rvík

Eyrarbakkahreppur:

1. Borg/Hafliðakot
   Í eyði frá
   eig. Eyrarbakkahr.
   nytj. af Hestam. f. Eyrarb.
2. Einarshöfn
   Í eyði frá
   eig. Eyrarbakkahr.
   nytj. frá Sólvangi

Eyrarbakkahr., frh.:

3. Flóagafl
í eyði frá
eig. Eyrarbakkahr.
nytj. af ýmsum

4. Oseyrarnes
í eyði frá
eig. Eyrarbakkahr.
nytj. af ýmsum

5. Steinskot II
í eyði frá
eig. Guðjón Guðm. s., o. fl.
not.

6. Stóra-Háeyri
í eyði frá
eig. Eyrarbakkahr.
not.

7. Sölkutóft
í eyði frá
eig. Eyrarbakkahr.
not.

Hraungerðishreppur:

1. Brúnastaðir II
í eyði frá
eig.
nytj. frá Brúnast. I

2. Hallandi
í eyði frá 1975
eig. Vélstj. og stýrim. fél.
Vísir, Keflavík
not.

3. Langholt II
í eyði frá
eig. Sigmar Eiríksson
not.

4. Laugar
í eyði frá
eig. db. Sigf. Jónssonar
not.

Villingaholtshreppur:

1. Efri-Gróf
í eyði frá 1955
eig. og not. Bjarki Reyniss.

2. Efri-Sýrlækur
í eyði frá 1967
eig. Ásg. Gunnl. s., S-Sýrl.
Asm. Eiríkss., Ferjun.
Sveinbj. Sigurj. s., Rvík
nytj. frá Ferjun. og S-Sýrl.

Villingaholtshr., frh.:

3. Flaga
í eyði frá 1979
eig. 10 erf. Magn. Árnas.
-nytjuð-

4. Hnaus
í eyði frá
eig. Pétur N. Ólafss., Rvík
(samþ. endurb. eyðij.)

5. Hróarsholt II
í eyði frá
eig. og not. Guðf. Gíslas.
-hrossabú-

6. Jaðarkot
í eyði frá 1956
eig. og not. Sv. Þórarinss.,
Kolsholti I

7. Kampholt
í eyði frá
eig. Skúli B. Steinþórss.
og Sveinbj. Dagfinnsson
(endurb. hafin)

8. Krókur
í eyði frá 1919
eig. og not. 10 erf. Magn.
Árnasonar, Flögu

9. Mörk (S)
í eyði frá
eig. H. f. Mörk
-hænsnabú-

10. Saurbær
í eyði frá 1968
eig. Ingimar Ottósson og
eig. og not. erf. Ívars
Guðm. s., Gaulverjabæjarhr.

11. Skálmholtshraun
í eyði frá 1918
eig. H. G. Albertss. og
Lilliendahl og synir
-hrossabeit-

12. Súluholtshjáleiga
í eyði frá 1956
eig. Sig. H. Björnss., Gísli K.
Björnss. og Einar Þ. Vilhj. s., Rvík
not.

13. Syðri-Gróf I
í eyði frá
eig. Halla Magnúsd.
not.

14. Vælugerðiskot
í eyði frá 1944
eig. og not. Samúel
Jónss., Þingdal

Skeiðahreppur:

1. Framnes
   Í eyði frá 1964
   eig. Bogi J. Melstað,
   S-Brúnavöllum
   not.
2. Hlemmiskeið II
   Í eyði frá
   eig. og not. Vilhj.
   og LeifurEiríkss.
3. Mörk (Kílhraun II)
   Í eyði frá 1969
   eig. og not. Guðm. Þórðars.

Gnúpverjahreppur:

1. Hamrar
   Í eyði frá
   eig. Eiríkur Jónsson
   nytj. frá E-Geldingah.
2. Minna-Hof
   Í eyði frá
   eig. og not. Kr. Björgv. d.
3. Móar
   Í eyði frá
   eig. Ag. Guðmundsson
   nytj. frá Ásum
4. Stóra-Hof II
   Í eyði frá
   eig. Gnúpverjahr.
   not.

Hrunamannahreppur:

1. Birtingaholt II
   Í eyði frá 1963
   eig. Ag. Sigurðsson,
   Birtingaholti IV
   not.
2. Hlíð
   Í eyði frá 1960
   eig. og not. Oddgeirsh. m.
3. Hörgsholt
   Í eyði frá 1973
   eig. og not. Valgeir
   Jónsson, Þverspyrnu

Hrunamannahr., frh.:

4. Jaðar I
   Í eyði frá 1978
   eig. Guðb. Guðnason
   not.
5. Jata
   Í eyði frá 1958
   eig. Jón Sigurðsson
   (lögð u. Skollagróf)
6. Kluftir
   Í eyði frá 1953
   eig. Hrunamannahr.
   -afrétt-
7. Reykjaból (G)
   Í eyði frá 1977
   eig. Ing. Guðbrandss.
   not.
8. Reykjaflöt (G)
   Í eyði frá
   eig. Ing. Guðbrandss.
   (hefur ekki fasta bús. á
   j., en starfsf. þar)
9. Skipholt II
   Í eyði frá 1972
   eig. Guðm. Kristmundss.,
   Skiph. III og Sig. Kristm. s.,
   Kotlaugum
   not.
10. Syðra-Langholt II
    Í eyði frá 1966
    eig. og not. Þ. Þórðarson

Biskupstungnahreppur:

1. Brúarhvammur (S)
   Í eyði frá 1977
   eig. Jón Guðlaugsson
   not.
2. Galtalækur
   Í eyði frá
   eig. Hermann Egilsson
   not.
3. Helgastaðir I
   Í eyði frá 1970
   eig. Jón Sigurbjörnss.
   not.
4. Hólar
   Í eyði frá 1957
   eig.
   (afréttarl. Birkupst. hr.)

Biskupstungnahr., frh.:

3. Hrauntún
   í eyði frá 1959
   eig. Haukur og Steinar Þórðars., Skógr. ríkisins
   not.

6. Iða II
   í eyði frá 1957
   eig. Guðm. Oddss., o. fl.
   not.

7. Sauðholt (G)
   í eyði frá
   eig. db. Guðm. Ingim. s.
   not.

Laugardalshreppur:

1. Apavatn II
   í eyði frá
   eig. börn Guðm. Asm. s., Rvík
   -hey selt-

2. Gröf
   í eyði frá 1972
   (hl. j. fór u. Lækjarhv. systk. Einars h. skiptu jörðinni milli sín)

3. Hólabrekka
   í eyði frá
   eig. og not. Friðg. Stefánss.

4. Laugarvatn
   í eyði frá 1968
   eig. ríkissjóður og sýslan
   not.

5. Útey II
   í eyði frá
   eig. Skafti Davíðsson
   not. Valur Guðmundsson

Grímsneshreppur:

1. Arnarbæli II
   í eyði frá
   eig. Guðm. Kristjánss.
   nytj. frá Arnarbæli I

2. Foss
   í eyði frá
   eig. Guðrún Claessen
   j. leigð Sigurj. Olafss., Stóru-Borg

Grímsneshr., frh.:

3. Gíslastaðir
   í eyði frá 1945
   eig. Halld. Gunnlaugss.
   nytj. frá Kiðjabergi

4. Hamrar II
   í eyði frá
   eig. Ingibj. Kristinsd., o. fl.
   nytj. frá Hömrum I

5. Hestur
   í eyði frá 1914
   eig. Halld. Gunnlaugss.
   nytj. frá Kiðjabergi

6. Hraun (Hraunkot)
   í eyði frá 1962
   eig. DAS Hrafnistu
   nytj. frá Hæðarenda

7. Minna-Mosfell
   í eyði frá 1973
   eig. og not. G. Sig. s., Bjarnast.

8. Mýrarkot
   í eyði frá
   eig. og not. Böðvar Guðm. s., o. fl.

9. Reykjanes
   í eyði frá 1973
   eig. Íþróttabandalag Rvíkur
   not.

10. Snæfoksstaðir
    í eyði frá
    eig. Skógr. fél. Árness.
    nytj. frá Vaðnesi

11. Þóroddsstaðir
    í eyði frá
    eig. og not. Þorkell Bjarnason

12. Öndverðarnes
    í eyði frá 1965
    eig. Múrarafél. Rvíkur
    nytj. frá Syðri-Brú

Þingvallahreppur:

1. Arnarfell
   í eyði frá
   Kirkjujörð
   not.

2. Gjábakki
   í eyði frá
   Ríkisjörð
   not.

Þingvallahr., frh.:

3. Selkot
   Í eyði frá
   eig. Þingvallahr.
   not.

4. Stífilsdalur II
   Í eyði frá
   eig.
   not.

5. Svartagil
   Í eyði frá 1973
   Kirkjujörð
   not.

6. Vatnskot
   Í eyði frá
   eig.
   Þjóðgarður

7. Þingvellir
   Í eyði frá
   eig.
   Þjóðgarður

Grafningshreppur:

1. Krókur
   Í eyði frá
   eig. Guðm. Jóhanness.
   nytj. frá Grímkelsstöðum

Ölfushreppur:

1. Alviðra
   Í eyði frá
   eig. Arness. og Landvernd
   Rannsóknarstofnun
   Landbúnaðarins

2. Arnarbæli
   Í eyði frá
   eig. ríkissjóður
   not.

3. Árbær I
   Í eyði frá
   eig. Garðar og Helgi
   Jónss. og Eva Þorf. d.
   not.

4. Árbær II
   Í eyði frá
   eig. db. Sv. Hjörleifss.
   og Diðrik Diðriksson
   not.

Ölfushreppur, frh.:

5. Árbær III
   Í eyði frá
   eig. Gerður Kolbeinsd.
   not.

6. Árbær V
   Í eyði frá
   eig. Brynj. Gíslason
   not.

7. Árbær VI
   Í eyði frá
   eig. Bjarni, Sigrún og
   Guðrún Sigurgeirsbörn
   og að hl. Selfosshr.
   not.

8. Bakkárholt II
   Í eyði frá
   eig. Þorl. og Margr., Bakkárh.,
   Gunnar Gestss., Kotstr. og
   Þorl. Sveinss., Sandhól
   not.

9. Bakki I
   Í eyði frá 1955
   eig. Valb. og Pétur Þorv. b.
   og Engilb. Hannesson sem
   nytjar jörðina

10. Eystri-Þurá I
    Í eyði frá
    eig. og not. Eggert Jóh. s.
    og Gunnar Eyjólfsson

11. Hóll
    Í eyði frá
    eig. ríkissjóður
    nytj. frá Egilsstöðum

12. Hraunshjáleiga
    Í eyði frá
    eig. Ól. og Karl Þorl. s.
    nytj. frá Hrauni

13. Kjarr (G)
    Í eyði frá
    eig. Helga R. Pálsdóttir
    not.

14. Kolviðarhóll
    Í eyði frá
    eig. Reykjavíkurborg
    not.

15. Krókur
    Í eyði frá 1979
    eig. ríkissjóður
    nytj. frá Egilsstöðum

Ölfushreppur:

16. Krókur (Hjallakrókur)
í eyði frá
eig. Hannes Svavarss.
not. Svavar Marteinss.

17. Lágar
í eyði frá
eig. Sig., Arngr., Júlíus,
Ása og Anna frá Gufudal
nytj. frá Hrauni I og II

18. Mæri
í eyði frá
eig. P. Þorvaldsson, Rvík
og Gunnar Gestsson
not.

19. Nethamrar
í eyði frá
eig. ríkissjóður
not.

20. Nýibær
í eyði frá
eig. ríkissjóður
nytj. frá Egilsstöðum

21. Osgerði
í eyði frá
eig. Eyj., Ársæll og Sig.
Guðsteinss., sameignarfél.
not.

22. Riftún
í eyði frá
eig. Kaþólski söfnuðurinn
not. Hjalti Þórðarson

23. Strýta
í eyði frá
eig. ríkissjóður
nytj. frá Grænhóli

24. Stöðlar (G)
í eyði frá
eig. ríkissjóður
not. að hl. Steindór Guðm. s.

25. Ytri-Þurá
í eyði frá
eig. og not. Eggert
og Gunnar Eyjólfss.

26. Þóroddsstaðir II
í eyði frá
eig. Þorst. Jónsson og
Tómas Jónsson
not.

Selvogshreppur:

1. Beggakot
í eyði frá 1955
eig. Baldur Teitss., Kópav.
og Eyj. Teitsson, Rvík
not.

2. Bjarg
í eyði frá 1957
eig. db. Þórunnar Friðr. d. Selv.
not.

3. Bjarnastaðir
í eyði frá 1964
eig. Baldur og Eyj. Teitss.
not.

4. Eima
í eyði frá því f. aldam.
eig. Rafn Bjarnas., Selv.
not.

5. Guðnabær
í eyði frá 1964
eig. Baldur og Eyj. Teitss.
not.

6. Hellisþúfa
í eyði frá því f. aldam.
eig. Halld. Sigfúss., Rvík
not.

7. Herdísarvík
í eyði frá 1958
eig. Háskóli Íslands
not.

8. Hlíð
í eyði frá 1906
eig. Strandakirkja
not.

9. Nes
í eyði frá 1960
eig. Halld. Sigfúss., Rvík
not.

10. Stakkavík
í eyði frá 1942
eig. Strandakirkja
not.

11. Strönd
í eyði frá því f. aldam.
eig. Strandakirkja
not.

Selvogshr., frh.:

12. Þorkelsgerði II
í eyði frá
eig. db. Jensínu Helgad.
not.

13. Þórðarkot
í eyði frá 1962
eig. Halld. Sigfúss., Rvík
not.

ENDURBYGGING EYÐIJARÐA

Samþ. í landnámsstjórn 1983:

1. Arnarhóll og Arnarstaðir, Presthólahr., N. - Þingeyjarsýslu,
   - Kolbeinn R. Kristjánsson-

2. Hlíð, Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu,
   - Reynir Sig. Gunnlaugsson -

3. Saurbær I, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu,
   - Geirfinnur Þórhallsson -

4. Stóru-Dalir, Mjóafjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu,
   - Marsibil Erlendsdóttir og Heiðar W. Jones -

5. Skaftárdalur III, Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu,
   - Guðmundur Árnason -

6. Arnarhóll I og II, Vestur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu, + sameining jarða -
   - Erlendur Guðmundsson og Ásta Guðmundsdóttir -

7. Lambhúshóll, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu,
   - Auðunn Óskar Jónasson -

Samþ. í landnámsstjórn til 20/3/84

1. Vatnsholt, Staðarsveit, Snæfellsnessýslu,
   - Haukur og Stefán K. Þórðarsynir -

2. Kollsvík, Rauðasandshreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu,
   - Hilmar Össurarson -

3. Minna-Hof, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu,
   -Gestur Einarsson -

Efri deild, 89. fundur.

Föstudaginn 4. maí, kl. 2 miðdegis.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frv. 25. mál (þskj. 25). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 8, n. 582 og 587, 583 og 588). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 583 samþ. með 9:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv.
2. gr. samþ. með 7:4 atkv.
Brtt. 588 felld með 7:4 atkv.
3.—6. gr. samþ. með 7:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Hafnalög, frv. 136. mál (þskj. 173, n. 723, 724). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,1 (ný fyrirsögn I. kafla) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,6 samþ. með 14 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,7 samþ. með 14 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,8 samþ. með 14 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,9 samþ. með 14 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,10 samþ. með 14 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,11 samþ. með 14 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, og 23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,12 samþ. með 14 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,13 samþ. með 14 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,14 samþ. með 14 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,15 samþ. með 14 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 724,16 samþ. með 14 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
29.—41. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I og II samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Menntaskólar, frv. 310. mál (þskj. 605, n. 709). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. 311. mál (þskj. 606, n. 710). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 331. mál (þskj. 695, n. 713). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. 332. mál (þskj. 696, n. 711). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. 32. mál (þskj. 665, n. 714). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 119. mál (þskj. 146, n. 708). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 317. mál (þskj. 627, n. 722). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 90. fundur.

Föstudaginn 4. maí, að loknum 89. fundi.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 762). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. til Nd.

Hafnalög, frv. 136. mál (þskj. 763). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Menntaskólar, frv. 310. mál (þskj. 605, 756). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. gerði ég athugasemd við það ákvæði frv. að nemendum í kvöldskóla skuli vera ætlað að standa undir allt að þriðjungi launakostnaðar við kennsluna. Benti ég þá á hversu óréttlátt það væri að nemendur á fullorðinsaldri byggju við aðrar aðstæður að þessu leyti en nemendur almennt hér á landi. Einnig benti ég á hversu mikið réttindamál fullorðinsfræðsla er fyrir allan almenning í landinu, einkum og sér í lagi konur sem almennt hafa töluvert minni menntun en karlar. Það kemur og fram í grg. með frv. að konur eru talsverður meiri hluti þeirra sem lokið hafa stúdentsprófi úr öldungadeildum.

Við 2. umr. málsins innti ég hæstv. menntmrh. eftir því, hvert væri viðhorf hennar og stefna hvað þetta atriði varðar. Voru svör hennar á þá leið að ég sé fyllstu ástæðu til að vekja aftur máls á þessu atriði og flytja brtt. þar um.

Á því leikur enginn vafi að greiður aðgangur að fullorðinsfræðslu og endurmenntun er meðal brýnustu hagsmunamála íslenskra kvenna. Jafnrétti til náms hefur vissulega verið lögbundið hér á landi árum saman, en það er með þau lög eins og önnur jafnréttislög að þau hafa takmörkuð áhrif á meðan aðstæður þeirra, sem í hlut eiga, eru mismunandi og ekki síst á meðan viðhorf til hlutverka og starfa kvenna í íslensku samfélagi haldast að mestu leyti óbreytt í grundvallaratriðum.

Hversu oft höfum við ekki heyrt söguna um það að stúlka hafi lent í því, eins og sagt er, að verða barnshafandi og orðið að hætta í skóla af þeim ástæðum. Og hversu oft höfum við ekki einnig heyrt að það sé að vísu leiðinlegt, en ekkert tiltökumál, því hún er nú einu sinni kona og hlutverk hennar í lífinu sem móðir og eiginkona þurfi ekki að raskast þótt hún geti ekki haldið áfram námi. Það eru þessi viðhorf og þær aðstæður sem foreldrum og þá ekki síst mæðrum ungra barna eru búnar hér á landi sem gera það að verkum að tæpast er hægt að tala um jafnrétti til náms í reynd, þótt slíkt ákvæði hafi verið að finna í lögum um nokkra hríð.

Viðhorf og gildi breytast allajafnan ekki í einu vetfangi. Þau breytast hægt og það er einnig þungur róður með það, t. d. á þessu þingi, að fá svo mikið sem afgreidd hvað þá heldur samþykkt þau mál sem bæta mundu aðstæður kvenna og gera þeim kleift að standa meira jafnfætis körlum almennt en nú er. Það ber því brýna nauðsyn til að hvarvetna sé gripið niður í lagasetningu með þeim hætti að stuðla megi að raunverulega bættri stöðu kvenna, jafnrétti og jafnrar stöðu kvenna og karla hér á landi. Í þeim efnum er greiður aðgangur að fullorðinsfræðslu ákaflega mikilvægur fyrir konur, því aðeins þannig á mikill hluti íslenskra kvenna raunverulega möguleika á því að afla sér menntunar.

Mennt er máttur eins og allir vita og þarf ekki að orðlengja um þá hlið málsins, en einmitt vegna þess, að mennt er máttur, þá skiptir öllu að allir þegnar þjóðfélagsins hafi jafna aðstöðu til að mennta sig.

Það frv. sem hér er til umr. gerir ráð fyrir hinu

gagnstæða. Það gerir ráð fyrir að ákveðinn hópur þeirra sem vilja afla sér menntunar, þ. e. fullorðnir einstaklingar, að meiri hluta konur, beri þar nokkurn kostnað af gagnstætt því sem annars tíðkast hér á landi. Þessu hlýt ég að mótmæla. Einnig hvað þetta varðar eiga konur sérstaklega undir högg að sækja, því eins og allir vita eru launakjör kvenna miklu lakari en karla og veit ég um nokkur dæmi þess að konur hafi ekki getað stundað nám í kvöldskóla af fjárhagsástæðum.

Ég spyr því hv. þdm.: Eru menn tilbúnir til að samþykkja lagasetningu sem felur í sér þá mismunun til menntunar sem það frv. sem hér er til umr. felur í sér? Til hvers eru menn að flytja hér hvert jafnréttisfrv. á fætur öðru ef þeir samþykkja síðan frv. eins og þetta, sem óbreytt felur í sér raunverulega mismunun karla og kvenna, frv. sem vinnur á móti því að raunverulega megi bæta hag kvenna, eins og það er orðað í jafnréttisfrv.?

Herra forseti. Það er margt fleira sem ræða má í sambandi við kostnaðarákvæði þessa frv., m. a. hvernig öldungadeildir voru upphaflega hugsaðar og skipulagðar í þessu tilliti og eins hvernig kostnaður nemenda kemur þyngra niður á þeim sem í dreifbýli búa, þar sem nemendur eru þar yfirleitt færri í hverjum námsáfanga en í þéttbýli. Ég ætla þó ekki að hafa hér um fleiri orð að sinni, en flyt brtt. við þetta frv. á þskj. 756 sem hljóðar upp á að nám í öldungadeildum og á námskeiðum fullorðinsfræðslu skuli vera nemendum að kostnaðarlausu.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Hér er til umr. brtt. á þskj. 756 frá hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Eins og fram hefur komið á hv. þm. setu í menntmn. þessarar deildar. Það efni sem brtt. fjallar um var ekki mikið rætt í nefndinni. Þó bar þá hluti á góma.

Ég vil halda því fram að sú lagasetning sem er hér á ferðinni, þ. e. frv. sjálft sé engin breyting frá því sem verið hefur. Eins og raunar margoft hefur komið fram er þar aðeins verið að staðfesta þá reglu, það vinnulag sem við hefur verið haft.

Hins vegar vil ég ekki láta undir höfuð leggjast að minna á það sem stendur í frv. varðandi námskeiðagjöldin, að þau skuli miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna, og það er gert ráð fyrir því að setja reglugerð í þessu sambandi. Þegar í frv. stendur „allt að" þá er ekkert sem bannar það að hafa þessa kostnaðarþátttöku verulega lægri. Þetta er kannske ekki meginmálið í þessu sambandi heldur hitt: hvar er fé í sameiginlegum sjóðum okkar til að standa undir þeim kostnaðarauka sem af þessu mundi óhjákvæmilega leiða? Sjálfur hef ég staðið að því að samþykkja fjárlög fyrir þetta ár og m. a. af þeim sökum er mér ómögulegt að gera slíkar kostnaðarbreytingar á miðju fjárlagaári sem þessi brtt. mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér.

Ég vil svo aftur taka undir fjölmargt í ummælum hv. þm. varðandi endurmenntunina, varðandi fullorðinsfræðsluna. En þá komum við að því sem hér hefur áður verið vikið að. Við þurfum að ýta á það að framhaldsskólinn verði tekinn til afgreiðslu, ef svo má að orði komast, ekki síst að því er varðar skólakostnaðinn. Þar með mundu þessi mál vafalaust koma til umfjöllunar. Ég vonast til að hæstv. menntmrh. hraði þeirri málsmeðferð.

Ég get því ekki mælt með því að deildin samþykki þessa brtt. Ég ætla ekkert að víkja orðum að því að hún sé of seint fram komin, það er eðlilegur gangur mála að brtt. komi fram allt til lokaumfjöllunar, en ég verð þó að segja að það hefði farið betur á því að brtt. hefði komið fram strax við 2. umr. En sem sagt, ég get ekki mælt með því að þessi brtt. verði samþykkt.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Þar sem ég tók ekki til máls við 1. og 2. umr. málsins en fram er komin brtt. við frv., þá þykir mér rétt að gera hér örstutta grein fyrir mínum sjónarmiðum til þessa máls. Ég hef haft mikinn hug á því að fullorðinsfræðsla hér á landi yrði efld og ég hef beðið eftir því með nokkurri óþreyju, eins og raunar fleiri þm., að fram væri lagt hér í þinginu frv. um framhaldsskóla þar sem gerð væri tillaga um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu í kerfi okkar. Ég vil minna á að í framhaldsskólafrv., sem ég lagði fram sem menntmrh., voru mjög ítarleg ákvæði um rekstur fullorðinsfræðslu innan framhaldsskólakerfisins. Auðvitað hefði verið eðlilegast að Alþingi hefði afgreitt þessi mál í heild sinni, framhaldsskólamálin, og þar með um leið fullorðinsfræðslumálin.

Ég vil nota þetta tækifæri, vegna þess að hæstv. menntmrh. er hér nærstaddur, til að spyrjast fyrir um það hvort ekki megi vænta þess að fljótlega verði lagt fyrir Alþingi frv. um framhaldsskóla. Ég hygg að einhver fyrirheit hafi verið gefin um það fyrr á þessum vetri og er jafnvel ekki frá því að framhaldsskólafrv. hafi verið á lista þeim sem ríkisstj. lagði fram í upphafi þings um mál sem hún ætlaði að flytja hér. Þó má vera að það sé misminni. Ekki geri ég mér miklar vonir um að framhaldsskólafrv. yrði afgreitt hér í þinginu á þessum vetri, en þætti forvitnilegt að vita hvort það yrði lagt fram áður en þinginu lýkur. Ef svo er ekki, þá er kannske eðlilegt að spurt sé: Hvað dvelur orminn langa? Því að auðvitað eru æði margir orðnir mjög langeygir eftir því að sett verði löggjöf um þetta efni. Það hefur dregist úr hömlu.

Í sambandi við fullorðinsfræðsluna hefur mér fundist mikilvægast að efla hana, koma henni á sem víðast. Og staðreyndin er sú, að í tíð tveggja seinustu ríkisstjórna, eða þriggja öllu heldur ef talin er með sú sem starfaði hér í eina tvo mánuði, hefur orðið mjög veruleg aukning á fullorðinsfræðslustarfsemi um allt land. Í raun og veru má segja að á árunum 1979, 1980, 1981 og 1982 verði stökkbreyting í þessum efnum. Þetta hefur mér fundist það mikilvægasta í þessu sambandi.

Mér hefur hins vegar ekki fundist það neitt óeðlilegt að nemendur sem stunduðu nám í kvöldskólum af þessu tagi, öldungadeildum svokölluðum, greiddu eitthvert innritunargjald til að festa þá við námið og hafa það alveg á hreinu hverjir ætluðu að stunda nám og hverjir væru ekki við nám. Til þess þarf venjulega að kosta einhverju til af hálfu nemenda, með greiðslu gjalds í einhverju formi, því að staðreyndin er sú, að ef ekki eru greidd gjöld í sambandi við fullorðinsfræðslu, þá sýnir reynslan að kennslan verður ákaflega losaraleg. Það er erfitt fyrir skólann að átta sig á því hvað margir eru raunverulega við nám og hvað margir ganga að þessu bara með hangandi hendi, mæta þar stöku sinnum o. s. frv. Það vill verða losarabragur á slíkri fræðslu, sem fer fram með afbrigðilegum hætti og þar sem nemandi er ekki í reglubundnu námi, nema nemendum

sé ætlað að leggja fram visst framlag af sinni hálfu sem innritunargjald og að þeir eigi þá nokkuð í húfi að stunda það nám sem þeir hafa skráð sig til.

Hitt er allt annað mál, að það getur auðvitað verið álitaefni hversu hátt þetta gjald á að vera, hvort það á að vera ⅓ af kennslukostnaði í skólunum eins og verið hefur nú um margra ára skeið eða hvort það á að vera eitthvað lægra gjald. Ég hygg að þetta gjald geti nú ekki í sjálfu sér talist mjög hátt. Það er einungis launakostnaðurinn sem nemendur greiða, en stór hluti kennslukostnaðarins er auðvitað fólginn í rekstrarkostnaði skólans og ýmsu sem því tengist. Ég vil hins vegar ekkert útiloka það að ⅓ launakostnaðar sé of hátt gjald fyrir marga nemendur og vissulega getur það verið til endurskoðunar að hafa þetta gjald eitthvað lægra, og þá er það rétt sem seinasti ræðumaður benti á að hér er um heimild að ræða til að leggja þetta gjald á, sem nemi allt að þriðjungi beins kennslukostnaðar. Það er sem sagt möguleiki að hafa gjaldið lægra. Mér finnst vel koma til greina að að því verði stefnt að lækka gjaldið, en ég er alls ekki hlynntur því að fella það algerlega niður. Ég get ekki fallist á það. Ég held að það séu full rök fyrir því að gjald sé greitt.

Það er áreiðanlega erfitt fyrir margan manninn að stunda kvöldskóla með vinnu. Og það eru mörg útgjöld því samhliða, t. d. hugsanlega barnagæsla og margt fleira, þannig að í mörgum tilvikum er um erfiðleika að ræða hjá fólki, ekki bara vegna þess að það þurfi að greiða þetta innritunargjald heldur af mörgum öðrum ástæðum. Og þá vaknar sú spurning hvort ekki þurfi að tryggja þessu fólki einhverja námsaðstoð, t. d. í formi styrkja eða lána. Ég held að það væri full þörf á því og kæmi mjög sterklega til greina að koma slíku skipulagi á að þeir sem þurfa þess sannarlega með að fá námsaðstoð til að geta stundað þetta nám fái hana, annaðhvort í gegnum Lánasjóð ísl. námsmanna eða þá í gegnum það kerfi sem heitir aðstoð við námsmenn og er sérstakur fjárlagaliður sem menntmrn. fer með og útdeilir fé af. Það er vafalaust alveg laukrétt, sem hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sagði hér áðan, að margir nemendur í öldungadeildum þurfa á aðstoð að halda. Það kemur því sterklega til greina að hafa þetta gjald eitthvað lægra og vænti ég þess að menntmrn. taki það til nánari athugunar. En einnig er vafalaust þörf á því, og til þess hvet ég mjög eindregið, að þeir nemendur sem stunda námið reglulega og skila námsárangri, því að það verður auðvitað að tryggja að menn fái ekki aðstoð fyrir nám sem ekkert er, njóti stuðnings af hálfu opinberra aðila.

Með hliðsjón af því sem ég hef nú sagt treysti ég mér nú ekki til að styðja þá brtt. sem Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, hv. 11. þm. Reykv., hefur borið hér fram.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég mun ekki styðja þá brtt. sem hér er til umr. Ég mun sitja hjá þegar hún kemur til atkv. og til þess liggja ýmsar ástæður. Ég held að af hálfu flm. till. hafi þetta mál kannske ekki verið hugsað til hinnar ýtrustu hlítar svo sem rétt væri.

Hér er um að ræða starfsemi sem komið var á fót fyrir allmörgum árum og hefur gefist mjög vel. Þetta er starfsemi fyrir fólk sem margt hvert er í vinnu og hefur laun og er því betur til þess fært að greiða nokkurt gjald fyrir þessa kennslu en ýmsir aðrir. Auðvitað er líka fólk sem ekki hefur tekjur sem er í þessu námi. Rétt er að það komi fram. En ég minnist þess ekki að hafa heyrt kvartað sérstaklega undan því að þessi gjöld væri mönnum óbærileg. Þau eru einhverjum sjálfsagt erfið, þess finnast áreiðanlega dæmi. En ég get tekið undir margt af því sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan. Auðvitað verður að krefjast þess að fólk skili árangri. Reyndin er sú, að það hefja mjög margir þetta nám á haustin sem heltast úr lestinni, sem sjá að þetta er erfið vinna og mikið álag. Ég held líka að það sé til þess fallið að fólk meti þetta meira og ræki þetta betur ef þarna kemur nokkurt gjald fyrir.

Hins vegar er svo það, að mikilvægi fræðslu af þessu tagi á eftir að fara mjög vaxandi, eins og fleiri hv. ræðumenn hafa um getið, og raunar eru þessi mál hér enn lítt skipulögð. Þáttur þeirra í fræðslukerfinu á eftir að vaxa stórum. Sú tíð er liðin að menn geti í eitt skipti fyrir öll menntað sig til starfs og stundað það síðan án frekara náms til æviloka. Það er naumast lengur fyrir hendi. Hitt verður æ algengara, að menn þurfi einu sinni, tvisvar eða jafnvel oftar á ævinni á endurmenntun að halda.

Ég minnist þess ekki að hafa heyrt neina gagnrýni á þessi gjöld. Hins vegar er auðvitað alltaf vel fallið til vinsælda að leggja til að gjöldum verði aflétt. Það er það auðveldasta sem til er að gera tillögur um að fella niður gjöld. En málið vandast stundum þegar á að gera tillögur um hvaðan taka skuli það fé sem þarna þarf óhjákvæmilega á að halda. Og skilji ég allt rétt, þá er það ekki háttur hinnar hagsýnu húsmóður að fara þannig að, að stofna til útgjalda án þess að séð verði hvernig skuli mæta þeim. Vera má að í ræðu hv. þm. hafi verið ítarlegar tillögur um hvernig skuli mæta þessum kostnaði, en ég sé ekki í till. að um það sé fjallað. Væri það góður siður ef menn hefðu það jafnframt í huga hvernig skyldi mæta kostnaði sem gerðar eru tillögur um. Það held ég að sé háttur hinnar hagsýnu húsmóður og ekki vanþörf á á sama tíma og hér er verið að leggja fram á hinu háa Alþingi tillögur um að fresta því enn einu sinni að grunnskólalögin komi að fullu til framkvæmda, á sama tíma og verið er að gera alls konar tillögur um niðurskurð í skólakerfinu — og þá er ég að tala um niðurskurð sem kemur niður á þeim nemendum sem ekki hafa tekjur, á hinum yngstu sem stunda hér nám, á þeim sem stunda nám á öllum stigum — meðan á að skera niður á þessum vettvangi. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt tillögur frá hv. þm. Kvennalistans um þessi efni.

Og svo er þetta náttúrlega gert að jafnréttismáli líka. Sjálfsagt er það það að einhverju leyti. En það er eins og kjarni allra mála hjá hv. þm. Kvennalistans verði jafnrétti, það er alveg sama um hvað er talað. Jafnrétti er ekki umdeilt og það er jafnrétti til náms á Íslandi. En við getum aldrei sett lög um að fólk hafi jafna hæfileika til náms, aldrei. Það er ekki til umr. (Gripið fram í.) Ég veit að ýmsir hv. þm. vilja það sjálfsagt og líta þannig á málið. En hvernig er nú jafnréttið í skólakerfinu? Þar er það kannske annað kynið sem nýtur ýmissa forréttinda. Eigum við að líta á kennslu í leikfimi í grunnskólum? Þar hef ég komist að hinum undarlegustu hlutum.

Í 9. bekk grunnskóla er það hluti af leikfimiprófi að hlaupa 800 metra. Stúlka sem hleypur 800 metra á 2 mín. 55 sek. eða skemmri tíma fær 10. Piltur sem hleypur þessa sömu vegalengd á sama tíma fær 7 eða 8.

Hann þarf að hlaupa þessa sömu vegalengd á 2 mín. 25 sek. til að fá sömu einkunn og stúlkan. Þetta sama gildir í hástökki. Þetta sama gildir í langstökki. Hv. þm. Kvennalista, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, hristir höfuðið. (**SDK:** Mér finnst þetta vera hlægilegt.) Já, henni finnst þetta hlægilegt. Mér finnst þetta ekkert hlægilegt. Mér finnst þetta vera misrétti. En skv. upplýsingum námsstjóra í íþróttafræðum við grunnskóla hafa þessar reglur verið settar vegna þess að stúlkur eru öðruvísi gerðar en piltar og þess vegna er þeim hér mismunað. Þær hafa ekki sama þrek, þær hafa ekki sama þol og úthald. Ég verð nú að segja alveg eins og er að mér finnst þetta vera ranglátar reglur. Það skyldi þó ekki vera eitthvað fleira í skólakerfinu sem er á þann veg að kynjunum sé mismunað með þessum hætti?

Þetta er nú svo sem ekkert meginatriði í umr. um þetta mál, en af því að hv. þm. Samtaka um kvennalista koma aldrei öðruvísi í ræðustól hér en að tala um jafnréttismál og það eru raunar einu málin sem þær hafa á sinni stefnuskrá, einu málin sem þær tala um í ræðustól á Alþingi eru jafnréttismál út frá ýmsu sjónarmiði og oft á misskilningi byggt, því miður, þá sá ég mig knúinn til að vekja athygli á þessu misrétti sem líðst í skólakerfinu. Það er ýmislegt annað misrétti sem viðgengst í skólakerfinu. Ég held að það sé misráðið að þvinga það fram t. d. að drengir og stúlkur á erfiðum breytingaaldri séu neydd til að vera saman í leikfimitímum. Ég held að þarna sé þessari svokölluðu jafnréttishugsjón, sem ég leyfi mér að kalla svo þegar henni er beitt svona, sé beitt til ills fyrir marga nemendur. Og ég held að það séu ýmis fleiri dæmi sem mætti nefna á þessum vettvangi.

Herra forseti. Meðan verið er að gera tillögur hér á Alþingi, sem munu ná fram að ganga, um að fresta því enn einu sinni að grunnskólalögin komi að fullu til framkvæmda, meðan verið er að skera niður hingað og þangað í skólakerfinu það sem snýr að börnum, þá verð ég að segja alveg eins og er að ég vorkenni ekki fullorðnu fólki, sem stundar flest vinnu, að greiða hluta umrædds gjalds. Eins og raunar kom hér fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds er heimild til að lækka þetta frekar. Þar sem ég lít svo á að öll þessi fullorðinsfræðslu- og eftirmenntunarmál séu í endurskoðun og mótun treysti ég mér ekki til að greiða þessari till. atkv. né heldur hinni annarri samkynja sem fylgir hér frv. um fjölbrautaskóla.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Velferðarríki er að mörgu leyti dálítið skrýtið apparat. Hérna uppi í holtinu sem stundum er kallað Grjótaþorp, kannske að nokkru leyti rangnefni því að það var upphaflega aðeins mjög lítill hluti þess svæðis sem þarna var, stendur lítið rautt hús. Það er núna Garðastræti 15. Í þessu húsi bjó kona og við hana er þetta hús kennt. Þessi kona er orðin að sögupersónu í Íslandssögunni. Um hana hafa verið skrifaðar bækur og jafnvel kvikmyndaðar. Þessi kona rak eitt lítið velferðarríki með dálítið sérstökum hætti. Hún hafði kostgangara. Og hjá henni gilti það lögmál að þeir borguðu sem gátu og hinir borguðu ekki. Ég er ekki viss um að Una hafi talist til hinnar hagsýnu húsmóður en hún var a. m. k. mjög elskuð húsmóðir.

Það sem fram hefur komið í þessari umr. geri ég að nokkru leyti að mínu máli. Ég get ekki gagnrýnt þá framkvæmd að taka gjald af þeim sem nám stunda í öldungadeildum, þ. e. að þeir standi að hluta til undir þeim kostnaði, þegar við höldum opnum möguleika til að aðstoða það fólk sem ekki getur staðið undir þessum kostnaði eftir þeim leiðum sem velferðarríkið býður upp á. Auðvitað væri æskilegast að allir ættu þess kost að mennta sig án þess að þurfa að leggja fram greiðslu í peningum fyrir að njóta þeirrar uppfræðslu. En við vitum að það er þó tekið endanlega úr þeirra vasa með öðrum hætti þegar til greiðslunnar kemur. Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram eru komnar, að þetta er annars vegar ekki hátt gjald og hins vegar er mögulegt að fá gjaldið lækkað og fá aðstoð til að greiða það, tel ég þessa till. ekki tímabæra nú. En kostnaðarlaust nám er náttúrlega keppikefli út af fyrir sig í ljósi hinna frægu orða Bismarcks að framtíðin er þeirrar þjóðar sem besta á skólana.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Hér hafa fallið mörg orð um þessa litlu till. sem er kannske ekki svo lítil. Ef ég rek mig nú eftir þessum orðum, þá byrjaði hv. þm. Davíð Aðalsteinsson á því að benda á að greinin í frv. hljóðaði upp á „allt að" þriðjung kostnaðar og benti á að það mætti kannske vera lægra. Þetta var ég búin að sjá líka og spurði þess vegna hæstv. menntmrh. að því í gær hvort hún hefði hug á því að hafa þetta eitthvað lægra en þriðjung. Það er greinilegt að hv. þm. hefur ekki heyrt hennar svör. Þau voru neikvæð. Þess vegna er brtt. endanlega flutt hér við 3. umr.

Hv. þm. Ragnar Arnalds taldi að sjálfsagt og að mörgu leyti nauðsynlegt væri að hafa einhvers konar gjöld í kvöldskóla til þess að ekki kæmist los á kennsluna, ekki kæmist los á nemendur í kvöldskólum. *Má vel vera að það sé ágætis hugmynd, en innritunargjald* er allt annar hlutur en að greiða þriðjung af launakostnaði við kennsluna. Ég get út af fyrir sig mjög vel fallist á að eitthvert innritunargjald sé í kvöldskóla, t. d. sambærilegt við það sem er í Háskóla Íslands, ef það verður til þess að menn taki ákveðnari ákvarðanir, ef svo má segja, um að fara að stunda fullorðinsnám en ella væri.

Eins benti hv. þm. Ragnar Arnalds á að vel gæti komið til greina að hægt væri að styðja við bakið á fullorðnu fólki, sem vill mennta sig, með því að veita því aðild að Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er sennilega ágætisleið en er þó varla til að einfalda málið ef það er hugsað til þess eins að vega upp á móti kennslukostnaði nemenda. Þá erum við eingöngu komin með tilfærslur á hinum ýmsu sviðum ríkisreikninga.

Síðan kom hér upp hv. 5. landsk. þm. Eiður Guðnason og var mikið niðri fyrir. Hann taldi að málið hefði ekki verið hugsað til hlítar af mér. Því mótmæli ég hér með eindregið. Rökin sem hann færði fyrir því voru þau að fólk í vinnu hefði laun og gæti þess vegna greitt eitthvað fyrir kennsluna. Mig rekur minni til þess, ég ætla að það séu tveir mánuðir síðan, að hv. þm. kom hér í ræðustól með launaseðil konu, sem hafði ósköp venjuleg kvennalaun, og yfirheyrði hæstv. fjmrh. um það hvernig þessi kona ætti að lifa af þessum launum. Nú spyr ég hv. þm. Eið Guðnason: Hvernig á þessi kona líka að borga kennslukostnað af þessum launum ef hún skyldi vilja mennta sig? Svari þm. því ef hann getur.

Ég hirði ekki um að svara útúrsnúningi þm. um

hæfileika til náms, við slíkt elti ég ekki ólar, en þm. var mikið niðri fyrir út af málflutningi Kvennalistakvenna sem alltaf töluðu um jafnréttismál sama hvað væri til umr. Þá vil ég spyrja hv. þm.: Veit hann ekki á hvaða forsendum þm. Kvennalistans eru komnir til þings? Það væri óskandi héðan í frá.

Eins endaði þm. mál sitt á því að tala um að Kvennalistakonur misskildu ætíð öll jafnréttismál. Þetta er röksemdafærsla sem við konur erum búnar að heyra alla tíð og þess vegna erum við einmitt á þing komnar og munum halda áfram að vera hér á meðan slík sjónarmið heyrast á Alþingi Íslendinga.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni þeirra ummæla sem féllu hér áðan hjá hv. 11. þm. Reykv. Hún minnti á það atvik er við hæstv. fjmrh. áttum hér nokkur orðaskipti í vetur. Ég hygg að við séum alveg sammála um það að kjör láglaunafólks í þessu þjóðfélagi eru nú með þeim hætti að það hefur minna en ekkert aflögu. Um það er ekki nokkur minnsti ágreiningur. Og fjmrh. var meira að segja sammála þessu, ef ég man rétt, þegar við vorum að ræða þessar ákveðnu launatölur sem þá komu hér til umr. En það breytir hins vegar ekki meginmáli minnar ræðu, að mikill hluti þess fólks sem stundar þetta nám er í vinnu og vill nokkuð á sig leggja til að stunda þetta nám og ég minnist þess ekki að hafa heyrt mikla eða yfirleitt nokkra gagnrýni á þessi námsgjöld. Ég minnist þess ekki. Það hefur ekki verið nein umr. um það í þjóðfélaginu né heldur hér á Alþingi. Ég held þess vegna að hér sé verið að gera mikið veður út af máli sem er í rauninni ekkert vandamál. En auðvitað þarf að endurskoða öll þessi fullorðinsfræðslumál eins og ég minnti á hér áðan. En ég minni á það að hv. 11. þm. Reykv. vék ekki að því einu orði hvaðan ætti að taka fé, hvort það ætti að koma frá öðrum þáttum menntakerfisins eða hvaðan það ætti yfirleitt að koma. Og ég tel að sú skylda hvíli á tillögumönnum, þegar þeir gera tillögur í þessa átt, að leggja til samtímis hvernig skuli fjármagna þessar aðgerðir.

Varðandi þessa umr. og orðaskipti okkar um jafnréttismálin og tilurð Samtaka um kvennalista, þá er mér það allt saman fullkomlega ljóst. Ég hef hins vegar vissar efasemdir um það að málflutningur af því tagi sem hv. þm., fulltrúar Samtaka um kvennalista á hinu háa Alþingi, viðhafa í málum hér sé alltaf jafnréttinu til mikils framdráttar. Ég hef vissar efasemdir um það. Ég held að að þeim málum verði kannske betur unnið í stærra samhengi og ég held satt best að segja að stjórnmálaflokkarnir sem hafa skoðanir á fleiri málum en jafnréttismálum séu á ýmsan hátt betur til þess fallnir og verði meira ágengt í að vinna jafnréttishugmyndum stuðning heldur en sá málflutningur. Þótt ég efist ekki um þann góða hug og vilja sem þar er að baki þá held ég að þetta leiði hina áhugasömustu fulltrúa stundum út á svolítið hæpnar og vafasamar brautir sem ekki séu þessum ágæta jafnréttismálstað alltaf til framdráttar. Og satt best að segja held ég að sá stundum öfgafulli málflutningur sem stundaður er á þessum vettvangi sé hinni raunverulegu jafnréttisbaráttu ekki til góðs.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Aðeins ein stutt fsp. til hv. þm. Eiðs Guðnasonar: Hver er hin raunverulega jafnréttisbarátta?

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er nú kannske ekki sanngjarnt að bera svona spurningu fram þegar maður er þegar búinn að tala sig dauðan eins og það heitir á þingmáli. Hin raunverulega jafnréttisbarátta. Auðvitað mætti um hana setja á langa ræðu. Hún er alls staðar, í öllu lífinu, hvarvetna. Ég held að um það sé enginn ágreiningur. En ég endurtek það sem ég sagði að ég held að málflutningur eins og uppi er hafður oft nú um stundir um þessi efni sé ekki alltaf málefninu til mikils framdráttar. Oftast vinnast málin betur á ýmsum öðrum stöðum en opinberum málþingum og með hávaða í fjölmiðlum og ræðustólum.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Með tilliti til síðustu orða hv. þm. geri ég ráð fyrir að hann muni fara eftir þeim í sinni eigin félagsmála- og stjórnmálabaráttu.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég lýsi nokkurri undrun á þeim umr. sem hér hafa farið fram, svo rækilega sem þessi starfsemi hefur sannað gildi sitt við því verði sem hún er látin í té, þessi þjónusta. Frá upphafi þessarar starfsemi hefur gjöldum verið hagað svo sem hér er um rætt. Þess má geta að núna á þessari önn er gjald nemenda í öldungadeild 1700 kr. og yfir því hefur síður en svo verið kvartað. Hins vegar hefur þetta leitt til þess að fjöldi manna, karla og kvenna, og í miklu stærri stíl kvenna, hefur á þennan hátt hlotið menntun sem þetta fólk hefði annars verið án. Mikill og vaxandi fjöldi stúdenta útskrifast úr öldungadeildum. Það munu vera um 100 manns a. m. k. á ári og það hefur verið vaxandi krafa að það fyrirkomulag sem verið hefur verði lagfært. Um það snýst þetta mál.

Ég verð að segja að það eru mér vonbrigði að um þetta komi fram óraunhæfar tillögur sem síst eru tímabærar nú, eins og á stendur um fjárhag þjóðarinnar. Hér er einnig um efnislegt meginreglumál að tefla, einmitt þetta, að þeir sem öðruvísi stendur á um en um unglinga standi undir hluta námskostnaðar síns sjálfir. Það hefur reynst vel að því er þessa starfsemi varðar. Mönnum hefur verið alvara með því námi sem þeir stunda í öldungadeild og leggja mikið á sig og mikil námsafrek hafa þar verið unnin.

Ég held að Alþingi ætti að kappkosta að afgreiða þetta litla mál, sem hefur mikla þýðingu, og lögfesta þessa starfsemi. Ég tel of langt að bíða þess að Alþingi lögfesti ýmsar aðrar reglur um framhaldsskóla, eins og spurt var raunar um hér í dag. Það var spurt um frv. um framhaldsskóla. Ég svaraði þeirri spurningu í frumræðu minni fyrir þessu máli og einnig síðar í 1. umr. Að því er varðar kostnaðarskiptingu, þá var það atriði sem flækti framgang framhaldsskólafrv. á sinni tíð. Ég hafði vissulega í huga að lögfesta efnisatriði þess frv. þá er ég tók við ráðherradómi, en síðan hef ég athugað þetta mál allmiklu betur og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri framkvæmanlegt nú fremur en fyrri daginn að koma því máli í heilu lagi í gegnum þingið. Þess vegna tek ég þann kostinn að taka þetta atriði, sem ég tel mjög nauðsynlegt að lögfesta, út úr og gerði um það sérstakt frv. En að því er varðar löggjöf um framhaldsskóla að öðru leyti, þá þykir mér það að athuguðu máli

ekkert sáluhjálparatriði að hafa það endilega í einu allsherjarfrv. Aðalatriðið er að það séu til skýrar og greinilegar og framkvæmanlegar lagareglur um þessa starfsemi í þjóðfélaginu og að við byggjum í því sambandi á þeirri reynslu sem fengist hefur í því kerfi sem starfrækt hefur verið.

Ég vil að öðru leyti þakka, herra forseti, þann efnislega stuðning sem þetta frv. hefur nú að mestu leyti fengið þrátt fyrir það að fram komi brtt. Það er ekkert að undra þótt fram komi brtt. um málin, en ég vil sérstaklega taka fram að efni hennar tel ég muni ekki verða þessu máli til framdráttar.

ATKVGR.

Brtt. 756 felld með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SDK.

nei: VI, AG, DA, EgJ, EKJ, LJ, HÓ, StB.

EG, KolJ, RA, SkA, greiddu ekki atkv.

7 þm. (TÁ, ÞK, SalÞ, ÁJ, HS, JHelg, KSG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég tel rétt að greidd séu innritunargjöld þegar öldungadeildir eru starfræktar. En með hliðsjón af því að þörf getur verið á því að endurskoða núverandi gjöld og þar sem sterklega kemur til greina að athugað verði um veitingu námsaðstoðar til þeirra sem standa sig í þessu námi og stunda það reglulega og hafa mikla þörf fyrir aðstoð vil ég ekki greiða atkv. gegn þessari till. Ég greiði því ekki atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fjölbrautaskólar, frv. 311. mál (þskj. 606, 757). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Brtt. sú, sem ég flyt við þetta mál á þskj 757, er shlj. þeirri brtt. sem ég flutti við 310. mál hér áðan og felur í sér að fullorðinsfræðsla skuli vera nemendum að kostnaðarlausu. Fyrir þessari brtt. eru sömu rök og ég hef þegar gert grein fyrir vegna brtt. við fyrra frv. og vil ég aðeins ítreka að það að samþykkja þetta frv. óbreytt sýnir í mínum augum glögglega sýndarmennsku þeirra sem að því standa og flytja hér jafnframt frv. um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér óþarft að hafa mörg orð um þessa till. svo mikið og lengi var shlj. eða samkynja till. rædd hér í d. áðan. Og ég vil taka það fram, svo sem eins og ég gerði með hina till., að ég get ómögulega fallist á hana og vil því leggja til að hún verði felld. En mig langaði til þess að spyrja hv. flm. þessarar brtt., hvernig eða hver muni koma til með að greiða skv. till. þennan viðbótarkostnað vegna fjölbrautaskólanna og þá öldungadeildanna. Þá er kostnaði skipt í þrennt eins og ég veit að hv. flm. till. er fullkunnugt um. Er það ríkið eða eru það sveitarfélögin, sem hv. flm. gerir ráð fyrir að greiði þann viðbótarkostnað sem af hlýst ef brtt. yrði samþykkt sem ég vona að verði nú ekki?

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Það er mikið til siðs hér á þessu þingi að spyrja hagsýnar konur hvernig eigi að greiða eitt og annað og það væri æskilegt að sá siður væri í heiðri hafður varðandi hagsýna karla hér á þessu þingi.

Mér finnst eðlilegt og geri ráð fyrir því, þó að það hafi nú reyndar ekki komið fram í framsögu minni hér áðan, að verði brtt. samþykkt þá skiptist kostnaðurinn jafnt á sveitarfélög og ríki. Að öðru leyti get ég vísað til þess að hér á þessu þingi höfum við Kvennalistakonur flutt margs konar brtt., sem mættu horfa til sparnaðar í ríkisfjármálum, og ef menn vilja beinharða till. núna um það hvar mætti yfirleitt taka fé til þess að standa undir þeim kostnaði, sem þetta hefur í för með sér fyrir ríkið, þá mætti mér að meinalausu fella niður útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur.

ATKVGR.

Brtt. 757 felld með 7:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SDK.

nei: VI, AG, DA, EgJ, EKJ, HÓ, StB.

EG, KolJ, RA, SkA greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÞK, SalÞ, ÁJ, HS, JHelg, KSG, LJ, TÁ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 331. mál (þskj. 695). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Búnaðarbanki Íslands, frv. 332. mál (þskj. 696). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. 32. mál (þskj. 665). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 766).

Tollskrá o. fl., frv. 119. mál (þskj. 146). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 767).

Tollskrá o. fl., frv. 317. mál (þskj. 627). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Söluskattur, frv. 284. mál (þskj. 543, n. 712). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var ákveðið með lögum frá Alþingi að framleiðendur verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa mættu draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins frá heildsöluverði með það í huga að bygging húsa á byggingarstað er söluskattsfrjáls. Síðar var á það fallist hér á Alþingi með lagabreytingu að ákvæði þetta ætti einnig við barnaheimili og leikskóla, auk almenns íbúðarhúsnæðis. Frv. það sem hér er til umr. snýst um það að bæta hér enn við og þá þeim byggingum sem ætlaðar eru fyrir félags- og safnaðarheimili, svo og til atvinnurekstrar.

Hv. fjh.- og viðskn. hefur fjallað um mál þetta og komist einróma að þeirri niðurstöðu að sjálfsagt sé að veita því brautargengi. Nefndin mælir því með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Skógrækt, frv. 212. mál (þskj. 377, n. 754, 755). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég vísa til þess að við fyrri umr. var þetta mál rækilega skýrt af hendi hæstv. landbrh. Auk þess vitna ég til grg. með frv. sem skýrir tilgang þess og eðli. Með tilvísan til þessa fjalla ég hér einvörðungu um þær brtt. sem n. gerir og umfjöllun hennar að öðru leyti um málið.

Eins og fram kemur í nál. var leitað umsagnar hjá Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Auk þess átti n. viðræður við Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra og einnig Tryggva Gunnarsson og Bjarna Guðmundsson sem skýrðu viðhorf landbrn. í þessu tilviki. Til viðbótar hafði n. einnig samband við skógræktarstjóra.

Á þskj. 755 leggur landbn. Ed. fram brtt. við frv. í sjö liðum. Til að skýra þessar brtt. í fáum orðum þykir mér vert að fjalla hér um þær sérstaklega. Fyrsta brtt. er við 2. gr. frv. og er gerð skv. ábendingu sem kom hér fram við fyrri umr. þar sem lögð var áhersla á að ákvæði 2. gr. um að heimila tiltekinn styrk til jarðeigenda yrði ekki bundið við jarðir einar saman, heldur þá aðila sem ættu lönd sem næðu þeirri tilskildu lágmarksstærð. Vona ég að hv. þm. Ragnar Arnalds taki eftir þessu vegna þess að það var hann sem kom með þessa ábendingu við fyrri umr.

Þá er í sambandi við 26. gr. bætt við orðinu „sérfræðilegar". Sú breyting er rökstudd með því að ástæða þykir til að undirstrika að könnun á skógræktarskilunum verði unnin af sérfróðum aðila sem í þessu tilviki er að sjálfsögðu Skógrækt ríkisins. Þá er líka lagt til að í stað þess að vísa til 16. gr. skógræktarlaga um þær kröfur sem gera skuli til girðinga sé sá kostur valinn að láta ákvæði girðingalaga gilda um girðingar um nytjaskóga. Ákvæði 16. gr. skógræktarlaga og girðingalaga um hvaða kröfur eru gerðar til frágangs girðinga eru ekki á sama veg. Þar sem hugsanlegt er í sumum tilvikum að nýta girðingar sem þegar eru fyrir hendi á bújörðum fyrir nytjaskóga og meiri líkur eru á að slíkar girðingar uppfylli kröfur girðingalaga er þessi brtt. sett fram. Ákvæði 16. gr. skógræktarlaga gera meiri kröfur til efnis og frágangs girðinga en hins vegar er vörslugildi girðinga skv. girðingalögum talið nægjanlegt.

Þá er enn fremur gerð breyting skv. ábendingu Búnaðarþings um að bæta við nýrri mgr. sem felur í sér að umráðamanni lands sé heimilt að framkvæma sérstakar aðgerðir á kostnað Skógræktarinnar ef hún stendur ekki við sinn hlut. Almennt má segja um þetta atriði að í frv. eins og það var lagt hér fram voru kvaðirnar og skyldurnar æði mikið á annan veginn, þ. e. gagnvart bændaþættinum í þessu máli. Hér er gert ráð fyrir því að í grundvallaratriðum verði um samning að ræða á milli Skógræktarinnar og þeirra bænda sem taka til við ræktun nytjaskóga og þar af leiðandi þykir eðlilegt að hér sé viðhöfð fyllsta gagnkvæmni í skyldum og ábyrgð.

Í fimmta lagi er lagt til að í því tilfelli þegar skógræktin hefur mistekist og landeigandi er losaður undan samningi fari það eftir mati á umbótum á landi en nemi þó aldrei meiru en hinum upphaflega styrk ásamt verðbótum. Till. er miðuð við það að hér verður ekki um hærra hlutfall að ræða en ⅘ af matsverði girðingar en aðrar umbætur falli jörðinni til. Þetta er rökstutt með því að hin faglega ábyrgð á ræktuninni hvíli að verulegu leyti á Skógrækt ríkisins og telja má sanngjarnt að þær landbætur, ef einhverjar eru, af misheppnaðri skógrækt falli landinu til.

Í sjötta lagi er bent á það að skv. 28. gr. getur Skógræktin valið þann kost í tilefni af ítrekuðum vanefndum landeiganda eða ábúanda að krefjast innlausnar á skógræktarlandinu að uppfylltum ýmsum

skilyrðum. Hér er lagt til að þessari reglu verði breytt á þann veg að heimilt sé að taka landið tímabundið í vörslu Skógræktarinnar af þessu tilefni og væri sá tími lengst 8 ár. Hafi landeigandi eða ábúandi þá ekki bætt úr vanefndum getur Skógræktin krafist innlausnar á landinu. Bæti landeigandi eða ábúandi hins vegar úr vanefndum tekur hann á ný við landinu með þeim kvöðum sem samningur um nytjaskóga ákveður. Rökstuðningur fyrir þessu er sá að líta verður á þessar skógræktarframkvæmdir sem lið í búskap á viðkomandi jörð og tímabundnar ástæður geta hugsanlega valdið vanefndum á samningum. Því er hér lögð til breyting á því á hvern hátt Skógræktin grípur inn í til að viðhalda tilteknum árangri.

Skv. frv. var aðeins við það miðað að forkaupsréttur Skógræktarinnar að skógræktarlandinu yrði ekki virkur þegar viðkomandi jörð væri í heild ráðstafað til nánar tilgreindra skyldmenna skv. 1. tölul. 26. gr. jarðalaga 1976, en þar er skilyrði að viðkomandi taki jörðina til ábúðar og fullra nytja. Rétt þykir að rýmka þetta ákvæði á þann veg að forkaupsréttur Skógræktarinnar yrði almennt ekki virkur þegar jarðeigandi ráðstafaði jörð sinni í heild.

Herra forseti. Með tilliti til þessara skýringa þykir mér ástæða til að benda á að öll n. hefur undirritað nál. og er sammála um afgreiðslu þessa máls. Mér finnst að lokum ástæða til að færa samnefndarmönnum mínum þakkir fyrir gott samstarf í n. Vert þykir mér að geta þess, að hv. 2. þm. Austurl. hefði gjarnan viljað vera hér við þessa umr. til að undirstrika áhuga sinn á þessu máli, en hann hafði ráðstafað tíma sínum á annan veg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipamælingar, frv. 135. mál (þskj. 172, n. 753). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Eins og þskj. sem greinir frá afgreiðslu málsins ber með sér var samgn. sammála um að leggja til að þetta mál yrði samþykkt með sama hætti og það barst þessari deild frá Nd.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Samgn. var sammála um að mæla með því að þetta frv. yrði samþykkt. Þó kom það fram í n. við umræðu um þetta mál að vissir annmarkar eru á samþykkt þess. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til verður skipaflotinn mældur með tvennum hætti, þ. e. öll ný skip og þau önnur sem hefur verið verulega breytt verða með hina nýju mælingu en hin eldri geta haldið sinni mælingu um ákveðinn árafjölda. Í frv. eru frestandi ákvæði um gildistökuna vegna þess að það eru svo margir þættir í sambandi við útgerðina okkar sem bindast mælingu og stærð skipanna.

Við erum nú að fjalla um frv. í samgn. einmitt um réttindi skipstjórnarmanna og vélstjóra miðað við stærð og sömuleiðis erum við bundnir ákveðnum stærðum í sambandi við veiðiréttindi. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að það er svolítið skrýtið að búa við það að skipaflotinn geti verið mældur eftir tveimur ákveðnum reglum og þar af leiðandi skipin mismunandi stór eftir því hvaða mælieining eða mæligerð verður notuð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Sjúkraliðar, frv. 314. mál (þskj. 622, n. 747). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. til l. um sjúkraliða. Þetta frv. er raunar hliðstæða við sum önnur sem hér hafa verið til meðferðar í þinginu, þ. e. um lögverndun starfsheita þar sem tekið er fram um réttindi og skyldur þeirra sem við er átt. Það sakar ekki að minna á það að gildandi lagaákvæði um sjúkraliða er að finna í 8. gr. hjúkrunarlaga og fer ég ekki nánar út í það. Raunar felur þetta frv. í sér að sá hluti 8. gr. hjúkrunarlaganna falli niður nema að því er varðar nám sjúkraliða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. frekar. Það urðu eins og vænta má allnokkrar umr. um frv. þótt ekki sé það stórt í sniðum og raunar afskaplega einfalt að allri gerð. Ekki síst urðu umr. um 5. gr. en þar er gert ráð fyrir því eins og hingað til hefur verið og er í dag að sjúkraliðar skuli starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings.

Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbrrn. kom á fund n. og áttu nm. við hann gagnlegar umr. um þetta mál. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Ljósmæðralög, frv. 315. mál (þskj. 623, n. 746). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. til ljósmæðralaga. Eins og kunnugt er eru gildandi ljósmæðralög frá árinu 1933 og þótt ekki sé nema litið til þess er full þörf á því að endurskoða þau lög. M. a. sakar ekki að minna á að ljósmæðraumdæmi sem kveðið er á um í þeim lögum eru raunar úr sögunni með tilkomu laga um heilbrigðisþjónustu þar sem kveðið er á um heilsugæsluumdæmi og um starf ljósmæðra við heilsugæslustöðvar. Nægir að minna á þetta til að rökstyðja að full þörf var á endurskoðun laganna.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um þetta frv. fremur en hið fyrra er ég mælti hér fyrir nál. um. Frv. er einfalt að allri gerð. Ég vil þó geta þess að á fund n. kom formaður Ljósmæðrafélags Íslands ásamt Ingimar Sigurðssyni deildarstjóra í heilbrrn. Ljósmæðrafélag Íslands hafði sent umsögn um þetta mál til heilbr.- og trn. þar sem vikið var að tveimur atriðum fyrst og fremst.

Það var annars vegar 5. gr. frv. og eins og fram kemur í nál. flytur n. brtt. einmitt við þá grein. Þar er lagt til að greinin orðist þannig: „Óheimilt er að ráða til ljósmóðurstarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum“ í stað: „Óheimilt er að ráða sem ljósmæður.“ Þetta orðalag „til ljósmóðurstarfa“ er talið vera ótvíræðara vegna þeirra starfa sem hér er við átt. Ég skal viðurkenna að þarna er að mínum dómi afskaplega mjótt á munum og sumir sjá nú ekki verulegan mun þarna á. En þeir sem þykjast betur til þekkja telja að þetta sé nauðsynlegt til að taka af allan vafa. Í umsögn Ljósmæðrafélagsins var jafnframt vikið að 4. gr. frv. Heilbr.- og trn. treysti sér ekki til að taka inn þá brtt. sem Ljósmæðrafélag Íslands lagði þar til og mun því að tilhlutan n. sú grein standa óbreytt í frv.

Það var aðeins vikið að því við meðferð þessa máls í n. hvort rétt væri að láta það bíða betri tíma væntanlega, ekki síst vegna þess að borist hafa spurnir af því að frv. um Ljósmæðraskóla Íslands, sem hér var til umr. fyrr, fari ekki í gegnum þingið, það sé jafnvel strandað í Nd., þó ég vilji ekki fullyrða það hér úr þessum ræðustóli. Við töldum, nm. í heilbr.- og trn., ekki ástæðu til að spyrða þessi frv. algjörlega saman þar sem frv. um Ljósmæðraskólann fjallar fyrst og síðast um menntun ljósmæðranna, þ. e. Ljósmæðraskólann og það starf sem þar fer fram, en hér er fyrst og fremst um lögverndun starfsheitis að ræða og tekið fram um þau réttindi og þær skyldur sem fylgja ljósmóðurstarfinu.

Herra forseti. Ég hef ekki um þetta fleiri orð en með þeirri breytingu sem heilbr.- og trn. flytur leggur n. til einróma að þetta frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 746 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 80. fundur.

Föstudaginn 4. maí, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 158, n. 688, 690 og 692, 689, 691, 693, 694, 704).— Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 691,1 felld með 21:10 atkv.
Brtt. 694,1 felld með 23:11 atkv.
Brtt. 689,1 felld með 23:12 atkv.
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 691,2 felld með 25:7 atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 691,3 felld með 23:10 atkv.
Brtt. 694,2 felld með 27:2 atkv.
3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 693,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 694,3 felld með 30:3 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 691,4.1—3 felld með 23:10 atkv.
Brtt. 691,4.4 felld með 26:7 atkv.
Brtt. 691,4.5 tekin aftur.
Brtt. 691,4.6 tekin aftur.
Brtt. 689,2 felld með 24:7 atkv.
Brtt. 693,2 samþ. með 25:4 atkv.
Brtt. 694,4 felld með 29:2 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 23:3 atkv.
Brtt. 691,5 felld með 22:7 atkv.
Brtt. 693,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 691,6 tekin aftur til 3. umr.
11.—12. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 689,3 felld með 21:11 atkv.
13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 689,4—5 felld með 21:12 atkv.
14. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 689,6 felld með 22:12 atkv.
15. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 689,7 felld með 20:11 atkv.
Brtt. 691,7 felld með 25:7 atkv.
Brtt. 689,8 felld með 21:11 atkv.
16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 693,4 samþ. með 33 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 693,5 samþ. með 33 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 693,6 (ný 21. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 693,7 samþ. með 34 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 691,8 felld með 25:8 atkv.
26.—29. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 689,9 felld með 21:4 atkv.
Brtt. 691,9 felld með 21:5 atkv.
Brtt. 689,10 felld með 20:10 atkv.
30. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 691,10 felld með 22:12 atkv.
Brtt. 689,11 felld með 22:8 atkv.
31. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 689,12 felld með 21:9 atkv.
32. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 689,13 felld með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK, SvG, GeirG, GE.

nei: GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, GeirH, FÞ, FrS, IG.

GJG, GSig greiddu ekki atkv.
5 þm. (GA, ÓÞÞ, PS, SJS, NL) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Í þessu frv. er í c-lið 33. gr. aukið hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna til félagslegra íbúðabygginga og þar segir:

„Leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða

félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi."

Þetta er nánar útfært í 54. gr. og í aths. við 33. gr. og 54. gr. sem fylgja frv. Það er mín túlkun að skv. c-lið fái félagssamtök, sem ætla að byggja leiguíbúðir sem ætlaðar eru til útleigu fyrir félagsmenn sína, sem ekki hafa aðstöðu til að eignast eigið húsnæði við hæfi, möguleika til lána úr Byggingarsjóði verkamanna, enda uppfylli aðilar ákvæði Byggingarsjóðs verkamanna um tekjuviðmiðun skv. 44. gr. frv. Hins vegar tel ég ekki tök á að samþykkja brtt. á þskj. 689 og segi því nei.

Brtt. 691,11 felld með 23:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJóh, KH, KSK, SvG, GeirG, GE, GJG, GHelg, HG, JS, JBH, KP.

nei: MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, GeirH, FÞ, FrS, GSig, GGS, HÁ, HBl, IG.

5 þm. (ÓÞÞ, PS, SJS, NL, GA) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þessi brtt. gengur út á það að húsnæðissamvinnufélög fái rétt skv. kaflanum um félagslegar íbúðabyggingar, enda sé tryggt handa þeim sérstakt fjármagn á fjárlögum í útlánaáætlun Byggingarsjóðs verkamanna. Þannig er alveg skýrt að hér er gert ráð fyrir að sérstakt fjármagnsátak þurfi til að tryggja aðild húsnæðissamvinnufélaganna að þessum lagakafla skv. þessari brtt. Hæstv. félmrh. gaf hér yfirlýsingu áðan um að húsnæðissamvinnufélögin ættu að eiga möguleika á að komast inn í félagslega íbúðabyggingakerfið skv. lögunum eins og ríkisstj. lagði fram frv. um að þau yrðu. Hér er flutt till. sem hæstv. félmrh. ætti að styðja ef hann er samkvæmur sjálfum sér. Annars er málflutningur hans markleysa vegna þess að hv. frsm. meiri hl. félmn., Halldór Blöndal, hefur greint frá því að það sé mat meiri hl. félmn. að húsnæðissamvinnufélögin eigi ekki aðgang að þessu félagslega íbúðabyggingakerfi. Þess vegna er ljóst að hæstv. félmrh. á í þessari atkvgr. kost á því að standa við orð sín, en dæmast ómerkur ella. — Herra forseti. Ég segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram við þessa atkvgr.:

1. Ríkisstj. hefur hrundið í framkvæmd mjög verulegri hækkun á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins jafnframt því sem greiðslum lána hefur verið flýtt til þeirra sem eru að byggja í fyrsta sinn. Við þau erfiðu efnahagsskilyrði sem við búum nú við er þess ekki að vænta að unnt sé að veita verulegar fjárveitingar til húsnæðismála eins og sakir standa.

2. Það er hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins að veita lán til byggingar leiguíbúða sem ætlaðar eru fyrir almennan markað. Þessi skilningur er í samræmi við skoðun meiri hl. félmn. eins og fram kemur á þskj. 692.

3. Í kafla frv. um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðir er ítarlega fjallað um íbúðir í verkamannabústöðum og réttarstöðu þeirra sem vilja kaupa eða selja slíkar íbúðir. Enn fremur er sérstakur kafli um byggingarsamvinnufélög. Engin slík ákvæði eru um húsnæðissamvinnufélög né önnur félög sem stofnuð eru til að reka og leigja íbúðir með búseturéttarákvæði né kaupleigusamningi. Af þessum sökum getur c-liður 33. gr. ekki átt við slíka atvinnustarfsemi.

4. Nauðsynlegt er að lögfest séu ítarleg ákvæði um búseturétt og kaupleigusamning áður en unnt er að opna Byggingarsjóð verkamanna fyrir einkaaðila, félög eða fyrirtæki sem starfa vilja á þeim grundvelli á almennum markaði.

Ég segi nei.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég óskaði eftir því við 2. umr. þessa máls að gefin yrði skýr yfirlýsing um afstöðu ríkisstj. varðandi aðild húsnæðissamvinnufélaganna að félagslega íbúðabyggingakerfinu. Þær yfirlýsingar eru nú eins skýrar og menn hafa heyrt af þessari atkvgr. hér, þar sem hv. þm. Halldór Blöndal lýsir því yfir að húsnæðissamvinnufélögin eigi ekki aðild að þessu kerfi en hæstv. félmrh. heldur allt öðru fram. Það er lágmarkskrafa til meiri hl., herra forseti, að það komi skýrt fram hver er sameiginleg afstaða stjórnarflokkanna í þessu máli. Það er ekki hægt að afgreiða þetta mál frá Nd. öðruvísi en að sú sameiginlega afstaða liggi fyrir og komi fram eigi síðar en við 3. umr. þessa máls. Þessar gersamlega gagnstæðu yfirlýsingar, sem hér hafa komið fram við atkvgr., gefa tilefni til þess að krefjast þess að stjórnarflokkarnir komi sér að niðurstöðu í þessu máli og hafi báðir eina og sömu skoðunina. Það er útilokað að búa við þennan túlkunarleik lengur þar sem ætlun félmrh. er bersýnilega að húsnæðismálastjórn verði næsti túlkur í málinu til þess að leysa þá flækju sem hann er kominn í með þetta mál.

33. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 689,14 felld með 22:6 atkv.
Brtt. 691,12 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 689,15 felld með 22:9 atkv.
Brtt. 689,16 samþ. með 26 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
35.—38. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 689,17 felld með 22:8 atkv.
Brtt. 691,13 tekin aftur til 3. umr.
39.—40. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 694,5 felld með 21:6 atkv.
41. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 694,6—7 felld með 24:5 atkv.
42. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í þessari brtt. hefur misritast „49. gr." í staðinn fyrir 57. gr. og í brtt. við 47. gr. er talað um „að ákveða" byggingarkostnað, en á að vera „að gera upp" byggingarkostnað. Vill hæstv. forseti að ég dragi till. til baka eða er hægt að leiðrétta það úr forsetastól? (**Forseti:** Ég mundi nú fara fram á það að þessar brtt. yrðu teknar aftur.)

Brtt. 693,8 tekin aftur.
Brtt. 689,18 tekin aftur.
43. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 693,9 samþ. með 32 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 693,10 samþ. með 32 shlj. atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
46. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 693,14 tekin aftur.
47.—48. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 691,14 felld með 22:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GHelg, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK, SvG, GeirG, GE, GJG.
nei: GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, EH, GH, FÞ, FrS, IG.
6 þm. (GA, PS, SJS, BÍG, GSig, NL) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svavar Gestsson: Herra forseti. Sú breyting sem ríkisstj. gerir till. um með þessari grein gengur út á að lækka lánahlutfall til verkamannabústaðanna úr 90% í 80% af kostnaðarverði. Ég er andvígur þessari hugmynd og flyt þess vegna þá brtt. sem hér er til atkv. Fari svo að till. mín verði felld mun það hafa það í för með sér að verkamannabústaðakerfinu hefur verið stórkostlega spillt frá því sem verið hefur. Ég mun af þeim ástæðum sitja hjá við lokaafgreiðslu þessa frv. í heild. En ég segi já við þessari till.

Brtt. 693,12 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 689,19—20 felld með 22:10 atkv.
Brtt. 691,15 felld með 18:10 atkv.
Brtt. 694,8 felld með 24:3 atkv.
49. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 693,13 samþ. með 21:1 atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 693,14 samþ. með 21:4 atkv.
Brtt. 691,16 tekin aftur til 3. umr.
51. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
52. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 689,21 felld með 22:7 atkv.
53.—57. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 689,22 felld með 20:11 atkv.
Brtt. 694,9 felld með 23:3 atkv.
58.—60. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 689,23 felld með 21:4 atkv.
61. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 691,17 felld með 21:7 atkv.
Brtt. 689,24 felld með 20:9 atkv.
62. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 691,18 felld með 21:11 atkv.
Brtt. 693,15 samþ. með 21 shlj. atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 691,19 tekin aftur.
Brtt. 689,25 felld með 20:9 atkv.
Brtt. 693,16 samþ. með 24 shlj. atkv.
64. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
65. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 693,17 (ný gr., verður 66. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 691,20 felld með 21:9 atkv.
Brtt. 693,18 samþ. með 21 shlj. atkv.
66. gr. (verður 67. gr.) svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 694,10—11 felld með 27:2 atkv.
67.—68 gr. (verða 68.—69. gr.) samþ. með 26:2 atkv.
Brtt. 693,19 samþ. með 23:1 atkv.
69. gr. (verður 70. gr.), svo breytt, samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 693,20 samþ. með 22:3 atkv.
70. gr. (verður 71. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
71.—83. gr. (verða 72.—84. gr.), samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 691,21.a felld með 21:10 atkv.
Brtt. 691,21.b felld með 19:8 atkv.
Brtt. 693,21 samþ. með 21 shlj. atkv.
84. gr. (verður 85. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 704 tekin aftur.
Brtt. 689,26 felld með 20:8 atkv.
Brtt. 693,22 samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frv. 70. mál (þskj. 750). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. 340. mál (þskj. 736). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það sem nú er til umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1984 er veigamikill þáttur í efnahagsstefnu ríkisstj. Því þykir mér rétt í upphafi að fara nokkrum almennum orðum um efnahagsmálin.

Afleiðingar efnahagskreppunnar í heiminum, sem hófst 1979 með stórfelldri olíuverðshækkun, hrun loðnustofnsins 1981 og mikill samdráttur í þorskafla á árinu 1982 komu af fullum þunga fram í efnahagsmálum landsmanna á fyrri hluta ársins 1983. Þessir erfiðleikar í efnahagsmálum eru þeir mestu sem þjóðin hefur átt við að glíma frá stofnun lýðveldisins. Áhrifin urðu meiri og alvarlegri vegna þess að ekki náðist samstaða um nægilega ákveðnar og harðar viðnámsaðgerðir á árinu 1982 og í upphafi ársins 1983. Afleiðingin varð verðbólga, sem skv. framfærsluvísitölu 1. maí á s. l. ári var yfir 130%, þegar verðbreytingar þriggja mánaða voru reiknaðar til árshraða. Með erlendar skuldir þjóðarinnar í hámarki var ljóst að slík verðbólga hlaut að leiða til stöðvunar atvinnuvega, atvinnuleysis og efnahagslegs hruns. Því varð að forða. Það gerði núv. ríkisstj. með róttækum aðgerðum í efnahagsmálum.

Fyrsti áfangi efnahagsstefnu ríkisstj. beindist því gegn óðaverðbólgu, fyrirsjáanlegu atvinnuleysi og erlendri skuldasöfnun. Þær aðgerðir byggðust fyrst og fremst á ákveðinni launastefnu. Um annað var ekki að ræða eins og ástatt var, enda ljóst að miðað við minnkandi þjóðartekjur, mikinn viðskiptahalla og vaxandi erlendar skuldir lifði þjóðin verulega um efni fram. Árangur fyrstu aðgerðanna varð mikill og í samræmi við áætlun ríkisstj. Um áramótin var verðbólgan komin niður fyrir 20% og vextir höfðu verið lækkaðir um helming. Viðskiptahallinn minnkaði úr 10% 1982 í rúmlega 2% 1983. Á flestum sviðum efnahagsmála voru

þegar um áramótin komin fram mikilvæg og augljós batamerki.

Skv. síðasta mati Þjóðhagsstofnunar skertust hins vegar ráðstöfunartekjur heimilanna um 10% á s. l. ári. Ógerlegt er aftur á móti að meta hvað tekjur heimilanna hefðu skerst í óðaverðbólgunni. Með stöðvun atvinnulífs og atvinnuleysi hefði það vafalaust orðið meira. Á árunum 1982 og 1983 drógust þjóðartekjur saman um 8% á mann. Skerðing tekna heimilanna er því aðeins meiri en samdrátturinn í þjóðartekjum. Þess ber hins vegar að gæta að á árinu 1981 varð viðskiptahalli 5% eða m. ö. o. þegar á því góða ári var eytt meiru en aflað var og jókst í 10% 1982. Niðurstaðan verður því sú að skerðing kaupmáttar varð síst meiri en gera varð ráð fyrir ef horfst er í augu við staðreyndirnar, minni þjóðartekjur og mikinn viðskiptahalla og erlenda skuldasöfnun. Fyrsta áfanga efnahagsstefnu ríkisstj. hefur verið náð. Tekist hefur að hemja verðbólguna og koma í veg fyrir það atvinnuleysi, sem við blasti.

Í öðrum áfanga er ætlunin að koma á viðunandi heildarjafnvægi í þjóðarbúskapnum þannig að ekki þurfi stöðugt að grípa til bráðabirgðaaðgerða, sem hafa í allt of ríkum mæli einkennt hagstjórn hér á landi í mörg ár. Þessu markmiði hyggst ríkisstj. ná með heföbundnum hagstjórnaraðferðum, fjármála- og peningastefnu og almennum reglum sem aðilum efnahagslífsins eru kunnar þannig að þeir geti tekið sínar ákvarðanir á eigin ábyrgð. Stefnunni í efnahagsmálum á þessu ári hefur verið ítarlega lýst. Markmiðið er að verðbólgan í lok ársins verði um 10%. Því mun verða náð m. a. með því að halda gengi stöðugu þannig að það breytist ekki meira en að hámarki 5% á árinu. Jafnframt er lögð áhersla á að erlendar skuldir þjóðarinnar verði ekki auknar umfram það sem þær eru nú sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Mjög mikilvægt er jafnframt að sporna gegn þenslu í efnahagslífinu með aðhaldsaðgerðum í peninga- og fjármálum. Um þann þáttinn í efnahagsstefnu ríkisstj. fjallar það frv. sem hér er til umr.

Áður en ég kem nánar að peninga- og fjármálum vil ég geta þess, að þriðji áfangi efnahagsstefnu ríkisstj. mun verða tileinkaður nýsköpun í atvinnulífinu og hagvexti. Einungis á þann hátt verður unnt að tryggja viðunandi kaupmátt og lífskjör hér á landi. Í því skyni hafa ýmsar ráðstafanir þegar verið gerðar og fleiri eru í undirbúningi eins og fram kemur m. a. í frv. þessu og ég mun ræða síðar.

Þegar metnar eru aðgerðir í peninga- og fjármálum sem frv. lýsir er nauðsynlegt að hafa í huga hve þröngur sá rammi er sem efnahagslífi þjóðarinnar er markaður. Honum má lýsa með eftirgreindum staðreyndum.

1. Nauðsynlegt er að verðbólga hjaðni enn. Markmiðið er 10% verðbólga í lok ársins.
2. Til þess að þetta verðbólgumarkmið náist verður gengi haldið stöðugu á árinu þannig að það breytist ekki meira en að hámarki um 5%.
3. Erlendar skuldir mega ekki aukast frá því sem nú er.
4. Áætlað er að þjóðartekjur dragist saman um 2%.
5. Staða atvinnuveganna er enn þá mjög erfið, einkum sjávarútvegs og landbúnaðar.
6. Draga verður úr þenslu á peningamarkaðinum.
7. Umsaminn kaupmátt þarf að vernda.

Ég hygg að öllum megi vera ljóst að þetta dæmi er ákaflega erfitt úrlausnar. Í þeirri lausn sem felst í frv. því sem nú er til umr. er reynt að sigla á milli skers og báru. Engin dul skal þó á það dregin að farið er út á ystu mörk með erlendar lántökur. Ljóst er jafnframt að sú niðurstaða í kjaramálum og ríkisfjármálum sem nú liggur fyrir mun ekki auðvelda áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og að halda í horfinu með viðskiptahalla á árinu 1984. Þrátt fyrir þessar staðreyndir og minnkandi þjóðartekjur er leitast við að vernda umsaminn kaupmátt. Það er hins vegar gert með meiri erlendri lántöku og meiri þenslu í peninga- og fjármálum en æskilegt hefði verið. Þessi varð þó niðurstaðan þar sem þrátt fyrir þetta er talið að meginmarkmiðin muni nást, þ. e. að verðbólgan í lok ársins verði um það bil 10% og erlendar skuldir þjóðarinnar fari ekki yfir 60% þjóðarframleiðslu. Áætlað er að verðbólgan frá upphafi til loka ársins verði 13—14%.

Mönnum verður hins vegar að vera ljóst að með þessu er því fórnað að verðbólga frá upphafi til loka ársins verði undir 10% og í lok ársins vel sambærileg við það sem hún er í okkar viðskiptalöndum. Jafnframt er stöðu atvinnuveganna e. t. v. teflt í meiri tvísýnu en æskilegt hefði verið. Hins vegar mæla ýmis rök með því að ekki sé óskynsamlegt að fara þannig aðeins hægar í hjöðnun verðbólgu, ef með því móti fæst friður á vinnumarkaðinum og tóm til þess að atvinnulífið eflist, hagvöxtur hefjist á ný og samstaða náist um áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Aðeins traust atvinnulíf og hagvöxtur getur staðið undir auknum kaupmætti og betri lífskjörum. Það hlýtur öllum mönnum að vera orðið ljóst.

Í peningamálum getur ríkisvaldið haft áhrif fyrst og fremst eftir þremur leiðum: gegnum fjárlög ríkisins, lánsfjárlög og bankakerfið. Þessir þrír þættir eru að sjálfsögðu nátengdir og hafa afgerandi áhrif á peningamarkaðinn í heild og þar með á þensluna í þjóðlífinu. Með því að fjalla um þá alla í einu eins og gert er í þessu frv. fæst heilli mynd af ástandinu í peningamálum. Eins og ítarlega hefur komið fram blasir að óbreyttu við *mikill halli á ríkissjóði. Eftir að tekjuáætlun hefur verið* endurskoðuð er talið að sá halli geti orðið 1910 millj. kr. eða um 1500 millj. kr. hærri en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga. Fyrst og fremst er það tvennt sem þessu veldur eins og fram kemur í fskj. með frv.

Nokkrir sparnaðarliðir, sem reiknað var með við gerð fjárlaga, hafa ekki komist til framkvæmda enn eða verið lögformlega ákveðnir. Þarna er m. a. um að ræða sparnað og útgjaldaminnkun ríkissjóðs vegna heilbrigðismála að upphæð 300 millj. kr. og frestun á framkvæmd ákvæðis um 100% lán vegna þarfa námsmanna. Nemur sú upphæð 100 millj. kr.

Í öðru lagi hafa nokkrir útgjaldaliðir reynst vanáætlaðir. Má í því sambandi nefna útgjöld vegna löggæslunnar og heilbrigðis- og tryggingamála. Í þriðja lagi hefur verið samþykkt að greiða úr ríkissjóði samtals 350 millj. kr. í barnabótaviðauka og ýmiss konar hækkuðum tryggingum og greiðslum til þeirra sem lakasta afkomu hafa í þjóðfélaginu.

Auk þess sem ég hef talið verður því ekki neitað að tekjur ríkissjóðs hafa skerst nokkuð með lækkun á sköttum og tollum. Samtals er áætlað að tekjur hefðu orðið um 550 millj. kr. hærri án slíkra lækkana. Þess ber þó að gæta að um það bil 250 millj. kr. af þessari skattalækkun stafa af hækkun persónuafsláttar og

barnabóta í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstj. í lok maí á s. l. ári. Þetta var ákveðið til þess að draga úr áhrifum efnahagsaðgerðanna á afkomu fjölskyldufólks. Niðurfelling skatts á ferðamannagjaldeyri hefur skert tekjur ríkissjóðs á þessu ári um 100 millj. kr. Þetta hefur verið gagnrýnt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að rangt sé að vera með tvöfalt gengi. Það samræmist alls ekki þeim reglum sem við höfum undirgengist í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum skuldbindingum okkar erlendis. Einnig er ljóst að slíkt gjald fellur á þá sem ekki fá ferðakostnað sinn greiddan af fyrirtækjum eða opinberum stofnunum og verður því oft þyngst þeim sem minnst efni hafa.

Auk þess sem nú hefur verið talið er rétt að hafa í huga að í ár var ekki fylgt þeirri reglu að hækka skattvísitölu í samræmi við verðlagshækkun á milli ára. Í þess stað var ákveðið að miða við að greiðslubyrði skattgreiðenda yrði sú sama í ár og í fyrra. Ef eldri reglunni hefði verið fylgt hefðu tekjur ríkisins af tekjuskatti orðið um 600 millj. kr. hærri. Því er haldið fram að skattbyrði fyrirtækja lækki með þeim frv. sem nýlega hafa verið samþykkt á Alþingi. Eins og reyndar kom fram í lokaumr. um þetta mál er það á misskilningi byggt. Til lengri tíma litið virðist raunar ljóst að framlag í fjárfestingarsjóð fyrirtækja í stað varasjóðs muni hækka skattbyrðina.

Um annan þátt peningamála, lánsfjárlög, fjallar frv. einnig. Farið er fram á heimildir til aukinnar erlendrar lántöku samtals að upphæð 2050 millj. kr. Fyrir þessu eru fyrst og fremst þrjár ástæður. Í fyrsta lagi er óhjákvæmilegt að brúa að verulegu leyti halla ríkissjóðs með erlendu láni. Er í því skyni gert ráð fyrir lántöku að upphæð 713 millj. kr. Í öðru lagi þykir ljóst að innlendur lánamarkaður muni ekki skila jafn miklu og gert er ráð fyrir í lánsfjárlögum. Er þar um að ræða 302 millj. kr. vegna A-hluta ríkissjóðs og 190 millj. kr. vegna húsnæðismála eða samtals 492 millj. kr. Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt að auka heimild til lántöku vegna atvinnuveganna. Vegna skuldbreytinga í sjávarútvegi er þörfin áætluð 300 millj. kr. og 80 millj. kr. vegna skuldbreytinga í landbúnaði. Þá er ráðgert að afla 150 millj. kr. til að tryggja skipasmíðastöðvum verkefni við viðhald skipaflotans. Loks telur ríkisstj. rétt að gera ráð fyrir 150 millj. kr. til nýsköpunar í atvinnulífinu. Um þann lið vil ég fara nokkrum orðum.

Við gjörbreyttar og betri aðstæður í efnahagsmálum hefur áhugi mjög vaknað á ýmiss konar nýsköpun í atvinnulífinu. Með stórum minni verðbólgu og horfum á friði á vinnumarkaðinum er útlitið fram undan allt annað en áður var fyrir nýtt framtak í atvinnulífinu. Á ýmsum slíkum sviðum virðast möguleikar vera miklir. Ég nefni fiskeldi. Til þess er aðstaða talin betri hér á landi en víðast hvar annars staðar. Hið sama má segja um loðdýrarækt, sem nú er hafin en að ýmsu leyti af vanefnum, og auka má verulega. Loks nefni ég ýmsan háþróaðan iðnað eins og líftæknaiðnað og rafeindaiðnað. Ungir menn með góða þekkingu hafa vakið athygli á slíkum möguleikum og reyndar haslað sér völl með athyglisverðri framleiðslu á rafeindasviðinu. Slíkar hugmyndir hafa þó ekki náð fram að ganga nema að litlu leyti vegna fjárskorts. Úr því vill ríkisstj. bæta og mun setja reglur um ráðstöfun umræddra fjármagns til nýsköpunar í atvinnulífinu.

Auknar erlendar lántökur eru að sjálfsögðu slæmur kostur. Æskilegt hefði verið að brúa halla ríkissjóðs með enn meiri sparnaði og öflun tekna. Þess er hins vegar enginn kostur ef vernda á nokkurn veginn þann kaupmátt sem um samdist í febrúar á sama tíma og þjóðartekjur dragast saman og staða höfuðatvinnuvega þjóðarinnar er svo erfið sem raun ber vitni. Að mati Þjóðhagsstofnunar munu erlendar skuldir að vísu ekki aukast sem hundraðshluti af þjóðarframleiðslu og verða rétt innan við 60%. Stafar það af því að þjóðarframleiðslan er talin verða nokkru meiri en áður var áætlað. Greiðslubyrði er áætluð óbreytt, 21% gjaldeyristekna. Nauðsynlegt er þó að hafa í huga að erlendar skuldir þjóðarinnar eru of háar þegar til lengri tíma er litið. Markmiðið verður að vera að draga úr erlendum skuldum. Að því verður stefnt á næstu árum þótt ekki náist það í fyrsta áfanga endurreisnar hins íslenska efnahagslífs.

Halli á ríkissjóði og erlendar lántökur eykur að sjálfsögðu peningaþensluna í þjóðfélaginu sem þó er mikil fyrir. Á ársgrundvelli hafa útlán og innlán aukist um 42% fyrstu þrjá mánuði ársins. Miðað við þá verðbólgu sem nú er er þetta of mikil aukning. Seðlabankinn getur haft áhrif á aukningu peningamagns eftir þremur leiðum: með því að breyta vöxtum, breyta endurkaupum afurðalána eða bindingu. Hækkun vaxta telur ríkisstj. ekki koma til greina enda raunvextir töluverðir og meiri en áður hefur verið hjá okkur Íslendingum. Leiðrétting á vöxtum verðtryggðra lána er þó talin nauðsynleg til samræmis við aðra vexti í bankakerfinu. Ríkisstj. stefnir að því að færa afurðalánin yfir til viðskiptabankanna. Það verður þó að gerast þannig að ekki valdi röskun í atvinnulífinu. Viðskiptabankarnir eru nú mjög misjafnlega í stakk búnir til þess að taka við afurðalánum. Því verður að fara hægt í þá tilfærslu þar til bankakerfið hefur verið endurskipulagt. Að því er stefnt með nýrri bankalöggjöf, fækkun banka og tilfærslu verkefna.

Ofangreindum tveimur leiðum eru því eins og stendur takmörk sett. Því telur ríkisstjórnin rétt að afla tímabundinnar heimildar til sveigjanlegrar bindingar. Sú heimild verður því aðeins notuð að óhjákvæmilegt þyki vegna aukinnar þenslu og hættuástands af þeim sökum. Gert er ráð fyrir því að heimild þessi falli niður þegar ný bankalöggjöf hefur verið samþykkt.

Öll merki benda til þess að peningaveltan í þjóðfélaginu sé töluvert meiri en hagtölur gefa til kynna. Eftirspurn er mikil, t. d. bifreiðainnflutningur vaxandi, fasteignasala mikil og utanlandsferðir hafa sjaldan verið meiri, svo eitthvað sé nefnt. Uppspretta þessa fjármagns getur verið margs konar. Í fyrsta lagi er það umhugsunarefni að lífeyrissjóðirnir, sem orðnir eru ákaflega öflugir, eru nánast sem stjórnlaus þáttur í peningakerfi þjóðarinnar. Útlán þeirra eru án umtalsverðra takmarkana og renna að verulegu leyti til einstaklinga til alls konar útgjalda. Á s. l. ári nam útlánsaukning lífeyrissjóða 25% af útlánsaukningu innlánsstofnana án endurseldra lána, en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs er útlánsaukning lífeyrissjóðanna orðin 40% af útlánsaukningu innlánsstofnana og hefur því aukning þar verið miklu meiri en hjá innlánsstofnunum. Viðleitni stjórnvalda til þess að draga úr peningaþenslunni í gegnum bankakerfið bitnar því fyrst og fremst á atvinnuvegunum, eða þar sem síst skyldi. Úr þessu verður að ráða bót og það fyrr en síðar.

Lífeyrissjóðina verður að fella inn í peningakerfi þjóðarinnar.

Í öðru lagi virðist mér augljóst að svonefnt neðanjarðarhagkerfi hafi vaxið mjög hér á landi í verðbólguöngþveiti undanfarinna ára. Svo virðist sem allstór hópur einstaklinga og fyrirtækja greiði ekki sinn lögboðinn hluta af rekstrarkostnaði þjóðfélagsins. Það er ófært og alvarleg svik við aðra þjóðfélagsþegna. Áhersla mun verða lögð á að stórherða innheimtu söluskatts. Eru þær aðgerðir nú í undirbúningi á vegum fjmrh. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að lengra þurfi að ganga, jafnvel að herða viðurlög svo að enginn leyfi sér slíkt athæfi.

Um einstakar greinar frv. vil ég nú fara nokkrum orðum. Í 1. gr. er gert ráð fyrir heimild til lækkunar á ríkisútgjöldum um 370 millj. kr. Sundurliðun á ráðuneyti er að finna í athugasemdum. Það er sett í vald hvers ráðh. hvernig þetta er framkvæmt en eftir því mun verða hart gengið að ákvarðanir rn. liggi sem fyrst fyrir.

Auk almennrar lækkunar útgjalda er með greininni gert ráð fyrir því að lækka um 185 millj. kr. það fjármagn sem ætlað er á fjárlögum í niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum. Þetta er að ýmsu leyti erfið ákvörðun. Niðurgreiðslur af nauðsynlegum landbúnaðarafurðum eru fyrst og fremst í þágu neytenda. Þær eru þó einnig mikilvægar fyrir framleiðendur því þær hafa áhrif á sölumagn. Á þennan lið hefur þó af ýmsum aðilum verið bent, m. a. aðilum vinnumarkaðarins, í sambandi við tilfærslu innan ríkissjóðs til þeirra sem við erfiðustu kjörin búa. Hefur m. a. verið fullyrt í umr. hér á Alþingi af einum hv. þm., sem sæti á í miðstjórn ASÍ, að þótt öll sú aðstoð, að upphæð rúmlega 300 millj. kr., væri fjármögnuð þannig, hefði lækkun á niðurgreiðslum áhrif á framfærslu sem nemur aðeins litlu broti af því sem til láglaunafólksins er fært. Engu að síður þótti ríkisstj. ekki rétt að ganga lengra í því að draga úr niðurgreiðslum. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að samdráttur hefur orðið í sölu landbúnaðarafurða. Því áætlar Hagstofa Íslands að um 40 millj. kr. afgangur verði af niðurgreiðslufé að óbreyttu. Raunveruleg lækkun á niðurgreiðslum verður því 145 millj. kr. Ekki er endanlega ákveðið hvernig það verður framkvæmt. Líklegt er þó að niðurgreiðslur verði felldar með öllu niður af kartöflum, rjóma, nautakjöti og ostum en því sem eftir er dreift á aðrar afurðir. Landbúnaðarafurðir munu af þessum sökum hækka um 5—15%.

Með 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að útflutningsbætur vegna landbúnaðarafurða verði í ár eins og lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins gera ráð fyrir. Þær þarf því að auka um 188 millj. kr. frá því sem fjárlög gera ráð fyrir að meðtöldum 18 millj. kr. sem geymdar eru frá s. l. ári. Á það hefur einnig verið bent af aðilum vinnumarkaðarins að draga mætti úr útflutningsbótum og fjármagna þannig greiðslu til láglaunafólks. Staðreyndin er hins vegar sú að áhrifin yrðu svipuð og þegar dregið er úr niðurgreiðslu. Útflutningsbætur reiknast til tekna hjá bændum. Verði þær felldar niður nú mundi það þýða 5% launalækkun hjá bændum, sem hlyti að leiða til hækkunar á verði landbúnaðarafurða innanlands, nema menn vilji láta bændur greiða af sínum tekjum þær sérstöku kjarabætur sem ASÍ og VSÍ sömdu um fyrir þá sem við erfiðust kjör búa. Það yrði þá að gera með sérstökum lögum. Ég trúi því ekki að launþegar vilji það í raun og veru.

Um stefnuna í landbúnaðarmálum er ekki tími til að ræða ítarlega nú. Þó vil ég láta þá skoðun mína koma fram að mjög mikilvægt er að á næstu árum megi takast að draga svo úr hinni hefðbundnu landbúnaðarframleiðslu að útflutningur verði lítill sem enginn. Íslenskar mjólkurafurðir og kjöt eru því miður ekki samkeppnisfærar á erlendum mörkuðum. Útflutningsbótaþörfin sem hlutfall af heildsöluverði hefur farið vaxandi. Þetta stafar fyrst og fremst af gífurlegum niðurgreiðslum og annarri aðstoð við landbúnað í viðskiptalöndum okkar. Svo róttæk breyting í landbúnaði er hins vegar mjög viðkvæm. Hún gæti valdið miklu tjóni, m. a. alvarlegri byggðaröskun, ef ekki er rétt að staðið. Því er á aðlögunartímanum nauðsynlegt að ráðstafa því fjármagni sem til landbúnaðar er veitt nú til þess að efla nýjar búgreinar þannig að jafnvægi haldist í byggð landsins. Loðdýraræktin er sérstaklega álitleg í því skyni. Bændum verður jafnframt að tryggja viðunandi tekjur á aðlögunartímanum. Að slíkri stefnumörkun í landbúnaði er nú unnið á vegum landbrh.

4.—6. gr. fjalla um greiðslur frá Innheimtustofnun sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins. Með lögum nr. 54 frá 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, var þeirri stofnun falið það verkefni að innheimta hjá meðlagsskyldum aðilum barnsmeðlög og endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins. Innheimtustofnun á að gera fullnaðarskil til Tryggingastofnunar fyrir 1. okt. ár hvert á skuld við s. l. áramót. Það sem á vantar að Innheimtustofnunin geti af eigin innheimtufé gert full skil fyrir 1. okt. greiðist af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af óskiptu fé hans. Vegna eftirágreiðslna Innheimtustofnunar til Tryggingastofnunar samkvæmt gildandi lögum hefur Tryggingastofnunin þurft að binda mikið fé á hverjum tíma. Um s. l. áramót vantaði þannig um 150 millj. kr. til endurgreiðslna á barnsmeðlögum og síðsumars er gert ráð fyrir að sú fjárhæð nálgist 200 millj. kr. að óbreyttu fyrirkomulagi. Nú er ráðgert að flýta skilum til Tryggingastofnunar með því að breyta ákvæðum laga um Innheimtustofnun þannig að full skil fari fram svo til á sama ári. Viðbótarfjármagn til þess er hins vegar ekki hægt að sækja á einu ári til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem slíkt mundi skerða ráðstöfunarfé sjóðsins og þar með framlög til sveitarfélaga úr sjóðnum óeðlilega mikið. Því er ákveðið að dreifa þeirri byrði á nokkur ár með lántöku að upphæð 150 millj. kr. Það sem á vantar á þessu ári, um 40 millj. kr., greiðist beint úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þessi ráðstöfun mun bæta fjárhagsstöðu Tryggingastofnunar ríkisins á þessu ári um 190 millj. kr.

Með 7. gr. er ákveðið að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli ekki aukast frá því sem ráð er fyrir gert í fjárlögum þótt tekjur af söluskatti og tollum verði meiri en áætlað var. Ríkissjóður nýtur þá slíkra hækkana að fullu. Áætlað er að hér geti verið um 30—40 millj. kr. að ræða á árinu 1984.

8.—16. gr. frv. fjalla um breytingar á greiðslum almannatrygginga vegna heilsugæslu. Í frv. er að finna ákvæði til breytinga á lögum nr. 67 frá 1971, um almannatryggingar. Eru þær gerðar í framhaldi af nýjum samningum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert við heimilislækna og sérfræðinga. Jafnframt er gerð till. um breytingu á hlut sjúkratrygginga í tannlækna-

kostnaði. Mér þykir því rétt að gera lauslega grein fyrir þessum nýju samningum.

Með nýjum samningum við heimilislækna verður sú breyting á að í stað fasts númeragjalds fyrir hvern samlagsmann greiða sjúkrasamlög fast mánaðargjald, sem nemur 45 þús. kr. miðað við að heimilislæknir hafi a. m. k. 1 750 samlagsmenn, en hlutfallslega lægra sé fjöldi samlagsmanna minni. Af þessum 45 þús. kr. eru 21 þús. kr. ætlaðar til greiðslu kostnaðar við rekstur læknastofu. Enn fremur gerir samningurinn ráð fyrir að heimilislæknir fái greitt fyrir hvert unnið læknisverk samkvæmt gjaldskrá heilsugæslulækna. Með samningi þessum verða laun heimilislækna svipuð og laun heilsugæslulækna. Á árinu 1983 námu greiðslur til númeralækna vegna um 108 þús. samlagsmanna samtals um 28 millj. kr. Er ekki gert ráð fyrir að mánaðarleg útgjöld sjúkrasamlaga hækki samkvæmt samningum út samningstímann, eða fram til áramóta 1984—1985, umfram það sem leiðir af almennum launahækkunum og kostnaðarhækkunum í landinu.

Í frv. þessu er sett ákvæði um að sjúkrasamlög skuli aðeins greiða læknishjálp þeirra lækna sem samningsbundnir eru við Tryggingastofnun ríkisins vegna sjúkrasamlaga. Í hinum nýja samningi við sérfræðinga er gert ráð fyrir að til reynslu verði fallið frá áskilnaði um tilvísanir heimilis- eða heilsugæslulækna. Ástæðan fyrir þessu er sú, að í framkvæmd eru tilvísanir ekki talinn sá hemill á sérfræðiþjónustu sem ætlað hefur verið. Erfiðleikar hafa verið á að framfylgja ströngu tilvísunarkerfi og hafa af þeim sökum verið veittar frá því ýmsar undanþágur. Á árinu 1983 jókst læknisþjónusta sérfræðinga að magni til um 33%, en í krónum úr 54 millj. 1982 í 110 millj. 1983. Því virðist augljóst að tilvísanakerfið beini sjúklingum ekki nægilega til frumlæknisþjónustu, það er heilsugæslustöðvar og heimilislækna, eins og lög gera ráð fyrir. Í samningum við sérfræðinga er leitast við að ná þessu markmiði á annan hátt en með tilvísunum. Á hitt ber þó að líta, að eðlilegt kann að teljast að sjúklingur geti sjálfur ákveðið til hvaða læknis hann leitar, þar með talið til sérfræðings, enda greiði hann aukalega fyrir það.

Viðtalsgjald hjá heimilislækni á heilsugæslustöð er nú 25 kr. en fyrir komu til sérfræðings er gjald sjúklings 100 kr. Fer ekki á milli mála að þessi greiðsla er lág. Er gert ráð fyrir að gjald þetta hækki nú í 75 kr. hjá heimilis- og heilsugæslulæknum en þó verður gjald fyrir símaviðtal 40 kr. Gjald fyrir komu til sérfræðings verður 275 kr.

Skv. hinum nýja samningi við sérfræðinga er ekki gert ráð fyrir að heildarkostnaður aukist umfram almennar launahækkanir og verðlagsbreytingar. Hins vegar mun hluti sjúklinga í lækniskostnaði, einkum í sérfræðiþjónustu, hækka úr um 17% í 45% heildarkostnaðar. Reikna má hins vegar með að vegna kostnaðarauka þessa muni sjúklingar leita enn frekar en áður til heimilislækna og heilsugæslulækna um læknisþjónustu sem þeir leituðu áður til sérfræðinga með. Það leiðir til þess að kostnaðarhækkun sjúklinga verður í raun minni. Með tilkomu heilsugæslulækna hefur aðstaða til frumlækninga stórbatnað þannig að minni þörf er fyrir þjónustu sérfræðinga en áður. Með hinum nýju samningum við heimilislækna er þjónustuaðstaða heimilislækna enn fremur bætt. Ætti það einnig að draga úr þörf fyrir þjónustu sérfræðinga.

Enginn samningur er nú í gildi við Tannlæknafélag Íslands og hafa endurgreiðslur farið fram samkvæmt heimild í 44. gr. laga um almannatryggingar og í samræmi við gjaldskrá Tannlæknafélags Íslands. Við þessar aðstæður þykir rétt að lögheimila heilbrn. að setja einhliða gjaldskrá. Auk þess er gerð till. um lækkun á þátttökuhlutfalli sjúkratrygginga í tannlæknakostnaði. Gert er ráð fyrir að allar almennar tannlækningar á börnum á grunnskólastigi verði eftir sem áður greiddar að fullu, til helminga af sjúkratryggingum og til helminga af sveitarfélögum.

Áætla má að um 50—60% kostnaðar vegna tannlækninga 16—18 ára unglinga sé vegna tannréttinga. Þykir nokkuð ljóst að kostnaður vegna tannréttinga hafi hækkað úr hófi og því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur. Sama gildir um eldri aldurshópa. Er af þeim sökum gert ráð fyrir minni þátttöku sjúkratrygginga í kostnaðinum en verið hefur. Það hefur hins vegar verið ljóst lengi að kostnaður vegna tannlækninga hefur verið ofviða ellir og örorkulífeyrisþegum sem aðeins hafa bætur almannatrygginga sér til lífsviðurværis. Reynt er með þessu frv. að rétta nokkuð hlut þeirra.

Með 17. gr. frv. er enn frestað um eitt ár því ákvæði grunnskólalaga að síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda. Frestun þessi hefur í för með sér nálægt 10 millj. kr. sparnað.

18.—21. gr. fjalla um þær tekjutengdu barnabætur sem um var samið í samningum ASÍ og VSÍ í febrúar s. l. og ríkisstjórnin féllst á að greiða. Framkvæmdir eru eins og ráð var fyrir gert með litlum undantekningum eins og fram kemur í athugasemd. Í till. ASÍ og VSÍ segir: „Barnabótaaukinn verði útfærður þannig, að þeir skattgreiðendur fái hann ekki sem hafa möguleika á framfærslu með öðrum hætti, svo sem vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, af eignum eða námslánum.“ Skattalög greina ekki á milli manna eftir starfsstéttum heldur eftir tekjum og eignum. Við fyrri greiðslu láglaunabóta hafa stjórnvöld ekki treyst sér til slíkrar mismununar eftir starfsstéttum. Lagt er til að svipuðum tilgangi verði náð með því að binda rétt til barnabótaviðauka við það að eignir viðkomandi fari ekki fram úr ákveðnu marki.

Af 48 684 hjónum munu 8 695 njóta einhvers barnabótaauka. Hjá 2 325 hjónum mun barnabótaaukinn nema 5% tekna eða meira. Án þess skerðingarákvæðis sem ég hef fjallað um, sem miðað er við eign, hefðu 2 792 fleiri hjón átt rétt á barnabótaauka. Að meginþorra er þar um að ræða hjón þar sem barnabótaauki hefði numið minna en 1% tekna. Af 5 712 einstæðum foreldrum munu 4 963 njóta einhvers barnabótaauka. Hjá flestum, eða 2 822, mun barnabótaaukinn nema 5% af tekjum eða meira. 612 fleiri einstæðir foreldrar mundu njóta barnabótaauka ef engin skerðingarákvæði væru. Þessar tölur eru byggðar á skattlíkani fjmrn. Eins og fram kemur í fskj. 2 með frv. hafa aðgerðir í félags- og skattamálum veruleg áhrif til leiðréttingar á tekjum hinna tekjulægstu umfram aðra tekjuþega. Fyrir tekjulága einstæða foreldra nemur sú leiðrétting 18—23% en 7—8% fyrir tekjutryggingarþega. Mun láta nærri að þeir sem erfiðasta afkomu hafa og njóta hinna félagslegu kjarabóta fái að fullu bætta þá kjaraskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir á undanförnum mánuðum.

22.—24. gr. fjalla um sérstakt gjald af innfluttu

kjarnfóðri. Í framleiðsluráðslögum er heimild um sérstakan skatt sem lagður er á innflutt kjarnfóður og ráðstafa má til landbúnaðarins skv. ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins með samþykki ráðh. Nú er gert ráð fyrir því að skattur þessi innheimtist u. þ. b. að hálfu í ríkissjóð og verði ráðstafað til að mæta að hluta þörf fyrir útflutningsbætur umfram það sem í fjárlögum er gert ráð fyrir. Kjarnfóðursskattur sá sem Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir mun verða lækkaður til mótvægis við toll þennan. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af tolli þessum verði 60 millj. kr. til áramóta en til þess tíma er tollurinn bundinn.

Með 25. gr. er lagt til að Seðlabanki Íslands fái að nýju sérstaka heimild til að binda fé innlánsstofnana almennt að fengnu samþykki ríkisstj. umfram það sem nú er ákveðið í lögum. Í tillgr. er gert ráð fyrir að heimild þessi gildi til 30. des. 1985. Að því er þó stefnt að hún falli niður þegar heildarlöggjöf um Seðlabanka Íslands hefur verið samþykkt á Alþingi. Slíkt frv. er nú í undirbúningi. Um nauðsyn þessarar heimildar hef ég áður fjallað.

Um lántökuheimildir þær sem felast í 26., 27. og 28. gr. frv. hef ég áður rætt.

Með frv. fylgir ítarleg grg. frá Þjóðhagsstofnun um horfur um verðlag og kaupmátt í ljósi umræddra ráðstafana í ríkisfjármálum. Í lokaorðum þess skjals segir með leyfi forseta: „En í heild virðist ekki fjarri lagi að meðalkaupmáttur ársins 1984 verði svipaður eða lítið eitt lakari en var á síðasta fjórðungi ársins 1983.“ Í skjali þessu kemur einnig fram sú mikla leiðrétting sem þeir tekjulægstu hafa fengið umfram aðra tekjuþega. Þetta staðfestir þá viðleitni ríkisstj. að vernda þann kaupmátt sem um var samið af aðilum vinnumarkaðarins. Það skal þó tekið fram að á fundi með fulltrúum ASÍ og VSÍ 21. febr. s. l. var á það lögð áhersla, að ríkisstj. áskili sér allan rétt til ráðstafana í ríkisfjármálum, þótt á það yrði fallist að fjármagns til aðstoðar við þá sem við lökustu kjörin búa yrði aflað án nýrra skatta. Engu að síður hefur ríkisstj. viljað forðast að skerða svo nokkru nemi umsaminn kaupmátt. Er þess vænst að það geti stuðlað að því að friður haldist á vinnumarkaðinum í þá 15 mánuði sem um var samið. Það er mjög mikilvægt.

Í upphafi míns máls lýsti ég þeim miklu efnahagserfiðleikum sem við Íslendingar höfum orðið að þola. Þetta er staðfest í samanburði, sem Efnahags- og framfarastofnunin í París birti yfir þjóðartekjur á hvern íbúa í meðlimaríkjum stofnunarinnar, sem eru flestar af auðugustu þjóðum heims. Skv. því yfirliti, reiknað í dollurum, var Ísland í fjórða efsta sæti árið 1981. Árið 1982 hafði landið fallið í sjötta sæti en svo virðist sem við séum nú á árinu 1984 í tólfta sæti með þjóðarframleiðslu á hvern íbúa. Þetta er svipuð staða og var á árunum 1975 og 1976. Þá fór sjávarafli að aukast og færði okkur upp í fjórða sætið. Nú hefur hann fallið og þjóðarframleiðslan með.

Í ræðu og riti nýlega var býsnast yfir því að við Íslendingar værum nú í 12. sæti af löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar með meðaltímakaup í iðnaði, eða m. ö. o. í því sama sæti og við erum taldir með þjóðartekjur á hvern íbúa. Þetta er að sjálfsögðu ekki undarlegt. Við þessu er að búast þegar þjóðartekjur falla.

Stóra verkefnið er nú að vinna sig upp úr þeirri lægð sem við erum í. Það verður að gera með nýju öflugu framtaki og nýsköpun atvinnulífsins, aukinni framleiðslu og hagvexti. Að sjálfsögðu hvílir það mjög á fyrirtækjum og einstaklingum. Ríkisvaldinu ber hins vegar skylda til að skapa efnahagslífinu traustan grundvöll og heilbrigða aðstöðu almennt til slíks framtaks. Um það mun þriðji áfanginn í efnahagsstefnu ríkisstj. fjalla.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Við gerð fjárlaga tilkynnti ég að ég mundi gefa Alþingi yfirlit yfir stöðu ríkisfjármála eins og hún blasti við eftir fyrsta ársfjórðung 1984. Hart nær tveir mánuðir eru nú liðnir frá því að ég gerði Alþingi grein fyrir breyttum horfum varðandi afkomu ríkissjóðs á þessu ári. Þau breyttu vinnubrögð sem fólust í því að reifa fyrirsjáanlegan vanda svo snemma hafa vissulega vakið athygli þótt reynt hafi verið að gera þau tortryggileg. Þessi vinnubrögð hafa orðið til þess að nú, löngu fyrir mitt ár, hefur tekist að ná samstöðu um aðgerðir sem verulega minnka þann vanda sem við hefðum ella staðið frammi fyrir síðar á árinu. Þar er strax um verulegan ávinning að ræða, hvað sem líður ásökunum í minn garð fyrir að hafa skýrt frá vandanum áður en hann var yfir okkur duninn af fullum þunga, enda er óvíst að tekist hefði að ná saman um úrræði við vandamáli sem ekki mátti opinbera fyrir þjóðinni.

Umræður undanfarinna vikna og mánaða um ríkisfjármálin hafa einnig orðið til þess að gerbreyta viðhorfi margra aðila í stjórnkerfinu til sparnaðar og eyðslu. Það hefur ekki farið fram hjá neinum hver vandinn er og hversu mikill hann er og stjórnendur ríkisstofnana og ráðuneyta gera sér nú betur grein fyrir því en áður að það er tilgangslaust að tala um meiri eyðslu og útgjöld, enda hefur stórlega dregið úr ásókn í aukafjárveitingar, sem orðnar voru að hreinni plágu þegar ég kom fyrst í fjmrn. fyrir tæpu ári. Sú staðreynd er einnig til marks um það, að þrátt fyrir að halli blasi við hjá ríkissjóði í heild eru einstakir fjárlagaliðir hjá langflestum ráðuneytum og stofnunum mun raunhæfari og marktækari en um árabil. En hverjum hefur dottið í hug að takast mundi að leiðrétta allar fjárlagaskekkjur fyrri ára á einu bretti í fjárlögum þessa árs? Slíkur bjartsýnismaður var ég a. m. k. ekki.

Ég held að skynsamlegt sé fyrir þingheim að skyggnast eilítið inn í baksvið þessa máls alls og þær efnahagslegu hræringar sem það mynda. Hvernig stendur á því að ríkissjóður, þ. e. A-hluti hans, var kominn í alvarlegan halla á árinu 1983 sem ekki er enn séð fyrir endann á og við erum raunar að súpa seyðið af nú þegar við glímum við aðsteðjandi vanda? Ástæðan er í raun og veru sáraeinföld, eins og hv. þm. Lárus Jónsson, formaður fjvn., hefur margbent á en margir þverskallast við að skilja. Hún er sú, að með minnkandi þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum hefur veltan í þjóðfélaginu stórminnkað. Þegar jafnhliða er tekið á umframneyslunni í þjóðfélaginu, sem birtist í formi viðskiptahalla við útlönd, eins og gert var í fyrra minnkar veltan enn. Umframeyðslan var einkenni á ferli síðustu ríkisstj. bæði í blíðu og stríðu og á þessu sjúkdómseinkenni nærðist ríkissjóður, því stærsti hluti tekna ríkissjóðs eru óbeinir skattar af veltunni í landinu.

Þegar byrjað var að takast á við umframneysluna, sjúkdómseinkennið, hlutu því tekjur ríkissjóðs að minnka, en útgjöldin eru hins vegar í mun ríkari mæli óháð sveiflum í veltu, eins og allir þekkja. Við þessa tekjulækkun vegna minni veltu bættist síðan sú staðreynd að óhjákvæmilegt var að draga úr skattheimtu, eins og ríkisstj. gerði á síðasta ári.

Til þess að mæta þessu samanlagða tekjutapi, sem gæti numið á fjórða milljarð kr., var við fjárlagagerð fyrir þetta ár ráðist skipulega í meiri niðurfærslur útgjalda á ýmsum sviðum en lengi hefur verið árætt. Því verkefni er að sjálfsögðu ekki lokið og verður haldið áfram í fjárlagagerðinni fyrir næsta ár sem nú fer senn að hefjast. Við hljótum að stefna að því að leysa hluta þess vanda sem eftir er í fjárlögum næsta árs.

Við meðferð hins fyrirsjáanlega fjárlagahalla hafa menn gjarnan spurt hvort leggja ætti á nýja skatta. Mitt viðhorf í því efni hefur alltaf verið skýrt. Ég er andvígur nýjum sköttum. Í hnotskurn eru þeir kostir sem staðið er frammi fyrir eftirfarandi:

Á að leggja nýja skatta á almenning ofan á þá kjararýrnun sem varð á síðasta ári og gera almenningi þannig erfiðara fyrir og setja jafnvel samkomulagið við vinnumarkaðinn í hættu? Eða á að fresta hluta vandans með lánum og víkja þar með frá upphaflegum áformum ríkisstj. í lánamálum, þótt það þýði e. t. v. nokkra áhættu varðandi önnur markmið?

Þetta eru ekki glæsilegir valkostir og ekkert gamanmál að gera hér upp á milli. En miðað við allar aðstæður og lífssannfæringu mína hlaut síðari leiðin að verða fyrir valinu, að því marki sem ekki náðist að leysa vandann með lækkun útgjalda og niðurskurði. Það er hvorki stefna ríkisstj. né Sjálfstfl. að íþyngja almenningi frekar með sköttum.

Í ræðu minni hér á hv. Alþingi í marsmánuði s. l., þegar afkoma ríkissjóðs fyrir árið 1983 var til umr., gerði ég grein fyrir þeim fyrirséða fjárhagsvanda sem væri hjá A-hluta ríkissjóðs á þessu ári að óbreyttu. Endurskoðuð áætlun gerði ráð fyrir að greiðsluhallinn gæti numið allt að 2.1 milljarði kr. Meginskýringar á þeim breyttu horfum til hins verra í ríkisfjármálum frá því að fjárlög fyrir árið 1984 voru afgreidd hér á Alþingi mátti rekja til eftirfarandi þátta:

Ekki hafði við afgreiðslu fjárlaga verið gert ráð fyrir útgjöldum sem mundu lenda á ríkissjóði að óbreyttu og ýmis útgjöld voru ekki að fullu þekkt. Við afgreiðslu fjárlaga var stefnt að lækkun útgjalda sem óvíst er að nái fram að ganga. Óvíst var hvort innlend fjáröflun mundi gefa ríkissjóði það fjármagn sem ráð var fyrir gert.

Á undanförnum árum hefur ámóta fjárhagsvandi blasað við í ríkisfjármálum innan fjárlagaársins. Þeim vanda hefur verið mætt að meginhluta til með því að tekjur ríkissjóðs hafa orðið hærri en fjárlög ársins hafa gert ráð fyrir vegna þess að ríkissjóður hefur hagnast á þeirri óðaverðbólgu sem geisað hefur hér á landi á undanförnum árum. Einnig hefur verið gripið til taumlausra aukafjárveitinga eins og ég hef margoft bent á og ég tel stórvarhugaverðar. En nú horfir öðruvísi við sem betur fer. Tekist hefur nú á örskömmum tíma með samstilltu átaki fólksins í landinu og ríkisstj. að ná verðbólgunni verulega niður. Ríkissjóður er hættur að hagnast á mestu meinsemd efnahagslífsins, óðaverðbólgu og taumlausum viðskiptahalla. Þessar breyttu forsendur gera þær kröfur til ríkisstj. og alþm. að sá þáttur í útgjöldum þjóðarinnar sem við höfum umsjón með fyrir hönd landsmanna aðlagi sig að breyttum aðstæðum í efnahagsmálum okkar. Vegna þessara breyttu aðstæðna taldi ég það skyldu mína sem fjmrh. að gera Alþingi grein fyrir fyrirséðum fjárhagsvanda hjá ríkissjóði á þessu ári og fá fram vilja ríkisstj. og Alþingis um lausn á honum. Menn verða að gera sér grein fyrir því að þær aðstæður eru nú ekki fyrir hendi að fjmrh. geti vænst þess að sá þjóðhagsvandi sem nú steðjar að leysist af sjálfu sér, heldur verður að grípa til aðgerða.

Það frv. sem hér er til umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum fjallar um till. stjórnarflokkanna um lausn á þeim fyrirséða fjárhagsvanda.

Hæstv. forsrh. hefur gert ítarlega grein fyrir efnisatriðum þessa frv. sem hér er til umr. og horfum í efnahags- og peningamálum þjóðarinnar um þessar mundir. Ég mun því ekki rekja hér einstakar greinar frv. Þó vil ég leggja áherslu á að þær ráðstafanir sem frv. gerir ráð fyrir til að mæta fyrirséðum greiðsluhalla ríkissjóðs gera ráð fyrir miklum niðurskurði útgjalda. Æskilegt hefði verið að ganga enn lengra í þeim efnum en gert er. Ástæðan fyrir því að ekki var talið fært að ganga enn lengra í almennum niðurskurði ríkisútgjalda er m. a. að við fjárlagagerðina fyrir árið 1984 var gengið mjög langt í að draga saman ríkisútgjöld. Í því sambandi vil ég vekja athygli alþm. á þeirri ákvörðun sem felst í samþykkt fjárlaga fyrir þetta ár, að ríkisaðilum er skylt að lækka launaútgjöld að raungildi um 2.5% og önnur rekstrargjöld um 5%. Sú staðreynd að aðeins um 10% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs gengur til stofnframkvæmda og framlaga til framkvæmdasjóða gefur takmarkað svigrúm til niðurskurðar á þessum útgjaldaflokki, bæði vegna þess að búið er að binda stóran hluta þess fjármagns með fyrirframgerðum samningum og að hér er fjöldinn allur af verkefnum og ekki stórar fjárhæðir sem ganga til einstakra viðfangsefna.

Stærsti hluti rekstrarútgjalda og framlaga til rekstrar er á sviði heilbrigðis- og menntamála. Það er alveg ljóst í mínum huga að ef menn ætla sér að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu árum án þess að auka skattálögur verður að koma til betri nýting fjármuna í þessum málaflokkum. Þá tel ég mjög brýnt að gerð séu gleggri skil á fjárhagsábyrgð aðila og ákvörðunum um framkvæmdir. Bind ég miklar vonir við það starf sem nú fer fram á vegum ríkis og sveitarfélaga um að finna leiðir til breyttrar verkefnaskiptingar og að hún muni leiða til betri nýtingar fjármuna og meiri ábyrgðar en nú er.

Þá tel ég að ekki sé fært lengur að rkissjóður gegni stóru millifærsluhlutverki í verðmyndunarkerfi landsmanna. Það hlýtur að vera öllum til góðs, bæði framleiðendum og kaupendum, að hið rétta kostnaðarverð endurspeglist í söluverði framleiðslunnar. Í þeim ráðstöfunum sem hér eru til umr. var gengið eins skammt og frekast var unnt í að auka álögur á almenning í landinu. Miðað við þær aðstæður sem nú ríkja hjá launafólki er ekki hægt að leggja auknar álögur á það. Sá mikli árangur sem náðst hefur í slagnum við verðbólguna er m. a. að þakka því hvað fólk hefur verið reiðubúið að taka á sig auknar byrðar. Ekki er hægt að ganga öllu lengra í þeim efnum meðan við erum að

vinna okkur út úr þeim verðbólguvanda sem hrjáð hefur allt efnahagslíf okkar.

Eins og ég hef áður sagt hér á hv. Alþingi er mörgum alþm. meira umhugað um að hrinda af stað útgjaldaskuldbindingu fyrir ríkissjóð heldur en að draga úr útgjöldum. Umfjöllun Alþingis og lagasetning um ýmsa þarfa málaflokka er því miður um of bundin öðrum atriðum en því hver fjármálaáhrif tiltekinnar lagasetningar eru. Við þau skilyrði sem þjóðin býr nú er ekkert svigrúm til slíkrar lagasetningar. Það er löngu tímabært að endurskoða lög sem hafa í för með sér sjálfvirk útgjöld, enda mörg þeirra sett við aðrar aðstæður en ríkjandi eru í dag og sum hver vafalaust úrelt og koma í veg fyrir eðlilega þróun í þjóðfélaginu. Alþm. verða að vera sér meðvitandi um möguleika og vilja fólksins um hvað langt má ganga í að auka skattaálögur á landsmenn í einu eða öðru formi. Því verður ekkert lát á því meðan ég gegni embætti fjmrh. að beitt verði ýtrasta aðhaldi á öllum sviðum útgjalda hjá ríkissjóði.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja áherslu á nauðsyn þess að ströngu aðhaldi verði áfram beitt í ríkisrekstrinum öllum. Það frv. sem hér er til umr. er aðeins áfangi í þeirri viðleitni að ná fullum tökum á vanda ríkissjóðs og þjóðarbúsins. Við höfum orðið að fresta lausn á hluta vandans og dreifa honum yfir lengri tíma, ekki vegna þess að það sé æskilegt heldur af illri nauðsyn. Þess vegna verður nú að snúa sér að því af fyllstu hörku og fyllstu ábyrgð að leysa vandann til frambúðar með nauðsynlegum skipulags- og kerfisbreytingum, m. a. í tengslum við fjárlagagerðina fyrir árið 1985.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er á dagskrá kom fyrir augu hv. alþm. í gær. Forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna fengu málið að vísu aðeins fyrr í hendur sem trúnaðarmál. Hér er um að ræða allviðamikið mál svo að það tekur að sjálfsögðu nokkurn tíma að átta sig á öllum efnisatriðum þess. Við þessa umr. er því vafalaust eitthvað af atriðum sem ætti að ræða sérstaklega en ekki verður til skila haldið sem skyldi vegna þess hvað málið hefur verið skamman tíma til meðferðar. Tími gefst hins vegar til að ræða málið síðar við aðrar umræður hér í þinginu þegar hv. þingnefndir hafa fjallað um málið.

Hæstv. fjmrh. komst þannig að orði hér áðan í ræðu sinni að hann hafi ekki verið slíkur bjartsýnismaður að hann tryði því að jafnvægi næðist í ríkisfjármálunum á árinu 1984. Í þessum efnum koma orð hæstv. fjmrh. ekki heim og saman við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Steingríms Hermannssonar, en það er sú ríkisstj. sem hæstv. ráðh. á þó sæti í. Þar segir með leyfi hæstv. forseta um ríkisfjármál:

„Gerð fjárlaga fyrir árið 1984 miðist við að ná jafnvægi á ný í ríkisfjármálum."

Þetta skrifaði hæstv. fjmrh. niður og samþykkti um leið og hann settist inn í ríkisstj. Það er bersýnilegt að hann hefur þegar það gerðist verið sá bjartsýnismaður að búast við því að jafnvægi næðist í ríkisfjármálum á árinu 1984. Þegar hann svo gekk frá fjárlögum fyrir árið 1984 þá gerði hann ráð fyrir því að halli yrði á fjárlögum upp á 406 millj. kr. og útgjöld fjárlaga yrðu 18.3 milljarðar kr. Aðeins tveimur mánuðum seinna, eftir að hæstv. fjmrh. hafði gengið frá hinu alfullkomna frv. til fjárlaga fyrir árið 1984, kom í ljós að útgjöldin höfðu ekki lækkað heldur hækkað svo stórkostlega að tölur sem áður voru í kringum 18 milljarðar voru komnar um og yfir 20 milljarða kr. Niðurstaðan í þessu dæmi, sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. leggja hér fyrir, er sú að það er halli á ríkissjóði á þessu ári upp á einn milljarð kr. þrátt fyrir þær ráðstafanir sem ríkisstj. er hér að gera grein fyrir.

Ég vil hér, herra forseti, fara yfir níu meginatriði í sambandi við þetta frv. og ríkisfjármálin eru eitt af þeim mörgu atriðum. Það er greinilegt af þessu frv. að ríkisstj. hefur gefist upp á að taka á ríkisfjármálavandanum. Þar er í raun og veru enginn vandi leystur. Öllu er vísað á framtíðina, börn okkar og barnabörn, með erlendum lántökum og það sem þá stendur eftir er lagt á þá sem síst skyldi í þjóðfélaginu, þ. e. annars vegar sjúklinga sem eru afhentir hæstv. heilbrrh. sem frjáls gjaldstofn skv. því lagafrv. sem hér liggur fyrir með stórfelldum hækkunum á landbúnaðarafurðum og með hækkunum á þjónustu almannatrygginganna eins og tannviðgerðum. Þar eru lausnirnar sem ríkisstj. hefur fundið.

Hæstv. fjmrh. var svo vinsamlegur að skýra okkur frá því fyrir nokkrum vikum í umr. utan dagskrár að þegar gatið yrði brúað, vandinn yrði leystur þá mundi þjóðin fá að sjá ógnvekjandi bola. Hann skellti sér þannig í dýraríkið og brá sér í hástemmdar bókmenntalegar samlíkingar og seildist þetta langt, að líkja ríkisstj. við ógnvekjandi bola sem bráðum mundi mæta hv. Alþingi og landsmönnum öllum.

Þegar varaformaður Sjálfstfl. hins vegar heldur fund á Seltjarnarnesi þá er skipt um í dýraríkinu. Þá er það ekki lengur ógnvekjandi boli heldur lítil mús sem ríkisstj. sýnir með þessum aðgerðum sínum. Ég held í raun og veru, herra forseti, að skýrasta einkunnin, sem hægt er að gefa þessu ríkisfjármálafrv., komi fram í ræðu varaformanns Sjálfstfl. á fundi sjálfstæðisfélaganna á Seltjarnarnesi í gærkvöldi. Frá þessari ræðu er sagt í Morgunblaðinu í dag og hv. þm. Friðrik Sophusson segir skv. frásögn Morgunblaðsins:

„Þetta tók um tvo mánuði og þá fæddist lítil mús."

Síðan segir: „Friðrik deildi í ræðu sinni hart á efnahagsaðgerðir ríkisstj., aðdraganda þeirra og benti á þær hættur sem fram undan gætu verið vegna þeirra gífurlegu erlendu lántaka sem fyrirhugaðar væru.

Hann fjallaði enn fremur um innanflokksmál Sjálfstfl. og ríkisstjórnarsamstarfið og sagði grundvallaratriði nú að flokkurinn næði saman innbyrðis." Hinn samhenti og sterki flokkur þarf sem sagt að snúa sér núna að því meginverkefni að reyna að ná saman innbyrðis að mati varaformanns Sjálfstfl. Og hann heldur áfram: „og nefndi landbúnaðarmál sem dæmi um þann málaflokk sem mikil óeining ríkir um." Þá ræddi hann einnig um formann Sjálfstfl., en það kemur ekki efnahagsvandamálum við svo að ég sleppi því hér úr þessum upplestri. Síðan sagði varaformaður Sjálfstfl. „er hann hafði lýst skoðunum sínum á efnahagsaðgerðunum að hann teldi að reynslan ætti nú að kenna sjálfstæðismönnum nokkra lexíu. Verið væri að ýta vandanum á undan sér sem þýddi að Sjálfstfl. „kæmi buxnalaus til næstu kosningabaráttu". Hann sagði að nú ætti að setjast niður og endurskoða stjórnarsáttmálann. Sjálfstfl. yrði síðan að ná samstöðu í mikilsverðum málum, t. a. m. landbúnaðarmálum, og ekki væri hægt að ætlast til að unnt yrði að ná samstöðu með Framsókn

þegar samstaða væri ekki fyrir hendi innbyrðis.“

Hérna er auðvitað komin skýringin á því hvað glíman við gatið hefur verið löng og erfið og ströng. Íhaldið hefur ekki getað komið sér saman innbyrðis og þess vegna hefur Sjálfstfl. ekki getað komið sér saman um lausn vandans gagnvart Framsfl.

En varaformaður Sjálfstfl. hefur nóg í pokahorninu og hann sagði fleira. Hann sagði skv. frétt Morgunblaðsins „að síðan ætti að setjast að samningaborði með Framsókn um hin stóru úrlausnarmál. Ef Framsókn væri ekki tilbúin til raunhæfra aðgerða ætti Sjálfstfl. ekki að hika við að tala við aðra flokka og ef ekki næðist saman með þeim ætti hann að leita nýs umboðs frá íslenskri þjóð.

Þá sagði varaformaðurinn að í frv. ríkisstj. væri ekki gert ráð fyrir stórum útgjaldaliðum sem fyrirsjáanlega *þyrfti einnig að taka erlend lán fyrir. Í húsnæðislána*pakkann vantaði t. d. enn 300—400 millj. kr. ef standa ætti við digrar yfirlýsingar félmrh.“ — Digrar yfirlýsingar félmrh. — það var orðið sem var notað. „Þá væri óleystur vandi útgerðarinnar, en lausaskuldir hennar *væru nú taldar nema 400—500 millj.* kr. Hann sagði enn fremur að nýir útreikningar Þjóðhagsstofnunar á þjóðarframleiðslu, sem náð hefði hlutfalli erlendra skulda af þjóðarframleiðslu niður í 59.6%, væru ekki „búmannslegar“ og þar teflt á tæpasta vað, hvort sem það væri *gert til að hlífa yfirlýsingaglöðum ráðh. eða í öðrum* tilgangi.“

Hér er varaformaður Sjálfstfl. bersýnilega að segja það að útreikningar Þjóðhagsstofnunar hafi verið gerðir til þess að halda yfirlýsingaglöðum ráðh., þ. e. fjmrh., í embætti.

Hæstv. fjmrh. var búinn að lýsa því yfir að hann mundi segja af sér ef skuldahlutfall þjóðarinnar færi fram yfir 60%. Þjóðhagsstofnun fann nýja tölu. Og varaformaður Sjálfstfl. segir að þar sé teflt á tæpasta vað, hvort sem það væri gert til að hlífa yfirlýsingaglöðum ráðherra — ekki ráðherrum — eða í öðrum tilgangi. M. ö. o. hæstv. fjmrh. situr, en hann situr áfram út á útreikninga Þjóðhagsstofnunar.

Staðan er sú í þessum málum varðandi ríkisfjármálin, herra forseti, að *gatinu hefur ekki verið lokað.* Ríkisfjármálavandinn er óleystur. Gatinu er að segja má snúið í aðrar áttir. Það er aukinn halli á viðskiptum okkar við umheiminn og stórkostlega auknar erlendar lántökur. Loforðið um jafnvægi ríkissjóðs í ár er svikið og það er viðurkennt í grg. frv. að vandi ríkissjóðs stafi m. a. af lífskjaraskerðingunni. Varaformaður Sjálfstfl. hefur gefið þá yfirlýsingu skv. fréttum Morgunblaðsins í dag og Dagblaðsins í dag að á eins árs afmæli ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar þurfi að endurskoða þetta plagg, þetta framsóknargræna plagg sem heitir Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 26. maí 1983. Það er komið svo að þetta plagg er ónýtt. Það er búið að svíkja svo mikið í þessu plaggi að það þarf að fara að endurskoða hlutina. Svo lengi hélt *hin trausta, sterka stjórn sem allan vanda ætlaði að* leysa hér í efnahags- og atvinnumálum þessarar þjóðar. Hraklegust er þó útreiðin að mörgu leyti í ríkisfjármálum. Það er enginn vandi leystur.

Annar þáttur, herra forseti, sem ég ætla að gera hér að umtalsefni á eftir ríkisfjármálunum eru erlendu lántökurnar sérstaklega. Hlutfallstalan er lækkuð til að bjarga ríkisstj. fyrir horn og koma tölunni niður fyrir 60%. Með því er látið í veðri vaka af ráðh. að í raun og veru hafi engin hækkun orðið á erlendu skuldunum. Þær séu í raun og veru óbreyttar frá því sem áður var og þetta sé allt í besta lagi. En hvernig horfir þetta við? Hvað er hér að gerast? Hvað þýðir það þegar teknir eru 2 milljarðar kr. í erlendar lántökur? Hvað þýðir það? Það þýðir, ef við miðum við þorskútflutning landsmanna, það jafngildir um 68 millj. dollara eða 20% af öllum þorskútflutningi landsmanna. Þessi erlenda lántaka jafngildir um 20% af öllum þorskútflutningi landsmanna, okkar dýrmætustu útflutningsvöru. 20% af þessum dýrmæta fiski, þessari útflutningsvöru, eru tekin og tekin erlend lán fyrir því. Fimmti hver þorskur sem er dreginn á land fer í þessa óráðsíu og þessar erlendu lántökur ef þær væru greiddar hér og nú.

En það má líka meta þetta öðruvísi. Þjóðarframleiðslan á Íslandi er 66 milljarðar kr. Vinnandi menn á Íslandi eru 115 þús. Verðmætasköpunin er 574 þús. kr. á mann. Þessi 2 milljarða erlenda lántaka jafngildir verðmætasköpun 3500 launamanna í heilt ár. Erlend lán sem samsvara allri verðmætasköpun 3500 launamanna í heilt ár eða fimmtungi af öllum þorskútflutningi landsmanna. Og svo eru menn að láta eins og ekkert sé, að þetta sé í raun og veru allt í lagi vegna þess að einhver tala hafi verið færð niður fyrir 60%.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að erlendar lántökur þessarar þjóðar hafi mjög lengi, m. a. í tíð fyrrv. ríkisstj., verið á verulegu hættustigi. En ég vil spyrja menn: Hversu langt á að ganga þegar farið er að taka erlend lán til að borga kaup opinberra starfsmanna eins og verið er að gera hér og rekstur ríkissjóðs? Eru engin takmörk til í þessu efni? Í þessu kveri hér, þessu fölgræna kveri, þar stendur: „Aðhalds verði gætt í erlendum lántökum og þær bundnar við hagkvæmar framkvæmdir“. Hvar eru hagkvæmar framkvæmdir, hæstv. forsrh. í þessu plaggi? Hvaða hagkvæma framkvæmd er nefnd í þessu plaggi á nafn? Það er eins og venja er þannig í lánsfjárlögum að það eru nefndar og tilgreindar þær hagkvæmu framkvæmdir sem á að verja erlendum lántökum í. Hvaða hagkvæmar framkvæmdir eru nefndar á nafn í þessu plaggi? Ein — Hitaveita Rangæinga 11 millj. kr. Að öðru leyti er hér um að ræða heildarupphæðir, m. a. til rekstrarútgjalda.

Ég vil í þessu sambandi minna á að þær erlendu lántökur sem ríkisstj. er núna að taka ganga til sex atriða sem aldrei hafa verið tekin erlend lán í áður, aldrei nokkurn tíma. Í fyrsta lagi hefur uppgjör á milli ríkisstofnana aldrei áður farið fram í erlendum lánum, á milli Innheimtustofnunar sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins. Ég þekki það vandamál dálítið, milli Innheimtustofnunar sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins. Og það varð auðvitað að leysa. En það að leysa þetta með erlendum lántökum er auðvitað með öllu forkastanlegt, og að ætla Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að taka lán í þessu skyni. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur náttúrlega aldrei fyrr verið látinn taka lán með þessum hætti sem hér er gerð till. um Þannig er verið að hengja aukapinkil á sveitarfélögin af þeirri ríkisstj. sem mest gumar og geipar um sjálfstæði sveitarfélaga. Hún er að leggja þarna aukapinkil á sveitarfélögin í landinu með því að láta Jöfnunarsjóð sveitarfélaga taka erlent lán. Þetta er nýlunda. Menn tala um að verið sé að borga meðlagsskuldir með erlendum lánum. Ég vil ekki taka þannig til orða. Ég tel að það sé í raun

og veru verið að skekkja þá mynd sem rétt er af þessu vandamáli, að það er verið að gera hér upp á milli ríkisstofnana með alveg ákveðnum hætti og stofnunar sveitarfélaga.

Annað atriði, sem ég hygg að ekki hafi áður verið teknar til erlendar lántökur í stórum stíl, eru skipaviðgerðir upp á 150 millj. kr. Auðvitað verður að tryggja gang skipasmíðastöðva. Auðvitað verður að sjá til þess að okkar að mörgu leyti ágæti skipasmíðaiðnaður stöðvist ekki. En hér er gert ráð fyrir því að skipaviðgerðir fái 150 millj. kr. í sinn hlut með erlendum lántökum.

Þriðja atriðið sem ég ætla að nefna, sem aldrei hefur áður verið á blaði í sambandi við erlendar lántökur, eru húsnæðislánin. Það hefur aldrei fyrr gerst að nokkur félmrh. hafi verið í þvílíkri kastþröng að hann hafi orðið að fá erlend lán til að borga fólki lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna svo það geti byggt eða keypt íbúðir. Það hefur aldrei nokkurn tíma komið til tals, fullyrði ég, að taka erlend lán í þessu skyni. Það eru ekki nema örfáir dagar síðan hæstv. félmrh. sagði: „Ég trúi því að allir tekjustofnar byggingarsjóðanna haldi.“ Svo kemur hann örfáum dögum síðar og þá eru það erlend lán til að bjarga byggingarsjóðunum við. Ja, þvílík útgerð, þvílík útgerð.

Fjórða atriðið sem er nýlunda í þessu efni er það að ákveða að hallinn á ríkissjóði verði borgaður með erlendum lántökum, vegna þess að með þessu móti er verið að borga niður ferðamannagjaldeyri með erlendum lánum. Það er verið að taka lán til að leyfa sér þann lúxus að fella niður álag á ferðamannagjaldeyri. Og það er verið að taka lán til að lækka skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Og það er verið að taka erlend lán til að borga niður og lækka skatta fyrirtækjanna í landinu.

Fimmta atriðið sem ég ætlaði að nefna, sem ég tel nýlundu og brautryðjendastarf þessarar ríkisstj., það er að taka erlend lán til að standa undir lausaskuldum bænda. Hvað eru lausaskuldir bænda? Það eru viðskiptaskuldir m. a., verulegar viðskiptaskuldir og vandi sem hefur hlaðist upp á liðnum árum. Það á að taka erlend lán til að borga kostnaðinn við rekstur landbúnaðarins á liðnum árum. Þetta er nýlunda, þetta hefur ekki áður verið gert.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður útgerðarinnar verði greiddur með erlendum lánum. Og þetta er úrræði ríkisstj. sem hefur þessa stefnu, með leyfi hæstv. forseta orðrétt úr þessu kveri: „Aðhalds verði gætt í erlendum lántökum og þær bundnar við hagkvæmar framkvæmdir.“ Ja, þvílík útreið á einu ári. Þvílík niðurlæging, miðað við það sem menn höfðu sett sér í upphafi í þessu efni.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Eru engin takmörk fyrir því til hvers menn sækja erlent lánsfé hér? Eru engin takmörk? Hver eru hin pólitísku takmörk ríkisstj. í þessu efni? Hvar eru mörkin, hversu langt getur hún hugsað sér að ganga í erlendum lántökum? Getur hún hugsað sér að borga hvað sem er með erlendum lánum? Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. og fjmrh. birti skilgreiningu á því hversu langt er hægt að ganga í þessu efni. Hvar eru mörkin þegar menn eru farnir að borga niður ferðamannagjaldeyri með erlendum lánum og lausaskuldir bænda og húsnæðislán og rekstur ríkissjóðs? Ég sé ekki hvar mörkin eru.

Þriðja atriðið, herra forseti, sem ég ætla að gera hér að umtalsefni snertir kjarasamningana og kemur í beinu framhaldi af og er í tengslum við þetta frv. Með frv. fylgir grg. og tafla á bls. 18. Þar kemur greinilega fram að kaupmáttur launa verður 2% lægri en gert hafði verið ráð fyrir við gerð gjarasamninganna 21. febr. s. l. Í þeim var byggt á þeirri forsendu að menn héldu sama kaupmætti og á fjórða ársfjórðungi 1983. Með þeim ráðstöfunum sem hér eru á blaði og nánar verða raktar er ríkisstj. í raun og veru að segja kjarasamningunum upp. Kaupmáttarskerðingin verður um 2% frá því sem gert var ráð fyrir. Hér er um að ræða árás á þá hófsömu kjarasamninga sem gerðir hafa verið. Og það er sérstaklega alvarlegt að þessi árás skuli gerð í sama frv. og ríkisstj. flytur till. um sérstakar úrbætur vegna láglaunafólks í landinu.

Ég tel að ríkisstj. sé með þessu að storka verkalýðshreyfingunni í landinu, sýna henni einstaka lítilsvirðingu. Yfirlýsingar ráðh. um Singapore norðursins og auglýsingabæklingarnir um hið lága og ódýra vinnuafl á Íslandi eru eins og svipuhögg framan í hvern ærlegan mann sem hefur með að gera málefni verkalýðs og launafólks í þessu landi. Þessi ríkisstj. er núna með þessu frv. enn þá einu sinni að ráðast að þessu fólki, samtökum launafólks á Íslandi. Þetta er þriðja meginatriðið, herra forseti, sem ég vil gera að umtalsefni.

Fjórða meginatriðið sem ég ætla hér að gera að umtalsefni er sérstök árás frv. á láglaunafólkið, alveg bein árás á láglaunafólkið sérstaklega í landinu. Það fyrsta er niðurskurður á tannviðgerðakostnaði. Hér er um að ræða mjög tilfinnanlegt atriði, ekki bara fyrir láglaunafólk heldur fyrir launafólk í landinu almennt. Það er lúalegt að fara sérstaklega í það í þessu frv. að skerða kostnað við tannréttingar. Á undanförnum árum hefur það færst mjög í vöxt af ýmsum ástæðum að það þarf að vinna að tannréttingum á börnum og unglingum. Hér er um að ræða kostnað sem er venjulegu heimili oft á tíðum algjörlega ofviða, algjörlega ofviða. En það er þetta fólk sem er sett í skotskífuna af ríkisstj., það eru lækkuð sérstaklega framlög til þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda. Hér er þó ekki um að ræða tannviðgerðir sem stafa af því að menn hafi hirt tennur sínar illa eða vanda sem stafi af trassaskap. Hér er um að ræða óviðráðanlegt vandamál sem verður að leysa. Þess vegna er það alveg furðulegt að ríkisstj. skuli sérstaklega rífa þennan þátt út úr sem snýr að tannréttingunum.

Annað atriði sem snýr alveg sérstaklega að láglaunafólki, gömlu fólki og öryrkjum og fötluðum í landinu er veruleg hækkun lyfja. Um hana hefur nokkuð verið rætt að undanförnu. Ég heyrði ekki í ræðu hæstv. forsrh. hvort hann nefndi það sérstaklega núna hver væri hækkun á lyfjum en það hafði komið fram áður að það stæði til. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hver er sú lyfjahækkun sem gert er ráð fyrir í forsendum þessa frv.?

Fjórða atriðið sem sérstaklega beinist gegn láglaunafólki í landinu er hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni, úr 25 kr. í 75. kr. hjá heimilislæknum og úr 100 í 300 kr. hjá sérfræðingum og á göngudeildum. Það er fjöldinn allur af fólki í landinu, því miður, sem verður að sækja göngudeildarþjónustu aftur og aftur. M. a. er um það að ræða t. d. með geðsjúklinga að þeir verða að koma reglulega í viðtöl og meðferð á sínar stofnanir. Er

það ætlun ríkisstj. að taka fullt gjald af þessu fólki, 300 kr. í hvert skipti sem það kemur inn á þessar stofnanir? Ætli hæstv. forsrh. gæti svarað því hvort það stendur til að taka fullt gjald af þessu láglaunafólki í hvert skipti sem það fer inn á þessar stofnanir og nýtur þjónustu sérfræðinga á göngudeildum? Á að fella þetta gjald niður af og til af þessu fólki eða á að taka það af því í hvert einasta skipti?

Ein grein í þessu frv. lætur ekki mikið yfir sér og forsrh. hafði ekki mikið fyrir því að gera grein fyrir henni hér áðan. Og grg. frv. er nú í einu orði sagt léleg. En í grg. frv. er fjallað um sjúkradagpeninga og þar segir um 8. gr.:

„Í till. frv. felst einkum að atvinnurekendur beri yfirleitt sjúkratryggingarkostnað 14 fyrstu veikindadagana í stað 10 nú, enda hafi launþegi verið óvinnufær 21 dag í stað 14 áður. Áætlað er að þessi breyting spari almannatryggingum 25 millj. kr. á ári.

Þessi lenging á biðtíma eftir sjúkradagpeningum mun fyrst og fremst minnka þann rétt sem atvinnurekendur eiga til dagpeninga. Í kjarasamningum er launþegum yfirleitt tryggður réttur til launa í allt að þrjár vikur verði þeir veikir."

Þetta er 8. gr. frv. Forsrh. sagði svo sem ekki neitt um hana, þessa lækkun á sjúkradagpeningum. En hvað er hér að gerast? Þessi niðurskurður á sjúkradagpeningum bitnar alveg sérstaklega á þremur hópum einstaklinga í þjóðfélaginu. Það eru ekki atvinnurekendur. Hvaða fólk er það? Það er í fyrsta lagi verkafólk sem hefur unnið tiltölulega mjög skamman tíma. Það fólk missir eftir þessu frv. rétt til sjúkradagpeninga og biðtíminn eftir sjúkradagpeningum lengist frá því sem verið hefur. Þarna fann ríkisstj. fólkið sem var upplagt að leggja byrðar á núna, klípa nokkrar milljónir af þeim launamönnum sem ekki hafa unnið sér inn rétt til sjúkradagpeninga. Á þetta er ekki minnst einu aukateknu orði í grg. frv. og sagt að aðallega komi þetta niður á atvinnurekendum.

En það eru fleiri en launamenn og verkamenn sem hafa unnið skamman tíma sem missa rétt með þessari grein. Það er einn stærsti vinnuhópurinn í þjóðfélaginu sem einnig missir rétt með þessari grein og það eru húsmæður. Húsmæður missa verulegan rétt eftir þessari grein. Það eru tugir þúsunda kvenna í þjóðfélaginu sem eru sérstaklega gerðar að skotskífu með þessari grein eins og hún hér lítur út. Það er ekki minnst á það. Það er sagt: Það eru aðallega atvinnurekendur sem missa hér rétt, aðallega atvinnurekendur. En húsmæðurnar, sem ekki eru á launum hjá einhverjum atvinnurekanda utan heimilis, þær eru þarna að missa verulegan rétt.

Og það eru fleiri. Námsmenn eru þarna einnig að missa rétt til sjúkradagpeninga. Með þessu ákvæði verða menn án sjúkradagpeninga í 14 daga í stað 11 daga áður og þeir þurfa að vera óvinnufærir 21 dag í stað 14 áður til að fá þessa sjúkradagpeninga sem eru svo sem eins og ekki neitt og í rauninni smán þegar allt kemur til alls. Þannig er verið að lengja biðtímann eftir sjúkradagpeningum, menn þurfa að vera lengur veikir en áður en þeir geta fengið sjúkradagpeninga. Ætli ríkisstj. öll, hver einasti maður þar, og þm. stjórnarflokkanna hafi gert sér grein fyrir því að það er fyrir skitnar 25 millj. kr. verið að sarga í þetta láglaunafólk sem ekki hefur áunnið sér rétt til sjúkradagpeninga, námsmenn og húsmæður? Þetta fólk er verið að plokka. Það er lítið sem hundstungan finnur ekki, segir einhvers staðar. Það á við í þessu efni.

Síðasta atriðið sem sérstaklega snýr að láglaunafólki er sú hækkun á verði landbúnaðarafurða sem ákveðin hefur verið. Þetta er hækkun sem fæst með því að skera niður niðurgreiðslur um 185 millj. kr. Og takið eftir: það er ekki verið að skera niður niðurgreiðslur úr 900 millj. kr. sem árstölu, heldur er verið að skera niður það sem eftir er að eyða í niðurgreiðslur á árinu 1984 um 185 millj. kr. Það er í raun og veru verið að skera niðurgreiðslur niður um nærri ⅓ á síðari hluta ársins 1984. Þetta bitnar auðvitað sérstaklega á láglaunafólki, og þetta er sérstök árás á verkalýðshreyfinguna miðað við þær forsendur sem kjarasamningarnir byggðu á.

Hér hef ég, herra forseti, nefnt fimm dæmi um sérstaka árás á láglaunafólk. Það er niðurskurður sjúkradagpeninga, það er hækkun á verði landbúnaðarafurða, það er hækkun sérfræðigjalda í heilbrigðisþjónustunni, það er veruleg hækkun lyfja, það er hækkun á tannviðgerðakostnaði.

Fimmta atriðið, herra forseti, sem ég ætla að gera að umtalsefni snertir námsmenn. Þar er í rauninni um að ræða einhverja harkalegustu árásina skv. þessu frv. Í 2. gr. frv. segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Samanlögð fjárveiting og lántaka Lánasjóðs ísl. námsmanna skal eigi nema hærri fjárhæð en 658 millj. kr. á árinu 1984." Síðan segir: „Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna á árinu 1984 miðuð við það fjármagn sem Lánasjóður ísl. námsmanna hefur til ráðstöfunar, sbr. 1. mgr."

Hæstv. menntmrh., er svo vinsamleg að vera hér stödd í umr. og hefðu fagráðherrar fleiri betur gert það. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Er það meiningin að Lánasjóður ísl. námsmanna hafi á þessu ári til meðferðar og ráðstöfunar 658 millj. kr. og ekki neitt þar fram yfir? Ég skil greinina svo. Ef svo er er það ljóst að á fyrri hluta ársins 1984 er búið að greiða mönnum námslán skv. reglunni um 95% umframfjárþarfar, þ. e. það er búið að eyða þessum fjármunum skv. þeirri reglu á fyrri hluta ársins. Þá hlýtur að vera þeim mun minna eftir á síðari hluta ársins. Eftir þeim útreikningum sem ég hef sjálfur gert á þessu máli sé ég ekki betur, ef þetta gengur svona, en lánahlutfall námsmanna skerðist með þessu frv. niður í 60% á síðari hluta ársins 1984. Svo vill til að ég hef einnig séð ályktun frá Sambandi ísl. námsmanna erlendis þar sem líka er giskað á að þessi niðurskurður þýði 60—65% úr 95%.

Ég óska eftir því við hæstv. menntmrh. að hún geri grein fyrir því annaðhvort við þessa umr. eða fyrir fjh.- og viðskn. Nd. hvort þetta er réttur skilningur, að þar sem eytt hefur verið skv. 95% hlutfallinu á fyrri hluta ársins þá sé það sem eftir er á síðari hluta ársins ekki fyrir nema um 60% fjárþarfarinnar. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðh. vildi svara því. Ég held að hér sé í rauninni um að ræða einhverja harkalegustu árás þessa frv. á einstakan hóp. Með þessu móti færu námslán niður fyrir það sem var á síðasta ári viðreisnarstjórnarinnar og hafa ekki verið lægri í ein 15 ár. Þetta væri lækkun á umframfjárþarfarhlutfallinu um u. þ. b. 50%.

Sjötta atriðið, herra forseti, sem ég ætla að nefna snertir sérstaklega sveitarfélögin. Sveitarfélögin á Íslandi hafa haft einn verðtryggðan tekjustofn, þ. e. söluskatt og verðtoll. Nú er ætlunin að svipta sveitarfé-

lögin hluta af þessum tekjum í fyrsta skipti í sögunni með því að fastbinda greiðslur í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga við fjárlagatöluna. Með þessu móti hirðir ríkisstj. nokkra tugi millj. kr. á þessu ári af sveitarfélögunum. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Telur hann það samrýmast stefnu ríkisstj. um sjálfstæði sveitarfélaganna að skerða þennan eina verðtryggða tekjustofn þeirra um tugi millj. kr. á árinu 1984?

Sjöunda atriðið, herra forseti, sem ég ætla að nefna snertir landbúnaðarmál og hag bænda. Í frv. er gert ráð fyrir því að greiða 10% útflutningsuppbætur, þannig að menn fái sinn 10% útflutningsbótarétt á þessu verðlagsári. Hins vegar er það svo að með þeirri gífurlegu lækkun niðurgreiðslna sem er fyrirhuguð og þeim stórfellda samdrætti í kaupmætti sem hefur átt sér stað hefur útflutningsbótavandinn vaxið stórkostlega frá því sem áður var. Á síðustu árum, t. d. á árunum 1980—1983, hafa bændur í landinu tekið á sig geisilega framleiðsluskerðingu. Samdráttur í mjólkurframleiðslu er úr 117 millj. lítra í 106 millj. lítra á árunum 1980—1983 og samdráttur í kjötframleiðslu er úr um 15 þús. tonnum í um 13 þús. tonn á ári milli áranna 1980 og 1983.

Auðvitað var þessi framleiðslusamdráttur ákveðinn til þess að bændur aðlöguðu sig þeim markaði sem er um að ræða hér á landi. Auðvitað tóku þeir þetta á sig að nokkru leyti eins og eðlilegt var og sanngjarnt að ætlast til. En þegar þeir eru búnir að skera niður framleiðslu sína með þessum hætti og taka á sig tekjuskerðingu sem því svarar, þá blasir við þeim alveg nýtt vandamál. Ríkisstj. sem situr í landinu, hún sökkvir svo kaupmættinum að fólk getur ekki lengur keypt landbúnaðarvörur eins og áður. Það segir sína sögu að á fyrstu sex mánuðum þessa verðlagsárs hefur selst jafnmikið magn af dilkakjöti og á fyrstu sex mánuðum síðasta verðlagsárs, en inni í þeirri tölu sem selst af dilkakjöti í ár eru 3000 tonn af útsölukjöti þannig að salan á nýju dilkakjöti á fyrstu sex mánuðum er í kringum 3000 tonn. Það er því bersýnilegt að sá vandi sem við er að glíma varðandi útflutning landbúnaðarafurða verður meiri í haust en um langt árabil. Og það er í rauninni hart fyrir bændur, sem hafa tekið á sig þennan framleiðslusamdrátt á liðnum árum í landbúnaðinum, að horfa upp á það að það framlag þeirra er í rauninni einskis metið af ríkisstj., vegna þess að þegar það framlag þeirra liggur fyrir þá er offramleiðsluvandinn jafnstór og áður af því að búið er að skera kaupmáttinn svo mikið niður, hækka búvöruna svo mikið í verði að fólk getur ekki lengur keypt kjöt eða mjólkurafurðir.

Ég er sannfærður um það að staða bænda í landinu, eftir þann framleiðslusamdrátt sem hefur átt sér stað, hækkanir á fjármagnskostnaði og miðað við þann markaðssamdrátt sem nú er um að ræða, er erfiðari en hún hefur lengi verið. Ég tel þess vegna alveg ljóst að útflutningsbótaþörfin sem um verður að ræða í haust verður miklu meiri en nokkru sinni fyrr, meðan fráfarandi ríkisstj. stóð þannig að málum að úr útflutningsbótaþörfinni dró smátt og smátt og hún var komin verulega niður í lok valdatíma hennar.

Áttunda atriðið, herra forseti, sem ég ætla að nefna hér snertir aukabindingu á bankana. Það var málið sem gleymdist að leggja fyrir Sjálfstfl. Það var nú svo lítið mál, smámál sem láðist bara að leggja fyrir aðra en ráðh. (**Gripið fram í:** Og nefna það við þm.) Þeir hafa kannske lesið það í Morgunblaðinu að það stæði til. Það er aukabinding á bankana upp á 10%. Mér þætti gaman að vita hvaða bankar það eru sem telja sig vera aflögufæra um 10% aukabindingu um þessar mundir. Spennan í þjóðfélaginu hefur vissulega verið veruleg, verðbólguhraðinn er í rauninni miklu meiri en verðbólgutölurnar segja til um. Það kemur fram í þessari grg., með frv. sem er í raun og veru mikil sjálfsgagnrýni ríkisstj. Í grg. kemur fram að á fyrsta fjórðungi ársins hafa útlán aukist um 9.1% og innlán með áætluðum vöxtum um 8.9%, eða um 42% af ársvexti, meðan verðbólgan telst um eða innan við 15%. Þetta þýðir auðvitað að verðbólgu- og þensluspanið í þjóðfélaginu er miklu meira en verðlagstölurnar sjálfar segja til um. Hér er um að ræða vísbendingu um undirliggjandi 40% verðbólgu í hagkerfinu þrátt fyrir þær tölur sem við fáum ef við berum saman verðlag eins og það hefur þróast á liðnum mánuðum. Það verður fróðlegt að vita hvernig Seðlabankinn ætlar að framkvæma þessa aukabindingu. Ég mun spyrja um það í fjh.- og viðskn. Nd. hvernig ætlunin er að sinna því.

Níunda atriðið, herra forseti, og síðasta sem ég ætla að nefna að sinni snertir afurðalán atvinnuveganna. Í frv. ríkisstj. er ekkert sagt um þetta beinum orðum, en það kemur þar fram að Seðlabankinn ætlar að lækka afurðalán atvinnuveganna. Hér stendur á bls. 7 í síðari málslið: „Liggur nú fyrir ríkisstj. till. frá Seðlabankanum um samhliða lækkun allra endurkaupa um sem næst 5% eða nálægt tíunda hluta þeirra.“ Það liggur sem sagt fyrir till. um að lækka afurðalán atvinnuveganna um 10%. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Ætlar hann að fallast á það og ætlar sjútvrh. að fallast á það að afurðalán sjávarútvegsins í Seðlabankanum hin endurkeyptu afurðalán, verði lækkuð um 5 prósentustig eða 1/10 þeirra? Ég óska eftir því að hæstv. ráðh. svari þessu og um leið því hvernig það á að ganga upp við það að binda 10% meira af innlánsfé viðskiptabankanna og ætla þeim þannig á sama tíma stærri hlut í lánunum en verið hefur. Seðlabankanum á að sleppa við skyldur. Það á að binda meira fé samt hjá Seðlabankanum um leið og hann hefur minni skyldur. Viðskiptabankarnir eiga að taka á sig aukabindingu en taka á sig meiri skyldur en verið hefur gagnvart atvinnuvegunum. Þetta gengur ekki upp. Þetta mundi auðvitað enda með því, ef bankarnir væru látnir einir um að stjórna þessum útlánamálum atvinnuveganna, að það kæmi til atvinnuleysis í stórum landshlutum, ef menn færu að stjórna hlutunum þar á hverjum tíma eingöngu eftir því hvernig hvert einstakt fyrirtæki kann að standa í sínum banka þá og þá.

Ég hef hér farið, herra forseti, yfir níu atriði í sambandi við þetta frv. Eins og ég tók fram í upphafi er stutt síðan við fengum það í hendur og vafalaust mörg atriði í því sem ekki hefur verið hér til skila haldið svo vel væri. Ég hef farið hér yfir stöðu ríkissjóðs, rætt um erlend lán, um kjarasamningana, um sérstakar árásir á láglaunafólk, um námsmenn, um sveitarfélögin, um landbúnaðinn, um aukabindingu á bankana og loks um afurðalán. Hvað átti ríkisstj. að gera andspænis þessum vanda sem uppi var? Hvað átti hún að gera? Mín skoðun er sú að í fyrsta lagi hefði ríkisstj. átt að leggja skatta á ýmis stórfyrirtæki og þjónustufyrirtæki sem hafa skilað stórfelldum gróða á þessu ári. Það átti að leggja skatta á þessi fyrirtæki. Í öðru lagi átti ríkisstj. að halda inni sköttum eins og álagi á ferðamannagjaldeyri.

Í þriðja lagi átti ríkisstj. að leggja skatta á innlánsstofnanir sem hafa skilað verulegum hagnaði, þ. á m. á Seðlabankann. Í fjórða lagi átti ríkisstj. að stuðla með kerfisbundnum hætti að sparnaði í ríkiskerfinu og frestun framkvæmda, þ. á m. flugstöðvarbyggingar. Með þessu móti var unnt að draga saman upp í þennan ríkisfjármálavanda með tiltölulega skýrum hætti a. m. k. 1—1½ milljarð króna.

Afgangurinn í þessu dæmi stafar hins vegar af því að ríkisstj. hefur keyrt svo mikið niður kaupgetu almennings að hann getur ekki keypt þá þjónustu sem ríkissjóður að nokkru leyti byggir tekjur sínar á. Hér er m. ö. o. um það að ræða að ríkissjóður verður fyrir áfalli um leið og tekjur launafólks eru skornar niður. Ríkissjóður er miðaður við tiltekið neyslustig í þjóðfélaginu, tilteknar venjur í neyslu og athöfnum fólks og þó það gerist ekki á einni nóttu, um leið og kaupið er skorið niður, þá hlýtur það, segi ég, að hafa áhrif á rekstur ríkissjóðs um leið, þannig að um helmingur af þessum sérstaka vanda núna er vegna stefnu ríkisstj. beinlínis, upp á um 1 milljarð króna a. m. k.

Það er fróðleg setning í grg. frv. þar sem segir: „en þá kom í ljós", þ. e. í skýrslu Alberts, hæstv. fjmrh., "en þá kom í ljós hversu háður hagur ríkissjóðs er almennri þróun efnahagsmála þjóðarinnar." Hagur ríkissjóðs er mjög háður almennri þróun efnahagsmála í landinu. Ja, þvílík uppgötvun, þvílík vísindi, að menn skuli láta sér detta í hug að ríkissjóður sé þannig að hagur hans er háður almennri þróun efnahagsmála í landinu. Það hafði nú mörgum dottið í hug fyrr. Staðreyndin var hins vegar sú með hæstv. ríkisstj. núverandi að hún sá ekkert annað en kauplækkanir. Hún hafði enga möguleika á að ná saman um neitt annað en kauplækkanir. Framsfl. og Sjálfstfl. geta ekki neitt annað saman en að lækka kaupið. Að öðru leyti eru þeir strand með sína stjórnarstefnu eins og hv. varaformaður Sjálfstfl. hefur m. a. bent á.

Það frv. sem hér liggur fyrir er lýsing á stjórnarstefnu sem hefur í veigamiklum atriðum mistekist. Í aðeins einu atriði hefur ríkisstj. tekist mjög vel upp og það er í því að láta kauplækkun fólksins borga niður verðbólguna í landinu. Að öðru leyti er allt í skralli, ríkisfjármálin eins og hér hefur verið rakið, erlendar skuldir hækkaðar dag frá degi og allar kerfisbreytingarnar, sem áttu að bjarga ungu íhaldsmönnunum inn í þessa stjórn, þær eru allar strand vegna þess að Tómas Árnason situr á þeim. Þannig er staðan á árs afmæli ríkisstjórnarinnar. Og krafa varaformanns Sjálfstfl. er sú að hin framsóknargræni stjórnarsáttmáli verði tekinn til endurskoðunar. Það er í raun og veru besti vitnisburðurinn um það hvað gersamlega hefur mistekist hjá ríkisstj. að ráða við þau verkefni sem hún setti sér.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir til umr. staðfestir að ríkisstj. ræður ekki við stjórn efnahagsmála. Það staðfestir að hún hefur í raun og sannleika gefist upp á að stjórna efnahagsmálunum. Hún hefur ekki náð samstöðu um neinar raunhæfar lausnir. Þetta mál kom þannig til að ríkisstj. uppgötvaði að það væri rétt sem stjórnarandstaðan hafði sagt, að það væri halli á fjárlögunum í raun og sannleika. Nú er talað um það sem lausn á þessum vanda að taka lán til að fjármagna þennan halla. Það er ekki raunveruleg úrlausn að taka 2 þús. millj. kr. lán og rúmlega það til að mæta þessum vanda. Það er að viðurkenna að ekki hafi tekist að taka á málinu. Ég tel að með þessu frv. sé uppgjöf, raunveruleg uppgjöf ríkisstj. innsigluð. Það er ekkert eftir af þeim stefnumálum sem hún setti sér í upphafi, nema að það hafi verið sérstök stefna ríkisstj. að skerða lífskjörin í landinu og láta þar við sitja. Hún hefur vikið frá öllum helstu stefnumálum sínum. Hún sagði skýrt og skorinort: Það á ekki að auka erlendar skuldir. Það á ekki að velta vandanum á undan sér. En þetta frv. felur það í sér öllu öðru fremur að auka erlendar skuldir og halda áfram að velta vandanum á undan sér. Að þessu leytinu er þessi ríkisstj. orðin nákvæmlega eins og aðrar ríkisstj. sem við höfum haft á undanförnum árum. Ríkisstj. hefur gefist upp. Hún getur auðvitað hangið áfram ef hana lystir. Hún getur tórt til leiðinda og ama fyrir þjóðina og reyndar fyrir þingið. En hún er í raun og sannleika samkvæmt þessu búin að vera. Það er leiðari í Dagblaðinu-Vísi í gær sem hét „Þrotinn lífskraftur". Það var ágæt yfirskrift yfir það frv. og þær athafnir sem lýsa sér í þessu frv. sem hér liggur fyrir. Ég held að það megi segja meira og reyndar vitna þá í ljóðið sem mér sýndist að hafi gefið tilefni til þessara orða. Þar er talað um þrotinn sálarkraft. Ríkisstj. staðfestir með þessu frv. að henni er ekki bara þrotinn lífskraftur heldur sálarkraftur líka.

Harðasti áfellisdómur, sem hefur verið felldur yfir þessari ríkisstj., birtist í ræðu varaformanns Sjálfstfl. sem hann hélt í gærkvöld á fundi á vegum Sjálfstfl. á Seltjarnarnesi. Frá þessum aðila, varaformanni Sjálfstfl., kemur harðasti áfellisdómur sem í raun og sannleika hefur verið felldur yfir ríkisstj. Hann segir að efnahagsaðgerðir ríkisstj. séu lítil mús og það eru vissulega orð að sönnu. En það felst kannske enn þá meira í því að velja orðið mús sem lýsingu á efnahagsaðgerðum ríkisstj. Músin er nefnilega nagdýr. Ríkisstj. er að naga undan rótum sjálfrar sín með því frv. sem hér hefur verið flutt.

Varaformaður Sjálfstfl. segir það skýrt og skorinort að ráðstafanir ríkisstj. samkvæmt þessu frv. séu rangar. Hann segir í raun og sannleika að ríkisstj. hafi brugðist bogalistin og ríkisstj. hafi brugðist og hann vill nýjan stjórnarsáttmála eða nýja stjórn ef á að halda áfram á þessari braut. Í þessu sambandi velur hann flokki sínum, Sjálfstfl., þá lýsingu að hann sé buxnalaus. „Buxnalausi flokkurinn" verður lýsingin á Sjálfstfl. Og það er kannske ekki nema von vegna þess að öll þau markmið sem ríkisstj. setti sér hafa brugðist. En reyndar ekki bara í þessu máli. Fjmrh. vildi t. d. afnema skattfríðindi nokkurra framsóknarfyrirtækja. Sjálfstfl. guggnaði á því að láta reyna á það af hræðslu við stjórnarsamstarfið og stólana. Þetta var sussað niður. Þetta misrétti í skattamálum átti að halda áfram til þess að ríkisstj. gæti setið. Þetta var mikil niðurlæging fyrir Sjálfstfl. Þarna hröpuðu buxurnar um eitt þrep niður á við.

En það má nefna fleira. Fjmrh. vildi framfylgja lögum um söluskatt og þess háttar í svokölluðu „Mangó-máli", varðandi mangósopann. Það þýddi sem sagt að leggja ætti slík gjöld í samræmi við lög á þessar afurðir. Framsfl. svaraði með því að leggja fram frv. um lagabreytingu, en ríkisstj. hrökk í kút og setti nefnd í það hvernig ætti að komast fram hjá því að framfylgja lögum í landinu. Þarna kom líka fram að Framsfl. setti sjálfstæðismönnunum stólinn fyrir dyrnar þrátt fyrir

það að vitað er að þessar afurðir eru seldar á uppsprengdu verði. Ekki hefur fengist nein viðhlítandi skýring á því hvernig verðlagningu á þessari vöru sé háttað og það er reyndar upplýst hér í þinginu að í þessari vinnslugrein hafi menn ekki hugmynd um það hvernig þeir verðleggi afurðir sínar. Líka þarna varð Sjálfstfl. að lúta í lægra haldi.

Ég get nefnt það enn að það er áformað í stjórnarsáttmála ríkisstj. að taka Framkvæmdastofnunina og sjóðakerfið til endurskoðunar. Líka í þessu máli varð Sjálfstfl. að þola niðurlægingu. Framsfl. beitti afli til þess að ekkert yrði úr þessu. Framsfl. steig þarna á Sjálfstfl. og reyndar stjórnarsáttmálann í leiðinni.

Enn má telja að það var fyrir frumkvæði sjálfstæðismanna sem inn í stjórnarsáttmálann var sett að endurskoða ætti afurðalánakerfið. Í því hefur heldur ekkert gerst. Það voru áhrifaríkir menn innan stjórnarflokkanna sem stöðvuðu það. Nú er verið að tala um að fikta eitthvað lítils háttar við prósentur, en kerfið hefur ekki hlotið neinn uppskurð, eins og stjórnarsáttmálinn segir þó fyrir um að gera eigi. Og á seinustu dögum höfum við heyrt hótanirnar ganga hér á víxl milli stjórnarflokkanna vegna húsnæðismálanna. Það er ekki nema von að varaformaður Sjálfstfl. lýsi flokki sínum þannig að hann sé buxnalaus eftir alla þessa niðurlægingu. Allar umbætur af þessu tagi lenda gjörsamlega í útideyfu. Allar tilraunir í þessa átt standa á einum vegg, á mótstöðu við þessar úrbætur og þá einkum af hálfu Framsfl. Ef á að standa við stjórnarsáttmálann þá segir Framsfl. stopp.

Og vel á minnst, landbúnaðarmálin. Varaformaður Sjálfstfl. gerði þau líka að umtalsefni. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan forsrh. gaf yfirlýsingu á Akureyri um það að nú þyrfti að draga úr útflutningsbótum. Hvað gerist þegar þetta frv. er lagt fram? Jú, útflutningsbætur eru stórauknar. Og það sér ekki fyrir neina stefnumörkun í því að draga úr í þeim efnum. Það er ekki nema von að varaformanni Sjálfstfl. lítist á stjórnarsamstarfið eins og kemur fram í ræðu hans á Seltjarnarnesi. Þessi ræða rísi nokkuð hátt. Það má kannske segja að Seltjarnarnesið sé ekki lengur lítið og lágt þegar það getur orðið stallur undir ræðu af þessu tagi.

Spurningin er vitaskuld eftir þetta hvað þetta stjórnarsamstarf muni endast lengi. En hvort sem það endist lengur eða skemur þá hefur ríkisstj. gefist upp við verkefni sitt. Varaformaður Sjálfstfl. tók þetta líka til umfjöllunar í ræðu sinni á Seltjarnarnesi í gær. Hann sagði: Það verður að fá nýjan stjórnarsáttmála og ef ekki næst samstaða með núverandi stjórnarflokki, ja, þá með öðrum. Hvað felst í því að heimta nýjan stjórnarsáttmála? Það sem í því felst í raun og sannleika er það að heimta nýja ríkisstj. vegna þess að sú ríkisstj. sem er við lýði dugi ekki. Hitt er svo annað mál, að sá stjórnarsáttmáli sem er í gildi hefur ekki dugað betur en það, að Sjálfstfl. hefur orðið að una því og látið sig hafa það að ofan á hvert ákvæðið á fætur öðru, sem hann fékk inn í stjórnarsáttmálann, væri stigið af gagnaðilanum, Framsfl.

En það eru fleiri en varaformaður Sjálfstfl. sem hafa gert þetta frv. í raun og sannleika að umtalsefni. NT tekur þetta mál til umfjöllunar í dag í leiðara og ég vænti þess að það sé ábyrgðarfullur maður sem hafi skrifað þann leiðara. Ekki ólíklegt að það hafi verið Þórarinn Þórarinsson. Hann er varkár, Þórarinn, en hann kemst ekki hjá því að segja að það sé vissulega nokkurt áhyggjuefni að enn þurfi að auka erlendu lántökurnar. Hann sagði: auka erlendu lántökurnar, og ég endutek það vegna þess að hér er nú leikinn sá talnaleikur að telja þjóðinni og þinginu trú um það að þó að lántökur séu auknar eins og gert er í þessu frv. sé í rauninni ekki um það að ræða af því að einhverja himneska tölu, 60%, megi fá til að ganga upp með einhverri talnaleikfimi. En ritstjóri NT hefur áhyggjur af þessu. Og hann segir reyndar líka í uppgjafartón: „Einhver von mun þó til þess að þrátt fyrir þetta fari erlendu skuldirnar ekki fram yfir það mark sem stjórnin hafði sett sér.“ Einhver von um að hanga í 60%, annaðhvort með reiknikúnstum eða einhverjum öðrum hætti.

Nei, herra forseti, með þessu frv. er það staðfest að ætlunarverk ríkisstj. er runnið út í sandinn. Hún sagði: Við ætlum að vera öðruvísi ríkisstjórn en aðrar ríkisstjórnir og það á ekki að velta vandanum á undan sér. En meginefni þess frv. sem hér liggur fyrir er einmitt að velta vandanum á undan sér. Nákvæmlega eins og fyrri ríkisstj. Ríkisstj. setti sér það markmið að auka ekki erlendar skuldir. Það var margyfirlýst að ekki ætti að auka erlendar skuldir. Fjmrh. sagði: Ef erlendar skuldir verða auknar þá er ég farinn úr ríkisstj. Forsrh. sagði bæði fyrr og síðar, m. a. þegar þetta „gat“ kom til umr., eða það er a. m. k. í einni af yfirlýsingum forsrh. að það ætti ekki að gera við þetta gat með erlendum skuldum. Og formaður Sjálfstfl. hafði sömu sögu að segja. Hann sagðist ekki vilja það. Allt sem þeir ætluðu ekki að gera eru þeir nú að gera. Hvar standa þessir menn í rauninni núna? Flytja sérstakt frv. um að auka erlendar skuldir um 2100 millj. kr. og ætla svo að telja fólki trú um það að þegar þeir séu að bæta 2100 millj. kr. við skuldirnar þá séu þeir í rauninni ekkert að auka erlendar skuldir og haldi við öll sín markmið. Þetta er auðvitað sýndarmennska. Það er farið á flot með furðulega sýndarmennsku í sambandi við prósentureikning og ég vek athygli á því að í fskj. með frv. þar sem Þjóðhagsstofnun er látin votta þessa 60% tölu tekur hún það fram að um afar lauslega áætlun sé að ræða.

En sannleikurinn er sá, að það var búið að auka skuldasöfnun þjóðarinnar áður en þetta kom til. Það var verið að auka skuldasöfnun þjóðarinnar erlendis þegar fjárlög og lánsfjárlög voru afgreidd af þeirri einföldu ástæðu að það var fyrirhugað að taka meiri erlend lán en nemur afborgunum af lánum.

Þegar upp verður staðið mun aukningin á erlendum skuldum á þessu ári nema yfir 4 þús. millj. kr. Það er greinilegt af því að afborganir af erlendum skuldum eiga að vera samkvæmt áætlunum 3160 millj. kr. en samkvæmt þessu frv. og fskj. með því er fyrirhugað að taka að láni ekki 3160 millj. eins og afborganir af erlendum skuldum eru heldur 6679 millj. Þarna er mismunur aukning erlendra skulda upp á 3500 millj. kr. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að atvinnufyrirtækin taki einungis 1000 millj. kr. að láni. Þessi tala hefur venjulega verið áætluð allt of lág. Reynslan sýnir að hún hefur verið 50—100% of lág á undanförnum árum og það er ekkert sem bendir til þess að svo sé ekki núna, þannig að það er áreiðanlega óhætt að bæta 500 millj. kr. við þessa áætlun eins og hún liggur fyrir frá ríkisstj. A. m. k. sjást engir tilburðir til neinna aðgerða til að halda aftur af lántöku atvinnuveganna samkvæmt þessum lið. Engin merki um aðhald. Ekkert hefur gerst

í langlánanefnd, sem í rauninni hefur þetta til umfjöllunar, sem bendir til þess að það verði nokkur önnur útkoma í þessu máli heldur en verið hefur á undanförnum árum. Ég tel augljóst að ríkisstj. sé með þessum málflutningi að gera sjálfa sig að viðundri, halda því fram að hún standi við markmið sitt um erlenda skuldasöfnun á sama tíma og verið er að auka erlendu skuldirnar um 4000 millj. kr.

En það er ekki einasta að ekkert sé að marka það sem ráðh. og ríkisstj. segja, það er nú margsannað og hefur margsinnis komið fram, heldur eru þeir að gera þjóðinni með þessum málflutningi þá óvirðingu að telja hana svo heimska, telja fólkið svo mikla einfeldninga að það muni glepjast af svona talnaleikfimi. En fólkið er ekki kjánar og það sér hvert barn í gegnum þann málflutning að hér sé verið að standa við markmið um að auka ekki erlendar skuldir þegar jafnframt er verið að flytja frv. um að auka þær um 4000 millj. kr. á þessu ári.

En það er annað í þessu máli sem ég kemst ekki hjá að vekja athygli á. Það er það hvaða afleiðingar það hefur fyrir íslenskt efnahagslíf og fyrir Íslendinga yfirleitt að auka erlendu skuldirnar með þessum hætti. Það þýðir einfaldlega hærri skatta seinna, minna til ráðstöfunar í þjóðfélaginu seinna, því það verður að borga vexti og afborganir af lánum, minna sem kemur í hlut launafólks í framtíðinni, minni möguleikar til þess að bæta lífskjörin í landinu. Eftir þær yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið á undanförnum vikum og mánuðum kemst ég ekki hjá að segja að ef það hefði verið snefill af manndómi í hæstv. fjmrh. þá hefði hann neitað að láta fara svona með sig. Og ef forsrh. hæstv. hefði haft til að bera þá hreinskilni sem verður að gera kröfu til þá hefði hann sagt þetta umbúðalaust: Við erum að auka skuldir þjóðarinnar. Viðurkennt uppgjöf stjórnarinnar gagnvart þessu markmiði. Og í þriðja lagi segi ég það að ef Sjálfstfl. hefði meint eitt einasta orð af því sem hann hefur sagt um þörfina á umbótum og m. a. troðið ýmsu af því inn í stefnuskrá ríkisstj. þá hefði hann aldrei látið svona plagg frá sér fara. En það er þetta þrennt sem vantar: manndóminn, hreinskilnina og að það sé að marka það sem menn halda fram.

Það er lítið gagn að því að láta sér þykja gaman að vera ráðh. en leiðast svo bardaginn við efnahagsmálin, þykja fjárlagagatið svo leiðinlegt að menn gefist upp. Það er lítið gagn að því að láta sér þykja svo gaman að vera ráðh. en leiðast það sem menn eiga að gera svo mikið að þeir gefast upp. En það er einmitt það sem hefur gerst í þessu máli.

Þau lán sem hér er verið að gera till. um að taka, eiga þau að fara í arðbærar framkvæmdir eins og ríkisstj. hefur lýst yfir að eigi að vera? Eru þessar lántökur í samræmi við stjórnarsáttmálann sem segir að aðhalds skuli gætt í erlendum lántökum og þær skuli fyrst og fremst fara í arðbærar framkvæmdir? Nei. Þær eru að mestu leyti til að standa undir rekstri ríkissjóðs, til að greiða í útflutningsbætur og meira að segja til að standa undir vangreiddum barnsmeðlögum. Þetta er einhver hörmulegasta niðurstaða sem hægt er að hugsa sér varðandi stjórnina á ríkisbúskapnum.

Að öðru leyti en að því er varðar erlendar lántökur er megineinkenni þessa frv. að gera læknishjálp af ýmsu tagi dýrari en hún hefur verið, dýrari fyrir fólkið í landinu. Þessi ríkisstj., sem ætlaði að leggja á sjúklingaskattinn en guggnaði nú sem betur fer á því, ætlar aldrei að gefast upp á því verkefni sínu að höggva í sama knérunn í hvert einasta skipti sem henni dettur í hug að minnka útgjöld ríkissjóðs. Það er alltaf leitað í sömu áttina. Ef eitthvað er að marka þær tölur sem hér eru sýndar þá á greiðslan fyrir hvert viðtal við lækni að hækka um 200—300%. Hver röntgenmynd á að hækka um 200%. Hver rannsókn, sem gerð er á sjúklingi, kostnaðurinn sem fellur á sjúklinginn á að hækka um 200%. Meðan launafólkið í landinu er að semja um 3—5% kauphækkanir getur ríkisstj. ekki tekið ákvarðanir að því er sjálfa sig varðar öðruvísi en í hundruðum prósenta. Á sama tíma og menn eru að semja um 3—5% kauphækkanir ákveður ríkisstj. að það sem menn greiði fyrir að fara til læknis eða fá einhverja þjónustu af því tagi skuli hækka um 200—300%. Hefur eitthvað sparast fyrir þjóðina með því að gera þetta svona? Nei. Það hefur ekkert sparast. Það sem hefur gerst er bara það að þeir sem eru þurfandi fyrir læknisaðstoð eiga að borga. Að mati ríkisstj. er það samkvæmt þessu fullgott á þetta fólk, ef það álpast til læknis eða álpast til þess að verða veikt, að það taki á sig auknar byrðar. Krónurnar geta áreiðanlega orðið mörgum tilfinnanlegar að því er þetta varðar. En það er ekki það versta. Það versta er viðhorfið, að sjá helst ekkert annað í öllu bákninu, öllu kerfinu en einmitt þetta og að kunna engin raunveruleg ráð. Ég spyr: Var það þetta sem hæstv. forsrh. og formaður Sjálfstfl. áttu við þegar þeir skrifuðu sitt hugljúfa bréf til staðfestingar á samkomulagi við forseta ASÍ um að koma sérstaklega til móts við þá sem verst voru settir? Var það þetta? Er það með þessum aðgerðum að því er læknishjálpina varðar, er það svona sem menn sýna það í verki að menn séu vinir litla mannsins? Það verður ekki annað séð en að ráðh. í ríkisstj. og þeir sem hana styðja telji að svona sé allt í lagi að koma fram.

Og ríkisstj. heldur áfram á sömu braut. Hún hefur líka litið á tannviðgerðirnar. Við skulum líta á unglingana sem rétt björguðust frá því að vera stimplaðir annars flokks vinnuafl samkvæmt ósk sjálfstæðismanna í VSÍ. Þegar þeir eru rétt sloppnir frá því ákveður ríkisstj. að nú eigi þeir að borga meira fyrir tannviðgerðir. Í grg. með frv. segir að þær séu orðnar svo dýrar að þess vegna verði að grípa til þessa ráðs. Auðvitað var ekki nokkur vegur að gera þær ódýrari því að samkvæmt mati ríkisstj. hljóta tannlæknarnir að vera rétt við sultarmörkin. Ríkisstj. gat vitaskuld ekki gert tannlæknunum að axla nokkurn hluta af byrðunum. Og þó er hún með heimild til þess samkvæmt því lagafrv. sem hér liggur fyrir, þar sem hæstv. heilbrrh. fær heimild til þess að ákveða gjaldskrá tannlæknanna. Nei, það skyldu unglingarnir gera. Rétt eftir að þeir eru sloppnir frá því að flokkast annars flokks vinnuafl og verið er að semja um 3—5% kauphækkun þeirra ákveður ríkisstj. samkvæmt þessu frv. að gjaldið fyrir tannviðgerðir, sem þeir verða að greiða, eigi ekki að hækka um 3% eða 5% heldur um 50%. Var það virkilega þetta sem unglingarnir máttu eiga von á þegar yfirlýsingar voru gefnar um að rétta hlut hinna verst settu? Var það meiningin eftir að það tókst að leiðrétta hlut þeirra í kjarasamningum að komið yrði til þeirra aftur með þessum hætti og þeir látnir borga það til baka svona?

Ríkisstj. hefur fellt sinn dóm. Sjúklingarnir eiga að

borga 200—300% meira ef þeir fara til læknis eða fyrir hverja rannsókn, unglingarnir eiga að borga 50% meira. Við erum sannarlega fátækt fólk, fátæk þjóð samkvæmt þessari skilgreiningu ríkisstj. sem finnur þetta helst til úrlausnar. En við höfum efni á ýmsu öðru. Við getum tekið meiri erlend lán samkvæmt áliti ríkisstj. til að greiða útflutningsbætur, bæta við þær. Við getum gert það til að borga barnsmeðlög. Og við getum reist útvarpshús og stórar mjólkurstöðvar og stórt Seðlabankahús og verslunarhallir. Og við getum greitt með Blazerbílum til ráðh., eða einhverri annarri tegund sem þeim sýnist. Á þessu höfum við efni samkvæmt áliti ríkisstj. Þetta eru heilög vé. Á því er ekkert snert. Þetta sannar það eitt að ríkisstj. skortir siðferðisþrek til að taka á þar sem raunverulega þarf að taka á í þessu þjóðfélagi.

Með þeirri stefnu sem ríkisstj. hefur markað samkvæmt þessu frv. í efnahagsmálum erum við komin í mjög ákveðið og hættulegt far. Það er rétt að verðbólgan hefur minnkað. En hver er staða okkar að öðru leyti? Það sem felst í efnahagsstefnu ríkisstj. er að við eigum að búa við hörmulega léleg lífskjör. Það liggur fyrir að kaup, laun fyrir vinnu, er u. þ. b. 40% hærra í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Það liggur fyrir að verðlag á nauðsynjum er líklega um 15% hærra hér en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Það sem ríkisstj. hefur sannað er þetta: Með því að skerða lífskjör, hafa hér u. þ. b. 40% lægri laun en í grannlöndunum og dýrari nauðsynjar þá geta menn fengið hér lægri verðbólgu. En vel að merkja, eftir sem áður haft áframhaldandi erlenda skuldasöfnun, sívaxandi erlendar skuldir ár frá ári. Þetta er mikill áfellisdómur yfir þeirri stjórnarstefnu sem hér er við lýði. Skuldasöfnunin heldur áfram. Hallinn á fjárlögunum heldur áfram. Ekkert hefur breyst nema lækka kaupið, skerða lífskjörin.

Talsmenn ríkisstj. segja annað veifið að menn verði að standa vörð um það jafnvægi sem hafi náðst. Hvaða jafnvægi? Það er ekkert jafnvægi. Það er dúndrandi viðskiptahalli. Það er áframhald á erlendri skuldasöfnun. Það er dúndrandi halli á fjárlögum ríkisins. Það er ekkert jafnvægi. Það er enginn jöfnuður í þessum efnum. Við erum komin í nákvæmlega sama farið að því er þessi jafnaðarmarkmið varðar eins og verið hefur hér að undanförnu. Ríkisstj. er í rauninni að segja að við séum dæmd til lélegra lífskjara. En þetta er rangt. Og þetta má ekki vera svona. Því ef svo fer fram sem horfir, ef þessi stjórnarstefna heldur áfram, ef hér verða áfram léleg lífskjör, ef ekki verður farið í það að bæta lífskjörin í landinu, þá munu kannske fleiri Íslendingar fylgja fordæmi fjmrh. og flytjast með honum til Frakklands eða einhvers annars útlands — og sjálfsagt með sömu rökum, nefnilega þeim, að ætlunarverki þeirra sé senn lokið á Íslandi, þeir hafi ekkert að gera hér til frambúðar frekar en fólst í yfirlýsingu hæstv. fjmrh. Þeir pípi sem sagt á það að búa hér áfram og til frambúðar. En það var akkúrat það sem hæstv. fjmrh. gaf yfirlýsingu um, ekki bara á Íslandi heldur kannske fyrst og fremst fyrir heimsbyggðina alla í erlendum sjónvarpsþáttum og blöðum. Ekki trúi ég því að þetta geti verið markmiðið. En hættan er fyrir hendi og fordæmið hefur svo sem verið gefið af hæstv. fjmrh. um það hvað menn geti gert. En það er rangt að við þurfum að vera dæmd til verri lífskjara. Þessi örlagadómur ríkisstj. byggist á rangri efnahagsstefnu. Það sem vantar eru kerfisbreytingar í atvinnumálum, í fjárfestingarmálunum, í ríkisbúskapnum, í byggðastefnunni og í velferðarmálum. Það sem þarf eru viðhorfsbreytingar gagnvart atvinnuvegunum, gagnvart fyrirgreiðslupólitíkinni, gagnvart stjórnkerfismálunum, gagnvart arðsemi og gagnvart fjárfestingu. Það er það sem er að. Það hafa engar kerfisbreytingar verið gerðar og engar kerfisbreytingar eru boðaðar. Það er skýringin á því að árangurinn er enginn. Það er þess vegna sem ekkert verið að byggja upp fyrir framtíðina og betri lífskjör.

Ég sagði á s. l. hausti að fólkið í landinu hefði fórnað miklu til þess að árangur næðist í baráttunni við verðbólguna. Ég varaði ríkisstj. við því að ofbjóða þolinmæði fólksins í landinu. Ég benti ríkisstj. á að hún yrði að sýna gott fordæmi og það væri óviðunandi ef lífskjörin færu ekki senn að batna. Nú verður ekki séð að varanlegum árangri sé náð. Nú verður ekki annað séð en þetta renni út í sandinn og ríkisstj. sé einmitt að ofbjóða þolinmæði fólks. Henni hafi gleymst, henni hafi láðst að sýna gott fordæmi og þar sér ekkert fyrir því að neinar þær breytingar séu gerðar sem byggja grundvöll að betri lífskjörum. Ríkisstj. hefur í raun með þessu frv. fallið á prófinu.

Ég sagði að í þessu frv. fælist fyrst og fremst tvennt: erlendar lántökur, sem ættu að heita lausn en væru það ekki þegar þær eru teknar í þessum gífurlega mæli, og niðurskurður á ýmissi þjónustu við þá sem síst mega við í heilbrigðismálum. Alþfl. hefur hins vegar bent á það að ef menn eru tilbúnir í kerfisbreytingar þá megi ná mjög verulegum árangri. Þar séu ýmsar sporslur sem geti skilað verulegum árangri. Í fjárlögum fyrir árið 1984 eru 1290 millj. sem fara til landbúnaðarins í formi niðurgreiðslna, lánakostnaðar og útflutningsbóta. Í fjárlögum er gert ráð fyrir styrkjum til ríkisstofnanna sem geta aflað eigin tekna. Þessir styrkir nema 570 millj. kr. Og í fjárlögum er gert ráð fyrir framlögum til fyrirtækjanna í landinu upp á 100 millj. kr. og utan fjárlaga upp á rúmlega 300 millj. kr., samtals um 400 millj. kr., og beinum styrkjum til atvinnuvega upp á 300 millj. kr. Hér eru 2.5 milljarðar sem ekkert hefur verið snert við.

Ég kemst ekki hjá því, herra forseti, eftir þennan almenna inngang, að fara nokkrum orðum um grg. með frv. og efnisatriði þar.

Í athugasemdum með lagafrv. segir ríkisstj.: „Hvort tekst að halda áfram að draga úr verðbólgu, er ekki síst undir því komið að girt verði fyrir alvarlegan halla á ríkisbúskapnum og fyllsta aðhalds verði gætt í stjórn peningamála.“ „Af þessum sökum er nauðsynlegt að gripið verði til aðhaldsaðgerða á sviði peningamála,“ stendur á öðrum stað. „Mikilvægasta forsenda þess að betra jafnvægi náist á lánamarkaði um þessar mundir er þó að komið verði í veg fyrir alvarlegan halla á ríkissjóði.“ En hvað felst í því frv. sem hér er til umfjöllunar? Alvarlegur halli á ríkissjóði er eftir sem áður, skv. þessu frv. Það sem þeir tala um að þurfi að gera er ekki gert, heldur þveröfugt. Það er staðfest enn einu sinni að það eigi að vera alvarlegur halli á ríkissjóði. Og ef menn kvarta undan þenslu á peningamarkaði, þenslu í peningamálum, hver hefði þá trúað því að ráðið sem yrði fundið upp til þess að bregðast við væri það að auka erlendar lántökur, auka peningamagn í umferð á sama tíma og menn segja að vandamálið

felist í því að þensla sé á peningamarkaði og of mikil umsvif í þeim efnum? Þannig að athugasemdirnar rökstyðja það að gera þveröfugt við það sem ríkisstj. er að gera. Það er líka ástæða til að benda á yfirlit það sem birtist í athugasemdum varðandi gjöld ríkissjóðs skv. fjárlögum og skv. áætlun frv. Það er ástæða til að benda á það vegna þess að hér tala menn mikið um niðurskurð á útgjöldum ríkisins. En útkoman er sú, að þau gjöld sem skv. þessu voru áætluð 18 milljarðar 301 millj. á fjárlögum 1984 eru komin núna skv. frv. í 19 milljarða 570 millj. Niðurskurðurinn skv. þessu er þá fólginn í því að hækka útgjöldin um 1270 millj. kr., stendur svart á hvítu í athugasemdum með frv. ríkisstj.

Ég kemst heldur ekki hjá að vekja athygli á því að skv. 2. gr. á Lánasjóður ísl. námsmanna að hafa 658 millj. kr. til ráðstöfunar á árinu. Sagt hefur verið að þetta þýði það að lánsfjárþörfinni sé einungis mætt upp í 60% af því er varðar síðari hluta ársins. Ég vil fá grg. um það hvort þetta sé rétt. Hér er greinilega verið að höggva stórt skarð ef þessi áætlun er rétt og ég vil fá greinargóðar upplýsingar um það frá hæstv. menntmrh. hvort hér sé rétt áætlað. Þingið á kröfu á því að fá skýrslu um það frá hæstv. menntmrh. Það er líka gaman að grg. með 8. gr. frv. sem fjallar um sjúkratryggingakostnað og veikindadaga. Þar segir að í till. felist einkum að atvinnurekendur beri yfirleitt sjúkratryggingarkostnað 14 daga í stað 10 og það er sagt að þessi lenging á biðtíma muni fyrst og fremst minnka þann rétt sem atvinnurekendur eiga til sjúkradagpeninga. Og þar segir: „Í kjarasamningum er launþegum yfirleitt tryggður réttur til launa í allt að þrjár vikur verði þeir veikir.“ Hér er aldeilis verið að fara í kringum hlutina, vegna þess að það eru stórir hópar í þjóðfélaginu sem flokkast hvorki undir einkum, yfirleitt, né fyrst og fremst. Það eru stórir hópar í þjóðfélaginu sem falla ekki undir einkunnarorðin, einkum, fyrst og fremst og yfirleitt skv. þessu frv., það hefur verið gert að umræðuefni hér áður, húsmæður, fólk sem hefur verið skamman tíma í vinnu, fólk sem ekki hefur vit á því að vera nógu lengi veikt, enda á hér að ná 25 millj. kr.

Í athugasemd við 15. gr. frv. er fjallað um greiðslu fyrir tannlækningar hjá elli- og örorkulífeyrisþegum. Þá er niðurstaðan sú, að það sé verið með þessu að rétta hlut elli- og örorkulífeyrisþega. Þó er það svo að ef borin eru saman núgildandi ákvæði og greinin eins og hún á að verða skv. frv. þá er varla sjónarmunur á. Þá er óbreytt að greiða 50% kostnað fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, að undanteknum gullfyllingum og þess háttar, en síðan hefur verið heimilt að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega, eftir reglum sem tryggingaráð setur, í 75%. Það hefur verið heimilt. En nú eiga þeir sem njóta hálfrar tekjutryggingar að fá 75% greidd. En hvað hefur tryggingaráð gert, hvernig hefur þessi heimild verið notuð að undanförnu? Hún hefur verið notuð til þess að greiða einmitt þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem voru á tekjutryggingu hærri uppbót en þau 50% sem er almenna reglan. Þannig að munurinn á þessu tvennu er nánast mjög lítill, mjög lítill. Ég held að ríkisstj. ætli ekki að reyna að hrósa sér af þessu sem einhverri stórkostlegri réttarbót.

Í ræðu sinni hér áðan gerði hæstv. fjmrh, tvö atriði í efnisafstöðu sinni sérstaklega að umræðuefni. Hann sagði að það væri gegn lífssannfæringu sinni að hækka skatta. Hann sagði að vísu fyrir nokkru síðan að það væri gegn lífssannfæringu sinni að bæta við sig erlendum skuldum þegar menn væru komnir í tap. En hæstv. fjmrh. er bara búinn að hækka skattana, eins og komið hefur fram hér í umr. að því er tekjuskattinn varðar. Reyndar líður varla sá mánuður að hæstv. fjmrh. sé ekki að hækka skattinn sinn af bensíni, þannig að skattahækkanirnar höfum við fengið að sjá, launþegarnir í landinu, einstaklingarnir í landinu.

Annað atriði sem hæstv. fjmrh. gerði að umræðuefni var hvað það hefði verið klárt hjá sér, hvað það hefði verið ofsalega mikil hreinskilni að segja nú frá gatinu. Hann hefur eiginlega krafist þess allar götur síðan að þjóðin stæði á öndinni og hrópaði húrra fyrir því hvað það væri merkilegt hjá honum að segja frá þessu gati sem stjórnarandstaðan var fyrir löngu búin að benda honum á. En hvað um það, meðan hæstv. fjmrh. hefur staðið hugfanginn við þetta gat sitt og bergnuminn, og heimtað að menn klöppuðu fyrir sér fyrir það að hann væri að segja frá gatinu, hvað hefur þá gerst? Í fyrsta lagi að gatið stendur áfram óleyst að langmestu leyti og í öðru lagi að það er komið nýtt gat, gat sem stjórnarandstaðan hefur að vísu áður bent á, varðandi lánsfjárþörf vegna lánsfjárlaga og vegna þeirra áforma sem eru uppi. En stjórnarandstöðunni hefur bæst ágætur liðsmaður við að staðfesta það að með því frv. sem hér er flutt sé ekki aldeilis búið með gatverkið hjá hæstv. fjmrh. Því að varaformaður Sjálfstfl. upplýsir það á fundi á Seltjarnarnesi í gærkveldi skv. frásögn Morgunblaðsins í dag, að það sé sko aldeilis ekki búið, það séu hér nokkuð hundruð millj. til viðbótar sem verði að afla fjár til. Ef fjmrh. hefði viljað vera hreinskilinn og ganga hreint til verks þá hefði hann auðvitað strax við afgreiðslu fjárlaga sagt: Hér er gat upp á þetta, þetta er rétt hjá ykkur stjórnarandstæðingar. (Gripið fram í.) Nú ef hæstv. fjmrh. var ekki búinn að ná vopnum sínum, eins og sagt er hér gjarnan í ræðustól, þarna rétt fyrir jólin þá hefði hann þó a. m. k. getað upplýst gatið í heild sinni þegar hann hélt gatræðuna frægu. Ég held að það hefði verið nær. Eða eigum við kannske von á því að hér verði haldnir sérstakir fundir í þinginu áfram til þess að ráðh. geti komið með sérstakar yfirlýsingar um ný og ný göt sem þeir finni og hafi uppgötvað að sé rétt hjá stjórnarandstöðunni að séu fyrir hendi?

Herra forseti. Ég hef farið fáeinum orðum um þetta frv. Ég hef bent á það að í þessu felst uppgjöf ríkisstj. að því er öll stefnumið varðar, nema ef það skyldi hafa verið stefnumið ríkisstj. að það eina sem hún ætti að gera og þyrfti að ná fram væri að skerða lífskjörin í landinu. Ég hef bent á það að ríkisstj., sem þannig er komið fyrir, er í rauninni búin að vera hversu lengi sem hún hangir, og það sé ekki nema von að varaformanni sé gramt í geði, svo mikla niðurlægingu sem Sjálfstfl. hefur þurft að þola í hverju máli á fætur öðru. Og ég hef bent á það að í þessu frv. felst enn ein árásin á þá sem illa eru settir í þjóðfélaginu, varðandi kostnað fyrir heilbrigðisþjónustu, hvort heldur er vegna lækna eða tannlækna. En síðast en ekki síst hef ég bent á það, og legg á það ríka áherslu, að það sem er að hjá okkur er það, að hér eru engar kerfisbreytingar á ferðinni, það séu engar kerfisbreytingar frá þessari ríkisstj. Og í því er feigðin fólgin. Það er einfalt að rýra lífskjörin um fjórðung um sinn. En meginverkefnið er að gera þær kerfisbreytingar sem eru nauðsynlegar til þess að hér verði ekki áframhaldandi verri lífskjör en í kringum

okkur, að menn þurfi ekki að þola kjaraskerðingu áfram og áfram, eins og hér er boðað, heldur að verið sé að búa í haginn og breyta þannig að lífskjör geti farið hér batnandi. Annars þrýtur þolinmæðina hjá þóðinni og menn geta ekki unað þessum lélegu lífskjörum stundinni lengur. Í því er feigðin fólgin.

Að lokum, herra forseti, vildi ég láta í ljós þá von að hv. Alþingi mætti nú auðnast að fara að skoða þá þætti í atvinnumálum, fjárfestingarmálum og kerfismálum sem raunverulega skipta máli varðandi afkomu þessarar þjóðar og bætt lífskjör en séu ekki á kafi í ómerkilegum hlutum eins og þessum hér sem einungis sökkva okkur dýpra í fenið.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Mér er viss vandi á höndum vegna þess að varaformaður Sjálfstfl. virðist hafa komist í ræðuna mína einhvers staðar í nótt eða í gær og hún er birt að hluta af Morgunblaðinu, aftan á Morgunblaðinu. Ég átti að vísu ekki við þetta með fyrirsögnina. Á stallinn. Ég þekki ekki aðferðir Sjálfstfl. til að heiðra leiðtoga sína. En ég mun nú taka fyrir þau atriði úr ræðu minni sem ekki birtust aftan á Morgunblaðinu í dag.

Þá vildi ég byrja á því að segja svona almennt að við getum skoðað þetta frv. frá ýmsum sjónarhólum. Við getum t. d. byrjað á því að skoða það án þess að rýna í hvað bókstafurinn einn segir. Hvaða sögu segir þetta frv.? Þetta frv. segir okkur sögu ríkisstj. sem er orðin ársgömul og hefur engu áorkað öðru en því að skerða launin í landinu. Nú er liðið eitt ár og hún hefur ekkert annað gert. Þegar hún byrjaði á því að skerða launin sögðu þeir: Þetta er bara það sem við þurfum að gera rétt fyrsta umganginn. Varanlegar aðgerðir taka tíma. Við erum búnir að setja nefnd í málið. Við setjum af stað vinnunefndir til þess að gera alls konar framtíðarendurskoðun og nýsköpun og það tekur tíma. En nú eru þessar sömu vinnunefndir að byrja að skila af sér. Nú eru að ungast út eggin sem vinnunefndir ríkisstj. settust á fyrir ári síðan. Og nú getur maður spurt: Horfir eitthvað til nýsköpunar og breytinga í ungunum sem eru að klekjast út? Hvað gerði t. d. nefndin þar sem hv. þm. Tómas Árnason var að endurskoða sjálfan sig, dómari í eigin sök? Lagði sú nefnd til gagngeran uppskurð og gagngerar endurbætur á Framkvæmdastofnun og sjóðakerfi landsins. Hafa verið stigin einhver markverð skref til endurbóta á fjárhagsgrundvelli útgerðar? Er ekki gamla meðaltalsnúllið enn á fullu og eru ekki millifærslurnar hver um aðra þvera? Ef ekki hefði verið fréttin um að setja þyrfti formanninn á þann stall sem honum ber, þá hefðu kannske fleiri lesið litla frétt sem var aftan á Mogganum í dag. Hún var um núllið. Núllstefnan er nefnilega á fullu enn þá í íslenskum sjávarútvegi. Það hefur ekkert breyst í þetta eina ár sem ríkisstjórn nýsköpunarinnar hefur þar farið með völd.

Hvernig hefur þetta ár nýst til endurbóta á landbúnaðarstefnunni sem kostar okkur offjár á hverju einasta ári? Og hvernig hefur þetta ár nýst til þess að ná meiri peningum fyrir orkuna sem við seljum? Það stóð aldeilis til að taka til hendinni í orkumálum, ef ég man rétt. Ég minnist þess að hæstv. iðnrh. hafði um það einhver orð að nú skyldi hætta að fljúga með fjallahringjum og himinskautum og koma sér niður á jörðina og fara að takast á við málin. Og hvað situr eftir? Er búið að semja um hærra verð í álinu? Nei.

Hvernig hefur þetta ár nýst til þess að gera breytingar á t. d. ríkisfjölmiðlunarkerfinu? Það hefur ekki nýst vel.

Og hver er þá munurinn? Hvert hefur okkur borið á þessu eina ári sem þessi ágæta ríkisstj. hefur setið? Ég veit svarið. Verðbólgan hefur lækkað, þ. e. hitinn hefur lækkað. En spurningin er, hefur sjúklingnum eitthvað batnað? Ég held nefnilega að sjúklingnum hafi ekkert batnað. Það er enginn bati þegar menn eru að fást við lækningar á sjúklingum með hita að berja hitann niður með magnyli. Það sem gerist er að mönnum líður að vísu skár þegar hitinn lækkar en það batnar ekki neitt.

Við sjáum raunar hjá hæstv. ríkisstj. sjálfri hvert traust hennar er á bata efnahagskerfisins. Það kemur fram á ýmsan hátt. Það kemur t. d. fram ef einhver dirfist að ræða um prósentubrotshækkun í launum til einhvers fólks. Þá er um leið á baksíðunni í Morgunblaðinu sýnt fram á hvernig samsvarandi ef ekki enn þá meiri aukning verði á verðbólgu í landinu, að hækkunum er velt út í verðlagið. Þetta er nú ekki beinlínis traust á efnahagskerfi sem á einu ári hefur ekki verið fært um að nýskapast eða breytast á nokkurn hátt, þannig að alveg eins og áður fer um það sem inn er sett. Ef launahækkun kemur í ljós öðrum megin þá verður samsvarandi hækkun á framleiðsluverði hinum megin og það sem á milli er, kerfið sem á að vinna betur, hefur ekkert breyst. Það hefur ekkert batnað, svo að við tökum samlíkinguna aftur með sjúklinginn, ef við gefum örlítið minna magnyl þá rýkur hitinn upp. Honum hefur ekkert batnað.

Niðurstaðan blasir í raun og veru við okkur. Það hefur engin eðlisbreyting orðið á efnahagskerfi landsins þetta ár. Það hafa einungis orðið magnbreytingar á stærðum í sambandi við efnahagsmálin. Það er sérlega gaman að fylgjast með þegar Sjálfstfl. er núna í stjórn og er að tala um óstjórn áranna fimm, óstjórn efnahagsmálanna á árunum þegar hann var ekki í stjórn. Þeim gleymist nefnilega, þegar þeir eru að tala um óstjórn og sukk sem hafði átt að vera 1978—1983 og þeir eru að tala um Framkvæmdastofnun og allt hið illa sem hún átti að standa fyrir, þá gleymist þeim hver stjórnaði óstjórninni þar, hver var kommissar. Var sú stofnun ekki að hluta undir stjórn Sjálfstfl. sem nú veit ekkert ljótara og enga verri meinvætti í íslensku efnahagslífi?

Þetta er allt saman enn þá fyrir hendi, það hefur ekkert breyst. Það sem gerðist var að fólk var slegið svo rækilega í magann að það heldur enn þá niður í sér andanum. En eftir því sem manni heyrist, eftir því sem við heyrðum t. d. boðskapinn núna 1. maí, þá sýnist mér að nú sé fólk að ná andrými sínu og þetta hlé sem hefur verið verði kannske ekki svo miklu lengra, vegna þess að fólk unir þessu ekki lengur, það unir ekki lengur því að hafa lægra kaup og sjá um leið engar úrbætur. Þær fórnir sem sífellt er verið að bjóða því að færa, þær verða ekki til neinna nytja. Hvernig notar t. d. atvinnurekstrinn þá peninga sem hann fékk með kaupskerðingunum? Er víst að sóunin sé eitthvað minni en áður í atvinnurekstrinum? Er víst að það sé fjárfest eitthvað betur en áður var? Er fjárfest í eitthvað nytsamari hlutum? Um þetta höfum við engar upplýsingar og við höfum enga ástæðu til að ætla að svo sé. Þetta er hryggileg niðurstaða eftir eins árs stjórn þegar þjóðin þarfnaðist uppbyggingar. Þegar þjóðin þarfnast upp-

byggingar eins og núna þá fær hún niðurskurð. Það er það sem við sjáum. Þegar síðan þessi ágæta samhenta ríkisstj., þessi óttalegi boli, tekur sig saman og ætlar að fara að breyta hlutunum, hvað gerist? Hann sker niður og tekur lán. Það er nýsköpunin, að skera niður og taka lán. Það er enginn vandi að framfylgja þannig efnahagsstefnu. Náttúrulaus niðurskurður hefur aldrei orðið neinum til neins gagns til frambúðar. Upp úr því vex ekki neitt.

Menn ættu að spyrja sig núna: Hver er undirstaðan að framförum nú á tímum, hver er undirstaðan að framförum? Undirstaðan er þekking og tækni og menntun. Þetta er undirstaða sem er nauðsynlegt að skapa og þetta ætti ríkisstj. að vita sem er að skera niður í menntakerfinu. Það er orðið augljóst og hefur lengi verið ljóst, t. d. í Bandaríkjunum þegar John F. Kennedy forseti setti þjóð sinni það takmark að senda mann til tunglsins á árunum upp úr 1960, þá sáust ummerki þess mjög víða í þjóðlífinu. Og núna sjáum við merkin t. d. sem teflon á pönnu og tölvur sem eru undirstaða að efnahagslífi og atvinnulífi.

Það komst að vísu maður til tunglsins en það var kannske það sem skipti langsamlega minnstu máli. Það sem skiptir máli var að það átti sér stað hvatning í kennslu í skólum, í rannsóknum og af því njóta Bandaríkjamenn og allur heimurinn raunar góðs núna. Það er menntun, það er þekking og það er hugvit sem skiptir máli og ríkisstj. hefur ekkert gert í þetta eina ár sem hún hefur setið til þess að efla og styrkja þá hluti. Það er fróðlegt að velta fyrir sér og skoða hvaða kunnáttumenn um framtíðarmál telja að muni verða atvinnumál nýrrar aldrar, aldarinnar sem er rétt óbyrjuð. Það eru einmitt atvinnuvegir sem byggja á þessum hlutum, þekkingu, menntun, rannsóknum og ýmsu slíku. Og þá getum við spurt okkur: Hvað ætlum við að gera í þessum efnum og hvað erum við að gera? Við erum að draga saman í skólakerfi, við erum að minnka fjárhagsaðstoð við nemendur. Það er alveg pottþétt mál að við komumst aldrei til tunglsins með þessu áframhaldi. Það sem skiptir nefnilega máli er að byrja strax. Við þurfum að byrja strax til þess að geta sagt börnunum okkar t. d. hvað við hugsum okkur um framtíðina, þannig að þau geti ákveðið viðbrögð sín, vegna þess að það tekur langan tíma, það tekur 20 ár að búa til forustumann í atvinnulífi nýrrar aldar.

Það er merkilegt og reyndar raunaleg saga að kanna viðbrögð íslenskra stjórnvalda þegar um nýsköpun í atvinnumálum er að ræða. Menn eru búnir að tala um þetta síðan ég fyrst fór að muna eftir mér í pólitík. Ég man t. d. eftir umræðum um pönnur úr áli þegar álsamningar voru á döfinni forðum. Nú á að fara að framleiða pönnur úr áli einhvers staðar fyrir austan fjall. Það tók 20 ár. Er þetta einsdæmi að það taki 20 ár? Ég held ekki. Við getum tekið nýlegra dæmi. Við skulum taka lífefnaiðnað sem allir vildu nú kveðið hafa. Árið 1974 eða 1975, fyrir 10 árum síðan, var sett á stofn sérfræðinganefnd hjá rannsóknaráði sem kannaði lífefnaiðnað og hún skilaði niðurstöðu. Hvað sagði þessi nefnd? Nefndin sagði: Þetta er hagkvæmt, út í þetta eiga Íslendingar að fara. Þeir eiga hráefni. Það vantar að vísu að koma sér upp kunnáttunni en það er ekki nokkurt vafamál að út í þetta eiga þeir að fara. Þetta var 1974. Hvað gerist? Árið 1982 samþykkir Alþingi þál., ekki um að hefjast handa í lífefnaiðnaði, nei, nei, um að athuga hvort þetta sé nú hagkvæmt. Það var búið að athuga það átta árum áður. Þegar Alþingi Íslendinga var að velta því fyrir sér 1982 hvort það væri eitthvert vit í líftækni og lífefnaiðnaði þá voru menn úti í heimi ekki í neinum vafa um það. Tveimur árum áður en Alþingi Íslendinga var að velta því fyrir sér hvort þetta væri hagkvæmt eru menn á stórri ráðstefnu úti í Hollandi, árið 1980. Og þeir voru ekki að ræða um hvort, þeir voru að ræða um hvernig. Þeir voru að ræða ýmis vandamál í sambandi við líftækni, í sambandi við fjármál, í sambandi við tæknimál, í sambandi við siðfræðileg vandamál sem kæmu upp þegar menn sköpuðu nýtt líf og annað. Þeir voru búnir að láta kanna fyrir sig hvort, þeir voru farnir að kanna hvernig.

Þingið íslenska rumskaði þarna vorið 1982. Tveimur árum áður var t. d. sænska verkfræðingafélagið búið að komast að því að þetta væri atvinnulíf framtíðarinnar og búið að reikna út umsvifin og alls konar sérfræðinganefndir voru búnar að segja að þetta væri framtíðarmálið. Og það voru nægilega mörg fyrirtæki búin að ákveða þetta sama þá þegar til þess að gera þetta að einhverri stórvirkustu atvinnugrein vestan hafs. En við þurftum að athuga hvort. Þetta nægði ekki einu sinni vegna þess að enn þá lá málið í tvö heil ár óafgreitt. Það komst ekki í umr. fyrr en í vetur og þá er það búið að liggja í Iðntæknistofnun líklega í einhverri skoðun í tvö ár. Þegar ég gerði fsp. um afdrif þessa máls í vetur þá þótti það merkilegast og fréttnæmast við lífefnaiðnað að málið hefði týnst í möppu rn. Þá var því ranglega haldið fram hér í ræðustól að málið hefði strandað uppi í iðnrn. og það þótti svo merkilegt að líklega hefur það bjargað framtíð íslensks lífefnaiðnaðar. Það var ekki það að íslenskum fjölmiðlum þætti lífefnaiðnaður neitt merkilegur heldur hitt, að þáverandi iðnrh. hefði líklega stungið þessu upp í hillu í rn. En líklega hefur það, eins og ég segi, orðið til þess að bjarga framtíð íslensks lífefnaiðnaðar vegna þess að nú vildu allir hann kveðið hafa.

Það er af dæmum sem þessum sem er fyllsta ástæða til að hafa áhyggjur, af vilja og getu stjórnvalda til þess að búa í haginn fyrir nýjar greinar. Nú eru allir nýstefnumenn. Nú eru menn í þrjá daga á Akureyri og stökkva þrjár aldir fram í tímann í hugsunarhætti. En ég óttast að þeir hrökkvi til baka vegna þess að það er gamla sagan, sú er raunin.

Ef við ræðum aðeins nánar um þetta ár hæstv. stjórnar. Það er ástæða til að ræða það vegna þess að nóg guma þeir. Hér var í ræðustól um daginn talaði um 10 vini litla mannsins. Þá rifjaðist upp fyrir mér vísan um 10 litla negrastráka og leikrit Agöthu Christie. Það sem gerðist í vísunum um tíu litla negrastráka og í leikriti Agöthu Christie var að tíumenningarnir sprungu allir. Einn sprakk á limminu og einn svaf yfir sig og einn fór í bíó, ef ég man rétt, og átti einhverra hluta vegna ekki afturkvæmt. Mér sýnist það ætla að verða mjög svipað með þessa stjórn. Tíu litlir stjórnarherrar. Lítum á þann fyrsta. Iðnrh. er sprunginn á álmálinu. Hann segir núna að það sé ótrúlega þungt í vöfum. Það sé ótrúlega þungt fyrir þar hjá þeim svissnesku herrum. Það er liðið eitt ár og það hefur ekkert náðst. Það helsta sem er fréttnæmt í inaðarmálum á Íslandi núna er að menn deila um verðlag á rigningarvatni úr Blöndu. Og í þokkabót í öllu þessu stóriðjubralli þá vill svo til að allir menn með viti á Vesturlöndum, sem hugsa um iðnað-

armál, eru hættir að hugsa um stóriðju. Þeir eru farnir að hugsa um smáiðju og smáfyrirtækjarekstur. Um það höfum við þm. BJ raunar lagt fram þingmál hér sem menn ættu kannske að lesa. En þessi er sprunginn og þá eru eftir níu.

Sá næsti, félmrh., hann er sprunginn á húsnæðismálunum. Í allt sumar hefur fólk byggt hús sín á loforðum þessa ráðh. sem virðist ætla að verða jafninnistæðulaus og tékkar Húsnæðismálastofnunar hafa verið í vetur. Við erum ekki laus við þetta enn. Við áttum um þetta góða sennu í lánsfjárlagaumr. þar sem var margsinnis sýnt fram á að þarna vantaði stórkostlega peninga. Það fékkst engin ábyrgð á því hver ætti að skaffa þessa peninga. Menn sögðu já og nei og voru þó sammála, en það lítur út fyrir að hæstv. félmrh. verði sá næsti sem springur og það verður á húsnæðismálunum vegna þess að þar verða innistæðulausir tékkar þegar á líður. Þá eru eftir átta.

Mér sýnist hæstv. menntmrh. springa. Hvað með útvarpsmálið? Það virðist hafa gerst að þessi nýi umbótasinnaði Framsfl. í ríkisstj. hefur sest svo rækilega á útvarpsmálið að þar horfir líklega ekkert til frjálsræðisáttar enn um stund. Þessi hæstv. ráðh. ætti líka að taka til sín það sem ég hef sagt hér í sambandi við menntamál og rannsóknamál. Það eru hennar svið og þar er ekki glæsilegur ferillinn. Þá eru eftir sjö.

Hæstv. fjmrh. er reyndar margsprunginn. Hann bjó til raunhæfustu fjárlög sem hér áttu að hafa sést fyrir jól og mælti fyrir þeim. Þau voru ónýt um 10% daginn eftir. Hann bjó til lánsfjárlög. Þau eru ónýt um 2—3 milljarða. Við vitum allt um rammana. En það er með þennan að ég er ekki viss um að hann detti út úr vísunni vegna þess að hann virðist hafa níu líf og verði ekki svo auðveldlega felldur af stalli. Svona er nú afrekaskráin. Og hvers virði eru þessi gögn, hvers virði eru þessi gögn sem verið er að leggja fyrir okkur, fjárlög, lánsfjárlög? Þetta er einskis virði. Og í ofanálag segist hæstv. ráðh. reka þetta eins og fyrirtæki í einkarekstri, af ábyrgð. Það sem ég þekki til í einkarekstri er að vísu kompaní sem er vel rekið. Þar eru framkvæmdastjórar teknir á beinið ef þeir fara 2—3% fram yfir rekstraráætlanir. Framkvæmdastjóri hjá góðu einkafyrirtæki sem stæði sig eins og þessi væri löngu búinn að fá sparkið. En þá er náttúrlega spurning við hvernig fyrirtækjarekstur menn eru að miða sig. Það getur vel verið að menn séu að miða sig við einhver léleg fyrirtæki þar sem menn þurfa ekkert að vera ábyrgir og óráðsía viðgengst og lélegar áætlanir. Helst sýnist mér það. Og hver stóð að þessum fjárl. með honum? Það var hv. þm. Lárus Jónsson. Hann lýsti yfir bestu og raunhæfustu fjárlögum sem hér hefðu nokkurn tímann sést. Það er nú svo að þessi bandormur er ekki beinlíns góð meðmæli fyrir þann hv. þm. í nýja starfið þó við óskum honum alls hins besta á þeirri leið.

Ef við lítum á frv. sjálft þá sjáum við 1. gr. Það er aðalsparnaðargreinin. Þar er heimill sparnaður um 370 millj. Ég hef á stuttri þingsetu rekist áður á þetta um heimild og vilja til að spara. En þar hafa efndirnar verið misjafnar. Ég man eftir að það átti að spara á launum og rekstri um 2.5 og 5% í öllum rn. Nú eru liðnir fjórir mánuðir og þar hefur ekkert gerst. Það er liðinn þriðjungur þessa árs sem átti að spara. Halda menn að það gangi betur á þessum átta mánuðum sem eftir eru? Menntmrh. ætlar t. d. að spara peninga sem hefur aldrei verið eytt. Það eru peningar í sambandi við lengingu skólaskyldu. Ég held — og það þarf ekkert að halda — menn vita að það verður ekkert sparað af þessu. Það verða kannske sparaðar 180 millj. í niðurgreiðslur en tölurnar fyrir hin rn. eru einskis virði. Þær eru bara viljayfirlýsingar og blekking.

Síðan er komið að 2. gr. Þar eru það námsmennirnir. Það er dæmi um andstæðingana sem ríkisstj. velur sér. Þar verður 100 millj. kr. gat miðað við 95% lán. Eins og hér hefur verið lýst áður þá er vandamálið það að lánasjóðurinn hefur lánað samkvæmt 95% reglunni hingað til og þá verða einungis til peningar í haust til að brúa um 60% af lágmarksframfærslukostnaði. Það verða til um 170 millj. af þeim 270 sem talið er að þyrfti fyrir 95% lán. Þetta eru 60% af þörfinni.

Hvað þýðir þetta? Menn sjá kannske ofsjónum yfir því hvað námsmenn fá í lán. Það getur vel verið að til séu dæmi um einhvern sem er þannig settur að hann kannske lepji ekki dauðann úr skel þó að hann sé í skóla. En hér tekur steininn úr. Hvað þýðir 60% af þessari umfram fjárþöf, af þessum lágmarksframfærslukostnaði? Þetta þýðir það að það verða einungis efnaminni nemendur sem komast ekki til náms. Og kannske er þetta lausnin á þrengslunum í íslenskum skólum. Á sama tíma og aðrar þjóðir eru að tala um að efla þekkingu, hugvit og tækni ætlum við að skera niður og koma því svo fyrir að þeir efnaminni komist hugsanlega ekki í nám. Þetta er alvarlegt. Þetta er í fyrsta lagi alvarlegt af sjálfsögðum félagslegum orsökum. Það eru réttindi og það eru réttindi sem hefur tekið mörg ár að berjast fyrir að allir eigi jafna aðstöðu til náms. Nú er þetta afnumið með makki í reykfylltum bakherbergjum í Valhöll eða Framsóknarhúsinu. Þetta er líka alvarlegt vegna þess að efnahagur foreldra er ekki mælikvarði á hæfileika námsfólks. En okkur ríður nefnilega á, ef við ætlum inn á þessa 21. öld, að fá hæfileikamesta fólkið í nám. Sumir telja t. d. að vandkvæði Breta á undanförnum árum í efnahagsmálum hafi einmitt verið vegna þess að það voru ekki hæfileikar manna sem réðu því hvernig þeir völdust í ábyrgðarstöður, t. d. í atvinnurekstri, heldur var það málhreimur þeirra, orðfæri, ætterni, skeggvöxtur á efri vör eða eitthvað sem á ekkert skylt við hæfileika. Þannig hefur margur hæfileikamaðurinn aldrei fengið að njóta sín. Ef þetta heldur svona áfram þá getur það sama gerst hér ef við skerum lánin niður í 60%. Það er vafalaust ástæða til að breyta ýmsu í sambandi við útreikning á námslánum. En það er alveg sama hvernig við reiknum. Það getur enginn lifað á helmingi þess sem hann þarf.

Það hefur komið út alveg stórkostleg skýrsla um Lánasjóð ísl. námsmanna sem manni skilst að sé núna stefnumarkandi í ríkisstj. í þessu máli. Þar stendur á einum stað: „Eftirspurn eftir lánum byggist á mati viðkomandi einstaklings á því hvort það nám sem hann hyggst stunda hefur það gildi að geta borið kostnaðinn við lánið.“ Það sem skiptir máli þarna er að við, Alþingi og þjóðin, viljum hafa svolítið að segja um það í hvernig nám fólk fer. Við viljum hafa þarna áhrif á. Við viljum meta þetta út frá öðrum sjónarhólum en þeim hvernig fólk telji hugsanlega í framtíðinni að það geti staðið við endurgreiðslur á sínum lánum. Okkur vantar fólk til þess að vísa okkur veginn. Þetta er ekki aðferðin til þess að meta það.

Áfram getum við leitað að nýsköpun í þessu ágæta

frv. Hún kemur t. d. fram í 4., 5. og 6. gr. Þar er verið að tala um barnsmeðlög og þar er það þannig að Tryggingastofnun togar í Innheimtustofnun sveitarfélaga og Innheimtustofnun sveitarfélaga togar í Jöfnunarsjóð og svo togar Jöfnunarsjóður aftur í 26. gr. og hvað gerist þá? Erlend lántaka. Hvað er nú þetta ef þetta er ekki enn eitt dæmið um endalausar millifærslur? Og svo endar auðvitað allt í erlendri lántöku og það verður það sem við stöndum uppi með í haust, 3—4 milljarða lántökumál. Það verða sett brbl. í sumar á eins eða tveggja mánaða fresti þar sem verða tekin erlend lán vegna þess að það skilar sér ekkert annað. Þetta dæmi finnst mér það yndislegasta um endurreisn og nýsköpun í fjármálum íslenska ríkisins, innheimtan á barnsmeðlögunum. Svo skánar það. Svo koma greinar um sjúkra- og heilbrigðisþjónustu. Þar skulum við t. d. taka tannréttingaákvæðin. Tannréttingaákvæðin ein og sér skerða stórkostlega lífskjör barnafólksins í þessu landi. Það er fróðlegt að lesa aftur viðhorf ríkisstj. í þessum málum. Í grg. með þessu frv. stendur á bls. 11, með leyfi forseta:

„Kostnaður vegna tannréttinga hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur. Er af þeim sökum gert ráð fyrir minni þátttöku sjúkratrygginga í kostnaðinum en verið hefur.“

Já og svipuð orð hafði reyndar hæstv. forsrh. þegar hann mælti fyrir þessu hér áðan. Setjum svo að þarna hefðu ekki staðið tannréttingar. Setjum svo að þarna hefðu staðið „geðsjúkdómar“. Þá væri þetta svona:

„Kostnaður vegna geðsjúkdóma hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur.“

Eða kannske hjartasjúkdómar:

„Kostnaður vegna hjartasjúkdóma hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur.“

Það getur vel verið að það kosti heilmikla peninga að rétta tennur í börnum, en það er ekki mál sem á að velta yfir á foreldra þeirra. Tannréttingar eru ekki vegna vanhirðu eða sykuráts. Tannréttingar verða vegna þess að fólki eru meðfæddir ágallar og það er óumflýjanlegt og það hefur aldrei verið erfiðara viðfangs þetta mál en í því þjóðfélagi sem við lifum í núna, þjóðfélagi auglýsinga og brosandi fallegs fólks. Þá hefur nefnilega tannskekkja stórkostleg sálræn áhrif á börn og unglinga. Þetta er staðreynd og í augu við þetta verða menn að horfast. Í ofanálagi gengur þessi galli í gegnum heilar fjölskyldur. Þetta er meðfætt og arfbundið. Hugsið ykkur angist foreldra margra barna í sömu fjölskyldu, mörg börn með skakkar tennur. Þessi kostnaður skiptir tugum þúsunda. Þetta er alveg dæmalaus niðurstaða þriggja mánaða nýsköpunar.

Hér hafa verið tekin nokkur dæmi um það hvernig ríkisstj. ætlar að nýskapa í þessu landi. Hún krukkar í sjúklinga, hún krukkar í námsmenn, hún krukkar svolítið í barnafólk, en svo tekur hún bara lán. Það er kannske nýsköpun að þessi lán eru orðin svona há. Það er held ég eina nýmetið í þessu máli. Þeir gáfust upp við að breyta kerfinu. Þeir gáfust t. d. upp við að breyta ríkisbönkum, fengu nú sumir tækifæri til þess í gær. Þeir gáfust upp við að breyta Framkvæmdastofnun. Þeir gáfust upp við að breyta sjóðakerfi. Þeir gáfust upp við að breyta skattfrelsi milliliðanna, t. d. í landbúnaðarminum. Þeir hafa algjörlega gefist upp á að breyta nokkru um millifærslurnar í aðalatvinnuvegunum. Þeir hafa ekki nein ráð og nýsköpunin birtist í erlendum lántökum sem munu bitna á börnunum okkar. Það verður geðslegt bú sem þessi börn okkar þurfa að taka við. Við skulum ekki eyðileggja framtíðina vegna þess að börnin okkar gætu þarfnast hennar. En það uggvænlegasta af þessu er kannske sofandahátturinn. Við erum svo lengi búin að tala um árið 2000 sem í órafjarlægð. En þetta ár er að koma. Börnin sem fæðast í dag eru rétt nýfermd um þessi margfrægu aldamót. Við byggjum framtíða þeirra í dag og þessi framtíð byggist á þekkingu, tækni menntun og þess háttar. Og þá er hér við völd ríkisstj. sem ætlar að skera niður menntun og skera niður menntafólk af því að menntun er svo dýr.

Og að lokum vil ég bara segja þetta: Ef ríkisstj. finnst menntunin dýr þá skulum við bara láta hana komast að því hvað fáfræðin kostar.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Fyrir réttum tveimur mánuðum bauð hæstv. fjmrh. fulltrúum stjórnarandstöðunnar í rn. sitt að skoða gatið í ríkissjóði sem verið hefur aðalumræðuefni manna allar götur síðan. Þetta árans gat hefur orðið tilefni ótal fleiri yfirlýsinga, sem sumar eru orðnar að hálfgerðum brandara, eins og staðhæfingin fræga um vin litla mannsins sem enn er verið að leita að í kimum ríkisstj. (**Gripið fram í:** Hann er hérna.) Þar finnst ekki þessi frægi vinur heldur aðeins visst próblem forsrh.

Við umr. um þetta ljóta gat þann 8. mars s. l. vakti hæstv. fjmrh. sérstaka athygli á því hvernig að þessu máli hefði verið staðið af sinni hálfu sem fjmrh., eins og hann orðaði það. Orðrétt sagði hann, með leyfi forseta:

„Mér hefði verið í lófa lagið að fylgja fordæmi sumra fyrirrennara minna og reyna að þegja vandann í hel og sjá hvort hann leystist ekki af sjálfu sér á endanum. Það hefði verið leikur einn fyrir mig að sópa vandanum undir teppið og láta sem ekkert væri þar til á seinustu mánuðum ársins og þá hefðu hugsanlega auknar tekjur ríkissjóðs getað verið búnar að leysa hluta vandans. En þannig starfa ég ekki og mun ekki gera. Ég kýs að koma til dyranna eins og ég er klæddur og gera þingi og þjóð grein fyrir fyrirsjáanlegum vanda svo að unnt sé að taka tímanlega í taumana. Annað er ábyrgðarlaust að mínum dómi og ábyrgðarleysi getur orðið þjóðinni dýrt. Ég skýri frá þessum vanda nú til þess að ríkisstj. og Alþingi geti gripið til nauðsynlegra varnaraðgerða í tíma. Annars fljótum við sofandi að feigðarósi.“

Og síðar í sömu ræðu segir hæstv. fjmrh.:

„Ég mun síðar gera grein fyrir þeim hugmyndum og tillögum sem ég hef til lausnar þeim vanda sem við blasir og ég vænti þess að ríkisstj. muni takast von bráðar að koma sér saman um tillögur að þessu leyti. Þær tillögur munu þá hljóta umfjöllun hér á Alþingi.“

Þetta var sagt 8. mars s. l. og ég verð að segja að ekki datt mér í hug að þetta „von bráðar“ mundi teygjast upp í heila tvo mánuði. Hæstv. fjmrh. talaði um nauðsyn þess að þm. og þjóðin öll gerðu sér grein fyrir þeim mikla vanda sem við blasti og sagði í lokaorðum ræðu sinnar að sá vandi yrði ekki leystur nema með samstilltu átaki okkar allra hér og þjóðarinnar allrar. Augljóslega hefur gengið illa að fá þm. stjórnarflokkanna til að skilja og viðurkenna þetta með samstillta átakið. Af þeim tillögum að dæma sem nú hafa loksins

séð dagsins ljós hefur ákall fjmrh. um samstillt átak ekki enn fengið hljómgrunn meðal þeirra. Eftir allan þennan tíma, eftir allt þetta tal um sparnað og niðurskurð, eftir alla þessa leit að fyllingu í gatið, eru helstu niðurskurðartillögurnar svo óljósar að það er naumast mögulegt að fjalla um þær, og síðan er meginhluti vandans leystur með því að búa til nýjan vanda. Það eru skuldir sem nema rúmum tveimur milljörðum og sem eru ekkert annað en ávísun á verðbólguaukningu og svik við almenning sem hefur lagt á sig miklar þrenginar til þess að hjálpa ríkisstj. að ná markmiðum sínum í efnahagsmálum.

1. gr. frv. er dæmigerð fyrir þetta auma ráðleysi. Fjmrh. er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1984 að lækka ríkisútgjöld um allt að 370 millj. kr. Í aths. við gr. segir svo hvernig þessum niðurskurði er skipt á milli rn. en frekari skýringar eru ekki gefnar. Einstök rn. eiga að gera tillögur um sinn niðurskurð og fjmrh. hefur svo úrslitavaldið. Þetta eru nú aumu vinnubrögðin. Finnst hæstv. fjmrh. hann nú geta komið fyrir þing og þjóð og sagt: „Ég kýs að koma til dyranna eins og ég er klæddur“, eins og hann gerði þegar hann sagði okkur frá vandanum fyrir tveimur mánuðum? Það fer varla á milli mála að eitthvað vantar í þennan klæðnað. Er ekki ætlunin að þingið fái að sjá þessar tillögur ráðuneytanna og fjalla um þær? Og er ekki ætlunin að fjvn. fjalli um þær? Þarna er t. d. um að ræða 25 millj. kr. niðurskurð í samgrn. Hvernig er nú líklegt að sá niðurskurður verði? Verður hætt við hafnarframkvæmdir á Austfjörðum, brú á Norðurlandi, varanlega vegagerð á Suðurlandi? Best að nefna ekki Vestfirðina. Eða ætlar samgrn. að spara þessar 25 millj. í ferðalögum og risnu? Glöð skyldi ég styðja það, en hér er ekki neinar slíkar tillögur að sjá.

2. gr. þessa frv. fjallar um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ekki kemur það mér á óvart. Tónninn var gefinn strax í haust. Ég hef ekki lengur tölu á því hve oft ég er búin að jagast hér í vetur út af bersýnilegri fjárvöntun Lánasjóðsins. Það var augljóst strax við afgreiðslu fjárlaga að sjóðurinn var sveltur og við Kvennalistakonur reyndum að fá því breytt, fluttum tvær tillögur um aukin framlög til sjóðsins. Samkv. lögum um sjóðinn áttu námsmenn að fá að láni 100% af reiknaðri fjárþörf frá síðustu áramótum. Skv. ákvæði í lánsfjárlögum þessa árs hefur gildistöku þess lagaákvæðis verið frestað, en skv. lögum eiga þeir að fá 95%. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir frestun á gildistöku lagaákvæðisins er ljóst að yfirráðafé sjóðsins nægir ekki til að veita öllum lán, sem rétt eiga á þessu ári, eða þá að lánin verða skert til mikilla muna. Við eigum hins vegar eftir að sjá þær úthlutunarreglur sem setja verður til að láta ráðstöfunarfé sjóðsins nægja. Engin svör fengust við fsp. minni og Steingríms J. Sigfússonar varðandi það efni frá hæstv. menntmrh. í Sþ. 3. apríl s. l.

En nú virðist það ljóst, sem margir námsmenn og aðstandendur þeirra hafa lengi óttast, að útlánareglur verða hertar og hlýtur það að koma illa við marga. Stjórn Sambands ísl. námsmanna erlendis hefur ályktað um þetta og lýsir þungum áhyggjum sínum vegna þessarar greinar. Þeir segja í bréfi, sem alþm. hefur borist dags. í dag, með leyfi forseta:

„Verði 2. gr. frv. samþykkt þýðir það að lánshlutfall á seinni hluta þessa árs verður um 60% en ekki 95% eins og þó var samþykkt á þingi fyrir skömmu. Verði greinin samþykkt þýðir það stórstíga afturför í menntamálum landsins. Lánshlutfall hefur ekki verið undir 65% síðan skólaárið 1970—1971. Fjöldi námsmanna mun hrökklast frá námi þegar í haust, einkum þeir sem hafa lítil fjárráð. Einnig er fyrirsjáanlegt að margir verða að falla frá áformum um að fara til náms við háskóla erlendis í haust.

Með samþykkt 2. gr. frv. verður meginhluti laga nr. 72 frá 13. maí 1982 numinn úr gildi. Með því gengur alþingi endanlega á bak samkomulags sem námsmenn og alþm. gerðu áður en þau lög voru sett. Verði greinin samþykkt er því sýnt að alþm. er ekki treystandi þegar við þá er samið.“

Í 3. gr. frv. er fjallað um uppbætur á útflutning landbúnaðarvara. Ósárt er mér um þótt hróflað sé við þeim, en einkennilega er nú farið að hlutunum. Til þess að greiða hluta af þeim útflutningsuppbótum sem samkvæmt lögum ber að greiða er aflað fjár með því að láta bændur greiða sérstakan skatt á kjarnfóður, sbr. 22. gr. frv.

4.—6. gr. eiga að koma einhverju lagi á uppgjör meðlagsgreiðslna og er sjálfsagt að reyna að bæta úr þeirri vitleysu, en lausnin er óneitanlega kúnstug. Hún felst í 26. gr. þar sem félmrh. fyrir hönd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilað að taka 150 millj. kr. lán til að greiða skuld Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Ekki veit ég hvort þetta er í fyrsta skipti sem barnsmeðlög eru fjármögnuð með erlendri lántöku en kyndugt er það.

Þá koma hér nokkrar greinar sem kveða á um minni þátttöku ríkisins í kostnaði við heilbrigðisþjónustu og er það ekki annað en búast mátti við frá þeim sem nú sitja í ráðherrastólum. Um þessar greinar er búið að fjalla rækilega hér í dag og hef ég í rauninni ekki miklu við það að bæta, en vek athygli á því að á sama tíma og þessar álögur eru mótaðar í frumvarpsgreinar fullyrðir fjmrh. að hann taki ekki í mál að skattleggja fólk. Hvað er þetta annað en skattlagning á fólk? Þessar ráðstafanir eiga eftir að koma illa við almenning, sér í lagi barnmargar fjölskyldur. Þetta eru kaldar kveðjur frá vinum litla mannsins.

Ákvæði 17. gr. finnst mér ómerkilegur sparðatíningur sem réttir sáralítið af halla ríkissjóðs en getur munað talsverðu hjá bágstöddum barnafjölskyldum.

Um 18.—21. gr. er hins vegar ekkert nema gott að segja. Að vísu er ég yfirleitt á móti svona reikningskúnstum. Öll greiðslukerfi eiga að vera sem einföldust. Mér finnst miklu hreinlegra að greiða sömu upphæð til allra undir ákveðnu tekjumarki, en aðalatriðið er að fallist var á að greiða þessa uppbót, og ég fagna því að sjá það hér í frumvarpsgreinum.

Og þá er komið að fjáröflunninni. Hún er í formi sérstaks fóðurskatts, eins og ég vék að áðan og fjallað er um í 22.—24. gr., en afganginn á svo að sækja í erlendar lánastofnanir, eða rúmlega 2 milljarða kr. Ekki fá ráðh. og þm. stjórnarflokkanna háar einkunnir fyrir þessa frammistöðu. Satt að segja vorkenni ég þeim eins og ég finn alltaf til með þeim sem falla á prófum. Þeir voru eitthvað svo roggnir með sig í haust. Nú skyldu ný vinnubrögð viðhöfð, raunhæf og marktæk og allt það, fjárlögin náttúrlega alveg á hreinu, hvað sem fulltrúar stjórnarandstöðu sögðu. Síðan kom þessi heiðarleikasýning í byrjun marsmánaðar, og enda þótt mér fyndist ekki ástæða til að lofa þá sýningu eina og

sér, þá datt mér satt að segja aldrei í hug að lokaþátturinn yrði jafnlélegur og fram kemur í því frv. sem hér er til umr.

Fjmrh. höfðaði til ábyrgðar þm. og þjóðarinnar allrar þegar hann kynnti fjárhagsvanda ríkissjóðs. Það vantaði heldur ekki að fjölmiðlar leituðu eftir ráðum stjórnarandstöðu ekki síður en stjórnarflokka og Kvennalistinn kynnti strax ákveðnar hugmyndir í þeim efnum sem ég minni hér á. Þar var um að ræða niðurskurð sem næmi 1 milljarði kr., þar sem stærstu liðirnir væru niðurskurður á ferða- og risnukostnaði hins opinbera, samdráttur í vegamálum og orkumálum, minnkandi niðurgreiðslur landbúnaðarvara, hætt við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og fleira. Auk þess vorum við með hugmyndir um skyldusparnað hálaunamanna sem hefði gefið a. m. k. 200 millj. kr. í ríkissjóð. Það var reyndar sú hugmynd sem virtist kveikjan að hinni fleygu setningu um vin litla mannsins í ríkisstj. Mér er sérstaklega í minni skelfing hæstv. fjmrh. þegar ég orðaði þessa hugmynd í sjónvarpsþætti og sagði hann við það tækifæri eitthvað á þá leið að varhugavert væri að ráðast með slíkum hætti á hálaunamenn. Það gæti jafnvel endað með því að þeir hefðu það ekkert betra en láglaunafólkið. Skyldusparnaður hálaunamanna er ekkert nýtt ráð. Nú í lok síðasta árs fengu hálaunamenn nokkrir einmitt glaðning í umslagi, tilkynningu frá fjmrh. um að þeir mættu sækja í Landsbankann upphæð þá með vöxtum sem þeir höfðu verið skyldaðir til að lána ríkissjóði fyrir fimm árum þegar honum lá á. Flestir þeirru urðu einfaldlega hissa og voru búnir að steingleyma þessu lítilræði. Samkvæmt upplýsingum fjmrn. nam þessi endurgreiðsla rétt rúmum 200 millj. kr. Það er svo aftur önnur saga þegar blessaðir mennirnir sendu eiginkonur sínar til að sækja þessa aura. Fjmrn. hafði sett undir þann leka, kannske til þess að konurnar færu ekki að eyða þessu í einhverja vitleysu án vitundar eiginmannanna.

Þetta var varðandi skyldusparnað hálaunamanna, sem ekki mátti heyra minnst á þótt fjmrh. hefði opin augu fyrir því að sækja fjármuni í vasa þeirra sem þurfa á læknisþjónustu að halda. En auk þessa hef ég aldrei getað skilið sanngirni þess að Seðlabankinn hagnist á tímabundnum vanda ríkissjóðs og það var hugmynd Kvennalista að ríkisstj. semdi við Seðlabankann um þau mál.

Loks má nefna aðgangsharðari innheimtu söluskatts. Í því sambandi er vert að minna á að um tíma voru á lofti hugmyndir um afnám undanþága frá söluskatti á matvælum. Fagna ég því að sjálfsögðu að hætt var við þær hugmyndir.

Ég er þess fullviss að þær hugmyndir Kvennalistans sem ég hef hér minnt á voru framkvæmanlegar og hefðu komið sér betur fyrir almenning en sú litla mús sem varaformaður Sjálfstfl. kallar svo og hér er til umræðu. Ríkisstj. hefði betur tekið mark á þeim hugmyndum sem henni voru lagðar til. Sú niðurstaða sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi er til marks um dugleysi og óeiningu stjórnarflokkanna sem er meiri en mig grunaði. Niðurstaðan er uppgjöf og meginhluta vandans er sópað undir skuldateppi sem öðrum er ætlað að dusta.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka fram að ég styð þetta frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum. Mitt álit er samt að ekki hafi verið gengið nógu langt í niðurskurði eða tekjuöflun á móti auknum útgjöldum. Hv. 3. þm. Reykv. gagnrýndi í sinni ræðu auknar erlendar lántökur. Með því lýsir hann stuðningi við frekari aðhaldsaðgerðir og hlýtur hæstv. ríkisstj. að eiga hann að þegar taka þarf á ríkisfjármálunum á komandi misserum, annars væri hann ekki samkvæmur sjálfum sér. Það er afar nauðsynlegt að menn átti sig á því að erfiðleikarnir í ríkisfjármálum nú eru mestmegnis afleiðingar óstjórnar undanfarandi ára, þegar erlendar lántökur jukust gífurlega sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og ríkissjóður nærðist á umframeyðslu þjóðarbúsins. Sem dæmi um þetta má geta þess að árið 1980 voru erlendar skuldir 34.4% af þjóðarframleiðslunni. Árið 1983, þegar hv. þm. gekk úr ríkisstj., var skuldastaðan komin upp í 60.6% af þjóðarframleiðslu.

Auk þess dró röng fjárfestingarstefna úr lífskjörum almennings og hagvexti og þar með jókst enn sá vandi sem núverandi ríkisstj. fékk í arf. Núverandi hæstv. ríkisstj. hefur náð stórkostlegum árangri í verðbólgumálum og fært hana úr 130 stigum Svavars Gestssonar í 15 stig Alberts Guðmundssonar. Slíkur árangur er án efa einsdæmi hjá lýðræðisþjóð. Þennan árangur ber að verja. Slíkt kostar áframhaldandi þrotlausa baráttu. Vonandi sýnir stjórnarandstaðan í verki að hún sé tilbúin til að standa með hæstv. ríkisstj. í þessari baráttu, ekki síst við aðhaldsaðgerðir, sem bersýnilega þarf að grípa til við gerð næstu fjárlaga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 86. fundur.

Mánudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. maí 1984.

Jón Baldvin Hannibalsson, 5. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Bjarni Guðnason prófessor, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn kjörbréfs varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Bjarna Guðnasonar sem 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi.

Einnig hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. maí 1984.

Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Elsa Kristjánsdóttir bankastarfsmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Salome Þorkelsdóttir,
forseti Ed."

Gætir nú ekki samræmis í hér, en þessi framvísun milli forseta hygg ég að geti nú samt sem áður gengið því að með bréfi þessu fylgir kjörbréf Elsu Kristjánsdóttur sem 1. varaþm. Alþb. í Reykn.

Ég leyfi mér að biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þessi til rannsóknar, kjörbréf Bjarna Guðnasonar og Elsu Kristjánsdóttur, og fundinum er á meðan frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið til athugunar kjörbréf Bjarna Guðnasonar sem tekur sæti sem 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, en Jón Baldvin Hannibalsson er á förum til útlanda í opinberum erindum. Kjörbréfanefnd gerir engar aths. við kjörbréfið og leggur til að það verði samþykkt.

Jafnframt hefur kjörbréfanefnd tekið til athugunar kjörbréf Elsu Kristjánsdóttur, 1. varaþm. Alþb. í Reykjaneskjördæmi, sem tekur sæti Geirs Gunnarssonar, 5. þm. Reykn., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum. Kjörbréfanefnd gerir engar aths. við þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Bjarna Guðnasonar samþ. með 42 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Elsu Kristjánsdóttur samþ. með 42 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Elsa Kristjánsdóttir, 5. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Helgi Seljan): Ég býð Elsu Kristjánsdóttur og Bjarna Guðnason velkomin til starfa á Alþingi.

Efri deild, 91. fundur.

Mánudaginn 7. maí, að loknum fundi í Sþ.

Skógrækt, frv. 212. mál (þskj. 377, n. 754, 493, 755). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 755,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 755,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 755,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 755,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 755,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 755,6 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 755,7 samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sjúkraliðar, frv. 314. mál (þskj. 622). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ljósmæðralög, frv. 315. mál (þskj. 768 (sbr. 623)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Söluskattur, frv. 284. mál (þskj. 543). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipamælingar, frv. 135. mál (þskj. 172). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 776).

Tóbaksvarnir, frv. 70. mál (þskj. 750). — 1. umr.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég mæli fyrir þessu frv. í veikindaforföllum hæstv. heilbr.- og trmrh., en frv. til laga um tóbaksvarnir var flutt á þskj. 75 í hv. Nd. og hefur þar hlotið afgreiðslu.

Í hv. Ed. gerði hæstv. heilbr.- og trmrh. grein fyrir þessu frv. og leyfi ég mér að vísa til þeirrar ræðu sem hann þar flutti og þeirrar greinargerðar sem með frv. fylgdi.

Við afgreiðslu málsins í hv. Nd., en það hlaut afgreiðslu frá heilbr.- og trn. með shlj. nál., voru á frv. gerðar nokkrar breytingar, sem lagðar voru fram á þskj. 629, og vil ég þar vekja athygli á 17. brtt. þar sem gert er ráð fyrir 2% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs. Var það samþykkt í hv. Nd.

Ég leyfi mér, herra forseti, að hafa þessi orð ekki fleiri með skírskotun til þess sem ég sagði áðan og veit að hæstv. heilbr.- og trmrh. væntir þess að þetta mál geti náð fram að ganga fyrir þinglok. Ég leyfi mér því að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. heilbr.- og trn. Ed.

Helgi Seljan: Herra forseti. Þetta skulu vera fá orð, aðallega til að lýsa yfir stuðningi við þetta fram komna frv.

Í sjálfu sér kom mér ekkert á óvart þegar ég sá að hæstv. viðskrh. fór að mæla fyrir frv., vegna þess að svo mjög spila viðskiptahagsmunir hér inn í hjá ýmsum þeim aðilum sem reynst hafa þyngstir í vöfum og þyngstir í skauti þeim stjórnvöldum sem hafa viljað sporna hér við. En það er kannske mál sem við getum rætt frekar síðar. En staðreyndin er sú að þeir, sem annast sölu og dreifingu tóbaksvara, eru einmitt þeir viðskiptaaðilar sem hafa helst reynt að setja fótinn fyrir allar fyrirbyggjandi aðgerðir í þessum efnum þar sem stjórnvöld hafa reynt að taka á með skipulegum hætti.

Ég þarf ekki að segja mikið um fylgi mitt við þetta frv. Ég segi það t. d. að mér hefði fundist það ofur eðlilegt með tilliti til þeirrar miklu þýðingar sem þetta mál hefur og þess mikla starfs sem vissulega þarf að vinna í þágu tóbaksvarna að hærra hlutfalli af bruttósölu tóbaks væri varið til þessa verkefnis.

Við erum með annað mál hér á dagskránni sem snerti þetta einnig, þ. e. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og ég get þá sparað mér að koma hér upp í sambandi við það mál alveg sérstaklega með því að segja nú að það væri sannarlega ástæða til að láta ákveðinn skatt af tóbaksvörum standa undir þeirri starfsemi sem fram fer á vegum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa víða um landið. Það væri skattlagning sem ég hygg að flestir, hvort sem þeir neyta þessarar vöru eða ekki, mundu fyllilega sætta sig við að á væri lögð.

Um fræðsluþáttinn þarf ekki að hafa mörg orð. Þar veitir ekki af að taka betur á. Á síðasta þingi, minnir mig, eða þinginu þar áður var samþykkt alveg sérstök till. um aukna áherslu í fíkniefnafræðslu almennt í skólum og ég tel tóbaksvörur þar undir tvímælalaust. Ég vænti þess að þar sé einhver skriður kominn á frekari en var löngum í því efni. Þegar ég fékkst við kennslu á árum áður varð maður að láta brjóstvitið að mestu nægja í þeim efnum til að reyna að vara fólk við skaðsemi og óhollustu þess arna, en fátt var um fræðsluefni sem væri þannig sett fram að viðkomandi tækju eitthvert mark á því. Venjulega er á því efni sem sett er fram á hlutlausan hátt og af sérfróðum aðilum alveg sérstaklega meira mark tekið en þeim sem eru stöðugt að prédika fyrir börnunum slíkt og annað álíka í skólunum.

Ég ætla ekki að hafa nein frekari orð um þetta, en bendi á að við erum það heppin, segi ég, að þessi viðskiptasambönd spila kannske ekki alveg eins mikið hér inn í og víða annars staðar þar sem hin óhefta samkeppni fær að ráða varðandi sölu á tóbaki og tóbaksvörum, en þó fer ekki milli mála að umboðsmenn fyrir þessar vörur hér á landi eru býsna drjúgir í áróðri sínum og koma honum víðar að en nokkurn grunar. Það væri a. m. k. eitt af því góða, sem gæti út úr þessu frv. komið og samþykkt þess ef þar væri hægt að stemma þarna að einhverju leyti stigu við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. 321. mál (þskj. 652, n. 733, 771). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. sem varðar járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Eins og hv. þdm. er kunnugt um hafa staðið yfir um nokkurt skeið samningaviðræður varðandi þetta fyrirtæki. Ég mun hins vegar ekki í minni tölu, sem verður stutt, fjalla um þær umr. eða hvað út úr þeim hefur komið. Hins vegar er ljóst að þetta frv., sem hér er flutt, hefur þann tilgang „að afla ríkisstj. lagaheimildar til að gera þær ráðstafanir til endurskipulagningar á fjárhag íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga, sem nauðsynlegar eru til að unnt verði að ganga frá samningum við Elkem a/s í Noregi og Sumitomo Corporation í Japan um þátttöku hins síðarnefnda sem samstarfsaðila ríkisins í félaginu við hlið Elkem skv. 2. gr. laga nr. 18/1977. Er það meginmarkmiðið með samstarfsaðild Sumitomo og þeim ráðstöfunum, sem henni eru tengdar, að styrkja markaðs- og fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins til varanlegrar frambúðar“, eins og segir í aths. við lagafrv.

„Nánar tiltekið verður hin fyrirhugaða samvinna við Sumitomo Corporation á því byggð, að komið verði á samskiptum til langs tíma um sölu til Sumitomo og

viðskiptavina þess í Japan á kísiljárni frá Grundartanga í verulegu magni. Jafnframt gerist Sumitomo minnihlutahluthafi í Járnblendifélaginu ásamt Elkem og eignist þar 15% heildarhlutafjár, en hlutafjáreign Elkem lækki úr 45% í 30%.

Staða ríkisins og hlutafjáreign (55%) í Járnblendifélaginu breytist ekki við tilkomu Sumitomo Corporation sem hluthafa."

Í aths. með þessu frv. stendur enn fremur, með leyfi forseta:

„Gagnvart ríkissjóði verða áhrifin af endurskipulagningunni þannig í stuttu máli, að ríkið breytir núverandi lánum sínum og ábyrgðarskuldbindingum vegna Járnblendifélagsins í beint hlutafé í félaginu og eykur jafnframt hlutafé sitt til nokkurrar viðbótar með niðurgreiðslu eða yfirtöku frekari skulda félagsins. Með þessu heldur ríkið á hinn bóginn óskertri hlutfallslegri eignarhlutdeild í félaginu."

Það er öllum ljóst að fjárhagsleg staða Járnblendifélagsins var orðin mjög hæpin og nánast vonlaus og í framhaldi af því var stofnað til þeirra viðræðna sem nú eru vel á vegi. Þetta frv., sem hér er til umr., og samþykkt þess er forsendan fyrir því að áfram verið haldið á þeirri braut sem mörkuð hefur verið í því efni.

1. gr. varðar fyrst og fremst auknar heimildir til hlutafjár ríkisins í umræddu fyrirtæki eða úr 19 millj. dollara í um það bil 33 millj. dollara.

1. málsgr. 2. gr. frv. varðar heimild til lækkunar á stimpilgjöldum, en síðari málsgrein 2. gr. gerir ráð fyrir að felld verði niður ábyrgðarheimild ríkissjóðs vegna víkjandi láns til félagsins. Þetta lán er frá því herrans ári 1982. Lánsfé þetta mundi nú verða endurgreitt og falla saman við hlutafjáraukninguna skv. 1. gr. frv. og er hægt að vitna til almennra aths. í því sambandi.

Herra forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri. Eins og stendur í nál. komu á fund iðnn. Jóhannes Nordal, bankastjóri Seðlabankans, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Járnblendifélagsins, og Ragnar Árnason lektor. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. skilar séráliti og ekki veit ég betur en minni hl. muni mæla fyrir því séráliti.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Þegar bygging járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og samningurinn við Elkem Spiegerverket voru til umr. og voru samþykkt á Alþingi 1977 beitti Alþb. sér gegn því máli. Af hálfu Alþb. var því þá m. a. haldið fram að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins væri mjög ótraustur og að því mundi koma, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að rekstur þessa fyrirtækis yrði á þann veg sem hann lýsti, en hann sagði að hann væri mjög hæpinn og kominn í þá stöðu að vera vonlaus. Flest tákn bentu til þess að hallarekstur yrði á fyrirtækinu þrátt fyrir að orkuverð, sem verksmiðjan átti að greiða, væri undir framleiðslukostnaði. Þingflokkur Alþb. benti einnig á að ýmis atriði í samningunum við Elkem væru óhagstæð, þar hefði ekki verið nógu vel að staðið fyrir okkur. Frv., sem við fjöllum um hér og iðnrh. leggur fram, er staðfesting á að Alþb. hafði á réttu að standa. Það felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til að gera sérstakar ráðstafanir vegna uppsafnaðs taps, sem hæstv. iðnrh. nefndi um daginn að væri um 390 millj. ísl. kr.

Alþingi stendur nú frammi fyrir því að flest sem sagt var um rekstrarhæfni þessa fyrirtækis af rekstrarsérfræðingum og stuðningsmönnum málsins á Alþingi á sínum tíma um að hér væri á ferðinni mjög arðbært fyrirtæki, sem mundi skila verulegum arði, hefur reynst haldlaust. Í þessari stöðu, sem ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. kom okkur í 1974—1978, eru flestir kostir vondir. Sýnu verst er þó að stöðva rekstur fyrirtækisins. Það verður því ekki undan því vikist að fram fari fjárhagsleg endurskipulagning á fyrirtækinu til þess að gera tilraun til að koma því á viðunandi heilbrigðan rekstursgrundvöll.

Fyrirtækið er stór þáttur í atvinnulífi fjölmenns héraðs og þjóðin er bundin miklum skuldbindingum vegna fjárfestinga í þessu fyrirtæki og í orkufyrirtækjum sem því tengjast.

Hvort sú endurskipulagning, sem nú er lagt til að gerð verði, sé sú æskilegasta má deila um. Mér virðist vera augljóst mál að með því að bæta við þriðja eignaraðilanum að fyrirtækinu verði meirihlutastaða ríkisins erfiðari á þann veg að hætt sé við að fyrirtækin Elkem og Sumitomo verði sameiginlega sterkari sem minni hluti gegn ríkinu en Elkem var eitt áður.

Það hefur reyndar komið í ljós að svo sé e. t. v. Þessir ókostir virðast hafa komið strax fram í sambandi við gerð samnings við Sumitomo. Svo virðist sem fyrirtækin tvö hafi staðið bróðurlega saman að því að skipta á milli sín þeim ágóðahlut í rekstri fyrirtækisins sem Elkem hafði náð með samningunum við stofnun fyrirtækisins.

Eins og frsm. meiri hl. nefndi áðan mættu á fundum iðnn. til viðræðna og upplýsinga þeir Jón Sigurðsson, forstjóri járnblendiverksmiðjunnar, Ragnar Árnason hagfræðingur og lektor og Jóhannes Nordal seðlabankastjóri. Í viðræðum við þá kom m. a. fram að hið svokallaða tæknigjald, sem verksmiðjan hefur greitt til Elkem, 3% af söluandvirði, skal óbreytt vera í nýju samningunum. Fram kom að gjald sem þetta væri algengt í viðskiptum óskyldra aðila 0.5—1.5%. Það hefur því alltaf verið af öðrum toga en raunverulegt tæknigjald, þ. e. aukagreiðsla til Elkem út úr rekstri fyrirtækisins. Það kom fram í ræðu iðnrh. við 1. umr. málsins hér í Ed. svo og einnig í grg. frv. að Sumitomo hefði ekki talið ástæðu til að lækka þetta gjald. Þessi afstaða Sumitomo til greiðslu þetta mikils tæknigjalds til Elkem er að mínu mati ábending um að ástæða sé til að varast tilhneigingu þessara eignaraðila til að taka sameiginlega afstöðu gegn réttmætum leiðréttingum þegar íslenska ríkið þarf að sækja sinn rétt.

Eins og iðnrh. sagði við 1. umr. málsins hefur rekstur járnblendiverksmiðjunnar gengið vel að öðru leyti en því að fyrirtækið hefur tapað allan sinn rekstrartíma. Það mundi sums staðar ekki þykja góður rekstur. Hvað er það þá sem hefur gengið vel? Það sem hefur gengið vel er tæknilegur rekstur verksmiðjunnar. Verksmiðjan getur skilað mun meiri afkötum en ráðgert var og hefur gert það þegar söluaðstæður hafa verið til staðar. Bilanatíðni í verksmiðjunni er í lágmarki. Gangsetning ofnaverksmiðjunnar tók mjög stuttan tíma. Fyrri ofninn var rekinn með fullum afköstum eftir um það bil hálfan mánuð og sá síðari á svipuðum tíma. Ekki er talið neitt óeðlilegt skv. upplýsingum forstjóra járnblendiverksmiðjunnar á fundi í iðnn. að gangsetning slíkra ofna taki allt upp í sex mánuði. Ég tel mig geta fullyrt að þessi góði tæknilegi rekstur verksmiðjunnar er fyrst og fremst því að þakka að verksmiðjan hefur á að skipa

mjög góðu starfsliði sem hefur tileinkað sér þau vinnubrögð sem við eiga og kunna þarf. Það er því harla neikvætt, þegar möguleiki gefst til að endurskoða greiðslu 3% tæknigjaldsins til Elkem, að þáttur starfsliðsins, sem að ofan greinir og sem hefur forðað fyrirtækinu frá enn stórkostlegra tapi á undanförnum árum, skuli ekki koma fram í lækkuðu tæknigjaldi til Elkem. Ástæðan kann að vera að samningamenn okkar sömdu af sér 1976—1977 í sambandi við þennan þátt sem fleiri í þessu máli og Elkem býður nú Sumitomo bandalag gegn samningamönnum okkar og íslenska ríkinu svo þessu gjaldi verði ekki breytt.

Elkem hefur fengið 40 norskar krónur á tonn eða um 1% af söluandvirði í þóknun fyrir að annast sölu á framleiðslu verksmiðjunnar. Nú mun Sumitomo kaupa fyrir aðila sér tengda 20 þús. tonn af ársframleiðslunni. Skv. hinum nýja samningi mun Sumitomo fá sömu þóknun, þ. e. 40 norskar krónur, á tonn fyrir þá framleiðslu sem fyrirtækið selur í Japan þótt varla sé þar um venjulega sölustarfsemi að ræða.

Þá er þess að geta að full ársafköst verksmiðjunnar eru 54—56 þús. tonn. Með þessum samningi er ekki gefin trygging fyrir sölu á allri þeirri framleiðslu, en slíkt hefði mjög bætt líkur á því að verksmiðjan bæri sig.

Í grg. minni rek ég í framhaldi af því, sem ég hef sagt hér að framan, enn sögu þessa máls og viðskipti fyrrv. iðnrh. við Sumitomo og Elkem og bendi á að ýmislegt í sambandi við upphaf þeirra umræðna var á annan veg en úrslit málsins hafa orðið. En það ber að vona að þær ráðstafanir til endurskipulagningar á fjárhag Íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga sem þetta frv. gerir ráð fyrir nái tilætluðum árangri og fjárhagslegur rekstur fyrirtækisins á næstu árum og áratugum verði ekki með þeim hætti sem verið hefur hingað til. Sú niðurstaðan er þó engan veginn tryggð. Staða félagsins nú og nauðsyn á endurfjármögnun er staðfesting á að gagnrýni Alþb. á samningana 1976—1977 var rétt. Það endurtekur sig enn að með þeim samningum sem nú er verið að gera fleyta samstarfsaðilarnir rjómann af samningnum. Hér er það fyrst og fremst Elkem sem hefur komið ár sinni vel fyrir borð og minnkað sínar skuldbindingar án þess að missa nokkrar tekjur.

Í þessu sambandi vil ég tilfæra hér eftirfarandi nál. Ingvars Gíslasonar í Nd. 1977, er frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var þar til umr., með leyfi hæstv. forseta:

„Elkem Spiegerverket er myndarlegt og traust fyrirtæki, en engin góðgerðarstofnun frekar en við er að búast. Það er ekki eins og að hafa himin höndum tekið að þurfa í slíkum viðskiptum sem þessum að hrekjast frá einum auðhringnum til annars, hvort sem hann á heimilisfang í New York eða Osló.“ Nú mætti bæta hér við Tókíó.

Því verður ekki á móti borið að samningsaðstaða okkar hefur verið erfið við þessa samningsgerð. Því olli að miklu leyti að fyrri samningur var óhagstæður. Sömu flokkar báru málið fram þá og eru nú að viðurkenna eigin mistök. Aðstaðan nú var þó ekki það erfið að hún réttlætti þá eftirgjöf sem í samningunum felst.

Enda þótt í þeim samningsramma sem undirritaður hefur verið séu margir og stórir gallar, eins og sagt hefur verið, tel ég þó að í hinni fjárhagslegu endurskipulagningu felist nokkur ávinningur fyrir Íslenska járnblendifélagið. Ég mun því ekki leggjast gegn framgangi frv., heldur sitja hjá við afgreiðslu þess.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Í því frv. til l. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði sem hér er nú til 2. umr. er aðeins um að ræða lítinn hluta af því samkomulagi sem samninganefnd um stóriðju og fulltrúar Elkem og Sumitomo hafa gert með sér og undirritað var 6. apríl s. l. Frv. snertir aðeins fjármögnunarþátt samninganna, en það fer þó ekki hjá því að afstaða til þessa frv. hlýtur að mótast af efnisþáttum samkomulagsins í heild auk þeirra sjónarmiða í stóriðjumálum sem þm. annars hafa. Í þessu samkomulagi er fyrst og fremst leitast við að reisa við fjárhagsgrundvöll fyrirtækisins sem rekið hefur verið með stórfelldu tapi á undanförnum árum eins og hæstv. iðnrh. hefur m. a. greint samviskusamlega frá.

Á Íslandi hefur sú meginröksemd verið uppi höfð, þegar farið hefur verið út í að reisa fyrirtæki á borð við það sem við erum nú að fjalla hér um, að slíkt sé nauðsynlegt til að nýta alla þá orku sem annars streymir óbeisluð til sjávar í fallvötnum landsins. Það má því undarlegt vera, fyrst ástæðan er sú að koma verði orku landsins í verð, að ævinlega þarf að borga með orkunni til fyrirtækja sem reist eru, að því er sagt er, til að nýta orkuna. Hið lága verð á Íslandi á raforku til stóriðju er vitaskuld orðið víðfrægt um allan heim, rétt eins og hið ódýra vinnuafl sem hér er fyrir hendi eins og hæstv. iðnrh. hefur verið óspar á að benda heiminum á. Auðvitað eru Japanir, sem eru allra manna framsæknastir í iðnaðarmálum, ekki lengi að átta sig á þessu gósenlandi stóriðjunnar í norðri, enda eru þeir nú komnir inn á gafl hjá okkur í því samkomulagi sem hér um ræðir.

Ég minnist þess að þegar fulltrúar Sumitomo komu hingað til viðræðna í sept. s. l., um sama leyti og heilmikið gekk á og það ekki að ástæðulausu út af samkomulagi ríkisstj. og Alusuisse vegna álversins í Straumsvík, voru Japanarnir órólegir mjög út af þeim röddum sem þá heyrðust nefna hærra raforkuverð til stóriðju hér á landi, raddir sem töldu að lítið vit væri í því að selja orkuna undir framleiðsluverði svo að ekki sé minnst á það vit sem væri í því að selja hana með einhverjum hagnaði.

Það er nú ljóst af því samkomulagi sem hér liggur fyrir að hæstv. iðnrh. hefur tekist að róa Japanana, enda er svo kveðið á í samkomulaginu, eftir því sem lesa má í grg. með frv., að orkuverð til járnblendiverksmiðjunnar skuli ekki hækka fyrr en einhverju sem nefnt er „tiltekin arð- og eignarfjárstaða“ er náð. Hvað felur þetta í sér? Um hvað er verið að tala hér? Það skiptir þó e. t. v. ekki svo miklu máli því þessari svokölluðu tilteknu arðs- og eignarfjárstöðu verður sennilega aldrei náð ef marka má það sem stendur á bls. 2 í grg. með frv. þar sem verið er að ræða um fjárhagsþátt málsins, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Mjög hefur dregið úr þrengingum verksmiðjunnar á síðustu mánuðum, þar sem jafnvægi hefur ríkt milli framboðs og eftirspurnar frá því síðla vors 1983 og verksmiðjan því starfað með fullum afköstum, auk þess sem markaðsverð hefur hækkað verulega. Tap Járnblendifélagsins varð því miklu minna 1983 en 1982 og útlit er fyrir að það nái hallalausum rekstri á yfirstandandi ári. Vandinn er þó ekki úr sögunni, þar sem enn ríkir lægð í stáliðnaði víðast hvar í heiminum og

afturkipppur gæti komið í þann bata sem orðið hefur á járnblendisviðinu.

Ástæða er því til að ætla að núverandi hluthafar, annar eða báðir, gætu enn þurft að bregðast við vanda félagsins á einhvern hátt, hvort sem þriðji hluthafinn kæmi til skjalanna eða ekki, með auknum framlögum eða ábyrgðum."

Vandinn er sem sagt að öllum líkindum ekki úr sögunni þó að sú neyðarráðstöfun, sem þetta frv. hljóðar upp á, sé gerð, og því er ekki nokkur ástæða til að ætla að þeirri tilteknu arð- og eignarfjárstöðu, sem talað er um í samkomulaginu, verði náð svo að hægt verði að hækka raforkuverð til fyrirtækisins. M. ö. o. felur þetta samkomulag ekki í sér neina breytingu á orkuverði til þessa stóriðjufyrirtækis, enda held ég að slíkt hafi aldrei verið meiningin þótt þetta gagnslausa ákvæði um raforkuverð sé sett inn í samkomulagið. Það er því ljóst að almenningur á Íslandi á að halda áfram að greiða niður orkuna til þessa fyrirtækis eins og hann hefur alla tíð gert.

Í kaupbæti má svo almenningur eiga von á töluverðum verðhækkunum á raforku til sinna eigin nota í nánustu framtíð því að eins og fram kom á ársfundi Landsvirkjunar 27. apríl s. l. er talið nauðsynlegt að hækka orkuverð til almenningsveitna um 5% á þessu ári. Er þá von að mönnum blöskri.

Á grundvelli þess að í þessu samkomulagi er ekki gerð nokkur einasta tilraun til að hækka raforkuverð til þessa íslensk-erlenda stóriðjufyrirtækis á sama tíma og taka á fé íslenskra skattborgara til að reisa við fjárhag fyrirtækisins, fólks sem greitt hefur margfalt orkuverð á við þann taprekstur sem hér um ræðir og á enn að bæta við sig byrðum í þeim efnum, mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Það er ýmsilegt fleira sem er athugavert við þetta frv., það samkomulag sem það byggir á og þann málflutning sem fram kemur í grg. með frv. Það má t. d. nefna þá stórundarlegu afstöðu sem fram kemur á bls. 6 í grg., þar sem verið er að ræða um tæknisamning Elkem við Járnblendifélagið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rætt hefur verið um þetta gjald og niðurstaðan orðið að halda því óbreyttu, m. a. vegna þess að Sumitomo telur enga ástæðu til að lækka það."

Sem sagt: árlegum frádrætti Elkem vegna tækniaðstoðar, sem telja verður bagalegt atriði fyrir Íslendinga, sem ættu að geta sinnt þessu sjálfir fyrirtækinu til framdráttar, er haldið óbreyttum, m. a. vegna þess að Sumitomo telur enga ástæðu til að breyta því. Þá vitum við hvað Sumitomo finnst. En hvað finnst okkur sjálfum? Okkar eigin skoðun í þessum efnum kemur hvergi til álita að því er virðist. Á slíku er hvergi tæpt í grg. Þannig má tína til eitt og annað í þessu máli öllu.

En merkilegastur er e. t. v. málflutningur hæstv. iðnrh. í þessu máli svo og allra þeirra þm. sem töluðu við 1. umr. þessa máls. Bar þar allt að sama brunni. Menn töluðu um tapið á fyrirtækinu undanfarin ár þótt starfræksla verksmiðjunnar hafi gengið eins og best verður á kosið. Menn töluðu um gagnsleysi rannsókna til að segja af eða á um atvinnurekstur af þessu tagi og menn töluðu um byggingu þessa fyrirtækis sem gríðarleg fjárfestingarmistök, svo að eitthvað sé nefnt af þeim fjölmörgu neikvæðu atriðum sem tiltekin voru varðandi þennan stóriðjurekstur. Samt komust allir sem töluðu að þeirri niðurstöðu að þetta mikilvæga fyrirtæki, eins og hv. þm. Eiður Guðnason orðaði það, yrði að styrkja, kappkosta skyldi að halda rekstrinum áfram. Og Japanana skal taka inn í fyrirtækið þótt nefnt sé í sama orðinu, eins og þm. Skúli Alexandersson gerði, að hinir forsjálu Japanar séu um þessar mundir að flytja stóriðjurekstur sinn úr landi til að rýma til fyrir arðbærari og hugnanlegri léttiðnaði heima fyrir. Hvers konar endileysa er þetta? Hvernig er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að stóriðju skuli haldið áfram hér á landi og ný stóriðja sett á laggirnar á meðan tínd eru til um leið mörg og þung rök fyrir hinu gagnstæða? Sú þráhyggja, sem endurspeglast í íslenska stóriðjudraumnum, á sennilega vart sinn líka á byggðu bóli ef áfram gengur svo sem hingað til.

Það má segja að hér á Alþingi Íslendinga megi finna þrjár meginstefnur í stóriðjumálum með nokkrum blæbrigðum eftir mönnum eins og gengur. Í fyrsta lagi er sú stefna sem hæstv. iðnrh. túlkar og sem felst í því að byggja hér upp stóriðju með meiri hluta eignaraðild erlendra aðila. Sú stefna sem hljóðar upp á sölu úr landi á íslensku vatns- og vinnuafli á spottprís er fyrir mér nánast það sama og að selja sjálfstæði þessarar þjóðar í hendur erlendra aðila. Af slíkum viðskiptum höfum við ríkulega reynslu þar sem eru viðskipti okkar við Alusuisse svo sem alþjóð eru kunn.

Í öðru lagi er sú stefna í stóriðjumálum sem þm. Alþb. túlka hér og sem felur í sér að hér skuli reist stóriðja en með meirihluta eignaraðild Íslendinga. Ég er hæstv. iðnrh. hjartanlega sammála um að þetta er afleit stefna þótt ekki sé að öllu leyti á sömu forsendum. Ég hygg að við séum sama sinnis um að Íslendingar hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa að slíkum fyrirtækjum sjálfir né fái þeir nokkru ráðið á þeim markaði þar sem stóriðjuframleiðsla er seld, eins og reyndar saga járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga tekur af öll tvímæli um.

En svo skilja leiðir okkar hæstv. iðnrh. Á meðan hann og reyndar Alþb.-menn með honum vilja auka enn stóriðjurekstur hér á landi vil ég ekki sjá neinn þungaiðnað hér innanlands og er það þriðja stefnan í stóriðjumálum hér í þinginu.

Ég vil ekki frekari stóriðju hér á landi vegna þess að það þýðir í reynd aukin fjárhagsleg ítök erlendra aðila hér á landi, sem sumir hverjir eru voldugri á alþjóðavettvangi en smáríki á borð við Ísland.

Í öðru lagi hefur stóriðja hér löngum verið rekin með bókfærðu tapi, sbr. járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, þannig að ég sé ekki hver er fjárhagslegur ávinningur af slíkum atvinnurekstri.

Í þriðja lagi er hér um mengandi og náttúruspillandi iðnað að ræða, og væri reyndar nógu fróðlegt að fá að heyra hvernig mengunarvörnum er háttað við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga ef hæstv. iðnrh. getur svarað því með svo stuttum fyrirvara.

Í fjórða lagi þýðir aukin stóriðja enn auknar virkjunarframkvæmdir, en eins og menn vita hefur vegna stóriðjusjónarmiða verið farið of hratt í slíkar framkvæmdir á undanförnum árum eins og erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins sanna.

Í fimmta lagi er sérhvert atvinnutækifæri í þungaiðnaði margfalt dýrara en á öðrum atvinnusviðum, og væri einnig fróðlegt að fá að vita í þessu sambandi nákvæmlega hvað hvert atvinnutækifæri í járnblendiverksmiðj-

unni á Grundartanga hefur hingað til kostað.

Í sjötta lagi eru allar líkur á að aukin stóriðjuuppbygging leiði það af sér að önnur atvinnuuppbygging á Íslandi verði látin sitja á hakanum og það mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Það vita þeir sem vita vilja að stóriðja er gamaldags og úreltur atvinnu- og framleiðslukostur. Öll framsæknustu iðnaðaríki heims eru nú að flytja þungaiðnað sinn úr landi og þau flytja hann til þróunarlandanna og landa eins og Íslands, sem reyndar má færa rök fyrir að flokkist til þróunarlanda frá efnahagslegu sjónarmiði. Ef við Íslendingar ætlum okkur upp úr þeirri einhæfni, sem í dag einkennir efnahagslíf okkar, gerum við það ekki með því að taka hér við erlendri stóriðju, heldur með því að þróa hér innlendan léttiðnað byggðan á okkar eigin vitsmunum og þekkingu, svo að ekki sé minnst á okkar eigin hráefnum. Sem dæmi um slíkan iðnað má nefna rafeindatækni ýmiss konar, líftækni sem mikið hefur verið rætt um undanfarið og tækni við fullvinnslu matvæla. Enn fremur má benda á að við Háskóla Íslands fara fram margvíslegar rannsóknir sem leitt gætu til stórkostlegra möguleika á þessum sviðum. Þessar rannsóknir hafa á undanförnum árum búið við mikið fjársvelti og vil ég í því sambandi taka undir þau orð Halldórs Guðjónssonar kennslustjóra Háskólans, að ef svo haldi áfram sem hefur verið gerum við okkur ekki aðeins seka um dugleysi, heldur einnig um heimsku.

Virðulegi forseti. Konur hafa hvergi komið nærri því rándýra brambolti sem uppbygging stóriðju hér landi hefur verið, þar á meðal bygging járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Það hefur hingað til verið verksvið karla og verður alfarið að skrifast á ábyrgð þeirra fjögurra stjórnmálaflokka sem lengst hafa starfað í landinu. Nú segum við konur hins vegar: Nei. Hingað og ekki lengra. Þetta viljum við ekki.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ekki veit ég í hvaða umboði hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir telur sig geta talað hér fyrir hönd allra kvenna. Ég held að til þess skorti hana umboð. Ég vil benda hv. þm. á að ákvörðun um járnblendiverksmiðjuna stóðu stjórnmálaflokkar þar sem konur starfa. Auðvitað áttu konur aðild að þeirri ákvörðun á sínum tíma í sínum flokkum. Það er nefnilega svo að töluvert margar konur hafa kosið að starfa í hinum eiginlegu stjórnmálaflokkum og berjast þar fyrir framgangi sinna mála án þess að þar sé um þröngt sérsvið að ræða.

En nú langar mig að beina einni spurningu til hv. síðasta ræðumanns: Hvernig vilja Samtök um kvennalista að tekið verði á þeim vanda sem við hefur blasað í sambandi við rekstur málmblendiverksmiðjunnar á Grundartanga? Hvernig vilja Samtök um kvennalista að við þessum vanda sé brugðist? Ég held að öllum sé ljóst að við svo búið gat ekki staðið óbreytt og þá sýnast helst vera þrír kostir til staðar, þ. e. halda öllu áfram óbreyttu og láta það sulla þannig áfram, sem ég tel raunar að hafi ekki verið kostur, fá nýjan aðila inn í rekstur fyrirtækisins, eins og nú er verið að gera og styrkja þannig frambúðarrekstur þess, eða í þriðja lagi að láta loka þessari verksmiðju þar sem vinna eitthvað á annað hundrað manns. Það er ekki hægt að stinga höfðinu í sandinn og segja: Við ætlum ekki að hafa neina skoðun á þessu, bara vera á móti þessu og horfa fram hjá vandanum. Einhvern veginn verður að bregðast við þessu og einhverjar ráðstafanir verður að gera.

Það er alveg ljóst að Samtök um kvennalista berjast mjög hart gegn stóriðju og auðvitað má færa margvísleg rök gegn stóriðju. Það kom mér hins vegar afskaplega mikið á óvart í umr. í Sþ. í vetur þegar einn af þm. Kvennalistans í umr. um fríiðnaðarsvæðið við Keflavíkurflugvöll lýsti sig alfarið á móti þeirri till., sem þó gerði einmitt ráð fyrir, — hv. þm. getur flett upp í þingtíðindum til að skoða þetta, hún lýsti sig andvíga þeirri till., þannig skildi ég hennar mál, — ýmiss konar smáiðnaði, sem á slíku svæði væri hægt að koma á fót. Eru þá Samtök um kvennalista alfarið á móti iðju eða iðnaði? Mér heyrðist það nú ekki á hv. síðasta ræðumanni. Það er greinilegt að í þeirra hópi eru verulega skiptar skoðanir um þetta mál.

Eitt atriði til viðbótar vil ég nefna, sem raunar var beint til hæstv. iðnrh. Það var hvernig væri háttað mengunarvörnum á Grundartanga. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. hefur nokkurn tíma heimsótt þetta fyrirtæki og skoðað hvernig þar er staðið að málum og hvernig reksturinn fer fram og framleiðslan. En ég fullyrði að sá mengunarvarnabúnaður sem þarna er í notkun er hinn fullkomnasti sem til er í nokkurri slíkri verksmiðju í veröldinni. Ef hv. þm. keyrir fyrir Hvalfjörð og horfir til þessarar verksmiðju, sem raunar hefur verið hönnuð með þeim hætti að hún fellur mjög vel að landslaginu og stingur ekki í augu eins og slík mannvirki gera oft, það er óhætt að hrósa þeim arkitektum og verkfræðingum sem þar hafa að staðið, þessi mannvirki fara snoturlega í landslaginu þarna, þá sést ekki reykkorn eða ryksý úr reykháfum verksmiðjunnar. Mengunarvarnir eru þarna mjög fullkomnar og það sem meira er: úr útblæstrinum frá verksmiðjunni eru hreinsuð efni sem síðan eru notuð m. a. til íblöndunar í sement til þess að koma í veg fyrir alkalískemmdir, þannig að það sem áður var til mengunar er nú notað og má sjálfsagt nota til ýmissa annarra hluta. T. d. hafa farið fram tilraunir með að blanda þessu kísilryki í íslenskan leir, Búðardalsleir, og þær munu hafa gefið nokkuð góða raun. Það er auðvitað einfalt að horfa alltaf á neikvæðu hliðarnar.

Það má tína ýmis rök til gegn stóriðju, ég get alveg fallist á það, um það eru skiptar skoðanir, en ég held, ef menn horfa svolítið lengra til baka, að enda þótt sú stóriðja sem hér hefur verið hafi verið mjög umdeild á ýmsu sviði hefur hún átt sinn þátt í að á sínum tíma var ráðist í hagfelldar virkjunarframkvæmdir. Orkusölusamningurinn til álversins á sínum tíma var forsenda Búrfellsvirkjunar og hefur sjálfsagt gert miklu betur en að borga hana upp.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri, en ég vildi gjarnan fá að heyra hvernig þm. Samtaka um kvennalista hugsa sér að bregðast við þessum vanda eða hvort það á alls ekki að bregðast við honum, hvort það eigi að loka fyrirtækinu eða hvað og hvort þær hafa þá gert sér grein fyrir hvað sú aðgerð kostar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Hv. þm. Eiður Guðnason notar hér hvert tækifæri til að undrast málflutning kvenna á Alþingi Íslendinga og finnst mér vera svo komið að ef kona leyfir sér að taka sér orðið „kona“ í munn þá æðrist hv. þm. Þetta er auðvitað hárrétt athugað hjá hv. þm. því að um leið og

konur fara að tala við aðrar konur og síðan á málþingum hvers konar, eins og hv. þm. nefndi hérna síðast þegar við vorum saman á fundi í hv. deild um konur, fer þetta að verða verulega hættulegt fyrir þá hagsmuni sem hv. þm. á að gæta í þessu samfélagi eins og aðrir kynbræður hans.

Hv. þm. var ekki hérna inni í salnum þegar ég gat um grundvöll þess að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. og þótt slíkt hljóti að teljast mikil tilhliðrunarsemi er mér alveg ósárt um að fara með það aftur fyrir hv. þm. Orð mín voru á þessa leið:

Ég gerði grein fyrir því að vandi verksmiðjunnar væri ekki leystur, eins og fram kemur í grg. með frv., og að ljóst væri að almenningur á Íslandi ætti að halda áfram að greiða niður orkuna til þessa fyrirtækis, eins og hann hefur alla tíð gert, og að í kaupbæti mætti íslenskur almenningur eiga von á 5% hækkun á raforkuverði til eigin nota á þessu ári. (Gripið fram í.) Þú heyrðir þetta? — Síðan sagði ég: Á grundvelli þess að í þessu samkomulagi er ekki gerð nokkur einasta tilraun til að hækka raforkuverð til þessa íslensk-erlenda stóriðjufyrirtækis á sama tíma og taka á fé íslenskra skattborgara til að reisa við fjárhag fyrirtækisins, fólks sem hefur greitt margfalt orkuverð á við þann taprekstur sem hér um ræðir og fólks sem má búast við því að taka á sig auknar byrðar í þessum efnum, þá mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Ég tek afstöðu til þessa frv. á grundvelli þess samkomulags sem það byggir á. Þetta samkomulag er ég reyndar búin að gera ítrekaðar tilraunir til þess að fá í hendurnar frá iðnrh. Það hefur ekki gengið. Ég hef ekki fengið það í hendurnar enn í dag. Ef ég hins vegar hefði þetta samkomulag, svo að ekki sé minnst á önnur gögn er varða járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, væri kannske einhver möguleiki á því að forma raunhæfari tillögur um hvað væri hægt að gera. Þessi gögn höfum við einfaldlega alls ekki. Hvað á þá að gera? segir hv. þm. Ég segi: Til þess að menn geti komið með viturlegar uppástungur um það þarf að hafa upplýsingarnar í fyrsta lagi og í öðru lagi tel ég alls ekki fráleitt, sem hér var minnst á áðan, að það gæti verið vænlegur kostur að loka þessari verksmiðju einfaldlega. Þarna eru 300 atvinnutækifæri og það er vissulega töluvert. Þetta eru mjög dýr atvinnutækifæri. Það má vel vera að þetta borgi sig ekki. Þetta er kostur sem ég tel að kæmi vel til álita að athuga. En til þess þurfa menn að hafa þær upplýsingar í höndunum sem nauðsynlegar eru.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er fátt eitt sem gefur mér ástæðu til að auka við þessa umr. Ég tek eftir því að í nál. hv. 4. þm. Vesturl. lætur hann í ljós þann ugg sinn að sameignaraðilarnir Sumitomo og Elkem muni gera bandalag gegn meirihlutaaðilanum og virðist kvíða því að okkar réttindi og hlutur verði fyrir borð borin. Það var og. Hverju skyldi þetta í raun og veru lýsa? Að aðstaða þessara hákarla sé slík að þrátt fyrir að við eigum meiri hluta í fyrirtækinu gætu þeir borið okkar hagsmuni fyrir borð. Það vill nefnilega þannig til að mér er nær að halda að þessir hákarlar, sem ráða og ríkja í þessu hafi stóriðjuhöldanna, muni geta leikið okkur nokkurn veginn eins og þeim sýndist þótt við ættum 100% í fyrirtækinu. Þess vegna er það sem ég hef kosið að hlutur Íslendinga væri sem minnstur af því að við komum aldrei til með að ráða nokkrum sköpuðum hrærandi hlut á þessum markaði þar sem stórfiskarnir ráða í hafinu. Þess vegna er það. En að sínu leyti óttast ég ekki að alþjóðalög um stofnun slíkra fyrirtækja dugi ekki til þess að halda rétti okkar. En við erum alltaf í þessari miklu hættu, að við höfum hætt miklu til í þessu fyrirtæki. Það eigum við helst ekki að gera.

Hv. 4. þm. Vesturl., minni hl. iðnn., segir í áliti sínu á bls. 4 að með samningi þessum sé ekki trygging fyrir sölu á þeirri framleiðslu sem verksmiðjan getur afkastað. Ja, hvað má þá segja um fortíðina? Trygging er fyrir 50 þús. tonna sölu þar sem Elkem hefur með höndum 30 þús. tonn og Sumitomo 20 þús. tonn. Hann hefði átt að vera þar nær sem á lokastigi máls ætluðu samningar að ganga í sundur vegna ágreinings milli þessara fyrirtækja um forgang að sölu 5 þús. tonnanna sem menn gera ráð fyrir að meðaltali að standi út af miðað við almestu afköst árlega. Og yfirleitt vil ég nú halda því fram, af þeirri reynslu sem við höfum af þessum samningum og sér í lagi á lokastigi þeirra, að enginn er annars bróðir í leik. Það sýndi sig að átökin voru afar hörð á milli þessara aðila sem svo mikilla hagsmuna eiga að gæta, sérstaklega í markaðsmálum.

Mér kemur mjög á óvart ef hv. 11. þm. Reykv. hefur ekki fengið að sjá samning þann sem gerður var, vegna þess að ég afhenti hann formanni n., hv. 4. þm. Vestf. Auðvitað hlaut ég að gera svo þrátt fyrir beiðni aðila um að halda honum leyndum af því að þeir telja að það sé að gæta hagsmuna sinna á þessu stigi máls að upplýsa ekki alla þætti samninga. (Gripið fram í.) Nei, auðvitað er það svo. Ég mistók mig að því leyti að hv. þm. á ekki sæti í þessari nefnd. Ég missté mig af því að hv. þm. talaði í málinu, en auðvitað hefði þá legið fyrir minnihlutaálit með andstöðu gegn þessum samningi. — En ég vil benda hv. þm. á að tala við formann iðnn., sem ég fól samninginn í hendur með þeirri yfirlýsingu að til hans gætu þm. snúið sér sem vildu kynnast samningnum sjálfum því að engin hæfa er í að slíkur samningur sé dulinn fyrir hv. þm., enda þeim fulltreystandi fyrir trúnaði í þeim efnum. Áður en 3. umr. fer fram vonast ég því til, og mun reyndar greiða fyrir því sjálfur ef hv. 4. þm. Vestf. er eigi nær, en hann mun vera á erlendri grund sem stendur, en ég skal þá reyna að bæta úr því að hv. þm. fái að kynna sér efni samningsins í trúnaði.

Um mengunarvarnir get ég aðeins tekið undir það sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., Eiði Guðnasyni, að það er fullyrt, — auðvitað er maður leikmaður sem getur ekki dæmt um málið, en það er fullyrt að þarna sé að finna fyrir fullkomnasta mengunarvarnarbúnað sem þekkist. Verksmiðjan er nýjasta verksmiðja sinnar tegundar í veröldinni. Ég átti þess kost á sínum tíma að kynna mér slíkar verksmiðjur í Noregi þar sem þessi virki hafa verið sett upp með mjög miklum kostnaði. Ég vænti þess að þessar yfirlýsingar standist og hef enda ekki ástæðu til þess að vefengja þær.

Ég ætla ekki á þessu stigi máls að setja á tölur um stóriðjuna. Margt má um þau mál segja. Ég vil aðeins taka fram að minn draumur er ekki sá að þetta land verði að mestum hluta háð rekstri slíkra iðjuvera. Ég hef þá trú og þá skoðun að þegar og ef menn ná því sem þeir hafa ætlað sér, um kísilmálm, sem er minni háttar verksmiðja við Reyðarfjörð, um álverksmiðju við Eyjafjörð, stækkun ÍSALs, þá mundum við láta staðar

numið við það um langa framtíð og kannske mjög langa framtíð ef, sem við hljótum að leggja mjög mikla áherslu á, við getum snúið okkur að öðrum iðnaði, eins og til að mynda lífefnaiðnaði og matvælaiðnaði hvers konar þar sem við eigum stórkostlega möguleika fyrir höndum. Það er að mínum dómi hins vegar fljótvirkasta leiðin til að beisla orkuna, sem er undirstaða alls iðnaðar okkar og framtaks yfirleitt, að efna til þessara fyrirtækja og þeirrar framleiðslu sem við nú höfum í huga, fljótvirkasta leiðin, en ef við sjáum okkur önnur færi girnilegri breytum við auðvitað til. En ég mun leggja áherslu á að við hættum sem ninnstu til í rekstrinum og alls þess verði gætt í viðskiptum við erlenda menn sem gæti tryggt okkar hlut sem bestan og styrkastan. Ég vek til að mynda athygli á, sem ég vil ekki dylja neinn að ég muni leggja höfuðáherslu á, aukinni rannsókn á háhita og þá alveg sérstaklega hér í næsta nágrenni við okkur, næsta nágrenni við sjó og samgöngur, sem er háhitinn á Reykjanesi. Ég held að þeir möguleikar sem þar felast í iðrum jarðar, möguleikar á fiskeldi, — sem ég trúi sannarlega að gætu innan skamms tíma, og ég kalla það skamman tíma ef maður hugsar í 1—2 áratugum, brauðfætt eins og hálfa þjóðina, — séu þó iðnaður sem við getum verið sammála um að er lífvænlegur og gefur lífinu mikið gildi, en ekki kaldur málmur eins og þessi stóriðja sem við höfum nú verið að tala um. Það er ekki minnsti vafi á því, eins og náttúruauðæfi okkar að þessu leyti eru girnileg og aðstæður frábærar og framúrskarandi og náttúra okkar hrein og á að vera og verður að vera vegna þessarar iðju einnig, stóriðjunnar, að þarna eigum við slíkra kosta völ að fáir búa við annað eins. Þess vegna er nú að hefjast handa hið allra fyrsta. Þetta verður og á að vera aukageta sem greiðir fyrir því að við náum vopnum okkar í þessum mikilsverðu málum.

Svo vil ég að lokum þakka hv. iðnn. fyrir skjótvirka afgreiðslu þessa mikilsverða máls.

Forseti (Stefán Benediktsson): Í tilefni þeirra orða sem hér hafa fallið um rétt manna til setu í nefndum og aðgang að skjölum verður að upplýsa að þó að þingstörf á Alþingi Íslendinga séu kannske ekki eins opin og þau hugsanlega gætu verið eiga þeir þingflokkar sem ekki eiga aðild að nefndum hvorrar deildar um sig rétt á áheyrnaraðild, sem þeir e. t. v. geta oft ekki nýtt sér, og skjöl allra nefnda eru þm. aðgengileg til þess að þeir geti skoðað þau og aflað sér þeirra upplýsinga sem þeir kunna að eiga þörf á hverju sinni.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég vil taka undir flest af því sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér í sambandi við stóriðju og þá þróun atvinnumála sem þm. fjallaði um í ræðu sinni. Ég tek undir það að stóriðja er úreltur atvinnuvegur og ég þakka henni fyrir að hún tók undir það sem ég benti á í ræðu minni við 1. umr. þessa máls, að það væri á því sérstök skýring að Japanar væru komnir hingað, þ. e. sú að þeir væru að fjarlægjast stóriðjuna og auka léttaiðnað í sínu landi og væru að nýta okkur sem þróunarland.

Á hinn bóginn get ég ekki á móti því borið að mér þótti það nokkuð yfirlæti þegar hún lýsti því yfir að nú væru konur komnar á vettvang til að standa gegn því að þessi atvinnuþróun ætti sér stað hér á landi og að ábyrgð þeirra mála fram á þennan dag hvíldi á fjórum flokkum, hinum gömlu flokkum. Ég vil nú frábiðja Alþb. þann félagsskap og undirstrika að við Alþb.-menn höfum staðið gegn þeirri atvinnuuppbyggingu sem hefur byggst á stóriðju. Við stóðum gegn þessu fyrirtæki þó að við í dag viðurkennum að það sé orðinn þáttur í atvinnurekstri okkar og undan því verði ekki skorast að standa að því að láta þann rekstur halda áfram til þess að þjóðin verði ekki fyrir enn meiri skaða af þessu fyrirtæki en orðið er.

Í því tilefni gagnrýni ég þá skoðun þm. að hún taldi að það væri farsælasti kosturinn í dag að loka þessu fyrirtæki. Ég held að hún hafi ekki gert upp dæmið til fullnustu þegar hún tók sér þá skoðun vegna þess að það er ekki aðeins sá hópur starfsmanna sem er bundinn þessu fyrirtæki sem við þurfum þá að útvega ný atvinnutækifæri heldur þurfum við einnig að greiða þær skuldir sem á fyrirtækinu hvíla og ekki aðeins á fyrirtækinu heldur á þeim orkustofnunum sem sjá fyrirtækinu fyrir orku. Það eru ekki neinir smápeningar og mundu verða teknir einnig úr vasa skattborgara ef ætti að fara að stöðva þetta fyrirtæki nú.

En hún nefndi einnig mengunarvarnir á Grundartanga. Það hafa fleiri fengist við að andæfa gegn uppbyggingu stóriðju á Íslandi og þessu fyrirtæki en þær ágætu konur sem skipa Kvennalistann og standa að þeim lista. Ég var stoltur yfir því þegar ég fór með iðnaðarnefndum Alþingis um verksmiðjuna á Grundartanga takandi eftir því, eins og hv. þm. Eiður Guðnason benti hér á áðan, að umhverfi hennar allt var mjög snyrtilegt og þar sást varla reykur úr ofni. Forstjóri verksmiðjunnar staðfesti að m. a. og kannske sérstaklega vegna þess að það hefði verið haldið uppi sérstöku andófi gegn þessari verksmiðju og skörp umræða verið um hvernig yrði búið að mengunarvörnum þarna, þá væri þessi verksmiðja nú fyrirmyndarverksmiðja. Þá voru ekki komnar til kvennalistakonur til þess að berjast fyrir þessu máli. Það gerðu fyrst og fremst Alþb.-menn með miklum stuðningi annarra íbúa þess byggðarlags sem verksmiðjan er staðsett í.

Hæstv. ráðh. sagði að hans skoðun væri sú að æskilegt væri að erlend stórfyrirtæki ættu 100% í þessu fyrirtæki. Sú skoðun breytir ekki þeirri staðreynd að uppbygging þessa fyrirtækis nú, að þarna eru komnir tveir aðilar á móti ríkismeirihlutanum, bendir til þess að þeir hafi skapað sér nokkuð sterka samningsaðstöðu gagnvart okkar eignarhluta. En það er ekki vegna þess að eignarhluturinn skiptist svona. Það er vegna þess að upphafssamningarnir við Elkem voru það slappir að út frá þeim samningum geta þessir aðilar gert bandalag og hafa gert bandalag, eins og t. d. í sambandi við tæknikostnaðinn. Á hinn bóginn benti ráðh. líka á að ég nefndi í mínu nál. að ekki væri trygging fyrir sölu á fullri framleiðslu verksmiðjunnar, en það hafi ekki verið betra í fyrri samningum. Það er alveg rétt. Við stöndum þarna einmitt frammi fyrir því að fyrri samningar gáfu okkur ekki möguleika til þess. Þá höfðum við ekki tryggingu fyrir því að selja alla framleiðslu verksmiðjunnar. Þessir gera það ekki heldur.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni, vegna þess sem hér var getið um áðan varðandi málsmeðferð og hverjir ættu setu í iðnn. og hverjir ekki, þá er mér ekki kunnugt um það sem varaformanni nefndarinnar að hv. þm. Sigríður Dúna

Kristmundsdóttir hafi leitað eftir upplýsingum úr iðnn. Eins og ég gat um fyrst taldi ég rétt að taka þetta sérstaklega fram. Mér var falið sem varaformanni n. að mæla fyrir því nál. sem þessar umr. hafa spunnist út af. Hitt er annað, eins og hér hefur komið fram, að auðvitað hafa þeir þingflokkar sem ekki eiga seturétt í nefndum heimildir til að fara fram á að eiga áheyrnarfulltrúa á nefndafundum og ég veit ekki betur en það sé alltaf fúslega veitt þegar eftir því er leitað. Að gefnu tilefni vildi ég taka þetta fram.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Að gefnu tilefni vegna umr. um skort á upplýsingastreymi til þm., sem hér hafa orðið, vil ég upplýsa hv. deild um að ég fól starfsmanni þingflokks Kvennalista að nálgast umrætt samkomulag í iðnrn. og það bar því miður ekki árangur.

Um áheyrnaraðild og aðgang að nefndum er mér fullkunnugt.

Ég hef aðeins leyfi til að gera örstutta aths. og vil ég því bæta við mál mitt að það er ekki rétt, sem fram kom í máli hv. þm. Skúla Alexanderssonar, að ég hafi sagt að vænlegasti kosturinn væri að loka verksmiðjunni. Ég sagði að þegar öll gögn lægju fyrir væri það kostur sem mætti athuga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. 256. mál (þskj. 677 (sbr. 473), n. 751). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Eins og fram kemur gerði Nd.-nefndin smávægilegar breytingar á þessu frv. Raunar varða breytingarnar báðar 1. gr.

Í fyrsta lagi er gerð breyting á 3. lið 1. gr. Þar standi „svæðisnefnd" í stað svæðisstjórnar.

Önnur brtt., sem gerð var í Nd., varðar 6. liðinn. Þar standi „sveitarstjórnum" í stað svæðisstjórna, sem á nú líklega að vera: svæðisnefnda: — Heimilt er sveitarstjórnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald o. s. frv.

Þessar breytingar eru trúlega gerðar svo að ekki sé verið að stofna til sérstaks innheimtuapparats í þessu tilviki heldur innheimti sveitarstjórnir það gjald sem hér er gerð tillaga um að heimilað verði að innheimta.

Um aðrar greinar frv. er ekki ástæða til að fara mörgum orðum. Ég vildi þó hlaupa yfir þær í örskömmu máli.

1. gr. frv. er í meginatriðum um að kveðið er á um heimildir fyrir sveitarstjórnir, eins og þetta er orðið núna, til gjaldtöku af eftirlitsskyldri starfsemi.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að Geislavarnir ríkisins verði sérstök deild innan stofnunarinnar.

3., 4., 5. og 6. gr. leiðir raunar af því að Geislavarnir ríkisins eru orðnar að sérstakri deild innan Hollustuverndar.

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins sé ekki skylt að annast aðrar rannsóknir en þær sem hún getur sjálf annast nema til komi sérstakar fjárveitingar á fjárl.

8. gr. frv. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu, að svo miklu leyti sem stofnuninni er ekki kleift að annast þær og fé er veitt til þess í fjárlögum".

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Það er í sjálfu sér einfalt að allri gerð.

Heilbr.- og trn. leggur til einróma að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 81. fundur.

Mánudaginn 7. maí, að loknum fundi í Sþ.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseta Nd. hefur borist svofellt bréf:

„Vegna forfalla Péturs Sigurðssonar, 12. þm. Reykv., sem dvelja mun á sjúkrahúsi næstu vikur, er þess óskað með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi."

Þetta undirritar Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna.

Ég býð Guðmund H. Garðarsson velkominn til starfa, en kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað og hefur hann setið fyrr á þessu þingi. Einnig býð ég velkomna til setu í Nd. þá hv. þm. sem nú hafa tekið hér sæti, en rannsókn kjörbréfa þeirra fór fram í Sþ.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. 340. mál (þskj. 736). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 88, n. 701, 702). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. Nd. um 83. mál, sem er frv. til lögræðislaga. Nál. er prentað á þskj. 701. Nefndin varð sammála um þetta nál. og einnig sammála um brtt. sem

dreift hefur verið og eru prentaðar á þskj. 702.

Hér er um að ræða frv. sem samþykkt hafði verið í Ed. óbreytt, en allshn. Nd. gerir till. um breytingu á þremur greinum frv. Efnislega er hér raunverulega um sömu breytingarnar að ræða. Þær felast fyrst og fremst í því að í 17. gr. frv., eins og það liggur fyrir og eins og það kom frá Ed., er gert ráð fyrir að á vegum dómsmrn. skuli starfa trúnaðarlæknir sem rn. geti leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til vistunar manns á sjúkrastofnun eða hæli. Frv. gerir ráð fyrir að um slíka tímabundna vistun geti verið að ræða án samþykkis hlutaðeigandi, allt að 15 dögum, án þess að á þeim fresti komi til sjálfræðis- eða fjárræðissvipting, lögræðissvipting jafnvel. Nefndin gerir þá breytingu við þetta ákvæði og þá tilsvarandi breytingar á tveimur öðrum greinum frv. sem leiða af þessari breytingu við 17. gr., þ. e. á 9. gr. og 18. gr., að í stað þess að hér starfi að þessum málum til ráðuneytis dómsmrn. aðeins einn trúnaðarlæknir verði hér sett á laggirnar sérstök nefnd, þ. e. trúnaðarnefnd dómsmrn., sem annast það hlutverk og þau störf sem frv. gerir ráð fyrir að trúnaðarlæknirinn einn gegni. Trúnaðarnefnd þessi skal fjalla um alla úrskurði um fjárræðis-og lögræðissviptingu sem fallið hafa á grundvelli 3. gr.

Jafnframt starfar þessi trúnaðarnefnd á þann veg að dómsmrn. leitar umsagnar hjá trúnaðarnefndinni þegar þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna skv. ákvæðum 13. gr. Dómsmrn. skal tilkynna trúnaðarnefndinni þegar heimild hefur verið veitt til vistunar og skal trúnaðarnefndin einnig kanna ástand og aðstæður sjúklings er dvelst á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun gegn vilja sínum svo fljótt sem auðið er og eigi seinna en innan viku frá innlagningu.

Það má segja að þetta sé meginefni breytinganna. Í þessari trúnaðarnefnd skulu eiga sæti lögmaður, sem er formaður nefndarinnar, geðlæknir og einn fulltrúi hins almenna borgara. Varamenn séu jafnmargir. Það er dómsmrh. sem skipar í þessa nefnd.

Meginrökin til þess að nefndin varð sammála um þessa breytingu frá frv. eru þau, að með þessu er talið að hagsmunum þess sem úrskurðaður er til vistunar gegn vilja sínum sé betur borgið og frekari stoðum skotið undir réttröryggið á þessu sviði en ef þarna væri aðeins um einn lækni að ræða. Hér er um það að ræða að í nefndinni á sæti fulltrúi frá leikmönnum, eins og það er orðað, ekki eingöngu læknir eða lögmaður, og hlutverk nefndarinnar er að láta í ljós álit um vistun. Jafnframt að kanna jafnan ástand og aðstæður sjúklings sem dvelst á sjúkrahúsi gegn vilja sínum svo fljótt sem auðið er og alla vega ekki seinna en innan viku frá innlagningu. Þetta er vitanlega gert sérstaklega með hagsmuni sjúklingsins í huga, en hér er oft um vandasöm og erfið mál að ræða.

Ég vil geta þess jafnframt að þessi háttur er í þessum efnum hafður á á hinum Norðurlöndunum og eftir upplýsingum sem nefndin aflaði sér — hún átti viðræður við marga aðila og ræddi þetta mál á mörgum fundum — hefur slíkt nefndarfyrirkomulag gefist ágætlega vel á Norðurlöndum þar sem þegar er nokkur reynsla komin á það. Um þessar breytingar var allshn. alveg sammála eins og þær liggja hér fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 702,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 702,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 702,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
20.—24. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
25.—41. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sala eyðijarðarinnar Írafells í Lýtingsstaðahreppi, frv. 258. mál (þskj. 477, n. 740). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. Nd. hefur fjallað um þetta mál og sent það til umsagnar til Landnáms ríkisins, sem mælir með því að þessi sala verði heimiluð. Þetta er jörð sem hefur lengi verið í eyði og það er farið fram á að heimila að selja Lýtingsstaðahreppi þessa eyðijörð.

Á þskj. 740 mælir landbn. með því að frv. verði samþ. óbreytt. Hv. þm. Jón Baldvin Hannnibalsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Sala ríkisjarðarinnar Selárdals, frv. 266. mál (þskj. 500, n. 739). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er um að heimila ríkisstj. að selja Suðureyrarhreppi ríkisjörðina Selárdal, Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Þessi jörð er að sögn Landnámsins búin að vera í eyði í 39 ár. Telur landbn. eðlilegt að verða við þessari beiðni og eins og sést á þskj. 739 er það einróma lagt til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Sala kristfjárjarðarinnar Ytra-Vallholts, frv. 277. mál (þskj. 531, n. 741). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er um að ríkisstj. sé heimilt að selja Hafsteini Lúð-

víkssyni kristfjárjörðina Ytra-Vallholt í Seyluhreppi í Skagafirði. 1. flm. þessa frv. ræddi þetta mál mjög skilmerkilega á fundi í Nd., þannig að ég sé ekki ástæðu til að ræða það mál frekar að öðru leyti en því að það kom fram í máli hans að sá sem óskar eftir að fá að kaupa jörðina á allar framkvæmdir í ræktun og byggingum á jörðinni og kristfjársjóður mundi ekki hafa bolmagn til þess, ef bóndinn hætti búskap þarna, að kaupa mannvirkin.

Það má geta þess að fyrrverandi prófastur í Skagafjarðarprófastdæmi hefur undirritað umsögn bæði hreppsnefndar í Seyluhreppi og enn fremur umsögn jarðanefndar þar sem er lagt til að við þessari beiðni verði orðið.

Eins og fram kemur í nál. 741 mælir landbrn. einróma með því að þessi sala verði heimiluð, frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það gerist nú orðið nokkuð algengt hér á hv. Alþingi að fjallað sé um sölu á ríkisjörðum. Ríkisjarðir eru auðvitað eign þjóðarinnar og það hlýtur að þurfa að athuga mjög vandlega hvort selja á slíka eign hverju sinni. Ég treysti því að landbn. geri slíkt. Ég vil hins vegar láta þess getið að ég hef iðulega látið það vera að greiða atkv. með frv. um sölu á þessum jörðum.

Hér er um að ræða miklu meira mál en menn vilja kannske vera láta, en þessi mál eru oft meðhöndluð sem smærri mál í þinginu. Um þessi mál hafa þó farið fram verulegar umr. oft. Stundum snerta þær sjálf grundvallaratriði stjórnskipunarinnar, þ. e. það ákvæði stjórnarskrárinnar sem lýtur að hinum heilaga eignarrétti sem menn kannast við. Ég dreg ekki í efa þarfir bóndans og réttmæti þess að Hafsteinn Lúðvíksson fái jörðina Ytra-Vallholt, Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu og ég er ekki sérstaklega að leggja til flm. þessa frv., hv. þm. Pálma Jónssonar, Páls Péturssonar og Stefáns Guðmundssonar.

Það vill svo til að þetta er í fyrsta sinn sem hér kemur á dagskrá til 2. umr. mál af þessu tagi, um að selja kristjfárjörð, um alllangan tíma. Í tilefni af því hef ég borið fram til hæstv. dóms- og kirkjumrh. fsp. um fjölda kristfjárjarða og vænti ég þess að hann svari þeirri fsp. næstu daga.

En það er óljóst að mínu mati hvar kristfjárjarðir eru vistaðar í okkar stjórnkerfi, hvort þær heyra undir dóms- og kirkjumrh. eða hvort þær heyra undir landbrh. eða jafnvel félmrh. Fyrir 30 árum fór fram mjög ítarleg umr. hér á hv. Alþingi um kristfjárjarðir og stöðu þeirra því að það voru uppi hugmyndir um það þá að ríkið eignaðist allar þessar jarðir. Í tilefni af þeirri umr. gerði félmrn. einmitt úttekt á kristfjárjörðum og birti yfirlit yfir þær, sem unnt er að finna í þingtíðindum. Það er ítarleg skýrsla upp á sennilega einar 100 síður í broti Alþingistíðinda þar sem greint er frá hverri kristfjárjörð fyrir sig og því hvaða ástæður lágu til þess að þessar jarðir voru gefnar á sínum tíma. Hæstv. ríkisstj. á þeim tíma gerði tilraun til þess að eignast þessar jarðir þá, þannig að ríkið ætti þær. Þetta mál stöðvaðist hér í þinginu. Páv. ríkisstj. treysti sér ekki til að koma málinu hér í gegn og var það þó flutt og mjög fyrir því mælt af páv. félmrh. og forsrh., Steingrími Steinþórssyni.

Nú gerist það á nýjan leik að hér er komin upp hugmynd um sölu á kristfjárjörð. Og ég tel ástæðu til að minna af því tilefni á tvö grundvallaratriði í sambandi við kristfjárjarðir.

Í fyrsta lagi eru þær gefnar Kristi til þess að vera ævinlega kristfé, eins og segir yfirleitt í gjafabréfum þessara jarða. Gjafabréfið fyrir þessari jörð, sem birt er í Lovsamling for Island I, bls. 508—509, er birt í heild í grg. frv. Þar segir í 2. mgr. nákvæmlega þetta:

„Skal jörðin, með kúgildunum og öllu því sem henni með réttu tilheyrir, vera ævinlega kristfé héðan í frá."

Þetta er það sem segir númer eitt. Það er ákveðið í gjafabréfinu, undirrituðu af heilögum Þorláki biskupi, að þetta skuli vera ævinlega kristfé — og ævinlega þýðir alltaf. En í öðru lagi segir í þessu gjafabréfi, sem skiptir ekki minna máli eftir þá setningu sem ég var að lesa, — og nú les ég setninguna aftur:

„Skal jörðin, með kúgildunum og öllu því sem henni með réttu tilheyrir vera ævinlega kristfé héðan í frá." Síðan segir: „En það skil ég til, að fátækar, munaðarlausar ekkjur og föðurlaus börn, sem helst eru þurfandi í Norðlendinga fjórðungi, einkum Hegraness þingi, hafi not af jörðinni."

M. ö. o. hér er jörðin gefin til þess að vera eins konar stofnsjóður Kristi og arðurinn af þessum stofnsjóði á að renna til fátækra ekkna og munaðarlausra í Norðlendingafjórðungi, einkum í Hegranesþingi. Af þessu tilefni væri fróðlegt að velta því fyrir sér hvernig afgjöldum af þessari jörð hefur verið varið á undanförnum áratugum og öldum til ekkna og munaðarleysingja í Norðlendingafjórðungi, einkum í Hegranesþingi. Ég tel að það sé skylda stjórnvalda að grafast fyrir um hvernig þeim málum er háttað og ég vil láta hæstv. dóms- og kirkjumrh. vita af því áður en umr. um kristfjárjarðir fara hér fram, annaðhvort á þriðjudaginn kemur eða eftir viku, að ég mun spyrja hann sérstaklega um hvernig afgjöldum af kristfjárjörðum hefur verið varið. Hverjir hafa fengið tekjur af kristfjárjörðum? Hafa það verið ekkjur og munaðarlausir, eins og gjarnan er tekið fram í gjafabréfum, eða með hvaða hætti hefur þessum tekjum verið varið og hvað eru þær miklar?

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir því að staða kristfjárjarða er allt önnur en staða ríkisjarða. Þess vegna er í rauninni algjörlega fráleitt að afgreiða þær alveg á nákvæmlega sama hátt og um venjulega ríkiseign væri að ræða. Hér er ekki um ríkiseign að ræða skv. gjafabréfum. Hins vegar hafa hv. flm. bent á það, sem er skynsamlegt, að með söluandvirði þessarar jarðar skuli farið með sérstökum hætti. Þannig hafa þeir í rauninni viðurkennt stöðu kristfjárjarðanna og að hún er allt önnur en staða ríkisjarðanna.

Í þessum efnum má minna á að fyrir nokkru var til meðferðar sala á kristfjárjörðum í tengslum við land undir kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði. Þá var á það stefnt og tekin um það ákvörðun, að ég best man, að tekjur af þeirri sölu rynnu til málefna aldraðra á Eskifirði og Reyðarfirði og í Helgustaðahreppi. Hér var sem sagt um að ræða ákveðna stefnumótun varðandi það þegar sala á kristfjárjörðum ætti sér stað. Ég held að hér hafi út af fyrir sig verið um skynsamlega stefnumótun að ræða. En ég held að það sé alveg fráleitt fyrir Alþingi að umgangast grundvallaratriði eins og þetta frv. snertir rétt eins og hér sé um að ræða

mál af smæstu stúku sem ekki þurfi að eyða neinni sérstakri umr. í.

Ég held að það sé nauðsynlegt að staða kristfjárjarðanna verði skýrð. Ég er ekki kominn hér til að taka upp málflutning fyrir þá sem afgjalds áttu að njóta af jörðinni né fyrir eiganda hennar sérstaklega. Ég er kominn hérna upp til að vekja athygli á því að hér er um að ræða mál sem snertir grundvallaratriði í okkar stjórnskipun og stjórnkerfi og er útilokað að láta fara fram hjá sér eins og ekkert sé.

Ég endurtek að ég er hér ekki að leggja til hv. flm. frv. og það er kannske nánast tilviljun að það er einmitt þetta frv. en ekki eitthvað annað sem er hér á dagskrá vegna þess að iðulega eru að fara hér í gegn frv. um sölu á ýmsum jörðum. En ég taldi rétt, herra forseti, að víkja að nauðsyn þess að staða kristfjárjarðanna í stjórnkerfinu verði skýrð, þeirra allra, áður en lengra er gengið í því að selja þessar eignir.

Í umr. um málið á Alþingi 1952 var spurt: Hefur ríkið, hefur Alþingi rétt til að samþykkja sölu þessara jarða? Getur þingið samþykkt slíka jarðasölu? Það var á þessari spurningu sem sala kristfjárjarðanna til ríkisins á sínum tíma strandaði vegna þess að menn voru ekki vissir um að Alþingi gæti tekið ákvörðun um að flytja þessar kristfjárjarðir þannig yfir í beint eignarhald ríkisins.

Þetta þótti mér nauðsynlegt að nefna hér, herra forseti.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það væri ástæða til að flytja langt mál og vitna í marga lærða menn í sambandi við þetta frv. til l. um heimild til að selja kristfjárjörðina Ytra-Vallholt í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu. Flm. eru Pálmi Jónsson, Páll Pétursson og Stefán Guðmundsson. Gárungar hafa kallað þetta frv.: Þingmálið: þrír framsóknarmenn gegn Kristi. En sleppum slíku.

Ég vil geta þess að grg. 1. flm. Pálma Jónssonar er ákaflega heiðarleg og vel unnin og hann er þar engu að leyna. Hann getur gjafabréfsins og birtir það. Þetta er ákaflega merkileg íslensk heimild. Ég tek það fram líka að ég vil ekkert vera að leggjast gegn þeim bónda sem þarna býr, enda óþarfi. Hv. þm. Pálmi Jónsson hefur farið um hann viðurkenningarorðum. Ég býst við að hv. þm. Ragnar Arnalds geri það líka í Ed. Það er háttur þeirra dreifbýlismanna að fara lofsamlegum orðum um einhverja ákveðna bændur, birta það í þingtíðindum og senda þeim. Við skulum fyrirgefa þeim það, ekki stríðir það á móti þingsköpum eða lögum.

En þessi gróna íslenska sögulega hefð um kristfjárjarðir. Það er eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni: Hver er réttarleg staða þeirra? Væri nú eiginlega nær að hv. 2. þm. Reykn., prófessor Gunnar Schram, væri hér lagaskýrandi. Staða kristfjárjarða er ákaflega þjóðlegt, sérstakt íslenskt fyrirbæri. Ég hef hér undir höndum gögn sem fjalla um kristfjárjörð. Þar segir í gjafabréfi: „til fullkomlegrar og ævinlegrar eignar og nota af voluðum og fátækum í þrem sýslum, Barðastranda-, Ísafjarðar- og Stranda.“

Síðan segir viðkomandi lögfræðingur, sem var nú sérfræðingur ríkisins í landamæraþrætum og gerðamálum og vitnar þar í gamlan ágreining: „sem sýnir að hvorki konungur, kirkja eða hreppar eru eigendur í lagalegum skilningi, heldur eiga jarðirnar sig sjálfar, ef svo má segja sjálfseignarstofnun. Eigandinn er Kristur,“ segir hann svo. Það má líka geta þess að fyrir utan það sem félmrn. hefur dregið saman er ákaflega fróðleg og ítarleg grein sem prófessor Guðbrandur heitinn Jónsson hefur skrifað um kristfjárjarðir.

Væri nú ekki ástæða til að staða þessara jarða væri athuguð og settar væru ákveðnar reglur og lög um takmarkanir, þannig að einhverjir hentistefnuþingmenn — þar hef ég ekki þessa þrjá flm. í huga — geti ekki til að afla fylgis í viðkomandi kjördæmi tekið kristfjárjörð, sem gefin var kannske fjórtán hundruð og eitthvað — konungur rændi meiri hlutanum af þessum jörðum við siðaskiptin — og sagt: Ég held að ég bjargi því á Alþingi að koma jörðinni til þín? Ég held að hefðir séu ákaflega merkilegur þáttur í íslenskri jarðaeign, sem þurfi að fjalla um ítarlegar en eftir hentistefnu einstakra þm. hverju sinni.

Ég tek undir með 3. þm. Reykv. Ég er ekki að veitast að flm. og til að taka mesta glansinn af ummælum frsm., þá er það sjálfsagt rétt að það er mætur og gegn bóndi sem býr á þessari jörð. — Þetta kemur þá líka í þingtíðindi. — En að það sé verið að ráðskast með sögulega hluti, sem eru gífurlega mikið lagaþrætumál, um réttarstöðu þessara jarða og meðferð alla, tel ég afleitt. Og ég tek undir ummæli 3. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, að þegar fsp. hans og hv. þm. Guðmundur Einarssonar kemur hér á dagskrá held ég að upp úr þeim umr. þyrfti annaðhvort að kjósa nefnd eða velja til þess sérhæfða menn eða mann að koma þessu í eitthvert ákveðið form. Þetta á ekki að vera skiptimynt frambjóðenda í einstökum kjördæmum. Við eigum að bera virðingu fyrir íslenskri sögu og íslenskum hefðum. Það er ekki þar með sagt að þarna sé um slæma hluti að ræða, en þessi hentistefnupólitík dreifbýlismanna hefur mér lengi óað.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna umr. sem hér hefur farið fram.

Ég vil segja það út af orðum hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar að frv. þetta er ekki flutt sem skiptimynt í einhverjum kaupskap heldur er þetta frv. flutt vegna þess að við flm. teljum að rétt og eðlilegt sé að það nái fram að ganga.

Annað sem hv. þm. sagði — og skal ég þá ekki fara fleiri orðum um ræðu hans — var að þessi mál þyrftu athugunar við í það heila tekið. Ég tek undir það og ég hygg að slík athugun sé í gangi og til hennar hafi verið stofnað af fyrrv. dóms- og kirkjumrh. Friðjóni Þórðarsyni.

En það voru nokkur atriði sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi í sinni ræðu sem skipta máli í sambandi við mál af þessu tagi.

Það er hárrétt, sem hann sagði, að sala kristfjárjarða er í rauninni allt annað mál en sala venjulegra ríkisjarða. Kristfjárjarðir eru yfirleitt gefnar með gjafabréfi. En í máli hans komu fram efasemdir um hver hefði heimildir til að selja slíkar jarðir. Í grg. þessa frv. er einungis vitnað til tveggja fordæma úr sögu Alþingis, frá 6. og 7. áratugnum, þar sem Alþingi hefur talið sig hafa heimildir til að leyfa sölu á slíkum jörðum. Með lögum er þá verið að upphefja ákvæði gjafabréfs. Áður en Ísland varð lýðveldi kom það margsinnis fyrir að leitað var til konungs um slík leyfi sem fengust mjög mörg, að því að ég hef séð í rituðum heimildum.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði einnig að sala ríkisjarða þyrfti athugunar við þar sem þar væri verið að selja eignir ríkisins. Ég tel að slík athugun fari fram hverju sinni, en það má benda á að ég hygg að ríkisjarðir séu einhvers staðar nálægt 800 talsins og að hagsmunir ríkisins muni vera sæmilega tryggðir þó svo að seldar séu nokkrar jarðir á hverju ári. Ríkið eignast annað veifið aðrar jarðir í staðinn.

Varðandi meðferð þessa máls að öðru leyti hefur þetta frv. að verulegu leyti verið undirbúið af lögfræðingum úr stjórnarráðinu og allir þættir þess athugaðir gaumgæfilega. Ég tel að eðlilegt sé að ef heimildin verður notuð fari sala fram undir forsjá dóms- og kirkjumrn. og, eins og segir í frv. sjálfu í lagatexta, að andvirði jarðarinnar verði ráðstafað að höfðu samráði við biskup í samræmi við ákvæði gjafabréfsins. Ég hef rætt þetta mál við biskup og sömuleiðis hefur ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumrn. rætt það við biskup. Ég hygg að það sé enginn vafi á að þannig verði staðið að framkvæmd málsins.

Ég hlýt að minna þá hv. þm. sem hér hafa tekið til máls á að frá 1693, þegar þetta gjafabréf er gefið út, hafa orðið gífurlegar þjóðlífsbyltingar á Íslandi og það sem þá var gert er ekki endilega víst að standa skuli um aldur og ævi, svo miklar breytingar hafa gerst á Íslandi á nærri því þremur öldum. Og það er nokkurn veginn vissa fyrir því að fátækar ekkjur og munaðarlaus börn í Hegranesþingi muni ekki bera skarðan hlut þó að þessi sala fari fram vegna þess að það verður ábyggilega tryggilega frá því gengið að ráðstafa andvirði þessarar jarðar í samræmi við gjafabréfið eins og mögulegt er og fært þykir.

Ég held að ekki sé ástæða til að fara um þetta efni fleiri orðum. Aðeins ítreka það, sem fram kom í máli frsm. nefndarinnar, að það er auðvitað mjög sterkt innlegg í þetta mál að fyrrverandi prófastur í Skagafjarðarsýslu, sem fer með yfirumsjón á þessari kristfjárjörð í umboði biskups og hefur gert um áratugi, séra Gunnar Gíslason, fyrrv. alþm., undirritar meðmæli hreppsnefndar og jarðanefndar, en séra Gunnar Gíslason á sæti í báðum þessum nefndum. Um leið og hið veraldlega vald mælir með því að Alþingi heimili slíka sölu mælir einnig fulltrúi hins geistlega valds, heima í héraði, með málinu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hygg að það gæti orðið dálítið erfitt mál gagnvart framtíðinni ef það verður vafaatriði hvort lifendur hafa rétt til að ráðstafa landi á þessari jörð og í þessu landi eða hvort hinir látnu geti gengið svo frá málum að þar sé óhagganlegt.

Ég vil víkja að því að hugsanlegt er að gefa fleirum jarðir en Kristi. Það hefði alveg eins mátt gefa jörðina þeim í neðra með ákveðnum skilmálum og setja þar af leiðandi upp gjafabréf. Hitt væri spurning, hvort menn hefðu fundið umboðsmann til að taka við og sjá um afrakstur. En það hygg ég að fari ekki milli mála að menn hefðu orðið tregir til að una slíku gjafabréfi og fara eftir því, jafnvel þó að löglega væri frá gengið hvað skjalapappír og votta áhrærir.

Það er einnig vitað að við höfum talið eðlilegt að ríkið leysti til sín eignir þegar það teldi að almannaheill krefði og kæmi fullt verð fyrir. Mér sýnist að ýmis gjafabréf, sem undirrituð hafa verið og hafa ráðstafað landi, skapi veruleg vandkvæði. Ég vil nefna t. d. jörðina Skóga í Þorskafirði sem var gefin sértrúarsöfnuði. Ég hygg að tímabært sé að sett verði lög, annað hvort stjórnskipunarlög eða að það verði sett inn í stjórnarskrá landsins, um að ávallt verði annað hvort sveitarstjórnum eða ríkisvaldinu heimilt að leysa til sín land undir slíkum kringumstæðum og láta fullt verð fyrir.

Eitt er víst, að ég hefði ekki áhuga á að búa í því landi þar sem hinir látnu væru búnir að ráðstafa landssvæðinu öllu og spurning hvað ferðafrelsi og almenna starfsemi áhrærði gagnvart lifendum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég talaði í þessu máli við 1. umr. þess og ætla að bæta nokkrum orðum við þar sem hér hefur komið fram að það mál sem síðast var um fjallað og varðaði kristfjárjarðir hér á hv. Alþingi voru þrjár jarðir í núverandi Reyðarfjarðarhreppi, sem samþykktir voru gerðar um þegar fjallað var um frv. til l. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Það hefur þegar verið nefnt að þar var tekin afstaða til þess hvernig með skyldi fara afgjald eða söluandvirði þessara jarða, og er það í fullu samræmi við þær hugmyndir sem lágu fyrir, meðan þær voru í reynd meðhöndlaðar sem kristfjárjarðir. En gjafabréf fyrir þessum jörðum eru týnd, lágu ekki fyrir, og afgjald hafði ekki verið innheimt frá því snemma á þessari öld. Það lagðist síðan niður og umsjá jarðanna virðist hafa farið í svipaðan farveg og ríkisjarða.

En ég vil taka undir það mjög eindregið, að þessi mál þurfa heildarskoðunar við. Væntanlega verður þessi umr. til þess að slík athugun fari fram svo og það sem fram kann að koma þegar hæstv. dómsmrh. svarar fsp. um kristfjárjarðir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Um mál þetta hafa orðið nokkuð langar umræður og er það að vonum. Það er nefnilega oft svo að það ríkir töluverð óvissa um eignarhald jarða.

Vitanlega er það svo, að þegar einhver ráðstafar eignum sínum eftir sinn dag er það fyrst og fremst vilji arfláta sem á að ráða. Það er að sjálfsögðu meginreglan.

Í fornum heimildum og nýjum eru fjölmörg ákvæði og yfirlýsingar um þessi efni. Ef maður grípur niður af handahófi, þá segir svo um Þórð kakala þegar hann kom „róstunum úr“ á 13. öld að hann gaf jörðina Skógtjörn á Álftanesi fyrir sálu föður síns og móður. Ekki veit ég meira um þessa jörð né hver á hana nú.

Hv. 7. þm. Reykv. tók svo til orða um einhverja jörð: Eigandinn er Kristur. Mig minnir að svo standi í Íslandsklukkunni um ábúðarjörð þess fræga manns Jóns Hreggviðssonar: „Kristur átti jörðina með sex kvígildum“.

Þannig mætti náttúrlega nefna fjöldamörg dæmi frá gamalli og nýrri tíð. Þess vegna hefur þótt hin fyllsta þörf á því að skýra þessi mál öll frá grunni, ef svo má segja. Og það hafa lengi verið uppi um það ákveðnar raddir af hálfu kirkjunnar manna. Sérstaklega hafa þeir vitnað í þá miklu byltingu sem varð í eignarumráðum af þessu tagi árið 1907 og raunar mætti nefna önnur ártöl frá fyrri öldum einnig. Því var það að ég skipaði nefnd sem dóms- og kirkjumrh., mig minnir árið 1982 eða 1983, til að rannsaka og kryfja öll þessi mál til mergjar. Og af því að það hefur verið haft á orði að þessi mál

þyrfti að rannsaka mjög nákvæmlega ætla ég að gefa upplýsingar um það að mér er ekki um annað kunnugt en þessi nefnd starfi af miklum þrótti undir formennsku Páls Sigurðssonar dósents við lagadeild Háskólans. Í þessari nefnd eiga sæti auk formanns, ef ég man rétt fyrrverandi biskup dr. Sigurbjörn Einarsson, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, Þórhallur Höskuldsson sóknarprestur og Allan Magnússon, lögfræðingur á Selfossi, en faðir hans, Magnús Már fyrrverandi prófessor við Háskólann, mun vera einn allra fróðasti Íslendingur um þessi efni. Er áreiðanlega gott og hollt að leita ráða hans um mörg vafaatriði á þessu sviði. Starfsmaður nefndarinnar nú í nokkra mánuði er Ólafur skólastjóri Ásgeirsson á Akranesi, en hann hefur sérstakt leyfi frá störfum til að vinna á vegum nefndarinnar. Hann er einnig mjög fróður um þessi málefni. Ég vil því vænta þess að árangur af starfi þessarar nefndar verði sá innan tíðar að það verði öruggari vissa og meiri birta í hugum manna um þessi mál í náinni framtíð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:2 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Menntaskólar, frv. 310. mál (þskj. 605). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þau frv. tvö sem hér liggja fyrir til umr. og eru á dagskrá þessarar hv. deildar í dag, nr. 14 og 15, eru annars vegar um breyt. á lögum um menntaskóla og hins vegar um breyt. á lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Ég æski leyfis hæstv. forseta til að mæla fyrir báðum frv. í einu. Frv. eru til þess flutt að lögfesta tilvist öldungadeilda við þessa skóla.

Í reglugerð þeirra sem sett var árið 1971 (nr. 12, nú reglugerð nr. 270/1974) á grundvelli nýrrar löggjafar um menntaskóla frá árinu áður (lög númer 12 frá 1970) eru ákvæði um að leyfi til að ljúka stúdentsprófi án setu í menntaskóla megi veita þeim, „er á venjulegum menntaskólaaldri hafa t. d. lagt stund á annað nám eða störf, en æskja að afla sér þeirrar menntunar eða þeirra réttinda, er fylgja próf frá menntaskóla“ Jafnframt er kveðið á um að menntmrn. geti heimilað skóla að setja á stofn sérstök námskeið, þ. á m. kvöldskóla, í þágu þeirra sem kjósa að notfæra sér þennan möguleika.

Þetta er hinn lögformlegi grundvöllur þeirrar kennslustarfsemi er nú nefnist öldungadeildir. Í lögunum sjálfum er hvergi getið um öldungadeildir og formleg heimild til setningar reglugerðar um öldungadeildir er ekki heldur í lögum. Til þess að bæta úr því eru þessi frv. flutt.

Fyrsta öldungadeildin tók til starfa á vegum Menntaskólans við Hamrahlíð árið 1972, fyrir frumkvæði Guðmundar Arnlaugssonar þáverandi rektors, og hefur hún að mörgu leyti orðið fyrirmynd svipaðra deilda sem síðan hafa komist á laggirnar í tengslum við ýmsa menntaskóla og fjölbrautaskóla. Meðal skóla sem nú starfrækja slíkar deildir á sínum vegum, auk Menntaskólans við Hamrahlíð, má nefna Menntaskólann á Akureyri, Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Flensborgarskólann í Hafnarfirði, Fjölbrautaskólann á Akranesi og Fjölbrautaskólann á Selfossi. Vísir að öldungadeildum er og á vegum fleiri framhaldsskóla, svo sem Menntaskólanna á Ísafirði og Egilsstöðum og Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki.

Starfshættir öldungadeildanna eru um margt talsvert frábrugðnir reglulegri starfsemi „móðurskólanna“. Kennslan fer að jafnaði fram eftir venjulegan skólatíma og kennslustundir sem hver nemandi sækir eru færri miðað við sama námsefni. Þetta hefur m. a. valdið því að kennsla í öldungadeildum er greidd með öðrum hætti en í dagskólum og eftir sérstökum kjarasamningum.

Frá upphafi öldungadeilda hefur nemendum þeirra verið gert að greiða innritunargjöld og hefur á seinni árum verið miðað við að þessi gjöld nálguðust að standa undir allt að þriðjungi kennslukostnaðar. Á þessari önn er t. d. innritunargjald í öldungadeild Menntaskólanns við Hamrahlíð 1700 kr.

Meðan öldungadeildir voru aðeins við menntaskóla beindist kennslan eingöngu að stúdentsprófi. Eftir að öldungadeildakennsla komst á við fjölbrautaskóla hafa námsmarkmiðin orðið nokkru breytilegri, eftir því hvaða námsbrautir er um að ræða á hverjum stað.

Þótt enn hafi ekki verið settar heildarreglur um starfsemi öldungadeilda hefur nokkur síðustu ár verið leitast við að fylgja fram nokkrum grundvallarkröfum um tilhögun og markmið fullorðinsfræðslu til að hún nyti fjárhagsstuðnings af ríkisfé með þeim hætti sem tíðkast hefur um öldungadeildir. Þannig hefur heimild til starfrækslu fullorðinsfræðslu á vegum fjölbrautaskóla yfirleitt verið miðuð við eftirfarandi skilyrði:

1. Árlega verði lögð fyrir ráðuneytið til samþykktar áætlun um fyrirhugaða kennslu, námsáfanga og fjölda nemenda í hverjum hóp.

2. Náms- og prófkröfur verði hinar sömu og í hliðstæðum áföngum í reglulegu starfi skólans. Nemendur skrái sig á ákveðnar námsbrautir.

3. Afnot af skólahúsnæði og kennslutækjum verði látin í té án sérstaks gjalds.

4. Launakostnaður skiptist jafnt milli þriggja aðila: ríkissjóðs, sveitarfélags þess eða sveitarfélaga, sem að skólanum standa, og nemenda.

5. Annar rekstrarkostnaður skiptist milli ríkissjóðs og aðildarsveitarfélags eða sveitarfélaga í sömu hlutföllum og hliðstæður kostnaður við reglulega starfsemi skólans.

Þessi skilyrði taka m. a. mið af því viðhorfi að gera verði ákveðnar kröfur um að kennsla í öldungadeildum miði markvisst að tilteknum námslokum í samræmi við reglulega starfsemi „móðurskólans“ og námið sé að öllu jafngilt í öldungadeild og dagskóla. Reynt er þannig að gera greinarmun á öldungadeildarkennslu og almennri námsflokkastarfsemi sem oft er í frjálsara formi og stefnir ekki endilega að tilteknum prófum þótt markmið hennar geti engu að síður verið góð og gild. Jafnframt er með skilyrðunum leitast við að tryggja að ekki sé efnt til öldungadeildarkennslu nema eðlilegar rekstrarforsendur séu fyrir hendi, þ. á m. að því er varðar nemendafjölda.

Þótt þannig hafi mótast ákveðnar viðmiðanir um skilyrði fyrir starfrækslu öldungadeilda er full þörf á að setja heildarreglur um þessa kennslustarfsemi. Í slíkum reglum þarf m. a. að kveða á um samband öldungadeilda við „móðurskólann“, t. d. að því er varðar

samnýtingu starfsliðs, um réttindi og skyldur nemenda, kennslutilhögun og rekstrarforsendur, en einnig þarf að huga nánar að hlutverki öldungadeilda við þær aðstæður sem myndast hafa með fjölbreyttari námsleiðum á framhaldsskólastigi.

Margir munu taka undir þá staðhæfingu að öldungadeildirnar séu meðal mikilsverðustu nýjunga sem fram hafa komið í íslensku menntakerfi á síðari árum. Besta sönnunin fyrir réttmæti þeirrar fullyrðingar er að sjálfsögðu sú mikla eftirspurn sem reynst hefur vera eftir námsvist í öldungadeildum. Að sjálfsögðu hafa ekki allir náð settu marki þar fremur en í öðrum skólum, enda síður en svo um fyrirhafnarlaust starf að ræða. En líklega hafa ýmis aðdáunarverðustu námsafrekin á síðasta áratug einmitt verið unnin í öldungadeildunum. Ég vil leggja áherslu á þann verulega þátt sem öldungadeildirnar hafa átt í aukinni menntun kvenna á síðustu árum því að í þeim hópi sem útskrifast hefur úr öldungadeildum eru konur í töluverðum meiri hluta.

Það er ekki um það deilt að á tímum óðfluga breytinga í atvinnu- og lífsháttum, ekki síst vegna örrar tækniþróunar, veltur mikið á að vel sé búið í haginn fyrir hvers konar viðbótar- og endurmenntun. Slíkrar menntunaraðstöðu er þörf til að gera mönnum kleift að tileinka sér nýja tækni og laga sig að breyttum aðstæðum, en einnig og kannske ekki síður til þess að eignast hlutdeild í ýmsum þeim verðmætum sem ekki eru breytingum háð. Það vill svo vel til að sú tæknibylting sem okkur verður einna tíðræddast um í bili og ýmsum stendur jafnvel nokkur stuggur af, sem sé tölvuvæðingin og sú margvíslega fjölmiðlunar- og upplýsingatækni sem henni tengist, ætti að geta haft í för með sér ótrúlega möguleika á sviði hvers konar fræðslustarfsemi og þá ekki síður í sambandi við fullorðinsfræðslu en almennt skólastarf. Þess vegna er það vafalaust að á þessu sviði blasir við mikið verkefni og fjölbreytilegir möguleikar.

Ég vonast til þess, herra forseti, að Nd. Alþingis greiði fyrir því að þessi litlu frv. tvö, sem fjalla um sama efni, fái greiðan gang í gegnum deildina og þar með geti þau orðið að lögum á þessu vori, og ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Í þeim önnum sem verið hafa í þinginu undanfarið kemur að því að maður er illa undirbúinn að taka þátt í umræðu og það skal játað að ég hafði ekki kynnt mér allt of vel þau tvö frv. sem hæstv. menntmrh. hefur nú talað fyrir. En það kemur mér sannarlega á óvart að nál. frá Ed. skuli vera einróma þó með fyrirvara hv. þm. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, þar sem samþykkt er, eins og segir í grg. með 311. máli, „að launakostnaður skiptist jafnt milli þriggja aðila: ríkissjóðs, sveitarfélags þess eða sveitarfélaga, sem að skólanum standa, og nemenda." Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Er það nýjung eða er ég að misskilja það illilega, að nemendur skuli fara að greiða fyrir skólavist sína?

Varðandi 310. mál sé ég að það segir í frv. að setja skuli í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námsskeiðsgjöld, er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna. Ég vil því leyfa mér að spyrja: Hvað er gert ráð fyrir að slíkt námskeiðsgjald verði hátt? Ég sé að hér hefur komið fram brtt. í Ed. frá hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, og mér sýnist ekki að ástæðulausu, um að þetta nám skuli vera nemendum að kostnaðarlausu.

Það er alveg ljóst að svokallaðar öldungadeildir, kvöldskólar við menntaskólana, eru fyrst og fremst sóttir af fólki sem með miklum erfiðleikum er að bæta við sig menntun. Það er tekið fram í grg. að meiri hluti þeirra sem öldungadeildir sækja sé konur. Þá sýnist mér að það sé kannske höggið í þann knérunninn er síst skyldi ef um verulega námsskeiðsgjaldahækkun er hér að ræða.

Ég áskil mér rétt til að ræða málið betur undirbúin við 2. umr. um þessi mál, en ég vildi biðja hæstv. ráðh. að skýra þær hugmyndir sem þarna eru: hvað hér er um mikla peninga að ræða fyrir þá sem sækja vilja öldungadeildir og eins að gera ofurlítið betur grein fyrir því hver kostur er á þessari þrískiptingu launagreiðslna.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hlýt að ítreka það sem ég sagði í framsöguræðu minni um þetta mál. Þetta er ekki nýjung. Það hefur tíðkast frá því er öldungadeildastarfsemi hófst að nemendur greiddu kostnað af kennslunni. Það er öðruvísi en með aðra nemendur. Hér er um að ræða starfsemi sem er nokkuð öðruvísi hagað, og hafa hingað til verið talin full rök fyrir því að haga greiðslunum með öðrum hætti. Það er því ekki um nýjung að ræða og ekki hækkun. Gjaldið á þessari önn er 1700 kr. á nemanda.

Ef það getur veitt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur einhverja leiðbeiningu um þetta mál, þá er ljóst að þetta er ekki heldur nýtt fyrir mörgum sem um þetta hafa fjallað. M. a. mælti hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrrv. menntmrh., með þessari leið í Ed. Alþingis og gegn brtt. sem gekk út á að hafa þetta nám ókeypis fyrir nemendur.

Ég get bætt við viðbótarröksemd og raunar tveimur: Þegar um er að ræða fólk sem fer í kvöldskóla þegar það er komið yfir 21 árs aldur, þá er það oftast nær fólk sem hefur haslað sér nokkurn völl í atvinnulífi eða er farið að sjá fyrir sér sjálft fyrir alllöngu. Auk þess er starfsemi öldungadeildanna nokkuð lausara tengd „móðurskólanum" en önnur starfsemi. Við sjáum fyrir nokkur ár fram í tímann hve margir verða í hverjum árgangi á reglulegum skólatíma. Það getum við ómögulega séð fyrir með öldungadeildirnar.

Það verður auðveldara að leysa slík mál þegar kostnaðinum er skipt eins og gert hefur verið í þessu máli og ég hygg að það greiði fyrir því að öldungadeildarstarfsemin eflist. Ég óttast að þessi starfsemi mundi öll losna úr böndum ef að því væri horfið að ákveða að nú skyldi hún verða nemendum algjörlega að kostnaðarlausu. Ég óttast að þá mundi það bitna á almennri þjónustu skólans við nemendur því að varla sér hv. þm. fremur en aðrir þm. neina nýja uppsprettu fjár til að standa undir þessu kerfi á næstunni.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Fyrr á þessu þingi svaraði hæstv. menntmrh. fsp. sem ég hygg að hv. 2. landsk. þm. hafi borið fram varðandi fullorðinnafræðslu, hvers væri að vænta í þeim efnum. Við þá umr. kom það fram hjá hæstv. ráðh. að ekki væri stefnt að því af hálfu ráðuneytisins að undirbúa — ekki fyrir þetta þing og ef ég hef skilið það rétt — væri það ekki á döfinni eins og er í ráðuneyti menntamála að undirbúa

löggjöf varðandi fullorðinnafræðslu almennt. Hæstv. ráðh. gat þá um að til stæði að leggja hér fyrir frv. sem snerti hinar svokölluðu öldungadeildir, og það er það mál sem við erum hér að fjalla um.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem hæstv. ráðh. hefur lagt til að fái þessi frv. til meðferðar og hef þar með aðstöðu til að skoða þessi mál þar, en ég vil strax geta þess að mér finnst sú hugsun að lögbjóða kostnaðarskiptingu með þeim hætti sem er í þessum frv. orka mjög tvímælis, svo ekki sé meira sagt.

Vegna þess að hæstv. ráðh. spurði hvar þm. sæju uppsprettu fjár til að standa undir kostnaði eins og launakostnaði vegna fullorðinnafræðslu, þá held ég að það þurfi ekki að standa á okkur þm. að vísa á möguleika í sambandi við þau efni. Það er nú ýmis óráðsían hjá hæstv. núv. ríkisstj. í sambandi við fjármál sem ætti að gera okkur auðvelt að veita svör þar að lútandi, og einkennilegt að það skuli koma frá fagráðh. þessara mála að fara að bera fram slík sjónarmið þó að auðvitað vitum við að það er fjármögnunarramminn sem ræður úrslitum þegar til kastanna kemur. En ég mun um þetta fjalla í nefnd og gefa þá þessu atriði sérstakan gaum.

Það er hins vegar skoðun mín að full ástæða sé til þess, og raunar brýnt, að móta rammalög um fullorðinnafræðslu almennt, og þá út frá því hugarfari að gera sem flestum auðvelt að leita sér viðbótarfræðslu og það án þess að það sé íþyngjandi kostnaðarlega með beinum útgjöldum fyrir viðkomandi. Það alveg sérstaklega varðandi þá þætti þar sem hið almenna skólakerfi getur komið við sögu með aðstoð.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa efasemdum mínum um réttmæti þess að lögbinda á þennan hátt kostnaðarskiptingu á nemendur í öldungadeildum. Þannig er gefin til kynna mikil sérstaða þessa náms og bersýnilegt að þarna eiga að gilda aðrar reglur en um venjulegt nám. Ég held að þetta sé rangt. Ég held að menn verði að horfast í augu við að öldungadeildir eru ekki bara til að draga að landi fólk sem af einhverjum ástæðum hafði ekki aðstæður eða hafnaði því á yngri árum að fara í nám. Öldungadeildir og hliðstætt nám hlýtur á komandi árum að verða sífellt vaxandi þáttur í okkar skólakerfi vegna þess að tímarnir breytast og mennirnir verða að reyna að breytast með. Það standa fyrir dyrum hjá okkur verulegar breytingar á lífsháttum og þjóðfélagsgerð og það er beinlínis nauðsynlegt fyrir okkur að búa þannig í haginn að sem flestir geti notið náms og aðlögunar að breyttum háttum. Ég held að sú kostnaðarhlutdeild nemenda, sem þarna er lögð til, sé ekki skynsamleg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. 311. mál (þskj. 606). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vísa til framsöguræðunnar með næsta dagskrármáli á undan og leyfi mér að leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. 167. mál (þskj. 727). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar eins og það liggur fyrir á þskj. 727, en þannig afgreiddi hv. Ed. málið.

Í meðferð málsins í Ed. var fjallað um það á sameiginlegum fundum allshn. beggja deilda. Allshn. Ed. bar fram brtt. við frv. þar sem bætt var við nöfnum margra aðila sem nefndirnar voru sammála um að rétt væri að veita ríkisborgararétt að þessu sinni.

Ég vænti þess því að þetta frv. eigi greiða leið í gegnum þessa hv. deild og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 317. mál (þskj. 627). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 24. mál (þskj. 24). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 120 frá 31. sept. 1977, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum. Frv. þetta var fyrst tekið til umr. í hv. Ed. 19. okt. s. l. og er til staðfestingar á brbl. þeim sem sett voru 28. júní s. l. um breytingu á lögum nr. 120 frá 1976, um tollskrá o. fl.

Tollalækkanir þær, sem felast í brbl., taka einkum til búsáhalda og heimilistækja ýmiss konar, en á vörum þessum voru tollar almennt lækkaðir um helming eða úr 80% í 40%. Þessi stórfellda lækkun tolla, sem leiddi jafnframt óbeint til lækkunar söluskatts, hafði í för með sér lækkun smásöluverðs um nær fjórðung eða 22%.

Ekki þarf að hafa mörg orð um lækkun sem þessa á gjöldum af heimilistækjum. Ljóst er að hún felur í sér verulegar hagsbætur fyrir heimilin í landinu, en er þó ekki hvað síst búbót fyrir yngri kynslóðina sem í framtíðinni hyggur á stofnun heimilis og þarf að verja stórum hluta launa sinna til kaupa á nauðsynlegum heimilistækjum.

Jafnframt tollalækkunum á heimilistækjum og bús-

áhöldum voru tollar lækkaðir úr allt að 70% í 40% á ýmsum matvörum. Lækkun þessi leiddi til lækkunar smásöluverðs á bilinu 6—22%.

Auk nefndra vara var tollur almennt felldur niður af gleraugum og heyrnartækjum, en fyrir setningu brbl. var aðeins heimilt í undantekningartilfellum að fella niður tolla á þessum mikilvægu hjálpartækjum.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta frv. til staðfestingar á brbl. þeim sem ég gat um og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að loknum þessum umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Sala lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, frv. 178. mál (þskj. 319, n. 737 og 752). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. iðnn. um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að selja lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði. Nál. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur haft málið til meðferðar. Leitaði hún umsagnar ríkisendurskoðunar um málið varðandi kaupverð og lánskjör. Ríkisendurskoðun gerði ekki athugasemdir við frv. og benti á „að skuldabréf fyrir kaupverð er verðtryggt að fullu miðað við lánskjaravísitölu auk þess sem það ber hæstu vexti af slíkum lánsskjölum. Slík skjöl hafa fram að þessu þótt góð fjárfesting og ávöxtunarleið hjá sparifjáreigendum."

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. lagði til að frv. yrði samþykkt, en Hjörleifur Guttormsson skilar séráliti.

Alþingi, 3. maí 1984."

Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Ingvar Gíslason, Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Gunnar G. Schram og Kristín Halldórsdóttir með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég stend hér að minnihlutaáliti við þetta frv. svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um frv., sem komið er frá Ed., og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv., en undirritaður leggur til að það verði fellt.

Í samræmi við álit nefndar, sem iðnrn. skipaði haustið 1982 og skilaði áliti 26. apríl 1983, gerðu stjórnir fyrirtækjanna Þormóðs ramma í Siglufirði og Siglósíldar með sér samkomulag um að Þormóður rammi yfirtæki rekstur lagmetisiðjunnar um eins árs skeið og jafnframt var að því stefnt að fyrirtækin yrðu sameinuð á árinu 1984. Þessi breyting, ásamt aðgerðum til úrbóta hjá Siglósíld, m. a. með rækjuvinnslu og endurskipulagningu á fjármálum og rekstri fyrirtækisins, lofuðu góðu. Inn í þessa þróun var hins vegar gripið í miðjum klíðum með ákvörðun um að rifta samstarfssamningnum og selja fyrirtækið einkaaðilum sem að helmingi eru búsettir utan Siglufjarðar.

Kaupsamningur var undirritaður 17. des. 1983, með gildistöku frá 1. jan. 1984, þ. e. áður en leitað var heimildar Alþingis fyrir sölunni. Nú er Alþingi stillt upp fyrir gerðum hlut. Þetta eru ótæk vinnubrögð og óeðlileg ráðstöfun, þvert ofan í skipulegar aðgerðir sem undirbúnar höfðu verið til að tryggja áframhaldandi rekstur í samvinnu við Þormóð ramma.

Að öðru leyti vísast til ályktunar stjórnar Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði, frá 25. febr. 1982, sem birt er hér sem fskj.

Alþingi, 3. maí 1984.

Hjörleifur Guttormsson".

Eins og fram kemur í þessu nál. fylgir með ályktun stjórnar Verkalýðsfélagsins Vöku og þar er þessi ráðstöfun gagnrýnd með svipuðum hætti og sagt m. a., með leyfi forseta:

„Við þessar aðstæður mæltu engin rök með sölu fyrirtækisins til einkaaðila og hefði sú ákvörðun verið mun skynsamlegri þá að halda samrekstri þessara tveggja fyrirtækja áfram."

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta nú.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það er sannarlega ankannalegt að fjalla hér um heimild fyrir ríkisstj. til að selja lagmetisiðjuna á Siglufirði, sem hún í raun seldi fyrir fjórum mánuðum. Það er auðvitað ekki í fyrsta sinn sem þannig eru höfð endaskipti á hlutunum, en í þessu máli er vandséð nauðsyn slíkra vinnubragða. Það er einsýnt að heimamenn á Siglufirði hafa lítið haft með þetta mál að gera og fyrir liggur að stjórn lagmetisiðjunnar var ekki einu sinni spurð álits. Ég hlýt því að gagnrýna málsmeðferð.

Engu að síður styð ég þetta frv. og legg til að það verði samþykkt. Fyrir liggur að kaupendur fyrirtækisins hafa nú þegar lagt út mikið fé til uppbyggingar þess og reka það af fullum krafti, vonandi til hagsbóta fyrir alla aðila, heimamenn ekki síður en sjálfa sig. Við kvennalistakonur höfum enga ofsatrú á ríkisrekstri og ríkisreksturinn á Siglósíld var síður en svo með þeim hætti að í hann bæri að halda.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég er ekki sérlegur talsmaður þess að selja ríkisfyrirtæki. Ég tel að það geti verið mjög réttmætt að ríkið eigi hlut í atvinnurekstri í landinu, það verður að meta í hverju einstöku tilfelli. En ég tel að ríkisrekstur hafi gefist illa á þessu sérstaka fyrirtæki, Siglósíld á Siglufirði, því miður.

Þetta fyrirtæki var stofnað með bjartsýni og nokkrum myndarskap í upphafi og því var ætlað m. a. að stunda tilraunastarfsemi. Því miður varð ekki framhald á hinum myndarlega rekstri. Fyrirtækið komst í erfiðleika. Þeir voru ekki nema að litlu leyti forsvarsmönnum fyrirtækisins að kenna. Þeir Siglfirðingar urðu sð súpa seyðið af mistökum sem gerð voru hjá allt öðru fyrirtæki og eyðilögðu markað. Það kom mjög hart niður á Siglóverksmiðjunni. Það var nokkuð sama hver var iðnrh. á undanförnum árum. Ég minnist a. m. k. þriggja eða jafnvel fjögurra sem höfðu afskipti af þessu fyrirtæki. Það var nokkuð sama hver var fjmrh. Þessu fyrirtæki voru aldrei í ríkiseign sköpuð eðlileg starfsskilyrði og aldrei komið undir það fótunum, þannig að það gæti staðið hjálparlaust.

Hins vegar var af og til, þegar fyrirtækið var búið að vera lokað um nokkurra mánaða skeið, gripið til einhverra bráðabirgðareddinga til að koma því af stað, en fyrirtækinu aldrei komið á eðlilegan grundvöll,

þannig að það gæti starfað til frambúðar og staðið undir sér. Svo var komið að vélar voru orðnar úreltar, allt of lítið af þeim reyndar, og húsnæði úr sér gengið og ljóst var að til þess að koma fyrirtækinu í eðlilegan rekstur þyrfti verulegt átak í fjármagni og verulega endurbót á húsnæði.

Þetta fyrirtæki var rekið um skamman tíma í félagsskap við Þormóð ramma á Siglufirði. Þormóður rammi átti við erfiðleika að stríða líka og þetta fyrirtæki var nú ekki líklegt, eins og málum var háttað, til þess að geta orðið rekstri hins mjög mikilsverða fyrirtækis, Þormóðs ramma, að verulegu liði eða styrkt þann rekstur verulega. Þar sem horfur voru ekki á að með þátttöku ríkisins eða að frumkvæði ríkisins yrði mögulegt að koma Siglóverksmiðjunni í gang með þeim hætti sem þyrfti, þá var að mínum dómi ekkert annað að gera en selja. Ég held að þessi sala hafi verið skynsamleg. Þar hefur verið byrjað á vinnslu með myndarlegum hætti og búið að endurskipuleggja og enduruppbyggja þetta fyrirtæki. Vonir standa til að þarna sé búið að skjóta traustri stoð — eða nokkuð traustri — undir atvinnulíf á Siglufirði. Og þar af leiðandi held ég að það hafi verið rétt, úr því sem komið var, að selja þetta tiltekna fyrirtæki. Það á hins vegar ekki við um aðrar eignir ríkisins á Siglufirði.

Ég vil gera aths. við það sem kom fram í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, að heimamenn á Siglufirði hafi ekki verið spurðir um þetta mál. Að sjálfsögðu fylgdust heimamenn með því sem þarna var að gerast og þó Verkalýðsfélagið Vaka hafi ályktað gegn þessari ráðstöfun hygg ég að sú ályktun sé orðin úrelt. Ef stjórn Verkalýðsfélagsins Vöku er ekki þegar farin að sætta sig við þetta fyrirkomulag, þá held ég að hún muni innan skamms gera það. Heimamenn á Siglufirði voru að sjálfsögðu hafðir með í ráðum. Heimamenn eiga reyndar helminginn í fyrirtækinu. Ég hefði þó vel getað hugsað mér að hópur heimamanna hefði verið breiðari en hann er. En ég er að svo komnu máli heldur bjartsýnn á framtíð þessa fyrirtækis eins og ég sé hana fyrir mér og held að þetta hafi verið skynsamlegt mál.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengi. Ég vil þó gjarnan láta það koma hér fram að ég fagna framgangi þessa máls og vil flytja hæstv. iðnrh. þakkir fyrir hvernig að þessu máli hefur verið staðið.

Ég átti því láni að fagna að vera viðstaddur þegar hið nýja fyrirtæki, Sigló hf., tók til starfa við formlega athöfn. Þar hafa sannarlega mikil umskipti orðið frá því sem var í fyrirtækinu Siglósíld. Endurbygging fyrirtækisins hafði gengið með skjótum hætti og verið unnið að henni af mjög miklum myndarskap. Hjá Siglfirðingum var og er mikil bjartsýni ríkjandi og ánægja með þetta mál og ég hygg að þær raddir séu fáar sem eru samhljóða því sem segir frá í umsögn frá stjórn Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði.

Ég skal ekki fara um málið miklu fleiri orðum. Ég vil þó lýsa yfir því að ég bind miklar vonir við fyrirtækið í höndum þeirra nýju eigenda sem nú eru þar við stjórnvölinn og vænti þess að það verði til mikilla heilla fyrir atvinnulíf Siglufjarðar.

Ég tók eftir því að hv. þm. Kristín Halldórsdóttir taldi að heimamenn hefðu lítið haft með málið að gera. Ég fullvissa hv. þm. um að haft var náið samráð við heimamenn um þetta mál. Heimamenn eru sjálfir 50% hluthafar í fyrirtækinu. Það hefur verið farið þannig að í þessu máli að heimamenn, a. m. k. flestir hverjir, eru mjög svo ánægðir með þá framvindu sem orðið hefur.

Forsaga hins fyrra fyrirtækis, Siglósíldar, skal ekki rakin að öðru leyti en því, að eins og hér hefur komið fram var vissulega oft um verulega aðstoð ríkisins að ræða við það fyrirtæki, sem ber að þakka. Sú aðstoð gekk þó eftir venju til þess aðallega að halda fyrirtækinu á floti, greiða upp rekstrartap og veita fyrirgreiðslu í sambandi við hráefnisöflun, en sú aðstoð dugði ekki til að endurbyggja fyrirtækið. Var það auðvitað miður. Taprekstur fyrirtækisins hélt því sífellt áfram. Nú hefur skipt um svip.

Ég vil endurtaka þakklæti mitt og lýsa yfir því að ég treysti því að hér hafi verið gerð ráðstöfun, sem verði Siglufjarðarkaupstað til heilla og því fólki sem þar býr og jafnframt okkar þjóð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 87, n. 662 og 734, 663, 735). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. sjútvn. um frv. til laga um ríkismat sjávarafurða. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. hér og nú, mjög ítarleg umr. fór fram um það hér í vetur þegar hæstv. sjútvrh. mælti fyrir því í þessari deild. Það er hins vegar öllum ljóst, sem um þessi mál hugsa, að hér varð að verða á breyting, ekki aðeins breytinganna vegna heldur til að bæta og ég á von á að mönnum hafi tekist það allsæmilega. Mjög mikil vinna hinna ágætustu manna hefur verið lögð fram við þessa lagasmíði allt frá árinu 1979. Málið hefur verið mjög ítarlega rætt og skoðað og fengið mikla umfjöllun, m. a. á fundum með hagsmunaaðilum í sjávarútveginum.

Virðulegi forseti. Í nál. segir:

„Sjútvn. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þskj. Jafnframt fellur meiri hl. n. frá nál. á þskj. 662 og afturkallar brtt. á þskj. 663.

Frv. barst sjútvn. 28. nóvember s. l. Málið var síðan sent til umsagnar 8. des. Alls bárust 16 umsagnir um frv. og hefur n. fjallað um það á níu fundum.

Á fundi n. komu einnig aðilar er þetta mál snertir og skýrðu sjónarmið sín varðandi frv. og gáfu ýmsar upplýsingar.

N. tekur fram að nauðsynlegt sé að bæði fulltrúar kaupenda og seljenda séu í hópi þeirra er ráðh. skipar frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins í fiskmatsráð.

Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma."

Undir þetta nál. rita allir nm. í sjútvn.: Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Guðmundur Einarsson, Gunnar G. Schram, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson og Ingvar Gíslason.

Ég vil þakka nm. góða samvinnu í þessu máli og

skilning á nauðsyn þess að þetta mál nái fram að ganga áður en þinginu lýkur í vor.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um frv. um ríkismat sjávarafurða. Ég stend að áliti sjútvn. og þeim brtt. sem þar hafa verið gerðar, en undirritaði álitið með fyrirvara. Ég mun gera nánar grein fyrir því hér á eftir hvað því ræður.

Það sem ég held að skipti höfuðmáli í sambandi við það sem við erum að fjalla um hérna, þ. e. meðferð á afurðum í sjávarútvegi, er þrennt: Í fyrsta lagi er það fræðsla um meðferð þessara afurða, og þá er það fræðsla á öllum stigum framleiðslunnar, allt frá þeim sem draga fiskinn úr sjó og til þeirra sem á endanum selja hann á mörkuðum. Í öðru lagi hlýtur að skipta þarna höfuðmáli að hver aðili, sjómaðurinn, verkandinn, seljandinn, beri ábyrgð á gerðum sínum, þannig að hann standi og falli með því sem hann hefur upp á að bjóða, með því sem hann lætur frá sér. Það leiðir hugann að þriðja atriðinu, sem ég tel að skipti kannske mestu máli af öllu í sambandi við gæðamál í sjávarútvegi, en það er verðmyndunarkerfið. Verðmyndunarkerfi í sjávarútvegi hlýtur að verða að vera á þann hátt að sú ábyrgð, sem ég talaði um áðan, skili sér og kannske á endanum á þann hátt að sá sem ekki skilar frá sér fullnægjandi vöru gjaldi þess í gjaldeyri eða verðlagningu.

Þessi mál hafa talsvert verið til umr. hér á landi undanfarin misseri. Þau hafa verið til umr. m. a. vegna lýsinga sem við höfum heyrt og séð í fjölmiðlum á stórgölluðum vörum sem hafa verið sendar á erlenda markaði. Þar er augsýnilega víða pottur brotinn og þá vantar eitthvað á það þrennt sem ég talaði um í byrjun, þ. e. að fræðslan, ábyrgðin og verðmyndunarkerfið verki til þess að skila þarna góðum afurðum.

Í öðru lagi hafa talsverðar umræður orðið um þetta mál að undanförnu vegna áhrifa kvótakerfis á meðferð afla. Eitt af því sem var rætt um að réttlætti og styddi það að menn tækju hérna upp kvótakerfi var að það var talið að í kjölfar þess mundi stórbatna meðferð afla og það mundu stóraukast verðmætin sem greinin gæfi af sér. Þó það væri í sjálfu sér jákvæð umræða og eðlilegt að hefja hana, þ. e. að kvótakerfið mundi auka gæði og verðmæti svona mikið, var hún á vissan hátt líka vitnisburður um óskaplegt ástand í þessari grein. Það var sagt að bætt meðferð í kjölfar kvóta mundi jafnvel auka aflaverðmæti um 10—15%. Það er, eins og ég segi, vísbending og vitnisburður um að menn hafi staðið mjög illa að sínum málum undanfarin ár.

Í grg. með frv. þessu er vikið að umræðunum um léleg gæði og vísað til skýrslu um þessi atriði. Hún kom frá nefnd sem skilaði áliti í janúar 1980. Þar er nokkuð harkalega að orði komist. Það er kannske nokkuð dæmigert fyrir það hvað þessi mál hafa verið mikið til umræðu og hvað menn hafa kveðið þar fast að orði að í þessari skýrslu, sem var gefin út af nefnd hagsmunaaðila þann 23. janúar 1980, stendur, með leyfi forseta:

„Allhörð gagnrýni hefur verið höfð í frammi gagnvart starfsemi stofnunarinnar og má segja að sú gagnrýni sé þríhliða: frá hagsmunaaðilum, frá hinu opinbera og frá starfsmönnum. Frá hagsmunaaðilum hefur fiskmatið verið gagnrýnt fyrir ófagleg vinnubrögð, stífni og stirðleika og jafnvel hlutdrægni, enn fremur misræmi í mati á milli landshluta og á milli manna á sama stað."

Þetta eru býsna stór orð. Það er augljóst að einhvers staðar er þarna pottur brotinn og þess vegna vafalaust full ástæða til að taka á þessum málum. Svo getur mönnum sýnst sitt hverjum um hvort þetta frv., sem hér er á ferðinni, gerir það.

Þá ættu menn kannske að athuga hvort þetta frv. tekur á einhverjum þeim atriðum sem ég sagði hérna í byrjun að væru grundvöllurinn að því að gæði yrði viðunandi, þ. e. fræðsla, ábyrgð og verðmyndunarkerfi. Ég ætla í sambandi við þetta að lesa upp úr einni umsögn sem barst um frv., með leyfi forseta. Þessi umsögn er frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Hún er skrifuð af þeim Geir Arnesen og Grími Valdimarssyni, starfsmönnum rannsóknastofnunarinnar. Þar segir m. a.:

„Frv. stefnir að einföldun matsmála og víðtækari skyldum framleiðenda sjálfra en áður hefur verið og teljum við það til bóta. Mikið veltur á því hvernig reglugerðir um framkvæmd gæðaeftirlitsins verða úr garði gerðar. Eðlilegt er að ætla að gæðaeftirlit með matvælaframleiðslu gangi í gegnum ákveðin þróunarskeið. Almennt er talið að hástigi í þeirri þróun sé náð þegar fyrirtækin og samtök þeirra geta sjálf haft á höndum gæðaeftirlitið. Hlutverk ríkismatsins færist þá yfir á það svið að hafa eftirlit með eftirlitskerfi þessara aðila og vinna að samræmingu á matsaðferðum. Að okkar dómi leikur enginn vafi á því að nái frv. fram að ganga yrði flýtt mjög fyrir þróun þessara mála hér á landi og gæti það haft í för með sér verulega aukin gæði sjávarafurða."

Það kemur fleira fram í þessu áliti, en ég ætla ekki að lesa það upp.

Í þessu koma fram hlutir sem ég tel að séu mjög umhugsunarverðir. Ég ætla að lesa aftur það sem ég tel athyglisverðast, með leyfi forseta:

„Eðlilegt er að ætla að gæðaeftirlit með matvælaframleiðslu gangi í gegnum ákveðin þróunarskeið. Almennt er talið að hástigi í þeirri þróun sé náð þegar fyrirtækin og samtök þeirra geta sjálf haft á höndum gæðaeftirlitið. Hlutverk ríkismatsins færist þá yfir á það svið að hafa eftirlit með eftirlitskerfi þessara aðila og vinna að samræmingu á matsaðferðum."

Ég er mjög sammála þessum orðum og þau eru á vissan hátt efnislega samhljóða skoðunum sem ég lýsti við 1. umr. málsins, þ. e. að það eina sem gæti á endanum tryggt viðunandi meðferð afurða væri full ábyrgð þeirra sem afurðirnar framleiða á hverjum tíma. Það er vegna þessara atriða sem ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Ég tel að það verði að vinna ötullega að því að verðlagningu og ábyrgð sé þannig háttað að trassaskapur í þessum efnum hitti þá sem meðhöndla vöruna á öllum stigum og hitti þá þar sem þeir eru aumastir fyrir, í pyngjunni. En það var mér ljóst við umfjöllun þessa máls í n., af því að lesa umsagnir og að ræða við þá sem komu til að spjalla við okkur, að þess er ekki að *vænta um sinn að því stigi sé náð, og því tók ég þátt í* að gera lagfæringar á þessu frv. og búa það þannig úr garði að við það megi vel una um sinn, þangað til því stigi sem þeir Grímur Valdimarsson og Geir Arnesen hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins nefna í sinni umsögn „hástig" í þróun gæðaeftirlitsins er náð.

Svo ég snúi mér með nokkrum orðum að frv. sjálfu.

þá er fyrst að segja að frumgerð frv. var að ýmsu leyti gölluð. Til viðbótar tekur frv. t. d. ekki til almennrar fræðslu í sambandi við þessi mál. Þar hefur þó verið unnið talsvert verk á undanförnum misserum og var hafið af síðustu ríkisstjórn. Það er líka stórt atriði og er kannske af einstökum atriðum eitt það mikilvægasta að fjárskortur stofnunarinnar, þ. e. aðstöðuleysi matsins, hefur verið verulega mikið á undanförnum árum og frv. tekur eðlilega ekki til þeirra þátta. Þetta eru hlutir sem ríkjandi aðilar þurfa að hafa í huga á hverjum tíma. Það má t. d. nefna að hjá matinu er engin tölva. Það eru engar aðstæður til að vinna þannig úr matsgögnum að viðunandi sé. Samkv. upplýsingum sem við fengum hrúgast upp matsgögn í pappakössum og það tekur kannske marga mánuði að vinna úr gögnunum. Það getur hver metið það fyrir sjálfan sig hvort það eru skynsamleg vinnubrögð og hversu fljótlegt það er fyrir umsjónarmenn matsins að gera sér grein fyrir hvert við erum að fara í þessum gæðamálum, hverjar tilhneigingar eru í þessum efnum, annaðhvort hjá einstökum fyrirtækjum eða landshlutum.

Eins og frsm. kom að áðan var fjölda umsagna aflað og þær vísuðu til ýmissa átta. Það voru t. d. gerðar athugasemdir við svonefnt fiskmatsráð, stöðu þess, skipanir í það o. s. frv. Í frv. var hlutverk þess og völd heldur óljóst orðið. Einnig gerðu umsagnir svokallað framleiðsluleyfi að umtalsefni. Það voru gerðar athugasemdir við reglur um aðferðir við að kveða upp úrskurð um ágreiningsefni o. fl. o fl.

Þær brtt. sem n. stendur að skýra ýmsa þessa hluti. Þær afmarka stöðu fiskmatsráðs sem ráðgefandi aðila, þær styrkja valdsvið hreinlætisfulltrúa frá því sem er í upphaflegri gerð frv. og þær ítreka úrskurðarvald yfirfiskmatsmanna, svo nokkur dæmi séu nefnd. Að auki eru í till. ýmis atriði úr umsögnum og tillögum sem n. bárust og við teljum að horfi til betri vegar.

Það er trú mín að þessar brtt. séu til mikilla bóta og að þær geri það að verkum að unað verði við þetta fyrirkomulag þar til sú framtíðarskipan kemst á sem ég gerði að umtalsefni í upphafi máls míns.

Guðmundur J. Guðmundsson: Virðulegi forseti. Áður en ég sný mér að því frv. sem búið er að umturna hér vildi ég fara nokkrum orðum um það sem síðasti ræðumaður var að tala um, gildi menntunar og upplýsingar í sambandi við meðferð hráefnis. Ég er ekki frá því að firringin, eins og það heitir á fínu máli, sé orðin mikil frá framleiðsluatvinnugreinum, a. m. k. hér í Reykjavík. Það sagði mér einu sinni góður kunningi minn, menntaskólakennari, að hann hefði haft elskulegan nemanda og þessi nemandi hans, sem var ung og greind stúlka, var að skrifa ritgerð um íslenska nytjafiska, sem var prófverkefni. Hún gerði þetta ákaflega skilmerkilega og vel og aflaði sér mikilla heimilda, en hún sagði efnislega í upphafi prófritgerðar að helsti nytjafiskur Íslendinga væri þorskurinn. Síðan kom lýsing á þorskinum, að hann væri gulur með hvítri rönd og hvítur á kviðnum, en maki þorsksins heitir ýsa. Við skulum vona að þetta tilheyri þéttbýlinu við Faxaflóa.

En ég held að það sem vanti á sé ekki einungis í fiskmatinu, sjálfsagt þar líka, heldur vanti í skólakerfinu öllu fyllri upplýsingar um framleiðsluafurðir Íslendinga svo að unglingur sem kemur út úr grunnskólanámi hafi nokkurn veginn sæmilega gott vald á því og það sé sá áróður fyrir vörugæðum og hvað það gildir fyrir íslenskt þjóðarbú. Í þessum efnum eru atvinnurekendur ákaflega skammsýnir margir hverjir. Ég undanskil þarna heildarsamtök eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðardeild SÍS. Áður en flatningsvélar voru teknar upp og voru orðinn almennur þáttur í saltfiskvinnslu man ég eftir að við gerðum ítrekaðar tilraunir til að hver sá sem væri þjálfaður í flatningu á saltfiski væri á eitthvað hærri taxta. Þekking í þessum efnum var einskis metin og þetta náðist ekki fram. Sá sem var þrautþjálfaður og kunni vel til verka var á sama kaupi og maður sem ekki kunni til verka.

Ég held að þarna þurfi að koma til fleira en eitt, skólakerfið allt og þjóðfélagið. Það þarf betri upplýsingar um hvað það er sem þjóðin framleiðir og hvað það gildir að sú framleiðsla sé í lagi. Þetta held ég að sé eitt grunnatriði. Að vísu er þetta í sjávarþorpum, þar sem 80% af vinnandi fólki vinna í frystihúsi eða fiskverkunarstöðvum á staðnum, sjálfsagt í mun betra lagi. En í ýmsum frystihúsum eru sennilega milli 400 og 600 mismunandi pakkningar. Þetta er ákaflega flókið og vandasamt verk og ótrúlega mikið í húfi að starfsfólk viti hvaða kröfur markaðurinn gerir í þessum efnum. Þetta er algerlega vanrækt. Þarna þýðir ekkert að taka einhvern einn aðila, einhverja tvo aðila. Þjóðfélagið í heild hefur hlaupið frá gildi framleiðsluatvinnuvega okkar og vanrækt með öllu hlut upplýsingastarfsemi. Hins ber að geta að ýmsir aðilar, sölusamtökin og fleiri, hafa verið með upplýsingar í þessum efnum og er það vel. Og þetta er að aukast. Hæstv. sjútvrh. hefur átt viðræður við stjórn Verkamannasambandsins um að aðilar ræðist við um einhvers konar námskeið eða viðurkenningu — þetta er nú á algjöru frumstigi — sem þjálfað fiskverkunarfólk fengi. Ég held að slík námskeið og slík menntun gætu átt þátt í að færa þjóðarbúinu milljónatugi. Svona mætti lengi tala, en ég ætlaði að gera örfáar aths. sem teygjast þó kannske eitthvað.

Hér er á dagskrá í virðulegri deild frv. til l. um ríkismat sjávarafurða. Þetta er 82. mál á þskj. 87 og lagt fram af hæstv. sjútvrh. í okt. eða nóv. Málið var tekið til 1. umr. í nóv. og olli þá strax harðvítugum deilum hér í hv. deild. Síðan er því vísað til sjútvn., sem skilaði áliti í síðustu viku. Það er hér á þskj. 734 og 16 brtt. á þskj. 735.

Mál þetta á sér nokkuð sérstæða sögu. Þingnefndin mun að venju hafa kallað fulltrúa margra aðila á sinn fund og jafnframt sent frv. til umsagnar og fengið um 16 umsagnir, að vísu ærið mismunandi eins og gengur. Skömmu fyrir páska var kallaður saman fundur í sjútvn. þótt fyrir lægi að fjórir nm. af sjö væru fjarstaddir og að minni hl. n. hafði óskað eftir því að nefndarfundi yrði frestað þar til aðalmenn gætu mætt. Þeirri till. var algerlega hafnað af formanni n., hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, og málið hespað í gegn þótt aðeins þrír af aðalmönnum nefndanna væru viðstaddir og varamenn látnir mynda meiri hl. Álit þessa meiri hl. var að samþykkja frv. nær óbreytt með þremur atkv. gegn tveimur atkv. minni hl., 4. þm. Suðurl., Garðars Sigurðssonar, og Guðmundar Einarssonar, hv. þm. Þetta meirihlutaálit var lagt hér fram sem þskj. 662. En viti menn! Þegar aðalmenn í sjútvn. koma til þings á nýjan leik sjá þeir umrætt nál., sem er í engu samræmi við þeirra skoðanir, enda knúið í gegn að þeim fjarstöddum og án þess að þeir hefðu hugmynd um að

málið yrði afgreitt úr nefnd meðan þeir voru fjarverandi í opinberum erindagerðum. Þarna eiga í hlut t. d. virðulegur þm. Halldór Blöndal, sem býr yfir býsna mikilli þekkingu í sjávarútvegsmálum, og virðulegur þm. Gunnar Schram, sem jafnframt er lagaprófessor og ég hef nokkurn grun um að hafi verið lítt hrifinn af þeim lagalega texta sem í frv. var. Þá er formaður n., hv. þm. Stefán Guðmundsson, kominn í minni hl. í n. Nú voru góð ráð dýr. Þm. Stefán Guðmundsson, formaður n., afturkallar þá nál. á þskj. 662, kallaður er saman fundur í nefndinni að nýju, sem formaður nefndarinnar hafði margneitað að gera áður, og á nokkrum fundum eru samþykktar 16 brtt., — tillögur sem formaður nefndarinnar hafði margneitað að samþykkja áður frá minni hl. nefndarinnar. — Nú gerir hann þessar tillögur að sínum og helstu efnisbreytingarnar á frv. frá núgildandi lögum eru felldar í burtu. Maður hlýtur að spyrja sjálfan sig sem svo: Ef helstu breytingar frá gildandi lögum eru felldar í burtu til hvers er þá verið að semja ný lög? Því ekki að bæta við eldri lög ef ástæða var til? Að þessari spurningu mun ég koma síðar.

Afgreiðsla n. á þessu frv. er ærið skrautleg. Frv. eins og það er lagt fram í upphafi er áberandi illa samið, fullt af mótsögnum og hroðvirknislega unnið. Og ég vil því ekki trúa að hæstv. sjútvrh., sem er vel verki farinn, hafi lagt þarna hönd að verki þó að hann hafi lagt nafn sitt við, enda mun þetta frv. hafa verið tilbúið áður. En þetta frv. var þannig úr garði gert að það nálgast hneyksli að ráðh. skuli leggja jafnilla unnið frv. fyrir hv. Alþingi.

En áður en lengra er haldið er rétt að víkja að gæðum íslensks sjávarafla og þýðingu gæðamats fyrir íslenskt þjóðarbú.

Opinbert fiskmat á Íslandi hófst upp úr síðustu aldamótum, nánar tiltekið árið 1904. Þarna var í upphafi að vísu aðeins um mat á saltfiski að ræða. Hins vegar var saltfiskur aðalútflutningsafurð Íslendinga á þeim tíma. Árangur af starfi fiskmatsins var góður þegar í stað og kom það fram í því að íslenskur saltfiskur varð eftirsóttari í markaðslöndum við Miðjarðarhaf en saltfiskur frá öðrum þjóðum. Aðalsamkeppnisland okkar á þeim tíma var Noregur. Um þetta hafa verið birtar margar skýrslur frá norskum ræðismönnum þar sem þeir vara norsk stjórnvöld og framleiðendur við því að gæði íslensks saltfisks hafi aukist svo mjög að hætta steðjaði að norskum fiskmörkuðum í viðkomandi löndum. Einnig skrifaði Tryggvi Gunnarsson bankastjóri mjög fróðlega og athyglisverða grein sem m. a. birtist í almanaki Þjóðvinafélagsins.

Þessi góði árangur Íslendinga á þessum tíma varð til þess að Norðmenn töldu óhjákvæmilegt að fara að dæmi okkar og taka upp óháð ríkismat þar sem íslenska fiskmatið var tekið til fyrirmyndar í öllum meginatriðum. Allt frá upphafi var það grundvallaratriði að fiskmatið væri óháð hagsmunaaðilum. „Spænsku kaupmennirnir sem hrekkjaðir höfðu verið keyptu nú fiskinn óséðan", segir Tryggvi Gunnarsson í grein sinni.

Íslenskar sjávarafurðir hafa yfirleitt verið í háum gæðaflokki miðað við fiskafurðir helstu samkeppnislanda okkar. Eitt af því sem stuðlað hefur mjög að þessu — það eru margar samverkandi ástæður að vísu — er að íslenska fiskmatið hefur verið mun virkara en fiskmatið hjá helstu samkeppnisþjóðunum í gegnum tíðina.

Nokkrum sinnum frá árinu 1904 hafa verið gerðar breytingar á lögum um fiskmat, en alltaf og alla tíð hefur það verið meginstefna að hafa það óháð ríkismat, þ. e. sjálfstætt gagnvart hagsmunaaðilum. Dæmi eru um að einstaklingar hafi viljað breyta skipulagi fiskmatsins í þá átt að hagsmunaaðilar sjávarútvegsins gætu haft þar áhrif. Slíkar tillögur hafa aldrei náð fram að ganga.

Minna má á til fróðleiks að einn harðasti talsmaður óháðs ríkismats á Alþingi og víðar var Ólafur heitinn Thors, fyrrum forsætisráðherra. Hann beitti sér gegn öllum tillögum í þá átt að afnema sjálfstæði fiskmatsins. Hann byggði skoðun sína á þeirri reynslu sem hann hafði öðlast sem einn af forstjórum Kveldúlfs og mjög víðtækri þekkingu sinni á íslenskum sjávarútvegi. Það hvarflaði aldrei að Ólafi Thors að setja fiskmatið undir stjórn Kveldúlfs. Sjónarmið Ólafs er andstætt skoðunum hæstv. núv. sjútvrh., sem manni skilst á frv. að vilji afhenda hagsmunaaðilum, tögl og hagldir í íslensku fiskmati.

Á 4. og 5. áratugnum verða miklar breytingar í íslenskum sjávarútvegi. Nýjar vinnslugreinar koma til, og skal þar einkum bent á freðfiskframleiðslu og skreiðarverkun. Einn stærstan þátt í þeirri þróun í upphafi átti fiskimálanefnd, en framlag þeirrar nefndar í íslenskum atvinnumálum er afar merkilegt þótt ekki sé tími til að rekja hér þá sögu. Við þessar breytingar á framleiðsluháttum var tekið upp mat á þessum nýju afurðum. Þróunin hefur orðið sú að fiskmatið hefur tekið upp mat á nær öllum vinnslugreinum er upp hafa komið. Það hefur ævinlega gilt sama meginreglan og gilti við upphaf fiskmats á Íslandi, að matið skyldi vera óháð ríkismat, óháð framleiðsluaðilum.

Þessar nýju framleiðslugreinar voru raunverulega háðar eftirliti mismunandi matsstofnana. Í stríðslokin starfa raunverulega fjórar matsstofnanir á Íslandi; saltfiskmat, skreiðarmat, freðfiskmat og síldarmat. Árið 1948 eru þrjár þessara stofnana settar undir eina stofnun, Fiskmat ríkisins. Það tók við saltfiskmati, skreiðarmati og freðfiskmati, en síldarmatið var rekið áfram sem óháð stofnun.

Árið 1961 hefst mat á ferskum fiski og var það framkvæmt af sérstakri matsstofnun, þ. e. Ferskfiskeftirlitinu. Ástæðan fyrir þessu var sú, að þarna var að nokkru leyti um tilraunastarfsemi að ræða og þótti ekki heppilegt að hún færi fram á vegum Fiskmatsins á því stigi. Ferskfiskeftirlitið var hins vegar sett undir Fiskmat ríkisins árið 1968. Var það gert bæði vegna þess að það var komið af tilraunastigi og svo þess að illa þótti gefast að þessi starfsemi færi fram á vegum tveggja stofnana, sameiningin stuðlaði að hagkvæmni og sparnaði í rekstri.

Þarna störfuðu þá tvær stofnanir, Fiskmat ríkisins og Síldarmat ríkisins, en þær voru sameinaðar 1975 með sérstökum lögum. Var sú stofnun nefnd Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Meginatriði þessarar þróunar var að nær allt fiskmat á Íslandi var sett undir eina stofnun.

Þegar ein stofnun tók upp svo fjölbreytta starfsemi var óhjákvæmilegt að henni yrði skipt í deildir. Framleiðslueftirlit sjávarafurða starfar þannig í fjórum deildum, hreinlætis- og búnaðardeild, ferskfiskdeild, freðfiskdeild, saltfisk- og skreiðardeildum. Stjórnendur þessara deilda eru sérhæfðir og fylgjast með mati og eftirliti hver á sínu sviði. Hins vegar er í gildandi lögum

ákvæði þess efnis að hægt er að flytja matsmenn á milli deilda eftir starfsálagi hverju sinni og getur það verið mjög breytilegt eftir afla og árstíðum.

Frá því freðfiskframleiðsla hófst á 4. áratugnum hefur hún aukist jafnt og þétt og er orðin helsta útflutningsafurð Íslendinga. Fyrsta stökkið kom á stríðsárunum. Þá lokuðust flestir saltfiskmarkaðir okkar Íslendinga. Megnið af þeim fiski sem ekki var fluttur ísvarinn til Bretlands var fryst og þá var Bretland okkar stærsti markaður. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna var stofnuð 1942 og hefur þróast upp í að verða stærstu sölusamtök Íslendinga.

Eins og áður segir var Bretland okkar stærsti markaður fyrir frystan fisk. Síðan bættust Sovétríkin við og urðu um nokkurt skeið stærsti kaupandinn. Sovétríkin eru enn stór kaupandi á frystum fiski. Einnig seljum við mikið til Efnahagsbandalagslanda, annarra en Bretlands, og mun Þýskaland vera þar stærst næst á eftir Bretlandi. Langstærsti markaður okkar undanfarin ár hins vegar hafa verið Bandaríkin. Þar höfum við byggt upp stórar verksmiðjur og dreifingarkerfi og þar er okkar langmikilvægasti markaður í dag.

Það er ástæða til að geta þess að sú framsýni og sá stórhugur sem kemur fram hjá forstjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bandaríkjunum er einsdæmi og spá mín er sú að hans þáttar eigi eftir að verða getið mjög rækilega í íslenskri atvinnusögu því að hann lyfti íslenskum fiskiðnaði upp á hærra stig. Ég veit satt að segja ekki hvar við værum staddir í dag ef þetta stóra átak, þessi stórhugur og bjartsýni Sölumiðstöðvarinnar undir stjórn Jóns Gunnarssonar, hefði ekki komið til. Þarna erum við komnir inn á kröfuharðasta og viðkvæmasta matvælamarkað í heiminum, en jafnframt inn á þann markað sem hæst verð greiðir.

Á Bandaríkjamarkaði hefur okkur gengið undravel þó að þar gildi hið gamla lögmál að alltaf megi betur gera. Íslenskur fiskur hefur yfirleitt verið talinn þar í hæsta gæðaflokki. Norðmönnum hefur ekki tekist að ná þar jafnöflugri fótfestu og okkur og þó hafa þeir öflugt sölukerfi í Bandaríkjunum. Þetta er m. a. byggt á framsýni Sölumiðstöðvarinnar og forstjóra hennar, Jóns Gunnarssonar, á sínum tíma, sem ég ítreka að er ákaflega merkur þáttur í íslenskri atvinnusögu.

Kanada er að verða það ríki sem er hvað öflugast í fiskveiðum og hefur háð við okkur harða samkeppni. Kanadamenn hafa verið með lægra verð en við á þessum markaði, en fram á síðustu ár hefur gæðaeftirlit þeirra ekki verið nógu tryggt. Þeir hafa sett mikið af góðum fiski á markaðinn, en þar sem fiskmat í Kanada hefur ekki náð þeirri fótfestu sem það hefur náð á Íslandi hefur mikið borið á gallaðri vöru.

Á síðustu árum hafa Kanadamenn gert stórátak í þessum efnum. Yfirlýst markmið Kanadamanna er að koma sínum afurðum í sömu gæðaflokka og íslenskar sjávarafurðir eru í og jafnvel betri. Meginatriðið í þessari viðleitni þeirra er að efla ríkismat. Fyrirmynd þeirra í þessum efnum er íslenska og norska fiskmatið, öllu meira þó það íslenska.

Um síðustu áramót hófst í Kanada á vegum fiskmatsins eftirlit með búnaði fiskiskipa og verða öll fiskiskip að fá hæfnisvottorð frá fiskmatinu til að stunda veiðar. Gefnar hafa verið út mjög strangar reglur um hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja með tilliti til fiskmeðferðar og geymslu til að fá slíkt vottorð. Unnið hefur verið að því undanfarin ár að breyta stórum hlutum kanadíska fiskiskipaflotans til þess að hann fullnægi ítrustu kröfum. Kanadíska ríkið veitir fjárhagsaðstoð vegna þessara nauðsynlegu breytinga og í sumum tilfellum allt að helming. Þá eru settar strangar reglur um meðferð fisks um borð í fiskiskipum, við löndun, flutninga og geymslu í landi. Einn helsti gallinn á kanadíska fiskinum hefur verið sá að t. d. blóðgun hefur verið mjög áfátt. Um þetta hafa nú verið settar mjög strangar reglur.

Þá var um síðustu áramót tekið upp ferskfiskmat í Kanada og verður að taka sýnishorn úr hverjum farmi til mats. Gæðaflokkar eru þrír.

Fram að þessu hefur verð á fiski í Kanada verið óháð gæðum. Eitt umsamið verð hefur verið greitt fyrir allan fisk án tillits til gæða. Á þessu verður nú breyting þannig að fiskurinn verður framvegis verðlagður eftir gæðum. Áformað er að verðhlutfall milli flokkanna verði 100 fyrir 1. flokk, 70 fyrir 2. flokk og 50 fyrir 3. flokk. Komið hefur til tals að ríkið greiði í byrjun verulega uppbót á hæsta flokkinn.

Þetta álíta Kanadamenn mikilvægustu atriðin í þeirri viðleitni að auka gæði fiskaflans. Og allt er þetta stílað á samkeppni við Íslendinga á verðmætasta fiskmarkaði í veröldinni. Þá verður öllum fiskvinnslustöðvum gert skylt að hafa í þjónustu sinni eftirlitsmenn sem viðurkenndir eru af fiskmatinu og þeir verða að vinna eftir reglum kanadíska fiskmatsins. Það er skilyrði fyrir því að viðkomandi fyrirtæki fái leyfi til vinnslu. Einnig verður tekið upp mat og flokkun á öllum helstu fiskafurðum skv. opinberum reglugerðum svo og eftirlit með umbúðum og merkingum. Þetta er gert til að ráða bót á þeim megingalla sem hefur verið á kanadískum afurðum, en það eru misjöfn gæði í sams konar pakkningum, sem er meira vandamál en meðalgæði afurðanna.

Þá er kanadíska fiskmatið að stórauka hvers konar leiðbeiningar og fræðslustarfsemi. Vegna þessara auknu verkefna var ákveðið að fjölga yfirfiskmatsmönnum kanadíska fiskmatsins um 150 fyrir næstu áramót. Flestir þessara starfsmanna hafa þegar verið ráðnir og eru teknir til starfa.

Af þessari upptalningu ætti að vera ljóst hvert fyrirmyndirnar eru sóttar. Takist Kanadamönnum sæmilega upp með þessar nýjungar sínar í mati og eftirliti gæti stór hluti kanadískra fiskafurða orðið fyllilega sambærilegur, ef ekki betri, að gæðum við íslenskar afurðir innan skamms tíma.

Kanadamenn hafa auglýst þessar nýjungar sínar óspart í markaðslöndum, þ. e. að þeir séu að taka upp öflugt óháð ríkismat. Á sama tíma leggur hæstv. sjútvrh. á Íslandi fram á Alþingi frv. sem felur það í sér að framleiðendur skuli stjórna ríkisfiskmati á Íslandi. Og fróðlegt væri að vita hvort sjútvrh. Íslands ætlar að auglýsa það í markaðslöndum okkar að æðsti dómstóll í fiskmati á Íslandi væri í höndum framleiðenda. Fróðlegt væri að gera allítarlega úttekt á sjávarafurðum Íslendinga á mörkuðum. Það skal þó ekki gert hér, en rétt er að minnast á nokkur atriði til að menn átti sig betur á stöðu og starfi íslensks fiskmats og þætti þess í gæðum íslenskra sjávarafurða.

Síldveiðar festu hér rætur upp úr 1880 og voru fyrst í stað einkum á vegum Norðmanna. Þetta verður umtalsverður atvinnuvegur fljótlega upp úr aldamótum þegar tekið var að veiða síldina í reknet og herpinót. Fram á

annan áratug aldarinnar var öll síld söltuð, en úr því er einnig farið að byggja bræðslur. Hráefnið sem við notuðum, þ. e. Norðurlandssíldin, var án efa besta hráefnið sem hægt var að fá til söltunar í veröldinni. Þrátt fyrir þetta náðum við ekki fyllilega góðum tökum á verkuninni fyrr en á fjórða áratugnum og urðum oft fyrir verulegum áföllum af þeim sökum. Einnig var skipulagi á framleiðslu og sölu ábótavant. Betra skipulag komst á við verkun og sölu við stofnun síldareinkasölunnar og síðar síldarútvegsnefndar. Þetta er löng saga. En hún beitti sér strax fyrir aukinni vöruvöndun. Hins vegar olli það miklum erfiðleikum hve markaðurinn var sveiflukenndur og varð atvinnugreinin oft fyrir miklum áföllum af þeim sökum. Engu að síður voru síldveiðar og vinnsla síldar verulegur þáttur í atvinnumálum og gjaldeyrisöflun íslensku þjóðarinnar.

Bygging síldarbræðslnanna stuðlaði mjög að auknum gæðum saltsíldar og olli því að hægt var að velja besta hráefnið til söltunar, en áður þurfti að salta megnið af þeirri síld sem að landi barst, en henda hinu. Fyrsta síldarbræðslan á Íslandi var byggð á Siglufirði 1911, en uppbygging verksmiðjunnar hófst ekki að marki fyrr en eftir tilkomu Síldarverksmiðja ríkisins upp úr árunum 1930. Þar er hiklaust um að ræða fyrstu stóriðjuna á Íslandi.

Síldarmat ríkisins var stofnað 1938 en fram til þess höfðu erlendir kaupendur eða fulltrúar þeirra skoðað síldina hérlendis til að ganga úr skugga um að gæði hennar væru fullnægjandi. Það gæðamat var mjög sveiflukennt og háð framboði og eftirspurn hverju sinni, þannig að erfitt var að halda uppi ákveðnum gæðastaðli. Þó býst ég nú við að engir hafi verið flinkari en Siglfirðingar við verkun síldar þó leitað hafi verið vítt um veröld alla.

Starfsemi síldarmatsins skilaði strax árangri, en síldarsöltun dróst verulega saman á stríðsárunum, en jókst aftur er markaðir opnuðust að styrjöldinni lokinni. Þá opnuðust miklir saltsíldarmarkaðir í Sovétríkjunum, en Sovétmenn og aðrar Austur-Evrópuþjóðir hafa ætíð sett það sem skilyrði fyrir kaupum að saltsíld og aðrar fiskafurðir væru metnar af ríkismati í framleiðslulandinu. Enn fremur gerðu ýmis vestræn lönd og fyrirtæki í vestrænum löndum sömu kröfur.

Gæði íslenskrar saltsíldar hafa verið mikil og hefur síldarmatið átt umtalsverðan þátt í því. Í dag metur Framleiðslueftirlitið alla saltsíld sem flutt er úr landi. Þrátt fyrir það er öllum erlendum kaupendum heimilt að senda eftirlitsmenn til að skoða síldina og fylgjast með matinu. Reynslan er hins vegar sú frá stofnun Framleiðslueftirlitsins að erlendir kaupendur hafa aldrei notað sér þetta, gagnstætt því sem áður var, þegar sænskir síldarmatsmenn stjórnuðu bæði mati og magni hverrar síldartunnu. Þetta er staðfesting á því að erlendir síldarkaupendur treysta síldarmati Framleiðslueftirlitsins.

Kröfuharðasti kaupandinn, hinar heimsfrægu Abba niðurlagningarverksmiðjur í Svíþjóð, láta íslenska matsmenn algjörlega annast sitt síldarmat.

Langsamlega stærsti kaupandi íslenskrar saltsíldar eru Sovétríkin. Þau kaupa um ¾ af allri framleiðslunni. Framleiðendur í öðrum löndum hafa gert ítrekaðar tilraunir til að komast inn á sovéska markaðinn síðustu árin en án árangurs þrátt fyrir að þeir byðu síldina á allt að 40% lægra verði en Íslendingar.

Verðið sem Íslendingar fá á öðrum mörkuðum er oft um 15—30% hærra en hjá keppinautunum. Þetta skeður þrátt fyrir að við höfum ekki lengur Norðurlandssíldina sem var ákjósanlegasta hráefni sem hægt var að fá til söltunar. Suðurlandssíldin er ekki jafnákjósanlegt hráefni og aðrar þjóðir hafa hráefni sem er lítið eða ekkert lakara. Það háa verð sem við fáum fyrir framleiðslu okkar byggist á góðri verkun og hörðu mati sem erlendir kaupendur vita að þeir geta treyst. Ég held að hollt væri að hafa þetta í huga þegar sá þykist mestur sem mest getur rægt og nítt íslenska fiskmatsmenn.

Freistandi væri að rekja fleiri vinnslugreinar, markaði þeirra, verkun og mat. Það skal ekki gert að sinni, en ef menn óska frekar umr. um það skal ekki standa á mér.

Í gildi eru lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða frá 31. des. 1974. Þessi lög eru sett að tilhlutan Matthíasar Bjarnasonar, hæstv samgrh., sem þá var sjútvrh. Lög þessi, sem enn eru í gildi, eru ákaflega skýr og afdráttarlaus og mér vitanlega hafa aldrei komið upp deilur um túlkun þeirra. Sá er og kostur þessara laga að ráðh. fær víðtæka heimild til útgáfu reglugerða um framkvæmd laganna. Mér er ekki kunnugt um að bent hafi verið á neina galla eða vankanta á þessum lögum. Vissulega þarf öðru hvoru að huga að því hvort þörf sé á breytingum eða endurskoðun á lögum og áður en endurskoðun fer fram verður að gera sér grein fyrir því í hverju gallar gildandi laga séu fólgnir og að hvaða leyti þeim sé áfátt. Ég hef spurt ýmsa menn, sem gleggst þekkja til þessara mála, hvort gildandi lögum sé að einhverju leyti áfátt eða þarfnist breytinga. Mér hefur enginn bent á galla á gildandi lögum þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir. Hins vegar hafa nokkrir sagt að ráðh. undanfarinna ára hefðu gjarnan mátt gefa út fleiri reglugerðir um hina ýmsu þætti matsins sem upp hafa komið vandamál um hverju sinni og reynslan hefur sýnt að breyta þyrfti. Slíkt er heimilt skv. lögum, en kallar ekki á neinar lagabreytingar. Benda má einnig á að í grg. með frv. er ekki bent á neina galla á þessum lögum.

Hver er þá tilgangur frv. og að hvaða leyti var það frábrugðið gildandi lögum þegar það var lagt fram á hv. Alþingi í nóv.? Helstu breytingar voru þær að stofnað skyldi fiskmatsráð sjö manna. Þar af áttu fjórir að vera úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Þó áttu þessi ótilgreindu hagsmunasamtök ekki sjálf að tilnefna fulltrúa í ráðið, heldur skyldi ráðh. skipa fulltrúana sjálfur án tilnefningar og ákveða sjálfur hvaða samtök þarna skyldi vera um að ræða. Þetta eru nokkuð óvenjuleg vinnubrögð. Síðan er verkefni fiskmatsráðs skilgreint, eins og frv. var lagt fram af ráðh., í ýmsum greinum frv., en það er furðulegur hrærigrautur sem sjútvn. hefur nú að verulegu leyti lagað.

Skv. 3. gr. frv., eins og það var lagt fram af ráðh., á fiskmatsráð að vera umsagnaraðili og verður greinin ekki túlkuð á annan veg en þann að hér sé um ráðagjafa að ræða.

Í 4. gr. bregður svo við að þessi ráðgjafarnefnd á að ráða sér sérstakan framkvæmdastjóra. Í greininni er skilgreint hvert er starf framkvæmdastjóra fiskmatsráðs sem er ráðgefandi aðili skv. 3. gr., hvaða starf þetta skuli vera. Hann á að hafa með hendi yfirumsjón með allri starfsemi Ríkismatsins. Þar með er ráðgjafarnefndin bara orðin stjórn í næstu grein — í 3. gr. umsagnaraðili, í 4. gr. stjórn. 4. gr. stangast þarna algjörlega á við

3. gr. Og ekki nóg með það. Í 23. gr., eins og frv. var lagt fram, er gengið svo langt að fiskmatsráði er gert að úrskurða ef ágreiningur rís vegna fiskmats. Þá er það orðið æðsti dómstóll í fiskmati Íslendinga. Það er ráðgefandi aðili í 3. gr., stjórn í 4. gr., æðsti dómstóll í mati í 23. gr. Er nokkur undrandi á því þó að ég vilji sýkna virðulegan sjútvrh. af samningu svona lagauppkasts?

Skilgreining á störfum fiskmatsráðs virðist því vera eftirfarandi: Í 3. gr. umsagnaraðili, í 4. gr. stjórn sem ræður framkvæmdastjóra og í 23. gr. er það orðið æðsti dómstóll á öllu fiskmati í landinu. Skýri nú hver sem betur getur.

Í ráðherrafrv. er sama ráðið umsagnaraðili, stjórn og dómstóll og allt eftir því í hvaða lagagrein er vitnað. Var einhver að tala um að lög þyrftu að vera skýr og augljós? Það eru m. a. þessi atriði sem hv. formaður sjútvn. harðneitaði að taka til greina, en var knúinn til af fulltrúum úr samstarfsflokki sínum að breyta. Það er von að hann sé reistur þegar hann skýrir frá afrekum sínum í nefndarstörfum.

Í brtt. n. er þessi óskapnaður að mestu felldur niður. Mér er sagt að sú fimm manna nefnd sem samdi þetta frv. hafi haldið 50 fundi. Mér varð að orði: Ja, það var eins gott að þeir voru ekki 150. Hvað hefði komið út úr því?

Sem dæmi um vinnubrögð nefndarinnar, sem semur frv., má benda á að frv. felur í sér algjöra kollsteypu varðandi stöðu fiskmats. Eins og áður hefur verið tekið fram í upphafi hefur frá upphafi fiskmats verið gengið út frá þeirri grundvallarforsendu að fiskmati, sem er í starfi sínu úrskurðaraðili milli innlendra seljenda og erlendra kaupenda, væri óháð hagsmunaaðilum. Skv. frv., eins og það var lagt fram af ráðh., er stofnunin sett undir stjórn fiskmatsráðs þar sem hagsmunaaðilar hafa meiri hluta og svo langt er gengið að fiskmatsráð — og þar með hagsmunaaðilar — er hæstiréttur í deilum og ágreiningi er upp kann að koma varðandi fiskmat. Þetta er gjörbreyting á stöðu fiskmats, algjör kollsteypa. Maður skyldi ætla að þetta væri rækilega skilgreint og rökstutt í grg. með frv. Ég fletti upp í grg. og leitaði skýringa fyrir þessari breytingu. Og í grg. þessarar virðulegu n. segir:

„Þessar greinar frv. þykja ekki gefa tilefni til sérstakra aths."

Gjörbreyting á stöðu og stjórn fiskmats á Íslandi frá 1904! 50 fundir fimm manna gera þarna breytingar! „Þessar greinar frv. þykja ekki gefa tilefni til sérstakra aths."! Ja, þegar svona er um hin grænu tré.

Í brtt. sjútvn. er 3. gr. nokkuð breytt frá frv., en fiskmatsráð á skv. greininni að vera ráðgefandi. Síðan er fiskmatsráði í þessari sömu grein falið að kynna sér erlend ákvæði og reglur. Þetta kemur fram í till. sjútvn. Alþingis þegar hún er að lappa upp á þetta hörmungarfrv. Þar segir, með leyfi forseta, að fiskmatsráð skuli kynna sér erlend ákvæði og reglur um lágmarksákvæði. Ekki er tekið fram hvaða erlend ákvæði eða reglur eða lágmarksákvæði hér sé átt við. Manni verður á að spyrja: Erlend ákvæði um hvað? Ég geri nú ráð fyrir að þarna sé átt við ákvæði um fiskmat. Ef svo er, sem ábyggilega er, þá er mun eðlilegra að stofnuninni sé falið að gera slíka könnun, enda krefst hún sérhæfðrar þekkingar.

Í upphaflega frv. var ákvæði um að leita skyldi umsagna fiskmatsráðs við ráðningar helstu yfirmanna stofnunarinnar, 4., 6. og 8. gr. Slík ákvæði eru mjög óheppileg þar sem yfirmenn hafa orðið mjög háðir hagsmunaaðilum um starf hjá stofnuninni og hætt við að nokkurs konar kosningabarátta yrði þar fjórða hvert ár. Þessi ákvæði, þ. e. að hagsmunaaðilar, sem starfsmenn fiskmats þurfa oft að meta vörur hjá og lækka verðlag á, þyrftu að vera háðir umsögn fiskmatsráðs, hafa verið felld niður af sjútvn., en þess í stað sagt í 3. gr. að ráðh. geti óskað umsagnar fiskmatsráðs um ráðningar í helstu stöður. Slíkt þarf ekki að taka fram. Ég veit að það vakti ekki annað en gott fyrir sjútvn. Nd. Ráðh. getur óskað umsagnar og leitað upplýsinga um umsækjendur hvar sem honum sýnist. Til þess þarf engin lagaákvæði. Það verður því að líta á þessa nýju till. sem tilmæli til ráðh. um að óska umsagnar fiskmatsráðs þó það sé ekki lengur skylda skv. lögum. Slíkt er óeðlilegt.

4. gr. hefur verið breytt þannig af sjútvn. að starf fiskmatsstjóra er ekki lengur skilgreint þannig að hann sé framkvæmdastjóri fiskmatsráðs, heldur forstöðumaður stofnunarinnar. Í frv. eins og það var upphaflega lagt fram voru engin ákvæði um menntun eða reynslu fiskmatsstjóra. Í frv. eins og ráðh. lagði það fram frá nefndinni var fiskmatsstjóri eini starfsmaður fiskmatsins sem engar kröfur voru gerðar til, hvorki um menntun né reynslu, nákvæmlega sá eini af öllum starfsmönnum. Í gildandi lögum eru hins vegar skýr ákvæði um að forstöðumaður skuli hafa lokið háskólaprófi í matvælafræðum eða skyldum greinum. N. hefur lagað þessi ákvæði frv. og segir: „Við skipun í starfið skal tekið tillit til menntunar og starfsreynslu." Spurning er hvort þetta sé ekki of almenns eðlis og hvort það tryggi nægilega að í starfið sé ráðinn maður með bestu faglegu þekkingu. Þetta ákvæði held ég að hefði verið heppilegra að hafa afdráttarlausara.

Í 5. gr. frv. voru ákvæði um að bókhald stofnunarinnar skyldi tekið úr höndum Ríkisbókhaldsins og fært inn á skrifstofu fiskmatsstjóra. N. hefur greinilega ekki haft hugmynd um hvar bókhaldið var. Þarna hefur þingnefndin haft vit fyrir ráðh. því hún fellir ákvæðið niður. Hins vegar er það óeðlilegt orðalag að nefna skrifstofu Ríkismats sjávarafurða skrifstofu fiskmatsstjóra. Ég hélt að það væri skrifstofa Ríkismats sjávarafurða. En það skiptir í sjálfu sér ekki svo miklu máli hvað þetta heitir.

Í frv. er gert ráð fyrir að Ríkismatið starfi í tveim deildum, en Framleiðslueftirlitið starfar nú í fjórum deildum. Engin haldbær rök eru færð fram fyrir því — og þarna breytir sjútvn. Nd. ekki — hvaða kostir fylgja því að fækka deildunum. Aðeins er í grg. sagt að þetta sé gert vegna þess að breyting hafi orðið á mikilvægi einstakra deilda. Þessi rök eru haldlaus þar sem starfsmenn, aðrir en deildarstjórar, eru ekki ráðnir sem starfsmenn einstakra deilda, heldur sem starfsmenn stofnunarinnar og er hægt að skipa þeim niður á deildir, fela þeim verkefni hjá fleiri en einni deild eða færa þá milli deilda og jafnvel umdæmi eftir þörfum, afla og árstíðum hverju sinni. Um þetta eru skýr ákvæði í 8. gr. gildandi laga. Þannig er í rauninni engin grein gerð fyrir hvaða kostir fylgja þessu breytta skipulagi og ekki er hægt að koma auga á að þessar breytingar leysi neinn vanda.

Þarna er raunverulega verið að taka upp nánast sama

skipulag og var á árunum 1961—1968. Þá starfaði á vegum Ferskfiskeftirlitsins sérstök stofnun og annaðist aðeins ferskfiskmat. Fiskmat ríkisins annaðist afurðamat og því var ekki skipt í deildir. Yfir Ferskfiskeftirlitinu var ráð sem nefnt var fiskmatsráð og átti það að gera tillögur og semja lagafrv. um framtíðarskipulag fiskmats á Íslandi. Fiskmatsráð lagði til að þessar tvær matsstofnanir yrðu sameinaðar í eina, henni yrði skipt í þær deildir sem nú starfa vegna nauðsynlegrar sérhæfingar og enn fremur lagði fiskmatsráð til að það yrði sjálft lagt niður.

Það lýsir nú ekki miklu hugmyndaflugi að taka upp aftur gamalt skipulag sem lagt var niður 1968 vegna þess að menn voru sammála um að það hefði gefist illa.

Þó er sýnu alvarlegra að lagt er til í frv. að hreinlætis- og búnaðardeild verði lögð niður og verkefni hennar felld undir aðrar deildir, eins og var á árunum 1961—1968, og ráðinn sérstakur fulltrúi á skrifstofu til að vera ráðgefandi um þau mál. Þingnefndin hefur gert þarna á nokkrar lagfæringar og breytingar, þannig að hreinlætisfulltrúinn skal titlaður hreinlætissérfræðingur og skal hann að till. n. hafa á hendi faglegt hreinlætiseftirlit ferskfiskdeildar og afurðadeildar o. s. frv. Þarna er um að ræða skipulagslegan vanskapning því starfsmenn deildanna eru undir stjórn forstöðumanna þeirra og fráleitt að maður utan deildanna stjórni þeim fram hjá forstöðumönnum.

Hreinlætis- og búnaðardeild var stofnuð vegna þeirrar stórauknu áherslu sem á seinni árum hefur alls staðar verið lögð á heilnæmis- og hollustuhætti við framleiðslu matvæla. Hefur starfsemi deildarinnar skilað mjög góðum árangri, enda hefur á síðustu árum orðið stórfelld framför á þessum sviðum. Sífelld þróun á sér stað á þessu sviði og kröfur fara sífellt vaxandi. Þessi deild, sem fjallar um hreinlæti, búnað og hollustuhætti, á hiklaust að vera forgangsdeild, en ekki að leggja hana niður. Það er ekki framför í fiskmati á Íslandi.

Forstöðumaður þessarar deildar er háskólamenntaður líffræðingur og við hana starfa nokkrir vel menntaðir og sérhæfðir starfsmenn. Það er stór afturför í fiskverkun á Íslandi að leggja þessa deild niður og ég býst við að það sé samhljóða álit kunnugra að starf þessarar deildar hafi skilað hvað bestum árangri af deildum Framleiðslueftirlitsins.

Þá eru það 11. og 13. gr. Verkefni ferskfiskdeildar er óbreytt frá núverandi mynd, nema hún á að taka að sér eftirlit með hráefnageymslu. Þetta þýðir tvöföldun á starfsliðinu, mundi einhver segja. Breytingin er sú, að ferskfiskeftirlitsmenn taka að sér eftirlit með hráefnisgeymslum fiskvinnslustöðva, aðallega frystihúsa. Ég er ekki í minnsta vafa um að þarna hefur verið einn veikasti hlekkurinn í starfi Framleiðslueftirlitsins. Að vísu hefur þorri frystihúsa komið sér upp kæligeymslum og þarna er orðið mun betra ástand en var, en þarna eru eftirlitsmenn löggiltir matsmenn sem eru á launum hjá viðkomandi atvinnurekanda eða frystihúsi. Margir þessara manna geta starfað algjörlega sjálfstætt og verða ekki fyrir neinum þrýstingi frá frystihúseigendum og ég held ég megi segja að þeir séu almennt studdir mjög vel af sölusambandinu. Aftur á móti eru aðrir sem liggja undir nokkrum þrýstingi og það er ekki vafi á því að þetta ósjálfstæði hefur verkað þannig á suma verkstjóra, sem eru löggiltir fiskmatsmenn, að þeir eru ekki nógu harðir í þessu eftirliti. Að vísu kemur oft fyrir að það hefur verið mokað út úr þessum hráefnisgeymslum. En að fela þetta ferskfiskdeild — ja, það eru tveir ferskfiskmatsmenn í Keflavík, Suðurnesjum. Að þeir taki að sér til viðbótar eftirlit með hráefnisgeymslum í 11 frystihúsum, það dreg ég mjög í efa. Að vísu er þetta býsna þokukennt í frv. og grg., en það mætti segja mér að ef þessu ætti að fylgja eftir kostaði þetta svona 30—60 nýja starfsmenn, nema þá að viðkomandi matsmenn og eftirlitsmenn í frystihúsum væru á launum hjá fiskmatinu eða Framleiðslueftirlitinu og það legði ákveðinn toll eða skatt á frystihúsin til að kosta þessa starfsemi og tryggja að þarna væru sjálfstæðari aðilar. Um það er þegar heimild í lögum. Það er ekki um neitt nýmæli að ræða. Þessi heimild er fyrir í lögum. Það er bara ráðh. að ákveða það. Stífara eftirlit með hráefnisgeymslum held ég að sé til mikilla bóta, en ef þetta eiga að vera starfsmenn fiskmatsins og launaðir af því hygg ég að þarna væri a. m. k. um 50 nýja starfsmenn að ræða. Ég held að það sem vantaði þarna, ef farið væri eitthvað ákveðið millistig, væri að fá eins og tvo til þrjá menn sem ferðuðust á milli húsa — að vísu gera yfirmatsmenn þetta, en það þarf örugglega að gera þarna betur, — og væru eingöngu í þessum störfum. Það má deila um hversu menn eigi að vera margir.

Það er til bóta að svipta menn réttindum skilyrðislaust og gefa þeim ekki áminningar. Það eru alltaf, á hverju ári, einhverjir menn sem missa matsréttindi vegna kæruleysis eða af því að þeir hafa látið undan þrýstingi. En ég vil taka það fram að þarna er ekki við sölusamtökin að eiga. Sölusamtökin hafa verið ákaflega ötul í þessu. Það eru eigendur einstakra frystihúsa. Við skulum segja að 80% af þeim séu mjög góðir, en ef 20% beita sína starfsmenn beinum og óbeinum þrýstingi kemur upp sama vandamálið og ég var að skýra frá áður í Kanada: mismunandi gæði í sömu pakkningunum. Ég held að þetta sé ekki grundað og það er nánast ekki gerð grein fyrir framkvæmd þessa þýðingarmikla liðar.

Afurðadeild er fjallað um í 14.—16. gr. Í grg. með 14. gr. segir að sú nýjung felist í þessari grein að aðalreglan verði sú að afurðadeild annist aðeins yfirmat. Ja, um hvað er verið að tala hér? Saltfisk- og skreiðardeild og freðfiskdeild annast aðeins yfirmat? Þetta er búið að vera svo um árabil. Það kemur hér hvert atriðið á fætur öðru þar sem kastað er svo höndunum til lagasetningar að ákvæði sem eru búin að vera um árabil, eins og þessar deildir annist aðeins yfirmat, eru lögð hér fram sem nýmæli. — Þetta er gagnmerk ræða og á eftir að verða enn merkari. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki búið enn?) Nei, það er svona ⅓ af henni búinn, en ég skal fara að draga mál mitt saman.

Ég ætla að lesa 16. gr. Hún er gott dæmi.

„Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning, ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningatækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun samkvæmt þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar, og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju."

Svo mörg voru þau orð. Við skulum lesa 16. gr. í núgildandi lögum. Það segir nefnilega í greinargerð að greinin í frv. sé skýrari og afdráttarlausari og orðalagið sé óljóst í lögum Matthíasar Bjarnasonar. Ég skal lesa þessa óljósu grein í núgildandi lögum, sem Matthías Bjarnason fyrrum sjútvrh. setti:

„Forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða, deildarstjórar, yfirmatsmenn og matsmenn hafa vald til að stöðva móttöku fisks, krabbadýra og skeldýra svo og vinnslu, pökkun og útflutning fisks og sjávarafurða, ef þrif, búnaður fiskiskips, vinnslustöðvar eða flutningatækis eða meðferð afla, gæði hráefnis eða afurða, merking þeirra, umbúðir eða annar frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru samkvæmt lögum þessum. Starfsmönnum Framleiðslueftirlitsins ber þegar í stað að tilkynna yfirmanni sínum um stöðvun samkvæmt þessari mgr.

Nú hefur móttaka, vinnsla, pökkun eða útflutningur fisks eða sjávarafurða verið stöðvaður samkvæmt heimild í 1. málsgr., og ber þá Framleiðslueftirlitinu að leyfa, að fiskur sá eða afurðir, sem um er að ræða, verði hagnýttur til hverra þeirra nota sem að þess dómi eru hæfileg. Því er einnig skylt að leyfa, að ráðin sé bót á vörugöllum, ef unnt er, og skal banni aflétt, er lagfæring hefur farið fram.

Forstjóri Framleiðslueftirlitsins úrskurðar, ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits, en skjóta má úrskurði hans um skilning á lögum þessum og reglum settum samkv. þeim til sjútvrn."

Nefndin er svo smekkleg að hún segist koma með nýja grein vegna þess að lögin séu óljós. 16. gr. laganna er mörgum sinnum afdráttarlausari en frv. Ég spyr enn: Hvað eiga svona vinnubrögð að þýða? Til hvers þessa lagasmíði? Það væri fróðlegt að heyra hæstv. sjútvrh. skýra hvað er svona óljóst í skýrari ákvæðum sem eru fyrir í núgildandi lögum.

17. gr. frv., eins og það kom frá ráðh., gerði ráð fyrir sérstöku framleiðsluleyfi frá sjútvrn. Grein þessi hefur mætt mikilli andstöðu þar sem hún færir sjútvrh. eitt það mesta vald sem nokkur ráðh. hefur haft fyrr eða síðar, en það er að það má enginn verka fisk á Íslandi nema með sérstöku leyfi sjútvrh. Þingnefndin leggur til að þetta ákvæði í 17. gr. verði fellt niður. En ákvæðið er eftir sem áður í frv. þótt þessi brtt. nefndarinnar verði samþykkt. Nefndin leggur nefnilega jafnframt til að við 16. gr. komi eftirfarandi viðbót:

„Ráðuneytinu er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós á afurðum hans." Þetta er allt í besta lagi. En síðan kemur næsta: „Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og veitingu vinnsluleyfis."

Ef við lítum á 17. gr. frv. og strikum út 1. mgr. skiptir það ekki svo miklu um innihald greinarinnar, en ef við breytum framleiðsluleyfi í vinnsluleyfi er 17. gr., um vald ráðh., komin afturgengin aftan við 16. gr. undir dulnefni. Leyfið er það sama, það er aðeins kallað vinnsluleyfi í stað framleiðsluleyfis.

Nú skyldi einhver halda að þarna væri eitthvert sérstakt leyfi í sambandi við hreinlæti. Þetta var í 16. gr. Í 14. gr. frv. stendur:

„Afurðadeild annast útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva, en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis."

Þetta er mjög samhljóða þeim lögum sem í gildi eru, en hvaða leyfi er verið að smeygja þarna inn í 16. gr.? Það er bara allt annað vinnsluleyfi en það þurfi að uppfylla hreinlæti og búnað.

Af þessu leiðir samkv. 14. gr. að fullnægi vinnslustöð ákvæðum um hreinlæti og búnað er ekki hægt að neita henni um vinnsluleyfi. Ríkismatið á að veita þetta vinnsluleyfi samkv. 14. gr. og sá aðili sem veitir leyfið verður einnig sá aðilinn, sem sviptir vinnslustöðvar leyfinu. Það vinnsluleyfi sem fjallað er um í viðbótartill. nefndarinnar við 16. gr. er annars konar vinnsluleyfi en það sem fjallað er um í 14. gr. frv., sem er efnislega samhljóða 14. gr. laga. Vinnsluleyfið samkv. viðbótartill. sjútvn. við 16. gr. frv. er ekkert annað en framleiðsluleyfið afturgengið úr 17. gr. frv. þrátt fyrir góðan ásetning nefndarinnar. Ráðh. á að setja reglur um skilyrði fyrir veitingu þessa vinnsluleyfis — og nú spyr ég: Hvað segir flokkur hins frjálsa framtaks við slíku ráðherravaldi? Það er tvöfalt vinnsluleyfi: annars vegar eðlilegar kröfur um hreinlæti og búnað og svo dularfullt leyfi sem ráðh. getur sett samkv. reglugerð. Ja, frelsið fer nú að vera lítið hjá flokki frelsisins þegar þeir þurfa nú að fara að sækja um sérstakt leyfi til að fá að verka fisk. Það er á valdi ráðh. að leyfa það.

Sem dæmi um vinnubrögð skal ég lesa 18. gr. frv. Í 18. gr. frv. segir:

„Framleiðendur skulu hafa í sinni þjónustu til matsstarfa löggilta matsmenn, sem samþykktir eru af afurðadeild." Allt í lagi. Síðan kemur dálítið dularfull setning: „eða fá til þess matsmenn sem Ríkismatið samþykkir." Af hverju eru aðrir löggiltir, en hinir ekki?

Gott og vel, segjum að þetta sé í lagi. En hvernig hljóðar 10. gr. frv.?

„Matsmenn framkvæma undir stjórn yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem lög þessi og reglugerðir settar samkv. þeim gera ráð fyrir.

Sjútvrn. löggildir matsmenn að fenginni umsögn fiskmatsstjóra. Þeir skulu hafa sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn" o. s. frv.

Þetta á að vera gagnmerk nýjung.

Í 9. gr. gildandi laga segir:

„Matsmenn, er starfa á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, framkvæma undir umsjón yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Sjútvrn. löggildir matsmenn samkv. tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlitsins og sér um að þeir riti undir eiðstaf um að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra. Nemendur, sem lokið hafa prófi frá Fiskvinnsluskólanum, skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna."

Hvað er þetta? Útvötnuð 9. gr. núgildandi laga. Það er verið að ræða um þetta sem nýjung. Ég er svo aldeilis hissa.

Að vísu er óskiljanleg síðasta setningin í 18. gr., að fá til þess matsmenn sem Ríkismatið samþykkir. Hvað þýðir þetta? Er þetta undanþáguheimild frá þeirri löggildingu sem er í fyrri hluta greinarinnar og í 10. gr. og afgerandi er að allir matsmenn skuli hafa? Vill ekki hæstv. sjútvrh. skýra út fyrir þm. hvað er átt við með þessu? Og við skulum menntast örlítið betur. Við skulum lesa grg. við 18. gr. Hvað skyldi nú standa þar?

„Samkv. gildandi reglugerð er skylt að hafa fiskmats-

menn í hverju hraðfrystihúsi. Hér er gert ráð fyrir að ákvæði þetta verði lögbundið", — það er þegar lögbundið — „matsmenn verða löggiltir og jafnframt öllum framleiðendum sjávarafurða til útflutnings verði skylt að hafa löggilta matsmenn í þjónustu sinni, enda örökrétt að mismuna vinnslugreinum á þennan hátt.

Með þessu ákvæði er stigið stórt skref til aukinnar verkaskiptingar milli fiskverkenda og Ríkismatsins og ábyrgð framleiðenda aukin."

Skerðing á ákvæðum um löggilta matsmenn. Ja, þeir voru ekki til neins þessir 50 fundir. Ég er að segja að þessi grg. er hreint rugl.

Í 19. gr. er það nýmæli frá gildandi lögum að útflytjendum er gert skylt að hafa í þjónustu sinni eftirlitsmenn, sem jafnframt séu löggiltir matsmenn, er taki þátt í yfirmati og samræmingu ásamt yfirmatsmönnum Ríkismatsins. Eigi Ríkismatið að staðfesta gæði afurða, eins og til er ætlast, og verði starfsmenn þess að skoða þær til þess að ganga úr skugga um að gæðin séu fullnægjandi er ekki hægt að ætlast til þess að þeir sem opinberir starfsmenn staðfesti gæði og ástand afurða eftir upplýsingum frá starfsmönnum útflytjenda eingöngu. Verkefni yfirmatsmanna yrði því óbreytt frá því sem nú gerist. Yfirlýsingar um að kostnaður muni minnka standast ekki. Kostnaður verður óbreyttur.

Yfirmat og samræming eru þess eðlis að óheppilegt er að margir aðilar annist það. Í greinum þar sem útflytjendur og þar með eftirlitsaðilar yrðu margir og flytja út fyrir framleiðendur sitt á hvað, eins og t. d. tíðkast með skreið, þá á ég við smærri verslunarfyrirtæki, ferskan fisk, rækju, grásleppuhrogn, gæti þetta valdið hreinum glundroða. Þá mundi þetta verka sem hömlur á smærri útflytjendur, er einungis flytja út einstakar sendingar, þar sem þeir gætu eðli málsins samkv. ekki haft í þjónustu sinni fastráðna eftirlitsmenn. Sagt er að heimilt sé að kaupa þessa þjónustu af aðilum sem Ríkismatið samþykkir. Þetta hljómar út af fyrir sig vel, en gallinn er bara sá að það eru engir aðilar til sem selja út þjónustu löggiltra matsmanna.

20. gr. frv. er síst fullkomnari eða betri en 13. gr. núgildandi laga. Þess vegna gæti ég lesið 20. gr. frv. og 13. gr. laganna. Þar er sama sagan: Gildandi lög eru skýrari og afdráttarlausari.

Ég skal nú fara að draga saman mál mitt. Formaður verkalýðsfélags Bolungarvíkur og hv. þm. hefur gott af að hlusta á þessa tölu.

Í 21. gr. segir:

„Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða, sem lög þessi ná til, er skylt, sé þess óskað að láta fiskmatsráði í té upplýsingar um kvartanir, sem berast frá erlendum aðilum vegna gallaðrar vöru."

Við skulum nú sjá hvort nefndin hefur gert hér breytingar á. Já, nefndin hefur bætt þarna úr:

„Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða, sem lög þessi ná til, ber, sé þess óskað, að láta fiskmatsráði í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna gallaðrar vöru eða vegna þess að umbúnaði hennar er áfátt. Þá ber þeim, sé þess óskað, að veita Ríkismati sjávarafurða upplýsingar um greiddar skaðabótakröfur.

Þó er skylt að láta Ríkismati sjávarafurða í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna alvarlegra galla eða skemmda á vörum."

Nú við skulum sjá hvaða endurbætur eru hér á ferðinni. Í 15. gr. gildandi laga segir:

„Hverjum þeim, sem veiðir, verkar eða verslar með fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi ná til er skylt að gefa starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða allar þær upplýsingar og veita þeim þá aðstoð, sem þeim er nauðsynlegt við framkvæmd eftirlits og mats. Gildir þetta jafnt um upplýsingar um verkun, geymslu" o. s. frv.

Það er ekkert „sé þess óskað". Þetta er afgerandi og bindandi.

„Starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar."

Menn átta sig kannske ekki á þessu þegar þetta er lesið snarlega, en ég held það taki af öll tvímæli að gildandi lög eru skýrari. Þar er skýlaus skylda um upplýsingar ef gallar eru á vöru, umbúðum eða öðru, en hér stendur „sé þess óskað". Þetta er nú allt gæðamatið. Þetta eru nú allar framfarirnar!

Það var líka fjallað í þessari grein um þagmælsku starfsmanna. Hvað segir um þagmælsku starfsmanna í lögunum?

„Starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu."

Þetta er sama sagan: skýrari, afdráttarlausari ákvæði.

Um 23. gr. held ég sé nú best að fjalla sem minnst. Þetta átti að vera dómstóll. Sjútvn. hefur endursamið þessa grein. Hún hefur bætt hana að því leyti að þar stendur: „Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits úrskurða yfirfiskmatsmenn í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð. Skjóta má úrskurði um skilning á lögum þessum og reglum settum samkv. þeim til ráðh."

Þetta átti nú fiskmatsráð eitt að gera áður, en samkv. till. n. eiga yfirfiskmatsmenn að úrskurða í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð, samtals níu menn. Ágreiningur um mat getur komið upp hvar sem er á landinu við sjávarsíðuna. Úrskurð verður yfirleitt að kveða upp mjög fljótt. Í flestum tilfellum verður að fara á staðinn til að geta kveðið upp úrskurð. Hvernig skyldi ganga að kveðja þessa sjö fiskmatsráðsmenn nær fyrirvaralaust út á land til að kveða upp úrskurð og hvað um kostnaðinn? Þá mætti vekja athygli á því að úrskurður í fiskmati verður aðeins kveðinn upp af mönnum með staðgóða þekkingu á fiskmati, en í frv. eru engin ákvæði um þekkingu fiskmatsmanna á fiskmati. Ákvæðið held ég að sé í flestum tilfellum óframkvæmanlegt — a. m. k. í mörgum tilfellum illframkvæmanlegt. En er þá gripið á helstu vandamálum framleiðslueftirlitsins? Ég held að svo sé ekki. Það hefur aukist framleiðsla um eitthvað 60% á tíu árum. Aukning starfsliðs hefur ekki fylgt. Ég býst ekki við að það verði þægilegt að fjölga því, en á sama tíma og fiskmagn hefur aukist um 60% er aukning starfsliðs innan við 8%. Þarna má því segja að hafi átt sér stað stórfelldur niðurskurður og matið sé að ýmsu leyti verra.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson kom inn á það hér

áðan í sambandi við skýrslugerð að tölvumál væru ákaflega brýn nauðsyn. Það hefur ekki gengið að fá fjárveitingar fyrir þessu. Það er ákaflega nauðsynlegt, ef t. d. kæmi upp á Sauðarkróki mjög lélegur fiskur slag í slag eða einhverjum öðrum höfnum eða svæðum, að fá sem allra best skýrslur um það, geta unnið það snarlega í tölvu og hafa við hendina menn, þeir þurfa ekki að vera margir, sem fara þegar í stað á staðinn, kynna sér hvort þarna sé eitthvert ósamræmi, hvort þarna séu einhver mistök, hvað er að ske, af hverju detta allt í einu niður gæðin þarna. Þarna hefði þurft að koma á einhverri betri tryggingu fyrir fjárveitingar til tölvuvæðingar, sem er óhjákvæmilegt í nútímafiskmati.

Það hefur oft verið deilt um það, ekki síst í ferskfiskmati, hvort ekki sé ósamræmi á milli. Í sumum tilfellum getur þetta verið, í öðrum tilfellum er fiskverð mismunandi. Þarna gætir ákaflega mikillar tortryggni milli sjávarplássa. Þarna hefði nauðsynlega þurft að hafa matsmenn sem ferðuðust á milli staða og kynntu sér samræmingu í mati. Til þess hefur skort mannafla. Matsmenn hafa verið kallaðir saman um árabil á fundi og reynt að samræma og gefa ákveðnar grunnreglur, en ábyggilega þarf þá starfsemi að auka.

1973 var gefin út ákaflega hæpin reglugerð á saltfiskmat. Framleiðendur fengu að ráða matsmenn sjálfir, en áður hafði fiskmat sent þeim menn, sem það valdi, og ráðning á einstökum matsmönnum, hvar þeir voru að meta hverju sinni, var eingöngu í höndum yfirfiskmatsmanna og létu matsmenn meta hjá framleiðendum sitt á hvað. Nú ráða framleiðendur sjálfir hverjir meta. Þetta hafði mjög slæm áhrif. Því var lofað 1973 að það skyldu fengnir eins og fjórir, fimm samræmingarmenn. Þeir hafa aldrei fengist né að þessir samræmingarmenn gætu ferðast á milli stöðva. Matsmennirnir ferðuðust mikið á milli stöðva meðan þeir voru undir stjórn yfirfiskmatsmanna. Nú eru það fiskeigendur sem ráða hverjir meta hjá þeim. Þarna held ég að sé að finna afturför og í afturför á þessu skipulagi sé að finna ýmis þau mistök sem upp hafa komið í saltfisk- og skreiðarmati.

Það hefur að vísu ekki skort tröllasögur um þetta blessað fiskmat. Það var t. d. gífurlegt öskur rekið upp yfir því að við hefðum sent skemmdan fisk til Portúgals. Portúgalar kaupa af okkur 3. og 4. fl. saltfisk á dollaraverði. Spánverjar og Ítalir kaupa 1. fl. og eitthvað af 2. fl. Þeir keyptu á meðalgengi, Evrópugengi og dollarans, einhvers staðar mitt á milli. Það var komið svo hjá Portúgölum að þeirra 3. og 4. fl. voru orðnir dýrari en 1. fl. hjá hinum. Gott og vel. Segjum að þarna hafi verið mistök hjá matinu. En þessi mistök komu í sama mánuði upp hjá Norðmönnum líka. Það gerðist bæði hjá Íslendingum og Norðmönnum. Þetta var aldrei skýrt. Norðmenn lentu í nákvæmlega því sama. Það var ágreiningur hjá Portúgölum að þurfa að greiða hærra verð fyrir 3. og 4. fl. en aðrir þurftu að gera fyrir 1. og 2.

Ég hef bent á að það vantaði reglugerðir um ferskan fisk, t. d. í sambandi við kassanotkun. Það er ákaflega mikið vandamál, magn í kassa, ís í kassa og ákveðin ný vandamál ef fiskur liggur lengi í kössum. Þarna hefði mátt gera betri reglugerðir sem ekki hafa fengist. það hefur að vísu ekki verið hjá núv. sjútvrh., en aðalerfiðleikarnir í þessu eru náttúrlega með netafiskinn. Meðan fjöldi neta í sjó er nær ótakmarkaður verður alltaf mikið af 3. og 4. fl. fiski og úrkasti. Og það segja fiskverkendur, að meðan verð á skreið sé hátt sé erfitt að fá góðan fisk í frystingu.

Herra forseti. Ég hef farið yfir frv. eins stuttlega og mér er unnt og ég hef farið yfir breytingar sjútvn. Nd. Flestar þeirra eru til bóta, en þó skortir á að breytingar á frv. séu viðunandi. Það er einlæg skoðun mín að gildandi lög séu betri en frv. þetta þrátt fyrir brtt. sjútvn. Sjútvn. hefur á örstuttum tíma verið að reyna að lappa upp á forkastanlega illa unnið frv. Ég álít að að jafnstóru og veigamiklu máli og fiskmat á vegum ríkisins er eigi ekki að vinna á stuttum og stopulum fundum þn. Þegar viðkomandi þn., þrátt fyrir tilraunir formanns til að hindra það, hafði kastað frá ýmsum veigamiklum stefnuatriðum frv., þá var full ástæða til að stöðva og hinkra við. Við þurfum að útbúa vandaðri og betri lög en hér liggja fyrir og allra síst ný lög sem eru verri en þau sem eru í gildi nú. Ég tel því æskilegt að Alþingi afgreiði ekki þetta frv. Miklu frekar var að athuga þetta mál en gera ekki einhverjar skóbætur á óhæfu frv.

Ég vil taka fram að ég virði eftirlitsstarf Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeildar SÍS, enda kemur það mjög skýrt fram í umsögn Fiskmatsmannafélags Íslands að samvinna þar á milli hafi ætíð verið góð. Sama er að segja um gæðaeftirlitsmenn á vegum SÍF. Það er mjög nauðsynlegt að þessir aðilar vinni sem best saman og ég legg áherslu á það, sem fram kemur í umsögn Fiskmatsmannafélagsins, að óháð ríkismat er skilyrði til góðs fiskmats í landinu, en jafnframt góð samvinna við sölusamtökin. Hvergi er gripið á þeim vanda sem Framleiðslueftirlitið á við að stríða og samþykkt frv. mundi ekki bæta fiskmatið í landinu.

Ég hef tínt fram nokkrar mótsagnir og óskiljanleg atriði sem í frv. felast, og hægt væri að tína mun fleiri til. Ég held að það kapp sem hæstv. sjútvrh. leggur á að fá þetta frv. afgreitt sé ekki nema að takmörkuðu leyti af þeim hvötum runnið að hann vilji bæta fiskmatið í landinu, þó að ég efist ekkert um að til þess hafi hann vilja. Ég held að það sé til þess að fá nýja stofnun þar sem hann getur sjálfur ráðið nýtt starfsfólk að geðþótta, og ég held að SÍS verði þar ekki út undan.

Þetta frv. held ég að sé öðru fremur lagt fram til að Framleiðslueftirlitið líkist Framleiðsluráði landbúnaðarins og lúti sömu lögmálum.

Herra forseti. Ég hef lokið mínum stuttu athugasemdum, en ég er fús til að veita miklu frekari og nákvæmari upplýsingar ef óskað er.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Eftir þessa stórmerku ræðu hv. 7. þm. Reykv. Guðmundar J. Guðmundssonar, væri kannske ekki miklu við að bæta efnislega, en ég vil taka undir það, sem mér fannst vera kjarni málsins í hans ræðu, að það ber að leggja áherslu á að ríkismat á því sviði sem hér er fjallað um sé óháð, þ. e. eins og þetta hefur tíðkast á liðnum áratugum, ríkismat óháð bæði hagsmunaaðilum og einnig hinu pólitíska valdi.

Það var ekki ofmælt sem hv. þm. sagði þegar hann lýsti því í stórum dráttum hvað þetta fyrirkomulag hefur gefist Íslendingum vel. Það er viðurkennd staðreynd, hvað sem líður harðnandi samkeppni frá öðum þjóðum, að Íslendingar hafa með því fyrirkomulagi, sem tíðkast hefur á liðnum áratugum, náð þeim árangri í fram-

leiðslu og gæðum á sjávarafurðum að standa fremstir þjóða í því að selja gæðavörur á erlendum mörkuðum og er óþarft að bæta miklu við það sem hv. þm. sagði um það efni.

Þar hafa margir komið við sögu, en ég held að það hafi ekki verið ofmælt hjá hv. þm. þegar hann tiltók hér sérstaklega störf Jóns heitins Gunnarssonar verkfræðings þegar hann fór til Bandaríkjanna í stríðslokin og ruddi brautina. Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að sá heiðursmaður, Jón Gunnarsson, markaði brautina, sagði Íslendingum það sem skipti meginmáli, þegar þeir ætluðu að ná árangri miðað við nútímaaðstæður, að gæðin væru það sem skipti höfuðmáli ef Íslendingar vildu vera hlutgengir á erlendum mörkuðum í sölu matvæla. Jón heitinn Gunnarsson lagði ásamt mörgum öðrum, sem tóku þátt í þessu starfi á árunum frá 1950, og ég vil segja sérstaklega áratugnum 1950 til 1960, áherslu á að mat á sjávarafurðum, bæði í vinnslu og einnig við útflutning, þyrfti að vera óháð, það var grundvallaratriði, þ. e. óháð því sem ég gat um hér áðan, að hið pólitíska vald kæmi inn í þessi mál með óvenjulegum hætti eða einstaka framleiðendur reyndu að hafa áhrif á þessi mál með þeim hætti að það gæti skaðað heildarhagsmuni þjóðarinnar þegar varan væri boðin á hinum erlendu mörkuðum því það mætti ekki ske að skemmd eða léleg vara færi í íslenskar umbúðir. Þess vegna er ég sammála hv. þm. í því, sem hann sagði í sinni ræðu, að það frv. sem hér liggur fyrir er í grundvallaratriðum breyting frá ríkjandi fyrirkomulagi — fyrirkomulagi sem hefur reynst Íslendingum vel.

Það kann að vera að stjórnarflokkarnir séu búnir að ganga þannig frá málum að þetta frv. eigi að fara í gegn, en ég vil þá taka undir orð hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar um að það er verið að taka upp verra fyrirkomulag. Gildandi fyrirkomulag hefur reynst mjög vel. Ég hef ekki séð, hvorki í grg. með því frv. sem hér liggur fyrir né heyrt í framsöguræðum þann tíma sem ég hef setið á þingi á liðnum vetri, sem munu vera hér um bil 80% af þingtíma þm. sem situr hér sem aðalmaður, þannig að ég hef fylgst töluvert með þessu máli, — ég hef ekki heyrt þá gagnrýni á ríkjandi fyrirkomulag sem réttlætir þær grundvallar- og róttæku breytingar sem eru í því frv. sem hér er til meðferðar. Gildandi fyrirkomulag hefur verið mjög gott. Það hefur verið aðhaldskerfi í þeim skilningi að það hefur bæði veitt framleiðendum mjög gott aðhald og haldið stjórnmálamönnum í hæfilegri fjarlægð frá framkvæmd þessara mála, sem er mjög æskilegt.

Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. sjútvrh. hugsi sér að þetta frv. eigi að leiða til þess að stjórnmálamenn fari að fjalla mikið um framkvæmd þessara mála. Allavega hefur það ekki verið hugsun hans hér á þingi þann tíma sem hann hefur verið alþm. Það hefur a. m. k. hvorki komið fram hér á hv. þingi né opinberlega. Hins vegar held ég að hér sé hæstv. ráðh. samt með á ferðinni frv. sem geti leitt til óeðlilegra og óæskilegra pólitískra afskipta, ef lögunum er beitt þannig.

Ég vildi undirstrika það sjónarmið að það fyrirkomulag sem hefur verið í gildi hefur reynst vel, eins og kom fram hjá hv. ræðumanni Guðmundi J. Guðmundssyni. Það hefur ekki komið fram gagnrýni á ríkjandi fyrirkomulag frá þeim aðilum, sem títt er vitnað til, sem eru hagsmunaaðilarnir. Mér finnst það ljóður á þessu frv., og það kann ýmsum hv. þm. að þykja einkennilegt að ég skuli segja það þar sem ég er talsmaður hagsmunasamtaka, hvað aðild hagsmunasamtakanna á að vera miklu meiri gagnvart þeirri framkvæmd sem hér um ræðir. Þannig hefur hún ekki verið. Það hefur einmitt verið styrkur fiskmatsins á liðnum áratugum að hagsmunasamtökin hafa ekki getað haft of mikil áhrif á framkvæmd þessara mála. En það þýðir aftur á móti ekki að þar hafi ekki verið um ágætt samstarf að ræða oft og tíðum og yfirleitt alltaf og sérstaklega á síðustu árum.

Það er ekkert leyndarmál, og vita allir sem hafa komið nálægt þessari atvinnugrein, að oft eru árekstrar mjög harðir einmitt á milli hagsmunasamtakanna annars vegar og starfsmanna fiskmatsins hins vegar. Þá skiptir það miklu máli fyrir þá sem eiga að framkvæma fiskmatið að hagsmunasamtökin nái ekki til þessara manna, sem vinna oft mjög erfitt og vanþakklátt starf, sem er að framkvæma fiskmat, og úrskurða oft og tíðum vöru óhæfa til sölu erlendis eða hráefni ónothæft í vinnslu. Það getur vel verið að sá tíðarandi sé að ryðja sér til rúms að allt sé réttlætanlegt í nafni kerfisins og stjórnunar og skipulags, en ég vil þá segja það sem mína skoðun að í þessu tilviki er það ekki. Hér erum við að ræða um fjöregg þjóðarinnar og um leið að vernda líka þá menn sem eiga að framkvæma það verk sem Fiskmat ríkisins á að sjá um á hverjum tíma. Ég kannast ekki við það úr þeim samtökum sem ég starfa hjá að verið sé að kalla eftir því að gera störf þessara manna háðari framleiðendum eða hagsmunasamtökum eða gera þeim þessi störf erfiðari en æskilegt er. Ég tel því að þetta frv. sé afturför frá ríkjandi fyrirkomulagi og sérstaklega með tilliti til framkvæmdar þessa mats sem hér um ræðir.

Í nál. er vísað til þess, og einnig í frv. er gert ráð fyrir því, að hagsmunasamtökin skipi í fiskmatsráð. Ég les nú nokkur orð úr nál. sem merkt er skjal 734. Þar segir, með leyfi forseta, m. a.:

„Frv. barst sjútvn. 28. nóv. s. l. Málið var síðan sent til umsagnar 8. des. Alls bárust 16 umsagnir um frv. og hefur n. fjallað um það á níu fundum."

Ég vildi óska eftir því við hv. formann sjútvn. að hann læsi fyrir þingheim þær umsagnir sem hafa komið skriflega til n. (**Gripið fram í:** Allar?) Allar, já. Ég held að það taki ekki mjög langan tíma að lesa upp þessi gögn, einhvern veginn held ég það. En það kemur þá í ljós þegar það verður lesið upp.

Ég tel það vera mikinn ljóð á hæstv. Alþingi og hef tekið eftir því s. l. vetur að það er oft vitnað til hagsmunasamtaka og hagsmunaaðila, en þegar á reynir virðist stundum vanta skriflegar umsagnir frá þessum aðilum. Hins vegar kunna kannske einstaka starfsmenn frá viðkomandi hagsmunasamtökum eða fyrirtækjum að hafa mætt á fundum og þá er náttúrlega mjög æskilegt að það liggi fyrir hvort viðkomandi menn tali í umboði þeirra hagsmunasamtaka sem vitnað er til. Þetta segi ég m. a. sérstaklega með tilliti til þess að ég held það sé mjög nauðsynlegt að hv. alþm. geri sér grein fyrir því að þeir verða að veita þessum aðilum ákveðna vernd fyrir því valdi sem hæstv. Alþingi hefur þegar verið er að vitna annaðhvort í ummæli einstakra manna eða til einstakra hagsmunasamtaka. (**Gripið fram í:** Hv. þm. Bara til upplýsingar. Umsögnin frá einum aðila er t. d. upp á 28 vélritaðar síður. Það yrði farið að síga á fundinn ef ég læsi þetta allt saman.) Já.

þá vil ég ráðleggja hv. þm. að hraðlesa þá umsögn. Einhvern veginn held ég að sú umsögn komi úr kerfinu. Það er kannske ekki það sem skiptir mestu máli að lesa upp umsagnir sem koma úr kerfinu sjálfu. Við þekkjum það, gamlir kerfiskarlar. Ég var einn af þeim áður fyrr, en hætti sem betur fór að starfa í kerfinu og reyndi að vinna úti í atvinnulífinu. Það er einu sinni háttur kerfiskarla að skrifa langar umsagnir, annars væru þeir starfslausir.

Ég mun þá halda áfram þar sem ég endaði áður en var gripið fram í fyrir mér. Það er áminning til hv. þm. og nefnda Alþingis. Menn verða að gæta sín í því þegar verið er að vísa til þess að talað hafi verið við hagsmunaaðila og síðan er ekkert farið nánar út í það. Hins vegar kemur það kannske fram í umsögnum að það hafi komið Jón Jónsson frá þessu fyrirtæki eða hinu, en þegar á á að herða gæti kannske verið að viðkomandi hefði ekki það umboð sem gefið er í skyn að hann kynni að hafa haft þegar verið er að afgreiða mál á þingi. Það getur komið sér mjög illa fyrir ákveðna menn utan þings að gera grein fyrir sínum málum þannig að alþjóð heyrði, en hv. þm. gætu hins vegar gengið í það verk að samþykkja hér veigamikil lagafrumvörp, sumir í þeirri góðu trú að viðkomandi hagsmunasamtök eða aðilar séu að tala fyrir hóp þeirra sem framkvæmd þeirra laga sem hv. Alþingi er að samþykkja skiptir máli fyrir. Það kemur þá væntanlega fram hvort þessu sé fullnægt þegar hv. formaður sjútvn. Nd. hefur lesið umsagnirnar. Ég tel málið einnig það stórt í sniðum að þótt ein umsögn sé upp á 20 síður sé það ekkert stórmál að hraðlesa það á 15 eða 20 mínútum. Sumar umsagnir eru örugglega það stuttar að það gengur allt saman upp.

Því miður hefur mér ekki gefist kostur á að skoða einstakar greinar frv. nýlega. Ég hef nú lesið það, en þar sem ég settist inn á þing í dag er það ekki jafnfast í huga mínum og fyrir hálfu ári, þannig að ég get ekki fjallað um margar greinar. En lítum t. d. á 3. gr., sem fjallar um fiskmatsráð. Ekki er nokkur vafi á að fiskmatsráð mun hafa mjög mikið vald þótt öðrum þræði sé verið að reyna að leggja áherslu á það í grg. að það sé ekki mjög valdamikil stofnun. En þessi stofnun verður valdamikil þegar haft er í huga hvernig fiskmatsráð er skipað. Það er gert ráð fyrir að þarna sé um sjö menn að ræða og þar af skuli eigi færri en fjórir vera úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Þá kem ég að því einu sinni enn að mönnum kann að finnast einkennilegt að talsmaður hagsmunasamtaka skuli taka til orða eins og ég ætla að gera á eftir. Hvað eru helstu hagsmunasamtök? Hvers vegna helstu hagsmunasamtök? Það er staðreynd að mjög margir framleiðendur eru utan hagsmunasamtaka. Það er staðreynd að ríkjandi hefur verið áhugi fyrir því að fjölga frekar útflytjendum á vissum mörkuðum í sambandi við útflutning ákveðinna sjávarafurða. Það hefur verið talið af hinu góða og það jafnvel af stærstu útflutningssamtökum þjóðarinnar.

Þar hefur orðið ákveðin viðhorfsbreyting í vissum efnum. Ég nefni sem dæmi t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem vitnað var til áðan. Þau samtök, sem eru mjög stór að vísu, hafa ekki lagt áherslu á að allir skuli endilega vera annaðhvort innan vébanda SH eða sjávarafurðadeildar SÍS til þess að mega framleiða sjávarafurðir og flytja þær út. Það sem hefur verið lögð áhersla á af hálfu þeirra sem hafa ráðið þeim samtökum er sama grundvallaratriðið sem hér hefur komið fram um óháð ríkismat, þ. e. að allir sætu við sama borð og mönnum yrði ekki mismunað í sambandi við framleiðslu, vinnslu og yfirleitt alla aðstöðu í sambandi við vinnslu sjávarafurða og útflutning. Inn í það dæmi kemur að sjálfsögðu að það þarf að afnema allan aðstöðumun, hvort sem er í sambandi við staðbundna, pólitíska eða fjárhagslega fyrirgreiðslu hins pólitíska valds eins og hefur því miður tíðkast á liðnum árum.

Þetta frv. stefnir ekki í þá átt í sambandi við fiskmat ef á að ákveða að helstu hagsmunasamtökin skuli ásamt stjórnmálavaldinu ákveða hverjir skuli mynda fiskmatsráð. Þá er spursmálið: Hvað þá um hina sem ekki eru í hagsmunasamtökum? Hvað er þá um litla manninn í íslensku þjóðfélagi? Ég tel mig vera í stjórnmálum m. a. vegna litla mannsins og litli maðurinn á að lifa þrátt fyrir stóru samtökin og stóru fyrirtækin. Það er yfirlýst stefna þess flokks sem ég styð og berst fyrir og er í forustu fyrir að sá litli skuli lifa jafnt og hinn stóri. Skv. þessu er ekki rúm fyrir hann í fiskmatsráði. Það þykir mér slæmt.

Þetta var sett fram til umhugsunar vegna þess að fiskmatsráð á að ráða mjög miklu skv. 12. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkismat sjávarafurða skal hafa eftirlit með gæðum hráefnis og skal stöðva vinnslu, ef gæði hráefnis fullnægja ekki kröfum, sem settar eru í reglum skv. lögum þessum."

⅘ hlutar fiskmatsráðs skulu ákveða hvort eigi að stöðva framleiðendur í viðkomandi hagsmunasamtökum brjóti þeir af sér, hvort eigi að stöðva þá eða koma í veg fyrir að þeir haldi áfram að starfa. Ég vil segja að til þessa hefur þess verið gætt í stóru sölusamtökunum að menn kæmust ekki upp með að framleiða skemmdar eða lélegar vörur. Það hefur ekki þurft lagaboð með þeim hætti né eftirlit umfram það sem verið hefur til að koma í veg fyrir það.

Þá er annað atriði sem ég held að sé mjög þýðingarmikið að fjalla um. Það er í sambandi við 18. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Framleiðendur skulu hafa í sinni þjónustu til matsstarfa löggilta matsmenn, sem samþykktir eru af afurðadeild, eða fá til þess matsmenn sem ríkismatið samþykkir."

Það verður fróðlegt að sjá hvernig á að framkvæma þetta á minni stöðum. Hvernig verða slíkir menn óháðir í litlu kauptúni sem telur 200, 300, 400 manns? Hingað til hefur það verið þannig að fiskmatið hefur sent sína menn á þessa staði eftir þörfum og aðstæðum, en hvernig á það að vera hjá framleiðanda eða framleiðendum á þessum litlu stöðum? Hvernig verða slíkir eftirlitsmenn óháðir? Mér er spurn.

Ég held það sé nauðsynlegt að menn hafi í huga að við höfum búið við mjög gott kerfi í þessum efnum, annars vegar kerfi framleiðenda sjálfra, sem þeir hafa borið ábyrgð á eins og kom fram í ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar áðan, og hins vegar þetta óháða opinbera vald eða eftirlit. Þetta hefur reynst mjög vel. Auðvitað má kannske breyta þar einhverju og lagfæra eitthvað. Það þarf alltaf að gera slíkt. Það þarf alltaf að breyta og lagfæra, en ég er þeirrar skoðunar að ekki þurfi að umbylta þessu með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Síðan er það 19. gr. Þar segir m. a.:

„Eftirlitsmenn skulu vinna að samræmingu mats og eftirlits ásamt yfirfiskmatsmönnum og taka þátt í yfirmati á afurðum áður en útskipun fer fram."

Ég veit ekki hvernig á að orða það svo að vel sé, en kannske er það þannig að eftir því sem maður vinnur lengur í viðkomandi atvinnugrein og þekkir betur til þar, þá veit maður minna um hvernig þetta er framkvæmt. En ég spyr: Hvernig í ósköpunum á að framkvæma þetta? Það væri fróðlegt að fá það upplýst. Ég held að þarna sé verið að gera einfalt mál mjög flókið.

Síðan segir:

„Útflytjendum sjávarafurða, sem ekki hafa í þjónustu sinni löggilta eftirlitsmenn, er skylt að kaupa þessa þjónustu af aðilum sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir."

Út af fyrir sig er hægt að fallast á það, en þá væri fróðlegt að heyra hvernig ætti að framkvæma þetta svo að vel sé á hinum minni stöðum. Ég held að um leið og verið sé að setja hagsmunaaðila inn í þessi mál meira en ég tel æskilegt sé einnig verið að gera þau flóknari. Það er því ekki til bóta að gera þær breytingar sem hér um ræðir.

Varðandi það hvernig að þessum málum hefur verið staðið er rétt að ítreka að af hálfu framleiðenda sjálfra hefur verið í frjálsu samstarfi reynt að skipuleggja þessi mál og það hefur reynst mjög vel. Auðvitað koma upp einstöku sinnum þau vandamál að menn gera mistök. Það er misjafn sauður í mörgu fé. Það getur komið fyrir að einstaka framleiðendur fullnægja ekki þeim kröfum eða skyldum sem útflytjendur, hvort sem það eru samtök eða einstaklingar, leggja þeim á herðar. Þá þarf auðvitað að stöðva slíka aðila eða koma vitinu fyrir þá. En af hálfu þeirra aðila sem hafa unnið að þessum málum á liðnum áratugum hefur ekki verið kallað eftir ríkismati með þeim hætti sem hér er gert svo að mér sé kunnugt um. Það kann að koma fram í þeim umsögnum, sem verða væntanlega lesnar upp á eftir, að þetta sé rangur skilningur hjá mér.

Þeir aðilar sem fjalla um þetta hafa haft mikið og gott aðhald vegna þess skipulags sem hefur verið ríkjandi af hálfu ríkisvaldsins, en þá er einnig vert að vekja athygli á, og mér finnst hér skjóta skökku við, að á sama tíma sem t. d. stærstu sölusamtökin, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeild SÍS, hafa stóraukið sína starfsemi á þessu sviði er verið að breyta ríkismatinu, þ. e. eftirliti hins opinbera, með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Það er verið að færa þetta nær því að njörva þetta niður í svipað fyrirkomulag og við þekkjum frá landbúnaðinum. Það þykir mér mikil afturför og það spáir ekki góðu um framtíðina fyrir þessa aðila.

Það sem þessir aðilar hafa verið að gera á undanförnum árum er: 1. Þeir hafa verið að fjölga eigin eftirlitsmönnum. 2. Þeir hafa verið að auka hið frjálsa góða samstarf við ríkiseftirlitið. 3. Þeir hafa lagt aukna áherslu á fræðslu og gildi menntunar fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Það er mjög mikilvægt atriði. Þetta hefur gerst bæði í sambandi við almenna fræðslu fyrir fólk í fiskvinnslu og einnig í tengslum við breytingu á launakerfum í fiskiðnaði. Meginþorri verkafólks og fiskiðnaðarfólks þekkir því þessi mál mun betur en var fyrir svona áratug. Í þessu fræðslustarfi og einnig í sambandi við samninga við verkalýðshreyfinguna hefur verið lögð mikil áhersla á vöruvöndun og þá með sérstöku tilliti til þess hvers konar efni er til meðferðar, þetta er matvælaframleiðsla, og einnig með sérstöku tilliti til óska og þeirrar kröfu sem markaðirnir gera til gæða vörunnar. Þetta hefur verið gert í stórauknu átaki á síðasta áratug. Eins og ég sagði hefur það verið gert í frjálsu og góðu samstarfi við fiskmatið og fiskvinnsluskólana og einnig aðra opinbera aðila sem koma við sögu. Ég vil vekja athygli á að í þessu starfi hefur tekið þátt mikið af ungu fólki. Það starfar mikið af ungu fólki í íslenskum fiskiðnaði, miklu fleira en menn gera sér grein fyrir. Menntun þessa fólks er allt önnur en hún var fyrir svona rúmum áratug.

Sölusamtök, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna svo að ég taki bara dæmi til að gera þetta skýrara, hafa allt frá upphafi, 1942, lagt alveg sérstaka áherslu á vöruvöndun. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar var það alveg sértaklega eftir tilkomu Jóns Gunnarssonar, — árið 1944, sem þessi þáttur var tekinn upp sérstaklega á vegum þessara samtaka, þ. e. að kenna fólki vöruvöndun í frystihúsunum, og það starf hófst skipulega sérstaklega á vegum SH um og eftir 1944. Þetta starf var á þeim tíma fyrst og fremst í höndum eigenda, verkstjóra og leiðbeinenda í því fiskmati sem þá var framkvæmt. Það var útfært þannig m. a., að starfsmenn sölusamtakanna komu sem leiðbeinendur inn í fiskvinnslustöðvarnar eða eftirlitsmenn á vegum samtakanna fylgdust með þessu og kenndu fólkinu. Á síðustu árum hefur þetta starf verið stóraukið og er orðinn veigamikill kostnaðarliður t. d. í starfsemi Sölumiðstöðvarinnar að reka þá deild sem kölluð er framleiðsludeild. Það er gert þannig að í gegnum eftirlitsmenn og leiðbeinendur var kennt ákveðið vinnuskipulag. Það er kennt hvernig á að ganga frá vörunni, snyrta hana, skera í burtu galla o. s. frv. Það eru ekki aðeins verkstjórar eða eigendur sem koma við sögu, heldur ungt fólk sem hefur lært sérstaklega til þessara hluta bæði hér heima og erlendis. Þá hefur það aukist á síðustu árum að starfsmenn, sérstaklega verkstjórar, fari á helstu markaði og kynni sér kröfur og óskir kaupenda. Sem dæmi get ég nefnt það, til þess að það komi nú fram einhvers staðar, að á vegum Sölumiðstöðvarinnar fóru til Bandaríkjanna á s. l. vetri á annað hundrað verkstjórar og eftirlitsmenn til að kynna sér þessi mál. Þetta var unnið m. a. í góðu samstarfi við starfsmenn þess fiskeftirlits sem nú á að fara að leggja niður og breyta.

Það er ekki eins og hér hafi ekkert verið gert. Til viðbótar hefur einnig verið varið stórfé í að útbúa alls konar fræðsluefni og það hefur verið gert í samstarfi við ferskfiskeftirlitið. Það er gert bæði í rituðu máli og það hafa verið útbúnar kvikmyndir, myndbönd. Sem dæmi get ég nefnt að á 1½ ári hefur verið dreift á þriðja hundrað myndböndum og kvikmyndum á vegum SH, bæði hér heima og erlendis, þar sem sýnt er hvernig varan er unnin í íslenskum fiskiðnaði. Menn væru ekki að leggja þetta á sig ef þeir teldu að það mat sem hefur verið í þessum efnum, sérstaklega í sambandi við fiskmatið, væri þess eðlis að ekki væri hægt að sýna það erlendum aðilum eða vinna skv. því. Þetta vil ég undirstrika. Mér finnst mjög ómaklegt þegar verið er að fjalla um jafnviðkvæm og erfið mál og hér eru á ferðinni í sambandi við fiskmat yfirleitt, að þá skuli það vera gert með þeim hætti sem hér er nú að staðið.

Það vita allir, sem koma nálægt sjávarútvegi og fiskiðnaði, að á hverju ári koma fram kvartanir frá erlendum kaupendum. Það kemur því miður gallaður fiskur á land og þarf að úrskurða þann fisk óhæfan í framleiðslukerfinu. En ef við höfum í huga hversu gífurlega mikið magn sjávarafurða er til meðferðar hér á Íslandi á ári hverju er það tiltölulega lítið sem hefur farið í úrkast. Það geta auðvitað komið upp einstöku tilfelli sem eru því miður allt of stór. Ég tel ómaklegt að kenna um þeim starfsmönnum sem hafa haft með höndum framkvæmd fiskmats skv. gildandi lögum. Sem betur fer hafa þm. sem eru 100% þm. tekið þetta mál fastari tökum en varaþm. gerðu. En því miður vil ég segja að þeir hafa gert það með þeim hætti þann 3. maí að ég held að það hefði verið æskilegra fyrir hv. sjútvn. að lofa þessu máli að hvíla um stund, alla vega í sumar, þannig að það væri hægt að skoða þetta enn betur. Ég veit að það er ekki knýjandi nauðsyn að breyta frá ríkjandi fyrirkomulagi í framkvæmd þessara mála.

Varaþm. er fullgildur þm. Ég set því fram mínar skoðanir sem slíkur. Ég hefði talið æskilegt að þetta mál hefði ekki verið keyrt áfram með þeim hætti sem nú virðist eiga að gera og vildi segja það að lokum sem mína skoðun að best væri að þing frestaði nú afgreiðslu þess og einnig væri best að frv. væri allt tekið til rækilegrar endurskoðunar og væri skoðað betur það góða sem hefur verið í ríkjandi fyrirkomulagi, en ekki sé farið að umbylta þessu og tengja of mikið annars vegar hagsmunaaðilum og hins vegar pólitíska valdinu í landinu. Það er mikil afturför og er ekki til góðs fyrir íslenskan sjávarútveg og fiskiðnað. Í þeirri atkvgr. sem fram fer um þetta frv. mun ég því greiða atkv. gegn framkvæmdum þessum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er að vonum rætt enn um þetta mál og nú á grundvelli nál. við 2. umr. málsins. Þann 23. nóv. s. l., þegar mælt var fyrir frv. hér í hv. Nd. urðu miklar umr. um málið og fram kom gagnrýni og það sumpart hörð gagnrýni nokkurra þm. sem þar tóku til máls. Ég var einn í hópi þeirra sem þá töluðu um málið og lét í ljós miklar efasemdir um að hér væri stefnt til réttrar áttar og lýsti verulegum áhyggjum yfir þeim breytingum og þeirri hugsun sem lá til grundvallar því frv. sem hér er komið í veigamiklum atriðum með litlum breytingum frá hv. sjútvn.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. hafa hér sagt við þessa umr. málsins, fyrst hv. 7. þm. Reykv. í yfirgripsmikilli og skýrri ræðu sem hann flutti hér áðan, þar sem hann tók fyrir lið fyrir lið einstaka þætti frv. og benti þar á marga veikleika. Á sama hátt kom hér fram hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni stuðningur við þau sjónarmið, eindreginn stuðningur við sjónarmið þeirra sem vefengja að með þessu frv. sé verið að ráða bót á einhverjum ágöllum ríkjandi kerfis. Þvert á móti sé verið að stefna út í óvissu breytinga sem fyrir fram er ekki líklegt að leiði til endurbóta sem þó væri nauðsynlegt að gerðar yrðu.

Ég vil að það komi fram strax við upphaf míns máls að með Framleiðslueftirliti sjávarafurða skv. gildandi lögum og þeirri starfsemi sem gert er ráð fyrir að við taki, að settum endurskoðuðum lögum, er ekki verið að taka á nema hluta af gæðamálum íslenskra sjávarafurða, að vísu gildum hluta þess máls en kannske ekki á þeim agnúum sem nærtækastir eru og mest nauðsyn er á að bæta. Ég lýsti því við 1. umr. málsins að ég held að þeir þættir liggi annars staðar og tengist meira veiðunum en vinnslunni þegar á land er komið. Það sé í mörgum þáttum veiðanna, sem snúa að gæðum aflans, sem brýn nauðsyn sé á að taka, brýnni nauðsyn en að leggja út í óvissa tilraunastarfsemi eins og hér er gert ráð fyrir með breytingum á þeim lögum sem í gildi hafa verið og upptöku á nýmælum sem í þessu frv. felast.

Ég tel að margt af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á Framleiðslueftirlit sjávarafurða á undanförnum árum sé af því sprottið að ekki hafa verið settar þær reglur á grundvelli gildandi laga sem unnt hefði verið að setja til leiðbeiningar fyrir matsmenn til að koma í veg fyrir ágalla á ríkjandi matskerfi. Auk þess hafi verið varið ónógum fjárveitingum til vissra þátta a. m. k. í framleiðslueftirlitinu. Það hefur svo gerst sem menn þekkja og ekki hefur farið lágt að mjög veruleg gagnrýni hefur komið fram á Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Manni er til efs að sú gagnrýni hafi alltaf verið af heilbrigðum rótum runnin. Hún hefur mótast oft á tíðum af persónulegum aðdróttunum og undirróðri af ýmsu tagi gagnvart starfsmönnum þeirrar stofnunar sem farið hefur með þessi mál. Þar með vil ég engan veginn segja að Framleiðslueftirlit sjávarafurða hafi verið fullkomin stofnun og þar hafi ekki verið og sé ekki úrbóta þörf, síður en svo. Það kann vel að vera, án þess að ég vilji kveða þar upp nokkra dóma, að stöðnunar hafi gætt í vissum þáttum þeirrar stofnunar. Ég hygg, eins og ég hef þegar sagt, að margt hefði mátt bæta með skýrari reglum varðandi ferskfiskmatið sérstaklega og rýmri fjárveitingu til vissra þátta á meðan e. t. v. hefði mátt spara í öðrum. Áherslur hafi sem sagt ekki verið þær sem æskilegastar gætu talist í þessu efni.

En slíkt á ekki að verða tilefni til þess að fara að umbylta lögum og breyta til um kerfi og leggja út á brautir sem að margra mati eru mikilli óvissu háðar og ólíklegt er að horfi til bóta og geti leitt til þess að dreifa ábyrgðinni á matinu og eftirlitinu á óæskilegan hátt.

Eins og frv. kom hér fram í haust sem stjfrv. var það helsta nýmæli þess að sett var inn sem mjög veigamikill og valdamikill aðili svokallað fiskmatsráð, skipað fulltrúum hagsmunaaðila að meiri hluta. Þetta var verulega gagnrýnt af ýmsum sem þátt tóku í 1. umr. málsins hér í Nd. Eftir störf hv. sjútvn., þar sem gekk á með ýmsum boðaföllum eins og hér hefur verið rakið en ég ætla ekki að fara að rifja upp frekar, hefur n. í brtt. sínum leitast við að sníða af vissa þætti sem snerta þetta fiskmatsráð og lúta að því að draga nokkuð úr völdum þess og áhrifum. Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram hjá fleirum fyrr við þessa umr. að svo langt sem það nær horfir það til bóta. Ég tel hins vegar að till. um þetta fiskmatsráð eins og það var formað í frv. og eins og það er enn að teknu tilliti til brtt. hv. sjútvn. séu enn með þeim hætti að ekki sé hægt að mæla með þeim og það sé ekki rétt að hraða nú lagasetningu á grundvelli þeirra till. sem fyrir liggja. Þar er svo margt sem þyrfti að vera með öðrum hætti og þyrfti nákvæmari athugunar við áður en lögfest verður að ég treysti mér ekki til að mæla með eða taka þátt í að lögfesta þetta frv. á þessu þingi. Ég geri mér ekki von um að umtalsverðar breytingar á því náist fram á þeim stutta tíma sem þingið hefur til starfa frá þeim till. sem þegar liggja fyrir frá hv. sjútvn.

Það er nefnilega svo að enda þótt brtt. n., sem eru

ekki ýkja miklar að vöxtum, dragi nokkuð tennurnar úr þessu fiskmatsráði þá dreifa þær jafnframt ábyrgðinni og skv. frv. verður afskaplega óskýrt hvar áhrifavaldið liggur í raun og veru í þessum málum. Það held ég að sé afskaplega óæskilegt og óheppilegt fyrir jafnvandasamt mál eins og hér er verið að fjalla um þar sem er fiskmatið.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það er verið að rugla hér reytunum frá því sem er skv. gildandi lögum. Frá því að búa við óháð eftirlit þá er verið að taka hér inn fulltrúa hagsmunaaðila sem haft geta mjög veruleg áhrif á þessi efni. Heiti frv., sem verður nú að telja hið mesta öfugmæli eins og það var lagt hér fyrir í haust, getur síður en svo talist réttnefni enn þrátt fyrir þær breytingar sem hv. sjútvn. hefur gert á frv. Það getur ekki talist réttnefni að kalla það kerfi sem hér er verið að setja upp Ríkismat sjávarafurða. Það heiti gefur ótvírætt til kynna að hér sé óháður matsaðili á ferð, en ekki þarf lengi að leita í þessu frv., hvorki hinu upphaflega stjfrv. né því sem fyrir liggur hér með nokkrum breytingum frá hv. sjútvn., til að sjá að um óháð mat eða matskerfi er ekki að ræða. Og það er einmitt það sem er fyrst og fremst gagnrýnivert og varhugavert að mínu mati að það er verið að draga hér hagsmunaaðilana inn í þetta kerfi og veikja hinn óháða stimpil sem frekar væri þörf á að styrkja en hitt. Það er svo allt annað mál að það getur verið æskilegt markmið að tryggja skoðanaskipti og eðlilegar boðleiðir milli framleiðenda og útflyjenda annars vegar og matsmanna og hins opinbera matskerfis hins vegar. Á því er þörf. En það er hægt að gera og ætti að gera með allt öðrum hætti en hér er verið að leggja til.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að ræða um einstök atriði í brtt. hv. sjútvn. þótt ástæða væri til þess. Ég get sparað mér það, sérstaklega með tilvísun í þær tvær ræður sem haldnar voru hér á undan og tóku á einstökum þáttum málsins, alveg sérstaklega hina skýru ræðu hv. 7. þm. Reykv., þar sem bent var á margháttaða veikleika og mótsagnir sem er að finna í frv., jafnvel þótt menn vildu nú taka undir það sem brúklegt kerfi, sem ég er ekki að gera. Ég geri ráð fyrir því að hér síðar við umr. verði reynt að skera úr um vafaatriði og leysa úr þeim mörgu spurningum sem bornar voru fram, m. a. af hv. 7. þm. Reykv. Það er t. d. ein sem hann vakti máls á, sem varðar vinnsluleyfin sem hv. sjútvn. er að leggja til að horfið verði frá með því að fella niður 17. gr., en hins vegar er tekið upp í 16. gr. orðalag sem nauðsynlegt er að skýringar fáist á, um hvers konar vinnsluleyfi er þar verið að ræða sem rn. er heimilt að svipta framleiðanda skv. brtt. hv. sjútvn.

Það vakti athygli mína við upphaf þessarar umr. hversu létt hv. formaður sjútvn., hv. 5. þm. Norðurl. v., ætlaði að vinna sér verkið í sambandi við það að gera grein fyrir störfum og till. n. Hann lét sér nægja að lesa upp örstutt nál., en hann vék tæpast orði að innihaldi þeirra brtt. sem n. stendur að. Verð ég þó að segja að eins og þær eru fram lagðar er það ekki lítið verk fyrir menn að setja sig inn í það hvað heyrir til hverju, hverju er verið að leggja til að breytt verði af hv. sjútvn. Það hefði verið skynsamlegt fyrir hv. frsm. n. að mínu mati að reyna að rökstyðja þær till. sem n. stendur að, en það hefði mátt gera í ekki löngu máli af hans hálfu, svo að menn hefðu aðeins séð inn í hug hv. þm. og áttað sig á því hvernig hv. sjútvn. metur þetta mál að gerðum þessum brtt.

Hér hafa komið fram tilmæli til hv. frsm. að halda til haga í þingtíðindum þeim umsögnum sem n. hefur fengið um frv. og ég tek undir þau tilmæli. Miðað við það að hér hefur ekki verið gerð nein teljandi grein fyrir þeim umsögnum sem n. fékk, þm. hafa ekki fengið þær og það er ekki haft fyrir því að vitna til þeirra í nál., tel ég æskilegt að þessar umsagnir komi hér fram, verði hér kynntar þannig að þær séu aðgengilegar í þingtíðindum. Ég hef skilið það svo að þær vísi nokkuð sín í hverja átt, en margar þeirra, og þá frá aðilum sem til eiga að þekkja, séu mjög gagnrýnar á þetta frv. sem hér er verið að mæla með samþykkt á og lögfestingu á þeim stutta tíma sem lifir þessa þings.

Ég vil taka undir það sem hér kom fram, m. a. hjá hv. 7. þm. Reykv., að skynsamlegra hefði verið að vinna þetta mál á grundvelli gildandi laga, með því að gera breytingar á því sem mönnum helst finnst breytinga þörf á að fenginni reynslu af þeim lögum. heldur en vera að hlaupa út í nýtt og verulega breytt kerfi, kerfi sem fullyrt er af aðilum, sem ég tek mark á, að geti stefnt útflutningi okkar sjávarafurða, okkar þýðingarmesta útflutningi í verulega tvísýnu, kerfi sem okkar helstu keppinautar hafa verið að hverfa frá á undanförnum árum og haft náttúrlega glöggt auga á því hvernig Íslendingar hafa staðið að gæðamálum á sínum mörkuðum. Ég held að menn hafi látið glepjast af áróðri, býsna háværum áróðri sem haldið hefur verið uppi á Framleiðslueftirlit sjávarafurða á liðnum árum, áróðri sem í margri grein hefur verið á misskilningi byggður, svo ekki sé sagt að hann hafi mótast af naggi og ákveðnum fjandskap sem ekki getur talist efnislegur nema að takmörkuðu leyti. Það er ekki vænlegt ef það er hvatinn til lagabreytinga og undirrótin að því að breyta til.

Það er lærdómsríki að líta á það sem fram kemur í grg. um hvernig að undirbúningi þessa máls hefur verið staðið. Það er ekki ýkja traustvekjandi að mínu mati þrátt fyrir þá mörgu fundi sem þar hafa verð haldnir í sambandi við þessi mál.

Ég tel að sá rökstuðningur sem fram kemur í grg. sé lélegt veganesti en raunar í góðu samræmi við þær till. sem fram eru bornar af því fiskmatsráði, sem svo var kallað, sem færði sjálft sig í tillöguformi inn í þetta frv. Ég vil hvetja hæstv. sjútvrh., sem ég ætla að gangi fyllilega heils hugar til verks, að reyna að bæta gæðamál í íslenskum sjávarútvegi, svo sem mikil þörf er á og þjóðhagslega nauðsynleg, þótt margt sé þar í góðu horfi, þá vil ég hvetja hann til þess að íhuga málið í núverandi stöðu. Þeim orðum beini ég einnig til hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að íhuga hvort ekki sé skynsamlegra að fresta afgreiðslu málsins á þessu þingi, nota tímann í sumar til þess að reyna að stilla saman um þetta mál, sem vissulega er ástæða til að koma þannig áfram að þokkalegur friður ríki um það, frekar en að knýja þetta mál hér í gegnum þingið á þeim stutta tíma sem nú lifir.

Við sem erum hér að andmæla þessu frv. gerum það ekki, eða ég hygg að svo sé ekki, af neinum öðrum hvötum en þeim að við teljum að ekki sé hér rétt á málum haldið, þær breytingar sem hér er verið að bera fram frá gildandi lögum horfi ekki til heilla. Hér er þannig efnislegur ágreiningur á ferðinni. Þennan ágreining þarf að leitast við að jafna. Það þarf að gefa þeim hagsmunaaðilum sem farið hafa yfir þessi mál og

veitt sínar umsagnir kost á því að bera frekar saman bækur sínar. Það væri hægt að gera með því að hvíla þetta mál milli þinga en vinna í því ötullega svo sem ráðrúm er til í þinghléi eða þann tíma sem er til næsta þings. Þetta geta verið mín lokaorð og ég vona að þessi geti orðið niðurstaðan, því verði ekki svo get ég ekki annað en staðið á móti því að frv. þetta verði lögfest.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að ég byrji þar sem síðasti ræðumaður hvarf frá, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Ég vil aðeins segja honum það, þar sem hann minntist á 17. gr. frv. og þær brtt. sem við höfum gert við hana bæði í fyrra nál. og því nál. sem við setjum nú frá okkur óskipt nefndin, að það er rangt sem fram kom hjá hv. þm. 17. gr. frv. er ekki felld niður heldur er felld niður 1. mgr. 17. gr. sem hér urðu hvað mestar deilur um þegar frv. var lagt fram. Fyrra nál. er svo tekið óbreytt upp í seinna nál. að öðru leyti en því að 16. og 17. gr. frv. eru settar saman.

Einnig minntist hv. þm. á að það væri ekki traustvekjandi hvernig að málinu hefði verið staðið í þessari nefnd. Ég hef ekki setið mjög lengi á þingi en þó hef ég verið í nefnd sem vann að ýmsum málum, m. a. málum sem þessi ágæti þm. setti þá fram sem ráðh., og þau voru hreint ekki smá sum þeirra. Og þó að ég hafi ekki talið saman dagana þá held ég að ég geti fullyrt það að þeim nefndum var ætlaður skemmri tími til að fjalla um þau frv. en hér var gefinn. (Gripið fram í.) Betur undirbúin mál? Ætli það sýnist nú ekki sitt hverjum um það. Hins vegar er það rétt að mönnum sýnist sinn fugl býsna fagur. Ég get líka tekið undir það með þessum ágæta þm. að nál. er ekki langt. Ég hef yfirleitt ekki teygt tíma um of hér í þinginu og ekki tamið mér það, eins og sumir aðrir, að gefa út nál. í bókarformi.

Þá minntist hv. þm. á að það þyrfti að vera þokkalegur friður um þessi mál ef þau ættu að ná fram. (**HG:** Skila árangri.) Skila árangri, já. Er það ekki einmitt það sem nefndin var að seilast eftir? Er það ekki sæmilegur friður í einni nefnd, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, ef nefndarmenn sameinast um eitt nál. og skrifa allir undir? Er það ekki einmitt að ná friði um mál? Hvað er friður um mál?

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson talaði hér ekki ýkja langt mál en kom samt nokkuð víða við. Ég vil taka mjög undir upphafsorð Guðmundar J. Guðmundssonar þar sem hann minntist á fræðslu í sambandi við sjávarútvegsmál. Ég held ég geti tekið undir allt sem hann sagði um það og er honum algjörlega sammála í þeim efnum. En ég er ekki sammála hv. þm. um annað sem hann sagði. Hann segir að minni hl. hafi beðið um frest á fundum til afgreiðslu á þessu máli en ekki fengið. Það er rangt, þm. góður, Guðmundur J. Guðmundsson. Það er rangt og ég veit að Garðar Sigurðsson er ekki heimildarmaður að því. Ég hef ekki reynt Garðar Sigurðsson að slíku. Guðmundur J. Guðmundsson sagði einnig: Stefán Guðmundsson neitaði að kalla nefndina saman á fund. — Það er líka rangt, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Guðmundur J. Guðmundsson sagði enn fremur: Stefán Guðmundsson kom inn í minni hl. í n. — Það er sömuleiðis rangt. Ég var ekki í minni hl. í n. og hef aldrei verið. Þá sagði hv. þm. einnig að frv. væri illa samið og hroðvirknislega unnið. Það er hans mál og hann má hafa þá skoðun fyrir mér. Ég sagði í mínum upphafsorðum að að þessu máli væri búið að vinna frá árinu 1979 og þar hefðu ýmsir lagt hönd á plóginn. Ég held nú að menn hafi þar reynt að leggja sig fram, en það sýnist sitt hvorum um það efni og ég held að Guðmundur verði bara að hafa sína skoðun á því og ætla ég ekki að fara frekar út í það.

Hv. þm. vék að þeim yfirgangi sem ég hafði beitt nm. Það er nú enginn þeirra hér inni núna svo að ég er víst einn til frásagnar. En ég kannast ekki við það harðræði nema þá að átt sé við hvað n. hafi haldið tíða fundi um málið. En enginn nm. kvartaði við mig um mikið harðræði og vinnuþrælkun í sambandi við þetta mál. Við reyndum að vinna þetta eins samviskulega og við gátum. Það rétta í málinu hins vegar er það, og það er best að það komi alveg skýrt fram, ég held að það skilji allir og viti sem vilja vita og vilja hafa það sem sannast reynist, að það var ekki samstaða í sjútvn. á þessari stundu til að afgreiða málið. Því myndaðist minni og meiri hl. og það geta menn séð í fundargerðarbók. Nefndin hreinlega klofnaði. Og það lá ljóst fyrir á næsta fundi áður en gengið var frá málinu að ég tilkynnti nm. það öllum að málið yrði afgreitt út úr n. á næsta fundi.

Ég vona að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson heyri hvað ég er að segja, að ég tilkynnti nm. það áður en gengið var til afgreiðslu í n. að málið yrði afgreitt út úr n. á næsta fundi. En eins og ég segi, n. klofnaði og meiri hl. lagði fram sérstakt nál. á þskj. 662. Við gerðum það strax að afloknum nefndarfundi og ég hélt satt að segja að þetta mál næði e. t. v. fram þá fyrir páskana og þess vegna voru menn að ljúka málinu. En áður en minni hl. n. lagði fram sitt nál. kom hann að tali við mig og sýndi mér drög að breytingu og spurði mig hvort það væri möguleiki að menn gætu mæst í þessu máli. Þetta er nú það sanna og rétta í málinu og allur glæpurinn. Ég skoðaði þessar tillögur og eftir að hafa farið yfir þær sýndist mér vissulega grundvöllur til þess að menn gætu náð saman í þessu máli og boðaði því fund í sjútvn. Og nm., allir sem einn, náðu saman í þessu máli, að vísu eftir að hafa gert nokkrar breytingar á þeim frumdrögum sem fyrir lágu, og skiluðu samhljóða nál. Ég sé ekki að þarna sé neinn skaði skeður. Ég sé það ekki.

Ég vil taka það fram að ég fagna því að það tókst að ná samstöðu um þetta mál í sjútvn. Ég fagna því.

Ég held ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um aðdraganda málsins. Ég held að hann sé öllum ljós, a. m. k. þeim sem vilja vita hið sanna og rétta í málinu og vilja að það komi fram. Hinir verða auðvitað að skemmta sjálfum sér og halda við sinni iðju.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson vék aðeins að fiskmatsráðinu í sambandi við 3. gr. og las upp eina línu þar sem því er falið að kynna sér erlend ákvæði og reglur um lágmarksákvæði. Það er mín meining og mér fannst það koma fram hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, að okkur er það lífsnauðsyn að fylgjast með því sem er að gerast erlendis. Það er ekki nóg að fylgjast með því sem er að gerast hér hjá okkur. Við þurfum líka að fylgjast með því hvað er að gerast erlendis, hvað þær þjóðir sem við verslum við vilja og þurfa. Við verðum einmitt að reyna að sækja þekkingu til þeirra manna sem þarna best þekkja til. Við verðum að sækja hana. Ég sé ekki að það sé nein minnkun að því. Og ég trúi því a. m. k. ekki að það sé svo hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni.

Og vegna þess að hv. þm. Guðmundur H. Garðars-

son kom inn á það hér áðan ásamt nafna sínum Guðmundi J. að eitthvað illa hefði verið staðið að þessu máli ætla ég að bæta því við að ég lét alla nm. hafa ljósrit af öllum umsögnum sem n. bárust, til þess að þessir ágætu nm. hefðu möguleika á því að leggja þetta fram og kynna og ræða í sínum þingflokkum. Ég veit ekki hvernig á að vinna að málum ef ekki á þennan hátt.

Ég vil einnig minnast á það sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að sá smái verði einnig að vera í fiskmatsráðinu og var nú að reyna að útlista það. Það er auðvitað spurning hvort við erum að leita að sama manninum eins og þeir fóstbræður, Guðmundur H. Garðarsson og fjmrh. En í nál. segir: „Nefndin tekur fram að nauðsynlegt sé að bæði fulltrúar kaupenda og seljenda séu í hópi þeirra er ráðherra skipar frá hagsmunasamtökum sjávarútvegsins í fiskmatsráð.“ Þarna er n. vissulega að reyna að teygja sig til að tryggja það að þessir aðilar eigi þarna sína fulltrúa. Eftir að hafa fjallað um þetta mjög ítarlega í n. fannst okkur að við tryggðum þetta með þessum orðum.

Einnig minntist hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson á það, að mig minnir, a. m. k. kom það fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Guðmundi H. Garðarssyni, að rétt væri að láta þetta mál liggja í sumar og skoða það aftur í haust. Ég má til að hnykkja aðeins á því aftur, svo það sé alveg öruggt að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson heyri það, að þetta mál kom til sjútvn. Nd. í nóvembermánuði á síðasta ári. Hafa nú mál ekki verið skemur hér áður en þau hafa hlotið afgreiðslu? Ég held nefnilega að þetta sé mikill misskilningur. Ég held það sé búið að leggja mikla vinnu í þetta mál og miklu meiri vinnu en menn vilja vera láta. Nm. hafa fengið, eins og ég sagði, ljósrit af öllum umsögnum og kynnt þær í þingflokkunum.

Svo standa hér upp einstaka menn og þykjast koma af fjöllum í þessu. Hvar hafa þeir verið? Ég held að þeir ættu að leita til þeirra manna sem hafa skrifað undir nál. og fjallað um þau í n. (Gripið fram í.) Ég er með umsagnirnar. Mér þykir það skrýtið ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur ekki heyrt þessar umsagnir. Ég er viss um að félagi hans Garðar Sigurðsson hefur lesið þær fyrir hann. Ég er viss um það, svo náin er þeirra vinskapur. Það fer ekki á milli mála.

Ég ætla ekki að vera eins langorður hér og sumir aðrir. Ég hef það yfirleitt ekki fyrir sið að tala mjög langt mál að kveldi og koma svo að morgni og telja dálksentimetrana í þingtíðindum eins og sumir gera hér. Það er nóg um það og væri betur ef menn legðu af þann sið og tækju upp málefnalegri og skynsamlegri vinnubrögð.

Ég get aðeins stungið á nokkrum umsögnum, læt ekki hafa mig í það að lesa upp umsagnirnar, eins og ég gaf í skyn, ruddist inn á ræðutíma þm. Guðmundar H. Garðarssonar og gat þess að ein umsögnin væri upp á 28 vélritaðar síður. Ég ætla ekki að lesa þær upp allar, alls ekki. En ég get stiklað á stóru. Það kemur t. d. fram hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu að það var yfirleitt á móti þessu máli og vildi fresta því, svipað og Guðmundur H. Garðarsson og fleiri. Síðan kemur umsögn frá Sjómannasambandinu. Hvað segir Sjómannasambandið? „Á sambandsstjórnarfundinum var samþykkt að mæla með frv. eins og það liggur fyrir.“ (Gripið fram í.) Ég kem að því rétt strax. Frá félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda: „Við höfum engar athugasemdir við frv.,“ segir þar. Að vísu les ég ekki allt, en stikla á stóru. Sölustofnun lagmetis: „Að mati Sölustofnunar lagmetis er hér um athyglisvert mál að ræða sem æskilegt er að nái fram að ganga.“ Samband fiskvinnslustöðva: „Með vísan til framansagðs mælir Samband fiskvinnslustöðvanna með samþykkt frv. þessa, enda sé það lagað betur að þeirri meginstefnu sem fram kemur í greinargerð.“ Og hvað skyldi vera í greinargerðinni? Það er einmitt ákvæðið um 17. gr. (**Gripið fram í:** Hvenær er þetta dagsett?) Þetta er dagsett 18. jan. 1984. Það er nú ekki nákvæmari dagsetningin, en ég vona að hún dugi. Ef fyrirspyrjandi vill fá undirskriftina þá er það Skúli Jónsson.

Það var einnig leitað til fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Hún reiknar frekar með því, ég held ég orði það nokkurn veginn rétt, að þarna sé um sparnað að ræða. Ég get nú lesið þessa umsögn, mér liggur ekkert á:

„Að því er getur varðað kostnað eru eftirfarandi breytingar sem frv. gerir ráð fyrir á gildandi lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða:

1. Deildum er fækkað úr fjórum í tvær, ferskfiskdeild og afurðadeild.

2. Stofnað er sjö manna fiskmatsráð sem verður ráðherra til aðstoðar varðandi starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða.

3. Framkvæmdastjóri ráðsins og deildarstjóri verða skipaðir til fjögurra ára í senn í stað ótiltekins tíma eins og er í núgildandi lögum.

4. Lögfest eru ákvæði um stöðu sérmenntaðs hreinlætisfulltrúa (7. gr.).

Af þessari upptalningu sést að lögfestum stöðum við eftirlitið fækkar um eina og ætti að sparast á því nokkurt fé, væntanlega u. þ. b. 260 þús. kr. Fækkun deilda ætti þó að gefa möguleika á meiri lækkun tilkostnaðar þar sem ætla má að eftirlitsmenn sinni eftir breytinguna fjölþættari verkefnum sem e. t. v. gæti leitt til fækkunar starfsliðs og lækkaðs ferðakostnaðar.

Hins vegar gæti ákvæði til bráðabirgða um niðurlagningu nokkurra núverandi staða hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða leitt til nokkurrar tímabundinnar kostnaðaraukningar, verði þeir sem gegna þessum stöðum ekki ráðnir til starfa hjá væntanlegu Ríkismati sjávarafurða.

Í athugasemdum við frv. segir m. a. að líklegt sé að kostnaður við ferskfiskmat og ferskfiskeftirlit vaxi frá því sem nú er og kostnaður vegna afurðadeildar lækki.

Það sem mestu máli skipti í sambandi við rekstrarkostnað stofnunarinnar er skipulag og stjórnun stofnunarinnar, en frv. fjallar ekki nema að litlu leyti um það.

Nú mun hagræðingarfyrirtæki vera að fjalla sérstaklega um þá hluti og hefur skilað áfangaskýrslu en athuguninni er ekki að fullu lokið. Þegar þessu starfi lýkur og tillögur liggja fyrir er fyrst hægt að meta breytingu á rekstrarkostnaði.“

Svo mörg voru þau orð frá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða fjallar um þetta í nokkuð löngu máli. Ég hugsa að menn vilji nú kannske ekki taka mikið mark á því sem þar er sagt, þar sem svo vill til að þeir sem gegna störfum núna í Framleiðslueftirliti sjávarafurða og undirrita þetta eru þeir sem unnu að samningu þessa máls, bæði Einar M. Jóhannsson og Jónas Bjarnason. Ég held því að menn geti

nokkurn veginn áttað sig á því hvaða álit þeir hafi haft á þessu frv.

Svo eru hér frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins nokkrar athugasemdir, ekki stórvægilegar. Þeir taka þarna t. d. 17. gr. og 8. gr. og 21. gr. (Gripið fram í.) Nei, hún gerir það ekki. Það er rétt að ég lesi hér þrjár línur úr umsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins: „Að okkar dómi leikur enginn vafi á því að nái frv. fram að ganga, þá yrði flýtt mjög fyrir þróun þessara mála hér á landi, og gæti það haft í för með sér verulega aukin gæði sjávarafurða.“ **(Gripið fram í:** Hvað segir hv. þm. Björn Dagbjartsson um þetta?) Björn Dagbjartsson skrifar nú ekki undir þetta. Undir þetta álit skrifa Geir Arnesen og Grímur Valdimarsson.

Samband skreiðarframleiðenda sendir umsögn undirritaða af Ólafi Björnssyni.

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda segir hér: „SÍF telur að stefnt sé í rétta átt með þessu frv. en hvetur sjútvn. Alþingis til þess að breyta einstökum greinum í samræmi við þá yfirlýstu stefnu sem fram kemur í greinargerð frv.“

Fiskiðn gerir hér athugasemdir og Fiskmatsmannafélagið er andvígt þessu og sendir langa greinargerð. Einnig er hér löng greinargerð frá Jóhanni Guðmundssyni, hún er 28 vélritaðar síður. Jóhann Guðmundsson er þessu andvígur. Við kölluðum hann fyrir okkur. Hann kom til okkar á nefndarfund og var lengi hjá okkur, 1½—2 klst. líklega, og við eyddum löngum tíma með honum til að fara yfir frv.

Ég ætla að láta þetta nægja, forseti góður. Ég vona að ég hafi komið því allra nauðsynlegasta til skila.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeirri n. sem hefur haft þetta mál til umfjöllunar fyrir þeirra störf og aðeins víkja að undirbúningi þessa máls og því, sem hér hefur verið haldið fram, að það sé alls ekki nauðsynlegt að afgreiða mál þetta, það þurfi miklu meiri umfjöllunar við og að því hafi verið staðið með óeðlilegum hætti, eins og hér hefur komið fram nokkuð oft í máli ræðumanna.

Þótt það sé út af fyrir sig ekki mitt mál vil ég fyrst víkja að því sem hér hefur komið fram varðandi almenn vinnubrögð hér á Alþingi. Mér hefur fundist þess gæta í máli manna að öll röksemdafærsla og allt sem varðar mál ætti að koma fram hér í ræðustóli á Alþingi. Ég get upplýst hv. þm. um það að til eru margar möppur um mál þessi í sjútvrn. því mikið hefur verið í þessum málum starfað. En ég er þeirrar skoðunar að það geti ekki átt sér stað með þeim hætti og þau störf verði að fara fram í n.

Nú er það vitað mál að allar umsagnir sem berast þinginu liggja frammi í nefndarherbergjum og allir þeir þm. sem áhuga hafa fyrir viðkomandi málum geta að sjálfsögðu kynnt sér þessi nál. hvenær sem er. Mér finnst því það vera fullmiklar kröfur að halda því fram að allt sem varðar mál komi fram í þingsölum, enda eru almennt fremur fáir til að hlusta á það. Ég held það væri betri vinnubrögð að þeir, sem vilja sökkva sér niður í þessi mál, geri það með öðrum hætti. Út af fyrir sig ætla ég ekki að gerast dómari um það, en ég held að það séu betri vinnubrögð sem mundu oft greiða betur fyrir málum hér.

Því hefur verið haldið fram eins og ég vék að áðan, að staðið hafi verið með óeðlilegum hætti að þessu máli. Það kemur fram í greinargerð 6. sept. 1979 að páv. sjútvrh., Kjartan Jóhannsson, skipaði fimm manna nefnd til að endurskoða lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Það kemur einnig fram í þessari sömu greinargerð að 23. jan. 1980 skilaði nefndin áfangaskýrslu. Þessi áfangaskýrsla er send hagsmunasamtökum, 20 aðilum í sjávarútvegi, til umsagnar. Síðan berast umsagnir frá 13 aðilum. Á grundvelli þessa er unnið og lokaskýrsla berst frá nefndinni í októbermánuði. Nokkru síðar skipaði sjútvrh. 5 manna nefnd sem kallaðist fiskmatsráð sér til ráðgjafar um þessi mál. Það er samið frv., 13 umsagnir bárust um þetta frv. og flestar veigamiklar brtt., sem komu frá hagsmunaaðilum varðandi þetta frv., voru teknar til greina við samningu frv.

Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls tók ég þá ákvörðun að leggja þetta frv. fram óbreytt eins og það lá fyrir. Vænti ég þess að hv. nefnd mundi senda mál þetta til umsagnar og taka tillit til þeirra ábendinga sem nefndin taldi mikilvægar, þ. á m. um 17. gr. Ég lýsti því yfir þegar við 1. umr. að fyrir mitt leyti mætti gjarnan breyta þeirri grein. Það hefur nefndin nú gert.

Í þessu máli hefur verið unnið um margra ára skeið. Hér er um mjög mikilvægan málaflokk að ræða fyrir okkar þjóð og það er alger óhæfa að mál sem þetta sé í einhverri óvissu árum saman. Ég tek undir það að það ber að vinna að því af fyllstu kostgæfni og samviskusemi og ég tel að það hafi verið gert. En það er alger óhæfa að stofnun sem þessi sé í óvissu með sín mál árum saman. Á grundvelli þess legg ég á það mikla áherslu að þessari óvissu sé eytt og fyrir liggi alveg skýr ákvæði um það hver sé framtíðarstefna varðandi þessa stofnun.

Hér hefur komið fram nokkur efnisleg gagnrýni. Það eru þrjú atriði sem mér hefur fundist bera mest á. Í fyrsta lagi það atriði að hér sé ekki um óháða stofnun að ræða, hér eigi ekki að framkvæma óháð mat en það sé grundvallarskilyrði fyrir því að við Íslendingar framleiðum góða vöru til sölu á erlendum mörkuðum að óháð mat eigi sér stað. Ég get út af fyrir sig fyllilega tekið undir það að það er grundvallaratriði að það starfi óháð matsstofnun í landinu sem ræki þetta hlutverk. Hins vegar vil ég einnig taka það fram að ég tel það enga tryggingu fyrir því að seld sé fullnægjandi vara á okkar erlendu mörkuðum. Þeir aðilar, sem stunda þessa útflutningsstarfsemi, stunda sölustarfsemina á erlendum mörkuðum, þurfa eigi að síður að vera fullkomlega ábyrgir og þeir geta ekki treyst eingöngu á þetta óháða mat, enda hefur komið í ljós að svo hefur verið. Á vegum stærstu útflutningssamtakanna, Sölumiðstöðvarinnar og SÍS, starfa nálægt 40 eftirlitsmenn í landinu ef ég man rétt. Ekki voru starfandi eftirlitsmenn á vegum saltfiskútfytjenda, þeir treystu nær eingöngu á óháða eftirlitsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Það gaf enga tryggingu fyrir því, sem ekki er heldur eðlilegt, að ekki kæmist gölluð vara á markaðinn. Þau sölusamtök tóku upp sama kerfi og hinir stóru aðilarnir að hjá þeim væru starfandi eftirlitsmenn sem skyldu tryggja þetta og væru í beinum tengslum við markaðinn eins og eftirlitsmenn sölusamtaka.

Í þessu frv. er verið að reyna að skilja þarna á milli eins og hér kemur fram. Komið er á ákveðinni verkaskiptingu milli framleiðenda og útflytjenda annars vegar og ríkismatsins hins vegar. Ríkismatið verður að geta

sett á það ákveðinn stimpil að það sé trygging fyrir því fyrir þá neytendur sem fá þessa vöru að hún sé framleidd undir besta gæðaeftirliti, ekki eingöngu þessa ríkismats heldur einnig eftirlitskerfis þeirra sölusamtaka sem þarna starfa.

Ég tel að þessi stofnun sé fullkomlega óháð og það hafi verið rangtúlkað að með því að setja á stofn fiskmatsráð sé verið að setja þessa stofnun undir stjórn þeirra manna. Hér kemur skýrt fram að fiskmatsráð er ekki skipað skv. tilnefningu þessara hagsmunasamtaka, enda væri mjög erfitt að telja upp hagsmunasamtök í sjávarútvegi vegna þess hve mörg þau eru. Hins vegar kemur skýrt fram í frv., eins og fram kemur í grg. með málinu, að varðandi val manna í fiskmatsráð væri æskilegt að ráðh. hefði svigrúm til að velja samstæðan hóp sem getur starfað saman að fagmálum. Ekki var talið æskilegt að binda í lögum nöfn þeirra samtaka í sjávarútvegi sem tilnefna skulu fulltrúa í fiskmatsráð. Í fyrsta lagi eru samtökin orðin mörg og í öðru lagi er æskilegt að meðlimir fiskmatsráðs líti á sig sem fagmenn og einstaklinga fyrst og fremst sem séu í góðum tengslum við helstu hagsmunasamtök sjávarútvegsins. Með þessu er fyllilega lögð á það áhersla að hér er gert ráð fyrir því að viðkomandi aðilar geti í flestum atriðum verið óháðir. Verið er að leggja á það áherslu að þessi stofnun á ekki að vera embættismanna- og sérfræðingastofnun eingöngu heldur stofnun sem hefur lifandi tengsl við það umhverfi sem hún vinnur í.

Þá hefur einnig komið fram að það væri galli við þetta frv. að það hefði of mikil pólitísk áhrif í för með sér, eins og það er nefnt, sem ég því miður skil ekki. Að sjálfsögðu er þessi stofnun eins og allar aðrar stofnanir ríkisins undir pólitískri ábyrgð þeirra ráðh. og ríkisstjórna sem starfa á hverjum tíma. Og mér er ekki kunnugt um að hægt sé að viðhafa neitt annað kerfi í þjóðfélaginu varðandi okkar stofnanir. Það er afskaplega undarlegt að heyra það hér á Alþingi að það hættulegasta í þessu þjóðfélagi sé að einhverjir stjórnmálamenn komi nálægt viðkomandi stofnun. Þá fer nú fyrst að verða hætta á ferðum. Mér finnst afskaplega miður að heyra þessa rödd hér vegna þess að þetta er nú einu sinni undirstaða okkar lýðræðiskerfis. Við kjósum þm. sem síðan mynda meiri hl. sem stendur að baki ríkisstj. og sú ríkisstj. ber lýðræðislega, pólitíska ábyrgð í landinu. Þetta er grundvallaratriði í okkar þjóðskipulagi. Ég hélt að það væri nóg að þurfa að hlusta á það víða í þjóðfélaginu að verið sé að úthúða alla tíð þessu pólitíska valdi þó maður þurfi ekki að hlusta á þessa tortryggni hér inni á Alþingi Íslendinga líka. (Gripið fram í.) Það er þá eins gott að hv. þm. tali alveg skýrt svo að ég viti nákvæmlega hvað hann er að tala um því að mér er það afskaplega mikið í húfi, eins og ég vona að flestum þm. sé, að staðið sé vörð um okkar lýðræðisskipulag sem ég held að sé vel uppbyggt.

Þá hefur verið gagnrýnt að það sé ekki nægilega skýrt með hvaða hætti reglur verði settar fyrir veitingu vinnsluleyfa. Ég skal taka það fram nú þegar að það sem a. m. k. ég hef í huga í því sambandi og tel afar mikilvægt er að það sé gert á faglegum grundvelli. Því miður er ekki nægilega vel frá þeim faglega grundvelli gengið. T. d. hefur mér komið það afskaplega mikið á óvart nú að undanförnu þegar ég hef heyrt af því að ýmsir aðilar hafi hug á því að setja upp frystiaðstöðu í alls konar saltfiskverkunarhúsum víða um land og nánast að skella niður gámum á bryggjusporða. Hvað er eiginlega um að vera í landinu? Ég hef spurt þessa ágætu stofnun, Framleiðslueftirlit sjávarafurða: Hvar er ykkar faglegi grundvöllur og hvað er það sem heimilar það að slíkt viðgangist, jafnvel hæg frysting? Það er ekki einu sinni nægilega skýrt að óheimilt sé að stunda hraðfrystingu sem er undirstaða allra gæða í sjávarútvegi. Manni verður á að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum höfum við verið að byggja allar þessar fullkomnu vinnslustöðvar í landinu. Voru það bara mistök? Af hverju settum við ekki inn einhverja frystiskápa í allar saltfiskverkunarstöðvar sem til eru í landinu og reyndum að finna alla þá skúra og byggingar sem er hægt að koma slíkri aðstöðu inn í?

Komið hefur berlega í ljós að hinn faglegi grundvöllur til þess að byggja á varðandi veitingu slíkra leyfa er ekki nægilega traustur. Við höfum ákveðið að nú á næstunni verði ekki veitt frekari vinnsluleyfi fyrr en þessar faglegu reglur liggja skýrt fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að ef aðilum í frystiiðnaði okkar ætti að fjölga um jafnvel 100—200, sem gæti vel gerst við ófullkomna aðstöðu víða um land, gæti það orðið til þess að þau slys gerðust á mörkuðum okkar sem aldrei yrðu bætt.

Það er ekkert einkamál manna að selja gallaða vöru á erlendum mörkuðum. Ef aðili selur gallaða vöru, t. d. rækju þar sem frysting hefur mistekist um borð í skipi, sem íslensk afurða á erlendum mörkuðum getur hann gersamlega eyðilagt allan okkar markað, ekki bara fyrir sjálfum sér heldur fyrir öllum öðrum sem eru að vinna á þessum mörkuðum. Það er því ekki að ástæðulausu að full aðgát sé höfð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara frekar út í efnislega umr. um þetta mál. Ég vildi aðeins leggja á það áherslu að ég tel nauðsynlegt að þeirri óvissu, sem hefur ríkt um þessi mál, sé eytt. Ég vildi einnig leggja á það áherslu að hér er um óháða stofnun að ræða sem er undir stjórn sjútvrn. Þannig tel ég að þessum málum verði að vera fyrir komið og ég er þess fullviss að sú skýrari verkaskipting milli þessa óháða mats annars vegar og útflutningsaðila og vinnsluaðila hins vegar er verulega til bóta. Enda veit ég ekki betur en að nær allir þeir, sem hafa unnið að þessum málum á undanförnum árum af hálfu hinna svokölluðu hagsmunaaðila og lagt sig mjög fram í málinu, þ. á m. fulltrúar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sambandi fiskvinnslustöðva, en ég veit ekki betur en öll frystihús Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna séu innan þeirra vébanda, mæli mjög með því að þetta mál nái fram að ganga og leggi á það mikla áherslu. Þess vegna kom mér það nokkuð á óvart þegar hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson dró það í efa að þessir aðilar mæltu með málinu. Ég er þó ekki með því að blanda saman þeirri afstöðu hans og vinnu hans fyrir þá ágætu aðila. Að sjálfsögðu tekur hann afstöðu hér sem óháður þm. en ekki sem aðili sem hefur unnið fyrir þá hagsmunaaðila.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal hafa athugasemdir mínar stuttar. Hv. þm. Stefán Guðmundsson kvartaði undan því að ég hefði ásakað hann um harðræði. Ég held ég hafi nú aldrei ásakað hv. þm. um harðræði. Það sem ég sagði hins vegar og stend á þar til ég fæ aðrar og betri upplýsingar er það að daginn áður en þetta fræga meirihlutaálit kom hér fram í þingsalinn hafi verið fundur í sjútvn. Þar höfðu mætt

sem varamenn tveir varaþm. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Guðmundur Einarsson upplýstu að tveir nm., hv. þm. Halldór Blöndal og Gunnar G. Schram — gott ef þessi fundur var ekki haldinn á föstudaginn — kæmu strax eftir helgi og þegar þeir væru komnir væru þeir reiðubúnir að skila áliti og rétt væri að bíða þess. Þetta var ekki gert. Hvernig sú krafa hefur verið sett fram, hvort það hefur verið skriflegt, hvort þetta hefur verið bókað skal ég ekki um segja. En eitt er víst að þegar þessir hv. þm., Halldór Blöndal og Gunnar Schram, voru komnir neituðu þeir að styðja nál. Stefáns Guðmundssonar og þeirra varamanna er sátu fundinn og gera 16 brtt. Um hvað er Stefán Guðmundsson að tala? (**StG:** Fyrirgefðu, má ég endurtaka það?) Ég skal fyrirgefa þér allt. Um hvað spyrðu? (**GHG:** Fyrirgefðu, viltu leiðrétta, það var Jón Magnússon. Guðmundur H. Garðarsson var ekki á fundinum.) Jón Magnússon var ekki á fundinum, en — (**GHG:** Ég var ekki á þessum fundi. Ég bað ekki um frest. Þú sagðir Guðmundur H. Garðarsson.) Guðmundur H. Garðarsson, — já, Guðmundur Einarsson, fyrirgefðu. Jón Magnússon mun ekki hafa verið á þessum fundi en skrifaði hins vegar undir nál. og þetta — (Gripið fram í.) Ég sagði að tveir aðalmanna í nefndinni hefðu verið fjarverandi og þegar þeir hefðu verið komnir hefði verið óskað eftir nýjum fundi í nefndinni vegna þess að hvorugur þessara manna var reiðubúinn að styðja það álit sem lá frá formanni nefndarinnar og varamönnum er sóttu þennan fund, enda sýnir það sig að það koma fram 16 brtt. Skilur hv. þm. þetta ekki? (**StG:** Það kom ekki frá þeim.) Það kom ekki frá þeim, segir hv. þm. Þessar tillögur munu að mestu hafa komið frá Garðari Sigurðssyni og reyndar fleirum og verið studdar af þeim. Formaður varð ekki við þeirri ósk að þeirra yrði beðið. Ef komnir eru tveir aðalmenn nefndarinnar og tveir menn eru í minni hl. þá eru það fjórir og af sjö er það meiri hl., hv. þm. Stefán Guðmundsson. En að Stefán Guðmundsson hafi beitt einhverju harðræði, það held ég að ég hafi aldrei staðhæft. Ég taldi ákaflega hæpið að setja þetta þskj. fram með þrem atkv. nm. þar sem tveir voru varamenn gegn 2 atkv. minni hl., enda var þskj. afturkallað, svoleiðis að ég held að þetta standi allt óhaggað.

Það sem ég gerði athugasemd við var að hér hefði komið ákaflega hörð gagnrýni á (**Gripið fram í:** Hér hafa skrifað 4 nm. en ekki þrír.) Hv. þm. afhenti mér hér þskj. 622. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Var Jón Magnússon á þessum fundi? (**StG:** Jón Magnússon lýsti því yfir við nm. að hann vildi samþykkja þetta eins og það var. Hann skrifaði undir og var í Þórshamri.) Var hann ekki í Þorlákshöfn? Enda sést það hverjir skrifa undir, það eru þrír. Ég verð að telja þetta óheppileg vinnubrögð. Harðræði held ég, að Stefán Guðmundsson beiti ekki og hef aldrei ásakað hann um það. Ég taldi þetta hins vegar óheppileg vinnubrögð.

En það sem ég var að gera athugasemd við og hv. þm. forðaðist að svara en sjútvrh. svaraði að nokkru leyti, það var um 17. gr. 1. mgr.: „Framleiðsla á sjávarafurðum til útflutnings er óheimil án sérstaks leyfis sjútvrn." Þetta er strikað út. Það sem eftir stendur af greininni er það að rn. setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og veitingu vinnsluleyfa. En í 14. gr. frv. er eftirfarandi tekið fram:

„Afurðadeild gefur út útflutningsvottorð, sé þess krafist í reglugerð. Deildin skal gæta þess að ekki verði fluttar út sjávarafurðir sem ekki standast þær kröfur" o. s. frv. „Afurðadeild annast útflutning vinnsluleyfa til vinnslustöðva, en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis."

Að hreinlæti og búnaður sé í lagi, hvaða reglur eru það sem koma hér til viðbótar í 16. gr. að rn. setji nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og veitingu vinnsluleyfa? Hreint út sagt það að það er á valdi hæstv. ráðh. með einfaldari reglugerð að heimila það sem honum sýnist. Hann hefur skýrt að nokkru hvað fyrir honum vaki. Vitanlega hefði þá þurft að vera þessi reglugerð eða a. m. k. uppdrættir að henni en ekki að Alþingi afhenti hæstv. ráðh. á silfurdiski heimild til að veita eitthvert sérstakt leyfi til reksturs vinnslustöðva. Ef sjútvrh. óttast offjárfestingu í frystihúsum eða vinnslustöðvum, sem vel má vera að hætta sé á, þá á það heima undir einhverjum fjárfestingarlögum en alls ekki lögum um fiskmat. Þarna er verið að afhenda ráðh. meiri og stærri völd en þekkst hafa. Það er vægast sagt ákaflega glannalegt af virðulegu Alþingi að afgreiða slíkt með ekki nánari skilgreiningu en nauðsynlegum ummælum ráðh., en hv. formaður sjútvn. treystir sér ekki til að svara.

Hæstv. ráðh. talar um verkaskiptingu. Í hvaða lagagr. er þessi verkaskipting? Hún er í grg. Í lögunum er hvergi kveðið á um verkaskiptingu. Þetta er frómt ósk í grg. en á ekkert skylt við lagasmíð. Sami ráðh. vill ekki viðurkenna að mat sé ekki óháð þótt það lúti stjórn ótilgreindra hagsmunaaðila sem eru í meiri hl. Það er búið að kippa þessu út úr frv. að verulegu leyti. Þó eru þarna nokkrir hortittir. Frv. og meginatriðin í breytingu á frv. voru þessi völd sem fiskmatsráð fékk. Þau eru tekin burt með áliti nefndarinnar og þá er grundvöllur lagasetningarinnar brostinn. Hann er hreinlega brostinn og þess vegna er ástæða til þess að athuga þessi mál betur og að Alþingi afgreiði ekki frv.

Hv. þm. Guðmundur Garðarsson hefur rætt málið, einn þrautkunnugasti starfsmaður Sölumiðstöðvarinnar sem framleiðir 70% af frystum afurðum okkar. Hann varar við þessu. Ég held að ég hafi þrívegis tekið fram í minni ræðu gildi þess að eftirlitsmenn sölusamtaka og hið óháða ríkismat ynnu saman. Erfiðleikar geta t. d. falist í því að svo góð sem þessi samvinna er og þetta eftirlit að innan einstakra samtaka gætu aðilar sinnt eftirliti sem væri mun eðlilegra en framleiðslueftirlitið eða ríkismatið fengist við í ákveðnum málum. Mat er ekki óháð ef það lýtur stjórn hagsmunaaðila.

Það er sett að skilyrði fyrir útflutningi til Austur-Evrópuríkja að það sé óháð ríkismat. Ekki þori ég að tala fyrir þá austantjaldsmenn en ákaflega er ég smeykur um að þeir mundu aðeins sperra brýrnar yfir því að stjórn þessa óháða mats væri að meira hluta í höndum hagsmunaaðila.

Það er líka vitað að fjölmörg fyrirtæki á Vesturlöndum krefjast þess hins sama. Framleiðsluráð sjávarafurða hefur fengið viðurkenningu í Bandaríkjunum sem eftirlitsmatsaðili skelfisks. Hins vegar hafa verið uppi till. í Bandaríkjunum um að ameríska matvælaeftirlitið hefði með höndum eftirlit á fiskafurðum og matvælum sem framleiddu erlendis, sér í lagi fiskafurðum. Ef t. d. rækjueitrunin frá Bangladesh í Hol-

landi hefði komið upp í Bandaríkjunum hefði þetta frv. sem vofir yfir Bandaríkjaþingi — það hefur ekki hlotið samþykki — flogið í gegnum þingið. En þetta Framleiðslueftirlit hefur fengið viðurkenningu sem matsaðili á skelfiski og það mundi ábyggilega torvelda að það yrði viðurkennt ef það væri háð hagsmunaaðilum.

Ég verð svo að endingu að segja það fyrst varaformaður annars stjórnarflokksins kemur hér í þingsal að ef það er orðið baráttumál Sjálfstfl. að ákveðinn atvinnurekstur í landinu megi ekki rækja nema með samþykki ákveðins ráðh. þá er orðið lítið eftir af athafnafrelsinu. Engin grg. hefur fengist. Fyrst núna fæst eitthvað lauslega fram hjá virðulegum og hæstv. sjútvrh.

Um umsagnir hinna ýmsu aðila hef ég ekki fjallað og ekki séð. Ég skal viðurkenna að þetta hefði ég átt að geta séð hjá n. en þetta var ekki sýnt í okkar þingflokki og er það í sjálfu sér mál þingflokks Alþb. En ég held að þarna sé ekki umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem framleiðir 70% af frystum sjávarafurðum. (**Gripið fram í:** Samband fiskvinnslufyrirtækja.) Samband fiskvinnslufyrirtækja, ég þekki það fyrirtæki ákaflega vel. Formaður þess skrifar ekki undir því að hann er einn af þeim sem samdi þetta frv.

Ég vil benda á að skýringar þær á hinum fjölmörgu greinum sem ég óskaði eftir hafa ekki komið. Túlkanir á mótsögnum hafa ekki komið. Þetta frv. er ekki til að stæra sig af og ekki til að auka veg Alþingis. En það kannske styrkir Sjálfstfl. í baráttu hans fyrir frelsinu að nú skuli allir þurfa að leita leyfis ráðh. þegar þeir ætla að annast eitthvað fiskverkun.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður talaði um frelsið. Ég hugga hv. þm. með því að á meðan a. m. k. einn úr flokknum hefur sjálfstæða skoðun er von fyrir frelsið í Sjálfstfl. Hann þarf því ekki að hafa áhyggjur út af því, þó að einhverjir þm. Sjálfstfl. slysist á að samþykkja þetta frv., að við hinir stöndum ekki vörð um frelsið.

Í sambandi við þær umr. sem hér hafa farið fram fannst mér þess gæta fyrst hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að hann ætlaði að reiðast yfir því að menn skyldu leyfa sér að koma fram á síðustu stundu og hafa aðrar skoðanir en meiri hl. sjútvn. Sem betur fer var það ekki í reynd, en það leit þannig út í upphafi hans ræðu. Það er náttúrlega alveg grundvallaratriði að menn sýni hver öðrum umburðarlyndi þegar þeir eru að fjalla um mál á hv. Alþingi Íslendinga. Menn verða að þora að taka sjálfstæða afstöðu þó að flokkar séu í stjórnarsamstarfi. Það að vera í stjórnarsamstarfi felur ekki í sér að menn hafi undirgengist að skrifa á hvað sem er og segja einmitt það sem hentar í það og það sinnið í viðkomandi stjórnarsamstarfi. Það er hluti af frelsinu og lýðræðinu að bæði hv. þm. og aðrir haldi sínum skoðunum innan þings sem utan.

Mér finnst vanta inn í þessa umr. að rætt sé nánar hvaðan sú ósk eða krafa kom að gera þær grundvallarbreytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég hef ekki orðið var við þá miklu umræðu um þetta mál hjá þeim aðilum, sem starfa í sjávarútvegi og fiskiðnaði, sem réttlætir að berja fram á þessu þingi samþykki fyrir þessu frv.

Hæstv. ráðh. Halldór Ásgrímsson rakti mjög ítarlega fyrir okkur hvað þetta hefur átt sér langan aðdraganda, allt frá árinu 1979 og allar götur síðan. Ég held að upphaf þessa máls sé ekki að leita hjá þeim aðilum sem starfa í atvinnugreininni. Það frumkvæði kemur annars staðar frá. Og þá er spursmálið: Hvers vegna? Ég kann ekki svar við því, a. m. k. vil ég ekki ræða um það á þessu stigi hver sé mín skoðun á því. En aðilar óskuðu ekki eftir þeim grundvallarbreytingum sem frv. gerir ráð fyrir. Það finnst mér vera kjarni málsins. Og þeir óska enn ekki eftir þeim breytingum. Ég tel að þær umsagnir sem var vísað til áðan sanni glögglega að það eru fyrst og fremst þeir sem eru hluti af kerfinu sem við búum við sem leggja áherslu á breytingar, en aftur á móti óska framleiðendur, útvegsmenn, sjómenn og fólk í fiskiðnaði ekki eftir breytingum. Hins vegar hefur á þessum fimm árum greinilega tekist að nudda því í gegn í einstaka félögum og samtökum að taka afstöðu til einstakra greina frv., en samt ekki af mikilli sannfæringu.

Ég vil leiðrétta það, og þess vegna kom ég hingað, að ég ræddi ekki um Samband ísl. samvinnufélaga í minni ræðu. Það mun annar hv. þm. hafa gert. Ég vil leiðrétta það. Hins vegar kom það fram hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að einn af aðalframleiðendum sjávarafurða á Íslandi, þ. e. sjávarafurðadeild SÍS ef ég tók rétt eftir, tekur fram í sinni umsögn að það sé þörf fyrir breytingu á starfsháttum Framleiðslueftirlits sjávarafurða eins og það er nú en ekki á lögunum. Ég tel þetta mjög veigamikla umsögn. Sá sem mun hafa skrifað undir þessa umsögn er Árni Benediktsson. Er það ekki rétt? Árni Benediktsson hefur mjög mikla og góða þekkingu á sjávarútvegs- og fiskiðnaðarmálum.

Þá vík ég að öðru, sem hlýtur að skipta einhverju máli í þessu sambandi, og það er að ekki mun hafa komið fram skriflegt álit frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Mér er kunnugt um að á sínum tíma fór fram nokkur umræða um þær hugmyndir sem hér lágu fyrir fyrir einu til tveimur árum, þegar þetta var fyrst til umræðu, og fengu þær ekki góðar undirtektir í þeim félagsskap. Nú hefur ekki komið skrifleg umsögn frá SH. Ef maður leggur saman sjávarafurðadeild SÍS annars vegar og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hins vegar kemur í ljós að þeir aðilar, sem fjalla um ca. 70% af framleiðslu frystra sjávarafurða á Íslandi, leggja ekki mikla áherslu á þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir. Annar aðilinn er greinilega á móti, sjávarafurðadeildin, en hún verslar með ca. 30% af öllum frystum sjávarafurðum auk annarra afurða, eins og skreiðar, saltfisks o. fl., og sölumiðstöðin með u. þ. b. 70%. Það má því segja að ef litið er á þetta í heild flytji sjávarafurðadeild SIS og SH út ca. 95% af öllum frystum sjávarafurðum, enda hafa þessi samtök með frjálsum hætti komið sér upp mjög góðu eftirlitskerfi og fullnægja mjög þeim kröfum sem við erum að ræða um, þ. e. kröfunum um að gæði séu mikil á þeirri vöru sem þeir aðilar framleiða sem eru innan vébanda þessara samtaka. Það mun vera nokkuð vel tryggt. Með því fyrirkomulagi sem við höfum haft, því óháða mati sem Framleiðslueftirlitið hefur haft á hendi, hefur eftirlitið eiginlega verið tvítryggt. Þetta hefur verið 100% í lagi, ef það mætti orða það þannig, en auðvitað hafa verið einhver frávik þarna eins og ætíð vilja eiga sér stað.

Það er hins vegar greinilegt að þeir sem framleiða skreið og saltfisk og aðrar sjávarafurðir geta hugsað sér þær breytingar eða eitthvað í þá átt sem koma fram í frv. Af þeim umsögnum sem hér voru kynntar frá þessum

aðilum fyrir utan þessar kerfisstofnanir sem létu álit sitt í ljós, er greinilegt að t. d. skreiðarmenn geta hugsað sér fyrirkomulag líkt því sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel að hægt hefði verið að fullnægja því sjónarmiði með minni háttar breytingum á núgildandi lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Hæstv. ráðh. kom inn á stöðu fiskmatsráðs skv. 3. gr. Það er mat hæstv. ráðh. að þessi lagagrein og staða fiskmatsráðs skv. frv. sé þess eðlis að þessi stofnun verði óháð í framtíðinni þrátt fyrir ákvæði 3. gr. Ég er ekki á sömu skoðun og hæstv. ráðh. í þeim efnum. Ég tel að fiskmatsráð muni koma þannig inn í þessi mál að framkvæmd þessara mála verði ekki eins óháð og verið hefur til þessa og endurtek að ég tel að hagsmunaaðilar eigi ekki að vera þarna í stjórn Ég er einnig þeirrar skoðunar að stjórnmálavaldið fái þarna of mikil áhrif þegar ráðh. fær vald til að ákveða hverjir skipi fiskmatsráð á hverjum tíma. Þetta er mitt mat. Það verður hver að meta það eins og hann skilur og vill túlka þessar lagagreinar.

Þar er ég ekki sammála hæstv. ráðh. þegar hann segir að hann telji að það sé undirstaða lýðræðiskerfisins að stjórnmálamenn hafi afskipti af málefnum þegnanna með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég tel að stjórnmálamenn eigi ekki að hafa mikil afskipti af athöfnum manna í hinu daglega starfi úti í atvinnulífinu. Ég tel að þetta frv. geti boðið upp á þá möguleika að stjórnmálavaldið hafi of mikil áhrif á dagleg störf manna í atvinnulífinu. Það mundi gerast með bæði beinum og óbeinum hætti. En þar með er ég ekki að segja að hæstv. núverandi ráðh., Halldór Ásgrímsson, mundi nota þessi lög með þeim hætti sem ég tel að þau megi nota.

Það þarf því ekki að hljóma neitt einkennilega þótt þm. ræði hér um hver séu takmörkin fyrir því hvert afskipti stjórnmálamanna eigi að ná af athöfnum borgaranna í hinu daglega starfi.

Ég var hins vegar sammála ráðh. þegar hann ræddi um það atriði að styrkja þyrfti hinn faglega grundvöll í sambandi við þessi mál. Ég er sammála því að hann verður að treysta. Og þá er spursmálið: Hvernig á að treysta hinn faglega grundvöll? Það gerist auðvitað í framkvæmd en svo er einnig nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvað er faglegur grundvöllur. Hver er hinn faglegi grundvöllur sem við erum að tala um í sambandi við sjávarútveg og fiskiðnað? Fyrst skulum við skilgreina það. Þá vitum við hvað við ætlum að framkvæma á eftir.

Það er greinilega þörf á að skilgreina hvaða rekstrarkröfur eigi að gera til þeirra sem starfa í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Í þeim efnum er mörgu mjög ábótavant, þ. e. um það hvaða kröfur menn geri til þeirra aðila sem fá og eiga að fást við útveg. Ég er fullkomlega sammála ráðh. um að auðvitað verður að grípa í taumana í sambandi við þá neikvæðu þróun sem hefur verið að eiga sér stað undanfarið. Það virðast eiginlega allir geta farið út í nokkurs konar bílskúrarekstur í frystingu matvæla. Þar er um að ræða svokallaða hægfrystingu sem er stórhættuleg varðandi gæði vörunnar. Nauðsynlegt er að stemma stigu við því og gera það með þeim hætti sem við á til að tryggja að ekki verði stórslys á hinum erlendu mörkuðum. Í því efni er ég fullkomlega sammála ráðh. að ganga þarf frá málum þannig að óvandaðir aðilar fari ekki út í fiskvinnslu og útflutning með þeim hætti sem nú virðist hafa tíðkast. Þar er þörf á að setja almennar reglur. Ég tel að ráðh. geti það skv. gildandi lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða og með útgáfu reglugerðar.

Um það atriði að nær allir hagsmunaaðilar mæli með því að þetta mál nái fram að ganga, þar sem vísað er sérstaklega til Sambands fiskvinnslustöðva m. a., vil ég segja að Samband fiskvinnslustöðva er blandaður félagsskapur. Ég held að ekki sé rétt að blanda saman Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna annars vegar og Sambandi fiskvinnslustöðva hins vegar. Það hefur nú verið þannig hingað til að Sölumiðstöðin hefur getað svarað fyrir sig. Ég vil segja það, án þess að ég tali fyrir hönd þess félagsskapar á þessu augnabliki, að ég held að umræðunni sé ekki lokið í því félagi um afstöðu manna til þess frv. sem er til umræðu nú.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mun gera tvær örstuttar aths.

Í fyrsta lagi varðandi það að það séu litlar líkur til þess að fiskmatsráð verði óháður aðili. Það vill nú svo til að tveir hæfir og reyndir menn í fiskvinnslu eiga sæti í þessu fiskmatsráði og hafa unnið þar ágætt starf að mínu mati. Annar er Halldór Þorsteinsson forstöðumaður fiskeftirlitsdeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, sem er formaður þess, hinn er Hjalti Einarsson framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Ef það er rétt, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson heldur hér fram og ég dreg mjög í efa, að viðkomandi samtök séu bæði á móti því að þetta frv. nái fram að ganga, þá styrkir það mig mjög í þeirri trú að hjá þessum samtökum séu menn sem leggja faglegan dóm á málið og taka afstöðu skv. því og hlíta ekki því sem ýmsir aðilar í þessum samtökum segja og fari eftir sannfæringu sinni. Það styrkir mig í þeirri trú að þessir menn starfi mjög hlutlægt og óháð.

Í öðru lagi vildi ég aðeins gera örstutta aths. við það sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði varðandi það að skilja á milli annars vegar eftirlitsstarfa framleiðenda og hins vegar Ríkismatsins sé aðeins fróm ósk í grg. Fjallað er um þessi mál í 18. og 19. gr. frv. og í skýringum við þær greinar kemur þessi vilji mjög skýrt fram. Það hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að á vegum framleiðendanna starfi eftirlitsnefnd. Hins vegar hefur það verið fyrst og fremst í frystiiðnaðinum fram að þessu, en ekki annars staðar. Þykir rétt að ákveða með lögum að svo skuli vera. Ég bendi á að í 18. og 19. gr. er m. a. fjallað um þessi mál einnig í grg. um IV. kafla þar sem kemur fram að ákveðin verkaskipting verði milli framleiðenda og útflytjenda annars vegar og Ríkismatsins hins vegar.

Hins vegar vil ég einnig taka fram að það sem þeir aðilar sem starfa í frystingu hafa lagt sérstaka áherslu á er samræming á mati að því er ferskan fisk varðar. Sú samræming hefur ekki verið nægileg. Það hefur verið unnið að því að undanförnu að samræma þá hluti. Komið hefur berlega í ljós að það er ekki trygging fyrir því, ef metið er t. d. upp úr togara og 90—95% eru fyrsta flokks fiskur, að á öðrum stað, þar sem landað er sambærilegum fiski af sömu miðum eftir jafnlanga útiveru, fari fram sambærilegt mat. Hafa þeir aðilar sem starfa í hraðfrystiiðnaðinum lagt höfuðáherslu á að þarna ætti sér stað betrumbót. Þeir hafa lagt áherslu á þennan þátt fyrst og fremst vegna þess að þeir telja að

þeir geti sjálfir betur tryggt en nokkur annar að eftirlitið innan frystihúsanna sé nægilega fullkomið. En ég er samt þeirrar skoðunar, jafnvel þó að þeir telji svo vera, að nauðsynlegt sé og skylt að hafa ríkismat sem fylgist með þeirra vinnubrögðum og sé trygging neytenda á erlendum mörkuðum fyrir því að þar eigi sér stað faglegt mat sem hægt er að treysta á.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Mig langar til að gera örstutta aths. og það er að gefnu tilefni.

Það er þá fyrst í sambandi við afgreiðslu á nál. sjútvn. Nd. Ég hélt að ég hefði talað nógu skýrt áðan, en ég vil hnykkja betur á því sem mér finnst gæta misskilnings. Það var 13. apríl sem nál. er prentað, á föstudegi. Þá var það meining okkar og trú að hugsanlegt væri að við gætum afgreitt málið frá þessari ágætu deild til Ed. fyrir páskaleyfi þm. Þannig stóð á allri þeirri pressu sem menn tala hér um og ég viðurkenni að var. Og ég hafði tilkynnt nm. um að ég mundi afgreiða málið á þessum degi. Ég vil að það sé alveg ljóst. **(Gripið fram í:** Þá er það skýlaust.) Já.

Ég vil, vegna þess sem hér hefur komið fram í sambandi við frv. og nál., taka fram hvað stendur í títt nefndri 17. gr. sem hvað fjörugastar umræðurnar urðu um hér þegar hæstv. sjútvrh. talaði fyrir þessu frv. sínu í nóvembermánuði. Ég held ég muni það rétt að þá sat hér í þingi, og ég held í sæti Guðmundar J. Guðmundssonar, Ólafur Ragnar Grímsson. Hann talaði nokkuð oft í þessu máli þá og brýndi sjálfstæðismennina sérstaklega á 1. mgr. 17. gr. sem hljóðar svo:

„Framleiðsla á sjávarafurðum til útflutnings er óheimil án sérstaks leyfis sjútvrn."

Menn vildu sem sé ekki binda það að það gæti enginn farið út í slíkan rekstur nema með leyfi ráðh. Þetta er fellt niður í n. N. fellir niður 1. mgr. 17. gr. og þá hljóðar greinin svo og verður 16. gr., og ég vil lesa hana þannig að menn séu alveg klárir á því hvað við erum að tala um:

„Ríkismat sjávarafurða hefur heimild til að stöðva vinnslu fisks og enn fremur pökkun og útflutning, ef þrif og búnaður vinnslustöðva eða flutningatækja, gæði afurða, merking þeirra, umbúðir og frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru skv. lögum þessum. Starfsmönnum Ríkismats sjávarafurða ber þegar í stað að tilkynna yfirmönnum sínum um stöðvun skv. þessari grein.

Reynist nauðsynlegt að stöðva vinnslu eða pökkun á fiskafurðum ber Ríkismati sjávarafurða að úrskurða á hvern hátt hagnýta megi afurðirnar og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að vinnsla, pökkun og útflutningur megi hefjast að nýju.

Rn. er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans.

Rn. setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og veitingu vinnsluleyfis."

Hér er verulega miklu breytt. Ég vona að menn átti sig á því að hér er verulega miklu breytt. Ég vil að þetta komi rækilega og ljóst fram.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég vildi aðeins að gefnu tilefni fá, með leyfi forseta, að lesa upp svohljóðandi umsögn frá Félagi sambands fiskframleiðenda, en það mun vera félagsskapur þeirra fiskverkenda sem eru innan vébanda Sambands ísl. samvinnufélaga. Bréfið er svohljóðandi:

„Reykjavík, 23. des. 1983.

Sjútvn. Nd. Alþingis,
Alþingishúsinu v/Austurvöll.

Umsögn um frv. til l. um ríkismat sjávarafurða.

Drög að þessu frv. voru send Félagi sambands fiskframleiðenda til umsagnar árið 1982. Stjórn félagsins gerði þá veigamiklar aths. við drögin í bréfi til sjútvrn., dags. 8. des. 1982. Þar sem frv. það, sem nú hefur verið lagt fram, er lítið breytt frá ofannefndum drögum eiga þær aths., sem gerðar voru við drögin, einnig við um frv. og vísast hér með til þeirra. Bent skal þó sérstaklega á að í ofangreindum aths. stendur eftirfarandi:

„Fundarmenn vilja ítreka það álit sitt að í þessum frumvarpsdrögum felst lítið sem leyst geti núverandi vanda sjávarútvegsins varðandi gæðamat. Í núgildandi lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða finnst engin fyrirstaða gegn því að snúist verði við vandamálunum á raunhæfan hátt."

Það er enn þá skoðun Félags sambands fiskframleiðenda að það sé fyrst og fremst breyting á starfsháttum sem þarf að verða en ekki breyting á lögum.

Virðingarfyllst.
F. h. Félags sambands fiskframleiðenda.
Árni Benediktsson."

Ég taldi, herra forseti, nauðsynlegt að þetta kæmi fram í þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 762). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, sem flutt er til staðfestingar á brbl. sem sett voru í lok maí s. l., en ráðstafanir þessar voru gerðar samhliða gengisbreytingu íslensku krónunnar og er því að verða liðið u. þ. b. eitt ár frá því að brbl. þessi voru sett.

Þetta mál var lagt fram í upphafi þings, er 8. mál þingsins í Ed. og hefur nú verið afgreitt þaðan til Nd. Það er kunnara en frá þarf að segja og ástæðulaust að endurtaka það hér að hagur sjávarútvegsins var mjög slæmur á s. l. vori og því reyndist nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að tryggja afkomu hans. Þessi staða kom fram í því að tekjuaukning hans var ekki í neinu samræmi við kostnaðaraukningu. Það var því nauðsynlegt að breyta gengi íslensku krónunnar til að auka tekjur þessa undirstöðuatvinnuvegar og gera ráðstafanir til þess að kostnaðarhækkanir kæmu ekki í kjölfar tekjuaukningarinnar.

Í 1. gr. frv. eru gerðar ráðstafanir til þess að tryggja að hluti af tekjuaukningunni renni til reksturs fiskiskipa. Þá hafði orðið mjög veruleg aflaminnkun og því varð að auka tekjur skipanna til þess að rekstur þeirra gæti áfram gengið. Þetta var gert með því að tekin var upp sérstök kostnaðarhlutdeild og var hún 29% til skipa stærri en 240 brúttólestir en 25% til minni skipa.

Jafnframt þessu var lagt niður svokallað olíugjald og dregst það frá þessari prósentu í reynd því olíugjald var tekið áður í gegnum útflutningsgjöld. Þessar ráðstafanir urðu til þess að skiptaverð hækkaði á stærri fiskiskipum um 8% en um 12.3% á skipum minni en 240 lestir. Hlutur útgerðar hækkaði hins vegar meira eða um rúmlega 18%, tæplega 16% hjá togurum og rúmlega 21% hjá bátum.

Brtt. var flutt við meðferð málsins í Ed. í samræmi við fiskverðsákvörðun í febr. s. l. þar sem kostnaðarhlutdeild þessi var lækkuð um 2% eða í 27% á stærri skipunum, um 240 brúttólestir, og í 23% til minni skipa.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um afkomu útgerðarinnar eins og hún var álitin á s. l. vori. Það hefur komið fram síðar að þessar ráðstafanir voru lágmarksráðstafanir. Má segja að þær forsendur sem þá lágu fyrir hafi ekki staðist því að þá gerðu menn sér vonir um að afli gæti orðið svipaður seinni hluta ársins 1983 og hann var seinni hluta árs 1982, en hann varð allnokkru minni en á þeim tíma. Og enn hefur orðið aflasamdráttur þannig að staða útgerðar og sjávarútvegsins í heild hefur farið af þeim sökum versnandi.

Í 3. gr. frv. er fjallað um ráðstöfun á gengismun. Hér hefur áður orðið mjög ítarleg umræða um þá ráðstöfun og ég hef svarað fsp. hv. þm. Péturs Sigurðssonar, 12. þm. Reykv., skriflega um þá ráðstöfun. Vísa ég til þess þskj., sem hér var dreift fyrir allnokkru síðan prentuðu, þar sem ljóslega kemur fram hvernig staða þessara mála er.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn. Ég þarf ekki að fjölyrða um það að ég vænti þess að n. reyni að hraða afgreiðslu málsins. Það verður að sjálfsögðu að staðfesta þessi brbl. og því nauðsynlegt að málið hljóti afgreiðslu fyrir þinglok. Ég vil sem sagt leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þennan fund með langri umfjöllun um þetta mál. Ég tel þó óhjákvæmilegt að minna hér á afstöðu minni hl. sjútvn. Ed. svo og þá gagnrýni sem þetta frv. hefur sætt af hálfu ákveðinna hagsmunaaðila sem hér eiga í hlut. Sú gagnrýni hefur einkum verið tvískipt eðli málsins skv., þ. e. gagnrýni á þann kostnaðarhlut útgerðar sem tekinn er fram hjá skiptum og í öðru lagi á ráðstöfun gengismunar.

Í nál. minni hl. sjútvn. segir, með leyfi forseta m. a.:

„Augljóst er að þessi ráðstöfun“ — og þar er átt við kostnaðarhlutdeild útgerðarinnar — „hefur mjög alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu sjómanna. Sjómenn hafa á undanförnum árum mjög lent undir skurðarhnífi stjórnvalda. M. a. þess vegna hafa kjör þeirra versnað meira en nokkurra annarra stétta í landinu. Þessar síendurteknu aðfarir að kjarasamingum sjómanna hafa mjög skert þau hlutaskipti sem gilda eiga milli áhafnar og útgerðar svo að ef fram fer sem horfir hverfur brátt hinn upphaflegi tilgangur hlutaskipta. Sjómannasamtökin hafa af þessu tilefni skorað á hin einstöku sjómannafélög að taka nú þegar til rækilegrar endurskoðunar launakerfi sjómanna. Ályktanir Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eru prentaðar sem fskj. með þessu áliti.“

Og í þeim fskj. segir m. a. í ályktun Sjómannasambands Íslands, með leyfi forseta:

„Fundur sambandsstjórnar Sjómannasambands Íslands, haldinn 7. júní 1983, samþykkir eftirfarandi ályktun:

Sambandsstjórn SSÍ tekur undir ályktun formannaráðstefnu ASÍ varðandi brbl. ríkisstj. og þær grimmilegu aðgerðir sem í þeim felast gagnvart íslenskri sjómannastétt.

Fundurinn bendir á að á undanförnum árum hafa sjómenn tekið á sig kjaraskerðingu umfram aðra launþega sem við síðustu fiskverðsákvarðanir hefur þó að nokkru verið leiðrétt. Sjómenn eru tilbúnir sem og aðrir launþegar að axla sínar byrðar vegna þess vanda sem nú er í þjóðfélaginu, en ekkert þar umfram.

Þá telur fundurinn að enn hafi stjórnvöld ekki sýnt á borði sinn framgang með lagasetningu eða öðrum hætti þar sem tekið er á verðbólguhvetjandi þáttum þessa þjóðlífs.

Fundurinn vekur athygli á að enn er höggvið í þann sama knérunn af núverandi ríkisstj. sem aðrar undanfarandi ríkisstjórnir hafa gert sig sekar um og sett eru lög er raska enn frekar hlutaskiptakerfi sjómanna. Þessum síendurteknu aðförum að kjarasamningum sjómanna mótmælir stjórn sambandsins harðlega.“

Þetta var, herra forseti, úr ályktun Sjómannasambands Íslands. Í ályktun Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 9. júní árið 1983 segir m. a.:

„Vegna brbl. ríkisstj. og þeirra ákvæða í þeim er snerta sjómenn ályktar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eftirfarandi:

Með lögum hefur hinn frjálsi samningsréttur launafólks og vinnuveitenda verið afnuminn að hluta, allt til loka maímánaðar 1985.

Hinar sérstöku ráðstafanir til styrktar sjávarútveginum ganga í raun enn frekar en orðið var á þau hlutaskipti er gilda eiga milli áhafnar og útgerðar, svo að ef fram fer sem horfir hverfur brátt hinn upphaflegi tilgangur hlutaskipta.“

Ég læt þessar tilvitnanir nægja, herra forseti, tek undir þær og læt þær duga til að lýsa andstöðu minni við þau efnisatriði þessa frv. sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Hæstv. sjútvrh. vék að því áðan í sinni stuttu framsögu með þessu frv. að vandi útgerðarinnar sem slíkur hefði ekki allur horfið með þessum ráðstöfunum á vori er leið og má til sanns vegar færa. Þaðan af síður varð nokkur bót ráðin á þeim mikla vanda sem sjómannastéttin í landinu hefur orðið að taka á sig umfram aðra aðila og langt umfram vinnuveitendur sína, þ. e. útgerðaraðilana, og var í raun aukið á þann mismun sem þar var þegar á orðinn með þessum brbl. og setningu þeirra.

Ég er sem sagt andvígur þeirri málsmeðferð sem þetta frv. gerir tillögu um hvað þessi tvö efnisatriði varðar og vildi, herra forseti, þó langt sé liðið á nóttina, lýsa því í örfáum orðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eldi og veiði vatnafiska, frv. 275. mál (þskj. 526). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ræktun, eldi og veiði vatnafiska, sem lagt er

fyrir þessa deild á þskj. 526.

Síðasti áratugur hefur verið tími verulegra breytinga í veiði vatnafiska og í fiskræktarmálum okkar Íslendinga. Sérstaklega hafa síðustu ár verið viðburðarík á sviði fiskræktar- og fiskeldismála með tilkomu fjölda nýrra fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Vonandi eru þetta aðeins fyrstu skref nýs atvinnuvegar hér á landi — atvinnuvegar sem skapar ný atvinnutækifæri og færir þjóðinni auknar gjaldeyristekjur.

Breytt viðhorf og nýjungar kalla á endurskoðun laga um þessi mál. Á árinu 1979 fól þáv. landbrh. nefnd sjö manna að vinna að endurskoðun laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Áttu sæti í nefndinni fjórir alþm. sem fulltrúar þáv. þingflokka, en það voru þeir Páll Pétursson, sem var formaður nefndarinnar, Árni Gunnarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Stefán Jónsson. Aðrir í nefndinni voru Árni Jónasson erindreki og formaður veiðimálanefndar, Þór Guðjónsson veiðimálastjóri og Þorsteinn Þorsteinsson bóndi og þá formaður Landssambands veiðifélaga. Síðar var Ólafur Þórhallsson bóndi skipaður áttundi nefndarmaðurinn.

Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði að henni væri m. a. ætlað að gera tillögur um fyrirkomulag veiðieftirlits og löggæslu, sjái hún ástæðu til breytinga frá því, sem nú er, að gera tillögur um rannsóknarstarfsemi og sjúkdómavarnir í þágu fiskræktar og fiskeldis, enn fremur að leita leiða til aukinnar tekjuöflunar Fiskræktarsjóðs, þannig að fyrirgreiðsla úr sjóðnum á lánum og styrkjum yrði meiri en nú er til eflingar fiskræktar í landinu."

Þá sagði í bréfinu að þess væri jafnframt vænst að nefndin gerði tillögur um önnur mál, sem til bóta horfa um veiði vatnafiska og fiskræktarmál, samanborðið við núgildandi ákvæði laga.

Í grg. með frv. kemur fram að það var samróma álit nefndarmanna að gildandi lög um lax- og silungsveiði hefðu reynst vel á flestum sviðum, þótt endurskoðunar væri orðin þörf á sumum þáttum þeirra vegna breyttra viðhorfa síðan þau voru sett. Að þessu athuguðu þótti nefndinni ástæðulaust að endursemja lagabálkinn frá grunni, heldur yfirfór hún gildandi lög og lét þau ákvæði, sem enn eru í samræmi við kröfur tímans, halda sér, en færði til betri vegar þá þætti laganna sem úrelst hafa.

Þau ákvæði laganna, sem nefndin leggur til að breytt verði, lúta einkum að veiðum vatnafiska í sjó, veiðieftirliti, eldis- og fiskræktarmálum, sjúkdómavörnum og skipulagi og fjármálum Fiskræktarsjóðs.

Ég nefndi hér fyrr að síðustu ár hafa verið viðburðarík á sviði fiskræktar- og fiskeldismála. Þannig voru 17 klak-, eldis- og hafbeitarstöðvar hér á landi þegar lögin um lax- og silungsveiði voru síðast endurskoðuð 1970, en nú eru þessar stöðvar orðnar 45 og vitað er um fjölmarga sem hafa í hyggju að hefja starfsemi á þessu sviði.

Laxveiði hefur verið mjög breytileg á síðustu árum. Mest var hún árið 1978 og veiddust þá alls rúmlega 88 þús. laxar. Minnst var veiðin hins vegar árið 1982 eða um 41 þús laxar, en á árinu 1983 nam veiðin rúmlega 58 þús. löxum.

Í þeirri lægð sem laxveiðin hefur verið síðustu ár hefur stöðugleiki í endurheimtum hafbeitarstöðvanna í Kollafirði og Lárósi verið einkennandi þrátt fyrir verulega sveiflu í laxagengd í árnar á þessum tíma. Gefur þessi árangur vísbendingu um að unnt sé með gönguseiðum frá eldisstöðvum að draga úr óæskilegum sveiflum í laxveiðinni, sem menn vilja rekja til lakari náttúrlegra skilyrða og úthafsveiði á laxi.

Á árinu 1983 var hlutur stangveiði í heildarveiðinni 52%, netaveiði 29% og hafbeitarlax var 19% af heildinni, sem er hæsta hlutfall til þessa, enda tvöfaldaðist hafbeitarlaxinn frá árinu áður. Þess má geta að á árunum 1972—1981 var hafbeitarlaxinn að meðaltali 5.3% af heildarveiðinni.

Til viðbótar laxveiði á villtum laxi kemur framleiðsla á eldislaxi og nam hún árið 1983 um 50 lestum, en það var um 20% af heildarþunga laxaframleiðslunnar það ár. Til samanburðar var lax veiddur í ám það ár 67% af heildarþunganum og hafbeitarlaxinn 13%.

Nýjungar í laxeldi í formi hafbeitar og eldis í kerjum og kvíum hafa náð fótfestu hér á landi, þótt vissulega eigi enn eftir að vinna að rannsóknum og tilraunum á ýmsum sviðum. Hafbeit hefur lengst verið rekin á Vesturlandi og með góðum árangri. Brautryðjendastarfið á Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði sýndi að stórfelldir möguleikar voru fólgnir í hafbeit. Sömu sögu er reyndar að segja um þann árangur sem náðst hefur í rekstri stöðvarinnar í Lárósi á Snæfellsnesi.

Hins vegar hefur ekki orðið jafnhröð uppbygging varðandi hafbeitarstarfsemi og ástæða hefði verið til að ætla að kæmi í kjölfar reynslunnar í Kollafirði. Ljóst er þó að ýmsir byrjunarörðugleikar segja til sín í hafbeit þegar farið er af stað á nýjum stað. Ekki er ástæða til annars en ætla að þeir erfiðleikar verði yfirstignir.

Við þurfum líka að sækja fram hvað varðar eldi í kerjum og kvíum, en þar skapar jarðhitinn okkur hagstæð skilyrði. Einnig þurfum við að huga að ræktun annarra nytjafiska en lax og silungs, en í því efni verður að viðhafa nauðsynlegar sjúkdómavarnir.

Samhliða nýjungum í framleiðslu eldislax og hafbeit hefur verið farið inn á nýjar brautir við sleppingu laxaseiða, m. a. ofan ófiskgengra fossa og í stöðuvötnum, og má ætla að þetta starf skili sér á næstu árum. Rannsóknir og tilraunir með silungsveiði í vötnum benda til aukinna möguleika í nýtingu vatnasilungs.

Frv. það sem hér liggur fyrir er, eins og fyrr sagði, samið af nefnd sem m. a. var skipuð fjórum þáv. alþm. Ég taldi því rétt að leggja frv. fram í þeirri mynd sem nefndin skilaði því. Þó hafa í meðförum ríkisstj. verið gerðar tvær breytingar á frv. er lúta að ákvæðum um veiðieftirlit.

Ég hef orðið var við að menn vilja enn fá tækifæri til að huga að breytingum á lax- og silungsveiðilögum og yfirfara þær tillögur sem nefndin gerði. Frv. þetta er því lagt fram til kynningar nú með þeirri ósk að sú þingnefnd sem fær það til meðferðar leiti eftir umsögn þeirra aðila sem frv. varðar og þm. fái tækifæri til að tjá sig um efni þess. Umsagnir verða síðan teknar til athugunar og frv. yfirfarið og vonandi verður unnt að leggja það aftur fram snemma á næsta þingi.

Hér er ekki ástæða til að rekja allar þær brtt. sem felast í þessu frv., en rétt er að vekja athygli á að heiti laganna verður breytt úr „Lög um lax- og silungsveiði" í: Lög um ræktun, eldi og veiði vatnafiska. Er þessi tillaga til merkis um hve fiskrækt og fiskeldi eru orðin snar þáttur veiðimálanna. Taldi nefndin ástæðu til að þess sæi nokkur merki í heiti laganna.

Tillögur nefndarinnar lúta, eins og áður sagði, einkum að veiði vatnafiska í sjó, veiðieftirliti, fiskeldis og fiskræktarmálum, sjúkdómavörnum og málefnum Fiskræktarsjóðs. Þannig er lagt til að ekki megi veiða silung í sjó utan netlaga og frv. gerir ráð fyrir að felldur verði niður réttur þeirra sex jarða á landinu sem heimild hafa til laxveiða í sjó, en það eru jarðir sem höfðu þessi hlunnindi í fasteignamati 1932 og eru í Borgarfirði og á Mýrum.

Tillögur frv. miða að því að veiðieftirliti verði komið í fastari skorður með því að skipta lendum í tólf veiðieftirlitsumdæmi og lagt er til að tekjur Fiskræktarsjóðs verði auknar m. a. með 40 millj. kr. stofnframlagi ríkissjóðs sem greiðist á fjórum árum, 10 millj. á ári. Enn fremur auknum gjöldum til sjóðsins frá vatnsaflsstöðvum og gjaldi sem fiskeldis- og hafbeitarstöðvar greiði.

Eigi að byggja upp fiskrækt og fiskeldi hér á landi sem nýja atvinnugrein er eitthvað lætur að sér kveða í atvinnulífi þjóðarinnar þarf að koma til aukið fjármagn til að byggja upp nauðsynlega aðstöðu. Alþingi þarf því að taka afstöðu til þess með hvaða hætti eigi að fjármagna þessa uppbyggingu.

Það er líka ástæða til að íhuga hver eigi að vera hlutur útlendinga í uppbyggingu þessarar atvinnugreinar í framtíðinni, en sem kunnugt er hafa erlendir aðilar mjög leitað eftir aðstöðu og þátttöku í fiskrækt hérlendis. Við þurfum þar eins og á öðrum sviðum að hagnýta okkur þá þekkingu sem við getum fengið frá öðrum löndum og aðra aðstoð, en huga þarf að hve langt á að ganga um sameign á þessu sviði.

Eins og áður sagði höfum við á síðustu árum öðlast margvíslega þekkingu á þessum málum og þó að sum þeirra svara, sem fengist hafa, hafi vakið margar nýjar spurningar hafa þau þó aukið bjartsýni okkar á þeim möguleikum sem felast í aukinni fiskrækt og fiskeldi.

Í umræðum um ný tækifæri í framleiðsluatvinnugreinum okkar er fiskeldi og aukin hagnýting veiðivatna ofarlega á blaði. Aðstaða okkar er þar á ýmsan hátt betri en annarra þjóða. Landið liggur fjarri fiskveiðilögsögu þeirra, þar sem víða fer fram mikil veiði á laxi þegar hann gengur í sjó. Ár og vötn eru hér ómenguð. Og í þriðja lagi gefur jarðhitinn okkur mikla möguleika, sem reynslan er þegar farin að sýna hvernig hægt er að nýta þó aðeins hafi þar verið stigin fyrstu skrefin. Þar hefur einkum verið rætt um rekstur stórra stöðva, en engu að síður er mikilvægt að leita leiða til að fiskeldi og fiskrækt verði styrk stoð til eflingar atvinnulífs í strjálbýli við þá framleiðslubreytingu sem nú er óhjákvæmileg í sveitum. Að þessum þætti þarf vel að huga við endanlega afgreiðslu frv.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta yfirgripsmikla mál að þessu sinni, en ítreka þá málsmeðferð sem ég gat um áðan og legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 272. mál (þskj. 523). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 frá 1965. Þetta er 272. mál Nd. á þskj. 523. Frv. felur í sér í stuttu máli að komið verði á fót sjálfstæðri rannsóknastofnun sem nefnist Rannsóknastofa lífefnaiðnaðarins og heyri undir iðnrn.

Uppbygging og skipulag þessarar rannsóknastofu er í öllum aðalatriðum sniðið eftir köflum III—VII í gildandi lögum um þær rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem fyrir eru. Þó er rétt að vekja athygli hv. þd. á nokkrum atriðum varðandi einstakar greinar frv.

Í 55. gr. er kveðið á um það að Rannsóknastofa lífefnaiðnaðarins skuli staðsett á Akureyri eða í nágrenni. Um það atriði segir í grg. með leyfi forseta:

„Gerð er till. um að Rannsóknastofu lífefnaiðnaðarins verði valinn staður á Akureyri. Er það m. a. gert vegna þess að hér þarf nánast að byggja frá grunni nýja stofnun og gefst því gott tækifæri til að sýna í verki vilja til dreifingar ríkisstofnana um landið. Einnig má á það benda að á Eyjafjarðarsvæðinu fellur mikið til af hráefnum frá landbúnaði og sjávarútvegi sem ætla má að geti orðið undirstaða öflugs lífefnaiðnaðar. Þá mundi tilkoma slíkrar rannsóknastofnunar efla skólastarf á æðri stigum á viðkomandi stað og verða lyftistöng í menntunarmálum jafnt sem í atvinnulegu tilliti."

Við þetta mætti svo vissulega ýmsu bæta. Ég læt nægja að benda á alvarlegt atvinnuástand á Eyjafjarðarsvæðinu undanfarið sem rökstyður það að svo sannarlega er þar þörf fyrir nýsköpun í atvinnulífi. Koma slíkrar rannsóknastofnunar á svæðið eins og hér er flutt frv. um og sú þekking sem þar með mundi flytjast inn í byggðarlagið og þróast upp getur haft margháttuð jákvæð áhrif á atvinnulíf á viðkomandi stað. Auk þess leyfi ég mér að fullyrða að norðanlands sé fyrir hendi mikill áhugi á því að nýta möguleika lífefnaiðnaðar til nýrrar sóknar í atvinnulífi. Þess hef ég orðið var bæði við Eyjafjörð, á Húsavík, í Mývatnssveit og víðar.

Í 58. gr. er ákvæði um það að forstjóra skuli skipa til fjögurra ára í senn. Ég vek athygli á þessu af því að í gildandi lögum annarra rannsóknastofnana atvinnuveganna eru engin tímamörk sett hvað þetta varðar. Ákvæði þetta er hins vegar hliðstætt lögum um Iðntæknistofnun Íslands.

Í 60. gr. er talið upp hverjir skuli tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Þeir eru Alþýðusamband Íslands, bæjarstjórn Akureyrar, Iðntæknistofnun Íslands, rannsóknastofnanir atvinnuveganna, einn fulltrúa hver, Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Vinnuveitendasamband Íslands. Forstjóri stofnunarinnar á síðan sæti í nefndinni.

Þessar tilnefningar skýrast að hluta til af staðsetningu rannsóknastofunnar, þ. e. hvað bæjarstjórn Akureyrar og Verkmenntaskólann á Akureyri og hugsanlega fleiri aðila á viðkomandi svæði varðar. Einnig þótti rétt, m. a. með hliðsjón af staðsetningu og eðli starfseminnar, að aðrar rannsóknastofnanir atvinnuveganna ættu aðild að ráðgjafarnefndinni svo og Iðntæknistofnun og Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands. Aðild Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins er í þessu tilfelli jafnsjálfsögð og þegar um aðrar hliðstæðar stofnanir er að ræða.

Í 61. gr. er verksvið stofnunarinnar skilgreint á eftirfarandi hátt: „Verkefni Rannsóknastofu lífefnaiðnaðarins skulu m. a. vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta fyrir lífefna-

iðnaðinn í landinu.

2. Rannsóknir á nýtingu innlendra hráefna til lífefnaiðnaðar.

3. Rannsóknir á þróun framleiðslutækni og aðferð í lífefnaiðnaði og aðstoð við að koma á fót nýjum framleiðslugreinum.

4. Nauðsynleg rannsóknarþjónusta við lífefnaiðnaðinn.

5. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum."

Í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 frá 1965, er kafli um almenn ákvæði, svo sem um tekjur hinna ýmsu rannsóknastofnana. Einnig segir í núverandi 63. gr. áðurnefndra laga að nánari ákvæði um starfsemi stofnana þeirra er lög þessi taka til megi setja með reglugerð. Þ. á m. er heimilt að ákveða breytingar á verksviði einstakra stofnana, enn fremur að heimila sérfræðingum rannsóknastofnananna að kenna við Háskóla Íslands. Með lögum er því einungis verið að setja starfseminni lagaramma og skilgreina verkefni eða verksvið einstakra stofnana í grófum dráttum.

Um nauðsyn slíkrar rannsóknastofnunar á sviði lífefnaiðnaðar mætti hafa langt mál, herra forseti. Í áfangaskýrslu nefndar um lyfja- og lífefnavinnslu sem skilað var í maí árið 1984, segir að lífefnaiðnaður muni almennt eiga bjarta framtíð fyrir sér og að mikið magn sé til af hráefnum fyrir slíkan iðnað. En nefnd þessi tók jafnframt fram að umfangsmiklar og skipulegar rannsóknir væru forsenda þess að kanna grundvöll lífefnaframleiðslu og að ráða þyrfti sérstakt starfsfólk til að sinna slíkum rannsóknum. Þessi atvinnugrein hefur verið talsvert til umræðu undanfarið. Ég tel óþarft, herra forseti, að telja hér upp allar þær glæstu framtíðarspár sem menn hafa haft um framtíð lífefnaiðnaðar. Hv. þm. hafa fengið sent gögn um þetta efni á þessum vetri og eflaust kynnt sér þau gaumgæfilega. Þau tala sínu máli um það nánast samhljóða álit allra, sem til þekkja, að þessi tegund atvinnurekstrar eigi sér mikla framtíð. Því er þetta mál hér flutt með tilvísan til þess.

Að lokinni 1. umr. legg ég svo til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Um (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 87. fundur.

Þriðjudaginn 8. maí, kl. 2 miðdegis.

Suðurlína, fsp. 292. mál (þskj. 567). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal): Herra forseti. Á þessu ári á endanlega að ljúka Suðurlínu og þar með hringtengingu rafmagns um land allt. Lagning byggðalínanna er stórt spor til þess að skapa grundvöll fyrir jöfnun orkuverðs í landinu öllu, sem er forsenda þess að hinar breiðu byggðir geti verið með í alhliða uppbyggingu þróaðs atvinnulífs og jafnframt að búsetuskilyrði séu sem jöfnust. Það er ljóst að lagning byggðalínukerfisins hefur verið geysilega kostnaðarsöm miðað við nýtingu fyrstu árin og þess vegna nauðsynlegt að gæta fyllstu hagsýni í sambandi við alla ákvarðanatöku, áætlanir, útboð, vinnu og eftirlit.

Fsp. þær sem ég flyt á þskj. 567 eru bornar fram til þess að fá fram staðreyndir mála um hvernig staðið hefur verið að þessum hluta framkvæmda byggðalínanna. Iðnrh. ætlar að vera svo vinsamlegur að svara viðbótarspurningu, sem ekki er á þskj., varðandi aðveitustöð á Prestsbakka, hvort hún verði byggð í sumar í tengslum við þessar framkvæmdir eins og alltaf hefur verið miðað við. Það er stórmál fyrir íbúa Vestur-Skaftafellssýslu að svo verði. Flutningsgeta línanna frá Hvolsvelli til Vestur-Skaftafellssýslu er takmörkuð og línurnar í sýslunni eru veikar. Það er því mikið öryggismál fyrir sýslubúa að geta einnig fengið rafmagnið austan frá um Suðurlínu.

Spurningar mínar á þskj. 567 eru svohljóðandi:

1. Hver er nú kostnaður við lagningu Suðurlínu frá Höfn í Hornafirði og vestur um?

2. Hvert var tilboðsverð einstakra verkþátta við lagningu hennar?

3. Hvert var endanlegt verð þegar uppgjör fór fram?

4. Hver var hönnunar- og eftirlitskostnaður við hvern einstakan verkþátt?

5. Hver er kostnaður við að ljúka línunni að fullu?

Og til viðbótar:

6. Verður aðveitustöð á Prestsbakka byggð í sumar?

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er fsp. í fimm liðum. Sá fyrsti er um þann kostnað sem nú er áfallinn við lagningu Suðurlínu frá Höfn í Hornafirði og vestur um. Áfallinn kostnaður um s. l. áramót við Suðurlínu frá aðveitustöð við Höfn í Hornafirði að Sigölduvirkjun var 423 millj. kr. umreiknað á verðlag miðað við byggingarvísitölu 166 stig.

Í öðru lagi er spurt: Hvert var tilboðsverð einstakra verkþátta við lagningu hennar? Hér er um fimm verkþætti að ræða, þ. e. jarðvinnu-, slóðagerð, niðurrekstur á rekstaurum, forsteyptar einingar og smíði stálfestihluta. Það sem felst í þessum verkþáttum er eftirfarandi:

1. Jarðvinna. Hún felst í flutningi forsteyptra eininga o. fl. frá birgðastöðvum innan verksvæða, jarðvinnu fyrir undirstöður, hornstaura og stagfestur og lagningu vegslóða. Tekur einnig til byggingar grjótvarðra eyja fyrir háspennumöstur á vatnasvæðum, staðsteypu undirstaða þvermastra við Tungnaá og annarra sérlausna.

2. Slóðagerðin. Hún felst í lagningu vegslóða með tilheyrandi ræsagerð innan verksvæða. Verkþátturinn var að jafnaði innifalinn í jarðvinnuútboðum sbr. hér að framan.

3. Niðurrekstur á rekstaurum. Felst í flutningi tréstaura og stálfestihluta frá birgðastöðum innan verksvæðis, niðurrekstri sömu staura sem undirstöður ásamt reisingu staura fyrir svonefnd BR-möstur, það eru möstrin í Hornafjarðarfljóti, Skeiðará, Núpsvötnum og Gígjukvísl.

4. Þá eru forsteyptar einingar. Það felst í framleiðslu á forsteyptum undirstöðum og stagfestum ásamt flutningi frá framleiðslustað til birgðastöðva á svæði Suðurlínu. Einingarnar eru af ýmsum stærðum, þyngd hverrar 800—2200 kg.

5. Smíði stálfestihluta felst í smíði stagbúnaðar og annarra stálhluta til samsetningar mastra, zinkhúðun

stálhlutanna og flutningi frá framleiðslustað til birgðastöðva á svæði Suðurlínu eða í Reykjavík. Smíðaefni er ýmist lagt til af verkkaupa eða verktaka.

Framangreindum verkþáttum var síðan skipt upp á allmörg svæði þannig að hér er um mjög mörg útboð að ræða, líklega nálægt 20, eins og hér segir í upplýsingum frá Rafmagnsveitum ríkisins. Frá Rafmagnsveitum ríkisins hef ég fengið skrá yfir öll þessi útboð þar sem greint er frá hvaða svæði um er að ræða, hvenær útboð fór fram, kostnaðaráætlun hönnuða, fjöldi tilboða sem bárust, frá hverjum lægsta tilboð kom, við hvern samningur var gerður, samningsuppgjör með verðbótum og magnbreytingum og síðan uppgjörsupphæð framreiknuð til vísitölu byggingarkostnaðar 166 stig.

Síðan er spurt: Hvert var endanlegt verð þegar uppgjör fór fram? Þar sem hér er um mjög langa lesningu að ræða og tíminn takmarkaður mun ég taka þann kostinn að láta fjölfalda þessar upplýsingar til útbýtingar. Vænti ég þess að hv. fyrirspyrjandi fallist á þá málsmeðferð, enda slík runa af tölum að það kæmu að engu gagni að ég hæfi þá þulu hér. Mun það verða þegar að lokinni þessari umr. að hv. þm. fái þetta í hendur, þar sem allir þessir fimm þættir útboða og sundurgreining á þeim eru tilfærðir, samningsverð, tilboðssamningsverð, lægsta tilboð, magnbreytingar, uppgjörsupphæðin o. s. frv.

Síðan er spurt: Hver var hönnunar- og eftirlitskostnaður við hvern einstakan verkþátt? Áfallinn heildarkostnaður við eftirlitið eru 60 millj. kr. á verðlagi miðað við byggingarvísitölu 166 og má hlutfallslega skipta svo á einstök verksvæði Suðurlínu með tilliti til km-lengdar svæðanna. Þetta eru upplýsingar sem eru gefnar af Rafmagnsveitum ríkisins. Þá tel ég upp svæðin: frá Hólum að Stemmu er þessi kostnaður talinn 14.3 millj. kr. En Stemma er á nokkru austar en Jökuldalsá á Breiðamerkursandi. Frá Stemmu að Skeiðará er eftirlitskostnaðurinn talinn 12.1 millj. Frá Skeiðará að Prestsbakka er eftirlitskostnaðurinn talinn 14.8 millj. kr. Frá Prestsbakka að Skaftá 6.4 millj., frá Skaftá að Tindafjöllum 4 millj., Tindafjöll-Blautaver 3.9 millj. og Blautaver á Fjallabaksleið-Sigalda 4.9 millj. eða samtals 60 millj. kr. eftirlitskostnaðurinn.

Kostnaður við sérfræðiþjónustu aðra en eftirlit skiptist í nokkra meginþætti:

a. Kostnað við hönnun og aðra ráðgjöf.

b. Kostnað við val á línustæði, sniðmælingu þess og loks kostnað við eftirhælun og útstikun.

c. Kostnað við stjórnun og umsjón framkvæmda.

Í lið a er einkum um aðkeypta þjónustu ráðgjafarverkfræðinga að ræða, en liðir b og c falla á tæknideildir RARIK og Landsvirkjunar.

Kostnaður við eftirlit, sem að mestu leyti er aðkeypt, skiptist í:

a) Kostnað við eftirlit með jarðvinnu.
b) Með niðurrekstri á rekstaurum.
c) Með framleiðslu stálfestihluta.
d) Með framleiðslu forsteyptra eininga.
e) Með reisingu mastra.
f) Með strengingu leiðara.
g) Kostnað við úttekt á efni.

Ofangreindur kostnaður tekur ekki aðeins til launakostnaðar heldur og til uppihalds og ferðakostnaður sem er verulegur vegna þess hve Suðurlína spannar yfir stórt svæði fjarri byggð.

Í 5. lið er spurt: Hvað er áætlað að kosti að ljúka línunni að fullu? Áætlaður kostnaður 1984 við að ljúka sjálfri línunni er um 114 millj. kr. þar sem reiknað er með byggingarvísitölunni 166 stig, en um 20 millj. kr. við aðveitustöðvar henni tengdar. Vaxtakostnaður 1984 af áföllnum kostnaði og framkvæmdum ársins er áætlaður 49 millj. kr. Þetta þýðir, ef leggja á saman 114 millj. kr. við byggingu sjálfrar línunnar, 20 millj. við aðveitustöðvarnar, frágang við Hóla og byggingu við Prestsbakka og 49 millj. vaxtakostnað, að kostnaðurinn er 183 millj. kr. Og þótt ekki væri spurt hér um aðveitustöðina við Prestsbakka, þá er framkvæmd við hana tekin inn í þessa tölu. Lausafréttir höfðu borist um að hún væri ekki með í þessari áætlun en svo er samt.

Ég vænti þess að hv. fyrirspyrjandi finni það ekki að sök að ég með engu móti hef tök á að þylja upp upplýsingarnar um öll tilboð og útboð allra þessara fimm verkþátta og niðurstöður þeirra. En ég fékk í hendur þetta plagg rétt áður en ég sté hér í stól þannig að ég hafði ekki ráðrúm til að láta fjölfalda það, en því verður útbýtt meðal hv. þm. og vík ég því nú til hæstv. forseta, ef mönnum sýnist svo, að hann gæfi aðeins hlé á þessari umr. Ég kynni því betur að menn gætu fengið þetta í hendur, ef hann sæi sér fært að fresta umr. um eins og hálftíma eða þrjú korter, og þá gætu menn aðeins verið búnir að líta ofan í þessar upplýsingar, sem mönnum kunna að þykja forvitnilegar, en ég hygg þó að þurfi lengri tíma til að átta sig á en að menn geti það sér að gagni í sjónhendingu.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ég fagna því sem kom fram í orðum hans að aðveitustöð á Prestsbakka er inni í kostnaðaráætlun við lagningu Suðurlínu í ár. Hins vegar hefði ég óskað eftir frá honum afdráttarlausari svörum um það hvort aðveitustöðin verður byggð þrátt fyrir þetta svar og fer ég fram á það vegna þess að þegar spurt er eftir því hjá RARIK og Landsvirkjun þá virðist þar allt á reiki um hvort af þessu verði í ár. Ég vænti því afdráttarlausari svara um þetta atriði.

Það er ljóst að setja þarf miklu fastari reglur almennt um útboð og eftirlit með þeim en verið hefur til þessa og leggja betur mat á tilboð einstakra verktaka og möguleika þeirra til að standa við þau og taka ekki mjög lágum tilboðum. Þetta er meginmál að gert verði í framtíðinni. Tilgangur minn með að bera fram þessa fsp. var m. a. að kanna varðandi þessa framkvæmd hvernig að hefði verið staðið í þessum þáttum. Hin skriflega skýrsla, sem hér liggur og ráðh. hefur útbýtt, dregur þessa hluti ekki nægilega fram. Ég hefði viljað fá þetta borið saman miklu betur. Það vinnst ekki tími til, þó að skýrslan sé komin hér á borð, að glöggva sig nægilega á þessu. Ég þakka fyrir að þetta er þó komið á borð, þó að æskilegra hefði verið að það hefði komið fram með gleggri hætti. Ég óska sérstaklega eftir að fá svör endurtekin varðandi aðveitustöðina á Prestbakka, hvort hún verði byggð í sumar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar. Það er rétt sem hv. 6. þm. Suðurl. segir að það fauk fyrir, án þess að ég geti þó borið neinn ákveðinn aðila fyrir þeirri frétt, að e. t. v. mundi ekki verða ráðist í byggingu aðveitustöðvarinnar á Prestsbakka. En það var á meðan menn voru vokins um hvort

yfirleitt yrði lokið við Suðurlínu. En það var svo að heyra að yfirlýsingar mínar væru kannske ekki alveg metnar fullgildar þegar þær voru gefnar um þá ákvörðun, og þótti ýmsum sem ekki væri fullkomlega í gadda slegið, aðallega vegna þess að þá voru lánsfjáráætlanir og fjárhagsáætlanir ekki afgreiddar. En lokaákvörðun hefur verið tekin um að ljúka við Suðurlínu og aðveitustöðvar henni tengdar. Og í þeirri áætlun sem ég rakti hér er gert ráð fyrir 20 millj. kr. vegna Prestsbakka aðallega, en þó lúkningu við Hóla í Hornafirði. Það er frá þessu að segja og ég vona að þetta svar sé skýrt.

En vegna þess, sem ég skil vel, að hv. fyrirspyrjanda þykir ekki nægjanlega aðgöngugott það sem hér liggur frammi um upplýsingar um einstaka verkþætti og tilboð í þá, þá vannst mér ekki betri tími til að matreiða þessar upplýsingar, því að þær sem ég fékk fyrst hjá Rafmagnsveitunum að beiðni minni voru allsendis ófullnægjandi og bað ég um á nýjan leik að málið yrði betur upplýst og greinilegar sundurgreint.

Ég get vel hugsað mér að lýsa því yfir nú að ég muni láta vinna frekar að útfærslu og nákvæmari samanburði á þessum þáttum þótt síðar verði. Það skal ég gjarnan athuga ef hv. fyrirspyrjandi vill þá að öðru leyti sætta sig við þessi svör að svo komnu.

Almenningsbókasöfn, fsp. 292. mál (þskj. 567). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Hinn 13. febr. 1980 skipaði þáv. hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason nefnd til að vinna að heildaráætlun um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna. Í nefndinni áttu sæti Kristín H. Pétursdóttir bókafulltrúi ríkisins, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, Elfa Björk Guðmundsdóttir borgarbókavörður, Ölvir Karlsson oddviti og Sigrún Magnúsdóttir bókavörður.

Nefndin skilaði áliti í okt. 1983 og leggur til gagngera breytingu á heildarskipulagi bókasafnsþjónustu í landinu og telur að endurskoða verði lög um almenningsbókasöfn. Eru þær niðurstöður í fullu samræmi við álit Sambands ísl. sveitarfélaga og hinna ýmsu landshlutasamtaka en nefndin hélt fjölmarga fundi með þeim. Í lögum um almenningsbókasöfn nr. 50/1976 segir svo um markmið þeirra með leyfi forseta:

„Allar byggðir landsins skulu njóta þjónustu almenningsbókasafna svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar."

Sú stefnumörkun sem hér kemur fram er í fullu samræmi við yfirlýsingu UNESCO um hlutverk almenningsbókasafna þar sem segir að það sé að gefa fullorðnum jafnt sem börnum möguleika á að fræðast um samtíð sína, halda áfram að afla sér menntunar og fylgjast með framförum í vísindum og listum. Hið þríþætta hlutverk almenningsbókasafna er því almennt viðurkennt, þ. e. að bókasafnið skuli vera menntastofnun, upplýsingastofnun og menningar- og tómstundastofnun. Hitt er jafnljóst að því fer fjarri að íslensk almenningsbókasöfn geti þjónað þessu hlutverki eins og staða þeirra er nú og þess vegna var áðurnefnd nefnd skipuð til þess að finna leiðir til úrbóta.

Um langt skeið hefur verið um það rætt að svonefnd aðalsöfn séu of mörg og sveitarfélögin vanmáttug til að veita til þeirra því fé sem til þarf til þess að þau nálgist það markmið sem þeim er sett. Með núgildandi lögum var sveitarfélögunum gert að kosta algerlega stofnun og rekstur almenningsbókasafna í samræmi við þá meginstefnu sem mörkuð var varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en augljóst er að hin smærri sveitarfélög ráða á engan hátt við þau staðbundnu verkefni sem þeim er gert að fjármagna. Jafnljóst er að réttur allra landsmanna til þjónustu bókasafna hlýtur að vera sá sami svo að álitamál er hvort hún getur talist til staðbundinna verkefna sem sveitarfélögunum er ætlað að bera kostnað af fremur en t. d. dagvistarþjónusta, en ríkið fjármagnar sem kunnugt er helming af byggingum dagvistarstofnana.

En hvað sem líður breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga má einnig hugsa sér nánara samstarf landshlutasamtakanna um byggingu og rekstur aðalsafna en síðan yrði komið á fót útibúum í hinum ýmsu byggðum sem sæktu þjónustu til aðalsafnanna. Nefndin hefur reyndar lagt til að landinu yrði skipt í 7 bókasafnsumdæmi er fylgi svæðisskiptingu þeirri er sveitarfélögin hafa markað sér og sýnist flestum að sú lausn yrði farsælust. Þannig myndaðist heildarkerfi bókasafnsþjónustu í landinu þar sem söfnin hefðu stuðning hvert af öðru í stað þeirra mjög svo vanbúnu sjálfstæðu eininga sem nú eru reknar og þar með yrði öllum landsmönnum tryggð betri þjónusta án tillits til búsetu. Í strjálbýlu landi eins og hér sýnist þetta góður kostur og það er ekki tilviljun að Norðmenn hafa farið þessa leið.

Á það má benda til gamans að þessi hugmynd er síður en svo ný af nálinni því að amtsbókasöfnin áttu í raun að gegna þessu hlutverki aðal- og miðsafna og vera hluti af heildarkerfi í landinu. Fyrsta amtbókasafnið var stofnað á Akureyri árið 1827. Þegar ömtin voru lögð niður 1904 voru stofnuð sýslusöfn en þau urðu aldrei öflug landshlutasöfn.

Um gildi almenningsbókasafna mætti halda langa ræðu, virðulegi forseti, en það er ekki við hæfi í almennri fsp. til hæstv. ráðh. En geta verður þess að með auknum fjölda menntaðra bókasafnsfræðinga í landinu, sem komið hefur til liðs við það fólk sem fyrir var og hafði rekið bókasöfn landsins af elju og áhuga á menntun og menningu, hefur orðið bylting í þjónustu bókasafna hér á landi. Sú bylting verður að njóta stuðnings stjórnvalda og sá stuðningur kallar á nýja löggjöf.

Menn hafa lýst þeim ótta sínum um langt skeið að bókin sem slík hljóti að fara halloka í baráttunni við nýja fjölmiðla, að börnin hætti að lesa en verði þess í stað algerlega háð hinu myndræna efni, að vídeótæknin og sjónvarpið taki við hlutverki bókarinnar. Auðvitað óttast menn hugsanlegar afleiðingar þeirrar þróunar og víst yrði sú þróun afdrifarík fyrir íslenska málþróun og menningu. En einmitt hér hafa almenningsbókasöfnin því mikilvæga hlutverki að gegna að standa vörð um þá miðlun þekkingar sem til menningar má verða og því má hið háa Alþingi ekki gleyma að styðja þau við það verkefni. Ég hef því reynt að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh. sem hér liggur frammi á þskj. nr. 567 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hyggst menntmrh. leggja fram frv. til nýrra laga um almenningsbókasöfn á því þingi sem nú situr?“

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í gildandi lögum um almenningsbókasöfn nr. 50/1976 er svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða: „Menntmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga skulu sameiginlega gangast fyrir gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna.“ Í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga skipaði menntmrh. Ingvar Gíslason þann 13. febr. 1980 5 manna nefnd til þess að annast framangreint verkefni. Í nefndinni áttu sæti þau Kristín H. Pétursdóttir bókafulltrúi ríkisins frá menntmrn., formaður, skipuð án tilnefningar, í öðru lagi Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, Seltjarnarnesi, í þriðja lagi Ölvir Karlsson oddviti, Ásahreppi, skipaður skv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, í fjórða lagi Elfa Björk Gunnarsdóttir borgarbókavörður í Reykjavík og í fimmta lagi Sigrún Magnúsdóttir bókavörður, Ísafirði, skipaður skv. tilnefningu Bókavarðafélags Íslands.

Þann 12. okt. s. l. lagði nefndin fram sameiginlegar niðurstöður sínar í formi skýrslu sem ber nafnið Íslensk almenningsbókasöfn og uppbygging þeirra. Megintillögur nefndarinnar eru: 1. Skipting landsins í 7 bókasafnsumdæmi er fylgi þeirri svæðisskiptingu sem sveitarfélög hafa markað í samstarfi sínu. Í hverju umdæmi verður skipaður bókasafnsráðgjafi. 2. Hert verði á kröfum um menntun til starfa í bókasöfnum og þeir sem koma nýir til starfa uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur áður en þeir fá ráðningu til starfa.

Í skýrslunni er bent á að þrátt fyrir verulegar framfarir sem orðið hafa í bókasafnsmálum margra sveitarfélaga verði að telja að íslensk almenningsbókasöfn séu mjög langt frá því takmarki sem þeim eru sett í lögunum um almenningsbókasöfn. Nefndin telur því ofangreindar tillögur forsendur þess að hægt sé að gera heildaráætlun um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna og leggur því til að lög um almenningsbókasöfn verði endurskoðuð í samræmi við niðurstöður skýrslunnar.

Það næsta sem gerðist í málinu varð að skýrslan var send bókasafnsstjórnum og forstöðumönnum almenningsbókasafna, sveitarstjórnum og landshlutasamtökum sveitarfélaga, svo og sýslumönnum. Beðið var um umsögn þessara aðila um tillögur nefndarinnr. Rn. mun taka ákvörðun um endurskoðun laga um almenningsbókasöfn þegar umsagnirnar hafa borist og unnið hefur verið úr þeim. Þær eru rétt að byrja að berast núna en ljóst er að ekki verður hægt að leggja fram frv. til nýrra laga um almenningsbókasöfn á þessu þingi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör. Það gleður mig að tillögurnar hafa nú verið sendar til umsagnar og ég vænti þess að bókasafnsfólk og sveitarstjórnir láti ekki á sér standa að svara þeim og ég get ekki fundið neitt að því þó að frv. þetta liggi ekki fyrir. Það er ekki svo ýkja langur tími síðan tillögurnar lágu fyrir. Hér verður nú á þessu sumri haldið í fyrsta sinn norrænt þing bókasafnsfræðinga og það gleður mig sem alþm. sem þar verður staddur að geta sagt frá því að í undirbúningi sé löggjöf um almenningsbókasöfn. Ég held að þar sé verðugt verkefni að vinna og treysti því að hæstv. ráðh. geti þá látið sitt rn. undirbúa slíka löggjöf á komandi sumri og von sé til þess að frv. liggi fyrir á næsta löggjafarþingi. Og ég vil þess vegna þakka fyrir þau svör, sem hér hafa komið fram.

Verðbætur í útboðum, fsp. 303. mál (þskj. 589). — Ein umr.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Fyrir hönd fyrirspyrjanda, 1. landsk. þm., mæli ég fyrir fsp. til fjmrh. um útreikning verðbóta í útboðum. Fyrsti hluti þessarar fsp. er:

„Hver hefur heimilað stofnunum ríkisins og stofnunum, sem ríkissjóður er eignaraðili að, að bæta „línulegri“ verðlagshækkun ofan á opinbera gildandi verðvísitölu á hverju vísitölutímabili til greiðslu verðbóta á útboðsverk?“

Hér er um þann mjög algenga og allt að því algilda vinnumáta að ræða að við útreikning verðbóta miðla menn verðhækkun milli vísitölutímabila á þann tíma sem um ræðir hverju sinni og líka á verðhækkunina sem ákveðnu margfeldi af þeim dögum sem eru liðnir frá útgáfu síðustu gildandi vísitölu. Seðlabankinn hefur reyndar gefið út álit sitt á þessu verklagi, gerði það vegna fsp. til hæstv. viðskrh. fyrr í vetur, og sagði þá svo í áliti Seðlabankans, að ekki væri að hans mati hægt að líta á verðbætur sem nokkurs konar dagvexti og þessi vinnubrögð væru þar af leiðandi að þeirra mati ekki eðlileg. Samt sem áður er þetta notað og hér er spurt um það: Hver hefur heimilað þetta og hver ber ábyrgð á slíku?

„Er það réttlætanlegt að mati ráðh. að bæta kostnaðarhækkunum ofan á opinbera gildandi verðvísitölu til greiðslu á breytilegu samningsverði“ — segir hér í 2. lið — „í útboðssamningum þar sem breytilegt samningsverð er innt af hendi á samningstíma?“

Þetta höfðar til fyrstu spurningarinnar á þann hátt að fyrirspyrjandi lítur svo á að útgefin vísitala hafi nánast sama gildi og gengi, þ. e. gengi sem breytist dag frá degi, sem gildir þar til að næsta gengi hefur verið lýst yfir, þannig að fari fram einhver greiðsla á þeim sólarhring sem líður milli gengisbreytinga tekur hún mið af því gengi sem í gildi var morguninn áður en ekki á nokkurn hátt miðast hún við það gengi sem í gildi verður daginn eftir.

Í þriðja lagi: „Á hvern hátt er breytilegt samningsverð í útboðssamningum ríkisstofnana endurmetið til núvirðis þegar greiddar verðlagshækkanir eru hærri en gildandi verðvísitala?“ þ. e. þegar ríkisstofnanir nota „línulega“ verðhækkun sem viðmiðun við verðbótagreiðslur. Á hvern hátt reikna þeir sér sinn hagnað í slíkum viðskiptum?

Í fjórða lagi: „Hver er hagnaður ríkissjóðs af verðbótahækkun samningsverðs þegar útboðssamningar eru greiddir á samningstíma, (framkvæmdatíma) og hvernig er hann skilgreindur, eða, ef hann hefur fallið óskertur til verksala, á hvern hátt er hann þá skattlagður?“

Til að skýra þetta fyrir mönnum sem eru almennt ekki mjög mikið inni í verðbótaútreikningum er kannske einfaldast að taka mið af þeim lánum sem tekin eru með verðbótaákvæðum í banka. Annað lánið er borgað niður reglulega yfir árið, mánaðarlega eða eitthvað þviumlíkt, en hitt lánið er greitt í lok ársins í einni afborgun. Sá sem greiðir í einni afborgun í lok

ársins ber alla verðbótahækkun þess árs. Hann greiðir sem sé alla verðlagshækkun sem orðið hefur á láninu á þessu ári. Hinn, sem greitt hefur í jöfnum afborgunum allt árið, ber aldrei meira en hálfa verðlagshækkun á ársgrundvelli. Þetta þýðir að hann hefur borið minni fjármagnskostnað en sá sem lét lánið liggja í heilt ár. Spurningin er þar af leiðandi sú: Hvernig hefur ríkissjóður skoðað uppgjör á verksamningum með tilliti til verðbótagreiðslna og gert sér mynd af því hvaða vinnumáti sé hagkvæmastur fyrir ríkið? Fimmta spurningin er augljós og kannske fram sett einkum og sér í lagi til að minna á skyldleikann milli vísitölu og gengis: „Hvernig hefur gengisviðmiðun í útboðssamningum með breytilegu samningsverði við erlenda samningsaðila á einstökum verkþáttum verið skilgreind?

Hérna er nokkuð oft minnst á hugtakið „breytilegt samningsverð". Ég varð var við að þetta hugtak vafðist dálítið fyrir starfsmönnum fjmrn. sem leituðu til okkar til að fá útskýringar á þessu og fleiri atriðum í fsp. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, reyna að skýra það.

Ef einn og sami maðurinn gerir tvo verksamninga um sambærileg verk við tvo óskylda aðila, annan í upphafi árs og hinn í lok ársins, notar hann allt annað verðlag til viðmiðunar í lok ársins en í upphafi. Þar af leiðandi er ekkert samhengi milli þeirrar verðtryggingar eða verðbóta sem hann hefur fengið á útlagðan kostnað í fyrra verkinu og því sem hann væntir að leggja út í seinna verkinu. En það virðist vera sem skilningur yfirvalda og einkaaðila, sem hafa fetað þarna í fótspor yfirvalda, sé að verkkaupanum beri nánast að tryggja verksalanum 100% verð útlagðs kostnaðar, þ. e. beri að tryggja útlagðan kostnað hans að fullu, það sé ekki á nokkurn hátt á ábyrgð verksalans að tryggja sína eigin fjármuni.

Með leyfi hæstv. forseta. Má ég kannske ganga svolítið á þann tíma sem ég á inni? Þetta verður eitthvað lengra en minn er vani.

Það sem ég tel vera óheilbrigt í þessari hugsun er það, að menn líta nánast á verðbótahækkanir ofan á samningsverð sem nokkurs konar tryggingu fasts verðlags. En verðlagið er, eins og ég sagði, breytilegt því að menn gera samninga um allt aðrar upphæðir í lok árs en í upphafi árs fyrir sambærileg verk. Það er ruglingurinn sem er á ferðinni. Menn eru að tala um fast verðlag þegar þeir eru að vinna í breytilegu verðlagi.

Og svo er hitt: Ef verkið er greitt niður á samningstíma myndast aldrei útlagður kostnaður hjá verksalanum vegna verðfalls krónu. Því á hann alls ekki neinn rétt á að fá meira en hálfar verðbætur greiðslutímans á verkið. Það sem er umfram greitt er í raun og veru hrein vitleysa og það sem verra er: það spólar upp fjármagnskostnað. Íslensk yfirvöld og þá kannske sérstaklega Seðlabanki Íslands þekkja greinilega ekki — og ég get reyndar fullyrt að þeir þekktu hana alls ekki a. m. k. til skamms tíma — samþykkt nr. 188A frá fjárhags- og viðskiptanefnd Sameinuðu þjóðanna, sem starfar í Genf, um verðskiptingarreglur sem kallað er. Þessi samþykkt er frá 6. áratugnum. Þessi samþykkt fjallar um skiptingu verðhækkana í verksamningum með breytilegu samningsverði og gerir grein fyrir hagnaði verkkaupa af að greiða verkið upp á samningstíma. Með þeirri aðgerð er stuðlað að hröðun verklegra framkvæmda og styttur þar með tíminn, þar með fengin lægri framleiðnitala í verkefnunum sem þýðir betri samkeppni, lægra vöruverð, minni fjármagnskostnað og endanlega það, sem kannske skiptir mestu máli fyrir Íslendinga, minni verðbólga.

Ef við gerum ráð fyrir því að útlagðir fjármunir ríkisins í útboðum séu um 4000 millj. á ársgrundvelli í 40% verðbólgu, þá erum við að tala hér um, ef miðað er við hálfa greiðslu verðbóta á samningstímanum eða á því ári, 800 millj. og 1600 millj. í útlögðum kostnaði.

Þetta mál er ekki einungis mál hins opinbera, heldur líka mál einkamarkaðarins sem, eins og ég sagði áðan, hefur fetað í fótspor hins opinbera. Þess vegna er mjög áríðandi að þetta sé skoðað og tekið á þeim þáttum málsins sem opinberum yfirvöldum þykir hlýða. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. fyrirspyrjanda á því að hann hefur þegar fullnýtt allan sinn ræðutíma.)

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Það var þörf og góð kennslustund sem hv. Alþingi fékk frá fyrirspyrjanda svo við skulum ekki sjá eftir þeim tíma sem hann eyddi í það.

En ég vil leyfa mér að svara þeim fsp. sem til mín er beint á þskj. 589. Fsp. er frá Kristínu S. Kvaran, virðulegum þm., sem er fjarverandi, og fyrsta spurningin er svohljóðandi:

„Hver hefur heimilað stofnunum ríkisins og stofnunum, sem ríkissjóður er eignaraðili að, að bæta „línulegri" verðlagshækkun ofan á opinbera gildandi verðvísitölu á hverju vísitölutímabili til greiðslu verðbóta á útboðsverk."

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins hefur látið mér í té eftirfarandi svar við spurningunni:

„Línuleg" breyting vísitölu milli útreikningsdaga er tekin upp í verksamninga, sem gerðir voru af Innkaupastofnun ríkisins, rétt fyrir eða um 1970 og var það gert vegna tilhneigingar verktaka til að draga reikninga á seinni hluta gildistíma vísitalna til þess að fá hærri verðbætur en svaraði til þess tíma er verkið var framkvæmt á. Síðan „línuleg" breyting var tekin upp hefur alveg eða svo til alveg tekið fyrir slíkar tilraunir verktaka um drátt á reikningsgerð. Áður hafði verið í samningum setning sem var eitthvað á þessa leið: Verði um snögga verðbreytingu að ræða á samningstímabilinu, sem að dómi beggja aðila komi of seint fram í þessari vísitölu, er heimilt að endurskoða þessa aðferð við reikning verðbreytinga til að réttari útkoma fáist. Þetta er tekið úr útboðslýsingu frá 1964. Slíkt ákvæði gat reynst allerfitt þegar um miklar verðbreytingar var að ræða á gildistíma vísitölunnar, svo sem með kaupgjalds- eða gengisbreytingar. Er framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins tók til starfa var hin „línulega" breyting vísitölunnar rædd náið við fjmrn. og var þessi aðferð samþykkt af rn.

2. spurningin: „Er það réttlætanlegt að mati ráðh. að bæta kostnaðarhækkunum ofan á opinbera gildandi verðvísitölu til greiðslu á breytilegu samningsverði í útboðssamningum þar sem breytilegt samningsverð er innt af hendi á samningstíma (framkvæmdatíma)?"

Hér mun vera um það spurt hvort eðlilegt sé að verðbæta þegar verðbætta upphæð. Þessari spurningu svara ég játandi. Verksamningar, sem ríkissjóður á aðild að, eru hliðstæðir því sem almennt tíðkast um

verksamninga í landinu. Verðbótatímabil eru yfirleitt þau sömu og mörkuð eru með tilkynningum Hagstofu Íslands um vísitölu byggingarkostnaðar og upphæðir verksamninga breytast í samræmi við breytingu á vísitölunni.

„3. Á hvern hátt er breytilegt samningsverð í útboðssamningum ríkisstofnana endurmetið til núvirðis þegar greiddar verðlagshækkanir eru hærri en gildandi verðvísitala?"

Svarið er: Reikningur fyrir verðbætur er yfirleitt við það miðaður hvenær ákveðnum verkþáttum var lokið. Verklok geta að sjálfsögðu verið á öðrum tíma en á gildistökudegi opinberrar vísitölu. Hér á landi hefur sú regla fest í sessi að nota „línulega" breytilega vísitölu milli útreikningsdaga. Greiddar verðlagshækkanir geta því verið hærri en svarar til hinnar opinberu vísitölu eins og hún er skráð á degi verkloka. Núvirði á degi verkloka er samningsverð að viðbættum verðbótum. Þessi tilraun til verðbótaútreiknings hefur verið í samningum Innkaupastofnunar ríkisins allt frá 1970 og vísa ég í því sambandi til svars við 1. tölul. fsp.

4. spurning hljóðar svo: „Hver er hagnaður ríkissjóðs af verðbótahækkun samningsverðs þegar útboðssamningar eru greiddir á samningstíma (framkvæmdatíma) og hvernig er hann skilgreindur, eða, ef hann hefur fallið óskertur til verksala, á hvern hátt er hann þá skattlagður?"

Verðbætur eru ekki hagnaður í eðli sínu. Tilgangur með verðbótum er að gera verktaka og verkkaupa jafnsetta og þeir hefðu orðið ef engar verðbreytingar hefðu orðið á samningstímanum. Verðbætur eru hins vegar skattlagðar eins og tekjur almennt, enda er forsenda verðbótanna sú að gjöld verktakans séu orsök verðbótanna og þykir því ljóst að á gjaldareikningi verktaka verði svipaðar breytingar og nemur verðbótum.

5. og síðasta spurningin hljóðar svo: „Hvernig hefur gengisviðmiðun í útboðssamningum með breytilegu samningsverði við erlenda samningsaðila á einstökum verkþáttum verið skilgreind?"

Og svarið er — og þetta er svar sem ég hef fengið frá Innkaupastofnun ríkisins — svohljóðandi: Samningar gerðir af Innkaupastofnun ríkisins í erlendri mynt eru greiddir á gengi greiðsludags.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það fyrsta sem kannske er vert að minnast á er í sambandi við 1. lið þar sem „línulegar" verðbætur eru taldar vera viðbrögð við drætti á reikningum. Það er ekki alveg rétt, held ég, sem fram kemur í svari rn., að menn hafi verið að draga reikningsuppgjör til loka gildandi vísitölutímabils. Rétt er, held ég, að þeir hafi dregist yfir tímamörk gildistöku nýs vísitölutímabils. Þessi úrbót er ekki aannað en skemmri skírn að því leyti að nú er nánast sama hvenær þeir leggja reikninginn fram.

Svarið við 2. spurningu höfðar nokkurn veginn, að því er ég fæ best skilið, til þess hugtaks í íslensku sem kallast „frjálsir samningar", þ. e. þetta er almennt viðhaft svona. Þess vegna gerum við það líka. Ég held, en þar stendur fullyrðing á móti fullyrðingu, að í frjálsri samningsgerð sé ekki heimilt að búa til aðrar viðmiðanir en þær sem hafa lagalegt gildi og þar á ég við gengi eða vísitölu. Þar gildir einu hvort er um opinberan eða einkamarkað að ræða.

Að öðru leyti staðfestu svörin við 3. og 4. spurningu að nokkru leyti grunsemdir mínar. Það er höfðað þarna til þeirrar hefðar sem skapast hefur hjá Innkaupastofnun. Í 3. lið er spurt á hvern hátt breytilegt samningsverð er endurmetið til núvirðis. Ég held að þessu hafi ekki verið svarað beint vegna þess að slíkt hefur einfaldlega ekki verið gert. Og í svarinu við 4. lið kemur greinilega fram eins og ég sagði í upphafi míns máls, að menn miða við fast verðlag þegar við búum við breytilegt verð á samningstíma og verður því að lagfæra þessa hluti að einhverju leyti með endurbótum á löggjöf því að þessi verkmáti hlýtur að leiða til uppspólunar verðlags og aukinnar verðbólgu.

Arðgreiðslur Flugleiða, fsp. 303. mál (þskj. 589). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Hér skal ég bæta fyrir fyrri syndir og vera frekar stuttorður. Þessi mál sem hér er spurt um snerta náttúrlega ekki persónu hæstv. fjmrh. þar sem þarna er um atvik að ræða sem gerðust áður en hann tók við stjórnartaumum í sínu rn. að mestu leyti.

1. Hve oft hefur ríkissjóður tekið við arðgreiðslum frá Flugleiðum hf. í formi ávísana á farmiða?
2. Hversu háar voru slíkar arðgreiðslur árlega?
3. Hversu hár var styrkur ríkissjóðs til Flugleiða á sama tíma árlega?
4. Er það réttlætanlegt, að mati fjmrh., að fyrirtæki í taprekstri, sem nýtur ríkisstuðnings, greiði hluthöfum sínum arð?
5. Hefur fjmrh. kannað hvort arðgreiðslur með þessum hætti og við þessi skilyrði eru löglegar?
6. Hvernig hefur ríkissjóður varið þessum arðgreiðslum?

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil svara þeim fsp. sem eru undir II á þskj. 589 svohljóðandi:

1. spurningin hljóðar svo: „Hve oft hefur ríkissjóður tekið við arðgreiðslum frá Flugleiðum hf. í formi ávísana á farmiða?" Svarið er: Á aðalfundi Flugleiða hf. árið 1981 var stjórn félagins heimilað að veita hluthöfum Flugleiða hf. afsláttarmiða og var verð þeirra allt að 50% af gildandi fargjaldi á leyfi félagsins. Þess er getið í tilkynningu félagsins til hluthafa, sem fylgdi fyrrnefndum afsláttarmiða, að tilgangur þess að veita hluthöfum afslátt af fargjöldum félagsins sé að auka viðskipti hluthafa við félagið og efla tengsl þeirra við Flugleiðir hf. Ríkissjóði hafa verið afhentir afsláttarmiðar á árunum 1981—1984.

2. spurningin: „Hversu háar voru slíkar arðgreiðslur árlega?"

Á árabilinu 1981—1984 hefur ríkissjóður móttekið afsláttarmiða samtals að fjárhæð 2 964 019 kr. sem skiptist á árin þannig: Árið 1981 164 019 kr., árið 1982 700 000 kr., árið 1983 1 050 00 kr., árið 1984 sama upphæð, 1 050 000 kr.

3. spurningin: „Hversu hár var styrkur ríkissjóðs til Flugleiða á sama tíma árlega?" Á árinu 1980 samþykkti Alþingi lög um máletni Flugleiða hf. þar sem ríkisstj. er heimilt að veita félaginu sjálfskuldarábyrgð af láni allt

að 3 millj. Bandaríkjadollara í því skyni að mæta rekstrarhalla, ef verði, á flugi félagsins milli Lúxemborgar og Bandaríkjanna frá 1. okt. 1980 til 30. sept. 1981.

Þá segir að lendingargjöld og leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, svo og tekju- og eignarskatt, miðaskatt og önnur gjöld beri félaginu að greiða á réttum gjalddögum, en þann hluta gjalda, sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins, fær félagið endurgreitt við skuldauppgjör.

Í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1982 er veitt heimild til handa fjmrh. að veita félaginu sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 1.6 millj. Bandaríkjadala og í fjárlögum 1983 1.9 millj. Bandaríkjadala með sömu skilyrðum og lögin frá 1980 gera ráð fyrir. Samtals nema lántökur þessar 6.5 millj. Bandaríkjadala. Ríkisendurskoðun var falið að meta rekstrarafkomu Flugleiða hf. á umræddu tímabili og varð niðurstaðan sú að á árinu 1981—1982 féllu umrædd lán á ríkissjóð. Hefur því verið fært sem framlag í ríkisreikningi til aðstoðar Flugleiða hf. á árinu 1981 kr. 45 276 756 og á árinu 1982 kr. 48 822 550. Enn hefur ekki verið tekin afstaða til lána sem veitt voru á árinu 1983. Nema þau um 65 millj kr. samtals og falla í gjalddaga á þessu ári. Ég vil bæta því við að fyrsta afborgun er þegar fallin í gjalddaga.

„4. Er það réttlætanlegt að mati fjmrh. að fyrirtæki í taprekstri, sem nýtur ríkisstuðnings, greiði hluthöfum sínum arð?“ Svar mitt er: Nei, alls ekki.

„5. Hefur fjmrh. kannað hvort arðgreiðslur með þessum hætti og við þessi skilyrði eru löglegar?“ Svarið: Af hálfu rn. hefur ekki áður verið gerð könnun á því hvort afsláttarmiðar þeir, sem Flugleiðir veita hluthöfum sínum, teljast vera arður í skilningi hlutafélagalaga nr. 32/1978 né hvort þessir afsláttarmiðar eru löglegir miðað við rekstur Flugleiða undanfarin ár. Við lauslega skoðun, sem gerð var á vegum rn. í tilefni af fsp. þessari, virðist líklegt að telja beri þessa afsláttarmiða til arðs í skilningi hlutafélagalaganna. Sé sú niðurstaðan að þetta sé arður í skilningi hlutafélagalaganna virðist vafasamt að skilyrði 107. gr. hlutafélagalaganna hafi verið uppfyllt þegar útgáfa afsláttarmiðanna fór fram árin 1981—1984.

6. spurning hljóðar svo: „Hvernig hefur ríkissjóður varið þessum arðgreiðslum?“ Svarið: Ríkissjóður ákvað á árinu 1982 að nýta afsláttarmiða sína og á því ári fékk ríkissjóður afslátt af fargjöldum Flugleiða hf. að fjárhæð 482 306 kr. Á árinu 1983 var heimildin hins vegar að fullu nýtt sem var 1 050 000 kr. Hefur þá ríkissjóður nýtt heimild til afsláttar á fargjöldum á leiðum Flugleiða hf. að fjárhæð 1 537 306 kr. sem færð hefur verið sem arðgreiðsla til ríkissjóðs í ríkisreikningi á árinu 1983. Afsláttarmiðar fyrir árið 1984 að fjárhæð 1 050 000 kr. munu verða nýttir. Ofangreindur afsláttur hefur verið notaður til greiðslu fargjalda vegna starfsmanna ríkisspítala og mun sá háttur verða á hafður á árinu 1984.

Fyrirspyrjandi (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinargóð svör og átti ég reyndar ekki von á öðru. Svörin við fyrstu þremur liðum þessarar spurningar eru aðeins upplýsandi svör til þess að mála mynd af því dæmi sem þarna er um að ræða. Niðurstaða þess er sú að á meðan ríkið greiðir og skuldbindur sig fyrir Flugleiða hönd fyrir upphæð allt að 160 millj. ísl. kr. greiða Flugleiðir ríkinu aftur tæplega 3 millj. kr. í arð. Síðan svarar hæstv. fjmrh., eins og ég reyndar átti von á, að hann telji það ekki réttlætanlegt að fyrirtæki í taprekstri greiði hluthöfum sínum arð. Því er síðan svarað líka að fjmrn. eða ríkissjóður hafi nýtt sér þessar arðgreiðslur á undanförnum árum, þ. e. þær virðast ekki hafa verið nýttar á fyrsta ári en síðan á árunum 1982 og 1983, 1982 ekki alveg að fullu en 1983 algerlega að fullu og þá til þess að greiða ferðakostnað í sambandi við ríkisspítala. Það kemur reyndar ekki alveg greinilega fram í ferðakostnað hverra og hvert en það er kannske hægt að fá þær upplýsingar ef nánar er að gáð.

Síðan kemur að spurningunni um það hvort hér sé um ólöglegan verknað að ræða. Að vísu hefur þetta mál ekki verið skoðað til hlítar að því er svör fjmrh. gefa til kynna en þó virðist mönnum sýnast það sama fyrirspyrjanda sýndist þegar hann fór að skoða þessi mál nánar að hér sé að öllum líkindum á ferðinni ólöglegt athæfi. Reyndar er þá ríkissjóður eða handhafi hans orðinn meðsekur í þessu ólöglega athæfi. Þá er kannske spurning hvort það er ráðlegt fyrir ríkissjóð að grípa til einhverra ráðstafana, gera eitthvað í þessu máli frekar en eiga hugsanlega von á því að fá á sig kæru sem meðsekur aðili í ólöglegu atferli og standa í þeim málaferlum sem þær hugsanlega leiddu af sér. Í sjálfu sér er ekkert við þær arðgreiðslur að athuga sem núna hafa átt sér stað því að fyrirtækið sýnir að því er tölur segja hagnað. Við því er ekkert annað að segja en að maður fagnar því ástandi og þeirri breytingu og vonar að hún haldist sem lengst þannig að ekki komi til þess að ríkið þurfi að grípa til stuðnings við þetta fyrirtæki. Vil ég þar með nota tækifærið til að hvetja hæstv. fjmrh. til að láta ekki undan í því máli að gefa Flugleiðum afslátt af lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli.

Sameinað þing, 88. fundur.

Þriðjudaginn 8. maí, að loknum 87. fundi.

Skóg- og trjárækt á Suðurnesjum, þáltill. 334. mál (þskj. 706). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stofnun smáfyrirtækja, þáltill. 337. mál (þskj. 728). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stöðvun framkvæmda við útvarpshús, þáltill. 339. mál (þskj. 730). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þjónusta við farþega í innanlandsflugi, þáltill. 343. mál (þskj. 769). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurreisn Viðeyjarstofu, þáltill. 344. mál (þskj. 770). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rekstrargrundvöllur sláturhúsa, þáltill. 89. mál (þskj. 98, n. 759, 760). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um nýtingu og rekstrargrundvöll sláturhúsa sem lögð var fram á þskj. 98, en flm. þeirrar till. voru þeir hv. þm., 2. þm. Austurl. Helgi Seljan og 5. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson. N. leitaði umsagna allmargra aðila um þessa till., Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, landbrn. og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það var nokkuð samdóma álit þeirra sem leitað var til að rétt væri að slík athugun færi fram sem getið er um í till. Hins vegar komu fram athugasemdir við orðalag till., sérstaklega að því er snertir áherslur varðandi þá athugun sem lagt er til að framkvæmd verði. Í till. er lögð sérstök áhersla á að endurbæta eldri sláturhús en umsagnaraðilar töldu yfirleitt að erfitt væri að slá því föstu, a. m. k. fyrir fram, heldur væri rétt að það væri tekið til athugunar án þess að niðurstaða væri gefin í skyn fyrir fram. Af þessum ástæðum leggur n. til að till. verði breytt eins og fram kemur á þskj. 760 og tillgr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga hvernig bæta megi rekstrargrundvöll sláturhúsa, m. a. með því að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni, svo að lengja megi nýtingartíma þeirra. Enn fremur verði kannað hvort hagkvæmt sé að endurbæta eldri sláturhús, svo að viðunandi sé, eða ráðast í nýbyggingar.

ATKVGR.

Brtt. 760 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 789).

Um þingsköp.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Með tilliti til þess að verkefni þings hrannast nú upp vildi ég leyfa mér að beina þeim tilmælum eða þeirri ósk til hæstv. forseta að hann sjái svo um að nefndir Sþ. starfi með eðlilegum hætti. Sá sem hér stendur hefur reyndar ekki yfirsýn yfir störf allra nefnda Sþ. en ég veit með vissu að liðinn er óeðlilega langur tími, allt of langur tími núna milli funda hv. allshn. þessarar deildar og orðið mjög brýnt að hún haldi fund þar sem fáar nefndir í Sþ. hafa um jafnmörg mál að fjalla. Og því, eins og ég sagði, vildi ég leyfa mér að biðja um að hæstv. forseti sæi svo um að störf yrðu tekin upp með eðlilegum hætti.

Forseti (Helgi Seljan): Vegna orða hv. 8. þm. Reykv. minni ég á áminningu hv. aðalforseta Sþ., Þorv. Garðars Kristjánssonar, hér fyrir nokkru, áminningu til nefndarformanna um að hraða verkum sínum. Ég tek undir þau orð hans. Ég vænti þess að nefndir starfi vel að málum til þingloka sem ekki munu langt fjarri ef svo fer fram sem horfir og nauðsynlegt að þar taki allar nefndir nokkuð jafnt á varðandi þau mál sem eftir eru í afgreiðslu.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, þáltill. 335. mál (þskj. 715). — Ein umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði svohljóðandi:

„Með vísun til laga nr. 70 frá 17. maí 1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, ályktar Alþingi að veita ríkisstj. heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild."

Hinn 5. apríl s. l. barst iðnrh. svohljóðandi bréf frá stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf.:

„Stjórn Kísilmálmvinnslunar hf. sendi iðnrh. í jan. 1983 skýrslu um starfsemi félagsins og þær athuganir sem hún hafði þá gert skv. fyrirmælum í lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Niðurstöður þeirrar skýrslu voru eftirfarandi:

„Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. telur á grundvelli þessarar skýrslu að

— Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur kostur í innlendri orkunýtingu,
— stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988, en allan undirbúning á næstunni beri að miða við það að fyrsti ofn hennar taki til starfa 1986," — ég vek athygli á því að þetta bréf er með skýrslu sem send var í janúar 1983,
—„ákvörðun um tímasetningu innan framangreindra marka skuli tekin af stjórn félagsins á grundvelli upplýsinga um þróun markaðsmála og með hliðsjón af almennri þróun efnahagsmála í heiminum,
— auka þurfi hlutafé félagsins,
— verð raforku til Kísilmálmvinnslunnar hf. skuli vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja.
— vinna eigi markvisst að því á næstunni að fá til samstarfs við íslenska ríkið aðra eignaraðila, innlenda og erlenda."

Eins og rn. er kunnugt um" — segir áfram í bréfi stjórnar Kísilmálmvinnslunnar frá 5. apríl — „hefur stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. unnið að frekari undirbúningi og athugunum vegna þessa máls og vísast í því efni m. a. til bréfa og greinargerða, dags. 24. maí, 1. júní og 25. nóv. 1983.

Forhönnun verksmiðjunnar er nú lokið og nýir stofnkostnaðarútreikningar liggja fyrir, sbr. meðfylgjandi skýrslu. Einnig liggja fyrir nýjar verðspár og hefur stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. því gert nýja arðsemisútreikninga sem sendir eru rn. með bréfi þessu.

Á grundvelli fyrirliggjandi verðspár staðfesta hinir nýju útreikningar að kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur orkunýtingarkostur. Reiknuð arðsemi verksmiðjunnar er nú meiri en áður var talið og er meginskýringin þess sú að áætlaður stofnkostnaður

hefur lækkað sem og ýmsir rekstrarliðir.

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. telur eðlilegt að yfirstandandi eignaraðildarkönnun og pólitískum ákvörðunum um framtíð fyrirtækisins verði hraðað eftir föngum, enda er áframhaldandi óvissa um málið kostnaðarsöm og getur haft óheppileg áhrif á atvinnulíf á Austurlandi."

Undir bréf þetta rita f. h. stjórnar Kísilmálmvinnslunnar Geir H. Haarde formaður og Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri.

Á vegum stóriðjunefndar og með þátttöku fulltrúa úr stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. hefur málið verið kynnt undir forustu Birgis Ísl. Gunnarssonar hv. þm., formanns nefndarinnar, fyrir erlendum stóriðjufyrirtækjum.

Án þess að nokkuð teljist öruggt á þessu stigi máls má fullyrða að vaxandi áhugi er fyrir aðild að slíku fyrirtæki.

Það er og mat þeirra sem að þeirri kynningu hafa staðið að ákvörðun eins og sú sem felst í þessari þáltill. muni auka líkur þess að árangur náist í viðræðum við hugsanlega sameignaraðila.

Með vísun til þessa og álits stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. þykir nú rétt að óska eftir heimild Alþingis til handa ríkisstj. að taka ákvörðun um að reisa og reka slíka verksmiðju og leita samvinnu út fyrir landsteina.

Hinn 2. maí s. l. barst mér grg. frá stóriðjunefnd um stöðu könnunar á eignaraðild að Kísilmálmvinnslunni hf. Einnig fékk í ég hendur sem trúnaðarmál lista yfir fyrirtæki sem haft hefur verið samband við og svör þeirra. Í bréfi stóriðjunefndar segir svo m. a.:

„Ljóst er að viðræður við a. m. k. einn aðila eru nú að færast af könnunarstigi yfir í raunverulegar samningaviðræður og er því nauðsynlegt að undirbúinn verði af hálfu íslenskra stjórnvalda samningsgrundvöllur og efnisleg afstaða tekin til m. a. eftirfarandi atriða: Raforkuverðs og annarra atriða raforkusamnings, fyrirkomulags skattgreiðslna fyrirtækisins og eignarhlutdeildar Íslendinga."

Ég mun nú, með leyfi hæstv. forseta, vitna áfram í grg. stóriðjunefndar:

„Fyrstu störf nefndarinnar voru að undirbúa kynningu á áætlun um byggingu og rekstur kísilmálmverksmiðju á Íslandi og safna upplýsingum um fyrirtæki sem talið væri að gæti haft áhuga á eignaraðild að verksmiðjunni.

Samið var við Chase Econometrics að gera í samvinnu við Kísilmálmvinnsluna hf. kynningarbækling um framleiðslu kísilmálms á Íslandi. Gerð hans var lokið í nóv. s. l. og nefndist hann Fjárfestingarkostir í kísilmálmi á Íslandi. Í bæklingnum er lýst möguleikum á framleiðslu kísilmálms á Íslandi, horfum um þróun markaðar fyrir kísilmálm og gerð grein fyrir meginþáttum íslensks efnahagslífs.

Jafnframt þessu var unnið að gerð lista yfir þau erlendu fyrirtæki sem talið var líklegt að gætu haft áhuga á aðild að byggingu og rekstri kísilmálmverksmiðju á Íslandi. Var þar að verulegu leyti stuðst við upplýsingar Kísilmálmvinnslunnar hf. en Chase Econometrics aðstoða nefndina hvað varðar fyrirtæki í Bandaríkjunum og Kanada.

Í desember og janúar s. l. var kynningarbæklingurinn ásamt bréfi sendur um 25 fyrirtækjum í Bandaríkjunum, Kanada, Evrópu og Japan. Síðan hefur bæklingnum verið dreift til fjölmargra annarra aðila, bæði innlendra og erlendra.

Þá hefur Kísilmálmvinnslan hf. gert tvö viðbótarkynningarrit um verksmiðjuna sem afhent hafa verið nokkrum þeim aðilum sem rætt hefur verið við. Fyrra ritið, Icelandic Silicon Metal Project Basic Information, inniheldur ýmsar tölulegar upplýsingar, en hið síðara, Icelandic Silicon Metal Project Description lýsir nánar verksmiðjunni á Reyðarfirði. Þá er í undirbúningi grg. á ensku um arðsemisreikninga þá er gerðir hafa verið fyrir verksmiðjuna.

Nefndin hefur átt viðræður við ýmsa aðila í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan til að kynna þeim nánar áætlanir um byggingu og rekstur verksmiðjunnar, stefnu ríkisstj. í því máli og til þess að kanna nánar afstöðu þeirra aðila sem sýnt hafa málinu áhuga. Í viðræðum við fulltrúa hinna ýmsu aðila hefur verið lögð áhersla á að um væru að ræða kynningarviðræður. Greint hefur verið frá áhuga íslensku ríkisstj. að fá til samstarfs um byggingu og rekstur verksmiðjunnar erlenda aðila, einn eða fleiri. Leitað væri eftir virkum aðila sem gegn óverulegri þátttöku hefði einkarétt á sölu afurða verksmiðjunnar. Á þessu stigi væri afstaða til meiri- eða minnihlutaaðildar, eða hve stór þátttaka íslenska ríkisins gæti orðið, ekki mörkuð.

Greint hefur verið frá því að framleiðslukostnaður raforku frá nýjum virkjunum á Íslandi væri 18—20 millj. á kwst. og væri það grundvöllur raforkuverðs til verksmiðjunnar. Í öllum áætlunum og arðsemisreikningum væri miðað við 18 millj. Endanlegt raforkuverð ákvarðaðist þó af ýmsum atriðum svo sem kaupskylduákvæðum hluta afgangs- og forgangsorku og hvernig gangsetning verksmiðjunnar félli að byggingu virkjana. Gera yrði ráð fyrir því að raforkuverðið yrði verðtryggt. Til greina kæmi að tengja raforkuverðið að einhverju leyti markaðsverði kísilmálms og taka tillit til erfiðari greiðslustöðu verksmiðjunnar fyrstu árin meðan afborganir lána væru hvað mestar.

Kynnt hefur verið núverandi skattgreiðslufyrirkomulag Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf. en tekið fram að skattgreiðslur kísilmálmverksmiðjunnar yrðu eitt af þeim atriðum sem nánar yrðu rædd við eignaraðila. Auk þess hefur verið skýrt frá fjölmörgum tæknilegum og fjárhagslegum atriðum varðandi verksmiðjuna.

Af hálfu flestra viðmælenda hefur verið lögð áhersla á að raforkuverðið og verðhækkunarákvæði væru mjög ákvarðandi um hagkvæmni verksmiðjunnar. Einnig væri mikilvægt hvaða tryggingar væru gefnar fyrir því að samningurinn um raforkusöluna yrði haldinn af hálfu Íslendinga.

Þeim fyrirtækjum, sem haft hefur verið samband við, má skipta í þrjá meginflokka, notendur, framleiðendur og seljendur. Svör fjölmargra þessara aðila liggja nú fyrir en nokkrir hafa málið enn þá til athugunar.

Með hliðsjón að því á hvaða stigi þetta mál er telur nefndin ekki rétt að greina frá því nú við hvaða aðila haft hefur verið samband eða er verið að ræða við um hugsanlega eignaraðild en vill þó koma eftirfarandi á framfæri:

Öll fyrirtæki í frumáliðnaði, sem haft hefur verið samband við, hafa svarað því til að þau hefðu ekki áhuga á því að fjárfesta í kísilmálmverksmiðju.

Fyrirtæki, sem starfrækir verulega úrvinnslu úr áli, notar verulegt magn af kísilmálmi og er jafnframt söluaðili, hefur málið til ítarlegrar athugunar og er svara þess að vænta á næstunni.

Framleiðandi á silikonefnum og stórnotandi á kísilmálmi hefur lýst sig reiðubúinn til viðræðna um þátttöku í verksmiðjunni með það í huga að leggja fram bæði tækniþekkingu og hlutafé.

Samsteypa fyrirtækja, sem framleiðir kísilmálm og önnur skyld efni, er tilbúin til frekari viðræðna um eignaraðild þegar skilmálar samnings um raforkuverð liggja fyrir.

Á næstunni verða kynningarviðræður við annan framleiðanda sem sýnt hefur málinu áhuga.

Fyrirtæki í Japan, sem bæði eru notendur og seljendur, hafa haft málið til nánari athugunar.

Þá hafa nokkur verslunarfyrirtæki lýst áhuga á minni háttar þátttöku gegn einkasölu eða einkaumboðsrétti á afurðum verksmiðjunnar.

Af framangreindu er ljóst að könnun á erlendri eignaraðild að Kísilmálmvinnslunni hf. er ekki lokið, en nú þegar liggur fyrir svar frá fyrirtæki sem er reiðubúið til viðræðna um þátttöku í byggingu og rekstri verksmiðjunnar. Annað fyrirtæki er tilbúið til frekari viðræðna þegar ákvæði álsamnings liggja fyrir. Nokkur fyrirtæki eru með málið til ítarlegrar athugunar og er svara þeirra að vænta á næstunni. Nefndin telur að áframhaldandi viðræður við ofangreind fyrirtæki leiði í ljós hverjir verði heppilegustu viðsemjendur um byggingu og rekstur verksmiðjunnar. Nefndin telur rétt að fram komi það álit hennar að samningsstaða í viðræðum við mögulega eignaraðila muni styrkjast ef Alþingi veiti ríkisstj. með þál. ákvörðunarvald um framgang málsins, sbr. lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði nr. 70/1982."

Eins og fram hefur komið hafa verið gerðir arðsemisreikningar fyrir kísilmálmverksmiðjuna. Í inngangi fyrir grg. arðsemisreikninga segir svo:

„Í skýrslu um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. sendi iðnrh. í janúar 1983, hefur verið gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum stjórnarinnar. Á vegum Kísilmálmvinnslunnar hefur síðan verið unnið að frekari undirbúningi og athugun vegna byggingar verksmiðjunnar. Í maí 1983 var gerður samningur við vestur-þýska fyrirtækið Mannesman Demag sem tryggir verksmiðjunni allan helsta vél- og rafbúnað á hagstæðu verði. Með samningi þessum var veruleg lækkun á áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Forhönnun verksmiðjunnar var lokið í mars s. l. Á grundvelli hennar og aðstæðna á fyrirhuguðu verksmiðjusvæði hefur stofnkostnaðaráætlun verið endurskoðuð. Hvort tveggja liggur fyrir í sérstakri skýrslu, Silicon Metal Plant Reyðarfjörður/Iceland, Basic Engineering Report.

Frá ársbyrjun 1983 hefur verð á kísilmálmi farið hækkandi. Fylgst hefur verið með markaðsþróuninni, aflað frekari upplýsinga um kísilmálmmarkaðinn og fengin ný markaðsspá frá Chase Econometrics. Á framangreindum grundvelli hafa verið gerðir nýir arðsemisreikningar fyrir kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og er forsendum þeirra og niðurstöðum nánar lýst í skýrslu þessari."

Ég vík því næst að arðsemisreikningunum sjálfum en um þá segir svo m. a. í grg. stjórnar Kísilmálmvinnslunnar:

„Skv. rekstraráætlun er framleiðslukostnaður verksmiðjunnar fyrsta rekstrarár hennar 36 655 kr. á tonn eða 1261 Bandaríkjadalur á tonn og skiptist á eftirfarandi hátt og er þá miðað við kísilmálm til áliðnaðar:

Hráefni 13 426 kr. á tonn, raforka 7057 kr. á tonn, laun 3254, annar kostnaður 2822. Breytilegur kostnaður alls 26 559 kr. á tonn. Fjármagnskostnaður er reiknaður 3463 kr., afskriftir 6633 og framleiðslukostnaður alls fyrstu rekstrarár kr. 36 655 eins og fyrr segir.

Þegar lokið er greiðslu stofnlána og vélbúnaður hefur verið afskrifaður lækkar framleiðslukostnaður og verður hinn síðari hluta tímabils 26 963 á tonnið. Flutningskostnaður, sölulaun og tollar eru skv. áætluninni 2956 á tonn, eða 102 Bandaríkjadalir. Meðalsöluverð á afurðum verksmiðjunnar þarf því að vera um 1363 dollarar á tonn í upphafi rekstrartíma en 1098 Bandaríkjadalir á tonn í lok hans til þess að um hallalausan rekstur verði að ræða.

Það má geta þess að reiknað er með að heildarskattgreiðslur yfir rekstrartímabilið að fasteignaskatti undanskildum nemi 2326 millj. kr. Framlegð upp í afskriftir og fjármagnskostnað er að jafnaði 15 400 kr. á tonn eða 530 Bandaríkjadalir og framlegð að jafnaði um 34% af heildarveltu.

Á grundvelli þeirra forsendna sem að framan greinir um markað, fjármögnun og reksturskostnað hafa athuganir á hagkvæmni kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði verið endurskoðaðar. Niðurstöður þeirrar endurskoðunar sýna að arðsemi heildarfjárfestingar í verksmiðjunni er í megintilviki 15.8% fyrir skömmtun, 12.6% eftir skömmtun og 18.5% af eigið fé. Arðsemi þessi er verulega betri en skv. skýrslu stjórnar Kísilmálmverksmiðjunnar hf. frá janúar 1983, en þá eru sambærilegar tölur 11.2% fyrir skömmtun, 15.8 nú, 8.2% eftir skömmtum, 12.6 nú og 10.2% af eigin fé en 18.5% nú. Meginorsakir þessarar auknu arðsemi eru einkum lægri stofnkostnaður, eða 65 millj. Bandaríkjadala í stað 70.5 millj. Bandaríkjadala, og lækkun á hráefniskostnaði, launum, flutningskostnaði og tekjuskatti.

Skv. rekstrarreikningum verður um tap að ræða á fyrsta starfsári verksmiðjunnar. Stafar þetta fyrst og fremst af því að á fyrstu tveimur árunum er gert ráð fyrir því að veittur verði viðbótarafsláttur frá markaðsverði. Afsláttur þessi er veittur til þess að kynna framleiðslu verksmiðjunnar og einnig er rétt að gera ráð fyrir því að ekki verði framleitt á fullum afköstum fyrstu tvö rekstrarárin og tekur afslátturinn að hluta tillit til þess.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að gangsetning verksmiðjunnar í lok ársins 1987 er hagstæð miðað við fyrirliggjandi markaðsspár. Í markaðsspánni er gert ráð fyrir markaðssamdrætti árið 1987 en að verð fari hækkandi aftur árið 1988. Þegar sjóðstreymi skv. rekstraráætluninni er athugað ber að hafa eftirfarandi í huga:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að tveggja ára greiðslufrestur verði á hluta fjárfestingarlánanna. Slíkt greiðslufyrirkomulag lána er forsenda viðunandi greiðsluafkomu fyrstu árin.

Í öðru lagi er reiknað með að rekstrarfjárþörf verði fjármögnuð með láni sem áætlað er 225 millj. kr. á fyrsta ári og hækkar síðan í um 350 millj. kr. Útreikn-

ingar á rekstrarafkomu og arðsemi eru gerðir á föstu verðlagi og þar af leiðandi eru vextir sem reiknað er með áætlaðir raunvextir. Þegar um árlegar verðhækkanir er að ræða verður arðsemi lakari vegna aukinnar rekstrarfjárþarfar þó að gert sé ráð fyrir að tekju- og rekstrarliðir hækki jafnmikið. Skattar sem greiðast eftir á svo sem eins og aðstöðugjald, eignarskattur og tekjuskattur bæta þetta þó upp að einhverju leyti.“

Ég legg mikla áherslu á að þáltill. þessi hljóti samþykkt hins háa Alþingis nú og hef reyndar ríka ástæðu til að ætla að um hana náist mjög víðtæk samstaða. Ef stjórnarandstæðingar líta svo á að með samþykki till. sé verið að gefa ríkisstj. víðtækt vald í stórmáli er rétt að minna á þá augljósu staðreynd að áður en framkvæmdir við verksmiðjuna hefjast mun ríkisstj. að sjálfsögðu leita til hins háa Alþingis um leyfi til lántöku og annarrar fjármagnsútvegunar.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til atvmn. þegar og umr. þessari verði frestað.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Sú þáltill. sem hér er til umr. er skýr og skilmerkileg. Hún hljóðar upp á það að veita ríkisstj. heimild til að ákveða fyrir hönd þjóðarinnar að reisa nýtt þungaiðnaðarfyrirtæki hér á landi, margumrædda kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, og hún hljóðar upp á það að ríkisstj. sé heimilt að ákveða að sú verksmiðja verði reist fyrir erlent fjármagn, en rekin með niðurgreiddu íslensku vatnsafli og ódýru íslensku vinnuafli sem á hvergi sinn líka í norðurálfu eins og nú er komið málum hér á landi. Þessi þáltill. hljóðar upp á þetta þótt leita þurfi heimilda Alþingis til að taka erlend lán til að hefja rekstur verksmiðjunnar.

Það má segja að nú sé skammt stórra högga á milli í stóriðjumálum. Í gær var afgreitt til 3. umr. í hv. Ed. frv. til l. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Það frv. felur í sér heimild til að taka nýjan erlendan aðila inn í það tapfyrirtæki án þess að til álita komi að hækka um svo mikið sem eitt mill orkuverð til fyrirtækisins. Og í dag stöndum við frammi fyrir þáltill. þar sem kveðið er á um heimild til að reysa annað slíkt þungaiðnaðarfyrirtæki enn á ný með þátttöku erlendra aðila og enn á ný án þess að leitast verði við að ná raforkuverðinu upp í svo mikið sem framleiðsluverð orkunnar nemur hér á landi, ef marka má það sem stendur á 1. bls. í grg. með till., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Verð á raforku til Kísilmálmvinnslunnar hf. skuli vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja.“

Íslenskur almenningur má sem sagt samkv. þessu búast við því að eiga að halda áfram að niðurgreiða *dýrum dómum orku til meira eða minna erlendra* fyrirtækja. Hvernig geta menn borið fram slíka till. einn daginn og tala síðan af hita og þunga um það hinn daginn að nauðsynlegt sé að lækka og jafna hitunarkostnað almennings, eins og menn hafa verið að gera undanfarið í hv. Ed.? Slíkur málflutningur á sér enga stoð á meðan á þennan veg er á málum haldið og sá tvískinnungur, sem kemur fram í máli þeirra sem hann við hafa, er með ólíkindum.

Jafnstaðlaus er sá málflutningur, sem löngum hefur verið hafður uppi og sem fram kemur í grg. með þessari þáltill., að stóriðja beri að reisa hér á landi vegna þess að hún sé vænlegur orkunýtingarkostur. Ef stóriðja er vænlegur orkunýtingarkostur, hvers vegna hefur hún þá aldrei getað keypt orkuna á svo mikið sem framleiðsluverði? Hvers vegna þarf að borga með orkunni til fyrirtækja sem reist eru að því er sagt er til þess að nýta hana? Mér er lífsins ómögulegt að fá raunveruleikann í orkuverðsmálum og þessa röksemdafærslu til að ganga upp. Út úr þessu dæmi fæ ég aðeins eina útkomu: tap á orkubúskap landsmanna. Og hver borgar þetta tap? Það hefur almenningur hér á landi gert árum saman og má nú samkvæmt þessari þáltill. búast við að taka á sig enn þyngri byrðar í þeim efnum þegar við bætist nýtt orkufrekt fyrirtæki sem borga þarf með. Einnig má búast við að götin í ríkisfjármálunum haldi áfram að stækka af þessum sökum og að taka þurfi fleiri og meiri erlend lán til að stoppa í þau. Ég spyr: Er þetta nokkurt vit?

Að orkuverðsmálum slepptum er spurning um aðra hagkvæmni og arðsemi að þeim iðnaði sem hér um ræðir. Ef marka má orð hæstv. iðnrh. er hér um sambærilegan iðnað að ræða og þann sem er að finna í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Fjárhagsstaða þess fyrirtækis hefur að undanförnu verið til umr. í hv. Ed. og hafa menn farið mörgum orðum um hið stórfelda tap sem verið hefur á þessum rekstri á undanförnum árum þrátt fyrir að fyrirtækið hafi keypt orkuna á niðurgreiddu verði og starfsræksla þess verið á alla lund eins og best verður á kosið. Menn hafa einnig í þessu sambandi rætt um gagnsleysi rannsókna til að segja af eða á um atvinnurekstur af þessu tagi og talað um byggingu járnblendiverksmiðjunnar sem gríðarleg fjárfestingarmistök, einhver hin mestu hér á landi að Kröfluvirkjun undanskilinni, svo eitthvað sé nefnt af þeim fjölmörgu neikvæðu atriðum sem tiltekin hafa verið varðandi rekstur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Samt komst meiri hl. hv. þdm. að þeirri niðurstöðu að járnblendiverksmiðjuna yrði að styrkja og að miklu skyldi kosta til til þess að halda rekstrinum áfram, þ. á m. að taka skyldi japanska fyrirtækið Sumitomo inn í reksturinn þó nefnt sé í sama orðinu að hinir framsæknu og forsjálu Japanir séu um þessar mundir að flytja stóriðjurekstur sinn úr landi til að rýma til fyrir arðbærari og hugnanlegri léttiðnaði heima fyrir.

Í dag, rétt um sólarhring síðar, stöndum við frammi fyrir þáltill. sem hljóðar upp á heimild til að reysa annað sams konar fyrirtæki hér á landi. Hvers konar endileysa er þetta? Hvernig er hægt að komast að þeirri niðurtöðu að stóriðju af þessu tagi skuli haldið áfram hér á landi og ný sett á laggirnar á meðan tínd eru til um leið mörg og þung rök fyrir hinu gagnstæða? Sú þráhyggja sem endurspeglast í íslenska stóriðjudraumnum á sennilega vart sinn líkan á byggðu bóli ef áfram gengur svo sem eftir hefur rekið.

Ég minnist áðan á þá framsæknu iðnaðarþjóð Japani. Í því sambandi er fróðlegt að athuga það sem segir í grg. með frv. um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, en þar stendur á bls. 6, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þessa“, þar er verið að tala um hátt raforkuverð í Japan, „hefur það verið á stefnuskrá félagsins“, þar er átt við Sumitomo, „að koma á fót viðskiptasamböndum erlendis til að tryggja þetta efni“, þar er átt við kísiljárn, „fyrir viðskiptavini sína og þá helst á frambúðargrundvelli. Að athuguðu máli hefur það verið mat félagsins að áhættusamt væri að taka þátt í byggingu alveg nýrrar verksmiðju vegna hins háa stofnkostnaðar sem því væri samfara. Hefur félagið því

fremur leitað eftir samstarfi við nýlega og vel búna verksmiðju sem samkeppnishæf væri, bæði með tilliti til stofn- og rekstrarkostnaðar."

Það er sem sagt skoðun Japananna að of áhættusamt sé að leggja í byggingu nýrrar verksmiðju af því tagi sem við erum að fjalla um hér. Og þá er það spurningin: Því ættum við að fara að taka þá áhættu að reisa nýja verksmiðju af þessu tagi? Varla er um mikið áhættufé að ræða í ríkissjóði um þessar mundir og væri fróðlegt að heyra hvað hæstv. fjmrh. segir um það — eða getur það e. t. v. verið að Sumitomo sé líka með í spilinu hvað varðar kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði? Í grg. með frv. um járnblendiverksmiðjuna er það tiltekið, með leyfi forseta, „að hið nýja samstarf við Sumitomo búi yfir margvíslegum möguleikum sem engin leið er að sjá yfir nú." Þetta er á bls. 4 í grg. Nú væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. iðnrh. hver hin erlendu stóriðjufyrirtæki eru sem talað er um á bls. 2 í grg. þáltill. um kísilmálmverksmiðjuna. Þar er talað um að fulltrúar úr stjórn kísilmálmverksmiðjunnar hafi kynnt málið fyrir erlendum stóriðjufyrirtækjum. Hver eru þessi fyrirtæki? Það kom fram í máli hæstv. iðnrh. áðan að að mati stóriðjunefndar væri ekki æskilegt að láta slíkt uppi á þessu stigi málsins, en stóriðjunefnd er ekki enn þá orðin löggjafarvald hér á landi. Ég tel harla hæpið að ætlast til þess að þingheimur samþykki þáltill. eins og þessa án þess að vita nokkurn skapaðan hlut um við hvern er hér verið að ræða.

Jafnframt væri fróðlegt að fá það betur upplýst en ráðh. gerði áðan hvernig arðsemisútreikningar varðandi kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði hafa breyst og hversu traustar þær verðspár eru sem liggja til grundvallar þeim útreikningum því það er ekki ýkjalangt síðan hæstv. iðnrh. hélt því fram héðan úr þessum ræðustól að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins fengi ekki staðist. Hér hafa greinilega orðið snöggar veðurbreytingar og tel ég nauðsynlegt að ráðh. upplýsi þingheim um hvernig á þeim standi.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns hljóðar þessi þáltill. upp á heimild til að hefja enn á ný stóriðjuframkvæmdir hér á landi. Það má segja að hér á Alþingi Íslendinga megi finna þrjár meginstefnur í stóriðjumálum, svo sem ég hef áður minnst hér á. Í fyrsta lagi er sú stefna sem hæstv. iðnrh. túlkar og sem felst í því að byggja hér upp stóriðju með meirihlutaeignaraðild erlendra aðila. Sú stefna, sem hljóðar upp á sölu úr landi með þessum hætti á íslensku vatns- og vinnuafli, er fyrir mér nánast það sama og að selja sjálfstæði þessarar þjóðar í hendur erlendra aðila. Af slíkum viðskiptum höfum við ríkulega neikvæða reynslu þar sem eru viðskipti okkar við Alusuisse sem alþjóð eru kunn. Í öðru lagi er sú stefna í stóriðjumálum sem þm. Alþb. túlka hér og sem felur í sér að hér skuli sett á laggirnar stóriðja, en með meirihlutaeignaraðild Íslendinga. Ég er hæstv. iðnrh. hjartanlega sammála, eins og ég hef áður sagt, um að þetta er afleit stefna þótt ekki sé það að öllu leyti á sömu forsendum. Ég hygg að við séum sama sinnis, ég og hæstv. ráðh., um að Íslendingar hafi ekki og muni ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að standa að slíkum fyrirtækjum sjálfir né fái þeir nokkru ráðið á þeim markaði þar sem stóriðjuframleiðsla er seld, eins og saga járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga tekur af öll tvímæli um. En svo skilja leiðir okkar hæstv. ráðh. Á meðan hann, og Alþb. með honum, vill auka enn stóriðjurekstur hér á landi, þá vil ég ekki sjá neinn þungaiðnað hér innanlands og er það þriðja stefnan í stóriðjumálum hér í þinginu.

Ég vil ekki frekari stóriðju hér á landi vegna þess að það þýðir í reynd aukin fjárhagsleg ítök erlendra aðila hér á landi, sem sumir hverjir eru voldugri á alþjóðavettvangi en smáríki á borð við Ísland. Það höfum við séð á óyggjandi máta í samskiptum okkar við Alusuisse.

Í öðru lagi hefur stóriðja hér löngum verið rekin með bókfærðu tapi, sbr. járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og álverið í Straumsvík, þannig að ég sé ekki hver er fjárhagslegur ávinningur af slíkum atvinnurekstri.

Í þriðja lagi er hér um mengandi og náttúruspillandi iðnað að ræða, og væri fróðlegt í þessu sambandi að fá að heyra frá hæstv. iðnrh. hvernig ætlað er að hátta mengunarvörnum við þessa kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Í fjórða lagi þýðir aukin stóriðja enn auknar virkjunarframkvæmdir, en eins og menn vita hefur vegna stóriðjusjónarmiða verið farið of hratt í slíkar framkvæmdir á undanförnum árum eins og erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins sanna. Hlutdeild Landsvirkjunar í erlendum skuldum Íslendinga nemur nú þegar 60%. Ef þessi kísilmálmverksmiðja verður reist þýðir það enn auknar erlendar lántökur til þess að hægt sé að byggja nýjar virkjanir sem síðan er allt útlit fyrir að muni selja verksmiðjunni orkuna undir framleiðsluverði. Það er þessi fjárfestingarstefna sem leitt hefur okkur út á þá heljarþröm sem fjárhagur íslenska þjóðarbúsins er nú á, eins og víðfræg fjárlagagöt sýna og sanna. Þessi fjárfestingarstefna á greinilega að halda áfram og skiptir þá engu hvaða ríkisstjórn situr að völdum á Íslandi. Upp í götin á svo að fylla með smámunum á borð við tannlækningar skólabarna — smámunum við hliðina á því gífurlega fjármagni sem um er að ræða í stóriðju- og virkjanamálum.

Efnalegur hagur Íslendinga næstu áratugi mun sannarlega fara eftir því hvað gert verður eða látið ógert í stóriðju og virkjanamálum, og er uggvænlegt hversu fáir þm. sjá ástæðu til að sitja hér við þessa umr. og taka þátt í henni.

Í fimmta lagi er sérhvert atvinnutækifæri í þungaiðnaði margfalt dýrara en á öðrum atvinnusviðum. Vil ég nú fá upplýst frá hæstv. iðnrh., ef tök eru á, hvað áætlað er að sérhvert atvinnutækifæri við kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði komi til með að kosta.

Í sjötta lagi eru allar líkur á að aukin stóriðjuuppbygging leiði það af sér að önnur atvinnuuppbygging á Íslandi verði látin sitja á hakanum og það með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Ég hef áður nefnt það hér í þinginu að það viti þeir sem vita vilja að stóriðja er gamaldags og úreltur atvinnu- og framleiðslukostur. Öll framsæknustu iðnaðarríki heims eru nú að flytja þungaiðnað sinn úr landi, og þau flytja hann til þróunarlandanna og landa eins og Íslands sem reyndar má færa rök fyrir að flokkist til þróunarlanda frá efnahagslegu sjónarmiði.

Ef við Íslendingar ætlum að ná okkur upp úr þeirri einhæfni sem í dag einkennir efnahagslíf okkar gerum við það ekki með því að taka við erlendri stóriðju, heldur með því að þróa hér innlendan iðnað, léttiðnað, byggðan á okkar eigin vitsmunum og þekkingu og helst okkar eigin hráefni líka. Sem dæmi um slíkan iðnað má nefna rafeindatækni ýmiss konar, líftæknina sem mikið

hefur verið rætt um og tækni við fullvinnslu matvæla. Enn fremur vil ég enn benda á að við Háskóla Íslands fara fram margvíslegar rannsóknir sem leitt gætu til stórkostlegra möguleika á þessum sviðum, en sem hafa á undanförnum árum búið við mikið fjársvelti. Ef svo heldur áfram í þessum efnum gerum við okkur ekki einungis seka um dugleysi heldur einnig um heimsku, eins og haft hefur verið á orði.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu er ég andvígur þessari þáltill. af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi felst engin framtíð í stóriðju hér á landi, þvert á móti. Hún mun leiða okkur í enn meiri ógöngur á flestum sviðum en við höfum hingað til þurft að reyna. Í öðru lagi er ég andvíg þessari þáltill. vegna þess að hún hljóðar upp á heimild til aukinna erlendra ítaka í íslensku efnahagslífi. Af slíku höfum við neikvæða reynslu og það ríkulega neikvæða reynslu þar sem eru samskipti okkar við Alusuisse og má mikið til vinna að sú reynsla verði okkur víti til varnaðar.

Einnig er ljóst að ef við tökum hér við erlendri stóriðju í stórum stíl mun sú stóriðja taka til sín stóran hluta af þeirri orku sem framleidd er í landinu, sem aftur þýðir að lítið verður afgangs til að fullnægja þörfum íslenskrar atvinnuuppbyggingar sem þá er líklegt að látin verði sitja á hakanum. Og hvar erum við þá stödd? Ef íslenskir atvinnuvegir fá ekki að þróast sökum orkuskorts, heldur verði orkan veitt erlendum aðilum til atvinnuuppbyggingar hér á landi, þá er hætt við því að allar meiri háttar ákvarðanir í íslensku atvinnu- og efnahagslífi verði teknar af erlendum aðilum. Og hvar er þá komið sjálfstæði lítillar þjóðar við ystu höf? Það vil ég biðja þingheim að íhuga.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Hér er á dagskrá stórmál þar sem er till. til þál. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ég vil lýsa ánægju minni með að hreyfing er komin á þetta mál hér í þinginu. Þess er að vænta að í kjölfar þessarar till. styttist sá tími þar til ákvarðanir verða teknar um þetta fyrirtæki sem undirbúið hefur verið á undanförnum árum. Þetta þýðir ekki að ég sé með þessum orðum mínum að skrifa upp á eitt og annað sem fram kom hér í ræðu hæstv. iðnrh., sem ég mun gera nokkrar aths. við, en ég tel að enn sem komið er liggi a. m. k. ekkert það fyrir sem gerir mig öndverðan því að styðja af fullum hug uppbyggingu þessa fyrirtækis sem unnið var að undirbúningi að á þeim tíma sem ég gegndi starfi iðnrh.

Það er ánægjulegt til að vita að ítrekuð athugun mála varðandi þetta fyrirtæki, þar sem fleiri hafa komið við sögu eftir því sem tími hefur liðið, benda til þess að áætlanir um þessa verksmiðju, eins og þær voru lagðar fyrir þegar hér var lagt fram frv. til l. um kísilmálmverksmiðjuna seinni hluta vetrar 1982, þær áætlanir hafa fengið staðfestingu við frekari athugun. Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan þá benda líkurnar fremur til þess að grunnur þessa fyrirtækis sé traustari en menn gerðu sér vonir um þegar lög voru samþykkt um verksmiðjuna og einnig þegar óskað var staðfestingar Alþingis á þessari framkvæmd með þáltill., sem ég mælti fyrir hér í hv. Sþ. 4. mars 1983 að ég hygg að hafi verið, en sem ekki varð útrædd vegna þingrofs sem kom fljótlega þá í kjölfarið.

Nú er það vissulega svo að spásagnir um afkomu fyrirtækja fram í tímann eru alltaf óvissu háðar. Það skulum við hafa í huga. En það gildir ekki aðeins um stórfyrirtæki. Það á einnig við um minni rekstur og annan rekstur, ekki síst í sambandi við fyrirtæki sem keppa á útflutningsmarkaði og þurfa að sætta sig við sveiflur sem þar eru gjarnan. Ég minni á það, að þegar þetta fyrirtæki var undirbúið og frv. flutt um það hér á þinginu var af ásettu ráði af iðnrn. hálfu á þeim tíma leitast við að hafa forsagnir um afkomuhorfur og rekstrarhorfur þessa fyrirtækis varfærnar, til þess að vera ekki að gylla þá möguleika sem fyrir gætu legið í sambandi við fyrirtæki sem þetta. Ég tel að það sé skynsamlegur háttur að hafa vaðið þannig fyrir neðan sig og ég vona sannarlega að miðað við að þetta fyrirtæki verði reist, svo sem vonir standa til, þá reynist þær hugmyndir sem menn hafa gert sér um afkomumöguleika þess á rökum reistar.

Þegar hæstv. núv. ríkisstj. tók við þessu máli hafði það gerst rétt í þann mund að stjórn fyrirtækisins hafði gengið frá samningum um ofna og aðalvélbúnað verksmiðjunnar og tekist að semja um verulega lækkun á þeim búnaði frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í stofnkostnaðaráætlunum um verksmiðjuna. Ég tel það miður að það skuli hafa dregist til þessa dags að ákvarðanir væru teknar um að hefja framkvæmdir við fyrirtækið á grundvelli gildandi laga, m. a. vegna þess að nú er hagstæður tími til fjárfestinga, eins og þessir samningar um vélbúnað verksmiðjunnar bera vott um, og líkur á að hinn innlendi kostnaður, sem er um helmingur af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar, fáist einnig með hagstæðari kjörum, m. a. í sambandi við útboð, en líklegt er og vonandi er að eftir eigi að standa til frambúðar. Við skulum vænta þess að sú láglaunastefna sem kemur inn í þessa reikninga og ýmislegt sem henni tengist í íslensku þjóðlífi sé ekki til frambúðar.

Ég vil nefna það hér, m. a. vegna ræðu hv. 11. þm. Reykv. hér áðan, að það er verulegur misskilningur þegar menn eru að draga samasemmerki á milli þessa fyrirtækis og járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Það er kannske ekki nema eðlilegt að menn rugli reytum nokkuð saman í umræðu um þessi fyrirtæki, það fyrirtæki og þessa fyrirhuguðu verksmiðju, vegna þess að hér er um tæknilega skylda framleiðslu að ræða. Vélbúnaður og uppbygging svona fyrirtækis tæknilega séð er ekki ósvipuð og einnig hvað stærð snertir, en ég vil fullyrða að það hefði engum dottið í hug, a. m. k. ekki mér á sínum tíma, að bera fram till. um fyrirtæki af því tagi sem hefði ekki skárri rekstrarhorfur og framtíðarmöguleika en járnblendiverksmiðjan á Grundartanga, sem Alþb. var andvígt að reist yrði á sínum tíma, ekki síst vegna afkomumöguleika og þess hvernig horfði með rekstrarafkomu að mati þm. Alþb.

Eins og auðvelt er fyrir menn að kynna sér af gögnum sem fyrir liggja um kísilmálmverksmiðjuna þá er hér um allt annan markað að ræða og allt annað markaðsverð í sambandi við afurðir, og það er það sem skiptir að sjálfsögðu meginmáli, svo og hvað menn halda um þróun markaðar á þessu sviði. Og þó að hér sé um þungaiðnað að ræða, sem kallar á mikla fjárfestingu að baki hverju starfi, þá er það svo að miðað við veltu, annars vegar járnblendiverksmiðju á Grundartanga og hins vegar þessarar fyrirhuguðu verksmiðju, hygg ég að muni a. m. k. helmingi, sé raunar tvöfaldur munur á fjárfestingu á bak við hvert atvinnutækifæri miðað við

veltu fyrirtækisins, þannig að hér er engan veginn réttmætt að draga samasemmerki á milli þessara fyrirtækja.

Ég skil hins vegar fyllilega áhyggjur þeirra sem líta yfir reynslu Íslendinga af stóriðjubúskap og stóriðjufyrirtækjum til þessa og þá sérstaklega álversins í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, einnig varðandi þau viðskipti sem snúa að orkuverðinu hjá þessum fyrirtækjum. Því var það að undirbúningur að þessari verksmiðju, þar sem Alþb. réði ferðinni í ríkisstj. Gunnars Thoroddsens á sínum tíma, var með allt öðrum hætti en verið hafði í sambandi við undirbúning hinna fyrirtækjanna. Á þetta legg ég áherslu, og án þess að fara langt út í þá sálma minni ég á það, að gert var ráð fyrir því að hér yrði um íslenskt fyrirtæki að ræða, fyrirtæki sem ekki væri talin þörf á að útlendingar tengdust með eignaraðild, þó svo að í lögum um verksmiðjuna sé slíkt ekki útilokað varðandi minnihlutaeignaraðild annarra en íslenska ríkisins. Þá var að þessu verkefni unnið þannig, að Íslendingar væru læsir á forsendur þessa fyrirtækis, tæknilega og markaðslega. Það er að mínu mati forsenda fyrir því að við getum náð árangri í þessum þætti atvinnuuppbyggingar í landinu, stóriðjurekstri, að við vitum hvað hér er á ferðinni, að við þekkjum sem best og höfum full tök á þeim forsendum sem ráða rekstrarafkomu slíkra fyrirtækja.

Það hefur sýnt sig að Íslendingar eru vel færir um að reka slíkt fyrirtæki, byggt á aðfluttri tækni eins og var í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og raunar í álverinu í Straumsvík, og standa þar síst að baki því besta sem er að finna í sambandi við getu vinnuafls, enda er það ekki í frásögur færandi svo vel menntir sem Íslendingar almennt eru og vel verki farnir. Miðað við það að við náum tökum á hinum þáttunum, sem okkur er engin ofætlan ef menn ætla sér það, hafa til þess vilja og stilla þannig saman kraftana að hægt sé að taka á þessum málum út frá íslenskum forsendum, og við beitum okkar hugviti til þess bæði að ná tökum á tækni og markaði, þá óttast ég það ekki þó að við að vissu marki bætum hér við stóriðju, en með allt öðrum formerkjum en verið hefur til þessa í landinu. Og til að ljúka þessu með forsendurnar, eins og þær voru lagðar þegar leitað var lögfestingar á þessu fyrirtæki, minni ég á það, að gert var ráð fyrir því að orkuverðið stæði hið minnsta undir framleiðslukostnaði. Ég heyrði ekki annað í ræðu hæstv. iðnrh. hér áðan en að fyrir því væri enn ráð gert, enda tel ég það algera forsendu fyrir því að skynsamlegt sé að leggja út í slíka uppbyggingu, að við þurfum ekki að greiða þar með orkunni. Af því höfum við dýrkeypta reynslu. Á því á ekki að vera framhald.

Hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir virðist aðhyllast stefnuna annaðhvort-eða ef marka má hennar orð hér áðan. Annaðhvort er að láta útlendingana hirða þetta, sem hún þó í hinu orðinu er mótfallin, eða að við eigum alls ekki að fara út í stóriðju. Hún virðist ekki vilja taka undir þá stefnu sem Alþb. mælir með í þessum efnum, að við tökum á nýtingu orkunnar til iðnaðaruppbyggingar með sama hætti og gert hefur verið og gera ber í sambandi við annan atvinnurekstur í landinu.

Ég hef stundum líkt orkusölustefnunni við þau sjónarmið sem heyra mátti um aldamótin þegar því var haldið fram að Íslendingar ættu ekki sjálfir og hefðu ekki bolmagn til að fara út í togaraútgerð í landinu. Reynslan hefur sýnt hvers við höfum verið megnugir á því sviði. Ég tel að málflutningur þeirra, sem ekki hafa trú á því að Íslendingar ráði við orkunýtingu hér með skynsamlegum hætti og þannig að arðbært verði fyrir þjóðina, sé af svipuðum toga og raddirnar sem heyrðust varðandi sjávarútveginn um aldamótin síðustu.

Um leið og ég lýsi yfir þeirri von minni að samstaða megi takast um afgreiðslu þessarar þáltill. hér á Alþingi fyrir lok þingsins hlýt ég að ítreka þann fyrirvara sem við Alþb.-menn höfum við eignaraðild erlendra fyrirtækja að stóriðjurekstri hér í landinu og það grundvallarskilyrði sem við höfum sett í þeim efnum sem lágmarksskilyrði, að íslenska ríkið eigi a. m. k. meiri hluta í slíkum fyrirtækjum og Íslendingar eigi að stefna að því að ráða þar algerlega ferðinni. Þar verði ekki um sýndarforræði að ræða, heldur forræði í reynd eins og frekast er kostur, einnig varðandi markaðinn.

Ég vil minna á það, að 2. gr. laga nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags skv. 1. gr. skal ríkisstj. heimilt að kveðja aðra aðila sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta. Verði gerðir samstarfssamningar milli ríkissjóðs og annarra hluthafa skal leggja slíka samninga fyrir Alþingi til staðfestingar."

Þetta eru ákvæði laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, þeirra laga sem vísað er til í þeirri till. sem hér er til umr. Af þessum lagaákvæðum leiðir það, að þarflaust er, fyllilega þarflaust, að taka inn í þáltill. sem þessa eða óska sérstakrar heimildar til að leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild á meðan slíkar áþreifingar eru aðeins á byrjunarstigi, og þær geta ekki verið annað á meðan Alþingi tekur ekki til þeirra afstöðu skv. gildandi lögum. Ríkisstj. þarf enga sérstaka heimild Alþingis til að kanna slíka möguleika, ef hún hefur trú á því að það sé skynsamlegt, eins og er ríkjandi viðhorf á þeim bæ.

Það kemur mér einnig nokkuð kynlega fyrir sjónir að sérstaklega skuli vera talað um samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild. Vísa ég þá til þess sem segir í ályktun stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf., sem verið er í raun að taka afstöðu til, niðurstaðna hennar frá því í janúar 1983, þar sem hvatt er til þess að kanna um eignaraðild innlendra aðila fleiri en ríkisins. En mér er ekki kunnugt um að eftir slíku hafi verið leitað eða könnun verið gerð á slíku, sem full ástæða væri þó til að gert verði.

Ég tel auðsætt að sú stefna núv. hæstv. ríkisstj. að leita samstarfs við útlendinga um rekstur þessa fyrirtækis hefur orðið til þess að tefja fyrir framgangi málsins til þessa. Ríkisstj. hefur ekki verið í stakk búin til að taka ákvarðandi á málinu vegna þess að hún hefur ekki leitt neitt til lykta í sambandi við þær áþreifingar sem hún stendur fyrir í sambandi við erlenda eignaraðild. Þannig er það í raun undir viðhorfum útlendinga komið, enn sem komið er, hvenær ákvörðun er tekin um framkvæmdir við þetta fyrirtæki, fyrirtæki sem að mínu mati og okkar Alþb.-manna er fyllilega á færi okkar Íslendinga að standa að óstuddir með eignaraðild

og rekstur.

Ég vænti þess að sú viðleitni, sem hæstv. ríkisstj. hefur uppi í sambandi við þessi efni, leiði ekki til þess að gerðir verði samningar um eignaraðild erlendra fyrirtækja á borð við það sem við höfum reynsluna af í sambandi við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Það er skýrt dæmi um samninga sem ekki fullnægja þeim kröfum og skilyrðum sem við Alþb.-menn setjum í þessum efnum, því að þótt íslenska ríkið hafi þar meiri hluta þá hafa hinir erlendu aðilar vildarkjör og eru ráðandi um markaðsfræðslu fyrirtækisins. Sem dæmi um þau vildarkjör sem þar var samið um við samstarfsaðilann Elkem nægir að benda á, fyrir utan raforkuverðið, svo afleitur sem sá samningur er varðandi það og augljóslega á verulegu undirverði, nefni ég tæknisamninginn um það fyrirtæki, sem færir samstarfsaðilanum 3% af veltu fyrirtækisins fyrir þætti sem Íslendingar með auðveldum hætti geta komist yfir án þess að semja um það með svo fráleitum hætti eins og þessi tæknisamningur ber vott um. Ég nefni það aftur vegna þess að hér er um ekki ósvipuð fyrirtæki að umfangi að ræða og tæknin er á marga lund hin sama, þegar hefur verið tryggt með samningum um kaup á búnaði til verksmiðjunnar að við getum fengið þá tækni sem þarf, og höfum reyndar tryggt okkur aðgang að henni með þessum kaupum og þjónustu framleiðanda, og þurfum ekki á neinum slíkum tæknisamningi að halda, sérsamningi um tæknimálin. Ég tel að Íslendingar og þeir aðilar sem að Kísilmálmvinnslunni hf. hafa unnið séu þegar fullfærir og fulllæsir á þá þætti sem máli skipta um rekstur þessa fyrirtækis. Og ég vil vara við því að við falbjóðum þá þekkingu sem við nú þegar höfum öðlast við undirbúning þessa fyrirtækis þeim aðilum sem hæstv. iðnrh. er nú að láta ræða við. Ég vara við því að við gefum upp í slíkum áþreifingum vitneskju og þekkingu og áform sem geta orðið þessu fyrirtæki til skaða í framtíðinni. Við þurfum að gæta vel að okkar hagsmunum í þeim efnum.

Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja mál mitt nú þó að margt mætti um þetta segja. Ég minni á það, að bygging kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er ekki aðeins vænlegur kostur í orkunýtingu að mati okkar Alþb.-manna, ef rétt er á málum haldið, og ég tek þar undir með stjórn fyrirtækisins, sem hefur tekið undir það mat í sínum ályktunum, heldur hefur þannig verið staðið að þessu máli að það geti verið vænlegur liður í byggðaþróun í landinu með því að velja þessu fyrirtæki stað á Austurlandi, í landsfjórðungi sem býr yfir um þriðjungi af hagkvæmasta virkjanlegu vatnsafli landsins. Eins og ég mun hafa orðað það, þegar ég mælti fyrir frv. til l. á sínum tíma um þetta fyrirtæki, þá er tími til þess kominn að nýting orkunnar hefjist í þeim landsfjórðungi þar sem svo mikla virkjanlega orku er að finna og skynsamlegt að byrja þar ekki með stóru stökki heldur með viðráðanlegu fyrirtæki einnig út frá félagslegum forsendum.

Ég vil svo að endingu hvetja núv. stjórnvöld til að reyna að ná áttum í sambandi við eignaraðildarmál þessarar verksmiðju og reyna að læra af reynslunni í þeim efnum. Ég hvet til þess að áþreifingar um aðild erlendra aðila að þessu fyrirtæki verði ekki til þess að tefja fyrir ákvörðunum um framkvæmdir við verksmiðjuna frekar en orðið er, því að hér er um fyrirtæki að ræða sem er fyllilega viðráðanlegt fyrir Íslendinga og hæfilegt viðfangsefni til að spreyta sig á sem íslenskt fyrirtæki og ástæða til þess, miðað við aðstæður og allar forsendur, að hafist verði handa fyrr en seinna.

Forseti (Helgi Seljan): Ég hafði hugsað mér að reyna að ljúka umr. um þetta dagskrármál, þótt stórt sé, fyrir það þingflokksfundarhlé sem beðið hafði verið um. Ég vil enn freista þess að ljúka umr. um þetta mál, þótt þegar séu þrír á mælendaskrá auk hæstv. iðnrh. Að öðrum kosti hlýt ég að fara að ósk formanns þingflokks Framsfl. og gefa fundarhlé.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal reyna að virða það að stytta mál mitt. Hins vegar get ég ekki orða bundist og finn mig knúinn til að koma í ræðustól eftir að hafa heyrt ræðu hv. 11. þm. Reykv. Fullyrðingar hennar um þetta mál svo og fullyrðingar um stóriðjumál almennt gera það að verkum að ekki er hægt að láta því ómótmælt hér. Sannleikurinn er sá, að sú ræða var svo full af misskilningi, mistúlkunum og rangfærslum að ekki verður látið ómótmælt. Ég ætla að drepa á örfá atriði sem gefa tilefni til athugasemda.

Við skulum átta okkur á því fyrst hvernig stendur á að að því hefur verið stefnt í alllangan tíma hér á Íslandi að efna til orkufreks iðnaðar, að stofna iðnfyrirtæki hér á landi sem nýta mikla orku. Ástæðan fyrir því er auðvitað sú, að við Íslendingar búum við mjög einhæft atvinnulíf. Við erum gríðarlega háðir innflutningi. Við Íslendingar erum sennilega háðari innflutningi en nokkur önnur þjóð á vesturhveli jarðar og til þess að geta staðið undir þeim innflutningi þurfum við að geta framleitt vörur í stórum stíl til útflutnings. Það hefur okkur tekist hingað til með fiskframleiðslu. Okkar sjávarútvegur hefur verið sú stoð sem við höfum byggt okkar útflutning á. Hins vegar er alveg ljóst að það eru miklar sveiflur í sjávarafla frá ári til árs, bæði í aflamagni og markaðir sveiflast upp og niður. Við höfum gamalt íslenskt máltæki: svipull er sjávarafli. Við Íslendingar verðum mjög áþreifanlega varir við það með vissu árabili, nokkuð reglulega. Menn hafa því verið að leita að öðrum leiðum til að geta framleitt vörur til útflutnings í stórum stíl.

Við Íslendingar erum ekki ríkir af náttúruauðæfum. Við höfum fiskinn í sjónum, en að öðru leyti eigum við ekki mikil náttúruauðæfi. Við höfum hvorki málma né hráefni eins og margar þjóðir. Við höfum að vísu mikið af góðu fólki. Við höfum mikla þekkingu innanlands, sem við eigum að sjálfsögðu að nota okkur í sem ríkustum mæli. Hins vegar eigum við eina náttúruauðlind, Íslendingar, sem við höfum verið að leitast við að nýta okkur í vaxandi mæli á undanförnum árum, og það er sú mikla orka sem felst í fallvötnum okkar og reyndar einnig í gufunni í iðrum jarðar og hinu heita vatni. Við eigum þar gríðarlega mikil auðæfi ónotuð, Íslendingar.

Það hefur verið rannsakað af okkar færustu sérfræðingum hversu mikið við getum virkjað af hagkvæmu vatnsafli og hagkvæmu gufuafli og það borið saman við hversu mikið við höfum þegar nýtt af þessu afli. Íslenskir vísindamenn telja að mjög hagkvæmt sé að virkja um 30 terawattstundir hér á landi, en ein terawattstund er um 1000 gígawattstundir. Blönduvirkjun er ca. 725 gwst., svo að ég nefni tölu til samanburðar. Við getum sem sagt með hagkvæmum hætti virkjað 30 terawattstundir eða 30 þús. gwst. í vatnsafli og við

getum með hagkvæmum hætti virkjað 20 þús. gwst. eða 20 terawattstundir í gufuafli. Það eru samtals um 50 terawattstundir sem auðvelt ætti að vera að virkja. Þá er um að ræða fjárhagslega hagkvæmar virkjanir og búið að taka fullt tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Þá er ekki reiknað með að fara í neinar þær virkjanir sem deilur hafa staðið um undanfarin ár vegna náttúruverndarsjónarmiða. Nú þegar höfum við virkjað 4.2 terawattstundir eða um 8% af því afli sem nú rennur óbeislað og ónýtt engum til gagns til sjávar eða rýkur upp í loftið. Við höfum gert áætlanir um virkjanir, sem við teljum að sé allstór biti í háls, fram til næstu aldamóta og ætlum við að virkja nokkuð hratt og virkja stórt. Þá á ég við t. d. Fljótsdalsvirkun, Blöndu-virkjun, Sultartangavirkjun og allar þær virkjanir sem við höfum haft á teikniborðinu að undanförnu. Sú viðbót er einungis 4.3 terawattstundir. Um næstu aldamót eða þegar líður að næstu aldamótum værum við einungis búin að virkja um 15% af hagstæðu virkjanlegu afli hér á Íslandi ef þessi djarflega spá rætist.

Af þessum tölum má sjá að við höfum gríðarlega mikla möguleika fólgna í orku landsins og af þessum tölum má einnig sjá að það er fráleit staðhæfing, sem hér er haldið fram, að sala orku til stóriðju taki frá öðrum möguleikum í atvinnulífi okkar.

Þegar við erum að tala um að vera búnir að virkja 15% af vatnsafli okkar um næstu aldamót gerum við ekki ráð fyrir öðru en að hluti af því fari til stóriðju. Þvert á móti gefur stóriðjan okkur möguleika til þess að virkja í stærri skrefum, reisa tiltölulega ódýrari virkjanir en við mundum reisa einungis fyrir heimamarkað, hvort sem það er hinn almenni heimilismarkaður eða almennur iðnaður. Sannleikurinn er sá, að þó að við höldum mjög vel á spöðunum að byggja upp almennan iðnað hér á landi, sem við auðvitað eigum að gera, er ljóst að aukning orkunotkunar fyrir hvers konar almennan iðnað yrði mjög lítil samanborið við þetta og við mundum að sjálfsögðu ekki virkja nema lítið brot af því sem hér er talað um ef við ætluðum eingöngu að hugsa um heimamarkað og hinn svokallaða almenna iðnað. Þá á ég við bæði lífefnaiðnað, rafeindaiðnað og hvað annað sem tilgreint hefur verið. Ég held því að sú fullyrðing sé alveg fráleit að við séum að taka eitthvað frá öðrum hugsanlegum atvinnumöguleikum okkar með því að huga að virkjunum til stóriðju.

Það er líka röng fullyrðing, sem sett var fram, að framsæknar iðnaðarþjóðir flytji nú stóriðjuna úr landi og komi henni fyrir hjá þróunarríkjum. Ég heyri þessu stundum haldið fram og þessu var slegið fram í ræðu áðan, en þessi fullyrðing er alröng. Það þarf ekki annað en kafa örlítið ofan í þessi mál til að sjá hvað er að gerast.

Það er rétt að Japanir hafa lokað hverju stóriðjufyrirtækinu á fætur öðru hjá sér. En hvers vegna hafa Japanir gert það? Þeir hafa þraukað alveg fram á síðustu stundu og reynt að halda opnum stóriðjufyrirtækjum, eins og t. d. kísilmálmverksmiðju, en urðu að gefast upp haustið 1983. Ástæðan er gríðarlega hátt orkuverð. Þeir búa ekki að vatnsorku eins og við, heldur framleiða þeir raforku fyrst og fremst með olíu og að einhverju leyti með kolum. Fyrir liggur að rafmagnsverðið þar hefur hækkað svo gífurlega að sú vara sem þeir framleiða úr þessum verksmiðjum stenst ekki samkeppni á alþjóðamarkaði.

Svipað er að gerast í Evrópu. Að vísu er allmikið af stóriðjufyrirtækjum í Evrópu og þeim sem þar eru fyrir er haldið gangandi. Hins vegar eru ekki líkur á að í Evrópu verði byggt mikið af slíkum fyrirtækjum til viðbótar. Hugsanlega þó eitthvað í Noregi. Það er eina landið sem hefur einhverja möguleika enn.

Í Bandaríkjunum er svipaða sögu að segja, en ástæðan er sú, að þar er framleiðsla raforku orðin svo kostnaðarsöm að það er ekki hægt að reka stóriðjufyrirtæki með þeim kostum. Aukningin í Bandaríkjunum byggist fyrst og fremst á kjarnorkuknúnum raforkuverum, og reyndar að hluta til í Evrópu einnig, þar sem verðið á raforkunni er einhvers staðar upp undir 40 mill á kwst. Það er að sjálfsögðu ljóst að stóriðjan getur ekki notað sér það miðað við aðra kosti sem slík fyrirtæki eiga varðandi raforkuöflun.

Hins vegar keppa ýmsar framsæknar iðnaðarþjóðir að því að fá orkufrekan iðnað til sín. Ég vil t. d. nefna Kanadamenn. Við teljum til nokkurs skyldleika við Kanadamenn, höfum við þá tengsl eins og allir þekkja, og ég vil ekki telja Kanada þróunarríki. Þar býr rótgróin menningarþjóð með fjölþættan iðnað. En sannleikurinn er að Kanadamenn eru núna, eins og í fiskinum reyndar, okkar hörðustu keppninautar um að laða til sín fyrirtæki sem þurfa að nota mikla orku. Þeir eru mjög grimmir á þeim markaði, bjóða gull og græna skóga ef fyrirtæki vilji komi til Kanada. Það sýnir náttúrlega hversu röng sú fullyrðing er að framsæknar iðnaðarþjóðir séu að stugga orkufrekum iðnaði frá sér.

Sama gildir um Ástralíu. Ástralía er framsækin iðnaðarþjóð. Ástralíumenn gera mikið af því að reyna að laða til sín orkufrekan iðnað og eiga þeir þó ekki möguleika á jafnöruggri og jafnódýrri orku og við Íslendingar, svo að dæmi sé nefnt. Þessi fullyrðing hv. þm. er því alröng.

Ástæðan fyrir því að stóriðja er á undanhaldi í Japan, Bandaríkjunum og Evrópu er hið gríðarlega háa orkuverð og að þjóðirnar þar eru búnar að nýta upp möguleika sína til að framleiða nýja raforku með vatnsafli. Þær eru nú háðar fyrst og fremst olíurafstöðvum, kjarnorkurafstöðvum eða kolarafstöðvum sem eru miklu, miklu dýrari í rekstri. Þess vegna er þróunin nokkuð að breytast. Þetta gerir m. a. að verkum að við Íslendingar stöndum betur að vígi, að mínu mati, nú en oft áður til þess að gera hagstæða samninga um stóriðju.

Við Íslendingar eigum að hætta þeim leik að láta þau atvinnutækifæri, sem við höfum hér á landi, vinna hvert gegn öðru, eins og allt of mikið er ríkjandi í öllum málflutningi um atvinnumál hér á landi. Menn stilla því gjarnan þannig upp að þeir vilja annaðhvort landbúnað eða sjávarútveg, annaðhvort iðnað eða sjávarútveg, annaðhvort iðnað eða landbúnað, almennan iðnað eða stóriðju. Við eigum að nýta alla þessa möguleika okkar út í ystu æsar ef við ætlum okkur að búa á Íslandi við sambærileg lífskjör og nágrannaþjóðir okkar njóta. Ef við gerum það ekki er hætta á að fólksflótti bresti á hér á landi. Við verðum að nýta okkur alla þá möguleika sem við höfum, hvort sem það heitir orkufrekur iðnaður, almennur iðnaður, sjávarútvegur eða landbúnaður. En við eigum ekki að stilla upp þeim kostum sem við höfum, sem eru því miður ekki of margir, alltaf hverjum gegn öðrum.

Ég er áhugamaður um orkufrekan iðnað, en ég tel mig ekki síður vera áhugamann um að efla lífefnaiðnað á Íslandi eða efla hér rafeindaiðnað. Mér dettur ekki í hug eitt augnablik að fara að stilla þessum möguleikum upp hverjum gegn öðrum.

Það er margt sem gæti gefið tilefni til frekari aths., en ég skal verða við tilmælum forseta að stytta mál mitt. Það var spurt um það, hver væru þau fyrirtæki sem rætt hefði verið við í sambandi við kísilmálmvinnsluna á Reyðarfirði. Ég vil skýra örlítið betur hvers vegna við höfum talið að ekki væri æskilegt að gefa upp þau nöfn á þessu stigi.

Um 7—8 fyrirtæki lýstu áhuga á því að ræða frekar við þá sem að þessu starfa á vegum iðnrn. Þessi fyrirtæki voru í Bandaríkjunum, Japan og Evrópu. Sum þessara fyrirtækja hafa sjálf óskað eftir því að ekki sé upplýst að slíkar viðræður eigi sér stað. Það er einnig okkar mat, sem í þessum viðræðum stöndum að það geti skaðað viðskiptahagsmuni okkar og samningamöguleika að leggja öll spilin á borðið og upplýsa hvaða fyrirtæki það eru sem viðræður hafa átt sér stað við.

Við höfum átt um það góða samvinnu við fjölmiðla. Ég skal geta þess að ýmsir fjölmiðlar hafa óskað eftir upplýsingum. Við höfum þá skýrt fyrir þeim að við teljum það ekki heppilegt á þessu stigi að upplýsa það opinberlega. Auðvitað kemur að því fyrr en síðar að upplýsa verður hver þessi fyrirtæki séu. Ég tek það jafnframt fram að sjálfsagt er að afhenda fulltrúum þingflokka upplýsingar þessar sem trúnaðarmál og sjálfsagt er að fara ofan í það rækilega í þingnefnd, þar sem þetta mál kemur til umfjöllunar, hvaða fyrirtæki þetta eru. En ég óska þess mjög eindregið, og vænti slíks að þessum skýringum fengnum, að þm., sem auðvitað hljóta að hafa íslenska hagsmuni í huga öðru fremur, knýi okkur ekki til að gefa upplýsingar sem að okkar mati geta skaðað samningsstöðu okkar og aðstöðu alla í þessum málum.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hefur sennilega ekki heyrt þann kafla ræðu minnar hér áðan sem fjallaði um nauðsyn þess að ná íslensku efnahagslífi upp úr núverandi einhæfni þess og þá kosti sem ég nefndi í því sambandi. Með tilliti til óska forseta um stuttar ræður nú vísa ég hv. þm. á Alþingistíðindi og sé ekki ástæðu til að endurtaka ræðu mína. Þar getur hann í ró og næði lesið um þá kosti sem ég nefndi og nauðsyn þess, sem ég talaði um, að við reynum að auka fjölbreytni íslensks atvinnulífs. Um það getum við verið hjartanlega sammála.

Hv. þm. talaði fagurlega um allt okkar mikla vatnsafl, og sannarlega erum við Íslendingar rík þjóð að eiga alla þessa fossa. En það kostar dálítið að virkja vatnsaflið og þess vegna skiptir öllu máli hvernig við höldum þar á fjárfestingarmálum og gerum ekki þau mistök sem við höfum áður gert í þeim efnum. Um það fjallaði ræða mín og eins og ég sagði sé ég ekki ástæðu til að endurtaka hana.

Þm. taldi óvíst að framsæknar iðnaðarþjóðir séu að stugga orkufrekum iðnaði frá sér og nefndi í því sambandi hátt orkuverð í Japan, Bandaríkjunum og Evrópu. Sannarlega er orkuverðið hátt í þessum löndum. Mér skilst að orkuverð í Japan sé t. d. um 60 mill á hverja kwst. af raforku. En hefur það aldrei hvarflað að hv. formanni stóriðjunefndar að það kunni að vera ákveðin pólitík af hálfu þessara þjóða að hafa orkuverðið svona hátt svo þær geti óhindrað samið um flutning á stóriðju úr sínum löndum til annarra landa? Það langar mig til að biðja hv. þm. að skoða sem möguleika.

Þm. taldi að það gæti skaðað hagsmuni Íslands í þeim samningaviðræðum sem fyrir hendi eru ef opinberlega væri greint frá því við hverja er verið að semja. Ég geri ráð fyrir að þm. leggi þar á sitt mat, en vildi gjarnan fá að vita, og þá fara með sem trúnaðarmál, við hvaða aðila þarna er verið að ræða.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. hæstv. iðnrh., talaði um það hérna áðan að kísilmálmverksmiðjan á Reyðarfirði og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga væru ekki sambærileg fyrirtæki. Það er ekki ýkja langt síðan hv. núv. iðnrh. og hv. þm. voru ekki á sama máli um að svo væri. Ég læt hæstv. núv. iðnrh. og fyrrv. hæstv. iðnrh. eftir að deila um það, nema ef vera kynni að hæstv. núv. iðnrh. sé búinn að skipta um skoðun í því efni.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að eftir því sem hann hefði skilið hæstv. iðnrh. ætti orkuverðið að standa undir framleiðslukostnaði. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að það er ekki mjög viturleg ráðstöfun að selja orku til fyrirtækja undir framleiðslukostnaði. Ég vildi óska að þetta væri rétt, þar sem allar líkur eru á að þetta mál fari í gegnum þingið þótt Kvennalistaþingkonur greiði atkv. gegn því. En eftir því sem stendur á bls. 1 í grg. með þáltill. er því miður ekki svo ljóst að svo muni verða því að eins og ég sagði áðan stendur þar: „Verð á raforku til kísilmálmvinnslunnar skal vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja.“ Ég hlýt að álíta svo — þetta er nú mjög stutt — að hér sé átt við hliðstæð fyrirtæki hér á landi og við vitum að þar er raforkan seld undir framleiðslukostnaði.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi að ég væri þeirrar skoðunar að í þessum málum væri annaðhvort eða, annaðhvort að láta útlendinga hirða þetta allt saman eða þá ekkert, engin stóriðja. Nú þykir mér sem hv. þm. sé farinn að heyra mjög illa, og er hann annars ekki vanur að heyra illa, þannig að e. t. v. hef ég stutt á viðkvæman blett á hv. þm. En því miður er ekki hægt að snúa út úr þessu. Afstaða mín er skýr og einföld. Ég vil enga frekari stóriðju hér á landi og alls engin — ég endurtek: alls engin ítök erlendra aðila í íslensku efnahagslífi frekar en orðið er, sem ég harma. Ég hef fulla trú á því að Íslendingar ráði við orkunýtingu hér, en ekki á sviði stóriðju eins og reynslan sýnir. Stóriðja er þar að auki óarðbær og úreltur atvinnukostur, eins og ég nefndi. Það má segja að stóriðja var hugmynd gærdagsins. Nú er kominn nýr tími og nýr dagur risinn. Og það er kominn tími til að þm. átti sig á því að þessi nýi dagur er risinn í iðnaðarmálum — ekki Íslands enn, heldur heimsins.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hér er um mikilsvert mál að ræða, þar sem er þessi till. til þál. á þskj. 715. Þetta er mikilsvert mál og afdrifaríkt og getur orðið okkur afdrifaríkt um árabil. Það varð t. d. afdrifarík ákvörðun þegar Alþingi ákvað að reisa járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Það væri betra að þessu fyrirtæki vegnaði skár en Grundartangaverksmiðjunni

hefur vegnað til þessa. Þó að bjartsýnismenn séu enn að spá fallega fyrir fyrirtækinu, og vonandi sé eitthvað að léttast byrðin af því, þá höfum við öðlast þar dýrkeypta reynslu. Ég held að við getum slegið því föstu að þetta þjóðfélag rís ekki undir mörgum svona fallít verksmiðjum. Þess vegna væri betur að þessu fyrirtæki vegnaði skár og væri betur undirbúið en Grundartangaverksmiðjan sem þó var reist að ráði færustu sérfræðinga.

Ég kemst ekki hjá því að vekja athygli Alþingis á því að þessi þáltill. er ekki í nákvæmu samhengi við áður gerða samþykkt Alþingis í lögum um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þar hljóðar 3. gr. þannig, með leyfi forseta:

„Í sambandi við hlutafélag skv. 1. gr. er ríkisstj. heimilt að leggja fram allt að kr. 25 millj. í hlutafé í félaginu á árinu 1982 og taka lán í því skyni.

Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:

a) Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.
b) Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.
c) Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstj. heimilt að leggja fram allt að 200 millj. í hlutafé til viðbótar.

Þegar ákvörðun um að leggja fram viðbótarhlutafé hefur verið tekin er ríkisstj. heimilt að kveðja aðra aðila til samstarfs skv. 2. gr. laganna."

Svo hljóðaði 3. gr. laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði sem samþykkt voru á Alþingi 7. maí 1982. Ég átti þá sæti í iðnn. Nd. og var kunnugur þessu máli og hef fylgst nokkuð með því síðan. Ég held að það hafi ekki verið hugsun okkar, sem stóðum að þessum varnagla um að Alþingi þyrfti að leggja blessun sína yfir þetta mál aftur, því að þó að við værum í sjálfu sér jákvæðir vegna hugmyndarinnar um byggingu þessarar verksmiðju, flestir eða allir sem stóðu að þessum varnagla, þá voru þar margir lausir endar sem við vildum fá að festa betur en þá lá fyrir.

En enn er þetta nokkuð í lausu lofti og það sem við höfum við að styðjast þegar okkur er uppálagt að samþykkja hér till. til þál. sem hljóðar svo:

„Með vísun til laga nr. 70 frá 17. maí 1982," — þ. e. lögin sem ég var að lesa úr — „um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, ályktar Alþingi að veita ríkisstj. heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild."

Í grg. er vitnað í skýrslu sem að vísu er orðin nokkuð gömul og hefur nú verið endurskoðuð en liggur hér ekki fyrir við afgreiðslu þessa máls. Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Á grundvelli fyrirliggjandi verðspár staðfesta hinir nýju útreikningar að kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur orkunýtingarkostur."

Ég undirstrika þetta orðalag, „geti verið vænlegur orkunýtingarkostur". Ég er ekki að draga í efa að þetta geti verið vænlegur orkunýtingarkostur en ekki er nú sannfæringarkraftur að baki þessari ályktun. Þar af leiðir að mér sýnist að það hefði að skaðlausu þurft að skoða þetta mál áfram.

Ég vil taka það fram að hér er einungis um heimild að ræða. Það verð ég að segja að ég ber mikið traust til hæstv. núv. iðnrh. Ég hef miklu betra traust á fjármálaviti hans en hæstv. fyrrv. iðnrh. þó góður hafi verið. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er ekkert gefinn fyrir praktískar áætlanir. Hann var í sinni ráðherratíð góður að eyða fé en hann var ekki eins hugsunarsamur um að afla. Þess vegna held ég að þessari heimild sé skár borgið í höndum hæstv. núv. iðnrh. þó að ég sé hins vegar ekki — (Gripið fram í.) Nei, nei, nei, nei, nei, nei, það fólst ekki í orðum mínum þó að ég sé hins vegar ekki að hefja hann á neinn stall.

Það kom hér fram í ræðu hv. fyrrv. iðnrh., Hjörleifs Guttormssonar, að hann var mjög óánægður yfir því að hér skyldi vera dregið fyrr í þessum umr. samasemmerki á milli járnblendiverksmiðju og kísilmálmverksmiðju. Ég vek athygli á að þegar var verið að taka ákvörðun um byggingu járnblendiverksmiðju í þessari stofnun lágu fyrir góðir útreikningar, miklu nákvæmari og betur grundaðir útreikningar, meira að segja í tvígang, stórkostlega vel hannaðir útreikningar um hvað sú verksmiðja mundi skila í þjóðarbúið. Þar gætti mikillar bjartsýni sem því miður hefur reynst óraunhæf. Ég vonast til að þessar bjartsýnu velviljuðu spár Austfirðinga og annarra áhugamanna um byggingu þessarar verksmiðju standist og af þessu fyrirtæki geti orðið einhvern tíma í framtíðinni.

Mér þykir verra hvað horft hefur verið framhjá mengunarþætti þessa máls, en fyrir honum hefur augunum að mestu leyti verið lokað, því miður. Ég held að Reyðarfjörður sé viðkvæmt svæði og vel geti svo farið að þar verði ekki heppilegt svæði undir mannabústaði í nábýli við þessa verksmiðju.

En til þess að svona fyrirtæki eigi rétt á sér verður það að geta borgað orku sem það þarf að nota með sæmilega réttu orkuverði. Það má ekki borga með þessari orku. Rafmagn frá nýjum virkjunum verður of dýrt til þess að nota það í þessu fyrirtæki, svo framarlega sem gengið er út frá þeim spám sem stjórn félagsins hefur lagt til grundvallar. Ekki borgar sig að virkja nema markaður finnist fyrir orkuna og ekki borgar sig að selja orkuna nema að fá kostnaðinn að verulegu leyti uppi borinn. Þarna er um nokkurn vítahring að ræða.

Ég vek athygli á því í framhaldi af hástemmdri ræðu hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar um þá auðlind sem við eigum í orkunni að 50—60% af orkuverðinu er þrátt fyrir allt erlendur kostnaður, því miður. Þegar þessi auðlind er komin í nýtanlegt horf er hún kannske ekki nema að hálfu leyti íslensk.

Við megum ekki steypa okkur í skuldir til þess að reisa orkuver sem síðan tapa á orkusölu. Þess vegna er nauðsynlegt að vanda bæði áætlanir um orkuver og áætlanir um orkunýtingu og reyna að hafa af þessu sem heildstæðasta mynd og sem allra raunhæfasta.

Ég hefði áhuga á því að eyða hér nokkrum mínútum, en neita mér um það í bili, að ræða eignarhald á svona fyrirtækjum. Um það mætti tala langt mál. Ég held að

okkur sé, við fyrirtæki slík eins og þetta, mjög mikilvægt að hafa virk yfirráð yfir öllum þáttum framleiðslunnar.

Þó að hér sé að minni hyggju verið að taka lokaákvörðun um byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er þetta enn skv. orðanna hljóðan einungis heimild. Ég vil láta það verða mín lokaorð að þessi heimild verði vonandi skynsamlega notuð og hún verði heldur látin ónotuð en óskynsamlega notuð.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem tekið hafa undir með till. þessari og víkja örfáum orðum að þeim fsp. og athugasemdum sem fram hafa komið.

Ég tók fram í framsöguræðu minni að í viðræðum við eignaraðila hugsanlega hafi verið greint frá því að framleiðslukostnaður raforku frá nýjum virkjunum á Íslandi væri talinn 18—20 mill á kwst. og væri það grundvöllur raforkuverðs til verksmiðjunnar. Í öllum áætlunum arðsemisútreikninga er reiknað með 18 millum. Þetta er þess vegna lágmarkskostnaðurinn og auðvitað verður lögð á það höfuðáhersla að framleiðslukostnaði verði a. m. k. náð. Við höfum reynslu af eldri samningum og vonandi kemur sú reynsla okkur til góða nú.

Um hvernig því verði fyrir komið, hvort menn kjósa það ráð, vegna eðlis þessara verksmiðja í upphafi að þær eru yfirleitt reknar með halla, að um eitthvað lægra verði samið allra fyrstu árin og síðan mjög hækkandi er allt annað mál. En þegar til lengri tíma er litið hlýtur framleiðslukostnaðurinn að vera hið algjöra lágmark í orkusölusamningunum.

Ég geymi mér það að ræða járnblendiverksmiðjuna sem hv. 5. þm. Austurl. og hv. 11. þm. Reykv. viku einnig að. Við fáum bráðlega trúlega tækifæri til að ræða hina nýju samninga sem við höfum gert við Sumitomo í Japan og Elkem í Noregi. Um það er aðeins það að segja að þessi verksmiðja hefur verið okkur þung í skauti. Þeir útreikningar sem upphaflega voru gerðir og áætlanir stóðust ekki. Hins vegar er náttúrlega til lítils að harma stöðugt liðna tíð og gera ekkert annað. Það er engin ástæða til að klappa þann steininn núna, þegar við einmitt höfum náð því marki að allt bendir til þess að sú verksmiðja verði rekin með hagnaði í fyrsta skipti, muni verða arðbært fyrirtæki sem veitir fjölda manns atvinnu og aflar okkur ómældra gjaldeyristekna. Auðvitað lærum við af þeirri reynslu sem járnblendiverksmiðjan hefur orðið okkur. En núna sjáum við bjartari tíma fram undan vegna þess fyrirtækis líka.

Hv. 11. þm. Reykv. spyr eðlilega: Hvers vegna eigum við að taka áhættu af að reisa slíka verksmiðju? Það er einmitt að þessu leyti sem við erum sammála, að ég vil taka sem allra minnsta áhættu í þessu efni. Ég ætla ekki að hefja deilur við hv. 5. þm. Austurl. eða Alþb.-menn um þann grundvallarágreining sem er milli flokka okkar í þessu efni. Þar sem Alþb. kallar það hina íslensku stefnu að Íslendingar eigi slík fyrirtæki einir og út af fyrir sig og þeir hafi á því alla áhættu, þá er ég annarrar skoðunar, að við eigum að hætta sem minnstu til en hirða afraksturinn af sölu orkunnar og gjaldeyrinn vegna reksturs fyrirtækisins. Mér er fullkunnugt um ákvæði laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði um að Íslendingar skuli eiga a. m. k. 51% í henni. Ég ætla að vona að ég beri gæfu til þess að bera fram brtt., lagabreytingu við þau lög, þar sem væri kveðið á um að minnka hlutdeild okkar svo sem eins og 50% eða svo.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. talar um mikilvægi hinna virku yfirráða. Við skulum ræða þau atriði með hvaða hætti við getum átt aðild að þessu án þess að hætta fjármunum okkar um of. (**Gripið fram í:** Framsfl. skrifaði upp á þessar hugsjónir.) Framsfl.? Við leitum ekki til svardaga eða uppáskrifta hjá samstarfsflokki okkar. Við reynum að semja um hlutina eftir því sem best gerist. Menn hætta ekki til æru sinni í neinu efni, skilst mér. En ég kvíði því ekki að Framsfl. sé ekki tilbúinn til þess af og til að fallast á skynsamlega till., og eins í þessu falli.

Hv. 4. þm. Reykv. Birgir Ísl. Gunnarsson gat þess að að sjálfsögðu geta nöfn þessara fyrirtækja ekki orðið leyndarmál gagnvart hv. þm., þingnefndum eða þingflokkum. Þegar eftir því verður kallað, og hvort heldur sem er, þá verður þingflokkum afhentur listi yfir þessi fyrirtæki sem trúnaðarmál. Aðeins verða ekki gefnar upplýsingar í heyranda hljóði, eins og okkar fundir fara fram á.

Hv. 11. þm. Reykv. spurði hvaða breytingar hefðu átt sér stað sem gerðu þetta álitlegra fyrirtæki en þegar ég sat fyrir svörum trúlega um framhaldið á haustdögum. Það er frá því að segja að mikil breyting hefur orðið á. Það er hækkandi markaður á þessum afurðum, stofnkostnaður hefur verulega lækkað frá því sem upprunalega var ætlað og fleiri atriði koma til þessarar sögu.

Því er haldið fram að litið hafi verið fram hjá mengunarvörnum. Ég veit ekki hvaða mönnum koma slíkar upplýsingar. Það er eftir því sem ég best veit alrangt. Það er einmitt lögð höfuðáhersla á að mengunarvarnir séu með þeim hætti að engin hætta sé á mengun náttúru eða umhverfis. Ég skal ekkert um það dæma hvort Reyðarfjörður er öðrum kostum búinn í þessu efni en flestir aðrir staðir við sjávarsíðu á Íslandi. En þessar rannsóknir halda því fram. Og það verður engin stóriðjuverksmiðja reist á Íslandi þar sem er beinlínis hætta á mengun og náttúruspjöllum það er alveg áreiðanlegt, hvorki við Reyðarfjörð eða Eyjafjörð. Það er ekki ætlan manna, enda hefur þessum vörnum fleygt svo fram að engin hætta er á að til þessa dragi.

Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur að þessi stefna í stóriðjumálum og virkjunarmálum hafi leitt okkur fram á heljarþröm í fjármálum. Það eru allt önnur atriði óspilunarsemi og óráðsíu sem því hafa ráðið á undanförnum árum. Kostnaður við hvert atvinnutækifæri við kísilmálmverksmiðjuna er hár. Kostnaður við byggingu verksmiðjunnar er áætlaður 2000 millj. kr. Ef við ætlum að ársverkin séu um 130, þá geta menn séð að þetta eru háar tölur, 15—16 millj. sjálfsagt, hvert atvinnutækifæri. Þetta er nú hugarreikningur, þannig að ég tek ekki ábyrgð á þessu, en hann er hár, við vitum að í þessum iðnaði er kostnaður við hvert atvinnutækifæri mjög hár, enda er það aðallega orkan sem knýr þessar miklu verksmiðjur og vinnulaun afar lítill hluti af rekstrskostnaði þeirra.

Ég held að ég geti stytt mál mitt. Ég vil aðeins benda á að vitanlega, eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, mun Alþingi hafa framvegis hönd í bagga með þessu máli af skiljanlegum ástæðum, þar sem ríkisstj.

þarf að sækja til þess um heimildir til lántöku og fjármálaútvegunar yfirleitt. Þessi heimild sem gefin er hér er til handa allri ríkisstj., en ekki til handa iðnrh. einum, og ætti hv. 2. þm. Norðurl. v. að vera þeim mun meira í rónni þar sem þar koma fleiri til með heimildina í sínum höndum.

Nefnd mun að sjálfsögðu athuga hvort telja verður að mikil misvísun sé í þessari heimildarályktunartillögu og hljóðan laganna sjálfra, en eins og ég segi og legg áherslu á: vegna laganna og framkvæmdar málsins kemur málið auðvitað eftir hendinni fyrir hið háa Alþingi til ákvörðunar eftir því sem kaupin gerast á eyrinni um framkvæmdir og fjármuni til framkvæmda.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Umr. um þá þáltill. sem á dagskrá er er að mörgu leyti athyglisverð. Eftir umr. að dæma mætti ætla að hv. alþm. hafi ekki mikið velt því fyrir sér hver atvinnumálastefna þjóðarinnar eigi að vera á næstu árum, hvernig við viljum að byggðin í landinu verði í næstu framtíð og hvernig við getum haft áhrif á þau mál. Menn tala hér í hv. deild út og suður án sýnilegra markmiða. Ég tel mikilvæga hagsmuni í húfi fyrir þjóðina í heild að sú stefna sé mörkuð að byggðin haldist með líku sniði og hún er nú.

Umr. hefur leitt í ljós að ótrúlega margir hv. alþm. virðast leggja mestallt traust sitt á orkufrekan iðnað þrátt fyrir þá reynslu sem fengist hefur og margs konar áhættu sem þeim atvinnurekstri fylgir. Menn voru bjartsýnir um afkomu Grundartangaverksmiðjunnar þegar ákvörðun var tekin um byggingu hennar. Hagnaðinn átti að nota til uppbyggingar annars staðar í landinu og óspart vitnað til ýmissa vitringa innlendra og erlendra um hvað sá atvinnurekstur sé álitlegur. Og enn eru teknar ákvarðanir um svipaðan atvinnurekstur og vitnað í og leitað ráða hjá sömu aðilum og um byggingu Grundartangaverksmiðjunnar þrátt fyrir reynsluna.

Hollt væri fyrir hv. alþm. að lesa umr. sem fram fóru á Alþingi er ákvörðun var tekin um byggingu Grundartangaverksmiðjunnar.

En hver er reynslan? Um síðustu áramót var rekstrarhalli þar orðinn rúmar 1200 millj. og framkvæmdastjóri verksmiðjunnar taldi allt útlit fyrir 20–40 millj. norskra kr. halla á árinu 1984. Það getur vel verið að mönnum finnist vera bjart yfir slíkum rekstri en ég get ekki tekið undir það.

Varðandi mengunarhættu tel ég að enga tryggingu sé hægt að gefa. Í því sambandi má benda á t. d. að gerð var breyting á álverksmiðjunni í Straumsvík sem átti að tryggja mönnum að ekki væri nein mengunarhætta eftir þá breytingu. Reynslan er ólygnust. Hún var sú að eftir breytinguna fóru mengunarmörkin yfir hættumörk. Þó að menn fái sérfræðinga, hvaðan sem þeir koma í þessu efni, hef ég a. m. k. þær upplýsingar að hægt sé að fá ýmsa sérfræðinga ef þeim er vel borgað til þess að gefa jákvæðar skýrslur um málið. Ég treysti a. m. k. engu í því efni miðað við þá reynslu sem við höfum.

Varðandi Grundartangaverksmiðjuna vil ég benda hv. þm. á að kynna sér í hvaða sérfræðinga var vitnað þegar þessi mál voru í umfjöllun fyrir einum 10 árum og hver reynslan hefur orðið. Ég man ekki betur en talað væri um að byggja upp atvinnulíf á Íslandi með gróðanum af þessari verksmiðju. Það verður víst lítið byggt fyrir þessar 1200 millj. sem tapið hefur orðið.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur áðan að bent hefur verið á að hið háa orkuverð í sumum löndum væri e. t. v. til að losna við ákveðin fyrirtæki burt vegna þeirrar mengunar sem er í þessum löndum. Manni er líka sagt að skógarnir í Mið-Evrópu séu víða illa farnir og jafnvel að deyja af mengun. Þá er ekki ólíklegt, að þessar þjóðir vilji losna við þau fyrirtæki sem menga mest.

Nú er ég ekki að ræða um þessa verksmiðju á Reyðarfirði, heldur þau orð sem hafa verið látin hér falla. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, formaður stóriðjunefndar, talaði um að sumir settu þetta þannig fram að menn vildu annaðhvort landbúnað, sjávarútveg eða iðnað og settu þetta hvað upp á móti öðru. Ég kannast ekki við þetta. En því getur hæstv. iðnrh. treyst að við framsóknarmenn munum vera tilbúnir að ræða skynsamlegar tillögur. En við viljum ekki flana að neinu.

Ég hef lagt töluverða vinnu í að afla mér upplýsinga hjá þeim mönnum sem best þekkja og ég ætla að halda því áfram því hér er mikið í húfi. Það vil ég segja við hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson, sem ég kann mjög vel við að starfa með, að ég var mjög óánægður með það sem kom fram hjá honum í hans máli, þ. e. við megum ekki taka við neinu sem að okkur er rétt sem getur skaðað náttúru landsins. Hvernig ætlar formaður stóriðjunefndar að fullvissa þjóðina um að þarna sé ekki hætta á ferðum?

En víða úti í löndum vilja menn nú losna við t. d. álverksmiðjur og þess háttar verksmiðjur. Þessi stóriða er eiginlega á fallandi fæti, þeir vilja losna við hana. Þeir vilja nýta sína orku á öðrum sviðum. Það er komið að því að þeir þurfi að endurbyggja margar af þessum verksmiðjum og mengunarvandamálið er það mikið á öllum sviðum að þeir vilja losna við það sem verst er. (**GGS:** Hver er mengunin frá járnblendinu í Hvalfirði?) Ég er ekki dómbær á það, hv. þm. Gunnar Schram. En við sjáum að það er mengun af verksmiðjunni í Straumsvík þrátt fyrir það sem þar hefur verið gert til að koma í veg fyrir mengun. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur skoðað þessi mál og fellt um það sinn dóm. Við hljótum þrátt fyrir frómar óskir að taka meira mark á reynslunni. A. m. k. geri ég það.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki efna til almennra umr. um þessi stóru mál en vil þó taka fram að allir munu nú sammála um að tækni í að eyða mengun fleygi fram.

Þetta mál hefur auðvitað sína þýðingu fyrir Austurland. Það er yfirgnæfandi meiri hluti fylgjandi þessu máli í þeim byggðum sem hlut eiga að því, eins og kunnugt er. Hins vegar hef ég aldrei verið því fylgjandi að byggja verksmiðju af þessu tagi nema líkur séu á því að það fyrirtæki geti borið sig, vegna þess að ef það ber sig ekki leggst það niður og þá er verr af stað farið en heima setið.

Varðandi verksmiðjuna á Grundartanga er það rétt, sem komið hefur fram, að verið hefur stórhalli á þeim rekstri fram að þessu. Ég skal ekki leggja neinn lokadóm á hvernig þeim rekstri reiðir af þegar upp er staðið. Það hafa verið mjög óhagstæðir tímar, miklu óhagstæðari tímar til slíks rekstrar en menn gerðu ráð fyrir þegar verksmiðjan var byggð, og það er kannske fyrst og fremst það sem hefur farið úrskeiðis í þessu efni. En við skulum vona að það stóra fyrirtæki og

þýðingarmikla verði að lokum rekið með hagnaði og verði rekið áfram því að það hefur auðvitað mikla þýðingu í ýmsum efnum.

Stóriðjan sem slík er auðvitað þáttur í enn þá stærra máli, þar sem eru okkar raforkumál, okkar orkuöflun. Við búum við mjög dýrt rafmagn í dag. Ég skal ekki leggja dóm á hvernig hægt er að komast frá því máli, hvernig við getum fengið ódýrara rafmagn með öðrum hætti en þeim að virkja stórt. Ég dreg mjög í efa að við getum í framtíðinni framleitt ódýrt rafmagn nema með því að virkja stórt. Ég held að það sé almennt viðurkennt að stórvirkjanir skili ódýrara rafmagni en smærri virkjanir þó að frá því séu auðvitað fjölmargar undantekningar. En ég held að það sé viðurkennt sem aðalreglan.

Ef það er svo að við getum ekki framleitt ódýrara rafmagn en við gerum nú öðruvísi en að virkja stórt erum við komnir að þeim þætti hvernig á að tryggja markað fyrir þá orku. Þá kemur inn í dæmið m. a. stóriðjan og annar atvinnurekstur.

Það er dýrt að framleiða rafmagn í okkar landi og dreifa því. Við erum svo skelfilega fámennir og dreifðir. Og svarið við því að framleiða ódýrara rafmagn kann að felast í því að virkja stórt. Þetta er spurning um ákvörðun. Þetta er spurning um hvort menn vilja framleiða dýrt rafmagn eða ódýrara rafmagn og taka þá á sig vissa ókosti sem kunna að vera því samfara að framleiða ódýrt rafmagn. Þetta eru valkostir og menn verða að gera upp við sig hvað menn vilja gera.

Ég vil upplýsa það hér, sem hefur raunar komið fram í blöðum, að aðalfundur miðstjórnar Framsfl. gerði ályktun um þetta mál á fundi sínum fyrir nokkrum dögum og beindi því til ríkisstj. að því yrði hraðað.

Ég er fylgjandi erlendri aðild að þessu fyrirtæki. Ég held að það sé traustara og tryggara að erlend eignaraðild komi þarna til. Að hve miklu leyti? Það er spurning. Það fer eftir því hvernig samningum er hægt að ná. Mér fannst hæstv. iðnrh. nokkuð stórtækur þegar hann lagði það allt að því til eða bauð upp á það að minnka íslensku aðildina úr 51% niður í 1%. Hins vegar held ég að það hafi mátt skilja mál hans svo að hann hafi átt við 50% minnkun ef hann þarf á því að halda seinna, þannig að aðildin gæti þá orðið 25 eða 26%. (**HG:** Passar það framsókn?) Það getur vel verið að það passi framsókn, það fer eftir atvikum. Eins og ég sagði áðan álít ég að það fari eftir því hvernig samningar bjóðast hve mikil erlenda aðildin eigi að vera. Ég hef ekki neina fordóma í því sambandi. Ég er fylgjandi þeirri stefnu almennt séð í þessum málum að Íslendingar leitist við að eignast þau fyrirtæki sem hér er um að tefla. Hvað það á að gerast á löngu tímabili er annað mál. Ég held að það hafi verið skynsamleg stefna hjá Norðmönnum. Þeir höguðu sínum málum þannig lengi vel að þeir eignuðust smátt og smátt þessi fyrirtæki. Ég held að það sé skynsamleg stefna að eignast meira eftir því sem mönnum vex fiskur um hrygg.

Ég vonast til þess að Alþingi samþykki þessa þáltill., en vil taka það fram enn þá einu sinni að ég álít hreint óráð að byggja svona verksmiðju og reka svona fyrirtæki nema líkur séu á því að hægt sé að gera það með árangri, þannig að fyrirtækið geti borið sig. Ég held að flestir séu sammála um að svona fyrirtæki muni ekki bera sig fyrsta kastið. Ég held að flestir séu sammála um að það þurfi sinn tíma til þess. Mér hefur heyrst á þeim sem starfa í þessum málum að það sé vaxandi áhugi fyrir erlendri aðild. Það hlýtur að vera vegna þess að menn hafi meiri trú á því að hægt sé að reka fyrirtæki af þessu tagi með sæmilegum árangri.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef hér af tilviljun undir höndum handrit að skýrslu minni um stöðu og starfsemi ríkisfyrirtækja og hlutafélaga á árinu 1983, sem tilheyra starfssviði iðnrn. og ég mun útbýta á hinu háa Alþingi innan fárra daga. Í sambandi við orð hv. 3. þm. Norðurl. e. vil ég taka fram um járnblendiverksmiðjuna að meðaltalsstarfsmannafjöldi árið 1983 var 167 manns í verksmiðjunni. Það er stór vinnustaður og það er glæsilegur vinnustaður og fyrir þá sem hafa komið þangað hlýtur það að vekja mikla athygli hversu hreinsibúnaðurinn er mikilvirkur. Þessi vinnustaður — menn sáu varla handa sinna skil ef þeir komu inn í slíka verksmiðju til að mynda í Noregi hér á árum áður — er nú með þeim hætti að allir ljúka hinu mesta lofsorði á fráganginn.

Þegar menn hafa uppi varnaðarorð vegna mengunarhættunnar eru þau orð ævinlega í tíma töluð, en miðað við þær stórstígu framfarir sem hafa orðið á því sviði held ég að menn geti látið mjög huggast. En við megum einskis láta ófreistað í því að ganga úr skugga um að við hættum engu til, að við verjum og gætum náttúru landsins og þess mikla auðs sem í henni er fólginn. Þetta á að vera mögulegt, að sigla fyrir öll sker og boða í þessu sambandi. En við þurfum að grandgæfa málin og fá allar upplýsingar sem treysta má í því efni.

Sá bati sem varð á rekstri járnblendiverksmiðjunnar árið 1983 hefur haldið áfram á árinu 1984. Fjárhagsáætlun, sem gerð var í nóv. 1983, gerði ráð fyrir tapi á árinu 1984 sem næmi um 36 millj. kr., en nú er sýnt að afkoman verður mun betri. (**Gripið fram í:** Norskar?) 36 millj. ísl. kr. eins og það var í nóv. — Fari svo sem nú horfir verður afkoma félagsins jákvæð nú þegar á þessum ársfjórðungi.

Þegar ég tala um birtu fram undan í rekstri þessa félags er það auðvitað afstætt þegar við höfum í huga hvernig þessi ósköp hafa gengið til allt frá upphafi reksturs verksmiðjunnar þar sem hefur legið við borð að snaraðist alveg um á fyrirtækinu og það hætti rekstri, enda hafa fyrirsvarsmenn þjóðfélagsins haft á orði að það væri næsta við að stöðva og loka.

En þannig standa sakir ekki í dag. Það hafa tekist samningar við erlenda aðila, Sumitomo í Japan, um aðild að félaginu og við höfum tryggt rekstur um ófyrirsjáanlega framtíð. Þegar menn minnast þess að fyrir þremur árum var heildarársframleiðsla þessarar nýjustu verksmiðju í heiminum 32000 tonn af kísiljárni, en nú stefnir í 58 þús. tonn hljóta menn að hafa leyfi til að kalla það glæsilegar framtíðarhorfur. Þegar menn hafa í huga að þetta fyrirtæki skilar nettó 430 millj. kr. í erlendum gjaldeyri hljóta menn að sjá að hér er verðmætt fyrirtæki á ferðinni. Það er úr sögunni allur bölmóðssöngur varðandi þetta fyrirtæki. Þess vegna er það að ég vík að þessu nú af þessu gefna tilefni frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni.

En ég vil svo ítreka þakkir mínar til þeirra sem hafa tekið undir tillögugerð mína og ríkisstj. um að við fáum auknar heimildir til að hraða undirbúningi til þess að taka ákvörðun um byggingu þessarar verksmiðju á Reyðarfirði. Það er byggðajafnvægismál líka. Og það er

alveg áreiðanlegt að nú þurfum við að taka til höndum í þeim efnum, ég og hv. 3. þm. Norðurl. e., því að það eru vissar blikur á lofti í byggðajafnvægismálunum okkar. Þetta er einn þáttur þess.

Ég legg líka áherslu á að ég hef ekki stórbrotnar hugmyndir um að girða þetta land hringinn í kringum með járngrýtis- eða málmgrýtisverksmiðjum. Þær eru ekki að mínum dómi stórbrotnar þær hugmyndir sem ég hef á þessari öld. Það væri kannske í hæsta lagi tvöföldun álversins í Straumsvík, kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði og álverksmiðja við Eyjafjörð — að segja ef við verðum 100% vissir um að sú verksmiðja kæmi aldrei til með að spilla því dýrðarumhverfi sem við þekkjum norður þar. Það verðum við að vera ella gerum við það ekki. Við göngum úr skugga um þetta. (**HG:** Sagði ráðh. 100%?) Ó já, ég nefndi þá tölu — eða hefur hv. þm. aldrei heyrt minnst á það í matematík?

Ég ítreka að sú staða er nú orðin í könnunum okkar um eignaraðild og rekstur þessa fyrirtækis að nú er ástæða til þess að greikka sporið. En enn er ýmislegt ógert, enn er ýmislegt óathugað. Og Alþingi þarf ekki að kvíða því að það muni ekki geta fylgst með málum og einnegin getur það tekið í taumana ef því svo sýnist að ríkisstj. ætli að fara öðruvísi með þetta umboð sem nú er óskað eftir en því sjálfu líst.

ATKVGR.

Þáltill. vísað til atvmn. með 31. shlj. atkv. og umr. frestað.

Fræðslukerfi og atvinnulíf, þáltill. 257. mál (þskj. 475). — Ein umr.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég ásamt hv. þm. Ólafi Jóhannessyni, Jóni Sveinssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Stefáni Guðmundssyni, Guðmundi Bjarnasyni og Þórarni Sigurjónssyni flutt svohljóðandi till. til þál. um tengsl fræðslukerfis og atvinnulífs:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga hvernig unnt er að tengja fræðslukerfið, einkum Háskóla Íslands, við atvinnulíf landsmanna framar því sem nú er."

Á fjárlögum árið 1984 er varið 2.6 milljörðum kr. til fræðslumála af 18.2 milljarða niðurstöðutölum fjárlaga. Það er því varið um 14.3% af heildarútgjöldum fjárlaga til fræðslumála á yfirstandandi ári. Þetta sýnir hve geysistór útgjaldaliður fræðslumálin eru á fjárlögunum, hve útgjöld þjóðarinnar til fræðslumála eru stór þáttur sem verður að nýta sem best, m. a. á hagnýtan hátt.

Það mætti e. t. v. orða það þannig að byltingunni í vélvæðingu sem náði hámarki eftir s. l. heimsstyrjöld sé nánast lokið og framhaldið sé öllu heldur þróun. Á síðustu áratugum hafa helstu atvinnuvegir þjóðarinnar, svo sem sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður, verslun og þjónusta, tekið flókna véltækni í þjónustu sína, þ. á m. margbrotnar og vandmeðfarnar tölvur, og ekki er séð fyrir endann á þeirri þróun. Því er augljóst að atvinnulífið kallar í sífellt vaxandi mæli á aukna starfskunnáttu og þekkingu á því er varðar meðferð, gæslu og viðhald hinna flóknustu véla og vélbúnaðar af ýmsu tagi. Það er því eðlilegt að spurt sé: Er þjóðin nægilega vel að sér í þessum greinum? Hefur fræðslukerfið fylgt þróuninni nægilega vel eftir eða er ástæða til að endurskoða nánar tengslin milli fræðslukerfisins og þarfa atvinnulífsins? Er fræðslukerfið nægilega aðlagað brýnustu þjóðfélagsþörfum? Þessum spurningum og raunar mörgum fleirum þarf að svara.

Ef við lítum í kringum okkur og athugum helstu atvinnutæki íslensku þjóðarinnar blasir við hin flóknasta og margþættasta tækni af ýmsum gerðum. En verðmætustu atvinnutækin eru áreiðanlega fiskiskipastóllinn sem er mjög nýtískulegur þótt skipin eldist með ári hverju. Deilt er um stærð hans og mætti margt um það segja og hefur margt verið um það sagt, kannske helst til margt. Ég álít hann ekki of stóran til að hagnýta það hráefni sem hægt er að afla hér við landið ef aflinn væri fluttur í vinnslu ferskur og í fyrsta flokks standi. Það eru verulega ónýtt tækifæri í fiskveiðum og alltaf of mikil brögð að því að komið sé með lélegt hráefni að landi. En það þarf stóran og vel útbúinn fiskiskipaflota til þess að flytja hráefnið að landi þannig að hægt sé að segja að það sé í fyrsta flokks ástandi. Það ætti raunverulega ekki lengur að tengja nafnið aflakóngur við þá sem fiska flestu tonnin heldur við þá sem skila verðmætustu hráefni að landi með sem minnstum tilkostnaði.

Ákaflega mikil breyting hefur orðið á rekstri útgerðar á tiltölulega stuttum tíma. Nægir þar að nefna olíuverðshækkanirnar árin 1973 og 1979 sem hafa í raun og veru valdið nýjum viðhorfum í rekstri útgerðarinnar. Með hliðsjón af því og sífellt bættri tækni bæði til að finna fiskinn, til allra verka um borð og til að vinna hráefnið og nýta það þarf æ meiri þekkingu á meðferð hinna flóknustu tækja. Sífellt er verið að vinna að ýmsum þáttum útgerðar. Tæknideild Fiskifélags Íslands er t. d. þátttakandi í norrænu rannsóknarverkefni á sviði orkusparnaðar í fiskveiðum á vegum Norfolk sem tæknideildin er aðili að. En tæknideildin hefur ásamt Fiskveiðasjóði allar götur frá 1975 unnið að útvegun búnaðar til mælinga á olíunotkun fiskiskipa.

Á miðju ári 1976 hófust mælingar um borð í ýmsum fiskiskipum. Um seinustu áramót voru orkunotkunarmælar um borð í 268 skipum en mælarnir eru nær allir íslenskir. Talið er að notkun þessara mæla hafi sparað 3.5% af heildarnotkun almennt. Erfiðara er að segja beint til um sparnað við sjálfar veiðarnar. En til mikils er að vinna því að 1% olíusparnaður á íslenska fiskiskipaflotanum jafngildir 16 millj. kr. Margir eru þeirrar skoðunar að flest skip okkar séu mjög óhagkvæm með tilliti til orkusparnaðar. Það eru mörg atriði í gerð skipanna sem hér skipta verulegu máli. Mætti þar nefna atriði eins og t. d. perustefni, skrúfugerð og margt og margt fleira.

Hver er hlutur Háskóla Íslands og vísindamanna okkar í þessum málum um það hvernig á að gera fiskiskip nútímans? Það væri t. d. verðugt verkefni fyrir vísindamenn og fræðslukerfi að standa að hönnun fiskiskipa og vélbúnaðar sem gæti mætt kröfum nýrra tíma og nýrrar tækni þannig að hægt sé að halda úti skipum með góðum árangri.

Ef litið er til fiskvinnslunnar, sem er ein af stærstu atvinnugreinum þjóðarinnar, þá hefur tækninni fleygt fram með ótrúlegum hraða. Komnar eru til sögunnar hinar flóknustu vélar og tæki og nú seinast tölvan í öllu sínu veldi. Eins og ég sagði áður hefur verið rætt mikið um fiskiskipaflotann, stærð hans og fiskistofnanna, og

að sjálfsögðu er rétt að ræða þau mál. Ég held þó að ef málin eru skoðuð af réttsýni komi í ljós að hlutur fiskiskipaflotans ásamt þeim stórstígu framförum í fiskvinnslu, sem hafa orðið á seinasta áratug, í okkar þjóðarframleiðslu, okkar þjóðartekjum, sé gífurlega stór og verulega mikill þáttur í því að á seinasta áratug, áratugnum 1970—80, jukust þjóðartekjur Íslendinga verulega umfram það sem var meðaltal efnuðustu þjóða heimsins, þ. e. þeirra þjóða sem eru aðilar að OECD eða Efnahags- og framfarastofnuninni.

Svo haldið sé áfram og komið að stjórnuninni þá hefur tæknin og tölvan leyst af hendi á fljótvirkan hátt hin ýmsu störf og skapað ný viðhorf í stjórnunarmálum. Sama má segja um landbúnaðinn eins og fiskveiðar og fiskvinnslu. Flóknar og stórvirkar vélar eru þar sífellt að koma til sögunnar og hafa margfaldað afköstin. Það þarf býsna mikla þekkingu og kunnáttu í meðferð tækja og véla til þess að búa vel nú á dögum. Ekki þarf í þessu sambandi að ræða háþróað iðntæknisþjóðfélag nútímans með hinum flóknustu og fíngerðustu tækjum og tilfæringum. Það sama hefur skeð í verslun og raunar hvers konar þjónustu. Má t. d. nefna samgöngutæki, vegagerð, byggingartækni o. s. frv.

Auðvitað fer fram margþætt tilraunastarfsemi sem snertir atvinnulífið. En það er einnig þörf á að efla verkmenntun og starfskunnáttu á fleiri sviðum en þeim sem sérstaklega snerta vélabúnað og tækni. Margs konar önnur menntun og starfsþjálfun getur komið atvinnulífinu að gagni. Þ. á m. er brýnt að efla hönnunarmenningu þjóðarinnar, þjálfun sölumanna, stjórnunarfræði og fleiri greinar hagnýtrar verkmenningar og síst er að vanmeta nauðsyn skipulegrar þjálfunar starfsmanna í fyrirtækjum, enda nauðsynlegt að efla verkmennt þjóðarinnar á öllum stigum starfsskiptingar atvinnulífsins en ekki í hinum hærri þrepum einum saman. Slík rækt við almenna verkmenntun mun leiða af sér traustara verkmenningu þjóðarinnar og gera hana hæfari til stórra átaka í arðbærri framleiðslu af ýmsu tagi.

Ég tók eftir því fyrir einum 30 árum síðan þegar ég var við framhaldsnám við bandaríska háskóla að háskólarnir í Bandaríkjunum gera mjög mikið að því að hafa samvinnu við hin ýmsu fyrirtæki í atvinnulífinu um þjálfun og menntun starfsmanna. Ungir menn á uppleið í hinum ýmsu stóru fyrirtækjum eiga kost á því að sækja námskeið við háskólana til þess að fylgjast með öllum nýjungum í sínum greinum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að ein af ástæðunum fyrir því að Bandaríkin eru langsterkasta framleiðsluþjóðfélag heimsins er að þau hafa tengt fræðslukerfið, háskólana, tilraunastarfsemina o. s. frv. nánum tengslum við atvinnulífið. Sama er auðvitað að segja um margar stórþjóðir aðrar. Ég nefni þjóðir eins og t. d. Breta, Vestur-Þjóðverja og Frakka.

Þrátt fyrir þörfina á sérhæfðu námi í nútímaþjóðfélagi má ekki missa sjónar á því hlutverki skólanna að koma nemendum almennt til nokkurs þroska. Ég greindi frá því áður að kostnaður ríkisins við fræðslumálin næði 14.3% af fjárlögum. En lítum svolítið nánar á framhaldsskólastigið og reynum að gera okkur grein fyrir því hvernig það hefur þróast á undanförnum árum. Í ljós kemur að á 7. áratugnum voru útskrifaðir milli 500—600 stúdentar á hverju ári. Árið 1981 munu þeir hafa verið nálægt 1300. Stúdentar Háskóla Íslands eru nú að því er mér hefur verið tjáð 4140 talsins og stúdentar við erlenda háskóla um 2200. Það eru því nær 6500 stúdentar sem eru við nám í háskólum innanlands og utan eins og sakir standa. Árið 1983 útskrifuðust 409 kandídatar úr Háskóla Íslands.

Fyrir 1970 munu líklega hafa verið 6 skólar sem útskrifuðu stúdenta, 4 menntaskólar, Verslunarskólinn og Kennaraskólinn. Nú eru stúdentsprófsskólar taldir a. m. k. 20, líklega 9 fjölbrautaskólar, 8 menntaskólar, tveir verslunarskólar og einn einsbrautarskóli, þ. e. Kvennaskólinn í Reykjavík. En til viðbótar hafa fjölmargar skólabrautir sem liggja áleiðis upp í framhaldsstigið og eru síðan tengdar brautum stúdentsprófsskóla.

Þá hefur námið tekið miklum breytingum, t. d. stúdentsprófsnám. Í stað tveggja deilda menntaskóla liggja nú a. m. k. 25 námsbrautir til stúdentsprófs. Þá hefur bekkjakerfið verið lagt niður í mörgum skólum og áfangakerfi komið á í staðinn.

Það er dálítið athyglisvert að framhaldsskólanám er ekki samræmt í landinu og ekki liggur fyrir hvaða námsbrautir með t. d. sama nafni í tveimur skólum eru að miklu leyti með sama námsefni. Það eru á ferðinni mörg kerfi og vil ég nefna nokkur: Framhaldsskólakerfið á Norðurlandi sem er nokkuð vel samræmt og mikið og stöðugt samráð og samstarf á milli skólanna, kerfi fjölbrautaskólanna á Suðvesturlandi utan Reykjavíkur, framhaldsskólanna á Austurlandi og Menntaskólans í Hamrahlíð, kerfi Fjölbrautaskólans í Breiðholti, kerfi Menntaskólans í Reykjavík, kerfi Menntaskólans við Sund og kerfi Verslunarskóla Íslands. Til viðbótar við þessi ýmsu kerfi starfa svo nokkrir litlir skólar, hver með sínu kerfi. Þar má nefna Menntaskólann í Kópavogi, á Laugarvatni, Ísafirði og fleiri.

Nú er ég ekki að tala fyrir því að allir skólar eigi að vera í sama farinu og með sama kerfi, en það gæti verið spurning hvort þetta er ekki of laust í reipunum og væri ástæða til þess að taka þessi mál til endurskoðunar. Ég hef ekki séð neins staðar á neinum stað upplýsingar um þessi skólakerfi eða námsleiðir eða hvaða efni er kennt í hverju skólakerfi. Full ástæða væri til þess að fyrir lægju upplýsingar, helst nákvæmar upplýsingar um hvernig þessi mismunandi skólakerfi eru í raun og veru. Það gæti verið, eins og ég sagði áður, þörf á því að samræma þessi kerfi að einhverju leyti frá því sem nú er.

Vegna þessara mismunandi skólakerfa er dálítið erfitt fyrir Háskólann að fylgjast með undirbúningi þeirra nemenda sem koma til náms. Framhaldsskólarnir kvarta undan lélegum undirbúningi grunnskólans. Háskólinn kvartar undan lélegum undirbúningi sumra stúdenta. Margir skólamenn álíta að auka ætti samband milli hinna ýmsu skólastiga þannig að t. d. Háskólinn þekkti betur til þekkingar væntanlegra nemenda.

Hinn merki skólamaður Guðmundur Arnlaugsson, fyrsti rektor Menntaskólans í Hamrahlíð, sagði efnislega í ræðu sem hann flutti á ráðstefnu BHM 26. nóv. s. l. að við upphaf kennaraferils síns fyrir stríð hefðu nemendur oft brotist áfram af dugnaði og elju við erfiðar aðstæður. Hann sagði að þegar hann bæri þessa gömlu vini sína saman við slakasta hluta nemenda í seinni tíð, sem létu berast með straumnum án verulegs áhuga eða hugsunar, gæti hann ekki varist þeirri hugsun að víst væri þessu fólki hollt að ögn erfiðara væri að komast hjalla af hjalla í skólakerfinu. Hann sagði og

orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held að framhaldsskólinn verði að sætta sig við að vera víður inngöngu og reyna að gera sem best við alla sem í hann koma. En ég held jafnframt að hann ætti að vera þröngur útgöngu, hann ætti að gera talsverðar kröfur til nemenda sinna og ekki hika við að láta þá hverfa úr skólanum sem ekki sinna þeim kröfum."

Þetta er almennt um skólakerfið, engin tæmandi úttekt, það er langt frá því, en á þetta er minnst til að skýra nauðsyn á rækilegri úttekt þessara mála.

Sjálfsagt og rétt er að viðurkenna það að fræðslukerfið hefur um margt leitast við að fylgjast með tímanum og ýmislegt hefur verið og er vel gert í þessum efnum. Margir sérskólar starfa á tæknisviðum og búa nemendur undir vandasöm störf í þágu atvinnuveganna. Má þar nefna t. d. Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólann, Tækniskólann, búnaðarskólana og þar með Búnaðarháskólann á Hvanneyri, iðnskólana, Fiskvinnsluskólann og ýmsa fjölbrautaskóla með brautir á véla- og tæknisviði. Ýmiss konar námskeið fara einnig í vöxt. Útgerðartækni hefur verið kennd við Tækniskólann síðustu 6—7 árin, en annars hefur kennslu í sjávarútvegsgreinum lítið verið sinnt til þessa á æðsta stigi fræðslumála. Þó er þetta okkar þýðingarmesti atvinnuvegur.

Sama má raunar segja um iðnaðinn. Þó er ástæða til þess að geta um að verkmenntaskóli tekur til starfa á Akureyri núna í haust, en þessum skóla er ætlað að verða annar meginskólinn á framhaldsskólastigi á Akureyri auk Menntaskólans á Akureyri og taka við hlutverki Iðnskólans á Akureyri, Húsmæðraskólans og framhaldsdeildar gagnfræðaskólans. Það mun hafa verið í lok ágústmánaðar 1981 sem þáv. menntmrh., Ingvar Gíslason, tók fyrstu skóflustunguna við fyrsta áfanga þessa skóla sem tekur til starfa núna í haust. Þessi skóli verður framhaldsskóli sem tekur við nemendum að loknu grunnskólaprófi og verður starfræktur skv. námsskrá um framhaldsskóla á Norðurlandi.

Þær námsbrautir sem helstar verða kenndar við skólann verða: heilsugæslusvið sem útskrifar sjúkraliða í samvinnu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, húsmæðraskólasvið, einkum í formi námskeiða auk matvælabrauta, tæknisvið, þ. e. almennt samningsbundið iðnnám, verklegt nám í málm-, raf- og tréiðnum, framhaldsnám í vélsmíði og húsasmíði, tvö fyrstu stig vélstjóranáms, auk framangreindra deilda Tækniskóla og tækniteikningar, uppeldissvið og viðskiptasvið. Þessi skóli er hugsaður þannig að hann eigi fyrst og fremst að veita fólki starfsréttindi í atvinnulífinu. Ætlunin er að taka upp fleiri námsbrautir þegar meira húsnæði verður til staðar í skólanum. Núv. hæstv. menntmrh. gaf út heimild í nóv. s. l. til skólans um að hann mætti útskrifa þegar á fyrsta starfsári sínu stúdenta á viðskiptasviði og síðar á uppeldis- og heilbrigðissviði.

Þá er rétt að geta þess að fyrrv. menntmrh., Ingvar Gíslason, skipaði nefnd undir forustu Valdimars K. Jónssonar, prófessors, á grundvelli þáltill., sem Guðmundur Karlsson fyrrv. alþm. flutti og fékk samþykkta hér á Alþingi, um að koma á fót kennslu í sjávarútvegsgreinum við Háskóla Íslands. Þessi nefnd hefur skilað áliti og er það til umfjöllunar hjá rn., samtökum sjávarútvegsins og fleiri aðilum. Þá er rétt að geta þess einnig, að á síðasta ári var ráðinn endurmenntunarstjóri við Háskóla Íslands og hefur hann staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Iðntæknistofnun hefur einnig í undirbúningi námskeið fyrir unga menn sem gegna vandasömum störfum í iðnaði.

Það sem ég hef nú minnst á er engin tæmandi upptalning á skólastarfinu heldur er hér aðeins drepið á nokkra þætti til að skýra það mál sem ég er að tala fyrir. Núv. hæstv. menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, lýsti því yfir þegar hún tók á s. l. ári við ráðherrastörfum að hún hefði áhuga á tengslum milli fræðslumála og atvinnulífs. Þegar í júlímánuði s. l. skipaði hún fjölmenna nefnd um tengsl atvinnulífs og skóla. Þessi till. til þál. er því ekki flutt sem gagnrýni á menntmrh. seinustu ára, sem ég hygg að allir hafi haft áhuga á þessu máli, heldur í þeim tilgangi að freista þess að Alþingi lýsi yfir vilja sínum í þessum mikilvægu málum.

Ýmsar skoðanir eru á lofti um það hvernig Alþingi skuli haga vinnubrögðum sínum. Sumir vilja að Alþingi starfi allt árið með tiltölulega stuttum hléum. Ég er í þeim hópi sem tel farsælt að Alþingi starfi frá byrjun okt. fram í byrjun maímánaðar, að sjálfsögðu með jóla- og páskaleyfum. Hins vegar vildi ég gjarnan sjá fleiri nefndir þm. starfa milli þinga, eða svokallaðar milliþinganefndir sem tíðkuðust meira hér áður fyrr. Mjög lítið hefur verið um það að settar hafi verið á fót milliþinganefndir til þess að starfa að þýðingarmiklum málum, a. m. k. nú á seinni árum. Ég er þeirrar skoðunar að þetta verkefni sé svo viðamikið og svo brýnt að vel takist til um löggjafarstarf í því að tengja saman fræðslukerfið og atvinnulífið að æskilegt væri að sett yrði á fót mþn. í þessu máli. Það er spurning hvort ætti að gera það strax eða hvort það ætti að gera t. d. á næsta þingi, t. d. í haust og nefndin starfaði svo áfram því að ekki hvarflar að mér að hægt sé að ljúka starfi af þessu tagi á stuttum tíma. Það tekur langan tíma og þarf að vanda vel til þess.

Ef nefnd yrði skipuð í málið í haust og hún starfaði svo á milli þinga eftir þingið næsta vetur gæti hún áreiðanlega hagnýtt sér það starf sem nefndin, sem er að starfa að þessum málum, skilar frá sér og gæti stuðst við þá starfsemi, en það eru fyrst og fremst sérfræðingar í skólamálum sem starfa í þeirri nefnd. Þm. gætu stuðst við það starf varðandi upplýsingaöflun og fleira sem að gagni gæti komið í sambandi við þessi mál. Ég vildi gjarnan beina því til þeirrar hv. nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi í samráði við menntmrh. hvort skynsamlegt væri að setja milliþinganefnd í þetta mál.

Ég er í dálitlum vafa um það en ég legg til að málinu verði vísað til hv. atvmn. Mér finnst það eðlilegt þar sem hér er í raun og veru um að ræða öðrum þræði mál sem mjög snertir atvinnulífið og legg til að henni verði vísað þangað.

Ég vil svo ljúka máli mínu, herra forseti, með því að ítreka og undirstrika það að ég álít að Íslendingar hafi ekki enn þá náð nándar nærri nægilegum tökum á því að tengja skóla- og fræðslukerfið við atvinnulíf landsmanna. Mér er sagt að þessarar þróunar gæti einnig talsvert víða í Evrópu. Hins vegar held ég að Ameríkumenn hafi í þessum efnum náð meiri og sterkari tökum á sínum fræðslumálum en flestar aðrar þjóðir. Það er svo allt annað mál að deila má um fræðslukerfi þeirra Ameríkumanna að ýmsu öðru leyti því að þetta er aðeins einn þáttur fræðslumálanna.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að

eftir umr. verði málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjúkra- og iðjuþjálfun í heilsugæslunni, þáltill. 288. mál (þskj. 555). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Fyrir þessari till. mætti gjarnan hafa langa framsögu, en ég skal reyna að hafa hana mjög stutta. Hún er um skipulagt átak til aukinnar sjúkra- og iðjuþjálfunar í heilsugæslunni og er þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir skipulegu, samræmdu átaki til þess að koma sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun inn á heilsugæslustöðvar landsins sem allra fyrst. Kannað verði rækilega hversu tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans. Efldir verði möguleikar Vinnueftirlits ríkisins til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuaðstöðu.

Leitað skal samráðs um þetta átak við samtök launafólks og vinnuveitenda, svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega."

Ég ætla ekki að fara yfir grg., heldur lesa upphaf hennar þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginatriði löggjafar okkar um heilsugæslu snýr að hinum fyrirbyggjandi aðgerðum, að koma í veg fyrir sjúkdóma, hindra þá í stað þess að vera sífellt að fást við afleiðingarnar með misjöfnum árangri. Vissulega hefur þar mikið áunnist í mörgum greinum og má nefna krabbameinsleit og athuganir á þeim sjúkdómi alveg sérstaklega, svo og rannsóknir og eftirlit varðandi hjartasjúkdóma. Ómetanlegt starf hefur þar verið unnið, enda forvarnarstarfið ævinlega árangursríkast ef rétt er að staðið. Vitanlega má þó enn betur gera og virkja heilbrigðisstéttir og sjálfboðaliða, svo og fyrst og fremst allan almenning til enn stærri átaka í forvarnarstarfi og á enn fleiri sviðum en nú er."

Ég læt þetta nægja, en til áhersluauka varðandi þetta er þessi till. flutt.

Í grg. er vikið að því hver ástæða er fyrir þessari till. að öðru leyti, en ég hirði ekki um að taka þá löngu grg. upp, sem þar er, heldur vík ég að örfáum atriðum í tengslum við þetta, — bendi þó á það eitt, að hér geta margir að unnið, skólarnir alveg sérstaklega fyrir utan heilsugæslustöðvarnar og heilbrigðisstéttirnar í heild sinni, skólarnir alveg sérstaklega varðandi sína heilsurækt, vinnueftirlitið til þess að fara nánar ofan í vinnuaðstöðuna á vinnustöðunum enn frekar en nú er varðandi bæði vinnubrögð og vinnustellingar, eins og segir í ályktuninni, og einnig er þetta slíkur hagur fyrir samtök launafólks og vinnuveitenda, fyrir launafólk í landinu og vinnuveitendur almennt, að víða hafi slíkir aðilar, þar sem ég hef kynnt mér mál í öðrum löndum, gert stórátak á því sviði að koma inn á vinnustaði hjá sér ákveðinni sjúkra- og iðjuþjálfun og telja sig hafa þar hið mesta gagn af varðandi betra heilsufar fólksins, betri vinnuafköst og meiri vinnuánægju almennt.

Í grg. segir reyndar að flm. hafi leitað til sér fróðari aðila um þetta efni og því verði gerð skil í framsögu. Hér læt ég nægja að vísa til þess sem segir í grg. Hér er um býsna flóknar fræðigreinar að ræða, sem ég hygg að sé ekki auðvelt að skilgreina í stuttu máli, svo að ég vel þann kost í samráði við þá aðila sem hér kunna gleggst skil á og eiga langa skýrslu í fórum sínum hér að lútandi að stikla aðeins á því stærsta.

Í fyrsta lagi er rétt að víkja að námskröfum sem gerðar eru til iðjuþjálfa og sjúkraþjálfa. Hér er orðið um býsna erfitt nám og fjölþætt að ræða og það liggur mikil starfsþjálfun að baki. Menntunarkröfurnar eru þær, að til þess að komast í þessar greinar báðar þarf stúdentspróf og síðan er nám á háskólastigi. Hjá sjúkraþjálfurum er þetta þannig, að þetta geta verið 2—3—4 ár a. m. k., eftir því hversu langt er farið og mikið numið. Ég hlýt í því sambandi að vekja athygli á þeim miklu takmörkunum sem eru á fjölda þeirra sem inngöngu fá árlega í Háskólann í sjúkraþjálfun, alveg sér í lagi með tilliti til þess skorts sem hefur verið á lærðum sjúkraþjálfurum þó úr hafi nokkuð ræst hin síðustu ár. Endurhæfingarstöðvar okkar hafa t. d. til skamms tíma verið með erlenda sjúkraþjálfara, ágæta starfskrafta, en flestir hafa þeir horfið til síns heima, og nú mun þannig ástandið í Háskólanum að þar mun aðeins 16—18 hleypt inn á þessa braut árlega. Það heltast alltaf einhverjir úr lestinni. Ég hygg að það sé rétt að núna í vor muni aðeins 10 útskrifast á sama tíma og ég hef það fyrir satt að Gigtarfélaginu gangi illa að fá sjúkraþjálfara á sína nýju ágætu stöð og er þó þörfin ærin.

Nú draga læknar, sem best hafa hér vit á, ekkert úr því hversu mikla nauðsyn ber til þess að fá enn fleiri sjúkraþjálfara til starfa alveg sér í lagi svo að snúa megi sér að fyrirbyggjandi aðgerðum jafnhliða þjálfun og endurhæfingu. Hér er því eitthvað ekki sem skyldi þegar svo mjög er þrengt að um inntöku nemenda í þessa grein, svo þýðingarmikil sem hún er talin.

Varðandi iðjuþjálfa gildir það hins vegar, eins og ég sagði áðan, að þar er stúdentspróf vissulega forsendan og síðan kemur þriggja ára háskólanám, erlendis vel að merkja, því að iðjuþjálfabraut er ekki til hér á landi. Það er enn erfiðara að fást við það nám, enda miklu færri í þeirri stétt.

Það er rétt að víkja að stöðu þessara stétta innan heilbrigðisþjónustunnar. Ég vitna þar í lög og bendi á að bæði sjúkra- og iðjuþjálfun er meðal verkefna heilsugæslustöðvanna, sbr. 19. gr. heilsugæslulaganna 1. töluliðs sem orðast svo, með leyfi forseta:

Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á — og hér segir í fyrsta lagi: almenn læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun o. s. frv. Hér er skýrt að orði kveðið. Í tölulið 3 er talað um læknisfræðilega endurhæfingu, sem er vart hugsanleg án þessara stétta.

Varðandi starfsstéttirnar er enn ekkert í lögum um iðjuþjálfa, enda er þar um alltof fámenna stétt að ræða enn þá. Iðjuþjálfar óskuðu hins vegar eftir því í endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustuna á síðasta þingi að þeim yrði bætt inn í upptalningu starfsstétta á heilsugæslustöðvum. En mönnum þótti nóg í þeim áfanga að bæta sjúkraþjálfurum við því að 1. tölul. 17. gr. laganna hljóðar nú svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráða skal hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar og skulu þeir skipaðir af ráðh. að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar og taka laun úr ríkissjóði."

Lagastoðin er mjög ljós hvað þetta snertir, sérstaklega þó varðandi sjúkraþjálfarana eins og ég tók fram, en iðjuþjálfun er hins vegar einn viðurkenndra þátta starfsins á heilsugæslustöðvum. Það vita þó allir að hvort tveggja er enn allt um of dauður bókstafur og raunar eru hin stærri sjúkrahús landsbyggðarinnar hvergi nærri með þá endurhæfingarþjónustu sem vera skyldi, hvað þá hin smærri eða sjúkrahús eða sjúkraskýli.

Ég get þó ekki stillt mig um að benda á að sjúkrahúsið í Neskaupstað þar sem er nú um stundir hin ágætasta þjónusta af þessu tagi, en hún kann að vera mjög tímabundin. Hún er rómuð af öllum sem þar þurfa að ná sér eftir margvísleg slys eða veikindi, en óvíst er um hversu lengi þeir starfskraftar, sem þar eru, munu halda þar starfi sínu áfram, vonandi sem lengst. Ég bendi einnig á dæmi frá mínu heimasvæði, einnig frá heilsugæsluselinu á Breiðdalsvík, ekki einu sinni heilsugæslustöðinni, þar sem sjúkraþjálfari er í vetur og hefur slíkar annir að til hennar sækir fólk frá Djúpavogi, Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði og biðlistinn lengist stöðugt. Dómur fólksins eystra, hvort sem er í Neskaupstað eða á Breiðdalsvík, svo að ég taki þessi tvö dæmi, eða á Egilsstöðum, þar sem þessi þjónusta hefur verið öðru hverju er allur á einn veg og margir hafa þar fengið verulega bót sem þeir annars, og þar legg ég áherslu á, hefðu þurft að sækja til endurhæfingarstöðvar með ærnum kostnaði fyrir sig og ríki ekki síður, vegna þess að þegar fólk fer á þessar endurhæfingarstöðvar eru þar ólíkt meiri upphæðir að veði varðandi daggjöld þeirra stöðva, sem ríkið greiðir að fullu.

Gildi þessa starfs úti á stöðvunum fer því ekki milli mála og m. a. sagan frá Breiðdalsvík varð mér enn frekari hvatning til að vekja á þessu máli verðskuldaða athygli, en aðalástæðan til þess er sú persónulega reynsla sem ég hef því miður þurft að hafa af þýðingu þessara stétta. Ég veit af eigin raun hversu miklu þær geta skilað ef þar er vel að málum staðið. Ég veit líka að æðstu yfirvöld heilbrigðismála hafa mikinn áhuga á átaki í þessum efnum, vissum áföngum sem unnt væri að ná, en mér er líka sagt að allar tilraunir í þá átt að framfylgja 17. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hafi strandað á s. l. hausti vegna algerrar synjunar á stöðum sjúkraþjálfa á heilsugæslustöðvum þó að hæstv. heilbrmrh. hafi leitað þar mjög eftir að fá ákveðnar stöðuheimildir þar. Ég skil þessa synjun illa því að virk sjúkraþjálfun á heimastað skilar ótrúlega miklum sparnaði, ekki síst þegar til lengri framtíðar er litið.

Það er langt liðið á þetta þing og vart unnt að telja till. þessa annað en kynningartillögu rétt til að vekja athygli á brýnu og þörfu máli, áherðingu á þeim lagaákvæðum sem fyrir eru og hvatning til að gera átak í þessum málum um leið og bent er á þá fjölmörgu aðila sem að málinu ættu réttilega að koma, svo sem samtök vinnuveitenda og launþega. Kynning þessi meðal almennings er brýn og ætti að vera sjálfsagður þáttur í heilsurækt skólanna, eins og ég sagði áðan, og almennri heilsurækt um leið. Það er full ástæða til að fylgja þessu máli eftir og verði ekki tök á því eða virðist ekki til þess tími nú að afgreiða málið, eins og ég reikna svo sem með, þá mun það endurflutt að ári því að fullvissa mín er sú að fátt gerir þingið þarfara en það að leggja aukna áherslu á forvarnarstarf í okkar heilbrigðismálum.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að loknum þessa hluta umr. verði þessari till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 92. fundur.

Miðvikudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Skógrækt, frv. 212. mál (þskj. 775). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. 321. mál (þskj. 652). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. til Nd.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. 256. mál (þskj. 677 (sbr. 473)). — 3. umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örstutt. Þetta frv. er nú til lokaumr. hér í hv. deild og ekki vil ég tefja framgang þess. Ég fékk hins vegar í hendur frá einum þm. Norðurl. e. bráðsnjallt bréf með hugmynd, sem mér sannast sagna þykir vert að koma hér í þingtíðindi, þó ekki verði meira að sinni. Ekki síst er ástæða til að viðra slíka hugmynd þegar menn hafa sýnt þessu máli skilning og velvild, en haft um leið ærnar áhyggjur af kostnaði þeim sem af þessari framkvæmd allri leiðir, og þeim sérstaklega sem þurfa að greiða þann kostnað.

Bréfið er svohljóðandi, hæstv. forseti, reyndar stílað á þm. Norðurl. e., þannig að ég reiknaði nú með því kannske að þeir kæmu þessu hér á framfæri, og er frá Heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðar:

„Með tilvísun til kynningar undirritaðs og héraðslæknis, Ólafs Oddssonar, á erfiðleikum varðandi framkvæmd laga nr. 50 1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, á fundi með yður 21. sept. 1983“, þ. e. þm. Norðurl. e. hafa sérstaklega fjallað um þetta ásamt héraðslækninum þar og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar. Svo segir í bréfinu áfram: „Eins og fram kom eru helstu erfiðleikarnir þeir, að forsvarsmenn sveitarfélaga telja nýja skipan heilbrigðiseftirlits kosta sveitarfélögin aukin fjárútlát án þess að þeim séu tryggðir tekjustofnar á móti. Ýmsar tillögur munu hafa komið fram til að auka tekjustofna sveitarfélaga til að mæta þessum kostnaði, t. d. með sérstakri skattlagningu á eftirlitsskyld fyrirtæki, eins og er varðandi Vinnueftirlit ríkisins.

Nú langar mig að viðra við ykkur hugmynd mína um lausn á þessum vanda eða a. m. k. hluta hans. Í frv. til laga um tóbaksvarnir, sem nú mun liggja fyrir hv. Alþingi, er mér tjáð að heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar eigi að hafa eftirlit með að þessum lögum verði framfylgt. Ef af þessu yrði sýnist mér eðlilegt að leggja ákveðna prósentu ofan á verð tóbaks til að mæta þessum kostnaði.“ Og það er nú gert, að vísu ekki í prósentum heldur prómill í því frv. sem liggur fyrir þessari hv. deild nú um tóbaksvarnir. Síðan segir áfram í bréfinu: „Lauslega reiknað virðist mér að 2% álag á tóbak, sem á núverandi verðlagi væru 2% af 44.10 kr. eða 88 aurar á hvern vindlingapakka, alls 19—20 millj. kr., nægði til að standa straum af öllum kostnaði heilbrigðisnefnda á landinu, skipt milli svæða skv. höfðatölureglu. Einnig væri hugsanlegt að hluti álagsins rynni til Hollustuverndar ríkisins, t. d. ⅓ hluti, og afgangurinn skiptist á heilbrigðiseftirlitssvæði samkv. höfðatölureglunni og sveitarfélögin greiddu það sem á vantaði.

Ég vil taka það fram að útreikningar eru ónákvæmir, en byggja á upplýsingum um að meðaltalsneysla á hvern íbúa landsins séu 89 pakkar af vindlingum og 6 pakkar af vindlum.

Tillaga þessi er send í þeirri von að málið verði skoðað sem innlegg til lausnar á fjármögnun heilbrigðiseftirlits og stuðli þannig að því að starfsemin geti farið fram lögum samkvæmt.

Virðingarfyllst,
Valdimar Brynjólfsson, framkvæmdastjóri“.

Ég fékk þetta bréf því miður of seint í hendur til að geta formað og gengið skikkanlega frá brtt. við frv. með betri og fyllri upplýsingar að baki. En ég bið menn að hugleiða efni þessa bréfs með mér til næsta þings. Þá þykir mér rétt að skoða þetta mál í fyllstu alvöru og flytja frv. þar að lútandi, ef engir sérstakir annmarkar sýnast í vegi fyrir því að þessi framkvæmd gæti átt sér stað, og þrátt fyrir það að mönnum sé býsna illa við að taka upp nýja markaða tekjustofna, eins og við vitum að fjmrh. og fjárveitingavaldið í heild hefur verið nokkuð andvígt.

Þetta vildi ég að hér kæmi fram nú þegar þetta frv. væri að verða að lögum og kostnaðarhlið heildarlaganna hefur verið mjög í sviðsljósinu, alveg sérstaklega í Nd.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að lengja umr. um þetta mál, en vegna þess sem hv. síðasti ræðumaður gat um, og það er rétt að þetta bréf kom seint í hans hendur, sem hann las raunar upp og var að vitna til, held ég að ég sé ekki að brjóta neinn trúnað þó að ég skýri frá því að 2. umr. var frestað um einn dag eða tvo að beiðni hv. þm. Helga Seljans. Skrifaði hv. þm. vísu á nál. á þskj. 751, handskrifaða að vísu, í tilefni þess að hann bað mig að fresta umr. Vísan er svona:

Aðeins bíddu augnablik,
engin verða læti.
En ef þú tekur óvænt strik
áttu mig á fæti.

Þannig kvað Helgi Seljan.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 803).

Höfundalög, frv. 153. mál (þskj. 219, n. 778, 779). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið um langt skeið til umfjöllunar í menntmn. Þetta er frv. til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73 29. maí 1972.

Eins og fram kemur í nál. bárust allmargar umsagnir til nefndarinnar um þetta mál. Flestar þessara umsagna eru mjög jákvæðar í garð frv. Segja má að athugasemdir sé fyrst og fremst að finna í umsögn Neytendasamtakanna þó að ég fari ekki nánar út í það. Einnig barst nefndinni bréf frá fjmrh. þar sem vikið er að frv.

Það sem olli mestum heilabrotum í hv. menntmn. var sú gjaldtaka sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. Má segja að sú gjaldtaka sé eitt meginefni þessa frv. En mig langar, herra forseti, til að lesa upp aðfaraorð frv., ef ég má svo að orði komast:

„Tækniframfarir á síðari árum hafa haft í för með sér stórfellda röskun á hagsmunum og réttindum höfunda, listflytjenda og annarra rétthafa skv. höfundalögum. Umfangsmikil og almenn not eru nú höfð af verkum höfunda, svo sem með ljósritun, fjölritun, hljóðritun og myndritun, án þess að endurgjald komi fyrir.

Frá sjónarmiði höfundaréttar eru ofangreind not með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er um að ræða einkanot, sem lögmæt og heimil eru skv. 11. gr. höfundalaga. Svo mikið kveður hins vegar að þessum einkanotum nú orðið að ekki verður lengur ætlast til þess að höfundar uni þeim bótalaust. Er með frv. lagt til að lagt verði sérstakt gjald á tæki og tilfæringar til upptöku verka á hljóðbönd eða á myndbönd í þágu einkanota, en heimil einkanot verði ekki þrengd frá því sem nú er í lögum. Í öðru lagi hafa ýmiss konar ólögmæt not af verkum höfunda farið sívaxandi. Verður af þeim sökum að gera ráðstafanir til að auka vernd höfundaréttinda. Er í frv. lagt til að það verði gert með breytingum á réttarfarsákvæðum höfundalaga og ákvæðum um viðurlög við brotum á höfundarétti“

Þessi aðfaraorð, sem ég nefndi svo, lýsa í stuttu máli hvað við er átt með flutningi þessa frv. Eins og ég hef þegar getið um flutti nefndin brtt. Þessi brtt. varðar gjaldið sem nefnt er í 1. gr. frv. Fram kom að sitt sýndist hverjum hvers eðlis þessi gjaldtaka ætti að vera, hvort þetta yrði gjald eða skattur í eiginlegri merkingu þess orðs.

Af þessu tilefni og vegna þeirra umr. og ábendinga í þessu sambandi, sem komu frá fjmrn. og frá Verslunarráði Íslands, og vegna annarra umr. og ábendinga ritaði höfundaréttarnefnd bréf og ég held að rétt sé að ég drepi aðeins á meginefni þessa bréfs, með leyfi herra forseta, en þar stendur:

„Mælt er fyrir um gjald í frv. fyrir afnot af verkum höfunda en ekki skatt, enda er hvorki á því byggt að gjaldið fari um ríkissjóð né að þörf sé á milligöngu innheimtumanna ríkissjóðs vegna greiðslu þess. Á sviði höfundaréttar er alþekkt að gjald fyrir afnot verka sé innheimt án þess að í hverju einstöku tilviki sé unnt að sannreyna hvaða verk hafi verið notuð. Má þar sem dæmi nefna ákvæði 21. gr. höfundalaga og reglur nr. 232 1974 um þóknun til höfunda vegna opinbers

flutnings bókmenntaverka og tónverka við guðþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir. Þar sem í frv. ræðir um gjald fyrir afnot af verkum er njóta verndar höfundalaga er ekki eðlilegt að það sé ákveðið einhliða í lögum án samráðs við þá aðila sem hagsmuna hafa að gæta. Í samræmi við meginreglur höfundaréttar er því gert ráð fyrir því í frv. að samráð verði haft við heildarsamtök rétthafa svo og innflytjendur og framleiðendur þótt ráðh. eigi hins vegar að hafa lokaorðið um gjaldið. Er það sami háttur og var á hafður við setningu ofangreindra reglna nr. 232 1974.

Sömu viðhorf hafa hvarvetna ráðið ferðinni þegar gjald fyrir einkaafnot af verkum höfunda hefur verið ákveðið, svo sem í lögum í Vestur-Þýskalandi og Austurríki, og þar sem till. hafa verið gerðar um slíkt gjald, t. d. af hálfu finnsku, sænsku og dönsku höfundaréttarnefndanna, hefur hvergi svo kunnugt sé verið lagt til að gjald af þessu tagi verði ákveðið í lögum.

Í Finnlandi hefur fyrir skömmu verið lagt fram lagafrv. sem í meginatriðum er sama efnis og umrætt frv. til breytinga á íslensku höfundalögunum.

Í Danmörku og Svíþjóð liggja fyrir till. í sömu átt af hálfu höfundaréttarnefndanna þar. Ekki er vitað til að nokkur hafi vakið máls á því í tilefni af þessum till. að slíkt höfundaréttargjald kynni að teljast skattur og lúta þeim sérstöku reglum sem um skatta gilda. Er í álitum þessara nefnda gerður skýr greinarmunur á höfundaréttargjaldi annars vegar og skatti hins vegar.“

Ég taldi rétt, herra forseti, að drepa niður í þetta bréf, þetta álit höfundaréttarnefndar. En þrátt fyrir það sem stendur í þessu bréfi var það niðurstaða nefndarinnar að ákveða þetta gjald í lögum eða í frv. Sú ákvörðun er að mínum dómi ekki einhliða eins og vikið er að í áliti höfundaréttarnefndar. Ég segi það vegna þess að haft hefur verið samband við hagsmunaaðila eða fulltrúa hagsmunaaðila, þ. e. höfundaréttarnefnd í þessu sambandi.

Eins og raunar fram hefur komið varðar brtt. fyrst og fremst gjaldið sem fyrirhugað er að taka skv. 1. gr. Ég fer ekki að lesa upp alla mgr. en niðurlag fyrri mgr. 1. gr. yrði þá á þessa lund:

„Gjald af tækjum nemi 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Gjald af auðum hljóðböndum nemi 10.00 kr. en 30.00 kr. ef um auð myndbönd er að ræða. Menntmrh. setur nánari reglur um gjald þetta, þ. á m. um verðtryggingu gjaldsins.“

Ekki er í sjálfu sér ástæða til þess að fara fleiri orðum um þetta. Ég vil þó geta þess að í n. urðu töluverðar umr. um það hvort slík gjaldtaka væri eðlileg, m. a. með tilliti til þess hversu dýr þessi varningur er hér á landi. Þetta er eins og kunnugt er hátollavarningur og almenningur þarf að greiða fyrir hann hátt verð. Aðrar greinar frv. eru að mínum dómi óþarfi að fara yfir, þær skýra sig sjálfar. Að endingu ítreka ég það að n. leggur einróma til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég þykist hafa gert grein fyrir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Frsm. menntmn. og formaður, hv. 5. þm. Vesturl., hefur gert ítarlega grein fyrir þessu máli í sinni framsöguræðu. Ég vil aðeins með örfáum orðum leggja á það áherslu að að meginefni til er hér um brýnt mál að ræða þar sem þetta frv. fjallar um að herða mjög viðurlög við misnotkun á efni og eignarrétti annarra — við skulum bara kalla hlutina réttum nöfnum — við þjófnaði á efni. Ég held að það sé mjög til bóta.

Að því er önnur ákvæði frv. varðar, m. a. þetta gjald sem lagt er á hljóðbands-og myndbandsspólur, vil ég aðeins undirstrika það, sem raunar kom vel og greinilega fram hjá frsm., að forsenda stuðnings míns við þetta frv. er sú að þetta leiði ekki til hækkunar á útsöluverði á þessum vörum. Þær eru þegar í mörgum tilvikum helmingi til þrisvar sinnum dýrari hér en þær eru í nágrannalöndunum og eru því vinsæll flutningur í farteski ferðamanna til landsins þó að alls ekki sé hægt að tala um að það sé beinlínis um smygl að ræða því að menn hafa leyfi til að versla fyrir þann ferðagjaldeyri sem þeir fá eitthvað til sinna einkanota svo sem venja hefur verið.

En það getur ekki gengið að svona mikill verðmunur sé á þessum hlutum, það leiðir okkur í ógöngur eins og menn vita. Mér er tjáð að myndsegulbandstæki séu meðal þess vinsælasta sem menn reyna að koma með ólöglegum hætti inn í landið. Þess vegna beini ég því til hæstv. fjmrh. að við þá endurskoðun tollalaga og tollskrár sem nú er í gangi verði þess gætt að þessi gjöld sem leggjast nú á þessar vörur horfi ekki til lækkunar á útsöluverði eða öllu heldur að tollar á þessum vörum verði lækkaðir verulega frá því sem nú er.

Ég hygg að ekki sé ósanngjarnt að sú leið sé farin hér sem farin hefur verið í flestum grannlöndum okkar að leggja á þetta nokkur gjöld, ekki há að vísu, eins og hér er gerð tillaga um. En ég legg ríka áherslu á það að þetta verði ekki til að hækka enn frekar útsöluverð á þessum varningi. Hæstv. fjmrh. hefur að ég hygg sýnt mikinn skilning á því máli og ég vona að framkvæmdin verði sú sem ég hef hér gert grein fyrir. Ég styð þetta frv. ásamt öðrum nm. með þeim breytingum sem til hafa verið lagðar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég get ekki sem fjmrh. lofað því að það gjald, sem um er rætt hér í frv. til l. um breytingu á höfundalögum nr. 73 frá 29. maí 1972, komi ekki til með að hækka þær vörur sem hér um ræðir. Ég ætla ekki að mæla á móti þessu frv. en ég vil svara úr því að til mín var beint spurningum. Ég vil líka draga athygli að 1. gr. og með leyfi forseta lesa hana. Þar segir:

„Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd til einkanota með heimild í 1. mgr. þessarar greinar.“

Þetta finnst mér ekki óeðlilegt. En síðan heldur áfram:

„Greiða skal gjald af tekjum til upptöku verka á hljóð- eða myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð-og myndböndum og öðrum böndum sem telja má ætluð til slíkra nota.“

Þarna eiga höfundar verka sem hugsanlega gætu komið á bönd eða yrðu notuð á þessum tækjum að greiða skatt til höfunda almennt. Ég tel það óeðlilegt að hugvit þeirra sem hafa fundið upp tækin og tæki þeirra skuli vera notuð til fjáröflunar fyrir höfunda verka sem hugsanlega fara á bönd eða verða leikin á þessi tæki.

Síðan vil ég benda á í framhaldi af þessu að „menntmrn. setur nánari reglur um gjaldið, þ. á m. um

viðmiðun þess og fjárhæð, að höfðu samráði við heildarsamtök rétthafa svo og innflytjendur og framleiðendur.“ (**Gripið fram í:** Það er komin fram brtt. um það.) Já, ég er að ræða um frv. en ekki brtt., en ég þakka fyrir. Frv. óbreytt er því að mínu mati eins fjarri fjmrn. eins og getur verið í þesssum tilfellum. Það er menntmrh. sem setur allar reglur um gjöldin, hvort sem það er í brtt. eða í frv. Ég vil bara benda á að þetta er að mínu mati óeðlilegt.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Það virðist alveg ljóst að meiri háttar ágreiningur er um þetta mál innan ríkisstj. fyrst fjmrh. kemur hér upp og gerir veigamiklar athugasemdir við kjarnaatriði í frv. Ég held að stjórnarflokkarnir þurfi þá að gera það upp við sig hver sé afstaða þeirra til málsins og hvernig þeir ætli að standa að því. Ekki geri ég ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. komi hér og geri athugasemdir við algjör kjarnaatriði í málinu og meginatriði en greiði síðan atkvæði með því vegna þess að það er stjfrv. Það væri a. m. k. mjög óvenjuleg afstaða. En ég hygg að það hljóti að koma til athugunar hjá stjórnarflokkunum hvort ekki sé rétt að fresta afgreiðslu þessa máls ef sá ágreiningur er uppi sem mér virðist vera af því sem hæstv. fjmrh. hefur nú sagt.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. beindi til mín spurningum áðan hvort ég mundi koma í veg fyrir að gjöld þau sem hér um ræðir yrðu til að hækka útsöluverð til neytenda. Það er spurning sem hann beindi til mín áðan.

Ég var að svara honum um leið og ég gat þess að ég teldi óeðlilegt að innheimta þessa gjalds af hugviti annarra til höfunda væri í höndum menntmrn. skv. bæði brtt. og frv., þ. e. að ákveða gjaldið og hvernig það skuli innheimt. Að sjálfsögðu innheimtir fjmrn. sín gjöld og sína skatta skv. lögum þeim sem eru hverju sinni.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið að a. m. k. hv. 5. landsk. þm. hafði sinn fyrirvara að vissu leyti við stuðning við þetta frv. í því sambandi að þessi nýja gjaldtaka mundi ekki hækka þann varning sem um er rætt í 1. gr. frv.

Hæstv. fjmrh. hefur tjáð sín viðhorf til frv. Ég skil það afskaplega vel að e. t. v. á hann erfitt með að gefa afdráttarlausar yfirlýsingar í þessu sambandi. Þó vil ég vitna til þess bréfs sem n. barst frá fjmrn. sem er undirritað af Sigurgeiri Jónssyni og Höskuldi Jónssyni. Þar stendur á einum stað, með leyfi forseta:

„Þær till. sem nú er unnið að varðandi tollskrá o. fl. ganga í þá átt að lækka gjöld en ekki hækka á ofsköttuðum vörum. Í þriðja lagi gengur endurskoðunarstarfið út á að fækka gjaldstofnum en ekki að fjölga þeim.“ Er þá vitnað í þetta frv. og talið að verið sé að fjölga gjaldstofnum og setja þetta gjald undir sama hatt og almenna skatta. Fer ég ekki nánar út í það.

En ég vil hiklaust draga þá ályktun af þessum orðum í þessu bréfi að stefnan verði sú að lækka gjöld á þessum hátollavarningi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður en ég held að hæstv. fjmrh. hafi misskilið það sem ég sagði og þá kannske vegna þess að ég hafi ekki talað nægilega skýrt. En ef hæstv. fjmrh. gæfi sér aðeins tíma til að hlýða á þau orð sem ég ætlaði til hans að beina þá var það meginatriði míns máls að hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir því við þá endurskoðun tollskrár, sem nú er yfirstandandi og hann hefur margoft vikið að hér í þessum ræðustóli, að tollar á þessum varningi yrðu lækkaðir. Það má vera að ég hafi ekki verið nægilega skýrmæltur en ég var ekki að krefjast þess að hann lýsti því yfir hér og nú að hann lækkaði tolla sem þessu nýja gjaldi næmi. Ég ýjaði hins vegar að því hvort það væri hið æskilega. Ég veit að yfir stendur endurskoðun á tollskrá og ég veit að vilji hæstv. fjmrh. stendur til þess að lækka tolla þar sem misræmi er jafnmikið og í þessu tilviki. Ég vil bara að þetta komi skýrt fram að það var eiginlega mitt meginmál að við þessa endurskoðun, sem væntanlega lýkur áður en langt um líður, verði þess gætt að tollar á þessum varningi verði lækkaðir þannig að ekki komi til þess að hann hækki í útsöluverði.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við það frv. sem hér er á ferðinni, fyrst og fremst vegna aðalefnis þess sem er að styrkja stöðu íslenskra höfunda, styrkja stöðu þeirra sem skapa íslensk menningaverðmæti, styrkja höfundarétt almennt. Höfundar hafa löngum átt undir högg að sækja vegna þess að erfitt er að hafa eftirlit með því hvenær rétti þeirra er fullnægt í notkun almennra neytenda.

Það hafa alltaf verið í gildi frá því að farið var að hyggja að hagsmunum höfunda sérstakar og óvenjulegar reglur um rétt þeirra. Ekkert fer á milli mála að það frv. sem hér er á ferðinni felur í sér mjög sérstæðar og óvenjulegar reglur sem m. a. felast í því að verið er að leggja gjald á þá sem kaupa ónotaðar hljóðbandsspólur og myndbandsspólur án þess að neinar sönnur séu á það færðar eða fyrir fram vitað um það hvort þeir nota þær á síðara stigi til þess að taka upp verk íslenskra höfunda eða ekki. En vegna þess að ekki aðeins rökstuddur grunur leikur á því heldur full vissa manna er um það að í mjög mörgum tilvikum eru spólur af þessu tagi notaðar til að fjölfalda efni sem íslenskir höfundar eiga rétt að þykir þó eftir atvikum rétt, ef svo mætti að orði komast eins og gert er í dómsniðurstöðum stundum, að taka upp þessa sérstæðu reglu að innheimta afgjald af höfundarétti sem notaður er á segulbandsspólum og hljóðbandsspólum með innheimtu sértaks gjalds þegar spólurnar eru keyptar óháð hinu hvort þær verða síðar notaðar í þessum tilgangi eða ekki.

En vegna þess að þessi sérstaka gjaldtaka er svo óvenjuleg og sérstæð leiðir það aftur af eðli máls að hún sker sig kannske nokkuð úr með ýmsum hætti og ekkert einkennilegt að sérfræðingar fjmrn. telji ýmislegt óvenjulegt við þessa gjaldtöku og sérstætt og í litlu samræmi við það sem almennt tíðkast við skatttöku hér á landi. En það þarf ekki að þýða að gjaldtakan sé óeðlileg eða ónauðsynleg og enn síður að hún eigi ekki rétt á sér.

Ég get vel fallist á ýmsar þær athugasemdir sem fram koma hjá sérfræðingum fjmrn. Vissulega hefði komið til greina að fjmrn. hefði innheimt þetta gjald og skilaði því síðan. Vissulega hefði komið til greina að haga innheimtunni með allt öðrum hætti en lagt er til í þessu frv. En það er um tæknileg atriði að ræða sem mér sýnist að skipti þó ekki höfuðmáli í þessu sambandi. Höfuð-

máli skiptir að höfundur nái rétti sínum og að samþykkt þessa frv. verði til styrktar íslenskri menningu. Þó að ég geti vel séð einn og annan ágalla á þessu máli ætla ég alveg hiklaust að styðja það eins og það kemur af skepnunni, eins og stundum er sagt, eins og það kemur frá þeim sem það hafa undirbúið og óháð því hvort afleiðingin verður sú að þessi ákveðnu tæki og bönd hækki eitthvað í verði eða ekki. Hér er um svo óverulega hækkun að ræða að ég held að tilgangurinn helgi meðalið í þessu tilviki.

Þó vil ég eindregið taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni og raunar fleirum sem tekið hafa þátt í þessari umr. að ég teldi eðlilegt og raunar þarflegt að fjmrh. beitti sér fyrir því að lækkuð yrðu gjöld að sama skapi á þeim tækjum sem hér eiga hlut að máli þó að ég geri það vissulega ekki að neinu úrslitaatriði við afgreiðslu málsins. Það mál verður vafalaust tekið til athugunar á síðara stigi. Eins og fram kom í bréfi fjmrn. er stefnt að því að samræma gjaldtöku af ýmsum vörum sem fluttar eru til landsins og bera í dag óhæfilega há gjöld. Stefnt er að því að lækka gjöldin þar sem þau eru allra hæst. Í mörgum tilvikum er um tæplega 200% skatt að ræða, ég man nú ekki töluna nákvæmlega en ég hygg að hún sé ekki fjarri lagi að vera einhvers staðar í kringum 180% þar sem gjaldtaka ríkisins verður hæst þegar allt er talið saman, á þeim vörum sem mest eru skattlagðar. Þessar vörur flokkast þar undir og gætu því hugsanlega lækkað eitthvað í verði þegar þessari endurskoðun lýkur.

Ég treysti því eins og fleiri ræðumenn að hér eigi sér stað viss samræming og þessar vörur lækki í verði. Það er þó ekki úrslitaatriði frá mínu sjónarmiði og ég styð megintilgang frv. alveg heils hugar óháð því hvernig fer um þessa endurskoðun og hvenær hún á sér stað. Því að þetta er sannarlega gott mál sem á eftir að verða íslenskri menningu til styrktar.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Það er sjálfsagt að bera í bakkafullan lækinn að benda á að þetta sé þarft mál, ég held að það fari ekkert á milli mála. Það er kannske dálítið erfitt fyrir menn að átta sig á nokkuð breyttum vinnubrögðum sem verður nánast að viðhafa vegna breyttra aðstæðna í okkar þjóðfélagi. Mjög erfitt er að fullnægja eignarrétti höfunda inni á heimilum fólks með öðrum hætti en lögin gera ráð fyrir, þ. e. þessum almenna hætti. Þó að ég hafi lýst yfir ákveðnum efasemdum við þessa innheimtuaðferð strax við 1. umr. þessa máls hef ég eftir langa umhugsun ekki getað fundið aðra betri ef maður er á annað borð samþykkur því að reyna að bæta mönnum með einhverjum hætti þá meðferð efnis þeirra sem ekki verður öðruvísi bætt.

Það er aðeins eitt atriði í þessu frv. sem ég geri dálítinn fyrirvara við þó að ég ætli mér að greiða atkv. með því. Það er í seinustu mgr. 1. gr. þar sem talað er um sérstaka innheimtumiðstöð. Þó að hér sé talað um gjaldtöku en ekki skatta eða tolla held ég að þetta gjald verði þó að teljast vera þess eðlis sem talað er um í 40. gr. stjórnarskrárinnar að engan skatt skuli á leggja eða af taka nema með lögum. Ég hef í raun og veru þann sama fyrirvara um þessa framkvæmd eins og ég hef lýst yfir um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Hér er verið að koma upp sjálfstæðum innheimtuaðila, nánast utan lögsögu, og þetta er að mínu mati ekki nauðsynlegt. Rn. sjálft hefur umboð til þess að fara með þessi mál ef þannig er á málum haldið og því kemur til álita að mínu mati að bera hugsanlega seinna meir fram brtt. við þetta. Innheimtumiðstöðin er fyrst og fremst sett upp til þess að úthluta þessu gjaldi því það á að úthluta því með ákveðnum hætti til aðildarfélaga Bandalags ísl. listamanna þannig að þau geti nýtt sér þetta gjald til sameiginlegra afnota og full þörf trúlega á stofnuninni sem slíkri en ekki nein ástæða til þess að hún hafi neina hönd í bagga með innheimtu gjaldsins.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil ekki fara að orðlengja þessar umr. frekar, a. m. k. ekki mikið meira, en málið er að teygja anga sína út fyrir kjarnann eins og oft vill verða í umr. En það var ákveðin spurning frá hæstv. 5. landsk. þm. sem ég tel mig hafa svarað. En síðast þegar hv. þm. stóð upp fór hann að tala um tollskrá almennt og það er alveg rétt sem þar kom fram og ég hef margoft sagt hér og vil ítreka með því að lesa til hlítar það sem hér var lesið upp úr grg. eða réttara sagt minnisblaði til ráðuneytisstjóra í fjmrn. og hljóðar svo:

„Þær till. sem nú er unnið að varðandi tollskrá o. fl. ganga í þá átt að lækka gjöld en ekki hækka á ofsköttuðum vörum. Í þriðja lagi gengur endurskoðunarstarfið út á það að fækka gjaldstofnum en ekki fjölga þeim eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Af þeirri ástæðu m. a. mæli ég með því að lagst verði gegn því í núverandi mynd."

Ég les þetta til að klára það sem á vantaði í upplestrinum áðan. Þetta er álit ráðuneytisstjóra og forstöðumanns tolladeildar í fjmrn. Ég hef ekki tekið afstöðu gegn frv. sem slíku, ég hef látið það afskiptalaust fram að þessu. En ég vil benda á að ég hef fulla heimild til þess að hafa frjálsa skoðun hvaða embætti sem ég gegni og hvort sem ég styð frv. í heild eða ekki, burtséð frá því hvort hér er um eitthvert sérstakt réttlætismál að ræða eða ekki. Það eru margir aðrir í þjóðfélaginu sem gætu kallað á sams konar réttlæti. Mér liggur við að segja það sem hvíslað var að mér áðan og mér þótti svo ágæt setning: Við konur erum ekkert að heimta jafnrétti við erum að heimta hefnd. — Þetta er í svipuðum dúr.

Fram kemur hér í 1. gr. að „greiða skal gjald af tækjum til upptöku verka á hljóð- eða myndbönd til einkanota, svo og af auðum hljóð- og myndböndum og öðrum böndum sem telja má að ætluð séu til slíkra nota". Þetta er hugvit annarra manna en þeirra sem eiga þau verk sem tekin eru upp. Það er það sem ég er að gera athugasemd við. Þá er ég líka að gera athugasemd við það, ég er að benda á það og þá óháður hvaða embætti sem ég gegni að ég tel þetta óeðlilegt og ég er satt að segja alveg steinhissa á að það skuli koma svona út úr n. vegna þess að mér datt ekki annað í hug en að n. mundi breyta því. Það kemur fram hér:

„Menntmrn. setur nánari reglur um gjaldið, þ. á m. um viðmiðun þess og fjárhæð, að höfðu samráði við heildarsamtök rétthafa svo og innflytjendur og framleiðendur."

Það eru þessir aðilar sem eiga í samráði við menntmrn. að ákveða hvaða gjald þeir skuli fá innheimt af opinberum aðilum.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég vil bara lýsa furðu minni yfir að heyra þessi annarlegu ummæli

hæstv. fjmrh. um eitt helgasta ákvæði stjórnarskrárinnar, þ. e. eignarréttinn. Síst af öllu hefði ég átt von á því að heyra þau orð úr munni hans að þegar menn reyna með því móti sem löggjafinn heimilar þeim að ná sínum rétti hvað eign þeirra varðar kallar hann það hefnd. Ég bið menn bara að taka eftir þessum afar ólíku viðhorfum hæstv. fjmrh. til eigna. Það er greinilega ekki sama í hans augum hvort um hugverk er að ræða eða fasteignir.

ATKVGR.

Brtt. 779 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Kvikmyndamál, frv. 319. mál (þskj. 650, n. 772, 773). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um kvikmyndamál á þremur fundum. Til viðræðna við nefndina komu fulltrúar Félags ísl. kvikmyndagerðarmanna og Kvikmyndasafns. Þá kom einnig á fundi nefndarinnar til skrafs og ráðagerða Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri menntmrn.

Í nefndinni urðu nokkrar umr. um ýmsa þætti þessa máls, m. a. um svonefnda kvikmyndalögsögu sem verið hefur til umr. hér að undanförnu, m. a. með tilliti til þess að erlend stórfyrirtæki á sviði kvikmyndagerðar hafa staðið að umfangsmikilli kvikmyndagerð, sem núna virðist hafa runnið út í sandinn, á Skógasandi þar sem þeir eru hættir starfi hér á landi. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa haft af því nokkrar áhyggjur að erlend fyrirtæki sæktu hingað í mjög vaxandi mæli til að notfæra sér það sem Ísland hefur upp á að bjóða í þessu efni. Kunnugt er að sums staðar hefur sá háttur verið á hafður að þessum aðilum hefur verið gert að greiða einhvers konar aðstöðugjald og starfsemi þeirra háð leyfum.

Þetta var rætt töluvert ítarlega í nefndinni, hvort ætti að gera slíkum aðilum að greiða einhvers konar aðstöðugjald er rynni til íslenskrar kvikmyndagerðar. En við athugun okkar sem sæti eigum í menntmn. kom í ljós að hugtakið „kvikmyndalögsaga“ mun ekki vera til í alþjóðarétti þó að okkur sé býsna ljóst hvað við er átt með því og enn fremur að fyrir liggja takmarkaðar upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum þjóðum. Ekki þótti rétt að taka upp í þessi lög stífar, beinar reglur um það hvernig málum þessum skyldi fyrir komið þar sem nm. voru á einu máli um að þau þyrfti að kanna betur. Ég mun koma síðar að því hér hver till. n. er í þessu efni, en nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem er að finna á þskj. 773. Hv. þm. Árni Johnsen og Salome Þorkelsdóttir voru fjarstödd afgreiðslu málsins en nefndin mælir einróma með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég skal nú í stuttu máli gera grein fyrir.

Nefndin leggur til að 1. tölul. 2. gr. frv. verði breytt á þann veg að hann orðist sem hér segir, með leyfi forseta:

„Úthlutun styrkja og lána til íslenskrar kvikmyndagerðar, óháð því hvaða tækni er notuð við myndgerðina.“

Þarna er í rauninni tekið inn ákvæði sem er að finna í 10. gr. frv. eins og hún nú er, en þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt skal Kvikmyndasjóði að láta starfsemi sína ná til myndbandagerðar og annarra tækniaðferða sem skyldar eru eða tengjast hefðbundinni kvikmyndagerð með einum eða öðrum hætti.“

Þetta ákvæði er sett þarna inn aðeins til einföldunar. Tekið er fram að þetta gildi um kvikmyndagerð óháð því hvaða tækni sé notuð. Framfarir á þessu sviði eru næsta örar nú og því töldu nm. eðlilegra að þetta yrði orðað með þessum hætti.

Og næsta setning með leyfi forseta:

„Með íslenskri kvikmyndagerð er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði.“

Eðlilegra þótti að hafa þetta orðalag frekar en það sem er í frv. en þar segir: „Enn fremur er heimilt að styðja kvikmyndagerð sem unnin er í samvinnu við erlenda aðila skv. nánari skilyrðum í reglugerð.“ Okkur í menntmn. þótti eðlilegra að hér væri eingöngu átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði á því hvernig það er unnið og stjórna því verki.

2. brtt. er við 3. gr., þ. e. um þá sem tilnefndir eru í stjórn Kvikmyndasjóðs. Í stað Félags ísl. leikara komi Bandalag ísl. listamanna. Félag ísl. leikara er aðili að Bandalagi ísl. listamanna og eðlilegra þótti að hafa þetta nokkru víðara þar sem langtum fleiri listamenn koma við sögu við gerð kvikmynda en leikarar eingöngu. Má þar nefna tónlistarmenn, leikmyndagerðarmenn, og sjálfsagt einhverja fleiri.

3. brtt. n. er við 7. gr. frv. um Kvikmyndasafn. Þar leggja nm. til að síðari mgr. 7. gr. orðist sem hér segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs skal jafnframt vera forstöðumaður safnsins“ — þ. e. Kvikmyndasafnsins — „en fela skal a. m. k. einum af starfsliði sjóðsins að sinna sérstaklega málefnum safnsins.“

Þarna eru ákvæðin gerð nokkru skýrari en var í frv. eins og það var fram lagt hér í þessari hv. deild, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs skal jafnframt vera forstöðumaður safnsins, en heimilt skal að fela einum af starfsliði sjóðsins að sinna sérstaklega málefnum safnsins.“

Brtt. okkar gengur í þá átt að fela þetta a. m. k. einum af starfsliði sjóðsins.

Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum að starfsemi Kvikmyndasafns Íslands hefur einkum beinst að því að bjarga frá glötun ýmsum verðmætum sem ekki verða bætt eða þau færu í glatkistuna. Að þessum málum hafa ýmsir menn vel unnið áður en Kvikmyndasafn kom til sögu og haft á þessu skilning og vil ég þar sérsaklega nefna til sögunnar Magnús Jóhannsson kvikmyndagerðarmann og þann mann sem stýrir hér hljóðupptöku á ræðum alþm. þó deila megi um varðveislugildi ýmiss af því sem hér er sagt. En hann hefur unnið ómetanlegt starf við að bjarga gömlum íslenskum kvikmyndum, ekki bara frá skemmdum heldur frá því að eyðileggjast. Það gerði hann áður en starfsemi Kvikmyndasafnsins kom til og fyrir það á hann ekki aðeins þakkir heldur mikinn heiður skilinn. Það finnst

mér rétt að komi fram við þessa umr.

En það er Kvikmyndasafnsins að halda þessu verki áfram og mikilsvert er að þannig verði staðið að málum þar að þessi menningarverðmæti geymist en glatist ekki og þau geymist með þeim hætti að komandi kynslóðir megi þeirra njóta. Það er m. a. til að tryggja þetta og að þessum málum verði sinnt eftir því sem hægt er að gera slíkt í löggjöf að nefndin leggur þessa breytingu til.

Í fjórða lagi leggur nefndin til breytingu á 8. gr. frv. sem hljóðar svo eins og það var fram lagt: „Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda skv. nánari ákvæðum í reglugerð." Nefndin leggur til að í reglugerðinni skuli m. a. kveðið á um greiðslu kostnaðar við skylduskilin og skal ég nú skýra í örfáum orðum hvers vegna þetta ákvæði er til komið. Það er komið til vegna þess að bara efniskostnaður og vinnukostnaður við að gera eintak af langri leikinni kvikmynd getur sjálfsagt leikið á bilinu 150—200 þús. kr. Það er veruleg upphæð og miklu skiptir að það séu góð og óspillt eintök sem Kvikmyndasafnið fær til varðveislu. Séu ekki ákvæði um þetta og ef þetta er lagt sem skattur á kvikmyndagerðarmenn kemur það í rauninni til frádráttar þeim styrk sem þeir fá úr sjóðnum og þá skapast kannske sú hætta að menn freistist til að skila í skylduskilin til Kvikmyndasafns eintaki, sem kannske er búið að fara hringinn í kringnum landið, búið að sýna í tugum kvikmyndahúsa með jafnmörgum kvikmyndasýningarvélum af jafnmörgum mönnum, eintaki sem kannske er engan veginn gallalaust. Þessu er ætlað að koma í veg fyrir slíkt.

Ég hef áður, herra forseti, vikið að 10. gr. sem við leggjum til að verði felld niður þar sem meginefni hennar er búið að taka upp í 2. gr. frv. Hér er að vísu ákvæði um að leggja áherslu á samstarf og samvinnu við sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins og aðra dreifiaðila sjónvarpsefnis. Það er ekkert sem knýr á um að lögbinda slíkt samstarf. Ég hygg að slíkt samstarf muni verða og muni komast á án þess að það sé með nokkrum hætti bundið í lögum.

Við 12. gr. leggur nefndin til að bætist ákvæði, þar sem hér er verið að fara inn á nýjar brautir að ýmsu leyti, um að lög þessi skuli endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra. Til viðbótar því komi síðan svofellt ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Menntmrh. er heimilt að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila á Íslandi að undangenginni ítarlegri athugun."

Það sem okkur nm. gengur til með þessu ákvæði til bráðabirgða er að tryggja það að athugað verði hvernig þessum málum er háttað erlendis. Skv. upplýsingum ráðuneytisstjóra menntmrn. þá er sú athugun raunar þegar að nokkru hafin. N. taldi líka mikilvægt að hér væri ákvæði er heimili menntmrh. að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila hér á landi. Það er áreiðanlegt að að ýmsu leyti hefur verið pottur brotinn að því er þetta varðar, bæði varðandi atvinnuleyfi hugsanlega og eins hefur verið látið að því liggja að e. t. v. hafi þessi erlendu fyrirtæki ekki farið að öllu fyllilega eftir íslensum skattalögum og reglum án þess að nokkuð sé um það fullyrt. Um þetta er brýnt að séu reglur og nauðsynlegt að kanna hvernig þessum málum er háttað með öðrum þjóðum. Þetta er til að þrýsta á það og tryggja að svo verði gert.

Hér er vissulega um stórt skref að ræða til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð, þessari listgrein sem svo ótvírætt hefur sannað tilverurétt sinn og gildi á undanförnum árum með gerð þeirra mörgu og ágætu kvikmynda sem ekki aðeins hafa hlotið lof og aðsókn hérlendis heldur hafa einnig fjölmargar hlotið verðlaun á erlendum vettvangi. Það er raunar alveg sérstakt ánægjuefni, sumum kannske undrunarefni, hversu vel hér hefur tekist til.

Kvikmyndagerð er dýr listgrein, sjálfsagt einna dýrust listgreina, og þar er um mjög áhættusöm störf að ræða í fjárhagslegu tilliti. Þess vegna hafa allar þjóðir í kringum okkur valið einhverjar leiðir í líkingu við þessa, að styrkja þessa listgrein með ýmsum hætti. Nefndin mælir einróma með því að þetta frv. til laga um kvikmyndamál verði samþykkt með þeim breytingum sem hún leggur til á þskj. 773.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 773,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 773,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 773,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 773,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 773,5 (10. gr. falli niður) samþ. með 14 shlj. atkv.
11. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 773,6 samþ. með 14 shlj. atkv.
12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 81. mál (þskj. 86, n. 784, 785). — 2. umr.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Herra forseti. Það frv. sem hér er fjallað um er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64 frá 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er það til breytingar á III. kafla áðurnefndra laga sem fjalla um rannsóknir í þágu atvinnuvega landsins. III. kafli þeirra laga fjallar um Hafrannsóknastofnun og er tilgangur þessa frv. einkum sá að styrkja stjórn og bæta skipulag þeirrar stofnunar.

Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur fjallað mjög ítarlega um frv., leitað umsagnar ýmissa aðila, sem málið varðar, og heimsótt stofnunina og rætt við stjórn hennar, forsvarsmenn og fulltrúa starfsfólks.

Þess er rétt að geta að þetta frv. var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og þá í þessari hv. deild og hafði þáv. sjútvn. þessarar deildar unnið allmikið í málinu með öflun umsagna og upplýsinga og studdist núverandi nefnd mjög við þau gögn.

Helstu breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir frá

gildandi lögum eru að það er fjölgað í stjórn stofnunarinnar úr þremur í fimm. Með þessu fyrirkomulagi eru sköpuð ákveðnari tengsl við hagsmunaaðila en núverandi lög gera ráð fyrir.

Frv. gerir ráð fyrir að ráðnir verði tveir aðstoðarforstjórar að stofnuninni. Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu ráðnir til fimm ára í senn. Annar er forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni, en hinn um fjármál og rekstur og verður þannig fjármála- og rekstrarstjóri stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að hann annist stjórn á rekstri skipa stofnunarinnar og almenna fjármálastjórn og fjárhagsáætlanir hennar. Þarna er um veigamikla breytingu að ræða þar sem fjármálastjórnin er færð til stofnunarinnar sjálfrar, en hún hefur að hluta til, t. d. rekstur hafrannsóknaskipanna, verið hjá rekstrardeild Ríkisskipa.

Í nefndinni kom mjög skýrt fram að í þetta starf yrði ráðinn starfsmaður með góða þekkingu og sérmenntun á sviði rekstrar og fjármála. Aðstoðarforstjórarnir yrðu þannig með tvö aðskilin starfssvið, annar með vísindasviðið og framkvæmdastjórn þess, en hinn með rekstrarsviðið og framkvæmdastjórn þess. Nánar mun ég ekki fara út í þessa skilgreiningu hér, enda er það nokkuð innanríkismál stofnunarinnar hvernig þessu verður raðað niður.

Skv. umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar má áætla að kostnaðarauki vegna samþykktar frv. þessa og vegna þeirrar skipulagsbreytingar sem þar er lögð til verði 400—450 þús. kr. á ári miðað við verðlag eins og það var í okt. 1983.

Sjútvn. þessarar hv. deildar er sammála um að mæla með samþykkt frv., en leggur til nokkrar brtt., sem eru fluttar á þskj. 785, og mun ég fara yfir þær, með leyfi forseta.

Við 1. gr. Síðari mgr. 13. gr. breytist. Í frv. segir:

„Sjútvrh. ræður deildarstjóra að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra, en forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.“

Breyting sú er nefndin leggur til að gerð verði er að það verði ekki sjútvrh. heldur forstjóri sem ræður deildarstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar og einnig ræður hann annað starfslið hennar.

Það sem eftir lifir af mgr. er lagt til að verði óbreytt. Þetta var nokkuð mikið rætt af þeirri nefnd sem fjallaði um og undirbjó þetta frv. á sínum tíma og virtust vera þar skiptar skoðanir, en nefndin, sem fjallar um þetta nú, er sammála um að ráðning starfsfólks verði í höndum forstjórans í þessu tilviki en ekki sjútvrh. Þar sem þarna er forstjóri ráðinn og deildarstjórar í fimm ár í senn verður öllu meiri ábyrgð og ferskari stjórn á fyrirtækinu, enda leggur nefndin til að svo verði að staðið sem áður sagði:

Við 1. gr. Síðari málsliður 2. mgr. 15. gr. — þetta eru síðustu þrjú orðin í næstsíðustu mgr. 15. gr. — falli niður, en þar stendur: „Nefndin er ólaunuð“. Þetta leggjum við til að verði fellt niður. Þarna er um að ræða ráðgjafarnefnd sem á að vera til ráðgjafar og ráðuneytis fyrir stofnunina og við viljum ekki festa það í lögum að ekki megi greiða þessari nefnd laun ef svo stendur á.

Við 1. gr. frv. Í 16. gr. laganna er eitt orð sem lagt er til að falli út, þ. e. þriðja orð í fyrstu línu. Þar stendur: Hafrannsóknastofnuninni er nú heimilt að starfrækja, en við leggjum til að fellt sé niður orðið „nú“. Þá verður setningin heillegri en hún er í frv.

Við 2. gr. á bls. 3. Þar segir í frv.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Þar er sú breyting lögð til að lög þessi öðlist gildi 1. júlí 1984.

Í þessu frv. er ákvæði til bráðabirgða og það leggur n. til að verði fellt niður. Hún telur ekki þörf á að það sé þarna inni þar sem búið er að kveða á um lögfestingu þessa frv., ef að lögum verður, frá 1. júlí næstkomandi.

Nefndin varð öll sammála um það, eins og ég sagði, að frv. yrði samþykkt með þessum breytingum og læt ég því máli mínu lokið.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli frsm. sjútvn., formanns n. Valdimars Indriðasonar, hefur þetta mál verið til allmikillar og ítarlegrar umr. í sjútvn. Formaðurinn hefur gert allt sem óskað hefur verið eftir til að leita upplýsinga og stjórnað umr. um þessi mál á breiðum vettvangi, eins og kom fram í ræðu hans.

Eins og frv. ber með sér, og það kom einnig fram í ræðu frsm., er hér fyrst og fremst verið að breyta stjórn Hafrannsóknastofnunar. Það má svo sem um það deila hvað þarna er um veigamiklar breytingar að ræða, en segja má að ánægjulegt sé að hreyfing er í kringum þessa stofnun.

Það kemur þá í hugann um leið að þessi stofnun er meira en skipulagið og nauðsynlegt að hún sé svolítið meira. Við urðum vissulega vör við, þegar við vorum að fjalla um þetta málefni, að það þyrfti að mörgu leyti að hlúa betur að stofnuninni en gert hefur verið og þá fyrst og fremst að henni væri búinn rýmri og betri fjárhagur til þeirra verkefna sem henni eru ætluð.

Við þessa umr. vil ég undirstrika að við erum sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég geri ráð fyrir að n. hafi verið jafnsammála um að það sé grundvallaratriðið að þessi stofnun verði efld á öllum starfssviðum og ekki síst nú, þegar ýmsir þættir í sjávarútvegi standa nokkuð höllum fæti.

Það kom fram í umr. — líkast til á fundi í stofnuninni sjálfri — að sjávarútvegur mun standa langt að baki öðrum aðalatvinnuvegi okkar, landbúnaði, í sambandi við vísindalega ráðgjöf.

Það kom einnig fram á fundi n. varðandi það nýmæli sem er í frv. um stofnun útibúa utan Reykjavíkur að ráðnir hafa verið til starfa hinir færustu vísindamenn, en þeir hafa rekið sig á að menntun þeirra nýtist ekki sem skyldi og m. a. á þann veg að þeir, — menn sem hafa mjög mikla menntun, margra ára menntun og eru kannske hinir færustu vísindamenn okkar á sviði hafrannsókna, — eru einir í þessum stofnunum og verða þar af leiðandi að vinna þau verk sem undir flestum kringumstæðum væru í höndum ritara eða einhvers annars aðstoðarmanns, t. d. að mæla fiska. Séu svo upplýsingar um stærð og þyngd fiska lesnar inn á segulband, þá þarf vísindamaðurinn, þegar hann kemur inn á skrifstofu sína, að skrá þær upplýsingar sem hann hefur áður lesið inn á bandið. Þannig er greinilegt að ákveðnar skipulagsbreytingar þarf til þess að starfsmenn nýtist betur en raun ber vitni um.

Ég þakka formanni n. fyrir góða forustu í þessu máli og öll n. stendur að því að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem formaður n. gerði grein fyrir.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv. sem

hér liggur fyrir hefur reyndar lengi verið í smíðum og lengi staðið til að breyta lögunum um Hafrannsóknastofnun, en það er fyrst nú í vetur sem frv., sem lagt hefur verið fyrir fleiri þing, hefur verið tekið til afgreiðslu. Unnið hefur verið í því að koma málinu fram og er það mikils virði að nú loks skuli þeim áfanga náð. Ýmsar brtt. hafa verið gerðar á frv. og eru þær að mínu mati allar til mikilla bóta. Ég á von á að þegar þetta frv. hefur verið samþykkt sem lög muni virkni Hafrannsóknastofnunar aukast mjög verulega og aðstaða til starfa verði jafnframt betri.

Það er bætt við forstjóra sem á að sjá um rekstur útgerðar þeirrar sem fellur undir stofnunina. Er það mjög góð breyting að mínu viti því að ekki er eðlilegt að menn sem eru sérmenntaðir sem fiskifræðingar séu að vasast í slíkum málum, heldur stjórni þeir menn sem hafa til þess sérþekkingu þeim geira stofnunarinnar sem sér um útgerðina.

Ég tel að með breytingu er varðar 15. gr. frv. verði svokölluð ráðgjafarnefnd gerð virkari. Hún þarf einmitt að vera virkari frá því sem nú hefur verið. Staðreyndin er sú, að þessi ráðgjafarnefnd hefur komið saman einu sinni tvisvar á ári og lítið gert, en við vonum að með þeirri nýskipan sem hér er á komið verði þessi nefnd virkari og um leið betur í stakk búin til að vera stofnuninni til ráðgjafar.

Í 16. gr. er getið um útibú þau sem starfað hafa utan Reykjavíkur og verða áfram starfandi. Á sínum tíma voru allmiklar deilur um hvort rétt væri að setja upp slík útibú, en starfræksla þeirra hefur sannað gagnsemi þeirra. Ég tel að það hafi verið skoðun nm. að í raun ætti að hlúa betur að þessum útibúum. Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um fer mikið af tíma þeirra manna sem starfa við þessi útibú í ýmis störf sem óeðlilegt er að þeir sinni. Ætti að nýta menntun þeirra og þekkingu betur en nú er gert. Það má geta þess að sannað er að þeir sem hafa starfað við þessi útibú utan Reykjavíkur hafa átt frumkvæðið að mörgu nýtilegu varðandi vinnslu fiskjar og vænti ég þess að svo verði áfram.

Ég veit að þrátt fyrir að n. hafi náð samkomulagi um þessa gerð frv. ásamt með brtt. eru ekki allir innan stofnunarinnar sáttir við frv. og vildu breyta því á annan veg og eitthvað meira en nú er gert, en ég legg áherslu á að þær brtt. sem n. flytur sameiginlega eru gerðar eftir ítarlegar umr. og viðræður við marga aðila og ekki lagt til að breyta fleiri atriðum þótt einstakir nm. gætu hugsað sér það. Um þetta varð samkomulag í nefndinni. Og ég tek undir þakkir til formanns um stjórn hans á vinnubrögðum. Það má segja að dregist hefur allmikið að koma frá sér nál., en þá er það til afsökunar að málið var mikið rætt og ítarlega og því bera þeim, sem að því hafa unnið, góðar þakkir.

ATKVGR.

Brtt. 785,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 785,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 785,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 785,4 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 785,5 (ákv. til brb. falli niður) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 329. mál (þskj. 684, n. 786). — 2. umr.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum. Frv. þetta felur það í sér að í Fiskveiðasjóði verði stofnað til nýs lánaflokks, þ. e. skuldbreytingalána vegna stofnlána útvegsins. Þarna er um að ræða lánalengingu sem getur numið frá einu til sjö árum og vaxtalækkun.

Í 11. gr. laga nr. 44 frá 1976 er ákvæði um að Fiskveiðasjóði sé óheimilt að lána út á nema 75% af veðhæfni eða tryggingarmati skipa, en í þessu frv. er gert ráð fyrir að þessi heimild sé hækkuð í 90%. Fjárhagsvandi útgerðar er mikill, eins og öllum er kunnugt, og er samþykkt þessa frv. einn liður í því að leysa þann vanda.

Eins og fram kemur í nál. er sérstaklega undirstrikað af n. að í þeirri reglugerð sem gera þarf vegna hinna fyrirhuguðu skuldbreytinga verði réttur þilfarsbáta undir 20 tonnum einnig hafður í huga. Þetta er komið fram vegna þess að í viðræðum við forstjóra Fiskveiðasjóðs hefur það verið rætt að miða skuli við 20 tonna markið þegar til þessara afgreiðslna kemur, en því miður eru skuldamál nokkurra hinna minni þilfarsbáta í Fiskveiðasjóði ekki eins og vera skyldi.

Sjútvn. þessarar hv. deildar er sammála um að mæla með samþykkt frv.

Árni Johnsen var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrv. þetta er það til komið vegna stöðu útgerðarinnar nú og í sambandi við fiskverðsákvörðun frá því í vetur. Þetta er að sumu leyti angi af þeim aðgerðum sem gerðar voru af núverandi ríkisstj. fyrir tæpu ári, þ. e. þeim gengisbreytingum sem gerðar voru í upphafi starfsferils ríkisstj. Skuldabaggi á útgerðinni jókst um allan helming við þær aðgerðir og þá kom í ljós að á mörgum fiskiskipum hvíldu það miklar skuldir að ekki var um það að ræða að Fiskveiðasjóður, þó út í það væri farið, gæti lánað þeim viðbótarlán skv. þeim reglum sem sjóðurinn lánar eftir, þ. e. út á 75% af tryggingarverðmæti skipanna.

Það væri ekki úr vegi að spyrja um það við þessa umr. hver næsti leikur er varðandi aðstoð við fiskiskipastólinn. Það var upplýst á fundi n. að hér væri vandinn ekki leystur nema að hluta, m. a. væri með þessu ekki bjargað stöðu þeirra skipa sem verst eru stödd þó að um það sé reyndar rætt að þeir aðilar sem skulda meira en 90% af matsverði skipa sinna hafi möguleika til að útvega aukaveð. Það kemur jafnvel ekki að haldi hjá þeim skipum sem hvað verst eru stödd. Þau hafa sjálfsagt ekki mikið af aukaveðum upp á að hlaupa.

Ráðh. er nú ekki staddur hér í Ed. og ég veit ekki hvort formaður sjútvn. hefur aðstöðu til að svara þessu, en ég taldi ástæðu til að láta þetta koma fram við þessa umr.

Ég vil einnig taka undir það, sem kemur fram í nál., að n. leggur áherslu á það, og það kom fram í umr. í n.,

að við setningu reglugerðar um þessi mál yrði einnig tekið tillit til hinna smærri fiskiskipa, en samkvæmt reglum Fiskveiðasjóðs er miðað við 20 tonna báta, þ. e. skuldbreytingarlán fiskiskipa nái að 20 tonna markinu. Vitaskuld er fullt af smærri bátum í fjárhagsvanda. Okkar till. er sú, að í reglugerðinni verði miðað við alla yfirbyggða fiskibáta.

Við í stjórnarandstöðunni, þ. á m. við Alþb.-menn, töldum ekki ástæðu til annars en að standa að þessu frv. þar sem þetta er nauðsynleg ráðstöfun til þess að þarna megi vera um að ræða ákveðna sameiginlega fyrirgreiðslu í gegnum Fiskveiðasjóð.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það mál sem liggur hér fyrir um Fiskveiðasjóð Íslands er afleiðing af fiskverðsákvörðun og slæmri stöðu útgerðar, sem best sést á því að hér er farið fram á heimild til að Fiskveiðasjóður skuldbreyti lánum sem afgreidd verða árið 1984, lánum sem nemi allt að 90% af tryggingarverðmæti skipa. Þar með er ekki allt talið og mörg skip þyrftu á meiru að halda en þessu. Kom fram í n. að þau eru a. m. k. níu sem þyrftu á mun meiru að halda og sýnir það mjög vel hve bág staða ýmissa útgerða er.

Það kom og fram í n., og það af tilviljun, að til stæði að miða þessa skuldbreytingu við fiskiskip sem væru *stærri en 20 tonn*. Nm. gerðu aths. við það og í framhaldi af því mun fyrirhugað að breyta þeirri viðmiðun þannig að þetta nái til smærri báta. En hvers vegna kom þetta fram? Í frv. er gert ráð fyrir að samin verði reglugerð um framkvæmd þessara mála. Reglugerðin var, að því er mér skilst, að mestu leyti tilbúin þegar sjútvn. hélt fund og embættismenn höfðu hana undir höndum, en við nm. fengum hana ekki. Þetta minnir á hversu fráleitt er að n. þingsins séu ekki hafðar með í ráðum við smíði reglugerða eða túlkun á þeim lögum sem verið er að setja og tel ég að svo þurfi að vera í auknum mæli að n. Alþingis segi sitt álit á þeim reglugerðum sem settar eru. Ég tel að það virki þannig að Alþingi *þurfi* þá ekki að þola að lög séu túlkuð á annan hátt en alþm. gætu hugsað sér. Vona ég að sú breyting verði á í framtíðinni að nm., t. d. í sjútvn., fái að fjalla um þær reglugerðir sem settar eru um sjávarútvegsmál, geti sagt sitt álit og lagt inn sínar hugmyndir eða mótmælt því hvernig að málum er staðið ef þeim þykir svo þurfa að vera.

Það hefur komið fram hérna að meiningin er að breyta þessu atriði um stærðarmörk og við erum sáttir við það, aðrir nm., og er samkomulag í n. um að afgreiða þetta mál. Mönnum er ljóst hver staða útgerðarinnar er. Það þarf að vísu fleira til að koma en að Fiskveiðasjóður skuldbreyti lánum á þennan veg og við skulum vona að svo verði gert.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Herra forseti. Nokkur orð vegna ummæla síðasta ræðumanns varðandi þá reglugerð sem væntanlega verður sett um þessar lánveitingar.

Ég tek undir með honum að það á alls ekki að liggja á slíkum reglugerðum við n. þingsins. En í þessu tilviki, ég man ekki betur, kom það fram, þegar fulltrúar Fiskveiðasjóðs voru hjá okkur á fundinum, að þeir voru með undir höndum drög að slíkri reglugerð, en vildu ekki lofa okkur að sjá hana. Aftur á móti hafði ég þá strax samband við sjútvrh. og bað hann um þessa reglugerð. Hann sagði mér að hann væri ekki búinn að fara yfir hana sjálfur, en það væri sjálfsagt að láta okkur hafa þau drög sem hann hefði undir höndum. Þau fengum við á fundi s. l. mánudag og förum yfir þau án þess að hafa leyfi til fjölföldunar. Það var því ekki legið á gögnum af hans hálfu. Ég held að fulltrúar Fiskveiðasjóðs hafi litið þannig á að þeir gætu ekki lagt reglugerðina fram fyrr en búið væri að fjalla um hana af þeirra yfirmanni, hæstv. sjútvrh. (Gripið fram í.) Já, en hann leyfði þetta strax þó hann væri ekki búinn að fara yfir hana sem slíka. — Ég vildi það kæmi fram þannig að ekki ylli misskilningi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp er sú, að á haustdögum flutti ég hér frv. ásamt fleiri hv. þm. á þskj. 76, 71. mál Ed. Þetta frv. fjallar um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og hafa þau mál verið mjög í umræðu nú undanfarna daga, en þetta frv. gerir ráð fyrir að afnema einkarétt Grænmetisverslunar landbúnaðarins til þess að flytja inn kartöflur. Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, þar sem ég ætla að beina spurningu til formanns þeirrar n. sem hér um fjallar, að hafa að henni nokkurn formála þar sem ég á ekki sæti í þessari n. né minn flokkur.

Það er alkunna, og það vita allir þm. sem fylgst hafa með sjónvarpi og umræðum í fjölmiðlum núna, að ónýtar kartöflur eru boðnar landsmönnum til sölu þessa dagana og hefur oft kveðið rammt að umræðum um þessi mál, en þó sjaldan eða aldrei svo sem nú hina síðustu dagana. Þá hefur alveg keyrt um þverbak. Segir t. d. í grein eftir Jónas Guðmundsson, með leyfi forseta, í gær í Dagblaðinu:

„Það er skiljanlegt að brugðið geti til beggja vona hjá kartöflubændum á Íslandi. En í innflutningi munum við ekki til eilífðar sætta okkur við það raðaða svínafóður sem grænmetið býður okkur upp á ár eftir ár."

Ég gæti auðvitað, og skal ekki ganga of langt í þeim efnum, haft um þetta miklu fleiri orð, en þegar menn kveðja sér hljóðs um þingsköp ræða menn ekki málið í mjög löngu máli efnislega þó að óhjákvæmilegt sé að víkja aðeins að vissum þáttum.

Þetta frv. hefur lengi verið til umfjöllunar í þessari n. og raunar væri ástæða til, herra forseti, að fá fram ýmsar upplýsingar um fyrirtækið Grænmetisverslun landbúnaðarins. Hver á það? Hver stjórnar því? Hvaða gjöld greiðir það til hins opinbera? Þetta eru þrjár veigamiklar spurningar sem ég veit að ég fæ ekki svar við undir þessum dagskrárlið, en mun gera kröfu um að fá svar við seinna.

En nú nálgast mjög fundatíma þingflokka og ég vil bara beina þeirri spurningu til formanns landbn. þessarar hv. deildar, hv. 11. landsk. þm., hvort ætlunin sé að

afgreiða þetta frv. úr n. eða hvort n. ætlar að sitja á því þannig að það dagi uppi á þinginu. Ef ekki er ætlunin að afgreiða þetta mál út úr hv. landbn. þessarar deildar verð ég að leita annarra leiða til að fá þetta mál tekið upp á Alþingi, vegna þess að hér er um mjög brýnt hagsmunamál neytenda að ræða sem ég tel að Alþingi verði að segja skoðun sína á nú.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið hér hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, að hann flutti frv. til l. um breyt. á framleiðsluráðslögunum og það voru reyndar fleiri mál, sem voru flutt hér á Alþingi í upphafi þings, sem lutu að breytingum á þeim lögum.

Þessi frv. voru send til umsagna hjá hinum ýmsu aðilum og þær umsagnir skiluðu sér og í þeim voru æðimörg sjónarmið. Bæði fólu þær í sér stuðning við þessi frv. og eins líka ábendingu um að eðlilegt væri að fjalla um breytingar á framleiðsluráðslögunum við þá endurskoðun sem á sér stað á þeirri löggjöf, en eins og menn kannske vita kveður stjórnarsáttmáli núverandi ríkisstjórnar á um að það eigi að endurskoða lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Þegar þetta hvort tveggja lá fyrir, umsagnirnar og hversu deildar meiningar þar væru svo og líka þar sem endurskoðun á sér stað á framleiðsluráðslögunum, taldi ég eðlilegt að afgreiða málið á þeim grundvelli að því yrði vísað til þeirrar endurskoðunar og efnisleg umræða um þessi frv. færi þá fram í samræmi við aðrar breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem menn hafa þá aftur möguleika á að fjalla um þegar þau koma til meðferðar hér í Ed.

Þrjá 1. flm., sem hafa flutt frv. til breytinga á framleiðsluráðslögunum, hafði ég samband við um þessa afgreiðslu, þ. e. afgreiðslu um að vísa málunum til ríkisstj. á grundvelli þessa nefndarstarfs. (Gripið fram í.) Ef menn vilja sleppa öllum útúrsnúningi í þessu máli að svo komnu, þá var hugsunin að vísa frv. til ríkisstj., en endurskoðunarnefndin starfar á vegum ríkisstj. svo það er auðvelt fyrir ríkisstj. að koma málinu boðleiðis þangað.

Mér hefur borist frá tveimur þessum flm. vitneskja um að þeir kærðu sig ekki um að málin yrðu tekin upp til afgreiðslu á þessum grundvelli. Þar af leiðandi hefur ekki farið fram frekari umræða um þessi mál í landbn. Ed. Landbn. Ed. hefur hins vegar ekki enn þá lokið störfum. Það kemur þá í ljós hvort þar er til staðar einhver meiri hl. til þess að skila nál. á einhverjum tilteknum grundvelli.

En þetta var till. mín um afgreiðslu á þessum málum, og hún hefur lengi legið fyrir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil að það liggi alveg skýrt fyrir að sem 1. flm. þessa frv. óska ég eftir því að málið verði afgreitt frá n. og komi til atkvgr. hér í Ed. Ég tel það ekki málinu til framdráttar að vísa því til ríkisstj. Ég tel nauðsynlegt að málið fái að koma til atkvæða hér í Ed. og beini þeirri eindregnu ósk til formanns landbn. þessarar hv. deildar, hv. 11. landsk. þm.

Forseti (Stefán Benediktsson): Samkvæmt því sem ég best veit mun það víst vera kórréttara að beina svona óskum til forseta, en ég vil þá koma því áleiðis til formanns landbn., hv. 11. landsk. þm., að hann verði við þeirri ósk 1. flm. viðkomandi máls að greiða götu þess þannig að það geti komið til afgreiðslu í deildinni.

Neðri deild, 82. fundur.

Miðvikudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Eldi og veiði vatnafiska, frv. 275. mál (þskj. 526). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 29 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 272. mál (þskj. 523). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til iðnn. með 34 shlj. atkv.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 762 (sbr. 8)). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til sjútvn. með 35 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 87, n. 662 og 734, 663, 735). — Frh. 2. umr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þess er að geta að þskj. 662 og 663 eru tekin aftur og hafa ekki gildi hér nú við þessa atkvgr. Hins vegar er 16 brtt. frá sjútvn. að finna á þskj. 735 og það eru ekki aðrar brtt. við þetta frv. en frá sjútvn.

ATKVGR.

Brtt. 735,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25:7 atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 735,2 (ný 3. gr.) samþ. með 23:4 atkv.
Brtt. 735,3 (ný 4. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 735,4 (ný 5. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 735,5 (ný 6. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 735,6 (ný 7. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 735,7 (ný 8. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 735,8 samþ. með 25 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
11.—13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 663,1—5 teknar aftur.
Brtt. 735,9 (1.—2. mgr.) samþ. með 22:2 atkv.

Brtt. 735,9 (3.—4. mgr.) samþ. með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: NL, GE, GGS, HÁ, HBl, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, IG.

nei: EK, GJG, HG, JS, BjG, KP, KJóh, GHG, SvG.

3 þm. (GeirH, GSig, KSK) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Skv. 14. gr. þessara laga er það afurðadeild Ríkismatsins sem veitir það leyfi sem hér um ræðir. Það er mjög óeðlilegt að annar aðili svipti leyfi heldur en sá sem veitir leyfið. Ég tel það með öllu ótækt. Að öðru leyti sé ég enga ástæðu til þess að þetta ákvæði um að rn. svipti menn vinnsluleyfi sé inni í þessum lögum og tel það að ýmsu leyti varasamt. Ég segi því nei.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í trausti þess að rn. noti ekki slíka heimild sem þessa nema að fá umsögn viðkomandi stofnunar, sem mælir þá með að framleiðandi sé sviptur vinnsluleyfi, segi ég já.

Viðskrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með skírskotun til fyrirvara hæstv. samgrh. segi ég já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Með tilvísun til þess að stofnunum sem mun minna vit hafa á þessum hlutum hefur með lögum verið fengið neitunarvald og réttur til að loka frystihúsum eða öðrum fiskvinnslustöðvum tel ég ekki óeðlilegt að þetta sé hér inni og segi já.

16. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 735,10 (ný kaflafyrirsögn) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 735,11 (17. gr. falli brott) samþ. með 23 shlj. atkv.

18.—20. gr. (verða 17.—19. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 735,12 (ný 21. gr., verður 20. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

22. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 735,13 (ný 23. gr., verður 22. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

24.—25. gr. (verða 23.—24. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 735,14 samþ. með 22 shlj. atkv.

26. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

27. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 735,15 (ný 28. gr., verður 27. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 735,16 samþ. með 21 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 777 (sbr. 88)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Sala eyðijarðarinnar Írafells í Lýtingsstaðahreppi, frv. 258. mál (þskj. 477). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala ríkisjarðarinnar Selárdals, frv. 266. mál (þskj. 506). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala kristfjárjarðarinnar Ytra-Vallholts, frv. 277. mál (þskj. 531). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði, frv. 178. mál (þskj. 319). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 800).

Söluskattur, frv. 284. mál (þskj. 543). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Þjóðólfshaga I, frv. 213. mál (þskj. 683, n. 780). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og var samstaða um málið þar. Landbn. hefur fjallað um málið og eins og sést á þskj. 780 samþykkir hún samhljóða að mæla með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Jón Baldvin Hannibalsson og Halldór Blöndal voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Bæjarstæðis í Seyðisfjarðarhreppi, frv. 181. mál (þskj. 681, n. 781). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál, um að selja jörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu, er einnig komið frá Ed. og var þar samstaða um málið. Landbn. hefur rætt það á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Fjarstaddir voru þeir Jón Baldvin Hannibalsson og Halldór Blöndal er málið var rætt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221). — Frh. 1. umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er til framhaldsumr. frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 1944. Ætla má að um frv. þetta verði miklar umr. Frv. er komið óbreytt frá hv. Ed. Flm. þess eru forustumenn stjórnmálaflokka á hv. Alþingi þannig að líklegt er að frv. hafi góðan byr í seglin. Um þetta frv. mætti margt ræða, allan aðdraganda þess og afgreiðslu. Sjálfur gæti ég vísað til fyrirvara sem ég gerði fyrir ári síðan þegar þetta frv. kom til atkvæða hér í hv. deild. En á þessu stigi ætla ég ekki að ræða frv. í svo mjög löngu máli, aðeins benda á eitt atriði.

Ég tel víst að það sé ætlunin að fá þetta frv. samþykkt á þessu þingi og þar með að meira sé en tjaldað til einnar nætur. Miklu fremur tel ég að frv. séu ætlaðir langir lífdagar. M. a. þess vegna vil ég vekja athygli manna á 1. gr. frv. þar sem fjallað er um kjördæmin í landinu. Þar segir svo í 3. tölul., að Vesturlandskjördæmi nái yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu. Ég vil geta þess að þarna er ekki minnst á yngsta kaupstað landsins. Ólafsvíkurhreppur hlaut kaupstaðarréttindi 23. mars 1983 og er því kominn á annað ár. (**ÓÞÞ:** Þeim er ekki ætlað að hafa kosningarrétt.) Ég skal ekki um það segja, hv. ritari, en mér finnst þó ástæða til að vekja athygli á þessu, einkum af því að ég hygg að þessu frv., ef að lögum verður, sé ætlað að gilda um langa hríð. Þess vegna sakna ég þessa nafns á yngsta kaupstað landsins, eins og ég nefndi.

Ég held ég láti nægja að vekja athygli á þessu atriði og geta hv. þm. ásamt þeim nm. sem um þetta mál fjalla þá velt þessu atriði fyrir sér, hvort hér er hyggilega eða vel á málum haldið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vill eindregið mælast til þess við hæstv. forseta að hæstv. forsrh. sé viðstaddur þessa umr. (**Forseti:** Ég mun gera reka að því að hæstv. forsrh. verði hér í salnum. Ég vil geta þess að ég hef haft þær spurnir af hæstv. forsrh. að hann hafi verið kvaddur í símann og sé að ljúka símtali. Ég vona að hv. ræðumaður hafi biðlund á meðan.) Að sjálfsögðu, herra forseti. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. gengur í salinn.) Já, herra forseti, ég tel nauðsynlegt að hæstv. forsrh. sé viðstaddur þá umr. sem hér fer fram um þetta dagskrármál. Hann mælti fyrir því hér ekki alls fyrir löngu.

Um þetta mál urðu á síðasta þingi allmiklar umr. Talsvert mikill meiri hluti þáverandi hv. þm. var fylgjandi þessu máli. Ég er nærri því viss um að þó nokkuð margir hv. þm. sem teljast munu til dreifbýliskjördæma hafi glapist á það að vera fylgismenn frv. í trausti þess að við þá yfirlýsingu, sem því fylgdi á sínum tíma og nú er prentuð sem fskj. með frv. í nál., yrði staðið. Nú er það ljóst að a. m. k. enn sem komið er hefur ekkert það gerst sem gefur tilefni til að ætla að við þessa yfirlýsingu formanna stjórnmálaflokkanna fjögurra, sem prentuð var í fskj. með frv. á síðasta Alþingi, verði staðið.

Ég vil því mjög gjarnan, eins og ég hef áður gert svo og ýmsir aðrir sem tekið hafa þátt í umr. um þetta mál og mál sem tengjast því beint og óbeint, spyrja hæstv. forsrh. — og ekki bara hæstv. forsrh. heldur og hina formenn flokkanna þriggja sem að yfirlýsingunni stóðu — hvað líði vinnu í þá átt að staðið verði við gefnar yfirlýsingar sem gerð var grein fyrir við umr. þessa máls á síðasta Alþingi. Mér vitanlega hefur ekkert gerst í þessum efnum.

Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. forsrh. hvað líði störfum þeirrar n. sem mér er tjáð að hann hafi haft frumkvæði að að tilnefnd var af hálfu þingflokka fyrir nokkuð mörgum vikum til að vinna í því máli. Hann tilnefndi formann þingflokks okkar, hv. þm. Eið Guðnason, í þessa nefnd og ég spurðist fyrir um það síðast í gær hvað liði störfum hennar. Þá var mér tjáð að hún hefði ekki komið saman til fundar enn þó að nokkuð margar vikur séu liðnar síðan hæstv. forsrh. óskaði eftir því við þingflokka að þeir tilnefndu menn til að setja af stað vinnu í þessum efnum.

Þetta veldur því ásamt mörgu öðru að ég hef afskaplega litla trú á því að nokkur meining hafi fylgt þeirri yfirlýsingu sem getið var í grg. með frv. fyrst þegar það var lagt fram á síðasta þingi. Mér sýnist að eins og málin hafa þróast síðan sé beinlínis ætlun þeirra fjórmenninganna að svíkja þá yfirlýsingu sem gefin var. Ég beini þessu ekkert sérstaklega til hæstv. forsrh., ég beini þessu til allra formanna þeirra flokka sem yfirlýsinguna gáfu. Ég tel það vanvirðu við Alþingi, við kjósendur ef

ekkert mark er takandi á yfirlýsingum sem gefnar eru í þskj. af formönnum stjórnmálaflokkanna í landinu. Eigi það eftir að koma fram er engin furða þó að álit á stjórnmálamönnum fari almennt minnkandi ef svo er komið að ekkert mark er takandi á gefnum fyrirheitum forustumanna stjórnmálaflokkanna sjálfra.

Ég geri raunar kröfu til þess, herra forseti, að þetta mál fari ekki lengra hér í umr. fyrr en fyrir liggur um það vitneskja hvað á að gera í sambandi við önnur óréttlætismál í þjóðfélaginu sem flokkast undir þá yfirlýsingu sem til er vitnað og fyrr en það liggur fyrir að leiðrétting á þeim málum verði samferða þessu frv. í gegnum þingið. Allt annað eru svik við þau fyrirheit sem gefin hafa verið.

Hér er ekki eingöngu við hæstv. ríkisstj. að sakast, hér er við þá formenn að sakast sem gáfu þessa yfirlýsingu í nafni stjórnmálaflokkanna. Það er ekki til of mikils ætlast þó að þeir fjórmenningar í krafti sinnar stöðu, í krafti sinna embætta komi því til leiðar að staðið verði við þessi fyrirheit og ákvarðanir sem byggja má á verði teknar til að leiðrétta það margþætta misrétti sem viðgengst í landinu, en gefin voru fyrirheit um að það yrði gert samhliða því sem þetta mál yrði rekið í gegnum þingið.

Ég hef ekki heldur trú á því að það sé talið brýnasta verkefnið í íslensku þjóðfélagi nú í dag eins og fjármál þjóðarinnar eru að fjölga þm. Þetta frv. er um það að fjölga þm. um þrjá. Ég tel önnur brýnni og nauðsynlegri verkefni í íslensku þjóðlífi í dag en að fjölga þm. frá því sem er. Það kostar líka peninga.

Þetta frv. ásamt kosningalagafrv. er fyrst og fremst lagt fram og rekið áfram vegna offors tiltölulega fárra stjórnmálamanna hér á suðvesturhorni landsins. Talað er í þeim efnum um misvægi atkvæða eftir því hvar menn eru búsettir á landinu. Menn minnast ekki á misvægið í réttlætinu eftir því hvar menn eru búsettir á landinu. Því virðist vera gleymt í þessari umr. allri. Sumir ganga m. a. s. svo langt að tala um skort á mannréttindum hér á suðvesturhorni landsins vegna þess hvernig kosningafyrirkomulagið er nú.

Það er hægt að flokka miklu fleira undir mannréttindi en kosningarréttinn. Það er auðvitað krafa hvers og eins Íslendings að fá að búa við sambærileg kjör, sambærilegar aðstæður og þær sem bestar gerast hér á landi. Því fer víðs fjarri í okkar þjóðfélagi að svo sé. Hægt er að nefna ótal málaflokka sem eru þess eðlis að landsbyggðarfólk er nánast meðhöndlað sem annars eða þriðja flokks þjóðfélagsþegnar af hálfu stjórnvalda miðað við það sem gerist hér á þessu svæði. Þetta er ekki líðandi.

Ég hef margoft getið um það hér á Alþingi og fleiri hv. þm. á það minnt og gert til þess kröfu að t. d. hið gífurlega misrétti sem landsmenn búa við í sambandi við upphitun á íbúðarhúsnæði, sem er nú hvað mest stingandi í augu og verið hefur um nokkuð langt skeið, sé leiðrétt. Það er einn sá málaflokkur sem mundi flokkast undir annan lið þeirrar yfirlýsingar sem getið var í grg. með þessu frv. þegar það var lagt fram á síðasta þingi og er prentað sem fskj. með nál. á þskj. 425:

„Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Þetta er það fyrirheit sem gefið var. Og megi ekki trúa því og treysta að forustumenn, formenn stjórnmálahreyfinganna í landinu standi við slíka yfirlýsingu, útgefna í þskj., hvers má þá vænta af öðrum? Mér finnst að bæði þessa tilteknu formenn stjórnmálaflokkanna og stjórnmálaflokkana sem heild setji niður ef svíkja á þessi gefnu fyrirheit með þeim hætti sem mér sýnist að nú eigi að gera, og er þó líklega ekki af umtali að heyra úr háum söðli að detta.

Bent hefur verið á ótalmarga þætti sem eru þess eðlis að gífurlegs óréttlætis gætir annars vegar milli íbúa þessa svæðis sem við nú erum á og hinna dreifðu byggða víðs vegar úti um land. Umfram það sem ég gat um áðan, kostnaðinn við upphitunina, sem er margfaldur t. d. á Vestfjörðum miðað við það sem hér er á Reykjavíkursvæðinu, nægir að nefna einangrunina sem þetta fólk býr við stóran hluta úr árinu. Það nægir að nefna þá takmörkuðu menntunarmöguleika sem íbúar dreifbýlisins hafa samanborið við það sem býðst á þessu svæði. Og það nægir líka að nefna þá viðbót sem dreifbýlisfólk þarf að borga í hækkuðu vöruverði vegna flutningskostnaðar og vörugjalds. Allt eru þetta liðir sem samanlagðir valda því að íbúar úti á landi eru miklu, miklu verr settir kjaralega séð en íbúar á því svæði sem hér er verið um að ræða.

Auk þess er svo rétt að benda á þá staðreynd að öll stjórnsýsla ríkisins og Alþingi sjálft er staðsett hér á þessu svæði. Ég er handviss um að ef t. d. Vestfirðingar ættu þess kost að hafa Alþingi í Vestfjarðakjördæmi, stjórnsýslumiðstöðvarnar þar, þá gætu þeir eftirlátið Reykvíkingum og Reyknesingum sína þm. Það er ekkert lítið vald sem íbúar þessa svæðis, sem þetta bákn allt hafa nánast í hendi sinni, hafa til áhrifa á gjörðir og framvindu mála. Ég hef haldið því fram og held því fram enn að miðað við kringumstæður mætti frekar fækka þm. t. d. í Reykjavík og Reykjanesi en að fjölga þeim. (Gripið fram í.) Nei, ég var að segja, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, og ég hélt að ég talaði nú svo hátt og skýrt að þm. heyrðu væru þeir vakandi á annað borð, að ef Vestfirðingar byggju við þær kringumstæður varðandi stjórnsýsluna í landinu og Alþingi að hafa þessar stofnanir nánast við bæjardyrnar, þá þyrftu þeir ekki á mörgum þm. að halda. Það er munurinn. Það eru ekki litlir fjármunir eða lítil vinna sem því er samfara fyrir sveitarfélög, sveitar- og bæjarstjórnarmenn utan af landsbyggðinni að þurfa að dvelja langdvölum hér í Reykjavík til að reyna að hafa áhrif á þróun mála sem skipta miklu fyrir þeirra umbjóðendur. Þeir þurfa ekki að eyða miklu fé í slíkt t. d. borgarfulltrúar í Reykjavík og bæjarstjórnarmenn hér í nágrenninu, samanborið við það sem sveitarstjórnar- og bæjarstjórnarmenn utan af landi þurfa að kosta til vegna þessa þáttar sem er auðvitað borgaður af íbúunum á viðkomandi svæðum.

Fyrir nú utan hitt — og því ætti hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson að taka eftir sem formaður Verkamannasambands Íslands — hvað félagsmenn í aðildarfélögum Verkamannasambands Íslands af svæðum eins og Vestfjörðum og Austfjörðum búa við verri lífskjör vegna þess hve þessir kostnaðarþættir margir hverjir eru gífurlega þungir á heimilunum. Hvað heldur t. d. hv.

þm. Guðmundur J. Guðmundsson að félagsmenn í Dagsbrún mundu segja ef þeir fengju mánaðarlega reikning vegna upphitunar á íbúðarhúsnæði sínu upp á 5—7 þús. kr.? Ég hygg að þeir teldu það, ef sú breyting yrði, einhverja mestu kjaraskerðingu sem þeir hefðu upplifað á langri ævi. Þetta er launafólki víðs vegar úti um land ætlað að búa við. Það hefur búið við þetta og virðist, eftir því er best verður séð, ætlað að búa við áfram. Þetta er eitt mesta óréttlætið sem nú viðgengst að því er þennan þátt varðar. Þetta er meiri mannréttindaskortur en það misvægi atkvæða til áhrifa á Alþingi sjálft sem menn eru hér að tala um á þessu svæði. En á þetta virðist ekki vera hlustað.

Það er rétt að víkja að því í sambandi við þetta mál að um fjögurra mánaða skeið hefur hæstv. iðnrh. gengið með frv.-drög, í maganum líklega, um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar. Það eru rúmir fjórir mánuðir síðan hæstv. iðnrh. gaf þá yfirlýsingu hér á Alþingi í umr. að strax í janúarmánuði mundi hann leggja fram frv. þess efnis að jafna og lækka húshitunarkostnað í landinu. Nú hefur þetta frv. loks séð dagsins ljós. Er það frv. þá í anda þeirrar yfirlýsingar sem formenn stjórnmálaflokka gáfu á sínum tíma og prentuð er hér með nál. sem fskj.? Ekki aldeilis. Það er engu líkara en að framlagning þess frv. gæti verið staðfesting á brbl., um hluti sem búið væri að gera í þeim efnum um nokkuð langan tíma.

Fulltrúi hæstv. iðnrh. á aðalfundi Orkubús Vestfjarða, sem haldinn var vestur í Hnífsdal um s. l. helgi, gaf þá yfirlýsingu þar, ég geri ráð fyrir í nafni hæstv. ráðh. sem fulltrúi hans, að efni þessa frv. hefði þegar náð fram að ganga. Það væri ekkert í þessu frv. sem kæmi til viðbótar því sem nú þegar væri fyrir hendi. Þetta gerist eftir 4 eða 5 mánaða meðgöngutíma að vísu. Það er ekki fulllangur meðgöngutími og kannske er það þess vegna sem þetta frv. er ekki burðugra en það er.

Kannske þykir hv. þm. einkennilegt að vera að blanda þessu saman við það umræðuefni sem hér er á dagskrá. En þetta er bara hluti af því máli. Þetta er hluti af því máli vegna þess að fólki á þessum svæðum var gefið fyrirheit um að þetta yrði lagfært. Og ég er handviss um að þó nokkuð margir hv. þm., sem léðu þessu máli lið sitt á síðasta þingi, hafa gert það vegna þess að þessi yfirlýsing fylgdi þó með og menn vildu trúa því og treysta að við hana yrði staðið. Ég bið hv. þm. enn að hugsa um það, að vísu eru þeir kannske ekki hér inni sem ættu að vera það fyrst og fremst, hér ættu a. m. k. að hlýða á allir formenn stjórnmálaflokkanna, sem gáfu yfirlýsinguna, en ég bið hv. þm. að hugsa um það gífurlega óréttlæti sem íbúar landsbyggðarsvæðanna mega þola, þeir sem búa við orkuokur að því er varðar upphitun eigin íbúða. Ég bið þm. að hugsa um það, að þeir verða að borga ríflega helming dagvinnutekna sinna á mánuði til að standa undir þessum þætti heimilishaldsins. Kannske mundi hv. þm. ekki muna um þennan lið af sínum launum, en hjá launafólki, sem einvörðungu hefur lágmarkslaun, og þó þau væru ríflega það, er það gífurlega stórt hlutfall sem það verður að leggja af sínum launum til þessa þáttar eins.

Ég efast mjög um það — það er ekki af illvilja sagt — að hv. þm. almennt talað hafi gert sér grein fyrir því gífurlega ranglæti sem lagt er á þetta fólk. Ég er næstum því viss um að verkalýðspostularnir hér í Reykjavík, sem yfirleitt ráða nú ferðinni, hafa ekki gert sér grein fyrir því hversu gífurlega stór þáttur það er sem tekst af launum þessa fólks áður en það getur farið að leyfa sér einhverja aðra hluti sem hér er hægt að leyfa sér. Ég er handviss um að ef verkalýðshreyfingin sem heild tæki þetta mál upp á sína arma væri því betur borgið en nú er. En því miður hefur hún ekki fengist til þess, hvorki Alþýðusamband Íslands né Verkamannasamband Íslands, sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson er formaður fyrir. Menn ættu að gera sér grein fyrir þessum þáttum, ekki síst í þeirri gífurlegu kjaraskerðingu sem átt hefur sér stað á undanförnum mánuðum. Fólk á þessum svæðum undi þessu meðan það gat lagt svo til nótt við dag til að afla tekna fyrir þessum umframkostnaði. Nú er slíkt ekki fyrir hendi lengur. Atvinna hefur dregist saman. Það þykir gott á þeim svæðum þar sem dagvinnustundafjöldi næst, yfirvinna eða næturvinna er engin. Og launþegi sem einvörðungu hefur dagvinnutekjur af að lifa og býr á þessum svæðum, ég bið menn að hugsa um það hvar hann er settur fjárhagslega séð þegar meira en helmingur af laununum fer í þennan þátt einan.

Skv. nýjustu niðurstöðum og úttektum er talið að það fari rúmlega 12 vikur á ári bara til að vinna fyrir upphitunarkostnaðinum t. d. á Vestfjörðum. Þrír mánuðir á ári er það sem stjórnvöld ætla Vestfirðingum að vinna kauplaust til að geta borgað þennan þátt. 20—30% af tekjunum á þessu svæði fara til að borga þennan eina þátt heimilishaldsins. Og eftir sem áður daufheyrast stjórnmálamenn, daufheyrast þeir sem geta breytt þessum málum ef vilji er fyrir hendi, þeir sem ráða ferðinni í íslenskum stjórnmálum, þeir sem meiri hlutann hafa, geta breytt þessu ef þeir vilja. Ég verð að segja það alveg eins og er að út af fyrir sig lagði ég ekki mikið upp úr þessari yfirlýsingu sem prentuð var með frv. þegar það var lagt fram og gat þess reyndar þá í umr. að oft áður hefðu verið gefnar álíka yfirlýsingar og jafnoft sviknar. Og mér sýnist því miður að eins ætli um þessa að fara. Það er a. m. k. ekki að sjá að á þessu þingi eða samferða þessu máli eigi neitt að gera til að rétta hlut þessa fólks.

Ég geri ráð fyrir því að það sé svo um fleiri þm. en mig, komi þeir út á þessi svæði, að fyrsta skammarorðið er einmitt um þennan þátt. Og staðreyndin er sú að nú þegar er fjöldi fólks búinn að auglýsa íbúðarhúsnæði sitt á þessu svæði til sölu vegna þess að það getur ekki staðið undir þessum kostnaði. Það er fyrst og fremst tvennt sem nú hrjáir það fólk sem í sjávarplássunum á þessum svæðum býr t. d. og þá raunar svæðin sem heild um leið. Það er sá samdráttur sem átt hefur sér stað í afla, kvótasetningin með þeim gífurlegu annmörkum sem kvótinn setur, og síðan sá gífurlegi kostnaður í heimilishaldinu sem upphitunarþátturinn er.

Nú þegar eru fólksflutningar farnir að eiga sér stað af þessum svæðum til þess svæðis sem við nú erum á. Og komi einhvern tíma að því að augu stjórnmálamanna, sem ferðinni ráða, opnist til þess að lagfæra þetta, þá verður erfiðara að stöðva þá skriðu, ég tala nú ekki um að snúa henni við, heldur en ef gripið er til aðgerða í tíma. Ég hef sagt það áður og segi enn: Það er ekkert til fyrirstöðu af minni hálfu að jafna hið margumtalaða misvægi atkvæða. En því aðeins að annað óréttlæti, annar ójöfnuður í landinu verði lagfærður um leið. Það er vanvirða af hálfu stjórnmálaforingja, hverju nafni sem nefnast, að gefa út falskar yfirlýsingar og fölsk

plögg sem ekki er ætlað að standa við. Það verður eitt með mörgu til að rýra enn álit almennings á íslenskum stjórnmálaforingjum.

Ég vil, herra forseti, enn ítreka að ég geri kröfu til þess að þetta mál fari ekki lengra hér í Nd. fyrr en á borð þm. eru komin frv. í samræmi við þá yfirlýsingu sem formenn stjórnmálaflokkanna gáfu og prentuð eru hér í nál. sem þskj. með þessu frv., fyrr en komin eru á borð þm. frv. sem eiga að leiðrétta aðra hluti, og að þeim sé ætlað að fara líka í gegnum þingið á sama hátt og þessu frv. hér. Ég geri kröfu til þess og ég trúi ekki öðru en að hæstv. forseta þyki það eðlileg krafa í ljósi þess sem hér hefur verið vitnað til og skjalfest er. Og ég lýsi eftir því hjá hæstv. forsrh.: Hvað líður starfi þeirrar nefndar sem hann óskaði eftir tilnefningu í af hálfu þingflokkanna fyrir nokkrum vikum síðan, sem átti að vinna að því máli? Hefur hún eitthvað gert? Hversu mikið og hvað? Komi það í ljós, sem ég þykist vita, af eftirgrennslan minni í mínum eigin þingflokki, að nefndin hafi ekki einu sinni verið kölluð saman, þá sjá hv. þm. hver meining formanna sjórnmálaflokkanna hefur verið með þeirri yfirlýsingu sem gefin var.

Það verður kannske, herra forseti, margt fleira sagt og miklu lengri ræður fluttar um þetta mál ef á að þverskallast við því að koma hér fram með það sem lofað var á sínum tíma og menn höfðu byggt á og fólkið treysti að yrði gert.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Það breytir auðvitað litlu þótt reynt sé að mótmæla þessari allsherjarsátt hinna fjóru stóru. Mér er fullkomlega ljóst að þessi lausn fékkst ekki á einni nóttu heldur kostaði hún mikla vinnu og margra vikna fundarsetu. Og hér er ekki aðeins um samkomulag fjögurra stjórnmálaflokka að ræða heldur miklu fremur málamiðlun ólíkra hagsmuna innan hvers flokks fyrir sig og virðist þó af ummælum margra ekki hafa náðst til fulls.

Fullyrt hefur verið að fá lagafrv. hafi verið undirbúin jafnrækilega og þau frv. til breytinga á stjórnarskránni og kosningalögunum sem nú liggja fyrir þinginu, og sé ég ekki ástæðu til að draga það í efa. Skv. framansögðu má því búast við að þessi frv. verði samþykkt á þessu þingi, nema formenn flokkanna hafi þeim mun verra taumhald á liðsmönnum sínum. Það skal fúslega viðurkennt að Kvennalistakonur hafa ekki haft hátt um þessi mál. Framboð okkar fyrir síðustu kosningar átti sér fremur stuttan aðdraganda og átti sér aðrar meginorsakir en þær að við hygðumst vinna að breytingum á kjördæmaskipan og kosningalögum. Það er þó langt frá því að við séum skoðanalausar í þessu efni, en eins og í flestum ef ekki öllum flokkum og stjórnmálasamtökum falla þær skoðanir ekki svo nákvæmlega í einn farveg að ég geti mælt fyrir hönd Kvennalistans í heild. Ég tala því einkum fyrir sjálfa mig í þetta sinn.

Ég hef fulla samúð með sjónarmiðum kjósenda á landsbyggðinni og skil ótta þeirra við höfuðborgarvaldið en ég get ekki fallist á réttmæti þess að berjast gegn höfuðborgarvaldinu með því að viðhalda misrétti í atkvæðavægi. Við erum fámenn þjóð og eigum að standa saman að lausn mála. Misrétti í atkvæðavægi vinnur gegn því og elur á tortryggni og úlfúð milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Misrétti eftir búsetu á að mínum dómi að leiðrétta á annan hátt en með misjöfnu atkvæðavægi.

Ef rétt væri að lagfæra misrétti sem af búsetu hlýst með misjöfnu atkvæðavægi þá mætti væntanlega með sama rétti lagfæra margháttað annars konar misrétti á sama hátt. T. d. væri þá með sama hætti sanngjarnt að freista þess að rétta hlut kvenna með því að láta þær hafa tvöfaldan atkvæðisrétt á við karla. Vill einhver það? Ekki hefur það enn komið til tals meðal kvenna svo að mér sé kunnugt um, enda að mínum dómi aldeilis fráleitt. (**ÓÞÞ:** Stjórna þær ekki bændum sínum?)

Mér er reyndar fyrirmunað að skilja hvers vegna svokallaðir landsbyggðarþingmenn, sem alltaf eru í meiri hluta hér í þinginu, hafa ekki unnið markvisst að dreifingu valdsins um landið í stað þess að einblína á togara hér og vegarspotta þar og gera landsbyggðina sífellt háðari höfuðborgarvaldinu. Í þessu sambandi er vert að minnast þess að fyrir nokkru var stofnuð lausanefnd eins og síðasti ræðumaður einmitt kom líka að. Sú nefnd átti, það ég best man, einmitt að fjalla um jöfnun misréttis milli landshluta. Enn þá hefur sú nefnd ekki komið saman svo að eitthvað er nú áhuginn takmarkaður hjá þeim sem ráða.

Samtök um kvennalista telja að draga eigi verulega úr miðstýringu og þá sérstaklega að færa valdið frá ríki til sveitarfélaga, auka vægi og vald landshlutasamtaka og dreifa ríkisstofnunum meira um landið. Að því ætti að vinna markvisst en hins vegar alrangt að blanda því saman við vægi atkvæða eins og meiri hluti þm. vill enn þá gera en alveg áreiðanlega minni hluti kjósenda. Ég legg því til að þetta frv. verði fellt. Það bætir lítið það ástand sem nú ríkir í kördæmaskipan og skiptingu þingsæta milli kjördæma, þrátt fyrir nýjar reiknings-kúnstir, svo sem kynntar eru á þskj. 222 sem nú er til meðferðar í n. hér í Nd. Skylt er þó að viðurkenna að þetta er allgóð lausn miðað við þau markmið sem þessum lögum er ætlað að ná, sem voru þessi helst: jöfnuður milli flokka, nokkur leiðrétting á búsetuvægi og betri landsdreifing þingliðs án þess að breyta kjördæmaskipan frá því sem nú er. Þessi markmið eru að sumu leyti mótsagnakennd og niðurstaðan getur aldrei orðið rétt að allra dómi. Í mínum huga er alveg ljóst að eina raunverulega réttlætið er að allt landið sé eitt kjördæmi og öll atkvæði kjósenda jafngild. En líklega er langt í það réttlæti.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. Karvel Pálmason vísaði til yfirlýsingar sem hann kvað vera yfirlýsingu formanna þeirra flokka sem fluttu frv. sem nú er til meðferðar á hinu háa Alþingi í annað sinn. Ég leyfi mér að lesa þessa yfirlýsingu í heild sinni, með leyfi forseta. Þar segir:

„Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frv. þessu, sem sérprentað fskj., „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar“ (Reykjavík, janúar 1983). Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi þá að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a.

fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Ég vil taka heils hugar undir fjölmargt af því sem hv. þm. sagði um mismunun eftir búsetu og skal ekki endurtaka það hér. Þar er um fjölmargt að ræða sem þarf að lagfæra. Hins vegar vildi ég með því að lesa yfirlýsinguna leggja áherslu á að í fyrsta lagi eru það þingflokkar þessara flokka en ekki flm. frv. sem þessu hétu. Ég er ekki að skorast þar undan ábyrgð. Ég stend að því með þingflokki Framsfl. að þetta verði efnt. Og í öðru lagi, sem er kannske meira mál, lofað er að þetta verði gert samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár, en alls ekki samhliða afgreiðslu þessa máls.

Hér er aðeins um eina breytingu á stjórnarskránni að ræða. Stjórnarskrárnefnd starfar enn og eins og ég minnti á í umr. hér á hinu háa Alþingi hefur hún sent drög að breytingum til umsagnar í þingflokkum. Hafa ekki borist, að því er ég best veit, mikil viðbrögð við því. Ég beitti mér hins vegar fyrir því að þingflokkarnir tilnefndu mann til að fjalla um það sem sagt er í þessari greinargerð.

Hér segir að þetta skuli afgreiða samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Mér hefði aldrei dottið í hug að svo gífurlega umfangsmiklar breytingar, sem þar þyrftu að vera á ferðinni, ég tek undir það með hv. þm., verði hristar fram úr erminni með afgreiðslu þessa máls á síðustu vikum þingsins.

Vitanlega er verið að vinna að slíkum breytingum á fjölmörgum sviðum. Stjórnarskrárnefnd sjálf vinnur að slíkum breytingum. Á vegum félmrn. er nú hafið miklu nánara samráð við sveitarfélögin, m. a. um skiptingu valds á milli ríkis og sveitarfélaga sem er lengi búið að vera í umfjöllun.

Hv. þm. gerir að vísu lítið úr frv. um jöfnun upphitunarkostnaðar, en þó er um mjög mikla aukningu á fjármagni í þessu skyni að ræða frá því sem t. d. var á fjárlögum síðasta árs. Ég tek undir það að meira þarf að gera á því sviði, en ég tel að sú viðleitni, sem það frv. sýnir, sé þó mjög stórt spor í rétta átt.

Hugmynd mín var sú, að fulltrúar þingflokkanna fylgdust með því sem fram undan er og verið er að vinna að á þessum sviðum og mætu hvort með því væri ekki staðið við þá yfirlýsingu sem hér er gefin. Ég vil hins vegar lýsa yfir því, að jafnvel þótt svo vel færi að stórt skref yrði tekið óttast ég að lengi verði fundinn einhver mismunur á milli dreifbýlis og þéttbýlis, líklega á báða vegu reyndar, og aldrei náð því jafnrétti sem menn telja fullnægja þeim kröfum sem þeir gera.

Ég vil vísa því algerlega á bug að það sé ætlun þeirra sem fluttu frv. að við yfirlýsingu þessa verði ekki staðið og ég veit ekki annað en þeir þingflokkar sem þessu lofuðu ætli sér að standa við þá skoðun, en ég legg áherslu á að ætíð hefur verið meiningin að það yrði gert í tengslum við afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár sem er í meðferð enn þá í stjórnarskrárnefnd og kemur ekki fyrir þetta þing.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér stendur dálítið einkennilega á. Komið er fram frv. til stjórnskipunarlaga sem ku hafa það höfuðmarkmið að jafna kosningarrétt í landinu, en tekur jafnframt af öll tvímæli um að Ólafsvíkurkaupstaður skuli ekki teljast til neins kjördæmis á Íslandi og þar með að íbúar Ólafsvíkurkaupstaðar skuli engan kosningarrétt hafa. Taki Alþingi aftur á móti þá ákvörðun að breyta þessu atriði og setji Ólafsvíkurkaupstað inn í Vesturlandskördæmi hefur það jafnframt ákveðið að breyta frv. hæstv. forsrh. á þann veg að hann er að leggja til að stjórn hans fari frá strax og Alþingi hefur samþykkt þetta frv. Því eins og þingheimi er ljóst ber um leið og stjórnarskrárbreyting hefur verið samþykkt að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Alþingi er þess vegna stillt upp við vegg á þann veg að annaðhvort skal óbreytt frv. fram ganga með þeim annmarka, sem hér er á, að Ólafsvíkingar hafa engan kosningarrétt eða að þm. taka ákvörðun um að stjórnin lifi ekki nema fram á vorið. Ég verð að segja eins og er að sem stjórnarsinni hef ég ekki lent í miklu meiri vandræðum en að meta stöðuna út frá þessu.

Mér þykir það einnig dálítið sérstakt að hæstv. forsrh. skuli sækja það mál jafnfast og hann gerir þar sem þannig er ástatt um málið og einnig má það furðulegt heita að félmrh. skuli láta það óátalið að slíkt mál sé flutt hér í þinginu og ber þá nýrra við ef hann telur það ekki skyldu sína að gæta hagsmuna þeirra á Vesturlandi og m. a. þeirra sem búa í Ólafsvík. En hvað er það á milli vina þó einn kaupstaður sé ekki talinn með á Íslandi lengur þegar landinu er skipt niður í kjördæmi.

Þetta er auðvitað aðeins sýnishorn af því hvílíkt fljótræði er hér á ferðinni. Þetta mál er sett fram án þess að á því sé nein skiljanleg skýring hvernig standa beri að þessum hlutum. Ég hygg að Alþingi hafi margt annað þarfara við sinn tíma að gera nú á vordögum, en að afgreiða frv. sem ekki er betur unnið en það sem hér liggur fyrir Nd. Og ég vænti þess að þó að menn séu nú kröfuharðir um að jafna beri kosningarrétt sé ekki svo vasklega fram gengið að menn telji sanngjarnt að íbúar í heilum kaupstað hafi engan kosningarrétt.

Það hefur komið hér fram að þessi tillaga sé málamiðlun. Menn hafa viljað ganga svo langt að kalla hana þjóðarsátt. Að mínu mati má segja að niðurstaðan verði alveg þveröfug. Þessi tillaga á eftir að halda öllum þeim eldum logandi sem loga í dag milli einstakra hagsmunahópa í þessu þjóðfélagi og sú ákvörðun að setja öll ójöfnunaratriði í salt, sem verið er að gera með því að segja að leiðrétta beri mismun á milli búsetukostnaðar í þessu landi, leiðrétta beri hann með nýrri stjórnarskrá þegar ný stjórnarskrá verði tekin fyrir. Það vill nú svo til að við höfum átt stjórnarskrárnefnd starfandi nokkurn veginn eða alveg frá þeim tíma að lýðveldið var stofnað. Það hefur verið sameiginlegt með þeim öllum að þær hafa fengið nýjan formann þegar sá sem áður gegndi formennsku hefur verið á brautu kvaddur. Ég er ekki búinn að sjá að þar á verði nein breyting í framtíðinni. Það er enginn áhugi hjá stjórnmálaflokkunum að breyta stjórnarskránni sem heild. Ef sá áhugi væri til staðar væru menn búnir að leggja fram brtt. við stjórnarskrána í þinginu um þau atriði.

Ég hef aftur á móti aldrei fengið skilið hvaða rök mæla með því að skattleggja beri landsbyggðina alveg sérstaklega til að greiða með hinum orkufreku iðjuverum þessa lands. Það verður að segjast eins og er, að þeir sem bera á því ábyrgð að leyfa Landsvirkjun að hækka sína raforkutaxta eins og gert hefur verið til þess að hún geti komið út með hagnaði, þrátt fyrir þá

staðreynd að hinir orkufreku kaupendur borga hlægilega lágt verð fyrir sinn hluta af raforkunni, þeir sem bera ábyrgð á þessari ákvarðanatöku hafa í sjálfu sér ákveðið að leggja á stóriðjuskatt í landinu sem er þannig greiddur að sá sem borgar aðeins raforku til venjulegra heimilisnota, en hefur heitt vatn til upphitunar, borgar hálfan skatt á við þá sem nota raforku líka til upphitunar. Ég hygg að það sé ærið umhugsunarefni hvort þetta geti talist réttlátt. Og það er dálítið skrítið að á sama tíma og t. d. í sjávarútvegi er verið að greiða stórfé með vissum veiðum, eins og t. d. karfaveiði, sem sennilega er hreint lögbrot að gera í dag, eru menn í reynd að taka fé frá útgerðarsvæðunum úti um land og færa það til suðvesturhornsins til þeirrar togaraútgerðar sem þar er. Og mér er spurn: Er það virkilega niðurstaðan, þegar menn halda jafnákveðið á þessum málum, að þeir telji eðlilegt að sú útgerð sem ber sig úti á landi eigi að borga skatt til hinnar sem löngum hefur verið á höfði? Er það það sem menn telja rétt? Og flytja svo á eftir íbúana af þessum svæðum hingað suður?

Mér er ljóst að þeir sem standa að flutningi þessa frv. telja að þeir séu að leggja til eitthvað sem muni standa næstu ár. Þar er um mikinn misskilning að ræða. Ég hygg að þessi stjórnarskrárbreyting verði af sögunni talin með stærri mistökum sem Alþingi Íslendinga hefur gert, ef hún kemst til framkvæmda. Menn hafa löngum spurt: Er það sanngjarnt að atkvæðisrétturinn úti á landi sé meiri en á höfuðborgarsvæðinu? Um þetta má vissulega deila, en sú spurning sem vaknar, ef við sláum því föstu að svo skuli ekki vera, er aftur á móti þessi: Er það sanngjarnt að íbúar höfuðborgarsvæðisins skuli ráða yfir landinu öllu? Það er söguleg staðreynd að landsbyggðin, þegar hún hafði þetta mikla vald og réð hér málum, veitti ákveðnum svæðum, með því að veita þeim kaupstaðarréttindi, mjög veruleg forræði eigin mála. Eitt af þeim svæðum sem fékk slík réttindi var Reykjavík. Og Alþingi gekk svo langt í upphafi, undir hinu danska valdi, að það var beinlínis stuðlað að því að hér yrði látin rísa byggð. Við spyrjum í dag: Hvað er það sem þéttbýlið ætlar að gera ef það fær þetta meirihlutavald? Hvers vegna leitar það eftir því að fá meirihlutavald á Alþingi Íslendinga? Hvað er það sem það vill gera við það vald? Það er ekki óeðlilegt að þessi spurning komi fram.

Ég hygg að það verði ákaflega skiptar skoðanir um hvað eigi að gera við þetta vald. Sumir munu e. t. v. segja að þeir vilji vinna að því að koma hér á réttlátum lausnum á ýmsum sviðum. Aðrir munu tvímælalaust halda því fram að þeir ætli að nota þetta vald til að drottna yfir landsbyggðinni. Og það hefur ekki farið neitt leynt hjá mörgum að það er það sem þeir vilja. Ég er þeirrar skoðunar, og rakti það í ræðu hér í Alþingi í vetur, að eigi af sanngirni að taka á þessu máli sé það vonlaust á annan veg en þann að veita hinum ýmsu svæðum á Íslandi mjög verulega sjálfstjórn allra sinna mála. Það væri ákvarðanataka um það að breyta lýðveldinu Íslandi í sambandslýðveldi og skipta því í fimm lýðveldi sem réðu í öllum aðalatriðum sínum málum. Menn mega kalla þetta fylki og það er gamalt og gott orð. Ég fæ ekki séð að neitt landssvæði á Íslandi gæti hafnað því að það fengi forræði sinna mála, réði sínum málum eins og er í þeim löndum þar sem um sambandslýðveldi er að ræða. Sambandslýðveldin hafa aftur á móti náð miklu betri árangri í því að draga úr miðstýringu en það form sem við erum með. Hvers vegna tel ég rétt að ræða þetta í þessu samhengi? Vegna þess að það er tómt mál að tala um að það eigi að setja nefnd til að vinna að breytingum á ýmsum atriðum sem varða hagsmuni hinna dreifðu byggða eftir að búið er að standa þannig að málum að þéttbýlið hefur fengið meirihlutaaðstöðu á Alþingi Íslendinga.

Mér er líka ljóst að því miður er ekki til staðar á Alþingi sú rólega umhugsun sem þyrfti að vera um þessi mál. Menn líta nánast þannig á að verið sé að eyða tíma þingsins, það sé málaþóf eða að það sé verið að tefla máli í tvísýnu ef menn taka upp á því að ræða um stjórnarskrána. Það er orðið svo ríkt í hugum þm. að líta á Alþingi sem afgreiðslustofnun en ekki sem löggjafarsamkomu. Menn fela sig í vaxandi mæli á bak við það að frv. eigi að útbúa út í bæ af einhverjum sérfræðingum, svo eigi að flytja þau hér á þinginu og afgreiða þau. Og það er athyglisvert hvernig fréttamenn halda á þessum málum. Þeir tala um að það sé verið að tefja þessi mál í þinginu. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að spyrja ræðumann hvort hann geti lokið ræðu sinni á mjög stuttum tíma.) Mér er nú ljúft að svara forseta því, að ég gæti lokið ræðunni á nokkuð stuttum tíma, en mér er ekki ljóst hvort það er nokkuð sem mælir með því að eyða þingtíma í annað en að halda áfram með þessa ræðu. (**Forseti:** Þá vildi ég óska eftir því að hv. þm. frestaði ræðu sinni.) Ég verð við þeirri ósk.

Umr. frestað.

Neðri deild, 83. fundur.

Miðvikudaginn 9. maí, að loknum 82. fundi.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 799). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. hér í gærkvöld komu fram ýmsar fullyrðingar. Það er aðeins einn þáttur sem ég vildi gera hér að umræðuefni í örstuttu máli.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson taldi að samþykkt þessa frv. þýddi það í reynd að fjölga yrði starfsmönnum um a. m. k. 50, sem hlyti að leiða af sér verulega kostnaðaraukningu. Hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður sjútvn., upplýsti í umr. að skv. umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar mundi hér vera um að ræða sparnað frá því sem nú er yrði frv. samþykkt. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann verði lengi með ræðu sína.) Nei. Ég segi bara örfá orð og er reyndar að ljúka.

Þarna greinir menn á um hvað þetta kann að þýða. Ég vildi því spyrja hæstv. sjútvrh. hvaða skoðun hann hefði á því, hvort samþykkt frv. hefði í för með sér verulega kostnaðaraukningu eða hvort hér væri um að ræða breytingu sem leiddi af sér sparnað frá því sem verið hefur. Væri vel þegið ef hæstv. sjútvrh. gæti svarað þessu nú við 3. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil aðeins vísa til þeirrar umsagnar frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem ég fór fram á á sínum tíma skv. ákvæðum í lögum. Þessi umsögn liggur fyrir og þar kemur fram að gert er ráð fyrir því að breytingar þessar leiði til sparnaðar. Hversu langan tíma það tekur get ég ekki sagt fyrir um, en helsta niðurstaða fjárlaga- og hagsýslustofnunar var sú, að breytingar þessar hefðu sparnað í för með sér.

Umr. frestað.

Sala jarðarinnar Þjóðólfshaga I, frv. 213. mál (þskj. 683). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 801).

Sala jarðarinnar Bæjarstæðis í Seyðisfjarðarhreppi, frv. 181. mál (þskj. 681). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 802).

Hafnalög, frv. 136. mál (þskj. 763). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram á síðasta Alþingi og náði þá ekki fram að ganga. Á frv. voru gerðar nokkrar breytingar og það lagt fram snemma á þessu þingi. Það fékk mjög ítarlega umfjöllun í nefnd í Ed. sem gerði á því nokkrar minni háttar efnisbreytingar og orðalagsbreytingar. Tel ég fyrir mitt leyti að þær séu flestar eða allar til hins betra. Ég sé enga ástæðu til að rekja efni þessa frv. frekar, því að allir sjá í þingtíðindum hvað um það var sagt í fyrri deild, en óska eindregið eftir því, þar sem málið er búið að vera hér fyrir tveimur þingum, þó að langt sé liðið á starfstíma þingsins, að það fái hraða afgreiðslu í þeirri nefnd sem það fær það til meðferðar í þessari hv. þingdeild.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er mælt fyrir er komið frá Ed. og þar voru gerðar á því talsverðar breytingar frá því frv. sem fyrir var lagt og unnið hafði verið á vegum ráðuneytis af sérstakri nefnd, svo sem gerð er grein fyrir í athugasemdum með frv.

Það sem ég ætlaði aðeins að víkja að við 1. umr. hér í hv. deild er sú breyting sem gerð er á 12. gr. frv. frá upphaflegu horfi, breyting sem samþykkt var í hv. Ed. og varðar möguleika sveitarfélaga og aðstöðu til innheimtu á hafnargjöldum. Með brtt. við 12. gr. voru felld út eftirfarandi ákvæði í sambandi við þetta mál:

Í 12. gr. frv., eins og það liggur hér fyrir, segir í 4. lið: „Vörugjald af útflutningi og aflagjald skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila sem skuldar vörugjald".

Í framhaldi af þessu sagði í frv., eins og það var lagt fyrir í Ed.: „og hefur hafnarsjóður haldsrétt í varningnum uns gjaldið er greitt.

Verði misbrestur á greiðslu aflagjalds skal viðskiptabanki fiskkaupanda, ef óskað er, standa hafnarsjóði skil á greiðslu gjaldsins, er hann tekur veð í viðkomandi framleiðslu. Enn fremur skal útflytjandi eða banki, er greiðir framleiðanda söluverð varnings, greiða hafnarsjóði áfallið en ógreitt vörugjald af viðkomandi varningi."

Þetta sem ég hef hér lesið var fellt út við breytingu í hv. Ed. og með því veiktur mjög verulega möguleiki hafnarsjóðanna til að tryggja greiðslu vörugjalds af viðkomandi útflutningi.

Nú er það eðlilega nokkurt álitamál hvaða tillit eigi að taka til hagsmuna hafnarsjóða í þessum efnum, en yfirleitt eru þeir nú ekki of vel staddir og möguleiki þeirra til að beita þeim ákvæðum sem eftir standa í frv., eins og það liggur hér fyrir, eru ekki ýkja miklir, að hafa tryggingu með veði í útflutningsbirgðum þess sem skuldar vörugjald.

Brottfall þessa ákvæðis, að verði misbrestur á greiðslu aflagjaldsins, þá skuli viðskiptabanki fiskkaupanda, ef óskað er, standa hafnarsjóði skil á greiðslu gjaldsins, er auðvitað mjög veikjandi fyrir hafnarsjóðina varðandi möguleika þeirra til að fá skilvísa greiðslu á þessu gjaldi. Við þekkjum það, ekki síst í hinum minni byggðarlögum, að möguleiki þessara sjóða til að ganga að fyrirtækjum þar með mjög hörðum hætti eru ekki ýkja miklir, eða þeirra aðstaða er ekki sterk í þeim efnum, þannig að ég teldi að ekkert hefði veitt af því að halda inni þeim ákvæðum, a. m. k. að verulegu leyti, sem voru í frv. eins og það var lagt fyrir í hv. Ed. Ég vek hér athygli á þessu við þessa umr. og óska eftir því að þetta fái alveg sérstaka athugun í viðkomandi nefnd.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og raunar kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni var þessi breyting á 12. gr. gerð skv. till. samgn. Ed. Þær breytingar komu aldrei til mín eða í ráðuneytið. Þessar breytingar byggðust á umsögnum um frv. sem bárust nefndinni. Formaður nefndarinnar skýrði mér frá þessum umsögnum og þeim breytingum sem væri farið fram á og nefndin væri hlynnt að gera. Ég taldi að nefndin yrði að meta það og vega hvað langt ætti að ganga.

Hins vegar vakti ég athygli á því, að sú nefnd sem upprunalega samdi frv. og ráðuneytið sem fór yfir það vildu reyna að búa sem allra best um hnútana til að tryggja tekjur hafnanna.

Hins vegar eru enn inni ákvæði í 12. gr. eins og að

halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda, og að vörugjald af útflutningi og aflagjald skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila sem skuldar vörugjald. En hitt var tekið út, skuldbinding banka sem lánar út á vöru. Þetta getur auðvitað verið matsatriði og ég tel sjálfsagt að verða við tilmælum hv. þm. um að nefndin athugi nánar þessi atriði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjúkraliðar, frv. 314. mál (þskj. 622). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. til laga um sjúkraliða er samið í ráðuneytinu að beiðni Sjúkraliðafélags Íslands. Það er þáttur í þeirri viðleitni heilbrigðisyfirvalda að vernda starfsheiti og réttindi hinna ýmsu heilbrigðisstétta með sérstökum lögum og þar af leiðandi kveða á um skyldur þeirra, en löngu er viðurkennd nauðsyn þess, þar sem krafist er náms og starfsreynslu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara sérstaklega orðum um þetta frv. Það fjallar um réttindi og skyldur sjúkraliða, sem eru orðnir nokkuð fjölmenn heilbrigðisstétt og óska eindregið eftir að fá slíka lögvernd. Þess vegna er þetta frv. flutt. Það fór í gegnum Ed. samhljóða. Heilbr.- og trn. Ed. gerði ekki á því neinar breytingar, og eins og ég sagði, það er flutt eftir beiðni Sjúkraliðafélagsins.

Ég legg áherslu á það, að sú nefnd sem fær frv. til meðferðar reyni að hraða afgreiðslu málsins, því að ég tel sjálfsagt og eðlilegt að verða við beiðni þessa félags.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ljósmæðralög, frv. 315. mál (þskj. 623). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Gildandi ljósmæðralög eru að grunni til frá 1933. Eins og fram kemur í athugasemdum við þetta frv. eru mörg ákvæði gildandi laga úrelt og hafa í reynd ekkert gildi vegna síðar útkominna laga. Það er þarflaust að rekja hér nánar. Ljósmæðrafélag Íslands fór þess á leit við ráðuneytið að það semdi og flytti nýtt frv. um réttindi og skyldur ljósmæðra. Varð ráðuneytið við ósk félagsins og því er þetta frv. samið og flutt og að verulegu leyti byggt á tillögum Ljósmæðrafélagsins, en þó ekki að öllu leyti vegna þess að það kemur inn á starfsvettvang annarrar heilbrigðisstéttar. Ljósmæðrafélag Íslands gerði tilteknar tvær athugasemdir við frv. til nefndar Ed. Varð nefndin í Ed. við annarri athugasemdinni, sem breytt var í meðferð Ed., en hin athugasemdin var ekki tekin til greina. Er rétt að nefndin, sem fær frv. til meðferðar, líti á það.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íslenzk málnefnd, frv. 341. mál (þskj. 758). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er það flutt í því skyni að treysta með lagasetningu grundvöll þeirrar starfsemi sem Íslensk málnefnd hefur með höndum. Til nefndarinnar var stofnað fyrir nærfellt 20 árum og er upphaf hennar og þróunarsaga nokkuð ítarlega rakin í athugasemdum sem frv. fylgja. Nefndin var stofnuð með bréfi menntmrh. Gylfa Þ. Gíslasonar 30. júlí 1964 og reglurnar um starfsemi hennar voru settar árið eftir.

Fyrstu árin voru umsvif nefndarinnar fremur lítil, enda fjárveitingar takmarkaðar. Árið 1979 var framlag til málnefndarinnar í fjárlögum 250 þús. gkr. og í fjárlögum fyrir 1980 var fjárveitingin hækkuð í 2 millj. gkr. Hæstv. forseti þessarar deildar, sem þá var menntmrh., beitti sér fyrir endurskipulagningu málnefndarinnar og enn auknum fjárframlögum og fjárveitingin var hækkuð 1981 í 35 þús nýkr. Jafnframt var formanni nefndarinnar, Baldri Jónssyni dósent, veitt lausn undan kennsluskyldu í heimspekideild Háskóla Íslands um fjögurra ára skeið frá 1. jan 1981 að telja. Þá var m. a. haft í huga, að honum gæfist meira svigrúm til að sinna starfsemi tengdri Íslenskri málnefnd jafnframt rannsóknarstörfum sínum. Fjárveitingar til málnefndarinnar hafa síðan farið hækkandi og í fjárlögum 1984 eru nefndinni ætlaðar 511 þús. kr. til starfsemi sinnar. Með þessum hætti hafa starfsskilyrði nefndarinnar gerbreyst, enda hefur starf hennar farið mjög vaxandi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að lesa þennan litla kafla upp úr athugasemdum við frv. til þess að gera hv. þdm. betur grein fyrir því hvaða mál hér er á ferðinni, en núna er um það fjallað að staðfesta þessa starfsemi með löggjöf. Að undirbúningi þessa frv. hafa staðið formaður málnefndar, Baldur Jónsson dósent, dr. Guðmundur Magnússon háskólarektor og fyrir hönd menntmrn. Runólfur Þórarinsson deildarstjóri. Frv. er samið í anda þess sem málnefnd hefur unnið að á undanförnum árum og liggur hér fyrir.

Frá upphafi hefur nefndinni verið ætlað tvíþætt hlutverk, annars vegar að sinna starfi að söfnun og útgáfu nýyrða en starfsemi á því sviði hafði um alllangt skeið farið fram á vegum menntmrn. með atbeina orðabókarnefndar Háskólans, en hins vegar að veita leiðbeiningar og ráðgjöf um málfarsleg efni, bæði almenningi og stofnunum svipað og hliðstæðar nefndir annars staðar á Norðurlöndum. Þannig var ljóst að málnefndinni var og er ætlað mikilvægt verkefni í þeirri viðleitni sem beinist að ræktun, vernd og eflingu íslenskrar tungu. Lengi framan af starfsferli nefndarinnar var henni þó sniðinn svo þröngur fjárhagsstakkur að ekki gat orðið um umfangsmikið starf að ræða. Það er fyrst hin síðustu ár að veruleg breyting hefur á orðið að þessu leyti, enda hefur þess séð stað í umsvifum nefndarinnar. Svo sem vænta mátti hefur komið skýrt í ljós að mikil þörf er á ráðgjafarstofnun af þessu tagi. M. a. hefur tekist gott samstarf við aðila sem vinna að nýyrðamálum á ýmsum sérfræðisviðum, en þar er við mikil og vaxandi verkefni að fást sem miklu skiptir fyrir framtíðarþróun tungunnar að vel takist að leysa. Á þessu hefur sérstök þörf orðið á síðustu árum vegna örrar þróunar í tæknimálefnum og mikið og óeigin-

gjarnt starf hefur verið unnið af málnefndum og orðanefndum ýmissa starfsgreina.

M. ö. o., verkefni málnefndar er fyrst og fremst þjónustustarfsemi þar sem aðrar stofnanir á vegum heimspekideildar Háskólans hafa fremur með höndum rannsóknarverkefni.

Með hliðsjón af því að Íslensk málnefnd hefur þannig fengið aukin fjárráð til starfsemi sinnar og allt virðist benda til vaxandi verkefna fram undan þótti orðið tímabært að fá starfi nefndarinnar örugga fótfestu í löggjöf og því er þetta frv. fram komið. Vert er að leggja áherslu á að frv. byggir í meginatriðum á þeim stefnumiðum sem fylgt hefur verið um hlutverk og starf Íslenskrar málnefndar, m. a. skv. reglum þeim sem um nefndina hafa gilt. Um vöxt og viðgang starfseminnar mun að sjálfsögðu fara mjög eftir því hvernig fjárveitingum verður hagað hverju sinni.

Í athugasemdum, sem frv. fylgja, er gerð allrækileg grein fyrir helstu atriðum frv. og einstakar greinar þess skýrðar. Ég leyfi mér að vísa til þeirra skýringa og tel ekki ástæðu til að orðlengja miklu frekar um einstök efnisatriði. Að tvennu vil ég þó víkja sem mönnum kynni að lítt athuguðu máli að þykja horfa til mikilla breytinga sem e. t. v. væru kostnaðarsamar. Þetta finnst mönnum e. t. v. þegar þeir líta á málið í einni svipan en svo er raunar ekki þegar betur er að gáð.

Í 1. gr. segir að Íslensk málnefnd sé málræktar- og málverndarstofnun og reki Íslenska málstöð í samvinnu við Háskóla Íslands. Með orðinu „Íslensk málstöð" er ekki verið að búa til neitt nýtt. Það er einungis nafn á skrifstofu málnefndar svipað og hún hefur starfað. Raunar kemur í 4. gr. nánar fram hvað við er átt með Íslenskri málstöð. Þar er um að tefla skrifstofu nefndarinnar, eins og það er orðað, og miðstöð þeirrar starfsemi sem hún hefur með höndum. Þetta er einnig til nokkurs samræmis við erlendar málnefndir sem Íslensk málnefnd hefur haft mikið samstarf við. Þær reka málstöðvar í sínum löndum. Það er því ljóst að ekki er verið að stofna til spánýrrar stofnunar sem þegar í stað krefjist stórfelldrar aukningar á starfsliði, síður en svo. Í sömu gr., þ. e. 4. gr., segir að rekstur Íslenskrar málstöðvar annist sérstakur forstöðumaður er jafnframt skuli vera prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu.

Eins og skýrt er í athugasemdum við greinina er hér ekki um að ræða mjög mikla breytingu heldur í raun staðfestingu á núverandi skipan að því leyti að formaður Íslenskrar málnefndar er kennari við Háskóla Íslands og hefur um rúmlega þriggja ára skeið haft lausn frá kennsluskyldu til að sinna málefnum nefndarinnar jafnframt störfum að máltölvunarrannsóknum. Þess er þó að geta að núverandi formaður er dósent við háskólann en skv. frv. mundi maður í prófessorsembætti tengjast málnefndinni. Er það í raun eini kostnaðaraukinn sem augljóslega mundi sjálfkrafa leiða af samþykkt frv., þ. e. mismunur á launum dósents og prófessors, en sá munur nemur um 54 þús. kr. á ári miðað við kauplag 1. apríl 1984.

Það er tekið fram í frv., eins og raunar sjálfsagt er, að um veitingu þess starfs fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti. Með þeirri skipun sem hér er gert ráð fyrir eru og efld tengsl Íslenskrar málnefndar við Háskóla Íslands svo sem eðlilegt má telja miðað við verkefni nefndarinnar.

Ég hygg, herra forseti, að ekki þurfi að hafa öllu fleiri orð um þetta frv. Ég vildi aðeins láta koma fram að hér er í raun um lögfestingu að ræða á starfsemi sem þegar fer fram og er til mikils gagns fyrir íslenska tungu og þróun hennar og á vonandi eftir að verða það um langa framtíð.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar deildar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel að hér sé gott mál á ferðinni og vil þakka hæstv. menntmrh. þá forgöngu sem hann hefur haft um að flytja þetta mál. Ég vænti þess að deildin sjái sér fært að hraða framgangi þess og þetta geti orðið að lögum nú í vor.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að við lifum á þeim tímum þar sem straumarnir eru svo sterkir sem leika um íslenska menningu og íslenskt málfar að okkur veitir svo sannarlega ekki af því að fjölga þeim vökumönnum sem er ætlað það verkefni að gæta íslenskrar tungu.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns að ég fagna því að hæstv. menntmrh. hefur haft frumkvæðið um að auka veg málnefndar, málræktar og málverndunar með lagasetningu. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. því að ég sit í þeirri nefnd sem mun fjalla um þetta í Nd., en þó vil ég aðeins vekja máls á einu eða tveimur atriðum sem mér þykir rétt að komi fram.

Í fyrsta lagi er það dálítið athyglisvert að sú nefnd sem vann þetta frv. var svo skjótvirk og fljótvirk að hún sat rúma viku yfir frumvarpsdrögunum. Þetta hefur leitt til þess að sums staðar þykir mér örlítil missmíði á þessu frv. Þau eru þó ekki þannig að ekki megi um þau bæta í nefnd.

Ég vil aðeins víkja að því að hér er fjallað um málnefndina sem hefur starfað í 20 ár með þjóðinni, oftast búið við mikið fjársvelti en hún hefur þó sinnt sínum störfum eftir mætti. En þá bregður undarlega við þegar sett eru lög, sem heita Íslensk málnefnd, að ekki er leitað álits málnefndarinnar um þessa nýju lagasetningu.

Þá er vert að athuga það að ýmsar aðrar stofnanir í okkar menningarmálum fást við málrækt, málrannsóknir og málvernd. Þar má nefna málvísindastofnun heimspekideildar, Orðabók Háskóla Íslands og heimspekideild en það hefur ekki gefist tími til að leita álits og samstarfs við þessa aðila. Þetta hefur leitt til þess að sums staðar í þessu frv. er mjög óljós verkaskipting milli þessara stofnana og sumu er þannig háttað að ég held að það hefði verið mikil bót ef þessar stofnanir, sem hér um ræðir, hefðu átt einhvern hlut að máli í sambandi við gerð þessa frv. Ég ætla ekki að rekja þetta nánar en þetta mun vafalaust koma til umr. í n.

Annað atriði vil ég svo minnast á. Það er að mér þykir hugtökin „málnefnd" og svo „Íslensk málstöð" vera dálítið óljós hugtök því að í 3. gr. segir að íslensk málstöð sé skrifstofa Íslenskrar málnefndar og samt er gert ráð fyrir því að fjárveiting fari til þessarar málstöðvar. Málnefndin, sem á að vera starfandi áfram þannig fær í sjálfu sér enga fjárveitingu ef ég skil rétt. Hún er eiginlega svipt fjárveitingum úr ríkissjóði, en málstöðin verður fjárráðandi. Það virðist þá í raun og

veru vera forstöðumaðurinn væntanlegur sem fer með öll fjárráð, en sjálf málnefndin hefur engin fjárráð. Ég hygg að það þyrfti að huga dálítið að þessu og hvort málnefndarmenn, sem allir eru þjóðkunnir menn, hefðu ekki hug á því að hafa einhverja íhlutun í sambandi við ráðstöfun fjár til þessara hluta. Ekki fleiri orð um þetta.

En að lokum, ég hef orðið var við það og þekki það frá gamalli tíð að Íslendingar virðast stundum eiga erfitt með lagasetningar að því leyti að þeir ryðja inn í lagagerð og lagasetningu margvíslegum smáatriðum sem eiga heima í reglugerð. Ég vil benda á það að sumt af þessu sem hér er í frv. til l. á naumast alls ekki heima í lagagerð eða lögum, en margt af þessu er svipaðs efnis og er í reglugerðum annarra stofnana. Ég held að það væri mjög athugandi, ekki síst í menntmrn., að reyna að gera sér einhverja grein fyrir því hvað á heima í lögum og hvað á heima í reglugerð. Ég get sagt til skemmtunar að grunnskólalögin norsku eru í um 20 örstuttum greinum, en þessari lagasetningu fylgdi svo rækileg grg. Ég hygg að það væri mjög heppilegt ef reynt væri að hafa einhverja fastari og ákveðnari stefnu um það hvað á að vera í lögum og hvað á að vera í reglugerð. Þessi óvissa og ég vil segja oft ringulreið veldur því að lög verða oft úrelt, erfitt að breyta þeim og þá er miklu handhægara að hafa alla þessa smáhluti í reglugerðum sem kostar sáralítið erfiði að breyta.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðh. hefur borið fram frv. til l. um Íslenska málnefnd. Það var tími til þess kominn. En ég hlýt að taka undir athugasemdir sem fram hafa komið hér m. a. frá síðasta ræðumanni. Ég vil a. m. k. aðeins setja smáspurningarmerki við málið hér við framsögu áður en það fer í nefnd. Það er óljóst fyrir mér hvers konar stofnun í raun og veru þessi málstöð verður. Hér segir í 6. tölulið í 2. gr.:

„Íslensk málnefnd gefur út rit til fræðslu og leiðbeiningar um íslenskt mál, þ. á m. stafsetningarorðabók og önnur hagnýt orðasöfn."

Ég tek undir það sem hv. þm. Bjarni Guðnason minntist á áðan, mér finnst dálítið óljóst hvar skarast verkefni t. d. Orðabókar Háskólans og þessarar stofnunar. Síðan er talað um hér í 3. gr. að Íslensk málstöð sé skrifstofa Íslenskrar málnefndar og miðstöð þeirrar starfsemi sem hún hefur með höndum. Það er alveg ljóst að þetta ákvæði felur í sér að þarna verður að vera starfsfólk viðlátið á venjulegum vinnutíma og það segir sig sjálft að forstöðumaðurinn, sem hefur hlutakennslu og jafnvel þó að hann hafi frí frá kennslu, ræður ekkert við þau verkefni sem stöðinni eru falin, enda er síðan talað um í 4. gr. að forstöðumaður stjórni daglegum rekstri og lausráði starfsfólk. Ég get því ekki betur séð en þarna hljóti að verða um verulegan rekstur að ræða og ég er ekki að hafa á móti því. Það er hins vegar meira til að hugsa um hvort ekki hefði verið eðlilegt að samnýta að einhverju leyti starfsfólk Orðabókar Háskólans. Þar er nú t. d. eftir því sem ég best veit verið að tölvuvæða. Hvers konar aðbúnað eða aðgang að slíkum tækjum mundi starfsfólk málnefndar hafa?

Hér segir í 5. gr. að reksturinn verði greiddur af ríkisfé skv. því sem veitt er í fjárlögum. Síðan komi til styrkir til einstakra verkefna, síðan eigi stofnunin að hafa tekjur af eigin útgáfu. Ég get ekki hugsað mér að þær tekjur geti orðið slíkar að þær standi undir kostnaði enda hlýtur þá að verða að koma til verulegt starfslið.

Ég vil minna á Menningarsjóð og bókaútgáfu hans. Mér finnst einhvern veginn að það hefði verið unnt að sameina meira þessar stofnanir. Við höfum Örnefnastofnun, við höfum Orðabók Háskólans, við höfum Menningarsjóð, við höfum Málvísindastofnun Háskólans. Nú skal ég ekki gerast sérfræðingur í þessu og hér er hv. þm. Bjarni Guðnason miklu betur að sér en ég, en ótti minn er sem sagt að þarna verði jafnvel of margir aðilar að vinna að því sama í stað þess að tækjabúnaður og starfsfólk nýttist betur í samvinnu.

Ég vildi aðeins koma þessum sjónarmiðum á framfæri vegna þess að mér finnst verulega óljóst hvort þessi málstöð er hugsuð sem stofnun eins og t. d. Orðabók Háskólans þar sem starfsfólk er viðlátið allan daginn og unnið er að veigamiklum verkefnum eða hvort þessi málstöð yrði aldrei annað en, eins konar íhlaupaverk manna sem væru að fást við önnur störf. Það má vel vera að ég sé að gera úlfalda úr mýflugu þarna en ég held að þessar spurningar hljóti að leita á hugann þegar þetta frv. er lesið.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hlýt að svara nokkrum athugasemdum sem hér hafa komið fram og vil þá taka fram að spurningar og athugasemdir í ræðu hv. 10. landsk. þm., síðasta ræðumanns, voru að langmestu leyti á misskilningi byggðar. Hv. þm. spurði hvernig stofnun þetta yrði. Eins og ég tók raunar fram í framsöguræðu minni er ekki verið að setja nýja starfsemi á fót heldur verið að halda áfram starfsemi. Hv. 10. landsk. þm. spurði um atriði sem ég skýrði í frumræðu minni. Vil ég svara því núna. Þetta er ekki ný starfsemi heldur er verið að halda áfram starfsemi sem hefur verið rekin í mörg ár. Ekki er um það að ræða að opna nú skrifstofu þar sem starfslið sé við. Það er svo nú, slík skrifstofa hefur verið rekin í allmörg ár. Ætlunin er að lögfesta þessa starfsemi. Ekki er unnið að þessu verkefni í íhlaupum heldur hefur forstöðumaður þessarar skrifstofu, þ. e. formaður málnefndar, Baldur Jónsson dósent, verið í kennsluleyfi frá 1981 til þess að starfa að þessu verkefni alfarið. Pannig er þetta mál vaxið.

Að því er varðar útgáfustarfsemi nefndarinnar, sem hv. þm. gerði sérstaklega að umtalsefni og að er vikið í 6. tl. 2. gr., vil ég t. d. nefna að nú í vetur kom út á vegum nefndarinnar sérstakt tölvuorðasafn sem er mjög þarft rit því að á því er veruleg hætta að tölvuvæðingin mengi íslenskt mál ef ekki er spyrnt við fótum í tæka tíð. Þarna hefur verið unnið mikilsvert starf og þetta orðasafn liggur fyrir. Þetta er nýyrðasafn og fleiri slík nýyrðasöfn væri mjög þarft að gefa út. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt og það er æskilegt að heimilt sé að afla sértekna fyrir stofnanir sem þær geta svo varið til þess að auka og bæta starfsemi sína. Það ætti að vera á fleiri sviðum hjá opinberum stofnunum.

Hv. þm. vék að því hvernig greina ætti á milli verkefna Orðabókar annars vegar og málnefndar hins vegar og svo á hinn bóginn Málvísindastofnunar annars vegar og málnefndar hins vegar. Að því er varðar verkefnaskiptingu milli Orðabókar og málnefndar þá er það svo að Orðabókin hefur löngum fengist við sögulegt orðasafn en málnefndin við nýyrði. Málnefndin hefur einnig um alllangan tíma unnið verulegt starf við

máltölvun og er fyrsti aðili hér á landi mér vitanlega sem slíka starfsemi hefur rekið. Nú hefur málvísindastofnun einnig tekið tölvu í sína þjónustu og er það vel, en hún hefur aftur á móti mjög miklum vísindalegum verkefnum að gegna svo og rannsóknarverkefnum. Í þessu liggur aðalmunurinn á verkefnum þessara stofnana. Það má vera að í fljótu bragði virðist sum verkefni hugsanlega geta skarast en það er ekki annað en verið hefur á undanförnum árum.

Hér er verið að lögfesta tilvist þessarar starfsemi sem ég tel að verði með breyttum atvinnuháttum og þjóðlífsháttum æ nauðsynlegri í okkar þjóðfélagi. Ég vil undirstrika eitt verkefni t. d. sem málnefnd er hér ætlað, en það er umfjöllun um nýjar reglur, þegar þær eru settar um íslenskt mál. Það er mjög alvarlegur hlutur að unnt sé með ráðherrafyrirmælum án þess að spyrja kóng eða prest að umbylta íslenskri tungu, annaðhvort með stafsetningu, greinarmerkjasetningu eða á annan veg. Það er sjálfsagt að til séu fastar reglur um meðferð til þess að gera slíkar aðgerðir traustari. Það má vel vera að það þurfi að gera betur í því efni og skapa enn fastari reglur um þau efni í framtíðinni.

Að því er varðar athugasemdir hv. ræðumanns á undan hv. 10. landsk. vil ég sérstaklega benda á það að vitanlega hafa þær stofnanir, sem hv. þm. nefndi í máli sínu, fjallað um þetta efni og rætt þau í mörg herrans ár þó að ekki hafi legið fyrir þetta frv. Það var líka svo og mér er um það kunnugt að háskólarektor sendi heimspekideild þetta frv. þannig að það liggur þar til umfjöllunar. Þetta mál er ekki alveg nýstárlegt í þeirri stofnun þannig að það ætti ekki að taka ýkja langan tíma að koma með ábendingar um efnið.

Hitt er svo annað mál og varðar meira lagatækni í heild sinni, það sem hv. þm. nefndi um samband reglugerða og laga. Þar er aftur á móti vikið að máli sem ég gæti flutt um langa, langa tölu, en það verður ekki gert nú. Það er vissulega greinileg sú tilhneiging í lagasetningu á okkar landi og hefur verið nú í nokkur ár að það færist í vöxt að hafa í lögum ákvæði sem eiga heima í grg. frumvarpa fremur en í frumvörpum sjálfum. Mér finnst þessa gæta um of. En það er enn þá annað atriði en það sem ræðumaður minntist á, hann var að tala um samband laga og reglugerða. Þetta er út af fyrir sig atriði sem fjalla mætti um, en þau ákvæði sem þannig eru sett inn í lög fjalla þó um framkvæmd laganna. En þegar verið er að lögfesta ýmiss konar yfirlýsingar og stefnumið, sem eru matsatriði hverju sinni, þá hefur það harla litla þýðingu í framkvæmd og ég tel það ekki til bóta að lögfesta mikið af slíkum ákvæðum sem eru meira í ætt við alþjóðasamninga en lög sem eiga að koma til framkvæmda. Það er enn þá annað mál og er ekki hér á dagskrá, herra forseti. Ég bið afsökunar á því að ég freistaðist til að víkja að því. Það er e. t. v. tækifæri til að ræða það einhvern tíma síðar og í allt öðru samhengi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Búnaðarbanki Íslands, frv. 332. mál (þskj. 696). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í stjórnarsáttmála segir að ríkisstj. muni taka til endurskoðunar löggjöf um viðskiptabanka og um Seðlabanka Íslands. Sömuleiðis segir í þeirri sömu grein að yfirstjórn bankanna skuli færð á eina hendi.

Unnið hefur verið mikið starf að endurskoðun bankalöggjafarinnar og hófst það reyndar í nefnd sem fyrrv. viðskrh. skipaði og haldið hefur áfram undir yfirstjórn núv. viðskrh. Sú nefnd hefur skilað frumvarpsdrögum sem eru til meðferðar hjá ríkisstj. Hins vegar þótti ekki rétt að leggja þau drög fram á þessu þingi. Það er skoðun okkar að málið þurfi að skoðast betur í þinghléi og er að því stefnt að slík heildarlöggjöf verði lögð fram í upphafi næsta þings.

Hins vegar þykir af ýmsum ástæðum rétt að framkvæma síðara ákvæði stjórnarsáttmálans, að færa yfirstjórn bankanna á eina hendi. Að ýmsu leyti er betra að vinna að þeirri samræmingu sem nauðsynleg er á bönkunum með þá alla á einni hendi. Má í því sambandi benda á aðfinnslur sem fram hafa komið um stofnun útibúa, sem núv. ríkisstj. varð að vísu í upphafi ásátt um að ekki yrðu fleiri nema ríkisstj. samþykkti. Sömuleiðis er ekki talið rétt að framkvæma ákvæði stjórnarsáttmála um flutning á afurðalánum til viðskiptabankanna nema að litlu leyti á meðan verkefnaskipting milli viðskiptabankanna er með þeim hætti sem hún er nú. Flutningur afurðalána mundi valda misjafnlega miklum erfiðleikum hjá viðskiptabönkunum eins og nú er. Af þessum og fleiri ástæðum er talið rétt að færa yfirstjórnina á eina hendi eins og stjórnarsáttmáli gerir ráð fyrir.

Undanfarin ár hefur mikið verið talað um fækkun ríkisbanka. Úr því hefur ekki orðið. Ýmsir eru þeirrar skoðunar að að því beri að stefna. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að fækka eigi ríkisbönkum, en þó er ekki síður mikilvægt og kannske mikilvægara að um leið fari fram tilfærsla á verkefnum á milli bankanna þannig að þeir hafi sem jafnasta aðstöðu á hinum almenna útlánamarkaði.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta lengri framsögu, en vil geta þess, áður en ég lýk þessari framsöguræðu fyrir frv. um Búnaðarbanka Íslands, að um annað mál á dagskránni, Iðnaðarbanka Íslands, gilda sömu rök og óska ég ekki eftir því að flytja framsögu um það mál, en vísa til þess sem ég hef nú sagt um Búnaðarbankann og einnig til þeirrar tillögu, sem ég vil nú gera, að eftir þessa umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég harma að hæstv. landbrh. skuli ekki vera staddur við þessa umr. og enn fremur og ekki síður formaður þeirrar nefndar sem fjallaði um þessi bankamál, hv. 1. þm. Suðurl. Ég hefði viljað leggja fyrir hann nokkrar spurningar í sambandi við þetta mál og tel mjög miður að hvorugur þessara hv. þm. er hér staddur.

Ég kemst ekki hjá því að ræða þetta mál í nokkuð löngu máli þó að frv. sé nú ekki langt. Það er svona:

„1. gr.: Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess sem fer með bankamál.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það hefur verið rætt mikið um þessi mál á undanförnum árum og fyrir nokkrum árum, ég man ekki hvað langt er síðan, var mikil umræða um þetta og þá var gerð úttekt á því hvaða stærð banka væri hagstæð upp á rekstur. Það virtist vera að ef banki færi fram úr ákveðinni stærð yrði reksturinn tiltölulega dýrari. Það

kom í ljós t. d. að rekstrarkostnaður Landsbankans var meiri en á hinum bönkunum miðað við stærð.

Í þeirri grg. sem hér liggur fyrir er sagt að sameining banka mundi verða hagstæðari kostur. En var gerð úttekt á þessu atriði? Hver var hún? Ég vil helst að svar við þeirri spurningu komi hér fram áður en 1. umr. lýkur um þetta mál. Það segir hér í grg., með leyfi forseta:

„Kostir þess að allir viðskiptabankarnir heyri undir sama ráðherra eru augljósir. Reyndar má segja að önnur skipan mála sé ekki eðlileg. Séu bankarnir undir sama ráðh. tryggir það samræmdari afstöðu stjórnvalda gagnvart bönkunum en verið hefur. Núverandi skipan mála er t. d. af ýmsum talin eiga sinn þátt í örri fjölgun bankaútibúa á undanförnum árum."

Þessu er slegið fram. En hver er þá reynslan? Hver er reynslan fyrir þessu? Tökum sem dæmi árin frá 1964—1984. Þá setti Landsbankinn upp 15 útibú, en hann hefur tekið við níu sparisjóðum eða öðrum peningastofnunum. Hjá Búnaðarbankanum hafa á sama tíma verið stofnuð ellefu útibú, en hann hefur yfirtekið sjö sparisjóði eða innlánsstofnanir á sama tíma. Það hefur verið stefna Búnaðarbankans að setja ekki niður útibú óðruvísi en heimamenn óski eftir, ef er sparisjóður á þeim stað, og sparisjóðurinn eða innlánsstofnunin sé í upphafi sameinuð bankanum. Á þessum sama tíma hefur Útvegsbankinn myndað sex útibú, Iðnaðarbankinn átta, Samvinnubankinn níu, Verslunarbankinn fjögur og Alþýðubankinn tvö. Ég held að ef menn athuga þetta standist ekki sú fullyrðing, sem er í grg., að það sé ástæðan fyrir fjölgun útibúa að yfirstjórn þessara banka sé í annarra höndum en viðskipta- og bankamálaráðherra. Nú vil ég taka það fram að það sem ég segi hér um þessi mál beinist alls ekki gegn núv. viðskrh. eða að ég beri nokkurn kvíðboga fyrir því þó að t. d. Búnaðarbankinn færi undir stjórn hans, þann tíma sem ég kann að vera í bankaráði Búnaðarbankans mundi ég ekki kvíða neinu um það, síður en svo. Það má ekki taka orð mín þannig. En ég átel það alveg sérstaklega að þetta frv. skuli vera lagt fram nú án þess að það hafi verið athugaðir aðrir þættir þessa máls og það skuli vera gert á þann veg, sem mun vera einsdæmi um frv. af þessu tagi, málið hefur ekki verið sent til umsagnar. Þetta er nýkomið og var keyrt í gegnum Ed. án þess að senda það til umsagnar. Ég hef fengið upplýst að þetta hefur aldrei skeð áður.

Önnur ástæða fyrir því að æskilegt sé að hafa skipun mála á þennan veg er sögð sú að það þurfi að samræma reglur í sambandi við útlán, að bankarnir séu ekki fyrst og fremst fyrir ákveðinn atvinnuveg eða séu meira alhliða, en ekki fyrst og fremst fyrir einhvern sérstakan atvinnuveg. Ef litið er á hvernig þetta kemur út held ég að það muni koma í ljós að ekki séu miklar líkur fyrir því að þessi ástæða verði metin fullgild miðað við þá reynslu sem við höfum fyrir augunum. Um síðustu áramót var skiptingin þannig að hlutfall Landsbankans af heildarútlánum til landbúnaðar var 10.5%, Útvegsbankans 0.2%, Búnaðarbankans 30.5%, Iðnaðarbankans 1.3%, Verslunarbankans 0.1% og Samvinnubankans 14.7%. Í sjávarútvegi er Landsbankinn með 42.3%, Útvegsbankinn með 50.7%, — þessir bankar eru báðir undir bankamálaráðherra eins og hv. þm. vita, — Búnaðarbankinn með 7.8%, Iðnaðarbankinn er með 0.3%, Verslunarbankinn 0.2%, en Samvinnubankinn 14.5%. Í verslun er Landsbankinn með 12.6%, Útvegsbankinn 13%, Búnaðarbankinn með 15.2%, Verslunarbankinn — hann er undir viðskrh. — með 80.4%.

Ég held að ef þessar tölur eru skoðaðar í réttu ljósi og athugaðar standist ekki sú fullyrðing, sem haldið hefur verið fram, að það að Búnaðarbankinn eða Iðnaðarbankinn séu undir yfirstjórn iðnrh. og landbrh. hafi haft áhrif á útlánaskiptinguna hjá þessum bönkum.

Það er leiðinlegt að lesa upp mikið af tölum, en það væri freistandi að fara betur ofan í þessi plögg til að sýna fram á það enn betur hvað þessi málatilbúnaður er fjarstæðukenndur.

Í sambandi við þessi mál vekur það þó undrun mína mest af öllu að þetta skuli vera tekið úr sambandi áður en önnur atriði eru skoðuð. Það segir hér í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Þess má geta að með tillögum bankamálanefndar fylgir bókun um sameiningu og fækkun viðskiptabanka. Í bókuninni kemur fram að nefndin er sammála um að sameining viðskiptabanka væri til mikilla hagsbóta."

Áfram er haldið í svipuðum tón. Bæði í framsöguræðu hæstv. forsrh. og eins í grg. fer því ekkert milli mála að hverju er stefnt. En þá vil ég leggja þá spurningu fyrir hæstv. forsrh.: Hvers vegna er þetta frv. flutt og hvernig er það hugsað t. d. í sambandi við stofnlánadeildina? Ég vonast til þess að bankamálanefndin hafi athugað hvernig t. d. Búnaðarbankinn varð til og hvernig hann hefur þróast og hafi tekið eitthvert mið af því. En ætli það hafi verið frekar gert en að athuga önnur mál í þessu sambandi, sem ég tel mig hafa sýnt fram á að eru úr lausu lofti gripin.

Sannleikurinn er sá með Búnaðarbankann að hann er stofnaður af sjóðunum. Þessir sjóðir landbúnaðarins voru stofnaðir um aldamót. Grundvöllurinn sem var lagður af Búnaðarbankanum er fyrst og fremst landbúnaðarsjóðirnir. Ég gæti talað langt mál til þess að sýna fram á hvernig þessi þróun er og mun gera það við 2. umr. ef það á að hespa þetta í gegn án þess að skoða málið nokkuð frekar.

Nú er sagt hér í grg. að stefnt sé að því að stofnlánadeildin sé undir landbrh., veðdeildin aftur undir bankamálaráðherra. Þeir sem þekkja til vita að þessar deildir eru í raun og veru reknar saman. Hefur forsrh. eða bankamálanefnd athugað hvernig eignum Búnaðarbankans verði skipt á milli stofnlánadeildar og bankans ef á að gera þarna einhver skil á milli? Hefur hæstv. forsrh. eða bankamálanefnd athugað hvað það mundi þýða fyrir strjálbýlið og fyrir landbúnaðinn ef þetta verður að veruleika?

Það hefur farið fram umræða í þjóðfélaginu um bankamál og um ýmis önnur mál. Ég sé ekki betur en stjórnmálamennirnir séu að hrekjast undan þeim áróðri sem er þyrlað upp í þessu máli, án þess að kanna það hvaða afleiðingar það kann að hafa í för með sér. Stjórn stofnlánadeildar var á fundi s. l. mánudag og þá lagði formaður Stéttarsambands bænda fram till. sem var samþykkt af öllum stjórnarmönnum stofnlánadeildar. Með leyfi forseta var þessi till. svohljóðandi:

„Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins skorar á fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis að senda frv. um breytingar á yfirstjórn Búnaðarbanka Íslands til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda og stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Stjórn stofnlánadeildarinnar telur að nauðsynlegt sé að kanna

gaumgæfilega áhrif þeirra breytinga sem frv. gerir ráð fyrir áður en það verður að lögum."

Ég ítreka að það eru alveg ný vinnubrögð hér á hv. Alþingi ef svona mál eru ekki send til umsagnar t. d. bændasamtakanna, stjórn stofnlánadeildar og annarra þeirra aðila sem málið varðar. Það eru alveg ný vinnubrögð. Og ég vil við þetta tækifæri átelja fjh.- og viðskn. Ed. fyrir slík vinnubrögð. Ég held að það sé engum til góðs að hespa þetta mál af án þess að gera sér grein fyrir því hvernig á að halda á málum að öðru leyti. Það þarf að breyta í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins hvernig málum verður komið fyrir í sambandi við þær eignir sem bankinn á því að það skulu menn vita að Búnaðarbankinn hefur verið rekinn frá fyrstu tíð í mörgum deildum og lengi eða mestan tímann til 1962 voru þessar deildir fjórar sem tilheyrðu landbúnaðinum. Þetta þarf allt að meta.

Hvernig á að fara með stofnlánadeildina? Á að skilja hana frá bankanum? Hver á stefnan að vera? Þetta þarf að gera allt upp. En vegna þess að hæstv. landbrh. er hér ekki og ekki formaður bankamálanefndar, og ég treysti því að orðið verði við áskorun þeirri sem stjórn stofnlánadeildarinnar sendi frá sér og ég er búinn að afhenda formanni n. hér í Nd. og frv. verði sent til umsagnar a. m. k. þeim aðilum sem nefndir eru í till., þá sé ég ekki neinn tilgang í því að flytja hér lengri ræðu. Hitt er annað mál að ég mun rekja þessa sögu hér lið fyrir lið við 2. umr. ef á að knýja þetta fram til þess að það komi í þingtíðindum og fari ekkert á milli mála hvernig þessi mál hafa þróast á undanförnum árum og hvað er verið að gera hér með a. m. k. bundið fyrir annað augað og virðist vera lítil sjón á hinu í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um breyt. á lögum um Búnaðarbanka Íslands. Hv. 3. þm. Norðurl. e., sem er formaður bankaráðs Búnaðarbankans, hefur nú gert aths. við þetta frv. og lofar lengri ræðu síðar. Það er rétt að það er e. t. v. ekki ástæða til að flytja langt mál um þetta frv. nú, enda harla fátt um alþm. í þingsölum. Ég vil samt leyfa mér að gera um þetta nokkrar aths.

Á undanförnum árum hefur allmikið verið rætt um skipan bankamála hér á landi. Þá umræðu má rekja langt aftur í tímann. Ég hygg að óhætt sé að nefna 10—20 ár í því sambandi. Að undanförnu hefur enn einu sinni verið unnið að heildarendurskoðun löggjafarinnar um bankakerfið og hefur bankamálanefnd skilað tillögum sínum til ríkisstj. Þær tillögur eru nú til athugunar á sínum stað. En í þessu frv. er einn lítill angi úr því tillögusafni tekinn og um það flutt þetta frv., sem felur það í sér að yfirstjórn bankans færist í hendur þess ráðh. sem fer með bankamál og að yfirstjórn bankamála verði framvegis sameinuð í einu rn.

Það mun rétt vera að þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá 26.maí 1983. Þar er að því vikið að stefnt skuli að þessu skipulagi til frambúðar. Hins vegar er hvergi sagt hvenær það á að gerast á ferli ríkisstj. Hún er nú ekki nema tæplega ársgömul enn svo að ég ætla að hún búist við nokkrum árum í viðbót. Hvergi er sagt í stefnuyfirlýsingunni að þetta atriði skuli framkvæmt á fyrsta ári. Það er talið að þetta horfi til mikils hagræðis, augljósir séu kostir þess að allir viðskiptabankar heyri undir sama ráðh. og talað um að önnur skipan sé öldungis óeðlileg. Það er talið m. a. í grg. þessa frv. að núverandi skipan mála, þ. e. að hæstv. landbrh. fari með yfirstjórn Búnaðarbanka og iðnrh. með yfirstjórn Iðnaðarbanka, svo það sé nefnt í leiðinni, hafi átt sinn þátt í örri fjölgun bankaútibúa á undanförnum árum. Ég tel að um þetta séu nokkuð skiptar skoðanir. Að vísu hefur verið viðhöfð nokkuð hörð gagnrýni um allt of mikla fjölgun útibúa og peningastofnana á liðnum árum. Ég hygg þó að þegar þessi mál eru skoðuð og krufin til mergjar megi nú sitt hvað um þau segja á báða bóga. A. m. k. veit ég það um Búnaðarbankann að stjórn hans hefur aldrei óskað eftir því að setja upp útibú þar sem hann hefur ekki verið velkominn. Stofnun útibúa út um byggðir landsins hefur yfirleitt farið fram með þeim hætti að heimamenn hafa óskað þess eindregið að bankinn kæmi og starfaði á viðkomandi stað. Þess vegna hefur það oft gerst að í stað þess að á ákveðnum stað, á ákveðnu svæði, starfaði sparisjóður frá gamalli tíð, þá hefur sá sparisjóður gert um það samning við Búnaðarbankann að framvegis yrði samvinna þessara aðila og rekið útibú frá Búnaðarbanka Íslands. Á þann hátt hefur þetta oftast nær verið, að peningastofnunum hefur ekki fjölgað, þær hafa aðeins skipt um form að þessu leyti.

Við vitum að margir af sparisjóðum okkar eiga langa og merka sögu að baki, sumir allt að hundrað árum eða þar yfir. Saga þeirra er gagnmerk, en margir þeirra voru það litlir að enda þótt þeir gætu rekið sitt hlutverk ágætlega framan af þessari öld hafa viðhorfin breyst svo nú að varla þykir fært annað en að í hverju byggðarlagi sem eitthvað blaktir, þar sem atvinnustarfsemi er allmikil og peningaviðskipti hröð, — þá þykir varla annað við hæfi en þar starfi bankaútibú eða a. m. k. einhver peningastofnun sem fær er um að sinna atvinnulífinu og þeim íbúum sem þar búa.

Ég vil geta þess að Búnaðarbankinn hefur ekki óskað eftir því að stofna ný eða fleiri útibú frá því sem nú er. Hvarvetna sem Búnaðarbankanum hefur verið heimilað að reka starfsemi á tilteknu svæði hefur hann sinnt öllum þörfum atvinnulífsins í byggðarlaginu. Það er rétt að hver viðskiptabanki á auðvitað að sinna atvinnulífinu í heild þar sem hann starfar en ekki vera að miklu leyti bundinn þjónustu við tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunahópa. Ég get fullyrt að þar sem Búnaðarbankinn starfar tekur hann fullt tillit til allra þátta atvinnulífsins og þar sem honum hefur verið valinn staður við sjávarsíðuna, á útgerðarstöðum, hefur hann sinnt sjávarútveginum ekki síður en öðrum atvinnugreinum. M. ö. o. að Búnaðarbankinn er fyrir löngu, þó að hann sé kenndur við búnað eða landbúnað, orðinn alhliða viðskiptabanki sem sinnir þörfum einstaklinga og atvinnugreina á hverjum stað. Það væri mjög fróðlegt að skýra frá og fjalla um töflu um lánaflokkun eða hlutföll útlána sem Seðlabankinn tók saman um s. l. áramót. Hún sýnir gjörla hvernig útlán ríkisbankanna skiptast milli tiltekinna atvinnugreina. En það er kannske átæðulaust að messa yfir þeim fáu hv. alþm. sem hér hafa enn þá viðdvöl, að eyða löngum tíma í þetta. Eigi að síður er það hægt og verður kannske gert við síðari umr. málsins því þar mun ýmislegt koma fram ef menn nenna að hlusta á þá skýrslu og hugleiða hana. Þá mun eitt og annað koma fram sem hv. alþm. hafa, að ég held, ekki gert sér fulla grein fyrir. Og þá mun það verða deginum ljósara að

Búnaðarbankinn er alhliða viðskiptabanki.

Ég veit að það hefur verið ofarlega í hugum manna bæði nú og fyrr að sameina banka og fækka ríkisbönkunum. Ég hef aldrei fordæmt þá kenningu eða þær skoðanir. Á hinn bóginn hef ég ásamt fleirum óskað eftir því að reynt yrði að leggja á borðið hvort af þessu yrði mikill sparnaður eða hagræðing að öðru leyti. Það er talið í grg. að bankamálanefndin hafi verið sammála um að sameining viðskiptabanka væri til mikilla hagsbóta og þá væntanlega til mikils sparnaðar. En ég hygg nú satt að segja að aldrei hafi verið lögð skýlaus gögn á borðið að því er þetta varðar og mætti margt um það segja. Þess vegna verð ég að láta þá skoðun mína í ljós að ég tel óeðlilegt að taka þetta eina atriði út úr áliti bankamálanefndar. Mér finnst að það hefði mátt bíða ásamt áliti bankamálanefndarinnar í heild, sem vafalaust verður tekið til rækilegrar meðferðar og umr. á næsta þingi, á haustþinginu. Það er margt sem þarf að athuga í þessu efni. Búnaðarbankinn er nú 54 ára gamall og það gerist margt á langri leið. Hann hefur þróast á sinn hátt. Ég hygg að margir telji að sú þróun hafi verið býsna jákvæð á margan veg. Hér er eitt með öðru að athuga. Það eru lagaákvæði, sérstök ákvæði, um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Hún starfar nú á grundvelli laga nr. 45 frá 1971 ásamt síðari breytingum. Mér skilst að allir sem um þetta hafa eitthvað fjallað séu á því máli að Stofnlánadeild landbúnaðarins eigi hér eftir sem hingað til að lúta yfirstjórn landbrh. Við í yfirstjórn Búnaðarbankans höfum á liðnum árum og áratugum alltaf lagt mjög ríka áherslu á það að Stofnlánadeild landbúnaðarins væri ein af höfuðdeildum Búnaðarbankans. Við höfum reynt að skýra það mál og styðja rökum, að mjög vel fari á því að þetta samband sé náið. Búnaðarbankinn hleypur undir bagga með stofnlánadeildinni þegar hún þarf á að halda, þegar nauðsyn krefur. Jafnframt styrkir stofnlánadeildin að sjálfsögðu Búnaðarbanka Íslands. Þess vegna höfum við lagt megináherslu á að stofnlánadeildin yrði hér eftir sem hingað til undir sömu yfirstjórn og bankinn sjálfur.

Þessi atriði vildi ég sérstaklega gera að umræðuefni. En þar sem klukkan er nú þegar orðin hálfátta og menn fara að þreytast á löngum ræðum held ég að þessi orð verði ekki fleiri að sinni. Ég ætla ekki að lofa langri ræðu við 2. umr. málsins, eins og hv. formaður bankaráðs gerði. Þó má það vel vera. Það veltur á því hvað kemur upp í málinu við nánari athugun þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 331. mál (þskj. 695). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 89. fundur.

Fimmtudaginn 10. maí, kl. 2 miðdegis.

Vesturlandsvegur, þáltill. 342. mál (þskj. 764). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þjóðarátak í trjárækt á 40 ára afmæli lýðveldisins, þáltill. 347. mál (þskj. 787). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjúkra- og iðjuþjálfun í heilsugæslunni, þáltill. 288. mál (þskj. 555). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þingsköp.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Hér bættist enn eitt málið í þann mikla seðlabanka sem mál allshn. eru orðin. Vildi ég með leyfi herra forseta biðja hann að mælast til þess við formann þeirrar n., að hann haldi nú sem fyrst fund, þannig að hægt sé að afgreiða eitthvað af þeim málum sem fyrir þessari góðu n. liggja.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hún er misjöfn þingreynsla hv. þm. og ég hygg að hjá sumum þeirra blundi sú hugsun að Alþingi sé afgreiðslustofnun og þar sé aðalatriðið að koma sem flestu í gegn. Nú er það svo að nefndir hafa verið mjög önnum kafnar að undanförnu. Ég vil geta þess að menntmn. starfaði það grimmt í gær að búið var að setja fund þegar menn sluppu frá nefndarstörfum inn í deild. Og það vita allir að nefndartími er ekki ávallt frjáls, þó að þannig sé frá málum gengið að nefndum sé ætlaður ákveðinn tími í skipulagi þingsins.

Þannig stendur t. d. á að allshn. Sþ. hefur fundartíma á sama tíma og menntmn. Nd. Hv. 5. þm. Norðurl. e., sem er formaður menntmn. Nd., var orðinn mjög óhress yfir þeirri frekju og þeim yfirgangi sem honum fannst sér vera sýndur af formanni allshn. með því að vilja standa fast á því að þessi fundartími væri fyrir störf allshn. Nú vildi svo til að þetta hafði gerst nokkrum sinnum í röð og hann vildi ekki una því að það héldi áfram. Ég get að sjálfsögðu ekki frekar en aðrir þm. verið á tveimur nefndarfundum samtímis og ákvað að fella niður fund s. l. þriðjudag af þessari ástæðu til að geta mætt í menntmn. og sinnt þar störfum sem vissulega voru aðkallandi.

Ég vil undirstrika það alveg sérstaklega að það verður að sjálfsögðu kallað til fundar í allshn. og þar verða ýmis mál enn tekin fyrir. En ég er líka reiðubúinn að gera grein fyrir því í lok þingsins hverjir hafa mætt til fundarsetu að staðaldri í n., ef þess verður óskað, þannig að það liggi nokkuð ljóst fyrir hvernig vinnuframlag nm. er, þeirra sem þar hafa verið kjörnir til trúnaðarstarfa. Og það má vel vera að þeir sem eru nú hvað kátastir í dag í þessum efnum og hafa rekið hvað harðast eftir því að nefndir starfi, þeir hugsi sig um

tvisvar áður en þeir rjúki af stað með aths. í tíma og ótíma.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Vegna þeirra umr. sem hér hafa orðið um þingsköp, um störf nefnda þingsins, finn ég mig knúinn til að vekja athygli á því að á fundi Ed. í gær óskaði ég mjög eindregið eftir því að þar yrði tekið fyrir 71. mál, sem er frv. til l. um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Þetta mál var lagt hér fram á hinu háa Alþingi 2. nóv. og vísað til n. 14. nóv. Ég óskaði eftir því að málið yrði tekið fyrir. Forseti beindi þeim tilmælum til formanns n. í Ed. að svo yrði gert.

Á fundi landbn. í morgun, þegar eftir því var óskað að málið yrði tekið til umr., kaus formaður, eftir því sem mér hefur skilist, að verða ekki við þeirri ósk heldur taldi hann sig þurfa að bíða eftir niðurstöðu þingflokksfundar um málið. Nú er það svo að þetta mál fjallar um einkarétt einokunarfyrirtækis, sem rekið er í skjóli ríkisins og flytur inn ónýtar kartöflur, sem mjög hafa verið til umr. í fjölmiðlum og meðal þjóðarinnar að undanförnu. Nú spyr ég: Er það orðið svo að talsmenn hinna skemmdu kartaflna í Sjálfstfl. ráði ferðinni um störf og gang þingmála hér? Þetta er auðvitað gjörsamlega óviðunandi, að þingmál sem flutt eru með eðlilegum hætti skuli ekki fást tekin fyrir og skuli ekki fást hér inn í þingið til afgreiðslu, þannig að vilji þingsins geti komið í ljós. Til hvers er verið að vísa málum til nefndar? Er það til að drepa þeim á dreif? Er það til að svæfa þau? Ég hélt að það væri til að afgreiða þau. En kannske mega talsmenn hinna skemmdu kartaflna og einokunarsjónarmiða sín orðið svo mikils hér á hinu háa Alþingi að þetta er hægt að gera með þessum hætti. Ég vona að sú verði ekki raunin, heldur geri ég enn kröfu um að þetta mál fái eðlilegan framgang á hinu háa Alþingi.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar um þingreynslu ætlaði ég aðeins að segja það, að ef það er þingreynsla að læra að sitja á málum, þrjóskast við að halda fundi vegna prívatskoðana, þá tel ég að þingreynsla hljóti að vera til trafala lýðræðinu í landinu. Ég held að þetta sé ekki þingreynsla heldur misbeiting valds nefndarforseta. Það er ótrúlegt að þeir sem við kusum til formennsku í nefndum í haust, til að veita formennsku þeim starfsnefndum sem við vinnum í, þeir líta þar á stöðu sína sem aðstöðu til að móta þingstörfin privat, ráða því hvaða mál koma til afgreiðslu og hver ekki, og koma þannig í veg fyrir að vilji okkar þm. nái fram að ganga.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að vera vitni að því, a. m. k. öðru hverju, að það leynist eitthvert líf með Alþfl., a. m. k. þingflokksformanninum. En svo að ég víki sérstaklega að þessari umr. þá hefur hann reyndar rifjað upp hvernig þetta mál bar að og einnig hvernig um það hefur verið fjallað í landbn. Ed. Alþingis.

Málið var sent allmörgum aðilum til umsagnar og umsagnir bárust fljótlega upp úr að þing hóf störf sín að loknu jólaleyfi alþm. Síðasta umsögnin barst þegar Búnaðarþing hafði lokið sínum störfum. Þessar umsagnir voru með tvennum hætti. Annars vegar voru þær jákvæðar gagnvart samþykkt frv. en hins vegar bentu þær á að framleiðsluráðslögin væru í heild sinni í endurskoðun af þar til kvaddri stjórnskipaðri nefnd og þar af leiðandi væri það hinn eðlilegi vettvangur að fjalla um þessi tilskildu frv. sem hafa verið flutt til breytinga á framleiðsluráðslögunum í sambandi við þá endurskoðun. M. a. með tilliti til þess gerði ég það að tillögu minni, þegar umr. fór fram um afgreiðslu málsins í landbn. Ed. Alþingis, að till. þremur sem fjalla um þessar breytingar yrði vísað til ríkisstj. og þá með því orðalagi að við endurskoðun á framleiðsluráðslögunum yrði um þær fjallað með tilliti til þess að efnisatriði þessara frv. yrðu þar upp tekin eftir atvikum.

Þetta tilkynnti ég hv. 1. flm. Eiði Guðnasyni, og annar 1. flm. að frv. um breytingu á framleiðsluráðslögunum, Eyjólfur Konráð Jónsson, tók við uppkasti að bókun frá mér um frv. sem hann óskaði að hafa hjá sér fram yfir páskaleyfi og athuga í samráði við Eið Guðnason hvort þeir féllust á þessa málsmeðferð. Þetta var till. mín um afgreiðslu málsins í Ed. Alþingis. Þegar ég kom aftur til baka þá sagði hv. þm. Eiður Guðnason mér það, að hann kysi frekar að málið lægi óafgreitt en að það yrði afgreitt með þeim hætti sem ég hafði lagt til. Ritari landbn. Ed. Alþingis sagði m. a. frá því, svo að fleiri eru vitni að, að með því að Eiður Guðnason hefði valið þann kostinn að láta sitt frv. bíða heldur en að afgreiða það með tilvísan til ríkisstj., þá óskaði hann eftir því að sitt mál hlyti sömu afgreiðslu. Báðir þessir menn hafa þannig fallist á þá málsmeðferð sem ég lagði til að yrði höfð í landbn. Ed. Alþingis. Og satt að segja fékk það nánast einróma undirtektir að því er ég met, nema þá helst hjá Eyjólfi Konráði Jónssyni sem tók sér þennan frest.

Þá var aðeins eftir eitt málið af þessum þremur. Það var till. BJ, og ég hafði samband við 1. flm. þess máls um það, hvort hann óskaði að mál hans yrðu afgreidd með sama hætti. Hann gat þess að þá stæði fyrir dyrum fundur hjá BJ og eftir það gæti hann svarað mér um þetta. Það svar hefur enn ekki borist enda hefur ekki eftir því verið leitað. Svona standa nú þessi mál.

Það er svo annað mál, sem er náttúrlega alveg nauðsynlegt að rifja hér upp líka, að í þingflokkum fer eðlilega fram umræða um afgreiðslu mála. Það hefur verið æðimikið að gera í þingflokkum að undanförnu, a. m. k. í þingflokki Sjálfstfl., og ég hef ekki fengið mín mál þar öll útrædd. Þessi mál voru m. a. rædd í þingflokknum í gær, en þau voru þar ekki útrædd. Svo einföld eru þessi mál. Það hefði því verið a. m. k. alveg óhætt fyrir hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson að hætta sínum hlaupagangi í kringum nefndarstörf í morgun og þau vinnubrögð sem hann viðhafði í landbn. Ed. Alþingis voru honum sett að segja ekki til mikils sóma. Ég tel það ekki merkilegt hlutverk fyrir þm. Sjálfstfl. að vera sérstakur hlaupasnati fyrir Alþfl.

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta mál að segja. Ég hef skýrt það út með mjög nákvæmum hætti hvernig það hefur verið unnið í Ed. Alþingis. Þingflokkur Sjálfstfl. gerir út um það hvort þessi mál verða flutt og með hvaða hætti og þá skýrist málið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vænti þess að við eyðum ekki of miklum tíma í þingsköp núna þó að þingsköp séu þýðingarmikil. Verkefnin kalla svo að. En tveir menn eru enn á mælendaskrá.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ekki batnar nú þingreynsla manna hér í salnum ef þeir halda að formenn ráði því hvaða mál fara úr nefndum og hvaða mál fara ekki úr nefndum. Að sjálfsögðu ræður meiri hl. n. því í hverri n. og jafnframt er það eins víst að menn geta, ef þeir óska, látið bóka sérálit sitt í þessum efnum. Hins vegar er það dálítið skrýtið ef blöðin í landinu eiga að fara að stjórna því hvernig starfað er í nefndum. Og það er athyglisvert að ritstjóri, sem kosinn var á þing en hefur ekki mætt til þingsetu enn, hann var kosinn í þá nefnd sem hér er um að ræða, allshn. Sþ., og hafði varamann fyrri part vetrar. Það væri ekki búið að halda marga fundi í n. ef mætingin hefði verið svipuð og þar kom í ljós. Það er hætt við að þeir hefðu ekki orðið löglegir.

Ég vil undirstrika það, að að sjálfsögðu mun meiri hl. nm. ákveða það hvaða mál fara út úr allshn. Ég veit ekki til að nokkurn tíma hafi á Alþingi Íslendinga verið önnur regla en sú. Hitt er svo annað mál, að væri um mál að ræða sem vitað er að yrðu felld hér í þinginu, þá hefur mönnum fundist skynsamlegt að afgreiða þau ekki öll út úr nefndum, vegna þess að bæði hefur það tekið mikinn tíma í n. og hér í þinginu og eins hafa flm. stundum óskað eftir því að mál væru ekki afgreidd út úr nefndum, eða einhver einstakur nm. beðið um frestun á því og málið látið liggja.

Ég vil minna á það t. d. í þessu sambandi, að að ósk hv. 8. þm. Reykv. liggur eitt mál í allshn. Mér finnst dálítið skrýtið ef menn telja að það sé hægt að standa þannig að málum, að formenn hafi eitthvert vald til að koma í veg fyrir það að mál fari út úr nefndum. Hvers lags vitleysa er þetta? Hvers lags fundarstjórn haldið þið að þetta sé? Hvar hafa menn heimildir fyrir svona þvættingi? Fyrir hverja eru þeir að túlka mál sitt með þessum hætti? Halda þeir að menn sitji á staflanum? Mér blöskrar það alveg hvað menn geta látið út úr sér í þessum efnum. (**HBl:** Annars greindir menn.) Hv. 5. þm. Norðurl. e. fullyrðir að hér sé um greinda menn að ræða. Ég hef ekkert í höndum sem staðfestir það, en hef að sjálfsögðu engan tillöguflutning uppi um annað.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þau ummæli sem hv. 11. landsk. þm. Egill Jónsson viðhafði hér um þingbróður sinn og flokksbróður, hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólf Konráð Jónsson, eru með því ómaklegasta og óþinglegasta sem ég hef heyrt nokkurn mann segja hér úr þessum ræðustól. Ég hef starfað í vetur í fjh.- og viðskn. Ed. þar sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er formaður. Sú n. hefur haldið um 40 fundi. Undir hans stjórn hafa verið lýðræðisleg vinnubrögð. Það hafa verið lýðræðisleg vinnubrögð og til fyrirmyndar í hvívetna. Ef allir nefndarformenn hér á hinu háa Alþingi störfuðu með sömu ágætum og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sem formaður í fjh.- og viðskn. hefur gert og afgreiddu mál með sama hraða og jafn lýðræðislega, þá væri staðan hér öðruvísi nú við þinglokin. Ég ítreka það, herra forseti, að þetta eru einhver ómaklegustu ummæli sem ég hef heyrt nokkurn þm. láta falla um þingbróður sinn hér í ræðustól. Ég skil satt að segja ekki hvað mönnum gengur til með slíkum málflutningi. Menn geta haft um hann ýmis orð en a. m. k. er hann ekki drengilegur.

Varðandi það svo sem hv. þm. Egill Jónsson sagði um afgreiðslu þess máls sem ég gerði að umtalsefni hér áðan er það auðvitað rétt að oft velta menn því fyrir sér hvort sé vænlegri kostur, að láta mál daga uppi í n. eins og það heitir, eða drepa það með því að vísa til ríkisstj. Ég hugsaði um þetta þegar mér bárust skilaboð um að völ væri á þessu. Ég tek það fram að það var ekki formaður n., hv. þm. Egill Jónsson, sem talaði um það við mig. En þriðji kosturinn var auðvitað alltaf fyrir hendi og hann var sá að óska eftir því að málið yrði látið ganga til atkv. Ég veit ekki til hvers við erum að leggja hér fram mál og vísa þeim til n. í athugun ef þau eiga ekki að koma þaðan aftur svo að þm. geti tjáð sig um þau. Til hvers erum við kjörnir til starfa á hinu háa Alþingi? Mín niðurstaða varð sú að láta þetta mál ganga til atkvæða. En mér hafa engin skilaboð borist um þetta mál frá formanni. Mér barst vitneskja um það frá öðrum nm., það er alveg rétt. Þetta er sem sagt nákvæmlega staða málsins. Og ég ítreka það, að þetta mál á auðvitað að fá að ganga hér til atkvæða eins og önnur mál. Menn geta valið ýmsar leiðir til að ná sínum málum fram, og hv. þm. Egill Jónsson veit auðvitað hvernig mál ganga fyrir sig, en ég hygg bara hreint út talað að honum sé ekkert sérstakt kappsmál að þetta mál nái fram að ganga. Ég geri ekki ráð fyrir að hann hafi sérstakan áhuga á því. Og kannske endurspeglast það í störfum hans sem formanns n., kannske.

Ég ætla, herra forseti, að sinni ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég endurtek það enn einu sinni að ég vonast til að þurfa ekki að sitja hér og hlýða á þm. tala með þeim hætti um aðra þm. sem hér var gert áðan.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það var því síður eðlilegt hlutverk sem hv. þm. Eyjólfur Konráð lék í kringum nefndarstörf í Ed. Alþingis í morgun, þegar það er jafnframt vitað að þetta er hinn mætasti maður, sem er búinn að stýra 50 fundum í fjh.- og viðskn. Alþingis með að sjálfsögðu miklum sóma. Það hefur engin áhrif á mat mitt á vinnubrögðum þess þm. í kringum nefndarstörfin í morgun.

Á hinn bóginn fagna ég því að það skuli nú vera staðfest sem ég sagði í minni ræðu, hvernig þetta mál hefði verið unnið í landbn. Ed. Alþingis. Það skiptir ekki meginmáli, og auðvitað getur þar verið um hreint misminni að ræða og er ekkert innlegg í þetta mál, hvort við töluðum báðir við Eið Guðnason, ég og Eyjólfur Konráð, en Eyjólfur Konráð tók hins vegar að sér að fjalla um málið við Eið Guðnason. Hins vegar gerði ég það líka og hans svar var: Ég ætla að líta á málið fram yfir páska. En það breytir ekki því, að n. afgreiddi málið með þeim hætti að fela Eyjólfi Konráði að tala við Eið Guðnason um málið, og það er þýðingarmikið að menn átti sig á því hér, hver var niðurstaðan úr þeirri umr., sem við fengum boð um í Ed. Alþingis, að þeir kysu að láta þessi mál sitja óafgreidd í n. Þetta eru staðreyndir málsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er auðvitað ekki að ófyrirsynju að hæstv. forsetar hér hafa í tvígang með stuttu millibili talið ástæðu til að veita ákúrur formönnum nefnda vegna slælegs starfs nefnda hér í þinginu. Það er ekki að ástæðulausu sem slíkt gerist, og ég hygg að hæstv. forsetar hafi til þess fullkomin og gild rök að veita slíkar ákúrur.

Ég kom nú aðallega hér upp í fyrsta lagi vegna þess að mér heyrðist hv. þm. Guðmundur Einarsson segja

það áðan: Við ætluðumst til þess af þeim nefndarformönnum sem við kusum. — Nú spyr ég hv. þm.: Kaus BJ hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson sem formann tiltekinnar nefndar? Ég frábið a. m. k. Alþfl. því að hafa átt aðild að formannskjöri þeirra sem nú stýra fundum í nefndum Alþingis. Hér birtast á ýmsan hátt innanhússerjur í Sjálfstfl. þessa daga, og með ólíkindum uppákomurnar í þeim flokki nú orðið, eftir tiltölulega stutt hlé um tíma. Ég minnist þess ekki þann tíma sem ég hef setið á þingi að hafa heyrt orðalag eins og hv. þm. Egill Jónsson valdi flokksbróður sínum hér áðan. En þetta er enn ein myndin, enn ein sönnunin um það, að það er ekki einvörðungu innan Sjálfstfl. sem slíkt ástand ríkir, það ríkir ekki síður álíka ástand milli stjórnarflokkanna á þessu þingi. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að það er umr. um þingsköp en ekki almennar stjórnmálaumr.) Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort óeðlilegt sé að víkja að slíku með tilliti til framkomu hv. þm. Egils Jónssonar hér áðan. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að það er gersamlega óhugsandi að fara þá leið að ræða um þingsköp nema halda sig við þingsköp. Ef við gerum það ekki þá ónýtum við þetta form til þess að gera athugasemdir við þingsköp. Ég vil biðja hv. þm. að gæta þessa.) Ég tel, hæstv. forseti, að ég hafi á engan hátt farið frekar út fyrir ramma umræðna um þingsköp en þeir sem hér á undan hafa talað og ástæðulaust fyrir hæstv. forseta að vera með athugasemdir í þessum dúr, enda mun ég halda áfram máli mínu í svipuðum dúr og ég var búinn að hefja það áðan. Það er raunar undarlegt að mál eins og hér er um að ræða í Ed., þar sem hv. þm. Egill Jónsson er formaður, skuli ekki fást út úr n. á þeim tíma sem tugum eða hundruðum tonna af ónýtum, óætum eða eitruðum kartöflum er dreift hér í sölubúðir til almennings. Á tíma sem þessum fæst ekki einu sinni út úr n. mál sem snertir greinilega hagsmuni ákveðinna aðila í þessu landi. Það er engu líkara en hér á hv. Alþingi eigi þessir aðilar góðan stuðning í því að láta slíkt mál ekki koma til umr. á þessum tíma, vegna þess að líklega er það sá tími sem er hvað kjörnastur fyrir það að almennt sjái fólk í gegnum með hvaða hætti einokunin er ríkjandi í þessum þætti eins og svo mörgum öðrum. Það er engu líkara en hv. þm. Egill Jónsson hafi tekið að sér varðgæslu þess einokunarkerfis sem nú er við lýði að því er varðar sölu á kartöflum og raunar fleiri slíkum vörutegundum. Það er fróðlegt til þess að vita að varðhundurinn, sem nú hefur sig mest í frammi í þessum efnum, er fulltrúi einkaframtaksins í landinu. (**Gripið fram í:** Varðhundurinn?)

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka það fram út af ummælum hv. síðasta ræðumanns að það má vera að fleiri ræðumenn í þessum umr. hafi gefið tilefni til þess að slegið væri í bjölluna. Það orkar oft tvímælis hvort svo skuli gert og verður að meta það hverju sinni. Það er ógjarnan gert nema það orki ekki tvímælis og það var í þessu tilfelli.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Menn kynnu kannske einhverjir að halda að ég hafi verið með eitthvað ósæmilegt framferði á fundi í landbn. í morgun. Ég veit að þeir sem þar voru staddir, t. d. hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Davíð sessunautur hennar, mundu geta sagt frá því að það fór ekki eitt einasta hnjóðsyrði á milli okkar Egils, ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég flutti ósk um það að mál hv. þm. Eiðs Guðnasonar yrði tekið til umr. Annað gerði ég ekki. Ég hafði lofað hv. þm. Eiði Guðnasyni að bera þessa ósk upp. Þetta er allt málið. En hitt er ekkert mál hvort við Egill skjótum svolítið hvor á annan, það gerum við oft, en við erum líka mjög góðir vinir.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Aðeins örstutt í sambandi við fsp. hv. þm. Karvels Pálmasonar um hverjir hafi kosið nefndarformenn. Við bandalagsmenn kusum ekki þá nefndarformenn sem eru starfandi hér í vetur. En ég var að tala almennt um þingstörfin og stöðu þm. gagnvart nefndum sem fyrirsjáanlega munu ekki koma frá sér málum þm. Það var í því sambandi sem ég notaði fyrstu persónu.

Varðandi ummæli hv. þm. Ólafs Þórðarsonar um valdsvið nefndarformanna, þá er náttúrulega augljóst að með því að halda ekki fundi í nefndum, t. d. um miðbik vetrar, aukast augljóslega líkurnar á tímaþröng og máladauða, sem þráfaldlega gerir vist vart við sig á vorin, að því er þingreyndir menn segja mér. Það er náttúrlega þannig sem vald nefndarformanna kemur fram, að þeir geta á vissan hátt valið og hafnað í sláturtíðinni. Það þarf nefnilega að halda fundi til þess að meiri hl. geti afgreitt mál úr nefndunum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það skal tekið fram út af því sem hv. 8. þm. Reykv. sagði í upphafi þessarar umr. að forseti hefur oftar en einu sinni gert ráðstafanir til að stuðla að því að sem eðlilegust vinnubrögð verði viðhöfð í nefndum. Allir formenn nefnda voru kvaddir á fund forseta í febrúarmánuði og úr forsetastóli var lögð áhersla á þetta í marsmánuði. Það var sérstaklega vakin athygli á því að starfshættir nefnda þyrftu að vera með þeim hætti, að ekki kæmu nál. um of síðustu daga þingsins heldur væri afgreiðslu mála dreift á lengri tíma. Þá var tekið fram og það skal nú tekið fram, að það er ekki í valdi forseta að kveða á um það hvaða mál nefndir skuli afgreiða né hvernig nefndir afgreiða mál. En það er í verkahring forseta að gera það sem í hans valdi stendur til þess að starfshættir þingsins verði með sem eðlilegustum hætti.

Það skal tekið fram, eins og augljóst er, að það eru mörg mikil verkefni fyrir höndum hjá okkur í þinginu í dag. Gert er ráð fyrir þingdeildarfundum að loknum fundi í Sþ. Það er líka gert ráð fyrir að utandagskrárumr. verði á tímanum kl. 4—5. Það er leyft á þeirri forsendu að okkur takist að hafa þær umr. innan vissra tímamarka.

Fræðslukerfi og atvinnulíf, þáltill. 257. mál (þskj. 475). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnám tekjuskatts af launatekjum, þáltill. 267. mál (þskj. 512). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Á þskj. 512 flytjum við þm. Alþfl. till. til þál. um afnám tekjuskatts af launatekjum. Í þessu sambandi hljóta menn að spyrja sig fyrst þeirrar spurningar: Hvers konar skattur er tekjuskatturinn, hvaða hlutverki gegnir hann í hagkerfinu hjá okkur? Því er fljótsvarað, að honum er í fyrsta lagi ætlað að afla tekna til ríkisins til sameiginlegra þarfa, en í annan stað hefur verið litið á hlutverk skattsins sem tekju- og afkomujöfnunartækis í þjóðfélaginu. M. a. af þessum sökum lögðu jafnaðarmenn framan af mikla áherslu á notkun tekjuskattsins sem tækis við hagstjórn, ekki bara til tekjuöflunar heldur líka til þess að jafna kjörin í landinu, og að skatturinn væri þannig úr garði gerður að hann færi stighækkandi með vaxandi tekjum.

Markmiðið var þannig alveg augljóst og margir taka nú orðið undir þau markmið, sem jafnaðarmenn settu sér í upphafi í þessum efnum um að jafna kjörin í þjóðfélaginu, og benda einmitt á þessar röksemdir fyrir því að vera með tekjuskattinn. En ef við lítum örlítið nánar á þetta atriði og svipumst um í kringum okkur verðum við þess greinilega vör að þjóðfélagið hefur breyst svo mjög að það markmið sem menn settu sér í upphafi varðandi það að ná jöfnuði með tekjuskattinum er úrelt orðið. Hann hefur í þess stað á undanförnum árum, og gerir í sífellt vaxandi mæli, stuðlað að misrétti í þjóðfélaginu. Hann gerir það. Við sjáum þess greinilega merki vegna þess að það eru svo margir hópar í þjóðfélaginu sem komast greinilega undan því að borga eðlilegan tekjuskatt, a. m. k. ef tekið er mið af því hvernig lífsstíl þeir temja sér.

Þá er þannig komið, að það tæki sem menn ætluðu til þess að jafna kjörin í landinu er farið að valda miklu misrétti, mér liggur við að segja argasta órétti. Þegar svo er komið hljóta menn að endurskoða afstöðu sína til þessa skatts. Það er það sem við Alþfl.-menn höfum gert. Á mörgum undanförnum árum höfum við flutt till. um það í einu eða öðru formi að leggja niður tekjuskattinn, oftast í því formi að hann yrði lagður niður af almennum launatekjum.

Samkv. þeirri till. til þál. sem hér er flutt gerum við ráð fyrir að hann yrði afnuminn af öllum launatekjum. Skýringin á því er m. a. sú, að við teljum að það sé nauðsynlegt að menn taki grundvallarákvörðun um hvort menn telji að tekjuskatturinn sé ekki orðinn svo óréttlátur, að það sé ekki rétt að vera með hann sem álagningarstofn á fólkið í landinu. Það er þetta sem liggur til grundvallar hjá okkur. Þess vegna leggjum við til að það verði kannað alveg sérstaklega samkv. þessari þál. að afnema tekjuskatt af launatekjum.

Nú er það vitaskuld hugmynd okkar að atvinnurekstur greiði áfram tekjuskatt, og þá hlýtur það að gilda um atvinnurekstur í hvaða formi svo sem hann er, hvort sem hann er á vegum einkaaðila eða á félagaformi.

Við teljum líka, Alþfl.-menn, að þetta verk eigi að vera þeim mun auðunnara þar sem tekjuskatturinn er ekki lengur mjög stór þáttur í tekjum ríkisins. Hann hefur verið á bilinu 10—13% af tekjum ríkisins á undanförnum árum. M. ö. o. kemur langstærstur hluti af tekjum ríkisins úr öðrum áttum. Þess vegna ætti það viðfangsefni að deila byrðunum upp á nýtt, miðað við að tekjuskatturinn sé ekki tekjustofn til ríkisins og sé ekki lagður á almennar launatekjur, að verða þeim mun léttara.

Okkar skoðun er sú, eins og rakið er í grg. með þessari þáltill., að það sé rétt að taka grundvallarákvörðun um að tekjuskattur verði ekki lagður á launatekjur. Texti till. er hins vegar saminn með tilliti til þess að það megi sem frekast takast að ná almennri samstöðu hér í þinginu um þetta mál. Þess vegna er textinn sá, að Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta semja frv. til laga um afnám tekjuskatts af launatekjum ásamt grg. og leggja það fyrir næsta löggjafarþing. Hugmyndin er sú, að þegar slík till. lægi fyrir, og í henni koma vitaskuld fyrir ýmsi tæknileg atriði, vegna þess að atvinnureksturinn á áfram, í hvaða formi sem hann er, að greiða tekjuskatt samkv. þessum hugmyndum, gæfist einnig þar tækifæri til að líta á rök og gagnrök í málinu og ríkisstj. gæti þar litið á þau atriði, sem hún teldi nauðsynlegt að koma til skila í þessu sambandi, þar á meðal hvort menn teldu nauðsynlegt að nálgast þetta verkefni í einhverjum áföngum.

Það er von okkar flm. að með því að flytja málið í þessum búningi, og það er nýjung af okkar hálfu að flytja það í þessum búningi, verði auðveldara að ná samstöðu um málið og þess er freistað með þessari till.

Við teljum að það sé fyllilega tímabært, eftir allar þær umr. sem hafa átt sér stað í þjóðfélaginu um þetta mál, að því verði meiri gaumur gefinn af hálfu ríkisvaldsins en hefur verið að undanförnu.

Nú er það svo, herra forseti, að stuðningur við þessa hugmynd kemur ekki einungis frá Alþfl.-mönnum, heldur höfum við orðið þess varir að hún nýtur víðtæks stuðnings í öðrum flokkum líka, m. a. og kannske ekki síst í Sjálfstfl. Hér liggur fyrir þinginu till. frá nokkrum þm. Sjálfstfl. sem gengur að hluta til í sömu átt eins og þessi. Manni sýnist því að það sé verulegur stuðningur við þessar hugmyndir innan þingsins.

Herra forseti. Ég vil að lokum árétta það, sem oft hefur komið fram í málflutningi okkar Alþfl.-manna og ýmissa annarra reyndar líka, að tekjuskatturinn, eins og hann er á lagður nú á einstaklinga, er fyrst og fremst skattur á launafólk, en það blasir við hvarvetna í þjóðfélaginu að aðrir hópar, sem með einum eða öðrum hætti, löglegum eða ólöglegum, hafa tækifæri til þess að ráða því sjálfir hversu miklar tekjur þeir telja fram til skatts, greiða lágan eða jafnvel engan tekjuskatt þó þeir hafi greinilega verulega fjármuni milli handanna og geti tileinkað sér háan lífsstíl. Menn hafa í leit að réttlæti í skattalögunum sett sífellt flóknari reglur um framkvæmd þeirra. En einmitt um leið og menn hafa leitað réttlætisins með þessum hætti hafa menn á ýmsan hátt aukið misréttið, þannig að úr því réttlæti sem menn sóttust eftir hefur oft orðið argasta óréttlæti vegna þess m. a. að nýjar smugur opnuðust jafnóðum og upp í aðrar var fyllt. Það er af þessum sökum, það er vegna þess að við sjáum óréttlætið í tekjuskattinum af launatekjum, sem þessi till. er flutt.

Ég vil að lokum, herra forseti, einungis leggja áherslu á að með því að fara þá leið, sem flutt er í þessu frv., ætti að gefast tækifæri til ítarlegrar umfjöllunar um málið á Alþingi á grundvelli þeirrar faglegu vinnu sem yrði unnin af hálfu ríkisstj. Það gerir málið vitanlega auðveldara viðfangs. Og ég vænti þess að menn geti sameinast um þetta þjóðþrifamál.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að þessari till. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn. og hljóti þar góða umfjöllun.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, þáltill. 270. mál (þskj. 516). — Fyrri umr.

Flm. (Gunnar G. Schram): Herra forsti. Ég hygg að það fari ekki á milli mála að tekjuskatturinn er ranglátasti skatturinn sem lagður er á hér á landi. Það er vegna þess að hann er fyrst og fremst skattur á launþega, og þá sér í lagi á starfsmenn ríkis og bæjarfélaga, jafnframt því að það er alkunna að aðrir hópar ýmsir í þjóðfélaginu borga minni tekjuskatt en þeim ber og raunar sumir alls engan. Þetta óviðunandi ástand leiðir af eðli þeirrar skattheimtu sem við búum við í dag, skattkerfi sem á sér rætur í fortíðinni en hæfir ekki nútímaaðstæðum í þjóðfélaginu. Afleiðingin er sú að tekjuskatturinn leggst með miklum þunga á tiltölulega launalágar stéttir en margir aðrir sem betur mega sín búa við miklu léttvægari skattbyrði.

Skattastefnan í þjóðfélginu hefur sífellt gengið í átt til óbeinna skatta á undanförnum árum. Það er vegna þess að menn hafa í vaxandi mæli talið það æskilegt að skattleggja neysluna í stað þess að taka ákveðna prósentu af tekjum manna til ríkisins án tillits til þess hverjar aðstæður þeirra eru að flestu leyti. Tekjuskatturinn sker sig úr í þessu efni og vegna þess hve erfitt hefur reynst á undanförnum árum að leggja hann á með jafnræði, sem er grundvallarregla skattalaga, á alla landsmenn hafa launamenn orðið að greiða hann af tekjum sínum í miklu þyngra mæli en ella hefði verið og eðlilegt getur talist. Þetta eru meginástæðurnar til þess að Sjálfstfl. hefur staðið að þeirri stefnumörkun á síðustu misserum að það sé réttlætismál að tekjuskatturinn verði afnuminn á almennum launatekjum.

Í kosningastefnuskrá flokksins á síðasta vori sagði eftirfarandi um þetta efni, með leyfi forseta:

„Tekjuskattur á almennar launatekjur verði afnuminn, jafnframt því sem persónufrádráttur nýtist láglaunafólki að fullu. Tekjum hjóna verði skipt á milli þeirra fyrir álagningu skatts."

Þessari stefnu hélt Sjálfstfl. fram í stjórnarmyndunarviðræðunum að kosningunum loknum og í samkomulagi núv. stjórnarflokka við myndun ríkisstj. segir um þetta atriði að miða skuli að afnámi tekjuskattsins á almennum launatekjum og að tekjur hjóna skuli jafnaðar fyrir skattlagningu.

Í framhaldi af þessu ályktaði 15. landsfundur Sjálfstfl. einnig um skattamál en hann var haldinn sex mánuðum eftir kosningar í nóvembermánuði s. l. Í ályktun landsfundarins sagði orðrétt um afnám tekjuskattsins, með leyfi forseta: „Tekjuskattur af almennum launatekjum verði afnuminn í áföngum."

Svo sem sjá má af þessu liggur það ljóst fyrir hver er ætlan og vilji Sjálfstfl. í þessum efnum og raunar ríkisstj. allrar, þ. e. að launamannaskatturinn, tekjuskatturinn, verði afnuminn á almennum launatekjum nú á næstunni. Það er markgítrekað markmið sem ekki verður horfið frá. En þá er eðlilegt að spurt sé: Hvað líður framkvæmd þessa fyrirheits sem gefið var á s. l. vori? Hvað dvelur Orminn langa í þeim efnum? Ég held að það sé ekki vafi á því að fullur vilji var fyrir því að hefja framkvæmd á þessu ákvæði stjórnarsáttmálans þegar á síðasta sumri eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum. Fyrsta skrefið var raunar stigið strax á þeim tíma þegar ríkisstj. létti persónubundnum sköttum af landsmönnum sem námu alls 250 millj. kr. Var það einn liðurinn í efnahagsráðstöfunum ríkisstj., svo sem menn muna, sem þá komu til framkvæmda.

Það var hins vegar fljótt ljóst þegar í ljós kom hvert var ástandið í ríkisfjármálunum á síðasta sumri að ekki mundi mikið ráðrúm gefast til annarra skattalækkana við gerð fyrstu fjárlaga þessarar ríkisstj. Við það bættist síðan fyrirsjáanlegur aflabrestur í sjávarútvegi og áframhaldandi minnkun þjóðartekna annað árið í röð. Við þessar aðstæður í þjóðfélaginu reyndist óhjákvæmilegt að fara hægar í sakirnar en upphaflega hafði ráð verið fyrir gert. Dreg ég enga dul á það að það olli vonbrigðum okkar sjálfstæðismanna og annarra stuðningsmanna ríkisstj. Á hinn bóginn tókst að haga málum svo að þrátt fyrir hið ógnvænlega ástand í stöðu ríkisbúsins var ekki gripið til nýrra skattaálaga heldur er skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds hin sama í heildartekjum greiðsluárs á þessu ári og hún var á síðasta ári, 1983. Miðað við afkomu ríkissjóðs má telja það nokkurn áfanga, þar sem jafnan hefur áður verið gripið til verulegra skattahækkana við sams konar eða sambærilegar aðstæður. Jafnvel nú á þessum síðustu vikum, er fjárhagsvandi ríkissjóðs hefur verið til umfjöllunar, hefur því markmiði verið fylgt að leysa þann vanda án nýrra skatta svo sem kunnugt er og er sú lausn þó á engan hátt óumdeild.

Innan skamms munu störf hefjast við gerð nýrra fjárlaga fyrir árið 1985. Það er því orðið tímabært að hefjast handa um framkvæmd þeirra áætlana sem gerðar voru á síðasta vori um lækkun tekjuskattsins á almennum launatekjum. Það er ástæðan til þess að ég hef borið fram eftirfarandi þáltill. á þskj. 516 ásamt 5 öðrum þm. Sjálfstfl.:

„Alþingi ályktar að skora á fjmrh. að skipa nefnd þriggja manna til þess að gera tillögur um á hvern hátt hagræða megi og spara í rekstri ríkisins og ríkisstofnana með tilliti til þess að tekjuskattur verði afnuminn í áföngum á almennum launatekjum. Skulu tillögur nefndarinnar lagðar fyrir Alþingi í upphafi næsta þings."

Meðflm. mínir að till. þessari eru þeir Friðrik Sophusson, Salome Þorkelsdóttir, Eggert Haukdal, Pétur Sigurðsson og Ólafur G. Einarsson.

Svo sem í till. segir er ráð fyrir því gert að tillögur nefndarinnar verði lagðar fram í upphafi næsta þings og verði þá grundvöllur þess að unnt sé að hefjast handa um lækkun tekjuskattsins og afnám hans í áföngum. Hagræðing og sparnaður í rekstri ríkisins er ein meginforsenda þess að þar náist árangur og því er að þeim atriðum sérstaklega vikið í till. Það fer vitanlega eftir framvindunni í efnahagsmálum þjóðarinnar hve skjótum árangri verður unnt að ná í þessum efnum. Það er augljóst að ekki árar vel fyrir framkvæmd skattalækkana meðan atvinnu- og efnahagslífið er í slíkum öldudal sem verið hefur og á tímum minnkandi þjóðartekna. Engu að síður er hér um svo mikilvægt stefnumark að

ræða, svo mikilvægt hagsmunamál launþega í landinu, að ekki verður því öllu lengur skotið á frest að hefjast hér handa.

Ef við lítum nokkru nánar á það hvað felst í þeirri þáltill. sem hér er til umr. má fyrst nefna að þar er rætt um almennar launatekjur. Almennar launatekjur hafa ekki enn verið skilgreindar sem eitt ákveðið tekjumark en í því efni er ekki óeðlilegt að miðað sé við tekjur iðnaðarmanna, sjómanna og verkamanna sem upplýsingar liggja fyrir um hjá kjararannsóknanefnd. Einnig má hafa stuðning af því hverjar meðaltekjur landsmanna hafa verið þegar hugað er að því við hvaða tekjumörk eigi hér að miða. Skv. upplýsingum hagdeildar Framkvæmdastofnunar voru meðaltekjur á árinu 1982 172 þús. kr. Nákvæmar tölur um meðaltekjur á síðasta ári liggja ekki enn fyrir, en þær eru áætlaðar 270—300 þús. kr. eða um 25 þús. kr. á mánuði. Á þessu ári mundi sambærileg tala vera u. þ. b. 30 þús. kr. á mánuði.

Ef litið er í framhaldi af þessu á fjölda framteljenda á árinu 1983 kemur í ljós að þeir sem höfðu 300 þús. kr. árstekjur, þ. e. meðaltekjur Íslendinga á því ári eða minna voru alls 137 700. Framteljendur, sem höfðu yfir 300 þús. kr. árstekjur á síðasta ári, voru hins vegar aðeins 32 100. Af þessum tölum er ljóst að ef tekjumarkið við afnám tekjuskattsins væri sett við meðaltekjur manna — án þess að ég sé hér að gera sérstaka tillögu um það tekjumark, það má vera að mönnum finnist það heldur lágt — mundu engu að síður um 80% skattgreiðenda hafa orðið tekjuskattslausir á þessu ári. Sýnir þetta glöggt hve mikilvægt mál er hér á ferðinni fyrir þorra landsmanna.

Þegar rætt er um afnám tekjuskattsins á almennum launatekjum er óhjákvæmilegt að reyna að gera sér nokkra grein fyrir því jafnframt — og annað væri í rauninni ábyrgðarleysi — hvaða áhrif slík ráðstöfun mundi hafa á tekjuöflun ríkissjóðs. Tvær spurningar eru þar efstar á blaði. Í fyrsta lagi: Hve mikið er hægt að spara í ríkisrekstrinum til þess að mæta slíkum skattalækkunum? Í öðru lagi: Á hvern hátt er hægt að bæta ríkissjóði það tekjutap sem hann verður óhjákvæmilega fyrir og ekki er unnt að vinna upp með hagræðingu og sparnaði?

Hér er mergurinn málsins sá að mikilvægi tekjuskattsins í fjáröflun ríkissjóðs hefur farið æ minnkandi á undanförnum árum. Beinir skattar hafa verið á undanhaldi en óbeinir komið í staðinn. Ef litið er á fjárlög þessa árs kemur í ljós að þar eru beinir skattar samtals áætlaðir 2 milljarðar og 900 millj. kr. Af þeim er tekjuskatturinn á einstaklinga áætlaður 1 milljarður og 790 millj. kr. Óbeinir skattar eru hins vegar áætlaðir alls 14.5 milljarðar kr.

Af þessum tölum sést að tekjuskattur einstaklinga er ekki nema um eða innan við 10% af tekjum ríkissjóðs. Sú staðreynd ber það með sér að hér er hægra um vik um lækkun þessa skattstofns en ella væri þar sem aðrir tekjustofnar standa undir þorra útgjalda ríkissjóðs. Ég gat um það áðan að í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að velta því fyrir sér á hvern hátt tekjutapi ríkissjóðs yrði mætt og nefndi að þar yrði fyrst og fremst um þessar tvær leiðir að ræða, sparnað í rekstri ríkisins eða nýja tekjustofna. Skynsamlegast væri ugglaust að fara báðar þessar leiðir til þess að ná því markmiði sem hér er talað um. Ekki er á þessari stundu hægt að fullyrða um það hvert tekjutap ríkissjóðs yrði við afnám tekjuskattsins á almennum launatekjum en ætla má að afnám hans á þeim hefði í för með sér að tekjurnar mundu lækka u. þ. b. um einn milljarð kr. miðað við þetta ár.

Beinast liggur við að mæta því tekjutapi ríkissjóðs með sparnaði og niðurskurði í ríkisrekstrinum. Einhver mun eflaust segja að það sé ekki vinnandi vegur, það sé einfaldlega ekki hægt. Sú fullyrðing fær þó ekki staðist. Þessa dagana liggur fyrir Alþingi frv., bandormurinn víðkunni, um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem gert er ráð fyrir að spara og skera niður ríkisútgjöldin um tæpan milljarð kr. Það sýnir að slíkar ráðstafanir eru framkvæmanlegar ef vilji er fyrir hendi. Það er einmitt kjarni þessarar þál. að slíkar ráðstafanir verði undirbúnar og komi til framkvæmda strax á næsta ári. Þar við bætist að unnt er að vinna að þessu máli í áföngum ef menn vilja afnema tekjuskattinn í áföngum, t. d. á tveggja eða þriggja ára tímabili. Yrði þá um sparnað og niðurskurð að ræða sem ekki þyrfti að nema nema 300—500 millj. kr. á ári eftir því hve hratt væri farið í sakirnar.

Ég held að engum blandist hugur um það að slík áætlun er í fyllsta máta framkvæmanleg án þess að til vandkvæða og röskunar þurfi að leiða í ríkisfjármálum þegar á heildina er litið.

Sú leið kemur einnig hér til greina að sameina sparnaðarleiðina og nýja tekjustofna til þess að vega upp á móti tekjutapi ríkissjóðs við afnám tekjuskattsins. Þá á hiklaust að fara leið óbeinna skatta sem miklu réttlátari eru og léttbærari fyrir hinn almenna launþega eins og hér hefur áður verið bent á. Í því sambandi er fróðlegt að hafa það í huga sem dæmi í þessu efni að hvert söluskattsstig gefur ríkissjóði rúmlega 300 millj. kr. í tekjur. Það sýnir að ekki þarf að koma til nema sáralítil hækkun óbeinna skatta til þess að vega upp á móti afnámi tekjuskattsins og því minni sem sparnaði og niðurskurði ríkisútgjalda er beitt í meira mæli. Miðað við að tekjuskatturinn á almennar launatekjur verði afnuminn t. d. á þremur árum verður árlegt tekjutap ríkissjóðs ekki nema 300—400 millj. kr. miðað við stöðuna í dag. Það sýnir glöggt og ótvírætt að hér er ekki um neinn óyfirstíganlegan vanda að ræða heldur mál sem öll tök eru á að framkvæma sé pólitískur vilji fyrir hendi.

Á annað atriði er rétt að minnast í þessu sambandi. Það eru augljós rök fyrir afnámi tekjuskattsins að við það munu ráðstöfunartekjur alls almennings í landinu aukast verulega. Það hlýtur að hafa bein áhrif á samninga launþega um kaup og kjör á hinum almenna vinnumarkaði þar sem afnám tekjuskattsins veldur umtalsverðri kaupmáttaraukningu. Slíkt er ekki lítils virði í áframhaldandi baráttu við verðbólgu í landinu og framhald skynsamlegrar efnahagsstjórnar. Jafnframt mun tekjuskattsbreytingin hafa í för með sér aukna veltu í þjóðfélaginu sem augljóst er. Það mun tvímælalaust hafa hagstæð áhrif í för með sér, ekki síst fyrir iðnað, verslun og þjónustugreinar. Sú veltuaukning mun jafnframt auka tekjur ríkissjóðs og koma á þann hátt að nokkru til móts við tekjumissi þann sem af skattbreytingunni leiðir.

Að lokum vil ég ekki láta hjá líða að geta um nauðsyn þess að komið verði í framkvæmd öðru atriði í tillögum sjálfstæðismanna sem upp er tekið í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna, þ. e. að tekjur hjóna verði

jafnaðar fyrir skattlagningu. Í dag er það svo að mikill munur er á sköttum hjóna eftir því hvort aðeins annað þeirra aflar teknanna eða bæði. Dæmi skal hér tekið af barnlausum hjónum — og raunar skiptir ekki máli hvort hjónin eru barnlaus eða ekki — sem samtals höfðu árstekjur á síðasta ári, 550 þús. kr. Ef aðeins annað þeirra aflar teknanna verður tekjuskattur þeirra og sjúkratryggingagjald á þessu ári 110 þús. kr. Ef á hinn bóginn annað þeirra hefði haft 300 þús. kr. í tekjur en hitt 250, samtals 550 þús., væru skattar þeirra aðeins 70 þús. kr. Af sömu tekjum greiðast því 40 þús. kr. hærri skattar ef fyrirvinnan er aðeins ein. Það má öllum vera ljóst að í þessu felst mikið óréttlæti sem verður að leiðrétta. Hér er verið að refsa gróflega eiginkonunni eða hinum makanum sem ekki á þess kost af einhverjum ástæðum að vinna utan heimilis. Slíkan refsiskatt verður að afnema og það er unnt með því að jafna tekjum heimilisins milli beggja hjónanna. Þá sitja allir við sama borð.

Herra forseti. Það er von okkar flm. þessarar þáltill. að hún muni fá góðar undirtektir hér á Alþingi og það ber að fagna því ef hv. þm. Alþfl. hafa borið fram till. sem stefnir að þessu sama markmiði. Hér er um mál að ræða sem snertir langflestar fjölskyldur landsins, mál sem ég hika ekki við að fullyrða að er eitt þýðingarmesta málið sem fram hefur komið á þessu þingi. Það er hið mesta réttlætismál, ekki síst nú þegar allur almenningur hefur orðið að sæta verulegri skerðingu á kjörum sínum. Því leggjum við mikla áherslu á að það nái fram að ganga hér fyrir þinglok svo að unnt verði að hefjast handa um aðgerðir þær sem gert er ráð fyrir í till. Vil ég að lokum mælast til að þessu máli verði vísað til allshn. Sþ.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hagar svo til að á dagskrá eru tvær þáltill. samtímis. Það er margt sem bendir til þess að það sé rétt frá skýrt í grg. með þáltill. þeirri sem hv. þm. Gunnar G. Schram er 1. flm. að að ætla megi að það sé meiri hluti á Alþingi fyrir samþykkt þessara tillagna. Allshn. Sþ. hlýtur mjög að taka tillit til slíkra aðstæðna og skoða það hvort ekki sé hægt að hraða málinu í gegnum nefndina og inn í þingið þannig að þm. geti tekið afstöðu til málsins.

Mér sýnist við fyrsta yfirlestur að Alþfl.-menn gangi öllu hreinna til verks í þessum efnum þar sem þeir leggja til að samið verði frv. þar sem ákvörðun verði tekin hvernig að þessu skuli staðið. Ég fyrir mína parta treysti hæstv. fjmrh. fullkomlega til að vinna að þessum málum til hagsbóta fyrir land og þjóð án þess að Alþingi setji neina nefnd honum til höfuðs og veit að hann hefur á að skipa góðu starfsliði og gæti leyst það innan síns rn. að taka á málinu.

En það er allt satt og rétt sem hér hefur verið sagt um það að tekjuskatturinn hefur á margan hátt á undanförnum árum verið að þróast yfir í það að vera að mörgu leyti óréttlátur skattur. Í því efni vil ég minna á það að allshn. Sþ. er þegar búin að leggja til samþykkt á og Alþingi búið að samþykkja tillögur þar sem kveðið er á um athuganir á því hvaða starfsgreinar og hópar þjóðfélagsins hafi e. t. v. átt möguleika á að koma sér undan því að greiða þann tekjuskatt sem sanngjarnt væri og eðlilegt. Eg vil þess vegna ítreka það að í þessari stöðu þegar mál kemur fram, jafnstórt og hér er um að ræða, og jafnmiklar líkur eru á að meiri hl. sé á Alþingi fyrir samþykkt þess, þá hlýtur að sjálfsögðu að vera ábyrgðarhlutur hjá allshn. að reyna ekki að koma því til þingsins til ákvarðanatöku. Eins og ég gat um áðan sýnist mér aftur á móti að sú þál. sem Alþfl. flytur gangi öllu hreinna til þessa verks, en e. t. v. er hugsanlegt að sjóða eina till. upp úr þessum báðum.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Útvarp frá Alþingi, þáltill. 295. mál (þskj. 574). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hérna fyrir till. til þál., sem er 295. mál á þskj. 574, um beint útvarp frá Alþingi. Hún er flutt af þm. Bandalags jafnaðarmanna og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta hefja beina útsendingu útvarps frá daglegum fundum Alþingis í ársbyrjun 1985.“

Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa grg.:

„Í þessari þáltill. er lagt til að útvarpað verði beint, á sérstökum bylgjulengdum, frá fundum Alþingis, þ. e. fundum deilda og sameinaðs þings. Með þessari skipan gæfist landsmönnum kostur á beinna og skilvirkara lýðræði.

Almenningur á Íslandi fær mjög takmarkaðar upplýsingar um störf Alþingis frá degi til dags. Það er algerlega undir hælinn lagt hvort, og þá hvernig, málgögn flokkanna segja frá umr. um einstök mál á þingi. Ríkisfjölmiðlunum er í þessum efnum þröngur stakkur sniðinn. Þessir fjölmiðlar velja og hafna. Þeir ákveða fyrir fólkið hvað er rétt og hvað ekki. Til að fylgjast beint með umr. á þingi verða menn að gera sér ferð í Alþingishúsið. Það er fjarri því að allur almenningur hafi tök á að koma á áheyrendapalla þingsins vegna vinnu sinnar og búsetu. (**HBl:** Þeir kæmust raunar ekki fyrir.)

Flm. eru þeirrar skoðunar að það sé í anda nútíma upplýsingastefnu að gefa landsmönnum kost á að fylgjast með umr. á Alþingi um leið og þær fara fram. Þannig yrði umr. á þinginu flutt jafnóðum inn á almenna vinnustaði og heimili landsins.

Flm. vænta þess að þetta fyrirkomulag gæti veitt alþm. heilbrigt aðhald og verið upplýsandi fyrir umbjóðendur þeirra. Þannig er þess vænst að beint alþingisútvarp auki almenna virkni landsmanna í þjóðmálaumræðu sem er nauðsynleg undirstaða nútíma lýðræðis.“

Í framhaldi af þessu langar mig til að fara um málið nokkrum orðum.

Menn geta spurt sig: Hvers vegna ættum við að vera að setja upp beint útvarp frá Alþingi? Það er margt sem kemur þar til greina. Í fyrsta lagi vil ég víkja að þeirri upplýsingaskyldu sem ég tel raunar að þingið hafi við landsmenn. Ég held að lýðræði verði ekki nema hálfgerður skrípaleikur án upplýsinga til alls fólks um hvað stjórnvöld hafast að, hvaða stefnur stjórnmálahreyfingar hafa í einstökum málum og hvernig þeim stefnum er framfylgt. Við sjáum þetta í raun og veru gerast í kringum okkur. Við sjáum þetta úti í heimi þar sem

ýmsar hugmyndir, öðruvísi hugmyndir en hafa ríkt á síðustu áratugum, eru að gera vart við sig í framkvæmd lýðræðis. Þeirri skoðun vex víða fylgi að fólkið sem ákvörðun hefur áhrif á eigi að taka ríkan þátt í að taka þá ákvörðun. Þannig eigi fólkið í landinu að taka þátt í framvindu lýðræðisins á mjög virkan hátt. Þetta hefur tengst umr., sem við þekkjum öll núna, um tölvuöldina, tölvubyltinguna og þá möguleika sem við vitum að eru uppi um upplýsingamiðlun og samband manna á milli á mjög fullkominn hátt.

Fulltrúalýðræði eins og við þekkjum það núna er víða á undanhaldi. Það á uppruna sinn aftur í öldum þegar það tók langan tíma að komast til þings og sambandsleysi var mikið milli fólks og milli landshluta. Það var raunar kannske ekki ætlast til þess þá að þm. stæðu í sífelldu sambandi við kjósendur sína. Þeir fóru til þings og sátu þar og tóku ákvarðanir, sem talið var að taka þyrfti, án samráðs við umbjóðendur sína af eðlilegum ástæðum. Þetta var hátturinn í öllum löndum og kannske því greinilegra sem löndin voru stærri. En þau sjónarmið sem í síauknum mæli taka við af þessari framkvæmd eru svokallað þátttökulýðræði þar sem fólkið sem ákvörðun hefur áhrif á tekur þátt í að taka ákvörðunina. Við sjáum þess erlendis greinilegust merki t. d. um ýmislegt sem varðar ákvarðanatöku á heimaslóð. Við sjáum þetta í mörgum löndum í breytingum á stjórnarháttum sveitarfélaga þar sem fólk tekur á beinan hátt þátt í að ákveða þjónustu og framkvæmdir í byggðarlaginu. Það kýs kannske í kosningum um einstaka embættismenn byggðarlagsins eða sveitarstjórnarinnar eða framkvæmdir. Það getur kosið á milli golfvallar og sundlaugar. Sama gildir víða um samtök sveitarfélaga. Bein þátttaka fólks fer því vaxandi. Þetta sést raunar líka í minni einingum innan sveitarfélaga, þar sem hverfasamtök, íbúasamtök ýmiss konar, taka sífellt meiri þátt í ákvarðanatöku um sitt nánasta umhverfi.

Þá er spurningin: Hverjar eru forsendur? Hvers vegna eru þessar nýju hugmyndir uppi um vinnubrögð valddreifingar og lýðræðis? Mikilvægasta forsendan er kannske sú að menntun kjósenda hefur aukist. Samband fólks innbyrðis og samband fólks milli landa hefur batnað og upplýsingastreymi milli stjórnvalda og kjósenda hefur aukist til muna. Eins og ég sagði áðan veldur þessu m. a. ýmiss konar ný tækni sem gerir fólki kleift að menntast og fræðast á markvissari og fjölbreytilegri hátt en það hafði möguleika til áður. Öll þessi þátttaka fólksins gerir kröfur til þess að það sé á hverjum tíma vel upplýst um gerðir þm. og gerðir stjórnvalda og geti þannig tekið afstöðu til áætlana þeirra eða verka.

Til þess að landsmenn geti á raunverulegan hátt tekið þessa afstöðu þurfa þeir að vera um þetta upplýstir. Og hvernig gerist þetta helst núna hjá okkur á Íslandi? Þetta gerist helst á tvennan hátt, annars vegar í gegnum dagblöð og hins vegar í gegnum útvarp eða sjónvarp.

Ef við tökum dagblöðin fyrst, þá eru þau flest eða öll beint eða óbeint flokksbundin og taka í allt of mörgum tilfellum ekki málefnalega afstöðu til einstakra mála, heldur afstöðu sem er sett saman af flokkspólitískum þörfum eða flokkspólitískum sjónarmiðum. Þetta er fyrsta atriðið sem dagblöðin varðar.

Í öðru lagi er augljóst að sá þegn sem ætlar sér að nota dagblöðin til hlutlægrar upplýsingar neyðist til að kaupa þau öll til að geta lesið þau, borið þau saman og tekið síðan af þeim einhvers konar meðaltal. Ég hef ekki reiknað það nákvæmlega, en það mundi líklega kosta á mánuði langt í 10 eða 20% af ráðstöfunartekjum þeirra sem lægst eru launaðir ef þeir ætla að kaupa öll dagblöðin og reyna síðan að mynda sér skoðun á þessum málum.

Í þriðja lagi er það því miður takmarkað efni sem dagblöðin flytja um þessi mál. Núna í vetur gerðist sá hörmulegi atburður að Morgunblaðið felldi niður einu nothæfu þingfréttasíðuna sem var á dagblaðamarkaðinum hérna. Það er mikill atburður. Við erum því kannske ver stödd en nokkru sinni fyrr.

Varðandi útvarp og sjónvarp, ríkisfjölmiðlana, þá er því til að dreifa að þar er í fyrsta lagi lítill tími á dagskrám fyrir mál sem varða stjórnmál.

Í öðru lagi virðist málsmeðferð, kannske af eðlilegum ástæðum, ég þekki ekki svo nákvæmlega til þessara hluta, en ég harma það þó oft að fréttir eru frekar notaðar til uppsláttar einstakra fréttapunkta frekar en að reyna að meta heildarstöðu mála og gera sér ákveðna grein fyrir því sem er að gerast. Þannig er lítið kafað ofan í mál og lítið skyggnst á bak við tjöldin, væntanlega vegna tíma- og mannaskorts.

Þetta eru nokkur atriði sem ég tel að varði það að athuga ætti mjög vandlega hvort ekki kæmi til greina að útvarpa beint frá fundum þingsins.

Hér eru haldnir opinberir fundir. Það eru gefnar út ritaðar upplýsingar um allt sem fer fram á fundum þingsins. En það er óumflýjanlega gefið út þó nokkru eftir að atburðir og umr. verða. Í öðru lagi eru þessir fundir opnir fyrir almenning sem hefur til þess tækifæri að koma hingað og hlýða á. Ég sé því ekkert því til fyrirstöðu í grundvallaratriðum að umr. hérna væri útvarpað til allrar þjóðarinnar. Það er í anda upplýsingastefnunnar, sem nú er farin sífellt meira að ryðja sér til rúms, að upplýsingum sé komið á virkan hátt út til fólks, en það þurfi ekki endilega að sækja þær. Það er sem sagt virk dreifing upplýsinga sem skiptir þarna miklu máli.

Ég held að í grundvallaratriðum sé ekkert því til fyrirstöðu að útvarpað sé frá fundum þingsins. Það sem menn þyrftu að láta athuga í framhaldi af slíku væri kostnaður, en ef menn á annað borð væru búnir að gera upp við sig í fyrsta lagi þörfina og í öðru lagi það góða sem af þessu gæti hlotist hlytu menn að komast að samkomulagi í sambandi við kostnaðinn. Það er dýrt að halda uppi upplýstu lýðræði og menn verða að greiða það gjald sem það þarfnast. En það mætti vel hugsa sér að í vandræðum gætu menn kannske sæst á einhvers konar hlutaaðgerðir í byrjun, þar sem þetta væri kannske ekki tekið upp alla vikuna fyrstu árin, en gerðar væru í þessu sambandi tilraunaútsendingar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Efnislega er sú till. sem hér er til umr. athyglisverð. Það er ekkert óeðlilegt að menn varpi fram þeirri spurningu í Alþingi Íslendinga hvort rétt sé að útvarpa daglega umr. frá þinginu.

Það hafa ekki verið miklar umr. um þetta hjá okkur. Hins vegar hefur það verið allvíða annars staðar þar sem svipað skipulag eða hliðstætt gildir og hér. Það virðist svo að það séu nokkuð skiptar skoðanir um gildi þess að útvarpa daglega frá löggjafarsamkomu. Það virðist líka svo að það sé nokkuð mismunandi reynsla

þar sem þetta hefur verið reynt.

Ég sagði: Þetta er athyglisvert mál. Ég tek undir ýmislegt af því sem síðasti ræðumaður, hv. 4. landsk. þm. sagði um mikilvægi þess að koma réttri mynd af umr. í þinginu beint til kjósenda eða almennings í landinu. Hins vegar er ég mér þess meðvitandi að þetta er mál sem við þurfum að athuga af nokkurri kostgæfni og án þess að rasað sé um ráð fram.

Ég vil vekja athygli á því að Alþingi samþykkti í des. s. l. að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða lög um þingsköp Alþingis þar sem í eiga sæti forsetar Alþingis og einn fulltrúi frá hverjum þingflokkanna. Þessi nefnd er núna að störfum og ég vil láta það koma hér fram að nefndin mun að sjálfsögðu athuga þetta mál sem hér er til umr.

Ég ætla ekki að ræða hér efnislega um þetta mál. Það mætti halda langa ræðu um þetta mál efnislega. En ég ætla ekki að gera það. Ég ætla aðeins að víkja að því formlega. Hér er gert ráð fyrir að Alþingi samþykki þál. um að fela ríkisstj. að láta hefja beina útsendingu útvarps frá daglegum fundum Alþingis. Ég tel að þetta form sé ekki hið rétta form ef þoka á þessu máli áfram og í raun og veru óhæft. Í 58. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.“

Ekki er hægt að breyta þingsköpum nema með lögum. Það er ekki hægt með þál. Það er ekki heimilt skv. stjórnarskránni. Ef við ætlum að aðhafast eitthvað í þessu efni þarf að breyta lögum um þingsköp.

Þá er annað formsatriði sem ég vil víkja að. Í þessari þáltill. er gert ráð fyrir því að fela ríkisstj. að láta hefja beina útsendingu útvarps frá Alþingi. Þetta getur ekki staðist. Alþingi hefur skv. stjórnarskrá, svo að maður tali nú ekki um okkar þingvenju, eitt yfir þessum málum að segja, ekki ríkisstj. Menn verða að hafa það í huga og ekki síst þeir sem tala mikið um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds að í þessu efni verða að vera alveg greinileg skil. Það er Alþingi eitt sem kveður á um þetta. Það er Alþingi eitt sem framkvæmir eitthvað í þessu efni ef eitthvað verður framkvæmt.

Þetta eru meginformgallarnir á þessari till. sem hér er til umr. Eg vildi víkja að þeim og með tilvísun til þeirra leyfa mér að bera fram tillögu um svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Með því að

1. þingsköp kveða á um starfsreglur Alþingis
2. þingkjörin nefnd vinnur nú að endurskoðun laga um þingsköp og
3. Alþingi sér sjálft um framkvæmd þingskapa sinna, samþykkir Alþingi að taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Herra forseti. Ég afhendi hér með þessa tillögu um rökstudda dagskrá.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Ég við lýsa eindregnum stuðningi Samtaka um kvennalista við þessa þáltill. Við kvennalistakonur höfum orðið áþreifanlega varar við það í vetur hversu örðugt það er að koma málflutningi og viðhorfum til skila út fyrir veggi Alþingishússins. Það hefur sýnt sig að slíkt er nánast ógerlegt hafi menn ekki fjármagn til að kosta reglulega útgáfu málgagns. Má með sanni segja að fjölmiðlar þessa lands hafi þagað þunnu hljóði um þann hluta kvennabaráttunnar sem fram fer hér í þingsölum og á það jafnt við um málgögn stjórnarflokka, stjórnarandstöðuflokka og ríkisfjölmiðla með örfáum undantekningum sem gera lítið annað en að sanna regluna. Ekki er mér það undrunarefni að málgögn rekin af stjórnmálaflokkum leitist við að þegja okkur kvennalistakonur í hel. Þar eiga stjórnmálaflokkar sinna sérstöku hagsmuna að gæta og skiptir engu í því efni hvort viðkomandi stjórnmálaflokkur er í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Það hefur hins vegar verið mér nokkurt undrunarefni hversu einhliða fréttaflutningur ríkisfjölmiðlanna hefur verið af þingstörfum ef tekið er mið af hinu víðfræga hlutleysi þeirra sem kveðið er á um í núgildandi útvarpslögum. Í staðinn fyrir að gera öllum sjónarmiðum jafnhátt undir höfði hefur fréttaflutningur ríkisfjölmiðla að mínu mati einatt hallast í þá átt að gera málflutningi stjórnarflokka ítarlegust skil. Er þar skemmst að minnast fréttaflutnings í sjónvarpi af umr. um byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði hér í Sþ. fyrir tveimur dögum síðan. Komu sjónarmið núv. hæstv. iðnrh. þar ítarlegust fram, því næst sjónarmið hæstv. fyrrv. iðnrh. og sú sem hér talar var heiðruð með einni setningu í fréttatíma sjónvarpsins en setti þó á langar ræður um þetta mál sem af spruttu ýmsar aðrar ræður. Þetta er aðeins nýlegasta dæmið um fréttamat af þessu tagi og það mundi æra óstöðugan að gera tilraun til að hafa þau öll uppi.

Málum er því í reynd þannig háttað að þeir fulltrúar á Alþingi Íslendinga, sem ekki eiga sjálfir eða samtök þeirra nóg af peningum til að gefa út eigið málgagn, eiga þess sáralítinn kost að koma störfum sínum og viðhorfum út til umbjóðenda sinna og landsmanna allra. Þetta mál, sem í fljótu bragði virðist ekki svo ýkja stórt, snertir því við grundvallaratriðum okkar þjóðskipulags. Það vekur þessa áleitnu spurningu: Við hvers konar lýðræði búum við raunverulega? Er það meiningin að það lýðræði, sem talað er um í 1. gr. stjórnarskrárinnar, sé lýðræði fjármagnsins? Mitt svar við því er nei. Þannig get ég ekki skilið 1. gr. stjórnarskrárinnar.

Því fagna ég af alhug þeirri þáltill. sem hér er fram komin. Með því að kveða á um að allir landsmenn hafi beinan aðgang að umr. á Alþingi án tillits til búsetu eða annarra aðstæðna tekur þessi þáltill. stórt skref í þá átt að tryggja betur en nú er gert að fullnægt sé ýmsum grundvallaratriðum lýðræðisskipulagsins, þ. e. rétti og skyldu þjóðkjörinna fulltrúa til að koma störfum sínum til skila til umbjóðenda sinna, sem aftur eiga heimtingu á því að fá að vita hvað fulltrúar þeirra eru að gera á Alþingi Íslendinga.

Ég vil síðan mælast til þess að hv. nefnd, sem ég mun styðja að fái málið til meðferðar, skili því fljótt og snarlega hingað aftur inn í þingið með nauðsynlegum formbreytingum.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég held að við séum komin hér að ákveðnu grundvallaratriði í starfi löggjafarsamkomunnar og þess stjórnmálalega umræðuvettvangs sem Alþingi er. Hér erum við ekki að fjalla um vandamálið stjórn eða stjórnarandstaða fyrst og fremst heldur erum við almennt að ræða um möguleika kjörinna fulltrúa þessarar samkomu til þess að koma málflutningi sínum á framfæri. Ég þekki það frá liðnum árum og þessum vetri að það er oft mjög vandasamt og

það á við um alla þm. að mínu mati. Ég er sannfærður um það að þm. stjórnarflokka á hverjum tíma telja sig búa við mjög svipað vandamál að þessu leyti og þm. stjórnarandstöðuflokka gera líka. Ég held þess vegna að hér sé um að ræða miklu víðtækara mál en svo að stundum sé það þannig að þessi og hinn séu í sviðsljósinu eftir því hvort menn eru stuðningsmenn ríkisstj. eða ekki. Hér er um það að ræða hvort umræður á Alþingi nái út til fólksins yfir höfuð og hvort frásagnir af umr. á Alþingi skili sér með eðlilegum hætti. Ég held að þær geri það ekki og hafi ekki gert það um margra ára skeið, það er engin nýlunda út af fyrir sig á þessum vetri. Ég held að þetta hljóti hins vegar að hvetja til þess að hv. Alþingi taki á þessum málum alveg sérstaklega því að okkur er skylt að koma okkar málflutningi á framfæri við okkar kjósendur og gefa þeim kost á því að meta það sem við segjum.

Í þeim efnum gildir það í raun og veru ekki og dugir ekki sem röksemd að það verði að bíða eftir því að hver þm. segi frétt þá og þá þegar hann stígur í ræðustól eftir mati einstaks fréttamanns hverju sinni. Það sem þm. er að segja á hverjum tíma er iðulega ekki frétt heldur aðeins innlegg í málefnalega umr. og flokkast því ekki endilega undir frétt að mati fjölmiðla á hverjum tíma.

Ég er sannfærður um að þeir þm., sem eru aðilar að stjórnmálaflokkum sem gefa út málgögn finna þennan vanda ekki síður en aðrir þm. Ég held að við eigum öll óskipt mál í þessu efni. Þess vegna hafa hv. þm. Bandalags jafnaðarmanna hreyft hér mjög þörfu máli og ég tel það mjög miður að hæstv. forseti sameinaðs þings skuli bregðast við með jafn neikvæðum hætti og hann gerði áðan, að gera till. um að þessari till. sé vísað frá, svo að segja út í hafsauga, fyrst og fremst af formlegum ástæðum. Þessi till. er allrar athygli verð og á góða umr. og meðferð skilið. Formlegir gallar á till. eru vafalaust til en það er ekki aðalatriði málsins heldur hitt að hér er hreyft máli sem skiptir miklu að við tökum afstöðu til.

Í þessum efnum er nauðsynlegt að það verði kannað rækilega hvaða kostnað samþykkt slíkrar till. hefði í för með sér, hvernig framkvæmdinni verði tæknilega fyrir komið, hvernig hagað yrði útvarpi frá Sþ., Nd. og Ed. og hvernig sagt yrði frá málum sem eru í nefndum á hverjum tíma og þar fram eftir götunum. Allt þarf þetta að ræða og ákveða tæknilega í einstökum atriðum sem stundum er vafalaust miklu flóknara en þessi einfalda till. til þál. gefur tilefni til að ætla. Þess vegna væri mjög eðlilegt að þessari till. til þál. yrði vísað til þingskapanefndarinnar. Ég held að ekki sé bætandi á þann haug sem liggur fyrir hjá hv. allshn. eins og komið hefur fram hér á fundum hv. Sþ. í dag. Þess vegna væri eðlilegt að þingskapanefndin fjallaði um þetta mál.

Ef það er hins vegar skoðun meiri hl. Alþingis að á till. séu svo miklir formlegir gallar að henni verði vísað frá bið ég menn um að athuga aðeins sinn gang og íhuga hvort ekki væri réttara að láta till. liggja án afgreiðslu og að málið komi fyrir í þingskapanefndinni og verði þar tekið upp, m. a. af þeim þingflokki sem hér er að flytja mál og á fulltrúa í þingskapanefndinni og þá öðrum þingflokkum ef ástæða sýnist til. Það væri afskaplega rangt að fara að vísa þessari till. frá með snubbóttum, formlegum afgreiðsluhætti eins og hæstv. forseti Sþ. lagði til áðan. Ég skora á hæstv. forseta Sþ. að íhuga það mjög vandlega hvort hann vill ekki fara varlegar í sakirnar áður en hann gerir endanlega upp hug sinn í þessu efni. Hér er hreyft þörfu máli sem á skilið mikla og vandaða umr. og það á ekki að afgreiða það fyrst og fremst á formlegum grundvelli. Þetta mál á skilið að fá ítarlega umr.

Hins vegar væri fróðlegt að heyra frá hæstv. forseta Sþ., úr því að hann er hér í salnum og tekur þátt í umr. hvað líður starfsemi þingskapanefndarinnar. Hvenær má ætla að hún skili niðurstöðum? Ég er þeirrar skoðunar að það sé eitt brýnasta verkefnið í stjórnkerfi Íslendinga að laga starfshætti Alþingis. Ég hef setið hér um nokkurra ára skeið, nú í vetur sem stjórnarandstöðuþm., og ég tel að ýmsir þættir í starfsemi þingsins séu satt að segja með þeim ólíkindum að ég hygg að enginn utan þings gæti látið sér detta í hug að hlutirnir gangi fyrir sig eins og þeir gera hjá okkur stundum. Í þeim efnum eigum við öll jafna ábyrgð í rauninni sem enginn getur skotið sér undan. Vinnubrögð nefnda þingsins eru t. d. oft býsna sérkennileg. Þar eru mál afgreidd óðruvísi en vera þyrfti ef betur og skipulegar væri haldið á taumunum. Umr. hjá hv. Sþ. og í deildum reyndar líka er ekki heldur með þeim hætti að kallast geti skilvirk vinnubrögð fyrir þessa virðulegu samkomu. Þess vegna legg ég á það áherslu að það er mín skoðun að lagfæring á þingsköpum Alþingis sé eitt brýnasta verkefnið sem við okkur blasir í raun og veru ef við viljum gera Alþingi Íslendinga að þeirri samkomu sem við eigum að krefjast og þjóðin á heimtingu á.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég ætla að byrja á að geta þess að ég gleymdi að leggja fram till. um nefnd. Ég ætlaði að leggja til að málinu yrði vísað til starfsnefndar um þingsköp eða þingskapanefndar svokallaðrar.

Varðandi þessar umr., sem hérna hafa farið fram, harma ég ef ágreiningur um form verður til þess að menn ræði ekki nánar um þennan þátt í upplýsingu landsmanna. Það er slæmt að það skyldu þá ekki hafa verið gerðar þessar aths. strax þegar málið var lagt fram. En við sem stóðum að framlagningu þess vorum raunar meira að hugsa um lýðræðislegt gildi þess en formlegt útlit, án þess að ég geri lítið úr formi. Það á að hafa rétt. Hins vegar veltum við þessu svolítið fyrir okkur á sínum tíma og við settum ríkisstj. þarna inn vegna þess að við töldum að ef Alþingi, í umfjöllun Sþ. og nefndar, kæmist að þeirri niðurstöðu að það bæri að hefja þetta beina útvarp væri það ríkisstj. að sjá um framkvæmdahlið þess, gera tillögur í sambandi við fjármál og í sambandi við uppbyggingu dreifikerfis og annað sem til þyrfti. En ég ætla ekki að ræða meira um formlegt útlit.–

Ég held að nauðsynlegt sé að fram fari umræða um þessi mál hérna í þinginu, ekki bara vegna þess upplýsingagildis fyrir framkvæmd lýðræðisins, sem ég gerði að umræðu áðan, heldur og ekki síður til þess að lagfæra ýmsar ranghugmyndir sem virðast vera á sveimi um starfsemi þingsins — ranghugmyndir sem í flestum tilfellum eru vegna skorts á upplýsingum. Eins og ég vék að í byrjun er því miður ekki nema mjög takmarkaður hluti þjóðarinnar sem vill eða getur sótt þingpalla og því vita mjög fáir um það hvernig störf fara hérna fram, hvernig umræður fara fram, hvernig skoðanaskipti og skoðanamyndun verður. Tilviljanakennd lýsing einstakra fréttapunkta, eins og oft vill brenna við að

sé það eina sem heyrist fá þessari stofnun út í frá, gefur alls ekki þá mynd af skoðanaskiptum og skoðanamyndun sem þarf að skila sér til fólks, þannig að það geti gert upp hug sinn þegar þess þarf í kosningum og það geti myndað sér sjálfstæðar skoðanir um það sem hér gerist.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram vegna ummæla sem hér hafa fallið að ég get ekki tekið undir þau sjónarmið að smáir þingflokkar njóti ekki fulls réttar í ríkisfjölmiðlum borið saman við hina stærri flokka. Hér verða útvarpsumr. á þriðjudag og þeim er svo háttað að þingflokkur með þrjá þm. á bak við sig hefur þar sama rétt til ræðutíma og þingflokkur með 23 þm. Jafnframt er það svo, ef fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu skiptast á skoðunum í sjónvarpsþáttum sem oft eru haldnir, að stjórnarandstaða hefur þar fjóra fulltrúa en meiri hluti á Alþingi tvo og síðan er til þess ætlast að ræðutími hvers fulltrúa sé hinn sami. Umtalsverður meiri hl. þm. með umtalsvert meira fylgi á bak við sig hefur því hálfu minni ræðutíma en minni hl.

Ég held að ég verði líka að láta í ljós þá skoðun mína gagnvart t. d. Kvennalista að hann hefur átt svo greiðan aðgang inn í ríkisfjölmiðla með sín sjónarmið að það er mikið vanþakklæti ef verið er að gera lítið úr því og raunar ekki sæmandi. Um hitt þýðir svo ekki að tala hér á Alþingi, þó þau tvö blöð, og raunar þrjú nú, sem ekki eru í eigu stjórnmálaflokka leggi sitt mat á það frá hverju þau segja í umr. hér á Alþingi. Ég held að það sé öldungis ljóst um blað eins og Dagblaðið-Vísi að það hefur ekki flokksleg tengsl. Sömuleiðis er ljóst um Morgunblaðið að það er mjög óháð í sínum fréttaflutningi, borið saman við það sem áður var og borið saman við blöð eins og Alþýðublaðið eða Þjóðviljann svo að dæmi sé tekið. Ég ætla að þegar menn taka svo til orða að öll dagblöð hér á landi séu undir einhverjum flokksaga séu menn hreinlega að stytta sér leið að einhverri niðurstöðu sem menn vilja fá og hirða þá lítið um hitt hvort sú niðurstaða sé nákvæmlega rétt eða á skynsamlegum rökum byggð.

Herra forseti. Ég er ekki að fara fram á að taka þann rétt af þm. sem þeim ber skv. þingsköpum. Ég hygg að stjórnarandstöðunni veiti ekki af tvöfalt meiri tíma til að reyna að koma því litla sem hún hefur að flytja til skila. Það hefur líka sýnt sig í þeim þáttum sem orðið hafa og umr. að hún stendur æ frekar höllum fæti því meir sem í henni heyrist.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það væri nú vonandi að talsmönnum ríkisstj. í komandi eldhúsdagsumr. nægði sá tími sem þeir þar fá til umráða til að samræma þau ólíku sjónarmið sem uppi eru þessa dagana innan ríkisstj. og við verðum vitni að á hverjum degi á hinu háa Alþingi og almenningur verður vitni að í fréttaflutningi fjölmiðla. Það er sama hvort er verið að ræða þar um bindiskyldu og það sem Sjálfstfl. segir um það og Framsfl. um það, hvort verið er að ræða um sparnað á sviði skólamála, það sem Framsfl. segir um það og það sem Sjálfstfl. segir um það, hvort er verið að ræða skattlagningu á kókómjólk, það sem Sjálfstfl. segir um það og það sem Framsfl. segir um það. Það er vonandi að þeim nægi tíminn sem þeir fá þar til umráða til að samræma þau sjónarmið og raunar það marga sem virðist nú í vaxandi mæli skilja þá tvo íhaldsflokka að sem nú stjórna landinu. Þeir gætu kannske varið einhverjum tíma til að samræma sjónarmið sín í kartöflumálinu sem hér hefur borið á góma fyrr í dag.

En herra forseti. Auðvitað er freistandi að fara hér allmörgum orðum um ýmislegt af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 5. þm. Norðurl. e., um fjölmiðlana og þeirra hlutverk, blöðin. Einkanlega minntist hann þar á Morgunblaðið og DV. Það er í rauninni afskaplega hlálegt og furðulegt, þó að það bendi nú til þess að menn lesi ekki blöðin ýkja grannt, þegar því er haldið fram hér að þetta séu einhvers konar hlutlausir fjölmiðlar og það séu hlutlausar frásagnir af því sem gerist á Alþingi sem birtast í Morgunblaðinu og DV. Þar er auðvitað haldið fram málum þeirra flokka sem að þessum blöðum standa, þótt með óbeinum hætti sé, bæði leynt og ljóst. Og þegar slíkt er gert leynt, undir yfirskini hlutleysis, þá er það hættulegt. Það er ekkert við því að segja þegar blöð eru málgögn flokka og koma fram sem slík, koma til dyranna eins og þau eru klædd, en færa sig ekki í eitthvert dulargervi hlutleysisins til að blekkja lesendur. Það er það hættulega og það vill því miður á stundum við brenna hér. Um þetta mætti tala lengi í tilefni ummæla hv. 5. þm. Norðurl. e., en ég ætla ekki að hafa þau orð fleiri.

Hér er til umr., herra forseti, till. til þál. um beint útvarp frá Alþingi. Vel má það vera að á henni séu einhverjir formgallar, en ég held hins vegar að það réttlæti ekki að hún hljóti þá afgreiðslu sem hér hefur komið fram till. um. Ég held að það sé miklu eðlilegra að vísa þessu máli, eins og hér hefur verið á bent, til þeirrar n. sem nú fjallar um endurskoðun þingskapalaga undir ágætri forustu forseta Sþ. og hefur þegar unnið töluvert starf og á eftir að vinna meira. Það er nefnilega býsna margt í þessu sambandi sem þarf að athuga. Ég held t. d., án þess að ég ætli að gerast nokkur úrtölumaður, að það sé tæknilega örðugt að hefja í ársbyrjun 1985 beina útsendingu frá daglegum fundum Alþingis. Það mundi væntanlega hafa það í för með sér að það yrði, ef það ætti að fara eftir orðanna hljóðan, að senda samtímis út á sitt hvorri bylgjulengdinni frá fundi sem stendur yfir í Nd. og fundi sem stendur yfir í Ed. Þetta er auðvitað tæknilega hægt, en fjárhagslega er þetta mjög dýrt ef við ætlum að láta þessa útsendingu ná til alls landsins.

Ég er hins vegar hiklaust þeirrar skoðunar að það eigi að taka upp með einhverjum hætti beint útvarp frá Alþingi og bendi á að til þess skapast vissulega möguleikar þegar sendikerfi Rásar 2, sem svo hefur verið nefnd, nær til alls landsins, sem væntanlega gerist seint á þessu ári eða í byrjun næsta árs. En það verður samt ekki hægt að útvarpa hér frá öllum fundum og raunar held ég að hóf sé nú best á hverjum hlut og um þetta beri að setja reglur. Það mætti hugsa sér að þann tíma sem þing situr yrði útvarpað í 2—3 klst. frá fundum Sþ. og til skiptis frá fundum efri og neðri deildar og það yrði gert um sendikerfi Rásar 2 og útsendingartími hennar þá lengdur á venjulegu dagskrárefni fram á kvöldið til jafnlengdar. Raunar eru þau mál öll í endurskoðun hjá Ríkisútvarpinu. Ég held að það sé af hinu góða að stuðla að því að þjóðin fái ítarlegar fréttir og fyllri mynd af því sem gerist í umr. á Alþingi.

Mér er mætavel ljóst að í stuttum fréttatímum, þótt vel sé unnið og samviskusamlega af hálfu fréttamanna og reynt að gera engum rangt til, verður sú mynd sem fram kemur í örstuttum fréttafrásögnum mjög gisin og

getur aldrei orðið annað. Auðvitað má endalaust deila um hvernig þetta er gert, en ég hygg þó t. d. að nú að undanförnu hafi þetta tekist tiltölulega vel til og betur en oft áður. En eins og þessu er nú háttað verður þetta alltaf mjög óglögg mynd. Og fréttamat er misjafnt. Það er erfitt t. d. fyrir fréttamenn ríkisfjölmiðla, sem hér eru, að fylgjast með umr. í báðum deildum samtímis. Það er erfitt ef ekki ógjörningur að ætlast til að menn geti fylgst með ræðuflutningi á tvennum vígstöðvum og gert því skil svo vel sé. Þarna verður auðvitað að velja og hafna og það val verður ævinlega umdeilt. Þess vegna held ég að þrátt fyrir að það megi benda á galla á þessari till. sé hún efnislega mikillar athugunar og umhugsunar virði fyrir Alþingi.

Ég get raunar tekið undir ákaflega margt af því sem hv. þm. Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., sagði í þessum umr. áðan. En ég hvet eindregið til þess að þetta mál verði athugað rækilega, bæði með tilliti til kostnaðar og með tilliti til þess hvað er mögulegt að gera og hvenær er mögulegt að gera það. Það er, held ég, rétt í þessari stöðu að sú n. sem nú fjallar um breytingar á þingskapalögum fái þetta mál með einhverjum hætti til meðferðar en að þessari till. verði ekki vísað frá með þeim snubbótta hætti sem mér finnst afgreiðsla með rökstuddri dagskrá vera. Mér finnst þetta í rauninni vera betra mál en svo að það eigi slíka afgreiðslu skilið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni að þetta er merkilegt mál. Ég sagði það áðan í minni tölu og lagði ríka áherslu á það. Og ég sagði að þetta yrði að sjálfsögðu athugað í þingskapalaganefndinni sem er að störfum. Ég held að það sé alveg ástæðulaust, eins og hér hefur komið fram hjá sumum, að vera að reyna að fitja upp á einhverjum efnislegum ágreiningi um þetta mál. Ég tók það fram að ég ætlaði ekki að ræða efnislega um þetta mál, en vék að formhliðinni.

En formhliðin er nú ekkert aukaatriði í þessu efni. Þó að þessi till. væri samþykkt erum við engu nær. Við verðum skv. stjórnarskránni að breyta þingskapalögum til þess að geta tekið upp hina nýju skipan. Og það getur ekki talist neikvæð afstaða hjá þeim sem bendir á hver hin eina færa leið er til þess að koma málinu í höfn. Það er enginn vafi á um þetta og þessu hefur ekki verið mótmælt í þessum umr.

Ég tók fram að ég teldi að það ætti að ræða málið í þingskapalaganefnd. Nú hefur, eftir að ég talaði, hv. 1. flm. till. lagt til að till. yrði vísað til þingskapalaganefndar, þannig að það ber ekki mikið á milli efnislega um minn vilja í þessu efni og vilja hv. flm. Ég sé það ekki.

Það má þá kannske spyrja að því hvers vegna ég hafi borið fram dagskrártillögu þá sem ég hef hér lýst. Ég skýrði það raunar í þeim fáu orðum sem ég sagði áðan. En ég held að það sé ekki of mikil áhersla lögð á að það samrýmist ekki stöðu Alþingis Íslendinga að annar aðili en Alþingi sjái um framkvæmd þessara mála. Ég vil að það komi skýrt fram.

Mér er ekki kunnugt um það, ég get ekki fullyrt um það, en ég efast um það, að nokkru sinni hafi komið fram tillaga á Alþingi Íslendinga á þann hátt að svo þýðingarmiklum þætti í starfsemi þingsins væri vísað í einstöku framkvæmdaatriði til ríkisstj. Og mín dagskrártillaga er komin fram til þess að mótmæla þessu sjónarmiði. Mér finnst að það sé ekki hægt að láta neinn alþm. standa í þeirri villu að það sé einhver annar aðili en Alþingi sjálft sem hefur með þetta mál að gera.

Hv. 4. landsk. þm. sagði að ríkisstjórnin hefði verið tiltekin í þessari þáltill. — ja mér skildist vegna þess að ríkisstj. sæi um fjármálin. Þetta er grundvallarmisskilningur. Sá kostnaður sem leiðir af þessu verður færður á reikning Alþingis en ekki ríkisstj. Og ég bið menn að gera hér glöggan greinarmun á Alþingi og ríkisstj., hvað kær sem mönnum kann að vera ríkisstj.

Aðalatriði þessa máls er það að við erum öll, sem hafa látið til sín heyra, sammála um að þetta mál eigi að hljóta afgreiðslu. Og það er ekki höfuðatriði fyrir mig hvort þetta mál hafnar í þingskapalaganefnd eftir þeirri leið, sem hv. flm. leggur til, að málinu verði formlega vísað til þingskapalaganefndar eða eftir þeirri leið sem ég tjáði mig um áður. Ég lýsti yfir hér að málið yrði tekið fyrir í þingskapalaganefnd. Og ef mönnum finnst það eitthvert atriði til þess að undirstrika þá efnislegu samstöðu að við viljum öll athuga málið þá er mér að því leyti ekki dagskrártillagan föst í hendi.

Það kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að hann teldi að gott væri að ræða þetta frekar hér í Alþingi. Ég skal ekkert hafa á móti því. Og með því að það stendur þannig á núna, þá mundi ég leggja til að umr. yrði frestað. Við skulum ekki útiloka að fleiri sem kunna að vilja geti tjáð sig um þetta mál.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði beint að því hvað liði störfum þingskapalaganefndar og hvenær þeim yrði lokið. Þingskapalaganefnd, eins og hér hefur komið fram hjá hv. 5. landsk. þm., hefur starfað allnokkuð og hún hefur hugsað að þyngja róðurinn í því efni eftir því sem líður á sumarið. Í mínum huga væri ákaflega æskilegt að næsta haust gæti legið fyrir einhver árangur af því starfi. Ég orða þetta varlega. Það er ekki vegna þess að ég sé að draga úr í þessu efni. Ég tek undir það sem hv. 3. þm. Reykv. og fleiri hafa hér sagt um mikilvægi þess að endurskoða þingskapalögin. En ég segi þetta af því að ég vil að við gætum gert betur en við lofum nú á stundinni.

Flm. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Vegna þessara ummæla hérna síðast um formlegu hliðina á þessari tillögu vil ég segja að það hefur aldrei nokkurn tíma vakað fyrir mér að gera á hluta Alþingis eða gera nokkuð sem gæti orðið því til álitshnekkis. Þvert á móti höfum við bandalagsmenn reynt að bera hag þess, að því er við töldum, jafnvel meir fyrir brjósti en margir þeir sem hér hafa gengið um sali.

Þessi till., eins og hún er orðuð, er sett fram til að vekja umr. um grundvallaratriði þessa máls, sem er upplýsingamiðlun, lýðræði, útrýming ranghugmynda og ýmislegt sem hefur verið vikið að í umr. og fengið jákvæðar undirtektir flestra ræðumanna. Þessi till., eins og menn sjá, víkur ekki að einstökum framkvæmdaatriðum. Það er augljóst að það var aldrei ætlan okkar að Alþingi framseldi á nokkurn hátt sinn rétt til að segja fyrir í nákvæmum smáatriðum hvernig staðið yrði að framkvæmd þessa máls. Hins vegar ímynduðum við okkur að að því gæti komið að þekkingar eða tækjabúnaðar Ríkisútvarpsins væri þörf. Við töldum þess vegna að skynsamlegt væri að vísa framkvæmdinni til ríkisstj. að því gerðu að Alþingi hefði ákveðið sinn hug um þetta mál og gert um þetta þær samþykktir og gert þær

ráðstafanir sem það teldi að þyrfti að gera.

Ég játa að hæstv. forseti Sþ. er mér fremri í fundarsköpum og því sem því viðvíkur og það má vel vera að við hefðum þurft að gera nánari grein fyrir málsmeðferð, en ég harma að mér finnst að þetta hafi orðið til þess að draga athyglina frá efnislegu mikilvægi málsins sem ég tel að sé verulegt.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þann 23. sept. s. l. var undirritaður svokallaður bráðabirgðasamningur milli ríkisstjórna Íslands og Swiss Aluminium Ltd. eða Alusuisse „um leiðir til lausnar á yfirstandandi deilum milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. og um ráðstafanir — að hluta tímabundnar — varðandi starfsgrundvöll, þar á meðal orkuverð og framtíðarþróun álbræðslunnar í Straumsvík". Þetta er heiti þess samkomulags sem gert var milli ríkisstj. og Alusuisse og hæstv. iðnrh. gaf þessu samkomulagi þá einkunn að unnið hefði verið „ótrúlegt afrek".

Þessi samningur var kynntur hér á hv. Alþingi með framlagningu skýrslu í októbermánuði 1983. Skýrslan kom til umr. hér í hv. Sþ. á fundum 17., 22. og 24. nóv. s. l. og 8. des., en þá var þeirri umr. frestað. Í þessari umr. kom það fram, að nokkurt hik var komið á hæstv. iðnrh. um ágæti þessa bráðabirgðasamnings, a. m. k. í vissum greinum. Hann sagði m. a. við umræðuna 8. des. s. l. með leyfi forseta:

„Því hefur verið margyfirlýst af minni hálfu að við höfum náð mjög skammt og allsendis ófullnægjandi fram í orkuverði í samningunum við auðhringinn."

Og einnig sagði hæstv. iðnrh. í sömu ræðu:

„Við eigum mestallt verkið eftir í samningunum við þennan harðsnúna auðhring. Og þá kemur til Teits og Siggu og því verður Alþingi látið fylgjast með frá tíma til tíma. Um það þurfið þið ekkert að efast."

Síðan þetta var mælt eru liðnir fimm mánuðir. Framhald hefur ekki orðið á umræðunni um skýrslu hæstv. ráðh. um þennan bráðabirgðasamning né heldur um framvindu samningaviðræðna á grundvelli hans, þrátt fyrir fyrirheit hæstv. ráðh. um að Alþingi yrði látið fylgjast með framvindu málsins. Þessir samningar á grundvelli bráðabirgðasamkomulagsins áttu að verða til lykta leiddir í aprílmánuði s. l. skv. texta sjálfs samningsins. En ekkert hefur af framvindu mála spurst hér á hv. Alþingi þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. ráðh. sem ég greindi hér frá áðan. Það sem ég hef heyrt frá hæstv. ráðh. um þetta mál á þeim tíma sem liðinn er frá því að málin voru hér rædd síðast í desembermánuði er harla mótsagnakennt og einnig það sem komið hefur fram í fjölmiðlum. Ég taldi því óhjákvæmilegt nú, þegar nálgast þinglausnir, og nánast skyldu mína að inna hæstv. iðnrh. eftir stöðu samningaviðræðnanna og hvað valdi þeim mikla drætti sem þegar er á orðinn, að þær verði til lykta leiddar með einhverjum hætti. Tímaramminn, sem aðilar settu sér í bráðabirgðasamkomulaginu, er sem kunnugt er þegar sprunginn, 1. apríl liðinn og komið fram í maímánuð og Alþingi hefur engin grein verið gerð fyrir málum.

Hæstv. ráðh. var svo vinsamlegur að fallast á að svara hér fsp. frá mér um þetta efni utan dagskrár og hæstv. forseti féllst vinsamlega á að leyfa þessa umr. Til að þjappa máli mínu saman kýs ég að rifja hér aðeins upp nokkra helstu efnisþætti bráðabirgðasamningsins og bið hæstv. ráðh. að gera okkur grein fyrir því hvernig staðan er í samningaviðræðum aðila varðandi hvern þátt samningaviðræðnanna.

Fyrsti kafli samningsins frá 23. sept. s. l. er um lausn deilumála varðandi skattgreiðslur. Hann er um skattadeiluna sem snýst um viðbótarskatt sem nemur um 300 millj. kr. vegna vantalins hagnaðar ÍSALs að upphæð 36 millj. Bandaríkjadala eða sem svarar til 1000 millj. ísl. kr. skv. ákvörðun fjmrn. vorið 1983. Um þetta atriði segir í inngangi samningsins frá 23. sept. s. l. með leyfi hæstv. forseta:

„Viðræður um málið milli aðilanna til þessa hafa ekki leitt til sameiginlegrar lausnar og ráðstafanir hafa því nýlega verið gerðar til að leggja deiluna um framleiðslugjaldið í alþjóðlegan gerðardóm á vegum SID-stofnunarinnar í samræmi við mgr. 4701 í aðalsamningnum. Enda þótt hvor aðili um sig sé alls kostar reiðubúinn til að hlíta þeim kosti, ef engin önnur viðunandi leið er tiltæk, kjósa þeir báðir fremur að leysa úr deilunni á vinsamlegri og skjótari hátt og hafa afráðið að gera það með þeim úrræðum sem lýst er hér á eftir."

Þetta er það sem segir í inngangi um skattadeiluna, og sá farvegur sem Alusuisse hafði sérhannað og gert kröfu um að fallist yrði á, í stað þess farvegs sem aðalsamningurinn gerir ráð fyrir, felur í sér að settar voru á fót þrjár nefndir í stað gerðardóms skv. aðalsamningi. Um tímaramma fyrir störf þessara nefnda segir í grein 1.4 í samningnum á bls. 15 í skýrslu hæstv. ráðh. svofellt:

„Aðilarnir eru sammála um að dómnefndirnar tvær skv. gr. 1.1 og 1.2 skuli fullskipaðar innan fjögurra vikna eftir undirritun samnings þessa og munu mæla svo fyrir við nefndirnar að álitsgerðum þeirra verði skilað ekki síðar en sex mánuðum eftir að þær hafa verið skipaðar."

Þetta þýðir að nefndir þessar tvær hefðu átt að ljúka störfum ekki síðar en 23. apríl s. l., þannig að ramminn fyrir starfsemi þeirra, þessi skjótvirka leið sem hæstv. ráðh. féllst á að kröfu Alusuisse að upp yrði tekin í sambandi við skattadeiluna, hún hefur ekki skilað þeim árangri sem gert var ráð fyrir í samningnum. Því spyr ég hæstv. ráðh.: Hvað líður störfum þessara nefnda, hvað tefur þennan hraðvirka farveg sem þarna var gert ráð fyrir? Hvenær er úrskurðar að vænta í nefndunum tveimur sem áttu að ljúka störfum í síðasta mánuði?

Ég kem þá að öðrum þætti þessa máls, sem er hin tímabundna raforkuverðshækkun, sem samið var um að gildi í eitt ár og er uppsegjanleg skv. samningnum af aðilum frá 23. júní að telja, þegar níu almanaksmánuðir eru liðnir frá undirritunardegi samningsins. Með þessu tímabundna álagi fékkst hækkun á raforku úr nálægt 6.5 mill í 9.5 mill, sem átti að skila á ársgrundvelli 117 millj. kr. í tekjum til Landsvirkjunar. Þetta er upphæð sem ekki er hærri en það sem Alusuisse hefur sparað sér í launagreiðslum á sama tíma fyrir tilverknað ríkisstj., þannig að hér hefur þeim tekist að ná fram hlutaskiptum eftir þeirri gömlu reglu að skipta á sléttu í viðskiptum við Íslendinga eða gott betur. Þannig hefur íslenskur þjóðarbúskapur ekkert haft upp úr þessu, ef tillit er tekið til þess sem ÍSAL hefur greitt í lægri

launum til starfsmanna á þessum tíma.

Það var mikið úr þessu atriði gert og einnig viðbótarhækkun, sem átti að koma innan fárra vikna frá undirritun samningsins á liðnu hausti, hækkun um 0.5 mill sem átti að bæta við um 20 millj. kr. í tekjum til Landsvirkjunar, þegar álverð hefði náð ákveðnu marki. Ég hef ekki orðið var við það að þessi hækkun hafi gengið fram, þrátt fyrir þær gyllingar sem látið var að liggja við samningsgerðina að fælist í þessu atriði. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvað líður þessari viðbótarhækkun upp í 10 mill sem gert var ráð fyrir í samkomulaginu, hvenær er þess að vænta að hún verði að veruleika?

Þá vík ég að þriðja þætti þessa máls sem varðar framtíðarstarfsemi ÍSALs og þann ramma sem samningurinn frá 23. sept. s. l. leggur um það atriði, en það varðar fyrst og fremst endurskoðun aðalsamnings varðandi raforkuverð, frambúðarsamning um raforkuverð, um ákvörðun á framleiðslugjaldi ÍSALs, hvernig aðalsamningi yrði breytt til þess að gera þau ákvæði skýrari og í þriðja lagi um stækkun á álbræðslunni í Straumsvík í tveimur áföngum, þar sem fyrri áfangi kæmi í gagnið 1987—1988, eins og það var kynnt af hæstv. ráðh. á s. l. hausti. Í fjórða lagi er þarna um að ræða heimild handa Alusuisse til að selja og framselja hlutabréf í ÍSAL.

Ég vil inna eftir stöðu samninga varðandi þessi atriði og þá fyrst varðandi raforkuverðið. Eins og menn muna þá var sá rammi dreginn um athugun þessa að höfð yrði hliðsjón af orkukostnaði áliðnaðar í Evrópu og Ameríku sem og samkeppnisaðstöðu álframleiðslu á Íslandi. Það vakti þegar athygli, að hér var ekki neitt ákvæði að finna um framleiðslukostnað raforku á Íslandi. En hæstv. ráðh. og samninganefndarmenn gerðu ráð fyrir því að hér fengist mjög veruleg leiðrétting á raforkuverðinu, og sú eðlilega krafa hlýtur að vera í allra huga að þeirri niðurgreiðslu á raforku ljúki sem stunduð hefur verið með orkusölunni til Straumsvíkur á liðnum árum. Ég spyr því hæstv. ráðh.: Hver er staða þessara mála varðandi raforkuverðið? Hver er staðan í samningaviðræðunum — að ná a. m. k. framleiðslukostnaðarverði til núverandi bræðslu, þannig að niðurgreiðslu á raforkunni ljúki? Um þetta hefur lítið fram komið. Þó minni ég á ummæli hæstv. ráðh., sem hann viðhafði á 50. ársþingi Félags ísl. iðnrekanda 20. mars s. l., þar sem hann sagði eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alkunna að bráðabirgðasamkomulag náðist við Swiss Aluminium s. l. haust. Þar sömdu aðilar um að leggja gömlu deilumálin í skjótvirka gerð sem þó leiddi til niðurstöðu sem hefði dómsígildi. Samningar um framtíð fyrirtækisins standa yfir, þar sem stækkun þess og orkuverð eru aðalþættir. Ég geri ráð fyrir að samningar muni fljótlega takast um 50% stækkun fyrirtækisins, sem tæki til starfa 1988. Þetta segi ég vitaskuld með fyrirvara um orkuverð, en menn eru teknir að tæpa á þeim tölum sem stefna á álitlega niðurstöðu."

Hvaða tölur eru það sem hér er um að ræða, hæstv. ráðh.? Hver er þessi álitlega niðurstaða sem er að vænta innan skamms skv. ummælum hinn 20. mars s. l.?

Það er mjög knýjandi að upplýsingar fáist um þessi efni og þess hlýtur að verða beðið með óþreyju að leiðrétting fáist á því óviðunandi orkuverði sem um er að ræða í orkusölunni til álversins í Straumsvík. Þetta á ekki síst við um þá aðila sem búa við hið háa orkuverð hérlendis, jafnt heimili sem atvinnurekstur. Við erum hér á Alþingi nú að fjalla um húshitunarkostnaðinn vegna frv. til l. sem hæstv. ráðh. hefur lagt hér fyrir, frv. sem ekki færir notendum neina úrbót nema á lengri tíma í sambandi við orkusparnað, enga úrbót frá því sem nú er. Það er því eðlilegt að menn horfi til þess sjálfsagða úrræðis að tryggja auknar tekjur af orkusölunni til Straumsvíkur.

Ég inni einnig hæstv. ráðh. eftir því hvað líður samningum varðandi endurskoðun á reglum um skattgreiðslur ÍSALs og hvað líður samningum um stækkun álversins í tveimur áföngum, sem dreginn er rammi um í þessu samkomulagi, atriði sem ég hef sterklega gagnrýnt og minni á, að í því felast fjárfestingaráform sem svara til 13 000 millj. ísl. kr. eða 450 millj. Bandaríkjadala, sem er drjúgt hlutfall af þeim bagga sem íslenska þjóðarbúið nú þegar ber í erlendum skuldum.

Þá minni ég að lokum á varðandi þetta bráðabirgðasamkomulag frá haustinu 1983, að þar er að finna sérstakt ákvæði um heimild til Alusuisse til að selja og framselja hlutabréf í ÍSAL. Um það segir í gr. 4.2 undir heitinu „Málaleitan til Alþingis":

„Ríkisstjórnin mun undirbúa lagafrv. í sambandi við ákvæði gr. 3.3 í samningi þessum, þar sem farið verður fram á samþykki Alþingis við breytingu á aðalsamningnum til að gefa þeim ákvæðum gildi. Frv. þetta verður lagt fram þegar Alþingi kemur saman til reglulegs þinghalds í októbermánuði 1983, þannig að unnt verði að leita samþykkis á Alþingi meðan viðræður standa yfir um hið endanlega samkomulag skv. gr. 2.3 hér að framan. Er samþykki er fengið munu ákvæði gr. 3.3 hér að framan (í formi breytingar á aðalsamingnum) standa sem varanlegur hluti af aðalsamningnum nema um annað verði samið."

Ég innti eftir því við umræðu um skýrslu hæstv. ráðh. fyrr á þessu þingi hvað liði þessu samningsákvæði. Svo óglæsilegt sem það er, þá er það hér samningsbundið, og hæstv. ráðh. svaraði því þá til, ég hygg þann 8. des. eða 24. nóv. s. l., annan hvorn daginn var það, að þessa frv. væri að vænta einhvern næstu daga. En dagarnir hafa liðið og ekki hefur bólað á framhaldi eða aðgerðum á grundvelli þessa samningsákvæðis frekar en uppfyllingu annarra þátta þessa samkomulags, það vitað er.

Ég minni á það, að með þeim samningi sem þarna var gerður var af hálfu ríkisstj. talið að unnist hefði stórfelldur ávinningur. Hér var að finna tímasetningar varðandi samningsgerðina, tímasetningar sem sumir ræðumenn í umr. á Alþingi, þ. á m. talsmenn annarra flokka en Alþb., töldu að væru of rúmar, óeðlilega rúmar. En það er þannig orðað í samkomulaginu: „Aðilarnir munu stefna að því að leiða þessar samningaviðræður til lykta fyrir 1. apríl 1984, eins og ráðgert er í grein 2.3 í samningi þessum."

Menn hljóta að undrast það hversu hljótt hefur verið um þetta mál af hálfu hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh., ekki síst í ljósi þess sem áður var sagt í máli þessu og þeirrar gagnrýni sem fram kom í tíð fyrrv. ríkisstj. á þessi mál svo og þá fyrirstöðu sem þá var talin vera í sambandi við þessar samningaumleitanir. Við hljótum að vera undrandi á því að komið er fram yfir tímamörk þessa samnings og það hefur ekki verið talin ástæða til að greina neitt frá stöðu mála hér á hæstv. Alþingi. Við skulum vænta þess að í svörum hæstv. ráðh. skýrist

málið þegar hann veitir upplýsingar um einstaka þætti í stöðu samningamálanna. Það er óhæft að Alþingi fari heim, þessu þingi ljúki án þess að vitneskja liggi fyrir hvert stefnir í þessu stóra máli, máli sem varðar helminginn af sölu þeirrar orku sem framleidd er í landinu og varðar fjárfestingaráform af hálfu hæstv. ríkisstj. sem svarar til allt að 13 000 millj. ísl. kr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. kvartaði undan því að upplýsingar hefðu ekki verið tiltækar um gang mála í sambandi við samninga við Alusuisse vegna ÍSALs. Ég vil taka það fram, og það má honum vera vel kunnugt um, að ég hef ávallt verið reiðubúinn til að sitja fyrir svörum um þetta mál, eftir því sem því hefur skilað fram, sem hefur verið hægar en menn bundu vonir við. Hv. þm. segir að menn hafi beðið með óþreyju og fullir áhuga á framgangi þessa máls. En þegar hann á lokadögum þings biður um upplýsingar um stöðuna þá sýnist mér nú áhuginn vera misjafn. Það vakti athygli mína að aðeins einn varaþm. Alþb. sá ástæðu til þess að hlýða á ræðu hv. þm. Og það er ég nærri viss um að ef aðalmaðurinn hefði verið nær, þá hefði hann — (Gripið fram í.) Ég tók vel eftir því. Það má nú sjá minna grand í mat sínum en hv. 7. þm. Reykv., hvort hann er nær eður ei. Ég gáði að því og svo var ekki. Hv. 3. þm. Reykv. hefur látið fylgjast með því fyrir sig hvenær ræðunni var að ljúka, því þá gekk hann í salinn og fyrr ekki. En þetta er nú meira í gamni sagt.

Það hefur aldrei verið hik á mér varðandi bráðabirgðasamkomulagið sem undirritað var 23. sept. s. l. við Alusuisse. Ég tók hins vegar fram, sem öllum er augljóst, að við vorum ekki komnir á leiðarenda í þessu máli. Við náðum stórkostlegum árangri, við komumst út úr sjálfheldu hv. 5. þm. Austurl., sem hann bjó sér til í sinni ráðherratíð í þessum málum, og náðum stórkostlegum árangri í hækkun orkuverðsins um tæp 50%. Það var enginn vafi á því að þetta var tímamótasamningur að þessu leyti. En hver neitar því að við þurfum að ná lengra í orkuverðsmálinu? Hver neitar því að þarna voru óleyst viðfangsefni og gömul deilumál? Og til þess að taka af allan vafa strax liggur það fyrir, og það veit hv. þm., að kröfur okkar nú, mínar eða ríkisstj. skulum við segja, eru óbreyttar um að endurákvörðun framleiðslugjaldsins verði staðfest. Ég skal nú víkja að þessu máli og að fsp. hv. 5. þm. Austurl. í þeirri röð sem hann bar þær fram.

Ég hafði lofað því að leyfa Alþingi að fylgjast með og við það hef ég verið reiðubúinn að standa hvenær sem eftir væri kallað. Það hafa kannske ekki verið eins bráðar fréttir af þessu fram að færa og menn hefðu e. t. v. vonað, en þó hefur ekkert gengið úr böndunum í þessu falli. Hv. þm. veit það jafnvel og ég og hafði raunar af því mikla raun að þessi mál eru öll þyngri í vöfum en menn skyldu ætla við fyrstu kynni, að ég ekki tali um þá raun sem hann hafði af því að koma þeim öllum í sjálfheldu og komast hvorki lönd né strönd í þeim.

Fyrst víkur hann að skattadeilunni. Sé ég þá ástæðu til að fara nokkuð nákvæmlega yfir stöðu málsins og rifja upp forsöguna, enda þótt frá henni væri skilmerkilega skýrt í umr. sem urðu hér á hinu háa Alþingi einum þrisvar sinnum fyrir áramót og síðast, eins og hv. þm. gat um, 8. des. Það er kannske best að ég fari örfáum orðum um skipan dómnefndanna. Það er rangt að hér hafi verið sérhannaður farvegur af Alusuisse um að finna skjótvirkari aðferð til að komast til botns í þessum deilumálum. Það lá alveg ljóst fyrir að ég gat aldrei sætt mig við neitt, neina niðurstöðu í þessum málum nema þá sem gæti talist dómur eða dómsígildi. Það vil ég leggja áherslu á. Það kom aldrei til greina, þótt eftir væri leitað, að ég væri til viðræðna um samninga um þessi deiluatriði. Og það var ekki síður mín ósk að fundin yrði skjótvirkari leið við að ná til botns í þessum vandamálum heldur en fyrir lá, að okkur hafði verið stefnt fyrir gerðardóm í New York skv. ákvæðum aðalsamnings, en gera mátti ráð fyrir því að sá dómur gengi e. t. v. eftir tvö eða þrjú ár. Það er alveg ljóst mál að örðugleikum er bundið að ná endanlegu samkomulagi við Alusuisse fyrr en fyrir liggja niðurstöður í því máli. Og það varðar alveg sérstaklega ákvæði sem við þurfum að ná fram í skattgreiðslunum. Þetta veit ég að hv. þm. skilur. Þess vegna varð það að ráði að ákveðið var að skipa þrjár dómnefndir. Tvær hafa þegar tekið til starfa en samkvæmt samningnum skal hin þriðja taka til starfa þegar hinar tvær hafa lokið málafærslu sinni. Aðallögfræðingar af hálfu Íslands í rekstri málanna eru í fyrsta lagi Ragnar Aðalsteinsson, en hann hafði áður verið skipaður aðaltalsmaður ríkisstj. af forvera mínum í sama máli gegn Alusuisse, og með honum eru skipaðir af Íslands hálfu Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður og Halldór J. Kristjánsson deildarlögfræðingur í iðnrn.

Fyrsta dómnefndin fjallar um verðlagningu á aðföngum til ÍSALs 1976—1980, um meint yfirverð á anóðum, rafskautunum og súráli. Verkefni hennar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að skila bindandi álitsgerð um þá aðferð sem viðhafa ber til að ákveða verð á hráefnum með tilliti til skattskyldu, og þá nógu greinilega til að unnt sé að framkvæma útreikninga á framleiðslugjaldinu 1976—1980. Í öðru lagi að skila bindandi álitsgerð um rétt íslenskra yfirvalda til að endurákvarða framleiðslugjald ÍSALs afurvirkt, þ. e. fyrir árin 1976—1979, en þau ár fór ekki fram árleg endurskoðun eins og var árið 1980 og síðar. Allt þetta hygg ég að hafi komið skýrlega fram í umr. á hinu háa Alþingi á haustdögum.

Í byrjun októbermánaðar 1983 skipaði Alusuisse í gerðardóm þennan Don Silver, málaflutningsmann í New York. Stuttu síðar skipaði ég Stanley Surrey, prófessor í skattarétti við lagadeild Harvard-háskólans í dómnefndina. Hinir tilnefndu gerðardómsmenn skipuðu í byrjun desember 1983, það dróst nokkuð úr hömlu, Philip F. Wineberg, hinn virtasta skattasérfræðing í Kanada, formann nefndarinnar. En ákvæði var um að formaður hennar yrði af öðru þjóðerni en hinir tveir. Dómnefnd þessi kom saman til fyrsta fundar þann 9. des. 1983 og óskaði eftir frumgreinargerðum frá málsaðilum fyrir lok janúar 1984. Í framhaldi af því fór fyrsta réttarhald dómnefndarinnar fram í New York hinn 20. febr. 1984. Í því réttarhaldi var lagður grundvöllur að rekstri málsins og teknar ákvarðanir um réttarfarsatriði. Þess skal getið að dómnefndin hefur samkvæmt grein 1.5 í bráðabirgðasamkomulaginu úrskurðarvald um valdsvið sitt og skal ákveða eigin málsmeðferð með hliðsjón af almennum grundvallarreglum um meðferð einkamála.

Meðal réttarfarsákvarðana sem dómnefndin úrskurðaði í réttarhaldinu 20. febr. 1984 var að réttarhöld hennar skyldu vera lokuð. Af hálfu ríkisstj. hafði verið

gerð krafa um opna málsmeðferð, sérstaklega með tilliti til þess að ríkisstjórn átti í hlut. Alusuisse hafði gert kröfu um leynd réttarhaldanna sérstaklega vegna viðskiptaleyndar á þeim upplýsingum sem fyrir dómnefndina yrðu lagðar. Vegna úrskurðar um leynd málsmeðferðar verður ekki að sinni hægt að gera frekari grein fyrir framvindu starfs þessarar dómnefndar. Ég vona að menn skilji það.

Þess skal þó getið að vikuna 24.—27. apríl voru viðamikil réttarhöld í málinu í New York. Að mati lögfræðinga ríkisstj. í málinu má búast við að niðurstöður liggi fyrir í ágúst eða september komi ekki upp óvænt atvik sem tefji málsmeðferðina. Starf dómnefndar þessarar mun því taka nokkuð lengri tíma en þá sex mánuði sem gert var ráð fyrir í bráðabirgðasamningunum. Hafa ber í huga í þessu sambandi að mat á réttri verðlagningu á hráefnum til ÍSALs er flókið og vandasamt úrlausnarefni. Þá er þess einnig að geta að alþjóðlegur gerðardómur, bæði vegna fjarlægðar milli landa og annarra atriða, er ávallt nokkuð seinvirkur.

Í öðru lagi vil ég rifja upp dómnefnd skattasérfræðinga skv. gr. 1.2 í bráðabirgðasamkomulaginu. Dómnefnd þessi var skipuð til að skila áliti um eftirgreind atriði: Í fyrsta lagi afskriftir á gengistöpum, í öðru lagi afskriftartíma fjárfestingar í mengunarvarnarbúnaði, um varasjóðsgreiðslu og um beitingu viðbótarálags á vanframtalda tekjustofna ÍSALs. Dómnefndin var skipuð í október 1983. Af hálfu ríkisstj. var Ólafur Nilsson, lögg. endurskoðandi, skipaður í dómnefndina en af hálfu Alusuisse Sigurður Stefánsson lögg. endurskoðandi. Hinir tilnefndu dómnefndarmenn skipuðu með samkomulagi Guðmund Skaftason hæstaréttarlögmann og lögg. endurskoðanda, formann dómnefndarinnar. Allt er þetta skv. ákvæðum bráðabirgðasamkomulagsins. Dómnefndin efndi til fyrstu réttarhalda í Reykjavík hinn 20. des. 1983. Báðir aðilar hafa lagt fram aðalgreinargerðir í málinu og munu svargreinargerðir verða lagðar fram innan tíðar. Málið verður munnlega flutt í júnímánuði og að mati lögmanna ríkisstj. í málinu má gera ráð fyrir að úrskurður dómnefndar þessarar liggi fyrir í lok júnímánaðar.

Þá er það í þriðja lagi dómnefnd endurskoðendanna skv. gr. 1.6 í bráðabirgðasamkomulaginu. Þriðja dómnefndin verður skipuð þegar hinar tvær fyrrnefndu hafa lokið störfum, eins og ég gat um áðan. Dómnefnd þessi verður skipuð ríkisendurskoðanda og endurskoðendum ÍSALs, sem fara þó með eitt atkvæði þótt fleiri séu saman, og formanni sem aðilar koma sér saman um. Verkefni þessarar dómnefndar verður að framkvæma endanlegan útreikning á framleiðslugjaldi á grundvelli álitsgerða fyrrnefndu dómnefndanna. Verkefni hennar verður því einfaldara en verkefni fyrrnefndu dómnefndanna og að mati lögfræðinga ríkisstj. eru líkur á að hún geti skilað áliti á fáeinum vikum.

Ég vil sérstaklega árétta að kröfugerð ríkisstj. fyrir dómnefndunum er að endurákvörðun á framleiðslugjaldi ÍSALs, sem gerð var í tíð fyrri ríkisstj., verði staðfest sem réttmæt.

Til að einfalda og flýta málsmeðferðinni og m. a. með það fyrir augum að meginhluti ágreinings þessa yrði leystur af innlendum aðilum var samið um að skipta álitaefnum þeim sem til úrlausnar voru milli þriggja dómnefnda. Þetta breytir þó í engu grundvallarkröfugerð í málinu um að endurákvörðun framleiðslugjalds ÍSALs fyrir árin 1976—1979 og 1980 verði staðfest.

Að mati lögmanna ríkisstj. í máli þessu, þeirra Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmanns og Halldórs J. Kristjánssonar deildarlögfræðings, sem eins og fyrr greinir fara með málið fyrir dómnefndunum þremur og annast framkvæmd fyrsta kafla bráðabirgðasamningsins af hálfu ríkisstj., má búast við lokaniðurstöðu í málunum í septembermánuði n. k.

Dómnefndirnar munu skv. grein 1.5 í bráðabirgðasamningnum skila rökstuddum niðurstöðum og skulu gera grein fyrir forsendum að niðurstöðum sínum. Verður Alþingi að sjálfsögðu gerð grein fyrir niðurstöðum gerðardómsmáls þessa. Niðurstöður úr gerðardómsmeðferð þessari og forsendur úrskurðar hverrar dómnefndar um sig verða að sjálfsögðu opinberar, enda þótt úrskurðað hafi verið af fyrstu dómnefnd að málsmeðferð þar skyldi verða leynileg.

Þá skal ég að lokum geta þess í þessu sambandi að skv. gr. 1.3 í bráðabirgðasamningnum verða álitsgerðir þeirra dómnefnda sem um ræðir í gr. 1.1. og 1.2 í samningnum endanlegar og bindandi fyrir málsaðila eins og um væri að tefla úrskurð gerðardóms eins og hans er getið í aðalsamningi og/eða dóm fyrir dómstóli.

Það er álit aðalráðgjafa ríkisstj. í samningum um stóriðju, Hjartar Torfasonar, að engar óeðlilegar tafir hafi orðið á meðferð málsins og síst að það verði fremur kennt viðsemjanda okkar, Alusuisse, heldur en okkur, sem höfum talið ástæðu til að krefjast þess að ný og fleiri málsgögn yrðu lögð fram fyrir þann rétt sem aðalvandamálið liggur fyrir, fyrstu dómnefnd.

Þá spurði hv. 5. þm. Austurl. um hina tímabundnu raforkuverðshækkun sem skv. bráðabirgðasamkomulaginu á að vera uppsegjanleg frá og með 23. júní, þ. e. með þriggja mánaða fyrirvara níu mánuðum eftir undirskrift bráðabirgðasamkomulagsins. Frá því er að segja að ég geri mér vonir um að samkomulag náist um að hvorugur aðili hreyfi við því máli meðan reynir frekar á samningsgerð, og raunar er það vissa mín. Það er ekki rétt að sú viðbótarhækkun á raforkuverði hafi numið 117 millj. kr. á ári til Landsvirkjunar. Þetta er miklu hærri tala, var reiknuð fyrst út sem 136 millj. kr. en vegna breytingar á gengi dollars er hér um verulega miklu hærri tölu að tefla þótt ég hafi hana ekki handbæra.

Um stöðu samninganna er frá því að segja að þeim hefur seinkað, samningaviðræðunum sjálfum, og það er aðallega vegna veikinda formanns samninganefndar Alusuisse. Þess vegna hafa fallið niður fundir í mars og apríl en næstu samningafundir verða nú í maímánuði, hinn 24. og 25. maí. Þeir Alusuisse-menn töldu afar óþægilegt og erfitt um vik að skipta um formann samninganefndarinnar, sem hafði verið í samningaviðræðum frá upphafi, og hlutum við enda að fella okkur við þá niðurstöðu þeirra. En nú mun verða lögð mikil áhersla á samningaviðræðurnar og þá, eins og vikið var að af hálfu hv. þm., koma auðvitað fyrst og fremst til umr. raforkuverð og stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík og aðrir þættir sem að þeim atriðum lúta.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að ég gat þess, sem rétt er, að tæpt hefur verið á álitlegum tölum í sambandi við raforkuverðið, álitlegum a. m. k. miðað við það sem við áður höfum komist í kynni við. Þar er ég að tala

fyrst og fremst um viðbót við verksmiðjuna. En ég er þeirrar skoðunar að halda beri samningaviðræðum um orkuverð til stækkunarinnar sér, blanda því ekki saman við orkuverð til gömlu verksmiðjunnar. En samferða þessu fara auðvitað fram viðræður um hækkun verðsins.

Þess er að geta að menn bundu vonir við það að skömmu eftir að bráðabirgðasamningurinn var gerður mundi álverð á markaðinum í London hækka þannig að orkuverðið næði hinum umsömdu 10 millum. Þetta hefur ekki orðið. Þrátt fyrir allar spár þeirra sem gerst til þekktu eða þóttust þekkja hefur þetta farið á aðra leið. Álverð hefur farið lækkandi, verulega lækkandi undanfarna mánuði. Enn spá menn að síðari hluta ársins muni verulega úr rætast. Ekkert skal ég um það segja.

Á þessu stigi málsins verður hv. þm. að skilja að ég get ekki kveðið fastar að orði um orkuverð en ég geri nú. Við höfum áður talað um og menn eru nokkuð sammála um það, að framleiðslukostnaðarverð raforkunnar hjá nýjum raforkuverum sé 18 til 20 mill. Þetta hafa menn t. a. m. talað um í sambandi við kísilmálmverksmiðjuna og út frá 18 millum hefur alltaf verið gengið í sambandi við útreikninga á arðsemi þeirrar verksmiðju. Ég álít að við hljótum að hafa það sem viðmiðun að við getum ekki samið um sölu á orku okkar á lægra verði en framleiðslukostnaði nemur. En ég bendi á að þar verða menn kannske að líta til lengri tíma og ekki aðeins að miða við það sem gildir á hverjum tíma. Ég nefni þetta sérstaklega í sambandi við kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði. Það virðist blasa við að nokkrir greiðsluerfiðleikar verði hjá þeirri verksmiðju fyrstu tvö árin og e. t. v. lengur, og yfirleitt eru útreikningar vegna rekstrar slíkra verksmiðja með þeim hætti að gert er ráð fyrir halla og rekstrarerfiðleikum fyrstu árin, kannske 3—4—5 árin. Til þessa gætu menn e. t. v. tekið tillit ef þeir fá þá fast undir fætur um nægjanlega hækkun síðar, sem mundi vega upp á móti þeim tilhliðrunum sem gerðar eru í byrjun. Á þetta vil ég leggja áherslu, enda auðskilið öllum sem á hlýða væntanlega.

Stækkun ÍSALs er auðvitað háð því hvaða orkuverð fæst fram. Við getum ekki fallist á stækkun ÍSALs nema við náum fram samningum um viðunandi orkuverð. Við getum það ekki heldur nema við náum fram reglum sem við getum sætt okkur við um skattgreiðsluna. Og nú verð ég enn að víkja mér undan að ræða skattfyrirkomulagið nánar vegna þess að ég held að niðurstöður fyrir fyrstu dómnefnd í skattamálunum hlytu mjög að styrkja aðstöðu okkar í þeim málum. Ég vænti þess að niðurstöður fyrir fyrstu dómnefnd í skattamálunum muni styrkja okkur. Og það hlýtur hv. 5. þm. Austurl. líka að binda vonir við. En ég held að við séum reynslunni ríkari af ákvæðum um skattgreiðslur af framleiðslugjaldi og með öðrum hætti af þessum iðnaði og að við þurfum að gera þau ákvæði öll skýrari og einfaldari í framkvæmd en við höfum dæmi um til að mynda af álsamningunum upprunalegu.

Enn var vikið að ákvæðunum um framsal hlutabréfa Alusuisse til þriðja aðila. Ég geri nú ráð fyrir því að þegar þar að kemur, að leitað verður eftir því við hið háa Alþingi að lögum verði breytt sem heimila Alusuisse að eignast meðeiganda að álverinu, þá muni hv. 5. þm. Austurl. og félagar hans fagna því til að mynda ef við gætum hugsað okkur að norskur aðili kæmi til skjalanna. En ég hef ekki séð ástæðu til að bera fram frv. til þessarar lagabreytingar af því að mál hafa dregist meira úr hömlu en ég ætlaði. Það er rétt að ég hef þetta frv. tilbúið og ég hafði í huga að leggja það fram öðru hvoru megin við áramót. Það var mín ætlan. En þegar leið á árið og ófyrirséðar tafir urðu á framgangi málsins þá dró ég þetta við mig og vil gjarnan gera það í síðustu lög. Ég vona líka að hv. þm. og hið háa Alþingi skilji það. Ég gerði viðsemjendum okkar viðvart um þetta og þeir gerðu ekki athugasemd við að hinkrað yrði við um framvindu þessa máls og lagabreytinguna. Ég hygg að það ætti að nægja að þetta mál, ef samningar yfirleitt takast við Alusuisse, yrði lagt fyrir hið háa Alþingi á haustdögum.

Ef við á næstunni náum samkomulagi um stækkun álversins við Straumsvík geri ég ráð fyrir því, og það hefur enda komið fram, að viðsemjendur okkar þurfi nokkurn tíma til að leita sér að — getum við kallað það — nýjum sameignaraðila. En fjármögnunarfyrirtæki eða bankar munu hafa sett Alusuisse það skilyrði að þeir fengju til leiks í þessu sameignaraðila fyrir allt að helmingi fyrirtækisins og það höfum við samþykkt fyrir okkar leyti. Og ég þykist nú vita að hv. fyrirspyrjandi sé í raun og veru ekkert sérstaklega óþolinmóður að bíða eftir að fá að samþykkja þessa lagabreytingu.

Ég vonast til að ég hafi vikið að þeim þáttum sem hv. þm. fjallaði um í fsp. sínum. Ef mér hefur orðið á að fella þar eitthvað undan er það ekki viljandi gert. Ég er og hef ávallt verið reiðubúinn til þess að sitja fyrir svörum um þessi mál, en ég þarf ekkert að ítreka það að einstöku atriði í samningsgerðinni geta ekki útlagst hér á hinu háa Alþingi meðan þann veg stendur í stönginni sem nú gerir í sambandi við samningaviðræðurnar við Alusuisse.

Ég tek afar nærri mér að leyna hið háa Alþingi nokkrum sköpuðum hrærandi hlut sem í mínum verkahring er. En ég þarf ekki, eins og ég segi, að fara fleiri orðum um nauðsyn þess eða öllu heldur, þær ástæður sem knýja mann til á vissu stigi máls að draga við sig að rekja allan gang mála og alla þætti þess, því að það gæti ella spillt mjög hagsmunum okkar í samningaviðræðunum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör sem hann hefur hér veitt, svo langt sem þau ná. En ég geri ráð fyrir að fleiri en ég hafi tekið eftir því að ekki voru þau sérstaklega ítarleg í sambandi við þetta mál og mínar fsp. Hæstv. ráðh. gaf sínar skýringar á því. Vissulega er leitt til að vita ef þessari umr. á að ljúka án þess að við fáum t. d. vitneskju um það, hvers er að vænta í sambandi við frambúðarorkuverð til núverandi álbræðslu í Straumsvík, hvort hæstv. ráðh. getur ekki tilkynnt um eitthvert enn ótrúlegra afrek í þeim efnum en hann vann á haustdögum. Þar var um þetta tímabundna viðbótarálag á orkuverðið að ræða sem Alusuisse getur sagt upp eftir rúmlega mánuð skv. því bráðabirgðasamkomulagi sem þá var gert. Ég líkti því við snöru sem ráðh. hefði látið smeygja um háls sér þegar ég túlkaði mitt álit á þessu samkomulagi því að annað er það ekki í rauninni. Þó að menn geti vel þegið krónurnar sem þetta gefur á meðan það varir er það hverjum manni ljóst hvernig í þessum málum liggur. Annar samningsaðilinn hefur

búið þannig um hnúta að semja um viðbótarálag í nokkra mánuði og hefur þá hótun uppi í erminni gagnvart gagnaðilanum hvenær sem er að 9 mánuðum liðnum að ef hann fallist ekki á sín viðhorf í þeim stóru málum sem verið er að takast á um sé auðveldur leikur að fella þetta viðbótarálag niður, það sé samningsbundið, samningsbundinn réttur.

Það hefur farið svo um fleira, að í reynd hefur þessi bráðabirgðasamningur ekki reynst haldmikið plagg til þessa en í rauninni ætti að vera kominn punkturinn aftan við hann skv. þeim tímaramma sem upp var dreginn af þeim sem að samningnum stóðu. Skýringin á þessu kom frá hæstv. ráðh. í upphafi hans máls. Hann orðaði það svo: „Mál eru öll þyngri í vöfum en menn skyldu ætla við fyrstu kynni.“ Það er gott að menn verða reynslunni ríkari og vonandi vitrari að henni fenginni. Ég minnist þess að nokkrir valdir menn hér á hv. Alþingi veturinn 1982—83 sáu ástæðu til þess í febrúarmánuði síðla að bera fram sérstaka vantrauststillögu á þann aðila sem fór með þessi mál þá fyrir hönd Íslands, vegna þess að hann gæti ekki komið böndum á Alusuisse varðandi þær kröfur sem allir tóku undir í orði en grófu undan á borði margir hverjir, þannig að vonlaust var að auðhringurinn bifaðist á þeim tíma.

Það væri ástæða til að gera margar athugasemdir við það sem fram kom hjá hæstv. ráðh. og inna hann eftir frekari skýringum. Ég ætla að stikla hér á fáeinum atriðum. Ég veit að hæstv. forseti væntir þess að þessi umr. taki ekki mjög langan tíma og ég hef skilning á önnum þingsins og vil ekki ganga hér óeðlilega á starfstíma þess þó að sumt af því sem rætt hefur verið hér fyrr í dag hefði kannske mátt bíða, en ég ætla ekki um það að fjalla.

Hæstv. ráðh. vék að dómnefndunum sem samið var um með bráðabirgðasamkomulaginu og taldi að þess væri að vænta að þar fengjust mál til lykta leidd með ekki ósvipuðum hætti og ef notaður hefði verið hinn samningsbundni farvegur ICSID-gerðardómsins sem aðalsamningurinn við Alusuisse gerir ráð fyrir. Ég túlkaði mitt viðhorf til þessa í umr. um skýrslu hæstv. ráðh. í nóvembermánuði og benti á það, að með þessari breytingu hefði staða Íslands í þessari deilu öll verið gerð óvissari og hefði raunverulega breyst mjög verulega frá því sem orðið hefði ef málið hefði verið látið hafa þann gang sem það var í á s. l. sumri eftir að íslenskir aðilar í maímánuði 1983 féllust á kröfu Alusuisse um að málið yrði tekið upp skv. samningi í gerðardómi. Ég bendi á að ekki er ýkja vænlegt til þess að tryggja sinn hag í máli sem þessu að kalla til fjölda aðila til að taka á mismunandi þáttum, aðila sem ekki hafa heildarsýn til málsins né taka heildstætt á málinu, en dreifa því á þrjár dómnefndir eins og hér var niðurstaðan. Um þetta atriði var tekist á á sínum tíma þegar ég starfaði sem ráðh. Þegar um það var fjallað var okkur alveg ljóst að til þess að fallast á kröfur Alusuisse að þessu leyti yrðu að koma stórir ávinningar á móti. Þeir ávinningar komu ekki með þessu bráðabirgðasamkomulagi t. d. hvað snerti orkuverð. Ég bendi á það að staða Íslands í þessari deilu fyrir þessum nefndum sem kallaðar hafa verið dómnefndir en heita panelar á ensku, er að því leyti ólík frá því sem var hinum samningsbundna farvegi að hér er máli vísað í sameiginlega gerð í stað þess að Alusuisse hefði þurft að standa í gerðardómi frammi fyrir einhliða ákvörðun íslenskra skattyfirvalda.

Það kom fram þegar hæstv. ráðh. lýsti hér stöðu mála í þessum skjótvirka farvegi — réttara væri að segja farvegum — sem málið var sett í að það er þegar komið út fyrir þann tímaramma sem þar var dreginn og ekki von til að það verði til lykta leitt fyrr en síðsumars eða á komandi hausti miðað við þær upplýsingar sem hæstv. ráðh. gaf hér.

Ég ætlaði að öðru leyti ekki að fjalla um þetta mál hér, enda hæstv. ráðh. örðugt um vik þar sem sú dómnefnd, sem fjallar um eitt meginatriði málsins, starfar lokað og þar sem dómnefndin hefur fallist á kröfu Alusuisse eftir því sem hér var upplýst að um lokaða málafærslu yrði að ræða. Það eitt segir nokkuð um stöðu okkar fyrir þessari dómnefnd að það skuli vera krafa auðhringsins, gagnaðilans, um lokaða málafærslu sem orðið hefur ofan á.

Ég kem þá að hinu tímabundna álagi á raforkuverðið. Ég vek enn athygli á því að hækkunin upp í 10 mill hefur ekki orðið að veruleika þó að samninganefndin túlkaði það svo í skýrslu sinni til Alþingis með þessum orðum:

„Og virðist ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að innan fárra vikna verði verðið komið upp í 78 cent þannig að hækkun orkuverðsins í 10 mill á hverja kwst. taki gildi á allra næstu mánuðum.“

Þetta haldreipi hefur ekki gengið fram og það ber vissulega að harma.

Þá kem ég að hinum eiginlegu samningaviðræðum sem átti að leiða til lykta fyrir 1. apríl s. l. og varða hin stóru mál, frambúðarraforkuverð, stækkun álversins og annað sem samningurinn gerir ráð fyrir að fjallað verði um. Hæstv. ráðh. greindi okkur frá því að það væru veikindi aðalsamningamannsins sem hefðu komið í veg fyrir að eðlilegur gangur væri í þessum viðræðum. Fundir hefðu af þeim sökum fallið niður í mars og aprílmánuði, og það væri fyrst nú í lok maímánaðar sem næsti fundur yrði haldinn. Alusuisse hafi talið erfitt að skipta um samninganefndarmann.

Já, fyrr höfum við heyrt og séð slík viðbrögð á þeim bænum. En ég vek athygli á því að það er ástæða fyrir íslensk stjórnvöld nú sem fyrr að gjalda varhuga við slíku. Ég er ekki að gera því skóna að umræddur forstjóri Alusuisse hafi verið lagður að ástæðulausu inn á sjúkrahús. (**Gripið fram í:** Þú ert að því.) Nei, ég er ekki að gera því skóna að umræddur forstjóri Alusuisse hafi verið lagður inn á sjúkrahús þó að það gæti verið býsna arðvænlegt fyrir fyrirtækið. Miðað við það að hæstv. ráðh. ætlaði að ná myndarlegum árangri í samningaviðræðunum gæti það nú borgað sig fyrir Alusuisse að halda dr. Ernst nokkuð lengi inni á sjúkrahúsinu. Það væru bærilegir dagpeningar sem þannig fengjust skulum við ætla.

Hér er ekki um fyrirtæki að ræða sem hefur 2—3 menn í þjónustu sinni eða bara einn forstjóra. Ég hugsa að þeir teljist í hundruðum, starfsmennirnir í aðalstöðvum fyrirtækisins í Zürich. Dettur nokkrum í hug að það sé ekki auðvelt fyrir fyrirtækið, ef einhver alvara og áhugi væri á því að þoka þessum samningaviðræðum áfram, að setja einhvern mann í staðinn fyrir dr. Ernst á meðan hann er að ná sér af veikindum? Ég veit ekki betur en þeir tvíburar, doktorarnir Müller og Meyer, séu enn á kreiki í aðalstöðvunum í Zürich og eitthvað vissu þeir um þetta mál hér á árum fyrr. Ég heyrði ekki betur, þó að dr. Müller væri kominn í eins konar

eftirlaunastöðu en hann væri til þess kvaddur sérstaklega að fylgjast áfram með samningamálum við Ísland vegna álbræðslunnar í Straumsvík. Ég frétti af því að í einu virtasta blaði Svisslands, Neue Züricher Zeitung, hefði verið heilsíða um það í síðasta mánuði að þessir gömlu tvíburar, dr. Müller og Meyer, héldu enn þá að verulegu leyti sínum völdum, og væri uppi veruleg gagnrýni vegna þess að þeir væru enn þá hinir raunverulegu valdamenn í fyrirtækinu þótt eftirlaunaþegar væru kallaðir á pappírnum.

Það getur að sjálfsögðu ekki gengið að íslensk stjórnvöld uni því að hringurinn geti látið það dragast að ræða með eðlilegum hætti skv. samningi um okkar hagsmunamál vegna þess að einn úr hópnum hjá þeim forfallist sökum veikinda. Við skulum vona að slíkt endurtaki sig ekki og lögð verði áhersla á það sem mestu skiptir í þessum samningum og það helsta sem ég legg áherslu á og minn flokkur, að eðlileg leiðréttíng náist fram á núverandi samningum um álverið í Straumsvík, á raforkuverðinu alveg sérstaklega.

Tæpt hefur verið á álitlegum tölum, sagði hæstv. ráðh. En meira fengum við ekki að heyra. Viðbótin var heldur dapurlegri í mínum eyrum því að hinar álitlegu tölur, ef ég skildi ráðh. rétt, áttu ekki við núverandi álver í Straumsvík heldur fyrst og fremst stækkunina sem virðist vera sameiginlegt áhugamál íslenskra stjórnvalda og auðhringsins ef marka má texta samkomulagsins. Geta menn þá áttað sig á því hver er okkar staða til þess að ná fram eðlilegum samningum, eðlilegu lágmarki, ef menn á annað borð eru á höttunum eftir samkomulagi um frekari útfærslu á umsvifum Alusuisse hérlendis. (Gripið fram í.) Ég er ekki í hópi þeirra sem mæla með því að auka þau samskipti með stækkun álversins í Straumsvík.

Hæstv. ráðh. talaði um 18—20 mill sem framleiðslukostnaðarverð úr virkjunum hérlendis. Ég held að við eigum að halda til haga þeim tölum sem fyrir liggja. Hér er um að ræða nokkuð mismunandi verð eftir því við hvaða virkjun er miðað. Þar hefur Landsvirkjun dregið upp rammann 18—22 mill sem framleiðslukostnaðarverð en ekki 20. Þannig vill til, ef marka má upplýsingar Landsvirkjunar, að það eru einmitt Þjórsárvirkjanirnar, stækkun Búrfells og Sultartangavirkjun, sem eru þarna í hærri kantinum, þær virkjanir sem knúið verður á um að ráðist verði í, ef gerð verður alvara úr því að semja um stækkun álversins í Straumsvík, eins og núverandi ríkisstj. virðist keppa að.

Að bera saman orkusölu til álvers í eigu erlends auðhrings og kísilmálmverksmiðju, sem vonandi verður íslenskt fyrirtæki þegar upp er staðið, það tel ég ekki skynsamlega málafylgju, þó svo að kísilmálmverksmiðja eigi og beri að greiða a. m. k. framleiðslukostnaðarverð. En það er nokkur munur á slíkum kaupendum fyrir þann aðila sem selur honum orkuna. Álver gera aðrar og mun harðari kröfur um afhendingaröryggi á raforku en málmblendiverksmiðjur, þ. á m. kísilmálmverksmiðja. Menn skulu einnig fara með allri gát í afslátt af þeim sökum og nota vítin frá Grundartanga til að varast í þeim efnum.

Hæstv. ráðh. vék að frv. sem samningurinn gerir ráð fyrir að lagt yrði fram í okt. s. l. Hann var að velta því fyrir sér fram eftir vetri hvort hann ætti að leggja það fram. Ég skil það þannig að eftir að læknisvottorðin bárust um veikindi dr. Ernst hafi hann alveg hætt við þetta á þessum vetri vegna þess að sýnilega yrðu tafir á málum. Ekki syrgi ég það. Ég benti á það í nóv. s. l. að það væri með fádæmum að stjórnvöld skyldu taka inn í bráðabirgðasamkomulag sem þetta ákvæði um það að ætla Alþingi að afgreiða heimild af því tagi sem þarna var gert ráð fyrir, heimild til fyrirtækisins um að selja hlutabréf og framselja hlutabréf til aðila sem verið væri að leita eftir frekara samstarfi við.

Ég hef ekki margt að þakka hæstv. ráðh. í sambandi við gerðir hans til þessa í þessu máli en ég þakka honum fyrir það að hafa látið það ógert að sýna þetta frv. hér á Alþingi. En menn hljóta að spyrja: Hvers virði er sá pappír sem ríkisstj. og Alusuisse skrifuðu undir — að vísu bara enska textann — 23. sept. s. l., þegar það er bara matsatriði frá degi til dags hjá aðilum, hvernig með einstök ákvæði er farið? Það er kannske ekki að undra þó að tímasetningarnar reynist eitthvað teygjanlegar í sambandi við að framfylgja þessu samkomulagi sem þá var gert.

Hæstv. ráðh. gerði sér von um að nú færi að aukast hraðinn í samningum við Alusuisse og unnt yrði að spretta úr spori í sumar. Ég get látið það verða mín síðustu orð í þessari umr., nema sérstök tilefni gefist til að kveðja sér aftur hljóðs, að ég vona að sumarið færi okkur eitthvað annað en það, að íslensk stjórnvöld fari að ganga í þá gildru sem auðhringurinn hefur komið þeim í með þessu bráðabirgðasamkomulagi. Á ég þá við þá þætti sem varða aukin umsvif Alusuisse hérlendis. Hvaða skoðun sem menn annars hafa á stóriðjumálum og þátttöku eða samstarfi við erlenda aðila held ég að við ættum að gæta þess að dreifa þar nokkuð áhættunni. Ég tel að vísu sjálfsagt að við reynum að koma samskiptum við Alusuisse um núverandi rekstur í Straumsvík í eðlilegt horf, svo sem allur réttur okkar stendur til. En ég hef ekki séð það að reynslan bjóði okkur að fara út í stórkostlega aukningu á samstarfi við þennan aðila með því að tvöfalda orkusöluna til hans, heimila honum að kalla til þriðja eða fjórða aðila til þátttöku í álbræðslu í Straumsvík, annast þannig eins konar umboðsstarf í sölu íslenskra auðlinda. Ég tel að reynslan eigi að hafa kennt okkur til þessa að það er ekki ýkja freistandi að hleypa þessum aðila lengra inn í íslenskar auðlindir. Það á ekkert að draga úr eðlilegri kröfu okkar á leiðréttingu mála varðandi þann samning sem við gerðum 1966 og endurskoðaður var 1975. Til þess að fá hann leiðréttan stendur allur okkar réttur og rök.

Ég vænti þess að hæstv. ráðh. hafi þegar lært á þeim tíma sem hann hefur tekist á við þennan auðhring, sem hann lýsti réttilega í desember s. l. að væri mjög erfiður í samskiptum og þungur í togi, og gæti sín í áframhaldandi samskiptum og haldi þar fast á íslenskum hagsmunum og bæti ekki við afrekaskrá sína hina ótrúlegu með þeim hætti sem fitjað var upp á 23. september s. l.

Efri deild, 93. fundur.

Fimmtudaginn 10. maí, að loknum fundi í Sþ.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 18. mál (þskj. 806). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Höfundalög, frv. 153. mál (þskj. 804 (sbr. 219)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kvikmyndamál, frv. 319. mál (þskj. 805). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 329. mál (þskj. 684). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 777 (sbr. 88)). — Ein umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er ljóst hafa verið gerðar breytingar á þessu frv. í hv. Nd. frá því að þessi deild afgreiddi frv. Ég óska eftir því að allshn. þessarar deildar fái málið aftur til athugunar og umr. verði frestað þangað til þeirri athugun sé lokið.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég get fyllilega tekið undir að mér þykir eðlilegt að hv. þingnefnd fái þetta mál til umfjöllunar. En ég kveð mér hljóðs vegna þess að við 1. umr. um þessi lögræðislög vakti ég athygli á að nauðsyn væri á leiðréttingu varðandi ákveðnar greinar þessa frv., þ. e. alveg sérstaklega varðandi 9., 17. og 18. gr. þess. Ég flutti þá mál þess félagsskapar sem látið hefur sig þessi mál miklu skipta og las m. a. upp grg. frá þeim félagsskap, þ. e. frá Geðhjálp, um þessi lögræðissviptingarmál einmitt varðandi ákveðinn málskotsaðila sem viðkomandi einstaklingar eða einhver fyrir þeirra hönd gætu skotið máli til úrskurðar og fengið þar afgreiðslu sinna mála sem allra hlutlausast. Því miður var málið afgreitt héðan frá hv. Ed. óbreytt. Ég var þá fjarri afgreiðslu málsins og ég sá það mér til vonbrigða að þessum ábendingum, sem komu frá Geðhjálp, hafði ekki verið sinnt í neinu. Hygg ég að það hafi stafað af ýmsum ástæðum sem ég hirði ekki um að rekja nú.

Hv. Nd. hefur gert þetta með ákveðnum hætti, en vissulega mjög til bóta, að talið er, þeim skjólstæðingum Geðhjálpar sem upphaflega komu aths. sínum hér á framfæri við Ed. Það er að vísu miður að það skyldi vera Nd. sem leiðréttir þetta mál svo að viðunandi megi teljast, en því ber í þessu tilfelli að fagna og Ed. ber að sjálfsögðu að taka skynsamlegum ábendingum frá Nd. (**LJ:** Í undantekningartilvikum.) Í undantekningartilvikum. Ég tek undir það með hv. þm. Lárusi Jónssyni. — Því fagna ég frv. í þessari mynd og óska því einmitt skjótrar afgreiðslu með ákvæðum um þá trúnaðarnefnd sem Nd. hefur gert till. um og fram kemur í 9., 17. og 18. gr. frv.

Ég hef sannarlega heyrt þær mótbárur að hér verði um seinvirkari leið að ræða þar sem nefnd kæmi í stað trúnaðarlæknis. Það kann að vera að eitthvað sé hæft í því, en ólíkt er það öryggi sem í þessu felst fyrir hinn venjulega mann og það skiptir mestu. Ég vona því að hv. allshn. og hv. Ed. fallist á breytingarnar og veit að það kunna þeir best að meta sem mest eiga hér í húfi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður lét svo um mælt, 2. þm. Austurl., að ekki hefði verið tillit tekið til ábendinga þess áhugahóps sem hér um ræddi af ástæðum sem hann vildi ekki tilgreina. Ég verð að segja alveg eins og er að mér koma þessi ummæli svolítið á óvart. Ég á sæti í þeirri nefnd þessarar hv. deildar sem fjallaði um þetta mál og sem ræddi ítarlega við þá sem staðið höfðu að gerð þessa frv. Hún ræddi líka við fulltrúa þeirra áhugaaðila sem hv. þm. Helgi Seljan minntist á. Í mínum huga var það alveg skýrt að þau rök, sem þessi hópur hafði fram að færa máli sínu til stuðnings, voru ekki mjög sannfærandi. Um þetta var, ef ég man rétt, alger samstaða í nefndinni. Ef við í þessari hv. deild breytum þessu frv. aftur í þá veru sem það var þegar það fór frá n. held ég að við séum tvímælalaust að færa málið til meiri skynsemdarvegar að nýju. Ég er engan veginn sannfærður um að þessi háttur, sem hafa skal á um þessa hluti, að þarna komi eins konar nýr dómstóll til sögunnar, sé til bóta í tilvikum sem þessum.

Ég held að mig misminni það ekki að komið hafi fram þegar þetta mál var rætt í allshn. að þar sem þessi háttur hefur verið tekinn upp hefði það ekki þótt gefa sérstaklega góða raun. Nú skal ég að vísu játa að minni mitt kann að bregðast mér um þetta, en hvað sem því líður voru þau rök sem fram voru sett af hálfu þess áhugasama fólks sem myndar félagsskap sem starfar að þessum málum og áreiðanlega hefur ýmislegt gott látið af sér leiða einfaldlega ekki nægilega sannfærandi að mati allshn. þessarar hv. deildar. Þess vegna verð ég að skýra frá því umbúðalaust að mín skoðun á þessu máli er alveg óbreytt frá því sem var þegar nefndin afgreiddi þetta mál frá sér, að ég er ekki viss um að í tilvikum sem þessum sé þessi háttur til bóta. Og nú spyr ég t. d.: Hvernig á að velja einn fulltrúa hins almenna borgara? Þetta er orðalag sem ég felli mig ekki við. Hver er hinn almenni borgari á þessu sviði? Af hverju er þá ekki sagt: Velja á einn fulltrúa annan. Og strax hér rek ég mig á það sem ég tel Nd. hafa gert þessu máli til miska. Ég kann ekki við svona orðalag í löggjöf. Ég veit raunar ekki nein fordæmi fyrir því að það sé kveðið á með þessum hætti.

Kannske má íhuga að gera einhverjar aðrar breytingar en að koma þarna á fót einhverjum sérstökum dómstól sem skipaður er með þessum hætti. Það má vel íhuga það frekar. Ég skal alls ekkert útiloka það. Ef ég man rétt hafði formaður nefndarinnar, hv. 9. þm. Reykv. Ólafur Jóhannesson, framsögu í þessu máli af hálfu nefndarinnar og okkur blandaðist hreint ekkert hugur um að við værum að gera rétt þegar við skiluðum okkar nál. Ég held að sú afstaða, a. m. k. að því er mig varðar og ég hygg flesta nm., sé algerlega óbreytt.

Ég viðurkenni fúslega að hér er um mjög erfið mál að ræða, ítreka að ég held að í þeim tilvikum þurfi oft skjótt við að bregða. Nú segir í 17. gr.: „Dómsmrn. leitar umsagnar hjá trúnaðarnefndinni ef þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna skv. 13. gr.“ — Hér þarf oft mjög skjótt við að bregða. Hvernig skal þá bregðast við ef ekki næst til allra þeirra aðila sem sitja í þessum trúnaðardómstól? Ég sé ekki nein ákvæði um það hér.

Ég ítreka, herra forseti, að ég held að eins og svo oft áður þegar hv. Nd. breytir málum Ed. sé það ekki ævinlega til bóta.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég held að við getum verið sammála um að það sé ekki ævinlega til bóta sem Nd. gerir. En út í þann meting skal ég ekki fara frekar.

Ég efa það ekki heldur að hv. allshn. Ed. hafi verið sannfærð um að hún væri að gera rétt með þessum hætti. Ég vildi ekki fara út í það áðan í ræðu, en skal segja að gefnu tilefni að ég veit að það komu fleiri viðræðuaðilar á fund n. og gáfu þar umsagnir um þetta. Þeir aðilar töldu að sú skipan sem í upphaflegu gerðinni var væri heilladrýgri. Nefndin tók mark á því. Um það má vitanlega alltaf deila á hverjum á að taka mark í þessu tilfelli. Fulltrúar rn. hafa án efa og fulltrúar geðlækna alveg án efa einnig, vegna þess að þeir reikna með því að þeir séu með trúnaðarlækni inni í þessari mynd, verið býsna mikið á þeirri skoðun.

Ég er ekki að álasa nefndinni fyrir að taka mark á þeim umsagnaraðilum sem á fund n. hafa komið samanborið við það sem Geðhjálp lagði til og sem vissulega var ekki nógu sannfærandi og ekki nógu skýrt, enda tók ég fram þegar ég flutti mál samtakanna hér að ég bæði nefndina sérstaklega um að athuga hvernig mætti breyta tillögum þeirra á þann hátt að til verulegra bóta gæti orðið. En ég hygg að það sem olli breytingunni í Nd. hafi fyrst og fremst verið það að á fund þeirrar nefndar kom sú endurskoðunarnefnd um geðheilbrigðismál sem einmitt er að fjalla um öll þau mál nú og við nokkrir þm. hér áttum hlut að á sínum tíma að var komið á fót úr öllum flokkum. Sú endurskoðunarnefnd studdi mál Geðhjálpar í mjög verulegum atriðum og þá hafði Geðhjálp náð vopnum sínum, þeim sem hún hafði ekki náð á fundi með Ed.-nefndinni að ég tel, að því leyti til að hún hafði þá fengið ágætan lögfræðing og mætan til að forma fyrir sig betur þá hugsun sem lá að baki tillögunum. Það var hins vegar hvorki orðalag Geðhjálpar og enn síður mitt orðalag, sem hv. þm. vitnaði sérstaklega til og ég gerði reyndar aths. við og hefði getað gert strax í máli mínu áðan, að þarna væri einn fulltrúi hins almenna borgara. Það er mjög óljóst. Ég set verulega út á það atriði að það skuli svo óljóst sem raun ber vitni. Þó hygg ég nú að mönnum verði ekki skotaskuld úr því. — Hæstv. fjmrh. skaut því nú að mér að það hlyti hreinlega að vera vinur litla mannsins sem væri þarna sjálfsagður. Ég tók ekki beint undir það mál hans þó að ég geri ekkert lítið úr því að sá vinur mundi reynast vinur í raun í þessu máli.

Ég held því að trúnaðarnefndin, sem kemur auðvitað til greina fyrst og fremst varðandi varanlega vistun eða þannig að menn geti þar skotið sínu máli til úrskurðar þegar um slík vandamál er að ræða því að það hef ég talið að væri aðalatriðið í þessu, sé miklu meira sannfærandi en trúnaðarlæknir, og af því að ég veit það að fleiri komu til ráðslags við Nd.-nefndina en við Ed.-nefndina bið ég menn að samræma mál sitt þarna á milli nefnda. Ég sé að það er kannske ekki svo langt á milli núna. Ég fagna því að sjá formann allshn. Nd. einmitt kominn hér í sal og gefandi hv. 5. landsk. þm. heilræði í þessum efnum, enda sannarlega ástæða fyrir þessar nefndir að bera sig saman. En svo er það nú einmitt með fleiri svona mál, að misvísanir í ýmsum greinum verða til af því að nefndirnar eiga ekki fundi saman, ekki alltaf því að það er óraunhæft, en a. m. k. þó í einni umfjöllun hvers máls, sem skiptir verulega miklu máli.

Ég kem nú að því seinna í umr. hvað þetta getur verið meingallað í framkvæmd í stórmálum. Það hefur sýnt sig í þessu máli að á því eru stórir gallar þegar nefndir vinna ekkert saman, hafa ekkert samráð, ekki á neinu stigi málsins. Ég held mig við það að trúnaðarnefndin sé betri. Ég byggi það fyrst og fremst á því sem endurskoðunarnefndin um geðheilbrigðismál hefur til þessara mála að leggja, sem leggur eindregið til eftir skoðun sína á lögræðissviptingunni sérstaklega að svo verði með farið.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Mér þykir miður að hv. Nd. skuli hafa vandað svo lítt til breytinga á þessu frv. sem raun ber vitni. Auðvitað er það óhæft orðalag þegar talað er um í 17. gr. að trúnaðarnefnd skuli skipa einn fulltrúa hins almenna borgara, án þess að gerð sé grein fyrir því hvernig á að velja þennan almenna borgara. Ég er hins vegar sammála þeirri hugsun, sem fram kemur í þessari breytingu, að það séu fleiri en einn aðili sem felli þennan úrskurð. Ástæðan fyrir því að ég er sammála því að til sé svokölluð trúnaðarnefnd er sú, að hér er um mjög viðkvæm mál að ræða, erfið mál að ræða, mál sem snerta einstaklinginn afskaplega mikið og það má ekki vera á færi eins manns að hafa úrskurð í þessu máli. Það eru fleiri sjónarmið sem þurfa til að koma í svona viðkvæmum málum og hver einstaklingur á rétt á því að öll sjónarmið séu tínd til þegar svipta á hann mikilsverðum réttindum.

Ég tek líka mikið mark á fulltrúum Geðhjálpar sem þekkja gerst hvernig þessum málum er komið, betur en einhverjir skrifarar í ráðuneytum. Þess vegna á að taka mark á tillögum Geðhjálpar. Þess vegna á að breyta þessu í þá veru að lagatextinn sé heldur og það liggi fyrir að það verði fleiri en einn maður sem úrskurða um þessi viðkvæmu mál. Við höfum nefnilega reynslu af því annars staðar í heilbrigðiskerfinu að einum manni eða fáum er falið það að úrskurða um viðkvæm mál er snerta aðra fötlun og tel ég að fenginni reynslu af því að slíkt sé óhæf skipan.

Ég legg á það þunga áherslu að þegar allshn. fjallar um þetta frv. á ný verði texti þess lagaður, en ákvæðinu

um trúnaðarnefnd í stað eins manns verði haldið inni.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Það er tvennt í orðum hv. 6. landsk. þm. sem kom mér til þess að segja hér örfá orð.

Í fyrsta lagi ræddi hann um að það væri betra að það væru aðrir en einhver skrifari í rn. sem fjölluðu um þessi mál. Ég tel ástæðulaust að hafa þannig orðalag um það fólk sem skipað er til þess að gera þetta. Ég get fullyrt að það eru ekki aðrir sem hafa meiri reynslu af að standa í slíkum málum en þeir sem svo oft verða að taka ákvörðun í þessum málum.

En svo er það hitt, að hann taldi að með frv. eins og það var lagt fram væri það einn maður sem tæki þarna ákvörðun. Það vil ég leiðrétta. Því fer víðs fjarri. Það verður vitanlega að leggja fram læknisvottorð með þeirri beiðni sem gerð er um sjálfræðissviptinguna þannig að þar er kominn einn aðili. Síðan er það sá starfsmaður rn. sem um þetta fjallar og er lögfræðingur. Þar er kominn annar aðili og lögfræðingur eins og gert er ráð fyrir að sé einn sem skipar umrædda nefnd. Og síðan má reikna með að hann gæti leitað til trúnaðarlæknis rn. og borið undir hann beiðni sérhverju sinni. Þar er kominn þriðji aðilinn. Þarna eru sem sagt þrír aðilar, sem gert er ráð fyrir að skipi nefndina, og þar af eru tveir læknar, annar sérfræðingur. Eftir breytinguna í Nd. er gert ráð fyrir að niður falli trúnaðarlæknirinn sem rn. getur leitað til. Hér var bent á það áðan í umr. að það er mjög erfitt að kalla saman þriggja manna nefnd alveg á stundinni, eins og oft þyrfti að gera þegar þessar beiðnir berast. Þess vegna yrði þetta fyrst og fremst þannig að nefndin mundi vinna eftir á, þ. e. að kanna hvort þarna hafi verið gert rétt, og þarf hún þá að halda fundi a. m. k. vikulega. En niður er felldur trúnaðarlæknirinn sem hægt á að vera að leita til áður en úrskurður er felldur. Ég tel að það sé miklu betra að hafa það kerfi þar sem raunhæft er að ætla að hægt sé að ná til aðila til að leita ráða hjá áður en úrskurðurinn er felldur heldur en fara að skipa rannsóknarrétt sem athugar málin eftir á.

Helgi Seljan: Herra forseti. Svo að ekkert fari á milli mála þá á þessi trúnaðarnefnd skv. þessu frv. að „fjalla um alla úrskurði ... sem fallið hafa á ákveðnum grundvelli ... laga þessara. Skal sú umfjöllun fara fyrst fram sex mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar og síðan á eins árs fresti eftir það.“ Og í öðru lagi segir: „Dómsmrn. leitar umsagnar hjá trúnaðarnefndinni ef þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar.“ Það er annað atriðið. Hins vegar er þriðja atriðið, að trúnaðarnefndin „skal veita þeim, sem vistaðir eru á sjúkrahúsi gegn vilja sínum, nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína og hvernig leita má úrskurðar dómstóla um ákvörðun rn. til vistunar hans.“ Mér er með öllu óskiljanlegt hvers vegna menn eru að tala um einhvern tímaskort í sambandi við þetta því að trúnaðarnefndin starfar alls ekki á þann hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Sala eyðijarðarinnar Írafells í Lýtingsstaðahreppi, frv. 258. mál (þskj. 477). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Sala ríkisjarðarinnar Selárdals, frv. 266. mál (þskj. 506). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Sala kristfjárjarðarinnar Ytra-Vallholts, frv. 277. mál (þskj. 531). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 349. mál (þskj. 791). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Stefáni Benediktssyni, Tómasi Árnasyni, Valdimar Indriðasyni og Eyjólfi Konráði Jónssyni leyft mér að flytja á þskj. 791 frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Hér er mjög lítið mál og einfalt í sniðum um að ræða, en hefur þó verulega þýðingu. Það er kunnugt að gerðar voru nokkrar breytingar á tekjuskattslögum fyrir skömmu. Þessar breytingar urðu nokkuð síðbúnar og öðluðust lögin ekki gildi fyrr en 30. mars s. l. Nú hefur komið í ljós að rekstraraðilum gefst ekki tími til að ljúka uppgjöri nægilega snemma til þess að fyrir liggi fyrir 1. júní forsendur til að taka ákvörðun um tillag í fjárfestingarsjóði skv. ákvæðum hinna nýju laga. Þetta frv. veitir frest til þessa til 1. júlí og á eingöngu við árið í ár. Þetta er tæknilegt atriði sem skiptir verulegu máli í framkvæmd, en er eins og ég segi afar einfalt í sniðum. Ég vona að þetta mál fái hér skjóta afgreiðslu í þessari hv. deild.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 84. fundur.

Fimmtudaginn 10. maí, að loknum fundi í Sþ.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér hefur verið tjáð að við skrifarar höfum verið atyrtir hér í þinginu í gær fyrir að mæta ekki á réttum tíma, en nú er svo þröngt setið í skrifarasætum að þó maður sé mættur kemst maður ekki að.

Ég vil geta þess hér að vegna skörulegrar framgöngu hv. 5. þm. Norðurl. e. stóð fundur í menntmn. það lengi, og við vorum með gest á fundinum, að við komumst ekki hingað út fyrr en ca. tveimur mínútum eftir að fundur var settur í Nd. Ég vænti þess að forseti taki tillit til þess að stundum stendur svo á eftir að búið er að boða menn á fundi til n. að ekki er auðgert að segja þeim að hypja sig út hið snarasta þegar þeir þurfa að koma á framfæri miklum fróðleik við nefndir.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti hefur heyrt mál hv. 5. þm. Vestf. og tekur fyllilega til greina þær aths. sem fram hafa komið. (**KP:** Hvað með hinn skrifarann?) Og það gildir einnig um hinn skrifarann. Hann talaði fyrir hönd beggja.

Hafnalög, frv. 136. mál (þskj. 763). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 331. mál (þskj. 695). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. 332. mál (þskj. 696). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Íslenzk málnefnd, frv. 341. mál (þskj. 758). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Sjúkraliðar, frv. 314. mál (þskj. 622). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Ljósmæðralög, frv. 315. mál (þskj. 623). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 799). — Frh. 3. umr.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Karvel Pálmason hóf hér 3. umr. með því að beina fsp. til mín og formanns sjútvn., hv. 5. þm. Norðurl. v., um það hvernig stæði á mótsögnum okkar eða gagnstæðum yfirlýsingum. Ég lýsti því hins vegar yfir að samþykki þessa frv. hefði aukinn kostnað í för með sér, en hins vegar hefði komið hér fram, mig minnir frá Stefáni Guðmundssyni hv. þm., í umsögn hagsýslu að það mundi sparast eitt stöðugildi. Nú er ekki mitt að svara. Eitthvað má það nú vera meira þokukennt hvað mundi sparast en það lá a. m. k. hreint fyrir að það væri eitt stöðugildi. Ekki er mitt að útskýra nákvæmlega í hverju þessi umsögn hagsýslunnar er fólgin en mér skildist að þarna væru lagðar niður tvær deildir. Önnur þeirra er hreinlætis- og búnaðardeild. Starf deildarstjóra hennar fellur þá niður. Það er örlítið dæmi um það sem ég minntist á í fyrri umr. og skal ekki fara ítarlega út í.

Hagsýslan, sem vinnur þetta fjármálalega eins og henni ber að gera, sér að þarna fellur niður stöðugildi deildarstjóra og ekki við hana að amast. En eins og ég tók fram í fyrri umr. er það meginreglan við alla matvælaframleiðslu í heiminum að lögð er áhersla nr. eitt, tvö og þrjú á aukið hreinlæti, bætta hollustuhætti við framleiðsluna.

Ég skýrði frá því við 3. umr. að þessi deild væri kannski deild númer eitt við þessa stofnun, hvað svo sem hún væri skírð og hvaða nafn hæstv. sjútvrh. vildi gefa henni. Að maður sem hefir yfirumsjón með hreinlæti og hollustuháttum við þessa þýðingarmestu matvælaframleiðslu Íslendinga væri afgerandi yfirmaður á þessu sviði, það væri um hreina afturför að ræða.

Sparnaðurinn er fólginn í því að leggja niður þessa deild með sérmenntuðum deildarstjóra og sérmenntuðu starfsliði sem hefur haft gífurleg áhrif, jafnvel aukið allt hreinlæti og alla hollustuhætti í sambandi við fiskverkun á landinu. Þótt deilt sé og verði alltaf deilt um fiskmat fram og aftur held ég að enginn deili um það að í þessari deild og á þessu sviði hafi verið unnið gífurlega mikið og farsælt starf. Það er alveg eftir mönnum í sambandi við þetta frv. að þarna sé verið að leggja niður deild sem hefur með að gera þennan gífurlega og þýðingarmikla póst.

Ekki er verið að ásaka hagsýsluna þó að hún telji að þarna sparist. Það má vel vera að ríkissjóðslega sparist þarna eitthvað en framleiðslulega og gjaldeyrislega held ég að þetta verði dýr sparnaður og afturför vegna þess að á þennan þátt er alls staðar lögð gífurleg áhersla. Skal það eitt nægja, en það er svo til að merkja þetta frv. að leggja þessa deild niður.

Ég byggði hins vegar kostnaðarauka t. d. hér í frv. á 11. gr., þ. e. ferskfiskdeild. Það ákvæði hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ferskfiskdeild annast gæða- og stærðarmat á öllum *ferskum, nýjum eða ísuðum fiski* við löndun hans. Hún skal enn fremur fylgjast með geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess að vinnsla hans hefst."

Ég skýrði frá því í fyrri ræðu að einn veikasti hlekkurinn að mínu mati hjá Framleiðslueftirlitinu væru geymslurnar og geymsla á fiski áður en hann væri unninn. Nú annast þetta starf matsmenn sem eru í þjónustu frystihúsa, hafa réttindi sem fiskmatsmenn og eru löggiltir sem slíkir en taka laun hjá viðkomandi frystihúsi eða fiskvinnslu. Yfirmatsmenn fóru í yfirreið og litu eftir þessu hjá matsmönnum í þjónustu frystihúsa. Vitanlega var þetta misjafnt eins og gengur, stundum kom það fyrir og hefur komið fyrir í gegnum tíðina að mokað hafi verið út úr húsum, geymslum. Annars staðar hefur þetta aldrei komið fyrir. En þessir menn eru á launum hjá viðkomandi atvinnurekanda og einhver hluti þeirra, kannske minni hl., liggur undir ákveðnum þrýstingi hjá þeim sem greiðir honum laun. Það þarf satt að segja ansi mikið sjálfstæði til.

Tökum sem dæmi Suðurnes þar sem eru ein 11 frystihús. Þar eru tveir menn í ferskfiskmati. Þeir geta ekki annast eftirlit með 11 húsum öðruvísi en líta þangað af og til. Þessi maður verður að vera á staðnum til þess að fylgjast með aflanum, bæði eftir hvaða röð þetta er tekið og úrskurða um fisk, hann á ekkert að líta þarna inn. Þetta er fært frá verkstjórum eða fiskmatsmönnum sem vinna í frystihúsunum yfir á ferskfiskdeild og þar með yfir á ríkismatið.

Ég skal viðurkenna að ég held að á þessu hafi verið töluverð þörf. Ég held að það sé með öllu vonlaust að yfirfæra þetta í jafnríkum mæli og þarna er gert ráð fyrir yfir á þessa deild. Ég sagði að þetta mundi kosta 30 til 60 nýja starfsmenn. Ég benti á að það væri athugandi að bæta við eins og 2, 3 mönnum í þetta. Eftirlit þarna þarf að herða. Það eru einstaka staðir sem þurfa að liggja undir verulegu eftirliti og það eru dæmi þess að 50 til 100 tonnum í einu hafi verið mokað út úr geymslum af yfirmatsmönnum eða eftir kröfum þeirra. Þá væri komið þarna ákveðið millistig vegna þess að Framleiðslueftirlitið hefur alltaf átt undir högg að sækja með fé.

Það er afturför að leggja hreinlætis- og búnaðardeild niður. Þarna er um að ræða eftirlit með hráefnageymslu sem verður að þýða dvöl. Það er eftirlit með þessu núna. Að mínu mati má herða það mjög. En ef þeir eiga að annast þetta mundi verða að fjölga ferskfiskmatsmönnum því þeir geta ekki, meðan þeir eru að meta fisk úr húsi og úr skipi, haft þetta eftirlit á geymslustað eða með vinnslu. Svo ef á að fylgja lögunum hlýtur þetta að þýða stóraukinn mannafla.

Ég held að ég hafi svarað með þessu og það hafi verið þetta sem hv. þm. Karvel Pálmason var að gera athugasemdir við. Ef eitthvað annað liggur í þessari grein en orðanna hljóðan gefur til kynna þá væri ansi fróðlegt að fá skýringar á því. Svo er ekki.

Síðan kemur þessi dæmalausa 16. gr. sem er nú satt að segja svo furðuleg að mann rekur í rogastans.

Í brtt. sjútvn. á þskj. 735 segir á bls. 2, 9. liður sem er brtt. við 16. gr.:

„Rn. setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og veitingu vinnsluleyfis."

Í 14. gr. segir hins vegar:

„Afurðadeild gefur út útflutningsvottorð, sé þess krafist í reglugerð. Deildin skal gæta þess að ekki verði fluttar út sjávarafurðir, sem ekki standast þær kröfur, sem lög þessi og reglugerðir settar skv. þeim setja.

Afurðadeild annast útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis."

Af hverju tvö leyfi? Af hverju annars vegar leyfi frá þessari matsstofnun, hvað sem hún heitir, og svo hins vegar leyfi frá ráðh.? Ég held að þetta sé nákvæmlega eins og ég tók fram, það er gengið aftur undir dulnefni að framleiðsla á sjávarafurðum til útflutnings sé óheimil án sérstaks leyfis sjútvrn. Þarna fær rn. eða hefði fengið með þessum ákvæðum mesta vald sem nokkur sjútvrh. hefur haft fyrr eða síðar. Að vísu er skipt um nafn og sagt að í stað framleiðsluleyfis komi vinnsluleyfi. Hvaða vinnsluleyfi? Áður er búið að tala um vinnsluleyfi í 14. gr. Það er afgerandi og skýrt, að vísu ekkert meira afgerandi en er í lögunum, síður en svo. En það er sótt í að ráðh. geti sett nánari reglur.

Hæstv. ráðh. talaði um hér í fyrri umr. að þetta gæti verið í sambandi við gáma, þetta gæti verið í sambandi við rækjufrystingu ef þar væri einhver hætta á ferðinni. Hann hefur skv. 2. gr. núgildandi laga heimild til reglugerða um miklu stífari ákvæði, nýjungar eða nýja framleiðsluhætti sem upp koma. Af hverju vill ráðh. fá heimild til þess að setja reglugerð án nokkurrar skilgreiningar? Hann krefst þess að geta gefið út reglugerð um vinnsluleyfi án nokkurrar skilgreiningar. Annaðhvort treystir hann ekki þeirri stofnun eða hann vill ráðskast sjálfur með þetta leyfi.

Eins og ég var að taka fram á ég ekki til orð yfir það að flokkur einstaklingsframtaksins með frjálsan atvinnurekstur á stefnuskrá skuli negla það í lög að allir þeir sem ætli að verka fisk á Íslandi eða starfrækja einhverja fiskverkun þurfi leyfi ráðh. varðandi annað en þær kröfur sem almennt hreinlæti og búnaður gefa tilefni til. Þarna eru hrossakaup á ferðinni og gaman væri að vita hver hefði verið skiptimyntin í þessu.

Þessi liður er óskiljanlegur, óþarfur, því að heimild er í reglugerð að gefa út reglugerð um gáma eða frystingu rækju eða annað þess háttar sem ráðh. tipplaði hér á í

fyrri ræðu sinni. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson, fyrrv. sjútvrh., óskaði eftir nafnakalli um þessa grein. Fyrrv. sjútvrh. og sá sem gaf út gildandi lög, hinn mætasti maður, tók það fram að í trausti þess að ráðh. beitti ekki þessari grein mundi hann samþykkja hana.

Það er fjörugt viðskiptalífið í ríkisstj., ég segi það bara. Það stendur ekki steinn yfir steini í málflutningnum í sambandi við þetta. Það er vægast sagt vítavert þegar um jafn stór mál er að ræða og hér, lög um mat og eftirlit á þýðingarmesta útflutningi okkar, og þegar ýmis helstu stefnumálin, sem eiga að framkalla þessi lög, eru farin í burt, þá á ekki að vinna þannig að lagasmíð að hróflað sé upp til samkomulags á stuttum nefndarfundum. Full ástæða var til að fresta lögunum og vinna þau betur, enda illa unnin frá upphafi. Þegar ýmis stefnumarkandi ákvæði eru farin í burtu þyrfti að vinna þetta betur. Þó að hinir mætustu menn hafi verið í n. eru þetta ekki rétt vinnubrögð. Þarna þarf bæði menn með mjög yfirgripsmikla þekkingu á fiskmati og meðferð sjávarafla og mjög hæfa og góða lögfræðinga sem þurfa síðan að semja viðkomandi greinar.

Ég býst við að fjöldi nm. hafi viljað þau vinnubrögð úr því að svona var komið að fresta þessu og vinna þetta betur. Það á ekki að taka af þar sem fyrir eru góð lög, skýr og afdráttarlaus og vel samin. Það á ekki að flaustra hér í gegnum þn. lögum sem þn. breyta í verulegum atriðum. Ég held að enga nauðsyn hafi borið til þess að vinna þetta ekki betur.

Um 21. gr. segir í brtt. n.: „Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða sem lög þessi ná til, ber, sé þess óskað, að láta fiskmatsráði" — Fiskmatsráði? Af hverju ekki fiskmatsstjóra? Þetta eru bara leifar af gamla frv. — „í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna gallaðrar vöru eða vegna þess að umbúnaði hennar er áfatt. Þá ber þeim og, sé þess óskað, að veita Ríkismati sjávarafurða upplýsingar um greiddar skaðabótakröfur."

Hvað er nú bætt? Athugum 15. gr. núgildandi laga: „Hverjum þeim sem veiðir, verkar eða verslar með fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi ná til, er skylt" — ekki „sé þess óskað" — „að gefa starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða allar þær upplýsingar og veita þeim þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og mats. Gildir þetta jafnt um upplýsingar um verkun, geymslu og flutning fisks og sjávarafurða sem um upplýsingar um greiðslu skaðabóta eða kvartanir vegna þess að vara var gölluð eða umbúnaði hennar áfátt. Starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna fisks og sjávarafurða til rannsókna enda verði eigendum fisks eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöðu rannsóknar."

Fer nú nokkuð milli mála? Getur nokkur haldið því fram að þetta sé til að efla mat? „Sé þess óskað" er sett í lögin, sé vara gölluð eða skaðabætur. Og síðan „afdráttarlaus skýr fyrirmæli" en í lögunum er skylt — afdráttarlaus, bindandi, hrein, bein ákvæði. Það er heilt haf á milli lagasetningar Matthíasar Bjarnasonar og hæstv. sjútvrh. Að vísu skal ég sýkna hæstv. sjútvrh. af lagasmíð þessari því að ég held að hún hafi verið tilbúin í rn. áður en hann tók við.

Svona mætti lengi tína til dæmi um það að beinlínis sé slakað á. Ein helsta skrautfjöðurin er 18. gr. frv. og þar segir:

„Framleiðendur skulu hafa í sinni þjónustu til matsstarfa löggilta matsmenn sem samþykktir eru af afurðadeild eða fá til þess matsmenn sem Ríkismatið samþykkir."

Þetta er nokkuð einkennileg setning. Ef þetta eru matsmenn, af hverju ekki að segja þá: „... skulu hafa í sinni þjónustu til matsstarfa löggilta matsmenn" eða „fá til þess löggilta matsmenn"? Þarna er undanþáguheimild. Af hverju er þetta óljósa orðalag um matsmenn? Hvaða matsmenn? Það eru til aðrir matsmenn en löggiltir matsmenn. Hvað er verið að opna þarna? Af hverju þessi óljósu ákvæði?

Og síðan segir í grg. með frv.: „Skv. gildandi reglugerð er skylt að hafa fiskmatsmenn í hverju hraðfrystihúsi. Hér er gert ráð fyrir að ákvæði þetta verði lögbundið, matsmenn verði löggiltir og jafnframt að öllum framleiðendum sjávarafurða til útflutnings verði skylt að hafa löggilta matsmenn í þjónustu sinni, enda órökrétt að mismuna vinnslugreinum á þennan hátt.

Með þessu ákvæði" — og skilji nú hver sem betur getur — „er stigið stórt skref til aukningar verkaskiptingar milli fiskverkenda og Ríkismatsins og ábyrgð framleiðenda aukin."

Í hverju? Hvar kemur þetta fram í 18. gr.? Hvergi. Það er undanþáguákvæði, að því er helst er að skilja, að þessir matsmenn þurfi ekki að vera löggiltir. Þó eru í öðrum greinum frv. ákvæði um að löggiltir matsmenn skuli annast allt yfirmat o. s. frv. Hvað er verið að fara þarna? Er nægilegt að setja fram fróma ósk í grg. og telja það hafa lagagildi? Það má vel vera að það sé skoðun einhverra en ég held að ef ekki er hægt að finna ákvæði í lögum hafi grg. ákaflega lítið að segja. En grg. sem væri útfærsla á lögum, hún er afgerandi.

Þarna virðist mér í öllum málflutningi gæta nokkurs misskilnings og veit ég þó ekki hvort þessar perlur eru misskiljanlegar, ég held að það sé eitthvað allt annað á ferðinni. Mat er alls staðar. Við ferskfiskmat verða menn að vera á staðnum þegar fiskur kemur upp úr skipi. Það er ekki hægt að meta hann eftir það nema í fiskgeymslunum eins og ég vitnaði til áðan. Í frystingu verður að meta fisk eftir því hvort hann er hæfur til frystingar. Þegar búið er að frysta fisk er ekki hægt að fara að meta hann. Það er ekki hægt að breyta honum þá í annan gæðaflokk, það er ekki hægt að þíða hann upp og frysta hann aftur, skera úr honum skemmdir.

Matið við saltfisk og skreið fer fram á öðru stigi. Það fer fram á því stigi þegar pökkun á sér stað. Hins vegar gildir það sama að mestu með síldina og frystan fisk að við verkun síldarinnar og niðurlagningu fer fram matið á síldinni. Síðan er saltfiskurinn metinn við pökkun, ekki endilega hráefnið þegar það kemur á staðinn, nema ferskfiskmenn úrskurði það í gúanó. Mat á saltfiski fer ekki fram fyrr en við pökkun. Mat á skreið fer ekki fram. Mat á freðfiski fer fram áður en hann fer í frystinguna. Við pökkun á síld fer matið fram. Þarna stendur því bókstaflega ekki steinn yfir steini.

Það vill svo spaugilega til að þegar ég var að ljúka máli mínu hér í fyrra skiptið kom hér inn í þessa hv. deild varaformaður Sjálfstfl., Friðrik Sophusson. Og nú er mættur hér hv. 1. þm. Suðurl. Þorsteinn Pálsson. Allir þeir sem ætla sér að vinna við að koma upp

fiskverkun á sjávarafla eða verkun á sjávarafla þurfa að sjálfsögðu að uppfylla þessar kröfur hreinlætismatsins um hreinlæti og búnað. En Sjálfstfl. ætlar líka að samþykkja það að það þurfi að leita til pólitísks ráðh. til þess að fá þetta leyfi. Þetta á að vera í þágu hins frjálsa atvinnurekstrar á Íslandi. Þarna er verið að opna allar gáttir fyrir pólitískri misnotkun ráðh. Þó að uppfylltar séu gæðakröfur sem viðkomandi stofnanir gera þá getur ráðh. einhliða sett geðþóttareglugerð og sækja verður um leyfi til hans.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu en færa formanni Sjálfstfl., 1. þm. Suðurl., innilegar hamingjuóskir með hið frjálsa framtak, að nú má engan fisk verka á Íslandi öðruvísi en að sækja um leyfi og fá skriflegt svar frá ráðh. að það sé heimilt. (**KP:** Engar veiðar.) Það var komið áður.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:3 atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. 253. mál (þskj. 466). — 1. umr.

Flm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, en frv. flyt ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Steingrími J. Sigfússyni. Þetta frv. á sér nokkra forsögu en á síðasta þingi var flutt stjfrv. um skylt efni. 1. gr. frv. hljóðar svo:

„Á eftir 3. mgr. 12. gr. komi nýjar mgr. sem orðist svo:

Úrskurður tryggingayfirlæknis tekur gildi strax og hann liggur fyrir og frá þeim tíma er örorkan skapaðist.

Nú er viðkomandi öryrki óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis og getur þá óskað eftir skriflegri grg. læknisins um forsendur matsins. Þeirri grg. ásamt aths. skal öryrkinn síðan vísa skriflega til úrskurðar örorkumatsnefndar.

Í örorkumatsnefnd eiga sæti þrír menn, en auk þeirra skulu tilnefndir þrír varamenn. Þessir skipa fulltrúa í örorkumatsnefnd:

1) Samtök öryrkja tilnefna einn mann.

2) Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður matsnefndarinnar.

3) Heilbr.- og trmrh. tilnefnir einn mann.

Allir þessir aðilar tilnefna og varamenn auk aðalmanna.

Nefndin skal í störfum sínum taka tillit til sömu þátta og tryggingayfirlæknir við úrskurð örorkumats. Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði sína. Ráðh. setur nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar í reglugerð."

Ástæðan til þess að þetta frv. er flutt er sú að meðal fatlaðra og öryrkja í þessu landi er mjög víðtæk óánægja með það fyrirkomulag sem verið hefur á örorkumati. Skv. lögum um almannatryggingar er það hins vegar svo að það er tryggingayfirlæknir einn sem framkvæmir örorkumatið og hans úrskurður er óáfrýjanlegur. Tilgangurinn með því að skipa matsnefnd eins og gert er ráð fyrir í þessari grein er sá að skapa öryrkjum og fötluðum, sem verða að sæta úrskurði tryggingayfirlæknis, möguleika á því að áfrýja úrskurði hans til annars aðila. Hér er um að ræða geysilega stórt mál sem snertir mjög náið þær þúsundir Íslendinga sem af einhverjum ástæðum hafa orðið og verða að leita til Tryggingastofnunar ríkisins vegna fötlunar af margvíslegum toga.

Ég minni á að á síðasta löggjafarþingi, var flutt stjfrv. sem gerði ráð fyrir að breyting yrði gerð á ákvæðum almannatryggingalaga um örorkumat. Í þessu stjfrv., sem var flutt af þáv. ríkisstj., var miðað við að örorkumat væri alltaf framkvæmt af örorkumatsnefnd þriggja starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Við umr. um málið á síðasta hv. Alþingi kom fram að þm. töldu óeðlilegt að láta nefnd annast þetta verk í öllum tilvikum, eðlilegra væri að setja á laggirnar áfrýjunarnefnd, en úrskurður væri áfram í höndum tryggingayfirlæknis. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 466, tekur tillit til þessara sjónarmiða sem komu fram við umr. á síðasta Alþingi.

Í núgildandi lögum er tryggingayfirlæknir einvaldur um úrskurði örorkumats. Mér er til efs að nokkur embættismaður á Íslandi hafi jafnmikið vald yfir örlögum einstaklinga og tryggingayfirlæknir hefur skv. lögum. Það verður að teljast óeðlilegt fyrirkomulag, annars vegar frá sjónarmiði viðskiptamanna tryggingaanna, þ. e. þeirra fötluðu og öryrkjanna, og hins vegar frá því sjónarmiði að enginn einn maður getur sem skyldi borið ábyrgð á svo þýðingarmiklum þætti í tryggingakerfinu. Því er hér lagt til að skipuð verði úrskurðarnefnd þriggja manna sem hinir fötluðu geta vísað sínum málum til ef þeir eru ósáttir við niðurstöðu tryggingayfirlæknis.

Þegar málið var til meðferðar á síðasta löggjafarþingi fylgdi stjfrv. stutt grg. Ég les hana hér vegna þess að auðvitað var grg. hluti af því máli sem ríkisstj. í heild lagði þá fram og þar með þeir aðilar sem í ríkisstj. áttu sæti:

„Vaxandi óánægju hefur gætt á undanförnum árum", segir hér, „með fyrirkomulag og ákvörðun örorkumats hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent hefur verið á ýmsar leiðir til úrbóta, m. a. þá sem hér er lagt til að reynd verði.

Endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar kannaði fyrir nokkrum árum afstöðu yfirmanna stofnunarinnar," — þ. e. Tryggingastofnunar ríkisins — „þar á meðal flestra deildarstjóra og tryggingayfirlæknis, til þessa atriðis. Meðal þeirra, sem tjáðu sig um þetta, var tryggingayfirlæknir. Taldi hann, eins og allir sem tjáðu sig um fyrirkomulag örorkumats, að eðlilegt væri að taka tillit til fleiri atriða en læknisfræðilegra þegar örorkustig væri ákveðið. Menn virtust almennt séð sammála um að við slíkt mat yrði að taka mið af a. m. k. þremur ákvarðandi atriðum, þ. e. 1) líkamlegri eða andlegri heilbrigði, 2) tekjuöflunarfærni við óbreytt ástand skv. 1) og loks af 3) félagslegum aðstæðum einstaklinga, þar á meðal fjárhagslegri þörf miðað við fjölskyldubyrði, heimilisástæður o. fl. o. fl."

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í rauninni aðeins ein efnisgrein og hún er mjög ítarleg og skýrir sig að fullu sjálf. Ég tel að það sé mjög brýnt að hv. Alþingi fjalli um þetta mál. Ég tel í rauninni að það sé með öllu óþolandi að fyrirkomulag þessara mála sé eins og það hefur verið um árabil. Mér er engin launung á því að það hefur verið erfitt að ná samkomulagi á milli flokka og manna um þessi mál. Og ég er reiðubúinn til þess að

taka þátt í því að breyta þessu frv. ef menn teldu ástæðu til og auðveldara að nálgast málið með þeim hætti.

Nú veit ég, herra forseti, að skammt lifir þings ef að líkum lætur og ef ekki verður af því að farið verði að till. formanns þingflokks Sjálfstfl. um að fresta þinginu vegna ósamkomulags stjórnarflokkanna, þannig að þeir geti sleikt sárin í nokkrar vikur og svo byrjað þingstörfin aftur þegar líður á sumarið og heyannir, fari svo að skammt lifi þings og stuttur tími sé hér eftir, þá er hætt við því að mál af þessu tagi nái ekki afgreiðslu. Ég vildi hins vegar fara þess á leit við hv. formann heilbr.- og trn. Nd. að hann sjái til þess að þetta mál verði sent til umsagnar. Ég hef það ekki hér hjá mér hver gegnir formennsku í n. Ég veit að hv. þm. Pétur Sigurðsson er formaður n., en hann er nú utan þings. Fyrir hann er inni á Alþingi hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sem hefur sjálfur átt sæti í tryggingaráði. Mér þætti vænt um ef hann og aðrir nm. í heilbr.- og trn. beittu sér fyrir því að *mál þetta verði sent til umsagnar, m. a. til samtaka* fatlaðra, Tryggingastofnunar ríkisins og annarra aðila sem um mál þessi eiga að fjalla, þannig að við gætum þá á haustdögum tekið á nýjan leik á þessu máli og kannað hvaða leiðir eru þarna færar. Ég er alveg sannfærður um að það er vafalaust hægt að finna einhverja aðra leið í þessum efnum, en ég er jafnsannfærður um að núverandi fyrirkomulag með einveldi tryggingayfirlæknis er með öllu óþolandi.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Vegna áskorunar hv. þm. Svavars Gestssonar vil ég skýra frá því að það verður haldinn fundur í heilbr.- og trn. Nd. á mánudaginn klukkan 9 og ég vil einnig geta þess að það er sjálfsagt að kanna innan n. hvort ekki sé grundvöllur fyrir því að verða við ósk hv. þm. um að þetta mál verði sent til umsagnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. 321. mál (þskj. 652). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Með frv. þessu er fyrirhugað að afla ríkisstj. lagaheimildar til að gera þær ráðstafanir til endurskipulagningar á fjárhag Íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga sem nauðsynlegar eru til að unnt verði að ganga frá samningum við Elkem a/s í Noregi og Sumitomo Corporation í Japan um þátttöku hins síðarnefnda sem samstarfsaðila ríkisins í félaginu við hlið Elkem samkvæmt 2. gr. laga nr. 18/1977. Er það meginmarkmiðið með samstarfsaðild Sumitomo og þeim ráðstöfunum, sem henni eru tengdar, að styrkja markaðs- og fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins til varanlegrar frambúðar.

Nánar tiltekið verður hin fyrirhugaða samvinna við Sumitomo Corporation á því byggð að komið verði á samskiptum til langs tíma um sölu til Sumitomo og viðskiptavina þess í Japan á kísiljárni frá Grundartanga í verulegu magni. Jafnframt gerist Sumitomo minnihluthafi í Járnblendifélaginu ásamt Elkem og eignist þar 15% heildarhlutafjár, en hlutafjáreign Elkem lækki úr 45% í 30%.

Staða ríkisins og hlutafjáreign, sem er um 55%, í Járnblendifélaginu breytist ekki við tilkomu Sumitomo Corparation sem hluthafa. Staða Elkem verður og óbreytt að öðru leyti en því að hlutafjáreign þess minnkar samkv. framansögðu og það verður ekki söluaðili að kísiljárni því sem Sumitomo tekur við á hverjum tíma. Elkem mun áfram sjá um sölu á öðru kísiljárni frá Grundartanga, á öðrum mörkuðum en hinum japanska, og bera ábyrgð á heildarskipulagningu sölunnar á þeim grundvelli sem um var samið í sölusamningi Elkem og Járnblendifélagsins frá 1977. Jafnframt mun Elkem áfram veita Járnblendifélaginu tækniaðstoð á grundvelli tæknisamnings frá 1976.

Rétt er að leggja á það ríka áherslu að fjárhagsaðgerðir þær sem leitað er heimildar fyrir með frv. þessu *eru ekki sambærilegar við þær ráðstafanir í þágu* Járnblendifélagsins sem heimilaðar voru fyrir tveimur árum með lögum nr. 45/1982. Að því sinni var ráðgert að tryggja greiðsluafkomu félagsins næstu árin með í fyrsta lagi beinni hlutafjáraukningu allt að 5.8 millj. Bandaríkjadala, í öðru lagi með víkjandi láni með sjálfskuldarábyrgð hluthafa 6 millj. Bandaríkjadala og í þriðja lagi með eigin lánum félagsins án beinnar ábyrgðar hluthafa og var þá reiknað með 10 millj. Bandaríkjadala, en hluti hinna síðast nefndu 6 millj. Bandaríkjadala, kom í stað rekstrarláns sem félaginu var tryggt við stofnun. Félagið starfar enn innan þess ramma sem þarna var settur, þannig að framlög til þess hafa ekki orðið meiri en þá var ákveðið. Hins vegar hefur félaginu ekki tekist að nýta þennan ramma til fullnustu vegna hinnar veiku eiginfjárstöðu sinnar. Hefur hún komið í veg fyrir að félagið gæti framkvæmt þær eigin lántökur sem til var ætlast. Gerðist þetta þegar fyrir árslok 1982 vegna hinnar miklu hækkunar á gengi Bandaríkjadollars gagnvart norskri og íslenskri krónu sem varð á því ári. Má vísa um það til ársskýrslu félagsins frá því í maí 1983. Hið nýja hlutafé samkv. frv. þessu kemur þannig að sínu leyti í stað lánanna sem hætta þurfti við 1982, auk þess sem það leiðir til þess að lánið sem þá var tekið með hluthafaábyrgð og jafngildir í rauninni hluthafalánum verður nú úr sögunni, sbr. 2. gr. frv.

Upphaf viðræðna við Sumitomo Corporation má rekja til haustsins 1982, en þá áttu fulltrúar Elkem í stjórn Íslenska Járnblendifélagsins hf. fund í Reykjavík með þáv. iðnrh., Hjörleifi Guttormssyni, um vandamál félagsins, sem snertu hluthafa mjög um þær mundir vegna áðurnefndrar gengisþróunar. Vörpuðu þeir þar fram hugmyndum um samvinnu við japanska aðila til að breikka starfsgrundvöll félagsins og töldu ákjósanlegast að líta til Sumitomo í því sambandi. Iðnrh. páv. svaraði málaleitan þeirra með bréfi í nóvember 1982 þar sem fallist var á að taka upp viðræður við japanska aðila um sölusamning til langs tíma og einnig um eignaraðild að Járnblendifélaginu, að því tilskildu að íslenska ríkið héldi þar meirihlutaaðstöðu. Var skipaður starfshópur til að undirbúa viðræður þessar og koma þeim af stað og áttu þar sæti m. a. þeir Páll Flygenring ráðuneytisstjóri, Ragnar Árnason lektor og Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, stjórnarformaður félagsins, auk þess sem Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri félagsins starfaði

með hópnum. Nokkrir fleiri fulltrúar á vegum iðnrn. tóku þátt í þessu starfi og hjá Elkem var sértökum starfshópi falið verkefnið. Fyrsti viðræðufundur með fulltrúum Sumitomo var haldinn í Reykjavík í janúar 1983 og síðan fylgdu fundir í Osló og Tokyo nokkru síðar.

Sumarið 1983 varð nokkurt hlé á viðræðum vegna athugunar á fram komnum sjónarmiðum og frestunar á fyrirhugaðri heimsókn Japana hingað til landsins, jafnframt því sem stjórnarskipti höfðu átt sér stað. Ákvað núv. iðnrh. hinn 5. júlí 1983 að fela nýskipaðri samninganefnd um stóriðju, þeim dr. Jóhannesi Nordal, dr. Gunnari G. Schram og Guðmundi G. Þórarinssyni verkfræðingi, að annast frekari viðræður um málið og hefur hún gert það síðan ásamt ritara sínum Garðari Ingvarssyni. Þeir Páll Flygenring, Hjörtur Torfason og Jón Sigurðsson hafa starfað með nefndinni, auk þess sem fulltrúar Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar hafa komið þar við sögu.

Þessar viðræður samninganefndar um stóriðju hafa farið fram á fundum hér heima og erlendis síðan í septembermánuði 1983. Hafa þær nú náð því marki, á fundi nefndarinnar með fulltrúum Elkem og Sumitomo dagana 5. og 6. apríl s. l., að samkomulag hefur náðst um að stefna að endanlegum samningum milli aðila á tilteknum grundvelli. Var þetta staðfest með undirritun samkomulagsyfirlýsingar hinn 6. apríl s. l.

Samkomulagið var undirritað með fyrirvara um samþykki stjórnar Elkem, Sumitomo, Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar og íslenskra stjórnvalda, auk þess sem málið verður borið undir lánveitendur Járnblendifélagsins. Var ákveðið að stefna að því að leiða alla samningsgerð og heimildaöflun til lykta fyrir 1. júní 1984. Er frumskilyrði í því sambandi að Alþingi fallist á að veita þá lagaheimild sem hér er leitað eftir.

Grundvelli samkomulagsins hefur þegar verið lýst að nokkru, en hann er í stuttu máli sem hér segir:

1. Núverandi hluthafalánum verði breytt í hlutafé, sbr. athugasemd um 1. gr. frv.

2. Núverandi hluthafar leggi til nýtt hlutafé sem nemur jafnvirði 120 millj. norskra króna, m. a. með yfirtöku skulda sem nú eru með ábyrgð hluthafanna.

3. Sumitomo kaupi 15% hlutabréfa í fyrirtækinu af Elkem, eftir að endurskipulagning eiginfjárstöðu Járnblendifélagsins hefur farið fram.

4. Sumitomo verði skipað einkaumboðsmaður á Japansmarkaði fyrir kísiljárn frá járnblendiverksmiðjunni og taki að sér sölu á tilteknu árlegu magni á þeim markaði, 20 þúsund tonnum. Að öðru leyti verður sölustarfsemi áfram í höndum Elkem á grundvelli gildandi sölusamnings og er gert ráð fyrir að unnt verði að tryggja fulla sölu á framleiðslu verksmiðjunnar miðað við venjuleg afköst.

5. Kísiljárn til Sumitomo verður afhent með sömu kjörum og gilda samkv. sölusamningnum við Elkem, þ. e. eftir markaðsverði.

6. Gert er ráð fyrir sérstökum samningi við Landsvirkjun um viðbótargreiðslur ofan á gildandi orkuverð þegar tiltekinni arð- og eiginfjárstöðu járnblendiverksmiðjunnar er náð.

7. Jafnframt ofangreindu hefur einnig tekist samkomulag um aukna þátttöku Elkem í kostnaði við sérstök tækniþróunar- og rannsóknarverkfni hjá Íslenska járnblendifélaginu. Einnig er gert ráð fyrir virkari þátttöku Íslenska járnblendifélagsins í markaðsmálum.

Lagafrv. sjálft snertir einungis fjármögnunarþátt samninganna þar sem aðrir þættir þeirra kalla ekki á lagabreytingar. Aðild Sumitomo að Járnblendifélaginu fellur að öðru leyti inn í ákvæði laga nr. 18/1977 með eðlilegum hætti, þ. á m. ákvæði 2. gr. um þátttöku, 4. gr. um hluthafa, 6. gr. um samstarfssamninga og 8. gr. um skattamál.

Hin fjárhagslega endurskipulagning á Íslenska járnblendifélaginu hf., sem tengd er aðild Sumitomo, verður fólgin í því í fyrsta lagi að núverandi hluthafar félagsins, ríkisstj. og Elkem, munu breyta í hlutafé hinum víkjandi hluthafalánum sem þeir hafa veitt félaginu á árunum 1981 — 1983 vegna taprekstur fram til þessa. Nema lánin alls sem næst 140 millj. norskra kr. eða 18.6 millj. Bandaríkjadala. Frá sjónarmiði hluthafanna er hér aðallega um formbreytingu að ræða, þar sem ekki var gert ráð fyrir endurgreiðslu þessara lána fyrr en félagið væri farið að skila arði umfram greiðslur af öðrum stofnlánum. Að því er ríkið snertir er þess einnig að gæta að umrædd lán eru byggð á þegar fengnum heimildum í lögum nr. 18/1977 til hluthafaráðstafana og hækkunar hlutafjár þar sem framlagsheimild var hækkuð með lögum nr. 45/1982 úr jafnvirði 13.2 millj. Bandaríkjadala í jafnvirði 19 millj. Bandaríkjadala.

Í öðru lagi og aðallega munu núverandi hluthafar leggja fram nýtt hlutafé til Járnblendifélagsins samkv. samkomulagi við Sumitomo, sem alls nemur jafnvirði 120 millj. norskra króna eða sem næst 15.9 millj. Bandaríkjadala. Yrði þetta gert eftir núverandi eignarhlutföllum, þannig að ríkið leggi til 55% eða sem svarar 66 millj. norskra króna og Elkem 45% eða samsvarandi 54 millj. norskra króna. Er fyrirhugað að fé þetta verði notað að mestu eða öllu leyti til að greiða niður núverandi skuldir Járnblendifélagsins vegna lána til verksmiðjunnar. Munu hluthafarnir því ekki þurfa að afla nýs fjár vegna hlutafjáraukningarinnar nema þeim þyki það betur henta, heldur geta þeir framkvæmt hana með yfirtöku á hluta þessara lána. Það er fyrst og fremst vegna þessara ráðstafana sem lagaheimild þarf og málið er lagt fyrir Alþingi í formi þessa frv.

Ráðagerðir aðila um þessa nýju hlutafjáraukningu eru til komnar vegna þess efnahagsvanda sem við hefur verið að glíma í járnblendiiðnaði á undanförnum árum. Á járnblendiverksmiðjunni að Grundartanga hefur hann bitnað með þeim hætti, sem kunnugt er, að ekki hefur verið unnt að selja allt það kísiljárn, sem verksmiðjan gæti framleitt með venjulegum afköstum, og söluverð á heimsmarkaði hefur verið til muna of lágt miðað við þarfir nýrrar verksmiðju með þunga byrði stofnkostnaðar. Vegna þessa hefur Járnblendifélagið safnað verulegu tapi frá því að rekstur hófst vorið 1979, þrátt fyrir þá staðreynd að starfræksla verksmiðjunnar hefur gengið eins og best verður á kosið í tæknilegum efnum og í rauninni nær algerlega hnökralaust þegar frá er talinn orkuskortur veturinn fyrir gangsetningu Hrauneyjafossvirkjunar.

Mjög hefur dregið úr þrengingum verksmiðjunnar á síðustu mánuðum þar sem jafnvægi hefur ríkt milli framboðs og eftirspurnar frá því síðla vors 1983 og verksmiðjan því starfað með fullum afköstum auk þess sem markaðsverð hefur hækkað verulega. Tap Járn-

blendifélagsins varð því miklu minna 1983 en 1982 og útlit er fyrir að það nái hallalausum rekstri á yfirstandandi ári. Vandinn er þó ekki úr sögunni þar sem enn ríkir lægð í stáliðnaði víðast hvar í heiminum og afturkippur gæti komið í þann bata sem orðið hefur á járnblendisviðinu.

Ástæða er því til að ætla að núverandi hluthafar, annar eða báðir, gætu enn þurft að bregðast við vanda félagsins á einhvern hátt, hvort sem þriðji hluthafinn kæmi til skjalanna eða ekki, með auknum framlögum eða ábyrgðum. Hin nýja hlutafjáraukning gengur þó mun lengra en sú aðstoð sem hluthafarnir mundu þannig ráðgera ef þeir stæðu einir að málinu, a. m. k. fyrsta kastið. Þetta stafar af því að hlutafjáraukningin er ekki aðeins hugsuð sem skammtímaráðstöfun til lausnar á aðsteðjandi vanda, heldur höfum við einnig ætlað að koma fjárhag félagsins í það horf að það geti staðið af sér samkeppni á heimsmarkaðinum og haldið velli til frambúðar, jafnvel þótt enn kæmi þar til alvarlegs samdráttar. Um leið má vænta þess að félagið fari þá tiltölulega fljótt að skila arði ef vel árar fyrir starfsemina.

Umrædda ráðstöfun telja hluthafarnir rétt að gera með tilliti til þess að þátttaka þriðja hluthafans stuðlar mjög að því að leysa til frambúðar úr öðrum meginvanda járnblendiverksmiðjunnar, nefnilega því að tryggja möguleika á því að reka verksmiðjuna með fullum afköstum á hverjum tíma. Væntir Sumitomo þess að geta haldið uppi stöðugri sölu á Japansmarkaði á verulegum hluta af framleiðslu verksmiðjunnar og eru þá allar líkur til að takast megi að selja afganginn af því sem verksmiðjan getur annað við venjulegar aðstæður.

Í kjölfar ofangreindrar hlutafjáraukningar er svo ráðgert að lækka nafnverð heildarhlutafjárins sem svarar uppsöfnuðu tapi félagsins, þannig að bókfært tap í íslenskum krónum í lok endurskipulagningar sé að fullu jafnað. Þetta bókfærða tap nemur samanlagt sem næst 390 millj. ísl. kr. eða um 100 millj. norskra kr. Hefur félagið þá uppfyllt skilyrði hlutafélagalaga til að geta greitt arð til hluthafa, miðað við hið lækkaða hlutafjárnafnverð, þegar starfsemin fer að skila ágóða eftir endurskipulagninguna eins og vonir standa til.

Þegar núverandi hluthafar hafa þannig framkvæmt hina ráðgerðu endurskipulagningu á fjárhag Járnblendifélagsins verður gengið frá aðild hins nýja hluthafa að félaginu með því að Sumitomo kaupi 15% heildarhlutafjárins af hluta Elkem, eins og fyrr segir. Fær Sumitomo hlutabréf sem því svarar, en Elkem mun fyrir sitt leyti nota andvirði hlutabréfanna til að vega á móti þeim framlögum og skuldbindingum sem það hefur tekið á sig við endurskipulagninguna. Þeir endar ná þó ekki alveg saman, þannig að Elkem þarf að taka á sig nokkrar skuldbindingar án þess að hlutafjárandvirði komi á móti.

Gagnvart ríkissjóði verða áhrifin af endurskipulagningunni þannig í stuttu máli að ríkið breytir núverandi lánum sínum og ábyrgðarskuldbindingum vegna Járnblendifélagsins í beint hlutafé í félaginu og eykur jafnframt hlutafé sitt til nokkurrar viðbótar með niðurgreiðslu eða yfirtöku frekari skulda félagsins. Með þessu heldur ríkið á hinn bóginn óskertri hlutfallslegri eignarhlutdeild í félaginu og þar með fullri hlutdeild í þeim arðsvonum og öðrum hagsmunum sem tengdir eru áframhaldandi rekstri félagsins. Við þetta bætast svo hinir ýmsu möguleikar sem tengdir eru samskiptum við Sumitomo beint og óbeint.

Fyrir Elkem verða áhrifin þau að fyrirtækið breytir lánum og skuldbindingum í hlutafé á sama hátt og ríkið, en fær fjármögnun á þeirri ráðstöfun að verulegum hluta með því að minnka eignarhlutdeild sína í félaginu um þriðjung. Af því leiðir að fyrirtækið á minni arðsvon en áður af áframhaldandi starfsemi járnblendiverksmiðjunnar, auk þess sem það gefur eftir rétt sinn til að selja það kísiljárn sem Sumitomo tekur við. Á móti hinum neikvæðu áhrifum kemur hitt, að með þessum ráðstöfunum hefur Elkem tryggt sér eins og unnt er að þurfa ekki framar að inna af hendi fjárframlög til að standa undir óbreyttum rekstri verksmiðjunnar. Auk þess nýtur fyrirtækið hinna ýmsu möguleika af samstarfi við Sumitomo.

Frá sjónarmiði Íslendinga er endurskipulagningin mjög jákvæð að því leyti að hún hefur í för með sér umtalsverða lækkun á heildarskuldum þjóðarbúsins eða sem svarar jafnvirði nærfellt 16 millj. Bandaríkjadala. Þetta stafar af því að hið nýja fjármagn til Járnblendifélagsins verður notað til að greiða niður erlendar skuldir félagsins og hinir erlendu hluthafar taka fullan þátt í þeirri fjármögnun að sínum hluta.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að Elkem hefur frá upphafi tekið fullan þátt á móti ríkissjóði í þeirri fjárhagsaðstoð sem Járnblendifélaginu hefur verið veitt á undanförnum árum. Hefur fyrirtækið þannig gert stórum betur en standa við skuldbindingar sínar gagnvart Íslendingum um framlög til verksmiðjunnar þar sem bein loforð þess náðu ekki nema til hins upphaflega hlutafjár og 19.8 millj. norskra króna í hluthafalánum samkv. 3. málsgr. 6. gr. laga nr. 18/1977. Enda þótt fyrirtækið hafi nú kosið að verjast frekari áhættu í þessu efni með því að minnka hlut sinn í Járnblendifélaginu er ekki ástæða til að túlka það sem neina uppgjöf gagnvart verksmiðjunni, heldur má ætla þvert á móti að rekstrargrundvöllur hennar verði traustari en nokkru sinni.

Af hálfu Íslendinga hefur frá upphafi verið lögð stund á að athuga í viðræðum um málið, bæði við Elkem og Sumitomo, hvort efni væru til að breyta formerkjum hinna gildandi samninga um járnblendiverksmiðjuna í tilefni af þátttöku Sumitomo og tengdum aðgerðum. Um sölusamninginn við Elkem er það að segja að skilmálar hans eru hagstæðir Grundartangaverksmiðjunni og ekki er getuleysi Elkem um að kenna, nema síður væri, þótt treglega hafi gengið að selja framleiðsluna. Er því ástæða til að fagna því að unnt verður að byggja einnig á þessum samningi í viðskiptum við Sumitomo. Hins vegar er nú um það rætt að fulltrúar Járnblendifélagsins taki virkari þátt í framkvæmd markaðsmála en verið hefur og skiptir það mestu í þessu sambandi.

Samkv. tæknisamningnum við Elkem greiðir Járnblendifélagið þangað árlegt gjald fyrir tækniaðstoð sem er verksmiðjunni mjög mikilvæg. Rætt hefur verið um þetta gjald og niðurstaðan orðið að halda því óbreyttu, m. a. vegna þess að Sumitomo telur enga ástæðu til að lækka það. Í þess stað er gert ráð fyrir að Elkem auki þátttöku í kostnaði við tækniþróunar- og rannsóknarverkefni sem unnin verði hér heima í sumar.

Viðræðurnar hafa því einkum snúist um hvort tök séu á að breyta rafmagnsverði Landsvirkjunar til Járn-

blendifélagsins. Ljóst er að félagið hefur ekki bolmagn til að greiða hærra rafmagnsverð en um hefur verið samið, eins og sakir standa nú. Er því gert ráð fyrir að gildandi rafmagnssamningur haldist óbreyttur, en í honum eru m. a. sjálfstæð ákvæði um endurskoðun vegna breyttra forsendna. Hins vegar verður gerður viðbótarsamningur við hann um sérstakar greiðslur ofan á gildandi orkuverð, þegar tiltekinni arðsemi- og eiginfjárstöðu er náð hjá félaginu, í formi skiptingar milli þess og Landsvirkjunar á umframágóða verksmiðjunnar. Hér er um mikilvægt samningsatriði að ræða sem tryggir hagsmuni Íslendinga eins og best verður á kosið um sinn.

Með ofangreindum samningum um málefni Íslenska járnblendifélagsins hf. verður brotið í blað í sögu félagsins og íslenskra atvinnumála. Er ástæða til að vona að þeir muni marka drjúg og gæfurík spor í þróun fyrirtækisins og orkufreks iðnaðar hér á landi.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það frv., sem hér hefur verið mælt fyrir, varðar fjárhagslega endurskipulagningu Íslenska járnblendifélagsins hf. vegna verksmiðju þess á Grundartanga. Mál þetta hefur verið á döfinni frá því haustið 1982, eins og rakið var í máli hæstv. ráðh. hér áðan, en raunar hefur sú glíma staðið lengur að halda þessu fyrirtæki gangandi og í tíð fyrrv. ríkisstj. var ítrekað gripið til aðgerða, til að hlaupa undir bagga með fyrirtækinu vegna taprekstrar, þannig að ekki þyrfti að koma til stöðvunar þess. Ég ætla hér ekki að fara að rekja þá sögu þótt lærdómsrík sé. Íslenska járnblendifélagið og verksmiðjurekstur þess á Grundartanga er dæmi um misheppnaða fjárfestingu í stóriðju og mjög gallaða samninga sem gerðir voru við erlenda aðila þegar stofnað var til fyrirtækisins og lög sett um það á árinu 1976.

Ástæður fyrir erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins eru fleiri en ein, en einna afdrifaríkast hefur verið að afurðir verksmiðjunnar hafa ekki selst við því verði sem áætlað var þegar áætlanir voru gerðar um fyrirtækið og ákvarðanir teknar um það. Þar var byggt á óhóflegri bjartsýni og það er vert að minnast þess nú að það voru ekki íslenskir aðilar sem fyrst og fremst lögðu á ráðin í sambandi við þetta fyrirtæki, heldur var það byggt á erlendri ráðgjöf að verulegu leyti og í veigamestu atriðum varðandi rekstrarhorfur, afurðaverð og sölumöguleika. Afurðir járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, kísiljárn, eru sem kunnugt er notaðar í stáliðnaði til blöndunar til að ná fram ákveðnum eiginleikum og stáliðnaður hefur verið í lægð og hnignandi grein á undanförnum árum. Horfur eru á því að ekki verði þar veruleg breyting á, heldur er hér á ferðinni þróun sem tengist m. a. hækkandi verði á orku um og fyrir miðjan síðasta áratug og kröfum til léttari málma til ýmissa nota. Það getur verið einhver afsökun þeim sem að ákvörðunum stóðu um þetta fyrirtæki á sinni tíð að þessi þróun hafi ekki verið orðin mönnum auðsæ á þeim tíma eins og nú er orðið, en hún hefur vegið þungt í afkomu þessa fyrirtækis.

Þar við bætist vissulega að fyrirtækið hóf rekstur 1979 þegar þungaiðnaður og reyndar efnahagur iðnríkja var að sigla inn í lægð, verulega kreppu sem ríkt hefur á undanförnum árum og hefur gætt í lágu verði fyrir afurðir ýmissa greina iðnaðar, ekki síst í frumframleiðslu eins og þungaiðnaði. Við þetta bætist hár fjárfestingarkostnaður sem hefur bitnað á fyrirtækinu þar sem lánabyrði þess er eðlilega í hámarki og fjármagnskostnaður á fyrstu rekstrarárum. Við þetta hafa bæst ókjör í samningum við hinn erlenda samstarfsaðila, Elkem, samningum sem gengið var frá um leið og stofnað var til fyrirtækisins og varðar það bæði raforkusölu, tæknisamning og markaðssamning, en sem kunnugt er selur Elkem allar afurðir verksmiðjunnar og þar kemur meirihlutaaðilinn, íslenska ríkið, nánast ekkert við sögu.

Varðandi rafmagnssamninginn kom það áþreifanlega í ljós á árinu 1978, veturinn 1978—1979, að inn í rafmagnssamninginn var byggt stöðvunarvald sem Elkem hefur, þótt minnihlutaaðili sé í fyrirtækinu, og það olli því að meirihlutaaðilinn, íslenska ríkið, gat ekki frjáls og með eðlilegum hætti tekið ákvörðun um eða svarað ákvarðandi spurningunni um hvort reistur skyldi annar ofn verksmiðjunnar 1979, en hann mun hafa verið tekinn í rekstur snemma á árinu 1980 eða á fyrri hluta þess árs ef ég man rétt.

Það var eitt af fyrstu viðfangsefnum mínum í starfi sem iðnrh. að fjalla um þetta atriði og ég gerði um það tillögu í ríkisstj. og við samstarfsaðilann Elkem og stjórn félagsins, að a. m. k. yrði dokað við með fjárfestingu varðandi annan ofn verksmiðjunnar um nokkurt skeið á meðan séð yrði hver framvinda yrði varðandi markaðsverð og söluhorfur á kísiljárni. En þessum tilmælum neitaði samstarfsaðilinn Elkem og bar fyrir sig stöðvunaratriði í raforkusamningnum sem tekið hafði verið inn að kröfu Elkem þegar leitað var til þess sem samstarfsaðila um fyrirtækið eftir að Union Carbide gekk út úr samstarfi sem undirbúningur hafði verið hafinn að.

Atriði sem þessi þurfa að vera okkur Íslendingum til lærdóms í sambandi við hugsanlegt samstarf við erlenda aðila um atvinnurekstur. Þetta á ekki síður við um markaðssamninginn varðandi fyrirtækið, sem ber öll einkenni hálfnýlendustefnu í samskiptum, þar sem það er falið þessum minnihlutaaðila á vald að sjá um alla afurðasölu verksmiðjunnar og meirihlutaaðilinn, íslenska ríkið, hefur enga heimild til að semja um sölu eða sjá um sölu á neinu af afurðum verksmiðjunnar hingað til eins og frá samningum hefur verið gengið. Fyrir þessa sölu fær Elkem 40 norskar kr. á tonn eða nálægt 1% af söluandvirði. Engin breyting hefur á þessu orðið við þennan samning sem hér er um að ræða varðandi þóknun, en látið er að því liggja að hugsanlegt sé að ná einhverju fram í sambandi við hlutdeild Íslendinga að markaðsfærslunni og er það vissulega til bóta hversu lítið sem er. En þarna hefði þurft að verða á veruleg breyting.

Tæknigjaldið, sem er hvorki meira né minna en 3% af veltu verksmiðjunnar, gengur skv. samningi til Elkem óháð því hvernig gengur í fyrirtækinu. Og þannig hefur þessi samstarfsaðili haft sitt býsna vel á þurru í þeim erfiðleikum sem yfir þetta fyrirtæki hafa gengið með því að hirða með þessum hætti út úr rekstri fyrirtækisins 5—6 millj. n. kr. árlega eða 15—20 millj. sem tæknigjald og sölugjald vegna markaðsfærslu. Þetta ætti að vera þeim mun ljósara nú fyrir okkur, hvers konar viðskipti þetta eru, með hliðsjón af tillögu

um fyrirtækið sem nú er fjallað um hér á Alþingi vegna þáltill. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þar er gengið frá þessum málum með allt öðrum hætti. Þar er gert ráð fyrir að reikna þurfi með nokkrum kostnaði vegna tækniþjónustu fyrstu þrjú ár fyrirtækisins eða svo og minnkandi á fjórða ári, en síðan ekki gert ráð fyrir neinni aðkeyptri þjónustu í sambandi við tæknimál fyrirtækisins. Það reyndist kleift í sambandi við kaupsamninga á vélbúnaði að kaupa í rauninni öryggi og þjónustu af þeim aðilum sem samið var við um vélbúnað til verksmiðjunnar, og segir okkur þetta sína sögu um það hversu fráleitt þetta atriði er í samningi við Elkem varðandi tækniþjónustuna á Grundartanga. Mönnum var talin trú um það, virðist vera, þegar samningur var gerður að þessi tækniþjónusta væri svo stór og ómissandi þáttur að réttmætt væri að greiða fyrir hann hvorki meira né minna en 3% af veltu fyrirtækisins. Þessi niðurstaða á sinni tíð sýnir okkur hversu dýrkeypt er að ætla að treysta á forsjá erlendra aðila í sambandi við uppbyggingu atvinnurekstrar hér á landi. Gildir þar raunar einu hvort um er að ræða uppbyggingu okkar eigin atvinnurekstrar eins og vera ber eða hitt að farið yrði að þeirri stefnu, sem við höfum kallað orkusölustefnu og Sjálfstfl. enn þá hangir í sem sinni stefnu, þ. e. að kalla eftir erlendu áhættufjármagni, helst að meiri hluta eða að öllu leyti í sambandi við iðnað í stærri stíl hér í landinu. Ef menn ætla að ganga frá samningum þar að lútandi af einhverju viðskiptalegu viti verða menn a. m. k. að kunna fótum sínum forráð. Það krefst ekki að mínu mati í rauninni minni þekkingu á öllum aðstæðum en ef við ætluðum sjálfir að bera alla ábyrgð eða meginhluta ábyrgðar eins og við Alþb.-menn teljum rétt og skynsamlegt í sambandi við slíkan rekstur. Samningurinn um álverið í Straumsvík og síðan járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga er lýsandi dæmi um þetta, hversu dýrkeypt það er fyrir litla þjóð að ætla sér að ráðast í slík stórvirki, og það í samstarfi við erlenda aðila, án þess að vera nánast læsir á frumatriði þess sem við á að éta í slíkum rekstri til þess að átta sig á hvað er á ferðinni og hvað menn eru að gera.

Það gildir vissulega einu um það hvort þarna eru útlendingar einir á ferð eins og í álverinu í Straumsvík, en þeir hirða nú í formi tæknigjalds og sölugjalds 3.7% af veltu fyrirtækisins áður en skattar koma til útreiknings, skattar sem litlir hafa verið vegna þess að fyrirtækið hefur komið arði sínum undan með aðferðum sem nú eru þekktar því að þó við eigum meirihlutann í járnblendiverksmiðjunni er svona gengið frá hnútunum sem snerta mjög þýðingarmikla þætti í rekstri og rekstrarforsendum fyrirtækisins. Þannig nægir meirihlutaeignaraðildin ein ekki til þess að eðlilega sé staðið að málum.

Alþb. greiddi sem kunnugt er atkvæði gegn því að ráðist yrði í járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga vegna þess að það mat aðstæður svo og forsendur þessa fyrirtækis að ekki væri í það leggjandi, ekki væri á það hættandi að fara út í það fyrirtæki. Það hefur sannast á þeim árum sem liðin eru síðan að mat Alþb. að þessu leyti var rétt. Þeir flokkar sem báru ábyrgð á þessum samningi á sinni tíð og að honum stóðu koma nú með þennan samning hér útfærðan og óska eftir samþykki á honum — samningi sem endurspeglar í rauninni þær staðreyndir sem fyrir liggja varðandi reynsluna af rekstri fyrirtækisins til þessa.

En þó að þetta hafi verið viðhorf Alþb. á sínum tíma varðandi samninginn um járnblendiverksmiðjuna og ákvarðanir þar að lútandi hefur flokkurinn að sjálfsögðu viljað horfa raunsætt á þær staðreyndir sem fyrir liggja, uppbyggingu þessa fyrirtækis og starfrækslu og atvinnulega þýðingu þess og vegið og metið í sambandi við ákvarðanir sem við höfum komið að, m. a. í tíð tveggja ríkisstj., hvort skynsamlegt væri fyrir íslenskan þjóðarbúskap og fyrirtækið sem slíkt að stöðva rekstur þess tímabundið eða til lengri tíma eða reyna að halda því á floti og stuðla að því að bæta rekstrarskilyrði fyrirtækisins. Þetta hefur verið metið oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á undanförnum fimm árum, og ég hef hér mælt fyrir frv. um fjárhagslega björgunarstarfsemi fyrir fyrirtækið vegna þess að niðurstaðan hefur verið sú, að það væri þjóðhagslega óskynsamlegt og í rauninni lakara dæmi að fara að stöðva rekstur þess og gera það upp sem gjaldþrota fyrirtæki, þó að það gæti út af fyrir sig hafa verið aðferð til þess að komast út úr því samstarfi sem samið var um á sínum tíma, gat verið álitaefni að því leyti og ríkið leitaðist svo við að halda rekstrinum áfram eitt sér eða í samvinnu við aðra sem tekið yrði upp samstarf við.

Þetta sé ég ástæðu til að rifja upp hér og nú þegar fyrir liggur tillaga um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins, og ég vil taka það fram að ég tel, þrátt fyrir mikla ágalla á niðurstöðu samninga um þessi atriði, að það sé réttmætt eða til bóta að gera þær ráðstafanir sem frv. þetta felur í sér. Það þýðir ekki að við teljum ekki gagnrýnisvert, Alþb.-menn, eins og raunar hefur komið fram við afgreiðslu málsins í Ed., gagnrýnisvert hvernig á einstökum þáttum máls hefur verið haldið við undirbúning þessara samninga.

Hæstv. ráðh. rakti það í sínu máli hvernig þetta mál var upp tekið haustið 1982 og ég þarf ekki að fjölyrða um það. Ég minni á að þegar Elkem leitaði eftir því við iðnrn. að viðræður yrðu hafnar við japanskan aðila með það fyrir augum að hann keypti hluta af Elkem í fyrirtækinu var við því brugðist með þeim hætti sem fram kemur í bréfi rn. frá 1. nóv. 1982, skilyrt að íslenska ríkið héldi meiri hluta og jafnframt að í tengslum við athuganir á sölu hlutafjár og markaðstryggingu eða sölu afurða á Japansmarkað yrðu teknar til athugunar æskilegar og nauðsynlegar breytingar á gildandi samningum, m. a. varðandi sölu, orkukaup og tæknisamvinnu.

Um þessi mál var fjallað nokkuð veturinn 1982—1983 og rétt fyrir stjórnarskipti vorið 1983, fyrir tæpu ári, fékk ég frá þeim, sem höfðu átt fundi með aðilum, skýrslu um stöðu málsins, dags. 25. maí, og að henni stóðu þeir sem höfðu farið með samningaviðræður fyrir hönd rn., fyrst og fremst ráðuneytisstjóri og Ragnar Árnason, sem ég hygg að hafi samið þessa stöðulýsingu, lýsingu á stöðu samninga, til að það lægi fyrir og til glöggvunar fyrir þann ráðh. sem við tæki. Ég mun ekki lesa þá grg. en tel ástæðu til að rifja hér upp það sem mestu skiptir í henni varðandi hugsanlega þátttöku þriðja aðila í Íslenska járnblendifélaginu, með leyfi forseta:

„Í því skyni að freista þess að ráða bót á rekstrarerfiðleikum Íslenska járnblendifélagsins til frambúðar hófu eignaraðilarnir, íslenska ríkið og Elkem a/s, viðræður við Sumitomo Corporation í lok árs 1982 um hugsan-

lega þátttöku síðarnefnda aðilans í rekstri Íslenska járnblendifélagsins. Elkem a/s átti frumkvæðið að þessum viðræðum. Elkem átti þá og á raunar enn í miklum fjárhagserfiðleikum og hefur hug á að selja Sumitomo hluta af hlutafé sínu í Íslenska járnblendifélaginu, allt að 25% af 45% eign Elkem, með þeim skilyrðum að söluandvirði renni til fjárstuðnings við Íslenska járnblendifélagið og gegn því að Sumitomo taki við verulegum hluta af framleiðslugetu Íslenska járnblendifélagsins á viðunandi verði. Þrír viðræðufundir þessara þriggja aðila hafa nú verið haldnir og er sá fjórði áætlaður á Íslandi í fjórðu viku júní n. k. Einnig hafa verið haldnir allmargir samráðsfundir íslenska eignaraðilans og Elkem. Í viðræðum þessum hefur íslenski aðilinn lagt áherslu á eftirfarandi:

1. Ísland getur fallist á eignaraðild Sumitomo að Íslenska járnblendifélaginu ef vissum skilyrðum, til þess föllnum að tryggja hagsmuni Íslands og Íslenska járnblendifélagsins, er fullnægt.
2. Helstu atriði af þessu tagi eru:
1. Ísland haldi meirihlutaeign sinni í Íslenska járnblendifélaginu.
2. Elkem verði áfram næststærsti eignaraðilinn að Íslenska járnblendifélaginu.
3. Sumitomo kaupi fast lágmarksmagn af framleiðslu Íslenska járnblendifélagsins, t. d. 15—20 þús. tonn árlega, á verði sem nemi framleiðslukostnaði að viðbættum eðlilegum hagnaði.
4. Full nýting afkastagetu Íslenska járnblendifélagsins verði tryggð.
5. Samningar Íslenska járnblendifélagsins og Elkem varðandi tækniþóknun og söluþóknun verði endurskoðaðir. Óskað er eftir því að tækniþóknun lækki úr 3% í 0.5% og söluþóknun lækki eða falli niður.
6. Rafmagnssamningur Íslenska járnblendifélagsins og Landsvirkjunar verði endurskoðaður með eftirfarandi fyrir augum:
   a. Forgangsorkuverð hækki í 17.5 mill.
   b. Orkuverðið verði verðtryggt.
   c. Orkuverðið verði ákveðið í SDR (Special Drawing Rights mun það heita á ensku).
   d. Hlutfalli forgangs- og afgangsorku verði hugsanlega breytt.
7. Íslenska járnblendifélagið taki virkan þátt í markaðsfærslu afurða sinna."

Síðan segir:

„Viðræðurnar hafa leitt í ljós að möguleikar virðast á samkomulagi við Sumitomo sem orðið getur Íslenska járnblendifélaginu og íslenska eignaraðilanum mikil hagsbót. Til þess að slíkt samkomulag nái fram að ganga virðist þó nánast nauðsynlegt að fram fari mjög veruleg endurfjármögnun fyrirtækisins í því skyni að auka líkurnar á jákvæðri rekstrarafkomu þess í framtíðinni. Japanski aðilinn gerir þessa endurfjármögnun og arðsemi fyrirtækisins nánast að skilyrði fyrir þátttöku sinni. Á hinn bóginn virðist hann reiðubúinn til að fullnægja óskum Íslands hvað sölusamning snertir. Einnig er þess að geta að hagsmunir hans og Íslands fara saman hvað kröfur gagnvart Elkem varðandi sölumál og tæknigjald snertir. Endurfjármögnun Íslenska járnblendifélagsins þýðir að líkindum verulegar nýjar fjárhagslegar skuldbindingar af Íslands hálfu. Þessar skuldbindingar má skoða sem nýja fjárfestingu og meta arðsemi hennar. Þeir reikningar sem unnir hafa verið benda til þess að endurfjármögnun sem þáttur í langtímasölusamningi við Sumitomo geti verið íslenska eignaraðilanum mjög hagstæð."

Ég læt þessa tilvitnun í stöðuskýrslu nægja, en í henni er einnig gerð grein fyrir því hvernig skynsamlegt væri að standa að endurfjármögnun, og ýmsir fleiri hlutir, m. a. varðandi það þýðingarmikla atriði að skattinneign eða tapreikningur Íslenska járnblendifélagsins, eins og hann var í árslok 1983, verði felldur niður og segir þar: „Þetta er nánast skilyrði fyrir hagkvæmni endurfjármögnunarinnar frá sjónarmiði Íslands." Það verður ljóst þegar þess er getið að þessi tapreikningur er nú hvorki meira né minna en upp á um 1200 millj. kr., að ég hygg uppfærður, þannig að hugsanlegar auknar skatttekjur, miðað við að þessi tapreikningur yrði sléttaður út og byrjað á núlli, gætu numið allt að 600 millj. kr. á starfrækslutíma verksmiðjunnar umfram það sem ella yrði. Hér er því um afar þýðingarmikið atriði að ræða, en þetta atriði eins og mjög mörg önnur hefur ekki náðst fram í sambandi við þessa samninga.

Nú er það svo að stjórnarandstaðan, þar á meðal Alþb., hafði enga möguleika til þess að fylgjast með þessum samningum. Það var sett í það sérstök nefnd og hún vann sitt verk í þyrrþey mikilli og engar upplýsingar sem komu til þings eða stjórnarandstöðu um gang mála, þannig að við stöndum hér frammi fyrir gerðum hlut að þessu leyti. Ég vil að sjálfsögðu ekki fullyrða í einstökum atriðum um möguleika manna til að ná fram þeim þáttum sem mestu hefðu skipt og áhersla var lögð á þann tíma sem ég kom nærri þessu máli, m. a. í sambandi við raforkusamning, tæknigjald og söluþóknun og þennan tapreikning. En afskipti þeirra aðila sem um þetta hafa vélt, sem eru hinir sömu og hafa staðið í samningum af hálfu Íslands við Alusuisse vegna Íslenska álfélagsins hf., reynslan af því bendir ekki til þess að það sé haldið á málum af þeirri festu og sækni sem nauðsynlegt er fyrir Ísland í sambandi við sína hagsmunagæslu og sókn til þess að knýja fram sína hagsmuni og ná því sem frekast er unnt í slíkum efnum. En eins og ég tek fram hef ég ekki aðstöðu til að leggja mat á einstök skref eða málafylgju samninganefndarinnar vegna þess að ekkert liggur fyrir um það opinberlega hvernig á málunum var haldið af hálfu nefndarinnar í einstökum atriðum á einstökum stigum mála. En ég bendi á að varðandi raforkusamninginn hefur lítið náðst, lítið fengist umfram þessa von í arði af rekstri fyrirtækisins sem skipt yrði milli raforkusala, Landsvirkjunar og félagsins eftir ákveðnum reglum. Vissulega er það betra en ekkert, en það er lítill ávinningur. Menn spyrja: Hvað um það að vera að krefjast hærra raforkuverðs fyrir fyrirtæki sem þarf að rétta við með fjárhagslegum aðgerðum? Ég bendi á að þarna er minnihlutaaðili með 45% eignaraðild, sem þyrfti að standa undir sínum hluta af raforkukostnaði, og það er ekkert áhorfsmál fyrir íslenska ríkið og raforkufyrirtæki eins og Landsvirkjun að knýja á um hækkun raforkuverðsins, jafnvel þó að við þurfum að leggja til með því með einhverjum hætti um tíma, vegna þess að þarna eru aðrir aðilar sem mundu leggja í það púkk. Sama gildir um tæknisamninginn. Það þykir mér nú reyndar afleitast við þennan samning, ásamt þessu með tapreikninginn og skattlagningarmöguleika fyrirtækisins í framtíðinni, að þetta tæknigjald skuli standa óbreytt, 3% af veltu fyrirtækisins á samningstímanum — þessi ný-

lenduskattur, sem ég verð að kalla svo, sem við erum að borga til samstarfsaðila okkar fyrir nánast ekki neitt. Það hefur verið talað um að það eigi að auka eitthvað ráðgjafarþjónustu eða þróunarstarfsemi. Ég tel að það sé nánast yfirklór sem þar er á ferðinni. Og sama gildir um söluþóknunina sem helst þarna óbreytt og þeir skipta í bróðerni með sér, Sumitomo og Elkem, í sambandi við söluna hvor á sínum stað. Þá vil ég benda á að ekki er tryggð sala af þessum aðilum, sem hafa tekið að sér að selja afurðir verksmiðjunnar, á allri framleiðslu hennar miðað við full afköst. Með samningnum er aðeins tryggð sala á 50 þús. tonnum, en fyrir liggur að verksmiðjan getur afkastað a. m. k. 54—56 þús. tonnum, jafnvel meira, og það er þetta magn umfram 50 þús. tonn sem getur alveg skipt sköpum um afkomu verksmiðjunnar og að hún gefi arð. Það hefði vissulega skipt afar miklu að geta tryggt þennan hluta einnig í sambandi við þennan samning. En svo er ekki og því er mjög hætt við því að þegar þrengir á markaði liggi þessi hluti eftir og safnist upp.

Vegna þessara ágalla á samningi þessum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins og nýjan eignaraðila inn í samstarfið tel ég rökrétt af hálfu Alþb. að bregða ekki fæti fyrir framgang málsins, vegna þess að við teljum að þetta sé þó til bóta fyrir fyrirtækið fjárhagslega miðað við hinn kostinn að stöðva rekstur þess, sem hefði getað við blasað. En til þess að undirstrika að við teljum að ekki sé um að ræða þann árangur út úr þessum viðræðum sem efni stóðu til geri ég ráð fyrir að við fylgjum sömu afstöðu í þessari deild og í Ed. að sitja hjá við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Skógrækt, frv. 212. mál (þskj. 775). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um skógrækt nr. 3 6. mars 1955 eins og það er á þskj. 775, en í meðferð Ed. á málinu voru gerðar nokkrar breytingar á frv.

Með samþykkt laga nr. 54 22. nóvember 1907 um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands var af hálfu hins opinbera hafið skipulegt starf að skógræktarmálum. Markmið þess starfs hafa jafnan verið þau hin sömu og lýst var í 1. gr. áðurnefndra laga, en þar sagði:

„Skógrækt skal hefja með því markmiði að friða og bæta skóga þá og skógaleifar sem enn eru hér á landi, rækta nýja skóga og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógs og gróðursetningu."

Að þessu verkefni hafa skógræktarstjóri og Skógrækt ríkisins unnið en hlutur skógræktarfélaga og einstaklinga er einnig stór. Þeir þættir skógræktarstarfsins sem mest áhersla hefur verið lögð á er verndun skógarleifa og ræktun nýrra skóga til að bæta og fegra landið. Reynslan hefur líka sýnt að á ýmsum svæðum landsins má rækta skóg til viðarframleiðslu, horfa menn þar m. a. til þess árangurs sem náðst hefur í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu, en á árinu 1969 veitti Alþingi 500 þús. kr. fjárveitingu til framkvæmda við sérstaka áætlun um skógrækt á bújörðum þar. Skógræktargirðingar skv. Fljótsdalsáætlun taka nú til 12 jarða og ná yfir um 450 hektara. Fyrst var plantað þarna 1970 og hafa hæstu lerkitrén þegar náð 5 metra hæð.

Mikill og vaxandi áhugi er nú fyrir því meðal forvígismanna skógræktarmála að hafist verði handa um enn frekari skógrækt í þeim tilgangi að koma upp nytjaskógum á bújörðum og leggja þannig grunninn að nýrri búgrein hér á landi. Er fyrirhugað að unnið verði að slíkri ræktun með skipulegum hætti á grundvelli sérstakra áætlana um nytjaskóga.

Með ræktun nytjaskóga er verið að leggja í sjóð fyrir framtíðina. Slík fjárfesting fer oftast ekki að skila tekjum fyrr en eftir 25 til 30 ár og er því talið nauðsynlegt og eðlilegt að hið opinbera stuðli að því að þessi nýja búgrein geti orðið að raunveruleika hér á landi. Því er þetta frv. flutt. Með frv. er lagt til að inn í skógræktarlögin komi nýr kafli, 4. kafli, undir fyrirsögninni Um ræktun nytjaskóga á bújörðum og eru meginatriði frv. þessi:

1. Ríkissjóður styrki ræktun nytjaskóga á bújörðum í þeim héröðum landsins þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni.

2. Styrkur ríkissjóðs má nema allt að 80% stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins.

3. Sett eru ýmis skilyrði fyrir styrkveitingunni, svo sem að gerð hafi verið skógræktaráætlun fyrir viðkomandi svæði og fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda um skógræktarlandið og framkvæmdir.

4. Þá eru settar reglur um meðferð skógræktarlandsins, aðilar skipta réttindum yfir því, og umráð Skógræktar ríkisins, sé út af brugðið. Er þessum ákvæðum ætlað að tryggja að framlög ríkisins til ræktunar nytjaskóga nýtist til þessa verkefnis. Ræktun nytjaskóga tekur langan tíma og því er nauðsynlegt að frá upphafi séu til staðar skýrar og ótvíræðar reglur um það land sem ráðstafað hefur verið til slíkrar skógræktar.

5. Skv. frv. skal nefnd heimamanna vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar en yfirumsjón með ræktun nytjaskóga verður í höndum Skógræktar ríkisins. Tekið er fram að Alþingi skuli árlega skipta því fé sem veitt er til ræktunar nytjaskóga milli hinna einstöku skógræktaráætlana.

Eins og áður sagði er frv. þessu ætlað að vera grundvöllur nýrrar búgreinar hér á landi. En þessi búgrein verður ekki stunduð hvar sem er á landinu og náttúrleg skilyrði til skógræktar á Íslandi eru mjög misjöfn eftir landshlutum svo og svæðum innan landshluta. Skv. frv. eru það skilyrði styrkveitinga að skógræktarskilyrði séu vænleg í viðkomandi héraði og verður við gerð skógræktaráætlana að leggja mat á þetta atriði. Í grg. frv. eru nefnd fimm svæði sem vænlegust þykja til skógræktar með viðarframleiðslu að markmiði en önnur svæði kunna þar einnig að koma til greina. Gerð sérstakra skógræktaráætlana skv. frv. á að tryggja að framlög til ræktunar nytjaskóga verði veitt til þeirra staða þar sem árangur af skógræktinni er næsta viss hvað varðar náttúrleg skilyrði og veðurfar.

Erlendis hefur víða verið farin sú leið á þeim stöðum þar sem skilyrði til skógræktar eru ápekk því sem hér gerist að hið opinbera hefur með sérstökum framlögum styrkt menn til að koma upp skógi. Horfa menn þá ekki

síst til þeirra jákvæðu áhrifa sem skógræktin hefur á umhverfi sitt og þess að langur tími mun líða þar til skógræktin fer að skila viðkomandi skógareiganda tekjum. Í flestum tilvikum er ræktandinn að leggja í sjóð fyrir komandi kynslóðir. Hann friðar land sitt og leggur í kostnað við skógræktina og umhirðu skógarins.

Í þessu frv. er lagt til að ríkið veiti sérstök framlög er geti numið allt að 80% af stofnkostnaði við ræktun nytjaskóga. Frá Norður-Noregi og Norður-Svíþjóð höfum við dæmi um að slík framlög nemi allt að 90%. Eins og fram kemur í fskj. 1 með frv. er kostnaður við að koma upp nytjaskógi umtalsverður. Þar eru plöntukaup stærsti kostnaðarliðurinn eða rúm 50% af stofnkostnaði.

Sú viðmiðun frv. að framlag ríkisins geti numið allt að 80% af stofnkostnaði er við það miðaður að ræktendur þurfi ekki sjálfir að leggja fram verulegt eigið fé í upphafi heldur geti þeir með eigin vinnuframlagi að mestu greitt sinn hlut. Mikilvægt er líka að bændur og fólkið í sveitum vinni að þessu skógræktarstarfi undir handleiðslu kunnáttumanna og þekking á þessari nýju búgrein breiðist út í sveitunum og verði grundvöllur aukinna atvinnutækifæra þar. En ræktandinn verður sjálfur að annast viðhald og hirðingu skógarins og girðinga eftir að plöntun er lokið og bera kostnað af því.

Þá er rétt að undirstrika að frv. gerir ekki ráð fyrir sjálfvirkum framlögum ríkisins til nytjaskóga heldur þarf Alþingi hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga að ákveða hversu miklu fé verði varið til þessa málaflokks.

Ég rek hér ekki efni einstakra ákvæða frv. en vil þó vekja sérstaka athygli á þeim ákvæðum þess sem lúta að meðferð á því landi sem ráðstafað hefur verið til ræktunar nytjaskóga. Í sumum tilvikum eru þetta ströng ákvæði og leggja kvaðir á skógræktarlandið og eiganda þess. Slíkt er hins vegar nauðsynlegt með tilliti til þess langa tíma sem ræktun nytjaskóga tekur og framlag samfélagsins sem heildar við upphaf ræktunar.

Þá er í frv. lagt til að 20. gr. skógræktarlaganna frá 1955 verði felld niður, en skv. henni er heimilt að styrkja ræktun barrskóga á jörðum og jarðarskikum þó tilgangur þeirrar ræktunar sé ekki eingöngu til beinna fjárhagslegra nytja. Er talið eðlilegra að fella þessa heimild niður samhliða upptöku ákvæða um ræktun nytjaskóga. Einnig er lagt til að 23. gr. skógræktarlaganna verði breytt í þá veru að orða greinina sem heimild miðað við það fé sem veitt er til þessa verkefnis á fjárlögum hverju sinni.

Fyrir nokkrum árum var hafist handa við að endurskoða skógræktarlögin frá 1953 í heild, en nefnd sú sem unnið hefur að því verkefni hefur ekki lokið störfum. Ég taldi hins vegar ekki rétt að láta lagasetningu um ræktun nytjaskóga á bújörðum bíða eftir endurskoðun skógræktarlaganna í heild.

Ég nefndi hér fyrr að áhugi bænda og Skógræktarinnar á því að hefjast handa um ræktun nytjaskóga er mikill. Þannig hafa 40 bændur í Eyjafirði lýst sig reiðubúna til að hefja slíka skógrækt á 900 hektörum lands. Hópur bænda í Árnessýslu er einnig tilbúinn að hefjast handa og í Suður-Þingeyjarsýslu og Borgarfirði hefur verið unnið að könnun og möguleikum ræktunar nytjaskóga. Á öllum þessum stöðum hafa búnaðarsamböndin og skógræktarfélögin unnið að málinu í samráði við Skógrækt ríkisins. Alþingi hefur líka stigið fyrsta skrefið í framgangi þessa máls með 500 þús. kr. framlagi til ræktunar nytjaskóga við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1984.

Málið fékk ítarlega athugun í hv. landbn. Ed. þar sem gerðar voru nokkrar breytingar á frv. í samræmi við umsagnir sem bárust. Þess vegna vænti ég að hv. Nd. sjái sér fært að afgreiða frv. nú fyrir þinglok. Því legg ég til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. 269. mál (þskj. 515, n. 792, 822, 828). — 2. umr.

Afbrigði fyrir skrifl. og of seint fram komnum brtt. samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Pálsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um erfðafjárskatt, 269. mál, þskj. 515. Nefndin hefur rætt málið og fengið umsögn frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun að því er varðar áhrif á tekjur ríkissjóðs. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Það hefur komið fram að ákvæði 2. mgr. 15. gr. laganna um töku dráttarvaxta þykir ekki nógu skýrt til þess að örugglega megi á því byggja og því hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 828 sem miðar að því að bæta hér úr þannig að dráttarvaxtataka verði heimil með óyggjandi hætti.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það frv. sem hér er til umr. Ég á sæti í félmn. sem hefur fjallað um þetta frv. og stend að því nál. sem hér hefur verið lýst sem mælir með samþykkt þessa frv. Ég kemst þó ekki hjá að gera eina athugasemd. Hún er sú að félmn. hefur fengið umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um þetta mál. Þar kemur fram orðrétt um hin nýju frumvarpsdrög í umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, með leyfi forseta:

„Hin nýju frumvarpsdrög munu leiða til þess að innheimtur erfðafjárskattur mun lækka um u. þ. b. 30%. Tekjutap ríkissjóðs á árinu 1984 miðað við heilt ár hefði numið 12—15 millj. kr.“

Eins og hv. þdm. vita hefur Erfðafjársjóður haft tekjur af erfðafjárskatti og með nýjum lögum um málefni fatlaðra hefur Framkvæmdasjóður fatlaðra nú tekjur úr Erfðafjársjóði. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að á undanförnum árum hafa framlög í Erfðafjársjóð af tekjuskatti verið verulega skert. Í yfirliti frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun kemur fram yfirlit um tekjur af erfðafjárskatti s. l. 10 ár og framlög ríkissjóðs í Erfðafjársjóð. Þar kemur fram að á árunum 1974—1979 voru framlög í Erfðafjársjóð ekki skert en frá árinu 1980 hafa þau verið mjög mikið skert. Svo dæmi sé tekið af þremur síðustu árum voru tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1982 rúmar 28 millj. kr. en framlög í Erfðafjársjóð ekki nema tæpar 13 millj. Á árinu 1983 voru tekjur af erfðafjárskatti um 37 millj. en

aðeins um 16 millj. gengu í Erfðafjársjóð. Nú við síðustu fjárlagaafgreiðslu var áætlað að tekjur af erfðafjárskatti yrðu á þessu ári um 40 millj. en einungis að um 19.4 millj. rynnu í Erfðafjársjóð.

Það þarf því engan að undra þó að maður hafi áhyggjur af því að það tekjutap sem ríkissjóður verður fyrir með samþykkt þessa frv. verði notað sem tilefni til þess að framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra sæti skerðingu sem þessu nemur. Þetta eru auðvitað bara spár sem ég er hér að setja fram og ekki er hægt að fullyrða um, en miðað við reynslu undangenginna ára þarf engan að undra þó að slíkur ótti komi fram.

Við síðustu fjárlagaafgreiðslu varð t. d. veruleg skerðing á framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra og held ég að ég megi fullyrða að enginn sjóður hafi við síðustu fjárlagaafgreiðslu þurft að sæta eins mikilli skerðingu og Framkvæmdasjóður fatlaðra. Framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra voru skert um 56%, áttu skv. lögum að vera um 91 millj., en á fjárlögum urðu þau ekki nema um 40 millj. Og eins og kom fram hjá mér áðan voru framlög úr Erfðafjársjóði skert um 52%.

Ég tel því nauðsynlegt, herra forseti, að flytja brtt. sem kemur fram á þskj. 822 og ég flyt ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni. Ég tel að með samþykkt þessa ákvæðis kæmi fram vilji Alþingis í þá veru að þrátt fyrir það að tekjur af erfðafjárskatti muni minnka með samþykkt þessa frv. muni það ekki leiða til lækkunar á framlögum í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta, þ. e. að á eftir 25. gr. bætist við svofellt ákvæði til bráðabirgða:

„Lækki tekjur af erfðafjárskatti skv. ákvæðum laga þessara skal sú lækkun ekki leiða til skerðingar á tekjum Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sbr. 35. gr. laga nr. 41/1983."

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 828 samþ. með 22 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
16.—25. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 822 felld með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, HG, JS, BjG, KP, EK, NL.
nei: GGS, HÁ, MÁM, ÓE, PP, GHG, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, AS, EH, FÞ, FrS, IG.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
15 þm. (GA, GHelg, HBl, KJóh, KH, KSK, MB, PJ, SJS, SvG, ÞS, BÍG, GeirH, GSig, GE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 85. fundur.

Fimmtudaginn 10. maí, að loknum 84. fundi.

Erfðafjárskattur, frv. 269. mál (þskj. 833 (sbr. 515)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Hv. þd. hefur nú fellt þá brtt. sem ég flutti við þetta frv. sem ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lækki tekjur af erfðafjárskatti skv. ákvæðum frv., þá skuli sú lækkun ekki leiða til skerðingar á tekjum Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Var vísað þar í 35. gr. laga um Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Ég sagði við 2. umr. um þetta mál að ég óttaðist að þetta frv. hefði þær afleiðingar að tekjurnar mundu lækka í Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ég sé að sá ótti minn hefur ekki verið ástæðulaus þar sem þd. sá ástæðu til þess að fella þessa brtt. Því sé ég ástæðu til þess, herra forseti, áður en málið er afgreitt úr deildinni að spyrja hæstv. félmrh. hver sé afstaða hans til þessa máls, hvort hann telji að ef tekjur af erfðafjárskatti lækka með samþykkt þessa frv. gefi það þá tilefni til þess að lækka þær tekjur sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur haft af erfðafjárskatti og sem runnið hafa í Erfðafjársjóð.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Því miður var það þannig að þegar ég flutti framsögu fyrir þessu frv. á sínum tíma voru ekki viðstaddir í þingsalnum nema tveir hv. þm. þannig að það hefur greinilega farið fram hjá mönnum hvaða orð ég lét falla í sambandi við þessa breytingu sem hér er verið að gera á lögum um erfðafjárskatt. Ég lýsti greinilega í framsögu áliti fjárlaga- og hagsýslustofnunar á því hvað frv. hefði í för með sér. Þar kom fram að reikna mætti með að tekjur af erfðafjárskatti rýrnuðu um 10—11 millj. kr. miðað við þær líkur sem þá voru fram settar þó að það þyrfti ekki að vera svo há upphæð.

En ég tók því fram í sambandi við breytingu á þessum lögum að miðað við meðferð þessara mála á undanförnum árum þar sem Erfðafjársjóður hefur fengið sömu meðferð og aðrir opinberir sjóðir í meðferð þingsins — í afgreiðslu fjárlaga hafa þessir sjóðir verið skornir niður og eins og kom fram hér hjá hv. 2. landsk. þm. — var framlag til Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á þessu yfirstandandi ári skorið niður í 19 millj. úr 40 millj. tekjum sem ætlað er að erfðafjárskattur skili.

En það sem ég tók fram sérstaklega við framsögu um þetta mál, erfðafjárskatt, var það að ég tel alveg ljóst að breyta þurfi lögum um málefni fatlaðra að því er varðar Framkvæmdasjóðinn þar sem stendur að tekjur hans séu tekjur af Erfðafjársjóði. Það þarf að breyta því þannig að það verði ótvírætt tekið fram að tekjur af erfðafjárskatti renni óskiptar í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er hin raunverulega leiðrétting sem þarf að gera. En að setja þetta fram eins og í þessari brtt. sem felld var áðan er algjört vindhögg vegna þess að það hefur ekkert gildi. Ég þarf raunar ekki að endurtaka það sem ég sagði við framsögu málsins. Ég lýsti því yfir hvað ég hefði í huga í sambandi við þetta mál til þess að tryggja auknar tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það er engin ástæða til þess að ætla hv. þm. það að þrátt fyrir þessa lagabreytingu fari þeir sérstaklega að leggjast á framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það er algjör útúrsnúningur.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég held að það sé ekki rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að

þessi brtt. sem flutt var við 2. umr. hafi verið vindhögg. Hér hefur komið fram yfirlýsing frá hæstv. ráðh. um að tekjur af Erfðafjársjóði eigi að renna óskiptar í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er nýlunda, a. m. k. miðað við fjögur undangengin ár, því að hann hefur ávallt verið skertur. Ég treysti því að þessi yfirlýsing ráðh. verði til þess að hann muni beita sér fyrir því við næstu fjárlagaafgreiðslu að tekjur af erfðafjárskatti renni óskiptar í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221). — Frh. 1. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.): Herra forseti. Ég hafði vikið að því nokkrum orðum í minni ræðu hvað það er orðið áberandi að fréttamenn og starfsmenn fjölmiðla eru farnir að líta á Alþingi sem löggjafarstofnun á þann hátt einan að það eigi að afgreiða mál án þess að skoða þau, frv. eigi að vinnast úti í bæ, það eigi að flytja þau hér á þinginu og svo eigi þau að fara sem hraðast í gegnum þingið. Þessi kenning, sem virðist tröllríða íslensku þjóðfélagi í dag, gerir það að verkum að þær síur, sem eru í þinginu og er ætlað það hlutverk að vinna að því að mál fái þar eðlilega meðferð, þ. e. nefndirnar, verða stöðugt veikari og veikari í allri málsmeðferð. Það má segja sem svo, að það er að verða algengara að mál séu afgreidd í hliðarsölum, stigaherbergjum og nánast á hlaupum í nefndastörfum í staðinn fyrir að menn gefi sér tíma til að vinna að þeim með eðlilegum hætti. Ég hygg að þeir sem stóðu að samningu þessa frv. hafi einnig gleymt því, að þó að Alþingi eigi vissulega að fara yfir mál og vinna að framgangi þeirra veltur á miklu að þau séu vel undirbúin.

Það kom fram hér í ræðu minni í upphafi að þau mistök hafa orðið að heill kaupstaður hefur orðið út undan. Nú má vel vera að menn telji að um þetta gildi það sama og ef kaupstaðurinn hefði nú verið inni sem sveitarfélag og það hefði orðið breyting og hann hefði fengið kaupstaðarréttindi. Svo er þó ekki vegna þess að þar með var honum ákveðinn staður innan kjördæmisins og við slíka breytingu fylgir hann að sjálfsögðu kjördæminu. Hér hafa þeir aftur á móti lagt það til að eftir að kaupstaðurinn varð til skuli hann vera hafður fyrir utan. Að sjálfsögðu mun koma fram brtt. á Alþingi um að kaupstaðurinn verði settur inn í Vesturlandskjördæmi. Slík brtt. hefur það aftur á móti í för með sér að verði hún samþykkt hefur verið framkvæmd stjórnarskrárbreyting og það verður að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Verði hún aftur á móti ekki samþykkt hefur Alþingi tekið ákvörðun um að Ólafsvík skuli ekki vera í neinu kjördæmi á Íslandi. Svo einfalt er þetta mál.

Ég vænti þess að forsrh. hugleiði það nú í fullri alvöru hvort ekki væri skynsamlegast miðað við aðstæður að fela þetta mál þeirri stjórnarskrárnefnd sem starfandi er í landinu undir forsæti 1. þm. Vestf. og að sögn vinnur að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hún gæti þá undirbúið þetta mál með eðlilegum hætti, tekið á því aðalatriði nýrrar stjórnarskrár að eigi að veita hinum dreifðu byggðum aukið sjálfsforræði er það hreinn skrípaleikur, miðað við stöðu sveitarfélaga í þessu landi, að tala um að ætla að veita hinum einstöku sveitarfélögum aukið sjálfsforræði. Halda menn að þeir leysi málin með því að veita sveitarfélögum 100, 200, 300, 400 eða 500 manna aukið sjálfsforræði? Það leysir engin mál varðandi þetta. Það sem leysir raunverulega stöðu þessara mála væri það, eins og hefur komið fram fyrr í ræðu minni, ef landinu yrði skipt upp í nægilega stór svæði til að þau gætu staðið að eðlilegri sjálfsstjórn. Og það hlýtur að vera réttlætismál, á sama tíma og mesta þéttbýli þjóðarinnar sækir það svo fast að fá meirihlutavald hér á Alþingi Íslendinga, að þannig verði að málum staðið að hinar dreifðu byggðir fái það sjálfstæði sem þeim er vissulega nauðsyn á að fá til þess að þar eflist byggð.

Ég hef spurt að því áður og spyr að því enn hvort mönnum liggi virkilega svo mikið á að afgreiða þessi mál, hvort þau loforð sem gefin voru á sínum tíma í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens að afgreiða bæri stjórnarskrána í heild séu það miklu ómerkari en þau sem gefin hafa verið síðar að ekki sé eðlilegt að við þau verði staðið. Það liggur ljóst fyrir að af hálfu Framsfl. gaf sami maðurinn þau loforð í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens og gaf þau loforð að standa bæri við samkomulag fjórmenninganna. Spurningin er aðeins: Hvorn eiðinn ætla menn að svíkja í þessu sambandi? Ætla menn að standa að hinni upprunalegu tillögu að endurskoða beri stjórnarskrána í heild eða ætla menn að halda áfram með það skrípaverk sem hér hefur verið sett á svið að tölvusérfræðingar hafa verið látnir útdeila þingsætum á milli flokka eftir ýmsum aðferðum, þannig að þm. eru almennt komnir með stóran bunka af upplýsingum um hver væri inni og hver væri úti eftir hinum ýmsu reikniaðferðum, með þröskuldum, með afgangi, með tilfærslum, með hlaupamanni og ýmsum fleiri útlistunum?

Hitt verður svo dálítið erfitt til útskýringar, ef menn ætla virkilega að hafa tvenns konar leikreglur á því í framtíðinni hvernig beri að telja atkv. í kosningum. Í sveitarstjórnum á að fara eftir d'Hondt-reglu, í alþingiskosningum eftir þeirri kenningu að afgangsreglan eða meðaltalsreglan sé hin eina rétta. Og ég gæti trúað því að það mundi um síðir vefjast fyrir mönnum að útskýra hverjar séu forsendur fyrir því að það hafi verið hægt allt frá 1904 að nota d'Hondt-regluna, hinn eðlilega hlutfallareikning sem kenndur hefur verið í skólum þessa lands allan þennan tíma, til að leysa þetta mál jafnt í sveitarstjórnum, til Alþingis, til stjórna í félögum, en allt í einu sé reiknireglan orðin röng og það þurfi að taka upp aðra reglu sem gildi aðeins þegar alþingiskosningar eigi sér stað. Mér finnst að rökræn hugsun hafi verið látin víkja, en menn hafi sest við spilaborð, fjórir menn stokkað spilin og sagt: Við viljum tryggja ákveðið öryggi í því hvernig að þessu skuli staðið og við viljum helst fá að sjá spilin áður en við endanlega gefum.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Svo lengi má brýna deigt járn að bíti. Ég hafði ekki hugsað mér að leggja orð í belg um þetta frv. til stjórnarskipunarlaga vegna þess að ég veit að það hefði litlu breytt. Þar er allt njörvað niður eftir samkomulagi fjögurra formanna fjögurra flokka. Þess vegna má segja að það skiptir engu máli

hvað ég segi um þetta mál og allt mitt tal verður eins og að stökkva vatni á gæs.

Hins vegar verð ég að segja það að ég kemst ekki hjá því að mótmæla málflutningi og röksemdum tveggja þm. Vestfirðinga, sem hér hafa talað áður í þessu máli, þó að ég viti að þeim verður ekki haggað. Þeir eru eins og sjávardrangar sem úthafið dugar ekki til þess að hola. En ég vil vegna sjálfs mín, til þess að hella örlítið úr skálum reiði minnar, segja hér örfá orð.

Það er öllum ljóst að hér er verið að standa að breytingu á stjórnarskipunarlögum, eins og það heitir, og hér er eingöngu um tvær breytingar að ræða, annars vegar að færa kosningarréttinn niður í 18 ár og hins vegar að taka upp nýja úthlutun þingsæta eftir kjördæmum. Ekki er þarna myndarlega að staðið hjá hinu háa Alþingi. Það hafa setið stjórnarskrárnefndir svo lengi sem elstu menn muna og eftir allt þetta japl, jaml og fuður standa menn uppi nánast tómhentir og meira en það. Þegar loks kemur fram þetta frv. til stjórnarskipunarlaga, sem á að heita til aukins jafnréttis, er það fyrst og fremst staðfesting á misréttinu. Svo merkilegt er það.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um hvað þjóðin er búin að bíða lengi eftir lagfæringu á ýmsum vanköntum í stjórnarskránni, eins og meðferð á brbl., sem hafa löngum verið hneisa á hinu háa Alþingi, deildaskiptingunni o. s. frv., sem ég ætla ekki að fara nánar út í, en ég ætla að tala örlítið um þá breytingu á úthlutun þingsæta eftir kjördæmum sem á að vera réttlætis- og jafnaðarmál.

Lausnin er sú að fjölga þm. þó að allir viti að þjóðin er á móti fjölgun þm. Það skiptir ekki svo ýkjamiklu máli í þessari samkundu. Það er samið um það sem þjóðin er á móti. Hitt er þó kannske merkilegra, að enn er staðið þannig að málum að tryggt er að 40% af þjóðinni eiga að ráða yfir 60% af þjóðinni á þessari samkundu. Það er m. ö. o. blandað málum. Enn blasir við þröngsýni manna sem jafna má við myrkur miðalda. Við þekkjum það í sögu mannkynsins að ákveðnar stéttir fóru með atkvæðisrétt, klerkavald og aðall. Það kostaði stjórnarbyltingu að færa kosningarréttinn til almúgans. Við þekkjum að hér á landi var það bundið við þingfararkaupsbændur hverjir fengu að kjósa hér á síðustu öld og það tók langan tíma að koma því áleiðis að allir fengju að kjósa. Við þekkjum hvernig þetta er víða í öðrum löndum. Mönnum er mismunað eftir kynjum. Konur eru sums staðar án þessara réttinda. Litarháttur bannar mönnum réttindi og trúarbrögð. En hér er það búseta sem á að gera aðra menn réttindameiri öðrum. M. ö. o.: þessir búsetumenn, sem boða þá túlkun, gera ráð fyrir að manngildi og mannréttindi fari eftir því hvort menn búa á Raufarhöfn, á Ísafirði eða í Reykjavík. Þar er þetta dæmalausa miðaldamyrkur.

Og hver skyldi nú vera röksemdin fyrir svona skoðunum? Þær sýna hvað mönnum er röksemda vant. Þeir segja sem svo: Af því að það er svo dýrt að kynda hús á Vestfjörðum er eðlilegt að Vestfirðingar hafi meira atkvæðavægi en þeir sem búa hér í þéttbýlinu. Af því að lífskjörin eru lakari á Vestfjörðum eða Austfjörðum er rétt að hafa af Reykvíkingum og Reyknesingum sjálfsögðustu mannréttindi. Af því að stjórnsýslustofnanir eru hér í Reykjavík á að bæta mönnum úti á landi með því að auka vægi atkvæða þeirra. Nú er það svo að engin stjórnsýslustofnun vill fara úr Reykjavík. Ég minni á að Skógrækt ríkisins átti einu sinni að flytja til Austfjarða, en úr því varð ekki þegar til kastanna kom og er hún enn hérna og hefur skrifstofur sínar á Ránargötu, ef ég man rétt. Sannleikurinn er sá að það mundi heyrast hljóð í Ísfirðingum ef við ætluðum að flytja samgrn. til Hafnar í Hornafirði og það mundi heyrast hljóð í Héraðsbúum fyrir austan ef við ætluðum að flytja landbrn. til Ísafjarðar. M. ö. o.: Reykvíkingar geta engu ráðið um það og það er ekkert samkomulag um það hjá dreifbýlismönnum hvað á að flytja og hvert á að flytja. Allt tal um flutninga á stjórnsýslustofnunum héðan er bara orðagjálfur af því að það er óframkvæmanlegt. En þar fyrir geta menn ályktað sem svo: Af því að þið hafið stjórnsýslustofnanir hér, Reykvíkingar góðir, er rétt að þrír Reykvíkingar eða fjórir séu jafngildir einum Vestfirðingi. Þetta eru röksemdirnar sem boðið er upp á. — Ég heyrði meira að segja að einangrunin í hinum dreifðu byggðum ætti að valda því að menn hefðu meira atkvæðavægi úti á landsbyggðinni.

Af því að Sverrir Hermannsson er að fara héðan úr þingsalnum með töskuna sína ætla ég að segja eitt orð við hann áður til að sýna honum fram á hvernig lýðræðið er í framkvæmd í kosningalögum og hefur verið. Hann skilaði sér inn á þing á Austfjörðum með þingmann á frakkalafinu á álíka mörgum atkvæðum og þriðji maður Alþfl. hlaut hér í Reykjavík og er sá utan þings. Þannig er framkvæmdin í þessum málum og þetta er réttlætið sem hér er haldið uppi og boðað í þingsölum.

Nú er það allt annað mál, að það undrast enginn að það fólk sem býr í dreifbýlinu vilji reyna að tryggja hag sinn og reyna að verða ekki undir hinu svokallaða Reykjavíkurvaldi, eins og margir tala um. En hvernig á að fara að því? Að sjálfsögðu með því að auka sjálfstjórn sveitarfélaganna, reyna að mynda fylki og færa fjármagn og sjálfstjórn út til byggðarlaganna. Það er hin rétta leið og sjálfsögð leið að gefa hinum dreifðu byggðum sem mesta möguleika til sjálfstjórnar. En skyldi nú ekki vera að margir dreifbýlismanna vilji hafa þetta allt í einum stað í Framkvæmdastofnuninni? Hvernig væri nú að dreifa þessari Framkvæmdastofnun út um byggðirnar og leyfa henni að starfa þar? Ónei, í Reykjavík skal hún vera.

Ég held að það sé alveg augljóst mál að röksemdir af þessu tagi duga ekki til þess að jafna atkvæðisrétt milli einstaklinga og kjördæma. Það mál verður ekki stutt með slíkum málflutningi. Mér er líka alveg ljóst að íslensk stjórnmál snúast allt of mikið um deilur á milli þéttbýlis og dreifbýlis, sem er til mikils ófagnaðar. Ég er sannfærður um að allir þm. eru sammála um og eru fúsir til að styðja framfarir þjóðarinnar hvar sem menn búa á landinu. Það hlýtur auðvitað að vera meginatriðið. Hinu, að haga sér þannig að rýra mannréttindi á alröngum röksemdum, get ég ekki látið ómótmælt. Og hitt er svo átakanlegt, hversu íslensku flokkarnir hafa sameinast um þetta mál til að tryggja áframhaldandi óréttlæti í þessum málum og ójöfnuð.

Eins og ég sagði í upphafi er hér um að ræða tryggingu ójafnaðar með röksemdum sem sóttar eru í miðaldamyrkur og þröngsýni og eru engum til sóma. Mér er líka ljóst að það sem ég segi í þessum stól skiptir engu máli nema til þess að hella úr skálum reiði minnar. (**GJG:** Og efla geðshræringu hjá Vestfirðingum.)

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hélt nú að hv. þm. Bjarni Guðnason, flokksbróðir minn, væri meiri jafnaðarmaður en raun ber vitni af hans tali. Hann sagðist koma upp til að mótmæla málflutningi tveggja þm. Vestfjarðakjördæmis. Hverju er hann að mótmæla? Hver er stefna Alþfl.? Hver er grundvallarstefna Alþfl. og jafnaðarmannaflokka? Eru það ekki almenn mannréttindi öllum til handa? Og hvað er það sem við höfum sagt hér sem höfum andmælt þeim þætti einum að taka þetta mál eitt og sér út úr og afgreiða það? Ég lýsti því yfir fyrr við þessa umr. að ég hefði ekkert á móti því að leiðrétta það misvægi atkv. sem menn eru að tala um ef annað óréttlæti yrði leiðrétt með. Það er hin sanna jafnaðarstefna. Mér heyrist að tal hv. þm. Bjarna Guðnasonar komi frekar aftan úr forneskju en það sem hér hefur verið talað um af okkar hálfu.

Hann talar um að manngildi og mannréttindi eigi ekki að fara eftir því hvar menn búa. Ég hef a. m. k. haft þá lífsskoðun og hef hana enn, hef talið mig jafnaðarmann alveg frá fyrstu tíð, að það væri frumskylda stjórnvalda í lýðræðisþjóðfélagi að sjá svo til að allir byggju við sem sambærilegust kjör hvar sem þeir byggju á landinu, hvort sem um væri að ræða kosningarrétt eða önnur mannréttindi. Hv. þm. talaði um það, að þó að það kostaði meira að kynda hús á Vestfjörðum ætti atkvæðavægið ekki að vera meira þar. Ég get út af fyrir sig samþykkt það og hef aldrei mælt gegn því að lagfært yrði það misvægi atkvæða sem menn eru að tala um, en ég er andvígur því að það eitt sé tekið út úr og slitið úr samhengi. Það á að leiðrétta fleira jafnhliða.

Hv. þm. ræddi hér mikið um stjórnsýslustofnanir. Ég er honum sammála um að forsvarsmenn þessara stofnana margra hverra, kannske allra, sem um hefur verið talað að flytja héðan af þessu svæði, eru því andvígir. En það á bara ekkert að spyrja þá að því. Forsvarsmenn þessara stofnana eiga ekki að ráða því hvar þær eru staðsettar. Það er stjórnvalda að ákvarða það, það er Alþingis. Menn geta því ekki skotið sér á bak við það þó einhverjir kerfismenn, forsvarsmenn ríkisstofnana, séu andvígir því að flytja þær úr stað. Alþingi eða stjórnvöld eiga ekki að láta þá herra segja sér fyrir verkum.

Ég vísa því á bug að allt tal um flutning stjórnsýslustofnana sé gjálfur eitt. Það verður auðvitað gjálfur eitt meðan stjórnvöld og Alþingi láta forsvarsmenn þessara stofnana setja sér stólinn fyrir dyrnar og koma í veg fyrir að þær verði fluttar úr stað. Ég held því, hv. þm. Bjarni Guðnason, að þessi skoðun sé byggð á röngum forsendum, enda ætlunin að hella úr skálum reiði sinnar, kannske óathugað, eins og hv. þm. tók fram. Ég er sannfærður um að ef jafnaðarmannahugsjónin fær að ráða ferðinni í brjósti þessa hv. þm. talar hann ekki oftar eins og hann gerði áðan. Ég hélt lengi vel að hv. þm. væri jafnvel meiri jafnaðarmaður en ég er, en af tali hans áðan finnst mér síður en svo vera. Ég hefði gjarnan viljað geta litið upp til hv. þm. sem meiri jafnaðarmanns en ég er, en til þess að svo megi vera þarf ýmislegt að breytast. En það er alls ekki útilokað að hv. þm. sjái að sér. (**HBl:** Það er annars konar jöfnuður á Vestfjörðum en í Reykjavík.) Er hv. skrifari Nd. mættur? Hann fær þá ekki ákúrur úr forsetastóli nú.

Við, sem andmælum því máli sem hér er nú til umr., erum ekki andvígir því að leiðrétta það sem miður fer, það er síður en svo, en við erum andvígir því að þetta eina atriði sé slitið úr samhengi við allt annað og rekið með hraði í gegnum þingið, en öll önnur óréttlætismál séu látin bíða. Nú veit ég ekki hvað prófessorslaunin eru há og skal ekkert um það fullyrða, en ég veit að hv. þm. Bjarna Guðnasyni mundi ekki þykja það réttlæti ef hann þyrfti að láta af sínum prófessorslaunum á bilinu frá 5—7 þús. kr. á hverjum einasta mánuði til að borga upphitunina á íbúðinni sinni. Ég er sannfærður um það, þrátt fyrir allt það sem hann sagði áðan, sem var í reiði mælt, að það teldi hann hið argasta óréttlæti og getur verið mér sammála um það. Á sama hátt mætti nefna miklu fleiri þætti sem ég flokka undir almenn mannréttindi. Það er kannske rétt að minna hv. þm. á að ef ég man rétt var það okkar flokkur, núverandi, sem kom því óréttlæti á á sínum tíma sem menn eru nú að tala um í sambandi við vægi atkvæða.

Það er síður en svo að ástæðulausu að við, sem andmælum þessari meðferð mála, gerum það á röngum forsendum. Það hefur meira að segja verið, að ég best veit, grundvallarmálflutningur og stefna Alþfl. að ekki ætti að slíta neitt út úr stjórnarskránni og afgreiða það eitt og sér, það ætti að afgreiða stjórnarskrána sem heild en ekki með þeim hætti sem hér er verið að gera, hvað svo sem formaður flokksins hefur leiðst út í að gera í samkrulli við aðra formenn.

Ég held að það sé rangt hjá hv. þm. Bjarna Guðnasyni, og það er ábyggilega mælt vegna þess að hann þekkir ekki nægilega vel til, að Ísfirðingar mundu mótmæla því ef t. d. samgrn. yrði flutt á Austfirði og ég hygg að sama megi segja um Austfirðinga ef þessu yrði öfugt farið. Dreifbýlismenn hafa haldið því fram og hafa haft uppi um það kröfur, að það yrði a. m. k. skoðað gaumgæfilega hvort ekki væri rétt að flytja einhverjar stjórnsýslustofnanir ríkisins út á landsbyggðina. Og ég veit það, hvað sem hv. þm. Bjarni Guðnason segir í ræðustól í kvöld, að ef hann ígrundar þetta mál gerir hann sér ljóst að þau áhrif sem það hefur að hafa alla stjórnsýsluna á þessu svæði, Alþingi sjálft og allt sem því fylgir, eru ekkert lítil og rétta hlut þeirra sem hér er verið að tala um að séu misrétti beittir með misvægi atkvæða. Ég tala nú ekki um þegar það er orðið svo að langsamlega flestir hv. alþm. eru búsettir á þessu svæði. Það segir til sín. Menn eru fljótir að mengast í því andrúmslofti sem hér er ef þeir eru langdvölum fjarri sínu heimahéraði.

Fyrr við þessa umr. beindi ég nokkrum orðum til hæstv. forsrh. og gerði að umræðuefni þá yfirlýsingu sem fylgdi með frv. á sínum tíma og er prentuð sem fskj. í nál. um frv. Ég vitnaði til þess að þar væri gefið í skyn og nánast fyrirheit um að leiðréttingu skyldi gerð á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Hæstv. forsrh. vísaði þessu yfir á formenn þingflokkanna eða þingflokkana sem slíka og fannst mér nánast felast afsökunartónn í máli hans. Auðvitað var þessi yfirlýsing gefin vegna þess að ýmsir af dreifbýlisþm. fengust ekki til að styðja þetta mál öðruvísi en eitthvað annað fylgdi með til leiðréttingar á óréttlætinu. Sumir studdu það sem betur fer ekki þrátt fyrir þessa yfirlýsingu sem mér sýnist að ætli lítið gagn í að verða ef fram heldur sem horfir. Hæstv. forsrh. vísaði til þess að hann liti svo á að þetta loforð ætti að uppfylla þegar samþykkt væri ný stjórnarskrá fyrir lýðveldið. Ef við dæmum af fenginni reynslu

er því áratuga bið eftir að eitthvað gerist í þessum málum. Og hafi það verið meiningin áttu menn að segja það skýrt og skorinort en ekki vera að gefa falskar vonir undir fölsku flaggi.

Hæstv. forsrh. sagði að leiðréttingar í þá átt sem ég hef verið að tala um og fleiri væru ekki hristar fram úr erminni á síðustu vikum þingsins. Er ekki hæstv. forsrh. kunnugt um að hann er búinn að vera forsrh. nærri því heilt ár? Og þetta mál er ekki að bera á góma fyrst nú. Þetta er loforð sem gefið var af honum fyrir rúmu ári. Allt tal um að hrista fram úr erminni á síðustu stund þessa þings er því út í bláinn.

Þá sagði hæstv. forsrh. nokkurn veginn orðrétt, held ég, að hann liti svo á að þingflokkarnir ætluðu sér að standa við þessa skoðun. Út af fyrir sig er gott að menn hafi skoðun á málum, en það dugar skammt ef slíkri skoðun fylgja engar aðgerðir til að framkvæma hlutina, en það er það sem vantar í þessum efnum. Það er það sem vantar að orðin eintóm séu ekki látin gilda. Það vantar að framkvæmdirnar fylgi með.

Ég spurði hæstv. forsrh. um starf þeirrar nefndar sem hann beitti sér fyrir með tilnefningu fulltrúa frá þingflokkum hér á Alþingi, að ég skildi til þess að vinna að þessu máli, en hæstv. forsrh. sagði að hann hefði ætlað þessari nefnd að fylgjast með því hvað væri að gerast. Það er létt verk að fylgjast með því sem er að gerast í þessum efnum. Það er bókstaflega ekki neitt. Það er ekkert að gerast til leiðréttingar á öðru ranglæti í þjóðfélaginu en því sem menn eru hér að tala um, á misvægi atkvæða.

Ég spurði hæstv. forsrh. hvort nefndin væri búin að halda fund, hvort hún væri farin að starfa. Það komu engin svör við því, enda hefur nefndin það ég best veit enn ekki verið kölluð saman til fundar. Það sýnir eitt og sér alvöruna og áhugann sem menn virðast hafa á því að leiðrétta fleira en vægi atkvæða.

Hæstv. forsrh. benti á máli sínu til stuðnings að fjármagn væri verulega aukið til lækkunar á húshitunarkostnaði í nýframlögðu frv. hæstv. iðnrh. Það er síður en svo að svo sé. Í mesta lagi er hægt að gera ráð fyrir að þar verði um að ræða 340 millj. kr., ef ég man rétt, sem til þessa verða ætlaðar. Við skulum ekkert vera að draga af því, en orkujöfnunargjaldið sem til þessa var ætlað á sínum tíma á að gefa skv. fjárlögum a. m. k. 470 millj. kr. Svo kemur hæstv. forsrh. hér og segir að fjármagn til þessa þáttar sé verulega aukið með þessu frv. frá því sem verið hefur. Meðan slíkt hugarfar ríkir hjá ráðamönnum þjóðarinnar er ekki við því að búast að leiðrétting fáist á því ranglæti sem er ríkjandi í þjóðfélaginu og er slíkt að engu lagi er líkt.

Það sæmir ekki neinum hv. þm., sem telur sig til jafnaðarmannaflokks og hefur þá hugsjón að leiðarljósi, að mæla bót því óréttlæti sem stór hluti þjóðarinnar býr við. Ég vona og þykist raunar vita, að þegar hv. þm. Bjarna Guðnasyni er runnin reiðin verði hann mér sammála. Ég veit að við erum báðir einlægir jafnaðarmenn og höfum jafnaðarmennskuna að leiðarljósi. Hún byggir á jafnrétti, ekki bara að því er varðar kosningarrétt, hún byggir á almennu jafnrétti meðal þegnanna. Þess vegna hélt ég, og raunar veit því að við erum báðir innan Alþfl., að við ættum að geta verið sammála um þetta.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta að sinni. Ég geri ráð fyrir að hér verði mikið rætt um þetta mál. Það er hér til 1. umr., þannig að fleiri hv. þm. hljóta að eiga eftir að tjá sig í þessu máli. Ég vonast til þess að þetta mál verði ekki eitt og sér rekið í gegnum þingið nú á síðustu dögum þess án þess að gerð sé nokkur tilraun til að leiðrétta annað og miklu meira óréttlæti sem einstaklingar í þjóðfélaginu, heilir landshlutar, búa við á ótal mörgum sviðum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég mun ekki tala lengi en hv. þm. Bjarni Guðnason varð til þess að ég bað hér um orðið.

Það er alveg rétt athugað hjá hv. þm. að það er alveg sama hvað sagt er um þetta mál. Ef formenn flokkanna eru búnir að ná saman um eitthvert mál skipta rök engu máli. Í sjálfu sér er það bara tímaeyðsla og til að ergja menn að taka til máls í slíkum málum. Ég man eftir því að fyrir nokkrum árum var hér til umr. frv. um öryggiseftirlit. Það var í 100 greinum. Það var illa frá því máli gengið, það verður alltaf að mínu mati hægt að benda á það sem dæmi um hvernig ekki á að ganga frá frv., og þetta viðurkenndu margir, en það mátti engu breyta. Það var vegna þess að samið var um málið áður. Það var sett í nefnd og samið um málið áður. Segja má að það sé svipað með það mál sem hér er um að ræða.

Hv. þm. Bjarni Guðnason talaði um réttlæti. Réttlæti um hvað? Það er margs konar réttlæti. Og það er ekki bara réttlæti í vægi atkvæða. Lífsaðstaða hvers og eins hlýtur líka að vera réttlætismál, nema menn séu komnir á þá skoðun að best sé fyrir þjóðfélagið að safna öllum saman hér á suðvesturhornið. Það eru 110 þús. manns úti á landsbyggðinni sem t. d. afla yfir 60% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, fyrir utan landbúnaðarvörurnar sem þjóðin neytir og framleiddar eru á landsbyggðinni. Hvernig væri höfuðborgarsvæðið statt ef þessi framleiðsla hyrfi að miklu leyti? Það er kannske hægt að sækja sjó héðan að einhverju leyti, en ég er hræddur um að það yrði kostnaðarsamt og ég er ekki farinn að sjá hvernig það þjóðfélag mundi þróast.

Ef það er okkar skoðun á annað borð að þjóðin þurfi að byggja landið til að nota gæði þess hljótum við að vilja stuðla að því að lífsaðstaðan sé sem líkust hvar sem er á landinu — eða er það sú réttlætiskennd sem jafnaðarmaðurinn hv. þm. Bjarni Guðnason tileinkar sér að það sé aðeins vægi atkvæða sem sé réttlætismál? Hann minntist á Raufarhöfn. Ef við lítum á Raufarhöfn til lengri tíma hefur sennilega ekkert byggðarlag á landinu aflað eins mikils gjaldeyris á hvern íbúa og Raufarhafnarbúar. Ég hef ekki farið fram á annað en lífsaðstaða íbúanna verði jöfnuð um leið og kosningarétturinn. Það er mín krafa að formenn flokkanna standi við gefin fyrirheit að þessu leyti. Um það er barist.

Hv. þm. talaði um að það væri illt og ömurlegt, að mér skildist, að það skuli vera vaxandi átök á milli þéttbýlis og landsbyggðarinnar. En þetta frv. og þetta mál, sem við erum að fjalla um hér, er einmitt til þess fallið að auka þann ágreining því að fólkið úti á landsbyggðinni finnur að verið er að svipta það réttindum sem það hefur haft, en þrátt fyrir meira atkvæðavægi hefur það ekki í tekjum eða aðstöðu notið svipaðra réttinda og það fólk sem hér býr. Það hefur enginn bannað hv. þm. Bjarna Guðnasyni eða öðrum sem hér eru að flytja út á land og hafa þannig meiri kosningarétt. Hvers vegna fara þeir ekki og reyna að nota

þennan kosningarrétt ef það er mikilvægasta réttlætismálið í þeirra huga? Ég spyr að því.

Ég ætla ekki að tala lengi, en ætla bara að segja að ef þetta mál verður knúið í gegn án þess að staðið verði við það að jafna lífsaðstöðuna í landinu er enginn vafi á að það verður ný uppstokkun í íslenskum stjórnmálum. Það er ekki landsbyggðinni að kenna, heldur þeim mönnum sem hafa lofað hér, formönnum þessara fjögurra flokka, og svikið sín fyrirheit. Það er þeim að kenna, en ekki fólkinu úti á landi. Þessu var lofað, en ég sé ekki annað en ekki eigi að standa við þau loforð. Það er mál alveg út af fyrir sig nú, 40 árum eftir að við öðluðumst fullt sjálfstæði. Það hefur verið rætt um það öll árin að við þyrftum að fá okkar sérstöku stjórnarskrá. Ég spyr: Erum við nær? Bendir nokkuð til þess að við séum nær því en var fyrir 40 árum? En það gæti orðið alvarlegt, ekki síður fyrir þéttbýlið, ef það sem verið er að gera hér í sambandi við vægi atkvæða mundi verða til þess að það yrði uppstokkun í íslenskum stjórnmálum og átökin á milli landsbyggðar annars vegar og höfuðborgarinnar mundu harðna. Ég er ekkert viss um að þeir sem hér búa mundu þá telja sig hafa grætt á því að halda á málum eins og mér sýnist að stefnt sé að.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér er til umr. er vissulega afar mikilvægt mál og þau efni sem rædd eru í tengslum við það. Ég ætla hér að víkja að nokkrum þáttum sem varða þetta mál, greina frá nokkrum viðhorfum, sem ég hef til þess, án þess að fara langt út í þau efni. Ég geri ráð fyrir að þetta mál eigi eftir ræða enn mikið hér á þinginu, svo sem eðlilegt er, og ég tel mjög eðlilegt að inn í þessa umr. komi skoðanaskipti varðandi fleiri þætti en kosningarréttinn einan og skiptingu þingsæta á kjördæmi eins og kveðið er á um í þessu frv.

Ég vil að það komi fram hér að við umr. um þessi mál í mínum þingflokki og innan míns flokks hef ég verið stuðningsmaður þess að stíga nú skref til jöfnunar á atkvæðisrétti í landinu allt að því marki sem gert var fyrir 25 árum síðan, þegar síðast varð breyting í þessum efnum, árið 1959. Um það var gerð samþykkt á vettvangi Alþb. fyrir nokkrum árum þegar sú umr. byrjaði sem nú hefur leitt til framlagningar þessa frv., raunar á síðasta þingi. Ég tel mjög eðlilegt að knúið sé á um leiðréttingu af þessu tagi af þeim sem í þéttbýli búa og sem eru fulltrúar þeirra kjördæma. En hitt er jafnljóst, að það er eðlilegt að jafnhliða sé litið til annarra þátta sem tengjast lífsaðstöðu manna, eins og hér hefur verið um rætt af nokkrum ræðumönnum sem tekið hafa þátt í þessari umr.

Líka er eðlilegt að það sjónarmið komi fram að óeðlilegt sé að gera slíka þætti eins og leiðréttingu á vægi atkv. í kjördæmum að einhverri skiptimynt við aðra þætti sem varða afkomu manna og lífsaðstöðu. Ég held að það sé svo með okkur fulltrúa landsbyggðarinnar hér á Alþingi, að okkur er það ekkert ljúft að þurfa að stinga fast við fæti í þeim efnum, þegar mál sem þessi ber á góma, og það er ekki að tilefnislausu. Ég held að þær raddir sem hér hafa komið fram, m. a. í umr. í kvöld og áður, eins og sjónarmið hv. 3. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. e., ég tel ekkert óeðlilegt þó að þessir hv. þm. taki nokkuð sterkt til orða í þessum efnum. Það endurspeglar í rauninni ákveðna örvæntingu, sem gætir í vaxandi mæli, ef hægt er að tala um það að versnað geti í þeim efnum, ákveðna örvæntingu fólks víða úti um landið í sambandi við afkomumöguleika og augljósa misskiptingu í aðstöðu, bæði til áhrifa á stjórnsýslu landsins og eins til að sjá sér og sínum farborða.

Ég hef ekki verið þeirrar skoðunar að það væri vænlegt til árangurs að þurfa að láta skerast í odda mjög hart í tengslum við það mál sem hér er til umr. Ég hef talið æskilegt, að sá andi svifi yfir vötnum hér á hv. Alþingi að jafnréttismál byggðanna væru daglegt viðfangsefni Alþingis, mættu hér skilningi jafnt dreifbýlisþm. sem þéttbýlisþm. og fengju eðlilegan hlut í löggjöf og hjá framkvæmdavaldi. Ég hygg að afstaða þm. þéttbýlisins, eða kannske öllu heldur afstöðuleysi, sem oft gætir í sambandi við hagsmunamál hinna dreifðu byggða, sé engan veginn yfirveguð eða fram komin af ásettu ráði. Ég held að þar gæti þess miklu frekar að þeir eru ekki í daglegri snertingu við þau vandamál sem við er að fást úti um hinar dreifðu byggðir og leiða því eðlilega ekki hugann eins oft að þeim vanda sem þar er við að fást. Vissulega þyrfti að glæða þann skilning meðal þm. allra að Íslendingar eigi að vera ein þjóð í landi sínu með tilliti til afkomumöguleika, að landið beri að byggja sem heild og þróa þannig að allir fái notið svipaðra gæða eða hafi möguleika til þess. En til þess að svo megi verða þarf margt að koma til, og það væri langt mál að fara hér út í það að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum, rekja ástæður fyrir því eins og ég sé þær, hvernig komið er í landinu. Það ætla ég ekki að gera hér og nú við þessa umr. Ég vil aðeins fullyrða að við höfum ekki beitt réttum stjórntækjum í baráttunni fyrir byggðajafnvægi á Íslandi á liðnum árum. Við höfum verið fastir á marga lund í óheppilegu fari, stirðnuðu fari, og það hefur átt hlut í því að tekist hefur að koma nokkru óorði á jafnsjálfsagðan hlut eins og byggðastefnu, hlut sem ætti að vera jafnsjálfsagður og byggðastefna sem risið fengi undir nafni.

Ekki hefur haldist í hendur sem skyldi atvinnuleg uppbygging víða úti um landið og uppbygging félagslegrar þjónustu og tengsl þessara þátta innan byggðanna og milli byggðanna úti um landið, eins og skynsamlegt hefði verið. Þar er verulegur misbrestur á. Þann misbrest má rekja m. a. til ófullnægjandi stjórnunar eða vanburða stýringar í stjórnsýslukerfi landsins. Þar hefur ekki verið tekið, hvað undirbúning snertir, á þáttum með eðlilegum hætti. þar hefur verið gripið oft og tíðum til skammtímalausna eða skammsýnna lausna í sambandi við fjárfestingu og margháttaðar ráðstafanir. Þetta hefur að mínu viti leitt til þess að talsvert af því fjármagni sem varið hefur verið til sjálfsagðrar og eðlilegrar atvinnuuppbyggingar úti um land og til endurbóta þar í félagslegri þjónustu og menningarlegum efnum, hefur ekki skilað sér sem skyldi fyrir íbúa þeirra byggðarlaga sem ættu að njóta þess. Ég ætla ekki að leita uppi sökudólga í þessu efni. Þeir eru víða. En þetta á að vera umhugsunarefni fyrir okkur alþm. Ég tel mikla nauðsyn á því og vil gjarnan stuðla að því að reynt verði að endurmeta aðferðir í sambandi við byggðastefnu í landinu. Það verði reynt að sjá til þess að hún sé ekki eitthvað sem fyrst og fremst sé unnið að uppi í Framkvæmdastofnun, svo gott sem það er, eða unnið að sem einhverju alveg sérstöku verkefni, nánast innan gæsalappa, heldur þurfi hún að

tengjast öllum meiri háttar ákvörðunum sem teknar eru í þjóðfélaginu, sem framkvæmdavaldið hefur íhlutun um og löggjafarvaldið fær einhverju ráðið um. Það held ég að sé vænlegra til árangurs, eða eina leiðin í rauninni til árangurs, að menn taki þannig á málum að þessi þáttur jafnréttismála, skynsamleg dreifing á fjármagni og mannafla í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, verði til meðferðar alltaf þegar um það er að ræða, bæði við hina árlegu fjárlagagerð, eins og það vissulega er að vissu marki, en einnig þegar horft er til lengri tíma.

Það er stundum hent gaman að því af ýmsum að til lítils sé að berjast fyrir því að færa stjórnsýsluþætti út á land. Ég held að þar sé hins vegar um þátt að ræða sem gefa þarf mun meiri gaum að en gert hefur verið. Ég hef raunar ekki trú á því að skynsamlegt sé að fara að flytja til þætti beint úr stjórnarráðinu, eins og sjálf rn., það sé áhorfsmál um stórar stofnanir sem hafa hreiðrað um sig hér í höfuðstaðnum. Menn eiga kannske að taka á því sem líklegra er að fái stuðning og viðráðanlegt er og geti búið landsbyggðina í stakk til þess að taka við stærri þáttum síðar. Þarna hefur að vísu nokkuð verið að gert á undanförnum árum, en engan veginn nóg, engan veginn jafnmikið og vera þyrfti. Ég tel að marka þurfi um það miklu fastari stefnu og helst nokkuð ákveðna reglu að færa út í landshlutana þjónustuþætti við hvaðeina sem þar fer fram og hefur ákveðið lágmarksumfang. Það hefur miklu meira gildi en fjármagnið eitt. Það er fólkið sem fylgir, það er þörfin fyrir menntað og skólað fólk sem getur verið blóðgjöf í byggðarlögin með öðrum sem þar eru fyrir. Það þarf að sækja miklu fastar og ákveðnar fram að þessu leyti. Lögmál hins svokallaða frjálsa markaðskerfis draga fólkið saman að einum punkti. Og það eru ekki bara kapítalistarnir, sem við köllum svo, fjármagnsöflin hin sterkustu í landinu, sem þar vinna. Þar vinnur opinbera kerfið. Og þar vinna einnig aðilar sem ættu og hafa vissulega oft vilja til þess að hlúa að landsbyggðinni, eins og þættir er tengjast samvinnuhreyfingunni og Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem einnig hefur fallið í þá gryfju að fjármagna í óþörfum og allt of ríkum mæli hér í höfuðstaðnum.

Það þarf sem sagt að leita víða fanga til að efla heilbrigða byggðastefnu í landinu og það ætti að vera viðfangsefni okkar nú og framvegis að afla þess fylgis, leita með jákvæðum hætti leiða til þess að snúa straumnum við, því að það er bæði þjóðinni fyrir bestu og fólkinu í byggðunum, einnig Reykjavíkursvæðinu, til lengri tíma litið. Það er eðlilega við umr. sem þessa minnst á þætti sem skera í auga varðandi misrétti og misvægi. Mér er sem ég sæi alþýðu manna hér á þessu þéttbýla svæði, í þessu borgríki við Faxaflóa, axla þær byrðar sem fólk á landsbyggðinni, sem vinnur hörðum höndum í frumvinnslugreinum atvinnulífsins, má þola, að sjá fólk hér axla þær byrðar án þess að fylkja sér saman til varnar. Ég er nokkuð viss um að það yrði gert ef fólk hér ætti t. d. að rísa undir þeim orkukostnaði, sem menn búa við í heilum landshlutum og eðlilega er hér mjög til umr. með réttu, en má þó ekki yfirgnæfa umr. því að það er aðeins einn þáttur, að vísu stór þáttur.

Vöruverðið kemur einnig inn í þessa mynd og það í vaxandi mæli. Nú þegar samkeppni vex í smásölu hér á Reykjavíkursvæðinu verður enn augljósari sú mismunun sem fólk býr við í sambandi við kaup á lífsnauðsynjum, sú miklu meiri dýrtíð sem menn mega á sig taka úti um landið í viðskiptum við verslanir sem ýmist hafa takmarkaða aðstöðu eða skortir vilja til að færa vöruverðið niður eins og þörf væri á. Ég held að þarna sé verulegt umhugsunarefni fyrir kaupfélögin, sem víða úti um landið eru aðalverslanirnar, sums staðar einu verslanirnar í heilum byggðarlögum. Ég veit að víða er komin upp krafa um það og hreyfing hjá alþýðu manna að fara að stofna sérstök verslunarfélög til þess að geta fengið skapleg viðskipti fram hjá kaupfélaginu sínu, sem það gjarnan vildi hlúa að og hefur skipt við um langan aldur, en finnur fyrir að ekki hefur tekið sem skyldi þátt í þeirri þróun sem sjálfsögð er til að færa niður verð á brýnum lífsnauðsynjum, reyna að hafa aðföngin sem ódýrust og koma þannig vöruverðinu niður svo sem föng eru á. Þetta er einn verulegur þáttur þegar stórmarkaðirnir hér í Reykjavík keppast um viðskiptavinina og hafa með samkeppni sinni, a. m. k. um skeið, fært niður verð á lífsnauðsynjum þannig að umtalsvert er fyrir þá sem þar stunda viðskipti og er sérstaklega búbót fyrir fjölskyldufólk þar sem fleira er í heimili.

Ég gæti haft þennan lestur hér til muna lengri. En ég vildi aðeins tjá mig um þessi mál, ekki fara hér í neitt andóf við þetta frv. með málþófi eða neinu slíku, slíkt er mér ekki í hug. Við eigum að leita leiða til að fá tekið á þessum málum, þessum sjálfsögðu jafnréttismálum byggðanna, hér á þinginu eins og loforð standa til um. Ég get tekið fyllilega undir með þeim mönnum sem undrast það að ekki skuli meira hafa verið að gert — það má kannske segja að ekki skuli eitthvað hafa verið að gert — til þess að efna þau fyrirheit sem gefin voru hér á þinginu í fyrra og hafa verið ítrekuð með yfirlýsingum við meðferð þessa máls í hv. Ed. Mér finnst það bera vott um mikið kæruleysi, ég vil ekki segja bjartsýni á afstöðu okkar, ég vil heldur kalla það kæruleysi, að hafa ekki sýnt meiri og alvarlegri lit á að taka á þessum málum í umr. og til undirbúnings jöfnunaraðgerða en raun ber vitni.

Ég ætla ekki að fara að tala um einstaka þætti mála eins og t. d. húshitunarmál, sem koma hér til umr. í tengslum við mjög gagnslítið frv. sem hæstv. ríkisstj. hefur flutt og er nú til meðferðar í Ed. Það er einn þáttur þessara mála nærtækur og ég mun ræða það þegar málið kemur hér til hv. deildar. En þau eru fleiri atriðin og við þurfum að reyna að tryggja það að eðlileg byggðaviðhorf endurspeglist í allri þeirri löggjöf og öllum þeim ákvörðunum sem hér eru teknar, sem geta varðað hagsmuni þjóðarinnar sem heildar, einnig hinna, minni hlutans sem býr utan Faxaflóasvæðisins.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. flutti hér ræðu áðan og gat þess að hann vildi hella úr skálum reiði sinnar. E. t. v. finnst mörgum að hér sé fyrst og fremst um tilfinningamál að tefla og það séu geðhrifin sem skipti máli, aðalatriðið sé að hella úr skálum reiði sinnar, ekki hitt að hugleiða hvað menn eru að segja. Hv. þm. gat þess að það væru myrk miðaldaviðhorf sem einkenndu málflutning þeirra sem væru ekki sáttir við þá kröfugerð, sem hér er mest á loft haldið, að það eina sem þurfi að jafna í þessu landi sé atkvæðisrétturinn. Hvar er þessi jafni atkvæðisréttur í heiminum? Er hann í Bretlandi? Eru hinar myrku miðaldir enn þá í Bretlandi? Er hann í Danmörku? Eru hinar myrku miðaldir enn þá í Danmörku? Er hann í

Noregi? Eru hinar myrku miðaldir enn þá í Noregi? Ég vel þessi þrjú lönd vegna þess að jafnaðarmannaflokkar, hvort sem þeir hafa kallað sig verkamannaflokk eða jafnaðarmenn, hafa ráðið ríkjum í þessum löndum og átt kost á því að breyta kosningaskipulagi frá hinu myrka miðaldakerfi yfir í það sem hv. 5. þm. Reykv. telur að sé hið eina rétta. E. t. v. hafa þar aðeins verið forstokkaðir foringjar, svartsýnir, þröngsýnir og heimskir. E. t. v. er þetta dómurinn sem hann vill kveða upp yfir þeim mönnum sem þar hafa stjórnað. Samt er nú svo að þessir menn verða metnir af sögunni margir hverjir sem einhverjir mestu stjórnmálamenn þessa heims. En þeir höfðu rólega yfirsýn yfir þessi mál. Þeir höfðu það mikla yfirsýn yfir þau að þeir skynjuðu muninn á aðalatriðum og aukaatriðum. Þeir skynjuðu þann mikla aðstöðu- og valdsmun sem gat legið í því hvar menn voru búsettir í hinum ýmsu löndum.

Mér hefur borist bréf frá Gunnlaugi Péturssyni, þar sem hann setur upp á nokkuð skipulegan hátt sína skoðun á því í hverju þessi mismunun m. a. liggi, en hann er íbúi þessa svæðis. Og ég vil leyfa mér með leyfi forseta að lesa þetta. Þetta er ekki langur pistill, en þar grípur hann á nokkrum atriðum sem vissulega eru umhugsunarverð:

„Einstaklingurinn greiðir atkvæði til þess að hafa áhrif á löggjöf og raunar alla stjórn landsins, en áhrifamáttur kemur fram í fleiru en atkvgr. einni:

1. Þingmenn eru langsamlega flestir búsettir á höfuðborgarsvæðinu og hljóta sem íbúar þess svæðis að bera hag þess fyrir brjósti vegna fjölskyldu sinnar, hvert svo sem þeir sækja kjörfylgi sitt. Þeir fáu þm. sem búsettir eru utan þessa svæðis eru þar þó til húsa a. m. k. hálft árið og þann tíma undir daglegum áhrifum íbúa höfuðborgarsvæðisins. Þeir komast ekki hjá þessu meðan þing situr.

2. Starfsmenn Alþingis búa á höfuðborgarsvæðinu og það gera einnig nálega allir þeir sem alþm. þurfa daglega að sækja eitthvað til eða hafa samskipti við, bæði í einkalífinu og starfinu á þingi.

3. Löggjöfin er ekki nema hluti af stjórnun landsins. Ráðuneytin öll og flestar ríkisstofnanir eru í Reykjavík. Þar fer fram túlkun laga, samning reglugerða og mótun venja í framkvæmd laga, meðferð mála og allri daglegri umsýslu á því sviði. Flestir starfsmenn ráðuneyta og ríkisstofnana eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir eru ráðnir til starfa. Þeir fáu sem eru það ekki setjast þar að sjálfsögðu að og verða þar búsettir frá ráðningu.

Það sem sagt er hér að ofan á við um áhrif íbúa höfuðborgarsvæðisins á löggjöf og stjórnsýslu. Forgangur þeirra til áhrifa er þó miklu meiri og víðtækari. Segja má að þeim hafi verið falin mótun hugsunarháttar allra landsmanna að mestu leyti. Svonefndir fjölmiðlar, hljóðvarp, sjónvarp og dagblöð, eru að heita má allir starfræktir í Reykjavík og starfsmenn þeirra því búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Umsvif fjölmiðla hafa margfaldast undangengna áratugi og eru enn að magnast. Fjölmiðlar hafa landsmenn alla á kné sér langar stundir svo að segja hvern einasta dag. Sé til innræting meðal Íslendinga, þá er hún þar.

Miklu fleira mætti benda á, svo sem Háskólann, Tækniskólann og raunar flesta æðri skóla landsins o. s. frv. o. s. frv. Áhrif íbúa höfuðborgarsvæðisins á hugsunarhátt landsmanna og daglegt líf eru og verða margfalt meiri en áhrif annarra landsmanna, jafnvel þó íbúar höfuðborgarsvæðisins væru sviptir atkvæðisrétti við alþingiskosningar, hvað þá ef hann væri jafnaður til fulls. Því fylgdi alveg óheyrileg mismunun."

Þetta er bréf frá Reykvíkingi og ég vænti þess að háskólamenn séu ekki svo fastir í sínum fílabeinsturni að þeir reyni ekki að skynja það þjóðfélag sem er fyrir utan. Vissulega hlustaði ég með athygli á þá umsögn hv. 5. þm. Reykv. að þeir sem hér hefðu talað á móti og væru að vestan væru einna líkastir tveimur klettadröngum sem brimið gnauðaði við en þeir högguðust lítið. Það má vel vera að honum þyki að með þessu sé hann búinn að stimpla þessa tvo á þann veg að þeim sé á einhvern hátt minnkun að. Ég ætla ekki að dæma það. Hitt veit ég, að sem áhorfandi á hafið hefur mér fundist að það væri rétt sem skáldið kvað: Reikult er rótlaust þangið. Og ég er ekki viss um að það rótlausa þang sé fært um að leggja þær línur sem þarf í þessu efni. Ég hygg að það þurfi allmikinn stöðugleika til þess að móta stefnu í málum eins og þessum. En það sem mér hefur orðið að vonbrigðum, ekki hitt að ég finni hjá mér neina þörf til að hella úr skálum reiði minnar, en það sem mér hefur orðið að vonbrigðum er það, að það sem lýðræðisþjóðir heimsins í kringum okkur hafa sett upp og virt í sögulegum hefðum og venjum í mótun síns samfélags er okkur einskis virði. Við metum það eins og það hefði aldrei verið til.

Ísland var í upphafi byggt mönnum sem undu illa ofríki annars staðar. Þeir leituðu samkomulags um að mynda hér ríki. Það var ríki hinna fornu fjórðunga. Og það er athyglisvert að enn er svo ástatt að í því húsi sem við erum í stödd gnæfa merki hinna fornu fjórðunga, ef menn skoða það grannt. En þeir sem hér eru innan dyra virðast hafa gleymt því að þeir hafi verið til, því síður að þeir átti sig á því að ef einn hinna fornu fjórðunga ætlar að fara að drottna yfir hinum, þá tel ég að lýðræðið sé í afturför á Íslandi.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég og síðasti ræðumaður tölum ólíkt tungumál. Við Íslendingar erum ein þjóð og búum í einu landi og það hefur alltaf verið skoðun mín að það ætti að jafna lífskjörin hvar sem menn búa. Þetta eigi að gera með efnahagslegum aðgerðum, heilbrigðri byggðastefnu, skynsamlegri fjárfestingu, en það eigi ekki að gera það með því að hafa af öðrum ákveðin mannréttindi, þ. e. draga úr atkvæðisrétti fólks í sumum landshlutum. Þetta eru tveir ólíkir hlutir. Það er enginn ágreiningur milli mín og fyrri ræðumanna um það að vinna þannig að málum íslensku þjóðarinnar að bæta lífskjörin og ná jöfnuði í lífskjörum hvar sem menn búa. Það er enginn ágreiningur um slíka hluti. Það er bara ágreiningur um það hvernig á að standa að því. Það er allt og sumt. Það eina sem ég hef haldið fram í raun og veru er að það er alger misskilningur að leyfa sér þá aðferð að hafa af ákveðnum hluta þjóðarinnar full mannréttindi og halda að þar með eigi að ná batnandi lífskjörum í öðrum hlutum landsins. M. ö. o. það er enginn ágreiningur um þjóðmálastefnu í sjálfu sér, heldur hitt, hvernig á að standa að þessum málum. Síðasti ræðumaður, sem er mikill mælskumaður, hefði gott af því að ígrunda þessi mál og ræða þau dálítið af meiri skynsemi, blanda ekki saman ólíkum hugtökum. Það er allt og sumt. Það er hugtakaruglingurinn sem ég er að deila á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til lausanefndar (stjórnarskrárnefndar) með 22 shlj. atkv.

Höfundalög, frv. 153. mál (þskj. 804, (sbr. 219)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. sem gerði á því eina breytingu sem ég tel að sé til bóta og geri það ákvæði frv. sem breytingin var gerð á skýrara.

Ástæðan til þess að nú er flutt frv. til l. um breytingu á höfundalögum er fyrst og fremst hina öra tækniþróun sem hefur breytt allri aðstöðu höfundaréttar í heiminum. Tækniframfarir á síðari árum hafa haft í för með sér stórfellda röskun á hagsmunum og réttindum höfunda, listflytjenda og annarra rétthafa skv. höfundalögum. Svo almenn hafa not orðið af verkum höfunda með ljósritun, fjölritun, hljóðritun og myndritun án þess að endurgjald komi fyrir að nauðsynlegt hefur þótt víða um lönd að grípa til annars konar reglna en áður hafa gilt. Það er annars vegar þetta, að aðferðirnar hafa breyst, og hins vegar hefur umfangið breyst. Þetta hefur leitt til þess að það hefur bæði orðið nauðsynlegt að afla með nokkuð öðrum hætti gjalds fyrir þessa notkun en áður var og einnig hefur þurft að breyta réttarfarsákvæðum um þessi efni þar sem einstökum höfundum eða rétthöfum sem misgert er við er nú eftir að hin nýja tækni kom til sögunnar enn þá erfiðara um vik að reka réttar síns. Þess vegna er að því horfið í þessu frv. að taka upp opinbert réttarfar að þessu leyti.

Þetta frv. er undirbúið af nefnd sem starfað hefur í tíð fyrri ríkisstj. Raunar hefur nokkuð breytt um menn í þessari nefnd frá því að hún fyrst hóf störf. Í henni eru nú Ragnar Aðalsteinsson hrl., Sigurður Reynir Pétursson hrl., Björn Bjarman lögfræðingur og rithöfundur, Gaukur Jörundsson prófessor, Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri og Sólveig Ólafsdóttir lögfræðingur í menntmrn. Gaukur Jörundsson prófessor er formaður nefndarinnar. Hann var spurður ráða um þá breytingu sem Ed. gerði og hefur fjallað um hugmyndir manna þar um þetta mál og það liggur fyrir umsögn hans og svör við þeim spurningum sem fram voru settar.

Menn hafa nokkuð spurt um það hvernig þessum málum sé hagað í öðrum löndum. Um það er kafli í grg. frv. á bls. 5 í þskj., sem er nr. 219, og þar er getið um hvernig innheimtu gjalds vegna höfundaréttar er fyrirkomið í Vestur-Þýskalandi, Austurríki, Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Einnig er vikið að því hvernig fjallað er um þessi mál í Bretlandi og Frakklandi og svo um það hver niðurstaða hefur orðið á alþjóðaþingi samtaka höfunda og tónskálda árið 1980. Þar var einróma samþykkt áskorun á ríkisstjórnir um að leggja gjald á upptökutæki og auð bönd í því skyni að bæta rétthöfum það tjón sem þeir biðu vegna þess að örðugt væri um vik að innheimta höfundaréttargjald þegar þessi tækni er notuð. Þess vegna hefur verið horfið að því ráði sem lagt er til í þessu frv. og mörg önnur ríki hafa einnig gripið til. Mikið samstarf á sér stað milli ríkja á þessu sviði, enda er það nauðsynlegt um efni sem þetta, og íslenska höfundaréttarnefndin hefur tekið drjúgan þátt í því. Það verður einnig til þess að gæta réttar íslenskra höfunda og listflytjenda, svo og annarra rétthafa hér á landi.

Ég vil, herra forseti, að öðru leyti vísa til þess sem ég sagði í Ed. um þetta frv. 6. febr. fóru fram umr. í þeirri hv. deild sem ég leyfi mér að vísa til hv. n. sem þetta fær til meðferðar til leiðbeiningar. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn. En áður en ég hverf úr ræðustóli, herra forseti, vil ég geta þess að mér hefur nú í dag borist bréf sem ég hygg að öðrum hv. þm. hafi líka borist þar sem nýstofnuð samtök rétthafa höfundaréttar og flutningsréttar hér á landi leggja á það þunga áherslu að þetta frv. nái fram að ganga nú á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Kvikmyndamál, frv. 319. mál (þskj. 805). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Núgildandi lög um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð eru frá árinu 1978 og óhætt er að fullyrða að með tilkomu þeirra laga hafi verið stigið stórt skref í framfaraátt á þessu sviði.

Kvikmyndasjóður var stofnaður árið 1978 og fjárveitingar til hans hafa verið sem hér segir: Árið 1979 voru þær sem svarar 300 þús. gömlum kr., 1980 450 þús., 1981 1 millj., 1982 1.5 millj., 1983 5 millj., 1984 6.5 millj.

Þess skal getið að á árinu 1980 fór fram aukaúthlutun úr sjóðnum og þá var úthlutað 50 500 000 gömlum kr. eða 505 þús. nýkr. Þar var um að ræða söluskatt af íslenskum kvikmyndum. Söluskattur af íslenskum kvikmyndum var síðan felldur niður í tíð síðustu ríkisstj.

Á tímabilinu 1979—1984 hafa verið veittir styrkir til 18 leikinna kvikmynda og má telja næsta fullvíst að ekki hefði verið ráðist í gerð neinnar þeirrar ef ekki hefði komið til myndarlegur styrkur frá Kvikmyndasjóði. Allar þessar myndir hafa verið fullgerðar og sýndar hér á landi og erlendis að undanteknum þeim tveim leiknu myndum sem hlutu styrk 1984 en ráðgert er að ljúka á þessu ári.

Á sama tíma hafa verið veittir styrkir til 28 heimildamynda, en af þeim munu aðeins 6 vera fullgerðar. Margar heimildamyndir eru langtímaverk og að jafnaði miklu erfiðara að fjármagna þær þar sem tekjur af þeim eru sjaldnast aðrar en af sýningum í sjónvarpi. Þá hafa verið styrktar tvær teiknimyndir, ein grafísk mynd og tvær 8 mm myndir.

Sjóðurinn hefur einnig tekið þátt í að styrkja kynningar á íslenskum myndum á kvikmyndahátíðum og kynningum erlendis og á öðrum svipuðum vettvangi. Kvikmyndasjóður hefur einnig af íslenskri hálfu tekið þátt í samstarfi norrænu kvikmyndastofnananna um kynningar á norrænum kvikmyndum, en norrænu kvikmyndastofnanirnar iðka öfluga kynningarstarfsemi, t. d. á

stærstu kvikmyndahátíðum heims í Cannes og Berlín. Þá hefur sjóðurinn tekið þátt í norrænum kvikmyndakynningum, m. a. í Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu. Kvikmyndasjóður hefur engu starfsliði haft á að skipa en í stjórn hans sitja 3 menn, einn tilnefndur af Ríkisútvarpi og sjónvarpi, annar af Námsgagnastofnun, fræðslumyndasafni, og formaður skipaður af menntmrh., en það er ráðuneytisstjóri Knútur Hallsson.

Kvikmyndasafn var sett á laggirnar með lögum frá 1978 og hefur á vegum þess verið unnið að því að bjarga frá glötun gömlum íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um liðna atburði á Íslandi. Hefur safnið á þessu sviði unnið ómetanlegt starf þar sem síðustu forvöð hafa verið að bjarga mörgum þessara mynda, einkum nítratmyndum sem eru mjög forgengilegar. Safnið hefur nú aðsetur í leiguhúsnæði að Skipholti 31 hér í borg og hefur þar til afnota eitt herbergi og geymslu. Við safnið starfar einn maður í hálfu starfi og yfir safninu er 5 manna stjórn. Fjárveiting til safnsins á fjárlögum 1984 er 903 þús. kr.

Um frv. sem hérna liggur fyrir er það enn fremur að segja að það var upphaflega samið af nefnd sem skipuð var af fyrrverandi menntmrh., hæstv. núv. forseta Nd. Nefndin skilaði endanlega störfum til ráðuneytisins 25. mars 1982. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar allra þingflokka er þá áttu sæti á Alþingi. Frá Alþb. var Guðrún Helgadóttir, frá Alþfl. Vilmundur heitinn Gylfason, frá Sjálfstfl. Halldór Blöndal og frá Framsfl. Sigmar B. Hauksson. Einnig áttu sæti í nefndinni Þorsteinn Jónsson frá Félagi kvikmyndagerðarmanna, Jón E. Böðvarsson frá fjmrn., en menntmrh. skipaði Indriða G. Þorsteinsson formann nefndarinnar án tilnefningar.

Nefndin samdi nýtt lagafrv. um þessi efni en það var aldrei lagt fram. Það frv., sem hér er nú lagt fram, er að meginstofni byggt á frv. nefndarinnar en þó hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar í einföldunarskyni fyrst og fremst. Helstu breytingar ráðuneytisins á frv. nefndarinnar eru þessar:

1. Ekki er gert ráð fyrir því í frv., að sett verði á laggirnar ný ríkisstofnun, Kvikmyndastofnun Íslands, eins og var þó upphaflega fyrirhugað, heldur er Kvikmyndasjóði ætlað að starfa áfram en sjóðnum ætlað nokkuð víðtækara starfssvið en áður.

2. Haldið er þeirri hugmynd að sameina stjórn og starfsemi Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns í hagræðingar- og sparnaðarskyni svo að betur megi nýta starfslið og húsnæði. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að safnið starfi sjálfstætt með svipuðum hætti og verið hefur.

3. Aðaltekjur Kvikmyndasjóðs verði árlegt framlag úr ríkissjóði er skv. frv. nemi áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Er þessi breyting í samræmi við sérálit Halldórs Blöndals á sínum tíma í nefndinni. Á hinn bóginn er fellt niður ákvæði um ábyrgðir á lánum til kvikmyndagerðarmanna sem næsta óljóst er hvernig átti að framkvæma.

4. Nýmæli er ákvæði um skylduskil á kvikmyndum til Kvikmyndasafns. Nýmæli er einnig að Kvikmyndasjóði er heimilað að láta starfsemi sína ná til myndbandagerðar og annarra tækninýjunga er tengjast hefðbundinni kvikmyndagerð.

Hv. Ed. gerði nokkrar breytingar á þessu frv. í samráði við formann Kvikmyndasjóðs. Þær eru allar þess eðlis að þær ættu að greiða fyrir framgangi málsins. Ég vona að hv. Nd. taki frv. jafnvel og Ed.

Ég þarf ekki að orðlengja það, herra forseti, hve mikilvægt mál það er bæði fyrir íslenska list og íslenska atvinnustarfsemi að vel verði búið að kvikmyndagerð í landinu. Þetta er ein þeirra listgreina og atvinnugreina sem eru í hvað örastri blómgun hér á landi. Íslenskar kvikmyndir hafa náð verulegri viðurkenningu á mjög þekktum alþjóðlegum kvikmyndahátíðum þar sem mikill vegur þykir að vera þátttakandi og fá þá viðurkenningu sem íslenskar kvikmyndir hafa fengið. Það er alveg ljóst að til þess að ná útbreiðslu fyrir kvikmyndir á erlendum markaði þarf að leggja í mikinn kostnað. Það er aftur á móti kostnaður sem ég tel að skili sér í ýmiss konar arði, ekki einungis þeim sem fellur í skaut þeim sem hafa unnið að kvikmyndagerðinni heldur einnig með öðrum og óbeinum hætti til handa íslenskri starfsemi sem hefur hag af skiptum við erlenda aðila.

Ég tel að ekki ætti að vera þörf á því að hafa öllu fleiri rök um það atriði, enda er það í samræmi við stefnu þessarar hv. ríkisstj. og að ég held í samræmi við hug hv. alþm. yfirleitt, að fátt sé okkur nauðsynlegra en að búa vel að nýjum og vaxandi atvinnugreinum hér á landi. Ekki er það lakara þegar þær stuðla einnig að útbreiðslu íslenskrar listar og íslenskrar menningar í því formi og með þeirri tækni sem nútíminn býður upp á.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað að lokinni 1. umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 81. mál (þskj. 806). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum frá 31. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna en hér er um að ræða frv. um Hafrannsóknastofnun. Frv. þetta hefur verið lengi til meðferðar á Alþingi, en það var unnið að tilhlutan nefndar sem var skipuð 20. ágúst 1982 til að athuga rekstur og skipulag Hafrannsóknastofnunar. Í nefndinni áttu sæti Jón Arnalds ráðuneytisstjóri, formaður, Geir Gunnarsson, þáv. formaður fjvn., Jón Jónsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Magnús Pétursson hagsýslustjóri, Már Elísson fiskimálastjóri og Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins.

Frv. var lagt fram á síðasta Alþingi en náði þá ekki fram að ganga. Verulega var þó í því unnið í sjútvn. Ed. og fluttar þar brtt. sem tekið er tillit til í þessu frv. Síðan var mælt fyrir frv. þessu í Ed. þann 14. nóv. s. l. og skal ég reyna í örfáum orðum að gera grein fyrir helstu efnisatriðum þess.

Það nýmæli er í þessu frv. að við stofnunina skuli starfa tveir aðstoðarforstjórar. Á árinu 1975 voru gerðar þær breytingar að setja þar á stofn útgerðar-

stjóra sem skyldi hafa með hendi daglega stjórn fjármála vegna reksturs rannsókna og leigu skipa. Fyrir nokkrum árum voru síðan ráðnir með ráðherrabréfum tveir aðstoðarmenn forstjóra sem jafnframt voru og eru deildarstjórar ákveðinna rannsóknadeilda stofnunarinnar. Þessir aðstoðarmenn forstjóra hafa í reynd sjálfkrafa tekið við störfum forstjóra í fjarveru hans og annast rekstur og stjórn stofnunarinnar að svo miklu leyti sem forstjórinn hefur falið þeim. Þeir hafa að öðru leyti verið fulltrúar forstjóra við daglegan rekstur stofnunarinnar og almennt aðstoðað hann við rekstur hennar.

Nú er talið nauðsynlegt að lögfesta þessar stöður, en þó þannig að aðeins annar af aðstoðarforstjórum sé vísindamaður á sviði hafrannsókna en hinn aðstoðarforstjórinn verði fjármála- og rekstrarstjóri stofnunarinnar. Það hlýtur að teljast eðlilegt í svo stórri stofnun sem Hafrannsóknastofnun er í reynd að þar sé sérstakur aðili sem annast fjármálastjórn. Að mínu mati þýðir lítið í reynd að tala um hagkvæmni og sparnað í ríkisrekstri nema að styrkja til verulegra muna innri fjármálastjórn allra stofnana á vegum ríkisins. Það starf verður ekki unnið af Fjárlaga- og hagsýslustofnun einni. Það verður að vinna innan frá í viðkomandi stofnunum og það verður ekki gert nema að auka vald þeirra sem fara með þau mál og það séu sérstakir menn, fjármálastjórar, sem hafi fulla stjórn á þeim málum.

Um þetta eru að sjálfsögðu deildar meiningar og ekkert síður í stofnununum sjálfum. Vissulega geta þar orðið árekstrar á milli vísindamanna annars vegar og þeirra er stjórna fjármálum hins vegar, en það verða menn að geta jafnað í viðkomandi stofnunum og stjórnað sínum eigin málum eftir bestu getu.

Í samræmi við till. sjútvn. Ed. á s. l. ári er skv. þessu frv. fjölgað í stjórn stofnunarinnar um tvo menn frá því sem áður var gert ráð fyrir. Gert er ráð fyrir því að skipun núv. stjórnar falli úr gildi, skv. þeirri brtt. sem samþykkt var í Ed., 1. júlí n. k., en þeir aðilar sem eiga að tilnefna í stjórn stofnunarinnar eru Fiskifélag Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna, einn af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar, einn sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn skipaður af sjútvrh. án tilnefningar.

Gert er ráð fyrir því að stjórnin fái aukið hlutverk og henni er ætlað að taka ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi stofnunarinnar og gera till. um starfs- og fjárhagsáætlanir og till. til ráðh. um skipun ráðgjafarnefndar og deildaskiptingu stofnunarinnar.

Einnig er gert ráð fyrir því að stjórnin staðfesti skipaáætlun og reikninga stofnunarinnar. Með þessum hætti er stjórninni veitt aukin hlutdeild í mótun skipulags, en að tilhlutan nefndarinnar voru þegar hafnar umr. meðal starfsfólks og innan stjórnar um framtíðar deildaskipulag og fyrirkomulag Hafrannsóknastofnunar. Hafa starfsmenn tekið verulega þátt í þeirri umr. og skilað um það ákveðnum till.

Ég vil aðeins geta þess að í 17. gr. eru markmið Hafrannsóknastofnunar skilgreind á ný. Þau verkefni sem lögin kveða á um að skuli vera í hendi hennar voru skilgreind fyrir tæpum tveimur áratugum þegar aðstæður voru aðrar en nú. Þess vegna þótti nauðsynlegt að skilgreina þau aftur.

Í 18. gr. gildandi laga er kveðið á um að til að framkvæma verkefni stofnunarinnar skuli skipa starfseminni í fjögur verksvið. Í dag starfar stofnunin hins vegar í 9 mismunandi deildum auk fjögurra útibúa. Skv. frv. er gert ráð fyrir að sett skuli nýtt skipulag með ákvörðun ráðh. að fengnum till. stjórnar Hafrannsóknastofnunar og liggja fyrir till. um það.

Gert er ráð fyrir því að deildarstjórar skuli ráðnir. Með þessu er leitast við að tryggja frekari sveigjanleika í starfseminni, betri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármunum í stað þess að deildir myndist í tengslum við áhuga og sérsvið einstakra vísindamanna eins og oft vill verða og nokkuð ber á í þessari stofnun.

Að frumkvæði nefndarinnar hafa þegar farið fram umr. með sérfræðingum hennar um núverandi deildafyrirkomulag og framtíðarskipan þessara mála eins og ég gat um áðan. Gert er ráð fyrir því að skipulag núv. stofnunar falli úr gildi við gildistöku þessara laga og komið verði á nýrri skipan mála. Þótt þar sé ekki um neina byltingu að ræða á það skipulag að gera ráð fyrir því að mun meiri sveigjanleiki verði í starfsemi þessarar mikilvægu stofnunar. Ég vænti þess að það megi verða til þess að auka starfsemi hennar og viðgang því að mjög mikilvægt er að sinna þessum grundvallarrannsóknum eftir því sem nokkur kostur er og hefur aldrei verið mikilvægara en nú að við gerum okkur sem besta grein fyrir lífríkinu hér í hafinu umhverfis okkur ef við eigum að geta spáð fyrir um efnahagslega framvindu þjóðarinnar á næstunni.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 329. mál (þskj. 684). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands. Hér er um að ræða mál sem hefur komið oft til umr. á Alþingi og ég sé ekki ástæðu til að gera mikla grein fyrir því nú. Frv. þetta er flutt vegna þess að gert er ráð fyrir því að skuldbreytingalán til fiskiskipa geti numið allt að 90% af húftryggingarverðmæti þeirra, en núgildandi heimildir laga gera aðeins ráð fyrir því að lánin megi nema allt að 3/4 hlutum kostnaðar eða matsverðs.

Frv. þetta er því flutt til að afla heimildar til að auka þetta hlutfall í samræmi við skuldbreytingar sem nú er unnið að á vegum Fiskveiðasjóðs.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Landflutningasjóður, frv. 354. mál (þskj. 815). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Félag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum sem heitir Landvari, skrifar samgn. Nd. bréf og sendir með frv. um breytingu á lögum um Landflutningasjóð. Undir þetta bréf skrifar formaður félagsins, Aðalgeir Sigurgeirsson, og framkvæmdastjóri þess, Stefán Pálsson lögfræðingur. Í þessu bréfi kemur fram að undirritaðir og Hilmar Jónsson sparisjóðsstjóri, sem er formaður Landflutningasjóðs, hafi rætt þetta mál við Ólaf Steinar Valdimarsson í samgrn. og samkomulag hafi orðið um að óska þess að samgn. flytti þetta frv. Ég hef rætt þetta við hæstv. samgrh. og það er einnig í samráði við hann sem nefndin flytur þetta mál.

Þetta er mjög einfalt. Eingöngu er verið að breyta 4. gr. laganna þess efnis að 1% gjald af starfsemi þeirra aðila, sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflutninga um landið, 1% gjald af aðstöðugjaldsstofni, falli niður. Komið hefur í ljós þegar farið var að innheimta þetta gjald að það kemur mjög mismunandi niður á þessum mönnum. Sumir reka bara þessa vörubíla, aðrir eru með afgreiðslur, þriðju með verslun og það er ótrúlega mikill munur á þessari greiðslu þó að flutningarnir séu í svipuðum mæli. Það eru sem sagt allir sammála því sem um þetta fjalla, bæði stjórn sjóðsins og aðrir sem hafa athugað þetta mál, að tímabært sé að breyta þessu ákvæði.

Þetta er efnisatriðið. Síðan er lagt til að lög nr. 14 frá 1980 falli úr gildi, en þau varða einmitt þessa gjaldtöku. Samgn. hefur rætt þetta mál á sínum fundi og standa allir að því að flytja þetta. Enn fremur hef ég rætt þetta við formann samgn. Ed. og hann var sammála því og sagðist mundi reyna að greiða fyrir þessu máli. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa hér upp grg., þetta er svo einfalt mál. En ef menn vilja er hægt að svara hér spurningum. Þar sem klukkan er nú að verða tólf sé ég ekki ástæðu til þess að eyða tíma í það. Nefndin óskar ekki eftir því að fá þetta mál aftur þar sem hún hefur fjallað um málið og flytur það og ég legg því til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og óska mjög eftir því, þar sem þetta er 1. umr. að þessu verði flýtt í deildinni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það hefur komið fram till. um að þessu máli verði vísað til 2. umr. Þetta mál er flutt af nefnd og af nefnd sem eðlilega mundi fjalla um þetta málefni. Ég held að ekki sé óeðlilegt að við þeirri beiðni verði orðið sem hv. frsm. beindi hér til deildarinnar um það að málinu verði aðeins vísað til 2. umr. án þess að það fari í nefnd. Ég ber þá fyrst upp að þessu máli verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 298. mál (þskj. 577, n. 738). — 2. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. þetta á fundum sínum. Svo sem fram kemur í áliti nefndarinnar á þskj. 738 leggur nefndin til að það verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Efri deild, 94. fundur.

Föstudaginn 11. maí, kl. 2 miðdegis.

Erfðafjárskattur, frv. 269. mál (þskj. 833 (sbr. 515)). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um erfðafjárskatt, 269. máli á þskj. 833. Þetta frv. hefur fengið afgreiðslu í Nd. með tiltölulega litlum breytingum. Gildandi lög um erfðafjárskatt eru frá árinu 1921 og hafa litlar breytingar verið á þeim gerðar. Í þeim er kveðið svo á að erfðafjárskattur skuli greiddur í ríkissjóð eins og verið hafði skv. fyrri lögum um sama efni. Hélst sú skipan til ársins 1952, en þá voru sett lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila. Skv. þeim lögum skyldi þetta fé renna í sérstakan sjóð og tekjum hans varið til lána og styrkveitinga til að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni, í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum, eins og þar segir. Lögunum nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, var síðan breytt 1972 og 1978. Aðalefni þeirra breytinga var fólgið í breytingu á skattstigum til samræmis við þróun í verðlagsmálum.

Það má því segja að gildandi reglur um álagningu erfðafjárskatts hafi verið óbreyttar í aðalatriðum um rúmlega 60 ára skeið. Á þessum tíma hafa að sjálfsögðu orðið miklar og margvíslegar breytingar í þjóðfélaginu og skoðanir manna og viðhorf nú að ýmsu leyti með öðrum hætti en var þegar lögin voru upphaflega sett. Því þótti full þörf á að endurskoða löggjöfina um erfðafjárskatt. Það varð að ráði að fela Ragnari Halldóri Hall borgarfógeta að semja drög að frv. til nýrra laga um þetta efni. Þau drög voru síðan send ýmsum aðilum til umsagnar. Að þeim umsögnum fengnum endurskoðaði Ragnar Halldór Hall drögin og hafði þá m. a. samráð við 1. flm. frv. til l. um breytingu á lögum um erfðafjárskatt sem lagt var fram í Nd. Alþingis 1983. Árangur þessarar endurskoðunar er frv. það sem hér liggur fyrir.

Í frv. er að finna nokkur veigamikil nýmæli og skal ég aðeins geta hinna helstu þeirra. Í 4. gr. frv. er svo kveðið á að langlífari maki arfleifanda sé undanþeginn erfðafjárskatti. Sama gildir um sambýlismann arfleifanda hafi verið um óvígða sambúð að ræða. En

sambýlismaður telst sá sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar með persónu af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hana skv. arfleiðsluskrá, þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleifandans er ótvírætt getið. Hér er um að ræða mikla réttarbót til handa eftirlifandi maka og þá ekki síður til handa þeim sem hafa verið í óvígðri sambúð, en það sambúðarform hefur orðið æ algengara hin síðari ár. Þá er og kveðið á um að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga. Þessar undanþágur frá greiðslu erfðafjárskatts til eftirlifandi maka eða sambýlismanns eða annarra aðila, sem nefndir voru, gildir þó ekki um arf sem aðrir erfingjar kunna að hafa afsalað til þeirra.

Viðmiðunarfjárhæðir við álagningu skattsins eru verulega hækkaðar frá því sem nú er, eða úr 12 þús. kr. í 140 þús., og skulu þær breytast hinn 1. des. ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Hingað til hefur þurft að gera slíkar breytingar með lögum hverju sinni.

Í frv. eru sérstakar reglur um greiðslu til erfingja fyrir fram upp í arf og arf sem maður afsalar sér til annars aðila. Einnig hefur frv. að geyma ákveðnar reglur um ákvæði um gjaldstofna, en ráðh. getur sett nánari reglur um það efni og einnig getur hann með reglugerð kveðið nánar á um önnur ákvæði frv. ef að lögum verður. Frv. þetta hefur og að geyma einfaldari og skýrari reglur en nú gilda um réttarfar í málum sem varða álagningu og innheimtu erfðafjárskatts, upplýsingaskyldu, skýrslugerð o. fl.

Ég hef hér í stuttu máli vakið athygli á veigamestu nýmælum þessa frv. en til frekari skýringa vísa ég að sinni til aths. sem frv. fylgja. Ég vil þó geta þess, að Fjárlaga- og hagsýslustofnun fór yfir frv. og lét í té umsögn sína. Niðurstaðan úr athugun stofnunarinnar er sú, að miðað við innheimtu erfðafjárskatts á undanförnum árum megi reikna með að þessi breyting, ef að lögum verður, geti þýtt tekjutap fyrir ríkissjóð um 11 millj. kr. Hins vegar segir þó í aths. hennar að það geti einnig komið í ljós við ýmsar lagfæringar sem á þessu kerfi verði gerðar að tapið verði ekki svona mikið, þar sem innheimtan eigi að skila sér fyrr og betur en núgildandi lög leyfa.

Í sambandi við þetta mál er rétt að rifja það upp, að eins og hv. þdm. vita er Erfðafjársjóður einn af tekjustofnum Framkvæmdasjóðs fatlaðra. En með þeim lögum sem nú eru í gildi er Erfðafjársjóður í raun og veru búinn að missa marks því að gert ráð er fyrir því í lögum um málefni fatlaðra að Erfðafjársjóður færist yfir til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég geri ráð fyrir því að þetta komi til umr. í Nd. Það reikna e. t. v. margir með því að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra muni rýrna við þessa tekjurýrnun af Erfðafjárskatti. Um það má deila. Hins vegar gerum við ráð fyrir, sem höfum fjallað um þetta mál, að þær tekjur sem koma af erfðafjárskatti skv. nýju lögunum renni óskiptar í Erfðafjársjóð, eða réttara sagt til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég vil láta það koma hér fram að það er alveg ljóst að gera þarf breytingu á lögunum um Framkvæmdasjóð fatlaðra að því er varðar Erfðafjársjóðinn, að í staðinn fyrir tekjur af Erfðafjársjóði komi tekjur af erfðafjárskatti eða erfðafjárskattur renni til Framkvæmdasjóðs aftur. Þetta þarf að athuga fyrir næsta þing því að það er alls ekki meiningin með þessu frv. að fara að rýra þær tekjur. Hins vegar vil ég geta þess að tekjur af erfðafjárskatti hafa á undanförnum árum fyrir atbeina Alþingis og stjórnvalda verið rýrðar yfir 50% á hverju ári. Erfðafjársjóður hefur ekki fengið nema um helming af þeim tekjum sem erfðafjárskattur hefur gefið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta nánar nema tilefni gefist til. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og félmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það verður ekki efnisleg umfjöllun um þetta mál af minni hálfu nú. Ég hef kynnt mér þetta frv. og tel að margar breytingar sem í því eru séu tvímælalaust til bóta. Ýmsar verulegar réttarbætur felur það í sér einmitt til þeirra sem hafa átt undir högg að sækja varðandi erfðarétt og er full ástæða til að taka þar undir. Hér er raunar vikið að einhverjum viðkvæmustu málum í samskiptum manna sem ég þekki og þarf auðvitað að fara að öllu með gát í því efni. Það er því von að um þau í heild sinni geti orðið mikil umr. og einnig um réttmæti þessa skatts á mismunandi stigum og forsendum. Ég skal þó ekki fjölyrða um það.

Það sem mér er efst í huga er einmitt það atriði sem hæstv. félmrh. kom inn á í lok sinnar ræðu, ráðstöfun þess sem til ríkissjóðs rennur. Eins og hann sagði hefur sannarlega verið tekist á og togast á um þetta á undanförnum árum. Tilhneigingin til þess að láta ríkissjóð hirða verulegan hluta af erfðafjárskattinum beint, í staðinn fyrir að hann renni til ákveðinna tiltekinna framkvæmda, hefur vissulega verið rík. Hann hefur verið tekinn í framkvæmdir sem Alþingi hefur talið svo brýnar að sjálfsagt væri að verja þeim peningum til. Eins og hæstv. félmrh. tók fram áttu tekjur þessa sjóðs að renna til endurhæfingarráðs til framkvæmda í þágu fatlaðra. Þær framkvæmdir eru vitanlega enn þær sömu og sjóðurinn á áfram að renna í þær skv. lögum um fatlaða þó að það sé rétt að þar sé talað um tekjur Erfðafjársjóðs. Túlkunin hefur nú reyndar venjulega verið sú á þeim lögum að þær tekjur skyldu vera óskertar. Hins vegar hefur í lánsfjárlögum að undanförnu alltaf verið um vissa skerðingu að ræða, oft nokkuð tilfinnanlega. Um þetta mál fór á sínum tíma fram nokkur umr. í fjh- og viðskn. Alþingis og tekið var fram í nál. að ef tekjur af erfðafjárskatti færu fram yfir það sem segði í tekjuáætlun fjárlaga yrði sama hlutfalli af umframupphæðinni ráðstafað til Erfðafjársjóðs og til endurhæfingarráðs í þessu tilfelli. Það var gert af þeim fjmrh. sem nálægt því máli kom.

Eins og mönnum er kunnugt er skerðingin á þessu ári talsvert mikil. Skv. lánsfjárlögum er tekjuáætlunin um 40 millj. á þessu ári. Ég sagði það við umr. um lánsfjárlögin að mér þætti sú tekjuáætlun allrífleg og lét í ljósi efasemdir um að sú áætlun standist jafnvel þó að lögin hefðu verið óbreytt. Ég held að hún sé alveg ótvírætt í allra hæsta kanti miðað við það sem var í fyrra, sem þýddi það að tekjur af erfðafjárskatti hefðu átt að óbreyttum lögum nær að tvöfaldast. En auðvitað breytir þetta frv. svo þessari mynd enn frekar.

Þá vakna þær spurningar hjá mér eins og vöknuðu í Nd. hvort það tekjutap sem þetta frv. gerir ráð fyrir muni leiða af sér enn frekari rýrnun á framkvæmdafé til fatlaðra á næstu árum og hvort vænta megi þess að hlutfallslegt tekjutap skv. samþykkt þessa frv. mundi leiða af sér samsvarandi lækkun til Framkvæmdasjóðs

fatlaðra. Ég tek yfirlýsingu hæstv. ráðh. þannig að svo muni ekki vera og ef nauðsyn beri til verði lögunum um Framkvæmdasjóð fatlaðra breytt á þann hátt, að þar verði teknar inn tekjur af erfðafjárskatti, sem er kannske eðlilegri viðmiðun og eðlilegri framsetning í lagatexta. Hins vegar vil ég benda hæstv. ráðh. á það, og beini þeirri ábendingu til okkar allra í leiðinni, að vafalaust gætu lánsfjárlög breytt þeirri mynd einnig og Alþingi þar með, þó að við settum þetta inn, því þá mundi þessu bara verða breytt á þann hátt, að þrátt fyrir ákvæði laga um Framkvæmdasjóð fatlaðra skyldi engu að síður ekki verja hærri upphæð en 20 millj. eða 25 millj., eða hvaða upphæð sem væri, til þeirra verkefna. Við verðum fyrst og fremst að gæta þess, að Alþingi taki á hverjum tíma eins jákvæða afstöðu og mögulegt er til þess hvernig þessum tekjum er varið, því að þeim verður auðvitað ekki varið í annað betra en framkvæmdir í þágu fatlaðra. Það veit ég að við hæstv. félmrh. erum fullkomlega sammála um. Þar af leiðandi ættu þetta að vera óskertar tekjur sem lánsfjárlög gætu engu breytt um. Ég veit að við erum sammála um það mál einnig.

En ég fagna yfirlýsingu hæstv. ráðh. og mun taka tillit til þess við afgreiðslu þessa máls. Ég vildi svo spyrja í framhaldi af þessu hvort hæstv. ráðh. álítur þá tekjuáætlun raunhæfa sem fjárlögin gera ráð fyrir, skv. þeim upplýsingum sem nú eru fengnar, og eins hverjar tekjur hafi verið af erfðafjárskatti s. l. ár. Það sé ég nú reyndar hér, það eru gefnar upp hér 37 millj. skv. plaggi frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og 28 millj. á árinu 1982. Fer nú að skjóta skökku við þær upplýsingar sem við höfum áður haft frá þeirri ágætu stofnun um tekjur af erfðafjárskatti og væri betur að hér væri loksins fallist á að gefa manni réttar tölur upp. Ég vænti þess að þetta séu réttar tölur. Og þá spyr ég, vegna þess að framlög í Erfðafjársjóð á árinu 1983 voru eins og þarna segir 16.1 millj.: Hafa farið fram hliðstæðar viðræður núna um að hlutfall af þeirri viðbót sem komið hefur inn á árinu 1983 verði greitt inn í Framkvæmdasjóð fatlaðra eins og verið hefur á undanförnum árum? Hefur það komið til, vegna þess að hér er um svimandi háa breytingu að ræða frá því sem áætlað var á árinu 1983?

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Í sambandi við þær spurningar sem hér komu fram vil ég aðeins geta þess í sambandi við erfðafjárskattinn að eins og hv. þm. minntist á réttilega var gert ráð fyrir að tekjur af erfðafjárskatti fyrir árið 1983 yrðu rúmlega 16 millj. kr. til sjóðsins. En þær urðu í reynd 23 millj., þannig að það hefur alltaf verið fullur vilji fyrir því í fjmrn. á undanförnum árum að taka tillit til þessa atriðis að hækka framlagið í takt við innheimtu á hverjum tíma. En eins og mönnum býður sjálfsagt í grun eru tekjur af erfðafjárskatti ákaflega óvissar, ef það má orða það svo, þær geta verið mismunandi eftir árum og ekki fyllilega hægt að gera sér grein fyrir því í upphafi hvernig það kemur út hverju sinni. Hins vegar telja kunnugir menn sem nálægt þessu frv. hafa komið, m. a. skiptaráðendur í Reykjavík, Ragnar Hall, sem aðallega samdi frv. og Markús Sigurbjörnsson, að frv. í þessari mynd afnemi í fyrsta lagi vafaatriði sem hafa verið á meðferð þessara mála á undanförnum árum og festi það í form. Fyrir utan þær meginbreytingar sem ég lýsti hér fyrr eigi þetta að hafa í för með sér miklu fljótvirkara uppgjör á dánarbúum og þessari skattheimtu þannig að miklu eðlilegra og raunhæfara verði að gera áætlanir um þessi mál í framtíðinni.

Ég held að ég fari ekki nánar út í þetta. Ég endurtek að ég tel að vissulega þurfi að athuga um breytingar á lögum um málefni fatlaðra. Það urðu smámistök í sambandi við uppsetningu í frv. á tekjum Framkvæmdasjóðsins. Það er miklu eðlilegra að miða þetta við skattheimtuna sjálfa en að vera sífellt að vitna í sjóði sem eru raunverulega ekkert nema nafnið tómt. En það sem ég gleymdi áðan og vil leggja áherslu á er það, að það er ákaflega mikilvægt að þetta frv. verði að lögum nú á þessu þingi. Hv. þm. í Nd. tóku tillit til þess, vegna þess að það liggja upplýsingar frammi um það frá skiptaráðendum og ýmsum lögmönnum, sem annast um þessi mál, að það bíða allir eftir þessu frv. og halda að sér höndum í sambandi við uppgjör á dánarbúum og öðru slíku. Það gæti því haft áhrif á tekjuhlið þessara mála og þá um leið tekjur Framkvæmdasjóðs ef frv. yrði ekki að lögum á þessu þingi. (**HS:** Skil ég félmrh. rétt að 7 millj. hafi verið greiddar á árinu 1984 til Framkvæmdasjóðs fatlaðra umfram þessar 16 millj.?) Umfram þessar 16 millj., já.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. 55. mál (þskj. 58, n. 795, 796). — 2. umr.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál á allmörgum fundum, m. a. fengið til viðtals tollstjórann í Reykjavík, tollgæslustjóra og fulltrúa tollþjóna. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj. Stefán Benediktsson sat fundi n. og er samþykkur þessari niðurstöðu eins og nm. allir.

Brtt. eru tvær. Það er fyrst brtt. í þá átt að Selfoss verði talinn meðal tollhafna. Nú kann sumum kannske að finnast einkennilegt að telja Selfoss upp í hópi hafnanna því að þar hefur víst ekkert skip lent annað en Vanadísin á sínum tíma. Engu að síður fannst okkur að þetta þyrfti ekki að særa málsmekk fólks. Við tölum um fríhafnir á flugvöllum og við tölum um að mál séu komin í höfn. Mætti þá kannske alveg eins segja að vara sem á að fara á Selfoss, væri komin í höfn þegar hún væri þangað komin, þótt henni væri skipað upp í Þorlákshöfn eða í Reykjavík. Ég vil nú engu að síður benda á þetta, ef einhverjir kynnu fremur vilja setja þetta upp með einhverjum öðrum hætti.

Svo er brtt. um það að ef fleiri en ein vörusending er skráð á sama farmbréf sé heimilt að greiða aðflutningsgjöld af hverri fyrir sig. Svipað ákvæði var í stjfrv. sem dagaði hér uppi í fyrra eða hitteðfyrra. Nefndin var sammála um að taka þetta upp í frv. og leggur til að frv. verði samþykkt með þessum tveim breytingum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 796,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 796,2 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
6.—10. gr. (verða 7.—11. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. 221. mál (þskj. 390, n. 820, 825). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Mér þykir vert að geta þess hér í upphafi máls míns að mér hefur láðst að tilkynna það, þegar ég lagði afgreiðslu landbn. Ed. inn til vélritunar, að í bókun n. við afgreiðslu málsins er fram tekið að einstakir nm. áskilji sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja öðrum sem fram kunna að koma. Ég bið nm. velvirðingar á þessu. Þetta verður að sjálfsögðu lagfært við endurprentun á nál.

Við fyrri umr. fjallaði landbrh. allítarlega um frv. til l. um breytingar á jarðalögum. Enn fremur fylgdi frv. grg. til upplýsingar um þær ástæður og efni sem í frv. felast. Segja má að megintilgangurinn með þessu frv. og tilefni sé sú skipulagsbreyting sem áformuð er með þessari lagagerð, þar sem Landnám ríkisins yrði lagt niður og verkefnum þess skipt upp á milli annarra stofnana og þá sérstaklega færð yfir til landbrn. Það má því segja að ekki sé um miklar efnisbreytingar að ræða.

Ég mun nú fara um frv. nokkrum orðum og þó sérstaklega brtt., en vísa að öðru leyti til þess sem ég hef áður sagt um fyrri skýringar hér í þessari hv. d. á frv.

Frv. þetta er stjfrv. Meginefni þess er að Landnám ríkisins verði lagt niður og verkefni þessa varðandi stofnun býla, félagsbúa, endurbyggingu jarða, jarðaskrá og umsjá jarða flyst til landbrn. Skv. frv. verða Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins nú í flestum tilvikum umsagnaraðilar. Þó eru í frv. ítarlegri reglur um félagsbú en áður hafa gilt og gerðar eru breytingar á nokkrum ákvæðum jarðalaganna í ljósi fenginnar reynslu, m. a. varðandi sumarbústaði. Ekki þarf að taka það fram með tilvísan til þess sem ég sagði áðan, að landbn. mælir með samþykkt frv. með þeim fyrirvörum sem ég gat hér um áðan.

Landbn. Ed. leitaði eftir umsögnum um frv. Búnaðarþing fjallaði sérstaklega um það og gerði við það allmiklar breytingar og kom það fram í ályktun Búnaðarþings árið 1984. Þar er lagt til að gerðar verði breytingar á nokkrum ákvæðum frv. Jafnframt fól Búnaðarþing sérstakri nefnd þriggja manna að yfirfara frv. Kom nefnd Búnaðarþings m. a. á fund þingnefndarinnar. Þær brtt. sem landbn. flytur á þskj. 825 eru m. a. tilkomnar vegna ályktunar Búnaðarþings 1984. Þá hefur nefndin átt viðræður við búnaðarmálastjóra og embættismenn í landbrn. ásamt þeim þremur mönnum sem áður er vitnað til.

Eins og fyrr sagði flytur nefndin þrjár brtt. við frv. Sú fyrsta lýtur að því ákvæði frv. sem fjallar um sumarbústaði. Skv. 3. gr. frv. er lagt til að settar verði einfaldari og skýrari reglur um afskipti jarðanefnda af byggingu sumarbústaða og aðilaskiptum að réttindum yfir þeim. Er í því efni gerður greinarmunur á hvort um er að ræða sumarbústaðahverfi eða bústaði utan hverfa. Þannig gerir frv. ráð fyrir að land undir sumarbústaðahverfi verði jafnan tekið úr landbúnaðarnotum skv. 12. gr. jarðalaganna. En við sumarbústaði utan hverfa er slíkt heimilt en ekki nauðsynlegt. Hafi land undir sumarbústaði verið tekið úr landbúnaðarnotum þurfa jarðanefndir og sveitarstjórn ekki að samþykkja aðilaskipti eða réttindi yfir slíkum sumarbústöðum skv. 6. gr. jarðalaganna. Mikilvægt er í þessu sambandi á hvern veg sumarbústaðahverfi eru skilgreind, en í frv. er svofelld skýring við 5. mgr. 3. gr.:

„Það telst vera sumarbústaðahverfi, þegar tveir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum."

Búnaðarþing 1984 fjallaði sérstaklega um þessa skilgreiningu og af hálfu þess var bent á vaxandi áhuga bænda á því að reisa sjálfir sumarbústaði til útleigu eða leigja út lóðir undir bústaði án þess að losað væri um tengsl lands undir slíka bústaði við viðkomandi jörð, t. d. með því að taka landið úr landbúnaðarnotum. Bæði væri það, að bændur litu á þetta sem tímabundin afnot lands, sem síðar kynni á ný að verða tekið til landbúnaðar, og hitt, að slík útleiga gæti orðið vaxandi þáttur í búskaparhefð. Með tilliti til þessa þótti sú viðmiðun frv. að miða sumarbústaðahverfi við tvo eða fleiri sumarbústaði of þröng. Af hálfu Búnaðarþings 1984 var því lagt til að miðað yrði við 10 bústaði, en með tilliti til þeirra réttaráhrifa sem tengd eru þessari skilgreiningu laganna var það tillaga nefndarinnar að miða skilgreininguna á sumarbústaðahverfi við fjóra eða fleiri sumarbústaði.

2. brtt. n. er við 10. gr. frv. Er þar fjallað um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð varðandi aðild að félagsbúum. Í 2. málsl. 2. mgr. d, sbr. 25. gr. frv., er tekið fram að hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geti ekki stofnað til félagsbús. Af hálfu Búnaðarþings og þeirra starfsmanna Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem fjallað hafa um frv. var lögð áhersla á að sama gilti um fólk í óvígðri sambúð og að það kæmi skýrt fram að ákvæðið tæki einnig til þess fólks sem stofnað hefði félagsbú en gengi síðar í hjúskap eða tæki upp óvígða sambúð. Þeir aðilar gætu ekki lengur báðir verið aðilar að félagsbúi. Í brtt. n. er óvígð sambúð skilgreind á sama hátt og gert hefur verið í ýmsum lögum frá síðustu árum, þó þær skilgreiningar séu ekki í öllum atriðum sambærilegar. Má um sambærilega skilgreiningu og hér er gerð till. um vísa til 2. gr. frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda, sem liggur fyrir þessu þingi, og 63. gr. laga um tekju- og eignarskatt.

Reynslan sýnir að stór hluti félagsbúa og stofnunar nýbýla er vegna kynslóðaskipta á jörðum. Menn óska þá gjarnan eftir að standa sameiginlega að búrekstrinum að hluta eða öllu leyti um einhvern tíma meðan kynslóðaskiptin eru að ganga yfir. Skv. frv. er hins vegar gert ráð fyrir að til stofnunar félagsbús þurfi að uppfylla viss skilyrði um landstærð og gæði skv. 5. mgr. 25. gr. frv. Með viðurkenningu stjórnvalda á félagsbúi öðlast aðilar þess tiltekin réttindi, t. d. til lána og uppbyggingar á jörð. Búnaðarþing óskaði eindregið eftir því að tekið yrði upp sérstakt sameignarform um ábúðar- og framleiðslurétt og að sá samningur gilti í ákveðinn tíma meðan kynslóðaskiptin væru að ganga

yfir. Nefndin taldi eðlilegt að setja inn í frv. slíka heimild, en nánari útfærsla á henni þyrfti að koma í reglugerð, enda tilvikin margvísleg og nauðsynlegt að huga að því á hvern hátt eigi að víkja frá skilyrðum um landstærð og réttindi aðila félagsbús í þessu tilviki.

Eins og fram kemur í grg. með frv. til breytinga á jarðalögum var ráðgert að leggja fyrir þetta Alþingi sérstakt frv. um grasköglaverksmiðjur þær sem nú eru í eigu ríkisins, en Landnám ríkisins hefur á grundvelli laga nr. 45 frá 1971 rekið þrjár af fjórum grasköglaverksmiðjum ríkisins. Ekki tókst að leggja frv. fram á þessu þingi en ráðgert er að ljúka frágangi þess í sumar og leggja það fyrir Alþingi næsta haust. Þar sem frv. það sem hér er til meðferðar og fjallar um breytingu á jarðalögum gerir ráð fyrir að Landnám ríkisins verði lagt niður er óhjákvæmilegt að fela einhverjum aðila að taka við verkefnum Landnámsins varðandi rekstur grasköglaverksmiðjanna í Flatey, Ólafsdal og á Stórólfsvöllum. Því er lagt til að ákvæði 55.—60. gr., sem fjalla um þennan rekstur, standi í lögum enn um sinn eða þar til ný lög um fóðurverksmiðju ríkisins verða sett. Hins vegar taki landbrn. við þeim verkefnum sem Landnámi ríkisins, landnámsstjórn og landnámsstjóra eru ætluð í nefndum lagagreinum. Því leggur nefndin til að við lögin bætist ákvæði um þetta atriði og gildi það þar til annað verður ákveðið með lögum. Skv. þessu ákvæði mun því landbrn. taka um sinn við þeirri yfirstjórn og skrifstofurekstri sem Landnám ríkisins hefur haft með höndum varðandi þær þrjár grasköglaverksmiðjur sem áður voru nefndar, en þær munu í samræmi við 55.—60. gr. áfram verða reknar sem sjálfstæð fyrirtæki hvert með sérstakri stjórn.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara nákvæmar út í þessi mál. Ég hygg að tillögurnar skýri sig að mestu sjálfar og vænti þess að málið fái hér greiðan framhaldsumgang í þessari virðulegu deild.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Eins og fram kom í máli frsm. hefur nefndin lagt mikla vinnu í frv. og athugað það rækilega. En eitt af því sem er tilgangur með þessu frv. er hagræðing í skipulagi á stofnunum ríkisins og viðleitni til að færa saman svipuð verkefni.

Í h-lið 10. gr. frv. er rætt um jarðaskrá. Ég vildi við þetta tækifæri lýsa því yfir að ég hef hug á því að nýta þá heimild sem þar er veitt: „Þá er ráðh. heimilt með reglugerð að fela öðrum aðila að annast gerð jarðaskrár í umboði rn."

Þar sem jarðaskrá er þegar haldin hjá Búnaðarfélagi Íslands tel ég hagræðingu í því að reyna að nýta þessa heimild og leita eftir samstarfi við Búnaðarfélagið um það atriði eins og reyndar fleira sem minnst er á í þessu frv.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég skrifaði undir þetta nál. og brtt. þær sem þarna er um fjallað og stend þar fyllilega við. En menn verða að átta sig á því að hér er um talsvert mikla breytingu að ræða varðandi mörg þau verkefni sem Landnám ríkisins hefur annast með yfirfærslu þeirra yfir í landbrn. Út af fyrir sig er ég sammála því að þarna geti vissulega verið um hagræðingu að ræða og hef ekki við það að athuga að því leyti til. Ég er einnig sammála því að mörg verkefni Landnámsins hafa breyst á þann veg að vægi þeirra hefur vissulega minnkað. En við skulum gera okkur grein fyrir því að þau verkefni sem Landnámið annast m. a. varðandi fóðurversmiðjur og annað því um líkt, hafa verið undir ákveðinni stjórn, sem Alþingi hefur haft íhlutunarrétt um, landnámsstjórn sem Alþingi hefur kosið.

Eftir að þessar breytingar ganga allar í gegn, varðandi fóðurverksmiðjurnar einnig, færist þetta vald alfarið til ráðuneytisins. Það verður landbrn. sem verður algerlega með þetta. Og án þess að ég ætli að vantreysta þeim góðu mönnum sem þar vinna á nokkurn hátt get ég ekki stillt mig um að benda á það, að Alþingi hefur hingað til haft meiri íhlutunarrétt um þessi mál með því að þingkjörin stjórn hefur verið yfir Landnáminu. M. a. hefur stjórnarandstaða á hverjum tíma haft betri tök á að fylgjast með málum sem þar hafa verið afgreidd heldur en verður nú eftir að öll verkefni þess færast inn í landbrn. og landnámsstjórn verður þar með aflögð. Þetta vildi ég aðeins að fram kæmi, vegna þess að ég hygg að í mörgum tilfellum hafi þessi skipan, með möguleika stjórnarandstöðu á hverjum tíma til að hafa ákveðin afskipti af þessum verkefnum, hafi verið til góðs. En ég hygg að hitt vegi nú þyngra, að verkefnin hafa verið að færast æ meira frá Landnáminu yfir til annarra aðila. Er því ekki orðið um svo ýkja veigamikla starfsemi að ræða og þessi breyting á þannig í grundvallaratriðum fyllsta rétt á sér. Gerum okkur hins vegar grein fyrir því um leið að Alþingi er þarna að afsala sér ákveðnu valdi yfir til landbrn. varðandi talsvert þýðingarmikil verkefni.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég skal viðurkenna það að ég hef lítið skoðað þetta mál fyrr en nú á síðustu mínútum þegar ég fór að fletta frv. Og þá rak ég mig á einn hlut sem mér fannst nokkuð skrýtinn. Ég held að bændur hafi stundað búskap á Íslandi frá því að land byggðist en ekki rekið búskap. Það er hér hvert orðið á fætur öðru í þessu frv. þar sem talað er um búrekstraraðstöðu en ekki búskaparaðstöðu. Ég ætla aðeins að benda á þetta. Mér finnst þetta dálítið einkennileg málþróun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 825,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 825,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 825,3 tekin aftur.
13.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. 220. mál (þskj. 389, n. 819). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Það kemur sér

vel fyrir kvefaðan frsm. að hér getur dugað stutt framsaga. Það nál. sem ég mæli fyrir er um frv. til l. um breytingu á ábúðarlögum og flutningur þess og umfjöllun öll er í beinum tengslum við þá breytingu á jarðalögunum sem hér hefur verið áður fjallað um.

Í frv. er lagt til að landnámsstjórn verði lögð niður og að reglum um viðurkenningu á nýjum býlum verði breytt þannig að samþykki landbrn. þurfi til að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, enda séu þá uppfyllt ýmis skilyrði sem fram koma í frv. Þess vegna er lagt til að þessum lögum verði breytt til samræmis við þær tillögur sem felast í framangreindu frv. um breytingu á jarðalögum.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fjalla nánar um þetta mál, en vænti þess að það fái greiða leið í gegnum þessa hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 593, n. 794 og 837). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt en minni hl. mun gera grein fyrir sínu áliti væntanlega. Í meiri hl. eru Valdimar Indriðason, Tómas Árnason, Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ríkisstj. hefur lagt hér fram tvö frv. sem bæði stefna í þá átt að lækka skattgreiðslu banka og annarra lánastofnana. Í þessu frv. sem nú er til umr. eru lækkaðar greiðslur gjaldeyrisbanka í ríkissjóð af umboðsþóknun og gengismun og nemur lækkunin ⅓ á þessu ári og veldur tekjumissi fyrir ríkissjóð sem svarar um 30 millj. kr. á árinu. Aftur á móti verður tekjumissirinn 60 millj. kr. á næsta ári og 90 millj. kr. á árinu 1986 þegar gjaldið verður endanlega fellt niður. Samtals nemur því tekjuskerðing ríkissjóðs af þessari ástæðu 180 millj. kr.

Sjaldnast eru eyru fjölmiðla einhvers staðar nærri þegar fundir í Ed. eru haldnir og héðan berst því miður ósköp lítið af upplýsingum úr umr., en það væri fróðlegt fyrir fjölmiðla, að ég tali nú ekki um ráðh., að átta sig á því að með þessum tveimur frumvörpum, sem verið er að afgreiða hér, er verið að skerða tekjur ríkissjóðs um hvorki meira né minna en 360 millj. kr. Ég held ég vilji biðja hæstv. forseta að hlutast til um það að fjmrh. komi hingað. (**Forseti:** Eða viðskrh. kannske, ef hann væri til staðar? Leitarflokkar eru lagðir af stað.) Ég hef nefnilega ekki séð gerða neina grein fyrir því í þskj. af hálfu ríkisstj. og talsmanna hennar hversu mikið tekjutap hér er um að ræða fyrir ríkissjóð. En þetta frv. sem hér er til umr. mun þýða tekjutap ríkissjóðs eins og ég nefndi áðan upp á 180 millj. kr. og frv. sem lagt er fram samhliða því um skattskyldu innlánsstofnana breytingu á þeim lögum, hefur í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð á sama tímabili upp á 178 millj. kr. eða samtals hvorki meira né minna en 348 millj. á þremur árum. Hér er verið að spila út úr ríkissjóði algerlega að óþörfu og án nokkurrar sjáanlegrar ástæðu upphæð sem nemur 120 millj. kr. á hverju þessara ára að meðaltali, eða samtals 360 millj. kr.

Við erum búnir að vera að rökræða og hafa áhyggjur af fjárhag ríkissjóðs og það hefur verið eitt mesta stórmálið sem hér hefur verið til umr. á undanförnum vikum. Þar vantar stórar fjárhæðir inn í til að endar náist saman. Eftir basl mikið tókst ríkisstj. ekki að leysa þann vanda heldur skildi eftir sig gat í rekstri ríkissjóðs sem verður að fylla með erlendum lánum upp á rétt um 1 milljarð kr. (Gripið fram í.) Gatið, sem eftir verður í rekstri ríkissjóðs á þessu ári og ekki er fyllt annaðhvort með niðurskurði á útgjöldum eða nýjum tekjum, nemur um 1 milljarði kr. Öll er þessi fjárhæð tekin að láni auk viðbótarfjáröflunar upp á 1 milljarð. Erlendu lántökurnar eru því um 2 milljarðar eins og kunnugt er. En á sama tíma og þetta gerist ætlar hæstv. fjmrh. að keyra hér í gegn tvö frumvörp um bankamál sem þýða tekjumissi fyrir ríkissjóð upp á 120 millj. að meðaltali á hverju ári næstu þrjú árin. Er vit í þessu? Nei, þetta er svo sannarlega glórulaust ævintýri.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því í fullri hreinskilni og með fullri vinsemd hvort ekki hafi komið til greina að endurskoða áformin um lækkun skatta á banka eftir að í ljós kom hversu bágur fjárhagur ríkissjóðs er í raun og veru. Við skulum gera okkur fyllilega grein fyrir því að fjárhagur ríkissjóðs verður ekki bara bágur á þessu ári. Úr því að ekki tókst með nýrri tekjuöflun eða niðurskurði á útgjöldum að ná saman endum á þessu ári mun það sjálfsagt ekki heldur takast á næsta ári. Hér er greinilega verið að stækka gatið enn frekar, vísvitandi er stefnt í það að halli á rekstri ríkissjóðs verði enn meiri en orðið er. Það eru engar smáupphæðir sem hér eru á ferðinni.

Hæstv. fjmrh. beitti sér strax í upphafi fyrir því að ákveðnir tekjustofnar ríkissjóðs voru felldir niður. Það er ein aðalástæðan fyrir því að endar náðu ekki saman á s. l. ári og á þessu ári. En hér er enn haldið áfram á sömu braut. Þessi einkennilega gjafmildi hæstv. fjmrh. og ríkisstj. hlýtur að vekja verulega athygli í ljósi fjárhagserfiðleika ríkissjóðs um þessar mundir. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er ekki hugsanlegt, bæði vegna fjárhags ríkissjóðs á þessu ári og þeirra vandræða sem hæstv. fjmrh. er í og vegna þeirra fjmrh. sem við taka, vegna þeirra ára sem framundan eru, að þessi ákvörðun, sem nú er verið að taka í sambandi við bankaskattana, verði endurskoðuð. Það er algerlega ábyrgðarlaus ákvörðun sem hér er tekin og ég trúi ekki öðru en að hæstv. fjmrh. sé reiðubúinn til þess að endurskoða þetta mál og það verði að flokkast undir óaðgætni að verið er að keyra þetta mál nú áfram á síðustu dögum þingsins þrátt fyrir það hvernig ástatt er.

Ég vil jafnframt leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Gerði hann sér fyllilega grein fyrir hvað upphæðin er há? Hann hefur kannske haldið að þetta væru einhverjar smásummur sem hér væru á ferðinni. Ég heyrði það þegar málið var rætt í hv. fjh.- og viðskn. að ekki höfðu allir nm. áttað sig á því hversu stórar fjárhæðir hér voru á ferðinni. Mér er nær að halda að hæstv. fjmrh. hafi kannske aldrei fyllilega gert sér grein fyrir því að hann er að láta hér úr ríkissjóði 120 millj. kr. á ári í þrjú ár.

Ég vildi sem sagt vinsamlega skora á hæstv. fjmrh. að endurskoða þessa ákvörðun og um leið svara því hvort ekki hafi komið til greina að hætta við þessi áform og þá með hvaða rökum ákveðið var að keyra þetta mál áfram til endanlegrar afgreiðslu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég vil helst ekki þurfa að endurtaka það í öllum umr. um fjármál og ríkissjóð hvernig göt verða til og hvaða vanda núv. ríkisstj. er að glíma við. Ég er búinn að gera það svo oft og enginn maður í öllu kerfinu ætti að vita betur. Ég trúi ekki að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi ekki fylgst betur með í fjmrn. á þeim tíma sem hann var þar að honum hafi verið ókunnugt um vandann sem hann var búinn að búa til á sama tíma og formaður Alþb. lýsti því yfir að slíkt neyðarástand ríkti í þjóðmálum að nú þyrfti þjóðstjórn — það dugði ekkert annað — og fjögurra ára neyðaráætlun til þess að bjarga ríkisstj. sem þá var. Við skulum því ekkert ræða frekar um þann vanda sem við er að glíma. Það ætti fyrrv. hæstv. fjmrh. að geta sparað okkur öllum, svo oft höfum við rætt um hann. Lausnin á þessum vanda er á dagskrá í Nd. núna og kemur hingað innan fárra daga vonandi.

En það er alveg furðulegt með vinstri menn yfirleitt að ef þeir hugsa upp skatta skuli það teljast tekjutap ef þeir ná þeim ekki. Það er tekjutap ef þeir ná ekki einhverjum sköttum sem þeim dettur í hug að leggja á fólk og fyrirtæki. Upphaf þessa máls er þannig að ég bar fram frv. til laga um að fella niður gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta og ræddi um það við fyrrv. hæstv. fjmrh. mjög ítarlega, hafandi það í huga og vitandi það að bankakerfið stórtapaði á gjaldeyrissölu. Viðurkennandi það tók fyrrv. hæstv. fjmrh. mjög vel í að fella niður gjaldeyrisskattinn af augljósum ástæðum og vegna þess hve sérstaklega staða ríkisbankanna, gjaldeyrisbankanna, var þá slæm.

En hvað skeður svo? Til þess að bæta ríkissjóði upp væntanlegt tap af tekjum af gjaldeyrissölu þeirra tveggja banka sem þá fóru með gjaldeyrissöluna, Landsbankans og Útvegsbankans, ber fyrrv. hæstv. fjmrh. fram nýtt frv. um skattlagningu á innlánsstofnanir allar sem áttu að mæta þessu tekjutapi ríkissjóðs. En í staðinn fyrir að fella þá um leið niður innheimtuna af gjaldeyrisbönkunum ætlaði fyrrv. fjmrh. hæstv. að halda báðum sköttunum. Það var miklum erfiðleikum bundið að reyna að fá gjaldeyrisskattana lækkaða um 10%, úr 60% niður í 50%, með loforði um að því frv. skyldi verða frekar breytt um næstu áramót.

En hvað skeður? Það er ekki unnið að neinum breytingum. Unnið er að nýrri skattlagningu á peningastofnunum sem þegar eru fjárvana og gömlu skattarnir, gjaldeyrisskattarnir, hækka aftur í 60%. (**RA:** Og veitir ekki af.) Og veitir ekki af. (Gripið fram í.) Það getur vel verið. En þegar svo þetta frv. hér er fram lagt nú með þeim stefnumörkunum sem hæstv. fyrrv. fjmrh. hafði lofað, að fella niður gjaldeyrisskattana, þó á ákveðnu tímabili í þremur áföngum og tekið er til greina í skattlagningu á innlánsstofnanir almennt hvaða tekjur eru á báðum frv., það eru tvenns konar skattheimtur í gangi í staðinn fyrir eina áður, þá ætlar hann að ærast og telur að vegna þess að minna komi inn í skattlagningu nú en hann hafði í huga sé þar um beint tekjutap fyrir ríkissjóð að ræða. Ég verð að segja að þetta er alveg furðuleg hugsun vitandi það að ríkisbankarnir eru peningaþurfi, eru fjárvana. (**RA:** Þeir stórgræða.)

Það er oft sem menn hugsa að auðveldara sé að sækja fé í annarra manna vasa en að láta þá út sjálfir. Ég verð að segja alveg eins og er að ef ríkissjóður þarf á peningum að halda er það ekki með íþyngjandi skattlagningu, hvorki á einstaklinga né fyrirtæki, heldur þurfum við sem þjóð að vinna okkur út úr vandanum á tíma sem við fáum til þess, hvort sem það verður með innlendum eða erlendum lánum. Ég lít ekki svo á að þegar tekjuöflunin með þessum tveimur frv. er lögð saman á meðan gjaldeyrisfrv. er í gangi — en það á að fella niður þótt það hafi verið svikið af fyrrv. hæstv. fjmrh. — sé hún minni en tekjurnar sem ríkissjóður hafði af gjaldeyrisskattinum einum áður en frv. til l. um breytingu á lögum nr. 65 frá 19. maí 1982 um skattskyldu innlánsstofnana almennt komu til greina.

Ég verð að segja alveg eins og er að eftir þá reynslu, sem ég hafði af samstarfi við fyrrv. hæstv. fjmrh. í að bjarga einum ríkisbankanna frá algjörum þrotum, átti ég ekki von á því að um leið og hann væri kominn úr embætti færi hann að vinna að því að koma fleiri bönkum í sömu stöðu og sá banki var í, nema síður sé. Enda held ég að sú ákvörðun hafi verið til góðs sem unnin var í góðu samstarfi við hv. 3. þm. Norðurl. v. á þeim tíma sem hlaupa þurfti undir bagga með Útvegsbanka Íslands. Án hans aðstoðar hefði sá banki verið í mjög ört vaxandi vanda. En síðan hefur staða hinna bankanna breyst í sama horf og í dag eru þeir í það miklum lausafjárvandræðum og staða þeirra við Seðlabankann það veik að óhóflega þung skattheimta á bankakerfið eins og það er í dag statt held ég að mundi stofna þjóðfélaginu í hættu. Þá erum við komnir að þeim punkti sem er stefna Alþb., þ. e. að brjóta niður kerfið og koma á sínu kerfi. Þar komum við að kjarna málsins. Þar stangast á hugsjónir þeirra sem vilja þjóðfélaginu vel og þeirra sem vinna gegn því af hugsjón.

Ég hef ekki mikið meira um þetta að segja. Næstu þrjú árin á meðan gjaldeyrisskatturinn er að renna sitt skeið á enda er hérna um tvöfalda skattlagningu á gjaldeyrisbankana að ræða. Nú eru allir bankarnir og sparisjóðir komnir með gjaldeyrisréttindi þannig að mér er næst að halda að með þessum tveim frumvörpum sé verið að leggja tvöfalda skatta á allt okkar kerfi í staðinn fyrir gjaldeyrisskatt á gjaldeyrisbankana sem voru tveir á sínum tíma.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég get ekki neitað því að nokkuð misminnir hæstv. fjmrh. hver er forsaga þessara bankaskattamála og greinargerð hans fyrir viðskiptum okkar í þeim efnum var ekki alls kostar rétt. Þegar ég beitti mér fyrir því — á árinu 1982 hefur það líklega verið — að lagður var skattur á banka og aðrar lánastofnanir var ekki um það að ræða að verið væri að skipta á þeim skatti með því að leggja hann á en fella niður um leið tekjur ríkisins af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Ég veit að vísu og minnist þess að hæstv. núv. ráðh. Albert Guðmundsson, sem þá var þm. Sjálfstfl., var með hugmyndir uppi um það að hér ættu að vera skipti á sköttum og flutti frv. í þinginu um að fella alveg niður

þennan skatt sem við erum hér með til umr. Ég veit að hæstv. ráðh. minnist þess líka, að ég var andvígur því frv. Ég hvatti hann eindregið til þess að láta það mál liggja og ég gat alls ekki fallist á það þegar bankaskatturinn var síðan lagður á að hann ætti að koma í staðinn fyrir ferðaskatt sem yrði lagður niður. Það var ekki mín skoðun og hefur aldrei verið. En vegna eindreginna óska og tilmæla hæstv. fjmrh., páv. þm. Sjálfstfl. og reyndar núv. þm. Sjálfstfl., féllst ég á það að í frv. um skatt á innlánsstofnanir væri slakað örlítið til í sambandi við skattlagninguna þannig að á árinu 1982 yrði skatturinn ekki 60% af gjöldum, af umboðsþóknun og gengismun, heldur 50%. Síðan gat vissulega komið til greina og ég mun ekki hafa tekið því neitt þverlega að gengið yrði skrefi lengra þannig að þessi þóknun yrði lækkuð í 40%. En ég hafði aldrei í huga að ganga lengra en það og í þeim frv. sem ég lagði fram var ekki gert ráð fyrir því að gengið væri lengra í þessa átt.

Það er því alger misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að ég hafi gert ráð fyrir því að fella þennan skatt algerlega niður. Ég gat í mesta lagi hugsað mér að gera þarna einhverja tilslökun, en ekki meiri en svo að um yrði að ræða áframhaldandi 40% hlut ríkissjóðs af þessari gjaldtöku bankanna.

Það fór svo að Alþingi afgreiddi skattskylduna á bankastofnanir með ákveðnari hætti en ég hafði gert till. um því að einungis var gert ráð fyrir tilslökun á árinu 1982 og síðan ekki söguna meir. Ég minnist þess ekki hvort það var fjh.- og viðskn. Nd. eða Ed. sem gerði till. um þessa breytingu, en Alþingi afgreiddi málið þannig að það átti ekkert að slaka meira á í þessum efnum.

Það hefur sannarlega komið á daginn að þess var full þörf að ríkið fengi allar þessar tekjur þar sem fjárhagur ríkissjóðs hefur farið versnandi. Aðstæður eru sem sagt á margan hátt breyttar frá því sem var fyrir einu eða tveimur árum síðan og ef einhverjir, þ. á m. hæstv. fjmrh. hefur haft í huga að hafa breytt um skoðun eftir að í ljós hefur komið hversu bágur fjárhagur ríkissjóðs er.

Sem sagt, ég tel að það sé kannske ekkert óeðlilegt að hæstv. ráðh. blandi þessum tveim sköttum saman í eigin huga þegar hann talar um þessi mál vegna þess að hann hafði það alltaf bak við eyrað og gerði tillögur um það hér í þinginu að þessi skattur yrði felldur niður um leið og bankaskatturinn yrði lagður á. En hann naut ekki stuðnings annarra í þessum efnum á þeim tíma og tillögur hans náðu ekki fram að ganga og voru m. a. ekki samþykktar af mér. Því þýðir ekki að vitna til þess hvað mig snertir.

Ég tel og hef alltaf talið að ríkið ætti áframhaldandi að taka hluta af þessum gjöldum, sem lögð eru á umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, til sín. Hvort sá hluti væri 40, 50 eða 60% skiptir kannske ekki öllu máli, en hann væri einhvers staðar nærri helmingur. Það sem hér er hins vegar verið að gera er að fella gjaldið algerlega niður á næstu tveimur árum og það er það sem veldur svona miklu tekjutapi fyrir ríkissjóð að nemur hvorki meira né minna en 180 millj. kr. á næstu tveimur árum.

Ég vildi aðeins segja það að lokum, herra forseti, að ég harma það að hæstv. ráðh. skyldi ekki sýna minnstu viðleitni í því að svara spurningum mínum. Það var ekki eitt andartak gerð tilraun til þess, enda sannfæringin greinilega mikil að nóg fé væri í ríkiskassanum og skipti engu máli þó að spilað væri út 120 millj. kr. á hverju ári næstu þrjú árin.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh., 1. þm. Reykv., kom hér í ræðustól einhverju sinni og kvartaði yfir því að undirritaður, 8. þm. Reykv., segði alltaf það sama þegar hann kæmi í ræðustól. Hæstv. fjmrh. verður að þola það að 8. þm. Reykv. kvarti nú um slíkt hið sama hjá fjmrh. Við erum æði oft búin að heyra ræðuna um það hvaðan gatið kom og að verið sé að gera eitthvað til þess að fylla upp í það og vitum það eitt að það gengur býsna illa.

Ég verð að segja það að hv. 3. þm. Norðurl. v. er mjög hæverskur maður og ekki mikið fyrir að taka mjög stórt upp í sig. Ég verð að viðurkenna það að ég hef ekki lengi heyrt eins hressandi rugl um skattamál og banka hér inni í deild eins og í þetta sinn og um samhengi milli skatta og fyrirtækjareksturs yfir höfuð. Ég get einhvern veginn alls ekki samrýmt það í mínum huga að hæstv. fjmrh., 1. þm. Reykv., sé kominn hér inn á þing til þess að berjast fyrir hagsmunum einkarekstrar og sjálfstæðs framtaks, standi svo hér uppi í stól og telji það hlutverk sitt og ríkisins — því að í augnablikinu er hann allavega hluti af því — að bjarga hverju fyrirtækinu á fætur öðru með einhverjum sértækum aðgerðum og að líta á þessi frv. tvö sem hér eru til umr. sem eins konar björgunaraðgerðir vegna rekstrarörðugleika þessara fyrirtækja. Þetta er fáheyrð röksemdafærsla. Það hlýtur hvert mannsbarn að skilja að ef þessir bankar eru ekki í stöðu til þess að greiða skatta eins og hvert annað fyrirtæki eða þegn þessa þjóðfélags þá er það af einhverjum allt öðrum ástæðum en þeim að skattarnir séu í raun og veru of háir því að ekki eru þessir skattar svo háir að það geti í raun og veru staðist að þeir séu forsenda þess að rekstur fyrirtækjanna gengur illa. Reksturinn gengur náttúrlega fyrst og fremst illa vegna þess að þessum bönkum eru ætluð ákveðin hlutverk sem ríkisfyrirtækjum sem þeir ekki standa undir. Vandamálin í rekstri þessara fyrirtækja stafa af öðrum aðgerðum á öðrum sviðum. Þau stafa einfaldlega af því að þessir bankar eru í ríkiseign en ekki vegna þess að það á að skattleggja þá.

Ég verð líka að taka undir með hv. 3. þm. Norðurl. v. að það er ákveðið virðingarleysi að koma hér upp í stól og svara ekki jafneðlilegum og beinum fsp. og því hvort ríkissjóður megi virkilega missa þær tekjur sem þarna er um að ræða. Þegar umr. fer hér fram um afnám tekjuskatts á laun segir einn af frsm. þáltill. um það mál úr flokki hæstv. fjmrh. að ekki hafi verið hægt að nema tekjuskatt af launatekjum vegna þess að ríkissjóður hefði ekki mátt missa þessar tekjur. Hvers vegna má ríkissjóður allt í einu missa frekar tekjur af skattlagningu á banka en á einstaklinga? Hver svo sem okkar þjóðfélagsskoðun er almennt erum við hérna í þessum sal, allavega að því er ég tel, sammála um að leikreglur skuli vera jafnar fyrir alla aðila, hvort sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki eða aðra. Það er þess vegna sem ég er á móti þessu lagafrv. að ég tel hér um ákveðna mismunun að ræða sem ekki verði með nokkru móti rökstudd, sérstaklega þegar við horfum til þeirra byrða sem fólki er almennt gert að bera í landinu og þess að fólkinu er sagt að þessar byrðar verði það að bera vegna þess hve ríkissjóður standi illa.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. afneitar sínum fyrri áformum og segir mig rangminna aðdragandann að þeim skattalögum sem eru hér á þskj. 594, vill ekki tengja þá skatta við þá gjaldeyrisskatta sem teknir hafa verið af bönkunum, ég vona að ég fari þar rétt með. Ég vil þá leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér úr grg. frv. til l. um gjald af umboðsþóknun o. s. frv. á þskj. 593. Þar stendur neðst í athugasemdum svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Skv. ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 65/1982“ — lög sem fyrrv. hæstv. fjmrh. vitnaði til — „um skattskyldu innlánsstofnana var gjald þetta ákveðið 50% frá gildistöku laganna til ársloka 1982, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40/1969. Í frv. til þeirra laga var gert ráð fyrir að hlutfall þetta lækkaði á árinu 1983 í 40%. Þá er einnig gert ráð fyrir heildarendurskoðun laganna fyrir árslok 1983 í ljósi þeirrar reynslu sem þá væri fengin af framkvæmd þeirra. Ákvæði frv. um þetta efni náði ekki fram að ganga umfram lækkun úr 60% í 50% á árinu 1982. Í bráðabirgðaákvæði V í lögunum var hins vegar ákveðið að starfandi bankamálanefnd skyldi endurskoða lög nr. 40/1969 fyrir þingbyrjun haustið 1982. Skilaði bankamálanefnd áliti til fjmrh. með bréfi dags. 24. nóv. 1982. Fylgdu bréfi nefndarinnar tvenn drög að frv. til l. um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Var í öðru þeirra gert ráð fyrir að skatturinn yrði 50% til frambúðar en í hinu að hann félli niður í áföngum á árunum 1983—1985. Ekki varð af því fyrir árslok 1982 að fyrir Alþingi væri lagt frv. um þetta efni. Hækkaði gjaldið því aftur úr 50% í 60% hinn 1. jan. 1983.“

Sem sagt, þegar frv. til l. um nýja skattheimtu á innlánsstofnanir almennt er lagt fram leggur fyrrv. hæstv. fjmrh. fram frv. sem á að lækka gjaldeyrisskattinn í áföngum og síðan á hann að falla niður og falla út. Þá held ég að við ættum að fletta upp í þingtíðindum vegna þess að hæstv. fyrrv. fjmrh. gat þess sérstaklega í þingræðu skv. samkomulagi okkar á milli að svo skyldi með málið fara og gegn því að ég drægi til baka frv. það sem ég hafði komið fram með til leiðréttingar á þessum gjaldeyrisskatti á bönkunum. Þannig kemur hér fram í athugasemdum með frv. hvert var stefnt. Þessi niðurfelling var þegar hafin með því að fella gjaldið úr 60 í 50%. Síðan átti að breyta því aftur, eins og kemur hér fram, úr 50 í 40% og halda áfram þangað til gjaldið félli niður. Þessar fullyrðingar fyrrv. hæstv. ráðh. eru þar með hraktar.

En ég hélt að ég hefði tekið það fram í upphafi minnar ræðu, virðulegi forseti, að ég teldi ekki rétt að svara oftar hv. 3. þm. Norðurl. v. um það gat sem er til umræðu og hefur verið til umræðu í fjármáladæminu vegna þess að ég hafði gert það svo oft hér í þessari deild. Þannig að það er óþarfi fyrir núv. forseta þessarar deildar að taka hér inn fullyrðingar í þveröfuga átt. Við gerðum það alls ekkert að umræðuefni, virðulegur þm., 3. þm. Norðurl. v., og ég taldi ekki rétt að fara að taka upp þær umræður og þess vegna svaraði ég honum ekki um það. En það held ég að enginn hafi misskilið í mínu tali að í því fólst svar við þeim spurningum sem hv. 3. þm. Norðurl. v. beindi til mín um það hvort ég mundi vera reiðubúinn til að endurskoða afstöðu mína til þessa frv. um skattskyldu innlánsstofnana á þskj. 594. Það er kannske rétt að koma bara upp í ræðustólinn og segja beint út: Nei, ég er ekki reiðubúinn til þess að endurskoða það, ef það skilst ekki á þann hátt sem ég sagði það og svaraði honum. Síst hefði ég talið að hv. 3. þm. Norðurl. v. hefði þurft annan þm. til þess að ýta á eftir svari þegar menn fengju þau beint. Ég er alveg sannfærður um að hann skildi svarið þó forseti hafi ekki skilið það.

En ég vil nú svara virðulegum forseta, 8. þm. Reykv., að það er svo sannarlega að berjast fyrir hagsmunum einstaklinga og hagsmunum fólksins þegar peningastofnanir eru styrktar með aðgerðum. Því að hvar væri fólkið og hvar væru fyrirtækin og hvar væri atvinnuástandið ef þessi vinnutæki þjóðarinnar, sem eru peningarnir, væru ekki á réttum stöðum á réttum tíma? Þannig að hagsmunir fólksins og hagsmunir einkareksturs fara saman í þessum málum þegar unnið er að því að þurrausa ekki bankana heldur að gefa þeim þó líf. Þeirra ástand er sannarlega ekki nógu gott til þess að standa undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar af þjóðfélaginu, bæði einstaklingum og fyrirtækjum.

Ég get verið sammála hv. 8. þm. Reykv. um það að ríkisbankarnir hafa á sínum herðum skyldur sem eru kannske meiri en einkabankar mundu hafa á sínum herðum. Það er alveg augljóst. Ég hef tekið undir það og nú síðast fyrir ekki löngu við hv. 8. þm. Reykv. að það eigi að gera þessa banka að hlutafélagabönkum og ríkið eigi að selja þá. Það voru ekki margir sem tóku undir þá till. hv. 8. þm. Reykv. en það eru þó tveir úr þessari deild sem voru sama sinnis og var ég annar þeirra. Hinn — til þess að það fari ekki á milli mála þannig að virðulegur forseti viti hver hann var — var hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Norðurl. v. Þá þarf hann ekki að koma í ræðustól til að spyrja hver það skyldi nú hafa verið.

En ég vil undirstrika það að það er líka mín skoðun og það er enginn ágreiningur á milli mín og 8. þm. Reykv. um það að ég álít að fyrirtæki í ríkiseign gangi verr af mörgum ástæðum en fyrirtæki rekin af einstaklingum. En það er heldur ekki mál sem ég ætla að gera að umræðuefni hérna vegna þess að það tilheyrir ekki þessum dagskrárlið að ræða það. Ég vona að ég fari úr ræðustól að þessu sinni hafandi svarað þeim spurningum sem virðulegur 8. þm. Reykv. ítrekaði fyrir hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég er ekki reiðubúinn til þess að standa að breytingum frá því sem nú er hér fram komið um þessa skattheimtu á innlánsstofnanir.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Orðin sem hæstv. fjmrh. vitnaði til úr grg. staðfestu í einu og öllu það sem ég hafði áður sagt um þetta mál. Þessi orð segja nákvæmlega það sem ég sagði áðan að til stóð að slaka lítillega á í innheimtu þessa gjalds, en það var ekki orð um það í þessari setningu að staðið hefði til að fella gjöldin alveg niður.

Ég vil bara leyfa mér að lesa þessa setningu aftur svo að hv. þm. sem hér eru viðstaddir geti sannreynt að ég fer með rétt mál. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að koma svo á eftir og segja að í þessum lesnu orðum sínum hafi falist áform um að fella gjaldið niður. Það sem stendur hér í grg. er — (Gripið fram í.) Já, við skulum bara fara yfir hvað stendur hérna. Það stendur í grg., með leyfi forseta:

„Skv. ákvæði í lögum um skattskyldu innlánsstofnana var gjald þetta ákveðið 50% frá gildistöku laganna til

ársloka 1982. Í frv. til þeirra laga var gert ráð fyrir að hlutfall þetta lækkaði á árinu 1983 í 40%. Þá var einnig gert ráð fyrir heildarendurskoðun laganna fyrir árslok 1983 í ljósi þeirrar reynslu sem þá væri fengin af framkvæmd þeirra. Ákvæði frv. um þetta efni náðu ekki fram að ganga umfram lækkun úr 60% í 50% á árinu 1982." Ekki orð um það að staðið hafi til að fella gjaldið niður. (**Fjmrh.:** Þú sveikst það.) Ég sveik ekki neitt. Ég gerði nákvæmlega það sem til stóð, að slaka til um álagningu þessa skatts en ætlaði mér aldrei að leggja skattinn niður. (**Forseti:** Má ég benda hv 3. þm. Norðurl. v. á að hann er frsm. og hefur því leyfi til að tala lengur ef hann ...) Þá ætlar hann að nota sér það.

Það er eftirtektarvert að bankamálanefndin lagði tvö frv. fyrir hæstv. fjmrh. Í öðru frv. var gert ráð fyrir því að þessi skattur stæði áfram og yrði 50% eins og hann var á árinu 1982. Í hinu frv. var gert ráð fyrir því að skatturinn yrði alveg lagður niður. Ráðh. átti sem sagt um tvo kosti að velja. Hann gat valið annað af þessum tveimur frv. því að nefndin skilaði þeim báðum frá sér. En auðvitað valdi ráðh. það frv. sem skilaði ríkissjóði minnstum tekjum. Auðvitað valdi hann það frv. sem svipti ríkissjóð tekjum í stórum stíl. Það sagði sig sjálft því að það er í fullu samræmi við svo margt annað sem hann hefur aðhafst í þessum efnum.

Við hlýddum áðan á harmagrát hæstv. ráðh. yfir bágum fjárhag bankanna. Það var eiginlega við þá ræðu sem maður loksins fór að skilja hver væri litli maðurinn í þjóðfélaginu. Það var greinilega Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og aðrir bankastjórar viðskiptabankanna sem stjórna þessum ömurlegu stofnunum sem eru alveg að fara á hausinn og ekki mega við nokkurri skattlagningu. Þarna voru þeir komnir, litlu mennirnir, sem ekki mátti hreyfa við.

Ég er ansi hræddur um að það verði auðvelt að útskýra eftir á hvers vegna fjárhagur ríkissjóðs varð svo bágur á árinu 1983, 1984 og 1985 og hvers vegna komu svo mörg göt á ríkissjóð. Þau urðu til með þeim hætti sem hér er verið að gera till. um fyrir hv. deild, skattar felldir niður og það í mörgum tilvikum eins og þessu gersamlega að ástæðulausu, án þess að nokkur rök séu færð fyrir því að þeir aðilar, sem hér eiga að borga minna en áður geti ekki borgað þá skatta sem fram að þessu hafa verið lagðir á þá.

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 837 felld með 8:4 atkv.
1. gr. samþ. með 8:4 atkv.
2. gr. samþ. með 8:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:4 atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. 306. mál (þskj. 594, n. 797 og 818, 798). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. fjallaði um mál þetta. Hún klofnaði í afstöðu sinni og tala ég hér fyrir nál. meiri hl. sem ég flyt ásamt hv. þm. Lárusi Jónssyni, Tómasi Árnasyni og Valdimar Indriðasyni. Í upphafi nál. er smávilla sem er augljós. Þar stendur: „N. hefur fjallað um málið og klofnaði hún í afstöðu sinni til þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingumm sem hún flytur till. um" — það á að vera hann en ekki hún — sem hann flytur till. um — „á sérstöku þskj. en minni hl. mun skila séráliti."

Við umfjöllun í n. varð það að niðurstöðu að gera talsvert miklar breytingar á frv. Veigamest er sú að koma skattlagningu á bankana í sama horf og er með önnur atvinnufyrirtæki í landinu, það yrði gert á árabilinu fram til 1987, en þá yrði skattlagning á banka að öllu leyti með sama hætti og er á önnur atvinnufyrirtæki. Það er auðvitað hið eina rétta. Ef skattleggja á bankana á annað borð á auðvitað að skattleggja þá með sama hætti og önnur fyrirtæki.

Það má t. d. geta þess að það eru þó nokkur fjárfestingarfélög starfandi í landinu og væntanlega verða þau fleiri þegar fer að gæta áhrifa nýju skattalaganna um fyrirtæki. Er þá eðlilegt að allar fjármálastofnanir hlíti sömu lögum og sitji við sama borð.

Önnur brtt., sem er nokkuð veigamikil líka, er sú að skattleggja ekki veðdeildir bankanna. Gert var ráð fyrir því í frv. að sumir stofnlánasjóðir yrðu skattlagðir en aðrir ekki. Það er ekki hægt að segja að neins réttlætis gæti í því. En á þessu stigi vil ég gjarnan geta þess að orðið hafa mistök í prentun. Ég held að þau séu samt ekki þess eðlis að það þurfi beint að flytja brtt., þau eru tæknilegs eðlis. Þannig segir t. d. í upphafi brtt. að framan við 1. gr. komi ný grein er verði 1. gr. þess og breytist röð annarra greina í samræmi við það og greinin orðist svo. Ég held að eðlilegra sé að þetta sé gert með þessum hætti.

Þá er önnur villa, þ. e. það féllu niður tvö eða þrjú orð sem kannske væri rétt að gera um sérstaka brtt. Ég er búinn að láta hér vélrita þetta upp svo það er hægt um vik að gera það þá við 3. umr. t. d. ef mönnum sýnist svo. En þar átti að standa „til skattskyldra tekna og eigna aðila" — það féll niður „og eigna" — skv. 1. gr. þessara laga teljast þó ekki tekjur stofnlánasjóða og veðdeilda sem stofnaðar" — það er bara prentvilla eða málvilla — „eru" o. s. frv.

Þá er það í síðustu línu á þessu þskj. 798 þar sem vitnað er til 2.—5. mgr. en á að vera 2.—4. mgr.

Þessi till. sem ég gat um, um að skattleggja ekki veðdeildir fremur en t. d. Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóð og Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja eða Verslunarlánasjóð, er gerð til samræmis, að þessir sjóðir sitji við sama borð og þá allir lánsfjársjóðir í landinu á vegum bankakerfisins og opinberra aðila. Auðvitað mætti hugsa sér að skattleggja alla þessa sjóði á sama hátt, þá eins og bankana, en á hinu er varla stætt að skattleggja þá suma en aðra ekki. Þetta mun kosta u. þ. b. 5 millj. kr. tekjutap ríkissjóðs.

Önnur brtt. er um að færa gjaldfærsluheimild á afskriftareikning útlána upp í 1% en var í frv. ½%. Þetta mun væntanlega þýða tekjumissi eitthvað nálægt 3 millj. kr.

Að öðru leyti hef ég getið um þann tilgang sem í þessum breytingum felst, þ. e. fyrst og fremst að bankarnir sitji við sama borð og önnur fyrirtæki þegar áhrif þessara laga eru að fullu komin fram. Ég skal ekki taka frekar þátt í umr. um þetta mál, þær hafa orðið nokkuð miklar, líka um hið síðara mál, nr. 306, sem nú er til umr., þegar hitt málið, nr. 305, var rætt og veit ég að þær umr. skýra sjónarmið manna, enda hefur hæstv. fjmrh. ítarlega skýrt þessar till.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn., en n. klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls sem er hliðstætt því máli sem var hér til umr. næst á undan og hefur einnig í för mér sér verulega lækkaðar greiðslur banka og annarra lánastofnana í ríkissjóð. Það er athyglisvert að till. meiri hl. n. ganga þó enn lengra í sömu átt og frv. gerði og láta mun nærri að tekjuskerðing ríkissjóðs vegna samþykktar þessa frv. með þeim breytingum sem meiri hl. gerir till. um, nemi um 18 millj. kr. á þesu ári.

Hitt er þó miklu verra að tekjuskerðing ríkissjóðs verður enn stórfelldari á árinum 1985 og 1986 ef frv. verður samþykkt því að þá eiga greiðslur í ríkissjóð frá innlánsstofnunum að lækka um helming eða um 65 millj. kr. til viðbótar núverandi verðlagi hvort árið um sig vegna breyttrar tilhögunar við álagningu. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að ekki verður horfið frá staðgreiðslufyrirkomulagi til eftirágreiðslukerfis á sköttum nema með því að niður falli skattgreiðslur eins árs."

Þetta er skýringin á hinu mikla tekjutapi ríkissjóðs á árunum 1985 og 1986 að felldar eru niður skattgreiðslur eins árs. Niðurfellingin dreifist á þessi tvö ár. En skyldi þetta vera rétt, að ekki sé hægt að breyta úr staðgreiðslufyrirkomulagi til eftirágreiðslukerfis nema að fella algjörlega niður skattgreiðslur sem svarar til skatts á einu ári? Auðvitað er það alrangt. Þessi fullyrðing er alröng og hefur ekki við nein rök að styðjast. Þetta er blekking sem meiri hlutinn setur hér í nál. sitt til þess að reyna að rökstyðja þá fullyrðingu sína að ekki sé hægt að breyta álagningarkerfi án þess að fara að með þeim hætti sem hér er lýst. Þetta er sem sagt alrangt. Hægt er að finna ótal leiðir til að ná þessum peningum inn í ríkissjóð, aðrar en þær sem hér eru valdar, að fella skattinn algjörlega niður í eitt ár.

T. d. er hægt að skattleggja árið sem verið er að gera breytinguna á þeim tekjuskattsgrunni sem seinast var notaður og setja í lög ákvæði þess efnis. Þannig mundu þessar 130 millj. kr. ekki tapast sem ríkissjóður verður af af þessari ástæðu. Einnig væri hægt að ákveða að á árinu sem verið er að breyta um kerfi sé lagður á veltuskattur eins og gert var á árinu 1982, og skattgreiðslan það árið miðist við veltu hvers banka fyrir sig, t. d. innlánsaukningu. En hæstv. fjmrh. velur auðvitað ekki þá leiðina, nei, nei. Hann velur alltaf þá leiðina sem hefur minnstar tekjur í för með sér fyrir ríkissjóð því að hann hefur nóg af peningum í ríkissjóði og munar ekki um hvort út fara 100 millj. þarna eða 100 millj. einhvers staðar annars staðar. Hér er verið að framkvæma tæknilega breytingu og það þarf endilega að gera það með þeim hætti að ríkissjóður tapi á því 130 millj. kr.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Þetta er ekki aðeins ábyrgðarleysi af hæstv. fjmrh., það er glórulaust með öllu að fara svona með almannafé. Ég spyr hæstv. ráðh. enn: Gerði hann sér grein fyrir því þegar ákveðið var að afgreiða þetta frv. að tekjutap ríkissjóðs væri svo stórfellt sem raun ber vitni? Gerði hann sér grein fyrir því? Hvers vegna taldi hann ekki koma til greina að velja einhverja aðra leið sem gæti komið í veg fyrir þetta tekjutap ríkissjóðs? Hann getur þó ekki fullyrt í alvöru að það sé sanngjarnt eða eðlilegt að fella algjörlega niður skattlagningu í heilt ár eða, eins og hér er gert, að hálfu leyti í tvö ár. Það eru varla sanngirnisrök sem mæla með þessu, enn síður að það sé nein nauðsyn. Hvers vegna er þá þessi leið valin? Hvers vegna í ósköpunum hugsar hæstv. ráðh. ekki meira um stöðu ríkissjóðs og hag hans en svo að hann spili þannig út stórum fjárhæðum í algjöru ábyrgðarleysi?

Fyrir svo utan hitt að þessi breyting er engin nauðsyn. Alþingi ákvað árið 1982 að skattleggja bankana með þessum ákveðna hætti, þ. e. að þeir skyldu greiða skatt fyrir sama ár og tekjurnar verða til, þ. e. staðgreiðslukerfi á bankana. Það hefði verið miklu nær að koma svipuðu kerfi á í öllum atvinnurekstri og gagnvart öllum launamönnum. Fyrir einhverjar tiktúrur hv. þm. Þorsteins Pálssonar, form. Sjálfstfl., sem hefur haft forustu fyrir bankamálanefndinni, þarf endilega að snúa þessu öllu til baka og taka upp eftirágreiðslukerfi þó að auðvitað skipti engu máli hvort kerfið er notað.

Afleiðingin verður þessi að ríkissjóði blæðir. Ríkissjóður á að tapa þarna á einu ári af þessari ástæðu 130 millj. kr. gersamlega að ástæðulausu. Það fer ekki milli mála að þeir sem sömdu þetta frv. og báru það fram voru ekki að hugsa um hag ríkissjóðs eða hvernig hann kæmi út úr þessum breytingum. Þeim var skítsama um það.

Ég vil láta þess getið af því að mér láðist að geta þess þegar ég mælti fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. þegar seinasta mál deildarinnar var hér til umr. að við í stjórnarandstöðu stöndum öll að þessu nál. sem er undirritað af hv. þm. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Eiði Guðnasyni og þeim sem hér stendur. Auk þess sat hv. þm. Stefán Benediktsson fundi n. og lýsti sig samþykkan áliti minni hl.

Minni hl. telur bæði ástæðulaust og óþarft að lækka skattgreiðslu banka, bendir á að ef nauðsynlegt er talið að samræma álagningu tekjuskatts á bankastofnanir almennri álagningu skatta — sem út af fyrir sig má gera þó að það sé ekki endilega brýnt eða bráðnauðsynlegt — má gera það án þess að því fylgi tekjutap fyrir ríkissjóð á þessu eða næstu tveimur árum. Við getum fallist á að gagnlegt sé að endurskoða ýmis atriði laga um skattskyldu innlánsstofnana, eins og gert var ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði þeirra laga, en það verður að gera að betur athuguðu máli. Þau frumvörp, sem hér hafa verið lögð fram, eru bæði vanhugsuð og illa undirbúin. Við leggjum því til að frv. verði afgreitt á svipaðan hátt og við gerum till. um um mál sem var seinast á dagskrá, þ. e. að það verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess að ríkisstj. láti endurskoða gildandi lög um skattskyldu innlánsstofnana og þar sem frv. þetta er að ýmsu leyti vanhugsað og illa undirbúið og hefur í för með sér stórfellt tekjutap fyrir ríkissjóð ályktar deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vil sem sagt ítreka spurningu mína til hæstv. ráðh., en hún var: Gerði hann sér grein fyrir því þegar hann lagði frv. sitt fram, eða nú þegar ákvörðun var tekin um að afgreiða það, hversu mikið tekjutap samþykkt þess hefði í för með sér fyrir ríkissjóð? Og í öðru lagi: Hvers vegna í ósköpunum gat ekki komið til greina einhver önnur leið en sú sem hér er valin sem ekki hefði það í för með sér að þessar bankastofnanir yrðu skattlausar í eitt ár eða, eins og er það sama, borgi aðeins hálfan skatt í tvö ár.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hefði ekki komið upp nema vegna þess að í síðustu orðum hv. 3. þm. Norðurl. v. beindi hann til mín spurningu sem á að vera óþarfi af honum sem fyrrv. ráðh. Hann spurði hvort ráðh. geri sér grein fyrir því hvað stjfrv. sem lögð eru fram þýða í tölum. (**RA:** Það hefur ekki komið fram.) Það hefur ekki komið fram. Ég svaraði því áðan, sömu spurningunni var beint til mín áðan í málinu sem var á dagskrá á undan þessu, um gjaldeyrisskatta af bönkunum. Það er óþarfi að svara þessu en ég ætla að gera það samt til þess að hæstv. fyrrv. fjmrh. viti að vinnubrögð í fjmrn. hafa ekkert breyst. Ráðh. veit jafnmikið nú og er upplýstur á sama hátt og áður um frv. sem hann lagði fram. Ég vissi hvað þetta þýddi og hvað þetta þýðir. (**RA:** Hvert er tekjutapið?) Ja, tekjutapið, það kemur hérna fram. Ég ætla bara að lesa hérna aðeins upp.

En áður en ég held lengra vil ég benda á það sem kemur svo sterkt fram hjá vinstri mönnum almennt og þá sér í lagi Alþb.-mönnum að, eins og hann sagði orðrétt, í staðinn fyrir þessar ráðstafanir sem nú er verið að gera hefði verið hægt að leggja á veltuskatt. Það er alltaf hægt að leggja á meiri skatta af einhverju tagi. En nú vill bara svo til að okkar pólitísku skoðanir stangast mjög mikið á og sérstaklega í þessum málum þar sem það er lífsskoðun og stefna Sjálfstfl. að skilja meira eftir hjá fólkinu og hjá fyrirtækjum af peningum en þið vinstri menn virðist vilja gera í allri okkar vinnu og tali. Við álítum að það sé hagsæld þjóðfélagsins fyrir bestu að ríkið taki eins lítið og hægt er til sín einstaklingurinn og fyrirtækið hafi eins mikið að moða úr og mögulegt er miðað við afrakstur og á þann hátt sé þjóðfélaginu best borgið. Þar stangast á skoðanir. Það þýðir ekkert fyrir okkur að rífast hér í ræðustól á hv. Alþingi, við getum aldrei orðið sammála. Mér tekst líklega ekki að endurhæfa virðulegan 3. þm. Norðurl. v., það verður að gerast annars staðar.

En ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa það sem sagt er í þriðja lagi neðst á forsíðu nál. nr. 797. Það svarar öllu því sem virðulegur þm. sagði um fyrirkomulag á því kerfi sem nú á að taka upp vegna þess að við erum ekki að hverfa til neins sem er afbrigðilegt. Við erum að hverfa frá því sem er afbrigðilegt og eru verk fyrrv. hæstv. fjmrh. með staðgreiðslukerfi, sem sett var á bankana eina, og koma bönkunum inn í það skattakerfi sem almennt er í landinu. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi er lagt til að greiðslufyrirkomulagi á sköttum innlánsstofnana verði breytt í áföngum á árunum 1985 og 1986 til samræmis við þær reglur sem gilda um skattgreiðslur allra annarra í landinu."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa þetta áfram, það er bara til að tefja tímann hér vegna þess að ég er alveg viss um það að virðulegur 3. þm. Norðurl. v. er búinn að lesa þetta og veit hvað framhaldið er. Verið er að samræma skattheimtuna á bankana til þess að hafa hana í fullu samræmi við það sem allir aðrir verða að þola í landinu. Ef þörf er á því að breyta þessu nú, ef það kostar einhverja peninga tímabundið, er það vegna þess að við erum að breyta frá því ófremdarástandi sem hæstv. fyrrv. ráðh. kom á í þessu tilviki. (**RA:** Ráðh. ætlaði að svara því hvert væri tekjutapið.) Tekjutapið? Ég er nú ekki með það hér hjá mér, en það var útreiknað, ég hef bara ekki náð í það enn þá en það er sjálfsagt að koma því skriflega til skila. (Gripið fram í.) Ég er ekki með það hérna á mér, ég get ekki upplýst það núna, því miður. Það veit virðulegur þm. að eftir að frv. hafa farið í gegnum nefndir og fagmenn sem hafa unnið frumvörp koma á nefndarfundi og svara öllum þeim spurningum sem þar hugsanlega geta komið fram, þá bera ráðherrar ekki með sér öll skjöl sem þeir hafa fengið á vegferð málsins í rn. með sér í þingsali. Það er afskaplega sjaldan. Oftast nær kemur fram álit viðkomandi þm., hvort sem þeir eru meirihluta- eða minnihlutamenn, í nál. Ég tel alveg sjálfsagt að hv. þm. hafi spurt þessara spurninga þegar ráðuneytismenn eða bankamenn hafa komið á nefndarfundi, en ég er með þessar tölur uppi í rn. og ég get komið þeim til skila.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þetta var mjög sérkennileg ræða. Hæstv. ráðh. byrjaði á því að segja að auðvitað hefði hann vitað hvað tekjutap ríkissjóðs væri mikið þegar frv. var lagt fram og hann mundi gera grein fyrir því síðar í sinni ræðu. Síðan upplýsti hann að þetta kæmi fram í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. og hann ætlaði að lesa það en hætti nú fljótlega lestrinum og fór úr ræðustól án þess að svara þessari spurningu og sagðist ekki hafa gögnin með sér hér.

Staðreyndin er sú að þegar frv. er lagt fram er ekki orð að finna í frv. um það hvað tekjutap ríkissjóðs er mikið. Þegar hæstv. ráðh. mælir fyrir frv. minnist hann ekki einu einasta orði á það hversu mikið tekjutap ríkissjóðs er. Þegar nefndin skilar af sér nál. inn í þingið kemur ekki orð um það heldur í nál. hversu mikið (Gripið fram í.) Það er þá hægt að gera grein fyrir því í hverju breytingin er fólgin og hversu mikið tekjutapið hefur aukist, en þetta kemur heldur ekki fram í nál. meiri hl. n., ekki orð um það. Það var því eðlilegt að hæstv. ráðh. gæfist upp á að vitna til þess.

Ég hlýt því að vera í rétti mínum að draga það stórlega í efa að hæstv. ráðh. hafi gert sér grein fyrir því hversu mikið tekjutap ríkissjóðs var. Ég hlýt að segja það alveg eins og er að grunur minn styrkist enn frekar að hæstv. ráðh. hafi enn ekki gert sér grein fyrir því hversu mikið tekjutap hér er um að ræða, enda hefur það ekki komið fram í neinum gögnum.

Það er rangt hjá formanni hv. fjh.- og viðskn. að við höfum fengið það á blaði hvað tekjutapið væri mikið. Við fengum að vísu upplýsingar um það hverju það breytti að veðdeildirnar væru undanþegnar og við fengum líka upplýst um aðra breytingu í frv. Samanlagt voru þetta 18 millj. kr. En það var hins vegar ekki upplýst hversu mikið tekjutapið væri vegna þess að eitt skattárið fellur niður. Það er það sem vegur þyngst og skiptir mestu máli. Það fellur niður eitt skattárið og þar með fellur niður skattur sem nemur um 130 millj. kr. Ég get upplýst hæstv. ráðh. um þetta og ég hygg að hann hafi ekki fyllilega gert sér grein fyrir því. Það er einmitt þess vegna sem ég er að hvetja hann til þess að endurskoða afstöðu sína og gera sér betri grein fyrir þessu máli og hætta við að keyra það fram hér í þinginu vegna þess að hann er að gera fjárhag ríkissjóðs meiri grikk en svo að hann sé maður til að taka þar ábyrgð á.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Í tilefni af þessari síðustu ræðu langar mig að segja fáein orð. Ég þyrfti þó sjálfsagt ekkert að gera

það vegna þess að hv. þm. Ragnar Arnalds greindi sjálfur frá því hér undir lokin að hann vissi þetta, hefði fengið um það upplýsingar. Ég taldi mig hafa lagt þetta blað frá Seðlabankanum hér á borð nm. A. m. k. voru sumir með það í höndum strax og ég fékk það. Það var öðru hvoru megin við helgi, ætli það hafi ekki verið á þriðjudegi líklega ekki fyrr en allavega gaf ég hv. þm. Ragnari Arnalds þessar upplýsingar nákvæmlega eins og hann fór með þær hér. Tölurnar voru um það að tekjurnar mundu riðlast nálægt því úr 175 millj. niður í 120 millj. og síðan komu þessar tvær brtt. sem ég gerði hér rækilega grein fyrir áðan, að önnur mundi kosta um 3 millj. og hin um 5. Þess vegna var talan 18 alveg rétt hjá þm., hann veit þetta allt saman.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Málið snýst alls ekki um það hvort ég hefði þessar upplýsingar undir höndum eða vissi þessar tölur. Málið snerist um hitt, hvort ráðh. hefði þessar tölur undir höndum, hvort hann gerði sér grein fyrir hversu stórar upphæðir væru hér á ferðinni. (Gripið fram í.) Og það kom líka á daginn að hann gerði sér alls ekki grein fyrir því og gat alls ekki nefnt neina tölu í því sambandi, hversu stórar upphæðir væru hér á ferðinni. Málið snýst sem sagt og hefur allan tímann snúist um það að mig uggir að þm. stjórnarflokkanna og ráðh. hafi alls ekki gert sér grein fyrir því hvað hann er að gera, hvað þeir eru að valda ríkissjóði miklum tekjumissi. Málið snýst um það.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. heldur að hann geti hengt hatt sinn á það að ráðh. treysti sér ekki til að fara með tölur og vilji heldur bíða og koma þeim á framfæri skriflega en eiga það á hættu að fara með rangar tölur. Að það sé einhver ástæða til þess að fylgja eftir einhverjum flótta. Hvers lags vinnubrögð eru þetta og það af fyrrv. ráðh.? Það er enginn hér á neinum flótta og það er ekkert við það að athuga þó að menn vilji ekki fara með tölur, sem þeir hafa ekki við höndina, af þeirri einföldu ástæðu að þeir vilja heldur hafa þær réttar þegar þeir gefa þær en eftir minni sem gætu hugsanlega verið rangar.

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 818 felld með 7:4 atkv.
Brtt. 798,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 7:4 atkv.
1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
Brtt. 798,2 samþ. með 8:4 atkv.
Brtt. 798,3 samþ. með 8:4 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 8:4 atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), samþ. með 8:4 atkv.
Brtt. 798,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 8:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Efri deild, 95. fundur

Föstudaginn 11. maí, kl. 5.30 síðdegis.

Forseti tók öll dagskrármál 95. fundar af dagskrá.

Efri deild, 96. fundur.

Föstudaginn 11. maí, að loknum 95. fundi.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. 55. mál (þskj. 857). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 593). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. 306. mál (þskj. 859). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. 318. mál (þskj. 643, n. 854). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Nefndin leggur til að málið verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 15 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 349. mál (þskj. 791, n. 855). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. n. var andvígur því ákvæði sem hér er breytt, en hreyfir ekki andmælum við þessari breytingu. Það kom fram við 1. umr. að þetta er nánast tæknilegt atriði við álagningu skattsins núna í ár.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 97. fundur.

Föstudaginn 11. maí, að loknum 96. fundi.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. 318. mál (þskj. 643). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 349. mál (þskj. 791). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 86. fundur.

Föstudaginn 11. maí, kl. 2 síðdegis.

Áfengislög, frv. 298. mál (þskj. 577). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Landflutningasjóður, frv. 354. mál (þskj. 815). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26:1 atkv.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar er frv. til laga um húsnæðismál, Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. [123. mál, Nd.] (þskj. 765, 691, 6, 12, 13, 16, 761). — 3. umr. Þetta er ekki nýlunda á dagskrá hv. deildar. Það er búið að vera hér á fjórum fundum. Þetta er fimmti fundurinn, sem málið er á dagskrá.

Fyrir nokkrum dögum, allmörgum reyndar, óskaði stjórnarliðið mjög ákveðið eftir því að þetta mál fengi rækilega meðferð og hraða umr. við 2. umr. málsins, svo að það kæmist hið skjótasta til Ed. Atkvgr. lauk svo eins og kunnugt er frá 2. umr. En síðan hefur málið verið fast, járn í járn, vegna þess að stjórnarliðið hefur ekki komið sér saman.

Í þessu frv. eru ýmis ákvæði sem við erum andvígir, Alþb.-menn. Og það hefur komið fram að fleiri stjórnarandstöðuflokkar hafa ýmislegt við frv. að athuga. Þó eru í frv. ýmis ákvæði sem eru til bóta í húsnæðismálum og því ástæða til þess auðvitað að leggja áherslu á að frv. fái hér þinglega meðferð, ekki aðeins hér í hv. Nd. heldur einnig í hv. Ed.

Deilumál stjórnarflokkanna er það, eins og alþjóð veit, að þeir eru ekki sammála um hvort húsnæðissamvinnufélög eiga rétt til lána úr Byggingarsjóði verkamanna. Sjálfstfl. og fulltrúar hans hafa haldið því fram að húsnæðissamvinnufélög eigi ekki þennan rétt. Aðrir hafa haldið því fram að húsnæðissamvinnufélög geti átt þennan rétt, enda uppfylli húsnæðissamvinnufélögin önnur skilyrði kaflans um félagslegar íbúðabyggingar í húsnæðislánafrv.

Ég tel það algjöra óhæfu að ósamkomulag stjórnarliðsins verði til að stöðva afgreiðslu máls af þessu tagi eins og hér hefur gerst núna sólarhringum saman. Það er útilokað fyrir stjórnarliðið að gera kröfur til þess að þingið afgreiði hér mál svo að segja á færibandi á meðan þetta mál er óuppgert. Það verður að fást botn í það hvaða afstöðu menn hafa í þessu efni.

Nú er það svo, herra forseti, að það frv. sem hér liggur fyrir er með brtt. við c-lið 33. gr. sem er sama brtt. og flutt var af fráfarandi ríkisstj. á síðasta þingi. Þar var við það miðað og kom fram í ummælum ýmissa þm., m. a. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að

hér væri um að ræða jákvætt ákvæði í frv. og eðlilegt að stuðla að framgangi þess.

Í tilefni af því að hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur lýst því yfir á opinberum vettvangi að nauðsynlegt sé að fresta þinginu til að ríkisstj. geti fengið tíma til að sleikja sárin, vegna þess að stjórnarflokkarnir koma sér yfirleitt ekki saman um neitt þessa dagana og það sem flutt er einn daginn í nefnd að morgni af stjórnarliðinu er fellt í hinum stjórnarflokknum að kvöldi, í tilefni af þessu ósamkomulagi stjórnarflokkanna og þeirra tafa sem húsnæðismálin hafa orðið fyrir vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær má vænta þess að stjórnarliðið treysti sér til að taka á dagskrá frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, 123. mál Nd.?

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er ekki afráðið enn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hið stutta og fáorða svar hæstv. forsrh. staðfestir þann ágreining sem er innan ríkisstj. í þessu máli og þann mikla vanda sem hún á við að glíma við að ljúka þinghaldinu. Það er greinilegt að till. hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, um að fresta þinghaldinu svo að stjórnarflokkarnir geti komið sér saman, hefur verið á rökum reist.

Ég hvet stjórnarliðið til að halda þannig á málum að hér verði hægt að afgreiða þetta mál. Sjálfstfl. hefur í rauninni lýst því yfir að hann hafi sérstöðu í þessu máli. Ef hann vill útiloka húsnæðissamvinnufélagið Búseta og önnur húsnæðissamvinnufélög frá lánum skv. kaflanum um félagslegar íbúðabyggingar, þá verður hann að fella c-lið 33. gr. Takist Sjálfstfl. það ekki, þá er ljóst að þingið hafnar skilningi Sjálfstfl. á þessu máli.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. 340. mál (þskj. 736, n. 829 og 831, 832). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. deildarinnar sem liggur fyrir á þskj. 831.

Nefndin hefur athugað þetta frv. á mörgum fundum. Nefndin aflaði fjölmargra gagna varðandi málið og kvaddi á fund sinn eftirtalda aðila: Jón Sigurðsson forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Bjarna Braga Jónsson frá Seðlabankanum, Magnús Pétursson hagsýslustjóra, Hallgrím Snorrason frá Þjóðhagsstofnun, Ásmund Stefánsson forseta Alþýðusambands Íslands, Björn Björnsson hagfræðing Alþýðusambands Íslands, Vilhjálm Egilsson hagfræðing Vinnuveitendasambands Íslands, Björn Önundarson og Helga Sigvaldason frá Tryggingastofnun ríkisins, Örlyg Geirsson frá menntmrn., Sigurjón Valdimarsson frá Lánasjóði ísl. námsmanna, Björn Friðfinnsson formann Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Jón Sæmund Sigurjónsson heilbr.- og trmrn., Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóra Stéttarsambands bænda, Egil Bjarnason frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Sigurð Þórðarson fjmrn., Sigurð Helgason menntmrn., Má Elísson frá Fiskveiðasjóði og Stefán Pálsson frá Búnaðarbankanum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 736, með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Undir þetta nál. rita Páll Pétursson, Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson og Halldór Blöndal.

Brtt. frá meiri hl. liggja fyrir á þskj. 832. 1. brtt. er svohljóðandi:

„Á eftir 16. gr. frv. komi svohljóðandi ný grein og breytist töluröð annarra greina skv. því:

48. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans, nema menntmrn. heimili annað í samráði við viðkomandi skólayfirvöld.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntmrn.“

Undanfarna daga hefur nokkur umr. orðið um orðalag þessarar greinar, en samkomulag varð um þá niðurstöðu sem ég var nú að lesa. Samkennsla í fámennum bekkjum getur vissulega átt rétt á sér og það er eðlilegt að hún sé háð samþykki skólayfirvalda á hverjum stað. Ég held að það sé mikilvægt að leitast við að spara í skólakerfinu eins og annars staðar í rekstri ríkisins, en ég tel eðlilegt að ekki sé einungis sparað í litlum skólum á landsbyggðinni. Það er eðlilegt að það gildi um alla skóla, hvar sem þeir eru staðsettir. Það er víða hægt að koma sparnaðinum við. Það er vel hægt að hugsa sér að hinkra með lengingu forskólans, bæði að auka ekki kennslu í 6 ára bekk og eins að hinkra með að hefja kennslu 5 ára barna.

Margir fræðslustjórar benda á að e. t. v. næðist sami árangur við dönskukennslu í grunnskólum þótt dönskukennslan yrði ekki hafin fyrr en í 7. bekk. Og sjálfsagt er það margt fleira sem mætti spara. Ég veit að hæstv. menntmrh. og hans liðsmenn í ráðuneyti eru allir af vilja gerðir að leita sparnaðarleiða og það mun ekki standa á okkur framsóknarmönnum að leggja þeim lið um skynsamleg úrræði. En ég legg áherslu á að sá sparnaður gangi sem víðast um skólakerfið, en ekki einungis til fárra skóla.

2. brtt. á þskj. 832 er einungis leiðrétting við 20. gr. frv. Sú grein fjallar um barnabótaauka og breytingin er í því fólgin að við leiðréttum töluna 2.4% en þar á að vera og hefur alltaf átt að vera 1.2%. Þá er greinin svohljóðandi er leiðréttingin hefur náð fram að ganga:

„Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1.2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 750 þús. kr., uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 1250 þús. kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 1.2% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 1 millj. kr., uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 1500 þús. kr.“

3. brtt. á þskj. 832 varðar lántökuheimild Framkvæmdasjóðs og að sjálfsögðu er lántökuheimild þessi bundin samþykki ríkisstj. 28. gr. kæmi þá til með að hljóða þannig ef brtt. verður samþykkt: „Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega“.

Eins og fram kom í nál. hefur þetta frv. fengið allítarlega umfjöllun í fjh.- og viðskn. deildarinnar. Ég vil einungis hér og nú bæta því við að sjálfsagt eigum við allir, sem að þessu meirihlutaáliti stöndum, það sameiginlegt að við hefðum getað hugsað okkur frv. einhvern veginn öðruvísi. Þetta frv. er ófullkomið eins og önnur mannanna verk og það byggist á samkomulagi margra aðila. Það nær ekki nógu langt til þess að leysa fjármálavanda ríkisins, sem vissulega er brýnt að leysa, en það er skref í áttina, að vísu stutt skref, en skref sem er nauðsynlegt að taka. Ég læt máli mínu lokið að sinni, herra forseti.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. var að ljúka máli sínu með nokkuð sérkennilegum hætti. Hann baðst afsökunar á málinu sem hann var að mæla fyrir. Honum er vorkunn. Það frv. sem hér er á ferðinni leysir engan vanda í ríkisfjármálum, veltir vandanum yfir á næstu ár með stórfelldum erlendum lántökum í rekstri ríkisins.

Þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir þessu frv. fyrir nokkrum dögum 4. maí s. l., komst hann m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Afleiðingar efnahagskreppunnar í heiminum, sem hófst 1979 með stórfelldri olíuverðshækkun, hrun loðnustofnsins 1981 og mikill samdráttur í þorskafla á árinu 1982 komu af fullum þunga fram í efnahagsmálum landsmanna á fyrri hluta ársins 1983. Þessir erfiðleikar í efnahagsmálum eru þeir mestu sem þjóðin hefur átt við að glíma frá stofnun lýðveldisins. Áhrifin urðu meiri og alvarlegri vegna þess að ekki náðist samstaða um nægilega ákveðnar og harðar viðnámsaðgerðir á árinu 1982 og í upphafi ársins 1983."

Ég hygg að þau orð, sem hæstv. forsrh. sagði og ég vitnaði hér til og vísa til síðustu ríkisstj., séu að mörgu leyti ágæt lýsing á þeim mikla vanda sem hún átti við að glíma. Það er út af fyrir sig rétt að verulegt vandamál kom þá upp vegna þess að ekki náðist samstaða í þeirri stjórn um nægilega harðar og ákveðnar viðnámsaðgerðir. Það stafaði m. a. af því að stjórnina skorti meiri hl. til þess að koma málum fram hér í hv. Nd.

Ég hygg með þessu samkomulagsleysi á árinu 1982 og 1983 hafi verið um að ræða kaflaskipti í starfi páv. ríkisstj. Ég tel jafnframt, herra forseti, að núna stöndum við frammi fyrir nákvæmlega sams konar kaflaskiptum í starfi núv. ríkisstj. Vandi núv. ríkisstj. stafar hins vegar ekki af því að hún hafi knappan meiri hl. í Nd. eða í Ed. þingsins, hún hefur stóran meiri hl. Vandi ríkisstj. núna stafar af því að hún nær ekki samkomulagi um áframhaldið sem ákveðið var þegar ríkisstj. var mynduð.

Ríkisstj. Steingríms Hermannssonar náði strax í upphafi samkomulagi um kauplækkunaraðgerðir, flokkarnir náðu saman um þær. Í stjórnarmyndunartilraun Geirs Hallgrímssonar, sem lauk að mig minnir 12. maí 1983 þegar slitnaði upp úr þeirri tilraun, lýsti hann því yfir: Samkomulag er um að rjúfa samhengi verðlags og launa en ósamkomulag um framhaldið. — Það var af þeirri ástæðu sem Geir Hallgrímsson lauk ekki við stjórnarmyndunartilraun sína með Framsfl.

Þessir flokkar náðu síðan saman aftur og mynduðu stjórn án þess að ná samkomulagi um framhaldið. Þeir náðu aldrei betur saman en þeir höfðu gert áður en slitnaði upp úr stjórnarmyndunartilraun Geirs Hallgrímssonar. Í rauninni breyttist ekkert efnislega í málinu annað en það að Sjálfstfl. hafði haldið þannig á málum að Geir Hallgrímsson varð ekki forsrh. þessarar stjórnar heldur Steingrímur Hermannsson.

Ríkisstj. stendur núna frammi fyrir gífurlegum vanda í ríkisfjármálum og peningamálum vegna óstjórnar í þeim efnum. Hún getur ekki tekið á þeim málum, hún getur ekki leyst þau mál sem skyldi, hún nær ekki saman. Vandinn magnast af þeim ástæðum og honum er velt á undan sér og menn vísa honum á framtíðina. Hún er byrjuð að deyja, þessi ríkisstj. Það er bersýnilegt að hún ræður ekki við vandann, það er hugsanlegt að hún sitji lengi enn — (**Gripið fram í:** Ekki dauð þó?) Akkúrat — vegna þess að hún hefur ekki einu sinni döngun í sér til að koma sér úr stólnum. Það eru staðreyndir málsins, sem ríkisstj. Steingríms Hermannssonar verður að horfast í augu við þegar, aðeins ársgömul, þá er farið að lýsa því yfir af varaformanni Sjálfstfl. að nú þurfi að endurskoða stjórnarsáttmálann og hæstv. forsrh. tekur undir Seltjarnarnesyfirlýsinguna frægu.

Þetta er í rauninni bein viðurkenning á því að stjórnina hefur þegar borið upp á sker, enda geta þessir tveir flokkar ekki náð saman um neitt annað en að lækka kaupið. Þessir tveir flokkar geta ekki komið sér saman um að brjóta niður og breyta því þunga kerfi yfirbyggingar sem er í þessu þjóðfélagi vegna þess að þetta kerfi hefur orðið til á vegum þessara tveggja flokka og þeir taka líf sitt úr þessu kerfi. Þess vegna datt engum manni í hug að þessir flokkar gætu nokkurn tíma stuðlað að þeim kerfisbreytingum í þjóðfélaginu sem nauðsynlegar eru ef á að ná varanlegum árangri í efnahagsmálum. Einu kerfisbreytingarnar, sem þessir tveir flokkar hafa komið sér niður á, eru að skera niður félagslega þjónustu og einu kerfisbreytingarnar, sem þeir gera till. um í þessu frv., er að lækka sjúkradagpeninga húsmæðra og fella niður greiðslur fyrir tannlækningar. Það er atlagan að kerfinu sem Framsfl. og Sjálfstfl. eru með till. um hér. Allt annað eru í rauninni till. um að taka erlend lán til að leysa vandann.

Þessu, herra forseti, er nauðsynlegt að menn átti sig á, að núv. ríkisstj., sem ég er sannfærður um að hefur vissulega haft verulegan stuðning, m. a. vegna þess að verðbólgutölur hafa lækkað, stendur núna á krossgötum að mínu mati. Þetta frv. er viðurkenning á því að ríkisstj. getur ekki meir. Hún gat lækkað kaupið í fyrra í skjóli hinnar ógnvænlegu verðbólgu sem þá var um að ræða, en þar með er hennar örendi þrotið. Hún kemst ekki lengra því hún nær ekki saman um neitt. Hún er forustulaus, þar þvælist hver fyrir öðrum. Yfirlýsingar ráðh. undanfarna daga og vikur í útvarpi og fjölmiðlum og sjónvarpi hafa verið sláandi sönnun þess hvernig komið er á stjórnarheimilinu.

Minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. skilar nál. á þskj. 829. Ég ætla að fara yfir þetta nál., en það er á þessa leið, herra forseti:

„Minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. er skipaður fulltrúum Alþb., Alþfl. og Bandalags jafnaðarmanna. Þm. Samtaka um kvennalista, Guðrún Agnarsdóttir, sem hefur tekið þátt í störfum fjh.- og viðskn., stendur einnig að þessu nál.

Minni hl. er andvígur þeim till. sem felast í frv. þessu um erlendar lántökur. Minni hl. bendir á eftirfarandi atriði:

Með frv. er gert ráð fyrir því að halli ríkissjóðs á þessu ári verði yfir 1 milljarð kr. Þá er gert ráð fyrir því að auka erlendar lántökur um 2 milljarða kr. eða um 68 millj. dollara. Þannig eru erlendar skuldir auknar verulega frá því sem gert hafði verið ráð fyrir, en ríkisstj. setti sér í upphafi ferils síns að draga úr erlendum skuldum frá því sem var þegar hún tók við. Það alvarlegasta við erlendu skuldirnar er að fjármunina á að nota til verkefna sem ekki tengjast framkvæmdum af neinu tagi, heldur til almennra útgjalda.

1. Gert er ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki erlent lán vegna uppgjörs á meðlagsskuldum Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins. Þetta er í fyrsta sinn sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað að taka erlent lán.

2. Gert er ráð fyrir að 190 millj. kr. af hinni erlendu lántöku verði notaðar til húsnæðislána. Hefur húsnæðiskerfið aldrei fyrr komist í slíkar ógöngur að félmrh. neyðist til þess að taka þangað erlent lán.

3. Gert er ráð fyrir að verja 300 millj. kr. til þess að gera upp lausaskuldir sjávarútvegsins án þess að neitt liggi fyrir um það hvernig því uppgjöri verði háttað.

4. Í frv. er miðað við að tekin verði erlend lán að upphæð 80 millj. kr. til þess að gera upp lausaskuldir bænda.

5. Í frv. er ríkissjóði ætlað að taka lán til rekstrar svo nemur mörg hundruð millj. kr. eða 700—800 millj. kr. Má heita að erlenda lántakan handa ríkissjóði standist nokkurn veginn á við þá tekjustofna sem ríkissjóður hefur fellt niður, m. a. með því að lækka skatta á fyrirtækjum frá því sem verið hefur. Þannig er í raun um það að ræða að ríkissjóður taki lán í erlendri mynt til þess að greiða niður skatta fyrirtækjanna í landinu.

Í þessu sambandi má minna á að sú aukning á erlendum skuldum, sem frv. gerir ráð fyrir, jafngildir útflutningsverðmætum fimmtungs þorskafurða ársins 1984 eins og horfur eru nú. Þá er fróðlegt að gera sér grein fyrir því að 2 milljarða skuldaaukning jafngildir verðmætasköpun 3500 vinnandi manna í heilt ár. Er þá miðað við að þjóðarframleiðslan sé um 66 milljarðar og fjöldi vinnandi manna í landinu um 117 þús. Þannig er bersýnilega verið að henda í súginn stórfelldum verðmætum vegna óstjórnar í ríkisfjármálum.

Þegar fjárlagafrv. var til meðferðar bentu talsmenn stjórnarandstöðunnar á að þar vantaði bersýnilega hundruð millj. kr. Viðurkenning fjmrh. á gatinu stóra er til marks um það að sú gagnrýni stjórnarandstöðunnar var á rökum reist. Þegar lánsfjárlögin voru til meðferðar bentu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna einnig á að lánsfjárvandinn væri mun stærri en þar var gert ráð fyrir. Einnig þetta er nú viðurkennt af stjórnarliðinu.

Í frv. felst engin lausn á vanda ríkissjóðs. Vandanum velta menn á undan sér yfir á næstu ár og komandi kynslóðir með erlendum lántökum. Innan stjórnarliðsins gætir enda vaxandi óánægju með vinnubrögð stjórnarinnar. Þar er hver höndin upp á móti annarri. Þess vegna hefur dregist í tvo mánuði að stjórnin legði tillögur fyrir þingið. Þegar tillögurnar birtast kemur í ljós að ágreiningur er um einstakar tillögur innan stjórnarflokkanna auk þess sem einstakir ráðh. hafa tafið meðferð málsins með því að senda frá sér tillögur án þess að stjórnarflokkarnir hafi samþykkt þær. Þannig lagði menntmrh. fram till. til fjh.- og viðskn. Nd. sem var samdægurs felld í öðrum stjórnarflokknum.

Auk þess er ljóst að frv. hefur í för með sér hættu á aukinni verðbólgu frá því sem ella hefur verið gert ráð fyrir. Líkur eru á að þessi vandi fari vaxandi þegar á árið líður.

Hluti frv. fjallar sérstaklega um skerðingu á félagslegum réttindum. Þar er um að ræða niðurskurð á framlögum til félagslegrar þjónustu, sérstaklega vegna tannviðgerða og sjúkradagpeninga. Í bréfi frá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins kemur fram að niðurskurður sjúkradagpeninga kemur einkum niður á húsmæðrum, námsmönnum og verkafólki sem hefur ekki áunnið sér rétt til sjúkradagpeninga hjá atvinnurekanda. Af þessum ástæðum munu stjórnarandstöðuflokkarnir greiða atkv. gegn þeim greinum frv. sem um þessi mál fjalla. Hins vegar munu stjórnarandstöðuflokkarnir greiða atkv. með 11. gr. frv. sem fjallar um heimild til heilbrrh. til þess að gefa út gjaldskrá fyrir tannlækna. Þá munu flokkarnir styðja þær greinar sem eru framkvæmd á samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúarmánuði s. l.

Við meðferð málsins í nefnd kom fram að það er ætlun ríkisstj. að margfalda greiðslur sjúklinga til heilbrigðiskerfisins frá því sem verið hefur. Er gert ráð fyrir því að á næstunni verði gefnar út reglugerðir um stórfelldar hækkanir lyfja og sérfræðigjalda, þar með talin röntgenþjónusta og göngudeildargjöld, og um hækkun á þjónustu heilsugæslulækna. Ekki er gert ráð fyrir minni hlutfallslegri hækkun á þessum gjöldum vegna aldraðra og öryrkja skv. þeim upplýsingum sem þingnefndinni bárust frá heilbr.- og trmrn.

Námsmenn verða fyrir sérstakri árás skv. frv. Þar virðist gert ráð fyrir að lánshlutfallið lækki í 60% á síðari hluta ársins frá þeim 95% sem hefur verið miðað við á fyrri hluta ársins. Er þá miðað við óbreyttan fjölda námsmanna og verðlagsforsendur sem tæplega standast. Er talið að námslán hafi ekki verið lægri en 60% í hálfan annan áratug.

Það kom fram í nefndinni að frv. hefur í för með sér skerðingu á kaupmætti launa frá því sem gert var ráð fyrir þegar kjarasamningarnir voru gerðir. Í fskj. með nál. þessu kemur á daginn að hagdeild Alþýðusambands Íslands telur kaupmáttinn á 4. ársfjórðungi þessa árs verða 3.2% lakari en á síðasta fjórðungi s. l. árs. Þar með er álitlegur hluti umsaminna kauphækkana aftur tekinn með þessum ráðstöfunum ríkisstj.

Minni hl. er andvígur þeim ákvæðum sem fjalla um skerðingu á tekjustofnum sveitarfélaga, en þetta er í fyrsta sinn sem gert er ráð fyrir skerðingu á verðtryggðum tekjustofnum sveitarfélaganna.

Minni hl. mun greiða atkvæði gegn till. um heimild til aukinnar bindiskyldu Seðlabankans, en það er eitt þeirra mála sem ágreiningur er um í stjórnarflokkunum.

Á fundi á Seltjarnarnesi í síðustu viku lýsti varaformaður Sjálfstfl. því yfir að verulegar hættur væru framundan vegna þeirrar erlendu lántöku sem frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir. Hann sagði að stjórnarsáttmálann yrði að endurskoða nú þegar ársafmæli ríkisstj. er á næsta leiti. Hann benti einnig á að þrátt fyrir frv. vantaði enn á að staðið yrði við yfirlýsingar ríkisstj. um útgjöld til ýmissa málaflokka, einkum húsnæðismála. Betri lýsing á vinnubrögðum ríkisstj. er tæpast til en Seltjarnarnesræða varaformanns Sjálfstfl.

Fyrir nákvæmlega einu ári slitnaði upp úr stjórnar-

myndunartilraun Sjálfstfl. og Framsfl. Niðurstöðunni var lýst með þessari fyrirsögn í Morgunblaðinu 12. maí 1983: „Samstaða um að rjúfa vísitölutengingu launa og verðlags en ágreiningur um framhaldið.“ Svo virðist sem þetta eigi enn við. Flokkarnir náðu í fyrra saman um kauplækkun, þeir hafa ekki getað komið sér saman um nein önnur úrræði í efnahagsmálum. Ágreiningur er á milli þeirra um kerfisbreytingar á stjórnkerfinu og um allar helstu forsendur ríkisfjármála og peningamála. Í stað þess að viðurkenna uppgjöf sína ákveður ríkisstj. að vísa vandanum á framtíðina með stórfelldum erlendum lántökum. Það er niðurstaðan eftir eins árs stjórn Framsfl. og Sjálfstfl.

Alþingi 10. maí 1984.

Guðmundur Einarsson, Svavar Gestsson, Kjartan Jóhannsson.“

Þessu nál., herra forseti, fylgja svo allmörg fskj. sem ég ætla að fara lauslega yfir. Fskj. I er frá Hagdeild Alþýðusambands Íslands og sýnir kaupmátt kauptaxta ASÍ 4. ársfjórðung 1983 samasem 100. Þar kemur fram að þegar kjarasamningarnir voru gerðir var gert ráð fyrir því að kaupmáttur á síðasta fjórðungi þessa árs yrði um ½ prósentustigi lægri en á síðasta fjórðungi ársins 1983. Alþýðusambandið hefur nú endurnýjað þessa áætlun sína og fram kemur í þeirri töflu að gert er ráð fyrir að kaupmáttur launa í lok þessa árs verði 96.8 á móti 100 í lok ársins 1983. Það þýðir að kaupmáttur launa í lok þessa árs er að mati Alþýðusambands Íslands 3.2% lægri en gert var ráð fyrir þegar samningarnir voru gerðir. Þar með er 1. sept.- hækkunin farin eins og hún leggur sig og rúmlega það.

Eins og kunnugt er hafa mörg verkalýðsfélög og verkalýðssambönd verið að ræða það að undanförnu hvort nauðsynlegt sé með tilliti til aðgerða stjórnvalda að segja upp kjarasamningum 1. sept. eins og heimild er til. Þegar þetta mál var rætt á fundi fjh.- og viðskn. Nd. kom það fram hjá forseta Alþýðusambands Íslands að vinnubrögð eins og þau sem hér er um að ræða hljóta að ýta undir það, eins og hann orðaði það, að samningum verði sagt upp. Með þessum aðgerðum sínum er því ríkisstj. að grafa undan þeim kjarasamningum sem hún sjálf lýsti yfir að væru hófsamir samningar og taldi að ættu að geta dugað fram á árið 1985. Það er bersýnilegt að með þessu frv. og vinnubrögðum sínum að öðru leyti er ríkisstj. að taka þá áhættu að launafólk telji sig dæmt til þess að rísa upp til andsvara þegar á síðari hluta ársins 1984.

Stundum er spurt: Ætlar verkalýðshreyfingin að ráðast til atlögu gegn stefnu stjórnarinnar? Miklu nær væri að setja spurninguna upp á annan veg og benda á að núv. ríkisstj. hefur ráðist gegn verkalýðshreyfingunni í landinu af meiri fantaskap en nokkur önnur stjórn fyrr og síðar og spurningin er þá um það hvort verkalýðshreyfingin í landinu rís upp til varnar andspænis þeim árásum sem ríkisstj. hefur gert á kjör almennings í landinu.

Þegar þjóðin stendur frammi fyrir jafnmiklum vanda í efnahagsmálum og hefur verið um að ræða að undanförnu er nauðsynlegt að stjórnvöld, ríkisstj., hver sem hún er, stuðli að samstöðu í landinu, ekki að sundrung. Núv. ríkisstj. er einhver argvítugasta óeiningarstjórn sem setið hefur í landinu. Hún er að efna til ófriðar við launastéttirnar í landinu. Þegar launastéttirnar í landinu hafa unað við hina miklu kjaraskerðingu vegna þess að fólk var orðið dauðlúið á hinni miklu verðbólgu þá ræðst ríkisstj. að kjörum fólks með þessum hætti þó að verkalýðshreyfingin hafi gert kjarasamninga sem talsmenn stjórnarflokkanna hafa talið hófsama og hæfilega að öllu leyti. Hér er um að ræða vinnubrögð sem hljóta að hefna sín.

Stundum hefur verið sagt: Íslandi verður ekki stjórnað gegn verkalýðshreyfingunni og hinni stóru fylkingu vinnandi fólks í landinu, yfirgnæfandi meiri hl. landsmanna. Núv. ríkisstj. ætlaði sér að sanna það í upphafi ferils síns að hægt væri að stjórna landinu án þess að hlusta á verkalýðshreyfinguna með því að traðka á réttindum hennar eins og ríkisstj. Steingríms Hermannssonar hefur gert.

Ég er sannfærður um að þau vinnubrögð sem hér eru höfð í frammi munu ýta undir það að launafólk í landinu muni sýna það á nýjan leik að landinu verður ekki stjórnað gegn hagsmunum þess eins og þessi ríkisstj. hefur ætlað sér að gera.

Á fskj. II, virðulegi forseti, er plagg frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það snertir sérstaklega 2. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að samanlögð fjárveiting og lántaka Lánasjóðs ísl. námsmanna verði ekki hærri en 658 millj. kr. á árinu 1984. Lánasjóður ísl. námsmanna kemst að þeirri niðurstöðu að þessi grein frv. þýði það að lánshlutfallið fari niður í 60% af fjárþörf námsmanna á síðari hluta þessa árs.

Ég vil beina spurningu til hæstv. forsrh. sem ég lagði fyrir hæstv. menntmrh. við 1. umr. málsins en hún hefur ekki séð ástæðu til að svara: Er það staðfastur ásetningur ríkisstj. að keyra lánshlutfallið niður í 60% á síðari hluta ársins eða kemur til greina að hækka fjárveitingar til Lánasjóðs ísl. námsmanna síðar á árinu? Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sjái sér fært að svara þessari spurningu vegna þess að hér er um að ræða svo hrottalegan niðurskurð á lífskjörum þúsunda Íslendinga að það er með öllu ólíðandi og ég hef enga trú á því að námsmenn, svo margir sem þeir eru, þoli þennan niðurskurð.

Kjör námsmanna eru misjöfn, það skal tekið fram. Fjöldinn allur af námsmönnum býr sjálfsagt við bærileg kjör í okkar landi, sem betur fer. Síðan er um að ræða verulegan fjölda námsmanna, þúsundir manna, sem eru þannig á vegi staddir að það hlýtur að verða álitamál fyrir þetta fólk hvort það getur stundað nám ef námslánin verða skorin svona niður. Ég held að það væri afskaplega slæmt fyrir framtíðarþróun okkar þjóðfélags ef þessi atlaga að skólakerfinu, menntakerfinu í landinu, heppnast sem ríkisstj. hér reiðir til. Af þeim ástæðum hef ég borið fram þessa fsp. til hæstv. forsrh.

Fskj. III fjallar um sama málefni og er frá Stúdentaráði Háskóla Íslands. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hagsmunanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands varar stórlega við 2. gr. grv. um að ekki skuli veitt meira fjármagni en þegar hefur verið ákveðið til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hagsmunanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands fær ekki séð að þessi áætlun standist, verði eftir sem áður lánað 95% af fjárþörf á haustmánuðum. Það er krafa hagsmunanefndar að ríkið standi við þær lagalegu skuldbindingar sem það hefur tekið á sig gagnvart Lánasjóði ísl. námsmanna og námsmönnum og trúir því ekki að ríkisvaldið hyggist brjóta þau lög eða breyta þeim námsmönnum í óhag.“ — Það er bersýnilega

talsverð trú manna í hagsmunanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands í seinni tíð.

„Lánasjóður ísl. námsmanna er eitt öflugasta tækið til að tryggja jafnrétti til náms hér á landi og því frumkrafa að hann fái valdið hlutverki sínu. Hagsmunanefnd skorar því á menntmrh. og alþm. að sjá til þess að staðið verði þannig að málum að Lánasjóður ísl. námsmanna uppfylli þær lögbundnu kröfur sem hann ber gagnvart námsmönnum. Verði 2. gr. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum látin standa óbreytt er ljóst að Lánasjóður ísl. námsmanna mun ekki uppfylla þessi skilyrði og þar með væri höggvið stórt skarð í fjárhagslegt öryggi námsmanna."

IV. fskj. í nál. minni hl. snertir sveitarfélögin sérstaklega, en í frv. er vegið mjög að fjárhagslegu sjálfstæði sveitarfélaganna og þar er farið inn á þá braut að festa tekjur Jöfnunarsjóðsins við fjárlagatöluna. Þetta hefur aldrei áður verið gert. Í 7. gr. frv. segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1984 eigi nema hærri fjárhæð en 495 millj. kr. og greiðslur af verðtollstekjum eigi nema hærri fjárhæð en 100 millj. kr."

Hér eru tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga festar við fjárlagatöluna. Með þessu móti nælir ríkið sér í 30—40 millj. kr. ef ég man rétt úr grg. frv. Forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga voru kallaðir á fund fjh.- og viðskn. Nd. til að svara fyrir þetta atriði. Þeir voru spurðir: Hvað segið þið um þetta, teljið þið þetta viðunandi? Og þeir svöruðu: Við munum ekki mótmæla þessu ákvæði. Ég spurði á móti: Hvaða fundur í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga samþykkti að mótmæla þessu ákvæði ekki? Og okkur var sagt: Hann var haldinn á föstudaginn var. Ég spurði enn: Fáum við fundargerð þess fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sem samþykkti að mótmæla ekki? Svarið var já, en við höfum ekki fengið þá fundargerð enn þá.

Hins vegar hefur borgarráð Reykjavíkur gert samþykkt um þetta með samhljóða atkv., en í samþykkt borgarráðs og bréfi borgarstjórans í Reykjavík til forsrh. segir, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Herra forsrh. Steingrímur Hermannsson,

Stjórnarráðshúsinu,

Reykjavík.

Á fundi borgarráðs í dag var samþykkt svohljóðandi till.:

Borgarráð Reykjavíkur varar alvarlega við því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði skertur.

Jöfnunarsjóðurinn er eini tekjustofn sveitarfélaga sem fylgt hefur verðlagi á fjárhagsárinu, en allir aðrir megintekjustofnar sveitarfélaganna eru bundnir við fasta álagningu sem miðast við verðlag og tekjur ársins áður.

Með því að festa greiðslur í Jöfnunarsjóð að hámarki við þá krónutölu sem áætluð er í fjárlögum (eða aðra fasta krónutölu) er alvarlega vegið að fjárhagsöryggi sveitarfélaganna þar sem allir megintekjustofnarnir yrðu þá bundnir og ekkert svigrúm til staðar ef til verðlagshækkana kemur á fjárhagsárinu.

Borgarráð mótmælir því harðlega að fjárhagsvandi ríkissjóðs sé leystur með því að velta honum að hluta yfir á sveitarfélögin."

Þannig hefur borgarráð Reykjavíkur tekið samhljóða afstöðu í þessu efni. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. úr því hann er kominn í salinn: Mun ríkisstj. leggja til við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985 að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á því ári verði skertar eins og hér er gert ráð fyrir? Er hér um að ræða skerðingu sem aðeins gildir á árinu 1984 eða er það stefna ríkisstj. að skerða tekjur sveitarfélaganna framvegis eins og hér er gert ráð fyrir?

Ég bar fram áðan til hæstv. forsrh. spurningu varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna og ég ætla að endurtaka hana fyrst hæstv. menntmrh. er kominn í salinn. Ég spurði: Verða gerðar ráðstafanir til þess að tryggja Lánasjóði ísl. námsmanna aukið fé á síðari hluta ársins 1984 eða ætlar hæstv. menntmrh. að láta það gerast að lánshlutfall lækki í 60% eins og frv. um ríkisfjármál sem hér er á dagskrá gerir bersýnilega ráð fyrir?

Einn meginþáttur þessa frv. fjallar um skerðingu á greiðslum Tryggingastofnunar ríkisins. Fyrsta ákvæðið sem lýtur að þeirri skerðingu kemur fram í 8. gr., en þar segir:

„Samlagsmenn njóti sjúkradagpeninga frá og með 1. veikindadegi, séu þeir óvinnufærir a. m. k. 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðreynd af lækni."

Þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir þessu frv. 4. maí s. l. lét hann ekki svo lítið að víkja svo að segja einu orði að þessari grein. Í grg. með frv. segir, með leyfi hæstv. forseta, um 8. gr.:

„Í till. frv. felst einkum að atvinnurekendur beri yfirleitt sjúkratryggingarkostnað 14 fyrstu veikindadaganna í stað 10 nú, enda hafi launþegi verið óvinnufær 21 dag í stað 14 áður. Áætlað er að þessi breyting spari almannatryggingum 25 millj. kr. á ári.

Þessi lenging biðtíma eftir sjúkradagpeningum mun fyrst og fremst minnka þann rétt sem atvinnurekendur eiga til sjúkradagpeninga."

Þetta eru orð í grg. frv. og ég segi: Þetta er fölsun. Hér er verið að draga fjöður yfir staðreyndir málsins. Í bréfi, sem mér barst frá Tryggingastofnun ríkisins og er prentað í nál. minni hl. á bls. 6, er svarað spurningum um þetta atriði. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hr. alþm. Svavar Gestsson,

Alþingi.

Reykjavík, 8. maí 1984.

Vegna fyrirspurna þinna sem til mín bárust frá tryggingayfirlækni með beiðni um skjót svör fór undirritaður þess á leit við deildarstjóra sjúkratryggingadeildar, Kristján Guðjónsson, sem gleggstar upplýsingar hefur um þau atriði, sem spurt var um, hér á stofnuninni að gerð yrði í skyndi athugun á málinu. „— Ég bið afsökunar á því að við prentun á þessu þskj. hefur hluti af þessu bréfi farið forgörðum og ég vænti þess að þskj. verði prentað upp þannig að bréfið komist til skila. Þá segir í svarinu: „Breytingar á reglum sjúkradagpeninga, eins og þær eru fyrirhugaðar í „bandorminum"," — eins og segir hér í bréfi Tryggingastofnunar ríkisins — „koma helst niður á eftirtöldum hópum:

1. húsmæðrum. 2. skólanemum. 3. þeim launþegum sem nýlega hafa hafið störf, og 4. á atvinnurekendum sjálfum."

Þ. e. a. s. það eru ekki atvinnurekendur eingöngu eins og stendur í rauninni í grg. frv. heldur eru það

húsmæður, námsmenn og launamenn sem nýlega hafa hafið störf, einkum ungt fólk sem á lítinn rétt til sjúkradagpeninga hjá sínum atvinnurekendum. Hér er bersýnilega um að ræða eina óheiðarlegustu grein frv., árás á almannatryggingakerfið. Í rauninni er hér býsna langt seilst fyrir 30 millj. kr. þegar tillit er tekið til þess að sá vandi sem menn eru hér að glíma við er upp á 2 milljarða kr.

Ég veit ekki hvort það þýðir nokkuð en ég leyfi mér að skora á hæstv. ríkisstj. að falla frá þessari till. Ríkisstj. væri sæmst að draga hana til baka, gefast upp á að framkvæma hana eins og hún hrökk frá með sjúklingaskattinn inn á sjúkrahúsunum þegar hún mætti harðri gangrýni stjórnarandstöðunnar hér í vetur.

Í bréfi forstjóra Tryggingastofnunarinnar til mín, kemur enn fremur fram að það var ætlunin í Tryggingastofnuninni að tryggingayfirlæknir sendi viðbótargögn til fjh.- og viðskn. Nd. Það hefur tryggingaryfirlæknir ekki gert enn þá og vil ég halda þeirri staðreynd til haga. En komi gögnin er þess að vænta að sú n., sem fær málið til meðferðar í Ed., geti fjallað um þau.

Í þessum kafla frv., sem fjallar um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins, er gert ráð fyrir ýmsum öðrum breytingum, m. a. á tannviðgerðarkostnaði og þátttöku ríkisins í honum. Í frv. ríkisstj. var gert ráð fyrir því að þessi niðurskurður mundi skila ríkinu 50 millj. kr. Þegar fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins komu á fund fjh.- og viðskn. Nd. fullyrtu þeir að þetta væru ekki 50 millj. kr. heldur 15.9 millj. kr., þ. e. þarna skakkaði 30 millj. kr. Síðan kom fulltrúi frá heilbr.- og trn. á fund n. og sagði að þetta væru ekki 15.9 millj. kr. og ekki 50 millj. kr. heldur 16.2 millj. kr. Þá var kallaður fyrir fulltrúi fjmrn. og niðurstaða hans var sú að þetta gæfi 20 millj. kr. Þannig fengum við fjórar útgáfur af þessum niðurskurði í 12.—15. gr. frv. Sá fyrsti sagði 50, annar 15.9, þriðji 16.2 og fjórði sagði 20. Ég veit ekki hver hin endanlega tala verður en mér sýnist að vinnubrögðin í sambandi við frv. séu þannig að það sé næstum alveg öruggt að það verði fimmta talan en engin þeirra fjögurra sem komið hafa fram í ágiskunum ríkisstj. við undirbúning þessa frv.

Í frv. er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka almannatrygginga í gullfyllingum, krónu- og brúargerð og tannréttingum lækki úr 37.5% í 25% fyrir 6 til 15 ára börn og unglinga. Þetta þýðir sparnað hjá ríkinu um 5.4 millj. kr. að mati heilbr.- og trmrn. Um leið og þetta gerist er bersýnilega gert ráð fyrir því að létta sams konar greiðslu af sveitarfélögunum. Sveitarfélögin losna líka við að borga þarna nokkurn hluta. Ég vil spyrja: Sömdu sveitarfélögin um að taka á sig skerðingu á tekjum í Jöfnunarsjóð gegn því að losna við þessar 5—6 milljónir í tannlækningakostnaði?

Það er ekki einleikið hvernig stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gengur dauðþæg undir þær ráðstafanir sem hér er verið að tala um. Það er furðulegt að þessi stjórn skuli ekki hafa döngun í sér til þess að hamla á *móti því þegar ráðist er að grundvallartekjustofni* sveitarfélaganna eins og hér er gert og í rauninni eina verðtryggða tekjustofni sveitarfélaganna í landinu. Það er eitthvað þar á bak við sem ekki hefur komið fram hér á hv. Alþingi. Voru sveitarstjórnarmennirnir að versla sig út úr því að þurfa að taka þátt í tannviðgerðarkostnaði með þessari þægð sinni við ríkisstj.? Eða hvað veldur þessari afstöðu sem hefur komið fram hjá forstöðumönnum Sambands ísl. sveitarfélaga? Það er sérkennilegt að þeir skuli haga sér með þessum hætti og nýlunda og bersýnilega ekki sama hverjir það eru sem eru að burðast við að reyna að stjórna landinu.

Ég held að þessi kafli um tannviðgerðakostnað og þátttöku í honum beri það ótvírætt með sér hvaða grundvallaratriði það eru sem ríkisstj. leggur áherslu á. Það á að skera niður þátttöku ríkisins í félagslegri þjónustu um 30 millj. kr., eins og sjúkradagpeninga handa húsmæðrum, en sama daginn er hér til meðferðar í Ed. frv. um að lækka skattana á bönkunum um 30 millj. kr. Það stenst nokkuð á endum sú upphæð sem á að gefa bönkunum og sú upphæð sem á að taka af húsmæðrum, námsfólki og ungu verkafólki í sjúkradagpeninga. Þetta sýnir auðvitað í hvaða röð þessi ríkisstj. gengur í verkin. Hún sargar niður félagslega þjónustu og sleppir peningaöflunum í landinu við að borga það sem þau hafa átt að borga á undanförnum árum.

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að till. sem hér eru lagðar fram um breytingar á okkar félagslega þjónustukerfi í landinu séu í raun og veru ákaflega glöggur vitnisburður um núverandi ríkisstj. sem tekur fjármagnið fram yfir fólkið hvarvetna þar sem hún fær kost á því.

Í 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir nokkurri breytingu á greiðslum til útflutningsuppbóta á þessu ári. Þar segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., er heimilt að greiða framlög úr ríkissjóði á árinu 1984 vegna þess halla sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1983—1984 er nemi allt að 468 millj. kr. Framlög umfram 468 millj. kr. verða ekki greidd úr ríkissjóði á árinu 1984."

Í grg. með þessari grein er fjallað um útflutningsbótavandann á þessu ári og þar kemur það fram að í rauninni uppfyllir þessi grein þann rétt sem bændur eiga til 10% útflutningsuppbóta á útflutning landbúnaðarafurða. Nú er það hins vegar svo að hér er ekki allt sem sýnist frekar en víða annars staðar í þessu frv. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að greitt sé nokkuð af þeim vanda sem átti sér stað og kom fram á síðasta verðlagsári. Inn í þetta dæmi eru teknar 18 millj. kr. vegna útflutnings frá í fyrra. Síðan er gert ráð fyrir því skv. 22. gr. frv. að bændur greiði hluta af þessu sjálfir með sérstökum tolli, eða um 60 millj. kr. Þarna ætlar ríkisstj. að leggja á sérstakan nýjan kjarnfóðurskatt. Munurinn á honum og kjarnfóðurskattinum, sem lagður hefur verið á til þessa, er hins vegar sá, að sá skattur sem hefur verið lagður á hefur verið utan verðlags, hann hefur ekki komið inn í verðlagningu landbúnaðarafurða og hefur ekki komið inn í útsöluverð landbúnaðarafurða. Þessi nýi skattur á hins vegar að koma inn í útsöluverð landbúnaðarafurða og verðlagningu landbúnaðarafurða og er þannig í grundvallaratriðum allt öðruvísi en kjarnfóðurskatturinn sjálfur.

Þegar hæstv. forsrh. mælti fyrir þessu frv. sagði hann um þessa grein með leyfi forseta: „Kjarnfóðurskattur sá sem Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir mun verða lækkaður til mótvægis við toll þennan". Tveir forustumenn bændasamtakanna komu á fund fjh.- og viðskn. Nd. Það kom greinilega fram hjá þeim báðum að vegna aukinnar landbúnaðarframleiðslu á þessu ári telja þeir ekki ástæðu til að lækka kjarnfóðurskattin frá

því sem verið hefur. Það er þess vegna rangt að gefa í skyn að það standi til að lækka kjarnfóðurskatt. Þvert á móti er ljóst að Framleiðsluráð landbúnaðarins er með hugmyndir um að hækka heildarálagningu kjarnfóðurskatts frá því sem verið hefur vegna þeirrar miklu umframframleiðslu sem um er að ræða á þessu verðlagsári.

Í sambandi við þessa gr. frv. er fróðlegt fyrir hv. Alþingi að athuga fskj. VI í nál. minni hl. þar sem fjallað er um sölu á landbúnaðarafurðum og birgðasöfnun búvara. Fyrst svarar Framleiðsluráð landbúnaðarins þeirri spurningu: Hvað þýðir samdráttur í niðurgreiðslum mikinn samdrátt í sölu landbúnaðarafurða eða aukinn útflutningsbótavanda? Niðurstaðan er sú að lækkun niðurgreiðslnanna, sem ríkisstj. var að ákveða núna, þýðir samdrátt í sölu á nýmjólk um 463 þús. lítra. Eða samtals, þegar rjómi og ostur eru meðtalin, þýðir þessi lækkun á niðurgreiðslum samdrátt í sölu á nýmjólk um 1.3 millj. lítra. Mér skildist að þessi ríkisstj. vildi suðla að því að útflutningsbótavandinn minnkaði. Þessi ákvörðun um að skera niðurgreiðslurnar svona stórkostlega niður þýddi það að útflutningsbótavandinn vex stórum. Það kemur einnig fram að því er varðar dilkakjöt og nautakjöt í þessari töflu frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, að sala á dilkakjöti muni minnka um 260 tonn og sala á nautakjöti um 84 tonn.

Í þessu gagni sem kemur fram í nál. minni hl. er einnig rætt um framleiðsluráðstöfun og birgðir kindakjöts á bilinu september til mars, þ. e. á þeim hluta yfirstandandi verðlagsárs sem liðinn er. Hinn 1. sept. í fyrra voru birgðir hér í landinu um 3000 tonn en í hitteðfyrra um 2000 tonn. Slátrunin nam í fyrra um 13 000 tonnum en í hitteðfyrra um 13 700 tonnum. Salan í fyrra á fyrsta hluta verðlagsársins nam um 6 200 tonnum en í ár 6 400 tonnum. Inni í því eru 3000 tonn af svokölluðu útsölukjöti. Útflutningur kjöts, einkum dilkakjöts, er nokkru meiri nú en var í fyrra. Birgðir 31. mars eru þannig uppgerðar að þær voru í fyrra 7 700 tonn en í ár 6 900 tonn. Salan á þessu verðlagsári er 3 476 tonn en var í fyrra 4 570 tonn. Salan á dilkakjöti hefur þannig dregist saman um 1 000 tonn aðeins á þeim sex mánuðum sem liðnir eru af verðlagsárinu. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur það í fyrsta lagi að útflutningsbótaþörfin í haust verður bersýnilega langt yfir 10%. Hversu mikið skal ég ekki um segja, en hún verður langt yfir 10%. Í öðru lagi segir þetta okkur það, að kaupskerðing ríkisstj. hefur haft það í för með sér að hinn almenni neytandi og launamaður í landinu getur ekki lengur keypt landbúnaðarafurðir. Neyslan á þessum vörum hefur dregist svo saman að munurinn á sölunni á aðeins sex mánaða tímabili í ár og í fyrra er um 1000 tonn. En þetta segir fleira. Þetta segir fleira fyrir þá fulltrúa hér á hv. Alþingi sem þykjast vera sérstakir talsmenn bænda og eru sumir jafnvel bændur sjálfir.

Á undanförnum árum hefur orðið verulegur framleiðslusamdráttur í landbúnaði. Bændur hafa tekið þátt í því sjálfir auðvitað með samdrætti í sínum tekjum, nokkrum samdrætti. Þannig hefur kjötframleiðsla á ári hverju minnkað úr um 15 000 tonnum niður í kringum 13 000 tonn og mjólkurframleiðsla dregist saman úr ca. 117 millj. lítra í 106 millj. lítra. Þegar bændur eru þannig búnir að draga saman sína framleiðslu og hafa lagt það á sig sjálfir að nokkru leyti með tekjumissi, kjarnfóðurskatti og fleiru, þá tekur ríkisstj. sig til og skerðir svo mikið kaupið að útflutningsþörfin í landbúnaðinum er ekki minni en hún var þegar lagt var af stað, heldur miklu, miklu meiri.

Í þessu atriði kemur það betur fram en nokkurs staðar annars staðar að kaupið, sem fólkið hefur, og kjör bændanna eru tengd saman með beinum og skilyrðislausum hætti. Tilraunir ýmissa aðila til að reka fleyg á milli alþýðustétta til sjávar og sveita eru auðvitað dæmdar til að mistakast ef fólk áttar sig á því að nákvæmlega hér kemur það fram að hagsmunir þessa fólks eru tvinnaðir saman í eitt. Ríkisstjórn bændavinanna í Framsfl., sem höfðu tekið þátt í að draga úr landbúnaðarframleiðslu eins og nauðsynlegt var, tekur það til bragðs þegar formaður Framsfl. sest í stól forsrh. að keyra kaupið svo mikið niður að vandinn sem bændastéttin stendur frammi fyrir er nákvæmlega sá sami og var áður en lagt var af stað. Bændur skilja þetta. Þeir skilja þessa framkomu ríkisstj. þannig að það sé verið að segja þeim að þeir hafi verið að vinna til einskis.

Orðhagur maður vestur í Dölum komst svo að orði fyrir nokkru að landbúnaðarstefna núv. ríkisstj. væri einna líkust því að Jónas Kristjánsson ritstjóri væri að framkvæma landbúnaðarstefnuna undir dulnefninu: Jón Helgason frá Seglbúðum. Ég hygg að skýrari ummæli um landbúnaðarstefnu núv. ríkisstj. sé tæplega hægt að finna.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir því að fullnægja þeim útflutningsbótarétti sem bændur eiga skv. lögum. En það eru engar tillögur uppi um það hvernig á að taka á viðbótarvandanum. Og það eru heldur engar tillögur uppi um það hvernig eigi að mæta sérstaklega þeim vanda sem ríkisstj. er að búa til sjálf hjá bændum í landinu með samdrætti í kaupmætti og stórfelldri lækkun á niðurgreiðslum.

Með nál. minni hl. kemur fram fskj. VII, en það er plagg sem meiri hl. hefur ekki viljað sýna. Það hefur ekki komið fram í gögnum meiri hl. Minni hl. tók að sér að dreifa þessu plaggi hér. Þannig var að hæstv. menntmrh. sendi fjh.- og viðskn. bréf og bað um að nefndin samþykkti ákveðinn niðurskurð kostnaðar í skólakerfinu með því að færa saman bekki í fámennustu skólahérðunum. Fundi í fjh.- og viðskn. var ekki fyrr lokið en boðaður var fundur í þingflokki Framsfl. Þar var samþykkt með öllum atkvæðum samhljóða að fella þessa till. menntmrh. Var nú illt í efni. Þó að fjh.- og viðskn. væri í rauninni tilbúin að ganga frá málinu bað Sjálfstfl. um frest dag eftir dag til að geta nuddað þessu máli ofan í hv. þm. Pál Pétursson, formann fjh.- og viðskn. Hann móaðist við lengi. Niðurstaðan liggur svo fyrir í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. Þar er gert ráð fyrir því að vilji menntmrh. nái fram að ganga að höfðu samráði við skólayfirvöld í héraði. Ég tel í rauninni ekki grundvallarmun á þessum tveimur till., nema hæstv. menntmrh. lýsti því yfir á þessum fundi og í þessari umr. að heimildin verði ekki notuð nema með samþykki skólayfirvalda í héraði.

Ég tel út af fyrir sig, og er ég þá að tala fyrir mig persónulega, að í ýmsum tilvikum geti jafnvel verið heppilegt að færa saman bekkjardeildir í dreifbýlinu, miðað við það sem ella væri kostur á, að senda þyrfti börn úr héraði um langan veg til að stunda nám í heimavistarskóla. En ég held að það sé nauðsynlegt að skýra ágreining stjórnarflokkanna í þessu máli aðeins

betur og fá þetta fram: Vill menntmrh. lýsa því yfir að hún muni ekki beita þessu ákvæði öðruvísi en skólanefnd í héraði samþykki þá sameiningu í bekkjardeildir sem till. gerir ráð fyrir?

Í fskj. VIII birtir minni hl. plagg frá Verslunarráði Íslands og verður það að teljast nokkur nýlunda, a. m. k. hjá ýmsum þeim flokkum sem standa að minni hl. Í ályktun um boðaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum segir Verslunarráð Íslands svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Verslunarráðs Íslands varar við afleiðingum þess að taka stórfelld erlend lán til að rétta af fyrirsjáanlegan halla á ríkissjóði, svo sem boðað hefur verið. Slík lántaka er engin lausn á fjárhagsvanda ríkissjóðs. Vandanum er aðeins slegið á frest og framvindu efnahagsmála teflt í tvísýnu."

Ég vil fyrir mitt leyti taka undir þessi orð Verslunarráðsins. Ég tel að þau lýsi því mjög glöggt hvað nú er að gerast. Ríkisstj. er með þessu frv. að auka stórkostlega erlendar lántökur, upp á 2 milljarða kr. Þar af ætlar hún að taka 700 millj. kr. beint í ríkissjóð.

Að einu atriði, sem ég hefði átt að nefna fyrr, vil ég aðeins víkja núna í sambandi við þessar erlendu lántökur. Gert er ráð fyrir því að 190 millj. kr. af þessum erlendu lántökum verði varið til húsnæðislána. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er tryggt að hann fái þessa peninga? Mér heyrist á fjmrh. að það sé nú ekki alveg gefið að félmrh. og Byggingarsjóður ríkisins fái þessa fjármuni. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh.: Er tryggt að hann fái þetta erlenda lán sem hann er — fyrstur félmrh. neyddur til að taka vegna þess hvernig húsnæðislánakerfið er á sig komið?

Síðasta fskj. minni hl. er frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Á að sumu leyti við um það sami formáli og áður var hafður um Verslunarráð Íslands. Í bréfi til fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis segir forstjóri Vinnuveitendasambands Íslands á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vinnuveitendasamband Íslands lýsir áhyggjum sínum yfir þeim viðbrögðum við vanda ríkissjóðs sem koma fram í þessu frv. Með því að taka erlend lán í þeim mæli sem frv. gerir ráð fyrir og með því að horfur eru á að frekari lántökur erlendis verði nauðsynlegar, t. d. vegna skuldbreytinga í sjávarútvegi, þá er verið að stofna í hættu þeim árangri sem náðst hefur í lækkun verðbólgu og að draga úr viðskiptahalla við útlönd.

Þegar erlent lánsfé kemur inn í hagkerfið í þessum mæli hefur það þensluáhrif, skapar hættu á launaskriði, verðbólgu og erfiðleikum fyrir samkeppnis- og útflutningsgreinarnar sem eru einmitt þær atvinnugreinar sem treyst er á að beri uppi aukna verðmætasköpun og hærri þjóðartekjur. Verða því líkur til þess, að óverjandi þrýstingur myndist á gengi íslensku krónunnar.

Atvinnulífið býr nú við hærri raunvexti en um árabil og hefur þrátt fyrir það og minnkandi kaupmátt haldið uppi nánast fullri atvinnu á síðustu misserum. Eftirspurn útflutnings- og samkeppnisgreinanna eftir vinnuafli mun hins vegar líklega slakna þegar líða tekur á árið því að auk þenslunnar kemur aðhaldið, em beita á í peningamálum, helst við þessar greinar, þ. e. hækkun bindiskyldu og lækkun afurðalánahlutfalls."

Vinnuveitendasamband Íslands varar m. ö. o. við því í bréfi sínu að atvinnuástand muni versna þegar líða tekur á þetta ár vegna ráðstafana ríkisstj. í peninga- og lánsfjármálum. Síðan heldur áfram:

„Vinnuveitendasambandið telur hættu á því að verðbólga á árinu verði nokkru meiri en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir, ef ekki verður meira að gert, þrátt fyrir að samningsbundnar launahækkanir verði ekki meiri en þegar hefur verið um samið og þrátt fyrir að gengisforsendur ríkisstj. standist. Meginmunurinn varðandi hugmyndir um þróun verðbólgunnar felst í því, að vinnuveitendasambandið óttast að þenslan leiði til vaxandi verðbólgu á síðasta hluta ársins en ekki fallandi eins og Þjóðhagsstofnun spáir. Þá telur Vinnuveitendasambandið að laun hafi hækkað heldur meira við nýgerða kjarasamninga en Þjóðhagsstofnun miðar við, þannig að kaupmáttur verði svipaður eða ívið meiri en Þjóðhagsstofnun reiknar með.

Virðingarfyllst,
Magnús Gunnarsson."

Það er satt að segja alveg makalaust, sem bent er á hér í bréfi Vinnuveitendasambandsins, að Þjóðhagsstofnun, hafandi fyrir framan sig allar þær staðreyndir sem núna liggja fyrir, skuli þrátt fyrir allt gera ráð fyrir minnkandi verðbólgu á síðari hluta ársins. Þjóðhagsstofnun hefur verið almennileg við þessa ríkisstjórn. Hún hefur hækkað fyrir hana þjóðarframleiðsluna til þess að lækka skuldahlutfall. Það er það nýjasta. Og núna sendir hún okkur plagg þar sem gert er ráð fyrir því að verðbólgan fari minnkandi á síðari hluta ársins þó að allir viti, jafnvel Vinnuveitendasamband Íslands, að hún fari vaxandi. Það er með ólíkindum hvernig þessi stofnun, sem á að heita óháð stofnun, hagar sér stundum í sambandi við mál af þessum toga.

Hins vegar vil ég láta koma fram hér setningu sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar lét falla á fundi fjh.- og viðskn. Nd., þegar rætt var um erlendu lántökurnar, og mér finnst nákvæmlega hitta í mark í þeim efnum. Hann benti á að 60% viðmiðunin hefði verið viðvörunarmark, viðvörun Þjóðhagsstofnunar um að ef farið yrði fram yfir 60% þá væri veruleg hætta á ferðum. Hins vegar væri það nú orðið svo að viðvörunarmarkið væri orðið markmið ríkisstj. Ég hygg að það sé ekki hægt að orða betur stefnu ríkisstj. í sambandi við erlend lán og lánshlutföll en þarna var gert.

Í þessu frv. hæstv. ríkisstj. kennir að vonum margra grasa. Eitt ákvæðið, sem valdið hefur mestum deilum, er 25. gr. frv. Í henni segir að á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. des. 1985 sé Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979. Mér er spurn: Hvernig ætlar ríkisstj. að framkvæma þessa 10% bindiskyldu? Einn þm. stjórnarliðsins lýsti yfir beinni andstöðu við þessa gr. og sagðist mundu greiða atkvæði gegn henni í Ed. Ætla hinir þm. stjórnarliðsins, sem hér eru eitthvað vensladir viðskiptabönkum, eins og hv. þm. Lárus Jónsson og hv. þm. Stefán Valgeirsson, að láta það yfir sig ganga að Seðlabankinn hirði hér 10% meira af viðskiptabönkunum en þegar er gert? Er það meiningin hjá þeim? Og hvaða vit er í rauninni í því að gera till. af þessum toga þegar staða viðskiptabankanna gagnvart Seðlabankanum er neikvæð um líklega einn milljarð króna? Á sama tíma og staða viðskiptabankanna gagnvart Seðlabankanum er neikvæð um einn milljarð króna láta menn sér detta í hug að binda af bönkunum, viðskiptabönkunum, 10%. Þetta er hrein fjarstæða og það er von að það reynist erfitt fyrir

ríkisstj. að koma þessu ofan í kokið á sumum stjórnarþm. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvernig er ætlunin að framkvæma þessa bindiskyldu? Og er það rétt, sem sagt hefur verið, að ríkisstj. muni því aðeins samþykkja hana að þingflokkar stjórnarliðsins samþykki? Það hefur komið fram í blaðaféttum að ætlunin sé að kalla saman þingflokksfund í hvert skipti sem fyrirhugað er að nota einhvern hluta af þessari sveigjanlegu bindiskyldu. Er þetta rétt? Hefur Framsfl. samþykkt þetta, að því aðeins verði bindiskyldan notuð að þingflokkurinn samþykki? Á þetta líka við um Sjálfstfl.?

Ég lýsi fullri andstöðu minni við þessa gr. frv. Ég tel hana hreina fjarstæðu miðað við þá stöðu sem nú er um að ræða. Ekki eingöngu vegna þess sem hér hefur verið rekið, heldur líka vegna þess að á sama tíma og ætlunin er að binda meira fé frá viðskiptabönkunum og auka peningana hjá Seðlabankanum, þá er meiningin að lækka afurðalánin. Átta menn sig á því að í þessum plöggum er gert ráð fyrir því að skera niður sjálfvirku afurðalánin til atvinnuveganna um 10%. Seðlabankinn á að fá aukið fé, 10% af innistæðum í viðskiptabönkunum, en á sama tíma á að létta af honum skyldum gagnvart atvinnulífinu í landinu. Gengur þetta upp? Ég segi nei. Auðvitað gengur þetta ekki upp. Eða, ég spyr hæstv. forsrh. enn á ný: Er það ætlun hæstv. ríkisstj. að samþykkja þessa till. frá Seðlabankanum um lækkun endurgreiddra afurðalána um sem næst 5 prósentustig eða nálægt tíunda hluta þeirra? Er þetta meiningin? Þetta stendur hér í grg. frv., að það liggi fyrir till. í þessum efnum, og bankastjórar Seðlabankans viðurkenndu á fundi fjh.- og viðskn. að þessi till. lægi þegar fyrir. Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. svari einnig þessari spurningu.

Ég hef nú í fáeinum orðum farið yfir nokkur meginatriði þessa frv. sem þó væri ástæða til að ræða miklu ítarlegar. Því hér er í rauninni undir allt það sem venjulega er kallað efnahagsmál í þessu landi og væri ástæða til að fara nánar yfir. Ég ætla aðeins að benda að lokum á tvö atriði úr ræðu hæstv. forsrh. þegar hann mælti fyrir þessu frv. Hann sagði frá því hver vandinn væri vegna mikillar peningaþenslu í þjóðfélaginu og komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Halli á ríkissjóði og erlendar lántökur eykur að sjálfsögðu peningaþensluna í þjóðfélaginu sem þó er mikil fyrir. Á ársgrundvelli hafa útlán og innlán aukist um 42% fyrstu þrjá mánuði ársins.“

Hvað þýðir þetta í raun og veru? Hvað þýðir það þegar innlán og útlán aukast um 42% á ársgrundvelli? Það þýðir ósköp einfaldlega það, að það er undirliggjandi í hagkerfinu verðbólguhraði upp á 40—45%, þó að verðlags og kaupgjaldstölur sýni allt annað. Þessi tala um útlán og innlán sýnir það að verðbólguspennan, þunginn á verðskriðinu í þjóðfélaginu, er enn þá til staðar þrátt fyrir aðgerðir ríkisstj. Það er þetta sem fólk núna horfir fram á. Eftir að hafa lagt á sig gífurlega kjaraskerðingu með mikilli þolinmæði stendur launafólk nú frammi fyrir því að verðbólgan aukist á ný vegna stefnu ríkisstj. í ríkisfjármálum, peningamálum og varðandi erlendar skuldir, vegna þess að ríkisstj. hefur ekkert gert, nákvæmlega ekki neitt, til þess að draga úr þeirri þungu yfirbyggingu sem þetta þjóðfélag hefur á öxlunum. Þessi viðurkenning ríkisstj. á 40—45% verðbólguhraða er í raun og veru mjög athyglisverð og það er mikilvægt að fá hana fram. Ríkissj. viðurkennir að verðbólguhraðinn er þessi þrátt fyrir allt.

Í ræðu hæstv. forsrh. rakti hann nokkur markmið ríkisstj., sjö markmið. Eitt þeirra var: „Erlendar skuldir mega ekki aukast frá því sem nú er,“ — þegar ræðan var haldin væntanlega. Tillögur í frv. sem forsrh. var að mæla fyrir ganga út á það að auka erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins.

Í öðru lagi kemur fram í þessari upptalningu forsrh.: „Staða atvinnuveganna er enn þá mjög erfið, einkum sjávarútvegs og landbúnaðar.“ Ríkisstj. sem ætlaði að draga úr erlendum skuldum, ríkisstj. sem ætlaði að rétta við sjávarútveginn og landbúnaðinn, hún viðurkennir núna á eins árs afmæli sínu þetta sem forsrh. segir: „Staða atvinnuveganna er enn þá mjög erfið, einkum sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Þriðja atriðið, sem hann nefnir, er: „Draga verður úr þenslu á peningamarkaðinum.“ Hvað er ríkisstj. að gera núna? Er hún að draga úr þenslu á peningamarkaðinum? Það er eitthvað annað. Það þarf ekki annað en að virða tölurnar fyrir sér til að sjá að till. ríkisstj., sem hér eru uppi, munu auka stórlega þenslu hér á peningamarkaðinum.

Síðasta atriðið, sem hæstv. forsrh. segist miða við, er: „Umsaminn kaupmátt þarf að vernda.“ Sem sagt, í ræðu sinni þegar hamm mælti fyrir þessu frv., rakti forsrh. ein fjögur eða fimm atriði sem öll eru kafskotin í hans eigin till. Það er samkvæmnin í málflutningi ríkisstj.

Herra forseti. Ég vænti að það hafi komið fram hver er afstaða mín til þessa frv. í meginatriðum þó ýmislegt fleira mætti um það segja. Í nál. minni hl. kemur fram hver er afstaða stjórnarandstöðuflokkanna.

Ég ætla aðeins að ítreka að síðustu nokkrar spurningar.

Í fyrsta lagi spurði ég hæstv. forsrh.: Hvernig er ætlunin að beita 10% bindiskyldunni?

Í öðru lagi spyr ég hæstv. forsrh.: Er ætlunin að lækka endurkeypt afurðalán um 10%?

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. forsrh. út af fyrstu gr. frv.: Hvað er ætlunin að skera niður í einstökum rn.? Það kemur ekkert fram um það í þessu frv. fyrir utan niðurgreiðslurnar sjálfar. Að öðru leyti liggur ekkert fyrir um það hvernig ríkisstj. ætlar að skera niður útgjöld einstakra ráðuneyta.

Í fjórða lagi hef ég spurt hæstv. menntmrh. hvort hún muni horfa upp á það gerast að námslán lækki í 60% á síðari hluta ársins eða hvort hún muni beita sér fyrir lagfæringum og þá hvaða lagfæringar það eru.

Ég hef spurt hæstv. félmrh. hvort hamm muni beita sér fyrir sams konar skerðingu á tekjustofnum sveitarfélaga á árinu 1985 og hann er að gera till. um hér fyrir árið 1984.

Ég hef einnig spurt hæstv. félmrh. hvort húsnæðislánakerfið fær 190 milljónirnar sem þarna er um að ræða. Og ég ætla að bæta við þeirri spurningu úr því að þessi mál ber á góma: Liggur útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins fyrir núna þegar flestar forsendur hennar hafa löngu verið afgreiddar héðan frá Alþingi?

Ég hef ekki, herra forseti, farið í einstökum atriðum yfir erlendu lántökurnar sem Framkvæmdasjóður á að taka. Forstjóri Framkvæmdastofnunarinnar, Tómas Árnason alþm., kom á fund fjh.- og viðskn. Nd. Það kom í ljós að hann vissi yfirleitt ekki hvernig átti að nota þessa fjármini. Það eru þó litlar 680 millj. kr. sem þar er

um að ræða. Væri fróðlegt að vita hvort hæstv. forsrh. gæti gert okkur nánari grein fyrir því hvernig á að nota þessar milljónir, þ. e. hvað er nýsköpun í atvinnuvegunum að mati ríkisstj., hvaða hugmyndir nákvæmlega liggja á bak við það, hvernig er gert ráð fyrir að verja 300 millj. kr. til sjávarútvegsins, eins og þarna er miðað við. Vill hæstv. forsrh. m. ö. o. gera nánari grein fyrir því með hvaða hætti á að lána það fé út sem þarna er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður endurláni?

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Frsm. minni hl. hefur gert grein fyrir helstu atriðum og spurningum sem enn þá er ósvarað eftir langa og stranga yfirferð hæstv. fjh.- og viðskn. Í þessu máli er augljóst að enn þá er ósvarað mjög mörgum spurningum um þetta mál, en ég ætla ekki að endurtaka þau atriði. Mig langaði til að gera svolítið annað að umtalsefni í þetta skipti.

Það sem við höfum hérna fyrir framan okkur í „snáknum" eða „bandorminum" eru „ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum." Nú er það svo að þó það hafi reyndar ekki komið bersýnilega fram og menn hafi þrjóskast við að gefa um það upplýsingar er á bak við hverja einustu grein þessa frv. fólk sem þessar greinar munu hitta. Það er fólk en ekki einingar í meðaltölum frá Þjóðhagsstofnun. Mig langaði til að taka um þetta örfá dæmi og þá sérstaklega í sambandi við námslán og tannlæknakostnað, þannig að menn geri sér grein fyrir hvernig þetta birtist í raun og veru þegar það er tekið af prósentu og meðaltalastiginu.

Ef við athugum fyrst lánamálin kemur fram í fskj. með minni hluta áliti á bls. 5, þar sem eru upplýsingar frá Lánasjóði námsmanna, að það stendur ekki allt vel í sambandi við fjármál námsmanna. Þar kemur fram að áætluð fjárþörf umsækjenda í haust er 284 millj. kr. Til að sinna 95% lánshlutfalli mundi sjóðurinn þurfa 270 millj. Til ráðstöfunar á sjóðurinn 170 millj. Fjárvöntunin er upp á 100 millj. kr.

Samkv. 2. gr. „bandormsins" á að lána skv. því fjármagni sem til reiðu er. Það eru til reiðu 170 millj. upp í 270 millj. kr. þörf. Þannig er fyrirsjáanlegt að einungis verði hægt að uppfylla 60% lágmarksfjárþarfar, eins og lýst var hér fyrr, 60% lágmarksframfærslukostnaðar námsmanna. Nú getur mönnum sýnst sitt hvað um þær tölur sem eru notaðar til að meta lágmarksfjárþörf, en framfærslukostnaður einstaklings í gögnum Lánasjóðs er 14 983 kr. 60% af því eru 9 000 kr. Að óbreyttu verður sem sagt upphæðin sem einhleypur tekjulaus leigjandi fær á mánuði í haust 9 000 kr. Og þessar 9 000 kr. eiga að endast honum fyrir húsnæði, bókum, mat, ferðum, fötum, hækkaðri heilbrigðisþjónustu ef svo fer sem horfir. Á þennan hátt birtast þessar tölur okkur í mannlífinu. Þetta er staðreynd haustsins sem við horfum upp á.

Ég spurði um það í n. hvort rn. hefði gert einhverjar kannanir á því hvaða áhrif þessi fyrirsjáanlega skerðing námslána mundi hafa á fjölda námsmanna. Engar upplýsingar hafa fengist um það. Ég hef spurst fyrir víðar í skólakerfinu. Menn eru ekki farnir að hugleiða það. En ég held að menn ættu að taka þar við sér. Það er nefnilega þetta sem skiptir máli. Það þýðir ekki að vera að rífast um hvort Lánasjóður hefði átt að lána 95% frá áramótum og til vors eða hvernig framfærslueyrir er fundinn. Það sem við höfum fyrir framan okkur er að samkvæmt þessum gögnum mun einhleypur tekjulaus leigjandi fá 9 000 kr. á mánuði til að lifa af. Ég veit ekki hvernig það gengur.

Þetta er kannske leið til að spara á ýmsan hátt. Þetta er náttúrlega leið til þess að spara fé til námslána. Þetta er e. t. v. líka leið til þess að spara víðar í menntakerfinu, vegna þess að ef lánin lækka á þennan hátt fækkar væntanlega nemendum og þá minnkar kennsluþörfin. Á endanum er kannske hægt að fækka kennurum og spara þannig peninga. Þannig horfir þetta kannske til víðtækari sparnaðar í menntakerfinu en klásúlan ein um Lánasjóðinn segir fyrir um. En þá geta menn spurt sig: Hvað þá með nýsköpunina og háþróuðu tæknina sem Framsfl. ákvað á Akureyri að hrinda í framkvæmd á næstu fimm árum? Til þess þarf fólk. Ætli það láti ekki nærri að þeir sem Framsfl. þarf eftir fimm ár til þess að standa fyrir háþróaðri tækni á Íslandi séu þeir nemendur sem eru í þann veginn að leggja upp í nám núna? Þeir munu væntanlega skila sér eftir fjögur, fimm ár.

Það er rétt á hverjum tíma að spara og gefa heimildir til að endurskoða rekstur og gagnsemi þess hvernig peningum er eytt, en það á ekki að spara t. d. í menntakerfinu á þann hátt að láta það verða undir efnahag foreldranna komið hvort fólk kemst til náms. Þannig veljum við ekki hæfileikaríkasta fólkið til þess að vinna fyrir okkur í framtíðinni. En þetta er nú samt framlag ríkisstjórnar nýsköpunarinnar til þess að byggja upp í framtíðinni. Niðurskurður námslána er nefnilega ekki aðgerð í peninga-, ríkis- og lánsfjármálum, heldur liður í menntastefnu ríkisstj. Menntastefna ríkisstj. hefur birst í „bandorminum". Námslán eru nefnilega liður í menntastefnu, eru hluti af menntakerfi landsins, og ef það er helmings niðurskurður í þeim verður samsvarandi minnkun í framleiðslu þeirrar verksmiðju sem menntakerfið er. Og á það ættu menn að horfa.

Mig langar að spyrja hæstv. menntmrh., sem er hér í salnum, hvort rn. hyggst láta gera mat á því hvað margir nemendur mundu hugsanlega hverfa frá námi vegna þessara aðgerða í lánamálum námsmanna. Ég trúi ekki að svona aðgerð sé samþykkt sem hrein peningaleg aðgerð án þess að menn reyni að gera sér grein fyrir hvað hún þýðir fyrir fólk og fyrir menntakerfið í landinu og hvaða áhrif hún hefur í framtíðinni. Samhent ábyrg stjórn færi aldrei að gera slíkt.

Ég held menn ættu að hugsa um þessa hluti. Nú er mikið talað um framtíðarmálin. Það er haldin ráðstefna eftir ráðstefnu og allir eru sammála um að á Vesturlöndum, og reyndar í öllum heiminum, sé vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu á sviði nýtæknigreinanna. Undirstaða þessara greina er þekking og hugvit. Bismarck sagði einu sinni að framtíðin væri þeirrar þjóðar sem ætti bestu skólana. Það hefur líklega aldrei verið sannara en nú.

Við þekkjum dæmin um þær greinar sem nú eru helst á döfinni, tölvutækni og líftækni. Þetta eru greinar sem nærast á menntun, nærast á hugviti og þekkingu. Svo mun verða í framtíðinni. Þjóð, sem á í efnahagsörðugleikum og býr sig undir sókn til bættra lífskjara, ætti að styrkja skólakerfi sitt, ætti að bæta aðbúnað nemenda og kennara. Það ætti að vera hennar aðgerð við slíkar aðstæður. Þá ætti t. d. að vera stjórnvöldum landsins til umhugsunar að kennslustörf á öllum stigum skólakerfisins nú eru láglaunastörf.

Það sem heldur uppi þeim stofnunum sem eiga að

veita okkur þennan aðgang að framtíðinni er einmitt menntunin, það eru rannsóknastofur, það eru skólar. Í skólana þarf bæði nemendur og kennara og það þarf að vera búið þannig að þeim að þeir veslist þar ekki upp. Það er nefnilega svo, að við höfum verið því vön lengst af að hugsa um þekkingu sem nauðsynlega til að nýta einhverja auðlind. Nú er þekkingin sjálf auðlind. Við getum framleitt hana. Við getum síðan selt hana innanlands og erlendis. Hún er undirstaða að okkar framtíð.

Ég varpaði þarna fram tölum um hvernig aðgerðir í lánamálum stúdenta kæmu niður. Ég held að ríkisstj., sem er að fara inn á þriðja stigið í sínum ferli samkv. Seltjarnarnessyfirlýsingunni og því sem í kjölfarið fylgdi, þ. e. stig atvinnuuppbyggingarinnar, ætti að huga að þessum málum. Mér þykir hún ekki byrja vel: kennarar landsins allir í láglaunaflokkunum, fyrirsjáanleg fækkun nemenda, námsfólk valið eftir efnahag foreldra en ekki hæfileikum og yfirleitt dregið saman í öllu menntakerfinu. Það er ekki sókn til framfara.

Annað dæmi langar mig að taka í sambandi við tannlækningakostnað. Margir eru pirraðir vegna launa tannlækna og hás tannlæknakostnaðar. Þetta kemur t. d. í ljós í grg. frv. á bls. 11, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Kostnaður vegna tannréttinga hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur. Er af þeim sökum gert ráð fyrir minni þátttöku sjúkratrygginga í kostnaðinum en verið hefur."

Við skulum athuga að við erum að tala þarna um ákveðinn þátt heilsugæsluþjónustunnar. Við 1. umr. hugsaði ég sem svo: Hvernig mundi þessi grein hljóða ef við settum nú í staðinn fyrir tannréttingar annað orð t. d. hjartasjúkdóma. Þá læsist þetta svona:

Kostnaður vegna hjartasjúkdóma hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur. Er af þeim sökum gert ráð fyrir minni þátttöku sjúkratrygginga í kostnaðinum en verið hefur.

Við getum sett þarna inn geðlækningar eða geðsjúkdóma:

Kostnaður vegna geðsjúkdóma hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur. Er af þeim sökum gert ráð fyrir minni þátttöku sjúkratrygginga í kostnaðinum en verið hefur.

Þessi samanburður er alls ekki fjarri lagi vegna þess að tannskekkja er í mjög mörgum tilfellum meðfæddur og óumflýjanlegur sjúkdómur. Hann er ekki orðinn til vegna vanþrifa, sykuráts eða karamelluáts. Það er byggingarleg bjögun kjálkans og tannanna sem honum veldur og er læknisfræðileg þörf á því að ráða þar bót á. Ef menn vilja takmarka kostnað við tannréttingar á að gera það með því að leggja strangt læknisfræðilegt mat á þörfina fyrir tannréttingu en ekki að lækka framlag á þennan hátt.

En hvað kostar dæmigerð aðgerð í tannréttingum? Það var þrásinnis spurt um það í nefndinni og reynt að leita upplýsinga, en það fengust ekki svör. En ég hringdi í dag til tannréttingasérfræðings og fékk um þetta upplýsingar. Ég spurði um aðgerð sem væri ekki af útlitslegum ástæðum einum, heldur læknisfræðileg nauðsyn. Ég spurði ekki hvað kostaði að laga til að geta brosað. Þetta var spurning um að laga þannig tennur og kjálka og bit að ekki væri af þessu skaði.

Tannréttingin sjálf tekur tvö ár og eftirlitið ein tvö ár. Fyrst þarf að gera módel og skoða og það kostar 1 836 kr. Síðan þarf við svona alvarlegar aðstæður iðulega að draga út tennur, það þarf að taka röntgenmyndir, það þarf að setja fasta spöng til þess rétta tennurnar og það þarf að setja á tennurnar bönd til að losa þær í tannholdinu þannig að þær geti hreyfst. Þegar spöngin er numin á brott þarf góm til þess að halda tönnunum áfram. Og hvað halda menn að þetta kosti? Þetta kostar samkv. upplýsingum sem ég fékk fyrir klukkutíma, 50 000 kr. þ. e. aðgerðin sjálf. Síðan kemur eftirlit í tvö ár, þar sem þarf að fylgjast með, og það getur kostað eitthvað á bilinu 2 000—4 000 kr. Við erum að tala um aðgerð sem kostar 50 000—55 000 kr. og þetta er án sérfræðingsálags, sem er 40%, þannig að þessi aðgerð kostar milli 70 000 og 75 000 kr. Þessar staðreyndir dyljast á bak við sakleysislega grein í frv. sem er að mig minnir nr. 12. Þar stendur:

„Í stað „37.5%" í 1. málsl. 2. tölul. 44. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingunni komi: 25%."

Þegar til greina er tekin kostnaðarhlutdeild sveitarfélags þýðir þetta 25% minnkun á hlutdeild í 70 000 kr. kostnaði. Fjölskyldu sem er getum við sagt svo ógæfusöm að eiga barn með skakkar tennur kostar þetta 17 500 kr. Og þá fara nú að fjúka hundraðkallarnir sem menn fengu á mánuði í yfirgripsmiklum aðgerðum ríkisstj. til að rétta hag hinna lægst launuðu í sumar.

Á þennan hátt birtast okkur sakleysislegar greinar í frv. þegar við rekjum og athugum hvað þetta kostar. Hægt er að taka fjöldamörg svona dæmi. Hvað með að það hækkar úr 100 kr. í 300 að heimsækja sérfræðing? Hvað þýðir það fyrir þann sem kannske er haldinn af illkynjuðum eða illlæknanlegum sjúkdómi og þarf æ ofan í æ að heimsækja lækni? Þetta reyndum við að fá upplýst í n., en það eru ekki til neinar opinberar upplýsingar um hversu oft fólk við mismunandi aðstæður þarf að heimsækja heilsugæslustofnanir eða lækna og þess vegna er ekki hægt að meta þetta. En ég er viss um að ef við tækjum þessi atriði og skoðuðum þau nánar mundu okkur birtast ýmis atriði sem eru kannske alvarlegri en sakleysislegar greinar frv. einar sýna okkur.

Herra forseti. Ég hef hérna tekið tvö lítil dæmi um hvernig fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstj. í ríkisfjármálum hitta fólkið í landinu. Ég hygg að þessi tvö litlu dæmi, þó kannske einkum það síðara, séu umhugsunarverð fyrir menn sem eru orðnir vanir að líta á tölurnar sem samansafn eininga en ekki sem fulltrúa fyrir fólk og aðstæður. Það væri vissulega fróðlegt, ef ekki hefði verið sá flýtir sem raun ber vitni á afgreiðslu málsins, að athuga hvort á bak við aðrar greinar frv. leyndust ekki einhver svona dæmi.

Í sambandi við það síðasta um tæplega 20 000 kr. kostnaðaraukningu á fjölskyldu vegna eins barns, sem þarf að gangast undir aðgerð vegna tannréttinga, ekki af útlitslegum eða fegurðarlegum atriðum einum saman, heldur af læknisfræðilegri nauðsyn, ætla ég að segja að ég vona að það séu ekki margar fjölskyldur sem lenda í því að eiga fleiri en eitt svona barn. En þá ber á það að líta að þessi galli getur gengið í erfðir og það geta verið mörg börn í einni fjölskyldu og engin börn í annarri. Þá sjá menn hvað þetta þýðir í raun og

veru, e. t. v. allt að 60 þús. kr. kostnaðarauka einnar fjölskyldu vegna þessarar sakleysislegu 12. gr. sem lætur svo lítið yfir sér. Hún er tómar skammstafanir og tilvitnanir í lagagreinar, en þessi sannleikur er á bak við.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér í upphafi máls míns að beina nokkrum spurningum til hæstv. forsrh. og þá einkum og sér í lagi vegna þess að heilbr.- og trmrh. er fjarverandi. Mér leikur hugur á að vita hvort hæstv. forsrh. mundi geta gengið í salinn. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. mun verða hér við.) Já takk.

(**Forseti:** Hæstv. forsrh. er væntanlegur.) Já. Ég hélt að það mundi verða til hægðarauka að hann væri viðstaddur og ég doka þá við andartak.

Herra forseti. Eins og ég gat um var ætlun mín að beina máli mínu að hluta til til hæstv. forsrh. í fjarveru hæstv. heilbrmrh. Ég mun hafa þann hátt á ræðu minni að gera þau atriði sem einkum varða spurningar að umtalsefni í upphafi máls míns.

Í 15. gr. frv. hefur verið gerð breyting á því hvenær elli- og örokrulífeyrisþegar eigi rétt á greiðslu vegna tannlækninga. Ég bar fram þá fsp. í n. hvort þessi breyting mundi með nokkrum hætti skerða rétt einhverra sem nú nytu þarna réttar. Það var talið að svo væri ekki. Ég fór fram á að fá um þetta yfirlýsingu frá hæstv. heilbr.- og trmrh. en sú yfirlýsing hefur ekki borist enn þá. Vil ég nú í fyrsta lagi óska eftir því við hæstv. forsrh. að hann kanni þetta mál gaumgæfilega og gefi yfirlýsingu um það, en í annan stað vil ég beina því til deildarinnar hvort ekki væri ástæða til að taka af öll tvímæli.

Það er í fyrsta lagi að út úr greininni eins og hún var áður hefur verið fellt að bætur allt að 100% nái til langsjúks fólks á stofnnunum og til þeirra sem vangefnir eru. Það kann að vera tilviljun að þetta hafi verið fellt út, en ég vil a. m. k. að menn viti vissu sína um hvort hugmyndin sé að réttur þessa fólks sé sá sami og hann hefur verið, þ. e. að þessar greiðslur séu greiddar 100%.

Í annan stað hefur sú breyting verið gerð að umorða greinina að því er varðar elli- og örorkulífeyrisþega að öðru leyti. Áður var þetta orðað svo, að elli- og örorkulífeyrisþegar fengju 50% en þó væri heimild til tryggingaráðs að hækka þetta í 75% eða jafnvel 100% í þeim tilvikum sem ég taldi upp áðan. Í greininni eins og hún er núna er þetta svo orðað, að þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta a. m. k. hálfrar tekjutryggingar skuli fá endurgreitt fyrir 75% kostnaðar. Ég vek athygli á því, að það er fyrir þá elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta a. m. k. hálfrar tekjutryggingar. Ég stóð upphaflega í þeirri meiningu að þarna væri kannske um einhverja endurbót að ræða, en eftir upplýsingum frá Tryggingastofnun, sem ég hef fengið í dag, hefur framkvæmdin á núverandi lagaákvæði verið sú, að ef menn nytu einhverrar tekjutryggingar, þ. e. væru með tekjutrygginguna á bilinu fáein hundruð króna og upp í hálfa tekjutryggingu, væri endurgreitt 75%. Þessar upplýsingar eru býsna alvarlegar vegna þess að samkv. þeim er með þeirri breytingu sem lögð er til í frv. beinlínis verið að ganga á hlut þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem eru með einhverja tekjutryggingu, en minni en hálfa.

Ég trúi því ekki að ætlun þingsins sé að láta þetta gerast, en mér sýnist að Tryggingastofnun og tryggingaráð hafi ekki möguleika, eins og lagagreinin er orðuð nú, til þess að koma til móts við þetta fólk með sama hætti og áður vegna þess að í greininni, eins og hún er orðuð, er það skýrt tekið fram að þeir skuli njóta a. m. k. hálfrar tekjutryggingar.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því varðandi þessa grein, sem ég hef stundum gert að umtalsefni áður, að það er tilhneiging til þess í þessu þjóðfélagi að fara öðruvísi með gamalt fólk, sem nýtur tekjutryggingar frá almannatryggingum, en annað gamalt fólk, sem nýtur lífeyrissjóðsgreiðslna að hluta til, en getur verið með nákvæmlega sömu tekjur. Við vitum að tekjutryggingin er fyrst og fremst vegna þeirra sem ekki eru í lífeyrissjóðum. En menn geta fengið greiðslur úr lífeyrissjóði sem gefa þeim ráðstöfunartekjur sem eru nákvæmlega hinar sömu og sá hefur sem tekjutrygginguna hefur. Hvers vegna er verið að gera þarna upp á milli? Hvers vegna á sá sem er með tekjutryggingu að njóta frekari hlunninda en sá sem hefur borgað í lífeyrissjóð, en hefur samt ekki upp úr því samtals neitt hærri tekjur en þeir sem tekjutryggingarinnar njóta?

Ég tel að í þessum atriðum eigi það sama yfir báða hópana að ganga. Það kemur fram mismunun í útsvarsálagningu gagnvart þessum tveimur hópum. Það er ekki á dagskrá hérna núna, en í þessari grein, eins og hún er orðuð og eins og þetta hefur verið framkvæmt, hefur komið fram mismunun milli þessara tveggja hópa gamals fólks, og ég tel að við eigum að afnema hana. Það er ekkert auðveldara en að miða þessa tryggingu við ákveðið tekjumark, og þá getur það verið það tekjumark sem tekjutryggingin er og að allir án tillits til þess hvernig þeir fái þessar tekjur eða fái ekki meiri tekjur en þetta, fái að njóta almannatrygginganna óháð því hvort menn fá tekjurnar í gegnum tekjutrygginguna sem slíka eða í gegnum lífeyrissjóð, sem þeir hafa reyndar lagt á sig að greiða í áður og maður getur ekki séð hvers vegna þeir ættu að vera réttlægri þess vegna.

Ég hefði gjarnan viljað, herra forseti, heyra viðhorf ríkisstj. líka til þessa efnis. Ég vona að hæstv. forsrh. heyri mál mitt því að ég tel að í þessum punkti felist mjög verulegt misrétti sem ekki eigi að vera við lýði í okkar þjóðfélagi.

Ég hef áður gert það að umtalsefni, herra forseti, að hækkunin á tannlæknakostnaði hjá ýmsum hópum í þjóðfélaginu væri mjög tilfinnanlegur skv. því sem hér er gert ráð fyrir að gera. Það kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Einarssonar að meðaltölin segja ekki nema lítinn hluta sögunnar í þessu efni. Ég tók mig reyndar til líka og reyndi að áætla hvað tannrétting hefði kostað hjá ungri konu sem ég þekki til. Þar var ekki um læknisfræðilega aðgerð að ræða, heldur af öðru tagi, nefnilega útlitslagfæringu ef má orða það svo. Fram kom að þetta væri tveggja ára aðgerð. Hún hefði þurft að fara á u. þ. b. sex vikna fresti til tannréttarans og greiða í hvert skipti á bilinu 500 til 1500 kr. Auk þess var mjög einföld upphafsaðgerð sem var alldýr og mun kosta á bilinu 5—10 þús. kr. Heildarkostnaður er þá 20—25 þús. kr.

Þetta er kannske rétt að menn skoði í samhengi við að það hefur borist bréf frá Tryggingastofnun ríkisins um hversu margir í ákveðnum aldursflokkum hafi nýtt sér tannréttingar og hver meðaltalsupphæðin er. Meðaltalsupphæðin er breytileg eftir aldursflokkum og

fjöldin líka, en það kemur í ljós að það eru um 4100 einstaklingar á aldrinum 6—15 ára sem fara í tannréttingar, það eru um 1150 í aldursflokknum 16 ára og það eru um 700 í aldursflokknum 17—18 ára. Umtalsverður fjöldi ungs fólks fer því í tannréttingar. Maðalkostnaður fyrir 16 ára og eldri er u. þ. b. 10 þús. kr. skv. þessu yfirliti og virðist þá tiltölulega lágur, miðað við þá áætlun sem ég gerði og nefndi áðan varðandi ekki flókna aðgerð. Menn sjá af þessu að hér er um að ræða umtalsverða upphæð fyrir þá unglinga sem hér um ræðir — unglinga sem nýlega sluppu með skrekkinn þegar gera átti þá annars flokks vinnuafl og borga þeim lægra kaup en öðrum.

Það kemur fram í þessu yfirliti frá Tryggingastofnun að tíundi hver einstaklingur á aldrinum 6—15 ár fer í tannréttingar árlega. Ef hver tannrétting tekur tvö ár þýðir þetta væntanlega að fimmti hver einstaklingur á aldrinum 6—15 ára fer í tannréttingar. Og að því er varðar einstaklinga sem eru 16 ára er þetta hlutfall þannig að fjórði hver einstaklingur sem er 16 ára fer í tannréttingar á hverju ári. Af þessu geta menn ráðið að hér er um umtalsverðar upphæðir að ræða. Það má líka geta þess að fram kemur í þessu að þriðji hver einstaklingur sem er 16 ára að aldri fer í aðrar tannaðgerðir. Þær aðgerðir sem hér er verið að grípa til af hálfu ríkisstj. snerta því mjög margar fjölskyldur í landinu.

Ég vildi vekja athygli á þessum upplýsingum og inna hæstv. forsrh. eftir því hvort ríkisstj. sjái ekki ástæðu til þess að fengnum þessu upplýsingum að endurskoða líka þetta ákvæði.

Í þriðja lagi vil ég gera að umtalsefni þá hækkun sem fyrirhuguð er á læknisþjónustu, á rannsóknarþjónustu og á lyfjum. Það var upplýst í n. að hér væri um að ræða hækkunaráform á bilinu 200—300%. Það er í sjálfu sér mjög athyglisvert að ríkisstj. kunni einungis að hækka gjöld á fólkið í hundruðum prósenta á sama tíma og því er gert að fá kauphækkanir sem eru 3 og 5%. Heildarupphæðin, sem hér um ræðir og gert er ráð fyrir að spara, er 125 millj. „Spara" verður að segja innan gæsalappa vegna þess að hér er ekki um neinn raunverulegan sparnað í þjóðfélaginu að ræða, heldur einungis að skattleggja sjúklingana, þá sem þurfa að fara til læknis, þá sem þurfa að fá röntgenmynd, þá sem þurfa að fá rannsókn, hvort heldur það er blóðsýni eða annað, og þá sem þurfa á lyfjum að halda.

Þessi skattlagning upp á 125 millj. kr. vekur þeim mun meiri furðu sem við höfum horft upp á að áður hafði ríkisstj. gert tilraun til að höggva í þennan sama knérunn og búa til sérstakan sjúklingaskatt á þá sem legðust inn á sjúkrahús.

Nú kemur að spurningu minni til hæstv. forsrh., sem ég vona að menn geti þá skilað til hans ef hann heyrir ekki mál mitt, og hún er hvort ekki sé hugmyndin að taka sérstakt tillit til aðstæðna í þessu sambandi ef þessi aðgerð á virkilega fram að ganga. Mér hefur t. d. borist bréf frá hópi sem ég man ekki eftir að hafi verið áður gerður að umtalsefni hér í þinginu. Það er bréf frá áhugafólki um þarfir sjúkra barna. Þessi hópur mótmælir eindregið framkomnum till. um hækkun á göngudeildargjaldi úr 100 í 300 kr. svo og annarri hækkun á hluta sjúklinga í læknis- og lyfjakostnaði. Bent er á að foreldrar veikra barna beri nú þegar verulegar fjárhagsbyrgðar vegna barna sem reglulega þurfa að koma á göngudeildir til eftirlits og meðferðar. Í bréfinu segir:

„En nefnd hækkun mun fyrst og fremst bitna á tekjulágum barnafjölskyldum og þeim foreldrum sem þurfa að koma reglulega með börn sín til eftirlits og meðferðar eins og áður var bent á. En oft þurfa foreldrar að leggja í mikinn ferðakostnað", segir í bréfinu, „og dvalar- og uppihaldskostnað til þess að börnin fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, auk verulegs tekjutaps vegna frátafa frá vinnu."

Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh. hvort ríkisstj. hafi hugað að því hve gífurleg byrði sú hækkun sem hér um ræðir geti orðið fyrir þetta fólk og hvort ekki sé hugmyndin að koma neitt til móts við það í þeirri feikna gjaldtöku sem hér er fyrirhuguð, en hækkun á henni er um 200—300%.

Því má reyna að bæta við að í nefndu bréfi er bent á að göngudeildarþjónustan sé nauðsynleg til að reyna að draga úr innlögnum barna á sjúkrahús eins mikið og kostur er. Og hér komum við einmitt að einum punkti þessa máls. Með því að hækka greiðslurnar, sem menn eiga að greiða fyrir göngudeildarþjónustu, fyrir sérfræðiþjónustu, fyrir lyf og fyrir rannsóknir og fyrir röntgen, er verið að stuðla að því að þeim mun fleiri leggist inn á sjúkrahús vegna þess að greiðslubyrðin af því að leggja það á sig að vera heima og njóta göngudeildarþjónustu verður óheyrilega há meðan kostur er á að sá kostnaður verði ekki ef menn eru lagðir inn á sjúkrahús. Hér er sem sagt þrýst á sjúkrahúsakerfið í landinu. Þetta kemur öndvert á þá stefnu sem ríkisstj. hafði á upphafsdögum sínum.

Í fjórða lagi, að því er varðar sératriði í þessu frv., vil ég gera sérstaklega að umtalsefni þann þátt sem snýr að landbúnaðarmálum. Það er gert ráð fyrir 67% aukningu útfluningsbóta frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Það er ekkert smáræði. Útflutningsbæturnar verða á þessu ári samtals um 500 millj. kr. og tel ég þá með þær greiðslur sem menn verða að standa undir af lánum sem voru tekin til þess að greiða útflutningsbætur á árum áður. Í þessu frv. birtast hins vegar engin áform um að draga úr í þessum efnum. Ég held að það sé meira en nauðsynlegt að menn fóti sig á því að setja sér ákveðin markmið í þessum efnum og draga úr útflutningsbótaþörfinni stig af stigi — og ekki bara þörfinni heldur setja sér ákveðin mörk sem menn verði að lifa eftir á hverjum tíma. Ég hefði gjarnan viljað, í framhaldi af yfirlýsingum hæstv. forsrh. norður á Akureyri fyrir ekki löngu, heyra hverjar horfu hann telur að séu í þessum efnum.

Í öðru lagi hlýt ég að spyrja að því er varðar landbúnaðarþáttinn hvort það sé virkilega hugmynd ríkisstj. að með því einu að taka hluta af kjarnfóðurgjaldinu til að greiða með útflutningi, til að mæta útflutningsbótagreiðslum, eigi að hækka verðlag á landbúnaðarafurðum í landinu. (Gripið fram í.) Við höfum búið við kjarnfóðurgjald. Nú áformar ríkisstj. að taka hluta af þessu kjarnfóðurgjaldi og leggja það á sem sérstakt gjald á vegum ríkissjóðs og láta það renna til þess að taka þátt í kostnaðinum við útflutningsbætur. Við þessa einföldu aðgerð, skv. upplýsingum sem komu fram í n. frá fulltrúum bændasamtakanna, á það að gerast að landbúnaðarvöruverð í landinu hækki sem þessu nemur. Mér finnst furðulegt ef svo einföld aðgerð sem þessi á að verða til þess að hækka landbúnaðarvöruverð í landinu, þegar ekki er um að ræða nein viðbótarútgjöld

fyrir bændurna. Kjarnfóðurgjaldið í heild getur verið það sama. Ég vil beina þeirri spurningu til forsrh. hvort ríkissj. ætli virkilega að láta þetta fram ganga með þessum hætti eða hvort hún muni ekki sporna hér við fótum og sjá til þess að svona áform verði ekki látin fram ganga.

Um frv. þetta í heild er skemmst frá því að segja að í því felst uppgjöf ríkisstj. á því að leysa vanda efnahagsmála. Þetta frv. einkennist fyrst og fremst af gífurlegum erlendum lántökum. Ég gat þess í ræðu minni við 1. umr. að menn skyldu ekki blekkja sig á því að hér væri verið að tala um 2100 millj. kr. eingöngu í viðbót í erlendum lántökum, heldur yrðu menn að horfa á hversu mikið væri hugmyndin að auka erlendar lántökur í heild sinni á árinu, bæði með þessum áformum og þeim áformum sem áður hafa verið tíunduð vegna lánsfjáráætlunar og fjárlaga og í sambandi við afgreiðslu þeirra. Þá stendur bókað í bókum ríkisstj. að aukning á erlendum lánum bara skv. þessum áformum er 3500 millj. kr. En vel að merkja: Í áætluninni er gert ráð fyrir að lán til atvinnufyrirtækja verði 1000 millj. kr. Þessar upphæðir hafa ævinlega verið of lágt áætlaðar og reynst yfirleitt 50—100% hærri.

Enn er þessi áætlun sem sagt mjög lág. Þess vegna leitaði ég eftir upplýsingum um það í n., og þær yrðu gefnar af hálfu langlánanefndar, hvort uppi væru nokkur áform af hálfu ríkisstj. eða hefðu komið fram um að hafa sérstakan hemil á þessum lántökum. Því var svarað til að engar sérstakar fyrirskipanir eða reglur hefðu verið settar um að hafa hemil á þessum lántökum, hvorki af hálfu ríkisstj. né þess ráðh. sem fer með þessi mál. Þá var líka upplýst að á fyrstu fjórum mánuðum ársins, ⅓ hluta ársins, er þegar búið að nota ⅔ hluta af þeirri upphæð sem áætluð var í lán vegna véla og tækja. Sú upphæð var áformuð 210 millj. kr. yfir árið í heild, en það er þegar búið að nota yfir ⅔ hluta hennar eða 147 millj. kr. þegar rúmir fjórir mánuðir eru liðnir af árinu. Þetta bendir auðvitað til þess að þessi upphæð stefni í mun hærri tölu.

Þá eru veitt lán á vegum langlánanefndar til skipakaupa og flugvélakaupa. Þegar lánsfjárlög og lánsfjáráætlun voru hér til umfjöllunar var það tíundað í fjh.- og viðskn. hvaða skip og hvaða flugvélakaup væri um að ræða í þessu sambandi. Ef þau áform standa óbreytt stefnum við þegar langt umfram þá áætlun sem hér hefur verið gerð um 1000 millj. kr. Ef þau áform hafa aukist kemur það enn til aukningar. Ef einhver áform hafa verið lögð á hilluna kemur það auðvitað til frádráttar. En af þeim lið sem regluleg hreyfing er á, og maður getur helst markað þá tilhneigingu sem er, er ljóst að hér stefnir yfir. Þess vegna segi ég það: Heildarviðbót í erlendum lántökum á árinu verður áreiðanlega um og yfir 4000 millj. kr. Þetta er sú upphæð sem menn eiga að horfa á.

Fyrir ekki langt löngu var ég á fundi þar sem mættir vour ýmsir fulltrúar frá löndum í Suður-Ameríku. Þeir sögðu mér af högum fólks þar í landi og því sem hefði verið að gerast hjá þeim. Mér þótti það athyglisvert vegna þess að þeir eru þjáningarbræður okkar í erlendri skuldasöfnun. Þar er nú svo komið að þeir hafa enga stjórn á efnahagsmálum sínum, heldur verða að hlíta fyrirmælum alþjóðapeningastofnana, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og bankanna, um hvernig þeir stjórna sínum efnahagsmálum. Og þeim eru sett þröng og ströng skilyrði. Með því að halda áfram að hlaða upp erlendum lánum, eins og hér er gert, erum við að koma okkur í þá hættu að hafa ekki sjálfir stjórn á peningamálum okkar, ekki sjálfir stjórn á efnahagsmálum okkar, heldur lenda í sams konar þrengingum og þessir þjáningabræður okkar í erlendri skuldasöfnun hafa lent í. Ég vara mjög eindregið við því að haldið verði áfram þeirri þróun að hlaða upp erlendum skuldum, eins og er meginefni þess frv. sem hér er til umfjöllunar. Þá verður auðvitað hlægilegt þegar maður horfir á þessar tölur og sér hvert barn í gegnum það þegar ríkisstj. hefur verið að myndast við að segja að hún mundi nú halda sig við 60% markið sem hlutfall af þjóðartekjum að því er erlendar skuldir varðar. Hér gerðist það furðulega, að þegar boltinn stefndi ekki í markið var markið bara flutt, enda heyrist mér nú hafa dregið úr því að fulltrúar ríkisstj. haldi þessu á loft öllu lengur.

Í sambandi við efnahagsmál heyrist það oft af hálfu ríkisstj., og kemur m. a. s. fram í ályktun frá Verslunarráði Íslands, að menn verði að standa vörð um það jafnvægi sem hafi náðst í íslenskum efnahagsmálum. Hvers konar jafnvægi eru menn að tala um? Það hefur ekkert jafnvægi náðst. Ég vil vekja athygli á því. Það er áframhaldandi erlend skuldasöfnun. Það er áframhaldandi viðskiptahalli. Það er áframhaldandi halli á ríkisbúskapnum. Það er ekki jafnvægi í ríkisbúskapnum. Það er ekki jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Það er ekki jafnvægi að því er varðar lántökur okkar og greiðslur af erlendum lánum. Það er ekkert jafnvægi. Það eina sem ríkisstj. hefur áorkað er að rýra lífskjörin í landinu, en um leið að ná verðbólgunni niður eins og kunnugt er. En ef ekki er að gert felst í aðgerðum ríkisstj. sá dómur að hér skuli áfram vera léleg lífskjör. Sá dómur er rangur og þeim dómi verður að hnekkja. En honum verður ekki hnekkt af þessari ríkisstj. vegna þess að hér hafa engar kerfisbreytingar verið gerðar. Það er einungis með kerfisbreytingum sem er unnt að ná hér raunverulegum árangri. Þær kerfisbreytingar þurfa að gerast í atvinnumálum, í sjóðakerfinu, í ríkisbúskapnum og þær þurfa líka að varða viðhorfið til atvinnurekstrarins, viðhorfsbreytingu varðandi fyrirgreiðslupólitík og viðhorfsbreytingu gagnvart fjárfestingastefnu og stjórnkerfismálum. Einungis með þeim hætti er mögulegt að ná hér raunverulegum árangri að því er varðar það að bæta lífskjör, ná raunverulegu jafnvægi og ná raunverulegum árangri í efnahagsmálum.

Ég sagði í upphafi þessa hluta ræðu minnar að það væri ljóst af nýjustu ráðstöfunum ríkisstj. að hún hefði gjörsamlega gefist upp í efnahagsmálum. Það sést af því að það rigndi yfir fólk yfirlýsingum frá ráðherrum af ýmsu tagi og talsmönnum ríkisstj. um allt það sem gera ætti og nauðsyn þess að ekki yrði nú vandanum velt á undan sér eins og fyrri ríkisstj. hefðu gert: ekki yrðu auknar erlendar skuldir, ekki yrði halli á ríkisbúskapnum. Það stendur ekki steinn yfir steini í neinu þessu. Og að því er hvert málið á fætur öðru varðar, sem hefði varðað einhverjar kerfisbreytingar, einhverja tilhneigingu í þá átt, þá hefur það verið barið niður með harðri hendi. Nú seinast höfum við þurft að horfa upp á það í hverju málinu á fætur öðru hvernig Sjálfstfl. hefur þurft að beygja sig í duftið fyrir þessu ofurvaldi kerfisins sem ríkisstj. er. Þetta er það sem fólkið í landinu hefur séð og það er þess vegna sem ríkisstj. er nú rúin því

trausti sem hún vissulega naut í upphafi.

Nú rignir yfir vantraustsálitum á ríkisstj. Meira að segja þeir aðilar sem voru harðastir talsmenn og stuðningsmenn ríkisstj. vita varla hvernig þeir eiga að taka til orða til að fordæma hvernig ríkisstj. hefur brugðist í efnahagsmálum. Nefni ég þar t. d. Verslunarráð Íslands sem hefur nú ekki kallað allt ömmu sína í því að lofa þessa ríkisstj. fram að þessu. Verslunarráð Íslands segir tæpitungulaust að lántakan sem ríkisstj. nú fyrirhugar sé engin lausn á fjárhagsvanda ríkissjóðs og að slíkt atferli sé ekki síst alvarlegt í ljósi þess að fólk og fyrirtæki hafi lagað útgjöld sín að samdrætti í efnahagslífinu. Sömu kröfur um aðhaldssemi verður að gera til ríkisvaldsins.

Hér er einmitt kjarni málsins. Ríkisstj. hefur hert að kaupmætti fólks og ríkisstj. hefur sagt við fólkið í landinu: þið verðið að búa við lakari lífskjör og minni kaupmátt. Ríkisstj. segir líka: Við verðum að draga úr útlánum til fólks og atvinnuvega. En að því er sjálfa okkur varðar, segja ráðherrarnir í ríkisstj. og stuðningsmenn hennar, ætlum við að leysa allt sem okkur varðar með því að taka erlend lán. Aðhaldssemin á ekki að ná til ríkisstj. Það er þetta sem er í grundvallaratriðum rangt og verður til þess að rýra ríkisstj. öllu trausti.

Reyndar er það líka svo að grg. með lagafrv. mælir gegn því sjálfu. Í grg. er beinlínis talað um að það sé sérstakur hættuvaldur hversu mikil þensla sé í peningamálum þjóðarinnar. Þegar þensla er í peningamálum þjóðarinnar velur ríkisstj. þá aðgerð sem síst af öllu verður til að draga úr þenslu, heldur einmitt eykur á hana, nefnilega að reka sjálfa sig með halla og taka erlend lán. Grg. ríkisstj. með þessu frv. mælir beinlínis gegn þeim aðgerðum sem gripið er til.

Herra forseti. Það er sorglegt upp á það að horfa að ríkisstj. skuli hafa gefist upp við öll þau markmið sem hún setti sér. Ég sagði hér í haust: Nú hefur fólkið í landinu lagt mikið á sig til að draga úr verðbólgunni. Nú verður ríkisstj. að sýna gott fordæmi sjálf. Nú verður ríkisstj. líka að sjá til þess að þessi árangur verði varanlegur. Það verður hún að gera með því að láta aðgerðirnar ná til fjölmargra þátta í þjóðfélaginu. Í öllu þessu hefur ríkisstj. brugðist. Eftir stendur einungis ein aðgerð: lækkun kaups og rýrnun lífskjara. Ekkert annað hefur verið gert og verðbólgan er hætt að fara niður á við. Nú er hún farin að síga upp á við. Ríkisstj. hefur fallið á prófinu. Það er ekki nema von að hún hafi rúið sig trausti þjóðarinnar.

Ég vil að lokum einungis segja að ömurlegri uppgjöf hefur ekki sést lengi.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég stend að nál. minni hl. fjh.- og viðskn. sem fulltrúi Kvennalista í fjh.- og viðskn. og vísa til þess nál. og fskj. sem því fylgja og sömuleiðis til þeirra orða sem hér hafa farið á undan mér frá þm. stjórnarandstöðunnar. Ég ætla að hafa hér um nokkur orð og stikla á stóru.

Það má segja að sá tónn og sá taktur sem þessi ríkisstj. sló strax í upphafi lífdaga sinna hafi reynst sjálfum sér samkvæmur. Sú leið félagslegra skerðinga til að leiðrétta hagsýsludæmið sem valin var í byrjun er dyggilega fetuð enn af karlmannlegri festu, enda undir hljómfalli hinna hörðu gilda. Og hugmyndaauðgin um leiðir út úr vanda er lítil, nánast engin. Úrræðin eru gamaldags og úrelt, en það sem verra er: stórhættuleg fyrir framtíð þessa lands.

Við höfum hlustað hér í þinginu undanfarna daga á það þegar smábitar af landinu hafa verið seldir í formi ríkisjarða, en þessi veðsetning Íslands í útlöndum sem fram er haldið af þessari ríkisstj. með stórfelldum erlendum lántökum virðist mönnum næstum ósjálfráð ef litið er til þess hve mjög þeir hafa gagnrýnt slíkt athæfi annarra á umliðnum árum. Við Íslendingar erum sátt við það líta á okkur sem merkilega þjóð með óskoraðan tilverurétt á alþjóðavettvangi. En hve lengi ætla menn að útlendingar nenni að halda okkur uppi eins og ómögum? Ætlum við aldrei að vaxa upp og verða fullorðin og sjá fyrir okkur sjálf. Getum við ekki axlað þá ábyrgð að vera brauðvinnungar í eigin landi? Þurfum við enn að halda uppi þessu hömlulausa gjálífi hinna nýríku sem sultu á síðustu öld og slá og slá og slá fyrir því í útlöndum? Þetta þætti óráðsía ef um einstakling væri að ræða en ekki þjóð.

Nú opnast dyr til nýrra áður óþekktra atvinnutækifæra sem byggjast fyrst og fremst á þekkingu og hugviti og við viljum auðvitað vera með og tölum t. d. mikið um líftækni og lífefnatækni upp á síðkastið. Öld handaflsins er að baki. En hvað er verið að hugsa þegar á sama tíma er byrjað á því að skera miskunnarlaust niður í menntakerfinu, vaxtarbroddur framtíðarkosta okkar stýfður, námsmenn þegar settir í svelti með fjárhagslegan stuðning? Áfram er kennarastéttin láglaunastétt, enda að mestu skipuð konum. Áfram er óviðunandi misrétti til menntunar milli dreifbýlis og þéttbýlis. Hvernig er hægt að una slíku meðan lánsfé er sólundað í prjálhýsi og munað? Hver velur eiginlega þessa forgangsröðun?

Síðan er annar vinsæll knérunnur sem líka á að höggva í, heilbrigðisþjónustan. Og ég vísa til sértækra dæma sem tekin voru fyrir af öðrum ræðumönnum á undan mér. Auk niðurskurðar á framlögum til tannviðgerða og sjúkradagpeninga eru fyrirhugaðar stórfelldar hækkanir lyfja- og sérfræðiþjónustugjalda, göngudeildaþjónustu og rannsóknaþjónustu. Þetta er fyrirhugað án nokkurra fyrirliggjandi niðurstaðna eða kannana á því hverjir nota þessa þjónustu mest. Þrátt fyrir endurteknar spurningar veit enginn hver þessa þjónustu nýtir mest. T. d. í sambandi við lyfjanotkun: Hve margir eru þeir sem nota lyf að staðaldri vegna langvinnra sjúkdóma, en eru ekki gjaldgengir til að njóta þess að fá lyfjakort? Þetta veit enginn. En þeir sem ráðunum beita vita ekki á hverjum þau bitna. Þeim er beint í blindni. Þetta eru óráð og þeir sem beita þeim eru skammsýnir og glámskyggnir.

Þessi óráð benda til alvarlegrar brenglunar á verðmætamati og forgangsröð. Börnin og unglingarnir og sjúklingarnir eiga að borga til að fylla upp í tímabundið gjálífi foreldranna menntunarsnauð á láglaunasvæði með skuldir foreldranna að arfi er þeim gert að mæta framtíð þar sem hugvitið verður veðhæft og fólksfjölgun ekki fyrirsjáanleg til að dreifa byrðunum. Haldið þið, sem nú eruð foreldrar og stjórnið þessum ákvörðunum, að börn þessa lands muni hugsa hlýlega til ykkar og vel um ykkur fyrir þessa klípu sem þið eruð að sníða þeim til íbúðar bara til þess að bjarga sjálfum ykkur fyrir næsta horn? Nei, það þarf mannúð og hugrekki til að velja og standa við framtíðarstefnu sem dugir þessari þjóð til að komast á kjöl og til lands úr þessu skuldafeni — stefnu sem tekur mið af velferð fólksins en ekki

hagsýslunnar fyrst og fremst.

Þessi ríkisstj. hefur ekki reynst þeim vanda vaxin, en slíka stefnu á þjóðin skilið. Velferð þjóðarinnar byggist m. a. á því að hin mjúku gildi eigi aðgang að því að ákveða forgangsröðina. Þess vegna þurfa þau að komast að í ríkara mæli. Ég vísa í því sambandi til þeirra hugmynda sem Kvennalistinn bar fram til uppfyllingar á hinu margumræddda gati. Við getum komist út úr þeim efnahagsvanda sem við eigum við að stríða, en ekki með þeim ráðum sem í boði eru. Þau ráð eru einungis um stundarsakir og ala af sér enn meiri vanda. Þess vegna þurfum við nú ný ráð og nýja stefnu.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Nokkrar spurningar hafa verið lagðar fram til mín og annarra ráðherra. Ég skal svara því sem er ekki beint til viðkomandi ráðherra um þeirra málaflokka og jafnframt leitast við að svara því þar sem að ráðherrar eru fjarverandi.

Hv. 3. þm. Reykv. fullyrti að greiðsla sjúkradagpeninga lenti af miklum þunga á húsmæðrum, námsmönnum og fleiri slíkum og vísaði til bréfs sem forstjóri Tryggingastofnunar hefur ritað. Ég verð að segja eins og er að ég lýsi undrun minni á því bréfi þar sem ekki koma fram neinar tölulegar upplýsingar um hvernig þetta skiptist og væri slíkt bréf betur ekki ritað. Í því bréfi er hins vegar lofað slíkum upplýsingum. Ég hef látið hafa samband við Kristján Guðjónsson, og með hans leyfi hef ég það eftir honum að 90—95% af þessum kostnaði fellur á atvinnurekendur. Ég vil hins vegar bæta því við að ég er vel til viðtals um að tryggja að ekkert falli á aðra en atvinnurekendur, ef það er unnt með einhverju góðu móti, eða sem allra minnst. Kannske verður aldrei algjörlega við það sloppið. En sem sagt samkv. upplýsingum Kristjáns Guðjónssonar: 90—95% þessa kostnaðar fellur á atvinnurekendur og það er sá greiðandi sem talinn er síðastur í bréfi forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins.

Hv. þm. ræddi um tannlækningakostnað og reyndar hafa fleiri gert það hér og deilt hefur verið á þá ætlun ríkisstj. að draga úr framlagi ríkisins í því skyni. Sérstaklega ræddi hv. þm. um mismunandi áætlanir á þessum lið. Það er nú eins og mig minni að hér hafi orðið allathyglisverð umræða á síðasta þingi um áætlun af svipuðu tagi. Þá bar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fram till. um að greiða, ef ég man rétt, 20% af tannlæknakostnaði og hæstv. þáv. ráðh. Svavar Gestsson setti reglugerð um greiðslu þess kostnaðar. Í þingtíðindum má sjá að þá áætlaði hæstv. þáv. ráðh. Svavar Gestsson að kostnaður við þetta yrði um 20—30 millj. kr. Hæstv. núv. sjútvrh., þáv. þm., Halldór Ásgrímsson fullyrti hins vegar að kostnaðurinn væri um 100—200 millj. kr. Kostnaðurinn reyndist vera á annað hundrað millj. kr. og því var þessi reglugerð afnumin. Það voru ekki tekjur í ríkissjóði til að standa undir þessum kostnaði.

Mér sýnist ljóst að sparnaður við þessar breytingar, sem var áætlaður í upphafi 50 millj. kr., sé allt of hátt áætlaður. Samkv. þeim upplýsingum sem ég hef gleggstar mun hann vera nú áætlaður um 16 millj. kr. Eigum við þá ekki að fagna því að ekki er þó dregið meira úr þessari aðstoð við tannlækningar unglinga og barna en kemur fram í þessari nýju áætlun?

Hér hefur verið töluvert rætt um landbúnaðinn. Ræddu báðir um landbúnaðinn, hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Kjartan Jóhannsson. Ég verð að segja að eftir margítrekaðar umræður á síðustu árum um efnahagsmál við hv. 3. þm. Reykv. þykir mér allt annað viðhorf hjá honum nú til landbúnaðar en var í þeim umræðum. Ég man ekki betur en Alþb. legði á það mjög ríka áherslu í gegnum árin að breyting yrði að verða og það róttæk í landbúnaðarmálum. Ég verð fyrir mitt leyti að taka undir það. Það er alveg rétt að bændur hafa sjálfir, eftir að framleiðsluráðslagabreyting var gerð 1979, gert verulega breytingu. Þeir hafa dregið saman mjólkurframleiðsluna og er það vissulega til bóta. Hitt er svo annað mál, að það er staðreynd að landbúnaðarafurðir verða því miður ekki seldar á erlendum mörkuðum nú svo nokkurt vit sé í. Útflutningsbótaþörfin á útfluttar landbúnaðarafurðir er nú að meðaltali 68% heildsölukostnaðar. Á sumar afurðir fer þetta hlutfall upp í 74%, ef ég man rétt, og jafnvel 78% á einstakar mjólkurafurðir eða ærkjöt. Ég held að hverjum manni hljóti að vera ljóst að bændum sjálfum er svo sannarlega enginn greiði gerður með því með einu eða öðru móti að hvetja þá til slíkrar umframframleiðslu. Þess vegna hef ég, svo ég svari spurningu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, sett fram þá hugmynd að á ákveðnu árabili, ég nefndi fimm ár, verði gerður samningur milli bænda og ríkisvalds og dregið á þeim tíma þannig úr landbúnaðarframleiðslunni að útflutningsbótaþörf verði lítil sem engin að þeim tíma liðnum. Ég er sannfærður um að þetta er unnt og ég get upplýst hv. þm. um að í viðræðum, sem ég og fleiri hafa átt við forustumenn bænda um þessi mál, hefur þessu verið jákvætt tekið.

Mér er hins vegar fyllilega ljóst og væntanlega fleirum að slík breyting er mjög viðkvæm og vitanlega verða að fylgja henni fjölmargar hliðarráðstafanir m. a. til að koma í veg fyrir byggðaröskun sem ég trúi vart að nokkur vilji hafa svo umtalsverð sé. Í því skyni er nauðsynlegt að nota mikið fjármagn til að byggja upp aðrar búgreinar. Ég hef sérstaklega nefnt í því sambandi, og bændafulltrúar lagt áherslu á, loðdýrarækt sem lofar góðu ef skipulega er að þeim málum unnið.

Að sjálfsögðu er einnig ljóst að slík breyting hefur áhrif á vinnslustöðvar landbúnaðarins, bæði þær sem vinna úr ull og gærum og sömuleiðis hinar sem vinna úr mjólkurafurðum og sláturhúsin. Og vitanlega þarf fjármagn til þess að komast yfir þá erfiðleika sem slík róttæk breyting veldur.

Ég er hins vegar sannfærður um að bændasamtökunum sjálfum er mjög vel trúandi til að framkvæma slíka breytingu, þannig að landbúnaðurinn verði eftir sem áður traust grundvallaratvinnugrein í okkar þjóðfélagi, og líklega sterkari en hún er við þær aðstæður sem eru.

Það er rétt að fullar útflutningsbætur eru nauðsynlegar nú m. a. vegna þess að þegar sauðfé er fækkað aukast birgðirnar, og þeirra verður þörf á næstu árum. Ég er sannfærður um það. Hins vegar hygg ég að síðan geti mjög ört úr henni dregið ef skipulega er að þessum málum unnið.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að ríkisstj. hefði sjálf búið til þann samdrátt sem orðið hefur í kaupmætti. Ég mótmæli því að við hv. þm. Svavar Gestsson, í ríkisstjórn sem við sátum í, höfum búið til þá kreppu sem t. d. varð vegna olíuverðshækkana. Sú kreppa var mikil og leiddi til þess að við lifðum umfram efni árið 1981 og

1982, verulega umfram efni. Viðskiptahallinn þau ár var fyrra árið 5% og síðara árið 10%. Og vitanlega er það kaupmáttarskerðing þegar kaupmætti er haldið uppi með því að safna erlendum skuldum. Hv. þm. hefur sjálfur hvað eftir annað sagt að það væri út af fyrir sig eðlilegt að kaupmáttur drægist saman sem samsvarar samdrætti í þjóðarframleiðslu. Að mati Þjóðhagsstofnunar hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna dregist saman um u. þ. b. 10% á hvern mann. En þjóðarframleiðslan hefur dregist saman u. þ. b. um 8—9% á hvern mann svo þarna er ekki mikill munur á. Og e. t. v. skakkar þarna ekki öðru en því sem við lifðum umfram efni árið áður en þessi kreppa, sem við nú stöndum í, hófst.

Hv. þm. las upphafsorð minnar framsöguræðu og kvað rétt lýst því ástandi sem hefði skapast. Ég andmæli því að við þegar við vorum í ríkisstj. eða núv. ríkisstj. höfum búið til þá kaupmáttarskerðingu sem nú hefur orðið. Hún stafar af ytri aðstæðum, af olíuverðshækkunum, af hruni loðnustofnsins, af helmingun á þorskafla og reyndar mætti fleira telja. Okkur er brýn nauðsyn, Íslendingum, að horfast í augu við slíkt. Við höfum ekki alltaf gert það. Það er fróðlegt að fara í gegnum slíkar sveiflur sem hafa orðið frá stríðsárum. Venjulega hefur þessu verið mætt með því að fella gengið sem hefur leitt til vaxandi verðbólgu og erlendrar skuldasöfnunar. Frá því varð að hverfa nú og það var gert.

Hv. þm. sagði að nú væri 60% markið um erlendar skuldir orðið markmið en ekki eins konar hámark. Ég veit ekki hvaðan hann hefur þær upplýsingar. Ég sagði í minni framsöguræðu, ég tel nokkuð skýrt, að 60% erlendar skuldir af þjóðarframleiðslu mætti að sjálfsögðu aldrei vera markmið. Markmiðið væri að draga úr þeim erlendu skuldum. En ég verð að segja að mér þykir það nokkuð hörð gagnrýni á Þjóðhagsstofnun, sem ég fyrir mitt leyti ber mikið traust til og ég hélt að fleiri gerðu, þegar sagt er að Þjóðhagsstofnun sé þægileg þessari ríkisstj., eða þegar hv. þm. Kjartan Jóhannsson segir að markið sé fært til. Hann hlýtur þá að eiga við Þjóðhagsstofnun. Þjóðhagsstofnun metur þessa hluti og ég er sannfærður um að forstjóri Þjóðhagsstofnunar og starfsmenn hans gera það eftir bestu samvisku.

Staðreyndin er vitanlega sú, að þegar þjóðartekjur dragast saman þriðja árið í röð, nú áætlað u. þ. b. 2% af þjóðarframleiðslu, þá er ekki það svigrúm til að draga úr erlendum skuldum eins og við hefðum kosið, ef halda á uppi kaupmætti. Það má vel segja að eðlilegast hefði verið að draga úr kaupmætti um það sem nemur samdrætti í þjóðarframleiðslu og líka að einhverju leyti því sem nemur því sem ríkissjóð skortir til þess að brúa bilið, brúa hallann. Þannig að 60% markið er vissulega ekki markmið. Þvert á móti er markmiðið að lækka það skuldahlutfall.

Ég vil hins vegar halda því fram að nokkuð ólíku sé saman að jafna Suður-Ameríku eða Afríku, eða hvað það var sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson talaði um, og okkur Íslendingum, sem betur fer. Greiðslubyrði hér er um 21% af gjaldeyristekjum, metin af Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Greiðslubyrði í sumum þessum löndum er margfalt hærri. Og við höfum staðið fullkomlega í skilum og munum gera það áfram. Ég vona að hv. þm. séu ekki að gefa til kynna að við munum ekki standa í skilum. Ég hef ekki heyrt eina einustu rödd frá fjármálamönnum um það að hætta sé á að við stöndum ekki í skilum. Okkar gjaldeyristekjur eru tiltölulega miklu stærra hlutfall af þjóðartekjum en hjá þeim ríkjum sem hv. þm. gat um áðan.

En ég endurtek: ég er með þessu alls ekki að draga úr því að erlendar skuldir eru í algjöru hámarki og úr þeim ber að draga.

Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi nokkuð um bindiskylduna og vildi vita hvort í Framsfl. hefði verið samþykkt að hafa samráð með þingflokki ef hún yrði notuð. Það er rétt. Við munum gera það.

Hann spurði einnig um lækkun á endurkaupum um 5 prósentustig. Þetta hefur verið til meðferðar hjá ríkisstj. og ég geri ráð fyrir að dregið verði úr endurkaupum. Hins vegar er framkvæmdin á þessu nú til meðferðar og ekki fyllilega afráðið hvernig hún verður. Um bindiskylduna almennt vil ég segja að ég lýsti því í framsöguræðu minni að í gegnum bankakerfið má segja að ríkisstj. hafi þrjár leiðir til að hafa áhrif á peningaþensluna. Sú fyrsta eru endurkaupin, annað eru vextir og þriðja er bindiskylda eða bindiheimild. Ríkisstj. taldi rétt að hafa allar þessar heimildir á hendi. Ekki vegna þess að hún sé ákveðin í að nota þessar heimildir. Hún hefur að sjálfsögðu heimild í samráði við Seðlabankann að draga úr endurkaupum og sömuleiðis í samráði við Seðlabankann að hafa áhrif á vexti, en hún hafði ekki heimild til frekari bindingar en nú er í lögum og nýtt til fullnustu.

Svo kann að fara, ég skal ekkert um það segja, að hér skapist meiri þensla ef t. d., sem við skulum vona, afli glæðist, bæði loðna og þorskur, og þá kann að skapast sú aðstaða að rétt þyki að binda meira en nú er gert. Þess vegna þótti ríkisstj. rétt að hafa þessa heimild. Notkun hennar er að sjálfsögðu bundin því að samþykki ríkisstj. liggi fyrir.

Hv. þm. Svavar Gestsson fullyrti að 42% útlánaaukningin sem ég nefndi í framsöguræðu minni gæfi til kynna hver hin raunverulega verðbólga væri. Ég get upplýst hv. þm. um að aukning á peningamagni í umferð mun samkv. upplýsingum sem ég hef fengið frá Seðlabankanum vera um rúmlega 20%. Og ég verð að segja að ég hélt að við ættum það reyndar nokkuð sameiginlegt að við værum ekki miklir monetaristar, eins og stundum er kallað, tryðum ekki svo mjög á Milton Friedman og þá herra, en mér heyrist hv. þm. nú vera kominn í þann söfnuð eins og hann lýsti málum áðan.

Ég er sammála því að 42% er of mikil aukning útlána. Hins vegar fer því víðs fjarri að það sé vísbending um hver verðbólgan er. Það er hins vegar vísbending um að þrýstingur er enn þá mikill í efnahagslífinu, þ. e. í peningakerfinu, sem getur leitt til þess að verðbólga aukist ef ekki er á móti spyrnt. En það er ákaflega eðlilegt að nokkurn tíma taki að draga úr þessum þrýstingi eftir þá óðaverðbólgu sem hér hefur geisað um lengri tíma. Öllum hv. þm. er að sjálfsögðu ljóst að í slíkri verðbólgu brennur upp rekstrarfé atvinnuveganna. Það er í raun og veru það sem er að gerast. Atvinnuvegir og jafnvel einstaklingar eru að ná sér eftir það kapphlaup sem þeir hafa staðið í undanfarin ár við óðaverðbólgu og það fjárhagstjón sem þeir hafa af verðbólgunni borið.

Hv. þm. ræddi nokkuð um sjö atriði sem ég nefndi í framsöguræðu minni og taldi þau lýsa markmiðum

ríkisstj. Það er rangt. Ræðan er prentuð og upp á því má fletta. Þar kalla ég þetta ekki markmið. Ég segi að það séu sjö atriði sem skapa mjög þröngan ramma þeim aðgerðum sem koma fram í þessu frv. og ég lýsti. Sumt af því eru markmið, en sumt nefni ég staðreyndir og hygg ég að menn geti út af fyrir sig verið sammála um það. Ég lýsi því sem markmiði að ná verðbólgunni í 10% í lok ársins og auka ekki erlendar skuldir. Ég sagði að vísu hvað eftir annað í minni ræðu að þar væri ég að tala um hundraðshluta af þjóðarframleiðslu.

Fróðlegt er að athuga á hverju gagnrýni á þessum aðgerðum í raun og veru byggist. Stjórnarandstæðingar gagnrýna nokkurn veginn upp til hópa að skert skuli vera sú þjónusta sem ríkisvaldið veitir þegnum landsins. Ég hefði gjarnan viljað að sú þjónusta gæti verið óskert, en við höfum orðið að þola 8 af hundraði, og líklega rúmlega það, skerðingu í þjóðartekjum. Á sama tíma hefur vitanlega rekstrarkostnaður aukist með verðbólgu. Því hefði verið eðlilegt að afla tekna til að brúa þann halla sem var á ríkissjóði, en það er gagnrýnt. Gagnrýnt er einnig að skerða þjónustuna. Gagnrýndar eru alveg sérstaklega allar aðgerðir sem skerða kaupmáttinn. Mér sýnist því orðið fátt um góða drætti. Hv. þm. Svavar Gestsson segir að ná megi þessu öllu inn með sköttum af atvinnuvegunum og deilir á að þeir hafi verið lækkaðir. Ég rakti í framsöguræðu minni hver skattalækkun er að mati Þjóðhagsstofnunar, 550 millj. kr. meira hefði náðst inn í sköttum en í fjárlögum er, en þar af eru 250 millj. vegna ráðstafana sem ríkisstj. gerði í lok maí í þágu þeirra sem erfiðust kjör hafa, þ. e. hækkun á persónuafslætti og barnabótum, og satt að segja er ekki nema lítill hluti af þessu sem má rekja til skattalækkana á atvinnuvegunum. Gagnrýnt hefur verið að skattur á ferðamannagjaldeyri var felldur niður. Ég viðurkenni að um það má deila, en það eru þó ekki nema, segi ég, 100 millj. kr. Ég hef reyndar haldið því fram og held því fram enn að sá skattur hafi verið mjög óréttlátur og hafi ekki síst bitnað á þeim sem síst skyldi, sem ekki fá þennan skatt greiddan eftir öðrum leiðum. Mér finnst því satt að segja að í rökstuðningi stjórnarandstæðinga rekist hvað á annars horn, ef ég má orða það svo. Allt er gagnrýnt og ekki síst erlend lántaka. Gagnrýnt er að fjárlögin eru með halla, gagnrýnt er að skera niður þjónustu, gagnrýnt er ef gjöld eru einhvers staðar hækkuð til að loka þessu gati. Staðreyndin er sú að sjálfsögðu að ríkisstj. kaus að fara meðalveg, m. a. í þeirri viðleitni að skerða ekki kaupmáttinn eins og kom fram í framsöguræðu minni og vísa ég til þess.

Hv. þm. spurði um niðurskurð í rn. Ég get því miður ekki upplýst það nema hvað forsrn. varðar. Þar er unnið að framkvæmd á þessu og má segja að það verði svona nokkurn veginn 5% niðurskurður yfir línuna. Þó geri ég ekki ráð fyrir að niðurskurður verði hjá Þjóðhagsstofnun. Vandlega hafa verið skoðuð útgjöld þeirra fáu stofnana sem undir forsrn. heyra og mér sýnist ekki svigrúm hjá Þjóðhagsstofnun til niðurskurðar, en það verður þá tekið annars staðar. Langsamlega stærsti liðurinn þar er Byggðasjóður með 82 millj. kr. og að sjálfsögðu verður hlutfallslegur niðurskurður hjá Byggðasjóði, hátt í 5 millj. kr. Önnur rn. munu vera að vinna að þessu á svipaðan máta.

Hv. þm. spurði um ráðstöfun á þeim 680 millj. kr. sem til atvinnuveganna eru ætlaðar í frv. sem nýrri lántöku. Af því eru 300 millj. vegna sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir að langmestur hluti þess fjármagns renni til Fiskveiðasjóðs vegna þeirra skuldbreytinga sem ákveðnar eru í Fiskveiðasjóði og krefjast að hluta nýs fjármagns. Verulegum hluta þar verður skuldbreytt með lengingu lána, en sumt krefst nýs fjármagns. Einnig er unnið að samkomulagi við bankana um svipaða skuldbreytingu hjá þeim og það sem eftir stendur af þessu fjármagni og ekki rennur til Fiskveiðasjóðs geri ég fastlega ráð fyrir að ráðstafað verði til slíkra skuldbreytingar hjá bönkunum. 80 millj. kr. eru ætlaðar vegna skuldbreytingar í landbúnaði samkv. tillögum sem sérstök nefnd vann og lagði fram við ríkisstj. og hafa reyndar verið ræddar. Í tillögum þeirrar nefndar var gert ráð fyrir að þörf fyrir nýtt fjármagn væri u. þ. b. 60—80 millj. kr. Þannig er þessi upphæð ákveðin og rennur til veðdeildar Búnaðarbankans. 150 millj. kr. eru ætlaðar til nýsköpunar í atvinnulífinu. Ég rakti það reyndar nokkuð í framsöguræðu minni. Með því vill ríkisstj. stuðla að því að ýmsar álitlegar nýjar greinar geti fest rætur. Þetta er ekki mikið fjármagn, ekki síst með tilliti til þess að áhugi og vilji á þessu sviði er mjög mikill og virðist verða gerbreyttur frá því sem áður var. Fjöldi manna hefur komið á skrifstofu mína og haft orð eins og þau að nú sé allt annað að áætla stofn- og reksturskostnað nýrra greina í þessari miklu minni verðbólgu og nú sé allt annað að ræða við erlenda aðila um kaup á slíkri framleiðslu, nú sé hægt að gefa nokkuð glöggar og áreiðanlegar upplýsingar. Ég nefndi í minni ræðu, hygg ég, t. d. laxaeldi. Á því er mjög mikill áhugi og áreiðanlega gífurlega miklir möguleikar. Við framleiðum ekki nema brot af því magni sem Norðmenn framleiða og þó er, að mati Norðmanna sjálfra, aðstaða hér í tengslum við okkar heita vatn miklu betri en þar og unnt að stytta vaxtartímann um u. þ. b. eitt ár. Ég nefndi loðdýrarækt. Þar eru áreiðanlega miklir möguleikar. Í Danmörku er t. d. 2500 loðdýrabændur og gera það gott og álíka margir munu einnig vera í Finnlandi og reynar mikið af loðdýrabændum um Norðurlöndin öll. Þar held ég að séu mjög miklir möguleikar bæði til að treysta byggð og stuðla að umsköpun í landbúnaðinum og einnig til verulegra gjaldeyristekna. Að þessu þarf skipulega að vinna. Þó er kannske mesti möguleikinn í greinum sem kalla mætti hátæknigreinar, eins og t. d. í lífefnaiðnaði sem hefur verið mikið rætt um hér upp á síðkastið. Til þess eru hráefni góð í landinu. Síðast en ekki síst nefni ég rafeindaiðnað þar sem við erum langt á eftir okkar nágrönnum. T. d. framleiðum við aðeins um 1/10 til 1/20 hluta að verðmæti af rafeindatækjum þegar borið er saman við Dani á hvern íbúa landsins. Við eigum sem betur fer ungt fólk með mikla þekkingu. (**Gripið fram í:** Sem er í námi.) Sumt af því er búið í námi, hv. þm. M. a. er á Ísafirði ágætis fyrirtæki sem þú ættir að heimsækja og kynna þér. Það heitir Póllinn og er með 30 manns í vinnu og framleiðir rafeindatæki og er byrjað að flytja út. Og svona er það víða. Nokkur fyrirtæki eru í Reykjavík líka og það eru fyrirtæki í Vestmannaeyjum og ég er sannfærður um að það er líka fyrirtæki á Akureyri og reyndar veit ég að þar eru menn að hasla sér völl á þessu sviði. Áhuginn er því víða, sem betur fer, í landinu og verulegur þekkingarforði á þessu sviði og hann mun aukast. Um þetta verður fjallað í þeirri atvmn. sem ég hef óskað eftir tilnefningu í frá aðilum vinnumarkaðarins — og fékk reyndar fyrir

tveimur dögum frá ASÍ og VSÍ. Hún verður kvödd saman mjög fljótlega og ríkisstj. mun síðan setja reglur um ráðstöfun þessa fjármagns að höfðu samráði við slíka aðila.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson spurði hvort ætlunin væri að skerða bætur til langlegusjúklinga og vangefinna og sömuleiðis til ellilífeyrisþega. Ég vil fullvissa hv. þm. um að ekki er ætlunin að það skerðist á nokkurn máta og mig fullvissa sérfræðingar um þessi mál, að eins og þetta sé orðað eigi ekki að vera um skerðingu að ræða. Ef nokkur hætta er á því skulum við endilega skoða það í meðferð þingsins. En ég ræddi við þá menn, sem um þetta fjalla, nú áðan og þeir fullvissuðu mig enn um það að engin hætta sé á slíkri skerðingu.

Hv. þm. talaði um auknar byrðar sem ýmsir hafa af þeim niðurskurði sem hér er um að ræða og það er alveg rétt. Þjónusta ríkisins er yfirleitt til þeirra sem að sjálfsögðu þurfa hennar með og þegar þjónusta ríkisins er skert eykur það vitanlega byrðar hjá þessum aðilum. Við skulum öll vona, a. m. k. er það mín von, að með auknum þjóðartekjum og hagvexti takist að bæta úr þessu á ný.

Um landbúnaðinn hef ég þegar rætt, svo ég hygg að ég þurfi ekki að koma meira inn á það.

Um lán til atvinnuveganna vil ég upplýsa, sem reyndar kom fram í ræðu hv. þm. að nokkru leyti, að þótt nú sé liðið á fimmta mánuðinn hefur þó eingöngu verið ráðstafað 211 millj. af 1 milljarð. Það er, eftir því sem ég best veit, töluvert ef ekki miklu lægra hlutfall en áður hefur verið á þessum tíma árs. Ég vil einnig vekja athygli á að vélar og tæki eru einkum flutt til landsins á fyrri hluta ársins. Þetta eru vélar og tæki sem eru notuð í þeim framkvæmdum sem byrja á vori og standa yfirleitt á okkar landi fyrst og fremst yfir sumarmánuðina. Ég hygg því að ekkert sé óeðlilegt við þann innflutning sem þar er um að ræða. Aðalatriðið er vitanlega að ekki verði farið fram úr þessum 1000 millj. og með því verður vandlega fylgst.

Mér þótti nú satt að segja dálítið furðulegt að hlusta á hv. þm. Svavar Gestsson og Kjartan Jóhannsson vísa í bréf Verslunarráðs Íslands. Átti ég ekki von á því. Í grg. með bréfi Verslunarráðs Íslands segir hvernig það vill framkvæma þær aðgerðir sem hér er um að ræða, þ. e. brúa hallan. Það vill m. a. selja eignir ríkisins sem það telur hjá nokkrum stórum fyrirtækjum vera upp á 540—50 millj. kr. Ætli það sé ekki Póstur og sími? Eru hv. þm. að mæla með því að við seljum eignir Pósts og síma og hver vill þá kaupa? (**SvG:** Svarið er nei.) Svarið er nei. Ég er sammála hv. þm. Ég vil ekki heldur selja eignir Pósts og síma. Póstur og sími veitir okkur mjög mikilvæga þjónustu og jafnar að verulegu leyti út með sinni starfsemi þá þjónustu sem veitt er landsmönnum og því viljum við halda áfram. Þannig er um aðra liði í þessu bréfi. Ég vísa slíku bréfi á bug. Það er bull, ef ég má orða það svo. (**SvG:** Það er rétt.) Það er rétt, segir hv. þm. (**SvG:** Grg.) Staðreyndin er vitanlega sú um m. a. sölu hlutabréfa sem eru boðin til sölu: Hve margir hafa sóst eftir kaupum? Þeir eru teljandi á fingrum annarrar handar. Þarna er ekki að finna lausn á þessum málum.

Margir hafa hins vegar mælt með því að lengra verði gengið í því að skera niður alls konar þjónustu. Ríkisstj. treystir sér ekki til þess af þeim ástæðum sem hér hafa verið nefndar af mörgum hv. þm. Við viljum ekki ganga lengra í að skerða þá þjónustu sem veitt er ýmsum sem á henni þurfa að halda.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að það væri ákaflega æskilegt að minna væri eytt hér í alls konar lúxus og fínheit og orð sem hún hafði um það get ég vel tekið undir. En staðreyndin er nú sú, að við lifum í frjálsu þjóðfélagi og það er einstaklingurinn sem skapar sér forgangsröðun. Æskilegt væri að sú forgangsröðun breyttist. Ég vildi gjarnan að þeir sem eyða sínu fé nú í sólarlandaferðir o. s. frv. legðu það í banka og spöruðu féð svo farið gæti til ráðstöfunar fyrir þjóðfélagið í alls konar mikilvæga uppbyggingu sem við þurfum að hafa. Gæti þá dregið verulega úr því sem við þurfum að taka að láni erlendis. Þetta er sú breyting sem þarf að verða á næstu mánuðum. Það er einlæg von mín að þegar verðbólga hjaðnar áfram og raunvextir haldast skapist sú sparnaðarviðleitni í þjóðfélaginu. Það er kannske það sem við þurfum allra mest á að halda.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín örfáum spurningum sem mér þykir sjálfsagt að reyna að svara. Fyrsta spurningin var sú, hvort það væri stefna ríkisstj. að skerða tekjustofna sveitarfélaga við fjárlagagerð fyrir árið 1985. Svarið er að sjálfsögðu nei. Það hefði verið hægt að segja ýmislegt um þetta. Ég vil aðeins geta þess hér að mér finnst vera dálítið furðulegur tónn í mörgum hv. þm. í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga. Á s. l. hausti og fram eftir vetri var haldið uppi hér miklum og hörðum ádeilum á ríkisstj. fyrir það að skerða ekki tekjustofna sveitarfélaga og látið í það skína og jafnvel fullyrt að sveitarfélögin væru með miklar álögur á almenning í landinu, það væri skattpíning af hálfu sveitarfélaga. En núna er gjarnan talað í þeim tón að verið sé að níðast á sveitarfélögunum, nú séu tekjustofnar þeirra í hættu o. s. frv.

Ég ætla ekki að orðlengja um þessi mál. Ég vil aðeins segja það að þær ráðstafanir sem koma fram í því frv. sem hér er til umr., t. d. í sambandi við 7. gr., eru gerðar í fullu samráði við yfirstjórn sveitarfélaganna í landinu. Og vil ég geta þess að stjórn sambandsins taldi, miðað við það ástand sem var og miðað við það að sveitarfélögin urðu að taka einhvern þátt í þeim ráðstöfunum sem verið er að gera, að eins og á stóð væri þetta besta leiðin.

Ég vil í þessu sambandi taka sérstaklega fram að það er búið að taka upp alveg ný vinnubrögð í samskiptum við sveitarfélögin í landinu. Á það vil ég leggja þunga áherslu og einmitt af gefnu tilefni segja það hér. Það hefur verið opinberlega upplýst að ríkisstj. hefði gert bindandi samráðssáttmála við sveitarfélögin í landinu það er gert ráð fyrir að fara eftir honum í öllum atriðum. Búið er að halda fyrstu fundi með ríkisstj. og fulltrúum sveitarfélaganna og hefur skapast mjög góður grundvöllur til að ræða sameiginleg vandamál sveitarfélaganna, sameiginleg mál ríkis og sveitarfélaga og takast á við þau verkefni sem vissulega eru alltaf að koma upp í samskiptum þessara mikilvægu stjórnkerfa í okkar þjóðfélagi. Þess vegna ítreka ég: Í sambandi við þær ráðstafanir sem þetta frv. fjallar um er allt gert í samráði við sveitarfélögin og með þeirra vilja eins og best var hægt að ná samkomulagi um og í samráði við

þau.

Í sambandi við aðra spurningu, er hv. 3. þm. Reykv. spyr hvort ég telji það tryggt að til húsnæðismála fáist þeir peningar sem gert er ráð fyrir og tilkynnt er hér að muni koma í gegnum erlenda lántöku ef innlenda fjáröflunin bregðist, vil ég taka fram: Að sjálfsögðu er það alveg ljóst að með því að setja þetta inn í lántökuheimild er búið að baktryggja það að þessir peningar verði til staðar í húsnæðislánakerfið og það er þegar farið að reyna á það. Þannig að svarið er já, hv. þm.

Þriðja spurningin var um það hvort útlánareglur Húsnæðisstofnunar væru tilbúnar fyrir árið 1984. Svarið er nei, hv. þm. Þær liggja ekki fyrir enn. En það er mjög stutt í að svo verði. Ég ætla ekki, herra forseti, að tefja hér dýrmætan tíma með frekari umr. um þessi mál. Mig hefði langað til að ræða málefni, sem margir hafa talað hér fjálglega um, það er tannlæknakostnað og allt þar að lútandi. Ég vil aðeins í leiðinni slá þeirri spurningu fram eða hugmynd til hv. þm. að það væri vissulega verðugt og mikið verkefni ef hv. þm. vildu sameinast um það að reyna að skyggnast í hvernig uppbygging tannlæknaþjónustunnar er í raun og veru og raunar ýmislegt fleira í okkar heilbrigðisþjónustu. Og vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. var að ræða mjög mikið um þessi mál þá vil ég minna á það að hann hafði tækifæri til þess að hafa áhrif á þau sem heilbr.- og trmrh. Ég var einn af þeim þm. sem gerðu þá harða hríð að þessu kerfi. Ég lagði mikla vinnu í að kynna mér hvernig þessir samningar voru og bar fram rök fyrir því hér í sölum þingsins hvað hægt væri að gera til að gera þessa þjónustu ódýrari og skilvirkari en hún er. Það kom í ljós að þær reglur sem farið var eftir skv. gildandi samningum við Tannlæknafélag Íslands voru alls ófullnægjandi og hv. 3. þm. Reykv. sem heilbrmrh. steig þá skref í framhaldi af þessu til að reyna að koma fram vissum lagfæringum í þessum mikilvægu samningum sem gætu auðveldað eftirlit með þessari dýru þjónustu í landinu. En árangurinn varð auðvitað ekki nema á einn veg. Tannlæknar þoldu ekki þennan þrýsting og sögðu upp öllum samningum og þess vegna eru engir samningar til í landinu í dag við Tannlæknafélag Íslands. Þeir eru ekki til. Þannig er ástandið. Það er því eðlilegt að hægt sé að nefna mörg dæmi eins og hv. 4. landsk. þm. nefndi réttilega áðan. Ég hef enn þá áhrifameiri sögur um þann kostnað fram að færa sem ég hef vitneskju um heldur en hann skýrði frá.

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta að segja. Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef ákveðið að segja hér örfá orð um það frv. sem liggur fyrir deildinni. Mér er vissulega ljóst að ýmsar greinar þessa frv. grípa inn á félagslega þætti og við vildum gjarnan vera í þeirri stöðu með ríkissjóð að þurfa ekki að framkvæma slíka hluti. Engu að síður er þar um ærna nauðsyn að ræða. Aftur á móti vil ég gera hér að umræðuefni 25. gr. þessa frv. Það væri hollt fyrir þdm. að gera sér grein fyrir hverjar væru afleiðingarnar ef hún yrði framkvæmd.

Þessi grein er heimildargrein á þann veg að Seðlabanki Íslands eigi að fá heimild að fengnu samþykki ríkisstj. til að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979. Í grg. með frv. kemur það skýrt fram að hér er ekki átt við 10% af þeirri bindiskyldu sem fyrir er, heldur 10% bindiskyldu af öllum innlánum, þ. e. það er aukning upp á mikið meira en 10%. Okkur er tjáð að haft verði samráð við þingflokka áður en ríkisstj. heimili Seðlabankanum þetta. Verði slíkt samráð með eðlilegum hætti hlýtur að þurfa að kalla þingflokkana saman. Og komi til þess ástands sem ríkisstj. talar hér um þá er engum vandkvæðum bundið að gefa út brbl. til að framkvæma þetta ef þörf krefði. Aftur á móti eru engar líkur til þess að það sé skynsamlegt að fara í aðgerð sem þessa. Og ég hef tjáð forsrh. að ég muni greiða atkv. gegn þessari grein í frv.

Í fyrsta lagi er hér um mjög grófa aukningu á miðstýringu í íslensku þjóðfélagi að ræða. Það er verið að hampa Seðlabankanum til aukinna afskipta af íslenskum fjármálum. Ég vil minna á það að Seðlabankinn er fremur ung stofnun í þeirri mynd sem hann er í íslensku þjóðlífi og þann tíma sem hann hefur verið við lýði hefur aðalverðbólgan verið á Íslandi. Ég er ekki að segja að hún sé jafngömul Seðlabankanum. Hún er eldri. En hún var hreinir smámunir áður en hann kom til sögunnar. Ég vil halda því fram að ef þetta yrði framkvæmt væri það vísasti vegurinn til að skapa kreppu í íslensku þjóðfélagi. Það gæti orðið til að gera peningastofnanir gjaldþrota. En örugglega færi svo, ef þetta yrði framkvæmt, að mörgum einstaklingum og hinum smærri fyrirtækjum yrði veitt allharkaleg aðför, því vissulega mundi bankakerfið bregðast við á þann hátt að innkalla með jafnmiklum hraða og það gæti það fjármagn sem væri í útlánum. Og í ljósi þess að í grg. kemur fram að í marslok er staða innlánsstofnana við Seðlabankann neikvæð um 1029 millj., þá má hverjum manni ljóst vera að það fyrsta sem gerðist með beitingu ákvæða sem þessara væri stórgróði hjá Seðlabankanum í refsivöxtum af öllum innlánsstofnunum í landinu, stórgróði. Ég fæ ekki séð að það sé nein nauðsyn að veita honum aðstöðu til slíks stórgróða.

Ég er sannfærður um það að beiting þessa mundi skapa öngþveiti. Og mér er spurn í því sambandi: Telja menn ekki að það hefði verið skynsamlegra að taka á kreditkortamálinu með lagasetningu, setja þar reglur um hvaða vörur væri heimilt að kaupa með kreditkortum og draga þannig úr fjárstreymi í umferð, í stað þess að fara þá leið að ætla Seðlabankanum að grípa þarna inn í?

Ég vil vekja á því athygli að vissulega kemur fram í þessum orðum mínum dálítið sérstætt mat á styrkleika milli ríkisstj. og Seðlabanka. Fljótt á litið hvarflar sjálfsagt ekki að nokkrum manni annað en að ríkisstj. hafi Seðlabankann algerlega í hendi sér. Svo er þó ekki ef nánar er að gáð. Með lögum frá Alþingi er Seðlabankanum ætlað meira sjálfstæði en nokkurri annarri stofnun sem þó er í eigu íslenska ríkisins. Og ég hef orðið vitni að því í gegnum tíðina að ráðherrar hafa ekki komið fram þeirri stefnu sem þeir hafa viljað halda á lofti í samskiptum síns atvinnuvegar, sem þeim var trúað fyrir, við Seðlabankann. Mér þykir einsýnt að ríkisstj. þurfi mjög oft að leita eftir góðu veðri við þessa stofnun. Þess vegna er ég algerlega andvígur því að ríkisstj. fái þá heimild sem hér er beðið um. Ég óttast það mjög að niðurstaðan verði sú, að einhvern tíma á

tímabilinu gerist það að ríkisstj. þurfi á Seðlabankanum að halda og Seðlabankinn óski eftir því að þessi heimild verði afgreidd til hans til þess að geta tryggt það m. a. að nægilegt gull liggi fyrir til byggingaframkvæmdanna sem nú eru að rísa við Arnarhól.

Eitt er víst, að mér er ekki kunnugt um einn einasta bankastjóra ekki einn einasta bankastjóra í viðskiptabönkunum sem hefur mælt með því að þetta yrði gert. Mér er ekki kunnugt um einn einasta sparisjóðsstjóra sem hefur mælt með því. Ég vildi vekja athygli þd. á þessu og einnig með mínum ræðuflutningi nú auðvelda það við nafnakall um þessa grein að geta vísað til þess sem ég hafði sagt hér í umr. um málið.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hygg að það sé ekki ofmælt að hv. 5. þm. Vestf. hafi hér haldið eina af sínum merkari ræðum, þar sem hann skilgreindi það valdatafl sem á sér stað milli Seðlabanka og hæstv. ríkisstj. Greinilegt er að hann hefur lagt nokkra hugsun í það mál undanfarið og ég fagna afstöðu hans til þeirrar greinar sem hann fjallaði hér um áðan.

Það var einhvern tíma sagt að allir vegir lægju til Rómarborgar. Ég hygg að það megi heimfæra þetta máltæki upp á íslenskar aðstæður í dag og segja með nokkrum rétti að allir vegir liggi nú til Seðlabankans. Þangað á að streyma inn aukið fjármagn á sama tíma og sá banki hefur inni umsóknir um að lækka hlutfall afurðalána. Þetta skyldi maður þó halda að hefði verið óþarfi þar sem forráðamenn þeirrar stofnunar hafa lýst yfir í fjölmiðlum að þar verði nú til peningar í stórum stíl, inni í þessari sömu stofnun. Maður hefði því haldið að það væri óþarft að bæta þar á. En Seðlabankanum er þó nokkur vorkunn því að hann hefur fleiri ómaga á sínu framfæri en byggingu þá sem hann er að reisa. Hann er með hæstv. fjmrh. þjóðarinnar á framfæri sínu, sem safnar þar skuldum í gríð og erg, og til viðbótar við gabbróhöllina gæti ég trúað að eitthvað af þeim fjármunum sem þannig á að ná inn í Seðlabankann eigi að ganga til þess að fjármagna hallarekstur og skuldasöfnun ríkissjóðs hjá viðkomandi stofnun.

Herra forseti. Mál það sem hér er annars til umr. hefur manna á meðal þessa dagana gengið undir nafninu „bandormurinn". Reyndar var það orðhagur maður á fundi í Þingeyjarsýslum sem taldi sönnu nær að kalla þetta hringorm með tilvísan til þess gats sem þessum frumburði er hér ætlað að fylla upp í. Mér hefur þó dottið í hug að erfðafræðilega sé þetta barn skyldara lyngorminum sem fjallað er um í fornum sögum. Hann hafði þá náttúru að ef hann var lagður á gull þá óx hann og dafnaði og varð að feikilegri ófreskju á stuttum tíma. Þessi lyngormur er þó að því leyti ólíkur hinum sögufræga að hann er ekki jafnvandur að undirstöðu. Honum nægir það glópagull sem þessi ríkisstj. á nóg af til að dafna vel.

Það má einnig segja, herra forseti, að þessi bandormur sé einhvers konar dóttursonur raunhæfustu fjárlaga aldarinnar sem fjallað var um hér á hv. Alþingi fyrir jól. Hann er eins konar sonur raunhæfustu lánsfjáráætlunar aldarinnar sem hér var til umr. nokkru síðar. Það má segja að tímgunin á þessum krógum hæstv. ríkisstj. sé ör. Þessi bandormur er annars eitthvert alvarlegasta mál sem rekið hefur á fjörur hæstv. ríkisstj. nú á síðustu mánuðum, fyrir utan e. t. v. mangó-, jógó-, kókómálið sem enn er óuppgert. En kannske kemur botn í það þegar bandormurinn verður orðinn að lögum.

Ég ætla að víkja, herra forseti, að einum þremur greinum sérstaklega og bæta þar nokkru við sem aðrir hv. þm. úr minni hl. hafa hér um fjallað. Í fyrsta lagi vil ég fjalla um þá lækkun á niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum, sem hér er boðuð, upp á einar 180 millj. kr. Það er mín skoðun að þar sé ákaflega rangt að hlutunum farið. Hæstv. forsrh., sem hér er reyndar ekki lengur til að hlýða á okkur, lýsti því hér við hvaða vandamál væri að glíma í sambandi við útflutning á landbúnaðarafurðum. Þó er það alveg ljóst að þrátt fyrir þessa vitneskju sína er hæstv. forsrh. með þessum ráðstöfunum, sem hann hefur mælt fyrir, að vísa á aukinn útflutning á landbúnaðarafurðum, þó síðar verði, því að lækkaðar niðurgreiðslur munu óhjákvæmilega leiða til minni neyslu innanlands. Með þessu er sem sagt verið að færa fjármagn frá niðurgreiðslum, sem koma íslenskum neytendum til góða, yfir í útflutningsbætur þótt síðar verði. Með tilliti til stöðu landbúnaðarins um þessar mundir tel ég þetta ákaflega óskynsmlega ráðstöfun og skal láta lokið umfjöllun minni um það.

Annað atriði í þessu frv., till. sem snertir landbúnaðinn sérstaklega, er sú sérkennilega ráðstöfun sem hv. 3. þm. Reykv. fjallaði hér nokkuð ítarlega um, að færa 600 millj. kr. eða þar um bil yfir í ríkisssjóð úr kjarnfóðursjóði. Þetta er gert með því að skýra þetta gjald upp á nýtt, leggja það á sömu tollskrárnúmer og kjarnfóðurgjaldið hefur áður verið lagt á. Síðan koma loðnar yfirlýsingar um að kjarnfóðurgjaldið verði lækkað sem þessu svarar. Þessi sérkennilega lagakreppa virðist eingöngu framin í þeim tilgangi að losna við þau ákvæði í lögum og reglugerð sem gilda um kjarnfóðursjóð. Þar segir nefnilega skýrt og skorinort að fjármuni úr kjarnfóðursjóði megi þá og því aðeins nota til útflutningsbóta, að þær komi til viðbótar þeim 10% sem lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins gera ráð fyrir. Með því að taka þetta fjármagn og skíra það öðru nafni og láta það renna beint í ríkissjóð hliðrar ríkisstj. sér hjá þessu ákvæði og þar með er henni þetta fjármagn laust til ráðstöfunar á þennan hátt. Síðan hefur hæstv. landbrh., sem hér er ekki heldur til að hlusta á umr., um þetta mál látið það frá sér fara í fjölmiðlum, að hann hafi uppi í ríkisstj. tillögugerð um að taka mikla fjármuni úr þessum sama kjarnfóðursjóði til að greiða niður áburðarverð, eða allt að 80 millj. kr. til að lækka það um 23%. Þar með er nokkurn veginn upp urinn sá sjóður, sem bændur hafa myndað með því að greiða álögur á fóðurblöndur og hráefni í fóðurblöndur, til annarra verkefna en þeim sjóði var í upphafi ætlað að standa fyrir, sem var að draga úr hinni hefðbundnu landbúnaðarvöruframleiðslu. Það stefnir m. ö. o. í það að hæstv. ríkisstj. noti sjóðinn allan á þessu ári til annarra verkefna en hann var upphaflega settur á stofn fyrir. Og þegar þannig verður komið, að í honum verður ekkert fjármagn til að standa fyrir þeim verkefnum, þá leyfi ég mér að spyrja: Er það alveg víst að staðið verði við fyrirheitin um að fella niður kjarnfóðurgjald sem svarar þeim skatti sem hér er lagður á undir öðru nafni? Það væri ákaflega æskilegt að hæstv. ríkisstj. fengist til að svara því hér við þessa umr.

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur hér verið spurður spurninga sem hann hefur ekki enn svarað. Er það miður því að ég ætla að fjalla hér nokkuð um eina

gr. enn í þessu frv., þá er lýtur að lækkun námslána. Eins og þetta stendur í 2. gr. frv. virðist ætlun hæstv. ríkisstj. að skerða námslán á næsta hausti fram að áramótum um a. m. k. 35% miðað við það þó að einungis hefðu verið greidd 95% á þessu ári. Það er dálítið sérkennilegt að í sömu umr. og um þetta frv. er fjallað skuli hæstv. forsrh. koma hér í þennan virðulega ræðustól kokhraustur mjög og setja á fjálgar ræðu um það að nú eigi að virkja hugvit og menntun þjóðarinnar í æðri iðnaði, háþróuðum tækniiðnaði, lífefnaiðnaði og rafeindaiðnaði og öðru slíku. Ekki er ég að lasta þau ágætu fyrirtæki sem þegar eru til í landinu. En hverjar heldur t. d. hæstv. forsrh. að séu taldar af þeim sem til þekkja forsendur þess að við náum að sækja eitthvað fram í þessum efnum? Það eru allir sammála um það, sem til þekkja, að forsendur þess að lífefnaiðnaður t. d. verði sá vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi, sem hann sennilega getur orðið, séu rannsóknir, séu hámenntað fólk til að leiða þær rannsóknir og þróa þar framleiðsluaðferðir. Er þetta aðferð hæstv. ríkisstj. til þess að fá það fólk, þessi atlaga að Lánasjóði ísl. námsmanna og að menntakerfi þjóðarinnar almennt? Það er reyndar farið alla leið ofan í grunnskóla þessa dagana. Með hnúum og hnjám er þjarmað að menntakerfi þjóðarinnar á sama tíma og menn setja á fjálgar ræður norður á Akureyri eða hér í þessum virðulega ræðustól um það að nú skuli virkja hugvit og menntun þjóðarinnar.

Það er ekki mikið samræmi, herra forseti, að mínu mati í þessum ræðuhöldum. Og vísa svo til þess aðspurður að komin séu upp fyrirtæki í landinu, eitt á Ísafirði sem heitir víst Póllinn, annað er norður á Akureyri og heitir Áróra. Ég er ekki að lasta það ágæta fólk sem þar hefur drifið upp fyrirtæki og er að reyna að byrja í þessum efnum. En það dregur skammt og við förum í þveröfuga átt með þessum aðgerðum miðað við allar aðrar þjóðir, sem leggja um þessar mundir mikla áherslu á að mennta sitt fólk í þessum tæknigreinum, til þess að verða í framtíðinni samkeppnisfærar við aðra aðila í þessum efnum.

Sú aðför að Lánasjóði ísl. námsmanna sem hér er fyrirætluð er að mínu mati mjög alvarleg. Það er í fyrsta lagi um alvarlega stefnubreytingu að ræða, stefnubreytingu frá því að reyna að afla fjár til að standa við ákveðið hlutfall af framfærsluþörf námsmanna heima og erlendis á hverju ári. Nú á hins vegar að hafa þetta þannig, að það fjármagn sem ríkisstj. þóknast í það og það sinn að skaffa skuli duga námsmönnum. Það verður oftar að mínu mati, því miður, hart í ári hjá Íslendingum en nú og það eiga sennilega, því miður, eftir að sitja jafnkaldrifjaðar ríkisstjórnir og þessi oftar á Íslandi. Þá er það ekki vænleg leið að hafa þessa skipan á.

Það er óþolandi öryggisleysi fyrir það fólk sem þegar er komið í nám, á grundvelli ákveðinnar löggjafar um þá stofnun sem það ætlar að eiga sína framfærslu undir, að fá síðan allt í einu og óforvarandis yfir sig slíka lagabreytingu sem kippir grundvellinum undan framtíð þess. Ég sé fyrir mér hvernig ástandið verður í haust hjá mörgum fjölskyldum námsmanna á Norðurlöndum, fjölskyldufólki sem ekki á þess kost að koma hingað heim til að vinna fyrir sér í sumar og ekki fær, vegna atvinnuástandsins á Norðurlöndum, vinnu á Norðurlöndum. Engu að síður liggur það fyrir skv. upplýsingum Lánasjóðsins að þetta fólk muni ekki eiga kost á sumarlánum til sinnar framfærslu eins og verið hefur þó undanfarin ár. Þetta liggur fyrir, þannig að þegar íhaldsframsóknardúsan kemur í haust, hvort sem hún verður 59%, 62% eða hvað sem það nú verður, þá verður þetta fólk margt hvert búið að vera tekjulaust í 1½—2½ mánuð, vegna þess að Lánasjóður ísl. námsmanna hefur lýst því yfir að hann muni ekki veita þeim sumarlán sem ekki stunda reglubundið nám og skila inn einingum í sumar. Staðan er hins vegar þannig hjá því fólki sem hefur stutt sumarleyfi, og ekki gengur þá að mjög vel launuðum störfum hér heima, að því er einfaldlega ekki fært að koma hingað heim. Þess bíður því í flestum tilfellum ekkert annað en atvinnuleysisskráin erlendis.

Miðað við það ástand sem var hjá námsmönnum víða úti í löndum í haust, þegar dráttur varð á veitingu námslána sem nam nokkrum vikum, óttast ég að ástandið verði mjög alvarlegt í haust sem kemur. Ég sé það alveg fyrir mér að fjöldinn allur af námsfólki hlýtur að hugsa sig um tvisvar áður en hann heldur út fyrir landsteinana, áður en hann hleypir heimdraganum, ef hann má eiga von á því í framtíðinni að svona verði að málunum búið og á jafn gerræðislegan hátt verði vegið að samkomulagi námsmanna og ríkisvalds eins og hér á að gera.

Ég ætla að minna hér á það, herra forseti, einu sinni enn, sem ég hef oft gert í umfjöllun um Lánasjóð ísl. námsmanna, að það náðist ákveðið samkomulag milli fulltrúa námsmanna, allra námsmannahreyfinga í landinu, Sambands ísl. námsmanna erlendis, Sambands sérskólanema og Stúdentaráðs Háskóla Íslands, það náðist samkomulag milli þessara aðila og ríkisvaldsins um ákveðna tilhögun og ákveðna lagasetningu um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta samkomulag hefur fram á síðasta ár verið haldið. Það fólst í því að endurgreiðslureglur lánanna voru mikið hertar, umreikningur á tekjum var aukinn og fleira í þeim dúr gegn því að lánin yrðu hækkuð í áföngum upp í 100% umframfjárþarfar námsmanna. Þetta samkomulag hefur þessi ríkisstj, enn þá einu sinni með þessum ráðstöfunum rofið og mjög harkalega. Ef þetta er ekki stríðsyfirlýsing við námsmenn í landinu, þá veit ég ekki hvað er það. Reyndar er það mín skoðun að með þessum bandormi veifi hæstv. ríkisstj. enn þá einu sinni rauðri dulu framan í fjölmenna hópa í þjóðfélaginu, framan í bændur, framan í launamenn, framan í námsmenn, framan í sjómenn og framan í marga fleiri sem eftir að þessar ráðstafanir verða að lögum munu eiga um sárt að binda. En það er þó alveg morgunljóst eftir lestur þessa frv., eins og ónefndur ríkisstarfsmaður gæti orðað það, að þessi ríkisstj. er enn við sama heygarðshornið. Hún stendur enn við sama heygarðshornið og hún var að norpa við í maí s. l. eins og útigangstryppi í roki. Munurinn er bara sá, að nú hafa hæstv. ráðherrar tvístrast það mikið að þeir hafa ekki lengur skjól né yl hver af öðrum.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Vegna ummæla hæstv. forsrh. má ég til með að árétta mál mitt til að merking þess sé ljós. Þegar ég tala um óráðsíu og gjálífi, prjál og munað, þá átti ég fyrst og fremst við ríkissjóð og meðferð hans. Þarf ég að minna á fleira en flugstöð? Hitt er svo annað mál hvert fordæmi ríkisreksturinn er fyrir þegna landsins. Íslenskan er rík að máltækjum og nægir í þessu sambandi að nefna

tvö: „Eftir höfðinu dansa limirnir“ og „hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það.“

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ætli væri hægt að gera ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. héldi sig í þingsölunum meðan þetta mál er til meðferðar? Hann er frummælandi þessa máls og það hefur verið um það talað að reynt yrði að greiða fyrir umr. hér af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna og annarra, þannig að það er nauðsynlegt að fara fram á það að hæstv. forsrh. sé hér viðstaddur meðan þessi umr. fer fram. (**Forseti:** Ég hygg að hæstv. forsrh. sé ekki í húsinu nú, heldur hafi brugðið sér frá sérstakra erinda, en ég er ekki viss um hvenær hann kemur aftur hingað. En ef það er ákveðin ósk eða krafa hv. ræðumanns, þá skal ég gera ráðstafanir til þess að það verði haft samband við hæstv. ráðh.) Ég hef grun um að hæstv. forsrh. sé ekki langt undan hér á miðbæjarsvæðinu þannig að ef væri komið til hans boðum mundi hann komast á milli húsa á fáeinum mínútum. (**Gripið fram í:** Boð eru á leiðinni til hans.) Já, hann kemur þá væntanlega eftir nokkrar mínútur.

Hæstv. félmrh. steig hér í stól og svaraði þremur spurningum sem ég lagði fyrir hann. Ég spurði í fyrsta lagi hvort það væri stefna ríkisstj. fyrir fjárlagagerð árið 1985 að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, eins og gert er í þessu frv. Hæstv. félmrh. svaraði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: Svarið er að sjálfsögðu nei. — Það er alveg greinilegt að þegar fjárlagafrv. verður lagt hér fyrir í haust verður ekki till. um að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga takmarkist við fjárlagatöluna. Ég veit að hæstv. félmrh. kann vel að meta liðsinni okkar í Alþb. og ég mun minna hann á þetta þegar kemur til þings í haust og styðja hann í þessu efni svo sem fært verður.

Í öðru lagi spurði ég hæstv. félmrh. hvort það væri tryggt að Byggingarsjóður ríkisins fengi þær 190 millj. kr. sem frv. þetta gerir ráð fyrir að hann fái í erlendum lántökum. Hæstv. ráðh. svaraði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: Svarið er já. — Þannig er bersýnilegt að hæstv. félmrh. getur treyst því að þessir peningar fari í Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1985 alveg undanbragðalaust. Hann hefur þegar lýst því hér yfir.

Hæstv. ráðh. gat þess svo, að útlánaáætlun Byggingarsjóðs ríkisins fyrir árið 1984 væri ekki tilbúin enn þá. Það gefst væntanlega kostur á að ganga eftir henni þegar kemur að umr. um húsnæðismál, sem verður væntanlega áður en þinginu lýkur og ef stjórnarflokkunum tekst að koma sér saman um þann ágreining sem þar er uppi.

Hæstv. forsrh. vék hér að einum ellefu atriðum sem fram komu í framsöguræðu minni í dag og ég ætla að víkja að nokkrum þeirra.

Það er annars athyglisvert, herra forseti, að þegar fram fer umr. um þetta mikla mál skuli tala hér fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna á Alþingi nema Sjálfstfl. Sjálfstfl. er svo illa á sig kominn í sambandi við þetta frv. að enginn talsmaður hans hefur treyst sér upp í stól í umr. um þetta mál. Hv. þm. Friðrik Sophusson flutti ræðu á Seltjarnarnesi um þessi mál, sem ég kom að hluta til til skila í þingtíðindum við 1. umr. málsins. Síðan flutti hann tveggja mínútna svarræðu við lok þeirrar umr. En að öðru leyti hefur Sjálfstfl. ekki treyst sér til að senda fulltrúa í ræðustólinn í þessari umr. Mér finnst það lýsa því betur en allt annað að þeir forustumenn Sjálfstfl. sem eiga hér sæti í hv. Nd., bæði formaður Sjálfstfl. og varaformaður, hafa engan áhuga á því að verja þetta mál. Þeir telja þetta vont og vitlaust mál og vilja sem minnst af því vita. Það er í rauninni alveg kostulegt að staðan skuli vera sú, þegar tekið er tillit til þess að fjmrh. er í Sjálfstfl., að enginn þessara talsmanna Sjálfstfl. hefur treyst sér hér í ræðustólinn enn til þess, þó að hæstv. menntmrh. sé á mælendaskrá, en hún mun ætla að svara fsp. sem til hennar hefur verið beint, þannig að það er alveg greinilegt að innan Sjálfstfl. er bullandi ónáægja með þetta frv. eins og það liggur hér fyrir, sjóðandi óánægja.

Hæstv. forsrh. vék fyrst að gagnrýni stjórnarandstöðunnar á niðurskurð sjúkradagpeninga. Hann lýsti undrun sinni á bréfi forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og sagði að hann hefði fengið upplýsingar um það hjá Kristjáni Guðjónssyni deildarstjóra að 90—95% af þessari hækkun sjúkradagpeninga kæmu niður á atvinnurekendum. Hann bauðst jafnframt til að breyta frv., þannig að þetta kæmi alls ekki niður á ungu launafólki, húsmæðrum og námsfólki. Ég held að rétt sé að minna á í þessu sambandi að í þessu efni dugir ákvörðun ráðh. Ef hæstv. heilbr.- og trmrh. ákveður að þessi skerðing eigi ekki að ná til húsmæðra, námsmanna og ungra launamanna gildir sú ákvörðun hæstv. heilbr.- og trmrh., enda samþykkir fjmrh. fjárveitingu til þeirra útgjalda. Í rauninni þarf því ekki lagabreytingu til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem mér fannst að hæstv. forsrh. tæki hér undir. Það er á valdi heilbrmrh. og fjmrh. að tryggja að svo verði gert. Ég held að nauðsynlegt sé að hér komi fram að þetta verði framkvæmt á þann veg að hérna verði ekki vegið að hópunum sem eru með lökust kjör allra í landinu.

Hæstv. forsrh. vék nokkuð að mismunandi áætlunum í sambandi við niðurskurð tannlæknakostnaðar og hann kom með fimmtu töluna. Fyrsta talan var 15.9, næsta tala var 16.2, þriðja talan var 20, fjórða talan var 50 og nýjasta talan er 16. Ég held að þessi ágiskun forsrh. sé ekkert betri, heldur fjær lagi en allar hinar. Mér sýnist að hérna hafi hlutirnir ekki verið undirbúnir nægilega vel, en það er hins vegar alveg ljóst að hvað sem upphæðunum líður er hérna verið að vega að mikilvægum félagslegum réttindum, eins og við höfum hérna rakið í dag.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson greindi frá því að hann mundi verða á móti greininni um bindiskylduhækkunina. Og hæstv. forsrh. lýsti því yfir að þessi bindiskylduhækkun yrði framkvæmd í samráði við þingflokk Framsfl., það hefði verið samþykkt þar. Þá vil ég spyrja hv. 1. þm. Suðurl.: Hefur verið tekin um það ákvörðun í Sjálfstfl. að bindiskyldan verði því aðeins hækkuð að þingflokkur Sjálfstfl. samþykki það eða er staðan þannig að ríkisstj. og þingflokkur Framsfl. hafi þetta vald, en þingflokkur Sjálfstfl. hafi afsalað sér því? Það er nokkuð athyglisverð nýjung í yfirstjórn peningamála á Íslandi ef annar stjórnarflokkurinn ræður meiru en hinn.

Hæstv. forsrh. greindi frá því í ræðu sinni að gert væri ráð fyrir að lækka endurkaup Seðlabankans, sjálfvirk endurkaup á afurðalánum atvinnuveganna, og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að vekja athygli á því hvað menn eru hér að tala um. Áttar þingheimur sig á því að hér er verið að tala um að lækka bein afurðalán sjávarútvegsins og iðnaðarins og þar af leiðandi gera

þessar atvinnugreinar háðari mati einstakra bankastjóra viðskiptabankanna en þær eru núna? Það er verið að afhenda þessar frumvinnslugreinar í landinu geðþóttavaldi bankastjóra viðskiptabankanna í stórauknum mæli og það er verið að segja við bankastjóra viðskiptabankanna: Þið skuluð ákveða hvernig og hvort þessi fyrirtæki verða rekin eftir því hvernig staðan er hjá þeim þá og þá. — Yfirmenn viðskiptabankanna munu vafalaust nota sér þetta vald. Þannig er alveg yfirgengilegt, miðað við þá kröppu stöðu sem er hjá atvinnuvegunum í landinu og viðurkennt var af forsrh., að menn skuli á sama tíma vera að tala um að lækka afurðalán atvinnuveganna. Það er alveg dæmalaust og það er kostulegt að menn eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem þekkir til atvinnurekstrar í sínu bæjarfélagi eins og allir vita, skuli fallast á hugmyndir um að létta skyldum af Seðlabankanum um leið og Seðlabankinn á svo að fá stóraukið fé. Ég segi alveg eins og er: Ég held að hv. þm. Stefán Guðmundsson og aðrir væru menn að meiri ef þeir nú kæmu upp og fylgdu í fótspor Ólafs Þórðarsonar í þessu máli og höfnuðu hækkaðri bindiskyldu. (**Gripið fram í:** Hver veit nema þm. geri það?) Það er lengi von á einum. (**Gripið fram í:** Forsrh. svaraði þessu.) Hann svaraði engu, hv. þm. Það nam a. m. k. enginn í þessum sal nema kannske þú.

Staðan er auðvitað þannig, að hérna er verið að afhenda viðskiptabönkunum í landinu stóraukið vald yfir atvinnurekstrinum. Það er verið að segja sem svo: Bankastjóri viðskiptabanka ræður því hvort viðkomandi fyrirtæki er rekið eingöngu út frá hagnaðarsjónarmiðum, burtséð frá atvinnusjónarmiðum í viðkomandi byggðarlagi. Hvernig stendur á því að þeir menn sem hafa með atvinnurekstur að gera eða þekkja til atvinnurekstrar láta svona lagað yfir sig ganga?

Ég veit að Seðlabankinn hefur verið að nudda með þessa tillögu í mörg, mörg, mörg ár. Þessi till. var flutt aftur og aftur inn á mitt borð þegar ég var í viðskrn. og síðan inn í þá ríkisstj. sem ég sat í og gegndi þá öðru ráðuneyti. En þessum tillögum var hafnað vegna þess að menn treystu ekki því að hagnaðarsjónarmið forráðamanna viðskiptabankanna dygði í þessu efni, það yrði að taka miklu víðtækara tillit. En hérna á að afhenda Seðlabankanum þetta allt: 10% bindiskylda og lækkun á afurðalánunum frá honum á sama tíma. Ég segi: Aldrei nokkurn tíma hefur Seðlabankinn setið við annað eins veisluborð og hjá þessari ríkisstj., enda er ríkisstj. auðvitað undir hælnum á Seðlabankanum því að ríkið er rekið með seðlaprentun frá Jóhannesi Nordal í Seðlabankanum upp á hvern einasta dag, meira en nokkru sinni fyrr. Ríkisstj. er svo háð Seðlabankanum að hún þorir ekki annað en að samþykkja það sem þaðan kemur. Það er sama hvað það er vitlaust. Engri ríkisstj. hefur dottið í hug að samþykkja svona lagað fyrr en þessari ræfilsstjórn sem lifir á náð Seðlabankans upp á hvern einasta dag. Og það er kostulegt að menn skuli ekki taka við sér þegar það er ágreiningur í stjórnarflokkunum um málið og hv. þm. Þorsteinn Pálsson upplifir það í fjh.- og viðskn. Nd. að Eyjólfur Konráð Jónsson neitar að samþykkja þetta og mun greiða atkv. á móti því og það er víðtæk óánægja í flokkunum. Menn eru tilbúnir að kljúfa sína eigin flokka í þágu Seðlabankans. Hélt ég ekki að það væri á það bætandi innra ástandið í Sjálfstfl., eins og hv. þm. Friðrik Sophusson lýsti í frægri ræðu sem er kennd við Seltjarnarnes, merkri stjórnmálaræðu sem hér var haldin ekki alls fyrir löngu.

Ég er sannfærður um það, herra forseti, að stjórnarflokkarnir hafa ekki farið nákvæmlega yfir hvað þessi breyting á bankapólitík í landinu þýðir, menn vita það ekki. Það hefur reyndar spurst að ákveðnir embættismenn, sem annast nú prófarkalestur stundum, hafi verið hjálplegir með að lempa þessar tillögur inn í frv. á síðari stigum án þess að það hafi nokkurn tíma verið borið undir þingflokkana. Það er vissulega nýlunda ef menn sem eru í prófarkalestri stjórna því sem stendur í stjfrv. Hitt er þó enn þá meiri nýlunda, að stjórnarflokkarnir skuli telja sig bundna af því að samþykkja tillögur sem þannig verða til. Það er yfirgengilegur ræfildómur.

Hæstv. forsrh. rakti það í ræðu sinni að stjórnarandstöðuflokkar gagnrýndu ýmis atriði varðandi þetta frv., menn vildu ekki erlendar lántökur, menn vildu ekki niðurskurð á félagslegri þjónustu, og spurði: Hvað vilja menn þá? Það liggur alveg fyrir, a. m. k. að því er varðar Alþb. Við höfum verið hér með beinar tillögur um tekjuaukningu fyrir ríkissjóð. Við höfum rætt hér um að það sé óþarfi að lækka skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði þegar svona árar. Við höfum rætt hér um að óþarfi sé að lækka skatta á fyrirtækjunum almennt í landinu. Við teljum að það sé óþarfi að fella niður álag á ferðamannagjaldeyri þegar svona árar. Og við sjáum enga nauðsyn til að lækka skatta á bönkum um 30—50 millj. kr., eins og verið er að tala um uppi í Ed. í dag. Þessari ríkisstj. ferst ekki að barma sér í þessu efni. Hún er búin að létta sköttum af fyrirtækjum og bönkum upp á mörg hundruð millj. kr., sennilega um 1 milljarð kr. Þessar tekjur hefðu farið langleiðina með að leysa þann vanda sem hér er uppi. Þess vegna er það rangt hjá hæstv. forsrh. að við höfum ekki, að því er Alþb. varðar og mér hefur heyrst aðrir stjórnarandstöðuflokkar líka, bent á ýmsa möguleika til að mæta þeim vanda ríkissjóðs sem hér er uppi. Staðreyndin er hins vegar sú, að hæstv. forsrh. hefur ekki viljað hlusta á neitt af þessum tillögum að undanförnu.

Í ræðu sinni kom hæstv. forsrh. svo að því að 42% útlánaspennan í hagkerfinu, sem ég gat um í ræðu minni, sýndi ekki verðbólgu. Ég segi: þessi 42% aukning útlána á fyrri hluta ársins 1984 sýnir að það er undirliggjandi peningaspenna í hagkerfinu sem þessu nemur. Það er ekki búið að ná neinu jafnvægi í efnahagsmálum á Íslandi, það vantar mikið á það, enda hefur stjórnin ekkert gert til að ná jafnvægi annað en að keyra niður lífskjörin hjá hinum almenna launamanni í þessu landi. Það er jafnvægisleysi í öllu hagkerfinu. Það er viðskiptahalli á þessu ári þrátt fyrir kjaraskerðinguna. Það er halli á ríkissjóði. Það eru stóraukin útlán bankanna frá því sem verið hefur. Þannig eru alls staðar merki um gífurlega fjárhagsspennu í þjóðfélaginu. Þess vegna er augljóst að tilraun ríkisstj. til að ná niður verðbólgunni eingöngu með því að lækka kaupið dugir ekki. Til þess að ná niður verðbólgunni verða menn að taka á fleiri þáttum í efnahagslífinu.

Það kom ekkert svar frá hæstv. forsrh. í sambandi við niðurskurð í ráðuneytinu. Hann sagði að það væri búið að vinna þetta í forsrn., það væri þó lítið, en það yrði hins vegar ekkert skorið niður hjá Þjóðhagsstofnun. Það kemur nú engum á óvart þó að það verði lítið skorið niður þar. En hins vegar komu engar upplýsingar

um hvað væri skorið niður í öðrum ráðuneytum, fyrir utan niðurgreiðslurnar. Ég spyr hæstv. fjmrh., sem hefur verið hér í umr. í dag, hvað það er sem verður skorið niður í einstökum ráðuneytum, hvort sú niðurskurðarvinna er lengra komin á veg en að settar hafi verið á blað tölur sem eru auðvitað ekkert annað en hugmyndir og óskir eins og þær líta út fyrir okkur.

Hæstv. forsrh. ætlar að dveljast eitthvað í mannfagnaði þeim sem hann ku hafa gengið til. (**Gripið fram í:** Hann hlýtur að vera á leiðinni. Það er langt síðan ég sendi eftir honum.) Já, það er langt síðan ég byrjaði líka. (**Forseti:** Forseti vill taka það fram að hann hefur gert reka að því að forsrh. verði hér.) Ég heyri að hæstv. menntmrh. er orðin óþreyjufull að komast í ræðustólinn. Ég gæti hugsað mér að gera hlé á ræðu minni á meðan hæstv. menntmrh. talar. (**Forseti:** Það er allgóð tillaga og nú tekur til máls hæstv. menntmrh. Hæstv. menntmrh. tekur til máls. Þess er beðið að hæstv. forsrh. verði hér viðstaddur.) (**Menntmrh.:** Ég óskaði þess ekki að koma inn í miðja ræðu hv. þm.) (**Forseti:** Ég vil taka það fram að það er ekki komið inn í miðja ræðu, það eru mjög glögg skil þar á milli, en þar sem komið hefur fram ákveðin ósk um að hæstv. forsrh. verði hér viðstaddur og hans er beðið teldi ég tímanum vel varið ef hæstv. menntmrh. vildi þiggja að flytja ræðu sína.)

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir:) Herra forseti. Ég vildi ganga úr skugga um að ég gengi ekki svo á hlut hv. 3. þm. Reykv. að hann yrði að hætta ræðu sinni í miðju kafi til þess að ég kæmist að að svara spurningum hans hér fyrr í dag. En svo mun nú ekki vera, heldur hitt, að hann mun hafa óskað eftir því að taka sér nokkra málhvíld, enda er það að vonum, og þá notum við tímann til þess að hann geti fengið svör við þeim spurningum sem hann bar fram til mín.

Fyrst var spurt um það, og raunar spurðu fleiri hv. þm. um það atriði, hvort ríkisstj. hygðist láta það gerast að námslán yrðu skert svo á hausti komanda að lánsfjárhlutfall færi ofan í 60%. Því er til að svara að talan 60%, sem menn nefna í þessu sambandi, er engan veginn einhlít. Í þessu sambandi eru margir þættir í reikningsdæminu sem ekki verður um fullvíst fyrr en einhvern tíma með haustinu: t. d. fjöldi námsmanna, í öðru lagi verðbólgustigið sem miðað er við í þessum útreikningi, í þriðja lagi hve mikið munu gefa ýmsar sparnaðarráðstafanir sem ætlunin er að gera með breytingu á úthlutunarreglum lánasjóðsins innan ramma laganna, m. ö. o. í nokkru aðhaldi eins og raunar allar stofnanir, sem hafa með höndum fé frá hinu opinbera, verða að gera. Ég hygg að þeir sem stjórna þessari stóru peningastofnun geri sér ljóst, eins og aðrir, að það er ekki síst hagsmunamál einmitt þeirra sem eru ungir að koma efnahagsmálum landsins og ríkisfjármálum á réttan kjöl, ef við ætlum ekki að stefna stjórn þessa þjóðfélags í það horf að hér verði um langan aldur atgervisflótti. Um það var orðið töluvert í tíð hv. síðustu ríkisstj. þegar efnahagsmál voru að koma hér öllu á kaldan klaka. Þess vegna þurfti aðgerða við. Mesta hættan sem blasir við íslenskum námsmönnum í dag er að þeir missi trú á íslensku þjóðfélagi, að það sé nokkurt vit í að búa í þjóðfélagi sem er ekki almennilega stjórnað. Þeir verða að sjá árangur erfiðis síns, bæði á meðan þeir eru við nám og ekki síður þegar þeir hafa lokið námi.

Við skulum ekki halda að ungt fólk sé svo yfirborðslegt og einfalt að hægt sé að segja því að vandamálin leysist með því að leysa fjárþörf frá degi til dags. Auðvitað hefur hið unga fólk ekki síður áhyggjur af framtíð sinni og kannske meiri áhyggjur en margur þm. virðist hafa. Og þess vegna er það að hinn almenni námsmaður skilur hvað ríkisstj. er að gera með því að reyna að koma efnahagsmálum landsins á réttan kjöl, þótt svo að þeir sem stundum gefa yfirlýsingar í pólitískum tilgangi gefi þær meira til þess að beina þeim gegn stjórnvöldum landsins en raunverulega að menn geri sér ekki ljóst að í stærstu stofnunum sem ríkisfé er varið til er aðgerða þörf, alls staðar, ekki síður í Lánasjóði námsmanna en annars staðar. Það hefur gerst að með reglugerðarbreytingum hefur grundvelli útreiknings framfærsluþarfar námsmanna verið breytt vegna þess að laun hafa breyst í landinu. Þetta var ekki gert á síðasta ári á þann veg að á sama tíma og allir launþegar þurftu að taka á sig töluverðar skerðingar, miðað við að hafa fengið fullar verðlagsbætur á laun sín, það fengu þeir ekki, hélst full verðlagsbót inni í námslánum. Þetta er ljóst og ekki um deilt. Þess vegna verða tíðindi á borð við þau, sem við lásum um í blöðum núna nýlega, að ungt fólk sem ætlar að fara að sinna því starfi sem það hefur lært til hrekkur frá þegar það sér hver launin raunverulega eru. Ég dreg ekki dul á að mér þykja kennaralaun vera lág. Þegar ungur kennari ætlar að fara að sinna kennslustarfi kemst hann að raun um að þá hefur hann miklu lægri tekjur en hann hafði frá degi til dags þegar hann var í námi. Vissulega þarf hann að borga aftur þetta lán, en hann þurfti ekki að greiða skatta af framfærslueyri sínum þennan tíma, þ. e. þessu lánsfé. Hann þarf að greiða síðar af tekjum sínum, þannig að viðbrigðin verða ákaflega mikil. Við verðum að breyta til þannig að unnt sé að reka stofnun þessa þannig að hún gegni hlutverki sínu, þannig að hún jafni rétt manna til náms á þann veg að allir sem hæfileika hafa geti sinnt því þótt efnahagur sé þröngur, en ekki á þann veg að það þurfi að standa í stríði ár hvert út af þessum málum til að fá fjármagn til lána. Sjálft kerfið er þannig upp byggt að það eyðist af því vegna þess hvernig það hefur verið fjármagnað á undanförnum árum. Stór hluti af fjármagni lánasjóðsins hefur verið fenginn með lánum sem lánasjóðnum hefur verið gert að taka eða gert kleift að taka og það hleðst upp fjármagnskostnaður hjá lánasjóðnum, hann þarf að borga vexti, en hann fær hins vegar ekki greidda vexti af þeim lánum sem hann sjálfur lánar út. Það sjá allir að svona kerfi eyðist nema til komi sífellt styrkir frá hinu opinbera. Á meðan þessu er hagað svona, eins og verið hefur undanfarin ár, lengist ætíð í þau tímamörk sem menn hafa miðað við þegar menn dreymdi um að þetta yrði einhvern tíma kerfi sem færi að standa undir sér sjálft með afborgunum. Það lengist sífellt vegna þessa kostnaðar. Og sannleikurinn er sá, þrátt fyrir háværar yfirlýsingar á síðasta ári um skerðingar og slíkt, að aldrei munu málefni lánasjóðsins hafa staðið betur en þau gerðu þá. Menn tala hér gjarnan um að menn samþykki tilteknar fjárhæðir á fjárlögum, en svo sé bara alltaf útvegað það sem á vantar. Þetta er rétt eitt dæmið um að menn hér á hv. Alþingi eða þeir sem stjórnað hafa á undanförnum árum hafa ekki sjálfir tekið mark á fjárlögunum sem þeir voru að setja. Og

það segir sig líka sjálft, að þetta hlýtur að leiða til óþarfnaðar fyrir öll landsins börn og líka fyrir þetta unga námsfólk sem við viljum styðja með því að hafa almennileg og traust námslán.

Á síðasta ári, í júnímánuði, óskaði stjórn LÍN eftir 182 millj. kr. aukafjárveitingu. Það fengust einungis 135 millj. í ágústmánuði. Það gekk á ýmsu vegna þess að ekki fékkst hærri fjárhæð. Í nóvembermánuði komu um það yfirlýsingar frá ýmsum stjórnendum samtaka námsmanna, ekki þó alls staðar frá, að nú vantaði 40 millj. ef unnt ætti að vera að standa við úthlutun lána í desembermánuði. Í þessu sambandi voru gerðar ýmsar ráðstafanir af hálfu ríkjisstj. til þess að tryggja að ekki þyrfti til þess að koma, m. a. þær, að samið var við viðskiptabanka um að þeir tækju að sér víxillánin í desember, sem eru lánin til 1. árs nemanna, til þess að lánasjóðurinn gæti fremur greitt út þessi desemberlán. En svo einkennilega vildi til að það tókst að greiða út desemberlánin og þurfti alls ekki að grípa til þessa samkomulags við viðskiptabankana, sem hefði verið stórfé í þessu sambandi eða stærstur hluti af því sem talið var vanta. Þetta sýndi að af einhverjum ástæðum kom ekki til þess að vöntunin yrði raunverulega sú sem ætlað var. Staðreyndin varð önnur þegar á átti að herða vegna þess að forsendur breyttust og vegna aðhalds. Þess vegna er það að fyllsta ástæða er til að gera ráð fyrir að forsendur geti enn þá breyst og engin ástæða er til að ganga út frá því að skerða þurfi námslánahlutfallið með þeim hætti sem hér er um talað.

Ég er sjálf þeirrar skoðunar að það sé svigrúm innan laganna, innan úthlutunarreglna og með því e. t. v., ef á þarf að halda, að leita samninga við viðskiptabanka í sambandi við víxillánin. Það sér hver maður, þegar fé Lánasjóðs námsmanna er eins naumt skammtað og alls staðar þarf að vera og alls staðar er gert núna, að vitanlega er engin ástæða til þess að víxillán, sem sumpart eru greidd til baka hinn sama vetur, séu tekin af því knappa fjármagni, heldur að lánin komi þá fyrst til útborgunar þegar skylda hefur stofnast af sjóðsins hálfu, en samkv. lögunum er ekki skylda að veita víxillánin heldur heimilt. Mér er alveg kunnugt um að margir halda að þetta sé lagaskylda, en svo er ekki og það er skýrt fram tekið og það segir sig sjálft að þetta heimildarákvæði, eins og ýmis önnur heimildarákvæði í lögunum, verður einungis notað þegar fjármagn er til þess að nota það.

Þess vegna er það, að leitað mun verða leiða sem ég hef nefnt í þessu sambandi og geta leitt til mikils sparnaðar. Á það er líka að líta, svo ég dragi þetta saman, að ekki er komið í ljós hver námsmannafjölgunin verður. Námsmannafjölgunin varð svo mikil núna á vormisseri að ekki er sama ástæða til að ætla að hún verði jafnmikil í haust.

Verðbólguforsendan er í útreikningum Lánasjóðs hærri en ég veit að till. hæstv. fjmrh. reiknar með. Þetta hefur áhrif á niðurstöðuna, enda sáum við á síðasta ári að verðbólgan varð miklu lægri en ætlað hafði verið í áætlunum bæði lánasjóðs og annarra stofnana. Það er eitt af því sem getur greitt úr þessu máli.

Í þriðja lagi er inni í verðbólguforsendu útreiknings Lánasjóðs námsmanna sú staðreynd að gengisþróun er engan veginn sú sem hún hefur verið á síðustu árum. Gengið er nokkurn veginn fast og þeir sem þurfa að byggja á þeirri forsendu nota hér um bil helming alls fjármagnsins sem lánasjóðurinn fær, þ. e. lán sem fara út í erlendum gjaldeyri eru um það bil helmingur af öllu fjármagninu. Menn sjá að það atriði hefur verulega þýðingu í þessum útreikningi.

Þessi atriði vildi ég sérstaklega taka fram og þess vegna er engan veginn einhlítt að svara þeirri spurningu hv. þm. hvort ríkisstj. ætli að láta lánin skerðast með þessum hætti ofan í 60%, já eða nei. Þessu er ekki hægt að svara þannig vegna þess að svo margar forsendur fyrir útkomunni í þeim útreikningi eru enn þá óljósar og fyllstu líkur á að þær forsendur batni að mun. Ég bind því enn þá vonir við að til þessa, eða yfir höfuð skerðingar á lánsfjárhlutfallinu sjálfu, þurfi ekki að koma.

Hv. þm. vék einnig að því, hvernig hugsunin væri að spara í öðrum ráðuneytum. Ég vil taka fram að í þessu frv. eru tvö atriði sem snerta sparnað menntmrn. fyrir utan þetta og sem snerta þær 25 millj. sem getið er í grg. frv. Annars vegar er frestunin á skólaskyldunni og hins vegar er það ákvæði sem hv. fjhn. ber fram sem brtt. og ég hygg að sé nú þegar allt kemur til alls ekki ágreiningur um, að heitið geti, meðal þm. Sú breyting sem felst í því að hafa heimild til að kenna saman mjög fámennum árgöngum í efri bekkjum grunnskóla er til hagsbóta fyrir dreifbýlið. Það hefur lengi verið bent á það og fræðslustjórar t. d. hafa bent á það, að í því væri fólgin ein leið sem sameinaði hagræðingu og hagsbætur fyrir strjálbýlið vegna þess að hún dregur úr þeirri hættu að leggja þurfi niður bekkjadeildirnar, sem haldið er uppi fyrir þessa árganga í mjög fámennum skólum, og senda börnin í aðra skóla. Á síðari árum hefur það verið vaxandi krafa frá foreldrum og heimilum, bæði í borg og byggð, að börnum sé gert kleift að búa svo lengi sem unnt er heima hjá sér. Það er liðin sú tíð að menn þyrftu fyrst og fremst að byggja á heimavistum til þess að börn gætu verið í skóla. Nú eru allt aðrar aðstæður. Það er hagur bæði heimila og barna að þeim sé gert kleift að stunda nám í sínum eigin heimaskóla út grunnskólatímann. Þessi breyting stuðlar að því. Enn fremur er það talið uppeldisfræðilega og kennslufræðilega skynsamlegt, og í því efni hafa verið gerðar athyglisverðar tilraunir á síðustu árum, að steypa saman fleiri árgöngum þegar fjöldi nemendanna leyfir það. Þannig er þetta atriði sem ég hygg að ekki sé um deilt.

Hitt get ég viðurkennt, með skólaskylduna, að ég hafði því stefnt að því og hafði haft fullan hug á því að láta hana koma til framkvæmda. Ég viðurkenni að þegar svo stendur á í ríkisfjármálum sem nú er þá þurfa ráðh. að gera fleira en gott þykir og láta sig hafa það að fresta einhverjum af óskamálum sínum, en svo er um þetta atriði. Ég veit hins vegar að margir hv. þm. eru þeirrar skoðunar að það sé á allan veg æskilegt að fresta þessu ákvæði.

Ég vildi segja þetta til skýringar um þessi atriði.

Ég hygg, herra forseti, að það hafi ekki verið fleiri spurningum til mín beint og get þá ekki lokið máli mínu á öðru en að óska þess að þetta frv., þótt mönnum sýnist sitt hvað um það, geti orðið til þess að stuðla að því að koma lagi á ríkisbúskapinn.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti hefur gert mjög heiðarlega tilraun til þess að hafa samband við hæstv. forsrh., en það verður að viðurkennast að það hefur ekki tekist. (**Gripið fram í:** Forsrh. er kominn inn.)

Forsrh. gegnur í salinn. Þarf ekki annað en biðja góðra bæna hér í þessum forsetastól og þá verður allt að óskum.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hún gaf hér áðan. Ég skildi hana svo að hugsanlegt væri að halda sig jafnvel við það hlutfall umframfjárþarfar sem er um að ræða á fyrri hluta þessa árs eftir að gerðar hefðu verið breytingar á lánareglum Lánasjóðs ísl. námsmanna og eftir að tekið hefði verið tillit til breytinga á fjölda námsmanna og verðlagsbreytinga. Allavega skildi ég hæstv. ráðh. svo að hún geri ekki ráð fyrir því að lánshlutfall fari niður í 60%. Fyrr mætti nú kannske vera. En engu að síður er ástæða til að þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör vegna þess að þau hafa örlítið skýrt það mál sem hér er um að ræða.

Vafalaust verða hins vegar málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna hér á dagskrá síðar og ætla ég ekki að fara frekar út í þau hér að sinni. Hæstv. ráðh. gaf hins vegar ekki yfirlýsingu um það, eins og ég fór fram á við hana, að heimildin um sameiningu bekkjardeilda í 7., 8. og 9. bekk yrði því aðeins notuð að samþykki viðkomandi skólayfirvalda lægi fyrir. Í gr. eins og hún hljóðar í till. meiri hl. fjh.- og viðskn. er gert ráð fyrir því að sameining bekkjardeilda eigi að gerast að höfðu samráði við skólayfirvöld á viðkomandi stöðum. Á þessu er auðvitað grundvallarmunur, hvort um er að ræða samráð eða samþykki í þessu efni, og það var bersýnilegt að hæstv. ráðh. treysti sér ekki til að gefa það svar sem ég óskaði eftir. Það hlýtur að benda til þess að menntmrn. ætli sér að knýja þessa breytingu fram með góðu eða illu þegar hausta tekur og farið verður að undirbúa skólana fyrir árið 1984—1985.

Ég ætla ekki að eyða orðum að umr. hæstv. menntmrh. um það að námsmenn ættu að lifa á því hvað ríkisstj. væri góð í landinu. Ég er þeirrar skoðunar reyndar að ríkisstj. sé ákaflega hættuleg bæði fyrir námsmenn og aðra landsmenn. Ég held því að það sé útilokað fyrir hæstv. menntmrh. að ætla sér að smyrja á lág námslán með því að gefa yfirlýsingar um það hvað sú ríkisstj. sé góð sem hún sjálf situr í.

Það atriði sem ég vildi ræða við hæstv. forsrh. snertir sjúkradagpeninga. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir að það mætti gjarnan standa þannig að þessu að lækkun sjúkradagpeninga kæmi aðeins fram gagnvart atvinnurekendum en ekki ungu verkafólki, námsmönnum og húsmæðrum. Þá vil ég rifja það upp að hér fyrr í dag benti ég á að þessa grein má framkvæma þannig, ef heilbr.- og trmrh. ákveður það, að hún snertir ekki þessa þrjá hópa láglaunafólks einfaldlega með því að hæstv. heilbr.- og trmrh. gefi út reglugerð í þessu efni og hæstv. fjmrh. samþykki að veita fé til framkvæmdar á henni. Þess vegna er út af fyrir sig ekki nauðsynlegt að lögunum verði breytt til að hlífa þessum láglaunahópum, ef svona yfirlýsing frá ráðherrum eða ríkisstj. liggur fyrir. Ég vil beina því til hæstv. forsrh. að hann beiti sér fyrir því að þessum hópum, húsmæðrum, námsfólki og ungu verkafólki, verði hlíft við þessari skerðingu á sjúkradagpeningum og að hann lýsi því yfir hér áður en 2. eða 3. umr. lýkur að svo verði gert.

Hæstv. forsrh. fór hér nokkrum orðum um landbúnaðarmál og vék þar tali sínu aðeins að mér en einnig hv. 3. þm. Reykn. Ég vil aðeins rifja það upp sem ég sagði um landbúnaðarmál hér áðan. Það var einfaldlega þetta: Bændur hafa á undanförnum árum tekið á sig tekjuskerðingu, samdrátt í sinni framleiðslu, til þess að laga framleiðsluna að innanlandsmarkaðinum og draga úr útflutningsbótaþörf. Þegar það hefur verið gert, þá er komin í landinu ríkisstj. sem hefur skorið kaupmáttinn svo mikið niður að birgðavandinn í landbúnaðinum er jafnmikill eða meiri en hann var þegar bændur í landinu lögðu af stað við að skera niður sínar tekjur. Það er þetta sem ég var hér að segja. Það er þetta grundvallaratriði sem ríkisstj. virðist ekki hafa áttað sig á, að það er bein fylgni á milli launa almenns verkafólks í landinu annars vegar og hins vegar kjara bænda. Ríkisstj. Framsfl. hélt að það væri hægt að rústa kaupmáttinn í landinu án þess að það kæmi nokkurs staðar niður. Hvað er að gerast? Birgðir í landbúnaðinum hlaðast upp meiri en nokkru sinni fyrr, halli á ríkissjóði er meiri en nokkru sinni fyrr. Af hverju er þetta? M. a. vegna þess að ríkisstj. hefur skorið kaupgetu almennings niður. Það er auðvitað ekki hægt að skera kaupgetuna niður óðruvísi en það komi einhvers staðar við. Niðurskurður kaupgetunnar og árás á verkalýðshreyfinguna er núna að koma niður á bændastéttinni í landinu. Það er það sem Framsfl. verður að skilja, að það er ekki hægt að slíta þetta tvennt í sundur. En það skilur hann bersýnilega ekki og heldur ekki hæstv. forsrh.

Það kom ekkert fram, því miður í ræðu hæstv. forsrh. sem svar við spurningum mínum um 680 millj. kr. erlenda lántöku til Framkvæmdastofnunar ríkisins annað en almenn orð, sem í rauninni höfðu áður legið fyrir og ekki áttu við um þær sérstöku 150 millj. til nýsköpunar í atvinnulífinu, hvernig þær ætti að nota. Ég tel að í þessum efnum þyrfti eftirfarandi að liggja fyrir áður en málið fer út úr þinginu: Fara þessir peningar t. d. í gegnum Iðnlánasjóð? Eða er meiningin að þeir fari kannske í gegnum hendurnar á ríkisstj.? Eða er meiningin að þeir fari í gegnum Byggðasjóð? Hvar eiga þessir peningar að fara út í þjóðfélagið? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að ríkisstj. geri glögga grein fyrir því hvernig hún ætlar sér að láta fara með þessa fjármuni til þeirra verka sem hún hefur lýst yfir að þeirra eigi að njóta.

Ég ætla ekki að endurtaka það fyrir hæstv. forsrh., nýkominn manninn, sem ég sagði um bindiskylduna og afurðalánin. Ég held þó að vert sé að ítreka þær setningar að um árabil hafa legið á borðum ráðh. tillögur frá Seðlabankanum um að lækka afurðalán atvinnuveganna. Og jafnmargar ríkisstjórnir hafa í jafnmörg ár verið staðráðnar í að hafa þær tillögur Seðlabankans að engu. Þangað til þessi stjórn kemur. Hún er svo háð Seðlabankanum vegna sukks síns í ríkisfjármálum að hún þorir ekki annað en gera það sem Seðlabankinn heimtar af henni, m. a. það að skera niður afurðalánin til atvinnuveganna og afhenda atvinnufyrirtækin, m. a. í dreifbýlinu, geðþóttavaldi bankastjóra viðskiptabankanna í stórauknum mæli. Eg undrast það að þessi ríkisstj. skuli hugsa sér að framkvæma þessar tillögur sem alltaf hefur verið hent á dyr í ríkisstjórnum undanfarinna ára. Ég undrast það. Það sýnir kannske betur en allt annað hvað þessi ríkisstj. er háð markaðslögmálunum. Hún ætlar sér að láta markaðslögmálin ráða þarna í einu og öllu. Það er það sem verið er að gera. Og á sama tíma og þessum skyldum er

létt af Seðlabankanum á að auka bindinguna um 10% Hvers konar ráðslag er þetta eiginlega? Hvað segja þeir hv. þm. sem tengjast viðskiptabönkunum, hv. þm. Friðjón Þórðarson, Stefán Valgeirsson og fleiri og fleiri, sem hér sitja í þingsalnum? Ætla menn að láta rúlla þarna yfir sig eða ætla menn að rísa upp og neita að samþykkja þessa endileysu eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson munu gera? Það er algjörlega ástæðulaust fyrir þm. að láta bjóða sér svona vinnubrögð af hálfu Seðlabankans, að menn sitji hér eins og sjálfvirk vélmenni við færiband Seðlabankans að afgreiða hvað eina sem honum dettur í hug. Það hefur engin ríkisstj. eða þingmeirihluti fyrr látið bjóða sér önnur eins ósköp og þessa endileysu í peninga- og lánsfjármálum sem boðið er upp á í þessu frv.

Ég ætla ekki að eyða hér lengri tíma, herra forseti, enda hafði verið um það talað að við reyndum að tala stutt og gera í sem gleggstu máli grein fyrir okkar skoðunum. Ég vona að við þá samninga verði staðið sem þingflokkarnir hafa gert um meðferð mála og læt máli mínu lokið. Ég vænti þess að svör við þeim spurningum sem ég hef borið fram og óskir um gögn sem ég hef borið fram verði teknar til greina og þær komi fram annaðhvort hér við 2. eða 3. umr. ellegar þá við lokameðferð málsins í Ed. Auk þess hafði ég borið fram nokkrar fsp. til hæstv. fjmrh. sem mér þætti vænt um að hann svaraði hér. Síðan bar ég fram eina fsp. til hv. 1. þm. Suðurl. Hann er hlaupinn út, hann hefur verið á flótta í þessu máli öllu. Kannske hann sé farinn út á Seltjarnarnes eins og varaformaðurinn. Ég er ekkert að telja hér upp frekar. Það er bersýnilegt að hann vill ekki gangast við neinu, situr hér eins og handaruppréttingarvél á eftir fyrir ríkisstj. þegar málið verður tekið til meðferðar. Það er mikil reisn yfir því leiðtogahlutverki.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örstutt til að svara spurningu hv. þm. Ég ætla ekki að deila við hann um þessi mál. Ég sé ekki ástæðu til þess. Við getum gert það á öðrum vettvangi, þegar tími er betri, t. d. um fullyrðingar hans um að ríkisstj. hafi skert kjörin o. s. frv., náttúrlega hrein endileysa.

En út af þessu með 150 milljónirnar vil ég upplýsa að því verður öllu ráðstafað í gegnum sjóði að sjálfsögðu. Mér datt satt að segja ekki í hug að hv. þm. héldi að við hefðum einhvern þann hátt á sem hann kann að hafa haft í sínum ráðuneytum. Því verður ráðstafað í gegnum þá sjóði sem hafa með viðkomandi málefni að gera. Stofnlánadeildin hefur t. d. með fiskeldi að gera en gera þarf vissar breytingar á reglum Stofnlánadeildar áður en það kemur að fullum notum að úthluta fénu þar í gegn. Í Iðnlánasjóðnum fer að sjálfsögðu það fé sem fer til iðnaðar eins og reglur um hann gera ráð fyrir.

Ég vil því fullvissa hv. þm. um það, að ríkisstj. mun ekki sjálf úthluta þessu fé heldur setja reglur um það að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, eins og ég lýsti hér áðan.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með þessa umræðu málsins. Við nm. í fjh.- og viðskn. gengum eftir því að fá upplýsingar um mjög margar greinar þessa máls, t. d. 1. gr., þar sem lýst er heimild til sparnaðar, hvernig ætti að verja fé til nýsköpunar í atvinnumálum, hvernig ætti að veita 150 millj. í sambandi við skipasmíðaiðnað, um endurreisn skipasmíðastöðvanna. Um þetta hafa ekki komið neinar bitastæðar upplýsingar. Og manni er spurn hvað menn hafi verið að gera hér í allan vetur, að velta þessum ormi milli handanna, koma síðan hér og flagga tölum upp á hundruð milljóna, sem þeir eru að afla sér heimilda til að taka í erlendum lánum, og vita ekki neitt hvað þeir ætla að gera við það. Þetta minnir óneitanlega á síðustu umr. hér í þinginu um ábyrgar aðgerðir í efnahagsmálum sem voru, ef ég man rétt, lánsfjárlög. Þar var hampað fskj., lausum tölum upp á hundruð milljóna, og það er svona eina ferðina enn.

Það er augljóst að ríkisstj. hefur ekki neinar tillögur í atvinnumálum. Það er talað um einhverja óskilgreinda framtíðarsýn nýsköpunar og hátækniþróunar á sama tíma og verið er að skera niður menntakerfið í landinu. Og þessu eiga menn að trúa. Þetta er náttúrlega undirrótin að hinni frægu Seltjarnarnessyfirlýsingu varaformannsins þar sem lýst er gjaldþroti ríkisstj. Þetta er það sem aðstandendur hans kannske harma, að á því eina ári sem liðið er síðan Morgunblaðið birti fyrirsögnina um ágreiningsmálin, sem stjórnarmyndunarviðræðurnar fyrri slitnuðu út af, á þessu eina ári hefur nákvæmlega ekki neitt gerst í því að komast að einhverri niðurstöðu í kerfisbreytingum eða efnahagsmálum. Það þýðir lítið að koma hér í stól og flagga einhverjum viljayfirlýsingum. Við erum búin að heyra nóg af svona viljayfirlýsingum í vetur og heimildum til að spara og heimildum til að gera hitt og þetta.

Ég geri hér aðeins að umtalsefni hvað leyndist á bak við sakleysislegar greinar í þessu frv., t. d. í 12. gr., þar sem nokkrar skammstafanir og tölustafir og tilvísanir í lög þýða það að foreldrar barna, sem þurfa á tannréttingameðferð að halda, verða að greiða á tveggja ára tímabili, vegna minni hlutdeildar opinberra aðila, allt að 20 þús. kr. við eina tannréttingaaðgerð. Þetta jafngildir nokkurn veginn miðað við ráðstöfunarfé verkamanns einum mánaðarlaunum hvort árið, sem viðkomandi þarf að greiða bara í aukinn kostnað. Fyrir er 20 þús. kr. hlutdeild hans eins og nú er. Þetta þýðir aðrar tæpar 20 þús. kr. í viðbót. Svona sannleikur leynist á bak við þessar sakleysislegu greinar ýmsar. Maður veltir fyrir sér og það er kannske ástæða til að spyrja ríkisstj. hvort menn hafi gert sér grein fyrir þessum tölum þegar þeir sömdu þessar greinar. A. m. k. gekk okkur í n. mjög illa að fá þessar upplýsingar út úr hinni margfrægu meðaltalamaskínu sem stendur á bak við öll efnahagsmálin í þessu landi. Á endanum þurfti reyndar ekki nema eitt einfalt símtal til að hringja í sérfræðing í tannlækningum og spyrja hvað svona meðferð kostar.

Við erum að tala þarna um tæplega 20 þús. kr. hækkun, eða nánar tiltekið úr 17 500 kr. upp í 35 000 kr., til að rétta tanngarða í barni sem þarf þeirrar aðgerðar með af læknisfræðilegum ástæðum en ekki fegurðarlegum. Þetta er aðeins dæmi um það sjónarmið sem lýsir sér ágætlega þegar menn annaðhvort eru að tala um meðaltölin eða um heildarupphæðirnar. Ég man ekki nákvæmlega hvernig orð féllu hér áðan en hæstv. forsrh. var að tala um það sem sparaðist við þessar breytingar á tannréttingarreglum og sagði eitthvað á þá leið að það væri kannske ágætt að það breyttist ekki um nema 16 milljónir, áætlaður sparnað-

ur lækkaði úr 50 milljónum eins og sagt var í grg. niður í 16 millj. Það væru þá greinilega ekki eins miklir peningar sem úr þessu væru teknir. 16 milljónir segja okkur ekki neitt. En 20 þús. kr. fyrir þann sem í þessu lendir segir okkur eitthvað.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. bar fram eina spurningu til mín, varðandi 1. gr. í I. kafla, um skiptingu á 370 millj. til lækkunar ríkisútgjalda á milli ráðuneyta. Ég hef því miður ekki frekari skiptingu en kemur fram á bls. 9 í frv., í aths. við einstakar gr. frv., þar sem þessum 370 millj. er deilt niður á ráðuneytin. En að sjálfsögðu eru þetta tölur sem hafa verið mjög vel athugaðar af hverjum ráðherra, upphæðir sem hver og einn hefur treyst sér til að leggja út í að spara á sínu sviði. Ég vil nú meina að ekki sé bein ástæða til að sundurliða þetta frekar fyrr en vitað er hvort frv. nær fram að ganga. Þegar það hefur hlotið samþykkt verða þessar tölur endanlega unnar. Á þessu stigi get ég því ekki svarað þessu öðruvísi.

Það er ekki margt sem hefur komið fram í ræðum sem ég hef hlustað á í dag. Því miður var ég um tíma upptekinn í þingdeild vegna annarra mála. En eitt er það sem hefur ekki breyst frá því ég hlustaði síðast á hv. 3. þm. Reykv. og næst síðast og þar áður og þar áður, og svona gæti maður haldið áfram. Ræðan er alltaf sama platan. Það er áróðursplata gegn ríkisstj. Hún skal, hvernig sem hún stendur sterk, þá skal hún vera veik. Fólk skal trúa því að í ríkisstj. séu vondir menn sem vinni að því að knésetja verkalýðinn. Talsmaður verkalýðsins, sem sér bolann í ríkisstj., hann, horfðu vel, hann skal berja inn, eins og sagt var um frægan erlendan stjórnmálamann. Bara endurtaka nógu oft, þá endar það með því að fólkið fer að trúa því. (Gripið fram í.) En ég get hryggt hv. þm. með því að fullvissa hann um það, að það er ekki bilbugur til á ríkisstj. Og ég endurtek það sem ég hef sagt hér áður, að með öllum þeim áróðursbrögðum sem Alþb.-menn hafa lært víða um veröld tekst þeim ekki að koma fleyg í milli ráðherranna. Hvernig sem hann notar þá ræðu sem hann hefur vitnað hér í og haldin var rétt utan við borgarmörkin fyrir nokkrum dögum, það er allt annað mál. En Sjálfstfl. er jafneinhuga og samstæður og samstilltur og þegar hann kaus þessa menn í forustu. Það má hv. þm. vita. Það er enginn bilbugur á ríkisstj. né heldur Sjálfstfl. eða vandamálum milli flokkanna.

En annað skulum við líka vera ásáttir um: að Framsfl. og Sjálfstfl. í samstarfi í ríkisstj. verða aldrei einn og sami flokkur. Þeir hafa hvor um sig sínar hugsjónir, þeir eru frjálsir eins og hver einstaklingur innan flokksins og verða aldrei í þeim klafa sem Alþb. og þeirra hugsjónir setja á menn og hlekkja.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. fjmrh. að það er enginn bilbugur á vandamálunum milli stjórnarflokkanna eins og hann sagði hér áðan. En erindi mitt í ræðustól var nú ekki að elta ólar við þessa síðustu ræðu, sem við hlýddum af hálfu hæstv. fjmrh., sem hefur „demonstrerað" svo eftirminnilega hvernig menn fara að því að verða vinir litla mannsins með því að auka útgjöld við það að fara til læknis, við það að fá framkvæmda rannsókn, eða við það að fá notið tannlækninga. En hvað um það. Það er hans aðferð við að vera vinur litla mannsins.

Mitt erindi hingað núna var það, að ég bar fram fsp. varðandi 15. gr. þessa frv. um greiðslu á tannlækningum elli- og örorkulífeyrisþega, hér fyrr við umr. um þetta mál. Hæstv. forsrh. svaraði henni að hluta til og sagði að það væri ekki hugmyndin að skerða greiðslur til langlegusjúklinga ellegar til vangefinna. En eftir stendur að í gr. stendur að fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta a. m. k. hálfrar tekjutryggingar, skuli greiða 75%. Aðferðin hefur verið sú fram að þessu að ef menn hafa haft einhverja tekjutryggingu, hvort sem hún hefur náð þessum helmingi eða ekki, þá hafa menn notið þess að 75% væru greiddar. Ef þetta lagafrv. verður afgreitt með þeim hætti sem orðalagið er hér, þá er greinilega verið að skerða greiðslur til hluta þeirra sem njóta tekjutryggingar. Og það er ómögulegt, eftir þær upplýsingar sem við höfum hlustað hér á af hálfu ríkisstj. og hæstv. forsrh. um að það sé ekki hugmyndin, að láta þetta mál svona frá sér fara. Það er ekki nokkur lifandi vegur. Forsrh. segir að það sé hugmynd ríkisstj. að skerða þetta ekki. En ef þetta verður afgreitt með því orðalagi sem hér er erum við bundnir af því að það sé vilji Alþingis að einungis þeir sem njóta a. m. k. hálfrar tekjutryggingar fái 75%. Og þá er greinilega um skerðingu að ræða. Hér hlýtur að vera um handvamm í vinnubrögðum að ræða sem verður að leiðrétta. Ég geri afdráttarlausa kröfu til þess að þetta verði leiðrétt. Þingið getur ekki verið þekkt fyrir það að lýsa því yfir í öðru orðinu að það ætli sér enga skerðingu en afgreiða síðan lagafrv. sem er með skerðingu. Það þarf ekki meira en fella hér nokkur orð úr.

Þessu til viðbótar vil ég ítreka þá ósk, sem ég lagði fram hér fyrr, um að það misrétti verði leiðrétt sem viðgengst í þjóðfélaginu annars vegar milli þeirra sem njóta tekjutryggingar og hins vegar hinna, sem afla sér einhverra smáaura eða hafa greitt í lífeyrissjóð og eru þess vegna með tekjur sem eru jafnháar þeim sem njóta tekjutryggingar, að þeir njóti jafnréttis á við hina. Því þeir hafa nákvæmlega sama framfærslulífeyri. En þetta kemur aftur og aftur fyrir í lögum, sem eru hér til umfjöllunar, að mönnum er skipað í tvo bekki eftir því hvort þeir þiggja tekjutrygginguna eða hvort þeir fá hluta af sínum ellilífeyristekjum frá lífeyrissjóði vegna þess að þeir vinni smávegis. Ef þeir eru í seinni flokknum og vinna eitthvað smávegis eða hafa greitt í lífeyrissjóð og lagt það á sig, þá eru þeir settir á óæðri bekk og ríkið vill ekki taka þátt í kostnaðinum. Þetta hvort tveggja tel ég að við eigum að leiðrétta í þessari meðferð málsins.

Ég óska eftir því að fjh.- og viðskn. þessarar deildar, sem hefur haft þetta mál til umfjöllunar, setjist á rökstóla milli umræðna til að taka afstöðu til þessara atriða. Þetta er það sem ég vildi gera að umræðuefni, herra forseti, og ég ítreka ósk mína um það að n. verði kölluð saman til að fjalla um þetta í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það er nú komið fram á þann tíma þegar menn taka sér venjulega kvöldskatt og ég skal ekki ganga um of á hann. En vegna hjartnæmrar ræðu sem hæstv. menntmrh. flutti hér áðan um námslán og námsstyrki vil ég bæta við örlitlu.

Ég er alveg sammála hæstv. menntmrh. þjóðarinnar um það, að námsmenn hafa fullan skilning á því hvað ríkisstj. er að gera þessa dagana. Ég er alveg sannfærður um það. Hann er ofurlítið misjafn. Ég veit það að Vökudrengirnir uppi í Háskóla skilja þessar ráðstafanir ofurlítið öðruvísi en hinn almenni námsmaður, en hann er ekki í nokkrum vafa hinn almenni námsmaður sem hæstv. menntmrh. vitnaði hér í. Hann getur ekki misskilið það þegar kjör hans eru skert á einu bretti um ein 35%, eða svo getur a. m. k. farið. Það mun ekki misskiljast. Þetta gáfaða og glæsta fólk þjóðarinnar, sem er nú í námi vítt og breitt um heiminn og á að taka við hinum háþróaða iðnaði og hvers hugvit á að virkja af hæstv. forsrh., það hlýtur að skilja svona einfaldan hlut. Ég dreg það ekki í efa. Ég vil minna á það að spár Lánasjóðsins um aukningu, þ. e. hinn aukna fjölda lántaka sem verða mun á næsta ári, eru í mikilli óvissu nú vegna þess að almennt efnahagsástand í landinu mun auðvitað endurspeglast í lánsþörfinni á næsta hausti og það verður ekki fyrr að fullu komin fram sú mikla lífskjaraskerðing sem gengið hefur yfir þjóðina. Það er mín spá að hún verði ekki að fullu komin fram að þessu leyti fyrr en einmitt næsta haust, þegar ég óttast að stóraukinn hluti námsmanna muni þurfa á þessari aðstoð að halda og það sárlega. Þess vegna held ég að fagrar vonir hæstv. menntmrh. um að þetta kunni nú ekki að verða svo alvarlegt séu því miður ekki á rökum reistar, því miður ekki.

Ef menn vilja tryggja þetta, þá er einfaldasta ráðstöfunin sú að binda sig við ákveðið hlutfall af framfærslunni, eins og þetta hefur verið undanfarin ár. Ég verð að segja hér sem mína skoðun að ég hefði talið það skárra ef hæstv. ríkisstj. hefði komið hreint til dyranna og lækkað lánshlutfallið nú. Hún hefði bara gefið það út að hún treysti sér ekki til þess að útvega meira fjármagn en sem svaraði, já, segjum 80%. Ég hefði talið það heppilegri ráðstöfun og heiðarlegri að hún hefði gert það og gert hreint fyrir sínum dyrum, heldur en að fara svona að þessu, að skilja menn eftir í algerri óvissu um það hvernig kjörum þeirra verður háttað á næsta hausti. Það sem er kannske siðferðilega verst við þessa ráðstöfun er að gera þetta svona á miðju ári, vegna þess að þá bitnar þetta af fullum þunga á síðasta hluta ársins. Það er þegar að verða búið að lána allt það sem lánað verður á þessu vori. Þeir peningar eru þegar farnir út úr Lánasjóði ísl. námsmanna þannig að svigrúmið, sem hæstv. menntmrh. talar um til að breyta úthlutunarreglum, er auðvitað einungis fyrir hendi hjá þeim hluta sem fær lán næsta haust. Það verður engu um það breytt sem þegar er búið að gera í þessum efnum.

Ég vil að lokum, herra forseti, vegna þess að ég minnist einbeittrar afstöðu hæstv. forseta á sumri er leið, þegar líka var gerð aðför að Lánasjóði ísl. námsmanna, ég vildi gjarnan fá að heyra álit hæstv. forseta, ef hann gæti fengið aðstoðarmenn sína til að leysa sig af smástund, á þessum ráðstöfunum. Ég minnist með ánægju eindreginnar framgöngu hæstv. forseta í hliðstæðum málum á sumri er leið, þar sem hæstv. núv. forseti kom fram sem góður talsmaður þeirra sjónarmiða sem liggja að baki Lánasjóði ísl. námsmanna, þeirra sjónarmiða að tryggja öllum námsmönnum jafnrétti til náms. Einhvern veginn segir mér svo hugur um að það verði ekki með mikilli ánægju sem hæstv. forseti réttir upp höndina til að samþykkja þetta frv. sem hér um ræðir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21:10 atkv.
3. gr. samþ. með 24:1 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 23:4 atkv.
7. gr. samþ. með 23:10 atkv.
8.—10. gr. samþ. með 24:12 atkv.
11. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 24:12 atkv.
15. gr. samþ. með 24:7 atkv.
16. gr. samþ. með 22:12 atkv.

Brtt. 832,1 (ný gr., verður 17. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

17. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 27:1 atkv.
18.—19. gr. (verða 19.—20. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 832,2 samþ. með 33 shlj. atkv.

20. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
22.—24. gr. (verða 23.—25. gr.) samþ. með 23:7 atkv.
25. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGS, HÁ, HBl, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, NL, IG.

nei: GA, HG, JS, BjG, KP, KJóh, KH, ÓÞÞ, GHG, SJS, SvG, EK, GE, GJG.

SV greiddi ekki atkv.
5 þm. (GHelg, KSK, MB, GeirH, GSig) fjarstaddir.
Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þá auknu miðstýringu sem hér er verið að leggja til er hvergi að finna í stefnuskrá Framsfl. og mér er ekki kunnugt um að hún sé heldur til staðar í stefnuskrá Sjálfstfl. Að öðru leyti vísa ég til þeirrar ræðu sem ég flutti hér áðan og segi því nei.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Setning 25. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir stóraukinni peningaþenslu í þjóðfélaginu á því tímabili sem hér um ræðir. Ég tel að þau skilyrði sem gætu framkallað slíka þenslu séu ekki fyrir hendi og verði ekki á þessu og næsta ári nema síður sé. Auk þess tel ég að viðbótarbindiskylda, sem 25. gr. frv. gerir ráð fyrir, verði hún samþykkt og framkvæmd, muni hafa í för með sér gífurlega erfiðleika fyrir minni lánastofnanir, minni fyrirtæki og einstaklinga. Ég segi því nei.

26.—27. gr. (verða 27.—28. gr.) samþ. með 23:11 atkv.

Brtt. 832,3 (ný 28. gr., verður 29. gr.) samþ. með 21:1 atkv.

29. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 23:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Ábyrgð á láni fyrir Arnarflug, frv. 240. mál (þskj. 424, n. 823). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. Nd. sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum, notið aðstoðar fjmrn. og fengið forustumenn Arnarflugs hf. til að veita upplýsingar og svara spurningum nm. Að vel athugðu máli telur nefndin rétt að ráðh. fái þessa heimild, enda liggja fyrir upplýsingar hans og ráðuneytisstjóra fjmrn. um að ábyrgð yrði einungis veitt skv. reglum Ríkisábyrgðasjóðs sem kveður á um 70% veðmörk.

Nefndin mælir með samþykkt frv."

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég geri fyrirvara í þessu máli vegna forsögu þess. Það kom fram við könnun þessa máls í hv. fjh.- og viðskn. að sú upphæð sem hér er farið fram á ábyrgð fyrir á sér ákveðnar rætur í fortíðinni og það má leiða að því nokkuð gild rök að þennan hala hafi fyrirtækið dregið á eftir sér vegna viðskipta við fyrirtækið Iscargo og svokallaðs Iscargo-pakka sem Arnarflug keypti á sínum tíma. Mér virðast þau viðskipti hafa verið afar óhagkvæm og óeðlileg fyrir Arnarflug. Það lítur þannig út, að ef haft er í huga kaupverð fyrirtækisins Arnarflugs á svokallaðri Electra-vél, sem var hluti af Iscargopakkanum á sínum tíma, er þessi ábyrgð, 1.5 millj. dollara, nokkurn veginn það sem fyrirtækið hreinlega tapaði á þeim flugvélakaupum. Ég mun ekki fara lengra út í þessa forsögu, en ég gat ekki, samvisku minnar vegna, veitt þessu máli lið án þess að gera þennan fyrirvara. Ég tel að á þessum tíma hafi verið gerð mjög alvarleg mistök í sambandi við þessi mál og það hafi verið hlutast til um þau á rangan hátt. Fyrirvari minn er af þeim orsökum sprottinn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og kom fram í máli seinasta ræðumanns, hv. þm. Guðmundar Einarssonar, er sú ríkisábyrgð, sem hér er farið fram á, álíka há og það tap sem Arnarflug hefur greinilega orðið fyrir af kaupum á Electraflugvél o. s. frv. sem var metin á 2.2 millj. dollara þegar hún var keypt, en síðan er hún seld á 1.6 millj. dollara eftir að það hafði farið fram á henni viðgerð upp á 0.4 millj. dollara og hún verið rekin með halla sem nam a. m. k. ½ millj. dollara þá 17 mánuði sem félagið átti hana.

Aðdragandi þessa máls er með þeim hætti að segja má að Arnarflug hafi hálfnauðugt gengið til þessara kaupa vegna þrýstings frá ríkisstj. og fleirum og tæplega hægt að kenna þeim Arnarflugsmönnum um hversu hörmulegt þetta var að öllu leyti. Af þessum sökum m. a. tel ég að ekki sé hægt að skilja þá eftir í súpunni, ef svo má að orði komast, þar sem sökudólganna er annars staðar að leita. Og með þeim fyrirvara sem fram kemur í nál. um að eigum ríkisins og þar með skattborgaranna verði ekki hætt og jafnframt þeim fyrirvara að svona ævintýramennsku stofni ráðamenn þjóðarinnar aldrei til framar, þá segi ég reyndar já.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. í þessu máli með fyrirvara eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson og hv. þm. Kjartan Jóhannsson. Ég tek undir þann fyrirvara, sem fram kom í málflutningi þeirra, að öðru leyti en því að ég mótmæli því að kaup á vélinni frá Iscargo hafi verið gerð undir þrýstingi frá ríkisstj. Hins vegar er það út af fyrir sig rétt að skv. lögum um Stjórnarráð Íslands er samgrh. t. d. „ríkisstjórnin" í samgöngumálum og það er hugsanlegt að einhverjir einstakir ráðherrar hafi beitt þrýstingi í þessu efni, en ríkisstj. sem heild gerði það ekki.

Ég skírskota til þess fyrirvara, sem hv. þm. gerðu hér grein fyrir, að öðru leyti.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mjög. Heldur þóttu mér síðustu orð síðasta ræðumanns hitta fyrir neðan beltisstað. Hv. þm. er vel kunugt um að það var enginn þrýstingur af hálfu samgrh. né ríkisstj. í sambandi við kaup Arnarflugs á Iscargo. Ég vil láta það koma hér greinilega fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. 276. mál (þskj. 659, n. 811 og 816, 813, 817). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. um mál nr. 276.

N. hefur rætt málið á fundum sínum. N. bárust erindi frá skrifstofustjórum í stjórnarráðinu, Dómarafélagi Reykjavíkur, saksóknara og vararíkissaksóknara, Benedikt Blöndal hrl. og launadeildar fjmrn. N. bendir á að röð embættisheita í upptalningu er ekki leiðbeinandi um launakjör.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 659. með breyt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Brtt. hljóða þannig:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. tölul. 2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

1. Ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanefndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi."

2. gr. verður í samræmi við þetta. (**Gripið fram í:** Er

ekki betra að telja upp þá sem eru eftir?) Það er meira verk að telja þá sem eftir eru.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. í 276. máli eins og það birtist á þskj. 816. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Minni hl. n. telur að þær upplýsingar, sem fram hafa komið varðandi 1. og 2. gr. frv., sýni nauðsyn þess að móta skýrar vinnureglur til að velja þá embættismenn sem kjaradómur ákveður laun.

Minni hl. leggur því til að 1. og 2. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða I verði felld niður, en telur að ríkisstj. eigi að beita sér fyrir því að mótuð verði vinnuregla í þessu efni.

Minni hl. leggur til að 3., 4. og 5. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða II verði samþykkt. Þessi lagabreyting er gerð til að fullnægja samkomulagi fjmrh. og launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM.

Minni hl. flytur brtt. á sérstöku þskj.

Kristín Halldórsdóttir, þm. Kvennalista, var viðstödd fundi n. um þetta mál og er þessu áliti samþykk.

Alþingi, 10. maí 1984.

Guðmundur Einarsson, Kjartan Jóhannsson, Svavar Gestsson."

Brtt. eru á þskj. 817 og þær hljóða í stuttu máli þannig, að það er lagt til að 1. og 2. gr. og ákvæði til bráðabirgða I falli niður.

Þessar greinar og bráðabirgðaákvæðið eiga við þessi kjaradómsmál. Við teljum að umræður í n. og þær umsóknir sem n. bárust sýni greinilega að þörf sé á að móta þarna ákveðnar skýrar reglur vegna þess að þessi klúbbur, sem talinn er upp í frv., er ekki samkv. einsleitum reglum að okkar mati. Við teljum að það verði fyrst að móta reglurnar og þá gerist það af sjálfu sér að embættismennirnir ákvarðist.

Seinni hluti frv., þ. e. 3., 4. og 5. gr. er af allt öðrum toga. Þar er verið að uppfylla samkomulag sem launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM og fjmrh. gerðu í sumar og við leggjum til að það verði samþykkt.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Af einhverjum ástæðum er töluverð ásókn embættismanna ríkisins í þann hóp sem fær kjör sín úrskurðuð samkv. kjaradómi og þessa dagana er sótt fast að alþm. að stækka þann klúbb án þess að nokkur haldbær rök séu færð fyrir því máli. Ekki hafa heldur fengist skýringar á því hvers vegna hastar svo að afgreiða þetta mál að það var keyrt í gegnum Ed. með þó nokkru offorsi. Í ákvæði til bráðabirgða II stendur að núgildandi kjarasamningar skuli gilda til 28. febr. 1985. Er þá ekki nægur tími til að kanna þetta betur og reyna að finna einhverja viðmiðunarreglu sem flestir geta sætt sig við? Eins og þetta frv. kom frá Ed. var það öldungis fráleitt og um það virtust flestir sammála í fjh.- og viðskn. Nd., en það vildi svo til að ég sat fundi þar sem áheyrnarfulltrúi í fjarveru Guðrúnar Agnarsdóttur þegar fjallað var um málið. Nm. Ed. höfðu bætt við nokkrum starfsheitum og það var sem við manninn mælt að umsóknir tóku að streyma inn um aðild að þessum heldrimannaklúbbi. Skrifstofustjórar rn. eru meðal þeirra sem sækja fast um inngöngu í þennan klúbb, m. a. á þeirri forsendu að þeir séu staðgenglar ráðuneytisstjóra. Hvað þá með alla aðra staðgengla þeirra sem á skránni eru? Það er bersýnilegt að á slíku verður ekkert lát. Þegar litið er á lista klúbbmeðlima vakna þegar spurningar. Hér eru flugmálastjóri og vegamálastjóri, en hvers vegna ekki vita- og hafnamálastjóri? Hér er rektor Háskóla Íslands. Hvers vegna ekki rektor Kennaraháskóla Íslands? Og þá er stutt í alla hina æðri skólana. Hvers vegna er ekki útvarpsstjóri og þjóðleikhússtjóri í þessum klúbbi? Eru þeir eitthvað ófínni en verðlagsstjóri? Hvað ræður eiginlega vali klúbbfélaga? Hver eru inntökuskilyrðin og hvar eru mörkin? Við því hafa ekki fengist svör, enda er viðmiðunarreglan engin. Þessi lög stæðu ekki lengi ef þau yrðu samþykkt svona. Þess vegna er þetta ónýtt frv.

Samkv. breyt. á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá 8. maí 1981 eru þeir sem taka laun samkvæmt kjaradómi ráðherrar, hæstaréttardómarar, ríkissaksóknari, biskup Íslands og ráðuneytisstjórar. Ég tel sem sagt enga ástæðu til að fjölga í þessum klúbbi. Það hafa ekki komið nein rök fram fyrir því. Ef ætti að halda slíkan klúbb verða inntökureglur að vera skýrar og afdráttarlausar, annars verður ekkert lát á aðsókninni og veikgeðja alþm. láta auðveldlega undan slíku eins og dæmin sanna. Kannske létu þeir staðar numið þegar kæmi að fulltrúunum í rn. Það er þó aldrei að vita. En örugglega kæmust þó vélritarar ekki í klúbbinn. Þá væri hann ekki fínn lengur. Þetta mál tel ég að þurfi að skoða miklu nánar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Því var haldið fram þegar þm. voru settir undir kjaradóm að nú væri búið að ganga þannig frá málum að þeir fengju ekki meira aðkast fyrir það hvaða laun þeir hefðu. Mér sýnist hæstv. fjh.- og viðskn. hafa gengið jafntryggilega frá því og hægt er að það aðkast verði aftur upp tekið því þannig er að málum staðið að það virðist vera samdóma álit n. að það séu forréttindi að heyra undir kjaradóm, og má það furðulegt heita í ljósi þess að allir ríkisstarfsmenn féllu einu sinni undir kjaradóm, en börðust þá fyrir því að fá verkfallsrétt til að sleppa undan kjaradómi og höfðu sigur. Hef ég aldrei heyrt öllu vitlausari málflutning en hér hefur verið hafður í frammi þegar menn hafa haldið því fram að það séu forréttindi að falla undir kjaradóm. Ég er hlynntur því að hver einasti ríkisstarfsmaður, hvaða starfi sem hann gegnir, eigi þess kost að störf hans séu metin af kjaradómi og ég skil ekki hvaðan mönnum kemur það að standa gegn slíku. Er það ekki réttlátt ef menn óska eftir því? Ætla menn virkilega að fara að halda því fram að kjaradómur sé eitthvert forréttindafyrirbrigði? Ég vænti þess að menn geri sér grein fyrir því að allir ríkisstarfsmenn heyrðu undir kjaradóm. — Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.

Brtt. 817,1 felld með 22:10 atkv.
Brtt. 813,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21:10 atkv.
Brtt. 817,2 tekin aftur.
Brtt. 813,2 (ný 2. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 817,3 tekin aftur.
3.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I samþ. með 22:11 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða II samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 24. mál (þskj. 24, n. 826). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti fjh.- og viðskn. sem tók til athugunar 24. mál þingsins á þskj. 24 sem er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum. Þetta frv. er staðfesting á brbl. sem gefin voru út í fyrrasumar.

N. hefur rætt þetta frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt. Undir þetta nál. skrifa allir nm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Neðri deild, 87. fundur.

Föstudaginn 11. maí, að loknum 86. fundi.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. 340. mál (þskj. 864 (sbr. 736), 863). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í 25. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að heimila Seðlabankanum að auka svokallaða sveigjanlega bindiskyldu um 10%. Umr. um þetta mál fóru fram hér fyrr í dag og við nafnakall um greinina við 2. umr. kom í ljós að hún á mikilli andstöðu að mæta í báðum stjórnarflokkunum og má heita að þeir séu þverklofnir í þessu máli. Er ekki einleikið hvað menn leggja á sig mikil erfiðisverk fyrir Seðlabankann, að kljúfa jafnvel eigin flokka í herðar niður. Nú er það hins vegar svo að annar stjórnarflokkurinn, Framsfl., hefur ákveðið að leyfa ekki sínum ráðherrum að samþykkja þessa hækkun bindiskyldu öðruvísi en að þingflokkurinn leggi blessun sína yfir það. Þar með stendur málið með þeim hætti að aukning sveigjanlegrar bindiskyldu væri í höndum ríkisstj. og þingflokks Framsfl. Er það mikil nýlunda ef mál eru með þessum hætti aðeins í höndum annars stjórnarflokks af tveimur.

Ég lagði þá spurningu fyrir hv. 1. þm. Suðurl. fyrr í dag hvort Sjálfstfl. ætlaði að leyfa sínum ráðherra að ástunda þessa sérkennilegu sveigjanlegu bindiskyldu án þess að þingflokkurinn kæmi þar nálægt. Hv. 1. þm. Suðurl. sá ekki ástæðu til að svara þeirri spurningu í dag. Ég spyr þá hv. 9. landsk. þm., Ólaf G. Einarsson, formann þingflokks Sjálfstfl., hvort bindiskyldan verði ekki aukin og ekki að því staðið af hálfu ráðh. Sjálfstfl. nema því aðeins að þingflokkur Sjálfstfl. samþykki það. Hefur Sjálfstfl. ákveðið að beita sömu reglu og Framsfl. eða er ætlun Sjálfstfl. að afhenda ríkisstj. og Framsfl. einhliða þetta sveigjanlega vald til bindiskyldu?

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Erindi mitt er að mæla fyrir brtt. við þetta frv. Hún er á þá leið að 15. gr. frv. orðist svo:

„5. tölul. 44. gr. laga nr. 67/1971 orðist svo:

Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%."

Breytingin er sem sagt sú að niður falla úr 15. gr. frv. orðin „a. m. k. hálfar" og er þetta gert samkv. ábendingu sem fram kom hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Meiri hl. n. skaut á fundi og féllst á þessa leiðréttingu. Till. er of seint fram komin og skrifleg og þarfnast að sjálfsögðu atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 863) samþ. með 31 shlj. atkv.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Vegna fsp. hv. þm. Svavars Gestssonar vil ég segja að ákvæðum 25. gr. verður ekki beitt nema með samþykki ríkisstj. og að höfðu samráði við þingflokk sjálfstæðismanna.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með þá leiðréttingu sem kemur fram í þeirri brtt. sem er á þskj. 863 og hv. þm. Páll Pétursson mælti fyrir áðan fyrir hönd fjh.- og viðskn. Ég tel að þetta sé til réttrar áttar, en ég minni aftur á að það er óleyst mál af hálfu þingsins að gera jafnvel við allt gamalt fólk sem er við sömu tekjur. Að öðru leyti er ánægjulegt að þetta skuli þó hafa hafst fram.

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þá liggur fyrir að hinni sveigjanlegu bindiskyldu verður ekki beitt nema í samráði við þingflokk Sjálfstfl. Þá væri auðvitað eðlilegra að orða greinina í samræmi við það og segja: Á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. sept. 1985 er Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. og þingflokks Framsfl. að höfðu samráði við þingflokk Sjálfstfl. að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979. (**Gripið fram í:** Þetta er góð hugmynd.) Það er hugsanlegt að hv. þm. flytji þá brtt. síðar í umr.

Ég held að þetta sýni ákaflega vel hvað stjórnarflokkarnir eru í miklum vandræðum með þetta mál. Þeir eru í hálfgerðum keng og hálfgerðri beyglu með þetta mál og vita ekki hvernig þeir eiga að snúa sér út úr því. Flokkarnir eru á móti þessu. Ég fullyrði að þeir eru það að meiri hluta til báðir tveir. En eftir að þetta hafði komist inn í próförk og hafði verið lagt þannig fyrir í þinginu, án þess að þingflokkarnir hefðu verið spurðir, kunna menn ekki við annað en að druslast með að

fengnu samþykki þingflokks Framsfl. og að höfðu samráði við þingflokk Sjálfstfl. Ég er sannfærður um að þeir sem ástunda prófarkalestur á þingskjölum hafa aldrei fengið eins virðulega meðferð og liggur fyrir eftir samþykkt þessara tveggja þingflokka.

ATKVGR.

Brtt. 863 (ný 15. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 21:10 atkv. og afgr. til Ed.

Ábyrgð á láni fyrir Arnarflug, frv. 240. mál (þskj. 424). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 866).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. 276. mál (þskj. 865). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Tollskrá o. fl., 24. mál (þskj. 24). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 867).

Efri deild, 97. fundur.

Mánudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson félagsmálafulltrúi, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Tómas Árnason,
4. þm. Austurl."

Jón Kristjánsson hefur áður átt sæti á Alþingi sem varamaður og því hefur kjörbréf hans verið rannsakað áður. Hann er hér með boðinn velkominn til starfa.

Ábúðarlög, frv. 220. mál (þskj. 389). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Jarðalög, frv. 221. mál (þskj. 858 (sbr. 390)). — 3. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls fór ég þess á leit fyrir hönd landbn. Ed. að frestað væri að taka til atkvgr. 3. till. n. á þskj. 825. Við nánari athugun hefur landbn. orðið sammála um að draga 3. brtt. sína á þskj. 825 til baka, en í till. er lagt til að orðalagi 13. gr. frv. verði breytt. Eins og fram kom er ég mælti fyrir brtt. n. var þessi brtt. flutt í tilefni af því að ekki tókst að leggja fyrir þetta Alþingi sérstakt frv. um fóðurverksmiðjur ríkisins, sem m. a. leysti af hólmi 55.—60. gr. laga nr. 45 frá 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Í þessum greinum eru Landnámi ríkisins og landnámsstjóra ætluð viss verkefni við rekstur þeirra þriggja grasкögglaverksmiðja sem lagaákvæðin taka til.

Með því frv. sem hér er til umfjöllunar og fjalla um breytingar á jarðalögum er Landnám ríkisins, landnámsstjórn og embætti landnámsstjóra lagt niður, sbr. e-lið 14. gr. frv., og verða því aðrir aðilar að taka við verkefnum þeirra. Að athuguðu máli varð það niðurstaða að orðalag 13. gr. frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 390, leiddi til sömu niðurstöðu og það orðalag sem nefndin lagði til með 3. brtt. sinni á þskj. 825.

Mér finnst vert, virðulegi forseti, að taka það fram að þessi lokaafgreiðsla n. fór fram óformlega, þ. e. mér var af nefndarinnar hálfu veitt heimild til að fá niðurstöðu í þetta mál með tilliti til þess sem fram kom á fundi landbn. Ed. Alþingis og með því að sú niðurstaða hefur fengist tel ég að hér sé mætt óskum nm., en að auki hef ég haft samband við allflesta nm., þó ekki alla, núna um helgina, en þetta er í samræmi við þá umfjöllun sem fram fór í landbn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 799). — 1. umr.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um ríkismat sjávarafurða. Frv. þetta var lagt fyrir Nd. Alþingis og mælti ég fyrir því þar 23. nóv. s. l.

Eins og skýrt kemur fram í grg. með frv. á það sér langan aðdraganda og var byrjað að vinna að því 1979 með skipan nefndar til að endurskoða mál þessi. Hefur verið unnið að þeim samfleytt nokkurn veginn síðan og má segja að frv. þetta sé árangur þess starfs. Það var fullsamið á s. l. vetri og kaus ég að flytja það hér eins og það lá þá fyrir frá þeirri nefnd sem það hafði unnið, en á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar í Nd. Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi máls að fara ítarlega yfir öll þau atriði sem mál þetta fjallar um, en grg. fjallar allítarlega um það. Ég vil hins vegar reyna að drepa á helstu nýjungar sem felast í frv.

Fiskmatsráði, sem að miklu leyti stóð að samningu frv., þótti eðlilegt að nafn þeirrar stofnunar sem færi með stjórn fiskmatsmála í landinu bæri þess augljós merki að hér væri um að ræða eftirlit og mat hins opinbera með sjávarafurðum þar sem nokkrir útflutningsaðilar sjávarafurða hafa um lengri eða skemmri tíma komið sér upp sérstöku framleiðslueftirliti með framleiðslu sinna umbjóðenda. Af þessum ástæðum varð nafnið Ríkismat sjávarafurða fyrir valinu.

Frv. þetta greinist í sjö kafla. Í I. kaflanum eru almenn ákvæði og felur hann í sér mjög litlar breytingar frá núgildandi lögum nr. 108/1974. Þó er þar að finna heimildarákvæði til að fela sérstökum aðilum, með ákveðnum skilyrðum, eftirlit með vinnslu og mat á afurðum. Með þessu er opnað fyrir þann möguleika að aðrir aðilar en opinberir geti annast bæði eftirlit og mat með sjávarafurðum. Í frv. er byggt á þeirri forsendu að allt yfirmat verði hins vegar á vegum Ríkismats sjávarafurða.

Í II. kafla frv. eru skilgreind verkefni fiskmatsráðs. Hér er um að ræða nýmæli. Fiskmatsráði er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að vera tengiliður milli hagsmunaaðila í sjávarútvegi og stjórnvalda varðandi fiskmat. Það hefur nokkuð þótt bera á því að reglugerðir og matsreglur hins opinbera fylgdu ekki þeim breytingum sem verða á kröfum markaðarins. T. d. eru gildandi reglugerðir um freðfisk og skreiðarmat 30 ára gamlar. Hagsmunaaðilar þekkja best óskir og þarfir erlendra viðskiptavina okkar. Það er því eðlilegt og nauðsynlegt að unnið sé að því að koma nauðsynlegum breytingum varðandi fiskmat á framfæri án óeðlilegra tafa.

Ég vil leyfa mér að draga saman í nokkrum atriðum helstu verkefni fiskmatsráðs eins og gert er ráð fyrir í frv.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að það sé ráðh. til

ráðuneytis varðandi starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Í öðru lagi geri það tillögur varðandi setningu reglna er varða starfsemi Ríkismats sjávarafurða. Í þriðja lagi sé það umsagnaraðili um ágreiningsmál er upp kunna að koma um fiskmat. Í fjórða lagi skal það leitast við að koma á aukinni samvinnu Ríkismats sjávarafurða, vinnsluaðila og útflytjenda sjávarafurða um gæðamat á sjávarafla. Og í fimmta lagi skal það gera tillögur um rannsóknir og tilraunir er miða að bættri meðferð sjávarafla og nýjungum í vinnslu hans. Í sjötta lagi skal það vera umsagnaraðili um veitingu starfa hjá Ríkismati sjávarafurða.

Í grg. með frv. kemur fram, og í 4. gr., að gert er ráð fyrir að ráðinn skuli fiskmatsstjóri til fjögurra ára. Hann hefur á hendi yfirumsjón með allri starfsemi Ríkismats sjávarafurða, en með honum og við hlið hans starfar fiskmatsráð og annast víðtæk og fagleg verkefni, eins og ég hef áður getið um. Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að fiskmatsstjóri annist fyrst og fremst stefnumótandi málefni og tengsl út á við, en forstöðumenn deilda annist meir daglegan rekstur.

III. kafli frv. fjallar um starfsmenn Ríkismats sjávarafurða. Hér er um það nýmæli að ræða að forstöðumenn deilda eru skipaðir til fjögurra ára. Um þennan kafla er fjallað mjög ítarlega í grg. og vísast til hennar. Það sem hér mætti benda á sem breytingu frá gildandi lögum er að í stað fjögurra deildarstjóra, sem nú starfa við stofnunina, eru ráðnir tveir forstöðumenn deilda sem hafa á að skipa sérhæfðum fulltrúum helstu matsgreina. Í grg. segir um þetta atriði m. a.:

„Talið er óhjákvæmilegt að skipa fulltrúa, sem sérhæfðir eru í helstu matsgreinum. Þeim er fyrst og fremst ætlað að stjórna og hafa eftirlit með störfum yfirmatsmanna í samráði við forstöðumenn viðkomandi deilda.

Fulltrúarnir eiga að veita yfirmatsmönnum nauðsynlegar leiðbeiningar og samræma störf þeirra og starfsaðferðir.

Leiðbeiningar- og samræmingarstörf eru afar mikilvæg, en hafa orðið út undan í of ríkum mæli."

IV. kafli frv. fjallar um ferskfiskdeild. Þar eru skilgreind verkefni þeirrar deildar. Gert er ráð fyrir að verkefni núverandi hreinlætis- og búnaðardeildar Framleiðslueftirlitsins varðandi fiskiskip og hráefnisgeymslur fiskvinnslustöðva verði skv. frv. flutt undir ferskfiskdeildina. Helstu nýjungar eru þær að öðru leyti að gert er ráð fyrir að eftirlitsmenn deildarinnar fylgist nánar en áður með ástandi landaðs afla og geymslu hans eða allt til þess að vinnsla hefst. Eftirlitsskyldan nær m. ö. o. inn í hráefnisgeymslur fiskvinnslustöðvanna, en ákvæði þess efnis munu vera í núgildandi reglugerð.

Það er enn fremur nýmæli að lögbundið verði að starfsmenn Ríkismats sjávarafurða stærðarmeti allan ferskan afla auk gæðamats. Að vísu annast matsmenn nú stærðarmat og oft gegn sérstökum greiðslum frá fiskkaupendum. Að öðru leyti verða verkefni ferskfiskdeildar skv. frv. þau sömu og eru nú hjá ferskfiskdeild og hreinlætis- og búnaðardeild Framleiðslueftirlitsins.

V. kaflinn fjallar um afurðadeild og vísast til þess sem segir í grg., en m. a. segir svo um 14. gr.:

„Sú nýjung felst einkum í þessari grein, að aðalreglan verður sú að afurðadeild annast aðeins yfirmat. Gert er ráð fyrir að eftirlit með vinnslu og gæðaflokkum færist á hendur samtaka framleiðenda eða sölusamtaka, eins og reyndin hefur orðið í hraðfrystiiðnaðinum. Meðan slíku hefur ekki verið komið á annast Ríkismatið nauðsynlega starfsemi á þessu sviði."

Eins og menn e. t. v. vita eru milli 30 og 40 manns nú starfandi eftirlitsmenn á vegum útflutningsaðila.

VI. kaflinn fjallar um framleiðsluleyfi og skyldur útflytjenda. Í frv. var gert ráð fyrir því nýmæli að fiskvinnsla til útflutnings sé háð sérstökum leyfum sjútvrn. Í meðförum Nd. hefur ákvæði þessu verið breytt og 17. gr. felld niður, en í stað þess hefur seinni hluti þeirrar greinar verið tekinn inn í 16. gr., þar sem rn. er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð hráefnis eða komi alvarlegir gallar í ljós á afurðum hans. Hér var að sjálfsögðu gert ráð fyrir að settur verði faglegur grundvöllur til að starfa eftir á þessu sviði, en það hlýtur að teljast eðlilegt að heimilt sé að svipta menn vinnsluleyfi ef sýnd er vítaverð meðferð á hráefni. Það eru ýmsar stofnanir í landinu sem geta komið í veg fyrir að fiskvinnslufyrirtæki geti starfað. Þannig getur t. d. Vinnueftirlitið sett skilyrði sem eru þess eðlis að ef ekki er að þeim farið er hægt að stöðva vinnslu, einnig Brunaeftirlitið o. s. frv. Ég hef komið í fiskvinnslustöðvar þar sem hefur verið sett upp ýmis aðstaða. Í nýju frystihúsi á Siglufirði varð m. a. að minnka vinnslusal og stækka matsal til þess að það frystihús fullnægði reglum. Þannig getur vart talist óeðlilegt þó að sjútvrn. og stofnanir þess geti sett reglur um faglegan grundvöll og svipti aðila vinnsluleyfi ef ekki er eftir reglunum farið.

Hins vegar hefur það verið svo að það hefur þurft vinnsluleyfi samkvæmt lögunum sem gefin voru út 1975 um skelfisk- og rækjuvinnslu. Voru þau lög sett til þess að hægt væri að samræma veiðar og vinnslu. Ýmsir hafa verið þeirrar skoðunar að það þyrfti að vera svipað fyrirkomulag að því er varðar framleiðslu allra sjávarafurða. Ég er þeirrar skoðunar að afar erfitt sé að stjórna málum með þeim hætti og miklu heppilegra að leyfi séu veitt á faglegum grundvelli. Ef þau eru uppfyllt hafi aðilar heimild til að vinna sjávarafurðir, en sé frá því vikið hafi þeir fyrirgert þeim rétti sínum og er það að sjálfsögðu aðallega gert til að skapa nauðsynlegt aðhald. Vonandi þarf aldrei að koma til þess að aðilar séu sviptir vinnsluleyfi. Hins vegar getur verið nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að til þess geti komið ef ekki er farið að settum reglum. Hér er um svo þýðingarmikil mál að ræða á mörkuðum okkar að ekki er hægt að líða að einstakir aðilar geti sett markaði okkar þar í hættu.

Í þessum kafla er enn fremur nýtt ákvæði í 18. gr. Það er samkvæmt gildandi reglugerð skylt að hafa fiskmatsmann í hverju hraðfrystihúsi. Hér er gert ráð fyrir að matsmenn verði löggiltir og jafnframt að öllum framleiðendum sjávarafurða til útflutnings verði skylt að hafa löggilta matsmenn í þjónustu sinni, enda órökrétt að mismuna vinnslugreinum á þennan hátt. Með þessu ákvæði er stigið skref til aukinnar verkaskiptingar milli fiskverkenda og hins opinbera fiskmats og áhrif framleiðenda aukin.

Í 19. gr. er einnig nýmæli, en í grg. með frv. segir um þá grein m. a.:

„Stærstu útflytjendur sjávarafurða hafa um árabil haft víðtækt gæðaeftirlit á sínum vegum. Eftirlitsmenn samtakanna hafa verið á stöðugum ferðalögum milli þeirra fiskvinnslustöðva sem framleiða undir merkjum þeirra. Veigamikið er fyrir kaupendur að geta treyst því

að vara, sem seld er undir sama vörumerki og sama gæðaflokki, sé sambærileg að gæðum. Einnig er mikilvægt að framleiðendur geti treyst því að þeim sé ekki mismunað.

Þar sem slíkt eftirlit er virkt ætti ekki að vera þörf á að Ríkismatið sinni þessu sama hlutverki og er gert ráð fyrir að Ríkismatið feli útflytjendum þetta hlutverk, sbr. heimildir í 1. gr.

Lagagreinin heldur þeim möguleika opnum að útflytjendur geti keypt þessa þjónustu af viðurkenndum aðilum."

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara miklu fleiri orðum á þessu stigi um frv. þetta. Það hefur hlotið ítarlega meðferð í Nd. og vænti ég þess að það takist að ljúka málinu á þessu þingi. Það hefur verið til athugunar um margra ára skeið og það skapar vissulega nokkurt óvissuástand í kringum þá stofnun sem hér á í hlut. Það er að mínu mati mjög slæmt að óvissuástand þurfi að ríkja um svo mikilvæga stofnun sem þessa um margra ára skeið og því mjög nauðsynlegt að niðurstaða komist í mál þetta, enda hefur verið unnið að því um nærri fimm ára skeið.

Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hæstv. sjútvn.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Nú eru annir hér á hv. Alþingi. Ríkisstj. hefur lagt fram óskalista um hver þau mál séu sem hún telur nauðsynlegt að lögfest verði áður en Alþingi tekur sér sumarfrí. Eitt af þeim málum, sem talið er nauðsynlegt að afgreidd verði, er það frv. sem við erum að ræða hér, þ. e. frv. um Ríkismat sjávarafurða.

Mín skoðun er sú að þarna sé ekki um neitt nauðsynjamál að ræða og það sé ekki vel sett í forgangsröð ríkisstj. Að meginhluta til er frv. tilgangslaust vegna þess að fyrir hendi eru lög sem eru það góð að þau leggja grundvöll að góðu fiskmati í landinu. Í þessu frv. eru þó þættir sem breyta nokkuð frá því sem áður var, þ. e. frv. gerir ráð fyrir tveimur sérstökum breytingum.

Það er í fyrsta lagi horfið frá því að gera hið íslenska fiskmat óháð tæknilegt mat og það gert að mati sem að nokkru leyti og í viðamiklum tilfellum er háð skoðunum og tillögum þeirra aðila sem í framleiðslunni eru, þ. e. hinna svokölluðu hagsmunaaðila. Þessi þáttur er að mínu mati þýðingarmikið mál og gæti ég næstum því haft um það sömu orð og hæstv. ráðh. hafði um annan þátt málanna. Þetta er mjög þýðingarmikið mál á mörkuðum okkar. Að mínu mati er ekki hægt að líða það, eins og hæstv. ráðh. sagði, að teflt sé á tæpasta vaðið í sambandi við markaði okkar víða um lönd með því að breyta óháðu tæknilegu mati í mat framleiðanda.

Um þennan þátt er hægt að hafa mörg orð. Ég bendi á að t. d. krefjast Austur-Evrópuríkin öll vottorða frá opinberu mati. Eins hefur verið um flesta þá markaði sem við höfum haft viðskipti við, að þeir hafa tekið hið íslenska ríkismat gilt og það hefur unnið sér virðingu og tiltrú á undanförnum árum. Á hinn bóginn er stærsti markaður okkar, í Bandaríkjunum, þó nokkuð öðruvísi en markaðir sem við seljum á í Evrópu. Þar erum við að selja sjálfum okkur aftur og við höfum tvöfalt eftirlit með þeirri framleiðslu. Varan fer til framleiðslufyrirtækja okkar í Bandaríkjunum og þar gefst tækifæri til að benda á galla og lagfæra galla ef fram koma. Ríkismatið þjónar því þó nokkuð öðrum tilgangi á þeim vettvangi en á hinum svokallaða frjálsa verslunarmarkaði.

Annar þáttur sem er nýlunda í þessu frv. er að frv. þetta gerir ráð fyrir því í 16. gr., eins og ráðh. nefndi áðan, að nú skuli það vera á valdi ráðh. hverjir verki fisk. Í 16. gr. er ákvæði um ráðherravald. Ráðh. nefndi að margir aðilar hér á landi gætu stöðvað framleiðslu og það væri eðlilegt að ráðh. bættist í þann hóp. Ég er á nokkuð annarri skoðun. Ég tel ósköp eðlilegt og sjálfsagt að Brunaeftirlitið geti stöðvað fyrirtæki ef brunavarnir eru ekki samkvæmt lögum og skyldum. Ég tel líka sjálfsagt að Vinnueftirlitið geti stöðvað framleiðslu hjá fyrirtæki ef viðkomandi uppfyllir ekki þær kröfur sem Vinnueftirlitið gerir. Og ég tel líka sjálfsagt að Framleiðslueftirlit sjávarafurða eða Ríkismat sjávarafurða geti stöðvað framleiðslu hjá viðkomandi fyrirtæki ef það brýtur í bág við reglur um hvernig framleiðslan skuli vera unnin. En að það skuli vera komið í hendur á pólitísku valdi hvort menn framleiði fisk eða ekki finnst mér alveg fráleitt.

Ég held ég fari í nokkrum orðum yfir grg. þá sem fylgdi hinu upphaflega frv., eins og það var áður en að Nd. breytti því, og líti aðeins á hver er tilætlunin í frv. Að mínu mati kemur í ljós við þá yfirferð að hún er fyrst og fremst að lögleiða það framtak sem ég hef nefnt hér á undan. Ég mun, herra forseti, fara yfir greinargerð frv. og lesa upp úr henni jöfnum höndum sem ég bendi á ýmsa þætti sem ég tel gagnrýnisverða ellegar ekki sé ástæða til að breyta. Með leyfi forseta mun ég lesa grg. á þann máta. — Grg. hefst þannig:

„Með bréfi 6. sept. 1979 skipaði sjútvrh. fimm manna nefnd til að endurskoða lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða til einföldunar og sparnaðar í rekstri stofnunarinnar."

Skyldi það frv. sem við erum að fara yfir nú og ræða hér bera í sér eitthvað slíkt? Ég held að það sé af og frá. Frekar bendir þetta frv. í þá átt að það muni verða, ef að lögum verður, til kostnaðarauka fyrir stofnunina.

„Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Björn Dagbjartsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, formaður, Ingólfur Ingólfsson, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands, Gísli Jón Hermannsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hjalti Einarsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, og Tómas Þorvaldsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og síldarútvegsnefnd."

Hér er hver öðlingurinn öðrum meiri og kunnugir menn í framleiðslu sjávarafurða, en allir með því markinu brenndir að vera hagsmunaaðilar eða stjórnendur í aðalframleiðslufyrirtækjunum.

„Nefndin hélt marga fundi og kallaðir voru til viðræðna fulltrúar frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, ásamt starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Þann 23. jan. 1980 skilaði nefndin áfangaskýrslu um störf sín og lagði til að 20 aðilum úr röðum þjónustustofnana og hagsmunasamtaka í sjávarútvegi yrði send áfangaskýrslan til umsagnar."

Ég hef ekki lista yfir þá 20 aðila sem send var þessi skýrsla til umsagnar. Ekki var hún send þm. nema þá í þrengsta hring eða kannske sjútvn. þingsins.

„Umsagnir bárust frá 13 aðilum. Í yfirliti yfir rekstur

og skipulag stofnunarinnar segir svo í áfangaskýrslunni:

„Allhörð gagnrýni hefur verið höfð í frammi gagnvart starfsemi stofnunarinnar og má segja að sú gagnrýni sé þríhliða: Frá hagsmunaaðilum, frá hinu opinbera og frá starfsmönnum. Frá hagsmunaaðilum hefur fiskmatið verið gagnrýnt fyrir ófagleg vinnubrögð, stífni og stirðleika og jafnvel hlutdrægni, enn fremur misræmi í mati á milli landshluta og á milli manna á sama stað o. s. frv."

Þegar flett er umsögnum, sem hv. formaður sjútvn. Ed. sá til að við fengjum til yfirlestrar áður en málið kom hér til umræðu, þá ber hvergi á þessari gagnrýni. Það kemur hvergi fram í þeim umsögnum sem sjútvn. Nd. hafa borist að fiskmatið hafi verið gagnrýnt fyrir ófagleg vinnubrögð, stífni, stirðleika og jafnvel hlutdrægni. Nær er að undirstrikað sé að matið hafi unnið sitt verk að öllu leyti vel.

„Einnig hefur verið kvartað yfir vafasömum og ósamræmdum innheimtuaðgerðum einstakra matsmanna o. fl."

Flest er nú tínt til, segi ég.

„Síldarverkendum finnst t. d. sinn hlutur fyrir borð borinn í starfsháttum Framleiðslueftirlitsins. Skreiðarverkendur kvarta undan því að starfsmenn Framleiðslueftirlitsins taki ekki tillit til kröfugerða viðkomandi markaða þegar metið er og þannig mætti lengi telja."

Hæstv. ráðh. tók undir það að þetta væri eitt af því sem ætti að girða fyrir með því frv. sem hér er til umr., að mat taki ekki tillit til viðkomandi markaða þegar metið er og þannig mætti lengi telja. Ég geri nú ráð fyrir að erfitt verði að búa til þá stofnun til að gera skreiðarmat og skreiðarúttekt sem einhverjar kvartanir berist ekki um. Ég efast ekki um og veit að í vissum tilfellum eru gerðar tillögur um breytingu bæði á pökkun og mati útflutnings, en ég held að það verði ekki komist fyrir þau vandræði með því að breyta lögum.

„Gagnrýni hins opinbera er sennilega hvað mest vegna fjármála stofnunarinnar og kostnaðar, einkum af ferskfiskmatinu, þar sem það þjóni í dag litlum öðrum tilgangi en að vera verðfellingaraðili, þ. e. milligönguaðili milli kaupenda og seljenda."

Þetta er jafnskrýtið og annað í þessari umsögn í sambandi við kostnaðarhlutann og ferskfiskeftirlitið. Liggur beint fyrir að samkvæmt þeim tillögum sem hér eru uppi er gert ráð fyrir að ferskfiskeftirlitið þenjist út, ef það á að skila því hlutverki sem því er ætlað í því frv. sem hér er til umr.

„Enn fremur hefur verið að því fundið af opinberri hálfu, að seljendur saltfisks og skreiðar skuli ekki sjálfir kosta eigið eftirlit í svipuðum mæli og seljendur freðfisks gera."

Ég nefndi áðan að reginmunur er á milli þess hvort verið er að meta fisk á Austur-Evrópumarkað, Spánar- eða Portúgalsmarkað, Nígeríumarkað eða Ítalíumarkað eða þá framleiðsluvöru sem send er til Bandaríkjanna og fyrirtækin eru að selja sjálfum sér. Í sambandi við Austur-Evrópu-viðskiptin er þá vitað mál að ríki í Austur-Evrópu krefjast þess öll að ofan á gæðastimpil frystihúsanna sjálfra komi gæðastimpill frá Framleiðslueftirlitinu eða ríkismati.

„Þá er ekki minnst um verð hin innri gagnrýni, það er sjálfra starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða."

Það kveður við allt annan tón þegar lesin er umsögn þeirra starfsmanna. Ég man ekki eftir því, og hef nú fylgst með starfsemi þessara manna í áratugi, að slíkur hafi verið dómur um fiskmat, hvorki Fiskmats ríkisins né Framleiðslueftirlits sjávarafurða, og vil sérstaklega undirstrika að allt samstarf við þessa menn hefur verið sérstaklega gott, þvert ofan í það sem hér er sagt.

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum:

„Virðist sem innanhússósætti hafi átt talsverðan þátt í því að minnka veg þessarar stofnunar og komi það bæði niður á þeirri þjónustu sem stofnunin á að veita og kostnaði við rekstur F.S."

Gæti ekki verið að öll þessi óvissa, sem búin er að vera í kringum þessa stofnun á undanförnum árum eins og hæstv. ráðh. lýsti í ræðu sinni áðan, hafi getað stafað af einhverju öðru ósætti en innanhússósætti hjá Framleiðslueftirliti ríkisins? Ég hef trú á að svo gæti verið, þó að ég ætli ekki að fullyrða neitt, að einhverjir aðilar hafi talið nauðsynlegt að breyta þarna einhverju út frá sínum eigin persónulegu ástæðum en ekki vegna þess að matið væri á þann veg sem hér er lýst.

„Lokaskýrsla nefndarinnar barst sjútvrh. síðustu daga októbermánaðar 1980 og er þar lagt til í samandregnum tillögum „Um breytta skipan fiskmatsmála" eftirfarandi:

1. Lagt er til að sett verði á stofn fiskmatsráð, skipað fulltrúum hagsmunaaðila og sjútvrh., er hafi með höndum yfirumsjón gæðaeftirlits og mats á sjávarafurðum.

2. Gert er ráð fyrir því, að ferskfiskeftirlit og afurðamat með útfluttum sjávarafurðum verði skilið að. Afurðamatið verði einfaldað og ábyrgð framleiðenda aukin, en ferskfiskeftirlitið byggt upp af opinberum trúnaðarmönnum í hverri löndunarhöfn og sérstökum ferskfiskeftirlitsmönnum, hliðstæðum veiðieftirlitsmönnum sjútvrn."

Í sjálfu sér er í 2. lið ekki verið að breyta miklu, en í 1. lið er, eins og ég sagði áðan, verið að breyta Framleiðslueftirlitinu í stofnun sem er stjórnað af hagsmunaaðilum.

„3. Lögð verði sú skylda á sölusamtök og útflutningsaðila, að þeir komi á fót eigin framleiðslueftirliti ella kaupi þeir þá þjónustu sérstaklega af afurðamati ríkisins eða öðrum viðurkenndum eftirlitsaðilum."

Stærri sölusamtökin hafa á hendi framleiðslueftirlit. Bæði hraðfrystiiðnaðurinn og saltfiskframleiðslan hafa sitt framleiðslueftirlit sem hefur unnið í góðu samstarfi við Framleiðslueftirlit sjávarafurða. En hvar er hugsanlegt að þeir aðilar sem ekki hafa slíkt framleiðslueftirlit á hendi eða hafa ekki aðstöðu til þess að byggja það upp geti fengið það hjá öðrum viðurkenndum eftirlitsaðilum en afurðamati ríkisins? Það má vel vera að eftir að þessi lög hafa verið samþykkt komi upp stofnanir sem verði svipaðar og þau mörgu, og sjálfsagt góðu, fyrirtæki sem hafa risið upp á undanförnum árum og endurskoða rekstur hinna og þessara fyrirtækja vítt um landið og virðast gróa vel, en eins og stendur veit ég ekki um neina stofnun aðra en Framleiðslueftirlit sjávarafurða og þær stofnanir sem sölusamtökin hafa byggt sér upp sem gæti tekið að sér að hafa eftirlit með útflutningi.

„4. Sérstök hreinlætis- og búnaðardeild verði lögð niður, en slíkt eftirlit í vinnslustöðvum falið almennum afurðamatsmönnum undir yfirstjórn gerlafræðings er starfi hjá stofnun þeirri er annast afurðamat."

Þar skyldi nú gera mikla breytingu á Framleiðslueftir-

liti sjávarafurða. Það skyldi leggja niður hreinlætis- og búnaðardeildina. Kannske hyrfi það, sem hæstv. ráðh. nefndi áðan, að aðrir aðilar en ráðh. gætu lokað íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum, stofnunin hefði ekki burði til þess að fylgjast með hvernig framleiðslan á sér stað.

Síðan Framleiðslueftirliti sjávarafurða var komið á fót hefur þessi þáttur í starfi þess verið ég vil ekki segja viðamestur, en sá þátturinn sem menn hafa tekið hvað mest eftir og mestum breytingum hefur komið til leiðar. Það hefur orðið mjög mikil breyting í sambandi við búnað og hreinlæti, bæði í frystihúsum og þó sérstaklega í vinnslustöðvum í sambandi við saltfisk og skreið. Ef á að fara að draga úr möguleikum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, til að hafa eftirlit með þessu finnst mér mjög miður farið. Það má reyndar bæta þessum þætti við þá tvo er ég sagði áðan að mér fyndust mjög neikvæðir og marka nýja stefnu í þessu frv., þ. e. í fyrsta lagi að verið sé að breyta Framleiðslueftirlitinu í mat hagsmunaaðila, í öðru lagi að verið væri að gefa ráðh. heimild til að taka vinnsluleyfi af framleiðendum og í þriðja lagi að dregið væri úr þeim þætti starfsemi Framleiðslueftirlitsins sem mjög mikilsverður hefur verið undanfarandi ár, hreinlætisdeildinni. Nd. mun hafa breytt þeirri áherslu sem lögð er á að draga úr starfsemi á þessu sviði Framleiðslueftirlitsins.

„5. Lagt er til að hafist verði handa um að endurskoða allar reglugerðir og opinber fyrirmæli um fiskmat undir yfirstjórn fiskmatsráðs strax er það hefur störf."

Það gefur auga leið að þetta þurfti ekki að koma inn. Ráðh. hefur heimild til að gefa út reglugerðir um þessi mál samkv. þeim lögum sem í gildi eru, en þarna er skotið inn: „undir yfirstjórn fiskmatsráðs". Tilætlunin er enn sú sama og öll á þann veginn að hagsmunaaðilar hafi þar hönd í bagga.

„6. Mælt er með því að gefnar verði út samræmdar matsreglur og leiðbeiningar um fiskverkun og fiskmat."

Ekki sé ég ástæðu til að setja sérstök lög til þess að þetta kæmi fram.

„Þann 29. janúar 1982 skipaði sjútvrh. fimm menn í nefnd er kallast fiskmatsráð og hefur eftirgreind verkefni."

Fiskmatsráð, já. Þetta er líkast til upphafið að þeirri stjórnun sem þetta frv. leggur til að komið verði lagaramma utan um. Mér er ekki kunnugt um að þetta fiskmatsráð og starfsemi þess sé neins staðar tengt lögum. En löglegt getur það verið fyrir það. Ekki vil ég gefa í skyn að þarna sé verið að búa til stofnun sem ekki hafi lagastoð.

Fiskmatsráð hefur eftirgreind verkefni:

„1. Vera ráðuneytinu og forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða til ráðgjafar um framleiðslumál og eftirlit og mat á sjávarafurðum.

2. Endurskoða starfshætti, verklag og reglur Framleiðslueftirlitsins eftir því sem ráðinu sýnist nauðsynlegt.

3. Fylgjast með starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða og taka fyrir til umfjöllunar þau vandamál og ágreiningsmál sem upp koma hverju sinni.

4. Fiskmatsráð skal í störfum sínum hafa samráð og samvinnu við forstjóra Framleiðslueftirlitsins."

Allt þetta er miklu eðlilegra að setja beint undir forstjóra eða framkvæmdastjóra fiskeftirlitsins og hlýtur að verða trúverðugra þannig.

Því næst er í grg. skýrsla um fiskmatsráð og hverjir eru þar innan dyra. Þar eru Halldór Þorsteinsson, forstöðumaður fiskeftirlitsdeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, formaður, Hjalti Einarsson, framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Jónas Bjarnason, deildarverkfræðingur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, núverandi forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða, Hafþór Rósmundsson, starfsmaður Sjómannasambands Íslands, og Einar M. Jóhannsson, eftirlitsmaður frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, nú annar forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Þetta eru allt menn sem beinna hagsmuna hafa að gæta þarna og ekki beinir tæknimenn aðrir en Halldór Þorsteinsson, Jónas Bjarnason, sem nú er orðinn forstjóri stofnunarinnar, og Einar M. Jóhannsson.

„Fiskmatsráð, sem falið var að gera uppkast að frv. þessu, hefur starfað óslitið frá því það var skipað. Fyrsti þáttur í störfum ráðsins var að láta framkvæma úttekt á öðrum meginþættinum í starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða, þ. e. ferskfiskmatinu. Til þess verks voru ráðnir þeir Benedikt Gunnarsson tæknifræðingur og Sigurjón Auðunsson fiskeftirlitsmaður. Greinargerð þeirra um úttektina barst fiskmatsráði og Framleiðslueftirlitinu í september 1982. Þann 2. nóv. 1982 boðaði sjútvrh. til fundar með hagsmunaaðilum og þjónustustofnunum í sjávarútvegi um gæðamál í sjávarútvegsframleiðslunni. Á fundinum var lögð fram skýrsla fiskmatsráðs, dags. 28. okt. 1982, um „Ástand ferskfiskmats og tillögur til endurbóta á skipulagi og starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða varðandi ferskfiskmat." Skýrsla fiskmatsráðs var að miklu leyti byggð á greinargerð þeirra Benedikts Gunnarssonar og Sigurjóns Auðunssonar um úttektina á ferskfiskmatinu. Þann 29. nóv. 1982 boðaði sjútvrh. aftur til fundar með hagsmunaaðilum og lagði fram drög að lagafrv. um Ríkismat sjávarafurða. Eftir kynningu á drögunum og umræður var viðstöddum fulltrúum hagsmunaaðila boðið að senda skriflegar aths. við lagauppkastið. Þrettán umsagnir bárust frá helstu hagsmunasamtökum og þjónustustofnunum í sjávarútvegi. Flestar veigamiklar brtt. voru teknar til greina við samningu frv. þessa."

Þessar umsagnir, bæði þær umsagnir sem bárust í upphafi þegar fyrsta uppkastið var lagt fram og þær umsagnir sem hér um ræðir, höfum við ekki fengið að sjá í sjútvn., þó að ég teldi æskilegt að við fengjum a. m. k. að fletta þeim og líta á það sem við teldum áhugaverðast.

„Með fyrirliggjandi lagafrv. er í flestum atriðum tekið undir sex áðurnefndar megintillögur nefndar undir forustu Björns Dagbjartssonar. Veigamesta frávikið varðar tillögu 2 um ferskfiskeftirlit. Gert er ráð fyrir því að stofnunin verði í tveimur deildum eins og þar er lagt til, en í þessu frv. er gerð tillaga um töluvert öðruvísi fyrirkomulag ferskfiskmála, sbr. meðfylgjandi skýrslu fiskmatsráðs frá 20. okt. 1982 „Um ástand ferskfiskmats og tillögur til endurbóta frá skipulagi og starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða varðandi ferskfiskmat." Sú úttekt, sem að baki þessarar skýrslu liggur, sem og margvísleg vandamál, sem upp komu varðandi gæði á íslenskum fiskafurðum á s. l. ári, undirstrika mikilvægi þess að miklar og róttækar endurbætur verði gerðar á ferskfiskmati og ferskfiskeftirliti."

Ég geri ráð fyrir að fyrsta skrefið til þessarar þróunar hafi átt að stíga í vetur undir forustu Jónasar Bjarna-

sonar, núverandi forstjóra Framleiðslueftirlits ríkisins, þegar hann lagði til að breytt yrði reglum um mat á ferskfiski, þ. e. horfið yrði frá hinu hefðbundna skoðunarkerfi yfir í kerfi sem hann hafði byggt sér upp og kallað er punktakerfið. Við munum öll eftir því hvernig um þá leiðréttingu fór. Mín tilfinning er sú að þetta frv. muni í meginefni til fara á sama veg, þ. e. að í því sé eitthvað sem annaðhvort verður ekki samþykkt af hagsmunaaðilum ellegar er næstum óframkvæmanlegt. Að öðru leyti tel ég að tilraun sú sem gerð var í vetur hafi að öllu leyti verið út í bláinn vegna þess að grunnurinn undir því ferskfiskeftirliti sem rætt er um í þessu frv. og hefur verið haldið fram í vetur og á undanförnum árum er ekki þannig upp byggður að um raunverulegt mat sé að ræða. Það skiptir ekki máli hvort matsmaðurinn er með eitthvert punktakerfi í höndunum eða hvort hann er með það kerfi sem notað hefur verið hingað til.

Á undanförnum árum hefur þróast sú leið að matinu hefur verið frekar stjórnað af framleiðendum. Framleiðendur hafa ráðið því sjálfir hvernig ferskfiskmatið hefur komið út, þessir aðilar sem nú skulu fá að ráða í Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Mér er vel kunnugt um að margir framleiðendur hafa, til þess að einfalda viðskipti við sína báta sagt: Ja, við skulum láta fara í mat, en það skiptir ekki máli. Við borgum síðan meðaltalsverð á afurðirnar. — Aðrir framleiðendur hafa viljað fylgja mati og láta reikna út eftir matsreglum og sagt á þessa leið við bátaflotann: Ef þér líkar ekki matið skaltu hafa þetta þannig að þú skalt landa verri fiskinum fyrst á bílinn og setja betri fiskinn ofan á. Þá er nokkurn veginn öruggt að það koma góðar prufur út úr matinu. — Ég veit ekki til þess að þeir nýju herrar sem núna stjórna í Framleiðslueftirliti sjávarafurða og sem ættu að geta farið að stjórna eftir tilætlun laganna hafi gert neina tilraun til að breyta þarna um. Aftur á móti bjuggu þeir til heilmikið af pappírum. Mér er sagt að það hafi verið upp undir heilt bílhlass sem búið var að útbúa í sambandi við punktakerfið, en það notaðist ekki vegna þess að ákveðnir hagsmunaaðilar stoppuðu þessa aðgerð. Ég hef ekki séð metið eftir punktakerfinu, en mér hefur verið sagt hvernig á að framkvæma það. Ég hygg að ef horfið væri frá vinnubrögðum framleiðenda við kaup á fiski þar sem stöðugt er gengið fram hjá mati gæti vel verið að punktakerfið hans Jónasar Bjarnasonar væri besta aðferðin til að meta, ef þær prufur sem lagðar væru fram sýndu raunverulegt ástand aflans í heild. En það er því miður ekki, vegna þess að þeir sem á að setja á stall, eins og nú er um talað, kæra sig ekkert um þetta mat og fara fram hjá því á alla vegu. Og hvað hefur skeð með því að þessi þróun hefur átt sér stað? Íslenskur úrvalsfiskur er greiddur jafnlágu verði og raun ber vitni um. Meðaltalsreglan hefur fengið að gilda þarna eins og annars staðar. Menn hafa keypt þetta og þetta mikið af fiski sem hefur verið neðan til á bílnum fyrir fyrsta flokks verð og það hefur komið fram í rekstri fyrirtækisins. Þegar fiskverð hefur verið ákveðið hafa verið teknir reikningar þessa fyrirtækis og fundið út hvað þetta fyrirtæki geti borgað mikið fyrir fiskinn sinn. Útkoman hefur verið sú, að fiskverð á Íslandi hefur lækkað og lækkað. Það hefur verið tekið meira og meira úr vösum sjómanna og útvegsmanna vegna þess að þessum vinnubrögðum hefur verið haldið uppi í sambandi við ferskfiskmatið.

Í þessu frv. er talað um að breyta skuli ferskfiskmatinu. Við höfum orðið vör við hver tilætlunin er. Á undanförnum mánuðum hafa nýir aðilar stjórnað Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Það hefur ekkert breyst annað en að það hefur verið búinn til pappír og menn hafa búið til, sjálfsagt betri, reglur til að meta það sem ómögulegt var að meta vegna þess að þær prufur sem fyrir lágu voru ekki réttar. Ef áfram heldur sem horfir í sambandi við þetta og ef frv. verður samþykkt verður þar með afráðið að þannig skuli áfram halda. Þá verður íslenskur fiskur langtum lægra borgaður en fiskur í Færeyjum, eins og við höfum orðið vör við á undanförnum árum, í staðinn fyrir að ef tekið yrði á þessum málum út frá þeim gömlu lögum sem við höfum og breytt reglugerð og farið öðruvísi að en gert hefur verið gætum við aukið verðmæti sjávarafla okkar án þess að auka tonnatöluna. Við gætum aukið verðmæti hans um ómældar fjárhæðir, en það er engin tilraun gerð til þess vegna þess að þeir hagsmunaaðilar sem hér eiga að fá að fara að stjórna í auknum mæli fiskmatinu kæra sig ekki um það. Þeir vilja geta keypt lélega fiskinn á háu verði eins og þeir kalla það og sagt við útvegsmanninn: Ég borga þetta allt á einu verði o. s. frv., láta það líta út eins og þeir séu að gera rétt þegar það er alveg öfugt. Það er verið að grafa undan verðmætisaukningu í sjávarútveginum.

Það mætti hafa ótalmörg orð og ég gæti sagt hv. þm. margar sögur um það hvernig hér er unnið að. Ég hef nefnt dæmi í sambandi við bátaflotann, en það væri kannske rétt að nefna dæmi um togaraflotann. Hvernig er matið þar? Sjómenn og útvegsmenn eru óánægðir ef matið á togarafiski eftir 9, 12, 14 daga úthald nær ekki 95%. Þeir, sem hafa fengist við fiskverkun og verið sjómenn, vita að fiskur sem er 10 eða 15 daga gamall þegar hann kemur að landi er ekki sama vara og hann er fyrstu 2—3—4 dagana. Það er mjög mikill munur á því. Þrátt fyrir það gerist næstum stöðugt að mat á heilum togaraförmum er í 90—95% í 1. flokk, og ekki nóg með það, heldur er allur þessi fiskur með einum stimpli. Allt er sami gæðaflokkur. Segjum að það sé sent úr einum togara í 3—4 frystihús. Sá sem fær 10 daga gamla fiskinn er líka með 90—95% gæðamat. Það er ekki verið að meta aflann eftir aldri, heldur er hann metinn allur sem einn.

Það hefur líka viðgengist undanfarið, og viðgengst enn, að togarar komi með meira og minna af lausum fiski án þess að hann sé kassaður. Einu sinni var talað um að slíkt væri ekki leyfilegt og væri víst bannað skv. reglugerð, en það hefur verið horft fram hjá þessu. Það er hver gleðifréttin í blöðum á fætur annarri um að þessi og þessi togarinn hafi komið með þetta mikinn afla að landi. Fyrir nokkrum dögum var frétt austan af fjörðum, af Hólmadrangi á Eskifirði. Þeir á Hólmadrangi komu með mesta afla að landi sem hann hefur nokkurn tíma komið með. Ja, gott og blessað. Hvað þýða yfirleitt svona fréttir? (Gripið fram í.) Hólmatindur, já. Það er alveg rétt. Hólmadrangur er þessi frægi að norðan og hann veiðir víst öðruvísi og eintómur gæðafiskur sem kemur þaðan. Sjálfsagt er það líka eins með Hólmatind að oftast er það að meginhluta gæðafiskur sem aflast og þeir sem þar eru um borð vilja það sjálfsagt.

Ef þetta frv., sem hér er til umr., verður samþykkt er

verið að ákveða að svona skuli halda áfram vegna þess að þeir aðilar sem vildu breyta, voru að tala um að breyta einhverju, leggja ekki til neinar breytingar í þessu frv. hér. Þeir hafa setið að völdum í Framleiðslueftirliti sjávarafurða undanfarna mánuði og það hefur ekki verið gerð nein tilraun til að breyta. Það hefur engin tilraun verið gerð önnur en þessi með pappírana og punktana, sem þarf við ákveðnar ástæður þegar átt hefur sér stað ákveðin breyting. Það þarf engar lagabreytingar að gera, síst af öllu þær lagabreytingar að til valda og til ráðgjafar séu valdir þeir menn sem eru kannske fyrst og fremst valdir að því hvernig þróunin hefur orðið í sambandi við gæði á íslenskum sjávarafurðum á undanförnum árum.

Þetta frv. kemur til þeirrar nefndar sem ég á sæti í og ég veit að okkur mun gefast tækifæri til að skoða það og kalla til umsagnar bæði þessa ágætu hagsmunaaðila, sem um er rætt hér í frv., og svo aðra sem hér eiga hlut að máli. Ég tel því ekki ástæðu til að lengja ræðu mína miklu meira. En ég vil undirstrika að ég lít svo á að hér sé lagt fram frv. sem sé ástæðulaust að hafi forgang í röð þeirra frv. sem á að afgreiða á Alþingi áður en þm. taka sumarfrí. Það væri betur látið eftir liggja.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Frv. til l. um ríkismat sjávarafurða var lagt fram snemma á þessu þingi. Það er þess vegna ekki við ráðh. að sakast að fyrst nú er málið komið til Ed. Þetta mál hefur þvælst fyrir nefnd í Nd. í allan vetur og fyrst nú fyrir nokkrum dögum eða klukkustundum að það hefur komist hingað til Ed. til umr. Það verður að átelja þessi vinnubrögð sem eru fyrir neðan allar hellur. Og ég tel mjög miður líka að nefndir Ed. og Nd. skuli ekki hafa unnið saman við athugun á þessu frv. Það hefði verið nauðsynlegt vegna þess að þetta er frv. sem þarf mjög ítarlega umfjöllun og athugun og það hefði flýtt fyrir vinnslu á því ef slík vinnubrögð hefðu verið höfð í frammi.

Menn vita næstum því hvenær sauðburður fer fram ár hvert. Menn vita líka að um það leyti fara ýmsir þm. að ókyrrast og vilja fara heim til sín. Menn ættu þess vegna að geta áttað sig á að nauðsynlegt er að vinna málin fyrr og betur en gert er með því að ræða þau í nefndum.

Ég ætla ekki að fara efnislega við þessa umr. í frv. Það gefst tækifæri til að gera það þegar því hefur verið vísað til sjútvn., hvar ég á sæti, og býst ég við að þá verði tækifæri til að kalla til hina ýmsu aðila sem málið snertir. Ég furða mig á því ef tekst að afgreiða þetta frv. fyrir þinglok. Vissulega væri æskilegt að svo yrði vegna þess að það hefur verið svo lengi í umr. og líka vegna þess að það hefur inni að halda ýmsar breytingar sem til bóta eru, einkum eftir að það hafði fengið umfjöllun sjútvn. Nd. sem gerði á því veigamiklar breytingar. Ég tel óhyggilegt að starfi við athugun í nefnd verði flýtt svo mjög að nm. fái ekki aðstöðu til að fara vandlega í málið og vil því koma á framfæri ósk minni um að málið fái ítarlega umfjöllun og unnt verði að kalla til alla þá aðila sem sjútvn. óskar eftir að segja álit sitt.

Ég endurtek að ég mun við næstu umr. fara ítarlega í frv., gera grein fyrir skoðunum mínum á því, en tel nauðsynlegt að fá bæði umsagnir og eiga viðræður við hagsmunaaðila áður en ég geri það.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Virðulegi forseti. Ég vil út af orðum hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar taka það fram að um málið varð samkomulag í sjútvn. Nd. eftir að þær breytingar voru gerðar sem fram hafa komið og vænti ég þess að þær breytingar hafi verið ræddar í þingflokkunum. Ég vænti þess að um málið sé allgott samkomulag hér á Alþingi. Þær breytingar voru m. a. gerðar vegna þess að fulltrúar stjórnarandstöðu töldu að það þyrfti að taka af öll tvímæli m. a. varðandi starfsvettvang fiskmatsráðs.

Ég vil taka það fram, vegna þess að það hefur oft komið fram í umr. á Alþingi og m. a. hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni að með þessu falli niður óháð mat, að slíkt tel ég vera rangan málflutning og beinlínis hættulegan. Það er alls ekki tilgangur þessa frv. að fella niður óháð mat. Satt best að segja skil ég ekki hvers vegna menn geta haft á móti því að samstarf við aðila í sjávarútvegi sé styrkt þannig að eðlilegt og gott samband sé þar á milli.

Það var m. a. fullyrt í Nd. af hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna væri á móti þessu frv., sem mér var þá ekki kunnugt um áður. Mér varð að orði að það styrkti mig í þeirri trú að þeir aðilar sem hafi starfað í fiskmatsráði hafi starfað þar algerlega óháð sem fagmenn og án nokkurs þrýstings frá sínum samtökum, hafi þar tekið afstöðu án tillits til þess hvað þeir hafa starfað.

Varðandi þær tilraunir og þær breytingar sem gerðar voru á matsreglum í vetur er þess að geta að með þeim aðgerðum var verið að samræma matið um land allt, sem er mjög mikilvægt mál og að allra dómi nauðsynlegt. Hins vegar er eðlilegt að það taki nokkurn tíma og þarf að fá fram skilning á slíkum breytingum. Slíkar breytingar geta ekki gerst í einu vetfangi. Þær munu hins vegar fara fram og ég tel að undirbúningur þess máls sé á mjög góðum vegi. Það var mjög mikill mismunur á matinu. Það gat verið verulegur munur þar á eftir því í hvaða verstöð var landað. Þannig hljóta allir að telja eðlilegt að tekið yrði til hendi og reynt að samræma matið sem allra best. Það punktakerfi sem hér hefur verið talað um átti einmitt að tryggja að samræmi ætti sér stað á milli matsstöðva og matsmanna.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. lagði áherslu á að hér væri ekki um óháð mat að ræða. Það má sjálfsagt teygja þó nokkuð úr þessu. Það mun eiga sér stað grundvallarbreyting á því mati sem við búum við í dag með frv. þessu, ef að lögum verður, þar sem ráðgjafarstofnun og allt að því stjórnarstofnun samanstendur af hagsmunaaðilum. Þetta er algerlega á öfugan veg við það sem aðrar fiskveiðaþjóðir gera. Noregur er með óháð tæknimat. Kanada er að reyna að leysa ákveðin vandamál í gæðamati, þeir stefna beint í óháð tæknilegt mat. Þá snúa Íslendingar við og láta hagsmunaaðila stjórna sínu mati eða hafa möguleika til að hafa áhrif á hvernig það er byggt upp.

Um hinn þáttinn, þ. e. þann áfanga sem hafinn var í vetur til að betrumbæta ferskfiskmatið, get ég aðeins bætt þessu við: Ég tel að þar hafi hent sig það sama og virðist stefnt að með þessari lagasetningu. Það er verið að byrja á öfugum enda. Það var byrjað á öfugum enda með pappírstilbúningi og punktakerfi vegna þess að punktakerfið og allar góðar leiðbeiningar í sambandi við mat eru gagnslaus ef prufan sem lögð er fyrir matsmanninn sýnir ekki hvernig aflinn er samsettur. Það er gersamlega gagnslaust. Á sama máta er gagns-

laust fyrir okkur að tala um að breyta lögum, eins og hér er verið að leggja til, og vera að tala um að hægt sé að bæta fiskmat þegar um enga breytingu á þeim vettvangi er að ræða. Það er verið að byrja á öfugum enda á báðum stöðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. 340. mál (þskj. 868 (sbr. 736)). — 1. umr.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Í Nd. flutti ég allítarlega framsögu um þetta mál. Sú ræða hefur þegar verið prentuð í þingtíðindum og hafa hv. þm. aðgang að henni. Ég mun því stytta framsöguræðu mína hér en að sjálfsögðu fara yfir nokkur mikilvægustu atriðin.

Um halla á ríkissjóði þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Það mál hefur verið ítarlega rætt á þingi og utan. Ég þarf heldur ekki að fara mörgum orðum um þær leiðir sem færar eru til að draga úr slíkum halla. Þær eru að sjálfsögðu í raun og veru ekki nema tvær, annars vegar að afla meiri tekna og hins vegar að skerða eða skera niður útgjöld. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að ríkisfjármálin eru að sjálfsögðu einn þáttur í peningamálum þjóðarinnar. Hinir þættirnir eru almenn lántaka, sérstaklega erlendis, og svo bankamálin. Í peningamálum þjóðarinnar er töluverð þensla sem gefur til kynna meiri þrýsting en æskilegt væri í verðlags- og efnahagsmálum.

Ríkisstj. hefur áður lýst því að hún gerir ráð fyrir því í 2. áfanga sinnar efnahagsstefnu að leggja höfuðáherslu á að ná jöfnuði í efnahagsmálum og tryggja þann mikla árangur sem hefur náðst í hjöðnun verðbólgu. Hins vegar ætlar ríkisstj. aðilum vinnumarkaðarins að semja frjálst um kaup og kjör innan þess ramma sem ríkisstj. hefur í stefnuyfirlýsingu sinni lýst. Ríkisstj. gerði grein fyrir því að hún stefnir að því að verðbólga í lok ársins verði um það bil 10% og hyggst ná því með því að breyta ekki gengi meira en að hámarki 5%. Sömuleiðis hefur ríkisstj. lýst því að hún leggur á það áherslu að erlendar skuldir aukist ekki í ár umfram þau 60% sem þær eru af þjóðarframleiðslu. Þetta skapar að vísu mjög þröngan ramma fyrir þær aðgerðir sem lýst er í þessu frv. í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum. Til viðbótar því telur ríkisstj. jafnframt nauðsynlegt að vernda eins og frekast má verða þann kaupmátt sem um var samið í samningunum á hinum almenna launamarkaði í lok febr. s. l.

Með tilliti til þenslunnar í peningamálum hefði að sjálfsögðu verið mjög æskilegt að brúa þann halla sem er á ríkissjóði sem allra mest ef ekki að öllu leyti. Eins og ég sagði í upphafi míns máls verður það ekki gert nema annars vegar með því að auka tekjur og hins vegar með því að skera niður útgjöld. Eins og hv. þm. mun vera ljóst, svo að ég komi fyrst að síðara lið, þá er það ekki auðvelt eftir að fjárlagaár er hafið og raunar niðurstaðan sú að það verður ekki gert í stórum stíl án umtalsverðra kerfisbreytinga á þeirri þjónustu sem veitt er. A. m. k. er ljóst að mikill samdráttur í þjónustu mun koma illilega við launþega og leiða til skerðingar á kaupmætti.

Um auknar tekjur er reyndar svipað að segja. Aukin gjaldheimta ríkissjóðs leiðir að sjálfsögðu til aukinnar greiðslu einstaklinga og því um leið til skerðingar á kaupmætti. Niðurstaðan varð sú að gera ekki ráð fyrir því að brúa halla ríkissjóðs að öllu leyti nú. Það var ekki talið fært í ár að öllu leyti, enda má segja að það sé ekki óeðlilegt þegar þjóðartekjur dragast nú saman þriðja árið í röð. Því er gert ráð fyrir að brúa halla ríkissjóðs að hálfu leyti í því frv. sem hér er til umr. En jafnframt gerir ríkisstj. ráð fyrir því að á næstu 2—3 árum náist sá jöfnuður hjá ríkissjóði sem nauðsynlegur er þegar litið er til lengri tíma. Ég ætla nú að fara yfir einstakar greinar þessa frv.

Í 1. gr. er því lýst að gert er ráð fyrir að lækka ríkisútgjöld um allt að 370 millj. kr. Þessu er nánar lýst í aths. við frv. við 1. gr. Þar kemur sundurliðun fram á einstök rn. Þar er þess að gæta að einstökum rn. eða einstökum ráðherrum er í sjálfsvald sett hvernig þeir haga þessum niðurskurði og er gert ráð fyrir því að þeir leggi fram í ríkisstj., strax og þetta frv. hefur verið samþykkt, niðurstöður sínar í því efni.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að fjárveiting og lántaka Lánasjóðs ísl. námsmanna verði sú sem fram kemur í fjárlögum fyrir árið 1984. Ljóst er að það nægir ekki til að fullnægja allri þeirri lánaþörf sem lög um Lánasjóðinn gera ráð fyrir. Ég skal ekki segja hve mjög verður að skerða lán í haust. Það fer mjög eftir því hvaða breytingar verða gerðar á reglugerðum Lánasjóðsins sérstaklega með tilliti til útreiknaðs framfærslukostnaðar námsmanna. Það er nú í undirbúningi en ljóst má þó vera að lán munu tæplega ná þeim 95% af fjárþörf sem verið hefur upp á síðkastið.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir útflutningsbótum að upphæð 468 millj. kr. Gert er ráð fyrir útflutningsbótum í samræmi við fullan rétt bænda að viðbættum 18 millj. kr. sem fært er á milli ára. Um landbúnaðarmálin mætti að sjálfsögðu hafa alllangt mál. Ríkisstj. telur að á næstu árum þurfi að vinna að verulegri breytingu í framleiðslumálum landbúnaðarins og hefur landbrh. skipað nefnd til að fjalla um það. Útflutningur á landbúnaðarafurðum er erfiður og reynist erfiðari með hverju ári og getur ekki orðið regla, þegar til lengri tíma er litið, heldur hlýtur slíkur útflutningur að verða undantekning.

Í 4. gr. og reyndar 5. og 6. gr. einnig er gert ráð fyrir breytingum sem tengjast Innheimtustofnun sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði. Svo hagar til í dag að Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem innheimtir meðlög og ber að endurgreiða þau til Tryggingastofnunar ríkisins, er reyndar, í samræmi við þær reglur sem gilda, nú mjög á eftir í þessum greiðslum. Jöfnunarsjóður hefur aðstoðað Innheimtustofnun við þessar greiðslur. Gert er ráð fyrir því að Jöfnunarsjóður fái heimild til lántöku, sem hann endurláni Innheimtustofnun sveitarfélaga, til að gera Innheimtustofnuninni kleift að standa við greiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins þegar á því ári sem innheimtan fer fram. Í vor lítur út fyrir að skuld Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði um 200 millj. kr. Með þessu móti batnar hagur Tryggingastofnunar ríkisins á þessu ári um um það bil þá upphæð.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fari ekki fram úr því sem nú er á fjárlögum

enda þótt útlit sé fyrir nokkru meiri tekjur af söluskatti en ráð er fyrir gert. Hér mun vera um að ræða um það bil 30—40 millj. kr. sem þá renna til ríkissjóðs. Fært þótti að gera þessa breytingu með tilliti til þess, að útsvarsálögur sveitarfélaga hafa verið hærri að tiltölu en skattálögur ríkissjóðs.

Í 8.—16. gr. frv. er fjallað um breytingar á greiðslum frá almannatryggingum. Í 8. gr. er gert ráð fyrir því að samlagsmenn njóti sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a. m. k. 21 dag. Er þá lengdur um eina viku sá biðtími sem um er að ræða skv. gildandi reglum. Um þessa grein var töluvert rætt í hv. Nd. og m. a. upplýst þar að þessi aukni kostnaður, sem samtals er talinn spara almannatryggingum 25 millj. kr. á ári, greiðist að 90—95% af atvinnurekendum.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir að sjúkratryggingar geti hafnað reikningi læknis eða endurgreiðslu læknisaðstoðar til sjúklings ef viðkomandi læknir starfar ekki skv. samningi þeim sem gerður hefur verið við læknasamtökin.

Í sambandi við breytingar á almannatryggingum urðu umr. ekki síst töluverðar um 12.—15. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að draga úr þátttöku tryggginganna í tannlæknakostnaði barna og unglinga. Í frv. kemur fram að sá sparnaður geti orðið um 50 millj. kr. á heilu ári. Það mun vera ofáætlað. Eftir nánari athugun virðist sá sparnaður geta orðið um 16 millj. kr. Sérstaklega hefur kostnaður við tannréttingar orðið miklu meiri en ráð var fyrir gert. Ég vil fyrir mitt leyti leggja áherslu á að tannréttingar eru að sjálfsögðu nauðsynleg þjónusta og mjög æskilegt að áfram sé veitt veruleg aðstoð við þær aðgerðir. Við þær breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir er eftir sem áður gert ráð fyrir að veita verulega aðstoð úr ríkissjóði og frá sveitarfélögum við tannlækningar unglinga, en þó nokkuð úr þeim mikla kostnaði dregið, sem aukist hefur ákaflega mikið síðustu árin.

Í 17. gr. er framlengd frestun á ákvæði laga um síðasta ár skólaskyldu. Það hefur ekki enn komið til framkvæmda og verið frestað árvisst og er svo enn gert með þessu frv.

II. kafli frv. fjallar fyrst og fremst um þær aðgerðir sem samþykktar voru af ríkisstj. skv. tillögum aðila vinnumarkaðarins, ASÍ og VSÍ, 21. febr. s. l. um barnabótaauka. Ég held að ég megi fullyrða að í þeirri framsetningu sem felst í 18., 19., 20. og 21. gr. sé fylgt eins og frekast er kostur þeim tillögum sem þá voru lagðar fram. Gerðar eru örlitlar lagfæringar en að öðru leyti er framkvæmdin sú sama. Helsta frávikið er í 20. gr. Í till. aðila vinnumarkaðarins kom fram að þeir gerðu ekki ráð fyrir því að þessi aðstoð næði til þeirra sem hafa tekjur sínar af atvinnurekstri né heldur til námsmanna. Í íslenskum skattalögum eru engin ákvæði sem gera með góðu móti kleift að greina svo á milli. Skattalögin byggjast á tekjum en ekki starfsstéttum og hefur engin ríkisstj. reyndar undanfarin ár, svo ég þekki, treyst sér til að fara út í slíka aðgreiningu. Hins vegar gera skattalögin kleift að greina á milli eftir eignum einstaklinga og þótti því réttara að gera þá aðgreiningu frekar en eftir starfsstéttum. Í 20. gr. er því gert ráð fyrir að barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1.2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 750 þús. kr. og falli síðan niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 1 millj. 250 þús. kr. Svipað ákvæði er um einstæða foreldra nema þar er skerðingarhundraðshlutinn 2.4 af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 1 millj. kr.

Í 22. gr. segir að innheimta skuli við tollafgreiðslu sérstakt gjald af fullunnum fóðurblöndum. Hér er um að ræða tilfærslu á fóðurbætisskatti þeim sem nú er innheimtur af samtökum bænda sjálfra og ráðstafað til þarfa landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir því að sá skattur verði lækkaður til samræmis við þá tollheimtu sem hér er um að ræða. Þessi tollheimta, sem er 1.30 kr. af hverju kg á að gefa á þessu ári 60 millj. kr., sem segja má að sé ráðstafað upp í þær útflutningsbætur sem um er getið fyrr í frv.

III. kafli frv. fjallar um heimild í 25. gr. til Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ríkisstj. að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar því sem nú er í lögum. Um þetta hefur verið allmikið deilt, en niðurstaðan varð sú að gera ráð fyrir þessari heimild til þess að fyrir lægju allar þær leiðir, allar þær heimildir sem Seðlabanki og ríkisstj. geta haft til þess að hafa áhrif á útlán viðskiptabankanna. Þær eru þrjár, þ. e. endurkaup og vextir og svo binding, en heimild til bindingar er nú að fullu nýtt. Ég vil á þessu stigi taka fram að engar ákvarðanir eru teknar um notkun á þessari heimild. Hún kemur fyrst og fremst til greina ef um verulega viðbótarþenslu, t. d. ef um meiri afla yrði að ræða í þjóðfélaginu.

Þá er í 26.—28. gr. fjallað um þær lántökur erlendar sem nauðsynlegar eru, í fyrsta lagi vegna þess halla sem eftir er á ríkissjóði og fram kemur í því sem ég hef hér sagt og aths. við frv., og sömuleiðis vegna fyrirsjáanlegrar lánsfjárþarfar atvinnuveganna. Um það er fjallað í 28. gr. Þar er gert ráð fyrir 680 millj. kr. lánsfjárþörf sem lýst er í aths. við þá grein. 300 millj. munu fara til skuldbreytinga í sjávarútvegi, 80 millj. til skuldbreytinga í landbúnaði, 150 millj. til að koma í veg fyrir stöðvun skipasmíðastöðva og skapa þeim aðstöðu til viðhaldsverkefna og 150 millj. til nýsköpunar í atvinnulífinu skv. reglum sem ríkisstj. mun setja.

Ég vil taka það fram vegna umr., sem varð um það mál í Nd., að þetta fjármagn verður að sjálfsögðu lánað í gegnum þá sjóði sem fjalla um viðkomandi atvinnuveg. Sérstaklega hefur verið talað um að ráðstafa nokkru fjármagni til nýrra greina eins og laxeldis, loðdýraræktar og háþróaðs iðnaðar, eins og lífefnaiðnaðar og rafeindaiðnaðar, sem nokkuð hefur haslað sér völl. Segja má að þessar greinar eigi það allar sameiginlegt að þær þjást af fjárskorti. Ekki hefur tekist að koma þeim á fót eins og einstaklingar og fyrirtæki hafa viljað vegna fjárskorts. En allar eiga þær það einnig sammerkt að þær eru að öllum líkindum vaxtarbroddar þessa þjóðfélags.

Mér láðist að geta þess, virðulegi forseti, í sambandi við 1. gr. að þar er einnig með sú lækkun á niðurgreiðslum sem mjög hefur verið um talað. Sú lækkun er samtals 185 millj. kr. Af því eru 40 millj., sem talið er að verði eftirstöðvar af þessum fjárveitingalið, þar sem samdráttur hefur orðið í neyslu. Raunveruleg lækkun er því 145 millj. kr. og hefur þegar komið til framkvæmda, enda er hér um heimild að ræða í fjárlögum til að ráðstafa því fjármagni sem þar er talað um en ekki skylda.

Ég vil taka það fram, að í till. frá VSÍ var á það bent

að taka fjármagn til þeirrar millifærslu sem ég hef lýst, til barnabóta o. fl., úr niðurgreiðslum. ASÍ benti hins vegar á útflutningsbætur. Hvort tveggja kemur þetta svipað niður, leiðir til hækkunar á landbúnaðarafurðum. Ríkisstj. treystir sér þó ekki til að ganga nema að hluta til móts við þessi sjónarmið, því að í lækkun niðurgreiðslna felst að sjálfsögðu bæði skerðing á afkomu fjölskyldufólks og sömuleiðis getur það leitt til erfiðleika við sölu landbúnaðarafurða.

Virðulegi forseti. Þótt mjög margt mætti um þetta mál segja, bæði almenns eðlis og um einstakar greinar, þá hefur það verið svo ítarlega rætt bæði hér á hinu háa Alþingi og í fjölmiðlum upp á síðkastið að ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum hefur verið afgreitt gegnum Nd. Alþingis og er nú hér til 1. umr. Forsrh. hæstv. hefur mælt fyrir frv., en satt best að segja var það ekki forsrh. sem mælti fyrstur fyrir þessu frv. Sá sem tók að sér að mæla fyrstur fyrir þessu frv. og það á opinberum vettvangi var hv. þm. Friðrik Sophusson, varaformaður Sjálfstfl. Hann mælti fyrir frv. í viðtali sem birtist í Morgunblaðinu daginn áður en frv. var tekið hér til 1. umr. á Alþingi. Hann lýsti aðdraganda frv. í einni setningu sem óðara varð landsfræg, en hún var á þessa leið: „Þetta tók um tvo mánuði og þá fæddist lítil mús.“ Í raun og veru segir þetta sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði um frv. þegar í upphafi, allt sem segja þarf um þetta frv. Meðgöngutíminn var tveir mánuðir eins og alkunnugt er. (**Gripið fram í:** Í styttra lagi.) Í styttra lagi má kannske segja miðað við sum önnur mannanna börn, en í lengra lagi ef litið er til hagsmuna þjóðarinnar og þess að ríkisstj. ætti að koma með till. sínar í svo alvarlegum málum sem þessum strax og hún gerði grein fyrir þeim vanda sem við væri að glíma. Nei, meðgöngutíminn varð töluverður og það sem gerðist var akkúrat þetta: Það fæddist lítil mús.

Kjarni þessa frv. er sá að ríkisstj. tekur alls ekkert á vandanum. Hún treystir sér ekki til þess að stoppa í þetta gat upp á tvo milljarða, sem hún taldi að við blasti í febrúarmánuði, heldur grípur það neyðarúrræði að taka erlend lán í stórum stíl til þess að komast ekki í greiðsluþrot. En auðvitað fyllir hún ekki í gatið með því. Það er mesti misskilningur, sem fram hefur komið hjá mörgum ræðumanninum sem um þennan vanda hefur fjallað, að gatið væri fyllt með erlendum lántökum. Gatið verður alveg jafn stórt eftir sem áður. Það verður þessi milljarðs halli á rekstri ríkissjóðs og síðan forðast ríkissjóður greiðsluþrot með því að taka erlend lán.

Þessi hlið málanna er athyglisverð fyrir þá sök að meðan fyrri stjórn var við völd var það algengt að áróðursmenn tækju svo til orða að það væri ekki að furða þótt þetta baslaðist allt áfram hjá þeim. Þeir tækju bara erlend lán þegar á þyrfti að halda og fylltu upp í það sem á vantaði með lánum. En sannleikur málsins er sá að það er hvorki hægt að fylla upp í ríkissjóðsgat hvað reksturinn varðar með innlendum né erlendum lántökum. Gatið hverfur ekkert við það. Það er áfram til staðar og þess vegna er það um leið kjarni málsins að þegar ríkissjóður kom út með afgangi í rekstri öll árin 1980, 1981 og 1982, með verulegum afgangi öll árin, gat ekki eðli málsins samkvæmt verið neitt gat á ferðinni sem fylla þyrfti upp í með erlendum lánum. Það lá í hlutarins eðli að menn voru að segja ósatt þegar þeir stilltu málum svo upp. Niðurstaða ríkisreiknings hlaut að segja allan sannleikann, að það var ekkert gat sem þurfti að fylla upp í með erlendum lánum.

Halli ríkissjóðs hefur lengi verið fyrirsjáanlegur. Þegar á s. l. ári var ljóst að fjárhagur ríkissjóðs hlyti að vera erfiður á þessu ári. Ástæðan var sú að þegar eftir að þessi ríkisstj., sem nú situr, tók við virtist beinlínis stefnt á það að á árinu 1983 yrði talsverður rekstrarhalli hjá ríkissjóði. Hver ákvörðunin rak aðra þar sem teknar voru ákvarðanir um stórfelld útgjöld upp á hundruð milljóna króna án þess að nokkrar tekjur kæmu þar á móti og eins var það að tekjur ríkissjóðs voru felldar niður hver af annarri án þess að gerð væri tilraun til að láta eitthvað koma þar í staðinn.

Sem dæmi má nefna að skömmu eftir að þessi ríkisstj. tók við voru gerðar breytingar í skattamálum sem samtals höfðu í för með sér um 400 milljón króna aukaútgjöld fyrir ríkissjóð. Þar kom ekkert annað á móti. Niðurgreiðslur voru líka auknar í tíð þessarar stjórnar á seinasta ári án þess að nokkrir peningar væru til fyrir þeim. Þvert á móti var sýnt að niðurgreiðslur yrðu frekar að dragast saman ef eitthvað væri og sérstaklega að á vantaði um greiðslu á vaxtagjöldum, en ríkisstj. tók ákvarðanir um verulega miklu meiri niðurgreiðslur en innistæða var fyrir og án þess að nokkrar tekjur kæmu þar á móti.

Það var eins og vegamálin. Fráfarandi stjórn dr. Gunnars Thoroddsen hafði gert ráð fyrir því að innheimt væri í Vegasjóð nokkuð á annað hundrað milljónir kr. með sérstakri skattlagningu og hafði miðað vegáætlun sína við það. Alþingi hafði að vísu ekki afgreitt þessa sérstöku skattlagningu þar sem ekki entist tími til þess, en málið hafði farið í gegnum þrjár umr. í Ed. og verið samþykkt þar og reyndar einnig í gegnum tvær umr. í Nd. Það lá því fyrir að fullur vilji var hjá Alþingi til þess að samþykkja þessa skattlagningu í þágu Vegasjóðs og þess vegna ákvað ríkisstj. að vegáætlun sú, sem undirbúin hafði verið af fjvn., skyldi standa.

En hvað gerði sú stjórn sem við tók? Jú, hún hélt sig við útgjöldin sem fráfarandi stjórn hafði ákveðið, en hún sleppti tekjuöfluninni. Hún ákvað að skatturinn skyldi ekki lagður á. Það skyldu bara tekin erlend lán upp í það gat sem þarna var myndað. Auðvitað bar stjórninni að gera annaðhvort, að afla tekna á móti sem raunverulega kæmu inn sem rekstrartekjur hjá ríkissjóði eða að skera niður vegáætlunina í samræmi við tekjurnar. En hvorugt var gert. Þarna var vísvitandi myndað gat hjá ríkissjóði upp á nokkuð á annað hundrað milljónir kr.

Þegar allar þessar breytingar á fjárlögum fyrir árið 1983 eru lagðar saman kemur út gat af völdum núverandi ríkisstj. á fjárlagaárinu 1983 upp á rétt um 800 millj. kr. Við höfum enn ekki séð ríkisreikninginn fyrir árið 1983 og ég get ekki neitt fullyrt um það hver niðurstaða hans verður, en mig hefur lengi grunað að rekstrartap ríkissjóðs á árinu 1983 yrði ekkert mikið meira en næmi akkúrat þessum 800 millj. kr. sem voru á ábyrgð þessarar nýju ríkisstjórnar. Greiðsluafkoman var að vísu óhagstæð sem nam rétt um 1100 millj. kr.,

en reglan hefur verið mörg undanfarin ár að reksturinn hefur raunverulega komið miklu betur út en greiðsluflæði ríkissjóðs. Það eru þarna viss útgjöld sem tilheyra árinu 1984 en komu til gjalda á árinu 1983, eins og t. d. útflutningsuppbætur upp á 50 millj. kr. Ég hygg því að staðan á árinu 1983 rekstrarlega séð sé skárri en greiðslustaðan gaf til kynna og sennilega ekkert mikið meiri en nam útgjöldunum sem ekki var aflað tekna fyrir eða skattalækkunum sem voru þess eðlis að ekkert kom í staðinn.

Sem sagt, þarna varð til stórfellt gat hjá ríkissjóði og það er þetta gat sem hefur verið að stækka, víkka út, í meðförum núverandi stjórnar því að hún var ekki aðeins örlát á ýmiss konar skattalækkanir í þágu atvinnurekstrar á árinu 1983 heldur hefur hún haldið þar áfram af fullum krafti.

Skattar á skrifstofu- og verslunarhúsnæði hafa t. d. verið lækkaðir. Þar hefur atvinnureksturinn sloppið við verulegar byrðar en ríkissjóður fengið á sig enn eitt gatið. Hér hafa verið samþykkt lög sem fela í sér verulegar skattaívilnanir í þágu hlutabréfaeigenda, í þágu þeirra sem fjárfesta í atvinnurekstri. Allt hefur þetta orðið til þess að auka hallann hjá ríkissjóði.

Nú seinast fyrir helgina, á föstudaginn var, vorum við alþm. einmitt hér í hv. Ed. að fjalla um frv. ríkisstj. sem fela í sér stórfellda lækkun á skattgreiðslum banka og lánastofnana, lækkanir sem nema um 120 millj. kr. að meðaltali á ári næstu þrjú árin. Þarna er um að ræða lækkanir sem ekkert kemur á móti. Þarna er spilað út 120 millj. án þess að fjmrh. og ríkisstj. hans geri minnstu tilraun til þess að skera niður útgjöld á móti eða afla annarra tekna. Þarna var svo sannarlega á ferðinni sýnikennsla í því hvernig á að koma götum á ríkissjóð. (Gripið fram í.) Hvað sagði nú hæstv. fjmrh.? Ég heyrði það ekki. Jæja, við geymum það. Þarna var sem sagt um ágæta sýnikennslu að ræða fyrir komandi ráðamenn fjármála hér á landi hvernig þeir eigi að koma öllu á kaldan klaka með því að spila út tekjustofnum ríkisins án þess að láta þar nokkuð koma á móti. Þetta einkennilega örlæti hæstv. fjmrh. og núv. ríkisstj. í garð ákveðinna þjóðfélagshópa og stofnana, bæði atvinnurekenda, fólks sem hefur efni á því að fara í ferðalög til útlanda, þeirra sem eiga skrifstofu- og verslunarhúsnæði eða nú síðast í þágu bankanna, verður sannarlega holl lexía fyrir menn þegar þeir standa frammi fyrir sívaxandi hallarekstri ríkissjóðs.

Menn spyrja að sjálfsögðu stjórnarandstöðuna að því hvað hún vilji gera þegar svo stendur á að fyrirsjáanlegur er halli. Ég hef nú þegar nefnt ýmislegt það sem við hefðum hagað á annan veg ef við hefðum ráðið. Við hefðum ekki samþykkt allar þessar skattalækkanir á atvinnureksturinn. Við hefðum ekki fallist á lækkun skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og jafnvel þótt við hefðum látið plata okkur til þess á fyrra stigi hefðum við breytt um afstöðu, alveg hiklaust, þegar gatið stóra kom í ljós í febrúarmánuði. Það gæti hæstv. fjmrh. gert enn þann dag í dag. Hann gæti tekið ákvörðun um að vera ekki að lækka skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hann gæti tekið ákvörðun um að vera ekki að lækka skatta á bankana. Hann gæti lagt að nýju á álag á ferðagjaldeyri. En hann kærir sig ekkert um að gera það vegna þess að hann er búinn að ákveða að það eigi bara að vera dágóður halli á ríkissjóði, hann sé búinn að fá það vel inn á undanförnum árum að það geri ekkert til. Það er að vísu mesti misskilningur. Þó að staða ríkissjóðs hafi verið allþokkaleg á undanförnum þremur árum er mjög stórfelld skuld við Seðlabankann og ríkissjóður allskuldugur líka hvað erlend lán varðar. Mundi því áreiðanlega ekki veita af þó að við fengjum svo sem eins og fimm ára tímabil nú til viðbótar þar sem væri einhver afgangur hjá ríkissjóði á hverju einasta ári og gæti gengið upp í að greiða niður lán og skuldir.

En ég vil svo sannarlega ekki að mál mitt verði skilið svo að það eina sem hæstv. fjmrh. geti gert sé að hækka þá skatta sem hann er búinn að lækka á atvinnureksturinn og bankana o. s. frv. Hann getur líka gert margt annað. Hann getur t. d. ákveðið að eyða ekki 100 millj. kr. í nýja flugstöð. Þar er fé sem má taka til að lækka útgjöldin hjá ríkissjóði. Hann getur líka ákveðið það að útgerðarmenn ættu að borga lán sem þeir tóku og fengu ábyrgð ríkissjóðs á fyrir tveimur árum með þeim yfirlýsta skilningi allra stjórnmálamanna sem að því stóðu að útgerðarmenn ættu að borga þetta lán og ábyrgð ríkissjóðs væri ekki í því skyni að hann greiddi lánið heldur einungis til að auðvelda lántökuna. Ef nú væri ákveðið að útgerðarmenn stæðu undir sínum skuldum og borguðu þetta lán — **(Gripið fram í:** Er það loðnulánið?) Það er loðnulánið, já. **(Gripið fram í:** Ég vil bara að það komi fram.) Jú, akkúrat. Þetta er það sem nefnt hefur verið manna á milli loðnulán. Ég veit ekki hvort hið opinbera, staðfesta heiti lánsins er það, ég man það nú satt að segja ekki. En við skiljum hver annan og vitum að þarna var um að ræða lántöku í þágu útgerðar á þeim tíma þegar engin loðna veiddist og útgerðin stóð illa að vígi, sérstaklega þeir sem áttu þessa stóru báta sem aðallega voru ætlaðir til loðnuveiða. Þá var óhjákvæmilegt að taka lán og gera þeim kleift að fleyta sér í gegnum erfiðleikana. En nú er loðna farin að veiðast á nýjan leik og þeir eiga alveg skilyrðislaust að standa undir þessu láni. Það er engin ástæða fyrir ríkissjóð að taka það á sig. Þarna er enn ein stór upphæðin sem mundi muna mikið um. **(Gripið fram í:** Loðnugat.) Þarna er sem sagt loðnugat, já. Það loðnugat eiga þeir að taka á sig sem það eiga. (Gripið fram í.) Ég vil bara svara þessum spurningum þannig að þetta gat var ekki orðið gat á þeim tíma þegar ég var fjmrh. Þetta gat verður fyrst gat þegar núv. hæstv. fjmrh. tekur það á sig að standa skil á þessari upphæð í stað þess að láta útgerðarmennina gera það. Götin eru nefnilega ekki nein eilífðarfyrirbæri og það skiptir dálitlu máli hvort þau eru búin til og hvort stoppað er upp í þau á réttum tíma.

Staðreyndin er sú að þegar við ræðum hér um göt og orsakir þeirra erum við að tala um mál sem við vissulega höfum ekki fullt yfirlit yfir. Ég hygg að gatið hjá ríkisjóði sé töluvert miklu stærra en það sem búið er að gera grein fyrir nú þegar. Ég er sannfærður um að öll kurl eru ekki komin til grafar. Ég bara nefni það dæmi að hæstv. fjmrh. lét afgreiða fjárlögin þannig að öll ráðuneyti ættu að spara sem svaraði 2.5% í launum. Ég hef fullar heimildir fyrir því og ágæta vissu að það er ekki á nokkurn hátt verið að framkvæma þetta fyrirheit fjárlaganna. Það er varla minnsta tilraun gerð til þess í rn. að spara þessi 2.5% sem átti að spara. Þarna er enn eitt gatið á ferðinni sem verður til þegar ekki er framkvæmt það sem stendur í fjárlögunum. Ég hafði satt að segja aldrei trú á því að til stæði að framkvæma þetta fyrirheit.

Hv. þm. Friðrik Sophusson lýsti því líka yfir í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv., sem mun hafa verið haldin á fundi sjálfstæðismanna einhvers staðar á höfuðborgarsvæðinu, að það vantaði í húsnæðislánakerfið, þrátt fyrir þetta frv., 300—400 millj., eins og hann reyndar orðaði það, „ef standa á við digrar yfirlýsingar félmrh.“ Ég tek það fram að þetta eru óbreytt orð Friðriks Sophussonar, „ef standa á við digrar yfirlýsingar félmrh.“ Það er greinilegt að loforðin, sem hæstv. félmrh. hefur verið að gefa fyrir hönd ríkisstj., þykja ekki alls staðar merkileg á ríkisstjórnarbænum, og greinilega er verið að tala í nokkrum óvirðingartón um vanda húsbyggjenda sem hæstv. félmrh. mun hafa verið að gefa þessar digru yfirlýsingar um að yrði leystur.

Hv. þm. Friðrik Sophusson bætti því við að óleystur vandi útgerðarinnar, hvað lausaskuldir hennar snertir, næmi um 400—500 millj. kr. Þarna er enn eitt gatið sem fyrirsjáanlegt er að með einhverjum hætti verði að fylla í, að vísu ekki ríkissjóðsgat vegna þess að ekki verður vandi útgerðarinnar leystur með greiðslu úr ríkissjóði, en sennilega lánsfjárlagagat.

Um frv. ætla ég ekki að fjölyrða margt á þessu stigi, enda gefst tækifæri til að ræða það nánar við 2. umr. málsins eftir nánari athugun í nefnd. Ég vil þó segja alveg eins og er að það er makalaus niðurstaða sem í þessu frv. felst. Gerð er tilraun til þess að spara í þágu ríkissjóðs. Hverjir eru það sem helst eru látnir taka þann sparnað á sig? Í fyrsta lagi eru það heimilin þar sem munnar eru flestir og þar sem landbúnaðarvörur eru mest borðaðar. Það er sem sagt ætlunin að leysa stóran hluta af þessum vanda með því að hækka búvörur í verði, hækka þær vörur sem mannmörg og barnmörg heimili nota hvað mest. Það er því ljóst að einn stór þáttur í þessari fjáröflun lendir af fullum þunga á fátækum heimilum.

Aðrir, sem eiga að taka þarna á sig stóra byrði, eru sjúklingarnir. Það er annar hópurinn sem talinn er sérstaklega hæfur til þess að bera byrðarnar sem stafa af því að verið er að lækka skatta á atvinnurekstrinum og bönkum. Þeir fá minni sjúkradagpeninga en áður hefur verið. Þó að í frv. sé að vísu reynt að láta í veðri vaka að það séu atvinnurekendur sem taki þessa byrði á sig þá er það mesti misskilningur því að þeir sem taka þetta á sig eru ekki síður verkafólk sem er nýbyrjað í vinnu og er því ekki komið með þann rétt sem fólk fær eftir að hafa verið hjá sama atvinnurekenda í ákveðinn tíma og fær því veikindi sín greidd af þeim atvinnurekanda. Sama gildir um húsmæðurnar. Þær taka á sig þessa réttindaskerðingu mjög almennt og reyndar námsmenn líka sem ekki hafa aflað sér þess réttar sem fólginn er í veikindarétti skv. samningum. Sá hópurinn, sem verður fyrir hvað mestri skerðingu, eru börnin vegna stóraukins tannviðgerðarkostnaðar. En þó tekur alveg steininn úr þegar kemur að námsmannahópnum. Þar er greinilega á ferðinni langsamlega rosalegasta kjaraskerðingin sem í þessu frv. er fólgin.

Ég þarf ekki að orðlengja um þennan þátt málsins. Hann hefur verið margræddur á opinberum vettvangi. Ég var viðstaddur fund í fjh.- og viðskn. Ed. Þar staðfesti framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna að það væri nákvæmlega rétt reiknað, sem áður hafði fram komið, að námslán á síðari hluta þessa árs mundu lækka úr 95% umframfjárþarfar námsmanna, eins og lánin voru greidd á fyrri hluta ársins, og niður í 60%. Sem sagt, langt, langt niður fyrir það sem verið hefur á undanförnum árum.

Líklega þurfum við að fara meira en áratug aftur í tímann til þess að finna tímabil þegar námslán voru aðeins 60%. Mjög lengi var þessi prósenta milli 70—80%. Og það get ég upplýst hér að þessir útreikningar framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna voru ekki hraktir á þessum fundi. Þeim var ekki einu sinni mótmælt af talsmönnum stjórnarmeirihlutans, enda voru þær lagðar svo skýrt og augljóslega fram að þar gat ekkert dulist.

Ég spurði framkvæmdastjóra Lánasjóðs ísl. námsmanna um það á fundinum hvort það væri ekki frekar á hinn veginn að þetta yrði aldrei meira en 60% umframfjárþarfar, en gæti orðið minna ef t. d. námsmönnum fjölgaði meir en áætlanir gerðu ráð fyrir, sem reyndar er útlit fyrir, og ef verðbólga yrði meiri en ráð hefur verið fyrir gert í útreikningum, sem líka er allt útlit fyrir. Hann tók mjög undir það og sagði: Þetta er alveg laukrétt. Það er útlit fyrir að námsmönnum fjölgi um 2—3% meira en útreikningarnir gera ráð fyrir og það er útlit fyrir að verðbólgan verði a. m. k. 4—5% meiri en útreikningar gera ráð fyrir. Sem sagt, þá verður fjárvöntunin meiri og ef menn ætla að standa við það sem stendur í þessu frv. að ekki megi eyða til Lánasjóðs ísl. námsmanna hærri upphæð en nefnd er í frv. er alveg ljóst að allt stefnir í það að hlutfall lána af umframfjárþörf námsmanna verði lægra en 60%, sennilega milli 50 og 60%.

Sannarlega er þetta makalaus niðurstaða af því þegar ríkisstj. tekur sig til að spara, hvar hún kemur niður, hvar hún finnur þá aðila í þjóðfélaginu sem helst eru taldir geta staðið undir að bjarga fjárhag ríkissjóðs. Þó er kannske makalausasta niðurstaðan af öllu makalausu að hún skuli gera ráð fyrir því að erlend lán verði tekin til þess að greiða barnsmeðlög í landinu, til þess að bjarga fjárhag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem aldrei hefur tekið lán, hvorki innlend eða erlend. Hann er nú í fyrsta skipti látinn taka lán, erlent lán til þess að geta gert upp skuldir sveitarfélaga við ríkissjóð vegna barnsmeðlaga. Þessi uppfinning núv. ríkisstj. er einstæð í allri Íslandssögunni. Erlent lán hefur áreiðanlega aldrei verið tekið í þessum tilgangi.

Sama má raunar segja um kaupgreiðslur til opinberra starfsmanna. Ég þekki það ekki að erlend lán hafi verið tekin í því skyni. Ég veit heldur ekki til þess að erlend lán hafi verið tekin til þess að útvega fé í Byggingarsjóð ríkisins þó að kannske mætti segja að það væri þó nær lagi og ekki alveg jafn forkastanlegt eða fráleitt. En ég hygg að það hafi aldrei fyrr verið gert og að ríkisstj. slái öll met í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þann alræmda bandorm sem hér er til umr. því að ég ætla að stuðla að því með öðrum hv. þm. Ed. að þessi fundur þurfi ekki að standa allt of lengi. Langar ræður eru ekki endilega neitt betri en stuttar ræður. En ég verð bara að segja alveg eins og er að hv. þm. Friðrik Sophusson hitti svo sannarlega naglann á höfuðið þegar hann tók það fram í opinberu blaðaviðtali að með þessu frv. væru allar horfur á að Sjálfstfl. kæmi buxnalaus til næstu kosninga.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir hefur mikið verið rætt þegar á þessu

þingi og kannske ekki ástæða til þess í þessari 1. umr. að gera annað en að lýsa í grófum dráttum afstöðu sinni til frv. í heild. Til að byrja með get ég ekki látið hjá líða að minna á atriði úr þeim viðræðum sem fram fóru á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. beggja deilda. Þar var mættur Ásmundur Stefánsson til að gera grein fyrir afstöðu Alþýðusambands Íslands til þessa frv. Hann sagði aðspurður, að hefði Alþýðusambandið eða verkalýðsfélögin vitað af þeim aðgerðum sem hér eru fyrirhugaðar þegar samið var þá hefðu einfaldlega engir samningar átt sér stað. Þetta er nokkuð athyglisverð yfirlýsing í ljósi þess að þegar samið var vissi hæstv. ríkisstj. um það gat sem svo mikið hefur verið rætt hér í vetur. Hæstv. ríkisstj. var mjög viðriðin þá samninga sem menn almennt luku miklu lofsorði á og töluðu um að verkalýðsfélög og vinnuveitendur hefðu sýnt mikla ábyrgð í þeim samningum. En við tilkomu gatsins og við tilkomu þessa frv. kemur í ljós að sá aðili, sem minnsta ábyrgð sýndi, var hæstv. ríkisstj. Nánast mætti fullyrða að hún hafi beðið með rýtinginn uppi í erminni.

Í heild er þetta ekki gott frv. Það er í því ákveðinn kuldi, kaldranalegur andi sem maður hálfvegis óttast að vísi á ákveðið framhald sem þá verður að sporna mjög fast á móti ef hægt er. Þessi andi kemur strax í ljós í byrjun þessa frv. þegar gert er ráð fyrir því að lækka námslán og námsstyrki niður í 60% af reiknaðri fjárþörf einstaklinga. Það er ákveðið að einhleypur námsmaður skuli lifa af 9 þús. kr. á mánuði. Spyrji sig hver sem er að því hvort hann telur sér fært að lifa af ekki stærri upphæð, greiða af henni húsaleigu, fæði, bækur og annan þann kostnað sem námsmaður þarf að leggja út. Þetta atriði frv. er því síður hægt að samþykkja ef maður á von á því að svona verði framhaldið því að einmitt á þessum mánuðum eru menn kannske að gera sér ljósara en áður hversu mikilvæg vísindin eru fyrir okkar framtíð, hversu mikilvægt það er að hlúa að námi, jafnvel að auka fjölda námsmanna því að þeir menn, sem framtíð okkar kemur til með að byggja á, verða að vera menntaðir menn og verða að vera hámenntaðir menn.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. minntist á þann undarlega þátt í þessu frv. sem lýtur að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar sem honum er gert að taka lán til þess að standa undir meðlögum. Hann fullyrti það — sem ég er ekki dómbær um — að þetta væri jafnvel í fyrsta sinn í Íslandssögunni sem þessum sjóði væri gert slíkt. Það sýnir í raun og veru kannske betur en margt annað úrræðaleysi þessarar ríkisstj. til að fylgja fram þeim málum sem hún einsetti sér í upphafi.

Það er líka athyglisvert að ákveðið er af þessari ríkisstj. að hækka framlög til útflutningsbóta um nákvæmlega sömu upphæð og niðurgreiðslur eru lækkaðar um. Þarna er því um einfaldar millifærslur að ræða sem nánast engu skila öðru en að viðhalda áfram því gamla og ónýta kerfi sem útflutningsuppbæturnar eru.

Sá kafli í þessum lögum, sem þó er kannske einna kaldranalegastur, er sá kafli sem snýr að almannatryggingakerfinu, þ. e. að viðtalsgjöldunum og opinberu framlagi til læknisþjónustu. Greiðslur sjúklinga til lækna vegna viðtala eða rannsókna hjá sérfræðingum á að hækka um 200% eða úr 100 kr. í 300 kr. Þetta gerist nánast án þess að nokkur maður taki eftir því að hvergi er minnst á þetta, hvorki í frv. sjálfu né í grg. sem með því fylgir, heldur er með breyttu orðalagi þessari heimild komið fyrir. Síðan er ákveðið með reglugerð hjá sjúkrasamlaginu að hækka þetta gjald um þessa upphæð, 200% hækkun á þjónustu sem menn hafa verið að berjast fyrir í tugi ára að verði sem nánast án tilkostnaðar fyrir þegna landsins í þeim tilgangi að allir hafi sem besta möguleika til þess að njóta sem bestrar heilsugæslu.

Þessi 200% hækkun er mér allavega sönnun þess að þessi ríkisstj. ber ekki hag almannatryggingakerfisins fyrir brjósti. Þetta er eitt af mörgum atriðum sem benda til þess að hún hafi hreint og beint sett sér það að markmiði að naga úr þessu kerfi þannig að ekkert standi eftir að lokum.

Einnig er gert ráð fyrir því að lækka aðstoð eða kostnaðarþátttöku við tannlækningar og menn grípa þar á þætti sem þeir telja að hljóti að vera skynsamlegur, þ. e. tannréttingar. Tannréttingar, þ. e. þær sem oftast er verið að fást við, eru yfirleitt meðfædd fötlun. Þar er um að ræða fólk sem hefur það skakkar tennur að búast má við að það geti ekki nýtt þær sem skyldi, að tennur og gómur skemmist fyrr en ella og valdi þar með viðkomandi einstaklingi bæði óþægindum og kostnaði. Í dag er talið mjög nauðsynlegt að vinna bug á þessari fötlun strax í upphafi, rétta tennurnar og koma þannig í veg fyrir bæði óþægindin og kostnað sem af framhaldandi þróun fötlunarinnar gæti leitt. Hérna er með einu pennastriki nánast greitt þannig úr málum að kostnaður einstaklinga við meðaltannréttingaaðgerð hækkar u. þ. b. sem nemur 15 þús. kr. bara fyrir þessa breytingu á þátttökuhlutfallinu.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um þetta mál í einstökum atriðum því að við eigum eftir að fara yfir það í hv. fjh.- og viðskn. og ná þar vonandi þeim upplýsingum sem við teljum enn hugsanlega á vanta. Ég á ekki von á því að við sem í stjórnarandstöðu erum komum til með að hafa áhrif á þetta frv. til breytinga. Það verður þá að koma í ljós við 2. umr. og þá hugsanlegar brtt. sem fram verða lagðar.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Alþfl. hefur lýst sig andvígan því frv. sem hér liggur fyrir. Þetta frv. er til komið vegna þeirrar uppgötvunar ríkisstj. að endar nái ekki saman og stórfellt gat sé fyrir hendi í ríkisfjármálunum. Gefnar voru út yfirlýsingar af ríkisstj. við valdatöku um að nú skyldi búa þannig um ríkisfjármálin að ekki þyrfti til slíkra uppgötvana að koma, en það hefur brugðist eins og hvað annað. Okkur hinum sem vorum og erum í stjórnarandstöðu var það ljóst að vissulega yrði erfitt að halda fjármálunum í góðu lagi við þær aðstæður sem voru fyrir hendi með bullandi verðbólgu og hvers konar þrengingum á sviði efnahagsmála og óstjórn. En það var fullyrt við gerð fjárlaga fyrir áramót að svo hefði verið tekið til hendi að ekki þyrfti til þess að koma að leysa vandamál, eins og þau sem hér liggja fyrir.

En þetta hefur sem sagt uppgötvast og urðu víst margir hissa þegar það varð ljóst. Við teljum að með því frv. sem hér liggur fyrir sé seilst mjög langt í það að brjóta niður velferðarkerfið í landinu. Skattheimta er aukin í því formi að koma byrðunum yfir á sjúklinga, yfir á þá sem minna mega sín. Þetta er gert á sama tíma og verið er að lækka skatta á fyrirtækjum, verið er að koma peningum til þeirra sem peninga hafa fyrir, taka af hinum sem minna mega sín.

Það hefur verið fullyrt hvað eftir annað að það yrði að forðast að taka erlend lán. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að tekin verði lán upp á 2100 millj. Ekki er vafi á því að sú lántaka fer fram úr öllu því sem fyrirheit gáfu til kynna. Þegar teknar eru saman allar þær lántökur sem verða bæði samfara fjárlögunum og lánsfjárlögum, verður heildaraukning erlendra skulda á þessu ári 4000 millj. kr. Það stendur sem sagt ekki steinn yfir steini af þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið, yfirlýsingum sem fjmrh. hefur reyndar verið hressastur við að koma á framfæri og jafnvel hótað því að það yrði brottfaratriði fyrir hann sjálfan ef ráðist yrði í slíka hluti. En enn situr ríkisstj. og enn situr hann sem sýnir best að engu er að treysta, ekki einu sinni loforði um það að fara frá ef gengið yrði of hart fram í að taka erlend lán.

Þetta frv. verður rætt í fjh.- og viðskn. þar sem frekari upplýsingar fást um hin ýmsu atriði. Það er því óþarfi að vera mjög langorður nú. Þó langar mig að vekja athygli á því, sem reyndar hefur komið fram hjá öðrum hér, að nú eru í fyrsta sinn tekin lán fyrir hinum ólíklegustu hlutum, eins og barnsmeðlögum. Þá eru lagðir á ýmsir smáskattar á almenning sem í raun eru ekki smáskattar gagnvart fólkinu sem þá þarf að greiða. T. d. hækkar hvert viðtal hjá lækni um 200—300%, hver röntgenmynd um 200%, hver rannsókn og hver lyfjaskammtur sömuleiðis.

Ég á von á því að hefði verkalýðshreyfingin gert sér grein fyrir því að þessa væri að vænta þegar gengið var til samninga nú í febrúar hefði staðan verið önnur hjá hinum almenna félagsmanni er samþykkti þá samninga.

Í 2. kafla frv. er meiningin að lögfesta það sem gert var ráð fyrir að lögfest yrði með gerð kjarasamninganna og er ekkert nema gott um það að segja. En aðrir þættir í þessu frv. eru mjög í þá átt, eins og ég sagði áðan, að flytja fjármagn frá þeim sem minnst mega sín í þá hít sem nú er verið að brúa.

Ein grein er hérna sérstaklega varhugaverð. Það er 8. gr. um sjúkrasamlagið þar er ákvæði sem lendir sérstaklega á húsmæðrum, námsmönnum og verkamönnum sem hafa minnstan réttinn, menn sem eru að flytjast á milli starfa o. s. frv. Þeir koma til með að þurfa að gjalda mjög þeirrar greinar varðandi sjúkradagpeninga.

En ég ætla ekki að fjölyrða um frv. nú. Ég lýsi andstöðu minni við það, þau atriði sem ekki varða þá kjarasamninga sem ég var að ræða um áðan, og tel að með þessu sé verið að koma aftan að fólki og það á hinn versta máta.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist þegar þessi ormur liggur hér á borðinu. Í 3. gr. frv. er kveðið á um að útflutningsbætur á landbúnaðarvörur skuli hækka um allt að 188 millj. kr. á sama tíma og dregið er úr niðurgreiðslum innanlands um 187 millj. kr. Það er því aðeins um tilfærslu fjármagns innan landbúnaðarkerfisins að ræða en enga raunhæfa úrlausn til að færa sig nær því marki að ekki þurfi að greiða niður landbúnaðarafurðir innanlands. Þess í stað er fjármunum sóað í útflutningsbætur.

Það kom fram á fundi nú fyrir skömmu með fulltrúum bændasamtakanna að við sölu lambakjöts á erlendum mörkuðum væri skilaverð til bænda frá mínus 5 kr. upp í 1,60 af hverju kg. Það segir okkur m. ö. o. að það verð, sem fæst fyrir íslenskt lambakjöt, dugir rétt fyrir flutnings- og milliliðakostnaði, svo ekki sé minnst á þá óhæfu að söluaðili, í þessu tilfelli Sambandið að stærstum hluta, skuli fá sölulaun af allt að helmingi hærri upphæð en hann fær fyrir viðkomandi vörur. Það má því segja að Sambandið fái allt að 2% af þessum 468 millj. sem hér er verið að greiða niður kjötið um á þessu ári.

Erlendar lántökur eru hér upp á rúma 2 milljarða. Þetta er aðeins ógreidd ávísun á börn okkar lands sem þau eiga að standa undir í framtíðinni. Þetta skeður á sama tíma og yfirlýst stefna ríkisstj. er að draga úr erlendum lántökum, flestum fannst þó nóg um skuldastöðu þjóðarbúsins. Lækkun skatta á banka er eitt ótrúlegasta dæmið um skattalækkun. Ríkisstj. leggur til að sjúkir og aldraðir taki meiri þátt í læknis- og tannlæknakostnaði á sama tíma og hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að bankarnir séu í þvílíkri fjármagnsklemmu að ekki veiti af að létta af þeim verulegum skattbyrðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hliðra til í umr. hér í hv. Ed. svo taka mætti fyrir mál utan dagskrár. Eins vil ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að samþykkja að svara þeim fsp. sem ég hyggst hér beina til hans.

Í hádegisfréttum í útvarpinu í dag var skýrt frá því að maður, sem játað hefur að hafa nauðgað stúlku hér í bæ í fyrrinótt, sé nú laus úr haldi. Í fréttum kom fram að lögreglan hefði farið fram á 30 daga gæsluvarðhald yfir manninum en því verið synjað af fulltrúa sakadóms. Tvær ástæður voru gefnar fyrir synjuninni: Í fyrsta lagi að viðurlög við brotum af þessu tagi væru svo létt að ekki væri ástæða til gæsluvarðhalds þess vegna. Algengasta refsing við nauðgunarbroti mun vera nú fangelsi í 12 til 18 mánuði. Síðari ástæðan var sú að það truflaði á engan hátt rannsókn málsins þótt maðurinn væri látinn laus. Hann væri búinn að játa að hafa nauðgað konunni og því væri óhætt að sleppa honum. Lögreglan og fulltrúi sakadóms voru þó sammála um að maðurinn skyldi sæta geðrannsókn. Jafnframt kom fram að ásetningur hans til að fremja brotið hafi verið mikill þar sem hann hefði áður sama kvöld gert misheppnaða tilraun til sams konar brots.

Nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann telji að hér sé um eðlilega málsmeðferð að ræða, hvort hann telji það forsvaranlegt að maðurinn sé nú frjáls ferða sinna hér í bænum, og í framhaldi af því hvort hæstv. dómsmrh. hyggist beita sér fyrir endurskoðun á meðferð þessa máls svo og meðferð nauðgunarmála yfirleitt.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið hefur sá sem ákærður er í því máli sem hv. 11. þm. Reykv. ræddi hér um ekki sætt dómi fyrir hegningarlagabrot og ekki kæru fyrir brot af þessu tagi. Þegar borin var fram krafa um gæsluvarðhald var málið enn á því stigi að það var ekki

að fullu upplýst en þegar til úrskurðar kom lágu játningar mannsins fyrir. Af þeirri ástæðu mun dómari ekki hafa talið að gæsluvarðhalds þyrfti við vegna rannsóknar málsins.

En þá var eftir kröfu úrskurðað farbann vegna framhaldsmeðferðar, m. a. væntanlegrar kröfu um geðrannsókn. Saksóknara var tilkynnt um stöðu málsins en málinu verður haldið áfram með ýtrasta hraða og mun ekki fyrirstaða á því að geðrannsókn taki nú við. Samkvæmt þeim upplýsingum sem mér bárust í dag hafði ríkissaksóknari ætlað að kæra til Hæstaréttar dómsúrskurðinn. Hlýtur úrskurður Hæstaréttar um það að falla á morgun eða í síðasta lagi á miðvikudag hvort gæsluvarðhald skuli taka við. Hef ég vissulega ekkert að athuga við þá málsmeðferð að leitað sé til Hæstaréttar um úrskurð í þessu máli vegna þess hversu alvarlegt brotið er.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég tel þessa umr. hér tímabæra og sjálfsagða. Mér þóttu fréttir af þessum málum í hádeginu sannast sagna hinar undarlegustu og veit þó að oft virðist svo sem aðrar reglur gildi þegar um nauðgunarmál er að ræða en önnur afbrotamál, að ekki sé nú talað um ýmis undarleg fyrirbæri í kringum þessi mál hvað varðar alla málsmeðferð og dómstóla. Þar má, svo sem áður hefur verið gert hér á Alþingi í vetur, nefna þær furðulegu yfirheyrsluaðferðir sem viðgangast oft og tíðum hér að lútandi. Ærnar grunsemdir vakna vissulega um mismunandi afbrotamat í ljósi þeirra frétta sem hádegisútvarpið var með og enn frekar í ljósi margra þeirra fregna sem maður því miður hefur haft oft og tíðum um hliðstæð mál, án þess að þar séu undir höndum bein og ótvíræð dæmi. En illur grunur hefur oft að mér læðst af ærnum tilefnum, staðfestum og óstaðfestum, um það að málsmeðferð kunni að vera á margan máta önnur varðandi þessi afbrotamál en hin almennu afbrotamál í þjóðfélaginu. Hér eru auðvitað einhver óhugnanlegustu afbrotamálin á ferðinni, sem fyrir koma í okkar þjóðfélagi, og ef ég má koma með samanburð, þó ævinlega sé hann afstæður eftir eðli einstakra undantekninga, þá fullyrði ég það að ólíkt er slíkt mál í minni vitund alvarlegra en stuldur, svo dæmi sé nefnt, þó að ég dragi ekkert úr alvöru þess afbrots.

En meðferðin er áreiðanlega misvísandi ef ekki misjöfn. Og hádegisfréttirnar fundust mér birta okkur ákveðna vísbendingu um þetta, því miður. Það er því full ástæða til þess að hvetja yfirvöld dómsmála til þess að fara gaumgæfilega ofan í þessi mál. Hins vegar er hin hlið þessara mála í raun miklu óhugnanlegri, það eru málin sem aldrei koma neins staðar á dómspappíra eða á rannsóknarstig. Þessi mál komu á sínum tíma mjög til umræðu í kringum frv. um kynlífsráðgjöf og fóstureyðingar. Þegar þau voru til meðferðar í þinginu og í nefndarstörfum komu fram ýmsar upplýsingar sem komu mér a. m. k. þá á óvart í óhugnaði sínum.

Önnur hliðin snertir sem sagt meðferð mála í dómskerfinu, hin höfðar beint til þess almenningsálits sem í veigamiklum atriðum hefur verið brenglað og næstum öfugt við siðgæði og réttlætiskennd gagnvart þolandanum. Jafnhliða dómsmeðferð allri, og málsmeðferð þó aðallega, þarf því sannarlega að rétta af þann áttavita sem öllu skiptir, álit fólks af báðum kynjum á rétti og hlut þolandans í nauðgunarmálum. Því fordæmingarraddir fortíðarinnar eru sannarlega enn á ferð og ráða meiru en okkur grunar og það spilar um leið inn á málsmeðferð alla. Fyrst og síðast þarf að hafa áhrif til aukins réttlætis, betri réttarstöðu þolandans en nú er.

Það mætti vissulega fleira um þetta segja. En þessi meginatriði skulum við hugleiða, og ekki bara hugleiða, heldur gera allt sem unnt er til þess að ná fram þeirri niðurstöðu, sem ein er okkur sæmandi í þessum málum, og breyta því áliti sem er allt of ríkjandi enn þá meðal fólks af báðum kynjum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Umr. um fjármálaáhyggjur ríkisstj. verða að frekar léttvægum hlutum við hliðina á jafnalvarlegum atriðum og hér um ræðir. Í tilefni af þessari mjög þörfu umr. utan dagskrár langaði mig til að beina nokkrum spurningum til hæstv. dómsmrh. Það var í fyrsta lagi: Voru ekki lagalegar heimildir fyrir gæsluvarðhaldsúrskurði í þessu máli? Ef svo var ekki telur dómsmrh. þá ekki nauðsyn að endurskoða lög og vinnubrögð við ákvörðun gæsluvarðhalds með tilliti til eðlis afbrota eða brots? Í þriðja lagi: Ef þessi heimild er í raun og veru til, og var fyrir í lögum, er þá ekki nauðsyn að reyna að hafa áhrif á það með einhverju móti að vinnubrögð og hugsunarháttur manna eða afstaða til þessara brota breytist? Í fjórða lagi: Er hugsanlegt að hér hefði mátt beita ákvæði frv. til lögræðislaga, ef orðið væri að lögum, þ. e. sjálfræðissviptingu með úrskurði geðlæknis og bendir ekki jafnhjákátlegur úrskurður eins og farbannsúrskurðurinn til þess að eitthvað mikið sé að í íslensku réttarkerfi? Eða hvers eiga reykvískar unglingsstúlkur að gjalda umfram þær sem búa fyrir utan borgarmörkin? Hversu oft enn eigum við að verða vitni að jafnóskiljanlegum viðbrögðum íslensks réttarkerfis áður en við teljum ástæðu til að endurskoða það með hagsmuni þolendanna fyrir augum?

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin þótt ég hefði kosið að þau væru ákveðnari en um var að ræða. Spurning mín til dómsmrh. hljóðaði upp á þá málsmeðferð sem ég tiltók hér áðan en ekki upp á hvað gerist á næsta stigi málsins, þar sem kemur til kasta Hæstaréttar.

Farbann það sem dómsmrh. minntist á mun þýða að manninum sé ekki heimilt að yfirgefa borgina en að öðru leyti er hann frjáls ferða sinna. Ég harma það að hæstv. dómsmrh. skuli sáttur við þessa málsmeðferð, því ef ég hef skilið hann rétt setur hann traust sitt á Hæstarétt og gerir ekki athugasemd við þá málsmeðferð sem ég ræddi hér um. Og ég vil aðeins segja það hér að ég tel að það geti ekki samrýmst anda neinna laga að þegar ofbeldismaður hefur játað á sig brot eigi umsvifalaust að sleppa honum. Og ég vil spyrja: Hver er ábyrgðarhluti þess sem ákveður að láta mann, sem greinilega er hættulegur umhverfi sínu, ganga lausan?

Ég veit ekki hvort hæstv. dómsmrh. er tilbúinn til að svara því, en ég vil í rauninni endurtaka síðustu spurningar mínar til hans aftur — ég veit að hann er búinn að biðja aftur um orðið — og spyrja í ljósi þess, sem hér hefur komið fram í tengslum við þetta mál, hvort hann telji að þörf sé á því að endurskoða meðferð nauðgunarmála yfirleitt.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Hv. 8. þm. Reykv. bar hér fram nokkrar spurningar til mín. Eg skal

ekki segja hversu fræðilega ég get svarað svona alveg á stundinni, en ég skal reyna að víkja að þeim.

Fyrsta spurningin var það hvort ekki hefðu verið til lagalegar heimildir til að úrskurða gæsluvarðhald. Eftir því sem mér hefur verið tjáð var beiðnin um gæsluvarðhald borin fram á meðan á rannsókn málsins stæði. En síðan, áður en úrskurður var felldur, lágu fyrir játningar hins kærða að fullu, þannig að að því leyti mun hafa verið talið að rannsókn væri lokið. (**StB:** Má ég koma með eina spurningu um þessi efni? Eru ekki til heimildir fyrir því að fangelsa menn sem taldir eru hættulegir umhverfi sínu?) Ég skal ekki segja hversu víðtækar þær heimildir eru. En dómari er náttúrlega alltaf í vanda með það hversu langt hann má ganga að nýta þessar heimildir. Við vitum að stundum hefur það komið fyrir að of langt hefur verið gengið í þessu. Dómarinn er því þarna vitanlega alltaf í vanda. Út af fyrir sig held ég að það sé rétt að hann hefði haft heimild til þess að úrskurða gæsluvarðhaldið og á það mun ríkissaksóknari ætla að láta reyna, hvort Hæstiréttur muni fallast á slíkt, og þá á þeirri forsendu en ekki endilega á þeirri forsendu að þess gerist þörf vegna rannsóknarinnar. — Sem sagt, ég held að heimildin til gæsluvarðhalds sé fyrir hendi. Samt sem áður verður mat dómarans alltaf að koma til um það hvernig henni eigi að beita. Það á við um aðra spurninguna.

Varðandi þriðju spurninguna, hvort ekki sé nauðsynlegt að hafa áhrif á dómsúrskurði, þá vitum við að mjög hefur verið talað um þrískiptingu valdsins og að hver aðili þar megi ekki hafa of mikil áhrif á hinn. Fyrirmæli til dómara eru því held ég dálítið erfið. En vitanlega hlýtur dómarinn að fara eftir þeim lögum sem löggjafarvaldið setur.

Að því er varðar sjálfræðissviptingu þá hygg ég að erfitt hefði verið að beita henni í þessu tilfelli og kæmi ekki til greina fyrr en að undangenginni rannsókn. Og eins og hér kom fram í umr. nýlega þá þarf til þeirra hluta úrskurði lækna svo að það hlýtur alltaf að þurfa aðdraganda að slíku.

Farbannssviptingin er skilst mér, fyrst og fremst til þess að hinn kærði fari ekki brott áður en dómur hefur verið felldur. Vegna þess sem hv. 11. þm. Reykv. sagði vil ég taka fram að ég svaraði því til að ég væri sáttur við þá málsmeðferð ríkissaksóknara að óska eftir úrskurði Hæstaréttar í þessu máli vegna alvöru verknaðarins. En um það að öðru leyti hvort dómarinn hefur fellt þar eðlilegan úrskurð get ég ekki sagt því að ég hef ekki þau gögn í höndunum sem dómari hefur haft. Ég var beðinn um þessi svör nú með stuttum fyrirvara. En ég vil á engan hátt draga úr alvöru málsins og nauðsyn þess að þarna sé hart á málum tekið.

Um þörf fyrir endurskoðun þessara mála vil ég taka undir það að þörf sé á að skoða þetta. Ég hef rætt það nokkuð í vetur að þegar svona alvarlegur verknaður er framinn á þessu sviði og fleirum, þar sem viðkomandi aðili er með verknaði sínum hættulegur samfélaginu, þá hljóti að þurfa að taka til athugunar hvort gæsluvarðhald sé ekki nauðsynlegt, þrátt fyrir það að enginn eigi að vera sekur fyrr en hann hefur verið dæmdur, en það er grundvallaratriði í okkar réttarfari. Þar hefur mér komið í hug fyrir utan þennan málaflokk t. d. mjög gróf fíkniefnasala. Ég hef rætt um það og vænti þess að geta látið skoða þessa hlið málanna nú á næstunni.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. dómsmrh. aftur svörin og fagna því að hann tekur undir það sjónarmið að þörf sé fyrir endurskoðun á meðferð þessara mála. Ég vil í því sambandi minna á þáltill. frá okkur Kvennalistakonum þess efnis að „Alþingi feli dómsmrh. að skipa fimm manna nefnd er kanni hvernig háttað er rannsókn og meðferð nauðgunarmála og geri tillögur til úrbóta í þeim efnum," eins og tillgr. hljóðar upp á, með leyfi forseta. Þessi till. liggur nú í bunkanum í hv. allshn. Sþ. og mér er kunnugt um að 1. flm. till., Kristín Halldórsdóttir, hefur komið að máli við formann allshn. og spurt um líkurnar á því að hægt væri að afgreiða þetta mál úr n. fyrir þinglok. Taldi hann öll tormerki á því. Og nú vil ég spyrja hv. þdm.: Eru þeir sáttir við þá afgreiðslu á slíku máli í ljósi þess sem hér hefur verið til umræðu? Ég vil eindregið mælast til þess að menn geri upp hug sinn í þessu efni og framfylgi honum síðan. Jafnframt skora ég á hæstv. dómsrh. að taka nú snarlega og af ákefð á þeim málum sem hér eru til umræðu, jafnt því sérstaka máli sem hér hefur verið rætt svo og meðferð þeirra mála sem hér um ræðir. Við svo búið má ekki lengur standa.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. 276. mál (þskj. 865). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hér er til umr. á lokastigi frv. til l. á þskj. 865, um breyting á lögum nr. 46 frá 25. apríl 1977, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35 frá 1976, lög nr. 23 frá 1977, lög nr. 58 frá 1977, lög nr. 61 frá 1977 og lög nr. 22 frá 1981. Frv. þetta hefur fengið afgreiðslu í báðum deildum en kemur til baka frá Nd. með leiðréttingu á þeirri upptalningu sem getið er um í 1. gr. Á ég ekki von á miklum umr. um þetta en legg til að málið verði samþykkt hér á þessu lokastigi umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VI, ÞK, AG, ÁJ, DA, JHelg, LJ, HÓ, RA, JK, SalÞ.

nei: KolJ, SDK, StB.

HS, KSG, SkA greiddu ekki atkv.

3 þm. (EgJ, EG, EKJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þar sem við búum í landi, þar sem gert er ráð fyrir því að menn semji um kaup sitt og kjör í frjálsum samningum, þá er ég á móti þessu kerfiskarlafrv. og segi því nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 893).

Lyfjalög, frv. 261. mál (þskj. 483, n. 860, 861). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til umfjöllunar þetta frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 49/1978.

Eins og fram kemur í nál. voru margir sem sendu nefndinni umsagnir, m. a. Apótekarafélag Íslands, Lyfjafræðingafélag Íslands, landlæknir, Neytendasamtökin, Félag ísl. stórkaupmanna og Læknafélag Íslands. Það kemur fram í nál. að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem birtar eru á þskj. 861.

Eins og hv. þdm. er kunnugt hafa frv. í svo að segja sömu mynd verið flutt hér áður, líklega tvívegis. Það er því kominn tími til að afgreiða þetta mál sem er í meginatriðum smálagfæringar á núgildandi lyfjalögum.

Brtt., sem nefndin flytur, eru fjórar. Það er í fyrsta lagi brtt. við 8. gr. frv. Hún á ekki síst við tilraunastöðina að Keldum. Nefndin gerir till. um orðalagsbreytingu þar og leggur til að málsgr. orðist á eftirfarandi hátt: „Ef fyrirtæki eða rannsóknastofnun fæst við framleiðslu á ónæmisefnum handa dýrum má víkja frá ákvæðum 1. tölul. 3. mgr., enda sé tryggt að mati yfirdýralæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins að hlutaðeigandi forstöðumaður hafi til að bera nægilega menntun og reynslu til að veita framleiðslunni forstöðu.“ Eins og greinin verður að samþykktri þessari breytingu er hér einvörðungu átt við Keldur.

Nefndin gerir till. um að 9. gr. frv. falli niður. Ástæðan fyrir því er sú að með vissum hætti stangast 9. gr. við ákvæði gildandi læknalaga.

Þá flytur nefndin brtt. við 12. gr. frv. Brtt. varðar 5. mgr. 12. gr., þar sem stendur í frv.: „Heimilt er að kalla til sérfræðinga til að vera lyfjanefnd til ráðgjafar þegar þurfa þykir.“ Nefndin leggur til að málsgr. orðist þannig: „Heimilt er að kalla til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera lyfjanefnd til ráðgjafar, þegar þurfa þykir, og skulu nánari ákvæði um það sett í reglugerð, sbr. 31. gr.“ Breytingin felur í sér heimild til nefndarinnar að kalla til fulltrúa fagfélaga þegar málefni eru til umr. sem snerta ekki síst fagfélögin. Hér er að vísu aðeins um heimild að ræða, en ég geri ráð fyrir því, og raunar er vikið að því, að nánari ákvæði í þessu efni verði sett inn í reglugerð. Það er vilji heilbr.- og trn. að svo verði gert og því hnykktum við á þessu atriði í þessari málsgr. Við teljum eðlilegt að fulltrúar fagfélaga verði kallaðir til þegar við á.

4. brtt., sem nefndin flytur á þskj. 861, er um að 16. gr. frv. falli niður. Það má segja það sama um þessa till. eins og till. nefndarinnar um að fella niður 9. gr., að 16. gr. stangast á vissan hátt á við ákvæði læknalaga og því ástæðulaust að hafa þá grein inni í frv.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv. frekar. Ég vil þó taka fram vegna 2. gr. frv. að ég veit ekki betur en heilbr.- og trn. hafi þann skilning að þar sé fremur um rýmkuð ákvæði að ræða varðandi vítamín og steinefni frá því sem áður hefur gilt. Að þessu frv. samþykktu er fremur gert ráð fyrir að um slíkt verði ákveðið í reglugerð.

Heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú kynnt.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég tel eins og formaður nefndarinnar, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, að þetta frv. sé í heild til bóta. Og ég fagna samkomulaginu sem varð um brtt., sér í lagi varðandi 8. gr., þannig að ótvírætt sé að einungis sé átt við Keldur varðandi þá undanþágu sem þar er gefin, og svo aftur varðandi samráðið, sem hann gat um, í 12. gr. varðandi lyfjanefndina. En ég get ekki annað en látið í ljós efasemdir um það fyrirkomulag, og á þá við það almennt, sem ætað er að gildi um skipun lyfjanefndar, en skv. frv. hljóðar greinin um það svo, með leyfi virðulegs forseta: „Ráðh. skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðh. í samráði við formann.“

Nú heyri ég að hæstv. fjmrh. segir að þetta sé gott og ég efast ekki um að svona vildi hann hafa þetta. En mér þykir þetta nú svona varðandi mál í heild sinni ekki alveg nógu gott. (**Gripið fram í:** Þetta mál heyrir ekki undir mig.) Jafnvel þó það heyri undir hv. vin litla mannsins, þá segi ég það engu að síður.

Og skýringar formanns nefndarinnar, sem voru fengnar í gegnum annan hæstv. ráðh. að vísu, hæstv. heilbrmrh., eru fólgnar í því að það sé mjög erfitt að fá menn til starfa í þessari lyfjanefnd. Ég þori að vísu ekki alfarið að dæma um það, en ég hef í rauninni með undirskrift minni beygt mig fyrir þessari túlkun og skýringu hæstv. ráðh., enda er tillitssemi mín við þennan hæstv. ráðh. og hv. nefndarformann Davíð Aðalsteinsson alkunn. (**Gripið fram í:** Þetta er með algjörum ólíkindum.) Já, með algjörum ólíkindum og undratraust á báðum í raun í sambandi við þetta, og þó alveg sérstaklega hæstv. ráðh., með það vald sem hann fer þarna. En þó að þessa skipan verði að taka upp e. t. v. í þessu tilfelli vegna erfiðleika á því að manna nefndina, þó það kunni nú að reynast rétt, sem ég dreg ekkert í efa, þá hlýt ég að vara við slíkri skipan við þessi mál almennt og tel að nefndaskipan geti yfirleitt ekki farið fram á þann hátt að ráðh., eins og hér segir, skipi formann og aðra nefndarmenn skipi ráðh. í samráði við formann. Ég hygg að fæstir ráðh. vildu hafa þetta vald. Fordæmið er sem sagt ekki gott, ef eftir því skyldi farið í veigameiri atriðum, en ég hlýt að hlíta skýringum í þessu efni. Ég vil aðeins að þetta komi fram vegna þess að ef við ættum að fara eftir þessu í fleiri greinum, hvað sem hæstv. fjmrh. vill nú segja um það, þá held ég að illa væri nú komið okkar stjórnkerfi.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Svona til upplýsingar fyrir minn ágæta vin, 2. þm. Austurl., og forseta líka, þá er það nú starfandi heilbrmrh. sem tekur til máls.

Varðandi þá athugasemd sem hv. 2. þm. Austurl. gerði um 12. gr., þá á ég erfitt með að sjá að önnur betri leið verði fundin en einmitt sú sem þarna er lögð til. Þar segir, með leyfi forseta:

„27. gr. orðist svo:

Lyfjanefnd skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði, svo sem lyfjaefnafræði, lyflæknisfræði, lyfjagerðarfræði, eiturefnafræði (toxycology), lyfjafræði (pharmacology).“

Síðan segir: „Ráðh. skipar formann. Aðrir nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðh. í samráði við formann.“

Nú er það ákaflega sjaldan sem ráðh. er sérfræðingur á öllum þeim sviðum sem hann þarf að koma nálægt og ég held að það verði vandfundinn ráðh., sem væri sá sérfræðingur, að hann treysti sér til að ráða mann í svo

áríðandi stöðu sem þessa. Mér er næst að segja: ef hann væri sá sérfræðingur, sem þarf í formennsku þessarar nefndar, þá væri hann líklega svona allt að því óhæfur á öllum hinum sviðunum sem ráðh. þarf að koma nálægt.

Ég lít svo á að þarna sé ráðh. heimilað að skipa eða velja sér trúnaðarmann, sem verður formaður nefndarinnar, og ásamt þessum trúnaðarmanni, sem er þá sérfræðingurinn, að velja aðra fagmenn í nefndina. Ég held að það fari ekki á milli mála og allir geti verið sammála um það, að í þessa stjórn eigi ekki að velja aðra en fagmenn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég samfagna hæstv. fjmrh. með þessa nýju stöðu hans, þó tímabundin sé, varðandi heilbrigðismálin og dreg ég ekkert úr því að þau eru í góðum höndum einnig þar. Ég vil aðeins benda á það, að ekki ætla ég að gera þetta að stórmáli, en ekki má hæstv. fjmrh., núv. hæstv. heilbrrh. einnig, ekki má hann skilja mig á þann hátt, að ég telji skipun formannsins óeðlilega af ráðh. hálfu. Það er mjög algengt varðandi slíka nefndaskipan.

Það sem ég var að gagnrýna var í raun og veru það, að við mættum ekki í of ríkum mæli fara þá leið að ráðh. ásamt einhverjum formanni, þó hæfur væri og ágætur, geti alfarið ráðið nefndaskipun af þessu tagi, því að við vitum það auðvitað báðir, hæstv. ráðh., að hin almenna tilnefningarleið þeirra aðila sem málefnin varða mest, sú leið er yfirleitt farin varðandi alla slíka nefndaskipan að öðru leyti en því, að oftast nær er það að sjálfsögðu í valdi hæstv. ráðh. hvern hann skipar formann.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 861,1 (ný 8. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 861,2 (9. gr. falli brott) samþ. með 16 shlj. atkv.
10.—11. gr. (verða 9.—10. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 861,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
13.—15. gr. (verða 12.—14. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 861,4 (16. gr. falli brott) samþ. með 15 shlj. atkv.
17.—18. gr. (verða 15.—16. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tóbaksvarnir, frv. 70. mál (þskj. 750, n. 790 og frhn. 836). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til umfjöllunar þetta mál, frv. til laga um tóbaksvarnir. Eins og fram hefur komið hafði Nd. þetta mál til umfjöllunar nokkuð lengi og gerði á því töluverðar breytingar sem ég mun ekki gera grein fyrir hér. Í öllum aðalatriðum eru þær til bóta að ég tel.

Gildandi lög um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum eru frá 2. maí 1977. Þau lög fela í sér nokkuð rúmar heimildir, en sannleikurinn er sá, að reglugerð hefur ekki verið sett á grundvelli þessara laga. Komið hefur fram að það hefur reynst nokkuð örðugt af ýmsum ástæðum að koma til framkvæmda þeim heimildum sem í lögunum felast. Því hefur verið brugðið á það ráð, eins og fram kemur í þessu frv., að festa í lögum skýr ákvæði í þessu efni.

Það frv. sem hér liggur fyrir er að vísu orðinn meiri lagabálkur, en skiptist í nokkra kafla. Í I. kafla er getið um markmið og gildissvið og stjórn. Í II. kafla er fjallað um sölu og auglýsingar á tóbaksvörum. Í III. kafla er fjallað um takmörkun á tóbaksreykingum. Í IV. kafla er vikið að fræðslustarfsemi. Í V. kafla eru almenn ákvæði, m. a. varðandi tekjuöflun, en þar stendur í 15. gr., lið 1.: „Skylt er að verja 2% af bráttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.“

VI. kafli frv. fjallar um eftirlit og viðurlög og síðast er gildistökukaflinn.

Heilbr.- og trn. Ed. hefur uppi till. um breytingar á frv. Þær eru ekki efnismiklar. Fyrir það fyrsta er gerð till. um að breyta 8. gr. frv., en í lið 3 í 8. gr. er gert ráð fyrir því, eins og frv. er nú komið frá Nd., að ekki megi selja tóbak í spítölum. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því að það yrði alfarið bannað að selja tóbak í öllum heilbrigðisstofnunum. Nd. breytti þessi í þá veru sem það er núna, þ. e. „ekki má selja tóbak í spítölum, skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.“ Heilbr.- og trn. Ed. leggur til að 3. tölul. 8. gr. orðist þannig:

„Ekki má selja tóbak í skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.“

Við fellum burt „í spítölum“. Við teljum ekki raunhæft að hafa slíkt ákvæði inni og þarf ég í sjálfu sér ekki að fara fleiri orðum um það.

Önnur brtt. á þskj. 836 varðar 10. gr. frv. en þar stendur: „Tóbaksnotkun er óheimil ...“ Nefndin vill færa þessi upphafsorð gr. til samræmis við það sem annars staðar stendur í frv.: „Tóbaksreykingar eru óheimilar ...“ Þetta er nauðsynleg breyting því óhæft er að banna mönnum að taka í nefið.

Þriðja brtt. sem n. flytur varðar 17. gr. frv. Þar er lagt til að 3. tölul. 17. gr. falli niður. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að 3. liður 17. gr. og 18. gr. eru efnislega eins.

Fjórða brtt. varðar 18. gr. Nefndin gerir till. um að 18. gr. orðist þannig: „Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því eftir því sem við á að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og laga nr. 46/1980.“

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þetta frv. frekar né heldur þær brtt, sem n. flytur. Eins og fram kemur í framhaldsnefndaráliti á þskj. 836, þá er full samstaða um þetta mál og allir viðstaddir nm. rita undir framhaldsnefndarálitið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 836,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 836,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

11.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 836,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 836,4 (ný 18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
19.—22. gr. og ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 298. mál (þskj. 573). — 1. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Nú heyrði ég það að hv. þm. héldu það að ég ætlaði að fara að mæla fyrir þessu frv. hér og var það mjög að vonum að mönnum dytti það í hug, en ég ætla ekki að vera hér með efnislega umfjöllun um þetta mál, aðeins benda á atriði sem ég tel að sé rétt að benda á við þessa 1. umr. Það er sjálfsagt margt í okkar áfengislögum sem má endurskoða á ýmsan veg en öll viðleitni sem er nú í þá átt virðist muni vera til aukinnar undanlátssemi og þá sérstaklega við þá aðila, sem á einhvern hátt tengjast gróðastarfsemi af ýmsu tagi í kringum áfengissölu og ég held að þetta afmarkaða mál sé nú vissulega tengt því, en ég skal ekki ræða um það frekar hér. Hins vegar vil ég benda þeirri hv. n. sem fær málið til meðferðar að til er þingkjörið ráð sem á skv. lögum að vera Alþingi til ráðuneytis um öll þessi mál. Þetta ráð á l. skv. að vera umsagnaraðili sem þingnefndir eiga að leita til. Ég segi þetta að gefnu tilefni frá hv. Nd. og veit það að hv. Ed. vill vinna öðruvísi. Áfengisvarnaráð á sem sagt að vera ráðgefandi og til þess er það kjörið af Alþingi. N. eiga að leita umsagnar Áfengisvarnaráðs og hvað sem menn vilja í öllum fordómum sínum oft segja um þetta ráð þá eru lagaákvæðin ljós.

Ég vil svo aðeins mega benda á það einnig að Alþingi hefur samþykkt þál. um stefnumótun í áfengismálum og n. er þar að störfum og vinnur ágætavel, hefur þegar skilað áfangaályktun til ráðh. og vinnur ötullega að heildarmótun þessara mála. Og mitt álit er það að í raun ætti Alþingi að bíða álits þessarar n., hinna fjölmörgu sjónarmiða sem þar eru ríkjandi og samræmingar þeirra, áður en það gerir breyt. hér á þessum meginlögum í hvaða átt sem þær breyt. eru. Ég fer sem sé fram á það að n. leiti til Áfengisvarnaráðs um umsögn varðandi mál þetta og eins bendi ég á ályktun Alþingis um stefnumörkun þessara mála í heild og hvort ekki sé ráðlegt að bíða þess. Ég hygg að það álit liggi fyrir snemma á næsta þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 88. fundur.

Mánudaginn 14. maí, kl. 2.20 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Alþingi, 14. maí 1984.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Kristjana Milla Thorsteinsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Matthías Á. Mathiesen,
1. þm. Reykn."

Kristjana Milla hefur áður setið á þessu þingi og kjörbréf hennar hefur verið rannsakað. Býð ég hana velkomna til starfa á þinginu.

Landflutningasjóður, frv. 354. mál (þskj. 815). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Iðnlánasjóður, frv. 265. mál (þskj. 504, n. 844, 856). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 844 frá iðnn. Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt.

Þótt lögin taki gildi skv. frv. hinn 1. júní 1984 hefst breytt gjaldtaka skv. 2. gr. ekki fyrr en á árinu 1985 af gjaldstofni ársins 1984.

Undir þetta rita allir nm., þ. e. Páll Pétursson, Ingvar Gíslason, Friðrik Sophusson, Gunnar G. Schram og Birgir Ísl. Gunnarsson. Með fyrirvara Hjörleifur Guttormsson og Kristín Halldórsdóttir.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Ég vil bara þakka síðasta hv. ræðumanni fyrir að taka af mér ómakið og flytja þessa framsögu, en ég mun hafa verið frsm. n.

(**Forseti:** Forseti biðst afsökunar á þessum mistökum sem ekki hafa komið mjög að sök.)

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég er aðili að þessu nál., sem hér hefur verið mælt fyrir, með fyrirvara og flyt á þskj. 856 auk þess brtt. við þetta frv. Ég vil gera hér í stuttu máli grein fyrir mínum fyrirvara við þetta frv. Athugasemdir komu raunar fram þegar málið var hér til 1. umr. þar sem ég benti á að ýmislegt væri í þessu frv. sem ekki gæti talist til bóta og rökin fyrir því að taka nú upp breytta skipan frá því sem var með sameiningu Iðnrekstrarsjóðs við Iðnlánasjóð væru ekki sterk. Hins vegar lýsti ég ánægju minni með það að samtök iðnaðarins fallast með frv. þessu og eftir því sem fram kom í tengslum við það á að leggja nokkurt fjármagn til verkefna sem voru á verksviði Iðnrekstrarsjóðs, en nú eru lögð til vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs með þessu frv.

Það atriði, sem ég tel lakast í þessu frv. og fyrirvari minn varðar einkum, er að með þeirri skipan, sem frv.

gerir ráð fyrir, er fækkað þeim aðilum sem koma að mati á fjárveitingum til rannsókna og þróunarstarfsemi í iðnaði frá því sem verið hefur. Í stjórn Iðnrekstrarsjóðs voru sjö menn, sex skipaðir skv. tilnefningu og formaður skv. till. iðnrh. En skv. till. n. gerir frv. ráð fyrir því að það verði stjórn Iðnlánasjóðs ein sem fjallar um styrki og önnur framlög og lánveitingar úr vöruþróunar- og markaðsdeild en aðrir komi ekki að því máli.

Um frv. fékk n. umsögn m. a. frá Alþýðusambandi Íslands, dags. 25. apríl s. l. Ég tel rétt að lesa umsögn Alþýðusambandsins og Landssambands iðnverkafólks, en þessir aðilar gefa sameiginlega umsögn. Hún er svofelld, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands og Landssamband iðnverkafólks hafa fengið til umsagnar frv. til breytinga á lögum um Iðnlánasjóð. Megintilgangur frv. virðist vera tvíþættur, annars vegar að færa á eina hendi þau verkefni sem verið hafa á borðum Iðnlánasjóðs og Iðnrekstrarsjóðs, hins vegar að útiloka verkalýðssamtökin frá aðild að meðferð þeirra mála sem fjallað hefur verið um á vettvangi Iðnrekstrarsjóðs. Rök geta hnigið að því að rétt sé að færa verkefni þessara tveggja sjóða á einn stað. Það gengur hins vegar illilega í berhögg við yfirlýsta stefnu ríkisstj., um samráð og samskipti við verkalýðssamtökin um atvinnumál, að útiloka þau frá áhrifum á þeim eina stað sem þau eiga nú aðild að ákvörðunum um ráðstöfun fjár til iðnaðarins. Það væri eðlilegra og betur í samhengi við yfirlýsingar stjórnvalda og atvinnurekenda um samstarf hagsmunaaðila að öflugri atvinnuuppbyggingu ef verkalýðssamtökin fengju fulltrúa í stjórn Iðnlánasjóðs og öðrum stofnunum atvinnulífsins. Miðstjórn Alþýðusambandsins og stjórn Landssambands iðnverkafólks mótmæla því að starfsemi Iðnrekstrarsjóðs verði felld undir Iðnlánasjóð nema samtökunum verði jafnhliða tryggð aðild að stjórn Iðnlánasjóðs. Alþýðusambandið og Landssamband iðnverkafólks benda á að verði samtökin útilokuð frá áhrifum með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, hlýtur það að hafa óheillavænleg áhrif á samstarf aðila um atvinnumál.

Virðingarfyllst,
f. h. Landsambands iðnverkafólks,
Guðmundur Þ. Jónsson.
F. h. Alþýðusambands Íslands
Ásmundur Stefánsson."

Þetta var umsögn þessara tveggja samtaka um frv. sem hér er til umr.

Ég leitaði eftir því í n. að stuðningur fengist við þetta viðhorf og einnig að þeir aðilar aðrir, sem átt hafa fulltrúa í stjórn Iðnrekstrarsjóðs, fengju aðild að ráðstöfun þessa fjármagns vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs skv. frv. En það eru fyrir utan Landssamband iðnverkafólks og Alþýðusamband Íslands, Samband ísl. samvinnufélaga og Iðnþróunarsjóður. Rökin fyrir því að síðast taldi aðilinn eigi þarna fulltrúa eru þau að Iðnþróunarsjóður hefur með hendi ekki óskyld verkefni, þ. e. hann hefur heimild til þess að ráðstafa fjármagni, bæði með framlögum og lánsfé til rannsókna- og þróunarstarfsemi í iðnaði, stuðning við nýiðnað.

Ég hef í samræmi við þetta, þar eð ekki fékkst stuðningur við það hjá n. í heild að standa að þannig breytingu á frv., flutt sérstaklega á þskj. 856 svofellda brtt. við 3. gr., að á eftir a-lið væntanlegrar 7. gr. laga um Iðnlánasjóð komi nýr stafliður er verði b-liður og þá 8. gr. og orðist svo:

„Til að annast með stjórn Iðnlánasjóðs um fjárreiður vöruþróunar- og markaðsdeildar skipar iðnrh. fjóra menn til fjögurra ára í senn skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks, Sambands ísl. samvinnufélaga og Iðnþróunarsjóðs. Skulu þeir saman með stjórn Iðnlánasjóðs taka ákvarðanir um lánveitingar, framlög, ábyrgðir og kaup og sölu á hlutabréfum skv. 8. og 10. gr."

Að þessari brtt. samþykktri tel ég að náðst hafi þau hagræðingarmarkmið sem færð hafa verið fram sem rök fyrir sameiningu þessara sjóða, þ. e. að þeir verði gerðir að einum sjóði — það má með vissum hætti segja að í því geti falist nokkur einföldun — en jafnframt að þeir aðilar, sem eðlilegt er að hafi hönd í bagga um ráðstöfun þessa fjármagns sem varðar stefnumarkandi mál í iðnaði og iðnþróun, komi þar að málum eftir sem áður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 856 felld með 18:9 atkv.
3.—7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, GeirH, FÞ, FrS, NL, GE, GA, GGS, HBl, HG, KJóh, KH, KSK, KMT, ÓÞÞ, PP, GHG, StH, SvG, IG.
EK, GJG, JS, BjG, SJS greiddu ekki atkv.
10 þm. (GSig, GHelg, HÁ, KP, MB, ÓE, PJ, RH, StG, SV) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Skemmtanaskattur, frv. 152. mál (þskj. 570, n. 851, 852). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt það frv. sem hér liggur fyrir ítarlega á fundum sínum og orðið sammála um að þær breytingar sem á því voru gerðar í Ed. horfi síst til bóta. Er nefndin sammála um að færa frv. til hins fyrra horfs eins og brtt. er um á þskj. 852.

ATKVGR.

Brtt. 852 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Bókasafnsfræðingar, frv. 219. mál (þskj. 388, n. 853). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. N. hefur athugað þetta mál rækilega og orðið sammála um að mæla með samþykki þess óbreyttu. Þó er það samdóma álit n. og skilningur sem hún leggur áherslu á við afgreiðslu málsins að ákvæði laganna hafi ekki áhrif á ráðningu þeirra sem gegna störfum bókavarða við setningu laganna. Enn fremur er áhersla lögð á að greitt sé fyrir viðbótarfræðslu þeirra sem nú gegna bókavarðarstörfum. Í því felst að sjálfsögðu að þeir bókaverðir, sem ekki hafa nægilega menntun í sinni grein til að geta kallast bókasafnsfræðingar, eigi þess kost að haga störfum sínum með þeim hætti að þeir geti sótt þá menntun í æðstu menntastofnun þjóðarinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Menntaskólar, frv. 310. mál (þskj. 605, n. 849, 850). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. á fundum sínum og telur að hér sé um þarft mál að ræða sem tryggir réttarstöðu bæði kennara og nemenda sem eru í öldungadeildum menntaskóla og mælir með samþykki frv. með þeirri breytingu þó að námskeiðsgjöld skuli vera hin sömu á öllu landinu. Það er í samræmi við þá stefnu að allir skuli standa jafnir eins og kostur er í sambandi við fræðslu- og skólamál.

ATKVGR.

Brtt. 850 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Fjölbrautaskólar, frv. 311. mál (þskj. 606, n. 847, 848). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Þetta frv. er af sama toga og það frv. sem hér var á dagskrá áðan. N. tekur fram, til þess að taka af öll tvímæli, að hún telji ákvæði frv. eiga við alla framhaldsskóla sem reknir eru með fjölbrautasniði, svo sem framhaldsskólana í Vestmannaeyjum og Neskaupstað og að sjálfsögðu Verkmenntaskólann á Akureyri, og mælir með samþykki brtt. sem hún flytur á þskj. 848.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur hér mælt fyrir fjórum nál. Hann hefur enga grein gert fyrir álitunum í heild, þ. e. ekki þeim brtt. sem fluttar hafa verið, hefur ekki haft svo mikið fyrir að lesa þær upp fyrir þingheim. Ég skil vel að það eru miklar annir í þinginu og nauðsynlegt að hafa sem skjótust vinnubrögð. En ég bið hv. frsm. nefndanna og hæstv. forseta að skilja það líka að það er útilokað fyrir hv. þm. í því skjalaflóði, sem lagt er hér fyrir nú, að ná að fara yfir málin með æskilegum hætti nema gerð sé skilmerkilega grein fyrir nál. Ég tel að það hafi skort, herra forseti, í þessum síðustu fjórum málum frá menntmn. sem hér hafa verið á dagskrá.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég tók það fram um síðasta mál að brtt. væri flutt á sérstöku þskj. um að námskeiðsgjöld skuli vera hin sömu á öllu landinu. Ég gerði skilmerkilega grein fyrir þeirri brtt. og sagði að hún væri borin fram af þeim sökum að við teldum að aðstaða fólks til menntunar ætti að vera sem jöfnust eftir því sem unnt væri. Ég sagði þegar ég gerði grein fyrir þessu máli að það væri af sama toga og hið fyrra. Ég biðst afsökunar á því að mér láðist að geta um efni brtt., en hún er, eins og ég sagði, af sama toga og málið sömu ættar.

ATKVGR.

Brtt. 848 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. 317. mál (þskj. 627, n. 835). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 835 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. N. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Guðrún Agnarsdóttir, sem sat á fundi n., er einnig samþykk afgreiðslu málsins. Undir þetta rita allir nm. í fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með samþykkt þessa frv. Ég hafði áður flutt frv. í eitthvað þessum sama dúr og undanfarið átt fundi með þeim aðilum sem hér um ræðir ásamt hv. 2. þm. Reykv., Friðriki Sophussyni. Þar sem ekki er heimild til handa fjmrh. til þess að verða við ósk þessara aðila á annan hátt en hér er lagt til að samþykkt verði vil ég lýsa ánægju minni með það að málið er komið á lokastig afgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. 284. mál (þskj. 543, n. 834). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 834 um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum. Þetta frv. er þingmannafrv. og flm. þess eru hv. þm. Helgi Seljan, Egill Jónsson, Karl Steinar Guðnason og Davíð Aðalsteinsson. Frv. fjallar um það að heimila fjmrh. að ákveða með reglugerð að frá heildsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig þeirra húsa sem um ræðir í 3. málslið og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanskilin söluskatti sem unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húsa á hefðbundinn hátt.

Þetta frv. hefur fjh.- og viðskn. athugað og mælir með samþykkt þess. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, sem sat fundi n., er einnig samþykk afgreiðslu málsins. Undir þetta nál. rita allir nm. í fjh.- og viðskn. deildarinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 329. mál (þskj. 684, n. 845). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Sjútvn. hefur komið saman og rætt það frv. sem hér liggur fyrir á fundum sínum og er sammála um að mæla með samþykki þess. Eins og frv. ber með sér er efni þess að greiða fyrir því að sú skuldbreyting í sjávarútvegi, sem nú er unnið að, geti farið fram. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að stjórn Fiskveiðasjóðs sé heimilt að ákveða að skuldbreytingarlán til fiskiskipa sem afgreidd verði á árinu 1984 megi nema allt að 90% af húftryggingarverðmæti þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta nema ástæða gefist til. Ég ítreka að n. varð sammála um að mæla með samþykki þess. Hv. 4. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, var fjarverandi afgreiðslu málsins en í hans stað sat fund n. Elsa Kristjánsdóttir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 89. fundur.

Mánudaginn 14. maí, að loknum 88. fundi.

Skemmtanaskattur, frv. 152. mál (þskj. 884). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Bókasafnsfræðingar, frv. 219. mál (þskj. 388). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24. shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 888).

Menntaskólar, frv. 310. mál (þskj. 880). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Fjölbrautaskólar, frv. 311. mál (þskj. 885). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Tollskrá o. fl., frv. 317. mál (þskj. 627). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 889).

Söluskattur, frv. 284. mál (þskj. 543). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 890).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. 329. mál (þskj. 684). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 891).

Tollheimta og tolleftirlit, frv. 55. mál (þskj. 857). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit á þskj. 857. Frv. þetta hefur þegar verið afgreitt í Ed. og kemur þaðan eftir þrjár umræður þar. Það er efnislega nánast samhljóða frv. því sem fyrrv. ríkisstj. lagði fram á síðasta þingi og hlaut þá eigi afgreiðslu. Þetta er í þriðja sinn sem efnisákvæði þau sem í þessu frv. eru koma fyrir augu þm., en þau komu fyrst fyrir í frv. til breytinga á fyrrnefndum lögum 1981. Vonast ég til að þm. greiði framgang þessa máls í hv. Nd. svo að hægt verði að koma ákvæðum frv. sem fyrst til framkvæmda.

Í frv. eru þau ákvæði hin helstu að lagt er til að tollalögsagan verði færð út í 12 mílur, tollhöfnum verði fjölgað úr 20 í 26, eftirlit með flutningum með gámum auðveldað, einfölduð tollafgreiðsla á ótolluðum skipsforða og varningi áhafna og heimildir tollyfirvalda til lúkningar smærri tollalagabrota verði rýmkaðar.

Landhelgi Íslands var á árinu 1979 færð út í 12 sjómílur eins og kunnugt er. Þegar það var gert var fyrirhugað að gera breytingar á nokkrum lögum til samræmis, þar á meðal á tollalögunum. Skv. 2. gr. laga nr. 41/1979 er kveðið svo á að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmis yfir henni. Tollalandhelgi er hins vegar í dag 4 sjómílur skv. 6. gr. tollheimtulaganna. Þetta er að sjálfsögðu ósamræmi, sem ber að leiðrétta, og felur 1. gr. frv. í sér að tollalögsagan fylgir landhelgi Íslands eins og hún var ákveðin skv. fyrrnefndum lögum.

Að núgildandi lögum eru tollhafnir, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar, nú 20 að tölu. Lagt er til að þeim verði fjölgað um sex og bætast þá við hafnirnar á Grundartanga, Rifi, Grundarfirði, Skagaströnd, Dalvík og Þórshöfn. Á þessum höfnum hefur fram til þessa farið fram nokkur tollafgreiðsla með sérstöku leyfi viðkomandi tollyfirvalda, enda eru ytri búnaður og hafnaraðstaða á engan hátt síðri en í sumum þeirra hafna sem nú teljast til tollhafna lögum samkvæmt. Þessi breyting mun hafa einhvern kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð þar sem kostnaður vegna tollafgreiðslna sem heimilaðar eru utan tollhafna, er greiddur af þeim sem óskar eftir slíku leyfi.

Í 2. mgr. 2. gr. frv. er nýmæli. Skv. því er lagt til að fjmrh. geti að fenginni umsögn frá viðkomandi tollyfirvaldi breytt fjölda tollhafna. Ekki er gert ráð fyrir að heimild þessi verði notuð nema athugun leiði í ljós að vöruflutningar við viðkomandi höfn hafi breyst verulega með tilliti til magns, skilyrða til tolleftirlits, vörslu varanna eða af öðrum ástæðum.

Við mat á því hvort fjölga eigi tollhöfnum eða fækka þeim er auk fyrrnefndra atriða óhjákvæmilegt annað en að gætt verði sérstakra hagsmuna ríkissjóðs vegna fjölgunar tollhafna, sem kynni að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð og mætt yrði með viðeigandi hætti á fjárlögum. Sýnist mér reyndar orðið tímabært að skipulag þessara mála verði kannað í heild með það fyrir augum að draga í heild úr kostnaði við tollafgreiðslu á vörum. Er ekki ósennilegt að ná mætti fram einhverjum sparnaði í þessum efnum til hagsbóta fyrir ríkissjóð, en ekki síður neytendur, sem njóta mundu þess í lækkuðu vöruverði. Er reyndar þegar hafinn undirbúningur að heildarendurskoðun tollheimtulaganna í fjmrn., þar sem m. a. verður fjallað um þennan þátt tollheimtu og tolleftirlits.

Á undanförnum árum hafa flutningar með gámum stórlega aukist. Þessi flutningsmáti var varla þekktur þegar lög nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, voru sett og því ekki um hann fjallað sérstaklega. Reynslan sýnir okkur hins vegar að breyting á flutningum kallar á ný vinnubrögð við tolleftirlit, sem rétt þykir að mælt sé fyrir um í tollheimtulögunum. Er því lagt til að í 8. tölul. 1. mgr. 21 gr. laganna verði tekið upp sérstakt ákvæði um afhendingu skrár yfir þá gáma sem far flytur, þannig að unnt sé við komu þess til landsins eða frá að staðreyna fjölda þeirra, auðkenni svo og innihald hvers um sig.

Í 4. og 5. gr. frv. er lagt til að teknir verði upp nýir siðir við eftirlit með ótolluðum varningi áhafna og forða og birgðum skipa og flugvéla. Breytingar þær sem hér um ræðir munu væntanlega verða til einföldunar og vinnusparnaðar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða nánar um efni þessara breytinga, enda er ítarlega fjallað um þær í grg. með frv. Aðrar breytingar, sem í frv. felast, eins og að hætta að krefjast sérstakrar fjártryggingar fyrir aðflutningsgjöldum af vörum sem eru ótollafgreiddar í vörslu farmflytjenda eða tollvörugeymslu, rýmkun á heimild til endursendingar á gölluðum vélum og upptaka nýs heimildarákvæðis um niðurfellingu aðflutningsgjalda vegna endursölu á innfluttum óseljanlegum vörum hér innanlands, eru svo sjálfsögð skipan í nútímaþjóðfélagi að ekki þarf að ræða um þær brtt.

Að lokum er að finna nokkrar breytingar á sektarmörkum í einstökum ákvæðum tollheimtulaganna og ákvörðun sektarhámarks almennt vegna brota á tollheimtulögum. Breytingar þessar fela fyrst og fremst í sér hækkun sekta til samræmis við verðlagsþróun hér á landi undanfarin ár, sem leitt hefur til þess að stöðugt hefur orðið að vísa smávægilegri tollalagabrotum til ríkissaksóknara til umfjöllunar og þaðan til sakadómsmeðferðar. Rýmkun sektarheimilda tollyfirvalda ætti nokkuð að létta álag á dómstólum, sem hafa endalaust mikilvægari og brýnni úrlausnarefnum að sinna en smávægilegum brotum, sem að öllu leyti eru upplýst og óskað er sáttargerðar í af hálfu hins opinbera.

Ég hef farið nokkrum orðum um meginefni þess máls sem hér hefur verið tekið til umr. Það er von mín að þm. séu mér sammála um að breytingar þær sem frv. felur í sér horfi til bóta á tollheimtukerfinu og séu í raun nauðsynlegar ef taka eigi upp einfaldari aðferð við tolleftirlit og auðvelda innflytjendum að koma frá sér vörum sem af einhverjum ástæðum henta ekki íslenskum markaði. Brýnt er annars að ekki dragist úr hömlu að afgreiða mál þetta til þess að sektarheimildir tollyfirvalda komist sem fyrst til framkvæmda og létt verði, eins og áður sagði, af sakadómi.

Ég skal ekki þreyta þm. með fleiri orðum, en legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sem hæstv. fjmrh. hefur nú gert grein fyrir, er komið frá Ed. Það hefur að minni hyggju að geyma ýmis ákvæði sem horfa til bóta og eru sjálfsögð, m. a. það ákvæði í 1. gr. að samræma ákvæði um landhelgi Íslands þeirri skilgreiningu sem þegar er í lögum nr. 41 frá 1979 um landhelgi Íslands.

Í 2. gr. er rætt um að fjölga tollhöfnum landsins nokkuð. Það er talað um að fjölga þeim um sex og þar sem þrjár af þeim eru á Vesturlandi og einmitt þær hafnir sem þm. Vesturl. hafa nokkrum sinnum á undanförnum þingum óskað eftir að teknar væru í tölu tollhafna, þ. e. Grundartangi, Rif og Grundarfjörður, þá leyfi ég mér að fagna því að þessir staðir eru nú teknir upp í stjfrv. sem væntanlega verður að lögum áður en þingi lýkur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 593). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta á þskj. 593, en eins og fyrra frv. sem ég mælti fyrir hefur þetta frv. fengið afgreiðslu í Ed.

Um árabil hafa gjaldeyrisbankarnir greitt til ríkissjóðs ákveðið hlutfall af tekjum af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Þessi tekjustofn var fyrst á lagður með lögum nr. 86 frá 1956, um útflutningssjóð o. fl., og síðar skv. lögum nr. 4 frá 1960, um efnahagsmál. Núgildandi ákvæði eru í lögum nr. 40 frá 1969, um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Skv. þeim lögum greiða bankarnir til ríkissjóðs 60% af vergum tekjum vegna þessara viðskipta, en 40% renna til viðkomandi gjaldeyrisbanka. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um raunverulegan kostnað gjaldeyrisbankanna vegna þessara viðskipta, en upplýst er að mismunur kaup- og sölugengis hefur verið ákveðinn meiri en vera mundi ef ekki kæmi til skattlagningar á þessi viðskipti. Sama má segja um ýmis þjónustugjöld sem leyfilegt er að taka skv. gjaldskrá.

Skv. ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 65 frá 1982, um skattskyldu innlánsstofnana, var gjald þetta ákveðið 50% frá gildistöku laganna til ársloka 1982. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40/1969. Í frv. til þeirra laga var gert ráð fyrir að hlutfall þetta lækkaði á árinu 1983 í 40%. Það var einnig gert ráð fyrir heildarendurskoðun laganna fyrir árslok 1983 í ljósi þeirrar reynslu sem þá væri fengin af framkvæmd þeirra. Ákvæði frv. um þetta efni náðu ekki fram að ganga umfram lækkun úr 60% í 50% á árinu 1982. Í bráðabirgðaákvæði V í lögunum var hins vegar ákveðið að starfandi bankamálanefnd skyldi endurskoða lög nr. 40 frá 1969 fyrir þingbyrjun haustið 1982. Skilaði bankamálanefnd áliti til fjmrh. með bréfi dags. 24. nóv. 1982. Fylgdu bréfi nefndarinnar tvenn drög að frv. til l. um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna. Það er í öðrum þeirra gert ráð fyrir að skatturinn yrði 50% til frambúðar, en hinum að hann félli niður í áföngum árin 1983—1985. Ekki varð af því fyrir árslok 1982 að fyrir Alþingi væri lagt frv. um þetta efni. Hækkaði gjaldið því aftur úr 50% í 60% hinn 1. janúar 1983.

Með frv. þessu er lagt til að gjald þetta verði fellt niður í áföngum á árunum 1984—1985. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs á árinu 1984 vegna þessa nemi 18 millj. kr., en 36 millj. kr. á árinu 1985 miðað við verðlag ársins 1984. Sem rök fyrir niðurfellingu gjaldsins má nefna að innlánsstofnanir greiða (**SvG:** Vill ráðh. vera svo vinsamlegur að endurtaka þessar tölur?) Já. Ég skal lesa þetta aftur: Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs á árinu 1984 vegna þessa nemi 18 millj. kr., en 36 millj. kr. á árinu 1985 miðað við verðlag ársins 1984. Sem rök fyrir niðurfellingu gjaldsins má nefna að innlánsstofnanir greiða tekjuskatt frá og með rekstrarárinu 1983 skv. lögum nr. 65 frá 1982. Þykir ekki fært að skattleggja sömu tekjur til frambúðar með tvennum hætti. Þar sem niðurfelling gjaldsins þegar í stað mundi hafa í för með sér verulegan missi tekna, sem áætlaðar eru í fjárlögum fyrir 1984, er lagt til að gjaldið verði fellt niður í áföngum.

Þá er lagt til að fjmrh. verði heimilað að endurgreiða eða falla frá innheimtu á ⅙ hluta gjaldsins vegna ársins 1983. Með því er komið í veg fyrir þá tímabundnu hækkun gjaldsins sem leiddi af því hversu síðbúnar tillögur um frambúðarskipan þess urðu.

Með niðurfellingu gjaldsins er þess að vænta að mismunur kaup- og sölugengis erlends gjaldmiðils verði ákveðinn með hliðsjón af breyttum aðstæðum svo og ýmis gjöld vegna þessara viðskipta endurskoðuð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar að loknum þessum umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú mælt fyrir 305. máli þingsins. Það fylgir 306. máli,

sem er frv. til l. um lækkun skatta á bönkunum í landinu. Frv., sem hæstv. ráðh. mælti fyrir áðan, var lagt fyrir þingið tiltölulega seint. Ríkisstj. fékk tvær tillögur frá bankamálanefnd. Önnur var um að lækka þetta gjald um 50%, eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir áðan, hin var um að fella þetta gjald niður í áföngum á tveimur eða þremur árum. Síðari leiðin þýðir auðvitað meira tap fyrir ríkissjóð í tekjum og auðvitað valdi hæstv. fjmrh. þá leið sem skerti meira tekjur ríkisjóðs. Það segir sig alveg sjálft að hann hlaut að velja þá leið og er í samræmi við yfirstjórn hans á ríkissjóði.

Vegna þess að hæstv. fjmrh. valdi þessa leið er staðan þannig, að hans mati, að á árinu 1984 tapar ríkissjóður 18 millj. kr., en á árinu 1985 68 millj. kr. Það er sem sagt verið að henda út úr ríkissjóði á þeim tíma sem gjaldið á að falla niður um 84 millj. kr. Er það að vonum að ríkisstj. skuli leggja alveg sérstaka áherslu á það núna, þegar hún er nýlega búin að keyra í gegn frv. um að skera niður félagsleg útgjöld skuli hún vera með sérstakar tillögur um að hlífa þeim sem einna besta hafa afkomuna í landinu, þar sem er bankakerfið. Það var eftir ríkisstj. að vernda þann „smælingjann" sem heitir viðskiptabankar í þessu landi og henni líkt.

Þegar þessi tvö frv., sem hæstv. fjmrh. mun mæla fyrir hér, eru skoðuð, þá kemur í ljós að það er verið að lækka tekjur ríkissjóðs um mörg hundruð millj. kr. á þriggja ára bili, líklega milli 300 og 400 millj. kr. eða um 120 millj. kr. á ári. Ríkisstj. hefur áður keyrt hér í gegn frv. um að lækka skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hún hefur áður keyrt hér í gegn frv. um að lækka skatta á fyrirtækjum, þannig að jaðarskattur fyrirtækja verður nú lægri en jaðarskattur einstaklinga í fyrsta sinn í sögunni. Þessi ríkisstj. hefur keyrt það hér fram að það er fellt niður álag á ferðamannagjaldeyri. Og þessi ríkisstj. hefur lagt á sig einar 7 eða 8 umr. í þinginu til að kreista út 70—80 millj. kr. hækkun á skatti á einstaklinga. Þessi ríkisstj. er einnig nýlega búin að kvelja í gegnum Nd. frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það gerir ráð fyrir að skera niður framlög til félagslegrar þjónustu, lækka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, lækka sjúkradagpeninga húsmæðra, námsmanna og verkafólks sem hefur lítil réttindi. Nokkrum dögum seinna kemur hvað? Frv. til l. um að lækka skattana á bönkunum. Þetta kemur ekki þeim á óvart sem hafa fylgst með þessari ríkisstj. frá því að hún var mynduð. Þetta er í góðu samræmi við stefnu hennar yfirleitt — þá stefnu sem hefur ráðist gegn félagslegri þjónustu á öllum sviðum, en hossað og hampað fjármagninu.

Ríkisstj. er hér að fylgja þeim tillögum sem bankavaldið gerir. Þessi tillaga er þess vegna af sama toga spunnin og tillagan um að auka innlánsbindingu í bönkunum um 10%. Sú tillaga var samþykkt í Nd. fyrir síðustu helgi með báða stjórnarflokkana klofna. Hér er um að ræða tillögu af svipuðum toga — tillögu um að hlífa bankakerfinu vegna þess að ríkisstj. er svo illa á sig komin gagnvart bönkunum í landinu og alveg sérstaklega Seðlabankanum að hún verður að hlýða því sem bankakerfið krefst. Engin ríkisstj., sem hér hefur setið, hefur verið eins háð bankavaldinu og sérstaklega seðlabankavaldinu og núv. hæstv. ríkisstj. Má segja að það komi vel á vondan þar sem er hæstv. núv. fjmrh. sem hefur haldið löng erindi á liðnum árum um hætturnar sem þjóðinni stafa af seðlabankavaldinu.

Þegar fjmrh. er sestur í ráðherrastól flytur hann hverja till. á fætur annarri um að lækka stórkostlega skatta bankanna. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Gerðu þeir sér grein fyrir því áður en þeir afgreiddu þessi frv. í ríkisstj. að það væri hér verið að lækka skatta bankanna um 100—150 millj. kr. á ári á næstu þremur árum? Gerði t. d. hæstv. félmrh., með Byggingarsjóð á sig kominn eins og alþjóð veit, sér grein fyrir því að hann var að lækka skattana á bönkunum á sama tíma og hann er að láta taka erlend lán í húsnæðiskerfið fyrstur félmrh. í sögunni? Gerði hæstv. iðnrh. sér grein fyrir því að þannig er verið að leika fjárhag ríkissjóðs á sama tíma og hann ber ábyrgð á ýmsum sjóðum sem þurfa á fjármunum að halda? Gerði hæstv. landbrh. sér grein fyrir því að hann var að lækka skatta á bönkunum á sama tíma og hann er að fallast á stórkostlega lækkun fjármuna til niðurgreiðslna? Gerði hæstv. menntmrh. sér grein fyrir því að hún er að samþykkja lækkun skatta á bönkunum á sama tíma og hún er að skera niður framlög til skólamála í dreifbýli með því að auka heimildir menntayfirvalda til þess að færa bekki saman? Gerðu hæstv. ráðh. sér grein fyrir því að þeir eru hér að setja út úr ríkissjóði 100—150 millj. kr. á ári á sama tíma og þeir eru að taka erlend lán til að gera upp við opinberar stofnanir? Gerðu hæstv. ráðh. sér grein fyrir því að þeir eru að láta lausar 100—150 millj. kr. á sama tíma og þeir taka erlend lán til að gera upp meðlagsskuldir á milli Tryggingastofnunar ríkisins og Innheimtustofnunar sveitarfélaga? Hafa menn áttað sig á því hvað hér er á ferðinni? Ég segi alveg eins og er: ég dreg stórlega í efa að hver einasti þm. stjórnarliðsins hafi áttað sig á því hvað hann var að samþykkja þegar þessar tillögur voru lagðar fyrir. Og ég dreg það í efa vegna þess að hæstv. fjmrh. vissi bersýnilega ekki nákvæmlega hvað undir bjó þegar hann var að gera grein fyrir málum í Ed. fyrir nokkrum dögum. 11. maí s. l. var þetta mál til meðferðar þar. Þá kemur fram í umr. um málið að þrátt fyrir ítrekaðar fsp. hv. þm. Ragnars Arnalds og Stefáns Benediktssonar hafði hæstv. fjmrh. engar upplýsingar um hvað kostaði í heild fyrir ríkissjóð sá niðurskurður á sköttum bankanna sem hér er verið að tala um.

Ég held að hér séu á ferðinni einhver ljótustu mál sem ríkisstj. er með á málalista sínum núna fyrir lok þingsins og er þá langt til jafnað. Á sama tíma og verið er að skera niður framlög til félagslegrar þjónustu, til húsnæðismála, er verið að lækka bankaskattana í landinu. Mér skilst að sú bankamálanefnd sem hv. 1. þm. Suðurl. var formaður fyrir hafi skilað tveimur tillögum: annars vegar tillögu um að lækka þetta gjald niður í 50% og hins vegar um að fella það niður í áföngum á nokkrum árum. Og hvaða gjald er það svo sem hæstv. fjmrh. velur? Velur hann þá tillögu sem er betri fyrir ríkissjóð eða velur hann gjaldið sem er verra og skilar minni tekjum fyrir ríkið? Auðvitað velur hann gjaldið sem skilar minni tekjum fyrir ríkið vegna þess að hér eru bankarnir á ferðinni, þeir „smælingjar" sem ríkisstj. telur nauðsynlegt að taka á hné sér og hampa.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég held að mjög nauðsynlegt sé að þingið fái nákvæmar upplýsingar um hvað hér er verið að ræða um og það verði aflað alveg sérstakra upplýsinga í þessum efnum. Ég held að það sé alveg útilokað fyrir þingið að hleypa þessu máli í

gegn öðruvísi en að málið hafi fengið mjög ítarlega og rækilega umr. á hv. Alþingi og að aflað hafi verið nákvæmra upplýsinga fyrir fjh.- og viðskn. Nd. Mér er kunnugt um að hv. fjh.- og viðskn. Ed. aflaði ítarlegra upplýsinga um þetta mál. Á fundum þeirrar nefndar kom það m. a. í ljós að einstakir nm. voru undrandi, að ég segi ekki gáttaðir, á því hvað þetta þýðir mikið tekjutap fyrir ríkissjóð. Þar virtist að einstakir þm. stjórnarliðsins hefðu ekki hugmynd um hvað þetta þýddi. Ég held þess vegna að hæstv. fjmrh. eigi þann kost, með tilliti til þess að ástand ríkissjóðs er eins og allir vita, að láta þessi frv. liggja, vera ekki að afgreiða þau hér á þessu þingi og gefa þm., a. m. k. þm. stjórnarliðsins, möguleika á að átta sig betur á hlutunum núna yfir sumarið.

Ég skora á hæstv. fjmrh. að taka þessi frv. út og vera ekki að knýja á um afgreiðslu þeirra. Ég skora á hæstv. fjmrh. að gera það á þeim grundvelli að ég er sannfærður um að einstakir þm. stjórnarliðsins hafa ekki fengið nægilega skýrar upplýsingar um þessi mál. Ég teldi hæstv. fjmrh. verða mann að meiri ef hann viðurkenndi stöðuna og með tilliti til ástands ríkissjóðs léti hann þessi mál ekki fara í gegn. Það er ekki nokkur hæfa að vera að skera þannig niður tekjur ríkissjóðs um 100 millj. kr. á ári þegar staðan er eins og raun ber vitni um, á sama tíma og verið er að reka ríkissjóð með erlendum lántökum, á sama tíma og menn eru að taka erlend lán til að gera upp meðlagsskuldir, á sama tíma og menn eru að taka erlend lán til að endurlána úr Byggingarsjóði ríkisins, að þá skuli menn vera að lækka tekjur ríkissjóðs um 100 millj. kr.

Ég fullyrði að hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert einstökum þm. stjórnarliðsins grein fyrir þessu máli, þannig að menn hafi áttað sig á hvað hér er á ferðinni. Ég skora á hæstv. fjmrh. að hinkra með afgreiðslu þessa máls. Það er engin hæfa að lækka skatta á bönkum við ríkjandi aðstæður. Vissi hæstv. landbrh. að hann var að samþykkja lækkun skatta á bönkum um 100—150 millj. kr. sömu daga og hann var að skera niður fjármagn til niðurgreiðslna um 170 millj. kr.? Ég segi: Ef hæstv. landbrh. hefur vitað um þetta er það athyglisverð forgangsröð hjá hæstv. landbrh. að hann skuli taka bankana í landinu fram yfir bændurna í landinu. En það segir kannske sína sögu um Framsfl. að hann skuli vera þannig heillum horfinn að hann skuli á sama tíma og verið er að lækka skattana á bönkunum fallast á lækkun niðurgreiðslna. Ég held að hæstv. landbrh. væri maður að meiri ef hann nú risi upp gegn bankavaldinu og segði: Lækkum ekki þessa skatta á bönkunum vegna þess að ríkissjóður hefur ekki efni á að missa þessar tekjur. Er það kannske svo með hæstv. landbrh. að hann hafi ekki vitað hvað hann var að gera, að hann hafi ekki fengið upplýsingar um hvað hann var að gera og að hæstv. félmrh. hafi ekki vitað það heldur né hæstv. menntmrh., allir þessir hæstv. ráðh. hafi ekki haft hugmynd um málið, hafi ekki fengið upplýsingar um hvað þeir eru að gera með þeirri stórfelldu lækkun bankaskattanna, sem hér liggur fyrir tillaga um?

Ég endurtek, herra forseti, að ég tel að hér sé um að ræða eitt versta málið sem ríkisstj. er að reyna að keyra í gegn síðustu daga þingsins og er þá langt til jafnað. Og ég verð að segja, og ég endurtek það líka, að umr. um þessi mál hlýtur að verða ítarleg og það hlýtur að verða farið fram á það að rækilegar upplýsingar verði lagðar fyrir lið fyrir lið til að sanna að nauðsynlegt sé að skera niður samneysluna í landinu í þágu bankanna. Eru bankarnir svo illa á sig komnir að nauðsynlegt sé að lækka þessa skatta á þeim? Hvaða kveinstafir eru það sem hafa borist frá bönkunum og hafa náð eyrum hæstv. fjmrh. í þessu efni? Grundvallardeilan í þessu efni stendur auðvitað um hversu mikla eða litla peninga ríkisstj. og þingmeirihlutinn ætla að leggja inn í samneysluna í landinu. Það er grundvallardeilan sem allt snýst um. Hæstv. talsmenn íhaldsins hafa haldið því fram að auðvitað muni viðskiptamenn bankanna verða látnir endurgreiða þessa skatta. Það var það sem talsmenn Sjálfstfl. og sumir talsmenn Framsfl. héldu fram þegar var verið að leggja bankaskattana á í fyrsta sinn í tíð síðustu ríkisstj. Auðvitað kann að vera að bankarnir sæki þessa fjármuni með þeim hætti að hækka sínar gjaldskrár. Það er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að spurningin er um hvort þessar ríku og sterku peningastofnanir eiga að taka þátt í samneyslunni í landinu. Eiga þær að borga tekjuskatt eins og önnur fyrirtæki? Af hverju á að vera að undanþiggja þessar stofnanir því að greiða tekjuskatt?

Ég tók eftir því að einn hv. þm. varð mjög undrandi á því, þegar hann leit í grg. frv. um bankaskattana sem er einnig hér á dagskrá, að þar kom fram að þeir skattar voru lagðir á bankana í fyrsta sinn 1982. Bankakerfið í landinu var skattlaust til 1982. Skattar eru lagðir á það samkv. lögum 1982, 1983 og 1984. Svo kemur ríkisstj. með vini hins litla manns innbyrðis og segir: Þarna er litli maðurinn. Þarna er hann sem þarf að hjálpa. Þarna er sá smælingi sem þarf að rífa upp úr svellinu í þeim vanda sem nú er um að ræða. Bankarnir, viðskiptabankarnir, það eru þeir og sérstaklega þarf að leggja lykkju á leið sína til að vorkenna þeim í þeirri óskaplegu stöðu sem nú er uppi. Ja, þvílíkt! Og ekkert lýsir ríkisstj. betur en þetta. Hún lækkar framlög til sjúkradagpeninga húsmæðra og námsfólks og lækkar skatta á bönkunum. Þetta eru áherslurnar sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur.

Ég skora á hæstv. fjmrh. að draga bæði þessi frv. til baka. Þetta eru vitlaus frv. miðað við þær aðstæður sem nú eru í ríkisfjármálunum. Hæstv. fjmrh. glímir við enn þá meiri vanda í ríkissjóði ef hann fer að keyra þessa endileysu í gegn. Ég skora á hæstv. fjmrh. að athuga sinn gang mjög vel og stöðva þessa endileysu því að ríkissjóður á auðvitað að hafa tekjur af bönkunum eins og öðrum fyrirtækjum í landinu. Annað er algjörlega óeðlilegt.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ósköp var 3. þm. Reykv. reiður. Ég vissi ekki að honum væri svona illa við bankana. Hann sem beitti sér hvað mest fyrir því að hjálpa mér sem nýorðnum bankaráðsformanni til að útvega ríkisbanka 6 þús. millj. kr. svo að hann gæti rétt sig af eftir 2—3 ára ríkisstjórnarferil 3. þm. Reykv. Ég held að bankakerfið hafi þar átt vin áður en ég kom í ríkisstjórn.

Ég vil benda á að það er alveg furðulegt með vinstri menn almennt að ef þeir hugsa upp skatta, jafnvel þó þeir komi því ekki fram að innheimta þá, líta þeir á þá upphæð sem þeir voru með í huga sem nettótap. Bara ef þeim dettur í hug að innheimta skatta! Það er mjög mikið baráttumál mitt og hefur alltaf verið að bæði fyrirtæki og einstaklingar haldi eftir af sínum tekjum

eins miklu sjálfsaflafé og við verður komið. Þjóðfélagið verður ekki rekið með öreigum einum saman. Það mega þessir ágætu fulltrúar kommúnistanna á Íslandi vita. Það verður ekki rekið með öreigum, fátækum bönkum eða févana fyrirtækjum. Þess vegna hlýtur það að vera áhugamál okkar allra að bæði einstaklingarnir og fyrirtæki, hvort sem það eru fyrirtæki sem versla með peninga og eru kölluð bankar eða önnur fyrirtæki, verði sterk þannig að þau geti staðið undir því þjónustuhlutverki með þjóðinni sem þeim er ætlað. (Gripið fram í.) Við verðum að reyna að hækka kaupið við Dagsbrún til þess að þeir verði ekki öreigar. Til þess að geta hlaupið undir bagga þurfa að vera sterk fyrirtæki og fleiri atvinnutækifæri, virðulegi vinur minn Guðmundur J. Guðmundsson.

Um hvað erum við svo að tala? Þannig vill til að ég flutti hér frv. sem bankaráðsformaður Útvegsbanka Íslands um að afnema skatt á gjaldeyrissölu viðskiptabankanna, ríkisbankanna, vegna þess að sá skattur var lagður á brúttótekjur gjaldeyrissölunnar sem þýddi að bankarnir stórtöpuðu fé á þessum viðskiptum. Fjmrh. fyrrv., hv. núverandi 3. þm. Norðurl. v., tók vel í að fella þessa skatta niður, a. m. k. að athuga það. Það gerði hann og gegn því að ég drægi frv. mitt til baka sagðist hann mundu beita sér fyrir því að þessi skattur yrði lækkaður í áföngum. En hvað skeður svo? Það kemur fram nýtt frv., nákvæmlega það sem ég legg hér fram, um nýja skattskyldu á innlánsstofnanir, en ekki samtímis að fella niður gjaldeyrisskattinn heldur til viðbótar gjaldeyrisskattinum. Svo ósanngjarnt var það og varla gat það orðið ósanngjarnara.

Frv. sem ég flyt hér er sama frv. og hæstv. fyrrv. fjmrh. flutti í ríkisstj. sem hv. 3. þm. Reykv. sat í og leiddi sinn flokk innan ríkisstj. Hann hóf sitt mál á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt var gefin yfirlýsing um það hinn 28. janúar s. l. af hálfu ríkisstj., jafnhliða því sem gerð var grein fyrir ýmsum aðgerðum í efnahagsmálum, að lagður yrði sérstakur skattur á banka og sparisjóði. Skattur þessi mun gefa í tekjur um 40 millj. kr. nettó og er ein af þremur tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs til að standa undir niðurfærslu verðlags sem svarar sex vísitölustigum."

Frv., sem ég mæli hér fyrir, var flutt af fyrrv. hæstv. fjmrh. og er í engu breytt. Ég stend við það sem fyrrv. hæstv. fjmrh. hafði lofað, en seinna í ræðu sinni segir hann, með leyfi forseta:

„Í ákvæði til bráðabirgða V er gerð tillaga um að dregið sé nokkuð úr þeirri gjaldtöku sem tíðkast hefur hjá gjaldeyrisbönkunum skv. lögum nr. 40/1969, en það er gjald vegna tekna þessara tveggja gjaldeyrisbanka af umboðsþóknun og gengismun. Lagt er til að gjaldið lækki úr 60% í 50% á þessu ári og í 40% á næsta ári".

Þetta stóð fyrrv. hæstv. fjmrh. Alþb. alls ekki við. Gjaldið var lækkað úr 60% í 50%, en hækkaði svo aftur um áramótin á eftir í 60% aftur í staðinn fyrir að lækka niður í 40%. Ég er nú að leggja til að staðið verði við það, sem upphaflega var lofað, að lækka gjaldið niður í 40% og áfram þangað til það fellur niður. Í stað gjaldeyrisskatts á gjaldeyrisbankana eina er tekinn upp sá skattur sem ég mæli fyrir, að vísu er það næsta mál, og á að koma í staðinn fyrir gjaldeyrisskattinn og verður innheimtur af öllum innlánsstofnunum í landinu. Skattheimtan er þá talin koma hlutfallslega jafnt niður á allar peningastofnanir en ekki bara á gjaldeyrisbankana.

Það er líka rangt hjá 3. þm. Reykv. að engir skattar hafi verið lagðir á áður. Gjaldeyrisskattar voru lagðir á, en á gjaldeyrisbankana eingöngu. Í því frv. sem vonandi verður tekið fyrir næst á eftir er ætlunin að innheimta hlutfallslega sama gjald af öllum innlánsstofnunum í staðinn fyrir það gjald af gjaldeyrisbönkunum sem á að fella niður.

Ég hef gaman af því þegar hv. 3. þm. Reykv. blæs eins og hann gerir. Hann verður alltaf svo æstur og reiður að það er eins og það sé verið að taka frá honum eitthvað sem er hans einkaeign. Hann skortir allt jafnvægi síðan hann fór úr ríkisstj. Ég veit ekki hvort hann hefur erfiða daga innan síns flokks, hvort hann verður að haga sér svona í ræðustól eða ekki, etja mönnum saman. Hann er margbúinn að reyna það, en tekst ekki. Ég skil ekki þessa leikaðferð. Það gæti verið gott fyrir Alþingi, bara upp á framtíðina, að taka það upp á vídeóspólu og gefa hv. 3. þm. Reykv. Hann áttaði sig þá e. t. v. á því hvað hann er að gera og hvernig hann æsir sig upp því það verður enginn annar æstur. Það er hætt að taka mark á manninum.

Auðvitað gerði ríkisstj. sér grein fyrir því hvað hér um ræðir. Hv. 3. þm. Reykv. er sjálfur búinn að vera ráðh. og veit hvernig málin ganga fyrir sig í rn., (Gripið fram í.) veit hvaða útreikningar fylgja málunum. Hitt er annað að þegar mál koma úr n. og þegar öllu er hraðað svo mjög er ekki alltaf víst að ráðh. fái upplýsingar um það sem skeður í nefndunum tímanlega fyrir umr. Ég skal viðurkenna að ég var ekki búinn að fá upplýsingar um það sem skeði í fjh.- og viðskn. Ed. áður en umr. hófst og meira að segja kom ég ekki inn í deildina fyrr en frsm. hafði flutt sitt erindi vegna þess að ég var upptekinn hér í hv. Nd. Ég gat því ekki gefið upplýsingar um niðurstöðutölur þegar þetta var rætt þar á lokastigi. (**SvG:** Hefur ráðh. upplýsingarnar núna?) Ég vona að virðulegur forseti gefi þm. orðið aftur. Hann virðist vera kominn af stað aftur (**SvG:** Ráðh. hefur engar upplýsingar.) Upplýsingarnar liggja fyrir í grg. og í nál. (**SvG:** Vill ekki ráðh. nefna töluna?) Af hverju les ekki hv. þm. það sem komið er frá n. Ed.? — Þar fyrir utan vil ég taka undir það með hv. þm. að að sjálfsögðu er nauðsynlegt að þingið afli sér allra upplýsinga. Ég vona að hv. þm. muni eftir því að n. gera það og þær eru til þess og síðan skila þær áliti. Það er ekkert sem hindrar virðulegan þm. í að biðja um þær upplýsingar sem hann óskar eftir og telur sig þurfa að fá til viðbótar við það sem er þegar komið fram í Ed.

En ég vil segja það að lokum og undirstrika að ég hef verið ákaflega gagnrýninn á bankastarfsemina, sérstaklega eins og hún er rekin í Seðlabankanum. Hlutverk Seðlabankans er allt annað en það viðskiptabankahlutverk sem hann hefur gegnt. En það er ekki það sem við erum að tala um. Þetta mál kemur Seðlabankanum ekkert við. Þessi blessaður 3. þm. Reykv. þvælist vítt og breitt um völlinn. Hann áttar sig ekki á hvar hann er staddur, hvort hann er að tala um viðskiptabankana eða hvort hann er að tala um Seðlabankann. Það skiptir engu máli ef hann getur með æsingi og hamagangi og hávaða náð til þeirra sem á hlýða. En allir í þessum sal eru orðnir vanir slíku, þannig að þeir taka ekkert mark á því og það hefur engin áhrif.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég tel að ástæða væri til að halda langan fund hér í kvöld þó ekki væri nema til að ræða þetta eina mál, sem nú er á dagskrá, þ. e. frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, og svo önnur mál sem því tengjast og liggja hér einnig fyrir í þessari hv. deild.

Það má segja að hæstv. ríkisstj. velji tímann vel þegar hún lætur taka þessi mál hér á dagskrá því við höfum rétt nýlokið við hér í hv. Nd. að ræða frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem glímt var við hið margfræga gat og voru það einkum peningavandræði í ríkissjóði landsmanna sem þar voru til umfjöllunar. Þess vegna kemur manni það nokkuð spánskt fyrir sjónir, svo ekki sé nú meira sagt, herra forseti, að daginn eftir skuli tekið til við að ræða það hér í þessari hv. þingdeild hvernig megi létta með ýmsu móti álögum af þeim stofnunum landsmanna sem að sögn kunnugra gera það hvað best þessa dagana, þ. e. bönkunum. Nú hafa þeir, sem fylgst hafa með fréttum undanfarið og fylgst með því þegar hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir skila inn sínum ársreikningum fyrir árið 1983, eflaust tekið eftir því að í þeim hópi hafa gjarnan verið bankar, sparisjóðir og innlánsdeildir og aðrar slíkar stofnanir. Og yfirleitt hefur það verið á eina bókina lært, að þar hefur verið um dálaglega útkomu að ræða, gróða svo milljónum skiptir jafnvel hjá hinum smæstu í þessum hópi. Má segja að ekki finnist nú í landinu svo aum bankastofnun að hún skili ekki dálaglegum hagnaði.

Þess vegna er það ærið kyndugt að standa nú frammi fyrir þessu frv., sem eru 305. og 306. mál Ed., þar sem gerðar eru till. um það að létta stórlega álögum af þessum sömu stofnunum.

Nú hefur því verið haldið fram að þær álögur sem hér um ræðir kæmu í raun beint frá viðskiptamönnum bankanna, þ. e. þeir skattlegðu sína viðskiptamenn sem því næmi sem þeir þurfa að greiða hinu opinbera, og kann svo að vera að verulegu leyti. En þá má spyrja: Telja menn einhverja tryggingu fyrir því að þeir hinir sömu njótendur að þjónustu bankanna fái þessa fjármuni til baka ef bankarnir sjálfir hætta að greiða þessi gjöld inn í ríkissjóð? Ég leyfi mér að draga það í efa, herra forseti, þekkjandi þær ágætu stofnanir. Ég bendi á að í aths. við þetta lagafrv., neðst á bls. 2, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Með niðurfellingu gjaldsins er þess að vænta að mismunur kaup- og sölugengis erlends gjaldmiðils verði ákveðinn með hliðsjón af breyttum aðstæðum svo og ýmis gjöld vegna þessara viðskipta endurskoðuð."

Það er m. ö. o. ekki kveðið fastara að orði en svo í þessum aths. að þess sé að vænta að neytendur muni þá fá lækkaðar álögur sem þessu nemur. Þess er að vænta. Það er góðlátleg vænting þeirra, sem hér flytja frv. til laga, að bankarnir verði nú svo góðir að láta þetta renna til viðskiptavina sinna. Ég spyr: Er einhver trygging fyrir því nú, á þessum tímum hins ótakmarkaða frelsis á öllum sviðum, þar sem allt skal vera himinfrjálst, er einhver trygging fyrir því að bankarnir noti sér ekki frelsið til að ráðstafa þessum fjármunum, þessum hundruðum milljóna, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að færa þeim á næstu árum, einhvern veginn óðruvísi en að láta þá renna beint til viðskiptavina sinna? Ég leyfi mér að spyrja með fullri virðingu fyrir þessum ágætu stofnunum: Eru einhverjar tryggingar fyrir því að þetta fari ekki í marmara eða málverk? Er hæstv. ríkisstj. tilbúin að lýsa því yfir hér við þessa umr. að svo verði búið um hnútana að þessir peningar skili sér þá til viðskiptamanna bankanna? Því hér er vissulega um mikla fjármuni að ræða. Ég fyrir mitt leyti teldi það mjög vel athugandi að þessum álögum yrði létt að einhverju leyti af bankakerfinu ef þannig yrði um hnútana búið í staðinn að þeir fjármunir rynnu frá þeim sömu bönkum til einhverra annarra þarfra málefna hér í landinu. Ég nefni sem dæmi húsnæðismálin. Ef það yrði í sömu andrá bundið að það aukna fjármagn sem bönkunum er ætlað að fá hér á næstu árum rynni þá til uppbyggingar í húsnæðismálakerfinu. Þá væri þetta vissulega athugandi. Það má nefna einnig undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Ef þjónusta bankanna við undirstöðuatvinnuvegina ykist þá sem þessu næmi þeim til styrktar væri þessi tilhögun vissulega athyglisverð. En það er alveg forkostulegt, ég verð að segja það með leyfi herra forseta, það er alveg stórfurðulegt að jafnskítblankur fjmrh. og Albert Guðmundsson er þessa dagana, fyrirgefið orðbragðið, skuli gera um það till. að létta svona álögum af bönkunum. Ég verð að segja að mér finnst það stórforkostuleg athöfn af hans hálfu og hefur hann þó oft í gegnum tíðina getið sér frægðarorð fyrir annað en að vera sérstakur vinur t. d. Seðlabankans og ríkisbankanna. Það er nú það.

Það væri ástæða til, herra forseti, að ræða nokkuð hið sérkennilega samspil ástandsins í kassanum fræga hjá hæstv. fjmrh. og Seðlabankans, sem einnig hefur birst okkur í frv. því um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem við fjölluðum hér um fyrir helgina. Þar voru uppi till. um að létta stórlega af skyldum Seðlabankans við atvinnuvegina með því að heimila honum að lækka afurðalánin. Á móti eða til viðbótar ætlaði Seðlabankinn að krefjast aukinnar bindiskyldu af öðrum innlánsstofnunum. Það er kannske með þessu frv. verið að rétta eitthvað á merinni, þannig að ekki hallist á vegna þeirrar þjónustu sem viðskiptabönkunum er ætlað að standa undir við Seðlabankann með frv. sem nú er komið til hv. Ed. Vel má vera að þetta sé allt eitt allsherjarhrossaprang sem hafi það meginmarkmið, þegar til kastanna kemur, að borga upp hallarekstur hæstv. fjmrh. á ríkissjóði og hygla ofurlítið Seðlabankanum, eins og smá vinargreiði við Seðlabankann vegna þess að hann hefur tekið að sér að reka ríkissjóð og húsnæðismálakerfið m. a. þar með, þar sem þeir safna nú skuldum í gríð og erg hvor um annan þveran, hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh.

Þegar fjárlög voru afgreidd í desember var rætt um að mjög álitlega liti út með það að hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson yrði þegar á sínu fyrsta valdaári skuldakóngur Íslandssögunnar, honum tækist þegar á sínu fyrsta valdaári að slá út flokksbróður sinn og fyrrv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen (**Fjmrh.:** Það er óhjákvæmilegt.) sem fram að þessu hafði gengið einna vasklegast fram í því allra manna, sem farið hafa með fjármál á Íslandi, að safna skuldum við Seðlabankann. Það er nú löngu sannað mál að hinn mikli keppnismaður Albert Guðmundsson fór létt með þetta, og þurfti ekki einu sinni árið til, því eins og fróðir menn vita hefur þessi ríkisstj. ekki náð því að streitast við að sitja í eitt ár. Það vantar nokkra daga upp á það.

Samhengið, sem birtist mönnum í þessari efnahagsmálastjórn hæstv. ríkisstj., er nokkuð kostulegt. Ríkisstj. er út og suður með sparðatíning við að ná inn

nokkrum millj. hér og nokkrum millj. þar, af öryrkjum, af fötluðum o. s .frv., og má lengja þann lista mikið. Á sama tíma er hún að hygla jafnilla stöddum litlum mönnum eins og bönkunum. Þar hefur þessi hæstv. ríkisstj. loksins fundið sinn litla mann, í bönkunum eins og þeir leggja sig. Hann er nú sá minnsti af vorum samfélagsþegnum sem mest ríður á að hygla. Það birtist okkur í þessu frv. um ráðstöfun gengismunar og umboðsþóknunar og frv. um skattskyldu innlánsstofnana, sem er 306. mál Ed. og liggur einnig fyrir hv. Nd. að ræða.

Þessi sérkennilega áhersluröð hæstv. ríkisstj. hefur reyndar birst okkur oft í vetur og er svo sem ekkert nýnæmi fyrir okkur. Hún á sér þá einföldu skýringu, þó mönnum kunni að finnast það merkilegt, að þessi ríkisstj. fjandskapast blygðunarlaust við fjölmennar stéttir í þjóðfélaginu. Þetta er ekki svo furðulegt, þegar betur er að gáð, því hæstv. ríkisstj. er nefnilega mynduð í þeim tilgangi að vernda og verja hagsmuni hinna fáu útvöldu í þjóðfélaginu, fjármagnseigendanna og bankanna þar með. Hún gerir það dyggilega. Það má segja um hana, hvað svo sem að öðru leyti er hægt að taka sér í munn um hæstv. ríkisstj., að þessu hlutverki sínu er hún trygg og trú. Það birtist okkur dag eftir dag í aðför að ýmiss konar félagslegri þjónustu, í niðurskurði á námslánum, í lækkuðum niðurgreiðslum til neytenda og svo mætti lengi telja. Sumt er þar sparðatíningur, annað stærra og alvarlegra. Á sama tíma er þessi ríkisstj. að létta álögum af bönkum. Hún er að ívilna þeim sem eiga hlutafé, hún er að létta álögum af þeim sem hafa efni á því að fara til útlanda á sama tíma og hana langar helst til að skattleggja með öllum tiltækum ráðum þá sem annaðhvort eru veikir og liggja inni á sjúkrahúsi eða eru veikir og ætla að nota sér þjónustu í heilbrigðiskerfinu á einhvern hátt. Það er nú réttlæti þessarar ríkisstj. Ég finn ekki aðrar skýringar á því en þær að hún sé ósköp einfaldlega trú því markmiði, sem hún lagði af stað með í maí s. l., fyrir tæpu ári síðan, að vernda og verja hagsmuni þeirra sem peningana hafa í þessu þjóðfélagi. Á því er þessi einfalda skýring og birtist æ ofan í æ í málatilbúnaði þessarar ríkisstj.

Herra forseti. Eins og ég sagði hér í upphafi mætti svo sem hafa langt mál um þessi bankamál. Það væri ástæða til að fara nákvæmlega ofan í þær tölur sem hér birtast á blöðum og komu reyndar fram í framsöguræðu hæstv. ráðh. þegar hann var spurður hversu margir tugir og mörg hundruð milljóna það yrðu sem hæstv. ríkisstj. léti renna með þessum hætti til ríkisbankanna á næstu árum, þarf ekki langa framtíð til, á næstu 2—3 árum. Það er alveg ljóst að það skiptir hundruðum milljóna og er sérkennilegt að ríkissjóður, sem er jafnhvínandi á kúpunni og raun ber vitni, skuli hafa efni á þessu. Það er nokkuð sérkennilegt. Það má ekki leggja skatta á almenning. Það má ekki leggja á skatta, en það má lækka þá á ríkisbönkunum, þeim stofnunum sem þessa daga eru að gera upp með milljóna gróða. Hæstv. fjmrh., þannig er nú það. Litlu mennirnir þínir í bankakerfinu reka ekki svo auma útlánastofnun þessa dagana að hún skili þeim ekki milljónum. Sparisjóður Keflavíkur t. d., ekkert stórfyrirtæki á heimsmælikvarða, skilaði þó nokkrum milljónum króna í hagnað. Þannig var nú búskapurinn þar og ætli það sé þá ekki víðar.

Ef þessi ríkisstj. er úti að leita að gullskipinu, sem hún þóttist nú reyndar hafa fundið í vösum launamanna s. l. vor, þá hef ég bent henni á að fara á þennan sand og leita þar. Ætli hún þyrfti þá að ganga svo ýkja lengi um? Ég er ekki viss um, að hún þyrfti að leita svo lengi áður en hún fyndi eitthvað feitara en vasana á þrautpíndu launafólki sem hún er enn þá að hjakka í. Það hefði ég haldið, herra forseti, að henni væri nær að líta þangað sem tölurnar tala skýrustu máli um hvar peningana er að finna í þessu þjóðfélagi. Þetta er angi af því réttlæti þessarar ríkisstj. að hygla þeim sem þegar hafa peningana á milli handanna, svo þeir megi þá ná í meira, á sama tíma og hún gengur æ fastar að hinum sem þegar eiga í vök að verjast.

Umr. frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 765, 691, 6, 12, 13, 16, 761). — 3. umr.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls í hv. þd. kom fram ágreiningur um túlkun á c-lið 33. gr. Af hálfu Sjálfstfl. snerist sá ágreiningur um það hvort veita ætti félagasamtökum, sem eiga eða reka húsnæði til útleigu, ríkari rétt til lána en öðrum félögum, svo sem byggingarsamvinnufélögum sem reisa íbúðarhúsnæði til sölu og eignar fyrir þá sem í búa. Mismunandi túlkun á þessu ákvæði við 2. umr. leiddi til þess að félmn. þótti rétt að koma saman til fundar að lokinni 2. umr. og n. fékk á sinn fund Sigurð Líndal, prófessor, til þess að ræða um þetta ágreiningsefni. Hann gaf n. svohljóðandi álit sem ég ætla nú að lesa, með leyfi forseta:

„Sem svar við spurningu n., hvort c-liður 33. gr. frv. taki til lána til húsnæðissamvinnufélaga og/eða annarra sem stofna til félagsskapar í því skyni að eiga og reka leiguíbúðir, skal ég taka fram að ég tel ákvæðið engan veginn taka af tvímæli um það og ráðlegg n. að setja hér skýrari ákvæði. Sama á við um búseturéttaríbúðir."

Þegar þetta álit lá fyrir var ljóst að leita yrði samkomulags sem leiddi til þess að allur vafi væri tekinn af um túlkun þessa ákvæðis. Stjórnarflokkarnir eru sammála um að breyta c-lið 33. gr. á þá lund að niður falli sá hluti gr. sem deilum hefur valdið. Þess í stað skipi félmrh. nefnd sem fái það verkefni að gera till. um það með hvaða hætti leiguíbúðum verður komið fyrir í húsnæðiskerfinu og að gera till. um lagasetningu varðandi nauðsynleg lagaákvæði um búseturétt og hugsanleg kaupleiguákvæði varðandi íbúðarbyggingar.

Fyrir því hef ég flutt brtt. við 33. gr. sem kveður á um það að c-liður greinarinnar orðist svo:

„Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja."

Ég vænti þess að þessi brtt. fái að koma hér til umr. og með samþykkt hennar verði unnt að afgreiða þetta frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins á þessu þingi.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 894) samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KMT, PP, GHG, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP,

ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, NL, GGS, HÁ, IG.
nei: JS, BjG, KSK, SJS, GHelg.
SvG, GSig, EK, GE, GJG greiddu ekki atkv.
10 þm. (KP, KJóh, KH, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, GeirH, GA, HBl) fjarstaddir.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Síðan þetta frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins var síðast til umr. — en nú eru liðnir nokkuð margir dagar síðan — hefur verið uppi mjög mikill ágreiningur milli stjórnarflokkanna um túlkun á því hvort búseturéttaríbúðir ættu að fá aðild að félagslega kerfinu. Þegar málið kom til 2. umr. lýsti hæstv. félmrh. því afdráttarlaust yfir að búseturéttaríbúðir ættu samkvæmt frv. að eiga aðild að þessu kerfi. Sjálfstfl. eða fulltrúar hans í félmn. héldu öðru fram og þessi ágreiningur hefur staðið nú um nokkurn tíma.

Það er dapurlegt hlutskipti fyrir hæstv. félmrh. ef sú er niðurstaðan og raunin eftir þennan ágreining að hæstv. félmrh. hafi látið Sjálfstfl. kúga sig í þessu máli. Öðruvísi verður ekki skilin sú brtt., sem flutt er af formanni Sjálfstfl., Þorsteini Pálssyni, þar sem niður er felldur hluti af 33. gr. frv. Niðurstaðan hefur orðið sú að setja nefnd í málið sem fjalla á um þennan ágreining. Það virðist svo vera að Sjálfstfl. hafi ekki þorað að láta frv. fara út úr þinginu með þeim ákvæðum sem eru í c-lið 33. gr. þessa frv. og að hæstv. félmrh. hafi fallist á sjónarmið Sjálfstfl. Því verður varla trúað að hæstv. félmrh., sem hefur lofað þeim fjölda fólks sem gengið hefur í húsnæðissamvinnufélagið Búseta svo miklu, ætli nú á síðustu stundu að láta Sjálfstfl. kúga sig til hlýðni í þessu efni.

Hæstv. ráðh. hlýtur að hafa einhverjar skýringar á þessu máli aðrar en þá þær að setja eigi nefnd í þetta mál. Nú veit hæstv. ráðh. að fimm flokkar af sex hér á Alþingi hafa lýst yfir stuðningi við þá túlkun á frv. að búseturéttaríbúðir eigi að fá aðgang að félagslega kerfinu skv. ákvæðum 33. gr. c-lið. Stjórnarandstaðan flutti brtt. við 2. umr. til þess að taka af allan vafa í þessu efni þar sem skiptar skoðanir virtust vera uppi um túlkun í því máli. Félmrh. greiddi atkv. gegn þeim brtt. og lýsti yfir við þá umr. að hans skilningur á ákvæði 33. gr. c-lið væri sá að búseturéttaríbúðir ættu þarna heima undir 33. gr. c-lið.

Við 2. umr. vitnaði hæstv. félmrh. í sína framsögu því til stuðnings og sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég geri ráð fyrir að þessi kafli laganna verði talsvert mikið til umr. og hann hefur þegar verið mikið til umr. í sambandi við bæði hugmyndir námsmanna um að leysa þeirra húsnæðismál og einnig í sambandi við nýjar hugmyndir að því er varðar húsnæðissamvinnufélög sem verið hafa til umr. í þjóðfélaginu að undanförnu.“

Og áfram segir hæstv. ráðh.:

„Ég met mikils hinn almenna áhuga fólks á þessum nýju formum, eins og húsnæðissamvinnufélögum, en ég tel ástæðu til þess vegna þess sem á undan er gengið að vara við of mikilli bjartsýni um að á skjótvirkan hátt verði hægt að leysa húsnæðismál eftir þessum formum.“

Síðan sagði hæstv. ráðh. þegar hann hafði lokið þessari tilvitnun í framsöguræðu sína:

„Ég hef verið alveg samkvæmur sjálfum mér í sambandi við þetta mál. Ég hef setið fundi með þessu fólki og ég hef sagt því að ég telji að með c-lið 33. gr. séu möguleikar á því að þetta félagsform geti þegið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, þó með því fororði að það verði að hlíta þeim meginreglum sem Byggingarsjóður verkamanna byggir á, þ. e. um tekjuviðmiðun.“

Síðar í sinni ræðu segir hæstv. ráðh.:

„Mín skoðun er alveg óbreytt. Ég tel að c-liður 33. gr. gefi þessum samtökum þennan möguleika og ég túlka það þannig.“

Það eru aðeins örfáir dagar síðan hæstv. ráðh. mælti þessi orð. Hefur hæstv. ráðh. virkilega skipt um skoðun? Ætlar hann að svíkja þetta fólk sem hann hefur í marga mánuði gefið loforð og látið það standa í trú um að með þessari löggjöf, sem verið er að samþykkja frá Alþingi, fengi þetta fólk aðgang að félagslegum íbúðum? Því verður vart trúað.

Hægt er að vitna í fleiri ræður, í blaðaviðtöl, í málgagn húsnæðissamvinnufélagsins Búseta því til stuðnings að ráðh. hefur marggefið loforð um að þetta fólk ætti rétt í húsnæðiskerfinu. Hann vildi meira að segja vera alveg öruggur og sagði að áður en málið yrði afgreitt frá Alþingi yrði að taka af allan vafa um að það væri ótvírætt túlkun á því að búseturéttaríbúðir ættu heima í þessu félagslega kerfi.

Ég vona, herra forseti, að hæstv. ráðh. geti gefið við þessar umr. einhverja skýringu á þessu breytta viðhorfi sem virðist koma fram ef hann styður þessa till. Þorsteins Pálssonar. Hæstv. ráðh. veit að hann getur fengið stuðning hér á Alþingi frá stjórnarandstöðuflokkunum sem tryggi ótvírætt að búseturéttaríbúðir fái aðgang að félagslega kerfinu, en meirihlutavilji hér á hv. Alþingi fær greinilega ekki að ráða í þessu efni. Það er mikill meiri hluti fyrir þessu á Alþingi og það veit hæstv. ráðh. Við í Alþfl. og í stjórnarandstöðunni allri líka erum tilbúin að styðja ráðh. til þess að þetta frv. verði afgreitt frá Alþingi með þeim hætti að búseturéttaríbúðir fái fullan aðgang að félagslega kerfinu.

Afstaða Sjálfstfl. til þessa máls er harla einkennileg þegar litið er til fortíðarinnar í þessu efni. Það er aðeins eitt ár síðan, þegar húsnæðismálin voru hér síðast til umr., að Sjálfstfl. barðist fyrir því á 105. löggjafarþingi að auka valkosti í félagslegum íbúðabyggingum með því að opna fyrir byggingar leiguíbúða á vegum félagasamtaka, svo sem Leigjendasamtakanna á almenna markaðnum. Sjálfstfl. fannst á því þingi, á síðasta Alþingi, að hæstv. þáverandi félmrh., Svavar Gestsson, gengi ekki nógu langt í því efni að tryggja félagasamtökum aðild að félagslega kerfinu.

Í því frv., sem hæstv. þáverandi félmrh. lagði fyrir það Alþingi, var einmitt sambærilegt ákvæði og er í þessu frv. Í 12. gr. þess frv. stóð:

„Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu á hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til að eignast eigið húsnæði við hæfi.“

En í 26. gr. þess frv. kom fram að lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélaga mættu nema 80% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúðar, en lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða samkvæmt þessum lið, sem ég var rétt að lesa upp, mættu nema allt að 65% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Um þessar greinar sagði í skýringum:

„Með þessari grein er lagt til að Byggingarsjóður verkamanna láni ekki aðeins til sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir heldur einnig til félagasamtaka og

stofnana og fyrirtækja sem byggja leiguíbúðir fyrir félagsmenn sína eða aðra sem þurfa á leiguhúsnæði að halda."

Um 26. gr., þar sem félagasamtök áttu að fá 65% byggingarkostnaðar, stóð orðrétt, með leyfi forseta:

„Lán til annarra byggingaraðila, sem byggja leiguíbúðir fyrir almennan markað eða einstaka þjóðfélagshópa, svo sem námsmenn, verði breytileg eftir aðstæðum en að hámarki 65% af byggingarkostnaði. Þá er tekið upp það nýmæli að heimila byggingaraðilum að selja leigutaka hlutareign í þeirri íbúð, sem hann fær til afnota, með tilteknum kvöðum um afnotarétt og endurgreiðslu."

Í umr. um þetta frv. og þessar greinar, sem ég hér vitna til, kom eftirfarandi fram hjá aðaltalsmanni Sjálfstfl. í húsnæðismálum, hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, þegar hann ræddi þessar greinar frv. og mælti fyrir brtt. við frv. þáverandi félmrh., með leyfi forseta:

„Ég kem þá að 8. brtt. okkar. Hún er við 26. gr. frv. sem fjallar um lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélaga og annarra aðila. Það er tekið fram að þessi lán megi vera 80% af áætluðum byggingarkostnaði. En í frv. er gerð undantekning frá þessu um það að sum lán til leiguíbúða megi ekki nema hærri upphæð en 65% af byggingarkostnaði. Við flm. viljum ekki gera þennan greinarmun á þeim leiguíbúðum sem 26. gr. frv. fjallar um. Við viljum að allir þeir aðilar, sem hafa heimild til lána vegna leiguíbúða skv. 36. gr. laganna, hafi sama rétt til lánanna. Þetta er ekkert hégómamál fyrir þá sem flokkaðir eru skv. frv. í hinn óæðri flokk."

Og hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson hélt áfram:

„Það eru m. a. stúdentar, svo að ég nefni eitthvert dæmi, en Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur kynnt hv. félmn. skoðanir sínar og óskir í þessu efni sem falla saman við brtt. okkar félaga sem ég er hér að lýsa."

Og áfram sagði hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, talsmaður Sjálfstfl. í húsnæðismálum:

„Þessi till. okkar mætir óskum Stúdentaráðs Háskóla Íslands, sem hefur sent okkur bréf um þessi efni, og óskum Leigjendasamtakanna, sem hafa sent okkur bréf um þessi efni einnig, og Félagsmálastofnunar stúdenta. Það er ekki óeðlilegt að þessir aðilar hafi komið á framfæri óskum um þetta efni, þegar litið er á það að það er algjörlega óeðlilegt að gera greinarmun á þessum félagslegu ráðstöfunum og þeim, sem felast í verkamannabústöðunum, byggingu hinna eiginlegu verkamannabústaða, svo ég tali ekki um að skipta aðilum í tvo flokka, verðuga og óverðuga, þegar um er að ræða leiguíbúðir. Þetta eru ástæðurnar fyrir brtt. okkar við 26. gr. frv."

Hvað hefur breyst hjá Sjálfstfl.? Það er eitt ár síðan talsmaður þeirra í húsnæðismálum vildi ganga mikið lengra en formaður Alþb. í þessu efni og mælti fyrir brtt. þar að lútandi. (**Gripið fram í:** Það kom nýr formaður í Sjálfstfl.) Það skyldi þó ekki vera skýringin að kominn er nýr formaður í Sjálfstfl. sem tekið hefur þessa stefnu í málunum, að útiloka aðila eins og búseturéttaríbúa frá félagslega kerfinu. Þetta eru hrein hamskipti. Nú, þegar Sjálfstfl. stendur frammi fyrir því að standa við þær yfirlýsingar sem talsmenn hans gáfu á síðasta þingi, kasta þessir menn grímunni og sýna sitt rétta andlit. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Friðrik Sophusson, sem þarna situr, leið mjög illa þegar þetta frv. kom hingað niður í hv. Nd. þegar ljóst var að þetta frv. mundi stöðvast í deildinni. Hann greip þá til þess ráðs með hv. þm. Birgi Ísleifi Gunnarssyni að taka þessa till. um leiguíbúðir félagasamtaka út úr því frv. sem kom frá Ed., taka þá brtt. og gera breytingu á öðru frv., brbl. sem lágu fyrir um húsnæðismál. Svo mikið lá Sjálfstfl. á að tryggja félagasamtökum aðgang að félagslega kerfinu. Þetta var fyrir einu ári síðan. (**Gripið fram í:** Þá var hann varaformaður líka.)

Hér er brtt. við 43. mál frá hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, Árna Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Birgi Ísleifi Gunnarssyni og Friðriki Sophussyni. Þeir gátu ekki unað því að þetta frv., sem tryggja átti félagasamtökum rétt að félagslega kerfinu, yrði stöðvað hér í deildinni á síðustu dögum þingsins og brugðu á það ráð með okkur Alþfl.-mönnum að flytja brtt. við annað frv. sem var líklegra til að ná fram að ganga. En nú sýna þessir herrar sitt rétta andlit.

Er það unga fólkið sem hefur tekið við stjórnartaumunum í Sjálfstfl., formaður Sjálfstfl., Þorsteinn Pálsson, og Friðrik Sophusson, sem vilja ekki tryggja ungu fólki möguleika og auka valkosti þeirra og frelsi til þess að velja sér húsnæðisform en ekki pína það nauðugt viljugt inn í þá eignastefnu sem hér hefur verið rekin.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa mikið fleiri orð um þetta mál. Ljóst er að mikil óvissa ríkir um fjármögnun í því húsnæðisfrv., sem nú er verið að afgreiða, þegar brtt., sem tryggja áttu uppbyggingu sjóðanna, hafa verið felldar. Sjálfstæðismenn höfðu annan skilning á uppbyggingu sjóðanna á síðasta þingi. Þá vildu þeir nefnilega fara þá leið, sem við Alþýðuflokksmenn lögðum til núna við 2. umr. málsins, að skila Byggingarsjóði ríkisins aftur tekjum af launaskatti. Þá flutti Þorvaldur Garðar Kristjánsson einnig brtt. og sagði eftirfarandi um launaskattinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt atriðið, sem varðar breytingu við 1. gr. frv., er aðalatriði varðandi þessa grein. En þar er gert ráð fyrir að til Byggingarsjóðs ríkisins gangi 2% launaskattur skv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum. Það er alltaf verið að tala um húsnæðisástandið í landinu og það er mikið verið að tala um að það þurfi að bæta það, það þurfi að efla veðlánastarfsemi til íbúðabygginga og það þurfi að gæta ýmislegs í þeim efnum sem ekki hefur verið gert áður, útvíkkað hlutverk laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins og hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins. Okkur er öllum kunnugt um þetta, og það er næstum því stundum eins og menn keppist við að tíunda hvað þurfi að gera, á sama tíma sem ekkert er gert til þess að skapa grundvöll fyrir því að þetta sé gert."

Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Þorvaldi Garðari að menn keppast við að lofa og lofa í húsnæðismálum og síðan er ekki staðið við þessa hluti þegar á reynir. En Sjálfstfl. sýndi líka í þessu máli sitt rétta andlit þegar þeir felldu till. okkar Alþýðuflokksmanna um að skila launaskattinum aftur inn í Byggingarsjóð ríkisins.

Í frv. Svavars Gestssonar frá síðasta þingi var einnig gert ráð fyrir því, eins og í þessu frv., að taka ákvörðunarvald um vextina úr höndum Alþingis og yfir til framkvæmdavaldsins. Þessu gátu Sjálfstæðismenn heldur ekki unað á síðasta þingi. Um það fluttu þeir brtt. og þá sagði hv. þm. Þorvaldur Garðar Krist-

jánsson:

„Það er ein veigamesta brtt. sem við leggjum fram sem kemur við 3. málsgr. 19. gr. Hvers vegna skyldum við nú vera að því? Það er vegna þess að ef 3. málsgr. frv. er samþykkt, þá er e. t. v. lagt smiðshöggið á það að eyðileggja verkamannabústaðakerfið. Og á hvern hátt? Með því að fella niður úr lögum að það séu ákveðnir 0.5% vextir á lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ef þetta er gert, þá liggur beint við að vextirnir verði stórhækkaðir. Það er tilgangurinn með þessu ákvæði frv. Það hefði enga þýðingu nema sá væri tilgangurinn. Og þegar svo er komið óttast ég að það geti komið að því, eins og ég orðaði það áðan, að lagt verði smiðshöggið á það óþurftarverk að rífa niður Byggingarsjóð verkamanna, sem að mörgu leyti hefur verið aðalsmerki félagslegrar aðstoðar í hálfa öld."

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og Sjálfstfl. vildu sem sagt ekki fyrir ári síðan færa vaxtaákvörðunina yfir til ríkisstj. og Seðlabankans og vildu að það væri áfram í höndum Alþingis. En þarna hafa þeir, eins og í öðru, breytt um skoðun.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Ég vil harma það, sem hér hefur komið fram, ef það er rétt, að hæstv. félmrh. hafi skipt um skoðun í þessu máli. Ég trúi því bara ekki fyrr en á reynir að hann ætli að svíkja þetta fólk sem hann hefur marggefið loforð um að fái með þessu frv. aðgang að félagslega kerfinu. Ég vona svo sannarlega að annað komi í ljós þegar hæstv. ráðh. stígur hér í ræðustól. Annað er ótækt.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í fréttum sjónvarpsins í kvöld var greint frá þeim tíðindum að sennilega væri ekki nauðsynlegt að gera þinghlé vegna ágreiningsins í ríkisstj. Ríkisstj. hæstv. hefði komið sér saman um þau tvö alvarlegu ágreiningsmál sem hafa valdið mestum óskunda á stjórnarheimilinu að undanförnu. Annað er deilan um það hvort húsnæðissamvinnufélagið Búseti eða slík félög geti átt aðild að félagslega íbúðabyggingarkerfinu. Hitt deilumálið var það hvort mætti skattleggja tilteknar vörur, þ. e. a. s. Mangósopa, Kókómjólk og Jóga. Sjónvarpið greindi frá því að ríkisstj. hefði náð samkomulagi í þessum deilumálum, einnig í hinu hrikalega deilumáli sem kennt er við Mangósopann, en í þeim efnum hefur verið starfandi fjögurra manna ráðherranefnd núna um nokkurra vikna skeið.

Formaður mangónefndarinnar var hæstv. forsrh. Aðstoðarmenn hans í mangónefndinni voru hæstv. viðskrh., hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. sem lagði mangóskattinn á. Hann fékk að vera með í nefndinni. Þessum fjórum ráðh., þ. e.a. s. 40% ríkisstj., voru til aðstoðar fjórir embættismenn. Það voru því átta menn, ráðh. og embættismenn, sem sveittust við vikum saman að komast að niðurstöðu í þessu hryllilega deilumáli sem var um það bil að sprengja ríkisstj. í loft upp. Og sjá, samkomulag er fætt. Samkomulagið varð á þá leið að Framsfl. seldi húsnæðissamvinnufélögin fyrir mangósopann. Það er sú stjórnviska sem kemur út úr mangónefndinni sem hæstv. forsrh. leiddi með þeim glæsibrag sem núna liggja fyrir upplýsingar um.

En önnur nefnd á að taka við. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson greindi frá því áðan að sett yrði sérstök sáttanefnd í húsnæðissamvinnufélagamálið í sumar, eins konar framhald mangónefndarinnar.

Sjálfsagt verður það hæstv. forsrh. sem leiðir þá nefnd til þess að ríkisstj. komist að niðurstöðu í sambandi við þessi húsnæðissamvinnufélagamál fyrir haustið. Þessi afstaða Framsfl. lýsir því 100% hvar þeirra áherslur liggja bæði í félagslegum efnum og pólitískum almennt. Það er sláandi að Framsfl., sem hefur í rauninni getað gengið að vísum stuðningi meiri hluta Alþingis í húsnæðissamvinnufélagamálinu, skuli undir merkjum formanns Sjálfstfl. sjá sig tilknúinn til þess að styðja þá brtt. sem Þorsteinn Pálsson mælti fyrir fyrr í kvöld.

Það er reyndar líka athyglisvert í þessu máli, herra forseti, að þetta er fyrsta málið sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson kemur fram á þingmannsferli sínum. Það er mikil reisn yfir þessu máli sem hann hefur þannig knúið fram í gegnum Alþingi og pínt Framsfl. til þess að samþykkja. Reisnin kemur m. a. fram í því að Sjálfstfl. studdi c-lið 33. gr. á síðasta þingi og gerði meira en að styðja. Hann var með sérstaka brtt. um það að leiguíbúðir skv. c-lið 33. gr. ættu að fá 80% lána. Það voru till. Sjálfstfl. á síðasta þingi. Hann taldi það hraklegt að þáverandi ríkisstj. skyldi aðeins sjá sér kleift að tryggja húsnæðissamvinnufélögunum 65% lána.

Núna, þegar kominn er nýr formaður í Sjálfstfl., er niðurstaðan sú að rífa möguleika húsnæðissamvinnufélaga á að fá lán úr félagslega íbúðabyggingarkerfinu út úr frv. Þessi afstaða Sjálfstfl. er táknræn. Hún er sláandi dæmi um það hvernig hann hefur í raun og veru sett mark sitt á þetta frv. í einu og öllu, m. a. með því að stórlækka og rústa lán til félagslegra íbúðabygginga, m. a. verkamannabústaðanna.

Í till. Sjálfstfl. og Framsfl., sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson mælti fyrir fyrr í kvöld, er gert ráð fyrir því að felld séu í burtu orðin „...og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi" en upphaflega hljóðar 3. gr. c-liður svo: „Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi."

Það er síðasta setningin sem þarna á að fella út skv. till. þeirri sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson flutti fyrr í kvöld fyrir hönd Alexanders Stefánssonar, hæstv. félmrh.

Um það hefur verið deilt hvort húsnæðissamvinnufélögin ættu aðgang að hinu félagslega íbúðabyggingarkerfi. Það hafa verið skiptar skoðanir um það, en það hefur verið alveg ótvíræður pólitískur vilji meiri hluta Alþingis að húsnæðissamvinnufélögin ættu að eiga aðgang að félagslega íbúðabyggingarkerfinu. Þegar mál þetta kom til 2. umr. hér á hv. Alþingi gerði hæstv. félmrh. svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

„Herra forseti. Í þessu frv. er í c-lið 33. gr. aukið hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna til félagslegra íbúðabygginga og þar segir:

„Leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu á hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til að eignast eigið húsnæði við hæfi."

„Þetta er nánar útfært" — segir hæstv. ráðh. — „í 54. gr. og í aths. við 33. gr. og 54. gr. sem fylgja frv. Það er mín túlkun" — segir hæstv. félmrh. þegar þetta mál var

til 2. umr. — „að skv. c-lið fái félagssamtök, sem ætla að byggja leiguíbúðir sem ætlaðar eru til útleigu fyrir félagsmenn sína, sem ekki hafa aðstöðu til að eignast eigið húsnæði við hæfi, möguleika til lána úr Byggingarsjóði verkamanna, enda uppfylli aðilar ákvæði Byggingarsjóðs verkamanna um tekjuviðmiðun skv. 44. gr. frv.“

Þetta sagði hæstv. félmrh. og notaði það sem rök til þess að fella brtt., bæði frá mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, í þessu efni. Þetta var við 2. umr. málsins.

Síðan var málið tekið á dagskrá á hverjum fundinum á fætur öðrum hér í hv. Nd. og þeir sátu á sáttafundum, hv. þm. Þorsteinn Pálsson og hæstv. félmrh. 3. maí var málið hér á dagskrá, en ekki tekið fyrir vegna ágreinings stjórnarflokkanna. Sættir höfðu ekki tekist. 4. maí var þetta mál á dagskrá í Nd. en ekki tekið fyrir vegna ágreinings stjórnarflokkanna. Þannig er hægt að rekja hér hverja dagskrána á fætur annarri á síðustu sex eða átta fundum þessarar virðulegu deildar. Málið var ekki tekið fyrir vegna ágreinings stjórnarflokkanna. Fréttir fjölmiðla, ríkisútvarpsins og sjónvarpsins, voru fullar af upplýsingum um það hvernig gengi í þessu máli. Allt væri fast. Félmrh. sagði: Já, ég mun nú taka málið til athugunar. Ég mun nú skipa nefnd og skoða málið. Hv. þm. Halldór Blöndal sagði í umr. á Alþingi og í fjölmiðlum að húsnæðissamvinnufélögin ættu ekki rétt skv. frv. í félagslega kaflanum.

Á dagskrá Nd. 11. maí var málið enn og ekki tekið fyrir. Þá kvaddi ég mér hljóðs um þingsköp og spurði að því hvort samkomulag hefði orðið í ríkisstj. um þetta efni. Hæstv. forsrh. svaraði því til að ekkert samkomulag væri þar að hafa. Hins vegar gerist það á þessum degi að samkomulag er komið.

Þetta hefur verið notað í braski á milli stjórnarflokkanna um þinghaldið og þingslitin. Þeir urðu einhvern veginn að finna leið til að þvæla sér út úr þingslitunum í stað þess að fresta þinginu, eins og formaður þingflokks Sjálfstfl. lagði til, til þess að vinna að sáttum í þessari ríkisstj. fram á sumar, eins og hann orðaði það. Menn bröskuðu sig í gegn og versluðu með húsnæðisamvinnufélögin fyrir mangósopann og jógann.

Það var alveg ljóst að húsnæðissamvinnufélögin gátu átt rétt skv. 33. gr. c-lið. Á því var enginn vafi og meiri hl. Alþingis var örugglega tilbúinn til þess að staðfesta þá túlkun sem hæstv. félmrh. hélt fram í þeim efnum. Sigurður Líndal prófessor gerði kröfu til þess og taldi nauðsynlegt að Alþingi skýrði þetta mál. Það var eðlileg krafa. Og það er rétt sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson sagði áðan að verið er að skýra málið með þessari till., þ. e. með þeim hætti að henda húsnæðissamvinnufélögunum út.

Ragnar Aðalsteinsson hrl. sendi frá sér 9. maí 1984 ítarlega álitsgerð í þessu efni sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Álitsgerð um það hvort húsnæðissamvinnufélag uppfylli skilyrði til lánveitinga úr Byggingarsjóði verkamanna skv. c-lið 33. gr. í frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

1. Ágreiningur hefur verið um hvernig túlka beri framangreint ákvæði ef að lögum verður. Framangreint frv. er stjfrv. Í samræmi við starfsskiptingu ráðh. hefur félmrh. mælt fyrir frv. á Alþingi. Hann skýrir hið umdeilda ákvæði þannig að hin nýju húsnæðissamvinnufélög uppfylli skilyrði þess að fá lán úr sjóðnum. Aðrir ráðherrar hafa ekki gert athugasemdir við túlkun þessa. Nokkrir þm. hafa hins vegar gert það. Þess er óskað að ég láti uppi álit mitt á framangreindu ágreiningsefni.

2. Í 33. gr. frv. er hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna skilgreint og það sagt vera að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks. Síðan er skilgreint hvað átt sé við með félagslegum íbúðum. Í a-lið er fjallað um söluíbúðir í verkamannabústöðum, í b-lið er fjallað um leiguíbúðir sveitarfélaga handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun og í c-lið er fjallað um leiguíbúðir sveitarfélaga, stofnana sveitar og/eða ríkis og félagasamtaka fyrir þá sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi. Hér á eftir verður einungis fjallað um leiguíbúðir skv. c-lið.

3. Skilyrði láns úr Byggingarsjóði verkamanna skv. c-lið eru þessi:

Að lántakandi sé sveitarfélag, stofnun á vegum sveitarfélags og/eða ríkisins eða félagasamtök. Að lánveiting sé til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum. Að leiguíbúðirnar séu til útleigu við hóflegum kjörum. Að íbúðirnar séu til leigu fyrir launafólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi.

4. Í ath. við frv. við 54. gr. þess segir m. a.:

„Þegar rætt er um félagssamtök og stofnanir sem framkvæmdaaðilar við byggingu leiguíbúða eru hafðar í huga sjálfseignarstofnanir, svo sem Félagsstofnun stúdenta og aðrar sambærilegar stofnanir, samtök leigjenda, verkalýðsfélög og fleiri hagsmunaaðilar sem myndað gætu samtök til þess að byggja leiguíbúðir til afnota fyrir félagsmenn eða til leigu á almennum markaði.

5. Í c-lið 33. gr. eru engin takmörk sett við því hvers konar félag geti fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna til öflunar leiguíbúða. Í fyrrgreindum aths. við 54. gr. frv. kemur fram að einkum eru höfð í huga samtök leigjenda og verkalýðsfélög. Leigjendasamtökin höfðu alllöngu áður en grg. með frv. var samin haft frumkvæði um stofnun húsnæðissamvinnufélags með búseturétti. Er augljóslega vitnað til þess í grg. og vilji flytjanda frv. ríkisstj. því ótvíræður að þessu leyti.

6. Athugunarefni er hvort eitthvert skilyrðanna í c-lið 33. gr. útilokar rétt húsnæðissamvinnufélags til lána úr Byggingarsjóði verkamanna. Ótvírætt er að húsnæðissamvinnufélag hlýtur skv. markmiði sínu að nota lán til að byggja eða kaupa íbúðarhúsnæði til útleigu fyrir félagsmenn sína til að bæta úr húsnæðisþörf þeirra. Það felst og í eðli samvinnufélags að þetta skal gert við hóflegum kjörum. Þeirri spurningu er því ósvarað um skilyrðin hvort um úrbætur á þörf, húsnæðisþörf láglaunafólks yrði að ræða og hvort íbúðir félagsins yrðu til leigu fyrir námsfólk, aldraða og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði.

7. Svör við síðastgreindum spurningum hafa engin áhrif á þær niðurstöður að húsnæðissamvinnufélag uppfylli skilyrði þess að fá lán til öflunar húsnæðis skv. frv. Hins vegar verða húsnæðissamvinnufélög sem og aðrir lántakendur að uppfylla lánsskilyrðin skv. lögum um meðferð þess húsnæðis sem fjármagnað er með lánum úr Byggingarsjóði verkamanna. Svo virðist sem

ágreiningur um skilning á c-lið 33. gr. eigi því einkum rætur að rekja til þess að ekki hefur verið greint nægilega á milli þess hverjir geti fengið lán úr sjóðnum, sveitarfélög, stofnanir og félagasamtök, og hvaða skilyrði skuli setja fyrir lánveitingum um not þess húsnæðis sem byggt er fyrir lánin.

8. Sú niðurstaða að húsnæðissamvinnufélag falli undir ákvæði c-liðs 33. gr. frv. styðst og við ummælin í grg. um samtök leigjenda og enn fremur við yfirlýsingar ríkisstj. sem leggur frv. fram, enda telst félmrh. fylgja frv. úr hlaði og túlka sjónarmið ríkisstj. í framsöguræðu um frv. nema annars sé sérstaklega getið.

9. Við túlkun laga líta dómstólar fyrst og fremst til orðalags í lagatexta, en ef það er óljóst er leitað heimilda í grg. með frv. og í framsöguræðu með frv. Einkum þykja framsöguræður ráðherra með stjfrv. mikilvægar túlkunarheimildir. Yfirlýsingar einstakra þm. sem fara í bág við framangreindar túlkunarheimildir eru taldar heldur léttvægar.

10. Niðurstaða mín er sú að húsnæðissamvinnufélag með sama sniði og Búseti muni uppfylla skilyrði þess að fá lán úr Byggingarsjóði verkamanna ef stjfrv. verður að lögum. Þau verði eins og aðrir lántakendur að fara eftir þeim lánaskilmálum sem skilgreindir eru í lögunum um meðferð þeirra íbúða sem byggðar eru fyrir slík lán."

Hér hefur hrl. Ragnar Aðalsteinsson samið ítarlega greinargerð um stöðu þessa máls eins og hún var 9. maí s. l. Það er alveg bersýnilegt að ef hæstv. félmrh. hefði haft í sér pólitíska döngun til þess að koma málinu a. m. k. óbreyttu í gegn væri staða húsnæðissamvinnufélaganna þannig að þau ættu að eiga alla möguleika á því að komast inn í hið félagslega íbúðabyggingarkerfi. Þess vegna er það furðulegt og sýnir að félmrh. hefur verið mjög aðþrengdur í þessu efni að hann skuli beygja sig til þess að breyta stjfrv. sem þm. Sjálfstfl. voru búnir að samþykkja að yrði lagt fram. Þess vegna gat hæstv. félmrh. staðið fast á því að frv. ætti ekki að breyta um stafkrók að þessu leyti þar sem sjálfstæðismennirnir voru búnir að samþykkja frv. En hæstv. félmrh. bar ekki gæfu til að halda svo vel á þessu máli. Þrátt fyrir óyggjandi greinargerðir manna eins og Ragnars Aðalsteinssonar, þrátt fyrir ótvíræðan pólitískan vilja hér á hv. Alþingi lætur hann kengbeygja sig þannig að annað eins hefur aldrei sést á hv. Alþingi og er ekki aðeins neyddur til að draga úr varðandi Búseta og húsnæðissamvinnufélögin yfirleitt heldur að henda þeim út. Þvílík útreið.

Það er líka einkar fróðlegt í þessu efni, herra forseti, að rifja það upp sem sagt var um húsnæðismál á síðasta hv. Alþingi. Um það eru til ítarlegar greinargerðir eins og kunnugt er í þeim gögnum sem nefnast Alþingistíðindi — umræður og er ítarlega greint frá máli manna lið fyrir lið eftir vélriti sem tekið er af segulbandi hér uppi í kompu eins og menn þekkja. Væri fróðlegt að lesa nokkuð ítarlega upp úr þessum gögnum einmitt nú vegna þess að það gæti orðið til þess að hreyfa við einhverjum mönnum og ástæðulaust að spara lesturinn því að efnið er nóg þegar allt kemur til alls.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hóf þennan lestur með tilvitnunum í umr. um málið á síðasta þingi þar sem var mjög oft rætt um húsnæðismál. Þar voru þeir íhaldsmenn mjög framarlega í flokki og vantaði ekki stóru orðin um að linlega væri á húsnæðismálum haldið og illa í fráfarandi ríkisstj., þar væri allt á öðrum endanum. Þeir voru ósparir á tillögur um að hækka stórkostlega frá því sem var framlög úr ríkissjóði til húsnæðismálanna og lýstu því enda yfir fyrir síðustu kosningar að þeir ætluðu að hækka húsnæðislánin umsvifalaust upp í 80%. Þau loforð voru svikin eins og ýmislegt fleira.

Í umr. í Ed. 16. des. 1982, þegar mælt var fyrir frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins, gerði ég fyrir hönd þáv. ríkisstj. grein fyrir 12. gr. þess frv. sem fjallar um svipað mál og það sem hér er á dagskrá. Þar sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 12. gr. er brtt. sem verður að teljast grundvallaratriði og eitt meginatriði þessa frv. Þar er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna láni ekki aðeins til sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir, heldur einnig til félagssamtaka, stofnana og fyrirtækja sem byggja leiguíbúðir fyrir félagsmenn sína eða aðra sem þurfa á leiguhúsnæði að halda. Er þá sérstaklega höfð í huga sú mikla þörf sem námsfólk hefur fyrir leiguhúsnæði. Lítið hefur verið byggt af leiguíbúðum gagngert hér á landi um margra ára skeið, enda fer þeim stöðugt fækkandi, og því er brýn nauðsyn að gera sérstakt átak til að byggja leiguíbúðir."

Talsmaður Sjálfstfl. í þessum umr. var Þorv. Garðar Kristjánsson. Hann sagði í umr. á Alþingi í Ed. — það er dálkur 1224 í 10. hefti þingtíðinda á síðasta ári — með leyfi hæstv. forseta: „Í 12. gr. er um að ræða ákvæði um nýjan lánaflokk leiguíbúða. Virðist mér að það sé sjálfsagt og sé til bóta frá núgildandi lögum." Svo mælti Þorv. Garðar Kristjánsson, hæstv. forseti Sþ. Þetta var ein af till. sem voru í frv. sem lagt var fram á síðasta þingi og húsnæðismálastjórn hafði farið höndum um og verið sammála um.

Enn var þetta mál, herra forseti, til meðferðar, svo að ég fari hratt yfir sögu, við 2. umr. í Ed. þann 4. mars 1983. Þar var gerð sérstök grein fyrir þessari brtt. og ekki kom fram nein gagnrýni á hana sérstaklega. Þvert á móti var hún samþykkt með shlj. atkv. allra þm. í hv. Ed., þ. á m. þm. Sjálfstfl. Hins vegar hafði hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson ýmislegt að athuga við þessi mál, lét gamminn geisa og sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég kem þá að 8. brtt. okkar. Hún er við 26. gr. frv. sem fjallar um lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélaga og annarra aðila. Það er tekið fram að þessi lán megi vera 80% af áætluðum byggingarkostnaði. En í frv. er gerð undantekning frá þessu um það að sum lán til leiguíbúða megi ekki nema hærri upphæð en 65% af byggingarkostnaði. Við flm." — þ. e. Sjálfstfl. — „viljum ekki gera þennan greinarmun á þeim leiguíbúðum sem 26. gr. frv. fjallar um. Við viljum að allir þeir aðilar, sem hafa heimild til lána vegna leiguíbúða skv. 36. gr. laganna, hafi sama rétt til lánanna. Þetta er ekkert hégómamál fyrir þá sem flokkaðir eru skv. frv. í hinn óæðri flokk. Það eru m. a. stúdentar, svo að ég nefni eitthvert dæmi, en Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur kynnt hv. félmn. skoðanir sínar og óskir í þessu efni, sem falla saman við brtt. okkar félaga" — hann var þá að tala um þá í Sjálfstfl. — „sem ég er hér að lýsa."

Afstaða Sjálfstfl. á síðasta þingi var því ekki sú að þessari till. væri ofaukið, hún gengi of langt. Það var nú aldeilis eitthvað annað. Sjálfstfl. taldi till. um 65% lán í

þessum lánaflokki ganga allt of skammt. Lánin yrðu að hækka og menn ættu ekki að vera að flokka fólk í óæðri flokk með því að lána 65% í þessu skyni. Þannig hvein í íhaldinu á seinasta þingi.

Svo kemur að nýju þingi. Sjálfstfl. er í ríkisstj. ásamt Framsfl. og þeir báðir ættu að geta uppfyllt kosningaloforðin sem þeir gáfu báðir um 80% lán yfir línuna. En þá kemur eitthvað annað á daginn. Þegar hæstv. félmrh. leggur frv. fyrir þingið, sem búið er að samþykkja í báðum stjórnarflokkunum, þvælist það í þinginu langtímum saman og menn ætla aldrei að koma því út úr nefnd. Þegar loksins það kemst út úr nefnd, m. a. vegna þess að þar tóku menn saman höndum um að vinna rösklega, bæði stjórn og stjórnarandstaða, og búið er að afgreiða það út úr 2. umr. og menn héldu að málin gengju með þeim hætti áfram, þá er allt stopp. 81., 82., 83., 84., 85., 86. og 89. fundur í Nd. líða, málið er ekki tekið fyrir. Það er verið að pína hæstv. félmrh. til þess að falla frá afstöðu sinni og ekki bara að lýsa því yfir hér í ræðustólnum að allt sem hann hefur sagt sé markleysa, að hann líti ekki svo á að félögin eigi þessa aðild. Nei, það er ekki látið nægja. Málið er í rauninni rekið alveg þversum ofan í kokið á honum. Hann á sjálfur hér á eftir að greiða atkv. með lagabreytingu sem fellir hans eigin skilning. Þvílík reisn.

Glæst er á skriði flokksins fley, var stundum kveðið um Framsfl. hér áður. Það á tæplega við í þessu efni. Annað eins hefur aldrei sést í rauninni. Og ef það er rétt, sem gefið var í skyn í fréttum sjónvarpsins í kvöld, að þetta hafi verið selt fyrir afstöðuna í mangómálinu, þá er háðung Framsfl. orðin alger í þessu efni.

Svo mikið liggur við að koma þessu máli hér fram, þessari niðurlægingu hæstv. félmrh., svo mikið liggur við að krossfesta hann þegar í stað að hér eru pínd í gegn afbrigði með mjög óvenjulegum hætti. Ekkert hefur verið rætt við stjórnarandstöðuna um það að málið verði tekið hér fyrir á þessum kvöldfundi sem hún hefði sjálfsagt verið reiðubúin til. En það hefur ekkert verið samið um það við stjórnarandstöðuna hvaða mál verða tekin hér fyrir í kvöld, að ég best veit, á þessum fundi. Málið er tekið fyrir og það byrjar á því að hv. 1. þm. Suðurl., formaður Sjálfstfl., rís hér í ræðustólnum í öllu sínu veldi og flytur í rauninni sitt fyrsta framlag til málefnalegrar umr. hér á hv. Alþingi frá því að hann settist þar, að rífa þetta út úr húsnæðislögunum. (**KP:** Kominn á stall.) Kominn á stall, segir hv. þm. Karvel Pálmason, orðheppinn eins og oft. Seltjarnarnesyfirlýsingin blífur. Formaðurinn er farinn að ryðja brautina fyrir nýjungar í löggjafarstarfi og slíta út úr stjfrv. mál sem hann var sjálfur búinn að samþykkja fyrir mörgum mánuðum. Auðvitað var hv. þm. Þorsteinn Pálsson búinn að samþykkja þetta stjfrv. og að það yrði lagt fyrir. En Sjálfstfl. munar ekki um að ganga bak orða sinna í því efni og kengbeygja félmrh. til undirgefni.

Ég skora á hæstv. félmrh. að hugsa sinn gang vel í þessu efni. Ég skora á hann að leita samkomulags við meiri hl. þingsins, sem ég er sannfærður um að er til, um það að húsnæðissamvinnufélögin geti fengið aðild að félagslega íbúðabyggingarkerfinu, enda uppfylli þau þau skilyrði sem sett eru í lögum um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar. Ég skora á hæstv. félmrh. að grípa nú þennan spotta, þennan lífhring sem honum er sendur í þessu efni. Ég skora á hann að taka á þessu máli af fullum myndugleika og láta ekki íhaldið beygja sig í duftið eins og hér er flutt till. um, því að í rauninni ætti till. að hljóða svo: „Neðri deild Alþingis samþykkir að beygja hæstv. félmrh. og hafna skilningi hans á lögum um félagslegar íbúðabyggingar.“

Þannig hefði verið miklu hreinlegra fyrir hv. þm. Þorstein Pálsson að orða þá till. sem hann mælti fyrir áðan.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það mætti að sjálfsögðu tala margt við fyrrv. félmrh. Hann er vanur að segja frá sínum afrekum. En við þekkjum það, sem höfum verið með honum í stjórnarsamstarfi áður, hvernig þau mál gengu fyrir sig. Ég ætla að segja honum það strax að hann þarf ekki að vonast eftir því að ég reyni að sækja neitt í smiðju til hans í sambandi við þessi mál. Það er alveg útilokað. En mig langar að leiðrétta aðeins eitt sem hann sagði hér, sem var dágott sýnishorn af því hvers konar vaðall þetta var sem hv. þm. var að flytja hér í ræðustól áðan. Hv. þm. sagði t. d. að stjórnarflokkarnir hefðu lýst því fyrir kosningar að þeir ætluðu að veita 80% lán strax til þeirra sem væru að byggja íbúðarhúsnæði og þetta væri í stefnuskrá ríkisstj. Ég ætla að rifja upp fyrir hv. þm. kafla úr þessari stefnuskrá af því að hann er að vísa í hana. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Húsnæðismál. Lán Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem byggja í fyrsta sinn hækki um næstu áramót. Jafnframt verði húsnæðislánakerfið eflt svo á næstu árum að lán þessi geti numið allt að 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Samsvarandi hækkun verði til þeirra sem kaupa íbúð í fyrsta sinn.“

Þetta er lítið sýnishorn, af því að það vill svo til að margt fólk hlustaði á hv. þm., bara lítið sýnishorn af því hvers konar málflutningur þetta er, hvers konar virðingarleysi þetta er fyrir fólki sem áreiðanlega ber eðlilegt skynbragð á hlutina. Það er kannske allt í lagi að bjóða okkur þm. dag eftir dag svona vaðal, en þetta er bara lítið sýnishorn. Svona mætti lengi telja.

Þegar þetta húsnæðismálafrv. var til 2. umr. hér í hv. Nd. gerði ég grein fyrir atkv. mínu vegna þess að fram kom brtt. m. a. frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. landsk. þm. En um hvað var brtt. hv. 3. þm. Reykv.? Hún var um það að samþykkja að taka húsnæðisfélagið Búseta undir þennan kafla laganna, ekki til að það ætti aðgang að fjármagni í verkamannabústöðum, heldur var till. um að ákveðin upphæð, 200 millj. kr., færi sem sérstakt fjármagn í þetta kerfi. Það mátti sem sagt ekki koma nálægt verkamannabústaðakerfinu. Þetta var nú öll reisnin. Hv. þm. var að leggja til hluti sem hann vissi fyrir fram að ekki var hægt að framkvæma.

Ég gerði þá grein fyrir afstöðu minni til þessara mála, sem hefur ekkert breyst frá því að ég og aðrir framsóknarmenn lögðum fyrst til að útvíkka verkamannabústaðakerfið frekar en gert hefur verið með því að bæta inn nýrri grein, sem hefði þá í för með sér að hægt væri að byggja leiguíbúðir á vegum ríkisins, sveitarfélaga eða félagasamtaka fyrir þá sem þyrftu á því að halda. Þar var sérstaklega tilgreint námsfólk, Félagsstofnun stúdenta, leigjendasamtök, öryrkjar og aldraðir.

Þetta var útfært í þessari grein og ég lýsti því, þegar ég gerði grein fyrir atkv. mínu að það væri túlkun mín að skv. c-lið fái félagasamtök, sem ætla að byggja íbúðir til útleigu fyrir félagsmenn sína, sem ekki hafa aðstöðu til

að eignast eigið húsnæði við hæfi, möguleika til að fá lán úr Byggingarsjóði verkamanna, enda uppfylli aðilar ákvæði Byggingarsjóðs verkamanna um tekju- og eignaviðmiðun skv. 44. gr. frv.

Það vita allir, sem þekkja umrædd lög, hvað í þessu felst. Og af því að margir félagsmenn úr Búseta eru hér staddir til að hlusta á þessar umr. þykir mér rétt að greina frá því, eins og raunar kemur fram í þeirra málgagni, að ég hef frá fyrstu tíð sagt þessum aðilum það, að sú túlkun að í þessum félagsskap væri ekki viðmiðun í sambandi við tekju- og eignarform, hún ætti ekki við kaflann um Byggingarsjóð verkamanna. Það yrði því að gera ráð fyrir að því númerakerfi sem þar yrði tekið upp þyrfti að breyta ef það ætti að falla undir þetta. (Gripið fram í.) Nú kem ég að því hv. þm.

Hv. 2. landsk. þm. tekur oft sterklega til orða þegar hún kemur í þennan ræðustól. Það stendur ekki á því. Ég er búinn að lesa einar 10 ræður, sem hún hefur flutt hér í hv. deild í vetur um húsnæðismál og hún er við sama heygarðshornið í öllum ræðunum. Það er alltaf verið að drótta því að þeim sem ráða þessum málum að þeir séu að svíkja, það sé verið að draga fólk á asnaeyrunum o. s. frv. Þetta kom fram hér einnig áðan, að það væri verið að svíkja þetta fólk. Mér finnst þetta eiginlega vera orðið hámark ósvífninnar, þessi endurtekning hvað eftir annað.

Það vill svo vel til að þetta fólk hefur málgagn og það stendur þar skýrum stöfum hvað um er að ræða. Ég veit að það er á borðum allra þm. sem fskj. VII við nál. svo að ástæðulaust er að lesa það upp. En ég bendi einmitt á þetta sem sérstök rök, að það er ekki opið að þetta fylgi þessum lögum. Hins vegar hef ég aldrei breytt þeirri skoðun minni að þessi grein, c-liður í 33. gr., opni möguleika á lánum til slíkra félaga.

Nú er rétt að koma aðeins nánar að þessu máli. Það er ekkert leyndarmál hér á hv. Alþingi að ágreiningurinn hefur verið milli stjórnarflokkanna eftir að nál. kom fram. Sú túlkun sem formaður Sjálfstfl. hefur haldið fram stöðvaði frv. Það þarf ekki sterk lýsingarorð um þetta, það er ljóst. Og þá kemur til framhaldsins. Ég verð að segja það alveg eins og er, það má hver og einn snúa út úr því sem hann vill, að þegar við lesum þetta lagafrv., sem hér er til afgreiðslu, þá eru í því svo mikilvæg atriði til framfara í húsnæðismálum fyrir fólkið, sem á því þarf að halda í landinu og beðið er eftir, að það væri stórkostlegur ábyrgðarhluti að stöðva málið í þessari stöðu hér inni á Alþingi. Það eru atriði varðandi nýja stefnu í fjármögnun, það er lenging lána, það eru ýmsar nýjungar í sambandi við lífeyrisþega, sem geta keypt sér búseturétt, það eru ýmis ákvæði í frv. fyrir öryrkja og aldrað fólk, sem á í erfiðleikum, og fjöldi annarra atriða sem skipta miklu máli í sambandi við framkvæmd húsnæðismála. Þess vegna væri það stórslys og raunar óbætanlegt eins og unnið er að þessum málum núna ef þetta frv. væri stöðvað hér í dag. Þess vegna, hv. 2. landsk. þm., lagði ég til þá málamiðlun sem kemur fram í brtt. 894 frá formanni Sjálfstfl., Þorsteini Pálssyni, að það væri eðlilegt að setja þetta í áframhaldandi athugun en láta frv. að öðru leyti ná fram að ganga.

Ég vek athygli á því vegna ræðu hv. 3. þm. Reykv. hér áðan að inni stendur í c-liðnum: Bygging íbúða, leiguíbúða fyrir námsmenn, þ. e. fyrir Félagsstofnun stúdenta, bygging leiguíbúða fyrir öryrkja og bygging leiguíbúða fyrir aldraða. Hins vegar setti ég það skilyrði í sambandi við þetta mál að skipuð yrði nefnd, sem félmrh. skipar, hv. þm., til að gera till. um stefnumörkun um byggingu leiguíbúða og semja frv. til l. um búseturéttarákvæði og kaupleigusamninga. Stefnt verður að því að slíkt frv. verði lagt fram í byrjun næsta þings. Þetta eru veigamikil atriði og með þessu ætti, miðað við þann áhuga sem hér virðist vera í sölum Alþingis og ég veit að er úti í þjóðfélaginu, að vera möguleiki á því að halda þannig á þessu máli að það verði hægt að marka ákveðna stefnu í því á þessu þingi.

Ég vil láta það koma hér fram að ég hef mikinn áhuga fyrir því, og met mikils það sem hér hefur komið fram í þá átt, að reyna nýjar leiðir í húsnæðismálum hér á landi. Á því er full þörf. Og ég verð að undirstrika það að eftir þriggja ára setu sem félmrh. í fyrrv. ríkisstj. tókst hv. 3. þm. Reykv. því miður ekki að skapa þessar nýjungar í húsnæðislöggjöf hér á Íslandi, því miður. Hann hafði fullan stuðning til þess frá ýmsum aðilum, en hann bar ekki gæfu til þess að fylgja þeim málum eftir.

Ég geri ráð fyrir að þessi nefnd verði skipuð mjög fljótlega eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Og ég treysti því að hv. þm., þótt þeir noti tækifærið og deili hart á þessa meðferð málsins, sameinist um að gera þetta mögulegt. Á því er knýjandi nauðsyn. Og ég endurtek: Það er beðið eftir því í landinu að þetta frv. verði að lögum.

Ég tel þó rétt að koma hér inn á eitt atriði vegna þess að ég hef orðið var við það í öllum umr., bæði nú og fyrr, að hv. þm. forðast eins og heitan eldinn að nefna einn þátt í sambandi við c-lið. Látið hefur verið í það skína að eins og frv. er byggt upp væri um að ræða sömu kjör og í verkamannabústöðunum. Mér finnst ástæða til að taka þar af allan vafa, svo að fólk gangi ekki út frá túlkun sem er ekki rétt, og skýra frá því að eins og allir hv. þm. vita verða kjörin þannig að lánstíminn er 31 ár undir þessum lið en ekki 43 ár eins og í verkamannabústaðakerfinu og lánin eru miðuð við 80% af byggingarkostnaði í staðinn fyrir að í verkamannabústöðum eru það 80% miðað við staðalíbúð. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram til þess að menn geri sér grein fyrir um hvað er verið að ræða. Það er mikill munur á þessu.

Ég ætla ekki, herra forseti, að ræða þetta nánar hér. Ég vil endurtaka að ég tel ákaflega mikilvægt að koma þessu frv. í gegnum þingið svo að það verði að lögum áður en þingi lýkur núna í vor. Svo verður auðna að ráða hvort okkur tekst að útbúa frv. fyrir næsta þing svo að menn séu ekki í vafa um það hver staða þessa nýja forms, búsetuforms, verður, sem hlýtur vissulega að eiga rétt á sér hér á landi eins og í öðrum löndum, sú staða sem það kemur til með að fá gegnum löggjafann á næsta þingi.

Ég ætla ekki að eyða tímanum hér en ég er sannfærður um það að ríkisstj. mun vinna rösklega að því að ryðja braut nýrri stefnu í húsnæðismálum hér á landi. Það væri hægt að hafa langt mál um þetta. Við þurfum að ná tökum á þessum málum, við þurfum að fá lífeyrissjóðina til að vera virka í þessum málum, við þurfum að fá bankakerfið til að vera virkt í þessum málum. Þetta er hægt að gera og það frv. sem við erum að afgreiða hér ryður brautina að þessu markmiði.

Stefán Valgeirsson: Herrra forseti. Ég á sæti í félmn. og hef af þeim ástæðum dálítið fjallað um þetta frv. þó að ég væri ekki viðstaddur þegar það var á lokastigi og skrifaði þar af leiðandi ekki undir nál. Ég vildi ekki við 2. umr. blanda mér hér í umr. vegna þess að ég trúði því í lengstu lög að stjórnarflokkarnir næðu saman í þessu máli og það þjónaði engum tilgangi að ræða þetta eins og þá stóð á. Í þessu sambandi vil ég minna á að einn þeirra sem sömdu þetta frv. var frsm. félmn., hv. þm. Halldór Blöndal. En það voru fleiri sjálfstæðismenn sem sömdu þetta frv., t. d. Gunnar Björnsson, sem ég hef mikið rætt um þetta mál við og ég gat ekki skilið annað á hans máli en að hann liti þessar greinar, sem hér hafa verið gerðar fyrst og fremst að umtalsefni, nokkuð öðrum augum en kom fram í framsöguræðu hv. þm. Halldórs Blöndals.

Það má raunar segja að sá ágreiningur sem upp kom á milli stjórnarflokkanna um þetta frv. hafi verið út af túlkun frsm. meiri hl., þar sem hann taldi sig vera að tala fyrir hönd meiri hl. félmn. En auðvitað kom strax í ljós og þarf ekki að benda á það, að það gat ekki verið rétt, þar sem hæstv. félmrh. gaf þá yfirlýsingu á samri stundu um þetta mál.

Ég harma það hvernig þetta mál hefur þróast hér og hvernig það er komið. Ég vil benda á í því sambandi að c-liður 33. gr. er alveg nýr liður í þeirri grein, það er alveg nýtt ákvæði. Þeir sem sömdu frv. hlutu þar af leiðandi að vera að opna fyrir þetta nýja form. Í 37. gr. gildandi laga segir, með leyfi forseta:

„Stjórnum verkamannabústaða er skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf láglaunafólks í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Í því skyni að kanna þörf fyrir nýjar íbúðir láglaunafólks í sveitarfélaginu lætur stjórnin fara fram skipulega könnun meðal þeirra sem ákvæði IV. kafla laga þessara taka til eftir því sem þörf er á að mati stjórnarinnar."

Og það er einmitt sagt í skýringum við þessa gr. hér í frv., með leyfi forseta: „Skv. gildandi lögum eiga stjórnir verkamannabústaða á hverjum stað skilyrðislaust að gangast fyrir könnun í upphafi kjörtímabilsins á byggingarþörf fyrir verkamannabústaði í sveitarfélaginu", þ. e. byggingar fyrir þetta láglaunafólk.

Ég varð dálítið hissa á ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar, 3. þm. Reykv., áðan. Það mætti ætla að hv. þm. hefði ekki sest í ráðherrastól og alls ekki verið í sæti félmrh. Hann talaði eins og það væri alveg upplagt mál að samþykkja till. hér á þingi með stjórnarandstöðunni í stjórnarsamstarfi. Ég man ekki betur en að upp kæmu ýmislegar deilur á meðan við vorum t. d. í stjórnarsamstarfi og hann liti þær öðrum augum en hann virðist gera nú. Sannleikurinn er náttúrlega sá að lausn á þessum málum á þennan veg er óhugsandi í stjórnarsamstarfi og það veit hv. þm. náttúrlega vel þó hann tali svona. Svo að það má segja að það sé blettur á alþm. að þegar þeir eru í stjórnarandstöðu þá tala þeir allt öðruvísi en meðan þeir eru í stjórnarsamstarfi. Þetta gera margir og allt of margir. Þetta vil ég átelja.

Sannast sagna lít ég þannig á að sú deila sem hér hefur komið upp verði ekki leyst öðruvísi en á þann veg sem hér hefur komið fram, að um það sé að velja að breyta frv. á þennan hátt eða stoppa frv., að það nái alls ekki fram að ganga. Þetta eru þeir kostir sem eru fyrir hendi. Og það veit hv. þm. Svavar Gestsson að ef hann hefði verið félmrh. nú hefði hann einnig litið þetta sömu augum og ég geri nú. Ég met það þannig, þó að mér þyki þetta mjög mikið miður og er raunar undrandi á afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli, ekki síst miðað við þær umr. sem fram fóru um málið hér í fyrra. En ég tek þó þann kostinn frekar að leysa þetta svona og standa að því að þetta frv. verði að lögum með þessari breytingu en að það stöðvist nú. Og ég treysti því að þær skoðanir sem komu fram á síðasta þingi hjá Sjálfstfl. ráði gjörðum þeirra í sumar svo að unnt verði að semja frv. að lögum sem tryggi þessu nýja formi grundvöll í framtíðinni.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. og hv. 3. þm. Reykv. hafa báðir gert hér að umtalsefni afstöðu þm. Sjálfstfl. í umr. á fyrra þingi um húsnæðismál og ákvæði í frv. sem þá var til umr. hér sama efnis og við fjöllum nú um. Það hefur verið reynt af hálfu þessara hv. þm. að snúa út úr afstöðu flokksins á þessum tíma og gera hana tortryggilega miðað við þá afstöðu sem nú kemur fram. Ég vil varpa ljósi á þetta mál sem sýnir að hér hafa engin umskipti átt sér stað.

Það kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., frsm. félmn., þegar álit n. kom til umr. við 2. umr. hér í hv. deild, að félmn., meiri hl. hennar, Sjálfstfl. þar á meðal, væri reiðubúinn að standa að samþykkt frv. með ákvæðinu óbreyttu ef í það yrði lagður sá skilningur sem fram kom í ræðu hv. frsm. Hann gerði grein fyrir því að hann liti svo á að ákvæðið tæki til félagasamtaka sem ætla að reisa og reka húsnæði til útleigu á hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja og aðra þá sem svipað er ástatt um, en það tæki ekki til félagasamtaka sem ætluðu á almennum grundvelli að eiga og reka leiguhúsnæði af þessu tagi. Gegn þessum skilningi var Sjálfstfl. reiðubúinn að samþykkja frv. óbreytt. Um það varð hins vegar ágreiningur hvernig skilja mætti frv. Þegar það var til umr. á síðasta þingi var ekki uppi sá skilningur um þessa víðu túlkun sem nú hefur verið höfð í frammi þannig að það væri opið fyrir almennum félögum sem stæðu að útleigu íbúðarhúsnæðis. Afstaða Sjálfstfl. í þessu efni er því fullkomlega í samræmi við það sem áður hefur verið.

Meginatriðið er auðvitað það, sem við höfum lagt áherslu á, að ekki væri gerður mismunur á milli fólks með sömu tekjur eftir því hvort það ætlaði að komast í húsnæði á vegum leigusamvinnufélags eða á vegum byggingarsamvinnufélags. Sjálfstfl. hefur einfaldlega ekki verið tilbúinn til þess að mismuna fólki með sömu tekjur eftir því hvort það ætlaði að komast í húsnæði eftir þessum tveimur mismunandi leiðum. Flokkurinn hefur ekki verið tilbúinn að veita leigusamvinnufélögum forréttindi fram yfir byggingarsamvinnufélög. Það er í samræmi við grundvallarsjónarmið flokksins í húsnæðismálum og ég hygg að það sé í fullu samræmi við meginhugmyndir þorra fólks í landinu að gera ekki þarna á þann mismun sem orðið hefði ef frv. hefði verið samþykkt með þeirri víðtæku túlkun sem hér var til umr. Ég er alveg sannfræður um það að meginþorri fólks í landinu er ekki reiðubúinn að samþykkja húsnæðislög með þessari mismunun á milli leigusamvinnufélaga og húsnæðissamvinnufélaga.

Því hefur verið haldið fram í þessari umr. af hv. 2. landsk. þm. og hv. 3. þm. Reykv. að stjórnarandstaðan væri einhuga í þessu máli og það væri meiri hl. á Alþingi fyrir framgangi frv. þar sem þessum aðilum yrði tryggð-

ur réttur umfram byggingarsamvinnufélög, svo dæmi séu tekin. Ég vil minna á það að við 2. umr. í þessari hv. deild komu fram tvær till., önnur frá hv. 2. landsk. þm. sem gerði ráð fyrir því að inn í frv. kæmi nýtt ákvæði sem með ótvíræðum hætti leyfði lán til húsaleigufélaga eins og Búseta þannig að það gengi á rétt verkamannabústaðanna. Ég tók eftir því að hv. 7. þm. Reykv., sem líka er formaður Verkamannasambands Íslands, greiddi þeirri till. ekki atkvæði og ég skil það mætavel. Hann var ekki tilbúinn til þess með þessum hætti að ganga á rétt verkamannabústaðanna. Till. hv. 3. þm. Reykv. gekk í aðra átt, hún miðaði að því að tryggja þessum aðilum rétt til lána ef á fjárlögum yrði tryggt sérstakt fjármagn umfram það sem verkamannabústaðirnir fá skv. útlánaáætlun. Auðvitað mátti öllum vera ljóst að þetta var sýndarmennskan ein því að ekkert slíkt fjármagn er til. Það er nógu erfitt að standa að fjármögnun húsnæðiskerfisins eins og það er í dag þó að svona sýndartillögur séu ekki á borð bornar. Það var því ákaflega lítil meining og merking á bak við þessi orð.

Hér er því í raun og veru um tvennt að ræða, annars vegar mismunun á milli tveggja forma sem fólk á kost á til þess að koma sér í húsnæði og hins vegar spurningu um það hvort ákvæði um heimild til þess að lána húsaleigusamtökum af þessu tagi eigi að ganga á rétt verkamannabústaðanna. Ég hygg að það sé við hæfi í þessari umr. að víkja nokkrum orðum að nokkrum umsögnum þeirra hagsmunaaðila sem félmn. leitaði til og þetta mál snerti sérstaklega. Ég vil með leyfi forseta fá að vitna í nokkrar umsagnir.

Alþýðusamband Íslands svarar þessu og segir m. a.:

„Í frv. virðast veittar heimildir til að lána húsnæðissamvinnufélögum og fleiri aðilum sem byggja leiguíbúðir. Þessi heimild væri fagnaðarefni ef séð yrði fyrir fjármunum til þessara lána. Skv. frv. er Byggingarsjóði verkamanna ætlað að veita lán í þessu skyni án þess að honum séu fengnar nokkrar viðbótartekjur. Alþýðusambandið telur því að heimildarákvæði þetta sé gagnslaust fyrir húsnæðissamvinnufélögin og hættulegt fyrir verkamannabústaðakerfið eins og í pottinn er búið."

Hættulegt fyrir verkamannabústaðakerfið. Það er afstaða Alþýðusambands Íslands.

Í umsögn stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík segir m. a. þetta:

„Lagt er til að c-liður verði felldur brott þar sem ekki verður séð að Byggingarsjóður verkamanna valdi þeim verkefnum sem honum eru nú ætluð, hvað þá að við þau sé bætt. Auk þess virðist óraunhæft að binda kaupendur verkamannabústaða við ákveðin tekjumörk en aðra sem fengju samsvarandi lánafyrirgreiðslu ekki. Stjórn verkamannabústaða leggur til að c-liðurinn verði felldur brott."

Í umsögn Sambands byggingamanna segir m. a.:

„Sá skilningur hefur verið lagður í IV. kafla þessa frv. að eitt hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna skuli vera lánveitingar til félagssamtaka er ætla að byggja íbúðir til útleigu. Eitt húsnæðissamvinnufélag hefur þegar verið stofnsett. Að því hefur verið látið liggja að því beri skv. frv. réttur til lána úr Byggingarsjóði verkamanna án tillits til félagslegrar eða fjárhagslegrar stöðu félagsmanna húsnæðissamvinnufélagsins. Sé sú ætlunin með frv., ef að lögum verður, mótmælir Samband byggingamanna því. Rökin fyrir þeim mótmælum er fundinn staður með tilvísun í tilurð og tilgang Byggingarsjóðs verkamanna. Samband byggingamanna mótmælir lagasetningu með þeim hætti sem orðið hefði ef hér hefði ekki verið gerð á breyting."

Í umsögn Verkamannasambands Íslands segir m. a.:

„Með auknum kvöðum á Byggingarsjóð verkamanna, svo sem að gera honum skylt að veita lán til leiguíbúða umfram það sem kveðið er á um í gildandi lögum án þess að tryggja honum nýja tekjustofna, er brotið gegn því grundvallaratriði að sjóðurinn geti fjármagnað ⅓ af árlegri íbúðaþörf með byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga. Verkamannasamband Íslands mundi að sjálfsögðu fagna því að bygging leiguíbúða yrði aukin og fleiri aðilum en sveitarfélögum gert kleift að standa fyrir slíkum byggingum. Hins vegar telur Verkamannasamband Íslands ótækt að velta slíku yfir á Byggingarsjóð verkamanna án þess að honum sé séð fyrir viðbótartekjum."

Verkamannasambandið telur m. ö. o. að þetta ákvæði hefði brotið gegn því grundvallaratriði að sjóðurinn gæti fjármagnað ⅓ af árlegri íbúðaþörf með byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga. Það er alveg skýrt talað af hálfu hv. 7. þm. Reykv.

Í umsögn Meistarasambands byggingamanna um fólks, segir:

„Félagið leggst eindregið gegn því að Byggingarsjóður verkamanna láni almennt til byggingar leiguíbúða eins og niðurlag 33. gr. c-liðar gerir ráð fyrir og leggur til að niðurlag greinarinnar „og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi" falli út."

Í umsögn Meistarasambands byggingarmanna um frv. til laga um Húsnæðisstofnun segir um þetta ákvæði í 33. gr.:

„Vér teljum að nýtt ákvæði í c-lið greinarinnar orki nokkuð tvímælis, a. m. k. yrði að setja þeim félagasamtökum, sem hyggjast byggja leiguíbúðir skv. þessari gr., skýrar reglur um hvernig með slík mál mætti fara. Einnig teljum vér að fjármagn til þessara hluta ætti ekki að ganga fyrir fjármagni til verkamannabústaða."

Í umsögn Sambands sveitarfélaga segir þetta m. a.:

„Lagt er til að b- og c-liðir 33. gr. verði sameinaðir í einn lið, en um endurtekningu virðist að ræða. Ástæða er til þess að leggja áherslu á að með lánveitingum til leiguíbúða skv. þessum kafla sé einungis átt við lánveitingar til íbúða sem byggðar eru til nota fyrir þá sem þeirra þarfnast af félagslegum ástæðum."

Ég held, herra forseti, með hliðsjón af þessum umsögnum þeirra hagsmunasamtaka, sem hér eiga sterkast hlut að máli, sé augljóst að það var skynsamlegt af Alþingi að gera breytingar á þessu frv. Það hefði verið óráð að samþykkja það óbreytt með þeirri víðtæku túlkun sem í frv. mátti leggja. Það var skynsamlegt og er skynsamlegt að gera á því þessar breytingar. Sjálfstfl. hefur fyrir sitt leyti lagt á það áherslu að tryggja hagsmuni aldraða og öryrkja og námsmanna við afgreiðslu þessa frv. á þessu þingi eins og á fyrra þingi þegar svipað ákvæði var til umr.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þessi umr. er orðin öll hin fróðlegasta. Að Búsetamálinu eða húsnæðismálunum slepptum geta menn spurt sig einfaldrar spurningar: Hvað hafa þessir menn verið að gera í n.? Talast ekki framsóknarmenn og sjálfstæðismenn við í hv. félmn.? Ekki síst eftir þennan síðasta lestur hv. 1.

þm. Suðurl. spyr maður sig: Hvernig lásu framsóknarmenn fskj., hvernig lásu þeir umsóknirnar sem bárust?

Allur þessi málatilbúnaður er orðinn með endemum. Í fyrsta lagi heyrist mér skv. því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að menn hefðu talið að frv. hefði verið samið með svona félagslegt leiguform í huga. Í öðru lagi er þetta frv. samþykkt í báðum þingflokkum ríkisstj. áður en það var lagt fram. Í þriðja lagi er hæstv. félmrh. margbúinn að lýsa yfir síðan í sumar túlkun sinni á þessu atriði, á þessum margumræddu c-lið. N. var búin að liggja yfir málinu í fimm mánuði og ekkert virtist bera á milli. Það er ekki fyrr en hv. þm. Halldór Blöndal, frsm. meiri hl., stígur í stól og mælir fyrir meirihlutaáliti að ágreiningurinn kemur í ljós.

Maður spyr sig: Var það bara tilviljun, var þetta bara undir því komið hver var framsögumaður? Hefði kannske enginn ágreiningur orðið ef einhver annar hefði verið framsögumaður fyrir n.? Mér finnst bara formlega séð, ef maður hugsar um vinnubrögðin í þinginu, hljóti maður að stórefast um að þau séu nægilega gagnleg þar sem svona ágreiningur um meiriháttar mál virðist hafa farið meira og minna leynt í eina sjö—átta mánuði. Síðan bara verður mönnum þetta skyndilega ljóst seint um kvöld að menn skrifuðu ekki allir undir þetta meirihlutaálit n. með sama skilning í huga eftir þó alla þessa vinnu. Þetta þykir mér mjög athyglisvert. Nú á þessum síðustu vikum þegar hart er keyrt hugsar maður: Hvaða ólukkur og mistök gætu nú farið í gegnum þingið þessa dagana þegar menn eru kannske með stírurnar í augunum yfir þessu, þegar þeim sést yfir svona meiriháttar ágreiningsmál þegar þeir hafa til þess átta mánuði og þá sæmilega útsofnir. Þetta vil ég að komi fram.

Það er að öðru leyti mjög fróðlegt að fylgjast með þessa dagana vegna þess að nú eru ágreiningsmálin að koma út úr bakherbergjum þingsins. Menn eru lengi búnir að vorkenna Sjálfstfl. Hefur verið á máli manna að heyra að Framsókn hafi verið að rúlla yfir um þessa dagana með mangómálum, með því að neita að endurskoða Framkvæmdastofnun þar sem hv. þm. Tómas Árnason hefur endurskoðað sjálfan sig í allan vetur og komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til að gera neitt. Menn hafa tínt til fleiri dæmi um það hvernig Sjálfstfl. hafi ekki almennilega riðið feitum hesti frá þessari viðureign. En nú vann hann loksins, nú tók hann loksins við sér. Hv. þm. Páll Pétursson virðist hafa sungið við Sjálfstfl. eins og Harry Belafonte söng forðum, Buy my Mango. Sjálfstfl. keypti mangóið en Framsókn keypti Búseta eða gleypti Búseta, þannig virðast þessi skipti hafa orðið í bili. Síðan verður þetta væntanlega tekið upp í haust, með lækkandi sól fara menn að skoða mangó og Búseta aftur og vita þá að hvaða niðurstöðu þeir komast.

Ég held að það geti orðið fróðlegt að fylgjast með þessum ágreiningsmálum þegar þau koma fleiri. Núna nýlega gerðum við svolítinn samanburð á 10 manna ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. og vísunum um 10 litla negrastráka sem sprungu allir nema einn. Þeir sprungu á limminu og þeir sváfu yfir sig og gerðu ýmsar kúnstir. Mér sýnist vera að fara fyrir ráðh. nákvæmlega eins og 10 litlum negrastrákum vegna þess að einn er í þann veginn að springa á álinu, annar virðist vera sprunginn á útvarpslagafrv., hæstv. fjmrh. er margsprunginn á gatinu, hæstv. bankamrh. er sprunginn á því að endurskoða bankakerfið, allt eru þetta stóru stefnumálin og nú er einn til viðbótar sprunginn á húsnæðismálunum. Þeir springa á þessum stóru stefnumálum sínum hver um annan.

Ég er hræddastur við það að á bak við þennan ágreining, þó hann sé settur fram á þennan hátt núna, sé sú grundvallarhugsun hinna hreinræktuðu ungu íhaldsmanna í Sjálfstfl. að allt annað sé ómögulegt en að menn eigi húsin sín sjálfir. Ég held þetta sé ein leið til þess að birta okkur þessa gömlu eignanauðhyggju að það geti enginn orðið hamingjusamur í sínum ranni nema hann eigi hann, yst sem innst. Það er dálítið fróðlegt að velta þessu fyrir sér vegna þess að nú er íbúðarhúsið í raun og veru ýmsu tengt. Að því liggur gata, að því liggur skólp, vatnsveita og ýmiss konar lagnir, rafmagn og sími. Allt þjónar þetta húsinu en engum dettur í hug að vilja endilega eiga alla þessa kosti. Þetta er þjónusta sem þeim er veitt. En síðar þegar kemur að burðarvirki hússins, steinsteypunni og járninu, þá er nauðhyggjan sú að menn þurfi endilega að eiga þetta og enginn geti nokkurn tíma orðið hamingjusamur án þess að svo sé. Þetta er kannske byrjun á því að menn fari að kaupa sér hlut í skolpveitum og götum til þess að tryggja hamingju sína og eftirkomenda, að geta skilið eftir sig svo sem eins og 100 metra af malbiki eða einhverjum veitulögnum.

Í vetur var flutt þáltill. um húsnæðissamvinnufélög. 1. flutningsmaður var hv. þm. Stefán Benediktsson. Ég held að fróðlegt sé að rifja þetta mál upp. Það segir m. a. í grg. með leyfi forseta:

„Bygging og rekstur íbúða á samvinnugrundvelli á sér langa sögu. Fyrstu húsnæðissamvinnufélögin voru stofnuð í Þýskalandi og Danmörku um miðja síðustu öld, en í dag eru þau einna algengust sem rekstrarform í Svíþjóð þar sem Landssamband húsnæðissamvinnufélaga, HSB, hefur á 60 ára ferli byggt yfir 400 þús. íbúðir. Stærsta húsnæðissamvinnufélag Noregs, OBOS, hefur frá stríðslokum byggt meira en helming alls húsnæðis í Osló og nágrenni. Í Þýskalandi og á Niðurlöndum eru slík félög vel þekkt. Í Bandaríkjunum starfa húsnæðissamvinnufélög mjög víða og þar eru þau algengust í New York og nágrenni.

Húsnæðissamvinnufélög eru almannasamtök sem hafa forgöngu um byggingu eða öflun íbúða sem félagsmenn húsnæðissamvinnufélagsins eiga og reka í sameiningu. Húsnæðissamvinnufélög eru öllum opin gegn greiðslu félagsgjalds og er þátttaka í hverjum byggingaráfanga háð stofnframlagi sem veitir svonefndan búseturétt. Fjárhæð fyrir búseturéttinn ákveður stjórn félagsins hverju sinni. Búseturéttur er ótímabundinn. Hver byggingarhópur stofnar með sér búseturéttarfélag sem sér um rekstur íbúða félagsins.

Nú er það almennt viðurkennt að þjóðfélaginu sé skylt að tryggja öllum öruggt og fullnægjandi húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Því er þörf nýrra úrræða. Nú bjóðast aðeins tveir kostir, annars vegar leigumarkaður og hins vegar séreignarform. Ísland hefur nokkra sérstöðu fyrir þá sök að leigumarkaður er þröngur og öryggi leigjenda lítið þrátt fyrir nýlega löggjöf á því sviði. Séreignarformið krefst hins vegar mikillar fjárfestingar, meiri fjárfestingar en flestir ráða við.

Húsnæðissamvinnufélög hafa það að markmiði að gefa fólki kost á góðu og öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Jafnframt er hér um að ræða frjálst

framtak einstaklinga sem ekki hlíta algerlega forsjá einkafjármagns eða ríkisvalds. Að vísu krefst þetta framtak ákveðinnar fyrirgreiðslu á lánamarkaði, og þá að hluta til frá því opinbera. En framtakið hefur þó þann augljósa kost að fjármagn til bygginga á vegum húsnæðissamvinnufélaga helst til frambúðar innan félagslegs húsnæðiskerfis."

Ég óttast að sú tortryggni, sem nú er komin upp í kringum þetta, muni á endanum drepa þetta mál. Ég tel að álit lagatúlkenda, t. d. hæstaréttarlögmannsins Ragnars Aðalsteinssonar sem lesið var upp áðan og túlkun ráðh. sem flytur málið, hefði nægt til þess að tryggja Búseta rétt skv. frv. Mér sýnist raunar að áherslan sem Sjálfstfl. leggur á að taka þetta ákvæði út úr frv. sýni líka að svo sé. Það eru augljóslega miklu fleiri þeirrar skoðunar. Þangað til fyrir fáeinum dögum voru það allur Framsóknarflokkurinn og öll stjórnarandstaðan. Það hefði verið leikur einn að afgreiða þetta mál án þess að Búsetahugmyndin, þessi nýi valkostur í íslenskum húsnæðismálum, sé næstum, að því er manni virðist, leiddur til höggstokksins og sé skiptimynt í einhvers konar innanbúðardeildum og vöruskiptum milli stjórnarflokkanna. Hér er um miklu merkilegra mál að ræða en svo að það eigi slíkt skilið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 593). — Frh. 1. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ja, mikið lá nú á að slíta umr. um húsnæðismál, sem voru hér síðast á dagskrá hjá hæstv. forseta, og svo þegar bjallan var þeytt hér langtímum saman, þá komu ekki nægilega margir stjórnarliðar í salinn til þess að tryggt væri að það væri hægt að keyra í gegn till. Þorsteins Pálssonar svo að þá var atkvgr. frestað. Nær hefði verið að halda áfram þeirri umr. sem þarna var um að ræða. En mér er tjáð að forseti hafi verið geysilega fljótur að slíta umr. þegar hv. 4. landsk. þm. lauk máli sínu og er ástæðan vafalaust sú, að hæstv. forseti hefur áttað sig á því að málið var komið í hinar mestu ógöngur fyrir flokk hans. Ég vil hins vegar gleðja hann með því að málið hlýtur að fá rækilega meðferð, a. m. k. af hálfu Alþb., þegar það kemur til Ed.

Það mál sem hér er á dagskrá er umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, 305. mál. Þar er gert ráð fyrir því að lækka skatta á bönkunum um 300 millj. kr. samtals á tveimur—þremur árum. Það hefði t. d. mátt nota þessa peninga handa húsnæðissamvinnufélögunum til að byggja fyrir, hæstv. félmrh. Það hefði auðvitað verið alveg upplagt að veita þessu fé til húsnæðissamvinnufélaganna úr því að hæstv. ríkisstj. var aflögufær um þessa fjármuni upp á nokkur hundruð millj. kr.

Minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. tók þetta mál sérstaklega fyrir í ítarlegu nál. og ég ætla að leyfa mér að lesa það hér, með leyfi hæstv. forseta, en þar sagði:

„Frv. þetta er annað af tveimur sem ríkisstj. hefur lagt fram um lækkaðar skattgreiðslur banka og annarra innlánsstofnana. Í þessu frv. er greiðsla gjaldeyrisbanka í ríkissjóð af umboðsþóknun og gengismun lækkuð á árinu 1984 um þriðjung og veldur það tekjumissi fyrir ríkissjóð sem svarar um 30 millj. kr. á þessu ári, um 60 millj. kr. tekjumissi á næsta ári og um 90 millj. kr. tekjumissi á árinu 1986 þegar gjaldið verður fellt niður," eða samtals 180 millj. kr. sem hæstv. fjmrh. er hér að henda út úr ríkissjóði.

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðru frv. um hliðstætt efni (306. mál) er tekjuskattur banka og innlánsstofnana lækkaður um 18 millj. kr. á þessu ári og um 160 millj. kr. á næstu tveimur árum. Þessi einkennilega gjafmildi fjmrh. og ríkisstj. í þágu banka er óneitanlega mjög í mótsögn við fjárhagserfiðleika ríkissjóðs um þessar mundir.

Minni hl. n. leggur til að frv. verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Í trausti þess að ríkisstj. láti endurskoða gildandi lög um skattskyldu innlánsstofnana þar sem frv. þetta er að ýmsu leyti vanhugsað og illa undirbúið og hefur í för með sér stórfellt tap fyrir ríkissjóð ályktar deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi n. og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 10. maí 1984. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskrifari, Ragnar Arnalds framsögumaður, Eiður Guðnason."

Þannig hljóðar nál. stjórnarandstöðuflokkanna í hv. Ed. þar sem þeir lögðu til að þessum makalausu frv. um skattalækkun bankanna yrði vísað til ríkisstj. og þar með frá Alþingi.

Hæstv. fjmrh. lagði það til umræðunnar áðan að fyrrv. fjmrh. Ragnar Arnalds hefði farið með mjög rangt mál í þessu efni, svo og ég í mínu máli hér þegar það var til umr. í dag. Ég kann satt að segja ekki við það að hæstv. fjmrh. noti aðstöðu sína hér í Nd. til þess að skamma Ed.-menn óbótaskömmum fyrir það að þeir fari með rangt mál. Mér finnst alveg lágmark að hæstv. fjmrh. noti þá aðstöðu sem hann hefur til að tala í Ed. til þess að lesa yfir hausamótunum á hv. þm. Ragnari Arnalds, en sé ekki að varpa á hann orði hér niðri í Nd., þar sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur engin tök á að bera hönd fyrir höfuð sér eins og sakir standa. En hvað sagði hv. þm. Ragnar Arnalds um þessi mál, umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta og skattalækkanir bankanna? Hann sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur lagt hér fram tvö frv. sem bæði stefna í þá átt að lækka skattgreiðslur banka og annarra innlánsstofnana. Í þessu frv. sem nú er til umr. eru lækkaðar greiðslur gjaldeyrisbanka í ríkissjóð af umboðsþóknun og gengismun og nemur lækkunin ⅓ á þessu ári og veldur tekjumissi fyrir ríkissjóð sem svarar um 30 millj. kr. á árinu. En aftur á móti verður tekjumissirinn 60 millj. kr. á næsta ári og 90 millj. kr. á árinu 1986 þegar gjaldið verður endanlega fellt niður. Samtals nemur því tekjuskerðing ríkissjóðs af þessari ástæðu 180 millj. kr. Það frv. sem verið er að afgreiða hér skerðir tekjur ríkissjóðs um hvorki meira né minna en 360 millj. kr."

Þegar þetta mál var til meðferðar í hv. Ed. var engin grein gerð fyrir tekjutapi ríkissjóðs af samþykkt þessara frv. í framsöguræðu hæstv. fjmrh. Það var ekki fyrr en hv. fjh.- og viðskn. Ed. undir forustu Eyjólfs Konráðs Jónssonar settist á rökstóla að nokkrar upplýsingar komu fram um hvað þetta þýðir í lækkun á tekjum fyrir ríkissjóð. Hv. þm. Ragnar Arnalds sagði að þetta frv., og byggði þá á upplýsingum sem fram hefðu komið í n., hefði í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð á sama

tímabili upp á 178 millj. kr. eða hvorki meira né minna en 348 millj. kr. á þremur árum. Að meðaltali er hér verið að spila út úr ríkissjóði algerlega að óþörfu og án nokkurrar sjáanlegrar ástæðu upphæð, sem nemur 120 millj. kr. á hverju þessara ára að meðaltali, eins og ég segi, eða samtals 360 millj. kr.

Við erum búnir að vera að rökræða og hafa áhyggjur af fjárhag ríkissjóðs á undanförnum vikum. Það hefur verið eitt mesta stórmálið sem hefur verið hér til meðferðar á síðustu vikum. Þar vantar stórar fjárhæðir inn í til að endar náist saman. Og eftir basl mikið tókst ekki ríkisstj. að leysa þann vanda heldur skildi eftir sig gat í rekstri ríkissjóðs sem verður að fylla með erlendum lántökum upp á rétt um 1 milljarð. En á sama tíma og þetta gerist ætlar hæstv. fjmrh. að keyra í gegn tvö frv. um bankamál sem þýða tekjumissi fyrir ríkissjóð upp á 120 millj. að meðaltali á hverju ári næstu þrjú árin. Er vit í þessu? Nei þetta er sannarlega glórulaust ævintýri."

Síðan hélt hv. þm. áfram: „Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því í fullri hreinskilni og með fullri vinsemd hvort ekki hafi komið til greina að endurskoða áformin um lækkun skatta á banka eftir að í ljós kom hversu bágur fjárhagur ríkissjóðs er í raun og veru, því að við skulum gera okkur fyllilega grein fyrir því að fjárhagur ríkissjóðs verður ekki bara bágur á þessu ári. Úr því að ekki tókst með nýrri tekjuöflun eða niðurskurði á útgjöldum að ná endum saman á þessu ári, þá mun það sjálfsagt ekki heldur takast á næsta ári," sagði hv. þm. Ragnar Arnalds.

„Hér er greinilega verið að stækka gatið enn frekar, það er vísvitandi stefnt í það að halli á ríkissjóði verði enn meiri en orðið er. Og það eru engar smá upphæðir sem hér eru á ferðinni. Hæstv. fjmrh. beitti sér í upphafi fyrir því að ákveðnir tekjustofnar ríkissjóðs yrðu felldir niður og það er auðvitað ein aðalástæðan til þess að endar náðu ekki saman á s. l. ári og á þessu ári. En hér er enn haldið áfram á sömu braut og þessi einkennilega gjafmildi hæstv. fjmrh. og ríkisstj. hlýtur að vekja verulega athygli í ljósi fjárhagserfiðleika ríkissjóðs um þessar mundir. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er ekki hugsanlegt, bæði vegna fjárhags ríkissjóðs á þessu ári og þeirra vandræða sem hæstv. fjmrh. er í og vegna þeirra fjmrh. sem við taka vegna þeirra ára sem fram undan eru, að þessi ákvörðun sem nú er verið að taka í sambandi við bankaskattana verði endurskoðuð? Þetta er algerlega ábyrgðarlaus ákvörðun sem hér er tekin og ég trúi ekki öðru en hæstv. fjmrh. sé reiðubúinn til þess að endurskoða þetta mál og það verði að flokkast undir óaðgætni að verið er að keyra þetta mál nú fram á síðustu dögum þingsins þrátt fyrir það hvernig ástatt er."

Þetta vildi ég að kæmi hér fram úr máli hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, vegna ummæla sem hæstv. fjmrh. hafði um hann hér í Nd. í dag. Ég taldi nauðsynlegt að afstaða og orð þm. kæmu hér greinilega fram svo að ekkert færi á milli mála hver hans skoðun væri á þessu furðulega frv., sem hér er nú á dagskrá, um umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta og um skattalækkun bankanna upp á mörg hundruð milljónir króna.

Hæstv. fjmrh. hefur reynt að verja sig með því að þetta mál hafi í raun og veru að einhverju leyti verið undirbúið í tíð fráfarandi ríkisstj. Mér er ekki grunlaust um að hann hafi komið málinu þannig í gegn til dæmis í öðrum stjórnarflokknum, sem man það stundum að hann hafi verið í síðustu ríkisstj. en sjaldan, og þannig hafi Framsfl. fallist á að þetta frv. var lagt fram án þess að þeir þm. Framsfl. hafi gert sér grein fyrir því hvað þeir voru í raun og veru að samþykkja.

Auðvitað er það rétt, sem hér hefur komið fram og rætt var m. a. í hv. Ed., að þessi mál, umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, voru rædd í tíð síðustu ríkisstj. eins og margt fleira. M. a. var rætt um það hvort rétt væri að breyta eitthvað þessum sérstöku gjöldum en að vinna þau þá upp með annarri skattlagningu á bankana. Þegar efnahagsráðstafanirnar voru gerðar sumarið 1982 voru gerðar ákveðnar samþykktir um útgjöld úr ríkissjóði, m. a. tvöföldun á framlagi til Byggingarsjóðs ríkisins, um auknar niðurgreiðslur og fleiri þætti. Og þá voru líka teknar ákvarðanir um tekjur á móti handa ríkissjóði. Það er nefnilega það sem er ólíkt með búskaparlagi núv. fjmrh. og fyrrv., að fyrrv. fjmrh. reyndi einatt að láta það standast á sem efnt var til af útgjöldum og það sem hann hafði inni í ríkissjóði af tekjum. Þá gerðist það á árinu 1982 að rætt var um að þessi bankaskattur yrði lagður á til þess að standa undir tilteknum útgjöldum ríkissjóðs. Og þegar þessi bankaskattur var lagður á komu upp kvartanir og kveinstafir frá bönkunum eins og venjulega og sagt: Við höfum ekki efni á því að borga þetta.

Í framhaldi af því var svo rætt um það hvernig fara ætti með opinber gjöld bankanna yfirleitt, m. a. var þá nokkuð talað um þetta sérstaka gjald sem hér er til meðferðar, 305. mál þingsins, og niðurstaðan varð sú að lækka það í einhverjum áföngum. En það er auðvitað víðs fjarri að nokkrum manni í fráfarandi ríkisstj. hafi dottið í huga að fella þetta gjald niður eins og hæstv. fjmrh. hefur núna lagt til. Það er í rauninni fráleitt, sérstaklega þegar þess er líka gætt að bankamálanefndin lagði til að gjaldið yrði bara lækkað um helming. En þegar fjmrh. átti möguleika á tveimur kostum í þessu efni, þá tók hann auðvitað þann sem var verri fyrir ríkissjóð. Það gerir hann yfirleitt alltaf þegar um skattlagningu er að ræða á fyrirtækin í landinu.

Hæstv. fjmrh. var svo að rugla með það hér áðan að það væri nú einhver munur málflutningur minn hér í dag eða þegar við beittum okkur fyrir því í fráfarandi ríkisstj. að Útvegsbankanum var bjargað upp á sker. Staðreyndin var auðvitað sú að staða Útvegsbankans var orðin stórkostlega alvarleg, m. a. fyrir viðskiptamenn Útvegsbankans. Það er ríkið sem átti þennan banka og á hann enn. Þess vegna hlaut það að vera eðlilegt að eigandi þessa fyrirtækis tryggði að það gæti staðið við allar sínar skuldbindingar. Þess vegna kom auðvitað ekkert annað til greina en að gera ráðstafanir til þess að draga Útvegsbankann á flot. Ég verð hins vegar að segja alveg eins og er að það var miklu verri kostur en sá sem ég hefði viljað grípa til. Ég var ekki hrifinn af þessari þeið. En í þeirri ríkisstj. eins og fleiri stjórnum var engin samstaða um það að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann sem var auðvitað eðlilegasta leiðin gagnvart þeim mikla vanda sem Útvegsbankinn átti við að glíma. Þessi samstaða var þá ekki til staðar og þess vegna var það sem þáverandi ríkisstj. fór í það að styrkja fjárhagslega stöðu Útvegsbankans sem var fullkomlega eðlilegur hlutur. Sem eignaraðili bankans hlaut ríkisstj. að gera það. Og það er auðvitað alveg út í hött af hæstv. fjmrh. að vera að rugla hér saman annars vegar umboðsþóknun vegna

gjaldeyrisviðskipta og hins vegar sköttum á bankana almennt eins og hann hefur gert í dag í ræðu sem hann flutti hér fyrr. Ég hef hvergi séð ítarlegri upplýsingar og greinarbetri um tekjutap ríkissjóðs af þessari skattalækkun heldur en í nál. minni hl. í Ed. og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. nákvæmlega einnar spurningar, sem sé þeirrar: Eru þær tölur sem fram koma í nál. minni hl. í Ed. réttar eða eru þær rangar? Ef þær eru rangar vill hann þá vera svo vinsamlegur að greina frá því í smáatriðum í hverju sú skekkja er fólgin. Hæstv. ráðh. á og hlýtur að hafa lýsingar á því hvaða göt það eru sem hann er þarna að bora á ríkissjóð og hverrar stærðar þau eru. Þarna flæðir út úr ríkissjóði eitthvað af peningum í gegnum þessi göt, sem hæstv. ráðh. er þarna að opna, og það er nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvað það er sem flýtur út af í hverju gati sem ráðh. er að bora á ríkissjóð með þessum frv.

Eins og ég tók fram áðan, herra forseti, tel ég algjörlega óhjákvæmilegt að þessi frv. fái ítarlega meðferð hér á hv. Alþingi. Og ég endurtek áskorun mína frá í dag, ég skora á hæstv. ráðh. að fresta meðferð þessa máls og taka það til meðferðar og umr. í sumar, þannig að lagt verði fyrir þingið heillegt frv. til l. um skatta af bönkunum, en það sé ekki verið að keyra í gegn hérna hundraða milljóna króna skattalækkun af bönkunum á síðustu dögum þingsins. Ég tel það með endemum að þessi stjórn, sem er að verja sig fyrir því að húsnæðissamvinnufélög fái inni í húsnæðislánakerfinu, ég tel það með endemum að þessi stjórn skuli akkúrat sama daginn vera að lækka skattana á bönkunum. Það er með endemum. Það er með ólíkindum hvað þessi ríkisstj. gengur langt í þjónustusemi sinni við fyrirtækin í landinu, þ. á m. bankana og aðrar slíkar stofnanir. Það er með ólíkindum og ég skora á hæstv. fjmrh. að draga þessi frv. til baka þannig að þau verði ekki afgreidd núna á vorþinginu. Honum veitir ekki af þeim peningum sem þessir skattar gefa í ríkissjóð. Svo aumlega hefur hann borið sig að undanförnu að jafnvel ég hef fundið til með honum og er þá langt gengið.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég er afskaplega þakklátur hv. 3. þm. Reykv. fyrir þá meðaumkun sem hann sýnir mér í starfi fjmrh. Ég skil vel hans tilfinningar. Hann var í síðustu ríkisstj. og skildi eftir þann vanda sem ég er nú að glíma við. En þrátt fyrir alla þessa gífurlegu skatta, sem ég hef að hans dómi fellt niður og verið að gera stöðu ríkissjóðs enn þá verri en nokkurn tímann áður, þá er ástandið samt sem áður ekki verra en það var og verðbólgan komin úr 130% niður í 10%. Það er margt samverkandi sem kemur þar til greina. Og ekki virðist efnahagslíf þjóðarinnar ganga verr þó tillit sé tekið til einstaklinga og fyrirtækja í landinu og þetta bákn, sem við höfum allir öðru hverju kvartað um að væri óseðjandi, sem alltaf getur gleypt meira og meira frá einstaklingunum, fái þá allavega einhvern sem hefur kjark og þor til að reyna að beisla það.

Ég vil strax svara því til að ég var ekki að skamma hv. 3. þm. Norðurl. v. í dag. Það er mesti misskilningur. Það er svo oft sem hv. 3. þm. Reykv. grípur til þess sem hendinni er næst í sínum málflutningi og er þá ekki svo mjög vandur að heimildum. Ég las upp úr ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., fyrrv. hæstv. fjmrh., þar sem hann að minni ósk gat þess á hvern hátt ham mundi leggja niður gjaldeyrisskattinn á bankana og koma með nýjan skatt sem hann var þá að kynna. Ég las upp úr ræðu hans og þar segir hvernig átti að lækka skattinn á gjaldeyrisbönkunum í áföngum, en það var svikið. Í staðinn fyrir að lækka það í áföngum hækkaði hann aftur upp í sömu upphæð, 60%, strax næstu áramót eftir að skatturinn var lagður á. Það þýðir ekkert að hrista höfuðið. Skatturinn hækkaði 1. janúar, eftir að hann var lagður á 1. jan. 1983, en átti skv. því sem páv. hæstv. fjmrh. sagði að lækka niður í 40% það ár, í fyrra, og svo áfram. Og í staðinn fyrir að taka þennan gjaldeyrisskatt af gjaldeyrisbönkunum eingöngu, sem voru bara tveir ríkisbankar, átti að dreifa þessum skatti yfir á allar innlánsstofnanir. Það var líka svikið, þannig að þá voru komin tvö skattafrv. á ríkisbankana í staðinn fyrir eitt. Það er þetta sem ég er að leiðrétta núna. Sem sagt að standa við það loforð sem gefið var.

Annars eru þær breytingar sem um getur í því frv. sem ég lagði fram, og er óbreytt frá því sem það var lagt fram áður, komnar frá bankamálanefnd. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. tók þær till. til greina og ég lagði blessun mína yfir þær till. Í þeirri n. eru m. a. Lúðvík Jósepsson, fyrrv. þm. og ráðh. Alþb.

Þá talaði virðulegur 3. þm. Reykv. um að fyrrverandi fjmrh. hefði látið tekjur og útgjöld standast á. Ja, þvílík útkoma. Hátt á annað þúsund milljónir yfirdregið í maí þegar þessi ríkisstj. tekur við og erlendar lántökur í sama hlutfalli og þær eru núna af þjóðarframleiðslu, um 60%.

Ég ætlaði að svara hér spurningum sem fram voru bornar þegar vitnað var í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. um kostnað við þessi frv. og tekjumissi ríkissjóðs. Og það er þá svohljóðandi: Miðað við að 1984 fari 60% í 40% munu heildartekjur lækka um 43.8%. Árið 1985, miðað við að 60% lækki í 20%, þá bætast þar við 43—44 millj. þannig að heildarniðurfellingin á sköttum í þessi tvö ár nemur 87.6 millj. Þegar gjaldið svo fellur alveg niður 1986, úr 60% niður í 0% — les það hægt svo að hv. þm. geti skrifað það niður — þá verða heildarskattar, sem hafa verið felldir niður í þessi þrjú ár, 131.5 millj. Ef ég má svo gefa hv. þm. og þingheimi upplýsingar um það hvað kemur á móti, þegar skattar eru lagðir á allar innlánsstofnanir, eins og stóð til þegar þetta gjaldeyrisfrv. yrði fellt niður, þá hefðu skv. gildandi lögum komið 137.3 millj. en skv. frv. sem ég lagði fram hefðu það orðið 127.2 millj., þ. e. mismunur er 10.1 millj. og þar af ca. 3.8 millj. vegna ½% afskriftarheimildar og ca. 6.3 millj. vegna víðtækra undanþága, en skv. brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. nú er reiknað með um 120 millj. Þannig að á þessum þremur árum, en þetta er allt reiknað á sama hátt og framreiknað, á þessum þremur árum yrði heildartapið eða mismunurinn á þessum nýja skatti, bankaskatti, sem á að dreifast á allar innlánsstofnanir og því sem fellt er niður af gjaldeyrisbönkunum um 20 millj. kr. Ég skal láta ljósrita þetta blað svo að virðulegur þm. geti fengið það með sér. Þetta er reiknað af fjmrn. og að hluta til af bankaeftirlitinu.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, virðulegi forseti, og ég þakka honum fyrir að hafa gefið mér orðið en mér skilst að hann hafi ætlað að fresta þessum umr. frekar.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil átelja það að svona sé gengið fram hér í umr. Þetta er í annað sinn sem þessu máli er frestað og ég veit ekki annað en að hér sé á ferðinni mál, sem ríkisstj. telur vera býsna brýnt að fáist rætt hér í þinginu, svo að mér kemur það mjög spánskt fyrir sjónir ef nú á enn að fresta því og kannske næsta máli á eftir á dagskránni, sem rætt hefur verið hér í deild og mælt hefur verið fyrir, svo að ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann láti af því að vera að hringla með málin með þessum hætti. Ég hef sett mig á mælendaskrá í þessu máli og geri ráð fyrir að þurfa að ræða það allítarlega og ég óska eftir að það verði gert hér á skaplegum fundartíma þingsins. Svo að ég óska eindregið eftir því að hæstv. forseti endurskoði þessa afstöðu og að við getum rætt þetta mál, m. a. í ljósi þeirra upplýsinga, sem hæstv. fjmrh. gaf hér, en sem ástæða er til að óska eftir frekari upplýsingum við. Ég treysti því að hæstv. forseti breyti þessari ákvörðun sinni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti getur ekki breytt þessari ákvörðun nú. Það er meining forseta að fram fari atkvgr. um fyrsta dagskrármálið, en vel kemur til mála að hv. þm. taki til máls um það mál sem hér var síðast til umr. þegar þeirri atkvgr. er lokið.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 765, 691, 6, 12, 13, 16, 761). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 691, 6 felld með 23:12 atkv.
Brtt. 691, 12, 13, 16 teknar aftur.
Brtt. 894 samþ. með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, BÍG, EH, GeirH, FÞ, FrS, NL, GGS, HÁ, HBl, KMT, ÓÞÞ, PP, GHG, RH, StG, SV, StH, SvH, ÞP, IG.

nei: EK, GE, GHelg, HG, JS, BjG, KP, KJóh, KH, SJS, SvG.

GSig, GJG, KSK greiddu ekki atkv.
4 þm. (GA, MB, ÓE, PJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil vitna til þess að hér rétt áðan var felld brtt. á þskj. 691 og að þeirri till. felldri vil ég taka það fram að ég ber góðan hug til byggingarsamvinnufélaga og vil styðja þau og efla, en ég get ekki samþykkt að þau gangi í sjóði Byggingarsjóðs verkamanna, sjóði, sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir, sjóði sem hafa lög og reglur um ákveðnar hámarkstekjur og eignir. T. d. byggingarsamvinnufélagið Búseti hefur engin ákvæði um hámarkstekjur eða eignir. Þess vegna gætu allir ráðh. núverandi ríkisstj. verið félagsmenn og fengið íbúð hjá Búseta með 80% láni. Slíkt stríðir algjörlega á móti stefnuatriðum mínum og verkalýðsfélaganna og tilgangi Byggingarsjóðs verkamanna. Ég greiði því ekki atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Með tilvísun til seinni hluta grg. 7. þm. Reykv. segi ég já.

Brtt. 761,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 761,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Iðnlánasjóður, frv. 265. mál (þskj. 504). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 593). — Frh. 1. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., nr. 305, og annað mál sem því tengist náið, 306. mál, varðar skattlagningu á bankastofnanir og tekjur ríkissjóðs af þeirri gjaldtöku. Það er rétt að ræða hér í upphafi svolítið almennt um þá stefnu sem birtist í þessum frv. ríkisstj. og hvernig hún kemur heim og saman við aðrar ráðstafanir sem ríkisstj. hefur staðið fyrir í sambandi við ríkisfjármálin, bæði nú að undanförnu og einnig í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár. Segja má að sú skattlagningarstefna, sem í þessum frv. báðum felst, falli mjög vel að því sem hefur verið að gerast í sambandi við skattlagningu hjá ríkisstj., bæði á síðasta ári og eins á þessu ári.

Við höfum orðið vitni að því að skattar hafa verið þyngdir á launafólk í landinu með ákvörðunum um tekju- og eignarskatt sem teknar voru af ríkisstjórnarliðinu á hv. Alþingi nýlega, þrátt fyrir gefnar yfirlýsingar um hið gagnstæða af hálfu stjórnarflokkanna og þvert ofan í þá kjarasamninga sem gerðir voru í febrúarmánuði, þar sem ákveðin fyrirheit voru gefin af ríkisstj. hálfu, m. a. í skattamálum.

Á sama tíma og þannig er gengið að launafólki í landinu hefur ríkisstj. ívilnað atvinnurekstri í landinu stórlega í sambandi við skattlagningu með ákvörðunum þar að lútandi fyrr á þinginu. Þessar ívilnanir á skattlagningu til fyrirtækjanna varða ekki mest framleiðslufyrirtækin í landinu, þó að þau falli einnig þar undir, heldur koma þar við sögu aðilar sem standa í hvers kyns rekstri, milliliðir og aðrir sem hafa betri aðstöðu til þess en flestir aðrir að skjóta sér undan þeirri skattlagningu sem ákveðin er lögum skv. og sem mjög hefur verið til umr. hér á hv. Alþingi að tilhlutan stjórnarandstöðunnar, þ. e. þau miklu brögð sem talin eru vera á réttum skattskilum. Þannig fellur þetta saman, afstaða hæstv. ríkisstj. annars vegar gegn launafólkinu í sambandi við skattheimtumál, þar sem um er að ræða íþyngingu, en á sama tíma og bætt er við sköttum á launamenn lækka þeir á fyrirtæki.

Þau frv. sem hér eru til umr., frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta og frv. til l. um breytinga á lögum nr. 65 frá 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana, falla vel að þessari almennu skattlagningarstefnu ríkisstj. En það vekur alveg sérstaka athygli þegar slík mál koma fram hér í þinginu sem varða hag ríkissjóðs svo tugum ef ekki

hundruðum millj. skiptir í sambandi við tekjur til ríkissjóðs á þessu ári og næstu tveimur árum, að við erum að fjalla um það dagana á eftir að greidd hafa verið hér atkv. um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, um bandorminn fræga, gat fjmrh. sem stjórnarflokkarnir gerðu tilraun til að stoppa upp í, gat, sem þeir sjálfir áttu drjúgan hlut í að mynda og báru alla ábyrgð á í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, en stækkað var vitandi vits af stjórnarflokkunum með þeim ákvörðunum sem teknar voru strax á síðasta ári varðandi fjármál ríkissjóðs og niðurfellingu á sköttum á því ári sem juku að sjálfsögðu á vandann þá en koma einnig inn í tekjudæmi ríkissjóðs á þessu ári.

Það má satt að segja undarlegt heita og ber ekki vott um að menn séu mjög vandir að virðingu sinni á þeim bæ, á búi hæstv. fjmrh., að á sama tíma og helsta úrlausnin til að fylla í fjárlagagatið vegna yfirstandandi árs eru hér borin fram enn og aftur frv. sem lúta að því að rýra tekjur ríkissjóðs. Og hverjir eru það sem eiga að njóta þessarar gjafmildi? Hver er litli maðurinn í því tilviki? Jú, það eru þær bankastofnanir í landinu sem gjaldeyrisviðskipti stunda og það eru innlánsstofnanir almennt í sambandi við skattlagningu og skattskil. Þetta er svo lýsandi afstaða sem hér kemur fram í þessum málum, eins og mörgu öðru sem á undan var gengið, að fyllsta ástæða er til að staldra við, þegar nú koma fram frv. af þessu tagi, og inna hæstv. fjmrh. m. a. eftir því, hvað komi næst í þessum efnum, hvað hann hafi á döfinni í sambandi við fjárlagagerðina fyrir komandi ár þegar þetta er liður í undirbúningi fyrir ríkissjóðsdæmið á komandi ári.

Komið hefur fram í máli hæstv. ráðh. annars vegar og í þeim álitum, sem minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. hefur gefið á tekjuáhrifum þessara frv., að þar munar mjög miklu. Þær tölur, sem hæstv. fjmrh. las og sagði að komnar væru frá sínu rn. að hluta til, ef ég hef skilið hann rétt, eru verulega aðrar og lægri en þær sem minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. tekur til í sínu nál. Nú skal ég ekki leggja neitt endanlegt mat á það hvaða tölur geta talist nær réttu lagi í þessu efni. En ég hef ástæðu til að ætla að hæstv. fjmrh. leggi sig nokkuð fram um að fegra þetta dæmi sem hann ber hér fram. Það er kannske ekki óeðlilegt því að nógu ljót er sú stefna samt sem þar býr á bak við, þegar tillit er tekið til þess hvers konar álögur það eru sem hæstv. ráðh. hefur borið hér fram gagnvart launafólki í landinu, hinum almenna skattgreiðanda og það ekki alls fyrir löngu þvert ofan í gefin loforð. Ég vil inna hæstv. ráðh. eftir því hvort þær tölur, sem hann nefndi hér áðan og lofaði að komið yrði á framfæri við þm. og sem ég vænti að hæstv. ráðh. geri, eru fengnar frá fjárlaga- og hagsýslustofnun og hvort það er fjárlaga- og hagsýslustofnun sem stendur að baki þessu mati.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðh. vitnaði til bankaeftirlitsins í þessu efni og ekki er að efa að það hafi lagt sitt mat á þessa þætti. En ég tel sem sagt að nauðsynlega þurfi að fara betur ofan í tekjuáhrifin, tekjutapið hjá ríkissjóði í sambandi við þessi efni. Ef það reynist svo, eins og minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. hefur dregið fram, að tekjutap vegna þessara frv. beggja á árinu 1984 nemi nálægt 50 millj. kr. á þessu ári og 100—200 millj. á næstu tveimur árum, þá er hér ekki um neinar smáupphæðir að ræða, m. a. miðað við þann niðurskurð sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fram í sambandi við nýsamþykktar ráðstafanir í ríkisfjármálum og þær þrengingar sem virtust ríkja á stjórnarheimilinu í sambandi við það mál. Ekki fór fram hjá mönnum þá að kveinstafir miklir heyrðust í sambandi við þann niðurskurð. Ég skil vel að það var ekki sársaukalaust fyrir ýmsa fagráðherra, sem áttu að leggja í það púkk, að taka þar á málum. Enda reyndist uppskera hæstv. fjmrh. í sambandi við niðurskurð á ríkisútgjöldunum harla lítil. Hann og ríkisstj. höfðu það ráð helst fram að færa að bæta við erlendar lántökur landsmanna upp á samtals um röska 2 milljarða kr., ef ég man rétt.

Við skulum gefa okkur að sú tala sem hér er um að ræða á þessu ári sé um 50 millj. kr. eða eitthvað nálægt því, þó að ég taki gjarnan við öðrum útreikningi og sé reiðubúinn til að skoða hann. Við skulum líta aðeins á þessa tölu, m. a. með tilliti til afgreiðslu sem tillögur minni hl. fjvn. hér á Alþingi fengu, þær undirtektir sem tillögur hennar fengu hér við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Minni hl. fjvn. stóð sameinaður að einni brtt. Þessi brtt. minni hl. fjvn. fjallaði um það að hækkuð skyldu framlög til dagheimila í landinu um 20 millj. kr. á þessu ári. Það var sameinuð ósk stjórnarandstöðunnar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. En undirtektir meiri hl. fjvn. og ríkisstjórnarliðsins hér á Alþingi voru augljósar í þessu máli. Till. var felld með sameinuðu afli atkv. beggja ríkisstjórnarflokkanna. Hér er um að ræða lægri upphæð en það sem hæstv. ráðh. ætlar nú að færa bankastofnunum í landinu á þessu ári, þessum aðþrengdu aðilum, sem hafa verið að sýna nú að undanförnu eins og mörg fyrirtæki í landinu, þar á meðal stórfyrirtæki með afkomu sem segja sína sögu. Og það gæti nú verið að það færi að skýrast fyrir mönnum táknmálið hæstv. fjmrh., sem fleygt varð í sjónvarpsviðtali, þar sem ríkisfjármálin voru til umr. og hann vísaði landslýðnum á vin litla mannsins í ríkisstj. Það gæti jafnvel verið að börnin á dagheimilum landsins færu að frétta af því hver hann væri og í hvaða líki hann væri, þessi vinur litla mannsins í ríkisstj.

En þær voru fleiri tillögurnar, sem sameinaður meiri hl. ríkisstjórnarliðsins felldi við afgreiðslu fjárlaga hér á liðnum vetri, tillögur sem vert er að rifja upp þegar hér eru til umr. frumvörp sem eiga að færa bankastofnunum í landinu verulegar upphæðir þeim til hagsbóta. Ég minni t. d. á að því var hafnað af ríkisstj. að verða við lágmarksleiðréttingum í sambandi við fræðslumálin í landinu. Ég veit að hæstv. menntmrh. man eftir því hvaða afgreiðslu tillögur stjórnarandstöðunnar um fjármál Námsgagnastofnunar fengu við fjárlagaafgreiðslu, stofnunar sem svo er aðþrengd nú að hún getur ekki sinnt lögboðnu lágmarkshlutverki og það bitnar á öllu skólastarfi í landinu. Tillögur stjórnarandstöðunnar um að bæta úr brýnustu þörf Námsgagnastofnunar með því að veita stofnuninni nokkrar millj. kr. umfram það sem meiri hl. fjvn. gerði ráð fyrir voru kolfelldar hér af ríkisstjórnarliðinu. En því var heitið á sama tíma að ríkisstj. tæki málefni stofnunarinnar til meðferðar á þessu ári með það fyrir augum að bæta þar úr brýnustu þörf, málefni Námsgagnastofnunar yrðu til sérstakrar meðferðar af hálfu ríkisstj. á þessu ári. Nú spyr ég hæstv. fjmrh., vegna þess að hann hefur efni á því að bera hér fram frv. til að létta á sköttum bankastofnana í landinu svo að tugum milljóna skiptir: Hverjar eru

tillögur hans í sambandi við leiðréttingu á málefnum Námsgagnastofnunar á þessu ári? Í hverju verður það framlag fólgið, sem hæstv. ráðh. ætlar að veita Námsgagnastofnun, bæði til almennrar útgáfu, kennslugagna og sérkennslugagna þeirrar stofnunar, til að bæta úr því ástandi, sem líkja má við neyðarástand, sem þegar ríkir og augljóst er að mun versna til muna þegar kemur að næsta skólaári á komandi hausti?

Ég vil minna á það, að ein af tillögum okkar stjórnarandstæðinga í sambandi við fjárlagagerðina fyrir jólin var um það að veita 15 millj. kr. til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðu í staðinn fyrir 2 millj. kr. framlag, sem ríkisstj. ætlaði sér að skammta — og skammtaði í reynd til þessarar byggingar, sem á að hýsa aðalbókasafn landsmanna, byggingarframkvæmda sem nú hafa verið stöðvaðar af ríkisstj., sem metur það sem forgangsverkefni í staðinn að taka 600 millj. kr. erlend lán til að reisa höll suður á Keflavíkurflugvelli, flugstöð suður á Keflavíkurflugvelli margfalda að stærð og umfangi umfram það sem nokkur rök mæla með. Þessir sömu aðilar og stóðu að þeirri afgreiðslu að stöðva byggingu þjóðarbókhlöðu í landinu, en hleypa áfram og leggja allan kraft í að fara fram með byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, sem við vorum að fá fréttir af núna nýlega, ég held að það hafi verið í ríkisfjölmiðlunum í dag, að væri á fullu skriði. Það væri búin jarðvinnan og þar væri unnið á fullri ferð. Þetta gerist suður á Miðnesheiði á sama tíma og framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu Íslendinga hafa verið stöðvaðar. Og þetta gerist á sama tíma og Seðlabankabyggingin brunar áfram þrátt fyrir það að megn andstaða er eðlilega gegn þeirri framkvæmd bæði innan þings og vítt úti í þjóðfélaginu. Það er sannarlega táknrænt að ríkisstjórn, sem ekki telur sig hafa efni á því að halda áfram, þótt í litlu væri, byggingu yfir bókakost og handrit í landinu, þessi sama ríkisstj. hefur efni á því að bera hér fram frv. um að létta sköttum af bankastofnunum með þeim hætti sem fram kemur í þeim frv. sem hér eru til umr.

En það er fleira sem vert er að leiða hugann að þegar mál sem þessi eru hér til umr. Ein af till. okkar stjórnarandstæðinga í sambandi við fjárlagagerð yfirstandandi árs var um það að hækka framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands úr 13.6 millj. kr. í 20 millj. kr. og bæta með því úr þeim vansa, sem við blasir og eftir er tekið, að framlag Íslendinga til þróunaraðstoðar er langt fyrir neðan það sem gerist hjá öðrum Norðurlandaþjóðum og er okkur til mikils vansa með tilliti til okkar aðstæðna. Þótt bágar séu taldar þessa stundina, þá eru þær ekki svo bágar, hæstv. fjmrh., að þær réttlæti það að á sama tíma og ríkisstj. telur ekki fært að auka að tiltölu framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, þá skuli vera talin sérstök ástæða til þess að slaka á skattheimtu hjá gjaldeyrisviðskiptabönkum landsins og skattlagningu á innlánsstofnanir. Það er þessi stefna, sem ástæða er til að vekja athygli á, þegar við erum að fjalla um mál sem þessi.

Og það voru fleiri atriði, sem til meðferðar voru við afgreiðslu fjárlaganna, þessara vísindalegu fjárlaga, sem hæstv. fjmrh. lofaði og prísaði á sínum tíma, tveimur eða þremur mánuðum áður en hann leit ofan í það ginnungagap sem næstum því var búið að gleypa ríkisstj. alla en henni tókst að stikla fram hjá með því að skella ofan í þetta ginnungagap erlendum lántökum upp á 2 milljarða kr. (**Fjmrh.:** Við sigldum í gegnum það.) Við sigldum í gegnum það, sagði hæstv. fjmrh. Ja, það er von að hann segði það með nokkurri hreykni. Það verður ekki af hæstv. ráðh. skafið að hann er kokhraustur maður. Hann er ekki aðeins kokvíður, eins og segja má um ýmsa sem eru að gleypa eigin orð, eins og hæstv. félmrh. hér fyrr á þessu kvöldi, heldur er hann kokhraustur þegar hann heldur því fram að ríkisstj. hafi siglt í gegnum ginnungagapið fjárlaganna sem hæstv. ráðh. ber ábyrgð á. (Gripið fram í.)

Nú ætla ég að lofa hæstv. ráðh., sem er farinn að tala hér úr hliðarsal, að fá orðið svo að ég nemi hvað hann segir. Hvað var það sem hæstv. ráðh. sagði? (**Fjmrh.:** Ég sagði: Við sigldum á ykkar mistökum og fyrrv. ríkisstj. Það er gatið.) Hæstv. fjmrh. telur að hann hafi fleytt sér inn í ríkisstj. á mistökum stjórnarandstöðunnar. (**Fjmrh.:** Á mistökum fyrrv. ríkisstj.) Já, mistökum fyrrv. ríkisstj. Hæstv. ráðh. reynir enn, þótt komið sé að ársafmæli ríkisstj. hans, að fleyta sér á lummum um mistök fyrrv. ríkisstj., maðurinn sem ber ábyrgð á fjárlögum ársins 1984, eins og þau voru lögð fyrir, maðurinn sem uppgötvaði tveimur mánuðum eftir að Alþingi hafði samþykkt þessi vísindalega unnu fjárlög, að þar vantaði á um 2 milljarða kr. segir okkur það, að hann hafi siglt með ríkisstj. alla í gegnum þetta ginnungagap. Ég held, hæstv. fjmrh., að málið sé ekki eins auðvelt og ráðh. vill vera láta. Ég hygg að hann eigi eftir að finna fyrir því þegar kemur lengra fram á árið, ég tala nú ekki um þegar hæstv. fjmrh. sest yfir fjárlagagerð komandi árs og lánsfjáráætlun ársins 1985, og hann muni kannske íhuga það hvort honum hafi alveg ratast rétt orð á munn aðfaranótt 15. maí 1984, að komið sé fram hjá ginnungagapinu.

En það voru fleiri þættir til meðferðar hér í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna sem voru unnir í merki þess að hæstv. ráðh. hafði séð ástæðu til að svipta ríkissjóð ýmsum tekjuliðum á s. l. ári, ákvarðanir sem að sjálfsögðu skipta máli í tekjudæmi þessa árs, ekki aðeins hins síðasta, og eiga eftir að koma fram í sambandi við fjárlagagerð á komandi ári. Þar er ég m. a. að minna á skattinn á ferðamannagjaldeyri, sem hæstv. ráðh. hafði frumkvæði að að fella niður á sínum tíma, og tollalækkanir á ýmsum innflutningi, sem ekki er nú svona talinn til nauðþurfta allur a. m. k., innflutningi sem hæstv. ráðh. lækkaði tollana á og lækkaði þar með í ríkiskassanum á árinu 1983 og einnig tekjumöguleika ríkissjóðs á þessu ári.

Og það er vert að minnast þess, vegna þess að við erum nú um þessar mundir að bíða eftir því hér í hv. Nd. að frv. ríkisstj. um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar komi hér til umr., að stjórnarliðið treysti sér ekki til þess við afgreiðslu fjárlaganna að verða við brtt. um hækkun framlaga til lækkunar húshitunarkostnaðar, heldur felldi þær tillögur með sameinuðu afli atkv. beggja stjórnarflokkanna. Raunar segir sú afgreiðsla ekki alla sögu, því að það liggur nú fyrir, hæstv. fjmrh., eins og hæstv. iðnrh. veit væntanlega manna best, að ríkisstj. gerðist svo djörf í þessu máli, sem átti að vera ein helsta skrautfjöður hennar í sambandi við kjararáníð vorið 1983 og setningu brbl., sem sviptu launafólk umsömdum verðbótum og færðu tekjur launamanna niður um fjórðung á árinu 1983, þá átti ein helsta mildandi aðgerð að vera sú að bæta við 150 millj. kr. til þess að lækka húshitunarkostnað hjá þeim sem erfiðast eiga í þeim sökum. En síðan kemur það bara í ljós þegar

kemur svolítið fram á árið 1984 og hæstv. iðnrh. þarf á því að halda að bæta eitthvað hlut sinn í sambandi við húshitunarkostnaðinn í landinu og heldur blaðamannafund til þess að tilkynna það fagnaðarerindi að nú verði varið fjármunum til orkusparandi aðgerða? Og víst er um það, að það geta verið gagnlegar aðgerðir. En fjármagnið til þessara aðgerða, hvaðan kom hæstv. iðnrh. fjármagnið? Jú, það hafði fundist í fjárhirslum hæstv. fjmrh. fjármagn, sem ætlað hafði verið til þess að lækka húshitunarkostnað hjá þeim verst settu á síðasta ári, fjármagn til þess að leggja í orkusparnaðaraðgerðir á þessu ári og komandi ári. Þá uppgötvaðist það nefnilega, hæstv. fjmrh., að milljónunum 150, sem hæstv. fjmrh. hafði heimild til að verja og setja reglur um á síðasta ári að varið yrði til að lækka húshitunarkostnað í landinu, þeim hafði bara ekki verið varið í þessu skyni, ekki einu sinni helmingi þeirrar upphæðar hafði verið varið til þess að lækka húshitunarkostnaðinn. Aðeins 70 millj. kr. höfðu komið út úr ríkissjóði á síðasta ári í þessa mildandi aðgerð, sem átti að vera ein helsta sárabótin fyrir það fólk sem þyngstar ber byrðarnar í þessum efnum, byrðar sem voru þyngdar stórlega af ríkisstj. á árinu 1983, bæði með hækkuðum húshitunarkostnaði og til viðbótar verulegum hækkuðum kostnaði heimilisrafmagns í landinu, þannig að nemur a. m. k. 10 þús. kr. á meðalfjölskyldu það sem menn þurftu að leggja til til viðbótar vegna beinna aðgerða ríkisstj.

Þetta eru aðgerðir ríkisstj. sem nú hefur efni á því undir þinglokin að ætla að knýja hér fram frumvörp til þess að bæta hag bankastofnana og fjármálastofnana í landinu. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig stóð á því, hvaða búhyggindi voru það sem réðu því að ekki var varið einu sinni helmingi þeirrar heimildar sem ríkisstj. taldi þörf á að afla sér á síðasta ári til að lækka húshitunarkostnað í landinu, að ekki einu sinni helmingi af því var varið í þessu skyni? Er það hæstv. fjmrh. sem ber ábyrgð á þeirri ráðstöfun eða er það hæstv. iðnrh. sem sótti ekki fjármagnið niður í fjmrn.? Ég tel alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðh. upplýsi okkur um það hver ber ábyrgð á þessari ráðsmennsku.

Nú var það tekið fram í þessum brbl. að það væri fjmrh. sem setja mundi reglur um nýtingu þessa fjármagns. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hverjar voru reglurnar sem hann setti og er það þá á hans ábyrgð að ekki var varið helmingi þessarar upphæðar, ekki nema 70 millj. kr. af 150 millj. kr. heimild í umræddu skyni? Ég spyr líka hæstv. fjmrh.: Er þá hugmyndin að þetta fjármagn, sem ekki var notað á síðasta ári, komi til greiðslu á þessu ári og í hvaða skyni og með hvaða hætti verður því þá varið? Ég tel að það sé aldeilis óhjákvæmilegt, þegar við erum að fjalla um frv. sem færa tekjur úr ríkissjóði yfir til fjármálastofnana í landinu, að við fáum upplýsingar um þætti sem þessa.

Þessi frv. sem við erum að ræða hér, og er komið fram undir miðnætti, þau eru vissulega ein varðan enn á vegferð núv. ríkisstj., sem lítur á það sem eitt helsta markmið sitt í ríkisfjármálum og í sambandi við fjármálatilfærslu í landinu að færa tekjur frá launamanninum yfir til litla mannsins fjmrh., fyrirtækjanna í landinu, milliliðanna í landinu, einkaaðila í landinu sem þjónustustarfsemi stunda. Það eru þessir aðilar sem eru litli maðurinn, sem fjmrh. hæstv. hugsar til í reynd, og við þetta bætast nú bankastofnanirnar með þeim frv. sem hæstv. ráðh. hefur mælt hér fyrir og hér eru til umr.

Það er líka athyglisvert að sjá, jafnframt því sem við virðum fyrir okkur yfirbreiðslu hæstv. fjmrh. varðandi tekjuáhrif þessara frv., hvernig tekið er til orða í sambandi við það hvaða áhrif þessi breyting í frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta muni hafa við kaup og sölu á erlendum gjaldmiðli. Í aths. með þessu stjfrv., í lok þess, segir: „Með niðurfellingu gjaldsins er þess að vænta að mismunur kaup- og sölugengis erlends gjaldmiðils verði ákveðinn með hliðsjón af breyttum aðstæðum svo og ýmis gjöld vegna þessara viðskipta endurskoðuð.“ „Þess er að vænta,“ segir hér. Sterkara er nú ekki tekið til orða. Og ég inni hæstv. fjmrh. eftir því hvaða tryggingu hann gefur okkur fyrir því að þessi breyting eigi sér stað, þessi breyting, sem ég var að gera hér grein fyrir. Er hæstv. fjmrh. farinn eitthvað að sljóvgast á nýjum degi — (**Fjmrh.:** Að sofna.) eða leggur ekki við hlustir sem skyldi? Hann er kannske að hugsa til litla mannsins og hverjar eigi að vera gjafirnar, næstu gjafirnar sem hann færir litla manninum, sem hann lætur sig vafalaust dreyma um, ekki aðeins að hann hugsi til hans í vöku, fyrirtækjanna, milliliðanna og bankastofnana í landinu sem er á hægra brjósti hæstv. ráðh.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins rifja upp hvernig frv. þau sem hér eru til umr., um skattskyldu innlánsstofnana, eru til komin. Eins og kunnugt er voru samþykkt á Alþingi 7. maí 1982 lög um skattskyldu innlánsstofnana. Lögin voru samin í miklum flýti og voru í sjö greinum. Hins vegar voru fimm ákvæði til brb. vegna þess að lögin gátu ekki tekið gildi það ár. Í síðasta ákvæði til brb. stendur:

„Lög þessi og lög nr. 40/1969 (þ. e. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta) skulu endurskoðast af starfandi bankamálanefnd fyrir þingbyrjun haustið 1982“.

Það var sem sagt viðurkennt af Alþingi þegar lögin voru samþykkt 7. maí 1982 að þau hefðu verið samin í miklum flýti og þyrftu nánari endurskoðunar við. Eytt var í það mjög miklum tíma af starfandi bankamálanefnd það sumar að endurskoða lög þessi. Áttu sæti í þeirri nefnd aðilar frá öllum flokkum sem þá áttu sæti á Alþingi. Skilaði nefndin af sér fyrir þingbyrjun sameiginlegu áliti ágreiningslaust. Meginniðurstaða þess álits er nú komin hér í frv. til l. eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið í Ed., en hæstv. fjmrh. lagði frv. fram í nokkuð breyttri mynd og lagði á bankastofnanir þyngri skyldur en nefndin hafði lagt til. Þó hafði nefndin lagt til að eignarskattur yrði felldur niður af bönkunum, en hins vegar talið álitamál hvort ætti að fella niður gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta, en það hendist nokkuð á munum það gjald og eignarskatturinn, þannig að segja má að í stórum dráttum sé þessi niðurstaða í góðu samræmi við það sem nefndin lagði til haustið 1982 og var undirritað af fulltrúum allra þeirra flokka sem áttu sæti á Alþingi.

Þannig eru þessi frv. til komin. Mér þótti skylt að upplýsa það hér því að ég tók þátt í því að semja þau, sem mikill stuðningsmaður fyrri ríkisstj., og lagði mig fram um það sem formaður þeirrar nefndar að ná um það góðu samkomulagi við fulltrúa annarra stjórnmálaflokka.

Menn ræða gjarnan hér um það að með þessu sé verið að létta sérstaklega af bönkunum og má það vel vera. En það vill nú svo til að þessir sömu bankar hafa mjög mörg tækifæri til þess að koma því á atvinnulífið og einstaklinga. Þetta er ekki spurningin um það að minnka þeirra tekjur, vegna þess að gjald það sem hér er lagt á leggst að sjálfsögðu á einstaklinga og atvinnulífið í landinu. Það er að mínu mati miklu betra að hafa vaxtamun minni og ganga ekki of langt í skattlagningu bankastofnana. Það er að mörgu leyti miklu heilbrigðari leið og fráleitt að halda því fram að hér sé sérstaklega verið að leggja á bankana. Bankarnir eru ekkert annað en þjónustustofnanir við atvinnulífið og einstaklingana og fá því miður og þurfa allt of mikið fyrir sinn snúð. Vaxtamunur er orðinn allt of mikill í landinu og kostnaður við bankakerfið of mikill og mikil nauðsyn að skrúfa ofan af því kerfi. En um það hefur ekki tekist góð samstaða. Ég man ekki betur en hv. 5. þm. Austurl., sem hér talaði áðan, hafi verið með í því að fjölga útibúum og gera það m. a. skömmu áður en hann fór úr sæti iðnrh., þannig að ekki hefur hann hjálpað til við að draga úr kostnaði í bankakerfinu, því miður.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Síst ætla ég nú að lasta það að menn endurskoði hlutina. Ég hef ekkert á móti því að endurskoða og ég hef raunar komið að því hér áður að ég tel það skyldu stjórnvalda að láta á hverjum tíma fara fram endurmat og endurskoðun á stjórnkerfinu, hinum ýmsu hlutum þess, hvernig þeir vinna og kannske mest hvernig þeir vinna ekki. Og ekki er síður ástæða til að rannsaka hvernig háttar til í bankakerfinu og reyna svona að straumlínulaga það og sníða það betur að þörfum tímans. En ég held að við getum ekki litið á þetta mál einhverjum náttúrulausum endurskoðunaraugum. Þetta er spurning um afstöðu til samneyslu og þetta er spurning um sæmilega raunhæft mat á stöðu okkar sameiginlegu sjóða í dag. Það er tímasetningin á þessum frv.-flutningi sem er að mínu viti alveg glórulaus. Það eru ekki nema — mér liggur við að segja nokkrar klst. eða nokkrir sólarhringar síðan við lukum langri og strangri yfirferð yfir „bandorminn" svokallaða og grundvallarástæðan fyrir tilvist bandormsins er náttúrlega fjárskortur á öllum stigum kerfisins. Okkur vantar peninga til allra skapaðra hluta. Okkur vantar peninga í skólakerfi, okkur vantar peninga í heilbrigðiskerfi og okkur vantar peninga hreint úti um allt. Út af því er þetta blessaða gat. Það var athugað og það var leitað með logandi ljósi að möguleikum til að leggja á nýja skatta. Það var athugað með bílaskatta, vegaskatta, bensínskatta og alls konar skatta vegna þess að það var náttúrlega augljóst að meira fjár var þörf. Okkur vantaði meiri peninga. Um það snerist allt saman.

Ég held að það sé hverjum manni augljóst að hver einasti skattstofn sem við leggjum niður við þær aðstæður sem nú ríkja, t. d. þessi hérna, skilar sér bara í erlendum lánum. Í staðinn fyrir að innheimta þessa peninga af erlendum peningaviðskiptum, eins og hefur verið gert, erum við bara að tala um að taka líklega álíka háa upphæð í erlendum lánum í haust. Þarna er bara spurningin hvort við viljum setja börnin okkar á e. k. nauðungaruppboð, stækka þennan part sem við flytjum til þeirra og ætlum þeim eða öðrum, sem á eftir koma, að sjá um að bæta. Og það er af þeim ástæðum sem ég er algjörlega á móti innihaldi þessa frv. Eftir alla þá blankheitaumræðu sem hér hefur staðið að undanförnu finnst mér hreinlega móðgandi fyrir alþm. að fá þetta svo framan í sig. Við erum að tala um, eins og ég segi, að auka erlend lán sem þessu nemur í haust. Og síðan vitum við hvernig erlendu lánin eru notuð. Þau eru notuð á hverjum tíma til þess að berja menn til hlýðni. Við vitum hvernig erlenda lánasvipan hefur verið notuð allt frá því fyrir kosningar á síðasta ári til þess að reka fólk inn í réttina, berja það til hlýðni, standa nú alveg klárir á því að menn vogi sér hvorki að æmta né skræmta út af því að þeir hafi það slæmt. Menn eiga ekki að kvarta yfir því að hert sé að þeim í skólamálum, börnin þeirra fái ekki þá bestu menntun sem hugsast getur, að kostnaður við læknaþjónustu hækki, að það sé samdráttur í heilbrigðiskerfinu. Menn mega ekki kvarta yfir neinu af þessu vegna þess að erlendu lánin eru komin upp fyrir eitthvert mark, viðvörunarmark sem meðaltalsmaskínustjórinn kallar, 60% markið. En hér erum við bara að tala um að flytja þessa bankaskatta til erlendu lánanna í haust og svo fáum við það í hausinn náttúrlega næst þegar verður umr. um fjárlög að erlendu lánin séu því miður orðin svo há að nú verðum við enn þá að draga saman, nú verðum við enn þá að minnka við okkur hér og þar. Ég held að menn ættu stórlega að vara sig í þessum efnum. Hér er á ferðinni allt annar hlutur heldur en t. d. 10% gjaldeyrisskatturinn sem við vorum að tala um hér fyrir einhverjum vikum.

Víkjum síðan að öðru. Það sem er kannske að birtast sífellt betur með hverjum deginum, með hverri vikunni sem líður er innrætið, þ. e. afstaðan sem ríkisstj. hefur til þess hvar hún lætur hlutina koma niður. Ef við rifjum nú aðeins upp það sem við höfum séð að undanförnu þá er náttúrlega fyrst frægan að telja bandorminn. Hvað gerist í bandorminum eftir þriggja mánaða stapp og alls konar spekúlasjónir um hugsanlega tekjustofna, um hugsanlegan sparnað? Allur sparnaðurinn í bandorminum, sem við getum sagt að hægt sé að festa hönd á, er í fyrsta lagi í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna, í öðru lagi í sambandi við sjúkradagpeninga, í þriðja lagi í sambandi við læknishjálp og í fjórða lagi í sambandi við tannréttingar eða minnkun tannlæknakostnaðar. Annað eru bara óskhyggjuyfirlýsingar, það eru heimildir. Það er t. d. heimild fyrir fjmrh. til að lækka ríkisútgjöld allt að 370 millj. kr. skv. 1. gr. Síðan hefur margsinnis komið fram, bæði í umr. hér í þinginu og í nefnd, að ekkert er vitað nánar um hvernig eigi að spara þessar 370 millj. Það eina sem hönd er á festandi er að vísu lækkun niðurgreiðslna en síðan er bara listi, sem gæti eiginlega hljóðað á þessa leið, eins og segir í aths. um 1. gr.: Okkur hefði langað að spara í forsrn. um 6 millj. — og gott þætti okkur að spara í menntmrn. um 25. Og ekki væri lakara að spara í utanrrn. um eins og tvær.

Þetta er í raun og veru það sem þarna stendur. Það er ekki neitt sem hönd er á festandi um það í hverju á að spara. Það sem þeir gátu fest höndina á voru sjúklingarnir sem þurfa að fara til læknisins og borga núna 300 kr. í staðinn fyrir 100 kr. Það eru sjúklingarnir sem þurfa að kaupa lyfin sín og borga 300 kr. í staðinn fyrir 100. Þar var öruggur gjaldstofn sem ekki var hætta á að hrökklaðist frá. Við höfum líka sparnaðinn í tannlæknakostnaðinum vegna þess að eins og þar stendur — og

ætti nú eiginlega að komast á spjöld sögunnar, við verðum eiginlega að sjá til að svo verði — einhvers staðar: Kostnaður vegna tannréttinga hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur. Við lékum okkur að því í þessari umr. að setja inn ný orð, t. d. að í staðinn fyrir tannréttingar stæði hjartasjúkdómar. Við sögðum: Kostnaður vegna hjartasjúkdóma hefur hækkað úr hófi og þykir því rétt að einstaklingar beri meiri ábyrgð á kostnaði þessum en verið hefur. Eða geðsjúkdómum eða yfirleitt hverju sem væri. Þarna eru hinir öruggu tekjustofnar sem ekki fara í burtu. Ef krakkagreyin eru svo óheppin að vera fædd með skakkar tennur og þurfa nauðsynlega á þeirri þjónustu að halda þá er velt kannske upphæð af stærðargráðunni 20 þús. kr. pr. hvert barn yfir á foreldrana. Öruggur tekjustofn.

Þarna sýnist mér birtast viðhorf ríkisstj. til efnahagsmála og til sparnaðarmála. Þeir berja sér á brjóst. Þegar t. d. rætt var um það í sambandi við fjárlagagerð að ekki væri nú gott að skera niður barnaheimilabyggingar eins og á horfðist og ekki væri gott að horfa upp á þennan samdrátt í skólakerfinu, þá var sagt: Ja, við skiljum það engu verr en þið. Okkur tekur þetta mjög sárt, en maður verður nú að vera raunsær. Við eigum ekki peninga í þetta. Við eigum ekki þessar 20 millj. Við þurfum að spara þessar 20 millj. sem hefðu farið í barnaheimilin. Þetta er nú bara hinn bitri sannleikur. Þetta er raunveruleikinn. Frammi fyrir þessu stöndum við.

Þetta voru hinir raunsæju peningamenn og þetta raunsæi kemur svona niður, við sjáum hvernig þeir hafa sparað peninga. Þeir spara peningana á þeim sem þurfa læknishjálpar með. Það eru sparaðir peningarnir hjá þeim sem þurfa t. d. tannlæknaþjónustuna. Það eru sparaðir peningarnir í menntakerfinu. Það eru sparaðir peningarnir á barnaheimilunum. Það eru skorin niður námslán. Það er nú kapítuli út af fyrir sig að ríkisstj., sem skyndilega hefur uppgötvað framtíðina og má vart mæla vegna áhuga síns á uppbyggingu, nýsköpun, nýtækni, háþróun og öllu því líku, á sama tíma og þessi ríkisstj. ætlar nú loksins að hefja rannsóknir og þekkingu og hugvit til hásætis hjá Íslendingum þá skera þeir niður skólakerfið og stúdentana. Það er þokkaleg byrjun.

Þarna kemur kannske enn þá einu sinni fram skorturinn á sæmilegri framsýni. Menn ættu að minnast þess að það sem Bandaríkjamenn eru að uppskera núna í sínum atvinnulífsbyltingum, fyrst tölvubyltingunni og síðan líftæknibyltingunni, og við gætum talið þær fleiri, það er fjárfesting í menntakerfi sem þeir gerðu fyrir 25 árum síðan og var kennd við ferðina til tunglsins. Þá var þjóðin öll sammála um það að þeir yrðu náttúrlega að koma manni til tunglsins á undan Rússunum. Ég held því fram að þetta hafi bara verið lymskulegt yfirskin til þess að stuðla að rannsóknum í raunvísindum og kennslu í raunvísindum í Bandaríkjunum, til þess að réttlæta stórkostlegar fjárfúlgur sem voru settar í slíkt. En núna eru þeir að uppskera. Það var 25 ára áætlun. Það var 25 ára fjárfesting sem hefur borið ríkulegan ávöxt. Ég held að menn, sem eru búnir að uppgötva þessa framtíð og ætla sér að fara að halda inn á þessi svið, ættu ekki að byrja eins og gert er hér með samdrætti í skólakerfinu en að létta sköttum af bönkum.

Ég hef hér svolítið fjallað um það frá hverju peningarnir hafa verið teknir að undanförnu undir yfirskini þess að sjóðurinn sé tómur og okkur sé bráð nauðsyn að spara. En það er líka hægt að velta svolítið meira fyrir sér í hvað er verið að eyða peningunum okkar á þessum sama tíma. Það hafa verið rakin um það nokkur dæmi hér í kvöld. Við höfum byggingarkúnstir af ýmsu tagi, fyrst og fremst náttúrlega Seðlabankann. Mér óar við því hvað það hús kostar fullbúið ef fylgt verður sama standard í málverkakaupum og menn hafa frétt af á þeim bæjum að undanförnu. Við sjáum í hvað peningunum er eytt t. d. í bankaútibúunum. Þetta eru nú þessir sömu bankar sem er svo bráð nauðsyn að létta sköttunum af núna. Við höfum um þetta fleiri dæmi. Það var minnst hér áðan á flugstöð í Keflavík. Þó að þetta komi kannske ekki allt úr sömu sjóðum eru þetta á endanum allt saman peningar sem við þurfum að borga. Og þetta birtir manni aftur ákveðin viðhorf til samfélagsins, til samfélagslegrar neyslu og undarlegar hugmyndir um það hvernig menn undirbúa sig fyrir framtíðina.

Til þess að draga þetta mál saman vil ég segja það, að þó að ég sé og hafi sýnt það í vetur að ég sé fullkomlega fylgjandi því að menn endurskoði, að menn athugi fjáröflun og endurmeti skattlagningu og þess háttar, þá er það ranglátt að fella niður þennan skatt, það er rangt að leggja þessa tekjuöflun niður á sama tíma og sprengt er blóðið undan nöglunum á okkur við að draga saman og herða beltið í öllu sem heitir félagsleg þjónusta, en ýmiss konar minnisvarðabyggingar fyrir einstaka valdamenn eru þær sem ganga fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. 306. mál (þskj. 859). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana. Ég vona að hv. þm. virði mér það til betri vegar þó að ég flytji ekki langa framsöguræðu. Þetta mál var lagt fram í Ed. og hefur hlotið þar afgreiðslu á hefðbundinn hátt og legg ég því eingöngu til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skil mjög vel að hæstv. fjmrh. skuli ekki telja ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. sem nú er hér tekið fyrir, 306. mál, vegna þess að bæði hefur hann mælt fyrir frv. í Ed. og auk þess hefur málið verið rætt undir síðasta dagskrárlið, um umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta.

Hæstv. fjmrh. hefur látið mér í té áætlun um tekju- og eignarskatt banka og sparisjóða vegna rekstrarársins 1983 og þakka ég hæstv. ráðh. fyrir það og mun koma að því síðar í ræðu minni.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. einnig fyrir að halda því til haga að hann var formaður í bankamálanefnd sem síðasta ríkisstj. hafði í verkum á sínum vegum. Þáverandi hæstv. viðskrh. mun hafa skipað hana snemma á ferli þeirrar ríkisstj. Hún hafði ýmiss verkefni á sínum prjónum og þokaði einhverju áleiðis. Síðan kom babb í bátinn, eins og kunnugt er. Það var skipt um formann í nefndinni og ég held að hún hafi síst lagast við það. Án

þess að ég hafi haldið eða haldi yfirleitt miklar lofræður yfir hæstv. núverandi sjútvrh. hygg ég að nefndin hafi verið betur komin í hans höndum en þess sem tók við af honum.

Inn í þessar umr. hefur hæstv. sjútvrh. blandað nokkuð aðdraganda þessa máls og ég held að það sé þá rétt að hv. alþm. fái um það upplýsingar hvernig þeir hlutir þróuðust. M. a. hefur verið rætt um að í síðustu ríkisstj. hafi verið fjallað sérstaklega um að lækka umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta. Hæstv. núverandi fjmrh. Albert Guðmundsson, þm. Sjálfstfl. sem hann auðvitað er enn, á síðasta kjörtímabili, beitti sér mjög fyrir því að umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta yrði felld niður. Hæstv. ráðh. Albert Guðmundsson var mjög nákomin síðustu ríkissj. eins og kunnugt er. Hann kom þar nokkuð við sögu. Bæði sendi hann ákveðið bréf, sem skipti nokkuð miklu máli, upp í Stjórnarráðið áður en stjórnin var mynduð og í rauninni skapaði hann þannig forsendur þess að hv. þáverandi þm. Gunnar Thoroddsen gat gert tilraun til stjórnarmyndunar eða þess að forseti Íslands fól honum stjórnarmyndun. Hæstv. núverandi fjmrh. mundi mjög lengi eftir þessu bréfi. T. d. var það svo, að þegar hann var gerður að formanni bankaráðs Útvegsbankans ætlaðist hann auðvitað til þess að þáverandi ríkisstj. sýndi Útvegsbankanum fullan sóma, hvað hún og gerði eins og ég rakti í fyrri ræðu minni í dag. Einnig ætlaðist hæstv. núverandi fjmrh. til þess að þáverandi stjórn kæmi á ýmsum öðrum sviðum til móts við hans sjónarmið. Hann leit að sumu leyti á þetta sem sína stjórn þó hann vilji auðvitað ekki viðurkenna það núna, og kom það m. a. fram í tollkrítarmáli sem hefur verið til meðferðar í mörg ár, bæði undir núverandi stjórn og fyrrverandi stjórn. Svo óskaði hann m. a. eftir því að ríkisstj. léti sérstaklega til sín taka varðandi umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta. Á sínum tíma var hann með hugmyndir uppi um að skattskylda innlánsstofnana, sem ákveðin var með lögum 1982, yrði til þess að bankarnir slyppu við að borga umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskiptanna. Hann vildi skipta á þessum tveimur sköttum. Þegar þáverandi ríkisstj. var nokkuð knöpp með meiri hluta á Alþingi, einkum í þessari virðulegu deild, þótti rétt, af skynsamlegum ástæðum og eðlilegum, að líta nokkuð til hv. þm. og þess hvort vænta mætti að hann liti með velvild á frv. um skattskyldu innlánsstofnana. Ekki man ég hvernig þar fór að lokum, en allavega kallaði hann kútinn þegar þessi mál bar á góma, eins og segir frá í þjóðsögunum að gert hafi verið. Það var reyndar faðirinn sem kallaði kútinn — ja, guðfaðirinn má kannske segja, miðað við það sem síðar gerðist.

Þegar hv. þm., hæstv. núv. fjmrh., ætlaði að leggja fyrir þingið frv. um að afnema umboðsþóknum og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta hvöttum við páv. fjmrh. hann eindregið til að láta málið liggja. Við vildum ekki fá þetta mál inn í þingið frá þessum næstum að segja stuðningsmanni ríkisstj., vegna þess að það var hætta á því að fleiri gleptust á því að styðja þetta mál en góðu hófi gengdi miðað við þær aðstæður sem þá voru uppi, og við gátum ekki fallist á að bankaskatturinn ætti að koma í staðinn fyrir þann skatt sem þarna var um að ræða. En vegna eindreginna óska og tilmæla þessa hv. þm., hæstv. núv. fjmrh., féllst Ragnar Arnalds fjmrh. á að í frv. um skatta á innlánsstofnanir væri slakað örlítið til í sambandi við skattlagninguna, þannig að á árinu 1982 yrði skatturinn ekki 60% af umboðsþóknun og gengismun heldur 50%. Auðvitað var okkar skoðun sú að það gæti vissulega komið til greina, og menn munu ekki hafa tekið því neitt þverlega, að einhvern tíma yrði gengið skrefi lengra, þegar fjárhagur ríkissjóðs leyfði, og kannske yrði þessi skattur lækkaður niður í 40%, en það kom aldrei til greina af okkar hálfu að það yrði gengið lengra og í þeim frv. sem fjallað var um í síðustu ríkisstj. var ekki gert ráð fyrir að gengið væri lengra í þessa átt. Það er því í besta falli alger misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að við höfum gert ráð fyrir því í síðustu ríkisstj. að fella þennan skatt niður. Við gátum í mesta lagi hugsað okkur þarna einhverja tilslökun, en ekki meiri en svo að um yrði að ræða áframhaldandi 40% hlut ríkissjóðs í þessari gjaldtöku bankanna.

Það fór svo, eins og hv. alþm. er kunnugt, að Alþingi afgreiddi skattskyldu á bankastofnanir með nokkuð ákveðnari hætti en hæstv. páv. fjmrh. hafði gert tillögur um því að einungis var gert ráð fyrir tilslökun á árinu 1982 og síðan ekki söguna meir. Ég man ekki, það man kannske hæstv. sjútvrh. betur en ég, hvernig stóð á þessari breytingu nákvæmlega. Ég var ekki sjálfur í þessum málaflokki, þannig að ég man ekki nákvæmlega hvernig þessi breyting gerðist og er kannske erfitt að finna því stað hvaðan hún var ættuð þegar málið var tekið fyrir hér á hv. Alþingi. Ég reikna með að hún hafi komið fram í nefnd sem fjallaði um málið og breytti þessu frá því sem páv. fjmrh. hafði gert ráð fyrir.

Síðan hefur bersýnilega komið á daginn, sem allir sáu náttúrlega fyrir, að ríkinu veitir ekki af þessum tekjum. Sérstaklega hefur það komið í ljós í tíð hæstv. núv. fjmrh. Og aðstæður eru á margan hátt breyttar frá því sem var fyrir einu eða tveimur árum. Ef einhverjir, þar á meðal hæstv. fjmrh., hafa haft í huga að gott væri að slaka til með þetta gjald þá ættu þeir að hafa breytt um skoðun núna, og ekki síst hæstv. fjmrh. eftir að hann kynntist því af eigin raun hversu bágur fjárhagur ríkissjóðs er. Hæstv. ráðh. hefur reyndar lýst því að fjárhagur ríkissjóðs hafi verið bágari en hann gerði sér grein fyrir í kosningabaráttunni.

Hæstv. fjmrh. blandar gjarnan þessum tveimur sköttum saman, þegar hann er að ræða um þessi mál, og gerði það í umr. um fyrra dagskrármálið. Ég tel að út af fyrir sig hafi komið til greina að slaka nokkuð til á umboðsþóknun fyrir gjaldeyrisviðskipti, en það kom aldrei til greina af okkar hálfu að fara neðar en í 40%. Sérstaklega finnst okkur alvarlegt þegar menn eru að gera tillögur um þetta þegar vandi ríkissjóðs er jafnstórfelldur og hæstv. ráðh. hefur viðurkennt. Þá eru menn að gera hér tillögur um frv. sem hefur í för með sér tekjutap ríkissjóðs sem nemur hvorki meira né minna en 180 millj. kr. á næstu tveimur árum. Þetta, herra forseti, taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram vegna þess að hæstv. sjútvrh. var svo vinsamlegur að minna á afskipti fyrrv. ríkisstj. af þessum málum.

Í umr. um þessi mál hefur hæstv. fjmrh. fullyrt aftur og aftur að Ragnar Arnalds, hv. 3. þm. Norðurl. v., hafi svikið þetta eða hitt í þessu máli. Ég tel að þetta sé alvarlegur áburður og ég tel að það sé mjög alvarlegt þegar hæstv. fjmrh. er að skamma Ed.-menn óbóta skömmum niðri í Nd. og bera á þá svik. Ég tel að það sé algert lágmark að hæstv. ráðherrar hagi orðum sínum þannig að þeir þm. sem um er að ræða hverju sinni geti

borið hönd fyrir höfuð sér. En hæstv. fjmrh. hefur nú kosið að endurtaka þessi svikabrigsl á hv. 3. þm. Norðurl. v. í dag og ég verð að segja að mér þykir það heldur leitt vegna þess að ég kannast ekki við að hæstv. fjmrh. hafi lagt sig eftir slíkum vinnubrögðum og mér þykir það heldur leitt að hann skuli láta standa sig að slíku.

Í sambandi við þessi svikabrigsl, sem hæstv. fjmrh. hefur hins vegar borið á fyrrv. hæstv. fjmrh. og á þáv. ríkisstj. og þar með kannske sérstaklega okkur í Alþb., sem bárum ábyrgð á ríkisfjármálunum á þeim tíma, gerðist nákvæmlega það í þessum efnum sem til stóð, að slaka til um álagningu þessa skatts, en það var aldrei á blaði að fella þennan skatt niður af okkar hálfu. Það kom auðvitað ekki til greina. Ég segi hæstv. ráðh. alveg eins og er, að í hans sporum mundi ég alls ekki ljá máls á því að lækka þennan skatt miðað við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu og sérstaklega hjá ríkissjóði. Mér finnst að hæstv. fjmrh. sjáist nokkuð oft yfir að þessi mikli halli á ríkissjóði er stórfellt efnahagslegt vandamál orðið hér í landinu. Hér er um að ræða gífurlega seðlaprentun sem engin verðmætasköpun stendur á bak við og það er bersýnilegt að þessi mikla seðlaprentun mun hafa í för með sér að hætta verður á stóraukinni verðbólgu þegar líður á þetta ár, eins og ýmsir aðilar hafa bent á, t. d. Vinnuveitendasamband Íslands, svo að ég nefni einn aðila sem stundum hefur náð eyrum hæstv. fjmrh., að ég tali nú ekki um Verslunarráð Íslands þar sem mig minnir að hann hafi einu sinni verið formaður. (**Fjmrh:** Það er rangt.) Ja, hann var þar í stjórninni. Var það ekki rétt? (**Fjmrh.:** Jú, jú, jú, jú.) Já, ég bið hæstv. ráðh. að afsaka. Ég hef yfirtitlað hann í þessu efni. Það var ekki meiningin. Þegar eitthvað er missagt er mér skylt að hafa það sem sannara reynist og ég tek ábendingum hæstv. fjmrh. með ljúfu geði. (**Fjmrh.:** Ekki gerðirðu það fyrri.) Jú, ég hef gert það í allri þessari ræðu, hæstv. ráðh., og gæti þess jafnan að hafa það sem sannast reynist í hverju máli.

Það er eftirtektarvert í þessu sambandi, herra forseti, að bankamálanefndin, sem hæstv. sjútvrh. var í fyrirsvari fyrir, lagði tvær tillögur fyrir hæstv. fjmrh. Annars vegar var gert ráð fyrir að þessi skattur, sem hér er verið að ræða um, stæði áfram og yrði 50% eins og hann var á árinu 1982. Undir þetta frv. rituðu fulltrúar allra flokka á Alþingi þá. Hins vegar var gert ráð fyrir að skatturinn yrði alveg lagður niður. Ráðh. átti sem sagt um tvo kosti að velja. Hann gat valið annað af þessu tvennu því að nefndin skilaði tveimur valkostum. Hæstv. sjútvrh. var að ýja að því áðan að við í Alþb. ættum nú að vera heldur glaðir yfir þessu vegna þess að sennilega hefði okkar nm. í bankamálanefndinni skrifað upp á þau gögn sem hér eru gerð að umtalsefni, en vafalaust hefur þessum nm. Alþb. ekki dottið í hug að til greina gæti komið að hér sæti nokkurn tíma að völdum fjmrh. sem tæki þann kostinn að minnka tekjur ríkissjóðs enn meira. Núv. hæstv. fjmrh. valdi þann kostinn sem skilaði ríkissjóði sem minnstum tekjum. Það er hans búskaparlag þegar kemur að svona fyrirtækjum og bönkunum. Hann valdi það frv. sem svipti ríkissjóð tekjum í stórum stíl og kaus þannig frá sjónarmiði ríkissjóðs verri kostinn. Það má hins vegar segja að það sé í fullu samræmi við afstöðu hans yfirleitt í ríkisfjármálum, þannig að þetta sé gersamlega rökrétt þegar allt kemur til alls miðað við hans feril sem fjmrh.

Hæstv. ráðh. og fleiri hafa að undanförnu og í tilefni af þessum málum sett á langar ræður og haft hér harmagrát í frammi vegna hins bága fjárhags bankanna. Er greinilegt af þessum ræðum að það er Jóhannes Nordal og aðrir bankastjórar viðskiptabankanna sem ráða úrslitum um hvað ríkisstj. er að gera í þessu efni. Það verður auðvelt, herra forseti, þegar þar að kemur að skýra vegna hvers fjárhagur ríkissjóðs varð svo bágur á árunum 1983, 1984 og 1985 og hvers vegna komu svo mörg göt á ríkissjóð hjá hæstv. núv. fjmrh. Þau urðu til með þeim hætti sem hér er verið að gera tillögur um. Hæstv. ráðh. situr við daglangt og náttlangt og borar göt á ríkissjóð. Það eru jafnvel felldir niður skattar gersamlega að ástæðulausu og stundum eru fluttar tillögur um niðurfellingu skatta án þess að ríkisstj. viti neitt hvað þeir þýða í tekjumissi fyrir ríkissjóð. Það er settur krani á ríkissjóð og það veit enginn hvað kemur út um þetta gat á ríkissjóði þegar skrúfað verður frá krananum. Þessi vinnubrögð hæstv. fjmrh. eru þess vegna fullkomlega gagnrýni verð út frá sjónarmiði þeirra sem líta á ríkið og ríkissjóð sem einn megingrundvöll samneyslunnar í landinu. Við erum hér að tala um grundvallaratriði í okkar stjórnskipun og grundvallaratriði í okkar pólitísku umræðu allri og ég hlýt að gagnrýna að það sé haldið á málum eins og hæstv. fjmrh. gerir. Það er sjaldgæft að þm. sýni umhyggju fyrir ríkissjóði og það er einkum og sér í lagi sjaldgæft, og var svo á síðasta kjörtímabili, að stjórnarandstaðan sýni ríkissjóði umhyggju. Ég held því að hæstv. fjmrh. ætti að taka því fagnandi þegar stjórnarandstöðuþm. gera það sem þeir mega til að leiða ráðh. fyrir sjónir hvað hér er að gerast, hvort sem þeir eru sofandi eða vakandi í ræðustólunum, og gjarnan sé reynt að fá ráðh. til að opna augun, rífa sig upp og vakna til að átta sig.

Hér hefur nokkuð verið rætt um þá tekjuskerðingu sem ríkissjóður verður fyrir vegna þessa frv. Hún verður miklu stórfelldari á árunum 1985 og 1986, ef frv. verður samþykkt, því að þá eiga greiðslur í ríkissjóð frá innlánsstofnunum að lækka um helming eða um 65 millj. kr. til viðbótar núverandi verðlagi hvort árið um sig vegna breyttrar tilhögunar við álagningu. En við þurfum að átta okkur á að hér er verið að breyta álagningu bankanna í grundvallaratriðum frá því sem verið hefur. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. segir svo, með leyfi forseta:

„Ljóst er að ekki verður horfið frá staðgreiðslufyrirkomulagi til eftirágreiðslukerfis á sköttum nema með því að niður falli skattgreiðslur eins árs."

Það er það sem hér er verið að gera. Bankaskattarnir, eins og þeir eru lagðir á, eru staðgreiðsluskattar. Það er eini staðurinn í kerfinu, trúi ég, þar sem um er að ræða staðgreiðslukerfi skatta. Ríkisstj. ætlar ekki að fylgja þessu frumkvæði eftir og halda áfram með staðgreiðslu skatta á öðrum sviðu, heldur ætlar hún að breyta þessu staðgreiðslukerfi bankanna í eftirágreiðslukerfi. Það er sú grundvallarbreyting sem hér er verið að gera fyrir utan alls konar ívilnanir sem verið er að veita með þessum frv. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa áttað sig á því að verið er að rífa niður þetta staðgreiðslukerfi á sköttum bankanna. Þetta er skýringin á hinu mikla tekjutapi ríkissjóðs á árunum 1985 og 1986. Það eru felldar niður skattgreiðslur eins árs og niðurfellingunni er dreift á tvö ár. En skyldi það nú vera

rétt, sem meiri hl. í Ed. segir, að það sé ekki hægt að breyta úr staðgreiðslufyrirkomulagi í eftirágreiðslukerfi nema fella algerlega niður skattgreiðslur sem svara til skatts á einu ári. Er þetta eina leiðin sem til er, ef menn á annað borð vilja fella niður staðgreiðslukerfi? Ég tel að það sé rangt. Það er auðvitað hægt að breyta þessu skattakerfi frá staðgreiðslusköttum til eftirgreiðslukerfis með öðrum hætti en þeim að sleppa bönkunum við skatt í eitt ár. Það er það sem verið er að gera. Þetta er blekking í raun og veru, sem meiri hl. n. í Ed. setti í sitt nál. til þess að rökstyðja þá fullyrðingu sína að það sé ekki hægt að breyta álagningarkerfi án þess að fara að með þeim hætti sem hér hefur verið lýst og tillögur eru gerðar um. Auðvitað er hægt að finna ótal leiðir til að ná þessum peningum inn í ríkissjóð aðrar en þær sem hér eru valdar, þ. e. að fella skattinn einfaldlega gersamlega niður í heilt ár. Það er verið að fella niður skattinn í bönkunum í heilt ár. T. d. vil ég benda hæstv. fjmrh. á þann möguleika að skattleggja árið sem verið var að gera breytinguna á þeim tekjuskattsgrunni sem seinast var notaður og setja í lög ákvæði þess efnis. Þannig mundu ekki tapast 130 millj. sem ríkissjóður verður af af þessari ástæðu.

Ég vil einnig benda á aðra leið í þessu efni. Það væri einnig hægt að ákveða að á árinu þegar verið er að breyta um kerfi sé lagður á veltuskattur, eins og gert var á árinu 1982, þannig að skattgreiðslan það árið miðist við veltu hvers banka fyrir sig, t. d. innlánsaukningu. En hæstv. fjmrh. vill ekki hlusta á þessa möguleika, sem auðvitað eru til. Hann velur alltaf þá leiðina sem hefur minnstar tekjur í för með sér fyrir ríkissjóð því að hann virðist eiga nóg af peningum þar og munar ekki um það hvort út fara 100 millj. þarna eða 100 millj. einhvers staðar annars staðar. Hér er verið að framkvæma tæknilega breytingu. Ég vek athygli þingheims á því. Hér er verið að framkvæma tæknilega breytingu úr staðgreiðslukerfi yfir í eftirágreiðslukerfi og sú tæknilega breyting er látin kosta ríkissjóð 130 millj. á tveimur árum. Ég segi: Þetta er óþarfi, hæstv. fjmrh. Það er óþarfi að vera svona rausnarlegur við bankana, jafnvel þó að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því að lækka þjónustugjöld bankana og lækka jafnvel einstaka skatta þeirra og láta þá fá aukalega 130 millj. kr., vegna þess að það er verið að breyta um kerfi, það er verið að borga með kerfisbreytingunni, sem bankarnir vilja fá, 130 millj. kr. úr ríkissjóði. Ég tel það, herra forseti, í rauninni alveg glórulaust að fara svona með almannafé. Það er það sem verið er að gera hér. Það er verið að sólunda almannafé. Ég trúi því ekki enn þá að hæstv. fjmrh., standandi frammi fyrir þeim gífurlega vanda sem hann hefur við að glíma í ríkisfjármálum, hafi ekki gert sér grein fyrir því hvaða tekjuniðurfellingu er hér um að ræða.

Ég tel að hæstv. fjmrh. geti ekki fullyrt í alvöru að það sé sanngjarnt eða eðlilegt að fella algerlega niður skattlagningu í heilt ár eða, eins og hér er gert, að hálfu leyti í tvö ár. það eru engin sanngirnisrök, hæstv. ráðh., sem mæla með þessu. Enn síður er það nein nauðsyn. Ég óska a. m. k. eftir því að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því hvaða sanngirnisrök eru fyrir því að láta bankana hafa aukalega 130 millj. kr.

Hv. 1. þm. Suðurl., Þorsteinn Pálsson, mun hafa haft forustu í þessari bankamálanefnd eftir að hæstv. sjútvrh. lét þar af formennsku og þegar hann tekur við forustu í bankamálanefndinni verður hann auðvitað að setja mark sitt á bankamálanefndina. Hann verður að koma með sína tillögu. Hann getur ekki verið að láta núv. hæstv. sjútvrh., fyrrv. formann bankamálanefndarinnar, móta þetta í einu og öllu. Hv. 1. þm. Suðurl. verður að skilja eitthvað eftir sig eins og hann eyðilagði húsnæðissamvinnufélögin fyrr í kvöld. Og þessi hv. þm., formaður bankamálanefndarinnar, gerir það að tillögu sinni að snúa allri skattlagningu á bankana við, hætta við staðgreiðslukerfið og taka upp eftirágreiðslukerfið þó að auðvitað þurfi ekki að skipta efnislega neinu máli hvort kerfið er notað. Afleiðingin verður hins vegar sú, að ríkissjóður blæðir vegna þess að það er verið með þessu frv. að afhenda bönkunum af almannafé, þetta er styrkur, 130 millj. kr. skv. þessu frv.

Hv. þm. Friðrik Sophusson, sem enn er vakandi, var að berjast um í vetur við að koma í gegn tekjuskattshækkun á almenning í landinu. Það var frv. sem fór í gegnum einar átta umr. í þinginu, valsaði fram og aftur, var einn daginn í Nd. annan í Ed. og enginn vissi hvar það mundi enda. Hvað var það nú mikið sem hv. þm. Friðrik Sophusson hafði upp úr þessu krafsi? Hvað var það mikið? 70 millj. í ríkissjóð. Og það var bent á að þetta skipti alveg sköpum og mundi muna miklu fyrir ríkissjóð árið 1984 að fá þetta. Það voru haldnir hérna næturfundir og ég hélt tiltölulega hófsamar ræður, ekki mjög langar en nokkuð ítarlegar stundum, og jafnvel hv. þm. Friðrik Sophusson blandaði sér í þær umr., einkum með frammíköllum eins og hans er háttur, en ekki með mjög löngum ræðuhöldum, en honum var það mjög í mun að koma þessum frv. fram. 70 millj. kr. skyldi hann nú öngla saman fyrir félaga sinn Albert Guðmundsson, hæstv. fjmrh. Viti menn. Ekki er hv. þm. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv., fyrr búinn að kvelja þetta mál í gegnum þingið fyrir hæstv. fjmrh. en það kemur hér frv. um að lækka bankaskatt tvöfalt á við þetta vegna einnar saman kerfisbreytingar. Bankarnir vilja auðvitað taka upp eftirágreiðslurkerfi og hafa það eins og öll önnur fyrirtæki í landinu. Látum það vera að það sjónarmið bankanna sé eðlilegt. En að borga með þessu 130 millj. af almannafé, það er auðvitað ekki nokkurt ráðslag.

Það fer auðvitað ekki milli mála að þeir sem sömdu þetta frv. og bera það hér fram eru ekki að hugsa um hag ríkissjóðs. Þeir láta sér í léttu rúmi liggja hvernig almannasjóður eins og ríkissjóður kemur út í þessum efnum. Þetta held ég, herra forseti, að sé mjög nauðsynlegt að komi hér fram og ég mun fyrir mitt leyti hafa mjög svipaða afstöðu til þessara frv. og fram kom í Ed. Alþingis þegar málið var rætt, en þá gerðist það að minni hl. lagði til að málinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, herra forseti, hefur hæstv. fjmrh. verið svo vinsamlegur að láta mér í té áætlun um tekju- og eignarskatt banka og sparisjóða vegna rekstrar ársins 1983. Í þessu yfirliti kemur fram áætlun um tekjutap ríkissjóðs vegna niðurfellingar gjalda af gjaldeyrisviðskiptum, umboðsþóknun og gengismunar. Það kemur ljóslega fram í þessum tölum frá hæstv. ráðherra að um er að ræða verulegt tekjutap vegna þessarar lækkunar, þ. e. þegar lækkað er úr 60% í 40% 1984, úr 60 í 20 1985 og 60 í 0 1986. Þá kemur það einnig fram að verulegt tekjutap verður hjá ríkissjóði vegna breytingar á skattskyldu innlánsstofnana. Það

munar um það bil 20 millj. kr. Í fyrsta lagi 10 millj. vegna tillagna hæstv. fjmrh., en svo var meiri hl. n. í Ed. svo rausnarlegur að bora fleiri göt á þessa tekjuöflun þannig að tap ríkissjóðs hækkar upp í um 20 millj. kr. Þetta eru álitlegar upphæðir, en þetta segir ekki alla söguna því að við þetta bætist svo 130 millj. sem hæstv. fjmrh. ætlar af rausnarskap sínum að gefa með kerfisbreytingunni úr ríkissjóði, kerfisbreytingunni sem bankarnir sjálfir eru að fara fram á. Þetta heitir nú að vera almennilegur við bankana, hæstv. fjmrh., og ég held að ráðh. ætti að athuga sinn gang þarna aðeins betur og taka upp kerfið, sem ég var að gera grein fyrir, sem tryggir að ríkissjóður tapar ekki á kerfisbreytingunni. Það er auðvitað alger óþarfi að vera að borga með tæknilegri breytingu úr ríkissjóði þó að menn vilji vera almennilegir við bankana, eins og hæstv. fjmrh. leggur sig fram um að vera.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það þarf kannske ekki að hafa svo mörg orð um þetta mál. Það gilda um þetta svipaðar röksemdir og það fyrra. Ráðherrar eru búnir að kvarta og berja sér á brjóst yfir blankheitum í allan vetur, búnir að standa að niðurskurði á alls konar félagslegri þjónustu, í heilbrigðiskerfi, skólakerfi og víðar. Það endar líklega með því að börnin þurfa að ganga í skólann sem þau hafa hingað til verið keyrð í, t. d. úti á landi, það eru stórkostlegar deilur uppi um hvernig eigi að greiða einstaka þjónustuþætti þar. Þá er ekki hægt að bjóða okkur upp á svona eyðslu. Það er verið að fara fram á að Alþingi samþykki að greiða svo og svo mikla peninga fyrir tæknilega brellu í framtölum bankakerfisins. Þetta er ósköp einfaldlega það sem er til umr. Einhverjum finnst að það þurfi að breyta þessari skattlagningu, það þurfi að færa hana til samræmis við það sem er hjá einhverjum öðrum og það kostar 100 millj. Það er ekki nokkur einasta ástæða til þess að borga alla þessa peninga til þess að einhverjum tæknikrötum líði betur og þeir hafi samræmi í kerfinu hjá sér. Hv. þm. Friðrik Sophusson er í stjórnarnefnd einhverrar stærstu heilbrigðisstofnunar hér. Þar skilst mér að farið sé að spara sykurinn út í kaffið hjá starfsfólkinu. Það eru alls konar áætlanir þar um hvernig eigi að spara svo og svo mikið, láta sjúklingana liggja lengur á lökunum og alls konar áform um sparnað. Svo er hann að tala um að borga á annað hundrað milljóna bara til þess að einhverjum tæknikrötum líði betur, þannig að þeir finni samhengi og samfellu í aðferðinni sem þeir nota við að skattleggja fyrirtæki og banka. Þetta er eyðsla sem við höfum alls ekki efni á.

Ég er því hlynntur að endurskoða ýmislegt. Ég hef stutt ýmsar kerfisbreytingar sem þessi ríkisstj. hefur staðið fyrir í vetur. Þær sem ég tel að horfi til bóta. Þá nefni ég t. d. niðurfellingu á 10% gjaldi á ferðamannagjaldeyri. Ég tel að sú gjaldtaka hafi ekki verið okkur sæmandi og ekki í samræmi við þann tíma sem við lifum á. Ég tel að sú gjaldtaka hafi staðið í vegi fyrir eðlilegum ferðalögum og eðlilegum upplýsingaskiptum okkar og annarra menningarsvæða í heiminum. Af þeim ástæðum og ýmsum öðrum studdi ég þá breytingu. Ég studdi ýmsar breytingar í sambandi við skattamál fyrirtækja vegna þess að ég tel að sé litið til lengri tíma geti það hugsanlega leitt til nokkurra hagsbóta fyrir land og þjóð. En hérna erum við að tala um að láta af hendi stórkostlega mikla peninga til að koma einhverju „patentsystemi“ á skattlagningu á bönkum. Ég get alls ekki staðið að því. Ég mun ekki greiða því atkv. vegna þess að á sama tíma er tekið fyrir byggingu barnaheimila, það vantar skólabækur í skólastofum landsins, það vantar algengustu kennslutæki í skólastofur landsins og t. d. í Háskolanum eru skólastofur að springa utan af bæði nemendum og kennurum og það vantar kennara. Það kom fram í blöðum um daginn að það vantar líklega ein 30—40 stöðugildi kennara í verkfræði- og raunvísindadeild sem á þó að vera undirstöðudeildin að þeirri framtíð sem Framsfl. er nýbúin að uppgötva. Þá getum við ekki gert svona lagað.

Ég skora á hæstv. fjmrh., vin lítilla manna og stórra, að draga þessi tvö frv. til baka þó ekki væri nema vegna tímasetningarinnar. Á sama tíma og það er verið að draga úr félagslegri þjónustu í landinu, það er verið að gera undir yfirskyni sparnaðar ýmiss konar stórkostlegar breytingar á uppbyggingu velferðarkerfis sem hefur verið samkomulag milli allra flokka um að byggja upp hérna á s. l. 20—30 árum, þá er ekki hægt að læðast með limskæri eins og þjófur á nóttu og skera hér og þar undir því yfirskyni að það þurfi að spara og koma svo með svona tillögur og ætlast til þess að menn samþykki þær hljóðalaust.

Ég endurtek þá áskorun mína á hæstv. ráðh. að sjá nú sóma sinn í því að draga þetta til baka. Þetta eru vafalaust ágætis hugmyndir, þetta er ágætis tiltekt í stjórnkerfinu og við skulum styðja slíkt þegar við höfum efni á því, við skulum vona að það verði einhvern tíma, en eins og nú eru horfur tel ég að alls ekki sé ástæða til þess.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hef áður sagt að hv. 3. þm. Reykv. áttar sig ekki á því hvenær hann segir satt og hvenær hann segir ósatt eða a. m. k. gerir hann sínar hugmyndir að sannindum þegar honum hentar það.

Ég vil fyrst svara fyrstu fullyrðingu hans í frumræðu hans því ég geri ráð fyrir að hann eigi eftir að tala hérna tvisvar enn, á meðan hann má tala, í langan tíma í kvöld eða nótt. Hann sagði að ég hefði verið kosinn í bankaráð Útvegsbankans af fyrrv. ríkisstj. Ég vil leiðrétta það. Ég var kosinn í bankaráð Útvegsbankans af lista sjálfstæðismanna og Sjálfstfl. Það eru fyrstu ósannindin.

Þá talaði hann um áhuga minn fyrir tollkrítarmálum og að ríkisstj. undir forustu Alþb.-manna, sem fóru með fjármál í síðustu ríkisstj., hefði hjálpað mér. Það er líka rangt. Þetta hefur verið baráttumál síðan 1960, og það mál náði hámarki árið 1962 við stofnun tollvörugeymslunnar, ásamt öðru máli, sem enn er ekki komið í gegn, og það er fríhafnarmálið. Fríhafnarmálið, tollkrítarmálið og tollvörugeymslan voru baráttumál sem ég vann að að beiðni samtaka atvinnurkenda á þeim tíma.

Aldrei þessu vant fór hv. 3. þm. Reykv. rétt með er hann gat þess að þegar ég lagði fram frv. um að leggja niður skattheimtu af gjaldeyrissölu ríkisbankanna hafði því ekki verið vel tekið af ríkisstj. Þá gerði ég tilraun til þess, ef hv. þm. hefur einhvern áhuga á að heyra hvernig gangur málanna var, að fá samþykkt að þessi ósanngjarni skattur á gjaldeyrissölu ríkisbankanna yrði ekki tekinn af brúttósölu bankanna, heldur af nettósölu

eins og ráð er gert fyrir af tekjum annarra fyrirtækja. Það var ekki heldur samþykkt svo ég lagði fram frv. um að fella niður skattskyldu á bönkunum. Þá var það sem fyrrv. fjmrh. kemur fram með sitt frv. um almenna innheimtu skatta af öllum innlánsstofnunum og gegn því að gjaldeyrisskatturinn yrði felldur niður í áföngum og dró ég því frv. mitt til baka eða lagði ekki áherslu á það. Það kemur fram í ræðu sem ég er búinn að vitna í tvisvar í dag, ræðu fyrrv. fjmrh., að hann leggur til að gjaldið lækki úr 60% niður í 50% á því ári og í 40% næsta ár. Síðan átti lækkunin að halda áfram þangað til gjaldið yrði fellt niður, átti hinn almenni skattur á innlánsstofnanir að koma í staðinn. Það var ekki heldur rétt með þetta farið.

Í fjórða lagi hélt þessi fyrirmynd Alþb.-manna og leiðtogi kommúnista á Íslandi hjá Alþb. því fram að til mín hefði verið leitað þegar fyrrv. ríkisstj. þurfti á að halda, gaf í skyn að þar hefði átt sér stað kaup kaups á einhvern hátt. Ég vil biðja virðulegan þm. um að færa orðum sínum stað og ég vil biðja hann um að benda á það, ef hann getur bent á það hvar mitt atkvæði hefur í eitt einasta skipti ráðið úrslitum fyrir fyrrv. ríkisstj. eftir að hún var mynduð. Það væri þakkarvert frá minni hálfu. Bara eitt skipti, ég bið ekki um meira. Það var í eitt skipti sem ég hefði notað atkvæði mitt þannig og það var til að verja ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens falli í upphafi. Það var í eina skiptið sem ég hefði notað það þannig.

Það er alveg augljóst að það er án ótta við þessa stjórnarandstöðu sem ríkisstj. framkvæmir það sem hún telur rétt og gott fyrir fólkið í landinu. Það er þess vegna sem þjóðin treystir þessari ríkisstj. betur en nokkurri annarri ríkisstj. sem ég man eftir að undanskilinni viðreisnarstjórninni. Og það þýðir ekki þegar rök þrjóta að grípa til ósanninda. Það þýðir ekki, virðulegur 3. þm. Reykv., forustumaður Alþb. og kommúnistadeildar þess. Það er búið að gera það svo oft í gegnum tíðina, og ég, sem er nú sextugur, hef ekki heyrt neitt nýtt úr þeim herbúðum síðan ég var þingsveinn á þessum stað 1935—1938 eða 9. Þetta eru nákvæmlega sömu orðin, má segja, sem töluð eru nú og þá.

Ég hef vitnað hér í Ragnar Arnalds fyrrv. fjmrh. og ég hef kallað það svik að í staðinn fyrir að lækka gjaldeyrisskatta bankanna úr 60% niður í 40% eru þeir hækkaðir aftur í 60%, þrátt fyrir loforð, sem ég vitnaði í, í þingræðu frá þeim tíma. Það kalla ég svik og það gerði ég líka í Ed. Og virðulegur þm. Ragnar Arnalds svaraði fyrir sig. Við áttum þar í deilum. Það þarf því ekkert að slá undir belti og segja að virðulegur þm. Ragnar Arnalds sé ekki í þessari deild til að svara fyrir sig. Hann er búinn að því í Ed. og minn málflutningur er ekkert öðruvísi hér en hann var þar. Málflutningurinn er nákvæmlega sá sami hér, allt að því sömu orðin frá hv. þm. Svavari Gestssyni í þessari deild og Ragnari Arnalds, virðulegum þm., í Ed. Það skyldi þó aldrei vera að Alþb.-menn finni að þjóðin vill að stjórnin vinni að því að losa hana undan þeim áhrifum sem Alþb. hefur náð, sem sagt að afsósíalísera þjóðfélagið. Það er þess vegna sem fólkið stendur með þessari ríkisstj.

Það er talað um það hafi verið krani á ríkissjóði. Það er alveg rétt, það er krani. Þegar ég opnaði hann var ekkert annað en loft sem kom úr honum. (Gripið fram í.) Já, það er rétt, virðulegi þm., fúlt loft.

Það er talað um að vera sanngjarn í skattheimtu. Virðulegur 3. þm. Reykv. talaði um hve sanngjarn hann væri. Er sanngjarnt að taka fyrirframskatta af bönkum frekar en öðrum fyrirtækjum eða stofnunum? Af hverju á að taka skatta fyrir fram af þessum stofnunum og hafa ekki hugmynd um hvernig útkoma ársins verður? Af hverju að taka skatt af brúttótekjum af gjaldeyrissölu og skapa þar með taprekstur á þeim hluta bankanna? Það kalla ég ekki sanngjarnt. Það er langt frá því að vera sanngjarnt.

Það er ágætt að fá góð ráð og sjálfsagt að fara eftir þeim. En þeir fóru sjálfir eftir sínum góðu ráðum og það hefur skapað allan þann vanda sem þjóðfélagið er í. Við erum að reyna að gera eitthvað annað og öðruvísi en Alþb. vegna þess að hin góðu ráð þess leiddu þjóðina á öllum sviðum út í ógöngur sem við erum nú að reyna að komast út úr. (**SvG:** Ekki stendur vel ríkissjóður hjá þér.) Hvernig í ósköpunum er hægt að ætlast til þess að hann standi vel þegar það vantar 25% til þess að endar nái saman eftir ykkar fjárlögum? (**SvG:** Þetta er rangt.) Þetta er rétt. Þetta er nákvæmilega rétt. Það var ¼ af fjárlögum sem vantaði upp á að endar næðu saman á síðasta ári. (**SvG:** Vill ekki hæstv. ráðh. rökstyðja þetta?) Ég er búinn að gera það oft og ég ætla ekki að fara að standa í fjárlagaumræðu núna klukkan að ganga tvö þó að hér hafi meira verið talað um fjárlögin en tunglferðir, svo langt höfum við ekki farið frá því sem er á dagskrá. — Ég mundi glaður kaupa lóð á tunglinu handa hv. þm. Guðmundi Einarssyni, 4 landsk. þm. (Gripið fram í.) Ekki í Suður-Frakklandi. Svo illt vil ég ekki Frökkum. Ég er vinur þeirra.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Það er búið að ræða þetta frv. með því frv. sem var á dagskrá á undan þessu svo ég læt máli mínu lokið að sinni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 90. fundur.

Þriðjudaginn 15. maí, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umferðir verða tvær, 15—20 mín. í þeirri fyrri og 10—15 mín. í þeirri síðari.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Samtök um Kvennalista, Alþb., Framsfl., Alþfl. og Bandalag jafnaðarmanna. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Sjálfstfl.: Í fyrri umferð Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl., í síðari umferð Albert Guðmundsson fjmrh. og Sverrir Hermannsson iðnrh. Fyrir Samtök um Kvennalista: Í fyrri umferð Kristín Halldórsdóttir, 7. landsk. þm., og Guðrún Agnarsdóttir, 3. landsk. þm., í síðari umferð Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 11. þm. Reykv. Fyrir Alþb.: Í fyrri umferð Svavar Gestsson, 3. þm. Reykv., í síðari umferð Guðrún Helgadóttir, 10. landsk. þm., og Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e. Fyrir Framsfl.: Í fyrri umferð Steingrímur Hermannsson forsrh. og Jón

Helgason dómsmrh., í síðari umferð Alexander Stefánsson félmrh. Fyrir Alþfl.: Í fyrri umferð Jóhanna Sigurðardóttir, 2. landsk. þm., og Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., og í síðari umferð Kjartan Jóhannsson, 3. þm. Reykn. Fyrir Bandalag jafnaðarmanna: Í fyrri umferð Stefán Benediktsson, 8. þm. Reykv., og Kolbrún Jónsdóttir, 8. landsk. þm., í síðari umferð Guðmundur Einarsson, 4. landsk. þm.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við þinglok hafa margir haft þann sið að mæla árangurinn af störfum Alþingis með fjölda samþykktra þingmála. Ýmsir hafa verið því ánægðari með störf þingsins sem það hefur samþykkt viðameiri lagabálka um aukin umsvif ríkisins. Á þennan mælikvarða geri ég ráð fyrir að sósíalistar geti með réttu haldið því fram að þetta þing hafi skilað litlum árangri.

Þannig hefur í ríkari mæli en mörg undangengin ár verið fjallað um mál sem miða að því að draga úr opinberum umsvifum og auka frelsi borgaranna og atvinnulífsins. Þessi staðreynd markar þáttaskil í störfum löggjafarsamkomunnar og það var sannarlega kominn tími til að meta störf hennar á nýja mælikvarða. Það mun vafalaust á sannast í þessum umr. hér í kvöld að fulltrúar vinstri flokkanna munu staðfesta þau umskipti sem orðið hafa að þessu leyti.

Af merkum nýmælum, sem hníga í frjálsræðisátt, má nefna þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattalöggjöfinni fyrir forgöngu fjmrh. og miða að því að auðvelda almenningi að spara í atvinnurekstrinum sjálfum. Um leið hefur skattareglum verið breytt til þess að auðvelda atvinnufyrirtækjum að fjárfesta og leggja þannig grundvöll að aukinni verðmætasköpun.

Í samræmi við stefnu Sjálfstfl. í húsnæðismálum um eign fyrir alla hefur hugmyndum um meiri rétt leigjenda en byggjenda verið hafnað.

Fyrir forgöngu iðnrh. hefur þetta þing fjallað um sölu ríkisfyrirtækja og hlutabréfa í eigu ríkisins.

Menntmrh. hefur barist fyrir því að fá samþykkta nýja löggjöf um frelsi í útvarpsrekstri.

Allt eru þetta mikilvæg grundvallaratriði. Nú veltur á miklu að þær pólitísku aðstæður, sem sköpuðust eftir síðustu kosningar, haldist svo unnt verði að halda áfram á þeirri braut sem hér hefur verið mörkuð.

Enginn getur á móti því mælt að stefna ríkisstj. hefur leitt til algjörra umskipta í íslenskum efnahagsmálum. Megintakmarkið með myndun ríkisstj. var að koma verðbólgunni niður á svipað stig og í okkar helstu nágranna- og viðskiptalöndum.

Með því að jafna áhrifum af minnkandi þjóðartekjum og miklum viðskiptahalla niður á landsmenn var komið í veg fyrir almennt atvinnuleysi. Þannig hefur verið lagður grundvöllur að viðvarandi jafnvægi í íslenskum efnahagsmálum. Jafnframt hafa verið gerðar marghátt aðar ráðstafanir í skatta- og tryggingamálum í þágu þeirra sem verst eru settir. Ekkert af þessu hefði gerst nema fyrir þá sök að þjóðin var reiðubúin að ganga með stjórnvöldum til þessa leiks. Það var ekki lengur dregið að ráðast til atlögu við meinsemdir íslensks efnahagslífs.

Fólkinu í landinu var ljóst að það þurfti samstöðu, festu og áræði ef það ætti að takast. Launafólkið í landinu var tilbúið að taka á sig byrðar ef sá draumur mætti rætast að koma hér á efnahagslegu jafnvægi.

Þó að efnahagsaðgerðirnar frá því í maí í fyrra hafi skilað meiri árangri en flestir bjuggust við fer því fjarri að öllum markmiðum hafi verið náð. Mestum áhyggjum veldur að ekki hefur tekist að ná viðunandi jafnvægi í fjármagnsmarkaðnum og í ríkisfjármálum þó að grundroði undangenginna ára í þeim efnum hafi í veigamiklum atriðum verið færður til betri vegar.

Upp á síðkastið hefur ýmsum fundist sem ríkisstj. væri ekki jafnsamstæð og einörð og í upphafi. Ugglaust ræður þar mestu um sá langi tími sem það tók að koma fram tillögum til lausnar á hallarekstri ríkissjóðs. Inn í þessa mynd kemur vafalaust einnig ágreiningur milli stjórnarflokkanna um fáein mál önnur og jafnvel grundvallaratriði, eins og til að mynda um húsnæðismálin.

Það gefur auga leið að þetta hefur ekki bætt stöðu stjórnarinnar út á við, en ef vilji er fyrir hendi þarf það ekki að koma í veg fyrir að haldið verði áfram á sömu braut og af sama styrkleika og áður. Þó að sitt hvað hafi gengið úrskeiðis hefur svo mikið áunnist að það væri ábyrgðarleysi að reyna ekki til þrautar. Sjálfstæðismenn munu því leita eftir málefnalegri samstöðu til þess að styrkja stjórnina.

Í fáeinum málum hafa komið fram mismunandi sjónarmið um afmörkuð atriði hjá einstökum stuðningsmönnum stjórnarinnar, en auðvitað breytir það ekki því að í heild hefur stjórnarsamstarfið verið gott það sem af er.

Reynslan sýnir að myndun ríkisstjórnarinnar var rétt ákvörðun af hálfu sjálfstæðismanna. Eins og nú standa sakir eru því engin áform uppi um stjórnarslit eða samvinnu við aðra flokka, enda er stjórnarandstaðan bæði veik og sundurlaus.

Sjálfstæðismenn hafa eðlilega áhyggjur af of mikilli erlendri skuldasöfnun í kjölfar ráðstafana í ríkisfjármálum, en það breytir ekki mikilvægi þess að stjórnin taki sig á í þeim efnum og reynt verði að ná samstöðu við samstarfsflokkinn um ýmis önnur þýðingarmikil mál. Það verður að fullreyna áður en menn fara að leiða hugann að öðrum kostum. Meginmáli skiptir að menn sýni festu og samstöðu í stjórnarháttum öllum, þannig að fólkið í landinu geti treyst á áframhaldandi markvissa baráttu fyrir jafnvægi og blómlegu atvinnulífi og bættum lífskjörum.

Segja má að með kjarasamningunum fyrr á þessu ári hafi fyrsta þætti í starfi ríkisstj. verið lokið. Áhrif efnahagsaðgerðanna voru komin fram og fyrstu kjarasamningarnir gerðir á grundvelli nýrrar efnahagsstefnu. Í sumar þarf því að semja um nýja verkefnaáætlun. Að því leyti stendur ríkisstj. nú á krossgötum. Hún þarf með ótvíræðum hætti að sýna þjóðinni að hún sé reiðubúin að takast á við verkefnin sem fram undan eru og hún þarf að segja frá því með hvaða hætti það verður gert til þess að það traust megi ríkja milli stjórnvalda og fólksins í landinu sem er forsenda þess að áframhaldandi árangri verði náð.

Mikilvægasta atriðið í þessu sambandi er að halda áfram þeirri gengisstefnu sem mörkuð hefur verið. Launþegar og vinnuveitendur verða að beygja sig fyrir þessu markmiði og ríkisvaldið sjálft verður með takmörkun erlendra lána og minni umsvifum að leggja sitt af mörkum svo að þetta markmið megi haldast. Við eigum vitaskuld að geta haldið kostnaðaraukningu hjá okkur sjálfum í samræmi við það sem gerist í viðskiptalöndum okkar.

Ég ætla að nefna hér nokkur atriði sem öðru fremur verða að móta verkefnaáætlun næstu missera.

Brýnasta verkefnið er að grynna á þeim skuldum sem safnast hafa upp meðan tekjur hafa ekki mætt gjöldum, en orsök þeirra er stöðug útgjaldaaukning á undanförnum árum og þó umfram allt tekjutap við samdrátt þjóðarframleiðslu. Þessum halla verður fyrst og fremst að mæta með lækkun útgjalda, en þá fyrst þegar þjóðarframleiðsla vex á ný skapast svigrúm til að lækka skatta ef útgjöldum verður haldið í skefjum. Að því verður markvisst unnið. Stefnumörkun í ríkisfjármálum fyrir næstu ár þarf m. a. að leggja þessi atriði til grundvallar.

Útgjöld ríkisins þurfa að lækka. Núllvöxtur útgjalda í hlutfalli við þjóðarframleiðslu er lágmarksmarkmiðið.

Auka þarf greiðslur neytenda fyrir veitta opinbera þjónustu.

Koma þarf við sérstökum hagræðingaraðgerðum til aðhalds í rekstri og framkvæmdum, eins og þegar hefur verið gert hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Draga þarf úr tilfærslum og beinum styrkjum til atvinnufyrirtækja og atvinnugreina.

Athuga þarf hvort hyggilegt geti verið að taka upp nýtt sjúkratryggingakerfi með sérstöku iðgjaldi í samræmi við tekjur þar sem mönnum gæfist kostur á að taka eigin áhættu að hluta sem síðan yrði gerð upp með sköttum.

Við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum er ekki svigrúm til lækkunar á heildarsköttum. Hins vegar er nauðsynlegt að hefja nú þegar undirbúning og gjörbreytingu á tekjuöflunarkerfi hins opinbera.

Markmiðið á að vera þetta: Að samræma tolla og aðflutningsgjöld. Að koma á virðisaukaskatti í stað söluskatts og í tengslum við þá kerfisbreytingu að afnema launaskatt og aðstöðugjald og lækka beina skatta. Loks kemur til álita að færa skattalagningu á tekjur einstaklinga alfarið til sveitarfélaga. Á móti fengju sveitarfélögin aukin verkefni, einkum á sviði heilbrigðis- og menntamála.

Að því er varðar stjórn fjármagnskerfisins er óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að gera róttækar breytingar til þess að draga úr miðstjórnarvaldi og pólitískri íhlutun um mál sem eiga að ráðast í bankakerfinu og atvinnulífinu sjálfu.

Skjótvirkasta leiðin til að ná jafnvægi á peningamarkaðnum er að gefa vexti frjálsa með fyrir fram ákveðnum áföngum á næstu mánuðum. Jafnframt þarf að endurskipuleggja afurðalánakerfi atvinnuveganna m. a. til þess að koma á staðgreiðslu til bænda og auðvelda kerfisbreytingar í verðmyndun búvöru. Þá þarf einnig að draga úr vísitölubindingu á fjármagnsmarkaðnum rétt eins og á vinnumarkaðnum.

Að því er bankakerfið varðar þarf að stuðla að samruna banka. Með hagsmuni atvinnulífsins í huga væri vænlegast að hefjast handa um sameiningu annars af minni ríkisbönkunum við einkabanka einn eða fleiri. Bankarnir eru of margir, of háðir ríkisvaldinu og flestir of veikir til að sinna þörfum atvinnufyrirtækjanna. Veðdeildir bankanna þurfa aukið svigrúm til útgáfu vaxtabréfa til þess að geta tekið við verkefnum af hinum smærri fjárfestingarsjóðum og einnig við ýmsum verkefnum frá stærri sjóðum. Þetta er ein af forsendum þess að unnt sé að endurskipuleggja sjóðakerfið.

Mikilvægt er að skipulag fjárfestingarsjóða hindri ekki eðlilega uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu. Til álita kæmi að brjóta niður múrana umhverfis einn af sjóðunum um leið og hann yrði efldur verulega og stjórnendum hans gefið aukið svigrúm til þess að meta upp á eigin spýtur án lagaákvæða til hvaða verkefna hann mætti lána. Þá þarf að auðvelda fyrirtækjum að taka lán erlendis án ríkisábyrgðar. Arðsemisaðhald erlendra lánardrottna kemur þá sjálfkrafa í veg fyrir óarðbærar lántökur.

Brýnt er að haldið verði áfram sölu ríkisfyrirtækja svo og sölu hlutabréfa ríkisins í atvinnufyrirtækjum.

Með tilliti til þess hversu stöðugt gengi og afnám vísitölubóta á laun hefur skilað miklum og skjótum árangri í baráttunni við verðbólguna þarf að leggja grundvöll að því að kaupmáttur launa byggist til frambúðar á stöðugleika í gengismálum, en ekki vélrænu og verðbólguhvetjandi vísitölukerfi.

Launaþróunin á næstu árum þarf að taka mið af samkeppnisstöðu iðnaðar. Til þess að þetta geti staðist þarf að auka sveiflujöfnun í sjávarútvegi í því skyni að hann sprengi ekki upp öll laun í landinu þegar betur gengur og síðan þurfi að fella gengið til að bjarga honum þegar verr árar.

Í atvinnumálum blasa við bæði gömul og ný vandamál. Í sjávarútvegi stöndum við frammi fyrir þeim bitra veruleika að gullkistan er takmörkuð auðlind. Við þurfum því að hafa taumhald á fjárfestingu í þessari atvinnugrein með hliðsjón af þessari staðreynd. Það verður best gert með því að auka kröfur um eigið fé og leyfa þeim að njóta sín sem best hafa staðið sig.

Í landbúnaði er óhjákvæmilegt að grípa til aðgerða sem smám saman færa framleiðsluna til samræmis við þarfir innlenda markaðarins. Í þeim efnum er nú unnið að tillögugerð sem miðar að því að treysta stöðu bænda og fullnægja kröfum neytenda, en auðvitað er það svo að hagsmunir þessara aðila fara saman þegar allt kemur til alls.

Skapa þarf svigrúm til nýrra átaka í almennri iðnaðarstarfsemi og halda þarf áfram því mikilvæga starfi sem hafist var handa um við stjórnarskiptin að því er varðar uppbyggingu stóriðju og hagnýtingu orkulinda landsins.

Ef árangur á að nást þurfa stjórnvöld að tryggja atvinnuvegunum góð rekstrarskilyrði, en um leið þarf að auka ábyrgð þeirra sem stjórna atvinnufyrirtækjunum. Fái þeir tækifæri og aðstöðu hvílir á þeim sú skylda að hagnýta hana til þess að auka framleiðni og verðmætasköpun.

Reynslan sýnir okkur að opinberar áætlanir í þeim efnum duga skammt. Framleiðni í íslensku atvinnulífi er helmingi minni en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Þessi alvarlega staðreynd gerir það óumflýjanlegt að arðsemiskröfur ráði í ríkari mæli fjárfestingu í atvinnulífinu en verið hefur.

Víðtæk samstaða á að geta tekist um aðgerðir í atvinnumálum á grundvelli þeirrar stefnu er fram kom í ályktun Alþýðusambands Íslands um þau efni fyrir réttu ári. Of mikil ríkisafskipti eru orsök þess að það hefur ekki verið sá gróandi í íslensku atvinnulífi að það hafi getað búið fólkinu í landinu þau lífskjör sem við viljum að það hafi. Fyrir þá sök þarf að auka sjálfstæði og ábyrgð atvinnulífsins í landinu. Það er leið að því marki sem við höfum sett okkur.

Góðir áheyrendur. Þau verkefni, sem þannig blasa við, eru á margan hátt erfiðari og margslungnari en þau sem

eru að baki. Ef við ætlum okkur að gera efnahagslegt jafnvægi að veruleika og hefja alhliða sókn í atvinnumálum mun reyna meira á þrautseigju og samstöðu þjóðarinnar en nokkru sinni fyrr. Hún hefur fram til þessa gengið heils hugar að verki með stjórnvöldum, en hitt er jafnvíst að til þess að halda verkinu áfram þarf samstillta forustu. Það hefur of mikið áunnist til þess að við getum leyft okkur að glutra því niður. Þjóðin hefur ekki efni á veikleika í stjórnarháttum, eins og nú standa sakir. Sjálfstfl. lítur á það sem ábyrgð sína og skyldu að sjá svo um að það gerist ekki. Hann mun í samningum um nýja verkefnaáætlun fyrir ríkisstjórnina setja þessa hagsmuni þjóðarinnar ofar öllu öðru.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar sáttmáli núverandi ríkisstjórnar leit dagsins ljós fyrir tæpu ári skrifaði ég grein í eitt dagblaðanna undir fyrirsögninni „Fæddist lítil mús.“ Sú litla mús átti við félagslegu þættina sem stjórnarflokkarnir afgreiddu með einni setningu í niðurlagi stefnuyfirlýsingar sinnar eftir að hafa eytt löngu máli í flestar hliðar efnahagsmálanna. Þessi setning hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á velferð, jafnræði, öryggi, menntun, félagslegar umbætur og góða heilbrigðisþjónustu.“

Sem sagt: allir þessir málaflokkar afgreiddir í einni setningu. Það var rétt eins og þeir hefðu gleymst, en svo hefði einhver komist í handritið rétt fyrir prentun og bjargað í horn. Þessi afgreiðsla var forsmekkurinn af því sem á eftir hefur komið.

Hvaða áhersla hefur svo sem verið lögð á velferð almennings, jafnræði og öryggi? Sú áhersla felst í minnkandi kaupmætti, auknu bili milli fátækra og velmegandi og vaxandi atvinnuleysi. Áherslan á félagslegar umbætur felst t. d. í því að skera stórlega niður framlög til byggingar dagvistarheimila og skóla, minnka lögboðin framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um nærri helming og leggja síauknar byrðar á þá sem þurfa á læknisþjónustu að halda. Áherslan á góða heilbrigðisþjónustu birtist í því að þjarma svo að heilbrigðiskerfinu að loka verður fjölda sjúkradeilda til að spara í launum starfsfólks og daglegum rekstri.

Og hvar er áhersla núverandi ríkisstj. á menntun í þessu landi. Hún felst í aðför að Lánasjóði ísl. námsmanna og óbærilegu fjársvelti allra menntastofnana í landinu. Líklega er þessi staðreynd alvarlegust og hryggilegust allra í stefnu núverandi ríkisstj. því hún varðar framar öllu framtíð þessarar þjóðar. Kjör íslenskra námsmanna hafa farið batnandi hin síðustu ár. Lögum samkvæmt — ég endurtek: lögum samkvæmt eiga þeir nú kost á lánum sem eiga að fullnægja til framfærslu og námskostnaðar að uppfylltum skilyrðum um ástundun og aðstæður allar. Nú er höggvið að þessu lánakerfi sem byggt hefur verið upp af framsýni og stórhug. Tónninn var gefinn strax við valdatöku núverandi ríkisstjórnar.

Ég hef ekki lengur tölu á því hve oft ég er búin að jagast hér í vetur út af bersýnilegri fjárvöntun Lánasjóðs ísl. námsmanna. Staða hans hefur raunar sífellt farið versnandi undanfarin ár. Framlög ríkissjóðs hafa verið of lítil. Sjóðurinn hefur orðið að taka lán til fjármögnunar útlána og fjármagnskostnaður farið sífellt vaxandi. Þannig hefur verið dregið úr möguleikum sjóðsins til að standa undir sér sjálfur. Strax við afgreiðslu fjárlaga þessa árs var augljóst að lánasjóðnum var ætlað of lítið fé til ráðstöfunar samkvæmt vel grunduðum áætlunum. Við kvennalistakonur reyndum ítrekað að fá því breytt og fluttum tvær tillögur um aukin framlög til sjóðsins sem stjórnarsinnar felldu jafnharðan.

Þegar hæstv. fjmrh. viðurkenndi gatið margumrædda í ríkissjóði tveimur mánuðum eftir að fjárlög voru samþykkt var 100 millj. kr. vöntun í Lánasjóð íslenskra námsmanna einn liðurinn í þeim mikla halla, nákvæmlega sama upphæð og við lögðum til sem aukið framlag ríkissjóðs til lánasjóðsins við afgreiðslu fjárlaga í des. Vandinn hefur nú verið viðurkenndur, en lausnin er því miður engin. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir um það hvernig mæta eigi fyrirsjáanlegum erfiðleikum sjóðsins á haustmisseri hafa engin úrræði fengist upp. Hæstv. menntmrh. þrástagast á því að ekkert sé vitað um fjölda umsækjenda og virðist helst vonast til þess að svo margir láti hræða sig frá því að hefja nám að fjármagn sjóðsins nægi handa þeim sem þrjóskast við. Kannske verður líka sú raunin. En þá er um leið búinn til nýr vandi sýnu verri. Þeir sem þannig hrökklast frá námi hverfa nefnilega ekki af yfirborði jarðar, þeir þurfa atvinnu eða a. m. k. framfærslueyri. Vandinn kann því að flytjast af fullum þunga yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð sem stendur illa um þessar mundir.

Þannig er allt á sömu bókina lært. Þannig er í framkvæmd sú áhersla sem stjórnarflokkarnir hétu að leggja á velferð, öryggi, menntun og félagslegar umbætur og góða heilbrigðisþjónustu. Það heit hefur augljóslega komist inn í sáttmálann í óþökk margra.

Og litla músin í niðurlagi stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar þurfti ekki að verða einmana. Hún hefur eignast systur margar á þessu tæpa ári, nú síðast í frv. því sem stjórnarflokkarnir gátu loks komið sér saman um sem ráðstafanir til uppfyllingar í gatið á ríkissjóði. Í umr. um þetta ljóta gat hér á Alþingi 8. mars s. l. talaði hæstv. fjmrh. um nauðsyn þess að þingmenn og þjóðin öll gerðu sér grein fyrir þeim mikla vanda sem við blasti, sá vandi yrði ekki leystur nema með samstilltu átaki þm. og þjóðarinnar allrar. Af þeim tillögum að dæma sem nú hafa loksins séð dagsins ljós hefur ákall hæstv. fjmrh. hins vegar ekki fengið hljómgrunn meðal þm. stjórnarflokkanna. Eftir allan þennan tíma, eftir alla þessa leit að fyllingu í gatið eru helstu niðurskurðartillögurnar í skötulíki. Með öðrum tillögum er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur og síðan er meginhluti vandans leystur með því að búa til nýjan vanda, erlendar skuldir sem nema rúmum 2 milljörðum kr. Þessi niðurstaða er ávísun á verðbólguaukningu og hrein svik við almenning, sem hefur lagt á sig miklar þrengingar til að ná niður verðbólgunni.

Hæstv. fjmrh. hefur marglýst því yfir að ekki komi til greina að leggja á nýja skatta. Hann mátti ekki einu sinni heyra minnst á skyldusparnað hálaunamanna sem hefði þó getað gefið a. m. k. 200 millj. kr. í soltinn ríkissjóð. Þegar þeirri hugmynd var hreyft sagði hann varhugavert að ráðast með þeim hætti að kjörum hálaunamanna. Honum og öðrum stjórnarsinnum þykir þó sanngjarnt að skera niður námslán, draga úr kostnaðarþáttöku ríkissjóðs vegna tannlækninga og almennrar læknisþjónustu, skera niður sjúkradagpeninga og draga úr kennslumagni í skólum landsins. Allt eru

þetta þó aðeins dulbúnir skattar, sem lenda þyngst á þeim sem síst skyldi, námsmönnum, sjúku fólki og barnmörgum fjölskyldum. Þetta eru ráðin sem vinir litla mannsins gátu sameinast um eftir tveggja mánaða leit. Jafnframt og samtímis finnst stjórnarflokkunum við hæfi að keyra gegnum þingið frumvörp um lækkaðar skattgreiðslur banka og annarra lánastofnana.

Auk skyldusparnaðar hálaunamanna var Kvennalistinn með tillögur um að skera niður ferða- og risnukostnað hins opinbera, bíða með flugstöðina á Keflavíkurflugvelli, minnka niðurgreiðslur, draga saman í vegamálum og orkumálum, fella niður greiðslur til Flugleiða, sem eru fullfærar um að standa á eigin fótum, auk þess sem sjálfsagt er að semja við Seðlabanka um eftirgjöf vaxtagreiðslna. Hugmyndir Kvennalistans voru vel framkvæmanlegar, einkum ef strax hefði verið brugðið við, og hefðu komið miklu minna við almenning en afkvæmið sem fæddist eftir tveggja mánaða umfjöllun stjórnarflokkanna og varaformaður Sjálfstfl. hefur kallað „litla mús".

Þessa dagana standa prófin sem hæst í skólum landsins. Sumum gengur vel, öðrum illa, allt eftir hæfileikum og ástundun. Sumir falla og eiga sér jafnvel ekki viðreisnar von. Núv. ríkisstj. hefur nú setið í tæpt ár. Hún setti sér markmið í upphafi og það helst að ná niður verðbólgunni. Hún náði verðbólgunni niður á skikkanlegt stig á undraskömmum tíma, en það gerði hún með því að rýra stórlega kjör hins almenna launafólks og það gerði hún með sparnaði á alröngum stöðum. Hún hefur gert landið að láglaunasvæði og hún hefur þrengt að félagslegum réttindum. Þess vegna er almenningur verr settur en nauðsyn bar til og nú er þolinmæðin á þrotum. Ríkisstj. virðist skorta úrræði og samstöðu til að verja þann árangur sem náðst hefur og nýta hann til aukinnar hagsældar. Efling atvinnulífsins hefur orðið út undan um leið og tekin er upp sú nýbreytni að fjármagna daglegan rekstur ríkissjóðs með erlendu lánsfé.

Núv. ríkisstj. fær ekki háar einkunnir fyrir frammistöðu s. l. árs. Spurningin er hvort hún á það skilið að fá grænt ljós til áframhaldandi verka. Því svarar hver fyrir sig. En kvennalistakona er ekki í vafa. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í dag er eldhúsdagur á Alþingi. Eldhúsdagur er orð sem kemur fram seint á síðustu öld og þýðir tiltektardagur, þegar framkvæmd eru ýmis innanhússstörf sem dregist hafa. Jón Trausti talar um „að taka sér eldhúsdag og róta til í þessari stofnun." Þau orð duga vel í dag.

Sá tónn og sá taktur, sem þessi ríkisstj. sló strax í upphafi lífdaga sinna, hefur reynst sjálfum sér samkvæmur. Sú leið, sem var valin í byrjun til að leiðrétta hagsýsludæmið, er dyggilega fetuð enn af karlmannlegri festu, enda undir hljómfalli hinna hörðu gilda. Í stefnuræðu hæstv. forsrh. sagði, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. var ekki síst mynduð til þess að koma þjóðinni út úr þeim gífurlega efnahagsvanda sem við blasti og hún taldi brýnt að róttækar aðgerðir yrðu ákveðnar til þess að koma í veg fyrir enn vaxandi verðbólgu, stöðvun atvinnuvega, atvinnuleysi og enn frekari skuldasöfnun erlendis." En ríkisstj. hafði líka að markmiði „verndun kaupmáttar lægstu launa og lífskjara þeirra sem þyngst framfæri hafa."

Síðan rak lestina lítil félagsmálamús, sem áður var lýst af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Leið launaskerðinga og félagslegra skerðinga var samt valin til að ná tökum á verðbólgudraugnum eins og hann væri orsök vandans en ekki einkenni og verðbólgan hjaðnaði eins og ætla mátti. Félagslegar bætur voru notaðar til að hækka laun hinna verst settu, en þær urðu ekki marktækur stuðningur, enda meira í ætt við sýndarlátbragð, svo að ekki sé minnst á hve fráleitt það er að fólk þurfi að sækja sér lífsviðurværi í félagslegum bótum í stað þess að geta unnið fyrir sér með launum sínum.

Síðan fengum við óraunsæ fjárlög og nokkru síðar enn óraunsærri fjárlög. Þar voru ekki á ferðinni nýsköpunarflíkur nema ef vera skyldi að þær líktust nýju fötunum keisarans.

Það er reyndar undarlegt dýraríkið í efnahagslífi stjórnarinnar. Sem örþrifaráð var ógnað með gríðarmiklum bola, en hann reyndist þá bara vera lítil mús. Nú síðast er bjargvættur boðin í bandormslíki. Ég veit ekki betur en barist hafi verið gegn bandormum í þessu landi og reynt að útrýma þeim eftir að menn skyldu ferli þeirra og skaðsemi. Nægir þar að minna á sullaveikibandorminn. Nú bregður öðruvísi við og á nú bandormur að verða kerfinu til bjargar.

Það fé, sem afla átti á innlendum lánsfjármarkaði, brást og þrautalending ríkisstj. er hin sama og þeirra sem á undan fóru þrátt fyrir gagnrýni hennar á fjárfestingarstefnu fyrri ára. Hún tekur stórfelld erlend lán, að því er virðist eins og mönnum sé þetta ósjálfrátt. Er nokkur von þótt sú spurning vakni hvort okkur Íslendingum sé í raun um megn að standa sjálfir að rekstri þessa þjóðfélags. Þurfum við að búa í þessu landi á þann hátt að við veðsetjum okkur í útlöndum? Getum við ekki valið okkur þá forgangsröð og þá hófsemd í fjárfestingum sem leyfir okkur meira efnahagslegt sjálfstæði? Nei, hugmyndaflug ríkisstj. og dirfska hefur því miður reynst lítilla sanda og sæva og hún gengur troðnar slóðir. Áfram þenur vindur seglin í óarðbærum framkvæmdum, eins og margumræddri flugstöð og seðlabankabyggingu til að taka táknræn dæmi, og enn sér engan samdrátt í risnu og annarri eyðslu yfirstjórnar ríkisins. Enn er dekrað við stóriðjudrauminn og mokað fé í hið sísoltna gin stórvirkjunarframkvæmda.

Á sama tíma er reynt að spara. En hvar? Má ég nefna dæmi? Nú opnast dyr til nýrra áður óþekktra atvinnutækifæra, sem byggjast fyrst og fremst á hugviti og þekkingu, og við viljum vera með inn í framtíðina, tölum t. d. mikið um líftækni þessa dagana. En hvað er verið að hugsa þegar samtímis er skorið miskunnarlaust niður í menntakerfinu og vaxtarbroddur þessara framtíðarkosta okkar stýfður með því að skerða lán námsmanna? Okkur er lífsnauðsyn að eiga menntað fólk, sem nær tökum á tækninni, en verða ekki leiksoppar tækninnar. Áfram er kennarastéttin láglaunastétt enda að mestu skipuð konum. „Er rétt að stoppa síðasta karlkennarann upp?" var fyrirsögn í dagblaði í s. l. viku þar sem greint var frá flótta ungra karla úr kennaraliði grunnskóla þar sem konur eru 85%—90%.

Árið 1980 höfðu 64% kvenna skólagöngu að baki sem var minna en tíu ár, en aðeins 28% karlar. Breytingar eru þar á til batnaðar, en þó erum við talsvert að baki öðrum Norðurlandaþjóðum í þessum efnum enn. Áfram er óviðunandi misrétti til menntunar

milli dreifbýlis og þéttbýlis og höfum við kvennalistaþingkonur flutt mál á þessu þingi með þm. allra flokka til úrbóta í þessum efnum.

Annar knérunnur sem líka á að höggva í er heilbrigðisþjónustan. Við státum okkur af því að hafa lagt rækt við hana, enda höfum við trúlega notið góðs af, með lengsta meðalaldur og einn lægsta ungbarnadauða í heimi. Sömuleiðis höfum við mátt vera stolt af því að þeir sem á þessari þjónustu þurfa að halda áttu að henni aðgang án mikils tilkostnaðar. Þessu á nú að breyta. Auk niðurskurðar á framlögum til tannviðgerða barna og unglinga er líka áætlaður niðurskurður á sjúkradagpeningum sem mun bitna sérstaklega á húsmæðrum, námsmönnum og þeim sem eru nýbyrjaðir í starfi. Einnig eru fyrirhugaðar stórfelldar hækkanir lyfja og sérfræðiþjónustugjalda, göngudeildar- og rannsóknagjalda. Þessar hækkanir eru fyrirhugaðar án vitneskju um það hverjir neytendur eru. Heilbrigðisþjónustan er að vísu stór útgjaldaliður hjá ríkissjóði og þar má eflaust spara, ekki síst með því að efla fyrirbyggjandi heilsugæslu. Ef til vill munar ekki þann sem einstaka sinnum notar lyf eða læknisþjónustu um að greiða það gjald sem upp á að setja. En ég spyr: Hve margir eru þeir sem nota lyf að staðaldri vegna langvinnra sjúkdóma, en eru ekki gjaldgengir til þeirrar undanþágu frá greiðslu sem lyfkjakort gefa? Og hve margir eru þeir sem þurfa að staðaldri að sækja göngudeildir og rannsóknarþjónustu? Um þetta er ekki vitneskja, en þó er þessum ráðum beitt, að því er virðist í blindni, án tillits til þeirra sem fyrir verða.

Eitt af undirstöðuatriðum í framkvæmd friðarfræðslu er að þroska hæfileika barna til að setja sig í spor annarra. Það er eins og þessi ríkisstj. hafi ekki getað sett sig í spor þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Og það hlýtur að skýra þann skort á pólitískum vilja sem ríkir til að tryggja og rétta hlut þeirra og halda frið við þegna þessa lands. Þetta eru óráð sem benda til brenglunar á verðmætamati og forgangsröð.

Lánsfé er sólundað í prjálhýsi og munað, en börnin og unglingarnir eiga að borga þessa stundarvímu og stolnar stundir nýríkrar þjóðar. Menntunarlitlum á láglaunasvæði ætlum við þeim að axla skuldir foreldranna og mæta framtíð þar sem hugvitið verður veðhæft. Í Völuspá segir frá því að dag hvern riðu æsir um brúna Bifröst til himna að Urðarbrunni undir lífsins tré Aski Yggdrasils, en þar áttu goðin dómstað sinn. Við brunninn voru þrjár meyjar og skópu þær mönnum aldur, örlaganornirnar Urður, Verðandi og Skuld. Völva framtíðarinnar hét Skuld — og hver er hún þessi skuld við framtíðina? Fráleitt er það sú skuld sem við skiljum eftir handa börnum okkar. Miklu fremur mundi það vera sú skuld og skylda sem okkur ber við framtíðina og þá sem á eftir okkur koma, þ. e. að skila lífsskilyrðum og jörðinni, ekki bara heilum og óskemmdum áfram, heldur betri en þau voru þegar við tókum við þeim. Efnahags- og þróunarstofnun Evrópu hefur nýlega reiknað út að Ísland er sjötta ríkasta land í heimi, miðað við verðmæti þjóðarframleiðslu á hvern einstakling. Það færir okkur ábyrgð og skyldur bæði gagnvart okkur sjálfum og öðrum sem bera minna úr býtum en við. Okkur hefur gengið illa við það að skipta því sem til skiptanna er og gildir það jafnt innanlands sem utan. Þær skuldbindingar sem við höfum tekið á okkur um þróunaraðstoð hafa ævinlega verið langt undir áætluðu marki sem er um 1% af þjóðartekjum. Þarna þurfum við að taka okkur verulega á.

Þegar hæstv. fjmrh. fannst að freklega ætti að ganga á rétt hans talaði hann um að flýja land. Ríkisstj. hefur gengið freklega á rétt launþega og þeirra sem minna mega sín. Þeir munu þó varla geta eða vilja flýja land. En það má ekki ætla þeim að lifa á Íslandssögunni einni saman. Til þess að fólk uni í landi sínu verður það að geta lifað þar mannsæmandi lífi.

Í von um að öll él birti upp um síðir, af þjóðhollustu og þrautseigju hefur fólk stutt þessa ríkisstj. En í skammsýni sinni kippir hún undan sér lífsgrundvellinum með því að ofbjóða fólkinu og bítur þannig sundur þráðinn sem heldur uppi vef hennar, eins og kóngulóin í ævintýrinu forðum. Það þarf nefnilega ekki bara áræði og festu, heldur líka mannúð og réttlætiskennd til að velja og standa við framtíðarstefnu sem dugir þessari þjóð til að komast á réttan kjöl og til lands úr þessu skuldafeni án þess að missa sjónar á velferð fólksins.

Þessi ríkisstj. hefur ekki reynst þeim vanda vaxin. Og hljómfall hinna hörðu gilda má ekki lengur vera einrátt, þá verða of margir út undan. Velferð þjóðarinnar byggist ekki síst á því að hin mjúku gildi eigi aðgang að því að ákveða forgangsröðina. Þess vegna þurfa þau að komast að í ríkari mæli. — Ég þakka áheyrnina, góða nótt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Hvers konar lífi viljum við lifa í þessu landi? Viljum við stuðla að samkennd og samvinnu eða viljum við ýta undir sérgæsku og gróðasókn einstakra manna og fyrirtækja? Viljum við leggja rækt við manninn og manngildi og víkja forsendum kaldrar peningahyggju, auðgildinu, til hliðar? Viljum við varðveita sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, tungu hennar og menningu eða látum við okkur það í léttu rúmi liggja þegar Ísland verður leiksoppur í kjarnorkuæði stórveldanna allt í kringum okkur, þegar bandaríska herstöðin færir út kvíarnar sem aldrei fyrr og umsvif Bandaríkjamanna hér á landi margfaldast? Viljum við jafna kjörin í landinu eða viljum við auka á launamismun þannig að Ísland verði Singapore norðursins, eins og Sverrir Hermannsson boðar? Viljum við stuðla að framþróun þess þjóðfélags sem sinnir barninu, sjúklingnum, öldruðum manni eða fötluðum eða drögum við úr samneyslunni með því að lækka skatta fyrirtækjanna, þ. á m. bankanna? Hvers konar Ísland viljum við?

Spurt er að gefnu tilefni. Fyrir nokkrum dögum var greint frá því að yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna styddi einkarekstur fremur en félagslegan rekstur. Þessi niðurstaða er athyglisverð. Hún þarf ekki að gefa nákvæma mynd af vilja og skoðun fólks, en hún er til marks um það, því miður, að tekist hafi á síðustu tveimur misserum að brjóta niður að nokkru leyti þá samkennd sem þarf að einkenna íslenska þjóðfélagið — samkennd sem byggir á jafnrétti og lýðræði. Einungis með samneyslu og félaglegri þjónustu getum við veitt þeim stuðning sem þurfa á stuðningi að halda. Það getur hvenær sem er komið að mér eða þér, að við þurfum á þessari aðstoð að halda. Þegar við hugleiðum þá staðreynd sjáum við hversu brýnt er að leggja rækt við félagshyggju í þessu fámenna þjóðfélagi. Íslendingar hafa áður glatað sjálfstæði sínu á altari sundrungarinnar. Margt bendir til þess að núv. ríkisstj. ali vísvit-

andi á sundrung í íslenska þjóðfélaginu. Glöggur maður hefur í mín eyru kallað þessa ríkisstj. argvítugustu sundrungarstjórn sem setið hefur á Íslandi. Það hygg ég að sé því miður rétt.

Hvers konar þjóðfélag er stjórnarstefnan að skapa? Fyrir einu ári var bannað að gera kjarasamninga. Þannig var vegið að lýðræðinu. Fyrir einu ári voru verðbætur á laun bannaðar, en verðlag gefið frjálst. Frá því í maí í fyrra hefur matarreikningur vísitölufjölskyldunnar hækkað um 40 000 kr. á ári. Launamaður með 15 000 á mánuði er nærri þremur mánuðum lengur að vinna fyrir matarreikningnum nú en í fyrra. Launafólk hefur borgað niður verðbólguna með geysilegum fórnum í almennum lífskjörum. Nú kostar 50 000 kr. á mánuði að framfleyta vísitölufjölskyldunni. Menn beri það saman við það fé sem þeir telja upp úr launaumslögum sínum í dag. En þrátt fyrir fórnfýsi launafólks er nú margt sem bendir til þess að verðbólgan muni vaxa á ný. Ástæðan er halli á ríkissjóði og stórfelldar erlendar lántökur. Ríkissjóður er nú rekinn með erlendum lánum. Rekstrarreikningar opinberra stofnana, frímerki, sími og laun, þetta er greitt með erlendum lánum. Meðlagsskuldir eru gerðar upp með erlendum lántökum. Byggingarsjóður ríkisins verður að taka erlend lán í fyrsta sinn í sögunni. Þannig er veruleg hætta á því að fórnir launamanna í baráttunni gegn verðbólgu verði unnar fyrir gíg.

Ríkissjóður er rekinn með halla vegna þess að fjmrh. er daglangt og náttlangt að bora göt á ríkissjóð. Það vantar hundruð milljóna króna, en samt er hann nú að knýja fram á Alþingi frv. um að lækka skatta á bönkum og öðrum innlánsstofnunum. Þannig er fjmrh. í raun að láta taka erlend lán til þess að borga niður skattana fyrir fyrirtækin. Á sama tíma knýr ríkisstj. fram niðurskurð á félagslegri þjónustu. Ríkisstj. leggur fjötra á lýðræðið. Hún skerðir kaupið margfalt á við þjóðartekjur. Ríkisstj. hefur ákveðið að skerða sjúkradagpeninga handa húsmæðrum, námsmönnum og ungu verkafólki. Þar eru vinir litla mannsins að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur eða hitt þó heldur.

Ríkisstj. lækkar framlög til tannlæknakostnaðar. Þar er ráðist að þeim sem síst skyldi, einkum barnmörgum fjölskyldum.

Ríkisstj. hækkar verð á landbúnaðarafurðum. Þar er ráðist að stærri fjölskyldum og fólki sem hefur lægstu tekjur því það notar stærstan hluta tekna sinna til að kaupa mat. Sérstaklega kemur þessi árás hart niður á einstæðum foreldrum.

Ríkisstj. er að þrefalda verð á læknishjálp og hún sigar verðlaginu lausu á fólk þannig að álagning hefur mælst upp í 1100%. Þetta er ekki það þjóðfélag sem við viljum. Yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna er á móti þessu þjóðfélagi fyrirtækjanna og fjármagnsins. En hvernig má vera að slíkt gerist? Hvernig má það gerast að sterk almannasamtök verði að þola slíkar árásir í heilt ár? Vafalaust er ástæðan að nokkru leyti sú, að fólkið vildi mikið á sig leggja til að keyra verðbólguna niður. En í stefnu ríkisstj. felst engin lækning á verðbólguvandanum nema launafólk sætti sig við áframhaldandi kaupskerðingu og að Ísland verði láglaunasvæði til frambúðar. En það má aldrei gerast. Ísland má ekki verða Singapore norðursins.

Núverandi ríkisstj. hefur í raun aðeins náð saman um tvennt: að lækka kaupið og að hygla fyrirtækjunum. Innan hennar er engin samstaða um að skera niður níðþunga yfirbygginguna þó því væri lofað þegar ríkisstj. var mynduð. Innan hennar er engin samstaða um sameiningu bankanna, um sameiningu sjóðakerfisins né um það að leggja Framkvæmdastofnunina niður. Innan hennar er engin samstaða um neitt annað en kauplækkun og að velta vandanum yfir á næstu ríkisstjórn og á komandi kynslóðir í landinu með erlendum lántökum.

Athyglisvert var hvernig ríkisstj. afgreiddi húsnæðismálin í gærkveldi. Formaður Sjálfstfl. flutti tillögu um að henda húsnæðissamvinnufélögunum út úr húsnæðisfrumvarpi ríkisstj. sjálfrar. Félmrh. var beygður í duftið og greiddi sjálfur atkvæði með eigin aftöku á Alþingi. Þannig er komið aftan að þeim hundruðum einstaklinga sem bundu vonir við húsnæðissamvinnufélögin og hafa fylkt liði inn í þau á liðnum mánuðum í trausti þess að félmrh. og ríkisstj. stæðu við gefin fyrirheit. Þau fyrirheit hafa nú verið svikin og húsnæðismálin sett í nefnd um leið og afgreitt er frv. sem gerir ráð fyrir að eyðileggja verkamannabústaðakerfið. Kunnugir segja að félmrh. hafi fórnað húsbyggjendum fyrir hagsmuni Framsfl. í mangómálinu svonefnda. Þar var komið við kvikuna í framsókn og hagsmunir húsbyggjenda því seldir fyrir hagsmuni milliliðanna í landbúnaðinum, sem bera m. a. ábyrgð á kartöfluinnflutningi síðustu mánaða þar sem Sambandið hirðir umboðslaun af rusli sem er ónothæft nema til þess að grafa það í jörð.

Í staðinn fyrir mangónefndina, en í henni voru fjmrh., forsrh., viðskrh. og landbrh. og fjórir aðstoðarmenn, tekur nú við ný sáttanefnd innan ríkisstj. og fjallar um ágreining stjórnarflokkanna í húsnæðismálum. Það verður eins konar milliþinganefnd. Ríkisstj. nær ekki saman.

Eftir að ríkisstj. hefur lækkað kaupið, eftir að hún hefur gert ráðstafanir til að bæta stöðu fyrirtækjanna, eftir að ríkisstj. hefur náð saman um að margfalda sjúklingagjöld, eftir að ríkisstj. hefur náð saman um að skera niður félagslega þjónustu og siga verðlagningu lausri á landslýðinn, þá er örendi hennar þrotið. Ríkisstj. leysir engin vandamál. Hún frestar öllum vanda. Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur lagt til að þinginu verði frestað um nokkrar vikur til þess að stjórnarliðið geti náð saman um ótal ágreiningsmál sem liggja fyrir þinginu. Aldrei fyrr hefur ríkisstj. opinberað ágreining sinn jafn berlega og kemur fram í þessari tillögu Ólafs G. Einarssonar.

Enginn hefur þó lýst þessu ástandi betur en varaformaður Sjálfstfl., sem fékk allra náðarsamlegast að halda ræðu á Seltjarnarnesi nýlega. Hann benti á að nú, þegar áður en eitt ár er liðið, verði að endurskoða málefnasamning ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Þannig er ljóst að stjórnarliðið er að gefast upp. Ráðherrarnir stritast við að sitja og formaður Sjálfstfl. boðar nýja stjórnarstefnu í eldhúsdagsumræðum hér í kvöld.

En afleiðingin af því sem ríkisstj. hefur gert birtist hvarvetna í þjóðfélaginu. Fátæktin hefur í fyrsta sinn í þrjá áratugi skipað sér á innsta bekk þúsunda íslenskra heimila. Þessa dagana birtast fréttir um óhugnanleg afbrot þar sem ráðist er á varnarlausa einstaklinga með sívirðilegum hætti og afbrot færast í vöxt. Þessi breyting á samfélaginu á rætur að rekja til þeirrar örvæntingar og fátæktar sem fólk berst við árangurslausri baráttu um

þessar mundir. Stefna ríkisstj. hefur beygt þúsundir manna. En þessa stefnu, sem þannig leikur hinn almenna mann, þarf ekki að líða stundinni lengur. Og nú bendir margt til þess að senn rofi til.

1. maí s. l. var til marks um vaxandi hreyfingu meðal íslenskra launamanna. Æ fleiri eru að átta sig á því reginafli sem verkalýðssamtökin eru sameinuð. Íhaldsöflin hafa verið að gera sér vonir um ágreining innan verkalýðssamtakanna og að flokkur launafólks yrði viðskila við hreyfinguna. Það er misskilningur og íhaldið á eftir að verða fyrir vonbrigðum. Tengslin hafa aldrei verið betri en einmitt nú. Rödd Alþb. á styrkan hljómgrunn meðal launafólks hvarvetna um þessar mundir.

Launamenn eru að átta sig betur á því að þeir þurfa ekki að una þeim smánarkjörum sem ríkisstj. hefur skammtað með stefnu sinni í bandalagi við harðdrægustu peningaöflin í verslunarráðinu og forstjóraveldið í SÍS. Verkalýðshreyfingin fjallar nú um baráttustöðu sína með tilliti til 1. september. Það er greinilegt að þar er leitað eftir samstöðu um baráttu gegn þessari ríkisstj. og atvinnurekendavaldinu í landinu. Þar fara hagsmunir vinnandi alþýðu til sjávar og sveita saman þótt oft sé reynt, einkum af Framsfl., að reka þar fleyg á milli.

Ágæti hlustandi. Þú veist að það er óþarfi að þola kjaraskerðinguna stundinni lengur og þá niðurlægingu og örvæntingu sem stjórnarstefnan hefur leitt yfir mörg alþýðuheimili á Íslandi. Þú veist að það er ranglátt að leggja byrðar þessa dags með sligandi þunga á framtíðina, börn okkar og barnabörn. Þess vegna er stefna ríkisstj., með stórauknum erlendum lántökum, í raun hættuleg fyrir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Þú veist að það er óþarfi að líða lækkun á sjúkradagpeningum húsmæðra, námsmanna og ungra verkamanna. Þú veist að það er ranglátt að leggja á sífellda sjúklingaskatta, en lækka á sama tíma skatta á bönkum og innlánsstofnunum. Þú veist að stjórnarstefnan er stefna sundrungar þegar þjóðinni er sameining og samstaða lífsnauðsyn. Þú þarft að gera þér ljóst að þú átt möguleika á að verja þig. Þú þarft ekki að þola niðurlæginguna stundinni lengur. Þú þarft ekki stundinni lengur að líða þá storkun sem felst í yfirlýsingunum um Singapore norðursins, þar sem þú ert settur á uppboð á alþjóðlegum markaði stjórfyrirtækjanna. Þú þarft að gera þér ljóst að svipuhöggin sem ríkisstj. hefur látið dynja á baki verkalýðshreyfingarinnar eru þegar orðin nógu mörg hvort sem þau hafa birst í banni við kjarasamningum eða beinni kjaraskerðinu. Þú þarft að gera þér ljóst að í verkalýðssamtökunum er fólgið afl sem getur unnið sigra. Þú þarft þess vegna að beita þér af alefli í þínu verkalýðsfélagi á næstu mánuðum því starfið þar getur ráðið úrslitum. Verkalýðshreyfingin getur ekki haft meira afl en nemur áhuga og fórnfýsi liðsmannanna. Þess vegna er lífsnauðsyn að starfa og starfa enn í hverju einasta verkalýðsfélagi. Í þessum efnum dugir ekki að treysta á einstaka foringja. Hver einasti einstaklingur hefur rétt og heimild en líka skyldu til þess að taka afstöðu til mála og meta þróunina út frá eigin hagsmunum og hagsmunum heildarinnar í senn. Hagsmunir allra vinnandi manna fara saman í þeirri baráttu sem fram undan er. Þar má enginn skerast úr leik, ekkert byggðarlag, ekkert verkalýðsfélag, enginn einstaklingur.

Við skulum hafa það hugfast að þeir sem lifa á því að selja vinnuafl sitt, launamenn, eru yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar. Það mun margt undan láta í herbúðum fjármagnsaflanna þegar sá meiri hluti birtist.

Verkalýðsbaráttan verður hins vegar aldrei til lykta leidd nema sjónarmið samhjálpar og samvinnu eignist enn sterkara stjórnmálaafl sem hefur í fullu tré við afturhaldið í landinu. Við verðum að viðurkenna, þó margt hafi gengið vel á Alþingi í vetur, að stjórnarandstaðan hefur verið veikari en skyldi vegna þess að hún er í fjórum flokkum. Kjaraskerðingin er að sumu leyti refsing fyrir sundrung vinstri manna og verkalýðssinna. Eitt brýnasta verkefnið á næstunni er því að skapa sterka samstöðu pólitískrar og faglegrar baráttu gegn ríkisstj. fyrir þjóðfélagi jafnréttis og lýðræðis.

Hvers konar lífi viljum við lifa? var spurt. Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar vill stefnu friðar, en hafnar stríðsstefnu. Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar er andvígur því dekri við fjármagnið sem núverandi ríkisstj. iðkar. Ég er sannfærður um að meiri hluti þjóðarinnar áttar sig á því að stjórnarstefnan er hættuleg þjóðfélagi velferðar, samhjálpar og samvinnu. Við viljum þjóðfélag jafnréttis og lýðræðis. Við viljum að hver einstaklingur hafi sterk áhrif á umhverfi sitt nær og fjær. Og við viljum skapa forsendur til þess að allir geti tekið sem beinastan þátt í stjórn þjóðfélagsins. Við höfnum hvers konar hömlum á lýðræði og lýðréttindi. Við leggjum áherslu á að allir fái ávinning tæknframfara, en ekki aðeins þröngir forréttindahópar. Við leggjum áherslu á það þjóðfélag sem sinnir barninu á þroskaskeiði þess, veitir sjúklingi nauðsynlega umönnun, sem styður aldraða og eflir þjónustu við fatlaða. Við viljum þjóðfélag jafnréttis karla og kvenna þar sem sérstaða og samvinna kynjanna er viðurkennd. Við viljum þjóðfélag sem opnar fyrir sköpunargleði hvers einstaklings, menningarlega viðleitni hans, og við leggjum áherslu á innihaldsríkari tómstundir en ungu fólki er gefinn kostur á í dag. Við viljum frjálst og fullvalda íslenskt þjóðfélag, herlaust og utan hernaðarátaka stórveldanna. Við viljum Ísland jafnréttis og samvinnu, en höfnum því þjóðfélagi sundrungar, erlendra skulda, gróða og sérgæsku sem núverandi ríkisstj. beitir sér fyrir. En við gerum okkur jafnframt ljóst að þessu þjóðfélagi verður aldrei náð nema með starfi og aftur starfi og baráttu. Það getur aldrei orðið friður um ranglætið og vaxandi tekjumismun þar sem forstjórarnir hirða verkamannalaun í kauphækkun meðan láglaunafólki er haldið niðri. Við bendum á að einungis með jafnri skiptingu verðmætanna er unnt að styrkja verulega hlut þeirra sem lakari hafa kjörin. Þá geta hinir þurft að gefa nokkuð eftir af sínum hlut og fyrirtækin að skila aftur þeim gjöfum sem núverandi ríkisstj. hefur afhent þeim.

Herra forseti. Það má aldrei aftur gerast að kaupránsöflin nái saman, eins og gerst hefur í núverandi ríkisstj. Það má aldrei gerast framar að verkalýðshreyfingunni verði storkað, eins og gerst hefur í tíð núverandi ríkisstj. Það má aldrei gerast aftur að ráðist sé að innviðum okkar þjóðfélags samkenndar og samvinnu, eins og núverandi ríkisstj. hefur gert. Það má aldrei framar gerast að þjóðin verði að þola annað eins tilræði við sjálfstæði þjóðarinnar og birtist í orkusölustefnu Sverris Hermannssonar og hernámsstefnu Geirs Hallgrímssonar.

Í starfi, baráttu og samheldni felst von okkar.
Ég þakka þeim sem hlýddu, lifið heil.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við stjórnarmyndun eftir alþingiskosningarnar á s. l. ári kom í ljós svo ekki verður um deilt að eingöngu ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. var fær um að taka á þeim mikla vanda sem við blasti í efnahagsmálum þjóðarinnar. Undan því vildum við framsóknarmenn ekki skorast. Því var sú ríkisstjórn mynduð sem nú situr. Hún greip til harðra aðgerða til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuvega og atvinnuleysi. Það tókst. Verðbólga hefur á einu ári fallið úr um 130%—140% í um 12%—14% á ársgrundvelli og er reyndar nú aðeins um 10% samkvæmt þeirri vísitölu framfærslukostnaðar fyrir aprílmánuð sem birt verður á morgun. Einsdæmi mun vera í heiminum að slíkur árangur náist í viðureign við verðbólgu. Þetta er að þakka markvissum aðgerðum ríkisstj. og víðtækum stuðningi almennings.

Upphaf þeirra erfiðleika, sem við eigum nú við að stríða, má rekja til efnahagskreppunnar í heiminum sem hófst 1979 með stórfelldum olíuverðshækkunum. Þegar heldur tók að rofa til erlendis fylgdi aftur á móti hér á landi hrun loðnustofnsins og síðan mikill samdráttur í þorskafla. Þetta hefur valdið því að þjóðarframleiðsla hefur þegar fallið um 8% á hvern íbúa og mun að öllum líkindum enn dragast saman á þessu ári um 2%. Þetta er mesti samdráttur í þjóðarframleiðslu og mestu erfiðleikar í efnahagsmálum sem þjóðin hefur átt við að glíma frá stofnun lýðveldisins. Áhrifin urðu meiri og alvarlegri vegna þess að ekki náðist samstaða um harðar viðnámsaðgerðir á árinu 1982 og í upphafi ársins 1983. Alþb. skorti vilja eða kjark, ef ekki hvort tveggja.

Með erlendar skuldir þjóðarinnar í hámarki var ljóst að óðaverðbólgan hlaut að leiða til efnahagslegs hruns. Því varð að forða. Fyrsti áfangi í efnahagsstefnu ríkisstj. beindist því gegn verðbólgunni og þeim voða sem henni fylgir. Árangurinn varð mikill. Á öllum sviðum efnahagsmála eru batamerkin augljós. Verðlag er stöðugt, vextir hafa verið lækkaðir um helming, viðskiptahallinn lækkaði úr 10% 1982 í rúmlega 2% 1983.

Deilt hefur verið á Framsfl. fyrir lögbindingu hinna hörðu efnahagsaðgerða. Á því öxlum við fulla ábyrgð. Það er mín skoðun að sérhverri ríkisstj. beri skylda til að fara þá leið sem árangur ber til að forða þjóðinni frá stórfelldum voða, jafnvel þótt tímabundið sé vikið frá hefðbundnum og eðlilegum sjónarmiðum. Í slíkum tilfellum verður þjóðarheill að ráða gerðum stjórnvalda.

Hinn mikli árangur sem náðst hefur er viðurkenndur og öllum ljós. Enginn vill verðbólgu að nýju.

Þessar fyrstu aðgerðir byggðu á markvissri stefnu í launamálum. Hjá því varð ekki komist. Við mjög lækkandi þjóðartekjur varð launum ekki haldið eins og þau voru orðin án stórfellds viðskiptahalla og áframhaldandi erlendrar skuldasöfnunar. Sú braut varð ekki lengur farin hún var á enda gengin.

Að mati Þjóðhagsstofnunar hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna lækkað um 10% eða svipað og þjóðartekjur. Fullyrðingar Svavars Gestssonar um annað hér áðan eru úr lausu lofti gripnar. Ljóst er að lækkun kaupmáttar kemur mjög misjafnlega við þegna þjóðfélagsins. Þeir sem minnst hafa fyrir mega síst við samdrætti. Þess vegna beitti ríkisstj. sér fyrir ákveðnum aðgerðum til hagsbóta fyrir þá sem erfiðust hafa kjörin. Það var bæði gert í upphafi stjórnarsamstarfsins og aftur í tengslum við samninga á hinum almenna markaði. Ég leyfi mér að fullyrða að ekki hafi áður verið gengið eins markvisst fram í þeim efnum og núverandi ríkisstj. gerði s. l. vetur með þeirri aðstoð sem veitt var einstæðum foreldrum og barnmörgum láglaunafjölskyldum.

Annar áfangi í efnahagsstefnu ríkisstj. er hafinn. Lögbundnar aðgerðir í launamálum hafa verið afnumdar. Í stað þess hefur ríkisstj. ákveðið þau mörk sem hún telur hæfa efnahagsþróun þjóðarinnar. Stefnt er að því að verðbólgan verði í lok ársins ekki yfir 10%. Til þess að það muni takast mun gengi verða haldið stöðugu. Gengi krónunnar hefur frá áramótum sigið um aðeins 2.5% og ekki er fram undan sjáanleg þörf fyrir umtalsvert gengissig, ef launahækkunum og öðrum kostnaði innanlands er haldið innan hóflegra marka og menn láta hvatningu Svavars Gestssonar hér áðan um deilur í þjóðfélaginu sem vind um eyru þjóta. Erlendar skuldir þjóðarinnar eru ekki auknar umfram 60% af þjóðarframleiðslu. Að sjálfsögðu hefði verið æskilegt að draga úr erlendum skuldum, en til þess er ekki svigrúm í minnkandi þjóðarframleiðslu.

Með fyrir fram ákveðinni gengisstefnu er brotið í blað í viðureigninni við verðbólguna. Nú geta atvinnuvegirnir ekki samið um laun í trausti þess að gengið verði fellt. Ég trúi því heldur ekki að nokkur launþegi vilji slíkt lengur. Mönnum er ljóst að því fylgir aðeins verðbólga.

Í þessum öðrum áfanga í efnahagsstefnu ríkisstj. er að því stefnt að treysta þann árangur sem hefur náðst og tryggja áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Mesta hættan stafar nú að öllum líkindum af of mikilli þenslu í peningamálum. Því hefði verið æskilegt að draga sem mest ef ekki alveg úr halla ríkissjóðs. Þess var hins vegar enginn kostur án þess að skerða óbærilega þá þjónustu sem þegnunum er veitt eða afla viðbótartekna sem hefði skert kaupmáttinn sem um var samið í febrúar. Menn verða að gæta þess að við minnkandi verðbólgu á ríkissjóður í verulegum aðlögunarvanda. Útgjöldin haldast að mestu en tekjurnar falla. Ég tel raunhæft að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu tveimur árum.

Þriðji áfanginn í efnahagsstefnu ríkisstj. á að einkennast af sókn — sókn upp úr þeim öldudal sem þjóðin er nú í. Það ber að gera með nýsköpun atvinnulífsins og nýju framtaki einstaklinga og fyrirtækja. Aðeins með meiri framleiðni og auknum hagvexti er unnt að bæta lífskjörin svo að raunverulegt sé.

Við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á að undirbúningur þessa áfanga hefjist án tafar. Við teljum bæði nauðsynlegt að aðlaga okkar gömlu atvinnuvegi breyttum aðstæðum og leggja grundvöll að nýrri framleiðslu.

Þótt enn megi eflaust auka verðmætasköpun í sjávarútvegi mun hann ekki í framtíðinni verða sá grundvöllur hagvaxtar sem verið hefur á undanförnum árum. Miðin eru að mestu fullnýtt. Hins vegar má bæta meðferð aflans og framleiðsluna með ýmsu móti og nauðsynlegt er að fiskiskipaflotinn, viðhald hans og endurbygging sé í samræmi við aflavon á næstu árum. Stjórnunaraðferðir verða að vera markvissar og í sem nánustum tengslum við sjávarútveginn sjálfan.

Óhjákvæmilegt er að breyta landbúnaðarfram-

leiðslunni. Hefðbundnar landbúnaðarafurðir verða því miður ekki lengur seldar erlendis svo arðbært sé. Því veldur fyrst og fremst mikil vernd og aðstoð erlendra ríkja við sinn eiginn landbúnað. Ég hef sett fram þá skoðun að í samvinnu við bændur eigi á ákveðnu tímabili, t. d. næstu fimm árum, að draga úr mjólkur- og kjötframleiðslunni þannig að hún sé sem næst okkar eigin þörfum. Þetta er viðkvæmt og margslungið mál. Slíkur samdráttur mundi valda byggðaröskun ef ekki er skipulega að málum staðið.

Á þessum sama tíma er því nauðsynlegt að efla aðrar arðbærar búgreinar. Loðdýrarækt á vafalaust góða framtíð hér á landi, ef vel er að þeim málum staðið. Hana ber því t. d. skipulega að auka á sama tíma og dregið er úr hinni hefðbundnu framleiðslu. Lax- og silungseldi, ekki síst í tengslum við jarðvarma, er einnig mjög álitlegt.

Málefni landbúnaðarins er að sjálfsögðu langtum flóknara en svo að þeim verði gerð skil í örfáum orðum. Landbrh. mun ræða þau nánar hér á eftir. Mikilvægast er að þetta starf er hafið á hans vegum í nánu samstarfi við fulltrúa bænda. Ég er sannfærður um að landbúnaðurinn verður eftir slíka aðlögun öflugri og heilbrigðari en hann er nú.

Að öllum líkindum er mesti vaxtarbroddurinn í ýmsum háþróuðum iðnaði. Lífefnaiðnaður er talinn sérstaklega álitlegur og á erindi um allt land þar sem fiskvinnsla og sláturhús eru. Rafeindaiðnaðurinn er sú grein sem einna mest hefur vaxið í nágrannalöndum okkar. Þar hefur mjög markvisst verið unnið af opinberri hálfu að því að efla slíkan iðnað. Ýmsir hugvitssamir ungir menn hafa hér á landi haslað sér völl á því sviði. Þó erum við Íslendingar enn langt á eftir nágrönnum okkar í slíkri framleiðslu að magni og verðmætum.

Sókn til bættra lífskjara á að vera í höndum einstaklinga og félaga, en við framsóknarmenn leggjum á það áherslu að ríkisvaldið skapi nauðsynlegan grundvöll. Það hefur að hluta verið gert með hjöðnun verðbólgunnar en meira þarf ef duga skal. Sérstaklega er fjármagnsskortur mikil hindrun í vegi. Úr því verður að bæta. Jafnframt er nauðsynlegt að auka rannsóknir og tilraunir á þessum sviðum.

Ýmsar mikilvægar kerfisbreytingar þarf einnig að gera. Það er hins vegar misskilningur að slíkt hefði leyst þann bráða vanda sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir. Ekki er heldur rétt að kasta því sem gott er aðeins breytinganna vegna. Ég vísa því algjörlega á bug að Framsfl. standi gegn slíkum breytingum. Ég hef á vegum ríkisstj. látið vinna athyglisverðar tillögur um breytingar á stjórnarskipunarlögum. Því verki verður haldið áfram í sumar í samvinnu við stjórnarandstöðuna. Ég vona að þær breytingar megi leggja fyrir Alþingi næstkomandi haust. Sömuleiðis liggja fyrir tillögur um breytingar á sjóðakerfinu. Sú nefnd skilaði tveimur álitum. Með hvorugt er ég ánægður. Þeirri vinnu verður áfram haldið í sumar. Þannig er nauðsynlegt að endurskoða og hagræða jafnt og þétt í ríkiskerfinu.

Það frjálsræði í verslun, sem nú er aukið dag frá degi, byggist á lögum um verðlagsmál, sem sett voru að frumkvæði framsóknarmanna. Með meiri samkeppni og auknu bolmagni verslunarinnar er sjálfsagt að auka frelsið.

Að vanda heldur stjórnarandstaðan því fram að deilur séu miklar í ríkisstj. Vonbrigði Svavars Gestssonar komu greinilega fram í máli hans hér áðan. Framsfl. og Sjálfstfl. eru um margt ólíkir og hafa lengi verið andstæðingar í íslenskum stjórnmálum.

Framsfl. er frjálslyndur umbótaflokkur. Við framsóknarmenn leggjum áherslu á velferð, öryggi og jafnræði öllum til handa, frelsi einstaklingsins til athafna og hagsmuni fjöldans á grundvelli samvinnu og félagshyggju.

Þó flokkarnir hafi mismunandi skoðanir á ýmsum þjóðmálum er stjórnarsamstarfið gott. Sjónarmið samstarfsflokksins er viðurkennt og ágreiningsmálin leyst. Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafa tekið höndum saman um endurreisn hins íslenska efnahagslífs. Því verki ætlum við að ljúka.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á fyrsta starfsári núverandi ríkisstj. hefur íslenskur landbúnaður þurft að glíma við afleiðingar þungra áfalla. Góðviðrisdagar hins fyrsta sumarmánaðar fylla okkur þó bjartsýni á að á enda sé kuldaskeið síðustu ára sem valdið hefur bændum svo þungum búsifjum. En enda þótt tekist hafi að ná verðbólgunni niður eru ýmsar afleiðingar hennar enn þá þungar í skauti fyrir bændur og vinnslustöðvar þeirra eins og fram kom við uppgjör á afurðaverði fyrir s. l. ár. Og þrátt fyrir samdrátt í hefðbundinni búvöruframleiðslu á síðustu árum erum við enn í vandræðum með að finna viðunandi markað fyrir alla framleiðsluna. Að vísu stafar það að nokkru leyti af birgðasöfnun frá síðustu árum þar sem markaðir drógust þá saman í viðskiptalöndum okkar erlendis.

Ríkisstj. leggur mikla áherslu á að þessar birgðir verði seldar sem allra fyrst til þess að losna við frekari kostnað og aðra erfiðleika sem dráttur á því hefði í för með sér. Þess vegna hefur ríkisstj. samþykkt að greiða jafnóðum og útflutningur fer fram verðtryggingu að því marki sem heimildir leyfa. Nægi það ekki verði heimilt að greiða það sem á vantar af fjárlögum næsta árs. Augljóst er þó að slíkt væri skammgóður vermir ef ekki væri reynt að gera sér grein fyrir því hvað framtíðin ber í skauti sínu á þessu sviði. Þess vegna hef ég skipað nefnd, sem þegar hefur tekið til starfa, til þess að gera till. um framleiðslustefnu í landbúnaði sem tryggi bændum viðunandi afkomu og atvinnuöryggi. Nauðsynlegt virðist vera að halda mjólkurframleiðslunni í svipuðu magni og hún var árið 1981. Miðað við meðalafurðir af þeim fjárstofni, sem á fóðrum var s. l. vetur, má ætla að kindakjötsframleiðslan verði nokkuð á annað þúsund tonn umfram það sem selst hefur á innlendum markaði. Mér virðist eðlilegt að við reynum að halda útflutningi á dilkakjöti til Færeyja en við stefnum einmitt að vaxandi viðskiptum við þá. Það hefur verið okkar besti útflutningsmarkaður og Færeyingar kjósa íslenska dilkakjötið fremur öðru. Annar útflutningur mun í framtíðinni miðast við að viðunandi markaðir fáist.

Enda þótt bilið milli framleiðslunnar og innlenda markaðarins að viðbættri Fræeyjasölu sé ekki ýkja mikið er óviðunandi fyrir landbúnaðinn að brúa það bil með frekari samdrætti í framleiðslu án þess að annað sé byggt upp í staðinn. Að vísu er að einhverju leyti hægt að létta undir með að leggja áherslu á að sem stærstur

hluti andvirðis búvöruframleiðslunnar gangi til greiðslu vinnulauna. Í því skyni ákvað ríkisstj. að draga úr rekstrarkostnaði landbúnaðarins með því að fella niður söluskatt af helstu landbúnaðarvélum og tækjum á s. l. ári.

Vaxandi möguleikar eru líka á nýtingu innlends fóðurs með framförum við þurrheys- og votheysverkun og öðrum framleiðsluaðferðum, t. d. kögglun á heyi með eða án íblöndunar annarra fóðurefna. Á liðnum sumrum hefur líka komið í ljós að ræktun á byggi er álitleg til fóðuröflunar. En enda þótt þannig væri nokkurn veginn hægt að halda í horfinu og jafnframt að benda á ýmsar leiðir til hagræðingar þá er það ekki nóg. Kyrrstaða í landbúnaði eins og á öðrum sviðum er sama og afturför. Það er eðli bóndans að sækja fram, byggja upp og búa í haginn fyrir framtíðina og þar þarf því að leita að fleiri tækifærum.

Hér hefur verið bent á að af nýjum atvinnugreinum er loðdýraræktin nærtækust en hún hefur verið að breiðast út síðustu árin. Skipuleg uppbygging fóðurstöðva, sem nú er unnið að, er grundvallaratriði og hefur verið ákveðið að verja framlögum úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins í þessu skyni ásamt nauðsynlegu lánsfé. Áætlað hefur verið að loðdýrabú fyrir fjölskyldubú sem er 1½ ársverk muni kosta 3—4 milljónir króna. Það er athyglisvert að atvinnurekstur, sem veitir t. d. 150 manns atvinnu, kostar 300—400 milljónir í stofnkostnað og líka hversu lítill hluti það er af stofnkostnaði í ýmsum öðrum atvinnugreinum, sem rætt hefur verið um að koma af stað til að auka atvinnu og framleiðslu þjóðarbúsins. Þetta er atvinnurekstur, sem notar lítið af innfluttum aðföngum, en afurðir eru seldar fyrir erlendan gjaldeyri, og er að því leyti sá hagkvæmasti sem völ er á.

Sama er að segja um fiskeldi og fiskirækt, sem Framleiðnisjóður mun einnig veita stuðning til eftir því sem geta leyfir. Með hverju ári sem líður gefa rannsóknir og reynsla okkur fyrirheit um nýja möguleika á þessu sviði.

Þjónusta við ferðamenn er einnig vaxandi þar sem stöðugt fjölgar erlendum ferðamönnum sem vilja njóta þess sem náttúra landsins hefur að bjóða. Miklar framkvæmdir í vegagerð síðustu ára eru mikilvægar fyrir þá atvinnugrein og annan atvinnurekstur úti á landi enda þótt tímabundin ófærð á allt of mörgum vegum á hverju vori minni okkur á það að mikið sé þar enn óunnið, eins og vissulega á fleiri sviðum. Sérstaklega vil ég benda á endurbyggingu dreifikerfis rafmagns þar sem sums staðar er að skapast hreint neyðarástand í þeim málum.

Fyrir þinglok verður væntanlega samþykkt frv. til l. um breytingu á lögum um skógrækt, þar sem tekin eru inn ákvæði um ræktun nytjaskóga, og í fjárlögum þessa árs er í fyrsta sinn veitt sérstök fjárveiting í því skyni.

Ég hef bent hér á nokkrar leiðir til eflingar íslensks landbúnaðar en vil jafnframt minna á hvaða grundvallarþýðingu hin hefðbundna búvöruframleiðsla hefur fyrir þjóðfélagið. Það má ekki henda að við látum hana falla í skuggann þó breyttar aðstæður valdi þar erfiðleikum í bili. Þar eru líka í húfi hagsmunir miklu fleiri en bænda og raunar þjóðarinnar allrar.

Við megum heldur ekki gleyma því að sama þróun hefur átt sér stað í öllum löndum í kringum okkur og víðar. Við minnumst frétta af tíðum fundum leiðtoga Efnahagsbandalags Evrópu á s. l. vetri þar sem landbúnaðarmálin voru viðfangsefnið. Þessar þjóðir leggja kapp á að styrkja stöðu innlends landbúnaðar og víða kemur 20—40% af búvöruverðinu til bænda frá opinberum aðilum, jafnframt því sem lagðir eru háir tollar og innflutningshömlur á innflutning eins og við höfum orðið fyrir barðinu á í tilraunum okkar til útflutnings þangað. En þátttaka þjóðarleiðtoga í þessum umræðum sýnir okkur að þeir telja það skyldu þjóðfélagsins í heild að leysa þann vanda sem breyttar aðstæður hafa skapað.

Ég vil því leggja áherslu á að það má ekki verða á kostnað þeirra, sem við landbúnað vinna, að halda uppi byggð í öllum héruðum landsins. En ég hef þá trú að ef landbúnaðurinn fær nægilegan stuðning til að nýta þau tækifæri sem honum bjóðast þá verði hann nægilega öflugur til að gegna því hlutverki og þjóðfélagið hefur ekki efni á því að láta þau tækifæri ónotuð. Hann er því hörmulegur sá áróður sem nú er af sumum rekinn gegn landbúnaðinum og þeim sem að honum vinna. Þar er mál að linni og þeim, sem halda honum uppi, skiljist að með því eru þeir að vinna gegn hagsmunum heildarinnar og þar með sínum eigin eins og annarra.

Við byggjum ekki upp réttlátt þjóðfélag og gott með úlfúð og illindum milli stétta og starfshópa. Það torveldar okkur ekki aðeins að ná þeim markmiðum, sem við höfum sett okkur í efnahagsmálum, heldur kemur einnig í veg fyrir að okkur takist að skapa hér betra mannlíf. Framsfl. leggur áherslu á samstarf og samvinnu og leysa á þann hátt viðfangsefni líðandi stundar og framtíðar. Mikill samdráttur þjóðarframleiðslu á síðustu árum hefur orðið okkur þungur í skauti og of margir einstaklingar sitja því við skarðan hlut. En Framsfl. væntir þess að á fyrsta starfsári ríkisstj. hafi með aðgerðum hennar tekist að leggja grundvöll að því að snúa vörn í sókn. — Þökk fyrir áheyrnina.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við fjárlagaafgreiðslu hafði ríkisstj. mörg orð um ábyrg fjárlög og aðhald í erlendri lántöku. Skömmu síðar kom neyðaróp fjmrh. Tvo til þrjá milljarða vantaði í ábyrgu fjárlögin hans. Nú reyndi á hvort ríkisstj. hefði kjark til að takast á við vandann. Þetta var prófsteinn á getu hennar, en hún hreinlega gataði á prófinu. Nekt ríkisstj. var algjör og hrun efnahagsstefnu Steingríms Hermannssonar staðreynd. Niðurstaðan af prófverkefni ríkisstj. var hroðaleg. Erlendar lántökur auknar um 2 þús. milljónir kr., eða sem svarar meðalárslaunum 10 500 launþega í landinu. Skyldu lántökurnar verða notaðar í arðbær verkefni, eins og segir í stjórnarsáttmálanum. Ó, nei. Þær fara í hallarekstur ríkisstofnana, í útflutningsuppbætur með kjöti ofan í útlendinga, í skuldasöfnun í sjávarútvegi vegna mistaka í fjárfestingarmálum undanfarin ár, í greiðslur vegna barnsmeðlaga, í húsnæðismál sem aldrei hefur áður þurft að taka erlend lán til. Hvert stefnir eiginlega þegar svo er komið að hver fjögurra manna fjölskylda í landinu skuldar erlendum lánadrottnum 700 þús. kr. eða sem svarar fjórum árslaunum verkamanna.

Svo leyfir ríkisstj. sér að kalla þessa óráðsíu því virðulega nafni „ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum". Auðvitað á þetta ekki að heita neitt annað en frv. til l. um uppgjöf ríkisstj. Steingríms Hermannssonar.

Voru byrðarnar settar á breiðu bökin? Ó, nei, aldeilis ekki. Ríkisstj. Vinnuveitendasambandsins, Verslunarráðsins og SÍS-veldisins hentaði betur að skera niður lán til námsmanna, sjúkradagpeninga húsmæðra og launafólks, margfalda greiðslu sjúklinga fyrir ýmsa þjónustu í heilbrigðiskerfinu, draga stórlega úr þátttöku tryggginganna í tannlæknakostnaði unglinga og hækka landbúnaðarvörur til heimilanna. Niðurstaða ríkisstj. var því að skerða stórlega félagslega þjónustu og það til viðbótar þeirri miklu skerðingu sem t. d. Framkvæmdasjóður fatlaðra varð fyrir við fjárlagaafgreiðslu. Þá var framlag til hans skert um 54%, eða um 71 milljón kr., á sama tíma og skattar eru lækkaðir á bönkum um að minnsta kosti 130 milljónir kr. á ári. Öldruðum og öryrkjum er ekki einu sinni hlíft, kaupmáttur grunnlífeyris þeirra hefur rýrnað um tæp 25% á 12 mánaða tímabili. Svo tala sumir ráðh. digurbarkalega um vin litla mannsins. Öllu má nú nafn gefa.

En þetta eru ráð ríkisstj. Þetta hefur ríkisstj. lagt á borð með sér eftir að hafa tekið þriðjung af launum launþeganna á stuttum tíma til eigin þarfa og til atvinnurekenda. Og ekki nóg með það heldur hafa skattar á fyrirtæki verið lækkaðir stórlega meðan skattbyrði launafólks hefur aukist um 5 þús. kr. milli ára umfram launahækkanir, eða um 433 milljónir kr.

Staðreyndin er líka sú að íhaldið hefur látið kúga sig í þessu samstarfi. Undir forustu Þorsteins Pálssonar er Sjálfstfl. orðinn nær óþekkjanlegur frá Framsfl. Það eru ömurleg hlutskipti fyrir formann og varaformann Sjálfstfl., sem sögðu: „Báknið burt", að þurfa nú að leiða flokk sinn í þá gæslusveit Framsfl. sem stendur dyggan vörð um þær heilögu kýr Framsfl. sem eru hagsmunir SÍS og milliliðanna í landbúnaði. Undir verndarvæng Framsóknar hefur á s. l. 6 árum verið veitt 13 milljörðum á fjárlögum til landbúnaðarins, eða 440 þús. kr. á ári frá skattgreiðendum á hvert einasta bú í landinu, sem að stórum hluta rennur til milliliðanna í landbúnaði.

En kannske hefur íhaldið hvorki þor né þrek frekar en Framsókn til að gera þá kerfisbreytingu sem þarf í efnahagslífinu, í sjóðakerfinu, í atvinnumálum, í fjárfestingar-, peninga- eða ríkisfjármálum, sem eru forsendur fyrir því að skapa betri lífskjör í landinu. Stjórnarflokkarnir geta fyrst og fremst þakkað launafólki að mistök þeirra og kjarkleysi hafi ekki kollsiglt öllu efnahagslífi. Fórnir þess hafa verið miklar.

Skv. útreikningum Hagstofu voru heildarmánaðarútgjöld vísitölufjölskyldunnar í febrúar 1983 rúmar 30 þús. kr., en í apríl í ár voru þau 50 þús. kr., eða 66.13% hækkun. Á sama 13 mánaða tímabili hafa launin hækkað um tæp 39%. Skv. þessu eru launþegar 90 klst. lengur á mánuði að vinna sér inn fyrir mánaðarútgjöldum vísitölufjölskyldunnar en fyrir rúmu ári síðan. Það er hvorki afrek né stórmannlegt hjá ríkisstj. að ná verðbólgunni niður með þessum hætti, að gera landið að láglaunasvæði þannig að launakjör verkafólks á Íslandi eru nú á borð við það sem verst gerist í hinum vestræna heimi. Og ekki nóg með það heldur er verðlag 30—40% hærra en í okkar nágrannalöndum. Í þessu landi, sem býr yfir svo miklum þjóðarauði og ótal tækifærum til öryggis og góðra lífskjara fyrir alla landsmenn, er ekkert ofsagt þegar talað er um tvær þjóðir í einu landi. Svo mikið er óréttlætið í tekjuskiptingunni og misskiptingu lífsgæða í landinu.

Á árinu 1982 voru 64% allra ársverka í öllum okkar framleiðslu- og gjaldeyrisskapandi atvinnugreinum í höndum ófaglærðs verkafólks. Það er hart til þess að vita að þjóð, sem sett er á bekk með sex ríkustu þjóðum heims miðað við framleiðslu á íbúa, þurfi að búa svo að þessu fólki að endar nái ekki saman fyrir nauðþurftum frá degi til dags meðan aðrir lifa praktuglega og oft hrópandi ósamræmi milli lifnaðarhátta þess og þess sem greitt er í sameiginlega sjóði landsmanna.

Ungt fólk hefur nú þúsundum saman hafnað því að verða þrælar þeirrar ómanneskjulegu húsnæðisstefnu sem hér hefur verið rekin og treður á öllu eðlilegu fjölskyldulífi. En íhaldið hefur nú kastað grímunni og sýnt sitt rétta andlit þegar það beygði félmrh. til hlýðni og fékk hann til að kokgleypa öll loforðin sem hann gaf þúsundum af ungu fólki sem á hann treysti um rétt til félagslegra íbúðabygginga. Skiptimyntin var mangósopinn sem fjmrh. var látinn sporðrenna. Félmrh. er aumkunarverður í þessu máli. En ég spyr: Er það virkilega í anda sjálfstæðisstefnunnar að hneppa fólk í fjötra eignastefnunnar þegar það biður aðeins um aukið valfrelsi í húsnæðismálum, frelsi til að lifa eðlilegu fjölskyldulífi og búa við öryggi í húsnæðismálum?

Loforð ríkisstj. í húsnæðismálum eru skýjaborgir einar því skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar þurfa húsnæðissjóðirnir á að halda á næstu árum 5 þús. millj. kr. í lántöku frá lífeyrissjóðunum eða tvisvar sinnum allt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í landinu miðað við það litla framlag sem ríkissjóður leggur til þessara mála.

Félmrh. gerir lítið úr aðvörunum Alþfl. í þessu efni, fellir till. hans um fasta tekjustofna til að tryggja uppbyggingu og viðgang sjóðanna og vísar bara í sífellu á að hann hafi hækkað lánshlutfallið til húsnæðismála á s. l. ári. En hvaða afleiðingar hefur það haft? Jú, 30% samdrátt eða fækkun um 327 nýbyggingarlán milli ára þar sem ekki hefur samhliða verið séð fyrir nægu fjármagni til Byggingarsjóðs ríkisins.

En verri er staðan í félagslegum íbúðabyggingum. Ekki er hægt að veita lán til einnar einustu nýrrar íbúðar í verkamannabústöðum á yfirstandandi ári þrátt fyrir ákvæði í húsnæðislöggjöfinni um að byggðar séu 6—700 íbúðir í verkamannabústöðum á ári. Auk þess verður að fresta fram á næsta ár 25% af þeim lánum til félagslegra íbúðabygginga sem samþykkt voru á síðasta ári. Till. Alþfl. um að breyta þessari stöðu voru felldar við afgreiðslu á húsnæðisfrv. félmrh.

Góðir hlustendur. Verðbólgan er á nýjan leik að komast á skrið sem er staðfesting þess að rætur vandans liggja ekki hjá launafólki. Rætur vandans liggja fyrst og fremst hjá kjarklausum stjórnmálamönnum sem þora ekki að takast á við vandann. Ríkisstj. Steingríms Hermannssonar, sem nú er að glutra niður þeim ávinningi sem fórnir launþega hafa skilað, á þegar að segja af sér.

Alþfl. hefur hvað eftir annað á undanförnum árum hafnað þeirri stjórnarstefnu sem rekin hefur verið hér á landi. Allar hans spár um hvert stefndi að óbreyttu hafa reynst á rökum reistar. Alþfl. krefst endurmats á störfum láglaunahópanna í þjóðfélaginu og ábyrgrar stefnu í húsnæðismálum sem gefur ungu fólki öryggi í húsnæðismálum án óbærilegrar greiðslubyrði. Alþfl. krefst nýsköpunar í atvinnulífinu, uppskurðar á spilltu sjóðakerfi, kerfisbreytingar í stjórnkerfinu og breyttrar fjárfestingarstefnu. Þessi atriði eru forsendan fyrir betri

lífskjörum og framförum í þessu landi. Á þeim grundvelli vill Alþfl. taka höndum saman við umbótaöfl í landinu um endurreisn efnahagslífs og stjórn landsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það var á vordögum fyrir nær 12 mánuðum síðan að afloknum kosningum að endurnýjuð var hin illræmda og þjóðinni dýrkeypta helmingaskiptaregla Sjálfstfl. og Framsfl. í íslenskum stjórnmálum. Öllum var ljóst að mikil ólga og óánægja var ríkjandi fyrst og fremst meðal yngri manna í Sjálfstfl. með þetta stjórnarsamstarf. En eins og fyrri daginn voru það gömlu kerfisöflin sem ferðinni réðu innan Sjálfstfl. og auðvitað var Framsfl. til reiðu nú eins og áður.

Engan skal undra þótt afturhaldsöflin í þessum tveimur flokkum nái saman til að viðhalda og verja hið rótgróna samtryggingarkerfi þeirra því segja má að líftaug þessara tveggja flokka sé að viðhalda hinu rotna og spillta þjóðfélagskerfi sem þeir hafa átt hvað mestan þátt í að skapa sér og sínum til framdráttar en til ófarnaðar þjóðarheildinni.

Nægir þar að nefna nýjasta dæmið en þó hvað ljótasta, þ. e. mangósopamálið, þar sem ekki verður annað séð en ríkisstj. hafi sameinast um lögbrot og Sjálfstfl. þannig kyngt öllum stóryrðum um frjálsræði og réttlæti. Svo mikill er vesaldómurinn hjá Sjálfstfl. með hinn stalllausa nýja formann sinn að varaformaður flokksins gefur þá yfirlýsingu að þm. Sjálfstfl. muni við næstu kosningar vera með allt niður um sig eftir viðskiptin við Framsfl. og SÍS. Fýsileg sjón það fyrir kjósendur.

Má ég minna ykkur, góðir hlustendur, á hin fögru fyrirheit og fjálglegu yfirlýsingar Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar um gerbreytta stefnu í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins, um báknið burt, uppstokkun sjóða og fjárfestingakerfisins, afnám gildandi verðmyndunarkerfis í landbúnaði, leggja niður Framkvæmdastofnun ríkisins og svo mætti lengi telja. Engu af þessu hefur Sjálfstfl. uppburði í sér til að koma í framkvæmd í samstarfinu við Framsfl. Í hverju málinu á fætur öðru lyppast Sjálfstfl. niður, gömlu kerfiskarlarnir ráða þar ferðinni. Eins og blóðgjöf getur verið sjúklingi lífgjöf, eins er óbreytt og spillt ástand efnahagsmála og valdaaðstaða sú lífsnæring sem þessir flokkar lifa á. Þetta undirstrikaði hv. þm. Þorsteinn Pálsson áðan þegar hann sagði: „Reyna þarf til þrautar að styrkja núverandi stjórnarsamstarf áður en leitað er til annarra aðila.“

Engin dul skal á það dregin að ekki var fýsilegt um að litast í efnahagsmálum þegar núverandi ríkisstj. tók við. Óstjórn undangenginna ára hafði leitt til slíkrar óðaverðbólgu að efnahagslegt hrun blasti við. Svo svart sýndist sumum ástandið að þeir boðuðu neyðaráætlun til nokkurra ára svo komast mætti út úr þeim efnahagslegu ógöngum og þrengingum sem fyrrv. ríkisstj. hafði komið þjóðinni í. Í ljósi þessa hefði hver sú ríkisstj., sem við hefði tekið að loknum síðustu kosningum, orðið að grípa til róttækra aðgerða í efnahagsmálum, undan því varð ekki vikist.

Núv. ríkisstj. boðaði og framkvæmdi einhverjar hörðustu efnahagsaðgerðir sem um getur í garð launafólks. Gífurleg kjaraskerðing hefur átt sér stað hjá launafólki í tíð núv. ríkisstj., kjaraskerðing sem hefur orðið þess valdandi að Ísland er nú orðið eitt mesta láglaunasvæði sem um getur og hundruð heimila í landinu eru komin á vonarvöl. Sannleikurinn er sá að launafólk hefur tekið á sig, og þá sér í lagi láglaunafólk, miklu meiri kjaraskerðingu en réttlætanlegt er og það getur borið. En það er ekkert nýtt að launafólk sýni í verki að það er reiðubúið að taka sinn skerf þeirra byrða sem þarf til að létta oki óðaverðbólgu af íslensku þjóðfélagi. En hefur þess verið gætt að aðrir þjóðfélagsþegnar bæru sinn skerf byrðanna? Nei, enn sem komið er hefur ríkisstj. einvörðungu skert launin hjá hinum almenna launamanni. Þetta undirstrikaði Steingrímur Hermannsson er hann sagði: Árangurinn í baráttunni við verðbólguna byggist fyrst og fremst á markvissri stefnu í launamálum. — Þar hafið þið, góðir hlustendur, svarið.

Öðrum hefur verið hlíft en nú er röðin komin að þeim. Enginn mælir gegn því að verðbólga hefur lækkað, en sú lækkun hefur einvörðungu verið fengin með kauplækkun. Ríkisstj. segir heimilum að spara en eykur sjálf eyðsluna í ráðuneytum. Ráðh. segja launafólki að herða sultarólina en kaupa sjálfir rándýra ráðherrabíla á kostnað almennings. Ráðh. og raunar hið opinbera sem heild stórauka kostnað vegna flandurs erlendis, en forsrh. segir launafólki að una glöðu við vellinginn sinn heima.

Á sama tíma og ríkisstj. skerðir stöðu þeirra, sem hjálparþurfi eru, lækkar hún skatta á bönkum. Á sama tíma og ríkisstj. skerðir framlög til félagslegrar þjónustu og uppbyggingar í heilbrigðiskerfinu neitar hún að stöðva byggingu seðlabankahallarinnar. Á sama tíma og ríkisstj. eykur skattbyrði launafólks léttir hún sköttum af versluninni. Í því sambandi er rétt að minna á orð fjmrh. þess efnis að verslunin hafi engan veginn tekið sinn skerf af byrðum. Engum dettur í hug að fjmrh. núv. segi of mikið í þeim efnum.

Ég sagði áðan að launafólk hefði til þessa unað kjaraskerðingu í trausti þess að raunhæfur árangur næðist í baráttunni við verðbólguna og aðrir tækju sinn skerf byrðanna. Í ljósi fenginnar reynslu hlýtur launafólk að endurmeta afstöðu sína. Verkalýðshreyfingin hlýtur nú að krefjast þess af ríkisstj. að hún fari sjálf að herða sultarólina og sýna í verki hjá sjálfri sér það sem hún hefur krafist af launafólki og að aðrir þeir sem sloppið hafa verði nú látnir bera álíka byrðar og launafólki er gert að bera. Verði það ekki gert hefur ríkisstj. fyrirgert öllum rétti til biðlundar af hálfu verkalýðshreyfingarinnar.

Góðir hlustendur. Sé litið yfir þetta fyrsta ár valdaferils ríkisstj. ber eftirfarandi hæst: Afnám samningsréttar verkalýðshreyfingarinnar. Minnkun verðbólgu einvörðungu á kostnað launa. Meiri tilfærsla á fjármagni en um getur áður frá launafólki til atvinnurekstrar og milliliða. Meiri svik en nokkur önnur ríkisstj. hefur framið gagnvart því fólki sem býr á hinum svokölluðu köldu svæðum og ver yfir helmingi dagvinnutekna sinna í kostnað við upphitun íbúðarhúsa. Meira valdaafsal frá Alþingi til framkvæmdavaldsins en nokkur dæmi eru um áður og er þar átt við kvótakerfið sem veldur þungum búsifjum á þeim landssvæðum sem síst skyldi. Aukin skattbyrði á launafólki á sama tíma og létt er sköttum af atvinnurekstri og bönkum. Fleira mætti nefna en hér skal staðar numið.

Herra forseti. Allt bendir til þess að ríkisstj. ætli sér að láta Alþingi ljúka störfum nú í þessari viku og losa

sig þannig við þingið. Hvers vegna? spyrja menn. Svarið er: Fjöldi ráðh. þarf erlendis í næstu viku, þinghaldi verður að ljúka. Það er umhugsunarefni í lýðræðis- og þingræðislandi þegar hugsunarháttur ráðh. og ríkisstj. er orðinn sá að láta löggjafarsamkomuna sitja sem styst að störfum svo viðkomandi ríkisstj. geti stjórnað af eigin vild án þess að spyrja um vilja Alþingis. Slíkt hugarfar, slík vinnubrögð eru angi af einræðistilhneigingu sem ber að varast og koma í veg fyrir.

Að lokum þetta: Launafólk á Íslandi hefur sýnt að það er reiðubúið til samstarfs og samvinnu við hverja þá ríkisstj. sem af heilindum og réttsýni vill breyta íslensku þjóðfélagi úr óðaverðbólgu og ranglætisþjóðfélagi í réttlætisþjóðfélag sem hefur að leiðarljósi samhjálp og réttir hlut lítilmagnans og þeirra sem verst eru settir með tilfærslu frá þeim sem betur mega sín. Hver sú ríkisstj., sem hefði vilja og kjark til að stjórna með þessi markmið að leiðarljósi, fengi stuðning fólksins í landinu. Íslenska þjóðin hefur því miður ekki borið gæfu til að koma á slíku stjórnarfari.

Alþfl. er nú sem fyrr reiðubúinn til að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma á stjórnarfari sem hefur að leiðarljósi jöfnuð, réttlæti, samhjálp. Alþfl. biður um ykkar stuðning í baráttunni fyrir þjóðfélagi sem byggir á þeim hugsjónum. — Lifið heil.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Svo að það sé skilið í upphafi, þá mun ég ekki gera hér að umræðuefni núv. efnahagsvanda eða aðgerðir ríkisstj. á s. l. ári. Hversu alvarleg sem þessi mál kunna að vera eru þau samt sem áður minni en stærstu vandamálin sem við okkur blasa.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. í kafla um utanríkismál kemur mjög glögglega fram hver forgangsröðun verkefna þessarar ríkisstj. er í utanríkismálum. Fyrst að treysta sjálfstæði landsins, síðan að gæta hagsmuna þjóðarinnar, svo kemur þátttaka í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinna um efnahagsmál og starf hjá Sameinuðu þjóðunum. Það er ekki fyrr en að þessu loknu að talað er um að Ísland beiti sér fyrir auknum mannréttindum og friði. Þessu verður að breyta því að sjálfstæði lands eða hagsmunir þjóða, þátttaka í samstarfi er til lítils ef fyrir okkur liggur að tortímast í gereyðingarstríði.

Stærsti vandinn, sem við okkur blasir í dag, er ófriðarhættan. Það ástand, sem við búum við á norðurhveli í dag, kallast ógnarjafnvægi. Forsendur þessa ástands þekkja allir. Stórveldin, Rússar og Bandaríkjamenn, eiga hvort um sig kjarnorkuvopn sem nægja til að tortíma andstæðingnum mörgum sinnum.

Morgunblaðið, mesta afturhaldsblað á Vesturlöndum, hefur bölsótast út í þá friðarumræðu sem átt hefur sér stað undanfarið bæði hér á landi og erlendis. Það er eins og það geri sér ekki grein fyrir því að hættan sem yfir okkur vofir er ekki bara hættan á mögulegu stríði milli Rússa og Bandaríkjamanna. Hættan er fyrst og fremst fólgin í fordæminu sem falið er í vígbúnaðarkapphlaupinu milli stórveldanna. Þetta fordæmi leiðir af sér að nú er ekki lengur spurning um hvort heldur hvenær. Einhver af hinum brjáluðu einræðisherrum utan Vesturlanda, einhver Ghaddafi eða Khomeini, kemst yfir kjarnorkuvopn og þá er ekki að spyrja að leikslokum því að menn af því sauðahúsi þekkja engan frið annan en útrýmingu óvina sinna. Allar hugsanir um takmarkað kjarnorkustríð eru blekkingar einar.

Af þessari ástæðu er það skylda íslenskra stjórnvalda að hafa það aðalmarkmið í utanríkismálum að tala fyrir friði og útrýmingu kjarnorkuvopna hvar sem er og hvenær sem er. Á vettvangi NATO, í norrænu samstarfi, í Evrópusamstarfi og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Við erum aðilar að vestrænu varnarsamstarfi og höfum þess vegna aðstöðu til þess að koma skoðunum okkar á framfæri þar sem máli skiptir. Þótt kjarnorkuvopnamagn stórveldanna sé risavaxið og meira en nokkur fær skilið er hættan í dag fyrst og fremst fólgin í því að gereyðingarvopn komist í hendurnar á einhverjum þeim vitfirringi, sem ekki hefur áhuga á ógnarjafnvægi, heldur á útrýmingu óvina sinna. Allt okkar starf hér er fánýtt ef gereyðingarvopnum er ekki útrýmt.

Það eru nú 16 ár til aldamóta. Á þessum 16 árum verður að skapa 20 þúsund ný störf á Íslandi. Nú er að verða liðið eitt ár af þessum 16 sem eftir eru og þessi ríkisstj. hefur ekkert spor stigið í þá átt að bregðast við þessum aðsteðjandi vanda. Þótt byggð verði stálver og steinullarverksmiðja, álver og kísilmálmverksmiðja, þá veitir það ekki nema um tvö þúsund manns atvinnu. Það er u. þ. b. sá hópur sem kemur til með að missa vinnuna í fiskiðnaði og landbúnaði á næstu 10 árum. Hér má engan tíma missa, hér verður að hefjast handa strax. Öllu framtaki fylgir áhætta, en í þessu framtaki verður að takmarka áhættuna með því að miða að mörgum og smáum starfseiningum í stað fárra og stórra. Lítil fyrirtæki eru bæði mannlegri og áhættan minni.

Hér tala menn um að takast þurfi á við vandann, en það er auðsætt af störfum þessa þings í vetur að það er ófært með öllu að takast á við vandann ef það ekki breytir vinnubrögðum sínum til muna. Það er tvennt sem kemur í veg fyrir að Alþingi Íslendinga skili árangri sem skyldi. Það fyrsta er yfirgengilegt skipulagsleysi í störfum Alþingis. Sá vandi er stór en það má kippa honum í lag ef vilji er fyrir hendi.

Hinn vandinn er öllu stærri og óviðráðanlegri, en það eru flokkahagsmunir sem koma í veg fyrir að einstaklingar, þm., geti beitt heilbrigðri skynsemi við ákvarðanatöku. Fjórflokkarnir eru fyrir löngu búnir að fyrirgera öllum sínum hugsjónum og sögulegum bakgrunni. Þeir hafa stjórnað íslensku samfélagi í áratugi og þeir eru með fingur sína alls staðar í embættismannakerfinu, í verkalýðshreyfingunni, í hagsmunasamtökum vinnuveitenda, í fyrirtækjum og í fjölmiðlum.

Menn kvarta yfir þverrandi virðingu Alþingis og áberandi áhrifaleysi. Þetta áhrifaleysi er augljóst og verður engum dulið lengur. Ég tel að þetta áhrifaleysi sé til orðið vegna þess að vinnubrögð Alþingis og þm. eru ekki lengur í anda þeirra vinnubragða sem tíðkast í þjóðfélagi nútímans. Aukinn upplýsinga- og fréttaflutningur gerir það að verkum að stjórnvöld eiga sífellt erfiðara með að viðhalda gamalli trú manna á föðurlega umsjón ríkisvaldsins og hlutverk einstakra manna við stjórnvölinn.

Flokkarnir hafa fyrir löngu fyrirgert rétti sínum með því að svíkja allt, sem þeir einu sinni stóðu fyrir, fyrir hagsmuni sína. Það eru ekki mennirnir heldur flokkarnir sem eru meinið. Munið þið eftir flokknum sem ætlaði að taka báknið burt? Hver trúir því í dag að Sjálfstfl. eigi eftir að láta frá sér valdastöður sínar í kerfinu,

valdastöður sínar í bankaráðum, bankastjórnum, sjóðastjórnum, Framkvæmdastofnun og útvarpsráði? Hver trúir tali um frjálsa samninga þegar sjálfstæðismenn eru að laumast við það að koma öllum æðstu embættismönnum ríkisins undir verndarvæng kjaradóms til að firra þá þeim hræðilegu vandræðum að þurfa að semja fyrir sig sjálfir? Hver trúir tali um frjálst útvarp þegar menntmrh. Sjálfstfl. leggur fram frv. um pólitíska yfirstjórn og ritskoðun frjálsra útvarpsstöðva? Hver trúir frelsishjali flokks sem ætlar að auka einokun Pósts og síma í fjarskiptamálum, vill ekki leyfa frjálsa verslun með landbúnaðarvörur, vill ekki leyfa að fólk fái samningsrétt á vinnustöðum, vill ekki leyfa afnám ríkisafskipta af fiskverðsákvörðun, ætlar að hækka útflutningsuppbætur og hækka læknakostnað, lækka menntunarframlög og lækka bankaskatta, byggja gróðurhús í Keflavík og auka skattheimtu Framleiðsluráðs landbúnaðarins til að greiða tapið af Áburðarverksmiðju ríkisins? Þeir kalla þetta baráttu fyrir frelsi og framtaki. Á mannamáli heiti þetta að vera kerfisflokkur nr. 1. Ef báknið væri tekið burt, þá væri Sjálfstfl. horfinn.

Að framsókn sé kerfisflokkur dylst engum, að framsóknarmenn treysta engum sem ekki er í þingflokki Framsfl. vita allir. Öllu óhugnanlegra er að erindrekstur þeirra fyrir eina auðhring landsins, Sambandið, er að setja íslenskt þjóðfélag á hausinn. Framsfl. verður aldrei frjálslyndur félagshyggjuflokkur. Flokkurinn hefur aldrei treyst fólki og því hagað kjördæmaskipan þannig að þeir þyrftu sem fæsta kjósendur.

Hver trúir að Alþb. og Alþfl. séu verkalýðsflokkar? Verkalýðsforustan á jú þriðja sætið í Reykjavík hjá Alþb. og annað sætið á Reykjanesi hjá Alþfl., en samband verkalýðsforustunnar og verkalýðsflokkanna er litað tortryggni því að hinn sögulegi þráður milli þeirra er löngu brostinn. Samt nuddast þeir áfram í hóp bítandi hver annan. Alþb. sker sig reyndar úr að því leyti að þeir eru sífellt að skipta um tungumál. Alþjóðahyggjan breyttist í varðveislu þjóðarverðmæta, sérstaklega á Miðnesheiði. En nú í seinni tíð hefur sést mjög illa til Miðnesheiðar og menn grilla hana rétt í hillingum en gerast annars mjög kratalegir í framan. Kratarnir hafa ekki enn þá máð af sér það orð sem af þeim fór þegar þeir í græðgi sinni og í trausti þess að þeir væru að styrkja stöðu flokksins áttu orðið mann í hverri stofnun. Andartak trúðu menn að breyta ætti til fyrir u. þ. b. sex árum, en þegar sýnt var að flokkurinn leyfði ekki breytingar slokknaði aftur á þeim eldi.

Hvað eru margir þm. hér sem ekki hafa oft óskað þess að vera ekki flokksbundnir? Hvaða ánægja er fólkinu í því að láta flokkssjónarmið stýra samvisku sinni hér á þingi. Hvernig væri nú að við reyndum sumarlangt að láta sömu sjónarmið ráða gerðum okkar í stjórnmálum og í daglega lífinu, hvers vegna segi ég sumarlangt? Jú, það er vegna þess að nú á að fara að rjúfa þing þegar menn eru rétt komnir ofan í miðjan bunkann af þeim þingmálum sem lögð hafa verið fram á þingi í vetur. Auk þess er ekkert farið að horfa til þess átaks í atvinnumálum sem hefði þurft að hefjast fyrir mörgum árum síðan. Eru menn hér að vinna fyrir fólkið eða flokkana? Haldið þið virkilega að það sé skynsamlegt að stuðla að þeim tvíverknaði sem felst í endurflutningi allra þeirra mála sem skilin eru eftir nú? Hvað halda menn að þetta verklag kosti þjóðina? Menn flytja hér mál sín ár eftir ár og það er nánast einsdæmi ef þau fást afgreidd í fyrstu atrennu, jafnvel einföldustu mál. Hvað á það að þýða að slíta þingi nú þegar vandamál framtíðarinnar liggja við fætur okkar og þola enga bið? Er það virkilega merkilegra í augum þm. að flýta sér heim í hérað frá fjallháum verkefnum til að telja kjósendum sínum trú um að þeir hafi raunverulega gert eitthvað af viti hér í vetur? Er ekki nær að gera eitthvað af viti hér í sumar?

Það þarf að skapa 20 þúsund ný störf á næstu 16 árum, sagði ég. Það er okkar að stuðla að því átaki sem þarf, það er okkar að finna byrinn sem þarf. Það er okkar að leggja grunninn að sameiginlegu átaki þjóðarinnar allrar án gagnkvæmrar tortryggni, en ekki án deilna, því að málefnalegar deilur eru hollar og gagnlegar ef menn eru sammála um að komast að lausn, þar sem öllum einstaklingum gefst kostur á að velja og hafna í þeim atriðum sem snerta þá sjálfa.

Í upphafi var orðið og upphafskrafa lýðræðisbaráttunnar fyrir 200 árum var frelsi, jöfnuður og bræðralag. Götuvígi byltingarinnar eru flokksvígi dagsins í dag. Komið út úr flokksvígjunum. Uppbyggingin fyrir framtíðina verður að hefjast og hún verður að hefjast strax. Komið út úr vígjunum, tökumst á við vandann. Hann er mikilvægari en vandi flokkanna. Látum flokkshagsmunina sigla lönd og leið og ég lofa ykkur að nýsköpun íslensks þjóðlífs verður margfalt ánægjulegra starf en nokkurt flokksstarf. Burt með flokkshagsmunina, brettum upp ermarnar og berjumst við vandann sem frjálsir menn. Því er till. mín sú að slíta ekki þingi nú heldur að halda starfi okkar áfram og standa ekki upp fyrr en við höfum lagt grunn að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Þá fyrst getum við gert kröfu til virðingar íslenskrar þjóðar. — Góða nótt.

Kolbrún Jónsdóttir: Herra forseti. Ágætir Íslendingar. Það er athyglisvert að hlusta hér á fulltrúa ríkisstj. tala um ábyrgð og ábyrgðarleysi. Þetta ábyrgðartal hefur lengi verið sérstakt einkenni á áróðursræðum sjálfstæðismanna. Þeir láta alltaf eins og allir aðrir standi fyrir upplausn en sjálfir séu þeir hreinlega að springa úr ábyrgð. En sannleikurinn er sá að þrátt fyrir orðagjálfur um stórhuga stefnu, ábyrgð og festu, einurð og dug sitja þeir nú hríðskjálfandi í ríkisstj. og þora ekki að taka á einu eða neinu. Það dugar skammt að vera með mannalæti í fjölmiðlum ef menn renna alltaf á rassinn þegar á hólminn er komið.

Nú vilja þeir að fólk haldi að það sé Framsfl. sem standi gegn heilbrigðri landbúnaðarstefnu og þess vegna sé ekki hægt að breyta neinu þar um. Kjarni málsins er hins vegar sá að annar hver þm. Sjálfstfl. stendur vörð um þetta óbreytta ástand, þetta handónýta hagstjórnarkerfi. Þetta er vandamálið í hnotskurn. Framsóknarflokkarnir eru því miður fleiri en einn hér á Alþingi. Þessir Framsóknarflokkar eru of hræddir til að berjast en of feitir til að flýja. Það eina sem afturhaldsflokkarnir hafa áhuga á að skera niður eru skólar og sjúkrahús, undirstaða nútímasiðmenningar. Þeir þora ekki að leggja til atlögu við hið rándýra landbúnaðarkerfi. Þeir þora ekki að loka Framkvæmdastofnun, þessari spilltu góðgerðarstofnun, sem rekin er af stjórnmálamönnum. Þeir þora ekki til atlögu við sjóðakerfið og hina arðlausu fjárfestingu. Í stað þess reyna þeir að stjórna landinu og leita á náðir erlendra

lánastofnana. Með þessu háttalagi eru þeir að veðsetja framtíð barna okkar á nauðungaruppboð erlendra lánastofnana. Þetta er skelfilegur vitnisburður um þá kynslóð stjórnmálamanna sem nú situr að völdum.

Við að hlusta á deilur þm. hér í kvöld mætti ætla að einhver grundvallarmunur væri á afstöðu flokkanna til flestra mála. Þessu fer þó víðs fjarri. Sannleikurinn er sá að þegar utanríkismálum sleppir er sáralítill munur á svokölluðum hægri og vinstri mönnum hér á þinginu. Þrátt fyrir hátíðleg slagorð er nánast enginn munur á afstöðu þeirra til ýmissa mála sem varða rétt fólks til að velja og hafna, réttinn til að taka ákvarðanir um þau atriði sem varða fyrst og fremst líf þess sjálfs. Hver er t. d. munurinn á afstöðu Sjálfstfl. og Alþb. til samningsréttar, valddreifingar, jöfnunar atkvæðisréttar. Ekki hefur sú sem hér talar orðið vör við þennan mun. Kjarni málsins er sá að frjálslyndir stjórnmálamenn eru aðeins örfáir hér á Alþingi. Meiri hl. Alþingis virðist telja að það sé pólitísk snilld fólgin í því að snúa á fólk í landinu, eða eins og einn þm. Alþfl. orðaði það, að hafa burði til að stýra á móti straumnum.

Við í Bandalagi jafnaðarmanna erum ekki þeirrar skoðunar að hlutverk alþm. sé að stýra á móti straumnum og hafa vit fyrir fólkinu í öllum málum. Okkur finnst almenningsálitið upplýst og jákvætt. Við lítum fremur á okkur sem þjóna fólksins en yfirboðara. Við höfum þess vegna meiri ánægju af því að stýra með straumnum en á móti honum. Það er nefnilega einu sinni svo að þm. eru fyrir fólkið en ekki fólkið fyrir þm. Þetta ættu menn að athuga, ekki síst þeir þm. sem vilja alltaf láta fólk halda að þeir séu að berjast fyrir frelsi einstaklingsins.

Hér á Alþingi hefur í vetur verið deilt um ýmis grundvallaratriði, svo sem frjálsan samningsrétt, bjór, jafnan atkvæðisrétt og frjálst útvarp. Í öllum þessum málum hefur afstaða Bandalags jafnaðarmanna verið skýr og afdráttarlaus. Bandalagið hefur verið eina stjórnmálaaflið sem haft hefur frjálslynda stefnu í þessum málum og tekið afstöðu skv. því. Svo undarlegt sem það kann að virðast, þá hefur Sjálfstfl., þessi útvörður frelsis og mannréttinda, ekki haft burði til að styðja þessa frjálslyndu stefnu. Þeir treysta fólki ekki til að semja sjálft um kaup sitt og kjör. Þeir treysta fólki ekki til að ákveða sjálft hvort það drekkur bjór eða ekki, þeir treysta fólki ekki til þess að mynda almenningshlutafélög um rekstur ríkisbankanna. Það eina sem þeir virðast treysta fólki til er að bera kostnaðinn af menntun barna sinna og læknisþjónustu. Það er í þessum efnum sem frjálslyndi Sjálfstfl. nýtur sín. Fólki skal vera frjálst að vera fátækt, sjúkt og menntunarlaust, um önnur mál geta stjórnmálamennirnir tekið ákvarðanir fyrir fólkið með handaupprettingu á Alþingi.

Sú stjórn, sem nú situr, verður að skilja að ungt fólk í dag vill ekki rífa niður það velferðar- og samhjálparkerfi sem foreldrar þess, afar og ömmur hafa eytt áratugum í að byggja upp. Ungt fólk í dag vill ekki leggja fjárhagslegan mælikvarða á rétt barna sinna til menntunar og læknisþjónustu. Menn vilja ekki láta klukkuna ganga aftur á bak til þeirrar eymdar og óöryggis sem áður var hlutskipti þúsanda í þessu landi. Menn vilja láta klukkuna ganga áfram og horfa upprétttir til þeirrar framtíðar sem bíður okkar. Í þessari framtíð þurfum við að standa öflugan vörð um velferðarríkið, en hætta að láta stjórnvöld skipta sér af hinum smærri málum með boðum og bönnum. Fólk á sjálft að velja og hafna um þau mál sem fyrst og fremst snertir líf þess sjálfs og ekki annarra. Á meðan menn ekki brjóta rétt á samborgurum sínum eiga þeir sjálfir að hafa fullt leyfi til að breyta og haga lífsmynstri sínu í samræmi við smekk sinn og lífsskoðun. Þetta er kjarni stefnu Bandalags jafnaðarmanna. Fyrir þessu höfum við barist og fyrir þessu munum við halda áfram að berjast.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það var athyglisverð ræða sem formaður Alþb. flutti hér í kvöld, að vísu sama ræðan og oft áður, en maðurinn kastar grjóti úr glerhúsi. En hvað er hann að hylja með slagorðum sínum?

Skömmu fyrir alþingiskosningarnar á síðasta ári lagði formaður Alþb. fram till. um sérstaka neyðaráætlun til 4 ára um stjórn landsins, þjóðstjórn. Þannig var staðan þegar Alþb. hafði setið í ríkisstj. í nokkur ár, algjör upplausn og hróp á neyðaráætlun til að komast úr þeirri sjálfheldu. Nú, nokkrum mánuðum seinna, vekur það furðu manna að Alþb.-menn á Alþingi tala eins og vandinn komi þeim ekkert við og að nú hafi þeir ráð undir hverju rifi. Furðuleg bíræfni og skortur á hreinskilni.

Fyrri ríkisstj. bjó um margt við betri ytri skilyrði en áður hafa þekkst. Það voru metaflaár í röð. Samt var safnað erlendum skuldum. Þjóðarframleiðsla jókst ár frá ári framan af. Samt varð verulegur viðskiptahalli og eytt umfram efni. Viðskiptakjörin við útlönd voru tiltölulega hagstæð. Samt var gífurleg verðbólga í landinu. Þegar tók að halla undan fæti missti stjórnin öll tök á málunum. Viðskiptahallinn jókst, skuldasöfnun jókst, verðbólgan varð gjörsamlega stjórnlaus og Alþb. gafst upp og boðaði neyðaráætlun. Þeir sáu sína pólitísku sæng útbreidda en báðu samt um að fá að vera með í nýrri stjórn áfram.

Við þessar aðstæður tók núv. ríkisstj. við. Meginhlutverk hinnar nýju ríkisstj. verður að kynna sér hin mörgu flóknu vandamál sem Alþb. skildi eftir og þjóðin öll sýpur nú seyðið af, því fyrst er að þekkja vandann, síðan að finna ráð til að sigrast á honum.

Þegar ég tók við embætti fjmrh. blasti við gífurlegur halli á ríkissjóði. Með efnahagsráðstöfunum ríkisstj. tókst að minnka þennan halla, en hann varð þó rúmlega 1200 millj. kr. um s. l. áramót, sem má telja góðan árangur því verulegu fé var varið til að lækka beina og óbeina skatta.

Síðustu fjárlög fyrrv. fjmrh., hv. þm. Ragnars Arnalds, fóru um það bil fjórðung fram úr samþykktum fjárlögum fyrir árið 1983. Í stuttu máli námu aukafjárveitingar 25% af fjárlögum. Í ár eru horfur á að halli ríkissjóðs geti numið u. þ. b. einum milljarði kr., eða vel innan við 10% af fjárlögum, með miklum niðurskurði á ríkisútgjöldum og stórauknum sparnaði í ríkiskerfinu. Það hljóta allir að skilja að við leysum ekki öll okkar erfiðu vandamál á einni svipstundu.

Við umr. um fjárlagafrv. á síðasta hausti greindi ég m. a. frá því að ég mundi gera upp ríkissjóð á þriggja mánaða fresti og gera Alþingi grein fyrir niðurstöðu. Þetta hef ég gert. Aldrei fyrr hefur íslenska þjóðin fengið að fylgjast eins náið með gerð fjárlaga. Í fyrstu fagnaði stjórnarandstaðan að svo hreinskilnislega skyldi gengið til verks en hefur nú undanfarið reynt að gera mig og mín vinnubrögð tortryggileg. En ég spyr ykkur,

hlustendur góðir, finnst ykkur ekki sjálfsagt að stjórnmálamenn komi hreint fram, leggi spilin á borðið, greini almenningi frá aðsteðjandi vanda frekar en að ríkisvaldið feli sannleikann og ýti vandanum á undan sér?

Styrkur ríkisstj. liggur í samvinnunni við fólkið. Ríkisstj. er sterk vegna þess að hún vinnur fyrir fólkið og með fólkinu til lausnar á vandamálum þjóðarinnar og ekkert klofningstal máttlausrar stjórnarandstöðu kemst upp á milli ríkisstj. og fólksins. Aðsteðjandi vandi er mikill en tækifærin sem okkar blessaða land býður okkur eru mörg og með samstöðu og samtakamætti vinnum við okkur inn í bjarta framtíð.

Stjórnarandstaðan hefur mjög gagnrýnt á hvern hátt ríkisstj. hefur brugðist við aðsteðjandi halla á ríkissjóði. Ríkisstj. hefur náð að brúa um helming hallans án nýrra skatta og ákveðið að dreifa hinum helmingnum á lengri tíma með erlendum lánum. Stjórnarandstaðan gagnrýnir mig fyrir að leggja ekki á nýja skatta. Er eðlilegt að krefjast þess að nýir skattar séu lagðir á almenning sem þegar hefur þurft að taka á sig umtalsverða kjaraskerðingu? Ég segi: Nei. Stefna Sjálfstfl. og ríkisstj. er að fella niður skatta, að einstaklingar og fyrirtæki haldi meiru eftir af tekjum sínum til eigin ráðstöfunar, að vinna að því með sparnaði að ríkið þurfi ekki að auka tekjur sínar. Ríkið má ekki vera óseðjandi og við gerð næstu fjárlaga þarf að sýna enn frekara aðhald.

Ég er á móti nýjum sköttum til lausnar aðsteðjandi vanda og ég tel að við sem þjóð eigum að leggja metnað okkar í að vinna okkur út úr þeim vanda sem nú blasir við. Eins og það er rangt að taka erlend eyðslulán í góðæri getur verið rétt að taka erlend lán til að komast fram úr tímabundnum erfiðleikum.

Góðir landsmenn, úti á sjó eða heima í landi. Talsvert hefur áunnist í baráttunni við verðbólguna. Efnahagshvatinn er áþreifanlegur, það er ómótmælanleg staðreynd. Nú verðum við að vera á verði, láta ekki niðurrifsöfl grafa undan árangrinum. Okkur tókst að koma í veg fyrir hrun efnahagslífsins og forðast atvinnuleysi. Þessi góði árangur hefur vakið athygli erlendra þjóða. Nú verður íslensk þjóð að standa saman til að tryggja framhaldið, vera á verði gegn niðurrifsöflum. Við eigum fallegt, vel menntað, ungt fólk, guð gaf okkur gott land, land hinna mörgu tækifæra. Sýnum nú í verki að við kunnum að meta það að fá að vera Íslendingar. — Hlustandi góður. Ég þakka áheyrnina og ég býð þér góða nótt.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er í meira lagi ömurlegt að hlýða á samstillt svartsýnishjal og bölmóðssöng stjórnarandstöðunnar. Engin úrræði er þar að finna, eingöngu innantóm slagorð. Svavar Gestsson reyndi enn einu sinni að gera sig til í augum verkalýðshreyfingarinnar. Er hann þó nýkominn sár og ákaflega móður frá því að reyna að etja einstaka verkalýðsfélögum í ófærur, en hafði ekki erindi sem erfiði að spilla sáttum á vinnumarkaðinum í vetur er leið. Hann vinnur nú hörðum höndum að því að fella Ásmund Stefánsson frá forustu í Alþýðusambandi Íslands. Ekki dugar að treysta einstaka foringja, var kveðja hans til Ásmundar hér áðan. Ef forustu Svavars og hans nóta nýtur lengi við í Alþb. þykir mér ekki trúlegt að við þann flokk verði rætt um stjórn landsins á þessari öld a. m. k.

Það er sjaldgæft að svo beri til í íslenskri stjórmálabaráttu að allir stjórnmálaflokkar eigi eitt sameiginlegt stefnumið sem þeir setji ofar öðrum. Um þetta er þó glöggt dæmi frá því í kosningabaráttunni 1983. Allir flokkar og flokksbrot gerðu baráttuna gegn verðbólgunni að sínu máli, voru samhuga um að sú barátta gengi fyrir öllu öðru og yrðum við undir í henni væru önnur framfaramál vafalaust unnin fyrir gýg. Stefnan var hin sama þótt áherslumunur væri. T. d. hefur það löngum verið kenning Alþb.-manna að verðbólgan væri vélabrögð auðmanna í arðránsskyni, fundin upp til að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Að því leyti er þessi málþófskenning rétt að enga leikur verðbólgan sárar en hina efnaminni. Og nú þegar ríkisstj. hefur unnið bug á verðbólgunni með undraskjótum hætti skyldu menn ætla að því yrði fagnað af öllum, hvar í flokki sem þeir standa, að því sem meginstefnumiði allra stjórmálaflokka hefur verið náð eins og því var einróma lýst í síðustu alþingiskosningum. En því er ekki að heilsa, öðru nær. Nú virðist stjórnarandstaðan hafa misst glæpinn sinn. Svo gersamlega heillum horfnir eru þeir að nú á það að ganga glæpi næst, sem fyrir örskömmu var mest áríðandi, að kveða niður verðbólgudrauginn sem hafði riðið efnahag þjóðarinnar á slig.

Í mínum augum var það kvíðvænlegast þegar ríkisstj. ýtti úr vör með efnahagsaðgerðir sínar á vordögum 1983 að harkaleiki þeirra kynni að orsaka atvinnuleysi. Slíkt er reynslan úr verðbólgubaráttu annarra þjóða. Það hefur lengi verið skoðun mín að hér um bil allt megi þola frekar en atvinnuleysi. En svo gæfusamlega hefur til tekist að full atvinna hefur haldist að kalla og á þessum vordögum eru ýmis merki um að atvinna fari vaxandi, öfugt við það sem Kristín Halldórsdóttir hélt fram í ræðu sinni áðan af ókunnugleik sínum. Fyrir það er þakkandi og leggi nú alþjóð við hlustir þegar stjórnarandstaða færir fram þakkargjörð sína fyrir þennan mikilsverða ávinning.

Eitt er víst og það skulu menn hafa hugfast að hefði ekki verið stemmt stigu við óðaverðbólgunni er engum vafa undirorpið að allsherjaratvinnuleysi hefði brostið á. Atvinnuvegirnir hefðu ekki staðist stundinni lengur verðbólgubrotsjóina sem geisuðu um þetta leyti í fyrra.

Á því leikur enginn vafi að í þeirri framfarasókn sem nú er hafin hafa umskiptin orðið mest hjá iðnaðinum. Gildir það um öll svið íslensks iðnaðar og ekki síst útflutningsiðnaðinn. Festa í gengismálum og minnkandi fjármagnskostnaður hafa gefið byr í seglin og um að gera að nú verði hvergi slakað á klónni, síst að horfið verði til fyrri búskaparhátta í fjármálum, og gildir það raunar um öll okkar mál.

Það verður ekki ofsögum sagt af þeirri sjálfheldu sem öll orku- og stóriðjumál voru komin í á fyrra ári. Úr þeirri sjálfheldu hefur nú verið brotist, bráðabirgðasamkomulag gert um ÍSAL í Straumsvík og orkuverð til álversins hækkað um nær 50%. Samningum um heildarlausn þeirra mála miðar vel og má vænta að niðurstaðan verði 50% stækkun álversins sem myndi nýta nær alla framleiðslugetu Blönduvirkjunar við viðunandi verði.

Kísilmálmverksmiðja er mjög á dagskrá og vekja nýjar umræður við erlenda aðila vonir manna um framgang málsins. Af þeim ástæðum einnig er líklegt að fyrsti áfangi Fljótsdalsvirkjunar verði boðinn út 1986.

Fleiri góða virkjunarkosti eigum við nú fullkannaða, en Blönduvirkjun mun komast í gagnið 1988.

Áhugi er hjá öflugustu stóriðjuhöldum heims á álveri við Eyjafjörð og munu undirbúningsviðræður hafnar innan tíðar. Mikil áhersla verður lögð á að ljúka undirbúningsrannsóknum þar nyrðra í sumar. Vegna hins óvænta áhuga erlendis er ekki úr vegi að leiða hugann að áliðjuveri við Þorlákshöfn. Á það vil ég þó leggja áherslu að hugmynd mín er ekki að girða landið með köldum málmgrýtisverksmiðjum. Ég hygg að vel fram yfir aldamót verði við þær hugmyndir látið sitja sem nú nefndi ég. Þá er þess að geta að gjörbreyting hefur orðið á högum járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Vinnur hún nú loks í fyrsta skipti á fullum afköstum og skilar ágóða.

Okkar bíða girnileg verkefni á ótal sviðum iðnaðar. Vil ég þar til sérstaklega nefna lífefnaiðnað, þar sem við eigum glæsilegra kosta völ, einnig vegna orkugjafa í iðrum jarðar. Ég mun leggja mjög mikla áherslu á stórauknar rannsóknir á háhitasvæðum landsins og fyrst og mest á rannsókn háhitans á Reykjanesi. Stórkostlegur þáttur í nýtingu jarðhitans er fiskeldi og fóðurframleiðsla. En ég trúi að þeir tímar séu skammt undan að við hefjumst byltingarkenndra handa á þeim sviðum.

Mikil og stóraukin áhersla er nú lögð á vöruþróun og markaðsleit iðnaðarins. Fyrir Alþingi liggur frv. til breytinga á lögum um Iðnlánasjóð sem þrefaldar fjármagn til þeirra þarfa. Auk þess fylgir það fram stefnu ríkisstj. að einfalda sjóðakerfið þar sem Iðnrekstrarsjóður er lagður af.

Iðnrn. hefur að undanförnu verið sem mest að vinna við athugun á rekstri fyrirtækja í umsjá og eigu hins opinbera, að stjórn þeirra mætti fara sem best úr hendi. Þar sem þess er kostur verður einkaframtakinu gefið færi á að kaupa og reka fyrirtæki hins opinbera. Siglósíld hefur þegar verið seld, sala hlutabréfa ríkisins í Iðnaðarbanka Íslands er til lokameðferðar í Alþingi og starfsfólk Landssmiðjunnar undirbýr kaup á henni og fleira er enn til athugunar svo sem Jarðboranir ríkisins.

Að valddreifingu í orkumálum er stefnt eindregið. Stofnun Orkuveitu Suðurnesja er á lokastigi og áhugi víða um land að sveitarfélög taki höndum saman um dreifingu og sölu orkunnar til hins almenna neytanda.

Það er í mörg horn að líta og engri stjórn ætlandi á einu ári að ná landi með öll mál sem úrlausnar biðu því allir þekkja aðkomuna. En árangurinn er ótrúlegur og ekkert verður eftir gefið og málum þokað áfram til betri vegar. Fyrir því er það að núverandi ríkisstj. mun í engu hvika frá settum markmiðum, sama hvað í skerst. Og það get ég fullvissað stjórnarandstöðuna um, að vonir hennar um að stjórnarsamstarfið sé að bresta eru þeirra vegna því miður sjálfsblekking. Stjórnarflokkarnir hlaupast ekki frá þeim skyldum sem þeir hafa á herðar tekist. Því getur þjóðin treyst. Mismunandi skoðanir þeirra í millum um einstaka málefni breyta þar engu um, þar sem meginstefnan er skýrt mörkuð og markmiðin glögg, atvinnuöryggi, eyðing verðbólgu, jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og barátta fyrir bættum lífskjörum hinna verr settu. Það er ástæðulaust fyrir Íslendinga að örvænta um sinn hag. Á örskömmum tíma hafa þeir brotist úr örbirgð til bjargálna.

Á fjörutíu ára afmæli lýðveldisins geta þeir litið yfir farinn veg og glaðst yfir góðum frama þótt gefið hafi á bátinn um hríð. Við eigum allra kosta völ að búa um okkur eins og best gerist á jarðarkringlunni. — Góða nótt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú líður að þinglokum og nú er ástæða til að staldra við og líta yfir afrakstur þessa þings og fyrsta stjórnarárs núverandi ríkisstj. Það er ástæða til þess að spyrja: Hvernig er nú háttað hag lands og þjóðar? Hvaða drög hafa hér verið lögð að framtíð þessa lands og framtíð barna okkar? Hvaða ranglæti hefur tekist að uppræta, hvaða réttlæti hefur tekist að koma á?

Verðbólgunni hefur nú verið náð niður í lægra prósentustig en þekkst hefur um langa hríð. En hvað hefur það kostað? Það hefur kostað hrapandi kaupmátt launa. Það hefur kostað það að laun hér á landi eru nú hin þriðju lægstu í allri Evrópu. Það hefur kostað gildnandi sjóði einkarekstrar á meðan sameiginlegir sjóðir landsmanna verða sífellt magrari. Það hefur kostað niðurskurð á allri þjónustu við almenning í landinu. Það hefur í stuttu máli kostað það að samfélagið axlar ekki lengur ábyrgð sína gagnvart einstaklingnum.

Eftir eitt ár í starfi skilar ríkisstj. okkur fjárlagagati upp á tvo milljarða kr. og ætlar nú að brúa bilið með stórfelldum erlendum lántökum, lánum sem hún leggur á herðar komandi kynslóðum blygðunarlaust. Og hvaða tillögur hefur ríkisstj. til eflingar íslensku atvinnulífi og bættum þjóðarhag? Það heyrðum við hér áðan. Einu tillögurnar, sem hingað til hafa séð dagsins ljós, eru tillögur um stórfelldar stóriðju- og virkjanaframkvæmdir. Á þá efnahagsuppbyggingu setur ríkisstj. allt sitt traust þótt vitað sé að stóriðja er gamaldags og úreltur atvinnu- og framleiðslukostnaður og að öll framsæknustu iðnaðarríki heims eru nú í óðaönn að flytja stóriðju sína úr landi til að rýma til fyrir arðbærari og manneskjulegri atvinnugreinum heima fyrir. Þetta gerir ríkisstj. þótt vitað sé að stóriðja hefur aldrei getað keypt raforku hér á landi á svo mikið sem framleiðsluverði og hefur hingað til verið rekin með bókfærðu tapi. Þetta gerir ríkisstj. þótt hún viti að hér er um mengandi og náttúruspillandi iðnað að ræða og að hvert atvinnutækifæri í þungaiðnaði er margfalt dýrara en á öðrum atvinnusviðum.

Ríkisstj. setur allt sitt traust á stóriðju þótt það þýði stórfelldar virkjunarframkvæmdir í náinni framtíð og þótt vitað sé að farið hefur verið of hratt í slíkar framkvæmdir á undanförnum árum eins og erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins sanna. Það er þessi fjárfestingarstefna sem hefur leitt okkur út á þá heljarþröm sem fjárhagur íslenska ríkisins stendur nú á. Þessari fjárfestingarstefnu ætlar ríkisstj. samt að halda ótrauð áfram og upp í götin á að fylla með smámunum á borð við tannlækningar skólabarna. Smámunum, miðað við það fjármagn sem um er að ræða í stóriðju og virkjanamálum.

Efnahagur Íslendinga næstu áratugi mun sannarlega fara eftir því hvað verður gert eða látið ógert á þessum sviðum. Auknar erlendar skuldir og auknar stóriðjuframkvæmdir eru örugg ávísun upp á verðbólgu og rýrnandi lífskjör í framtíðinni. Og ekki er nóg með það að efnahag landsmanna sé stefnt í stórfelldan voða með þessum ráðstöfunum heldur er með þessu verið að vega

að sjálfu sjálfstæði þjóðarinnar. Stóriðjuuppbygging hér á landi þýðir í reynd aukin ítök erlendra aðila í íslensku efnahagslífi, aðila sem margir hverjir eru voldugri á alþjóðavettvangi en lítið þjóðríki á borð við Ísland. Af slíku höfum við nú þegar mikla og slæma reynslu þar sem eru samskipti okkar við svissneska auðhringinn Alusuisse vegna álversins í Straumsvík og ætti sú reynsla að vera okkur víti til varnaðar.

Einnig er ljóst að ef við tökum hér við erlendri stóriðju þá mun hún taka til sín stóran hluta af þeirri orku sem framleidd er í landinu. Það þýðir að lítið verður afgangs til að byggja upp íslenska atvinnuvegi sem þá verða látnir sitja á hakanum. Og hvar erum við þá stödd? Ef íslenskir atvinnuvegir fá ekki að þróast sökum orkuskorts, sökum þess að orkan er seld erlendum aðilum til atvinnuuppbyggingar hér á landi þá er hætt við því að allar meiri háttar ákvarðanir í íslensku atvinnu- og efnahagslífi verði teknar af erlendum aðilum úti í heimi. Og hvar er þá komið sjálfstæði lítillar þjóðar út við ystu höf?

Á meðan þessi drög eru lögð að framtíð lands og þjóðar, hvar er þá komið hag fólksins í landinu? Hvar stendur nú hún jafnaldra mín með tvö börn og saumakonulaun eftir þennan vetur? Launin hennar, sá afrakstur sem hún hefur af vinnu sinni, hafa verið skert til mikilla muna á árinu. Hún fær að vísu uppbót, nokkurs konar styrk frá ríkisstj., vegna þess að hún er einstæð. En þar með er hún líka gerð að nokkurs konar þurfalingi sem ekki getur lifað af afrakstri eigin vinnu þótt hún þræli myrkranna á milli. Hún er búin að horfa upp á allan sirkusinn í kringum fjárlagagatið, hefur heyrt stórar tölur nefndar og margar yfirlýsingar, en hún hefur ekki heyrt neinar tillögur sem gætu komið í veg fyrir svona fjárlagagöt í framtíðinni. Hins vegar má hún eiga von á því að börnin hennar fái ekki þær tannlækningar sem þau þurfa. Og ef hún er svo óheppin að búa í fámennu héraði úti á landi þá má hún eiga von á því að börnin hennar fái ekki þá kennslu sem skyldi í grunnskólanum. Ef hún hins vegar á uppkomin börn þá er ekki útlit fyrir að þau geti látið sig dreyma um að mennta sig, þótt þau hafi alla hæfileika til, vegna þess að nú verða námslánin skert og hún hefur ekki efni á að styrkja þau til náms. Börnin hennar mega hins vegar eiga von á því að anda að sér kísilryki í nýrri kísilmálmverksmiðju og láta vinnu sína í té fyrir sultarlaun svo að hægt sé að standa straum af erlendum skuldum landsins.

Þannig býr ríkisstj. að börnum okkar. Þetta eru þau drög sem hún leggur að framtíð þeirra.

En hvað með þessa konu sjálfa, hvernig lítur hennar framtíð út? Í kjölfar fjárlagagatsins má hún eiga von á því að bæta við sig umönnun þeirra venslamanna sinna sem sjúkir eru eða þarfnast umönnunar vegna aldurs eða fötlunar, því nú á að skera niður í heilbrigðisþjónustunni. Og þá eiga margir þeirra sem umönnunar þarfnast ekki í önnur hús að venda en til kvenna eins og hennar sem ævinlega hafa sinnt þeim sem sjúkir eru eða aldraðir. Það eru því enn þá minni líkur á því að hún geti bætt við sig útivinnu til þess að auka tekjur sínar, hvað þá komist á fund til þess að berjast fyrir bættum hag sínum. Brýn hagsmunamál hennar, eins og aukið dagvistarrými og lenging fæðingarorlofs, koma ekki einu sinni til álita sem forgangsmál hjá ríkisstj. Og sú krafa að hún fái mannsæmandi laun fyrir vinnu sína hlýtur einnig dræmar undirtektir þrátt fyrir að ótal kannanir hafi sýnt fram á að hún er beitt launamisrétti.

Nú kynni einhver að halda að hún þyrfti ekki að örvænta um réttlæti í sinn garð því ekki hefur okkur vantað jafnréttisfrumvörpin hér á þessu þingi. En hvað þýða jafnréttislög í reynd þegar svona er búið að konum? Þau þýða því miður minna en ekki neitt. Við það bætist að þegar hér hafa verið gerðar tillögur sem miða að bættum hag kvenna og raunverulegu jafnrétti kynjanna þá eru allar jafnréttishugsjónir ríkisstj. roknar út í veður og vind. Sem dæmi má nefna að ekki hefur enn tekist að fá frv. til l. um fæðingarorlof, frv. sem stuðlar að raunverulega bættum hag kvenna og barna, svo mikið sem afgreitt úr heilbr.- og trn. Ed., þar sem það er búið að liggja síðan 8. febr. s. l., hvað þá heldur að það hafi fengist samþykkt. Í þessum efnum kemur sýndarmennska þeirra sem hér flytja hvert jafnréttisfrv. á fætur öðru glögglega í ljós. Staðreyndin er einfaldlega sú að á þessu þingi hafa réttinda- og hagsmunamál kvenna og barna og annarra þeirra sem minnst mega sín í þessu þjóðfélagi verið gersamlega fyrir borð borin í krafti meiri hluta atkvæða. Hér hafa hin hörðu karlagildi setið við stjórnvölinn. Á þessu þingi hefur ekkert ranglæti verið upprætt.

Herra forseti. Ég vil biðja þá sem orð mín heyra að líta nú í eigin barm og spyrja sjálfa sig að því í hvernig landi þeir vilji búa, að hvernig mannlífi þeir vilja hlúa og hvers virði þeim er reisn og sjálfstæði þessarar þjóðar. Ég vil biðja þá að hlusta vel á sína innri rödd og láta hana síðan hljóma hvarvetna því öðruvísi fáum við aldrei hrundið þeim hörðu viðhorfum sem nú ráða ferðinni í málefnum lands og þjóðar. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Til hvers er umræðum frá Alþingi útvarpað? Væntanlega til þess að landsmenn fái greinargott yfirlit yfir störf þingsins í vetur, skýrslu um hvers konar samfélagi ríkisstj. stefni að og hvers vegna stjórnarandstaðan sé henni andvíg. Ákvarðanir þingsins varða líf fólksins í landinu beint eða óbeint í stóru og smáu og það á rétt á að fá upplýsingar um þær frá þeim sjálfum.

Upplýsingar ríkisstj. hér í kvöld hafa áreiðanlega verið lítt til þess fallnar að glöggva menn á stöðu mála, enda er henni vafalaust fyrir bestu að fólk skilji sem allra minnst í því sem er að gerast í þjóðfélaginu undir forustu hennar. Nú búast menn eflaust við gömlu plötunni um ágæti fyrrv. ríkisstj. og vanhæfni þeirrar sem nú situr. En á slíkum málflutningi hef ég engan áhuga. Ríkjum verður ekki stjórnað með einföldum lausnum í flókinni veröld, og enginn hefur undir höndum neinn galdralykil að farsælu stjórnarfari og stöðugu efnahagsástandi.

Hins vegar stendur þannig á nú, að mjög skýr og afgerandi stefnubreyting hefur orðið í samfélaginu í tíð núv. ríkisstj. og hana má skýra í tiltölulega einföldu máli. Fyrrv. ríkisstj. lagði á það áherslu að kjaraskerðingin yrði ekki meiri en sem næmi falli þjóðartekna, sem ljóst var þá þegar að drægjust saman. Núv. ríkisstj. hefur hins vegar tekið af launafólki margfalt meira en sem nemur lækkun þjóðartekna. Til sönnunar á því: Í tíð fyrrv. ríkisstj. féllu þjóðartekjur á hvern vinnandi mann á árunum 1979—1982 um 7.6%. Kaupmáttur var skertur um 6.8% á sama tíma eða einu prósenti minna

en lækkun þjóðartekna var. Í tíð núv. ríkisstj. hafa þjóðartekjur rýrnað um 7.4% á árunum 1982—1984, en kaupmátturinn hefur verið skertur um 26.3% eða tæpum 20% meira en lækkun þjóðartekna nam. Hvert hefur þetta fé farið sem tekið hefur verið af launþegum? Ekki til sameiginlegrar þjónustu og hagsbóta fyrir þá sem féð létu af hendi. Stórlega hefur verið dregið úr uppbyggingu þjónustustofnana fyrir fatlaða, ellilífeyrisþega og sjúklinga, dagvistarheimila fyrir börn, draga skal úr kennslu barnanna á landsbyggðinni, sem slakasta kennslu fengu fyrir, og nú síðast felldi Alþingi að leysa vistunarvanda innan við 20 sjúklinga sem svo illa eru staddir að engin stofnun finnst fyrir þá.

Hefur þetta fé þá farið til uppbyggingar atvinnuveganna til að taka við nýrri kynslóð? Ónei. Þeir hafa farið beint í vasa atvinnurekenda til þeirra eigin ráðstöfunar. Hér hefur átt sér stað á örstuttum tíma gífurleg tilfærsla fjár frá hinum almenna launamanni til fjármagnseigenda og eignamanna sem minnst greiða hlutfallslega til þjóðfélagsins. Fjármagnseigendur eru skjólstæðingar þessarar ríkisstj., en hrædd er ég um að litli maðurinn í þjóðfélaginu fálmi ráðalaus eftir hlýrri hendi ríkisstj. um þessar mundir. Honum var ekki nóg að vita að verðbólguna er hann búinn að greiða niður. Hann vantar að vita hvernig hann á að greiða sína eigin reikninga með afganginum af launum sínum.

Nú er svo komið að fullfrískt og fullvinnandi fólk verður að leita til félagsmálastofnana eftir fjárhagsaðstoð. Dæmi um það: Til mín leitaði 55 ára gömul kona, ógift og barnlaus, sem unnið hefur á Sóknarlaunum hjá Reykjavíkurborg í 30 ár. Hún hafði búið við lága húsaleigu um árabil en þurfti nú að finna aðra íbúð. Henni varð þá ljóst að laun hennar duga ekki við venjulega markaðshúsaleigu, svo að hún vildi leita aðstoðar Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. Eftir 30 ára trútt starf fyrir samfélagið er hún ekki fær um að vinna fyrir sjálfri sér. Mánaðarlaun hennar eru nú 12 888 kr., húsaleiga 6—7 þús., og svo geta hv. þm. tekið tölvurnar og reiknað út hvernig lifa á af afganginum.

Þessari konu hefur verið sagt hér í kvöld að nú megi hún kætast yfir lækkun verðbólgunnar samkvæmt kenningunni um að sælla sé að gefa en þiggja. En þeir sem sitja með 40%-in af launum hennar eru trúlega hressari. Þó virðist einn og einn fulltrúi atvinnurekendavaldsins hafa fengið óbragð í munninn eins og ræða Jóns Sigurðssonar, forstjóra verksmiðjunnar á Grundartanga, sem lýst var í útvarpi í kvöld, sýndi. Þetta er nefnilega fullkomlega siðlaust, hv. alþm.

En skilji konan umrædda ekki ágæti þess að greiða niður verðbólguna getur hún kannske glaðst yfir öðru sem hún hefur gefið. Stjórn Landsvirkjunar hefur tekið úr sjóði hennar og annarra launþega 280 þús. kr. og keypt málverk handa formanni sínum og þjóðkunnum bankastjóra. Og 280 þús. kr. eru 2.2 árslaun hennar. En hann er líka orðinn fimm árum eldri en hún og launin hans varla komin í nema kannske 120 þús. kr. á mánuði, þó að hann þurfi hvorki að ferðast, veiða né aka bifreiðum á eigin kostnað. Konan vonar að 17 manna nefndin, sem hefur um árabil setið að endurskoðun á lífeyrisréttindum hennar, gleymi honum ekki, hann situr þar líka.

Í einlægni, hv. þm., verður engum bumbult?

Þessi tvö dæmi úr þjóðlífinu eru dæmigerð fyrir það sem hér er að gerast. Þetta eru stéttaandstæðurnar í þjóðfélaginu, litli maðurinn, sem vinnur ekki lengur fyrir sjálfum sér hvað þá öðrum þó að hann vinni allan daginn, og vinur hans sem forvaltar launin hans. Ríkisstj. hefur komið verðbólgunni niður með því að telja fólki trú um að þjóðartekjur lækkuðu á tímabilinu 1982—1984 um 6.2%. Við það voru efnahagsaðgerðirnar miðaðar, menn yrðu að færa tímabundna fórn. Þetta reyndist ekki rétt. Fall þjóðartekna á þessu tímabili verður 5.6% en ekki 6.2%. Kjaraskerðingin er því í engu hlutfalli við áætlað fall þjóðartekna. Og fórnin verður ekki tímabundin heldur varanleg, vegna þess að ekkert annað hefur verið gert. Þetta mikla fé hefur ekki verið nýtt til uppbyggingar atvinnuveganna og til aukinnar framleiðslu, heldur halda fjármagnseigendur áfram að fela gróða sinn í stjórnlausri og hömlulausri fjárfestingu sem engum arði skilar.

Ríkisstj. hrósar sér af því að hafa haldið genginu stöðugu. Það var enginn vandi því að gengislækkun var orðin svo mikil s. l. vor að hún var miklu meiri en erlent verðlag krafðist. Þess vegna væri nú leikur einn að hækka laun án þess að fella gengið. En ríkisstj. veit að hún hefur komist upp með meira en hana óraði sjálfa fyrir og hún hefur engan áhuga á að færa fjármagn aftur í vasa launamanna frá eignamönnum. Ríkisstj. veit að láglaunasvæði eru áhugaverð erlendum stóriðjuhöldum og auðhringum, einkum þar sem verkafólk er þar að auki vel menntað.

Við Alþb.-menn vildum leita annarra lausna. Við vildum leita til beggja aðila og fara hægar í sakirnar við að koma verðbólgunni niður með víðtækum aðgerðum, svo að um varanlegri lausnir yrði að ræða. Það hefði kannske tekið lengri tíma, jafnvel langan tíma, og margt væri eflaust enn þá ógert. En það þjóðfélag sem við Alþb.-menn viljum byggja, það samfélag sem við teljum sæmandi, væri þó e. t. v. í sjónmáli nú. Núv. ríkisstj. vinnur hins vegar samviskulaust áfram að því að rífa niður lífskjör launþega, námsmanna, lífeyrisþega, barna og færa fé þeirra yfir til hinna sem mest áttu fyrir.

Herra forseti. Tími minn er þrotinn. Aðeins að lokum: Hættum að tala hér, hv. alþm., um heildartölur og meðaltöl. Farið út og talið við fólkið sem þið hafið gert að lifa heilt ár af hálfu málverki bankastjórans. — Ég þakka áheyrnina.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl. og formaður Sjálfstfl., flutti hér í upphafi þessa fundar mjög sérkennilega ræðu. Hann skýrði í upphafi frá helsta afreki sínu hér á þingi í vetur, þeirri skrautfjöður sem hann vildi fyrsta nefna af athöfnum síns fyrsta þingvetrar, að koma húsnæðissamvinnufélögum á borð við Búseta út úr frv. félmrh. Síðan kom skýrsla þessa þm. sem nefndur hefur verið blaðafulltrúi ríkisstj. Og hvað fólst nú í henni? Nýr stjórnarsáttmáli, enn þá harðari leiftursókn gegn lífskjörum almennings. Honum þykir engan veginn nóg að gert og blaðafulltrúann klæjar í lófana að komast inn í stjórnina. Hann flutti okkur hér framboðsræðu ráðherraefnis á biðilsbuxunum.

Fjmrh. sagði hér áðan að menn köstuðu steinum úr glerhúsi. En ég vil spyrja: Hvernig er umgjörðin utan um þann ráðh. sem stærir sig af því að vilja ekki leggja skatta á almenning um leið og hann leggur tveggja

milljarða skatta á börnin þeirra í formi erlendra lántaka? Afleiðingar þeirrar háskalegu stjórnarstefnu sem nú er fylgt í landinu eru uggvænlegar á fjölmörgum sviðum. Sérstakar áhyggjur vekja alvarlegar horfur hvað atvinnuöryggi varðar. Þegar á fyrsta vetri valdatíma þessarar ríkisstj. mistókst henni ætlunarverk sitt númer eitt eins og það er skilgreint í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar frá 26. maí árið 1983. Þar segir á bls. 3, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur því sett fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum eftirfarandi markmið: Atvinnuöryggi." — Ég endurtek: Atvinnuöryggi.

Þegar í haust er leið fór atvinnuleysi vaxandi og í allan vetur hefur það verið mun meira en þekkst hefur um árabil. Sérstaklega er ástandið alvarlegt á ýmsum stöðum á landsbyggðinni. Þannig hefur hlutfall atvinnulausra á Akureyri undanfarið verið 4—5% og 6—8% meðal þess unga fólks sem þar er úti á vinnumarkaðnum. Þarf reyndar engan að undra, því þær undirstöðugreinar sem eru uppistaðan í atvinnulífi úti á landsbyggðinni hafa lítillar samúðar notið hjá hæstv. ríkisstj., enda tæpast von, því í landbúnaði, útgerð og öðrum undirstöðuframleiðslugreinum er lítið orðið um þá riddara einkagróðans sem eru hin útvalda stétt þessarar ríkisstj.

Staða landsbyggðarinnar í heild er reyndar ærið áhyggjuefni þeim sem meta jafnvægi í byggð landsins meir en útlendar hagfræðikenningar. Nýjustu tölur benda til verulegs fólksflótta frá landsbyggðinni til suðvesturhornsins, svo að nam fast að 1000 manns á síðasta ári. Ofan á þessar tölur er svo hæstv. ríkisstj. að setja af stað hverja stórframkvæmdina á fætur annarri á suðvesturhorninu. Nægir að nefna flugstöðvargróðurhúsið á Keflavíkurflugvelli, Helguvík og ýmsar aðrar hermangsframkvæmdir og áform um tvöföldun álversins í Straumsvík í þessu sambandi.

Þá blasir það og við að ríkisstj. hefur koðnað á öllum aðgerðum til að leiðrétta það mikla misrétti sem ríkir í landinu t. d. hvað kyndingarkostnað varðar. Landsbyggðin ber æ þyngri hluta af meðlagsgreiðslum til stóriðjunnar þrátt fyrir menn hinna ofurmannlegu afreka. Og yfirlýsingaglaður iðnrh., sem kippa ætlaði öllum samskiptum við Alusuisse í liðinn á augabragði, situr nú gneypur og horfir í hné sér.

Samtímis þessu er mikill samdráttur í flestum greinum úti á landi. Fjárfestingar í landbúnaði og sjávarútvegi eru í lágmarki vegna ástandsins í þessum greinum. Byggingariðnaður og ýmis þjónusta úti á landsbyggðinni hefur dregist gífurlega saman. Það verður því ekki annað séð en stefni í nýja holskeflu byggðaröskunar í ríkisstjórnartíð Steingríms Hermannssonar haldi svo sem horfir. Slíkt er hvorugs hagur, hvorki landsbyggðarinnar né Stór-Reykjavíkursvæðisins, og allra síst er það hagkvæmt fyrir þjóðarheildina. Svokallaðar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. til stuðnings undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar hafa lítið reynst nema innantómar yfirlýsingar, sem hæstv. ráðh. eiga ætíð nóg af. Afgangurinn hefur verið kák og vitleysa. Hvar eru t. d. þær úrbætur á lausaskuldavanda útgerðarinnar staddar sem sjútvrh. boðaði í tengslum við ákvörðun fiskverðs á sínum tíma? Þær eru sofnaðar í nefnd og hafa það náðugt að sögn. Og ráðstafanir ríkisstj. hingað til í sambandi við rekstrarvanda sjávarútvegsins hafa aðallega beinst að því að ganga á hlut sjómanna í bókstaflegri merkingu, þeirrar stéttar í landinu sem að undanskildum bændum hefur sennilega tekið á sig mesta kjaraskerðingu af öllum undanfarið.

Steingrímur Hermannsson forsrh. heldur gjarnan fjálgar ræður hér í þingsölum eða norður á Akureyri, ef hann á þar leið um, um það að nú skuli sækja fram á sviði háþróaðs iðnaðar og tækni og nýta menntun og hugvit vaxandi kynslóða á sama tíma og ríkisstj. undir forustu formanns Framsfl., þess sama og stórræðurnar flytur á miðstjórnarfundunum, er að þjarma með ýmsu móti að menntakerfi landsins. Hæst ber þar auðvitað aðförina að Lánasjóði ísl. námsmanna þar sem ríkisstj. ryfur fyrirvaralaust gerða samninga og stefnir afkomu fjölda námsmanna og fjölskyldna þeirra í algera tvísýnu og vegur að jafnrétti til náms. Það er óhjákvæmilegt að ráðleggja hæstv. forsrh. eindregið að finna sér eitthvað annað til að gaspra um á stórfundum framsóknarmanna í framtíðinni, ef hann vill láta taka mark á sér, maðurinn.

Þá er ekki síður ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri aðför að sjálfstæði og menningu íslensku þjóðarinnar sem þessi ríkisstj. beitti sér fyrir í formi gífurlegra hernaðarframkvæmda á Miðnesheiði og í Helguvík. Þar er verið að reisa höfn og gífurlega eldsneytisbirgðastöð. Margháttuð tæknivæðing og koma nýrra flugvéla, áform um sprengjuhelda neðanjarðarstjórnstöð o. s. frv. eru allt liðir í vígvæðingu Bandaríkjamanna á Norðurhöfum og með því að leyfa þessa uppbyggingu er verið að margvefja Ísland inn í kjarnorkuvígbúnaðarnet Bandaríkjanna. Hæstv. utanrrh. kemur síðan bláeygur eins og smáskáti og talar um hin friðelskandi varnarmannvirki eins og þau væru helgimyndir í kirkju. Nú þegar milljónir manna víða um heim rísa upp gegn þessari vitfirringu velur hæstv. utanrrh. sér tímann og boðar nú hernaðarmannvirki. Já, helst eitt í hverri fjórðung. Maður hefur það á tilfinningunni að þessum mönnum líði ekki vel fyrr en þeir koma kjarnorkusprengju undir hvers manns rúm.

Herra forseti. Það kann við fyrstu sýn að virðast undarlegt að þessi ríkisstj. skuli af fullkomnu tillitsleysi traðka á fjölmennum hópum okkar þjóðfélags, svo sem almennum launþegum, sjómönnum, bændum, fötluðum, námsmönnum og svo mætti lengi telja, en ekki þora að hrófla við fremur fámennum hópum fjármagnseigenda. En á því er sú einfalda skýring að þetta er ríkisstj. hinna síðasttöldu. Þessi ríkisstj. var mynduð til að standa vörð um hagsmuni gróðaaflanna í þessu landi, þeirra sem mata krókinn á veru erlends hers í landinu, á samskiptum við útlenda auðhringa, á braski og milliliðastarfsemi. Þessi ríkisstj. er að gera Ísland að velferðarríki fjármagnsaflanna, að Paradís auðmagnsins, en að láglaunasvæði fyrir vinnandi alþýðu. Framsfl. er genginn í heiðnaberg frjálshyggjunnar og illindin innan ríkisstj. eru ekki um stefnur í efnahagsmálum. Þar eru allir sammála. Ágreiningsefnin eru um mangósopa og önnur slík stórmál. Leiftursókn frjálshyggjunnar er nú framkvæmd á Íslandi undir forustu Framsfl. Forsrh. þessarar ríkisstj. er sami maðurinn og einu sinni sagði: „Allt er betra en íhaldið", og barðist gegn leiftursóknni. Það fólk sem studdi framsókn í baráttunni gegn hinni kaldrifjuðu leiftursókn og horfir síðan upp á framferði þeirra þessa dagana hlýtur að hugsa þeim þegjandi þörfina og lái þeim hver sem vill. Félagshyggjufólk í landinu þarf að átta sig á því að í

þessari ríkisstj. hafa verstu afturhaldsöfl landsins læst saman járnbryddum klóm. Íslenskt launafólk þarf að segja þessum öflum á þann eina veg sem skilst að við viljum ekki ofurselja Ísland frumskógarlögmálum fjármagnsins, að við viljum hér þjóðfélag friðar, samhjálpar og jafnréttis. Launamenn á Íslandi, verkamenn og sjómenn, bændur og neytendur, námsmenn og kennarar, einyrkjar, félagshyggjufólk og samvinnumenn þurfa að sameinast gegn ríkisstj. fjármagnsaflanna, auðhringanna og hermangsins. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur, landar mínir, gleðilegs sumars.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ágætu tilheyrendur. Árið 1983 var atvinnuleysi í nokkrum nágrannalöndum okkar sem hér segir: Í Danmörku rúmlega 10%, í Finnlandi 6%, í Noregi tæplega 4% og á höfuðbólum frjálshyggjunnar, Bretlandi og Bandaríkjunum 11.5% og 9.5%. Á síðasta ári gengu rúmlega 32 millj. manna atvinnulausar í aðildarlöndum OECD eða tæplega 12% af vinnuafli á vinnumarkaði. Á sama tíma var atvinnuleysi á Íslandi að meðaltali 1% og 0.9% í aprílmánuði s. l. Verðbólga í aðildarlöndum OECD var á síðasta ári að meðaltali 5.5%. Á Íslandi náði verðbólgan 130% árshraða á tímabilinu frá febrúar til maí 1983. Árshraði verðbólgunnar er nú, ári síðar, 10%. Þessar tölur tala sínu skýra máli um störf núverandi ríkisstj. Þær eru blákaldar staðreyndir sem ekki er hægt að rangfæra eða snúa út úr. Ríkisstj. hefur tekist að ná þeim markmiðum sem hún setti sér í fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum, atvinnuöryggi, hjöðnun verðbólgu, viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Hrakspár stjórnarandstöðunnar um að ríkisstj. mundi ekki takast að ná þessum markmiðum og aðgerðirnar mundu leiða til stórfelldrar röskunar á vinnumarkaði, atvinnuleysis, hafa einfaldlega ekki ræst sem betur fer.

Hæstv. forsrh. hefur fyrr í kvöld gert ítarlega grein fyrir stöðu og framtíðarhorfum í efnahagsmálum. Ég tel því ekki ástæðu til að fara nánar út í þá sálma hér, en verja þess í stað þeim stutta tíma, sem ég hef til umráða, til að fjalla um þá málaflokka sem hafa komið til minna kasta sem félmrh. í núverandi ríkisstj.

Einn þeirra málaflokka, sem heyrir undir félmrn., er vinnumiðlunin í landinu. Öllum sem sinna vinnumarkaðsmálum er fyrir löngu orðið ljóst að skipulagi, starfsháttum og aðbúnaði vinnumiðlunarinnar hefur lengi verið ábótavant og þjónustan við atvinnuleitendur og atvinnurekendur alls ekki svarað þeim kröfum sem margbreytilegt tækniþjóðfélag gerir til slíkra stofnana. Menn verða að gera sér grein fyrir þeirri breytingu sem hefur átt sér stað á vinnumarkaðnum. Aukin tæknivæðing kallar á sérhæft starfsfólk, samræming á framboði vinnuafls og eftirspurn atvinnulífsins eftir sérhæfðu starfsfólki verður sífellt brýnni. Þessari samræmingu verður vinnumiðlunin að sinna. Hún verður að láta til sín taka ráðgjöf um starfsval, upplýsingamiðlun um væntanlega þróun á vinnumarkaðnum og um framboð og eftir- og endurmenntun. Yfirstjórn atvinnumála á að hafa forustu um hvers kyns rannsóknir á vinnumarkaðsmálum. Á þessu sviði er óplægður akur. Allir eru sammála um að eitt af því allra mikilvægasta fyrir andlegt og líkamlegt heilbrigði hvers einstaklings sé að hann hafi starf að vinna. Í samstarfssáttmála núverandi ríkisstj. er tekið fram að vinnumálaskrifstofa félmrn. verði efld. Unnið hefur verið að öllum þessum þáttum með einum eða öðrum hætti.

Eitt af því mikilvægasta sem gerst hefur í þessum málaflokki er samning frv. til nýrra laga um vinnumiðlun sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi.

Annað vinnumarkaðsmál, sem veitt hefur verið sérstök athygli í félmrn., eru áhrif þeirrar nýju tækni sem hér ryður sér til rúms á þróun og ástand vinnumarkaðarins. S. l. haust skipaði ég starfshóp til að framkvæma könnun á áhrifum nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi í næstu framtíð. Aðilar vinnumarkaðarins eiga fulltrúa í starfshópnum. Að frumkvæði hópsins hefur verið safnað saman miklu upplýsingaefni um þessi mál og þessa dagana vinnur starfshópurinn að gerð áfangaskýrslu sem væntanlega verður tilbúin innan skamms.

Þótt áfangaskýrslan liggi ekki enn fyrir hefur starf hópsins valdið umtali úti í þjóðfélaginu og vakið menn til umhugsunar um það hvert stefnir í þessum málum. Í því sambandi hef ég hér á Alþingi bent á þá fjölgun sem verður á vinnumarkaði næstu áratugina og hvaða starfsgreinar eru líklegar til að taka á móti þessari fjölgun. Við vitum að nokkrar atvinnugreinar geta það ekki af ýmsum ástæðum. Í öðrum má búast við að ný tækni leiði til fækkunar starfsfólks. Þessar staðreyndir kalla á ný vinnubrögð og endurskipulagningu atvinnuveganna. Við Íslendingar höfum fram til þessa lagt megináherslu á magn í stað gæða. Nú verður að snúa hlutunum við og leggja áherslu á meiri gæði og fullvinnslu hráefnis.

Núverandi sjútvrh. hefur tekið á þessu sviði ákveðna forustu sem nú er farin að bera árangur. Yfirlýsing ráðh. um það að þrátt fyrir minnkandi sjávarafla aukist útflutningstekjur sjávarafurða á þessu ári vegna aukinna gæða bera þessum árangri gleggst vitni

Ef við höldum áfram á þessari braut, ekki aðeins í sjávarútvegi og fiskvinnslu heldur einnig á öðrum sviðum, þurfum við engu að kvíða um lífskjör eða atvinnuástand. Aukin verðmætasköpun bætir lífskjörin. Forsendan fyrir slíkri verðmætasköpun er að ýmiss konar úrvinnsluiðnaður geti komist á legg, en til þess þarf að ríkja stöðugleiki í efnahagsmálum. Núverandi ríkisstj. mun leggja megináherslu á að það jafnvægi sem nú ríkir í efnahagsmálum haldist og þannig skapist tækifæri til að nýta þá ótal möguleika á sviði atvinnumála sem eru fyrir hendi.

Ísland er ríkt af orku. Ýmiss konar hráefni eru til í landinu og vinnuaflið er vel menntað. Við þurfum engu að kvíða ef rétt er haldið á spilum.

Sveitarstjórnarmál er gildur málaflokkur í félmrn. Á því sviði hefur verið stofnað til ýmissa nýmæla á valdatíma núverandi ríkisstj. Þann 20. janúar s. l. var undirritaður samstarfssáttmáli milli ríkis og sveitarfélaga og er nú unnið í samræmi við hann að ýmsum samskiptamálum ríkis og sveitarfélaga. Fyrsti samráðsfundurinn af þessu tagi hefur þegar verið haldinn og leiddi í ljós nauðsyn aukins samstarfs og samræmingar og þörf á gleggri verkaskiptingu á milli þessara aðila. Ég vænti mikils af þessu samstarfi í framtíðinni. Í þessu sambandi má geta þess að nefnd sú, sem unnið hefur að endurskoðun á sveitarstjórnarlögum, mun innan skamms ljúka störfum. Eg geri ráð fyrir að frv. til nýrra sveitarstjórnarlaga sjái dagsins ljós næsta haust.

Málefni fatlaðra heyra undir félmrn. Á allra síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í málefnum þeirra. Ný lög um málefni fatlaðra tóku gildi um síðustu áramót. Á

grundvelli þeirra hafa verið skipaðar átta svæðisstjórnir, sem hafa það hlutverk að gera tillögur um þjónustu við fatlaða og samræma aðgerðir þeirra aðila sem með þessi mál fara á hlutaðeigandi svæði. Á þessu ári verða opnaðar 12 nýjar stofnanir fyrir fatlaða. Sérstaka áherslu ber að leggja á þá stefnu stjórnvalda að þjónusta og stofnanir fyrir fatlaða verði byggðar upp sem næst þeim sem þurfa á þeim að halda. Ég legg þunga áherslu á forgang þessara mála. Á því er mikil nauðsyn.

Sá málaflokkur félagsmála, sem mest hefur verið fjallað um í fjölmiðlum í vetur, eru húsnæðismál. Oft hefur sú umræða verið meira háð af kappi en forsjá. Frá því að núverandi ríkisstj. var mynduð hefur verið lögð áhersla á að finna leiðir til lausnar á vanda húsbyggjenda. Fyrstu aðgerðir voru brbl. um frestun hluta greiðslu lána, afborgana og vaxta, sem þýddi í raun lengingu lána. Rúmlega 3000 aðilar notfærðu sér þessa aðgerð á s. l. ári. Ríkisstj. gerði samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um sérstök skuldbreytingalán til húsbyggjenda þar sem skammtímalánum var breytt í allt að 8 ára lán. Samkvæmt upplýsingum þessara aðila nam skuldbreyting þessi 150—160 millj. kr. Ríkisstj. ákvað að veita sérstök viðbótarlán til að létta vanda húsbyggjenda og húskaupenda á árunum 1981—1983 með því að hækka afgreidd lán um 50%. 4884 lántakendur hafa fengið útborguð þessi 50% viðbótarlán, sem greidd voru í desember 1983 og janúar s. l., samtals að fjárhæð 303 millj. kr. Allar þessar ráðstafanir þýddu í raun 450—500 millj. viðbótarfjárhæð til húsbyggjenda á s. l. ári. Ríkisstj. ákvað jafnframt að frá og með 1. janúar s. l. skyldu öll lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins hækka um 50%. Jafnframt yrðu nýbyggingarlán til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn greidd í tveimur hlutum, fyrri hluti mánuði eftir fokheldisstig, seinni hluti sex mánuðum frá útborgun fyrri hluta. Til húsnæðismála verður varið á þessu ári 1984 1600—1700 millj. kr. á móti 100 millj. á s. l. ári. Þetta er í raun nægilegt svar við svartnættisrausi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég legg mikla áherslu á að ný viðhorf í húsnæðismálum og ný stefnumörkun í þeim efnum öðlist brautargengi og með því frv., sem nú er til afgreiðslu, er stigið stórt skref í þá átt.

Mikilvægt er að gera áætlun um íbúðaþörf næstu 10—15 ár og einnig þarf að skipuleggja á hvern hátt unnt er að auka þátttöku banka og sparisjóða landsins til lausnar þeim vanda sem lánakerfi húsnæðismála stendur frammi fyrir í samvinnu við Húsnæðisstofnun ríkisins og lífeyrissjóðina í landinu. Það er mér fullkomlega ljóst að meira fjármagn þarf til húsnæðismála, ekki síst til Byggingarsjóðs verkamanna, og um þann vanda mun ríkisstj. að sjálfsögðu fjalla. Verði frv. að lögum opnar það möguleika á nýjum vinnubrögðum í þessum efnum og markar upphaf nýrrar stefnu til framfara. Það ákvæði frv., sem valdið hefur mestri umræðu, er 33. gr. þess, sem fjallar um félagslegar byggingar aðrar en byggingar verkamannabústaða. Spurningin stendur um það hvort húsnæðissamvinnufélag, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, falli undir þessa grein frv. Mín túlkun er sú, að samkvæmt þessum lið eigi þeir sem ætla að byggja leiguíbúðir, sem ætlaðar eru til útleigu, fyrir félagsmenn sína, sem ekki hafa aðstöðu til að eignast eigið húsnæði, möguleika til lána úr Byggingarsjóði verkamanna, enda uppfylli aðilar ákvæði Byggingarsjóðs verkamanna um tekju- og eignarmörk samkvæmt 44. gr. frv. Ágreiningur kom upp milli stjórnarflokkanna um þessa túlkun. Sjálfstæðismenn vildu ekki fallast á að fleiri aðilar gætu byggt leiguíbúðir til útleigu, svo sem húsnæðissamvinnufélög eins og Búseti. Þessi ágreiningur stöðvaði afgreiðslu frv. hér á Alþingi. Ég taldi þetta ástand óviðunandi, þar sem í frv. eru ýmis mjög mikilvæg stefnumarkandi atriði til framfara í húsnæðismálum, sem beðið er eftir, bæði hvað varðar fjármögnun, lengingu lánstíma, kauprétt lífeyrisþega, orkusparandi lán og fleira, sem gerir brýnt að frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi. Þess vegna lagði ég til við Sjálfstfl. að takmörkuð yrðu í frv. heimild til byggingar leiguíbúða skv. c-lið 33. gr., en eftir stendur: réttur til lána til byggingar leiguíbúða fyrir námsmenn, öryrkja og aldraða, svo sem til Félagsstofnunar stúdenta og leigjendasamtaka, sem geta notað sér þetta ákvæði.

Þessi breyting var samþykkt við 3. umr. frv. á Alþingi í gær og frv. er nú til lokaafgreiðslu í Ed. Jafnframt varð samkomulag um að félmrh. skipar nefnd til að gera tillögur um stefnumörkun um byggingu leiguíbúða, semja frv. til l. um búsetaréttaríbúðir og kaupleigusamninga. Verður stefnt að því að slíkt frv. verði lagt fram í byrjun næsta þings.

Herra forseti. Við búum í stóru og erfiðu landi á norðurhjara heims þar sem veðurfar leikur okkur oft grátt. En landið okkar, Ísland, er samt fagurt og frítt með fannhvíta jöklanna tinda. Það býr yfir töfrum og kostum sem aðrar þjóðir öfunda okkur af: Hreint og tært loftslag, afl í fossum og vötnum, hiti í jörðu, fiskimiðin, okkar mesta auðlegð, sem í fortíð og nútíð hefur lagt grunninn að velsæld okkar sem þjóðar. Við erum að vísu fámenn þjóð, en stolt okkar og kraftur hefur gert okkur mögulegt að byggja upp á flestum sviðum framfarir sem skapað hafa hér velferðarþjóðfélag að mati annarra þjóða. En staðreyndin er samt sú, að það er í raun ekki mannsaldur síðan þjóðin var fær um að hefja alhliða uppbyggingu, svo sem menntakerfi og heilbrigðisþjónustu, samgöngubætur og hefja sókn í nútímaatvinnuuppbyggingu. Krafan um jafnræði án tillits til búsetu, jafnan rétt til menntunar, heilbrigðisþjónustu og félagslegar umbætur, allt landið í byggð. Allt þetta hefur verið meginviðfangsefni umsvifa og stjórnsýslu síðustu áratugi. Við Íslendingar höfum byggt upp slíkar framfarir í landi okkar á nokkrum áratugum, en það hefur tekið flestar aðrar þjóðir margar aldir. Þessi mikilvæga staðreynd vill oft gleymast. Uppvaxandi kynslóð þarf að taka mið af þessari staðreynd. Nú undirbúum við nýja framfarasókn í nýtingu auðlinda til lands og sjávar. Slík sókn er grundvallarforsenda bættra lífskjara og aukinnar velferðar eftir áföll undanfarinna ára og þess að launþegar endurheimti kaupmátt launa sinna. Í þjóðmálabaráttu sinni á næstu misserum mun Framsfl. leggja höfuðáherslu á að þetta takist. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Tvennt í störfum þingsins vil ég fyrst drepa á. Eins og kunnugt er hafa óðagot og næturfundir einkennt störf þingsins að undanförnu vegna þess að ríkisstj. vill nú senda þingið heim og veita þm. frí frá þingstörfum í nærfellt fimm mánuði. Þetta óðagot kann að þýða

óvönduð vinnubrögð. Þetta er að mínum dómi ótækt og fyrir hönd Alþfl. ítreka ég það álit okkar að þingið eigi að taka sér þann tíma sem þarf til að ljúka málum.

Önnur óhæfa í þingstörfunum er neitun tveggja nefndarformanna úr hópi framsóknarmanna og sjálfstæðismanna á því að afgreiða úr n. sínum og til þingsins mál sem lengi hafa verið á döfinni, nefnilega kartöflumálið og bjórmálið. Þessi mál þeirra Eiðs Guðnasonar og fleiri annars vegar og Magnúsar H. Magnússonar og fleiri hins vegar eru hálfs árs gömul. Þeir nefndarformenn sem hér eiga hlut að máli, framsóknarmaðurinn Ólafur Þ. Þórðarson og sjálfstæðismaðurinn Egill Jónsson, eru með þessu atferli sínu að traðka á lýðræðinu og taka sér einræðisvald. Í þessu sambandi skiptir vitaskuld engu máli hvort menn eru með eða á móti bjórnum eða með eða á móti frjálsræði í kartöfluinnflutningi. Það sem skiptir máli er að þingið er kjörið til þess að setja lög og til þess að móta afstöðu til mála. Þeir, sem setja sig gegn því með bolabrögðum að þingið gegni þessari frumskyldu sinni, eru að brjóta niður lýðræðið og traðka á réttindum og skyldum þingsins. Svona lagað á ekki að viðgangast. Ég skora á þingflokka Framsfl. og Sjálfstfl. að stöðva þetta óhæfuverk félaga sinna og tryggja að þingið fái að vinna verk sín.

Félmrh. talaði hér áðan um að viðhalda verði því jafnvægi sem náðst hefur. Þetta var háðulegur málflutningur því að jafnvægi hefur ekki náðst. Það er halli en ekki jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Það er halli en ekki jafnvægi í ríkisbúskapnum eins og félmrh. ætti að vita. Það er alls staðar halli en ekki jafnvægi. Það er furðulegt en vissulega frumlegt hjá félmrh. að biðja um að því sé viðhaldið sem ekki er.

Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., talaði mikið áðan um nauðsyn samstöðu. Það var kannske ekki nema von því að misklíð stjórnarflokkanna magnast nú dag frá degi eins og þjóðin öll sér. Mál stranda og kaupskapur gengur á víxl á bak við tjöldin. Ég nefni mangósopamálið og húsnæðismálin. Eftir margra vikna stríð voru húsnæðismál seld fyrir mangósopa, en þó með þeim endemum að fjmrh. fékk ekki eyri í kassann heldur sprakk á þessu máli eins og öllum öðrum yfirlýsingum sínum. Þar birtist enn ein uppgjöfin og niðurlæging Sjálfstfl. Var formaður Sjálfstfl. kannske að hugsa um þetta þegar hann taldi upp nýjan óskalista hér áðan eða var hann að hugsa um það þegar Sjálfstfl. afhenti, án þess að vilja það að því er hann sagði, sjútvrh. alræðisvald til þess að loka fiskvinnslustöðvum að geðþótta. Eða var hann að hugsa um það hvernig Sjálfstfl. gafst upp við að láta vinnslustöðvar í landbúnaði greiða skatt eins og aðra? Eða hvernig ekkert gerist í uppstokkun sjóðakerfisins? Eða hvernig fór í nefndinni sem átti að gera till. um að leggja niður Framkvæmdastofnun þar sem Framsfl. beitti meiri hluta sínum til að stöðva málið og Sjálfstfl. varð undir?

Niðurlæging Sjálfstfl. er vissulega hrópleg. Það er ekki nema von að varaformaður flokksins tali nú um flokkinn sinn sem buxnalausa flokkinn. Sannleikurinn er sá að þessi ríkisstj. hefur ekki og mun ekki ná saman um neinar þær kerfisbreytingar sem máli skipta. Það er alveg sama þótt formaður Sjálfstfl. búi til nýjan óskalista eins og hann gerði áðan. Hans eigin flokkur mun áreiðanlega gugna á þeim óskum sínum eins og áður.

Steingrímur Hermannsson forsrh. hrósaði sér áðan af árangri í verðbólgumálum og benti réttilega á að verðbólgan hafði verið komin á hættulegt stig fyrir ári. En ég bara spyr: Hver kom henni á þetta hættulega stig? Steingrímur ætti að hyggja að því. Það var hin sameiginlega ríkisstj. þeirra Steingríms Hermannsson og Svavars Gestssonar sem kom verðbólgunni á þetta hættulega stig. Steingrímur og flokkur hans bera því sinn hluta ábyrgðarinnar á þeirri ægilegu verðbólgu sem hér var yfirvofandi.

Nú hefur tekist að ná verðbólgunni niður og það er vel. En Steingrímur mætti hyggja að því á milli þess að hann hrósar sér af árangrinum að aðferðin sem valin var hefur kostað gífurlegar fórnir hjá launafólki. Við Alþýðuflokksmenn sögðum strax að jafnframt yrði ríkisstj. að taka til hendinni hjá sér. Hún yrði að sýna gott fordæmi. Hún yrði að tryggja varanlegan árangur með fjölþættum aðgerðum og kerfisbreytingum því eftir þessa miklu fórn launafólks mætti verðbólgan ekki fara upp aftur. Við vöruðum við því að ofbjóða þolinmæði fólks með frekari kjaraskerðingum og skattaálögum. Í öllu þessu hefur ríkisstj. brugðist, því miður. Það ætti Steingrímur að hafa í huga. Meðan þrengir að í lífskjörum hefur ríkisstj. gefist upp við að taka til hendinni hjá sér. Fólkið á að spara en ríkisstj. tekur lán í útlöndum handa sér. Þetta er hjá ríkisstj. eins og í „Litlu gulu hænunni". Þeir segja allir: „Ekki ég, ekki ég."

Fjmrh. hrósaði sér af nýjustu ráðstöfunum ríkisstj. hér áðan. Þó vita allir að með þeim ráðstöfunum innsiglaði ríkisstj. uppgjöf sína í efnahagsmálum. Sjálfshól fjmrh. verður grátbroslegt því að allir vita að glíman við fjárlagagatið margfræga endaði með því að gatið felldi fjmrh. Ríkisstj. stóðst ekki prófið heldur gafst upp. Þær eru óteljandi yfirlýsingar ríkisstj. og sérstaklega fjmrh. um að nú skyldi breytt til og því hætt að velta vandanum á undan sér eins og fyrri ríkisstj. gerði. En niðurstaðan varð einmitt þessi, að taka erlend lán og velta vandanum yfir á framtíðina. Þessi ríkisstj. er því orðin nákvæmlega eins og fyrri ríkisstj. Viðbótin í erlendum lántökum umfram það sem við greiðum í afborganir af erlendum lánum mun fara upp í 4 þús. milljónir kr. á þessu ári. Þetta er viðbót upp á 85 þús. krónur fyrir hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Það er kannske ekki nema von að fjmrh. hrósi sér sjálfur. Aðrir verða varla til þess.

Ég vil nú, herra forseti, drepa á nokkur atriði í stefnumörkun Alþfl. og hvaða breytingar við teljum nauðsynlegar. Við skulum hafa það í huga að hagkerfið í landinu er hriplegt og skattkerfið er hriplegt. Við því verður að bregðast. Tekjuskatturinn, sem átti að færa jöfnuð, eykur nú á misrétti. Um það höfum við ótal dæmi fyrir augunum. Þetta er fyrst og fremst skattur launafólks. Þess vegna eigum við að afnema tekjuskattinn af launum og taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts. Eftirlit með skattsvikum á að herða með sérstökum skattadómstóli eins og við Alþýðuflokksmenn höfum fengið samþykkta till. um. Við eigum að tryggja hag hinna verst settu með sérstakri afkomutryggingu og taka upp einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Þetta eru stórmál. Það á að koma á viðskiptalegu aðhaldi á vinnslustöðvar landbúnaðarins svo að þær skili neytendum lægra vöruverði og tryggi bændum eðlilegt afurðaverð með góðum skilum, en freistist ekki til að setja fjármuni í óþarfa fjárfestingu og senda svo bændum og neytendum reikninginn á eftir. Og það á að

afnema einokun sem skilar skemmdum kartöflum.

Fjárfestingarlánakerfið viljum við stokka upp þannig að nýjungar fái að njóta sín. Nú er enginn vandi að fá lán í hlöðubyggingu en sérhver nýjung liggur utan garðs. Þótt stóriðja hafi vissulega hlutverki að gegna í þróun efnahagslífsins er þó ekki síður brýnt að leggja rækt við smáfyrirtækin. Í þeim felst mikilvægur vaxtarbroddur. Þess vegna er líka röng sú stefna ríkisstj. að hygla stórfyrirtækjum í sköttum og fjáröflunaraðstöðu á kostnað smáfyrirtækja. Hugvit, áræðni og trú fáeinna manna á fyrirtæki sitt er aflvaki sem ekki má kæfa heldur einmitt á að rækta. Hér þarf því ný viðhorf. Við verðum að verja fjármunum okkar af viti. Þeir eru takmarkaðir. Fornar dyggðir í meðferð fjár ættu enn að vera í fullu gildi en við verðum líka að veita fjárstreyminu í nýja farvegi þannig að þeir nýtist vel.

Á grundvelli jafnaðarstefnunnar viljum við Alþýðuflokksmenn skapa öllum örugga lífsafkomu. Við teljum að hinir betur stöddu eigi að styðja þá sem verr eru settir. Við viljum að allir fái að njóta sín og við mótmælum harðlega þeim árásum sem núverandi ríkisstj. gerir á félagslegan þátt samfélagsins á almannatryggingakerfið og á hag þeirra sem verst eru settir. Þjóðfélag okkar er fullt af misrétti og ójöfnuði sem verður að bæta úr. En til þess að ná góðum árangri þarf atvinnulífið að vera traust og gróandi og menn verða að hafa framtíðarsýn í stað þess að hjakka í gamla farinu. Með framtíðarsýn og jafnaðarstefnu að leiðarljósi getum við búið okkur góð lífskjör, jöfnuð, jafnrétti og trausta framtíð á Íslandi. Það er markmið okkar Alþýðuflokksmanna. — Góðar stundir.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Nú er liðið fyrsta starfsár ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. Þá er rétt og skynsamlegt að meta hver sé lærdómur vetrarins. Í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar var skýrt kveðið á um að gera þyrfti grundvallarbreytingar á efnahagskerfi landsins. Stjórnin sagði: Við þurfum fyrst að stöðva verðbólguna og síðan komumst við fyrir rætur vandans. — Þetta hefur síðan verið endurtekið nokkrum sinnum í vetur.

Við fjárlagaafgreiðslu fyrir jól var sagt: Þetta er nauðsynlegur undirbúningur að hinum raunverulegu kerfisbreytingum sem reisa munu íslenskt efnahagslíf úr öskustónni, en að þeim er unnið. — Aftur var þetta sagt við afgreiðslu lánsfjárlaga. Þá var sagt: Við verðum að reisa hér nýtt og heilbrigt efnahagslíf sem getur aukið framleiðni og þar með kjörin. — Landsmönnum hefur sem sagt verið talin trú um að verið sé að vinna að endurreisn efnahagslífsins. En hvað gerist?

Nú kemur ríkisstj. undan vetrinum og hún er illa útleikin. Það hefur ekkert verið gert til endurreisnar og nýsköpunar í atvinnulífi. Þá spyrjum við: Er það vegna þess að ríkisstj. hafi ekki haft nægan meiri hl. á þingi? Nei. Er það vegna þess að íslensk alþýða hafi ekki viljað færa fórnir? Nei. Hvers vegna hefur ríkisstj. þá ekkert gert til þess að höggva að rótum meinsemdarinnar? Vegna þess að rætur meinsemdarinnar eru um leið það sem flokkar hennar nærast á. Þm. Sjálfstfl. allir nema tveir greiddu atkvæði gegn og felldu þáltill. um sölu ríkisbanka sem flokkurinn hefur þó á stefnuskrá sinni. Þeir sjá fram á að ríkisbankalausir gætu þeir átt í erfiðleikum með að finna störf handa þreyttum þm. sem vilja losna úr valdapotinu á þingi. Ríkisbankalausir gætu þeir líka lent í vandræðum með að gauka góðmetinu að þeim sem í staðinn kaupa happdrættismiða flokksins í hundraða upplagi. Ríkisbankarnir eru með öðrum orðum helsta næring íslenska flokkakerfisins. Þetta er ein rótin að efnahags- og óáran okkar, flokkspólitískt pot í bönkum sem þó eiga að vera í eigu fólksins. Þessa rót vilja þeir ekki slíta því að með henni nærast þeir.

Hvenær rumskaði Framsfl. í vetur? Því er nú raunar vandsvarað en líklega var það helst í mangó. Og hvers vegna rumskaði Framsókn í mangó? Jú, vegna þess að þeir standa dygga varðstöðu fyrir SIS og allt vinnslustöðvakerfi landbúnaðarins, vinnslustöðvakerfi sem getur byggt hallir fyrir hundruð millj. án þess að taka krónu að láni. Allt verðlagningarkerfi landbúnaðarins er með slíkum endemum að nú, þegar átti að rannsaka verðmyndun á mangósopanum góða, reyndist nauðsynlegt að setja málið í nefnd til haustsins. Það er sem sé margra mánaða verk að rannsaka verðmyndun á mangósopa. Hugsið ykkur hve mikinn tíma það tæki að endurskoða allt kerfið í heild, kjötið og kartöflurnar og allt sem með þeim er? Þetta er ein af rótum efnahagsmeinsemdarinnar. Framsóknarmenn í báðum stjórnarflokkum standa um þetta dygga varðstöðu og þetta er önnur rótin sem þeir vilja ekki slíta.

En hver er þá afrekaskrá ráðh. og ríkisstj.? Eigum við að athuga einstaka ráðh.? Það ætti kannske að taka félmrh. fyrst? Hann er sprunginn á húsnæðismálum, síðast sprakk hann á Búseta í gærkvöldi. Iðnrh. gengur heldur seint með álsamninginn. Þar átti nú aldeilis að ýta úr vör og taka stórmannlega á árinni en nú segir hann að Svisslendingar séu ótrúlega þungir fyrir. Menntmrh. gengur ekki betur með útvarpslögin, þau komast ekki úr nefnd. Ekki gengur hjá bankamálaráðh. með endurskoðun bankakerfisins, því verður frestað til haustsins. Svona springa þeir hver af öðrum á limminu eins og 10 litlir negrastrákar í vísunni forðum.

En nú segir kannske einhver: Þetta er nú dæmigert þras í stjórnarandstöðuþm. En ég vil kalla tvo menn mér til vitnis. Sá fyrri er seðlabankastjóri dr. Jóhannes Nordal og hann er ekki beinlínis þekktur sem fulltrúi stjórnarandstöðunnar. Hann sagði á ársfundi bankans, með leyfi forseta:

„Fyrst virðist mér nauðsynlegt að gera grein fyrir tvennu. Hið fyrra er að sá árangur, sem náðst hefur, er að miklu leyti byggður á aðgerðum í launamálum og afnámi vísitölubindingar launa.“ Síðan segir dr. Jóhannes Nordal: „Í annan stað er ljóst að þrátt fyrir þær róttæku aðgerðir, sem framkvæmdar hafa verið, standa enn eftir óleyst ýmis rótgróin vandamál íslensks þjóðarbúskapar.“

Seðlabankastjóri telur að enn séu óleyst rótgrónu vandamálin. Næst kalla ég til vitnis hv. þm. og varaformann Sjálfstfl., Friðrik Sophusson. Kvöld nokkurt fyrir stuttu flutti hann Seltjarnarnesyfirlýsinguna svokölluðu sem var þess eðlis að um stund hélt ég að hann hefði tekið ófrjálsri hendi og flutt ræðu sem ég ætlaði sjálfur að flytja um efnahagsmál kvöldið eftir í þinginu. En svo kom í ljós að hann hafði mælt af hjartans sannfæringu sínar eigin niðurstöður, niðurstöður séðar af stalli þess sem er ekki fordjarfaður af ráðherradómi í Sjálfstfl. Þannig erum við þrír, seðlabankastjóri, varaformaður Sjálfstfl. og ég, sammála um afrekaskrá ríkisstj. í vetur.

Herra forseti. Þegar gengið var á fund ríkisstj. í

ársbyrjun og óskað styrks 100—200 þús. kr. til að styðja við nýtæknirannsóknir voru engir peningar til. Hringdu í mig í næstu viku, var sagt. En nú er stjórnin búin að uppgötva framtíðina og þá býður hún ekki 100 þús. eða 200 þús. Hún býður 150 millj. En gallinn er sá að hún veit ekki í hvað. Minna mátti nú gagn gera. Þm. spurði um daginn: Í hvað eiga þessar 150 millj. að fara? Veit það einhver?

Fulltrúi fjmrn. sagði: Ekki ég.

Hagsýslustjóri sagði: Ekki ég.

Forstjóri Þjóðhagsstofnunar sagði: Ekki ég.

Forstjóri Framkvæmdastofnunar sagði: Ekki ég.

Forsrh. sagði: Það veit ég.

Þetta á að fara í hátækniiðnað og svoleiðis eins og Pólinn á Ísafirði.

Meinið er það, herra forseti, að engar áætlanir eru til um hvernig ríkisstj. ætli að verja 150 millj. það sem eftir er ársins til nýtæknigreina. Keisarinn er ber eins og barnið sagði, keisarinn er ber. Undirstaða framfara í atvinnulífi næstu áratuga er hugvit og þekking.

Þegar Kennedy Bandaríkjaforseti setti þjóð sinni það takmark að senda mann til tunglsins mátti sjá áhrifin á öllum sviðum þjóðlífsins. Greinilegastar voru þó breytingarnar í skólakerfi landsins sem naut ríkulegri uppbyggingar en nokkru sinni fyrr í kjölfar þessarar stefnumörkunar forsetans. Á öllum sviðum raunvísinda voru rannsóknir og kennsla aukin stórkostlega. Nú eru afleiðingar þessarar stefnu öllum kunnar. Menn komust til tunglsins að vísu, en um leið þróuðust ótal fylgifiskar geimferðaáætlunarinnar, allt frá tefloni á pönnur til tölvanna sem nú eru að breyta heiminum. Bandaríkin fjárfestu í menntun fyrir 25 árum og hafa síðan uppskorið forustuhlutverk í stærstu atvinnulífsbyltingum aldarinnar, tölvubyltingunni, upplýsingabyltingunni og líftæknibyltingunni núna síðast.

Íslendingar þurfa nauðsynlega að efla kennslu og rannsóknastarfsemi til að geta bætt lífskjör sín. Þjóð, sem á í efnahagsörðugleikum og býr sig undir sókn til bættra lífskjara, á að styrkja skólakerfi sitt og bæta aðbúnað nemenda og kennara. Því ætti það að vera okkur öllum til umhugsunar og það ætti að vera okkur öllum áhyggjuefni að nú eru kennslustörf á öllum stigum skólakerfisins láglaunastörf, að nú er verið að draga saman í skólakerfinu. Það ætti líka að vera okkur áhyggjuefni að við verjum minnstum fjármunum allra vestrænna þjóða til rannsókna. Það er ekki fyrirsjáanlegt að við komumst til tunglsins. Menn skyldu spyrja sig hvort þannig sé tryggt að þjóðin njóti bestu hugsanlegu leiðsagnarinnar inn á 21. öldina, sem verður öld upplýsinga, menntunar og hugvits.

Herra forseti. Ríkisstj. finnst menntunin dýr. En þá getum við spurt: Er þorandi fyrir íslenska þjóð að leyfa ríkisstj. að sjá hvað fáfræðin kostar? — Góða nótt.

Sameinað þing, 15. maí.

Dreifing olíu innanlands.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um dreifingu olíu innanlands, á þskj. 721, sent þm. 3. maí.

Fyrsta spurning fyrirspyrjanda hljóðar svo:

„Hvað veldur því að olíubirgðageymir Olíuverslunar Íslands á Seyðisfirði hefur ekki verið notaður um eins árs skeið?“

Því er til að svara að olíubirgðageymirinn á Seyðisfirði er einvörðungu undir gasolíu. Síðast var gasolíu landað þar í október 1982. Engar birgðir hafa verið í olíubirgðastöðinni á Seyðisfirði frá því í febrúar 1983.

Ástæða þess að birgðaaðstaðan á Seyðisfirði hefur ekki verið notuð í allan þennan tíma er öðru fremur ágreiningur milli olíufélaganna um hagkvæmni birgðastöðvarinnar. Að áliti forráðamanna Olíufélagsins hf. og Skeljungs hf. hefði verið óhagkvæmt fyrir fyrirtækin að nota geyminn á síðastliðnu ári. Forráðamenn Olíuverslunar Íslands hf. eru á hinn bóginn öndverðrar skoðunar.

Önnur spurning er svohljóðandi:

„Hvaða þjóðhagsleg áhrif hefur það að nýta ekki þennan geymi til eðlilegs birgðahalds en flytja þess í stað alla olíu út frá Reykjavík?“

Varðandi þessa spurningu verður að gera grein fyrir sjónarmiðum beggja deiluaðila:

Olíufélagið hf. og Skeljungur hf. byggja afstöðu sína á því að miðað við þá olíunotkun, sem nú er í landinu, hvernig sú notkun skiptist á landshluta og nýtingu strandferðaskipa, muni vera hagkvæmast að nota eina höfn sem birgðahöfn vegna innflutnings á olíum til landsins. Félögin telja að sá kostnaður, sem hlýst af gasolíudreifingu frá Seyðisfirði, sé hærri en sem nemur mismun dreifingarkostnaðar til Austfjarðahafna frá Reykjavík annars vegar en Seyðisfirði hins vegar. Nefna þau m. a. fjármagnskostnað vegna aukins birgðahalds.

Forráðamenn Olíuverslunar Íslands hf. telja á hinn bóginn að þessir útreikningar standist ekki. Benda þeir m. a. á að birgðahald í landinu eigi ekki að þurfa að aukast neitt við það að olía sé sett upp á Seyðisfirði ef þess er gætt að þar séu ekki of miklar birgðir.

Þess má geta að fyrirspurn þessi var send olíufélögunum þremur til umsagnar. Rétt þykir að gera nánari grein fyrir svörum þeirra við fyrirspurninni.

Í svarbréfi Skeljungs hf. kom m. a. eftirfarandi fram:

„Það er og hefur ætíð verið vilji stjórnenda Olíufélagsins Skeljungs hf. að gæta sem mestrar hagkvæmni við sölu og dreifingu á olíu. Með þetta að markmiði er öll starfsemi félagsins í sífelldri endurskoðun. Við slíka endurskoðun eru m. a. gerðir hagkvæmnisútreikningar á hinum ýmsu þáttum starfseminnar, þar með talið á hvern hátt best sé að standa að innflutningi á olíu til landsins og dreifingu olíuvara innanlands.

Niðurstaða þessara útreikninga hefur leitt í ljós að miðað við þá olíunotkun, sem nú er í landinu, hvernig sú notkun skiptist á landshluta og eðlilega nýtingu strandferðaskipa, muni vera hagkvæmast að nota eina höfn sem birgðahöfn vegna innflutnings á olíum til landsins.

Við þessar athuganir hefir að vorum dómi m. a. verið tekið eðlilegt tillit til aukins fjármagnskostnaðar við birgðahald, geymslukostnaðar og hækkaðs flutningskostnaðar á olíum til landsins, væru birgðastöðvar á tveim höfnum notaðar í þessum tilgangi.

Þetta eru í stuttu máli helstu ástæður þess að vér höfum ekki tekið þátt í að nota innflutningsgeyminn á Seyðisfirði á annað ár.“

Í svari Olíufélagsins hf. kom fram m. a.:

„Rökin fyrir því að hagkvæmara sé að dreifa gasolíu á Austfirði frá Reykjavík en ekki frá Seyðisfirði eru þau að sá kostnaður, sem hlýst af dreifingu frá Seyðisfirði, er hærri en mismunur á flutningskostnaði frá Reykjavík til Austfjarðahafna annars vegar en frá Seyðisfirði til Austfjarðahafna hins vegar.

Eftirfarandi kostnaðarliðir verða til við dreifingu gasolíu frá Seyðisfirði.

a. Rekstrarkostnaður sjálfrar stöðvarinnar.
b. Viðbótarflutningsgjald sem erlend skipafélög taka vegna viðkomu á Seyðisfjörð og reiknast á allan farminn.
c. Fjármagnskostnaður vegna aukins birgðahalds.
d. Lakari nýting á strandflutningaskipum í eigu Olíufélagsins hf. Olíufélagið þarf hvort sem er að dreifa bensíni og svartolíu frá innflutningshöfnum við Faxaflóa og flytur því eðlilega gasolíu í sömu ferð. Einnig leiðir dreifing á gasolíu frá Seyðisfirði í mörgum tilfellum til lengri siglingar.“

Í svarbréfi Olíuverslunar Íslands hf. kom á hinn bóginn fram eftirfarandi álit:

„Olíufélagið hf. og Skeljungur hf. halda því fram að hagkvæmara sé að dreifa allri olíu frá Reykjavík en að nota Seyðisfjarðargeyminn sem innflutningshöfn og birgðageymslu. Þessi félög byggja sína útreikninga á því að birgðahald gasolíu í landinu hljóti að aukast við notkun Seyðisfjarðargeymisins, a. m. k. að því marki sem svokallaðar dauðar birgðir og grunnbirgðir myndist á þeim geymi. Fjármagnskostnaður vegna þessara birgða sé svo meiri en sparnaðurinn við að dreifa frá Seyðisfirði miðað við Reykjavík.

Olíuverslun Íslands hf. telur þessa útreikninga ekki standast. Birgðahald í landinu eigi ekki að þurfa að aukast neitt við það að olía sé sett upp á Seyðisfirði ef þess er gætt að þar séu ekki of miklar birgðir.

Útreiknaður fjármagnskostnaður vegna dauðra birgða og grunnbirgða standist heldur ekki þar sem birgðir aukist í Reykjavík og á Austfjarðahöfnum við það að loka Seyðisfjarðargeyminum ef heildarinnflutningur verður áfram sá sami. Ekki verður séð að hægt sé að draga úr heildarinnflutningi og birgðahaldi á gasolíu með því að setja allt á land í Reykjavík og loka Seyðisfirði.

Olíuverslun Íslands hf. telur að innflutningsstöðin á Seyðisfirði spari þjóðarbúinu 5,5—7,5 milljónir króna á ári. Er þá miðað við það að verðjöfnunarsjóður olíu greiði hinn aukna flutningskostnað frá Reykjavík miðað við Seyðisfjörð og verði skapaðar til þess tekjur, væntanlega með hækkuðu olíuverði.“

Þriðja spurningin er þessi:

„Hafa olíufélögin gert kröfu um greiðslu flutningskostnaðar vegna umrædds olíumagns úr Verðjöfnunarsjóði olíu, og ef svo er, um hversu miklar upphæðir er þar að ræða?“

Samkvæmt upplýsingum frá félögunum mun Olíufélagið hf. fara fram á greiðslu úr sjóðnum miðað við dreifingu frá Reykjavík og nemur sú fjárhæð kr. 3,2 milljónum miðað við árið 1983. Skeljungur hf. hefur og farið fram á slíka greiðslu úr Verðjöfnunarsjóðnum að fjárhæð kr. 2,1 millj. Þessar greiðslur hafa ekki verið viðurkenndar af stjórn sjóðsins.

Loks er spurt um afstöðu viðskiptaráðherra í þessu máli.

Hér er vitaskuld um viðkvæmt deiluefni að ræða milli olíufélaganna og hefur annar aðilinn, Olíuverslun Íslands hf., eigandi geymisins, fullyrt að olíubirgðastöðin á Seyðisfirði spari 5,5—7,5 milljónir króna á ári. Þessar fjárhæðir miðast við að Verðjöfnunarsjóður olíu greiði hinn aukna flutningskostnað frá Reykjavík miðað við Seyðisfjörð og að skapaðar verði til þess tekjur með hækkuðu olíuverði. Olíufélagið hf. og Skeljungur hf. telja á hinn bóginn að óhagkvæmt sé að nota geyminn, svo sem fyrr sagði.

Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé réttlætanlegt að greiða úr Verðjöfnunarsjóði olíu þann aukna kostnað sem leiðir af flutningi gasolíu til Austfjarðahafna frá Reykjavík miðað við Seyðisfjörð. Óeðlilegt hlýtur að vera að í stað þess kostnaðar, sem leggst á olíufélögin vegna starfrækslu olíubirgðastöðvar, verði þeim kostnaði velt yfir á olíugreiðendur í formi flutningsjöfnunargjalds. Slíkt er óhagkvæmt fyrir neytendur.

Þá verður að hafa hugfast það öryggi sem því er samfara að nota birgðaaðstöðuna á Seyðisfirði, bæði fyrir Austfirðinga sjálfa og loðnuskipin á vetrarvertíðinni.

Efri deild, 99. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, kl. 2 miðdegis.

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 777 (sbr. 88), n. 877 og 923, 876). — Ein umr.

Frsm. meiri hl. (Haraldur Ólafsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. var samið af nefnd er dómsmrn. skipaði 19. nóv. 1980 til þess að endurskoða lög nr. 95 frá 5. júní 1947 um lögræði. Frv. var fyrst lagt fyrir 105. löggjafarþing í desember 1982, en varð ekki útrætt. Í nefndinni áttu sæti Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari og Guðrún Erlendsdóttir dósent sem skipuð var formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Ólöf Pétursdóttir ráðuneytisfulltrúi.

Í athugasemdum við frv. kemur fram að nefndin hélt 29 fundi og hafði samráð við sérfróða aðila um læknisfræðileg viðhorf, m. a. Geðlæknafélag Íslands og nefnd sem vinnur að endurskoðun geðheilbrigðismála á vegum heilbrrn. Frv. hefur nú fengið mjög ítarlega meðferð í þinginu og var afgreitt óbreytt frá Ed. eins og það kom frá nefndinni.

Að frumkvæði allshn. hv. Nd. voru gerðar breytingar á frv. sem ollu því að málið kemur nú í annað sinn til kasta Nd. Það er III. kafli frv. sem mest var breytt í Nd. og mun ég nú gera grein fyrir þeim breytingum sem þar voru samþykktar.

Það var einkum við 9. gr. sem miklar breytingar voru gerðar. Þar var sett inn svohljóðandi mgr., með leyfi forseta:

„Trúnaðarnefnd dómsmrn., sbr. 17. gr., skal fjalla

um alla úrskurði um sjálfræðis-, fjárræðis- eða lögræðissviptingu sem fallið hafa á grundvelli a-, c-, d-, og e-liða 3. gr. laga þessara. Skal sú umfjöllun fara fyrst fram sex mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðar og síðan á eins árs fresti eftir það. Sé það álit nefndarinnar að forsendur sviptingar séu úr gildi fallnar skal hún bera fram tilmæli til héraðsdómara um að svipting verði felld úr gildi, sbr. 1. mgr.

Þegar lögræðissvipting er felld úr gildi annast dómari um að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.“

Aðrar þær breytingar, sem gerðar voru í hv. Nd., voru við 1. mgr. 9. gr., annarri setningu, þar sem segir:

„Slík tilmæli getur hinn lögræðissvipti einnig borið fram, en óskylt er að sinna þeim nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu.“ Í upphaflega frv. var miðað við eitt ár.

Aðrar þær breytingar, sem gerðar voru, eru í samræmi við þessa samþykktu tillögu um trúnaðarnefnd og koma fram í 17. og 18. gr. Þar eð þessar breytingar voru gerðar í Nd. varð frv. að koma aftur fyrir og meiri hl. allshn. Ed. skilaði áliti þar sem gerðar eru brtt. er lúta að því að þessi trúnaðarnefnd falli út en haldið ákvæði í upprunalega frv. um trúnaðarlækni. Einnig hefur meiri hl. n. lagt til að við 18. gr. aftan við 1. mgr. bætist setningin: „og skal trúnaðarlæknir rn. sjá um að sjúklingnum sé gerð grein fyrir þeim rétti.“ Auk þess leggur nefndin til að miðað verði við 6 mánuði en ekki eitt ár í ákvæðinu um 9. gr. sem ég nefndi áðan.

Þar sem ákvæðin um trúnaðarnefnd í stað trúnaðarlæknis er það atriði sem veigamest er í þeim breytingum sem meiri hl. allshn. Ed. leggur til að gerðar séu á frv. eins og það kom frá hv. Nd., þá vil ég gera örstutta grein fyrir rökum þess máls.

Gerð var till. um að í stað trúnaðarlæknis komi slík trúnaðarnefnd á vegum rn. og á hún að kanna ástand og aðstæður sjúklings sem dvelst á sjúkrahúsi svo fljótt sem auðið er. Nefnd þessi skal skipuð af dómsmrn. skv. 17. gr. og eiga í henni sæti lögmaður sem er formaður hennar, geðlæknir og einn fulltrúi hins almenna borgara. Varamenn eru jafnmargir. Rétt er að staldra við þetta mál og athuga þessi atriði nánar.

Í 2. mgr. 17. gr. frv. segir að trúnaðarnefndin skuli kanna hagi og aðstæður sjúklings sem dvelst á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun gegn vilja sínum svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en viku frá innlagningu. Ætla verður að tilgangur brtt. sé sá að tryggja betur réttaröryggi þess manns sem verið er að leggja inn gegn vilja sínum. En verður það gert með því að nefnd yfirfari gögn málsins og endurskoði ákvörðun rn. einhverjum dögum, allt að viku, eftir að viðkomandi var vistaður á sjúkrahús? Komist nefndin að annarri niðurstöðu en rn. gerði, þá er það orðið of seint og skaðinn er þá þegar skeður. Það sem tryggja þarf er fyrst og fremst að enginn sé lagður inn á sjúkrahús gegn vilja sínum án þess að tilefni hafi verið til og lagaskilyrðum hafi verið fullnægt. Endurskoðun eftir á þjónar ekki hagsmunum sjúklings. Réttaröryggi hans er betur borgið með því að tryggja að ákvörðun um innlögn verði ekki tekin nema að vel athuguðu máli.

Í reynd er það svo að aðstandendum sjúklings reynist oft örðugt að fá læknisvottorð um sjúklegt ástand sjúklingsins. Oft eru þeir læknar, sem best þekkja til geðheilsu sjúklingsins, sjúkrahúslæknar á geðsjúkrahúsum, en þeir mega stöðu sinnar vegna ekki gefa vottorð um geðheilsu hans. Oft kemur það fyrir að aðstandendur verða að þrábiðja aðra lækna, sem stundum þekkja lítið til sjúklingsins, að gefa vottorð um geðheilsu hans í þeim tilgangi að fá hann vistaðan á sjúkrahúsi. Til eru dæmi þess að læknar hafa gefið út vottorð skv. lýsingu aðstandenda, en hafa sjálfir ekki litið á sjúklinginn svo mánuðum skiptir.

Í tilvikum sem þessum er réttaröryggi manna betur borgið með því að læknir kanni ástand sjúklingsins áður en rn. samþykkir innlögn skv. 17. gr. frv. en ekki með því að einhver nefnd kanni málið e. t. v. mörgum dögum eftir að sjúklingurinn hefur verið lagður inn á geðsjúkrahús og komist þá e. t. v. að þeirri niðurstöðu að ekki hefði átt að leggja hann inn.

Eins og frv. var áður en því var breytt í meðferð Nd. var gert ráð fyrir því í 17. gr. frv. að á vegum dómsmrn. starfi trúnaðarlæknir sem rn. leiti til áður en ákvörðun er tekin um innlögn. Trúnaðarlækninum er ætlað það hlutverk að kanna ástand sjúklingsins þegar rn. hefur borist beiðni um samþykki um vistun. Liggja þá fyrir rn. tvö læknisvottorð um geðheilsu viðkomandi manns áður en ákvörðun um vistun er tekin. Með þessu móti fer fram endurskoðun á gögnum er liggja fyrir rn. áður en ákvörðun er tekin en ekki eftir á. Mikið öryggi er fólgið í því að áður en samþykki um innlögn er gefið sé rn. heimilt að leita til geðlæknis sem tafarlaust kanni ástand viðkomandi manns og gefi vottorð þar að lútandi. Væri reyndar eðlilegt að það væri gert í öllum tilvikum. Ákvæði um endurskoðun á ákvörðun rn. um vistun er þegar í frv. í 1. mgr. 18. gr., en þar segir að þeim, sem vistaðir hafi verið gegn vilja sínum skv. 14.—17. gr. frv., sé heimilt að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun rn. um vistunina.

Þá má að lokum benda á það að trúnaðarlæknir í stað fjölskipaðrar nefndar er ekki aðeins öruggara fyrirkomulag heldur líka einfaldara og ódýrara. Að sjálfsögðu verður að ætla að þessum málum sé ætlaður forgangur hjá dómstólum og dómara beri að taka málið tafarlaust til afgreiðslu.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir niðurstöðum allshn. deildarinnar. Ég vil einnig bæta því við að svo virðist sem hér hafi einnig komið upp nokkur skoðanamunur meðal geðlækna og annarra sem um þessi mál fjalla. Þegar frv. var til meðferðar fyrst í þinginu í des. s. l. kom mjög greinilega fram frá þeim geðlæknum sem leitað var til, yfirlæknum á geðdeildum í landinu og fleirum, að mjög óheppilegt væri að sérstök lög væru um geðsjúka og það væri að öllu leyti eðlilegra og heppilegra að slík mál væru í almennum lagabálkum lögræðislög. Nú hafa hins vegar komið upp þær hugmyndir hjá geðlæknum að huga beri að því hvort ekki skuli sett sérstök lög um geðsjúka. Ég held að það sé mál sem þarfnast mjög ítarlegrar meðferðar og ég held að það sé ákaflega óheppilegt. Mjög skiptar skoðanir eru um það mál að tekið sé til við slíka lagagerð. Eins og er tel ég því að þessum málum sé best borgið í almennum lögræðislögum og að þær brtt., sem allshn. leggur til, séu þess eðlis að sem best sé séð fyrir hag þeirra sem vistaðir eru gegn vilja sínum á sjúkrahúsi.

Frsm. minni hl. (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir): Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á þskj. nr. 923 leggur minni hl. allshn. til að frv. til lögræðislaga verði

samþykkt með þeim breytingum sem á því voru gerðar í hv. Nd. Meginbreytingin, sem Nd. gerði á upphaflega frv., var sú að starfa skyldi á vegum dómsmrn. trúnaðarnefnd sem skipuð er lögmanni, geðlækni og einum fulltrúa hins almenna borgara og skuli þessi nefnd fjalla um alla úrskurði um sjálfræðis-, forræðis- eða lögræðissviptingu. Kemur þessi þriggja manna nefnd í stað trúnaðarlæknis, sem gert var ráð fyrir í upphaflega frv., og sem meiri hl. allshn. þessarar deildar leggur til að breytt verði aftur til fyrri vegar. Ég tel hins vegar að öllu heppilegra sé að þriggja manna nefnd fjalli um þau mál sem hér er um að ræða. Betur sjá augu en auga og tel ég raunar varhugavert að einum manni sé falið það vald sem trúnaðarlækni er ætlað í brtt. minni hl. allshn. þessarar hv. deildar. Jafnframt er með skipan nefndarinnar tryggt að fleiri sjónarmið komi fram varðandi þessi mál þar sem auk læknis er lagt til að lögmaður og fulltrúi hins almenna borgara fjalli um málið. Þá röksemd að þriggja manna nefnd sé of þung í vöfum tel ég léttvæga miðað við gildi þess að tryggja sem best öryggi þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. Mín skoðun er sú að það sé miklu betur tryggt í höndum þriggja þar til skipaðra manna en í höndum eins manns.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að efast um hæfni eða samviskusemi þess einstaklings sem fengi það hlutskipti að gegna stöðu trúnaðarlæknis. Ég efast aðeins um að rétt sé að leggja umfjöllun þessara alvarlegu mála á herðar eins manns. Þess vegna legg ég eindregið til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá hv. Nd.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég vil taka fyllilega undir orð hv. 11. þm. Reykv. því að í þeim felst mergurinn málsins eins og ég kom hér reyndar að við fyrri hluta þessarar umr. Ég veit mætavel að það er rétt sem hv. 9. þm. Reykv., frsm. meiri hl. allshn., kom hér inn á varðandi mismunandi mat geðlækna. Það er mismunandi frá einum tíma til annars hvað sé heppilegast og best sé í slíkum tilfellum. Það kemur engum á óvart. Við vitum að meðal sérfræðinganna eru mjög skiptar skoðanir á þessum málum í heild.

Við verðum því einnig að taka nokkuð varlega á því að taka algert tillit til þeirra sjónarmiða sem efst eru á baugi þar hverju sinni. En þeim mun meiri ástæða held ég að sé til þess að hlusta eftir röddum þeirra sem gerst þekkja hér til af eigin raun, ýmist sem þolendur eða sem skjólstæðingar. Ég held að þurft hefði miklu meiri og betri umfjöllun af þeirra hálfu um þetta mál í heild sinni en raun ber vitni um og veit ég þó að til þeirra hefur verið leitað.

Ég ætla ekki að fara að standa í neinum stælum um þetta mál nú. Það er ekki ástæða til þess því að það er alveg ljóst hvaða endalok þetta mál fær hér í deildinni. Ég tel þau vera til verri vegar. Ég sat ráðstefnu um þessi mál fyrir nokkrum árum varðandi sjálfræðissviptinguna og mér blöskraði blátt áfram að heyra þær lýsingar sem þar voru fluttar og ekki var mótmælt af þeim sem þar sátu í fyrirsvari bæði af hálfu dómsmrn. og geðlækna. Hafi þessar lýsingar verið rangar eða ýktar kom það a. m. k. ekki fram í máli þeirra sem voru þar til andsvara. Ég sagði við 1. umr. þessa máls að í þessu nýja frv. væri vissulega girt fyrir margt af því sem þar var helst til umr. varðandi sjálfræðissviptinguna. En ég held að menn verði bara að reyna að gera sér grein fyrir því að hér er um svo viðkvæmt mál að ræða varðandi þessa sjálfræðissviptingu að leita þarf allra leiða til þess að hún fari fram sem sjaldnast og með sem eðlilegustum hætti ef nokkur leið er, þó að menn vilji kannske segja að þetta gerist aldrei undir eðlilegum kringumstæðum.

Ég hlýt að draga í efa rökstuðning og túlkun þeirra sem nú mæla fyrir meirihlutaáliti hér. Ég undirstrika það enn að ég treysti best í þessu máli því ágæta fólki sem hefur kynnst þessu af eigin raun. Ég vil hins vegar ekki taka alfarið tillit til þeirra sjónarmiða vegna þess að bitur reynsla þess dekkir e. t. v. myndina um of. En ég tek það líka fram að þetta fólk hefur kynnt sér þetta mál frá víðara sjónarhóli en við gerum almennt hér. Það hefur kynnt sér þetta mál alveg sérstaklega frá sjónarmiði þeirra sem eru þolendur. Það hefur kynnt sér þessi mál með tilliti til reynslunnar erlendis.

Ég veit að reynslan frá Bandaríkjunum í þessu efni er lýsandi dæmi um það hvernig hægt er að standa að þessum málum, í sumum ríkjum þar mjög vel, öðrum ríkjum miður eða á einhvern svipaðan hátt og hér er verið að leggja til. Ég leita yfirleitt ekki fyrirmynda til Bandaríkjanna og tel að þar sé kannske fátt sem við getum haft til viðmiðunar, en í þessu tilfelli hefur í sumum ríkjum þar verið komið á allgóðu kerfi í þessum efnum þó að það sé hins vegar hraklegt í öðrum ríkjum Bandaríkjanna því að þar gilda í raun og veru ekki ein lög um þessi mál eins og menn þekkja.

Ég hlýt því að standa fast á minni skoðun, sem ég hef ítrekað flutt hér og er í takt við breytingarnar sem voru gerðar í Nd., og mun greiða atkvæði gegn þessum brtt. sem meiri hl. allshn. leggur til. Meiri hl. tekur þá að sjálfsögðu sína ákvörðun og mér sýnist á flestu hér, að niðurstaðan muni verða sú að með tilliti til þýðingar þessara laga í heild sinni muni Nd. fallast á það sem Ed. hefur eða mun leggja til hér á eftir.

En ég vil taka það fram að ég hlýt að taka þetta afmarkaða mál, sem hér er um að ræða, upp á ný með einhverjum hætti hér í þinginu. Ég veit að ég nýt þar liðsstyrks margra þm. Með því að menn kynni sér þessi mál enn betur er ég viss um að sá liðsstyrkur eykst þannig að á þessu geti orðið breyting. Ekki endilega í þá átt sem Nd. gerði, heldur á þann veg sem hv. 11. þm. Reykv. var að minnast á áðan sem merg málsins, að fleiri kæmu hér að og menn hefðu til meira öryggis að leita í framtíðinni í þessum málum. Það er auðvitað vilji okkar allra þó að okkur sýnist sitthvað um leiðir nú að því marki.

ATKVGR.

Brtt. 876,1 samþ. með 12:5 atkv.
Brtt. 876,2 samþ. með 12:5 atkv.
Brtt. 876,3.a samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 876,3.b samþ. með 13:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Skemmtanaskattur, frv. 152. mál (þskj. 884). — Ein umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Menntmn. Ed. kom saman til fundar og fjallaði um

þetta mál. Eins og kunnugt er var gerð breyting á þessu frv. til l. um skemmtanaskatt hér í Ed. Sú breyting var á þá lund að við hækkuðum íbúatöluna sem getið er um í frv., þ. e. við lögðum til að í sveitarfélögum með 7500 íbúa eða færri yrði ekki greiddur skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum.

Nú hefur það farið svo, að breyting var gerð í Nd. og frv. fært til upphaflegs horfs. Það er mat okkar í menntmn. að frv. nái ekki fram að ganga hér í þinginu nema því aðeins að það verði í upphaflegri mynd. Við viljum ekki stofna til togstreitu um þetta mál. Við viljum ekki hætta málinu með því að þverskallast við og leggjum blessun okkar yfir að frv. verði fært til upphaflegs horfs. Við teljum þrátt fyrir allt hyggilegt að stíga þetta skamma skref í niðurfellingu skemmtanaskatts.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hlýt að lýsa vonbrigðum mínum með niðurstöðu Nd., sem hefur breytt samþykkt Ed. um að undanþága frá skemmtanaskatti nái til sveitarfélaga með íbúa allt að 7500. Ég minni á að rekstrarvandi kvikmyndahúsa er ekki bundinn við þessa litlu staði, hvar færri en 2500 manns búa, heldur hina miklu stærri, þannig að öll kvikmyndahús sem rekin eru utan Reykjavíkur eru í mjög harðri samkeppni við videóvæðinguna sem flæðir nú yfir allt og er reyndar að kyrkja rekstur kvikmyndahúsa. Ég tel að það þurfi líka að hafa í huga að rekstur kvikmyndahúsa er skattlagður svo hrikalega að rekstrargrundvöllur fyrir kvikmyndahús, þar sem ekki er mikill fjöldi fólks til að sækja þau líkt og hér á Reykjavíkursvæðinu, verður ómögulegur. Á sama tíma spretta upp videóleigur um allt land sem ég hygg að greiði sáralítinn eða engan skatt af sinni starfsemi. Þá á ég við söluskatt. Tel ég að það ætti að fara fram athugun á því hver skil eru á þeim skatti í ríkissjóð.

Ég ætla ekki að leggjast gegn því að þetta frv. verði samþykkt. Það var hins vegar miklu betra eins og það var samþykkt í Ed. núna fyrir nokkru. Ég tel mjög miður að vandi aðeins örfárra kvikmyndahúsa sé leystur nú, tel að það hefði átt að fara að eins og gert var með samþykki till. Ed. Raunar tel ég að málefni þessa reksturs verði að taka til sérstakrar athugunar með tilliti til þess sem ég sagði áðan varðandi skattlagningu og líka varðandi versnandi samkeppnisaðstöðu við aðila sem ég hef sterklega grunaða um að skila ekki í ríkissjóð þeim sköttum sem ættu þangað að renna.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Mér er enn sem áður misjöfn skattlagning landsmanna með þessum hætti, hvaða viðmiðun sem notuð er, jafnógeðfelld og misjafn kosningarréttur og mun því standa eins að afgreiðslu þessa máls og fyrra sinnið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 938).

Menntaskólar, frv. 310. mál (þskj. 880). — Ein umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Það var gerð breyting á þessu frv. í Nd. Þetta er ekki mikil breyting, en breyting þó. Ég vil í sömu andránni geta um frv. um fjölbrautaskóla. Það var sömuleiðis gerð breyting á því frv. Nd. lagði til að við bættist: Þó skuli námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

Menntmn. Ed. gerir ekki aths. við þessa breytingu, en í þessu sambandi má geta um að í þeirri reglugerð, sem sett verður vegna öldungadeildanna, verði tekið fram um lágmarksfjölda nemenda í umræddum deildum.

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Hér er augljóst við hvað er átt. Nefndin leggur blessun sína yfir þessa breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 941).

Fjölbrautaskólar, frv. 311. mál (þskj. 885). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 942).

Lyfjalög, frv. 261. mál (þskj. 895 (sbr. 483)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tóbaksvarnir, frv. 70. mál (þskj. 897 (sbr. 750)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Landflutningasjóður, frv. 354. mál (þskj. 815). — 1. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð til að vekja athygli á þessu máli.

Frv. er flutt, eins og menn sjá, af samgn. hv. Nd. og er algert samkomulagsmál. Ég kom allmikið nálægt þessum sjóð á sínum tíma sem stjórnarformaður þar og veit því gjörla að hér eru réttlætismál á ferð. Forsenda þessa sjóðs var á sínum tíma sú af hálfu þeirra bifreiðastjóra sem lán fá úr sjóðnum, varðandi sérstaka gjaldtöku af þeim, að mótframlag kæmi frá ríkinu þó ekki yrði það hátt. Það mótframlag fékkst aldrei þrátt fyrir eftirrekstur af hálfu okkar stjórnarmanna í Landflutningasjóði. Ég tel því eðlilegt að fallið sé frá gjaldtöku af bifreiðastjórunum einnig. Í því er fyllsta samræmi og því

vil ég óska þess að hv. samgn. afgreiði þetta mál fljótt og vel út úr Ed. og vænti þess raunar, þó að ég viti ekki, að samband hafi þegar verið haft við formann hv. samgn. Ed. um það mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgn. með 16 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. 78. mál (þskj. 83, n. 896). — 2. umr.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Mér skildist að það væri annar frsm. fyrir þessu máli. En það er allt í lagi.

Nefndin fjallaði um þetta frv. og mælir með að það verði samþykkt. Það er um breyt. á áfengislögunum nr. 82 frá 1969 sem verður að gera vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á tollalögunum sem við samþykktum hér í Ed. fyrir helgi hvað varðar innsigli í skipum og gæslu tollvarða. N. er sammála því að þessi breyting verði samþykkt, enda er hún nauðsynleg sem bein afleiðing af samþykkt fyrri laga í þessum efnum.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég segi nokkur orð til að bera blak af hv. 3. þm. Vesturl.

Það upplýsist hér með að mér hafði verið falin framsaga í þessu máli og fór ég sem snöggvast fram til að undirbúa mig undir það. Ég átti ekki von á að málið væri komið á dagskrá. (**Forseti:** Þá verður forseti að leyfa sér að benda á að skv. nál. er frsm. hv. 3. þm. Vesturl.)

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 902 (sbr. 765)). — 1. umr.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, 123. mál Nd., þskj. 178, eftir 2. umr. í Nd. þskj. 765. Ég mælti fyrir þessu frv. í hv. Nd. 8. des. s. l. og þar sem ég veit að flestir hv. þm. hafa fylgst rækilega með þessu máli mun ég reyna að stytta mál mitt til að drýgja tímann.

Með bréfi, dags. 10. júní, skipaði félmrh. nefnd til að endurskoða lög nr. 51 frá 9. júní 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í nefnd þessa voru skipaðir Jóhann Einvarðsson fyrrv. alþm., formaður, Gunnar S. Björnsson trésmíðameistari, Halldór Blöndal alþm., Páll R. Magnússon húsasmiður, Þórður Ólafsson lögfræðingur, Hilmar Þórisson skrifstofustjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins var ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var tekið fram að hún ætti, eftir því sem við á, að fella inn í frv. sitt frv. það til l. um breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni nr. 51 frá 1980, sem lagt var fram á Alþingi 6. des. 1982, en hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi. Þá átti nefndin að athuga sérstaklega á hvern hátt unnt væri að auka fjármagn til byggingarsjóðanna, m. a. með tilliti til þeirrar ákvörðunar ríkisstj. að koma á næsta ári lánshlutfalli á staðalíbúð upp í 50% af byggingarkostnaði fyrir þá sem byggja eða kaupa í fyrsta skipti. Lánshlutfallið skyldi síðan fara hækkandi á næstu árum þar til 80% — marki yrði náð. Jafnframt skyldi nefndin athuga möguleika á lenginu lánstíma.

Í sambandi við þetta mál tók nefndin mið af því að ríkisstj. hafði að tillögu félmrh. þann 22. sept. 1983 samþykkt að frá og með 1. jan. skyldu öll lán hækka um 50%. Nýbyggingarlán til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn skulu greidd í tveimur hlutum, þ. e. fyrri hlutinn mánuði eftir fokheldisstig og seinni hlutinn sex mánuðum frá útborgun fyrri hlutans. Útborgun lána til annarra skal vera óbreytt frá því sem nú er. Nýbyggingarlán lengist úr 26 árum í allt að 21 ár. Öll lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Gjalddögum húsnæðislána verði fjölgað í fjóra á ári.

Markmið þessara lagafrv. kemur fram í 1. gr., en þar stendur: „ — að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum,

— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði."

Varðandi kaflann um fjármögnun er þýðingarmest sú breyting sem kemur fram í 9. gr. frv., en þar stendur: „Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum sem nemur eigi lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun [Byggingar] sjóðsins viðkomandi ár."

Aðrar breytingar frá gildandi lögum eru helstar þessar:

Ekki er gerður greinarmunur á því hvaða aðilar geti fengið lán úr sjóðnum. Í gildandi lögum er það ýmist bundið við einstaklinga og/eða sveitarfélög eftir lánaflokkum, sbr. 13. gr. frv.

Skv. frv. skal veita lán til þeirra sem byggja sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða til einkaeignar, sem er nýmæli.

Nú þarf umsækjandi ekki að selja sína fyrri íbúð áður en hann fær hámarkslán til byggingar nýrrar íbúðar. Hann verður að undirrita skuldbindingu um að hann leigi hana til íbúðar þegar nýja íbúðin er fullgerð, sbr. 13. gr.

Lán til kaupa notaðra íbúða, að viðbættum uppfærðum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins sem hvíla á íbúðinni, mega aldrei nema hærri upphæð en nýbyggingarlán eru á hverjum tíma. Skv. gildandi lögum er ekkert þak. Þetta kemur fram í 14. gr.

Varðandi lán til byggingar leiguíbúða handa öldruðum verður nú heimilt að selja lífeyrisþegum hlutdeild í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni meðan hann hefur afnot af henni, en greiðir síðan með fullum verðbótum skv. lánskjaravísitölu en án vaxta. Einnig verður heimilt að selja verðtryggð skuldabréf til einstaklinga sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér leigurétt á íbúð eða vistun á dvalarheimili. Þetta er nýmæli sem er mjög þýðingarmikið, eins og fram kemur í 15. gr. frv.

Ef lántaki, sem fengið hefur lán skv. 6. tölul. 11. gr., er 70 ára eða eldri eða fatlaður, getur ekki staðið undir afborgunum af láninu er heimilt að fresta afborguninni um óákveðinn tíma, sbr. 24. gr. frv.

Þá ber að nefna orkusparnaðaraðgerðir og endurnýjun eldra húsnæðis. Lán til slíkra endurbóta getur orðið hærra en 50% af nýbyggingarláni. Skv. gildandi lögum geta t. d. sveitarfélög fengið lán til endurbóta allt að 70% af nýbyggingarláni, eins og kemur fram í 26. gr., en einstaklingar aðeins 50%. Ef um viðbyggingu er að ræða og jafnframt eldra húsnæði endurbyggt má lánið nema allt að 80% af nýbyggingarláni. Skv. gildandi lögum er það aðeins 50%.

Gert er ráð fyrir að viðskiptabankarnir taki við því verkefni af Byggingarsjóði ríkisins að veita viðurkenndum framkvæmdaaðilum rekstrarlán á byggingartímanum. Húsnæðisstjórn er heimilað að veita lán til kaupenda íbúða innan tiltekins tíma frá því að húsin eru fokheld. Þetta kemur fram í 29. gr. Ég vil geta þess í þessu sambandi að í gangi eru núna viðræður við Seðlabanka og viðskiptabanka og sparisjóði um að reyna að fullnægja þessu ákvæði, sem er gert ráð fyrir að sé á stærðargráðunni á þessu ári um 120 millj. kr.

Heimilt verður nú að veita hærri lán til nýrra íbúða sem byggðar eru á lögbýlum en er í gildandi lögum.

Nú verða staðalíbúðir fyrir þrjár mismunandi fjölskyldustærðir, en þær eru fjórar í gildandi lögum. Þetta kemur fram í 32. gr. frv.

Lánstími lengist almennt um fimm ár. Lánin eiga að vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin, en skv. gildandi lögum eru þau afborgunarlaus fyrsta árið.

Ákvörðun um vexti verður ekki bundin í lögum eins og nú er. Gjalddagar verða ekki bundnir við tiltekna daga ársins eins og nú er. Þetta kemur fram í 30. gr.

Í sambandi við Byggingarsjóð verkamanna er gert ráð fyrir að bæta við nýjum lið sem kemur fram í 33. gr., þ. e. c-liður, en skv. honum skal sjóðurinn lána til leiguíbúða sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða, öryrkja og aðra sem ekki hafa aðstöðu til þess að eignast eigið húsnæði við hæfi.

Eins og hv. þdm. hafa fylgst með hefur þetta ákvæði frv. valdið mikilli umr. og sú grein sérstaklega sem fjallar um þessar félagslegu byggingar. Spurningin er hvort húsnæðissamvinnufélög, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, falli undir þessa grein frv. eða ekki. Það var mín túlkun sem félmrh. að skv. c-lið fái félagasamtök, sem ætla að byggja leiguíbúðir sem ætlaðar eru til útleigu fyrir félagsmenn þeirra sem ekki hafa aðstöðu til að eignast eigið húsnæði við hæfi, möguleika til lána úr Byggingarsjóði verkamanna, enda uppfylli slíkir aðilar öll ákvæði Byggingarsjóðs verkamanna um tekju- og eignaviðmiðun, sbr. 44. gr. frv. Þessi ágreiningur kom upp milli stjórnarflokkanna eftir að nál. félmn. Nd. var lögð fram. Sjálfstæðismenn vildu ekki fallast á að fleiri aðilar gætu byggt leiguíbúðir til útleigu, svo sem húsnæðissamvinnufélög eins og hið svokallaða Búsetafyrirtæki. Þessi ágreiningur stöðvaði raunar afgreiðslu frv. hér á Alþingi. Ég vil geta þess hér, vegna þess að þetta er nú það mál sem mikil umræða hefur verið um, að ég taldi þetta ástand algerlega óviðunandi, þar sem í frv. sjálfu, sem hér er til meðferðar, eru ýmis mjög mikilvæg stefnumarkandi atriði til framfara í húsnæðismálum, sem beðið hefur verið eftir, bæði hvað varðar fjármögnun, lengingu lánstíma, kauprétt lífeyrisþega, orkusparandi lán o. fl., o. fl. sem gerir það brýnt að frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi. Þess vegna lagði ég til við Sjálfstfl. að takmörkuð yrði í frv. heimild til byggingar leiguíbúða skv. c-lið 33. gr. en eftir stendur réttur til lána til byggingar leiguíbúða fyrir námsmenn, öryrkja og aldraða, sem t. d. Félagsstofnun stúdenta og leigjendasamtök geta notað sér, auk ríkis og sveitarfélaga. Þessi breyting var síðan samþykkt við 3. umr. um frv. í Nd. og þannig liggur þessi grein frv. hér til afgreiðslu. Jafnhliða þessu varð samkomulag um að félmrh. skipar nefnd til að gera tillögur um stefnumörkun um byggingu leiguíbúða og hvernig með það form skuli fara, semja frv. til l. um búseturéttaríbúðir og kaupleigusamninga og verður stefnt að því að slíkt frv. verði lagt fram í byrjun næsta þings. Það er öllum kunnugt, sem um þessi mál hafa fjallað, að á þessu er brýn þörf því að slík ákvæði í löggjöf eru ekki til hér á landi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara yfir mörg atriði þessa frv. Það er búið að ræða þau það ítarlega. Þó vil ég aðeins koma hér inn á eitt atriði í sambandi við Byggingarsjóð verkamanna.

Skv. þessu frv. verður heimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað fyrir öðrum lánum, þ. e. t. d. lífeyrisrétti kaupanda. Það er heimilt að nýta sér þetta ákvæði. Þetta hefur verið umdeilt á undanförnum árum, en er talið nauðsynlegt og mun e. t. v. festa betur í sessi þá aðila sem nýta sér búseturétt í verkamannabústöðum.

Í gildandi lögum er heimilt að lána allt að 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar í verkamannabústaðakerfinu. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að þetta hlutfall verði 80%, en það er heimilt að veita 90% lán ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi hjá viðkomandi umsækjanda að mati húsnæðismálastjórnar. Þannig er ekki hægt að fullyrða að útilokað sé að þeir sem verstar aðstæður hafa geti fengið áfram 90% lán.

Eins og ég hef áður komið inn á gildir það sama um Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að ákvæði um vexti eru ekki bundin í lögunum skv. þessu frv., eins og er í gildandi lögum, og ekki heldur að gjalddagar verði bundnir við tiltekna daga ársins eins og nú er. Lánin til leiguíbúða, sbr. c-lið, það sem eftir stendur þar, verða til 31 árs í stað 16 ára í gildandi lögum. Þá er kaupskylda sveitarfélaga stytt úr 30 árum í 15 ár. Heimilt verður að selja íbúð í verkamannabústað á frjálsum markaði hafi hún verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfellt. Í gildandi lögum er aðeins sveitarfélögum heimilt að kaupa notað húsnæði, en nota síðan sem leiguhúsnæði. Þetta ákvæði nær nú til fleiri aðila skv. frv.

Í þessu frv. er sérstakur sjálfstæður kafli um byggingarsamvinnufélög, sem ekki er til í gildandi lögum. Þær lagagreinar gera auðveldara að nýta betur þetta form til byggingar íbúða eftir samvinnuformi sem hefur reynst afburða vel hér á landi til að koma upp ódýrara húsnæði og sérstaklega fyrir ungt fólk sem þannig fær möguleika til að nýta sér þetta mikilvæga form.

Ég vil koma inn á nokkrar breytingar sem urðu í meðferð Nd. á upprunalega frv. Þær eru flestar minni háttar.

Það er í 4. gr. frv. bætt inn í að Alþingi kýs tvo endurskoðendur og tvo til vara, sem ekki var í gildandi lögum. Þá er einnig í sambandi við kaflann um Byggingarsjóð ríkisins, 2. lið 9. gr., þar sem ákveðið er um

fjármögnun Byggingarsjóðsins, bætt inn í „af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins viðkomandi ár sem samþykkt er af félmrh. og fjmrh.“

Eitt mikilvægt atriði vil ég skýra hér. Það er í sambandi við nýmæli sem er í 66. gr. frv. eftir meðferð í Nd. Þar er bætt inn í að „heimilt er félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum félagsmanna, að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félmrh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.“

Þetta er sett hér inn fyrst og fremst til að mæta ákveðnum óskum eða raunar kröfum sem hafa komið fram hjá félögum í byggingarfélögum verkamanna í Reykjavík, sem standa að mörgum íbúðum hér í borg, og það hefur valdið nokkrum ágreiningi um þetta atriði þar sem félagarnir vilja margir fá að annast þetta viðhald og umsjón sjálfir, en ekki láta stjórn viðkomandi félags algerlega hafa það með höndum.

Ég vil svo segja að ég legg mikla áherslu á ný viðhorf, nýja stefnumörkun, sem ég tel að þetta frv. beri í sér og geri alla stjórnun og meðferð þessara mála auðveldari og skilvirkari en nú er. Ég verð að segja það hér að ég harma mjög að ekki var orðið við þeirri ósk, sem ég bar fram við 1. umr. málsins í Nd. 8. des. s. l., að félmn. Nd. og Ed. ynnu sameiginlega að athugun þessa máls. Ég vona sannarlega að það komi ekki að sök. En eins og fram hefur komið er orðið algert samkomulag um að reyna að láta þetta frv. verða að lögum á þessu þingi. Ég treysti og heiti á hv. þm. í Ed. að hjálpa til við að gera þetta mögulegt. Það er ákaflega þýðingarmikið. Það mundi skapa mikinn vanda í meðferð húsnæðismála á þessu ári og í umfjöllun um áætlun fyrir næsta ár ef það áform yrði ekki staðreynd að koma þessu máli í gegn þá fáu daga sem eftir eru á yfirstandandi þingi. Ég fer sem sagt fram á það í fullri vinsemd og af mikilli alvöru að það verði allt gert sem hægt er til að ná því markmiði.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengur. Ég legg til að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki setja á langar tölur nú um þetta mál. Mér hefði verið meira í mun að fá að skoða málið í nefnd ef það væri unnt, en það er ekki meiningin af hálfu stjórnarliðsins að gera það þó að jafnvel hæstv. félmrh. hafi lagt svo fyrir við 1. umr. málsins í Nd. Það er greinilegt að formaður Sjálfstfl. er ekki í því sem öðru að fara að tilmælum ráðh. í þessari ríkisstj. Verður gaman að fylgjast með því hvort hann heldur áfram að taka jafnlítið tillit til ríkisstj. og raun ber vitni þangað til hann verður kominn þangað sjálfur. Þá reikna ég með því að hann vilji líka deila þar og drottna þegar það verður orðið, svo sem hann hefur gert í þessu máli.

Eins og hæstv. félmrh. kom réttilega inn á er hér um ótæk vinnubrögð að ræða í slíkum stórmálum. Á fundi Nd.-nefndarinnar hefur verið kallaður fjöldi umsagnaraðila, fjöldi viðmælenda. Þar hafa útreikningar af ýmsu tagi verið lagðir fram, staða sjóðanna tíunduð, möguleikar þeirra til að standa við skuldbindingar á þessu ári, í framtíðinni o. s. frv. Þetta er mér allt kunnugt um að hefur verið gert og allt hefur þetta verið gert án minnsta samráðs við nefndina í Ed. Ég gæti þess vegna vel sagt sem svo, ef ég vildi bregða hér fyrir fæti og hefði fyllsta rétt til þess að ég mundi áskilja mér verulegan tíma í hv. félmn. til þess að fá þó ekki væri nema eins og þriðjunginn af þeim aðilum sem hv. þm. Þorsteinn Pálsson og aðrir slíkir ráðamenn í þjóðfélaginu hafa fengið til viðræðna við sig í Nd. Ég er ekki að segja að sameiginleg nefndarstörf eigi alltaf að gilda. En það er lágmark þegar um slík stórmál er að ræða að því sé fylgt að hluta til og a. m. k. sjálfsagt að þingnefnd í hinni deildinni sé leyft að fylgjast með. En ekkert slíkt hefur verið gert og það eru greinilega lýsandi dæmi um þau vinnubrögð sem eru best að skapi hv. formanns Sjálfstfl. Þorsteins Pálssonar. En um það ræði ég ekki frekar, því að hann er ekki hér til andsvara, þó að ég viti að undirdánugir liðsmenn hans, hvort sem þeir eru ráðherrar eða óbreyttir þm., muni sjálfsagt verða tilbúnir að taka upp vörn fyrir hann í þessu sem öðru. (**EgJ:** Annað hvort væri nú.) Annað hvort væri nú, segir hv. 11. landsk. þm., og er það þó ólíkt honum að ætla að taka upp málsvörn fyrir þau vinnubrögð að hindra það með öllu að þingnefnd hinnar deildarinnar fái að fylgjast með. Það er ólíkt honum. Ég efast um að hann taki upp þá málsvörn fyrir hv. formann Sjálfstfl.

Nei, ég mun ekki tefja þetta óeðlilega, en auðvitað er ekki unnt annað en að fara í einhverjum greinum í loforðaflauminn fyrir síðustu kosningar. Ég man eftir því að þá svifu glæstustu glansmyndir fyrir hugskotssjónum húsbyggjenda í þessum efnum og mig undraði það hvað menn voru loforðaglaðir. 80% skyldu allir fá af meðalverði staðalíbúðar. Það var hvergi inni sú mynd sem þá blasti við um erfiða fjármögnun þeirra félagslegu bygginga sem voru þá fjármagnaðar á ríflegan máta og voru þó aðeins hluti af byggingarþörf. Ég segi að stjórnaraðilum átti a. m. k. að vera það ljóst, aðilum sem höfðu tregast við tekjuöflun m. a. með skyldusparnaði á hæstu tekjur. Það er ekki að marka þó að hv. sjálfstæðismönnum hafi kannske ekki verið þetta alveg eins ljóst, enda voru þeir ábyrgðarlausir að mestu leyti á s. l. kjörtímabili þó að einstaka þeirra væru nú innanborðs á stjórnarskútunni sem þá var. Ég held að það hafi margur fleytt sér inn á þing einmitt að hluta til með þessa glansmynd í farangrinum, 80% lánin. En svo fór um þessi 80% loforð, sem mér þóttu vægast sagt glannaleg og sagði oft að erfitt yrði að standa við í ljósi þess sem á undan hafði gengið, að þau bráðnuðu nú í sumarhitunum niður í 50% hjá hæstv. forsrh. og mig minnir hæstv. félmrh. líka. Og svo frusu þau nú bara, botnfrusu bara niður í 30% um haustnætur og í því frostmarki eru þau enn. Og dráttur á greiðslum er meiri en oftast nær áður vegna eðlilegs fjárskorts, en fjárskortur hafði aldrei háð þessum loforðasmiðum í kosningahríðinni. Þá var hann ekki til staðar heldur spurning um vilja og þor. Og ekki var nú verið að ýja að erlendu lánsfé þá og enn síður að kanna skil lífeyrissjóðanna. Ég kem að því síðar. Nei, vafalaust hafa menn orðið reynslunni ríkari í mörgu og hin bitra staðreynd stendur nú ein eftir. Frv. nú er án sýnilegs grundvallar og án nauðsynlegrar fjármögnunar, því að sömu dagana er verið að tala um að bjarga byggingarsjóðum með lántökum, og þá getur það varla verið að hér sé um raunhæf loforð að ræða þó að vissulega séu mörg góð fyrirheit í frv. og margt þar, sem stendur til bóta, ef unnt reynist að framkvæma það. Ég tek undir það með

hæstv. ráðh. að vissulega er nauðsyn að lögfesta þau atriði, ef þau kynnu að geta orðið að veruleika.

Ég vildi nú segja það að þessi ríkisstj., sem stærir sig af því að geta boðið útlendingum ódýrt vinnuafl og telur það helsta hrósefni sitt í útlöndum, hefði nú t. d. getað bætt úr að hluta a. m. k. með öflugri aðstoð við tekjulægstu húsbyggjendur í félagslegum íbúðabyggingum, auknu vægi á þær. Hún hefði getað aðstoðað húsnæðissamvinnufélögin, eins og Búseta, með öflugu aukaátaki og bætt þar úr brýnni þörf. Það hefði verið að verðleikum metið án efa af því fólki sem þarna á hlut að máli, við þau kjör sem það býr núna.

En niðurstaðan er vitanlega minna vægi félagslegra íbúðabygginga, fjármögnunin öll í molum, lántökur erlendis frá. Sömu dagana og við erum að afgreiða þetta frv. segir hv. varaformaður Sjálfstfl., Friðrik Sophusson, að hundruð milljóna skorti enn til viðbótar, svo komið verði til móts við loforðagleði ráðh., eins og hann mun hafa orðað það í Seltjarnarnesræðunni frægu. Ekki ætla ég að fara að taka upp málsvörn fyrir hæstv. félmrh., því að hann mun hafa tekið þátt í loforðadansinum af mikilli ákefð, en auðvitað er hv. þm. Friðrik Sophusson ekki síður að skjóta á sína menn í þessu efni. Það verða menn að hafa í huga, því að ekki voru þeir síður loforðaglaðir. Ég man nú ekki hvor var á undan með 80%, en hörð barátta var um það hvor kæmi 80% fyrr á blað hjá sér, Sjálfstfl. eða Framsfl., fyrir síðustu kosningar og mátti ekki á milli sjá í því kapphlaupi. Nú er þetta kapphlaup greinilega komið út fyrir landsteinana. Þangað á að leita að fjármagninu til að fjármagna loforðin, þó ekki nema að hluta til. Jú, hér er frv. á ferð með sínum fyrirheitum og stefnumiðum sem eru flest ágæt. Önnur eru reyndar miður góð, sem snerta Byggingarsjóð verkamanna alveg sérstaklega, og enn önnur í algerri óvissu, svo sem Búsetamálið eða húsnæðissamvinnufélögin eru gleggst dæmi um.

Áherslan á hinar félagslegu íbúðabyggingar er önnur og sýnt að þar skal ekki unnið að svo sem vera hefði þurft. Ég segi það enn að ríkisstj., sem keyrir laun og kaupmátt óumdeilanlega niður og færir fólk í ríkara mæli en nokkru sinni á láglaunaplanið eitt, sú ríkisstj. hefði vissulega getað bætt úr að hluta með öflugu átaki í húsnæðismálum.

Um Búsetamálið skal ég ræða síðar, en það eru ýmsar upplýsingar sem væri fróðlegt að fá og við getum auðvitað fengið í nefndinni, en svo beint sé spurt án þess að ég ætli að fara að tefja málið mikið: Er það ekki rétt, hæstv. ráðh., að öllum nýjum umsóknum um nýjar framkvæmdir í félagslega kerfinu, 150—200, hafi verið synjað eða hafi ekki fengið jákvæða afgreiðslu? Þessu var m. a. haldið fram í útvarpsumræðum í gær og þessar upplýsingar hef ég beint frá þeim aðilum sem gleggst eiga að vita. Og er það svo einnig, að áður umsamdar byggingar í þessu kerfi hafi verið skornar niður um 25% og ekkert bendi til annars en að sú verði endanlega niðurstaða þessa árs? Og er það svo, enn til viðbótar, í alvöru að í dag sé enginn aðili að byggja leiguíbúðir eftir því kerfi sem upp var komið, það sé ekkert nýtt á döfinni varðandi leiguíbúðir, sem voru þó reistar nokkuð duglega á vegum sveitarfélaga? Ef allt þetta er rétt, sem haldið hefur verið fram hér, þá er þetta ár mikilla skelfinga í húsnæðismálunum og meiri en menn hafa þekkt áður varðandi þessa þætti.

Er ástæðan kannske sú, að meira að segja 30% loforðið, sem var nú endanlega orðið til úr 80%, hafi orðið svo dýrt og fyrirhyggjan ekki verið meiri en svo, að efndir á því loforði hafi orðið til þess að byggingarsjóðirnir standi í meiri fjárþröng en nokkru sinni? Að þessar efndir á loforðinu, góðra gjalda verðar, ég tek það skýrt fram, góðra gjalda verðar svo langt sem þær náðu, hafi valdið þessu, þ. e. 20% af loforðum ríkisstjórnarflokkanna. Ég verð að segja að það er nú bara býsna gott miðað við loforðin í kyndingarmálunum, því að þau ná ekki 20%, svo að hæstv. félmrh. getur borið höfuðið hátt miðað við hæstv. iðnrh., það er alveg glöggt í þessu efni, og ætla ég þó ekki að fara að hæla honum of mikið í þessari öldu yfirboðanna sem reis hæst fyrir síðustu kosningar, að þessar efndir, ekki meiri þó en raun ber vitni, hafi í raun og veru kollkeyrt þetta kerfi og aldan hafi í raun og veru kaffært loforðasmiðina og húsbyggjendur þá um leið, því að það hefði nú ekkert gert til þó þeir hefðu fengið á sig ölduna ef húsbyggjendur hefðu ekki fengið hana yfir sig líka. Því spyr ég: Hver er staðan hjá byggingarsjóðunum í dag og hver er líkleg staða ársins í ár? Og er það þá virkilega rétt, sem hæstv. fjmrh. hefur haldið hér fram, að það séu bara ekki meiri peningar til og menn verði þá bara að fresta og bíða með framkvæmdir á þessu ári, húsnæðiskerfið sé þannig upp byggt nú og sé þannig sett? Er þetta þá raunsannasta myndin þegar allt kemur til alls?

Hæstv. fjmrh. hefur mjög hrósað sér af hreinskilni. Kannske er þetta rétt. Kannske verða menn bara hreinlega að hætta við að byggja á þessu ári eins og hann segir að séu mestar líkur til. Og þá mundi ég nú kannske segja, til þess að hafa „system i galskaben", eins og sagt er að þá væri nú kannske rétt að fresta afgreiðslu þessa frv. þangað til eitthvert upprof væri komið og hæstv. ráðh. væri a. m. k. búnir að ná í einhverja peninga frá útlöndum, það væri eitthvert upprof komið á þessum fagurbláa loforðahimni þeirra, sem blasti við kjósendum fyrir síðustu kosningar. (**KSG:** Blágræna.) Blágræna, segir hv. 6. landsk. þm., og er vissulega rétt að hafa líka „system í galskaben" varðandi litavalið á þeim bæ. (Gripið fram í.) Já. En þrátt fyrir þessa gagnrýni má enginn taka orð mín svo að ég sé að segja að við höfum staðið nægilega vel að húsnæðismálunum á undanförnum árum. Ég skorast ekki undan þeirri ábyrgð sem á öllum þeim hvílir sem hafa fjallað um þessi mál á undangengnum árum og ekki staðið þar nógu vel að. Það væri fjarstæða, hrein fjarstæða, að ætla að skorast undan slíku einmitt þegar Alþb. hefur verið með þessi mál og það hefur hreinlega ekki gengið svo sem skyldi. Það geri ég bæði hér og annars staðar að ætlast ekki til þess að menn fari að trúa að eitthvað annað hafi verið gert þar en raun bar vitni og betur að málum staðið. En ég segi einnig — og það vona ég að aðrir segi einnig hér — að menn verða þá líka að viðurkenna að ýmislegt af því sem ætlað var til tekjuöflunar í þessu kerfi fékkst ekki fram, þó að við vildum þar að standa, fyrir öðrum samstarfsaðilum okkar.

En hvað sem því líður þá er eitt alvarlegasta vandamál íslensks þjóðfélags hér á ferðinni og aðstoð við fólk til að komast í húsnæði brýnni nú en oftast áður. Og margt er til bóta í þessu frv. Kjaralega og aðstöðulega séð er margt í því sem horfir til bóta, vissulega. Sem betur fer er oftrúin á eigið húsnæði skilyrðislaust nokkuð á undanhaldi. En þá þarf að vera unnt að mæta

nýjum óskum og nýjar leiðir þurfa að eiga rétt á ákveðnu fjármagni yfir erfiðustu farartálmana.

Ég man eftir því að í húsnæðismálatillögu, sem ég flutti hér fyrir 8 árum síðan, kom ég í verulegum mæli inn á svipaðar hugmyndir um lausnir og nú eru uppi hjá Búseta. Ég hafði þær reyndar erlendis frá, þetta var ekki frumlegt hjá mér að neinu marki þá. Þær hugmyndir fengu sannast sagna lítinn hljómgrunn eða engan. Helst var það gagnrýnt að með þessu væri verið að drepa framtak manna í dróma. En hvað um það, nú er lag. Nú eru menn komnir í stellingar til þess að reyna að leita þeirra leiða og það er full ástæða til að freista þess.

Að öðru leyti vil ég ekki fara á þessu stigi umr. nánar út í þetta mangómál ríkisstj. Þar hefur vægast sagt verið haldið svo á málum, að fá dæmi munu slíks í þingsögunni. Ég samhryggist hæstv. félmrh., en ég hlýt að benda honum og öðrum hv. framsóknarmönnum á það, að vitanlega hlýtur húsbóndavaldið að vera í höndum þeirra sjálfstæðismanna í þessu sem öðru. Hafi þeir ekki gert sér grein fyrir því, þá sjá þeir það nú og hafa séð það undanfarna daga. Undir það jarðarmen gengu þeir glaðir fyrir ári síðan eða svo og eins og segir í ljóðinu eru þeir enn við það heygarðshornið að syngja: „Þar er vistin mér góð, aldrei heyrist þar hljóð," ekki a. m. k. frá þeim og fer vel á þeim söng enn þá. En þeir sem fyrir barðinu á þessari vistráðningu verða eru margir, m. a. þeir sem nú vilja ryðja nýjar brautir í húsnæðismálum, og neita að beygja sig undir eignarréttarokið, sem firrt hefur allt of marga heilsu og kröftum, líkamlega sem andlega. Þeir verða vitanlega fyrir barðinu á þessu. Sá kapítuli verður síðar skráður og mun sem betur fer þingsins vegna almennt til endema talinn, en fólksins vegna því miður dapurlegri en svo að því hæfi hér háð og spé.

Áherslur varðandi frv. þetta eru því augljósar af hálfu okkar Alþb.-manna.

Í fyrsta lagi: Áhersla á ríkan þátt félagslegra íbúðabygginga með svipuðu formi og verið hefur fyrir þá tekjulægri.

Í öðru lagi: Mætt verði nýjum viðhorfum af fullum skilningi og auðveldað leið þeim sem nýjar brautir vilja ryðja til þess að komast á leiðarenda sem allra fyrst.

Í þriðja lagi: Viðbótaraðstoð við hinn almenna húsbyggjenda verði tryggð sem allra best. Þar taki bankarnir á sig ríkari og eðlilegri skyldur en í dag eru þeim á herðar lagðar.

Í fjórða lagi: Fjármagnsútvegun verði tryggð og allra leiða leitað. Lífeyrissjóðirnir komi inn í ríkari mæli, bankarnir einnig. Skyldusparnaðarhugmyndin á hæstu tekjurnar verði skoðuð áfram.

Ég minnist á lífeyrissjóðina og ætla að koma að þeim núna í lokin. Ef menn hafa litið á svar hæstv. fjmrh. við fsp. minni um skyldukaup lífeyrissjóðanna hafa menn rekið sig á óþægilegar tölur. Vilja menn sjá þann mismun sem þar blasir við? Hversu margir öflugir sjóðir kaupa aðeins hluta af heildinni svo að jafnvel skakkar nærri 100 millj. á s. l. ári, eða hversu sumir kaupa allt önnur skuldabréf en af byggingarsjóðunum. Í heild skakkar þetta 280 millj. kr., sem annars hefðu getað, ef betur hefði verið að málum staðið, runnið til byggingarsjóðanna. Ég segi: Látum svo vera þó að ríkissjóður og Framkvæmdasjóður fái sitt því að skylt er skeggið hökunni. En við eigum að líta á það t. d. að Verslunarlánasjóður fær meira en hálfa upphæð í sinn hlut frá lífeyrissjóðunum, meira en helming af því sem Byggingarsjóður verkamanna fær. Og hverjar eru tölur veðdeildar Iðnaðarbankans? Þær eru 90 millj. Veðdeild Iðnaðarbankans fær 90 millj., til almennra útlána vel að merkja, 90 millj. frá lífeyrissjóðunum á móti 117 sem Byggingarsjóður verkamanna fær.

Ég vakti athygli á þessu í fyrra, taldi mér það skylt sem stjórnarsinna þá. Ég gerði það enn í vetur, sem stjórnarandstæðingur að vísu. Ég geri það hér og nú, því að hér er um einhvern stærsta póstinn í fjármögnun byggingarsjóðanna að ræða. Ég veit að það er ekki auðvelt við að fást. Hér þarf sjálfsagt lagabreytingu, enn fremur eru margir þessara sjóða orðnir svo fast njörvaðir við ákveðnar veðdeildir að ekki er mjög auðvelt úr að bæta. En ég álít að við eigum einskis að láta ófreistað til að ná þessu fjármagni þangað sem lánsfjárlög segja til um. Því að skyldukaup lífeyrissjóðanna eru auðvitað, eins og allir menn vita, réttlætt með því að þetta fé fari þangað sem þörfin er mest, til byggingarsjóðanna. Ekki er ég að segja að það sé neitt altækt, en ég bendi bara á tvo sjóði til samanburðar. Lífeyrissjóður Austurlands, sem verkafólk á Austurlandi greiðir í, greiddi fullt framlag, 100% framlag í sín skyldukaup á s. l. ári. Hvert fer það fé? Það fer allt til Byggingarsjóðs verkamanna, allt þangað sem þörfin er mest. Lífeyrissjóður verslunarmanna borgar 19% af því sem hann á að borga, enda vita menn að það er höll hér inni í mýri, sem mönnum þar hefur áreiðanlega verið kærkomnari en byggingar almennings í landinu. 19% greiða þeir, en ég efast ekki um að verslunarlánasjóður eða 90 millj. þar séu nokkuð drjúgar hjá þessum lífeyrissjóði.

Að lokum þetta eins og ég sagði áðan. Sú spurning hlýtur að vakna hvort nokkur knýjandi nauðsyn sé á framgangi þessa frv. með tilliti til þess hvernig mál standa nú. Ég tek það fram að ég mun greiða fyrir því að þetta mál nái fram að ganga vegna margra tæknilegra og framkvæmdalegra atriða sem í því eru vissulega til bóta. En svo eru það fyrirheitin ein sem blíva. Fjármagnið vantar skv. því sem hv. varaformaður Sjálfstfl., Friðrik Sophusson, segir upp á hundruð millj. þrátt fyrir erlendar lántökur, enda eru dæmin deginum ljósari um stórfelldari drátt en áður hefur verið án afgreiðslu lána. Mér þykir undarlegt ef það er að skapi hæstv. félmrh. að farið sé að brjóta félagslega kerfið niður, en ekki verður annað séð, enda er það hreinlega ekki með í mynd þessa árs, ef upplýsingarnar eru réttar um að þær umsóknir hafi allar verið skornar niður á þessu ári. Og í Búsetamálinu eru stóru orðin orðin að öfugmælum.

Það væri kannske rétt að taka allt málið upp og mangónefndin, sem nú er orðin milliþinganefnd í húsnæðismálum og á að sætta sjónarmið í stjórnarflokkunum, tæki bara allt málið upp og spreytti sig á því í sumar. En við nánari athugun legg ég það nú ekki til. Ég held að það sé hæpið, svo að ekki sé meira sagt. Ég er nefnilega hræddur um að nánari umfjöllun þessara herra um þetta mál skili nú eins og jafnan áður enn aumari niðurstöðu, svo að máske er best að drífa málið af áður en enn fleiri skemmdarverk tekst að vinna.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þeim sem hér stendur er stundum brigslað héðan úr ræðustól um

ungdóm, vanþekkingu og reynsluleysi. Hæstv. félmrh. lýsti því frv. sem hér liggur fyrir hv. deild sem stefnubreytingu. Annaðhvort er það talað þvert gegn eigin sannfæringu eða af vankunnáttu, því að það er mjög fátt í þessu frv. sem réttlætir það að kalla frv. stefnubreytingu í sjálfu sér. Það er svona ósköp álíka og að kalla það, þegar bátur snýst fyrir vindi við ból, að hann hafi skipt um stefnu.

Ég ætla að byrja á því að taka fyrir markmið laganna. Ég tel að ekki hafi verið nægilega kyrfilega gengið frá stefnumarkandi sjónarmiðum í húsnæðismálum, þar sem annars vegar er reyndar talað um að menn geti búið við öryggi í húsnæðismálum en hins vegar að ríkisstj. stuðli að jafnrétti með því að sem flestir geti eignast húsnæði. Bæði austan hafs og vestan er það viðurkennt lífsform eða lífsmáti að leigja. Gildir það þar jafnt um ríka sem fátæka að menn telja hvorki skömm né vansa að því að leigja, heldur oft og tíðum mjög mikið hagræði. Mér finnst vanta í þessi lög stefnumarkandi breytingu á hugarfari til þessa íbúðaforms. Þess vegna er þetta atriði í mínum huga ekki nægilega vel fram sett. Við verðum að fara að viðurkenna þá staðreynd að það er mjög stór hópur fólks sem ekki alltaf æskir þess að eignast húsnæði. Verður þá líka að gera lögin þannig úr garði að þau geti brugðist við þess háttar óskum fólks með réttum hætti. Í því sambandi vil ég minna á þann kafla þessa frv. sem fjallar um samskipti sjóðsins við einkaframtaksaðila á byggingarmarkaði, þ. e. þar sem talað er um lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Ég held að þar sé ekki nægilega vel að málum staðið, það er í raun og veru ekki gefinn möguleiki eða vakinn áhugi manna á því að byggja húsnæði nema þá til að selja það, ekki til að leigja það.

Í öðru lagi vil ég minna á þáltill., sem ég flutti hér og lýtur kannske frekar að láglaunahópum, þar sem ég lagði til að reynt yrði að koma inn í lög um húsnæðismál kafla um réttindi fólks, sem hefur svo lág laun að það getur nánast ekki staðið undir venjulegri leigu á mannsæmandi húsnæði, og að hið opinbera, ríki og sveitarfélög í sameiningu, reyni þá að mæta því fólki með leigustyrkjum. Einnig hefði verið mjög gaman að sjá skipulagsbreytingar á Húsnæðisstofnun sjálfri. Innan þessarar stofnunar starfar deild, sem kallast tæknideild, og er ekki bara óþörf heldur líka mjög leiðinlegur samkeppnisaðili við hinn frjálsa markað á þessu þjónustusviði. Mætti hæglega skipta verkefnum hennar annars vegar yfir á aðila á frjálsum markaði og svo hins vegar, því sem að rannsóknum lýtur, yfir á þá stofnun sem viðurkennd er og hefur ákveðin verksvið í þeim málaflokki, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Ég hef einhvern tíma héðan úr ræðustól lýst ákveðnum áhyggjum mínum eða gagnrýni á Byggingarsjóð verkamanna og svokallaðar félagslegar íbúðabyggingar. Það er þó ekki það að ég sé á móti þessari aðgerð, þeirri félagslegu aðgerð sem í lögunum er fólgin, heldur hef ég gagnrýnt ákveðna framkvæmdaþætti, sem lúta aðallega að verklegum framkvæmdum og yfirumsjón þeirra, og svo hins vegar úthlutun, þar sem hefur viðgengist hér á undanförnum árum ákveðin spilling, sem ég hefði talið mjög æskilegt að þessi lög reyndu að sporna á móti. Það þyrfti að ganga þannig frá í lögunum að réttur fólks gagnvart þessum fyrirtækjum væri tryggður, hvað úthlutun varðar annars vegar, og svo hins vegar að réttur hins opinbera gagnvart þessum fyrirtækjum, hvað verklegar framkvæmdir varðar, væri nægilega tryggður líka. Þess vegna mun ég við áframhaldandi afgreiðslu þessa máls trúlega gera það að tillögu minni í samræmi við mál mitt, að annars vegar verði lögunum breytt þannig að tæknideild Húsnæðisstofnunar verði lögð niður og hins vegar að nánar verði kveðið á um ýmislegt viðkomandi verkamannabústaðakerfinu.

Eitt atriði í þessu frv. lýtur að ungmennum þessa lands. Ungu fólki er gert að spara svokallaðan skyldusparnað, fé sem Húsnæðisstofnun ríkisins eða Byggingarsjóður ríkisins hefur aðgang að og notar. Þessi skyldusparnaður hefur viðgengist hér líklega hátt á annan áratug. Reglan hefur verið sú að ríkið heldur eftir 15% af launum allra einstaklinga á aldrinum 16—26 ára. Er þetta gert undir því yfirskini að verið sé að gera þessu fólki greiða, veita því forsjá, enda hafi ungt fólk vart vitsmuni til að spara eða fara skynsamlega með tekjur sínar. Það er ekkert, nákvæmlega ekkert, í þessum lagafyrirmælum um skyldusparnað sem gefur til kynna að tilgangurinn sé neinn annar en þessi. Þessi meinta velferðarþjónusta mun vera einsdæmi, að því er ég fæ best séð, í vestrænum lýðræðisríkjum. Til viðbótar er ekki annað að sjá en þessi löggjöf brjóti hreint og beint í bága við íslensk lög um sjálfræði og fjárræði.

Ég lít svo á að þessi skyldusparnaðarlög séu brot á ákveðnum grundvallarrétti, þ. e. rétti hvers sjálfráðs manns til þess að stýra sparnaði sínum og eyðslu eftir eigin geðþótta. Það er ekkert sjálfgefið að það sé skynsamlegt að spara, sbr. s. l. tvo áratugi. Það er mál sem hver einstaklingur verður að hafa rétt til að taka ákvörðun um skv. efnahag sínum og lífsskoðun. Þess utan var þessi svokallaði skyldusparnaður a. m. k. á tímabili hreinn þjófnaður þó að það hafi orðið bót á því nú hin síðari árin.

Undir formerkjum ráðdeildar hefur ríkisvaldið nánast stolið milljónum frá íslensku æskufólki hin síðari árin. Þá á ég við þann áratug sérstaklega sem á undan þessum er genginn. Í þessum forsjárhyggjulögum er gert ráð fyrir því að fólk noti fé þetta til að byggja eða kaupa eigið húsnæði og ekki til annars. Þessu til staðfestingar eru ákvæði sem undanþiggur þá einstaklinga þessari skyldu sem eiga íbúð til eigin þarfa. Það er því ekki nóg með að yfirvöld frysti fé þessa unga fólks, heldur veita þau líka fyrirmæli um það hvernig á að ráðstafa fénu að þvingunartímanum loknum. Skyldusparnaðarlögin eru að mínu mati óréttlát. Þó eru jafnvel enn þá óréttlátari undanþágurnar sem draga þegnana í dilka eftir því í hvaða aðstöðu þeir eru. Í þessum ákvæðum er ekkert spurt um tekjur einstaklinganna og lífskjör, heldur bara hvort menn séu giftir eða ógiftir, hvort þeir eigi íbúð eða eigi ekki íbúð. Síðan eru þeir ógiftu og eignalausu taldir aflögufærir en giftu eignafólki er veitt undanþága. Það sér, vona ég, hver viti borinn maður að svona lög eru bæði vitlaus og siðlaus með öllu.

Í samræmi við þetta mun ég líka gera það að tillögu minni, þegar að síðari þáttum afgreiðslunnar kemur, að þessi kafli laganna falli brott.

Þá er það vandamál Búseta. Ég verð að viðurkenna það að ég óttaðist að svo kynni að fara sem fór. Og ég held að hæstv. félmrh. verði að taka á sig ábyrgðina af því hvernig fór því að það er alveg greinilegt að hann

eða ráðgjafar hans hafa ekki gert sér grein fyrir því að hér er um gerólíkt byggingarsamvinnuform að ræða því sem við eigum hér við að búa. Til þess að hægt sé að koma þessu sérstaka eða sértæka eignarformi fyrir í lögum hlýtur að verða að gera það með víðtækari hætti og betur undirbúnum en gert var í þessu frv. Það þýðir ekki að mínu mati að stilla þessu eignarformi upp við hliðina á sjálfseignarforminu, sem viðgengst í þessum lögum hvað Byggingarsjóð verkamanna snertir, og gera þeim þannig lagað jafnhátt undir höfði. Það verður að standa allt öðruvísi að lánum til Búsetafélaganna eða húsnæðissamvinnufélaganna en til Byggingarsjóðs verkamanna. Það verður að taka tillit til þess að þar er verið að lána til bygginga sem aldrei koma aftur til endurfjármögnunar í húsnæðislánakerfinu. Þar af leiðandi eiga þær ákveðna kröfu á lengri og hagstæðari lánum en þau eignarform sem sífellt eru að koma aftur til kasta Byggingarsjóðs ríkisins varðandi endurfjármögnun og eignarform, þar sem bæði er fullnægt húsnæðisþörf og fjárfestingarþörf. Þær hljóta að vega allt öðruvísi í forsendum heldur en eignarform þar sem aðeins er verið að fullnægja húsnæðisþörf en ekki fjárfestingarþörf.

Það var þess vegna sem ég lagði hér í upphafi þessa þings fram þáltill. þar sem lagt var til að Alþingi fæli ríkisstj. að undirbúa sérstaka löggjöf viðvíkjandi þessu nýja eignarformi. Nú er það komið á daginn að þar sem ekki var brugðist við með skjótum hætti, þá fór sem fór. Ég verð að viðurkenna það að hvað Búsetafélögin snertir er ég ekki kannske viss um að þetta hafi verið sú versta niðurstaða sem orðið gat, því að ef réttur þeirra hefði verið tryggður með þeim hætti sem þessi lög gerðu ráð fyrir, þá var það hreint og beint ekki hinn rétti eða nægilegi grundvöllur sem þessi félög þurfa á að halda. Þess vegna vil ég nú í lok máls míns skora á hæstv. félmrh. að taka þessi mál í sumar rækilega til skoðunar og þá einnig hugmyndir um leigustyrki til láglaunafólks sem ákveðinn þátt eða innlegg á vondu máli, í að örva byggingu leiguhúsnæðis á hinum frjálsa markaði, ekki sem sé á hinum félagslega markaði, þ. e. sveitarfélaga eða ríkis.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð hér vegna ræðu hv. 2. þm. Austurl., Helga Seljans, hér áðan. Ég held að ég hafi skilið það rétt að hann hampaði því hér mjög hver hefði verið stefnuyfirlýsing okkar sjálfstæðismanna fyrir síðustu kosningar í húsnæðismálunum. Það er rétt að því var lofað þar að stefna að 80% lánsmarki í almennt húsnæði. Hins vegar skildi ég ræðu hv. þm. svo að það ætti að koma á fyrsta ári þessa kjörtímabils. En ég skildi hana þannig stefnuyfirlýsinguna að að markmiðum hennar yrði unnið á kjörtímabilinu, en ekki komið að því að ná þeim núna á þessu ári. En fyrir austan — (Gripið fram í.) Ég get látið hann hafa þessa stefnuyfirlýsingu. Eg ætla ekki neitt að verja Framsfl. í þessum efnum. Ég held að það hafi verið líkt hjá honum, að það væri á fjórum árum sem þessu var lofað. Þetta vildi ég undirstrika, þannig að það fari a. m. k. rétt inn í þingtíðindi um þessi efni að þessu sé mótmælt.

Í öðru lagi gat hv. þm. þess að húsnæðismálunum hefði ekki verið vel fyrir komið í tíð síðustu ríkisstj. Um það erum við algerlega sammála að því miður var viðskilnaðurinn á þeim pakka ekki nógu góður undir handleiðslu þáv. félmrh. Svavars Gestssonar.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins hefur mikið verið rætt á undanförnum dögum og ekki einungis hér á Alþingi, heldur víðs vegar um þjóðfélagið. Við afgreiðslu Nd. á frv. kom fram að sjálfstæðismenn hafa beygt félmrh. niður í duftið á þann hátt að hann kemst ekki upp með það að fá vilja sínum framgengt hvað varðar félagslegar íbúðabyggingar. Ekki er nokkur vafi á því að ýmislegt er að finna í þessu frv. sem kemur húsbyggjanda til góða, en höfuðgalli frv. er sá að það skortir fjármagn til að framkvæma það sem þar kemur fram. Það er ljóst að sjóðir þeir sem ættu að fjármagna húsnæðislánakerfið hafa ekki burði til að fjármagna þær kvaðir sem frv. kveður á um. Það var mjög athyglisvert fyrir síðustu kosningar að hlusta á loforð þeirra sjálfstæðismanna og framsóknarmanna um það að nú skyldi hver einasti húsbyggjandi sem þyrfti fá 80% lánafyrirgreiðslu. Og það mátti skilja á þeim sumum, a. m. k. sjálfstæðismönnunum, að þetta kæmi bara á næstu dögum eða næstu viku. (**EgJ:** Þetta er nú ekki rétt.) Ja, eða næsta hálfan mánuð, ekki seinna. En niðurstaðan er þessi, að ekkert er til og verið er að eyðileggja það félagslega kerfi sem þó var búið að koma á fót í húsnæðislánakerfinu.

Ég minni á það að stærstu skrefin í því að fjármagna félagslegar íbúðabyggingar hefur verkalýðshreyfingin stigið með því að semja um það við ríkisvaldið, knýja ríkisvaldið til að setja fjármagn í þessa þætti, og það er þess vegna sem Byggingarsjóður verkamanna hefur þó haft það umleikis sem hann hefur haft til þessa, sem þó er vissulega allt of lítið, vegna þess að ríkisstjórnir hafa ekki staðið við sín fyrirheit gagnvart verkalýðshreyfingunni.

Húsnæðismál koma alltaf annað slagið til umr. hér á Alþingi og þá hefur Alþfl. varað við og bent á að fjármögnun þessa kerfis hafi staðið á brauðfótum. Þær viðvaranir hafa reynst réttar. Nú er svo komið að við blasir stórfelldur samdráttur í lánveitingu. Hrikalegar lántökur og gjaldþrot húsnæðislánakerfisins er fram undan verði ekkert að gert. Það kemur fram við þessa lagasetningu að öll fyrirheit um bætt lánakjör, lengingu lánstíma o. s. frv. sem felast í þessu frv., svo og að opna möguleika til lánveitinga fyrir nýjan valkost í húsnæðiskerfinu, eins og húsnæðissamvinnufélagið Búseta, eru gylliboð og tálvonir einar vegna þess að ekki hefur náðst pólitísk samstaða um að koma fjárhagsstöðu húsnæðislánakerfisins á traustan grundvöll.

Ef maður íhugar nánar fyrirheit þessara stjórnarflokka um að ná 80% lánshlutfalli á næstu árum, þá kemur í ljós við athugun að þau fyrirheit eru gersamlega marklaus. Þróunin á lántökum á næstu árum miðað við 17% framlag úr ríkissjóði, eins og gert er ráð fyrir á yfirstandandi ári, sýnir að lántökuþörfin er slík að gersamlega óraunhæft getur talist eins og best sést á því að áætlað er að allt ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1984 sé 2500 millj. kr. og hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út að það gæti numið röskum 3000 millj. eftir 20 ár. Ef lánshlutfall hækkar í 80% á næstu átta árum og framlag ríkissjóðs verður svipað og á yfirstandandi ári mun Byggingarsjóður ríkisins þurfa á að halda öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1992, og á árinu 2000 um 600 millj. umfram allt ráðstöfunarfé þeirra. Ef

miðað er við að ná 80% lánshlutfalli á næstu 15 árum og ríkisframlag verði svipað og á yfirstandandi ári má sjá að á árinu 1998 þarf Byggingarsjóður ríkisins á að halda öllu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Þessar staðreyndir sýna okkur að nauðsynlegt er að taka allt fjármögnunarkerfi húsnæðislánakerfisins til rækilegrar athugunar.

Ástandið er þannig í dag, að því er fram hefur komið hjá Húsnæðisstofnun, að gert er aðeins ráð fyrir frumlánum vegna 760 íbúða, öðrum umsóknum verði frestað til næsta árs, sem þýðir um 30% samdrátt í lánveitingum til nýbygginga á árinu 1984. Til eldri íbúða er gert ráð fyrir lánum vegna 1820 íbúða og einnig þar verður um frestun að ræða. Hér er um að ræða að veitt verði lán til 75 færri eldri íbúða en á árinu 1983, eða 4% samdráttur. Þetta er staðan eins og hún er í dag.

Það er alveg ljóst að þrátt fyrir að þetta frv. verði samþykkt — ég á ekki von á því að tekið verði tillit til hugsanlegra brtt. okkar í stjórnarandstöðunni — en þó að þetta frv. verði samþykkt þá er ljóst að það er ekki grundvöllur fyrir því að framkvæma það vegna þess að til þess skortir fé.

Í brtt. sem Alþfl. flutti við umr. í Nd. var gert ráð fyrir því að auka framlög á fjárlögum til húsnæðislánakerfisins þegar á þessu ári um 517 millj. og það var gerð grein fyrir hvers vegna það væri nauðsynlegt. Það væri nauðsynlegt skv. óbreyttum áætlunum lánsfjárlaga, því skv. áætlunum lánsfjárlaga er um verulega fjárvöntun að ræða hjá báðum byggingarsjóðunum. Þegar er staðfest að áætlað lánsfé muni ekki skila sér. Miðað við óbreyttar áætlanir um fjármögnun verður ekki unnt að byggja neinar nýjar íbúðir í verkamannabústöðum, auk þess sem fresta verður allt að ¼ áætlaðra lánveitinga úr Byggingarsjóði ríkisins til húsbyggjenda fram yfir áramót 1984—1985, eins og ég vék að hér áður. Skv. fjárflæðiathugunum Þjóðhagsstofnunar vegna beggja byggingarsjóðanna eru aukin framlög á fjárlögum til húsnæðislánakerfisins algert skilyrði þess að unnt verði að hækka lánshlutfall í áföngum á næstu árum. Verði það ekki gert verður greiðslubyrði húsbyggjenda óbærileg.

Sú leið að vísa byggingarsjóðunum á lántökur í jafnríkum mæli og nú er gert er sýnilega með öllu óraunhæft. Óhæfilegur vaxtamunur inn- og útlána veldur gjaldþroti sjóðanna, auk þess sem ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hrekkur hvergi nærri til að fullnægja lánsfjárþörfinni. Þessi atriði voru kjarni í brtt. Alþfl. og ekki nóg með það, heldur lögðu Alþfl.-menn fram áætlun um það hvernig ná mætti fé til húsnæðislánakerfisins og lýstu sig reiðubúna til samstarfs við aðra flokka um það. Það var bent á nokkur atriði:

1. Á s. l. sex árum hefur verið veitt um 13 milljörðum á fjárlögum til landbúnaðarins í formi niðurgreiðslna á vöruverði og lánakostnaði auk útflutningsbóta. Á árinu 1984 eru veittar 1290 millj. í þessu skyni. Hluta þess fjár væri betur varið til húsnæðismála.

2. Á fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir styrkjum til ríkisstofnana, sem geta aflað eigin tekna, að upphæð 750 millj. kr. Hluta af því fé væri betur varið til húsnæðismála.

3. Á fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir framlögum til fyrirtækja að upphæð ca. 100 millj. kr. og utan fjárlaga að upphæð 322 millj. kr., alls 422 millj. kr. Hluta af þessu fé væri betur varið til húsnæðismála.

4. Á fjárlögum 1984 er gert ráð fyrir styrkjum til atvinnuvega sem eiga að afla sjálfir tekna og bera hagnað eða tap á eigin ábyrgð. Þessir styrkir eru um 300 millj. kr. Þessu fé væri betur varið til húsnæðismála.

Þetta eru nokkur þeirra atriða sem Alþfl.-menn í Nd. hafa bent á að nýta við fjármögnun á húsnæðislánakerfinu. En það var ekki hlustað á þetta frekar en annað. Allar brtt. stjórnarandstöðunnar voru felldar og þetta frv., sem hér liggur fyrir, knúið fram. Og nú er ætlunin að láta Ed. samþykkja frv. athugunarlaust eða svo gott sem, og eru það alveg óforsvaranleg vinnubrögð, eins og reyndar hv. 2. þm. Austurl. kom inn á hér áðan.

Ég átel það mjög harðlega að í málum sem þessum séu ekki haldnir sameiginlegir fundir félmn., þar sem mögulegt væri að nýta sameiginlega þá þekkingu sem fram kemur á slíkum fundum. Því verða Ed.-menn að una við það nú að afgreiða þetta á aðeins örfáum klukkustundum.

Það sem hæst ber í umr. um þetta mál er vafalaust deilan um Búseta og hvernig það mál var selt fyrir mangósopa. Það kom fram í umr. að stjórnarflokkarnir hafi komið sér saman um að skipa nefnd til að gera tillögur um stefnumörkun um byggingu leiguíbúða, semja frv. til l. um búseturéttarákvæði og kaupleigusamninga. Stefnt verði að því að slíkt frv. verði lagt fram í byrjun næsta þings. Nú hefur félmrh. þurft að una við það að beygja sig í þessu máli og má segja að framkoma sjálfstæðismanna gagnvart honum hafi verið afar sérkennileg. Því mun ég freista þess að bera fram þá till. að sú yfirlýsing sem þarna kemur fram verði fest í frv. sem ákvæði til brb. Sé ég ekki annað en það sé eðlilegt af a. m. k. þeim framsóknarmönnum að styðja þá till. því vart er því að treysta að sjálfstæðismenn standi við þá yfirlýsingu sem þeir gáfu um þetta mál. Ég tel og eðlilegt að bera fram tillögur um fjármögnun kerfisins, svipaðar tillögur og komið hafa fram hér hjá hv. 4. þm. Vestf. á undanförnum árum þegar húsnæðismál hafa verið rædd. Ég vænti þess að hann og fleiri sjálfstæðismenn muni styðja þær. Ótrúlegt er að þeir snúist gegn þeim tillögum á þessu þingi sem þeir hafa á undanförnum þingum flutt margoft.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta frv. Það er ekki nokkur vafi á því að það gefur ýmis fyrirheit. En því miður verður ekki unnt að standa við þau vegna þess að þeir sem hafa sett það saman hafa ekki haft burði til að benda á leiðir til fjármögnunar. Ég mun síðan ræða þetta frekar í n. og vænti þess að fá þær upplýsingar sem Nd. hefur fengið og að við fáum sæmilegan tíma til þess.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í efnislegar umr. frekar um þetta. Ég vil aðeins vegna ummæla hv. 2. þm. Austurl. minna á það sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um húsnæðismál:

„Lán Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra, sem byggja í fyrsta sinn, hækki um næstu áramót (þ. e. síðustu áramót). Jafnframt verði húsnæðislánakerfið eflt svo á næstu árum að lán þessi geti numið allt að 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar. Samsvarandi hækkun verði til þeirra sem kaupi íbúð í fyrsta sinn."

Það er ljóst að ríkisstj. ákvað að hækka öll lán um 50% frá 1. janúar s. l. og er það þegar komið til framkvæmda.

Ég vil aðeins koma inn á það að gefnu tilefni að þegar þessi mál voru skoðuð á síðasta ári, eftir að ríkisstj. tók við völdum, kom í ljós að ástandið í þessum málum var alveg hrikalegt. Fólk var bókstaflega í rúst með sín mál varðandi húsbyggingar. Skuldirnar voru yfirþyrmandi enda var lánshlutfallið á árinu 1982 og 1983 ekki nema 17% miðað við staðalíbúð. Þess vegna varð að grípa til aðgerða sem ríkisstj. og gerði. Það var eitt af hennar fyrstu verkum. Hún gerði það bæði með því að lengja lán, með skuldbreytingalánum og svo 50% viðbótarlánum ofan á veitt lán á árunum 1981, 1982 og 1983. Það var sem sagt farið tæp þrjú ár aftur á bak til þess að leiðrétta þetta mál og koma þannig til móts við vandamál fólks. Þetta fjármagn er óvefengjanlega á bilinu 450—500 millj. sem húsbyggjendur og húskaupendur voru búnir að fá í hendur í lok janúarmánuðar s. l. Þetta hefur verið rækilega rakið og staðfest og þess vegna er ekki hægt að segja það að hér hafi ekki verið tekið til hendinni til að reyna að lagfæra þessi mál. Með þessari 50% hækkun er staðallinn eða viðmiðunin komin upp í 30%. Hins vegar getum við deilt um þessa staðalviðmiðun. Það mál er núna í endurskoðun og ég vænti þess að það verði fljótlega ljóst hvernig með það verður farið.

Ég vil einnig geta þess að miðað við þessa stefnu kom það alveg greinilega fram í fjárlagaundirbúningi hvað ríkisstj. var að fara. Hún gerði ráð fyrir því að reyna að lagfæra fyrst og fremst á þessu ári, 1984, hlutfallið milli almenna markaðarins og félagslegra íbúðabygginga, sem þýddi það í raun að ekki yrði um neina aukningu á félagslegum íbúðum að ræða á þessu ári, til að reyna að ná þessu hlutfalli: að koma almenna lánamarkaðinum upp í 30% miðað við staðalíbúð. Og til þessa er fjármagn í kerfinu í ár tæpar 1700 millj. kr. Þetta er það fjármagn sem húsnæðismálastjórn er núna að miða sínar útlánareglur við á þessu ári. Ég vil geta þess að það hefur dregist að gengið væri endanlega frá þeim, en það verður gert núna mjög fljótlega og endanleg áætlun fyrir árið í ár staðfest. Það hefur gengið nokkuð vel að greiða út lán frá áramótum. Að vísu eru sumar tegundir lána nokkuð á eftir, en ekki þó þannig að það sé ekki um mikla framför að ræða, því að nýbyggingalánin eins og þau eru tilfærð í þeim reglum sem ríkisstj. setti, þ. e. að greiða þau þetta hraðar út í tvennu lagi, þau hafa haft vissan forgang. Það er hægt að fá skýrslur um það núna hvernig þetta hefur verið framkvæmt frá áramótum t. d. fram í maímánuð, og n. getur fengið aðgang að því frá Húsnæðisstofnun.

Ég get alveg staðfest það vegna fsp. sem kom frá hv. 2. þm. Austurl. að það er ekki um neinar nýjar byggingar að ræða í verkamannabústaðakerfinu. Hins vegar eru sem betur fer víðs vegar um landið í smíðum, og það hér á þéttbýlissvæðinu, byggingar sem voru undirbúnar á s. l. ári. Það er því talsvert mikið af byggingum í gangi á árinu 1984 og meira en á horfðist. Endurskoðuð áætlun kemur frá stjórn Húsnæðisstofnunar núna innan mjög fárra daga og þar er hægt að sjá þetta sundurliðað nákvæmlega. Ég hef fylgst vel með þessu máli, og eins er það sem grípur inn í þetta mál, að við reiknum með því, hæstv. viðskrh. og ég, að við náum samkomulagi við bankakerfið um verulega fyrirgreiðslu við verktaka í byggingariðnaðinum, þ. á m. að hluta í sambandi við byggingu verkamannabústaða eða leiguíbúða. (KSG: Fyrirgefðu, viltu skýra þetta frekar. Er þetta samkomulag?) Já, það er unnið að samkomulagi um það að bankakerfið taki að sér framkvæmdalán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaðinum, það er talað um það að fá samninga á þessu ári um 120 millj. kr. sem yrði framkvæmt í samráði við Húsnæðisstofnun, því þeir eru með umsóknirnar um þessi lán til afgreiðslu. Við stefnum sem sagt að því að fá beina samninga fyrir þessa aðila við bankakerfið annaðhvort beint, miðað við þær umsóknir sem fyrir liggja, eða eftir stýringu frá Húsnæðisstofnun.

Ég vil aðeins víkja að Búseta, af því að svo mikið er talað um það. Ég vil segja alveg skýrt og skorinort í sambandi við það sem menn eru að tala hér og hafa í flimtingum með kókómjólk og mangósopa o. s. frv.: Það er ekkert samband þarna á milli. Ég vil skýra alveg beint frá því að þetta er mín till., sem ég lagði fyrir formann Sjálfstfl. til samkomulags, að taka út úr þessu frv. síðustu setningu c-liðar til að fresta ákvæðinu um félagasamtök, sem eru að byggja leiguíbúðir, og eins till. um að skipa nefnd til að endurskoða þessi leiguíbúðamál og koma fram með ákveðna till. eða ákveðið frv. fyrir næsta haust til lausnar á þessu máli. Þetta er alveg í samræmi við það sem forustumenn þessa húsnæðissamvinnufélags hafa verið að biðja um. Þeir hafa komið á minn fund og lagt fram ósk um það að sett yrði löggjöf um húsnæðissamvinnufélög. Á því er fullkomin þörf og ég geri ráð fyrir að menn sjái, þegar menn fara að skoða þetta nánar, að það er mjög brýn þörf á því að taka þessi mál til rækilegrar yfirvegunar og reyna að finna samræmda stefnu í því hvernig við best komum fyrir byggingu leiguíbúða og rekstri á þeim. Það er nauðsyn.

Ég ætla ekki að tefja tímann hér, virðulegi forseti, en ég vil benda mönnum á að lesa framsöguræðu mína fyrir þessu frv. sem ég flutti 8. des., hún er hérna í 9. hefti 1983, þar sem ég flutti sérstaka ræðu um Búseta og allt sem því fylgir og vakti athygli á ýmsum annmörkum í sambandi við það mál.

Í sambandi við það sem hv. 6. landsk. þm. kom hér inn á áðan um fjármögnunina má auðvitað segja að það er ekkert nýtt að meira fjármagn vanti í húsnæðiskerfið. En ég vil benda á það sem er stefnumarkandi í frv. Þá svara ég hv. 8. þm. Reykv. um leið. Það er einmitt þetta atriði sem ég vil ekki missa úr stjórnun á þessum málum í ár, að í fjármögnunarkaflanum er gert ráð fyrir alveg nýjum þætti, það er gert ráð fyrir því að á fjárlögum ríkisins komi 40% af samþykktri framkvæmdaráætlun fyrir næsta ár. Og það er alveg gífurlega þýðingarmikið atriði að við höfum þetta í höndunum, því það gæti þýtt að í staðinn fyrir 400 millj., sem við erum með á fjárlögum þessa árs, gætum við verið með um 800 millj. á fjárlögum ársins 1985. Auðvitað kallar þetta á gífurlega mikla umstokkun á fjármálakerfinu, en ef menn samþykkja frv. svona þá er þetta fyrir hendi sem stefna. (Gripið fram í.) Ja, við skulum ekki segja svona hluti, svartsýnistal. Ég skýrði frá þeirri staðreynd að bætt var við 400—500 millj. í húsnæðiskerfið til viðbótar á s. l. ári og á þessu ári er fjármagn um 1700 millj. í staðinn fyrir 1000 millj. miðað við fyrra ár. Þetta eru staðreyndir sem eru stórkostlegar.

Og eitt vil ég segja til viðbótar í sambandi við 80% markið sem menn gjarnan tala um. Við erum ekki einvörðungu að stilla dæminu þannig upp að þetta eigi allt að koma úr byggingarsjóðunum sjálfum, hv. þm.,

heldur einmitt að við ætlum okkur að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina og bankakerfið til að koma inn í þessa mynd á nýjan hátt. Það er mál nr. 1, 2 og 3. Að því þurfum við að vinna.

Og af því að verið var að tala hér um lífeyrissjóðina áðan, ég held það hafi verið hv. 2. þm. Austurl., vil ég aðeins geta þess að við gerðum núna fyrir einmitt þetta ár sérstakan samning við lífeyrissjóðina um að við það fjármagn, 690 millj., sem gert er ráð fyrir í lánsfjárlögum, verði staðið. Það hefur aldrei fyrr verið gengið eins tryggilega frá þessum málum. Húsnæðisstofnunin er búin að hafa samband við alla lífeyrissjóðina um þetta mál og í aprílmánuði var Byggingarsjóður ríkisins búinn að fá milli 25 og 30% af áætluðu fjármagni frá lífeyrissjóðunum og Byggingarsjóður verkamanna rúmlega 30%. Við höfum því fyllstu ástæðu til að halda að við þetta verði staðið og því verður að treysta.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þetta meira. En ég legg áherslu á það, um leið og ég endurtek að vegna þeirrar miklu áherslu sem ég lagði á það við framsögu málsins 8. des. að félmn. ynnu saman í aðalatriðum í þessu máli, hlýt ég að harma að það skyldi ekki vera gert en um leið leggja gífurlega áherslu á það, og höfða þar til skilnings og vinsemdar hv. þm. í þessari deild, að allt verði gert sem hægt er til að greiða fyrir því að frv. verði að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. 265. mál (þskj. 504). — 1. umr.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð ásamt síðari breytingum. Frv. þetta gerir ráð fyrir minni háttar breytingum á núgildandi lagagreinum um Iðnlánasjóð. Meginbreytingin er sú að áformað er að bæta nokkrum lagagreinum inn í núgildandi lög um Iðnlánasjóð til að einfalda og styrkja sjóðakerfi iðnaðarins. Frv. þetta felur í sér að Iðnrekstrarsjóður er lagður niður en í stað hans er stofnuð vöruþróunar- og markaðsdeild í Iðnlánasjóði og mun hún taka við starfsemi Iðnrekstrarsjóðs.

Frv. þetta er samið í iðnrn. í samráði við fulltrúa frá Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna og Iðnaðarbanka Íslands hf. Með breytingu þeirri sem frv. felur í sér, er stefnt að því að efla vöruþróunar- og útflutningsstarfsemi íslenskra iðnfyrirtækja. Jafnframt er sjóðakerfi iðnaðarins einfaldað og gert aðgengilegra fyrir þá sem þangað vilja leita.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. segir m. a. að „unnið verði að endurskipulagningu fjárfestingarsjóðakerfisins, stefnt verði að fækkun sjóða með sameiningu þeirra til að draga úr kostnaði og gera starfsemi þeirra heilsteyptari, m. a. með samræmingu lánakjara". Þessi breyting er því í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj.

Áætlanir um fjárfestingu tengjast oftlega fyrirætlunum um nýjar framleiðsluvörur og markaðssetningu. Það er því eðlilegt að ákvarðanir um lán og styrki til einstakra fyrirtækja vegna þessara þátta séu teknar á einum stað en dreifist ekki á fleiri aðila. Einn öflugur sjóður er auk þess hæfari til að takast á við stór og viðamikil verkefni.

Með þessu frv. er lagt til að lán og styrkir til vöruþróunar og markaðsstarfsemi verði að hluta fjármagnaðar með hækkun iðnlánasjóðsgjalds úr 0.05% af aðstöðugjaldsstofni í 0.25%. Einnig er gert ráð fyrir að starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins verði að verulegu leyti fjármögnuð með þessari hækkun gjaldsins.

Brýn nauðsyn er til að efla alla starfsemi er lýtur að vöruþróun og markaðsstarfsemi, bæði með því að auka tekjur sjóðsins af hinu sérstaka gjaldi og með framlagi ríkissjóðs. Hér er því lagt til að iðnlánasjóðsgjaldið hækki í 0.25% sem þó er aðeins helmingur þess sem það var fyrir 1983. Þar á móti kemur framlag úr ríkissjóði jafnhátt þeim hluta gjaldsins sem verja skal til vöruþróunar og markaðsstarfsemi hjá Iðnlánasjóði. Hér er því um að ræða sameiginlegt átak iðnaðarins og hins opinbera til að auka verulega fjármagn til þessarar starfsemi.

Rétt þykir að hafa hækkun iðnlánasjóðsgjalds og framlag ríkissjóðs tímabundið og er því lagt til að upphæð og skipting gjaldsins verði tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988. Fyrr er vart unnt að meta árangur af þeirri starfsemi sem hér er fjallað um. Vöruþróun og markaðsleit skilar yfirleitt ekki árangri fyrr en að nokkrum tíma liðnum og því er lagt til að þessi skipan gildi í a. m. k. fjögur ár.

Iðnaðarbanki Íslands hf. mun sjá um daglegan rekstur sjóðsins eins og verið hefur en gert er ráð fyrir að samningur þar að lútandi verði endurskoðaður.

Rétt er að víkja nokkrum orðum að Iðnrekstrarsjóði. Iðnrekstrarsjóður var stofnaður árið 1973 og starfar nú skv. lögum nr. 54/1980. Í upphafi styrkti sjóðurinn nær eingöngu aðgerðir til að efla útflutning en með lagabreytingu árið 1980 var hlutverk sjóðsins aukið verulega og samhliða því var auknu fjármagni veitt til hans. Á undanförnum árum hafa styrkveitingar Iðnrekstrarsjóðs í stórum dráttum skipst á þrjá aðalþætti, þ. e. í fyrsta lagi útflutningsaðgerðir, í öðru lagi vöruþróun og nýiðnað og í þriðja lagi iðngreinaverkefni og framleiðniaðgerðir.

Lagt er til að vöruþróunar- og markaðsdeild taki við starfsemi Iðnrekstrarsjóðs frá 1. júlí 1984 og taki þá við eignum og skuldum sjóðsins.

Í uppgjöri fyrir Iðnrekstrarsjóð hinn 31. des. 1983 kemur fram að eignir sjóðsins eru um 43 millj. kr. Samþykkt óútborguð lán eru 8.4 millj. kr. og samþykktir óútborgaðir styrkir voru 1.7 millj. Engin lán hvíla á sjóðnum. Ekki hefur verið lagt mat á þann hluta af eignum sjóðsins sem eru útistandandi lán. Reikna má með að eitthvað af vöruþróunarlánum verði afskrifað þannig að raunveruleg eign sé nokkru lægri en reikningar sýna. Auk þess nema ábyrgðir sjóðsins um 10.6 millj. kr. en óvíst er hvort og þá hve mikið af ábyrgðum sjóðurinn þarf að leysa til sín. Ábyrgð þessi er nær eingöngu tengd einu fyrirtæki.

Lagt er til að sjóðnum verði heimilað að kaupa hlutabréf í starfandi fyrirtækjum og taka þátt í stofnun nýrra fyrirtækja þegar stjórn sjóðsins telur slíkt samræmast markmiðum sjóðsins. Stjórn Iðnlánasjóðs mun gefa út nánari reglur um starfsemi vöruþróunar- og markaðsdeilda.

Við það er miðað að 0.25% gjaldið verði lagt á iðnaðinn á árinu 1985, á gjaldstofn ársins 1984. Árið 1983 nam 0.05% iðnlánasjóðsgjaldið 4.66 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir 75% meðalhækkun útgjalda hjá fyrirtækjum milli áranna 1982 og 1983 gæfi 0.25% gjald 40.25 millj. kr. tekjur í Iðnlánasjóð fyrir árið í ár sem skiptist þannig að ½ hluti, eða 5.75 millj. kr., færi til stofnlána, í öðru lagi ⅔ hlutar eða 11.5 millj. kr. til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og í þriðja lagi ⅙ hlutar eða 23 millj. kr. til áhættulána og vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Lagt er til að framlag ríkissjóðs til deildarinnar vegna áhættulána verði jafnhátt þeim ⅙ hlutum af gjaldinu sem lagt er á iðnaðinn vegna áhættulána. Er sú viðmiðun höfð í huga að framlag ríkissjóðs vegna áhættulána sé jafnhátt því sem iðnaðurinn í landinu leggur fram til áhættulánastarfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Lagt er til að ákvæðið um framlag ríkissjóðs taki gildi á árinu 1985 skv. fjárlögum fyrir árið 1985. Framlag ríkisins skal veita árlega á fjárlögum til og með árinu 1988 en verði þá endurskoðað. Að öðru leyti vísast til grg. með frv. varðandi stofnun vöruþróunar- og markaðsdeildar.

Í frv. er lagt til að stjórn Iðnlánasjóðs verði heimilt að veita lán til kaupa á tölvubúnaði og tölvukerfum. Ákvæði um þetta í núgildandi lögum eru ekki afdráttarlaus og skýr. Notkun á tölvum og hvers kyns rafeindabúnaði hefur aukist mjög í iðnaði hin síðari ár og á eftir að aukast enn meir. Stjórnvöld hafa komið til móts við þessa þróun með því að fella niður aðflutningsgjöld af þessum tækjum til iðnaðarins.

Lagt er til að heimildir um tryggingar, sem sjóðsstjórn metur gildar, verði rýmkaðar. Talið verði heimilt að veita lán gegn tryggingu þriðja aðila er gæti verið tryggingafélag eða annað fyrirtæki en það sem sækir um lánið.

Að lokum er lagt til í frv. að fella skuli lög þessi að lögum nr. 68/1967 ásamt breytingum á þeim lögum og endurútgefa lögin í heild. Þá er ákvæði um að fyrir árslok 1988 skuli taka ákvæði laganna, er lúta að gjaldtöku af iðnaðinum til Iðnlánasjóðs og skiptingu þess gjalds, til endurskoðunar.

Gert er ráð fyrir að frv. þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi 1. júlí 1984 og frá þeim tíma falla lög um Iðnrekstrarsjóð úr gildi. Iðnlánasjóður mun frá þeim tíma yfirtaka eignir Iðnrekstrarsjóðs og ábyrgjast allar skuldbindingar hans.

Ég legg áherslu á að frv. þetta hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi en hv. Nd. hefur lokið afgreiðslu sinni.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 301. mál (þskj. 585, n. 839 og 883). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Það frv. til l. sem liggur hér fyrir um réttindi skipstjórnarmanna hefur verið lengi í undirbúningi hjá þeirri nefnd sem skipuð var til að semja frv., en það var í júnímánuði 1978 eða nánar tiltekið 26. þess mánaðar sem nefnd þessi var skipuð eða í ráðherratíð Halldórs E. Sigurðssonar, þáv. samgrh. Nefnd þessari var einnig falið að endurskoða lög um vélstjóraréttindi og svo einnig skömmu síðar lög um lögskráningu sjómanna. Þessi nefnd lauk störfum 29. mars s. l. og hélt 78 fundi. Störf nefndarinnar tóku langan tíma sem bæði stafaði af viðamikilli gagnaöflun, bæði hér heima og frá öðrum löndum, og svo veikindum eins nm.

Í þessari nefnd voru hinir hæfustu menn og við skipan í nefndina hefur verið leitast við að tengja sem best þá hagsmunaaðila sem málið snerta. Eins og fram kemur í grg. þessa frv. áttu sæti í nefndinni frá samgrn. Kristinn Gunnarsson deildarstjóri sem jafnframt var skipaður formaður. Frá Vélskóla Íslands var tilnefndur Andrés Guðjónsson skólastjóri þess skóla. Sjómannasamband Íslands tilnefndi Guðmund Hallvarðsson, formann Sjómannafélags Reykjavíkur. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefndi þáverandi forseta sinn Ingólf S. Ingólfsson, en haustið 1982 lét hann af nefndarstörfum sökum heilsubrests. 24. nóvember sama ár tók Helgi Laxdal vélfræðingur sæti í nefndinni eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambandsins. Af Stýrimannaskólanum var tilnefndur þáverandi skólastjóri þess skóla Jónas Sigurðsson, af Landssambandi ísl. útvegsmanna Jónas Haraldsson skrifstofustjóri, frá Vinnuveitendasambandi Íslands Jón Magnússon lögfræðingur og frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga var tilnefndur Óskar Einarsson deildarstjóri. Haustið 1982 var Páll Sigurðsson dósent ráðinn nefndinni til aðstoðar. Einnig er þess getið að starfsmaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sat nokkra fundi nefndarinnar eftir beiðni formanns hennar.

Ég legg áherslu á þessa skipun nefndarinnar og dreg það sérstaklega fram hér vegna þess að nú við framlagningu þessa frv. eftir nær sex ára starf nm. að gerð þess, þá hafa mótmæli borist gegn því til samgn. þessarar hv. deildar, einkum frá Stýrimannaskólanum, fulltrúum skipstjóra og stýrimanna, svo það virðist sem lítil tengsl hafi verið á milli fulltrúa þessara aðila í nefndinni og þeirra sem nú gagnrýna frv. harðast. Ég tek það fram að síðustu daga nú fyrir helgina komu mótmæli frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu. Einnig kom álit frá Stýrimannafélagi Íslands, en það var mun hógværara en frá hinum aðilunum.

Fyrstu lög um atvinnu við siglingar hér á landi voru sett 1893. Allt frá þeim tíma hafa lög um siglingar og atvinnuréttindi skipstjórnarmanna verið í endurskoðun með nokkurra ára millibili. Síðustu lög í þessum efnum eru frá 1973, lög nr. 69, og eftir þeim er unnið í dag.

Við jafnörar breytingar og orðið hafa á síðustu árum, einkum í tæknibúnaði skipa almennt, er eðlilegt að slíkar breytingar séu metnar inn í þau lög sem nú er verið að setja, enda speglast það mjög í því frv. sem hér liggur fyrir og tekið hefur verið tillit til þess af höfundum þess. Auðvitað orkar margt tvímælis í því sem hér er lagt til, eins og vill verða við allar breytingar, en þó okkur hafi þótt ýmislegt gott í því gamla sem við höfum og þekkjum megum við samt ekki vera of rög við það að taka upp breytingar sem breyttir tímar og tækni bjóða upp á.

Ég ætla ekki að fara út í einstakar greinar eða breytingar þessa frv., sem eru gerðar frá núgildandi lögum, þar sem nefndin hefur ekki gert neinar tillögur um breytingar á því heldur leggur það hér fram óbreytt frá því sem það kemur frá hendi höfunda þess.

Hæstv. samgrh. hefur lagt áherslu á að frv. þetta nái fram að ganga, einkum með það fyrir augum að marka megi þá stefnu að draga megi verulega úr og helst að losna alveg við, nema í undantekningartilvikum, hinar illa séðu undanþágur sem átt hafa sér stað undanfarin ár hjá yfirmönnum á skipaflota okkar landsmanna. Eins og hæstv. alþm. er kunnugt eftir þá skýrslu sem lögð var fram hér á Alþingi nú í vetur er þarna um mikið vandamál að ræða eins og áðurnefnd skýrsla bar með sér. Voru um 1200 undanþágur veittar, einkum hjá mönnum á fiskiskipaflotanum, flestar til stýrimanna og vélstjóra. Slíku ástandi getur enginn mælt bót og þess vegna er það skylda löggjafans að leita færustu leiða til að ráða þarna bót á. Með samþykkt þessa frv. er vissulega stigið stórt spor í þá átt.

Eins og fram kom í máli mínu hér fyrr vil ég undirstrika að hérna er um venjulegar breytingar að ræða hvað varðar réttindi skipstjórnarmanna, einkum það atriði er varðar réttindi til að stjórna skipi eftir 1. stigs nám í Stýrimannaskóla. Markið er nú hækkað úr 120 tonnum í 240 tonn, en benda má á að á síðustu árum hefur fjöldi skipa verið stækkaður að rúmlestatölu með lengingu eða yfirbyggingu og sömu menn eru með skipin og voru þá og einnig stýrimenn á þeim frá því fyrir breytingar. Er þarna ekki einn þátturinn í undanþágufarganinu? Við verðum að horfast raunhæft í augu við nýja tækni og breyttar aðstæður.

Deila má um námskröfur og siglingartíma en ávallt verður að gæta þess að fyllsta öryggis sé gætt gagnvart skipi og skipshöfn og í starfsþjálfun og námi ber að leggja sérstaka áherslu á þann þátt mála. Það segir ekki alla söguna í þeim efnum hvort 1. stigs próf úr Stýrimannaskólanum gefur rétt til þess eftir tilskildar siglingar eða starfsþjálfunartíma að stjórna skipi sem er 120 brúttórúmlestir eða 240, heldur það að menn hafi tilskilin réttindi til þeirrar stjórnunar, hvort heldur er sem skipstjórar eða stýrimenn.

Í dag er of stór hluti þessara yfirmanna, einkum stýrimanna, með undanþágur til þessara starfa. Aðsókn að stýrimannaskólum landsins hefur farið verulega minnkandi á síðustu árum og það svo verulega að til vandræða horfir hjá þessum skólum og hlýtur það að vera alvarlegt áhyggjuefni hjá þjóð sem byggir afkomu sína að langstærstum hluta á sjómennsku. Forráðamenn skólanna telja þetta að stærstum hluta stafa af því hve greiðlega hefur gengið fyrir menn að fá undanþágur til að starfa án tilskilinnar skólagöngu. Undir þetta skal tekið hér, en einnig koma þarna fleiri atriði til greina, eins og fjárhagsmál þeirra er í skólann vilja fara. Þarna er um að ræða menn sem hafa stundað sjómennsku í alllangan tíma og í mörgum tilvikum haft allgóð laun, fjölskyldumenn sem þurfa oft og tíðum að sjá fyrir stórum fjölskyldum, og þeir sem búa úti á landi þurfa að rífa sig upp og koma hingað til Reykjavíkur eða til Vestmannaeyja til þess að geta sest í viðkomandi skóla. Þetta vex mörgum í augum sem von er og þegar við þetta bætist svo að þurfa að greiða skatta af góðum tekjum árið áður á meðan setið er í skólanum. Í flestum tilvikum njóta þessir menn ekki námslána vegna þeirra tekna sem þeir hafa haft.

Þarna er um verulegt vandamál að ræða sem hæstv. samgrh. þyrfti að vinna að breytingu á. Þó ég hafi hér rætt um nám í stýrimannaskólanum og vandamál þeirra nemenda sem hann sækja eða sækja vilja á þetta sama við um nemendur Vélskólans og skal það sérstaklega undirstrikað hér.

Virðulegi forseti. 1. minni hl. þessarar hv. deildar leggur til í nál. sínu að frv. verði samþykkt óbreytt, en vill benda á að rétt er að setja í reglugerð tilsvarandi ákvæði og lagt er til með brtt. við frv. um atvinnuréttindi vélstjóra um undanþágu frá gjaldi þeirra nemenda sem eru við störf á milli skólaára eins og er gerð brtt. um við vélstjórafrv., en ætti við um 19. gr. þessa frv.

Ég læt hér máli mínu lokið sem framsögumaður 1. minni hl. þeirrar n. er um þetta mál fjallaði.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Þegar frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum kom hér fram lýsti ég því yfir að ánægjulegt væri að tekist hefði að koma þessu frv. fram. Hafði ég þá í huga að nefnd sú sem þetta frv. samdi er skipuð fulltrúum frá hinum ýmsu hagsmunaaðilum og mátti því gera ráð fyrir að eining væri um frv.

Nú hefur annað komið í ljós. Eftir að samgn. fékk frv. til athugunar og hinir ýmsu aðilar voru kallaðir til n. kom í ljós að mikill ágreiningur er um frv. Leggjast hagsmunaaðilar mjög gegn því að frv. verði samþykkt og tína til ýmis rök. Telja þeir frv. ónýtt sem tæki til að koma í veg fyrir undanþágur og halda því reyndar fram að það verði til þess að gefa allar undanþágur lausar. Benda þeir sérstaklega á 19. gr. í því sambandi. Sú grein er hagsmunaaðilum mikill þyrnir í augum, en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en sex mánuði í senn.

Undanþágur skv. 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgrh. skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðh. án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgrh. sem leggur endanlegan úrskurð á málið."

Þetta þýðir það að það er undir geðþóttaákvörðun ráðh. komið hvort undanþága er veitt eða ekki. Benda hinir ýmsu hagsmunaaðilar á að þetta sé í raun sama formið og verið hefur að undanförnu. Vissulega er undanþáguvandamálið mikið og það þarf að leysa það. Það þarf að koma í veg fyrir að flotinn sé rekinn af undanþágumönnum í svo ríkum mæli sem nú er. En ef meiningin er að setja lög sem eiga að halda, lög sem eiga að leysa mál, koma í veg fyrir þetta vandamál, þá verður að gera þau þannig úr garði að einhver bót sé að þeim. Svo er ekki með þessu frv.

Ég játa það og það mun vera eins með hv. aðra alþm., sem skipa þennan minni hl., Skúla Alexanders-

son og Kolbrúnu Jónsdóttur, að það vekur undrun okkar hversu lítið samband hefur verið á milli nm. og hinna ýmsu samtaka sem þetta varðar. Við teljum að ef leysa á undanþáguvandamálið verði það að gerast með góðri sátt aðila. Þessi mál leysast ekki öðruvísi en með góðri sátt. Og þessi sátt er ekki fyrir hendi. Þess vegna leggjum við til í sérstakri till. í nál. okkar að mál þetta verði afgreitt með rökstuddri dagskrá og þess freistað að ná sáttum við hagsmunaaðila um málið.

Í fskj. með nál. höfum við birt athugasemdir og tillögur sem skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík gerði. Þar leggur hann til að frv. verði frestað til hausts, þá verði það rætt og reynt að ná sáttum. Það er ekki aðeins skólastjóri Stýrimannaskólans sem leggur þetta til heldur aðrir umsagnaraðilar. Okkur barst t. d. bréf frá Skipstjórafélagi Íslands nú fyrir nokkru og mun ég, með leyfi forseta, grípa niður í niðurlag þess bréfs. Þar segir svo:

„Í athugasemdum frv. segir m. a.: „Þegar á heildina er litið er ljóst að frá því að löggjafinn tók fyrst að setja reglur um atvinnuréttindi á íslenskum skipum og um stýrimannanám hefur þróunin orðið sú, að námskröfur hafa sífellt aukist og starfskröfur einnig, hvað varðar þekkingu, enda hefur á þessum tíma orðið gjörbreyting á skipastól landsmanna og siglingum. Hafa skipin almennt stækkað og allur tæknibúnaður vaxið og orðið flóknari.“ En hvað er svo verið að leggja til með þessari frv.-ómynd? Aukin réttindi fyrir minna skólanám, færri menn, þótt hraði og verkefni hafi stóraukist, lágmarks ábyrgðarvitund þótt þau verðmæti sem þessir menn eiga að bera ábyrgð á hafi margfaldast. Það hefur verið talað um að sátt ætti að vera um þetta frv. En þó voru skipstjórnarmenn (skipstjórar og stýrimenn) ekki boðaðir til starfa við gerð þessa frv. Ingólfur Ingólfsson fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er vélstjóri og Jónas Sigurðsson var, en er ekki í dag, fulltrúi Stýrimannaskólans í Reykjavík.“ Niðurlagið er svona: „Við teljum okkur því enga ábyrgð bera á gerð þessa frv., ef það verður óbreytt gert að lögum, og áskiljum okkur allan rétt til að berjast gegn því af öllum okkar mætti og með öllum tiltækum ráðum.“

Þetta sýnir vissulega að ekki er um sátt að ræða hjá þessum aðilum. Frv. þetta kemur mjög seint til afgreiðslu hér í Ed. Það mun hafa verið tilbúið löngu áður. Þótt nefndin sem um málið fjallaði hafi ekki formlega lokið störfum fyrr en í marsmánuði þá hafði frv. verið löngu fullbúið og er það lagt fram um miðjan aprílmánuð.

Við fulltrúar 2. minni hl. teljum ekkert vit í öðru en að fresta þessu frv., afgreiða það nú með rökstuddri dagskrá og freista þess að ná sátt við þessa aðila um frv., enda komi það ekki að neinu gagni ef allir þeir sem eiga að vinna eftir því hugsa í svipuðum dúr og fram kemur í umsögn Skipstjórafélags Íslands, að þeir muni beita öllum ráðum og öllum mætti til að koma í veg fyrir að ákvæði laganna verði haldin.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta mál nú. Ég tel ástæðulaust að fara ofan í einstakar greinar. Það er mikill fjöldi brtt. sem fram hefur komið en ekki hefur gefist aðstaða til að breyta einu eða neinu í frv. þó að vissulega væri ástæða til þess. Þess vegna leggjum við til að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá og síðan verði sumarið og haustið notað til að ná sáttum í þessu máli.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það er nú ekki nema eðlilegt að hv. 11. landsk. þm. segi, þegar ég kem hér upp í pontu, að það sé aldeilis. Hann kom sér undan því að mæla fyrir því frv. sem hér er til umr. þó að hann hafi nú ekki skorast undan því að vinna öll almenn verk í þeirri n. sem hann stjórnar.

Ég vil taka undir orð þeirra sem um þetta mál hafa talað hér á undan mér, formaður n. og Karl Steinar Guðnason, að þegar þetta frv. var lagt hér fram og ég fór yfir það fannst mér að það hefði verið þannig unnið að allar líkur væru á að hér væri um samkomulagsmál að ræða. Svo virtist sem málið hefði verið unnið að vissu leyti á vegum samtaka sjómanna, skipstjóra og stýrimanna og Stýrimannaskólans. En þegar að því kom að við fórum að vinna að málinu í n. og kalla menn til viðtals þá kom í ljós að samgöngur milli þeirra aðila sem að málinu hefðu unnið og undirbúið hefðu ekki verið sem bestar. A. m. k. sýndu umsagnir og viðtöl við viðkomandi stjórnarmenn og skólastjóra Stýrimannaskólans og formann Skólafélags Stýrimannaskólans að málið hafði lítið komið til þeirra kasta. Þeir létu m. a. í ljós óánægju yfir því að n. sendi ekki málið til þeirra sumra til umsagnar en það kom til af því að við töldum, t. d. í sambandi við Stýrimannaskólann, að málið hefði verið rætt við skólastjóra hans af þeirri nefnd sem með þetta mál fór.

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar komu umsagnir um málið frá þessum aðilum á þann veg að þeir mótmæltu frv. á flesta vegu. Ég tel því nauðsynlegt að fresta þessu máli og leita sátta, fara að þeirri till. sem við hér í 2. minni hl. leggjum til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá og tíminn til hausts notaður til að leita sátta í málinu. Það hafa komið tilboð frá framkvæmdastjóra Farmanna- og fiskimannasambandsins svo og formanni Farmanna- og fiskimannasambandsins nú á síðustu dögum, þeir voru síðast hér í þinghúsinu fyrir nokkurri stundu, um að þeir skyldu vinna í þessu máli í sumar og leita sátta innan sinna samtaka og vinna að nýju frv. fyrir haustið.

Ég tel að hér sé gengið fram með heldur miklum hraða. Ég tek undir það sem formaður n. sagði, að hér eru ýmiss konar vandamál uppi sem þarf að leysa, en ég held að þau leysist alls ekki með því að þetta frv. verði gert að lögum. Við sköpum ábyggilega meiri vandræði en eru nú á íslenska skipaflotanum með því að gera þetta frv. nú að lögum eftir þær ályktanir frá samtökum þessara manna sem okkur hafa borist undanfarna daga. Þess vegna tel ég að hér sé raunverulega verið að stefna í hættu. Það er verið að stefna í þá hættu að skipstjórnarmenn leiti ýmissa ráða til þess að fá þessum lögum breytt, eða fá þessi lög allt að því ógilt á næstu mánuðum ef þau verða sett.

Um innihald laganna má vitaskuld ræða á ýmsa vegu. Ég hlýt að lýsa því yfir að það er ansi langt gengið skv. 19. gr. að lögfesta þar í lok laganna að allt það nám, sem þau ætlast til að menn afli sér til þess að hafa réttindi til að stjórna skipi, skuli með þeirri grein verið gert ómerkt en raunverulega verið að gera undanþágur löglegar. Við vitum það og höfum fengið um það upplýsingar að undanþágufjöldinn er gífurlegur. Það vandamál verður alls ekki leyst með þeim hætti að undanþágan sé gerð lögleg. Það eru ábyggilega allt, allt

aðrir hlutir sem við þurfum að vinna að í sambandi við það að losna við undanþágurnar heldur en það að gera þær löglegar. Fyrst og fremst þarf án efa að kanna námsbrautir í sambandi við sjómannafræði og styrkja þá aðila sem vilja stunda það nám. Formaður nefndi nú vissa þætti í því máli, en ég tel að nauðsynlegt hefði verið að um leið og þetta mál var til skoðunar á jafnrækilegan hátt og virðist hafa verið á undanförnum árum hefði verið gerð könnun á því hvernig styrkja megi skipstjórnarnámið og vinna að því að fleiri menn leiti inn á þá námsgrein en raun ber vitni og verið hefur undanfarin ár.

Eins og ég sagði hér fyrr hefur komið frá samtökum sjómanna mjög ákveðin ósk um að þessu máli yrði frestað. Við í 2. minni hl. tökum undir það og teljum það raunverulega nauðsyn eins og málið stendur í dag að orðið verði við þeirri ósk. Leggjum við til að till. til rökstuddrar dagskrár verði samþykkt þar sem áríðandi er að sæmileg sátt takist milli löggjafarvaldsins annars vegar og hagsmunaaðila hins vegar um efni frv. sem snertir starfsréttindi og menntun sjómanna.

ATKVGR.

Till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 883 felld með 9:6 atkv.

1. gr. samþ. með 10:2 atkv.

2.—22. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Efri deild, 100. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 99. fundi.

Kjaradómur í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða, frv. 363. mál (þskj. 946). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur í vor tvívegis boðað til vinnustöðvunar þeirra félagsmanna sinna sem starfa hjá Flugleiðum. Fyrri vinnustöðvunin átti að vera 11. og 12. maí en var aflýst með tæplega sólarhrings fyrirvara og þá jafnharðan boðað til nýrrar stöðvunar til vara dagana 18., 19. og 20. maí. Það er ljóst að slík verkfallsboðun ein sér hefur í för með sér víðtækt og varanlegt tjón í atvinnugrein sem er jafnviðkvæm og flug og ferðamannaþjónusta. Endurteknar verkfallsboðanir fámennra hópa eru til þess fallnar að valda þúsundum ferðamanna erfiðleikum, skerða nauðsynlegar samgöngur eyþjóðar við önnur lönd og ógna atvinnuhagsmunum þeirra starfsmanna er byggja afkomu sína á þjónustu við ferðamann.

Af fyrri reynslu er ljóst að stöðvun stærsta hluta farþegaflugsins eða endurteknar hótanir þar um geta valdið því að fjöldi ferðamanna, sem hafa ætlað að ferðast til Íslands á sumri komanda breytir sínum áætlunum. Slíkt ástand leiðir einnig af sér verulega skert traust á áætlunarflugi okkar og stefnir í voða árangri af víðtæku erlendu kynningarstarfi á Íslandi sem ferðamannalandi. Vinnudeila Flugleiða og Félags ísl. atvinnuflugmanna teflir því mun víðtækari hagsmunum í tvísýnu en þeirra sem í deilu eiga, þ. á m. hagsmunum þeirra þúsunda launþega sem með einum eða öðrum hætti vinna við ferðamannaþjónustu hér á landi.

Vinnudeila þessi hefur nú um hríð verið í höndum ríkissáttasemjara sem haldið hefur nokkra fundi með deiluaðilum en án árangurs. Í símtali við ríkissáttasemjara í morgun taldi hann mjög ólíklegt og raunar útilokað að samkomulag næðist með deiluaðilum eins og málin standa núna. Það er stefna ríkisstj. að samningar stéttarfélaga séu í öllum meginatriðum innan þess ramma sem ASÍ og VSÍ hafa samið um. Nú er það hins vegar ljóst að kröfur FÍA liggja langt utan þess ramma. Til þess að fyrirbyggja að FÍA geti með verkföllum knúið fram óraunhæfa kröfugerð og til verndar mikilvægum hagsmunum fyrirtækja og starfsmanna á sviði ferðamannaþjónustu er þetta frv. flutt.

Flugmenn Flugleiða hafa lagt fram kröfur um verulegar launahækkanir og aðrar kjarabætur er ganga langt umfram það sem að undanförnu hefur verið samið um við aðrar starfsstéttir hér á landi. Flugleiðir hafa samþykkt að bjóða flugmönnum hliðstæðar kjarabætur og felast í hinum almenna samningi ASÍ og VSÍ. Þessu hafa flugmenn hafnað og boðað til verkfalla eins og ég gat um hér áðan. Með slíkum verkföllum er ekki aðeins stefnt í hættu íslenskum flugrekstri, sem hefur átt í verulegum fjárhagserfiðleikum undanfarin ár, heldur einnig afkomu almennrar ferðaþjónustu hér á landi.

Það er ljóst að erlendir ferðamenn, sem íhugað hafa ferðir til Íslands á komandi sumri, munu leita á aðrar slóðir ef þeir reka sig á truflanir í flugsamgöngum við landið. Áhrif slíkra truflana ná í reynd ekki aðeins til komandi sumars heldur einnig til hugsanlegra ferða síðari ár. Yfirgnæfandi meiri hluti erlendra ferðamanna, sem koma til Íslands, kemur með flugvélum. Á s. l. ári er talið að um 84% allra erlendra ferðamanna til Íslands hafi komið með flugvélum Flugleiða.

Í íslenskum flugrekstri er mikill árstíðamunur sem jafnframt hefur afgerandi áhrif á fjárhagsafkomu flugfélaganna. Þannig er yfirleitt tap á rekstri Flugleiða sjö mánuði ársins. Þetta tap þarf að vinna upp yfir fimm mánuði sumarsins, maí—sept. Allar truflanir í rekstri, sem koma upp á þessum tíma, skerða því möguleika félagsins að halda uppi eðlilegri starfsemi allt árið, þ. á m. að geta haldið í starfi öllu sérþjálfuðu starfsliði sínu yfir vetrartímabilið.

Á undanförnum árum hafa verið gífurlegir fjárhagserfiðleikar í Norður-Atlantshafsfluginu, m. a. vegna óheftrar samkeppni u. þ. b. 40 áætlunarflugfélaga og fjölda leiguflugfélaga sem bjóða þjónustu á þeim markaði. Flugleiðir búa hér við lakari kost vegna millilendinganna á Íslandi sem m. a. lengja flugleiðina á milli Lúxemborgar og Bandaríkjanna um ca. 10% borið saman við beint flug samkeppnisfélaganna. Með hliðsjón af þjóðhagslegu mikilvægi þessarar starfsemi hafa stjórnvöld í Lúxemborg og á Íslandi veitt félaginu fjárhagslegan stuðning á undanförnum árum sem m. a. hefur falist í eftirgjöf lendingargjalda Norður-Atlantshafsflugsins í Lúxemborg og Keflavík.

Vegna væntanlegrar gildistöku nýrra reglna í Banda-

ríkjunum um næstu áramót, er fela í sér kvöð um endurnýjun eða breytingu á núverandi flugvélakosti Flugleiða, eru fram undan hjá félaginu mjög fjárfrekar aðgerðir. Ef félagið á enn að geta haldið sínum hlut á Norður-Atlantshafsleiðinni, eða jafnvel aukið hann, ber brýna nauðsyn til að starfsemin geti haldið áfram óskert og farþegar glati ekki tiltrú sinni til íslensks áætlunarflugs.

Hjá Flugleiðum eru nú starfandi 118 flugmenn en samtals eru hjá félaginu um 1400 starfsmenn. Flugmenn eru því um 8% starfsmanna sem geta með verkfalli sínu stöðvað allt flug á þess vegum auk þess sem afkoma almennrar ferðaþjónustu er stefnt í hættu. Með tilliti til þess hversu íslenskt þjóðlíf er háð flugsamgöngum geta stjórnvöld ekki látið það afskiptalaust er tiltölulega litlir starfshópar lama slíka starfsemi með verkfalli sem ætlað er að þrýsta á samþykkt krafna er ná langt út fyrir það sem aðrir þegnar landsins hafa þegar samið um.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem skal fyrir 15. júní n. k. ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna FÍA sem starfa hjá Flugleiðum. Þá er enn fremur ákvæði um að lögin öðlist þegar gildi og gildi til 31. des. á þessu ári. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir á milli aðila. Hér er því ekki verið að afnema verkfallsrétt heldur fyrst og fremst verið að tryggja að þessari starfsemi verði haldið uppi nú yfir sumarið eða hina svokölluðu sumarvertíð ferðamálanna. Ríkisstj. taldi brýna nauðsyn bera til þess að flytja þetta frv. til þess að ekki komi til verkfalla, sem geta leitt af sér að þúsundir ferðamanna hefðu afpantað miða sína hjá Flugleiðum, en það hefði getað valdið félaginu stórkostlegu tjóni. Og ekki eingöngu félaginu heldur öllum starfsmönnum, þar með töldum meðlimum félags atvinnuflugmanna. Því er þetta frv. flutt.

Virðulegi forseti. Samgn. Nd., sem hélt fund um málið, lagði til að þetta frv. yrði samþ. óbreytt að öðru leyti en því að heiti þess yrði breytt. Það heitir því nú skv. afgreiðslu Nd.: Frv. til l. um kjaradóm í vinnudeilu Félags ísl. atvinnuflugmanna og Flugleiða. Eftir því sem ég best veit þá vann samgn. þessarar hv. deildar með n. í Nd. til þess að hraða afgreiðslu málsins en formsins vegna legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn. Ég treysti því að frv. fái skjóta afgreiðslu því ekki er nema rúmur sólarhringur til verkfallsaðgerða.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég er algerlega andvígur þessu frv. Hérna stóðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar í stólum beggja deilda nánast hávaðann úr öllu haustinu og hömruðu á réttmætri kröfu launþega um endurheimt samningsréttar. Samningsréttur er samningsréttur, sama hversu ógeðfelldar manni finnst vera kröfur þeirra aðila sem við samningaborðið sitja. Það er fjarska vinsælt að gagnrýna og jafnvel ráðast á þær atvinnustéttir í landinu sem hvað mest bera úr býtum. En það er nú einu sinni þannig að menn miða sig innbyrðis við aðra í launum oft á tíðum á afskaplega hæpnum grundvelli. Og þó að við alþm. höfum orðið fyrir því áfalli að lenda undir kjaradóm finnst mér það ekki þurfa að leiða til þeirrar hefnigirni að koma öðrum undir slíka óhæfu. Fyrir utan það að ég tel að með því að þessi skikkur komist á, sem ég tel mjög hæpið fordæmi, þá séum við um leið að taka algjörlega ábyrgðina frá báðum samningsaðilum, þannig að eftirleiðis verði þetta í raun og veru alltaf það ástand sem við sitjum uppi með. Kröfugerðin á báða bóga verður vísvitandi fram úr hófi með það fyrir augum að málið fari í kjaradóm.

Mér skilst samkvæmt upplýsingum frá ríkissáttasemjara að nú standi málið þannig að fyrir liggi yfirlýsingar frá báðum aðilum um að ekki þýði lengur að semja. Þá skil ég ekki hvers vegna þeir skjóta ekki sjálfir þessu máli sínu í gerð, hvers vegna til þurfi að koma lög, því að öðruvísi verður þeirra deila ekki leyst, nema þá að komi til þeirra verkfalla sem boðuð hafa verið. En verkfallsrétturinn er einmitt sá réttur sem a. m. k. þeir flokkar sem kenna sig við verkalýð hér á landi hafa talið hvað heilagastan, þannig að ég á að sjálfsögðu von á því að þeir lýsi yfir andstöðu sinni við frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgn. með 17 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 302. mál (þskj. 586, n. 838, 840). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um atvinnuréttindi vélstjóra fyrir hönd 1. minni hl. samgn. sem þá var. Ég ætla ekki að hafa mörg orð þar um. Það á það sama við um þetta frv. og kom fram í máli mínu um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Hér eru gerðar líkar breytingar í þá átt að reyna að fækka þeim undanþágum sem eru hér ríkjandi í þessum atvinnugreinum. Það skal tekið fram að um þetta frv. var nokkuð góð samstaða. Hagsmunaaðilar hafa ekki haft þar uppi mótmæli á sama hátt og hefur verið um skipstjórnarfrv. Þess vegna leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem fylgja á þskj. 840. Það eru ekki mikilvægar breytingar en rétt er að þær komi hér fram.

Í fyrstu brtt. er lagt til að 3. gr. 2. mgr. orðist svo: „Til starfstíma má einnig telja starfstíma við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein.“ Þetta er gert til að taka af tvímæli um hvað telst til vinnuþjálfunar, þannig að menn geti aflað sér réttinda til að geta hafið vélstjóranám einmitt með því, þegar þeir hafa sína vinnu við þessi tilteknu verkefni.

Önnur brtt. er við 5. gr.: „Á eftir 1. málsl. 3. mgr. komi nýr málsl. er orðist svo: Nemendur vélskóla, sem sigla á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um.“ Þetta fjallar um það að tekið er gjald fyrir veittar undanþágur, en n. telur rétt að þeir nemar Vélskólans sem sigla á milli skólaára eða til þess að ná sér í tilskilinn siglingartíma til þess að geta haldið áfram í sínu námi fái þetta endurgreitt ef þeir sýna vottorð um að þeir hafi hafið nám næsta haust á eftir.

Þriðja brtt. er við 6. gr.: „Aftan við 1. tölul. bætist: til fjölgunar eða fækkunar.“ Þetta er um það að svokölluð mönnunarnefnd getur ákveðið frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavarða og vélstjóra, eftir því sem

tilefni gefst til, þegar verið er að taka tillit til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar og annars slíks, sem þarf að reyna, þá geta þeir gert þar tillögu um til fjölgunar eða fækkunar. Þetta er sett inn í fullu samráði við Vélstjórafélag Íslands.

Ég hef ekki fleiri orð hér um. Um þetta gildir það sama og ég sagði áðan um frv. um atvinnuréttindi skipstjóra. Þetta er í mjög líkum dúr og má segja að sama grg. dugi fyrir þessu eins og hinu frv. Minni hl. n. sem að þessu stendur — við vorum ekki nema þrír, Árni Johnsen var fjarverandi — leggur til að frv. verði samþykkt.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu formanns samgn. fylgjast þessi tvö frv. að, þ. e. frv. um atvinnuréttindi vélfræðinga og atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Það skal þó undirstrikað að svo virðist sem miklu meira samkomulag sé um þetta mál innan samtaka vélstjóra en samtaka skipstjórnarmanna. Þó eiga þessi mál að okkar áliti að fylgjast að. Þess vegna töldum við í minni hl. samgn. eðlilegt að eins færi um þetta mál, að því yrði frestað á sama máta og við lögðum til að frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna yrði vísað frá deildinni með rökstuddri dagskrá. Við munum því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 840,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 840,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 840,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Fjarskipti, frv. 252. mál (þskj. 459, n. 912, 913, 943). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kristjánsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um fjarskipti og brtt. sem flutt er á þskj. 913. Frv. var sent til umsagnar flugráðs, flugmálastjórnar, Háskóla Íslands, Verslunarráðs, Félags símvirkja, símsmiða og línumanna hjá Pósti og síma og er leitast við í brtt. að taka mið af þeim ábendingum sem þar komu fram. Brtt. miðar einkum að því að rýmka um einkarétt Pósts og síma til fjarskipta í vissum og afmörkuðum tilvikum og miðað er að strangari kröfum til verklags Pósts og síma varðandi prófun notendabúnaðar.

Eins og fram kemur í nál. eru atvinnuréttindamál mjög viðkvæm varðandi þessa lagasetningu og er nauðsynlegt við setningu reglugerðar skv. 3. gr. frv. að tryggð verði starfsréttindi þeirra manna sem nú hafa með höndum uppsetningu notendabúnaðar.

Efasemdir komu fram um það fyrirkomulag að tegundarprófanir notendabúnaðar væri í höndum Póst- og símamálastofnunar, en stofnunin hefur sjálf sölu notendabúnaðar með höndum. Nefndin leggur þó ekki til að þessi mál verði lögð í hendur sjálfstæðrar stofnunar, stofnuð verði sjálfstæð stofnun um þessi mál, en telur nauðsynlegt að starfsreglur og tímamörk Pósts og síma varðandi þessar prófanir séu skýrt afmarkaðar í reglugerð.

Nefndarmenn voru sammála utan einn þeirra um að Póst- og símamálastofnun hafi áfram til sölu notendabúnað og varahluti. Einn nm., Kolbrún Jónsdóttir, hefur fyrirvara á um þetta atriði og flytur brtt. við nál. á þskj. 943. Að öðru leyti var n. sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim brtt. sem fram koma á þskj. 913 og um aðrar greinar þess ætla ég ekki að hafa lengra mál en vísa til framsögu samgrh. fyrir frv. við 1. umr. málsins.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Hér er til umr. frv. til laga um fjarskipti. Í athugasemdum við lagafrv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Höfuðbreyting á frv. fjarskiptanefndarinnar frá núgildandi löggjöf er fólgin í því að fella niður einkarétt ríkisins, þ. e. Póst- og símamálastofnunarinnar, til að flytja inn og versla með notendabúnað vegna fjarskipta. Hann er samkvæmt 3. gr. í frv. nefndarinnar afnuminn.

Póst- og símamálastofnunin má þó að sjálfsögðu flytja inn og versla með notendabúnað í samkeppni við þá aðila sem vilja sinna þeim viðskiptum. Hins vegar verður samkvæmt ákvæðum frv. hver innflytjandi notendabúnaðar, sem tengja á við kerfi ríkisins, að tryggja sér yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunarinnar um að hver og ein tegund notendabúnaðar eða hluti hans uppfylli þær kröfur sem gilda um notendabúnað á hverjum tíma.“

Þrátt fyrir þessa rýmkun á einokun Póst- og símamálastofnunarinnar er samt sem áður um óeðlileg forréttindi stofnunarinnar að ræða sem felast í því að eftir sem áður er Póst- og símamálastofnuninni einnig falið að löggilda hér á landi þann búnað sem nota má til tengingar við dreifikerfi Pósts og síma. Það getur ekki samræmst eðlilegri samkeppnisaðstöðu að annar samkeppnisaðilinn veiti leyfi til sölu á sama varningi og hann flytur inn og selur sjálfur. Þessi sjónarmið komu fram í flestöllum umsögnum sem n. bárust. Ég ætla að vitna hér í eina þeirra um þetta tiltekna efni frá Verslunarráði Íslands, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að einkaréttur ríkisins til sölu á notendabúnaði sé afnuminn. Þar með yrðu tekin upp viðskipti með þessar vörur í frjálsri samkeppni sem leiða mundi af sér fjölbreyttara framboð og lægra verð. En í þessari grein er Pósti og síma þó jafnframt gert skylt að hafa ætíð til sölu allan almennan notendabúnað í samkeppni við einkaaðila. Enn fremur er Pósti og síma ætlað það hlutverk að gefa út viðurkenningar á þeim búnaði sem einkaaðilar flytja inn eða framleiða. Með þessu gefst Pósti og síma kostur á upplýsingum með góðum fyrirvara um allar nýjungar sem samkeppnisveitendur ætla að setja á markaðinn og getur brugðist

við samkvæmt því."

Í athugasemdum Póst- og símamálastofnunar við fyrrgreinda umsögn segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sala notendabúnaðar hjá Pósti og síma hefur ekki verið veigamikill þáttur í starfseminni og leggur stofnunin því ekki höfuðáherslu á að halda þessari starfsemi áfram."

Það er sem sagt ekki stofnunin sem leggur á það megináherslu að halda þessari sölu áfram á notendabúnaði. Því legg ég til að ákvæði 5. mgr. falli út úr 3. gr. laganna með brtt. á þskj. 943 og orðist mgr. svo: „Póst- og símamálastofnunin skal ekki annast sölu á almennum notendabúnaði."

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ekki er ástæða til þess að hafa mörg orð um þessa afgreiðslu samgn. Ed., enda er frsm. búinn að skýra sjónarmið n. Mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á því að við afgreiðslu n. náðist sá árangur að n. varð í meginatriðum sammála. Ég hygg, eins og reyndar kom hér fram við fyrri umr., að menn hefðu út af fyrir sig kosið að geta gengið lengra í frjálsræðisátt, en þetta er þó tvímælalaust mikill áfangi. Ef þær ábendingar, sem koma fram í grg. með till. n., verða virtar væri hægt að sníða af ýmsa agnúa og þá sérstaklega þá sem eru uppi í samskiptum milli þeirra starfshópa sem vinna við verkefni Pósts og síma og eins hinna sem hafa réttindi til að sinna þessum störfum eftir að þær breytingar koma í framkvæmd sem frv. gerir ráð fyrir.

Vegna tillöguflutnings hv. þm. Kolbrúnar Jónsdóttur er eðlilegt að benda á að ef Pósti og síma væri bannað að versla með notendabúnað gæti orðið þröngt fyrir dyrum hjá einhverjum þeim aðilum sem eiga þau tæki sem Póstur og sími hefur flutt inn og hefur nú umboð fyrir því ef Póstur og sími má ekki versla með notendabúnað gæti hann að sjálfsögðu ekki staðið skil á nauðsynlegum varahlutum í þann margbreytilega búnað sem hann hefur flutt inn um langa tíð og verið einn um.

Þetta er í rauninni síðasta málið sem samgn. Ed. hefur unnið, en hún á væntanlega eftir að leggja fyrir hv. deild fleiri afgreiðslur. Mér finnst því full ástæða til þess að færa nm. í samgn. sérstakar þakkir fyrir störf þeirra núna á úthallandi þingi. Menn heyra gjarnan raddir um það að slælegt skipulag sé á störfum Alþingis og þess ekki gætt svo sem vera bæri að koma málum þar áfram. Þannig er með mál samgn. að þau bárust flest rétt fyrir páska og stutt er síðan þau komu úr umsögnum, sum hver.

Það er athyglisvert hversu mikið hefur verið unnið í þeirri n. núna á þessu þingi. Ég gerði það til gamans að telja saman fundafjölda í þeirri gjörðabók sem við höfum fært okkar fundargerðir í en hún nær allt aftur til ársins 1958. Við samanburð á milli ára kemur í ljós að á þessu tímabili hafa fyrir utan árið í ár flest verið haldnir 16 fundir. Aðeins þrisvar sinnum áður hafa fundirnir komist yfir einn tug.

Það er líka athyglisvert í þessu sambandi að nefndarfólkið sem á sæti í samgn. Ed. er nákvæmlega það sama og skipar sjútvn. þeirrar sömu deildar en þar hafa fundir verið æðimiklir í vetur, líklega komnir yfir 40. Fundir í þessum tveimur n. verða því eitthvað mjög nálægt því að vera 70 talsins. Þetta fólk hefur unnið í öðrum n., sumt af því á líka sæti í landbn. sem einnig er æðidrjúg með fundarhöld á þessum vetri. Það leiðir af sjálfu sér að svona störf geta ekki gengið áfram nema með mikilli og góðri samvinnu og vert er að benda á að í nefndum Ed. á ekki sæti nema einn maður frá hverjum stjórnarandstöðuflokkanna. Og ég vil undirstrika það að þeir þrír stjórnarandstöðuþingmenn, sem hafa unnið í samgn. Ed., hafa sýnt mikla stundvísi við störf n. því að mikið álag er á þeim í öðrum n. Einn nm. á heimili suður í Keflavík og hefur orðið að leggja á sig aukaferðir hingað í bæinn vegna þessara starfa.

Það má vel vera að samgn. fái sína dóma um það að hafa ekki lokið þessum málum fyrr, en ég fullyrði að ef ekki hefði verið jafnvel unnið og jafngóður andi til starfa í n. og raun ber vitni hefðu þessi mál ekki gengið áfram. Mér fannst ástæða til að geta þessa hér því að ekki er síður eðlilegt að draga það fram sem vel er gert og raunar stórvel gert eins og hér er raun á þegar menn verða vitni að þeirri umræðu, sem jafnan gerir nokkuð vart við sig, að slælega sé unnið að störfum á Alþingi.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það er allerfitt að koma upp í þennan ræðustól eftir þá hólræðu sem form. samgn. hefur flutt um okkur samstarfsmenn sína. Það er allt að því eins og við séum hálfgerð ofurmenni í þessum n. og ég kvíði hálfpartinn fyrir því þegar raunverulegi aflakóngurinn í deildinni kemur og fer að þakka okkur fyrir störfin, þ. e. form. sjútvn., ef það á að vera í svipuðum stíl og hv. þm. Egil Jónsson talar til okkar nm. sinna.

En það skal haft í huga að sjálfsagt er það rétt að við erum hver öðrum betri í n. en þetta lið hefði ekki áorkað jafnmiklu og það hefur gert ef það hefði ekki haft jafngóðan forustumann, haft jafngóðan mann til að halda um stýrisvölinn og hv. þm. Egill Jónsson. Það hefur hann gert með miklum sóma og sýnt okkur liðlegheit og sanngirni í hvívetna.

Um þetta mál sem hér er til umr. hefur orðið næstum því algert samkomulag í samgn. Eins og kom fram í ræðu frsm. var þetta frv. undirbúið af nefnd sem mun hafa tekið til starfa 1981. Í þeirri nefnd áttu m. a. sæti tveir af þm. þessarar hv. deildar, þeir Eiður Guðnason og Helgi Seljan. Upphaflegt starf deildarinnar byrjar því þegar við undirbúning frv. Þó að þeir ágætu menn hafi verið í nefndinni finnst mér að þetta frv. beri að sumu leyti þess merki að ekki hafi unnist nægur tími eða verið nógu góð starfsaðstaða við að undirbúa frv. Það eru vissir þættir í frv. sem ég held að hefði þurft að skoða betur og séu kannske að sumu leyti tímaskekkja. Eins og sá þáttur sem við tökum fram í nál., þ. e. um þann rétt Póst- og símamálastofnunar að sjá um tegundarprófanir þeirra fjarskiptatækja sem flutt eru til landsins, þ. e. að staðfesta það hvaða tæki megi nota og selja á þessum vettvangi. Í umr. í n. kom fram að þetta þýðir að Póst- og símamálastofnunin fær aðstöðu til þess að fara yfir pappíra, sjá við hverja þeir aðilar hafa viðskipti sem þessari verslun sinna. Og um leið er Póstur og sími að vissu leyti samkeppnisaðili við þessa aðila.

Við tökum það fram að nauðsynlegt sé að setja Pósti og síma dálítið þröngan eða ákveðnari ramma en gert er í lögunum um þessa starfsemi sína. Ég er þeirrar skoðunar að æskilegt væri að aðskilja þennan þátt frá starfsemi Pósts og síma. Til þess að svo mætti vera hefði þurft að semja nýtt lagafrv. um þann þátt. Ég tel að það þurfi þó nokkuð mikinn tíma og sérfræðiundirbúning til

þess að ákvarða það á hvern veg sú tegundarprófun færi fram ef hún færi ekki fram hjá nýrri stofnun eða hvort þá ætti að breyta Póst- og símamálastofnuninni frá því að vera viðskiptastofnun eins og að vissu leyti er lagt til í till. Kolbrúnar Jónsdóttur.

Annar þáttur, sem kom mikið fram í n. og var útskýrður fyrir okkur af forustumönnum símastarfsmanna, var að nokkur hluti þeirra starfsmanna er raunverulega réttindalaus, hefur ekki nein réttindi fyrir nám sitt um leið og sú starfsemi fellur niður hjá símanum að annast uppsetningu símtækja innan veggja húsa. Fram kemur í grg. að við leggjum til að réttindi þessara manna verði tryggð með reglugerð sem getið er um í frv.

Varðandi tegundarprófanir tel ég að allmikil nauðsyn sé á því að sett verði á fót stofnun sem geti tekið að sér þetta hlutverk og einnig það hlutverk að fylgjast með tæknirekstri Pósts og síma.

Ég hef verið gagnrýninn á þau vinnubrögð sem Póstur og sími hefur haft uppi undanfarið í sambandi við lagningu sjálfvirks síma um landið. Ég hef talið — eða það má segja að það sé kannske frekar tilfinning þess manns sem ekki hefur fullkomna tækniþekkingu á þeim hlutum — að það hafi hlotið að eiga sér stað einhver mistök í sambandi við tækniuppbyggingu. Hér er um stóra hluta af landinu að ræða en ég verð mest var við það gagnvart Vesturlandi. Þar er búið að koma á sjálfvirkum síma, en hann er í mörgum tilfellum jafnvel óvirkari en sá handvirki sími sem við höfðum áður.

Ég tel að þarna hafi átt sér stað ansi mikil mistök og framkvæmd hinnar svokölluðu fimm ára áætlunar Póst- og símamálastofnunarinnar um uppbyggingu sjálfvirks síma sé að miklum hluta til framkvæmd á yfirborðinu. Komið er inn sjálfvirkum síma til notandans en notandinn getur ekki nema að mjög takmörkuðu leyti notfært sér þá þjónustu sem þessi tækni getur boðið upp á ef hún er fullkomlega virk.

Nú eru til stofnanir sem opinberar stofnanir geta leitað til um það að kanna þann rekstur sem þær hafa með höndum. Það er ábyggilega mjög heppilegt fyrir hverja stofnun að geta leitað til slíkrar stofnunar og látið kanna hvort allir hlutir eru í því standi sem æskilegast er þannig að gagnrýni og skoðun eigi sér stað annars staðar frá en frá stofnuninni sjálfri. Hin svokallaða sjálfsgagnrýni dugar oft á tíðum ansi skammt.

Í sambandi við till. hv. þm. Kolbrúnar Jónsdóttur er ég á því að það þurfi einhvern frest til að setja á það bann að Póst- og símamálastofnunin annist sölu á almennum notendabúnaði. Aftur á móti hefði verið eðlilegra að fella aðeins niður þá setningu í 3. gr. þar sem sagt er: „Póst- og símamálastofnunin skal ætíð hafa til sölu allan almennan notendabúnað.“ Ef það hefði verið fellt niður hefði stofnuninni ekki verið skylt að gera það en hún hefði getað haldið áfram að sinna þeim viðskiptavinum sem hún hefur annast þjónustu við á undanförnum árum.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Formaður n., hv. þm. Egill Jónsson, taldi að þetta væri tvímælalaust mikill áfangi. Ég er honum ekki sammála. Ég held að þetta sé stutt skref í áttina til frjálsræðis í þessum efnum.

Hann taldi enn fremur að það yrði þröngt fyrir dyrum hjá þeim sem eiga þau tæki sem Póstur og sími hefur haft til sölu um langa tíð og verið einir um. Ég vil benda honum eindregið á að í athugasemd frá Pósti og síma er tekið fram að íslenskir stórkaupmenn hafi umboð fyrir nær allan notendabúnað sem stofnunin hefur selt. Þetta er því ómerkt. Ef kaupmenn sjá sér færi á að veita þjónustu og fá gjald fyrir sölu er engin hætta á því að þeir sinni ekki þeirri þörf.

En ég tek undir það að tegundarprófun í sjálfstæðri óháðri stofnun er leið sem æskileg væri til þess að eðlilegri viðskiptahættir séu viðhafðir. En á meðan svo er ekki er ófært að sama stofnunin fari bæði með sölu búnaðar og tegundarprófun.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Hér hafa menn látið mikil hrósyrði falla um nefndarstörf. Ég vildi að hægt væri að tala þannig um allar n. þessarar hv. deildar. Því miður er það ekki hægt því að í sumum eru slælega rekin tryppin að mínu mati og gengur illa að ná málum fram til afgreiðslu En ekki dreg ég það í efa að þeir samgnm. hafi unnið vel og skynsamlega að þessu máli.

En þar sem ég átti sæti í þeirri nefnd, sem þetta frv. samdi á sínum tíma og endurskoðaði gildandi fjarskiptalög, tel ég ástæðu til að segja nokkur orð. Í upphafi get ég sagt að ég get tekið undir og stutt þær brtt. sem hv. samgn. hefur hér lagt fram. En ég vil leggja áherslu á það sem segir í athugasemdum með frv. frá þeirri nefnd sem það samdi, með leyfi forseta:

„Að lokum skal ítreka það álit nefndarinnar að sú endurskoðun fjarskiptalaga sem hún vann að er ekki lokamark heldur aðeins áfangi á lengri leið. Örar framfarir krefjast þess að þessi mál séu í sífelldri endurskoðun.“

Ég hefði raunar ekki talið fráleitt að aftan við þetta frv. kæmi ákvæði til bráðabirgða um að frv. gilti aðeins í tvö ár eða þrjú þannig að tryggt væri að haldið yrði áfram að endurskoða þessi lög. Ég er sannfærður um að þess er þörf vegna þess að breytingar og framfarir á þessu sviði eru svo örar að þeirri vinnu verður að halda áfram.

Ég held þó að tvímælalaust sé þetta frv. til bóta frá því sem var. Menn geta deilt um það til hversu mikilla bóta það sé, en tvímælalaust er það til bóta og sömuleiðis þær till. sem samgn. hefur gert.

Varðandi þá brtt. sem hér liggur fyrir, um að Póst- og símamálastofnuninni verði bannað að versla með fjarskiptatæki, finnst mér hún nánast út í hött. Ég sé enga ástæðu til þess að Póstur og sími geti ekki verslað með þessi tæki eins og sú stofnun hefur gert hér eftir sem hingað til. Ég mun ekki styðja þá till.

Ég get tekið undir ákaflega margt af því sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði áðan um tegundarprófanir. Það er álitamál hvort ekki ætti að setja Póst- og símamálastofnuninni þarna nokkru strangari skilyrði. Ég get alveg tekið undir það. Hins vegar var þetta mjög ítarlega rætt í þeirri nefnd sem samdi frv. Nm. voru á því að ekki væri ástæða til að setja upp nýja ríkisstofnun til að annast þessar prófanir. Það var eiginlega það sem óx einna helst í augum. En síðan hefur verið á það bent t. d. að þessi mál gætu verið ágætlega komin hjá Raunvísindastofnun Háskólans þar sem fer fram kennsla í þessum fræðum m. a. Mér finnst að það hljóti að koma til athugunar síðar meir vegna þess að að þessum málum hefur ekki verið staðið á þann hátt sem

skyldi hjá Pósti og síma, því miður. Þess eru dæmi að tekið hefur óeðlilega langan tíma, eða upp undir ár, að fá fram álit stofnunarinnar á tækjum sem óskað hefur verið eftir leyfi til innflutnings á. Þess munu m. a. dæmi að í einu slíku tilviki var sótt um leyfi til að flytja inn símveljara. Þegar leyfið kom loksins frá Pósti og síma eftir dúk og disk, ár eða þar um bil, var búið að taka þennan veljara af markaðnum vegna þess að hann var orðinn úreltur. Þess vegna held ég að þau ákvæði sem hér eru sett um þetta séu til bóta en mættu e. t. v. vera strangari. Þó skal ég ekki gera neinn ágreining um það.

Nú höfum við kannske ekki sömu aðstöðu og stórþjóðir til að prófa svona búnað og láta fara fram á honum ítarlegar athuganir. En í ákaflega mörgum tilvikum er hægt að fara eftir þeim niðurstöðum sem fengist hafa annars staðar, t. d. á Norðurlöndum. Það er nærtækt að vitna hér til annars konar tegundarprófunar, þ. e. á bílum, sem gerðar eru erlendis en við gerum ekki hér. Ég held sem sagt að þetta mál, eins og það nú liggur fyrir, sé spor í rétta átt, en legg áherslu á að það er aðeins skref og endurskoðun þessara mála þarf að halda áfram og aðlaga þessa löggjöf þeim veruleika sem við búum við hverju sinni. Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Hér er um að ræða skref í rétta átt og þess vegna mun ég veita málinu stuðning.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 913,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 913,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 943 felld með 13:2 atkv.
Brtt. 913,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
4.—24. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 101. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí að loknum 100. fundi.

Kjaradómur í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða, frv. 363. mál (þskj. 946, n. 948 og 949). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Eins og fram kom við fyrri umr. fjölluðu samgn. beggja deilda sameiginlega um þetta mál. Það var því auðvelt fyrir samgn. Ed að afgreiða það þegar til hennar kom, enda mælir meiri hl. n. með því að það verði afgreitt héðan óbreytt frá því sem það kom úr Nd. Einn nm., hv. þm. Skúli Alexandersson, undirritar nál. með fyrirvara, einn nm. var fjarverandi, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, og síðan kemur sérálit frá einum nm., hv. þm. Kolbrúnu Jónsdóttur.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta. Meiri hl. n. leggur til að málið verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Frsm. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Minni hl. n. leggur til að frv. það, sem hér liggur fyrir um stöðvun verkfalls Félags íslenskra atvinnuflugmanna, verði fellt, enda brýtur það í bága við grundvallaratriði frjálsra samninga. Frv. firrir samningsaðila ábyrgð á að takast á við vanda sem felst í því að semja um kaup og kjör. Þetta má teljast í hæsta máta óeðlilegt, enda kemur fram í frv. að ríkissjóður mun greiða þann kostnað sem leiðir af því að setja á laggirnar nefnd til að kveða á um þessa samninga.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Enginn gerir það með ljúfri lund eða glöðu geði að setja lög á þessu sviði og ég geri ráð fyrir að flestum sé það miður geðfellt. En ekkert frelsi er án takmarkana og það er í rauninni einkenni frelsisins að það er takmörkunum háð. Frelsi mitt til að sveifla handleggnum endar þar sem nef náungans byrjar. Hjá flestum siðuðum mönnum gerir það það, virðulegir þm. Ég held að það sé regla í mannlegum samskiptum. Hins vegar geta þau tilvik komið upp á vinnumarkaðnum að aðgerðir af þessu tagi séu ekki aðeins réttlætanlegar heldur réttar. Ég held að þegar litið er á stöðu þess máls, sem hér er um að ræða, og það að fyrir liggur að mjög torvelt, ef ekki útilokað muni reynast að samkomulag náist um þetta, þá sé þessi aðgerð verjanleg í þessu tilviki vegna þess um hve mikla hagsmuni er að ræða. Með því er ekki verið að leggja blessun yfir það að þessum ráðum sé beitt í kjaradeilum, síður en svo. En þá, sem leggjast gegn þessu nú, vil ég spyrja hvort að þeirra mati sé aldrei réttlætanlegt að grípa inn í með þeim hætti sem hér hefur verið gert hversu miklir hagsmunir þjóðfélagsins og einstaklinga sem séu í húfi.

Ég sagði áðan að allt frelsi væri takmörkunum háð. Takmarkalaust frelsi er stjórnleysi. Hér verður auðvitað að fara með löndum og gera það sem skynsamlegast er hverju sinni. Mér er það ekkert sérstaklega geðfellt að greiða atkvæði með þessu frv. en ég geri það samt vegna þess að ég held að það sé ill nauðsyn í þeirri stöðu sem nú er komin upp. Ég geri mér alveg fulla grein fyrir því að þeir sem hér um ræðir eru vel settir á launamarkaðnum miðað við aðra, ég hef tiltölulega litla samúð með þeirra kröfum, en það er aukaatriði. Það sem mér sýnist vera ljóst í þessu máli er það að ef ekki kemur hér til atbeini hins opinbera muni flugsamgöngur að og frá landinu stöðvast á þessum tíma, ferðamannatímanum, og ég held að þeir hagsmunir, sem réttlæta það að komið verði í veg fyrir það, séu meiri en hinir. Þess vegna mun ég, þó að ég geri það ekki með sérstaklega glöðu geði, greiða þessu frv. atkvæði.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Sem svar við orðum hv. 5. landsk. þm. þá er ég ekki þeirrar skoðunar að nauðsyn geti ekki brotið lög og að ekki þurfi lög til þess að brjóta ákveðna nauðsyn. En það verður að skoða hvert mál í því ljósi sem það liggur hverju sinni. Eg hef áhyggjur af því að menn skuli ekki átta sig á því að hér eru flugmenn alls ekki að semja við Flugleiðir. Þeir eru að semja við ríkið. Þeir eru að þvinga ríkið til þess að taka ábyrgð á þeim

launum sem þeir eru svo gagnrýndir fyrir vegna þess að þau eru svo há í hlutfalli við laun Sóknarkonunnar.

Við vitum öll að hér á landi er nokkuð viðtekin hefð að gagnrýna laun manna eins og lækna og flugmanna og í eina tíð voru það verkfræðingar líka. Það er varla orðið lengur, en þessir menn eru að losa sig undan ábyrgðinni á ákvarðanatökunni. Nú geta þeir bent á stjórnvöld landsins þegar þeir fá sín laun ákveðin af Kjaradómi og það verða ekki nein smánarlaun, það vitum við. Þau verða í hlutfalli við þau laun sem þeir hafa í dag. Sama launabilinu verður haldi uppi af Kjaradómi. Þið skuluð ekki ætla að Kjaradómur fari að lækka laun flugmanna, ekki nokkur leið. En samningsaðilar bera ekki ábyrgð á því lengur. Þeir geta bent á stjórnvöld og sagt: Þau bera ábyrgð á því. Það voru þau sem ákváðu launin okkar. Það er þess vegna sem ég er á móti þessu frv.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Það á að vera almenn regla að dómi okkar Alþb.-manna að aðilar vinnumarkaðarins gangi frá sínum samningum sjálfir án nokkurra afskipta stjórnvalda eða löggjafans. En engin er sú regla að ekki séu undantekningar á. Þegar um er að ræða launamenn almennt hlýtur að gegna nokkuð öðru máli annars vegar um hinn almenna launamann — ég tala nú ekki um láglaunamanninn sem er að berjast sinni erfiðu lífsbaráttu — og svo hins vegar um hálaunamanninn, manninn sem kannske er langt fyrir ofan öll venjuleg laun en er í aðstöðu til þess að stöðva með afdrifaríkum hætti þau hjól í samfélaginu sem helst mega aldrei stöðvast. Hann hefur þá aðstöðu til þess, að fara langt fram úr öllum öðrum og í raun og veru þá misnota þau réttindi, sem verkfallsrétturinn felur í sér.

Við Alþb.-menn teljum því að það geti verið réttlætanlegt í algjörum undantekningartilvikum að löggjafinn hlutist til um kjarasamningamál og þá eingöngu þegar slíkir hálaunamenn eiga í hlut. Við viljum ekki að verkfallsrétturinn sé flekkaður af ofnotkun eða misnotkun fámennra hópa sem knýja fram mjög há laun sér til handa í krafti þeirrar séraðstöðu sem þeir njóta. Þarna getur í einstaka undantekningartilviki verið óhjákvæmilegt að gera undantekningu.

Flugmenn eru tvímælalaust í hópi þeirra starfsstétta sem slíkar undantekningar geta heyrt til. Nú verður að sjálfsögðu að skoða það ákaflega vandlega í hverju tilviki hvort eðlilegt sé að grípa inn í mál af þessu tagi. Það er alls ekki sjálfgefið, það vil ég taka mjög skýrt fram, að bara vegna þess að flugmenn eigi í hlut eigi löggjafinn að grípa inn í. Það er síður en svo sjálfgefið í þessu tilviki né í öðrum. Slík undantekningartilvik verður að rannsaka mjög gaumgæfilega og stjórnvöld verða að meta það hvenær komið er að því marki að ekki verði undan vikist að stjórnvöld hafi þar afskipti. Þannig var þetta veturinn 1981. Kjaradeila flugmanna var í fullum gangi en stjórnvöld hikuðu nokkuð við að grípa þar inn í. Þó varð það niðurstaðan í þáv. ríkisstj. að óhjákvæmilegt væri að hafa þar afskipti og við Alþb.-menn tókum fulla ábyrgð á þeirri afstöðu. Þó fór svo að það reyndi ekki á ákvörðun af því tagi vegna þess að samningar höfðu tekist áður en til þess kom. En þetta sýnir að í áranna rás hefur það ekki verið nein ófrávíkjanleg regla hjá okkur Alþb.-mönnum að ekki gæti komið til greina að grípa inn í tilvikum sem þessum.

Við höfum ekki fengið í hendur nein gögn sem sýna hver gangur þessa máls hefur verið á undanförnum dögum og vikum. Við höfum ekki verið í neinni aðstöðu til að meta það hvort óhjákvæmilegt hafi verið að grípa inn í deilu flugmanna nú eða freista þess að staldra við og sjá hver þróun deilunnar yrði. Það er því útilokað að við getum borið ábyrgð á þeirri ákvörðun sem stjórnarflokkarnir vilja taka í þessu tilviki, þ. e. grípa inn í deiluna. Við höfum ekki haft neina aðstöðu til þess að leggja þar þann dóm á sem verður að vera undirstaða þess að hægt sé að samþykkja frv. af þessu tagi. Því hefur það orðið niðurstaðan í þingflokki Alþb. að taka ekki afstöðu til frv. við atkvgr. um það og við munum sitja hjá.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Til upplýsingar fyrir 3. þm. Norðurl. v. þá upplýsti hv. þm. Karvel Pálmason í umr. um þetta mál í Nd. í dag að hjá sáttasemjara ríkisins lægju fyrir skriflegar yfirlýsingar frá báðum aðilum um það að ekki þýddi fyrir þá meira að tala saman. Það næðust ekki samningar á milli þeirra. Og það er akkúrat á þessum forsendum eða þessum grundvelli sem ég er að reyna að benda ykkur á og koma ykkur í skilning um að þar með eru þessir aðilar búnir að ákveða það sjálfir upp á sitt einsdæmi að vísa þessu máli nánast til ríkisstj. til ákvörðunar. Að láta þá komast upp með það að þvinga stjórnvöld með þeim hætti, að ógna þessum ákveðna viðskiptaþætti í íslensku atvinnulífi, það tel ég ekki vera röggsemi af hálfu ríkisstj. Þessi viðbrögð, þessi löggjöf er þvert á móti undanlátssemi, uppgjöf og eiginlega hálf óhugnanlegt að horfa til þess hvernig fámenn stétt getur sett jafnsterka ríkisstj. í mikinn vanda.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:2 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 14:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, frv. 271. mál (þskj. 951). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 100 frá 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, en þeim lögum var áður breytt með lögum nr. 26/1980. Með frv. þessu er lagt til að breytt verði tilgangsákvæði laganna á þann veg að hitaveitan geti tekið að sér alla orkuframleiðslu og orkudreifingu á svæði hennar.

Þá er lagt til að iðnrh. verði veitt heimild til að veita fyrirtækinu einkaleyfi til að starfrækja rafveitu á starfssvæði hennar eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á rafveitukerfum. Í ákvæði til bráðabirgða er nánar kveðið á um sölu rafveitukerfa ríkissjóðs og sveitarfélaganna á Suðurnesjum til hitaveitunnar.

Alþingi ályktaði 3. maí 1982 að fela ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd til að semja frv. til l. um Orkubú

Suðurnesja. Nefndin var skipuð 11. ágúst 1982 og kom saman til fyrsta fundar 27. jan. 1983. Áður en hún lauk störfum komu upp breytt viðhorf og var talið hagkvæmara að fela Hitaveitu Suðurnesja hlutverk orkubús á starfssvæði sínu heldur en að stofna fyrirtæki með nýju nafni er tæki við eignum og rekstri Hitaveitu Suðurnesja jafnframt því að yfirtaka raforkuvirki og veitur á Suðurnesjum. Þess var því ekki óskað að nefndin lyki gerð frv. til l. um Orkubú Suðurnesja.

Með lögum nr. 100/1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja sem hafa skyldi það markmið að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Eignaraðild að fyrirtækinu var ákveðin á þann veg að sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum skyldu eiga 60% en ríkið 40%. Með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980 var lögum um Hitaveitu Suðurnesja breytt á þann veg að fyrirtækinu var heimilað að reisa og reka raforkuver og reka flutningslínu til þess að tengja orkuverið við orkuflutningskerfi Suðurnesja.

Í grg. með frv. þessu er tafla yfir raforkusölu á Suðurnesjum árin 1978—1983. Eins og fram kemur í þeirri töflu hefur raforkusala frá Hitaveitu Suðurnesja numið um fjórðungi af raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1981, 1982 og 1983. Telja verður óeðlilegt að veittar séu virkjunarheimildir í sérlögum. Því er í frv. þessu ekki gert ráð fyrir sérstakri heimild til handa iðnrh. að leyfa Hitaveitu Suðurnesja frekari virkjun og framleiðslu raforku, enda er slík almenn heimild í 3. mgr. l. gr. laga nr. 60 frá 4. júní 1981 um raforkuver. Við veitingu leyfis til hitaveitunnar verður að sjálfsögðu hugað að hagkvæmni í heildarrekstri raforkukerfisins í samræmi við nýnefnda 1. gr. laga nr. 60/1981.

Þá ber enn fremur að minna á nýsamþykkt lög um Landsvirkjun, en skv. 2. tölul. 2. gr. þeirra laga er það hlutverk Landsvirkjunar að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins. Tryggja þarf sérstaklega eðlilegan samrekstur raforkuvera hitaveitunnar við rekstur Landsvirkjunar.

Skv. 13. gr. laga um Landsvirkjun skal fyrirtækið gera samrekstrarsamninga við aðra raforkuframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi fyrirtækisins.

Skv. ársskýrslu Hitaveitu Suðurnesja fyrir starfsárið 1983, sem lögð var fram á aðalfundi fyrirtækisins þann 30. mars s. l., varð á árinu 1983 talsverður halli á rekstri fyrirtækisins eins og reyndar hefur verið á hverju ári síðan rekstur hófst. Tapið 1983 varð 97.4 millj. kr. og höfðu þá verið afskrifaðar tæpar 53 millj. kr. af gengisjöfnunarreikningi. Tapið 1982 var 78.3 millj. kr. sem uppfært til verðlags í des. 1983 væri sem næst 121 millj. kr. Tapið á sambærilegu verðlagi hefur því lækkað um 24 millj. kr.

Þá er bent á verulega aukningu hagnaðar án fjármunatekna og gjalda, eða 95.5 millj. kr. í stað 3.4 millj. kr., og er 1983 fyrsta árið í sögu fyrirtækisins sem skilar veltufé frá rekstri. Þá er vert að geta þess að nú hafa verið afskrifuð tæp 19% af heildarstofnkostnaði fyrirtækisins eða 302.1 millj. kr. af 1615.2 millj. kr.

Hvað varðar næstu ár má geta þess að í samþykktri fjárhagsáætlun Hitaveitu Suðurnesja fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir nokkurn veginn hallalausum rekstri að undanskildri afskrift gengisjöfnunarreiknings. Árið 1985 ætti greiðslustaða fyrirtækisins að verða góð en árin 1986—1988 erfið því að þá koma afborganir lána til með að falla á af fullum þunga.

Í árslok var dreifikerfi hitaveitunnar samtals um 242 km að lengd. Rafveitukerfi þau sem Rafmagnsveitur ríkisins eiga og áformað er að selja eru eftirfarandi: Tvær háspennulínur frá aðveitustöð Landsvirkjunar við Elliðaár til aðveitustöðvar í Ytri-Njarðvík. Önnur línan er með 33 kílóvolta spennu. Hún kemur við í aðveitustöð við Voga en aðallínan liggur áfram til Njarðvíkur. Þessi lína var lögð á árunum 1946—1947. Hin línan er 66 kílóvolta lína, lögð árið 1958. Hún liggur samhliða þeirri fyrri að mestu leyti en greinist ekki fyrr en við aðveitustöðina í Njarðvík. Þaðan liggur lína að riðbreytistöð á Keflavíkurflugvelli sem einnig er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins.

Þá eiga Rafmagnsveitur ríkisins 33 kílóvolta línu frá aðveitustöðinni í Njarðvík til Sandgerðis, Garðs og Hafna. Enn fremur er sjálft dreifikerfið í Höfnum í eigu Rafmagnsveitnanna. Ekki verður hér gerð tilraun til þess að leggja mat á verðmæti eigna þessara, enda er það samningsatriði eða þá háð mati gerðardóms skv. frv.

Starfandi eru á Suðurnesjum sex sveitarfélagarafveitur, í Keflavík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi. Verður það að teljast samningsatriði hitaveitunnar og sveitarfélaganna hvort og þá hvernig yfirtaka á rafveitukerfi þeirra fari fram. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta geti gerst með tvennum hætti: Í fyrsta lagi að rafveiturnar verði seldar hitaveitunni, í öðru lagi er gert ráð fyrir að sveitarfélögin geti lagt þau fram sem stofnframlög til hitaveitunnar og mundi þá eignarhlutdeild eigenda breytast í samræmi við það. Ef síðari leiðin yrði farin mundi eignarhlutur ríkisins minnka sem er til að mynda tilgangur og afstaða núv. iðnrh.

Ekki er rétt að spá neinu um hvernig samningnum um yfirtöku á rafveitukerfinu muni vinda fram. Hins vegar er hér um allflókna samningsgerð að ræða sem búast má við að taki nokkurn tíma. Jafnframt er hugsanlegt að yfirtakan fari fram í áföngum á næstu árum. Verði frv. þetta að lögum mun ég greiða fyrir því af ríkisins hálfu að samningar takist og ég trúi því að sveitarfélögin á Suðurnesjum muni gera slíkt hið sama. Með hliðsjón af hagkvæmni sameiningar rafveitnanna á svæðinu og samreksturs þeirra og hitaveitunnar treysti ég að svo verði.

Ég vil geta þess að ég er fyrir mitt leyti samþykkur þeim brtt. sem náðu fram að ganga í Nd. Alþingis og er að finna á þskj. 887. Að vísu kemur það fram í þessari framsögu að tillit hafi verið tekið til 13. gr. laga um Landsvirkjun þar sem fyrirtækjum er gert að gera samreksturssamninga við aðra raforkuframleiðendur en það varð niðurstaða iðnn. Nd. að það yrði tekið formlega inn í frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 327. mál (þskj. 679). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegur forseti. Ef hæstv. forseti hefur ekkert við það að athuga mun ég mæla fyrir báðum málunum í senn, þ. e. þessu um breytingu á lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands og um heimild til sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum, enda eiga þau samleið.

Rétt er í upphafi að gera sér nokkra grein fyrir aðild ríkisins að Iðnaðarbankanum. Iðnaðarbankinn er fyrsti hlutafélagabankinn sem stofnaður er hér á landi ef Íslandsbanki sálugi er undanskilinn. Fram að þeim tíma sem Iðnaðarbankinn hóf starfrækslu árið 1953 voru hér eingöngu starfandi ríkisbankar. Það þótti því eðlilegt og ýmsir alþm. töldu það skilyrði fyrir samþykkt sinni á lagasetningu um bankann að ríkið væri stór hluthafi í Iðnaðarbankanum. Þessara viðhorfa hefur eigi gætt þegar síðari hlutafélagabankar hafa verið stofnaðir, svo sem eins og Verslunarbankinn og Samvinnubankinn enda hafa viðhorfin breyst á liðnum árum og nefni ég enn Alþýðubankann sem dæmi um þetta.

Í lögum um Iðnaðarbankann er kveðið á um að hlutafé bankans skuli nema allt að 6.5 millj. gkr. og þar af skyldi ríkissjóður leggja fram 3 millj. gkr. eða um 46% hlutafjárins. Hlutafé bankans hefur verið aukið nokkrum sinnum. Tvisvar hefur ríkið afsalað sér rétti til hlutfallslegrar aukningar hlutafjáreignar og hefur því hlutdeild ríkisins í bankanum minnkað úr 46% í 27% af heildarhlutafé bankans.

Hluthafar í bankanum eru nú 144 talsins og var nafnverð hlutafjárins hinn 31. des. 1983 samtals 38 492 154 kr. Nafnverð hlutafjár ríkissjóðs í bankanum á sama tíma var 10 391 700 kr. Ákveðið hefur verið að bjóða núverandi hluthöfum í bankanum hlutabréf ríkissjóðs til kaups á samtals 32 millj. kr. Sala þessi á hlutabréfunum er háð samþykki Alþingis á því frv. er hér liggur frammi. Með bréfi dags. 16. apríl s. l. sendi iðnrh. öllum hluthöfunum bréf varðandi þessi kaup. Varðandi skilmálana um greiðslu á söluverði vísast til athugasemda með frv. en við það er miðað að útborgun sé 50% af söluverði en 50% má greiða með vísitölubundnu skuldabréfi til þriggja ára. Iðnaðarbankinn mun sjá um framkvæmd sölunnar á þessum hlutabréfum. Þau hlutabréf, sem ekki seljast til núverandi hluthafa, mun Iðnaðarbankinn kaupa upp að því marki sem honum er heimilt lögum skv. og bjóða síðan bréfin til sölu á almennum markaði.

Ég vil þá víkja að söluverði bréfanna, en margir hafa eflaust mestan áhuga á að fá uppplýst hvernig það er til orðið. Í upphafi leitaði iðnrh. til ríkisskattstjóra og óskaði eftir mati hans á verðgildi hlutabréfanna. Ríkisskattstjóri synjaði þessari beiðni og taldi slíkt ekki í sínum verkahring. Leitað var til Fjárfestingarfélags Íslands og það beðið um mat á bréfunum. Enn fremur var kannað verðgildi þeirra hlutabréfa í bankanum sem hafa gengið kaupum og sölum undanfarin ár. Við mat á verðgildi hlutabréfanna var fyrst og fremst tekið mið af verðmæti hreinnar eignar Iðnaðarbankans 31. des. 1983 og áætlaðrar arðgreiðslu af hlutabréfunum.

Verðlagning á hlutabréfunum er engan veginn einhlít þar sem hér á landi er nánast enginn verðbréfamarkaður. Hvað er rétt verð á hlutabréfum ríkissjóðs í bankanum er því erfitt að ákveða með nákvæmni. Eigið fé bankans var hinn 31. des. 1983 143 millj. kr. Þar af var varasjóður og skattalegur varasjóður um 14 millj. Ef litið er á stærstan hlut eiginfjár bankans sem eign hluthafanna, sem það í raun og veru er, má þrefalda nafnverð hlutabréfa ríkissjóðs í bankanum og það er einmitt það sem gert hefur verið. Ég vil heldur ekki verða sakaður um að selja eigur ríkisins á lægra verði en hugsanlegt er að fá fyrir þær. Því hefur verið lýst yfir að verðlagning á bréfunum sé of há en ég kvíði því engu að þessi hlutabréf muni ekki seljast og af viðræðum mínum við hluthafa er ég þess fullviss að sala á hlutabréfunum á þessu verði muni takast sæmilega.

Rekstur Iðnaðarbankans gekk vel á árinu 1983 og hefur reyndar gert það mörg undanfarin ár. Heildarinnlán hjá bankanum jukust um 88.4% en innlánsaukning allra viðskiptabankanna var að meðaltali 80.3%. Hlutdeild Iðnaðarbankans í heildarinnlánum bankanna jókst úr 7% árið 1982 í 7.3% árið 1983. Hagnaður bankans árið 1983 varð 12.5 millj. kr. og er þá búið að taka tillit til áætlaðrar greiðslu á tekju- og eignarskatti, samtals 14.7 millj. kr.

Ég álít að ekki þurfi að fara fleiri orðum um þessi frv. Eins og áður segir er annað frv. um heimild til sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum. Hitt frv. gerir ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum um Iðnaðarbanka Íslands hf. er leiðir af sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í bankanum. Breytingarnar eru einungis tvær. Sérstaða ríkissjóðs á hluthafafundum er afnumin og hin breytingin er um kosningu bankaráðs sem verði með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Ég legg mjög mikla áherslu á að mál þessi nái afgreiðslu á þessu þingi og leyfi mér, frú forseti, að leggja til að þegar þessari umr. lýkur verði máli þessu vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, frv. 328. mál (þskj. 680). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég vísa til framsögu með fyrra dagskrármáli varðandi þetta mál og leyfi mér að leggja til að þegar 1. umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. 269. mál (þskj. 833 (sbr. 515), n. 903). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði

samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv. til l. um erfðafjárskatt. Eins og hv. þdm. er kunnugt var gerð smávægileg breyting á frv. í Nd. Félmn. Ed. hefur ekkert við þá breytingu að athuga né heldur frv. í heild sinni eins og það var afgreitt frá Nd.

Á fund n. kom Magnús Pétursson og Edda Hermannsdóttir frá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Að gefnu tilefni vildi nefndin taka það fram í nál. að hún legði áherslu á það að framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra lækki ekki þrátt fyrir minni tekjur af erfðafjárskatti skv. þessu frv. En eins og fram hefur komið munu tekjur af erfðafjárskatti lækka við gildistöku frv.

Það er óþarfi að mínum dómi, virðulegi forseti, að hafa fleiri orð um þetta frv. Það er samstaða um málið eins og fram kemur í nál. Allir viðstaddir nm. rituðu undir nál. Ég vil taka það fram að Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var fjarstödd við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—25. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 102. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 101. fundi.

Kjaradómur í vinnudeilu Félags ísl. atvinnuflugmanna og Flugleiða, frv. 363. mál (þskj. 946). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JK, VI, ÞK, AG, ÁJ, DA, EgJ, EG, EKJ, JHelg, LJ, HÓ, SalÞ.
nei: StB, KolJ.
HS greiddi ekki atkv.
4 þm. (SDK, SkA, KSG, RA) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 962).

Erfðafjárskattur, frv. 269. mál (þskj. 833 (sbr. 515)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 963).

Fjarskipti, frv. 252. mál (þskj. 459). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 301. mál (þskj. 585). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 302. mál (þskj. 950). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 115. mál (þskj. 142, n. 919). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Landbn. hefur fjallað um málið á mörgum fundum sínum og fengið aðila til umsagnar um málið. Nefndin er sammála um að mæla með frv. með svohljóðandi breytingu við 7. gr.:

Niður falli í 4. mgr.: „Ráðh. getur með reglugerð kveðið nánar á um hvað teljast skuli laun í þessu sambandi.“

Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. Það er rétt, það er ekki breytingartillögunum, heldur tillögum. Ég sé það núna fyrst að þetta er ekki rétt í prentun. En undir þetta rita allir nm. í landbn.

Ég verð að gera örlitla grein fyrir því hvernig þetta hefur gengið fyrir sig. Frv. var, eins og var bent á hér í framhjáhlaupi, flutt allsnemma þings og því vonum seinna að það komi frá nefnd því stórvægileg ágrein-

ingsefni hafa ekki verið í nefndinni og um meginatriði hefur ríkt full samstaða. Meginatriðið er eins og segir í athugasemdum, með leyfi virðulegs forseta:

„Í frv. er lagt til að hjón verði hvort um sig sjálfstæðir sjóðfélagar og öðlist þannig sjálfstæðan rétt til elli- og örorkulífeyris og eftirlifendur þeirra til maka- og barnalífeyris. Því er í frv. gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að iðgjöld bónda og maka hans skiptist milli þeirra til helminga.“

Þetta breytir að sjálfsögðu nokkuð makalífeyri og einnig þeim tekjugrunni sem miðað er við gagnvart iðgjöldum. Um þessi sjálfsögðu réttindi, sem nú eru fyrst tryggð til bændakvenna þó möguleikar hafi verið á þessu áður, er full samstaða. Nm. gera sér hins vegar ljóst að öllu erfiðara er um annað meginatriði frv., þ. e. um framkvæmd skylduákvæðisins um sjóðsaðild launþega í landbúnaði þar sem þar er að langmestu leyti um að ræða börn og aðra nána vandamenn og að meginhluta til um sumarvinnu að tefla. Innheimta iðgjalda og eftirlit með henni hlýtur að verða erfið en reynslan verður þar úr að skera og fyllri reglur verður þá að setja í lög ef nauðsyn krefur. Hins vegar taldi nefndin ekki fært að fela ráðh. með reglugerð að ákveða hvað væru laun og því er brtt. fram borin við 7. gr. eins og segir í nál.

Megintöfin á afgreiðslu frv. varð af því að reynt var að fá ákvæði inn sem tryggði því fólki, sem enn er án alls réttar til lífeyrissjóðsgreiðslna en hefur starfað að landbúnaði að meginhluta, einhvern rétt til lágmarksviðbótar við sína tekjutryggingu. Formaður nefndarinnar, hv. 11. landsk. þm., lýsti þegar áhuga sínum hér á og aðrir tóku undir. En þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fékkst ekki niðurstaða sem dygði og er máli þessu vísað til þeirra sem taka þurfa lögin um eftirlaun til aldraðra til skoðunar fyrir næstu áramót. Þá kemur þetta mál aftur til okkar kasta. Lausn verðum við að finna, en sú lausn þarf vitanlega að ná til fleiri en þeirra sem landbúnað hafa stundað. Þetta er ekki stór hópur en mismununin augljós.

Til umr. í nefndinni komu einnig hugmyndir um fólk sem fjallað er um í 17. gr. laganna, þ. e. fólk fætt fyrir 1914 sem aldrei hafði greitt til sjóðsins sakir þess að það var hætt búskap 1970 þegar lögin fyrst komu til sögunnar. Bæði hv. þm. Kolbrún Jónsdóttir og hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir lýstu áhuga sínum á því að ef það væri mögulegt yrði reynt að ná fram þarna ákveðinni leiðréttingu. Fram kom sú skoðun að núverandi anda frv. um gagnkvæma sjóðsaðild hjóna væri þar slælega fylgt þar sem bændur væru þar einir upptaldir, enda miðað við lögin frá 1970. Bændur eða aðilar sem fyrir búi standa geta að sjálfsögðu verið af báðum kynjum en ólíkt mun karlkynið vera þar fjölmennara. En vissulega hefði þá í upphafi þurft að haga þessu ákvæði, þ. e. 17. gr. laganna sem er nær því upphaflega frá 1970, í samræmi við anda núverandi frv. en vitanlega stóð það ekki til þá, enda náði allur réttur þá mun skemmra en nú er.

Ég skil mætavel hugleiðingar í nefndinni um jöfnun til þessa fólks, að á einhvern hátt hefði átt að nefna húsfreyjur í sveit ótvírætt, en skv. greininni í heild og öllum öðrum ákvæðum í þessu frv. hefði þetta engar breytingar haft í för með sér, engar auknar greiðslur og engan aukinn rétt, því miður. Við hefðum þurft að endurskapa alla þessa grein og jafnvel þar er erfitt að sjá nokkurn árangur nema þá að breyta til hreinnar afturvirkni sem ég held að hefði verið erfitt skv. þeim upplýsingum sem okkur voru gefnar. Þetta stafaði einfaldlega af því, eins og menn vita, að þetta fólk hefur aldrei greitt nein iðgjöld. Þar er engu að skipta út af fyrir sig af þeim eðlilegu ástæðum. Makalífeyrir er þar hins vegar í lagi miðað við greiðslurnar í heild, sem betur fer. En við í nefndinni leggjum að sjálfsögðu þann skilning í bónda í þessu tilfelli í 17. gr. að það séu þeir aðilar sem fyrir búi hafa staðið, af hvoru kyni sem þeir eru.

Vissulega hefðum við viljað sjá margar frekari leiðréttingar í þessu frv. og nánari útfærslu á vissum atriðum eins og t. d. varðandi launþega í landbúnaði. En við viljum að þetta mál að meginhluta til gangi fram og reynslan verður svo úr að skera um það hvernig til tekst um nánari framkvæmd. Við að skoða þetta frv. um Lífeyrissjóð bænda er okkur öllum í nefndinni ljóst enn frekar en áður hver nauðsyn er á samræmingu í lífeyriskerfinu, enn frekari aðlögun að tryggingakerfinu sjálfu, enn frekari jöfnun þessara sjálfsögðustu mannréttinda.

En meginatriðið í þessu frv. er stórt framfaraspor, veruleg bót fyrir bændakonur í landinu og til þess að sú réttarbót nái fram að ganga viljum við stuðla að framgangi þessa máls. Við vitum að skammt lifir þings og því nauðsyn að flýta málinu. Nefnd Nd. hefur nokkuð að málinu komið og verið kynnt hvernig það hefur staðið og ætti það að auðvelda þeim málsmeðferð. En ég endurtek, landbn. er sammála um að mæla með frv. með þeirri breytingu við 7. gr. sem kemur fram í nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 919 samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
8.—28. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Írafells í Lýtingsstaðahreppi, frv. 258. mál (þskj. 477, n. 916). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Írafell í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði. Málið er komið frá Nd. og er sjálfsagt mál. Hér er meira að segja um að ræða kaup sveitarfélags á jörð og hefur landbn. Ed. Alþingis lagt til í nál. sínu að málið verði samþykkt óbreytt frá því sem það kom frá Nd. Alþingis.

Tveir nm. landbn. Ed. voru fjarstaddir við afgreiðslu n., hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, en aðrir nm. voru sammála um afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sala ríkisjarðarinnar Selárdals, frv. 266. mál (þskj. 506, n. 915). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. er sama eðlis og það sem ég mælti hér fyrir á undan og afgreiðsla n. er með sama hætti. Við leggjum til að málið verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 103. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 102. fundi.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 115. mál (þskj. 142). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sala jarðarinnar Írafells í Lýtingsstaðahreppi, frv. 258. mál (þskj. 477). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 964).

Sala ríkisjarðarinnar Selárdals, frv. 266. mál (þskj. 506). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 965).

Neðri deild, 90. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, kl. 2 miðdegis.

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 593). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. 55. mál (þskj. 857). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, frv. 271. mál (þskj. 520, n. 886, 887, 892). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir svohljóðandi nál. iðnn. á þskj. 886:

„N. hefur rætt þetta mál ítarlega á fundum sínum, aflað margra umsagna og fengið til viðræðna Jóhannes Nordal stjórnarformann Landsvirkjunar, Jakob Björnsson orkumálastjóra, Halldór Jónatansson framkvæmdastjóra Landsvirkjunar og Halldór S. Kristjánsson lögfræðing í iðnrn.

N. telur að ekki sé sjálfgefið að selja báðar aðflutningslínur frá Elliðaám samtímis og leggur n. áherslu á að slík sala megi ekki verða til þess að raforkuverð til almennings annars staðar á landinu hækki.

N. mælir með samþykkt frv. með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt."

Undir þetta skrifa: Páll Pétursson, Ingvar Gíslason, Birgir Ísl. Gunnarsson, Gunnar G. Schram, Kristín Halldórsdóttir og Friðrik Sophusson og með fyrirvara Hjörleifur Guttormsson.

Brtt. frá n. við málið er að finna á þskj. 887.

1. brtt. hljóðar þannig að í staðinn fyrir orðin „hvers konar önnur nýting jarðgufu og jarðvatns" í c-lið 2. gr. komi: önnur nýting á jarðgufu og heitu grunnvatni.

2. brtt. er þannig að á eftir 3. gr. komi ný grein sem verði 4. gr. og orðist þannig: Við 13. gr. laganna (sbr. lög nr. 26/1980) bætist ný mgr. sem orðist þannig:

„Heimild til Hitaveitu Suðurnesja um að standa að virkjun jarðvarma til raforkuframleiðslu skal háð því skilyrði að áður hafi verið gerður samrekstrarsamning-

ur við Landsvirkjun er tryggi að slíkt orkuver falli á hagkvæman hátt að heildarrekstri raforkukerfisins. Nái aðilar ekki samkomulagi skal ágreiningi skotið til iðnrh.“

3. brtt. er við 4. gr. sem verður þá 5. gr. Upphaf ákvæðis til bráðabirgða hljóði svo:

„Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja háspennulínur í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur svo og rafveitukerfi sín og stofnana ríkisins “ o. s. frv. eins og segir á þskj. 520.

Þetta voru sem sagt brtt. sem iðnn. var sammála um en síðan hefur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, einn nm., flutt á sérstöku þskj. aðra brtt.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Frv. til laga um breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja hefur eins, og hv. frsm. iðnn. þessarar deildar hefur greint frá, verið til allítarlegrar meðferðar í iðnn. Var það ekki að ástæðulausu því eins og frv. var hér lagt fyrir var margt við það að athuga og n. hefur gert nokkrar brtt. við frv. sem almennt horfa heldur til bóta þótt ekki sé gengið þar nægjanlega langt að mínu mati og inni í frv. að tillögum n. séu enn atriði sem nauðsynlegt er að hv. deild athugi betur og taki afstöðu til með tilliti til brtt. sem ég hef lagt fram á þskj. 892.

Ég kaus hins vegar að standa að frv. með fyrirvara vegna þess að ég er því samþykkur í grundvallaratriðum og horfið verði að því ráði að stofna orkubú sem svo má kalla á Suðurnesjum, tel það eðlilega ráðstöfun miðað við allar aðstæður og það verður að sjálfsögðu að teljast meginefni þessa frv. Þær brtt. sem ég flyt varða c-lið 2. gr. sem n. í heild að vísu stendur að brtt. um en allsendis ófullnægjandi að mínu mati. Ég legg til að þessi liður verði felldur niður. Ég get látið nægja í meginatriðum að vísa til umsagnar Orkustofnunar um þetta efni og tel nauðsynlegt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér úr þeirri umsögn það sem varðar þennan lið og bið hv. þdm. að gefa gaum að þessu atriði alveg sérstaklega. Þessari umsögn Orkustofnunar hefur ekki verið komið á framfæri við hv. þd. og því nauðsynlegt að menn geti kynnt sér hana. Hún er svohljóðandi varðandi 2. gr. c-lið í frv.:

„Með c-lið 2. gr. frv. er Hitaveitu Suðurnesja ætlað að hafa með höndum hvers konar aðra nýtingu jarðgufu og jarðvatns. Við þetta orðalag er að mati Orkustofnunar ýmislegt að athuga. Hvað er t. d. átt við með „hvers konar nýtingu jarðvatns“? Algengasta nýting jarðvatns hér á landi er öflun neysluvatns fyrir vatnsveitur. Er meiningin að Hitaveita Suðurnesja annist dreifingu neysluvatns, það sé einn tilgangur hennar? Það væri einsdæmi hér á landi og líklega víðar og getur varla talist heppileg skipan. Lagt er til að orðalag verði haft skýrara og tekin af öll tvímæli um þetta.“

Ég bæti því hér við frá eigin brjósti að iðnn. hefur tekið tillit til þessa atriðis með brtt. sinni með því að gera till. um orðalagsbreytingu, að talið verði um nýtingu á jarðvarma og heitu grunnvatni. En síðan segir í umsögn Orkustofnunar:

„En hvers konar nýtingu jarðgufu? Hún getur m. a. falið í sér iðnrekstur eða fiskeldi sem nýti jarðgufu. Að mati Orkustofnunar er það fullkomlega eðlilegt að Hitaveita Suðurnesja annist vinnslu á varma og/eða raforku til slíkra nota ekkert síður en til hitunar húsa og almennra rafmagnsnota, enda séu hagsmunir hitaveitunnar í slíkum viðskiptum tryggðir með sérstökum samningum. En hlutverk hitaveitunnar á þar sem annars staðar að takmarkast við að vinna orkuna, koma henni til notandans og selja honum hana. Hún á ekki að taka þátt í fyrirtækjum sem nota orkuna. Hér er um að ræða grundvallaratriði sem löggjafinn þarf að hafa í fullum heiðri að dómi Orkustofnunar.

Hitaveita Suðurnesja er eins og aðrar orkuveitur opinbert þjónustufyrirtæki sem hefur einkaleyfi til orkusölu til almennra notenda á orkuveitusvæði sínu. Slíkt fyrirtæki býr ekki við samkeppni, notendur eiga ekki í neitt annað hús að venda. Fyrirtæki sem hefur einkarétt ber skylda til að leitast við að veita notendum þá þjónustu sem einkarétturinn tekur til með viðunandi gæðum og að því skilyrði uppfylltu við sem lægstu verði. Sú skylda leggur ýmsar kvaðir á fyrirtækið umfram þær sem hvíla á fyrirtækjum sem ekki hafa neinn einkarétt en starfa í sviptivindum samkeppninnar. Það samrýmist t. d. ekki skyldum einkaleyfisfyrirtækis að nota fé sitt sem áhættufé í almennum atvinnurekstri.

Iðnrekstur eða fiskirækt, hvort heldur jarðgufa er notuð eða ekki, getur verið áhættusöm starfsemi. Miklu fé getur þurft að hætta til hennar. Það er ekki við hæfi að opinbert þjónustufyrirtæki með einkaleyfisstöðu hætti fé sínu í slíka starfsemi. Orkustofnun leggur því til að c-liður 2. gr. frv. verði numinn alveg burt. Öll sú starfsemi, sem eðlilegt er að ætla opinberu þjónustufyrirtæki eins og Hitaveitu Suðurnesja, er innifalin í a- og b-lið frv. Til bóta væri að gera niðurlag b-liðar skýrara með því að orða það á þessa leið: „og annast sölu á orku til almennra notenda svo og til sérnotenda eftir sérstökum samningi. Iðjuver eða fiskiræktarstöðvar, sem nota jarðgufu í stórum stíl, mundu teljast til sérnotenda. Við þá ætti að gera sérstaka orkusölusamninga, hliðstæða þeim sem Landsvirkjun gerir við stórnotendur raforku.“

Þetta er umsögn Orkustofnunar við c-lið 2. gr. Eins og menn taka eftir er Orkustofnun algerlega fortakslaus í þessu efni. Það verður ekki bent á það ég viti neitt sambærilegt atriði í íslenskri löggjöf, þar sem þjónustufyrirtæki með einkaleyfi af þessu tagi er heimilað að fara að stunda óskylda starfsemi í áhætturekstri sem haft getur mikil áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækisins. Orkumálastjóri, sem kom á fund nefndarinnar, benti t. d. á það að í Bandaríkjunum, þar sem hin frjálsa samkeppni ku vera nokkuð í heiðri höfð, væri þess stranglega gætt að orkuveitufyrirtæki færu ekki út í annan rekstur. Haft var við orð í umræðum um þetta í iðnn. að eitthvað svipað væri að finna í lögum um Orkubú Vestfjarða. Við nánari skoðun reynist svo alls ekki vera. Þar er ekkert sambærilegt atriði að finna. Ég tel að hv. Alþingi þurfi að gera sér ljósa grein fyrir þessu og ég undrast það að hæstv. iðnrh., sem haft var samráð við um þessi atriði af hálfu einstakra nm., skuli hafa, ef ég skil það rétt, staðið mjög fastur á því að þessu ákvæði væri haldið inn í frv. og það lögfest.

Ég bæti því við að í umsögn Orkustofnunar er rætt um fiskeldi og iðnrekstur varðandi nýtingu jarðvarma þar sem hún var á dagskrá. Það hefur borist mér til eyrna að hjá forráðamönnum Hitaveitu Suðurnesja kæmu inn í þessa umræðu nú þegar hugmyndir um aðild að heilsuræktarstöðvum eða slíku. Ylrækt hefur einnig verið þarna á dagskrá.

Ég taldi nauðsynlegt að skýr afstaða fengist til þessa

máls og því legg ég til að þessi c-liður falli brott og legg á það áherslu að við það skerðist með engum hætti sá megintilgangur, sem ætti að vera með stofnun orkubús af þessu tagi, að vinna og dreifa jarðvarma og raforku til almennra notenda á þessu svæði.

Önnur brtt., sem ég stend að varðandi þetta frv., varðar ákvæði til bráðabirgða. Það er raunar upphaf þess ákvæðis þar sem n. sem heild gerir orðalagsbreytingu varðandi stofnlínurnar sem flytja raforku frá Elliðaám suður til Njarðvíkur. Gerður er fyrirvari í áliti iðnn. um það að ekki sé sjálfgert að þessar stofnlínur, ef um sölu þeirra semst, séu seldar báðar samtímis. Einnig er gerður fyrirvari um það að slík sala eða það sem henni fylgdi mætti ekki hafa áhrif á orkuverð annars staðar á landinu.

Ég vil skýra þetta ögn nánar, tel það nauðsynlegt, því að það kom ekki hér fram í framsögu hv. frsm. n. áðan, að það sem hér er um að ræða er spurningin um raforkusölu inn á Keflavíkurflugvöll. Sú sala fer nú fram skv. sérstökum samningi sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa gert í umboði og með staðfestingu utanríkisráðuneytisins sem fer með málefni Keflavíkurflugvallar skv. margfrægum samningi, varnarsamningi hygg ég að hann sé kallaður. Rafmagnsveitur ríkisins gerðu sem sagt um þetta samning á sínum tíma og það liggur fyrir og kemur fram í grg. með sjálfu frv., sem hér var lagt fram, að rúmur helmingur af raforkusölu nú á þessu svæði, sem hitaveitunni eða þessu nýja orkubúi er ætlað að taka til, er raforkusalan inn á Keflavíkurflugvöll. Það liggur líka fyrir að eins og þessi samningur er úr garði gerður og eins og hann hefur verið útfærður af Rafmagnsveitum ríkisins til þessa þá hafa rafmagnsveiturnar haft bróttóágóða á undanförnum árum af þessari sölu sem nam bróttó á síðasta ári tæpum 29 millj. kr. Þarna er um að ræða álag á heildsöluverð raforku frá Landsvirkjun, sem Rafmagnsveiturnar kaupa rafmagnið af, sem nemur um 57% og gefur þennan bróttóhagnað.

Nú er það svo að í þessum samningi er verðlagningin m. a. réttlætt með því að Rafmagnsveiturnar taka á sig skuldbingingar í sambandi við hugsanlega þörf á endurbyggingu stofnlínu á komandi árum til þess að tryggja raforkuflutning til vallarins. Það ásamt töpum vegna flutnings, rekstrarkostnaði af línunum er réttlæting þess að leggja sem þessu nemur á raforkuverð inn á völlinn. Ég tel að þetta atriði sé það sérstakt, þessi raforkusala inn á Keflavíkurflugvöll, að ekki eigi að blanda því saman við afgreiðslu þessa máls, lagasetningu um orkubú á Suðurnesjum, það eigi að halda því máli utan við þessa lagasetningu nú og Alþingi eigi að taka afstöðu til þess máls að miklu betur athuguðu máli en hér er ráðrúm til að gert verði og eftir að framkvæmdavaldið hefur skoðað það mál miklu betur og lagt fyrir þingið. Ef till. stæðu í þá átt að selja þessa stofnlínu og afhenda orkubúinu raforkusöluna inn á Keflavíkurflugvöll væru ljósar afleiðingar þess og lagðar fyrir með samningsdrögum sem væru þá skýr og ótvíræð. Ég tel það ekki forsvaranlegt að veita framkvæmdavaldinu heimild til að selja þessa stofnlínu, þótt með fyrirvara sé af því tagi sem er inni í áliti iðnaðarnefndar að svo komnu, og tel að fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins og raforkuviðskipti þeirra og gjaldskrár gagnvart notendum þeirra með þeim mun sem þar er á, miðað við ýmsa aðra notendur, gefi ekki tilefni til þess að farið verði að taka þessa raforkusölu úr höndum Rafmagnsveitna ríkisins nú sem gaf fyrirtækinu bróttóhagnað upp á nær 30 millj. kr. á síðasta ári. Því legg ég til í þessari sérstöku brtt. við ákvæði til bráðabirgða að orðalagið sé svohljóðandi í upphafi:

„Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja 33 kílóvolta háspennulínu í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur svo og raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur innan sveitarfélaga þeirra sem aðild eiga að fyrirtækinu.“

Framhaldið er síðan óbreytt frá því sem er í ákvæðinu til bráðabirgða skv. frv. Hér er sem sagt verið að undanskilja 66 kílóvolta línuna sem flytur raforkuna frá Elliðaám suður í Njarðvík og áfram inn á völlinn og þá um leið raforkusöluna inn til Keflavíkurflugvallar. Allt annað er heimilt að semja við hitaveituna, þetta nýja orkubú, um sölu á, af línum ríkisins. Þ. á m. hina stofnlínuna 33 kílóvolta og allt 33 kílóvolta kerfið sem fullnægir því eðlilega sjónarmiði að orkubú þetta geti dreift raforkunni til sveitarfélaga og annarra notenda á svæðinu. Engin hindrun er í því fólgin og skilin algjörlega hrein.

Ég vænti að þessar till. séu hv. þingdeildarmönnum ljósar og menn átti sig á því hvað hér er á ferðinni og hverjar fylgjur þess geta orðið að fella þá brtt. sem ég gerði og fylgja þeim till. eingöngu sem n. stendur að sameiginlega. Mér þætti það við hæfi að hæstv. iðnrh. skýrði hér viðhorf sín til þessara mála, til c-liðar 2. gr., að ætla að knýja fram samþykkt á því hér að þetta einkaleyfisfyrirtæki fái heimild til þess að fara að verja fjármagni sínu í áhætturekstur óskyldan raforkuframleiðslu og jarðvarmavinnslu. Ég vildi einnig fá að heyra frá hæstv. ráðh. eitthvað um það, hvernig hann ætlar að bæta Rafmagnsveitum ríkisins það tekjutap sem við blasir, a. m. k. nú og á næstu árum, eftir að svona samningur hefði verið gerður, hvernig hann hyggst standa að því. Það er sannarlega áhyggjuefni að hæstv. ráðh. hefur gefið yfirlýsingar um að svipta Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða mjög fljótlega því verðjöfnunargjaldi af raforku sem hefur gert Rafmagnsveitunum kleift að draga úr miklum mismun á gjaldskrám gagnvart notendum sínum miðað við það sem gerist hjá rafveitum sveitarfélaga.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka iðnn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Hv. 5. þm. Austurl. gat þess að ég hefði lýst því yfir að ég hygðist svipta Orkubú Vestfjarða og RARIK framfærslu sem þessi fyrirtæki hafa haft af verðjöfnunargjaldi. Till. mín er skýr og hana kunna væntanlega allir sem vilja kunna. Ég skipaði nefnd til þess að endurskoða verðjöfnunargjald af raforku með það fyrir augum að lækka það eða afnema það með öllu, enda yrði fyrir fjármálum RARIK og Orkubús Vestfjarða séð. Þetta er bókað og þarf ekki að hafa fleiri orð um.

Ef ætlunin er að stofna orkubú víðs vegar um landið, sem ég hef áhuga á og raunar liggur fyrir þáltill. um orkubú Suðurnesja, þá held ég að hyggilegt sé að menn hafi a. m. k. heimildir til að viðkomandi orkubú nái yfir öll þau atriði sem til þess friðar heyra og þar með talið t. a. m. góður kaupandi eins og Keflavíkurflugvöllur er talinn. Ef svo stendur á að mönnum sýnist álitlegur orkukaupandi á einhverju því svæði þar sem menn

hyggjast setja á fót sjálfstæða orkuveitu er lítt við hæfi að skerða hagsmuni þess væntanlega fyrirtækis sem því nemur. Orkuveitu Suðurnesja væntanlegri eða hitaveitu, eins og hún verður kannske nefnd og er nefnd, er fulltreystandi til þess að semja við þennan aðila um orkusölu til staðarins. En það liggur alveg ljóst fyrir að það verður gífurlega dýrt fyrirtæki fyrir orkuveituna að ráðast í að kaupa línurnar og söluna til þessa svæðis, án þess að ég hafi nokkur tök á að geta mér til um slíkar fjárhæðir. Ef það er rétt, sem hér er haldið fram — að vísu var sú tala brúttó — að þessi sala til Keflavíkurflugvallar hefði gefið af sér 29 millj. á síðasta ári þá geta menn séð að þegar sala fer fram á slíkri aðstöðu til lengri tíma verður engar smáfjárhæðir um að tefla.

Það verður ekkert gefið í þeim samningum, sem hafnir verða að þessu frv. samþykktu, við orkuveitu eða Hitaveitu Suðurnesja. Það er mikið verkefni fram undan að semja í fyrsta lagi um yfirtöku hitaveitunnar á séreignum hitaveitna sveitarfélaga þar syðra, sex saman, og síðan við Rafmagnsveitur ríkisins vegna tveggja flutningslína sem þær eiga frá Elliðaám og þangað suður eftir. Þetta er mikið verk.

Eins er það, sem getur um í þessum c-lið og hv. 5. þm. Austurl. gat um, að ég sé enga ástæðu til þess að hindra sjálfstæði þessa fyrirtækis ef forráðamenn þess vildu ráðast í fleira en einvörðungu öflun og sölu orkunnar einnar. Ég sé enga ástæðu til þess að skerða athafnafrelsi þess ef þeir vildu hafa rýmra um hendur og þess vegna er þetta þann veg úr garði gert eins og þarna má lesa.

Ég er alveg viss um það að ég þarf ekki að gegna núverandi embætti lengi til þess að eiga fleiri erindi svipaðs eðlis til hins háa Alþingis. Það er áhugi á því víða um sveitir að á þetta ráð verði brugðið, að stofna orkubú, orkuveitur landshlutanna. Ég get nefnt áhuga um Borgarfjörð þar sem gamla Andakílsárvirkjunarsvæðið er, ég get nefnt Skagafjörð, sameiningu Rafveitu Sauðárkróks og Skagafjarðar, Eyjafjörð, Suðurland. Þetta er það a. m. k. sem ég get nefnt sem dæmi um svæði þar sem áhugi vakir á að á þessi ráð verði brugðið og ég hef eindreginn áhuga á þessari valddreifingu.

Rafmagnsveitur ríkisins verða nauðsynlegur þáttur í okkar búskap um langan aldur, á því er ekki nokkur minnsti vafi. Það er enginn vafi á því að ýmis héruð verða kannske ávallt ómegnug þess að taka þessi mál í sínar hendur og enginn ætlar, og síst ég, að neyða neinu upp á sveitarfélögin sem þarna verða í fyrirsvari væntanlega alfarið, það er ekki mín ætlan. En eins og ég segi: Hér greinir menn ekki á í stærstu dráttunum. Hér er aðeins um minni háttar atriði að tefla varðandi stofnun þessa orkubús þótt orkusalan til Keflavíkurflugvallar hljóti að vísu að teljast allveigamikill þáttur. Orkustofnun skilaði alllangri álitsgerð til nefndarinnar, sem ég hef lesið. Rafmagnsveitur ríkisins tala um það í bland að það hafi nú ekki allt verið hreinn gróði af rekstri Rafmagnsveitnanna á þessu svæði, en Orkustofnun tekur að sér að ganga undir ímynduðum hagsmunum Rafmagnsveitnanna í gríðarlega löngu máli sem ég geri mátulega mikið með.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umr. varð ágreiningur í iðnaðarnefnd um tvö atriði varðandi þetta mál. Hið fyrra snertir hugsanlega möruleika Hitaveitu Suðurnesja til að nýta jarðgufu og jarðvatn, þ. e. heitt grunnvatn, til annars en beinnar orkuframleiðslu. Hitt atriðið snertir sölu Rafmagnsveitna ríkisins á Keflavíkurflugvöll og hvernig fara skuli með þær línur sem notaðar eru til þeirrar sölu. Að öðru leyti var samkomulag um þetta mál. Ég lít því á það sem samkomulag í nefndinni og vonandi hér á hv. Alþingi að stofna til fyrirtækis sem er eins konar orkubú Suðurnesja þótt af hagkvæmnisástæðum hafi þótt rétt að gera það í því formi að Hitaveita Suðurnesja haldi sínu nafni en yfirtaki starfsemi sem orkubúið að öðru leyti hefði gert, þ. e. framleiðslu á rafmagni og dreifingu. Ég vil hins vegar aðeins fjalla örlítið um þessi ágreiningsefni en skal þó ekki gera það í löngu máli.

Hv. 5. þm. Austurl. hefur lagt til að sá liður þessa lagafrv. falli á brott sem kveður á um að hitaveitan geti hugsanlega tekið þátt í annars konar fyrirtækjum en beinni orkuframleiðslu. Ég get fallist á það sjónarmið að ekki sé eðlilegt að slík orkufyrirtæki fari að hefja almennan atvinnurekstur í stórum stíl. Hins vegar vil ég á engan hátt útiloka það að slík fyrirtæki geti tekið þátt í rekstri eða stuðlað að því að rekstur hefjist inni á orkuveitusvæði þess sem t. d. hefur í för með sér mikla orkunotkun og gæti því til langframa orðið til þess að efla hag orkubúsins. Ég er þess vegna fjarri því að vera sammála því áliti sem orkumálastjóri lét frá sér fara í sinni grg. og tel reyndar að það sé á misskilningi byggt og ekki rétt með farið í öllum greinum. Það er nefnilega algengt að orkufyrirtæki landsins taki þátt í slíkum rekstri. Ég nefni t. d. að Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur um langt árabil átt og rekið klak- og laxeldisstöð, ýmist rekið þessa stöð ein eða leigt hana út til einkaaðila, það hefur verið mismunandi form á því eftir árum. Hér er því ekki verið að gefa neitt fordæmi sem ekki er til annars staðar. Ég hygg að ýmis önnur orkufyrirtæki landsins, einkum rafveitur, hafi tekið þátt í slíku. Ég minni t. d. á að Landsvirkjun hefur byggt klakstöð hér austur í sveitum sem er liður í samningum við bændur um bætur vegna veiðitruflana á vatnasvæði Landsvirkjunar. Ég tel þess vegna útilokað að við förum að samþykkja hér á Alþingi ákvæði sem fæli í sér bann við því að orkufyrirtæki tækju þátt í slíkum rekstri. Mér er kunnugt af viðtölum við forsvarsmenn Hitaveitu Suðurnesja að það eru einmitt fyrst og fremst slík tilvik sem þeir hafa í huga þegar þeir vilja gjarnan hafa þessa heimild. Komið hefur til orða að hefja t. d. í stórum stíl laxeldi á Reykjanesi og mér finnst ekkert óeðlilegt að Hitaveita Suðurnesja að einhverju leyti gæti komið inn í þá mynd, jafnvel með einhverjum byrjunarfjárframlögum til þess að stuðla að því að slíkur rekstur geti komist á og stuðlað þar með að því að aukin orkusala verði í framtíðinni frá þessu fyrirtæki. Þetta vildi ég að kæmi fram og þess vegna er ég andvígur þeirri brtt. sem hv. 5. þm. Austurl. hefur lagt fram í þessu máli.

Hitt ágreiningsefnið varðar Rafmagnsveitur ríkisins og þann ágóða sem þær hafi af því að selja til Keflavíkurflugvallar. Því er haldið fram að þann ágóða megi ekki taka af Rafmagnsveitunum með því að væntanlegt orkubú eða Hitaveita Suðurnesja tæki við þeim línum sem nú flytja þetta rafmagn inn á Keflavíkurflugvöll gefi í hreinan ágóða 28 millj. kr., eins og fram kom frá hv. 5. þm. Austurl. Í samningum milli Raf-

magnsveitna ríkisins og varnarliðsins um sölu á rafmagni til Keflavíkurflugvallar er beinlínis reiknað með því að þessar stofnlínur, sem eru orðnar lélegar og allir vita að eru orðnar lélegar og þarfnast endurnýjunar, verði endurnýjaðar innan skamms og inn í söluverðið á rafmagninu er lagður kostnaður við að endurbyggja þessar línur. Varnarliðið greiðir m. ö. o. fyrirframgreiðslu upp í væntanlegan stofnkostnað þessara lína. Það er svo aftur mál, sem þarf auðvitað að athuga betur, hvort Rafmagnsveitur ríkisins líti á þetta sem hreinan ágóða og noti það almennt í sinn rekstur. Hins vegar er ljóst að þessi samningur er þannig uppbyggður og ef til þess kemur — ég undirstrika: ef til þess kemur — að þessar línur yrðu seldar til annars aðila, hvort sem það er Hitaveita Suðurnesja eða einhver annar aðili, þá hlýtur að þurfa að reikna með því inni í söluverðinu að búið er að greiða inn í rafmagnsverðið svo og svo mikið upp í stofnkostnað væntanlegrar nýrrar línu úti á Reykjanesi, sem yrði þá sennilega 132 kílówatta lína. Þetta finnst mér að við þurfum að hafa mjög glögglega í huga þegar við tölum um þetta og þess vegna er ég jafnframt andvígur þessari brtt. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Ég er í megindráttum þeirrar skoðunar að ef stofnað er orkubú á einhverju ákveðnu landsvæði, hvort sem það eru Vestfirðir, Suðurnes eða annars staðar á landinu, þá eigi það orkubú að sitja að rafmagnssölu á öllu sínu svæði en eigi ekki að vera að búta það niður og taka einhverja ákveðna hluta út úr sem taldir eru sérstaklega hagstæðir og láta öðrum aðilum eftir að halda áfram þeirri sölu. Ég hygg að á annan hátt verði þessum orkubúum ekki komið á fót og þau gætu þá ekki styrkt sig eðlilega sem arðbær fyrirtæki. Það er svo aftur saga út af fyrir sig, sem er rétt að vekja athygli á hér á hv. Alþingi og við hljótum að taka eftir, að það er Alþb. sem vill halda dauðahaldi í ímyndaðan gróða af rafmagnssölu til Keflavíkurflugvallar. Það er atriði sem mér finnst vert að benda á og nauðsynlegt að þm. íhugi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Já, það snýr dálítið einkennilega þetta mál þegar till. fulltrúa Alþb. í þessu efni snúast aðallega um það að ná peningum af raforkusölu til Keflavíkurflugvallar en tillögur fulltrúa Sjálfstfl. ganga í þveröfuga átt. En það er líka annað atriði sem er einkennilegt í þessu og það er það að þeir, sem eru að keppast við að selja ríkisfyrirtæki þessa dagana, leggja áherslu á það í málflutningi sínum að rétt sé að ríkið standi að stofnun atvinnurekstrar af einu eða öðru tagi í tengslum við þetta fyrirtæki sem það á meiri hluta í eða stóran hlut í. Þannig er röksemdafærslan eiginlega þvert á það sem maður hefur átt að venjast hér: Þeir sem vilja selja ríkisfyrirtækin vilja jafnframt fá að stofna þau, þeir sem vilja ekki selja þau vilja ekki að þau verði stofnuð. En þetta er í rauninni ekki aðalatriði málsins.

Mér sýnist fulllangt seilst þegar menn gera ráð fyrir því að í orðalaginu „nýting á jarðgufu og heitu grunnvatni“ eigi að felast yfirlýsing um það að farið verði út í almennan atvinnurekstur. Hvar ætla menn þá að draga mörkin um það? Er þá ekki allur atvinnurekstur á Íslandi nýting á varma? Er ekki notaður varmi í sambandi við allan atvinnurekstur á Íslandi? Ég hef enga trú á því að það hafi í rauninni vakað fyrir mönnum þegar þetta var sett hér inn í. Ég vil benda mönnum á að ríkið er það stór eignaraðili í þessu fyrirtæki að það getur ráðið æðimiklu um það í hvað verður ráðist. Mín skoðun er þess vegna sú að hér sé verið að deila um keisarans skegg og það skiptir ekki meginmáli hvort þetta orðalag verði með eða ekki. En ég sé ekki ástæðu til þess að hindra það að menn geti farið í aðra nýtingu á jarðgufu og grunnvatni en beinlínis þá sem upptalin er í stafliðum a og b. Það verður síðan að meta þegar þar að kemur, hversu skynsamlegt það er og hversu rétt sé í það að ráðast.

Annað atriði hefur hér valdið ágreiningi og það er spurningin um sölu á háspennulínum í eigu Rafmagnsveitna ríkisins til þessa fyrirtækis. Hér liggur fyrir brtt. um það að einungis sé heimilt að selja aðra línuna. Ég vil vekja athygli manna á því að þessar línur liggja samhliða og ég er hræddur um að það líti dálítið ankannalega út þegar þær bila ef kemur einn vinnuflokkur sunnan að og annar innan að til þess að gera við bilun sem er kannske á sömu slóðum. Ég er hræddur um að menn tapi þar af mögulegri samnýtingu starfskrafta og hagkvæmni sem væri möguleg með því að báðar línurnar séu í eigu sama aðila. Ég vil vekja athygli á því í sambandi við stofnun þessa fyrirtækis — því ég lít eiginlega á þetta sem fyrirtækisstofnun þó að hér sé einungis um útvíkkun á starfssviði að ræða — að þrátt fyrir það að þetta landsvæði liggi svo nærri höfuðborgarsvæðinu sem raun ber vitni hefur eign Rafmagnsveitna ríkisins á þessum línum þýtt það að hvergi á landinu hefur raforkuverð verið hærra en einmitt hjá rafveitum þarna vegna þess að afgjaldið fyrir það að flytja raforkuna þessa leið hefur verið svo hátt. Það hefur verið lagt á verðjöfnunargjald til þess að greiða niður verð á raforku hjá Rafmagnsveitum ríkisins og hjá Orkubúi Vestfjarða og þetta verðjöfnunargjald hefur leitt það af sér, ásamt því háa gjaldi sem hefur verið tekið fyrir að flytja raforkuna þessa stuttu leið, að raforkuverð hefur orðið hærra hjá rafveitum þarna suður frá sem hafa ekki notið verðjöfnunargjaldsins. Ég held því að það sé einsýnt í þessu máli með tilliti til hagkvæmni að heimildin sé fyrir hendi til þess að selja báðar línurnar, það verða langtum hreinni skil í öllum tilvikum, það eykur rekstrarhagkvæmni. Og ég held að forsaga málsins kenni mönnum að búið sé að fara nógu djúpt í vasana á fólki á þessu svæði út á þær línur sem hér um ræðir.

Eitt er það ákvæði enn sem iðnn. flytur brtt. um. Hún er um það að heimild Hitaveitu Suðurnesja til þess að virkja jarðvarma til raforkuframleiðslu sé háð því skilyrði að áður hafi verið gerður samrekstrarsamningur við Landsvirkjun. Nú eru samrekstrarsamningar af hinu góða, ekki er um það að efast, en mér finnst dálítið ankannalegt að setja það í lög að það sé háð skilyrðum um samninga við önnur fyrirtæki að menn geti farið í virkjanir. Að vísu er hér gert ráð fyrir að iðnrh. skeri úr ef ágreiningur kemur upp, en mér finnst þetta ákvæði heldur ankannalegt þó að ég vilji ekki láta það skipta sköpum í þessu sambandi, ekki láta það standa í vegi fyrir því þjóðþrifamáli sem hér er verið að flytja. En ég hefði kosið að iðnn. hefði hugað betur að þessu og gengið betur frá þessum hnútum þannig að árekstrar milli tveggja fyrirtækja í greininni gætu ekki staðið í vegi fyrir því að hagkvæmar virkjanir væru valdar.

Ég segi þetta vegna þess að mér hefur oft fundist að einmitt í þessari grein, raforkugreininni, hefðu fyrir-

tækin alveg sérstakt lag á því að koma sér upp á kant hvert við annað og koma samningamálum sínum í hnút og ég er ekki viss um að það hafi elst af fyrirtækjum í greininni ennþá. Ég ætla að vona að jafnvel þó að þetta ákvæði verði samþykkt verði það ekki til þess að mál þurfi að fara í hnút. En ég er ekki ánægður með þetta ákvæði, eins og ég segi, þó að ég vilji ekki að það skipti sköpum um örlög þessa frv.

Herra forseti. Ég held að ekki sé ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að þetta fyrirtæki geti farið í aðra nýtingu en á jarðgufu og heitu grunnvatni. Ég held að sjálfsagt sé að samþykkja þetta eins og meirihluti n. leggur til um það að heimilt sé að selja línurnar tvær en ekki helminginn af þeim. Að lokum vil ég láta í ljós ánægju mína með að þetta frv. skuli vera komið þetta langt því að ég trúi því að í því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, felist veruleg hagkvæmni og að hér sé um að ræða sanngirnismál fyrir þessi byggðarlög sem þau muni vel njóta.

Umr. frestað.

Neðri deild, 91. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 90. fundi.

Stöðvun verkfalls Félags íslenskra atvinnuflugmanna, frv. 363. mál (þskj. 922). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur nú á þessu vori tvívegis boðað til vinnustöðvunar þeirra félagsmanna sinna er starfa hjá Flugleiðum. Fyrri vinnustöðvunin skyldi vara dagana 11. og 12. maí s. l. Þeirri vinnustöðvun var þá aflýst með innan sólarhrings fyrirvara og jafnharðan boðað til nýrrar, er vara skal dagana 18., 19. og 20. maí n. k.

Ljóst er að slík verkfallsboðun ein sér hefur í för með sér víðtækt og varanlegt tjón í atvinnugrein sem er jafnviðkvæm og flug- og ferðamannaþjónusta. Endurteknar verkfallsboðanir fámennra hópa eru til þess fallnar að valda þúsundum ferðamanna erfiðleikum, skerða nauðsynlegar samgöngur eyþjóðar við önnur lönd og ógna atvinnuhagsmunum þeirra starfsmanna er byggja afkomu sína á þjónustu við ferðamenn.

Af fyrri reynslu er ljóst að stöðvun stærsta hluta farþegaflugsins eða endurteknar hótanir þar um geta valdið því að fjöldi ferðamanna, sem hafa ætlað að ferðast til Íslands á sumri komanda, breytir áætlunum sínum. Slíkt ástand leiðir einnig af sér verulega skert traust á íslensku áætlunarflugi og stefnir í voða árangri af víðtæku erlendu kynningarstarfi á Íslandi sem ferðamannalandi. Vinnudeila Flugleiða og Félags ísl. atvinnuflugmanna teflir því mun víðtækari hagsmunum í tvísýnu en þeirra sem í deilu eiga, þ. á m. hagsmunum þeirra þúsunda launþega er með einum eða öðrum hætti vinna við ferðamannaþjónustu hér á landi.

Vinnudeila þessi hefur nú um hríð verið í höndum ríkissáttasemjara sem haldið hefur nokkra fundi með deiluaðilum en án árangurs. Í samtali við ríkissáttasemjara í morgun taldi hann mjög ólíklegt að samkomulag næðist með deiluaðilum og raunar vonlaust eins og málin standa nú.

Það er stefna ríkisstj. að samningar stéttarfélaga séu í öllum meginatriðum innan þess ramma sem Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafa samið um. Nú er það hins vegar ljóst að kröfur FÍA liggja langt utan þess ramma.

Til þess að fyrirbyggja að FÍA geti með verkföllum knúið fram óraunhæfa kröfugerð sína og til verndar mikilvægum hagsmunum fyrirtækja og starfsmanna á sviði ferðamannaþjónustu er þetta frv. hér með lagt fyrir Alþingi.

Flugmenn Flugleiða hafa lagt fram kröfur um verulegar launahækkanir og aðrar kjarabætur, er ganga langt umfram það sem að undanförnu hefur verið samið um við aðrar starfsstéttir hér á landi. Flugleiðir hafa samþykkt að bjóða flugmönnum hliðstæðar kjarabætur og felast í almennum samningi ASÍ og VSÍ, en þessu hafa flugmenn hafnað og boðað til verkfalls til að leggja áherslu á sína kröfugerð. Með slíkum verkföllum er ekki aðeins stefnt í hættu íslenskum flugrekstri, sem hefur átt í verulegum fjárhagserfiðleikum undanfarin ár, heldur einnig afkomu almennrar ferðaþjónustu hér á landi.

Það er ljóst að erlendir ferðamenn, sem íhugað hafa ferðir til Íslands á þessu sumri, munu leita á aðrar slóðir ef þeir reka sig á truflanir í flugsamgöngum við landið. Áhrif slíkra truflana ná í reynd ekki aðeins til komandi sumars, heldur einnig til hugsanlegra ferða síðari ár. Yfirgnæfandi hluti þeirra erlendu ferðamanna, sem koma til Íslands, kemur með flugvélum og á s. l. ári er talið að 84% allra erlendra ferðamanna til Íslands hafi komið með flugvélum Flugleiða.

Í íslenskum flugrekstri er mikill árstíðamunur, sem jafnframt hefur afgerandi áhrif á fjárhagsafkomu flugfélaga. Þannig er yfirleitt tap á rekstri Flugleiða sjö mánuði ársins, en þetta tap þarf að vinna upp yfir fimm mánuði sumarsins eða frá maí til september. Allar truflanir í rekstri, sem upp koma á þessum tíma, skerða því möguleika félagsins á að halda uppi eðlilegri starfsemi allt árið um kring, þ. á m. að geta haldið í starfi öllu sérþjálfuðu starfsliði sínu yfir vetrarmánuðina.

Á undanförnum árum hafa verið gífurlegir fjárhagslegir erfiðleikar í Norður-Atlantshafsfluginu, m. a. vegna óheftrar samkeppni um það bil 40 áætlunarflugfélaga og fjölda leiguflugfélaga sem bjóða þjónustu á þessum markaði. Flugleiðir búa að sínu leyti við lakari kost vegna millilendinganna á Íslandi, sem m.a. lengja flugleiðina milli Lúxemborgar og Bandaríkjanna um ca. 10% borið saman við beint flug samkeppnisfélaganna. Með hliðsjón af þjóðhagslegu mikilvægi þessarar starfsemi hafa stjórnvöld í Lúxemborg og á Íslandi veitt félaginu fjárhagslegan stuðning á undanförnum árum, er m. a. hefur falist í eftirgjöf lendingargjalda Norður-Atlantshafsflugsins í Lúxemborg og Keflavík.

Vegna væntanlegrar gildistöku nýrra reglna í Bandaríkjunum um næstkomandi áramót, er fela í sér kvöð um endurnýjun eða breytingu á núverandi flugvélakosti Flugleiða, eru fram undan hjá félaginu mjög fjárfrekar aðgerðir. Ef félagið á enn að geta haldið sínum hlut á Norður-Atlantshafsleiðinni eða jafnvel aukið hann ber

brýna nauðsyn til að starfsemi geti haldið áfram óskert og farþegar glati ekki tiltrausti sínu til íslensks áætlunarflugs.

Hjá Flugleiðum eru nú starfandi 118 flugmenn, en samtals eru nú hjá félaginu 1400 starfsmenn. Flugmenn eru því um 8% starfsmanna, en geta með verkfalli sínu stöðvað allt flug á þess vegum auk þess sem afkomu almennrar ferðaþjónustu er stefnt í stórhættu. Með tilliti til þess hversu íslenskt þjóðlíf er háð flugsamgöngum geta stjórnvöld ekki látið það afskiptalaust að tiltölulega fámennir starfshópar lami slíka starfsemi með verkföllum, sem ætlað er að þrýsta á samþykkt krafna er ná langt út fyrir það sem aðrir þegnar landsins hafa nú þegar samið um.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í ítarlegan samanburð á kröfum Félags ísl. atvinnuflugmanna eða viðbrögðum Flugleiða við þeim. Ég held að við gerum ekkert gott í sambandi við afgreiðslu þessa máls að fara að rifja það upp eða yfirlýsingar beggja aðila að undanförnu.

Þetta frv. gerir ráð fyrir að Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem skal fyrir 15. júní n. k. ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Félags ísl. atvinnuflugmanna sem starfa hjá Flugleiðum. Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins. Kjaradómurinn setur sér starfsreglur og aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða og FÍA.

Þá er ákvæði um það að kjaradómurinn skuli við ákvörðun kaups og kjara flugmanna hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðast gildandi kjarasamning aðila og þær almennu kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa skv. kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Verkbönn, verkföll, þ. m. t. samúðarvinnustöðvanir, eða aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála, eru óheimilar.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð miklu fleiri. Það má eðlilega deila um hvort nafnið á þessu frv. sé það eina og sanna. Sú nefnd sem fær málið til meðferðar mætti alveg eins breyta fyrirsögn frv. í þá átt að hér sé um frv. til l. um kjaradóm, kaup og kjör flugmanna að ræða í staðinn fyrir stöðvun verkfalls Félags ísl. atvinnuflugmanna, en þetta eru tveir höfuðkjarnarnir í þessari lagasetningu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn. Ég vænti þess að samvinna geti tekist á milli allra flokka í Alþingi um að greiða fyrir afgreiðsla þessa máls, þannig að það geti farið í gegnum Alþingi á þessum degi, því að það er þegar orðið mjög skammt í það verkfall sem Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur boðað til og mundi verulega skerða flutninga til og frá landinu og flutninga á milli Bandaríkjanna og meginlands Evrópu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem lög eru sett vegna kjaradeilu þessara sömu aðila. Það má segja að myndast hafi hefð um að kjaradómur sé a. m. k. yfirvofandi þegar um þessi mál er fjallað. Ég tel að vitneskjan um það að óbilgjörn afstaða samningsaðila muni leiða til þess að lög eru sett og kjaradómur valdi því að í óefni er stefnt. Þetta veldur því að settar eru fram óaðgengilegar kröfur sem menn hreinlega vita að muni aldrei ná fram að ganga. Það fara ekki fram raunverulegar samningaumleitanir og menn bíða þess hreinlega að málið fari í dóm. Á þennan hátt eru samningsaðilar losaðir undan þeirri ábyrgð að semja eins og ábyrgir og frjálsir menn um sín kjör.

Ég tel að þau afskipti, sem ríkisstj. hefði átt að hafa af þessu máli, hefðu þvert á móti átt að vera þau að lýsa því yfir að ekki kæmi til greina að setja lög um kjaradóm. Þá hefðu menn frá byrjun staðið frammi fyrir því að þeir þyrftu að semja. En það andrúmsloft sem hefur skapast í kringum þessa samningsgerð veldur því að menn vita að með þófi og kannske óbilgjörnum fáránlegum kröfum er málinu stefnt þannig að þeir losna á endanum við að þurfa að taka ábyrga afstöðu til málsins, eru settir í dóm og geta síðan eins lengi og hver vill skipst á skoðunum um hversu góð útkoman hafi verið. Ég reikna fastlega með að samningar í þessu máli hefðu tekið aðra stefnu undanfarnar vikur ef þessi vitneskja hefði legið fyrir frá byrjun.

Þetta leiðir náttúrlega hugann að ýmsu. Þær upplýsingar, sem hér komu fram í máli hæstv. ráðh. um óvissu í flugi á Norður-Atlantshafsleiðinni og óvissa framtíð Flugleiða á þeirri leið, m. a. vegna ókosta millilendinga á Íslandi, vegna hugsanlegrar endurnýjunar flugflotans og þess háttar, eru upplýsingar sem gjarnan hefðu mátt koma fram og kannske ítarlegri í umræðum sem urðu hérna nýlega um byggingu flugstöðvar, þar sem talsmenn stjórnarandstöðunnar bentu á að það er verið að byggja flugstöð þar sem helmingur farþeganna, sem hún kemur til með að hýsa, eru þessir blessaðir transitfarþegar sem öll óvissan er um. Það endar kannske með því að við verðum um ókomin ár að koma í veg fyrir að það verði verkföll á Norður-Atlantshafsleiðinni til þess að missa ekki transitfarþegana okkar, til þess að flugstöðin okkar verði ekki tóm. En ég lýsi því sem sagt yfir fyrir hönd BJ að við erum á móti þessari lagasetningu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það mun hafa verið í fyrrakvöld að hæstv. forsrh. kom að máli við mig og greindi frá því að ríkisstj. væri með í huga að e. t. v. yrði nauðsynlegt að setja lög vegna verkfalls Félags ísl. atvinnuflugmanna sem þá var og er yfirvofandi. Það næsta sem spurðist til málsins var að inn á þingflokksfund í Alþb. í dag kom frv.-uppkast frá hæstv. samgrh., það frv. sem hér liggur nú fyrir til meðferðar.

Við í Alþb. höfum engin gögn fengið um aðdraganda þessa máls á undanförnum dögum og þann tíma sem það hefur verið til meðferðar. Ég tel að ýmislegt í aðdraganda málsins sé í rauninni afskaplega óheppilegt ef ríkisstj. vill stuðla að samstöðu um málið. Einkum og sér í lagi tel ég að yfirlýsingar eins og þær sem fram komu hjá hæstv. iðnrh. í útvarpsumr. í gærkvöld geti hvorki verið til að greiða fyrir kjarasamningum né heldur því að samkomulag takist á Alþingi eins og eðlilegt er ef stjórn ætlar að hraða í gegn máli af þeim toga sem hér er á ferðinni.

Alþb. hefur á undanförnum árum, eins og kunnugt er, staðið að setningu laga um frestun á vinnudeilum. Það gerðist árið 1979 með brbl. um frestun á vinnudeilu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna yfirmanna á farskipum og það mun hafa verið á árinu 1982 að sett voru lög um úrskurðaraðila í kjaradeilu flugmanna vegna starfsaldurslista, sem ágreiningur hafði

verið um á milli flugmanna þeirra sem starfað höfðu annars vegar hjá Flugfélagi Íslands og hins vegar þeirra sem höfðu starfað hjá Loftleiðum fyrir sameiningu fyrirtækjanna. Við teljum þess vegna að það gæti vel komið til greina þegar sérstaklega stendur á að taka á vinnustöðvun með þeim hætti að henni sé frestað um skeið, einkum þegar um er að ræða hálaunahópa sem eru að reyna í krafti sérstakrar aðstöðu að brjótast út úr þeirri almennu launastefnu sem má segja að hafi þróast eða sé að verða til í þjóðfélaginu. Ég held að það verði að horfast í augu við þann veruleika að slíkir sérmenntaðir og sérstakir hópar geta öðlast ægivald á vinnumarkaðinum og ég er ekki viss um að það sé láglaunafólki í landinu fyrir bestu að það ægivald fái að njóta sín til enda þegar menn hafa aðstöðu til þess að beita því.

Ég vil segja af okkar hálfu að við munum ekki gera neitt til að hindra eða tefja framgang þessa frv. Við tökum engan þátt í afgreiðslu þess, enda er þetta eingöngu mál ríkisstj. og hún hefur engum gögnum komið til okkar í undirbúningi málsins að undanförnu. Ég vil hins vegar mótmæla hér alveg sérstaklega þeim rökum sem hæstv. samgrh. hafði uppi í ræðu sinni í þessu efni. Rök hans voru í raun og veru þau og þannig flutt að það væri réttlætanlegt, ef menn fallast á þau, að svipta flugmenn, einkum á Norður-Atlantshafsrútunni, verkfallsrétti í eitt skipti fyrir öll. Þessi rökstuðningur samgrh. er að mínu mati í hæsta máta óeðlilegur og það er nauðsynlegt að það komi fram, a. m. k. af minni hálfu, að við tökum ekki undir röksemdafærslur af þessum toga þó að við getum tekið undir það að nauðsynlegt sé við sérstakar aðstæður að gera ráðstafanir til að fresta vinnudeilum sem geta skapað verulegan vanda þegar þannig stendur á.

Varðandi það frv. í einstökum atriðum, sem hér liggur fyrir, þá ætla ég ekki að blanda mér í umr. um einstakar efnisgreinar þess. Ég hefði þó talið að eðlilegra væri, og vildi láta það koma fram, að slíkt frv. kvæði á um frestun slíkrar vinnustöðvunar fremur en stöðvun hennar. Ég hefði talið að eðlilegra væri að tiltaka frestunartíma verkfallsins eða vinnustöðvunarinnar frekar en að láta bann við vinnustöðvunum gilda til 31. okt. 1984, eins og 8. gr. frv. gerir ráð fyrir. Mér finnst að þetta sé óeðlileg uppsetning eins og hér er í frv. og eðlilegra væri að miða við frestun í þessu efni.

Þá vil ég einnig minna á að ég tel að 4. gr. frv., ef það verður að lögum, hljóti að vera óþörf. Skv. lögum um stéttarfélög og vinnudeilur segir það sig sjálft að þegar um væri að ræða ólöglega vinnustöðvun eru samúðarvinnustöðvanir með henni óheimilar líka, ef ég kann þá löggjöf rétt. Þess vegna finnst mér að það sé óþarflega langt seilst með því að banna samúðarvinnustöðvanir einnig, eins og gert er í 4. gr. þessa frv.

Eins og ég sagði, herra forseti, munum við ekki leggja stein í götu þess að þetta mál fái skjóta meðferð í gegnum þingið. Við áskiljum okkur allan rétt varðandi afstöðu til afgreiðslu málsins þegar það kemur frá hv. samgn., sem mun fá málið til meðferðar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Alþfl. mun greiða fyrir því að þetta mál fái eins skjóta afgreiðslu og mögulegt er hér í þinginu. Öllum er vitaskuld ljóst að aðgerðir af þessu tagi eru neyðarbrauð, en menn verða stundum að éta það brauð. Við munum skoða þetta mál í nefnd og áskilja okkur rétt til að skila endanlegri afstöðu eftir að upplýsingar hafa komið fram í nefndinni.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það að þetta frv. kveður ekki á um bann við verkföllum Félags ísl. atvinnuflugmanna, heldur er hér gert ráð fyrir að hlutlaus aðili, eða Hæstiréttur, tilnefni þrjá menn í kjaradóm sem á að skila áliti fyrir 15. júní 1984 og ákveða þar með kaup og kjör þeirra félagsmanna í Félagi ísl. atvinnuflugmanna sem starfa hjá Flugleiðum. Skv. 8. gr. frv. eiga þessi lög að öðlast þegar gildi við samþykkt þeirra hér á Alþingi og gilda til 31. okt. 1984. Þetta eru því tímabundin lög, sem eiga að tryggja að eðlileg starfsemi félagsins geti átt sér stað á þessu sumri eða svokölluð sumarvertíð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til samgn. með 32 shlj. atkv.

Neðri deild, 92. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 91. fundi.

Hitaveita Suðurnesja, 271. mál (þskj. 520, n. 886, 887,892). — Frh. 2. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það kom fram í máli hæstv. iðnrh. að hann mundi flytja fleiri frv. í þessum dúr á næstunni og ætla má að það sem verið sé að gera sé á margan hátt stefnumarkandi. Nú fagna ég því að þetta frv. liggur hér fyrir, þó að ég hafi tvær aths. við það að gera sem hér er lagt til.

Sú fyrri er að ég tel fáránlegt að leggja til að ganga þurfi frá einhverjum sérstökum samrekstrarsamningi til þess að Hitaveita Suðurnesja megi hefja raforkuframleiðslu. Ég fæ ekki séð annað í fljótu bragði en að Landsvirkjun sé sæmilega tryggð sem eini aðilinn sem gæti selt þessu fyrirtæki raforku þó að hún þurfi ekki líka að hafa inni heimildir um að viðkomandi fyrirtæki megi ekki fara af stað með raforkuframleiðslu. Fæ ég ekki séð hvaða rök mæla með því að standa þannig að málinu.

Annað atriði sem vekur undrun mína er það, hvers vegna menn telja sjálfgefið að Keflavíkurflugvöllur sé þarna inni í. Nú má gera ráð fyrir að ýmis orkubú verði stofnuð án þess að þau selji öllum aðilum á sínu svæði raforku. Og ég tel heldur léttvæg rök hv. 3. þm. Reykn. þegar hann heldur því fram að það sé til þess að fyrirbyggja að tveir vinnuflokkar, annar komi að sunnan og hinn úr Reykjavík, hittist og séu að gera við línur hvor hjá sínum aðilanum á sama tíma. Þeir gætu myndað samrekstur eða samning um viðgerð á línunum. Það er ekkert vafaatriði að hægt er að koma því skynsamlega fyrir.

En spurningin er þessi: Ef t. d. álver er inni á svæði þar sem orkubú er stofnað af þessari tegund og talinn álitlegur kaupandi — það er ekki skrýtið þótt hæstv. iðnrh. strjúki sér um höfuðið því að spurningin getur

verið nærtæk og komið fyrir á næstunni — er þá gert ráð fyrir að hinn álitlegi kaupandi verði hafður innan þessa notendahóps og má gera ráð fyrir að álverið í Straumsvík verði t. d. fært undir þessa raforkusölu, sem er þó eitt af því sem hvarflar að manni að muni vera á landamærunum þó ekki sé meira sagt? Ég er þeirrar skoðunar, að meðan sú starfsemi sem fer fram á vellinum heyrir undir utanrrh. sé það nokkuð mótað af íslenskum stjórnvöldum að það sé ekki sjálfgefið að sú byggð sem þar sé sé partur af sveitarfélögunum á Suðurnesjum. Ég fæ ekki séð á hvaða forsendum, þar sem tvær línur eru suður eftir, önnur til að þjóna vellinum og hin til að þjóna hinni almennu byggð, eigi nauðsynlega að taka ákvörðun um að selja þær báðar. Mér finnst að hér hafi verið um nokkuð mikið fljótræði að ræða og menn hafi ekki sest niður og hugleitt það til enda að í sjálfu sér er völlurinn hluti af þessari veitu. Seljendur raforkunnar hafa mjög góða aðstöðu til að skammta honum raforkuverð að staðaldri rétt undir því verði sem það kostar að framleiða raforku með olíu.

Nú hefur það komið hér fram og því var ekki nógu trúlega mótmælt af hv. 4. þm. Reykv. að viðskiptin við völlinn hafa verið mjög ábatasöm fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og það er ekki rétt að báðar þær háspennulínur sem liggja suður eftir séu gamlar. Önnur línan er mjög nýleg og var byggð beinlínis vegna orkusölunnar á vellinum. Raforkuverðið var sett af þeirri ástæðu að því var ætlað að greiða niður þá línu á skemmri tíma en líftími línunnar er. Þetta er ekkert nýtt í raforkukerfinu. (Gripið fram í.) Ég hygg að hér gæti dálítils misskilnings um minn aldur, en geri það ekki að deilumáli að þessu sinni. — Ég vil aftur á móti spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort gera megi ráð fyrir þeirri niðurstöðu að þegar Sunnlendingar mynda sitt orkubú, sem vonandi verður, yfirtaki þeir raforkuframleiðsluna á Þjórsársvæðinu, sem er að sjálfsögðu inni á þeirra svæði, og njóti þeirra jarðgæða sem Suðurland býður upp á og jafnframt hvort vænta megi þess að Austfirðingar, þegar þeir myndi sitt orkubú, fái öll þau vatnsföll sem arðgæfust eru á Austurlandi ásamt glæsilegustu sölumöguleikunum, m. a. til þeirrar verksmiðju sem þar á að rísa. Þetta þykir mér eðlilegt að komi hér fram því að það mundi auðvelda mönnum ákvarðanatökuna um hvort það sé sjálfgefið að Keflavíkurflugvöllur sé kaupandi frá Hitaveitu Suðurnesja. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara þeim spurningum sem hér hefur verið til hans beint, en þær varða mjög þá stefnumörkun sem hér er verið að fjalla um.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að gera nokkrar aths. við það sem hér kom fram í máli hæstv. iðnrh., hv. 4. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykn. áðan varðandi þetta mál.

Það kom í fyrsta lagi fram hjá hæstv. iðnrh. að hann gerir næsta lítið úr umsögn þess aðila sem lögum skv. á að vera aðalráðgjafi ríkisstj. í orkumálum. Hann hafði hér uppi glósur um umsögn Orkustofnunar og orkumálastjóra sem barst iðnn. þessarar deildar á þremur og hálfri blaðsíðu og viðhafði niðrandi ummæli um þessa umsögn stofnunarinnar. Það er nokkuð sérstakt að ráðh. þessara mála skuli telja sig hafa efni á því að kasta úr þessum ræðustóli órökstuddum glósum um helsta lögboðinn ráðgjafa ríkisstj. í orkumálum. Og hann svarar ekki einu orði efnislega röksemdafærslu sem fram kemur í umsögn Orkustofnunar um svo þýðingarmikið atriði sem það hvort aðila sem veitt er einkaleyfi til orkusölu skuli heimilað að fara að hætta fjármagni sínu út í óskyldan rekstur, áhættufyrirtæki sem nýta orkuna, hvort sem það eru iðjuver, eldisfyrirtæki, fiskeldisfyrirtæki eða heilsuræktarstöðvar eða eitthvað annað. Hann hefur ekki fyrir því að koma með nokkur rök í því máli og ætlar bara að stikla yfir það sem Orkustofnun segir í umsögn sinni sem mál sem ekki sé athugunarvert. Hér er um að ræða grundvallaratriði sem löggjafinn þarf að hafa í fullum heiðri að dómi Orkustofnunar. (**HBl:** Er þetta nú ekki ofsagt?)

Ég vil vekja athygli á því að það er nokkuð sérstakt, það er ekki bara einfalt mál, að veita tilteknum aðilum einokun til starfsemi. Ég hélt nú að hv. þm. Sjálfstfl. gæfu kannske aðeins gaum að því hvað verið er að gera með því að veita einokun til tiltekinnar starfsemi. Það hefur þó mátt heyra það stundum hjá þessum aðilum að þeir væru að finna að því að fyrirtæki fengju slík réttindi og misnotuðu slíkt. Hvers eiga þeir kaupendur orku á Suðurnesjum, hvort sem það er heitt vatn eða rafmagn, að gjalda að búa við að fyrirtæki sem á að selja þeim orkuna geti staðið í óskyldum áhætturekstri sem haft getur mikla þýðingu fyrir þróun orkuverðsins, ef illa tekst til, leitt til þess að þetta einokunarfyrirtæki fari að hækka orkuverðið vegna þess að það hafi tapað á öðrum óskyldum rekstri? Er virkilega stefna hæstv. iðnrh. að heimila einokunarfyrirtækjum í orkusölu í landinu, en iðnrh. veitir leyfi til slíkrar einokunarstarfsemi lögum skv., að fara út í óskyldan áhætturekstur, t. d. í loðnubræðslu á Suðurnesjum, það er komin ein slík þar, heilsuræktarstarfsemi, fiskeldisfyrirtæki eða í magnesíumvinnslu, þar sem þörf er á jarðvarma og raforku og hefur verið til umræðu að hugsanlega risi slíkt stórfyrirtæki upp á Suðurnesjum síðar? Er þetta skoðun ráðh. og vill hann þá ekki gera svo vel að koma hér og rökstyðja hana og skýra hvers vegna hann lætur sér nægja að kasta glósum úr þessum ræðustól, lítillækkandi glósum um helsta lögboðinn ráðgjafa ríkisstj. í orkumálum? Þetta er maðurinn sem stóð í gærkvöld í þessum stól og tilkynnti þjóðinni að hún mætti eiga von á því innan skamms að reist yrðu þrjú álver á Íslandi, þrjú álver. Það voru fregnirnar sem hæstv. ráðh. hafði helst að færa úr þessum stól. Hæstv. ráðh. tók alveg sérstaklega fram að að hann ætlaði sér þar með alls ekki að fara að kögra Íslandsstrendur með köldum málmblendiverksmiðjum þó að boðskapur hans þetta kvöldið væri að hér væri á döfinni að reisa á næstunni þrjú álver, við Eyjafjörð, Straumsvík og Þorlákshöfn, gerið þið svo vel. Það er von að hæstv. ráðh. finni að því þegar lögboðinn ráðgjafi ríkisstj. í orkumálum leyfir sér að senda iðnn., umbeðið, umsögn upp á röskar þrjár bls. um stofnun orkubús á Suðurnesjum, ég hlýt að vekja athygli á því, og hvernig þessi helsti hrossabrestur ríkisstj. gengur fram í sambandi við þessi efni. Hann gengur hér upp í stólinn og sveiflar sínum bresti, þrjú álver, en kemur svo daginn eftir og kastar glósum í helsta ráðgjafa ríkisstj. í orkumálum af því að sá leyfir sér að vara við hroðvirknislega sömdu frv. sem hæstv. ráðh. hefur lagt hér inn á Alþingi og ekki haft fyrir því að leita álits þessa ráðgjafa, þ. e. Orkustofnunar, áður en hann leggur það hér inn í þingið. Þá hefði það ekki komið í þessu formi. Það eru vinnubrögð og málsmeðferð af þessu tagi sem ekki er annað hægt en að

mótmæla og ef hæstv. ráðh. hefur áhuga á að koma þessu máli í gegnum þingið ætti hann ekki að ganga fram með þessum hætti.

Ég undirstrika að ég er meðmæltur því að það verði stofnað orkubú á Suðurnesjum til orkuvinnslu og orkudreifingar, en ekkert fram yfir það. Þetta einokunarfyrirtæki á ekki að fara út í óskyldan rekstur. Og það er léttvægur útúrsnúningur þegar hv. 4. þm. Reykv. kemur hér til stuðnings ráðh. og vísar á einhverja klakstöð frá gamalli tíð sem Rafmagnsveita ríkisins hafi komið sér upp við Elliðaárnar eða laxeldi austur í sveitum sem Landsvirkjun átti hlut í að koma á laggirnar sem bætur fyrir bændur. Á sama hátt gæti hv. þm. komið hér og sagt: Landsvirkjun er komin út í landbúnað, komin út í búskap því að hún var að kaupa Eiðsstaði norður í Húnaþingi sem lið í samningum um Blönduvirkjun, sem bætur skv. samningum við bændur. Hvað eruð þið að fárast yfir því þótt veitt sé lagaheimild til orkubús á Suðurnesjum til atvinnurekstrar? Landsvirkjun er komin út í landbúnað norður í Húnaþingi. — Þetta eru rökin sem þessir hv. þm. og hæstv. ráðh. koma með í þessu máli.

Það er vert fyrir hv. þm. að staldra við þegar þannig er reynt að koma hér í gegn máli og þannig reynt að afgreiða réttmæta gagnrýni í sambandi við mikilsvert mál sem varðar neytendavernd í mikilvægum atriðum.

Það er líka ástæða til þess, eins og hér var vakin athygli á af hv. 5. þm. Vestf., að gæta sín í þessu máli þegar hæstv. ráðh. kemur hér og boðar þá stefnu, sem hefur heyrst frá honum áður þó að ekki hafi það verið hér á þinginu svo að ég hafi tekið eftir, að hann ætli sér að stuðla að því að búta niður Rafmagnsveitur ríkisins sem mest, eftir því sem skilja mátti hæstv. ráðh. áðan. Hann nefndi Vesturland, hann nefndi Skagafjörð og Suðurland tók hann undir. Hvaða svæði eru það, hæstv. ráðh., sem hugmyndin er að Rafmagnsveitur ríkisins sinni og hvernig ætlar hæstv. ráðh. að fara með þann rekstur, erfiðasta reksturinn í sambandi við raforkuöflun og raforkudreifingu, þegar búið er að taka frá Rafmagnsveitum ríkisins þau svæði og þá bita sem helst er von til að geta staðið undir einhverjum sæmilegum rekstri? Ég tók eftir því að hæstv. ráðh. nefndi ekki Austurland í þessari upptalningu. En það gætu nú vaknað upp spurningar hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi út af þeirri stefnu sem hæstv. ráðh. er að boða. Vesturland á að taka út úr, Skagafjörð og Suðurland, en þið þarna á Austurlandi eigið að njóta Rafmagnsveitna ríkisins sem þá eru komnar með langerfiðasta rekstrardæmið í sambandi við raforkuöflun og raforkudreifingu. Það er hægt að ganga fram og bjóða álver hér og álver þar og orkubú hér og orkubú þar, en það á eftir að svara mörgum spurningum í sambandi við þau efni og hæstv. ráðh. kemst ekki hjá því að skýra þau efni nánar áður en lengra er haldið.

Þá er það hv. 4. þm. Reykv. Hann virðist ekki hafa hlustað ýkja vel á mitt mál áðan. Hann ætlaði að fara að upplýsa þingheim um að sá hagnaður sem ég greindi frá, sá brúttóhagnaður sem Rafmagnsveitur ríkisins teldu sig hafa haft á síðasta ári af orkusölunni til Keflavíkurvallar, væri brúttóhagnaður og hann endurtók hér það, sem ég hafði greint frá í því efni, hvað væri inni í því dæmi. Hann var ekki að færa nein tíðindi. Hann þóttist vera að leiðrétta mig í þessu efni, en hafði ekki hlustað á mál mitt þar sem ég tók nákvæmlega fram þau atriði sem væru talin inni í þeim samningi sem þarna var um að ræða. Svo fer hv. þm. að kasta glósum, sem ætlaðar eru fyrir Morgunblaðið til að henda á lofti, að Alþb. sé farið að hampa og halda sérstaklega upp á hermangsgróða á Suðurnesjum, það séu tíðindin. Málið snýst ekki um það, hv. þm. og það segi ég líka við hv. 3. þm. Reykn., það snýst ekki um það. Reikningar Rafmagnsveitna ríkisins á liðnum árum eru staðreynd. Það er líka staðreynd að afkoma þess fyrirtækis hefur verið erfiðleikamál. Afkoma þess fyrirtækis hefur ekki verið þannig að hægt sé að hlaupa með léttvægum hætti fram hjá því. Hvernig ætla menn að standa að því að þetta fyrirtæki geti skilað orku til notenda sinna með eðlilegum hætti og án þess að íþyngja þeim kannske í vaxandi mæli frá því sem nú er, miðað við þann mun sem er á gjaldskrám?

Alþb. er ekki að halda hér í neinn hermangsgróða, en þeir sem eru að mæla með því að afhenda raforkusöluna til Keflavíkurflugvallar til Hitaveitu Suðurnesja eru að egna fyrir Suðurnesjamenn enn frekar en orðið er með hermangsgróða. Það er staðreynd málsins.

Hv. 3. þm. Reykn. stiklaði afar léttvægt á þessu máli, það hlýt ég að taka undir með hv. 5. þm. Vestf. Það var satt að segja léttvægur málflutningur. Hann talaði um að hér snerist umræðan um keisarans skegg, það væru alger aukaatriði sem væru hér á ferðinni. En hann fann sérstaklega að því, og það er það eina sem ég sé ástæðu til þess að víkja að úr málflutningi hv. þm., að það skyldi tekið inn af iðnn. að skylt væri að gera samrekstrarsamninga milli þessa orkubús og Landsvirkjunar áður en Hitaveita Suðurnesja, þetta nýja orkubú, færi út í virkjunarframkvæmdir. Það fannst honum ekki skynsamlegt ákvæði.

Ég man ekki betur, hv. þm., en að í lögum um Landsvirkjun sé þetta atriði raunar þegar inni efnislega a. m. k. þó að ég hafi ekki flett upp á því sérstaklega. En telur nú hv. þm. skynsamlegt að gengið sé fram hjá þeim aðila sem nýlega hefur verið lögfest að annast skuli meginraforkuvinnslu og raforkuflutning í landinu og ætla þessu veitufyrirtæki að gerast þar keppinautur í sambandi við virkjanir og að menn leggi út í þá stórfelldu fjárfestingu sem þar er á ferðinni án þess að tryggt sé að um þjóðhagslega arðbæran rekstur sé að ræða, arðbærar framkvæmdir og skynsamlegar út frá orkumarkaðinum í heild?

Hitaveita Suðurnesja er nú sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga á Suðurnesjum með eignarhlutdeildinni 60% sveitarfélög 40% ríki. Svo virtist sem hv. þm. hefði það ekki fyllilega á hreinu. Ég vek athygli á að þetta frv. opnar fyrir breytingu á þessum eignarhlutföllum og ég nefndi það í iðnn. að mér finnst það áhorfsmál að hafa slíka heimild inni því að ég held að það veiti ekkert af því að ríkið sé með sem eignaraðili og hafi trygga aðild að stjórn þessa fyrirtækis, svo stórt sem það er í sniðum, hafandi hjálpað því á legg á sínum tíma. Ég er þó ekki með brtt. við þetta ákvæði.

Ég tók eftir því að hv. 5. þm. Vestf. gerði sér ljósa grein fyrir því hvað hér er um að ræða með þessum heimildum varðandi söluna til Keflavíkurflugvallar og hann tók undir þann rökstuðning sem ég hafði uppi í sambandi við brtt. mína þar að lútandi. Ég vænti að sem flestir hv. þm. hafi gefið því gaum og ljái því sjónarmiði stuðning.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Eins og ég gat um hafði ég augum litið álitsgerðir sem borist höfðu hv. iðnn. vegna máls þessa frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkustofnun. Rafmagnsveitur ríkisins segja á einum stað svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði af þessari breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja láta Rafmagnsveitur ríkisins af hendi raforkukerfi sem þær eiga og reka á Suðurnesjum. Þrátt fyrir háværar raddir frá ýmsum aðilum á Suðurnesjum um það að Rafmagnsveiturnar hafi hagnast á rekstri þessara flutningskerfa á kostnað rafveitna sveitarfélaganna í gegnum árin er staðreyndin hins vegar sú að tekjur af raforkuheildsölu til sveitarfélaga rafveitnanna hafa vart dugað til að standa straum af fjármagns- og rekstrarkostnaði Reykjanesveitunnar."

Þetta er um þennan hluta málsins að segja. Það er, eins og menn veita athygli, ekki um Keflavíkurflugvöll að tefla í þessu máli. Hvað segir svo ráðgjafarstofnunin sem á að vera vísindastofnun? Hvernig hljóða einstaka tilvitnanir þar? Hér segir aftur á móti Orkustofnun að Rafmagnsveitur ríkisins hafi um langan aldur selt þarna raforku, haft af því allverulegan ábata og verði þetta frv. að lögum sé verið að flytja ábatann af raforkusölu til Keflavíkurflugvallar frá því fyrirtæki sem annast raforkudreifingu í meginhluta dreifbýlis á Íslandi og býr við erfiða fjárhagsstöðu til þéttbýlisorkuveitu sem ekki þarf að fást við jafnerfið verkefni. Svo segir vísindafyrirtækið:

„Hlutverk hitaveitunnar á þar sem annars staðar að takmarkast við að vinna orkuna og koma henni til notandans og selja honum hana. Hún á ekki að taka þátt í fyrirtæki sem notar orkuna."

Hvar skyldi það standa í bréfum eða lögum og reglugerðum um þessa stofnun að hún eigi að kveða upp slíka dóma? Hér segir enn:

„Hér er um að ræða grundvallaratriði sem löggjafinn þarf að hafa í fullum heiðri." Orkustofnun segir okkur góðfúslega frá því hvað beri að hafa í heiðri. Ég tek ekki við slíkum yfirlýsingum. Það er ekki við hæfi, segir þessi vísindastofnun við stjórnmálayfirvöld og Alþingi, að opinber þjónustufyrirtæki með einkaleyfisaðstöðu hætti fé sínu í slíka starfsemi. Þessi álitsgerð er engu lík og ég segi um hana það sem mér sýnist af því að hún er langt utan við það hlutverk sem þessi stofnun á að gegna. Hún er að segja Alþingi til um verkefni sem er á vegum Alþingis en ekki þessarar stofnunar. Þessu mun ég áreiðanlega koma á framfæri við þá sjálfa án milliliða á þingfréttasíðu Þjóðviljans.

Ég svaraði því til að ég er ekki sömu skoðunar í þessu efni og hv. 5. þm. Austurl. Hann er í réttu hlutverki að ræða þessi mál hér, en ekki Orkustofnun í umsögnum sínum til hins háa Alþingis. Ég er ekki þeirrar skoðunar að við þurfum að veita alla þessa forsjá, að stjórn þessa fyrirtækis sé ekki treystandi til þess að taka um það ákvörðun hvern veg það ver fjármagni sínu. Það er þessi forsjá sem ég vil ekki hafa. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að þessi margumræddi c-liður, sem veitir fyrirtækinu heimild til annarrar starfsemi, eigi einneigin að standa. Hvað er á móti því að hitaveitan gengist til að mynda fyrir framkvæmdum í heilbrigðismálum, sem menn hafa mjög á orði að kunni að gefast hin bestu færi á við sérstökum sjúkdómi suður þar? Hvað er á móti þessu? Ég sé ekkert á móti því. Og allt er það heldur léttvægt sem hv. þm. þenur sig út af hér, hefur greinilega farið fyrir hjartað á honum útvarpsumr. hér í gær. Það er sjálfsagt, þótt síðar verði, að taka annan eldhúsdag ef þeir þykjast þurfa að rétta hlut sinn, Alþb.-menn, þó að ég sjái ekki hvaða erindi það eigi inn í umr. um Hitaveitu Suðurnesja.

Hv. 5. þm. Vestf., sem hefur ekki tíma til að sitja undir umr. þótt hann hafi vit til þess að taka þátt í henni, varpar fram fsp. til mín um það hvað ég vilji segja ef álver verður staðsett á þessu svæði, hvað ég vilji segja um ef stofnuð verði Orkuveita Suðurlands, hvort þá sé hugmyndin að sú orkuveita yfirtaki Þjórsárvirkjanir. Hv. þm. veit vel hver grundvallarstefna í þessum málum er og raunar lögfest. Við höfum til þess Landsvirkjun, Íslandsvirkjun, að annast um aðalorkuöflun og höfuðdreifingu orkunnar. Þetta er skýrt markað. (Forseti hringir.) Ég hef lokið máli mínu eftir andartak. — Þetta er skýrt markað. Aftur á móti er sú stefna uppi og engum dulin að þar sem er um smærri dreifingu að tefla, dreifingu í smásölu og til hins almenna notanda, hef ég þá stefnu að dreifa valdinu. Þetta er eitt dæmið um það sem við hyggjumst breyta til að dreifa valdinu út til sveitarfélaganna þar sem þau eru til þess reiðubúin og hagkvæmt þykir að þau hafi með höndum þessa starfsemi. Mér er ljóst og ég hef margoft tekið það fram að Rafmagnsveitur ríkisins eiga hlutverki að gegna, en það er eitt af mínum stefnuskráratriðum þegar afhending á rafmagni frá Íslandsvirkjun verður um allt landið, þá er stefnan eindregin að raforkuverðið verði hið sama í öllu landinu.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Það er reyndar ekki mikið gustukaverk að lengja þessar umr. sem hér hafa átt sér stað um frv. um breyt. á lögum um Hitaveitu Suðurnesja. En vegna ummæla og andófs, jafnvel mætti hugsanlega kalla málþóf, 5. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar get ég ekki látið hjá líða að gera örfáar athugasemdir við hans málflutning. Hann ber fram brtt. á sérstöku þskj. við frv., en nál. var hins vegar afgreitt samhljóða þar sem hann skrifaði þó undir með fyrirvara.

Hér er raunverulega ekki nema um tvö efnisatriði að ræða. Í fyrsta lagi hvort í frv. eigi að standa óbreytt það sem fram kemur í 2. gr., að Hitaveitu Suðurnesja skuli heimilt að virkja jarðhita, reisa orkuver og aðveitur og orkudreifikerfi og einnig, og það er c-liðurinn umdeildi, hvers konar önnur nýting jarðgufu og heits jarðvatns. Það hafa verið látin falla allmörg orð um að hér væri farið inn á hættulega braut og hér ætti einokunarfyrirtæki hlut að máli. Mér er spurn hvort það sé eitthvert einsdæmi að fyrirtæki sem Hitaveita Suðurnesja og orkubú séu „einokunarfyrirtæki". Ég hélt að það þyrfti ekki að núa þessu fyrirtæki því sérstaklega um nasir að hér væri um einokunarfyrirtæki að ræða og skil raunar alls ekki slíkan málflutning. En meginatriðið er hér vitanlega það að hér er spurningin um hvort orkubúið eða Hitaveita Suðurnesja á að vera í stakk búin til að nýta þau náttúrugæði sem frv. til l., lagabreytingin, kemur til með að veita henni yfirráð yfir, að binda það ekki eingöngu við rafmagnsframleiðslu og hitaveituþjónustu.

Ef þeim sveitarfélögum sem hlut eiga að máli, — það eru öll sveitarfélögin sem eru eigendur Hitaveitu Suður-

nesja, — sýnist skynsamlegt að nýta orkuna á annan hátt en hér er tekið fram í fyrri tveimur tölul., jafnvel til fiskeldis, til heilsuræktarstöðvar, til ylræktar eða einhvers annars slíks, á það vitanlega að vera heimilt því fyrirtæki sem þarna á hlut að máli og er sameign sveitarfélaganna. Það er vegna þess að það getur enginn þm. hér sagt þessum sveitarfélögum fyrir um hvað er skynsamlegt að gera í þessu efni og hvað er ekki skynsamlegt að gera. Það eiga þau að vera sjálfráð um og það er eiginlega furðuleg framkoma að menn skuli ætla sér að taka þá stefnu í málinu.

Því hefur verið haldið fram þessari afstöðu til skýringar og réttlætingar að hér væri um stórkostlegt áhættufyrirtæki að ræða, farið út á hálan ís að leyfa orkubúi Suðurnesja að leggja sína orku til annarra nota. Það er í sjálfu sér ákaflega undarlegt að bera þá röksemd á borð vegna þess að hér er vitanlega, eins og ég sagði, um hagsmunamál þessara sveitarfélaga að ræða sem þau eiga að ráða sjálf.

Ekki er nokkur ástæða til þess að ætla að þau fari að spila eitthvert fjárhættuspil með gufuorkuna sem þarna er um að ræða, heldur þvert á móti nýta hana til hagsbóta fyrir þá aðila sem þarna eiga hlut að máli til að koma upp nýjum atvinnugreinum, nýjum iðnaði, nýjum fyrirtækjum á Suðurnesjum einmitt á grundvelli þessarar miklu orku, en hluti hennar blæs nú ónýttur út í loftið og hefur gert alllengi eins og menn vita.

Það er búið að vitna hér mikið í ummæli Orkustofnunar og raunar hefur iðnrh. hæstv. minnst á það og svarað því. Það er eins og það hafi af himnum ofan dottið einhver heilagur sannleikur þó að bréf berist frá Orkustofnun. Vitanlega er það alveg rétt að Orkustofnun er ráðgjafi ríkisstj. í orkumálum, en þar með punktur og basta. Það eru ekki Orkustofnun eða orkumálastjóri sem eiga að segja alþm. fyrir verkum um það hvernig eigi að haga lagafrv. um orkumál. Hann á að veita ráð en það eru alþm. og ríkisstj. vitanlega sem síðan eiga að taka ákvarðanir. Það má gjarnan hlusta á ráð sérfræðinga, en það á ekki að fara eftir þeim ef löggjafarsamkunda þjóðarinnar telur þau heimskuleg og óskynsamleg. Þess vegna gegnir það furðu að vera að gera þetta álit Orkustofnunar að einhverri biblíu í þessum málum sem ekki megi víkja stafkrók frá og er með mestu endemum.

Í öðru lagi hefur það verið gagnrýnt að frv. geri ráð fyrir að orkubúið fái heimild til að selja raforku til Keflavíkurflugvallar. Mér þykir það hins vegar með endemum ef á að koma í veg fyrir að orkubú sem staðsett er í tilteknum landshluta fái ekki heimild til að selja orku til notenda sem staðsettir eru á því svæði. En það er einmitt það sem athugasemdir hv. þm. ganga út á. Hann vill koma í veg fyrir það. Það er rökræn skynsemi að baki því, og væri fjarstæða að koma í veg fyrir það, að orkubúið, Hitaveita Suðurnesja, fengi heimild til þess að selja orku til Keflavíkurflugvallar sem liggur á þessu svæði.

Annað væri vitanlega fráleitt, ekki síst með það í huga að hér er um allarðvænlega starfsemi að ræða, en Suðurnesingar hafa búið við eitt hæsta raforkuverð á landinu og má gjarnan líta á málið einmitt í því ljósi.

Hér væri um hið mesta óréttlæti að ræða ef ætti að taka undan sölu til Keflavíkurflugvallar og Keflavíkursvæðið þegar um er að ræða að gera hér þessar skipulagsbreytingar. Það væri með öllu óafsakanlegt og óréttlætanlegt gagnvart þeim sveitarfélögum sem að þessu fyrirtæki koma til með að standa í breyttri mynd.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil mótmæla þeim orðum síðasta ræðumanns, hv. þm. Gunnars G. Schram, að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi verið með málþóf í þetta skiptið í þessu máli því hv. þm. Gunnar G. Schram ætti að heyra þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er með málþóf, þá getur hann verið langorður, en hann hefur flutt tvær stuttar ræður í þessu máli sem ég hef hlýtt á og þær hafa báðar verið efnislegar og í knöppu formi.

En vegna þess hvernig umr. hafa fallið tel ég mig tilneyddan að undirstrika að ég tel mikilvægt að breyting á raforkukerfunum, þ. e. sundurhlutun þeirra, verði ekki til þess að orkuverð til notenda annars staðar á landinu hækki. Ég held að hér sé verið að stofna gott og arðvænlegt fyrirtæki og ég er því sannarlega hlynntur að Suðurnesjamenn fái að nýta sína raforku og virkja sína orku úr iðrum jarðar sér og þjóðinni allri til hagsbóta. En ég vil ekki að það verði til þess að orkuverð annars staðar verði dýrara. Þess vegna þarf að hafa á þessu visst skipulag og þess vegna er t. d. samrekstrarsamningur milli Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja sjálfsagður. Ef hann væri ekki og ef báðir virkjuðu án tillits hvor til annars gæti vel verið að farið væri óskynsamlega með fjármuni.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa haft nær 30 millj. kr. í bráttóhagnað af sölunni á Keflavíkurflugvöll. Það verður að staðnemast við þessa tölu hvort sem það líkar betur eða verr og líta á þessar tekjur missa Rafmagnsveitur ríkisins. E. t. v. missa þær líka óþægindi af verslun á Suðurnesjum sem í umsögn þeirra var gert nokkuð úr. Ég tek fram að þarna er um að tala bráttóhagnað, en allt um það gæti maður ímyndað sér að ef einhvers staðar borgar sig að selja raforku sé það til svo stórs notanda eins og þarna er um að ræða. Og þá þarf að sjá fyrirtækinu eða öðrum fyrirtækjum, sem dreifa raforku annars staðar um landið, fyrir tekjum þar á móti. Út af fyrir sig væri miklu eðlilegra að það væri Landsvirkjun þá sem seldi til einstakra stórnotenda, svo sem eins og álversins í Straumsvík og verksmiðjunnar á Grundartanga. Ef Hitaveita Suðurnesja selur ekki þetta rafmagn þangað væri eðlilegra að það væri Landsvirkjun en RARIK. En við viljum sem sagt ekki að orkureikningar annars staðar á landinu hækki með þeim gjörningi sem við erum hér að gera og þess vegna er nál. svo úr garði gert sem það er.

Það er vel hægt að hugsa sé að báðar línurnar séu ekki seldar í einu og Hitaveita Suðurnesja kaupi fyrst litlu línuna og Rafmagnsveiturnar eða annar aðili haldi áfram að eiga um eitthvert skeið þá stærri. En hér er um heimildarlög að ræða og heimildin er bundin því að flutningslínur verði seldar en ekki gefnar og nál. tekur af tvímæli um vilja meiri hl. n. Ég vona svo að endingu að Hitaveita Suðurnesja verði blómlegt fyrirtæki. Ég óska því fyrirtæki alls hins besta. Það hefur farið vel af stað. Og ég vona að það verði heillaspor fyrir þá Suðurnesjamenn að það færi út kvíarnar hér og óska fyrirtækinu alls hins besta.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að fjalla aðeins um það atriði, sem kannske hefur mest verið talað um í þessari umr., sem er c-liður 2. gr. og

hvers konar nýting jarðgufu og jarðvatns.

Ég held að þetta sé talsvert mikilvægt mál og ég held að það megi ekki líta á það sem málþóf þó menn taki til máls um þetta, vegna þess að hér er ákveðið „prinsip“ á ferðinni. Mönnum getur sýnst sitt hvað um það hvort Orkustofnun hafi verið rétti aðilinn til að benda á þetta „prinsip“, en það ber a. m. k. að þakka að sú ábending hefur komið fram. Við getum sagt að það sé fræðilegur möguleiki á því að Hitaveita Suðurnesja með þetta heimildarákvæði eins og nú er gerðist þátttakandi í meiri háttar atvinnurekstri sem síðan yrði verulegt tap á. Þá yrðu það almennir orkunotendur á svæðinu sem mundu þurfa að greiða það tap í hækkuðu orkuverði. Það er náttúrlega ekki réttur „praxís“, eins og komið hefur fram, ef það er um að ræða fyrirtæki sem hefur einkaleyfi á sölu á svæðinu eða er a. m. k. eini aðilinn sem selur orku á viðkomandi svæði. Hins vegar er á það að líta að hjá fyrirtæki eins og Hitaveitu Suðurnesja er mikil þekking og reynsla í nýtingu á gufu og jarðhitaorku og þess vegna full ástæða til þess að sú þekking nýtist í rannsókna- og tilraunaskyni sem við ákveðnar aðstæður þyrfti kannske að koma fram í einhvers konar atvinnurekstri, annaðhvort tilraunaatvinnurekstri eða annars konar atvinnurekstri sem því tengist.

Ég vil vekja athygli í því sambandi á hlutverki sem t. d. orkuver í Skotlandi hafa tekið sér. Þar eru stór kjarnorkuver til rafmagnsframleiðslu og mörg þeirra hafa verið í fararbroddi í sambandi við rannsóknir á nýtingu heits affallsvatns, t. d. í fiskeldi. Ég held ég fari rétt með að í tengslum við þær rannsóknir hafi verið stofnuð fyrirtæki sem þessi orkuver hafa verið þátttakendur í. Nú veit ég ekki nákvæmlega um orkusölufyrirkomulag þar að öðru leyti en því að þarna fer saman þekking, aðstaða og kannske byggðalegir hagsmunir sem er sjálfsagt að haldi sér.

Það er spurning hvort ekki þurfi að fara einhvern milliveg frá því sem nú er í frv. og brtt., sem hefur komið fram, þess eðlis að í staðinn fyrir að opna algerlega fyrir þátttöku í hvers kyns atvinnurekstri sem tengdist jarðgufu og grunnvatni væri opnað fyrir og beinlínis tekið fram að tilgangur Hitaveitu Suðurnesja væri að stunda tilraunir og rannsóknir á alls konar hagnýtingu orku og af því væri leyfður rekstur smáfyrirtækja í því sambandi eða setja inn í frv. skilyrði um það að ef fyrirtækið Hitaveita Suðurnesja gerðist þátttakandi í meiri háttar atvinnurekstri verði að halda fjármálum þess atvinnurekstrar algerlega aðskildum rekstrarlega frá því sem við kemur orkudreifingu til hins almenna notanda á svæðinu. Ég held að menn ættu að líta á það.

Ég kem nú að þessu máli fyrst nú. Við í BJ eigum ekki fulltrúa í iðnn. og þess vegna er það nú fyrst í dag sem ég hef fengið tækifæri til að velta þessu máli almennilega fyrir mér og hef reynt að fylgjast með þessum umr. Ég held að hérna séum við að tala um talsvert mikilvægt efni sem geti skipt máli, ekki bara fyrir þessa hitaveitu eða þetta orkubú, heldur það hvaða stefna verður mörkuð í sambandi við önnur orkubú, eða aðrar orkuveitur sem við eigum eftir að reisa í framtíðinni. Þær geta greinilega vegna aðstöðu sem þær hafa og vegna þeirrar þekkingar sem verður saman komin á meðal starfsmanna, hvar á landinu sem verður, haft mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við að koma hugmyndum um nýtingu orku í framkvæmd og gera á því rannsóknir og stuðla að atvinnurekstri í byggðarlögunum, en það er náttúrlega augljóst að á sama tíma þarf að hafa einhver ákvæði um að vernda hagsmuni hins almenna orkukaupanda á svæðinu. Mig langaði því að varpa þeirri hugmynd hér fram hvort ekki þyrfti brtt. sem næði þessu tvennu, þ. e. leyfði þátttöku í smáfyrirtækjarekstri og rannsóknum og tilraunum en ekki í stóriðju eða meiri háttar atvinnurekstri af neinu tagi.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Mér finnst það nokkuð hart að fá hér orð í eyra fyrir að vera að vinna hér gegn þessu máli þegar fyrir liggur að ég hef lagt mig fram um að skapa samstöðu um að það næði fram að ganga. Það er megintilgangurinn að stofna umrætt orkubú á Suðurnesjum, og ég hef skrifað undir það meginstefnumið, en leyft mér, eins og tekið er fram í nál. af öllum nm., að áskilja mér rétt til að flytja og fylgja brtt. svo sem tíðkanlegt er. Þegar kemur frá hv. 2. þm. Reykn. staðhæfing af þessu tagi finnst mér það nú vera að kasta steinum úr glerhúsi því hv. þm. sást tæpast á fundum iðnn. þegar þetta mál var til meðferðar, sem voru fleiri en einn og fleiri en tveir til þess að ræða um þetta mikilvæga atriði, og ég veit ekki hvort hv. þm. hefur komið að þessari frv.-smíð. Hún er ekki neinum til vegs sem að henni hefur staðið að mínu mati, eins og frv. upphaflega var úr garði gert.

Ummæli hæstv. ráðh. hér eru gífuryrði í garð Orkustofnunar. Þau eru fest inn í þingtíðindi og þau eru einkar athyglisverð og ekki síður undirtektir hv. 2. þm. Reykn. varðandi umsögn orkumálastjóra um þetta mál. Ég hefði getað skilið að athugasemdir, þó ekki væru stóryrði, féllu um þessa gerð Orkustofnunar ef iðnrh. hæstv. hefði haft fyrir því á undirbúningsstigi málsins að spyrja þennan ráðgjafa sinn álits, þann sem á að vera aðalráðgjafi ríkisstj. í orkumálum, en það liggur alveg ljóst fyrir að það hefur ekki verið gert. Síðan er það merkilegur rembingur, sem kemur fram í því hjá báðum þessum hv. ræðumönnum, hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Reykn., að ætla Orkustofnun það með sinni ákveðnu umsögn og engan veginn ókurteisri að ætla að grípa fram fyrir hendur Alþingis. Hvar kemur það fram í umræddu áliti að Orkustofnun ætli að fara að segja Alþingi fyrir verkum? Þetta er aldeilis furðulegur málflutningur, aldeilis stórfurðulegur.

Ég ætla ekki, herra forseti, að lengja þessa umr., en ég bið menn um að staldra við áður en atkv. eru greidd hér um þetta mál og hugsa sinn gang. Það liggur alveg fyrir, t. d. í málflutningi hv. 2. þm. Reykn., að það er enginn smárekstur sem hann er að hugsa til að hitaveitan gæti orðið aðili að. Hann nefndi hér áðan nýjar atvinnugreinar og iðnað í sambandi við þetta. Það er meginatriðið í sambandi við brtt. mína við c-liðinn að menn átti sig á því að hér er annars vegar fyrirtæki sem fær einkaleyfi til almennrar orkusölu á svæðinu, en jafnframt er verið að opna fyrir möguleika til þess að það verji fjármunum sínum í óskyldan rekstur og það er spurningin um neytendaverndina í þessu máli sem hér er um að ræða. Enginn tekur fram fyrir hendur sveitarfélaga í hvaða atvinnurekstur þau fara, en þessi sveitarfélög eru aðilar að fyrirtæki sem framkvæmdavaldið veitir einkaleyfi og það er það sem mínar athugasemdir og ábendingar lúta að. Ábendingar hv. 4. landsk. þm. voru út af fyrir sig athyglisverðar og ég tel

skylt að það verði íhugað við framhaldsmeðferð málsins hvort ekki væri skynsamlegt að finna leið til að takmarka þær hugmyndir sem fyrir liggja í till. meiri hl. nm. um c-lið 2. gr. að takmarka það við tilraunastarfsemi eina og smárekstur henni tengdan. Það er atriði sem ég gæti vel verið reiðubúinn að athuga.

Herra forseti. Ég ítreka að ég er meðmæltur stofnun þessa fyrirtækis að gerðum þeim breytingum sem ég hef lagt til hér og ég vek athygli hv. þm., sem eiga öðrum fremur að gæta hagsmuna dreifbýlisins í sambandi við orkuviðskipti, á því sem felst í þeirri heimild að taka raforkusölu til Keflavíkurflugvallar frá Rafmagnsveitum ríkisins og afhenda þessu fyrirtæki, eins og skilja má að sé vilji meiri hl. n.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 93. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 92. fundi.

Stöðvun verkfalls Félags íslenskra atvinnuflugmanna, frv. 363. mál (þskj. 922, n. 944). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Samgöngunefndir beggja deilda komu saman á fund og fenginn var á fundinn Guðlaugur Þorvaldsson ríkissáttasemjari til þess að skýra stöðu mála í þessari deilu. Það kom fram í hans máli að aðilar væru sáttir um eitt og það var að tala ekki saman. Það væri algjörlega þýðingarlaust eins og mál standa nú fyrir sig að reyna að koma á fundum með deiluaðilum. Ég held að nm. hafi verið sammála um að hvaða afstöðu sem menn hafa í svona málum sé ekki um annað að gera þegar svona stendur á en að grípa inn í með þessum hætti.

Eins og sést á þskj. 944 leggur samgn. til að málið verði samþykkt með þeirri einu breytingu að heiti frv. verði frv. til l. um kjaradóm í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða. Undir þetta skrifa allir samgöngunm. Nd. en Kristín Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon skrifa undir með fyrirvara.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er vissulega rétt sem hér hefur komið fram að það er alvarlegt mál þegar ríkisvaldið, stjórnvöld og Alþingi, telur sig knúið til þess að grípa inn í með þeim hætti sem hér er lagt til að gert verði og á þann veg að skerða rétt einstaklings og í þessu tilfelli stéttarfélags. Þetta þýðir þó ekki að til slíkra hluta hafi ekki verið gripið og auðvitað er Alþingi nú einu sinni til þess að stjórna. En eigi að síður má ekki gera slíkt nema nánast sem neyðarvörn þegar ekkert annað er til að grípa til og leysa mál.

Mér sýnist eftir að hafa fengið þær upplýsingar, sem frsm. nefndarinnar greindi frá, að þetta mál sé þríþætt.

Í fyrsta lagi liggur fyrir, að mér skilst, formleg bókun um það hjá ríkissáttasemjara af hálfu beggja deiluaðila að þeir telji gjörsamlega tilgangslaust að halda áfram sáttaumleitunum þannig voru málin a. m. k. í gær þegar síðasti sáttafundur var haldinn. Það liggur fyrir að báðir aðilar telja um tómt mál að tala að samkomulagsgrundvöllur sé fyrir hendi.

Í öðru lagi verður ekki betur séð en að þær kröfur, sem um er að ræða af hálfu Félags íslenskra atvinnuflugmanna, séu langt fyrir ofan það sem nokkur hefur um samið nú undangengna mánuði, eða eftir því sem fram hefur komið allt frá 35% og upp í 70% hærra en þeir samningar sem gerðir hafa verið á vinnumarkaðnum að undanförnu. Þetta eru að vísu tölur sem settar hafa verið fram af gagnaðila Félags íslenskra atvinnuflugmanna, þ. e. Flugleiðum h/f, en aðspurður kvað ríkissáttasemjari það ekki hafa komið fram með formlegum hætti að því hafi verið neitað af hálfu atvinnuflugmanna. Nú er ekki ástæða til þess sérstaklega að vera að draga þetta inn í umr. en þó er þess vert að því sé gefinn gaumur í ljósi þess að á undangengnum vikum og mánuðum hafa launþegar, sem eru miklu verr settir en þessi starfsstétt, gert sér að góðu launasamninga sem gefa viðkomandi einstaklingum miklu, miklu minna en þessir samningar gæfu þessum aðilum.

Í þriðja lagi er svo stöðvun allra flugsamgangna í landinu um tiltekinn tíma.

Allt eru þetta veigamiklir þættir í þessu máli. Það er hins vegar alltaf spurning hvort lög af því tagi, sem hér er verið um að ræða, leysi í raun og veru eitthvað af þeim vanda sem fyrir hendi er. Um það skal ekkert fullyrt á þessu stigi. Ég vil a. m. k. á engan hátt fullyrða að það geti ekki með einhverjum hætti af hálfu þessara aðila verið um tregðu í flugsamgöngum að ræða þrátt fyrir það að þessi lög næðu fram að ganga. Ég hef sjálfur búið við þessa tregðu í reynd nokkra undanfarna daga og ég tel ástæðulaust að leyna því neitt og það er opinbert leyndarmál að a. m. k. einhverjir flugmanna hafa beitt tregðulögmálinu til þess að hafa áhrif á þessi mál. Það bitnar ekki hvað síst á þriðja aðilanum í þessu máli, sem er fólkið í landinu. A. m. k. er það mitt mat að slíkt tregðulögmál auki ekki samúð með þeim aðila sem því beitir, allra síst þegar það er gert á tíma eins og nú þegar vel flestir ef ekki allir aðrir í landinu hafa þurft að sætta sig við, hvort sem það hefur verið með ánægju eða ekki, að búa við miklu lakari stöðu en ég hygg að þarna sé um að ræða.

Það er líka þáttur í þessu máli að mínu viti að verkfallsrétturinn var á sínum tíma settur sem neyðarréttur, neyðarúrræði til að grípa til þegar allar aðrar leiðir voru lokaðar. Mér hefur fundist um nokkuð langan tíma að þjóðfélagshópar — það á ekki bara við um þessa aðila sem hér er um að ræða — sem hafa nánast kverkatak á þjóðfélaginu beiti þessum rétti, að mér finnst, á þann veg að það sé til framdráttar þeim sjónarmiðum sem vilja breyta vinnulöggjöfinni til þess að skerða verkfallsréttinn til stéttarfélaga og launþega. Að því leytinu til er málið líka alvarlegt.

Þó að ég sé þeirrar skoðunar að hér sé nánast um prinsippmál að ræða um bann við verkföllum eða ekki, þá sýnist mér að þær kringumstæður geti verið í þjóðfélaginu að undan slíku verði ekki vikist. Það eru stjórnvöld og Alþingi sem til þess eru kjörin að taka af skarið. Ég á afskaplega erfitt með það sem er forsvarsmaður stéttarfélags, sem búið er að samþykkja þá kjarasamninga sem gerðir voru á hinum almenna vinnumarkaði á s. l. vetri og innifólu vægast sagt litlar kjarabætur, að stuðla að því að aðrir hópar miklum mun betur settir í þjóðfélaginu gangi fram með þeim hætti sem hér var vissulega gert ráð fyrir og nái til sín

miklu, miklu meiru en hinn almenni maður og miklu verr settur átti kost á að fá. En þetta er spurning um ástand í þjóðfélaginu og það tímabil sem þessi mál eru til umræðu.

Ég hef haldið því fram og held því fram enn og ég veit ekki betur en að það sé stefna míns flokks að það svigrúm, sem er til launahækkana eða kjarabóta, eigi fyrst og fremst og raunar einvörðungu að nota til þess að bæta stöðu þeirra verst settu. Það mál er ekki hér á dagskrá og ég skal ekki ræða þetta öllu frekar. En eins og fram kemur í nál. hef ég skrifað undir það og í ljósi kringumstæðna, sem ég tel mig hafa rakið frá mínum sjónarhóli séð, mun ég greiða atkv. með því að þetta frv., eins og það kann að verða eftir þá breytingu sem n. leggur til, nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26:2 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 944 (ný fyrirsögn) samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 94. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 93. fundi.

Kjaradómur í vinnudeilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Flugleiða, frv. 363. mál (þskj. 946). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Um leið og ég lýsi yfir stuðningi við þetta frv. miðað við þær aðstæður sem hér eru vil ég vekja á því athygli að það háfleyga tal, sem stundum heyrist hér um frelsið á vinnumarkaðnum og frjálsa samninga, verður ansi innantómt stundum. Og það er merkilegt ef menn eru ekki opnir fyrir því á stundum sem þessum að nauðsynlegt sé að semja nýja vinnulöggjöf í landinu til þess að aðilar geti á hverjum tíma gengið út frá því sem vísu á hverju þeir eigi von. Að sjálfsögðu hleypir það kergju í menn ef þeir eru í verkfalli ef þeir vita að annar aðilinn muni leita mjög grimmt eftir því að fá lög sett í ákveðin mál. Slíkt hleypir kergju í menn og á e. t. v. þátt í því að menn hætta að talast við.

Mér er ljóst að ekki er vinsælt að ræða það að setja þurfi ný lög um þessi mál. En ef mönnum er það ekki ljóst á þessari stundu að þau lög sem við notumst við eru ákaflega úrelt og léleg, þá veit ég ekki hvenær mönnum ætti að vera það ljóst.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það var ekki ætlan mín að standa hér í umræðum, enda samkomulag um að hér yrðu ekki eldhúsdagsumr., en orð síðasta ræðumanns, sem ég vil ekkert skattyrðast við hér, gera það að verkum að ég þarf að gefa hér örstutta yfirlýsingu. Ég er í prinsippinu andvígur íhlutun ríkisvaldsins í vinnudeilur og ég vil taka það fram að hjásetu mína ber ekki að taka sem svo að ég beri ekki fulla virðingu fyrir störfum, ábyrgð og menntun flugmanna. En hér á í hlut starfsstétt sem hefur þreföld, fjórföld, fimmföld laun almennra verkamanna eða verkakvenna. Flugmenn fara fram á mun meiri hækkanir en almennt verkafólk hefur fengið eða hefur möguleika á að ná. Mér finnst launamisréttið í landinu nóg fyrir og vil ekki á það bæta. Einstaka sérhæfðir hópar á háum launum hafa í mörgum tilfellum mörgum sinnum sterkari verkfallsstöðu en almennir, óbreyttir launþegar og óheft vald þeirra til verkfalla held ég að leiði til skerðingar á verkfallsrétti almenns verkafólks. Illu heilli mátti heyra það á máli síðasta ræðumanns. Ég get ekki sem formaður í samtökum láglaunafólks hindrað framgang þessa máls en ég vara hæstv. ríkisstj. við að nota þetta sem fordæmi fyrir lög gegn almennu verkafólki.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örstutt. Það var einmitt það sjónarmið sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. sem ég geld varhug við og getur orðið þess valdandi að verkalýðshreyfingin eigi yfir höfði sér breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, vinnulöggjöfinni öðru nafni kölluðu, í þá átt að þrengja að þessum rétti hins almenna verkamanns. Þetta vopn, þennan neyðarrétt, er hægt að nota og hefur sjálfsagt verið notað með þeim hætti að létta þeim róðurinn sem vilja þrengja þetta fyrir þá sem kannske fyrst og fremst þurfa á því að halda að geta notað það. Ég get í raun og veru tekið undir allt sem hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan. Allt af því var nánast eins og ég hefði sjálfur getað talað það frá eigin brjósti. Ég vil mjög taka undir þau orð hans þar sem hann varaði hæstv. ríkisstj. við því að nota þetta tiltekna mál eða tiltekna atriði til þess að beita gagnvart öðrum aðilum í deilum. En ég held sem sagt að full ástæða sé fyrir launafólk, fyrir verkalýðshreyfinguna, stéttarfélögin að fara að skoða það sérstaklega hvort þetta vopn sé ekki notað á þann hátt að það auðveldi andstæðingum verkalýðshreyfingarinnar að þrengja hennar kosti í löggjöfinni um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil leiðrétta það, sem hér hefur komið fram og er útúrsnúningur úr mínum orðum, að ég hef aldrei lagt til að verkfallsréttur hins almenna verkamanns verði skertur. Það er misskilningur og það hefur aldrei verið lagt til af minni hendi.

Hins vegar get ég tekið undir það sem kom hér fram hjá hv. 3. þm. Vestf. að þetta vopn er notað af fleirum en verkamönnum og mér sýnist að því sé stundum það gáleysislega beitt að full þörf sé á því að löggjafinn setji þar almenn lög til þess að menn þekki leikreglurnar betur fyrir en menn gera í dag.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það var farið fram á það við, hygg ég, alla flokka hér á þinginu að haldið yrði þannig á málum að þetta frv. gæti fengið sem skjótasta meðferð í gegnum deildir þingsins. Þegar síðan kemur að umr. um málið, 3. umr. hér í deildinni, þá upphefur stjórnarliðið umr. um almennar breytingar á vinnulöggjöfinni. Ég tel þetta í fyrsta lagi smekkleysu miðað við það samkomulag sem gert hafði verið um vinnubrögð í þessu máli milli flokkanna. En í öðru lagi tel ég að í þessum orðum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar

felist hótun af hálfu ákveðinna stjórnarþingmanna um það að skerða hinn almenna verkfallsrétt í landinu og að breyta vinnulöggjöfinni í því skyni að þrengja kosti verkafólks og að nota mál af þessu tagi til þess að breyta vinnulöggjöfinni þannig að það komi niður á hinum almenna launamanni í landinu, m. a. hinum almennu verkamönnum.

Ég vil nota þetta tækifæri út af þessum yfirlýsingum fulltrúa Framsfl. í þessum umr. til þess að mótmæla öllum hugmyndum af þessu tagi. Það hefur verið um það samkomulag hér í landinu að vinnulöggjöfinni verði ekki breytt öðruvísi en að um það sé jafnframt samkomulag, m. a. við verkalýðshreyfinguna í landinu. Það væri með ólíkindum ef nú ætlaði ríkisstj. að nota sér þetta mál í 3. umr. til þess að skapa fordæmi og nota það sem rök fyrir því að fara að skerða vinnulöggjöfina. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Er það á dagskrá ríkisstj. að breyta vinnulöggjöfinni þannig að hún þrengi hlut hins almenna verkamanns í landinu? Ég krefst þess að hæstv. forsrh. svari þessari spurningu áður en umr. lýkur til þess að það liggi fyrir hvaða afstaða í ríkisstj. er á bak við ummæli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Ég óska eftir því að gerðar verði ráðstafanir til þess að kveðja til hæstv. forsrh. í þessu efni. Ef ekki er unnt að ná til hæstv. ráðh. í þessu efni bið ég formann þingflokks Framsfl. að gera grein fyrir því: Er meiningin hjá Framsfl. að nota þetta mál til að ráðast á vinnulöggjöfina í landinu? Ef hæstv. forsrh. er ekki enn fundinn beini ég þessari spurningu til þess hæstv. ráðh. sem flytur málið, hæstv. samgrh.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil upplýsa það að hæstv. forsrh. hafði samband við forseta og sagðist vera nokkuð vant við bundinn á vissum tíma dagsins, einmitt núna, og það er hætt við því að hann hafi vikið sér úr þinghúsinu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get tekið undir þá skoðun hv. síðasta ræðumanns að ég tel að það sé ekki efni til þess undir þessum sérstaka lið að ræða almennt um vinnulöggjöfina. Ég get upplýst það að í þingflokki Framsfl. hafa engar umr. farið fram um breytingar á vinnulöggjöfinni og það má ekki líta á þetta frv. sem nokkurs konar undanfara að slíkum umr. Ég hef ekki frétt af neinum áformum ríkisstj. um breytingar á vinnulöggjöf í kjölfar þessa frumvarpsflutnings. Ég legg áherslu á að það var að því stefnt að þetta mál fengi greiðan gang í gegnum þingið og ég hafði vonað að menn gætu haldið sér á mottunni og séð sér fært að ráðast ekki á ræðustólinn meira en nauðsyn krefði.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins út af orðum hv. 3. þm. Reykv. taka fram að þetta frv. er flutt sem algerlega sjálfstætt mál sem brýn nauðsyn vegna þess ástands sem skapast hefur. Engin áform eru uppi, engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingu á vinnulöggjöfinni og það mál hefur ekki verið rætt lengi í ríkisstj. Ég er þeirrar skoðunar að verði breyting gerð á vinnulöggjöfinni eigi að hafa um það mjög nána samvinnu og samstarf en það er ekkert á dagskrá í sambandi við þetta mál á einn eða annan hátt.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. Páli Péturssyni og hæstv. samgrh. fyrir þær yfirlýsingar sem fram hafa komið af þeirra hálfu sem benda til þess að engin áform séu uppi í ríkisstj. um að nota þetta frv. sem forsendu fyrir breytingum á vinnulöggjöfinni af hálfu ríkisstj. Þar með lít ég svo á að þau orð, sem hv. 5. þm. Vestf. flutti áðan, séu ómagaorð og dæmist skv. því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:3 atkv. og afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil vekja á því athygli að forseta er ætlað að stjórna hér fundum og gera athugasemdir við mál manna, þegar það gengur úr hófi fram hvað svívirðingar snertir og ég vænti þess að hann sofni ekki í því embætti sínu.

Hitaveita Suðurnesja, frv. 271. mál (þskj. 520, n. 886, 887, 892). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 892,1 felld með 23:6 atkv.
Brtt. 887,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 887,2 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 892,2 felld með 21:6 atkv.
Brtt. 887,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, frv. 328. mál (þskj. 680, n. 842 og 882). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 882 um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands. Þetta er álit meiri hl. iðnn.

Nefndin hefur rætt málið en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt, enda verði andvirði hlutabréfanna ráðstafað þannig á árunum 1984 og 1985:

1. Á árinu 1984 verði 6 millj. kr. varið til úttektar og athugana á rekstri fyrirtækja og stofnana á vegum iðnrn. og 5.3 millj. kr. varið til stuðnings við ýmis rannsóknar- og þróunarmál í iðnaði, einkum smáiðnaði, skv. ákvörðun ráðh.

2. Á árinu 1985 verði fé því sem inn kemur, 4.7 millj. kr., varið til stuðnings við fyrirtæki í smáiðnaði skv. ákvörðun ráðh.

Undir þetta nál. rita á Alþingi 14. maí 1984 Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Birgir Ísleifur Gunnarsson, Gunnar G. Schram og Ingvar Gíslason.

Frsm. minni hl. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 842 er nál. minni hl. iðnn. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stefna núv. ríkisstj. er að selja sem flest fyrirtæki sem ríkissjóður á hlutdeild að og það án tillits til viðskiptalegra sjónarmiða að því er virðist. Ljóst dæmi um þetta er fyrirliggjandi frv. um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, en ríkið á nú um 27% af hlutafé bankans. Nær alltaf hefur verið greiddur arður af þessu hlutafé til ríkisins og hefur hann numið 5% á undanförnum árum. Þá hefur hlutaféð verið fært upp reglulega skv. vísitölu, t. d. um 71% á árinu 1983.

Samstarf ríkisins og annarra hluthafa að bankanum hefur gengið vel og snurðulaust frá stofnun bankans fyrir röskum 30 árum og ekki hafa heyrst neinar kvartanir frá starfsmönnum bankans vegna þess. Þetta samstarf hefur verið bankanum til styrktar og ríkinu til gagns, m. a. hefur bankinn veitt stjórnvöldum margháttaðar upplýsingar um þróun lánamála og aðrar hagstærðir varðandi iðnaðinn í landinu á þessu tímabili. Þá hefur Iðnlánasjóður verið í vörslu Iðnaðarbankans frá stofnun bankans og nú liggur frv. fyrir Alþingi um að sameina Iðnrekstrarsjóð Iðnlánasjóði. Starfsemi Iðnrekstrarsjóðs varðar iðnþróun í landinu þar sem sjóðnum er ætlað að veita styrki og áhættulán, svo og ábyrgðir vegna nýmæla og þróunarstarfsemi í iðnaði. Það er tvísýnt að leggja vörslu slíks fjármagns í hendur einkabanka og mælir það með öðru gegn þessu frv. um sölu á hlut ríkisins í Iðnaðarbankanum.

Ekki er hægt að fallast á að sölustefna núv. ríkisstjórnar sé markmið í sjálfu sér og taka ber afstöðu til aðildar ríkisins að fyrirtækjum og atvinnurekstri hverju sinni. Engin efnisleg rök hafa komið fram af hálfu þeirra sem flytja þetta frv. um sölu á hlutabréfum, og engin leið er að fallast á hagkvæmni þess að selja hlutabréf í banka sem er í góðu gengi og gefur arð og lofar góðu í framtíðinni.

Minni hl. iðnn. leggur því til að frv. þetta verði fellt en áskilur sér rétt til að standa að og flytja brtt. við frv."

Undir þetta nál. ritar auk mín hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, KSK, MB, KMT, ÓE, PP, GHG, RH, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GE, GGS, HÁ, IG.

nei: HG, KH, ÓÞÞ, SvG, EK, GJG.

GSig, NL, SV greiddu ekki atkv.

9 þm. (GeirH, GA, GHelg, JS, BjG, KP, KJóh, PJ, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 327. mál (þskj. 679, n. 843 og 881). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Á þskj. 881 er prentað nál. frá meiri hl. iðnn. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands. Nefndin hefur rætt þetta mál en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt. Að meiri hl. standa þeir sömu iðnnm. sem stóðu að nál. um sölu hlutabréfa í Iðnaðarbankanum, þ. e. Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Birgir Ísleifur Gunnarsson, Ingvar Gíslason og Gunnar G. Schram.

Þetta mál er fylgifrv. og leiðir af sölu hlutabréfa í Iðnaðarbankanum og varðar stjórn bankans.

Frsm. minni hl. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 843 er nál. minni hl. iðnn., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frv. þetta tengist frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands.

Undirrituð eru andvíg þeirri sölu á hlut ríkisins í bankanum og því einnig mótfallin þeirri breytingu á lögum um bankann sem felst í þessu frv. og leggja til að það verði fellt."

Undir þetta nál. ritar auk mín hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:6 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 762 (sbr. 8), n. 846 og 871, 841, 872). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum. Meiri hl. sjútvn. Ed. gerði breytingu á 1. gr. frv. sem meiri hl. sjútvn. Nd. hefur fallist á. 1. gr. frv. hljóðar því svo eftir þá breytingu:

„Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Þó skulu 4% af þessum kostnaðarhlut koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmlestir eða minni, en 25% ekki.

Frá og með 1. febr. 1984 skulu þó 2% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru yfir 240 brúttórúmlestir, en 27% ekki, og 6% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru 240 brúttórúmlestir og minni en 23% ekki."

Sjútvn. Nd. athugaði frv. og kvaddi Ingimar Einars-

son frá sjútvrn. á sinn fund til að veita upplýsingar um málið. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á 1. gr. frv. og ég hef kynnt. Undir meirihlutaálit sjútvn. skrifa Stefán Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Halldór Blöndal, Gunnar G. Schram og Friðrik Sophusson.

Frsm. minni hl. (Elsa Kristjánsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. sjútvn. um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum. Nál. er á þskj. 871 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Frv. þetta er lagt fram til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út fyrir rétt tæpu ári, þann 27. maí 1983. Enn þá einu sinni stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut. Sem dæmi má nefna að af þeim næstum 600 millj. sem áætlað er að innheimtist í gengismun skv. 3. gr. frv. er einungis eftir að greiða út tæpar 115 millj.

Í þessu frv. skipta tvö atriði mestu máli, þ. e. kostnaðarhlutur útgerðar og upptaka gengismunar. Varðandi fyrra atriðið má m. a. vísa á ályktanir Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem eru prentaðar sem fskj. með áliti minni hl. sjútvn. Ed. (þskj. 587). Þar er bent á að ákvæði frv. vega að frjálsum samningum og hlutaskiptakerfi. Er augljóst að tímabært er að taka launakerfi sjómanna til rækilegrar endurskoðunar.

Upptaka og ráðstöfun gengismunar er enn ein stjórnvaldsaðgerðin sem byggist á andlausum útkomum úr meðaltalsmaskínum stjórnarráðanna en tekur ekkert tillit til raunverulegrar afkomu fólks eða fyrirtækja. Millifærslurnar flytja fé milli ýmissa greina sjávarútvegsins, fyrirtækja og landshluta, og verka oft til refsingar hjá vel reknum fyrirtækjum en til styrktar fyrirtækjum sem sýna lélega útkomu vegna óstjórnar og reiðileysis. Ágætt dæmi um fánýti þessarar stjórnunaraðferðar er upptaka gengismunar af skreið. Skreiðarverkun hefur átt mjög erfitt að undanförnu vegna verðfalls, sölutregðu og seinkunar á greiðslum og taprekstur í greininni er verulegur. Engu að síður er áformað að innheimta næstum 200 millj. í gengismun af skreið skv. svari sjútvrh. við fsp. um ráðstöfun gengismunar á þskj. 395 sem dreift var í mars s. l. Ef markmiðið með upptöku gengismunar er að styrkja rekstur sjávarútvegs og ýmissa greina hans virðist fráleitt að auka á taprekstur skreiðarverkunar með aðgerðum af þessu tagi.

Vísað er til fskj. með áliti minni hl. sjútvn. Ed. (þskj. 587) um afkomu skreiðarverkunar.

Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. til að frv. verði fellt. Minni hl. stendur þó að brtt. varðandi upptöku gengismunar af skreið í því skyni að lagfæra verstu agnúa 3. gr. frv.

Alþingi, 14. maí 1984, Elsa Kristjánsdóttir. Guðmundur Einarsson."

Þó að nú sé langt komið umfjöllun þessa máls get ég ekki stillt mig um að fara hér nokkrum orðum um þetta frv. þar sem að það snertir mjög Suðurnesin, þann landshluta sem ég kem frá.

Í 3. gr. frv. segir að taka skuli 10% gengismun af sjávarafurðum sem framleiddar voru fyrir 1. júní 1983. Vissulega eiga slíkar millifærslur stundum rétt á sér, en hvað varðar skreið, sem framleidd var fyrir þennan tíma, er þetta beinlínis fáránleg ráðstöfun og órökrétt eins og fram kemur í nál. Enn er mikið óselt af skreið framleiddri 1981 og 1982 og gefur auga leið að rýrnun hlýtur að verða við svo langa geymslu. Þótt hækkun verði á söluverði vegna gengisfellingar þá hækka einnig lánin, sem á birgðunum hvíla, af sömu ástæðu og vaxtakostnaður hleðst upp. Það er jafnvel spurning hvort skilaverð dugar fyrir áhvílandi lánum í sumum tilfellum. Í áætlunum skreiðarframleiðenda kemur fram að rúmlega 18% vantar upp á að söluverðmæti dugi fyrir þeim kostnaði sem þegar hefur verið lagður út. Í því dæmi er reiknað með töku gengismunarins. Því hlýtur að vera skylda stjórnvalda að taka tillit til breyttra aðstæðna. Þetta viðurkenna margir af þm. stjórnarinnar og hafa meira að segja gert opinberlega. En hvers vegna í ósköpunum greiða þeir þessu þá atkv. gegn betri vitund?

Ég flyt brtt. á þskj. 872 við 3. gr. frv. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aftan við 1. málsgr. 3. gr. bætist: Þó skal ekki taka gengismun af skreið sem greiðist eftir 1. janúar 1984."

Tel ég að vel sé hægt að framkvæma þetta vegna þess að lítið sem ekkert hefur greiðst af skreið eftir þann tíma. Ég skora á þá hv. þm. sem þekkja þessi mál að styðja brtt. mína.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að greiða skuli útgerðarfyrirtæki 29% af fiskverði sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar, en 25% af skipum undir 240 brúttórúmlestum. Kemur þetta í stað 7% olíugjalds áður. Hér er enn einu sinni verið að breyta með lögum forsendum gerðra kjarasamninga og að sjálfsögðu launþeganum í óhag. Sífellt er verið að taka stærri hluta fiskverðs utan skipta. Fyrir utan þessi 29% eru tekin 10% í Stofnfjársjóð. Það vantar ekki fjálgleg orð um hetjur hafsins í ræðum á Sjómannadaginn og um mikilvægi fiskveiða fyrir íslenskan þjóðarbúskap, en þegar meta á framlag þessara aðila til verðs þá kemur annað hljóð í strokkinn. Kannske það séu hetjulaunin að fá að taka á sig byrðar útvegsins.

Íslenskir sjómenn vinna við erfiðar aðstæður, einkum yfir vetrartímann. Aðbúnaður er misjafn, sums staðar góður, annars staðar slæmur. Vinnutíminn er langur og launin oft ekki í neinu samræmi við vinnuframlagið. Eða vita menn annars að í raun gilda engin lög um hvíldartíma sjómanna önnur er gömlu vökulögin? Þegar rætt er um tekjur sjómanna í fjölmiðlum er nær undantekningalaust slegið upp hásetahlut á aflahæstu skipum eða jafnvel einstakri velheppnaðri veiðiferð skellt á ársgrundvöllinn margumtalaða. Hitt er svo látið liggja milli hluta, að hér er aðeins um lítið brot af sjómannastéttinni að ræða. En þetta er myndin sem dregin er upp fyrir almenning. Mönnum verður tíðrætt um framleiðni hinna ýmsu stétta og bera sig þá gjarnan saman við nágrannalöndin. Ekki fara íslenskir sjómenn illa út úr þeim samanburði.

Í nýútkomnum Fjármálatíðindum er grein eftir Jón Sigurðsson hagrannsóknarstjóra og ber hún nafnið „Útvegur í öldudal." Þar kemur fram í töflu á bls. 53 að hlutur fiskveiða í heildarvinnuaflsnotkun er 5%, en hlutur þeirra í vergri landsframleiðslu er 9.4%. Ekki gefur það heldur ástæðu til að rýra hlut sjómanna.

Þær greinar í fyrirliggjandi frv. sem varða hlut sjómanna eru aðstandendum þess til lítils sóma. Hv. þm. Halldór Blöndal lét þau orð falla á fundi sjútvn. Nd. að sjómenn hefðu ekki gert verulegan ágreining út

af ákvæðum brbl. við síðustu samningagerð. Af orðum *hans mátti ráða að þeir tækju þessu nokkurn veginn* möglunarlaust. En ætli það hafi verið af því að þeir væru ánægðir? Nei, þeir mótmæltu brbl. kröftuglega og nú er gjörsamlega búið að slá öll vopn úr höndum þeirra með kvótaskiptingunni. Þeir hafa enga stöðu til að fylgja sínum málum eftir.

Í Sjómanninum, blaði Sjómannafélags Reykjavíkur, segir um brbl. frá 27. maí 1983, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er enn eitt dæmið um hvernig útgerðarmenn *beita ríkisvaldinu fyrir sig í ránsferðum sínum í umsamin* skiptakjör sín við fiskimenn. Nú hefur útgerðarmönnum tekist að koma skiptaprósentu fiskimanna á skuttogara af minni gerðinni niður í 20.71% af raunverulegu aflaverðmæti."

Flestum, sem um þessi mál fjalla, er ljóst að það eru ekki laun sjómanna sem eru að kollsigla útgerðinni. Þar koma önnur atriði til og vegur þar langþyngst fjármagnskostnaðurinn. Það segir sig sjálft að þegar stór hluti lána, sem hvíla á fiskiskipastólnum, eru í Bandaríkjadollurum, við vitum hvernig þróun hans hefur verið, og auk þess með einhverjum óhagstæðustu vöxtum sem þekkjast, þá þarf meira en lítið til að standa undir slíku. Það má heita undarleg fjarstæða að þessi þunga byrði er að stórum hluta afleiðing aðgerða ríkisstj. til að létta byrði þess sama sjávarútvegs. Ég tel því alls ekki fráleitt að ríkissjóður greiði niður í eitt skipti fyrir öll með einni aðgerð hluta af fjármagnskostnaði eða skuldum útgerðarinnar, að sjálfsögðu að vel athuguðu máli og með ákveðnum skilyrðum, m. a. að það hvetji ekki til frekari skipakaupa. Þetta tel ég vera skárri kost en krukk hér og millifærslur þar. Það má segja að hér sé verið að nálgast pennastrikið hans Alberts. En þetta á þjóðin öll að taka á sig sem heild, ekki sjómenn einir, því það er einmitt þjóðarheildin sem nýtur góðs af vinnu þessara manna og þeim verðmætum sem skapast í sjávarútvegi.

Ég vil þó vekja athygli á þeirri staðreynd að um 80% útgerðaraðila reka einnig fiskvinnslu þannig að e. t. v. eru byrðarnar ekki svo óskaplega þungbærar hjá öllum útgerðarfyrirtækjum.

Að sjálfsögðu ráða ríkisstjórnir ekki öllu um gengi sjávarútvegs á Íslandi. Þar eiga fyrirtækin sjálf og sölusamtök þeirra einnig sinn stóra þátt. Og þar má örugglega margt bæta, bæði skipulag, nýtingu, gæði og síðast en ekki síst markaðssókn og sölustarfsemi. Víða er þörf meira aðhalds og eftirlits, t. d. í skipasmíðum. Menn, sem þar þekkja til, segja mér að þegar byggð eru ný skip eða eldri skipum breytt þá séu þau oft búin út fyrir svo margs konar veiðar og fyllt af alls kyns dýrum tækjum, sem síðan eru lítið sem ekkert nýtt og eru hreinlega til trafala við þann veiðiskap sem skipin eru síðan notuð til.

Skuldbreytingar og lenging lána geta bjargað einhverjum, en oft líður svo langur tími frá því að ákvörðun er tekin þar til úr framkvæmdum verður að á meðan hafa skuldir hlaðið á sig vanskilavöxtum og aðstoðin verður því ekki að því gagni sem til var ætlast. En talandi um skuldbreytingar. Nú stendur til að skuldbreyta og lengja lán hjá Fiskveiðasjóði allt upp í 7 ár í viðbót með veði í skipum allt að 90% af húftryggingu þeirra. Ég er hrædd um, miðað við líftíma skipanna, að einhver veðanna verði orðin úr sér gengin eða ónýt áður en skuldirnar eru greiddar.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að hugmyndum ríkisstj. um 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana og breytingu á afurðalánum, en í grg. með bandorminum segir á bls. 7, með leyfi forseta:

„Hinir margþættu annmarkar endurkaupakerfisins hafa orðið til þess að ríkisstj. setti í upphaflega stefnuskrá sína það ákvæði að afurða- og rekstrarlán atvinnuveganna skyldu færð til viðskiptabanka og sparisjóða. Liggur fyrir ríkisstj. till. frá Seðlabankanum um samhliða lækkun allra endurkaupa um sem næst 5% eða *nálægt tíunda hluta þeirra.*"

Ég tel þetta vera mjög hættulega stefnu einmitt við ríkjandi aðstæður. Í fyrsta lagi hafa fæstar innlánsstofnanir úti um landið bolmagn til að taka þessi lán að sér. Það leiðir svo annað tveggja af sér að atvinnuvegirnir fá ekki þá fyrirgreiðslu sem þeim ber eða að viðkomandi banki lendir í bullandi yfirdrætti hjá Seðlabankanum með tilheyrandi refsivöxtum. Varla getur það heldur talist til jákvæðra ráðstafana í sjávarútvegsmálum að lækka afurðalánin eins og nú er ástatt.

Nú má enginn taka orð mín svo að eingöngu eigi að sinna sjávarútvegsmálum og láta uppbyggingu nýrra atvinnugreina og menntakerfisins lönd og leið. Síður en svo. En það er framtíðarverkefni sem tekur mörg ár að byggja upp þangað til við förum að njóta arðs. Ekki síst ef á að fylgja þeirri stefnu að skera niður í menntakerfinu á öllum stigum. Á meðan verðum við að treysta á hefðbundnu atvinnugreinarnar. Og vandi sjávarútvegsins er það sem við stöndum frammi fyrir hér og nú og hann verður að leysa. Það væri óskandi að Alþingi bæri gæfu til að afgreiða fyrir þinglok till. Svanfríðar Jónasdóttur um úttekt á stöðu sjávarútvegsins. Ef svo verður ekki þá leyfi ég mér að beina þeim tilmælum til hæstv. sjútvrh. að hann skipi engu að síður nefnd í málið, sem starfi í sumar, þannig að úttekt á stöðu sjávarútvegsins og till. til úrbóta gætu legið fyrir strax við upphaf þings í haust.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að skreiðarverkendur hafa átt við mikla erfiðleika að stríða og það hefur komið glögglega í ljós að verulegur halli er á þessari framleiðslugrein. Í almennum umr. hafa held ég engir dregið í efa að svo sé. Það hafa verið gerðar ýmsar tilraunir hér í þinginu til að fá Alþingi til að taka tillit til þessa þegar upptaka færi fram á gengismun á skreið. Þannig var flutt till. í Ed. þingsins um að ekki yrði tekinn gengismunur af skreið, en hún náði ekki fram að ganga.

Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 841 um að ekki verði þó tekinn meiri gengismunur af skreið en sem nemur 151 millj. kr. Skýringin á þessari tölu er ákaflega einföld. Í þeim áformum sem þegar hafa verið birt um ráðstöfun á gengismun á skreið hefur verið reiknað með því að 151 millj. kr. væru til ráðstöfunar. Nýjustu áætlanir um það hversu há upphæðin muni vera benda hins vegar til að þessi upphæð muni nema 196 millj. kr. ef ég man rétt.

Þessi till. fjallar sem sagt um það að menn láti staðar numið við að taka gengismun af skreið þegar sú upphæð er komin, sem þegar hafa verið teknar ákvarðanir um hvernig ráðstafa skuli, en haldi ekki áfram upp í 200 millj. kr. Hún gerir enn fremur ráð fyrir því að sá mismunur, sem þarna er upp á hartnær 50 millj. kr., renni þá í skreiðardeild Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðar-

ins og komi með þeim hætti greininni í heild til góða.

Þessi till. er sem sagt flutt vegna þess að ekki hefur takist að fá samþykkta till. um að taka ekki gengismun af skreið. Hún er viðleitni í þá átt að sýna lit í því að íþyngja ekki þessari grein frekar en orðið er með þeim ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar.

Ég þarf ekki að fara öllu fleiri orðum um þetta mál. Miðað við allar aðstæður og ef ekki fæst samþykkt sú till. sem endurflutt hefur verið hér um að taka ekki gengismun af skreið, sem hv. síðasti ræðumaður er flm. að og talaði fyrir hér áðan, tel ég að hér megi bjarga í horn með því að samþykkja brtt. á þskj. 841.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. hafði eftir mér ummæli sem ég átti að hafa sagt í sjútvn., í nokkuð undarlegu samhengi. Skal ég ekki fást um það hvernig mín ummæli eru skilin, en það sem ég hef vakið athygli á í sambandi við þetta mál er að ýmsar greiðslur, sem eiga að renna til sjómanna, eru enn óinnkomnar, eins og 15 millj. kr. til Lífeyrissjóðs sjómanna og 6.5 millj. kr. til annarra velferðarmála sjómanna. Þetta er hvort tveggja óinnkomið og ef ofan á yrði að fella lögin við þessa umr. mundi það að sjálfsögðu þýða að sjómenn yrðu af þessu fé. Skil ég ekki hvernig sú mikla umhyggja sem hér kom annars fram í sambandi við hetjur hafsins getur samræmst þeim sjónarmiðum.

Ég vil einnig taka undir þau orð sem féllu hér um það hversu erfið sjósókn væri, einkum að vetrarlagi, og tel nauðsynlegt að það komi einnig fram hér að sú nefnd sem fjallað hefur um öryggismál sjómanna hefur farið fram á það að vextir af þessu gengismunarfé renni til öryggismála sjómanna, en þar er um mjög verulegt fé að ræða, eða vaxtatekjur á s. l. ári sem nema tæpum 18 millj. kr. Þau mál eru nú í athugun.

Ég vil einnig láta þess getið varðandi þau ummæli sem hv. síðasti ræðumaður lét hér falla að meiri hl. sjútvn. Nd. hefur skilning á þeim vandamálum sem skreiðin stendur frammi fyrir og hefur fullan vilja á að beita sér með þeim hætti að komið verði til móts við skreiðarverkendur meira en gert hefur verið. En ég vil jafnframt minna á það, að útflutningsgjald af skreið var lækkað á þeirri skreið sem framleidd var fyrir síðustu áramót að frumkvæði þessarar nefndar.

Á hinn bóginn liggur ekki fyrir á þessari stundu, hverjar tekjur gengismunarsjóðs muni endanlega verða. Hefur verið mikil tregða á því síðustu mánuði, ég ætla frá áramótum, að greiðslur berist frá Nígeríu fyrir skreið og tel ég mjög ógætilegt á þessari stundu að segja um það hvenær greiðslur berast þaðan. Skal ég ekki fara nánar út í þau mál.

En ég ítreka það, að vandi skreiðarverkenda er okkur ljós. Þessi vandi er ekki nýr af nálinni. Og ég vil enn segja vegna ræðu 5. þm. Reykn. að ólíkt betri er rekstrarafkoma atvinnuveganna nú en áður var, ef við förum eitt ár aftur í tímann. Ég vil enn fremur segja það, að frv. það sem hér liggur fyrir er ekki þess efnis að verið sé að draga fé frá sjávarútveginum sem heild. Og allra síst er hægt að halda því fram að frv. feli í sér að verið sé að níðast á sjómönnum eða útvegsmönnum. Þvert á móti er verið að flytja fé frá framleiðslunni til sjómanna og útgerðarmanna. Þetta held ég að nauðsynlegt sé að komi hér fram vegna þeirra ummæla sem hér féllu áðan.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:7 atkv.
2. gr. samþ. með 22:5 atkv.
Brtt. 872 felld með 21:9 atkv.
Brtt. 841 felld með 22:9 atkv.
3. gr. samþ. með 22:6 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 95. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 94. fundi.

Hitaveita Suðurnesja, frv. 271. mál (þskj. 951). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 327. mál (þskj. 679). — 3. umr.

Og skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:9 atkv. og afgr. til Ed.

Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, frv. 328. mál (þskj. 680). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:9 atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, frv. 8. mál (þskj. 762 (sbr. 8)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni staðfesting á brbl. sem hæstv. ríkisstj. setti í upphafi

ferils síns um verulega breytingu á hlutaskiptum. Eins og fram hefur komið bæði við atkvgr. í þessari deild og í hv. Ed. voru mörg mótatkvæði gegn þessum ráðstöfunum sem hér er verið að staðfesta.

Ég vil í tilefni af þessu minna á að ekki liggja fyrir, svo mér sé kunnugt um, neinar nákvæmar upplýsingar um það hvað þessi skerðing á hlutaskiptum sem ákveðin var með brbl. þýðir og þýddi fyrir tekjur sjómanna t. d. á árinu 1983. Ég hef a. m. k. ekki séð í gögnum málsins neina slíka úttekt. Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann er reiðubúinn til þess að hlutast til um að aflað verði upplýsinga fyrir þm. hjá Þjóðhagsstofnun t. d. um það hverju þessi kjaraskerðing nam sem brbl. kveða á um. Það er í rauninni ekki mjög einfalt að giska á þessa breytingu vegna þess að kostnaðarhlutdeildin, sem lögin kveða á um, kemur í stað ýmissa þátta sem áður voru með öðrum hætti ákveðnir, ýmist fram hjá skiptum beint eða óbeint að segja má. Þess vegna þarfnast það nokkurrar yfirlegu að fá það fram hvaða breyting á tekjum sjómanna varð út af þessum lögum einum.

Við vitum að sjómenn hafa orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu vegna aflasamdráttar. En til þess að unnt sé að átta sig á málinu í heild þarf að koma fram hvaða breyting það var sem átti sér stað á tekjum sjómanna vegna þessara brbl. Mér þætti vænt um ef hæstv. sjútvrh. sæi sér kleift við þessa umr. að skýra frá því hvort hann er reiðubúinn til þess að láta taka saman á vegum Þjóðhagsstofnunar slíkt yfirlit um tekjuskerðingu sjómanna og þar með um það hversu miklir fjármunir voru með þessum ákvörðunum fluttir yfir til útgerðarinnar.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er, eins og hv. þm. Svavar Gestsson tók fram, mjög erfitt að sjá það nákvæmlega hvaða breytingar verða af aðgerðum sem þessum. Í fyrsta lagi má spyrja: Hvaða afleiðingar hefði það haft í för með sér ef aðgerðirnar hefðu ekki átt sér stað? Ég held að það megi fullyrða að mjög mikill hluti af íslenska fiskiskipaflotanum hefði þá stöðvast og þá hefður tekjur sjómanna orðið harla litlar. Hins vegar urðu þessar aðgerðir til þess að hægt var að halda flotanum gangandi eins og sagt er. Það kom í ljós á haustdögum að þær tekjuáætlanir, sem gerðar voru fyrir sjávarútveginn, voru of háar og aflabrögðin urðu minni á árinu 1983 en gert hafði verið ráð fyrir.

Hins vegar liggur það fyrir að sú kostnaðarhlutdeild, sem þarna var tekin upp, var 29% á togurum og 25% á minni skipum. Á móti féllu niður, eins og hv. þm. tók fram, útflutningsgjöld, þannig að áhrifin voru minni. Sú hækkun sem kom til sjómanna var sú sama og til annarra launþega í landinu, eða 8% ef ég man rétt, en 12.3% til þeirra sem voru á fiskiskipum undir 240 brúttólestir. Því var gætt samræmis í þessari lagasetningu og þeirri lagasetningu sem fór fram um afnám vísitölubóta og hækkun launa.

Að sjálfsögðu er hægt að reikna út hvaða fjármuni hér er um að ræða. Ég tel hins vegar að slíkir útreikningar þjóni engum tilgangi þótt ég geti að sjálfsögðu beðið Þjóðhagsstofnun að framkvæma þá. En það eru í raun og veru upplýsingar sem skipta eigi máli vegna þess að þessir fjármunir eru því miður ekki til og afkoma útgerðarinnar er mjög slæm. Það er rétt að upplýsa það að við fiskverðsákvörðun núna í upphafi árs — og þær tölur hafa verið birtar hér í þskj. — var gert ráð fyrir verulegum halla í útgerð og þær breytingar, sem þar hafa orðið síðan þær ákvarðanir voru teknar, gefa tilefni til þess að ætla að afkoman sé nokkuð svipuð og þá var gert ráð fyrir en þó er hún afar mismunandi eftir því hvaða skip eiga í hlut. Að því er fiskvinnsluna varðar má gera ráð fyrir að afkoman sé heldur lakari eða svona 1—2% lakari en gert var ráð fyrir við fiskverðsákvörðun.

Ég veit ekki hvort þetta svarar í einhverju fsp. hv. þm. en ég er því miður ekki með gögn hér undir höndum því ég vissi ekki um að hann mundi bera fram þessa fsp. En ég get að sjálfsögðu reynt að koma til hans þeim gögnum sem liggja fyrir og öðrum þeim upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun er áreiðanlega fús til að koma á framfæri eftir því sem óskir þm. eru.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að koma með þá tillögu að afgreiðslu þessa máls verði frestað vegna þess að innan örfárra daga mundi þingheimi gefast tækifæri til að halda hátíðlega upp á ársafmæli þess. Þetta er mál sem var gefið út þann 27. maí 1983. Á grundvelli aðgerða, sem þarna eru sett lög um, hefur verið innheimt og útdeilt hundruðum milljóna kr. Ég er ekki með frumgögn í því máli en það gætu ábyggilega verið tæpar fimm hundruð milljónir sem búið er að vísa í hinar og þessar áttir í hina og þessa sjóði. Og af því að menn hafa verið að ræða í þessari hrotu ýmislegt um starfshætti þingsins finnst mér alveg afleitt og himinhrópanlegt að við skulum vera í þeirri aðstöðu að ræða og reyna að meta löngu gerða og löngu liðna hluti. Okkur hefur oft blöskrað í vetur en þetta er eiginlega málið sem fyllir mælinn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég varð var við það í umr. áðan að ýmsir alþm. þ. á m. hv. þm. Halldór Blöndal, hafi mikla samúð með því hvernig ástand væri hjá skreiðarverkendum þó að hann treysti sér ekki til þess að fylgja þeirri till. sem ég hér flutti né heldur öðrum þeim till., þ. e. till. hv. þm. Elsu Kristjánsdóttur, um að ekki yrði tekinn gengismunur á skreið. Hv. þm. Halldór Blöndal benti á í þessu sambandi að óvíst væri hvort inn kæmu þeir peningar sem um væri að ræða og hér væri hugmyndin að ráðstafa og nefndi einkum skreiðina í því sambandi. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum, bæði því að það virtist vera skilningur af hálfu a. m. k. þessa hv. þm. og væntanlega af hálfu fleiri á þeim vanda sem hér er við að etja, og svo eins út af þeim áhyggjum sem þar voru látnar í ljós um að ekki kæmu inn nægilega miklir peningar til þess að standa undir skuldbindingum, þá hef ég nú umorðað í huga mínum þær hugmyndir sem hér er um að ræða og vil flytja hér fyrir hönd mína og Elsu Kristjánsdóttur sérstaka till. sem tekur tillit til þessara sjónarmiða. Þetta er till. sem er skrifleg og ég mun afhenda forseta og hljómar þannig að aftan við 3. mgr. 3. gr. bætist setningin:

„Fari gengismunur af skreið fram úr 155 millj. kr. skal það sem umfram er greitt í skreiðardeild Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, enda hafi heildargengismunur af öllum sjávarafurðum skv. þessari gr. farið fram úr 555 millj. kr.“

Með þessu orðalagi er það sem sagt tryggt að þeir

fjármunir, sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um að verði varið til ákveðinna þátta, hafi forgang. Eins og mönnum mun kunnugt tók ríkisstj. ákvörðun um að verja 552 millj. kr. til ýmissa hluta með ákvörðun 18. ágúst 1983. Ef þessi brtt. er samþykkt með þessum hætti er það öruggt að ríkisstj. getur gengið í þessa peninga allt upp í 555 millj. kr. svo lengi sem eitthvað er ógreitt af því. Það leggst ekki inn á reikning á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins fyrr en heildarupphæðin er líka komin yfir þessar 555 millj. og því þurfi ekki að óttast neitt um þá ákvörðun sem tekin var af hálfu ríkisstj.

Á hinn bóginn felst í þessu viðurkenning á vanda skreiðarverkenda þannig að þegar búið er að standa við allar skuldbindingar sem hafa verið ákveðnar og svo framarlega sem þá myndast afgangur af gengismun af skreið, sem er þá vegna þess að það fer fram úr þeim 155 millj. sem um var talað, þá renni það í Verðjöfnunarsjóð og þá í skreiðardeild Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Ég tel að með þessum hætti sé leitast við að taka tillit til allra þeirra sjónarmiða sem uppi hafa verið og taka fyllsta tillit til þeirra raka sem t. d. hv. þm. Halldór Blöndal færði fram í umr. áðan.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að afhenda þessa till. sem er hér skrifleg og flutt af þeim sem hér stendur og Elsu Kristjánsdóttur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1102) samþ. með 23 shlj. atkv.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir góðar undirtektir við þá beiðni sem ég lagði fram áðan. Hann tók þannig til orða að útreikningar eins og ég bað um þjónuðu engum tilgangi. Ég held að það sé kannske ekki alveg rétt. Ég er þeirrar skoðunar að þetta myndi upplýsa nokkuð um þær ráðstafanir sem gerðar voru í fyrravor. Það er ekki nokkur vafi á því að brýn nauðsyn var á að gera ráðstafanir. Spurningin var um það hversu langt átti að ganga og hvernig. Ég held því að það sé mjög gott að slíkar upplýsingar komi fram.

Í umr. um þessi mál og þ. á m. gengismuninn hefur komið fram sú hugmynd frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni að vextir af gengismun verði notaðir til þess að tryggja nauðsynlegar úrbætur í öryggismálum sjómanna. 30. mars s. l. skipaði hæstv. samgrh. nefnd til þess að fjalla um þau mál. Nefndin beindi þeirri beiðni til hæstv. ríkisstj. að hún kannaði hvort unnt væri að taka þessar vaxtatekjur af gengismun í þessu skyni.

Í tengslum við þessa umr. um gengismun og vegna þess að kannske er ekki við því að búast að miklar umr. verði um hann hér á næstunni vildi ég leyfa mér að inna hæstv. samgrh. eftir því hvernig hann hugsar sér að taka á þessari beiðni nefndarinnar sem fjallar um alla þætti öryggismála skipa og áhafna þeirra, þar með talin menntun og þjálfun áhafna. Auk þess er nefndinni ætlað að gera till. um nauðsynlegar endurbætur í öryggismálum sjómanna og till. um fjármögnun slíkra aðgerða. Mér þætti vænt um ef hæstv. samgrh. sæi sér fært að greina frá því hvernig ríkisstj. hyggst taka í þessa till. nefndarinnar sem er upphaflega komin frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni og hann hreyfði í umr. um þessi mál í Sþ. fyrir nokkrum vikum.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að Pétur Sigurðsson skrifaði nýlega bréf fyrir hönd þeirrar nefndar sem hann gat um og á að fjalla um öryggismál sjómanna. Þar bendir hann á þessa samþykkt nefndarinnar, að hún fái vexti, þ. e. gengismun, sem fjármagn til þess að vinna að þessum þætti. Ég var fjarverandi um hríð og hef hugsað mér að leggja þetta bréf fyrir ríkisstj. Hvort það verður þetta atriði, það er vitaskuld mikið undir sjútvrh. að sækja, hvernig hann tekur þeirri hugmynd, en ég hef ekki komið því við að ræða það frekar.

En ríkisstj. ákvað að skipa þessa nefnd og ekki verður komist hjá því að hún fái fjármagn til umráða til þess að sinna sínu verkefni. Persónulega er ég hlynntur því ef það brýtur ekki í bága við það sem sjútvrh. hefur hugsað sér en um það vil ég á þessu stigi ekki fullyrða, en þá verður að leysa það mál með öðrum hætti.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er fyllilega tilefni til þess að rabba svolítið saman um sjávarútvegsmálin. Það hefur ekki verið gert svo mikið að því. Þetta er gamall kunningi sem hér liggur fyrir í augnablikinu, á ársafmæli um þessar mundir og rétt að fagna því með nokkrum kærleiksríkum orðum, en því miður er það varla hægt með hamingjuóskum.

Sannleikurinn er raunar sá að við höfum allt of mikið gert að því að beita brbl. Þetta er skrumskæling á þingræðinu, mismunandi alvarleg að vísu, en menn skyldu athuga það að það er eitt ár frá því að þessi brbl. voru sett og þar til þau koma nú til afgreiðslu. Þessi brbl. fjalla aðallega um það að breyta hlutaskiptum sjómanna og færa meira af aflanum til útgerðar og klípa að sama skapi af hlut sjómanna. Þetta er staðreynd.

Í öðru lagi er viðhaldið gífurlegum mun á verði til útgerðar annars vegar og til sjómanna hins vegar þegar seldur er afli erlendis. Sá aukamunur er í þessu frv. 9%, kostnaðarhlutdeildin var 29%. Það er rétt að aðrar smærri byrðar voru sameinaðar í eina stóra, olíusjóðinn, eins og menn þekkja, það þarf ekki að rekja það. En það er varla nokkur vafi á því að eins langt var gengið í þessu efni í fyrra fyrir ári eins og kostur var og sem hugsanlega getur talist sæmilegt.

Ég skal viðurkenna það og það gerum við öll að á vordögum á s. l. ári blöstu við miklir erfiðleikar í útgerð í landinu. Ég held að við höfum svo sannarlega öll verið sammála því því að það blasir við og var óvefengjanlegt og vanda útgerðarinnar varð að leysa að hluta til. Allir voru einnig sammála um það. En aðferðin, herra forseti, aðferðin er ævinlega sú sama. Hvergi er hægt að finna fjármagn þegar illa stendur í þessum atvinnuvegi annars staðar en hjá sjómönnum. Það er ekki vegna þess að menn hafi trúað því að sjómenn hafi verið svo vel staddir og í svo miklu aflögufærir að þangað væri hægt að leita eftir þeim fjármunum sem dygðu til þess að halda flotanum gangandi, en eitthvað þurfti til. Nú er í rauninni orðið of seint að rífast um orðinn hlut, það sem skeð hefur á undanförnu ári. Brbl. halda gildi sínu jafnvel þó þau séu ekki samþykkt, þau halda gildi sínu þangað til þau eru felld. Hér er því um liðna tíð og orðna hluti um að tala.

En ég segi það við þetta hátíðlega ársafmælistækifæri

að næst þegar útgerðina vantar peninga til að sækja fisk í sjó — og það verðum við að gera með illu eða góðu — þá getum við ekki í eitt skiptið enn tekið þann hlut af sjómönnum. Það er alveg ljóst, lengra verður ekki gengið. Við stöndum á brúninni, við fáum engan mann til þess að sækja fiskinn fyrir minni hlut. Ég ætla að vona að hæstv. ríkisstj. geri sér fulla grein fyrir því.

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við tölum um gengismun af sjávarafurðum. Þetta er meira en árviss viðburður. Á sumum árum og stundum góðum þurftum við að fella gengið svo hratt að hæstv. hlutaðeigandi ráðh. mundi stundum ekki eftir því að hann þurfti að setja lög um gengismunarsjóð, eins og kunnugt er. Ég harma það að fyrrv. hæstv. sjútvrh. situr ekki hér í salnum. Ég hef varla geð í mér til þess að tala yfir þessum stað án þess að hann sé inni, einkum af þessu tilefni.

Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. forseta hvort hann gæti ekki séð svo um að skap ræðumanns verði betra og raunar að orð hans falli í þann jarðveg, sem hann óskar helst nú á sáningartíma. (**Forseti:** Forseti mun gera tilraun til að ná í hæstv. forsrh.)

Ég get svo sem notað tækifærið á meðan eftirlitsmenn þessa virðulega húss leita Matthíasar Bjarnasonar, hv. heilbrrh., og nefna dálítið annað sem við töluðum um hér um daginn sem síst var til þess að létta undir með — (**Forseti:** Ég gerði reka að því að fá hingað hæstv. forsrh. sem var sjútvrh. hér fyrr og tók það svo að hv. ræðumaður ætlaði að beina orðum sínum til hans. Nú er komið í ljós að það er hæstv. samgrh.) Já, hann er líka fyrrv. sjútvrh. Ég bið hv. alþm. afsökunar á þessari töf á ræðu minni og er ræðunni hér með haldið áfram. Þegar við vorum að fjalla um útflutningsgjaldið núna fyrir stuttu átti að bjarga útgerðinni eina ferðina enn og svo sannarlega ekki vanþörf á. En það var líka gert ég ætla að biðja menn að taka eftir því, hv. deild — með því að klípa af hlut sjómanna, þó með dálítilli hliðarleið væri, með því sem sagt að þá fjármuni, sem teknir voru af fiskverði í raun og veru af útflutningsgjöldum sjávarafurða, færðu menn til sem svaraði 4% af heildaraflaverðmæti ísl. flotans á þessu ári til útgerðar en ekki sjómanna. Ef menn hefðu á einhverju stigi getað sætt sig við það að útflutningsgjöldin yrðu minni sem næmi þessum 4% af aflaverðmæti þjóðarinnar, sem eru líklega um 230 millj. á þessu ári, þessi 4% ein, þá hefði verið hægt að hækka fiskverðið um sömu upphæð, sem þýðir að þarna er skiptahlutur sjómannsins látinn liggja á milli hluta en útgerðin fær það allt saman. Enn einu sinni var gengið á hlut sjómanna.

Þessi vandi, sem þá steðjaði að útgerðinni og mun steðja að trúi ég á þessu ári, verður ekki leystur með þessum klassíska máta lengur, það er ekkert af að taka. Það minnir okkur á að það, sem við einu sinni höfðum í huga með því að setja upp Verðjöfnunarsjóð, hefur ekki orðið að því gagni sem ætlast var til.

Það er ekki nokkur vafi á því að flestum mönnum, sem eitthvað hafa kynnst þessum málum, hlýtur að vera það ljóst að við þurfum Verðjöfnunarsjóð sem eitthvert gagn er að, virkilegan alvörusjóð. Til hans þarf að veita fjármagni, ekki aðeins úr atvinnuveginum sjálfum heldur einnig annars staðar frá. Sannleikurinn er sá að þó að margir í landinu tali um að ævinlega sé verið að setja fjármuni frá landsmönnum yfir til sjávarútvegsins þá er það blekking. Þeir fjármunir, sem hafa farið til sjávarútvegsins, hafa komið frá honum sjálfum. Þar hefur verið um millifærslur milli greina í sjávarútveginum sjálfum að ræða.

Ég sé að nú er hæstv. samgrh. og fyrrv. sjútvrh. kominn í salinn. Ég vil af þessu tilefni aðeins nefna það við hæstv. ráðh. að á meðan hann gegndi annarri stöðu á hinu háa Alþingi, þegar hann var einn af þessum óbreyttu þm. og ekki ráðh. og sat í stjórnarandstöðusætum í stað þess að sitja í hábökuðum útskornum kórónustólum, þá hafði hann dálítið aðra afstöðu til gengismunar en nú.

Á síðasta þingi — það er ekki lengra síðan — komu gengismunarmálin til umr. Þá lá einmitt fyrir frv. af sama tagi og brbl. þ. e. að taka gengismun af útfluttum sjávarafurðum, þ. á m. af útfluttum skreiðarafurðum. Ég er svo sem ekkert að álasa hæstv. ráðh. fyrir að hafa tekið þá afstöðu þá og kannske ekkert frekar að hann skuli taka aðra afstöðu nú, en ég vil aðeins minna á að það var hann, hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason, sem lagði sjálfur fram till. sem var eins og sú sem var verið að fella hér áðan. Hún hljóðar svo, sem leyfi forseta:

„Útfluttar skreiðarafurðir skulu greiddar á því kaupgengi sem er í gildi þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil.“

Og í rökstuðningi sínum sagði hæstv. ráðh. m. a.:

„Ég þarf í raun og veru ekki að bæta við þetta því að ég skýrði frá því hér í dag að ég teldi að sá gengishagnaður, sem reiknað væri með vegna skreiðarafurða, væri ekki fyrir hendi og ekkert útlit fyrir það að hann verði til í náinni framtíð. Ef skreið selst, sem slæmar horfur eru á, þurfa skreiðarframleiðendur fullkomlega á því að halda að afreikna á gildandi kaupgengi bankanna á hverjum tíma. Þess vegna er þessi till. flutt.“

Svo mörg voru þau orð og það var ekki aðeins þessi hæstv. ráðh., sem þá var óbreyttur þm., sem lagði þetta til, þeir hnykktu nú enn frekar á nafni ráðh. og hæstv. ráðh. sjálfur, Matthías Á. Mathiesen og lengst gekk að sjálfsögðu eins og venjulega hæstv. núv. fjmrh. Ég ætla nú ekki að lesa þann pistil. Hann bar þá ekki síður en nú umhyggju fyrir litla manninum.

Herra forseti. Við gætum auðvitað talað um þetta miklu lengur okkur til skemmtunar en ég vil ekki tefja tíma frá — (Gripið fram í.) Ég vil ekki tefja tíma þingsins vegna þess að það liggur margt fyrir og ég vil reyna að greiða fyrir þingstörfum eins og mögulegt er.

ATKVGR.

Brtt. 1102 felld með 21:13 atkv.

Frv. samþ. með 21:12 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 968).

Sjúkraliðar, frv. 314. mál (þskj. 622, n. 920). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 920 um frv. til laga um sjúkraliða,

sem er 324. mál þessa þings á þskj. 622. Þetta frv. varðar réttindi og skyldur sjúkraliða og lögverndun starfsheitis þeirra.

Um frv. hefur þegar verið fjallað í Ed. þar sem það var samþykkt óbreytt.

Heilbr.- og trn. Nd. hefur fjallað um þetta frv. og haft samráð við Ingimar Sigurðsson deildarstjóra og Margréti Einarsdóttur formann Félags sjúkraliða.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita auk mín Guðmundur H. Garðarsson, Friðrik Sophusson, Guðrún Helgadóttir, Níels Árni Lund.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Ljósmæðralög, frv. 315. mál (þskj. 768 (sbr. 623), n. 921). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 921 um frv. til ljósmæðralaga, sem er 315. mál þessa þings á þskj. 623. Hér er um að ræða frv. sem kveður á um réttindi og skyldur og lögverndun starfsheitis ljósmæðra, en núgildandi ljósmæðralög eru að grunni til síðan 1933.

Málið hefur þegar verið afgreitt frá Ed. og voru þar gerðar á því breytingar samkv. tillögum Ljósmæðrafélags Íslands. Önnur brtt. kom frá félaginu, en tillit mun verða tekið til hennar í reglugerð.

Heilbr.- og trn. Nd. hefur fjallað um málið og var samráð haft við Ingimar Sigurðsson deildarstjóra og fulltrúa frá Ljósmæðrafélagi Íslands. Auk þess barst nefndinni umsögn um málið frá Ljósmæðrafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð var á því í Ed.

Undir nál. rita auk mín Friðrik Sophusson, Guðmundur H. Garðarsson, Guðrún Helgadóttir og Níels Árni Lund.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Hafnalög, frv. 136. mál (þskj. 763, n. 869, 870). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. um hafnalög hefur nefndin rætt á nokkrum fundum sínum og fengið til viðræðu Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra. Nefndin gerði þrjár brtt., eins og sést á þskj. 870.

Við 26. gr. er sú brtt. gerð að inn í greinina er bætt: hafnsögubáta.

Á 27. gr. var gerð breyting í Ed., en samgn. Nd. breytti greininni aftur í fyrra horf. Í 27. gr. segir: „Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda skulu sendar ráðuneytinu, sem leitar álits hafnaráðs og hafnamálastjóra.“ Svo var bætt inn: og sendir síðan tillögur sínar til fjvn., en Ed. bætti við að senda einnig til hlutaðeigandi hafnarstjórnar. Þessar beiðnir eru náttúrlega komnar frá þeirri nefnd.

Í 27. gr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að láta framlag ríkissjóðs lækka til þeirra hafna þar sem hafnarsjóðir standa það vel að þeir eru taldir geta borið hærri greiðslur en lögin heimila hæst að veita. Af þessum ástæðum taldi samgn. Nd. rétt að setja nýja grein sem komi á eftir 27. gr. og verði 28. gr. og orðist svo:

„Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem ekki hafa nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgrn. gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðh. skal gera tillögu til fjvn. og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.“

Það hefur komið stundum í ljós að tekjur hafna geta breyst skyndilega eins og kom fyrir þegar loðnubresturinn varð. Hafnirnar töpuðu þá sumar hverjar upp í á milli 40 og 50% af áætluðum tekjum. Ef dregið hefur úr tekjum vegna þess að menn hafa gert ráð fyrir meiri tekjum en reynast er eðlilegt og sjálfsagt að þessi heimild sé inni í lögum.

Samgn. varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef þegar lýst.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með að hv. samgn. skuli ekki hafa tekið til athugunar og gert brtt. varðandi 12. gr. frv. varðandi möguleika hafnarsjóða til innheimtu á hafnargjöldum. Eins og ég vakti athygli á við 1. umr. þessa máls hér í hv. deild var gerð í hv. Ed. breyting frá frv. eins og það var lagt fyrir upphaflega til verulegrar veikingar, að mínu mati, á innheimtumöguleikum hafnarsjóða á hafnargjöldum, vörugjöldum af útflutningi og aflagjaldi. Upphaflega gerði frv. ráð fyrir að verði misbrestur á greiðslu aflagjalds skal viðskiptabanki fiskkaupanda, ef óskað er, standa hafnarsjóði skil á greiðslu gjaldsins, er hann tekur við í viðkomandi framleiðslu. Enn fremur skal útflytjandi eða banki, sem greiðir framleiðanda söluverð varnings, greiða hafnarsjóði áfallið en ógreitt vörugjald af viðkomandi varningi. Þessi ákvæði voru burt felld og einnig að hafnarsjóður hafi haldsrétt í varningnum uns gjaldið er greitt, þ. e. vörugjald af útflutningi og aflagjald. Ég tel þetta miður farið. Ég tel að hafnarsjóðum hefði ekkert veitt af því að hafa þessi ákvæði inni til að tryggja skilvíslegar greiðslur á þessum gjöldum og mér finnst það mjög miður að hv. samgn. skuli ekki hafa tekið tillit til ábendinga um þetta atriði, en ég hygg að hæstv. ráðh. hafi síst haft á móti því að þetta yrði fært til fyrra horfs frá þeim breytingum sem hv. Ed. gerði á frv.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins taka undir með síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Austurl., að því er þetta varðar. Það vill nú svo til að ég var einn af þeim nm. sem samdi þetta frv. á sínum tíma og hef í áraraðir staðið í því að meðhöndla þessi mál og mér er alveg fullkunnugt um að þetta var ákaflega þýðingarmikið atriði í frv., að fá þá heimild inn að bankakerfið kæmi inn í tryggingu á greiðslu hafnargjalda. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði. Ég viðurkenni að ég var ekki búinn að gera mér grein fyrir þessari breytingu fyrr en ég sá þetta núna, en ég hefði gjarnan viljað fá að vita hvaða rökstuðningur er á bak við svona lagað. Það var búið að gera nokkrar tilraunir með þetta nokkuð víða um land og gafst ákaflega vel og er fullkomlega réttlætanleg ráðstöfun að hafa þetta í hafnalögum þess vegna vildi ég gjarnan fá skýringu á því hvers vegna þetta var tekið út úr frv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og ég gat um kölluðum við ráðuneytisstjórann í samgrn. tvisvar á okkar fund, en það var hann sem var formaður þeirrar nefndar sem samdi þetta frv., og við bárum m. a. þetta undir hann. Hann taldi að þó að þetta hefði verið tekið út úr væri ekki ástæða til að breyta þessu aftur þar sem væru ýmsir aðrir möguleikar í sambandi við innheimtu þessara gjalda. Þar sem þarna var um ráðuneytisstjórann að ræða, formann þeirrar nefndar sem fjallaði um þetta mál, taldi ég nægilegt að bera þetta undir hann og er ekki enn sannfærður um að hann hafi ekki haft rétt fyrir sér að þessu leyti, jafnvel þó að þessi breyting hafi verið gerð.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þegar ég lagði þetta frv. fram snemma í vetur í Ed. var ég sannfærður um að þetta ákvæði væri mjög þarft fyrir hafnir almennt, en í viðræðum mínum við ákveðna nm. í Ed. kom fram að þeir voru mjög harðir á þessari breytingu og töldu að það væri fullur vilji fyrir henni. Hins vegar er auðvitað sá möguleiki eftir að þegar reglugerð er sett með þessum lögum má á ýmsan hátt tryggja verulega betri innheimtuskilyrði þó að það brjóti engan veginn í bága við orðalag þessarar greinar. Það er fyrir hendi og ég tók undir það við 1. umr. hjá hv. 1. þm. Austurl. að ég teldi eðlilegt að n. athugaði þetta. Hins vegar var ég ekki hér viðstaddur þegar n. skilaði nál., en eins og formaður n. og frsm. sagði var viðtal við ráðuneytisstjórann hvað þetta snertir. En ég legg mikla áherslu á að þetta frv., sem er nú flutt öðru sinni, fái endanlega afgreiðslu margra hluta vegna. Ég heiti því að ég mun kanna þessi atriði nánar við setningu reglugerðar.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég þakka undirtektir hæstv. félmrh. við mína ábendingu og einnig þau sjónarmið sem fram komu hjá hæstv. samgrh., sem sýnilega hefur talið skynsamlegt að þessi ákvæði væru inni í lögunum og ég mun athuga að taka upp og flytja brtt. við þetta ákvæði við 3. umr. og þá í þá átt að þetta verði fært til þess horfs sem frv. var lagt hér fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 28:4 atkv.
13.—18. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
19. —25. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 870,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 870,2 samþ. með 26 shlj.
27. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 870,3 (ný gr., verður 28. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
28. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
29. —36. gr. (verða 30.—37. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
37.—41. gr. (verða 38.—42. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I og II samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Skógrækt, frv. 212. mál (þskj. 775, n. 875). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og voru gerðar þar nokkrar brtt. á því. Þetta frv. er fyrst og fremst til þess að styðja að því að hér verði ræktaðir upp á bújörðum landsins nytjaskógar, en það er í nokkrum sýslum mikill áhugi fyrir þessu og er þetta starf raunar hafið.

Landbn. Nd. ræddi þetta mál og fékk búnaðarmálastjóra á sinn fund og eins og sést á þskj. 875 er n. sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, frv. 62. mál (þskj. 657, n. 905). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Félmn. hefur rætt þetta mál á fundum sínum og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed. Þar voru gerðar tvær breytingar á þessu frv.

Þetta frv. er fyrst og fremst gert til að koma í veg fyrir að leigusalar geti krafist óhæfilegra greiðslna fyrir fram fyrir húsnæði sem þeir leigja.

Á þskj. 905 leggur n. til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—12. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 81. mál (þskj. 806, n. 906). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala fyrir nál. sjútvn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 806.

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Gunnar G. Schram, Guðmundur Einarsson, Halldór Blöndal og Friðrik Sophusson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Kvikmyndamál, frv. 319. mál (þskj. 815, n. 907). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Nefndin hefur athugað frv. á fundi sínum ítarlega og mælir eindregið með því að það verði samþykkt.

Ólafur G. Einarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—11. gr. og ákv. til brb. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. 55. mál (þskj. 857, n. 900). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 900 frá fjh.- og viðskn. Nd. Hér er á ferðinni breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit. Frv., sem er afgreitt frá Ed., lá fyrir síðasta þingi, en í Ed. var gerð lítils háttar breyting á frv. við 2. gr. Bættist við tollhafnaskrána Selfoss. Að öðru leyti mælum við nm. með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Þess ber að geta að í nefndinni var það rætt ítarlega hvort hægt væri að greiða aðflutningsgjöld annars staðar en þar sem innflutningshöfn er, en eftir viðtöl við tollstjórann í Reykjavík og tollgæslustjóra var horfið frá því ráði, enda má gera ráð fyrir því að þegar frv. til l. um breyting á tollskrá er komið fram séu þar ákvæði þessa efnis, og verður þá væntanlega skilið á milli annars vegar innflutnings og greiðslu til kaupanda og hins vegar greiðslu á tolli til ríkissjóðs, eins og gerist víðast í nágrannalöndunum.

Undir þetta nál. skrifa allir hv. nm. í fjh.- og viðskn. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. 321. mál (þskj. 652, n. 914, 917 og 918). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var lagt fram á þskj. 652 og hefur reyndar farið þannig í gegnum hv. Ed.

Undir þetta nál. rita auk mín: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Páll Pétursson með fyrirvara og Ingvar Gíslason með fyrirvara.

Þetta frv. felur í sér að ríkisstj. fær lagaheimild til að gera þær ráðstafanir til endurskipulagningar á fjárhag Íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að ganga frá samningum við Elkem í Noregi og Sumitomo Corporation í Japan um þátttöku hins japanska fyrirtækis sem samstarfsaðila ríkisins í félaginu við hlið Elkem. Það er meginmarkmið með samstarfsaðild Sumitomo og þeim ráðstöfunum sem henni eru tengdar að styrkja markaðs- og fjárhagsstöðu járnblendifélagsins til varanlegrar frambúðar.

Með þessu frv. fylgdi mjög ítarleg grg. og hæstv. iðnrh. gerði ítarlega grein fyrir þessu máli hér fyrir stuttu í deildinni. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

Frsm. 1. minni hl. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. iðnn. á þskj. 914, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í þessu frv. til l. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði er aðeins um að ræða lítinn hluta þess samkomulags sem samninganefnd um stóriðju og fulltrúar fyrirtækjanna Elkem og Sumitomo hafa gert með sér og undirritað var 6. apríl s. l. Frv. snertir aðeins fjármögnunarþátt samninganna, en afstaðan til þess

hlýtur að mótast af efnisþáttum samninganna í heild.

Meginröksemdin fyrir stóriðjurekstri hér á landi hefur verið sú að slíkt sé nauðsynlegt til að nýta alla þá orku sem að öðrum kosti streymdi til sjávar óbeislað í fallvötnum landsins. Ef ástæðan er sú að koma þurfi orku landsins í verð má undarlegt heita að ævinlega þurfi að borga með orkunni til fyrirtækja, sem reist eru til að nýta hana, að því er sagt er. Hið lága verð á Íslandi á raforku til stóriðju er orðið frægt víða um heim, rétt eins og hið ódýra vinnuafl sem hér er fyrir hendi, svo sem útlendum stóriðjuhöldum er ósparð bent á um þessar mundir.

Í samkomulagi stóriðjunefndar við Elkem og Sumitomo er ekki náð fram neinni hækkun á orkuverði til járnblendiverksmiðjunnar. Hins vegar er ákvæði um að gerður verði viðbótarsamningur um sérstakar greiðslur ofan á gildandi orkuverð, þegar tiltekinni arðsemis- og eiginfjárstöðu verði náð hjá félaginu, í formi skiptingar milli þess og Landsvirkjunar á umframágóða verksmiðjunnar.

Svo sem segir í grg. með frv. hefur dregið úr þrengingum verksmiðjunnar á síðustu mánuðum og er jafnvel útlit fyrir að fyrirtækið nái hallalausum rekstri á yfirstandandi ári.

Síðan segir í grg.: „Vandinn er þó ekki úr sögunni þar sem enn ríkir lægð í stáliðnaði víðast hvar í heiminum og afturkippur gæti komið í þann bata sem orðið hefur á járnblendissviðinu.

Ástæða er því að ætla að núverandi hluthafar, annar eða báðir, gætu enn þurft að bregðast við vanda félagsins á einhvern hátt, hvort sem þriðji hluthafinn kæmi til skjalanna eða ekki, með auknum framlögum eða ábyrgðum."

Vandinn er sem sagt að öllum líkindum ekki úr sögunni þó að sú neyðarráðstöfun, sem þetta frv. hljóðar upp á, verði gerð. Þess vegna er engin ástæða til að þeirri arðsemis- og eiginfjárstöðu, sem talað er um í samkomulaginu, verði náð svo að hægt verði að hækka raforkuverð til fyrirtækisins. Það er því ljóst að almenningur á Íslandi á að halda áfram að greiða niður orkuna til þess fyrirtækis eins og hann hefur alla tíð gert. Þess er enn fremur að geta að almenningur má eiga von á töluverðum hækkunum á raforkuverði á næstunni því að fram kom á ársfundi Landsvirkjunar 27. apríl s. l. að nauðsynlegt væri að hækka orkuverð til almenningsveitna um 5% á þessu ári.

Á grundvelli þess að í samkomulaginu við Elkem og Sumitomo er ekki sjáanleg nein marktæk tilraun til að hækka raforkuverð til þessa íslensk-erlenda stóriðjufyrirtækis á sama tíma og taka á fé íslenskra skattborgara til að reyna að reisa við fjárhag þess, leggur 1. minni hl. iðnn. til að þetta frv. verði fellt.

Alþingi, 15. maí 1984.
Kristín Halldórsdóttir."

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég stend að nál. 2. minni hl. iðnn. á þskj. 918, en það hljóðar þannig:

„Alþb. beitti sér á árunum 1975—1977 gegn ákvörðun og samningum um byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Talsmenn flokksins á Alþingi á þeim tíma héldu því m. a. fram, að efnahagslegar forsendur fyrirtækisins væru ótraustar og mikil hætta væri á að verksmiðjan yrði baggi fyrir eigendur. Þetta hefur sannast áþreifanlega á fyrstu rekstrarárum fyrirtækisins, en uppsafnað tap við árslok 1982 nam 39.7 millj. dollara eða um 1200 millj. ísl. kr.

Vert er að minna á að veturinn 1978—1979, þegar ákvörðun þurfti að taka um hvort byggja ætti 2. ofn verksmiðjunnar, lagði Alþb. til að þeirri fjárfestingu yrði frestað á meðan óvissa ríkti um markað og verð á afurðum verksmiðjunnar. Samstarfsaðilinn Elkem neitaði hins vegar að fallast á tilmæli þáv. iðnrh. um þetta efni og bar fyrir sig ákvæði í rafmagnssamningi um verksmiðjuna sem veitti Elkem sem minnihluta-aðila stöðvunarvald gagnvart slíkri frestun.

Á meðan Alþb. fór með iðnaðarmál og fjármál í ríkisstj. Gunnars Thoroddsens 1980—1983 hafði það ásamt stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. forystu um að tekið yrði á fjárhagslegum vandamálum sem hrönnuðust upp í rekstri verksmiðjunnar. Var af hálfu viðkomandi rn. lögð mikil vinna í að greina vanda og rekstrarhorfur fyrirtækisins og svara þeirri spurningu, hvort þjóðhagsleg rök væru fyrir að draga úr rekstrinum og loka verksmiðjunni tímabundið eða leitast við að fleyta fyrirtækinu yfir erfiðleikana í von um að aðstæður bötnuðu. Niðurstaða þessara athugana varð sú, að dýrkeyptara yrði að hætta rekstri verksmiðjunnar en leggja fé til hennar. Í samræmi við það mat beitti Alþb. og þáv. ríkisstj. sér fyrir setningu laga nr. 45/1982 um hluthafaráðstafanir og hækkun hlutafjáreignar, þar sem framlagsheimild var hækkuð úr jafnvirði 13.2 í 19 millj. Bandaríkjadollara.

Þannig tók Alþb. ábyrgð á vandamálum þessa fyrirtækis sem orðið var staðreynd þótt flokkurinn væri andvígur ákvörðun um það í upphafi. Inn í matið á stöðu málsins kom að sjálfsögðu atvinnuöryggi starfsmanna verksmiðjunnar. Sú staðreynd að reksturinn hefur tæknilega gengið mjög vel allt frá upphafi var vissulega hvatning til að halda verksmiðjunni gangandi.

Haustið 1982 komu fram hugmyndir af hálfu Elkem um að leita samvinnu við japanskan aðila, Sumitomo Corporation, um aðild að Íslenska járnblendifélaginu. Með bréfi 1. nóv. 1982 féllst iðnrn. á að teknar yrðu upp viðræður um málið með það fyrir augum að tryggja betur grundvöllinn fyrir sölu á framleiðslu Íslenska járnblendifélagsins og rekstrarafkomu þess í framtíðinni. Skilyrt var að íslenska ríkið héldi meirihluta-aðstöðu sinni í félaginu.

Jafnframt var í þessu bréfi til Elkem A/S lýst þeirri skoðun rn. að skynsamlegt væri að taka til athugunar æskilegar og nauðsynlegar breytingar á samningum hluthafa, m. a. varðandi sölu afurða verksmiðjunnar, raforkukaup og tæknisamvinnu.

Í framhaldi af þessu hófust viðræður við Elkem til undirbúnings samningaviðræðna við hinn japanska aðila, Sumitomo, en fyrsti fundurinn með fulltrúum hins síðasttalda var haldinn í Reykjavík í jan. 1983 og aðrir fylgdu á eftir í Osló og Tokyo nokkru síðar.

Í greinargerð, sem var stöðuskýrsla til mín sem iðnrh., dags. 25. maí 1983, drógu þeir sem fóru með samningsgerð af hálfu rn. upp mynd af samningsstöðunni og áherslu af Íslands hálfu í viðræðunum fram að þeim tíma m. a. með svofelldum hætti. Orðrétt segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í viðræðum þessum hefur íslenski aðilinn lagt áherslu á eftirfarandi:

1. Ísland getur fallist á eignaraðild Sumitomo að

Íslenska járnblendifélaginu ef vissum skilyrðum, til þess föllnum að tryggja hagsmuni Íslands og Íslenska járnblendifélagsins, er fullnægt.

2. Helstu atriði af þessu tagi eru:

1. Ísland haldi meirihlutaeign sinni í Íslenska járnblendifélaginu.

2. Elkem verði áfram næststærsti eignaraðilinn að Íslenska járnblendifélaginu.

3. Sumitomo kaupi fast lágmarksmagn af framleiðslu Íslenska járnblendifélagsins, t. d. 15—20 þús. tonn árlega, á verði sem nemi framleiðslukostnaði að viðbættum eðlilegum hagnaði.

4. Full nýting afkastagetu Íslenska járnblendifélagsins verði tryggð.

5. Samningar Íslenska járnblendifélagsins og Elkem varðandi tækniþóknun og söluþóknun verði endurskoðaðir. (Óskað er eftir því að tækniþóknun lækki úr 3% í 0.5% og söluþóknun lækki eða falli niður.)

6. Rafmagnssamningur Íslenska járnblendifélagsins og Landsvirkjunar verði endurskoðaður með eftirfarandi fyrir augum:

a. Forgangsorkuverð hækki í 17.5 mill.

b. Orkuverðið verði verðtryggt.

c. Orkuverðið verði ákveðið í SDR.

d. Hlutfalli forgangs- og afgangsorku verði hugsanlega breytt.

7. Íslenska járnblendifélagið taki virkan þátt í markaðsfærslu afurða sinna.

Viðræðurnar hafa leitt í ljós að möguleikar virðast á samkomulagi við Sumitomo sem orðið getur Íslenska járnblendifélaginu og íslenska eignaraðilanum mikil hagsbót. Til þess að slíkt samkomulag nái fram að ganga virðist þó nánast nauðsynlegt að fram fari mjög veruleg endurfjármögnun fyrirtækisins í því skyni að auka líkurnar á jákvæðri rekstrarafkomu þess í framtíðinni. Japanski aðilinn gerir þessa endurfjármögnun og arðsemi fyrirtækisins nánast að skilyrði fyrir þátttöku sinni. Á hinn bóginn virðist hann reiðubúinn til að fullnægja óskum Íslands hvað sölusamning snertir. Einnig er þess að geta að hagsmunir hans og Íslands fara saman hvað kröfur gagnvart Elkem, varðandi sölumál og tæknigjald, snertir. Endurfjármögnun Íslenska járnblendifélagsins þýðir að líkindum verulegar nýjar fjárhagslegar skuldbindingar af Íslands hálfu. Þessar skuldbindingar má skoða sem nýja fjárfestingu og meta arðsemi hennar. Þeir reikningar sem unnir hafa verið benda til þess að endurfjármögnun sem þáttur í langtímasölusamningi við Sumitomo geti verið íslenska eignaraðilanum mjög hagstæð."

Í lok sömu skýrslu til ráðh. rétt fyrir ríkisstjórnarskipti 25. maí 1984 segir:

„Varðandi endurfjármögnun með þeim hætti sem lýst hefur verið virðist sjálfsagt að Ísland geri eftirfarandi kröfur til viðbótar þeim sem lýst hefur verið:

1. Endurgreiðsla sérstaks vaxtalauss hluthafaláns verði eins hröð og greiðslustaða fyrirtækisins leyfir.

2. Ísland eigi kost á því að breyta útistandandi sérstöku hluthafaláni í hlutabréf á sama verði og Sumitomo kaupir þau.

3. Skattinneign (tapreikningur) Íslenska járnblendifélagsins í árslok 1983 verði felld niður. (Þetta er nánast skilyrði fyrir hagkvæmni endurfjármögnunarinnar frá sjónarmiði Íslands.)

4. Hluti af hagnaði fyrirtækisins á næstu árum verði lagður í innlendan fjárfestingarsjóð."

Við tók ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og nýir samningamenn tilnefndir af Sverri Hermannssyni iðnrh.

Niðurstaða þeirra samninga birtist að hluta í fyrirliggjandi lagafrv. Það felur í sér endurskipulagningu á fjárhag Íslenska járnblendifélagsins hf. sem talin er nauðsynleg til að hægt sé að ganga frá samningum við Elkem A/S og Sumitomo Corporation. Ber að vona að þær ráðstafanir leggi traustari grunn að rekstri járnblendiverksmiðjunnar að Grundartanga. Því verður þó engan veginn slegið föstu.

Þegar litið er á niðurstöður samningaviðræðnanna kemur hins vegar í ljós að það eru hinir erlendu samstarfsaðilar sem fleyta rjómann af þessum samningum, einkum Elkem, nú sem hingað til.

Þetta sést best ef litið er á þær áherslur sem fram voru settar í bréfi iðnrn. 1. nóv. 1982 og í stöðuskýrslu til iðnrh. 25. maí 1983 og vitnað var til hér að framan.

Elkem hirðir um 3% af veltu fyrirtækisins sem „tæknigjald" svokallað.

Elkem og Sumitomo skipta með sér nær 1% af andvirði afurða í „sölugjald" svokallað fyrir að annast sölu á framleiðslu verksmiðjunnar.

Raforkusamningurinn við Landsvirkjun, sem telja verður óviðunandi frá byrjun, stendur óbreyttur þótt gert sé ráð fyrir viðbótarsamningi um sérstakar greiðslur ofan á gildandi orkuverð þegar tiltekinni arðsemis- og eiginfjárstöðu er náð hjá félaginu.

Vissulega var samningsstaða Íslands ekki sterk í þessum viðræðum, og hún batnaði ekki við yfirlýsingu Steingríms Hermannssonar forsrh., sem kom fram í dagblaðinu Tímanum 14. sept. 1983, um að til greina kæmi að loka verksmiðjunni „um lengri eða skemmri tíma", eins og það var þar orðað.

Samt verður að telja niðurstöðuna mun lakari en efni stóðu til. Þrátt fyrir mikla ágalla í fyrirhuguðum samningum vill Alþb. samt ekki bregða fæti fyrir þá fjárhagslegu endurskipulagningu Íslenska járnblendifélagsins hf., sem stefnt er að með þessu frv., og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

Reykjavík, 15. maí 1983.

Hjörleifur Guttormsson."

Þetta er nál. frá 2. minni hl. iðnn. í þessu máli. Ég gerði við 1. umr. málsins hér í hv. deild ítarlegri grein fyrir mínum viðhorfum í þessu sambandi og þróun mála á liðinni tíð. Vísa ég til þess sem þá kom fram og sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar nú.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og tel mér skylt að gera nokkra grein fyrir því í hverju fyrirvari minn er fólginn. Ég hef haft þá skoðun að hér hafi verið frá fyrstu tíð um vandræðafyrirtæki að ræða. Allt frá því að Magnús Kjartansson fyrrv. iðnrh. hóf máls á byggingu þess hefur mér sýnst að ýmsir annmarkar væru ljósir á þessu fyrirtæki. Ég hygg þó að hér sé bryddað upp á skárra fyrirkomulagi en verið hefur og þess vegna mun ég styðja lögfestingu þessa frv. Japanir hafa ekki áður tekið þátt í atvinnulífi á Íslandi og það er e. t. v. þýðingarmikið skref sem nú er stigið þegar þeir með nokkrum hætti ganga hér á land. Ég hef, eins og ég sagði áðan, aldrei verið bjartsýnn á framtíð þessarar verksmiðju og ég vísa til afstöðu minnar við lagasetninguna þegar Union Car-

bide samningurinn var löggiltur hér á Íslandi og síðan þegar Elkem samningurinn var lögfestur. Ég vísa til Alþingistíðinda og því miður hef ég reynst sannspár.

Allir þeir annmarkar sem ég benti á á samningnum og allir þeir gallar sem ég taldi upp hafa komið fram. En tapið hefur verið enn þá meira en mér datt í hug í svartsýni minni fyrir 7—8 árum síðan. Ég varð alveg sannfærður um það þegar Union Carbide flúði þetta fyrirtæki og keypti sig út úr þeim samningi, sem það var búið að gera við okkur og við búnir að lögfesta á Alþingi, að nú væri ekki feitt á stykkinu og ekki mikil fjárvon af þessu fyrirtæki. Það er von manna að lögfesting þessa frv. og aðild Sumitomo að fyrirtækinu styrki markaðs- og fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins „til varanlegrar frambúðar" eins og stendur í athugasemdum við lagafrv. Ég held að ekki sé um annað að ræða en breyta þessum skuldum, sem safnast hafa gegnum árin við þetta fyrirtæki, í hlutafé. Elkem hefur hins vegar, skv. því sem segir í athugasemdum með frv. kosið að verjast frekari áhættu í þessu efni með því að minnka hlut sinn í Járnblendifélaginu, en ekki er ástæða til þess að túlka það sem neina uppgjöf gagnvart verksmiðjunni, heldur má ætla þvert á móti að rekstrargrundvöllur hennar verði traustari en nokkru sinni, segir hér í aths.

Það er sýnt að með þessum samningi, sem hér er verið að lögfesta, sem hér er verið að byggja á, er hægt að losna við 20 þús. tonn af framleiðslu verksmiðjunnar. En eftir stendur þó því miður að gjald fyrir raforku er allt of lágt til þessa fyrirtækis. Við erum ekkert sérstaklega sælir með gjaldið fyrir raforkuna til ÍSALs, sem eru 28 eða 29 aurar íslenskir fyrir hverja kwst., og okkur finnst höfuðnauðsyn á að hækka a. m. k. um helming þetta rafmagnsgjald ÍSALs. En járnblendiverksmiðjan greiðir einungis 21 íslenskan eyri á kwst. að meðalverði. Það er ekki gott fyrirkomulag, það er afleitt fyrirkomulag, þegar það kostar 70 aura eða eitthvað þar í kring að framleiða kwst. í nýjum virkjunum. Þetta er ekki búmannleg ráðstöfun á orkunni.

Það eru ákvæði í samningum þar sem gert er ráð fyrir sérstökum samningi við Landsvirkjun um viðbótargreiðslur ofan á gildandi orkuverð þegar tiltekinni arð- og eiginfjárstöðu járnblendiverksmiðjunnar er náð. Því miður held ég að þessi tilteknu gróðamörk járnblendiverksmiðjunnar séu alllangt undan en vonandi verður gróði félagsins einhvern tíma nægur til þess að Landsvirkjun fái eðlilegt verð fyrir orkuna. Ég hefði talið réttara og eðlilegra að prenta þennan samning orðréttan sem fskj. með frv. Því miður hefur það ekki verið gert. Ég hef hann að vísu í höndum en ég hefði kosið að hann væri ítarlegar útfærður en hann er á þeim bréfum sem ég hef. Ég hefði getað hugsað mér að þar væru færri endar lausir. T. d. eru skilgreiningar ekki fullkomnar í samningnum og ég get ekki stillt mig um að lesa hér nokkrar setningar. Orðin „skuld við réttmætishlutfall, nettóhagnaður, umframhagnaður og uppsafnað hlutafé ber að skilgreina nánar milli aðilanna og Landsvirkjunar innan tímamarka 14. mgr." svo sem þar segir. Ég hefði kunnað betur við að vita hvað „skuld við réttmætishlutfall" þýðir. Ég viðurkenni að ég hef ekki hugmynd um hvað er „skuld við réttmætishlutfall" og að því leyti geng ég kannske í blindni.

Ég hef oft haldið því fram að nauðsynlegt sé að virkja orku fallvatna okkar og við þurfum að stefna að því og reyna að koma þeirri orku í skikkanlegt verð. En ég hef líka haldið því fram að ekki væri rétt að virkja hraðar en viðunandi markaður fáist fyrir orkuna. Við höfum ekki efni á því að virkja bara til þess að skapa atvinnu við virkjunarframkvæmdir og við höfum ekki efni á því að borga með raforkunni. Helmingur okkar gífurlegu erlendu skulda er vegna orkuframkvæmda og reyndar meira en helmingur. Erlendar skuldir eru að sliga okkur og það er ekkert sem ógnar afkomu þjóðfélagsins meira núna en þessar erlendu skuldir sem, eins og ég sagði áður, eru að meira en helmingi orðnar til vegna orkuframkvæmda. Margar þessar orkuframkvæmdir hafa verið nauðsynlegar og fullkomlega réttmætar og sparað okkur stórfé. En þetta eru dýrar framkvæmdir og við verðum að vinna að þessu af fyrirhyggju.

Dagblaðið birti í dag viðtal við hæstv. iðnrh. í kjölfar þeirra stórvirkja sem hann vann hér í þessum ræðustól í gærkvöldi þegar hann byggði þrjú álver og eina kísilmálmverksmiðju í eldhúsdagsumr. sem útvarpað var. Ég vil með leyfi forseta lesa forsíðufrétt úr DV miðvikudaginn 16. maí. Hún er prentuð í lit og yfirskriftin er: „Þrjú álver og kísilmálmver. Straumsvík, Eyjafjörður, Þorlákshöfn, Reyðarfjörður."

Hefst nú lesturinn, þetta er 16. maí:

„Á næstu vikum standa iðnrh. og samninganefndir í stóriðjumálum í ströngu. Funda með Alusuisse eftir viku, með Alcan í júní og Alcoa í júlí, þar sem jafnvel tvöföldun álversins í Straumsvík og ný álver í Eyjafirði og í Þorlákshöfn verða til umr. Elkem-menn og fleiri koma út af kísilmálmveri.

„Það er í myndinni núna að ræða við Alusuisse um 50% stækkun í Straumsvík 1988 og aftur 50% 1990—91. Ef Alcanforstjóranum líst á Eyjafjarðardæmið, þarf að hafa eitthvað fyrir Alcoa og þá hef ég Þorlákshöfn í huga. Það bíða þrjár virkjanir fullhannaðar syðra", segir Sverrir Hermannsson iðnrh.

„Þetta er allt mikið mál og núna, þegar menn eru farnir að tala af viti um orkuverð sem nægir fyrir framleiðslukostnaði orkunnar" — Þetta var gott hjá iðnrh. — „kemur þetta allt til álita." — Nú er ég alveg orðinn sammála, en nú víkur aftur sögunni til hæstv. iðnrh. — „En þetta er margra ára verkefni og ljóst að fyrst þarf að gera flókna samninga vel úr garði og síðan líða ár þangað til ný álver rísa.

En það má þó hugsa sér að hraða þessu, það kæmi jafnvel til greina að semja við þá um allt saman, bæði orkuframkvæmdirnar og álverin, þótt við höfum ekki hugsað okkur þann hátt á hingað til," segir ráðh."

Þarna ýjar hæstv. iðnrh., herra forseti, að fyrirkomulagi sem hann hefur ekki orðað áður í ræðuformi síðan hann varð iðnrh. Hann flutti hins vegar, ef ég man rétt, þáltill. sem óbreyttur þm. Austurlands um að láta útlend stóriðjufyrirtæki virkja fallvötnin. Ég lýsi ekki hér eða nú stuðningi við áætlanagerð ráðh. nema að því leyti sem ég tel að hann eigi að tala af viti um orkuverð sem nægir fyrir framleiðslukostnaði orkunnar og þá komi þetta kannske til álita. En ef hann byggir þær samt, þrátt fyrir að ég komi ekki til með að hjálpa honum við það, þá held ég að það sé enginn annar kostur en sá sem hann hér ýjaði að, að afhenda bara fallvötnin því að við höfum ekki efni á að borga með öllum þessum verksmiðjum. Við höfum alveg nóg með þær sem fyrir eru.

Við erum í dag að reyna að klóra í bakkann varðandi

þetta dæmalausa fyrirtæki á Grundartanga. Ég tel að enginn annar kostur sé fyrir hendi en að standa að afgreiðslu þessa máls og samþykkja frv. og það sé skárri kostur en að loka verksmiðjunni. Ég mun því greiða frv. atkv. mitt en vildi, herra forseti, gera þessa grein fyrir afstöðu minni.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Um mál þetta mætti að sjálfsögðu margt segja ef horft væri um öxl. En það er kannske ekki ástæða til þess að hafa um það mörg orð. Það voru viðhöfð mörg orð um fyrirtækið þegar það hljóp af stokkunum. Afstaða Alþb. hefur verið blendin í þessu máli frá upphafi vega og þeir hafa látið ýmiss konar athugasemdir falla. Ég man ekki betur en hv. 5. þm. Austurl. væri harla glaður og hress þegar hann vígði verksmiðjuna fyrir nokkrum árum. Og þá var lokið miklu lofsorði á hve vel væri þar búið að verkamönnum og önnur aðstaða góð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur jafnan haft allt á hornum sér þegar þessa starfsemi hefur borið á góma. Það kemur því ekkert á óvart þó að hann kalli það vandræðafyrirtæki eða dæmalaust fyrirtæki o. s. frv. Hann segir að allar spár sínar hafi ræst sem hann viðhafði í öndverðu um fyrirtækið. Ég man ekki nákvæmlega frá orði til orðs hvað hann lét sér þá um munn fara. En það er ósköp eðlilegt að hann nefni þessa verksmiðju nú vandræðafyrirtæki sem veitir 150 manns góða og örugga atvinnu og býr vel að sínu fólki. (**PP:** Það hefur nú kostað okkur svolítið.) Já, það er rétt. Þetta fyrirtæki hefur ekki gengið svo sem skyldi á undanförnum árum. En hið sama má segja um mörg önnur fyrirtæki hér á landi á vissum tímum og atvinnuvegi okkar yfirleitt. En það hefur þó a. m. k. komið í ljós að landar okkar kunna góð skil á þeim verkum sem þeir hafa þarna þurft að leysa af hendi þó að mörg þeirra hafi verið ný fyrir þá.

Það má svo kannske geta þess í leiðinni að við þá endurskipulagningu sem verið er að gera á þessu fyrirtæki lagast gjaldeyris- og skuldastaða landsins þó nokkuð. Það má a. m. k. geta þess.

Ég leyfi mér að þakka hæstv. iðnrh. fyrir það að hann hefur látið hendur standa fram úr ermum í þessu máli. Ég sé ekki annað en að við þær umbætur sem nú er verið að gera séu að verða þáttaskil í starfsemi fyrirtækisins. Við höldum að sjálfsögðu áfram að vinna þar með frændum okkar Norðmönnum þó að önnur fjarlæg þjóð sé tekin inn í þennan félagsskap, þjóð sem við höfum að vísu minni kynni af, en samt þó nokkur í seinni tíð. Ég ætla að leyfa mér að vænta þess að með þeim tillögum, sem hér er verið að ræða um og vinna að, verði þessu atvinnufyrirtæki borgið til frambúðar.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki við umr. um þetta mál að fara að ræða um ævintýri hæstv. iðnrh. eða draumóra væri kannske réttara að tala um, eins og þeir birtast alþjóð nú síðustu dægrin. En vegna þess að hv. 2. þm. Norðurl. v. vék að því máli í tengslum við umr. um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og vitnaði til forsíðufregnar í DV í dag, þá get ég ekki orða bundist að bæta hér nokkru við um það efni þótt ég minntist að vísu aðeins á það í tengslum við umr. í dag um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja. Hér er um draumóra af því tagi að ræða og svo stórt mál að ég vil ekki fara að gera þeim þau skil sem verðugt væri í þeim önnum sem við stöndum í hér á Alþingi nú.

En ég vil rifja það upp þegar við heyrum frá þeim ráðh. í ríkisstj., hæstv. iðnrh. sem fer með orku- og iðnaðarmál, yfirlýsingar af því tagi sem hann gaf hér í útvarpsumr. í gærkvöldi og hnykkir á í DV í dag, að það er tæpast að menn geti litið svo á að þar sé talað af alvöru. Hér er um slíkar hugmyndir að ræða að það verður að teljast með ólíkindum að ráðh. í ríkisstj. Íslands, sem væntanlega ætlast til þess að vera tekinn alvarlega, skuli setja fram slíka hluti og það nánast fyrirvaralaust. Ég hygg að fleirum fari eins og mér að ég dreg það í efa að hæstv. ráðh. viti í rauninni hvað felst í orðum hans eða orðaleik í þessum efnum. En með tilliti til yfirlýsinga hans frá því að hann settist í ráðherrastól og raunar á fyrri árum geri ég ráð fyrir að við verðum að fara að taka ráðh. alvarlega hvað orð hans snertir og fyrirætlanir. Ég hlýt að lýsa því hér yfir mjög ákveðið að það fari sannarlega að vera efni til þess og það ærin efni að taka á málflutningi hæstv. ráðh. með nokkuð öðrum hætti en menn hafa séð ástæðu til fram að þessu. Það er hægt að kveða vísu það oft að menn neyðist til að halda að jafnvel hæstv. ráðh. Sverri Hermannssyni sé alvara. Þar sem ráðh. ber stjórnarfarslega ábyrgð á þessum málum og á nú von á heimsókn frá fulltrúum þriggja stórra auðhringa, alþjóðafyrirtækja í áliðnaði, þremur af hinum sex stóru til viðbótar við Alusuisse sem þess fjórða, til viðræðna um draumsýnir sínar varðandi áliðjuver í eigu þessara aðila, þá hljóta menn að fara að staldra við.

Ég hlýt að spyrja og ég geri ráð fyrir að þeir séu margir fleiri: Er hæstv. ráðh. með réttu ráði þegar hann kastar slíkum hlutum fram? Hefur hann farið yfir þessi dæmi? Ég hef alltaf vænst þess að Sverrir Hermannsson, hæstv. iðnrh., ynni, þrátt fyrir djúpstæðan skoðanaágreining við okkur Alþb.-menn og ýmsa fleiri í sambandi við orkufrekan iðnað, íslenskri þjóð og efnahagslegu sjálfstæði þessarar þjóðar og vildi í raun stuðla að því að við héldum efnahagslegu sjálfstæði í landinu. En miðað við það, sem fram hefur komið síðustu dægur, er það dagljóst að hæstv. ráðh. er með slíkar glæfrahugmyndir á ferðinni að ef þær yrðu að veruleika væri hér ekki um sjálfstæða þjóð að ræða lengur, hvorki í orði né á borði.

Við Íslendingar höfum 15 ára reynslu af samstarfi við hinn minnsta af hinum 6 stóru risum í áliðnaði, auðhringnum Alusuisse. Það er orðin dýrkeypt reynsla sem við ættum að hafa lært nokkuð af. Fyrir utan það að við höfum orðið að gjalda þessum auðhring stórkostlega fjármuni sem hann hefur fært úr landi, arð af íslenskum auðlindum og vinnu íslenskra handa jafnframt, þá hefur þessi auðhringur, sem stendur að baki um 12% af útflutningsafurðum frá Íslandi, nú þegar náð slíkum áhrifum í stjórnmálalífi á Íslandi að mjög áhrifamiklir aðilar, bæði í stærsta stjórnmálaflokki landsins, Sjálfstfl., og í fleiri flokkum lúta orðið að verulegu leyti veldissprota þessa hrings og láta sig hafa það að ganga í gildru hans í sambandi við meðferð mála varðandi álverið í Straumsvík. Ljóst dæmi um það er það bráðabirgðasamkomulag sem ríkisstj. Íslands staðfesti 23. sept. s. l. og felur í sér uppáskrift á 50% stækkun álversins á árunum 1987—1988. Nú hefur hæstv. iðnrh. árfest eða dagsett viðbótina upp á önnur 50% á árunum 1990—1991.

Sú fjárfesting, sem hér er um að ræða, svarar til um 450 millj. Bandaríkjadala, en erlendar skuldir íslensku þjóðarinnar námu samtals í árslok 1982 — ég nefni það hér því að ég hef ekki í huga mér skuldastöðuna við síðustu áramót sem var til muna hærri — námu samtals 1200 millj. dala, svo að menn sjá af því hvaða upphæð er hér á ferðinni. Það eru á núverandi gengi um 13 milljarðar íslenskra króna sem þessar framkvæmdir í orkuveri og verksmiðju, 50% stækkun álversins í Straumsvík mundi kosta. Það svarar til þess miðað við þá dagsetningu, sem hæstv. ráðh. hefur sett á þessar fyrirætlanir, að varið yrði árlega að meðaltali fram til ársins 1987/88 55 millj. Bandaríkjadala í þessar framkvæmdir, orkuver og verksmiðjur. Það er meira en varið var samtals til orkuframkvæmda, bæði á raforkusviði og til hitaveitna og iðju og iðnaðar og stærri iðnfyrirtækja á árinu 1982. Kvarta þó ýmsir um það nú að ofgert hafi verið af okkur Íslendingum á þeim tíma í þessum framkvæmdum þó að kvæði við annan tón á þeim tíma sem þær stóðu yfir þegar talið var að hér gengi hvorki né ræki í orku- og iðnaðarmálum í landinu, miðað við þann tón sem var í þáverandi stjórnarandstöðu og málgögnum hennar. Viðbót upp á 50%, sem hér er dagsett 1990—1991, felur í sér enn þá meiri framkvæmdahraða og skuldbindingar því að þar er um styttri tíma að ræða framkvæmdalega séð sem þessi kostnaður jafnaðist niður á.

Nú hefur hæstv. iðnrh. kannske gert sér einhverja grein fyrir því að í nokkuð væri ráðist, en hann er fljótur að sjá ráð við því fyrir utan það að bæta nú ofan á tveimur álverum inn í draumapakkann. Hann orðar þetta svo í DV í dag, með leyfi hæstv. forseta:

„En það má þó hugsa sér að hraða þessu, það kæmi jafnvel til greina að semja við þá um allt saman, bæði orkuframkvæmdirnar og álverin, þótt við höfum ekki hugsað okkur þann hátt á hingað til.“

Þetta er orðrétt tilvitnun í hæstv. iðnrh. í DV í dag. Hér er komin upp sú hugmynd að framselja íslenska vatnsaflið, orkulindirnar og orkuverin, til hinna erlendu auðhringa, þannig að þeir hirði nú hvort tveggja sem eignaraðilar og Íslendingar gerist vinnuhjú á þessari hjáleigu Alusuisse, Alcan, Alcoa og Pechiney, sem hæstv. ráðh. hefur hér í takinu og sýnist reyndar á vanta að sá fjórði fái eitthvert álver í sinn hlut. En kannske ræður hæstv. ráðh. bót á því innan skamms. Hann munar ekki um minna í sínum dagdraumum en að bæta einu litlu álveri við þannig að hver fái sitt.

Hér eru vissulega á ferðinni svo hrikalegar hugmyndir, slíkt tilræði við efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga, að nauðsynlegt er að menn hér á Alþingi Íslendinga fari að taka við sér. Það sem fékk mig til þess að taka á þessu stóra máli hér inni í þessari umr. um þetta mál voru orð, sem hrutu af vörum hv. 2. þm. Norðurl. v. í tengslum við þetta mál. Ég vænti þess að hv. þm. heyri mál mitt þannig að honum gefist kostur á leiðréttingu ef ég túlka hans hug rangt og mundi biðja hæstv. forseta um að gera þm. viðvart að ég ætla að víkja aðeins að hans ummælum áðan. Ég mundi gera hlé á máli mínu þangað til. — Hv. þm. Páll Pétursson er hér kominn og ég þakka honum fyrir að koma hér í þingsal. Ég hef verið að gera hér að frekara umtalsefni draumsýnir hæstv. iðnrh. eins og þær hafa birst okkur síðustu dægrin og í tengslum við það ummæli hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég var að benda á þær hrikalegu hugmyndir sem felast í því sem fram kom í DV í dag, haft eftir hæstv. ráðh. innan tilvitnunarmerkja eða hermimerkja eins og hann kallar það, að til greina komi ekki aðeins að útlendingar eigi nú álverin, sem hæstv. ráðh. telur sjálfgefið, heldur einnig orkuverin. Og kæmi jafnvel til greina að semja við þá um allt saman. Ég þóttist skynja það hér á máli hv. 2. þm. Norðurl. v. að honum fyndist sem nokkur bragarbót hefði orðið á við þessa staðhæfingu hæstv. ráðh. þar sem hann gerði sér nú ljóst að ráðh. ætlaði ekki að bæta kostnaðinum við orkuverin ofan á skuldir eða taka fjármagnið til þess að reisa orkuverin að láni og bæta kostnaðinum ofan á erlendar skuldir Íslendinga. Það mátti skilja af máli hv. þm. Páls Péturssonar að hann teldi að þetta væri nokkur bót á ráði hæstv. ráðh. í sambandi við þessar draumsýnir.

Nú kann það að vera að hv. þm. Páll Pétursson hafi verið nánast að henda gaman að þessum draumsýnum ráðh. en það var þó engan veginn ljóst af hans máli heldur mátti skilja það sem hér væru hugmyndir á ferðinni sem kæmu fyllilega til álita. Ég vil ekki trúa því að Framsfl., þótt vissulega sé hann mjög heillum horfinn nú hin síðustu ár og alveg sérstaklega eftir að hann gekk inn í núv. stjórnarsamstarf með Sjálfstfl., sé sameinaður um það að taka undir hugmyndir í þá átt sem hér hefur verið látið að liggja af hæstv. iðnrh. Satt að segja finnst mér það með nokkrum ólíkindum ef þessi samstarfsflokkur Sjálfstfl. telur sér stætt í stjórnarsamstarfi þar sem einn ráðh. og það fagráðh. viðkomandi mála er með ráðagerðir á döfinni, í fyllstu alvöru að því er best verður séð, af því tagi sem hér hafa fram komið. Þá er orðið nokkuð djúpt á flokkssamþykktum Framsfl. frá undanförnum árum sem iðulega hefur verið vitnað til í umr. um þessi mál og endurtekið var í Tímanum sáluga öðru hvoru þegar þurfti aðeins að lyfta árinni, bæta eitthvað um í sambandi við aðgerðir flokksins og störf að þessum málum. En vissulega hafa komið fram ýmis þau merki í afstöðu Framsfl. að undanförnu sem gefa það til kynna að flokkurinn sé fallinn frá fyrri stefnu í þessum efnum eins og hún var samþykkt á þingum flokksins á árunum fyrir 1980.

Ég vil minna á það að hugmyndir hæstv. iðnrh. um eignaraðild útlendinga að orkuverunum eru ekki alveg nýjar á þeim bæ. Árið 1974 fékk íslenska ríkisstj. tilboð frá Alusuisse í silfurlituðum umbúðum undir nafninu áætlun Integral sem fól einmitt í sér hugmyndir af því tagi sem hér eru viðraðar. Einn þáttur áætlunar Integral, sem Alusuisse setti fram við ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. 1974, voru þær að Ísland legði í sameiginlegt púkk með auðhringnum um helmingsaðild að fyrirtæki sem héti ALIS og ætti bæði álbræðslur upp á 500 þús. tonn að framleiðslugetu og virkjanir sem svaraði til 8000 gw-stunda í framleiðslugetu vatnsafls á Austurlandi sem þarna var nákvæmlega til umr. En þetta var ekki öll sagan því að síðan var það áætlunin að ALIS, helmingahlutafélag Íslands og Alusuisse, gerðist hluthafi í stórsamsteypu undir nafninu Alconis. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Ekki ýkja mikið, hæstv. forseti. (**Forseti:** Þannig stendur á að ég þarf af tvennum ástæðum að gera fundarhlé í korter, annars vegar vegna beiðni eins þingflokkanna um þingflokksfund og einnig, ef svo má til orða taka, af fundatæknilegum ástæðum, og óska eftir að þetta gæti orðið kl. 11, en ef ekki er mjög mikið eftir af ræðu hv. þm., þá ...) Það er ekki mikið.

En hugmyndin var sú að þetta helmingaskiptafélag Íslands og Alusuisse gengi inn í auðhringasamsteypu undir nafninu Alconis, þar sem þetta fyrirtæki, ALIS, væri einn af þremur eða fjórum aðilum inni í Alconis. Og inn í Alconis kæmu bauxítframleiðendur og súrálsframleiðendur. Ísland sem 50% aðili í ALIS, þessa eiganda að 500 þús. tonna álframleiðslu og 8 þús. gigawattstunda raforkuframleiðslu, væri þar með orðinn lítill meðeigandi í auðhringasamsteypunni Alconis.

Var ekki þessum hugmyndum vísað frá vafningalaust af ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. 1974 um haustið? Nei, ó nei, þeim var ekki vísað frá. Þær voru alveg taldar umræðuverðar og skoðunarverðar því að það var stigið næsta skref að kröfu auðhringsins á þessum tíma með því að stofna til sameiginlegrar athugunar með Alusuisse á virkjanamöguleikum á Austurlandi. Þær athuganir fóru fram sumarið 1975 og úr því varð til skýrsla um hagkvæmni virkjanlegs vatnsafls á Austurlandi, þessara 8 þús. gigawattstunda, skýrsla á ensku sem geymd hefur verið til skamms tíma og er sennilega enn, upplagið, niðri í Seðlabanka sem nú sem þá er miðstöð þeirra áforma í stóriðjudraumum hæstv. iðnrh. og þeirra sem eru í slagtogi með honum. Þar liggur upplagið af þessari skýrslu sem Alþb. gerði grein fyrir á árinu 1976 að tekin hefði verið saman og lægi fyrir og aldrei var lagt í að dreifa til eins eða neins aðila hérlendis eftir að þetta var dregið fram í dagsljósið. Með öflugri andspyrnu Alþb. á árinu 1976 tókst að knýja þáv. ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. til undanhalds í þessu máli. Ég vek athygli m. a. þeirra hv. framsóknarmanna, sem nú sitja á Alþingi, á þessum áformum sem þá voru uppi. Ég vek athygli þeirra og alls þingheims á því að full ástæða er til þess að taka dagdrauma hæstv. iðnrh. alvarlega þó að við höfum sumir kannske haldið að maðurinn talaði í þeim hálfkæringi sem honum er tamt dags daglega. En nú má öllum ljóst vera að það er annað og meira og alvarlegra sem að baki býr. Ég skora á alþm. alla að skera upp herör gegn þeim áformum sem hér eru uppi, því tilræði við efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga sem hér er fitjað upp á og gerð hefur verið grein fyrir af æðsta valdamanni orku- og iðnaðarmála í landinu síðustu dægur.

Frsm. 1. minni hl. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir að vekja athygli mína á fyrirætlunum hæstv. iðnrh. sem ég hafði nú ekki heyrt af þótt e. t. v. megi undarlegt heita úr því sagt er að þær hafi komið fram hér í útvarpsumr. í gærkvöld. En svo vildi til að ég gat ekki verið hér viðstödd né heyrt í útvarpi eftir kl. 10 í gærkvöld og vegna samfelldra nefnda- og fundastarfa í allan dag hef ég hreint ekki litið í dagblöð. En ef þetta er allt saman rétt eftir haft er hér um miklar fréttir að ræða og vildi ég aðeins ræða þær.

Við kvennalistakonur höfum margsinnis lýst yfir andstöðu okkar við frekari uppbyggingu stóriðju hér á landi, þótt mér þyki rétt að láta koma hér fram að ég tel ekki ráðlegt að leggja niður þær verksmiðjur sem fyrir eru, og þar sem hv. þm. Páll Pétursson kvaðst fremur vilja þann samning sem um ræðir við Elkem og Sumitomo heldur en leggja járnblendiverksmiðjuna niður vil ég að hér komi skýrt fram að ég trúi ekki að aðeins sé um þá tvo kosti að ræða, heldur ætti að vera unnt að ná betri samningum sem gæfu einnig möguleika á hærra raforkuverði til verksmiðjunnar. Stóriðjan hefur reynst okkur dýrkeypt. Atvinnutækifæri í stóriðju kosta margfalt á við aðra fýsilegri kosti í atvinnulífinu. Við kvennalistakonur óttumst að aukin stóriðjuuppbygging leiði af sér að önnur atvinnuuppbygging á Íslandi verði látin sitja á hakanum og það mundi hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Stóriðja er gamaldags og úreltur atvinnu- og framleiðslukostur. Öll framsæknustu iðnaðarríki heims eru nú að flytja þungaiðnað sinn úr landi og þau flytja hann til þróunarlandanna og landa eins og Íslands, sem reyndar má færa rök fyrir að flokkist til þróunarlanda frá efnahagslegu sjónarmiði. Ef við Íslendingar ætlum okkur upp úr þeirri einhæfni sem í dag einkennir efnahagslíf okkar gerum við það ekki með því að taka hér við erlendri stóriðju, heldur með því að þróa hér innlendan léttiðnað byggðan á okkar eigin vitsmunum og þekkingu og vonandi sem mest á okkar eigin hráefnum. Sem dæmi um slíkan iðnað má nefna líftæknina, sem mikið hefur verið rætt um undanfarið, rafeindatækni ýmiss konar og tækni við fullvinnslu matvæla. Enn fremur má benda á að við Háskóla Íslands fara fram margvíslegar rannsóknir sem leitt gætu til stórkostlegra möguleika á þessum sviðum og væri nær að styðja þar myndarlega við.

Við skulum nú reyna að strjúka þessa stóriðjuglýju úr augunum og snúa okkur að skynsamlegri kostum í atvinnuuppbyggingu hér á landi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir leiðbeiningarnar. En ástæðan til þess að ég kveð mér hér hljóðs er sú að í Dagblaðinu í dag er frétt höfð eftir hæstv. iðnrh. um hans framtíðarsýn í iðnaðaruppbyggingu á Íslandi. — Það er nú alveg lágmark þegar þetta mál er á dagskrá að hæstv. iðnrh. sé hér í salnum til að fylgjast með umræðunni. Þarna situr þá hæstv. ráðh. — Það sem ég vildi ræða í þessum efnum, og fagna því að hæstv. ráðh. skuli vera hér, er það hvaða samþykktir í ríkisstj. liggja á bak við þessar yfirlýsingar hæstv. ráðh., þessa framtíðarsýn iðnrh. Sjálfstfl. um þrjú álver, Straumsvík, Eyjafjörður, Þorlákshöfn.

Í viðtalinu við hæstv. ráðh. lætur hann ekki nægja að nefna þessa staði, þessa draumsýn varðandi álverin, heldur er einnig rætt um þá möguleika að útlendingar eigi orkuverin á Íslandi. En í viðtalinu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En það má þó hugsa sér að hraða þessu. Það kæmi jafnvel til greina að semja við þá um allt saman, bæði orkuframkvæmdirnar og álverin, þótt við höfum ekki hugsað okkur þann hátt á hingað til."

Fyrir tæpum tíu árum gerðist það að spjallað var um það af ýmsum aðilum hér á landi að til greina kæmi að útlendingar eignuðust stóriðjuver á Austurlandi og geysistóra álverksmiðju, auk þess sem það væri hugsanlegt að útlendingar eignuðust orkuver sem þyrfti að byggja fyrir þetta álver. Þessi áætlun, sem þá var greint frá, var birt í dagblöðunum og gekk undir nafninu „INTEGRAL". Hún byggðist á því að útlendingar áttu ekki aðeins að eiga verksmiðjurnar sem átti að reisa hér á landi heldur líka orkuverin. Hér er um að ræða málefni sem snertir það dagskrármál, sem hér er til umræðu, mjög. Og það er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. iðnrh. geri hér grein fyrir því hvort það er afstaða ríkisstj. að það komi til greina að á næstu

fáeinum árum verði reist hér þrjú erlend álver í eigu erlendra stórfyrirtækja auk þess sem útlendingar eigi hér virkjanirnar. Er hæstv. iðnrh. að lýsa því yfir að það komi til greina að útlendingar eigi virkjanirnar hér á landi? Þar með væri brotið í blað í atvinnusögu Íslendinga. Ég hélt satt að segja að hæstv. iðnrh. væri orðinn nægilega kunnugur viðskiptum við erlenda auðhringa til þess að hann léti sér ekki detta í hug að koma fram með slíkar hugmyndir.

Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir fyrir fjórtán mánuðum eða svo að þegar skipt yrði um iðnrh. yrði samið við auðhringinn í Straumsvík þegar í stað. Það stæði í raun og veru ekki á neinu öðru en því að iðnrh. Alþb. hefði sýnt þvermóðsku í þessu máli og þegar Hjörleifur Guttormsson væri farinn út úr iðnrn. mundi á samri stundu skipta um og auðhringurinn skammast til að semja um hærra raforkuverð. Þegar hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson hafði gegnt starfi sínu í nokkra mánuði var hann spurður af fréttamönnum: Hvernig gengur að semja við auðhringinn? Og hæstv. ráðh. svaraði því til að þeir væru staðir, en það er lýsingarorð sem notað er um körg hross í þessu landi eins og kunnugt er. Þegar hæstv. iðnrh. hafði svo glímt við auðhringinn nokkra mánuði í viðbót voru þeir ekki lengur aðeins staðir heldur voru þeir þungir og erfiðir. Þetta er óttalegur þungaiðnaður, sagði hæstv. iðnrh., að eiga við þessa menn, fulltrúa auðhringsins Swiss Aluminium. Er það í rauninni eini þungaiðnaðurinn sem hæstv. ráðh. hefur greint frá að hann hafi komist beint í tæri við þann tíma sem hann hefur gegnt því starfi.

Nú er hann hins vegar að fitja upp á því að bæta við þremur erlendum stórfyrirtækjum hér á landi. Það er í Straumsvík í viðbót við það sem fyrir er, það er í Eyjafirði og það er í Þorlákshöfn. Og til viðbótar eru uppi hugmyndir um að útlendingarnir eigi virkjanirnar. Ég vil spyrja þm. Framsfl.: Eru þeir samþykkir því að útlendingar eigi virkjanirnar hér á landi? Orð hv. þm. Páls Pétursonar hér fyrr í kvöld mátti skilja svo að hann teldi að það kæmi hugsanlega til greina að útlendingar ættu einnig virkjanirnar. Og ég vil spyrja hv. þm. Pál Pétursson og óska eftir því að hann verði kvaddur hér til ef hann er ekki í salnum: Er það réttur skilningur að þeir framsóknarmenn ætli nú ekki einasta að bæta við þremur álverum sem útlendingar eigi alfarið, og Framsfl. barðist gegn hugmyndum á sínum tíma um álverið í Straumsvík, heldur ætli þeir líka að ganga undir þær hugmyndir sem núverandi iðnrh. er með um að útlendingar eigi virkjanir hér á landi? Er það hugsanlegt að á bak við þessar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. sé samkomulag í stjórnarflokkunum? Getur það verið að báðir stjórnarflokkarnir séu svo heillum horfnir að þeir láti sér detta í hug að reisa hér þrjú erlend álver og að útlendingar eigi hlut í virkjunum hér á landi?

Ég tel, virðulegi forseti, í tilefni af yfirlýsingu iðnrh. í Dagblaðinu í dag algerlega óhjákvæmilegt að hann geri grein fyrir því hvaða samþykktir liggja á bak við þessa draumsýn hans um þrjár útlendar verksmiðjur hér í landinu og hvaða samþykktir í stjórnarflokkunum liggja á bak við það að útlendingar eigi jafnvel orkuverin líka. Og ég vil endurtaka spurningu mína til hv. þm. Páls Pétursonar. Í umræðum um þetta mál hér fyrr í kvöld kom fram að svo virtist sem hann teldi að það gæti komið til greina að útlendingar eignuðust einnig virkjanirnar hér á landi. Ég vil spyrja hv. þm. Pál Pétursson að því: Kannast hann við að hann styðji slíkar hugmyndir, að ekki aðeins sé verið að afhenda útlendingum forræði yfir verksmiðjurekstri hér á landi, atvinnurekstri í stórum stíl og þar með verið að þrengja sjálfsforræði Íslendinga í atvinnumálum, heldur sé það líka hugmynd Framsfl. ofan á allt annað að styðja hugmyndir um að útlendingar eigi hér virkjanir? Ég óska eftir því að hv. þm. Páll Pétursson svari þessu afdráttarlaust. Telur hann koma til greina að útlendingar eignist virkjanir hér á landi og styður Framsfl. þær hugmyndir hæstv. iðnrh. að byggja þrjú álver hér á landi? Þessir hlutir verða að vera alveg skýrir.

Framsfl. lagðist mjög ákveðið gegn hugmyndunum um byggingu álversins á sínum tíma og eignarhald útlendinga á því og það komu fram kröfur um það frá framsóknarmönnum á þeim tíma að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um málið vegna þess að menn gerðu sér þá grein fyrir því í þeim flokki að það væri verið að brjóta í blað í atvinnusögu Íslendinga. Síðar kom Framsfl. sér upp þeirri stefnu og lýsti því yfir aftur og aftur, m. a. í þeirri ríkisstjórn sem við áttum aðild að saman Framsfl. og Alþb., að ef til samstarfs við útlendinga kæmi yrðu þeir skilyrðislaust að vera minnihlutaaðilar. Þannig að Íslendingar hefðu hreinan meiri hluta í fyrirtækjunum og þar með fullt forræði yfir þeim, en það væri ekki eins og hjá álverinu í Straumsvík þar sem útlendingar ráða í rauninni lögum og lofum og eru sá þungaiðnaður sem hæstv. iðnrh. hefur lýst. Kemur það til greina að Framsfl. styðji meirihlutaeign útlendinga í iðjuverum hér á landi? Er hugsanlegt að afstaða Framsfl. hafi breyst og að hún liggi á bak við þessar dæmalausu yfirlýsingar iðnrh. núv. ríkisstj. um þrjú álver og virkjanir í eigu útlendinga?

Ég tel, hæstv. forseti, að áður en þessari umr. lýkur sé algjörlega óhjákvæmilegt að svör iðnrh. við framkomnum spurningum í þessu efni komi fram og að hv. þm., formaður þingflokks Framsfl., geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu efni.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég hef ekki verið og er ekki þeirrar skoðunar að virkjanir okkar eigi að vera í eigu útlendinga og vænti ég nú þess að hv. þm. taki orð mín trúanlegri hér en Dagblaðsins. Það hefur margsinnis komið fram að þær athuganir sem fram fara um erlenda stóriðju á Íslandi eru á könnunarstigi, viðræðustigi. Það er ekkert nýtt sem fram hefur komið um það að yfir stæðu samningar um stækkun álversins í Straumsvík. Þetta var öllum hv. þm. vitanlegt. Það er ekkert nýtt í því að menn hafa haft í huga að reyna að byggja og fá til þess erlenda aðila að byggja álver við Eyjafjörð. Það er á könnunarstigi, rannsóknum ekki lokið og ótal, ótal atriði til athugunar áður en það er komið á það stig að það verði borið upp í ríkisstj. eða fyrir hið háa Alþingi. Sama er auðvitað og enn fremur að segja af þeirri hugmynd að svo kynni til að bera að einhvern tíma í framtíðinni yrði staðsett eða byggt álver í Þorlákshöfn. Allt þetta vita þessir æsingamenn sem haga sér eins og þeir hafi étið óðs manns skít. (Gripið fram í.) Ég þarf ekkert að lýsa fyrir hinu háa Alþingi hvernig hv. 5. þm. Austurl. hefur staðið hér eins og strengdur köttur í dag og talað um þessi mál.

Það þarf einkennilegan húmor til þess að skilja hv. 2.

þm. Norðurl. v. á þann veg sem þessir hv. þm. skildu hann í dag. En ef menn ætla að taka undir þessum dagskrárlið, járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, upp almennan eldhúsdag um þessi mál held ég að þeir verði þá að athuga að fá það tekið upp utan dagskrár eða bera fram fsp. með eðlilegum hætti. En ég vona að ég hafi talað alveg skýrt í þessu máli og þurfi ekki neinu við það að bæta. Hins vegar er mönnum ekkert of gott að skemmta sér við slíkar umr. fram eftir nóttum ef mönnum svo sýnist.

Páll Pétursson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. 3. þm. Reykv. úr ræðustól áðan og tilmæla hv. 5. þm. Austurl. er mér ánægja að skýra frá því hér að Framsfl. hefur ekki lýst stuðningi við byggingu þriggja álvera í eigu útlendinga. Ég held að þetta sé óskynsamleg hugmynd og þaðan af óskynsamlegri hugmynd væri að byggja virkjanir til að gefa þessum verksmiðjum rafmagn. Landið færi á höfuðið með því móti. Þá væri illskárri kostur ef ekki væri hægt að fá stóriðjufyrirtæki til að borga kostnaðarverð fyrir raforku að láta þau líka bera kostnað af virkjunum.

Ég tel að það sé skynsamlegast að Íslendingar ráði sjálfir atvinnufyrirtækjum á Íslandi svo og raforkuverum. En þá verða menn líka að vera menn til að gera skynsamlegar ráðstafanir til að koma orkunni í verð.

Svavar Gestsson: Virðulegi forseti. Hér var í dag kvartað yfir því af hv. 5. þm. Vestf. að sá sem hér stendur hefði látið ósæmileg orð falla um þann þm. og hv. 5. þm. Vestf. spurði að því hvort forseti ætti ekki að víta mig fyrir það orðbragð sem ég þá viðhafði. Það verður þó að segjast eins og er að það var barnaskapurinn helber hjá því æðiskasti sem hæstv. iðnrh. birtist í hér áðan. Það er alveg með ólíkindum hvað maðurinn er viðkvæmur þegar kemur að þessum stóriðjumálum. Maðurinn tryllist hér aftur og aftur í ræðustólnum, þessi annars skemmtilegi og dagfarsprúði maður. Það er eins og hann megi ekki koma í þennan stól, þá gjörbreytist maðurinn í öllu viðmóti og kastar sér í viðjar persónuleikans með þeim afleiðingum sem menn heyra stundum hér í ræðustólnum. Hæstv. ráðh. leyfir sér í þessum efnum að koma þannig fram við eðlilegum fsp. stjórnarandstöðunnar að það sé eins og menn hafi étið óðs manns skít eða eitthvað þaðan af verra. Og hæstv. ráðh. leyfir sér hér, þegar stjórnarandstaðan er að aðstoða við að ljúka þinghaldinu með eðlilegum hætti, þar sem verið er að fara hér í gegn með fjöldamörg mál og ráðherrar mæla hér fyrir stórmálum á miðnætti, eins og hæstv. landbrh. hér áðan, að atyrða stjórnarandstöðuna fyrir það að bera fram fsp. undir umræðum um járnblendiverksmiðjuna. Það er verið að finna að því að rætt sé um þessi stóriðjumál almennt á sama tíma og rætt er um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel ekki að hæstv. iðnrh. farist það vel að ráðast að stjórnarandstöðunni með fúkyrðum með þeim hætti sem hann hefur gert hér í kvöld. Ég tel að honum farist það illa gagnvart þeim góða samvinnuanda sem hefur komið fram hér af hálfu stjórnarandstöðunnar í dag og undanfarna daga. (Gripið fram í.)

Hæstv. ráðh. er að tala um það, vitandi það að verið er að ljúka þinginu eftir helgi, að við eigum að bera fram fsp. með venjulegum hætti. Veit þá ekki ráðh. að hugsanlegt er að ekki verði haldnir fleiri fsp.-fundir í Sþ. eða er hann að benda okkur á að fara upp með málið utan dagskrár sérstaklega? Auðvitað væri vissulega tilefni til að fara upp með þetta mál utan dagskrár. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessa ábendingu og mun ræða það við forseta Sþ. strax og ég næ tali af honum að þessi makalausa yfirlýsing verði tekin til sérstakrar umræðu utan dagskrár. Hæstv. iðnrh. virðist telja að það sé nægilegur tími fyrir þingið til þess að taka hér umr. um þetta mál utan dagskrár. Það skal ekki standa á okkur að hefja þær umr. Það hefur hins vegar verið þannig að stjórnarliðið og hæstv. forseti Sþ. hafa verið treg til að láta hefja hér umr. utan dagskrár um mál þessa síðustu daga. Nú hefur hæstv. iðnrh. óskað eftir því að þessi undarlega yfirlýsing í Dagblaðinu verði tekin hér fyrir utan dagskrár. Þá skal verða óskað eftir því við hæstv. forseta Sþ. að það verði gert þannig að málið fái ítarlega umræðu og meðhöndlun hér á hv. Alþingi áður en því lýkur. Það er engin ástæða til annars en að verða við þessum óskum hæstv. iðnrh.

Hæstv. ráðh. er að gera lítið úr þeim ummælum sem hér er um að ræða í Dagblaðinu, en þó eru þau höfð eftir ráðh. innan tilvitnunarmerkja. Í þessari fréttagrein í Dagblaðinu í dag segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á næstu vikum standa iðnrh. og samninganefndir í stóriðjumálum í ströngu, funda með Alusuisse eftir viku, með Alcan í júní og Alcoa í júlí," — það stendur ekkert hvað þeir ætla að gera í ágúst — „þar sem jafnvel tvöföldun álversins í Straumsvík og ný álver í Eyjafirði og í Þorlákshöfn verða til umræðu. Elkem-menn og fleiri koma út af kísilmálmveri."

Síðan segir innan tilvitnunarmerkja eftir hæstv. ráðh.:

„Það er í myndinni núna að ræða við Alusuisse um 50% stækkun í Straumsvík 1988 og 50% 1990—91."

Það er í myndinni núna. Hæstv. ráðh. segir að málið sé ekki komið á það stig að það sé rætt einu sinni í ríkisstj. Hvers lags ríkisstj. er eiginlega í landinu ef ekki er rætt um að hugsanlega sé í myndinni 50% stækkun í Straumsvík 1988 og aftur 50% 1990—91?

En það er meira blóð í kúnni því að hæstv. ráðh. heldur áfram:

„Ef Alcan-forstjórunum líst á Eyjafjarðardæmið." Ef þeim líst vel á Eyjafjarðardæmið! Ef þeim líst vel á sig í Eyjafirðinum, Alcanforstjórunum, þegar þeir bera þar niður, ef þeim líst vel á sig þar! — „þarf að hafa eitthvað fyrir Alcoa."

Já, Alusuisse í Straumsvík og svo eru það Alconforstjórarnir. Þeir mega eiga val á Eyjafirði og ef þeim líst vel á sig þar verður að hafa eitthvað handa þeim hjá Alcoa og þá hef ég Þorlákshöfn, segir hæstv. ráðh. Hann greinir að vísu ekki frá því hvaða stað hann hefur, eins og hann orðar það, ef svo færi að fjórði auðhringurinn gæfi sig fram og litist vel á sig einhvers staðar þegar hann væri búinn að afhenda Eyjafjörð og Þorlákshöfn líka. (Gripið fram í.) Það er hugsanlegt að hann sé að gjalda keisaranum það sem keisarans er.

Síðan segir hæstv. ráðh.:

„Það bíða þrjár virkjanir fullhannaðar syðra."

Það verður inni í myndinni, segir ráðh., að Alusuisse fái 50% stækkun í Straumsvík 1988 og aftur 1990—91 og ef Alcanforstjórunum líst á Eyjafjarðardæmið þarf að hafa eitthvað fyrir Alcoa og þá hef ég Þorlákshöfn. Það bíða þrjár virkjanir fullhannaðar syðra.

Síðan segir hæstv. ráðh.:

„Þetta er allt mikið mál og núna, þegar menn eru farnir að tala af viti um orkuverð sem nægi fyrir framleiðslukostnaði orkunnar, kemur þetta allt til álita. En þetta er margra ára verkefni og ljóst að fyrst þarf að gera flókna samninga vel úr garði og síðan líða ár þangað til ný álver rísa.“

Auðvitað er hæstv. ráðh. að leggja grunninn að þessari framtíð. Þetta er framtíðardraumsýn Sjálfstfl.: álver um allt land. 20 álver var talað um hérna fyrir tveimur áratugum. Það er sú draumsýn sem á að fara að framkvæma undir forustu Sverris Hermannssonar og ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Og síðan er þessu bætt við með orkuverðið að það kæmi jafnvel til greina að semja við þá um allt saman, bæði orkuframkvæmdirnar og álverin. Hæstv. ráðh. segir: Takið þið frekar mark á orðum mínum en orðum Dagblaðsins. Þetta er haft hér eftir ráðh. innan tilvitnunarmerkja allt saman.

Hæstv. ráðh. lýsti því hér áðan að þessi mál væru á könnunarstigi, en það væru ekki til orðnir endanlegir samningar. Fyrr mætti nú líka vera! En það er þessi framtíð sem íhaldið vill búa börnum þessa lands. Það er að vinna í verksmiðjum hjá útlendum stórfyrirtækjum. Og þegar þetta er nefnt við hæstv. ráðh. á næturfundi tryllist maðurinn og vill meina að stjórnarandstaðan fari með fleipur þó að haft sé eftir ráðh. út úr beinum tilvitnunarmerkjum í einu dagblaðinu í dag.

En ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að í tilefni af því að hæstv. iðnrh. hefur óskað eftir því að þetta mál verði tekið fyrir utan dagskrár skal það verða gert, enda trúi ég ekki að hæstv. forseti Sþ. leggi á móti því. Þó að mikil verk bíði þingsins enn og knappur tími sé eftir skal verða farið fram á að hér hefjist umr. utan dagskrár um þessi mál. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þá ábendingu.

Að lokum þakka ég hv. þm. Páli Pétursyni fyrir það sem hann sagði um þessi mál. Ég skildi hann svo, að hann teldi ekki að það kæmi til greina að útlendingar ættu virkjanirnar hér á landi. Þó verð ég að játa að ummæli hans voru allloðin og voru lesin upp af blaði. Þau voru í rauninni afskaplega framsóknarleg. Það eru vafalaust í þeim setningum einhverjar smugur ef ég þekki þá framsóknarmenn rétt. Væntanlega gefst kostur á að yfirheyra þá líka þegar utandagskrárumr. hefst hér sem hæstv. iðnrh. hefur haft frumkvæði að að hér fari fram áður en þinginu lýkur.

Frsm. 2. minni hl. (Hjörleifur Guttormsson): Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir það sem fram kom í máli hans áðan þó ég taki vissulega undir það með hv. 3. þm. Reykv. að nokkuð voru svörin loðin. En ummæli hans hér fyrr í þessari umr. voru þó mun skýrari hvað þetta snerti og af tilefni minna fsp. til hans um þessi efni.

Það er minni ástæða til að ræða þessi mál frekar undir þessum dagskrárlið þar sem hæstv. iðnrh. hefur vísað til þess að rétt sé að hans mati að þessi mál verði rædd utan dagskrár ef áhugi er á því, og víst er um það að full ástæða er til að fá skýr svör við þeim atriðum sem hæstv. ráðh. hefur verið að setja fram undanfarin dægur um þau stórmál sem hér hafa verið rædd, hugmyndir sem eru mótsagnakenndar frá degi til dags og frá stund til stundar. Við hljótum að spyrja: Hvers konar ráðamenn eru það sem sitja í stólunum hér nú? Hvers konar ráðherrar eru það sem kasta fram hugmyndum upp á hundruð milljóna dollara í síðdegisblöðunum, ef slegið er á það tölum, en koma svo um miðnætti sama dag og segja: Það er nú ekkert að marka það sem haft var eftir mér með orðréttri tilvitnun í viðkomandi blaði? Svo vill til að það var ekki bara í síðdegisblaðinu í dag sem vitnað var til hæstv. ráðh. orðrétt, heldur stóð hann hér í þessum ræðustól í gærkveldi og talaði til allrar þjóðarinnar um sömu atriði: þrjú álver í eigu útlendinga. Var þetta líka fleipur eitt? Við fáum kannske svör við því á morgun eða þegar færi gefst hér til að hefja þær umr. um þetta utan dagskrár sem hæstv. ráðh. hefur þegar fallist á að fram fari. Það er ekki hægt að ljúka þessu þinghaldi með þessi mál jafnóskýr af hálfu ríkisstj. og fyrir liggur og með þær yfirlýsingar hæstv. ráðh. til þjóðarinnar sem hann er nú að reyna að draga í land með einum sólarhring síðar. (**Iðnrh.:** Ég hef ekkert dregið í land núna, ekki nokkurn skapaðan hlut.) Nei, hann hefur einmitt ekkert dregið í land. Nú hefur liðið um hálftími síðan hæstv. ráðh. var að lýsa ummæli sín í DV dauð og ómerk. (Gripið fram í.) En nú vill hæstv. ráðh. draga þau ummæli til baka hálftíma síðar og segist ekki hafa viðhaft þessi ummæli við Dagblaðið um orkuver í eigu útlendinga. En hann talar um það í þessu blaði:

„„En það má þó hugsa sér að hraða þessu, það kæmi jafnvel til greina að semja við þá um allt saman, bæði orkuframkvæmdirnar og álverin, þótt við höfum ekki hugsað okkur þann hátt á hingað til“, *segir ráðh.*“

Þetta eru ummæli hæstv. ráðh. Það er ekki auðvelt að taka gildar yfirlýsingar hér um að hann eigi ekki við að útlendingar eigi orkuverin eða eigi hlutdeild í þeim þó að hann vilji staðhæfa annað. En þetta skýrist væntanlega, hæstv. ráðh., þegar málin verða lögð hér fyrir með skipulegum fsp. við aðrar og rýmri aðstæður, í væntanlegum umræðum utan dagskrár. Ég get vel beðið með að fá frekari svör frá hæstv. ráðh., enda kann að vera að honum hafi þá tekist að koma einhverri reiðu á yfirlýsingarnar og færi kannske yfir það sem hann hefur látið frá sér fara til alþjóðar í gærkvöld og í dag því að ég heyrði að hæstv. ráðh. átti sérstakt viðtal við Ríkisútvarpið um hugmyndir sínar varðandi álver í Þorlákshöfn þó að mér gæfist ekki kostur á að hlusta á það viðtal. En það verður forvitnilegt að athuga hvað þar hefur komið fram.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, virðulegi forseti, eru hér því miður ekki nýir órar á ferð, ekki jafnsplunkunýir og hæstv. ráðh. kannske heldur. Þó geri ég ráð fyrir að hann kannist við það sem á ferðinni var á vegum Sjálfstfl. á árunum 1974—1976 og ég vænti þess að hann hafi kynnt sér efni þeirrar skýrslu sem ég gat um í ræðunni áðan og ber heitið „Hydroelectric Power Potential of Eastern Iceland. Reconnaissance Report. The Team for Assessment of the Hydropower Potential of Eastern Iceland.“ Reykjavík. Nóvember 1975. Þessi skýrsla er sameiginleg úttekt viðræðunefndar um orkufrekan iðnað sem þá starfaði og Alusuisse, úttekt á vatnsaflinu á Austurlandi sem liður í að þoka fram áætlun INTEGRAL.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. nú þar sem færi gefst á því að taka á þessu máli væntanlega á morgun.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Ég fagna því að það hefur komið fram ósk frá hæstv. iðnrh. um að hér verði umræða um orkumál. Hins vegar veit ég ekki hvort hægt er að treysta því að það verði rými í dagskránni til þinglausna þannig að mig langaði til að koma að nokkrum punktum. Ég held að hæstv. iðnrh. verði að taka því að menn ræði þessi mál á síðustu dögum þingsins og jafnvel í umr. sem hér stendur yfir, vegna þess að það eru skyndilega mjög margar sólir á lofti. Nú eru hérna í þinginu umræður um kísilmálmverksmiðju, það eru umræður um járnblendi, eða hafa verið hérna á síðustu vikum, ef ég man rétt í síðustu viku. Þá höfum við heyrt ýmsar hugmyndir um álverksmiðjur, jafnvel víða um land. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh. í gær að hann hefur ýmislegt á prjónunum í sambandi við þessi mál, viðræður við hina og þessa aðila í sumar og vafalaust verður margt á dagskránni. Það er mjög eðlilegt að þm. æski þess að fá að vita á hvaða stigi þessar hugmyndir og þessar umr. eru vegna þess að þeir horfa nú fram á að þingið standi ekki nema kannske örfáa daga til viðbótar. Ég veit hins vegar ekki hvort þessar rjúkandi verksmiðjur um landið allt er sú framtíðarsýn í atvinnumálum sem við Íslendingar ættum að hafa ríkast í huga.

Það er mjög fróðlegt að kynna sér upplýsingar og kynna sér skýrslur, sem hægt er að nálgast með lítilli fyrirhöfn, um það hvaða stefnu þessi mál eru að taka í löndunum í kringum okkur, um t. d. þátt stóriðjunnar í atvinnutækifærum og þátt smáfyrirtækjanna í því að veita stöðugleika og grósku í atvinnulífið. Ég vil í því sambandi benda á nýframlagða þáltill. þingflokks Bandalags jafnaðarmanna um eflingu atvinnulífs með stuðningi við stofnun smáfyrirtækja. Þar er bent á ýmsar upplýsingar sem gefa í skyn að það sé ekki stóriðja sem Vesturlönd leggi áherslu á, það sé ekki sú framtíðarsýn sem við eigum að huga að, heldur þvert á móti atvinnurekstur nýtæknigreinanna svokölluðu sem ekki byggjast upp á stóriðjufyrirtækjum heldur byggjast upp á smáfyrirtækjum. Það er t. d. mjög fróðlegt að kynna sér hvernig nýjasta atvinnubyltingin sem allir hafa nú á orði, líftæknibyltingin svokallaða, hefur sprottið upp í Bandaríkjunum. Það sem hefur þar gerst er að smáfyrirtæki, jafnvel af stærðinni 10—20 starfsmenn, hafa síðan um 1970 sprottið upp og fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja árið 1982 var milli 100 og 200. Það eru þessi fyrirtæki og einkaframtak og þor og dugur fólks sem að þeim stendur sem er að skapa algerlega nýja framtíðarsýn og algerlega nýtt atvinnulíf. Þetta er í raun og veru það sama sem gerðist við síðustu atvinnulífsbyltingu, í sambandi við rafeindaiðnaðinn. Þetta eru hugtök sem mönnum hafa verið töm á ýmsum gleðistundum og í hátíðaræðum og skálaræðum á Íslandi síðasta árið kannske, að það þurfi að brydda á nýjungum og auka fjölbreytni og fjölga burðarásum o. fl. Menn hafa um þetta ýmis orð, en þegar á hólminn er komið renna menn í gömlu förin. Það er eins og hugmyndirnar og þorið beinist alltaf að gömlu lausnunum og þær eru í þessu tilfelli stóriðjan.

Það er ekki þessi framtíðarsýn, hæstv. ráðh., sem við teljum að við viljum fá hérlendis. Við vildum gjarnan að glæstar hugmyndir, menn til viðræðu og annað, sem orðað er í sambandi við stóriðjuna, kæmi fram í öflugri viðleitni til nýsköpunar á sviði smáfyrirtækjareksturs vegna þess að hvort sem við viljum eða ekki, Íslendingar, erum við í farangri umhverfisins. Við verðum að fylgja því sem gerist í kringum okkur og hvort sem við viljum eða ekki munu Vesturlönd í kringum okkur ekki sinna stóriðjunni. Þau munu byggja upp atvinnulíf byggt á rekstri smáfyrirtækja í nýtæknigreinum. Það er stefna sem við verðum, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að taka upp og því fyrr því betra.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Það ríður auðvitað á smáu, en það lýsir málflutningi stjórnarandstöðunnar, sem hv. 3. þm. Reykv. lýsti í gær í útvarpsumr. hvernig væri sundruð, að halda því fram að ég hafi borið hér fram óskir um utandagskrárumr. um þessi málefni. Ég benti hv. þm. á að ef þeir ætluðu að ræða þetta mál væri þetta ekki réttur dagskrárliður, þá yrðu þeir að óska eftir því að þetta mál yrði rætt utan dagskrár eða bera fram fsp. með eðlilegum hætti. Ég er hins vegar tilbúinn að ræða þetta mál. En það þarf ekkert að snúa þessum hlutum við. Eins og ég segi skiptir þetta mig engu máli, en það er aumur málflutningur að geta ekki farið rétt með eða vera ekki treystandi og trúandi fyrir sendibréfi yfir bæjarlæk.

Ég hef ekki breytt neinu um mína afstöðu frá upphafi þessara mála. Eina nýja viðbótin sem ég nefndi væri hugsanleg staðsetning í Þorlákshöfn og ætla ég ekkert að ræða það frekar nú. En ekkert hefur breyst. Ég hef í engu breytt minni afstöðu eða lýsingum á henni. Það eina sem hefur þá breyst er það ef hv. þm. vilja frekar taka trúanlegar missagnir Dagblaðsins en yfirlýsingar mínar hér. Aðeins það hefur breyst og það er þeim sjálfrátt að gera, ég get ekkert við því gert. En ég endurtek að ef hv. þm. með einhverjum hætti koma þessu máli að er ég reiðubúinn að ræða þau seint og snemma. En orðhengilsháttur og útúrsnúningur, eins og maður hefur hlutstað á hér, og að gera Dagblaðið að sinni Biblíu, það er hv. þm. sjálfrátt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frv. 25. mál (þskj. 25). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Frv. til l. um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins á þskj. 25 er flutt til að leita staðfestingar á brbl. sem sett voru 30. mars s. l. í tíð forvera míns í embætti fjmrh. Í fjárlögum fyrir árið 1983 var gert ráð fyrir að aflað yrði 80 millj. kr. innlends láns til Áburðarverksmiðju ríkisins. Sú leið mun þó ekki hafa þótt fær og var því heimildar til töku erlends láns aflað með brbl. Í brbl. er að finna heimild til að greiða helming hverrar afborgunar og vaxta af láni þessu og segir að greiðslur þessar skuli metnar sem stofnframlag ríkisins í Áburðarverksmiðjuna vegna byggingar saltpéturssýruverksmiðju. Fyrrv. fjmrh. ákvað að nýta þessa heimild.

Frv. þetta hefur hlotið hefðbundna afgreiðslu í hv. Ed. og virðuleg fjh.- og viðskn. Ed. mælir einróma með samþykkt frv.

Ég vil gera að tillögu minni að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. 318. mál (þskj. 643). — 1. umr.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frv. nær samhljóða þessu var lagt fyrir síðasta þing en hlaut eigi afgreiðslu, en það mun hafa orðið samkomulag milli forvera míns í starfi, hæstv. fyrrv. fjmrh., og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna að nokkrar breytingar yrðu gerðar á lögum um lífeyrissjóðinn þótt ljóst sé að brýn nauðsyn sé að endurskoða lögin í heild sinni.

Frv. það sem hæstv. fráfarandi fjmrh. lagði fram var samið af stjórn lífeyrissjóðsins, en í þeirri stjórn sitja fulltrúar fjmrh. og launþegasamtakanna.

Frv. þetta hefur, eins og það sem ég mælti fyrir áðan, hlotið hefðbundna meðferð í hv. Ed. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 854 mælir hv. fjh.- og viðskn. Ed. einróma með samþykkt þessa frv. óbreyttu.

Ég vil leyfa mér að gera það að tillögu minni að frv. verði að þessum umr. loknum vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. 221. mál (þskj. 858 (sbr. 390)). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á jarðalögum.

Í frv. er lagt til að landnámsstjórn og Landnám ríkisins verði lögð niður og verk og viðfangsefni þess falin öðrum aðilum eða felld alveg niður. Tilgangurinn með þessum breytingum er tvíþættur: í fyrsta lagi að einfalda stjórnkerfi landbúnaðarins og koma í veg fyrir óþarfa skörun á hlutverkum stofnana ríkisins og/eða landbúnaðarins og í öðru lagi að draga úr kostnaði við opinbera stjórnsýslu. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að verkefni varðandi stofnun býla, félagsbúa, endurbygginga jarða, jarðaskrá og umsjón jarða Landnáms ríkisins flytjist til landbrn. og að þeim verði búinn lagagrundvöllur í jarðalögum. Er það gert í þessu frv. sem hér liggur fyrir.

Jafnframt er hér lagt til að gerðar verði breytingar á nokkrum ákvæða jarðalaga í ljósi fenginnar reynslu og til samræmis við breytingar á annarri löggjöf frá 1976.

Landnám ríkisins hefur annast stjórnsýslu og rekstur þriggja af fjórum grasköglaverksmiðjum í eigu ríkisins, en sú fjórða er rekin sjálfstætt. Í undirbúningi er frv. til laga um grasköglaverksmiðjurnar, sem áformað er að leggja fyrir Alþingi á komandi hausti, en þangað til það nær fram að ganga verða þær reknar á grundvelli gildandi ákvæða í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. að öðru leyti en því, sem segir í 13. gr. frv., að landbrn. taki við verkefnum Landnáms ríkisins og landnámsstjórnar.

Skv. 10. gr. frv. er lagt til að nýr kafli komi inn í jarðalögin um viðurkenningu á nýjum býlum, félagsbúum og jarðaskrá og koma ákvæði hans í stað sambærilegra ákvæða í lögum nr. 45/1971.

Þetta frv. hefur verið afgreitt frá hv. Ed. og var þar ítarlega skoðað og gerðar nokkrar breytingar á frv. eftir að leitað hafði verið umsagna Búnaðarþings og fleiri aðila, og þar sem fyrir liggur í þingtíðindum framsöguræða sú sem ég flutti við 1. umr. málsins þar vil ég vísa til hennar að öðru leyti, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. 220. mál (þskj. 389). — 1. umr.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til breyt. á jarðalögum. Í því frv. er lagt til að landnámsstjórn verði lögð niður og að reglum um viðurkenningu á nýjum býlum verði breytt þannig að samþykki landbrn. þurfi til að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, enda séu uppfyllt ýmis skilyrði sem fram koma í frv. Er lagt til í frv. þessu að lögum nr. 64/1976 verði breytt til samræmis við þær tillögur sem felast í framangreindu frv. til breytinga á jarðalögum.

Þetta frv. var, eins og frv. um jarðalög, skoðað ítarlega í hv. landbn. Ed. Ég mælist því til þess að hv. landbn. Nd. sjái sér fært að afgreiða þessi frv. bæði nú fyrir þinglok. En að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 349. mál (þskj. 791.) — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. 306. mál (þskj. 859). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla því að haldið sé áfram frekari fundahöldum. Það er búið að halda hér kvöldfund dag eftir dag og það er verið að ræða um að taka fyrir á morgun skýrslu utanrrh. hér í Sþ., auk þess sem gert er ráð fyrir að kjördæmamálið komi jafnvel til umr. á morgun og auk þess sem iðnrh. hefur pantað umr. utan dagskrár um álmálið. Það er því ljóst að hér verður kvöldfundur annað kvöld. Það er með öllu fráleitt, að mínu mati, að leggja það á starfslið Alþingis og þm. að þessum fundi verði haldið lengur áfram. Ég geri því kröfu til þess, því að það er engin ástæða til þess að vera að keyra þetta mál svona fram, að þessum fundi verði slitið. Nd. hefur þegar setið á löngum fundum, afkastað miklu, komið frá mörgum lagafrv., bæði til nefnda og jafnvel til Ed. og til ríkisstj. sem lögum, þannig að það er gersamlega fráleitt af ríkisstj. að vera að beita þingið þessu ofbeldi sem núna stendur til.

Á dagskrá þessa fundar er skattskylda innlánsstofnana og ég veit ekki betur en það séu fjórir menn á mælendaskrá. Það er því augljóst mál að þeirri umræðu getur ekki lokið fyrr en eftir nokkra klukkutíma. Hér er um að ræða þannig mál að það krefst ítarlegrar umræðu hér í hv. Nd. og vandséð er að henni ljúki áður en nýr dagur rennur. Þess vegna er í rauninni alveg fráleitt að halda þessum fundi áfram. Ég vil biðja hæstv. forseta Nd., og ég tek fram að ég er að sjálfsögðu ekki að ásaka hana á einn eða annan hátt, að kanna hvort ekki er unnt að fresta nú þessari umr. og taka til við hana á ný þegar fundur verður haldinn á eðlilegum tíma hér í Nd.

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum ríkisstj. Það er búið að keyra hér fram í dag tugi mála, búið að halda hér fjölda funda í allan dag. Það er verið að halda nefndarfundi í stjórnarskrárnefnd á sama tíma og hér stendur yfir fundur. Síðan er ætlunin að halda hér áfram umr. um þetta mál sem er algerlega þarflaust að ræða einmitt nú. Ég geri því til þess kröfu að fundinum ljúki núna, umr. verði frestað og menn taki til við málin á nýjan leik á morgun því að það er augsýnilegt að á næsta sólarhring verða langir fundir, það verða fundir hér allan daginn á morgun og annað kvöld. Ég skora á hæstv. forseta að kanna hvort ekki getur orðið samkomulag um að fresta þessari umr. nú.

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir): Vegna óska sem hér hafa komið fram hjá hv. 3. þm. Reykv. tel ég sjálfsagt að athugað verði hvort hægt verði að ná samkomulagi um hvenær fundi ljúki hér.

Sameinað þing, 91. fundur.

Fimmtudaginn 17. maí, kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þáltill. 355. mál (þskj. 821). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. 356. mál (þskj. 862). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Seðlabankahús, þáltill. 361. mál (þskj. 899). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skýrsla um utanríkismál (þskj. 744).

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það er orðin venja að efna á hverju þingi til almennrar umræðu um utanríkis- og alþjóðamál á grundvelli skýrslu sem utanrrh. leggur fyrir þingið. Ég tel að þetta sé góður siður. Ég hef nú fyrir u. þ. b. tveimur vikum lagt fram slíka skýrslu af minni hálfu á þskj. 744. Henni fylgir að venju sérstök yfirlitsskýrsla um þátttöku Íslands í 38. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem stóð um þriggja mánaða skeið í lok s. l. árs. Þessar skýrslur þurfa þó að leggjast fram fyrr svo að ítarlegar umr. geti um þær tekist. Utanríkismálin og það sem gerist í kringum okkur skiptir svo miklu máli fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og líf hennar að það er ekki aðeins góður siður heldur bein nauðsyn að Alþingi gefi sér tóm til að huga vandlega að þeim málum. Raunar hafa umr. átt sér stað á yfirstandandi þingi um utanríkismál og ýmis þau mál er þau snerta, en engu að síður væri æskilegt að þessar umr. færu fram fyrr á þingtímanum og mun ég stuðla að því ef ég verð í þeirri aðstöðu.

Þegar yfirlitsskýrslur um utanríkismál voru fyrst gefnar tíðkaðist að ráðh. flytti þær í heild við upphaf umræðu. Þetta hefur nú verið aflagt og mun ég því síður taka það upp að nýju sem skýrsla mín er nokkru lengri en áður hefur jafnvel tíðkast. Ég mun láta nægja að víkja að nokkrum meginatriðum og geta um ýmsa þætti í þróun mála eftir að skýrslan var samin, því að ekki er nóg með að rétt sé það sem Galilei sagði á 17. öld og geimvísindi nútímans hafa sýnt okkur enn betur að jörðin snýst, heldur breytist líka margt sem á henni hrærist, stundum býsna hratt, og mál taka sífellt á sig nýjar myndir.

Þess var að sjálfsögðu enginn kostur í skýrslunni, þótt lengri sé en áður, né í máli mínu nú að gera skil öllu því sem í hugann kemur þegar utanríkismál og staða heimsmála er skoðuð. En umræðan um skýrsluna gefur tækifæri til að vekja máls á og ræða nánar hvað eina á þessu sviði sem þm. þykir eiga erindi inn í þingsal.

Eins og stundum áður setja stirð samskipti risaveldanna neikvæðan svip á heimsmálin, einkum stöðu vígbúnaðarmálanna sem öllum ber saman um að þurfi að taka þveröfuga stefnu við það sem nú er. Jafnvirði um 800 milljarða dollara er varið til hermála í heiminum á ári hverju. Hundruð milljóna manna búa á sama tíma við mjög krappan kost eða svelta heilu hungri. Þó er einmitt talið að hinar fátæku þjóðir standi beint að fjórðungi þeirrar eyðslu sem fer til vígbúnaðar, eða um 200 milljörðum dollara.

Í fyrstu köflum skýrslunnar er vikið nánar að þessu ástandi og þeirri ógn og yfirgangi einræðis- og kúgunarafla sem því veldur. Þær aðstæður sem nú ríkja í vígbúnaðarmálunum eru að flestra áliti þannig að aldrei

hefur verið brýnna að sest væri að samningaborði. Svo standa hins vegar mál og hafa gert nú um misseris skeið að annað risaveldanna, Sovétríkin, harðneitar að ræða málin nema einhliða skilyrði þeirra sé fullnægt áður, þ. e. að eldflaugar, sem vestræn ríki eru að koma upp til mótvægis við hinar kunnu SS—20 eldflaugar Sovétmanna, verði allar teknar niður áður en viðræður hefjast á ný. Það er auðvitað tilgangur viðræðna um vígbúnaðartakmarkanir að ná samkomulagi um gagnkvæma fækkun kjarnorkuflauga eins og annarra vopna. Hvorugum aðilanum þýðir að vænta þess að geta með skilyrðum af þessu tagi skapað sér forskot áður en sest er að samningagerð.

Vestræn ríki hafa þó sýnt hug sinn í þessu efni með því að ákveða samhliða uppsetningu hinna nýju kjarnorkuflauga að fækka um 2400 þeim kjarnorkusprengjum sem fyrir voru í Evrópu. Þetta þýðir verulega fækkun kjarnorkuvopna Vesturveldanna í Evrópu þrátt fyrir uppsetningu stýri- og Pershing-eldflauga Bandaríkjamanna. Tekin verða úr umferð fimmfalt fleiri kjarnorkuvopn en sett verða upp og hér er um einhliða fækkun að ræða án þess að nokkuð komi á móti af hálfu gagnaðila.

Mikil mótmæli hafa verið látin í ljós gegn uppsetningu eldflauga í vestrænum ríkjum. Slík mótmæli eru skiljanleg og gegna út af fyrir sig engri furðu. Hitt er óskiljanlegt að friðahreyfingar og fjölmiðlar sváfu á verðinum og létu sig engu skipta þegar Sovétmenn settu áður niður á fjórða hundrað SS—20 eldflaugar, hverja þeirra með þrem kjarnaoddum sem unnt var að miða á jafn marga staði á Vesturlöndum.

Enn er eins og sumu vafalaust vel meinandi fólki sé um megn að taka undir kröfu og tilboð Atlantshafsbandalagsríkja að allar meðaldrægar eldflaugar séu fjarlægðar en láta sér nægja þess í stað að nema staðar a. m. k. um sinn við óbreytt ástand ógnar, sem af jafnvægisleysi og kjarnorkuvopnum stafar.

Slökunarstefnan, sem m. a. leiddi til Helsinkisamþykktarinnar 1975, gaf fyrirheit um bætta sambúð í álfunni og milli risaveldanna. Ýmsar vanefndir samþykktarinnar, bæði vegna áframhaldandi vígbúnaðar Sovétmanna og mannréttindaskerðingar, vörpuðu þó skugga á þróunina. Innrásin í Afghanistan og íhlutun Sovétríkjanna í Póllandi urðu svo til þess að greiða slökunarstefnunni högg sem hún hefur ekki náð sér eftir enn þá. Vonir um að leiðtogaskipti tvívegis í Sovétríkjunum sköpuðu ný viðhorf hafa ekki ræst. Nýjasta dæmið er hvernig Sovétríkin hafa búið sér til málamyndaástæður til að hafna þátttöku í Olympíuleikunum í Los Angeles af því að Bandaríkjamenn sáu sér ekki fært að sækja Olympíuleikana í Moskvu í kjölfar innrásarinnar Í Afghanistan. Tillögur, sem Sovétríkin lögðu formlega fram á Stokkhólmsráðstefnunni nú 8. þessa mánaðar þegar hún kom saman að nýju, fela ekki, að mati íslensku fulltrúanna á ráðstefnunni, í sér neitt efnislega nýtt og enga breytingu frá þeirri afstöðu sem Sovétríkin höfðu áður lýst þar í ræðuflutningi. Horfur í málefnum austurs og vesturs eru því ekki bjartar og ekki er hægt að spá um hvenær rofa muni til. Þrátt fyrir miður góðar horfur í afvopnunarmálum um þessar mundir má einskis láta ófreistað að ná árangri í þeim efnum, bæði á sviði kjarnorkuvopnabúnaðar og hefðbundins vígbúnaðar.

Einhliða athygli og andstaða gegn kjarnorkuvopnum og þeirri gereyðingarvá sem þeim er samfara er allra góðra gjalda verð en kann að koma þeirri skoðun inn hjá valdhöfum og fólki almennt að hefja megi átök og beita valdi, það sé a. m. k. tiltölulega saklaust ef einungis sé gripið til hefðbundins vígbúnaðar. En mjótt er á munum milli kjarnorku- og hefðbundins vígbúnaðar í kjölfar tækniþróunar og ólýsanlegar eru þær hörmungar sem hlotist geta af hvorum þeirra sem er. Sköpum skiptir því að komið verði í veg fyrir stríð og öll vopnuð átök. Íslendingar hljóta að leggja sitt litla lóð á þá vogarskál að svo megi takast.

Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um nokkur þeirra svæða þar sem alvarlegast ástand hefur ríkt utan Evrópu. Í Líbanon hefur nú tekist að koma á samsteypustjórn en friði hefur enn ekki tekist að koma þar á. Styrjöld Íraks og Írans heldur áfram og meðan svo stendur er m. a. framtíð olíuflutninga frá Persaflóa ótrygg. Síðustu fregnir um árásir á olíuskip og hækkað olíuverð á Rotterdammarkaði í kjölfarið sýna okkur fram á að átök og stríð, þótt fjarlæg kunni að vera okkur Íslendingum, geta engu að síður haft alvarleg áhrif á okkar hag.

Í El Salvador hefur nú farið fram síðari umferð forsetakosninga og standa vonir til að umbótastarfi í landinu vaxi fiskur um hrygg í kjölfar þeirra þótt áfram ríki óvissa. Alþjóðadómstóllinn hefur tekið afstöðu gegn tundurduflalagningu úti fyrir höfnum Nicaragua sem átt hafði sér stað með stuðningi Bandaríkjamanna en þeir hafa lýst yfir að sé hætt og á enda engan rétt á sér.

Bæði í Austurlöndum nær og Mið-Ameríku eru ágreiningsmálin svo erfið viðfangs að þess er ekki að vænta að varanlegar lausnir fáist í næstu framtíð. Sáttfýsi og friðarvilji þarf að vaxa í þessum heimshlutum sem öðrum og í Mið- og Suður-Ameríku þarf að eiga sér stað réttlátari skipting þjóðarauðs og efling mannréttinda og lýðræðis.

Í Afríku er kynþáttaaðskilnaðarstefna Suður-Afríkustjórnar enn áberandi blettur sem verður að hverfa. Í Nigeríu, því mikilvæga viðskiptalandi okkar, er í kjölfar stjórnarbyltingar leitast við að aflétta margs kyns fjármálaspillingu og næst þar vonandi árangur. Á þurrkasvæðunum um miðbik álfunnar ríkir ein mesta neyð sem nú þekkist og þarf hjálparstarf þar að eflast mjög á næstu árum.

Í Asíu hefur verið lagður grundvöllur að nánari efnahags- og viðskiptasamvinnu hins öfluga iðnríkis Japans og fjölmennasta ríkis veraldar, Kína. Vaxandi samskipti og samvinna Kína við Vesturlönd undanfarinn áratug hefur einnig sett svip á þróunina. Lítið lát er á stríðsástandi í Indó-Kína, Víetnamar búa enn við ofbeldisstjórn sem fer með hernaði að nágrönnum sínum í Kampútseu.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa Norðurlönd beitt sér fyrir því að samtökunum verði gert betur kleift en áður að hindra vopnuð átök. Svo vikið sé aftur að þróuninni í Evrópu skiptir þar mestu að friður hefur verið varðveittur í álfunni allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar, nú í nær 40 ár. Vestræn ríki hafa tryggt frelsi og lýðræði í löndum sínum. Þessi staðreynd, þessi árangur, er enn merkari þegar haft er í huga að á sama tímabili hafa um 105 stríð og meiri háttar átök verið háð í 66 löndum og að því er talið er 16 milljónir manna látið í þeim lífið. Friður og frelsi Vesturlanda er

að þakka því öfluga friðar- og varnarsamstarfi sem mörg þeirra hafa staðið að innan vébanda Atlantshafsbandalagsins.

Meðan ekki næst samkomulag allra aðila um niðurskurð herbúnaðar undir öruggu eftirliti, þannig að jafnvægi raskist ekki, er óhjákvæmilegt fyrir þær þjóðir, sem njóta vilja frelsis og lýðræðis, að halda vöku sinni, sýna fulla árvekni. Er þetta eitt af grundvallaratriðum utanríkisstefnu okkar.

Um leið og við Íslendingar leggjum viðleitninni til afvopnunar allt það lið sem við getum megum við ekki glata raunsæinu. Í þeim ótrygga heimi sem við búum í verðum við að standa dyggan vörð um það sjálfstæði sem þjóðin þráði svo lengi og uppskar að lokum. Í samræmi við það raunsæi, sem ég tel að móta verði stefnu Íslands í utanríkis- og varnarmálum ef þjóðinni á að farnast vel við þær aðstæður sem nú ríkja, hef ég síðan ég tók við núverandi starfi lagt sérstaka áherslu á varnar- og öryggismálin. Er í 4. kafla skýrslunnar gerð ítarleg grein fyrir veigamestu atriðum þeirra.

Varnarsamstarfið við Bandaríkin, sem staðið hefur síðan 1951, hefur gefist vel. Ég tel engu að síður að við eigum að leggja kapp á að geta sjálfir metið sem best varnarþarfir landsins og að við eigum sjálfir að taka virkan þátt í því eftirliti sem nauðsynlegt er með óboðuðum ferðum í grennd við landið. Í skýrslunni er greint frá byggingu olíugeyma og flugskýla og ráðgerðri endurnýjun flugvélakosts á næsta ári.

Þá er rétt í þessu sambandi að minnast á skýrslu um verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli sem ég hef lagt fram í tilefni fyrirspurna þm. Alþfl. og BJ. Vonast ég til að hún skýri sig að mestu leyti sjálf.

Bygging nýrrar flugstöðvar í Keflavík er hafin sem kunnugt er og mun hún m. a. skapa skilyrði til aðskilnaðar varnarstarfseminnar og hins almenna farþegaflugs. Þá er einnig rétt að víkja sérstaklega að því að til athugunar er að endurreisa radarstöðvar á Norðvestur- og Norðausturlandi og mættu íslenskir fulltrúar s. l. þriðjudag á fundi hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins í Brüssel þar sem fjallað var um það mál. Voru þeir áheyrnarfulltrúar eins og Frakkar. Íslendingar hafa ekki tekið þátt í störfum hermálanefndarinnar frá því á upphafsárum bandalagsins. Í ræðu, sem Þórður Einarsson varafastafulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu flutti í upphafi fundar hermálanefndarinnar, vísaði hann til kaflans um varnar- og öryggismál í skýrslu minni um utanríkismál og gat um þá athugun sem þar væri boðuð á virkari þátttöku Íslendinga við mótun og framkvæmd varnarstefnunnar og bæri að líta á setu Íslendinga á þessum fundi, er fjallaði sérstaklega um mál er snertu Ísland, sem lið í þeirri athugun.

Í hermálanefndinni sitja fulltrúar herja aðildarlanda NATO. Þar er rætt um sameiginlega varnarstefnu og framkvæmd hennar. Á vettvangi nefndarinnar er einnig tekin afstaða til framkvæmda sem fjármagnaðar eru úr mannvirkjasjóði í NATO, svo sem olíustöðin í Helguvík og flugskýli fyrir orrustuþotur varnarliðsins. Þá skal getið að yfirhershöfðingjar NATO-ríkjanna og yfirmenn þriggja herstjórna bandalagsins hittast reglulega tvisvar á ári í hermálanefndinni og var það slíkur fundur sem haldinn var á þriðjudag. Á miðvikudag og í dag 16. og 17. maí hittast varnarmálaráðherrar Atlantshafsbandalagsríkjanna í Brüssel og situr Henrik Sv. Björnsson, sendiherra og fastafulltrúi hjá Atlantshafsbandalaginu, fundi þeirra eins og tíðkast hefur. Þegar Frakkar ákváðu að hætta þátttöku í sameiginlegu varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins 1966 var sú skipan tekin upp að fastafulltrúar í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins hittast til að ræða varnarmál sérstaklega í svokallaðri varnaráætlananefnd og á sendiherra Íslands sæti í þeirri nefnd eins og í fastaráðinu sjálfu.

Herra forseti. Engri þjóð er ógnað með þeim viðbúnaði til eftirlits og varna sem hér er. Hann samræmist einnig í alla staði stofnskrá Sameinuðu þjóðanna sem áskilur öllum ríkjum rétt til sjálfsvarnar einu sér eða með öðrum ríkjum. Það er stefna ríkisstj. að varnirnar hér á landi verði áfram þessa sama eðlis og þær hafa verið frá upphafi en fylgst verði með tímanum hvað allan tækjabúnað snertir. Það er stefna ríkisstj. að vinna innan Atlantshafsbandalagsins og Sameinuðu þjóðanna og annarra fjölþjóðasamtaka að friði, gagnkvæmri afvopnun og öruggu eftirliti, frelsi þjóða og lýðræði, mannúð og mannréttindum. Við munum halda áfram að styðja raunhæfa viðleitni til afvopnunar og gerðumst á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna m. a. meðflytjendur að till. um könnun á vígbúnaðarkapphlaupinu á úthöfunum sem var samþykkt.

Ef við viljum ekki eiga á hættu að reka stjórnlaust í straumróti alþjóðamála, viljum stjórna okkar málum og ráða einhverju um okkar örlög, hljótum við að taka virkari þátt en hingað til í þeim fjölþjóðasamtökum sem við teljumst til.

Þróun hafréttarmála er einmitt dæmi um heillavænleg áhrif virkrar þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi. Af hafréttarmálunum í 5. kafla skýrslunnar vil ég sérstaklega nefna að markvísar aðgerðir hafa átt sér stað til að tryggja hafsbotnsréttindi utan efnahagslögsögunnar og verður unnið að því áfram. Afmörkun hafsbotnsréttinda okkar á Reykjaneshrygg og Rockall-svæðinu er í lokavinnslu í einstaka atriðum í samráði við ráðunauta okkar í þeim málum og samhliða hefur nágrannaríkjum okkar verið gerð grein fyrir rétti okkar og boðið fram samráð og samvinna í samráðum við ályktanir Alþingis.

Vegna ástands fiskstofna og þarfa okkar sjálfra hefur dregið úr veiðum Færeyinga og Norðmanna hér við land og er miðað við að veiðar þeirra síðarnefndu verði algjörlega bundnar gagnkvæmt. Vegna krafna Efnahagsbandalags Evrópu um hlutdeild í loðnustofninum hafa undanfarin ár átt sér stað þríhliða viðræður, Íslands, Noregs og bandalagsins um skiptingu þeirra veiða. Efnahagsbandalagið hefur þarna komið fram af hálfu Grænlands sem telst aðili bandalagsins til næstu áramóta eins og kunnugt er. Nýjustu viðræðurnar fóru fram í Bergen í s. l. viku og leiddu ekki til niðurstöðu, enda hefur Efnahagsbandalagið gert mun hærri kröfur en við teljum réttmætar og Norðmenn tregir til að minnka sinn hlut.

Innan Efnahagsbandalagsins hefur að undanförnu gætt nokkurs misskilnings að því er varðar forsendur viðskiptasamnings Íslands og bandalagsins frá 1972. Þar var eins og kunnugt er samið um gagnkvæmar tollaívilnanir fyrir iðnaðarvörur frá bandalaginu hér og í staðinn fiskafurðir héðan á markaði bandalagsins. Með þeim hætti náðist það jafnvægi sem gerði samninginn mögulegan og hagkvæman báðum aðilum. Nú hafa heyrst frá Efnahagsbandalaginu raddir um að fiskveiðiréttindi hér við land þurfi að koma í staðinn fyrir tollahlunnindin sem við njótum skv. samningnum fyrir sjávarafurðir.

Lagt hefur verið kapp á að eyða þessari rangtúlkun.

Um málefni er snerta Grænland er sérstakleg fjallað í kaflanum um Norðurlandasamvinnu í 3. hluta skýrslunnar en þau hafa verið til umræðu á Alþingi nú eftir síðustu áramót.

Að því er varðar þróunarsamvinnu, sem gerð er grein fyrir í 6. kafla, vil ég fagna því að tekist hefur að auka lítið eitt á s. l. ári og þessu það hlutfall þjóðarframleiðslu sem varið er til þróunaraðstoðar en það er þó langt undir því marki sem S. Þ. hafa sett aðildarríkjum sínum.

Einnig er nú að hefjast mjög áhugaverður áfangi þróunarsamvinnunnar við Grænhöfðamenn á sviði fiskveiða með tilkomu skipsins Fengs sem er sérhannað til þróunarverkefna.

Utanríkisviðskiptum okkar eru gerð skil í yfirliti sem viðskrn. hefur lagt til og birt er sem 7. kafli skýrslunnar.

Í lokakafla skýrslunnar er svo fjallað stuttlega um utanríkisþjónustuna. Hún hefur á liðnum árum fengið ótrúlega miklu áorkað og kostnaður við hana verið í lágmarki. En ég er þeirrar skoðunar að öllu lengur verði ekki undan því vikist að efla hana, m. a. með stofnun nýrra sendiráða og með öflugri útrás til að styrkja stöðu Íslands meðal þjóða, til að efla útflutningsatvinnuvegi okkar, ferðaþjónustu og menningarlíf. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að nefna hér sérstaklega þá miklu og góðu landkynningu sem hlotist hefur af opinberum heimsóknum forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur, erlendis. Ég tel að forsetinn hafi með ferðum sínum unnið landi og þjóð ómetanlegt gagn.

Að lokum vil ég geta þess að samstarf við fulltrúa þingflokkanna í utanríkismálanefnd hefur verið með ágætum og hef ég fyrir mitt leyti reynt að stuðla að því að n. mætti sem best fylgjast með gangi mála og gegna sínu mikilvæga hlutverki. Vil ég þakka n. hina góðu samvinnu.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka í þessari umr. meðnefndarmönnum mínum í hv. utanrmn. fyrir það samstarf, sem við höfum átt í vetur og verið hefur gagnlegt og lærdómsríkt, og sérstaklega formanni n. og ekki síður varaformanni sem hefur oft orðið að hlaupa í skarðið í fjarveru formannsins. Þá vil ég einnig þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur gefið hér og lagt fyrir þingið, sömuleiðis þá skýrslu sem liggur fyrir um verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ég tel að þessar skýrslur geti báðar verið mikilvægur grundvöllur fyrir umræður um utanríkismál þó að tíminn sé mjög naumt skorinn. Ég vil leyfa mér áður en ég vík að skýrslunni að taka undir þau orð sem hæstv. utanrrh. hafði um störf og sérstaklega landkynningu forseta Íslands á liðnum mánuðum og misserum og hvað þau störf eru þjóðinni mikilvæg og gagnleg á alþjóðlegum vettvangi.

Ég verð hins vegar að játa það að mér finnst að þessi skýrsla hæstv. utanrrh. sæti í raun og veru ákaflega litlum tíðindum. Í henni og ræðu hæstv. ráðh. áðan kemur ekki fram vottur, ekki milligramm af gagnrýni á Bandaríkjastjórn eða Atlantshafsbandalagið. Þar eru menn teknir í dýrlingatölu og þar er hvergi kusk á hvítflibbanum. Uppsetning hæstv. ráðh. í þessum efnum er eins nákvæmlega eftir bandarískri forskrift og hægt er að hugsa sér og ekkert er í raun og veru gagnrýnivert nema það sem kemur frá Sovétríkjunum. Hvergi örlar á því að smáþjóðirnar þurfi að gjalda varhug við yfirgangi stórveldanna, hvors þeirra sem er.

Ég tel því að það mat, sem fram kemur í skýrslu utanrrh., sé í raun og veru ekki í samræmi við þá hagsmuni sem íslenska þjóðin hefur í utanríkismálum og alþjóðamálum um þessar mundir. Það er t. d. athyglisvert að hæstv. utanrrh. skuli í þessari skýrslu sjá sérstaka ástæðu til þess að hafna raunhæfum hugmyndum bandarískra þm. um frystingu sem hafa verið mjög ræddar hér á yfirstandandi þingi. Mér er ekki kunnugt um það hvort það er ríkisstj. í heild sem stendur á bak við þær hugmyndir og þá afstöðu sem fram kemur hjá hæstv. ráðh. um að hafna þessum hugmyndum sem aðallega eru kenndar við tvo þekkta bandaríska öldungadeildarþm. Fróðlegt væri að inna fulltrúa Framsfl. í utanríkismálum eftir því hvort þeir eru sammála því að frysting sé eins varasöm og hæstv. utanrrh. lætur að liggja í máli sínu og í skýrslunni sjálfri.

Í skýrslu þessa skortir síðan gjörsamlega mat á áformum Bandaríkjamanna um þróun herstöðvarinnar á næstu árum. Þó liggur það fyrir að aftur og aftur hafa komið fram upplýsingar um það að í bandarískra hermálaráðuneytinu eru uppi áform um verulegar breytingar á herstöðinni og stöðu Íslands hér í Norður-Atlantshafinu sem hluta af hernaðarkerfi Atlantshafsbandalagsins.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að ætlast til þess af utanrrn. að það taki saman skýrslu um mat utanrrn. á þessum hugmyndum sem fram hafa komið af hálfu opinberra aðila í Bandaríkjunum, m. a. um að loka GIUK-hliðinu, að setja hér á Íslandi upp eldflaugar og að byggja hér á Íslandi stjórnstöð sem geti haldið út eða staðist fullt stríð í sjö daga. Fyrir nokkru birtist í bandarískum blöðum grein eftir William Arkin sem hefur aftur og aftur fjallað um þessi mál og nýtur mikillar virðingar í Bandaríkjunum, m. a. í bandarískra þinginu. Í þeirri grein, sem nýlega birtist eftir hann og hér hefur áður borið á góma á hv. Alþingi, kemur fram að hann hefur það eftir yfirmanni bandarískra flotans að ekki dugi lengur aðeins að loka GIUK-hliðinu á milli Grænlands, Íslands og Skotlands heldur þurfi Bandaríkin að geta eytt óvinasprengiflugvélum við flugtak áður en þær komist í skotfæri við Bandaríkin. Í þessari grein segir að yfirstjórn herafla Bandaríkjanna hafi á árinu 1981 endurmetið hernaðarviðbúnað Bandaríkjanna á Íslandi og sett fram nýja áætlun um hernaðaruppbyggingu á Íslandi sem beri heitið Varnarkerfið í Norður-Atlantshafi. Miði þessi áætlun að því að koma á nánari samvinnu flughers og flota og í þeim tilgangi eigi að koma upp hreyfanlegum radarstöðvum á Íslandi sem fylgt geti sveigju jarðar og miðað út skotmörk í 2900 km fjarlægð. Þá er ætlunin skv. þessari áætlun frá árinu 1981 að AWACS-flugvélarnar hér á landi hafi það hlutverk að stjórna gagnárásarflugvélum bandarískra flughersins og gert er ráð fyrir því að nýjar F-15 orrustuþotur komi hingað til landsins til þess að taka þátt í að framkvæma þessa áætlun.

Síðan er greint frá því í opinberum bandarískum gögnum að ætlunin sé að byggja neðanjarðarstjórnstöð í Keflavík sem geti staðist fullt stríð, eins og það heitir, í sjö daga. Jafnframt er í þessari áætlun frá 1981 talað um nauðsyn þess að byggja ný og styrkari flugskýli, en þær framkvæmdir eru nú í gangi, og auka olíubirgðir, en þær

framkvæmdir eru einnig í gangi, þannig að olíubirgðirnar geti dugað flugvélum sem ekki heyra undir herafla NATO, en þar er átt við sprengiflugvélar af gerðinni B-52 sem bera langdrægar kjarnorkueldflaugar. Þessar olíubirgðir eiga að geta dugað þessum vélum í 45 daga.

Nú kunna menn að hafa misjafna afstöðu til hersetunnar hér á landi, til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu, en kannske er það ekki það sem skiptir máli í þessu sambandi sem ég er hér að rekja heldur hitt að það er skylda utanrrn. að meta og gera grein fyrir sínum skoðunum á hugmyndum af því tagi sem ég var hér að gera grein fyrir um þessar hrikalegu breytingar á vígbúnaði Bandaríkjamanna hér á landi.

Ég tel að það sé mjög verulegur galli á þessari skýrslu hæstv. utanrrh. að hann skuli ekki taka afstöðu til þessara umræðna og opinberra gagna sem aftur og aftur hafa komið fram, m. a. af hálfu bandarískra yfirvalda. Fróðlegt væri að inna hæstv. utanrrh. eftir því hér og það skal nú gert: Kannast hann við þessa áætlun fyrir Ísland sem gerð var í bandaríska hermálaráðuneytinu árið 1981? Ég hygg að ég ljóstri ekki upp neinu óttalegu leyndarmáli þegar ég geri grein fyrir því að fyrrv. hæstv. utanrrh. hefur tjáð mér að hann hafi enga slíka skýrslu fengið í hendur. Hefur núverandi hæstv. utanrrh. fengið slíka skýrslu í hendur um áform Bandaríkjanna og hvaða afstöðu hefur utanrrh. til þessara hugmynda sem Bandaríkjastjórn er þarna með?

Þegar samin er skýrsla um utanríkissmál á hún að byggjast á sjálfstæðu, íslensku mati á þeim aðstæðum sem Ísland býr við í hinu alþjóðlega samfélagi. Við eigum ekki að taka forskrift frá einum eða neinum í þessu efni. Við þurfum að meta málin sjálfstætt, óháð öðrum. Ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það að yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar styður friðarstefnu í utanríkismálum en vill hafna þeirri stríðsstefnu og vígbúnaðarstefnu sem Atlantshafsbandalagið fylgir og núverandi hæstv. utanrrh. hefur skrifað upp á í einu og öllu. Við verðum að horfast af fullu raunsæi í augu við þá alvarlegu staðreynd að nú er það svo í fyrsta sinn að unga kynslóðin ber uppi kröfur um það eitt að fá að lifa, að fá að eiga morgundag í þessum heimi. Aldrei áður hefur vígbúnaðarbrjálæðið komist á það stig að milljónir æskufólks telji í rauninni að krafan um líf sé grundvallaratriði og kjörorð að fá að lifa morgundaginn. Og það er ekki aðeins léttúð. Okkur í þessari stofnun, svo og öðrum Íslendingum sem gegna einhverjum trúnaðarstörfum, er í rauninni óheimilt annað en að velta þessu vandlega fyrir okkur og hvernig við getum lagt lóð á vogarskálar friðsamlegrar þróunar í heiminum þannig að börn okkar geti átt morgundag.

Það má verða okkur nokkurt umhugsunarefni einmitt nú á þessu ári, á 40 ára afmæli íslenska lýðveldisins, hvernig þessum málum er komið, að verið er að reyra þjóðina fastar í vígbúnaðarnet Bandaríkjamanna og stórveldanna en nokkru sinni fyrr. Það er þrengt með alvarlegri hætti að sjálfstæði þjóðarinnar en lengi áður, bæði í herstöðvarmálunum og líka skv. hugmyndum ríkisstj. um þrjú álver sem ræddar voru hér í gærkvöldi.

Við skulum gera okkur vel grein fyrir því að afstaða manna til herstöðvarinnar byggist hins vegar ekki eingöngu á því hvernig málum er háttað í utanríkismálum, svo mikilvæg sem þau eru, og hinni alþjóðlegu þróun, heldur byggist afstaða manna til herstöðvarinnar líka á því að menn telja að í henni sé fólgin ógnun við sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, tungu hennar og menningu.

Það er í rauninni hrikalegt að lesa þá skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fram og ég þakka honum fyrir að hafa lagt hér fram um verktakastarfsemi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka og horfa á þau gífurlegu hagsmunatengsl mörg hundruð manna á Íslandi sem eru háðir því, ekki aðeins í atvinnu sinni, heldur að öllu leyti fjárhags- og eignalega, að herinn verði áfram hér í landinu. Það er lífsspursmál fyrir þessa einstaklinga og afkomu þeirra.

Þessir aðilar komu mjög við sögu fyrir 10 árum þegar til stóð að segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin. Þá fylktu þeir liði á skrifstofu formanns Framsfl., sem þá hafði með forustu í þáverandi ríkisstj. að gera, og það var þetta lið sem sneri Framsfl. niður í því að standa við fyrirheit þáverandi ríkisstj. um brottför hersins.

Þannig er komið að hundruð manna, fjársterkra einstaklinga, eru svo gjörsamlega venslaðir hersetunni að það er útilokað að þessir aðilar geti nokkurn tímann samþykkt, miðað við núverandi aðstæður, að herinn fari úr landinu. Og þessir aðilar eiga mikið undir sér. Þeir hafa sterk tengsl, m. a. við blöð. Þeir hafa sterk tengsl, m. a. við stjórnmálaflokka. Það er fróðlegt að sjá í skýrslu utanrrh. um verktakastarfsemina að fyrirtækin sem annast verktakastarfsemina voru stofnuð að undirlagi ríkisstj. Íslands á sínum tíma. Það var séð svo um þegar gengið var frá stofnun þessara verktakafyrirtækja að allir flokkarnir sem studdu hernámið gætu fengið eitthvað úr þeim aski sem Bandaríkjamönnum þóknaðist að láta brauðmolana hrjóta í. Það var þrískipting á milli þessara flokka, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. við myndun þessara fyrirtækja og það er fróðlegt að virða fyrir sér hluthafaskrárnar í þessari skýrslu. Fróðlegt er að virða það fyrir sér hverjir það eru sem þarna koma við sögu. Það er alvarlegt mál þegar Samband ísl. samvinnufélaga, samvinnuhreyfingin er það stundum kallað, gerist þátttakandi í hermangi og verður 25% eignaraðili að fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar.

Reginn hf. er fyrirtæki Sambandsins í þessu efni. Sambandið á nærri öll hlutabréfin í Regin hf. Stjórnarformaður Regins hf. er Erlendur Einarsson, forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga. Þannig er verið að reyra forustu Sambands ísl. samvinnufélaga fasta á hermangsklafann og þar með í rauninni verið að lama þá ýmsu ágætu menn í Framsfl. sem telja að æskilegt væri að losa Ísland við smán hersetunnar. Þegar til kastanna kemur eru það þessir menn, sem fjármunina hafa, sem valdið hafa í þeim flokki, eins og dæmin sanna frá liðnum árum og áratugum.

Það er þetta sem ég tel að sé ógnun við sjálfstæði íslensku þjóðarinnar þegar heilu fyrirtækin, heilu flokkarnir, heilu blöðin eru að lífshagsmunum sínum orðin háð hersetunni. Getum við þá gert okkur vonir um það að einhvern tímann renni upp ljós fyrir þessum aðilum og þeir sjái að sóma Íslands vegna er brýnt að losa landið við herstöðina? Er hersetan kannske ekki lengur í augum þessara aðila ill nauðsyn? Er það kannske þannig í augum þessara aðila að hersetan sé góð nauðsyn þar sem drýpur smjör af hverju strái? Það hlýtur að vera augljóst fyrir hverjum einasta manni hve það er háskalegt ef bandarískt herinn fer að ráða

pólitískri afstöðu manna einungis vegna þess að þeir fái að vinna einhver verk fyrir hernámsliðið suður á Keflavíkurflugvelli. Ég tel að það sé mjög alvarleg staðreynd og það sé sama hvar í flokki menn eru og hvar menn eru kosnir, menn hljóti að verða að viðurkenna að þetta er ógnvekjandi staðreynd.

Það eru heldur engir smáfjármunir sem fara í gegnum hendurnar á þessum stóru fyrirtækjum. Í skýrslu utanrrh. um Íslenska aðalverktaka kemur fram að á árunum 1978—1983 fóru 103 millj. dollara í gegnum gjaldeyrisskil Íslenskra aðalverktaka eða 3 milljarðar ísl. króna. Halda menn að þetta komi ekki einhvers staðar við, skilji ekki einhvers staðar eftir sig spor í okkar litla samfélagi og efnahagskerfi? Það er ekki hægt að yppta öxlum andspænis jafnhrikalegum tölum og þeim sem hér voru nefndar.

Það er einnig fróðlegt í þessari skýrslu og alvarlegt að sjá hve mikill fjöldi Íslendinga hefur lífsviðurværi sitt af störfum í tengslum við herstöðina. Sú staðreynd á að vera okkur hvatning til þess að efla störum atvinnulíf á Suðurnesjum til þess að hægt sé að bjóða fólki þar upp á þjóðnýt störf í íslenskum fyrirtækjum og hægt verði að losa um þau tengsl sem þetta fólk hefur í vinnu sinni við bandarísku herstöðina. Það er útilokað annað en að minna á þetta einmitt núna þegar ekki er nema rétt mánuður þangað til við minnumst þess að 40 ár eru liðin frá stofnun íslenska lýðveldisins. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að herstöðin er enn fleinn í holdi þjóðarinnar. Hún klýfur menn í fylkingar og ágreiningurinn um utanríkisstefnuna á Íslandi er meiri en í nokkru öðru ríki Atlantshafsbandalagsins, m. a. vegna þess að í brjósti manna lifir enn þá sú glóð sem varð til við stofnun lýðveldisins á sínum tíma.

Þess vegna er í rauninni varla sæmilegt að við ræðum um utanríkismál hér öðruvísi en við höfum þetta grundvallaratriði fyrir framan okkur, að það er sjálfstæði þessarar þjóðar í dag og á morgun sem við þurfum að hugsa um og það er það að börn okkar eigi morgundag, að þau eigi líf í þessu landi.

Ég vil þessu næst, herra forseti, leyfa mér að gagnrýna það hversu seint þessar skýrslur eru fram komnar hér á Alþingi. Ég veit að ekki er við forsetana að sakast hversu seint skýrslurnar eru teknar til umr. Þær komu einfaldlega ekki fyrr en fyrir örfáum dögum og eru á þskj. 743 og 744. Þetta er slæmt vegna þess að umr. um utanríkismál þarf að fá góðan tíma í dagskrá þingsins. Menn þurfa að geta gefið sér a. m. k. einn góðan umræðudag jafnvel með kvöldfundi til þess að fara yfir skýrslur af þessum toga. Það er varla sómasamlegt fyrir okkur að við afgreiðum umr. um skýrslu utanrrh. jafnvel á örfáum klukkutímum í þrengslum á milli annarra dagskrárliða. Þegar skýrslan er komin hingað inn á Alþingi að sýna henni og málefninu þann sóma að það fái eðlilegan tíma til umfjöllunar.

Í þessu sambandi, herra forseti, er óhjákvæmilegt að vitna til þess að á síðasta kjörtímabili var staðið allt öðruvísi að utanríkismálum, einkum gagnvart herstöðinni, Bandaríkjastjórn og Atlantshafsbandalaginu, en nú er gert. Þegar hæstv. utanrrh. fagnaði myndun núverandi ríkisstj. taldi hann það helst til jákvæðra tíðinda að nú væri ekki lengur um að ræða neitunarvald Alþb. í utanríkismálum. Ég tók vel eftir þessu vegna þess að með þessu viðurkenndi utanrrh. að þetta stöðvunarvald sem þarna var um að ræða í síðustu ríkisstj. hafði verulega þýðingu. Það var ekki með öllu þrautalaust að halda utan um þetta neitunarvald í síðustu ríkisstj. eins og kunnugt er og deilur komu oft upp á milli okkar Alþýðubandalagsmanna og þáverandi hæstv. utanrrh. Þó er ljóst að þetta neitunar- og stöðvunarvald hafði verulega þýðingu og var einn af hornsteinum þess stjórnarsamstarfs, að ekki yrði um að ræða verulegar framkvæmdir í herstöðinni á þeim tíma sem stjórnin sat og að um þessi mál yrði fjallað í ríkisstj. sjálfri.

Alþb. hefur áður tekið þátt í ríkisstj. en á árunum 1980—1983. Þá sátu hér utanrrh. sem neituðu að taka utanríkis- og herstöðvarmál til umr. í ríkisstj. vegna þess að menn sögðu að þeir treystu sér ekki og vildu ekki ræða málin við Alþb. Fyrrv. hæstv. utanrrh. breytti þessu fyrstur utanrrh. hér á landi og ég met það mikils við hann. Ég tel að með þessum skoðanaskiptum, sem þannig urðu til, hafi þrátt fyrir allt skapast möguleikar fyrir betra samstarfi og málefnalegri umr. en ella hefði verið kostur á.

Eftir að núverandi ríkisstj. var mynduð fylgdu strax í kjölfarið ákvarðanir um stórfelldar framkvæmdir í herstöðinni og um að draga Ísland enn þá þéttar inn í vígbúnaðarnet stórveldanna. Tekin var ákvörðun um margföldun olíugeymarýmis í Helguvík. Eins og menn muna voru rökin fyrir byggingu geymanna í Helguvík í upphafi þau að losa þyrfti byggðarlögin í Keflavík og Njarðvík við þá mengunarhættu sem stafar af núverandi geymum hersins. Nú eru þessi rök hljóðnuð. Það er strikað yfir þau sem aðalrök í málinu. Nú eru aðalrökin þau að olíugeymana þurfi að nota til þess að styrkja almenna stöðu flughernaðar Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafinu. Það eru sem sagt hernaðarleg rök í forgrunni en ekki umhverfisverndarrök eins og menn voru að reyna að tína til hér áður. Þessi framkvæmd var sett á stað eftir að núverandi ríkisstj. tók við.

Í öðru lagi hleypti hún af stað byggingu flugstöðvarinnar sem hafði verið stöðvuð vegna þess að menn töldu að Íslendingar hefðu annað við peningana að gera en að byggja slíkt hús suður á Keflavíkurflugvelli og svo hitt að menn vildu ekki taka við amerískum peningum í samgöngumannvirki sem áttu að heita íslensk. Þess vegna var þessi framkvæmd stöðvuð um nokkurra ára bil. Núverandi ríkisstj. hleypti þessu af stað.

Í þriðja lagi er það núna á dagskrá ríkisstj. að reistar verði í a. m. k. tveimur landshlutum eða þremur nýjar radarstöðvar fyrir bandaríska herinn. Þegar hafa farið fram kannanir í þessu skyni að því er sagt er. Hins vegar hefur utanrrh. alltaf sagt að formleg beiðni um radarstöðvarnar hafi ekki borist. Þetta hefur hann sagt núna í 10 mánuði og ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því núna því bráðum á ríkisstj. eins árs afmæli og ráðh. hefur lengi sagt þetta: Hefur borist formleg beiðni frá Bandaríkjastjórn um byggingu radarstöðva hér á landi?

Í fjórða lagi hefur núverandi ríkisstj. heimilað byggingu níu sprengiheldra flugskýla á Keflavíkurflugvelli, en framkvæmdir við þau stöðvuðust eða töfðust þann tíma sem fyrrverandi ríkisstj. sat.

Í fimmta lagi hefur verið rætt um það, m. a. í opinberum bandarískum gögnum, að nú væri í undirbúningi að koma fyrir stjórnstöð, verulega dýrri og sterkri stjórnstöð í Keflavík. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvernig stendur á því að hann nefnir ekki þessar vangaveltur um neðanjarðarstjórnstöð banda-

ríska hersins í Keflavík?

Í sjötta lagi hefur það komið fram á síðustu mánuðum frá því að núverandi ríkisstj. tók við að núverandi utanrrh. styður í einu og öllu uppsetningu meðaldrægra eldflauga í Evrópu.

Þegar þetta allt er skoðað sjá menn hvílík feiknabreyting hefur orðið á framkvæmd utanríkismála frá síðustu ríkisstj. til þessarar ríkisstj. Á því er ekki nokkur vafi að Alþb. réði þar úrslitum og stöðvun á útfærslu hernámsins er mikilvægur, pólitískur ávinningur að okkar mati miðað við allar aðstæður eins og þær eru núna.

Við leggjum auk þess vissulega áherslu á að Ísland verði aðili að yfirlýsingum um kjarnorkuvopnalaus svæði, sbr. till. okkar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, og við teljum einnig að rétt væri að setja lög á Alþingi sem banna kjarnorkuvopn hér á landi í landhelgi Íslands og lofthelgi. Okkar stefna er sú að Ísland eigi að leggja lóð á vogarskál friðarins. Okkar stefna er sú að Ísland eigi að vera friðlýst land og utan hernaðarbandalaga, en við erum reiðubúin til samfylkingar um hvaðeina sem dregur úr þeirri hernaðarógn sem stafar af herstöðinni.

Hvert eitt skref í átt til friðar í þessum efnum er fagnaðarefni jafnvel þó að það sé smátt. Hins vegar fer núna með utanríkismál Íslendinga maður sem er þeirrar skoðunar og heldur þeirri skoðun fram fullum fetum og dregur þar ekkert undan að í rauninni megi aldrei ganga hnífurinn á milli Bandaríkjastjórnar og Atlantshafsbandalagsins annars vegar og íslenskra stjórnvalda hins vegar. Stundum finnst mér Geir Hallgrímsson hæstv. utanrrh. vera kaþólskari en páfinn.

Sérstaklega er mér það minnisstætt þegar innrásin var gerð í Grenada þá taldi ég Geir Hallgrímsson hæstv. utanrrh. verja þá innrás af meiri fimi og sannfæringu en mér sýndist Ronald Reagan geta gert. Að vísu sá hæstv. utanrrh. sig svo um hönd fáeinum dögum síðar og lét styðja fordæmingu á innrásinni í Grenada, en þegar hann kom hér fyrst upp í umr. um málið á hv. Alþingi var greinilegt með hverjum hjarta hans sló. Það fór ekkert á milli mála.

Ég mun nú þessu næst, herra forseti, víkja nokkuð að einstökum atriðum í skýrslu hæstv. utanrrh. og drep fyrst niður á síðu 10 í skýrslunni þar sem hann vitnar í ræðu sem hann flutti við upphaf allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Þar sagði hæstv. ráðh., með leyfi forseta, á þessa leið:

„Við Íslendingar byggjum afkomu okkar fyrst og fremst á auðlindum sjávarins. Við höfum því miklar áhyggjur af vígbúnaði í hafinu. Lítilsháttar óhapp, að ekki sé talað um meiriháttar slys, getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fiskistofna okkar og þar með allan efnahag. Þetta skiptir ekki eingöngu Íslendinga heldur og okkur öll máli. Verndun hafsins sem matarkistu fyrir milljónir sveltandi manna er lífsnauðsyn og okkur er öllum skylt að vinna saman að því að koma í veg fyrir hvers konar mengun hafsins. Okkur ber sífellt að hafa þetta í huga og haga gerðum okkar samkvæmt því."

Ég les þetta upp úr ræðu hæstv. ráðh. vegna þess að ég er sammála því og tel að hérna sé komið að máli þar sem við gætum í rauninni öll á hv. Alþingi náð saman. Ég held að við ættum, líka vegna þess ágreinings sem uppi hefur verið í utanríkismálum hér á landi, að leggja rækt við mál þar sem við getum náð saman í þessum efnum. Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort utanrrn. eða hann sjálfur hafi eitthvað aðhafst frá því að allsherjarþingið var sett til þess að framkvæma þá skoðun sem fram kemur í þessum tilvitnuðu orðum ráðh. Ég er viss um að Alþingi Íslendinga myndi styðja öll skref í þá átt sem hér er drepið á og það væri æskilegt ef ráðh. sæi sér fært að svara þessari spurningu minni.

Á bls. 15, 16 og áfram í skýrslu utanrrh. er fjallað um alþjóðastofnanir og svæðasamtök. Ég vil sérstaklega láta það koma fram að ég tel að á síðasta ári hafi átt sér stað mjög mikilvægur viðburður í sambandi við aðild og þátttöku Íslands í Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Þá gerðist það í fyrsta sinn að Ísland fékk kjörinn fulltrúa í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar til þriggja ára. Fulltrúi Íslands var þá tilnefndur Almar Grímsson lyfjafræðingur. Í framhaldi af þessari ákvörðun hefur það gerst núna fyrir fáeinum mánuðum að núverandi hæstv. heilbrrh. hefur undirritað samning um þátttöku Íslands í sérstöku samvinnuverkefni um forvarnir og faraldsfræðilegar rannsóknir. Var samningurinn undirritaður 10. febrúar s. l. Ég er sannfærður um að Ísland getur gegnt mikilvægu hlutverki í þessu efni. Við eigum góðar heilbrigðisskýrslur fyrir síðustu ár og áratugi og ég er viss um að virk þátttaka Íslands í alþjóðastofnun eins og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni getur verið einn besti stuðningurinn við þróunarlöndin og þau lönd, sem eru skemmra á veg komin, sem við getum veitt.

Í þessu sambandi vil ég minna á að fyrir fáeinum árum var tekin um það ákvörðun að íslenska ríkið greiddi laun íslensks læknis sem starfaði í Gíneu-Bissau. Hér er um að ræða mjög skynsamlega aðstoð að mörgu leyti og einnig sú ákvörðun núverandi ríkisstj. að styðja það að sendir voru tveir íslenskir kennarar til starfa í Ghana um eins árs skeið. Ég tel að það sé mjög skynsamleg ákvörðun.

Í sambandi við alþjóðastofnanir vil ég hins vegar leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvernig á því stendur að í skýrslunni er hvergi sérstakur kafli um Alþjóðavinnumálastofnunina sem er þó ein þýðingarmesta stofnunin sem Ísland tekur þátt í. Reglulega er dreift hér frá félmrn. skýrslum um Alþjóðavinnumálastofnunina. Þær eru hins vegar yfirleitt mjög komnar til ára sinna þegar þær loksins berast hingað og gera lítið gagn sem umræðugrundvöllur fyrir hv. Alþingi. Ég vil beina því til hæstv. utanrrh. hvort hann teldi ekki eðlilegt, fyrst á annað borð er verið að telja hér upp alþjóðastofnanir og svæðasamtök sem við erum aðilar að, að Alþjóðavinnumálastofnunin væri þar einnig með.

Það hafa verið skiptar skoðanir um það hvort Ísland ætti að taka þátt í Alþjóðavinnumálastofnuninni. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. utanrrh. hvort ætlun ríkisstj. sé að hafa fullgilda sendinefnd á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í júní í sumar? Með „fullgild sendinefnd" er átt við einn fulltrúa frá verkalýðssamtökunum, einn fulltrúa frá Vinnuveitendasambandinu og einn fulltrúa frá ríkinu. Það hefur verið brotalöm í framkvæmd þessa um margra ára skeið, en ég vildi inna eftir því hvort það er ætlun núverandi ríkisstj. að taka með þessum hætti, sem ég rakti, fullgildan þátt í starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Ég vík þessu næst, herra forseti, að kaflanum um Norðurlandasamvinnu. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Stundum heyrast hér á landi raddir um það að norræn samvinna sé lítið meira en orðagjálfur, fundahöld, veislur, skriffinnska og pappírsflóð. En verkin sýna merkin og kveða slíkar úrtölur niður. Nefna má t. d. sameiginlegt tryggingakerfi, gagnkvæm námshlunnindi gagnkvæman búseturétt og atvinnuréttindi, þ. e. sameiginlegur vinnumarkaður (Ísland fékk þar vissan fyrirvara viðurkenndan) og gagnkvæmur kosningaréttur til sveitarstjórna. Af öðrum ótvíræðum ávinningi Íslendinga af samstarfi við Norðurlönd mætti minna á Norræna iðnþróunarsjóðinn fyrir Ísland, lánafyrirgreiðslur og lánamöguleika hjá Norræna fjárfestingabankanum, Norrænu eldfjallarannsóknarstöðina og Norræna húsið. Á þessu ári ákváðu Norðurlönd að veita Íslendingum verulegan fjárstuðning til átaks í markaðsöflun fyrir íslenskar vörur á Norðurlöndum og er nánar skýrt frá því máli í kaflanum um utanríkisviðskipti. Á þessu sést að norræn samvinna er ekki aðeins í orði heldur svo sannarlega einnig á borði."

Undir þennan kafla vil ég leyfa mér að taka. Ég tel hins vegar engu að síður rétt að draga athygli manna að því að ég held að nauðsynlegt sé að við veltum dálítið betur fyrir okkur þátttöku okkar í hinni norrænu samvinnu. Samstillingin á þátttöku rn. annars vegar í norrænni samvinnu og Alþingis hins vegar er t. d. hvergi nærri nógu góð. Til þess að þáttur okkar í norrænni samvinnu verði myndugri og betri en hann er nú verðum við einfaldlega að kosta nokkru meiru til en við gerum núna. Ég er sannfærður um að virkari þátttaka í norrænni samvinnu getur skilað okkur enn meiri ávinningi en við þó þegar höfum og ég er ekki í nokkrum vafa um að þátttaka í norrænni samvinnu á að vera forgangsverkefni þegar við erum að leggja línurnar um þátttöku í alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum samtökum og stofnunum.

Í nánum tengslum við þetta mál er rétt að minnast á tengsl og samskipti okkar við Færeyinga og Grænlendinga sérstaklega. Þar hefur það gerst á síðustu árum að fulltrúar grænlensku landsstjórnarinnar og íslenskra stjórnvalda hafa aftur og aftur hist til viðræðna og greinilegt er að hin nýja, grænlenska landsstjórn, sem hefur nú verið til um fárra ára skeið, leggur áherslu á að leggja rækt við samskiptin við Ísland. Ég held að samstarf þessara aðila að sameiginlegum málefnum, m. a. fiskveiðimálum í Norður-Atlantshafinu, séu einhver þýðingarmestu utanríkimál sem við yfir höfuð getum tekið á dagskrá. Í þeim efnum eigum við að horfa til náinnar og skipulegrar samvinnu Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga. Í þeim efnum er gott svo langt sem það nær að menn hittist og ræði málin, en ég held að við hljótum að fara að nálgast það stig að unnt verði að koma föstu skipulagi á samstarf þessara þriggja eyríkja. Ég tel að í þeim efnum hafi samþykkt Alþingis hinn 22. febrúar s. l. um sameiginleg hagsmunamál Grænlendinga og Íslendinga skipt verulegu máli og ég tel að við eigum að halda áfram á sömu braut. Við vitum að senn fara fram kosningar á Grænlandi og áður en langur tími líður verður mynduð ný landsstjórn. En allt um það held ég að við eigum að leggja áherslu á að þegar á þessu sumri verði teknar ákvarðanir um að skipuleggja samstarf þessara þriggja þjóða betur og ég legg á það áherslu að utanrmn. fái einnig í sumar að fylgjast mjög náið með því hvernig þessum málum vindur fram.

Í skýrslu ráðh. er fjallað um varnar- og eftirlitsstöðina, sem svo er kölluð, hérna suður í heiðinni. Ég hef rætt um hana nokkuð og ætla ekki að gera mikið ítarlegar nú, en bendi á að ofarlega á bls. 22 koma fram athyglisverðar upplýsingar sem geta orðið okkur dálítið umhugsunarefni. Þær eru um það að slást um milljón hér og milljón þar í framkvæmdir á Íslandi. Þar segir:

„Samið var á s. l. hausti um nýjar varnarliðsframkvæmdir fyrir u. þ. b. 9.3 milljónir Bandaríkjadala. Samþykktar framkvæmdir frá fyrri árum, sem eru ýmist í verktöku eða ekki byrjað á, nema samtals 36.7 milljónum Bandaríkjadala. Viðhaldsframkvæmdir Keflavíkurverktaka nema á þessu ári 11.1 milljón Bandaríkjadala."

Samtals eru hér undir verkefni upp á 57.1 milljón Bandaríkjadala, þ. e. 1.7 milljarða íslenskra króna sem samsvarar 2.5% af þjóðarframleiðslu Íslendinga. Stundum hefur verið talað um það að eðlilegt framkvæmdamagn okkar á ári væri 20—25% af vergri þjóðarframleiðslu. Hér er um að ræða framkvæmdir sem samsvara 1/10 þess sem ríkið, sveitarfélögin, fyrirtæki og einstaklingar á Íslandi ráða við að leggja í á einu ári. Auðvitað hljóta svona gífurlegir fjármunir að hafa áhrif, einnig í þjóðfélaginu sjálfu.

Í þessum kafla kemur einnig fram að fjöldi hermanna var um síðustu áramót 3105. Í skylduliði varnarliðsmanna, eins og hér segir, voru samtals 2144. Síðan segir:

„Samtals störfuðu 2214 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli um s. l. áramót. Alls voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 1047, þar af 20 á Stokksnesi. Starfsmenn Íslenskra aðalverktaka voru 563 og starfsmenn Keflavíkurverktaka voru 145."

2214 Íslendingar störfuðu á Keflavíkurflugvelli. Í beinum tengslum við þessa menn með fjölskyldum þeirra má ætla að sé a. m. k. tvöföld þessi tala. A. m. k. tvöföld þessi tala eða milli 4—5000 manns. Hér erum við komin með ámóta fjölda sem er í vinnu hjá ameríska hernum og nemur fólksfjöldanum í minnstu kjördæmunum í landinu. Hér erum við komin með álíka fjölda og nemur kjósendafjöldanum í minnstu kjördæmunum í landinu. Það má verða okkur nokkurt umhugsunarefni hvílíkt pólitískt vald bandarískt herinn getur haft í gegnum þetta. Ég er ekki að gagnrýna það fólk sem hér um ræðir en ég er að benda á hvílíka möguleika stórveldið hefur með þessu til að ráða úrslitum um pólitíska þróun í landinu þegar hér er um að ræða fólksfjölda sem er ámóta og í minnstu kjördæmunum í landinu. Þegar við þetta bætist svo það ógnarlega fjármagn sem verktakarnir og aðrir slíkir aðilar hafa undir höndum og einnig hefur áhrif hér á landi.

Í skýrslu utanrrh. er einnig fjallað um svokallaða Sölunefnd varnarliðseigna. Það er stofnun sem ætti einfaldlega að leggja niður. Það er í rauninni algjör óhæfa að það skuli vera stunduð ríkisvernduð ruslasala fyrir Bandaríkjamenn hér á landi, eins og þetta er. Auðvitað ættu allir menn að sjá sóma sinn í því að loka svona sjoppum. Þetta er til vansa. Þeir sem fara með utanríkismál ættu að skoða það vel og leggja eyrun að því að það sjónarmið, sem ég hef hér nefnt í þeim

efnum, er örugglega viðhorf mikils fjölda hér á landi.

Herra forseti. Ég kem þá í stuttu máli að næsta kafla skýrslunnar sem fjallar um hafréttarmál. Þar er fyrst rætt um hafréttarsamninginn og greint frá því að nú sé unnið að undirbúningi á fullgildingu hafréttarsamningsins sem var undirritaður 10. des. 1982. Hér segir:

„Samningurinn hefur verið þýddur á íslensku og er nú til nákvæmrar meðferðar áður en hann er prentaður til framlagningar á Alþingi. Tíu ríki hafa nú fullgilt samninginn. Hann öðlast gildi 12 mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann."

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Er þess að vænta að frv. til staðfestingarinnar á þessum samningi verði lagt fyrir þingið strax á næsta hausti? Treystir hann sér til þess að svara þeirri spurningu minni nú í umr.?

Í skýrslunni er einnig sérstaklega fjallað um hafsbotnsmálefni og minnt á að í framhaldi af ályktunum Alþingis um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg og Hatton-Rockall-svæðinu frá 14. mars 1984 hafi farið fram viðræður við Færeyinga, Breta, Dani og Íra um hafsbotnssvæðið milli þeirra landa og Íslands. Síðast átti Hans G. Andersen fund með þjóðréttarfræðingum í danska utanrrn. fyrir hönd Færeyinga og í breska og írska utanrrn. og hæstv. utanrrh. átti fund með utanrrh. Danmerkur og Bretlands auk viðræðna við formann færeysku landsstjórnarinnar sem hingað kom vegna fiskveiðimála. Utanrmn. hefur fengið skýrslu um þessar viðræður og þetta hefur ítarlega verið rætt þar. Enn fremur hefur utanrmn. rætt um skýrslu sem Manik Talwani, sérfræðingur í hafsbotnsvísindum, samdi að tilhlutan utanrrn. um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri. Vinnur hann nú áfram að viðbótarskýrslu um þessi mál.

Ég vil láta það koma hér fram, herra forseti, að í framhaldi af ályktun Alþingis um hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg og Hatton-Rockall-svæðinu tel ég að til greina komi að íhuga það mjög alvarlega að Alþingi lýsi þegar í stað yfir, annaðhvort með beinni breytingu á landhelgislögunum, þ. e. með lagafrv. og lögum eða þá með öðrum hætti hvern við teljum rétt okkar á þessu Rockall-svæði og við látum það koma alveg skýrt fram að við teljum að þarna eigum við verulegan rétt og að við látum það koma skýrt fram í samþykkt, helst með lagafrv. á Alþingi, hver vilji Alþingis Íslendinga er í þessum efnum. Slík afstaða mundi styrkja stöðu íslensku ríkisstj. í þeim samningaviðræðum sem framundan eru um þessi mál og ég er sannfærður um að það er skynsamlegt fyrir ríkisstj. að undirbúa slíka málsmeðferð fyrir haustið og hefði jafnvel komið til greina að taka á málum með þessum hætti þegar á þessu þingi.

Ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, til að víkja aðeins að fiskveiðisamningum við Færeyinga. Ég tók þátt í afgreiðslu utanrmn. á framlengdum fiskveiðisamningi við Færeyinga. Um þessi mál hafa verið nokkrar deilur á liðnum árum. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að við ættum að leggja áherslu á sem best samkomulag við Færeyinga í þessu efni og ég fagnaði því fyrir mitt leyti að ríkisstj. skyldi ná samningum við Færeyinga með þeim hætti sem gerðist í marsmánuði s. l. þegar aðilar voru sammála um að samkomulagið sem líklega er orðið 5 ára gamalt — frá 1976 er það reyndar upphaflega — haldi gildi sínu en með þeirri breytingu að íslensk stjórnvöld ákveði leyfilegt aflamagn Færeyinga ár hvert. Ég tel að þetta hafi verið skynsamleg niðurstaða og tel ástæðu til að fagna henni sérstaklega.

Ég ætla ekki að ræða ítarlega um þróunaraðstoðina að öðru leyti en því að benda á að í töflu á bls. 35 í skýrslu utanrrh. kemur mjög vel fram hvernig þau mál hafa þróast. Þar sést að á árinu 1982 var hlutfall þróunaraðstoðar okkar af vergri þjóðarframleiðslu 0.075%. Á árinu 1983 hækkaði þetta hlutfall verulega, eða í 0.129% og hafði hækkað á milli áranna 1981 og 1982. Á milli áranna 1983 og 1984 gerist það hins vegar, því miður, að þetta hlutfall lækkar úr 0.129% í 0.1%. Þetta skiptir verulegu máli þó að þetta séu tölur sem ekki telji hátt og láti mikið yfir sér. Ég vil minna á það að þegar frv. til fjárlaga var til afgreiðslu hér í Sþ. flutti Alþb. till. þar sem gert var ráð fyrir því að nærri tvöfalda framlag Íslands til Þróunarsamvinnustofnunarinnar. Till. hljóðaði upp á það að hækka töluna úr líklega um 13 millj. kr. í liðlega 20 millj. kr. Því miður sá meiri hl. Alþingis sér ekki fært að fallast á þessa litlu till., en hefði hún verið samþykkt hefði hlutfall Íslands hækkað á árinu 1984 þriðja árið í röð. Og það satt að segja veitir ekki af því að það er ekki mikið að státa sig af í þessu efni hjá þessari ríku þjóð eins og reyndar er tekið fram í skýrslu hæstv. utanrrh.

Ég læt nú máli mínu senn lokið, herra forseti. Ástæða væri til að ræða hér fleiri þætti, m. a. utanríkisviðskipti sem farið er ítarlega yfir í skýrslunni skv. grg. frá viðskrn. svo sem venja er til. Það vekur athygli mína í þessari skýrslu núv. utanrrh. að ekki er minnst á það að ráðh. telji nauðsynlegt — a. m. k. hef ég ekki séð það í skýrslunni — að leggja viðskrn. niður. Ég man ekki betur en að fyrrv. hæstv. utanrrh. hafi látið liggja að því í skýrslu sem hann lagði hér fyrir á síðasta þingi að rétt væri að leggja viðskrn. niður og sameina það utanrrn. Ég vil nota þetta tækifæri að lokum til að láta það koma fram sem mína skoðun að ég tel að óskynsamlegt væri að leggja viðskrn. niður. Það hefur verulega þýðingu að við eigum sjálfstætt viðskrn. sem starfar að utanríkisviðskiptum. Ástæðan fyrir því að miður hefur gengið í þeim efnum en margur hefur viljað er sú að utanríkisþjónustan og starfslið viðskrn. hefur verið of fáliðið til þess að sinna þeim verkefnum sem til hefur verið ætlast af því fólki. En ég held að okkar staða sé öll þannig í alþjóðaviðskiptum að skynsamlegt sé fyrir okkur að vera með sjálfstætt viðskrn.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu jafnframt því sem ég læt í ljós þakklæti til annarra nm. í utanrmn. fyrir ágætt samstarf í þeirri n.

Ég verð að segja það fyrst að ég er orðinn svolítið leiður á því, og segi það af tilefni af ræðu síðasta ræðumanns, að menn tali um utanríkismál eins og Keflavíkurflugvöllur sé nafli alheimsins. Utanríkismál eru annað og langtum fleira sem ekki síður þarf að hyggja að. Og þó ég muni víkja frekar að því hér á eftir held ég að við megum ekki gleyma því að það fyrirkomulag, sem við höfum valið á varnar- og öryggismálum okkar, hefur tryggt okkur frið í mjög langan tíma. Þeir, sem tala um það sem stefnumið að við eigum að vera vopnlaus og hlutlaus, hafa ekki gert sér grein fyrir því að hér hefur ríkt ákveðið jafnvægi sem varasamt er að raska. Það er mikilvægt í umr. um öll utanríkismál að menn líti á

hvern þátt fyrir sig og kanni hug sinn um það með hvaða hætti við getum staðið að ýmsum þeim markmiðum sem okkur eru ofarlega í huga án þess að flækja okkur sífellt í umr. um það hvernig fyrirkomulag varnarmálanna hjá okkur er í grundvallarþáttum.

Það má skipta veröldinni í marga hluta. Stundum er henni skipt í austur og vestur og stór hluti af umr. um utanríkismál snýst eiginlega um samskipti austurs og vesturs. Það er mikil tilhneiging í veröldinni, einkum meðal stórveldanna, til þess að snúa öllu sem gerist í heiminum upp í umr. um það hvernig átökin séu milli austurs og vesturs.

En það má líka skipta veröldinni eftir öðrum mælikvörðum. Stundum er henni skipt í norður og suður, eða í iðnríki og þróunarríki. Þetta er einföld skipting en hún auðveldar mönnum umræðuna. Hún minnir menn þó a. m. k. á það að veröldinni verður skipt með mismunandi hætti og ekki bara milli austurs og vesturs heldur ekki síður milli norðurs og suðurs. Við getum líka skipt veröldinni í þann hluta þjóðanna sem búa við lýðræði og hinn sem búa við einræði. Ef við lítum á skiptingar af þessu tagi sjáum við að lítill hluti veraldarbúa býr við lýðræði og lítill hluti veraldarbúa býr í rauninni við frelsi. Það eru margir sem svelta og það er stór hluti veraldarbúa sem býr við mikla fátækt. Enn aðrar þjóðir brjótast um í skuldaviðjum á mörkum bjargálna, enn aðrar búa við miklar allsnægtir. Á ótrúlega mörgum stöðum í veröldinni ríkir styrjaldarástand.

En hvernig svo sem við lítum á flokkun af þessu tagi er eitt ljóst: Við Íslendingar erum vel settir, við njótum flestra gæðanna, við njótum friðar og höfum notið friðar, við njótum frelsis, við búum við lýðræði og við erum, þrátt fyrir allt og þrátt fyrir það að hér hafi kreppt að í lífskjörum, í hópi hinna best settu. En einmitt það að búa svona vel miðað við svo marga aðra leggur okkur sérstakar skyldur á herðar. Það óréttlæti sem við horfum upp á í veröldinni er ógnvænlegt, í misskiptingu lífsins gæða, í mannréttindabrotum og í því hvernig fjármunum er í rauninni varið í veröldinni, og þær þjáningar sem við fréttum af, þjáningar í styrjöldum, hungri, fátækt og ófrelsi, eru hörmulegar. Enn er ótalin sú ógn sem vofir yfir mannkyninu af hemjulausu vígbúnaðarkapphlaupi. Sú ógn er hörmuleg og er auðvitað ekki hinum betur settu og jafnframt betur menntuðu til nokkurs sóma heldur til vansæmdar.

Einmitt af því að við erum svo vel settir miðað við svo marga aðra ber okkur skylda til að líta til þeirra þjóða sem verr búa og við hljótum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til þess að bæta úr misréttinu og um leið að láta rödd okkar hvarvetna heyrast gegn óréttlæti, gegn frelsissviftingu og gegn manndrápum og láta hana jafnframt heyrast til þess að stuðla að afvopnun og til þess að leggja þróunarlöndunum lið eftir mætti. Sannleikurinn er sá að ofbeldi, kúgun, hungur og fátækt skipta okkur ekki bara máli út frá mannúðarsjónarmiðum þó að þau ein væru vissulega fullgild og þau snerta ekki einungis jafnréttishugsjón okkar og óbeitina á misrétti. Þau varða í rauninni líka framtíð okkar í bráð og í lengd vegna þess að í því ástandi sem ríkir í heiminum og í misskiptingu lífsins gæða getur falist kveikja ófriðar og styrjaldar rétt eins og í spennunni milli austurs og vesturs.

Talið er að um 800 millj. manna búi við algera fátækt og enn er að fjölga í þessum hópi fólks sem býr við svo sára neyð. Fátæktin eykst en minnkar ekki. Þetta ástand varðar ekki síður hinn iðnvædda heim sem við teljumst til heldur en þá sem suðurhvelið byggja og okkur mun ekki duga að senda hinum sveltandi heimi einungis matarsendingar því í þeirri gjá, sem hefur myndast milli fátækra og ríkra þjóða, er fólgin hætta fyrir heimsbyggðina alla. Það er skylda okkar að vinna að því með öllum ráðum að þessir meðbræður okkar og systur þurfi ekki að svelta og sé séð fyrir nauðþurftum, fyrir læknishjálp, fyrir húsaskjóli og lágmarksfræðslu. Þetta verkefni er vitaskuld langtum mikilvægara en svona upptalning gefur til kynna.

Við skulum ekki láta okkur til hugar koma að allsnægtalönd eins og iðnþróuðu ríkin sem við tilheyrum fáist staðist til lengdar umlukin af fátækt og hörmungum annars staðar í veröldinni. Hættan er líka fólgin í síharðnandi baráttu um auðlindir jarðarinnar og í þeirri misskiptingu gæðanna, sem ég gat um áðan, en ekki bara í togstreitunni milli austurs og vesturs. Staðreyndin er sú að þessu verkefni verður ekki valdið nema með sameiginlegu átaki norðurs og suðurs, austurs og vesturs. Ég legg áherslu á norðrið og austrið vegna þess að norðrið hefur ekki staðið sig nógu vel og austrið þaðan af síður. Í æ ríkara mæli verður að beina kröftunum að því að hjálpa hinum vanþróuðu ríkjum til sjálfshjálpar, finna leiðir til þess að þær geti lifað af landi sínu. Ljóst er að þeim muni ekki takast það einum sér heldur þurfi að koma til skilningur og aðstoð þróuðu ríkjanna.

Fyrir ekki löngu síðan var haldin ráðstefna í Lissabon á vegum Evrópuráðsins einmitt um þessi mál, um samskipti norðurs og suðurs, með þátttöku okkar Íslendinga og reyndar fyrir frumkvæði eins af fyrrv. þm. og núv. varaþm. hér, Ólafs Ragnars Grímssonar. Það er von mín að þessi ráðstefna hafi verið spor í rétta átt og af kynnum mínum af henni sýnist mér að hún eigi að hafa borið nokkurn árangur. Ég held að svona ráðstefnur séu stundum vanmetnar, ég veit að þær skila ekki peningum á stundinni eða algerri stefnubreytingu á stundinni, en þær undirbúa þó jarðveginn. Ég held að það sé rétt af Íslendingum að taka einmitt þátt í alþjóðastarfi sem beinist að þessu verkefni.

Í þessu sambandi kemst ég ekki hjá að minnast á hve hlutur okkar Íslendinga í þróunarhjálpinni er vesæll. Það hefur oft verið gert að umræðuefni hér í þinginu en minna hefur orðið um framkvæmdirnar. Ég held að það sé ráð að fara þá leið sem fólst í þáltill. sem ég flutti fyrir hönd Alþfl. fyrir nokkrum árum, að setja sér markmið um að ná því marki sem þjóðir heims hafa sett sér á tilteknum árafjölda. Að stíga það skref af skrefi að inna af hendi framlag til þróunarhjálparinnar í samræmi við þau markmið sem alþjóðasamtök hafa sett.

Fyrir utan þetta sem ég minntist á, um hinar alfátækustu þjóðir, hefur komið upp annað vandamál með sívaxandi þunga á undanförnum árum varðandi þróunarþjóðir, sem þó verða að teljast bjargálna, en getur líka orðið kveikja að miklum hörmungum. Ýmsar þessara þjóða hafa hleypt sér í miklar skuldir. Ég skal ekki rekja með hvaða hætti þær skuldir hafa orðið til, en þær skuldir eru nú slíkar viðjar á þessum þjóðum að þær ráða í rauninni ekki lengur yfir efnahagsmálum sínum og þeim eru sett svo ströng skilyrði um stjórn efnahagsmála af alþjóðlegum stofnunum að enn er að

þeim hert og verður þó ekki talið ríkidæmi hjá almenningi meðal þessara þjóða.

Ég held að við Íslendingar eigum að beina áhrifum okkar eftir því sem við getum til þess að vekja skilning á þessu vandamáli, að þessar þjóðir geta ekki komist til raunverulegrar framþróunar nema þær fái aðstoð til þess að létta þessa skuldabyrði, einkum og sér í lagi með því að lengja lánstímann. Sannleikurinn er sá að í þeirri kreppu sem er meðal margra þessara þjóða er fólgin hætta á uppreisnum, einræði og vopnuðum átökum.

Ég sagði áðan að jöfnun lífskjara í veröldinni væri meðal mikilvægra verkefna sem mannkynið stæði frammi fyrir. Ég sagði líka að það dygði okkur ekki að senda matargjafir til þeirra sem svelta. En þegar við horfum á þessi verkefni hlýtur að koma í hugann hversu gífurlegum fjármunum er varið í vígbúnaðarkapphlaupið. Þess er getið í skýrslu utanrrh. hverjar ógnvekjandi upphæðir þar sé um að ræða. Það hefur oft verið gert að umtalsefni hér í þessum ræðustól og ég hef m. a. gert það að umtalsefni hvað mætti gera fyrir lítið brot af þessum fjármunum. Ég ætla að sleppa því núna, en það er vitaskuld óviðunandi með öllu að horfa á þá gífurlegu fjármuni sem er varið í vígbúnaðarkapphlaupið meðan stór hluti mannkyns sveltur og við búum við misrétti í aðstöðu af því tagi sem ég hef rakið hér.

Sjálfsagt er óraunhæft að gera því skóna að vígbúnaði verði skyndilega hætt í veröldinni eða samkomulag náist um mikla afvopnun þegar í stað. En það verður að teljast raunhæft markmið að þegar í stað verði dregið úr aukningunni og sjálfsagt er nær sanni að setja sér slík nærtæk markmið sem kleift er að ná og líta frekar á það sem fyrsta skref en að ætlast til um of.

Það er rétt, sem kemur fram í skýrslu utanrrh., að vígbúnaður á sér ekki einungis stað í hinum iðnvædda heimi heldur er ástand mála svo hörmulegt að fátækar, vanþróaðar þjóðir verja einnig miklum fjármunum í vopnakaup og herbúnað. Það er sérstakt umhugsunarefni með hvaða hætti verði dregið úr þessari tilhneigingu. En hitt er ljóst að langstærstu fjármunirnir og langmesta hættan á allsherjarstyrjöld er í höndum stórveldanna og þetta kapphlaup þeirra er orðið geigvænlegt. Geigvænlegast af því öllu er það kapphlaup sem nú á sér stað í kjarnorkuvopnavígbúnaði. Það getur ekki talist nokkur skynsemi fyrir því, hvaða stefnu svo sem menn fylgja í vígbúnaðarmálum, með hvaða hætti menn telja öryggi sínu best búið, að auka enn við kjarnorkuvopnabirgðir þegar vitað er að menn geta þegar drepið mannkynið mörgum sinnum. Slík stefna hlýtur að vera tilgangslaus með öllu. Fyrsta skrefið hlýtur þess vegna að vera að draga úr viðbót sem er gersamlega tilgangslaus.

Það veldur okkur vitaskuld vonbrigðum hvernig samningaumleitanir milli stórveldanna um takmörkun kjarnorkuvopna fóru út um þúfur og við verðum að leggja lóð okkar á vogarskálarnar til þess að þær samningaumleitanir fari í gang aftur. Við verðum að þrýsta Sovétmönnum til þess að ganga til samninga, setjast aftur við samningaborðið. En við skulum líka ræða það við bandamenn okkar hér í Vestur-Evrópu og í Bandaríkjunum að þeir þurfi að sýna skilning og lipurð því hér sé mikið í húfi. Við verðum að stefna að fækkun kjarnorkuvopna fyrst í Evrópu í stað þeirrar fjölgunar sem nú á sér stað en langtímamarkmiðið hlýtur að vera að Evrópa geti verið kjarnorkuvopnalaus og reyndar mannkynið allt. Hitt er ljóst að þessi skref verða ekki stigin nema að það takist að draga úr tortryggni milli stórveldanna og þau verða heldur ekki stigin nema gagnkvæmni fylgi og eftirlit sem báðir aðilar telja að dugi sér með því að samkomulag sé haldið. Ef gagnkvæmni ríkir ekki mun tortryggnin blossa upp áður en varir og árangur samkomulagsins fara út um þúfur. Ef hvort stórveldanna um sig er ekki sannfært um að hinn aðilinn sé ekki að svíkjast undan merkjum þá getur líka allt sem áður var samið um farið út um þúfur. Það er af þessum sökum sem gagnkvæmnin og það eftirlit, sem báðir aðilar eða hvor aðili um sig getur sætt sig við, eru svo mikilvægir þættir í svona samkomulagi. En grundvallarforsendan sjálf er að eyða tortryggninni sem er ríkjandi milli stórveldanna sérstaklega og milli austur- og vesturhluta Evrópu í öðru lagi. Það er fagnaðarefni að efnt skuli hafa verið til ráðstefnu einmitt um þetta atriði þar sem Stokkhólmsráðstefnan er og við hljótum að binda sérstakar vonir við árangur af henni.

Ég rak reyndar augun í það hér í skýrslu hæstv. utanrrh. að hann segir að Ísland hafi tekið þátt í hinni tvíþættu ákvörðun Atlantshafsbandalagsríkjanna frá 12. desember 1979. Þetta er hin margfræga tvíþætta ákvörðun. Mér þykir heldur ofsagt í skýrslu utanrrh. að Íslendingar hafi tekið þátt í þessari ákvörðun vegna þess að þegar þessi ákvörðun var tekin var lesin sérstök yfirlýsing af hálfu fulltrúa utanrrh. Íslands hinn 12. desember 1979 í Brüssel. Í tilefni af þessari setningu í skýrslu utanrrh. tel ég rétt að gera grein fyrir aðalatriðunum í þessari yfirlýsingu sem reyndar var mjög stutt.

Þess er getið í upphafi yfirlýsingarinnar að þá hafi nýlega farið fram kosningar, þingið sé að koma saman, ný ríkisstj. hafi ekki verið mynduð og utanrrh. geti þess vegna ekki mætt á fundinn. Síðan er minnt á hina sérstöku stöðu Íslands innan Atlantshafsbandalagsins, nefnilega þá að Ísland hvorki hafi né hafi haft her á eigin vegum. Hins vegar höfum við gert varnarsamning við Bandaríkin í samvinnu við Atlantshafsbandalagið. Í framhaldi af því er minnt á það að utanrrh. og forverar hans í starfi hafi oft haft á orði að eitt aðalatriðið í varnarstefnu Íslands sé að hér séu engin kjarnorkuvopn og óhugsandi sé að þeirri stefnu verði nokkurn tíma breytt. En þá segir að það sé afleiðing af þessari sérstöðu Íslands innan Atlantshafsbandalagsins að við höfum ekki tekið neinn þátt í undirbúningi þessarar ákvörðunar sem hér er til umfjöllunar, þ. e. þessarar svokölluðu TNF-modernisation-ákvörðunar, og við höfum ekki aðstöðu til þess að hafa áhrif á þessa þróun sem fyrst og fremst snertir önnur meðlimalönd. Þetta er efnispunktur yfirlýsingarinnar. Mér þykir heldur sterklega til orða tekið á grundvelli þessarar yfirlýsingar utanrrh. að staðhæfa að Ísland hafa verið þátttakandi í þessari ákvörðun því þessi yfirlýsing verður ekki skilin öðruvísi en svo að Ísland skipti sér ekki af ákvörðuninni. Ég taldi nauðsynlegt að láta þetta koma fram í tilefni af þessum orðum í skýrslu utanrrh.

Ég sagði í upphafi máls míns að ég mundi víkja að öryggismálum Íslands síðar í ræðu minni. Ég tel að nauðsynlegt sé fyrir okkur að rifja upp nokkur grundvallaratriði varðandi öryggismál Íslands. Oft er minnst á legu landsins og telja má hana meðal fyrstu grundvallaratriðanna. Legu landsins er svo háttað að hvort heldur er í friði eða ófriði er Ísland eftirsóknarvert frá

sjónarmiði deiluaðila, í friði til þess að fylgjast með umferð og samgöngum og í ófriði til þess að tryggja eigin samgöngur eða hindra umferð sem telst óæskileg. En meginkjarni þessa máls held ég þó að sé sá að í þeim tilvikum að tveir eða fleiri keppa um áhrif og yfirráð í heimshluta eins og þessum hér, þá sé hvorum aðila um sig keppikefli að hinn njóti ekki aðstöðunnar. Af þessu dreg ég þá einföldu ályktun að hlutleysi geti ekki gagnast Íslandi vegna þess að það mundi auka á togstreitu og samkeppni um áhrif og aðstöðu hér á landi.

Í öðru lagi held ég að það liggi ljóst fyrir að Íslendingar geti ekki ætlað sér að tryggja öryggi sitt einir. Við hljótum að gera það í samstarfi við aðra og þá fyrst og fremst þá sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta með okkur og reyndar helst einnig þá sem eiga fleira sameiginlegt með okkur, t. d. í stjórnarfari og hugsjónum. Þetta er reyndar hornsteinninn í því fyrirkomulagi sem hefur verið valinn varðandi varnir Íslands.

Þriðja atriðið, sem ég tel mjög mikilvægt að menn hafi í huga, er það að friður og öryggi felst í sjálfu sér ekki í því að geta varið eitthvert land heldur í hinu að halda svo á málum að ekki komi til árásar á landið. En það er einmitt þetta sem hefur tekist að því er okkur Íslendinga varðar. Þetta skulum við ekki vanmeta og einmitt þetta að við höfum notið friðar, það er hið mikilvægasta í þessum efnum. Þess vegna eiga menn ekki að raska því fyrirkomulagi sem hér hefur verið valið nema annað betra verði fundið. Hugmyndir um hlutleysi hljóta að teljast fánýtar vegna þess að þær mundu fyrst og fremst auka spennuna á okkar slóðum.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að því sem kalla mætti aðbúnað eða aðstöðu á Keflavíkurflugvelli. Ég vil segja það fyrst að Keflavíkurflugvöllur á vitaskuld ekki að líta út eins og ruslahaugur. Mér finnst að því hafi ekki verið nægilega sinnt að hafa aðbúnað þar allan í hinu besta horfi og þannig að hann sé okkur ekki til vansæmdar. Þegar menn tala um þær framkvæmdir sem nú eru í gangi vil ég að menn hafi þetta í huga. Það hafa nefnilega átt sér stað eða eru í bígerð ýmsar framfarir í þessum efnum. Ég fagna því að það skuli hafa verið afráðið að byggja flugstöð sem gerir mögulegt að aðskilja farþegaumferð frá öðrum umsvifum á vellinum og að við getum komist úr þessu hreysi sem nefnt er flugstöð og er þjóðinni til vansæmdar.

Ég lýsi líka yfir ánægju minni með það að framkvæmdirnar í Helguvík skuli loksins vera komnar á svolítinn rekspöl því að það hefur ekki einasta verið hörmulegt að horfa á það tankarusl sem olía hefur verið geymd í á þessum stað heldur hefur líka stafað af því veruleg hætta fyrir byggðarlögin þarna í grenndinni. Ég legg áherslu á það að haldið verði þannig á þeim málum að sem fyrst reynist unnt að dæla olíunni í land í Helguvík og í þessa tanka en ekki haldið áfram að dæla henni í land í Keflavík eftir að tankarnir hafa risið eins og maður hefur heyrt hugmyndir um. Þetta vil ég ítreka, að á þessum málum verði haldið þannig að þessir tankar nýtist sem fyrst með eðlilegum hætti.

Ég sagði áðan að þátttaka okkar í alþjóðlegu samstarfi, eins og t. d. Lissabon-ráðstefnunni, væri mikilvæg. Ég vil ítreka þá skoðun mína. Mér finnst gæta mjög ríkrar tilhneigingar hjá Íslendingum að vanmeta mikilvægi þess að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi. Oft er talað illa um Norðurlandasamvinnuna, menn tala um það sem skriffinnskubákn og þar fram eftir götunum. Menn tala um fánýti þess að sitja fundi á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þetta er hvort tveggja óréttlátt og rangt. Norðurlandasamvinnan er einstök í sinni röð og hún er okkur Íslendingum mjög mikils virði. Við hana eigum við að leggja sérstaka rækt.

Að því er Sameinuðu þjóðirnar varðar standa þær vissulega veikar nú en áður. En það ætti þó frekar að vera okkur smáþjóðum hvatning til þess að styðja við bakið á Sameinuðu þjóðunum og taka eins ríkan þátt í starfinu þar og okkur er mögulegt. Engar þjóðir eiga meira undir alþjóðastofnunum en einmitt smáþjóðir eins og Íslendingar. Einmitt á slíkum vettvangi sitjum við oft næstum því á jafnréttisgrundvelli eða á algerum jafnréttisgrundvelli við langtum stærri þjóðir og getum látið rödd okkar heyrast og áhrif okkar koma fram næstum því með sama hætti og þeirra. Þessar fjölþjóðlegu og alþjóðlegu stofnanir eru auk þess viðleitni til þess að skapa aukið öryggi í heiminum og þá ekki síst öryggi fyrir smáþjóðir eins og Íslendinga. Við eigum þess vegna að vera eins virkir í slíku fjölþjóðasamstarfi og við teljum mögulegt. Ég skal ekki tíunda fleiri stofnanir en þær þrjár sem ég hef þegar nefnt, en þeim eru ýmsum gerð allítarleg skil í skýrslu utanrrh.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um fáein önnur málefni sem ég tel að skipti verulegu máli fyrir okkur Íslendinga að því er utanríkismál varðar. Ég vil nefna fyrst landgrunnsmálin sem hafa verið til umfjöllunar hér á Alþingi. Ég legg áherslu á að haldið verði á þeim af fyllstu festu af hálfu Íslendinga og að bestu manna yfirsýn. Þessi mál hafa oft verið til umfjöllunar í utanrmn. og náðst hefur mjög góð samstaða í n. um málsmeðferð. Þessi hafsbotnsmálefni eru vandasöm mál að ýmsu leyti. Við þurfum að hyggja vel að hvaða aðferð henti Íslandi best til þess að tryggja hagsmuni sína í þeim efnum.

Í annan stað vil ég minnast á laxverndunarmál sem reyndar hafa líka oft komið til umræðu í utanrmn. og hér á Alþingi. Hér er að ýmsu leyti um erfitt mál að ræða vegna þess kannske fyrst og fremst að menn vita ekki nægilega mikið um laxinn. Þess vegna verður að efla rannsóknir. Og við verðum að ganga úr skugga um það og tryggja það eftir því sem mögulegt er að farið sé eftir þeim ákvæðum sem þjóðir heims hafa þó í rauninni komið sér saman um, um það að upprunaland laxins hafi á hverjum tíma ábyrgð og forsjá yfir þessum stofni. Við óttumst það að einmitt þetta hafi alls ekki verið haldið og gengið hafi verið á laxastofn okkar á veiðislóðum á úthafinu. En ég vara við því í þessu sambandi að íslenskir ráðh. eða ráðamenn hafi á sama tíma uppi hugmyndir um það að við förum að stunda laxveiðar í sjó. Með því geta þeir eyðilagt málið fyrir okkur. Þetta segi ég því miður að gefnu tilefni.

Ég skal ekki gera hvalveiðimálin sérstaklega að umræðuefni þó að þau séu hér í skýrslunni. Ég lét á sínum tíma í ljós þá skoðun mína að við ættum að halda áfram hvalveiðum. Sú skoðun mín er óbreytt og ég vænti þess að utanrmn. og hæstv. utanrrh. leitist við af fremsta megni að koma málum svo fyrir að við þurfum ekki að leggja þessa atvinnugrein niður.

Varðandi veiðar annarra þjóða við Ísland ber vitaskuld hæst það ósætti sem uppi er milli Efnahagsbandalags Evrópu fyrir hönd Grænlands annars vegar og

Íslendinga og Norðmanna hins vegar varðandi veiðar úr íslenska loðnustofninum. Aðrir ræðumenn hafa gert þetta að umræðuefni hér á undan mér, en hér er um vandasamt mál að ræða. Í þessu sambandi vil ég ítreka það að samkomulagið um Jan Mayen fól að mínu mati í sér einn þátt sem var kannske hvað veigamestur og sem um leið mun skipta okkur mjög miklu máli að því er þessar samningaumleitanir varðar. Það er sú viðurkenning á sérstökum rétti Íslands og yfirráðum yfir þessum loðnustofni sem er fólgin í því að Íslendingar hafi lokaorð um veiðimagn úr stofninum. Ég tel að það verði að halda svo á þessu máli að meginþættirnir úr Jan Mayen-samkomulaginu komi óskaddaðir úr þeim samningaumleitunum sem þarna eru í gangi.

Um fiskveiðar Íslendinga í lögsögu annarra ríkja vil ég segja það fyrst að ég læt í ljós ánægju mína með það að samþykkt skyldi verða þáltill. okkar Alþfl.-manna um könnun á slíkum fiskveiðimöguleikum. Ég vil ítreka áskorun mína til hæstv. utanrrh. um það að utanrrn. verji verulegum starfskröftum í könnun þessa máls. Ég hef áður gagnrýnt það að utanrrn. sinnti þessu máli ekki af þeim þunga sem mér finnst að þurfi miðað við aðstæður í okkar þjóðfélagi nú í dag. Ég veit að hæstv. utanrrh. er kunnugt um þá gagnrýni mína og ég vona að hún virki sem hvatning til þess að gera betur.

Þá vil ég — og einmitt í sambandi við fiskveiðarnar — minna á alvarlegt mál sem uppi er meðal ýmissa samkeppnisþjóða okkar, þar sem er styrkur þeirra til sjávarútvegs og sjávarútvegsfyrirtækja, eins konar niðurgreiðsla á kostnaðinum við að veiða fisk og verka hann. Þetta er okkur Íslendingum mjög hættulegt. Ég veit að hæstv. utanrrh. er þetta ljóst og ég vil vekja athygli þingsins á þessu og jafnframt hvetja hæstv. utanrrh. til þess að halda áfram því starfi sem ég veit að hann hefur hafið í því að hamla gegn þessu og mótmæla því hvarvetna þar sem það kemur fyrir að samkeppnisþjóðir okkar noti ríkidæmi sitt til þess að greiða með sjávarútvegi og gera okkur þar með lífið erfiðara. Þetta er reyndar alls ekki í anda þess frjálsræðis í viðskiptum og viðskiptaháttum sem þessar þjóðir tala gjarnan um og hafa undirritað samkomulag um.

Í sambandi við sjávarútvegsmálin vil ég minna á samskipti okkar við Grænland. Ég varð nýlega var við það, þar sem ég hitti framámann frá Grænlandi, að þeir höfðu áhuga á auknu samstarfi við okkur en vissu ákaflega lítið um það hvaða umr. hefðu farið fram um slíkt samstarf hér á Íslandi og þekktu t. d. ekki þann Grænlandssjóð sem hér hefur verið stofnaður. Ég held að sú skylda hvíli á okkur Íslendingum að hafa frumkvæði um þetta samstarf og það er alveg ljóst að við höfum ekki rækt þetta hlutverk sem skyldi að undanförnu.

Varðandi utanríkisviðskipti skal ég vera heldur fáorður og ekki gera í rauninni neitt í skýrslu hæstv. utanrrh. um þetta mál að umtalsefni, einungis minna á það að sölustarf á erlendum vettvangi er mikilvægur þáttur hins íslenska efnahagslífs, þáttur sem ég tel að hafi orðið út undan og Íslendingar hafi vanrækt. Ég vil að utanrrn. taki það sérstaklega til umfjöllunar hvernig leggja megi aukna rækt við sölustarfsemi íslenskra aðila á erlendum vettvangi.

Herra forseti. Einn hluti í skýrslu utanrrh. fjallar um ástand í ýmsum heimshlutum. Ég gat þess í upphafi ræðu minnar að víða ríkti styrjaldarástand, annaðhvort milli þjóða eða borgarastyrjaldir eða þá að innrásir hefðu verið gerðar í lönd. Ég skal ekki rekja alla þá þætti sem gerðir eru að umtalsefni í þessum þætti skýrslunnar en ég hlýt að hnjóta um það þegar rætt er um ástandið í Mið- og Suður-Ameríku að utanrrh. skuli ekki gera það að umtalsefni að Bandaríkjamenn lögðu tundurdufl fyrir utan strendur eins Mið-Ameríkuríkis, Nicaragua, fyrir skömmu. Þetta var vitaskuld algjört brot á alþjóðalögum og það sem meira var, Bandaríkjastjórn neitaði að hlíta Alþjóðadómstólnum í Haag að því er varðaði úrskurð í þessu máli eða neinu því máli sem gerðist í þessum heimshluta.

Smáþjóð eins og Íslendingar hlýtur að byggja utanríkisstefnu sína á því að alþjóðalög séu haldin. Það hlýtur að vera fordæmanlegt að stórþjóð skuli setja sig yfir alþjóðalög með þeim hætti sem Bandaríkjastjórn gerði í þessum efnum. Óhætt er að rifja það upp að ýmsir af hægrisinnuðustu þm. Bandaríkjamannanna fordæmdu þetta athæfi líka hvað harðlegast, þ. á m. Goldwater sem telst vel til hægri í bandarískri pólitík. Mér hefði fundist að hæstv. utanrrh. hefði vel getað minnst á þennan alvarlega atburð í skýrslu sinni og þá skoðun okkar Íslendinga að hér hafi verið um að ræða brot á alþjóðalögum sem væri ómögulegt að líða.

Annars held ég að þróunin í Mið- og Suður-Ameríku gæti gefið tilefni til þess að flytja hér langa ræðu um það efni eitt en ég ætla ekki að gera það núna. Hins vegar er það nú svo, þrátt fyrir þær hörmungar sem þar eru, að það eru þó líka ýmsir ljósir punktar innan um og við verðum að vera bjartsýn um það að þessi þróun verði þó í rétta átt.

Herra forseti. Ég hef hér drepið á nokkur atriði úr skýrslu utanrrh. og gert að umtalsefni ýmislegt það sem ég tel mikilvægt að því er utanríkismál varðar. Ég hef rætt sérstaklega um spennuna milli austurs og vesturs, um nauðsyn þess að dregið verði úr vígbúnaði. Ég hef rætt um hungrið og fátæktina í heiminum og það misrétti sem í því felst. Ég hef minnst á öryggismál okkar lands og grundvallarþætti í því sambandi og nokkur þau atriði sem varða aðbúnað og aðstöðu í varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Ég hef hins vegar ekki gert að umtalsefni þá verktakastarfsemi sem þar fer fram þó að til þess gæti verið fyllsta ástæða, en ég vænti þess að þau mál verði skoðuð gaumgæfilegar í framhaldi af þeirri skýrslu og væntanlega tekin til endurskoðunar.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja áherslu á það að við Alþfl.-menn teljum bæði rétt og sjálfsagt að gildandi fyrirkomulag í vörnum landsins verði einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu hér eftir sem hingað til. Við teljum þátttöku okkar í norrænni samvinnu og Sameinuðu þjóðunum mjög mikilvægan þátt í okkar utanríkisstefnu sem við teljum að eigi að leggja rækt við. Við teljum síðast en ekki síst mikilvægt að rödd Íslands heyrist á alþjóðavettvangi að því er varðar málefni eins og slökun spennu og stuðning við hinar vanþróuðu þjóðir. Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, herra forseti, þó að kannske hefði verið ástæða til, enda er tími hér takmarkaður.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að rétt er að ræða utanríkismálin á öðrum tíma þings en á síðustu dögum þegar tími er lítill. Ég tel að þessu eigi að breyta í

náinni framtíð og ég veit að hæstv. utanrrh. hefur hug á því.

Hér er um mörg og mikilvæg mál að ræða sem um mætti fara mörgum orðum en ég mun þó stytta mál mitt og leggja áherslu á örfá atriði sem skýra grundvallarsjónarmið okkar framsóknarmanna.

Ég legg á það áherslu að við eigum að vinna ötullega innan Sameinuðu þjóðanna og á norrænum vettvangi. Við eigum að beita okkur þar fyrir þeim málum sem við viljum að fái framgang. Við leggjum áherslu á mál eins og að bæta eða brúa bilið á milli ríkra og fátækra og ég fagna þeirri ráðstefnu sem nýlega var haldin um það mál.

Það kann að vera að við Íslendingar þykjum litlir og lítið geta lagt til slíkra mála. Engu að síður eigum við örugglega og ákveðið að leggja okkar lóð á þá vogarskál og ég hygg reyndar að ef betur er að gáð þá getum við látið meira til okkar taka þar en gert hefur verið, t. d. með útflutningi á þeirri þekkingu sem við Íslendingar höfum aflað okkur á ýmsum sviðum, t. d. á sviði sjávarútvegs.

Við fylgjum eindregið stöðvun í framleiðslu kjarnorkuvopna og afvopnun og viljum beita okkur fyrir því á alþjóðlegum vettvangi. Hins vegar er vitanlega stöðvun kjarnorkuvopnaframleiðslu til lítils ef kjarnorkuvopn eru áfram framleidd neðanjarðar eða í lokuðum byggingum. Því er óhjákvæmilegt að samfara slíkri stöðvun verði komið á öruggu eftirliti sem menn geta treyst. Ég harma að viðræður um slíkt eftirlit hafa nú fallið niður. Við eigum því að beita okkur fyrir því, þar sem okkar rödd heyrist, að slíkar viðræður verði teknar upp að nýju. Ég hygg að það sé algjör forsenda fyrir því að þessu megi ná, sem ég veit að allir Íslendingar leggja áherslu á, að stöðvuð verði framleiðsla kjarnorkuvopna.

Ég lít á veru varnarliðsins hér á landi sem illa nauðsyn. Ég legg áherslu á það að við erum í hinum vestræna heimi. Við eigum að okkar mati að vera þátttakendur í varnarsamtökum vestrænna þjóða. Það má færa rök að því að sá friður, sem haldist hefur í okkar hluta heimsins, sé a. m. k. að verulegum hluta að þakka því jafnvægi sem hér hefur náðst, því miður með varnarsamtökum, og ég tek undir það sem margir hafa sagt að jafnvægi eða friður í skjóli óttans er ekki góður friður. En við erum ekki fylgjandi því að raska þessu eins og er og stofna þannig öryggi okkar og hins vestræna heims í óvissu því að við vitum ekki þá hvað við tekur. Við eigum að vinna ötullega að því þar sem við komum fram að slík samtök verði óþörf og þá náist það ástand sem við viljum hafa hér en ekki með einhliða aðgerðum af okkar hálfu.

Ég vil leggja á það ríka áherslu að sú utanríkisstefna sem nú er fylgt er sú sem fyrrv. hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson framkvæmdi. Það eru engar óskir frá varnarliðinu á borði ríkisstj. um aukið umfang. Það sem þar er framkvæmt er að verulegu leyti það sem samþykkt var af fyrrv. hæstv. utanrrh. eins og bygging olíugeyma, bygging flugstöðvar — ef við viljum kalla það hernaðarmannvirki sem ég vil nú reyndar ekki — og endurnýjun á flugskýlum. Rætt hefur verið um byggingu hreyfanlegra radarstöðva fyrir norðan og vestan, en formleg ósk um það hefur ekki komið til ríkisstj. Í því sambandi lít ég á það sem mjög mikilvægt að þessar radarstöðvar mun mega reka af íslenskum aðilum, þ. e. Póstur og sími getur, ef bygging þeirra verður leyfð, tekið að sér þennan rekstur og rekið þær ekki síður með öryggi íslensks flugs í huga. Það þarf vitanlega að skoðast mjög vandlega þegar og ef slík ósk kemur fram. Ég vísa því á bug að um aukin umsvif varnarliðsins sé að ræða.

Ég fagna þeim áfanga sem virðist vera í sjónmáli að aðskilja megi umsvif varnarliðsins og Íslendinga á Keflavíkurflugvelli. Það má vitanlega deila um byggingu flugstöðvarinnar, hún er kannske of stór, það getur vel verið, en engu að síður er þetta þó mikilvægur áfangi sem með byggingu hennar næst.

Ég vil svo að lokum, af því að ég ætla að stytta mál mitt hér eftir megni, taka undir það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að auka og efla samstarf með okkar næstu nágrönnum, Færeyingum og Grænlendingum. En það er misskilningur hjá hv. þm. að þetta hafi ekki verið gert. Á það hefur verið lögð mikil áhersla, bæði síðustu mánuði og reyndar síðustu ár. Ég hef sjálfur haft bæði fróðleik og ánægju af því að heimsækja Grænlendinga og Færeyinga og það hafa aðrir ráðh. hér einnig gert. Ég hef m. a. átt ítarlegar viðræður oftar en einu sinni við formenn landsstjórna þessara tveggja landa og eins og áður hefur verið upplýst var gert ráð fyrir því að Jonathan Motzfeldt kæmi hingað til lands í júní til ítarlegra viðræðna um samstarf þessara tveggja þjóða. Einnig var ákveðið að embættismenn beggja landanna ættu fund i tvo, annan hér á landi og hinn á Grænlandi, til undirbúnings þessum viðræðum, en hv. þm. þekkja væntanlega allir að á Grænlandi hafa skipast veður í lofti. Þar eru kosningar í júní og við höfum fengið bréf frá grænlensku heimastjórninni þar sem farið er fram á að þessum viðræðum verði frestað af eðlilegum ástæðum og reyndar tilkynnt að þeir geti ekki gert ráð fyrir þeim viðræðum í júní eins og ætlað var. Þessu höfum við að sjálfsögðu svarað jákvætt en jafnframt lagt á það áherslu að þráðurinn verði tekinn upp strax og kosningum þar er lokið og ný stjórn hefur verið mynduð.

Ég hef einnig rætt þessi mál ítarlega við formann landsstjórnar í Færeyjum og samkomulag hefur orðið um það á milli þessara þriggja landa, Færeyinga, Íslendinga og Grænlendinga, að helst árlega eigi sér stað viðræður um sameiginleg hagsmunamál, ekki bara á ráðherrastigi heldur einnig með embættismönnum og ekki síst um sjávarútveginn sem vitanlega er mikið mál fyrir þessar þjóðir allar og tengir þær saman.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta en endurtek að við leggjum áherslu á það að við beitum okkar áhrifum til þess að kalda stríðinu linni hvar sem við getum komið okkar orði að. Ég harma að kalda stríðið virðist kaldara í dag en það hefur lengi verið og gegn því ber að vinna. Það er óþolandi ástand og þótt við Íslendingar séum litlir þá ber okkur skylda til að leggja okkar lóð á vogarskál betri friðar.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans og enn fremur vil ég þakka meðnefndarmönnum mínum í utanrmn. fyrir gott samstarf og greiðar upplýsingar.

Herra forseti. Ég þakka enn fremur hæstv. forsrh. og utanrrh. góð orð um betri tímasetningu næst fyrir þessa skýrslu, en ég vil þó lýsa óánægju minni yfir því að þurfa að fjalla um skýrslu utanrrh. og þau mikilvægu mál sem

hún skýrir frá nú mitt í annríki þessara síðustu daga þingsins. Það þýðir, ekki síst hjá litlum þingflokki og trúlega reyndar einnig hjá hinum sem stærri eru, að allt of lítill tími gefst til undirbúnings sem ætti að vera vandaður ef litið er til þess hve mikilvæg þessi mál eru.

Ég vil, áður en ég vík að skýrslunni, nota þetta tækifæri til þess að gagnrýna vinnubrögð Alþingis því að orsakir þeirra eru e. t. v. ekki með öllu óskyldar viðfangsefnum utanríkismála. Fjöldi mála liggur fyrir þessu þingi og kannske var aldrei ætlunin að þau yrðu öll afgreidd, en mörg hver flutt hér til sýnis og kynningar ef svo mætti segja. Samt er þó nokkur fjöldi stjórnarmála sem nú koma fram á síðustu dögum þingsins og ætlað er að sigli hraðbyri í gegnum þingið eins og hér sé stimpilstofnun en ekki ábyrg löggjafarsamkunda. Ég spyr: Er það í raun alveg nægilegt að hagsmunasamtök úti í þjóðfélaginu komi sér saman um eitthvert mál, nái síðan blessun stjórnarflokkanna yfir þau og síðan séu samþykkt um þau lög? Til hvers erum við hin hér sem kosin vorum inn á þetta þing? Eigum við ekki að fá tíma til að velta fyrir okkur hinum ýmsu hliðum málanna og gæta að hagsmunum hinna ýmsu hópa sem væntanleg lög snerta? Er ekki hlutverk löggjafans einmitt að tryggja og vernda réttlæti sem flestra og þarf því ekki að vanda til lagagerðar svo að vel sé að henni staðið? Er það samboðið sjálfsvirðingu og ábyrgðartilfinningu ykkar, hv. alþm., að láta hafa ykkur út í þessa fljótaskrift og óvönduðu vinnubrögð þegar athyglisgáfan og dómgreindin eiga í vök að verjast vegna langra fundaseta, annríkis og þreytu? Enginn er að hafa á móti því að láta hendur standa fram úr ermum og víðar eru vorannir en á þingi, en hvers vegna má ekki skipuleggja vinnu og haga verkefnum þannig að jafnara dreifist og málum tryggð meiri alúð og íhygli?

Stjórnin heldur því gjarnan fram að stjórnarandstaða haldi uppi málþófi og eyði dýrmætum tíma þingsins í langar ræður. Þarna hef ég engan samanburð og veit ekki hvort sanngjarnt er. Eitt er þó víst: að minni tíma yrði eytt í tefjandi aðgerðir og landamæraerjur en nú er ef meiri sanngirni og réttlæti ríkti gagnvart stjórnarandstöðu og málum hennar. Sá skæruhernaður á tíma þingsins, sem virðist vera eina aðferð stjórnarandstöðu til að heimta rétt sinn og sýna vald sitt, eru frumstæð vinnubrögð og ég sætti mig ekki við það að slík sé eina möguleg birtingarmynd lýðræðisins. Hér láta menn eins og þeir eigi níu líf og ekkert liggi á allan veturinn, en fyrir þinghlé um jól og að vori færast allir í aukana eins og eftir forskrift og málunum er hreinlega rutt í gegn með meiri eða minni fyrirstöðu. Það hlýtur að vera á kostnað þeirrar vandvirkni sem málin eiga skilið.

Þessi togstreita um réttindi og vald ásamt þeim flokkadráttum, hagsmunaerjum, óvinaímyndum og skörpu andstæðumyndum, sem dregnar eru upp til afmörkunar, eru einmitt meginviðfangsefni utanríkismála. Við erum heppin að því leyti að vopn okkar eru orð og við herjum á tíma hvers annars í því lýðræðisríki þar sem við búum. Aðrar þjóðir eru óheppnari, þær berjast með vopnum og herja á lífið til þess að leita réttar síns eða verja hann.

Ég vík nú máli mínu að skýrslu hæstv. utanrrh. sem var fróðleg lesning. Þar er reyndar tíunduð ófögur lýsing á vopnuðum átökum og stríðum sem orðið hafa og einnig þeim sem nú geisa, og ég vitna, með leyfi forseta: „Síðan 1945 er talið að 105 meiriháttar vopnuð átök og stríð hafi verið háð í 66 löndum og í þeim átökum hafi ekki færri en 16 millj. manna látið lífið.“ Enn fremur segir að tæpast sé hægt að hafa tölu á þeim fjárfúlgum sem farið hafa til vígbúnaðar frá stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1945. Jafnframt segir þar líka að hundruð milljóna manna í heiminum búi við mjög krappan kost eða svelti heilu hungri en að talið sé að 800 milljörðum dollara hafi verið varið til vígbúnaðar í heiminum á s. l. ári.

Það er eins og að ætla að lýsa brunasárum á líkömum mismunandi sjúklinga að fara að fjalla um einstök átök í ýmsum ólíkum löndum. Útlit þeirra og ásigkomulag getur verið mismunandi eftir því hver einstaklingurinn er, hvert ástand hans er þegar hann brennir sig, hvernig komið er ónæmisvörnum hans, næringu, erfðaupplagi, o. s. frv. Þó eru brunasár allra af svipuðum toga spunnin, orsökum eins og hita, kulda eða kemiskum efnum. Þetta er að vísu einfölduð mynd, það veit ég, en styrjöldum og valdbeitingu má líkja við sár á þeim líkama sem kalla má fjölskyldu mannsins, og eins og um brunasár væri að ræða er eina haldgóða vörnin að beita fyrirbyggjandi aðgerðum sem beinast að orsökum ófriðar og valdbeitingar. Þær orsakir eru að vísu margvíslegar en liggja fyrst og fremst í manninum sjálfum, hugmyndaheimi hans og tilfinningalífi. Engin önnur dýrategund fer með einstaklinga og hópa sinnar eigin tegundar eins og við gerum. Þau miklu og skipulögðu dráp og pyntingar sem maðurinn stundar á eigin tegund aðskilja hann frá öllum öðrum dýrum, og þó að sagan hafi sýnt að manninum sé þetta mögulegt þá neita ég að samþykkja það að honum sé það leyfilegt.

Það að göfga manninn og trúa á sigur hins góða þýðir ekki barnaskap og blindni. Það er ekki hægt að líta fram hjá ofbeldishneigð mannsins og þörf hennar fyrir útrás, en það er hægt að viðurkenna tilvist hennar og beina henni í jákvæðan uppbyggilegan farveg. Slík tilraun er friðarfræðsla, sem mikið var rædd á þessu þingi, en því miður heyrðu fáir þá umræðu og ganga því margir trúlega enn um með fyrir fram mótaðar og e. t. v. rangar skoðanir á því um hvað hún fjallar. E. t. v. hefur þó staldrað við í hugskoti sumra bergmál af umræðum á þingi og úr fjölmiðlum og vonandi ekki allt af því tagi að það styðji fordóma þeirra. Við erum öll því markinu brennd að burðast með fordómadrauga í farangrinum frá fyrstu tíð. En ég skora á hv. þm. að kynna sér umræður um friðarfræðslu, bæði í þingtíðindum og dagblöðum, því þar má eygja von til að takast á við orsakir ófriðar og beina sýn að því sem dýpra liggur, en ekki bara að einkennum þess sem niðri fyrir býr.

Nú mundu ýmsir tala um óraunsæi, nytsama sakleysingja og fáfræði þeirra sem skilja ekki völundarhús alþjóðastjórnmála. En sannleikurinn í þessum efnum er í reynd ekki svo flókinn, og það er ekki síður lífvænlegt raunsæi þeirra sem hugsa líka með hjartanu en hinna sem ferðast í tæknidraumi rökhyggjunnar og eru löngu gengnir í baklás með lausnir á ófriði heimsins. Albert Einstein sagði, með leyfi forseta, og honum er málið skylt: „Þegar atómið var klofið breyttist allt nema hugsunarháttur mannsins.“ Hann sagði enn fremur: „Ef mannkynið á að lifa af verðum við að byrja að hugsa á nýjan hátt.“

Þess vegna vil ég hvetja þm. til að opna hugskot sitt til að hleypa þangað inn nýjum hugmyndum til hug-

leiðinga. Ef stjórnmálamenn heimsins gerðu það kynni að fara að glæðast sá pólitíski vilji sem vantað hefur til þess að afvopnunar- og samningaviðræður verði annað en lýsing hæstv. utanrrh. á hugmyndum sumra um norræna samvinnu og ég vitna, með leyfi forseta: „Orðagjálfur, fundahöld, veislur, skriffinnska og pappírsflóð.“

Á dögum Rómverja treystu menn friðinn með því að búa sig undir stríð. Nú er öldin önnur og vopnin líka. Því er okkar eina von til að treysta friðinn að búa okkur undir frið. Til þess hvet ég þá sem fara með utanríkismál okkar þjóðar og brýni fyrir þeim það sem stendur í skýrslu hæstv. utanrrh., með leyfi forseta: „Að vinna á alþjóðavettvangi að aukinni mannúð, mannréttindum og friði.“ Fyrir þessu þingi liggja fjórar þáltill. um afvopnunarmál. Þ. á m. er tillaga Kvennalista um frystingu kjarnorkuvopna. Þessar tillögur hafa verið til umfjöllunar í undirnefnd utanrmn. þar sem fulltrúar allra flokka eiga sæti. Sú nefnd hefur haft það verkefni að reyna að samræma tillögur þannig að úr verði ein tillaga sem Alþingi gæti staðið að. Nefndin mun væntanlega komast að niðurstöðu fyrir þinglok.

Miklu varðar að Íslendingar leggi sitt af mörkum til að stuðla að afvopnun og hafi þar um skýra og afdráttarlausa stefnu. Í kaflanum um afvopnunarmál á bls. 9 í skýrslunni er rætt um bann við kjarnorkutilraunum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eitt meginágreiningsefnið er hversu víðtækt slíkt bann skuli vera. Flest Vesturlönd vilja að bannið nái jafnt til tilrauna með kjarnorkuvopn og kjarnorkusprenginga í friðsamlegum tilgangi“ — ég endurtek: í friðsamlegum tilgangi — „en nokkur önnur ríki vilja leyfa slíkar sprengingar í friðsamlegum tilgangi þótt mjög erfitt sé að greina þar á milli.“

Ég er ekki að reyna að snúa út úr fyrir hæstv. utanrrh., en ég verð að leggja áherslu á það að kjarnorkusprengingar geta aldrei verið í friðsamlegum tilgangi, en eru alltaf ófriður, mengun og ógn við lífið. Nægir þar að minna á vansköpuð börn og hækkaða tíðni illkynjaðra sjúkdóma í þeim eylöndum Kyrrahafs þar sem Frakkar gera sínar kjarnorkuvopnatilraunir. Líka má nefna almenna mengun lofts og sjávar og hún er ekki stundarfyrirbrigði þegar litið er til þess hve langur helmingunartími hinna geislavirku efna er sem þar leysast úr læðingi.

Mig langar nú að víkja nokkrum orðum að þróunaraðstoð þeirri sem við Íslendingar höfum skuldbundið okkur til og því hve illa við höfum staðið við þær skuldbindingar. Og ég vitna til skýrslunnar, með leyfi forseta, á bls. 24:

„Mjög skortir á að Íslendingar hafi náð því marki sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér um þróunaraðstoð, þ. e. að hún verði 0,7% af opinberri hálfu af þjóðarframleiðslu og frjáls framlög annarra 0.3% — eða 1% alls.

Á undanförnum árum fram til 1983 hafa opinber framlög vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi aðeins tvívegis verið yfir 1/10 af áðurnefndu hlutfalli þjóðarframleiðslu en að jafnaði mun lægri. Meðalhlutfall opinberu framlaganna á fimm ára tímabili 1978—1982 er 0.0585% af þjóðarframleiðslu, en meðaltal ársins í fyrra og nú í ár 0.1145%, þ. e. nær helmingi hærra en á fyrrnefndu tímabili. Þrátt fyrir þessa breytingu í rétta átt verður framlagið nú sjöfalt lægra en að er stefnt.“

Og ég vil bæta því við, sem heyrðist í fréttum nú nýlega, að Efnahags- og þróunarstofnun Evrópu hafði gert sér til gamans að reikna út að Ísland er sjötta ríkasta land í heimi.

Þarna þurfum við verulega að bæta úr. Ég verð að segja að ég skammaðist mín þegar nafnakall og atkvgr. um fjárlög fór fram hér í þinginu fyrir jól og brtt. um aukin framlög til þróunaraðstoðar var felld; það var okkur ekki sæmandi. Í þeim kafla þar sem greinir frá þátttöku Íslendinga í starfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar á bls. 16 er hvergi nefnt að á s. l. ári kom upp tillaga, sem var samþykkt á þingi stofnunarinnar í Genf, þess efnis að kjarnorkuváin væri stærsta ógn við heilbrigði og heilbrigðisþjónustu heimsins. Við þessa atkvgr. sátu Íslendingar hjá. Það þótti mér og öðrum furðulegt og leið ráðstöfun og þætti mér vænt um að hæstv. utanrrh. upplýsti þingheim um hvers vegna. Enn fremur kemur fram í kaflanum um Alþjóðaheilbrigðisstofnunina að við erum nú aðilar að sérstökum samvinnuverkefnum um forvarnir og var sá samningur undirritaður 10. febrúar s. l. Ég fagna því, en ég minni jafnframt á það og hvet til þess að þetta verði ekki pappírinn tómur, þar sem mjög litlu fé var varið af síðustu fjárlögum til fyrirbyggjandi heilsugæslu og heilbrigðisfræðslu.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. finnst mér gæta mikillar einföldunar á eðli og atferli stórveldanna. Það er eins og hæstv. ráðh. sjái annað stórveldið algott og hitt alvont. Ég trúi því ekki að neinn sé algóður eða alvondur og allra síst stórveldin. Þvert á móti tel ég þau bæði jafnsek að því að fylla vopnabúr heimsins með kjarnorkuvopnum sem ógna öllu lífi á þessari jörð. Slíkt er ófyrirgefanlegt, óleyfilegt og ekki hægt að sætta sig við. Ég tel þau bæði sælast til áhrifa um heiminn, hvort með sínum hætti, og þau reyna að skipta heiminum á milli sín í áhrifasvæði og skapa og viðhalda óvinaímyndum hvort um annað til að tryggja sig í sessi og réttlæta vígbúnað sinn. Innan beggja stórvelda eru svo umsvifamiklir hagsmunir vopnaframleiðenda sem tengjast gífurlegu fjármagni og valdastöðu innan þjóðfélaganna og ráða líklega meiru um gang heimsmála en nokkur stjórnmálamaður þorir eða vill viðurkenna. Ég hef haft uppi mörg orð á þessu þingi í nafni Kvennalistans s. l. vetur um vígbúnað, afvopnun og friðarmál. Ég vil ekki tefja þingtíma nú með því að endurtaka það hér en vísa til þingtíðinda.

Það olli mér vonbrigðum að í skýrslu hæstv. utanrrh. er ekki tekið beint á hinu gífurlega og vaxandi vandamáli sem misrétti norðurs er gagnvart suðri á þessari jörð. Þó segir þar á bls. 25, með leyfi forseta:

„Enda þótt horfur þyki nú fara batnandi í iðnríkjum gegnir allt öðru máli um flest þróunarríki, einkum ríkja sunnan Sahara-eyðimerkurinnar. Stöðnun, skuldir og skortur þ. á m. helstu lífsnauðsynja setja mark sitt á þjóðlífið; sum þeirra verða að öllu óbreyttu verr sett í lok þessa áratugs en þau voru í lok sjöunda áratugarins. Þetta verður að sjálfsögðu að breytast.“

Þarna er nefnilega beint samband á milli. Velferð iðnríkjanna og bág staða þróunarríkjanna eru í beinu samhengi hvor við aðra. Og ljóst er að þessi vandamál verða heimsbyggðinni að fjörtjóni áður en langt um líður ef togstreita austurs og vesturs verður ekki búin að ljúka við okkur áður. Vandamál vegna fólksfjölgunar,

auðlindaþurrðar og mengunar munu vaxa okkur yfir höfuð ef stefna þjóðanna helst óbreytt. Nægir að vitna í þá skýrslu sem Carter Bandaríkjaforseti lét gera og nefnist „Global 2000 Report". Ber að fagna því frumkvæði sem Evrópuráðið hefur tekið um þessi mál.

Ég fagna því frumkvæði sem greint er frá í skýrslunni á bls. 5. Ég vitna, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnir Norðurlanda stóðu á s. l. ári sameiginlega að skýrslu og tillögu um eflingu Sameinuðu þjóðanna til að setja niður deilur og vopnuð átök þjóða í milli. Er þar m. a. gert ráð fyrir að auka afskipti Öryggisráðsins af deilumálum áður en til valdbeitingar og vopnaðra átaka kemur og í því sambandi vakin athygli á nauðsyn þess að styrkja stöðu og hlutverk aðalframkvæmdastjóra samtakanna. Hingað til hafa friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna eingöngu verið sendar á vettvang eftir að vopnuð átök hafa átt sér stað. Enn þá mikilvægara er að samtökin öðlist aukinn mátt til að koma í veg fyrir átök."

Þetta styð ég eindregið. Sömuleiðis tek ég undir orð utanrrh. í ræðu hans við upphaf Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem vitnað er til á bls. 10:

„Við Íslendingar byggjum afkomu okkar fyrst og fremst á auðlindum sjávarins. Við höfum því miklar áhyggjur af vígbúnaði í hafinu. Lítils háttar óhapp, að ekki sé talað um meiri háttar slys, getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fiskstofna okkar og þar með allan efnahag. Þetta skiptir ekki eingöngu Íslendinga heldur og okkur öll máli. Verndun hafsins sem matarkistu fyrir milljónir sveltandi manna er lífsnauðsyn og okkur er öllum skylt að vinna saman að því að koma í veg fyrir hvers konar mengun hafsins. Okkur ber sífellt að hafa þetta í huga og haga gerðum okkar samkvæmt því."

Þarna styðja Kvennalistakonur við bakið á utanrrh. heilshugar.

Ég vil enn fremur leggja ríka áherslu á það að Ísland haldi áfram og efli samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar og enn fremur að aukið verði samstarf milli eyþjóðanna í Norður-Atlantshafi, sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta á mörgum sviðum, ekki síst hvað varðar meginlífsbjörg sína.

Margt fleira væri vert að ræða í skýrslu þessari. En ég vil nú samt taka fyrir síðasta atriðið til umfjöllunar. Hvað viðvíkur þeim framkvæmdum sem nú aukast í herstöð Bandaríkjanna í Keflavík þá er afstaða Kvennalistans til þeirra hin sama og til annarra hernaðarframkvæmda, hvar sem þær eru. Við trúum því ekki að hernaðarlausnir séu viðunandi eða mögulegar á samskiptavandamálum mannanna. Þess vegna höfnum við hernaðarhyggju og hernaðarlausnum. Hagmunir Íslands í þessum efnum eru órjúfanlegir frá hagsmunum alls heimsins. Ég vil ljúka máli mínu með því að lesa úr stefnuskrá Kvennalistans, kafla um friðar- og utanríkismál:

„Ísland er hluti af samfélagi þjóðanna og okkur ber að axla þá ábyrgð sem því fylgir. Í því samfélagi er gæðum jarðarinnar misskipt og réttlæti fótum troðið. Íslendingum ber að taka afstöðu á alþjóðavettvangi gegn misrétti og kúgun í hvaða mynd sem er. Við viljum að Íslendingar veiti þá þróunaraðstoð sem þeim ber samkvæmt samþykktum Sameinuðu þjóðanna og hagi ávallt aðstoð sinni í samræmi við þarfir og aðstæður íbúa á hverjum stað. Vinna verður sérstaklega að úrbótum og aðstæðum kvenna og barna í þriðja heiminum. Það er staðreynd að auðæfi jarðarbúa nægja til að útrýma skorti ef þau eru réttilega notuð.

Nú er svo komið að lífi og umhverfi er ógnað af vígbúnaði sem á engan sinn líka í veraldarsögunni. Gereyðingarhættan er raunveruleg og vofir yfir okkur öllum. Fjármunum er sóað í vígbúnað meðan hungruð börn hrópa á mat. Konur vernda líf og viðhalda því og þess vegna höfum við næma skynjun á þeirri ógn sem mannlífinu stafar af síaukinni söfnun tortímingarvopna. Okkur konum ber því frumskylda til að sporna við þessari geigvænlegu þróun.

Í áratugi hefur Íslendingum verið skipt í tvær andstæðar fylkingar með og á móti aðild að hernaðarbandalagi, með og á móti veru erlends hers í landinu. Stjórnmálaflokkar hafa notað það blygðunarlaust sér til framdráttar. Á sama tíma hefur vígbúnaður stórveldanna margfaldast og ógnar nú öllu lífi á jörðinni. Spurningin er ekki eingöngu um þátttöku okkar í hernaðarbandalagi eða dvöl hers hér á landi. Spurningin er um líf eða dauða. Íslenskar konur verða því að sameinast í baráttu fyrir afnámi allra hernaðarbandalaga, afvopnun og friði.

Við viljum að íslensk stjórnvöld taki afstöðu gegn vígbúnaði bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi, því ógnarjafnvægi leiðir ekki til öryggis. Við viljum að stjórnvöld beiti áhrifum sínum hjá alþjóðasamtökum til eflingar friði og alþjóðlegri réttarvernd. Við viljum tryggja að kjarnorkuvopn verði aldrei leyfð á Íslandi. Við viljum að íslensk efnahagslögsaga verði friðuð fyrir kjarnorkuvopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Við mótmælum harðlega losun kjarnorkuúrgangs og eiturefna í hafið vegna þeirrar hættu sem öllu lífríki og þar með fiskistofnum er búin með slíku athæfi. Við viljum draga úr umsvifum erlends hers meðan hann er hér á landi því aukin hernaðarumsvif, hvar sem er í heiminum, auka á vígbúnaðarkapphlaupið. Við viljum strangt eftirlit með starfsemi hersins. Við viljum að stjórnvöld skýri undanbragðalaust frá framkvæmdum og herbúnaði Bandaríkjahers hér. Við viljum minnka áhrif hersins í íslensku efnahagslífi svo tryggt verði að afstaða til hans mótist ekki af efnahagshagsmunum. Við viljum að íslenskt atvinnulíf sé óháð veru hersins.

Við styðjum hugmyndir um að ákveðin svæði verði lýst kjarnorkuvopnalaus og njóti alþjóðlegrar viðurkenningar því við teljum það viðleitni til afvopnunar á jörðinni allri. Á þeim grundvelli viljum við að íslensk stjórnvöld stuðli að því að Norðurlöndin í heild verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði. Við styðjum friðar- og mannréttindabaráttu hvar sem er í heiminum. Rödd Íslands á að hljóma í þágu friðarins. Það eitt er í samræmi við sögu þjóðarinnar og þannig teljum við að framtíð barna okkar sé best tryggð. Við viljum vinna með öllum þeim konum og körlum sem telja vitfirrt vígbúnaðarkapphlaup og ábyrgðarlausa umgengni við lífríki og náttúruauðlindir jarðar vera mestu ógnir sem steðja að mannkyninu í dag. Hvort tveggja er af mannavöldum og hvort tveggja má stöðva. Að þessu viljum við vinna."

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þá skýrslu sem hér er til umr. Það er lofsvert að hæstv. utanrrh. gefi skýrslu um utanríkismál. Þó er það mikill galli hvað hún er seint á ferð. Utanríkisumræðan gæti sem best farið fram um miðjan vetur, þegar menn

eiga ekki svona annríkt í þinginu eins og nú er, og þá gæti hún orðið ítarlegri og markvissari. Það varðar okkur miklu hvernig haldið er á utanríkismálum okkar og samskipti okkar við umheiminn eru náttúrlega ákaflega mikilvæg. Þess vegna er eðlilegt að alþm. gefi sér góðan tíma til að ræða um þessi mál. Ég held að ekki væri nein goðgá að hugsa sér að taka fleiri en einn dag til slíkrar umræðu.

Ég vil einkum taka einn þátt þessarar skýrslu til umræðu, eða auka nokkru við hann, þ. e. um Norðurlandasamvinnuna og samstarf okkar við Norðurlönd. Íslandsdeild Norðurlandaráðs hefur lagt fram skýrslu um norrænt samstarf árið 1983. Hefur henni verið dreift á þskj. 901. Vil ég, með leyfi forseta, vitna nokkuð til hennar:

„Á fundi Sþ. 18. desember 1982 fór fram kosning fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Kosningin gildir þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi. Eftirfarandi þm. hlutu kosningu: Páll Pétursson, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Ásgrímsson, Sverrir Hermannsson, Eiður Guðnason og Stefán Jónsson. Varamenn voru kosnir Davíð Aðalsteinsson, Geir Hallgrímsson, Guðmundur Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Árni Gunnarsson og Guðrún Helgadóttir.

Verkum var skipt þannig að Halldór Ásgrímsson var kjörinn formaður Íslandsdeildar og tók sæti í forsætisnefnd og laganefnd ráðsins. Varamaður hans í forsætisnefnd var kjörinn Matthías Á. Mathiesen. Í menningarmálanefnd, upplýsinganefnd og fjárlaganefnd var kjörinn Eiður Guðnason, í efnahagsmálanefnd voru kjörnir Matthías Á. Mathiesen og Páll Pétursson sem jafnframt var kjörinn í fjárlaganefnd. Í félags- og umhverfismálanefnd var kjörinn Sverrir Hermannsson og í samgöngunefnd Stefán Jónsson sem jafnframt var kjörinn í upplýsinganefnd.

Eftir alþingiskosningar 23. apríl 1983 tók Guðrún Helgadóttir sæti Stefáns Jónssonar í samgöngumálanefnd og upplýsinganefnd og eftir myndun ríkisstjórnar 26. maí 1983 tók Guðmundur Bjarnason sæti Halldórs Ásgrímssonar í laganefnd og Pétur Sigurðsson sæti Sverris Hermannssonar í félags- og umhverfismálanefnd. Til að gegna störfum Matthíasar Á. Mathiesen í efnahagsmálanefnd var tilnefndur Ólafur G. Einarsson. Páll Pétursson var kjörinn formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á fundi deildarinnar 10. júní 1983 og tók þá sæti Halldórs í forsætisnefnd.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt fjóra fundi á tímabilinu frá lokum 31. þings Norðurlandaráðs, sem haldið var í Osló 1983, til upphafs 32. þings ráðsins sem haldið var í Stokkhólmi 1984. Meðan á þessum þingum Norðurlandaráðs stóð hélt Íslandsdeild auk þess fundi hvern dag.

Á fundum deildarinnar var m. a. fjallað um breytingar þær á Helsinki-sáttmálanum sem leiðir af aðild Grænlands að Norðurlandaráði og aukinni aðild Álandseyja og Færeyja að ráðinu, og um samstarf við Norræna félagið um sameiginlegar fyrirlestraferðir, þar sem norrænt samstarf og Norræna félagsins yrði kynnt. Einnig var á fundum Íslandsdeildar rætt um aukið samstarf við Færeyjar og Grænland um tillögur þær að breyttu skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs sem lagðar voru fram 30. nóvember 1983. Loks voru samþykktar tillögur um kjör fulltrúa og varafulltrúa frá Íslandi í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins og tillögur um fulltrúa í endurskoðunarnefnd Norræna menningarmálasjóðsins.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hélt átta fundi á árinu 1983. Auk þeirra hélt hún fund með samstarfsráðherrum Norðurlanda í Reykjavík 16. júní og með forsætisráðherrum landanna 30. nóvember í Stokkhólmi. Forsætisnefndin hélt einnig fund 27. apríl með formönnum nefnda Norðurlandaráðs og 14. nóv. hélt hún fund með formönnum Norrænu félaganna.

Þann 28. janúar 1984 gengu í gildi breytingar á Helsinki-sáttmálanum sem heimiluðu fjölgun fulltrúa í Norðurlandaráði úr 78 í 87. Grænland, Færeyjar og Álandseyjar fengu þá heimild til stofnunar landsdeilda og tvo fulltrúa hvert í Norðurlandaráði. Starfa landsdeildir Grænlands og Færeyja innan landsdeildar Danmerkur, en landsdeild Álandseyja innan landsdeildar Finnlands.

Við þessa breytingu fjölgaði fulltrúum Íslands í Norðurlandaráði úr sex í sjö.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs og forsætisráðherrar Norðurlanda ákváðu á fundi 30. nóv. 1982 að skipa nefnd til könnunar á því hvort endurskoða þyrfti starfshætti og skipulag Norðurlandaráðs og leggja fram tillögur til úrbóta ef nefndin teldi þess þörf. Af Íslands hálfu átti sæti í nefndinni Matthías Á. Mathiesen. Nefnd þessi hefur verið kölluð fimmmannanefndin. Hún skilaði áliti 30. nóv. 1983 og var það gefið út í tímaritaflokki Norðurlandaráðs.

Að mati fimm-mannanefndarinnar ber að styrkja stöðu Norðurlandaráðs og norrænu samstarfsráðherranna. Nefndin taldi nauðsyn bera til að forsætisnefnd Norðurlandaráðs og norrænu samstarfsráðherrarnir bæru aukna ábyrgð á gangi samstarfsins og að norrænu samstarfsráðherrarnir fengju heimild til að samræma nauðsynlegar aðgerðir í heimalöndunum í því skyni. Nefndin lagði einnig áherslu á að uppbygging embættismannakerfa Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar yrði samræmd, og eins að ákvarðanir Norðurlandaráðs yrðu undirbúnar betur og þeim fylgt betur eftir í heimalöndunum. Nefndin lagði til að fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænu menningarmálafjárlögin yrðu sameinuð og skrifstofur ráðherranefndarinnar, sem nú er í Osló, og menningarmálaskrifstofan, sem nú er í Kaupmannahöfn, yrðu sameinaðar.

Samkomulag var í fimm-mannanefndinni um flest atriði skýrslunnar. Fulltrúi Íslands skilaði þó séráliti um þann hluta skýrslunnar sem fjallar um sambandið milli ritara forsætisnefndar og nefndar þeirrar sem í eiga sæti aðalritarar landsdeildanna ásamt ritara forsætisnefndar. Nefnd þessi hefur skv. núgildandi reglum m. a. það hlutverk að undirbúa fundi forsætisnefndar. Skv. tillögum fimm-mannanefndarinnar skal ritari forsætisnefndar undirbúa fundi forsætisnefndar, en nefnd sú, sem áður hafði það hlutverk, vera honum til ráðuneytis. Fulltrúi Íslands taldi að með þessum breytingum og öðrum, sem lagðar voru fram og ganga í sömu átt, yrðu of mikil völd færð í hendur ritara forsætisnefndar frá deildum landanna og starfsfólki þeirra.

Íslandsdeild, sem fjallaði um skýrslu fimm-mannanefndarinnar á fundi sínum 22. nóv. 1983, studdi tillögur fulltrúa Íslands í fimm-mannanefndinni.

Fulltrúar landanna í forsætisnefnd lögðu fram þingmannatillögu skömmu eftir að skýrsla fimm-manna-

nefndarinnar lá fyrir þar sem þeim tilmælum var beint til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar að leggja fram tillögur þær að breyttum starfsháttum ráðsins og ráðherranefndarinnar, sem leiddi af skýrslunni, eigi síðar en fyrir 33. þing Norðurlandaráðs 1985. Lögð var á það áhersla í þingmannatillögunni að við það starf skyldi höfð hliðsjón af könnunum þeim og tillögum að breyttum starfsháttum forsætisnefndarskrifstofunnar og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem áður hafa verið gerðar. Sú fyrri var birt í tímaritaflokki Norðurlandaráðs og sú síðari einnig. Þingmannatillögu þessari var vísað til laganefndar.

Á 31. þingi Norðurlandaráðs var annað árið í röð tekið tillit bæði til þjóðernis og stjórnmálastefna við kosningar í trúnaðarstöður skv. tillögum forsætisnefndar.

Vorið 1983 lét forsætisnefnd Norðurlandaráðs gera skoðanakönnun á Norðurlöndum um þekkingu almennings á norrænu samstarfi og störfum Norðurlandaráðs. Skoðanakönnun, sem að nokkru leyti var samsvarandi, hafði verið gerð 10 árum áður, en án þátttöku Íslands.

Skoðanakönnunin leiddi í ljós að almenningur á Norðurlöndum hefur jákvæða afstöðu til samstarfsins og áhuga á að það sé rækt. Þau svið sem þóttu mikilvægust voru samstarf um umhverfisvernd, orkumál og samstarf Norðurlanda á alþjóðlegum vettvangi. Á Íslandi og í Finnlandi voru hópar sem mátu enn meira þá hlið samstarfsins sem snýr að möguleikum á menntun hvar sem er á Norðurlöndum. Á Íslandi var almennur áhugi á norrænu samstarfi meiri en á hinum löndunum, en 72% þeirra Íslendinga, sem spurðir voru hvaða lönd þeir teldu mikilvægast að eiga samstarf við, svöruðu Norðurlönd. Í hinum löndunum svöruðu að meðaltali 43% að Norðurlönd væru mikilvægasti samstarfsaðilinn.

Í ljós kom við skoðanakönnunina að ungt fólk hafði minnsta þekkingu á samstarfi landanna. Því ákvað forsætisnefndin, að tillögu upplýsinganefndar, að hefja upplýsingaherferð sem beinast skyldi að ungu fólki og hafa að markmiði að auka þekkingu þess og áhuga á samstarfinu. Áætlað er að upplýsingaherferðin standi í ár frá hausti 1984.

Á 31. þingi Norðurlandaráðs árið 1983 lágu fyrir 43 tillögur og voru 37 þeirra þingmannatillögur en 6 frá Norrænu ráðherranefndinni eða ríkisstjórnum landanna. Af þingmannatillögunum voru 34 samþykktar en 3 afskrifaðar.

Laganefnd hélt fjóra fundi á árinu og einn fund með Norrænu ráðherranefndinni og dómsmálaráðherrunum. Á þeim fundi var m. a. rætt um ættleiðingu barna erlendis frá og ólöglega notkun tölva, eiturlyfjaneyslu og lögbrot henni tengd, réttarstöðu Sama, norrænan málasattmála, vinnurétt og kosningarrétt Norðurlandabúa við þingkosningar í öðrum norrænum löndum en heimalandi sínu.

Á dagskrá nefndarinnar hafa enn fremur verið áðurnefnd skýrsla fimm-mannanefndarinnar, breytingar á þingsköpum Norðurlandaráðs vegna aðildar Grænlands og aukinna réttinda og fjölgunar fulltrúa Álandseyja og Færeyja í Norðurlandaráði, auk neytendamála sem nýverið hafa verið færð til laganefndar frá efnahagsnefnd.

Varaformaður nefndarinnar var Halldór Ásgrímsson, en á síðasta ári tók hv. þm. Friðjón Þórðarson við sæti í nefndinni og varaformennskunni einnig.

Menningarmálanefnd hélt sex fundi á árinu og var einn þeirra með Norrænu ráðherranefndinni og menntamálaráðherrunum. Á þeim fundi var að venju fjallað um norrænu menningarmálafjárlögin og óskir nefndarinnar um það hvaða samstarfsverkefnum bæri að veita forgang. Á fundi þessum var og rædd stefna landanna og samvinna í menntamálum og fjarskiptamálum.

Á dagskrá nefndarinnar var m. a. þingmannatillaga um móttöku sjónvarpsefnis frá sjónvarpshnöttum ríkja utan Norðurlanda. Af umræðum um þingmannatillögu þessa spannst umræða um sjónvarpsauglýsingar. Taldi nefndin það æskilegt að löndin hefðu líka stefnu um það hvort leyfa ætti sjónvarpsauglýsingar og skilyrði þess væru sem líkust.

Við umfjöllun um þingmannatillögur um fjárstuðning til norrænna listsýninga og til norræns íþróttasamstarfs kom fram það álit nefndarinnar að æskilegt væri að stuðningur við norrænar listsýningar yrði tekinn upp sem sérstakur liður á norrænu menningarmálafjárlögunum og einnig að æskilegt væri að fjárstuðningur til íþróttasamstarfsins yrði forgangsverkefni á sviði menningarmála. Nefndin hafði einnig til meðferðar þingmannatillögur um norræna samvinnu um menntun á Montessori-kennurum, um vísindakannanir og spár um framtíðarþróun þjóðfélagsins á Norðurlöndum, og um fjárstuðning við svæðaskrifstofur norrænu félaganna.

Formaður menningarmálanefndarinnar er Eiður Guðnason. Við það að fulltrúum Íslands í Norðurlandaráði fjölgaði fengum við annað sæti í þeirri nefnd. Það sæti skipar nú hv. þm. Stefán Benediktsson.

Umhverfis- og félagsmálanefnd hélt sjö fundi á árinu og var einn þeirra haldinn á Grænlandi. Markmið Grænlandsfundarins var að kynna nefndinni atvinnu-, félags- og heilbrigðismál á Grænlandi.

Auk þess sem Grænlandsfundurinn gaf tilefni til mótuðust störf nefndarinnar af vinnu við ráðstefnu þá sem nefndin hélt í sept. 1983 um vinnumál á Norðurlöndum.

Margar þingmannatillögur voru á dagskrá nefndarinnar auk einnar ráðherranefndartillögu um umhverfi og aðbúnað á vinnustöðum. Þingmannatillögurnar vörðuðu m. a. stofnun norrænnar miðstöðvar fyrir hjartaflutninga, könnun á aðstæðum þeirra sem hlotið hafa heilaskemmdir við umferðarslys, félagslækningar, samstarfsáætlun um lyfjaskráningu og sjónvarps- og hljóðvarpsdagskrár um krabbamein og krabbameinsvarnir.

Nefndin hélt svo fundi með Norrænu ráðherranefndinni og voru á þeim rædd atvinnumál, félagsmál, umhverfismál og mál er varða aðbúnað á vinnustöðum. Fulltrúi Íslands í umhverfis- og félagsmálanefnd á síðasta ári eða eftir kosningar hefur verið hv. þm. Pétur Sigurðsson.

Samgöngumálanefnd hélt fundi á árinu.

Í júní 1982 ákvað nefndin að stofna vinnuhóp til að endurskoða þá starfsáætlun sem nefndin hefur unnið eftir s. l. fimm ár og athuga möguleikana á að beina starfi nefndarinnar í auknum mæli að fjarskiptamálum. Nefndin fjallaði á árinu um skýrslu vinnuhópsins.

Á árinu fjallaði nefndin einnig um skýrslu sem vinnuhópur innan nefndarinnar hafði lagt fram um

tölvutækni og fjarskiptamál. Þessar umræður leiddu m. a. til að allir nefndarmenn lögðu fram þingmannatillögu um að nafni samgöngumálanefndar yrði breytt í samgöngu- og tækninefnd og starfsvettvangi nefndarinnar breytt að sama skapi. Þingmannatillögu þessari vísaði forsætisnefnd til laganefndar.

Á dagskrá nefndarinnar voru þingmannatillögur um samræmingu á samgöngumálastefnu Norðurlanda, um járnbraut undir Eystrasalt og um orkusparnað í samgöngum.

Á hinum árlega fundi nefndarinnar með Norrænu ráðherranefndinni, samgönguráðherrunum, voru fjarskiptamál og tækni- og samgönguhlið tölvutæknisamstarfsins aðalumræðuefnið. Kom þar fram sú ósk nefndarinnar að of lítið hefði verið hugað að þessari hlið tölvutæknisamstarfsins í samstarfsáætlun ráðherranefndar um tölvutæknimál sem send hefði verið til forsætisnefndar. Óskaði nefndin eftir því að í ráðherranefndartillögu þeirri um tölvutæknimál, sem von væri á, yrði farið að þessum tilmælum nefndarinnar.

Efnahagsmálanefnd hélt sex fundi á árinu. Var á þessum fundum m. a. fjallað um fimm þingmannatillögur og fjórar ráðherranefndartillögur. Umræður um efnahagsástandið á Norðurlöndum og í öðrum hlutum heimsins eru fastir liðir á fundum nefndarinnar.

Nefndin hélt fundi með fjármálaráðherrum Norðurlanda, með aðilum vinnumarkaðarins og með fulltrúum frá Efnahagsbandalaginu og Fríverslunarbandalagi Evrópu.

Ráðherranefndartillaga um efnahagsmál og norrænt efnahagssamstarf var lögð fyrir nefndina í des. Nefndin taldi ráðherranefndartillöguna ekki uppfylla þær vonir sem bundnar hefðu verið við tillögu þessa hvað varðaði væntanlegar aðgerðir ríkisstjórnanna og ráðherranefndarinnar á þessu sviði.

Ráðherranefndartillaga um tölvutæknimál var lögð fyrir nefndina. Þar sem ekki kom fram í tillögunni hvernig ráðherranefndin hygðist kosta það starf sem gert var ráð fyrir ákvað nefndin að leggja til við forsætisnefnd að hún yrði endursend ráðherranefndinni með beiðni um nýja tillögu fyrir 32. þing ráðsins. Forsætisnefnd fór að óskum efnahagsnefndar.

Nefndin hafði einnig til meðferðar ráðherranefndartillögu um aukningu á hlutafé Norræna fjárfestingarbankans. Nefndin studdi tillögu þessa."

Herra forseti. Eins og á þeirri skýrslu sést sem ég hef nú vitnað til þá er það býsna fjölbreytt og umfangsmikið starf sem þarna er unnið. Ég tel að samskipti okkar við Norðurlönd séu tvímælalaust mikilvægust af erlendum samskiptum okkar. Norðurlönd hafa þróast þannig að til þeirra er litið sem sælureits menningar og mannréttinda í veröldinni. Við Íslendingar eigum að rækja þessi samskipti sem best. Þetta eru þær þjóðir sem okkur eru skyldastar að tungu og menningu og við eigum heima í þessum hópi og við eigum að halda okkur í þessum hópi. Á þessu ári og því næsta verða þessi samskipti við Norðurlandaþjóðirnar nánari eða nær okkur en ella vegna þess að hæstv. viðskrh., sem einnig er samstarfsráðherra, hefur tekið við forustu í Norrænu ráðherranefndinni og verður formaður þar þar til næsta Norðurlandaráðsþing verður haldið. Íslendingar hafa jafnframt tekið við forustu í hinum fjölmörgu embættismannanefndum á vegum Norðurlandaráðs, þeirra sem við eigum aðild að. Og fullur vilji er til samstillingar meðal ráðherra, samstarfsráðherra og fulltrúa Alþingis í Norðurlandaráði, svo sem hv. þm. Svavar Gestsson taldi að vantaði, hér fyrr í umr.

Næsta þing Norðurlandaráðs verður haldið hér á Íslandi á næsta vetri í byrjun mars. Þá ber okkur að taka við forsetastarfi í Norðurlandaráði. Innan Norðurlandaráðs höfum við kappkostað að rækja vinskap við næstu granna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Þingmannanefnd hefur verið kjörin til þessa og skal starfa ásamt hliðstæðum nefndum frá þingum Grænlands og Færeyja. Störf þessara þingmannanefnda hafa gengið of hægt til þessa, einkum vegna þess að Grænlendingar hafa verið uppteknir vegna eigin mála og skilnaðarins við Efnahagsbandalag Evrópu, en nú standa vonir til þess að starf nefndarinnar fari að bera meiri árangur.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið með því að leggja sérstaka áherslu á það að í hópi Norðurlanda eigum við fyrst og fremst heima, en ekki í hinum engilsaxneska heimi. Ég vil leyfa mér að vitna til skýrslu hæstv. utanrrh. og gera klausu úr henni að mínum lokaorðum:

„Norræn samvinna er svo náin, mikilvæg og árangursrík að gjarna er til hennar vitnað sem fyrirmynd fyrir frjáls og fullvalda ríki sem vilja eða hafa myndað svæðasamtök til að stuðla að friði og vináttu milli nágranna og vinna að sameiginlegum hagsmunum. Norræn samvinna er talandi dæmi þjóðum heims til hvatningar að búa saman í sátt og samlyndi."

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hér liggur fyrir og hann hefur gefið Alþingi, sem er bæði glögg og yfirgripsmikil um þau mál sem heyra undir rn. hans. Jafnframt vil ég þakka meðnm. mínum samstarfið í utanrmn. í vetur.

Mig langar til þess að víkja hér að nokkrum atriðum í skýrslunni, sem sum hafa þegar borið á góma hér í umr. í dag. Það er fjallað um alþjóðamál framarlega í skýrslunni, strax í II. kafla, og þá vikið að afvopnunarmálum sérstaklega. Ég held að það fari ekki á milli mála að afvopnunarmál eru þessi árin mál málanna, þau mál sem við Íslendingar höfum of lítinn gaum gefið á liðnum árum, en ættum að sinna meir en við höfum gert. Það er eins og menn hafi talið að þegar rætt er um afvopnunarmál, þegar rætt er um vígbúnaðarmál, þegar rætt er um kjarnorkuvopn, þá séu það mál sem fyrst og fremst snerta aðrar þjóðir en koma okkur tiltölulega lítið við. Þetta er vitanlega hinn mesti misskilningur og það kemur raunar glöggt fram hér í skýrslunni að slíkt er ekki við hæfi og sæmir okkur ekki sem sjálfstæðri þjóð að leiða svo viðamikla og mikilvæga málaflokka nánast með öllu hjá okkur.

Ég hygg að sú friðarvika, sem haldin var hér bænadagana, hafi vakið menn betur og meir til umhugsunar um þessi atriði en nokkuð annað á liðnum misserum, og að mörgu leyti tókst hún sem til var ætlast. Hún vakti athygli á þessum málaflokki og vakti marga Íslendinga þar til umhugsunar, sem var vissulega mjög tímabært orðið. Ég held að það fari ekki á milli mála og það þarf engan að undra að afstaðan til kjarnorkuvígbúnaðarins er hér efst á blaði og hefur valdið mönnum mestri umhugsun, þ. e. afvopnunin á því sviði, því að það er vitanlega þaðan sem ógnin stafar framar öllu öðru.

Það hafa hér á þingi þegar orðið nokkrar deilur um

afstöðuna og stefnuna í þeim málum þegar afvopnunarmál hafa borið á góma áður á þessu þingi. Fyrir utanríkismálanefnd hafa legið allnokkrar tillögur, að mig minnir fjórar, án þess að nokkur þeirra hafi verið afgreidd þar sem á þessum málum er tekið á mismunandi hátt. Ég held þó, að þær eigi það allar sameiginlegt að hvetja til og miða að alhliða afvopnun á sviði kjarnorkuvopna. Kjarni málsins er að framleiðsla þeirra verði stöðvuð og síðan verði þeim fækkað. Þetta hefur ýmist gengið undir nafninu frysting eða það að samkomulag náist um alhliða og gagnkvæma afvopnun.

Menn hafa notað hér ýmis orð, en ég held að markmiðið og viljinn sé hér raunar hinn sami. Og það er ástæðulaust í þessari umr. að gera frystingu kjarnorkuvopna í sjálfu sér tortryggilega vegna þess að hún er raunar ekki annað en alhliða og gagnkvæm afvopnun, raunverulega fyrsta stig hennar, þ. e. stöðvun á framleiðslu kjarnorkuvopna. En það er rétt, sem segir á bls. 10 í skýrslu utanrrh. til Alþingis, að frysting kjarnorkuvopna er í raun óframkvæmanleg nema með samkomulagi kjarnorkuveldanna sjálfra, þar á meðal um raunhæft eftirlit, og undir þessi orð vil ég taka. Ég held að hér sé raunhæft mat á ferðum í þessu efni, en það þýðir hins vegar ekki að það eigi ekki að vera eitt okkar meginverkefni á sviði utanríkismála, sem skort hefur á liðnum árum, að taka virkan og miklum mun öflugri þátt í því afvopnunarstarfi sem á sér stað á sviði Sameinuðu þjóðanna, á sviði Atlantshafsbandalagsins og ýmsum öðrum sviðum innan alþjóðastofnana og samtaka sem Ísland er aðili að. Það er sannarlega kominn tími til þess að við leggjum þar okkar lóð á vogarskálina og gerumst þar virkir aðilar.

Það eru áratugir síðan Norðurlandaþjóðirnar hófu störf í þessum efnum þó að við höfum leitt þau hjá okkur. Þau störf hafa vakið alþjóðaathygli og má þar m. a. minnast á störf Norðmanna og Svía á vettvangi afvopnunarmála hjá Sameinuðu þjóðunum, þar sem þessar þjóðir hafa um margt verið leiðtogar í þeim efnum. Innan bandalags hinna sameinuðu þjóða starfar afvopnunarnefnd sem er kjörinn vettvangur fyrir smáþjóðir eins og Norðurlandaþjóðirnar til að láta að sér kveða í þessum efnum — til þess að láta rödd sína heyrast og til þess að hafa þar áhrif. Þar hafa hin Norðurlöndin unnið mikið og gagnmerkt starf með aðild að þessari nefnd og ég held að það væri orðið tímabært að Ísland velti því fyrir sér hvort það ætti ekki að hasla sér þar völl einnig, taka þátt þar í þeim störfum vegna þess að það stendur okkur opið. Þetta leiðir raunar hugann að öðru, þegar maður les kafla skýrslunnar um alþjóðastofnanir, þ. e. III. kaflann, um Sameinuðu þjóðirnar fyrst og fremst, að innan Sameinuðu þjóðanna, sem eru þó mikilvægustu alþjóðasamtökin sem Ísland er aðili að, höfum við að mörgu leyti verið hlutlaus áhorfandi fram til þessa, ef undan eru skilin störf okkar og þátttaka í hafréttarmálunum á alþjóðavettvangi og þá innan Sameinuðu þjóðanna. Við höfum að mestu leyti á öðrum vettvangi innan Sameinuðu þjóðanna leitt starfið þar hjá okkur og þá er ég að tala um virkt starf, virka aðild. Fulltrúar okkar þar hafa vitanlega fylgst með og sótt þar almenna fundi og gert það ugglaust með prýði, en að við höfum lagt þar lóð okkar á vogarskálina með virkri aðild í starfi Sameinuðu þjóðanna hefur verið af mjög skornum skammti.

Það má í beinu framhaldi af afvopnunarmálunum og þátttöku okkar í þeim nefna að okkur hefur oft boðist sæti eins og öðrum Norðurlandaþjóðum í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það er valdamesta stofnun Sameinuðu þjóðanna og þar er kjörinn vettvangur til þess að vinna að þessum efnum. Við höfum neitað því að sumu leyti af skiljanlegum ástæðum, en ég held að það sé orðið tímabært að menn endurskoði þá afstöðu í ljósi þeirra sjónarmiða sem ég var að nefna áðan.

Í öðru lagi hygg ég að það sé orðið fyllilega tímabært og megi satt að segja ekki dragast öllu lengur að Íslendingar gerist aðilar og fái fulltrúa í stjórnarnefnd efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna, economic and social council eins og það er nefnt, vegna þess að innan vettvangs þess ráðs fer fram merkasta starf Sameinuðu þjóðanna, ef frá eru skilin störfin að pólitískum málum og afvopnunarmálum. Það má kannske segja að innan efnahags- og félagsmálaráðsins fari fram um 75% af störfum Sameinuðu þjóðanna yfirleitt. Þar starfa sérstakar nefndir að mannréttindum, að málefnum kvenna, að auðlindamálum, að vísindamálum og þar að auki að þrónarmálum. Hér er því um stofnun að ræða, eina meginstofnun Sameinuðu þjóðanna, sem spannar allt það svið sem Íslendingar hafa að mörgu leyti sérstakan áhuga á. Og það er kominn tími til að Íslendingar eignuðust fulltrúa þó ekki væri nema í mannréttindanefnd þessari sem ég nefndi, en þar hafa Íslendingar aldrei átt fulltrúa og aldrei látið að sér kveða af þeim ástæðum.

Við höfum hins vegar átt einu sinni fulltrúa í auðlindanefndinni, en það var kjörinn vettvangur til þess að kynna kröfur okkar á þeim tíma til auðlinda hafsins. Ég vildi beina því til utanrrh. að taka til athugunar hvort ekki væri tímabært að Íslendingar tækju sæti á bekk með þeim þjóðum sem þarna eru í stjórnarnefnd. Og það má bæta því við að það er vitanlega sjálfsagt að sækjast eftir því að Íslendingar eigi fulltrúa í stjórn hinnar nýju Hafsbotnsstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem nú er verið að setja á laggirnar og aðsetur sitt mun hafa á Jamaica, eða þá í hafréttardómstólnum sem sæti mun eiga í Hamborg. Báðar þessar stofnanir munu taka til starfa innan tiltölulega skamms tíma.

Það er ástæðulaust að fjölyrða hér um varnarmálin. Ég er sammála þeim niðurstöðum sem ráðh. hefur lagt hér fram í skýrslu sinni, en það er kannske sérstök ástæða til þess að undirstrika að nú virðist vera í þann veginn að gerast stefnubreyting að því er varðar sérfræðikunnáttu okkar Íslendinga á sviði varnarmála og möguleika okkar á því að fylgjast með því sem er að gerast í þeim efnum. Það er ekki vafi á því að grundvöllurinn að virkri þátttöku okkar Íslendinga í varnarsamstarfi því sem við erum í í Atlantshafsbandalaginu er sá að við öðlumst sjálfir meiri reynslu og þekkingu á varnarmálum sem gerir okkur fært að leggja sjálfstætt mat á þá hernaðarlegu stöðu sem íslenska þjóðin býr við og sambúðin við varnarliðið kallar á. Með þeim hætti verðum við í stakk búin til þess að taka fullan þátt í stefnumörkunum um fyrirkomulag varna landsins og með slíkri þekkingu hljótum við að geta óskað fremur úrbóta, ef við teljum að vörnunum sé að einhverju leyti áfátt, og hafnað hugmyndum og fyrirætlunum á þessu sviði sem við teljum að séu ekki í samræmi við þarfir okkar og stefnu í öryggismálum.

Í þessu efni hefur pottur verið mjög brotinn á

undanförnum árum því að okkur hefur skort sérmenntaða menn á sviði varnarmála sem hafa getað verið íslenskum stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumörkun á þeim vettvangi. Það leiðir af sjálfu sér að það er ekki til frambúðar unnt að una því að hér í landinu sé varnarlið sem taki upp á eigin spýtur ákvarðanir um varnir Íslands án þess að við höfum átt þess kost að eiga þar hlut að máli. Þess vegna er það ánægjuefni að sjá í skýrslunni að ætlunin er að efla varnarmáladeild, bæði með hliðsjón af núverandi umfangi verkefna hennar og ekki síður í þeim tilgangi að á vegum rn. verði ávallt til staðar fullnægjandi sérfræðileg þekking á varnarmálum. Þessu hefur að vísu verið oft lofað áður. Ég minnist fleiri en eins og fleiri en tveggja utanrrh. sem hafa talað í þessa veru um nauðsynina á sérfræðilegri þekkingu, en ég leyfi mér að vona að nú sé þetta mál komið á framkvæmdastig því að hér er sterkt til orða tekið í skýrslunni um þetta efni.

Ég vil aðeins fara örfáum orðum um þann kafla í skýrslunni sem fjallar um hafréttarmálin. Þar er eining á þingi og í utanrmn. og það ber mjög að fagna því. Ég þarf ekki að rekja hér sérstaklega afstöðu manna í utanrmn. til hafsbotns- og landgrunnsmálanna. Þar hefur verið unnin sérfræðileg vinna á síðustu mánuðum og misserum varðandi þau réttindi sem við eigum á Hatton-Rockall-svæðinu. Það er enginn vafi á réttindum okkar á Reykjaneshryggnum. Þau eru alveg ljós skv. hafréttarsáttmálanum og jafnframt hafa sjónarmið okkar verið kynnt af sérfræðingum hjá nágrannaþjóðunum sem í hlut eiga. Á þeim málum hefur að mínu mati verið mjög vel haldið af hálfu utanrrn. og einhugur er um stefnuna. Ég hygg að það sé óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að nota sumarið til þess að undirbúa sjónarmið okkar og kröfugerð varðandi Hatton-Rockall-svæðið þannig að unnt sé að leggja álit fram hér á þingi strax á haustdögum, hvort sem það verður í formi nýrrar þál. eða þá í formi lagabreytingar á lögum nr. 41 frá 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. En mikilsvert er að áfram verði unnið í þessum málum nú í sumar og jafnframt að viðræður við aðrar þjóðir eigi sér þá stað. Það er ljóst að ef ekki tekst samkomulag er hætta á því að landgrunns- og hafsbotnsnefnd hinnar nýju Hafsbotnsstofnunar taki málið í sínar hendur. Hugsanlegt er að hér komi upp kröfur um að þetta svæði verði gert að alþjóðlegu svæði sem sú stofnun eigi þá nýtingarréttinn til. Þar með er búið að koma málinu öllu í greinilega hættu. Þess vegna er nauðsyn tiltölulega hraðra aðgerða í þessu efni. Hins vegar vil ég vara við að rasa hér um ráð fram. Sú ályktun sem Alþingi samþykkti í þessum efnum á síðasta vori er nægileg stefnumörkun í bili, en nýr kapítuli hlýtur að hefjast formlega þegar þing kemur saman í haust.

Ég harma að þáltill. Jóns Sveinssonar varaþm. um hvalveiðimál hefur ekki hlotið meiri undirtektir eða athygli Alþingis en raunin er. Hún hefur ekki komið á dagskrá eftir að fyrir henni var mælt. Ég tel að hér sé um mikið hagsmunamál að ræða, en jafnframt mjög viðkvæmt og erfitt mál. Ég vil vekja athygli á því, án þess að ég ætli að ræða sérstaklega um þá till., að hún leggur til að aðgerðir verði uppi hafðar af okkar hálfu sem eru allt annars eðlis en á síðasta ári var um rætt, það að mótmæla ályktun hvalveiðiráðsins. Það er ekki um það að ræða hér, heldur aðeins verið að biðja um undanþágu. Alveg burtséð frá örlögum þessa þingmáls held ég að það sé alveg sjálfsagt og reyndar bráðnauðsynlegt að á næsta fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins nú í sumar leggi íslenska ríkisstj. fram beiðni um undanþágu til hvalveiða af hálfu Íslendinga eftir að bannið á að taka gildi 1986. Það er fyrst og fremst vegna þess að útflutningstekjur þær sem við höfum af hvalveiðum eru 1.6% af heildinni. Þær veita 200 manns vinnu. Það sem einnig verður að líta til er að sérfræðingar og vísindamenn hafa ekki talið að um ofveiði á stofninum sé að ræða. Ég vil undirstrika nauðsynina á því að slík ósk verði lögð fram af hálfu íslenskra stjórnvalda í því efni.

Það er líka ástæðulaust að fjölyrða um laxveiðimálin. Það er í gildi samningur um laxveiðar á Norður-Atlantshafi. Með þeim samningi og fyrir tilstilli þeirrar stofnunar sem þá var sett á laggirnar er laxveiði bönnuð utan landhelginnar, 12 mílna landhelginnar, nema tveimur þjóðum, Færeyingum og Grænlendingum. Það eru tvímælalaust laxveiðar Færeyinga sem hafa haft mest áhrif á vöxt og viðgang íslensku laxastofnanna og afla í íslenskum ám. Ég held að það sé mjög brýnt að íslenska sendinefndin innan þessarar stofnunar leggi á það mikla áherslu og meiri áherslu en gert hefur verið hingað til að meginhlutverk þeirrar stofnunar á næstu misserum og næstu árum hlýtur að vera að stórlega verði dregið úr laxveiði í sjó, þ. e. utan við 12 mílna landhelgina. Færeyingar veiða þar nú 620 tonn. Það er tvöfalt meiri afli en úr öllum íslenskum ám kemur og það er sannarlega ástæðan til þess að úr því verði dregið. Það ætti að vera hér höfuðverkefnið, nánast eina verkefnið á næstunni. Það ber að fagna því að Íslendingar eru nú loksins að vakna til lífsins í málefnum þróunarlandanna. Þar hafa þeir sofið djúpum svefni um mörg ár, en síðustu tvö árin hefur þar mjög rofað til og tekist hefur að tvöfalda framlag okkar til þróunaraðstoðar frá því sem áður var á síðustu tveimur árum. Það er komið upp í 0.1% af þjóðarframleiðslunni. Þetta er mjög mikill og mjög ánægjulegur áfangi og ríkisstj. mjög til sæmdar og sóma. Ég vildi mega vona að það yrði áframhald á þessari þróun. Þetta eru 65 millj. kr. nú í ár og áþekk tala á síðasta ári. Ég vona að það verði áframhald á þeirri þróun. Ég þarf ekki að fara um það frekari orðum. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson rakti rökin sem að baki liggja í þessu efni í mjög ljósu og glöggu máli hér fyrr í dag. Ég held að við ættum að einsetja okkur að búa til 10 ára áætlun þar sem við ykjum þessa prósentu um 0.1% á ári, þannig að eftir 10 ár hefðum við náð því marki sem Sameinuðu þjóðirnar hafa fyrir alllöngu sett, að 1% af þjóðartekjum rynni til þróunarmála.

Að lokum vil ég víkja að efni sem varðar utanrrn. og utanríkisþjónustuna sjálfa. Eitt aðalmálið á ráðstefnu sem Bandalag háskólamanna hélt nú fyrir þremur vikum, þar sem var rætt um það á hvern hátt menntunin gæti nýst í atvinnulífinu, voru markaðsmálin. Ræðumaður eftir ræðumann benti á að það svið sem einna vanræktast væri í því efni væri markaðsleit og sölumennska fyrir íslenskar afurðir. Nú er það svo, að í reglugerð um Stjórnarráð Íslands er ekki minnst á það einu orði að meðal verkefna utanrrn. sé markaðsleit eða starf að þeim málum, en hins vegar er minnst á það í lögum utanríkisþjónustu Íslands sem eitt af verkefnunum. Ég held að það fari ekki á milli mála að störf að þessum efnum af hálfu rn. þarf að stórauka á næstu

árum og ég þykist vita að á því er skilningur. En það þarf vitanlega einnig framkvæmdir á þessu sviði. Það eru skiptar skoðanir á því og við heyrðum hv. þm. Svavar Gestsson lýsa því yfir hér fyrr í dag að það ætti ekki að fella utanríkisviðskiptamálin alfarið undir utanrrn. og leggja viðskrn. niður. Ég held að út af fyrir sig sé það rétt að ekki eigi að leggja viðskrn. niður. Það getur starfað áfram, en utanríkisþjónustan þarf að hefja miklu virkari störf að viðskipta- og markaðsmálum en verið hefur. Það gerist ekki nema með fjölgun viðskiptafulltrúa sem á vegum hennar starfa. Við eigum e. t. v. að opna fleiri sendiráð á næstunni. Það er brýn þörf á því að skipaðir verði viðskiptafulltrúar í viðskiptalöndum okkar þar sem engir nú starfa. Ég nefni aðeins tvö lönd, Japan og Nígeríu, sem dæmi um það, þar sem við eigum mikilla hagsmuna að gæta. Þá væri ekki lagt í þann kostnað sem er því samfara að reka sendiráð, en þarna væri um sérmenntaða menn, sérhæfða menn að ræða sem gætu gert mikið gagn og margfaldlega borgað launin sín. Ég tel að slíkir menn ættu að starfa á vegum utanrrn. og utanríkisverslunin og markaðsleitin eigi fyrst og fremst að vera á þess vegum vegna þess að fyrir utan viðskiptafulltrúakerfið, sem ég tel mesta nauðsyn á að byggja upp, höfum við 12 sendiráð víðs vegar um heim sem gætu sinnt þessum málum í miklu meira mæli.

Herra forseti. Ég hef hér vikið að örfáum atriðum í skýrslu utanrrh. sem ég taldi rétt að leggja áherslu á og undirstrika.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil eins og fleiri ræðumenn hér á undan þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hér er nú komin til umr. þó að seint sé. Það er betra seint en aldrei að Alþingi taki sér tíma í það að ræða utanríkismálin og sakar þá ekki að hafa fróma skýrslu frá ráðh. þeirra mála hér til að styðjast við.

Ég hefði nú viljað þakka hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur fyrir ágæta og athyglisverða ræðu. Mér fannst hún stinga ánægjulega í stúf við viðhorf sumra annarra hv. þm. og hæstv. ráðh. í þessum efnum og kveða þar við nýjan og ánægjulegri tón en maður heyrir oft í umr. um þessi mál. Að mínu mati þarf slík afstaða að heyrast oftar og fá meiru að ráða en þær stefnur sem helst hafa verið uppi meðal ráðamanna þessarar þjóðar og annarra hér á vesturlöndum í þessum efnum.

En áður en ég vík nánar að sjálfri skýrslunni vil ég spyrja hæstv. utanrrh. að gefnu tilefni nokkurra spurninga.

Sú fyrsta varðar till. til þál. sem ég og fleiri þm. fluttum á þessu þingi um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og komin mun vera til hv. utanrmn. Ef ég man rétt tjáði hæstv. utanrrh. sig ekki um efnisinnihald þeirrar till. þegar hún var hér til umr. og ef ég fer rétt með er ekki heldur vikið einu einasta orði að henni hér í þessari skýrslu hæstv. utanrrh. þó svo að þar sé alllangur kafli um norræna samvinnu. Verð ég að segja að það kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir með tilliti til þess að það er yfirlýst ríkisstjórnarstefna á tveimur hinna Norðurlandanna að stefna að slíku kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Ríkisstjórnir Finnlands og Svíþjóðar hafa það á sinni stefnuskrá og hafa haft um hríð. Það liggur auk þess fyrir að stærstu stjórnmálaflokkar Noregs og Danmerkur hafa það einnig á stefnuskrá. Ég vil því inna hæstv. utanrrh. eftir afstöðu hans til þess máls og harma það í raun að hann skuli ekki fjalla um það hér, annaðhvort í tengslum við afvopnunar- og friðarmál almennt eða þá í tengslum við norræna samvinnu þar sem það á kannske betur heima.

Í öðru lagi þætti mér fróðlegt að fá nánari skýringar á ákveðnum atriðum í III. kafla þessarar skýrslu sem varða alþjóðastofnanir. Þá á ég fyrst og fremst við Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Á bls. 15, trúi ég, er kafli um þá merku stofnun og þar kemur það fram að Bandaríkjastjórn hefur ákveðið að segja Bandaríkin úr samtökunum frá og með næstu áramótum. Það má öllum ljóst vera að þar er á ferðinni mjög alvarlegur atburður ef það gengur eftir. Það er alvarlegur atburður í fjárhagslegu tilliti því að Bandaríkin hafa sem ríkasta þjóð heimsins auðvitað staðið að talsverðum hluta undir rekstri þeirrar stofnunar, en það er einnig og kannske einkum og sér í lagi alvarlegur atburður í stjórnmálalegu tilliti séð og með tilliti til alþjóðlegs samstarfs og slökunar. Þær ásakanir, sem þessi stofnun verður fyrir af hálfu Bandaríkjamanna, eru mjög alvarlegs eðlis. Það er nokkuð fróðlegt að sjá samviskusamlega talin upp í þessari skýrslu öll þau rök og allt það sem Bandaríkjastjórn hefur sakað þessa stofnun um. Hins vegar finn ég ekki í þessum kafla, sem er þó rúmlega hálf bls. á lengd, neinar varnir fyrir þessa stofnun eða þær þjóðir sem tekið hafa upp hanskann fyrir hana, sem eru þó vissulega margar. Deilan hefur snúist um það af hálfu Bandaríkjamanna að þessi stofnun hafi verið óeðlilega andsnúin þeim í sínum málflutningi undanfarið og blandi pólitískum markmiðum inn í starf sitt o. s. frv. Auk þess eru ásakanir rekstrarlegs eðlis og skipta kannske minna máli í sjálfu sér. Þessi stofnun hefur af mörgum þriðja heims ríkjum verið talin hvað framfarasinnuðust af stofnunum Sameinuðu þjóðanna og einna líklegust til að hafa áhrif í þessum efnum vegna einarðs málflutnings og gagnrýni sem hún hefur á köflum haldið uppi á framferði Vesturlanda t. d. í þriðja heiminum og slælega þátttöku þeirra á ýmsum sviðum til þess að bæta samskipti norðurs og suðurs. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. um afstöðu hans til þessarar ákvörðunar Bandaríkjastjórnar og hvort hann eða þá hæstv. ríkisstj. treysti sér til að taka undir með þeim þjóðum sem hafa skorað á Bandaríkin að breyta þessari ákvörðun sinni án tillits til annarra efnisatriða málsins. Ég vil spyrja hann um það.

Þá væri einnig fróðlegt að spyrja hæstv. utanrrh. um afstöðu hans til þeirrar ákvörðunar Bandaríkjastjórnar að viðurkenna ekki lögsögu Alþjóðadómstólsins í Haag í málefnum Mið-Ameríku næstu tvö árin. Þar tel ég sömuleiðis að sé um mjög alvarlegt mál að ræða. Ég vildi spyrja hæstv. utanrrh. hvort vænta megi mótmæla af Íslands hálfu við þeirri ákvörðun.

Ég mun þá, herra forseti, víkja nokkru nánar að einstökum atriðum í þessari skýrslu og vil byrja á að lýsa þeirri skoðun minni að það sé nokkuð sérkennileg heimsmynd sem komi fram í þessari skýrslu í afstöðu hæstv. utanrrh. Þar er nokkuð sérkennilegur kafli til að mynda um ástand mála í Mið-Ameríku. Það er athyglisvert að lesa skoðanir hæstv. utanrrh. eða umfjöllun um þau mál. Einnig viðhafði hæstv. utanrrh. hér í framsöguræðu sinni nokkuð athyglisverð ummæli um friðarhreyfingar svonefndar. Það hefur hæstv. utanrrh. reyndar áður gert á öðrum vettvangi. Ég vil, með leyfi

herra forseta, vitna í ræðu sem hæstv. utanrrh. flutti á vettvangi samtakanna Lífs og lands 22. okt. s. l. Þar sagði hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Friðarhreyfingar, eins og þær sem nú um skeið hafa látið að sér kveða, geta verið gagnlegar ef þær ná að hafa áhrif á yfirgangsöflin, hina herskáu. En í löndum þeirra eru því miður hömlur lagðar á starfsemi hreyfinganna. Þær geta að sama skapi verið hættulegar ef þær næðu að hafa áhrif á að friðsamir menn glötuðu árvekni sinni og gerðust ófúsir að leggja af mörkum það sem nauðsynlegt er til viðhalds friði. Öllum má vera ljóst hvað mundi gerast ef einungis hinir friðsömu afvopnuðust, en hinir herskáu réðu einir yfir vopnum. Þær viðræður, sem nú eiga sér stað í því skyni að reyna að draga úr hernaði, njóta eindregið stuðnings ríkisstjórnar Íslands. Öll kjósum við að þær beri árangur", sagði hæstv. utanrrh. í þessari ræðu á vettvangi Lífs og lands 22. okt. s. l.

Þessi ummæli, sem ég hef hér vitnað til, eru mjög í sama dúr og hæstv. utanrrh. viðhafði áðan um það hversu alvarlegar afleiðingar gætu nú orðið af brölti þessara friðahreyfinga ef hinir friðsömu, eins og hann orðar það, létu þær hafa um of áhrif á sig. Mér finnst þessi afstaða koma víðar fram, þó með óbeinum hætti sé, í skýrslu hæstv. utanrrh. Þessi sérkennilega heimsmynd, þar sem einungis annar aðilinn í deilunni er sekur, einungis annar er vondur, einungis vopn annars aðilans eru vond og hættuleg, er meira en ég fæ skilið að sé hægt að halda fram og bera á borð fyrir hv. þm. eða almenning úti í þjóðfélaginu. Þetta stríðir gegn því sem ég vil kalla heilbrigða skynsemi, að bera það á borð fyrir menn að hér sé einungis við annan aðilann í þessu vitfirrta kapphlaupi að sakast og einungis annar þeirra beri sök.

Umfjöllun hæstv. utanrrh. um slökunina svonefndu og þá erfiðleika sem verið hefur við að glíma í samskiptum stórveldanna síðustu ár er sömuleiðis af þessum toga. Þar er tíundað allt hið illa í framferði Sovétríkjanna, sem komið hafi slökuninni í koll, en hinu er aldeilis alveg sleppt, hvaða áhrif ýmislegt í ákvörðunum og framferði Vesturlanda og þá einkum og sér í lagi Bandaríkjanna hefur haft á þessa hina sömu svokölluðu slökun. T. d. er ekkert lagt út af þeirri ákvörðun Bandaríkjastjórnar á sínum tíma að staðfesta ekki Salt II samkomulagið. Það var minnst á það hér, en það er sett fram eins og það hafi engu máli skipt. Afstöðu Reagan-stjórnarinnar og þeirrar hörðu stefnu gagnvart Sovétríkjunum sem þar var upp tekin, sem tvímælalaust hefur haft veruleg áhrif á versnandi sambúð stórveldanna, er ekki heldur getið hér. Ein af grundvallarákvörðunum þar var, eins og ég hef áður sagt, sú ákvörðun Reagan-stjórnarinnar að samþykkja ekki Salt II samkomulagið um takmörkun við framleiðslu langdrægra kjarnorkueldflauga og ýmislegt í vígbúnaðarþróun Bandaríkjanna síðan eru beinar og óbeinar afleiðingar af þeirri ákvörðun og af þeirri stefnubreytingu sem varð í Bandaríkjunum þegar ríkisstjórn Ronalds Reagans tók þar við völdum. Með þessu er ég ekki að gera lítið úr þeim alvarlegu atburðum og því vítaverða framferði sem Sovétríkin hafa framið á undanförnum árum, og á ég þar við innrásina í Afganistan og ýmiss konar pólitíska íhlutun víða í heiminum. Vissulega hefur það líka lagt sitt lóð á vogarskálarnar. En ég er þeirrar skoðunar að þarna beri báðir aðilar nokkra sök og það sé furðuleg blinda af hæstv. utanrrh. þjóðarinnar að setja hlutina svona einfeldningslega fram eins og hér sé einungis við annan að sakast.

Í þessari skýrslu kemur það m. a. fram að það er nú talið að um 800 milljörðum dollara hafi verið varið á s. l. ári til vígbúnaðar og síðan segir, með leyfi forseta:

„Því miður eiga fátækustu þjóðirnar þar einnig sinn hlut að og sumar sívaxandi."

Og mikið rétt. Undir það skal tekið að margar af fátækustu þjóðum heimsins eyða allt of miklu af sínum takmörkuðu auðlindum til vígbúnaðar. En síðan slá menn sér hér á brjóst og tala um annað stóra hernaðarbandalagið NATO sem friðarhreyfingu og stæra sig af þeim árangri Vesturlanda að hafa haldið ófriði frá evrópskri og ameríkskri grund núna í hartnær 40 ár. Og má það til sanns vegar færa. En er ekki sök þessara sömu þjóða ærin? Það segir nefnilega í þessari sömu skýrslu hér að það hefur síður en svo verið friðvænlegt í heiminum þrátt fyrir þetta stóra hernaðarbandalag, og einhvers staðar hafa nú vopnin komið frá sem notuð hafa verið í 105 meiri háttar vopnuðum átökum. Það hefur verið háð stríð í 66 löndum og í þeim átökum hafa ekki færri en 16 millj. manna látið lífið. Ég verð að segja að sá málflutningur, sem gjarnan er gripið til af stuðningsmönnum vígvæðingarinnar hér á vesturlöndum, að vegna hennar hafi okkur tekist að koma í veg fyrir stríð á Vesturlöndum í þetta langan tíma, finnst mér ærið holur málflutningur með tilliti til þess að barist hefur verið með evrópskum og amerískum vopnum í 66 þjóðlöndum í 105 vopnuðum átökum og í þeim átökum hafa 16 millj. manna látið lífið. Það er tilgangslaust að neita þeirri miklu ábyrgð sem vopnaútflytjendur og stórveldin bera í þeim átökum sem hér eru gerð að umtalsefni.

Ummæli hæstv. utanrrh. um svonefnda frystingu og sú umfjöllun, sem hún fær í þessari skýrslu, vekja einnig vonbrigði. Þar segir á bls. 10, með leyfi forseta:

„Frysting kjarnorkuvopna er í raun óframkvæmanleg nema með samkomulagi kjarnokuveldanna sjálfra, þar á meðal um raunhæft eftirlit."

Það er látið duga þrátt fyrir þá staðreynd að flestöll voldugustu hlutlausu ríki heimsins binda einna mestar vonir við þessa aðferð af öllum sem nú eru ræddar manna á meðal í sambandi við vígbúnaðarmálin. Og ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji að heilum þjóðum, eins og Svíum og Mexíkönum og öðrum slíkum, sem flutt hafa um þetta tillögur á undanförnum árum, skjátlist, að þetta sé árangurslaus leið, að það sé ekkert hægt að gera í þessum efnum nema frumkvæðið komi frá stórveldunum sjálfum. Ég held nefnilega að við séum hér komnir að þeim kjarna allrar umræðu um afvopnun og slökun að það þurfi að koma til nýtt frumkvæði í þeim efnum. Sú heimsmynd sem við höfum haft fyrir augunum s. l. ár og áratugi sannar okkur að árangurs er naumast að vænta ef stórveldin sjálf, ef vígveldin sjálf eiga að ráða þar ferðinni. Þessarar skoðunar eru einmitt þær þjóðir sem flytja tillögur um frystingu og aðrar slíkar og hafa gert á undanförnum árum. Þessarar skoðunar eru einnig þeir þm. t. d. í Bandaríkjunum sem sett hafa fram kenningu um frystingu þar. Ég minni hér á, eins og reyndar hefur verið gert þegar í þessum umr., umfjöllun öldungadeildarþm. Marks Hatfields og Edwards Kennedys um það mál og þær tillögur sem þeir hafa haft uppi. Ég vil

þá halda áfram að ræða það sem er mín bjargföst sannfæring, að frumkvæði annars staðar frá en þess hefur verið leitað undanfarið sé nauðsynlegt og raunar einasta vonin til að breyting verði á, sem mark er á takandi, í þessum efnum. Það hefur verið rætt hér um þá ráðstefnu sem Evrópuríki héldu í Lissabon í Portúgal fyrir skemmstu og merkilegt nokk, reyndar fyrir frumkvæði Ólafs Ragnars Grímssonar, eins og hér hefur þegar komið fram, og tel ég að það ætti nú að verða okkur Íslendingum dæmi um að við getum ýmislegt. Það er hægt að hafa áhrif þó að við séum fáir og smáir, eins og oft er nú sagt í þessu sambandi. Ég lít svo á að einmitt þessi ráðstefna, sú staðreynd að hún var haldin, sú niðurstaða sem þar varð, sé ákall um sjálfstætt frumkvæði annarra en leitt hafa ferðina hingað til. Það var einmitt ein af niðurstöðum þessarar ráðstefnu að það væri þörf fyrir það að fleiri tækju virkan þátt í þessari umræðu og tækju þar frumkvæði en hingað til hefur verið. Það er kallað á það af milljónum manna víða í heiminum að eitthvað verði gert til að stöðva það vitfirrta vígvæðingarkapphlaup sem nú er háð, og þess frumkvæðis sem til þess þarf er naumast að vænta frá þeim stórveldum sem sjálf eru á kafi í kapphlaupinu. Þetta ætti mönnum að vera auðskilið.

Ég held að við höfum allt of lengi látið leiða okkur. Þá á ég við okkur Íslendinga og reyndar ýmsar nálægar skyldar þjóðir. Við höfum allt of lengi látið leiða okkur í þessum efnum, mata okkur og hugsa fyrir okkur án þess að hafa kjark né þor til að taka sjálfstæða afstöðu í þessum efnum.

Ég ætla þá að víkja, herra forseti, að þeim kafla í þessari skýrslu sem fjallar um varnar- og öryggismál. Þar eru í upphafi ákaflega sérkennilegar málsgreinar sem fjalla um legu Íslands. Það er eiginlega kafli þar um landafræði og hún er nokkuð svo athyglisverð. Ég held að ég komist ekki hjá því að vitna beint í orðalag upp úr þessum kafla. Þar segir t. d., með leyfi forseta:

„Ekki verður horft fram hjá þeirri staðreynd að lega Íslands í Norður-Atlantshafi er afar mikilvæg frá herfræðilegu sjónarmiði.“ Og svo kemur: „Í þeim efnum skiptir ekki máli hvort hér er varnarlið eða ekki.“ Hér er sem sagt fullyrt að það skipti alls engu máli hvort hér er varnarlið eða ekki. Og áfram er sagt, og þá kemur sá stóri sannleikur, að tilvist varnarliðsins breyti ekki legu landsins, — og þetta er mjög mergjuð setning: „Tilvist varnarliðsins breytir ekki legu landsins eða eðli hugsanlegra styrjaldarátaka sem fram fara í grennd þess.“

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að hér sé á ferðinni óraunhæf og beinlínis röng fullyrðing. Og enn er reyndar sagt: „Við Íslendingar breytum ekki legu landsins.“ Og það er sagt: „Bandalag okkar ógnar engum“ o. s. frv.

Síðan kemur undirkafli sem nefnist varnar- og eftirlitsstöð. Þar er sagt á einum stað, með leyfi forseta:

„Hér á landi er enginn sá vopnabúnaður til árásar, sem neinni þjóð gæti stafað hætta af. Varnir Íslands geta því ekki talist ögrun við neina þjóð, enda hefur eðli stöðvarinnar sem varnarstöðvar ekki breyst í tímanna rás.“ — Ég endurtek, herra forseti: „enda hefur eðli stöðvarinnar sem varnarstöðvar ekki breyst í tímanna rás.“

Því er m. ö. o. haldið hér fram að eðli herstöðvarinnar í Keflavík hafi ekkert breyst síðan 1951 þegar herinn kom hér og setti upp þessa stöð.

Hér er sömuleiðis að mínu mati á ferðinni alröng og beinlínis hættuleg fullyrðing því enn er verið að reyna að slá því ryki í augu almennings að hér sé ekkert á ferðinni nema eitthvert saklaust box. Ég hef tekið mér þau orð í munn í þessum háa ræðustól að stundum fjalli hæstv. utanrrh. um þessi svokölluðu varnarmannvirki eins og væru þau helgimyndir í kirkju, svo hátíðlegt er orðalagið þegar um þau er talað. En ég neyðist til að fara hér ofurlítið yfir það vegna þessarar fullyrðingar, hvernig þróunin hefur verið í uppbyggingu herstöðvarinnar í Keflavík.

Þá er auðvitað fyrst til að taka, þegar stöðin er byggð upp á árunum 1949—1960, að út af fyrir sig gæti ég tekið undir að á þeim tíma var herstöðin fyrst og fremst eftirlitsstöð. Um 1960 verður þarna á mikil breyting. Þá tekur flotinn við rekstri stöðvarinnar og hún breytir þá verulega um eðli og koma inn í það ýmsar áætlanir Bandaríkjamanna í vígbúnaði, svo sem eins og Polaris-áætlunin, kjarnorkukafbátaáætlunin, þá koma miðunarstöðvarnar, Loran-C stöðvarnar, sem á þeim tíma og lengst af voru eingöngu hernaðarleg mannvirki, eingöngu hernaðarlegs eðlis og tengdust kjarnorkukafbátum og Polaris-áætlun. Það er að vísu svo nú orðið, að afnot þessara stöðva eru fyrst og fremst af hálfu borgaralegra aðila, þ. e. ekki hernaðarlegs eðlis, vegna þess að önnur og háþróaðri tækni hefur tekið þar yfir, en á sínum tíma var eingöngu um hernaðarleg mannvirki að ræða.

Á þessu tímabili koma einnig nýjar tegundir flugvéla til herstöðvarinnar, svonefndar Delta-flugvélar, sem gátu borið litlar flaugar og einhvern tíma á þessu tímabili, þessu öðru tímabili herstöðvarinnar, kemur SOSUS-hlustunarkerfið hér á landi. Allt þetta breytti verulega eðli þeirrar uppbyggingar sem verið hafði hér á Íslandi og breytti þessari herstöð og þeim herstöðvum, sem hér á Íslandi voru á þessum tíma, fleiri en einni, úr því sem hefði mátt fram undir 1960 kalla eftirlitsstöðvar yfir í allt annan hlut og hernaðarlega séð miklu alvarlegra eðlis.

Síðan má segja að þriðja skeiðið hafi hafist nú og sé að ganga í garð nú með ýmsu móti og þá verður að mínu mati langalvarlegasta breytingin á hernaðarlegri stöðu mannvirkjanna hér á Íslandi. Upphaf þess má að nokkru leyti rekja aftur til ársins 1976 hvað varðar ákvarðanir Bandaríkjamanna, en ég vil segja að það birtist okkur hér á Íslandi fyrst og fremst með komu AWAC-ratsjárflugvélanna hingað fyrir nokkrum árum.

Í dag eru að hefjast ýmsar hernaðarframkvæmdir sem greinilega boða gerbreytt hlutverk og gerbreytta þýðingu vígvæðingar Bandaríkjamanna hér á Íslandi á ýmsa vegu. Það má nefna í því sambandi þær miklu framkvæmdir sem nú eru að fara af stað í Helguvík, þær miklu eldsneytisbirgðir sem þar á að geyma langt umfram þarfir þess búnaðar og þess varnarliðs sem nú er í Keflavík, langt umfram þær þarfir svo nemur margföldum birgðum, þannig að það er ljóst að þær eldsneytisbirgðir sem þar á að hafa á hverjum tíma eiga að þjóna einhverju öðru en þeim tækjabúnaði sem nú er í Keflavík. Það er alveg ljóst. Í því sambandi bendir flest til þess, og upplýsingar hafa reyndar komið fram um það, að þar sé hið svonefnda stoðhlutverk stöðvarinnar á ferðinni sem einhvers konar stoð eða til styrktar flugflota og herflota Bandaríkjamanna hér á öllu Norður-Atlantshafinu. Og það er merkilegt ef það er

tilviljun ein að einmitt á sama tíma og framkvæmdirnar í Helguvík fara í gang er að hefjast æfingaflug og áætlun bandarísku sprengjuþotnanna B-52, sem síðar verða leystar af hólmi með BIB-sprengjuflugvélunum, sem taka eiga yfir hlutverk þeirra í framtíðinni, en þessar miklu þotur geta hver og ein borið meðaldrægar eldflaugar með kjarnorkusprengjum í. Það er ljóst að vera þeirra hér í lofti yfir Norðaustur-Atlantshafinu kostar mikið, ef gera á þær út frá meginlandi Norður-Ameríku, og tilvist eldsneytisbirgða hér er af mörgum, sem til hernaðarfræðinnar þekkja, sett í beint samhengi við þessa áætlun.

Þá vil ég nefna komu nýrra orrustuþota hingað til Keflavíkur, sem boðuð hefur verið. Hingað eiga að koma F-15 sprengjuþotur og leysa af hólmi aðra og eldri gerð flugvéla. Þessar þotur geta sömuleiðis borið meðaldrægar — eða kannske fremur skammdrægar eldflaugar.

Þá má nefna móttökustöð fyrir gervihnetti. Það má nefna þær áætlanir um neðanjarðarstjórnstöð sem staðist getur fullkomið stríð, eins og það er orðað svo skemmtilega, fullkomið stríð í sjö daga.

Ég gæti talið ýmislegt fleira, herra forseti, sem allt styður það, allt rennir stoðum undir að hér sé á ferðinni mjög alvarleg eðlisbreyting í annað sinn, mjög alvarleg eðlisbreyting á herstöðvum Bandaríkjamanna hér á Íslandi og þá í annað sinn. Og ég held að það sé blindur maður, herra forseti, sem getur lokað augunum, neitað því að koma allra þessara tækja og þessa mikla nýtísku tæknibúnaðar breyti engu um eðli stöðvarinnar hér.

Ég minni á að það þóttu stór tíðindi á sínum tíma í tækniritum og blöðum erlendis þegar AWACs-ratsjárvélar voru í fyrsta sinn staðsettar annars staðar en í Bandaríkjunum sjálfum. Það þóttu stór tíðindi. Og hvar var þessi staðsetning? Jú, hún var hér á Íslandi og það var þeim sem til þekkja mjög afgerandi vísbending um hversu mikilvæga Bandaríkjamenn teldu þessa stöð vera og hversu þýðingarmiklu hlutverki hún ætti að þjóna. Og nú þegar milljónir manna beggja vegna Atlantshafs hafa sameinast í kröfunni um að þessi þróun eða þessi afturför, sem sífellt vaxandi vígvæðing stórveldanna er, verði stöðvuð, einmitt nú, þá velur hæstv. utanrrh. sér tímann til að boða, gott ef ekki beinlínis biðja um, ný hernaðarmannvirki á Íslandi, beinlínis lýsa því yfir að við þurfum á nýjum hernaðarmannvirkjum á Íslandi að halda eins og það sé okkur einhver lífsnauðsyn. Ég á hér við þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið bæði hér á Alþingi og í ræðum á fundum Sjálfstfl. um að það sé nauðsynlegt að byggja upp radarstöðvar í tveimur fjórðungum landsins. Einnig er í þessari skýrslu boðað að til greina komi að reisa til viðbótar þessum nýju sprengjuheldu flugskýlum, sem komið hefur fram að Bandaríkjamenn ætla að reisa á Keflavíkurflugvelli, fjögur til viðbótar, þannig að þau verði þá alls 13.

Ég verð að segja eins og er að það er ákaflega sérkennileg staða ef það á að verða framlag okkar Íslendinga til slökunar, til batnandi sambúðar stórveldanna, til afvopnunar, að gangast fyrir því að byggja upp ný hernaðarmannvirki á Íslandi. Ég fæ ekki komið því saman að það geti með nokkru móti verið jákvætt framlag okkar til þessara mála að gangast fyrir því hér uppi á Íslandi á sama tíma að ný hernaðarmannvirki rísi hér upp. Því kem ég ekki heim og saman.

Í Morgunblaðinu birtist fyrr í vetur viðtal við MacDonald nokkurn, sem mun vera aðmíráll að tign og er sennilega ekki sá sami MacDonald og hamborgarana framleiðir. Þó getur það vel verið. Þessi aðmíráll rekur það, að að sínu mati sé það sem hann nefnir „efling loftvarna á Íslandi" algjört forgangsverkefni á næstu árum og svo er það sömuleiðis haft eftir þessum merka aðmírál að verið sé að þróa herstöðina í Keflavík yfir í að verða sérstök stuðningsdeild fyrir herdeildir úr bandarískra flotanum og þar er komið að þessu stuðningshlutverki herstöðvarinnar hér sem ég vék áður að í sambandi við uppbygginguna í Helguvík. Ef það er ekki eðlisbreyting á hlutverki stöðvarinnar hér, sem allt fram að þessu hefur, a. m. k. í máli þeirra manna sem setið hafa á utanríkisráðherrastól á Íslandi, verið eingöngu til eftirlits fyrir Ísland um loftvarnir Íslands, ef það er ekki eðlisbreyting að verða að sérstakri stuðningsstöð fyrir flota Bandaríkjamanna á Norður-Atlantshafi, hvað er þá eðlisbreyting? Ég hefði gjarnan viljað fá álit hæstv. utanrrh. á þessum ummælum aðmírálsins um hið sérstaka stuðningshlutverk herstöðvarinnar í Keflavík við bandarískra flotann.

Hv. þm. taka sér oft í munn í umræðum um utanríkismál hið svonefnda jafnvægi sem nauðsynlegt sé að ríki milli stórveldanna til þess að ófriður bresti nú ekki á. Til er fyrirbrigði í Bandaríkjunum sem nefnt er JCS og mun standa fyrir Joint Chiefs og Staff og er einhver stuðningsstofnun sem gefur skýrslur til bandarískra þingsins um varnarmátt og um nauðsyn á fjárframlögum o. s. frv. Upplýsingar frá JCS eru mikið notaðar þegar fulltrúar bandarískra hersins eru að rökstyðja fjárþörf sína fyrir bandarískra þinginu. Þeir gáfu þinginu eina slíka skýrslu núna nýverið og frá því er skýrt í blaðinu US News and World Report frá því í febrúar 1984 og þar er haft eftir JCS að á 15 sviðum vígbúnaðar eða hvað varðar 15 vopnakerfi, weapon systems, hafi Bandaríkin ótvíræða forustu í 15 af 28 kerfum, í 9 kerfum sé jafntefli, en í 4 hafi Sovétmenn yfirburði. Þar er á ferðinni hernaður gegn gervihnöttum, sem nefnist á enskri tungu antisatellite weaponry. Í þeim hópi er einnig efnahernaður. Þar hafa Sovétmenn sem sagt, í fjórum tilfellum og þar á meðal í þessum tveimur, yfirburði, í 15 af 28 hafa Bandaríkjamenn yfirburði og í 9 er staðan jöfn.

Nú er það svo, að ég gef ekki mikið fyrir þessar fræðilegu vangaveltur um jafnvægi eða ekki jafnvægi. Staðreyndin er sú auðvitað, sem við öllum blasir, að árásargeta hvors stórveldis fyrir sig er margfalt það sem þarf til að granda hinu eða valda því svo verulegu tjóni að hvorugur aðilinn hafi neitt nema tjón upp úr átökum. Hins vegar eru uppi í Bandaríkjunum hugmyndir um að breyta þessu ástandi. Það hefur komið fram m. a. í umræðum og yfirlýsingum sem ákveðnir aðilar í Bandaríkjunum hafa misst út úr sér um hugmyndir um takmörkuð kjarnorkustríð og einnig í umræðum um svonefnt first strike eða fyrsta högg, sem er ákveðið hugtak í þessum herfræðum og miðar að því að gera þetta fyrsta högg svo öflugt og svo snöggt að óvinurinn lamist og nái ekki að svara fyrir sig. Þessar hugmyndir eru uppi a. m. k. í Bandaríkjunum og þá er ólíklegt að Sovétmenn séu ekki einnig að reyna að koma sér upp þessum möguleika. Langalvarlegasta ógnunin við heimsfriðinn í dag er vegna þessara hugmynda og mjög mörg Evrópuríki eru nú ákaflega

uggandi um stöðu sína því það er ljóst að átakasvæðið í slíkum átökum, hvort sem það yrði nú takmarkað kjarnorkustríð á einhverjum takmörkuðum hluta norðurhvels jarðar eða fyrsta höggs árás, yrði einmitt af miklum þunga hér í Evrópu og á Norður-Atlantshafi.

Liður í þessum hugmyndum er að margra mati sú endurnýjun herstöðvanna á Íslandi, í Grænlandi og í Færeyjum sem við nú stöndum frammi fyrir og boðuð er í hverri ræðunni á fætur annarri. Það er þetta sem ég held að menn verði að gera sér grein fyrir að er hér á ferðinni. Hér er ekki um að ræða einhverja endurnýjun á úreltum tæknibúnaði. Hér er um að ræða gerbreytt eðli og gerbreytt hlutverk herstöðvanna hér á Íslandi.

Herra forseti. Í þessari skýrslu er einnig fjallað nokkuð um þróunaraðstoð og ég ætla að bæta nokkrum orðum þar við þá umræðu sem þegar hefur farið þar fram. Ég hef þegar minnst í ræðu minni á þá ráðstefnu sem haldin var í Lissabon í Portúgal nú í apríl sem leið og var fyrir forgöngu Ólafs Ragnars Grímssonar fyrrv. alþm. og núv. varaþm. Ég sagði áðan að ég held að við Íslendingar ættum að taka þann árangur, það frumkvæði og það jákvæða framtak sem þar var sýnt af hálfu eins samlanda okkar okkur að fordæmi og láta okkur það að kenningu verða því að það er ekki nauðsyn fyrir okkur þó fáir séum og smáir, eins og alltaf er sagt, að sitja aðgerðalausir. Við höfum okkar stöðu sem frjáls og fullvalda þjóð og aðili að alþjóðasamtökum og framlag okkar til þessara mála, til þróunaraðstoðar, til afvopnunar og annarra slíkra hluta getur verið meira en bara peningaframlög, eins og það hefur verið undanfarið og það meira að segja skammarlega lág, því það er líka hægt að leggja þessum málum lið með því að hafa áhrif á þá stefnu sem uppi er í þessum efnum með því að taka afstöðu og með því að gangast til að mynda fyrir slíkri ráðstefnu, sem þarna var á ferðinni, og fylgja síðan eftir þeim niðurstöðum sem af slíku verða.

Það hefur áður verið minnst á dapurleg örlög þeirrar tillögu sem við þm. Alþb. fluttum hér í umr. um fjárlög um framlag okkar Íslendinga til þróunaraðstoðar. Í raun er það svo að beinar peningagreiðslur okkar á þessu ári til þróunaraðstoðar eru ákaflega lágar eða innan við 20 millj. Þó í fskj. 3 með skýrslu utanrrh. séu færðar 37 millj. 873 þús. á nafn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, þá er stór hluti af þeirri aðstoð bundinn í skipinu Feng, sem nú er við Grænhöfðaeyjar og er í raun enn eign okkar Íslendinga, eign Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Það er bókhaldsatriði sem slíkt hvort færa á það okkur til tekna í þróunaraðstoðinni þar sem skipið er enn í okkar eigu.

Nú er ég ekki með þessu að gagnrýna það fyrirkomulag, en ég bendi á að bein fjárframlög okkar til þróunaraðstoðar á þessu ári verða enn minni ef þetta er haft í huga. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. í þessu sambandi hvort í þeirri niðurstöðu upp á 0.1%, sem hér er gefin upp sem framlag okkar af vergri þjóðarframleiðslu á þessu ári til þróunaraðstoðar, er tekin inn í sú nýja spá um þjóðartekjur á Íslandi sem Þjóðhagsstofnun hefur nú nýverið sent frá sér eða hvort hér sé miðað við eldri spár. Já, spurningin er sú hvort hér sé miðað við nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar um þjóðartekjur okkar Íslendinga á þessu ári, þegar gefið er upp að framlag okkar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu verði 0.1%, eða hvort miðað sé við eldri spá, sem var eins og alþjóð veit nokkuð lægri, og væri illt að sjá þetta hlutfall lækka enn frekar en það hefur þegar gert.

Ég held að þessar tölur, sem við stöndum hér frammi fyrir varðandi framlag Íslands til þróunarsamvinnu eða þróunaraðstoðar á undanförnum árum og í ár, hljóti að koma okkur öllum hv. þm. til að roðna, svo skammarlega lágt er þetta hlutfall og svo skammarlega hægt hefur miðað við að hækka það, hvað þá þegar horfa þarf fram á að það fari nú lækkandi.

Það hefur áður komið fram í þessum umræðum að við erum nú talin sjötta ríkasta þjóð heimsins hvað þjóðartekjur á mann varðar en í þróunaraðstoð stöndumst við ekki samanburð við ýmsar aðrar þjóðir sem eru miklu neðar á þeim lista. Ég vil taka Hollendinga sem dæmi, sem hafa iðulega á undanförnum árum greitt meira en þessi alþjóðasamþykkt, sem við höfum vitnað hér til upp á 1%, kveður á um og talið er eðlilegt að skiptist þannig að ríkið greiði 0.7% og að önnur samtök greiði 0.3. Þjóð eins og Hollendingar, sem hafa lengst af verið langt fyrir neðan okkur hvað varðar þjóðartekjur á mann, búa við mikið atvinnuleysi og ýmsa erfiðleika, sem við erum laus við, gera þarna jafnvel meira en þeim ber samkv. alþjóðasamþykktum.

Ég tek því undir það með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, 3. þm. Reykn., að við Íslendingar ættum að setja okkur ákveðin markmið í þessum efnum, hvernig við gætum á ákveðnum tíma, helst sem stystum, náð þessu framlagi upp í það eina hlutfall sem okkur er sæmandi, sem er að standa fyllilega við okkar skuldbindingar í þessum efnum. Helst þarf sá tími að vera sem stystur og ég hefði haldið að það væri ekki ofverkið okkar að hækka þetta í einum þremur áföngum upp í þau 0.7% sem ætlast er til að hið opinbera inni af hendi í þessum efnum.

Ég held að ég hafi þessi orð mín um þessa skýrslu utanrrh. ekki öllu fleiri, herra forseti. Ég get tekið undir það, sem aðrir ræðumenn hafa hér sagt, að óheppilegt er að fá þessa skýrslu fram svona seint á þingtímanum, þegar annir eru jafnmiklar og raun ber vitni og þm. sumir jafnvel hálfvansvefta, og æskilegt hefði verið að hún hefði komið fram miklu fyrr og legið fyrir um hríð áður en umr. um hana hæfust.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér í upphafi máls míns að víkja örlítið að þeirri athöfn sem hér fer fram núna og ég tel mjög nauðsynlegt að verði skipulögð með einhverjum öðrum hætti. Ég vil, bara til þess að það væri fært til bókar, stinga upp á því að menn hugsuðu þá leið að þegar hæstv. utanrrh. hefur skilað sinni skýrslu gefi þingflokkar innan einhvers tiltekins tíma umsagnir um þessa skýrslu og síðan verði ákveðinn stuttur fundur eða stuttur dagskrárliður þar sem fulltrúar þingflokka gera grein fyrir skurðpunktum mismunandi stefnumótunar hvers um sig í helstu málaflokkum í sem allra stystu máli. Þessi langloka sem hér líður yfir sviðið er þeim málum sem hér er verið að ræða, sem eru með mikilvægari málum okkar þjóðar, ekki til framdráttar eins og þetta fer fram, þ. e. í þrengingum starfsins á seinustu stundum þingsins.

Ég vil byrja á því aðeins að lýsa áliti mínu á þessari skýrslu í örfáum orðum. Ég sakna í þessari skýrslu ákveðinna nýjunga eða nýjungagirni. Mér finnst þessi skýrsla mjög þurr. Mér finnst hana skorta hugmyndir og till. til framsækinnar áttar og það á við um allflesta málaflokka sem hér er fjallað um.

Ég vil byrja á að fjalla um inngang skýrslunnar þar sem um er að ræða umfjöllun um framkvæmd þeirrar stefnuyfirlýsingar sem núv. ríkisstj. gaf út 26. maí 1983. Ég legg enn og aftur áherslu á þau orð, sem ég hef reyndar látið hér falla fyrr að mér finnst menn verði að gera sér grein fyrir því að sú hætta, sem að okkur steðjar í vopnakapphlaupi stórveldanna, miðast ekki lengur bara við möguleikann á stríði milli Rússa og Bandaríkjamanna. Hún er fólgin einfaldlega í því fordæmi sem vígbúnaðarkapphlaupið gefur. Þetta fordæmi leiðir af sér að nú á dögum er líklega varla orðin spurning lengur hvort heldur hvenær. Einhver af hinum brjáluðu einræðisherrum utan Vesturlanda, við getum nefnt nöfn eins og Ghaddafi eða Khomeini, kemst yfir kjarnorkuvopn og þá er ekkert að spyrja að leikslokum því að þessir menn beita þessum vopnum þegar þeir telja sér það til hagsbóta í þeim tilgangi að útrýma óvinum sínum. Þess vegna tel ég það skyldu ísl. stjórnvalda — og er þá höfðað beint til kaflans um utanríkismál í stefnuyfirlýsingunni — að þau hafi það að aðalmarkmiði í utanríkismálum að tala fyrir friði og útrýmingu kjarnorkuvopna hvar og hvenær sem er.

Ég segi þetta vegna þess að eins og málin eru talin upp í þessum kafla, þá eru önnur atriði sett á oddinn en þetta. Ég hef reyndar minnst á það áður úr þessum stól að við, sem erum aðilar að vestrænu varnarsamstarfi, höfum mjög góða aðstöðu til þess að koma skoðunum okkar á framfæri, það er það sem máli skiptir. Þessi orð eru töluð einfaldlega vegna þess að ég tel að allt annað starf okkar og sú umsýsla sem hér fer fram sé harla fánýt ef gereyðingarvopnunum og hættunni af þeim er ekki útrýmt.

Við vitum að í stórum hluta heimsins — og þá á ég einkanlega við austantjaldslöndin — eru mannréttindi enn þá fótum troðin. Við í BJ skorumst ekkert undan því að taka afstöðu með eða móti mannréttindum og viljum eiga samstöðu með opnum og frjálsum þjóðfélögum. Norður-Atlantshafsbandalagið er samstarfsvettvangur þjóða sem eru okkur skyldar, bæði að menningu og stjórnarfari. Þetta eru þjóðir sem við viljum eiga samleið með og þess vegna tökum við þátt í starfsemi Norður-Atlantshafsbandalagsins. En ég held að við verðum að játa á okkur þá synd sem ábyrgir samstarfsaðilar að okkur hefur mistekist að tryggja frið. Við höfum haldið friðinn en við höfum ekki tryggt hann. Þá er ég ekki bara að tala um þann tíma sem liðinn er heldur spurninguna um það að tryggja friðvænlega framtíð veraldarinnar allrar. Ég held að nú á tímum, einkum með tilvísun til orða minna hérna í upphafi um hættuna af því að aðrir aðilar en stórveldin komist yfir kjarnorkuvopn, reyni mjög á Vesturlönd, vilja þeirra og stöðu sem málsvara frelsis og lýðræðis.

Ég ætla mér síðan að fara aðeins í gegnum einstaka kafla þessarar skýrslu og skal reyna af fremsta megni að vera stuttorður. Ég sagði í upphafi að í þessari skýrslu væri dálítill Ísafoldarhljómur og að það vantaði nægilega afdráttarlausa afstöðu til friðar- og afvopnunarmála. Ég tel líka að hér vanti nokkuð afdráttarlausa afstöðu til þeirra mála sem rædd eru í síðasta kafla þessarar skýrslu sem eru utanríkisverslun sem þáttur í alþjóðasamstarfi. Ég mun koma að því aðeins síðar.

Á 18. blaðsíðu þessarar skýrslu er minnst á atvinnumál í Norðurlandasamvinnu. Mér finnst vanta inn í þann kafla spurningar eða till. að sameiginlegu átaki Norðurlanda og um þátttöku Íslendinga í nýsköpun atvinnumála framtíðarinnar. Nágrannar okkar eiga við þó nokkuð mikið atvinnuleysi að stríða sem við höfum blessunarlega enn ekki orðið að þola. Við sjáum samt sem áður fram á það að í framtíðinni mætir hér mjög stór hópur fólks til vinnu sem við eigum ekki enn þá atvinnu fyrir. Allt átak, sem fram fer á Norðurlandagrundvelli í þessum málefnum, ætti því að koma okkur til góða og mjög nauðsynlegt að við séum þátttakendur í því.

Herra forseti. Ég bið fyrirgefningar á því að ég fer dálítið sitt á hvað í gegnum þetta. Ég geri það einungis vegna þess að ég er að reyna að stytta mál mitt eins mikið og ég get. Hér gleymdi ég í yfirferðinni kafla um alþjóðamál og umfjöllun um þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Ég held að við Íslendingar ættum að leggja mikla áherslu á ákveðinn málflutning í alþjóðlegu samstarfi, þ. e. að kalla á ákveðið átak frjálsra þjóða til þess að reyna að sameina hagkerfi sín sem mest. Sú tilhneiging hjá þjóðum að einangra hagkerfi sín er enn þá mjög sterk og þó verða áhrif hagkerfa innbyrðis augljósari með hverju ári. Hvernig ætti heldur annað að vera hægt með þeim viðskiptum sem á milli þjóða eru? Aukin viðskipti milli þjóða þýða aukin tengsl þjóðlegra hagkerfa, þ. e. við færumst alltaf nær veruleika alþjóðlegs hagkerfis. Alþjóðlegt hagkerfi þeirra þjóða sem búa við blandað hagkerfi er í áberandi andstöðu við það hagkerfi sem stýrir járntjaldslöndunum. Ég tel að aðalvandinn liggi ekki endilega í mismun hagkerfanna heldur í gagnkvæmri einangrun þeirra. Við höfum margyfirlýst að við höfum engan áhuga á því að útrýma þessum þjóðum heldur viljum við búa í sátt og samlyndi með þeim á plánetunni Jörð. Ég tel að við verðum því að hegða okkur í samræmi við það. Og þegar ég segi við þá á ég ekki bara við okkur Íslendinga heldur þann hluta heimsins sem er ótengdur austurblokkinni. Síaukin viðskipti og verslun við austantjaldslöndin þýða hægfara rof einangrunar þeirra og minnkandi árekstrarhættu.

Við erum ekki bara hluti af Norðurlöndum eða Evrópu eða Vesturlöndum. Hver einasta þjóð, sem byggir þessa jörð, er alþjóðlegt afl og á að líta á sig sem alþjóðlegt afl. Það að líta þannig á sig þýðir ekki að maður ætli sér einhvern rétt til ósæmilegra afskipta af málefnum sjálfstæðra þjóða heldur er það viðurkenning á gagnkvæmum hagsmunum. Það að líta á sig sjálfan sem alþjóðlegt afl þýðir ekki uppgjöf þjóðlegra verðmæta heldur mun þvert á móti það sjálfstraust, sem sýnt er með því að hafna einangrun, tvímælalaust auka eigin tiltrú og annarra á þjóðleg verðmæti.

Lyklarnir að auknum alþjóðatengslum eru tveir. Það er annars vegar frjáls verslun og hins vegar frjáls óhindruð menningarsamskipti. Skýrsla utanrrh. hafnar þessum staðreyndum að vísu hvergi en það vantar allar framsæknar till. um athafnir í þessum málaflokkum. Ég kallaði það áðan þurran framsetningarmáta, Ísafoldarhljóm, enda kom það í ljós í ræðu hæstv. forsrh. að þessi utanríkisstefna er utanríkisstefna manns sem einu sinni var utanrrh. en er það ekki lengur.

Ég vék aðeins áðan að Norðurlandasamvinnu og vil minnast þar á tvö atriði sem mikilvæg eru. Það er annars vegar heimamarkaður sem mikið hefur verið til umr. í norrænu samstarfi undanfarið þar sem Íslendingar hafa óneitanlega borið skarðan hlut frá

borði. Komið hefur í ljós í könnunum að öfugt við það að Íslendingar vita mest um og hafa mestan áhuga á norrænu samstarfi eru viðskipti þeirra við Norðurlönd með þveröfugum hætti, þ. e. grannar okkar kaupa afskaplega lítið af okkur á meðan við verslum æði mikið við þá. Ég minntist líka á nýsköpun atvinnulífs á Norðurlöndum þar sem vandamál okkar og granna okkar fara kannske ekki alveg saman, en lausnir vandamálsins hljóta endanlega að verða þær sömu. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að við tökum þátt í þessu samstarfi vegna þess að að lokinni markmiðasetningu í nnýsköpun atvinnulífs hlýtur að fylgja stórátak í menntunarmálum og í því átaki hljótum við að kjósa að njóta þeirrar samvinnu sem Norðurlandasamstarfið hefur upp á að bjóða.

Í kafla, sem fjallar hér um varnar- og öryggismál, eru þrjú atriði sem ég ætla að minnast á. Það er annars vegar setning í upphafi kaflans þar sem sagt er: „Bandalag okkar“ — og þar er átt við NATO — „ógnar engum. Við munum aldrei beita vopni nema á okkur verði ráðist. Við sækjumst ekki eftir yfirburðum en munum heldur ekki sætta okkur við að aðrir nái yfirburðum yfir okkur.“ Þetta er hluti af Brüssel-yfirlýsingunni sem gefin var út á fundi ráðh. í des. s. l. Mér finnst að í þessari setningu lýsi sér mikil þröngsýni því að það virðist einhvern veginn eins og þessir menn sem þarna voru, og þá þar með talinn hæstv. utanrrh., geri einhvern veginn ekki ráð fyrir neinum heimi utan blokkanna tveggja. Ég er ansi hræddur um að ef einhver aðili utan þessara blokka eignast atómsprengju ráðgist hann ekkert við þessa háu herra um það hvernig hann notar hana og hvort hann notar hana hugsanlega gagnvart þeim. Það verður ekkert spurt að því hvort menn hafi sætt sig við að einhver hafi náð yfirburðum. Það þarf enga yfirburði til þess að hleypa stríðinu af stað. Það þarf bara eina eða fleiri sprengjur.

Um áhuga BJ á flugstöðinni vita allir og þar eru í sjálfu sér ekki mjög flókin mál á ferðinni. Við höfum margsinnis og margítrekað reynt að benda á hversu dýr og óhagkvæm þessi framkvæmd er og margoft hafa þeir aðilar, sem ábyrgð bera á fjármálum ríkisins, hafnað því að fara að nokkru leyti að till. okkar til sparnaðar í þessari byggingu. Það verður þá að skilja það þannig að mjög stór og mikil orð um hagkvæmni í rekstri og sparnað hins opinbera, sem látin hafa verið falla undanfarið og féllu í kosningunum s. l. vor, og hávær gagnrýni á stjórnvöld fyrri ára fyrir óráðsíu og oflátungsskap séu harla lítið marktæk við hliðina á þeirri neitun að spara ekki bara tugi heldur hundruð millj. í þessari byggingu. Ég get heldur ekki látið hjá líða að minna á ákveðið einangrað baráttumál BJ varðandi Sölu varnarliðseigna sem skilar nokkrum tekjum í ríkissjóð í dag. Það er okkar áhugamál að menn afsali sér þessari tekjulind vegna þess að verlun og verslunarviðskipti við herinn eru ákveðinn þröskuldur í veginum fyrir því að menn geti raunverulega tekið óhlutlæga afstöðu til þess hvort herinn skuli vera eða fara ef þeirri spurningu er einhvern tíma varpað upp og líka hitt að í þessum viðskiptum þrífst eins og alltaf þar sem her er nálægt — og það gildir einu hvort sá her er í útlöndum eða heima hjá sér — ákveðin spilling sem við getum alveg sparað okkur að vera þátttakendur í.

Í hafsbotnsmálefnum vil ég bara minna á síendurteknar áminningar hv. 4. þm. Norðurl. v. um það að við getum unnið okkur ákveðinn rétt til ákveðinna svæða í hafinu. Það nægir okkur ekki að tryggja okkur þennan rétt lagalega, enda ekki alveg víst hvort við getum það, en enn þann dag í dag eigum við möguleika á að ávinna okkur þennan rétt með þeim hætti að nýta þessi svæði eins og fremst er kostur.

Í málefnum þróunarsamvinnu hafa aðrir aðilar vikið hér að því atriði hversu langt við erum enn þá frá því markmiði sem við settum okkur um hlutfall af þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar. Nú upp á síðkastið hefur vaknað mjög mikill áhugi á útflutningi þjónustu og þekkingar frá Íslandi til útlanda. Ég tel að þróunaraðstoð sé í raun og veru mjög góður vettvangur til þess að auglýsa getu á því sviði ef hún er þá einhver. Ég legg því til að stofnað verði til samstarfs við þá aðila sem áhuga hafa á útflutningi þjónustu og þekkingar og reynt að koma þeim á framfæri á vettvangi alþjóðlegrar þróunaraðstoðar.

Í kaflanum um utanríkisviðskipti tek ég hjartanlega undir þau orð í skýrslunni að ekki verði lengur undan því vikist að efla utanríkisþjónustuna, m. a. með stofnun nýrra sendiráða og með öflugri útrás til að styrkja stöðu Íslands meðal þjóða til að efla útflutningsatvinnuvegi okkar, ferðaþjónustu og menningarlíf. Þetta eru mjög góð markmið. Spurningin er hvernig. Hér er verið að tala um það að einbeita sér að því að auka útflutning og afla markaða fyrir alls kyns söluvarning sem jafnvel enn er lítt eða ekkert nýttur.

Þessir hlutir kosta auðvitað fé, en hér er einhver mikilvægasti þáttur vöruþróunar sem um er verið að ræða. Sumir aðilar segja að þessi þáttur vöruþróunar vegi nánast 90% af árangrinum við vöruþróunina. Við þurfum ekki bara fé til þessara hluta heldur þurfum við líka fólk og þekkingu. Þekkinguna verðum við líklega að mjög stórum hluta að flytja inn eða afla okkur hennar erlendis því að hér á Íslandi er þessi þekking frekar einangruð og reyndar á vissum sviðum algjörlega einokuð. Þá á ég við sölusamböndin eða sölusamtökin sem starfa í fiskútflutningi.

Mig langar til þess — bara sem hugmynd af því að ég held að allar hugmyndir ætti að skoða — að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki mætti kanna það meðal Íslendinga erlendis, námsmanna eða þeirra sem lokið hafa námi og einhverra hluta vegna treysta sér ekki hingað heim, oft og tíðum vegna þess að ekki er eftirspurn eftir þeirri sérþekkingu sem þeir höfðu aflað sér, hvort ekki er hugsanlegt að byggja fyrir þessa menn ákveðna brú með því að bjóða þeim upp á menntun á sviði sölu- eða markaðsöflunar þar sem þeir þá geta hagnýtt sér þá sérþekkingu sem þeir hafa af þeim löndum sem þeir hafa dvalið í.

Annað atriði lýtur líka að spurningunni um fólk og þekkingu. Við eigum ansi mikinn skyldleika að rekja til Kanada. Í Kanada býr fjöldi manna af íslensku bergi brotinn og Kanada er land sem fyrir margra hluta sakir á við lík skilyrði að búa og Íslendingar. Það er mjög margt t. d. í sambandi við byggingar sem er svipað hjá þeim, allavega á svipuðum breiddargráðum. Þeir þurfa af brýnni nauðsyn líkt og við að leggja mikla stund á ákveðnar fræðigreinar eins og veðurfræði. Þeir eru sérfræðingar með vissum hætti eins og við á sviði sjávarvísinda, t. d. hafískannana. Atvinnumál þeirra eiga mörg hver við mjög svipuð vandamál að stríða og við þar sem dreifbýli er mjög mikið í Kanada og sömu

einkenni gilda þar líka um verslun. Nú vitum við að menn af íslensku bergi brotnir í Kanada gegna mjög víða lykilhlutverkum í pólitík og verslun. Það á eiginlega við um allt Kanada, alveg vestur á vesturströnd. Ég hefði álitið að það væri einfaldara verkefni en mörg önnur að stofna til sambands og samstarfs við þessa aðila með það í huga að nota sér þá aðstöðu sem þeir hafa okkur til framdráttar. Ég er líka viss um það vegna kynna minna af þessu fólki að það væri margur hver miklu meira en viljugur til þess að gera nánast allt sem í hans valdi stendur til þess að vegur landsins hans — því að margir þessara manna tala enn þá um Ísland sem landið sitt — verði sem mestur.

Herra forseti. Þetta er e. t. v. hálfflaustursleg yfirferð. *Ég hefði gjarnan viljað gera þessu máli betri skil*, en bæði er það að ég hafði sjálfur ekki allt of mikinn tíma til að undirbúa mig og hins vegar finnst mér þessi athöfn öll orðin svo langteygð að ég held að ég geri hér með stuttan endi á máli mínu.

Utanrrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lengri tími líði án þess að svara þeim fsp. sem til mín hefur verið beint. En ég veit hvað tími þingsins er knappur og þess vegna skal ég reyna að einbeita mér eingöngu að því að svara fsp. og örfáum öðrum atriðum.

Ég er sammála hv. þm. Svavari Gestssyni að það er skylda utanrrn. að meta þær áætlanir sem uppi eru varðandi varnir og öryggi landsins. Það er einmitt þess vegna sem við í utanrrn. gerum okkur meira far um en e. t. v. gert hefur verið að fylgjast með og kynna okkur þær áætlanir sem fyrir eru.

Hv. þm. spurði að því hvort ég kannaðist við áætlun sem bandarísk hernaðaryfirvöld hefðu gert í þessum efnum 1981. Ég hef ekki séð þessa áætlun og hef ekki heyrt hennar sérstaklega getið. Það er svo að til eru ýmsar áætlanir og hugleiðingar, bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum, varðandi mögulegar aðgerðir ef í odda skærist milli þjóða hér á norðanverðu Atlantshafi. En fæst af þessu eru ábyrgar áætlanir, staðfestar eða samþykktar, og því ber ekki að taka þær hátíðlega út af fyrir sig. En hitt er ljóst og um það erum við hv. þm. Svavar Gestsson sammála að íslenskum stjórnvöldum og Íslendingum öllum ber skylda til að fylgjast með hvað þeim má til friðar verða.

Hv. þm. taldi neitunarvald Alþb. hafa verið mikilvægt í síðustu ríkisstj. Ég tel nú ekki svo hafa verið þótt ég hafi haft orð á því að gott væri að því væri aflétt, nema þó í því að þeir stöðvuðu byggingu flugstöðvar um 1—2 ár. Öll þau atriði sem hv. þm. nefndi, margföldun olíugeymarýmis, bygging flugstöðvar, radarstöðvar, bygging flugskýla, neðanjarðarstjórnstöð, eru í raun og veru atriði sem voru komin af stað. Það er kannske ekki rétt að segja öll þessi atriði, eins og t. d. radarstöðvarnar, en flest hin voru komin af stað og um flugstöðina hef ég sérstaklega rætt.

Þá spurði hv. þm. hvort við í utanrrn. hefðum gert eitthvað til að fylgja fram ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þar sem rætt var um nauðsyn þess að fylgjast með vígbúnaði í hafinu og reyna að koma í veg fyrir slíkan vígbúnað og koma af stað afvopnun á því sviði. Við höfum í þessum efnum fylgt þessari ræðu minni eftir með því að gerast meðflm. að till. á þingi Sameinuðu þjóðanna um könnun í þessum efnum, en niðurstaða þessarar könnunar verður lögð fram á þingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1985. Ég hef ítrekað þetta í ræðu á Stokkhólmsráðstefnunni og við höfum fylgst með störfum nefndar sem sett var á fót á vegum Sameinuðu þjóðanna til þess að standa fyrir þessari könnun sem till. fjallaði um. Við hefðum gjarnan viljað eiga fulltrúa í þessari nefnd en það þótti sanngjarnt að Svíar, sem eru aðalflm. þessarar till., hlytu það nefndarsæti sem Norðurlöndum var ætlað. En við munum fylgjast náið með störfum þessarar nefndar.

Þá spurði hv. þm. hvers vegna enginn kafli væri um Alþjóðavinnumálastofnunina. Því er til að svara að þær alþjóðastofnanir, sem við eigum aðild að, eru svo margar að ekki hefur þótt rétt að geta um starfsemi allra þeirra. Á ári hverju eru valdar úr þær stofnanir sem helst hafa eitthvað fréttnæmt til málanna að leggja. Nú er t. d. sérstaklega rætt um Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og UNESCO vegna þess að þannig háttar til um báðar þessar stofnanir, auk þess sem við eigum fulltrúa í framkvæmdastjórn þeirra beggja. En til mála kemur auðvitað að greina frá aðild okkar að öllum alþjóðastofnunum til þess að við getum frá ári til árs gert okkur grein fyrir hvort t. d. þátttökuframlag okkar í þessum stofnunum svari kostnaði.

Þá er rétt að það komi fram að þegar hv. þm. Svavar Gestsson bendir á vaxandi upphæðir, *sem varið er til verkframkvæmda á vegum varnarliðsins hér á landi*, þá er sá vöxtur einmitt mestur í stjórnartíð Alþb. í ríkisstj. Íslands.

Þá spurði hv. þm. hvort ég gæti svarað því til hvenær hafréttarsamningurinn yrði lagður fram hér á Alþingi til staðfestingar. Ég hef haft mikinn hug á því að flýta framlagningu hafréttarsamningsins hér á Alþingi og að því er stefnt að það verði þegar þing kemur saman að hausti.

Þá gerði hv. þm. athugasemd við það að ekki væri minnst á það af minni hálfu að rétt væri að leggja viðskrn. niður og spurði um hver afstaða mín væri í þeim efnum, en hann kvaðst vera á móti því. Nú tel ég ekki rétt að orða þessa spurningu svo vegna þess að ég held að enginn hafi lagt til að leggja viðskrn. niður. Það sem um er að ræða er að utanríkisviðskipti heyri undir utanrrn. og því er ég fylgjandi. Ástæðan til þess að á þetta er ekki minnst er að málið er ekki útrætt og stefnumótun liggur ekki fyrir hendi. Nefnd hefur starfað að því að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands og raunar skilað áliti sem ekki hefur enn hlotið meðferð í ríkisstj.

Þá hygg ég að næst sé rétt að svara fsp. hv. þm. Steingríms Sigfússonar. Hann spyr hver afstaða mín sé til kjarnorkuvopnalausra Norðurlanda. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni á opinberum vettvangi og raunar á fundum okkar utanrrh. Norðurlanda. Ég hef sagt að ég teldi sjálfsagt að Ísland væri aðili að umr. um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Ég hef enn fremur sagt að það væri að mínu mati ekki raunsætt að tala um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd án þess að það væri gert í víðara samhengi, þ. e. stærra svæði væri tekið undir og þá fengin fullvissa t. d. af hálfu Sovétríkjanna að kjarnorkueldflaugum væri ekki stefnt að skotmörkum á Norðurlöndum frá Kólaskaga, Eystrasalti eða Eystrasaltsríkjunum og í vesturhluta Sovétríkjanna. Þá hef ég og enn fremur sagt að ég teldi e. t. v. nær að ræða um kjarnorkuvopnalaus svæði annars staðar en á

Norðurlöndum því að Norðurlöndin eru kjarnorkuvopnalaus og engin þeirra hafa í hyggju að leyfa kjarnorkuvopn á sínum svæðum. Ég hef þá varað við því að einblína á kjarnorkuvopnalaus svæði sem bjargráð ef kjarnorkuvopnum væri ekki fækkað eða raunveruleg afvopnun ætti sér ekki stað um leið vegna þess að yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaus svæði þýddi þá ekkert annað en meiri samþjöppun kjarnorkuvopna á minna landssvæði sem síðan gæti leitt til þess að þeim yrði ýtt út í sjóinn og þar teldi ég að hagsmunum Íslands væri verst borgið ef sú yrði raunin.

Þá spurði hv. þm. hver afstaða mín væri til úrsagnar Bandaríkjanna úr UNESCO. Ég hef eins og aðrir, sem um þessi mál hafa að einhverju leyti hugsað, harmað úrsögn Bandaríkjanna. En ég eins og margir aðrir skiljum úrsögn Bandaríkjanna vegna þess að það er almenn gagnrýni á starfsemi UNESCO og eyðslusemi og óhagkvæman rekstur. Þessi stofnun hefur haft yfir miklum fjármunum að ráða en þeir hafa ekki nýst stofnuninni til þess starfs sem hún er kjörin til að vinna á vegum Sameinuðu þjóðanna. En auðvitað er það áfall fyrir stofnunina að Bandaríkin ganga úr henni þar sem Bandaríkin hafa lagt fjórðung þess fjár fram sem stofnunin hefur yfir að ráða.

Þá spurði hv. þm. Steingrímur Sigfússon hvort ég væri ekki til með að mótmæla því að Bandaríkin viðurkenndu ekki lögsögu Alþjóðadómstólsins í Haag í deilumálum í Mið-Ameríku. Ég verð að segja það eins og er að ég held að við Íslendingar ættum að fara varlega í það að áfellast aðrar þjóðir um að vilja ekki hlíta lögsögu Alþjóðadómstólsins í Haag. Það var afstaða þáv. ríkisstj. Íslands að vilja ekki viðurkenna lögsögu Alþjóðadómstólsins í Haag í fiskveiðideilu okkar og Breta. Ég hef sagt það áður og ég get vel ítrekað það nú að ég taldi þá að við hefðum átt að flytja mál okkar fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Ég hygg að það hefði getað ráðið úrslitum að dómurinn hefði fallið öðruvísi en raun bar vitni og féll hann þó ekki „prinsippíelt" gegn hagsmunum okkar þótt hann gengi okkur í mót í bráð eins og þá stóðu sakir.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, herra forseti, þá hef ég aðeins svarað hér þeim fsp. sem til mín var beint. En ég tek undir með öðrum hv. þm. að æskilegt hefði verið að hafa meiri tíma til umr. og fjalla um efni málsins betur. En um leið hlýt ég að láta í ljós þá skoðun mína að unnt hefði verið að flytja mál sitt í styttri ræðum og sömuleiðis sýnist nú áhugi þm. ekki vera verulega mikill miðað við tölu þeirra sem hér eru staddir í salnum að þessu sinni.

Umr. frestað.

Vegáætlun 1983—1986, þáltill. 162. mál (þskj. 245, n. 911, 904). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1983—1986 og naut við umfjöllun sína aðstoðar vegamálastjóra, Snæbjarnar Jónassonar, og starfsliðs hans.

Nefndin leggur einróma til að þáltill. verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 904.

Eins og kunnugt er lágu fyrir brtt. fjvn. við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1983—86 á síðasta þingi, en hlutu ekki afgreiðslu vegna þingrofs. Skv. bréfi samgrh. var fylgt þeirri stefnu á s. l. ári í framkvæmd vegamála sem fram kom í till. fjvn. Þó þykir rétt að æskja formlegrar staðfestingar Alþingis nú á vegáætlun fyrir árið 1983.

Fjvn. hafði einnig lagt fram tillögur um skiptingu á nýbyggingarfjármagni milli kjördæma fyrir árin 1984—1986. Sömu sögu er að segja að því er varðar sérstök verkefni, bundin slitlög og svonefnda Ó-vegi. Að þessu sinni var litið svo á að sú ákvörðun stæði óhögguð, en við aðalendurskoðun vegáætlunar á næsta ári kæmi til álita að breyta þeirri meginstefnu sem og öðru því sem ástæða þætti til að breyta í vegáætlun fyrir árin 1985 og 1986.

Brtt. n. miðast við forsendur fjárlaga að því er varðar innheimtu markaðra tekjustofna, verðlag og gengi. Niðurstöðutölur útgjalda lækka þó um 28 millj. kr. frá þáltill. sem ráðh. lagði fram fyrr í vetur. Munar þar mestu um halla vegna vetrarviðhalds á árinu 1983, en sá halli greiðist að hluta af fjárveitingum á yfirstandandi ári. Í fjáröflun kemur þessi fjárhæð til hækkunar á lántökum.

Nú hefur verið ákveðið, svo sem kunnugt er, að lækka framlög til vegamála um 20 millj. kr. í tengslum við ráðstafanir í ríkisfjármálum. Tillögum n. er ekki breytt vegna þessa, en samgrh. mun fá heimild til þessarar lækkunar skv. sérstökum lögum. Þessi lækkun mun verða framkvæmd eins og fram kemur á sérstöku fskj. með nál. fjvn. Það skal tekið fram að töluleg lækkun á framkvæmdafé í einstökum kjördæmum mun framkvæmd að höfðu samráði við þm. hvers kjördæmis.

Verðlagsforsendur fjárlaga miðast við 22—23% hækkun verðlags að meðaltali milli áranna 1983 og 1984. Þetta jafngildir því að vísitala vegagerðar verði 1270 á miðju árinu.

Verðlagsforsendur fjárlaga miðast mikið til við hækkun framfærsluvísitölu, en vísitala vegagerðar er hins vegar mjög háð töxtum véla sem hafa ekki sama hækkunarferil. Gerð hefur verið áætlun um þróun vísitölu vegagerðar fram til sumars þar sem tekið er mið af töxtum véla í dag, líklegri hækkun þeirra miðað við markmið ríkisstj. í gengismálum, svo og nýgerða kjarasamninga. Niðurstöður þessara athugana benda til þess að vísitala vegagerðar geti orðið eitthvað undir 1270, en hversu miklu minni hækkunin verður ræðst mjög af þróun gengis. Miðað við fyrrgreinda forsendu gæti hækkun vísitölu vegagerðar orðið 2—4% minni en ráð var fyrir gert í fjárlagaforsendum.

Lækkun fjárveitinga til framkvæmda vegna 20 millj. kr. niðurskurðarins er á hinn bóginn einungis sem svarar 1.6%. Standa því vonir til að raungildi framkvæmdafjár haldist í því marki sem gert var ráð fyrir við framlagningu vegáætlunar vegna hagstæðrar verðlagsþróunar.

Á síðasta þingi var lögð fram till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð. Fjármagn í langtímaáætlun er ákveðinn hundraðshluti af þjóðarframleiðslu, svo sem Alþingi hafði ákveðið 1981. Þetta hlutfall skyldi vera 2.2% 1983, 2.3% 1984, en 2.4% úr því. Í áætluninni er fjármagni skipt á höfuðliði, auk þess sem fé til stofnbrauta er skipt á einstök verkefni.

Langtímaáætlun skiptist í þrjú fjögurra ára tímabil og er skipting fjármagns á liði og verkefni miðuð við þau. Till. sú að vegáætlun fyrir árin 1983—1986, sem nú er

lögð fram, tekur til fyrsta tímabils langtímaáætlunarinnar. Till. er í samræmi við langtímaáætlun að því er varðar skiptingu á höfuðliði.

Minnkandi þjóðarframleiðsla og lægra hlutfall til vegamála árin 1983 og 1984 veldur því að nokkuð vantar upp á að markmið langtímaáætlunarinnar náist. Á það bæði við um nýjar framkvæmdir og sumarviðhald. Rétt er að undirstrika þá staðreynd að sumarviðhald á langt í land að mæta þörf og bitnar minnkun fjármagns ekki síður á því en nýjum framkvæmdum.

Sé gerður samanburður á raunframkvæmdum í vegagerð milli fyrra árs og vegáætlunar fyrir árið 1984 kemur í ljós að aukning verður 7% ef verðlag fjárlaga er lagt til grundvallar, en allt að tæp 11% ef svo fer að verðlagsþróun verði í raun hagstæðari á þessu sviði en ráð var fyrir gert. Raunverulegar vegaframkvæmdir munu því aukast í sumar miðað við árið í fyrra.

Skv. þessari þáltill., sem hér er um fjallað, verður mikil breyting á fjármögnun nýrra vega og brúarframkvæmda frá því sem verið hefur. Þetta kemur glöggt fram á myndriti sem fylgir nál. fjvn. Skattar á bensíni hækkuðu um 440 millj. kr. að raungildi milli áranna 1978 og 1979 á verðlagi nú í ár í kjölfar hækkunar sem þá varð á heimsmarkaðsverði á olíu. Á því ári voru þó tekin meiri lán en fyrr til vegagerðar og hefur þetta enn aukist árið 1980 og síðar, þar til í fyrra að gert er ráð fyrir mun minni lántöku og er þeirri stefnu haldið áfram á yfirstandandi ári. Þetta stafar m. a. af því að ríkisstj. hefur ákveðið að um 50% af skatttekjum af bensíni renni til vegagerðar, en þetta hlutfall lækkaði mjög undanfarin ár.

Lántökur til vegagerðar hafa undanfarið numið eftirfarandi fjárhæðum á föstu verðlagi ársins í ár: 1978 279 millj. kr. eða 47.9% af nýbyggingum vega og brúa. 1979 327 millj. kr. eða 64.9% af fjárveitingum til nýbygginga vega og brúa. 1980 544 millj. kr. eða 71.4%. 1981 504 millj. kr. eða 62.8%. 1982 511 millj. kr. eða 71.8% af fjárveitingum til nýbygginga vega og brúa. En síðustu árin hefur þetta snarminnkað. 301 millj. kr. voru teknar að láni til vegagerðar í fyrra og nam það hlutfall 51.5% af fjárveitingum til nýbygginga vega og brúa og í ár verða lántökur einungis 35.7% af fjárveitingum til nýbygginga vega og brúa eða 223 millj. kr. Skv. þessu hafa þrátt fyrir háa skatta á umferðina verið tekin lán til vegagerðar sem sum árin námu allt að 70% af fjárveitingum til nýframkvæmda vega og brúa, en nú er þetta hlutfall komið niður í 35.7% eins og ég gat um áðan.

Bensíngjaldið, sem gengur til vegagerðar sem markaður tekjustofn, hefur nánast haldist hið sama að raungildi síðan 1978 þótt bensínskattar í heild hafi hækkað um nærri 50%. Hlutfall bensínskatta, sem gengið hafa til vegagerðar, hefur verið sem hér segir frá 1978: 1978 50.4%, 1979 39.7%, 1980 37.1%, 1981 35.9%, 1982 36%, 1983 35.6% og 1984 um 50%.

Heildarframlög Vegasjóðs og ríkissjóðs til vegagerðar felast í mörkuðum tekjum, beinum framlögum úr ríkissjóði og greiðslum ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta af lánum sem tekin hafa verið til vegagerðar. Skv. þessari till. til þál., sem hér er til umr., verða heildarframlög til vegagerðar hæst á yfirstandandi ári frá árinu 1978 eða 1500 millj. kr. í samanburði við 1177 millj. kr. þegar þau voru lægst á þessu tímabili, árið 1979. Athyglisverðast er þó að bein framlög úr ríkissjóði af samtíma skatttekjum að lántökum undanskildum hafa verið sem hér segir frá 1978 í millj. kr. á verðlagi ársins í ár: 1978 931 millj. kr., 1979 852, 1980 636, 1981 883, 1982 711, 1983 1085 og í ár skv. þessari þáltill. 1247 millj. kr. Af þessu sést að á s. l. ári og í ár rennur mun meira af skatttekjum til vegamála en undanfarin ár og nærri tvöföld fjárhæð miðað við árið 1980. Að sjálfsögðu er þetta ein skýringin á þeim vanda sem við er að glíma í ríkisfjármálum og skýrir að hluta mikla lánsfjárþörf ríkissjóðs á öðrum sviðum.

Þegar hæstv. samgrh. mælti fyrir till. að vegáætlun, sem hér er til umr., ræddi hann um álagningu þungaskatts og vankanta á framkvæmd álagningar og innheimtu þess skatts. Ég vil mjög taka undir orð hæstv. ráðh. um þetta atriði. Þungaskattur á dísilbíla var tekinn upp við breytingu vegalaga 1963 samtímis upptöku bensíngjalds sem lagðist á eigendur bensínbíla. Þetta gjald var í upphafi fast árgjald, en var síðan breytt á árinu 1970 hvað varðar þyngri bíla í gjald á ekinn km. Reynslan af kílómetragjaldinu hefur leitt í ljós ýmsa vankanta á því innheimtukerfi. Kerfið er ákaflega þungt í framkvæmd. Setja þarf sérstaka mæla í flesta bíla til að skrá notkunina. Innheimta gjaldsins fer fram þrisvar á ári og þurfa eigendur bílanna að koma með þá jafnoft til aflestrar mælis. Útreikningur greiðsluskyldu er tímafrekur og er enn handunninn, nema í Reykjavík þar sem úrvinnsla fer fram í skýrsluvélum. Til eftirlits með innheimtu og virkni mæla eru nú tveir starfsmenn í fullu starfi, auk þess sem bifreiðaeftirlitsmenn og vegalögregla sinna eftirliti eftir því sem aðstæður leyfa. Þetta eftirlit er hins vegar erfitt í framkvæmd og því er nokkur óvissa um skilvirkni kerfisins. Heildarkostnaður við eftirlit og álagningu kílómetragjalds, svo og kostnaður bifreiðaeigenda við mæla, er lauslega áætlaður a. m. k. 5 millj. kr. á ári. Er þá sleppt þeim aukakostnaði sem lendir á bifreiðaeigendum sjálfum við að koma með bifreiðar sínar til álestrar þrisvar á ári. Þá má loks nefna að aukinn fjöldi minni dísilbíla til einkanota krefst þess að eigendum þeirra sé ekki mismunað með gerólíku skattkerfi eins og er í dag. Nú er á hinn bóginn leitað leiða til að innheimta skatt af dísilbílum með öðrum hætti, t. d. litun olíu, en brýna nauðsyn ber til þess að hraða þessari athugun og afnema þetta þunglamalega skattkerfi.

Herra forseti. Ég skal ekki fara fleiri orðum hér um till. til þál. um vegáætlun að sinni, enda miklar annir hér á hinu háa Alþingi. Eins og áður segir leggur fjvn. til að þáltill. um vegáætlun verði samþykkt með þeim breytingum, sem n. flytur á þskj. 904. Einstakir nm. hafa þó fyrirvara svo sem kemur fram í nál., m. a. um að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki flytja hér langt mál þó að vissulega sé hér um eitt af þýðingarmestu málum þingsins að ræða. Ég geri hér í fyrsta lagi stutta grein fyrir því hvers vegna ég skrifa hér undir með fyrirvara. Ég tók um stund sæti Geirs Gunnarssonar í fjvn. og hef því ekki haft tök á því að yfirfara sem skyldi talnalegar og tæknilegar upplýsingar sem nefndin hefur fengið, án efa.

Í fyrsta lagi er fyrirvari minn bundinn þeim sérstaka niðurskurði sem tengist fjárlagagatinu fræga og fylgir með í fskj. og hefur þar verið skipt á verkefni og kjördæmi að ósk stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Sá

vandi ríkisstj. tengist almennum ákvörðunum hennar og er alfarið í heild á ábyrgð hennar að sjálfsögðu. Fyrirvarinn tengist að öðru leyti því hvert samræmi er í langtímaáætlun og markmið hennar um prósentu af þjóðarframleiðslu og efndum nú, þ. e. hversu þar er við staðið, en þar kemur fram í nál., með leyfi forseta:

„Fjármagn í langtímaáætlun er ákveðinn hundraðshluti af þjóðarframleiðslu svo sem Alþingi hafði ákveðið árið 1981. Þetta hlutfall skyldi vera 2.2% 1983, 2.3% 1984, en 2.4% úr því," og síðan segir í þessu nál.:

„Minnkandi þjóðarframleiðsla og lægra hlutfall til vegamála árin 1983 og 1984 veldur því að nokkuð vantar upp á að markmið langtímaáætlunar náist. Á það bæði við um nýjar framkvæmdir og sumarviðhald."

Þetta nægir varðandi þennan fyrirvara þó að margt mætti fleira um þetta mál segja, m. a. orð sem komu fram í framsögu hv. formanns fjvn., Lárusar Jónssonar, um tekjuöflunina í heild sinni og þá tekjustofna sem undir standa að meginhluta til, en ég skal ekki fara út í það hér.

Ég vildi aðeins koma inn á örfá afmörkuð málefni, benda kannske fyrst á það að hér er um að ræða mál sem veldur miklu fyrir marga hvernig að er staðið. Það snertir undirstöðuna í byggðamálum, öll félags- og menningarleg samskipti, öryggi heilsugæslunnar, skólamálin og mannleg samskipti almennt, hvernig þessar samgöngur eru, hvernig vegakerfið er. Það er beðið hvert ár á landsbyggðinni, hvað gert verði þar, hverju unnt er að þoka fram. Það ræðst af nýbyggingarfé fyrst og síðast, en hið almenna viðhaldsfé er þýðingarmikill þáttur einnig. Skynsamleg nýting þess ræður miklu um ástand veganna. Oft verður þar gerbreyting á með réttum aðgerðum. Langtímaáætlunin, sem samþykkt hefur verið, skapaði tímamót. Það er áríðandi að við hana verði staðið. Þó stunið sé undan skattheimtu ævinlega skyldu menn gæta að því að sá skatturinn kann að vera þyngstur og óbilgjarnastur sem vondir vegir skapa fjármagnslega séð sem öryggislega svo oft varðar líf manna. Kostir langtímaáætlunar eru ótvíræðir. Að vísu glögg vonbrigðaefnin þeim sem sjá verkefni aftarlega eða alls ekki á skrá sem þeir gjarnan vildu sjá framar eða jafnvel fremst. Hitt vegur þyngst, að vegagerð ríkisins getur nú skipulagt verk sín betur og staðið þar enn betur að og er þó margt gott hægt að segja um þá ríkisstofnun almennt.

Unnt er fyrir fólk almennt að sjá hvenær von er til þess að hvert verk verði unnið. Menn eiga því ekki að velkjast í vafa svo sem skammtímaáætlanir hafa boðið upp á, en grunnurinn er að sjálfsögðu að við fjármagnið verði staðið því án þess fer allt úr böndum. Þegar við höfum núna um tíma fengist við að leysa úr fjárhagsvanda ríkissjóðs, að vísu ekki við í stjórnarandstöðunni, heldur þeir aðrir sem þar hafa komið nálægt, — að vísu taka auðvitað allir þátt í því á vissan hátt, — þá er von að menn spyrji sig að því hvort nokkur von sé til þess að Eyjólfur hressist mjög rækilega núna á þessum tímum.

Á s. l. ári voru Ó-vegaverkefnin réttilega tekin inn á vegáætlun og má þó ævinlega deila um hver Ó-vegaverkefnin séu. Ekki efa ég að þarna hafi þrjú þau alverstu verið tekin, en Ó-vegirnir eru fleiri og fyrir þeim hefði þurft að sjá með sérstöku átaki. Við Austfirðingar eigum t. d. slíka vegi og hefðum gjarnan viljað sjá þá tekna þannig út úr þó heldur síðar yrði. Án þess að fara náið út í kjördæmasjónarmið, sem hvergi eru þó meira ríkjandi en einmitt í vegamálunum, bendi ég aðeins á Kambanesskriðurnar milli Stöðvarfjarðar og Breiðdals; enn aðeins ruðningsvegur, stórhættulegur sumar sem vetur. Og ég hlýt í tengslum við mitt kjördæmi sérstaklega benda á varanlega tengingu Vopnafjarðar við Hérað sem brýnt framtíðarverkefni og rannsóknir og rækilega athugun á jarðgangagerð svo sem till. hefur verið flutt um hér á þingi, og er mér ekki síður í huga athugun á hugmyndum þeirra Fáskrúðsfirðinga þar að lútandi. En nóg um það. Það væri að æra óstöðugan að fara nánar út í öll óskaverkefnin eystra.

Varðandi Ó-vegina skal þó enn einu sinni tekið fram að vegna þýðingar þeirra hefði þurft og var raunar lofað að sérstakt fjármagn kæmi til, þannig að þær framkvæmdir skertu ekki heildarmyndina í sjálfri vegáætluninni og þar með hlut einstakra kjördæma, svo sem Austurland var glöggt dæmi um á síðasta ári og eimir þar enn eftir verulega. Slík verkefni hljóta að kalla á sérátak, og hversu brýn sem menn viðurkenna þau vera þykir mörgum hart við að búa stórfellda skerðingu af þeirra völdum. En Ó-verkefnin eru jafnsjálfsögð — forgangsmál, það skal skýrt fram tekið.

Langtímaáætlunin leggur annars höfuðáherslu á bundið slitlag og uppbyggingu vega tengda því. Það er réttmæt áhersla um margt. En fyrir landsbyggðina skiptir ekki síður máli uppbygging vega upp úr snjó og lagfæring vegakafla, oft ekki langra, sem hindra vetrarumferð. Í þessu efni má ekki gleyma hlut þjóðbrautanna, sem eru að mestu sveitavegir, sem óneitanlega verður rýrari af þessum sökum. Þýðing þeirra er þó augljós fyrir búsetuna, fyrir byggðina, fyrir alla þá þætti sem ég nefndi í upphafi. Sérátak þyrfti því til að koma, og sé nokkurt verkefni fyrir Byggðasjóð eru það bein framlög til vegagerðar. Flýting jaðarbyggðavega þaðan er vissulega góðra gjalda verð, en bein framlög til sérátaka hefðu átt að vera frá upphafi forgangsverkefni Byggðasjóðs. Ég man að fyrir sjö árum flutti ég till. um átak, að vísu tengt mínu kjördæmi, og mér er enn ljósara í dag, eftir að hafa farið þessa vegi vetur sem sumar, að betur hefði sú till., útvíkkuð til annarra kjördæma, verið samþykkt og framkvæmd og til þeirra framkvæmda aflað fjár.

Aðeins í lokin vil ég svo víkja að útboðsmálum og ýmsu því tengdu. Vissulega mátti hér verða breyting á. Vissulega hefur reynslan af þessum útboðum um margt verið ágæt og kostnaður verulega lækkað í ýmsum tilfellum. Hins vegar hlýt ég að benda á ýmsar hættur þessu samfara fyrir byggðarlögin og aðila þar sem hafa af þessum verkum verulega hagsmuni. Ég hef hér af býsna mikinn beyg því um leið eru þessir aðilar, vörubifreiðastjórar og eigendur stórvirkra vinnuvéla, búnir að missa svo stóran hlut af tekjumöguleikum eða afkomumöguleikum sínum að hætt er við að þeir gefist upp, og þá eru mörg byggðarlög illa sett varðandi ýmis önnur þjónustuverkefni sín. Verkefni yrðu þá svo takmörkuð að á ýmsum stöðum yrðu engin tæki til brýnustu aðgerða, t. d. á vegum sveitarfélaga eða einstaklinga. Ég óttast þetta og reikna með því að margir beri ugg í brjósti út af þessu Aðferðin er hins vegar ekki sú að hætta við útboð, en það þarf að koma til móts við þessa heimaaðila og auðvelda þeim þátttöku og jafnréttisaðstöðu í útboðunum, annars detta þeir út einn af öðrum og stóru verktakarnir einir verða eftir á markaðinum, og því færri og stærri sem þeir

verða því meiri hætta er á því að útboðin verði gagnsminni en þau eru þó nú, menn telji sér þá óhætt að bjóða hærra í verk í trausti þess að t. d. heimaaðilar geti alls ekki verið inni í myndinni. Þetta er að vísu ekki sértækt fyrir Vegagerð ríkisins og því á þessi umræða e. t. v. ekki beinlínis heima við umr. um vegáætlun nú, en tengslin vona ég að öllum séu augljós.

Í þessum þingönnum, þar sem hvert málið á fætur öðru er rekið hér í gegn með ótrúlegum hraða, er lítil von til þess að menn geti náð áttum, hvort sem um stór mál eða smá er að ræða hér, nema með ærinni fyrirhöfn og síst er ástæða til þess að tefja tíma manna hér með því að setja á langar ræður um þetta annars stóra mál sem full ástæða væri þó til. Ég skal því ekki tefja þingið með lengri tölu um þetta, en gjarnan mætti hún vera margföldud ef maður gæti fengið eins og eina milljón fyrir hverja mínútu sem maður stæði hér í ræðustól til viðbótar í þau mörgu brýnu verkefni sem landsbyggðin bíður eftir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess fyrir mig að setja hér á löng ræðuhöld að þessu sinni, en ég vil þó fara um þetta mikilsverða mál nokkrum orðum. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 911 hef ég ritað undir það með fyrirvara. Ég vil hins vegar taka það fram að ég tel það mjög æskilegt hvernig sem meiri hl. og minni hl. er skipað hér á Alþingi, að aðilar geti, eins og í þessu tilfelli fjvn., náð saman í meginatriðum í vinnslu málsins, þó að menn greini að sjálfsögðu á að einhverju eða kannske verulegu leyti um einhver efnisatriði, varðandi fjáröflun og annað slíkt. Það hefur um nokkur ár, það ég best veit, tekist samkomulag um skiptingu fjárins í þessu tilfelli og ég tel það mjög af hinu góða að menn a. m. k. reyni að teygja sig eins langt og mögulegt er til samkomulags um svo mikilsverðan þátt eins og vegáætlun, vegaframkvæmdir, eru fyrir þjóðarheildina.

Ég vil aðeins í upphafi minna á það að vegáætlun var ekki afgreidd á síðasta þingi. Og án þess að það skipti meginmáli, úr því sem komið er, þá held ég að rétt sé að minna á það hverjir voru þess valdandi að það náði ekki fram að ganga. Það var auðvitað vegna sérstakrar andstöðu þáv. stjórnarandstöðu Sjálfstfl. sem vegáætlun var ekki afgreidd á Alþingi fyrir árið 1983. En eins og ég segi, það skiptir ekki meginmáli. Ég hygg að mál öll hafi gengið fram með þokkalegum hætti þrátt fyrir það. Það getur hins vegar ekki talist til fyrirmyndar að Alþingi afgreiði ekki svo mikilsvert mál eins og vegáætlun er hverju sinni, þó að svo þokkalega tækist til að málið fengi farsæla lausn að flestra dómi á síðasta ári.

Eins og síðasti ræðumaður tók fram byggist minn fyrirvari á svipuðum forsendum og hann gerði hér grein fyrir. Auðvitað hefði það verið æskilegt, og það var stefnt að því af hálfu allra flokka við samþykkt langtímaáætlunar um vegagerð á síðasta þingi, að ná því fjármagni, því prósentufjármagni sem sú langtímaáætlun byggði á. Vissulega hefði það verið æskilegast. En auðvitað getur það skeikað til eða frá, eftir stjórnarfari hverju sinni ekki síst, og aðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum hafa m. a. haft þau áhrif að nú er þetta hlutfall eilítið lægra, en gert var ráð fyrir. Það er auðvitað atriði sem alltaf er hægt að deila um, hver skaðvaldurinn sé í þeim efnum, en auðvitað ræður ríkjandi meiri hl. hverju sinni hvernig á því máli er haldið. Ég vil hins vegar undirstrika það sérstaklega, að ég tel það mikils virði að samkomulag náðist, víðtækt samkomulag náðist hér á Alþingi um langtímaáætlun í vegagerð. Það er vissulega mjög mikils virði að reynt sé af fremsta megni að standa við þann grundvöll sem þar var lagður að vegagerð og vegaframkvæmdum á næstu árum. Ég held að þetta sé kannske eitt mikilvægasta málið sem skiptir sköpum í hinum ýmsu byggðarlögum. Ekki hvað síst á það við varðandi hinar dreifðu byggðir víðs vegar um landið, og því er nauðsynlegt að hægt sé að standa myndarlega að framkvæmdum og fjármagnsöflun til þessa þáttar, þáttar sem að mínu viti, og ég hygg að um það séu vel flestir ef ekki allir sammála, er hvað arðbærasti framkvæmdaþátturinn í landinu eins og mál standa.

Eins og hér hefur komið fram þá hefur fjvn. staðið að skiptingu þessa fjármagns. Það var búið í marsmánuði af hálfu þingmannahópa að ganga frá skiptingu á því fjármagni sem þá var gert ráð fyrir að yrði til ráðstöfunar í þessum efnum. Það mál hefur síðan legið alllengi vegna þeirrar ákvörðunar hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi að skera niður í framkvæmdaþáttum. Eins og formaður fjvn. og frsm. gerði hér grein fyrir áðan, þá er það kannske ekki ýkja mikil upphæð í öllu þessu sem þar er um að ræða. En eigi að síður kemur það kannske til með að breyta einhverju, kannske verulegu sums staðar frá því sem gert var ráð fyrir. Um það tjóir að sjálfsögðu ekki að deila. Það er ákveðið af þeim sem hér ráða ferðinni og við því er ekkert að gera og minni hl. hefur tekið þátt í að ákvarða, eins og hér hefur komið fram, með hverjum hætti skuli með farið. Ég vil þó undirstrika það að ég tel mjög æskilegt að um þetta náist samstaða í þingmannahópunum, þannig að málið verði ekki í upplausn, og ég vænti þess og treysti því raunar, þó að sumum hverjum finnist hér nokkurt fjármagn um að ræða í niðurskurði, að menn nái saman um að ganga þannig frá þessu máli að þokkaleg samstaða fáist um það.

Hér er komið inn á Ó-vegamálið. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði, að í upphafi var ráð fyrir því gert að til þeirra framkvæmda yrði útvegað sérstakt fjármagn, þannig að það kæmi ekki niður á öðrum framkvæmdaþáttum. Raunin hefur orðið önnur. Til þess að liggja að sjálfsögðu ýmsar ástæður og ekki skal ég fara að vekja umr. upp um það hér, en meiningin var alltaf sú að til þessara framkvæmda yrði útvegað sérstakt fjármagn sem ekki hefði áhrif til skerðingar á framkvæmdir í öðrum þáttum.

Þá hefur hér aðeins verið vikið að útboðsþættinum í þessum málefnum. Ég vil taka það fram að ég hef verið *hlynntur útboðum í þessum framkvæmdum sem og* öðrum framkvæmdum á vegum hins opinbera. En auðvitað eru á því gallar, það er augljóst, og ég tek undir það sem hér hefur komið fram að vissulega er æskilegt að reynt sé að halda á þeim málum þannig að sem minnst skerðist hlutur heimaaðila. Ekki síst er áríðandi að reynt sé að líta til þeirra átta í því atvinnuástandi sem nú er í landinu. Mér er hins vegar ljóst að það er erfiðleikum háð að sameina þetta tvennt. Ef á annað borð er um útboð að ræða sitja allir jafnir, eða a. m. k. skulum við gera ráð fyrir því að allir sitji við sama borð í þeim efnum. En vissulega þarf í ljósi fenginnar reynslu að huga að ýmsum þáttum í þeim efnum og þá fyrst og fremst þeim að reyna eftir megni

að skerða sem minnst möguleika heimaaðila til að bjóða í framkvæmdir og að vinna þær með eðlilegum hætti þannig að þeir séu samkeppnisfærir við aðra aðila. Þetta er vissulega mikið mál og kannske sýnist sitt hverjum í þeim efnum, en eins og ég tók fram áðan hef ég verið talsmaður þess að gert yrði meira af því en hingað til að bjóða út framkvæmdir á vegum hins opinbera. Og sú skoðun mín hefur ekkert breyst þó að ég sjái ýmsa annmarka í þeim efnum eins og hér hefur komið fram.

Eins og frsm. gerði hér grein fyrir er í nál. samkomulag um það að samgrh. hafi til þess heimild í samráði við þm. viðkomandi kjördæma að deila niður þeim niðurskurði sem um er að ræða í kjördæmunum. Kannske finnst einhverjum hv. þm. vald af þeim tekið með þeim hætti sem hér er ráð fyrir gert, og mér kæmi það ekkert á óvart, enda hef ég orðið þess var úr sumum áttum að menn töldu að af þeim væri verið að taka vald með samkomulagi af því tagi sem gert var ráð fyrir. Því hefur að vísu verið aðeins breytt til hins betra fyrir suma, þannig að menn hafa rýmri stöðu til að fjalla um mál og vissulega er það gott. Ég skal ekkert kveða á um það hér hverjir það eru. En þetta er svo mikilvægur þáttur, a. m. k. fyrir dreifbýlisfólk, landsbyggðarfólk, að það er mjög nauðsynlegt og æskilegt að um hann náist sem víðtækust samvinna, þannig að hægt sé að þoka málum fram í sem mestri einingu burt séð frá pólitískum sjónarmiðum, því að hér er um að ræða framkvæmdir sem eru þjóðhagslega hvað hagkvæmastar, a. m. k. eins og mál standa enn í dag, og ég hygg að svo muni verða um nokkurn tíma enn.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja þetta frekar. Ég taldi rétt, í ljósi þess að mín afstaða til þessa máls er undirrituð með fyrirvara, að gera í örfáum orðum grein fyrir vegna hvers sá fyrirvari er fram kominn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða miklu af dýrmætum tíma þingsins á þessu kvöldi. En það er mín reynsla að alltaf megi bæta einni ræðu við ef hún er nógu stutt. Ég vil fyrst fagna því hvað tekist hefur að halda í horfinu um fjárframlög til þessara mála eins og nú árar í viðskiptaheiminum og efnahagsmálum. Þar vil ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að hafa haldið fast á málum svo og vegamálastjóra og hans mönnum. Þeir hafa sýnt það á liðnum árum að þeir eru hverjum vanda vaxnir.

Það mætti nefna mörg verkefni, bæði þau sem tekist hefur að sigrast á, eins og Ó-veginum fyrir Ólafsvíkurenni. Þar getum við nú fagnað sigri, allir landsmenn vil ég segja og ekki síst á Vesturlandi. Það mætti einnig nefna fjölmörg verkefni sem ónunnin eru og bíða síns tíma.

Ég ætla aðeins að fara hér örfáum orðum um eina lægstu fjárveitingu sem ég hef komið auga á í þessari till. Það er á 2. bls. þar sem rætt er um fjárveitingar til brúargerðar. Þar er nefndur Gilsfjörður-rannsóknir og til þeirra rannsókna á að verja 200 þús. kr. á þessu ári, en nokkru hærri fjárhæð næstu tvö ár. Við Íslendingar höfum lengst af þegar um vegagerð hefur verið að ræða horft á firði okkar sem óyfirstíganlega þó að á seinni árum hafi þessi skoðun nokkuð breyst. Ég minni á það að fyrsta brúin yfir fjörð á Íslandi var byggð yfir Hraunsfjörð í Eyrarsveit árið 1963 að mig minnir. Hún hefur sparað mörgum sporið og auðvitað margborgað sig á þessum árum. En nú kunna menn að spyrja: Hvað er unnið við það að kanna brúargerð yfir Gilsfjörð? Er nokkur ástæða til þess að leiða hugann að slíku verkefni á þeim erfiðu tímum sem við nú lifum á? Hér er aðeins farið fram á rannsóknir og ef það tekst, eins og vonir manna eru bundnar við, að finna leið yfir þennan grunna fjörð þar sem útfiri er mikið, frá Kaldrana í Saurbæ yfir í Króksfjarðarnes eða í námunda við Króksfjarðarnes með því að stikla eftir hólmum, skerjum og leirum, þá styttir það leiðina frá Vesturlandi til Vestfjarða hvorki meira né minna en um 25 km. Milli þessara nágranna hefur frá fornu fari verið góð samvinna með vináttu við hin erfiðustu skilyrði. Ekki þarf að lýsa því með mörgum orðum hvað mikill áfangi næðist ef þessi leið yrði talin fær.

Oft er minnst á það að framkvæmdir í vegamálum séu með allra bestu byggðarmálum sem við getum unnið að hér á landi. Og það er mála sannast. Á þessu svæði eða fyrir Dalasýslu og þrjá austustu hreppa Barðarstrandarsýslu var gerð áætlun fyrir nokkrum árum, hin svonefnda Dalabyggðaráætlun, sem staðfest var af ríkisstj. í febr. árið 1981 að mig minnir. Við hljótum að stefna að því að koma góðum og gildum staðfestum áætlunum í framkvæmd þó að það taki sinn tíma.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en ósk mín er sú að þessi rannsókn hefjist sem fyrst og henni verði fram haldið uns gengið verði til fulls úr skugga um það hvort hægt sé að stytta leiðina milli þeirra staða sem ég nefndi. Því ef sú er raunin, þá er þarna áreiðanlega um greiðustu, sjálfsögðustu og bestu leið að velja milli Vesturlands og Vestfjarða sem mundi verða til þess að þessir ágætu nágrannar og vinir frá fornu fari mundu búa við stórbætt skilyrði til þess að vinna enn betur saman í framtíðinni.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að setja á langhund hér um vegáætlun enda viðurkenni ég hreinskilnislega að ég hef ekki sett mig sérlega vel inn í þetta mál. Það er nú svo, sérstaklega þessa dagana, að menn komast ekki hjá því að velja og hafna hvaða mál þeir vilja skoða betur en önnur. Ég vil auðvitað góða vegi sem víðast og þekki mætavel hvílíkur munur er á ástandi vega hérlendis. Jafnvel Reykjaneskjördæmi, sem er þó sæmilega sett miðað við ýmis önnur, hefur innan sinna marka vegi sem tæpast geta kallast því nafni og eru vart notandi öðrum en torfæruröllurum. Þó eru aðrir málaflokkar sem ég tel hafa forgang fram yfir vegamál og hef látið þá skoðun í ljós héðan úr ræðustól og í greinaskrifum.

Sem þm. Reykjaneskjördæmis fæ ég ýmis heimabyggðablöð sem fróðlegt er að lesa. Nýlega barst mér eitt slíkt blað og þar var m. a. spurning dagsins hvað menn vildu hafa efst á framkvæmdaskrá bæjaryfirvalda. Óskir þeirra sem svöruðu skiptust algerlega á milli kynja, karlmennirnir vildu varanlegt slitlag á göturnar en kvenfólkið nefndi leikvelli, íþróttahús, skóla og aðstoð við aldraða. Þannig var það nú, og ekki meira um það. En kannske er þarna m. a. að finna skýringuna á því að þessi málaflokkur, þ. e. vegamálin, virðist njóta nokkurs forgangs hjá þeim sem ráða.

En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs núna er þó fyrst og fremst sú að skv. 1. gr. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem kennd hefur verið við bandorm, ber samgrn. að spara við sig 25 millj. kr. og fékk

vegamálastjóri fyrirmæli um að lækka útgjöld til vegamála um 20 millj. Þegar leitað er eftir hvernig sá niðurskurður verði í framkvæmd fullyrða menn að þetta sé aðeins samdráttur í tölum en ekki framkvæmdum, og má það vera rétt og er út af fyrir sig gott ef sú verður raunin. En óhjákvæmilega veltir maður fyrir sér hvernig það má vera að 20 millj. kr. lækkun til vegaframkvæmda komi ekki fram í samdrætti á framkvæmdum. Ég minni á að hér er um sömu upphæð að ræða, 20 millj. kr., og fulltrúar minni hl. fjvn. fluttu till. um við 2. umr. um fjárlögin til hækkunar á þeim lið sem ætlaður er til byggingar dagvistarheimila. Til þeirra eru aðeins ætlaðar rúmar 30 millj. kr. á þessu ári, sem þýðir það að ekki er unnt að byrja á neinum nýjum framkvæmdum í þeim málaflokki. 20 millj. kr. hækkun til byggingar dagvistarheimila þótti ekki við hæfi að mati stjórnarflokkanna sem greiddu atkvæði gegn þessari brtt. minni hl. Það hvarflar óneitanlega að mér nú hvort rammi vegáætlunar sé yfirleitt svona rúmur að það muni bara ekkert um 20 millj. hér og 20 þar. Og þá vaknar að sjálfsögðu sú spurning hvort ekki væri hægt að spara slíkar upphæðir víðar í kerfinu. En það er líklega sama gamla sagan um mjúku og hörðu gildin. Mér finnst ekki hafa komið fram neinar viðhlítandi skýringar á því hvernig unnt er að draga svona saman á pappírnum án þess að það komi fram í minnkandi framkvæmdum og þætti gott ef hv. formaður fjvn. gæti skýrt hvernig slíkt má vera því hér er óneitanlega um mikið fé að ræða.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég tel ástæðu til að taka aðeins þátt í þessum umr. og lýsa yfir ánægju minni með það að þrátt fyrir samdrátt og erfiðleika hefur tekist að halda í horfinu í sambandi við vegáætlunina. Næstum allir hljóta að viðurkenna að eitt mikilvægasta mál fyrir okkur sem þjóð í stóru og erfiðu landi er að þessi málaflokkur hafi ákveðinn forgang og að þessum þætti í samgöngumálum okkar sé myndarlega unnið. Það er alveg ljóst og það hefur komið fram hversu gífurlega þýðingarmikið það var á sínum tíma þegar náðist algjört samkomulag hér á Alþingi um að gera langtímaáætlun í vegagerð og fara eftir henni. Þrátt fyrir það að deila megi og harma að ekki næst alveg full prósenta eins og að var stefnt þá heldur þessi langtímaáætlun sem ákveðin var samt gildi sínu og hún gerir það að verkum að þm. eru sammála um að fara ekki út af þeirri braut að vinna eftir henni. Þessu ber vissulega að fagna og það var nú eiginlega erindi mitt hingað í ræðustól að undirstrika sérstaklega þetta atriði.

En af því að ég er hingað kominn vil ég aðeins segja það að ég get að sjálfsögðu fagnað sérstaklega því átaki sem var gert undir liðnum Ó-vegirnir. Það var mjög gæfurík ákvörðun á sínum tíma að taka þessa hættulegu vegi út úr og vinna að þeim eftir ákveðnu skipulagi og í þeirri forgangsröð sem ákveðin var. Ég get sagt það hér að framkvæmdin við veginn fyrir Ólafsvíkurenni er glöggt dæmi um það hvernig hægt er að sameina útboð og þá tækni sem ýmsir aðilar í okkar þjóðfélagi búa nú yfir í sambandi við vegagerð og ná þar glæsilegum árangri, ekki aðeins við verkið sjálft og flýta því fram heldur einnig að spara stórkostlega peninga. Þetta hefur sannað það rækilega að Íslendingar eru færir um að glíma við erfiðustu verkefni, ekki síst á þessu sviði, þ. e. brúar- og vegagerð við erfiðar aðstæður. Þessu ber að fagna og þetta eykur vissulega bjartsýni okkar um að okkur takist að sigrast á ýmsum erfiðum verkefnum í vegagerð og raunar mörgum fleiri sviðum í okkar þjóðfélagi. Þess vegna tel ég að við eigum að halda ótrauðir áfram á þeirri braut að auka útboð í verklegum framkvæmdum og ekki síst í sambandi við vegagerð, hafnagerð og margt fleira.

Ég vil, herra forseti, ekki lengja þessar umr. Ég vildi aðeins nota tækifærið og undirstrika þessi atriði og um leið vil ég sérstaklega flytja Vegagerðinni þakkir fyrir ágætt starf og fyrir farsæla forustu um vegagerð hér á landi. Það er stofnun sem hefur þróast í verkefninu og sannarlega nýtt sér þá tækni og þær framfarir sem hægt er að nota. Ég treysti Vegagerðinni til áframhaldandi góðra verka á þessu sviði.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Ég þarf í raun og veru ekki að fara neitt inn á það sem hv. form. n. og framsögumaður komu hér inn á, en út af nokkrum orðum sem hér hafa fallið langar mig að minna á örfá atriði. Í fyrsta lagi markaði Alþingi stefnu um langtímaáætlun í vegagerð. Sú stefna var afmörkuð við vegagerð, var afmörkuð við ákveðinn hluta þjóðarframleiðslu alveg burtséð frá framlögum til annarra málaflokka, þar með talinna dagvistunarheimila. Þessi stefna var mörkuð af Alþingi sameiginlega eftir að mikið hafði verið unnið að undirbúningi málsins og við þessa stefnu hefur verið haldið í meginatriðum.

Þessi stefna fólst í því að leggja tiltekið hlutfall af þjóðarframleiðslu til vegamála og markmiðið var að það hækkaði á þessu ári úr 2.3 í 2.4. Það er eina fráhvarfið frá þeirri stefnu að það hækkaði ekki með þessari vegáætlun sem ég hafði hér framsögu fyrir. Hún var lögð hér fram í desember en framsaga fór fram 31. janúar. Hver þm. hefur því haft mjög góðan tíma til þess að fara yfir vegáætlun og það getur enginn skýlt sér á bak við þær annir sem núna eru síðustu daga í þeim efnum.

Þessi breyting gerir það að verkum að framlög til vegamála lækka ef ég man rétt um 63—64 milljónir. Höfuðlækkunin er vegna minnkandi þjóðarframleiðslu — því bið ég þm. að muna eftir og að taka eftir — það er tvisvar sinnum hærri upphæð. Heildarlækkunin nam því ef ég man rétt 191 millj. kr. ⅔ af þessari lækkun er vegna minnkandi þjóðarframleiðslu, vegna þess að þjóðarkakan hefur minnkað og í þessari stefnumörkun Alþingis var gert ráð fyrir þessu hlutfalli af þjóðarframleiðslunni.

Nú langar mig að koma aðeins inn á það sem hefur hér verið rætt og einn nm. í fjvn. skýrði frá áðan að hann hefði ekki skilið, hvort Vegagerðin hefði svona rúmar hendur og hvernig það væri hægt að þegar skornar væru niður 20 millj. væri raunveruleg aukning vegagerðar. Form. fjvn. skýrði þetta mjög rækilega. Það er hagstæðari vísitala vegagerðar og það hefur líka verið gert mikið átak í sambandi við útboð sem nokkrir þm. hér hafa tekið undir, sumir með nokkrum efasemdum og töldu að það þyrfti að fara varlega svona eins og gerist og gengur. En hér er um það að ræða að Vegagerðin fær miklu lengri tíma til undirbúnings. Það sem gert hefur verið nýtt núna er að vegagerðin hefur fengið heimild til þess að bjóða út að haustinu til þess að verktakar fái lengri vinnu fyrir sín tæki árið um

kring. Það gerir þeim fært að nýta betur sín tæki og þar af leiðandi geta þeir unnið verkið fyrir minna fjármagn. Þetta gerir það að verkum að raunverulegar vegaframkvæmdir aukast um 7—11% af þessum tveimur ástæðum.

Til þess að gera langt mál stutt held ég að ég fari með nokkurn veginn réttar tölur að í þeim útboðum sem þegar er búið að gera í framkvæmdum á þessu ári í vegagerð vítt og breitt um landið munu þegar vera í útboðum milli 30 og 40 millj. kr. undir kostnaðaráætlun vegagerðarinnar. Þetta er höfuðástæðan fyrir því að framkvæmdamátturinn hefur aukist, það eru útboðin. Þetta ár sem ég hef verið samgrh. hafa flest útboð sætt athugasemdum og alltaf hefur fyrsta athugasemdin verið að það yrði að fara varlega gagnvart heimamönnum, þeir mættu ekki missa þetta út úr höndunum, ekki mættu koma menn úr öðrum landshlutum sem tækju verkin frá heimamönnum. En ef við ætlum að halda gamla laginu að láta vinna í heimavinnu þá minnkar verulega framkvæmdamagn til vegagerðar. Þess vegna hef ég staðið afar vel með Vegagerðinni í þeirra till. í þessum efnum þrátt fyrir óánægju víðast hvar og ég ætla mér að halda því áfram. En þau varnaðarorð, sem hafa komið fram hjá einstaka mönnum eru alveg réttmæt, það verður auðvitað í sumum tilfellum að líta á þetta nokkuð staðbundið. En nýframkvæmdirnar verða að vera með þessum hætti í auknum mæli. Alþingi er hvað eftir annað búið að samþykkja ályktanir um aukin útboð í opinberum framkvæmdum sem eru viðhöfð í flestum eða öllum öðrum málaflokkum og því ber að halda áfram.

Ég get vel skilið það sem 1. landsk. þm. sagði að fólk hér í næsta nágrenni við Reykjavík setur kannske ekki vegaframkvæmdir efst á sinn lista af því það er búið að framkvæma hér svo mikið á þessu svæði að hér er ekki um teljandi vandamál að ræða. Hitt er annað mál að þegar komið er lengra frá höfuðborginni fara hlutirnir að versna, þá eru vegamálin nánast sagt í vandræðaástandi mjög víða. Þess vegna eru framlög til vegamála alls ekki of há, þau eru raunverulega allt of lág.

Ef við miðum við önnur lönd og aðrar þjóðir og sérstaklega nágrannaþjóðir okkar þá erum við land sem er vanþróað í vegagerð, við erum ekki búin að ná sæmilegu meðaltali. Þó að meira en helmingurinn af umferðinni í landinu eða jafnvel um ⅔ sé nú kominn á bundið slitlag þá erum við með það stórt og mikið þjóðvegakerfi að við eigum þar langt í land, að ég tali nú ekki um jarðgöngin sem bæði Austfirðingar og við Vestfirðingar höfum sérstaklega mikinn áhuga á því að þau leysa í raun og veru svo fjölmörg önnur vandamál þegar þar að kemur.

Hv. 1. þm. Vesturl. nefndi lítið framlag sem er hér sér í lagi á 2. bls. um rannsóknir í Gilsfirði. Ég skal alveg játa það að ég lagði það persónulega til að það yrði tekið inn og Vegagerðin féllst á og taldi að þessar upphæðir ættu að nægja til þessara frumrannsókna. Ég tek alveg undir mikilvægi þess verks en það eru líka önnur verk sem eru komin nær og lengra áleiðis í undirbúningi sem við þurfum að halda áfram.

Ég taldi upp allmörg verkefni þegar ég fylgdi vegáætlun úr hlaði í janúarmánuði sem ég ætla ekki að endurtaka hér. En ég vil leggja áherslu á það sem form. fjvn. gat um og ég ræddi í raun og veru ítarlega hér í janúarlok að við þurfum að gerbreyta innheimtu þungaskattsins og fyrirkomulagi. Þar er óhemju mikill kostnaður sem ég sé eftir og talinn er vera um 5 millj. kr. Ég hefði heldur viljað fá þá fjármuni í framkvæmdir við vegagerð.

Ég ætla ekki að fara að tala um niðurskurðinn. Ég er búinn að standa í þessu niðurskurðartali undanfarna mánuði og maður hefur séð í fréttum og blöðum að talið hefur verið alveg sjálfsagt að skerða þessa vegaframkvæmd niður um nokkur hundruð millj. En ég léði ekki máls á meiri niðurskurði en 25 millj. til samgöngumála, þar af 20 millj. í vegamál og af því verður tekið af viðhaldi 6.9 millj. í stjórn og undirbúning, til brúargerðar og til vega í kaupstöðum og kauptúnum. En af nýju framkvæmdafé er hér um 8.6 millj. kr. að ræða, eða 1.6%, eins og frsm. fjvn. gat um.

Ég held að fyrst við nefnum niðurskurð á annað borð hafi varla verið hægt að komast neðar en þetta því að manni var eiginlega ekki stætt á því að neita algerlega allri samvinnu í þessum efnum. En ég vil taka það fram, eins og ég sagði hér í janúarmánuði, að þrátt fyrir að aðgát skuli höfð í sambandi við erlendar lántökur er það mín skoðun að fyllilega komi til greina, þó það sé ekki á þessu ári, að huga alvarlega að því að taka verulega stórt erlent lán til þess að hraða slitlagi á sem flesta aðalvegi landsins og hefja jarðgangagerð því að þar hafa orðið verulegar tækninýjungar á liðnum árum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég endurtek þakkir mínar til frsm. fjvn. og fjvn. allrar sem og allra annarra þm. fyrir það að hér hefur skapast ákaflega góð samstaða og samkomulagsvilji að halda áfram að vinna að því markmiði sem Alþingi setti með langtímaáætlun í vegagerð. Ég tek undir þakkir sumra þm. hér til Vegagerðarinnar, vegamálastjóra og hans nánustu samstarfsmanna og mér er sérstök ánægja af því að mega lýsa því hér yfir að ég get vart hugsað mér betra samstarf við nokkra menn en þá sem Vegagerð ríkisins stjórna. Þeir eru milli tannanna á mönnum og það eru alltaf fjöldamargir sem eru óánægðir með eitthvað, en ég tel að þeirri stofnun sé vel stjórnað og hún hefur haft gott samstarf við Alþingi allan þann tíma sem ég hef setið á þingi og var ég þó í 12 ár, held ég, í fjvn. og átti mikið samstarf við þá á þeim tíma.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla að segja örfá orð út af niðurlagsorðum hæstv. ráðh. Ég tek mjög undir það, og gerði það raunar fyrr í umr. í janúarmánuði þó að minn flokkur hafi varað við auknum erlendum lántökum, að fyllilega kemur til greina að mínu áliti að taka verulegt lán til að hraða vegaframkvæmdum í landinu því eins og margoft hefur komið hér fram eru það þjóðhagslega arðvænlegustu framkvæmdir sem hægt er að fara í, a. m. k. eins og málum er háttað og hefur verið og væntanlega verður á næstunni. Hvað sem öllum flokkssamþykktum í mínum flokki líður tek ég því mjög undir það að í þessum þætti framkvæmda kemur það fyllilega til greina, að mínu viti, að taka verulega á og jafnvel taka stór lán til framkvæmda í vegagerð því vissulega getur það skipt sköpum hvernig staðið verður að vegaframkvæmdum í dreifbýlinu á næstu árum. Það eru svo ótalmargir þættir sem þar eru samtvinnaðir og yrðu þess valdandi, ef af yrði að slíkt yrði gert, að mundi gersamlega bylta öllum staðháttum og aðstæðum fólks á þessum svæðum til batnandi lífskjara og aukinnar velsældar miðað við það sem verið hefur og er nú. Þetta

vildi ég taka undir með hæstv. ráðh., og þó ég sé ekkert sérstaklega að óska eftir því að hann verði sem lengst í ríkisstjórn við þær kringumstæður sem nú eru vænti ég þess að a. m. k. meðan hann er, hversu lengi sem það verður, hafi hann dug í sér til þess, hér eftir sem hingað til, að standa vel vörð að því er þennan þátt varðar og láta á engan hátt aðra aðila, sem eru úrdráttarmenn í þessum efnum og eru honum við hlið, hafa áhrif á í þeim efnum.

ATKVGR.

Brtt. 904 samþ. með 38 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1113).

Efri deild, 104. fundur.

Fimmtudaginn 17. maí, að loknum fundi í Sþ.

Um þingsköp.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Sú vinnuskipulagning, sem hér hefur átt sér stað undanfarin kvöld, hefur komið mér dálítið spánskt fyrir sjónir, þ. e. a. s. að hér hafi verið þingfundir á hverju kvöldi alla þessa viku. Þegar ég kom hér til þings þá mun það hafa verið með þeim fyrri fundum sem ég var á að um þetta var rætt í þingflokki hjá okkur. Lagt var til að haldnir yrðu tveir kvöldfundir í viku. Þm., sem hafði setið mörg þing, lýsti því þar yfir að það væri algerlega nýtt í þingsögunni að þannig væri unnið.

Ég geri ráð fyrir því að flestir þm. hafi vel möguleika til þess að sinna störfum hér á hverju kvöldi vegna þess að mikill hluti þeirra vinnu hefur þegar farið fram í n. En með því að halda hér uppi fundi kvöld eftir kvöld er verið að leggja algerlega óeðlilegt vinnuálag á starfsfólk þingsins, og án þess að gera neina tilraun til þess, að því er virðist, að bæta þar við starfskröftum. Hér er sama starfsfólkið að vinna frá morgni til kvölds við mjög erfiðar vinnuaðstæður og mér finnst það ganga allt of langt og ábyggilega verið að ganga yfir lög í sambandi við þá hluti.

Ég vil nú bæði spyrja hæstv. forseta hvort enn sé áfram hugsað að vinna þannig á morgun og hvort það hafi verið af einhverri nauðsyn að þau mál, sem hér eru til umr. í kvöld, hafi verið tekin til afgreiðslu. Mér sýnist að flest af þessum málum hefðu getað beðið morgunfundar.

Einnig hef ég áhuga á því að heyra frá formönnum þingflokka, m. a. míns eigin þingflokks, hvort þetta sé gert með ráðum þeirra. Þessi mál hafa a. m. k. ekki verið rædd í mínum þingflokki að það væri ákveðið að haldinn yrði hér kvöldfundur alla vikuna eða kvöld eftir kvöld.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna fsp. hv. 4. þm. Vesturl. og athugasemda um fundarhöld hér í kvöld get ég tekið undir það að það er mikið vinnuálag hér á þinginu og ekki síður á starfsfólki þingsins þessa dagana. Ég held hins vegar að þetta sé ekki meira vinnuálag nú þessa síðustu daga fyrir þinglausnir en endranær. Þetta virðist bera við á hverju einasta vori, a. m. k. frá því að ég kom hér til starfa á Alþingi sýnist mér þetta vera með sama hætti. Þess væri svo sannarlega óskandi að hægt væri að haga störfum þingsins þannig að til slíks þyrfti ekki að koma.

Ég vil einnig taka undir það að það er ekki síður álagið hér á starfsfólkinu. Það sáum við best í gærkvöldi þegar fundir voru hér í báðum þingdeildum og það þurfti að hafa hverja dagskrána af annarri tilbúna og lítill tími vannst fyrir starfsfólkið til að undirbúa það. Það ber sérstaklega að þakka fyrir það hvernig þó tókst vel til.

Hv. 4. þm. Vesturl. beindi fsp. til formanna þingflokka og sérstaklega síns þingflokks svo að ég geri ekki ráð fyrir að mér sé ætlað að svara fyrir þeirra hönd. Hins vegar vil ég gjarnan bæta því við að boðað var til fundar eftir hádegið í dag með forsetum og formönnum þingflokka. Þar voru þessi mál rædd og þessi fundur hér í kvöld er haldinn í framhaldi af þeim fundi. Síðan ætla ég að gefa formönnum þingflokka, sem hér hafa beðið um orðið, tækifæri til að svara.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég held að þær athugasemdir, sem hv. 4. þm. Vesturl. gerði áðan, séu fyllilega réttmætar. Ég hef áður gagnrýnt það hér að skipulag vinnunnar í þessari stofnun væri ekki svo gott sem skyldi. Ég held það sé engin óhjákvæmileg nauðsyn að þinghaldið endi með þeim hætti sem það hefur alltaf gert, þ. e. með þessari vinnulotu þegar mál eru afgreidd nánast á færibandi og oft því miður ekki með nægilegri athugun. Reynslan hefur nú einu sinni sýnt það.

Á fundi þingflokksformanna og forseta, sem haldinn var kl. hálf tvö í dag, vakti ég máls á nákvæmlega þessu sama sem hv. þm. Skúli Alexandersson minntist hér á, þ. e. því álagi sem starfsfólk þingsins yrði nú að sæta vegna þessara miklu fundarhalda. Það kom fram á þeim fundi að þegar við ljúkum hér störfum kannske kl. 1 um nótt þá eru hér starfsmenn sem kannske eiga ólokið 2—4 klst. starfi en þurfa síðan að mæta til vinnu aftur að morgni. Þetta er auðvitað ekki gott.

En það verður að segjast eins og er að þessar athugasemdir mínar fengu engan sérstakan hljómgrunn í dag og ég játa að ég gerði ekki athugasemdir við það að ráðgerðir væru kvöldfundir í kvöld. Ég lýsti þeirri skoðun þingflokks Alþfl. að við teldum ekki æskilegt að hafa kvöldfund í kvöld, en það hlaut ekki undirtektir og ég hreyfði ekki frekari andmælum og taldi ekki ástæðu til þess eftir að ég var búinn að koma þessari skoðun á framfæri.

Ég hygg að við verðum að reyna að taka höndum saman um að laga þetta ástand, skipuleggja þessa vinnu betur. Það er engin hemja, eins og gerðist í Sþ. í dag, að skýrsla utanrrh. sé tekin til umr., sá mikilvægi málaflokkur, með þeim hætti sem þar var gert. Það komust nokkrir þm. að til að tjá sínar skoðanir um það mál. E. t. v. verður það tekið aftur á dagskrá á morgun, en þetta eru ekki hin ákjósanlegu vinnubrögð. Það er langur vegur frá.

Ég tek það skýrt fram að hér er ekki hægt og ekki ástæða til að beina gagnrýni að neinum einum aðila, þingforseta, forsetum eða formönnum þingflokka. Ég

hygg að hér eigi allir hlut að máli. Þetta er bara mál sem við verðum að lagfæra með því að skipuleggja þessa vinnu betur. Ég er alveg sannfærður um að það er hægt og ég held að við gætum leitað okkur ráða og reynslu hjá kollegum okkar með grannþjóðum okkar þar sem ég veit að þessi mál eru miklu betur skipulögð. Ég hef orðið þess var í samtölum við norræna þm. að þegar verið er að skipuleggja fundahöld fram í tímann, kannske tvo, þrjá mánuði, þá segja þeir: „Nei, því miður, þennan dag eftir þrjá mánuði verður umræða um utanríkismál, eða einhvern málaflokk í þinginu, og þar verð ég að vera viðstaddur.“ Það er því ljóst að hægt er að skipuleggja þessa vinnu langtum betur. Að því held ég að við eigum að einbeita okkur. En hvort við getum núna í þessari lokatörn breytt einhverju miklu, það sýnist mér að muni verða næsta erfitt úr því sem komið er.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með þeim þm., sem hér hafa rætt um vinnubrögð og annir á Alþingi, að vissulega hefur verið annasamt núna seinustu dagana og það vafalaust úr hófi fram. Ég vil líka alveg sérstaklega taka undir það sem sagt var áðan af þingflokksformanni Alþfl., hv. þm. Eiði Guðnasyni, að það ber brýna nauðsyn til þess að skipuleggja vinnubrögð á Alþingi betur en gert hefur verið. Þetta höfum við rætt, þingflokksformenn, á mörgum fundum í vetur og einnig rætt við forseta þingsins. Það mál er ekki útkljáð og var ekki útrætt en þó má nefna dæmi þess að eitthvað örlítið hafi hreyfst til betri vegar á vissum sviðum án þess að ég ætli að fara að tíunda það hér.

Eitt af því, sem rætt var um snemma í vetur, var einmitt það, sem hv. þm. Skúli Alexandersson nefndi hérna áðan, að kvöldfundir yrðu yfirleitt aldrei oftar en tvisvar í hverri viku. Þetta held ég að hafi staðist í vetur. Hins vegar gerðu sér vafalaust allir grein fyrir því þegar um þetta var rætt að í seinustu vikunni áður en þing færi heim mundi þessi regla ekki standast frekar en fyrri daginn.

Ég hygg að það hafi verið svo um mjög langt skeið að margir kvöldfundir, stundum næturfundir hafi verið í seinustu vikunni áður en þingið fer heim. Ég er nú kannske ekki eins bjartsýnn og sumir aðrir á það að á þessu verði snögg breyting. Það er margt sem stuðlar að þessum ósið okkar alþm. og virðist ekkert vera auðvelt að brjótast út úr þeim ógöngum sem við lendum alltaf í að vorinu.

Varðandi kvöldfund á þessum degi vil ég taka fulla ábyrgð á mig að hafa samþykkt hann. Við Alþb.-menn höfum lagt á það áherslu, eins og raunar aðrir flokkar, að landið yrði ekki kosningalagalaust í sumar, enda slíkt óheyrt og getur ekki staðist. Þingið getur ekki farið heim án þess að afgreiða kosningalögin. Nd. hefur legið á þessu máli vikum og mánuðum saman og er ekki að skila því af sér fyrr en í dag. Það var alveg ljóst að hvort sem menn ætluðu sér að ljúka þinginu á laugardegi eða mánudegi, eins og talað hefur verið um, yrði að taka kosningalögin til umr. í Nd. í kvöld. Undan því varð ekki vikist. Ég tel ekki að nein sérstök nauðsyn hafi verið á því að halda fund í Ed. í kvöld. En úr því að hér stóð fundur í Sþ. fram á kvöldið þótti mér eðlilegt að nýta tímann eitthvað til viðbótar til umræðna þótt ekki verði sagt að það sé nein alger nauðsyn. Ef þannig stæði á fyrir einstökum þm. að þeir vildu mótmæla fundi hér í deildinni í kvöld umfram einhvern ákveðinn tíma, þá hygg ég að forustumenn flokka og forseti mundu taka fullt tillit til þess.

Sem sagt, ég tek á mig alveg fulla ábyrgð á fundum hér í deildum í kvöld. Það hefur ekki verið minnst á það í mínum flokki að reyna að forðast það. Þvert á móti höfum við lagt á það áherslu að kosningalagamálið verði afgreitt frá Nd. hið fyrsta því það sæmir að sjálfsögðu ekki að við fáum hér í Ed. kannske örfáa klukkutíma til þess að ræða slíkt stórmál. Við verðum að geta fengið hæfilegan tíma til þess að taka það mál hér til athugunar, og það verður bersýnilega ekki nema málið komi til okkar á morgun. Af þessari ástæðu sjá allir að það varð ekkert undan því vikist að hafa fundi í Nd. í kvöld og þess vegna er hér nú líka fundur í Ed. Ég held eins og ég sagði áðan, að ef fram kæmu óskir um að fundurinn yrði ekkert allt of langur, þá mundu margir verða til að styðja þá ósk og ég mundi hiklaust vera í þeim hópi. En ég var því sammála að við notuðum þennan tíma núna til að afgreiða mál og tek fulla ábyrgð á því.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði um það í lok ræðu sinnar að ekki hafi verið undan því vikist að halda fundi í kvöld í Nd. sérstaklega til þess að hægt væri að koma kosningalögunum áfram, en sú skoðun miðast náttúrlega við það að þingi verði slitið á laugardag, mánudag eða þriðjudag. Ég sé ekki ástæðu til að slíta þingi núna á þessari helgi. Ég sé enga ástæðu til annars en að við getum haldið áfram að vinna hér eins lengi og við þurfum til þess að geta afgreitt mál sómasamlega héðan af Alþingi Íslendinga.

Ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið um álag á starfsfólk og álag á þm. Ég held að fólk, sem vinnur undir slíku álagi eins og þm. gera núna, geti í raun og veru ekki gengið úr skugga um það þannig að þeir geti átt það við sína samvisku að það, sem hér fer í gegn, sé eins og þeir hefðu helst kosið og að þeir hafi unnið það eins og þeir vilja.

En mig langar til að gera hérna eitt atriði að umtalsefni, sem ekki hefur verið minnst á, og það eru nefndarstörfin. Ég vakti máls á því í hv. félmn. í morgun að mér fyndist það ekki sæmandi að félmn. Ed. fái einn sólarhring til þess að fjalla um húsnæðismálafrv. sem er stór og mikill lagabálkur eins og allir vita og er búið að vera til umræðu í lengri tíma í Nd. Þau svör fengust þá á fundinum af hálfu stjórnarþm. að þetta væri nú vaninn og að þingflokkar væru búnir að fjalla um frv. áður. En þá spyr ég: Til hvers er verið að hafa hér tvær þingdeildir ef þetta á að vera vinnulagið?

Bandormurinn fer hér líka í gegn á methraða með nánast engum nefndarstörfum og svo eru það kosningalögin. Og mér er spurn: Hvað skyldum við fá langan tíma til að fjalla um þau? Eru það klukkutímar eða mínútur? Og ég vil eingöngu að lokum taka undir þau orð sem hér hafa fallið á undan um það að þetta er ekki vinnulag í lagi, því fer fjarri. Ég geri ráð fyrir að menn séu komnir hingað til að vinna og við þessar aðstæður er ekki hægt að vinna.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það mál sem hér er til umr.

Ég hygg að þetta sé nokkuð áþekkt því sem venjulega hefur verið. En þegar ég segi það er ég ekki að mæla því bót. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það eigi að hafa betri vinnubrögð og ekki hrúga málum svo til afgreiðslu síðustu daga þingsins, eins og nú hefur verið gert, og venja hefur verið að gera.

Menn tala um skipulag í þessum efnum. Það er ágætt og einhvers konar skipulag er það sem við þurfum að koma á. En við þurfum að hafa það í huga að Alþingi Íslendinga er ekki venjuleg stofnun. Við setjum ekki hér skipulag sem er eitthvað hliðstætt við það sem sett er í fyrirtækjum með vinnuhagræðingu eða öðru slíku.

Það er tvennt sem sköpum skiptir í því hvernig vinnubrögð Alþingis eru. Það er annars vegar það að ríkisstj., hver sem hún er, leitist við að dreifa þeim málum, sem frá ríkisstj. koma og lögð eru fram, á þingtímann í heild. Og það er hitt að nefndirnar vinni sem best allan þingtímann og dreifi afgreiðslu þingmála úr nefndum á allan þingtímann eftir því sem við verður komið.

Við forsetar höfum á þessu þingi lagt alveg sérstaka áherslu á það að þetta væri gert. Við höfum gert það bæði með því að kalla formenn allra nefnda á okkar fund og ræða málin og fara yfir hvernig staðan er og það hefur verið gert úr forsetastóli. Því miður hefur þetta ekki borið þann árangur sem skyldi.

Ég vil hins vegar taka fram að þegar forsetar eru að leggja áherslu á betri vinnubrögð í nefndum eru þeir ekki að gefa nein fyrirmæli um það að nefndir skuli afgreiða öll mál, forsetar hafa ekkert vald til slíks, né að gefa fyrirmæli um það á hvern veg mál eru afgreidd. En það sem er höfuðatriði í þessu er það að nefndir hafi þau vinnubrögð að dreifa afgreiðslu mála eftir því sem við verður komið á allan þingtímann, afgreiðslu þeirra mála sem eiga að koma aftur til umr. í þinginu.

Það væri hægt að ræða mikið um þetta efni. Ég ætla að neita mér algjörlega um það. Mér þótti rétt að segja aðeins fáein orð að gefnu tilefni.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta það ef það mun hafa skilist þannig í minni fyrri ræðu hér að ég hafi sagt að hv. deild hafi verið á fundum alla vikuna. Ég meinti það ekki og vissi að við vorum ekki með kvöldfund á mánudag, en hér var fundur í húsinu þannig að álagið á starfslið þingsins var svipað, þó náttúrlega ekki eins mikið og þegar báðar deildir eru að störfum.

Ég þakka fyrir þær undirtektir sem hafa verið við það sem ég sagði hér í upphafi. Ég held þó að gæti ansi mikils misskilnings ef því er haldið fram, sem hér hefur komið fram, að hér sé verið að halda fram svipuðu og verið hefur undanfarandi ár. Þetta er ekki rétt. Skv. upplýsingum starfsfólksins hefur nú verið gengið lengra en nokkru sinni fyrr. Ef forsetar og þingflokksformenn réttlæta svona vinnubrögð með því að þetta hafi verið unnið þannig áður, þá finnst mér það miður og stefna í þá átt að við séum að láta undan ákveðnum þrýstingi í sambandi við vinnubrögð hér á síðustu dögum þingsins.

Um vinnubrögð nefnda og vinnubrögð þingsins allan þingtímann má ræða mikið og sjálfsagt hægt að skipuleggja þá vinnu á annan veg en verið hefur. En mér finnst að sú áhersla, sem lögð er á að klára mál á nokkrum dögum eins og gert hefur verið núna, gangi allt of langt. Ég var ekki sérstaklega að biðjast undan þeim fundi sem haldinn er hér í kvöld þó að mér fyndist að þau mál, sem á dagskránni eru nú, hefðu vel getað beðið morguns. En ég tel af og frá að það verði haldinn hér fundur aftur áfram annað kvöld. Mér finnst að þegar sé búið að ganga nógu langt í því að halda starfsliði þingsins hér til vinnu, að það verði gengið yfir öll mörk ef þannig á að halda fram. Þá sé sem sagt verið að réttlæta mál með því að halda því fram að fyrst þetta hafi kannske einhvern tíma verið gert svona eða menn telji sér trú um það, þá megi gera það enn á ný á þann veg. En það er ekki hin rökrétta hugsun að hafa það þannig. Heldur eigum við að stefna að því að laga málin en að láta þau alltaf ganga á hinn verri veg.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Mér kemur ekki til hugar að fara að deila við hv. 4. þm. Vesturl. um það hvenær ástandið hefur verið verst í þessum efnum sem við ræðum núna. Það skiptir ekki höfuðmáli. En hv. þm. segir að það hafi ekki verið verra í aðra tíð en nú. Ég leyfi mér að efast um þetta en ræði ekki frekar um það.

Það sem ég þekki best — og við þekkjum öll jafnvel, það er í Sþ. — þar hefur enginn kvöldfundur verið á þessu þingi nema eitt kvöld við afgreiðslu fjárlaga og ég hygg að menn hafi ekkert við það að athuga — fyrir utan kvöldið í kvöld fram undir kl. 10. Það er eini kvöldfundurinn sem verið hefur í Sþ. Það hefur einmitt verið leitast við að haga vinnubrögðum þannig. Og þó að ég nefni sérstaklega Sþ. þá veit ég að forsetar beggja deilda hafa gert allt, sem í þeirra valdi stendur, til að fylgja sömu stefnu.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það að ég hef ekki verið að tala um starfstíma þingsins og ég hef ekki verið sérstaklega að gagnrýna störf Sþ., heldur var ég fyrst og fremst að gagnrýna það hvernig vinnubrögð hafa verið hér síðustu viku.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þá er þessari umr. um þingsköp væntanlega lokið. Ég vil þó aðeins minna hv. þdm. á það — og það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum — að forseti Ed. hefur reynt að komast hjá því að halda kvöldfundi í vetur. Það hefur stundum verið gert á þann veg að halda frekar fundi milli kl. 6 og 7, einmitt til þess að hv. þdm. þyrftu ekki að sitja á kvöldfundum þegar annríki hefur verið mikið. Það liggur væntanlega ljóst fyrir að þessi fundur er haldinn í kvöld til þess að létta á dagskránni vegna þeirra mála, sem við eigum eftir að taka til afgreiðslu, eins og hér hefur komið fram í kvöld, og eiga eftir að koma frá Nd., með það fyrir augum að það mun vera samkomulag um að stefnt skuli að því að ljúka þingstörfum helst um helgina.

Áfengislög, frv. 78. mál (þskj. 83). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnlánasjóður, frv. 265. mál (þskj. 504, n. 970). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Hv. iðnn. hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 327. mál (þskj. 679, n. 971 og 988). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur fjallað um þetta frv. en varð ekki sammála. Ég mæli fyrir hönd meiri hl. n. sem leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Frv. þetta tengist frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands. Minni hl. iðnn. — ég og hv. þm. Karl Steinar Guðnason — er andvígur sölu ríkisins á bankanum og því einnig mótfallinn þeirri breytingu á lögum um bankann sem felst í þessu frv. Við leggjum til að það verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, frv. 328. mál (þskj. 680, n. 969 og 986). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Hv. iðnn. hefur fjallað um frv. það sem hér er til umr. en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Meiri hl. n., sem ég mæli fyrir, leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. meiri hl. iðnn. þá varð ekki samkomulag í n. um þetta mál. Við hv. þm. Karl Steinar Guðnason leggjum til að það verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2. gr. samþ. með 12:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Hitaveita Suðurnesja, frv. 271. mál (þskj. 951, n. 987). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Hv. iðnn. hefur fjallað um þetta frv. og fékk m. a. til viðræðna Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóra. Nefndin leggur til að frv. verði samþ.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það gafst stuttur tími til að ræða þetta frv. og við höfðum ekki tíma né aðstöðu til að skoða þær umsagnir sem hv. iðnn. Nd. hafði aflað sér við könnun þessa máls. Rafmagnsveitustjóri kom á fund okkar og við spurðum hann um ýmsa þætti varðandi þá breytingu sem yrði á Rafmagnsveitum ríkisins við það að þessi hluti landsins yrði skilinn frá veitusvæði fyrirtækisins. Það kom í ljós að rafmagnsveitustjóri hafði vissar áhyggjur af því ef sú þróun héldi áfram að bestu bitar, ef svo mætti kalla, eins og Suðurnes, væru teknir frá Rafmagnsveitunum. Þá gætu komið upp ýmsir erfiðleikar í sambandi við rekstur Rafmagnsveitnanna í öðrum landshlutum.

Einnig kom það fram að önnur línan sem liggur til Suðurnesja og ætlast er til að Hitaveita Suðurnesja yfirtaki er fyrst og fremst flutningslína til Keflavíkurflugvallar og Rafmagnsveiturnar hafa um hana sérstakan samning sem er Rafmagnsveitunum hagstæður og skapar þeim um 29 millj. tekjur, reyndar að frádregnum ákveðnum þáttum. Ég tel að æskilegra hefði verið að þessi lína hefði verið undanskilin þessari breytingu en get viðurkennt að í sambandi við uppbyggingu orkukerfis á Suðurnesjum er jákvætt að rafmagnið tengist hitaveitunni og það sé byggð upp sameiginleg orkuveita á þessu svæði. Ég lýsi þó ótta um að það komi upp vissir erfiðleikar í sambandi við rekstur Rafmagnsveitna ríkisins á öðrum svæðum ef sú þróun heldur áfram, eins og rafmagnsveitustjórinn nefndi, að bestu bitar úr þessum rekstri verði teknir frá og stofnaðar um þá sjálfstæðar reksturseiningar. Ég mun sitja hjá við atkvgr. þessa máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. 340. mál (þskj. 868 (sbr. 736), n. 934 og 945). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um þetta mál og svo undarlega vildi til að hún varð ekki sammála, klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls. Við sem ritum undir meirihlutaálit mælum með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd. Þó hefur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson fyrirvara um samþykki við 26. gr. frv., um bindiskyldu í Seðlabanka, og í ljósi tilkynningar sem barst frá Seðlabanka í dag kann að vera að fleiri hafi aths. við þá grein að gera áður en lýkur, en það verður að koma í ljós síðar.

Ég vil, virðulegi forseti, fara örfáum orðum um þetta viðamikla mál.

Ég vil þá byrja á að segja frá því að fyrir liggja upplýsingar um afkomu ríkissjóðs eftir fjóra fyrstu mánuðina. Þar munu útgjöld hafa farið um 230 millj. fram úr tekjuáætlun fjárlaga, sem einhvern tíma hefði þótt tíðindum sæta í ríkisfjármálum á Íslandi. Það eru aðeins 3—4% af heildarútgjöldum á þessu tímabili.

Þá vil ég drepa á eitt, sem mér finnst fráleitast í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga í þessu máli, en það er að tala um að nú sé ætlunin að taka erlend lán til að greiða meðlög með óskilgetnum börnum í landinu. Jafnfráleita fullyrðingu hef ég ekki orðið var við á mínum þingferli sem er nú orðinn 13 ár. Hér er um það að ræða að sveitarfélögin, sem eiga að greiða þessa greiðslu, skulda ríkissjóði nærri 200 millj. kr. vegna þessa. Tryggingastofnunin hefur þegar fengið þetta greitt úr ríkissjóði og ríkissjóður að sjálfsögðu dregið yfir, til að geta greitt Tryggingastofnuninni þetta, í Seðlabankanum. Auðvitað vex engin skuld við það að þessi skuld sé færð yfir á þann skuldara sem raunverulega skuldar, þ. e. sveitarfélögin. Þetta ættu menn, svo einfalt með það er, að geta skilið.

Á hinn bóginn þarf að taka erlend lán til þarfa ríkissjóðs í ár, það hefur enginn dregið fjöður yfir það. Undanfarin ár hefur verið mikið um erlendar lántökur. Bókhaldslega séð hafa þær komið öðruvísi niður en í ár. Í nál. meiri hluta fjh.- og viðskn. eru upplýsingar frá Seðlabankanum settar fram í myndrænu formi um þróunina á þessu sviði undanfarin ár. Þar sést að erlendar lántökur til ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja hafa stórlega vaxið frá einu ári til annars. Það er mikið áhyggjuefni að e. t. v. tekst ekki á þessu ári að draga eins mikið úr þessu og stefnt var að upphaflega, en þó munu vonir standa til að markmið ríkisstj. um að þessar lántökur nemi ekki meiru en 60% af þjóðarframleiðslu í árslok standist.

Þá vil ég, virðulegi forseti, fara örfáum orðum um það sem mér finnst menn hafa rætt allt of lítið um í sambandi við ríkisfjármálin og þann vanda sem við er að etja í ríkisfjármálum og menn hafa kallað ýmsum nöfnum.

Ríkisútgjöld hafa óneitanlega aukist mjög undanfarið að raungildi. Kaupmáttur var á því tímabili mikill og í raun langt umfram getu þjóðarbúsins. Þessi kaupgeta hafði í för með sér mikinn viðskiptahalla og erlenda eyðsluskuldasöfnun, eins og kunnugt er, en ríkissjóður hafði jafnframt miklar tekjur af innflutningi og veltu sem af þessu stafaði. Skatttekjur ríkissjóðs fóru auk þess vaxandi í hlutfalli af þjóðartekjum.

Skatttekjur voru 1982 um 30.2% af þjóðarframleiðslunni, en skv. nýrri tekjuáætlun verða þær nú ekki nema 27.1%. Það er sem sagt stefnt að því að tekjur ríkissjóðs dragist mun meira saman en þjóðarframleiðslan þannig að ríkisbúskapurinn axli í raun miklu meira en sinn hluta af þeirri kjaraskerðingu sem óhjákvæmilega hefur orðið vegna minnkandi sjávarafla og rýrnunar þjóðartekna.

Væru þjóðartekjur þær sömu — og hér kem ég að kjarna málsins — og 1982 að raungildi og sama hlutfall af þjóðartekjum tekið í skatta til ríkissjóðs, þá næmu skattar á yfirstandandi ári milli 3.5 og 4 milljörðum kr. hærri fjárhæð en ný tekjuáætlun ríkissjóðs gerir ráð fyrir. Þetta er meginorsök vandans í ríkisfjármálunum. Ljóst var að sú stefnubreyting, sem ákveðin var með ráðstöfun ríkisstj. fyrir tæpu ári, að hætta eyðslu umfram efni — og nú skal hæstv. fyrrv. fjmrh. hlusta grannt — hefur komið þungt niður á ríkissjóði. Þetta var frá upphafi ljóst öllum þeim sem að þessum ráðstöfunum stóðu.

Ef úr væri að spila 3.5—4 milljörðum kr. í tekjuauka hjá ríkissjóði fram yfir áætlanir væri ekki 2 milljarða kr. gat á ríkisfjármálunum, eins og hér hefur oft verið nefnt, heldur væri um 2 milljarða kr. greiðsluafgang að ræða. Það sést á þessum tölum að tekist hefur að þrýsta ríkisútgjöldunum verulega niður að raungildi undanfarið í fjárlögum þeim sem við búum við.

Ég skal ekki orðlengja frekar, virðulegi forseti, um þetta viðamikla mál, en ég vildi drepa á þessi örfáu atriði í tengslum við nál. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Við afgreiðslu þessa máls klofnaði n. í minni og meiri hl. Minni hl. hennar skipa auk *mín Sigríður Dúna* Kristmundsdóttir og Eiður Guðnason, en Stefán Benediktsson, sem sat fundi n., er samþykkur þessu nál.

Eins og kunnugt er hefur frv. þetta verið í undirbúningi í tvo mánuði, en því var ætlað það hlutverk að rétta af mikinn halla ríkissjóðs sem hefur blasað við frá því að fjárlög voru afgreidd þótt vandinn væri að vísu ekki viðurkenndur fyrr en í febrúarmánuði s. l.

Eins og rakið var af okkur fulltrúum stjórnarandstöðuflokka við 1. umr. málsins er meðferð ríkisstj. á máli þessu að sjálfsögðu ekkert annað en uppgjöf því að hún leggur til að meginhluti vandans verði afgreiddur — ég vil ekki segja leystur heldur afgreiddur — með stórfelldri erlendri lántöku. Þótt ekki geti það forðað ríkissjóði frá miklum rekstrarhalla forðar það ríkissjóði frá greiðsluþroti.

Ég hygg að því sé ekki mótmælt að þessar erlendu lántökur, sem nú eru teknar til rekstrar á vegum ríkissjóðs, eru einsdæmi og verða ekki fundin nein önnur dæmi þess að erlend lán séu tekin til þeirra verkefna sem hér er gerð tillaga um. Það var greinilegt að hv. þm. Lárus Jónsson, 2. þm. Norðurl. e., skammaðist sín dálítið fyrir þessar erlendu lántökur. Sérstaklega skammaðist hann sín fyrir að lán skyldi tekið til uppgjörs á meðlagsskuldum Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Það hefur að vísu enginn haldið því fram að þetta erlenda lán eigi að ganga beint í vasa þeirra sem börnin hafa átt, en hinu verður ekki neitað að skuldir þeirra sem börnin hafa getið eru orsök þess að tekið er þetta erlenda lán og þarf ekki fleiri orð um það.

Hv. þm. var hér með miklar heimspekilegar hugleiðingar um hvað hæstv. fjmrh. hefði fengið mikið í

kassann sinn ef þjóðartekjur væru þær sömu á þessu ári og á árinu 1982, ef miðað er við raungildi og sama hlutfall af þjóðartekjum. Hann sagði að ef tekið væri í skatta til ríkissjóðs sama hlutfall og þá var gert næmu skattar á yfirstandandi ári milli 3.5 og 4 milljörðum kr. og þar sem hið margfræga gat væri ekki upp á nema 2 milljarða væri bersýnilegt að við þær aðstæður hefði orðið stórfelldur afgangur upp á 1.5 til 2 milljarða. Ekki heyrðist mér betur en þetta væri röksemdafærslan, enda er það í fullu samræmi við það sem lesa má í nál. sem meiri hl. hefur sent frá sér. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnast þetta reikningskúnstir með ólíkindum og ekki samboðið formanni fjvn. að bera þær á borð — eða heldur hann að ef þjóðartekjur væru þær sömu og árið 1982 að raungildi og efnahagsástand hliðstætt því sem þá var væru útgjöld ríkissjóðs ekki verulega miklu meiri en þau eru í dag? Er ekki hætt við því að margt væri með töluvert öðrum hætti í ríkisbúskapnum, t. d. launagreiðslur hjá ríkinu? Það segir sig sjálft að það þýðir ekki að taka bara tekjuhlið fjárlaganna og margfalda þær tölur miðað við einhver hlutföll sem breyst hafa milli tveggja ára, en sleppa alveg gjaldahliðinni. Auðvitað eru þessar reikningskúnstir fyrir neðan allar hellur.

Á bls. 5. er fskj. III sem Þjóðhagsstofnun hefur sent hv. fjh.- og viðskn. Það hefur nú einhvern veginn farið fram hjá mér. Ég veit nú ekki hvers vegna, í öllu falli man ég ekki eftir því að hafa fengið það í hendur, en vera má að það sé mín sök, ég vil ekki fullyrða um það. En ég verð að segja að það er ekki aðeins hv. meirihlutamönnum til minnkunar að bera slíkt plagg á borð, heldur er það til stórfelldrar minnkunar fyrir þá sérfræðinga sem senda slíka reikninga til okkar og ætlast til þess að við trúum þeim. Í því er gerð lausleg áætlun um árlegt tekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar og/eða niðurfellingar skatta árið 1983—1984.

Ég get í fyrsta lagi bent á það með mjög auðveldum hætti að sumar tölurnar, sem hér eru nefndar, eru bersýnilega vanáætlaðar. Ég get nefnt sem dæmi afnám 10% álags á ferðamannagjaldeyri. En maður er nú orðinn vanur því að sérfræðingarnir hjá Þjóðhagsstofnun áætli ekki mjög grimmilega þegar tekjupóstarnir eru annars vegar. Auðvitað má alltaf deila um hverjar hefðu orðið tekjur ríkissjóðs af ferðamannagjaldeyri á þessu ári. Þar eru ýmsar forsendur sem skipta miklu máli. En þó er ég alveg viss um að það á eftir að koma í ljós að þessi tala er röng. Þessa tölu getum við reiknað út í árslok og við skulum bara sjá til, þegar þar að kemur, hvor hefur rétt fyrir sér í þeim efnum. Ég hygg að tekjutap ríkissjóðs á s. l. ári vegna afnáms gjaldsins á hálfu ári þá hafi ekki numið minni upphæð en 50 millj. kr. Ég hygg að talan hafi jafnvel verið enn hærri. Auðvitað er þessi upphæð ekki minni en 130—140 millj. kr., kannske enn hærri.

En það sem er verra við þessa töflu Þjóðhagsstofnunar er að það vantar helminginn af sköttunum sem hafa verið felldir niður eða lækkaðir. Þeir nefna hérna tekjuskatt einstaklinga 250 millj., lækkun innflutningsgjalda af bifreiðum 50 millj., afnám álags á ferðamannagjaldeyri 100 millj., lækkun tolla og vörugjalds 70 millj., niðurfellingu söluskatts af innfluttum vélum og tækjum til landbúnaðar 80 millj. Þessir skattar og tollar hafa vissulega verið lækkaðir eða felldir niður, en þá er eftir að geta um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem var lækkaður úr 1.4% í 1.1%, tekjuskatt félaga, sem var lækkaður verulega fyrr í vetur eins og menn þekkja, bæði tekjur af hlutabréfaeign einstaklinga og tekjuskattur lögaðila sem framkvæma fjárfestingu, lækkun á eignarskatti félaga, sem framkvæmd hefur verið með heimild í sömu lögum, frv. um gengismun og gjaldeyrisviðskipti, sem er að ganga í gegnum þingið þessa dagana, og lækkun skatts á innlánsstofnanir sem líka er að verða að lögum þessa dagana. Það vantar hvorki meira né minna en fimm skatta í þessa upptalningu af tíu sem ættu að vera þar. Ég verð að segja að tölur af þessu tagi eru viðkomandi stofnun til háborinnar skammar.

Við 1. umr. málsins rakti ég þvílíkt hneyksli það væri að tekin væru erlend lán til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, til Byggingarsjóðs ríkisins, til að greiða og gera upp lausaskuldir sjávarútvegsins, til að gera upp lausaskuldir bænda o. s. frv. og þarf ekki að fara frekari orðum um það. Hins vegar vil ég minna á það, sem ég gat ekki um við 1. umr., að auðvitað mun þetta frv. hafa í för með sér hættu á aukinni verðbólgu frá því sem ella hefur verið gert ráð fyrir vegna þess að hér er verið að spýta inn í efnahagskerfið verulegum fjármunum sem engin innistæða er fyrir með því að reka ríkissjóð með halla. Auk þess felur frv. í sér verulega skerðingu á félagslegum réttindum. Þar er um að ræða niðurskurð á framlögum til félagslegrar þjónustu, sérstaklega til tannviðgerða og sjúkradagpeninga. Ég vil vekja í þessu sambandi athygli á bréfi frá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, sem ég hafði ekki séð við 1. umr. málsins, en í þessu bréfi staðfestir hann að niðurskurður sjúkradagpeninga kemur einkum niður á húsmæðrum, námsmönnum og verkafólki sem hefur ekki áunnið sér rétt til sjúkradagpeninga hjá atvinnurekendum. Ég vil því taka það fram að einmitt af þessari ástæðu munu stjórnarandstöðuflokkarnir greiða atkvæði gegn þeim greinum frv. sem fjalla um þessi mál.

Hins vegar vil ég taka það fram að við í stjórnarandstöðunni munum greiða atkv. með 11. gr. frv., sem fjallar um heimild til heilbrmrh. til að gefa út gjaldskrá fyrir tannlækna, og við munum einnig styðja þær greinar sem eru framkvæmd á samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúarmánuði.

Við meðferð málsins í nefndum kom fram að það er ætlun ríkisstj. að margfalda greiðslur sjúklinga til heilbrigðiskerfisins frá því sem hefur verið. Það mun gert ráð fyrir að á næstunni verði gefnar út ýmsar reglugerðir sem feli í sér stórfelldar hækkanir lyfja- og sérfræðigjalda, þar með talin röntgenþjónusta og göngudeildargjöld, og hækkun á þjónustu heilsugæslulækna. Ekki er gert ráð fyrir minni hlutfallslegri hækkun á þessum gjöldum vegna aldraðra og öryrkja samkv. þeim upplýsingum sem þingnefndum bárust frá heilbr.- og trmrn.

Eins og ég gat um við 1. umr. verða námsmenn fyrir sérstaklega alvarlegri árás samkv. þessu frv. þar sem hlutfall lána af umframfjárþörf námsmanna mun væntanlega lækka mjög verulega og hefur sennilega ekki verið lægra í hálfan annan áratug ef frv. þetta nær fram að ganga.

Þá er ótvírætt og kom skýrt fram við meðferð málsins í n. að frv. hefur í för með sér skerðingu á kaupmætti launa frá því sem gert hafði verið ráð fyrir þegar kjarasamningarnir voru gerðir. Hagdeild Alþýðusambandsins telur kaupmáttinn á fjórða ársfjórðungi verða

3% lakari en á síðasta fjórðungi s. l. árs. Þar með er álitlegur hluti umsaminna kauphækkana tekinn aftur með þessum ráðstöfunum.

Minni hl. er andvígur þeim ákvæðum sem fjalla um skerðingu á tekjustofnum sveitarfélaga, en þetta er í fyrsta sinn sem gert er ráð fyrir skerðingu á verðtryggðum tekjustofnum sveitarfélaga.

Minni hl. mun greiða atkv. gegn tillögunni um heimild til aukinnar bindiskyldu Seðlabankans, en það er eitt þeirra mála sem ágreiningur er um í stjórnarflokkunum. Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á því að á sama tíma og verið er að auka bindiskyldu um 10% tilkynnir Seðlabankinn að ákveðið hafi verið að lækka afurðalán bæði til sjávarútvegs og landbúnaðar.

Vegna þess að hæstv. fjmrh. er í kallfæri og má væntanlega mál mitt heyra ef hann snýr sér við vil ég leggja fram tvær spurningar til hans og vona að hann gefi sér tíma frá viðamiklum stjórnunarstörfum til að hlýða á þær.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja hann að því hvort það sé gert með samþykki ríkisstj. að lækka afurðalán til atvinnuveganna og hvort ekki séu breytt viðhorf gagnvart því áformi frv. að hækka bindiskyldu Seðlabankans um 10% þegar Seðlabankinn er á sama tíma að tilkynna að hann sé að lækka lánshlutfall afurðalána. Ég er hræddur um að fleiri en ég geti ekki komið þessu heim og saman. (**EKJ:** Það eru fleiri sem koma því ekki heim og saman.) Ég hygg að þeir séu býsna margir sem komi þessu ekki heim og saman. Ég vildi eindregið mælast til þess að hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þessum nýju viðhorfum sem skapast hafa við yfirlýsingu Seðlabankans um afurðalánin, hvort það sé þrátt fyrir þetta staðfastur ásetningur ríkisstj. að afla Seðlabankanum þessarar heimildar til aukinnar bindiskyldu.

Auk þess vildi ég spyrja hæstv. ráðh. að því hvort ekki sé von á ríkisreikningi fyrir árið 1983 áður en þinginu lýkur. Það hefur verið föst regla að ríkisreikningur fyrir liðið ár lægi frammi hér í þinginu áður en þing færi heim, a. m. k. þegar ekki hefur staðið svo á að þing hefur verið rofið óvenjulega snemma. Í fyrra var þing rofið, eins og menn muna líklega, um miðjan marsmánuð og þá gafst nú ekki tími til að leggja ríkisreikning fyrir árið 1982 fram. En nú mun þing standa líklega ívið lengur en oft áður. Ég er farinn að sakna þess að sjá ekki ríkisreikninginn fyrir liðið ár á borðum þm. Ég hef nefnilega sterkan grun um það, eins og ég hef áður rakið, að ríkisreikningurinn fyrir árið 1983 muni sýna töluvert hagstæðari útkomu en greiðsluafkoma var um liðin áramót, enda hefur það verið venja á undanförnum árum og á sér ýmsar orsakir. Ég held það væri afskaplega nauðsynlegt fyrir þm. að fá að vita um það áður en þing lýkur störfum hver var afkoman hjá ríkissjóði á liðnu ári.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Ég kveð mér nú hljóðs fyrst og fremst til að gera grein fyrir fyrirvara mínum við 26. gr. frv., en langar að fara aðeins örfáum orðum um málið í heild sinni áður.

Ég var ekkert undrandi á því að koma skyldi til þessa blessaða og margumræddda gats. Ég hef haldið því fram í allmörg ár í mínum skrifum og ræðum að ekki yrði ráðið við 40—50% verðbólgu, hvað þá 130% verðólgu, öðruvísi en að menn horfðust í augu við það að ríkið yrði líka að axla sínar byrðar, þ. e. það yrði að vera halli á fjárlögum a. m. k. eitt til tvö ár til þess að þetta reyndist unnt. Mér hefur verið það alveg ljóst frá því að þessi stjórn var mynduð að halli hlyti að verða. Það gat ekki öðruvísi farið. En ég tel þetta ekkert mikinn halla og ekkert hættulegan. Hann byggist raunar á því að samið var um launahækkanir og launaskrið hefur orðið, ætli það nálgist ekki 15%, og það er gert ráð fyrir 5% gengissigi. En það hefur verið kenning mjög margra, þ. á m. merkra hagfræðinga, að ríkissjóð þurfi helst að reka hallalausan, þó segi ég nú ekki að það séu margir hagfræðingar sem haldi því fram að það þurfi alltaf svo að vera. Ríkið á auðvitað að reka með rekstrarafgangi í góðæri, en þegar á móti blæs þá á ríkið að axla byrðarnar með fólkinu og þá á að reka ríkissjóð með halla.

Ég hef haldið því fram að æskilegast væri að lækka neysluskatta til þess að sigrast á verðbólgu miklu fremur en að hækka laun, þ. e. lækka verðlag til að mæta kjaraskerðingu fólksins, og það þýðir auðvitað einhvern halla á ríkissjóði á meðan sjúklingurinn er að ná bata. Þetta er í mínum huga mjög einfalt mál, ef maður kastar fyrir róða rígbundnum kennisetningum og hugsar þetta bara út frá heilbrigðri skynsemi.

Ég hef haldið því fram líka, og því hafa hagfræðingarnir ekki mótmælt þau sex ár sem ég hef átt í orðaskiptum við þá, að ríkisútgjöldin væru raunar ekki neitt annað en launagreiðslur annars vegar, beinar og óbeinar, og hins vegar gengisbreytingar, þ. e. gengislækkanir. Ef laun hækka mikið og gengi lækkar mikið aukast útgjöld ríkisins auðvitað að sama skapi sem tekjurnar gera þegar lagðir eru á nýir skattar. Þetta er náttúrlega miklu lengra mál en að út í það verði farið hér og væri gaman að ræða það einhvern tíma síðar meir í rólegheitum. En af því að tilviljun olli því að ég fór að glugga hér í Hagmál, sem útbýtt var hér í dag, og rakst á grein Jónasar H. Haralz þar sem hann fjallar um þessi mál og þessa þróun á undangengnum áratugum, þ. á m. „monetarismann" margumrædda, sem tröllriðið hefur Vesturlöndum og verið orsök kreppu og verðbólgu og enn er viðhaldið á Íslandi og á jafnvel að auka, þá langar mig að fá með leyfi forseta að lesa hér örstuttan kafla úr þessari merku grein Jónasar H. Haralz. Hann segir:

„Niðurstöður þessara athugana" — þær athuganir sem hann hefur gert, bæði erlendis og hér á landi, um þessar hagfræðikenningar margumtöluðu — „bera það með sér að rök lágu aldrei til þess að hagstjórn gæti skilað þeim árangri sem menn gerðu sér vonir um eða jafnvel töldu að náðst hefði. Í fyrsta lagi hafa tök ekki verið á því að sjá fyrir hagþróun eða breytingar á henni. Þrátt fyrir alla þá tækni sem tekin hefur verið í notkun í þessu skyni hafa forspár reynst í meira lagi óáreiðanlegar og jafnvel því fremur sem tæknin hefur orðið fullkomnari. Í öðru lagi hafa þau tæki sem beitt hefur verið reynst seinvirk og árangur þeirra oft á tíðum minni en ætlað hafði verið. Aðgerðir í fjármálum, hvort sem er á útgjalda- eða tekjuhlið, hafa verið svo lengi í undirbúningi að þær hafa oft orðið til að magna hagsveifluna í stað þess að draga úr henni. Hækkun eða lækkun tekjuskatts, sem talin var fljótvirk leið til áhrifa, hefur valdið breytingum

sparnaðar frekar en útgjalda.

Um stjórn peningamála gildir svipuðu máli að öðru leyti. Aðgerðir hafa hvað eftir annað komið á röngum tíma. En meira máli skiptir þó að samhengi á milli peningamagns og hagþróunar hefur reynst óákveðnara og flóknara en menn gerðu sér í hugarlund.

Í þriðja lagi hefur framkvæmd hagstjórnar reynst háð miklum stjórnmálalegum annmörkum. Stjórnmál fylgja sínum eigin lögmálum, hafa sinn eigin þróunarferil."

Ég skal ekki lesa meira. Þetta nægir til þess að menn skilji að þessi merki hagfræðingur, einn merkasti hagfræðingur okkar lands, hefur gert sér grein fyrir þeim annmörkum sem verið hafa á hagstjórn, bæði hér og einnig víða erlendis.

En ástæðan til þess að ég er mjög eindreginn andstæðingur þess að veita Seðlabanka heimild til að auka enn bindingu sparifjár er sú að ég tel að það mundi leiða til hins mesta ófarnaðar. Seðlabankinn hefur nú heimild til að frysta — og frystir — 28% sparifjáraukningar. 4—5% ganga til Framkvæmdastofnunar, það eru sem sagt upp undir 33%, og síðan á að fá heimild til að bæta þar við 10% þannig að heildarfrystingin yrði nálægt 43% alls sparifjár þjóðarinnar. Það er auðvitað algjörlega fáránlegt að ætla sér að stuðla að slíkri peningamálastjórn — peningamálaofstjórn, vildi ég segja.

Svo gerist það nú í gær að Seðlabankinn sendir út tilkynningu, sem ég náði nú reyndar ekki fyrr en í morgun, og þá er læðst aftan að mönnum, þá á að skerða endurkaupalán afurðavíxla fyrir atvinnuvegina um 5%, í áföngum að vísu á 2—3 mánuðum, en hins vegar halda allri sparifjárbindingunni. Það var einmitt þetta sem fyrrv. fjmrh. var að spyrja hæstv. fjmrh. um hér áðan. Og ég vil gjarnan nota tækifærið til að svara fyrir mig, að mér finnst þetta algjörlega fáránlegt og geti ekki til greina komið, og algjört lágmark sé að fella þessa grein, 26. gr. frv. Ég hefði haft tilhneigingu til að ganga lengra og að Alþingi beinlínis setti lög um það að Seðlabankinn mætti ekki binda meira en 23% úr því að hann ætlar að skerða endurkaupin um 5%. En ég geri nú ekki um það till. hér við 2. umr., hvort sem ég hugsanlega geri það við hina 3.

Þannig er raunar komið að flestallir hagfræðingar og stjórnmálamenn hafa algjörlega horfið frá þessum kenningum, sem nefndur hefur verið „monetarismi", sem raunar enginn getur nú skýrt hvað er, en það er ofstjórnarbrjálæði í peningamálum, ef það er rétt nefnt, þ. e. að halda að hægt sé að stjórna öllum hlutum með því að stjórna einhverri prentvél seðlanna. Seðlar eða peningar eiga auðvitað ekki að vera neitt annað en ávísanir á raunveruleg verðmæti og geta aldrei orðið neitt annað. Og sjálfur Jóhannes Nordal segir af sinni víðsýni í tímariti í fyrra á þess leið, með leyfi forseta — hann er að svara þar spurningum sem tímaritið beinir til hans um hugmyndir merkra hagfræðinga, Hayeks og Buchanans:

„Einnig er rétt að benda á það, eins og margir hafa gert, hversu erfitt muni reynast að skilgreina í stjórnarskrá merkingu þeirra hugtaka sem hér er um að ræða. Þótt peningamagn sé t. d. hugtak sem allir hagfræðingar nota er nákvæm skilgreining þess varla hugsanleg svo að óyggjandi sé. Þar að auki hefur eðli peningamagns tekið sífelldum breytingum eftir því sem greiðsluvenjur og greiðslutækni hefur breyst. Það er jafnvel hugsanlegt að næsta kynslóð eigi eftir að lifa í allt að því seðlalausu þjóðfélagi og hvaða gildi hefðu þá þær takmarkanir á seðlaprentun sem settar væru í stjórnarskrá við núverandi aðstæður?"

Það er raunar alveg ljóst að það verða engir peningar í umferð. Þeir eru að hverfa úr umferð í viðskiptum. Viðskipti eru að koma meira og minna inn í fjarskipti, millifærslur og fara auðvitað meira og minna í tölvur líka. Það verður kannske svo innan 10—20 ára að engir peningar verða til nema hugsanlega einhverjir plastpeningar sem menn nota í strætó, og það má skammta þá fyrir mér. En þetta mál er sem sagt þannig vaxið að það frjálsræði sem er að skapast í peningamálum núna er algjörlega vonlaust og hin gjörbreytta stefna, þar sem verðbólgu hefur verið náð niður fyrir vaxtarfótinn, mun hrynja til grunna ef þessi ofstjórn í peningamálum heldur áfram. Ég tala nú ekki um hvað gerast mundi ef hún yrði aukin. Á því ætla ég ekki að bera ábyrgð. Ég hlýt að berjast gegn þessari grein og þessari stefnu af fullum krafti.

Þetta mál kom til umræðu á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. og þar upplýsti raunar fulltrúi Seðlabankans, aðstoðarbankastjóri Bjarni Bragi Jónsson, að þetta væri ekki frá Seðlabanka komið. En þeir ætla nú að beita því með þessum hætti samt, eins og við kynntumst í fréttatilkynningunni, sömu aðferðinni.

Í fjh.- og viðskn. gat Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, þess að þeir sem stýrðu fjármálum þjóðarinnar þyrftu að hafa verkfæri í höndum, eins og hann orðaði það, og þetta væri verkfæri sem þeir vildu hafa í höndum. Ég gat nú ekki stillt mig um að benda þessum ágæta manni á að þetta verkfæri og þvílík hefðu þeir nú haft í höndum meira og minna síðasta áratug með þeim afleiðingum að verðbólgan var komin upp í 130%. Það er raunar í grg. með frv., þar sem rætt er um 16. gr., beinlínis getið um að þetta tæki hafi verið hér frá 1980—1983, einmitt á árunum þegar allt kollsteypist, þá höfðu þeir öll þessi verkfæri sem þeir eru að biðja um að fá aftur núna.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en ég vona, og treysti raunar, að þessi deild muni fella þetta ákvæði út úr frv.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Sú frétt birtist í blöðunum í morgun og í útvarpinu í gær að bankastjórn Seðlabankans hefði í samráði við ríkisstj. ákveðið að lækka núgildandi endurkaupahlutfall afurðalána og að sú breyting sem þar væri gert ráð fyrir að gera væri veigamikill þáttur í því að ná betri stjórn á þróun peningamála. Einnig er það tekið fram í þessari tilkynningu að þetta sé einn þáttur af stefnumálum ríkisstj., að færa frá Seðlabankanum hina sjálfvirku, sem svo er kölluð, sem ég vildi heldur kalla hina sjálfsögðu, bundnu lánveitingu út á afurðir.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson mun líkast til hér á undan mér hafa verið að lesa upp úr ræðu Jónasar Haralz bankastjóra, en hann segir í nýútkomnu tímariti Félags viðskiptafræðinema m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nákvæmar athuganir hafa nú verið gerðar á hagþróun undanfarinna áratuga, ekki síst í því skyni að kanna áhrif hagstjórnar á þessa þróun. Niðurstöður þessara athugana bera það með sér að rök lágu aldrei til þess að hagstjórn gæti skilað þeim árangri."

Það er sem sagt verið að undirstrika að aðferðir sem þessar, sem hér er verið að boða að séu stefnumarkmið ríkisstj., muni aldrei ná árangri og hafi aldrei náð árangri.

Það er svo annað mál það merkilega markmið ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. að leggja niður eða að hverfa frá hinum sjálfvirku, sem þeir kalla svo, afurðalánum til framleiðsluatvinnuveganna. Mín skoðun er sú að þessi sjálfvirku og þessi sjálfsögðu lán hafi byggt upp íslenska atvinnuvegi á undanförnum árum og séu aðalstoð þeirra. Ef þessi sjálfvirku afurðalán eða sjálfsögðu afurðalán hefðu ekki verið til staðar þegar var verið að byggja upp atvinnutækin vítt um landið, sá sem fór í atvinnurekstur mátti eiga það nokkurn veginn víst að hann fengi bundið afurðalán, hefðu slíkar framfarir ekki átt sér stað, t. d. í íslenskum sjávarútvegi, sem raun ber vitni. Það hefði ekki tekist með því að einhver útibússtjóri eða bankastjóri — þá oftast nær suður í Reykjavík — hefði sagt til um hvort þetta eða hitt fyrirtæki gæti fengið lán út á sínar afurðir.

Þegar svo bætist ofan á að með því frv. sem hér er verið að ræða skuli enn vera bætt við þá bindiskyldu sem lánastofnunum er ætlað að standa skil á til Seðlabankans verður enn þá merkilegra að Seðlabankinn minnki hin bundnu rekstrarlán til atvinnuveganna. Sé ég ekki hvaða möguleika viðskiptabankarnir hafi þá til þess að auka lán til sinna viðskiptamanna. Þá getur ekki annað út úr þessu komið en það að það verði minnkandi afurðalán til fyrirtækjanna. Og að hverju stefnir slíkt? Það getur ekki stefnt að öðru en að fyrirtækin verða að draga úr sínum rekstri því mörg hver hafa ekki möguleika til að standa undir auknum birgðum eða það sem við getum kallað „normal" birgðum með minnkandi afurðalánum út á þær birgðir.

Ef það er svo ætlunin að halda þessum leik áfram og ganga út frá því að hver sá sem heldur uppi framleiðslu þurfi að ganga fyrir einhvern bankastjóra og spyrja: Vilt þú lána mér 30, 40 eða 50% út á afurðir, það er þér í sjálfsvald sett hvað há sú upphæð verður — þá held ég að það verði skrýtinn reksturinn hjá mörgum hverjum. Það má búast við því að sá bankastjóri sem fær þá bón þurfi oft og tíðum, ef þar er um að ræða útibússtjóra, að leita til sinna yfirmanna og spyrja þá hvað megi lána þessum eða hinum og útkoman verði stundum sú að málið verði seint afgreitt og oft illa.

Ég vil sem sagt lýsa furðu minni á því að á sama tíma og það er gengið á hlut viðskiptabankanna með því frv. sem hér er til umr. sé lögð á þá viss kvöð eftir tilætlan ríkisstj. um að auka lánin til framleiðsluatvinnuveganna og að öðru geti ekki stefnt en að þarna komi upp vandræði sem hljóti að leiða að því að fyrirtækin verði að draga saman sinn rekstur, en það leiðir aftur til þess að atvinna minnkar í landinu.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Nú er þetta frv., sem nefnt hefur verið bandormur, komið hér til 2. umr. í seinni deild og því líður senn að því, ef fram fer sem horfir, að hann skríði héðan út úr þingsölum og leggist með þunga sínum yfir landsmenn alla. Hann mun að vísu leggjast misþungt á landsmenn og er hann að því leytinu til í samræmi við ýmis önnur sköpunarverk hæstv. ríkisstj. sem óneitanlega gerir sér stundum mannamun.

Álit mitt á atriðum þessa frv. kemur fram í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. og ég ætla ekki að setja hér á langa ræðu, en ég vil gera 2. gr. frv. að sérstöku umræðuefni. 2. gr. frv. hljóðar upp á stórfelldan niðurskurð á lánum — ég endurtek: lánum, ekki styrkjum — til námsmanna. Við erum búin að horfa upp á það hér í vetur hvernig ríkisstj. skerðir á tvist og bast tekjustofna ríkissjóðs með því að lækka eða fella niður gjöld, ýmist af ferðamannagjaldeyri, bönkum eða einkarekstri hvers konar, þrátt fyrir gatið mikla og stóra. Með 2. gr. ætlar ríkisstj. síðan að höggva á þann tekjustofn landsins sem einna dýrmætastur er, menntun þessarar þjóðar. Samþykkt þessarar greinar mun hafa í för með sér að fjölmargir ungir Íslendingar — mér finnst stundum eins og menn gleymi því hér að námsmenn eru Íslendingar en ekki eitthvert óskilgreint annað fólk — að fjölmargir hæfileikaríkir ungir Íslendingar eiga þess ekki kost að mennta sig sjálfum sér og þessu landi til velfarnaðar í framtíðinni. Og mér kemur í hug: Hvar eru nú hugsjónir þeirrar stórhuga aldamótakynslóðar sem lagði drögin að því velferðarþjóðfélagi sem risið hefur hér á landi á þessari öld? Hvar heyrast nú þau orð, og þá á Alþingi Íslendinga, að mennt er máttur, máttur þessarar þjóðar um alla framtíð? Sú skammsýni og ég vil segja menntunarfyrirlitning sem ræður ferðinni hvað varðar 2. gr. er með ólíkindum og það ætti ekki að fara á milli mála hér í þingsölum að menntun og hugvit er okkar dýrmætasta auðlind og þessa auðlind forsmáir nú ríkisstj.

Mig langar líka til þess að spyrja hvort hæstv. fjmrh. geti ekki skoðað þessi mál í því ljósi að nám er fjárfesting. Nám er fjárfesting alveg eins og fjárfesting á sviði atvinnurekstrar. Með því að samþykkja 2. gr. frv. eru menn í raun og veru að koma í veg fyrir arðbæra fjárfestingu.

Fyrir utan það að höggva þar sem síst skyldi leiðir þessi grein af sér að það sem eitt sinn þótti mikils virði hér á landi, jafnrétti til náms, er úr sögunni. Efnahagur á ekki að skera úr um námsmöguleika nokkurs manns, heldur er það í verkahring skólamanna en ekki stjórnmálamanna eða fjmrh. að meta námshæfni hvers og eins. Verði greinin samþykkt mun stór hópur námsmanna verða að hverfa frá námi af fjárhagsástæðum og annar stór hópur mun ekki geta hafið nám af sömu ástæðum. Þar að auki mun þetta hafa í för með sér aukin vandræði í húsnæðis- og atvinnumálum. Og hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að leysa það? Ég bið um svar við því.

Ég mæli hér eindregið gegn því að umrædd 2. gr. verði samþykkt og ég skora á hv. þdm., sem hér sjá ástæðu til að vera við þessa umr., að fella hana út úr þessu frv.

Þá eru það erlendu lántökurnar sem þetta frv. hljóðar upp á. Um þær mætti tala lengi svo og fjárfestingarstefnu þessarar ríkisstj., en það hef ég oftsinnis þegar gert. En eitt vil ég segja hér, að það er víst að þessi erlendu lán, sem þar að auki eru eyðslulán en ekki fjárfestingarlán, munu reynast afkomendum okkar svo dýrkeypt að þeir gætu kiknað undan þeim. Mér er það stundum til efs að í þessum efnum hugsi ríkisstj. lengra en til næsta kvölds. Öðruvísi fæ ég ekki skilið ráðstafanir af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Það mætti setja hér á langar tölur um allan sirkusinn í kringum þetta fjárlagagat, um það hvernig þessar tillögur til að fylla upp í gatið leysa í

rauninni lítinn vanda, um það hvernig tölurnar í frv. eru ósundurliðaðar og standast ekki í mörgum tilfellum, um það hvaða hugmyndir og hvílík skammsýni liggur að baki þessu frv. En ég veit að þetta er hv. þdm. öllum fullkunnugt um — og ætli það sé ekki ástæðan fyrir því að hv. stjórnarþm. gera hér ekki tilraun til að fara í ræðustól og styðja þetta frv., þ. e. þeir sem hér eru viðstaddir? Þeir eru flestir fjarstaddir.

Virðulegi forseti. Ég hef þessi orð mín ekki fleiri, en ítreka andstöðu mína við meginefni þessa frv. og við þau sjónarmið sem það grundvallast á.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Það mætti um þennan svokallaða bandorm hæstv. ríkisstj. hafa býsna mörg orð, en kannske er ekki sérstök ástæða til þess við þessar aðstæður að hafa um frv. mjög langt mál, enda hefur frsm. minni hl. gert skilmerkilega grein fyrir sjónarmiðum okkar sem skipum minni hl. Engu að síður tel ég rétt og skylt að segja nokkur orð við þessa umr. um það mál sem nefnist frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum árið 1984.

Ef eitthvað er er þetta frv. viðurkenning á uppgjöf ríkisstj. Þetta er skipbrot eftir tæpt ár. Þetta er skipbrot eftir tæpt ár sem þessi stjórn hefur setið að völdum. Allt ber frv. þess merki að þessi mál standa á brauðfótum. Það kom berlega í ljós á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. efri og neðri deildar, þegar var verið að fjalla um þær greinar frv. sem gera ráð fyrir minnkandi kostnaðarþátttöku almannatrygginga í t. d. tannviðgerðum, að þar bar aldeilis ekki saman þeim útreikningum sem var að finna í frv. og þeim tölum sem sérfræðingar Tryggingastofnunarinnar töldu réttastar. Þar munaði ærið miklu. Ég hygg því að ekki sé ýkjamikið að marka þær tölur sem hér eru nefndar um sparnað.

Hér er gert ráð fyrir að auka enn verulega erlendar lántökur, 2000 millj. kr., þrátt fyrir allar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um að ekki skuli auknar erlendar lántökur. Ég minni á þau orð sem varaformaður Sjálfstfl. viðhafði á frægum fundi á Seltjarnarnesi um þá útreikninga sem gerðir voru í sambandi við þessar lántökur — ja, kannske til þess að bjarga andlitinu ef svo mætti segja. Ég hygg að hæstv. fjmrh. séu þau ummæli mætavel kunn og það sem varaformaður flokks hans sagði á þeim fundi.

Hér er gert ráð fyrir að tekin skuli erlend lán til að greiða barnsmeðlög. Ég hygg, þó ekki skuli nú um það fullyrt, að nú hafi ríkisstj. komið sér inn í heimsmetabók Guinnes vegna þess að það er áreiðanlega einsdæmi í veröldinni að nokkurt ríki hafi tekið erlent lán til að greiða skuldir vegna barnsmeðlaga. Hvers konar kerfi er það sem leiðir út í slíkar ógöngur? Ég hygg að þetta muni vera algjört einsdæmi.

Ef ég man rétt stendur í stjórnarsáttmála þessarar hæstv. ríkisstj. að erlend lán skuli aðeins tekin til arðbærra framkvæmda. Vissulega má með nokkrum hætti segja að barneignir séu arðbærar framkvæmdir og vonandi eru þær það öllum okkar. En er ekki heldur langt gengið að taka erlend lán í þessu skyni? Þetta hygg ég að alveg örugglega muni vera einsdæmi.

Það eru auðvitað ýmis fleiri ákvæði sem hér mætti sérstaklega gera að umtalsefni. Hæstv. fjmrh. hefur oftlega lýst því yfir að hann muni fremur standa upp af stólnum en auka erlendu lánin og hækka skattana. Hvort tveggja þetta hefur nú gerst. Erlendu skuldirnar hafa verið auknar og skattarnir hafa verið hækkaðir og enn situr hæstv. fjmrh. sem fastast og sýnir hvergi á sér neitt fararsnið. Það er talandi dæmi um hve mikið er yfirleitt að marka yfirlýsingar hæstv. ráðh.

Við Alþfl.-menn erum andvígir þessu frv. vegna þess að hér er ekki á neinn hátt verið að takast á við vandann. Það er einungis verið að velta honum á undan sér og engin tilraun gerð til að ráðast að rótum hans með þeirri kerfisbreytingu sem nauðsynlegt er að eigi sér stað í þessu þjóðfélagi ef því á að verða stjórnað af viti. Það er þegar búið að vekja hér athygli á ýmsum atriðum af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar og ég skal svo sem ekki fara að endurtaka það. (Gripið fram í.) Nei, ég get komið aftur að þeim fræga fundi, hæstv. fjmrh., það er alveg sjálfsagt að gera það síðar. — En á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. efri og neðri deildar var verið að ræða um þá lækkun ríkisútgjalda sem er ráðgerð skv. 1. gr. þessa frv. Hagsýslustjóri var að því spurður hver raunin hefði orðið þegar slík ákvæði hafa verið sett í lög um sparnað af þessu tagi, hvort tekist hefði að framkvæma hann. Og svör hans voru ákaflega skýr. Hann sagði: Þegar um er að ræða framkvæmdaliði sem ekki var byrjað á hefur þetta tekist, en þetta hefur ekki tekist þegar um hefur verið að ræða sparnað í rekstri. Ég hygg að þetta hafi komið alveg skýrt fram hjá hagsýslustjóra á þessum fundi og geta væntanlega aðrir nm. vitnað hér um það. Ég bendi því á að þær tölur sem hér eru nefndar, bæði að því er varðar Tryggingastofnun ríkisins og greiðslurnar vegna tannlæknaþjónustu, skyldu menn ekki marka, miðað við þær upplýsingar sem fram komu á sameiginlegum fundi n., vegna þess að í ljósi þess sem þar var sagt er hreinlega ekkert að marka tölurnar sem eru í þessu frv.

Það er svo auðvitað staðreynd að hér er með ýmsum hætti verið að koma sjúklingaskattinum, sem á sínum tíma var kveðinn niður hér, inn aftur í ýmsu formi með því að leggja auknar byrðar á þá sem þessarar þjónustu njóta.

Enn eitt ákvæði þessara laga fjallar um útflutningsbætur. Það er nú ljóst að þær 280 millj., sem til þeirra eru ætlaðar í fjárlögunum, munu hvergi nærri duga, heldur verður að hækka þá tölu um 70—80%, þannig að bæturnar verða hátt í 500 millj. kr. á þessu ári. Samtímis því sem þetta gerist eru engar áætlanir uppi um að við fetum okkur út úr þessu ólánskerfi sem æ fleiri taka nú undir að geti ekki lengur gengið. Það eru engar áætlanir uppi um það. Að vísu er þó rétt að geta þess að hæstv. forsrh. tók þannig til orða á fundi framsóknarmanna norður á Akureyri fyrir tveimur vikum eða svo, að hann tók þar tillögur okkar Alþfl.-manna og talaði um þær með þeim orðum að þeim væri nauðsynlegt að hrinda í framkvæmd. Þá bar nú nýrra við, enda varð þeim flokksbræðrum hans þannig við að þeir gátu ekki lokið efnisafgreiðslu málsins og urðu að fresta því öllu fram á haust. Það væri fróðlegt að heyra í þessum umr. hvort hæstv. landbrh. er sammála formanni sínum og þeim ummælum sem hann lét falla á Akureyri. Ef svo er þá er það vissulega ánægjuleg hugarfarsbreyting. (Gripið fram í.) Já, það hafa allir sagt það, en þegar tillögur hafa komið fram á Alþingi, eins og frá okkur Alþfl.-mönnum, um að við reyndum að koma okkur út úr þessu á svona fimm árum til að byrja með með raunhæfum hætti, þá hafa menn jafnan

greitt atkv. á móti því. Þær till., sem við höfum borið fram í þessu efni, hafa verið fyllilega raunhæfar. Þar hefur meira að segja verið gert ráð fyrir að það fjármagn, sem þannig sparaðist fyrst í stað, rynni til landbúnaðarins. Þetta er auðvitað ein af þeim skekkjum í þessu gallaða kerfi sem verður að leiðrétta og sem ekki er hægt að viðhalda. Það er öllum ljóst og það gefst væntanlega tækifæri hér síðar á þessum fundi, ég ætla ekki að gera það undir þessum lið, til að ræða fleiri og miklu alvarlegri eða jafnalvarlegar skekkjur í þessu landbúnaðarkerfi okkar, þar sem æ fleirum verður nú ljóst að sú gagnrýni, sem við Alþfl.-menn höfum haldið uppi á þetta kerfi, hefur við veigamikil rök að styðjast og á fullan rétt á sér og þær till., sem við höfum borið fram til úrbóta, mundu breyta þessu verulega. Ég veit að fyrr eða síðar ná þær fram að ganga. Ég veit það vegna þess að ef menn ætla að taka á þessum málum með skynsemi verður að taka upp breytt vinnubrögð.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri. Þetta frv. er staðfesting á uppgjöf ríkisstj. Það er enginn vandi leystur með þessu. Menn velta vandanum hér á undan sér. Þess verður skammt að bíða, væntanlega á næsta hausti eða svo, að fram komi annað frv. í svipuðum dúr þar sem hæstv. fjmrh. leggur til enn auknar lántökur og þá verður kannske búið að búa til nýja þjóðarteknaspá þannig að tölurnar hans raskist nú ekki og hann þurfi ekki að hverfa úr ráðherraembætti þess vegna. Allt er þetta hægt að reikna með búmannslegum hætti, eins og það var orðað á fundinum fræga á Seltjarnarnesi ef ég man rétt, og vitna nú í Morgunblaðið eftir minni.

En við Alþfl.-menn erum andvígir þessu frv. og það mun koma fram í þeirri atkvgr. sem hér fer fram á eftir.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Það hafa verið höfð mörg orð um frv., sem hér liggur fyrir, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum og vægast sagt finnst mér gagnrýni stjórnarandstöðunnar vera mjög lin í þeim efnum og fátt bitastætt í henni.

Ég ætla ekki að blanda mér í umr. um einstakar greinar, það munu aðrir gera, en það er ein grein sem ég vek athygli á vegna framkominnar fréttatilkynningar Seðlabankans í morgun í sambandi við að lækka afurðalán um 5% og það á að ske á næstu tveimur til þremur mánuðum.

Ég held að þarna sé farið inn á mjög hættulega braut og boðaðar þær þrengingar í atvinnurekstri sem verður ekki við unað, einkum í sjávarútveginum. Þetta verður að koma skýrt fram. Í dag er þetta þannig, að endurkaup Seðlabanka eru 52% af hverri veðsetningu. Út á þetta lánar viðskiptabankinn 40% í viðbót. Hlutfall Seðlabanka á að lækka á næstu mánuðum niður í 47% og ætlast til þess að viðskiptabankarnir láni það sem á vantar en ef viðskiptabankarnir geta ekki bætt sinn hlut verður hlutfallið komið niður í 65.8% og það rekur enginn fyrirtæki með því móti. Því miður eru viðskiptabankarnir þannig settir að þeir hafa ekki fjármagn til þess að bæta því við sem með þarf. Ef af verður þurfa útlán þeirra að hækka úr 40%, að mér sýnist, í rúm 56% til þess að sama hlutfallið haldist og var og er hér í dag.

Ég sagði að það kæmi einkum illa við sjávarútveginn og hans framleiðslu vegna þess að hann er algjörlega bundinn með allt sitt í útflutningi. Þetta kemur einnig að hluta til niður á iðnaði, en það er langerfiðast og sárast hjá sjávarútveginum. Ég verð að mótmæla þessu. Það hefur tíðkast of lengi hjá okkur Íslendingum að nota sjávarútveginn sem hemil á það ef eitthvað er að ske í fjármálum þjóðarinnar. Það er ekki svo gott í búi þar núna að hann þoli að það séu stórlækkuð útlán þar á næstu mánuðum. Þetta væri möguleiki ef Seðlabankinn sleppti 5% skyldubindingunni, þá mætti pressa viðskiptabankana. Þeir gera það ekki eins og er, það er ég handviss um.

Ég bendi alvarlega á þetta. Það geta orðið fleiri en Eyjólfur Konráð Jónsson sem hafa eitthvað að athuga við 26. gr. þessa frv. þegar til atkv. kemur ef þarna verður ekki ráðin bót á.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Lækkun á endurkaupum Seðlabanka Íslands hefur verið hér nokkuð til umr. Ég vek athygli á að endurkaup Seðlabankans hafa fyrr verið lækkuð, voru m. a. lækkuð a. m. k. einu sinni í tíð fyrrv. ríkisstj. en hækkuð aftur. Seðlabankinn leitaði umsagnar ríkisstj. nú. Málið var lagt fyrir ríkisstj. og rætt þar, lögð á það rík áhersla að framkvæmdin yrði með þeim hætti að ekki yrðu lækkuð lán á fyrirliggjandi birgðum og sömuleiðis lögð á það rík áhersla að vandlega yrði fylgst með því hvort atvinnuvegir þjóðarinnar þola þessa lækkun á afurðalánum, og það mun vera gert, það mun verða vandlega með því fylgst.

Ég veit að það fer ekki fram hjá hv. þm. að núv. ríkisstj. telur rétt að viðskiptabankarnir sinni sem mest afurðalánum til atvinnuveganna. Það er tekið fram í málefnasamningi ríkisstj. Hins vegar hefur komið í ljós, sem kannske engan þarf að undra, að viðskiptabankarnir eru mjög misjafnlega vel í stakk búnir til þess að taka við slíkum lánum. Þess vegna er óumdeilanlegt að gera verður ýmsar breytingar á viðskiptabönkunum, færa verkefni á milli og lækka bindinguna til að gera þeim kleift að taka við þessum lánum. Það er jafnframt í undirbúningi.

Ég stend því fyrst og fremst upp til að fullvissa hv. síðasta ræðumann um að með þessu verður vandlega fylgst og viðræður við Seðlabankann um þau mál verða, eins og hingað til, stöðugar og fylgst með því hvernig viðskiptabankarnir bregðast við þessari lækkun. Ég tek undir það með hv. þm. að ég óttast það sjálfur að viðskiptabankarnir muni ekki auka afurðalánin eins og vænst er þrátt fyrir að afurðalánin eru nú orðin með jákvæðum raunvöxtum.

Fyrst ég er staðinn upp vil ég aðeins segja örfá orð til viðbótar um frv. almennt. Töluvert hefur verið á það deilt að dregið er úr því fjármagni sem Lánasjóði íslenskra námsmanna er ætlað. Mér sýnist þó að of mikið sé gert úr þeim fjárskorti sem menn telja að þar muni verða með haustinu. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að endurskoða eigi útreikning á framfærslukostnaði námsmanna. Þetta hefur verið framreiknað eftir athugun sem var gerð fyrir meira en áratug ef ég þekki rétt, og ég veit að t. d. námsmaður sem býr heima hjá sér og er jafnvel í fríu húsnæði og fæði fær 10 þús. kr. lán á mánuði. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að ég tel það vafasamt og honum ekki neinn greiði gerður með slíku. Hjón með eitt barn fá 34 þús. kr. lán eða töluvert hærra en laun eru á hinum almenna markaði. Ég held því að þetta megi endurskoða og þurfi alls ekki að koma svo hart niður á þeim sem í raun og veru þurfa verulega

lánafyrirgreiðslu til að stunda nám. Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að að sjálfsögðu viljum við og leggjum áherslu á að allir fái jafnan rétt til náms. Með þessu verður því vandlega fylgst um leið og útreikningur á framfærslukostnaði verður skoðaður.

Um gagnrýni á frv. almennt vil ég hins vegar aðeins segja að það er athyglisvert að yfirleitt er mjög á það deilt af öllum stjórnarandstæðingum að skert er sú þjónusta sem ríkið veitir þegnum landsins og sama hvar þar er borið niður. Það er einnig harðlega á það deilt ef einhverjar álögur eru auknar og tekjur ríkissjóðs þannig auknar. Og í þriðja lagi er mjög hart á það deilt er ríkissjóður er rekinn með halla. Ég verð því að segja eins og er að ég á erfitt með að sjá hvernig þetta dæmi gengur upp.

Ég er þeirrar skoðunar eftir ítarlega vinnu í þessu máli að jafnvægi í ríkisfjármálum verði ekki náð á einu ári, það taki, eins og hæstv. fjmrh. hefur margskýrt, lengri tíma, t. d. 2—3 ár, að ná jafnvægi. Þetta stafar m. a. af því að ríkissjóður á í vissum aðlögunarvanda þegar verðbólga gengur svo ört niður eins og hún hefur gert. Tekjur ríkissjóðs falla með minnkandi tekjum almennings og minnkandi þjóðartekjum, en útgjöldin hækka hins vegar að verulegu leyti með verðbólgu. Þessu mega menn ekki gleyma. Ég er því þeirrar skoðunar að hér sé farinn nokkuð góður meðalvegur og þó að ég hefði kosið að rétta þennan halla betur af tel ég þó að varhugavert hefði verið að ganga á kaupmátt þann sem um var samið í samningunum nú í vetur.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, lengja þessar umr. Ég veit að fjmrh. mun svara ýmsum sérstökum spurningum sem hér hafa komið fram.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., lofaði forseta því, en mér fannst ástæða til að benda á að það mun vera heldur seint í rassinn gripið að fylgjast með því nú á næstu vikum og mánuðum hvort sjávarútvegsfyrirtæki þoli þá lánalækkun sem seðlabankatilkynningin gerir ráð fyrir. Það er heldur seint að fara að skoða það eftir á. Slysin hafa ábyggilega orðið áður en sérfræðingar ríkisstj. átta sig á því að það sem nú er verið að gera er rangt. Það má nú þegar gera sér ljóst að útgerð og sjávarútvegur hefur alls ekki efni á því að seðlabankalán séu lækkuð og síst af öllu á sama tíma og verið er að auka bindiskyldu viðskiptabankanna. Og þó að í öðru orðinu sé því lofað að bindiskylda skuli aftur lækkuð finnst manni það skrýtin vinnubrögð að með því frv. sem við erum að ræða hér erum við að tala um að auka bindiskylduna um 10% í hinu orðinu og hæstv. forsrh. lýsir því yfir að það muni verða stefnt að því að lækka bindiskylduna ef í ljós kemur að þessi lækkun hefur vond áhrif í sambandi við rekstur framleiðslufyrirtækja.

Við þetta er ekki miklu að bæta. Hv. 3. þm. Vesturl. sagði það sem segja þarf um þessi mál. Ég vil í einu og öllu taka undir orð hans og fagna því, sem hann sagði í lok ræðu sinnar, að hann mundi huga vel að atkvæði sínu áður en hann gengi frá þessu máli hér í deildinni.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hóf sinn málflutning hér fyrir hönd minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. með því að lesa upp úr nál. hans og undirstrika að stjórnarandstæðingar hefðu bent á þann mikla halla, sem fyrirsjáanlegur var, nokkuð snemma á árinu eða í febrúarmánuði, eins og kemur fram hér í nál. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefði eflaust getað bent á þennan halla miklu fyrr. Svo vill nú til að við gerð fjárlaga var ég búinn að tilkynna að ég mundi láta gera úttekt á ríkissjóði og gefa þingheimi upplýsingar um stöðu ríkissjóðs vegna þess að ástandið var þannig að það blasti við hverjum sem horfa vildi á að vandinn var meiri en við jafnvel gerðum okkur grein fyrir við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir utan það sem féll af ríkisábyrgðum til viðbótar í ársbyrjun á ríkissjóð. Þegar þeir ágætu stjórnarandstæðingar tala um þá framsýni sem þeir höfðu í ársbyrjun voru þeir því að endurtaka þær upplýsingar sem ég hafði þegar gefið við gerð fjárlaganna.

Annars eru það tvær spurningar sem hv. þm. Ragnar Arnalds beindi til mín. Hann spurði fyrst hvort samþykkt hefði verið í ríkisstj. að lækka afurðalán og hvort það hefði verið rætt í ríkisstj. Að sjálfsögðu var það rætt í ríkisstj. Það var rætt tvisvar sinnum þó ekki hafi verið borið undir atkvæði þá, eins og gengur fyrir sig í ríkisstj. með mál. Það voru ekki greidd atkvæði — ég veit nú ekki hvort hv. þm. er að hlusta á svar mitt til hans — og það komu ekki fram mótbárur í ríkisstj. Þessi lækkun á afurðalánum í áföngum um 5%, sem ekki komi þó niður á eldri birgðum, var rædd í ríkisstj. í tvígang.

Seinni spurning hv. þm. Ragnars Arnalds var um ríkisreikningana. Þeir eru ekki tilbúnir. Þeir eru tilbúnir í fyrsta handriti og eru u. þ. b. að fara í setningu og síðan í prentun. Það er ýmislegt sem hefur tafið. Nýtt bókhald, nýtt lyklakerfi, hefur tafið vinnuna. Þá hefur ríkisbókari hætt starfi sökum lasleika, sjúkdóms, og nýráðinn ríkisbókari hefur ekki tekið við. En verkinu er fram haldið og er að verða tilbúið til prentunar og verður vonandi sent út innan skamms tíma.

Ég vona að með þessu hafi ég svarað þeim tveim spurningum sem virðulegur þm. beindi til mín.

Sú yfirlýsing hv. 5. landsk. þm., Eiðs Guðnasonar, að hann og þeir Alþfl.-menn hafa hugsað sér að greiða atkv. gegn þessu frv., kom mér mjög á óvart. Ég býst ekki við að nokkur maður hafi gert ráð fyrir því, en það er þá yfirlýst núna. Allar þær tillögur sem Alþfl. hefur komið með í gegnum árin gera það náttúrlega að verkum að Alþfl. hefur þetta gríðarlega mikla fylgi. Ég býst reyndar við því að hann haldi því nú þegar hann hefur gert svo góðar till., sem hv. þm. vitnaði til, að Framsfl. er jafnvel farinn að taka þær upp og mæla með þeim á miðstjórnarfundum.

Það er alveg rétt, sem kemur fram hjá hagsýslustjóra eftir því sem virðulegur þm. upplýsti, að aldrei hefur gengið vel að spara í rekstri. En ég get fullvissað hann um að með mjög góðri þátttöku starfsmanna hagsýslunnar og sérstakrar nefndar, sem hefur verið sett á laggirnar, er öðruvísi og betur fylgst með útgjöldum en áður hefur verið gert, og hv. þm. vita hverjir eru þar að verki, þannig að ég vona að góður árangur náist þar. Það er a. m. k. gerð tilraun til sparnaðar og við verðum öll að vona að sú tilraun heppnist, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, því að það er nauðsynlegt að hún takist vel.

Virðulegur þm. sér ekki ástæðu til að hlusta á ræðu mína svo að ég sé ekki ástæðu til að svara frekar því sem kom fram í máli hans.

Ég þakka fjh.- og viðskn. fyrir vel unnin störf í sambandi við þetta frv. og vona að það nái í gegnum

þessa hv. deild í nótt ef mögulegt er.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Umr. er lokið, en atkvgr. er frestað til morguns. Ég verð að tjá hæstv. fjmrh. að málið verður ekki afgreitt í nótt, og ef við tökum tillit til þeirrar umr. sem fór fram hér í upphafi fundar er nú mál að linni. Ég held að það sé kominn tími til að hv. þdm. fari að fá frí í kvöld svo þeir geti gengið til náða og búið sig undir annasaman dag sem ég held að megi búast við að verði á morgun — og ekki bara hv. þdm. heldur einnig starfsmenn þingsins eins og kom réttilega fram fyrr í kvöld.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þá umhyggju sem virðulegur forseti sýnir okkur þdm. með því að ætla að slíta fundi núna svo að við getum farið heim að sofa. Þessi umhyggja hlotnast reyndar ekki því langþreytta starfsliði þingsins, sem enn þá verður að vaka, því að Nd. er að störfum. Að því leyti væri okkur þess vegna ekkert að vanbúnaði að halda hér áfram umr. og afgreiðslum ef með þyrfti.

Ég verð að lýsa yfir óánægju minni með það að við skulum ekki hafa tekið það mál á dagskrá sem hefði verið afskaplega tímabært að afgreiða á þessum degi, þ. e. breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. (Gripið fram í.) Það verður að segjast að maður á erfitt með að líða vinnubrögð sem greinilega eru viðhöfð til að málið komist ekki hér til afgreiðslu og vísvitandi verið að tefja málin. Skilur maður reyndar ekki hvaða hugsun þar liggur að baki.

Eins og allir vita fór fram afskaplega sérkennileg ráðstöfun í dag með trúlega ansi miklum tilkostnaði og fyrirhöfn þar sem Grænmetisverslun ríkisins tók í gegnum toll og dreifði kartöflum í allar verslanir bæjarins nema eina, sem greinilega var einhvers konar hefndarráðstöfun gegn þessu fyrirtæki.

Þess vegna er það sem ég sakna þess að þetta mál skuli ekki hafa getað komið hér á dagskrá og vildi reyndar fara þess á leit við hæstv. forseta að hann segi fyrir um það hvenær málið kemur á dagskrá og hvort það verði á morgun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Já, forseti getur svarað því að málið verður væntanlega tekið fyrir á morgun. En þannig stendur á um þetta mál að formaður landbn. hefur ekki skilað nál., en hann mun gera það á morgun. Þar af leiðandi var að sjálfsögðu ekki hægt að taka málið hér á dagskrána.

Varðandi það að menn hafa nú allt í einu fengið áhuga á því að halda hér áfram lengur vil ég upplýsa að það er ekki óalgengt að fresta atkvæðagreiðslu þegar fundir standa svo lengi sem raun ber vitni í kvöld. Það vill oft þannig til að menn hafa jafnvel þurft að sinna öðrum störfum sem þeir hafa löngu ákveðið þegar kvöldfundur er ákveðinn með stuttum fyrirvara eins og reynist nú. Þar af leiðandi hafa menn ekki setið hér út allan fundinn af því að þeim hefur verið tjáð að ekki verði atkvæðagreiðsla. Þess vegna mun verða staðið við það og því liggur ekki fleira fyrir þessum fundi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 96. fundur.

Fimmtudaginn 17. maí, að loknum fundi í Sþ.

Tóbaksvarnir, frv. 70. mál (þskj. 897 (sbr. 750)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1002).

Lögræðislög, frv. 83. mál (þskj. 936 (sbr. 88)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1004).

Húsaleigusamningar, frv. 62. mál (þskj. 657 (sbr. 67)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1005).

Sjúkraliðar, frv. 314. mál (þskj. 622). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1006).

Ljósmæðralög, frv. 315. mál (þskj. 768 (sbr. 623)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1007).

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég var bundin á nefndarfundi og kom hingað skömmu eftir að farið var að greiða hér atkvæði. Ég hlýt að spyrja: Getur það verið rétt að hér hafi menn verið að afgreiða sem lög frá Alþingi frv. til lögræðislaga? Ég vil benda á að það er boðaður fundur í allshn. Nd. núna á hverri mínútu og n. er ekki farin að fjalla um málið svo það kemur ekki til greina að það sé orðið lög frá Alþingi enn þá. (**HBl:** Athugasemdin er of seint fram borin.) (**Forseti:** Við skulum athuga þetta en halda áfram með dagskrármálin.)

Skógrækt, frv. 212. mál (þskj. 775). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1008).

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. 81. mál (þskj. 806). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1009).

Um þingsköp.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég sé að hér hafa orðið mikil mistök út af lögræðislögum svo að ég vil mælast til þess við hv. allshn. Nd. að hún haldi fundinn eigi að síður og flytji sjálfstætt frv. til breytingar á lögræðislögum ef rétt þykir.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því sem hér er að gerast. Hér er unnið dag og nótt og þm. fá ekki frið til að sitja deildarfundi vegna funda í nefndum. Ég var að koma af fundi ásamt félögum mínum í hv. allshn. Sþ. Það er búið að boða fund í allshn. Nd. að loknum hinum fundinum þar sem eitt mál var á dagskrá, frv. til lögræðislaga. Í trausti þess að málið yrði ekki afgreitt á meðan nm. í allshn. Nd. væru á öðrum fundi var ég satt að segja áhyggjulaus vegna þessa máls. En ég lýsi því hér með yfir að ég tel að þingið viti ekki lengur hvað það er að gera. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum og ég krefst þess, krefst þess, að við fáum að hverfa af þessum fundi að lokinni þessari atkvgr., hv. allshn. Nd., og afgreiða málið eins og til stóð og eins og til var boðað. Það er ekki okkur að kenna þó að hér hafi orðið einhver mistök í dagskrá. Þetta mál var ekki komið frá okkur.

Það er ekki hægt að sætta sig við svona afgreiðslu nokkurs máls. Ég held að það væri mál til komið að þingið fengi smáhlé til að hvíla sig svo að menn vissu hvað þeir væru að gera hér.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég hef nú ekki alveg tekið afstöðu til þessarar athugasemdar hv. þm. Ég mun gera það þegar ég hef lokið atkvæðagreiðslu nú um 8. málið og ég vona að hv. þm. bíði þolinmóð á meðan. Ég tek þá fyrir 8. dagskrármálið, kvikmyndamál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek mjög undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Það er ekki vansalaust að slík vinnubrögð séu viðhöfð á Alþingi eins og hér er um að ræða. Ég tek svo sannarlega undir það og hnykki þar á með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur við forseta að hann fari nú að taka afstöðu til þess hvort málið er afgreitt eða ekki sem lög.

Ég held að það væri rétt fyrir stjórnendur þingsins — ef ekki þeir þá við hinir óbreyttu alþm. — að fara að taka það til athugunar hvort ekki er tími til kominn fyrir hv. Alþingi í ljósi þess sem hér hefur nú gerst að fara að virða hvíldartímalögin sem sett voru hér á sínum tíma, til þess að þeir sem ráða ferðinni a. m. k. geri sér grein fyrir hvað er að gerast á hverjum tíma.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég ætla að fá að tala um þingsköp. Í þessu tilefni spyr sú sem lítið veit og er ný á vinnustaðnum: Til hvers er verið að setja mál í n. ef það þarf ekkert að fara í n. og hægt er að afgreiða það hér inni? Er það tilfellið? Þarf þetta mál ekki í n.? Hvers vegna var það sent í n. ef það þarf ekki í n.? Hver á níu líf í þessu húsi? Ekki ég, ég á bara eitt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurði athyglisverðrar spurningar til hvers alþm. greiddu atkvæði með frv. við 3. umr. í síðari deild. Til þess að setja lög í landinu. Og þegar þm. hafa sett lög í landinu þá er of seint að kalla saman nefnd.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég held að við verðum aðeins að gera okkur grein fyrir hvernig þetta mál snýr. Sennilega má verja það að mál, sem kemur frá einni deild til annarrar, þarfnist ekki nema einnar umr. En þar sem form. allshn. Nd. hafði boðað fund um málið telur maður að sjálfsögðu ólíklegt að málið sé afgreitt fyrr en sá nefndarfundur hefur farið fram og treystir því auðvitað að form. hafi boðað til þess fundar í samráði við hæstv. forseta þingsins. Annað væri með ólíkindum. Einhver mistök hafa hér gerst, að málið skyldi koma á dagskrá og einkum og sér í lagi til afgreiðslu áður en umræddum fundi lauk.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil taka það fram að forseti lýsti eftir því að menn tækju hér til máls með venjulegum hætti. Hann boðaði það að þetta mál yrði tekið fyrir. Það kvaddi sér enginn hljóðs um þetta mál, kvaddi sér enginn máls. (Gripið fram í.) Það kvaddi sér enginn hljóðs af þeim sem hér voru viðstaddir þegar þetta mál var tekið fyrir og málið var afgreitt hér við atkvæðagreiðslu. Þetta vil ég að komi skýrt fram. Ef einhver hefur þarna gert mistök þá verð ég að telja að það hafi verið fulltrúar allshn.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Í ljósi þessa ruglings, sem mér virðist vera orðinn á þm., ætla ég að lýsa því yfir að ég mun ekki taka þátt í afgreiðslu fleiri

afbrigða í kvöld. Það eru nefnilega eftir á dagskránni mál eins og kosningar til Alþingis og stjórnarskipunarlög og ég ætla að reyna að standa nokkurn veginn klár á því til hvaða laga ég vakna í fyrramálið. Þess vegna mælist ég til þess að fundi verði nú slitið og þm. og starfsmönnum þingsins gefinn kostur á því að sofa, hvíla sig. En ef svo verður ekki mun ég ekki taka þátt í afgreiðslu neinna afbrigða.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Það er greinilegt að orðinn er nokkur ruglingur á þingstörfum. Vegna þess, sem hér hefur nýlega komið fram, vil ég taka fram að þegar forseti tók þetta mál á dagskrá og lýsti eftir ræðumönnum kom ég hér að forsetastól í þann mund og benti honum á að málið hefði komið frá Ed. með breytingum.

Því svaraði forseti: „Ég veit það.“ Og í beinu framhaldi af því lét hann fara fram atkvæðagreiðslu um málið og taldi það samþykkt. Þannig gekk þetta fyrir sig og ég vil undirstrika að formaður allshn. benti forseta á að ekki væri rétt að afgreiða málið eins og hann gerði þar sem breytingar voru komnar frá Ed. Vitanlega er framhald málsins í hans hendi.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það verður að taka það fram í sambandi við þetta að þó að hv. þm. hafi haft orð á því að breytingar hafi komið fram um þetta þá þarf ekki að taka það fram — það er af þeim sökum að þetta mál er hér til einnar umr. — að málinu var breytt í Ed. frá því sem það var afgreitt hér í Nd. og þess vegna var það komið hingað til einnar umr. En það lá engin till. fyrir um það að málinu yrði vísað til n. og þess vegna kom það ekki til að málinu yrði frestað þess vegna.

Hitt er svo annað mál að það kann vel að vera að það séu ástæður fyrir því, eins og nú er komið, að afgreiðsla þessa máls verði tekin upp að nýju. Það er hugsanlegt. Vissulega er hægt að halda því fram að það sé ekki hægt. En allir eiga leiðréttingu orða sinna nema presturinn í stólnum. Það má vel vera að ýmsum finnist að málið hafi verið afgreitt. En ég vil bera það undir deildina hvort það sé nokkur sem hefur á móti því að þetta mál verði athugað nú hjá allshn. og allshn. gefi sitt álit á þessu máli og við höldum svo áfram okkar dagskrá eigi að síður eftir því sem kostur er. Ég vil spyrja hvort nokkur hefur á móti því að það verði gert hér í þessari hv. þd.?

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins til skýringar. Í þetta frv. til lögræðislaga hefur verið lögð mikil vinna í n. Ég tel að við höfum í allshn. Nd. unnið af miklum drengskap. Við höfum, stjórnarandstaðan, unnið nú síðustu daga við að koma hverju málinu af öðru fram, hvort sem um var að ræða stjfrv. eða hin ýmsu frv. einstakra þm. Við höfum lagt nótt við dag við það. Í þessu tilviki var um að ræða mjög merkilegar breytingar á frv. til lögræðislaga sem eru til mikilla réttarbóta fyrir þá sem svipta þarf lögræði, og við vorum öll sammála um að þessar breytingar væru til mikilla bóta.

Þær fengu hins vegar að mínu viti ekki mikla skoðun í Ed. og frv. var sent svo til óbreytt til baka. Ég tel það afskaplega ósanngjarnt að n., sem lagt hefur þá miklu vinnu sem hér um ræðir í þetta frv., fái ekki tækifæri til þess að fjalla um það. Ég held að það hafi ekki hvarflað að formanni n. að kalla n. ekki saman vegna þessara breytinga. Það sem gerðist hér er því ákaflega kyndugt. Það hlýtur að hvarfla að manni hvort það var hreinlega með vilja gert. Reyndur forseti, eins og hv. þm. og hæstv. forseti, hefði auðvitað átt að benda formanni n. á að biðja um frest á málinu, svo einfalt var það. Við höfum unnið hér af miklum drengskap í báðum deildum og Sþ. Það er mikið að gera og menn átta sig kannske ekki í augnablikinu á hvernig best er að bjarga málum. Það er hlutverk hæstv. forseta að benda þm. á þá leið sem vænlegust er og hér var um það að ræða að formaður fengi frest á málinu. Ég vænti því þess að hv. þm. fallist á að þetta mál fái þann frest sem það átti að fá þegar í upphafi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég tel að afstaða forseta í þessum efnum og þessari erfiðu stöðu sé sanngjörn, en það sé hins vegar nauðsynlegt, vegna þess hvað málið er óvenjulegt og getur skapað erfið fordæmi fyrir þingið, að kannað verði nákvæmlega af forseta ásamt skrifstofustjóra Alþingis hvort nokkur fordæmi eru fyrir meðferð af því tagi sem hér er rætt um. Þess vegna legg ég til að deilum um málið verði frestað um skeið meðan menn koma sér niður á það með hvaða hætti er unnt að halda áfram með það. Ég held að það þjóni engum tilgangi að menn deili um þetta vegna þess að hér hlýtur að vera unnt að fara rækilega yfir þingsköp og þau fræðirit sem fyrir liggja, m. a. ritið Deildir Alþingis eftir Bjarna Benediktsson og önnur rit sem hér eru til, og menn átti sig á því hvernig best er að mæta þessum vanda sem vafalaust er mjög óvenjulegur. Ég tel að það sé hins vegar útilokað að hrapa að því þegar í stað að slá því föstu að málið verði tekið upp án nánari athugunar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta mál, sem hér um ræðir, hefur að minni hyggju farið í gegnum þrjár umr. í Ed., þrjár umr. í Nd., eina umr. í Ed. og nú eina umr. í Nd. og var samþykkt án mótatkvæða, sem ekki skiptir efnislega máli. Hitt skiptir máli að forseti deildarinnar hefur lýst atkvgr. og jafnframt kveðið upp þann úrskurð að þetta frv. sé lög frá Alþingi.

Hitt held ég að allir þm. skilji og hafi fullan vilja til að taka tillit til ef mistök hafa átt sér stað varðandi efnisatriði, að afgreiða nýtt frv. í gegnum þingið á örskömmum tíma og greiða fyrir því. En það ætla ég að biðja þdm. um að hafa í hyggju að brjóta ekki svo niður gamlar þinghefðir, fundarsköp og venjur út af smávegis misskilningi, óaðgætni, sem við getum lagfært með öðrum hætti, að hvaða þm. sem er geti hvenær sem er og hvernig sem á stendur hafið umr. utan dagskrár um það að atkvgr. skuli taka upp af meira eða minna tilefni og halda svo áfram málþófsmálum með því að halda því fram í fyrsta lagi að þingstörf gangi ekki fram með eðlilegum hætti og í öðru lagi að gefa í skyn að alþm. hafi ekki hugmynd um hvað þeir geri með atkvæðagreiðslu sinni.

Ég vil vekja á því sérstaka athygli að prentuð dagskrá lá fyrir. Nm. allshn. höfðu öll þingræðisleg tök á því að koma við athugasemdum um það að atkvgr. færi fram. Ég tel að ef menn vilji taka mál til meðferðar að nýju í n., þá beri mönnum við 3. umr. að láta þeirrar óskar getið. Sá háttur hefur verið hafður á þann tíma sem ég hef verið kunnugur störfum þessa þings. En hitt, að lýsa

atkvgr., sem farið hefur fram, ógilda eftir að mörg dagskrármál hafa verið afgreidd og með því halda því fram að yfirlýsing úr forsetastóli um að frv. sé orðið að lögum sé marklaus, enda þótt annað mál hafi verið tekið á dagskrá, á sér ekkert fordæmi í sögu Alþingis að fornu og nýju. En það hefur aldrei verið sá háttur hafður á í þessum sölum að nefndir Alþingis hafi ekki átt fullan kost á því að flytja frv. í sínu nafni. Ég man ekki til þess ef n. hafa verið sammála um slíkt að hinir almennu þdm., í hvorri d. sem væri, hafi reynt að bregða fæti fyrir að slík leiðrétting gæti átt sér stað. (Gripið fram í.) Ég held að það sé afskaplega erfitt að flytja frv. um sama málið vegna þess að frv. er til breytinga á lögum. Og hvernig eiga menn að flytja frv. til breytinga á lögum sem ekki eru á dagskrá og segja að það sé sama málið? Þetta er útúrsnúningur. (Gripið fram í.)

Þetta er þrætubókarlist formanns Alþb. sem hann er snillingur í. Ég verð að segja þó að ég telji sjálfur að ég sé sleipur í slíkum hlutum, þá finn ég oft til minnkunar þegar ég hlusta á hann tala. Og gjarnan vildi ég hafa þegið hans röksemdafærslu í vöggugjöf, að ég gæti hvernig sem á stendur fundið rétt rök fyrir mínum málstað og látið fólk trúa því í augnablikinu. En þegar nokkur tími er liðinn, þá sjá menn í gegnum það. Svo mun einnig vera um formann Alþb. þegar hann vaknar í fyrramálið. Þá áttar hann sig á því að allt, sem hann hefur sagt um þessa hluti í kvöld, er hreinasta rugl og eins og rutl sé komið á manninn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég held að það sé kappsmál okkar allra nú, þegar yfir vofir að þingi ljúki senn, að ná sem bestri samstöðu um afgreiðslu þeirra mála sem enn liggja fyrir þinginu. Mér sýnist að það liggi fyrir að sú n., sem hefur þetta mál til umfjöllunar eða gæti haft það til umfjöllunar, hafi óskað eftir því að fá að fjalla um það. Í sjálfu sér er það ekki nema von að þegar svona stendur á geti það gerst að ósk af þessu tagi verði út undan. En jafnvel þó að fyrir því séu engin fordæmi í þingsögunni held ég að þinginu væri hollara við þessar aðstæður að skapa nýtt fordæmi. Ég veit að forseti er í ákveðnum vanda. Málið hefur í sjálfu sér verið afgreitt, eins og ýmsir hafa áður bent á. En ég tel ekki að neitt sé því til fyrirstöðu að forseti láti þingið sjálft, þessa deild, úrskurða um það hvort hún vilji láta þá atkvæðagreiðslu, sem þegar hefur farið fram, ógilda liggja og vísa málinu til þeirrar n. sem hefur óskað eftir að fjalla um það og er vissulega til þess bær. Ég beini því til forseta, til þess líka að greiða fyrir þingstörfum, að skapa hér nýtt fordæmi og taka það upp og bera það undir þessa hv. deild hvort hún sé reiðubúin til þess að láta þá atkvæðagreiðslu, sem þegar hefur farið fram, hjá líða, láta hana ógilda liggja og vísa málinu til þeirrar n. sem svo gjarnan vildi um það fjalla og hafði þegar borið fram ósk um það.

Ég tel ekki að það hafi gerst neitt hættulegt í þingsölum og við sköpum fordæmi af þessu tagi við þær aðstæður sem nú rísa. Ég beini því enn og aftur til forseta að bera það undir deildina hvort hún vilji láta þessa atkvæðagreiðslu standa eða ekki, hvort hún vilji gefa þeirri n., sem gjarnan vildi um þetta mál fjalla, tækifæri til þess, eins og ég er viss um að við hefðum öll samþykkt við aðrar aðstæður.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég óska eftir að þessu máli verði frestað. Ég er ekki með því að vefengja úrskurði eins eða neins, hvorki forseta eða álit einstakra þdm. en ég tel rétt að menn athugi sinn gang og ég óska sem sagt eftir því að málinu verði frestað og tekið fyrir á nýjum fundi.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eftir að hafa ráðgast við skrifstofustjóra Alþingis er ég þeirrar skoðunar að málið verði ekki tekið upp að nýju eftir að því er lýst sem lögum frá Alþingi. En engu að síður sýnist mér sú till., sem kom fram frá hv. 3. þm. Reykv., athugunarverð og rétt að forseti ásamt skrifstofustjóra Alþingis athugi mjög vandlega hvort nokkur slík fordæmi liggja fyrir. Ég er ekki sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að það sé skaðlaust að taka málið upp og skapa þannig nýtt fordæmi. Ég held að við eigum að vara okkur mjög á því og þurfum að athuga til hlítar hvort fordæmi eru fyrir hendi.

Ég legg eindregið til að niðurstöðu í þessu máli verði frestað og dagskrá haldið áfram og forseti fái jafnframt tækifæri til að skoða málið betur en unnt hefur verið til þessa.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er að sjálfsögðu rétt að skrifstofustjóri Alþingis hefur mikinn tillögurétt um það hvernig forseti kynni að úrskurða mál, hann er sérfræðingur á því sviði. En eigi að síður er úrskurðarvaldið í höndum forseta og svo mun verða áfram. Vegna athugasemda sem fram hafa komið hef ég boðið upp á það sem forseti að þetta mál verði kannað nánar. Að sjálfsögðu vildi ég hafa nánar samráð við skrifstofustjóra Alþingis um það efni og ég vænti þess að hv. þd. geti fallist á þá till. mína sem ég tel reyndar að hafi verið tekið undir af hv. 3. þm. Reykv. og þá ekki síður af hv. 3. þm. Reykn. Þess vegna mun ég nú mælast til þess við hv. þdm. að tími vinnist til að kanna þetta mál nánar og að úrskurðar verði að vænta síðar á fundinum, en að við getum haldið áfram nú eins og dagskráin segir til um. (Gripið fram í.) Það verður engin atkvæðagreiðsla núna að öðru leyti en því að forseti hefur áhuga á því að taka fyrir 8. dagskrármálið, kvikmyndamál.

Kvikmyndamál, frv. 319. mál (þskj. 805). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1010).

Tollheimta og tolleftirlit, frv. 55. mál (þskj. 857). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1011).

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 222, n. 974, 975). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 974 um frv. til l. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. l. nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 4/1983.

Nefndin hefur athugað málið á mörgum fundum og haft samráð við ýmsa sérfræðinga. Nm. ræddu ýmsar breytingar á frv. sem til greina gátu komið. Frv. þetta er byggt á samkomulagi formanna fjögurra stjórnmálaflokka á síðasta þingi og efnislegum breytingum á frv. varð ekki komið við þar eð samkomulag náðist ekki. Nm. lýsa því hins vegar yfir fyrir hönd flokka sinna að unnið verði áfram að málinu milli þinga og niðurstöður verði lagðar fram á næsta haustþingi. Nefndinni vannst heldur ekki tími til að ræða til þrautar tilhögun persónukjörs. Það verður með sama hætti rætt á milli þinga.

Með vísan til framanritaðs leggur nefndin til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 222 með tveimur breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Brtt. þær sem við flytjum á þskj. 975 eru þessar:

Í fyrsta lagi: Við 1. gr. að 4. tölul. falli brott. Í stjórnarskrárlögum, sem hér verða bráðum til afgreiðslu, er fellt út lögræðisákvæðið. Í 4. lið 1. gr. kosningalagafrv. segir að þeir eigi kosningarrétt við kosningar til Alþingis sem „eru eigi sviptir lögræði". Þess vegna hlýtur þetta ákvæði að falla brott.

Önnur brtt., sem við flytjum, er við 41. gr. og felur í sér að 2. mgr. falli brott, en hún hljóðar þannig: „Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt." Þetta leggjum við til að verði fellt út með hliðsjón af því sem segir í nál.

Þetta frv. er afrakstur af samkomulagi formanna fjögurra stjórnmálaflokka. Þessir formenn gerðu með sér samkomulag um afgreiðslu málsins í fyrra og gildir það við afgreiðslu málsins nú.

Ekki er þar með sagt að við sem sátum í lausanefndinni séum öll fullviss um að þetta verði gallalaus löggjöf. En eins og reyndar nál. ber með sér, samkomulag formanna er virt og við leggjum til að frv. verði samþykkt óbreytt. En auðvitað þarfnast þessi lög lagfæringar síðar.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég hlýt að vekja á því athygli og raunar mótmæla hvernig hér er að verki staðið í sambandi við þau mál sem á dagskrá eru hverju sinni.

Hér er tekið fyrir með afbrigðum mál sem er miklu aftar í röðinni en mörg önnur mál sem verið hafa á dagskrá þessarar deildar undangengna fundi. Mörg mál af slíku tagi væri hér hægt upp að telja, en ég nefni t. d. hafnalög sem ég sé ekki að séu á dagskrá þessa fundar. Eru þau þó að mínu mati ekkert síður nauðsynjamál en það sem hér er um að ræða. Ég nefni mál eins og frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands, 101. mál þingsins, sem verið hefur á dagskrá marga undangengna fundi en hefur ekki verið tekið fyrir og er ekki á dagskrá þessa fundar. Svona mætti miklu fleiri mál upp telja.

Ég sé ekki að þetta mál eigi að njóta neins forgangs umfram önnur mál sem borin hafa verið fram miklu fyrr á þinginu og eru a. m. k. mörg hver ekkert síður nauðsynleg en það mál sem hér er um að ræða. Ég mótmæli því, herra forseti, en vil taka það sérstaklega fram, af því að núverandi virðulegur forseti situr í forsetastól, að þessu er ekki beint til hans, þessu er að sjálfsögðu beint til þeirra sem hér ráða ferðinni í þessum efnum.

Ég krefst þess að þau mál sem miklu fyrr hafa verið lögð fram og hafa verið á dagskrá funda í Nd. marga undangengna daga og allt upp í vikur, njóti a. m. k. sambærilegs réttar og það mál sem hér er um að ræða. Ég vil því, virðulegi forseti, mælast til þess að þetta mál verði ekki tekið fram yfir önnur til umræðu hér, allra síst ef hér á að halda uppi næturfundi.

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir): Vegna athugasemdar hv. 3. þm. Vestf. vil ég taka fram að ég geng út frá að dagskrá 96. fundar hafi verið ákveðin í samráði við aðalforseta þessarar deildar. Ég skal vissulega koma athugasemd hv. 3. þm. Vestf. á framfæri við aðalforseta deildarinnar. Næstur á mælendaskrá í því máli sem hér er á dagskrá, kosningar til Alþingis, er hv. 4. landsk. þm.

Guðmundur Einarsson: Virðulegi forseti. Það fer einkar vel á því að hefja 2. umr. um þetta mál er kvöldar. Við munum öll hvernig 1. umr. um þetta mál hófst. Þá var nú ekki eins bjart úti fyrir. Það var síðustu nóttina fyrir þingslit fyrir jól, líklega einhvern tíma milli kl. 3 og 4 um morgun, að íslenska flokkakerfinu varð skyndilega mjög brátt og ákvað að mæla fyrir kosningalögum. Það hefur raunar aldrei fengist almennilega útskýrt hvers vegna svo mikið lá á, en formanni stærsta stjórnmálaflokks á Íslandi var fengið það hlutverk að stíga hér í ræðustól um miðja nótt til að mæla fyrir þessu máli. Síðan hefur heldur lítið farið fyrir því. Umræðan um það hefur á engan hátt endurspeglað þá staðreynd að hér er um að ræða eitthvert afdrifaríkasta mál sem þetta þing fæst við.

Umræðan um þetta mál hefur á engan hátt speglað þá staðreynd að þetta er mál sem fleirum kemur við en lausanefnd hv. þm. Páls Péturssonar og kannske þingflokkum nm. Þetta mál varðar nefnilega það hvernig við hugsum okkur að framfylgja venjulegum reglum um lýðræði í framtíðinni hér á landi. Þess vegna er það á vissan hátt táknrænt að 2. umr. um þetta skuli hefjast við svipaðar kringumstæður og sú fyrsta, í tímaþröng rétt fyrir þinglausnir eða þingfrí, eins og var fyrir jólin, þegar menn eru orðnir aðþrengdir. Menn hafa margar athugasemdir fram að færa, menn hafa margt og mikið um málið að segja, en nauðirnar reka þá síðan inn í dilkinn og þeir eru múlbundnir. Þeir mega ekki segja neitt og kannske þora þeir ekki að segja neitt.

Þjóðin hefur ekkert fengið að fylgjast með þessu. Það hafa engar fréttir komið um það hvað reiknimeistarar lausanefndar hv. þm. Páls Péturssonar hafa haft um málið að segja. Það hefur engin kynning farið fram

meðal almennings, það hefur ekkert verið skrifað um þetta mál í fjölmiðlum. Það var nýlega einhvers staðar í Þjóðviljanum frétt um það að Alþb. hafnaði Droop. Það spurði mig gömul kona: „Hver er þessi Droop? Er þetta aðmíráll á vellinum?“ Alþb. hafnaði Droop með 6 atkvæðum gegn 4. Og hver er þessi Droop? Það hefur ekki komið fram nein skýring á því hver Droop er. Ég held að þó ekki væri annað þá ætti þjóðin skilið að vera leidd í sannleikann um leyndardóma Droops, að henni sé sagt frá því að Droop er ekki aðmíráll á Keflavíkurflugvelli, heldur er hann löngu dauður reiknimeistari, sem dundaði sér við að búa til formúlur til þess að finna út hvernig væri hægt að fullnægja flokkum þegar þeir eru að bögglast við að búa sjálfum sér til umboð, stundum í trássi við vilja þjóðarinnar.

Þetta er eitt lítið dæmi um það hvað menn vita lítið um þessi mál.

BJ hefur ekki auðnast frekar en þjóðinni að fylgjast með reiknimeisturunum. Atvikin höguðu því svo til að við áttum ekki fulltrúa í lausanefndinni í Nd. sem fjallar um málið. Við höfðum af þessu talsvert þungar áhyggjur á tímabili, þegar það leit út fyrir að hér kæmi málið út með miklum brtt. þeirra Droop og félaga, og við ættum fyrir höndum mikla og erfiða vinnu að setja okkur inn í allar þær reikniformúlur. Hins vegar losuðu flokksforingjarnir okkur við þá raun vegna þess að eftir alla þessa reikninga stöndum við aftur í nákvæmlega sömu sporum og við stóðum desembernóttina fyrir jól þegar mælt var fyrir málinu. Það hafa verið mikil átök og erfiðar fæðingarhríðir, en það eina sem fæddist á öllum þessum tíma var sú staðreynd að flokkarnir gátu ekki komið sér saman um það hvernig þeir ættu að ganga frá þessu þannig að öllum þeirra sérhyggjuathugasemdum og óskum væri fullnægt.

Ég held að menn hljóti að velta því fyrir sér hvort þjóðinni komi þetta yfirleitt alls ekki neitt við. Síðast þegar þetta mál var svolítið til umræðu hafði fólk á þessu þó nokkurn áhuga. Það var fyrir kosningarnar í vor. Og það fékk um það svolitla upplýsingu. Ekki þó vegna þess að flokksforingjarnir hefðu áhuga á að kynna fólki hvað þeir voru að bauka í bakherbergjunum, heldur vegna þess að kosningar voru í aðsigi og íslensk pólitík var að ýmsu leyti í dálítið undarlegri kreppu. Það var reikul ríkisstj. og það voru mikil átök og það hékk á samkomulagi um þetta mál hvenær þinglausnir á þeim tíma yrðu. Þess vegna voru það aðgangsharðir fréttamenn sem píndu svolítið út úr flokksforingjum um það hvað þeir væru að bauka.

Nú er hins vegar engin slík fréttamennska í gangi. Menn hafa áhyggjur af öðru. Það eru ónýtar kartöflurnar sem þeir eru að borða í augnablikinu og þess vegna er það mál þeim öllu hugleiknara en hvernig lýðræðinu vegnar í landinu þeirra í framtíðinni. Hvað sem þessu líður þá stendur eftir sú auma staðreynd að við höfum ekkert fengið að fylgjast með þessum hræðilegu þjáningum, sem við áttum þó fullan rétt á. Ég held að þegar þeir Jefferson og Hamilton og þeir félagar voru forðum að fást við þessi mál hafi verið um þau öllu meiri upplýsing en nú er. Þá skiptust menn á sendibréfum og ég hef lesið um þetta í „Jeffersons samlede værker“, þar sem segir frá þeirri miklu hugarþjáningu sem hann gekk í gegnum við það að reyna að búa til fyrir þjóð sína sæmilega lýðræðislegar reiknireglur, við að skapa umgjörð um það lýðræði sem var að fæðast á þessum árum í Frakklandi og Bandaríkjunum.

Ef við víkjum aftur að hlutverki þingflokks BJ í þessu máli þá kom þingflokkurinn fyrst að málinu þegar honum var boðin þátttaka í nefndinni sem átti að yfirfara frv. og huga að stafsetningu og kommum. Við höfnuðum því höfðinglega boði, en þykjumst þó standa sæmilega réttir eftir, vegna þess að við höfum hugað að stafsetningu og kommum í því frv. sem lá fyrir þarna fyrir jólin, og það eru sáralitlar breytingar sem orðið hafa allan þennan tíma frá því að mælt var fyrir því desembernóttina löngu.

Hvað skyldi hafa vafist fyrir þeim, flokksforingjunum, þessa erfiðu daga með reiknimeisturum Háskólans þegar þeir voru að reyna að reikna sig í gegnum þessi ósköp? Skyldu það hafa verið áhyggjur af því hvernig vilji þjóðarinnar ætti auðveldast með að komast í gegnum reiknimaskínurnar og inn á þing? Skyldu það hafa verið áhyggjur af því að það væri kannske svolítið ámælisvert að fólk hefði verulega misjöfn áhrif á starfsemi löggjafarsamkundunnar eftir því hvar það býr? Ekki skilst manni þó að þetta hafi haldið fyrir þeim verulegri vöku. Þó að okkur hafi ekki hlotnast sú gæfa að fá að vera þarna með höfum við heldur á tilfinningunni að það hafi verið önnur vandamál sem vöfðust frekar fyrir þeim. Ég hef lúmskan grun um að þar hafi komið upp ýmis staðbundin vandamál, menn hafi kannske haft áhyggjur af framtíð sinni og félaga sinna, vegna þess að ekki geta allir gengið að bankastjóraembættum þó þeir verði leiðir á potinu hér. Það var augljóst að áhyggjur flokksforingjanna voru meiri en þjóðarinnar. Þeir gengu hér voteygðir og slitlegir um sali og áhyggjur þeirra augljóslega þungar, ekki vegna fólksins heldur vegna afkomu og úrræða flokkanna sem þeir eru sjálfir fulltrúar fyrir.

Svo fæðist gripurinn. Hér sitjum við nú eftir allan þennan tíma, eftir eins vetrar þing, nýtt þing. Við sitjum bundin af einhverju gömlu samkomulagi sem var samið á öðru Alþingi undir algerlega fáránlegum aðstæðum vegna þrýstings um yfirvofandi þingslit og yfirvofandi kosningar. Og þetta nýja þing, þessir djörfu fulltrúar okkar, þeir hörfuðu í þetta gamla skjól, þeir hörfuðu inn í sömu dilkana og þeir voru reknir í í tímanauðinni fyrir síðustu kosningar.

Við 1. umr. þessa máls fór ég um þetta nokkrum almennum orðum. Það var 7. mars. Ég man að ég velti því upp að nú væri árið 1984 og það væri dálítið fróðlegt að velta því fyrir sér hversu langur tími liði á milli kosningalagabreytinga í landinu. Þetta eru mikil átakamál og þó að þau valdi kannske ekki verulegum átökum með þjóðinni, þá valda þau sýnu meiri átökum með stjórnmálaflokkunum eins og við höfum séð núna að undanförnu. Raunin er náttúrlega sú að menn treysta sér af þessum ástæðum afar sjaldan að glíma við þessi mál. Nú er u. þ. b. aldarfjórðungur síðan tekið var á þessu máli síðast og ef þetta mál verður afgreitt núna er ég hræddur um að flokksforingjarnir, minnugir þeirra þrauta sem þeir hafa átt af því í vetur, verði ekki beinlínis gírugir til að takast á við það í sumar. Mér sýnist þó að í nál. frá lausanefndinni standi að nm. lýsi því yfir fyrir hönd flokka sinna að unnið verði áfram að málinu milli þinga og niðurstöður verði lagðar fram á næsta haustþingi. En ég hef enga ástæðu til að ætla að mönnum vegni neitt betur þá.

Ég er nokkurn veginn viss um að ef þetta mál verður

lagt fyrir aftur á komandi haustþingi þá gerist eitthvað svipað og gerðist s. l. haust, að einhverja haust- eða vetrarnóttina í tímaþröng fyrir næstu jól stígur hér upp í stól talsmaður annaðhvort stjórnarskrárnefndar, lausanefndarinnar eða einhvers flokksins og mælir fyrir þessu. Síðan fer málið í n. og svo takast flokkarnir á, engjast og teygjast hálfan vetur og útkoman verður engin.

Ef það líða að meðaltali 25 ár á milli þess að menn takist á við þessi mál þá gætum við sagt sem svo: Ef það verður nú gert eitthvert bráðabirgðasamkomulag, ef menn slá sér nú saman inn í einhvern dilkinn og gera einhvers konar samning um þetta núna út frá þessum reglum, út frá öllum þessum sérgæskuhagsmunaforsendum, sem þeir hafa fjallað um þetta mál út frá hingað til, þá gætum við hugsanlega séð fram á að sitja uppi með þá breytingu — ég vil kannske ekki segja endilega næsta aldarfjórðunginn en allavega næstu 10—15 árin. En hvaða ár er eftir 15 ár? Eftir 15—16 ár er komið árið 2000. Og hvaða hugmyndir höfum við Íslendingar sem verðum þá vonandi komnir inn í upplýsingaöldina, inn í nýtækniöldina — hvaða hugmyndir höfum við þá um framkvæmd lýðræðis? Hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá eru nú þegar í löndunum allt í kringum okkur að verða miklar breytingar á stjórnarháttum og starfsháttum ríkisstjórna og löggjafarsamkunda. Í Bandaríkjunum, svo við tökum dæmi, hefur orðið sú breyting að ákvarðanir um mál, sem varða fólk, eru ekki lengur teknar á sambandsþinginu í Washington. Ákvarðanirnar eru teknar í fylkisþingum, heima í héraði, kannske í sveitarstjórnum, í borgarstjórnum, kannske í hverfastjórnum eða kannske bara í litlum hverfafélögum. Þetta er breytingin sem er að verða. Og þetta er kannske það sem skiptir mestu máli. Viljum við vera með? Viljum við fylgjast með því sem gerist annars staðar? Hvar er undirbúningurinn? Hvar er hugsunin að þessum breytingum? Hún kemur hvergi fram í þeim gögnum sem hæstv. n. hefur lagt fram um þetta mál.

Ég held að framtíð barnanna okkar og framtíð okkar sjálfra væri hræðilegur ógreiði gerður ef íslenska flokkakerfinu tækist núna að pína í gegn einhverja bráðabirgðalausn, sem hæfði þeirra héraðskóngum, en gleymdi því að þessi lausn gildir um framtíð sem er að taka stórkostlegri breytingum en nokkur framtíð fólks hefur tekið á þessu landi hingað til.

Það er af þessum ástæðum sem við megum ekki láta það takast. Við verðum að þvinga þessa foringja til að hugsa um hagsmuni fólksins í landinu og að láta hagsmuni flokkanna og gæðinganna, héraðskónganna eiga sig um stund. Þetta er það sem skiptir mestu máli.

Það er tímaspursmál hvenær þessi valddreifing, sem ég talaði um áðan, verður óumflýjanleg. Og hún mun koma vegna þess að við erum ekki eyland. Við erum hluti af umheiminum og við erum í farangri grannþjóðanna og við neyðumst til að taka þeim breytingum sem verða í grannlöndunum í kringum okkur. Hins vegar verða þessar breytingar þeim mun sársaukafyllri fyrir okkur þeim mun óundirbúnari sem við erum. Þess vegna ber okkur skylda til að byrja nú þegar að undirbúa okkur fyrir þessa framtíð. Vegna þess að þó að við sem hér erum og foringjarnir, sem hérna spranga um sali, hafi kannske ekki verulegar áhyggjur af framtíðinni þá munu börnin okkar hafa þær. Börnin okkar munu hafa þessar áhyggjur og það er nóg að gert að við erum að verða búin að setja framtíð barnanna okkar á nauðungaruppboð erlendra skulda þó við búum ekki svo í haginn að þeim sé gert ómögulegt að hafa sjálfsögð áhrif á stjórnarhætti í landinu í framtíðinni. Þess vegna verðum við að halda vöku okkar og koma í veg fyrir að héraðapotið valdi óbætanlegu tjóni.

Hvers vegna eru þessar breytingar að verða allt í kringum okkur sem ég er að tala um? Hvað er á seyði? Það sem skiptir mestu máli er að þeirri hugsun vex sífellt fiskur um hrygg að fólk, sem verður fyrir áhrifum ákvörðunar sem er tekin, á að taka þátt í að taka þessa ákvörðun. M. ö. o., ef á að taka ákvörðun heima hjá okkur, í byggðarlaginu okkar um það hvort byggður verði skóli eða sundlaug þá eigum við að taka þátt í þeirri ákvörðun. Við eigum að geta sagt hvort við viljum skóla eða hvort við viljum sundlaug. Þetta er kallað þátttökulýðræði. Þetta er héraðskóngum íslenskra stjórnmála hulin bók. Þeir telja sér helst til hróss, eins og hefur komið fram í umr. hér á þingi og í útvarpi, að þeir hafi mátt til þess að stýra á móti straumnum. Það er þeirra ímynd þingmennskunnar og karlmennskunnar, að hafa mátt og hafa kjark til þess að stýra á móti straumnum. Og það er þess vegna sem þeir hafa kvatt þá Droop og félaga sér til liðsinnis við að finna reiknireglur til að koma í veg fyrir það að fólkið í landinu hafi hér þau áhrif sem því ber.

Hvað er það sem einkennir lýðræðislega framkvæmd á Íslandi í dag? Það sem einkennir lýðræðislega framkvæmd eru flokkarnir. Það er alls ekki fólkið. Það eru flokkarnir. Ég sagði litla dæmisögu hér við 1. umr. þessa máls og ég ætla að segja hana aftur.

Ég var í nokkur ár í Leikfélagi Kópavogs. Þar var oft unnið vel og mikill áhugi og menn lögðu á sig miklar þrautir við að koma ýmsum skúespilum á svið. En hvenær haldið þið að líflegast hafi verið í Leikfélagi Kópavogs? Var það þegar þeir sýndu Lénharð fógeta? Eða var það þegar þeir stórgræddu á því að sýna Tíu litla negrastráka, sem þessi ríkisstj. mætti nú taka til sín? Nei, það var þegar einu sinni átti að kjósa í stjórn Leikfélags Kópavogs og það flaug sá kvittur að sjálfstæðismenn væru að fá meiri hluta í stjórn félagsins. Það varð allt vitlaust. Það var hringt og það var skrifað og það var smalað. Framsókn og Sjálfstfl. börðust um völdin í Leikfélagi Kópavogs. (**Gripið fram í:** Og hvernig fór?) Það er harmsaga. Það er sama harmsagan og við horfum upp á núna um stærsta stjórnmálaflokk þjóðarinnar. En þetta var nefnilega svolítið merkilegt. Við getum tekið fleiri dæmi af þessu tagi. Hvenær er líflegast í íþróttafélögum Reykjavíkurborgar? Það er fyrir borgarstjórnarkosningar og það er fyrir alþingiskosningar þegar íþróttafélög Reykjavíkur verða útibú fyrir stjórnmálaflokkana í landinu og keyra bíla sína og nota síma sína og nota börnin sín til að dreifa bæklingunum. Þá verður einna líflegast í íþróttafélögum Reykjavíkurborgar.

Ég man eftir öðru svona dæmi. Í vetur urðu harðvítug átök í útvarpsráði vegna þess, að mig minnir, að Jón Múli hafði verið með eitthvert einkaframtak í leiðréttingum á texta í auglýsingum. Þetta varð hið versta flokkspólitíska mál. Það var ekki málkennd eða málsást Jóns Múla sem var talin valda þessu. Það var auðvitað hitt, að hann var talinn hinn versti kommi. Og út af þessu urðu hinar heitustu umræður úti í þjóðfélaginu. Þetta er

svolítið dæmi um það hvernig stjórnmálaflokkarnir eru með alla anga úti um allt stjórnkerfið, í sveitarstjórnum, í ríkiskerfinu, í peningastofnununum, í bönkunum, í öllum framkvæmdastofnunum landsins. Þar eru þeir. Angar þessara kolkrabba eru úti um allt.

Þá spyr kannske einhver: Er nokkur von að batni? Ég hef mikið velt þessu fyrir mér: Er nokkur von að batni? Ég held að það gæti ýmislegt breyst til batnaðar. Til allrar hamingju er íslensk pólitík svolítið að breytast. Hún er t. d. að breytast á þann hátt að það eru komnir upp þm. sem hafa sínar eigin aflstöðvar, eru ekki undir flokksmaskínurnar og íþróttafélögin og blaðberana komnir, heldur ganga fyrir eigin vélarafli, ef svo má að orði komast. Við höfum ágætt dæmi um þessa stjórnmálamenn. Við þekkjum dæmi um þá og vitum að þeir eru ekki þrælar flokksvélanna heldur ganga þeir fyrir einhverju öðru eldsneyti. Þessu valda m. a. prófkjörin. Það er ekki lengur á valdi einhverrar flokksklíku heima í afdal eða einhvers staðar í úthverfinu hver verður frambjóðandi heldur er það á valdi fólksins. Þetta er eitt dæmi um það sem er að breytast.

Annað dæmi er náttúrlega ýmislegt sem við sjáum í kringum okkur þar sem angapoturum stjórnmálaflokkanna virðast svolítið vera að fatast tökin. Eitt dæmi er t. d. það að Alþb. tókst ekki, þó þeir reyndu mikið í vetur, að sveigja eða pína Alþýðusambandið að vilja sínum í sambandi við launamálin. Það var eitt lítið dæmi. Og eitthvað fataðist flokkapoturunum í sambandi við Búnaðarbankann. Þar varð dálítið sprell sem ekki hefur áður orðið. Yfirleitt hafa flokksforingjarnir haft föst tök á sínum mönnum og ráðið því vel og dyggilega hvaða stefnu og hvaða afstöðu og hvaða ráðningar þeir hafa í frammi. En í þetta skiptið skripluðu þeir eitthvað á skötunni vegna þess að útkoman úr Búnaðarbankaráðningunum varð ekki eins og þeir ætluðu sér. En þá tóku flokksforingjarnir sig greinilega í akt og söfnuðu liði og næst þegar atlagan var gerð, sem gerðist þegar ráðinn var bankastjóri í Útvegsbankanum, þá gættu þeir eins: þeir gættu þess að láta ekki fólkið vita. Þeir afgreiddu það í skjóli náttmyrkurs rétt fyrir helgi. Það vissi enginn nema þeir sem fá að vera í reykfylltu þingflokksherbergi Sjálfstfl. hvað var á seyði. Síðan kom það í ljós, þegar þjóðin var að éta sínar skemmdu kartöflur, hvað hafði skeð. Það var kominn nýr bankastjóri í Útvegsbankanum, einn af þm. Sjálfstfl. Það versta var að það bitnaði á fjölskyldu formannsins. En eitthvað varð undan að láta þegar í veði var heiður flokkakerfisins. Það hafði um stund verið á nokkru undanhaldi, menn höfðu tekið sér bessaleyfi úti í bæ til að fara ekki að vilja þess. Næst gerðu þeir leifturárás um nótt, Blitzkrieg kallaði Hitler það forðum — Blitzkrieg og rúlluðu yfir hálfa Evrópu án þess að nokkur fengi vörnum við komið.

Nú hefur það gerst, hef ég heyrt, ég hef að vísu ekki fyrir því sannanir, að fjölskyldur íslenskra flokksformanna hafa myndað hagsmunasamtök til þess að koma í veg fyrir að svona ósköp geti aftur átt sér stað. Það mun því ekki bitna aftur á fjölskyldum flokksformannanna þó að þeim fatist angapotið þegar að því kemur að útvega störf eða ellilífeyri innan ríkiskerfisins. Við skulum vona að fjölskyldur þeirra geti andað léttar. En málið er það að það þarf ekki að mynda neitt hagsmunafélag. Það þarf bara að gæta þess að fólkið í landinu fái að vita hvað er að gerast. Þá koma ekki fyrir svona slys. Fólkið í landinu getur nefnilega haft vit, jafnvel fyrir flokksforingjunum.

Þannig höfum við tekið dæmi um það að Alþýðusamband Íslands hafnaði leiðsögn Alþb. í samningamálunum og bankamenn höfnuðu forsjá Sjálfstfl. og Framsfl. í sambandi við bankastjóraráðningar í Búnaðarbankanum. Þannig eru glætur, getum við sagt, það eru nokkrar glætur. Kannske á fólk sér viðreisnar von, kannske hefur það smugu ef það sofnar ekki á verðinum.

En það er fleira en flokkarnir sem einkennir þessa lýðræðislegu framkvæmd í landinu. Við höfum hér ákveðið kerfi sem þeir vinna inni í, miðstýringarkerfi sem lýsir sér þannig t. d. að frá miðjunni er stjórnað öllu í sjávarútvegsmálum, í efnahagsmálum, í verðlagsmálum allra atvinnugreina landsins. Við höfum þetta í skólamálum, við höfum þetta í vegamálum, það var síðast verið hér á Alþingi að greiða um það atkv. í kvöld hvernig ætti að leggja vegi út á landi. Grundvöllurinn að öllu þessu kemur úr meðaltalsmaskínum, sem eru hér á ýmsum bæjum í stjórnarráðum og efnahagsstofnunum, þar sem menn búa til tölur sem standa ekki í neinu sambandi við fólk. Þessar tölur eru síðan notaðar til að búa þessu fólki til framtíð og nútíð án nokkurs tillits til þess hvernig þessu fólki líður. Fólk verður eining og þessi eining er hluti af meðaltali. En það hefur enginn spurt einingunna hvernig henni líði, þannig að einingin getur verið að drepast úr sulti og seyru þó að meðaltalið segi að henni eigi að líða ágætlega vel. Þetta er dæmi um það sem gerist þegar fólkið fær ekki að ráða högum sínum.

Eitt er það sem hefur valdið mönnum hér miklum áhyggjum. Það er ójafn atkvæðisréttur. Það er nefnilega staðreynd að fólk sem býr í Reykjavík og í kringum Reykjavík hefur ekki nema svona eins og kannske fjórðungs atkvæði á við fólk sem sums staðar annars staðar býr. Um þetta hefur orðið mikil umræða og um þetta hefur verið umræða alveg síðan á dögum Jeffersons. Það hefur alla tíð valdið mönnum svolitlum erfiðleikum að finna hvernig þeir ættu að ráða fram úr þessu. Þessi umræða hefur talsvert verið uppi hérlendis að undanförnu og er það vel. Menn hafa, að vísu í trássi við flokksforingjana sem ekki hafa leyft neinar slíkar umræður, laumast til í skjóli myrkurs að lesa með vasaljós undir sænginni ýmislegt um grundvallaratriði eins og t. d. jafnan atkvæðisrétt og þar fram eftir götunum. Og þá kemur ýmislegt fram í dagsljósið. Það kemur t. d. fram í dagsljósið að í Eimreiðinni, 6. árg. 1900, undir ritstjórn dr. Valtýs Guðmundssonar, birtist ágætisgrein eftir Pál Briem sem heitir „Um kosningar". Ég ætla að lesa nokkrar glefsur úr þessari grein vegna þess að það er manni þó nokkur hugarhægð að verða þess áskynja að einhvern tíma hafi þó verið til menn á Íslandi sem veltu fyrir sér grundvallaratriðum, þó að þeim myrkursæknu flokksforingjum sem hafa um þetta mál fjallað núna síðasta árið hafi ekki hlotnast sú gæfa.

Í þessari grein segir Páll Briem m. a.:

„Eins og mönnum er kunnugt er Íslandi allmjög stjórnað af kosnum mönnum, af mönnum sem landsmenn kjósa til Alþingis, í amtsráð, sýslunefndir, hreppsnefndir, sóknarnefndir, bæjarstjórnir o. s. frv. Í stað þess að landsmenn stjórni sér sjálfir beinlínis kjósa þeir aðra menn til þess að stjórna. Slíkt þekktist eigi í fornöld. Í Aþenuborg, Spörtu, Rómaborg og annars staðar þar sem sjálfstjórn átti sér stað var venjan sú að

borgararnir stjórnuðu sér sjálfir. Þeir urðu að koma sjálfir á fundi og greiða þar atkvæði.“ Síðan segir:

„Englendingar hafa gefið öðrum fyrirmynd. Nálega allar siðaðar þjóðir hafa tekið upp þing með kosnum mönnum á líkan hátt og Englendingar hafa. Jafnvel vér Íslendingar höfum fengið Alþingi vort að miklu leyti sniðið eftir þjóðþingi Englendinga.

Landinu er að miklu leyti stjórnað af kosnum mönnum. Þeir samþykkja lögin. Þeir ákveða hvað vér eigum að greiða til almennra þarfa. Nauðugir viljugir verðum vér að opna peningabudduna og leggja fram meira og minna fé eftir ákvæðum kosinna manna. Vér getum meira að segja ekki látið svo upp í okkur sykurmola eða sopið á kaffibolla að þeir hafi ekki haft þar einhver áhrif. Kaffi- og sykurtollurinn, sem var samþykktur á Alþingi árið 1889, nam árið 1895 meira en 2 kr. á hvert mannsbarn á öllu landinu.

Það er óhætt að segja að heill landsins og hvers einstaks manns í landinu sé að meira og minna leyti komin undir stjórn landsins og þá einnig undir því hvernig þeir menn beita valdi sínu sem kosnir eru af landsmönnum til þess að sitja á þingum, í ráðum, í nefndum o. s. frv. Fyrir því er það nokkurs vert að menn gjöri sér ljóst hvernig kosningar eiga að vera til þess að geta náð tilgangi sínum. En áður en vér tökum það til athugunar þurfum vér að skoða dálítið hvers vegna allar þessar kosningar eiga sér stað.“

Þetta er skrifað árið 1900. Þá er hér á ferðinni maður sem hefur af því augljósa ánægju að velta fyrir sér á opinberum vettvangi hvernig haga beri kosningum. Ég efast um að hann hafi setið á lokuðum fundi úti í Þórshamri við að skrifa þessa grein. Áfram segir Páll Briem:

„En áður en vér tökum það til athugunar (þ. e. hvernig kosningarnar eiga að vera) þurfum vér að skoða dálítið hvers vegna allar þessar kosningar eiga sér stað.

Þegar dregur að kosningum fara kjósendurnir að verða meira og minna órólegir. Þó að einhver vilji vera í friði dugir það ekki því að aðrir koma að utan og sunnan til þess að ónáða hann og fá hann til þess að vera með og leggja sitt atkvæði á metaskálarnar. Stundum fylgja kosningunum mestu róstur og skammir og illindi. Þeir sem ekki hafa kosningarréttinn og standa því að miklu leyti utan við, eins og til að mynda á sér stað um konur, furða sig á þessu og óska jafnvel að engar kosningar væru til og að vandamenn sínir væru a. m. k. lausir við þær. En ég held að það séu ekki mikil líkindi til þess að þessar óskir verði uppfylltar, því að ef vér litumst um í heiminum, þá sjáum vér fljótlega að kosningarnar eru stöðugt að verða víðtækari og víðtækari.“

„Á síðari árum hefur kosningarréttur manna verið svo aukinn að jafnvel gegnir furðu,“ segir Páll Briem. „Árið 1866 lagði Gladstone fyrir enska þingið frumvarp til laga um að veita 400 þúsund mönnum kosningarrétt til þings. Þingmenn felldu frumvarpið en í varnarræðu sinni mælti Gladstone til þingmanna: „Þér getið lagt frumvarp vort í gröfina, en það sem vér setjum á leiði þess eru orðin: Exoriatur aliquis nostris ex ossibus ultor, sem útleggst: Hefnari skal rísa upp af beinum vorum og vér erum öldungis sannfærðir um að þau orð munu rætast.“

Síðan segir Páll Briem: „Þér getið ekki barist gegn framtíðinni. Tíminn er með oss. Hinar ríku vættir þjóðfélagsins ganga fram með tign og veldi, háreysti ræðumannanna getur ekki stöðvað þær eitt augnablik eða beygt, en þessar ríku vættir eru ykkur andvígar, en oss eru þær hjálparvættir.“ Þetta var það sem Páll Briem hafði um mál að segja og hann var ekkert að fara í neinar felur með þetta. Hann skrifaði þetta í Eimreiðina sem skv. titilsíðu var í eigu nokkurra Íslendinga. Þessu var dreift út á meðal bókelskandi manna og menn gátu fræðst af þessu og tekið sínar eigin ákvarðanir, myndað sér afstöðu, rætt eins og upplýstir menn um kosningar, rætt eins og upplýstir menn um það hvernig kosningarrétti ætti að vera háttað. Ég held að flokksforingjarnir í dag ættu að taka sér þetta svolítið til hliðsjónar.

Síðar í greininni segir Páll Briem: „Eins og kunnugt er hafa bændur hér á landi öll ráð við kosningar til þings. Eins og tekið hefur verið fram er venjan sú, að sá flokkurinn sem ræður vill skara eld að sinni köku, en getur ekki litið á málið frá hlið þeirra sem þeir ráða yfir. En eru nú bændur hér á Íslandi lausir við þetta fremur öllum öðrum? Ég efast um það.

Ég skal nefna eitt dæmi. Árið 1861 lagði stjórnin fyrir Alþingi tilskipun um vinnuhjú. Þá settu alþingismenn inn í tilskipunina ákvæði um að húsbóndinn mætti refsa hjúi sínu án dóms og laga. Oss mundi nú þykja það ofboð geðslegt eða hitt þó heldur að sjá húsbændur vera að berja vinnuhjú sín, alveg án dóms og laga. Þetta var samt samþykkt á Alþingi 1861 með 17 atkvæðum gegn — segi og skrifa einu atkv. Stjórnin neitaði tilskipuninni um staðfesting og taldi þetta ótilhlýðilegt, svo að Alþingi hætti við þetta. En er það nú ekki auðséð að á Alþingi 1861 hafa það verið húsbændur, sem hafa ráðið, en ekki vinnuhjúin? Það er margt í löggjöf vorri um vinnuhjú, lausamenn og húsmenn, sem aldrei mundi hafa verið samþykkt nema af húsbændum. Og það þarf jafnvel ekki að leita lengra en til Alþingis 1897. Þá voru samþykkt lög um vinnuhjú, lausamenn og húsmenn með svo hamlandi og íþyngjandi lögreglufyrirskipunum að stjórnin sá sér eigi fært að leggja lögin fyrir konung til staðfestingar.“

Síðar í þessari grein segir Páll Briem:

„En ef það er rétt, að kosningarréttur sé veittur mönnum réttlætisins vegna, þá getum vér leitt út af því ýmsar setningar, og skulum vér nú nefna þrjár aðalsetningarnar:

1. Kosningarnar eiga að vera þannig, að kjósendunum sé mögulegt að neyta kosningarréttarins, og að þeim sé gjört það nokkurn veginn jafnauðvelt.

2. Kjósendurnir eiga að geta kosið þá sem bjóða sig fram, framboðana, eftir eigin sannfæringu.

3. Atkvæði sérhvers kjósanda á að hafa fullt gildi í hlutfalli við önnur atkvæði, eigi aðeins að því er snertir þann mann er hann vill kjósa, heldur og þann flokk er hann fylgir að málum.

Vér verðum nú að íhuga hverja af þessum meginreglum út af fyrir sig.“

Þarna hefur Páll Briem lagt fram ákveðnar frjálslyndar forsendur, getum við sagt, fyrir því sem hann telur að menn eigi að leggja til grundvallar þegar þeir fjalla um þessi mál. Síðar í greininni fjallar Páll Briem um hver áhrif kjördæmið hafi og hvernig það sé að kjósa í kjördæmum, það er að segja í einstökum litlum kjördæmum, miðað við það að kjósa í einu stóru. Hann

segir:

„Það er nærri því eins og það sé óþekkt í kosningalögunum að til sé neitt sem heitir föðurland. Þegar kjósandinn á að fara að neyta kosningarréttar síns þá finnur hann það ekki, því það er allt brytjað í sundur í smástykki, sem eru kölluð kjördæmi. En þó að ég búi í einu kjördæmi, þá er það eigi framar föðurland en stólfóturinn er stóll.“ Páll Briem segir að þó hann búi í einu kjördæmi þá sé það ekki frekar föðurland hans en stólfóturinn sé stóll.

„Kjördæmaskiptingin kemur beinlínis í bága við föðurlandið. Föðurland mitt er Ísland, en hvorki þessi hreppur eða þetta hérað sem ég er búsettur í. Af ást til föðurlandsins get ég verið hjartanlega andstæður öllum hreppapólitíkusum“ — árið 1900 eru menn búnir að finna upp orðið hreppapólitíkus. Páll Briem segir: „Af ást til föðurlandsins get ég verið hjartanlega andstæður öllum hreppapólitíkusum, og þó er það hreppapólitíkin sem er löghelguð með kosningalögunum. Hreppapólitíkin hefur aldrei haft gott orð á sér, enda má með sanni segja að hún geti verið hættuleg fyrir föðurlandið. Sérstaklega hefur hún reynst háskaleg fyrir alla skynsamlega fjárhagsstjórn í löndunum. Hin stórkostlega óstjórn í fjármálum, sem nú þjakar menn í mörgum löndum, á að ýmsu leyti rót sína að rekja til hreppapólitíkurinnar. Og hvers er annars að vænta? Hvert kjördæmi vill skara eld að sinni köku, en þegar hvert fyrir sig vill fá sína sneið af landsjóðnum, þá geta menn gert sér í hugarlund hvort ævinlega verður litið á hag landsins í heild sinni.“ Þetta er síðan 1900. Síðan segir hann:

„Ef þingmannsefnin í einhverju kjördæmi vilja eingöngu líta á hag þess, þá er ekki ólíklegt að þeir hafi meiri hlutann með sér, en þeir sem vilja líta á hag ættjarðarinnar neyðast e. t. v. til að gefa slíkum mönnum atkvæði sitt eða til að greiða ekkert atkvæði.“

Þarna er farið að velta fyrir sér nákvæmlega sömu atriðunum og við erum að velta fyrir okkur enn í dag, hreppapólitík, kjördæmaskipan, sem veldur óstjórn í peningamálum, svo ég vitni aftur í þetta: „Hin stórkostlega óstjórn í fjármálum, sem nú þjakar menn í mörgum löndum, á að ýmsu leyti rót sína að rekja til hreppapólitíkurinnar. Og hvers er annars að vænta? Hvert kjördæmi vill skara eld að sinni köku, en þegar hvert fyrir sig vill fá sína sneið af landsjóðnum, þá geta menn gert sér í hugarlund hvort ævinlega verður litið á hag landsins í heild sinni.“

Það sem mjög vakir fyrir Páli Briem í þessari grein, er það sem kemur núna fram. Hann segir:

„Þriðja krafan er svo: Atkvæði sérhvers kjósanda (hvort sem hann hefur eitt eða jafnvel fleiri, eins og í Belgíu) á að hafa fullt gildi í hlutfalli við önnur atkvæði, eigi aðeins að því er snertir þann mann sem kjósandi velur, heldur og að því er snertir þann flokk er hann fylgir að málum.

Eins og ég tók fram í upphafi þessa máls, var svo í fornöld að borgararnir tóku sjálfir þátt í stjórn þjóðfélagsins. Þeir komu saman á þjóðsamkomum og greiddu þar atkvæði um þjóðmálefnin. Meiri hlutinn réði, en á þjóðsamkomunni gátu allir borgarar tekið til máls og rætt málin frá öllum hliðum. Nú kjósa menn sér fulltrúa og ræða málin á fulltrúaþingum. Það á auðvitað meiri hluti að ráða, en það á að vera hægt að ræða málin frá öllum hliðum eins og á þjóðsamkomum borgaranna.“

Síðan segir: „Hinn frakkneski stjórnvitringur Mirabeau sagði svo 1789: „Fulltrúaþingin eru fyrir þjóðina alveg hið sama sem landsuppdrátturinn er fyrir landið; í stóru sem smáu eiga þessar ímyndir að sýna sömu hlutföll sem frummyndirnar.“ Þetta ætti að vera svo, en það er ekki svo, og allra síst þar sem eiga sér stað venjulegar meirihlutakosningar í kjördæmunum.“

Síðan segir: „Kosningalögin jafna ranglætinu niður og við það hugga þeir sig sem hafa sljóva réttlætistilfinningu.“

Hann segir: „Ég ætla að nefna einar kosningar sem fóru fram 1890 í svissneska smáríkinu Tessin. Atkvæði flokkanna voru hér um bil alveg jöfn, en samt sigraði annar flokkurinn í 75 kjördæmum af 110. Minni hlutanum þótti þetta svo mikið ranglæti að hann gerði uppreisn.“

Hér erum við að lesa upp úr 85 ára gamalli grein þar sem Páll Briem var að velta fyrir sér stórmálum í sambandi við kosningarrétt og skammaðist sín ekkert fyrir það og gerði það fyrir opnum tjöldum og skrifaði um það.

Síðan segir: „Sænskur vísindamaður, dr. Cassel, hefur skrifað ritgjörð um hlutfallskosningar og sýnt þar fram á hversu það sé ástæðulaust að láta atkvæði þingmanna hafa jafnt gildi. Eftir því sem nú sé, þá skipti engu hvort þingmaðurinn hafi mörg atkvæði eða fá. Afleiðingin af þessu sé sú, að atkvæði missi sitt hlutfallslega gildi og verði ekki bætt úr því nema því aðeins að atkvæði hvers þingmanns hafi gildi eftir þeim atkvæðafjölda sem hann hefur fengið við kosninguna.“

Þetta er nú dálítið slungið. Hérna stingur dr. Cassel, sem hefur skrifað einhvern tíma fyrir 1900, upp á því að það sé höfð svona nokkurs konar gengisskráning á atkvæðum þingmanna eftir að þeir koma inn á þing. Og hvernig færi ef við bærum saman gengið hjá hæstv. fjmrh. og hjá hæstv. forsrh.? Hver ætli yrði gengismunurinn á atkvæðum hæstv. fjmrh. og forsrh.? Ég held að þar mætti finna álitlega fúlgu í gengismunarsjóð. Ég held að menn verði nú að fara að velta þessum möguleika fyrir sér, ef ekki fæst sú sjálfsagða leiðrétting að gengi atkvæða landsmanna verði jafnt út frá kosningaaðferðinni, að við verðum hreinlega að taka upp gengisskráningu á atkvæðum þm. eftir að þeir eru komnir inn. Ég held að menn ættu að lesa svolítið meira eftir dr. Cassel.

Af lestri þessarar greinar kemur augljóslega fram hverja óbeit höfundur hefur á því poti og þeim ójafna atkvæðisrétti sem fylgir kjördæmafyrirkomulaginu með stórkostlega misjöfnum atkvæðarétti. Hann leiðir að því ýmis rök að landið eigi að vera eitt kjördæmi og einungis þannig geti atkvæðisréttur manna orðið sæmilega jafn. Og að þessu eigum við eftir að koma nánar, því að sem betur fer hafa Íslendingar skrifað um jafnan atkvæðisrétt meira síðan árið 1900. Það eru til menn þrátt fyrir allt sem hafa haft áhuga á jöfnum atkvæðisrétti s. l. 85 ár og þeir hafa látið á sér kræla. Ég mun koma að því síðar.

Við ættum kannske að líta hér á ágætis gögn, sem eru líka gömul, þar sem er einn af okkar þekktustu stjórnmálamönnum fyrri ára, Héðinn Valdimarsson. Hann er að tala um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands nr. 9 frá 18. maí 1920, flm. Héðinn Valdimarsson.

„Kröfurnar í baráttunni fyrir þingræðinu hafa hér sem annars staðar byggst á því að þjóðin sjálf, allir fulltíða menn hennar, ættu að ráða málum sínum. Þá fyrst er lýðræði komið, er fulltrúar flokkanna á þingi þjóðarinnar eru í réttu hlutfalli við þann fólksfjölda er hefur kosið þá. Aðeins þannig getur þjóðin sjálf skipað sína eigin stjórn," segir Héðinn Valdimarsson.

„Í stjórnarskrá Íslendinga er ekki lýðræði í þeirri merkingu sem forgöngumenn þess mundu ætlast til. Að sumu leyti stafar þetta af breytingum í atvinnuvegum þjóðarinnar, en að nokkru er það meinsemd sem komin er af röngum grundvelli undir skipun kjördæma.

Þessu frv. er ætlað að ráða bót á þessum helstu göllum á núverandi skipulagi kosningarréttarins og tryggja lýðræði í landinu. Aðalefni þess er að komið verði á almennum og jöfnum kosningarrétti; allir fulltíða menn hafi kosningarrétt."

Síðan segir Héðinn Valdimarsson: „Jafn verður hann ef landið verður gert að einu kjördæmi í stað hinna mörgu sem nú eru og hlutfallskosningar hafðar. Þá verður þingið betra verkfæri í hendi þjóðarinnar til að koma fram vilja hennar, þó verður það enn betur tryggt með því, að æðsta atkvæði um ýmis málefni liggi hjá þjóðinni sjálfri."

Hér erum við að lesa 65 ára gamalt mál. Það er flokksforingi sem kemur fram og ræðir opinskátt um lýðræði. Hann er ekkert að fara í felur. Hann segir: „Þá er hitt atriðið ekki síður merkilegt, að kosningarétturinn verði jafn, þ. e. a. s. hver einstaklingur þjóðfélagsins fái jafnan kosningarrétt við hina. Orsökin til þess ójafnaðar, sem nú er kominn í þessum efnum, er að þjóðarhagirnir hafa breyst svo mjög síðan þetta ákvæði kom inn í stjórnarskrána. Þá mátti heita að allir landsmenn lifðu af landbúnaði og í sveitum og er kjördæmaskiptingin enn byggð á þeim grundvelli. Síðan hefur sjávarútvegur og vaxandi verslun og iðnaður dregið menn til kaupstaðanna, svo að nú lifir rúmur helmingur landsmanna í kaupstöðum og kauptúnum. En kjördæmaskipunin hefur ekki breyst að sama skapi. Nú er svo komið, að Reykjavík hefur t. d. ekki nema helming þeirra þingmanna sem hún ætti heimting á eftir fólksfjölda, en við annað verður ekki miðað. Það er ekki hægt að kjósa svo og svo marga þingmenn eftir fjölda nautgripa í kjördæminu." Héðinn Valdimarsson segir: „Það er ekki hægt að kjósa svo og svo marga þingmenn eftir fjölda nautgripa í kjördæminu, eða fyrir báta í því o. s. frv., heldur verður að miða við mannfjöldann og hann einan."

Héðinn Valdimarsson hafnaði atkvæðisrétti fyrir nautgripi og báta. Ég vil að það komi hér skýrt fram.

„Aftur á móti eru nú ýmis kjördæmi, svo sem Austur-Skaftafellssýsla, Norður-Múlasýsla o. fl., sem hafa hlutfallslega allt of fáa kjósendur til þess að eiga rétt á sérstökum þm. Hægt er að hugsa sér ýmsa möguleika til að bæta úr þessu ástandi."

Síðan er hér haldið áfram. Ég ætla ekki að þreyta þm. með allt of löngum lestri, en mér sýnist ljóst á meðferð þessara mála hingað til að eitthvað hafi skort á efnislegan undirbúning, þannig að ég ætla að taka mér svolítið bessaleyfi til að tína hér til ýmis atriði frekar frá gengnum forustumönnum í íslenskum stjórnmálum.

Héðinn Valdimarsson segir: „Það eru því kaupstaðabúar og einkum verkalýðurinn sem geldur þessa rangláta skipulags. Með núgildandi stjórnarskrá er níðst á þeirri stétt manna. Ástandið hér minnir á það ástand sem var á Englandi nálægt 1830, þótt það væri enn verra. Af breytingu atvinnuveganna þar í landi var kjördæmaskipunin orðin þannig, að á einum stað kusu 21 kjósandi þingmann og á öðrum jafnvel einir sjö menn. Þetta leiddi auðvitað til margs konar ranglætis og spillingar, eins og uppboðs á atkvæðum í þessum litlu kjördæmum. Urðu þar miklar deilur út af kosningarréttarmálinu, því að hin ráðandi stétt vildi ekki sleppa völdum sínum, sem á ranglætinu byggðust. Það var ekki fyrr en lá við byltingu að þessu var breytt."

Síðan kemur hér mjög merkilegt atriði í ræðu Héðins Valdimarssonar, sem ég held að eigi fullt erindi til samtímans, ekki síst vegna þess að nú er til umræðu að hugsanlega verði greitt þjóðaratkvæði um bjór. Ýmsir þm. hafa hafnað þeirri aðferð og sagt að þm. verði að hafa þor til þess að ganga gegn þjóðinni. En Héðinn Valdimarsson sagði, með leyfi forseta, árið 1920:

„Síðasta atriðið í brtt. mínum, er máli skiptir, er þess efnis að þjóðaratkvæði um hvaða þingmál sem er skuli fram fara hvenær sem 3500 kjósendur óska þess. Í ýmsum lýðfrjálsum löndum gilda slík ákvæði eigi einungis um þau mál, er heyra undir þing og stjórn, heldur einnig um þau mál er heyra undir bæja- og sveitarstjórnir." Árið 1920, þátttökulýðræði.

„Ég skal til dæmis nefna það, að svo er þessu háttað í Sviss og Ástralíu, og ég hygg að mér sé óhætt að fullyrða að svona sé það í Finnlandi líka. Slíku ákvæði er vitanlega ekki beitt nema um stórmál sé að ræða. Þjóðaratkvæði þekkist nú hér í stjórnarskránni um breytingu á sambandslögunum og hefur verið beitt um bannlögin, en hér er lengra gengið, þar sem kjósendum er leyft frumkvæði um atkvæðagreiðslu um málin ef þau eru þingmál. Styðst þetta við það, að meiri hluti þjóðarinnar eigi að ráða fram úr stærstu vandamálunum og hafa æðsta úrskurðarvaldið þar, eins og í fornöld var hjá öllum germönskum þjóðum. Þetta ákvæði miðar að því að styrkja lýðræðið í landinu og er hollt aðhald fyrir þm., til þess að nota ekki umboð sitt til að greiða atkvæði á þingi þvert ofan í vilja kjósendanna." Og þetta væri nú gott að heyra fyrir þm. sem berja sér á brjóst og telja það merki karlmennsku og þingmennsku og þors og djörfungar að ganga gegn vilja kjósenda sinna.

„Áður en ég skil við þetta mál vil ég minnast örfáum orðum á frv. það til stjórnarskrárbreytinga sem hæstv. stjórn ber nú fram í hv. Ed., og verð ég þá fyrst að lýsa yfir því, að ég undrast stórlega að slíkt frv. skyldi eigi vera borið undir hv. Nd. fyrst."

Hér fer Héðinn greinilega út í deilumál ársins 1920, sem ég ætla ekki að rekja frekar að sinni, en ég sakna þess mjög að allur sá tími sem íslensku flokksforingjunum hefur gefist síðan þetta mál varð fyrst til, allur sá tími hefur farið forgörðum í þeirra höndum, til að fá þjóðina til að taka þátt í því að móta framtíðarstefnu í þessum málum. Þeir hefðu átt að taka sér fordæmi þessara manna til hliðsjónar.

Það eru fleiri sem hafa skrifað um þetta mál sem betur fer. Þó nokkur umræða varð um þessi mál á síðasta ári, og reynt hefur verið að vekja menn svolítið til umræðu um þau á þessu ári.

Nýlega birtist í blöðunum grein eftir Garðar Sverrisson sem heitir „Gegn Alþingi fermetranna". Með leyfi forseta, þá byrjar hún svo: „Getur málamiðlun um

mannréttindin verið réttlætanleg?“ Það sem hér er verið að velta fyrir sér er sú umræða þegar því er haldið fram að þar sem augljóslega skortir ýmislegt á um opinbera þjónustu og aðstöðu o. þ. h. úti á landsbyggðinni þá sé það réttur þess fólks að hafa tiltölulega þyngri kosningarrétt heldur en fólkið sem býr í Reykjavík og á Reykjanesi. Í greininni er haldið áfram:

„Getur málamiðlun um mannréttindi verið réttlætanleg? Þessari spurningu hefur mikill meiri hluti alþm. svarað játandi. Röksemd þeirra er (opinberlega) fyrst og fremst sú að fleira sé mannréttindi en jafn kosningarréttur, t. d. jafn aðgangur allra landsmanna að þjónustu ýmiss konar. Auk þess segja þeir að misvægi atkvæða komi í veg fyrir meiri búferlaflutninga en þegar hafa átt sér stað á þessari öld.

Um þessa röksemdafærslu er það að segja að búseta í dreifbýli og þéttbýli hlýtur alltaf að hafa ákveðin sérkenni, kosti og galla. Almenn þjónusta hlýtur t. d. alltaf að vera mun fjölbreyttari þar sem fólkið er flest. Annað væri stórfurðulegt, enda þekkist það hvergi í veröldinni. Á hinn bóginn hefur svo þéttbýlið ákveðna ókosti, svo sem hávaða, þrengsli, dýrt húsnæði, fjarlægð frá vinnustað, árekstra og alls kyns ónæði. Pólitískt brask með atkvæðisrétt manna fær aldrei breytt þessum ofureðlilegu einkennum.

Sú fullyrðing er alröng að búseta fólks í dreifbýli eða þéttbýli sé einhver mælistika á lífskjör þess. Í Reykjavík eru t. d. hlutfallslega stærstir hópar láglaunafólks, einstæðra foreldra, fatlaðra, sjúkra og aldraðra. Þetta fólk er stór hluti þeirra Íslendinga sem stjórnmálamennirnir treysta ekki fyrir fullum atkvæðisrétti.

Jafnvel þótt satt væri að lífskjör fólks réðust af því hvort það byggi í dreifbýli eða þéttbýli er ekki þar með sagt að atkvæðavægi eigi að ráðast af því. Jafn kosningarréttur hefur í gegnum tíðina verið eitt helsta baráttumál lýðræðissinnaðra stjórnmálamanna. Þeir telja skoðanir sínar ekki svo heilbrigðar og réttar að þeir vilji þröngva þeim upp á fólk með ólýðræðislegum aðferðum. Þvert á móti vilja þeir knýja baráttumál sín í gegn með því að afla þeim meirihlutafylgis.

Ef við teljum rétt eða hagkvæmt að ríkið reki einhverja tiltekna byggðastefnu þá gerum við það einungis með því að afla þeirri skoðun okkar nægilegs fylgis. Ef við viljum að ríkið aðstoði einhvern tiltekinn hóp einstaklinga þá gerum við það ekki með því að margfalda atkvæðavægi þess hóps heldur með því — og því einu að afla þessari skoðun okkar meirihlutafylgis. Þetta er algert grundvallaratriði.

Áður fyrr var kosningarréttur manna háður efnahag og kynferði. Víða erlendis var hann, og er sums staðar enn, bundinn ákveðnum litarhætti.

Nú í ár er nákvæmlega hálf öld liðin síðan fátækir menn, svokallaðir sveitarómagar, fengu kosningarrétt. Enn í dag, 50 árum síðar, höfum við ekki horfið frá því siðleysi að úthluta borgurunum ójöfnum atkvæðisrétti. Þegar til kosninga kemur eru Íslendingar flokkaðir í fullgilda kjósendur og undirmálskjósendur. Sumir Íslendingar eru taldir hæfari en aðrir til að haga sér skynsamlega í kjörklefanum.

Samkvæmt stjórnskipan íslenska ríkisins eru þm. aðeins kjörnir til að setja landinu almenn lagafyrirmæli. Þeir eru ekki, skv. reglum stjórnskipunar, kjörnir til þess að bæta aðstöðu ákveðinna hópa með hagsmunapoti. Þó ekki væri nema af þessari ástæðu einni geta misjafnir eiginleikar eða búseta aldrei verið grundvöllur misjafns atkvæðisréttar. Verkefni alþm. er að takast á um skoðanir og löggjöf, um rétt og rangt. Annað er í verkahring borgaranna.

Staðreynd er að minni hluti þjóðarinnar hefur meiri hluta á Alþingi. Þegar þessi þingmeirihluti fjallar um atkvæðisrétt er hann öðrum þræði að fjalla um eigin stöðu og atvinnu. Það er því alls óvíst, þótt það sé ekki aðalatriði málsins, hvort þessir menn eru að tjá tilfinningar og skoðanir umbjóðenda sinna. En jafnvel þótt svo kynni að vera þá stendur alltaf eftir sú staðreynd að þessi meiri hluti talar ekki í umboði meiri hluta þjóðarinnar.

Til að leita svara við því hvort meiri hluti þjóðarinnar vilji að minni hluti hafi áfram meirihlutavald verður að spyrja hana sjálfa í kosningum þar sem hver maður hefur eitt og jafnt atkvæði. Þessi aðferð er betri, þó hún sé ekki fullkomin, því áhöld eru um það hvort það samræmist lýðræðislegri stjórnskipan að meiri hlutinn geti ákveðið leikreglur sem kveða á um að minni hlutinn eigi að ráða. Aðferð þessi er þó augljóslega skárri en sú að selja þm. sjálfdæmi í málinu, enda er það löngu viðurkennd réttarregla að menn dæmi ekki í eigin sök.

Á Alþingi hafa fulltrúar gömlu flokkanna gert samkomulag um áframhaldandi atkvæðamisvægi. Þeir eru að versla með grundvallarmannréttindi. Enn þá skal meiri hlutinn eftirláta minni hlutanum að ákveða leikreglurnar. Sú spurning hlýtur að vakna hvers vegna meiri hluta þjóðarinnar er ekki treystandi fyrir meiri hluta á þingi.“

Ég vil endurtaka þetta: Hvers vegna er ekki meiri hluta þjóðarinnar treystandi fyrir meiri hluta á þingi?

„Hvaða skoðanir meiri hlutans eru svo óheilbrigðar og vitlausar að þær megi ekki verða að lögum? Við þessari spurningu krefjumst við undanbragðalausra svara.

Kjarni málsins er sá að misvægi atkvæða er mannréttindabrot og mannréttindabrot má ekki binda í stjórnarskrá. Í 21. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á Allsherjarþinginu 1948, segir svo orðrétt:

„Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar að frjálsræði.““

Þarna hefur 21. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna sýnt okkur hver vilji þeirra samtaka er, sem við teljum okkur í skálaræðum afar hólpna að vera meðlimi að. Síðast í dag, í umr. um skýrslu utanrrh., var lögð á það mikil áhersla að við þyrftum að lifa í samræmi við þennan sáttmála og við ættum að efla það hugarfar með okkur og öðrum sem í þessum sáttmála er lýst. Hvernig stöndum við svo við það ákvæði í 21. gr. mannréttindayfirlýsingarinnar að kosningarréttur skuli vera jafn? Þar hefur okkur heldur betur brugðist bogalistin.

Garðar Sverrisson heldur áfram: „Til þessarar skýru og tæpitungulausu yfirlýsingar er enn fremur vísað í inngangi að mannréttindasáttmála Evrópu sem fullgiltur var af Íslands hálfu þann 29. júní 1953. Okkur ber því skylda til að haga löggjöf okkar í samræmi við þennan sáttmála.“

Ég vil segja það að við erum aðilar að þessum greinum mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu. Að sjálfsögðu geta þessir sáttmálar ekki orðið bindandi fyrir okkar löggjöf. Alþm. eru einungis bundnir af sannfæringu sinni. En það eru orðin tóm að halda því fram í veislum með ungmennafélagsglampa í augunum að við lifum í samræmi við þetta og við viljum að aðrar þjóðir geri það, þegar við gerum það ekki einu sinni sjálf.

Garðar Sverrisson heldur áfram: „Þessu til viðbótar má til fróðleiks minna á dóm sem hæstiréttur Bandaríkjanna kvað upp árið 1964. Fjallað var um hvort misvægi atkvæða eftir búsetu fengi staðist í kosningum til löggjafarþings í Alabama. Í forsendum dómsniðurstöðu segir m. a. svo:

„Þingmenn á löggjafarþingi eru fulltrúar fyrir fólk, ekki fyrir tré eða akra. Þingmenn eru kosnir af kjósendum, ekki bóndabæjum eða efnahagslegum hagsmunum.“ — „Eigi þátttaka allra borgara í stjórn ríkisins að bera fullan árangur hlýtur þess að verða krafist að rödd sérhvers þeirra hljómi jafnsterkt við val fulltrúa á löggjafarþing ríkisins. Þetta og ekkert minna er forsenda fyrir nýtískulegum og lífvænlegum stjórnarháttum og þessa og einskis minna krefst stjórnarskráin.“

„Ég vil segja hér í þessu sambandi að ekki veit ég hvort hæstiréttur Bandaríkjanna hafði lesið það sem Héðinn Valdimarsson skrifaði í íslenskum þingtíðindum árið 1920, þegar hann sagði að nautgripir og bátar hefðu ekki kosningarrétt, en hæstiréttur Bandaríkjanna hefur greinilega komist að sömu niðurstöðu, þar sem hann segir í dómsorðum: „Þingmenn á löggjafarþingi eru fulltrúar fyrir fólk, ekki fyrir tré eða akra. Þingmenn eru kosnir af kjósendum, ekki bóndabæjum eða efnahagslegum hagsmunum.“ Þetta ættu menn nú að hafa til hliðsjónar.

Niðurlag greinar Garðars Sverrissonar er eins og hér segir undir millifyrirsögninni „Fulltrúar fermetra gegn fólki“:

„Fulltrúar gömlu flokkanna vilja málamiðlun um mannréttindi. Af persónulegum og pólitískum hagsmunaástæðum vilja þeir ekki taka afstöðu með þeim grundvallarmannréttindum að sérhver íslenskur kjósandi hafi jafnan kosningarrétt.

Ójafn kosningarréttur gengur þvert á allar heilbrigðar hugmyndir um jafnrétti og lýðræði. Þetta misrétti er einnig í æpandi mótsögn við algengustu hugmyndir manna um valddreifingu. Með valddreifingu hljóta menn að eiga við það að völdum sé dreift til fólks en ekki í holt og hæðir. Við hljótum að krefjast þess að þm. séu fulltrúar fyrir fólk en ekki fermetra.

Það er lágmarkskrafa að allir borgarar ríkisins hafi jafnan rétt gagnvart lögum og leikreglum. Við megum ekki lengur láta fulltrúa fermetranna þvælast fyrir lýðræði á Íslandi.“

Svo mörg voru þau orð. Í þessu sambandi er einkar skemmtilegt að lesa grein, sem Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður skrifaði í Morgunblaðið þegar það tókst að pína fram úr flokksforingjunum svolitla umræðu nokkrar dagstundir um kosningamál. Hann segir:

„Nú hefur verið lagt fram á Alþingi frv. um breytingu á því ákvæði stjórnarskrárinnar sem varðar kosningareglur í alþingiskosningum.“ Þetta er skrifað s. l. vor og það er verið að fjalla um það blessaða frv. sem skaut upp kollinum eftir neðanjarðardvöl sína á Alþingi í vetur. „Nú hefur verið lagt fram á Alþingi frv. um breytingu á því ákvæði stjórnarskrárinnar sem varðar kosningareglur í alþingiskosningum. Því frv. fylgja til kynningar drög að frv. að kosningalögum.

Kosningareglurnar, sem í frv. þessum birtast, komu ekki fram opinberlega fyrr en fyrir nokkrum dögum og hafa þær því ekki verið kynntar ítarlega. Mun samt sem áður standa til að afgreiða stjórnarskrárbreytinguna með hraði, enda lítill tími til stefnu þar sem þingstörfum á að ljúka innan fárra daga.“ — Eitthvað kannast maður nú við situasjónina.

„Sá sem þetta ritar hefur unnið nokkuð að lögfræðilegum undirbúningi frv. þessara á vegum Sjálfstfl. Persónulega er ég þó mjög andvígur þeim tillögum sem þar birtast. Sú andstaða er ekki á því byggð að á tillögunum séu lagatæknilegir gallar.“ — Hann hefur greinilega ekki tekið eftir þeim göllum sem kommunefndin fann við nýlega yfirferð, þar sem hún lagfærði kommur og stafsetningarvillur. „Aðrar ástæður koma þar til. Hef ég kynnt þingflokki sjálfstæðismanna rökin fyrir þeirri afstöðu. Ég tel að þau eigi einnig erindi til almennings og birti þau því hér. Skal þess getið að Finnur Torfi Stefánsson héraðsdómslögmaður, sem unnið hefur að hinni lögfræðilegu hlið málsins fyrir þingflokk Alþýðuflokksins, gerði þeim flokki sams konar grein fyrir andstöðu sinni.“

Í þessari grein Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. er vikið að ýmsum ágætum hlutum sem við höfum vikið að hér áður, eins og t. d. mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og ákvæði hennar um jafnan kosningarrétt. Í grein hans segir:

„Ekki er ástæða til að eyða löngu máli í að rökstyðja hvers vegna það er viðurkennd lýðræðisleg krafa og mannréttindamál að atkvæði skuli vera jafnt. Með misjöfnum atkvæðisrétti erum við að flokka borgarana. Við erum að segja að einhverjir verðleikar manna eigi að valda því að þeir teljist gildari borgarar en aðrir. Þetta hefur ekki verið gert áður. Þá höfðu menn ekki atkvæðisrétt nema þeir hefðu nokkuð undir sér. Og ekki þótti þá ástæða til að konur mættu kjósa.

Við höfum fyrir löngu horfið frá þessum hugmyndum. Það sem nú er fært fram sem réttlæting fyrir misvægi atkvæða eru e. t. v. öfgarnar í hina áttina. Nú virðast borgarar eiga að fá áhrifameiri atkvæðisrétt ef þjóðfélagsleg aðstaða þeirra er verri en annarra. Að vísu er svo sem ekki heil brú í þeirri röksæmdafærslu þar sem misvægið sem menn vilja hafa á atkvæðavægi er ekki í neinu samræmi við þann mælikvarða sem notaður er í orðum. Má sem dæmi nefna að aðstöðumunur manna er mikill innan sömu kjördæmanna án þess að við því sé séð með misvæginu. Og svo hitt, að ýmislegt annað en búseta hefur áhrif á aðstöðu manna og efnahagslega afkomu og efnahagslegt gengi.

Ef taka ætti þessar röksemdir alvarlega yrði að fylgja þeim aðferð við að vega einstaka menn og meta til að finna út atkvæðisþunga þeirra. Þessu til viðbótar skal svo bent á það, sem e. t. v. skiptir mestu máli um þessi rök, að þm. eru samkvæmt stjórnskipan ríkisins kosnir til að setja landinu almenn lagafyrirmæli.“

Hér er vakin athygli á tveimur býsna mikilvægum atriðum. Í fyrsta lagi er vakin athygli á því að jafnvel þó að reynt sé að bæta íbúum í einhverju kjördæmi upp t. d. félagslega eða atvinnulega aðstöðu, þá getur verið

kannske meira misvægi innan þess kjördæmis heldur en er milli þess kjördæmis og segjum R-kjördæmanna svokölluðu. Þá kemur kannske upp sú þörf að fara að flokka menn niður innan kjördæma og þá þurfum við kannske að koma upp einhvers konar gengisskráningu, skrá sérstakt atkvæðagengi, kannske eftir skattskýrslu eða eftir búsetu eða eftir hæð og þyngd, það má vafalaust hafa ýmsar aðferðir til þess. Þetta er ein leiðin til þess að reyna að ná fram þessu máli.

Ég held að það sé mjög erfitt að færa fyrir því gild fagleg rök að mismunur á félagslegum eða atvinnulegum aðstæðum geti nokkurn tíma réttlætt mismunandi atkvæðisrétt, vegna þess að ef við ætlum að beita þessum rökum áfram þá yrðum við að setja einhverja reglu sem segði t. d. að vegalengd til skóla, hver km gilti 1/100 úr atkvæði til viðbótar. Síðan gætum við kannske reynt að meta á einhvern hátt atvinnuástand, reynt að meta það til punkta, kannske ættum við að koma okkur upp punktakerfi til þess að meta atkvæðisrétt. Við erum með punktakerfi í ýmsum lífeyrissjóðum. Kannske geta menn safnað sér punktum til atkvæðisréttar.

Ég held að ef menn ætla í raun og veru að taka það gilt að misjöfn aðstaða í atvinnulegu og félagslegu tilliti geti réttlætt mismunandi atkvæðavægi verði menn að búa til einhvern skala. Og hvernig ætla menn að búa til skala? Á að telja það í fermetrum malbiks? Á að telja það í fermetrum ómalbikaðra vega? Á að telja það í vegalengd frá Reykjavík? Á að telja það í lengd símalína frá Reykjavík? Hvernig ætlið þið að telja þetta? Hvernig á að meta þetta? Það er ekki hægt. Við getum ekki tekið þessi rök og útfært þau.

Ég held að menn þurfi ekkert að óttast það að íslenska þjóðin komi ekki til með að standa með öllum sínum bræðrum og systrum hvar sem þau búa. Það sem íslenska þjóðin þarf að fá er fullt og óskorað tækifæri til að segja álit sitt á því hvaða aðferðum eigi að beita, eins og segir í grein Garðars Sverrissonar. Hvaða sjónarmið fólks á Reykjavíkursvæðinu eru svo vitlaus og óheilbrigð að þau megi ekki njóta sín til fulls á löggjafarsamkundunni? Ég meinti þetta ekki persónulega til hv. þm. sem gekk fram hjá ræðustóli. Þetta var almennt innlegg inn í þetta undarlega mál.

Allir Íslendingar eru eins og sveitamaður sem er nýkominn til kaupstaðarins. Við eigum öll frændur og við eigum öll frænkur úti á landi og foreldrar okkar eru vaxnir upp úr þessu umhverfi. Það mun því aldrei koma til þess að stofnað verði hér til illinda milli dreifbýlis og þéttbýlis. En fólkið hérna í þéttbýlinu hefur fullan og óskoraðan rétt á að láta sín sjónarmið hafa fullt vægi á löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Annað er ósamrýmanlegt öllum grundvallarreglum sem vestræn þjóðfélög starfa eftir. Og það birtist á ýmsan hátt. Það birtist í mannréttindayfirlýsingu hvort sem er Evrópuráðs eða Sameinuðu þjóðanna. Þetta hlýtur að vera sú grundvallarregla sem við fylgjum. Ef íslensku flokkarnir ætla að fara að þvinga þjóðina til að búa við eitthvað annað þá er það hneyksli. Hvorki meira né minna en hneyksli. Og ef þessir flokkar ætla svo í kjölfarið á þeirri misbeitingu að halda þessu leyndu, halda áfram að mæla fyrir þessum málum um miðjar nætur, halda áfram að steinþegja um grundvallaratriði málsins, ef íslenskir flokksforingjar ætla aldrei að opna munnin um grundvallaratriði íslenskrar þjóðskipunar þá erum við illa sett. Nú sitja þeir múlbundnir í samtryggingarjafnvægi, allsherjarjafnvægi, og þeir skammast sín allir. Þeir vita að þeir hafa brugðist í því hlutverki sínu að finna á þessu máli viðunandi lausn. Og þeir segja: Við ætlum að fresta því til haustsins.

Ég segi — og vísa til ágætra hugmynda sem einhverjir í Framsfl. birtu: Það á að taka þetta mál frá Alþingi. Það á að setja stjórnlagaþing, sem er kjörið með jöfnum atkvæðisrétti allra landsmanna, og þetta stjórnlagaþing á að fjalla um þetta mál. Vegna þess að í tvígang hefur fjórmenningunum mistekist, í tvígang hefur þeim mistekist. Hvað eigum við að láta þá ganga hér upp í stól margar nætur í myrkrinu til þess að segja að þeir ætli að fresta þessu?

Íslensk þjóð á meira skilið. Það var í fyrravetur gerð tilraun, mjög virðingarverð tilraun til þess að fá fram umræðu um stjórnskipun og stjórnarskrá. Þá skrifuðu greinar þeir Halldór Guðjónsson, Jónas Gíslason, Páll Skúlason, Sigurður Líndal, Vilhjálmur Árnason og Þórður Kristinsson. Þeir skrifuðu þessar greinar undir nafninu „Lýður", kannske til þess að reyna að fá landslýð til að huga svolítið að þessu máli. Þar kennir margra góðra grasa. En ég ætla að eiga þau atriði sem þar er vikið að til góða vegna þess að nóttin er löng og ég veit að ýmsir vilja komast hér að til að gera grein fyrir sínum hugmyndum um þessi mál. Ekki væri nú verra ef einhver fjórmenninganna kæmi hér upp og segði til dæmis ofurlítið frá samskiptum þeirra við aðmírál Droops og hvernig og hvers vegna þeirri viðureign lyktaði með ósigri fjórmenninganna. Hvers vegna við erum engu nær en við vorum desembernóttina myrku þegar nýbakaður formaður Sjálfstfl. fékk það hlutskipti að varpa þessu máli inn í heljarmyrkur íslenskra flokka.

Kristín Halldórsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að klukkan er að byrja að ganga eitt og við höfum nú, bæði þm. og aðrir starfsmenn þingsins, þurft að vera hér fram eftir á hverju einasta kvöldi þessar vikur og ég tel að það sé ansi langt gengið ef fundur á að standa hérna fram eftir öllu enn eitt kvöldið. Ég vil því mælast til þess að forseti frestaði fundi svo að starfsfólkið og þm. geti fengið eðlilega hvíld. Það hafa staðið yfir nefndarfundir síðan snemma í morgun og hafa verið þingfundir hér á hverju kvöldi þessa viku og ég tel að við séum hér gjörsamlega að ofbjóða sérstaklega starfsfólki þingsins sem á mjög erfiða daga.

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir): Vegna athugasemdar hv. 7. landsk. þm. skal vissulega undir það tekið að það er liðið á nóttu og undanfarin kvöld hafa verið hér langir fundir. Hugmyndin var að ljúka þessari umr. og þau skilaboð fékk ég þegar ég leysti aðalforseta deildarinnar af. Ég skal koma þessari athugasemd þegar í stað á framfæri við aðalforseta deildarinnar og láta vita innan tíðar hvort hægt er að verða við ósk hv. þm.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það mál sem er nú hér til umr., frv. um kosningar til Alþingis, er af sama stofni og það mál sem stendur hér næst á dagskránni, frv. til stjórnarskipunarlaga. Ég ætla því að leyfa mér að ræða þessi mál eitthvað í samhengi og vona að ég fari ekki mjög út fyrir efnið.

Það er fyrst athyglisvert í sambandi við þetta stóra og mikilvæga mál að það virðist vera samantekin ráð hjá fjórum stærstu flokkum þingsins að taka ekki til máls. Kemur það mjög undarlega fyrir sjónir að svo skuli háttað, jafnmikilvægt og þetta mál er. Eitthvað virðist vera óljóst og jafnvel gruggugt þegar flokkarnir finna sig knúna til þess að þegja í svona mikilvægu máli. Og sannleikurinn er sá að ferill flokkanna í þessu máli er þeim ekki til sóma. Ég vil benda á að stjórnarskrá Íslands hefur verið í endurskoðun nánast í fjörutíu ár og enn hefur ekkert komið fram um breytingar nema um að færa kosningaaldurinn niður í 18 ár og svo þessi breyting á úthlutun þingsæta úr kjördæmum. Öll önnur mál, eins og breytingar á stjórnarskránni um skipan Alþingis, bráðabirgðalög, þjóðaratkvæði o. s. frv. sem er knýjandi nauðsyn að breyta og endurskoða, hafa ekki komist frá stjórnarskrárnefndinni eftir allan þennan tíma. Sú spurning vaknar hvort flokkakerfið beinlínis ráði við þessi mál.

Ef er svo komið í málefnum Íslendinga að þeir flokkar, sem fara með völd í landinu, geti ekki náð saman um nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá Íslands þá vaknar spurningin hvort þjóðfélag okkar sé þá ekki illa sett. Breytingar eru boðaðar en eftir fjögurra áratuga reynslu virðist ekki auðvelt að leggja trúnað á að þessar breytingar séu væntanlegar.

Ég vil líka benda á að í því samkomulagi sem lagt hefur verið fram frá stjórnarskrárnefnd á þskj. 974, segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Frv. þetta er byggt á samkomulagi formanna fjögurra stjórnmálaflokka frá síðasta þingi og efnislegum breytingum á frv. varð ekki komið við þar eð samkomulag náðist ekki. Nm. lýsa því hins vegar yfir fyrir hönd flokka sinna að unnið verði áfram að málinu milli þinga og niðurstöður verði lagðar fram á næsta haustþingi."

Síðan kemur rúsínan í pylsuendanum, ég vitna enn í þetta þskj.:

„Nefndinni vannst heldur ekki tími til þess að ræða til þrautar tilhögun persónukjörs. Það verður með sama hætti rætt á milli þinga."

Nú er það ljóst að nefndin hefur haft fyllilega nægan tíma, en hún hefur ekki komið þessu frá sér enn og það er borin von að þessar breytingar birtist á haustþinginu.

Því hagar svo til að ein þjóð býr í þessu landi og öll okkar barátta beinist að því að veita þegnunum jafnrétti á allar lundir. Við reynum að bæta kjör þeirra sem búa í dreifbýlinu með margvíslegum fjárfestingum, með uppbyggingu í skólamálum, félagsmálum og á allar þær lundir sem nútímaþekking og tækni leyfir. Um þetta er alger samstaða. Hins vegar skýtur svo skökku við að þegar kemur að því að jafna atkvæðisrétt manna þá eru menn ekki reiðubúnir til þess heldur telja að atkvæðisrétturinn eigi að miðast við búsetu í landinu. Viðhorf af þessu tagi er auðvitað með öllu óverjandi því hér er blandað saman algerlega óskyldum málum.

Ég vil enn minna á það, eins og ég gerði í ræðu minni við fyrstu umr. um stjórnarskipunarlög, að það hefur ávallt verið háð barátta í sögu mannkynsins fyrir því að allir einstaklingar hefðu jafnan atkvæðisrétt. Við þekkjum sögu kvennabaráttunnar þar sem konum var lengi meinaður atkvæðisréttur sökum þess að talið var að þær hefðu svo rangar hugmyndir um stjórnmál og kynnu ekki neina hluti í þeim efnum og skylt væri að halda þeim utan við stjórnmálin. Það eru ekki nema áttatíu eða níutíu ár síðan konur fengu atkvæðisrétt hér á Íslandi, en enn er barátta kvenna víða um heim að fá atkvæðisrétt. Trúarbrögð eru eitt af þeim málum sem hefur talið mönnum heimilt að mismuna fólki í atkvæðisrétti. Þetta þekkjum við víða um lönd, t. d. á Sri Lanka og Indlandi og víðar. Litarháttur — við þekkjum það í Suður-Afríku. Síðan kemur meginatriðið sem eru sjálf eignin, hún hefur verið grundvöllur þeirrar baráttu sem háð hefur verið um aldir gegn því að jafna atkvæðisrétt. Ekki er nema rúm öld síðan þetta tókst á Íslandi, að láta ekki eign hafa áhrif á atkvæðisrétt manna.

Enn er eitt eftir og það er þessi búseta. Þeir, sem búa í dreifbýlinu, telja að þeir búi við lakari kjör og þar af leiðandi eigi vægi atkvæða þeirra að vera meiri. Ég er algerlega andvígur svona hugtakaruglingi og tel að það eigi að jafna aðstöðumun Íslendinga í dreifbýlinu eftir öðrum leiðum, með sjálfsstjórn í eigin málum, með nýju skipulagi, tryggja fólkinu jöfn lífsréttindi. Það verður ekki talið að húshitunarkostnaður á Vestfjörðum geti heimilað það að búa til misvægi atkvæða í landinu. Fleira mætti telja af því taginu. Ég tel því að það sé mannréttindamál, grundvallaratriði, að allir hafi sama atkvæðisrétt.

Nú er því ekki að leyna að þetta nýja kosningalagafrumvarp er til bóta, reynt er að koma til móts við þessa kröfu um jöfnun atkvæðisréttar með því að fjölga þm., ekki síst í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Engu að síður þykir mér þessi jöfnun ekki nægileg. Og sú aðferð, sem hér er höfð við úthlutun þingsæta og kölluð er „regla stærstu brota" eða „meðaltalsaðferð", getur leitt til þess að jafnvel þm. úr Reykjavík og Reykjaneskjördæmi geta verið fluttir út á landsbyggðina þar sem skakkar kannske þúsund eða þúsundum atkvæða. Sem augljóst dæmi má geta þess að Alþfl. hefði ekki fengið nema einn þm. í Reykjaneskjördæmi við síðustu kosningar í staðinn fyrir tvo eins og honum ber. Það getur ekki verið réttlátt að 11 000 kjósendur Alþfl. í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi fái aðeins þrjú þingsæti. Að því leyti er þetta síst til bóta. Hér eru því svo miklir vankantar á að ég get ekki stutt þetta frv.

Það er segin saga að þeir sem ráða vilja ekki láta af völdum. Það kostaði mikla baráttu að veita konum fullan atkvæðisrétt, á sama hátt að sjá til þess að verkamenn fengju atkvæðisrétt — og hann var ekki bundinn við þingfararkaup — og það hefur kostað mikla baráttu að ná jöfnuði á öllum sviðum. Það eru alltaf til öfl sem standa gegn jafnréttinu í krafti falsaðra hugtaka og tilbúinna röksemda. Það er hér einnig í dag og kvöld. Það er ekki hægt að styðja frumvörp sem tryggja misréttið, sem tryggja ójöfnuð. Það kemur berlegast í ljós þegar flokkarnir fjórir, sem standa að þessu, láta ekkert í sér heyra um það efni. Ætla mætti að þeir viti skömmina upp á sig.

Ég lít svo á að grundvallaratriðið í þessu máli sé að landið sé eitt kjördæmi og allir Íslendingar hafi sama atkvæðisrétt. Þannig verður það síðar meir. Þó að ráðaöfl og íhaldsöfl standi nú að þessu fylkingarfyrirbæri misréttisins, þá koma þeir tímar að búsetublekkingin víkur fyrir réttlætinu og jöfnuðinum á sama hátt og konum var mismunað áður fyrr og eignarmenn lögðust á atkvæðisréttinn og töldu sig vita betur. Og það segi ég þinginu að eftir nokkra daga, þegar við erum komin undir græna torfu hvenær sem það gerist,

koma tímar með breyttum viðhorfum. Þá fá allir menn jafnan atkvæðisrétt hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Ég vil því segja og endurtaka að hér á landi býr ein þjóð og stjórnmálamenn hafa enga heimild til að mismuna fólkinu á þann hátt sem hér er gert með ójöfnuði í atkvæðisrétti. En þeir sem ráða vilja ekki láta af völdum sínum og það verður því þeir sem ráða ferðinni enn um sinn. En það koma dagar þegar þetta verður skoðað í sögulegu ljósi sem einn kafli í baráttusögu mannsins fyrir jafnrétti og lýðræði. En ég styð ekki þetta frv.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við upphaf þessarar umr. í kvöld kvaddi ég mér hljóðs um þingsköp og gerði að umræðuefni þá meðferð mála sem hér er viðhöfð, gerði þar athugasemdir og mótmælti því að það mál, sem hér er nú til umr., væri tekið fram yfir önnur mál sem verið hefðu á dagskrá deildarinnar marga undangengna fundi í röð, nær svo vikum skiptir um hver, og eru að mínu áliti ekkert síður nauðsynleg. Af því að hæstv. aðalforseti þessarar deildar er nú kominn í stólinn vil ég ítreka þessi mótmæli mín að starfsemi á Alþingi og skipulag sé með þeim hætti að einstaka mál, sem seint eru fram komin eða síðar en önnur, séu tekin á dagskrá fundar og öðrum, sem verið hafa á dagskrá deildarinnar marga undangengna fundi, sé sleppt, ekki einu sinni sett á dagskrá. Ég vil enn fremur ítreka það, sem hér hefur komið fram, að það er Alþingi ekki sæmandi að ætla starfsfólki þingsins að vinna undir þeim kringumstæðum sem það er búið að gera undangengin kvöld og nætur, mörg í röð.

Ég vildi gjarnan beina því og raunar gera kröfu til þess við hæstv. forseta að þessum fundi verði ekki fram haldið lengur. Þetta er raunar fjórða kvöldið í röð sem hér eru haldnir fundir. Hvað svo sem mönnum finnst um þm. sem slíka sjálfa þá er þetta ekki bjóðandi starfsfólki þingsins. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hafi lagt blessun sína yfir það brot sem mér sýnist hér verið að fremja á lögum um hvíldartíma sem tiltölulega nýlega hafa verið sett á Alþingi, hvort hæstv. félmrh., sem yfirmaður þeirrar lagaforsendu og lagasetningar, gildandi laga í landinu, hefur lagt blessun sína yfir það að með þessum hætti séu brotin landslög á starfsfólki þingsins.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir þær óskir, sem hér hafa komið fram, um að fundi verði nú frestað þannig að bæði þm. og ekki síður starfsfólk þingsins, eins og hv. þm. Karvel Pálmason benti á, geti fengið þá hvíld sem því er af líffræðilegum ástæðum nauðsynleg. Því tek ég eindregið undir þá ósk og þær óskir fleiri þm. sem hér hafa komið upp í kvöld.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég fór fram á það hér áðan við forseta, sem þá sat í forsetastól að fundi yrði frestað. Ég vildi ítreka þessa ósk þar sem aðalforseti er nú kominn. Ég vildi þá líka spyrja í leiðinni hvort þetta sé í rauninni eðlilegt að halda starfsliði hér við vinnu fram á nætur fjögur kvöld í röð, hvort fordæmi væru fyrir slíkum vinnubrögðum og hvort það væru engin ákvæði í þingsköpum eða reglugerðum sem geta hindrað slíkt. Ég vil einnig spyrja að því hver ræður því að svona er unnið og hverjir krefjast þess að fundir standi svona lengi, hvort það eru formenn flokkanna sem ráða því.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. síðasta ræðumanns vil ég upplýsa að á fundi þingflokksformanna í dag beindi Alþfl. því til annarra flokka að ekki yrði haldinn kvöldfundur í kvöld með tilliti til þess hversu margir kvöldfundir hafa verið haldnir í röð og hafði þá í huga ekki fyrst og fremst heilsufar eða ástand þm. heldur ekki síst það álag sem er lagt á starfsmenn þingsins. Þetta vildi ég að kæmi fram, en það var ekki orðið við þessari ósk.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þessa ósk sem fram hefur komið og benda á það einnig að mér finnst Alþingi setja niður að ætla sér að afgreiða þetta mál hér á næturfundi. Það var talað fyrir þessu máli upphaflega á næturfundi og mér finnst þetta til háborinnar skammar fyrir Alþingi, fyrir utan það álag sem skapast á alla. Það sýndi sig best við afgreiðslu máls fyrr í kvöld að starfslið og alþm. eru hreinlega ekki í stakk búnir til þess að vita hvað verið er að gera. Í gær var beðið um hlé af fundartæknilegum ástæðum, væntanlega til að raða plöggum og öðru slíku. Ég held að kominn sé tími til þess að fólk fái að sofa almennilega nótt einu sinni og koma hér í sæmilegu ástandi á morgun til að ræða þetta mikilvæga mál.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessum umr. vil ég skýra frá því að þess var farið á leit við forseta þessarar deildar af a. m. k. þremur þingflokksformönnum, ég hygg að ég fari rétt með það, það voru þingflokksformenn Alþb., Sjálfstfl. og Framsfl. sem fóru mjög ákveðið fram á það við forseta að þessi fundur yrði haldinn, þ. e. að fundur yrði haldinn í þessari hv. deild að loknum fundi í Sþ. Forseti varð við þeirri ósk og ráðfærði sig að sjálfsögðu einnig við skrifstofustjóra þingsins um það hvort annmarkar væru á því af þingsins hálfu, af hálfu starfsliðsins, að anna svo miklu álagi sem hér væri um að ræða. Eftir nokkur samtöl um þetta þar sem m. a. ýmsir af þingflokksformönnum voru viðstaddir voru ekki taldir neinir meinbugir á því að halda slíkan fund.

Nú er því ekki að leyna að forseti þessarar deildar hefur haft áhyggjur af því að hér væri e. t. v. helst til mikið álag á starfsfólk að ræða. En eftir að svo ákveðin ósk hefur komið fram frá þremur þingflokksformönnum og eftir að hafa ráðfært sig við skrifstofustjóra þingsins um það hvort starfsmenn gætu annað þessu mikla starfi þá taldi forseti ekki rétt að hafna því að boða til þessa fundar.

Að því hefur einnig verið spurt hvort fordæmi séu fyrir svo mörgum og tíðum kvöld- og næturfundum. Hygg ég að slík fordæmi séu býsna mörg. Hitt er satt að á síðari árum hefur verið reynt að takmarka þetta nokkuð og verið samkomulag um það. En ég vil einnig í því sambandi nefna að það hefur verið mjög ákveðið um það rætt við forseta að haga svo störfum að þingi mætti ljúka n. k. laugardag. Ef þess á að vera nokkur kostur að koma fram þeim mörgu málum sem fyrir

liggja þá verður ekki hjá því komist að bregða út af þeirri venju, sem það reyndar er og er í öllu siðuðu samfélagi að menn vinni fyrst og fremst á daginn. Það hefur því miður orðið að bregða út af því og forseti sér ekki möguleika á því að fresta þessum fundi eða slíta honum nú heldur að mál gangi áfram eins og áformað hefur verið. Enn eru hér tvö mál til meðferðar og allmargir á mælendaskrá og því verður fundinum haldið áfram.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins benda á það að ef á að halda fast við þetta að ósk þriggja flokksformanna þá segir það sig sjálft að þessir ágætu flokksformenn verða að gera svo vel að vera viðstaddir. Hvernig geta mennirnir krafist þess að við séum að þusa hér yfir tómum stólum. Og hvar eru þessir menn? Svona mikilvægt mál verður ekki afgreitt meðan menn eru einhvers staðar annars staðar úti í bæ eða heima hjá sér eða annars staðar. Þeir verða að gera svo vel að vera hér og það er alveg lágmarkskrafa að þessir ágætu herrar sitji hér yfir þessari umr. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að ef hann ætlar að halda þessum umr. áfram geri hann svo vel og kalli á þessa hv. þrjá flokksformenn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það var gott að fá þær upplýsingar sem hæstv. forseti veitti hér. Ég vissi raunar fyrir að af hálfu Alþfl. var óskað eftir því sérstaklega að ekki yrði kvöldfundur í kvöld í ljósi þess sem hér hefur verið greint og formaður flokksins gat um áðan. En komið hefur í ljós skv. upplýsingum forseta að þrír þingflokksformenn a. m. k. hafi óskað eftir þessum fundi. Ég lít svo á að það hljóti þá að vera þingflokksformenn Alþb., Framsóknar og Sjálfstfl. (**Forseti:** Það er rétt.) Enginn þessara þingflokksformanna, sem óska eftir því að þm. og starfsfólk sitji hér við vinnu eða standi eða rölti, hefur gert svo lítið að vera viðstaddur þessa umr. og tiltölulega fáir af þeim mönnum, sem bera ábyrgð á þessu máli og flytja það, hafa verið viðstaddir þessa umr. Það er lágmarkskrafa, a. m. k. siðferðisleg, að þeir, sem krefjast þess að fólk vinni hér að næturlagi kvöld eftir kvöld, séu sjálfir viðstaddir þá vinnu.

Hvað því viðkemur að hæstv. forseti hafi borið starfsþrek starfsfólks í þinginu undir skrifstofustjóra er ekkert nema gott um það að segja. Mér dettur ekki í hug að neinn af því ágæta starfsfólki sem hér er neitaði að vinna. En álagið getur eigi að síður verið orðið of mikið undir þeim kringumstæðum sem hér hafa ríkt undangengin kvöld og nætur.

Þá upplýsti hæstv. forseti að ákveðið hefði verið eftir því óskað við sig að ljúka þingi á laugardag. Ég vil gjarnan fá þær upplýsingar frá hæstv. forseta hver það er sem borið hefur fram svo ákveðnar óskir um það að ljúka starfi þingsins á laugardag að hér verði að halda fólki að vinnu nótt eftir nótt vegna þeirrar óskar einnar. Þetta held ég sé nauðsynlegt að fá fram og ég ítreka mótmæli við því að haldið sé áfram fundi í nótt. Það er greinilegt ef forseti ætlar að verða við þessu, að mínu mati fáránlegu, kröfu þremenninganna og þeirra sem óskað hafa eftir að þingi ljúki á laugardag þá verður fundur hér talsvert langt fram eftir nóttu og trúlega ekki bara í nótt heldur næstu nætur.

Ég get mér þess til af ummælum víða að að ástæða fyrir þessari ósk sé sú að æði margir hæstv. ráðherrar þurfi að bregða sér bæjarleið í næstu viku. En mér kemur á óvart að eindregin ósk um fundarhöld, eins og hér hefur komið fram, komi frá óbeyttum þm. þó þingflokksformenn séu eða formenn stjórnmálaflokks. Það er Alþingi ekki sæmandi og ekki nein rök fyrir vinnubrögðum þeim sem hér hafa verið viðhöfð, ekki bara núna heldur oft áður, að ráðherrar þurfi að fara úr landi einhvern tiltekinn dag og miða verði starfstíma þingsins við það. Slíkt er hneisa. Það hefur komið fyrir æðioft að ráðherrar hafi farið úr landi og þingi hefur verið haldið áfram. Það er engin ný bóla þó að slíkt gerðist nú enn einu sinni og væri það þó skömminni til skárra og meiri sómi þingsins að halda áfram störfum þó svo ráðherrarnir væru ekki viðstaddir.

Ég ítreka svo að lokum þessa spurningu mína til hæstv. félmrh.: Hvaða álit hefur hann á því sem hér hefur verið að gerast og er að gerast, að mínu viti augljóslega broti á lögum um hvíldartíma? Hvaða álit hefur hæstv. félmrh., sem yfirmaður þess málaflokks í landinu, á slíku? Ég krefst þess að hæstv. ráðh. segi sitt álit um þetta hér því að það getur ekki verið ætlan ráðh. eða stjórnvalda að skikka aðra til þess að hlíta þessum reglum en leggja sjálfir blessun sína yfir það að þær séu brotnar þar sem þeir geta ráðið því. Slíkt er ekki sæmandi. Þetta hefur að vísu komið fyrir, að ég held, nokkrum sinnum áður og verið harðlega gagnrýnt en ekki verið tillit til þess tekið. En hver veit nema núv. hæstv. félmrh. sé öðruvísi þenkjandi en aðrir þeir sem á undan honum hafa verið eftir að lögin tóku gildi. Nú eru þau tiltölulega ný að ég best man. (Gripið fram í.) Já. En ég vil gjarnan og raunar óska þess eindregið að hæstv. félmrh. segi okkur, þeim fáu hræðum sem hér eru enn, sitt álit á þessari meðferð mála og ég ítreka kröfu mína um það til forseta að þessum fundi verði ekki fram haldið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hef ekki verið lengi hér í þingsölum, en ég er búinn að vera hér í 17 ár og í þessi 17 ár fullyrði ég að það hafi ekki verið fjórir næturfundir í sömu viku. Ég þekki ekki þingsöguna og skal ekki fullyrða hvernig það hefur verið áður en ég kom inn í þessa sali.

Ég man eftir því að þegar fyrrv. formaður Alþb., Lúðvík Jósepsson, var hér aftók hann með öllu að það yrðu fleiri en tveir næturfundir eða kvöldfundir í viku. Menn geta borið það saman við það sem nú er að gerast hér.

Ég held að þeir sem stjórna hér hafi engan sóma af því að stjórna á þann hátt sem nú er gert. Þetta mál var tekið til 1. umr. kl. 3 að nóttu. A. m. k. fór það fram hjá mér að það yrði tekið þá til umr. og ég hygg að það hafi farið fram hjá fleirum. Nú á að keyra þetta áfram fjórða kvöldið í röð sem hér eru næturfundir. Ég a. m. k. stend í þeirri trú að þarna sé verið að slá met, a. m. k. s. l. 17 ár.

Ég veit það, þó að ég ætli ekkert að skýra frá því, að það er óhæfilegt álag á starfsfólki þingsins og hefur verið þessa daga. Það er lítil tillitssemi gagnvart því hvernig málum er hér komið. En ég get vel verið hér í nótt og ég ætla að biðja forseta að taka mig á mælendaskrá.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hv. 5. þm. Reykv. óskaði

eftir því að formenn þingflokkanna og forustumenn yrðu hér við og þeir hafa nú gengið í salinn.

Þá kom fram spurning frá hv. þm. Karvel Pálmasyni um það hverjir hefðu rætt um það við forseta þessarar deildar að þinginu yrði slitið á laugardag. (Gripið fram í.) Ég held að það þurfi nú varla að telja upp þau nöfn. Þetta hefur verið almennt umtal hér í þinginu og ég hygg að það hafi varla farið fram hjá nokkrum manni að ráðagerðir hafa verið um þetta, og ég þori jafnvel að standa við þau orð, sem hrutu af vörum mínum hér áðan, að þess hafi verið ákveðið óskað að þannig yrði hagað fundum að þetta mætti takast, og verða þau orð ekki aftur tekin.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir þær óskir, sem hér hafa komið fram, um að þessum fundi verði ekki haldið áfram lengur. Það þarf ekki að hafa mörg orð um að það hafa verið á undanförnum dögum haldnir hér margir kvöldfundir. Þetta er fjórði kvöldfundurinn sem haldinn er. S. l. mánudag vorum við hér til kl. 01:18, s. l. þriðjudag vorum við hér til kl. 00:15 og í gærkvöld vorum við hér til kl. rétt fyrir eitt og nú stefnir í það að við eigum langa nótt hér fram undan ef fer sem horfir að það eigi að halda þingfundum áfram.

Það hefur verið upplýst hér að stefnt sé að því að ljúka þessu þingi á laugardaginn kemur og það án þess að það liggi fyrir eða það hafi verið lagt fyrir þingflokkana nákvæmlega hvaða mál það eru sem stjórnarflokkarnir leggja áherslu á að fá afgreidd fyrir þingslit og eins eru það auðvitað mörg mál sem stjórnarandstaðan er með sem hún leggur áherslu á að fá afgreidd fyrir þingslit. Ég fæ ekki séð að hægt sé að viðhafa eðlileg vinnubrögð á þeim tveim dögum sem nú eru til stefnu ef það er virkilega meiningin að ljúka þingi á laugardaginn. Við hv. þm. hljótum að gera þá kröfu að þau mál, sem við afgreiðum hér, fái eðlilega og vandaða meðferð í þinginu og umfjöllun og það er auðvitað lágmark, ef það er virkilega meiningin að ljúka störfum á laugardag, að hæstv. forsrh. geri þinginu nákvæmlega ljóst hvaða mál það eru sem lögð er áhersla á að fá afgreidd. Þegar það liggur fyrir er auðvitað fyrst hægt að leggja mat á hvort það sé raunhæft að ætla að stefna að að ljúka þingi á laugardaginn. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta að því hvort það liggi fyrir og hvort það sé brýnt að halda hér fundum áfram svo lengi með tilliti til þeirra mála sem á að afgreiða. Og þegar jafnþingreyndur maður og Stefán Valgeirsson upplýsir að það hafi aldrei fyrr gerst að haldnir hafi verið fjórir kvöldfundir í röð held ég að sé rétt, herra forseti, að við fáum það upplýst hjá skrifstofustjóra hvort það sé virkilega reyndin að við séum að slá met í kvöld. (**Iðnrh.:** Það er fjarri öllu lagi.) Þetta upplýsir hv. þm. Stefán Valgeirsson og hæstv. iðnrh. mótmælir því þannig að rétt er að fá úr því skorið. — En ég vil eindregið fara þess á leit við þá sem gert hafa eitthvert samkomulag um að slíta ekki þessum fundi fyrr en lokið er umr. um það mál sem hér er á dagskrá, hvort þeir geti þá ekki komið sér saman um að hafa aðra meðferð á því máli þannig að við þurfum ekki að sitja hér í alla nótt. Þingið á að taka sér þann tíma sem það þarf til þess að afgreiða mál og það er ótækt að ætla sér að gera það á tveim dögum, að mínu mati, ef eðlilega á að standa að málum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hafa komið hér fram mjög ákveðnar óskir um að slíta nú fundi og forseti hefur gert grein fyrir því að þrír þingflokksformenn hafi þrýst mjög á að hér væri fundi fram haldið. Nú veit ég ekki hvort þessir þingflokksformenn, sem hafa þrýst á forseta, hafa almennt leitað eftir umboði sinna þingflokka til að hafa afskipti af stjórn deildarinnar á jafnafgerandi hátt og þann að leita hér eftir kvöldfundi, miðað við það mikla vinnuálag sem hér hefur verið. Mér er ekki kunnugt um að hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi haft nokkurt umboð frá þingflokki til þess að hlutast til um störf forseta, og ég vil undirstrika það að þegar ég tók þátt í því að kjósa hæstv. forseta til að stjórna deildinni hvarflaði það aldrei að mér að hv. 2. þm. Norðurl. v. ætti nokkuð með það mál að hafa að gera. Mér virðist hann hafa nóg með önnur stjórnunarstörf. Ég vil mjög ákveðið leita upplýsinga um hvort sú breiða fylking, sem þarna virðist vera á bak við, er með slíkt umboð úr því að hún óskar svo grimmt eftir þessu.

Það kemur mér dálítið á óvart ef formaður þingflokks Alþb. sækir þetta mál svo fast að misboðið er, að mínu viti, starfsfólki þingsins með því vinnuálagi sem hér er, þó að það neiti vissulega ekki að sinna störfum, en ég tel að sumt af því sé orðið nokkuð þreytt eftir jafnharða törn og hér hefur verið. Þess vegna efa ég að það verði til að flýta fyrir afgreiðslu á málum í þinginu að virða ekki þau tilmæli manna að gera nú hlé.

Ég hefði óskað eftir því að þingflokksformennirnir gerðu grein fyrir sinni afstöðu í þessu máli, en létu ekki skothríðina dynja á forseta. Mér sýnist að hann hafi reynt að verða við ósk frá þeim sem ég tel aftur á móti að hafi farið út fyrir sanngirnismörk.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að ég geri grein fyrir þeim fundum sem verið hafa undanfarnar vikur um þinglokin. Ég hef sjálfur átt, hygg ég, þrjá ef ekki fjóra fundi með formönnum þingflokka og forsetum þingsins. Ég gerði grein fyrir því á fyrsta fundi, líklega fyrir svona þremur vikum eða meira, þremur fjórum vikum, að það væri tillaga ríkisstj. að þingi lyki næst komandi laugardag, 19. maí. Ég verða að segja að þeirri tillögu var vel tekið og ekki hefur einn einasti formaður þingflokks andmælt. Kom fram eindreginn vilji, vil ég segja, hjá þeim sem þarna hafa mætt að vinna þannig á þinginu að þetta tækist. Síðasti fundurinn var kl. hálf tvö í dag. Á þeim fundi kom fram ein athugasemd við að halda kvöldfund í dag, frá formanni Alþfl. Það var sú eina, en hann tók jafnframt fram að hann mundi ekki mótmæla því þótt kvöldfundur yrði. Einnig kom fram á þessum fundum sú skoðun að unnt ætti að vera að ljúka þinginu næst komandi laugardag. Ég hef hins vegar fyrir a. m. k. viku boðið upp á að við hefðum mánudaginn upp á að hlaupa.

Þannig hefur verið ákveðinn vilji til að vinna eins og ríkisstj. hefur lagt til. Hitt er svo alveg ljóst að ef einstakir þm. í einhverjum þingflokkum virða ekki þetta samkomulag og halda uppi eins löngum tölum og hefur verið í kvöld, þá mun þetta ekki takast þrátt fyrir góðan vilja forustumanna þingflokkanna.

Ég vil einnig vekja athygli á því að þegar á fyrsta fundinum var tekin saman skrá yfir þau þingmál sem ríkisstj. vildi gjarnan að færu í gegn. Ég hygg að það hafi nú alltaf verið svo um slíkar skrár að eitthvað hafi

dottið út af. T. d. hafa stjórnarandstæðingar á okkar fundum talið að einstök mál gætu ekki farið í gegn og við höfum þá yfirleitt sætt okkur við það. Ég nefni t. d. útvarpslögin, sem var gerð athugasemd við og talið að ekki mundi kleift að fá í gegn. Við sættum okkur við það. Þannig hefur þetta verið gert með samkomulagi. Stjórnarandstaðan hefur lagt fram mjög hóflegan lista yfir mál sem við viljum einnig stuðla að að fái framgang. Ég hef því ekki kynnst öðru þingi þar sem betri samstaða hefur verið með þeim mönnum sem hafa lagt á ráðin um hvernig ljúka eigi þingi fyrir ákveðinn tíma.

Ég andmæli því að ekki hafi stundum fyrr verið unnið á kvöldin. Ég minnist þess, þessi ár sem ég hef verið hér, að í lok þings hefur verið unnið oft kvöld eftir kvöld, oft töluvert lengur en nú er, og vel má fletta því upp.

Ég veit ekki hvort það gæti orðið til að leysa þetta mál ef við settumst niður nokkrir saman núna, ég er tilbúinn til þess, með formönnum þingflokka, og við athuguðum hvort hægt væri að komast að samkomulagi um að ljúka fljótlega á meðan einhverjar umr. halda áfram, og við skulum vera fljótir að því, en ég tek fram að það er allt háð því að samkomulag náist innan viðkomandi þingflokka við einstaka þm.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hef núna rætt við nokkra þm. um það hvort ekki væri möguleiki á að ná hér samkomulagi um að ljúka fundarstörfum fljótlega upp úr þessu. Ég fer nú fram á að 2. umr. um kosningalagafrv. og stjórnarskipunarlögin megi ljúka hér í nótt og það helst sem fyrst, atkvgr. verði frestað til morguns og 3. umr. fari þá fram í upphafi fundar á morgun. Þessa tillögu geri ég þá í trausti þess að menn hefji ekki sama leikinn á morgun, heldur taki sér hóflegan tíma í 3. umr. um þessi mál. Þeir sem ég hef rætt við hér nú fyrir skömmu, og ég þarf ekkert að vera að nafngreina neinn, hafa tekið vel í þessa hugmynd. Ég spyr þá sem þegar eru á mælendaskrá hvort þeir gætu ekki stytt mál sitt ef við mættum ljúka með sómasamlegum hætti þessari umr. núna sem fyrst.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Sú spurning leitar nú mjög á og mér finnst vera gersamlega ósvarað hvaða knýjandi nauðsyn beri til að ljúka þingi á laugardaginn. Mér er alveg óskiljanlegt hvers vegna við getum ekki verið hér á hinu háa Alþingi þangað til við höfum lokið störfum. Ég get ímyndað mér að með skynsamlegri áætlanagerð gætum við lokið þeim um mánaðamótin. Ég held að menn séu fastir hér í gamalli hefð þegar menn riðu til Alþingis fyrir nokkrum áratugum og urðu að komast heim til að sinna búfé sínu. Ég held að menn hljóti að búa nokkru öðruvísi nú til dags og ég veit ekki betur en þjóðþing t. d. hinna Norðurlandanna ljúki yfirleitt ekki störfum fyrr en fyrstu dagana í júní. Ég óska eftir að fá svar við því hvers vegna þingi þarf að ljúka á laugardaginn.

Auðvitað er það gersamlega siðlaust hvernig búið er að fara með starfsfólk Alþingis þessa síðustu daga. Ég býst við að við öll finnum illilega fyrir þreytu, en við getum þó setið í sætum okkar og hvílt okkur öðru hverju. Það getur starfsfólkið ekki, enda bar svo við hér í gærkveldi að starfsfólkið náði ekki að anna því sem á það var lagt.

Annað vil ég segja. Hér biðja menn um að þm. stytti nú mál sitt um þetta hjartans mál hluta þingmanna, sem er ekki hjartans mál annarra — ég vil taka það skýrt fram — og að mínu viti með allra þýðingarminnstu málum þingsins. Hvers vegna skyldu menn stytta mál sitt? Hvað ber til að menn fá ekki að ræða þetta gífurlega þýðingarmikla mál sem menn leggja alla áherslu á? Auðvitað verður málið útrætt. En við skulum ekkert gleyma því að það eru mörg fleiri mál hér í þinginu sem þarfnast verulegrar umræðu og ég tel satt að segja að útilokað sé að ljúka þingi á laugardaginn. Ég vil allavega fá svar við því hvers vegna það er svo mikilvægt.

Ég vil að lokum taka það fram að áður en þessum fundi lýkur, og saknaði ég nú illilega ýmissa þingvanra manna eins og hæstv. iðnrh. fyrr í kvöld sem fyrrv. forseta þessarar deildar, vil ég fá svar við því hver verður úrskurður á þeim endalokum máls sem urðu fyrir slysni hér í kvöld. Ég hygg að hæstv. iðnrh. hafi ekki verið í salnum. Ég vil í örstuttu máli segja honum hvað gerðist. (Gripið fram í.) Jú, ég vil fá svar við þessu. Á meðan allshn. sat á fundi um mál varð málið að lögum. Ég vil fá svar við því, áður en ég fer af þessum fundi hver verða endalok þess máls. Ég vil lýsa því yfir að ég hyggst ekki sitja hér miklu lengur. Hvort tveggja ber til að ég hef lítinn áhuga á því máli sem hér er til umr. og annað að ég hef minni áhuga en áður á að sýna stjórnarliðinu þá drenglund að flýta fyrir afgreiðslu mála eftir þá meðferð sem mál fengu hér í kvöld, en það orsakast auðvitað ekki af neinu öðru en ofþreytu allra sem hér eru viðstaddir.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Auðvitað er samkomulagi háð hvenær þingi er slitið, og menn geta haldið áfram að spyrja hvenær þingi eigi að ljúka, í maílok, júnílok og svo áfram. En hv. þm. spurði um afdrif 2. dagskrármálsins — og það er um þingsköp, herra forseti. (**Forseti:** Það er nú forseta að svara fyrir það.) Um? (**Forseti:** Um þingsköp í því efni.) Í því efni, já.

Þegar frv. gengur milli deilda til einnar umr. gengur það formálalaust til nefndar. (**GHelg:** Gerði það það?) Það hef ég úrskurðað áður sem forseti Nd. Ef það á að takast inn á dagskrá þarf afbrigða við ef n. ekki skilar áliti. Nú vildi þannig til, skilst mér, að n. hafði ekki lokið störfum um málið, en málið var samt tekið á dagskrá. En athugasemd var ekki gerð um að málið yrði tekið til umræðu, þannig að hér var ekki um þingsköp að tefla, heldur afgreiddi forseti með löglegum hætti málið sem lög frá Alþingi. Sú atkvæðagreiðsla og afgreiðsla verður ekki endurtekin, þannig að lokaafgreiðslan um þetta hefur farið fram, á því er enginn vafi, en mistök, sem forseti er alveg ábyrgðarlaus um, hafa kannske átt sér stað í meðferð málsins áður en lokaafstaðan er skýr.

Ég ætla svo ekki að blanda mér í þrætur um þingsköp og málsmeðferð og þinglok yfirleitt, um slíkt semja menn og ef nauðsyn ber til verða menn að gefa sér tíma til þess að sinna þingstörfum umfram allt. Þannig hefur þetta verið um langa hríð, og bitnaði það nú á ýmsum hér á næstliðnum árum að þungt var þetta í vöfum og erfitt og orkaði tvímælis hvernig þinglok yrðu, en það endaði þá með því að gott samkomulag náðist.

Forseti (Ingvar Gíslason): Í framhaldi af þessum orðaskiptum sér forseti ástæðu til að taka nú af sinni

hálfu til máls um þetta sérstaka mál sem rætt var hér fyrr á fundi í kvöld. En það skeði á fundi þessarar hv. deildar að gerðar voru athugasemdir við þingsköp í þá veru að ekki hefði af forseta hálfu þess verið gætt að fá þingnefnd til nýrrar athugunar frv. sem endursent hafði verið Nd. vegna breytinga í hv. Ed. Þeirri kröfu var hreyft að atkvgr. um þetta mál, þ. e. um frv. til lögræðislaga sem hér er á dagskrá þessa fundar, yrði tekin aftur og málinu vísað til allshn. Forseti hefur tekið sér frest til að kanna sem allra nánast réttmæti þessarar kröfu og efni þessa máls. Að lokinni þeirri athugun telur forseti að ekki sé efni til að endurtaka þessa atkvæðagreiðslu. Það verður ekki séð að neinir formlegir meinbugir hafi verið á atkvgr. né þeirri yfirlýsingu forseta að málið hafi verið samþykkt sem lög frá Alþingi. Fyrir forseta var ekki lögð ósk um að vísa málinu til n. auk þess sem telja verður að með atkvgr. hafi þd. og þdm. ekki gert kröfu um slíka málsmeðferð. Þegar svo stendur á hefur forseti á valdi sínu að láta mál ganga fram án þess að því máli sé vísað til n. Með skírskotun til þessa úrskurðar forseti að atkvgr. skuli standa, svo og sú yfirlýsing að málið hafi verið afgreitt sem lög frá Alþingi.

Að öðru leyti og af sanngirnisástæðum vill forseti lýsa yfir því að honum þykir mjög miður að svo skyldi þurfa að fara að hv. 10. landsk. þm. var ekki viðstödd þegar atkvgr. fór fram, og það því fremur að hv. þm. Guðrún Helgadóttir var í góðri trú um að þetta mál fengi ekki svo skjóta afgreiðslu sem raun bar vitni. Um það atriði var forseta þó alls ókunnugt og var hann því einnig í sinni góðu trú um að hv. þdm. sættu sig við málsmeðferðina eins og að hún var.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. greindi svo frá áðan, að ég skildi, að samkomulag væri milli þingflokka um að ljúka þingi n. k. laugardag. Ég kannast ekki við að hafa staðið að slíku samkomulagi í þingflokki Alþfl., samkomulagi um að ljúka þingi n. k. laugardag. Hitt skal fram tekið, og ætti raunar öllum að vera ljóst, að þingflokkur Alþfl. hefur nú sem fyrr leitast við að sýna tillitssemi, lipurð og góðvild í þingstörfum til að létta undir með hæstv. ríkisstj. í þeim mörgu tilfellum sem þess hefur þurft með til að koma málum hér áfram. En það ber ekki að líta á það sem samþykki þingflokks Alþfl. við því að ljúka þingi n. k. laugardag. Formaður þingflokksins, hv. þm. Eiður Guðnason, og formaður flokksins, hv. þm. Kjartan Jóhannsson, hafa báðir ítrekað það oftar en einu sinni að Alþfl. líti svo á að þing eigi að sitja þann tíma sem það telur sig þurfa til að ljúka málum með eðlilegum hætti. Það kallast ekki, að mati þingflokks Alþfl., að afgreiða mál með eðlilegum hætti, sem hér liggja fyrir til afgreiðslu, að slíta þingi á n. k. laugardag. Ég kannast ekki við þetta, hæstv. forsrh.

Það má vel vera að hæstv. forsrh. hafi „boðið upp á það“, eins og hann orðaði það, að hafa mánudaginn upp á að hlaupa. Það er naumast að það þarf að hraða þingslitum. Það getur hlaupið á einum starfssólarhring. Svo sagði hæstv. forsrh. að hann hefði haldið þrjá til fjóra fundi með formönnum þingflokka og dreg ég ekki í efa að það sé rétt, en mér vitanlega, og tek ég þá undir það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. varaforseti deildarinnar, sagði hér áðan, hefur ekki komið frá hæstv. ríkisstj., eins og kannske oftast áður, ákveðinn listi með þeim málum sem hæstv. ríkisstj. teldi að þyrfti að afgreiða áður en þingi lýkur. Sá listi hefur ekki enn, það ég best veit a. m. k., verið birtur þingflokki Alþfl. endanlega. Menn fengu á sínum tíma lista með nokkrum tugum, kannske allt upp í hundrað málum, en auðvitað var það ekkert endanlegt.

Svo segir hæstv. forsrh.: Auðvitað tekst ekki að ljúka þingi á laugardag ef þm. setja hér á langar tölur og virða ekki samkomulag. Það er alger óhæfa, hæstv. forsrh., að tala með þessum hætti. Það er auðvitað lágmarkskrafa óbreyttra þm., ég tala nú ekki um þeirra sem lítt eða ekkert hafa fylgst með því máli sem hér er nú á dagskrá og til umr., að þeir fái tíma til að ræða málið með eðlilegum hætti, burtséð frá þeim skoðunum sem þeir á því hafa, það er allt annað mál. Meira að segja ég, sem a. m. k. hef fengið að fylgjast nokkuð með málinu þó að ég sé ekki samstíga þeim sem vilja keyra málið hér áfram, síður en svo, tel mig þurfa tíma, og ætla að taka mér tíma, til að ræða þetta mál.

Það er auðvitað enginn vandi, eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði hér áðan, að ljúka öllum störfum þingsins á morgun ef menn fá ekkert að tala og þingið á að vera afgreiðslustofnun fyrir hæstv. ríkisstj. (**ÓE:** Ég sagði það ekki, þm. góður.) Hv. þm. sagði að það væri enginn vandi og óskaði eftir samkomulagi um að ljúka nú þessari umr. Umr. sjálf er búin að standa í rúma tvo klukkutíma um þetta stórmál sem þeir sem að því standa telja það vera. Hann bætti svo við: menn taki sér hóflegan tíma við 3. umr. svo henni geti lokið innan tiltölulega stutts tíma. — Ég tel það gersamlega útilokað og nánast óhæfu að ætlast til þess af þm. að þeir nánast þegi í máli sem þessu, gersamlega útilokað og ástæðulaust. Kannske þeir, sem að þessu máli standa hér, hafi gert ráð fyrir því að málið færi fljótlega í gegnum umr. af því að þeir sem hvað mest hafa nú talað hér í þinginu undanfarna fundi hafa ekki látið í sér heyra. Kannske það hafi verið ástæðan fyrir því að menn töldu að málið gengi fljótt hér í gegnum umr. að hv. þm. Svavar Gestsson, sem hvað mest hefur látið í sér heyra undanfarin kvöld, hefur ekki opnað munn í þessu máli í kvöld og meira segja láta þeir sem mest keyra á þetta mál og kvöldfundi og næturfundi ekki sjá sig innan þingdeildarinnar.

Menn skulu ekki reikna með því að þetta mál verði keyrt hér í gegn svo til umræðulaust, enda víðs fjarri að nokkur ástæða sé til þess. Ég tek undir með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, og erum við þó ekki oft sammála, að ég held að menn séu fastir í gamalli hefð og telji sig nauðbeygða til þess að verða að komast heim fyrir sauðburð. (**Iðnrh.:** Þær eru löngu byrjaðar.) Það var ekkert sagt um að hann væri ekki byrjaður. Þeir telja sig þurfa að komast heim fyrir sauðburð, hæstv. iðnrh., það er allt annað mál að þeim hefur ekki tekist það enn.

Ég held að menn verði að krefjast þess af Alþingi, að minnsta kosti krefst almenningur í landinu þess, að það taki sér tíma til að ljúka með skikkanlegum hætti afgreiðslu þeirra mála sem hér liggja fyrir. Nógu langt hygg ég að almenningur telji sumarfrí alþm. þó að menn séu ekki næstum því upp á klukkutíma að fastsetja þann dag sem þingið á að sendast heim vegna annarlegra ástæðna að mínu viti. Því hefur ekki verið mótmælt hér af neinum, sem ég sagði áðan, að hin raunverulega ástæða er sú hversu margir hæstv. ráðh. þurfa að bregða

sér bæjarleið í næstu viku. En það eru ekki gild rök og engar ástæður fyrir því að senda Alþingi heim, nema þá því aðeins að því hafi tekist að ljúka störfum með skikkanlegum hætti.

Enn ítreka ég þá ósk og raunar áskorun til hæstv. forseta að hann virði nú okkur vesalingana hina, sem ekki höfum spjótin á honum daglega og keyrum hann áfram, að hann virði okkar ósk og beiðni að þessu sinni og láti þá þremenninga sem hann upplýsti að hann hefði nánast á bakinu til þess að knýja þetta mál og keyra hér í gegn ... (**Gripið fram í:** Hverjir voru það?) Það var upplýst áðan, hv. þm., og hefði þm. verið inni, sem hann ekki var og hefur ekki verið í kvöld, hefði hann heyrt það, en það er sjálfsagt að endurtaka það fyrir hv. þm. af því hann er farinn að geispa. Hæstv. forseti upplýsti það hér áðan að þingflokksformenn a. m. k. þriggja flokka hér á Alþingi ... (Gripið fram í.) Ég var ekki að segja það, hv. þm., og sem betur fer kannske í þessu tilfelli. Nógu er nú málið slæmt þó ekki bættist það við. Það voru þingflokksformenn Sjálfstfl., Alþb. og Framsfl. Væntanlega mótmælir hv. þm. Svavar Gestsson því, sé það ekki rétt. Ég met það svo að hv. þm. hafi ekkert lastað það þó að þessi krafa hafi verið gerð til forseta, en vonandi met ég þetta rangt og þá óska ég þess að hv. þm. Svavar Gestsson komi hingað upp og skýri frá því að hann leggi enga áherslu á að þetta mál verði afgreitt á þessu stigi. — En það eru þessir aðilar, hv. þm., sem forseti upplýsti að keyrðu á þetta mál með þessum hætti þannig að það er upplýst.

Enn óska ég eftir því að hæstv. félmrh. þegi ekki þunnu hljóði þriðja skiptið sem hann er um það beðinn að láta álit sitt í ljós um hvort honum finnist þessi vinnubrögð gagnvart starfsfólkinu, sleppum þm., gagnvart starfsfólki þingsins eðlileg miðað við lögin um lágmarkshvíldartíma. Nú er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins, sem átti stóran hlut að setningu þessarar löggjafar, kominn í salinn og vonandi væri að hann fengist þá upp úr stólnum til að segja sitt álit. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann mundi ekki vilja fresta ræðu sinni þar til forseti kallar saman fund að nýju eftir að hafa frestað honum um stund til að ræða þessi mál.) Að sjálfsögðu skal ég verða við því, hæstv. forseti. (**Forseti:** Forseti hefur ákveðið að fresta þessum fundi um stund þannig að mönnum gefist tækifæri til að ræða þessi mál.) (**Iðnrh.:** Leyfðu honum að ljúka ræðu sinni. Hann er alveg að verða búinn.)

Hæstv. forseti. Ég skal ljúka þessu með því að ítreka enn að ég óska eftir áliti hæstv. félmrh. á þeim vinnubrögðum sem hér er beitt gagnvart starfsfólkinu. (**Iðnrh.:** Hann er alveg samþykkur þeim.) Hafi hæstv. iðnrh. umboð hans í þessu efni sem og kannske fleirum ... (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann vildi ekki fresta ræðu sinni þar til að loknum frestinum.) (**Iðnrh.:** Hann er búinn. Hvers slags er þetta?) Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ræðumanni sem hefur nú orðið sé ekki heimilt að svara frammíköllum hæstv. ráðh. Það væri lágmarkskurteisi við ræðumann að fá að svara frammíköllum hæstv. iðnrh. og fyrrv. hæstv. forseta Nd. (**Iðnrh.:** Þetta er rétt.) En ég heyri að hæstv. félmrh. er búinn að biðja um orðið, þannig að það hefur tekist að fá hann hingað upp.

Efri deild, 105. fundur.

Föstudaginn 18. maí, kl. 2 miðdegis.

Iðnlánasjóður, frv. 265. mál (þskj. 504). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1030).

Hitaveita Suðurnesja, frv. 271. mál (þskj. 951). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1031).

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 327. mál (þskj. 679). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1032).

Sala hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, frv. 328. mál (þskj. 680). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1033).

Um þingsköp.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. forseta fyrir afgreiðslu þessara fjögurra mála, 2.—5., hv. 4. þm. Vestf., formanni iðnn., og iðnn. svo og hv. þingdeild fyrir frábæra afgreiðslu á þeim málum sem til míns friðar heyra, og verður nú að athuga, þótt ég hafi ekki átt þess kost að eiga sæti í Ed. alla mína þingtíð, að við 11. landsk. þm. skiptum á næsta kjörtímabili.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Forseti er sannfærður um að hv. þdm., sem áttu þessar þakkir, taka við þeim með þökkum.

Það væri synd að segja að það sé ekki kominn

vorhugur í þingheim hér í hv. Ed., enda fer senn að líða að því að kúnum verði hleypt út. Hv. 11. landsk. þm. hefur beðið um orðið, væntanlega ekki í tilefni af þessum orðum, og ætlar að taka til máls um þingsköp.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Það er aðallega vegna þess að ritari hér í hv. deild heyrði ekki orð mín áðan, sem ég viðhafði úr sæti, og hvatti mig til að taka það skýrar fram að ég kom hingað upp, en þau hafa að sjálfsögðu fallið í tilefni af orðum hæstv. iðnrh. þar sem hann hafði orð á því að hafa skipti við mig á deild á næsta þingi. Mér þykir vert að hér komi skýrt fram að það er ekki þar með sagt að hann geti í okkar samskiptum ætíð valið betri bitann.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. 340. mál (þskj. 868 (sbr. 736), n. 934, 945). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:4 atkv.
2. gr. samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DA, EgJ, EKJ, JHelg, LJ, HÓ, JK, VI, ÞK, AG, ÁJ, SalÞ.

nei: EG, HS, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Með samþykkt þessarar greinar er stigið stórt skref aftur á bak í menntunarmálum þessa lands og í reynd verið að afnema jafnrétti til náms. Ég segi nei.

3. gr. samþ. með 12:1 atkv.
4.—7. gr. samþ. með 12:5 atkv.
8.—10. gr. samþ. með 12:8 atkv.
11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 12:8 atkv.
15.—16. gr. samþ. með 12:4 atkv.
17.—18. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
19.—21. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 12:5 atkv.
23.—24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, EgJ, JHelg, LJ, HÓ, JK, VI, ÞK, AG, DA, SalÞ.

nei: EG, EKJ, HS, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lárus Jónsson: Virðulegi forseti. Vegna auglýsingar Seðlabankans í gær um lækkun endurkaupa afurðalána af viðskiptabönkunum samþykki ég þetta ákvæði í trausti þess að ríkisstj. beiti því með mikilli varúð að bindiskyldan verði lækkuð á móti minni endurkaupum Seðlabankans. Ég segi já.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Í umræðunum sem hér fóru fram í gær um þetta mál gat ég þess að 26. gr. frv. færi mjög fyrir brjóstið á mér vegna þeirrar tilkynningar sem komin var frá Seðlabanka um endurkaup á afurðavíxlum, en í trausti þess að ríkisstj. vinni að breytingu að þeim málum og beiti af hógværð a. m. k. 26. gr. segi ég já.

27. gr. samþ. með 12:7 atkv.
28. gr. samþ. með 12:7 atkv.
29. gr. samþ. með 11:7 atkv.
30. gr. samþ. með 11:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég veit að sökin á þessum töfum liggur ekki hjá hæstv. forseta, en ég verð að telja þetta í hæsta máta óeðlilegt. Hér var gengið frá ákveðnum málum í nótt í lok fundar í Nd. og um það rætt að hér yrði stefnt að að ljúka fundum klukkan sjö. Menn lýstu sig reiðubúna til að vinna að því samkomulagi. Ef stöðugt á að slíta þennan dag sundur með einhverjum saumaklúbbsfundum í guð veit hvaða málum, þá sé ég ekki fram á að við getum lokið verki á tilsettum tíma. Samt sem áður erum við nánast skuldbundin til að gera það út af starfsfólkinu hérna því við getum ekki ætlað því það að vinna hér enn eitt kvöldið til viðbótar. Ég vil því biðja hæstv. forseta að koma því til skila til forráðamanna flokkanna að þeir reyni að koma sér saman um þau mál sem þeir virðast ekki geta komið sér saman um, þannig að við getum gengið hér til starfa með eðlilegum hætti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Já, það væri kannske oft full ástæða til að menn hefðu með sér prjónana til að róa taugarnar á síðustu dögum þingsins, en sá siður er ekki kominn upp enn. Hver veit hvað gerist á tímum jafnréttis. En ég vil upplýsa að það eru ekki þingflokksfundir fram undan um ein eða önnur mál heldur, eins og ég sagði, þarf forseti að gefa sér tíma til að átta sig á þeim málum sem við þurfum að taka hér á dagskrá, eins og allir hv. þdm. vita að við þurfum að gera. Sú er ástæðan fyrir þessari frestun. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir að hann tók það fram að þetta væri skiljanlegur frestur þrátt fyrir allt.

Efri deild, 106. fundur.

Föstudaginn 18. maí, að loknum 105. fundi.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. 340. mál (þskj. 868 (sbr. 736)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, DA, EgJ, EKJ, LJ, HÓ, JK, VI, ÞK, AG, SalÞ.

nei: EG, HS, KSG, KolJ, SDK, SkA, StB.
2 þm. (JHelg, RA) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1038).

Hafnalög, frv. 136. mál (þskj. 972 (sbr. 763), n. 1024). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Svo sem þskj. bera með sér hefur hv. Nd. gert till. til breytinga á hafnalagafrv. eins og það var afgreitt héðan frá þessari deild. Þessar breytingar eru að vísu misjafnlega efnismiklar. 1. og 2. brtt. Nd. eru að sjálfsögðu ekki mjög mikilvægar, en aftur á móti bætist við ein grein sem veitir höfnum mikil réttindi ef fjármagn er til staðar. Og með því að það virðist liggja á lausu í Nd., þótt okkur hafi ekki verið kunnir þeir sjóðir hér efra, þá hefur samgn. Ed. orðið sammála um að mæla með frv. eins og það kom aftur til baka hingað í þessa virðulegu deild frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1040).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 902 (sbr. 765), n. 1012 og 1015, 1016, 1017, 1018). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég vil fyrst að gefnu tilefni taka undir þá gagnrýni, sem hér kom fram í deildinni og hefur raunar víðar komið fram, á þau vinnubrögð sem menn hafa neyðst til að viðhafa í þinginu þessa síðustu daga. Ég vil segja að það eigi ekki síst við um meðferð þess máls sem hér er til umr.

Nú vill e. t. v. einhver halda því fram að meiri hl. n. hafi verið í lófa lagið að ákveða að þetta mál fengi lengri umfjöllunartíma í nefnd. Það varð þó að ráði og ég vil taka fram í góðu samkomulagi í nefndinni að ljúka afgreiðslu málsins úr nefnd. Í því sambandi vil ég þakka hv. meðnm. fyrir þá samvinnu og þann samstarfsvilja sem þeir sýndu. Verður ekki annað sagt en þeir hafi sýnt dæmafátt umburðarlyndi í garð okkar stjórnarliða, þeirra sem hafa það hlutskipti kannske öðrum fremur að ýta á eftir þeim málum sem hæstv. ríkisstj. hefur á sinni könnu.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki í minni framsögu fara að rekja þetta mál sem er nokkuð viðamikið. Það er örskammt síðan hæstv. félmrh. mælti fyrir málinu hér í deildinni. Ég veit að hv. þm. er vel kunnugt um meginefni þessa frv. og jafnframt um þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. Ég tel því hvorki ástæðu til þess að fara að rekja efnisþætti frv. eins og það var upphaflega lagt fram né heldur þær brtt. Enda þótt frv. hafi fengið mjög skamma umfjöllun í félmn. Ed. dettur mér ekki í hug að halda annað en að hv. þm. hér í Ed. hafi fylgst með umfjöllun málsins. Svo lengi var það til meðferðar í Nd. Ég geri ekki ráð fyrir öðru en málið hafi margsinnis verið rætt í þingflokkum og jafnan á hverju umræðustigi eins og það var í deildinni. En ekki fleiri orð um það.

Tveir ágætir gestir komu á fund félmn., þeir Sigurður E. Guðmundsson og Jóhann Einvarðsson, og veittu nefndinni upplýsingar um þetta mál. Eins og fram kemur í nál. leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþykkt óbreytt frá afgreiðslu þess í Nd. Undir nál. rita auk mín: Salome Þorkelsdóttir, Valdimar Indriðason, Egill Jónsson.

Minni hl. félmn. gerir að sjálfsögðu grein fyrir sínu áliti og þeim brtt. sem minni hl. flytur.

Frsm. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Hér væri vissulega ástæða til þess að setja á langa tölu. Þetta mál er þess eðlis að næstum hver einasta grein þess er þess verð að hún fengi nokkra umfjöllun af hálfu þessarar hv. þd. Ég hef hins vegar ekki hugsað mér að lengja fundi þd. umfram það sem nauðsynlegt er til þess að koma á framfæri áliti okkar í minni hl. félmn. og hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar sem þar er áheyrnarfulltrúi og er samþykkur þeim brtt. sem við flytjum sameiginlega með örfáum orðum. En ég kemst þó ekki hjá því að benda á viss atriði núna við lokaafgreiðslu þessa máls.

Í fyrsta lagi er ljóst — og kom enn skýrar fram en áður í viðtölum við þá ágætu gesti sem hv. frsm. meiri hl. gat um að hefðu komið á okkar fund — að fjármagnsóvissan er meiri nú en nokkru sinni. Það er enda vitað að nú er verið að taka erlend lán til þess að fylla upp í þá vöntun sem er hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og enn vantar að sögn hv. varaformanns Sjálfstfl. nokkur hundruð millj. til þess að unnt sé að standa við hugsanlega fjárþörf á þessu ári. Það mun trúlega verða nokkuð rétt sem hæstv. fjmrh. sagði hér í haust að menn yrðu bara að gera svo vel og bíða og fresta sínum framkvæmdum því að lán yrðu ekki tiltæk á þessu ári.

Í öðru lagi og í beinum tengslum við þetta er greinilegt að hið félagslega íbúðakerfi á ekki upp á pallborðið hjá stjórnvöldum nú. Það kom líka fram hjá þessum gestum okkar að ekkert nýtt er þar að gerast á þessu ári. Engar nýjar framkvæmdir á sviði félagslegra íbúðabygginga eru leyfðar á þessu ári og stórfelldur dráttur er á þeim verksamningum sem þegar hafa verið gerðir varðandi verkamannabústaðina, eða það sem nemur a. m. k. 25%.

Þriðja atriðið sem ég ætla rétt að impra á kemur einnig fram í áliti okkar í minni hl. og varðar húsnæðissamvinnufélögin og þá grátlegu sögu. Sú saga er ekki einu sinni grátbrosleg þó hún hafi verið það með köflum sem liggur að baki því máli í hv. Nd. Alþingis, sú meðferð sem hæstv. félmrh. fékk þar af hendi hv. formanns Sjálfstfl., Þorsteins Pálssonar, sem veitti honum verðuga ráðningu og sýndi honum í ríkum mæli húsbóndavald sitt yfir þessari ríkisstj. í Nd. Hv. þm. Þorsteinn Pálsson gerði það reyndar einnig með því — og kem ég þá að því sem hv. frsm. meiri hl. gat um áðan — að neita tilmælum hæstv. félmrh. algerlega um það

að hafa minnsta samráð við nefnd Ed. sem átti að fjalla um þetta mál að nokkru samhliða skv. ósk hæstv. ráðh. Þetta húsbóndavald hv. þm. Þorsteins Pálssonar kemur okkur að vísu ekkert á óvart og við erum ekkert hissa á því heldur að þeir hv. þm. Framsfl. samþykki það. Það getur nefnilega verið og kemur kannske í ljós enn á ný nú á eftir að þeir fái nokkuð fyrir snúð sinn þrátt fyrir allt.

En nál., sem við höfum undirritað hér, hv. þm. Stefán Benediktsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og hv. þm. Karl Steinar Guðnason er samþykkur, er þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hl. félmn. harmar þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við afgreiðslu þessa þýðingarmikla stórmáls. Enginn tími hefur gefist til nefndarstarfa sem stafar af því að félmn. Nd. hafði ekkert samráð við nefndina í Ed. Slíka hraðafgreiðslu átelur minni hl. harðlega.

Undirritaðir vilja þó ekki í neinu hindra framgang þessa frv. þar sem fjölmörg atriði horfa þar til bóta.

Víða er þó um fögur fyrirheit ein að ræða sem allsendis óljóst er um efndir á nú og í náinni framtíð. Fjármögnunarhliðin er hvergi nærri tryggð sem skyldi og þyrfti. Minni hl., eða einstakir nm. minni hl., munu freista þess að ná fram breytingum þeim á frv. sem taldar eru brýnastar.

Ekki er unnt að gera þessu máli nein viðhlítandi skil á svo skömmum tíma. Í nál. skal aðeins stiklað á áhersluatriðum, auk þess sem undirritaðir leggja áherslu á fjármögnunarþáttinn og betri tryggingu hans.

Vægi félagslegra íbúðabygginga í húsnæðiskerfinu verði stóraukið. Öflugur stuðningur verði veittur þeim sem nýrra leiða leita í húsnæðismálum, svo sem húsnæðissamvinnufélögunum.

Viðbótaraðstoð við hinn almenna húsbyggjanda verði tryggð sem allra best, þar taki bankarnir á sig sína eðlilegu hlutdeild og þáttur lífeyrissjóðanna verði samræmdur húsnæðiskerfinu sem best.

Að öðru leyti áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja saman eða sjálfstætt einstakar brtt."

Undir þetta rita nm. minni hl. félmn. og Karl Steinar Guðnason er samþykkur þessu áliti minni hl.

Á þskj. 1016 eru endurfluttar nokkrar brtt. — þó mjög fáar — af þeim sem voru fluttar í Nd. Alþingis. Þær eru fluttar af okkur fulltrúum minni hl. hér í deildinni. Ég ætla ekki að gera grein fyrir þeim efnislega, aðeins að nefna það að sú fyrsta er varðandi endurbótakostnað og orkusparnað. Þar er lagt til að Húsnæðisstofnun fái sérstakan stuðning til að stuðla að orkusparnaðarbreytingum á íbúðarhúsnæði.

Í sambandi við 2. gr. eru sett inn skýrari ákvæði um greiðsluáætlanir Byggingarsjóðs ríkisins og nú eru allir vextir af húsnæðislánum lögákveðnir. Hér er gert ráð fyrir því að ríkisstj. ákveði vexti Byggingarsjóðs ríkisins að öðru leyti en því að lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og til fatlaðra vegna sérstakra breytinga á íbúðum verði vaxtalaus.

Í 3. brtt. er lagt til að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna verði lögbundnir 0.5%.

Síðasta brtt., sem er kannske þýðingarmest og við leggjum mesta áherslu á, er um það að lánað verði til verkamannabústaða 90% lán eins og verið hefur. Þetta læt ég nægja, virðulegi forseti. Það eru ýmsar ástæður sem valda því að ég ætla ekki að flytja lengri ræðu hér, ekki bara vegna þessa máls heldur vegna annarra mála sem hér eru á dagskrá. Þar af leiðandi stilli ég mig um það að gera frekari grein fyrir því mikla máli sem hér er á ferð og vissulega snertir hag manna í þjóðfélaginu meira en flest þau mál sem hér hafa verið til umr.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tek undir þá fordæmingu sem hér hefur komið fram frá fyrri ræðumönnum, á þeim vinnubrögðum sem höfð hafa verið í frammi varðandi afgreiðslu á þessu frv. Ed. hefur aðeins haft nokkrar klukkustundir til að fjalla um þetta mál, sem hefur verið svo mikið í umr. meðal þjóðarinnar og einkum hjá ungu fólki sem á erfitt vegna húsnæðisvandræða. Það er til mikillar skammar hvernig að þessum málum hefur verið staðið og er gersamlega óviðunandi fyrir Ed. að una þeim vinnubrögðum sem hér eru höfð í frammi.

Ég tel að það sé nauðsyn á því að í upphafi næsta þings verði gerð skipuleg áætlun um það hvernig þinghald skuli fara fram. Það verði skilgreint hvernig formenn nefnda eigi að vinna og hve langan tíma það tekur að fjalla um mál þannig að forsetar geti rekið á eftir málum. Það mætti hugsa sér þau vinnubrögð að formenn nefnda gæfu skýrslu mánaðarlega til forseta um gang mála, um fjölda nefndafunda og skýrslu um það hvernig málin eru stödd og forsetar mundu því í framhaldi af þeirri skýrslu geta rætt það hvernig afgreiða mætti mál.

Ég á ekki við það að illa hafi verið staðið að málum í þessari deild nema þá í undantekningartilvikum. Ég hef ekki undan mínum nefndarformönnum að kvarta en ég er hér að kvarta undan því hvernig staðið hefur verið að verki í Nd. Svo má og ætlast til að ríkisstj. beri fram sín frv. í tæka tíð, það séu ákveðin tímamörk á því ef meiningin er að koma málum í gegnum þingið. Ég ítreka það að einhvers konar skipulag verður að taka upp til þess að þessi vinnubrögð, sem hér hafa verið höfð í frammi á undanförnum þingum, eigi sér ekki stað. Það er mikil þörf á því að umr. fari fram um það hvernig mál eru afgreidd.

Ég ætla ekki að hafa langa ræðu um það mál sem hér er til umr., einkum vegna þess að fyrirhugað er að ræða hér annað mál sem ekki er síður brýnt. Það liggur fyrir að við, sem höfum fjallað um frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, höfum haft mjög skamman tíma. En við freistum þess þó að gera ýmsar brtt. til að gera tilraun til að forða því að frv. verði samþykkt eins meingallað og það er.

Megineinkenni þessa frv. er að ráðist er að hinu félagslega kerfi sem nú er til í húsnæðismálum og líka að fjármögnun þessa kerfis er öll úr lagi gengin. Ekki eru til fjármunir fyrir því sem verið er að heita fólki sem er mjög miður.

Fram kom í umr. í Nd., einkum um 33. gr. frv. hvar Búsetamönnum var ætlaður staður, að félmrh. var beygður í duftið hvað varðar hans skoðanir og varð að lúta því að formaður Sjálfstfl. felldi út þá grein sem félmrh. hafði lofað hinum fjölmennu samtökum Búseta að væri til þeirra. Gefin var út yfirlýsing af formanni Sjálfstfl. og einnig félmrh. sem hljóðar þannig:

„Félmrh. skipar nefnd til að gera tillögur um stefnumörkun varðandi byggingu leiguíbúða og semja frv. til laga um búseturéttarákvæði og kaupleigusamning. Stefnt verði að því að slíkt frv. verði lagt fram í byrjun

næsta þings."

Nú er það ljóst að félmrh. á undir högg að sækja í ríkisstj. og alveg eins eru líkur á því að þrátt fyrir að svona yfirlýsing hafi verið gefin verði ekkert úr framkvæmdum, það verði ekki staðið við þessa yfirlýsingu. Því gerum við í minni hl. till. um að þessi yfirlýsing verði fest í lögum, verði ákvæði til bráðabirgða og þannig verði þetta hjálpargagn fyrir félmrh. sem hann gæti notað í þessu máli. Ég vænti þess að þetta verði samþykkt.

Svo er annað sem við höfum ákveðið að gera brtt. um og það er við 9. gr. frv. og fjallar um fjármögnun þess. Þegar húsnæðislögin hafa verið rædd í þinginu á undanförnum árum, sem oft hefur skeð, hefur sú rödd heyrst að fjármögnun húsnæðislánakerfisins væri í miklum molum. Talsmaður fyrir þá skoðun hefur einkum verið hæstv. forseti Sþ. sem nú er, Þorv. Garðar Kristjánsson. Ég leyfi mér hér að taka upp till. sem er svo til alveg eins og þær tillögur sem hann hefur verið að flytja á undanförnum þingum og átalið menn mjög fyrir að samþykkja ekki. Því er það að ég vil eins og áður þegar ég hef verið meðflm. hans að þessum till. halda því fram að nú þurfi eins og fyrr að breyta þessum málum. Einkum varðar þetta framlög til Byggingarsjóðs ríkisins af innheimtum launaskatti og gerum við till. um að 2. tölul. 9. gr. orðist þannig:

„Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemur ⅔ hlutum af innheimtum launaskatti" sem þýðir að 2 stig af 3 fari í Byggingarsjóðinn. Og í b-lið segir: „Á eftir 2. tölul. komi nýr tölul. er verði 3. tölul. og orðist svo: Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum sem nemur eigi lægri fjárhæð en á vantar til að samanlagt framlag af launaskatti og fjárlögum ár hvert nemi 40% af fjármagnsþörf sjóðsins."

Ég gæti þulið hér upp ræður sem hafa verið fluttar til framsögu fyrir svona till. af öðrum. Ég held að ég láti það ógert nú vegna tímaskorts. Það er mjög freistandi að gera slíkt og rökstyðja það nánar með tilvitnun í fyrri ummæli þeirra sem nú ráða. Ég læt það ógert, eins og ég segi, vegna þess að ég tel nauðsynlegt að önnur mál, sem eru á dagskrá hér, komist sem fyrst að.

Ég legg enn á það áherslu að verði þessar tillögur samþykktar er séð fyrir fjármagnsþörf húsnæðiskerfisins mun betur en ella og ég legg áherslu á það líka að verði till. um ákvæði til bráðabirgða samþykkt sé það hjálpargagn fyrir félmrh. í þeirri baráttu sem hann á í innan ríkisstj. við þá sjálfstæðismenn sem eru andvígir því að Búseti fái lánveitingar.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Þetta frv., sem við erum að ræða nú, er eitt mikilvægasta málið sem komist hefur til afgreiðslu á þessu þingi. Húsnæðismál snerta hvern einasta mann og ráða ekki litlu um það við hvernig lífskjör fólk býr í reynd. Málið hefur verið til meðferðar í Nd. svo mánuðum skiptir eins og oft er búið að tæpa hér á og nú erum við að afgreiða það á nokkrum sólarhringum hér í Ed. Ég vil taka það fram út af orðum hv. frsm. meiri hl. félmn. áðan að þótt við stjórnarandstöðuþm. í Ed. viljum alls ekki koma í veg fyrir afgreiðslu þessa máls vegna þess að í því er ýmislegt sem er í rauninni skömminni skárra en núverandi skipan, þá hefur sú gagnrýni, sem fram hefur komið við þau vinnubrögð, þar með ekki fallið niður.

Þær breytingar frá núgildandi lögum, sem frv. felur í sér, eru flestar til bóta en ganga hvergi nærri nógu langt að mati okkar kvennalistakvenna. Það sem við Íslendingar þurfum á að halda er gerbreytt stefna í húsnæðismálum sem hafnar því að sá sé ekki maður með mönnum sem á ekki nokkur tonn af steinsteypu, gleri og timbri í fórum sínum. Í staðinn leggjum við áherslu á að fólk geti valið um það í hvers konar húsnæði það vill búa og hvort það vill eiga eða leigja, hvort húsnæðið er nýtt eða gamalt.

Um árabil hefur sú stefna verið ríkjandi að hvetja allan almenning til að byggja og byggja stórt. Lánum hefur verið beint til nýbygginga en kaup á eldra húsnæði hafa verið annmörkum háð. Þessi stefna kemur glögglega í ljós í 1. gr. frv. þar sem markmið laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins eru skilgreind, en þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið laganna er að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast eigið húsnæði."

Afleiðing þessarar stefnu hefur m. a. verið sú að ný hverfi hafa byggst upp, t. d. hér í Reykjavík, með undraverðum hraða. Skólar hafa yfirfyllst í nýju hverfunum meðan gömlu hverfin hafa ekki endurnýjast sem skyldi og skólar þar tæmst. Þetta hefur vitaskuld í för með sér afskaplega slæma nýtingu á opinberri fjárfestingu í þessum efnum.

Það sem er þó hvað alvarlegast í þeirri húsnæðisstefnu, sem hér hefur verið rekin, er fyrirhyggjuleysið. Nú eru að koma út á húsnæðis- og atvinnumarkaðinn stærstu árgangar sem fæðst hafa á Íslandi. Það hefði mátt sjá það fyrir, svo sem fyrir 20 árum, að holskefla væri í vændum, að mikil eftirspurn yrði eftir fjármagni til húsnæðiskaupa og við því yrði að bregðast með sérstökum ráðstöfunum og uppbyggingu. En ekkert var gert, því miður. Í staðinn hafa möguleikar fólks til að komast yfir eigið húsnæði versnað verulega á undanförnum árum þar sem lenging á lánum fylgdi ekki í kjölfar vísitölubindingar.

Það þarf vart að minna hv. þdm. á þá miklu umr. um húsnæðismál sem átt hefur sér stað í vetur. Hún ber þess vott að breytinga er þörf. Það veitir hins vegar ekki af að minna hv. þdm., held ég, á það að miklar breytingar hafa orðið á heimilishögum fólks. Fjölskyldan fer minnkandi og þau heimili verða æ fleiri þar sem aðeins er ein fyrirvinna, í flestum tilfellum konur. Hvernig eiga þær að eiga möguleika á að eignast þak yfir höfuðið á því láglaunasvæði sem Ísland er nú orðið? Allt kallar þetta á ný viðhorf og breytta stefnu. En hvernig ætlar ríkisstj. og hv. Alþingi að bregðast við?

Í kosningunum fyrir rúmu ári voru gefin mörg loforð og stór um endurbætur á húsnæðislánakerfinu. Hvað verður um efndirnar í frv. stjórnarinnar sem hér er til umr.? Lán úr Byggingarsjóði ríkisins lengjast um 5 ár og er það auðvitað til bóta. En eðlilegast væri að lánstími væri í samræmi við endingartíma húsa eða allt að 42 ár. Það verður einnig að fagna því að nú gefst fleiri aðilum kostur á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna, svo sem Félagsstofnun stúdenta sem m. a. gegnir því hlutverki að byggja húsnæði til leigu fyrir námsmenn.

En það eru einnig margir gallar á gjöf Njarðar, einkum hvað varðar fjármögnun lánakerfisins. Það er

að sjálfsögðu lítið gagn að því að opna Byggingarsjóð verkamanna ef sjóðurinn fær ekki aukið fjármagn til ráðstöfunar. Verkamannabústaðakerfið getur ekki fullnægt þörfinni eins og er og má síst við samdrætti. Sjóðurinn er enn langt frá því markmiði að byggja ⅓ af húsnæði í landinu og ekki verður séð að þeir tekjustofnar, sem honum eru ætlaðir, muni auðvelda honum að ná því markmiði sem kveðið er á um í frv. sjálfu. Fram hefur komið á fundum hv. félmn. í Ed. að Byggingarsjóður verkamanna muni ekki hafa bolmagn til að ráðast í neinar nýjar framkvæmdir á þessu ári og að vanda hans er að hluta til ýtt yfir á næsta ár.

Ég harma það að ekki skuli hafa verið skotið traustari fótum undir byggingarsjóðina, t. d. með því að leggja skyldusparnað á hátekjumenn í stað þessa gagnslausa skyldusparnaðar sem nú er viðhafður. Benda má á að þegar harðnar í ári verður lítið um afgang hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og óvíst um kaup hans á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Nær væri að eyrnamerkja ákveðna tekjustofna ríkissjóðs þannig að tryggt verði að byggingarsjóðirnir fái það fjármagn sem þeir þurfa. Hér eins og í flestum öðrum málum er um það að ræða hvaða verkefni eru efst á verkefnalistanum og hvað má bíða.

Húsnæðismálin ættu að vera forgangsverkefni fram yfir nýja flugstöð, seðlabankabyggingu og óhagkvæmar fjárfestingar í virkjunum og stóriðju þótt eflaust megi spyrja hvort ekki sé komið nóg af steinsteypufjárfestingum og tími til kominn að snúa sér að betri nýtingu og hagkvæmni. Ég efast ekki um að mikið mætti spara með ódýrari og hagkvæmari byggingum en nú eru reistar og með því að hvetja til samvinnu. En þar eru ríkisstjórnarflokkarnir við sama gamla heygarðshornið.

Meðferðin á Búsetamálinu í Nd. sýnir glöggt að engu á að breyta. Með stofnun búseturéttarfélaga sá fjöldi fólks loks möguleika á að reyna að komast í öruggt húsnæði á viðráðanlegan hátt, enda skipta félagsmenn þarna nú þúsundum. Mér er kunnugt um Íslendinga búsetta erlendis sem fóru að hugsa til heimferðar er þeim bárust fregnir um að nú væru að opnast möguleikar til að komast undir þak án þess að kosta bestu árum ævinnar í endalausan þrældóm, áhyggjur og botnlausar skuldir. En hrædd er ég um að þetta fólk verði fyrir vonbrigðum með þetta afkvæmi ríkisstj. sem nú er í burðarliðnum. Þeir eru nefnilega margir sem sætta sig ekki við ríkjandi húsnæðisstefnu þótt þeir hafi orðið að beygja sig undir hana því að mörgum finnst sem betur fer að lífið eigi að snúast um annað en steinsteypu.

Ég tel að þær hugmyndir, sem búa að baki þessu frv., séu margar hverjar úreltar og að í því hefði átt að leggja aðrar áherslur, svo sem að auðvelda til muna byggingu leiguhúsnæðis sem mikill skortur er á um land allt. En ég vil að lokum ítreka þá skoðun mína að brýna nauðsyn beri til að beina meira fjármagni inn í húsnæðislánakerfið yfirleitt.

Eins og er verður Húsnæðisstofnun ríkisins stöðugt að bjarga sér fyrir horn. Hún er í fjársvelti og meðan svo er fer engin stefnumótun þar fram eins og ætlast er til í lögunum og ég tel brýnt að breyting verði á. Þegar þarf að hugsa til framtíðarinnar, kanna það í hvernig húsnæði fólk vill búa, hversu mikil þörfin verður á næstu árum fyrir nýbyggingar og finna öruggar leiðir til að fjármagna húsnæðislánakerfið. Menn þurfa hér að opna hugi sína fyrir nýjum leiðum í húsnæðismálum. Það er ekkert náttúrulögmál eins og sumir virðast halda að Íslendingar verði að eiga sitt eigið húsnæði. Það bjóðast margir kostir sem öðrum þjóðum hafa staðið til boða og reynst vel. Og er ekki kominn tími til að Íslendingar fái líka að velja?

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þorstlátum þdm. vil ég benda á að þeir geta gengið hér út fyrir húsið ef þeir hafa tíma eða löngun og fengið sér Mangósopa til þess að halda upp á samþykkt þessa frv. Eru það félagar í félaginu Búseta sem bjóða upp á þennan nýlega lækkaða og mjög svo umtalaða drykk, en þessi drykkur tengist svo mjög náið afgreiðslu þessa frv. eins og ykkur öllum er kunnugt.

Virðulegi forseti. Það sem okkur þjáir núna er tímaleysi og þess vegna ætla ég ekki að teygja mál mitt hér. Búið er að koma á vit manna flestallri þeirri gagnrýni sem fram er komin um þetta frv. og ekki ástæða til þess að ég sé þar að bera í bakkafullan lækinn. Menn hafa gagnrýnt það tímaleysi sem hrjáði nefndarstörf Ed. í þessu máli. Af þeirri ástæðu hefur stjórnarandstaðan tekið þá mjög svo eðlilegu afstöðu að þar sem nægur tími hafi ekki unnist til að kynna sér frv. fyrir einstaka þdm. og nm. þá muni þeir sitja hjá við afgreiðslu allra annarra greina en þeirra sem að brtt. stjórnarandstöðunnar lúta. Það er bæði til að greiða fyrir afgreiðslu málsins þannig að við getum sem næst staðið við þær tímaáætlanir sem við höfum reynt að setja okkur og eins er þetta af þeirri ástæðu, eins og ég sagði áðan, að við höfum einfaldlega varla haft ráðrúm til þess að meta þetta frv. í einstökum liðum.

Þó að menn hafi gert athugasemdir við markmiðasetningu og það í innihaldi þessa frv. sem að framtíðinni lýtur þá er mjög margt í þessu frv. sem þó horfir til bóta frá því sem nú er og ekki ástæða til þess að tefja afgreiðslu þess af þeim ástæðum. Hérna bíða okkar á dagskrá mörg þung mál eins og ég á von á að 2. dagskrármál verði. Af þeim sökum ætla ég ekki að hafa þessa tölu lengri en minni, eins og ég gerði í upphafi orða minna, aftur á Mangósopann ef menn hafa löngun til.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tek til máls nú til að spyrja hæstv. félmrh., sem nú er hér staddur hvaða afstöðu hann hefur til brtt. sem minni hl. hér í deildinni hefur flutt til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, till. sem varðar þá yfirlýsingu sem hann og form. Sjálfstfl. gáfu og það ákvæði sem numið var brott úr stjfrv. því sem hafði verið samþykkt í ríkisstj. um að félagasamtökin Búseti fengju lánsrétt. Þetta er till. um ákvæði til bráðabirgða og er svohljóðandi:

„Félmrh. skal skipa nefnd til að gera till. um stefnumörkun varðandi byggingu leiguíbúða og semja frv. til l. um búseturéttarákvæði og kaupleigusamning. Stefnt verði að því að slíkt frv. verði lagt fram í byrjun næsta þings.“

Við lítum á þessa till. sem hjálpargagn félmrh. í baráttu hans við samstarfsmenn í ríkisstj. og samstarfsflokk sem beitti sér fyrir því að nema á brott ákvæði sem áður hafði verið samþykkt í stjórnarfrv.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Virðulegi forseti. Í sambandi við þá fsp., sem hér var borin fram, vil ég

aðeins taka fram, eins og kom raunar greinilega í ljós við lokaumr. málsins í Nd., að hér er um að ræða ákveðna aðgerð sem búið er að gera samkomulag um milli stjórnarflokkanna þannig að þessi nefnd verður skipuð núna strax þegar frv. hefur verið samþykkt. Það er yfirlýst stefna og búið er að staðfesta í umr. í Nd. að við þetta verður staðið. Að mínu mati væri sem sagt ekkert að því að setja þetta inn að öðru leyti en því að ég óttast það á síðustu augnablikum að það mundi kannske verða erfiðara að þurfa að taka þetta aftur upp í Nd. En það er staðfest samkomulag milli stjórnarflokkanna að að þessu verði unnið. Ég mun strax eftir að frv. verður samþykkt skipa þessa nefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Þar sem sýnt er að atkvgr. um þetta mál tekur sjálfsagt nokkurn tíma og þar sem samkomulag mun hafa verið gert í gær um að ljúka hér fundum um kl. 7 og hafa ekki kvöldfundi, — þó ég hafi að vísu ekki verið aðili að því samkomulagi skal ég engar brigður á það bera síður en svo, — þá vildi ég beina því til forseta hvort ekki mætti láta þessa atkvgr. bíða, fresta henni um stund vegna þess máls sem ég mun nú vekja athygli á.

Hér hefur um nokkurt skeið verið á dagskrá 71. mál Ed. Það var á dagskrá, virðulegi forseti, síðast í gær. Þá var komið fram nál. minni hl. í málinu, en þá kom fram ósk formanns n. um að málinu yrði frestað þar til meiri hl. hefði skilað nál. Enn hefur ekkert nál. borist og raunar hef ég haft af því spurnir, þótt óformlega sé, að ekkert nál. muni berast. Nú hefur virðulegur forseti sagt mér að þetta mál muni koma á dagskrá, en ég vil beina þeirri spurningu til forseta í ljósi þeirrar staðreyndar að talað hefur verið um að ljúka hér fundum klukkan 7 og mér er alveg jafnljóst og forseta að þetta mál þarf töluvert langa umr. hvenær megi vænta þess að þetta mál komi hér á dagskrá og hvort ekki sé alveg tryggt að málið fái þá lýðræðislegu meðferð að það gangi til atkvæða. Ég á hér við 71. mál, um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og þær till. sem komið hafa fram og fyrir liggja í málinu.

Ég spyr vegna þess að ég óttast að þau öfl hafi nú tekið völdin í þessu máli sem vilja ekki að það nái fram að ganga, sem vilja að það gerspillta viðskiptasiðferði eða siðleysi sem í ljós hefur komið á undanförnum dögum fái að líðast hér áfram, að neytendur verði fótum troðnir áfram eins og verið hefur. Ég óttast að þau öfl ráði hér ferðinni sem líkja mætti við nátttröll sem dagað hefur uppi á heiði eða eigum við að segja snjókarla á vordögum sem hafa kartöflur fyrir augu og gulrætur fyrir nef og finna ekki fnykinn af þeim ósóma sem hér er á ferðinni, og ég spyr hvort Sjálfstfl. fórni nú hagsmunum á altari Sambands ísl. samvinnufélaga, hvort Sjálfstfl., og þar undanskil ég ákveðna þm. sem ég veit að eru þessu ósammála, eins og hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, hæstv. fjmrh. og kannske fleiri, hvort Sjálfstfl. sé orðinn svo flæktur í hagsmunaneti Sambands ísl. samvinnufélaga, sem sést best á þessum dögum hvernig tvinnast saman við Framsfl. á hinu háa Alþingi, að flokkurinn megi sig hvergi hreyfa og hin mikilsverðustu mál nái ekki fram að ganga, hagsmunamál neytenda.

Ég ítreka spurningar mínar til virðulegs forseta um það hvenær megi vænta þess að þetta mál komi til umr. í þessari hv. deild, hvort ekki sé tryggt að málið muni látið ganga til atkv. þannig að þingviljinn komi í ljós eða hvort halda eigi áfram að beita einhvers konar ólýðræðislegum bolabrögðum. Þar á ég ekki við hæstv. forseta í neinu tilliti, en það eru önnur öfl, sem ráða ferðinni hér í þessu máli, sem koma í veg fyrir að þetta mál hljóti eðlilega umr. og eðlilega afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Ég gæti haft um þetta mörg orð fleiri, forseti, en í ljósi þess hvernig tíma okkar er háttað núna mun ég ekki hafa þau fleiri. En ég áskil mér allan rétt til að tala um þetta mál og þá þingsköp ef þörf krefur eins og mér þurfa þykir þegar þar að kemur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna fsp. hv. 5. landsk. þm. hef ég þau svör að gefa að þau mál sem eru hér á dagskrá munu væntanlega verða tekin til umr. eftir því sem tími gefst til til kl. 7 í kvöld. Ég vil í sambandi við það að hér verður ekki kvöldfundur minna hv. þdm. á þá umr. sem fór fram um þingsköp í upphafi fundar í gær. Vegna kvöldfundar þá var ákveðið að ekki yrði níðst frekar á vinnutíma hv. þdm. með því að halda aftur kvöldfund í kvöld. Það væri að meinalausu fyrir forseta að sitja hér áfram í kvöld, en það er af tillitssemi við hv. þdm. vegna gagnrýni þeirra svo og við starfsmenn þingsins að ákveðið var að hér yrði ekki kvöldfundur. Það eru hér þýðingarmikil mál á dagskrá, eins og ég veit að hv. 5. landsk. þm. er mér sammála um, það mál sem við ætlum nú að fara að greiða atkv. um og annað mál hér sem þarf væntanlega að fá afgreiðslu og komast aftur til Nd., 6. mál á dagskrá. Ég treysti mér ekki til annars en að reyna að koma þessum málum áfram. Þess vegna verður nú haldið áfram með dagskrána og atkvgr. fer þá fram um 4. dagskrármálið.

Egill Jónsson: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. En mér þykir vert að geta þess að ég fór ekki fram á að fundi yrði frestað hér í gær í skjóli meiri hl. í landbn. Ed. Alþingis. Þannig var við afgreiðsluna í gærmorgun og reyndar líka á þriðjudagsmorgun að í hvorugu tilvikinu mætti fullskipuð landbn. og með vissum hætti byggði ég afstöðu mína á mati nm. um afstöðu málsins. Það reyndist svo í rauninni strax eftir fundinn að ekki var stuðningur meiri hl. fyrir þeirri till. sem ég lagði til í n. Mér fannst af þessari ástæðu, og með því að þetta mál hefur verið unnið með sama hætti og önnur mál í þeim n. sem ég hef stjórnað í fullu samráði við minn þingflokk og mína forustumenn, að það yrði að fjalla um málið í þingflokki Sjálfstfl. áður en það yrði tekið hér til umr. Það var af þeirri ástæðu sem óskin um frestun kom fram. Það lá sem sagt fyrir að ekki var meiri hl., eins og ég hafði sagt, á landbúnaðarnefndarfundinum í gærmorgun fyrir þeirri till. sem ég bar þar fram. Í framhaldi af því hef ég ákveðið að halda fundi í landbn. Ed. Alþingis og leitast við að hafa hann fullskipaðan, annaðhvort í kvöld eða í fyrramálið, og væntanlega fást þá alveg skýrar niðurstöður í afstöðu n.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Mér finnst freklega gengið á rétt okkar nm. að okkur sé tilkynnt þetta nú. Okkur var tjáð í gærkvöld að það yrði skilað hér nál. og málið tekið á dagskrá. Síðan var spurt um þetta nokkrum sinnum í dag og málið á alltaf að koma til umræðu. Nú kemur hér upp formaður n. og tilkynnir okkur að þessu verði frestað til morguns. Er hér verið að reyna að drepa þetta mál niður á tímaskorti? Ég vil fá svör við þessu. Það er búið að vera að hæla stjórnarandstöðunni fyrir góð störf í n., en síðan er ekkert tillit tekið til okkar í okkar málum. Það er freklega gengið á okkar rétt.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég get verið mjög stuttorður. Mér sýnist að hér sé á ferðinni og í uppsiglingu meiri háttar þinghneisa, hvernig hér er að málum staðið. Ég tek það enn og aftur fram að ég er ekki á neinn hátt að sakast um við virðulegan forseta okkar deildar, en allur málatilbúnaður hér og hvernig að er staðið er meiri háttar þinghneisa. Ég vil enn og ítrekað spyrja virðulegan forseta: Er ekki tryggt að þau lýðræðislegu vinnubrögð verði hér í heiðri höfð að þetta mál fái að ganga til atkv.?

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð þeirra fundarmanna sem hér hafa talað á undan mér. Ég get ekki betur heyrt en þetta mál hafi verið tekið fyrir á fyllilega löglegum fundi og afgreitt með þeim hætti sem gerist í öðrum n. þó að þær séu ekki alveg fullskipaðar þegar málin eru afgreidd. Það er búið að skila nál. að hluta til út úr þessari n. og ég get ekki séð þeim aðilum neitt að vanbúnaði, sem ekki gátu tekið þátt í því áliti, að skila sínu áliti þannig að það geti fengið hérna þinglega meðferð. Mér sýnist að bolabrögð af þessu tagi hljóti endanlega að spilla mjög fyrir allri þeirri samvinnu og þeim góðvilja sem við þurfum á að halda til að koma málum hér í gegn. Ég vil skora á þá aðila sem hér eiga hlut að máli að reyna nú að endurskoða afstöðu sína í þessu og kanna hvort ekki sé hægt að fá fram það álit sem á vantar til þess að þetta mál geti komið hér til umfjöllunar. Ég veit ekki hvort það er alveg þinglegt, en vegna þess tímaskorts sem margumtalaður er hér vildi ég lýsa þeirri hugmynd minni að það væri hugsanlegt að fresta þeim stóru atkvgr., eins og í húsnæðismálafrv., sem fyrir liggja ef það gæti orðið til þess að vinna einhvern tíma, þannig að við gætum fjallað um þetta mál hér.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Eins og ég gat um áðan taldi ég nauðsynlegt að reyna að koma þessum stóru málum sem hér eru á dagskrá áfram til 3. umr. og einnig að reyna eins og hægt er að komast áfram með önnur dagskrármál. Ef ekki tekst að ljúka þeirri umr. verður henni haldið áfram á fundi sem væntanlega verður haldinn í fyrramálið. Ég vona að hv. þdm. geti sætt sig við þessa niðurstöðu því að ég veit ekki hvernig við eigum að komast áfram með málin ef við ætlum að láta þau stranda á atkvgr. Ég legg ríka áherslu á það og ég hef reynt að viðhafa þau vinnubrögð að afgreiða málin með atkvgr. strax og umr. er lokið. Ég tel að það séu hreinni og betri vinnubrögð þegar hægt er að koma því við. Ég vona því að hv. þdm. geti fallist á það. Hér er um að ræða stórt mál eins og ég sagði áðan. Ef okkur tekst ekki að ljúka umr. um 2. dagskrármálið og reyndar fleiri, t. d. 7. málið, munum við halda áfram með þá umr. í fyrramálið á þeim fundi sem væntanlega verður haldinn þá og hefur verið gert ráð fyrir að verði kl. 10. Að þessu sögðu vona ég að hv. þdm. sætti sig við þessi svör og að við getum nú tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið.

Hv. 5. landsk. þm. er ekki enn sáttur og ætlar að minnast á þingsköp einu sinni enn.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég hef tvisvar sinnum beint þeirri spurningu til forseta hvort ekki megi treysta því að þetta mál fái þá afgreiðslu að það gangi hér til atkvæða með eðlilegum hætti. Ég get ekki gert annað en ítrekað þessa spurningu enn einu sinni og vek athygli á því að við henni hefur ekki fengist svar. Enn einu sinni spyr ég: Geta þdm. ekki treyst því að 71. mál fái að koma til atkvæða í þessari hv. þd. með eðlilegum hætti? Ég beini þessari spurningu í þriðja sinn til virðulegs forseta og óska svars.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég vil — það er líklega í þriðja sinn — svara hv. 5. landsk. þm. því að málið er hér á dagskrá og það fær sína umfjöllun eftir ástæðum eins og málinu vindur fram þegar það kemur til umr. Frekar get ég ekki svarað. Og nú fer fram atkvgr. um fjórða dagskrármálið.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vænti þess að það fáist skýrara svar við fsp. hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Það er ekki nóg að fá þau svör að málið muni fá afgreiðslu. Við erum að spyrja að því hvort það verði látið ganga til atkv. Við höfum stytt mál okkar í dag og reynt að flýta fyrir þingstörfum, stytt mál okkar um þýðingarmikla málaflokka í því skyni að koma að því dagskrármáli sem hér er um deilt, dagskrármálinu sem nefnist Framleiðsluráð landbúnaðarins, og við væntum þess að sú tillitssemi sem við höfum sýnt hér verði metin á þann hátt að það mál sem við berum fyrir brjósti fái eðlilega afgreiðslu. Það er búið að bíða hér viku eftir viku. Þetta er mikið mál í þjóðfélaginu, mál sem skiptir alla neytendur miklu máli, og við hljótum að krefjast þess að fá skýr svör við því hvort meiningin er að svæfa þetta mál með einhverjum bolabrögðum, sem mér sýnist vera ætlunin, eða hvort það verður látið ganga til atkv. Það er ekki nóg að fá uppgefið að það muni fá venjulega afgreiðslu. Við erum að spyrja að því hvort það verði látið ganga til atkv., hvort rekið verði á eftir því nál. sem skortir og hvort við fáum hér í Ed. að taka afstöðu til málsins. Um það er spurt og það vantar svar.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Um þingsköp ætla ég aðeins að segja þetta, að ég á erindi í efnisumræðu um málið þegar það kemur á dagskrá. Hæstv. forseti hefur svarað eins og efni standa til, en ef hv. þdm. eru ekki ánægðir með þau svör verða þeir að ganga til þess að athuga um vilja meiri hl. Það vill svo einkennilega til að menn tala hér um bolabrögð í tíma og ótíma, en eigum við ekki fyrst að athuga hver verður vilji meiri hl. í þessu máli? Við svo búið hljóta menn að athuga hvort bolabrögðum er beitt eða ekki. (**EG:** Um það er ekki beðið.) Þegar málið kemur á dagskrá hlýtur að reyna á það. (**EG:** Við óskum eftir að það komi á dagskrá.)

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Það virðist vera erfitt að fá hér fram bein svör við þeim spurningum sem spurt er og þá langar mig til þess að orða þessa spurningu, sem hér hefur verið lögð fram, beinna en áður hefur verið gert: Er hægt að lokinni afgreiðslu þess máls sem átti að fara að ganga til atkvæða að fá 2. mál á dagskrá til umr. og atkvgr. að henni lokinni?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég hélt ég hefði talað nógu skýrt fyrir skömmu, en það virðist ekki vera. Ég vil enn og aftur upplýsa að ég tel að ég þurfi að taka fyrir 6. mál á dagskrá áður en það mál kemur til umr. sem hér er verið að ræða um, þ. e. 2. dagskrármálið, og því lengur sem tímanum er eytt í þessar þingskapaumræður þess meira styttist sá tími sem við höfum til að ræða um þau mál sem á dagskrá koma hér. En hv. 2. þm. Austurl. biður um orðið um þingsköp.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál, hvorki með þessum hætti né öðrum, því að ég veit að slíkar umr. sem þessar flýta a. m. k. ekki fyrir því máli sem brýnt er að komi hér einmitt á dagskrá og verði tekið til umfjöllunar. Ég tek það aðeins fram út af orðum virðulegs forseta að þegar virðulegur forseti segir að þetta mál muni fá venjulega umfjöllun við 2. umr. hlýtur það að þýða umr. og atkvgr. um málið í hvaða formi sem það er.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 902 (sbr. 765), n. 1012 og 1015, 1016, 1017, 1018). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1017 tekin aftur til 3. umr.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
10.—25. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1016,1 felld með 11:7 atkv.
26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
27.—29. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1016,2 felld með 12:7 atkv.
30. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
31.—48. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 1016,3 felld með 11:7 atkv.
49. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
50. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1016,4 felld með 11:7 atkv.
51. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
52.—85. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1018 felld með 12:7 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Nú eru aðeins þrír stundarfjórðungar eftir af fundartíma hér, eins og um var samið og ég minntist á áðan, og ég finn mig knúinn til að mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð, þ. e. að nú skuli tekið fyrir 6. mál á dagskrá sem ljóst er að þarf allítarlega umfjöllun hér í Ed. Það mun áreiðanlega ekki veita af þeim tíma sem eftir er fram til kl. 7 nú síðdegis til að fjalla um það mál. Hins vegar hefur verið hlaupið yfir 71. mál, þ. e. 2. mál á dagskrá deildarinnar, sem þó var búið að lofa að kæmi til umræðu á þessum fundi. Þetta eru algerlega óviðunandi vinnubrögð og ekki til þess fallin að greiða fyrir samstarfi um þingstörf á lokadögum þingsins. Ég legg á það þunga áherslu að það er algerlega óviðunandi frá mínu sjónarmiði hvernig hér er staðið að verkum núna og ég kemst ekki hjá því að segja að það sjónarmið mitt mun endurspeglast í afstöðu til annarra mála og afgreiðslu mála yfirleitt það sem lifir þingsins, ef beita á hér slíkum vinnubrögðum. Ég hef áður talað hér um þinghneisu. Ég held að við verðum alvarlega að gæta að okkur í vinnubrögðum ef svona á að halda hér áfram, ef svona á að fótumtroða rétt stjórnarandstöðunnar. Hæstv. iðnrh. talaði áðan um meiri hl. og minni hl. Við skulum láta liggja milli hluta hvort er hvað í þessu tilviki, en ég ítreka að hér er um að ræða vinnubrögð sem ég get ekki sætt mig við og sem eru gersamlega óviðunandi, að mér finnst, frá sjónarhóli stjórnarandstöðuflokks. Svona lagað er ekki hægt að líða. Ég geri mér alveg grein fyrir því að við þm. stjórnarandstöðunnar höfum kannske ekki mörg vopn eða mikla aðstöðu til að láta óánægju okkar í ljós með þessi vinnubrögð aðra en að tala hér um þingsköp og mér er það ekki sérstaklega geðfellt að eyða þessum fáu mínútum núna til þess, en ég finn mig knúinn til þess vegna þess að þessu er engan veginn hægt að una. Þetta getum við ekki sætt okkur við.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. 2. dagskrármálið á dagskránni á þessum fundi ber heitið Framleiðsluráð landbúnaðarins, 2. umr. Fyrir liggur álit 1. minni hl. n., en meiri hl. kom ekki fram í n. Málið er því hér til afgreiðslu. Ég tel það mjög einkennileg og óvenjuleg vinnubrögð ef á ekki að taka málið til umr. í dag. Við erum búnir að vera hér á fundi í allan dag frá því kl. 2, með nokkrum hléum að vísu. Það hefur sem sagt verið tækifæri til að taka málið á dagskrá. Ég skildi orðræður manna á s. l. kvöldi þannig, þegar þá komu fram óskir um að taka málið á dagskrá, að það yrði nú ekki þá vegna þess að meiningin væri að taka málið á dagskrá í dag. Þó að ég sé ekki aðili þessa máls og eigi hvorki sæti í nefndinni sem um það hefur fjallað né sé flytjandi þess, þá verð ég að taka undir með seinasta ræðumanni, hv. þm. Eiði Guðnasyni, að mér finnst það ekki við hæfi að fara þannig að að málið komist ekki til umr. á þessum fundi. Ég tek því mjög eindregið undir óskir hans.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég tek undir þau orð hv. þm. að það er leitt ef þetta mál kemst ekki til umr. fyrir fundarlok í dag, en við erum bara alltaf að tefja fundinn með umr. um þingsköp sem minnka sífellt líkurnar á því að okkur takist að ræða málið. Ef okkur tekst það ekki vil ég enn einu sinni ítreka að við tökum málið upp í fyrramálið ef okkur tekst ekki að ljúka umr. í dag.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég hef sem

aðrir dm. fylgst með þeim umr. sem hér hafa átt sér stað í sambandi við þingsköp og hvernig undan hefur verið gengið þeirri ósk að 2. mál á dagskrá yrði tekið fyrir. Forseti var næstum því búinn að taka fyrir 6. mál á dagskrá, þ. e. ríkismat sjávarafurða. Það er málefni sem mér er nokkuð kunnugt og er þannig í pott búið að um það eru menn að miklu leyti sammála. Menn voru búnir að ganga frá því þannig að það ættu ekki að vera um það miklar deilur hér í Ed. Ég tel því mjög miður ef það mál er notað til að ýta öðru máli frá. Ég sé enga ástæðu til þess að 6. dagskrármál verði tekið fyrir hér í Ed. í kvöld. Það er ekki eftir að afgreiða nein deilumál sem orð er á gerandi a. m. k. Það þarf góða umr., en við munum ekki tefja það í einu eða neinu. En ef á að gera það mál að forgangsmáli fram fyrir 2. mál á dagskrá í Ed., sem ég tel að gefið hafi verið a. m. k. undir fótinn um að yrði tekið til umr. í dag, þá liggur málið allt, allt öðruvísi fyrir a. m. k. frá minni hálfu, ef á að fara að beita því máli, sem samkomulag hefur orðið um að skuli afgreitt hér frá Ed. í friði, sem úrslitamáli til að halda öðru máli frá umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skil vel vanda virðulegs forseta. Það er vissulega knúið á um afgreiðslu ýmissa mála núna í þessum önnum og vandi ærið mikill að velja þar og hafna. Ég bendi hins vegar á að aðaltafirnar í dag hafa ekki orðið af utandagskrárumr. eða umr. um þingsköp, heldur vegna þýðingarmikils þingflokksfundar þeirra hv. sjálfstæðismanna hér sem stóð í rúman klukkutíma eða vel það.

Ég bendi einnig á að af eðlilegum ástæðum urðu einnig dagskrártafir vegna þess að þskj. höfðu ekki borist nægilega snemma inn á borð þm. Sá tími hefði auðvitað verið ákjósanlegur til að hefja umr. um þetta margumtalaða mál.

Ég heyrði það á hæstv. iðnrh., sem er nú á hljóðskrafi við forseta, að hann vill ólmur komast í efnislega umfjöllun um þetta mál og ég vildi gjarnan heyra hans mál, kjarnyrt og hressilegt eflaust að vanda, og mæli þess vegna eindregið með því að hann komist í þessa umr. sem allra fyrst. Ég segi því: Væri nú ekki ráð, virðulegi forseti, að koma til móts við m. a. formenn tveggja þingflokka stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa talað, og hefja a. m. k. umr. og nýta þennan rúma hálftíma sem er til þess m. a. til þess að hlýða á mál hæstv. iðnrh. í þessum efnum?

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég kemst ekki hjá því að lýsa því yfir að ef ekki á að taka 71. mál á dagskrá nú á þessum fundi, eins og um hafði verið talað, lít ég svo á að ekkert samkomulag sé lengur í gildi um það hvernig skuli haga þingstörfum síðustu dagana.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Hér hefur farið fram löng umr. um þingsköp. Ég vænti að henni sé nú lokið, en 6. mál verður nú tekið fyrir. Ég vil láta þess getið jafnframt, þar sem svo skammt er til fundarloka í kvöld, að 2. dagskrármálið verður fyrsta mál til umr. á dagskrá kl. 10 í fyrramálið, ef ekki tekst að hefja þá umr. núna fyrir kl. 7.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 799, n. 1019, 1020, 1023). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Það er ekki um þingsköp. Það er hér til umr. frv. til l. um ríkismat sjávarafurða. Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur fjallað mjög ítarlega miðað við aðstæður um frv. það sem er hér til umr., frv. um ríkismat sjávarafurða. Hún kallaði á sinn fund marga aðila sem málum þessum eru kunnugir, bæði af starfsreynslu og tengslum við það kerfi sem nú er unnið eftir. Einnig fór nefndin yfir allar þær umsagnir er borist höfðu sjútvn. Nd. þegar hún fjallaði um frv. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt þess með nokkrum brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. og geri ég nánar grein fyrir þeim hér á eftir.

Þetta frv. felur í sér ýmsar breytingar frá fyrri lögum um fiskmat og framleiðslu sjávarafurða, margar til einföldunar en þó til bóta. Í þessum málum sem öðrum verða seint allir algerlega sammála en með frv. er leitast við að mynda sem skýrastar línur til að vinna eftir. En lög og reglugerðir í þessum veigamikla málaflokki hljóta ávallt að verða til endurskoðunar, m. a. vegna markaðsaðstæðna og breytinga þar, svo og einnig af fenginni reynslu í framkvæmd. Allt eftirlit og kröfur með gæðum og framleiðslu þurfa ávallt að vera í hámarki varðandi þessa verðmætu útflutningsvöru okkar.

Ég fer ekki hér út í einstakar greinar frv. en ætla að fara nokkrum orðum um það almennt vegna þeirra umr. sem urðu í n. eftir viðtöl við ýmsa þá aðila sem komu á fund hennar. Ég tek þetta fram hér svo að það megi verða til ábendingar fyrir þá sem koma til með að vinna að samningu reglugerðar út frá þessu frv. ef að lögum verður. Nefndin hélt sinn síðasta fund í morgun. Í öllum þeim önnum sem hér hafa verið í dag vannst lítill tími til þess að ganga frá nál. sem hér er búið að bera fram. Ég vil í fyrsta lagi biðja nefndarfólk afsökunar á því að það féll niður hjá mér þegar ég samdi nál. sérstök ályktun sem þar átti að vera, ábending frá verkendum saltsíldar sem ekki var talið rétt að væri í lögum en átti að vera í nál. Vil ég taka það sérstaklega fram en það átti að hljóða svo:

„Vegna sérstöðu saltsíldarframleiðslunnar skal útflutningsmat saltaðrar síldar framkvæmt á vegum Ríkismats sjávarafurða sem jafnframt skal annast eftirlit með verkun og söltun síldarinnar, hvort tveggja skv. sérstakri reglugerð sem sjútvrh. setur um saltsíldarmat og eftirlits- og leiðbeiningarstarfsemi með söltun síldar.“

Nefndin vill að það komi skýrt fram að þetta er hennar ábending í sambandi við umsögn um þetta frv. vegna þess að þarna er um að ræða saltsíldarsölur okkar og framleiðslu sem er einn af okkar stærstu þáttum í útflutningi sjávarafurða. Þó að það komi mörgum kannske spánskt fyrir sjónir þá held ég að ég muni það rétt að forstjóri síldarútvegsnefndar sagði að Íslendingar væru aðrir stærstu í saltsíldarmörkuðum heimsins næst Rússlandi. En það er einhvern veginn svo að okkur er tamt að líta þannig á hér á Íslandi að saltsíldarframleiðsla sé orðin smámunir í okkar þjóðarbúskap. Alltaf er miðað við gömlu árin sem menn sjá í

hillingum vegna þeirrar miklu síldarsöltunar sem þá var, en hún hefur verið meiri undanfarið en þá var og er einn af stærstu þáttum í okkar útflutningi. En þar sem við leggjum áherslu á ríkismatið í þessu sambandi er því örugglega úttekt þar sem felst þó í lagafrv. Þetta er sem sagt undirstrikað vegna þess að þessi síld er að langmestum hluta seld til Austur-Evrópulanda eins og hv. alþm. er kunnugt og þar er lagt mikið upp úr því að þetta mat sé eftir föstum reglum og með réttum stimplum, ef svo má segja, og er sjálfsagt að verða við þessum óskum þessara viðsemjenda okkar því að þeir hafa bókstaflega bjargað þessum markaði, undanfarin 2—3 ár a. m. k.

Einnig vildi ég benda á í sambandi við væntanlega reglugerð að skilgreina þyrfti betur það atriði í lögunum sem fjallar um hreinlæti sem var í verkahring búnaðardeildar skv. þeim lögum sem nú er unnið eftir. Það er talað um að þar sé sérstakur sérfræðingur í hreinlætismálum er starfi hjá Ríkismatinu. Ég held að nauðsynlegt sé að gerð séu gleggri skil á því hvernig hans störfum og þeirra manna sem með honum starfa skuli háttað því að þessi grein er undirstaða þess að hægt sé að stunda vandaða vinnslu og gæta öryggis í þeim efnum. Þar er undirstaðan sú að fyllsta hreinlætis sé gætt og hóflegar kröfur gerðar í þeim efnum. Um það er alltaf mikið spurt í okkar markaðslöndum hvernig þeim málum sé varið.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta í viðbót því að tími var skammur til þess að gera þessu mikla máli öllu gleggri skil, enda var fjallað um þetta í Nd. og þar kom margt fram. En eins og ég sagði í upphafi mæla allir nm. með því að frv. verði samþykkt. Einn nm., hv. þm. Skúli Alexandersson, skrifaði undir með fyrirvara og leggur fram nokkrar brtt. sem hann vill minna á, svo að ég orði það þannig, en hann er samþykkur þeim atriðum í frv. sem hér eru sett fram.

Brtt. eru lagðar fram á þskj. 1020 og ætla ég að fara yfir þær. Í fyrsta lagi er lagt til að við 16. gr. frv. að í stað orðsins „Ráðuneytinu“ í 3. mgr. komi: Ríkismat sjávarafurða. Við 16. gr. aftan við þessa 3. mgr. er lagt til að komi viðbót sem hljóðar svo: „Verði meiri háttar mistök í meðferð sjávarafla og/eða framleiðslu sjávarafurða skal Ríkismat sjávarafurða framkvæma ítarlega rannsókn á orsökum þess og gefa sjútvrh. og fiskmatsráði skriflega skýrslu um tildrög og orsakir mistakanna.“ Þetta vildi nefndin að kæmi hér inn vegna þess að *því miður hafa oft orðið slys í okkar framleiðslu sem* ekki er gott að vita af hverju stafa. Segja má að með þessu móti sé sett á stofn nokkurs konar slysanefnd til að athuga og læra af þeirri reynslu sem fengist hefur. Þetta er komið upp á borðið þannig að með þessu er hægt að leiðbeina öðrum svo að þeir falli ekki í sömu gryfju og hinir hafa fallið í sem urðu fyrir þeim mistökum sem þarna hafa átt sér stað.

Við 16. gr. 4. mgr. er lagt til að hún orðist svo: „Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og endurveitingu vinnsluleyfa.“ Í frv. er talað um sviptingu og veitingu vinnsluleyfa en þarna hlýtur að eiga betur við að segja endurveitingu vinnsluleyfa þegar á annað borð er búið að taka það af.

Í 18. gr. 2. mgr. stendur í frv.: „taka þátt í yfirmati“ en við leggjum til að þarna komi: fylgjast með yfirmati.

Fleiri brtt. leggjum við ekki til og vona ég að þetta frv. fái afgreiðslu sem fyrst í þessari hv. deild. Það þarf að fara aftur til Nd. ef þær breytingar sem við höfum lagt til að gerðar verði verða samþykktar. Þar sem þetta er að ég best veit síðasti fundurinn í sjútvn. á þessu þingi vil ég aðeins færa samstarfsfólki mínu mjög góðar þakkir fyrir gott samstarf og umburðarlyndi. Það hefur unnið mikið og vel í allan vetur í þessari nefnd.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl., formaður sjútvn. deildarinnar, færði okkur samnm. sínum í deildinni þakkir fyrir samstarfið á liðnu þingtímabili. Ég vil færa honum sérstakar þakkir fyrir góða stjórn á nefndinni og fyrir sanngirni hans og liðlegheit í undirbúningi mála. Þar hefur hann í hvívetna staðið sig mjög vel og sinnt óskum okkar stjórnarandstæðinga eftir því sem við höfum beðið hann um. Ég man ekki til þess að á öllum þeim fundum sem búið er að halda í sjútvn. hafi komið fram óskir sem formaður hafi reynt að koma sér undan að verða við og oftastnær hefur honum tekist að koma því til leiðar sem við höfum beðið um í sambandi við starfshætti nefndarinnar. Um leið og ég segi þetta um hin almennu vinnubrögð formannsins vil ég sérstaklega undirstrika það að í sambandi við það mál, sem við ræðum nú, hefur formaðurinn sýnt þolinmæði alveg fram á síðustu stundu við það að kalla til menn til skrafs og ráðagerða um þetta mál og fram á síðustu stundu leitað eftir því að samkomulag gæti náðst í nefndinni um það hvernig þessu máli lyktaði.

Á fundi n. í morgun varð samkomulag um að nefndin skilaði sameiginlegu nál. um frv. og við stæðum sameiginlega að þeim brtt. sem n. ber fram. Á hinn veginn lýsti ég því þar yfir að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og mundi flytja brtt. Það er að einhverju leyti ekki alveg rétt sem kemur fram í nál. að ég hafi lýst því yfir að ég mundi styðja frv. heldur væri það á þann veg að ég mundi ekki beita mér gegn því. Mín afstaða til frv. er sú — það er rétt að segja það strax í upphafi — að ég mun ekki greiða atkv. gegn frv., standa að brtt. Það er kannske svolítið sérstakt að segja það hér í ræðustól að jafnvel þó að allar mínar brtt. verði felldar breytir það ekki minni afstöðu. Ég mun ekki greiða atkv. gegn frv. við lok afgreiðslu þess hér í deildinni.

Þetta frv. hefur átt þó nokkuð langa sögu. Við rifjuðum það nokkuð mikið upp við 1. umr. í deildinni og ég sé ekki ástæðu til þess að fara að hefja þá umr. aftur. Ég tel þó ástæðu til þess að fara yfir frv. og í sambandi við það *mun ég gera grein fyrir þeim brtt.* sem ég flyt við frv. En meðferð málsins í Nd. var dálítið söguleg. Málið var afgreitt út úr sjútvn. Nd. fyrir páska með meirihlutaáliti þar sem frv. var í engu breytt. Málið var afgreitt á þann máta að þar voru inni varamenn sem voru fúsir til að ganga að óskum ríkisstj. eða ráðh. og ekki var beðið eftir því að aðalmenn kæmu heim til þess að ganga frá þessu frv. í n. Þegar aðalmenn komu síðan heim var nál. tekið til baka og gerðar við frv. allveigamiklar breytingar sem manni virtist að væru allt að því ótrúlegar miðað við þá umr. sem um þetta frv. hafði verið á undirbúningsstiginu. Þær breytingar miðuðu allar í þá átt að minnka vald fiskmatsráðs, sem var í upphaflega frv. mjög valdamikil stofnun, og einnig að nokkru að minnka vald ráðh. yfir stofnuninni.

Þegar frv. síðan kemur til Ed. er þó ekki búið að breyta það miklu í því að nm. í sjútvn. Ed. teldu ekki ástæðu til þess einmitt að athuga betur þann þáttinn

sem sneri að því hvað ráðh. gæti skipt sér af starfsemi fiskmatsins. Við í sjútvn. deildarinnar höfum orðið sammála um, eins og form. n. gerði hér grein fyrir, að gera tillögur um ákveðnar breytingar þar að lútandi.

Í 16. gr. frv. eins og það lá fyrir eftir umr. og afgreiðslu í Nd. er sagt í tveimur lokamálsgreinum:

„Rn. er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans.

Rn. setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og veitingu vinnsluleyfis."

Í Nd. kom fram till. frá Kjartani Jóhannssyni sem var beint í þá átt að nema þetta vald ráðh. burtu en þar var sú till. felld. Við umr. við hagsmunaaðila, bæði starfsmenn, fiskistarfsfólk, og stjórnendur framleiðslufyrirtækja og frammámenn í samtökum þeirra kom fram að talið var óeðlilegt að ráðh. hefði slíkt vald. N. var því sammála um að leggja til að í stað þess að í frv. stendur „rn. er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi" yrði sett: Ríkismati sjávarafurða. Þar með er vald til þessara hluta fært inn í stofnunina sjálfa sem að okkar dómi og flestra er við ræddum við er mun eðlilegra.

Lokagreinin var svo á þann máta að rn. setur reglur um skilyrði fyrir sviptingu og veitingu vinnsluleyfis. Bent var á það að með þessu væri rn. raunverulega að taka sér í hendur það vald að sjá um veitingu vinnsluleyfis á ýmsum sviðum sjávarútvegsframleiðslu. Vera má að hér hafi verið um misskilning að ræða og nm. voru sammála um að til að forða því að þarna væri verið að setja í lög annað en þeir, sem sömdu frv., hefðu ætlast til að þarna stæði, skyldi ganga hreint til verks og í stað orðsins „veitingu" kæmi: endurveitingu.

Jafnframt var n. sammála um að setja inn í þessa 16. grein þessa svohljóðandi mgr.:

„Verði meiri háttar mistök í meðferð sjávarafla og/eða framleiðslu sjávarafurða skal Ríkismat sjávarafurða framkvæma ítarlega rannsókn á orsökum þess og gefa sjútvrh. og fiskmatsráði skriflega skýrslu um tildrög og orsakir mistakanna."

Það var ekki fyrr en á síðustu tímum umr. um þetta mál sem þessi till. kom fram en hún kom frá formanni Samtaka fiskiðnaðarmanna. Hann benti á að slík grein væri nauðsynleg vegna þess að þegar meiri háttar mistök eigi sér stað í meðferð sjávarafla hafi oft á tíðum verið dæmdur einhver sleggjudómur um að það hafi verið þessum eða hinum að kenna að þannig hafi farið. Þess vegna væri nauðsynlegt við slíkar aðstæður að Ríkismat sjávarafurða framkvæmdi ítarlega rannsókn á slíkum hlutum. Um þetta var n. öll sammála og ég féll frá beinni andstöðu minni við frv. við það að þessar greinar voru settar í það.

Hinu er ekki að leyna að mér finnst frv. að mörgu leyti mjög gallað og ætti að vera í mörgum hlutum öðruvísi en það liggur hér fyrir og verður að öllum líkindum að lögum. Þau lög, sem nú eru í gildi, eru að mörgu leyti eins góð og engin ástæða er til að samþykkja sérstök lög um þessa hluti. Þau lög, sem við búum við, skapa okkur möguleika á að gera hverja þá hluti sem við þurfum að gera í sambandi við endurbót á okkar fiskmati.

Einnig hef ég haldið því fram og held því fram að þættir eins og þátttaka hagsmunaaðila að Ríkismati sjávarafurða séu mjög neikvæðs eðlis. Eins og ég hef getið um áður hefur staða þess eða vald þess innan þessa ramma frv. verið veikt mjög en þó er ég á þeirri skoðun að enn sé þarna um ákvæði að ræða sem æskilegt væri að félli burtu.

Ef litið er á frv. og fyrst í I. kafla þess um almenn ákvæði stingur 1. mgr. í augu: „Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjútvrh. og lýtur stjórn hans." Ég skil ekki til hvers þessi aukasetning er sett þarna í 1. mgr. frv. — „lýtur stjórn hans". En ég taldi ekki ástæðu til að flytja um það brtt. og gerði heldur ekki ráð fyrir því að jafnvel þó að ég hefði flutt hana mundi hún verða samþykkt. En ég hef ekki séð þetta í lögum fyrr. Yfirleitt er í lögum um ríkisstofnanir talað um að þær heyri undir þennan eða hinn ráðh., ekki þarf að taka það neitt sérstaklega fram að sú stofnun lúti stjórn hans.

Ég flyt brtt. við II. kafla, í fyrsta lagi um heiti kaflans og legg til að í stað þess að II. kafli heiti „Um fiskmatsráð" heiti hann: „Stjórn stofnunarinnar". Það nafn skýrir sig með þeim brtt. sem ég flyt. Í stað 3. gr. þar sem fjallað er um fiskmatsráð legg ég til að komi ný grein. Greinin um fiskmatsráð hljóðar þannig í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvrh. skipar sjö menn í fiskmatsráð til fjögurra ára er verði ráðh. til ráðuneytis varðandi starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Eigi skulu færri en fjórir þeirra, er í fiskmatsráði sitja, vera úr röðum helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Ráðh. skipar formann ráðsins.

Tillagna fiskmatsráðsins skal leitað vegna setningar reglna er varða starfsemi og verkefni Ríkismats sjávarafurða. Fiskmatsráð skal vera umsagnaraðili um mál sem upp rísa vegna ágreinings um framkvæmd mats. Fiskmatsráð skal leitast við að koma á aukinni samvinnu Ríkismats sjávarafurða og hagsmunaaðila sjávarútvegsins um gæðamat sjávarafla og gera till. um rannsóknir og tilraunir er miða að bættri meðferð og nýtingu í vinnslu hans.

Fiskmatsráð kynnir sér erlend ákvæði eða reglur um lágmarksákvæði.

Fiskmatsráði ber að gera till. til ráðh. um hvaðeina er það telur ástæðu til í sambandi við framkvæmd mats og eftirlits, svo og stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða.

Ráðh. getur óskað umsagnar fiskmatsráðs um hvaðeina varðandi stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða, þ. á m. ráðningar í stöður innan stofnunarinnar."

Ef litið er á þessa grein er tilætlan hennar í fyrsta lagi að hagsmunasamtök sjávarútvegsins hafi aðstöðu til þess að skipta sér af og hafa áhrif á þessa stofnun. Ég tel það mjög neikvætt. A fundi sjútvn. í morgun kom í ljós þegar rætt var við framkvæmdastjóra síldarútvegsnefndar að aðilar eins og t. d. kaupendur saltsíldar spyrðu ákveðið um það hvort matið, sem tæki út afurðirnar, væri óháð ríkismat. Þess væri krafist í sambandi við þennan þátt viðskipta, þ. e. síldarsölunnar til Austur-Evrópuríkjanna og þá fyrst og fremst til Sovétríkjanna.

Á sama máta er vitað að í Bandaríkjunum eru mjög miklar kröfur gerðar til þess að hreinlætisþátturinn sé algjörlega óháður. Með því móti að taka hagsmunaaðila, sem hér eru svo nefndir, inn í stjórn og ráðgjöf við stofnunina erum við að hætta til mörkuðum okkar hjá þessum stærstu viðskiptaaðilum okkar, bæði í Bandaríkjunum og í Sovétríkjunum.

Svo kemur það frekar hvernig útfæra skuli starfsemi

fiskmatsráðsins og sé ég reyndar ekki ástæðu til þess að fjalla um það. En þær tillögur eru býsna merkilegar eða kannske mætti frekar segja að þær væru skrýtnar, að hagsmunaaðilar, sem í sambandi við þessa umr. hafa fyrst og fremst verið nefndir þeir aðilar sem koma frá framleiðendum, þ. e. eigendum framleiðslutækjanna eða stjórnendum samtaka þeirra, eigi að gerast á breytilegan máta ráðgjafar og umsagnaraðilar þeirrar stofnunar sem á að ganga frá mati og taka út mat þeirra eigin afurða. Ég hef ekki heyrt á það minnst í sambandi við þá hagsmunaaðila sem hér hefur verið um talað að átt væri við hagsmunaaðila eins og t. d. fulltrúa frá fiskmatsmönnum sem eru vitaskuld hagsmunaaðilar að þessum málum eða frá samtökum verkstjóra eða verkafólks í fiskvinnslustöðvunum eða sjómanna. Gæti þó verið að það hafi einhvern tíma verið nefnt á nafn að það kæmi fulltrúi frá sjómannasamtökum. En þó að um það sé talað að það komi fulltrúi frá sjómannasamtökum er það tiltölulega lítill þáttur í þessu. Ef á að fara að tala um það að hagsmunaaðilar geti haft áhrif á stofnun sem þessa tel ég að miklu nauðsynlegra væri að þar kæmu fulltrúar þeirra sem nálgast það að umgangast fiskinn, þ. e. eins og ég nefndi áður, matsmenn, verkstjórar, sjómenn, og tekið væri af öðru stigi en í efstu stöðum þess, annaðhvort úr toppstöðum í samtökum sjómanna eða úr röðum þeirra aðila sem eru ekki beint í tengslum við starfið sjálft.

Síðan er talað um að fiskmatsráð kynni sér erlend ákvæði eða reglur um lágmarksákvæði. Ég sé ekki hver tilætlunin er að fiskmatsráð kynni sér þessi ákvæði. Eðlilegra væri að ef binda þarf það í lögum um slíka stofnun sem þessa, væri ætlast til þess að það væru starfsmenn stofnunarinnar sem kynntu sér þessi ákvæði, þá fyrst og fremst fiskmatsstjóri og deildarstjórar hans. Ég finn ekki rök fyrir því að setja þurfi fiskmatsráð og samtök hinna svokölluðu hagsmunaaðila á fót til þess að hægt sé að afla sér upplýsinga um ákvæði og reglur utanlands frá.

Í lok greinarinnar kemur svo:

„Ráðh. getur óskað umsagnar fiskmatsráðs um hvaðeina varðandi stjórn og rekstur Ríkismats sjávarafurða, þ. á m. ráðningar í stöður innan stofnunarinnar."

Það má vel vera — ég er ekki það kunnugur öllum lagabálkum — að ráðh. geti ekki óskað umsagnar um ýmsa þætti í sambandi við stjórn og rekstur stofnunar eins og Ríkismats sjávarafurða og það þurfi að vera bundið í lögum. Þess vegna hef ég sett það í brtt. mína að ráðh. geti haft möguleika til þess að leita út fyrir stofnunina og til tækniaðila, það verði bundið í lög ef þess er þörf. Ég legg sem sagt til að 3. gr. falli öll út og í staðinn komi svohljóðandi grein:

„Komi upp vandi við mat og útflutning sjávarafurða, sem er faglegs og/eða viðskiptalegs eðlis, er ráðh. heimilt að leita ráðgjafar hjá mönnum utan rn. og Ríkismats sjávarafurða, telji hann þess þörf."

Ef nauðsynlegt er að ráðh. hafi slíka heimild, sem mér virðist að menn hafi álitið sem bjuggu til það frv. sem við erum að ræða um, þá tel ég að nægilegt sé að þessi grein komi í stað greinarinnar fyrir fiskmatsráð.

Þá er ég með brtt. við 5. gr. frv. og legg til að upphaf gr. orðist svo að í staðinn fyrir „skrifstofu fiskmatsstjóra" komi: skrifstofa Ríkismats sjávarafurða. Greinin orðast því þannig í stað þess sem hún orðast nú:

„Skrifstofa Ríkismats sjávarafurða annast almenn skrifstofustörf, fjárhags- og kostnaðaráætlanir, svo og önnur rekstrar- og starfsmannamál stofnunarinnar. Skrifstofan skal enn fremur annast söfnun og úrvinnslu matsgagna."

Breytingin er sem sagt sú að í stað þess sem í frv. stendur „skrifstofa fiskmatsstjóra" kemur „skrifstofa Ríkismats sjávarafurða" og við bætist „almenn skrifstofustörf". Ef þessi grein hefur verið nauðsynleg til að útlista það hvernig skrifstofan skuli starfa held ég að inn í þá grein eigi einnig að koma það sem unnið er á skrifstofunni, hin almennu skrifstofustörf, þó að ég geti ekki á móti því borið að mér finnist þessi grein ekki skipta stóru máli.

Við 6. gr. er ég einnig með brtt. Þar legg ég til að í stað þess sem í frv. er sagt að Ríkismat sjávarafurða skuli starfa í tveimur deildum komi: „Ríkismat sjávarafurða starfar í þremur deildum. Við þær deildir, sem talað er um í frv., afurðadeild og ferskfiskdeild, bætist hreinlætis- og búnaðardeild. Þar sem talað er um það í greininni að ráðh. skipi forstöðumann fyrir hvora deild til fjögurra ára í senn komi: Ráðh. skipar til fjögurra ára í senn. skv. umsögn fiskmatsstjóra" — það er viðbótartillaga frá mér — „forstöðumann fyrir hverja deild."

Út frá þessu breytist 7. gr. Ég legg til að sú 7. gr., sem nú er í frv., falli niður en í stað þeirrar gr. orðist 7. gr. svo:

„Hreinlætis- og búnaðardeild hefur eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum og flutningatækjum fyrir afla og gefur út hæfnisvottorð til fiskiskipa. Enn fremur annast deildin útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis."

Þessi grein er að efni til fyrir í frv., þ. e. hún er í 11. gr. þar sem síðari hluti þeirrar gr. tekur fram að ferskfiskdeild skuli hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum. Þetta er líka í 14. gr. þar sem talað er um að afurðadeild annist útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva. Við 1. umr. ræddi ég mikilvægi hreinlætis- og búnaðardeildar og þessi till. mín hér er fyrst og fremst staðfesting á þeirri skoðun minni að ég tel að það sé rangt að leggja búnaðardeild undir aðrar deildir stofnunarinnar og nauðsynlegt sé að þessi deild hafi algjörlega sjálfstæða starfsemi. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þá nauðsyn, það gerði ég hér við 1. umr. um málið.

Í 10. gr. er ákvæði um það að fiskmatsstjóra er heimilt að veita mönnum án tilskilinna réttinda undanþágu til matsstarfa í allt að þrjá mánuði ef sérstakar aðstæður krefjast. Reynt hefur verið að færa rök fyrir því að nauðsynlegt væri að hafa þetta ákvæði inni í lögum til þess að hægt væri að gefa mönnum á hinum afskekktu stöðum undanþágu til þess að annast matsstörf. Talað hefur verið um Grímsey og Bakkafjörð og jafnvel mínar æskustöðvar, Strandir, og talið nauðsynlegt að þessi fyrirtæki gætu ráðið bílstjórana eða einhverja aðra til að meta fisk til útflutnings — eða einhvern annan góðan starfsmann af stöðinni.

Ég tel að þarna sé lagt til að fara inn á mjög vafasama braut. Ég hef verið við sjávarútveg frá því ég var smákrakki og er uppalinn einmitt á einum af afskekktu stöðunum, þ. e. norður á Ströndum í Árneshreppi, og voru samgöngur öllu verri á því tímabili en nú er. Það

tókst að meta fisk með réttindamönnum á því svæði á því tímabili, þ. e. á milli 1940 og 1950, þegar engar samgöngur voru við það svæði öðruvísi en af sjó.

Ég tek ekki mikið mark á því að ekki sé hægt að koma fiski til mats með réttindamönnum hvar sem er á landinu. Það er langt frá því að samgönguerfiðleikar eða smæð staðanna skapi fyrst og fremst þessi vandamál. Þessi vandamál verða búin til og kallað verður á undanþágur, ekki eingöngu í Grímsey eða Bakkafirði. Um leið og búið er að opna slíka möguleika verður kallað á undanþágu jafnt í Reykjavík og á Hellissandi, það er mín tilfinning. Það er mjög neikvætt að gefa þennan möguleika lausan gagnvart því fólki sem er að afla sér réttinda til þessara starfa. Frekar ætti að vera tilætlun hjá ríkisvaldinu og sjútvrn. að stefna að því að efla Fiskvinnsluskólann, fjölga námskeiðum, þjálfa fólk til þessara starfa á hinn breytilegasta máta. Ég get svo tekið undir það sem fulltrúi Fiskiðnaðarfélagsins sagði sem við áttum tal við í morgun að hægt er að leita þess möguleika að ala upp fiskmatsmenn á annan máta en þann að koma þeim endilega í gegnum Fiskvinnsluskólann þó að það sé vitaskuld æskilegast. Hægt er að halda námskeið, bæði stuðla að því að fyrirtækin sjálf haldi námskeið og halda námskeið á vegum skólans og á vegum sjútvrn. eins og gert hefur verið, til að koma mönnum til, ef svo má orða, nokkurs þroska í þessu starfi. Ég legg því til að þessi hluti — sem orðast svo: „Fiskmatsstjóra er heimilt að veita mönnum án tilskilinna réttinda undanþágu til matsstarfa í allt að þrjá mánuði ef sérstakar aðstæður leyfa“ — falli niður.

Eins og ég nefndi áðan hef ég lagt til að síðari mgr. 11. gr. verði flutt í 7. gr., þ. e.: „Ferskfiskdeild hefur eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum og flutningatækjum fyrir afla og gefur út hæfnisvottorð til fiskiskipa.“ Þessi hluti greinarinnar er þegar kominn skv. mínum tillögum í 7. gr. þar sem ég legg til að hreinlætis- og búnaðardeild verði í fiskmatinu og þetta verði verksvið hennar.

Þá er það sama að segja um lokamálsgrein 14. gr., þ. e. 3. mgr. sem er þannig:

„Afurðadeild annast útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva, en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis.“

Orðið „Afurðadeild“ í upphafi greinarinnar fellur burtu, en að öðru leyti er þessi hluti greinarinnar kominn í 7. gr. skv. mínum tillögum og fellur þá undir verksvið hreinlætis- og búnaðardeildar.

Þá er í brtt. mínum till. um það að orðin „sé þess óskað“ í 1. og 2. málslið 1. mgr. 20. gr. falli niður og einnig orðin „í fiskmatsráði“ í 1. mgr. greinarinnar. Greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, í frv.:

„Hverjum þeim, sem annast sölu og útflutning sjávarafurða sem lög þessi ná til, ber, sé þess óskað, að láta fiskmatsráði í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna gallaðrar vöru eða vegna þess að umbúnaði hennar er áfátt. Þá ber þeim, sé þess óskað, að veita Ríkismati sjávarafurða upplýsingar um greiddar skaðabótakröfur.“

Ég spurðist fyrir um það í n. hvernig á því stæði að þarna kæmi fram að þeim aðilum, sem annast útflutning sjávarafurða, bæri ekki að láta Ríkismat sjávarafurða vita ef kvartanir kæmu. Þá komu fram dálítið merkilegar upplýsingar. Það er ekki þægilegt að gera það þar sem fiskmatsráð er yfirstofnun þessa fyrirtækis eða stofnunarinnar og í fiskmatsráði eru hagsmunaaðilar frá skreið, saltfiski, hraðfrystum fiski o. s. frv. og ekki er eðlilegt að hver aðili viti um alla smávægilega galla hjá hinum. Með því að búa til þetta fiskmatsráð er ekki hægt að halda eðlilegum trúnaði inni í þessari stofnun og þar af leiðandi er þessum aðilum í sjálfsvald sett hvort þeir láta fiskmatið vita um það hvort fram koma kvartanir um galla hjá þeim.

Átt hafa sér stað smá mistök í sambandi við vélritun eða jafnvel hefur það fallið út hjá mér í handriti. Til þess að breyta þessu og útiloka þessa hættu um trúnaðarbrest í stofnuninni og í framhaldi af till. minni um það að fiskmatsráð verði lagt niður legg ég til að orðið „fiskmatsráð“ falli burt úr þessari grein, en í brtt. minni kemur ekki fram að ég leggi til að þar komi í staðinn: Ríkismat sjávarafurða. Ég vil benda hæstv. forseta á það að ég áskil mér rétt til að leiðrétta þetta í brtt. mínum, að í sambandi við 8. liðinn vantar að í stað orðsins „fiskmatsráð“ komi: Ríkismat sjávarafurða fái án undantekninga um það að vita ef útflytjendur eru krafðir skaðabóta eða þeir þurfa að borga þær.

Um leið og greininni yrði breytt er 2. mgr. óþörf, þ. e. áherslugrein sem er í frv. um það að ef stórir hlutir ske í þessum málum væri viðkomandi aðilum skylt að láta Ríkismati sjávarafurða í té upplýsingar um kvartanir sem berast frá erlendum kaupendum vegna alvarlegra galla eða skemmda á vörum. Ég sé ekki ástæðu til að þarna eigi nokkuð að flokka í gott eða vont, allir gallar og allar kröfur um bætur skuli tíundaðar beint til fiskmatsins.

Við 22. gr. frv. legg ég til að fyrri liður gr. falli niður, þ. e. hlutinn um dóm úrskurðaraðila eða dómstólinn sem er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits úrskurða yfirfiskmatsmenn í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð.“

Ja, það er nú svo. Er eðlilegt að fiskmatsráð, sem samanstendur af hagsmunaaðilum eins og margoft er búið að nefna, sé einnig dómstóll um það hvort þetta eða hitt hafi ekki verið rétt framkvæmt? Burtséð frá allri annarri umræðu um fiskmatsráð finnst mér þó þetta fáránlegasti þátturinn og að það sé næstum útilokað að fiskmatsráð, eins og það er upphugsað hér skv. frv., geti tekið að sér þennan þátt vegna þess að það beri það í sér að það geti orðið hlutdrægt — á hinn veginn líka. Fiskmatsráð er sjö manna stofnun og úrskurður sem þessi þarf að eiga sér stað á þeim stöðum sem ég nefndi áðan. Það getur farið svo að yfirfiskmatsmaður sé staddur úti í Grímsey, norður á Ströndum eða í Bakkafirði. Hvernig skal kalla sjö manna fiskmatsráð til að úrskurða um það sem þar þarf að úrskurða um? Ég held að þeir ágætu menn, sem sömdu þetta frv. á öllum þeim fundum sem þeir komu saman til þess — voru þeir ekki eitthvað um 50? — hafi ekki litið allt of vel í kringum sig þegar þeir voru að marka þessu merkilega ráði sínu bás og verksvið.

Ég legg til að í stað fyrri hluta þessarar greinar, sem ég hef hér skýrt, komi svohljóðandi grein:

„Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits sker yfirmatsmaður úr. Heimilt er að vísa slíkum ágreiningi til forstöðumanna deilda og fiskmatsstjóra.“

Það hlýtur að verða í valdi yfirmatsmanns að úr-

skurða þegar hann kemur á staðinn hvort þessi eða hinn fiskurinn er hæfur til þess að fara til útflutnings. Ef viðkomandi framleiðandi fellir sig ekki við þann dóm á hann að hafa möguleika til þess að vísa þeim úrskurði til forstöðumanna þeirrar deildar sem viðkomandi fiskmatsmaður heyrir undir eða fiskmatsstjóra. En það er fráleitt að vísa slíkum úrskurði til einhvers fjölmenns ráðs sem hefur ekki aðstöðu til að kanna hlutina á vettvangi, hvað þá ef það getur einnig orðið hlutdrægt.

Síðari hluti greinarinnar stæði svo áfram: „Skjóta má úrskurði um skilning á lögum þessum og reglum settum skv. þeim til ráðh." Þetta er eðlilegt. Ef um þetta verða deilur þannig að fiskmatsstjóri eða forstöðumenn t. d. koma sér ekki saman, fiskmatsstjóri deilir við sinn yfirmatsmann, þá sé hægt að fá úrskurð ráðh. um skilning á viðkomandi reglum.

Ég legg svo til að eftir 23. gr. komi ný grein í frv. Sú grein hljóði þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Fiskmatsstjóri, forstöðumenn deilda, fulltrúar og yfirmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun."

Þessi grein er næstum óbreytt tekin upp úr núgildandi lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Hún er eins og flestar greinar í þeim lögum snöggtum betri og fyllir betur út í þann ramma sem við þurfum að hafa lagalega til að geta haldið uppi eðlilegu fiskmati á landinu en það frv. sem við erum hér að fjalla um. Hvergi kemur fram í frv. að þeim, sem taka að sér störf og eru forustumenn í fiskmati og verða forustumenn í Ríkismati sjávarafurða, sé óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun. Ég tel nauðsynlegt að slíkt sé í frv. og einnig að réttindi þeirra og skyldur séu tíundaðar.

Þá er það lokaákvæði frv., ákvæði til bráðabirgða:

„Frá og með 1. ágúst 1984 eru lagðar niður stöður forstjóra, skrifstofustjóra, deildarstjóra, fulltrúa og yfirfiskmatsmanna hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða.

Um réttarstöðu þeirra starfsmanna hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, sem ekki verða skipaðir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða, fer eftir ákvæðum viðeigandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Þetta er mikil grein. Kannske er þetta aðalgrein frv., virðulegi forseti, að geta breytt og skipt um starfssvið á stofnuninni. Ég er á þeirri skoðun að allt of mikið sé gert af því hér á hv. Alþingi að semja lög og í þeim lögum séu ýmsir óljósir þættir sem ráðh. er síðan falið að framkvæma. Mörg lög eru ekki annað en góður rammi utan um reglugerð. Það tekst ekki nema í undantekningartilfellum að fá innihald reglugerða, sem samdar eru í sambandi við lög sem verið er að afgreiða eða samþykkja, til að gera sér grein fyrir því hvað Alþingi er að samþykkja í hendur ráðh. og hvað ráðh. ætlar að gera með þá heimild sem hann fær til reglugerðarútgáfu.

Ég hefði talið æskilegt í sambandi við ákvæði til bráðabirgða, þar sem fyrir liggur að þarna er um mikil mannaskipti að ræða, að hæstv. ráðh. hefði skilað sjávarútvegsnefndum tillögum sínum um það hvernig hann hefði í hyggju að skipta upp störfum í stofnuninni. Hér er um það veigamikið atriði að ræða að ég tel að það hefði átt að koma fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis hver hans stefna er í því og hvernig starfsskiptingu innan stofnunarinnar yrði háttað. En úr því verður sjálfsagt ekki. Við erum hér á síðustu stundu og jafnvel komin fram yfir þann tíma sem deildinni var ætlaður til þess að ræða þetta mál. Ég geri ekki ráð fyrir að við fáum neinar sérstakar upplýsingar um það hvernig með það verður farið, hvernig skipt verður á milli deildarstjóra og starfsmanna. Það má vel vera að vissir agnúar séu á því að gefa nákvæma skýrslu um hvernig það verði framkvæmt. En það eru sjálfsagt margir sem hafa hug á því að vita hvernig það verður gert.

Ég legg til að þetta ákvæði til bráðabirgða verði fellt niður en skal um leið viðurkenna að sjálfsagt skiptir það ekki miklu máli jafnvel þó að það yrði fellt niður vegna þess að verið er að búa til nýja stofnun með nýjum mönnum og leggja gömlu stofnunina niður sem hefur staðið sig vel í áraraðir, stofnun sem tók við af Fiskmati ríkisins og Síldarmati ríkisins, stofnunum sem höfðu byggt upp fiskmat, skapað traust hjá erlendum þjóðum á íslensku fiskmati og svo er enn. Erlendir viðskiptavinir bera mikið traust til Framleiðslueftirlits sjávarafurða. En ég er hræddur um að með því frv. sem við erum að samþykkja hér, sem þó hefur mjög mikið breyst til batnaðar í meðförum Alþingis og ekki síst með þeirri síðustu breytingu sem við leggjum til að gerð verði hér, meiri hl. eða sjútvn. d., verði sú þróun fyrirsjáanleg að erlendir viðskiptavinir Íslendinga í sjávarafurðum hafi ekki eins mikið traust á þeirri stofnun, sem hér er verið að leggja til að sett verði á laggirnar, og á þeim stofnunum sem hafa verið fyrirrennarar þeirrar stofnunar sem hér er lagt til að stofnuð verði.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Sjútvn. Ed. hefur freistað þess að ræða þetta frv. eftir því sem efni hafa staðið til. Tími hefur verið naumur. Nd. hefur haft frv. til umfjöllunar í langan tíma og þess vegna hefur tími okkar verið of skammur. Þar hafa nm. fengið fjöldann allan af mönnum til viðræðna um málið. Hjá sjútvn. Ed. voru allnokkrir menn kallaðir til fundar og nokkrir menn sem ekki höfðu komið til Nd., menn sem gáfu okkur ágætar upplýsingar og innlegg í þá umr. sem hér er uppi.

Ég ræddi um frv. við 1. umr. og hafði margar athugasemdir fram að færa. Ég ræddi m. a. um það að frv. svaraði alls ekki þeim kröfum sem ég gerði til þess. Það verður hins vegar að játast að með ágætu nefndarstarfi, lipurð og samkomulagsvilja formanns og meðnm. minna hefur tekist að koma málum þannig fyrir að mestu agnúarnir hafa verið sniðnir af frv. Ég hirði ekki um að taka einstaka þætti af því fyrir en minni á að ég er sammála þeim brtt. sem hér koma fram og tel þær til mikilla bóta og hef í framhaldi af því að samkomulag náðist um þessar brtt. ákveðið að styðja frv. Það má finna að ýmsu í því, sem hefur vakið tortryggni, en það eru ekki svo veigamikil atriði að ekki sé ástæða til að falla frá andstöðu sinni vegna þess samkomulags sem náðst hefur.

Það féll niður úr nál. ákvæði eða áréttíng, sem þar átti að vera, er varðar síldarverkun. Svohljóðandi texti hefði þar átt að vera eins og formaður sjútvn. gerði ágæta grein fyrir:

„Vegna sérstöðu saltsíldarframleiðslunnar skal útflutningsmat saltaðrar síldar framkvæmt á vegum Ríkis-

mats sjávarafurða sem jafnframt skal annast eftirlit með söltun og verkun síldarinnar, hvort tveggja skv. sérstakri reglugerð sem sjútvrh. setur um saltsíldarmat og eftirlits- og leiðbeiningarstarfsemi með söltun síldar."

Ég endurtek að ég ætla ekki að fara yfir þær greinar sem ég hafði hugsað mér að fjalla um ef brtt. hefðu ekki komið fram eða ekki hefði náðst samkomulag um þær. Með tilliti til þess að samkomulag náðist um þær brtt. sem hér liggja fyrir mun ég greiða frv. atkv.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka formanni sjútvn. fyrir góða samvinnu í vetur og umburðarlyndi þegar kalla þarf marga menn til viðræðna eins og gerðist í sambandi við þetta mál. Ég sé nokkra góða kosti við þetta frv. Vil ég sérstaklega nefna að fulltrúi sjómanna benti á það að þau lög sem nú eru í gildi hafa hallað mjög á sjómenn. Tiltók hann m. a. að í dag er ekkert þyngdarmat á fiski heldur eingöngu lengdarmat og annars konar mat og taldi að þyngdarmat væri til bóta fyrir sjómenn. Í öðru lagi er með þessu frv. ætlunin að draga úr því bákni sem fyrir er enda ekki vanþörf á víða í þjóðfélaginu. Í þriðja lagi er þetta spor í átt til að skikka framleiðendur til að sjá um matið sjálfa. Ekki er talið tímabært að fara alla leiðina en þetta er spor í þá átt. Þær breytingar sem við fengum fram á frv. tel ég vera mjög mikið til bóta, sérstaklega breytingin á 16. gr., þar sem rn. átti að vera heimilt að svipta framleiðendur vinnsluleyfi, en því var breytt í Ríkismat sjávarafurða. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. með löngu máli enda höfum við rætt frv. vel í n. og farið ítarlega yfir það. Ég mun því styðja þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,1.a felld með 11:3 atkv.
Brtt. 1023,1.b felld með 12:2 atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,2 felld með 11:3 atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,3 felld með 12:2 atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,4 felld með 12:2 atkv.
7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,5 felld með 12:2 atkv.
10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,6 felld með 11:2 atkv.
11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,7 felld með 11:2 atkv.
14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1020, 1—3 samþ. með 15 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1020,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1023,8 felld með 12:2 atkv.
20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,9 felld með 10:2 atkv.
22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,10 felld með 12:2 atkv.
23. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
24.—27. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 1023,11 felld með 11:3 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 97. fundur.

Föstudaginn 18. maí, kl. 2 miðdegis.

Hafnalög, frv. 136. mál (þskj. 972 (sbr. 763), 955). — 3. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Eins og ég boðaði fyrir lok 2. umr. hef ég flutt á þskj. 955 brtt. við 12. gr. frv. til hafnalaga. Hún er sú, að í framhaldi af 4. tölul. komi tveir nýir töluliðir svohljóðandi:

„Verði misbrestur á greiðslu aflagjalds skal viðskiptabanki fiskkaupanda, ef óskað er, standa hafnarsjóði skil á greiðslu gjaldsins er hann tekur veð í viðkomandi framleiðslu.

Enn fremur skal útflytjandi eða banki er greiðir framleiðanda söluverð varnings greiða hafnarsjóði áfallið en ógreitt vörugjald af viðkomandi varningi."

Þessi brtt. er samhljóða ákvæðum sem voru inni í frv. þegar það var lagt fyrir þingið og varðar miklu fyrir aðstöðu hafnarsjóða til að tryggja greiðslur á lögboðnum gjöldum. Ég hef hins vegar ekki tekið inn í brtt. ákvæði, sem var í 4. tölul. 12. gr. en fellt út af hv. Ed., þar sem gert var ráð fyrir að hafnarsjóður hefði haldsrétt í varningi, þ. e. útflutningsbirgðum, uns gjaldið er greitt, þ. e. vörugjald og aflagjald, þannig að ég hef ekki tekið upp öll þau ákvæði sem felld voru út úr þessari grein frv. af hv. Ed.

Við 2. umr. kom það fram að hæstv. félmrh. styddi eindregið þessa hugmynd um breytingu, sem ég hef mælt hér fyrir, og taldi hann það mjög miður að sú breyting hefði verið gerð í hv. Ed. á frv. sem um er að ræða. Einnig mátti skilja bæði við 1. og 2. umr. um þetta frv. að hæstv. samgrh. hefði talið til bóta að halda þessu ákvæði inni í frv. þó að hann greindi frá viðbrögðum í Ed. um þetta, þar sem samgn. Ed. stóð sameinuð að því að fella þetta ákvæði út.

Ég hef ekki heyrt eðlileg rök fyrir þessu og ég tel að það skipti afar miklu máli, eins og þegar hefur komið fram af minni hálfu, að hafnarsjóðirnir verði ekki afskiptir í sambandi við innheimtu þessara gjalda og þó að inni í frv., eins og það lítur út eftir 2. umr., séu ákvæði um að halda megi eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum til tryggingar greiðslu skipa- og vörugjalda og vörugjald af útflutningi og aflagjald skuli auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar vörugjald, þá tel ég að þau ákvæði, sem ég hef gert till. um að tekin verði á ný inn í frv., séu það þýðingarmikil að nauðsynlegt sé að leggja til að þetta verði fært til þess horfs sem var þegar frv. var hér lagt fyrir.

Ég vek athygli á að aðstaða hafnarsjóða í byggðarlögum víða um landið til þess að fara í harðar innheimtuaðgerðir vegna gjalda er ekki ýkjasterk gagnvart fyrirtækjum sem eru á viðkomandi stað og því eðlilegt að taka þá skipan upp sem gert var ráð fyrir í frv. upphaflega.

Ég vænti þess að brtt. fái góðar undirtektir og verði ekki til þess að tefja afgreiðslu þessa máls hér í þinginu því að ég tel að mörg ákvæði þessara laga horfi vissulega verulega til bóta og vænti þess að um það geti tekist samstaða að fá frv. breytt með þessum hætti.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef rætt þetta mál við bæði hv. flm. og enn fremur kannað afstöðuna í Ed., hvernig á því hafi staðið að þetta ákvæði var tekið út. Mér er tjáð af bæði nefndarmönnum og öðrum, sem þar eiga sæti, að þó að þetta ákvæði væri sett hér inn mundi það aldrei fara í gegnum Ed. Þetta eru þeirra orð, en þetta segja ekki einn og ekki tveir, heldur fleiri. Ég hef þegar rætt við fjóra af nefndarmönnum úr fleiri en einum flokki og þetta er þeirra álit.

Ég vil nú, vegna þess að ég sé ekki annað en að frv. sé komið í verulega hættu þar sem er svo langt liðið á þingtímann, mælast til þess að hv. þm. dragi þessa till. til baka til að stefna ekki frv. í hættu. Hins vegar finnst mér till. hans athyglisverð og ef ég verð formaður samgn. á hausti komanda mun ég beita mér fyrir því að þetta mál verði athugað og reyna að finna leið til að bæta þar úr, ef að athuguðu máli verður talið af hafnarsjóðum úti um land að það sé nauðsynlegt.

Ég vænti þess að hv. þm. taki þetta til umhugsunar að minnsta kosti til þess að stefna ekki málinu í hættu því að mér er ljóst að áríðandi er að lögfesta þetta frv. nú.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni, að ég teldi mjög æskilegt að þessi brtt., eða efnislega það sem í henni felst, kæmi inn í þessa löggjöf.

Auðvitað er rétt að það er mjög knýjandi að þetta mál nái fram að ganga nú. Mér er óskiljanlegt hvaða rök liggja að baki því hjá þeim hv. þdm. í Ed. sem ætla sér að stöðva málið á því að þetta ákvæði, sem var upphaflega í frv. sem stjfrv., nái fram að ganga. Það væri fróðlegt a. m. k. að fá að vita hverra fulltrúar það eru í hv. Ed. sem vilja stöðva málið á þessu og hvaða rök eru að baki því. (**HBl:** Er ekki rétt að beygja sig fyrir því?) Nei, hv. skrifari. Það er ekki rétt að beygja sig fyrir ranglætinu. Þetta er réttlætismál, að mínu viti, og þó að hv. skrifari, þm. Halldór Blöndal, beygi sig í duftið fyrir ýmsu síðustu dagana er ekki æskilegt að það sé gert í þessu tilfelli.

Ég heyrði ekki annað en hæstv. samgrh. tæki undir þessa till., enda frv. flutt þannig úr garði gert af hans hálfu, og hæstv. félmrh. hefur einnig tekið mjög jákvætt undir það sjónarmið. Mér er því alveg óskiljanlegt hvaða fyrirstaða er í hv. Ed., en þar er hótað með því að málið verði stöðvað þar verði þessi breyting hér gerð. Ég óska eftir því við hv. formann samgn. Nd., geti hann gefið um það upplýsingar, að hann upplýsi hverra fulltrúar það eru í hv. Ed. sem ætla sér að beita neitunarvaldi, stöðvunarvaldi, til að koma í veg fyrir að þessi breyting nái fram að ganga og hver rökin eru fyrir því.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er nú búið að liggja fyrir Ed. í allmarga mánuði og til þess að gera nýlega afgreitt þaðan. Nokkrar till., sem nefndin flutti, voru að sumu leyti til bóta eða með þeim hætti að ég gat fyrir mitt leyti fallist á þær. Ég ræddi einmitt þetta atriði þar því að ég var mun sáttari við orðalag eins og var í frv. En eins og málum er komið óttast ég að frv. nái jafnvel ekki fram að ganga vegna tímaskorts ef það fer til efri deildar aftur. Ég vil því mjög mælast til þess við hv. flm. brtt. á þskj. 955 að hann dragi till. sína til baka.

Ég endurtek það loforð mitt í sambandi við útgáfu reglugerðar að ég skal eins og ég frekast get koma til móts við þær óskir sem fram koma í till. Ef till. þessi yrði felld er útilokað að koma til móts við óskir flm. í reglugerð. En ég legg mikla áherslu á að þetta mál verði að lögum, því að hér er um mikilsverðar breytingar að ræða, og bendi á að þetta er annað þingið sem málið er flutt þó það hafi verið gerðar á því nokkrar breytingar á milli þinga. Þess vegna óska ég eindregið eftir því við hv. flm. að hann dragi sína till. til baka og vitna þá í þau orð sem ég viðhafði við 2. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég met mikils þær undirtektir sem fram hafa komið hér hjá hæstv. samgrh., formanni samgn., hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, og hv. þm. Karvel Pálmasyni, sem einnig á sæti í samgn. þessarar deildar.

Hv. formaður nefndarinnar, Stefán Valgeirsson, hefur tjáð mér að það séu litlar líkur á að brtt. þessi fengi hljómgrunn hjá samgn. Ed. eins og á stendur. Hæstv. ráðh. hefur hér, eins og menn hafa heyrt, heitið því að reyna að tryggja efnislega þau ákvæði sem brtt. þessi varðar með setningu reglugerðar, svo sem hann hefur heimild til samkv. sérstakri grein, 39. gr., þessa frv., eins og það nú lítur út. Auk þess hefur hv. formaður samgn. boðist til að athuga málið strax og þing kemur saman, ef hann hefur forustu og áhrif í samgn. þessarar deildar, þannig að breytingar yrðu gerðar á lögunum til þess horfs sem hér er gerð till. um.

Ég teldi vissulega mjög miður ef þessi lög næðu ekki fram að ganga á þessu þingi og átta mig einnig á að það mundi veikja stöðu hæstv. ráðh. í sambandi við reglugerð ef hv. þd. fær að fella þessa brtt., sem ég hef hins vegar ekki heyrt neinar raddir um út af fyrir sig í þessari hv. þd.

Með vísan til alls þessa er ég reiðubúinn að falla frá þessari brtt. nú, en áskil mér að sjálfsögðu og hef allan rétt til að fylgja málinu fram í ljósi þess sem gerist á komandi þingi, ef ég kem þar við sögu.

ATKVGR.

Brtt. 955 tekin aftur.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og endursent Ed.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 301. mál (þskj. 585). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að mæla hér fyrir þessum tveimur frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á

íslenskum skipum og atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Þessi frv. hafa verið lengi í meðferð nefndar, sem var skipuð 1978 og lauk ekki störfum fyrr en á þessu ári, og þessi frv. eru samkomulagsatriði þeirrar nefndar óskiptrar og í hvorugu frv. breytt stafkrók af ráðuneytinu þegar það var lagt fyrir þingið. Þetta frv., sem nú er rætt, var unnið af nefnd sem sæti áttu í fulltrúar frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélskóla Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Vinnuveitendasambandi Íslands vegna kaupskipaútgerðar, Landssambandi ísl. útgerðarmanna og Vinnumálasambandi samvinnufélaga, en formaður var skipaður af ráðuneytinu.

Það má segja að sæmilegt samkomulag hafi tekist hvað snertir vélstjóra og vélaverði.

Ég fylgdi þessum málum ítarlega úr hlaði í Ed. og ætla ekki að fara efnislega yfir frv.

Í Ed. voru gerðar þrjár breytingar á frv. um atvinnuréttindi vélfræðinga og gekk það greiðlega eftir að nefndin hafði skilað störfum, en hins vegar hefur verið uppi allmikill ágreiningur meðal frammámanna í Farmannasambandinu og Skipstjóra- og stýrimannafélaginu varðandi atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá 1. okt. 1982 til jafnlengdar 1983 voru veittar tæplega 1600 undanþágur. Þetta er í raun og veru ekkert nýtt því að þessi undanþágufaraldur hefur verið árum saman. Undanþágur til vélstjóra eru tæpar 1000 af þessum undanþágufjölda eða nákvæmlega 994 og til stýrimanna 437, en 161 til skipstjórnarmanna. Þetta eru ekki eins margir menn og talan gerir ráð fyrir því að sami maður hefur fengið fleiri en eina og fleiri en tvær undanþágur á þessu tímabili. Til að reyna að ná sæmilegum sáttum í þessu máli og til þess að frv. um atvinnuréttindi vélfræðinga komi til framkvæmda, sem um er sæmilegt samkomulag, en þá vil ég taka fram að það mun hafa sést yfir að kynna skipstjórnarfrv., þó að það hafi verið samið löngu á undan hinu, í ákveðnum félögum skipstjórnarmanna, þá ræddum við forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um það síðast í gær og formaður Vélstjórafélags Íslands að ég gæfi hér yfirlýsingu um afgreiðslu þessara mála og flytti brtt. við frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Þessi yfirlýsing mín er þannig, að það skal tekið fram við afgreiðslu laga þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að gera brtt. við lögin sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. okt. á þessu ári.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu áliti um þær breytingar á lögum þessum sem betur mættu fara. Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verður eftir tilnefningu fulltrúa menntmrh., Stýrimannaskólans og Vélskólans í Reykjavík og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands svo og útgerðaraðila til þess að gera till. um breyt. á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem hafa ekki áður fengið undanþágu til skemmri eða lengri tíma. Þeim mönnum sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst.

Ég kynnti þetta fyrir nm. í samgn. Ed. og ræddi um málið og tók hann að sér að gera nefndinni þar grein fyrir þessari afstöðu af því að Ed. var búin að afgreiða málið.

Þá vil ég flytja brtt. við frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, sem ég bið hv. samgn., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að fjalla um. Brtt. er um að 15. gr. falli niður og breytist töluröð greina í samræmi við það. Í lok 21. gr., sem er 22. gr. í frv., komi eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði um atvinnuréttindi samkv. 4., 7. og 8. gr. skulu taka gildi frá og með 1. jan. 1985.

Þetta er gert svo að réttindi verði ekki af þeim tekin aftur sem hafa öðlast þau, verði breyting gerð á lögunum sem væntanlega yrði þá í þingbyrjun. Þess vegna varð að samkomulagi að flytja brtt. um ákvæði til bráðabirgða.

Skal ég þá ekki hafa þessi orð fleiri um efni frv., en vil þó segja þetta að lokum: Hér kom fram í vetur fsp. út af undanþágum og það var eins og sumum hafi fundist það alveg stórkostleg breyting sem orðið hefur. Undanþágur hafa verið á undanförnum árum með svipuðum hætti. Þessar tæplega 1600 undanþágur ná að vísu til 800 manna eða svo eða þá heldur færri. Ég man nú ekki alveg töluna og þetta hefur verið hlaupandi frá ári til árs. Undanþágur þekkjast vart hvað snertir skipstjórnarmenn og stýrimenn á togurum, að undanskildum held ég þremur sem eru á listanum fyrir þetta tímabil. Ef þessi frv. verða ekki afgreidd núna heldur þetta undanþáguflóð hins vegar áfram. Enginn sem fer með samgöngumál mun svipta þá undanþágum sem hafa haft undanþágur á eigin bátum árum saman. Það mundi aðeins verða til þess að hella olíu á eldinn. En breytingar, sem nauðsynlegt er að gera, verður að framkvæma þannig að þær taki gildi um næstu áramót. Þegar þær hafa tekið gildi finnst mér eðlilegt að engar nýjar undanþágur verði veittar og þar með verði lokað fyrir það undanþáguflóð sem verið hefur áratugum saman.

Ég tel að með þessu sé verið að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi, en ef breyting verði á með undanþágur til alls þess fólks sem hefur haft þær árum saman held ég að það verði ansi mikil spenna í sambandi við þær breytingar.

Ég minni á að þegar iðnfræðslulöggjöf var sett á sínum tíma var undantekningarlaust orðið við þeim beiðnum að þeir sem unnið hefðu í viðkomandi iðngrein fengju iðnréttindi. Nú er þetta liðin tíð því að þessir menn fengu réttindi á stuttum tíma eftir að lög voru sett, en síðan hafa allir farið í nám. Vitaskuld verðum við að stefna að því að samdráttur verði ekki eins mikill og er einkum í Stýrimannaskólanum.

Það má líka segja að nokkur mistök hafi átt sér stað við menntun, sem ég ætla ekki að fara hér út í. En ég mun fyrst og fremst reyna að beita mér fyrir því að allir þessir aðilar setjist að samningaborði til að ná skaplegri lausn.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði báðum málunum vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er spurning fyrst til hæstv. forseta. Ég var ekki kominn í salinn þegar hæstv. ráðh. hóf framsöguna. Eru bæði málin á dagskrá nú 301. mál og 302. mál? (**Forseti:** Já.) Já, ég tel ekkert

athugavert við það því að auðvitað er það meira og minna nátengt sem þar er um að ræða.

Ég skal ekki, herra forseti, fara mörgum orðum um þessi mál. Ég á sæti í þeirri nefnd sem málin fara væntanlega til og hef þá tækifæri til að kynna mér þau betur.

Mér heyrðist á framsögu hæstv. samgrh. að sá ágreiningur, sem fyrst og fremst væri um að ræða að því er þessi frv. varðaði, væri hinn margumtalaði undanþágufaraldur, eins og menn hafa orðað það, í þessum efnum. Víst er það svo, að æskilegast er, bæði að því er varðar vélstjóra og skipstjóra og stýrimenn, að um borð í bátum og skipum séu menntaðir menn til þessara starfa, hafi til þess full réttindi, en ég veit ekki hvort menn hafa almennt gert sér grein fyrir því hvar t. d. fiskiskipaflotinn hefði verið staddur undangengin ár ef ekki hefði þó verið gripið til þess að veita undanþágur. Ég hugsa að til séu í landinu menntaðir einstaklingar til starfa á flotanum svo að ekki þyrfti að nota undanþágur eða menn með engin réttindi, en staðreyndin er eigi að síður sú að réttindamenn hafa ekki til þessa starfa fengist og þess vegna hefur flotanum verið haldið úti meira og minna með einstaklingum á undanþágum. Þetta er auðvitað slæmur kostur, það skal undir tekið, en ég held þó að menn megi ekki gleyma því að íslenska fiskiskipaflotanum hefði ekki verið haldið úti með þeim hætti sem gert hefur verið undangengin ár hefði ekki notið margra þeirra einstaklinga sem verið hafa á flotanum með undanþágur. Því skulu menn ekki gleyma. Og þó að ég vilji á engan hátt draga í efa að menntun er jákvæð og bætandi og raunar öryggisatriði um leið, þá er það þó eigi að síður svo að hún segir ekki allt. Við höfum ótal dæmi þess, bæði í þessari atvinnugrein svo og mörgum öðrum, að það segir ekki allt um ágæti og hæfni einstaklingsins hvort prófskírteinið fylgir með eða ekki. Þetta er ekki sagt á nokkurn hátt til að draga úr nauðsyn menntunar í þessum efnum, en ég held að menn ættu að hafa þetta í huga þegar litið er yfir sögu þessarar starfsgreinar svo og margra annarra í ljósi reynslunnar.

Án þess að ég ætli hér að fara í einstakar greinar þessara frv. eða efnisatriði, þá er hér sérstaklega eitt atriði sem ég vildi gjarnan segja örfá orð um. Það er í sambandi við 19. gr. í frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum fiskiskipum og um 5. gr. í frv. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Báðar þessar greinar í frv. hvoru um sig fjalla um undanþágumálin og í þeim báðum sýnist mér vera gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að fjalla um undanþágur og að nefndina eigi að skipa fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og fulltrúum útgerðaraðila og síðan skipi hæstv. ráðh. formann nefndarinnar.

Út af fyrir sig hef ég ekki mikið við þessa skipan mála að athuga, en muni ég rétt, og nú vil ég ekkert fullyrða, hæstv. ráðh. veit þetta sjálfsagt miklu betur, en muni ég rétt samkv. a. m. k. framkvæmdinni eins og hún er samkv. gömlu lögunum er a. m. k. lagt mikið upp úr umsögn stéttarfélags viðkomandi einstaklings. Ég spyr hvort meiningin sé þá sú að fella niður þá meðferð mála sem er núna, að umsagnaraðili sé það stéttarfélag sem viðkomandi einstaklingur er félagi í.

Nú er það svo varðandi vélstjórana að það eru, að ég hygg, talsvert margir einstaklingar vélstjórar sem eru með full vélstjóraréttindi og munu vera í verkalýðs- og sjómannafélögum víðs vegar í kringum landið, þannig að í reynd má segja að fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem þarna er gert ráð fyrir að séu í þessari nefnd, eru ekki endilega fulltrúar sjónarmiða vélstjóra sem eru innan vébanda annarra félaga en rúmast innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Ég vildi því gjarnan fá upplýst, það getur að sjálfsögðu komið fram í nefndinni, hvort meiningin er að breyta frá því sem nú er. Ég a. m. k. á ekki von á að fulltrúar þeirra verkalýðs- og sjómannafélaga víðs vegar í kringum landið sem hafa sem félaga hjá sér fullgilda vélstjóra með réttindi telji nægjanlegt að Farmanna- og fiskimannasambandið sé umsagnar- eða ákvörðunaraðili gagnvart þeim þó að það geti að sjálfsögðu verið það gagnvart þeim vélstjórum sem eru innan vébanda þeirra samtaka.

Á þessu vildi ég vekja athygli, hvort hér er verið að breyta frá þeirri framkvæmd sem verið hefur mörg undangengin ár, eða hvort meiningin er að sama gildi að því er þetta varðar.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða lengri tíma í þessi mál að þessu sinni, eins og ég sagði áðan. Ég hef væntanlega til þess tækifæri að kynna mér þau frekar í nefnd og þá kunna að koma fram upplýsingar um þau atriði sem ég hef hér gert að umræðuefni. Undanþágumálin eru, að því er fram kom hjá hæstv. ráðh., þau mál sem hvað mestum ágreiningi valda um þessi frv. Ég skildi hæstv. ráðh. svo, að sú yfirlýsing sem hann hér gaf mundi líklega leiða til þess að menn sættust a. m. k. að einhverju leyti á þessu stigi málsins í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hann gaf um framhald þess.

Þessu vildi ég sérstaklega, herra forseti, koma hér á framfæri strax við 1. umr. og vænti þess að um þetta, og þá trúlega margt fleira, fáist upplýsingar við meðferð málsins í viðkomandi nefnd.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegar og of seint fram komnar brtt. (sjá þskj. 1029, 1081 og 1082) samþ. með 21 shlj. atkv.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Karvels Pálmasonar fyrir nokkrum mínútum að það segði lítið um hæfni manna hvort prófskírteini fylgi með eða ekki. (**KP:** Það segði ekki allt, hv. þm., það var þess efnis.) Þetta er einmitt setning sem hæfir meginhugsuninni í þessu frv. Skipstjórnarmenn þurfa svo sem ekki að hafa nein skírteini eða menntun.

Á þessu þingi og undanfarin ár hafa komið hér mörg frv. fram þar sem gerðar eru síauknar menntunarkröfur. T. d. létu menn sér detta það í hug nýlega að til þess að kona mætti taka á móti barni þyrfti hún fyrst að taka stúdentspróf, síðan að vera fjögur ár í hjúkrunarkvennaskólanum eða hvað það heitir og eftir það tvö ár í sérnámi ljósmæðra. Þ. e. viðkomandi mjúkhent og hreinleg kona, sem gat tekið á móti barni við eðlilegar aðstæður, þarf nú að leggja á sig nám sem er jafnlangt læknanámi við þann eðlilega og sjálfsagða og einfalda hlut.

Á sama tíma og menn eru að krefjast aukinnar menntunar og starfsþjálfunar leggja menn hér fram frumvörp um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og

vélstjóra þar sem dregið er úr menntunarkröfum. Ábyrgð skipstjóranna er mikil. Þeir hafa í fyrsta lagi allmarga menn um borð og þeim ber auðvitað skylda til að hafa þekkingu til þess og reynslu að koma í veg fyrir að slys verði. Þeir bera ábyrgð á mörgum mannslífum og þeir bera einnig ábyrgð á mjög dýrum tækjum og bera í raun og veru ábyrgð á lífsmöguleikum þessarar þjóðar.

Það hefur verið samið um það, herra forseti, að menn styttu mál sitt nú til þess að þessi frumvörp gætu komist til nefndar og mun ég verða við því og tala ekki lengi að þessu sinni. En það verður ekki hjá því komist að drepa á örfá atriði í frv. Að vísu skal það viðurkennt að hæstv. ráðh. hefur komið fram með mjög mikilvæga brtt., sem breytir ansi miklu í þessu máli, með því að fella niður 15. gr., minnir mig að sé. En mér finnst illt að í lagasetningu eins og þessari, með tilliti til þess sem ég hef sagt hér áður, skuli vera sett í lög að þrátt fyrir öll ákvæði þessara laga megi víkja frá þeim varðandi fjölda skipstjórnarmanna og eins að hægt sé að veita mönnum svokallaðar undanþágur til þess að taka að sér skipstjórn í landinu. Hvenær fengi maður undanþágu til að keyra bíl hérna í Reykjavík, sem er auðvitað sáraómerkilegt atriði og hver meðalmaður getur lært á 10—15 mín. þar sem menn aka bílum eftir mjög merktum götum og sigla eftir götuvitum og ekki hægt að líkja því saman við skip við misjafnar aðstæður hér á Norður-Atlantshafinu? En það má sem sagt veita mönnum undanþágur, ef þeir hafa nægan áhuga, þó að þekkingin og reynslan sé kannske lítil eða engin. Það er meira að segja gengið svo langt að ef hefur tekist að kenna manni á kompás fái hann atvinnuréttindi, hann geti verið með 40 tonna bát ef hann hafi þetta svokallaða gamla pungapróf sem miðað er við 30 tonn og eru aðallega fyrir sportfiska.

Auðvitað mætti margt um þetta segja en ég ætla að láta það vera og geyma mér til síðari tíma að ræða þetta mál, en ég verð að segja að mér finnst þessi tvö mál það mikilvæg að mér finnst tæplega sæmandi að ýta þeim í gegnum þrjár umr. í þessari hv. deild á kannske einum eða tveimur dagpörtum. Við fáum svo gott sem engan tíma til þess að kynna okkur þessi mál.

Hæstv. samgrh. er einnig hæstv. heilbrmrh. Hvernig væri nú ef sæmilega natinn maður, sem hefur gott lag á fólki, léti sér detta í hug að það væri hans köllun í lífinu að gerast læknir, en hefði hins vegar ekki til þess próf? Gæti hann fengið undanþágu til að stunda sjúklinga með því að senda skeyti í rn., eins og menn geta fengið skipstjórnarréttindi með einni skeytasendingu til sjútvrn.? Dytti einhverjum það í hug? Það held ég ekki. En ég held að það sé ekkert verra og ekkert meira mál að eiga við þau verk en þau verk sem skipstjórnarmenn þurfa að eiga við og síður en svo.

Nú hefur staðið yfir deila í kjaramálum flugmanna. Hvenær ætli hæstv. samgrh. leyfði einhverjum og einhverjum áhugamanni að fara að fljúga flugvélum innanlands eða milli landa án þess að hann hefði til þess menntun og starfsreynslu? Ég veit ekki til að slíkt hafi átt sér stað og ég veit að það hefur ekki verið gert og verður ekki gert þó að það sé síst flóknara mál en það að stýra skipi við alls kyns erfiðar aðstæður — auðvitað miklu auðveldara mál, enda er það sannað mál að menn læra að fljúga á nokkrum klukkutímum. Þessi stétt hefur bara gert sig að yfirstétt í landinu.

Herra forseti. Við eigum eftir að ræða þetta mál gaumgæfilega þegar það kemur úr n. og ég vil hvetja þá menn sem sitja í samgn. Nd. að flana ekki að neinu og kanna þetta mál vel áður en þeir mæla með því að það verði samþykkt.

Umr. frestað.

Um þingsköp.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hygg að hæstv. forseta og mörgum hv. þdm., sem hér eru nú inni staddir, sé ljóst að klukkan langt gengin tvö s. l. nótt var gert samkomulag a. m. k. af minni hálfu við fulltrúa þingflokkanna hér og suma hverja formenn flokkanna um það að fundi yrði frestað í nótt og 2. umr. um kosningalögin frestað til dagsins í dag. Síðan yrði henni haldið áfram og lokið. 3. umr. yrði síðan tekin líka í dag og henni yrði lokið fyrir kl. 7 í kvöld. Það varð samkomulag um það að halda ekki þingfundi í kvöld í ljósi þessa. Nú gerist það að þetta mál, sem samkomulag var um í nótt, er ekki tekið hér til umr. heldur önnur mál eins og hv. þm. er ljóst. Einnig hefur það gerst að annar stjórnarflokkanna, það ég best veit Sjálfstfl., hefur óskað eftir klukkutíma hléi á fundum í deildinni. Hvers vegna veit ég ekki og skal ekkert um segja. En þetta hefur það í för með sér að tíminn minnkar auðvitað sem því nemur sem deildin hefur til umráða til að ræða málið sem átti að ræða hér í dag. Ég vek athygli á þessu vegna þess að ég tel að þeir aðilar sem stóðu að samkomulaginu í nótt séu með þessum vinnubrögðum að rjúfa það samkomulag, sem var á þá leið að 2. umr. skyldi í upphafi fundar að sjálfsögðu fram haldið og síðan tekin 3. umr. Nú er gert hér klukkutíma langt fundarhlé að ósk annars stjórnarflokksins og í áframhaldi af því tekin önnur mál til umr. Af þessu leiðir að það mál sem mest var um rætt í nótt og var þess valdandi að langar umr. urðu hér um þingsköp, með þeim lengri sem hér hafa átt sér stað, er að engu gert. Er að mínu viti beinlínis stefnt að því að þetta mál, sem menn vilja fá að ræða, fái engan tíma hér á fundi í dag. Ég sé ekki betur en þeir aðilar sem þetta samkomulag gerðu við mig, séu með þessum hætti að rjúfa það. Ég tel mig því óskuldbundinn af því samkomulagi vegna framkomu þeirra aðila sem hér ráða ferðinni.

Það er tími til þess kominn fyrir hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkana að gera sér grein fyrir því hvaða mál það eru sem á að afgreiða hér á þingi áður en því lýkur. Enn liggur engin vitneskja fyrir um það. Það er gjörsamlega útilokað að hægt sé að greiða fyrir framgöngu mála í gegnum deildina ef stjórnarflokkarnir geta ekki gert upp við sig hvaða mál þeir ætla að fá afgreidd áður en þingi lýkur. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum hér í ljósi þess samkomulags sem ég taldi mig vera að gera og ætlaði mér að standa við. Ég sé ekki betur en gagnaðilar mínir að því samkomulagi séu hér að rjúfa það. Ég lýsi því hér með yfir að ég tel mig óskuldbundinn af því samkomulagi vegna þessarar framkomu.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessum orðum vil ég taka það fram að það er rétt að fram fóru ítarlegar viðræður um það hér á næturfundi hvernig fundum yrði hagað í dag. Ég vona að hægt verði að standa við þetta

samkomulag þó að svo hafi til tekist af sérstökum ástæðum að þingfundarhlé varð eitthvað lengra en til stóð og einnig það að forseti mun, eins og hann reyndar sagði frá þegar í upphafi fundar, taka fyrir örfá mál áður en gengið yrði til þess verks að ræða um kosningalögin og stjórnarskipunarlög. Ég vil biðja hv. 3. þm. Vestf. að virða þetta. Það mun ekki líða löng stund þangað til umr. um þetta mál geta hafist.

Ég vænti þess að þeir hv. þdm., sem kvatt hafa sér hljóðs í þessu máli, tali ekki mjög lengi, einmitt með tilliti til þess, sem forseti hefur lagt mikla áherslu á á þessum fundi, að aðstæður eru að ýmsu leyti erfiðar og óvenjulegar. En forseti hefur fullan vilja til þess að reyna að verða að sem mestu liði um þessa fundarstjórn í erfiðri aðstöðu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að taka undir þau orð hv. þm. Karvels Pálmasonar að það er alveg dæmalaus sú árátta sem kemur fram í sambandi við þetta mál, að skáka því alltaf til hliðar á dagskrá. Við höfum núna tvisvar sinnum lent í því að hefja umr. um þetta um miðjar nætur og mér sýnist að þessi árátta, þessi myrkursótt, sé enn að verki vegna þess að ef svo fer sem horfir verður þetta til umr. í kvöld. Í sambandi við þann samning, sem talað var um í nótt, var aldrei talað um það og það kom aldrei fram að stjórnarflokkarnir mundu tefja þingstörf með síendurteknum fundum í dag. Talað var um að taka þetta mál til umræðu á þessum fundi á sæmilegum tíma og það átti að vera forgangsmál en ekki önnur.

Forseti (Ingvar Gíslason): Já, ég vil enn ítreka að það er ákveðin ætlun forseta að taka þetta mál fyrir á fundinum og þá á góðum tíma, vona ég.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vænti þess að hægt verði að taka málið fyrir á góðum tíma segir hæstv. forseti. Gaman væri að fá að vita frá hæstv. forseta hvað hann telur góðan tíma til að ljúka 2. og 3. umr. um kosningalagamálið. Ég ítreka mótmæli mín við því háttalagi sem hér er uppi haft. Ég vil spyrja formann Sjálfstfl., þingflokksformann þess flokks, formann Alþb. og þá fulltrúa Framsfl. sem á þessum samningafundi voru í nótt: Var þeim ljóst þegar það samkomulag var gert að Sjálfstfl. ætlaði í dag að stöðva starfsemi þessarar deildar um klukkutíma? Lá það fyrir? Ég óska eftir því að menn svari þessu. Ekkert slíkt kom fram þegar við mig var rætt um það með hvaða hætti mál gætu gengið fram í dag.

Hæstv. forseti segir: Ég vona að hægt sé að standa við það samkomulag. — Það er búið að brjóta það nú þegar. Það er því ekkert um það að ræða héðan af að hægt verði að standa við það. Þeir sem ráða ferðinni á Alþingi hafa þegar rofið þetta samkomulag. Það er ekkert um það að ræða á þessu stigi máls að neitt bindandi samkomulag sé lengur í gildi að því er mig varðar varðandi kosningalagafrv. og stjórnarskrármálið. Ég læt a. m. k. ekki með þessum hætti leika á mig að því er varðar samkomulagsatriði. Ég er vanur því sjálfur að halda það samkomulag sem ég á annað borð geri og ég geri þá kröfu til annarra að slíkt hið sama gildi. Nú hefur það verið rofið af þeirra hálfu og það er þá þeirra að taka afleiðingum þess. Komið hefur fram hjá hv. þm. Guðmundi Einarssyni og ég trúi að fleiri hafi tekið málið svipað að ráð var fyrir því gert að 2. umr. yrði lokið um kosningalagamálið og stjórnarskrármálið strax í dag í upphafi fundar og síðan 3. umr. hafin. En nú kemur allt annað á daginn. Nú eru önnur mál tekin fram yfir og hlé gert á fundum deildarinnar trekk í trekk að ósk annars stjórnarflokksins sem þó gerði þetta samkomulag. Þessu mótmæli ég harðlega og krefst þess að a. m. k. formaður Sjálfstfl. og formaður þingflokks Sjálfstfl., sem hér eiga hvað mestan hlut að máli, og raunar hæstv. forsrh. líka sem sat samningafundinn í nótt, komi hér upp og geri grein fyrir því hvort þeir gerðu ráð fyrir þessum töfum á störfum deildarinnar í dag vegna óska Sjálfstfl. um fundarhlé trekk í trekk.

Þetta eru samningsrof að því er mig varðar, ég tala ekki hér fyrir munn annarra. Ég tel mig gjörsamlega óbundinn af þessu samkomulagi sem ég ætlaði þó að standa við í sambandi við umræður um kosningalagafrv. og stjórnarskrána.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að ég geri grein fyrir því sem um samdist í nótt. Við 2. umr. um kosningalagafrv. urðu alllangar ræður og ákveðið að fresta fundi og rætt við þá sem vitað var að hefðu hug á að tala í því máli. Eftir þær viðræður samdist um það að ljúka fundi þá nótt og var þá áætlað af okkur, sem þennan fund sátum, eftir að við höfðum, eins og ég sagði, rætt við þá sem höfðu lýst yfir áhuga að taka þátt í umr. um málið, að það þyrfti um tvo til þrjá tíma hámark. M. a. var það byggt á því að hv. 3. þm. Vestf. lýsti því yfir að ef fundi yrði lokið þegar í nótt mundi hann tala stutt við 2. og 3. umr. Ég tel að þetta mat hafi verið mjög rúmt satt að segja, tveir til þrír tímar. Ég veit að forseti hefur haft í huga að ljúka hér fyrir kl. sjö og enn þá eru tveir tímar og þrír stundarfjórðungar til klukkan sjö. Eftir því sem ég veit best er einn maður á mælendaskrá um þessi tvö mál sem nú eru til umr. Ef hann er stuttorður getum við snúið okkur að öðrum málum.

Út af spurningu hv. þm. um fundarhlé var okkur kunnugt um að Sjálfstfl. vildi fá stuttan þingflokksfund og það var tekið með í þetta dæmi. Að vísu var gert ráð fyrir að hann yrði bara hálftími en hann varð nokkuð lengri, ég verð að segja því miður, en til þess lágu brýnar ástæður. Ég vil því vísa því á bug og bið hv. þm. að endurskoða það að verið sé að rjúfa samkomulagið. Byrjað var með því að standa fullkomlega við það að ljúka fundi í nótt eins og óskað var. Í öðru lagi er a. m. k. ekki enn þá hægt að fullyrða að ekki fáist nægur tími til að ræða kosningalagafrv. og stjórnarskrárfrv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru bara örfá orð út af því sem hæstv. forsrh. sagði. Forseti deildarinnar kom til mín og spurði mig hvort ég gæti ekki fallist á það að fresta minni ræðu þangað til í dag og ég tjáði honum að ég væri fús til þess. Ég hefði krafist þess að fundir yrðu ekki fjórða daginn í röð fram á nótt en tók það fram að ég hefði engan hug á að tefja þessa umr. Hins vegar mundi ég tala hér í dag og gerði þá kröfu að formenn flokkanna yrðu viðstaddir þá umr. ef ég ætti að fallast á þetta samkomulag. Ég hygg því að það séu fleiri en einn á mælendaskrá. Ég vona að forseti geti borið að þetta sé rétt. (**Forsrh.:** Ég sagði aldrei að það væri einn.)

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skil vel óþolinmæði þeirra hv. þm. sem hafa kvartað yfir þessu fundarhaldi í dag. Gert var tiltekið samkomulag um að kjördæmamálið næði fram að ganga við 2. og 3. umr. fyrir kl. sjö í dag, að hér stæðu fundir í deildinni frá tvö til sjö og þá yrðu kjördæmamálið og stjórnarskrárfrv. tekin fyrir og þessi mál afgreidd til Ed. í dag. Síðan var gert ráð fyrir því að þrjú stjórnarfrv. eða fjögur færu til 2. umr. Það voru frv. um fjarskipti, tvö frv. um atvinnuréttindi og frv. til lyfjalaga. Ég skildi það svo að niðurstaðan væri sú að kjördæmamálið hefði allan forgang á þessum fundi og við hefðum verið að gera þetta samkomulag í nótt til þess að tryggja að það gæti komist greiðlega til Ed. í dag og þess vegna hefðu menn sett á langa fundi til samninga um þessi mál. Þess vegna vil ég skora á hæstv. forseta að hefja þegar í stað, eða eftir örfáar mínútur í síðasta lagi, umr. um kjördæmamálið svo að hægt verði að ganga í þetta verk.

Það er óskynsamlegt að efna til ófriðar um afgreiðslu á þessu máli eftir að jafngott samkomulag náðist og um var að ræða á þeim fundum sem við héldum í nótt. Ég held þess vegna að langskynsamlegast væri að hefja nú þegar kjördæmaumr. Ég leyfi mér að vænta þess að þeir þm., sem áttu aðild að samkomulaginu í nótt, mundu þar með gera sitt til þess að unnt yrði að ljúka málunum frá 2. og 3. umr. í dag hér í deildinni sem var innihald þess í meginatriðum sem við ræddum um. Hitt var svo aldrei nefnt að þingflokkur Sjálfstfl. þyrfti að hanga á fundum hálfan þingtíma deildarinnar, það kom aldrei fram. Talað var um að þingflokkur Sjálfstfl. þyrfti að hittast í hálftíma eða svo, en að menn væru þar gaufandi á fundum í klukkutíma eða meira meðan jafnmikilvæg mál eru hér til meðferðar, það var aldrei nokkurn tíma nefnt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég heyri það að hv. þm. Svavar Gestsson hefur tekið það samkomulag sem gert var í nótt á nákvæmlega sama hátt og ég gerði. Samkomulagið var um það að deilumálið kæmi hér til umr. strax í byrjun fundar í dag þannig að tryggt væri að það kæmist út úr deildinni. Ég man ekki eftir því sem hæstv. forsrh. fullyrðir hér, það var a. m. k. ekki um það talað við mig, að ætla okkur tvo til þrjá tíma til umr. um það mál. Ég batt bara mig, ég veit ekkert um aðra — (**ÓÞÞ:** Í tvo, þrjá tíma?) Nei, ég batt mig við það að ég skyldi vera tiltölulega stuttorður, bæði við 2. umr. og síðan við 3. umr. líka, og það hafði ég hugsað mér að standa við. En þetta tveggja til þriggja tíma mark hef ég ekki heyrt áður.

Ég sé að hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, formanni þingflokks Sjálfstfl., er farið að líða illa. Ég hef óskað eftir að hann kæmi hér upp og greindi frá því hvort það hafi legið fyrir að þingflokkur Sjálfstfl. þyrfti a. m. k. klukkutíma til þingflokksfunda í dag. Hv. þm. Svavar Gestsson hafði ekki heyrt um það rætt að slíkan tíma þyrfti til að leysa ágreiningsmál í þeim þingflokki í dag. Ég held, hæstv. forseti, að vinnubrögð af þessu tagi séu ekki til þess að greiða fyrir því að stjórnarandstaðan liðki til fyrir málum í gegnum þingið nú þessa síðustu daga.

Ég ítreka enn að mér vitanlega hefur ekki verið lagður fram endanlegur listi um hvaða mál það eru sem ríkisstj. leggur kapp á að fari hér í gegnum þingið og verði afgreidd fyrir þinglok, nema þá að það hafi gerst á fundum í dag, það veit ég ekki um.

Ég veit ekkert um það hvað hæstv. forseti ætlaði sér að halda hér lengi áfram. Sé það rétt, sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan, að hér hafi verið um það talað að tvö eða þrjú stjórnarfrv. færu hér til 2. umr. auk þess sem búið er að ræða tvö stjórnarfrv. til 1. umr. þá hefur ekki verið gert ráð fyrir þessu inni í þessu samkomulagi hjá þeim. Ég skal því ekkert um það segja hvað hæstv. forseti hefði haldið lengi áfram í þeim dúr, sem hann hefur byrjað í dag og að mínu viti er brot á samkomulaginu, ef ekki hefði verið hafin umr. um þingsköp. Það má vera að sú umr., sem sett hefur verið á í dag, hefði getað dregist fram undir sex ef enginn hefði gert athugasemd við það. Þannig átti að leika á þá sem gerðu samkomulagið við höfuðpaurana í nótt. En það verður ekki gert, ég hef sagt það og segi það enn. Ég lít svo á að þeir hafi rofið það samkomulag sem ég gerði við þá. Hvort það verður til þess að ég haldi hér langar ræður um tiltekið mál skal ekkert um sagt á þessu stigi, það getur alveg eins verið í ljósi þess sem hér hefur gerst, en það hefði ekki gerst hefði verið staðið við það samkomulag sem ég taldi mig hafa gert.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég held að heppilegt sé að ljúka þessum umr. um þingsköp. Ég verð að taka það fram um þann hæstv. forseta sem hér stendur nú að hann er alveg maður til að bera jafnvel dylgjur, sem á hann eru bornar, án þess að hann fari að bera sérstaklega hönd fyrir höfuð sér og líklega er hann einnig maður til þess að bera aðra krossa sem kunna að verða lagðir á hann með ýmsum hætti og tekur þá á sig ýmsa sök sem hér kann að vera uppi. En það er hverju orði sannara að það var ætlunin að ljúka þeim tveimur málum, þ. e. 9. og 10. dagskrármálinu á þessum fundi. Það hefur forseti margsinnis tekið fram og lýst því strax í upphafi með ákveðinni grg. um það hvernig þingfundi yrði háttað. En margt hefur kannske farið öðruvísi en jafnvel forseti bjóst við. Ég get sagt það nú að marggefnu tilefni að það var ætlun forseta að ekki síðar en kl. hálffimm hæfust umr. um 9. dagskrármálið — og nú er kl. einmitt u. þ. b. — og umr. um 5. og 6. dagskrármál þá einnig. Þessu verður frestað en fyrir tekið 9. dagskrármálið.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 222, n. 974, 975). — Frh. 2. umr.

Kristín S. Kvaran: Virðulegi forseti. Við erum hér enn einu sinni að fjalla um frv. um kosningar til Alþingis. Þetta frv. þýðir í raun og veru nær einungis breytingu á því hvernig þingsætum skuli úthlutað til þingflokka á grundvelli ákvæða í framangreindu frv. Hér erum við að vinna að breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. Er það töluvert merkileg staðreynd þegar til þess er litið að þessi mál eru, eins og margsinnis hefur komið fram, nær einungis rædd í skjóli myrkurs. Telst það því til tíðinda að því skuli nú vera hleypt á dagskrá á þessum tíma dags. Og í ljósi þeirra leiðu atburða sem áttu sér stað í atkvgr. í gær held ég að það sé mjög vel til fundið að taka málið til afgreiðslu á þessum tíma dags, svo ekki eigi sér mistök stað áþekk þeim sem urðu í gær.

Eins og ég gat um áðan þá er hér um að ræða mjög mikilvægt mál og því ekki úr vegi að athuga nánar í hverju það felst. Það felst einfaldlega í því að fjölga þm. um þrjá, það er allt og sumt, fjölga þeim um þrjá. Það er ekki eins og um sé að ræða að það eigi að fara að jafna aðstöðumun eða jafna atkvæðisrétt, auka valfrelsi eða eitthvað í þá veru fyrir landsmenn. Að mati BJ er hér einungis um að ræða að valda- og hagsmunavarsla þeirra fjögurra stjórnmálaflokka sem að þessu frv. standa sé tryggð, að það sé þeirra samkomulag sem í húfi er. Það er það sem þetta frv. fjallar um og ekkert annað. Það er mikið talað um þetta samkomulag sem orðið hafi á milli þessara flokka og það sé eitthvað sem virkilega þurfi að taka tillit til. Nú er frv. lagt fram í óbreyttri mynd eins og það er hér, þrátt fyrir allan tímann sem það hefur verið í n. En það segir ekki alla söguna. Það er ekki um að ræða samkomulag í raun og veru, því það er ekki eins slétt og fellt og í fyrstu kann að virðast og eins og það er á yfirborðinu.

Menn vita sumir hverjir ekki sitt rjúkandi ráð, hvernig þeir eiga að snúa sér í þessu máli, a. m. k. í sumum flokkum. Talað er um að æskilegra hefði verið að ná viðeigandi jafnvægi milli þéttbýlis og dreifbýlis án fjölgunar þm. Margir telja óæskilegt að fjölga þm. um þrjá og gefa skoðun sína til kynna með mörgum yfirlýsingum þar að lútandi. Sumir hefðu viljað ganga lengra til jöfnunar kosningarréttar milli dreifbýlis og þéttbýlis. Aðrir tala um skort á jöfnuði á mörgum sviðum milli þéttbýlis og dreifbýlis og talað er um að fjölgun þm. verði dreifbýlinu til hagsbóta eða það stuðli a. m. k. að því að dreifbýlið haldi hlut sínum óskertum. Ég get nú fyrir mitt leyti ekki séð hvaða hag dreifbýlið á að hafa af því að hafa fleiri en færri þm. hér innan veggja. Ég get ekki séð að það eitt út af fyrir sig stuðli að einhverju hagræði fyrir dreifbýlið. BJ lítur svo á að þessi málflutningur miði einungis að því að auka ágreining um áherslur milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Það frv. sem hér liggur fyrir er nánast einskis virði. Það er einungis um að ræða lítilvæga, léttvæga breytingu á áframhaldandi misvægi atkvæða sem felur nær einungis í sér þessa fjölgun þm. um þrjá. Það sem hefst upp úr þessu frv., verði það samþykkt, er að enn á að koma í veg fyrir það að landsmenn hafi jafnan rétt gagnvart lögum og leikreglum. Það er ekkert réttlátt við það og ekkert sem réttlætir það að nota þessa aðferð, skerðingu atkvæðisréttar til að ná fram pólitískum markmiðum. Við þurfum að nota allt aðrar aðferðir ef við viljum að einhver tiltekinn hópur einstaklinga nái fram rétti sínum, hvort sem um er að ræða hóp á þéttbýlis- eða dreifbýlissvæði, fram yfir einhvern annan hóp. Það er ekki gert með því að margfalda atkvæðavægi þessa hóps hver sem hann er, heldur með því að sú skoðun sem slíkur hópur er málsvari fyrir nái af eigin rammleik að afla þess fylgis sem til þarf og að með því móti fáist fleiri fulltrúar þessarar skoðunar inn á þing. Þetta þarf að skiljast vegna þess að það eru margir hópar í þjóðfélaginu sem hafa ólíkar skoðanir á hinum ýmsu þjóðmálum eða sérhagsmunum. Og málið snýst ekki um það hvort fólkið býr í þéttbýli eða dreifbýli eins og haldið er fram. Þetta er mun umfangsmeira mál en svo að einungis sé um að ræða hvort menn búa á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess.

Við þurfum að átta okkur á því að kosningarrétturinn hefur verið ójafn og það er þess vegna sem við þurfum að rétta hann af og jafna hann en ekki stuðla að því að viðhalda þessum órétti og ójöfnuði. Við þurfum að átta okkur á því hvaða hlutverki þeir menn sem kjörnir hafa verið inn á Alþingi Íslendinga gegna og eiga að gegna. Við þurfum að átta okkur á því að þeir eiga að vera hér til þess að setja lög. Þeir eiga fyrst og fremst að setja hér lög og þeir eiga síðan að hafa eftirlit með því að þessi lög séu haldin og þeim sé framfylgt. Það á ekki að vera fyrst og fremst þeirra hlutverk sem hingað eru kjörnir að sitja í hinum ýmsu sjóðum og ráðum, t. d. bankaráðum og stjórn Framkvæmdastofnunar, og hluta þar út eða semja með sér hvernig hinu mikla fjármagni sem þar fer í gegn verði úthlutað, vegna þess að það samræmist ekki því hlutverki sem þeir eru kjörnir til. Þegar svo er komið, sem nú er, að menn líta á sig sem kjörna á þing til að fara með slík völd, einhver útdeilingarvöld, þá stuðlar það einungis að jafnvægisleysi í efnahagskerfinu. Það verður mun erfiðara að deila út því fjármagni sem er fyrirliggjandi ef það verður gert eftir þessum leiðum en ekki eftir því hvar þörfin er í raun og veru mest til að viðhalda byggð í landinu og hvar tækifærin liggja til að afla okkur markaða og annars þess háttar. Og því síður fer það eftir því hvaða áætlanir byggðadeild Framkvæmdastofnunar gerir sem þó hefur það hlutverk að stuðla að hagkvæmni í slíkri útdeilingu.

Þessi kjördæmaskipun veldur því ekki einungis jafnvægisleysi í efnahagskerfinu. Þetta er spurning um valda- og hagsmunavörslu. Þetta er spurning um valdapot. Þetta er spurning um að koma sér fyrir í góðum sætum. Þetta er spurning um það að menn séu bundnir flokkshagsmunum og engu öðru. Það er ekki lengur spurning um að vera bundnir kjósendum sínum og því síður samvisku sinni og þeirri stefnu sem þeir lögðu á borð fyrir kjósendur í kosningum og voru kosnir út á. Óeðlileg tengsl Alþingis við hina ólíku valdþætti þjóðfélagsins eru afleiðing af því hugarfari að það þurfi breytilegan kosningarrétt handa mönnum eftir því hvort þeir búa í dreifbýli eða þéttbýli. Það þarf að styrkja löggjafarstarfsemi þingsins og gera virkt eftirlit þess með framkvæmd laga. Það þarf að auka sjálfstæði þess og síðast en ekki síst þarf að banna þm. umboðsstörf í þágu framkvæmdavaldsins sem er auðvitað alls ekkert í tengslum við það sem þeir eru kjörnir til.

Við höfum séð það mjög vel í vetur, ég get auðvitað ekki dæmt um nema af afspurn hvernig það hefur verið á undanförnum þingum, að Alþingi er orðið að einni allsherjar afgreiðslustofnun ríkisstj. Það held ég að hafi m. a. stuðlað að því að Alþingi hafi virkilega sett ofan, ekki aðeins í augum þjóðarinnar heldur í raun og ekki síst í augum alþm. sjálfra. Það er auðvitað ljóst að hlutverk Alþingis á að vera að setja hinar almennu leikreglur. En jafnljóst er það að framkvæmdavaldsins á það að vera að framkvæma og taka hinar sérstöku ákvarðanir. Það samkrull sem er á milli þessara ólíku þátta nú hefur að mínu mati leitt þjóðina út í mjög alvarlegan efnahagsvanda. Því er alveg bráðnauðsynlegt að um þessi nánu tengsl verði losað. Sami maðurinn á auðvitað ekki að gegna áhrifastöðum í tveimur eða þremur ólíkum valdþáttum á sama tíma. Það er ekkert sem getur réttlætt það. Það er í fullu ósamræmi við mannlegt eðli að fólk hreinlega skipti um ham, rétt eins og að klæða sig í ný föt, um það bil að þingfundir hefjast. Maður sem er í því hlutverki á morgnana að

fjalla um það að taka einhverjar ákvarðanir úti í bæ, það segir sig sjálft að það er alveg útilokað að slíkur maður geti sest á Alþingi eftir hádegið og fjallað um og sett almennar leikreglur.

Það er ljóst af framansögðu að það þarf að auka stöðugleikann í þingstörfum og treysta löggjafarmátt Alþingis. Ég vek athygli á því að enn þá, eftir allan þann tíma sem liðinn er frá því að þetta frv. var lagt fram, hafa flokkarnir ekki getað komið sér saman um eftir hvaða reglum á að skipta þingsætum. Ekkert er sagt um það hvernig á að reikna út og alls ekki er fyrir séð hvernig það verður enn þá. Það hefur verið gengið á milli Droop og d'Hondt og ekkert hefur komið út úr þeirri umr. á öllum þessum tíma sem liðinn er.

Þá er og athyglisvert að þeir menn sem unnið hafa að hinni lögfræðilegu hlið málsins fyrir þingflokka Alþfl. og Sjálfstfl. eru mjög andvígir þeim tillögum sem birtast í þessu frv. Sú andstaða er ekki byggð á þeim rökum að eitthvað sé athugavert við það sem snýr að hinni lagatæknilegu hlið. Það eru sem sagt ekki lagatæknilegir gallar á frv. sem slíku eins og ég kem að á eftir í tilvitnun í þessa menn. Þar liggja allt aðrar ástæður að baki. Þær eru fyrst og fremst að í till. er gert ráð fyrir verulegu misvægi atkvæða landsmanna eftir því hvar þeir eru búsettir á landinu. Með þessu frv. er því gert ráð fyrir að viðhalda og binda misvægi atkvæða áfram í stjórnarskrá. Vegna þeirrar staðreyndar að hér er um að ræða tillögur, sem formenn Sjálfstfl., Alþfl., Alþb. og Framsfl. hafa komið sér saman um að leggja fram, þá er merkilegt til þess að hugsa að knýja skuli eiga fram slíkar breytingar með hliðsjón af því að um er að ræða mjög skiptar skoðanir innan þessara flokka um ágæti þessara tillagna. Og ekki síður öflug hreyfing fólks úr öllum flokkum sem er mjög mótfallin þessu misvægi atkvæða. Enn athyglisverðara er að þetta eru gamlar tillögur Alþfl. Þær hljóða upp á jöfnun atkvæðisréttar. En það er eins og í öðru, gengið er þvert á það sem mönnum þykir rétt vera.

Enn fremur hlýt ég að benda á það sem Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., sem vann að lögfræðilegum undirbúningi þessa frv. fyrir Sjálfstfl. bendir á í grein sinni, með leyfi forseta, — að í 21. gr. 3. tölul. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá allsherjarþinginu 1948 hafi eftirfarandi samþykkt verið gerð:

„Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstj. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvgr. viðhöfð eða jafngildi hennar að frjálsræði."

Við Íslendingar erum ein sameinuðu þjóðanna og ættum að taka töluvert tillit til þeirrar yfirlýsingar sem felst í samþykkt allsherjarþingsins, og við ættum að taka mið af því sem þar stendur við breytingu á íslensku stjórnarskránni. En áfram segir Jón Steinar í grein sinni með leyfi forseta:

„Þessi yfirlýsing hefur að vísu ekki lagagildi á Íslandi. Hún var hins vegar samþykkt með vísan til stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og til hennar er einnig vísað í inngangi mannréttindasáttmála Evrópu sem fullgiltur var af Íslands hálfu 29. júní 1953. Íslenska ríkinu er því siðferðislega skylt að laga löggjöf sína að yfirlýsingunni."

Svo mörg voru þau orð. Enda eru margir þm., sem sæti eiga nú á Alþingi og sem hafa átt það áður, mjög andvígir þessu frv. Vil ég því leyfa mér að lesa hér upp úr grein eftir Jón Baldvin Hannibalsson sem birtist í Morgunblaðinu 9. mars 1983. Þykir mér rétt að lesa þetta upp þar sem hann er ekki staddur hér. Hann segir undir kaflanum „Skýrar línur" með leyfi forseta:

„Afstaða mín er þessi:

1. Ég er andvígur fjölgun þm. Sýnt hefur verið fram á að hún er óþörf. Hægt er að ná svipaðri leiðréttingu á misvægi atkvæðisréttar og felst í framlögðum málamiðlunartillögum án fjölgunar þm.

2. Allir sanngjarnir menn hljóta að viðurkenna, að markmiðið í kosningaréttarmálum hlýtur að vera að allir Íslendingar hafi sama atkvæðisrétt. Fáist sú leiðrétting ekki fram nú, þá er það alger lágmarkskrafa að misréttið verði leiðrétt í áföngum fyrir hverjar kosningar í framtíðinni.

3. Þess vegna má undir engum kringumstæðum binda málamiðlun um misrétti í sjálfa stjórnarskrána. Það er gersamlega fráleitt. Stjórnarskrá er ekki venjuleg lög sem hægt er að breyta á hverju þingi. Stjórnarskrárbreytingar á því aðeins að gera að þær eigi að vera varanlegar, þ. e. gilda í áratugi. Það á ekki að hringla með stjórnarskrárákvæði."

Áfram heldur Jón Baldvin Hannibalsson, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrá er til þess að tryggja þegnunum sameiginleg almenn réttindi. Að ætla sér að stjórnarskrárbinda alvarlegt misrétti, eins og t. d. að sumir þegnar ríkisins skuli hafa fjórða part úr atkvæði, aðrir einn þriðja og enn aðrir helming, er í raun og veru hið sama og að stjórnarskrárbinda mannréttindabrot. Það er gersamlega fráleitt og óviðunandi.

Ef fyrirhuguð stjórnarskrárbreyting á ekki að fela í sér annað en fjölgun þm., sem allir eru á móti nema meiri hluti þm., og niðurfærslu kosningaaldurs og heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem unnið hefur verið að árum saman, er þar með slegið á frest, þá vaknar ný spurning. Hún er þessi: Er þetta nægilegt tilefni til stjórnarskrárbreytingar sem kallar á tvennar kosningar?"

Svo mörg voru þau orð sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafði um þetta mál í grein sinni í Morgunblaðinu 9. mars. Og verð ég að segja að það er alveg ljóst að hér inni eru mjög margir honum sammála. Frá því að kjördæmabreytingin var gerð 1959 hefur smám saman ýmislegt breyst. Ranglætið hefur aukist stöðugt. Það er m. a. vegna þess að atvinnuhættir og lífsstíll hafa breyst. Atvinnutækifærunum hefur fjölgað á þéttbýlissvæðunum og fólksfjölgun þar með orðið þar meiri. Það hefur eðlilega leitt af sér að atkvæðisréttur þeirra sem búa á þéttbýlissvæðunum hefur stöðugt orðið léttvægari.

Ég vil í þessu sambandi vitna hér í grein sem Vilmundur heitinn Gylfason skrifaði í Alþýðublaðið þann 12. júlí 1980. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Stjórnarskrárnefndir hafa verið skipaðar aftur og aftur. Árangur hefur enginn orðið. Þessi mál hafa verið látin dankast þar til nær hefur dregið kosningum. Þá hefur því síðan verið borið við að ekki sé tími til breytinga. Hætta er á að ef ekki verður þegar í stað farið að sinna þessum málum, þá endurtaki sá ferill sig að þessi mál komist í eindaga, að einfaldlega ekkert gerist.

Það má leiða að því gild rök að ranglát kjördæmaskipan er einmitt ein veigamesta ástæða þeirrar efna-

hagslegu óstjórnar sem einkennt hefur síðasta áratug. Þegar kosið er til Alþingis, þá er verið að kjósa fólk m. a. til þess að ráðstafa almannasjóðum. Það segir sig sjálft að ef eitt byggðarlag einhvers staðar á landinu hefur fimmfalt fleiri fulltrúa til þess að þrýsta á sín mál heldur en annað byggðarlag, miðað við íbúafjölda, þá leiðir sú skekkja til þess að fjármagnið er í stórum stíl flutt til, án nokkurs tillits til arðsemi og hagsýni.

Slík skekkja í kjördæmamálum hlýtur í vaxandi mæli að valda óhagkvæmri notkun almannasjóða, arðminni fjárfestingu, minni hagsýni.

Í raun er ekki hægt að hafa nema einn réttan mælikvarða á það hvernig atkvæðisrétti skuli skipt. Sá mælikvarði er að sérhver einstaklingur í þjóðfélaginu, óháð eignum, skattgreiðslu, búsetu eða öðrum ytri kennimerkjum, hafi eitt og jafnt atkvæði. Það er jafnfráleitt nú að veita fólki aukinn atkvæðisrétt vegna búsetu eins og það var fráleitt á síðustu öld og reyndar vel fram á þessa öld að veita fólki aukinn atkvæðisrétt eftir efnum.

Fólk á að eiga nákvæmlega sama rétt til þess að hafa áhrif á stjórnskipunina, hvort sem það býr í Grindavík eða á Kópaskeri, hvort það býr í Breiðholti í Reykjavík eða á Höfn í Hornafirði. Sérhver einstaklingur á að hafa einn og jafnan rétt til þess að hafa áhrif á það hvernig fjármunum úr almannasjóðum er varið. Og það verður ekki gert nema með því að haga kjördæmaskipan svo að atkvæðisréttur sé alls staðar jafn.“ Ég endurtek: „Það verður ekki gert nema með því að haga kjördæmaskipan svo að atkvæðisréttur sé alls staðar jafn.“

Það er auðvitað alveg útilokað að svo skuli vera farið í þessu landi að það skuli ekki nema annar til þriðji hver maður á þéttbýlissvæðinu hafa atkvæðisrétt í raun og veru. Þegar svo er komið fyrir okkur held ég að það segi okkur ekki nema eitt. Við eigum að taka okkur betri tíma til að endurskoða þessi lög. Nógu langur tími hefur liðið nú þegar til þess að við getum leyft okkur að nota enn lengri tíma til að skoða þessi mál og gera þær úrbætur á þeim sem við teljum vera fullnægjandi. Þær endurbætur sem nú liggur fyrir að gera á þessum stjórnskipunarlögum eru engan veginn fullnægjandi á meðan ekki er enn gengið svo langt að jafna kosningarréttinn. Það er einungis gengið í þá átt að jafna út atkvæðum, út sætum á milli flokkanna. Vilmundur heitinn Gylfason segir í grein sinni í Alþýðublaðinu 30. júlí 1980, með leyfi forseta:

„Hætt er samt við að að þessu sinni verði valið erfitt. Hugmyndin um að fjölga þm. mun vafalaust mælast illa fyrir. Sagt verður með þungum rökum að Alþingi gangi nógu illa að stjórna og að fjölgun muni ekki verða til bóta. Á hinn bóginn er einnig ljóst að strjálbýlli kjördæmi munu snúast öndverð gegn þeirri hugmynd að flytja þm. til.“

Seinna í grein sinni segir hann með leyfi forseta:

„Ójafnvægi milli landshluta er allt of mikið. Ef þessu heldur enn áfram er hætt við því að ágreiningur milli landshluta fari vaxandi. Það er t. d. hætt við því að landshlutasamtök fari að bjóða fram í kosningum til þess að mótmæla þessu ójafnrétti. Slíkt mundi einasta auka enn á togstreituna og getur ekki verið eftirsóknarvert.“

En það er alveg ótrúlegt hvað fólk, hvað þm. ætla að láta draga sig langt á asnaeyrunum verandi ósammála því frv. sem hér liggur fyrir og sjáandi að misvægið viðhelst og að kosningarrétturinn verður ójafn eftir sem áður. En allt er gert fyrir flokkshagsmunina og allt er gert fyrir hrossakaupin sem þegar hafa átt sér stað. Ég vil hér enn vitna í grein hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar sem hann skrifar í Morgunblaðið í mars 1983. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Atkvæðisrétturinn er m. ö. o. veginn á pólitískan kvarða, eftir mati manna á félagslegri aðstöðu kjósandans, alveg eins og atkvæðisrétturinn var áður fyrr bundinn við eign, efnahag og kynferði, eða er reyndar enn í dag bundinn við litarhátt í sumum ríkjum heims.“

Seinna í grein sinni segir hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, með leyfi hæstv. forseta.:

„Því hefur heyrst fleygt að Íslendingar myndu una því illa, t. d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að fara þar með minna en eitt atkvæði á móti þúsund milljón kínverskum. Hvers vegna þá að gera veður út af bara fimmföldu atkvæðismisrétti í okkar eigin félagsskap?“

Það er auðvitað alveg fáránlegt að vera stöðugt að leggja út af því að sú ákvörðun sem tekin er með þessu frv. sé til þess gerð að rétta hlut dreifbýlismanna. Slíkur áróður er til þess eins fallinn að ala á sundurlyndi innbyrðis á milli Íslendinga og þá er allt of langt gengið að mínu mati. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það er ekki um það að ræða að það skerði á einhvern hátt hlut dreifbýlisins ef kosningarréttur verður jafnaður. Það sem þarf að vera ljóst er að hver og einn Íslendingur þarf að eiga aðgang að því að hafa sambærilegan kosningarrétt við alla aðra, jafnt nágranna sína sem þá sem búa úti á landi og eða öfugt. Sú regla sem nú gildir um kjördæmaskipan og skiptingu þm. milli kjördæma verður í reynd alveg óbreytt þrátt fyrir þetta frv. sem hér er til umr.

Eitt er það enn sem mér finnst nauðsynlegt að geta um, en það er hversu lítið þetta mál hefur enn náð að komast í umr. á meðal manna úti í þjóðfélaginu. Er einhver hræddur? Það segir sig sjálft að hér er um að ræða að viðhalda áfram því misvægi atkvæða sem verið hefur og á nú að binda áfram í stjórnarskrá. Þess vegna tel ég rétt að í stað þess að samþykkja þetta frv. nú, þá verði farið út í það að setja reglurnar upp á þann hátt að þær verði hverjum manni auðskiljanlegar og komið verði af stað umr. í fjölmiðlum og þá reynt að ræða um þetta mál þannig að hver og einn skilji hvað um er að ræða.

Þessi mál voru lítið sem ekkert rædd í kosningum fyrir ári síðan þó að í raun ættu kosningarnar að snúast um þau. Það var engu líkara en þm. héldu að þetta væri mál sem ekki bæri að ræða utan þessa húss. Það er mikill misskilningur. Þeir eiga auðvitað að bera þetta mál eins og önnur undir kjósendur sína, undir þá sem þeir eru fulltrúar fyrir hér á Alþingi. Auðvitað má til sanns vegar færa að sumir eru fulltrúar fleiri og aðrir eru fulltrúar færri. En það þarf ekki endilega að fara eftir kjörfylgi þess flokks sem þeir eru í framboði fyrir. Það fer allt eins eftir því hvar á landinu þeir voru í framboði.

Til að skýra þetta atriði ögn nánar vil ég nefna sem dæmi að hv. 2. þm. Vestf., hæstv. forsrh. Steingrímur Hermannsson, hefur 1509 atkv. á lista í þessum kosningum. En sá sem komst næst því að komast inn í Vesturlandskjördæmi, þ. e. sá sem hefði orðið sjötti ef atkvæðatala hefði dugað honum til, það var Sturla Böðvarsson. Hans atkvæðatala var 2180. Þetta segir sína sögu um það, að ef raða ætti upp eftir atkvæða-

fjölda á landinu hvar sem þau dreifast, þá liti allt öðruvísi út hér inni á þingi, hvaða menn hefðu komist inn. Ég vil taka annað dæmi um þetta mál. Þegar búið var að raða öllum inn á lista í Reykjavík í þeirri röð sem þeir áttu að fara inn, plús öllum varamönnum allra flokka, þá var sú sem síðast var raðað inn, sem hafði möguleika á að komast inn sem varamaður, 1. varamaður Kvennalista, Kristín Ástgeirsdóttir, með 3893 atkv. eða rúmlega helmingi fleiri en forsrh. Það er þetta sem við erum að tala um, að það er ekki nema annar til þriðji hver Reykvíkingur sem hefur gilt atkv. Og þessu á að viðhalda í þessu frv. Er nema von þó að einhver setji spurningarmerki við svona lagað?

Það er grátbroslegt til þess að vita, eins og nú liggur mikið á að koma þessu frv. í gegn, að það skuli hafa verið mælt fyrir þessu frv. um kosningar til Alþingis, 155. máli þingsins, þann 19. des. og síðan, í nær fimm mánuði, hefur frv. verið í lausanefnd þingsins, stjórnskipunarnefnd. Að vísu hef ég ekki upplýsingar um það hvað margir fundir hafa verið haldnir þar um þetta mál þar sem við eigum ekki sæti í þessari tilteknu nefnd. Ég tel þó að þeir hafi verið allnokkrir. En á meðan ekki hefur verið unnið að því að kynna þetta mál jafnframt úti í þjóðfélaginu er ekki nóg að tala um að það hafi orðið samkomulag milli þessa fjögurra flokka.

Hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstfl., sagði í ræðu sinni þegar hann mælti fyrir þessu frv. kl. 3 um nótt þann 19. des., með leyfi forseta:

„Það hafa alltaf orðið mjög harðvítug átök þegar breytingar á kosningalöggjöf og kjördæmaskipan hafa átt sér stað. Alþingi hefur klofnað í fylkingar og miklar deilur hafa staðið með þjóðinni um þessi mikilvægu málefni sem skipta lýðréttindi í landinu miklu máli.“ Það er nú gott til þess að vita að hann skuli vita það. „Það heyrir því til mikilla tíðinda þegar samkomulag hefur orðið um það meðal stærstu flokka þingsins að leggja fram frv. sem þetta til breytingar á kosningalöggjöf. Það er mikilvægur áfangi og markar óneitanlega þáttaskil í störfum Alþingis.

Auðvitað kunna að vera skiptar skoðanir um ágæti þessa frv. Það ber auðvitað þess merki að um er að ræða málamiðlun milli ólíkra skoðana. En engar sættir eru í þjóðfélaginu um áframhaldandi skipan mála eins og verið hefur vegna þess misgengis sem orðið hefur í vægi atkvæða og vegna hins að núverandi skipan hefur ekki tryggt þingstyrk í fullu samræmi við kjörfylgi.“

Þessi orð formanns Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteins Pálssonar, eru eins og til þess að sanna það sem ég greindi frá áðan, þegar ég tók dæmið um atkvæðamisvægið og hve mörg atkv. hæstv. forsrh. hefur á bak við sig. Það er ekki ráðið til að bæta úr því að bæta þremur þm. inn til viðbótar. Það er alveg ótrúlegt að þegar gera á nú breytingar á stjórnarskránni og búið er að vinna að því svo lengi sem raun ber vitni þá skuli eiga að hespa þessu af á kvöld- og næturfundum á síðustu dögum þingsins. Að það skuli eiga að gera þessar léttvægu breytingar á stjórnarskránni, á þessari stjórnarskrá sem okkur var færð af Danakonungi fyrir rúmri öld. Að það skuli ekki eiga að búa til alíslenska stjórnarskrá er jafni atkvæðisrétt, jafni aðstöðumun og auki valfrelsi. Það veldur vonbrigðum.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna því að nú hefur tekist að fá hér þetta mál til umr. á kristilegum tíma sólarhringsins þó að menn hafi þurft að hafa nokkuð fyrir því. Þegar fyrir þessu var mælt var það gert kl. 3 að nóttu, stjórnarskipunarlagamálið rætt að nóttu til og sama hátt átti að hafa á við umr. um þetta mál í nótt og var að hluta til gert þó að tækist að koma í veg fyrir það að menn þyrftu að dvelja hér næturlangt.

Það er alveg með ólíkindum hvernig hv. þm. þéttbýlissvæðanna, eins og þeir kalla sig, hér við Faxaflóa tala um þessi mál. Ég er undrandi á hv. þm. sem var að ljúka máli sínu, Kristínu Kvaran, sem kennir sig við jafnaðarstefnuna, að hún skuli tala með þeim hætti sem hún gerði hér áðan. Það er engu líkara en þessir hv. þm., sem tala eins og síðasti hv. þm. og raunar fleiri — hv. þm. Bjarni Guðnason fyllir líka þann flokk — telji kosningarréttinn einu mannréttindin á Íslandi. Ekki verður annað séð á þeim ummælum þessara hv. þm. í þessu máli.

Hv. þm. Kristín Kvaran sagði áðan að allir ættu að hafa jafnan rétt til áhrifa á stjórnsýsluna. Hvernig standa þau mál nú í dag og hvernig hafa þau staðið? Ég hef ekki orðið var við að hv. fulltrúar BJ hér á Alþingi hafi haft afgerandi áhuga á eða forustu um að létta af því óréttlæti sem viðgengst í ótalmörgum þáttum milli fólks sem býr úti á landsbyggðinni og þeirra sem búa hér á þéttbýlissvæðunum. Málið er þannig í dag að hvað sem öllu vægi atkvæða líður hefur almenningur hér á Reykjavíkursvæðinu, suðvesturhorni landsins, miklu meiri áhrif á Alþingi, á löggjafarsamkomunni og miklu meiri áhrif á stjórnsýsluna í landinu en almenningur úti á landsbyggðinni hefur hvað sem öllu vægi atkvæða líður. Þetta ættu þeir hv. þm. að gera sér ljóst sem tala eins og hv. síðasti ræðumaður gerði.

Hv. þm. talaði um að lítið atkvæðamagn væri á bak við hæstv. forsrh. Ætli það sé ekki nærri lagi að 80—90% allra þm. lifi og hrærist í hinu mengaða andrúmslofti suðvesturhorns landsins og taki mið af hvað þar er um að vera og hvað þar þarf að gera. Menn ættu því að fara sér hægt í því að tala um að dreifbýlisfólk hafi afgerandi áhrif á löggjafarsamkomunni og á stjórnsýslusviðinu. Þessu er þveröfugt farið. Hv. þm., sem tala eins og hv. þm. Bjarni Guðnason og hv. þm. Kristín Kvaran, með dómgreind langt fyrir ofan meðallag, eiga ekki að láta sér slíkt um munn fara í ræðustól á Alþingi. Þessir hv. þm. vita miklu betur. En kannske er þetta gert til þess að það falli í kramið hjá kjósendum á þessu afmarkaða svæði hér á suðvesturhorninu.

Ég hef sagt það og segi enn, allt tal í sambandi við ójafnan kosningarrétt er fyrst og fremst í munni tiltölulega fárra en kannske útvaldra pólitískra flokksgæðinga hér á suðvesturhorninu. Það er ekki almannarómur sem þar heyrist. Það eru fyrst og fremst raddir þeirra sem vilja gera tilraun til að ná til þessa fjölda sem hér er um að ræða og kannske hefur talið sig bera skarðan hlut frá borði í þeim viðskiptum hingað til.

Ég hélt að það væri ekki til að létta neitt sérstaklega undir með málflutningi þeirra hv. þm., sem ég er hér að tala um, að vitna stanslaust og stöðuglega í hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Hann hefur ekki að mínu viti a. m. k. verið neitt átrúnaðargoð eða guð almáttugur í þessum efnum frekar en öðrum. En það er engu líkara en að hv. þm. Kristín Kvaran líti á Jón Baldvin sem einhvern allsherjargoða í þessu máli, í skoðunum á því hvernig þessum málum eigi að haga. Því fer víðs fjarri.

Þó að þeim hv. þm. sé margt vel gefið notar hann síður en svo rétta braut í þessu máli.

Það er kannske rétt núna þegar hingað er komið í þessari ræðu að ítreka það enn að það ætti vart að fara fram hjá nokkrum hv. þm. að ég er andvígur þessu máli og mun greiða atkvæði gegn því. Það er ástæða til að rökstyðja það með örfáum orðum þó ekki væri meira.

Ég er kosinn á þing fyrir Alþfl., fyrir jafnaðarstefnuna á Íslandi, og hef valið mér þar stað til að berjast fyrir þeim hugsjónum sem lagðar eru til grundvallar í baráttu þeirrar stefnu. Það vill nú svo vel til að sem betur fer hefur Alþfl. skýra og ótvíræða stefnu í þessum málum. Ég hef sagt það áður og get sagt það enn, án þess að ég ætli að eyða löngum tíma í það, að ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því að leiðrétt sé það misvægi atkvæða sem menn eru hér að tala um ef sú réttsýni ríkir jafnframt hjá hinum sömu mönnum, sem fyrir þessu berjast, að leiðrétta annað misrétti og óréttlæti í þjóðfélaginu sem kemur miklu meira niður á einstaklingum víðs vegar en það misvægi atkvæða sem menn eru hér alltaf að tala um.

Í stefnuskrá Alþfl. á bls. 11 segir, með leyfi forseta: „Allir landsmenn, hvar sem þeir búa, eiga jafnan rétt til þjónustu ríkisvaldsins og skulu hafa jafnan aðgang að henni.“ Er þetta svona í dag? Nei, því er víðs fjarri. Og áfram segir: „Alþfl. berst fyrir jafnri aðstöðu fólks, hvar sem það býr á landinu.“ Er þetta svo í dag? Nei. Og enn segir, með leyfi forseta:

„Skipulagslaus þróun byggðar á Íslandi hefur leitt og hlýtur að leiða til röskunar sem er andstæð þjóðarhag og þjóðarvilja og leiðir örðugleika yfir fjölda einstaklinga. Aðeins með áætlunarbúskap og forustu ríkisvaldsins verður byggðaþróun beint á farsældar brautir.

Í hverjum landshluta er þörf fjölþættrar atvinnuaukningar í iðnaði, þjónustu og opinberri starfsemi ásamt frumframleiðslu.

Fari svo að afskekkt byggðarlög verði ekki varin eyðingu þá á fólkið sem þar hefur búið rétt til aðstoðar af þjóðfélagsins hálfu.“

Rétt er að skjóta því hér inn í að afleiðingar af gerðum stjórnvalda undangengin ár hafa leitt til þess að stórfelld byggðaröskun hefur átt sér stað í landinu. Fólk hefur flutt búferlum vegna þess að ríkisvaldið, þjóðfélagið, sem hér segir í stefnuskrá Alþfl., hefur ekki séð því fyrir sambærilegri aðstöðu og öðrum sem búa hér á þéttbýlissvæðinu. Og áfram segir í stefnuskrá Alþfl.:

„Ákvörðunarvald í málum landshlutanna á sem mest að vera í höndum heimamanna og þurfa þeir að finna hentuga verkskiptingu milli núverandi sveitarfélaga og stærri eininga.

Sú þjónusta, sem kostuð er af ríkinu, svo sem skólamenntun, heilsugæsla og vegasamband, á að vera öllum jafnaðgengileg.“

Telja mætti upp miklu fleira þó að það sé ekki gert hér, en fæst ef nokkur þeirra atriða, sem hér eru upp talin í stefnuskrá Alþfl., eru með þeim hætti nú að allir eigi jafna aðstöðu í þessum málum. Það er óréttlæti líka ekki síðra en í því misvægi atkvæða sem menn hafa fullan munn af hér dögum, vikum og mánuðum saman nú seinni árin. Og áfram segir:

„Ríkisstofnunum á að dreifa um landið á hagkvæman og réttlátan hátt. Einnig er þörf átaks til að veita íbúum allra byggðarlaga sem greiðastan aðgang að allri félagslegri og menningarlegri þjónustu.

Byggðastefnan er jafnréttismál samtímans og eitt aðalviðfangsefni þess áætlunarbúskapar sem Alþfl. vill koma á.“ Hér hafa menn það svart á hvítu hver grundvallarstefna Alþfl. er í þessum málum. Ég hef talið mig sem jafnaðarmann vera að framfylgja grundvallarstefnumörkun Alþfl. og jafnaðarstefnunnar með þeirri afstöðu sem ég hef haft til þessara mála. Aðrir hafa villst af vegi varðandi stefnu Alþfl. Auðvitað er mönnum misjafnlega lagið að halda sér á réttum brautum og við því kannske ekkert að segja. En þegar — (**Heilbr.-og trmrh.:** Eða komast aldrei á brautirnar.) Er nú hæstv. heilbr.- og trmrh. genginn í salinn? (**Gripið fram í:** Þetta eru vegamál.) Ég sagði áðan að mönnum væri mislagið að halda sér á réttum brautum. (**Gripið fram í:** Eða flugmál.) Ég held nú að hæstv. samgrh. ætti sem minnst að tala um flugmál þessa dagana. Það er ekki svo vel farið þeim málaflokki í dag að ástæða sé til að hafa það í gamanmálum, allra síst af hæstv. ráðh. sem með málaflokkinn fer.

Þeir sem eiga erfitt með að halda sér á réttum brautum eiga að taka góðfúslegum leiðbeiningum um það að virða grundvallarforsendu og stefnumið þess flokks sem þeir eru talsmenn og forsvarsmenn fyrir. Enn sem komið er hafa nokkrir afvegaleiddir stigið feilskref í þessu máli. Hvort slíkt varir lengi skal ekkert um sagt af minni hálfu eða fullyrt en ég vona að okkur hinum takist að beina þeim á farsælli og réttari brautir en þeir eru nú á. (**Sjútvrh.:** Hvaða menn eru þetta?) Það er greinilegt að hæstv. sjútvrh. hefur ekki verið við þingstörf lengi undanfarið sé honum ekki ljóst hver hér á í hlut. (**Gripið fram í:** Hann er að glíma við þorskana.) Já, og kannske fer honum það best. Er ekki hæstv. sjútvrh. sem varaformanni Framsfl. kunnugt um það hverjir það eru sem leggja áherslu á og flytja þetta mál? Afskaplega fylgist hæstv. ráðh. lítið með þingstörfum sé honum þetta ekki ljóst. Og ekki bara á þessu þingi heldur hinu síðasta líka. Þar var þetta mál til umr. og afgreitt. Hæstv. ráðh. hlýtur því að vera þetta í fersku minni. Þessi athugasemd hlýtur að hafa hrotið út úr honum óvart. (Gripið fram í.) Formaður Alþfl. hefur í þessu máli villst af réttri braut, það er rétt. Og það hef ég sagt við hann sjálfan og segi við hann hvar og hvenær sem er. Það þurfti ekki hv. þm. Ólaf G. Einarsson til að grípa þar neitt inn í, nógir eru erfiðleikarnir sem hann á við að glíma í sínum eigin flokki og hafa ekki verið leystir enn.

Ég gerði það að umræðuefni við umr. um stjórnarskipunarlögin sem ég tel, virðulegi forseti, að ekki sé nema sjálfsagt að ræða samhliða þessu máli sé ekki um það gerð athugasemd. (**ÓÞÞ:** Það verður að ræða það sérstaklega.) Það gerir þá hv. skrifari, hann er út og suður á við flesta aðra oft á tíðum. Honum er það heimilt í þessu sem öðru frá mínum bæjardyrum séð. (**ÓÞÞ:** En ég verð að biðja um þingsköp ef breytt verður um dagskrárefni.)

Ég sagði við umr. um stjórnarskipunarlögin að mér fyndist vanta á að forsvarsmenn þessa máls, sem hér er til umr., og stjórnarskipunarmálsins einnig, sem er nátengt mál, hefðu gert það sem í þeirra valdi stæði til að standa við gefin fyrirheit, sem þeir gáfu kjósendum í lok síðasta þings, með yfirlýsingu sem prentuð er sem fskj. með nál. um stjórnarskipunarlögin og kemur frá Ed. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara

lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár."

Nú er rétt að grípa hér niður og staldra við. Hæstv. forsrh. túlkaði þetta sem svo um daginn að þetta hefði hann hugsað sér að gert yrði um leið og afgreidd yrði ný stjórnarskrá. Hún er búin að vera í endurskoðun í u. þ. b. 40 ár, þessi sem við búum við nú. Er það virkilega meining hæstv. forsrh. að önnur 40 ár líði þangað til eigi að fara að huga að því að standa við þessa gefnu yfirlýsingu sem fylgir með frv. sem fskj. frá fyrra þingi? (Gripið fram í.) Mér skildist það á hæstv. forsrh. um daginn en ég fagna því, hafi ég skilið það rangt. Nú held ég áfram, virðulegi forseti:

„M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra." — Taki menn nú eftir, hv. þm. Bjarni Guðnason, „óháð búsetu þeirra." — Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Svona var þetta samþykkt og þetta er prentað sem fskj. frá Ed. með nál. í stjórnskipunarlagamálinu. Þann 20. apríl s. l. var af hálfu þingflokks Alþfl. tilnefndur maður í nefnd af hálfu þingflokkanna að ósk hæstv. forsrh. til að vinna að framkvæmd þessa þáttar yfirlýsingarinnar um að jafna kjör og búsetuskilyrði manna. Enn sem komið er er mér ekki kunnugt um að neinn fundur hafi verið haldinn í þessari nefnd. Lausanefndin svokallaða — sem menn hafa gefið hér nafn og ég tek fram að ég hef ekki gert — sem fjallaði um kosningalagafrv. hefur hins vegar að ég best veit verið á tíðum fundum. En í þessari nefnd þingflokkanna, sem hæstv. forsrh. óskaði eftir að sett yrði á laggirnar til að vinna að framgangi þessarar yfirlýsingar, hefur ekki enn verið haldinn fundur mér vitanlega.

Alþfl. tilnefndi sinn fulltrúa 20. apríl og mér er tjáð að svo mikið hafi verið að gera í þingflokki Sjálfstfl. að honum hafi ekki enn tekist að ljúka af að tilnefna sinn fulltrúa í nefndina. Ég spyr: Er þetta rétt? (Gripið fram í.) Nei, segir hv. þm. Ólafur G. Einarsson. Er hægt að fá það upplýst hvenær það var gert og hver einstaklingurinn er? (**Forsrh.:** Ég hygg að það sé Lárus Jónsson.) Þú hyggur, hæstv. forsrh., ekki viss? (**ÓE:** Ég get staðfest það.) Hvenær var slíkt ákvarðað? (**Gripið fram í:** Hvers konar spurningar eru þetta?) Ef menn grípa hér fram í þá áskilur ræðumaður sér rétt til að spyrja á móti. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson, þó þingflokksformaður sé í stærsta þingflokknum hér á Alþingi, hefur engan rétt til að grípa fram í fyrir þeim ræðumanni sem orðið hefur þoli hann ekki að honum sé svarað á móti. (Gripið fram í.) Ég óska eftir því að hv. þm. Ólafur G. Einarsson fái orðið, hann getur fengið það strax, ég get gert hlé á ræðu minni. (**ÓE:** Ég hef ekkert beðið um það.) Ég þykist vita að hv. þm. sé ekkert um það gefið að gefa á því skýringu hvenær þetta gerðist í þingflokki Sjálfstfl. því að það var ekki búið fyrir örfáum dögum síðan. (**ÓE:** Það er rangt.) Rangt, segir þm. Þá gerir hann frekari grein fyrir því hér á eftir, það er eindregin ósk mín að hv. þm. láti þingheimi það í té hvenær þetta var gert.

Er hæstv. forsrh. farinn aftur? Er búið að kalla saman fund í þessari nefnd? Hver er formaður í þessari nefnd? Nokkur hv. þm. hér sem veit það? (**Gripið fram í:** Eru þetta venjuleg fundarsköp?) Það er heimilt að mínu viti skv. þingsköpum að spyrja úr ræðustól. Menn eru sjálfráðir um það hvort þeir svara. Ég veit ekki um neinn stað í þingsköpum þar sem ræðumanni sem orðið hefur er bannað að leggja fram svona spurningu. Það er svo hverjum og einum í sjálfsvald sett hvort hann svarar. Og mér hefur heyrst á hv. þm. Ólafi G. Einarssyni þegar hann hefur talið sig hafa til þess dug að hann hafi verið óspar á að gera slíkt þó að farið sé að draga úr því í þessu máli.

Ég óska eftir því við hæstv. forsrh. að hann upplýsi það hér hvort þessi margumtalaða nefnd, sem tilnefnd var af hálfu þingflokkanna til að sinna þessum þætti yfirlýsingarinnar um að jafna búsetuskilyrði manna, væri þegar tekin til starfa. (**Forsrh.:** Það er mjög skammt í það.) Þetta þýðir sem sagt: Hún er ekki enn byrjuð. Ég er ekki hissa á því vegna þess að hæstv. forsrh. sagði um daginn þegar ég spurði einmitt um þessa nefnd að hann hefði hugsað sér þessa nefnd til að fylgjast með því hvað væri að gerast í þessum efnum. Hugsið ykkur verkefnin. Hugsið ykkur hvernig standa á við fyrirheitin sem gefin voru með yfirlýsingum, skipa nefnd til að fylgjast með því hvað kynni að vera að gerast í þessum efnum. Halda hv. þm. að flokksformennirnir hefðu látið sér nægja að skipa slíka áhrifanefnd til að fylgjast með því hvað kynni að gerast í kosningalagamálinu á næstunni? Svari hver fyrir sig. Nei, nei, svara ég fyrir mig. Formönnunum er það greinilega miklu meira áhugamál að knýja í gegn þessa breytingu á kosningalögum og stjórnarskipunarlögum en að standa við fyrirheit í reynd sem gefin voru á síðasta Alþingi um að jafna búsetuskilyrði manna víðs vegar um landið. Það er þetta sem ég er að gagnrýna, að menn skuli taka einn þátt út úr þessu máli, knýja í gegnum þingið afgreiðslu á því en ætla sér síðan að svíkja hin gefnu fyrirheit á öðrum þáttum. Þetta gagnrýni ég sem jafnaðarmaður, kjörinn til að framfylgja stefnu Alþfl., sem er jafnaðarstefna, réttlætisstefna og vill ójöfnuðinn burt, hvar sem hann birtist í landinu.

Ég vil biðja hv. þm., ekki síst þá þm. sem eru fulltrúar fyrir landsbyggðarfólkið, að hugsa nú alvarlega um þessi mál. Mig tekur sárt fyrir minn flokksformann að hann skyldi villast í þessa gryfju án þess að taka fleira með sem leiðrétta ætti, ekki síður vegna þess að það er margyfirlýst stefna Alþfl. að stjórnarskrármálið verði afgreitt sem heild en ekki slitið í sundur í einstaka þætti og þeir dregnir út og afgreiddir hér. En svo mikið lá á þessu að það varð að gerast — að vísu ekki á síðasta þingi — með undrahraða. Hvað kann þá að gerast þegar málið er afgreitt í darraðardans síðustu daga þessa þings á tiltölulega stuttum tíma? Skyldu ekki einhverjar gryfjur bíða manna í útreikningnum að afgreiða málið við slík skilyrði?

Hér ber allt að sama brunni. Menn hafa fallið í þá gryfju að ætla sér að tína út þetta eina atriði og telja sig vera að bjarga skinninu vegna mannréttindamáls. Ég gæti út af fyrir sig vel hugsað mér að taka þátt í að leiðrétta það ójafnvægi sem menn telja vera í misjöfnu vægi atkvæða ef annað væri tekið með. Ég bið menn að hugsa um það hvort það er óbilgjörn krafa af hálfu landsbyggarfólks, sem býr við margháttað órétti, ójöfnuð í þjóðfélaginu af hálfu ríkisvaldsins, að aðrir þættir, sem hér hefur margoft verið bent á, séu leiðréttir í leiðinni. Ég tel svo ekki vera.

Það er út af fyrir sig margt til í þeim fullyrðingum,

sem hv. þm. Bjarni Guðnason viðhafði hér s. l. nótt, að ekki væri hægt að styðja þetta frv. vegna þess að það tryggði ójöfnuð, óréttlæti. En hvað er landsbyggðarfólk búið að búa við það lengi að Alþingi og stjórnvöld ár eftir ár, áratug eftir áratug, afgreiði frá Alþingi lög sem auka misréttið, valda auknu óréttlæti gagnvart þessu fólki frá því sem verið hefur? Það hafa menn ekki hikað við að gera á hverjum tíma sem ráðið hafa ferðinni í þessum málum undangengin ár og áratugi.

Virðulegi forseti. Þó að vissulega væri til þess fullkomin ástæða að ræða þetta mál miklu ítarlegar og ég hafi allan rétt til þess í ljósi þess sem ég lýsti hér í dag þá skal ég ekki hafa mál mitt öllu lengra. En ég vil eindregið spyrja hæstv. forsrh. að lokum, sem hafði frumkvæði að nefndarskipan af hálfu þingflokkanna, hvort það sé virkilega meining hæstv. ráðh. að þessi nefnd eigi ekki að vinna og gera tillögur um úrbætur í ljósi þeirrar yfirlýsingar sem gefin var og hvort vænta megi þess — og eftir því óska ég sérstaklega — að þessi nefnd skili a. m. k. tillögum til úrbóta í þessum efnum strax í byrjun þess þings sem kemur saman að hausti. Allra best og réttlátast væri að stjórnvöld sjálf gerðu þær ráðstafanir sem til þarf og þau hafa heimild til að gera til að létta af klyfjum þess óréttlætis sem íbúar víðs vegar í kringum landið í dreifbýlinu nú axla og verður að létta af ef ekki á verr að fara en þegar hefur verið til stofnað. Ég vitnaði áður í stefnuskrá Alþfl. sem ég hef talið mig vera að framfylgja í minni afstöðu og málflutningi í þessu máli. Mín lokaorð skulu vera þau að ég vænti þess að Alþfl. auðnist að hrinda í framkvæmd þeim grundvallarstefnumálum í þessum efnum sem er að finna í stefnuskrá flokksins og ég tel mig hafa verið að túlka að því er þetta mál varðar og ótal mörg önnur.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þegar gert var samkomulag við mig s. l. nótt setti ég það upp að formenn flokkanna yrðu viðstaddir þegar ég mundi fá að tala hér nokkur orð. Hins vegar lýsti ég því yfir að ég mundi ekki beita hér málþófi en ég mundi leggja fyrir þá nokkrar spurningar í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég mun ekki hefja mál mitt fyrr en staðið verður við þetta samkomulag og get beðið þess vegna eins og menn vilja. (**Forseti:** Ég vil taka fram að hér eru viðstaddir a. m. k. tveir flokksformenn og annarra mun nú leitað.) Herra forseti. Ef það kemur sér betur get ég geymt mína ræðu til 3. umr. í trausti þess að staðið verði við það samkomulag sem gert var. (**Forseti:** Það verður reynt að standa við það. En nú gengur í salinn hv. 3. þm. Reykv. Enn vantar hv. 1. þm. Suðurl. Mundi ekki hv. ræðumaður vilja byrja ræðu sína?) 1. þm. Suðurl. er nú kominn hér. (**Forseti:** Hann er kominn. Þá heldur hv. 3. þm. Norðurl. e. áfram ræðu sinni.)

Ég vil segja að þegar við vorum hér á næturfundinum í nótt rifjaðist upp fyrir mér gamall húsgangur sem ég mundi að vísu aldrei nákvæmlega hvernig ég hafði lært í bernsku, en hann gæti hafa verið svona:

> Góður, betri, bestur,
> bræður, þeir eru horfnir.
> Vondur, verri, verstur,
> virðast endurbornir.

Sú umr. sem farið hefur hér fram og þau fundarhöld að undanförnu hafa verið með dálítið einkennilegum hætti. Margir fundir hafa verið í þessari lausanefnd sem svo er kölluð. Lausanefnd er gott orð í sjálfu sér og á kannske vel við ef menn fara að velta því fyrir sér hvað í þessari nafngift felst. En eftir því sem mér er tjáð vildu menn standa við þau loforð eða það samkomulag sem gert var og í sjálfu sér byggðist sú niðurstaða, sem fékkst út úr öllum þessum fundum, á því að gert var samkomulag sem menn vildu standa við þó að flestir væru óánægðir með niðurstöðuna. En það var annað samkomulag og loforð sem gefið var í sambandi við afgreiðslu þessa máls. En það þurfti a. m. k. ekki að flýta sér að standa við það.

Við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson fluttum till. á síðasta þingi í sambandi við þá breytingu sem verið er að gera á stjórnarskrárlögunum. Hún var á þá leið að skattamálum skyldi skipa með lögum. Við ákvörðun skatta á tekjur og eignir skal gætt jafnræðis þegnanna þannig að til lækkunar komi sérstakur kostnaður vegna búsetu eftir því sem nánar verður ákveðið í lögum. Ef þessi till. hefði verið samþykkt og hefði verið farið eftir henni væri vandinn leystur í þessu sambandi. En í grg. frv. á síðasta þingi, eins og hv. þm. Karvel Pálmason las áðan, er yfirlýsing frá formönnum allra þeirra fjögurra stjórnmálaflokka sem standa að flutningi þessa frv. Við nafnakall við till. okkar hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar vitnuðu menn margir í þessa yfirlýsingu í grg. Ég vil gera kröfu til þess að staðið verði við þetta fyrirheit og að málið verði ekki afgreitt fyrr en fyrir liggi hvernig standa eigi við það. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.: Hvar er ætlað fjármagn nú til að standa við þetta fyrirheit?

Ég spurði áðan einn af þeim mönnum, sem voru skipaðir í nefnd til að kanna þessi mál, hvort búið væri að halda marga fundi. Nei, hann tjáði mér að enginn fundur hefði enn verið kallaður saman. Ég vil því spyrja formenn flokkanna sem flytja þetta mál: Er það samkomulag, sem þeir gerðu sín á milli, í þeirra augum meira virði en það samkomulag eða sú yfirlýsing sem þeir gáfu þjóðinni? Ég hef aldrei haldið því fram að ekki væri eðlilegt að jafna að einhverju leyti vægi atkvæða. Ég hef ekki heyrt annað en forustumenn flokkanna, a. m. k. þegar þeir eru komnir á fundi út á land, hafi talað um að landið þurfi að vera í byggð með líku sniði og það er nú.

En hvernig hefur til tekist þrátt fyrir þennan mismun á vægi atkvæða á undanförnum árum? Menn segja hér í þessum ræðustól að það séu mannréttindi að vægi atkvæða sé sem líkast alls staðar. En er ekki ýmislegt annað sem er líka mannréttindi? Ef menn eru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé fyrir þessa þjóð að byggja landið og notfæra sér gögn þess og gæði verða menn líka að gera ráðstafanir til að mismuna ekki þegnunum eins og gert er þrátt fyrir það hvernig vægi atkvæða er nú. Það er afskaplega fróðlegt að fylgjast með hvað er að gerast í þessum málum. Ekki hefur gefist tími til að athuga um persónukjör. Fyrir hverju? Fyrir því að flokkarnir eru með reiknimeistara á sínum snærum sem reikna jafnvel dag og nótt hvernig þetta komi út þegar þessi og hin talan komi upp, verið er að reikna menn út og inn dag og nótt, hvernig þetta komi fyrir í hverju kjördæmi, fyrir hvern flokk o. s. frv. Það er aðalmálið og annað kemst ekki að. Nú er verið að hlæja að því út um allt land hvort tekin verði upp Jóns Ragnars aðferðin eða Þorkels aðferðin. Nú er hætt að vitna í

útlendinga og þeirra reiknikúnstir sem mikið hefur verið talað um hér og var sérstaklega á síðasta þingi.

Ég ítreka þá spurningu til formanna flokkanna hvort það samkomulag, sem var gert á milli flokkanna, sé eitthvað heilagra í þeirra augum en sú yfirlýsing, það loforð, sem þeir gáfu þegnunum í sambandi við lausn á þessu máli. Ég mótmæli því algerlega að þetta sé afgreitt öðruvísi en það liggi fyrir hvernig á að standa við það fyrirheit.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þótt ég hafi nú reyndar þegar við umr. um þetta mál gert grein fyrir því sem gjarnan er vísað til sem samkomulags formanna flokkanna, þá virðist vera rík ástæða til að fara yfir það einu sinni enn. Svo mjög virðist það vera misskilið.

Á þskj. 425 frá 106. löggjafarþingi segir svo í fskj.:

„Þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frv. þessu, sem sérprentað fskj., „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar" (Reykjavík, janúar 1983). Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi þá að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. M. a. fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Ég vek í fyrsta lagi athygli á að það eru þingflokkarnir sem gefa þessa yfirlýsingu, en ekki formenn flokkanna, sem fluttu frv., þó að vissulega stöndum við að þessu í okkar þingflokkum. Í öðru lagi vek ég athygli á því alveg sérstaklega að í 2. lið segir: „Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár." Ekki samhliða afgreiðslu þeirrar litlu breytingar sem gerð er á stjórnarskránni samhliða kosningalagafrv.

Stjórnarskráin er enn þá í endurskoðun hjá stjórnarskrárnefnd. Stjórnarskrárnefnd hefur sent drögin til allra þingflokka til umsagnar. Tveir þingflokkar hafa svarað, aðrir ekki enn þá. Mættum við hv. þm. Stefán Valgeirsson t. d. spyrja um það í okkar þingflokki. Það hefur ekki borist svar þaðan.

Engu að síður, þótt það séu þingflokkarnir sem þessu lofa, beittum við formenn flokkanna okkur þó fyrir því að þingflokkarnir tilnefndu einn mann hver í nefnd sem fjalli um það sem hér er heitið. Tilnefningar hafa borist frá öllum flokkum og þær eru: Lárus Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Helgi Seljan, Stefán Benediktsson, Kristín Halldórsdóttir og Eiður Guðnason. Ég mun beita mér fyrir því að þessir menn komi saman.

Ég vísa til þess sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði áðan að ég hefði sagt að þessi nefnd ætti að fylgjast með. Vitanlega á hún að fylgjast með og vinna sjálfstætt. Hún gerir hvort tveggja.

Ég gat þess í þeirri umr. sem ég er nú að endurtaka svo að segja frá orði til orðs, að verið er að vinna að þessum málum. Verið er að vinna að þessum málum hjá stjórnarskrárnefnd og er ýmislegt í drögum þar sem má fella undir þetta þótt sumum muni sýnast þar ekki nægilega langt gengið.

Það er líka verið að vinna núna enn ötullegar að því á vegum félmrn. að skoða valddreifingu, sem er sérstaklega getið hér, á milli sveitarfélaga og ríkisvalds. Það mál hefur farið í gegnum margar nefndir og liggja fyrir mörg álit. Það er nú hafið sérstakt samráð á milli félmrn. og ríkisstj. og sveitarstjórnarmanna um samskipti ríkis og sveitarfélaga þar sem þetta verður m. a. rætt.

En vitanlega hlýtur nefndin að taka upp ýmis önnur mál, sem hún telur að þurfi að leggja áherslu á í þessu sambandi, og koma þeim á framfæri á viðkomandi stöðum. Ég mun, eins og ég hef sagt, beita mér fyrir því að þessi nefnd komi saman áður en þingi lýkur, en tek hins vegar fram að hún starfar ekki á ábyrgð forsrh. Hún starfar á ábyrgð þingflokkanna sem þessu lofuðu.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef áður í þessari umr. lýst almennum viðhorfum mínum til byggðamála og þeirra þátta sem eðlilega eru mjög til umræðu í tengslum við kosningalagabreytingu og stjórnarskrárbreytingu og ég vísa til þess sem ég sagði þar þó að það tæki engan veginn til allra þeirra þátta sem þar þurfa að vera til meðferðar. Það er langt frá því. Mér þykir það miður að sú nefnd, sem hæstv. forsrh. gat um hverjir ættu sæti í, skuli ekki hafa komið saman enn, en betra er seint en aldrei og gott ef hæstv. ráðh. hlutast til um að það gerist nú fyrir lok þingsins, en það er langt síðan minn flokkur tilnefndi mann í þá nefnd og ég veit að af hans hálfu hefur verið eftir því spurt hvort nefndin færi ekki að hefja störf. Á því er þeim mun meiri nauðsyn sem hér er um mjög víðtæk verkefni að ræða og mikið verk fram undan til þess að líta á þá mörgu þætti sem varða ójafna lífsaðstöðu fólks í landinu.

Ég nefni það einnig að Alþb. hefur tekið afstöðu til þeirrar fsp. sem kom fram snemma á þessu þingi varðandi viðhorf flokkanna til stjórnarskrárbreytingar, þannig að af hálfu þingflokks Alþb. hefur þar verið svarað fyrir löngu.

Það er vissulega leitt til þess að vita og satt að segja hörmulegt að á undanförnum misserum hefur hallað verulega undan fæti í sambandi við þau mál sem oft eru tengd byggðamálum og byggðajafnvægi, lífsaðstöðu fólksins út um landið. Það hefur gerst að hluta til og að drjúgum hluta fyrir tilverknað núverandi ríkisstj. og vegna þeirrar stjórnarstefnu sem fylgt er í landinu. Eins og ég orðaði það hér fyrr í umr. ríkir ákveðin örvænting meðal fólks víða úti um landið vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa og farið hafa verulega hrakandi.

Ég minni á að um daginn, þegar hæstv. forsrh. kom hér til að svara nánast sömu spurningum og lagðar voru fyrir hann nú og hann var að fara yfir á nýjan leik, nefndi hann sérstaklega húshitunarmálin og átak sem þar væri búið að gera eða í undirbúningi til jöfnunar. Það er einn stór þáttur í þessum málum, en ég undirstrika að það er aðeins einn þáttur af mjög mörgum sem varða ójafna lífsafkomu fólks.

Sem kunnugt er hefur hallað undan fæti í tíð núv. ríkisstj. varðandi þetta atriði og staðan verið til muna lakari með hækkandi orkuverði úti um landið á köldu svæðunum svokölluðu. Það sem síðast hefur gerst í þessum málum eða það sem við höfum síðast frétt í þessum málum er að stjfrv. sem lagt var fyrir þingið loksins 26. apríl, að mig minnir, og af talsmönnum ríkisstj. var talið boða einhverja breytingu í þessum efnum til bóta virðist nú vera sofnað í Ed. og hefur a. m. k. ekkert af því spurst og ekki horfur á því að það komi til afgreiðslu fyrir lok þessa þings. Það er vissulega svo, að litlu sem engu skiptir hvort þetta stjfrv. verður lögfest eða ekki þar sem í því felast ekki neinar hagsbætur frá ríkjandi ástandi í þessum efnum, og þau atriði, sem út af fyrir sig eru góðra gjalda verð og snerta orkusparnað og aðgerðir til þess að bæta stöðuna með slíkum aðgerðum, er hægt að framkvæma án þess að til nokkurrar lagasetningar komi eða breytingar frá gildandi lögum.

Mér fannst nauðsynlegt að vekja hér athygli á þessu því að þetta er í rauninni kórónan á þeim seinagangi og tregðu sem ríkir hjá núverandi stjórnvöldum í að taka á þessum málum, þegar við blasir að fyrir tilverknað ríkisstj. og stjórnarstefnunnar hallast enn frekar á gagnvart fólkinu úti um landið frá því sem áður var. Ég get tekið mjög eindregið undir þá áskorun, sem m. a. kom hér fram frá hv. 3. þm. Vestf. áðan, að við hljótum að gera kröfu til þess að fyrir liggi stefna af hálfu núv. stjórnar og uppskera úr væntanlegu nefndarstarfi þeirra manna sem til hafa verið kvaddir af þingflokkanna hálfu ekki síðar en þegar þing kemur saman á ný. En þeir ágætu fulltrúar, sem til hafa verið kvaddir til að fjalla um þessi mál með stjórnvöldum, geta auðvitað ekki mikið lagt af mörkum annað en góðar hugmyndir, og það er undir þinginu og enn frekar undir ríkisstj. komið hvað í reynd verður gert til að bæta þann aðstöðumun sem nú ríkir í lífsafkomu fólks, annars vegar á aðalþéttbýlissvæðum landsins og hins vegar á landsbyggðinni, sem svo er kölluð, þar sem undirstaðan er lögð undir verðmætasköpun þessarar þjóðar, sem mest munar um í sambandi við afkomu þjóðarinnar í heild.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Bara nokkur orð. Mér er alveg ljóst að það er út af fyrir sig sama hvað er hér sagt, þetta mál fer fram. Menn eru lokaðir fyrir rökum á þessum stað. En vegna þess að það sem hér er sagt verður prentað vil ég aðeins segja það að ég skil á allt annan veg þá yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. las áðan en hann gerir og vil að það komi fram í þingtíðindum. Ég vil taka það fram að þetta er greinargerð með frv. sem formenn flokkanna flytja. Sé sagt að þingflokkar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sem að frv. þessu standa, hafi auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi o. s. frv. þýðir það í mínum huga að foringjarnir hafa flokkana á bak við sig í þessu máli. Þetta er þeirra grg. og þetta er þeirra yfirlýsing, sem þeir bera ábyrgð á og eiga að standa við allir hvort sem þeir eru nú í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221, n. 966 og 967). — 2. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

N. hefur fjallað um frv. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. telur óhjákvæmilegt að samþykkja frv. óbreytt eins og það var afgreitt á síðasta þingi. Minni hl. skilar hins vegar séráliti á öðru þskj. og mun hv. þm. Kristín Halldórsdóttir mæla fyrir því nál.

Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta frv. Það hefur nú í dag og undanfarna daga verið rætt ásamt máli nr. 155 um breytingar á kosningalögum, enda er eðlilegt að umr. hafi farið fram saman um þessi tvö frv. Frv. þetta er samhljóða frv. sem flutt var af hæstv. ráðh. Geir Hallgrímssyni og hæstv. ráðh. Steingrími Hermannssyni, hv. þm. Svavari Gestssyni og Magnúsi H. Magnússyni og samþykkt var á síðasta þingi og var síðan lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi skv. ákvæðum 79. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

Frsm. minni hl. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 967 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samtök um kvennalista telja að draga eigi úr miðstýringu og þá sérstaklega að færa valdið frá ríki til sveitarfélaga, auka vægi og vald landshlutasamtaka og dreifa ríkisstofnunum meira um landið. Að því ætti að vinna markvisst.

Undirrituð telur rangt að blanda misrétti vegna búsetu saman við vægi atkvæða í almennum kosningum, eins og meiri hl. alþm. virðist hlynntur, en áreiðanlega minni hluti kjósenda. Þetta frv. bætir lítið það kerfi sem nú gildir um kjördæmaskipan og skiptingu þm. milli kjördæma. Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. stjórnarskrárnefndar til að frv. þetta verði fellt."

Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í málalengingar að sinni a. m. k. um þetta mál, en vísa til umr. hér í þinginu 9. maí s. l. þar sem ég fór fleiri orðum um þetta til frekari skýringar á afstöðu minni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GSig, EK, GB, GJG, GGS, HÁ, HBl, HG, KJóh, MB, KMT, ÓE, GHG, StH, SvG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, IG.

nei: GE, GA, BjG, KP, KH, KSK, ÓÞÞ, SV.

JS greiddi ekki atkv.

10 þm. (FÞ, GHelg, PP, PJ, RH, StG, SJS, SvH, EH, GeirH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þar sem 1. gr. þessa frv. kveður á um þá breytingu að þeir sem verða 18 ára og eldri eigi kosningarrétt og ég er hlynntur því að sú breyting eigi sér stað segi ég já. (Gripið fram í.) Er það? Hvaða mál er á dagskrá? (**Forseti:** Málið sem á dagskrá er er 10. dagskrármálið, stjórnarskipunarlög. Og hv. þm. bað um nafnakall um þetta mál, auk þess

sem hann hefur reiður á bókunum fundarins.)

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að ég áttaði mig ekki á því í önn dagsins að kínverska aðferðin yrði notuð þegar kæmi að atkvgr. og byrjað neðst. En þar sem það hefur leiðrést og það eru stjórnarskipunarlögin sem eru hér til umr. en ekki kosningalögin, þá segi ég nei. (**Forseti:** Forseti vill nú taka það fram að þetta var eðlileg afgreiðsla af forseta að taka þetta mál fyrir nú, því við vorum að ljúka umr. um það. Síðan verða greidd atkv. um hitt frv.)

2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 222, n. 974, 975). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 975,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHG, RH, StH, SJS, SvG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, FÞ, FrS, GSig, EK, GB, GE, GJG, GA, GGS, HÁ, HBl, HG, JS, BjG, KP, KJóh, KH, KSK, MB, KMT, ÓE, ÓÞÞ, IG.

SV greiddi ekki atkv.
7 þm. (PP, PJ, StG, SvH, EH, GeirH, GHelg) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Við þm. BJ erum andsnúnir meginákvæðum þessa frv. sem varðar reiknireglu fyrir úthlutun þingsæta. Hins vegar erum við ekki á móti því sem greinin í breyttu formi stendur fyrir varðandi kosningarrétt og þess háttar og því segi ég já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þrátt fyrir andstöðu mína við þetta frv. vil ég geta þess að þar sem 1. gr. frv. fjallar um breytingar er rýmka kosningarrétt yngri kynslóðarinnar og ég er hlynntur því segi ég já, en er andvígur þessu frv. sem heild og mun ekki greiða atkv. gegn einstökum greinum, en greiða atkv. gegn frv. þegar það kemur til 3. umr. Ég segi já.

2.—40. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 975,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það líður nú að lokum þessa fundar, en það er ákveðið að halda annan fund strax þegar þessum fundi hefur verið slitið. Þá verður sett upp dagskrá sem að sjálfsögðu er að ýmsu leyti breytt frá því sem við vorum með á þessum fundi.

Neðri deild, 98. fundur.

Föstudaginn 18. maí, að loknum 97. fundi.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 1035 (sbr. 222)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Hér liggur fyrir frv. til l. um breytingar á kosningalögum til Alþingis. Ég vil reyna að útskýra það fyrir hv. 5. þm. Reykv., hv. 4. landsk. þm. og fleirum sem talað hafa í sama dúr að hér er verið að afgreiða frv. til l. um breytingar á kosningum til Alþingis sem gerir ráð fyrir hnífjöfnum atkvæðarétti í þessu landi, nákvæmlega sama vægi atkvæða hvar sem er á Íslandi, en með aðstoð tölvusérfræðinga, röngum greinargerðum og dálkauppsetningu um vægi atkvæða sem er vitleysa hefur tekist að blekkja svo háskólamenntaða menn að ljóst er að öll alþýða þessa lands er blekkt af formönnum flokkanna á þann veg að hún er látin standa í þeirri trú að atkvæðisréttur á Vestfjörðum verði meiri en annars staðar á Íslandi þegar þetta hefur orðið að lögum. Það er lygi. Það er makalaus ósvífni að menn skuli vera svo vitlausir í stærðfræði og þora að halda því fram hér í þingsölum að þessu sé öðruvísi varið. Hvernig fær það staðist, ef það væri rétt, sem flm. þessa frv. halda fram, að atkvæðisrétturinn sé meiri í dreifbýli en þéttbýli, að flokkur sem fyrst og fremst sækir fylgi sitt til dreifbýlisins skuli koma út með jafnmarga þm. hlutfallslega gagnvart fylgi og hinir sem hafa aðalfylgi í þéttbýlinu? Hvernig fær það þá staðist að atkvæðisrétturinn sé meiri út á landi? Hvers lags blekkingar eru hér á ferðinni? Gera þessir menn, sem halda því fram að hér sé um misjafnan atkvæðisrétt að ræða, sér ekki grein fyrir því hvað um er að tefla? Auðvitað er kosningarrétturinn hnífjafn.

Hins vegar kom það fram að foringjarnir gáfust upp þegar kom að persónubundnu kjöri og skyldi engan undra því þegar hv. 5. þm. Reykv. fer á kjörstað næst og kýs í alþingiskosningum getur vel farið svo að hans atkv. dreifist í ótal áttir. Það færi brot af því austur, vestur, norður og suður. Það er ekki skrítið þó það sé erfitt að gera grein fyrir því hvaða mann hann raunverulega kaus á þing og hvernig persónuleg tengsl þm. verði eftir þessu kerfi. Það er búið að setja flokkinn fyrir ofan einstaklinginn sem verið er að kjósa. Það er verið að skipuleggja það að kjósa hóp manna á þing með hópaðferðum og hópsálarfræði og hópkerfi og hóphugsun þar sem enginn þykist bera ábyrgð á því sem verið er að gera en menn eru markaðir í hópa og skipt niður í reiti. Það má vel vera að það sé flott að segja að Vestfirðir hafi fimm þm. eftir þetta, fimm gesti sem koma þangað af og til e. t. v. Þannig er staðan. Það mætti nú alveg eins taka upp á því að telja hv. varaformann Sjálfstfl. með, svona part úr sumri, þegar hann fer vestur. (**HBl:** Ha? Nú skil ég ekki.) Þeir sem halda fram þeim blekkingarleik að Vestfirðir, Norðurland, Austurland eða Suðurland fái þessa þm., sem hér verða skráðir á þá vegna þess að mönnum hefur fundist það skammaryrði að vera kallaður uppbótarþingmaður eða landsk. þm., vita ekkert hvað þeir eru að tala um. Haldið þið að það yrði kátína í Grænlandi ef danska stjórnin setti upp það kerfi að Grænland yrði skráð með

100 þm. á danska þinginu, en Danir fengju að ráða þeim öllum? Haldiði að það yrði ánægja?

Það eru blekkingar og aftur blekkingar sem eru notaðar í þessum málflutningi. Það er engin nauðsyn að hafa langt mál um jafneinfalt mál og þetta, en það þarf að hafa mikið af töflum, grg. og athugasemdum til þess að villa svo um fyrir mönnum að halda því fram, eins og hér er gert, að vægi atkvæða á Vestfjörðum, eins og gert er á bls. 25, neðst á blaðsíðunni, sé slíkt að hver kjósandi á Vestfjörðum samsvari 2.97 kjósendum í Reykjavík. Hvers vegna er verið að þessu? Hvers vegna er verið að reyna að halda því fram að atkvæðisréttur-inn sé meiri á Vestfjörðum en annars staðar? Hvaða rök liggja fyrir því að stjórnmálaflokkarnir telja sig þurfa að blekkja menn á þennan hátt? Það er búið að taka það fram í þessum kosningalögum að safna á öllu saman í einn kassa og þaðan á að skipta á milli hópsins. Gera menn sér ekki grein fyrir þeirri einföldu staðreynd að ef þetta væri satt hlyti flokkur í dreifbýli að fá hlutfallslega fleiri þm. en flokkur í þéttbýli? En þetta er lygi og þess vegna er þetta jafnað út.

Ég efa það að menn hafi áður lagt jafnmikla áherslu á blekkingar í málflutningi og notað hefur verið til að koma þessu fram. En hvers vegna hefur verið nauðsynlegt að falsa grg. á þann hátt sem hér er gert? Vegna þess að menn vildu sværa dreifbýlið á Íslandi svo að það gerði sér ekki grein fyrir þeirri breytingu sem verið væri að framkvæma. Ég hef sagt það við hæstv. forsrh. að ég tel ástæðulaust að halda uppi málþófi hér á þinginu. Ég hef ekki talað lengi um þessi mál, en ég ætlast til þess að alþm. hafi þá stærðfræðiþekkingu að hægt sé að gera ráð fyrir að þeir geri sér grein fyrir jafneinföldum hlutum og ég nefndi áðan. Ef það er rétt að dreifbýlið hafi meiri kosningarrétt en þéttbýlið hlýtur flokkur sem á aðalfylgi sitt í dreifbýlinu að koma betur út en flokkur í þéttbýli þegar farið er að telja upp í sölum þingsins. Þetta eru staðreyndir. Þetta viðurkenndi Þorkell Helgason á umræðufundi, að það væru ósættanleg sjónarmið að halda því fram annars vegar að kjósandi á Vestfjörðum ætti að hafa margfalt vægi á við aðra hér og svo ætti að vera jafnvægi á milli flokkanna, og stærðfræðilega eru þetta ósættanleg sjónarmið.

Ég vil vekja á því athygli (**HBl:** Þetta er einmitt kjarni málsins.) að jafnframt því sem þarna er verið að halda fram er verið að feta sig áfram á þeirri braut að fella gengi íslenskra stjórnmálamanna. Það er félagsfræðileg staðreynd að leiðin til að fá hæfustu mennina inn í þingsalina eru einmenningskjördæmi. Það eru einmenningskjördæmi og aftur einmenningskjördæmi sem eru leiðin til að fá hæfustu mennina á þing, vegna þess að hæfur foringi, hvort sem hann heitir Þorsteinn Pálsson, Steingrímur Hermannsson eða Kjartan Jóhannsson, ef þeir eru í mjög fjölmennum kjördæmum, getur haft mótandi áhrif og náð inn mönnum með sér, mönnum sem ekki færu inn ef það væri einmenningskjördæmi. Það gildir jafnt um Steingrím og aðra. Ég orða þetta svo til að fyrirbyggja að menn telji að ég sé með persónulegt aðkast gegn einum né neinum. Það hefur verið kannað af félagsfræðingum gagnvart sænska þinginu að fjölgaði kjördæmum væri það beinasti vegurinn til þess að harðskeyttir foringjar söfnuðu fyrst og fremst í kringum sig já-rusli sem hlýddi. Ég vil undirstrika að mér þykir það ekki gæfulegt á 40 ára afmæli lýðveldisins að standa þannig að málum og framkvæmd að við fjarlægjumst það að um persónubundið kjör sé að ræða. Við fjarlægjumst það að tengsl fólksins og stjórnmálamannsins tengist ákveðnum svæðum og við framkvæmum gengisfellingu á þm.

Mér er ljóst að það var aðeins eitt sem stjórnmálaforingjarnir sátu við fram á nótt oft, því það verður aldrei af þeim skafið að þeir lögðu mikla vinnu í þetta frv., en það var aðeins eitt atriði sem skipti þá máli, því miður. Það var útkoman hjá eigin flokk og draumurinn um að koma í veg fyrir að smáflokkar kæmust inn á þing. Sérstaklega væri viðsjált ef uppreisnarmenn í þeirra eigin röðum ættu í hlut og færu nú að bjóða fram sérstaka lista. Ég hygg að svona verk verði aldrei unnin af viti út frá þeim leiðarljósum sem notuð voru. Ég harma að þannig skuli hafa verið að málum staðið, sem hér er gert, og við vitum öll að það er engin félagsfræðileg nauðsyn, það er engin þingleg nauðsyn eða hagfræðileg nauðsyn að skipuleggja mál á þann veg sem hér er verið að gera. En menn trúðu því að fjögurra flokka kerfið héldi velli og það var miðað við útreikninga aftur í tímann — útreikninga sem áttu að sýna að þetta kerfi væri fullkomið með því að miða við úrslit kosninga á undanförnum árum. En það sem vantaði í þessa útreikninga og það sem gleymdist var að þetta kerfi kemur aldrei til með að ráða úrslitum um þær kosningar vegna þess að þær eru liðnar. *Þetta kerfi kemur til með* að ráða úrslitum um þær kosningar sem verða í þessu landi og þar hygg ég að þurfi meiri spámenn en þá sem sátu yfir þessu tafli til að meta hvernig flokkaskipunin verður á ókomnum árum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Enn kvöldar og enn sitja alþm. við að ræða um kjördæmamál, enda er það við hæfi þar sem það hefur verið saga þessa máls að helst mætti ekki ræða það í björtu.

Hér hefur ýmislegt mjög merkilegt komið fram. Mig langar fyrst að víkja örfáum orðum að því sem kom fram í máli hv. þm. Karvels Pálmasonar. Ég dreg ekki í efa að hv. þm. er jafnaðarmaður og vafalaust ágætur. Hann hefur liðið mér það í allan vetur að ganga frjálsri hendi um lakkrísskúffuna sína og það er mér til vitnis um hans góða hjartalag. Hins vegar tel ég að hann rugli saman algerlega óskyldum hlutum. Ég er sammála honum um allt það sem hann sagði um að fólk á rétt til almennrar þjónustu, fólk á rétt til þess að nálgast stjórnsýsluna, fólk á rétt á að lifa góðu lífi í þessu landi, en við getum ekki nálgast það í gegnum kosningarréttinn. Við getum tekið eitt dæmi. Hv. þm. sagði: Stórfelld byggðaröskun hefur átt sér stað á undanförnum árum. — Það er einmitt á sömu árum sem atkvæðisréttur-inn hefur verið misjafnastur, og hversu vel dugði hann? Eigum við að segja að til þess að reyna að koma í veg fyrir byggðaröskun eða til þess að bæta hag fólks úti á landi þurfi að breyta vægi atkvæða í hina áttina? Eigum við að breyta hlutföllunum úr því að vera kannske 1 á móti 3, eins og kemur fram í grg. með frv. sem hér er til umr. þótt hv. þm. Ólafur Þórðarson hafi talið það fals og blekkingar, í 1 á móti 10? Ég held einmitt að þessi stórfellda byggðaröskun, sem menn hafa orðið vitni að á undanförnum árum, sé merkið um að misvægi í atkvæðisrétti getur ekki bjargað okkur. Það bjargar hvorki okkur né þeim sem búa úti á landi vegna þess að það er ekki hægt að meta atkvæðisréttinn til fjár. Við getum ekki stillt honum upp á móti

heilsugæslustöðvum eða malbiki eða símalínum eða öðru, eins og ég ræddi hér í gærkveldi eða í morgun eða í nótt eða hvað sem menn vilja kalla það. Þetta er kannske mergurinn málsins. Í þessu sjáum við hvernig þetta kerfi virkar.

Ég er alveg sammála því að byggðastefna er rétt og við eigum að halda uppi á hverjum tíma mjög virkri byggðastefnu. Hv. þm. sagði að fulltrúar BJ hefðu ekkert lagt til málanna varðandi byggðastefnu. Ég vil minna á að við höfum flutt hér í vetur þáltill. um framkvæmd byggðastefnu sem miðar að því að gefa fólki heima í héruðum rétt til umráða og íhlutunar um þessi mál. Við fluttum þáltill. um það sem við köllum „þróunarstofur landshlutanna", sem byggist á því að fólk í heimabyggð sinni fái umráðarétt yfir sínum málum. Á landsfundi okkar í nóvember s. l. var samþykkt till. okkar um fylkjaskipan sem miðar einmitt að því að koma ákvörðun um þessa hluti heim í hérað, gefa héruðum tekjustofna, leyfa þeim að ráða sínum málum. Ég tel því að við höfum unnið þarna vel og stöndum okkur þar ekkert verr en aðrir. En við leggjum ríka áherslu á að það er alveg sama hversu mikilvæg byggðastefnan er, við verðum að vinna henni rétt með lýðræðislegum aðferðum og það verður aldrei sátt um hana í þessu landi fyrr en það stendur að baki henni meiri hluti fólksins, vegna þess að einungis þá hafa bæði þéttbýlismenn og dreifbýlismenn af henni fullan sóma.

Ég sagði í nótt að allir Íslendingar sem búa í svokölluðu þéttbýli væru tiltölulega nýlega þangað komnir. Menn eiga ættir að rekja, menn eiga félaga, menn eiga kunningja, menn eiga skyldmenni úti á landi og það er fullkomlega ástæðulaust að halda því fram að fólk úti á landi þurfi að verja rétt sinn gagnvart þéttbýlisfólki með því að hafa kannske þrefaldan atkvæðisrétt á við það. Hvaða skoðanir þéttbýlisfólksins eru svo slæmar að þær eigi ekki fullan rétt á sér? Hvaða slys mundu gerast ef það fengi fullan atkvæðisrétt? Í sambandi við jafnaðarmennsku getum við sagt líka: Hvað með allt láglaunafólkið í Reykjavík? Í Reykjavík er líklega hlutfallslega meira af láglaunafólki, einstæðingum ýmiss konar, en í öðrum byggðarlögum á landinu. Það er spurningin hvort hlutur þeirra efnaminnstu í Reykjavík er ekki svona slæmur vegna þess að þeir hafa ekki haft jafnmikinn rétt og aðrir um íhlutun í þjóðmál, þeir hafa verulega skertan gengisfelldan atkvæðisrétt. Ég held að menn ættu að hafa það í huga.

Ég segi enn og aftur að ég er fullkomlega sammála því að í landinu sé rekin stefna sem miðar að því að búa öllum íbúum þess, hvar sem þeir búa, í þéttbýli og í dreifbýli, sem bestan hag. En það gerist ekki á þann hátt að vega atkvæðisrétt þeirra. Við höfum nærtæka sönnun vegna þess að aldrei hefur verið meira misvægi atkvæðisréttar en á undanförnum árum og eins og hv. þm. sagði hefur kannske aldrei orðið stórfelldari byggðaröskun.

Örfá orð til viðbótar um þessi atriði. Það hefur ýmislegt borið á góma þegar reynt er að réttlæta þetta misvægi. Það hefur verið talað um að hlutur fólks sem úti á landi býr sé meiri í verðmætasköpun en hinna sem búa á þéttbýlinu. Maður spyr: Hvers lags rök eru þetta, jafnvel hjá sósíalista? Það er eins og breskur aðalsmaður sé að tala. Þannig voru rök aðalsins þegar hann vildi hafa atkvæðisrétt, en leyfði ekki landsetunum. Það var atkvæðisréttur í hlutfalli við auðlegð, við auðsköpun. Við höfum fyrir löngu hafnað slíkum rökum. Það er það sem jafnaðarmenn allra tíma og allra landa stæra sig einna mest af að hafa verið í fararbroddi þeirrar umbyltingar að veita öllu fólki atkvæðisrétt og veita öllu fólki íhlutunarrétt um sín kjör. Ég held að við getum ekki stillt þessu upp á þennan hátt.

Við getum ekki réttlætt misvægi atkvæða á þann hátt að það sé svo mismunandi aðgangur fólks að þjónustu, að stjórnkerfi og þess háttar. Ég er alveg sammála því að þessi réttur er misjafn, fólk hefur misjafna aðstöðu til að njóta þess sem stjórnkerfið veitir á ýmsan hátt, en við getum bætt það með allt öðrum aðferðum. Það á að efla upplýsingaskyldu og fara þá leið að dreifa stofnunum, þjónustuútibúum eða þess háttar út um landið. Það bætir ekkert að breyta atkvæðisréttinum. Það er grundvallaratriði. Það er vafalaust rétt líka að áhrif þéttbýlisins séu afgerandi á störf löggjafarsamkomunnar vegna þess að hún sé hér og starfsemi fólks hér inni mótist af umræðunum sem það sé í beinustum tengslum við, en leiðin er ekki að breyta atkvæðisréttinum. Leiðin er að auka þá upplýsingaflæði til fólks, t. d. eins og með beinu útvarpi frá Alþingi og upplýsingum frá stjórnkerfinu til fólksins, og leyfa fólkinu aðgang að stjórnmálamönnunum. Við verðum að bæta um í þessum efnum. Við verðum að taka á atriðum eins og mismunandi aðgangi að þjónustu og þess háttar. Við eigum að taka á þeim efnum á þeim grundvelli sem ég var að tala um. Ef við þurfum að bæta læknisþjónustu gerum við það ekki með atkvæðisrétti. Við gerum það með heilsugæslustöðvum eða læknum. Ef við þurfum að bæta aðstöðu í sambandi við lífskjör, laun, gerum við það ekki með misvægi atkvæðisréttar. Við gerum það með því að bæta atvinnuástand og um það verður full sátt. Ég þekki engan Íslending sem býr á þéttbýlissvæði sem mundi beinlínis hafna því að slík stefna væri í frammi höfð. Og það er rangt að stilla þessum aðilum upp sem óvinum vegna þess að menn eiga að vinna sátt þarna á milli. Þannig fáum við úrbæturnar.

Varðandi umræðu um jafnaðarstefnu og kosningarétt held ég að það hljóti að vera grundvallaratriði, á nákvæmlega sama hátt og jafnaðarstefnan hefur þá rós, kannske eina af fegurri rósunum í sínu hnappagati að hafa aflað fólki, háum og lágum, ríkum og fátækum, konum og körlum, atkvæðisréttar, að vinna á grundvelli þess atkvæðisréttar, á grundvelli sáttar og sameiningar í þjóðfélaginu að öðrum málum sem eiga enn þá langt í land, eins og í sambandi við misjafnan aðgang að ýmiss konar þjónustu vegna búsetu. Það hlýtur að vera. Ég held að ef við notum þessi rök áfram getum við ekki komist að annarri niðurstöðu.

Það er margt um þetta að segja. Við höfum rætt um það að tefja þessar umr. ekki mjög lengi og ég mun standa við þann hluta nætursamningsins sem að mér snýr. Ég tel að þetta mál hafi alls ekki fengið þá umr. sem það þarf og sem það á skilið, hvorki innan þings né utan. Það er merkilegt að fáir af svokölluðum fylgismönnum frv. hafa tekið til máls. Hér hafa farið fram ágæt skoðanaskipti milli þeirra sem eru frv. andstæðir og eru það af ólíkum ástæðum, en ég sakna þess að það hefur enginn flm. komið hér í stól, þeir eru líklega varla í húsinu, til að segja okkur um dásemdir þessa frv., hvers vegna það er svo gott. Þá eigum við ekkert að vera að samþykkja það.

Það er að mínu mati verið að framlengja mismunun

og það hefur átt að þröngva þessu í gegn helst umræðulaust. Það hefur verið mælt fyrir þessu máli trekk í trekk um miðjar nætur. Því er skákað til eins og undanvillingi innan dagskrárinnar. Merkilegt er hvað þm. eru um það sinnulausir. Ef þeir eru óánægðir með það eiga þeir að koma upp og segja það. Ég sakna þess að hafa t. d. ekki heyrt í forsvarsmönnum Framsfl., á stalli eða ekki, um álit þeirra á þessu máli, hvort þeim finnist réttur fólks og frelsi fólks og mannréttindi sæmilega borin fyrir brjósti. Og ég sakna þess að hafa ekki heyrt fulltrúa Alþb. t. d. tala um atkvæðisrétt þeirra láglaunamanna sem búa hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er stór hópur. Komið hefur í ljós í vetur að það eru þúsundir fólks. Það er að myndast ný stétt sem býr við stórkostlega skert kjör. Óruggasta leiðin fyrir þetta fólk til að ná fram rétti sínum er að hafa fullan atkvæðisrétt. Ég hefði haft gaman af því að heyra talsmenn Alþb. minnast á það. Hver er réttur einstæðra mæðra uppi í Breiðholti, öryrkja, aldraðra? Þau eiga rétt líka.

Herra forseti. Ég mun ekki lengja mál mitt meira en orðið er. Það hefur komið fram í máli mínu í kvöld og í gær hvaða afstöðu ég hef til þessa máls. Ég tel að hér sé gengið á móti grundvallarreglum. Ég get ekki séð hvaða skoðanir fólks í þéttbýli eru svo óheilbrigðar og vitlausar að þær megi ekki njóta fulls atkvæðisréttar. Við höfum enga ástæðu til að ætla að meiri hluti þjóðarinnar muni níðast á fulltrúum dreifbýlis eða öðrum þeim sem búa við erfiðar aðstæður. Við erum aðilar að sáttmálum, bæði mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem er lögð áhersla á jöfnuð í atkvæðisrétti. Við eigum kannske að segja okkur úr þessum samtökum meðan við erum að baslast í þessum málum eins og við gerum.

Ég hef líka ríka ástæðu til að ætla að þeir málsvarar, sem hafa hér talað fyrir því að atkvæði eigi að vera misþung til að vega upp á móti öðrum ójöfnuði, tali ekki fyrir munn síns fólks. Við skulum t. d. minnast þess að í skoðanakönnun sem var gerð s. l. vetur, að mig minnir á vegum DV, kom í ljós að 80% þjóðarinnar vildu jafnan atkvæðisrétt. Þeirra skoðana var ekki einungis aflað í Reykjavík. Þeirra skoðana var aflað um allt land, eins og gert er í skoðanakönnunum DV. Fólk gerir sér grein fyrir þessum grundvallaratriðum. Ég held því að það sé ekki fólksins vegna, hvorki fólksins í Reykjavík né fólksins úti á landi, sem styr stendur í þinginu um þessi mál. Eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson lýsti vel eru það allt aðrir hagsmunir sem valda þessum deilum og valda því að menn hafa nú eftir fjögurra mánaða neðanjarðarbrölt komið upp án árangurs. Menn eru að basla með þingsæti sín. Það kom ágætlega í ljós þegar reiknimeistarinn Þorkell Helgason sat hér frammi á gangi í lokahríðinni, þegar verið var að reikna út Droop og kompaní, og þm. komu og flettu því upp í tölvupappírunum hvort þeir væru örugglega inni samkvæmt nýjustu reikningum. Mér sýndist jafnvel að það væri tekið á móti umsóknum.

Enn þá hefur þjóðin ekki fengið að vita neitt um hvað var verið að ræða í þinginu, með hvað menn voru að bögglast hérna síðustu vikurnar og síðustu mánuðina. Í Þjóðviljanum í gær stóð: Alþýðubandalagið hafnar Droop eða Alþýðubandalagið á móti Droop 6:4. Þá minntist ég gamallar konu sem hélt að Droop væri aðmíráll á Keflavíkurflugvelli. Ekki batnaði það í dag þegar stendur í Þjóðviljanum að Droop hafi rekið hnífinn í bakið á þeim eða eitthvað þess háttar, ég man ekki nákvæmlega hvernig var til orða tekið. Hver er þessi Droop? Hvernig væri að einhver af þessum reiknimeisturum segði nú fólkinu um hvað reikningskúnstin stóð og kynntu fyrir því Droop og allt hans kompaní og lýstu reiknireglunum og reiknikröfunum? Þá rynni kannske upp fyrir þjóðinni um hvað hrossakaupin hafa staðið. Þess vegna ítreka ég þá skoðun mína og Framsfl. að það eigi að efna til stjórnlagaþings þar sem þessi beiski kaleikur er tekinn frá þingmönnum og það yrði kosið þing með jöfnum atkvæðisrétti allra landsmanna til þess að takast á við þessi mál sem flokksforingjarnir, fjórmenningarnir, og Droop hafa ekki getað leyst.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður kvartaði yfir því að aðeins andstæðingar þessa frv. skiptust á skoðunum um það. Ástæðan fyrir því er einföld. Það eru engir fylgismenn frv. hér á þingi. Það á sér sem sagt enga stuðningsmenn, þannig að það er ekki von að þeir sjáist hér í stólnum.

Í þeim umr. sem hér hafa farið fram um breytingu á kosningalögunum hefur hvað eftir annað komið fram að menn eru enn að blanda saman því sem ekki á að blanda saman, þ. e. vægi atkvæða og misrétti eftir búsetu. Og því segi ég við þá sem þannig tala: Hvers vegna á þá ekki að lagfæra ýmiss konar annað misrétti með misjöfnu atkvæðavægi? Eigum við ekki að berjast fyrir því t. d. að atkvæði öryrkja fái fjórfalt vægi á við heilbrigða? Og hvað um konur? Eigum við að segja tvöfalt vægi á við atkvæði karla? Ég vil bara benda á að mér vitanlega hefur aldrei komið til álita innan kvennahreyfinga að krefjast margfalds atkvæðisréttar kvenna á við karla á þeim forsendum að þær byggju við misrétti. Kannske stæðu konur betur ef þær hefðu haft tvöfaldan atkvæðisrétt undanfarna áratugi, en þær hafa farið aðrar leiðir. Þær eru kannske seinlegri, en þær eru réttari. Það hefur ekki hvarflað að þeim að krefjast forréttinda í þessu máli.

Ég held ég sleppi því að ræða þá stærðfræði sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson túlkaði hér áðan. Ég skildi hann nú ekki með nokkru móti.

Menn eiga misjafnlega auðvelt með að halda sig á réttum brautum, sagði hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason. Það þarf varla að fara í grafgötur með það hvaða brautir eru réttar að hans dómi. Þær munu vera á Vestfjörðum.

En ég hlýt að lýsa því yfir að mér finnst einkennilegt að hér skuli þrýst svo mjög á að koma í gegnum þingið þessum óskapnaði sem enginn er ánægður með. Ástæðan er náttúrlega sú að menn geta ekki sameinast um það hver er bestur Droop eða d'Hondt eða Lague eða leifin stóra.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég sé að mín varnaðarorð í dag hafa átt fullan rétt á sér því að meiningin var að ljúka fundi klukkan sjö, en nú er klukkan að verða hálfátta.

Mig langar til að fara örfáum orðum um það sem hefur komið hér fram, fyrst umræða hæstv. forsrh.

Mér finnst hæstv. forsrh. skjóta sér um of á bak við þingflokkana — eða ber að skilja það svo að hæstv. forsrh. hafi engin áhrif í þingflokki Framsfl. og geti ekki beitt sér þar fyrir framgangi þeirra loforða sem hann

stóð að í þeim félagsskap á síðasta þingi?

Hæstv. forsrh. sagðist mundi beita sér fyrir því að menn komi saman og þá hygg ég að hann hafi átt við fulltrúa þingflokkanna sem búið er nú að tilnefna, en ekkert er farið að vinna í málinu enn.

Mér finnst hvar sem gripið er niður í þessu máli að það beri þess keim að menn hafi vægast sagt lítinn áhuga á því að standa við gefin fyrirheit í yfirlýsingu og efna loforð sem kjósendum voru gefin við afgreiðslu þessa máls á síðasta þingi. Það má vel vera að það sé rétt hjá hæstv. forsrh. að verið sé að vinna að þessu máli víða í þjóðfélaginu. Ég dreg það ekkert í efa þó að ég vilji ekki fullyrða neitt, ég veit það ekki. En menn virðast alltaf gleyma því að ef menn ætla að bíða, þó ekki væri nema nokkra mánuði, ég tala nú ekki um nokkur ár, með leiðréttingar á því gífurlega misrétti sem fólk er beitt á landsbyggðinni, þá þýðir það nánast landauðn á þessum svæðum. Þetta verður að gera strax. Það þýðir ekkert að vera að drepa málinu á dreif með því að segja að það sé verið að vinna að þessu hér og þar, hingað og þangað af hinum og þessum. Ef það á að forða því að hér verði stórkostlegt slys með því að meiri byggðaröskun eigi sér stað en nokkur dæmi eru til, þá verður að grípa strax til ráða og létta byrði landsbyggðarfólks og aflétta því gífurlega misrétti sem það býr við. Þetta er mergurinn málsins. Þetta eru grundvallaratriði.

Ég er enn frekar undrandi á málflutningi hv. þm. Guðmundar Einarssonar áðan. Mér þótti nú nóg komið úr þeim herbúðum áður þó ekki bættist nú við að hann segði að ég ruglaði saman óskyldum hlutum og við gætum ekki nálgast jöfnun búsetu í gegnum atkvæðisrétt. Ég hygg að þessi hv. þm. hafi aldrei heyrt mig halda því fram. Ég hef meira að segja lýst því yfir hér trekk í trekk að ég væri ekki mótfallinn því að leiðrétta það misvægi atkv. sem menn eru að tala um. En ég vil bara gera fleira í leiðinni. Ég vil leiðrétta fleiri óréttlætisþætti í leiðinni. Það er jafnaðarstefnan sem ég er að tala um. Óréttlætið blasir víða við í þjóðfélaginu, og það ætla ég ekki að fara að telja hér upp, það er misjafnt, en það er herfilegt óréttlæti og misrétti sem blasir við í mörgum þjóðfélagsþáttum sem á að taka á og leiðrétta um leið og menn leiðrétta þennan þátt. Ég rugla því engu saman.

Svo sagði hv. þm.: Hvað með láglaunafólkið í Reykjavík? Ég sé nú ekki að það eigi eitt sér sérstakt erindi inn í þessa umr. Láglaunafólk er víða til. En hvernig eru kjörin? Menn mega ekki alltaf rugla saman lágum launum og kjörunum sem heild. Hvað þurfa menn að borga af sama kaupi á þessum staðnum og hinum fyrir það sem þeir þurfa nauðsynlega að hafa sér til lífsviðurværis? Það er tvennt ólíkt, getur a. m. k. verið tvennt ólíkt, að tala um launamál annars vegar og svo kjaramál á hinn veginn. Þar getur verið mikill munur á. Maður getur af lágum launum á einu svæðinu lifað betra lífi en á öðru vegna þess að hann þarf að borga í öðru tilfellinu miklu, miklu meira fyrir það sama, sem hann verður að lifa af, en hann gerir á hinu láglaunasvæðinu. Þessu þurfa menn að gera sér grein fyrir. Það þarf líklega 20—30% hærra kaup á „köldu svæðunum" til þess að standa undir þeim kostnaði sem þar er umfram það sem gerist hér. Þetta þurfa menn að taka með í reikninginn.

Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að vissulega hefur hallað undan fæti hjá íbúum köldu svæðanna svokölluðu. Lífsafkoma fólks á þeim svæðum hefur hríðversnað umfram það sem annars staðar hefur gerst, og er þó ærin sú kjaraskerðing sem átt hefur sér stað í þeim efnum. Það er því ekki að ástæðulausu sem mér finnst alveg furðulegt skilningsleysi hv. þm. almennt á að hér verður að taka strax til hendi, lagfæra, leiðrétta það misrétti sem fyrst og fremst bagar og er hvað verst og mest. Það þarf að gera strax. Það er ekki um það að ræða að bíða með það í vikur, mánuði eða ár. Þá verður slysið, og kannske stóra slysið, löngu skeð og menn fluttir unnvörpum utan af landsbyggðinni og hingað. Það er hvorki þessu svæði né þjóðfélagsheildinni til hins betra að allir hrúgist í steinkassa hér í Reykjavík. Þá verður lítið eftir í kassanum hjá hæstv. fjmrh. ef allt það fólk sem vinnur við framleiðsluna, gjaldeyrisskapandi atvinnu, flykkist í steinblokkir hér í Reykjavík. Þá minnkar í buddunni hjá mörgum í þessu landi umfram það sem er nú þegar.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en ég ítreka að ég tel að hér hafi menn hent slys, þá sem vilja þetta mál fram með þeim hætti sem nú er án þess að taka önnur mál með í leiðinni. Ég sé að hæstv. forsrh. er farinn. Ég vildi í lokin skora á hæstv. forsrh. að sjá til þess að nú þegar verði gripið til aðgerða til að bægja frá — a. m. k. létta það gífurlega misrétti sem fólk úti á landi býr við, létta því oki af sem það hefur verið látið bera og er ætlað að bera að óbreyttu ástandi. Ég skora á hæstv. ráðh. að hlutast til um að gripið verði til aðgerða og það strax sem létta, a. m. k. verulega, byrði þessa fólks sem það hefur þurft að bera allt of lengi.

Ég vil svo að lokum taka undir það að mér finnst það alveg með eindæmum, og ég hugsa að það megi leita lengi til að finna eitthvað sambærilegt í þingsögunni, að svo til enginn af málflytjendum þessa máls, sem bera það fram og að því standa, tekur þátt í umr. um málið þrátt fyrir þá staðreynd að þeir telja það svona mikilvægt. Framsögumaður þessa máls, hv. 2. þm. Norðurl. v., hefur ekki sést hér í þingsölum í allan dag á þeim tíma sem málið hefur verið rætt. Ég veit að hann er að koma nú undir lokin. (Gripið fram í.) Ég sá hv. þm. þegar hann gekk í salinn. — Undarlegt er að flytjendur máls, einstaklingar sem eru forustumenn í íslenskum stjórnmálum hver fyrir sinn flokk og telja mál svo mikilvægt sem þeir hafa um talað þó ekki sé í þessum umr., skuli ekki sjá ástæðu til þess að taka þátt í umr. um málið og skiptast á skoðunum við okkur hin sem höfum ýmislegt við málið að athuga og erum andvíg því. Auðvitað er það svo, a. m. k. í flestum tilfellum, að skoðanaskipti eru af hinu góða. Það verður að ætlast til þess af forustumönnum í íslenskum stjórnmálum að þeir rökræði við þá einstaklinga og aðila sem eru á öndverðum meiði ef umr. er á málefnalegum grundvelli. Ég held, a. m. k. er það mín skoðun, að sú umr., sem í meginatriðum hefur farið fram um þetta mál, sé á málefnalegum grundvelli. En það er auðvitað erfitt að ræða lengi mál við andstæðing sem hvergi er nálægur. Það gefur augaleið að slíkt leiðir ekki til góðrar niðurstöðu. (**Gripið fram í:** Þú ert að berjast við drauga Karvel.) Já, ekki voru þetta mín orð. Þetta eru orð hv. þm. Bjarna Guðnasonar. Aldrei hefði ég látið mér um munn fara slík orð. (**HBl:** En er þm. sammála þeim?) Hvað segir hæstv. skrifari. Er hann nú farinn að blanda

sér líka í? Það er meiri ókyrrðin sem færist yfir hv. þd. ef ég kem í ræðustól, sem sjaldan er. Það er naumast að mönnum klæjar undan því sem þá er sagt. Ég vildi að það væri hægt að klóra þeim hinum sömu sem þetta mál flytja og undir því eiga að standa. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Það er alveg augljóst að þetta mál verður hér samþykkt þrátt fyrir það, að ég hygg, að allir hengi hausinn yfir málinu. Allir eru hundóánægðir með það í því formi sem er. Því hefði verið æskilegra að menn hefðu skoðað hug sinn betur áður en farið var fram með málið með þeim hætti sem gert var og sem nú er endurtekið.

Nú sé ég að hv. frsm. og líklega formaður lausanefndarinnar, sem menn hafa kallað, er sestur í þingsæti sitt og brosir breitt. Kannske er þess að vænta að hann ljúki umr. í áheyrn þdm. sem hafa séð sér fært að sitja hér allan fundinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frv. 154. mál (þskj. 221). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég minnist þess að í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens var því lofað að gengið yrði frá nýrri stjórnarskrá fyrir þetta land og þannig að málum staðið að ekki yrði hreyft við einstökum þáttum stjórnarskrárinnar heldur hún afgreidd sem heild. Við, sem lögðum áherslu á að þannig yrði að málum staðið, gerðum okkur grein fyrir því að allar hugmyndir, sem eru byggðar á því að veita eigi héruðum eða landssvæðum meiri sjálfstjórn, eru blekking nema stjórnarskránni verði breytt. Það þýðir ekki að gera ráð fyrir því að við breytum svo verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga í ljósi þess að sveitarfélögin eru fámenn og ófær með öllu um að gangast inn í það hlutverk út um hinar dreifðu byggðir. Þetta áform fór því miður á annan veg en ætlað var og þetta náðist ekki fram.

Nú hefur það gerst að nýir menn með ný loforð koma fram. Þeir lýstu því yfir sem flm. að frv. og með þingflokkana á bak við sig að annar ójöfnuður í landinu skyldi leiðréttur og það sem meira er, þeir hafa lokið því af að skipa menn í nefnd. Ég hygg að það megi einstakt heita að þau loforð, eins og frá þeim er gengið, stefna nú í þá átt að verða einskis virði. Hvers vegna segi ég það? Jú, það er greinilegt á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við að skipa þessa nefnd og þeim drætti sem þar á hefur orðið, ekki er enn þá búið að ganga frá því hvernig kalla eigi hana saman. Ekki er búið að skipa formann í nefndina eða ganga frá því formlega að hún kjósi sér þá sjálf formann.

Allt útlit er fyrir það að stjórnarandstaðan sem slík telji að hún muni enga ábyrgð bera á þessum loforðum lengur. Það kom fram í máli hv. 5. þm. Austurl. þegar hann vildi varpa ábyrgðinni á stöðu mála yfir á ríkisstj. Hv. 5. þm. Austurl. hefði gjarnan mátt minnast þess að ekki hafa aðrir rétt Landsvirkjun stærri fjárhæðir í gegnum hækkanir á orkuverði og þannig staðið að meiri verðhækkunum á raforku sem er ein af brýnustu nauðsynjum hinna köldu svæða. Ég hygg að þær hækkanir hafi verið það miklar að fyrrv. ráðh. sé þetta ljóst. Hann efaði það ekki að þær hefðu orðið en hélt því aftur á móti fram að hann hefði ekki haft nein völd til að skipta sér af þeim gjaldskrám og það er allt annað.

Menn hafa verið að hneykslast á afmælisgjöfum og vissulega eru þær peningar. En hvaða fjármunir voru færðir til með þeirri hækkun á sínum tíma? Það var fært til svo mikið fé að Laxárvirkjun ein skilaði það miklum arði að Landsvirkjun þurfti ekki að hafa neinar áhyggjur af kostnaði vegna byggðalínanna. Ég hygg að þeir, sem nú keyra á um að stjórnarskrármálið sé klofið og aðeins þetta mál sett fram, geri sér fulla grein fyrir því að með þeim vinnubrögðum eru þeir að tryggja að lýðveldið, sem við stofnuðum 1944 og var kennt við landið allt, þróast með þessu móti dag frá degi yfir í það að verða borgríkið Ísland. Aðferðin til að tryggja þann grundvöll að þessu lýðræði, eins og hér er verið að byggja upp, borgríkisins, hefur falist í því að skrá gengi íslensku krónunnar yfirleitt rangt. Framleiðslusvæðin hafa orðið að selja sinn gjaldeyri á alröngu svæði og afhenda þjónustusvæðinu þennan gjaldeyri fyrir peninga, íslenskar krónur, sem voru lítils virði.

Menn trúa því e. t. v. þegar þeir standa að breytingu eins og þessari að þetta sé ekkert mál, það sé bara stjórnarskráin sem sé til umr., það eigi bara að afgreiða þetta hér helst án þess að ræða það. Það er eins og þessir menn geri sér ekki grein fyrir því að stjórnarskrá hvers lands eru grunnlög landsins, aðallög landsins og þau lög sem mestu stjórnspekingar í heiminum hafa glímt við að útbúa sem réttlátust.

Ég hef aldrei leitað eftir því að Vestfirðingar stjórnuðu Reykjavík. Ég hef aldrei farið fram á að þeir réðu því hvaða gjaldskrá væri hér á töxtum eða hvernig bæjarsvæðið væri skipulagt. En ég ætlast til þess og ég veit að það er grundvallaratriði ef hinar dreifðu byggðir eiga að fá að blómstra, þá verða þær að fá stóraukna sjálfsstjórn. Það er það sem verið er að koma í veg fyrir með því að kljúfa þetta mál. Ég lýsi vonbrigðum mínum með það vegna þess að ég held að þeir, sem leggja til þessi vinnubrögð, viti e. t. v. ekki hvað þeir eru að gera. Ég held að þeirra virðingarleysi fyrir stjórnarskránni sé því miður það mikið að þeir geri sér ekki grein fyrir því að til þess að breyta þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í landinu, verður að gerbreyta henni og tryggja forræði svæðanna. Með hvaða rétti t. d. ákveður Seðlabankinn kaup og sölu í dag á erlendum gjaldeyri? Er það eftir einhverju uppboðsverði? Er það einhver markaður sem ákveður það? Ég sé að sumir horfa út um gluggann. Er það eitthvert slíkt kerfi sem við höfum útbúið okkur og tryggir að verið sé að afgreiða þetta með eðlilegum hætti? Nei, hér eru framkvæmdar hreinar eignaupptökur hvenær sem valdhöfum þjóðarinnar dettur í hug. Ég veit að þeir, sem lengi hafa unnið við sölumál sjávarafurða, gera sér grein fyrir því að þetta er satt. Ég held að eitt af því sem verði að breytast sé aðferðin við að ákveða gengisskráningu íslensku krónunnar. Það er ólíðandi að standa að því að þau mál séu óbreytt eins og þau eru í dag.

Hvernig er það með þennan stóra flokk sem kennir sig við frjálshyggju og frelsi? Hvenær ætlar hann að leggja til að þetta verði tekið upp með þeim hætti að hún verði verðlögð á frjálsum markaði? Er það það sem við fáum, stjórnarsinnarnir, fréttir af þessa dagana? Nei

og aftur nei. Seðlabankanum er ætlað aukið vald, aukin miðstýring og aukin áhrif á íslensk efnahagsmál. Að mínu viti á það við sem Einar Ben. kvað: „Þar leikur sér bráðfeigur aðall með auð."

Ég ætla ekki að halda hér uppi neinu málþófi eða flytja langa ræðu. Ég gerði það í upphafi þegar þetta mál var rætt en ég er andvígur þessum vinnubrögðum og ég trúi því ekki að menn geri sér ekki grein fyrir þeirri alvöru, þeim mistökum, sem átt hafa sér stað á okkar tímum, að við höfum þjappað byggðinni óeðlilega mikið saman á einum stað og höfum þar með skipulagslega séð skaðað framtíðaruppbyggingu í landinu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GJG, GGS, HÁ, HBl, HG, KJóh, MB, ÓE, PP, GHG, RH, StH, SvG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FrS, GSig, EK, IG.

nei: GE, GA, BjG, KP, KH, ÓÞÞ, SV.

StG, FÞ greiddu ekki atkv.

8 þm. (GHelg, JS, KSK, KMT, PJ, SJS, SvH, GeirH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1041).

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 1035 (sbr. 222)). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHG, RH, StH, SvG, ÞP, ÞS, AS, BÍG, FrS, GSig, EK, GB, GJG, GGS, HÁ, HBl, HG, KJóh, MB, KMT, ÓE, ÓÞÞ, PP, IG.

nei: StG, SV, GE, KP.

EH, FÞ, GA, BjG, KH greiddu ekki atkv.

7 þm. (PJ, SJS, SvH, GeirH, GHelg, JS, KSK) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við fengum að reyna alvöru þess í gær, óbreyttir nm. í allshn. Nd., að það eru spauglaus orð sem koma úr forsetastól og þau blífa. Ég vona þó að það verði samkomulagsatriði milli forseta og skrifstofustjóra — að sjálfsögðu hef ég bókað eins og fram kom hvað hér gerðist — en ég ætla þeim að leysa það í sameiningu og vona að það valdi ekki misskilningi.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti vill algerlega mótmæla þessu því að hér var um hrein mismæli að ræða af forseta hálfu sem ég tel að sé alger óþarfi af hv. þm. að fara að gera að stóru máli.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. 156. mál (þskj. 223, n. 983). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nefndarálits. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. nr. 983. Það nál. er við 156. mál sem er frv. til l. um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar nr. 51/1962 og sbr. lög nr. 5/1966 og 7/1978. Hér er um frv. að ræða sem birt var sem fskj. með frv. til stjórnarskipunarlaga sem samþykkt var á síðasta þingi. Það er nú flutt í tengslum við frv. til staðfestingar á þeim stjórnarskipunarlögum og frv. til l. um kosningar til Alþingis. Allshn. deildarinnar hefur athugað þetta mál og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Ég vil taka fram að við afgreiðslu málsins voru fjarstaddir Pálmi Jónsson og Guðmundur Einarsson.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil biðja hv. þdm. og áhugamenn um þessa löngu dagskrá að átta sig á því að forseti er kominn langt fram úr þeim tíma sem ætlaður var til að halda hér fund og það verða ekki tekin fleiri mál hér fyrir, það er alveg ljóst.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil spyrjast fyrir um það hvort þau mál sem tekin eru fyrir nú á þessum fundi, þ. á m. þetta sem nú á að fara að ganga til atkvæða um, séu núna tekin fyrir vegna þess að þau séu samkomulagsmál úr nefnd. Það stendur svo á um fleiri mál sem eru á dagskrá þessa fundar og var samkomulag um í nefnd og eru hér til 2. umr. og komu af tæknilegum ástæðum ekki til umr. nú í fyrradag sem annars hefði getað verið og tekið harla lítinn tíma. Þetta veldur því að mjög erfitt verður um afgreiðslu nokkurra samkomulagsmála sem hér eru á dagskránni og eiga eftir að fara til Ed. og hefði verið hægurinn hjá að koma þeim áfram, að ég held, ef þau hefðu verið tekin þar í röðinni sem hægt hefði verið.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta kann allt að eiga einhvern stað sem hæstv. ráðh. segir. En ég skal ekki fara í miklar deilur um það hver ástæðan sé fyrir því að ekki gengur betur að koma fram þessari löngu dagskrá en er. En hvað varðar þetta mál, sem nú er tekið fyrir, sveitarstjórnarmál, þá er um það að segja að það er nánast eins konar fylgifrv. með hinum frv. Þau hafa verið látin fylgjast að, þessi frv., og því er það sem forseti ber þetta upp fremur en ýmis önnur mál sem virkilega eiga það skilið að verða rædd og afgreidd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég óska svars við því hvers vegna eina málið, sem er Nd.-mál, er hér til 2. umr. á dagskránni og er samkomulagsmál, er ekki tekið fyrir nú þó að áliðið sé fundartíma, hvort hæstv. forseti vill reyna að taka það fyrir nú og ef það tekur innan við 5 mínútur, hvort hv. deild mundi þá ekki á það fallast eftir það umburðar-

lyndi sem hún hefur sýnt.

Forseti (Ingvar Gíslason): Um það varð samkomulag, sem forseti tók þátt í, að ljúka skyldi þessum fundi kl. 7 eða um kvöldmatarleyti, ef ríflega er til orða tekið, og þá var einnig gert ráð fyrir því að lokið yrði umr., þ. e. 2. og 3. umr., um 7. og 8. dagskrármál. Einnig hefur orðið samkomulag nú þegar um að 20. dagskrármálið yrði látið fylgja þessum tveimur málum. Umr. urðu allmiklar við forseta í gær milli þingflokksformanna og ýmissa annarra þm. að álagið á starfsmenn þingsins og þm. væri orðið afar mikið, sífelldir næturfundir, og var þess sérstaklega óskað að ekki yrði stefnt að næturfundi eins og ég hef sagt og þessum fundi yrði lokið um sjöleytið og með því fororði sem hér hefur verið greint frá. Það er þess vegna ekki verið að skjóta neinum *málum til hliðar þó að önnur mál hafi ekki verið hér* tekin fyrir.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst nokkuð sérkennilegt ef ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir því að rjúfa það samkomulag sem gert var um þinghald á þessum sólarhring. Ljóst er að eftir er að afgreiða af því sem um var talað frv. um sveitarstjórnarlög. Það er það sem liggur fyrir í þessum efnum og ég tel það gersamlega út í hött miðað við það ef menn ætla sér að byrja hér deildarfundi jafnvel í fyrramálið að fara að taka hér fyrir fleiri mál. Því var heitið að ekki yrði kvöldfundur í kvöld. Verði þessum fundi haldið miklu lengur áfram er þegar kominn á kvöldfundur. Ég tel að það sé í raun og veru ekki í samræmi við það samkomulag sem gert var í gærkvöldi. (**Forseti:** Þessi fundur verður ekki lengri.)

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins að það komi fram að það sem veldur því að *íslensk málnefnd* kom ekki fyrr fyrir þessa deild var það að ég kom til móts við óskir nm., þ. á m. flokksbróður Svavars Gestssonar, um að ná samkomulagi í málinu. Það er af þeim sökum sem málið liggur ekki fyrir til afgreiðslu í þessari deild og hefði tafið störf deildarinnar skemur en orðið er ef það hefði verið tekið á dagskrá í dag.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil aðeins andmæla því að ríkisstj. beiti sér fyrir rofi á nokkru samkomulagi þó að ráðh. æskti skýringa frá hæstv. forseta um það hvers vegna tiltekið samkomulagsmál sé ekki tekið fyrir þegar það af vangá var ekki tekið á dagskrá fyrir tveimur dögum og það samkomulag, sem hér er verið að tala um, er þegar búið að rjúfa fyrir klukkutíma.

Sameinað þing, 18. maí.

Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn um stöðu skipasmíðaiðnaðarins á þingskjali 788 frá Hjörleifi Guttormssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er verkefnastaða einstakra skipasmíðastöðva út þetta ár?

a) í nýsmíði?

b) við viðhald og viðgerðir?

Svar:

Könnuð var verkefnastaða vel flestra skipasmíðastöðvanna og fengust eftirfarandi upplýsingar úr þeirri könnun. Fram að þessu hefur verið nóg vinna í stöðvunum.

1. **Slippstöðin h.f. Akureyri** hefur í smíðum tvö 35 m löng fiskiskip. Smíði annars verður lokið í júnílok, en hitt verður fullklárað í árslok. Óvissa ríkir um framhald nýsmíði eftir að smíði þessara tveggja skipa lýkur. Útlit er fyrir, að Slippstöðin hafi næg verkefni fram í nóvember 1984.
2. **Stálvík h.f. Garðabæ** hefur í smíðum eitt 35 m langt fiskiskip. Eftir er um 2½ mánaða vinna í skipinu. Í viðgerðum og viðhaldi er fyrirsjáanlega tæplega 1½ mánaða vinna.
3. **Þorgeir og Ellert h.f. Akranesi** hefur í smíðum eitt 35 m langt fiskiskip. Lítið hefur verið unnið í skipinu undanfarna mánuði. Áætlað er að um tveggja mánaða vinna sé eftir við smíði skipsins.
   Í viðgerðum og viðhaldi er fyrirsjáanleg rúmlega eins mánaðar vinna.
4. **Skipavík h.f. Stykkishólmi.** Í viðgerðum og viðhaldi er fyrirsjáanleg 1½ — 2 mánaða vinna.
5. **M. Bernharðsson h.f. Ísafirði.** Lítið er um fyrirsjáanleg viðgerðarverkefni.
6. **Vélsmiðja Seyðisfjarðar h.f.** Stöðin hefur í smíðum 26 m langt fiskiskip fyrir aðila í Grindavík. Áætlað er að afhenda skipið um næstu áramót.
7. **Vélsmiðjan Stál h.f. Seyðisfirði.** Útlit er fyrir að næg verkefni verði hjá stöðinni í viðgerðum og endurbótum út þetta ár.
8. **Skipalyftan h.f. Vestmannaeyjum.** Um mánaðarvinna er fyrirsjáanleg í viðgerðum og viðhaldi.
9. **Dráttarbrautin í Keflavík.** Fyrirtækið er að ljúka endurbyggingu á 130 tonna bát. Fyrirsjáanleg viðgerðarverkefni samsvara um tveggja mánaða vinnu.
10. **Skipasmíðastöð Njarðvíkur h.f.** Verið er að ljúka nýsmíði á 295 tonna fiskiskipi, sem fer til Bolungarvíkur. Í viðgerðum og viðhaldi er fyrirsjáanleg um tveggja mánaða vinna.
11. **Skipasmiðjan Hörður h.f. Njarðvík.** Fyrirtækið vinnur að smíði rækjuveiðiskips fyrir aðila á Ísafirði, smíði þess verður lokið í júlí n.k.
12. **Bátalón h.f. Hafnarfirði.** Lítið er um fyrirsjáanleg viðgerðarverkefni.
13. **Dröfn h.f. Hafnarfirði.** Fyrirtækið hefur fyrirliggjandi um eins mánaðar vinnu í viðgerðarverkefnum.
14. **Slippfélagið h.f. Reykjavík.** Líkur benda til að næg verkefni verði í viðhaldi og viðgerðum út sumarið.

Upptalningin hér að framan er ekki tæmandi, en hún gefur mynd af verkefnastöðu stærstu skipasmíðastöðvanna. Auk þess vinna fjölmörg önnur fyrirtæki svo sem vélsmiðjur, rafiðnaðarfyrirtæki o. fl. í viðhaldi og viðgerðum á flotanum.

2. Hver er staðan í samningum Slippstöðvarinnar varðandi smíði togara fyrir Útgerðarfélag Akureyringa?

Svar:
Viðræður milli aðila eru enn í gangi og óvíst hvenær niðurstaðna úr þeim viðræðum er að vænta.

3. Hvaða fjármagn er tiltækt fyrir skipasmíðaiðnaðinn það sem eftir er ársins og hvað liggur fyrir um skiptingu þess?

Svar:
Í smíðum eru nú fimm raðsmíðaskip, fram að þessu hafa þau verið fjármögnuð með endurkaupalánum Seðlabankans, lánum frá Norska Útflutningslánasjóðnum, eigin fé skipasmíðastöðvanna og fyrirgreiðslu viðskiptabankanna. Erfitt er að meta hve mikið fjármagn hefur farið til þessara skipa á árinu.

Áætlað er að Fiskveiðasjóður geti lánað 214 m. kr. á árinu til vinnslustöðva og tækja, viðgerða og breytinga skipa. Byggðasjóður mun lána nokkuð fjármagn til viðgerða og breytinga fiskiskipa.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga þar sem m. a. gert er ráð fyrir sérstakri 150 m. kr. lánsfjárútvegun vegna skipasmíðaiðnaðarins. Auk þess er gert ráð fyrir einhverjum erlendum lántökum vegna skipasmíðaiðnaðarins, er fara í gegnum langlánanefnd ríkisstjórnarinnar.

Efri deild, 107. fundur.

Laugardaginn 19. maí, kl. 10 árdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 902 (sbr. 765)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 1039 (sbr. 799)). — 3. umr.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég kem hér upp við 3. umr. fyrst og fremst af því að ég reyndi að stytta mál mitt sem kostur var í gær þegar umr. átti sér stað hér í deildinni vegna þess að ég vissi að virðulegur forseti hafði lofað því að deildin mundi ekki halda fundum sínum lengi áfram fram eftir kvöldi. Líka vegna þess að svo virðist sem yfirmat á verkum manna þurfi að vera víðar en í sambandi við sjávarafurðir. Kannske þyrfti að vera eitthvert yfirmat á fréttatilkynningum ríkisfjölmiðlanna um það hvernig umr. fara fram hér á hv. Alþingi. Þegar við höfðum lokið störfum hér í deildinni í gærkvöldi er fyrsta fréttin sem ég heyri á þann veg að hér hafi verið umr. um þingsköp í sambandi við hið svokallaða kartöflumál, en vegna þess að stjórnarandstaðan hefði ekki fengið sínu máli þar að einhverju leyti framgengt hefði verið upphafið málþóf í sambandi við Ríkismat sjávarafurða.

Ég vil mótmæla svona fréttaflutningi. Það var mjög langt frá því að ég kæmi hingað upp í ræðustól til að hefja málþóf. Ég reyndi að stytta mál mitt í sambandi við þetta mál sem ég gat. Ég nefndi það oft í ræðu minni að ég vísaði til ræðu minnar við 1. umr. í deildinni og var þá með hugann við loforð hæstv. forseta um að hér skyldi vera eins stuttur fundur og mögulegt væri. En ríkisfjölmiðlunum a. m. k. þótti þarna eitthvað gott til að smjatta á og fylgjast sjálfsagt ekki betur með umr. á hv. Alþingi en það að þeir telji eðlilegt að umr. um Ríkismat sjávarafurða sé skorin niður við einhverjar mjög stuttar ræður sem þeir telja að sé hæfilegt þessari eða hinni umr.

En ég stytti mál mitt í gærkvöldi og það féll ýmislegt niður úr ræðu minni sem ég hefði talið æskilegt að fram kæmi. Ég mun aðeins nefna hér tvo þætti sem ég tel ástæðu til að undirstrika. Í fyrsta lagi er það í sambandi við 14. gr. frv. þar sem þess er getið að afurðadeild annist yfirmat á öllum fiskafurðum til útflutnings. Í grg. með frv. segir: „Sú nýjung felst einkum í þessari grein að aðalreglan verður sú að afurðadeild annist aðeins yfirmat."

Þessi umsögn í grg. frv. sýnir kannske betur en flest annað hvað þau lög, sem væntanlega verða samþykkt hér innan stutts tíma á Alþingi, eru óþörf og hvað sú tilætlun og hvað sú lýsing á þessum lögum, sem stjórnarsinnar hafa verið að túlka hér, er röng. Hér er ekki um neina nýjung að ræða. Hér er verið að gera till. um tilhögun sem búið er að koma á og vinna eftir á undanfarandi árum nákvæmlega á þennan máta.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur að meginhluta til verið yfirmat, úttektarmat. Það hefur að vissu leyti verið gagnrýnt, en það hefur verið þannig, bæði í sambandi við saltfisk og frystar afurðir og einnig í sambandi við síldina þó að nokkru leyti hafi hið opinbera mat fylgst meira með framleiðslunni þar en í hinum þáttunum. Svo er verið að segja okkur í grg. með frv. að þetta sé nýjung. Því miður er lítið um nýjungar í þessu frv.

En mikið er það frv., sem við erum að fjalla um í dag og höfum verið að fjalla um við 2. umr., að verða betra en það frv. var sem lagt var fram upphaflega. Samt er það enn þannig að æskilegast væri að það færi ekki miklu lengra en það er komið nú. Ég mun þó ekki beita atkvæði mínu gegn því og veit ég að jafnvel þó ég gerði það mundi það fara þá leiðina þó að ég viti að margir hv. þm. séu hálftregir til og viti að þetta frv. er til lítils annars en að sýnast.

Við lokaumr. í nefndinni fjallaði hún sérstaklega um saltsíldina. Ég tel ástæðu til að ítreka enn það sem hv. formaður n. flutti hér í nafni hennar í sambandi við þann þátt mála. Meiningin var að koma þeirri yfirlýsingu í nál. meiri hl. en af mistökum varð það ekki. Það kemur alveg að jafngóðum notum að sú yfirlýsing var flutt af formanni nefndarinnar hér úr ræðustól og þakka ég honum fyrir það. Ég vil leyfa mér að ítreka þessa yfirlýsingu og lesa hana hér enn. Hún er á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna sérstöðu saltsíldarframleiðslunnar skal útflutningsmat saltaðrar síldar framkvæmt á vegum Ríkismats sjávarafurða sem jafnframt skal annast eftirlit með söltun og verkun síldarinnar, hvort tveggja skv. sérstakri reglugerð sem sjútvrh. setur um saltsíldarmat og eftirlits- og leiðbeiningarstarfsemi með söltun síldar."

Ég fjallaði nokkuð um stöðu saltsíldar í ræðu minni í gær og tel því ekki ástæðu til að eyða tíma deildarinnar mikið til viðbótar til að ræða um þann þátt. En með þessari yfirlýsingu er sjútvn. Ed. að gefa yfirlýsingu um

að það frv., sem verður sjálfsagt samþykkt hér í deildinni á eftir og fer til Nd., er raunverulega alveg ómark gagnvart saltsíldarmati með þeirri yfirlýsingu nefndarinnar að unnið verði öðruvísi í sambandi við saltsíldarmat en aðra þætti sjávarafurðaframleiðslu á Íslandi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég vil vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. geta þess að mér var vel kunnugt um að hann hafði langt mál að tala í þessu máli og það var ekki um að ræða málþóf frá hans hendi vegna kartöflumálsins svokallaða. Það var forseta vel kunnugt um.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:1 atkv. og endursent Nd.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 1035 (sbr. 222)). — 1. umr.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Þau lög, sem hér eru til umr., tengjast þeirri stjórnarskrárbreytingu sem þegar er orðin að lögum þannig að því verður trúlega ekki forðað að þessar breytingar nái fram að ganga. En samt sem áður tel ég útilokað annað en að menn lýsi skoðunum sínum á þessu máli og þá sérstaklega vegna þess mikla óréttlætis, sem ég tel hér verið að framkvæma, ef það kynni að verða til þess að menn vildu í ljósi slíkrar umr. hugsanlega endurskoða afstöðu sína til þessa máls, ef ekki nú þá a. m. k. eins fljótlega og unnt er því að þær breytingar, sem við stöndum hér að, eru í flokki þeirra mála sem hvað allra, allra þyngst er að hreyfa hér á þingi.

Ekki hafa verið gerðar margar breytingar á kosningalögum og þeim stjórnarskrárgreinum sem henni tengjast. Það tók 50 ár að fá þá fyrstu í gegn. Það tók 25 ár að fá þá næstu í gegn. Ef þetta lögmál gildir tekur 12 ár að fá þá næstu í gegn eða 12½ ár og þá eigum við 3½ ár til aldamóta. Hvaða þjóðfélag eða hvaða þjóðlíf verður hér á Íslandi eftir 12 ár? Ef menn hugsa til baka í tímanum, hugsa til þess þjóðfélags sem hér var fyrir 25 árum, reyna að upplifa það í huga sínum, þá gera menn sér grein fyrir þeim gífurlegu breytingum sem hafa orðið á allri hegðun og lífsháttum manna. Þá er kannske ástæða til að spyrja sig: Hæfa þær lýðræðislegu aðstæður, þær lýðræðislegu forsendur, sem við búum við í dag og erum að skapa núna — því að breytingarnar á kosningalögunum núna eru tiltölulega miklu lítilvægari en þær voru 1959 — þjóðfélagi aldamótanna?

Ég held að enginn, sem hér er inni, átti sig ekki á því hvað er að gerast í þjóðfélaginu og enginn sem setið hefur á þingi hefur komist hjá því að hugleiða það til hvers hann situr hérna og fyrir hvað hann situr hér. Við vitum öll að lýðræðið hóf göngu sína sem átak í því að færa valdið frá einveldi til fólksins alls. Sú viðmiðun sem menn höfðu var sú að fólkið væri þjóð, einhver ótiltekin þjóð, í þessu tilviki eru það við Íslendingar. Nú ganga þau kosningalög, sem við búum við, í raun og veru ekki út frá því að við séum ein þjóð. Í flestöllum öðrum tilvikum líta menn á þjóðina sem heild. Almennt skilgreina menn þá valdastofnun, sem við sitjum hér í, sem þjóðþing, Alþingi. En fulltrúarnir, sem hingað eru komnir, eru skv. þeim kosningalögum, sem í gildi eru í augnablikinu og á að fara að samþykkja, ekki kosningalög einnar þjóðar. Sú kjördæmaskipan, sem við búum við, býr hér til samsafn margra ólíkra þjóða.

Hvert er markmiðið með kosningalögunum? Hver er tilgangurinn með því að kjósa? Við erum að búa til vald. Vald fólksins kemur fram hjá þeim fulltrúum sem kosnir eru á þing. Þá stöndum við frammi fyrir þeirri undarlegu staðreynd að fólkið í landinu hefur mismunandi rétt á þessu valdi. Leikreglurnar fyrir landsmenn eru ekki allar þær sömu. Til eru þeir menn jafnvel hér á þingi sem halda því fram að það sé jafn kosningarréttur á Íslandi. Þeir segja: Allir Austfirðingar eru jafnir í kosningum, allir Vestfirðingar eru jafnir í kosningum, allir Reykvíkingar eru jafnir í kosningum. — Þeir neita að horfast í augu við það að Vestfirðingar og Austfirðingar eða Reykvíkingar bornir saman eru ekki jafnir. Þeir neita nánast að horfast í augu við það að við erum ein þjóð.

Menn kunna þá að spyrja hvort minn hugur standi til þess að gera þetta land að einu kjördæmi. Ég verð að viðurkenna að ég mundi telja miklu eðlilegra að ákvörðun um það hvernig kjördæmaskipan væri hér á landi yrði ekki framkvæmd öðruvísi en í samráði við þjóðina alla.

Í sjálfu sér eru tvær andstæðar leiðir færar til þessa. Það er annars vegar að gera landið að einu kjördæmi. Þá erum við fyrir fullt og allt búnir að viðurkenna að hér búi ein þjóð. Hin leiðin er sú að breyta kjördæmaskipaninni þannig að hvað höfðatölu og innbyrðis hlutföll snertir grundvallist fulltrúatalan, sem kjósendur kjósa á þing hver fyrir sig, alltaf á nánast sama kjósendafjölda per fulltrúa. Þetta mundi þýða að þéttbýlisstaðir eða þéttbýlissvæði, eins og suðvesturhornið hérna, skiptist upp í enn fleiri kjördæmi en við búum við í dag.

Hvers vegna hafa menn svo mikinn áhuga á því að tala um og gera sér að markmiði að allir hafi jafnan kosningarrétt? Hvers vegna höfum við kosningarrétt? Það er ekki eitthvað sem við höfum fengið að gjöf. Við tókum okkur þennan rétt frá þeim sem höfðu haft hann áður. Kosningarrétturinn er mikið vald og hann er í augum flestra tákn ákveðins frelsis, í raun og veru frelsisins. Kosningarrétturinn er frelsi til að láta í ljós skoðanir sínar, til að velja, til að vera þátttakandi í ákvarðanatöku. Hann er það sem menn kalla oft og tíðum sjálfsögð mannréttindi. Ef kosningarréttur er sjálfsögð mannréttindi finnst manni í fljótu bragði að ekki ætti að vefjast mjög mikið fyrir mönnum að þessi sjálfsögðu mannréttindi standi öllum jafnt til boða.

Íslendingar eru aðilar að mjög merku plaggi sem þeir undirrituðu ásamt með fjölda annarra þjóða og kallast mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. 1. gr. þessarar mannréttindayfirlýsingar hljóðar svo:

„Hver maður er borinn frjáls og jafn öðrum að virðingu og réttindum. Menn eru gæddir vitsmunum og samvisku og ber þeim að breyta bróðurlega hver við annan.“

Þau atriði, sem þarna er verið að höfða til, eru þau atriði sem klingdu í eyrum manna á árdögum lýðræðisbaráttunnar, þau hugtök, sem hafa kannske minna heyrst núna upp á síðkastið, þ. e. frelsi, jafnrétti og bræðralag. 21. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna hljóðar svo:

„Hverjum manni er heimilt að taka þátt í stjórn

landsins beinlínis eða með því að kjósa til þess fulltrúa frjálsum kosningum. Hver maður á jafnan rétt til þess að gegna opinberum störfum í landi sínu. Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstj. og skal hann látinn í ljós með reglubundnum óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar að frjálsræði."

Undir þetta hafa fulltrúar Íslendinga í samkomu Sameinuðu þjóðanna ritað.

Nú er það þannig að mjög margar þjóðir heimsins brjóta þennan mannréttindasáttmála margsinnis. Hann lítur út hjá þeim allmörgum nánast eins og samanbrotið blað. Við Íslendingar höfum tekið þátt í því ásamt öðrum þjóðum að gagnrýna þær þjóðir sem hafa brotið mannréttindasáttmálann. Við höfum ekki hvað síst gagnrýnt þær fyrir brot þeirra á þessari grein mannréttindasáttmálans. Enn þá eru mjög mörg lönd í heiminum þar sem kosningarréttur er ekki jafn, þar sem leynileg atkvæðagreiðsla er ekki viðhöfð eða jafngildi hennar að jafnræði.

Við hvað er miðað, sagði ég áðan, þegar talað er um þennan rétt? Viðmiðunin, sem notuð er almennt í skilgreiningum, er þjóð, þ. e. viðmiðunin mundi kannske kallast á fræðilegu máli stjórneining. Sú stjórneining, sem er stærst eða nær yfir hvað mest og flest hér á landi, er ríkið eða ríkisvaldið sem styðst við Alþingi. Við búum hér í þingræði og þetta ríkisvald er skipað hér á Alþingi af fulltrúum þjóðarinnar, en þó með þeim hætti að sum héruð — við köllum þau kjördæmi — hafa hlutfallslega miklu fleiri fulltrúa en önnur. Af því leiðir að þessi sömu héruð hafa ólíkt meira vald en önnur. Það ástand, sem við búum við hér á Íslandi, snýr þannig að okkur að fjöldi þm. úr hinum dreifðari byggðum landsins er meiri en fjöldi þeirra þm. sem koma frá þéttbýli.

Ein af þeim ástæðum, sem oft eru nefndar, til að viðhalda þessu ástandi, þ. e. þessu misræmi í fulltrúafjölda frá þéttbýlis- og dreifbýliskjördæmum, er sú að með þessu móti sé spornað gegn byggðaröskun. Ef menn horfa á þróun íslensks þjóðlífs frá lýðveldisstofnun má sjá að við höfum alla þessa tíð búið við það að fjöldi dreifbýlisþm. hefur verið langtum meiri en fjöldi þéttbýlisþm., en þó hefur kannske þokast í þá átt að hlutföllin milli þeirra hafa minnkað eftir því sem á tímann leið eftir lýðveldistökuna. Hvað blasir þá við? Það blasir við að ef menn ætla að byggja rökstuðning sinn á því, sem ég nefndi áðan, að þetta ástand spornaði gegn byggðaröskun sjáum við að byggðaröskunin er langmest þegar vald dreifbýlisfulltrúanna hér á þingi var langmest. Eftir því sem dregið hefur úr hlutfallslegum styrkleika þeirra mældum við styrkleika fulltrúanna úr þéttbýlinu, eftir því sem nær hefur færst okkur í tíma, hefur dregið úr byggðaröskuninni um leið. Hvaða heilvita maður, sem hefur lært að draga ályktanir af staðreyndum sem hann hefur fyrir augunum, hlýtur að sjá að hér er á ferðinni ákveðið misræmi milli forsendna og fullyrðinga.

Það má kannske spyrja sig að því í ljósi þessarar staðreyndar, þ. e. að flótti úr hinum dreifðu byggðum var miklu meiri þegar vald dreifbýlisfulltrúanna var meira og hefur farið minnkandi eftir því sem vald þeirra minnkaði, hvort þessi flótti hafi kannske alls ekki tengst landgæðum, hann hafi kannske alls ekki tengst lífshagsmunum á þessum svæðum. Þetta fólk hefur kannske einfaldlega verið að flýja þm. sína. Það er nefnilega dálítið undarlegt ef maður skoðar hagsögu Íslands, sem er reyndar afskaplega skringilegt og þó kannske á stundum skemmtilegt fyrirbæri, að allir þekkja þann alvanalega leik, sem sífellt er verið að endurleika hér á Íslandi, að þegar kreppir að hjá þjóðarbúinu sker hið opinbera niður. Opinber niðurskurður bitnar yfirleitt hvað mest á landsbyggðinni. Þetta er einföld og auðsæ staðreynd. Við þurfum ekki að leita langt aftur — t. d. bara til skýrslu Fjórðungssambands Norðlendinga um atvinnumál — til að sjá það ástand sem niðurskurður stjórnvalda hefur þegar valdið þar.

Við vitum að þeir hópar, sem búa í þessu þjóðfélagi, eru innbyrðis háðir hver öðrum vegna verkaskiptingar. Þessir hópar, ef við lítum helst á þá sem kjördæmi, hafa allir lagt sjálfstæði sitt í hendur einu valdi, ríkisvaldinu, og þessu ríkisvaldi er stjórnað af Alþingi. Þótt landsbyggðin hafi fleiri þm. en þéttbýlið á Alþingi hefur það ekki orðið til þess að auka sjálfstæði dreifbýlis, langt því frá. Þróunin hefur verið í þveröfuga átt. Dreifbýlið verður stöðugt háðara aðgerðum og vilja ríkisvaldsins. Hvernig má á þessu standa? Fólk kýs í kosningum, það kýs flokka og það kýs menn. Það kýs flokkana vegna þess sem flokkarnir kalla hugmyndafræði sína og það kýs mennina vegna þess að það treystir sumum þeirra betur en öðrum til að breyta orðum í athafnir.

Nú vitum við það öll að hugmyndafræði flokka er yfirleitt í grófum dráttum ekkert annað en sú barnalega fullyrðing að hann, flokkurinn, einn sé fær um að stjórna þessu stóra og flókna ríkisapparati með tilliti til hagsmuna allra. Við vitum líka að þetta er ómerkileg blekking. Í raun trúir henni enginn og því reynir fólk að setja traust sitt frekar á holla einstaklinga, eins og það kallar það. Þessir hollu einstaklingar, hversu góðir sem þeir kunna að vera — og ég fullyrði að allavega þeir, sem ég hef kynnst hér á þingi, eru allir mætir menn — búa bara við þau kjör — og þá á ég ekki við launalega heldur hugmyndafræðilega — að þeir eru ekki sjálfs sín herrar. Þannig gerist það að það er alveg sama hvort þetta fólk snýr sér að flokkum eða mönnum, framsal valdsins lendir alltaf í höndum miðstýringarinnar og miðstýringin hefur greinilega ekki með þeim skilyrðum sem við búum við í dag starfað dreifbýlinu til hagsbóta, þvert á móti.

Menn, sem tala hér um kosningarrétt, hafa gjarnan mikla tilhneigingu til að blanda saman kosningarrétti og lífskjörum annars vegar og hins vegar því sem þeir kalla kosningarrétt og aðstöðu. Það að það skuli vera langt að fara í verslun, það að það skuli vera langt að sækja þjónustu, það telja menn vera óhagræði sem beri að bæta með ójafnvægi kosningarréttar. Það er greinilegt að þessir menn ganga út frá því að átthagafjötrar hér á landi séu gífurlega miklir og menn séu ekki frjálsir að því að búa þar sem þeir kjósa því að á móti getum við fullyrt að sé erfitt að sækja þjónustu eða neyslu hafi það fólk, sem býr við það óhagræði, yfirleitt annað hagræði sem það mjög gjarnan tekur fram yfir aðra hluti.

Það að búa einangrað hefur mér fundist, eftir því sem ég hef fengið best séð, vera á vissan hátt eftirsóknarvert, a. m. k. í augum þeirra sem við það búa. Ég verð að viðurkenna að þrátt fyrir uppruna minn úr sveit og mjög náin tengsl, þá er ég borgarbarn og ætti erfitt með að sætta mig við að búa um langa tíð einangraður

einhvers staðar uppi í afdal. En ég veit líka að ættingjar mínir, sem búa við slíkar aðstæður, kjósa ekki að breyta því. Auðvitað hafa þeir margt út á sína aðstöðu og sín kjör að setja, það hef ég líka.

Þó að maður geti gagnrýnt aðstöðu sína og kjör þá er það ekki grundvöllur að kröfu um misjafnan atkvæðisrétt. Það er fyrst og fremst grundvöllur að kröfu um jöfnun aðstöðumunar og slík jöfnun fer fram með allt öðrum hætti því að þessum almennu mannréttindum tengjast þau undarlegu grundvallarréttindi að í okkar þjóðfélagi hafa menn rétt til þess bæði að hafa rangt fyrir sér og að hafa rétt fyrir sér. Ef menn hafa einhverja skoðun sem þeir vilja koma á framfæri eða ná fram, þá hefur lýðræðisþjóðfélagið lagt þeim þær skyldur á herðar að þeir verði einfaldlega að vinna þessum skoðunum fulltingi með málflutningi sínum til þess að þær nái fram að ganga. Hér á þingi er það ekki nauðsynlegt með öllu. Hér á þingi getur þú náð fram meirihlutafylgi við skoðanir þínar án þess að það meirihlutafylgi grundvallist á meiri hluta þjóðarinnar.

Eins og menn vita er andstaðan gegn þessari baráttu, þ. e. baráttu fyrir jöfnum kosningarrétti, mjög mikil. Maður skilur eiginlega ekki alveg hvers vegna þessi andstaða er svona mikil. Það er eins og menn gangi út frá því að með meiri hlutanum gerjist einhverjar skoðanir sem eru svo óhollar, sem eru svo hættulegar, að nánast er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að þær geti náð fram að ganga. Það er eins og menn gangi nánast út frá því líka að minni hlutinn hafi miklu heilbrigðari skoðanir en meiri hlutinn. Auðvitað á minni hlutinn rétt á að hafa skoðanir og að tekið sé tillit til þessara skoðana, en minni hlutinn á ekki skv. grundvallarreglum lýðræðisins rétt til að segja meiri hlutanum fyrir verkum.

Það Alþingi, sem við störfum á, er vettvangur skoðana, vettvangur afstöðutöku og afstaðan er tekin skv. vilja meiri hlutans. En þessi meiri hluti, eins og ég hef margsinnis nefnt, styðst ekki við meiri hluta þjóðarinnar. Einhver hneykslanlegasta röksemd, sem fram hefur komið í þessu máli og sú sem er með öllu óþolandi að hlusta á, er sú, sem fulltrúar bæði byggða og flokka hafa haldið fram, að verðmætasköpun sé einhvers konar grundvöllur að auknum réttindum í kosningum. Ég heyrði af tilviljun hreinræktaðan sósíalista standa í ræðustól í hv. Nd. og halda þessu fram. Ég verð að viðurkenna að ég varð svo hissa að — (**Gripið fram í:** Það segja nú svo margir í Nd.) Já, ég varð svo hissa að ég hélt að ég hefði ekki heyrt rétt. Þarna stóð maðurinn og talaði rétt eins og franskur eða enskur aðalsbóndi frá öldinni sem leið. (**Gripið fram í:** Það er ekki leiðum að líkjast.) Það kann að vera. Við Öræfingar höfum oft fengið það orð á okkur að líkjast enskum aðalsmönnum, en það þýðir samt sem áður ekki að við höfum gerst svo hortugir að við höfum gert kröfu til meiri mannréttinda vegna þess að við framleiddum svo mikið.

Þessi krafa, þ. e. að nota verðmætasköpun sem mælikvarða á kosningarrétt, aðrir verði jafnari en hinir vegna þess að þeir afli meira, er svo hróplega ranglát ef maður horfir út á enda hennar. Ef maður horfir út á neðri enda þessarar fullyrðingar þá segir maður: Sá sem einskis aflar, sá sem ekkert framleiðir, hefur engan kosningarrétt. — Og hvert erum við komnir þá? Þá erum við komnir aftur á bak, reyndar ekki nema um það bil 50 ár aftur í tímann. Við erum komnir inn í umr. sem átti sér reyndar stað margsinnis en ég gríp hér niður í eina frá 1927. Frv., sem til umr. er, heitir frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands. Flm. þess hét Héðinn Valdimarsson. Hann segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Kröfurnar í baráttunni fyrir þingræðinu hafa hér sem annars staðar byggst á því að þjóðin sjálf, allir fulltíða menn hennar, ætti að ráða málum sínum. Þá fyrst er lýðræðið komið er fulltrúar flokkanna á þingi þjóðarinnar eru í réttu hlutfalli við þann fólksfjölda er hefur kosið þá. Aðeins þannig getur þjóðin sjálf skipað sína eigin stjórn. Í stjórnarskrá Íslendinga er ekki lýðræði í þeirri merkingu sem forgöngumenn þess mundu ætlast til."

Þeir menn, sem tala hér í fullri alvöru um að verðmætasköpun í þjóðfélaginu geti verið mælikvarði á það hvaða rétt maður hefur til kosninga, ættu rétt til gamans að fletta upp í Nýju Helgafelli frá 1959 og lesa þar grein eftir Pétur Benediktsson sem heitir „Tíminn flettir spilunum tvisvar, þættir úr sögu kjördæmamálsins". Þar langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örstuttan kafla þar sem verið er að lýsa kosningum árið 1845. Þar segir:

„Heldur fór illa fyrir Vestmannaeyjum í kosningunum. Eyjarnar voru u. þ. b. 10 sinnum fólksfærri en Ísafjarðarsýsla og 13 sinnum fólksfærri en stærsta kjördæmið, Árnessýsla. Ekki fengu eyjaskeggjar þó notið forréttinda sinna því að þegar til átti að taka fannst enginn „fasteignar haldandi" nægilega efnum búinn í kjördæminu. Það var því ekki að furða þótt kancellíið skrifaði Hoppe stiftamtmanni hinn 14. nóv. 1843" — Og nú verð ég að biðja hæstv. forseta fyrirgefningar þó að ég bregði yfir á þá tungu sem einu sinni var töluð hér í stjórnsýslu, en það var danska:

„Foranlediged heraf skulde man til behagelig Efterretning og videre Bekjentgjörelse tjenstligst meldę, at det efter det saaledes Oplyste er en Selvfölge, at intet Valg af Althingsmand til Althinget for denne Gang vil blive at foretage paa Vestmanöe."

Þá var atkvæðisréttur miðaður við það að menn ættu fasteignir. Þeir sem áttu fasteignir voru þeir sem öfluðu, voru þeir sem söfnuðu, voru þeir sem framleiddu, voru þeir sem unnu, eins og menn kölluðu það, að verðmætasköpun í íslensku þjóðfélagi.

Síðan komu fram hugmyndir hjá öðrum mönnum um að verðmætasköpunin væri reyndar ekki öll hjá þessum einstaklingum sem hana notuðu til þess að kaupa fasteignir. Það væru fleiri þátttakendur í þessari verðmætasköpun og þeir ættu þess vegna rétt á því að fá vald — ekki vegna þess að það vald ætti að grundvallast á hlutverki þeirra í verðmætasköpuninni heldur vegna þess einfaldlega að þeir væru frjálsir menn eins og aðrir.

Baráttan fyrir jafnrétti er löng og ströng og svo virðist sem þessi barátta eigi eftir að endast a. m. k. einn áratuginn enn til viðbótar. Það er þess vegna sem ég stend hér og reyni, að það kynni hugsanlega að hreyfa við einhverjum þannig að næst þegar reynt verður að breyta stjórnarskipunarlögunum hvað kosningarrétti viðkemur, verði menn komnir eilítlu skrefi lengra í átt til þeirrar hugsunar að jafnrétti sé sjálfsagt mál.

Mig hefur alltaf undrað það að þeir menn, sem gjarnan segjast berjast hér fyrir verkalýð, skuli þegar að

þessu máli kemur standa gegn því að meiri hluti verkalýðs í landinu, fólkið í þéttbýlinu, fái atkvæðisrétt. Þetta er líka einkennilegt bara í ljósi þess að það er ekkert, nákvæmlega ekki neitt, sem segir okkur að vilji meiri hluta þjóðarinnar sé sá að níðast á íbúum dreifbýlisins frekar en öðrum þeim sem búa hér á landi við erfiðar aðstæður.

Auðvitað eru ákveðnir erfiðleikar fólgnir í því að búa fjarri þjónustu og fjarri ýmsum lífsins gæðum. En fólk getur verið fjarri bæði þjónustu og lífsgæðum með öðrum hætti. Menn geta verið aldraðir, menn geta verið fatlaðir meira eða minna. Ég hef ekki fundið annað hér á þessu þingi en að menn sameinist nánast allir um að hafa samúð með fólki sem þannig er ástatt fyrir og reyni eftir mætti að sýna þá samúð. Auðvitað verður maður að viðurkenna að þessi samúð gengur oft á tíðum ekki nægilega langt í verki. Þetta hefur verið þó nokkurt hitamál, sérstaklega á þessu þingi í vetur. Þá hafa menn risið hér upp og barist fyrir rétti þessa fólks. Þeir hafa tapað í þessari baráttu en það fer ekkert á milli mála að það skiptir engu máli hvaðan menn koma, hvort menn koma úr dreifbýli eða þéttbýli í þessu máli, áhugi þeirra á því er jafn og þeir setja hann ekki á nokkurn hátt í samband við það hvar menn búa.

Virðulegi forseti. Eftir að við erum orðin ein hér í salnum má kannske segja að til lítils sé að tala. (**Forseti:** Það er fámennt og góðmennt.) Já, ég tek undir það að það er góðmennt, alla vega að hálfu leyti hvað virðulegum forseta viðvíkur. En það sem mér gengur hér til er í kjarna sínum ekki flókið mál. Það hefur komið fram í máli manna bæði nú á þessu ári og eins á s. l. vetri að þeirri skoðun vex mjög fiskur um hrygg að það ástand, sem við búum við í þessum málum, sé óviðunandi og verði að leiðrétta. Ég get nefnt hér sem dæmi og vitnað til tveggja leiðara í Dagblaðinu/Vísi. Annar er frá því í febrúar 1983 í aðdraganda kosninganna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, undir fyrirsögninni „Heilir og hálfir kjósendur“:

„Málamiðlun stjórnmálaflokkanna í kjördæmamálinu slakar lítið á spennunni sem misvægi atkvæðisréttar hefur hlaðið upp á nýjan leik eftir lagfæringuna árið 1959. Málamiðlunin gengur of skammt til að endast lengi.

Margir fylgjendur jöfnunar atkvæðisréttar eru tilbúnir að kaupa samstöðu allra stjórnmálaflokkanna því verði sem nú er að verða ofan á, þ. e. að atkvæðisréttur verði 2.6 sinnum gildari á Vestfjörðum en í Reykjavík.“

Það sem þessi leiðari er að höfða til er sú þróun að íbúum hinna dreifðu byggða fer hægt og sígandi — reyndar alls ekki með sama hraða og áður — fækkandi. Það þýðir að að baki hverjum fulltrúa, sem úr þessum dreifðu byggðum kemur, standa sífellt færri atkvæði. Hvað gerum við þegar Vestfirðingum hefur fækkað um helming frá því sem nú er? Höldum við þar enn þá sama þingmannafjölda? Með þeirri röksemdafærslu sem nú er notuð ætti það að vera réttlætanlegt því að það er greinilegt skv. skilningi þeirra þm. sem réttlæta slíkt ástand að þeir líta á fulltrúa hinna dreifðu byggða miklu frekar sem fulltrúa fermetra en fólks.

Svo menn fylgist með þræðinum — vegna þess að nú streyma þeir í salinn — þá var ég að tala um það hvað við gerðum þegar Vestfirðingum hefði fækkað um helming frá því sem nú er. Hvort við fækkuðum þá fulltrúum þeirra eða jafnvel fjölguðum. Því skv. þeirri réttlætiskenningu að aðstöðumunur í lífskjörum réttlæti aðstöðumun í kjör- og kosningagengi ætti það að vera réttlætanlegt eftir því sem Vestfirðingum fækkar að fjölga fulltrúum þeirra á þingi.

Ég er nú að höfða hér til þeirrar skrýtnu staðreyndar sem við upplifðum núna í síðustu kosningum að það nægðu ekki 3500 atkvæði til að koma sjöunda manni af lista Sjálfstfl. inn á þing. Aftur á móti fór fjórði maður af lista í Vestfjarðakjördæmi inn á þing með ⅕ hluta þessa atkvæðamagns. Hv. 4. þm. Vestf. var kjörinn á þing í krafti 755 atkvæða. En núv. hæstv. utanrrh. nægðu ekki 3500 atkvæði til að komast á þing, enda hefur maður fylgst með því núna undanfarið að í þessu ástandi er hart barist. Það er svo hart barist á margan hátt að það verður oft á tíðum dálítið skoplegt. Gamall skólabróðir minn hefur setið hér á göngum fram eftir nóttum með stóra tösku og reiknivél við að reikna menn inn á þing. Hann hefur reiknað þá eftir d'Hondt, hann hefur reiknað þá eftir Droop, hann hefur reiknað þá eftir Lague og hann hefur passað sig á þeirri gullvægu reglu: Don't drop the Lague. Lague er þá í þessu tilviki líklega þingmaðurinn sem ekki má missa.

Og hver urðu endalokin? Endalokin voru hreint stórkostleg. Menn ákváðu að allir þessir útreikningar væru fyrir köttinn einan og þeir hættu við hann og sögðu: Við samþykkjum bara gamla draslið eins og það var og byrjum síðan aftur að nýju. — Ég verð að viðurkenna að í mínum huga er í þessum ákvörðunum, í þessum orðum, hugsanlega falin ákveðin vonarglæta. Kannske verður þessi stjórnarskrárákvörðun tekin upp fyrr en maður gæti átt von á og þá á maður e. t. v. lag til að koma þeim skoðunum á framfæri sem ég er hér að tala fyrir. Auðvitað er ég þeirrar skoðunar að þær séu réttar. Margir hér inni eru þeirrar skoðunar að þær séu rangar. En eins og ég sagði áðan í máli mínu hefur hver einasti maður rétt til að hafa rangt fyrir sér. Í krafti þess held ég áfram að berjast og vitna til að leggja áherslu á þessi orð mín aftur í Pétur Benediktsson þar sem hann segir í lokum greinar sinnar í Nýju Helgafelli frá 1959 á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Úr herbúðum framsóknarmanna er verið að hvísla því að sjálfstæðismönnum að það hefði verið auðvelt með samstöðu þessara flokka að koma á því skipulagi einmenningskjördæma sem hefði þurrkað Alþfl. og kommúnistaflokkinn að mestu eða öllu leyti út af þingi. En reynslan af hræðslubandalaginu hefir kennt þjóðinni að vandamálin verða ekki leyst með brellum. Því hefir enginn af forvígismönnum réttarbótarinnar viljað fara þá leið að fórna jafnréttinu til þess að níðast á andstæðingum sínum. Fylgi kommúnista í Frakklandi hefir ekki minnkað við það að De Gaulle bægir þeim frá þingsetu að réttri tiltölu. Ég er honum samdóma“ — segir Pétur Benediktsson — „ um það að þeir eru skaðræðisgripir“ — þ. e. kommarnir — „en menn eiga rétt á því að vera heimskir og að hafa rangt fyrir sér. Ef slík leið væri reynd hér“ — þ. e. með kosningalögum að bola ákveðnum aðilum út af þingi — „hefðist ekki annað upp úr því en að færa valdið í þjóðfélagsmálum enn meira úr höndum Alþingis.“

Svo mörg voru þau orð. Herra forseti. Ég á von á því að fjöldi manns eigi eftir að tala hér í þessu máli því að þetta er eitthvert merkasta mál þessa þings. Ég get ekki ímyndað mér annað en að áhugi manna á að tala í mannréttindamálum hljóti að vera þannig að þeir geti

ekki á sér setið. Til að draga saman að einhverju leyti það sem ég hef verið að segja leyfi ég mér að vitna til orða Páls Briem. Það er grein sem hann skrifaði í Eimreiðina. Ritstjóri hennar var þá dr. Valtýr Guðmundsson og eigendur nokkrir Íslendingar. En þar segir Páll Briem:

„Ef það er rétt að kosningarréttur sé veittur mönnum réttlætisins vegna þá getum vér leitt út af því ýmsar setningar og skulum við nú nefna þrjár aðalsetningar.“ — Þetta orðafar Páls Briem er kannske ákveðin áminning um það hvað tímarnir breytast. Enginn maður mundi í dag kalla fullyrðingu setningu. En hann segir:

„Það fyrsta: Kosningar eiga að vera þannig að kjósendum sé mögulegt að neyta kosningarréttarins og að þeim sé gert það nokkurn veginn jafnauðvelt.“ — Við skulum álykta að því marki sé nokkurn veginn náð þó að margir hafi efast um möguleika nokkurra kjósenda, alla vega í síðustu kosningum, til að komast til kjörstaðar.

„Kjósendur eiga að geta kosið þá sem bjóða sig fram“ — framboðana kallar hann frambjóðendurna — „eftir eigin sannfæringu.“ Þetta mun líklega líka vera nokkurn veginn viðgengið hér. En síðan segir hann:

„Atkvæði sérhvers kjósanda á að hafa fullt gildi í hlutfalli við önnur atkvæði, eigi aðeins að því er snertir þann mann er hann vill kjósa heldur og þann flokk er hann fylgir málum.“

Við lestur þessarar greinar kemur nefnilega dálítið undarlegt í ljós sem ég verð að játa sjálfur að rann eiginlega fyrst upp fyrir mér þegar ég las þessa góðu grein Páls Briem — og ég get mælt með henni sem lesningu fyrir hvern og einn. Páll Briem er hér að tala um flokka sem nokkuð nýtískuleg fyrirbæri. Ég hafði alltaf séð fyrir mér og sé kannske enn þá í huga mínum að flokkarnir eigi rætur sínar að rekja til frönsku byltingarinnar. En tilfellið er að flokkakerfið sem við búum við í dag er líklega enn þá meira afkvæmi Karls heitins Marx en okkur grunar, þ. e. þeir verða til á nokkurn hátt sem andsvar við þeirri samfylkingu sem hann stuðlaði að.

Ég vil reyna, hæstv. forseti, að stytta mál mitt. Við höfum hér verk að vinna sem við verðum að ljúka þó að ég verði líka að viðurkenna að ég sjái ekki beinlínis ástæðuna fyrir þeim asa sem er á mönnum að ljúka þessu starfi. Ég hefði haldið að eðlilegra væri að setja sér þá kröfu að gera starfið vel en endilega fljótt. Ég vil spyrja menn að lokum hvort þeir telji að málamiðlun um mannréttindi geti verið réttlætanleg, en það kalla ég þau kosningalög sem nú eru að fara hér í gegnum þingið, kosningalög sem ég og aðrir, sem á móti þeim eru, ekki geta komið í veg fyrir að verði að lögum hvernig sem þeir brjótast um. En ég ætla að vona að það missætti, sem til allrar hamingju býr að baki þessu máli í dag, verði til þess að þetta mál verði tekið upp aftur sem allra fyrst og skoðað með hagsmuni fólksins fyrir augum en ekki flokkanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til stjórnarskrárnefndar (lausanefndar) með 15 shlj. atkv.

Landflutningasjóður, frv. 354. mál (þskj. 815, n. 1014). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Samgn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um Landflutningasjóð. Þannig er háttað að þar hefur verið inni gagnkvæmt ákvæði varðandi ríkissjóð og þá sem eru rétthafar í þeim sjóði um greiðslur í sjóðinn. Hins vegar hefur reyndin orðið sú að ríkissjóður hefur ekki greitt til sjóðsins eins og lög mæla fyrir og komið hafa fram óskir um að hér yrði komið á jafnræði þannig að þeir sem eru rétthafar í sjóðnum hefðu ekki fremur skuldbindingu. Með tilliti til þess eru þær breytingar, sem fluttar eru í frv. til að mæta þeim sjónarmiðum, fram komnar. Samgn. Ed. er sammála því sem fram kemur í nál. samgn. Nd. og mælir með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. 71. mál (þskj. 76, n. 993 og 1045, 994, 1043). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Kolbrún Jónsdóttir): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. landbn. um 71. mál, um Framleiðsluráð landbúnaðarins ásamt brtt. á þskj. 994. Ég ætla aðeins að byrja að gera grein fyrir þessum brtt. þar sem þær fela í sér að aðrar gr. frv. falli niður en 4. gr. og sú grein verði að 1. gr., en sú gr. fjallar um frjálsræði í innflutningi á kartöflum á þeim tímum sem innlend framleiðsla fullnægir ekki eftirspurn. 1. minni hl. n. varð sammála um að mæla með þessari breytingu á frv.

Í grg. er kveðið á um að viðurlög verði höfð við því að innfluttum kartöflum eða grænmeti verði dreift eða selt á sama tíma og innlend framleiðsla annar eftirspurn. Þetta er mjög mikilvægt til að tryggja hag innlendra framleiðenda, enda hefur pottur verið brotinn í þessu efni hjá Grænmetisverslun landbúnaðarins þrátt fyrir yfirlýsingar sem hún hefur gefið í þeim efnum að ætíð sé haft samráð við framleiðendur áður en erlendar kartöflur eru fluttar inn. Þetta er mjög bagalegt á haustin þegar kartöflubændur taka upp uppskeru sína og þurfa jafnvel að geyma hana í einn til tvo mánuði á meðan Grænmetisverslunin klárar að selja innfluttar kartöflur. Það er ekki séð fyrir hag bænda í þessum efnum hjá Grænmetisversluninni.

Ég vil taka undir þau orð, sem hv. þdm. hafa eflaust lesið hér í blöðunum undanfarið, að það sé fyrst og fremst hræðsla hjá bændum að gagnrýna þessa verslunarhætti vegna þess að í einokunaraðstöðu sinni geta þeir hefnt sín í mati og öðru frá þeim bændum sem hafa uppi mótmæli. Þetta kom skýrlega í ljós í viðtali við einn bónda úr Þykkvabænum, Tryggva Skjaldarson. Ég ætla aðeins að vitna í það, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta eru einokunarsinnar sem láta svo að þeir hræða bændur til að fylgja sér. Auðvitað er þetta meira og minna mafíustarfsemi, menn eru kúgaðir. Ég er fyrir löngu búinn að fá mig fullsaddan af Grænmetisverslun-inni og einokuninni í kringum hana og þeim þvingun-um sem hún getur beitt kartöflubændur. Ég er ekki sá eini sem er óhress með hana, menn hér í Þykkvabænum eru almennt óhressir með hana og þeir eru hræddir upp úr skónum. Hér í Þykkvabænum eru menn sammála um það að geymslurnar hjá Grænmetinu séu lélegar. Þó að við getum komið frá okkur sæmilegum kartöflum hefur það allt of oft gerst að þær hafa ekki komist heilar til neytenda. Ég þori að tala og það hefur bitnað á mér að gera það. Ég er ósáttur við Grænmetisverslunina og tel að hún hafi gott af því að fá aðhald. Menn verða að eiga annars kostar völ. En ég er þó á þeirri skoðun að það þurfi stífar reglur um innflutning þannig að ekki verði umframbirgðir í landinu þegar við komum með okkar vöru á markað síðla sumars og á haustin."

Það er mikill sannleikur í þessu og ég þori að fullyrða það sem framleiðandi eða kartöflubóndi í fimm ár að þetta er satt. Ég átti viðtal við konu í gær úr Þykkva-bænum til þess að spyrja hana um það hvort þetta hafi eitthvað breyst núna undanfarin sex ár. Ef hv. þdm. hefðu heyrt það samtal hefðu þeir ekki verið í vafa um að það hefur ekki breyst þrátt fyrir skipti á yfirstjórn þessarar verslunar. Ég tala hér frekar um framleiðend-ur kartaflna eða kartöfluræktendur vegna þess að í blöðum hefur mikið verið talað um neytendahliðina sem er öllum kunn. 20 þús. manns hafa skrifað undir áskorun að þessu verði aflétt.

Sú till. sem kemur frá 2. minni hl. landbn. að vísa þessu máli til ríkisstj. tel ég vera gálgafrest. Ég get ekki séð að það séu nein rök fyrir því, hvorki hjá hv. framsóknarmönnum né hv. sjálfstæðismönnum, að fresta þessari ákvörðun. Hér er ekki verið að ganga á hlut framleiðenda, hér er ekki verið að ganga á hlut neytenda. Hér er eingöngu verið að leggja til að þessi vara fái þann verslunarmáta sem hagstæðastur er, bæði fyrir framleiðendur og neytendur.

Það er annað atriði, sem 1. minni hl. landbn. lagði mikla áherslu á og kemur fram í nál., að þrátt fyrir frjálsan innflutning á þessum vörutegundum telja nm. mikilvægt að ötullega verði unnið að því að efla og bæta innlenda framleiðslu með markvissum hætti. Við vitum það öll hér í þessari hv. deild að þetta er hægt og að þessu þarf að vinna. Við höfum hita í jörðu og ýmis ráð, tækninni fleygir fram í þessari grein sem öðrum og undanfarin ár hefur þessi framleiðsla batnað. Við það veðurfar, sem við búum við hér á landi, er við ramman reip að draga og það eru þá sérstaklega frostnætur á haustin. Vatnsúðun á haustin kemur í veg fyrir að grösin falli en þetta hefur reynst bændum það dýrt að þeir hafa ekki getað komið slíkum kerfum upp.

Síðan eru það geymslurnar. Það er kostnaðarsamt að hafa þær í því formi sem þarf til að geyma þessa vöru. Miklar framfarir hafa orðið í kælingu geymslna á undanförnum árum. Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur ekki þær geymslur sem þarf til að geyma þessa vöru. Kæling hjá þeim er ekki nægileg og hefur komið fram á undanförnum árum að þeir hafa pantað það lítið magn í einu þegar um innlenda framleiðslu er að ræða að það hefur þurft að brjótast hingað suður í óveðrum til að koma þessari vöru til neytenda. Síðan geta þeir á sama tíma flutt inn stóra farma af erlendum kartöflum og geymt í þessum geymslum.

Nú þegar þeir fluttu inn þessar finnsku kartöflur er ekki bara verið að brjóta á neytendum heldur brjóta þeir þær matsreglur sem þeir setja á innlenda fram-leiðendur. Þær reglur eru að 24 punktar, sem sagt gallapunktar í kartöflusendingu, nægja til að fram-leiðandi verður að flokka sendinguna upp á nýtt, annars fær hann hana heimsenda. Það kom fram í blöðum að þessar kartöflur, sem fluttar voru inn, höfðu 100 gallapunkta. Hvers eiga innlendir framleiðendur að gjalda? Hvernig er hægt að brjóta meira á þeim en þetta? Verið er að mismuna mönnum gífurlega í þessu sambandi. Þessi vara er sett á markað vegna þess að hún er framleidd í Finnlandi þótt hún sé gersamlega ósöluhæf.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, enda vona ég að það sé enginn hv. þm. hér inni sem mælir því gegn að frjálsræði þarf að komast á. En það er ekki nægilegt að því verði komið þannig á að sérstakir gæðingar fái leyfi til að flytja inn kartöflur. Það verður að gefa þetta frjálst, allir verða að hafa frjálsan rétt á því að flytja þessa vöru inn svo framarlega sem þessi vara uppfyllir þær kröfur sem neytendur gera.

Ég hef heyrt gagnrýni um að hætta sé á smitsjúkdóm-um sé innflutningur gefinn frjáls. Ég veit ekki hvort sú hætta væri meiri með því að láta eðlilega tollskoðun verða á þessum vörum og meta þær kartöflur þegar þær koma til landsins, hvort sú hætta er meiri en hún er í dag. Það er nefnilega þannig að kartöflur smita ekki jarðveg eða aðra kartöfluframleiðslu nema þær séu settar niður. Ég vona að hringrot smiti ekki mann-skapinn sem neytir kartaflna. Mesta hættan er að þær smiti þann mannskap sem vinnur mest í kringum þær í Grænmetisversluninni, enda mætti halda að það hafi eitthvað rotnað á þeim vígstöðvum.

Að lokum mæli ég eindregið með því að þessu máli verði ekki vísað til ríkisstj. heldur fái hv. þm. að greiða hér atkv. um það hvort þeir vilji hafa þennan verslunar-máta á eða ekki.

Frsm. 2. minni hl. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Eins og nú hefur þegar komið fram hér í málsskjölum á Alþingi varð landbn. Ed. ekki sammála um afgreiðslu á 71. máli, frv. til l. um breytingu á lögum um Fram-leiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Hv. þm. Kolbrún Jóns-dóttir hefur þegar lýst sjónarmiðum þriggja nm., en ásamt henni undirrita nál. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Einn nm. hefur lagt fram brtt. og til viðbótar hafa þrír nm. lagt fram álit á þskj. 1045 þar sem lagt er til að málinu verði vísað til ríkisstj. Þessir þm. eru ásamt mér Þorv. Garðar Kristjánsson og Davíð Aðalsteinsson. Nál. er svohljóð-andi, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fengið umsagnir eftirfarandi aðila um málið: Búnaðarþings, Stéttarsambands bænda, Landssambands kartöflufram-leiðenda, Grænmetisverslunar landbúnaðarins, Fram-leiðsluráðs landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Ís-lands, og Sölufélags garðyrkjumanna sem leggja til að málið verði tekið til umfjöllunar í sambandi við þá endurskoðun sem nú á sér stað á lögum um Fram-leiðsluráð landbúnaðarins.

Samband veitinga- og gistihúsa, Alþýðusamband Ís-

lands og Neytendasamtökin leggja áherslu á að innflutningur grænmetis og garðávaxta verði færður í frjálsræðisátt.

Augljóst er að sjónarmið umsagnaraðila eru mjög mismunandi. Stjórnarflokkarnir eru hins vegar sammála um að rækileg endurskoðun fari fram á sölumálum landbúnaðarins þar sem einokun verði aflétt, enda er t. d. nú þegar búið að taka ákvörðun um að fleiri en Grænmetisverslun landbúnaðarins fái að flytja inn kartöflur.

Með vísan til þessa leggjum við til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Eins og kunnugt er eru framleiðsluráðslögin að stofninum til frá árinu 1947 og rætur þeirra má í raun rekja lengra aftur í tímann. Þessi lög voru í meginatriðum óbreytt fram til ársins 1959 þegar gerð var veigamikil breyting á þessari löggjöf eftir að átt höfðu sér stað allharðvítugar deilur um vissa þætti þeirra. Hér á ég við að þá var tekið upp það skipulag, sem gilt hefur síðan óbreytt, að landbúnaðurinn skyldi njóta ákveðinnar fjárhæðar, hinnar margumtöluðu 10% tryggingar til að bæta upp útfluttar búvörur.

Segja má að framleiðsluráðslögin hafi að meginstofni verið óbreytt síðan. Gerð var tilraun til breytinga árið 1979 en sú breyting, sem þá var upp tekin, hefur mistekist. Með þeim breytingum sem þá var að stefnt átti að leitast við að færa landbúnaðarframleiðsluna meira til samræmis við neysluþarfir þjóðarinnar og jafnframt að byggja upp nýjar búgreinar til að mæta samdrætti í hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu. Sett voru inn í lög ákvæði hér að lútandi og gert samkomulag um þetta við bændurna í landinu. En það er skemmst frá því að segja að af hendi ríkisvaldsins hefur ekki verið staðið við þetta samkomulag og núna um þessar mundir og þegar núv. ríkisstj. tók við völdum var framleiðslu- og söluvandi í landbúnaðarmálum alveg eins mikill og fyrir lagasetninguna frá árinu 1979 þrátt fyrir að verulega hafi dregið úr búvöruframleiðslunni hér innanlands.

Það er því ákaflega vel skiljanlegt að í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. sé beinlínis kveðið á um endurskoðun á framleiðsluráðslögunum sem, eins og ég sagði áðan, hafa verið að stofni til þau sömu í nálega hálfa öld með þeim tveimur breytingum sem reyndar eru með vissum hætti mjög stefnumarkandi og ég hef nú tilgreint. Sú vinna og það starf sem stjórnarsáttmálinn ákveður í þessum efnum er þegar hafin.

Þegar fjallað er um lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins verður ætíð að hafa margt í huga, m. a. það að framleiðsluráðslögin eru vinnulöggjöf bændanna í landinu. Ég held að það sé sammerkt með allri vinnulöggjöf, hver sem í hlut á, að hana beri að fjalla um í fullri sátt við þá sem slík löggjöf tekur til og það verður að sjálfsögðu að gilda gagnvart bændum eins og öðrum stéttum þjóðfélagsins. En það verður líka að horfa til þess að í þjóðfélaginu sem slíku verður að vera sátt um þessi mál og það meira að segja góð sátt og landbúnaðarframleiðslan snertir marga fleiri en bændurna í landinu. Mikil verðbreyting á sér stað frá því að bændurnir sleppa hendi af þessari framleiðslu og þar til að hún kemur á borð neytandans og eðlilegt að litið sé á það að frjálsræðis gæti í þeim efnum sem mest þótt auðvitað verði að vera skipulag á þessum málum alveg eins og á öllum sölumálum atvinnuveganna í landinu.

Ég legg áherslu á að þegar jafnvíðtækt og mikilvægt starf er hafið og þegar unnið er að því með sama hætti og nú hefur verið til stofnað af hæstv. ríkisstj. þá verði leitast við að laða fram sem flest sjónarmið og ná sem allra víðtækustu sátt um málið hér í þjóðfélaginu. Einmitt við það að menn hafa ekki til þessa treyst sér til að takast á við endurskoðun á framleiðsluráðslögunum hefur sá vandi, sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir núna, orðið til og einmitt vegna þess að þeir, sem hafa setið við stjórnvölinn á undanförnum árum, hafa ekki haft þrek eða mátt til að takast á við það viðfangsefni að fella íslenskan landbúnað að nýjum háttum í framleiðslu sem er honum alveg lífsnauðsynlegt ef hann á að geta haldið sinni hlutdeild og sem er forsenda þess að við höldum því byggðasamfélagi uppi hér á þessu landi sem við allir óskum að sé við lýði.

Að tilhlutan ríkisstj. og þá sérstaklega fyrir forgöngu núv. hæstv. landbrh. hefur þegar verið hafið starf á mörgum sviðum til að fjalla um endurskoðun á framleiðsluráðslögunum og raunar annarri löggjöf sem tengd er þessu stóra verkefni. Þannig metur nú sérstök nefnd hve búvöruframleiðslan á að vera mikil, þ. e. skilgreinir framleiðslusjónarmiðið. Unnið er að endurskoðun á annarri löggjöf eins og jarðræktarlögunum og búfjárræktarlögunum. Viðskrn. hefur hafið athugun á því með hvaða hætti hægt sé að fella saman afurðalán og rekstrarlán við það markmið að búvöruframleiðslan verði staðgreidd sem er eitt allra mikilvægasta hagsmunamál fyrir bændurna í landinu sem nú er um rætt. Það er líka fjallað um aukið frjálsræði í viðskiptum og er þá skemmst að minnast þess að núna er búið að leyfa fleiri aðilum innflutning á kartöflum en áður hefur tíðkast. Mjög mikilvægt er að menn hafi í huga hve þetta starf er víðtækt og raunar enn þýðingarmeira að menn geri sér grein fyrir því að ekkert í þessum málum er það einfalt að hægt sé að taka það sérstaklega út úr þessari endurskoðun og allra síst er ástæða til þess þegar hún á sér stað.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert grein fyrir því starfi sem nú er hafið að endurskoðun á framleiðsluráðslögunum. Ég hef bent á hversu mikil þörf er á að ná hér fram markvissari niðurstöðu og ég legg áherslu á að þar leggi menn sig fram einmitt með það fyrir augum að sem víðtækust samstaða megi nást meðal þjóðarinnar um að tryggja að árangur náist. Það er í samræmi við þessi markmið sem nál. á þskj. 1045 er komið fram og ég fagna því að góð samstaða skuli hafa náðst hér innan Alþingis og vænti þess að það fái greiðan byr í þessari virðulegu deild.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég skal ekki setja á langa tölu um þetta mál þó vissulega hafi menn beðið eftir því með óþreyju að hér væru fluttar miklar og merkar ræður um þetta.

Ég hef þá sérstöðu í landbn. að ég var ekki á þeim afdrifaríka fundi þegar n. klofnaði, ekki í öreindir sínar að vísu, en klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls og var í raun og veru ekki ljóst á nefndarfundinum sjálfum hver raunveruleg niðurstaða yrði m. a. hjá 1. minni hl. n., hvað þar mundi verða langt gengið.

Þetta mál er búið að vera mikið uppáhaldsmál fjölmiðla upp á síðkastið og ekki tel ég það vera kost við eitt mál að það hafi verið þar á dagskrá, en því miður eru fyrir því uppáhaldi í þessu tilfelli ærnar ástæður. Hins vegar vil ég leggja áherslu á að það að gera þetta

að meginmáli núna í þinglokin hlýtur að orka mjög tvímælis þegar mörg raunveruleg stórmál eru á ferðinni, án þess að ég sé að draga nokkuð úr mikilvægi þessa.

Hvað um það. Ég vildi aðeins rekja það að innan landbn., eins og hefur nú óbeint komið fram, hafa þessi mál þróast á ýmsan veg. Fyrir nokkrum vikum kom upp sú hugmynd hjá formanni n. að vísa þessu frv. ásamt öðrum frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins til ríkisstj. með tilliti til endurskoðunar framleiðsluráðslaganna í heild, ásamt öðrum málum sem þá lágu fyrir, tveimur að mig minnir til viðbótar. Ég tók þá undir þessa málsmeðferð hjá formanni með tveimur meginformerkjum: annars vegar að þessu áliti fylgdu tilmæli til endurskoðunarnefndarinnar, sem þá var og var alfarið á vegum stjórnarflokkanna og við í stjórnarandstöðunni höfum enga hugmynd um hvað þar er að gerast í raun og veru, að það yrði beint til hennar tilmælum um jákvæða athugun á þessu máli, ósk um breytingar í þá átt sem þessi frv. gerðu ráð fyrir, og hins vegar lagði ég áherslu á að í tengslum við þessa nefnd fengju neytendur þar aðild og að stjórnarandstaðan fengi að fylgjast með þessu verki, svo þýðingarmikil sem þessi endurskoðun er.

Málið hlaut ekki afgreiðslu þá og nú horfir málið nokkuð á annan veg við. Atburðarásin hefur verið slík að undanförnu að málið horfir býsna mikið öðruvísi við.

Ég tek ekki undir fordæmingu á Grænmetisverslun landbúnaðarins í einu og öllu. Ég fullyrði þvert á móti að ýmislegt hefur sú stofnun gert vel í skipulagi og sölumálum. Það sem vel hefur verið gert hefur gleymst vegna þess að margt hefur þar mistekist og margt hefur farið á annan veg og því er venjulega hampað ærið betur og meira sem miður fer. Mér þykir það hins vegar verst að í hvert skipti sem þar hafa gerst mistök, í hvert skipti sem eitthvað hefur farið þar úrskeiðis, hafa menn rokið þar upp til handa og fóta til varnar, til réttlætingar á því sem sannanlega hafa verið mistök, hafa jafnvel þvegið hendur sínar, reynt að koma sökinni yfir á aðra og í raun og veru, því miður, ekki sýnt í neinu yfirbót og jafnvel þrætt fyrir augljósustu hluti. Þetta vita menn og þekkja og það er miður um þá stofnun sem annars ætti ekki að þurfa á slíkum vinnubrögðum að halda. Fyrir mig ráða ekki fordómar eða fordæming, en ekki heldur réttlæting, afsökun eða vörn af neinu tagi.

Tvö atriði standa nefnilega upp úr að mínum dómi í þessum málum og þau á og verður að tryggja: Í fyrsta lagi að neytendur eigi ávallt kost á sem bestri vöru, í öðru lagi og jafnhliða að hagur innlendrar framleiðslu, innlendra framleiðenda, sé tryggður, enda vitum við að yfirleitt er hin innlenda framleiðsla afbragðsvara ef allt er eðlilegt um meðferð og geymslu hennar. Þessi tvö markmið þarf að tryggja. Frjálsræði í innflutningi þarf ekki að rekast hér á, frjálsræði í innflutningi tryggir hvorugt. Hér er því vandrötuð leið sem hvorki næst með því að ríghalda í gamalt kerfi, sem hefur viðgengist of lengi, né heldur með upphrópunum um einfaldar lausnir sem gróðaaðilar þykjast ætla að tryggja. Um leið og menn losa um óeðlilegar hömlur og rýmka á þann hátt um innflutning, sem skynsamlegt getur talist, þurfa menn að huga fyrst og fremst að því að íslenskir framleiðendur standi ekki uppi með vöru sína, ágæta vöru sína, í vanda, eða t. d. að þegar þeirra nýja og góða framleiðsla kemur á markaðinn séu til birgðir innfluttra kartaflna í landinu, við skulum vona sómasamlegrar vöru þó, e. t. v. þá á niðursettu verði. Slíkt yrði engum til góðs, hvorki neytendum né framleiðendum.

Ég held nefnilega að umræðan að undanförnu, þrátt fyrir alla annmarka hennar, hafi leitt eitt gott af sér: — menn hafi í raun og veru sannfærst um gildi og gæði íslenskrar framleiðslu betur en oft áður þegar raddirnar um óheftan innflutning í beinni samkeppni við íslenska framleiðslu hafa verið hvað háværastar og um leið komið fram fordæming á íslensku kartöflunum.

Ég held mig enn við það meginsjónarmið að fulltrúar framleiðenda og neytenda eigi að finna sameiginlegar leiðir út úr þessu máli og tryggja gagnkvæman hag og rétt. Þá á ég við raunverulega fulltrúa framleiðenda og raunverulega fulltrúa neytenda þessara aðila beggja, en ekki sjálfskipaða. Ég er á engan hátt sannfærður um að sú skipan sem 1. minni hl. n. leggur til tryggi þessi tvö meginsjónarmið mín varðandi hag neytenda og framleiðenda. Ég er á engan hátt öruggur um það. En í ljósi þess sem gerst hefur er nauðsynlegt að svo verði reynt. Og enn frekar efa ég nú, miðað við málsatvik og viðbrögð aðila, að rétt sé að vísa þessu máli til ríkisstj., þó á jákvæðan hátt sé gert og þó nú sé komin sérstök nefnd í málið sem ég hlýt að binda nokkrar vonir við. Ég held að nú verði að gera ákveðna tilraun til rýmkunar, ekki síst í ljósi liðinna atburða, þó æsiskrif og brýningar hafi þar engin áhrif á mig, heldur aðeins blákaldar staðreyndir sem okkur er skylt að taka tillit til.

Ég hygg því að gera eigi tilraun til að slík skipan, sem hér er lagt til, komist á, en verði háð ákveðnum tímamörkum og á meðan verði rösklega unnið að þessu máli öllu og heildarendurskoðun með því tryggð og farsælust skipan fundin sem völ er á. Ég vil þó flytja hér skriflega brtt. við greinina sjálfa til enn frekari tryggingar, þ. e. við 4. gr. sem verður 1. gr. Aftan við orðin í annarri setningunni „Í reglunum skal m. a. kveðið á um að leyfi til innflutnings skuli því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn og að innflutningsaðili uppfylli kröfur um hollustuvernd“ komi: að mati Hollustuverndar ríkisins. — Ég tel það eðlilegan og sjálfsagðan varnagla.

Sömuleiðis flyt ég brtt., sem ég legg enn meiri áherslu á, um að svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða komi hér sem þegar hefur verið dreift til hv. þdm.:

„Ákvæði þessara laga skulu gilda til bráðabirgða til ársloka meðan heildarendurskoðun laganna um Framleiðsluráð landbúnaðarins fer fram, enda leggi landbrh. fram nýtt frv. um skipulag grænmetisverslunar í landinu að liðnum þessum reynslutíma.“

Þetta ákvæði er sett til þess að á þessu fáist ákveðin reynsla, m. a. og sér í lagi nú í sumar er íslensk framleiðsla kemur á markað. Í öðru lagi knýr það á um að skipan þessara mála verði komið í nýtt og betra horf til frambúðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 1125) samþ. með 16 shlj. atkv.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Öll meðferð þessa máls hér í þessari hv. deild hefur verið með einstökum endemum. Hér er í rauninni um lítið mál að

ræða, en þó stórt og stærra en virðast kann við fyrstu sýn. Hér er um það að ræða að breyta lítillega lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins til þess að afnema það úrelta kerfi sem allt of lengi hefur viðgengist í þeim málum og hefur verið neytendum öllum og framleiðendum jafnt til mikillar bölvunar.

Ég vil byrja á að þakka þeim nm. í hv. landbn. þessarar deildar sem greiddu götu míns frv. Ég er sammála þeirri brtt. sem þeir hafa flutt og hún er raunar gerð að minni tillögu til þess að greiða fyrir framgangi þessa máls. Sömuleiðis get ég stutt með góðri samvisku þær brtt. sem hv. 2. þm. Austurl. mælti hér fyrir úr þessum ræðustól áðan. Ég teldi það til bóta ef þetta eina atriði væri tekið út úr, þ. e. einkaréttur Grænmetisverslunar landbúnaðarins, og um það fjallað hér sérstaklega og látið á það reyna hver væri þingviljinn í því máli.

Nú er það svo að árum saman hefur þetta einokunarfyrirtæki, sem starfar í skjóli löngu úreltra lagaákvæða, troðið á hagsmunum íslenskra neytenda og séð svo til að hér væru oft og tíðum á boðstólum þær kartöflur einar sem annars staðar þættu ekki boðlegur mannamatur. Árum saman, næstum svo lengi sem ég man eftir mér, hefur verið kvartað yfir þjónustu þessa fyrirtækis, Grænmetisverslunar landbúnaðarins, áður Grænmetisverslunar ríkisins. Árum saman hafa réttmætar óskir neytenda verið virtar að vettugi. Árum saman hafa neytendur mátt taka við þeim óþverra oft og tíðum sem Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur skammtað þeim úr sínum gullna hnefa. Hvers vegna hefur þetta verið á þennan veg? mætti spyrja. Því er tiltölulega auðvelt að svara, hv. þm. Hér er á ferðinni gamalrotið valdakerfi þar sem gífurlegir hagsmunir eru í húfi. Það má vel vera að á kreppuárunum hafi það verið réttlætanlegt, eða á styrjaldartímum, að láta verslun með kartöflur og grænmeti eiga sér stað undir handarjaðri ríkisins. Það má vel vera. En það er ekki réttlætanlegt árið 1984. Og það mætti svo sem spyrja sem svo: Hvers vegna eru þá ekki í lögum ákvæði um einkarétt ríkisins til að selja appelsínur og epli? Hver er munurinn? Var það ekki svo að íslensk verslun væri gefin frjáls þegar danskir einokunarkaupmenn hurfu héðan með sitt hafurtask og með sitt maðkaða mjöl? Aldeilis ekki. Í stað maðkaða mjölsins hafa komið rotnaðar kartöflur. Og þetta blómstrar undir verndarvæng Framsfl. með nokkrum stuðningi einstakra sjálfstæðismanna. Þar undanskil ég þó ýmsa hv. þm. eins og hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, hæstv. fjmrh. og raunar ýmsa fleiri þótt ég nefni ekki fleiri nöfn við þetta tækifæri. En innan Sjálfstfl. eru framsóknarmenn líka sem engu vilja breyta. Þeir vilja ekki raska hinu volduga valdakerfi SÍS, sem er samtvinnað hagsmunum Framsfl. á hverjum einum vettvangi. Þeir framsóknarmenn innan Sjálfstfl. hafa ráðið býsna miklu og ráða býsna miklu, eins og sú till. sem hér er nú fram komin um lyktir þessa máls og meðferð, að því verði vísað til ríkisstj., ber gleggstan vott um. En það bendir þó ýmislegt til, sem betur fer fyrir þá sjálfstæðismenn, að völd þessara framsóknarmanna í sjálfstæðisflokksforustunni fari nú dvínandi.

Hér eru miklir hagsmunir í húfi — og hvar eru þeir hagsmunir? Við skulum horfa aftur á þessar skemmdu kartöflur. Hverjir keyptu þessar kartöflur? Hverjir keyptu skemmdu kartöflurnar frá Finnlandi? SÍS. Hver fékk umboðslaun fyrir skemmdu kartöflurnar, sem fluttar voru inn frá Finnlandi, þessi líka fyrirmyndarviðskiptin? SÍS. Og hver ætli hafi svo flutt kartöflurnar til landsins og tryggt þær á leiðinni? Auðvitað SÍS og aftur SÍS. Í þessu máli hefur SÍS allt sitt á þurru. Það er eins og fyrri daginn í þessu landbúnaðarkerfi. Það eru neytendur og bændur sem er skákað til hliðar, settir út undan. SÍS hefur sitt á þurru. Og hverjir skaðast? Neytendur skaðast. Hvernig er það þegar menn koma hér í búð og kaupa kartöflur að öllum jafnaði? Jú, menn fara heim til sín með 2 eða 5 kg poka og þeir byrja á því að tína úr honum ruslið og henda því. Síðan er farið að sjóða kartöflurnar og þá er nú raunin reyndar oft sú að það verður að henda helmingnum af því sem búið er að sjóða. Og hverjir borga þær kartöflur sem fleygt er með þessum hætti? Það gera neytendur.

Það er hrikalegt til þess að vita að hér skuli finnast talsmenn þess kerfis sem býður neytendum upp á slíkt. Talsmenn hinna skemmdu kartaflna eru óneitanlega sterkir á Alþingi. En ég spyr: Hver treystir sér til að verja þetta hrikalega atferli? Ég held að það geri enginn maður með heilbrigða og óbrenglaða dómgreind. Þetta er reginhneyksli og þetta er ekki nýtt hneyksli. Þetta er hneyksli sem búið er að viðgangast hér árum saman. Ég orðaði það svo hér í gær og endurtek það, að þeim öflum sem hér ráða ferðinni má líkja við nátttröll sem dagað hefur uppi á heiði — eða eigum við heldur að segja núna á vordögum að þetta séu snjókarlar sem hafa kartöflur í augna stað og gulrót fyrir nef og finna ekki þann fnyk sem leggur um allt samfélagið af þessum viðskiptum og því atferli sem hér á sér stað? Hafa menn hugsað þær fréttir til hlítar sem fram komu í Ríkisútvarpinu í fyrrakvöld þegar frá því var greint að nýjar kartöflur frá þessu fyrirtæki hefðu komið á markaðinn og ein verslun, ein sú stærsta hér í borginni, hefði ekki fengið svo sem venja var úr þeirri sendingu? Þegar forráðamenn þessa fyrirtækis, sem Hagkaup nefnist, kvörtuðu undan þessu við forráðamenn Grænmetisverslunar landbúnaðarins, hver voru þau svör sem þeir fengu? Ég hef það staðfest að þau svör, án þess að ég sé að vitna orðrétt í nein einkasamtöl, voru efnislega á þá leið að í þessu máli ætti Hagkaup svo sem ekkert gott skilið. Þegar fyrirtæki sem starfar í skjóli ríkisins leyfir sér slíkt tekur nú í hnúkana.

Það er fullkomin ástæða til að fram fari ítarleg rannsókn á starfsháttum þessa fyrirtækis þar sem ekki aðeins verði könnuð þessi síðustu dæmi heldur ferill þess allur lengra aftur í tímann, þar sem ekki aðeins verði kannað hvort þetta fyrirtæki hefur með þessum hætti, sem ég hef nú frá skýrt, mismunað viðskiptavinum sínum, heldur hvernig þetta fyrirtæki stendur að innkaupum á sínum vörum, hvernig þetta fyrirtæki stendur að verðlagningu á sínum vörum, hvernig er háttað eignaraðild að þessu fyrirtæki. Það er alkunna að það er hér frægt hús sem nefnt hefur verið „gullaugað" og segir sú nafngift auðvitað nokkra sögu. Þetta hús er að stórum hluta leigt út. Er það hlutverk Grænmetisverslunar landbúnaðarins að standa í því að reka húsnæði til að leigja öðrum? Hvaða opinbera skatta borgar þetta fyrirtæki, hvaða opinber gjöld borgar það? Hvernig fjármagnaði það sína húsbyggingu á sínum tíma? Allt eru þetta atriði sem eru mikillar athugunar virði. Og ég held að það sé óhjákvæmilegt í ljósi þeirra atburða sem gerst hafa nú á vordögum að kanna alla

sögu þessa fyrirtækis, rekstur, verðlagningu og sitthvað fleira. Ég vitna hér í dagblaðið NT sem gefið er út af hálfu Framsfl. og ekki ætti að vera lök heimild. Þar sagði fyrir tveimur dögum, með leyfi forseta:

„Sekkir af finnskum kartöflum: Hækka um 74%—120% á leið frá hafnarbakka til Grænmetisins."

Hvers konar viðskiptahættir eru það sem hér eru tíðkaðir? Er þetta sú frjálsa samkeppni sem Sjálfstfl. þykist vilja standa að, að einokunarfyrirtæki skuli hegða sér með þessum hætti? Vekja þessar fréttir ekki menn til umhugsunar um hvernig þessum málum er nú háttað? Ég held að það hljóti að vera, og með leyfi virðulegs forseta segir hér:

„Gunnlaugur Björnsson, forstjóri Grænmetisverslunarinnar, var spurður hvers vegna kartöflurnar hækkuðu svo mjög í meðförum Grænmetisverslunarinnar.

„Það er fullt af gjöldum sem leggst á þetta — alls konar gjöldum sem ríkisstjórnin ákveður. Já, há gjöld, t. d. matskostnaður, neytendagjöld" — það væri nú fróðlegt að fá nánari skýringu á því — „flutningssjóðsjöfnunargjald og ýmis fleiri — ég man ekki hvað þau heita öll saman."

Þetta eru svörin. Og það segir hér:

„Heildsöluverð á 2.5 kg kartöflupokum til verslana er 40 kr. eða 16 kr. hvert kg. Pökkunarkostnaður er því 8.38 kr. á hvern poka. Kartöflurnar hafa þá hækkað um 120% frá því þær komu að hafnarbakkanum og þar til Grænmetið skilar þeim af sér aftur".

Þetta eru dágóð viðskipti sem hér eru stunduð í skjóli ríkiseinokunar sem þeir framsóknarmenn í Sjálfstfl. mega ekki hugsa sér að haggað verði við með einum eða neinum hætti.

Nú er það að vísu svo að á þessum síðustu dögum hefur hið rotna valdakerfi á þessu sviði látið að nokkru undan þeim þrýstingi almenningsálitsins sem hér er á ferðinni þannig að hæstv. landbrh. hefur ákveðið að beita sér fyrir því að lítillega verði rýmkað hér um, en einokunarákvæðin standa eftir sem áður. En ég vek athygli á því að hv. þm. þessarar deildar gefst nú kostur á að breyta þessum lögum og hnekkja þessum löngu úreltu einokunarákvæðum. Til þess gefst tækifæri þegar þetta mál kemur hér aftur til afgreiðslu. Ég gef lítið fyrir allar þær yfirlýsingar sem ég veit að hæstv. ráðh. eiga hér eftir að gefa í þessari deild um að nú séu þessi mál komin í athugun og nú verði þau löguð. Það er rétt ár síðan núv. ríkisstj. tók við völdum. Í hennar stefnuyfirlýsingu segir að unnið verði að meiri hagkvæmni í verslun með garðávexti. Hvað hefur verið gert í því máli? Ekki nokkur skapaður hlutur. Og því marka ég lítið þær yfirlýsingar sem hér á eftir kunna að verða gefnar. Ég vil hins vegar taka undir þau orð sem er að finna í forustugrein Morgunblaðsins í dag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kartöflueinokun brennur á bændum sjálfum."

Þetta er hárrétt. Hvaða áhrif hefur það á íslenska kartöfluframleiðslu að hér eru stöðugt á boðstólum meira og minna skemmdar kartöflur? Auðvitað hefur það þau áhrif að fólk leitar að öðrum vörum, að öðrum matvælum sem komið geta í stað þessara skemmdu kartaflna: hrísgrjón, brauð, sitthvað fleira. Þetta breytir neysluvenjunum og það er auðvitað ekki til góðs fyrir íslenska kartöfluframleiðslu. Ég minni á að þetta frv. mitt og sú till. mín sem hér er til umr. miðar einungis að því að gefa þennan innflutning frjálsan þegar íslensk framleiðsla fullnægir ekki eftirspurn á markaðinum. Og svo skammt gengur þetta í rauninni að ég hélt að það væri útlátalaust fyrir flokk hinna frjálsu viðskipta og frjálsa markaðar að greiða þessu máli veg í gegnum þessa hv. deild. En svo er því miður ekki. Að vísu veit ég að þetta mál á stuðning meðal stakra þm. Sjálfstfl. í þessari deild og það mun koma í ljós þegar greidd verða atkv. um þetta.

Það segir enn fremur, virðulegi forseti, með leyfi, í þessari forustugrein:

„Landbrh. hefur tekið ófullnægjandi ákvörðun í kartöflumálum þeim sem mest hafa verið til umræðu undanfarna daga. Ráðherrann hefur ákveðið að veita nokkrum aðilum „tímabundið" leyfi til innflutnings á kartöflum og það á að vera „sameiginlegt". Jafnframt sýnir ráðherrann það göfuglyndi að segja að náist ekki samkomulag milli innflutningsaðila um dreifingu vilji rn. hans „greiða fyrir að koma þeim kartöflum, sem þegar hafa verið keyptar, á markað.""

Síðan segir hér:

„Þeir sem fylgst hafa með þessum fréttum af ákvörðun Jóns Helgasonar landbrh. hafa vafalaust margir spurt sjálfa sig hvort nú sé árið 1984 eða kannske 1948, þegar alræmt Fjárhagsráð skammtaði mönnum leyfi til þess að flytja til landsins vörur og skipti þá ekki máli hvort um var að ræða smátt eða stórt.

Landbrh. og ráðunautar hans í Framleiðsluráði landbúnaðarins eru þröngsýnir menn. Þeir eru á eftir tímanum. Stefna þeirra er tímaskekkja. Þeir gera sér bersýnilega enga grein fyrir því að tíðarandinn hefur breyst á þann veg að almenningur gerir kröfu til frjálsræðis í viðskiptum, ekkert síður með kartöflur en annað. Þó að kartöflur spíri best í raka og myrkri er ekki þar með sagt að stjórnmálamenn eigi að halda fast í deigar og ljósfælnar skoðanir." Þetta er vel sagt.

„Auðvitað er sjálfsagt að gæta hagsmuna innlendra kartöfluframleiðenda, sem framleiða góða vöru, sem hins vegar er aðeins á boðstólum hluta úr ári. Á öðrum tímum ársins er jafnеðlilegt að flytja inn kartöflur eins og appelsínur eða epli og raunar skaðar ekki að innlendir kartöfluframleiðendur hafi aðhald í þeirri samkeppni sem felast mundi í frjálsum innflutningi á kartöflum. Sem frjálsastur innflutningur hvetur innlenda kartöflubændur til að bæta vörugæðin. Margir þeirra framleiða samkeppnishæfa vöru hvað gæði varðar þótt undantekningar séu of margar og meðferð ábótavant, ekki síst þegar nýjar kartöflur eru settar á markað.

Þetta mál snýst hins vegar ekki eingöngu um kartöflur. Það snertir grundvallarþætti frjálsra viðskipta. Viðbrögð ráðamanna í málefnum landbúnaðarins eru svo fálmkennd og vanmáttug vegna þess að þetta er gamalt og úrelt einokunarkerfi sem er í dauðateygjunum" — og ég bæti við: Vonandi að rétt sé. Og raunar hygg ég að með þeim atburðum, sem hafa gerst að undanförnu, hverjar svo sem verða lyktir þessa máls hér í deildinni, það er bara prófsteinn á vilja þm. til málsins, sé þetta mál komið í höfn. Ég held að þessu fyrirtæki, sem hér hefur verið til umræðu, muni ekki líðast lengur þeir viðskiptahættir sem það hefur tíðkað. Það eru ekki framsóknarmennirnir í Sjálfstfl. sem hafa staðið að því. Það er almenningsálitið í þjóðfélaginu.

Vegna þess hvernig tíma okkar er háttað nú í þessari hv. deild ætla ég ekki að rekja í löngu máli þau ummæli

neytenda sem er að finna á miðopnu Morgunblaðsins í dag. Ég læt mér nægja að minna á nokkrar fyrirsagnir og benda hv. þm. á, áður en þeir greiða atkv., að kynna sér þessa lesningu. Hér segir:

„Fleygt allt að helmingi úr kartöflupoka." Og hér segir: „Kaupi ekki kartöflur fyrr en einokun Grænmetisverslunarinnar verður aflétt." Og hér segir: „Lenti heldur betur í lélegu kartöflunum." Og enn segir: „Nýjung, ætar kartöflur" var auglýst í verslunum. „Ekki keypt kartöflur í mánuð."

Hvaða áhrif hefur þetta kerfi, sem hér hefur riðið húsum, haft á neysluna? Það hefur haft miklu skaðlegri áhrif á kartöfluneysluna en menn gera sér almennt grein fyrir og ef svo heldur sem horfir mun auðvitað áfram úr þessari neyslu draga til mikils skaða fyrir íslenska kartöflubændur.

Það mætti, virðulegi forseti, tala um þetta í mjög löngu og ítarlegu máli. En vegna þess að ég veit að margir fleiri hv. dm. vilja kveðja sér hljóðs um þetta mál skal ég ekki lengja mál mitt mjög mikið úr þessu. En ég minni aftur á það sem ég sagði hér áðan um þá viðskiptahætti sem þetta fyrirtæki gerði sig bert að í fyrradag og frá var sagt í fréttum. Ætla menn virkilega með atkv. sínu í þessari hv. deild að stuðla að því að svona rekstur fái að halda áfram? Og ég spyr: Hver er munurinn á þessari hegðun hjá Grænmetisverslun landbúnaðarins og hegðun danskra einokunarkaupmanna gagnvart íslenskum almenningi fyrr á tímum? Sá munur er nákvæmlega enginn. Þegar sagt er við forustumenn ákveðins fyrirtækis efnislega: Ja, þið eigið nú ekkert gott skilið í þessu máli og þess vegna fenguð þið engar kartöflur í dag. — Hafa menn leitt að því hugann hvert þetta leiðir? Og svo standa menn hér upp og verja þetta fyrirtæki, verja þessa hagsmuni!

Það hefur oft komið í ljós hér á hinu háa Alþingi hversu hagsmunir Framsfl. og Sambands ísl. samvinnufélaga eru samantvinnaðir. En það hefur sjaldan komið jafnberlega í ljós og í þessu máli þegar menn hafa tækifæri til að skyggnast inn í skúmaskot kerfisins. Það er margt þar sem draga ber fram í dagsljósið. Þetta mál er bara einn angi af því kerfi sem viðgengst í landbúnaðinum íslenskum bændum til mikillar bölvunar, Sambandinu og hagsmunum framsóknar til framdráttar. Þetta er í rauninni kjarni þess máls sem við erum að ræða. Og ég bendi hv. þm. á hvernig afstaða manna er til þessa gerspillta valdakerfis, til þess viðskiptasiðleysis sem komið hefur í ljós á undanförnum dögum. Þessi afstaða manna mun kristallast í atkvgr. á eftir þegar menn mæla fyrir því að þessu máli verði vísað til ríkisstj. með haldlitlum yfirlýsingum ráðh. sem ekkert er á að byggja á þessu stigi og enginn veit hvaða raunverulega þýðingu hafa. Þá kristallast afstaðan til þessa rotnaða kerfis. Þá sjá menn í raun hvað menn vilja í málinu. Að vísu eru þeir til sem halda því fram að í þessu máli hafi stjórnarsamvinnan milli Sjálfstfl. og Framsfl. hangið á bláþræði, framsóknarmenn hafi gert það að algeru skilyrði að ekki yrði haggað við Grænmetisverslun landbúnaðarins, að ekki yrði haggað við þeirri ríkisreknu rotnu einokun sem tíðkast á þessu sviði nú, þá mundu þeir slíta stjórnarsamstarfinu. Þeir eru líka til sem halda því fram að það hafi verið ráðherrarnir í Sjálfstfl. sem réðu ferðinni í þessu máli, létu undan framsóknarmönnum um að drepa málinu á dreif, allt fyrir ráðherrastólana. Ég veit að um þetta mál er mikill ágreiningur í Sjálfstfl. og það er eins gott að sá ágreiningur komi fram í dagsljósið úr þingflokksherberginu og verði lýðum ljós hér við atkvgr. í þessari hv. deild. Þá mun það opinberast hverjir styðja valdakerfi SÍS og framsóknar í þessu máli.

Virðulegi forseti. Þar sem nú er liðið nokkuð á okkar fundartíma og til þess að standa við það samkomulag sem gert var hér í gærkvöld um gang mála hér í þessari hv. deild í dag ætla ég ekki að sinni að hafa þessi orð fleiri, en vera má að tilefni gefist til að mæla hér fáein orð aftur síðar við þessa umr. ef leikar skyldu þannig fara og mál skipast á þann veg að ástæða sé til. En ég ítreka að það mun kristallast hér í atkvgr. væntanlega innan skammrar stundar hverjir það eru sem vilja viðhalda þessu viðskiptasiðleysi sem viðgengist hefur allt of lengi í íslensku þjóðfélagi.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skipa það sem sennilega mundi heita núna 1. minni hl. landbn. og álit hans kemur fram á þskj. 993, eins og hv. frsm. minni hl. hefur þegar gert grein fyrir.

Ég ætla ekki að orðlengja mjög um þetta mál og það sem hér hefur verið sagt í tengslum við samtvinnun Framsfl. og SÍS. En ég þykist þess þó nokkurn veginn fullviss að þessi skipan mála, verslunarmála á landbúnaðarafurðum, hafi nú ekki verið þeim skörungum í huga sem fyrir hundrað árum fóru af stað í Suður-Þingeyjarsýslu með þá nýmóðins félagshyggju og samvinnustefnu.

En hvað um það. Ég ætla aðeins að ítreka þá skoðun Samtaka um kvennalista að við viljum að Íslendingar rækti sjálfir allt sitt grænmeti, hvort sem það eru kartöflur eða annað grænmeti. Ég er fullviss um að við getum það og mig langar hér og nú til að hvetja hæstv. landbrh. til að gera áætlun um það hvernig haga megi ylrækt, kartöflurækt og grænmetisrækt hér á landi í framtíðinni og leggja slíka till. fyrir næsta þing. Ég hvet til slíkrar áætlunargerðar og ég hvet til þess að einhverju stuðningsfjármagni verði veitt í það að byggja upp slíka ræktun hér á landi og minni einnig á atriði sem er mjög mikilvægt í aðgerðum eins og þessum og það er upplýsingaþjónusta og fræðslustarfsemi til þeirra sem vilja fara út í þess háttar ræktun.

Það er ljóst að það tekur nokkurn tíma þangað til því marki verður náð að við önnum hér þörfum innlenda markaðarins og getum boðið landsmönnum öllum upp á nýtt og gott grænmeti og kartöflur. Þangað til tel ég að best sé að hafa þann háttinn á sem það frv. sem hér er til umr. kveður á um.

Það er ljóst að núverandi skipan þjónar hvorki kartöflubændum né neytendum. Ég vil minna hv. þdm. á að tillögugreinin, sú eina sem eftir stendur í þessu frv. að till. 1. minni hl. n., hljóðar upp á það að leyfi til innflutnings skuli því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn. Hér er aðeins verið að tala um innflutning á reyndar ekki öllu grænmeti heldur aðeins kartöflum á meðan við höfum ekki nóg úr okkar eigin kartöflugörðum. Mér er kunnugt um að þannig er því ekki háttað hér á landi nú, eins og fram hefur komið í ræðum annarra ræðumanna hér. Kartöflur eru fluttar inn þótt innlend framleiðsla sé fyrir hendi. Ég tel þetta því út frá því sjónarmiði einnig tvímælalaust vera spor í rétta átt og miða að verndun íslenskrar framleiðslu og garðræktar hér á landi.

Ég styð því eindregið að sú grein sem eftir stendur í frv. verði samþykkt.

Landbrh. (Jón Helgason): Hæstv. forseti. Í þeim orðum sem ég segi hér vil ég fyrst og fremst reyna að halda mig við staðreyndir, en ekki leggja út í málflutning sem hefur verið, a. m. k. sumt af honum, nokkuð í stíl við þá blaðamennsku sem hefur verið rekin í kringum þetta mál. Þó get ég tekið undir margt sem fram hefur komið, t. d. flest sem hv. síðasti ræðumaður sagði.

Fyrst ætla ég að rekja hvernig þetta mál, sem mest er um talað nú, snýr að landbrn.

Mér barst fyrir u. þ. b. hálfum mánuði umsókn um innflutningsleyfi fyrir kartöflum. Fyrst kom umsókn frá einum aðila og síðan bættust við nokkrar fleiri. Ég hygg að þær hafi orðið sjö í lokin. Strax og mér barst fyrsta leyfið taldi ég þörf á að þetta mál yrði athugað og á hvern hátt yrði orðið við þeirri beiðni sem þar var fram sett, og reynt yrði að fá fram sjónarmið allra aðila sem þarna eiga hagsmuna að gæta. Ég ákvað því að skipa nefnd sjö manna sem í ættu sæti aðilar frá matvörukaupmönnum, frá Neytendasamtökunum, frá Hollustuvernd ríkisins, frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem löggjafarvaldið hefur falið að annast innflutning og verslun með kartöflur, og fulltrúar frá kartöflueframleiðendum og garyrkjubændum, en formaðurinn frá ráðuneytinu. Jafnframt voru beiðnirnar sendar jafnóðum og þær bárust til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðsluráðið vildi ekki taka afstöðu til einstakra beiðna um innflutning meðan sú nefnd sem ég hafði þá skipað og var tekin til starfa sæti að störfum og fyrr en hún hefði skilað áliti. Það kom fram í ítarlegri greinargerð sem það sendi mér. Nefndin var kölluð saman til funda undir eins og hún hafði verið skipuð og eftir tvo fundi sendi hún mér bókun sem ég tel rétt að lesa hér. Það er bókun á öðrum fundi í nefnd til að fjalla um verslunarhætti með kartöflur þann 17. maí 1984, þ. e. í fyrradag:

„Vegna þeirra aðstæðna sem upp eru komnar í innkaupum á erlendum kartöflum þykir rétt að taka fram eftirfarandi atriði þó svo að störf nefndarinnar séu á frumstigi og ekki mögulegt að taka endanlega afstöðu til þess verkefnis sem nefndinni er falið með skipunarbréfi frá landbrh., dags. 10. maí 1984:

Nm. eru sammála um að ákvarðanir sem kunna að verða teknar í þessu máli byggi á því að íslensk framleiðsla eigi forgang að innlendum markaði þegar hún er fyrir hendi. Þess vegna, og jafnframt til að varna því að komi til óheppilegrar birgðasöfnunar við innkaup á erlendum kartöflum, verður að telja óhjákvæmilegt að fylgst verði með innflutningi hverju sinni og hann háður stjórn til þess bærra aðila. Minnt er á að ákveðnar reglur gilda um meðferð og sölu á kartöflum, þ. á m. um pökkun í smásöludreifingu sem nauðsynlegt er að efla frekar en draga úr.

Nm. gera sér ljósa þá þýðingu sem Grænmetisverslun landbúnaðarins ásamt Sölufélagi garðyrkjumanna hafa til að tryggja hagsmuni framleiðenda og neytenda um allt land í dreifingu og sölu garðávaxta og grænmetis. Vegna þeirra hagsmuna telja nm. æskilegt að gerðar verði breytingar á stjórn Grænmetisverslunar landbúnaðarins í þá veru að við stjórnina bætist a. m. k. fulltrúar neytenda og matvörukaupmanna sem dreifa þessum vörum.

Að lokum er tekið fram að nefndin ræður eindregið frá því að ráðist verði í að ákveða skipulagsbreytingar á því sölukerfi sem um er rætt án þess að frekari umræða og umfjöllun hafi farið fram, og lagabreytingar, ef til þurfa að koma, látnar bíða þess tíma. Jafnframt að ekki verði teknar ákvarðanir nú af stjórnvöldum um leyfisveitingar er kunna að skapa mismun milli dreifingaraðila í smásölu og kalla fram aðstöðumun."

Undir þetta nál. skrifa Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri landbrn., Magnús Sigurðsson, sem er formaður Sambands kartöflubænda, Kristján Benediktsson, sem var þangað til í gær formaður Félags garðyrkjubænda, Ólafur Björnsson, sem er formaður matvörukaupmanna, Jón Óttar Ragnarsson, matvælafræðingur og stjórnarmaður í Neytendasamtökunum, Kolbrún Haraldsdóttir, sem er starfsmaður Hollustuverndar ríkisins og mætti á þessum fundi í stað Arnar Bjarnasonar sem hafði mætt á fyrsta fundi og Ingi Tryggvason formaður Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Þetta bréf barst mér síðdegis í fyrradag. Þar sem ég taldi nauðsynlegt að svara sem fyrst þeim beiðnum sem borist höfðu um innflutningsleyfi gekk ég frá bréfi tveimur klukkutímum eftir að mér barst þessi bókun, og held ég að varla sé hægt að segja að hægt hafi verið að hafa þann drátt skemmri. Við ákvörðun mína taldi ég að ég yrði að ganga heldur lengra en þessi nefndarbókun gerir ráð fyrir. Þess vegna var þeim aðilum, sem um höfðu sótt, sent eftirfarandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytinu hefur borist umsókn frá yður um heimild til innflutnings á kartöflum. Af því tilefni skal þetta tekið fram:

Samkv. 34. gr. laga nr. 95/1981 hefur ríkisstj. einkarétt á að flytja til landsins kartöflur og grænmeti. Ákvæði þetta byggist á því að tryggja sem best forgang íslenskrar framleiðslu á innlendum markaði. Auk þess verður sjúkdómavörnum þannig betur við komið, mati kartaflna, flokkun og dreifingu. Innflutningsheimild hefur undanfarin ár, eins og kunnugt er, verið hjá Grænmetisverslun landbúnaðarins.

Vegna margra umsókna um innflutningsleyfi hefur ráðuneytið skipað sjö manna nefnd til þess að fjalla um þessi mál og gera tillögur um skipan þeirra með tilliti til fenginnar reynslu. Nefndinni er ætlað að hraða störfum svo sem tök eru á. Ráðuneytinu hefur borist bókun frá nefndinni þar sem nefndin ræður m. a. eindregið frá því að ráðist verði í að ákveða breytingu á núverandi sölukerfi án þess að málið fái frekari umfjöllun. Bókunin fylgir hér með í ljósriti.

Framleiðsluráði landbúnaðarins var send umsókn yðar til umsagnar og aðrar umsagnir af sömu rót. Ráðið vill ekki taka afstöðu til einstakra umsókna meðan framangreind nefnd hefur ekki lokið störfum.

Með vísan til framangreindra laga og þess sem hér kemur fram telur ráðuneytið sig að svo komnu máli ekki í aðstöðu til að veita mörgum aðilum innflutningsleyfi. Ráðuneytið vill hins vegar leysa þann vanda sem nú er við að glíma með bráðabirgðalausn og veita umsækjendum tímabundið sameiginlegt innflutningsleyfi fyrir ákveðnu magni, verði þess óskað, enda verði innflutningi hagað þannig að auðvelt verði að koma eftirliti við vegna sjúkdómavarna og fylgt verði gildandi reglum um dreifingu, mat, verðlagningu og flokkun á

hinum innfluttu afurðum. Geymslur og öll meðferð verða að fullnægja kröfum Heilbrigðiseftirlitsins.

Náist ekki samstaða um þessa leið vill ráðuneytið stuðla að því að forða verðmætum frá skemmdum og greiða fyrir að koma þeim kartöflum á markað sem sannanlega hafa þegar verið keyptar til landsins án þess að leyfa hafi áður verið aflað. Innflutningsleyfi fyrir þeim kartöflum verða veitt þegar fyrir liggja vottorð um heilbrigði kartaflnanna og flokkun þeirra, verðútreikningur liggur fyrir og sjóðagjöld hafa verið innt af hendi. Kartöflunum verði dreift í samræmi við starfsreglur Grænmetisverslunar landbúnaðarins, þannig að ekki verði um mismunun á milli aðila í smásöluverslun að ræða.

Bréf samhljóða þessu er sent öllum þeim sem sent hafa ráðuneytinu beiðni um innflutningsleyfi síðustu vikur og fylgir listi yfir þá með þessu bréfi."

Með þessu taldi ég að komið væri eins til móts við innflytjendur og tök væru á, þannig að reynt væri að gæta þeirra hagsmuna sem lög kveða á um um framleiðendur og neytendur og þeir aðilar sem hér hafa talað hafa tjáð sig sammála. Með þessu móti eiga þeir innflytjendur sem þess óska að geta fengið innflutningsleyfi á næstunni.

Ég tel ekki að það samrýmist ákvæðum laganna eða sé æskilegt fyrir landbrn. að það standi í því að úthluta sérstökum gæðingum innflutningsleyfum, eins og hv. frsm. 1. minni hl., hv. 8. landsk. þm., sagði að ekki ætti að gera, heldur standi allir þeir sem vilja flytja kartöflur til landsins jafnt að vígi, en hins vegar verði þess gætt að ekki verði flutt inn til landsins svo mikið magn að hér yrðu kartöflur á boðstólum löngu eftir að innlend framleiðsla er komin á markaðinn. Hvernig á að tryggja að slíkt hendi ekki sé ég ekki að sé hægt nema því aðeins að fylgst sé með því magni sem kemur til landsins. Ætlunin er að ráðuneytið viti um hversu mikið er flutt inn, en ekki að það ætli sér að stöðva einstaka innflytjendur.

Það er aðeins einn aðili sem hefur komið með innflutningsskýrslur til landbrn. nú og óskað eftir að fá þessi leyfi og hann lýsti sig geta fallist á þá tilhögun sem í þessu bréfi stendur. Hann hefur þess vegna þegar dreift því sem hann hafði á boðstólum. Ég skal ekkert segja um hvernig þar hefur til tekist. Reynsla næstu daga og vikna á eftir að leiða í ljós hvort þetta hefur í för með sér lækkað verð til neytenda og hvort þarna verður betur að verki staðið á allan hátt en verið hefur hjá Grænmetisverslun landbúnaðarins. Það eru gerðar mjög strangar kröfur um pökkun á kartöflum til Grænmetisverslunarinnar og ráðuneytið gerir í bréfi sínu ráð fyrir að það verði aðrir að sæta því líka, en vissulega er það nokkuð mikill kostnaður, eins og hv. 5. landsk. þm. benti á, að ganga frá vörunni í þær umbúðir sem heilbrigðisyfirvöld gera kröfur um.

Mér finnst athyglisvert að í þeim umræðum sem fram hafa farið um þetta hafa allir aðilar lagt áherslu á að nauðsynlegt sé að gæta hagsmuna framleiðenda, þannig að ekki verði offramboð á kartöflum þegar ný uppskera kemur. En ég hef ekki heyrt eina einustu tillögu um hvernig þetta eigi að gera. Af hverju megum við ekki fá að heyra slíkt? Ég skipaði nefndina til að gera slíkar tillögur og hún treysti sér ekki til þess, þó að þar eigi sæti menn sem eru mjög kunnugir málum, nema fá lengri tíma til þess. Mér finnst marklítill málflutningur þeirra sem segja að breytingu eigi að gera, en vilja á sama tíma ekki segja hvernig. Í nál. minni hl. er þessi setning, með leyfi forseta:

„Því telja nm. mikilvægt að skýr og ótvíræð ákvæði verði sett í reglugerð um viðurlög við sölu og dreifingu innfluttra kartaflna og grænmetis fullnægi innlend framleiðsla eftirspurn."

Af hverju megum við ekki fá að sjá þessi skýru og ótvíræðu ákvæði? Ég tel að það sé nauðsynlegt.

Ég fullyrði að landbrn. mun reyna að haga þessum málum þannig þangað til að ný innlend uppskera kemur að þeim aðilum sem vilja fá innflutningsleyfi verði vísað á þá samstöðu sem innflytjendur geta myndað um að skipta þeim leyfum á milli sín að því marki sem innlendi markaðurinn leyfir. Ég tel að það sé alveg sjálfsagt að þeir hafi kartöflur á boðstólum alveg eins og Grænmetisverslun landbúnaðarins á þessum tíma. En svo ég ítreki það: Það er bæði innflytjendunum sjálfum nauðsynlegt að vita hvað mikið er flutt til landsins og líka framleiðendum ef verða á við þeirri kröfu, sem allir setja fram, að hagsmuna framleiðenda sé gætt.

Margt, sem hefur komið fram í þessum umræðum, held ég að sé á misskilningi byggt. Ég vil þó taka undir það að vitanlega er það sameiginlegt hagsmunamál framleiðenda og neytenda að hér séu alltaf góðar kartöflur á boðstólum, það liggur í augum uppi. Ég held að það eigi ekki að taka mörg ár, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði, að það verði mögulegt að við ræktum eigin kartöflur að mestöllu leyti. Að vísu munu aldrei verða nýjar íslenskar kartöflur í boði allt árið eins og við vitum, en geymslur og geymsluaðferðir eru að taka svo miklum framförum að mögulegt er að halda gæðum kartaflnanna mjög lengi frá uppskeru. Þess vegna væntum við þess að í meðaluppskeruári verði hér nægjanlegt magn til innlendrar neyslu mestallt árið, a. m. k. ef snemma vorar þannig að uppskera geti hafist á miðju sumri.

Það virtist koma fram misskilningur í máli hv. 8. landsk. þm. um mat á kartöflum. Það er ekki Grænmetisverslun landbúnaðarins sem sér um yfirmat á kartöflum. Það er sérstakur starfsmaður ríkisins sem sér um það og það er hans hlutverk að taka þar í taumana og stjórna málum eins og hann telur þörf á. Það gildir vitanlega bæði um Grænmetisverslun landbúnaðarins og aðra sem kunna að versla með kartöflur.

Í mínum huga er hér um að ræða hagsmuni varðandi verslun á kartöflum. Við getum orðað það eins og hv. 5. landsk. þm.: Það eru gífurlegir hagsmunir. En það eru hagsmunir framleiðenda og neytenda. Það eru vissulega gífurlegir hagsmunir fyrir þá sem eingöngu stunda þessa atvinnu og lifa algerlega á henni að þarna séu mál í því lagi að þeir geti stundað það starf. Og það eru vissulega hagsmunir fyrir neytendur að fá góða vöru. En í mínum huga ráða ekki sérstakir hagsmunir eða umhyggja fyrir Grænmetisverslun landbúnaðarins að öðru leyti en því að hún er tæki til að þjóna hagsmunum þeirra aðila sem ég nefndi áður.

Hv. 5. landsk. þm. spurði: Hver er mismunur á verslun með appelsínur og epli og verslun með kartöflur? Hann er að sumu leyti ekki mikill. A. m. k. er áreiðanlegt að við höfum öll keypt skemmdar appelsínur og skemmd epli sem við höfum hent beint í ruslafötuna og ekki dottið í hug að leggja okkur til munns. En það er annar mismunur og hann er sá, að

hér á landi eru ekki framleiddar appelsínur eða epli og þess vegna ekki um að ræða hagsmuni innlendra framleiðenda. Enn fremur er engin hætta á innflutningi sjúkdóma vegna þess að ekki er um innlenda framleiðslu að ræða. Sjúkdómur sem fluttur var til landsins með erlendum kartöflum hefur verið nú um tíu ára skeið eitt mesta vandamál innlendrar kartöflufram-leiðslu. Sem betur fer eru nú möguleikar á að verjast honum betri en áður. Þess vegna er mjög brýnt að sérfræðingar, sem vit hafa á, skoði kartöflur þegar þær eru fluttar til landsins. Ég held að alveg augljóst sé að erfitt væri að koma slíku kerfi á ef innflutningur væri algerlega frjáls, ef við þyrftum að hafa sérfræðing á hverri innflutningshöfn á landinu.

Hv. 5. landsk. þm. sagði að hann gæfi ekki mikið fyrir það sem ráðherrar mundu segja á eftir hans máli og ég geri ekki ráð fyrir að hann taki þá mikið tillit til þess sem ég hef hér sagt, enda þótt ég hafi talið mig eingöngu vera að benda á staðreyndir. Mér finnst samt sem áður að það séu nokkuð stór orð hjá hv. 5. landsk. þm. að segja að aðilar eins og t. d. formaður matvörukaupmanna, matvælasérfræðingur og stjórnarmaður Neytendasamtakanna séu fulltrúar rotins kerfis af því að þeir vara við að gera skyndilegar breytingar á sölukerfinu og telja að það þurfi að huga betur að málum.

Ég ætla svo ekki að eyða lengri tíma í þetta en fullyrði að reynt verður að halda á þessum málum næstu vikur þannig að gætt verði hagsmuna framleiðenda og neytenda eins og kostur er.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Það er svo komið að við erum að komast í tímaþröng, bæði með þetta mál og önnur sem eru á dagskrá fundarins. Eins og kunnugt er hefst fundur í Sþ. kl. tvö. Ég hafði hugsað mér að reyna að slíta þessum fundi í síðasta lagi 10 mínútum fyrir tvö til þess að hægt væri að setja nýjan fund með einu máli sem þá yrði á dagskrá. Ég get því ekki annað gert en höfðað til þeirra hv. þm. sem eiga eftir að tala nú og beðið þá að taka tillit til þessa og reyna eftir mætti að stytta mál sitt. Það má segja að fulltrúar allra hafi nú þegar talað svo að sjónarmið ættu að vera komin fram. En ég bið menn að hafa þetta í huga.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Vegna þessa tímaskorts skal ég sleppa því að lesa upp úr Brekkukotsannál um rakarafrv. til samlíkingar við það sem hér á sér stað, en mig langar þó að nýta mér þann rétt minn að mega ræða þetta mál því að það hefur gagntekið bæði hugi og vinnu manna hér undanfarna daga með þeim hætti að skýrara hefur orðið en ella við hvað er að glíma og vil ég þá taka kannske fyrst til við það sem mætti kalla hrossakaupin. Það má búast við því skv. þeim tillögum sem hér liggja fyrir að reynt verði að vísa þessu máli frá hv. Ed. til ríkisstj. og svæfa það þannig svo að lægja megi þær öldur sem æstust upp núna í vindum undanfarinna daga. Menn kunna reyndar að hafa túlkað þessa vinda þannig að það væri einhver titringur á ríkisstj. Ég efast um að svo sé. Hér á sér stað ákveðinn leikur sem er tæknilega ekkert óeðlilegur. Hérna eru menn að vinna að sínum málum, vinna þeim framgang og nýta sér kreppu hvers annars til þess að ná sem hagstæðustum samningum. Það sem þó er öllu meira óviðeigandi í þessu máli hér er að hér er um mjög altæka hagsmuni að ræða.

Ég fyllyrði að af þeim lögum sem á dagskrá eru núna, aðallega í Nd., og trúlega hafa verið vegin á móti þessu máli á vogarskálunum eru engin eins altæk og þau lög sem hér um ræðir, þ. e. snerta eins víðtæka hagsmuni. Það er þess vegna sem mér finnst óverjandi að menn skuli ekki vera reiðubúnir til þess að fórna þeim málum sem þeim eru hugsanlega kær til þess að málefni sem snertir jafnmarga jafnnáið nái fram að ganga. Hugsanlega fáum við einhverjar lagfæringar. Trúlega verða þær ekki stórfelldar miðað við þær aðstæður að sú ríkisstj. sem nú situr hér í landi er samsett af öflum sem fyrir margra hluta sakir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, en fyrir margra hluta sakir hafa líka nokkuð ólík sjónarmið eða hugsjónir.

Um hugsjónir Sjálfstfl. langar mig til þess að vitna beint til samþykkta hans, í stjórnmálayfirlýsingu landsfundarins árið 1973, fyrir tíu árum. Ég vona að menn séu ekki búnir að gleyma henni. Ég held þeir hafi rifjað hana upp í haust sem leið. Þar kemur fram að þau vandamál sem við er að glíma í þessu þjóðfélagi verði best leyst eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„að þessi vandamál verði best leyst í anda frjálshyggju, en ekki með aukinni ríkisforsjá, með frumkvæði og framtaki einstaklinga, en ekki fjarstýrðum áætlanabúskap, með valddreifingu, en ekki miðstjórnarvaldi."

Grænmetisverslun landbúnaðarins, sem er nokkurs konar arftaki Grænmetisverslunar ríkisins, er mjög klárlega miðstýringarapparat. Þetta apparat hefur verið nokkuð lengi hér við lýði og er orðið til á þeim tíma þegar menn í anda samvinnuhugsjónar brutust undan einokunarveldi og reyndu með samtökum fólks, bæði sósíalistar og aðrir félagshyggjumenn, að koma á annars konar verslunarháttum hér með hagsmuni neytenda í huga. En svo fór sem fór að þetta nýja fyrirkomulag og þessi hugsjónastarfsemi leitaði smátt og smátt í mjög svipaðan farveg og einokunarverslunin. Hún gleymdi í raun og veru eftir því sem á leið að það voru hagsmunir neytendanna sem voru markmiðið og á endanum voru það eingöngu eigin hagsmunir sem réðu gerðum hennar. Ég fullyrði að mjög margt í rekstri þessa fyrirtækis þyrfti eða þarfnast mjög rækilegrar endurskoðunar, jafnvel þó að þetta fyrirtæki sé vegna þrýstings utan úr þjóðfélaginu e. t. v. og vonandi að liðast í sundur. Viðskiptahættir þessa fyrirtækis hafa verið með þvi sniði að ég teldi mjög nauðsynlegt að einhvers konar nefnd, hvort sem hún væri á vegum Alþingis eða annarra aðila, tæki að sér að skoða þó ekki væri nema sögu þessa fyrirtækis. Þar höfða ég til t. d. ákveðinnar vitneskju sem barst okkur s. l. haust um hvernig staðið hefði verið að flutningsmálum þessa fyrirtækis, en það tel ég hafa verið með öllu óheilbrigða viðskiptahætti. Ég hygg að í gegnum slíkan rekstur hafi hagsmunir þeirra aðila, sem að þessu fyrirtæki standa, hugsanlega verið fyrir borð bornir.

Að viðhalda þessu kerfi er í anda ákveðinna hugsjóna og þær hugsjónir höfum við heyrt mjög víða. Við getum vitnað hér til ákveðinna orða um að sameina skuli rekstur akuryrkju og iðnaðar og vinna að því að mismunur á borgum og sveitum hverfi smám saman. Við getum vitnað til orða þar sem segir: „Stofna skal þjóðbanka með ríkisfjármagni og algeru einkaleyfi til seðlaútgáfu og sameina þannig fjármálastarfsemi í

höndum ríkisins.“ Finnst ykkur þið kannast við þessi markmið? Þetta er upp úr Kommúnistaávarpinu. Ég verð að játa að það setur að mér hroll þegar frjálshyggjupostular eru að berjast fyrir þessum sjónarmiðum hér á landi nú í dag. Hvað gerðist? Hví skyldu þessir menn ruglast svo í ríminu að þeir eru allt í einu orðnir málsvarar Kommúnistaávarpsins hér á landi? Það er sagt að vegir guðs séu órannsakanlegir, en ég fer að halda að vegir stjórnmálanna séu jafnvel enn þá órannsakanlegri en nokkurn tíma vegir guðs.

Ég vil, herra forseti, af tillitssemi við þá tímaþröng sem við erum í, gera stuttan endi á mínu máli. Ég verð líklega að ráðleggja mönnum að taka sér Brekkukotsannál Halldórs Laxness í hönd þegar þeir koma heim og lesa 32. kapítula um stjórnmálafund í Góðtemplarahúsinu, um rakarafrv. Þar er á dagskrá spurning um mannréttindi eða ekki, það að mega raka sig. Gamalt fólk og íhaldssamt taldi hinu unga trú um að þá fordild að raka af sér skeggið mætti kenna við úrkynjun og fordild og sumir gengu jafnvel enn lengra og sögðu að það væri hreint og beint ókarlmannlegt að láta raka af sér skeggið.

Sú deila sem hefur átt sér stað hér um það hvort menn eigi að fá að kaupa kartöflur hvar og hvenær sem er og hvernig sem er er gersamlega út úr kortinu miðað við það þjóðfélagslega ástand sem við búum við í dag og tekur engu tali. Hæstv. landbrh. lýsti eftir reglugerð um hvernig skyldi nú standa að þessari verslun. Þessi orð sýna langbest þá þröngsýni sem hér ræður ríkjum. (Gripið fram í.) Allt í lagi. Það er hægt að hugsa sér að slaka svolítið á grænmetisverslunarmálinu, en það verður að halda áfram að stýra því pólitískt. 1. minni hl., sem ég ekki tilheyri af því að ég sit ekki í landbn., er að höfða beint til þess sem hægt er að ganga út frá ef maður vill, og það er vilji sem þarf, að hér á landi eru neytendur sem kaupa kartöflur og þeir kaupa þær hjá kaupmönnum sem kaupa þær hjá innflytjendum eða framleiðendum og menn vita hver eftirspurnin er og þar af leiðandi vita þeir hver þörfin er. Ég tel ekki að það sé til nokkur betri mælikvarði á þetta en sá. Ég tel ekki að það þurfi nokkurn mann uppi í rn. eða einhverri stofnun sem sitji við það að reikna út hvað þurfi nú og megi flytja inn margar kartöflur á næsta mánuði. Menn vita af reynslunni hver eftirspurnin er. Pantanirnar berast frá kaupmönnunum eftir því sem kartöflurnar seljast og meira þarf ekki til að stjórna þessu fyrirtæki. Og ég held að íslenskir framleiðendur þurfi engu að kvíða því að eins og hæstv. landbrh. sagði eru íslenskar kartöflur góðar þegar þær eru til og þegar þær ekki skemmast, enda þarf náttúrlega ekki að kaupa þær þegar þær eru ekki til og það neytir þeirra enginn þegar þær skemmast.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Mig minnir að ég kannist vel við rakarafrv. og þær umræður sem Brekkukotsannáll greinir frá í því sambandi, m. a. að einn formælenda frv. bað menn sanna það með nótarial vottorði að Gunnar á Hlíðarenda hafi ekki rakað sig.

Ég læt mér raunar í léttu rúmi liggja hvort hv. 5. landsk. þm. tekur mark á orðum mínum eða ekki. Hann hafði stór orð í frammi um það fyrirbrigði sem heitir Grænmetisverslun landbúnaðarins, en hvaðan skyldi nú þessi vanskapningur vera ættaður? Hvaðan ætli þetta fyrirkomulag sé runnið? Hverjir börðust fyrir því í árdaga að hafa þennan hátt á um einokun (Gripið fram í.) á öllum sköpuðum hrærandi hlutum? En það er auðvitað gott að menn sjá að sér. Sjálfstfl. kenndi Alþfl. gríðarlega mikið í þessum sökum og eiginlega heilaþvoði hann að þessu leyti og kom honum til manns. Fyrir því er það líka að þar sem hér er komist að niðurstöðu um afgreiðslu málsins, þar sem segir svo, með leyfi virðulegs forseta, að „stjórnarflokkarnir eru hins vegar sammála um að rækileg endurskoðun fari fram á sölumálum landbúnaðarins þar sem einokun verði aflétt,“ þar hafa flokkarnir náð saman um afar mikilvægt atriði. Allir þingflokksmenn Sjálfstfl. samþykktu þetta að undanskildum hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni, sem hafði ráðið sig áður í annað skiprúm, og það vistband hlaut að halda, enda þótt ég viti að hann harmi það mjög að hafa ekki getað skrifað undir tvö álit í þessu því að þetta hlýtur alveg sérstaklega að vera honum skapfellt að sjá hvar Sjálfstfl. hefur náð höndum saman við Framsfl. um að aflétta einokun.

Ég mun svo sem starfandi viðskrh. leggja mig í líma við að bráðabirgðalausnir finnist á ef vandi er fyrir höndum enn og/eða kemur upp á meðan ég á að heita að gegna þessu embætti í fjarveru viðskrh. En aðalmálið er sem sagt þetta, að að þessu leyti verða sölumál landbúnaðarins af rétt sem og annað sem lýtur að söluskipulagi landbúnaðar yfirleitt. Því er það að við teljum okkur hafa náð höfuðmarkmiðum okkar fram að þessu leyti og er ástæða til að fagna því sérstaklega.

Umr. frestað.

Neðri deild, 99. fundur.

Laugardaginn 19. maí, kl. 10 árdegis.

Sveitarstjórnarkosningar, 156. mál (þskj. 223). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 301. mál (þskj. 585). — Frh. 1. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Verndun starfsréttinda hafa verið allmjög á dagskrá hér í vetur og hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur flutt mál þau flest hér inn í þingsali. Þar hefur verið lögð áhersla á að hafi menn náð tilteknum prófum þá beri þeim starfsréttindi. Ég vil vekja á því athygli að menntun á sviði sjávarútvegsins, hvort heldur sem er stýrimannapróf eða vélstjóra, er ekki ný af nálinni eins og þegar iðnfræðslan kom til sögunnar á sínum tíma og að því leyti ekki sambærileg. Hér er verið að tala um starfsréttindi sem lengi hafa notið fullrar viðurkenningar.

Það sem gerir mig óhressan að taka þátt í afgreiðslu

þessara mála í slíku skjótræði er að mér finnst að menn gleymi þeim stóra þætti sjóslysa sem þessi mál hljóta að tengjast. Undir forsæti hv. alþm. Péturs Sigurðssonar starfar nú nefnd að sjóslysamálum. Hann hefur kallað nefndina saman tvívegis og eitt af því fyrsta sem þar var minnst á var menntun skipstjórnarmanna. Það er ekkert nýtt að menntun sé rædd í tengslum við sjóslys.

Á Kollabúðafundinum við Þorskafjörð, þar sem stuðningsmenn Jóns Sigurðssonar komu saman, var fyrsta ályktunin send og ósk um stýrimannaskóla í landinu. Þeir óskuðu eftir því að sá skóli yrði á Ísafirði. Dönsk yfirvöld lögðust aftur á móti alfarið gegn því að stýrimannafræðsla yrði á Ísafirði. Samt sem áður fóru svo leikar að á Flateyri og Ísafirði hófst það nám hér á landi. En það hvarflaði ekki að þeim sem þar sátu annað en þekkingin væri undirstaða þess að koma í veg fyrir sjóslysin. Þær voru ófáar skúturnar sem höfðu farist við Vestfirði og það var ástæða þess að þeir vildu fá þetta nám.

Ég tel að framkvæmdavaldið í landinu hafi verið að brjóta niður þetta menntakerfi með gáleysislegum undanþágum á undanförnum árum. Mér finnst sanngjarnt að það eitt reyni að bjarga sér út úr því máli en velti ekki ábyrgðinni yfir á þingið. Mér er ljóst að núv. hæstv. samgrh. ber enga ábyrgð umfram aðra í þeim efnum og ég efa það ekki að honum er alvara þessa máls ljós. Sjóslysin við Ísland eru því miður svo alvarleg að það er ekki hægt að leggja til að slakað sé á menntun þeirra manna sem eiga að bera ábyrgð á mannslífum við strendur landsins.

Ég vænti þess að það þurfi ekki að valda misskilningi þó að ég lýsi þeirri skoðun minni að ég telji óraunhæft að gera ráð fyrir því að þessi frumvörp fari í gegnum þingið í því mikla tímahraki sem hér er.

Karvel Pálmason: Aðeins örfá orð, herra forseti, vegna þeirra ummæla hv. þm. Garðars Sigurðssonar hér í gær að ég hefði viðhaft þau orð hér að menntun hefði ekkert að segja. Þetta er rangt. Ég sagði hér orðrétt í gær að prófskírteini hefðu ekki allt að segja. Þetta vil ég hér með leiðrétta og biðja hv. þm. að taka betur eftir í umr. þannig að hann sé ekki að snúa út úr orðum manna eða gera mönnum upp orð eins og í þessu tilfelli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til samgn. með 28 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 302. mál (þskj. 950 (sbr. 586)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til samgn. með 32 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 115. mál (þskj. 142). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Lyfjalög, frv. 261. mál (þskj. 895 (sbr. 483)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Breytingar sem felast í þessu frv. til lyfjalaga eru gerðar í samráði og með vitund þeirra er þær varða helst. Á ég þá við Lyfjaeftirlit ríkisins, landlækni og lyfjanefnd. Þetta frv. kostar ríkissjóð engin útgjöld því að skráningargjöldum, árgjöldum sérlyfja og sérlyfjaskrám er ætlað að standa straum af kostnaði við starfsemi nefndarinnar.

Þetta er í þriðja sinn sem frv. til l. um breytingu á lyfjalögum er lagt fram, en hafa ávallt dagað uppi. Frv. er búið að liggja alllengi fyrir Ed. Þetta frv. er ákaflega einfalt í sniðum og fljótskilið og um það er full samstaða hjá þeim sem þessi mál varða mestu. Ed. gerði á því nokkrar smávægilegar breytingar sem eru, að ég hygg, fremur til bóta.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 29 shlj. atkv.

Fjarskipti, frv. 252. mál (þskj. 956). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. til fjarskiptalaga er 252. mál þingsins. Það er samið af nefnd sem fyrrv. samgrh. skipaði í nóv. 1981. Í þeirri nefnd áttu sæti Halldór E. Sigurðsson fyrrv. samgrh., sem var formaður nefndarinnar, Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, Eiður Guðnason, Guðjón Ingvi Stefánsson, Helgi Seljan, Jón A. Skúlason og Jón Sveinsson lögfræðingur.

Nefndin skilaði áliti í vetur og tók ég ákvörðun um að leggja frv. hennar fram óbreytt. Í frv. er fyrst og fremst það nýmæli að notendabúnaður er gefinn frjáls. Hins vegar hafa komið fram frekari óskir um aukið frjálsræði í fjarskiptakerfið. Eins og fram kemur við endurskoðun nefndarinnar eru þar ákveðin atriði sem ekki var tekin afstaða til, en breytingar í þessum efnum eru að verða það víðtækar og örar að ég hef í hyggju að skipa nýja nefnd til að gera tillögur um þær breytingar sem er nauðsynlegt að gera. Hins vegar legg ég mjög mikla áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga svo að frjálsræði verði aukið hvað snertir notendabúnað. Eitt atriði enn, sem er í sambandi við starfsréttindi símvirkja, sem verða tekin til athugunar og hægt er að sumu leyti, að ég tel, að breyta með reglugerðum. Hér verður nokkur breyting á stöðu þeirra, sem verður að taka tillit til, en það er sjálfsagður hlutur sem ekki þarf að fara frekar út í.

Ég hef rakið svo ítarlega efni þessa frv. í Ed. og þar með þingtíðindum að ég sé ekki ástæðu til að tefja tímann með því hér, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það frv. til fjarskiptalaga sem hér var mælt fyrir er vissulega mikilsvert mál og stór lagabálkur. Það ber að harma að það skuli koma svo seint hér til hv. deildar á allra síðustu dögum þingsins. Ég ætla ekki að bregða fæti fyrir framgang þess máls, sé ekki sérstaka ástæðu til þess, þó að full ástæða hefði verið til þess að þingdeildin tæki mun meiri tíma til að athuga það. En um það verður að sjálfsögðu fjallað í nefnd og það er undir því starfi komið sem þar fer fram hvern framgang málið fær hér og hvort lögfest verður.

Hæstv. ráðh. nefndi atriði sem hann hygðist láta athuga betur. M. a. er það spurningin um atvinnuréttindi símvirkja og hversu langt umsvif og störf Pósts og síma eiga að ná í sambandi við ýmis efni.

Það er eitt atriði sem ég vildi nefna hér sérstaklega. Það tengist þeirri brtt. sem gerð var að tilstuðlan samgn. Ed. varðandi fjarskiptavirki og vissa heimild þar til ráðh. að veita undanþágur. Þetta frv. getur komið inn á verksvið Ríkisútvarpsins með einhverjum hætti, en þó hygg ég að það hafi verið hugmyndin að skilin þarna á milli væru sem ljósust. Ég vil taka það fram að ég tel að undanþágur sem varða fjarskiptavirki eigi ekki skv. þessu frv. og hugsanlegri lögfestingu þess að taka til þátta eins og kapalkerfa, sem snerta útvarpssendingar og dreifingu útvarpsefnis, en um það mál var sérstaklega fjallað í frv. til útvarpslaga sem ekki verður afgreitt á þessu þingi að því er best verður séð. Ég túlkaði þá skoðun við umr. um það mál að kapalkerfi fyrir útvarp, hvort sem um er að ræða sjónvarpssendingar eða talað mál, ættu að vera í opinberri eigu, skilyrðislaust í opinberri eigu í framtíðinni og lög að miða við það, og ég treysti því að engin sú túlkun verði viðhöfð í sambandi við það frv. sem hér er til umr. sem snertir það mál. Úr því verði skorið í sambandi við frv. til útvarpslaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Íslensk málnefnd, frv. 341. mál (þskj. 758, n. 953, 952). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þetta mál ítarlega á fundum sínum og fengið til viðtals fulltrúa frá Málvísindastofnun, Íslenskri málnefnd, Orðabók Háskólans og forseta heimspekideildar Háskólans. Þeir gerðu aths. við efni frv. og í stuttu máli sagt hefur menntmn. tekið þær aths. til greina og breytt frv. í samræmi við ábendingar Háskóla, Málvísindastofnunar og Orðabókar Háskólans.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á að í sambandi við stjórn stofnunarinnar er gert ráð fyrir að Orðabók tilnefni einn mann í stjórn Íslenskrar málnefndar, en það kom fljótt í ljós eftir að Jakob Benediktsson lét af störfum sem formaður málnefndarinnar að tengsl milli Orðabókar og Íslenskrar málnefndar voru minni en æskilegt væri. Voru þeir sammála um það orðabókarmenn og formaður málnefndar. Þessar breytingar eru því í fullu samræmi við þær óskir sem fram hafa komið. Nefndin öll er sammála um að mæla með samþykkt frv. og óskar eftir því að málið fái greiðan aðgang í gegnum þingið.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. tók fram, þá tókst um þetta efni, frv. um Íslenska málnefnd, góð samstaða í hv. menntmn. Voru gerðar allverulegar breytingar á frv. eins og það var hér fram lagt og að okkar mati allar til bóta.

Eitt ákvæði laut að því að annar fulltrúinn sem ráðh. tilnefndi í Íslenska málnefnd væri forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar, en það er heiti á skrifstofu málnefndar. Þar er verið að stofna til eins konar framkvæmdastjórastarfs fyrir þessa starfsemi. Þetta ákvæði var fellt niður og það látið opið í rauninni hvort forstöðumaður þessarar skrifstofu málnefndarinnar yrði skipaður í nefndina.

Ég vil að það viðhorf mitt komi hér fram að ég tel ekki skynsamlegt að rugla reytum saman með þeim hætti og það sé eðlilegt að framkvæmdastjóri Íslenskrar málstöðvar sé ekki skipaður í málnefndina sjálfa. Aðstaða hans til áhrifa á þessi mál er að sjálfsögðu mjög mikil eftir sem áður. Það er ætlast til þess að samráð verði haft við málnefndina varðandi hans verkefni, m. a. skipan starfsliðs sem hugsanlega yrði ráðið á vegum skrifstofu Íslenskrar málnefndar. Ég tel að það sé eðlilegt að forstöðumaður skrifstofunnar sé starfsmaður Íslenskrar málnefndar en eigi ekki sæti í nefndinni sjálfri. Um þetta er ekkert kveðið á í frv. eins og það liggur nú fyrir, en ég vildi lýsa þessum skilningi mínum.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég fagna því að náðst hefur alger samstaða um þetta mál í menntmn. Nd. þannig að allir flokkar og allir hagsmunahópar standa að því að sinna íslenskri tungu og íslenskri menningu á þann hátt sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Mér þykir þó ástæða til að bæta eilitlu við. Það er það að svo fagurt sem þetta frv. lítur út og hve fögur sem stefnan er, þá skiptir náttúrlega öllu máli að sæmilegar fjárveitingar verði til málnefndarinnar. Ég minnist nú á þetta sérstaklega hér vegna þess að mér er vel ljóst að í þeim fjármálaörðugleikum sem Íslendingar eiga í er gjarnan gripið til þess að skera niður í menningar- og menntamálum af því að þar eru ekki sterkir hagsmunahópar sem tröllríða þm. og niðurskurður á ýmsum menningarefnum veldur ekki geðshræringu að neinu ráði.

Ég vil benda á að við heimspekideild Háskóla Íslands eru starfandi stofnanir, sem vinna líka að íslenskri menningu, Bókmenntastofnun og Málvísindastofnun. Hvað varðar Bókmenntastofnunina, þá hafa fjárveitingar til hennar stöðugt rýrnað að verðgildi og Málvísindastofnunin hefur ekki fengið krónu í 2—3 ár. Þessi stefna er náttúrlega óverjandi. Forráðamenn þjóðarinnar tala um íslenska menningu og bókmenntir á stássfundum með höfðingjum í veislum, tala um bókmenntir og tungumálið. En þegar að því kemur að láta fé af hendi rakna, þá eru hendur í vösum.

En ég ætla ekki að orða þetta lengi. Ég bara fagna

þessu frv. og treysti því að hæstv. menntmrh. fylgi þessu eftir með dugandi fjárveitingum bæði til málnefndar og annarra þeirra stofnana sem reyna að styðja við bakið á íslenskri menningu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 952,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 952,2 (ný 3. gr.) samþ. með 28 shlj atkv.
Brtt. 952,3 (ný 4. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 952,4 (ný 5. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 952,5 (ný 6. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 30. mál (þskj. 30, n. 1013). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Agnarsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. sem er 30. mál þessa þings á þskj. 30. Mál þetta er hið þarfasta og miðar að því að koma til móts við foreldra fleirbura með lengdu fæðingarorlofi. Málið hefur dvalið með hv. heilbr.- og trn. Nd. veturlangt, en yfirgefur hana nú með einhug að baki. Mælir nefndin með því að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Undir nál. rita auk mín Guðmundur Bjarnason, Friðrik Sophusson, Guðmundur H. Garðarsson, Guðrún Helgadóttir, Bjarni Guðnason og Ólafur G. Einarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. 167. mál (þskj. 727, n. 924, 925, 982). — 2. umr.

Frsm. (Gunnar G. Schram): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. og hefur skilað nál. á þskj. 924 og gert tvær brtt. Brtt. eru þær að við 1. gr. bætist í stafrófsröð þrír einstaklingar, sem lagt er til að fái ríkisborgararétt auk þeirra sem getið er í lagafrv., sem er þskj. 727. Nefndin mælir einróma með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fluttar eru hér á sérstöku þskj. Fram skal tekið að Pálmi Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Brtt. 925 og 982 samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. 318. mál (þskj. 643, n. 958 og 996, 997). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á þskj. 958. Nefndin hefur athugað málið. Kvaddi hún á sinn fund Þorstein Geirsson og Árna Kolbeinsson úr fjmrn., Kristján Thorlacius og Harald Steinþórsson frá BSRB og Guðmund Árnason frá Kennarasambandi Íslands. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins en meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Halldór Blöndal. Svavar Gestsson skilar ekki nál. Hann mun styðja brtt. minni hl. en mun styðja frv. hver sem afdrif þeirrar brtt. verða.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta mál er að ýmsu leyti hið nýtasta mál, þ. e. verið er að jafna og auka réttindi þeirra sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með ýmiss konar hætti. T. d. er verið að auðvelda það að menn geti dregið við sig vinnu þegar líður á ævina án þess að það þurfi að bitna á lífeyrisréttindum þeirra eins og það gerir nú. En á málinu eins og það liggur fyrir er einn verulegur hængur. Nefnilega sá að ákvæði laganna eru afturvirk með þeim hætti að ýmsir þeir, sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, missa rétt sem þeir hafa búið við um alllanga hríð. Það er þetta ákvæði laganna sem mér og öðrum fulltrúum í minni hl., þeim Guðmundi Einarssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur frá Kvennalista, þykir mjög varasamt.

Þetta frv. var til umfjöllunar á seinasta þingi og þá samþykkti Ed. breytingu á frv. sem var efnislega samhljóða brtt. sem við nú flytjum við frv. Þetta varðar þá sem eru sjóðfélagar og hafa mátt vænta þess að lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins yrðu miðaðar við starfshlutfall þeirra á seinustu árum ævinnar þegar þeir hafa verið og eru í fullu starfi.

Eins og frv. er úr garði gert á að breyta hlutunum þannig að í stað þess að lífeyrissréttindin miðist við seinasta starfsár miðist þau við meðalstarfstíma í gegnum starfsævina.

Nú er það svo að það er fjöldi fólks sem hefur kannske unnið hjá hinu opinbera í hálfu starfi einhvern hluta ævinnar, við skulum segja í 10—15 ár til að taka eitthvert dæmi, en hefur seinustu 10—15 árin verið í fullu starfi. Þ. á m. getur verið fólk sem er komið að því að taka ellilífeyri núna og hefur búið við þá samninga að það fengi ellilífeyri í samræmi við starfshlutfall sitt núna, þ. e. við það að vera í fullu starfi. Þegar og ef þessi lög hafa verið samþykkt breytist það á einni nóttu. Þá verður tekið meðaltalsstarfshlutfall þess yfir starfsævina.

Við getum tekið mjög einfalt dæmi. Einhver hefur unnið 15 ár í hálfu starfi hjá ríkinu, kannske við kennslu eða eitthvað slíkt, en síðustu 15 árin verið í fullu starfi. Þessi aðili er kominn að því að taka ellilífeyri. Hann veit ekki betur og hefur ekki vitað betur seinasta áratuginn eða svo en að hann muni fá lífeyrisréttindi miðað við störf sín eins og hann hefur unnið þau seinustu 15 árin. En með samþykkt þessa frv. mundi á einni nóttu lífeyrisréttur hans skerðast um 25%. Hér er um afturvirkni að ræða. Þessi hópur fólks hefur ráðið

sig til ríkisins miðað við þau kjör sem voru á undanförnum árum. Ríkið hefur oft hagnýtt sér það í samningum við opinbera starfsmenn að lífeyrisréttur væri þar betri en á hinum almenna vinnumarkaði. Nú á að afnema þetta að þessu leyti.

Þetta er í rauninni kjarni málsins. Hér er í fyrsta lagi um afturvirkni að ræða og í annan stað hefur þetta mikla röskun í för með sér fyrir þann hóp sem ég er hér um að ræða. Ég trúi reyndar að að líkindum sé meiri hluti fólks í þessum hópi konur sem hafa t. d. unnið í hálfu starfi hluta af starfsævinni vegna aðstæðna á heimilinu, vegna barnauppeldis, bústarfa og þess háttar sem gjarnan lenda frekar á konunum en körlunum þrátt fyrir alla okkar viðleitni til jafnréttis. Til að mæta þessu leggjum við til að gefinn verði aðlögunartími sem nemi fimm árum. Það er brtt. sem við leggjum til að verði samþykkt, þ. e. aðlögunartími upp á fimm ár til að þetta skelli ekki yfir á einni nóttu að þessi hópur fólks verði fyrir þessari réttindasviptingu. Í samræmi við þetta gerum við ráð fyrir að aftan við frv. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist þannig:

„Þeir, sem orðnir eru sjóðfélagar við gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt skv. eldri ákvæðum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum."

Þessi setning gefur til kynna að ekki sé meginstefnan að hafa afturvirkni í réttindasviptingu eins og er þó í þessu frv. Hins vegar kemur næsta setning sem er þannig:

„Það telst ekki skapa rétt skv. eldri lögum í þessu sambandi að starfshlutfall sjóðfélaga hækki eftir að 5 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara."

Með þessu móti mundi það ekki dynja yfir fólk á einni nóttu að fá réttindasviptingu, lífskjaraskerðingu af þessu tagi. Ég tel að þegar þessi breyting hafi verið við lýði í 5 ár hafi menn haft nægan tíma til að aðlaga sig hinu nýja kerfi. Sá hópur fólks, sem við í minni hl. höfum áhyggjur af, er fólk sem ég lýsti áðan og er búið að vinna kannske 30 ár hjá hinu opinbera, þar af kannske helming tímans, 10—15 ár, í hálfu starfi en seinustu 10—15 ár í fullu starfi og er að því komið að taka sinn ellilífeyri. Fyrirvaralaust eins og frv. er hér úr garði gert geta menn þarna misst mjög í réttindum sínum. Eins og ég gat um áðan var brtt. af þessum toga samþykkt í Ed. Alþingis í fyrra en málið náði síðan í heild sinni ekki fram að ganga og það er skýringin á því að þetta er hér enn til umfjöllunar.

Í annan stað flytjum við brtt. varðandi það hvernig með skuli fara ef óeðlilegur dráttur verður á greiðslu lífeyris eða leiðréttingum á greiðslu lífeyris. Mér er kunnugt um dæmi um að orðið hafi mistök í þeim efnum og þegar kom að leiðréttingunni vildi Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins gera það upp krónu fyrir krónu þrátt fyrir alla þá verðbólgu sem hefur verið í landinu. Króna var borguð með tíeyringi, þ. e: 5 ára gömul króna var borguð með krónu dagsins í dag og var þá í rauninni tíeyringsvirði. Sem betur fer fékkst leiðrétting á þessu í því dæmi sem ég þekki en okkur þykir eðlilegt að fram komi og tryggt sé í lögum að þegar um slíka vangá sé að ræða sé greiðslan verðtryggð. Þess vegna flytjum við till. um að slíkt ákvæði komi inn í lögin og að ný mgr. bætist við 20. gr. sem orðist þannig:

„Verði óeðlilegur dráttur á greiðslu lífeyris eða leiðréttingum á greiðslu lífeyris skal lífeyrissjóðurinn greiða það sem á vantar með verðtryggingu. Skal verðtryggingin miðuð við hækkun á lánskjaravísitölu frá þeim tíma er upplýsingar, sem rétt lífeyrisgreiðsla byggist á, hefði fyrst getað komið í hendur sjóðsins og til þess tíma er greiðsla fer fram."

Hér er greinilega um öryggisatriði að ræða, réttlætisatriði, verið að hindra að nokkurn tíma komi upp sú hugmynd, sem ég lýsti áðan að hefði verið framkvæmd innan sjóðsins, að hafa af gömlu fólki verðmæti vegna þess að menn hefðu ekki staðið sig í því að standa í skilum með lífeyrinn. Lífeyrissjóðurinn hafði farið rangt að sjálfur og hafði svo verðmæti af gömlu fólki. Hér er sem sagt um ákvæði að ræða sem mundi tryggja að aldrei yrði reynt að láta fara fram slíkt uppgjör á lífeyrisgreiðslum þegar sjóðurinn sjálfur af vangá hefur gleymt að greiða lífeyrinn.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri þó að fyllsta ástæða kynni að vera til. Ég vænti þess að dm. sé ljóst hvað hér er um að ræða. Eins og ég gat um í upphafi felast í frv. ýmis ágæt ákvæði, en það er þessi hluti þess, þessi réttindasvipting annars vegar, sem við í minni hl. teljum að eigi að koma til móts við og leiðrétta með þeim hætti sem ég gerði grein fyrir. Okkar mat er að hættulegt sé fyrir löggjafann að láta þetta fram hjá sér fara eins og ekkert sé. Í annan stað er ákvæði um að tryggja að ef af vangá er ekki greiddur réttur lífeyrir á réttum tíma sé öruggt að þeir gömlu verði ekki snuðaðir í þeim viðskiptum við sjóðinn.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Vegna brtt. minni hl. langar mig til að taka fram að þetta frv. er orðið til með þeim hætti að þríhliða samkomulag var gert á milli fjmrn., BSRB og BHM. Þetta er samkomulag sem ég tel rétt að virða og eðlilegt að verða við þessum réttmætu óskum þessara aðila og lögfesta það sem samkomulag varð um.

Lífeyrismál okkar eru í hinum megnasta ólestri og eitthvert alvarlegasta misrétti í þjóðfélaginu er þetta hve eftirlaunarétturinn er misjafn. Sumir eiga aðild að verðtryggðum lífeyri, sumir ekki og sumir alls engum. Mér finnst ekki óréttlátt að miða lífeyri manna við unninn starfsdag. Að því er þeir gestir sem við kvöddum á okkar fund tíunduðu munu vera allmörg dæmi um að menn reyni að spila á þetta kerfi eins og það er núna. Fólk, sem hefur unnið hálfan daginn mestalla starfsævina, fer kannske allt í einu síðustu mánuðina áður en vinnu lýkur að vinna allan daginn í staðinn fyrir að náttúrlegra hefði kannske verið að menn léttu heldur á sér í ellinni. En fólk öðlast við þetta fyllsta lífeyrisrétt jafnvel þó að ekki séu unnir nema örfáir mánuðir rétt fyrir starfslok allan daginn. Þó að vafalaust sé margt í brtt. hv. 3. þm. Reykn. og við viðurkenndum að þarna gæti verið um að ræða að einhverjir yrðu fyrir vonbrigðum þá taldi meiri hl. n. að ekki væru efni til að breyta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 997,1 felld með 17:11 atkv.
8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 997,2 felld með 17:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 349. mál (þskj. 791, n. 977). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. birtir nál. sitt á þskj. 977 þar sem nefndarmeirihluti leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. n. var andvígur því ákvæði sem hér er verið að breyta en hreyfir ekki andmælum vegna þessarar breytingar. Þetta er breyting á lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 30. mars s. l., sem gerir ráð fyrir að gefinn verði eins mánaðar frestur í ár til að fyrirtækjum gefist kostur á að nýta fjárfestingarsjóði eins og gert er ráð fyrir í þeim nýsettu lögum.

Undir nál. meiri hl. n. skrifa Páll Pétursson formaður, Guðmundur Einarsson fundaskrifari, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal og Þorsteinn Pálsson, en minni hl. n. skipa þeir hv. þm. Kjartan Jóhannsson og Svavar Gestsson og munu þeir ekki skila nál. eins og fyrr er frá greint.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frv. 25. mál (þskj. 25, n. 957). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Það er rétt að við skiptumst aðeins á við þetta og ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 957 um frv. til l. um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins. Þetta er nál. fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og leggur nefndin til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 25. Guðrún Agnarsdóttir, sem sat fundi nefndarinnar, er einnig samþykk afgreiðslu málsins en með fyrirvara. Undir þetta skrifa Páll Pétursson, formaður og frsm., Svavar Gestsson, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og með fyrirvara Guðmundur Einarsson fundaskr., Kjartan Jóhannsson og Halldór Blöndal.

Hér er um að ræða að lögfesta brbl. sem gefin voru út 30. mars 1983. Búið er að eyða þessum peningum sem þarna voru teknir og við leggjum til að þetta frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 25.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. 321. mál (þskj. 652, n. 914, 917 og 918). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. 220. mál (þskj. 389, n. 998). — 2. umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og kallað fyrir sig búnaðarmálastjóra, Bjarna Guðmundsson aðstoðarmann landbrh. og Tryggva Gunnarsson lögfræðing. Nefndin var sammála um að leggja til við deildina að frv. yrði samþykkt óbreytt. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Pálmi Jónsson. Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. 221. mál (þskj. 858 (sbr. 390), n. 999). — 2. umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Landbn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breytingu á jarðræktarlögum nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum. Frv. var rætt í nefndinni og komu til viðtals við nefndina Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Bjarni Guðmundsson aðstoðarmaður landbrh. og Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur landbrn.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það kemur frá Ed. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Pálmi Jónsson. Tveir nm. skrifa undir með fyrirvara, Steingrímur J. Sigfússon og Bjarni Guðnason.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og ef ég hefði verið lengur á þingi hefði ég e. t. v. flutt brtt. En eins og öll aðstaða er og allur málflutningur hér á þinginu sá ég að það var gagnslaust. Hins vegar vil ég vekja athygli á stöku hlutum hér í frv., sem stinga í augu, a. m. k. þeim manni sem býr á þéttbýlissvæðinu og horfir svona úr nokkurri fjarlægð á þá hluti sem hér er upp taldir.

Ég vil geta þess að góðkunningi minn einn fékk fyrir tveimur árum að gjöf frá bróður sínum einn hektara af landi hans. Þetta var eiginlega föðurarfur. Þegar hann ætlaði að fara að þinglýsa gjafabréfinu kom í ljós að hann þurfti að fá heimild hjá fjórum aðilum til þess að þetta gjafabréf væri gilt. Hann þurfti að fá uppáskrift hjá hreppsnefnd, jarðanefnd, Landnámi ríkisins og viti menn: stimpil frá ráðh. Þá fyrst gat hann þinglýst gjafabréfi fyrir þessum eina hektara sem hann fékk af föðurleifð sinni.

Þetta er enn bætt og aukið í þessu frv. Það er dálítið annarlegt fyrir mig að lesa það að ef land er tekið til

annarrar nýtingar en landbúnaðar, eins og segir hér í 12. gr. frv., þá þarf hvorki meira né minna en samþykkt fimm aðila; þ. e. það á enn að auka á þetta. Vinur minn gekk fyrir fjóra aðila. Nú eru þeir orðnir fimm. Það þarf samþykki ráðh., enda hafi áður verið samþykkt af viðkomandi jarðanefnd og sveitarstjórn og fyrir liggi umsögn Skipulags ríkisins og Búnaðarfélags Íslands. Drottinn minn dýri. Hvers konar apparat er þetta eiginlega?

Á sama hátt er þetta allt njörvað niður ef einhver aðili ætlar að endurbyggja eyðijörð, og lofsvert sé það framtak að leita unaðar í náttúrunni. En það er fyrirhöfn að finna unaðinn því að það þarf hvorki meira né minna en samþykki landbrn., sveitarstjórnar og jarðanefndar til viðbótar við umsögn Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Hvers konar kerfi er verið að setja hérna yfir þjóðina? Og þetta er á öllum sviðum. Það er ekki hægt að hreyfa sig hér í landinu nema að fá uppáskrift frá fimm aðilum, og svo þarf einhvern stimpil frá ráðh. ef hann Bjarni Guðnason ætlar að fá sér kartöfluhektara fyrir austan fjall.

Hvers konar kerfi er þetta? Það er þetta sem er ástæða til að vekja athygli á, hvernig komið er fyrir þessum landbúnaði hér. Það er ekki furða að landbúnaðarvörur séu dýrar. Uppgjafabændur sitja við stimpla og stimpla fyrir þá sem enn eru í ræktinni. Þetta er ekkert smáræðis stimplasamsafn. Og hverjir eru að þessu og fyrir hverja? Hvernig skyldi þetta vera í Sovét? Einhver sagði: Sovét-Ísland, hvenær kemur þú? Óskalandið. En við erum þegar komnir í það land. Viti menn, það þarf fimm stimpla til þess að geta hreyft sig hér í landinu. Og þetta snertir allar hreyfingar innan landbúnaðarins: Eyðijörð, fimm stimpla, fá hektara undir sumarbústað, fimm stimpla, fá nýtt býli, fimm stimpla. Þetta er alveg dásamlegt kerfi. Það er eitthvað unaðslegt við þetta.

En það eru margar hliðar á þessu máli. Fyrir utan það, sem mér þykir sárast, ófrelsið sem er með þessu. Ég vil í burtu svona sóðaskap. Eiga einstakir hagsmunahópar að geta sagt mönnum fyrir um hluti af þessu tagi? Ég segi nei. Og fyrir utan ófrelsið þá er fólginn í þessu svo mikill misskilningur, að ógleymdu því að auðvitað borgar almenningur þetta. Þetta skýrir ýmislegt. Það kostar eitthvað að halda uppi svona kerfi. Og svo hitt: Er heimilt í þessu þjóðfélagi að einhver ákveðin — ég vil segja landeigendastétt geti á þennan hátt haldið fólki í þéttbýlinu frá landnýtingu. Á það ekki að geta komið sér upp húsnæði í sveitinni án þess að þeir aðilar sem þar eru fyrir ákveði slíkt? Ég vil benda ykkur á að ef góður bóndi og gildur kemur til Reykjavíkurborgar getur hann keypt hér allar hallir eins og hann vill og hvar sem hann vill ef hann hefur peninga og stendur í skilum. Við setjum engin skilyrði fyrir slíku. En ef ég ætla að fara austur fyrir fjall, drottinn minn dýri, ég þarf að hafa fimm stimpla.

Og hvað varðar neytandann er spurningin í raun og veru: Er landbúnaðurinn og land þjóðarinnar einkamál bænda? Ég vil bændum allt hið besta. Ég elska bændur. En svona lagað kann ég ekki við. Það er beinlínis verið að skipta þjóðinni í tvo hópa, þá sem eiga landið, þá sem geta ráðið landinu og setja skilyrði fyrir hina sem hafa áhuga á að eignast land. Þetta gera þeir í nafni framleiðslunnar. En framleiðslan er ekki maðurinn. Svona sóðakerfi er skammarlegt. Ég skil ekkert í Sjálfstfl. Að vísu er hann nú allur buxnalaus um þessar mundir svo að það er ekki mikils að vænta úr þeirri átt. En hvað er með þennan svonefnda frjálshyggjuflokk? Þeir eru alveg komnir yfir í þann mjöð sem heitir kókómjólk og mangó og skemmdar kartöflur. (**Gripið fram í:** Og stimpla.) Og stimpla. Stimpla. Þeir eru komnir í stimplaflokkinn.

Eitt skemmtilegt dæmi um hvað þessir elskendur ráða og kerfa og stimpla aðhafast er það sem ég heyrði í útvarpinu í gær: að hæstv. landbrh. hafði skipað sjö manna nefnd til þess að athuga leyfi handa innflytjendum vegna 150 tonna af kartöflum, sem er víst vikuskammtur hér í búðum. Sjö manna nefnd skyldi það vera. Það eru sjö stimplar. (Gripið fram í.) Þetta er alveg dásamlegt kerfi. Það er ekki furða að smjörið er dýrt þegar menn halda uppi svona kerfi. Og hinir flokkarnir, sem eru í þinginu, já, fyrir utan Framsfl., eru búnir að gefast upp í baráttunni því að þetta er svo mikill misskilningur hjá forustumönnum bænda að búa til svona kerfi, fyrir utan að þeir hafa ekki heimild til að búa til svona kerfi í einu þjóðfélagi, hreint ekki neina. Ég skil ekkert í mönnunum að láta sér koma til hugar að búa til svona kerfi. Fyrir utan ofríkið og yfirganginn sem felst í kerfinu. Ég skil ósköp vel að fulltrúar bændastéttarinnar hafi áhyggjur af þeirri stöðu sem uppi er í landbúnaðarmálum og þeir vilji hafa stjórn á þeim málum. Það er eðlilegt og rétt að hafa stjórn á þessum málum. En þetta er ekki stjórn. Þetta er ofstjórn og óstjórn. Og það eru tveir ólíkir hlutir. Ég skil það vel að bændur vilji ráða nokkuð gangi mála eins og nú háttar í sínum héruðum og í sínum landbúnaði og þeir vilji gjarnan vera umsagnaraðili um þróun mála. Ég skil það fullkomlega. Það er eðlilegt að þeir geti haft einn umsagnaraðila, ekkert að því. Þeir geta látið álit sitt í ljós. En fimm stimplar og það alla leið upp í rn. til að fá einn kartöfluhektara fyrir austan fjall, hvers konar kerfi er þetta? Hvaða þjóðfélag erum við að bjóða upp á hér, hv. þingheimur?

Öll landbúnaðarmálin eru bersýnilega komin í algert óefni af misskilningi íhaldssamra hagsmunahópa. Hér má ekkert hreyfa. Það vantar alla víðsýni til þess að taka rétt á málunum. Þetta birtist á öllum sviðum í landbúnaðarmálum. Jafnvel þegar verið er að selja skemmdar kartöflur í búðum og fulltrúi þessara skemmdu kartaflna er spurður hvort honum þyki eðlilegt að allar þessar kartöflur séu settar í 1. flokk, þó að þriðjungurinn sé víslega og sannanlega skemmdur og henti svínum, þá svarar þessi ágæti fulltrúi landbúnaðarins: Já, það er fullkomlega eðlilegt, vegna þess að ef við settum eitthvað af þessu í 3. flokk, þá mundu niðurgreiðslurnar aukast. Þetta eru vinnubrögðin. Og það er ekki einu sinni beðið afsökunar á þessu sóðakerfi hér. Þetta er Sovét-Ísland sem fulltrúar bændastéttarinnar eru að koma hérna á þjóðina.

Já, þetta er skemmtilegt, hv. þm. Ég ætla ekki að flytja brtt. af því að sóðaskapurinn er svo mikill að ég yrði að skrifa heila bók og það yrði að gerbreyta öllu. Hugsunarhátturinn er þannig að mér er ofvaxið að ráðast á svona kerfi. En ég vil beina því til annarra manna hér, ég tala nú ekki um buxnalausa flokkinn, hvort hann hafi ekki hug á því að staldra við og athuga þetta kerfi, sem er verið að búa til í þjóðfélaginu, reyna að athuga hvað er að gerast. Það fljóta allir sofandi að feigðarósi í þessum efnum. Það gefast allir upp. Ég tala

nú ekki um Alþýðubandalagsveslingana sem alltaf eru að reyna að hirða eitt atkv. hér og þar á landsbyggðinni og eru búnir að týna öllum áttum. Þeir eru vegvilltir, eins og félagi minn Karvel Pálmason mundi segja. Það eru öll stefnumið niðurbrotin hér á þinginu. Það er verið að karpa sífellt um smáhluti og það er eins og allir flokkar séu búnir einhvern veginn að missa áttir.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka síðasta ræðumanni fyrir skemmtilega ræðu. Mér fannst hún vera skemmtileg en mér fannst hún ekki skynsamleg. Það er gott og blessað að efla gott samstarf á milli borgarbúa og sveitafólks og ég held að við ættum öll að reyna að vinna að því eftir því sem við mögulega getum. Það stendur a. m. k. ekki á bændum að reyna að koma því góða samstarfi á. Við eigum auðvitað að lifa saman í þessu landi og fara vel með það og nýta það með skynsamlegum hætti og það er mesti misskilningur að hugsa sér að landeigendur eigi að loka landinu fyrir umgengni annarra borgara í þjóðfélaginu.

Hitt er svo aftur annað mál, að það er skynsamlegt að skipuleggja landbúnaðarframleiðsluna. Við eigum við verulegan vanda að stríða núna vegna þess að við höfum verið of duglegir og framleitt óþarflega mikið. Það er nauðsynlegt að reyna að framleiða mátulega fæðu handa þjóðinni af kjöti og mjólk — og kartöflum, ekki má gleyma þeim. Hv. þm. Bjarni Guðnason sagði að landbúnaðarmál væru komin í óefni. Það er nokkuð til í því. Þetta óefni er kannske til orðið ekki síst vegna þess frelsis sem menn hafa haft til að framleiða hver eftir sinni getu. Þeir hafa dugað til að framleiða meira en þjóðin hefur verið tilbúin að kaupa.

Það er áreiðanlegt að hv. þm. Bjarni Guðnason mundi vera velkominn með sumarbústað sinn í hverja sveit. Ég ímynda mér ekki að honum yrði nokkurs staðar úthýst. En það væri kannske ekki alveg sama hvar hann setti sumarbústaðinn eða hvað margir slíkir kæmu eða hvernig þeim væri fyrir komið í landinu. Þess vegna er ekkert óeðlilegt við það þó að leitað sé til skipulagsyfirvalda um það hvar þeir eru settir og uppáskrift fengin áður en hann reisti þá.

Ef hv. þm. Bjarni Guðnason ætlaði að fara að hefja sauðfjárbúskap fyrir austan fjall eða koma sér upp kúm á landi, sem hann kynni að eignast þar, þá er ekkert óeðlilegt að athugað yrði áður en hann hæfi framleiðsluna hvað hann ætlaði við hana að gera og hvaða möguleikar væru til að koma henni í verð. Það er víðar ófrelsi en í sveitinni. Ég er næstum því viss um að ef hv. þm. Bjarni Guðnason ætlaði að byggja bílskúr á lóð sinni hér í Reykjavík, hlyti hann að þurfa að leita til borgaryfirvalda og skipulagsyfirvalda til þess að fá stimpil upp á það að hann mætti byggja bílskúrinn. (**BjG:** Þetta eru fimm stimplar.)

Umr. frestað.

Áfengislög, frv. 78. mál (þskj. 83). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegur forseti. Ég vil gera aths. við það að forseti tók þetta mál á dagskrá og lauk umr. án þess að gera mér aðvart. Ég sat þó í mínu sæti í Ed. eins og lög gera ráð fyrir. Að höfðu sambandi við skrifstofustjóra Alþingis hef ég leyfi hans til að segja, að þessi málsmeðferð er ekki bara óvenjuleg, en ekki skv. venjum eða þingsköpum. Hafði ég því hugsað mér að draga frv. út af dagskrá, en mun ekki gera það eins og málum er nú háttað að höfðu samráði við forsrh.

Neðri deild, 100. fundur.

Laugardaginn 19. maí, að loknum 99. fundi.

Íslensk málnefnd, frv. 341. mál (þskj. 1048). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Veiting ríkisborgararéttar, frv. 167. mál (þskj. 1049). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. 318. mál (þskj. 643). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Með því að fella þær brtt. sem við Guðmundur Einarsson fluttum hér við þetta frv. tók deildin það á sig að láta vera í lögum afturvirka réttindasviptingu án nokkurs aðlögunartíma. Við höfum ekki hugsað okkur að endurflytja brtt. af þessu tagi við þessa umr. en ég vara deildina við því að hafa gengið með þessum hætti frá

þessu máli sem að öðru leyti er mjög gott.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1055).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 349. mál (þskj. 791). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1056).

Áburðarverksmiðja ríkisins, frv. 25. mál (þskj. 25). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1057).

Ábúðarlög, frv. 220. mál (þskj. 389). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1058).

Almannatryggingar, frv. 30. mál (þskj. 30). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. 321. mál (þskj. 652). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1059).

Selveiðar, frv. 304. mál (þskj. 591, n. 954 og 973, 961). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til l. um selveiðar við Ísland. Það hefur komið fram í ræðu hæstv. sjútvrh. þegar hann talaði hér fyrir þessu frv. að um selveiðar væru í reynd engin lög og nauðsynlegt hefði verið talið að setja löggjöf um selveiðar. Frv. þetta var undirbúið af nefnd sem skipuð var í ágúst árið 1982 og er í megindráttum samhljóða tillögum þeirrar nefndar nema hvað varðar 3. gr. frv. Þar var gert ráð fyrir að ráðh. skipaði 5 manna nefnd til tveggja ára í senn sem leitað yrði tillagna hjá um reglur um það er selveiðar varðar. Í því frv. sem nú liggur fyrir er þetta þannig orðað í 3. gr.:

„Sjútvrn. skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Ég held að ég geti fullyrt að þetta atriði varð til þess að sjútvn. stendur ekki einhuga að afgreiðslu þessa máls. Hv. þm. Guðmundur Einarsson skrifaði ekki undir nál. en allir aðrir nm. kusu að 3. gr. frv. héldist óbreytt. Ég sé ástæðu til að vekja sérstaklega athygli á því sem segir í 2. gr. frv.:

„Hafrannsóknastofnunin annast rannsóknir á selum við Ísland. Feli sjútvrn. tilteknum aðilum utan Hafrannsóknastofnunar ákveðnar rannsóknir á selum skal Hafrannsóknastofnuninni ávallt gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum þeirra rannsókna."

Umsagnir um þetta frv. bárust okkur eins og eðlilegt var frá Náttúruverndarráði. Náttúruverndarráð segist fagna því frv. til laga um selveiðar við Ísland sem hér liggi fyrir og fagnar því að það skuli nú loks vera lagt hér fram. Á öðrum stað segir í þessari umsögn:

„Náttúruverndarþing telur því aðkallandi að hraðað verði setningu laga um selveiðar hér við land. Varðandi frv. það, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, leggur þingið eindregið til að 3. gr. frv. verði breytt."

Þeir leggja sem sé til að 3. gr. hljóði þannig:

„Til aðstoðar sjútvrn. um stjórnun og skipulagningu selveiða skipi ráðh. nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð 5 mönnum."

Segja má að þetta sé kannske einn meginþátturinn í þeim ágreiningsatriðum sem valda því, eins og ég sagði áðan, að nefndin varð ekki alveg sammála í þessu máli. En í niðurlagsorðum þessara aðila segir:

„Náttúruverndarráð leggur eindregið til að 3. gr. frv. verði færð í fyrra horf og er þá samþykkt frv., en nái sú breyting ekki fram að ganga telur ráðið að endurskoða verði ýmsar greinar þess, t. d. 6. og 8. gr."

Búnaðarfélag Íslands segir um þetta mál:

„Með því að málefni er varða selveiðar hafa verið undir stjórn landbrn. og athugasemdir hafa ekki verið við það gerðar þá getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ekki fallist á þá breytingu sem 1. gr. frv. fjallar um. Þá er það álit stjórnarinnar að heppilegra sé að til staðar sé ráðgefandi nefnd sem fjalli um mál er varða selveiðar, svo sem lagt er til í 3. gr. frv. þess er hin stjórnskipaða nefnd samdi.“

Með þessari umsögn fylgdi einnig ljósrit af bréfi frá Árna Péturssyni sem starfaði í þessari nefnd fyrir Búnaðarfélagið. Niðurlag þessa bréfs er þannig:

„Nm. voru allir sammála um að þörf gæti verið á opinberri íhlutun varðandi stjórnun selveiða við Ísland, en slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Að öðru leyti er í frv. hvergi gengið á rétt bænda og landeigenda varðandi selveiðar umfram það sem er að finna í lögum.“

Við fengum fleiri umsagnir, t. d. frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem er því samþykk að frv. nái fram að ganga. Félag Sambandsfiskframleiðenda segir í umsögn sinni:

„Þar sem ekkert er í frv. þessu sem þarf að hafa bein áhrif á að draga úr þeirri viðleitni sjáum við enga ástæðu til þess að hafa uppi andmæli gegn því.“

Fiskifélag Íslands segir m. a. í umsögn sinni:

„Stjórn Fiskifélags Íslands er einróma samþykk frv. þessu og hvetur til þess að það fái framgang sem allra fyrst.“

Ég hef hér aðeins stiklað á stóru en á borðum þm. eru ljósrit af þessum umsögnum sem eru prentuð á þskj. sem hv. þm. Guðmundur Einarsson hefur lagt fram og menn geta glöggvað sig þar betur á.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál að sinni. Það var ítarlega rætt við 1. umr. málsins og ég held að öllum sé ljóst að hér er um viðkvæmt vandamál að fást, vandamál sem ekki er hægt að hlaupast frá að afgreiða nú á þessu þingi. Meiri hl. sjútvn. leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur hér fyrir. Undir þetta nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Halldór Blöndal, Gunnar G. Schram, Ingvar Gíslason og Friðrik Sophusson.

Umr. frestað.

Höfundalög, frv. 153. mál (þskj. 804 (sbr. 219), n. 1001). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Nefndin hefur athugað höfundalög og fékk á sinn fund fulltrúa frá menntmrn., fjmrn. og Samtökum eigenda flutningsréttar og ræddi ítarlega efni málsins. N. var sammála um að mæla með samþykkt frv. nú á þessu þingi, enda er málið mjög brýnt og þarf að ná fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Tannlækningar, frv. 316. mál (þskj. 626, n. 1026, 1027). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Nd. hefur tekið frv. þetta sem hér er til umfjöllunar, frv. til l. um tannlækningar, til meðferðar og fjallað um það á nokkrum fundum. Allmiklar umr. urðu um frv. og þó einkum um 3. gr. þess þar sem fjallað er um tannlæknaleyfi og leyfi til að veita mönnum þann rétt að kalla sig tannlækni. Í 2. mgr. er fjallað um að sé um erlendan ríkisborgara að ræða skuli hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Þar segir að leitað skuli umsagna Tannlæknafélags Íslands og landlæknis. Einkum um þetta atriði urðu umr. í nefndinni og það hvort eðlilegt væri að leita umsagnar Tannlæknafélagsins sérstaklega varðandi þetta mál.

Með tilliti til þess að í frumvörpum, sem þingið hefur að undanförnu samþykkt um starfsréttindi, eins og t. d. frv. til l. um sjóntækjafræðinga, sem nú er orðið að lögum, svo og frv. til l. um sjúkraliða þar sem eru hliðstæð ákvæði um að leita skuli umsagnar viðkomandi félaga, Félags sjóntækjafræðinga og Sjúkraliðafélags Íslands, þótti n. ekki fært að gera þá breytingu að fella niður að leitað skyldi umsagnar Tannlæknafélagsins, þ. e. nefndin treysti sér ekki til að standa að þeirri breytingu sameiginlega.

Hins vegar erum við sammála um að mæla með því að frv. þetta verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Undir þetta skrifa síðan allir nm.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég vil mæla hér fyrir brtt. við frv. til l. um tannlækningar og hljóðar hún svo:

„Við 3. gr. Orðin „Tannlæknafélagi Íslands og“ í 2. málsl. 2. mgr. falli niður.“

Undir brtt. skrifar auk mín hv. þm. Bjarni Guðnason.

Eðlilegt þykir að sömu aðilar dæmi um hæfni erlendra ríkisborgara til að stunda tannlækningar hérlendis og þeir sem dæma um hæfni íslenskra ríkisborgara. Gildir það jafnt um faglega þekkingu og færni og kunnáttu í íslenskri tungu. Þykir okkur því eðlilegt og sjálfsagt að tannlæknadeild Háskóla Íslands sé einfær um að sinna því hlutverki og ekki þurfi að koma til stéttarfélag tannlækna að auki sem umsagnaraðili.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætlaði bara í örstuttu máli að lýsa mig samþykkan þessari brtt. sem þarna er komin fram. Ég held að mikilvægt sé að búa svo um hnútana í þessu máli að tekin sé fagleg afstaða til umsókna þeirra sem vilja fá leyfi. Ef síðan félög eins og tannlæknafélag eiga að fara að taka þarna afstöðu þá blandast þar inn í ýmsir aðrir hagsmunir. Þetta er sérstaklega brýnt vegna tannlæknastéttarinnar þar sem um árabil hefur verið takmarkaður fjöldi þeirra sem fá að stunda nám. Manni virðist að oft sé ansi stutt á milli tannlæknadeildarinnar, tannlæknafélagsins og þeirra hagsmuna, bæði faglegra og atvinnulegra, og þeirra ákvarðana sem teknar eru í sambandi við þessi mál.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég lýsi stuðningi við þessa brtt. frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Bjarna Guðnasyni, en ég hefði jafnframt viljað bera fram fsp. um það atriði, sem hér er í 3. gr. frv., að sé um erlendan ríkisborgara að ræða skuli hann enn fremur sanna fullnægjandi kunnáttu sína í íslenskri tungu. Ég tel að vísu að mjög æskilegt sé að tannlæknar kunni íslensku vel ef þeir eru af erlendu bergi brotnir. En það er líka gott að þeir töluðu góða íslensku sem eru af íslensku bergi brotnir. En mér finnst nokkuð ankannalegt að setja svona ákvæði í lög sérstaklega varðandi þessa starfsstétt.

Við vitum að hér er um mjög takmarkaðan hóp að ræða. Sjálfsagt á það sinn þátt í því hvað tannlækningar eru dýrar á Íslandi hvað þetta er lítill og lokaður hópur. Hér virðist mér enn frekar verið að herða að að menn komist ekki úr þeim viðjum. Ljóst er að mjög fáir íslenskir tannlæknar verða útskrifaðir næstu árin. Menn geta þá ekki einu sinni bjargað sér á því að erlendir aðilar stundi hér tannlækningar og létti af þessari pressu.

Mér leikur forvitni á að vita hvort í mörgum öðrum lögum og varðandi margar aðrar starfsstéttir séu ákvæði af þessu tagi. Ég held reyndar og get bætt því við að það gæti allt of mikillar tilhneigingar hjá hinni íslensku löggjafarsamkomu að lögvernda alls konar starfsheiti og starfsréttindi. En við skulum láta það liggja á milli hluta. Það væri sjálfsagt efni í stærri ræðu. En fróðlegt væri að fá upplýsingar ráðh. um það hversu algeng ákvæði af þessu tagi séu og á hvaða sviðum þau eru áður en þetta mál verður afgreitt.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af þessari síðustu fsp. þá eru til fordæmi þessa sem hefur verið farið fremur léttilega með. T. d. við umsókn um ríkisborgararétt, sem við vorum að afgreiða, verða að liggja fyrir vottorð um að viðkomandi umsækjandi skilji og tali íslensku. Við þekkjum sennilega öll marga sem fengið hafa ríkisborgararétt og hversu sterkir þeir hafa sumir hverjir verið í íslenskunni. Ég býst við að flestir ráðherrar muni ekki beita mikilli hörku í sambandi við kunnáttu þess frekar en við veitingu ríkisborgararéttar. A. m. k. mun ég ekki verða mjög strangur á meðan ég verð heilbr.- og trmrh. ef frv. verður að lögum.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég ætla að taka undir þetta sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði um íslenskukunnáttu tannlækna. Mér hefur aldrei tekist að eiga uppbyggjandi samræður við tannlæknir minn eðli málsins vegna, vegna þess hvernig þessar aðgerðir fara fram. Ég held því að það sé alveg óþarfi að gera strangar kröfur til þeirrar stéttar um íslenskukunnáttu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 1027 samþ. með 17:14 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
4.—15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Samgn. Nd. var að fá þrjú stórmál áðan til meðferðar sem óskað var eftir að reynt yrði að koma áfram. Þess vegna væri æskilegt að fyrir lægi nú hvernig fundum verður háttað áfram og hvaða tíma nefndin hefur til umráða til að fjalla um svona mál. Ég hef t. d. boðað fund á morgun og aftur á mánudagsmorgun, en það liggur ekkert fyrir um hvort fundur verður í þingdeildum á mánudagsmorgni fyrir hádegi. Til þess að vita það, þar sem maður þarf að kalla í menn utan úr bæ í sambandi við þessi frv., vil ég vita um það nú hvenær eða hvort hægt er að frétta hvernig fundum verður háttað.

Í nótt þegar ég fór út úr þinginu var mér sagt að fundur yrði í Sþ. kl. 2 og ég var ekki látinn vita um þann fund sem var hér kl. 10 í morgun. Samgn. kom saman áðan og það voru tveir aðrir í þeirri nefnd sem vissu ekki um fundinn kl. 10 í morgun. Ég vil að það komist til skila hvers vegna ég var ekki hér mættur. En þm. verða náttúrlega að fá að vita það helst áður en fundurinn er búinn hvenær fundur á að hefjast næst.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseta þykir miður að hv. þm. skyldi ekki fá fundarboð, en eigi að síður var boðað til fundarins í lok þess fundar sem haldinn var, að hann yrði kl. 10 í fyrramálið. (Gripið fram í.) En það er ekki hægt að halda þessum fundi lengur áfram af svo mörgum ástæðum og þess vegna liggur ekki fleira fyrir.

Efri deild, 108. fundur.

Laugardaginn 19. maí, kl. 1.50.

Íslensk málnefnd, frv. 341. mál (þskj. 1048 (sbr. 758)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ragnhildur Helgadóttir): Hæstv. forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru um lögfestingu starfsemi sem fram hefur farið í tengslum við Háskóla Íslands í 4 ár. Það miðar að því að styrkja þá málræktarstarfsemi sem þarna hefur farið fram og tengja stofnunina betur Háskólanum á þann veg að í Íslenska málnefnd tilnefni nú heimspekideild og Orðabók Háskólans sinn manninn hvor og háskólaráð tilnefni einn. Þetta þýðir að það kemst fastari skipan á málnefnd, en hingað til hefur ráðh. skipað hana án tilnefningar.

Íslensk málnefnd hefur haft með höndum mjög mikilvægt starf, ekki síst á sviði nýyrðasöfnunar og gefið út fagorðasöfn. T. d. hefur nú í vetur komið út íslenskt tölvuorðasafn. Þetta eru atriði sem skipta mjög miklu máli eftir því sem nýjar atvinnugreinar koma inn í landið, ný tækni og ný heiti. Ýmis fleiri mjög mikilvæg verkefni hefur Íslensk málnefnd haft með höndum.

M. a. var hún brautryðjandi í íslenskri máltölvun og fleiri hagnýt verkefni, sem henni eru falin, annast hún.

Til að tryggja að ekki verði um of skörun á verkefnum málnefndar og annarra stofnana, sem tengjast íslensku máli á vegum Háskólans, eru þessi atriði nú fest í lögum. Orðabók hefur nokkuð skyld verkefni með höndum, en hún annast fyrst og fremst útgáfu sögulegs orðasafns en aftur á móti málnefndin nýyrði. Til að tryggja enn betur samstarf þessara stofnana er gert ráð fyrir að orðabókin tilnefni mann í málnefnd, en það er meðal þeirra breytinga sem komu inn í frv. í Nd.

Ég vil taka fram að skýringin á þeim brtt., sem eru 5 talsins og fram komu frá menntmn. Nd., er sú að tekið var tillit til allra ábendinga frá stofnunum Háskólans og nm. um breytingar sem gera þyrfti á frv. Niðurstaðan er sú að alger samstaða er um málið eftir að Nd.-nefndin hefur borið saman bækurnar við þær stofnanir Háskólans sem þarna eiga hlut að máli. Eins og menn sjá er frv. undirbúið af rektor Háskólans, Baldri Jónssyni dósent, sem staðið hefur fyrir þessu starfi um nokkurra ára skeið, og svo Runólfi Þórarinssyni í menntmrn.

Hæstv. forseti. Ef við miðum við að núv. forstöðumaður verði áfram forstöðumaður er kostnaðurinn við frv. ekki annar en sá að launamunur er á milli starfs dósents og prófessors og mun hann ekki ýkja mikill eins og kunnugt er. Það er samdóma álit Nd.-nefndarinnar og rn. svo og þeirra sem að frv. þessu standa að mikilvægt sé fyrir þessa starfsemi til að tryggja tilvist hennar í framtíðinni að þetta nái fram að ganga nú og ég treysti því að hv. n. sýni því skilning og greiði fyrir því að málið fái samþykki hér í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. 71. mál (þskj. 76, n. 993 og 1045, 994, 1043). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1045, um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, VI, ÞK, AG, ÁJ, DA, EgJ, JHelg, LJ, HÓ, SalÞ.

nei: EG, EKJ, HS, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB.

Sameinað þing, 92. fundur.

Laugardaginn 19. maí, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. Alþingis á því sem hér hefur verið að gerast á síðustu dögum. Það er talin skylda hverrar ríkisstj. í lýðræðisþjóðfélagi að stefna hennar sé nokkuð skýr, þjóðin eigi auðvelt með að fylgjast með hvert hún stefni. Svo hefur hins vegar nú borið við að í öllum stærstu og viðkvæmustu átakamálum þeirra tveggja stjórnmálaflokka sem landinu stýra hefur afgreiðsla mála farið á þann veg að þessir umræddu stjórnmálaflokkar hafa vísað málinu til sjálfra sín, þ. e. til ríkisstj. Nægir að nefna frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins og við munum eftir mangómálinu fræga.

Ég vil aðeins vekja á þessu athygli, því að ég held að það sé orðið æríð erfitt fyrir hinn almenna borgara í landinu að skilja hvert þessi ríkisstj. er að fara. Þeir tveir stjórnmálaflokkar, sem að henni standa, hafa ekki pólitískt þrek til að afgreiða nokkurt mál. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þm. hefur ekki leyfi nema til að tala um þingsköp.) Ég tel mig vera að tala um þingsköp, því að hér er fjallað um vinnuaðferðir, ekki einungis Alþingis, heldur einnig ríkisstj. Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti, og virða það tímahrak sem við erum í, en ég vil aðeins biðja menn að nota nú helgina, hv. alþm., til þess að hugsa þetta mál og velta fyrir sér hvort hér sé ekki allóvenjulega að verki staðið.

Sala Gullaugans, Áburðarverksmiðjunnar og Bændahallarinnar, þáltill. 365. mál (þskj. 933). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skil afurðasölu til bænda, þáltill. 366. mál (þskj. 940). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Notkun almannafjár til tækifærisgjafa, þáltill. 367. mál (þskj. 947). — Hvernig ræða skuli.

Að till forseta var ákveðin ein umr.

Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum, þáltill. 368. mál (þskj. 991). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, þáltill. 335. mál (þskj. 715, n. 926 og 980, 927, 981). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur fjallað ítarlega um þessa þáltill. og leggur til að till. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á þskj. 927. Einn nm., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur skilað séráliti.

Ég vil í sem stystu máli rekja þau helstu atriði sem n. tók til meðferðar í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Í fyrsta lagi var rætt mjög ítarlega um þá grg. sem stjórn

Kísilmálmvinnslunnar hefur látið frá sér fara til hæstv. iðnrh. um arðsemi væntanlegrar verksmiðju. Var ítarlega farið yfir þessa skýrslu á fundum n. og til kvaddir ýmsir aðilar til að gefa upplýsingar, bæði frá fyrirtækinu sjálfu, frá Þjóðhagsstofnun og frá járnblendiverksmiðju eins og fram kemur í nál. Ég held að það verði að fullyrða að áætlun um stofnkostnað þessarar verksmiðju verði að teljast mjög örugg og vel unnin. Stærðir í þessari áætlun eru að miklu leyti þekktar og byggjast m. a. á samningum sem gerðir hafa verið um búnað, svo og á tilboðum sem borist hafa í verksmiðjuhús og nauðsynlegan véla- og rafbúnað. Heildarstofnkostnaður verksmiðjunnar er talinn vera 1 842 500 000 kr.

Rekstraráætlun er einnig í flestum greinum byggð á þekktum stærðum varðandi rekstrarkostnað. Má þar nefna hráefniskostnað, launakostnað, flutningsgjöld og fleira þess háttar. Varðandi rafmagnsverð var leitað til Landsvirkjunar og leitað eftir áliti hennar á því rafmagnsverði sem miðað hefur verið við í arðsemisútreikningum, en það eru 18 mill. Um það efni segir Landsvirkjun í sínu áliti, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsvirkjun hefur áður, m. a. í bréfi til Kísilmálmvinnslunnar hf., dags. 18. nóv. 1982, skýrt frá því að áætlað verð á forgangsorku til stóriðju muni liggja á bilinu 18—22 mill á kwst. Gengishækkun dollarans undanfarið gagnvart öðrum myntum gerir það að verkum að þrátt fyrir okkar verðbólgu eru þessar tölur enn óbreyttar og það þótt nú sé reiknað með 6% raunvöxtum í stað 4—5% áður. Komi kísilmálmverksmiðjan í fullan rekstur 1988 er það á mjög heppilegum tíma með tilliti til Blönduvirkjunar og mundi slíkt tryggja aukna hagkvæmni í nýtingu virkjunarinnar. Felast í þessu rök fyrir sölu á orku til kísilmálmverksmiðjunnar á verði sem liggur við fyrrnefnd neðri mörk, enda verði ákvæði um kaupskyldu og verðtryggingar svo og önnur ákvæði orkusamnings viðunandi.“

Varðandi þessa áætlun er auðvitað mest óvissan um verð kísilmálms og það er sá þáttur þessarar áætlunar sem ræður mestu um afkomu fyrirtækisins. Enginn mannlegur máttur getur með fullri vissu spáð fyrir um þróun í þessu efni. Arðsemisútreikningar Kísilmálmvinnslunnar eru byggðir á spám tveggja virtra alþjóðlegra ráðgjafarfyrirtækja sem stjórn fyrirtækisins hefur síðan reynt að leggja sjálfstætt mat á. Miðað við spá um þróun verðs eru niðurstöður arðsemisáætlana þær að arðsemi heildarfjárfestingar í verksmiðjunni er í meginatriðum 15.8% fyrir sköttun, 12.6% eftir sköttun og 18.5% af eigin fé. Einnig eru í þessari áætlun reiknuð ýmis frávik, bæði frá áætluðu söluverði, frá áætluðu hráefnisverði og áætluðu raforkuverði.

Ef hins vegar er reiknað með kísilmálmverðinu eins og það er í dag — en í þessari spá er reiknað með nokkurri hækkun — er arðsemin fyrir sköttun 9.3%, eftir sköttun 7.4%, þ. e. arðsemi af heildarfjármagni, en arðsemi eigin fjár 8.4%.

Um slíka arðsemisútreikninga má vafalaust alltaf deila og aðferðirnar eru fleiri en ein. Ég held hins vegar að þessir útreikningar séu vel unnir og í rauninni verði ekki komist nær sannleikanum með áætlanagerð. Næsta skrefið hlýtur að vera að færa áætlunina út í lífið sjálft.

Í öðru lagi var allmikið rætt um markaðsmál í n. og sú spurning kom upp hvort nægilega hefði verið unnið í markaðsmálum fyrirtækisins til þessa. Fram kom hjá framkvæmdastjóra Kísilmálmvinnslunnar að ítarlegar viðræður hefðu farið fram við ýmis fyrirtæki um sölu og markaðsmál. Hann benti réttilega á að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að ganga langt í því að markaðssetja vöru frá fyrirtæki sem ekki er búið að taka ákvörðun um hvort byggja eigi. Þess vegna m. a. er talið nauðsynlegt að færa nú ákvörðunarvaldið um mál þetta til hæstv. ríkisstj., taka mikilvægt skref í átt til endanlegrar ákvörðunar.

Þá má benda á að endanleg markaðssetning er háð væntanlegri eignaraðild. Ef t. d. fyrirtæki, sem notar mikinn kísilmálm, gengi til samvinnu um eignaraðild væri mikil trygging í því fólgin og að sjálfsögðu jafnframt ljóst að sömu afurðir verða þá ekki seldar til annarra aðila. Ég fullyrði hins vegar, miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið, að strax í dag væri unnt að gera samninga um sölu til notenda kísilmálms. Ég er einnig viss um að nú þegar væri unnt að gera samninga við aðila sem annast sölu á kísilmálmi. Í þeim samningum yrðu að sjálfsögðu fyrirvarar, bæði um verð og gæði. Ég tel hins vegar að á þessu stigi sé ekki heppilegt að gera slíka samninga. Ég tel að í þessu fyrirtæki eigum við Íslendingar sjálfir að verða virkir aðilar í sölumálum þessarar afurðar, virkari en við höfum hingað til verið í sölustarfsemi vegna annarra stjóriðjuafurða hér á landi. Í þessu efni höfum við góðan tíma til stefnu því að gangsetning verksmiðjunnar á allnokkuð langt í land og líklegasti tíminn er haustið 1988.

Í þriðja lagi var rætt allnokkuð um væntanlega eignaraðild annarra aðila að þessu fyrirtæki. Það hefur verið upplýst hér í Sþ. við fyrri umr. þessa máls að unnið hefur verið að því undanfarna mánuði að leita eftir aðilum erlendis sem væru reiðubúnir að gerast eignaraðilar að slíku fyrirtæki og ganga til samvinnu við Íslendinga. Sá þáttur var látinn liggja eftir í undirbúningi þessa máls. Hér er því alveg um óplægðan akur að ræða og það tekur vafalaust nokkurn tíma. Vafalaust gætum við Íslendingar annast einir þetta verkefni. Við yrðum þá að taka að láni stofnkostnað verksmiðjunnar, 1.8 milljarð eða 65 millj. dollara. Hins vegar fer það ekki á milli mála að hér er um áhættusaman rekstur að ræða. Áætlanir og reynsla, bæði okkar og annarra, sýna að hér getur verið um mjög ábatasaman rekstur að ræða. En reynslan sýnir einnig að slíkur rekstur þarf að taka á sig erfiðleikasveiflur og vera reiðubúinn að tapa fé. Þetta sýnir reynslan af járnblendiverksmiðjunni okkur vel.

Þetta er auðvitað spurning um mat. Hvað eigum við að taka mikla áhættu í von um mikinn gróða þegar vel gengur en vera þá reiðubúin til að taka á okkur tap þegar illa gengur. Eg er þeirrar skoðunar að við eigum að dreifa þessari áhættu og deila henni með öðrum. Þess vegna sé nauðsynlegt að vinna áfram að því að fá erlenda aðila með í þetta fyrirtæki. Ekki má heldur gleyma því að sú staðreynd að verksmiðjan er staðsett hér á landi hefur auðvitað í för með sér mikinn hag fyrir okkur Íslendinga. Við erum ekki aðeins að seilast eftir gróða af rekstri þessa fyrirtækis. Slíkt fyrirtæki þarfnast margvíslegrar þjónustu og talið er að hverju starfi í slíkri verksmiðju fylgi 3—5 önnur störf í alls konar annarri þjónustu. Við höfum einnig hag af orkusölunni og það eru mjög rangar þær fullyrðingar, sem dynja yfir okkur í síbylju, að almenningur greiði niður rafmagnsverð til stóriðjufyrirtækjanna. Sýnt hefur verið svo oft

rækilega fram á það, bæði í umr. hér og með skýrslugerðum, m. a. frá Orkustofnun, að það er ekki rétt heldur hafa verið færð að því mjög sterk rök að rafmagnsverð væri hér hærra ef við hefðum ekki getað virkjað stórt með stóriðjufyrirtækin að bakhjarli.

Þátttaka erlendra aðila í þessu fyrirtæki er einnig mjög líkleg til að styrkja fyrirtækið, auðvelda markaðssetningu og styrkja tækniþekkingu. Íslendingar hafa sýnt að þeir eiga mjög auðvelt með að tileinka sér slíka tækni. Þó ber að hafa í huga í þessu sambandi að kísilmálmvinnsla er tæknilega flóknari framleiðsla en t. d. járnblendi og ál og gæðin eru mjög margvísleg og ráða miklu um verð afurðanna. Það er því nauðsynlegt að mjög náið samstarf sé við aðila sem nota hágæða kísilmálm í efnaiðnaði. Þess vegna væri mjög æskilegt ef unnt væri að fá slíkan aðila til að eiga þetta fyrirtæki með okkur.

Þátttaka erlendra fyrirtækja er einnig líkleg til að vera mælikvarði á það hvort fyrirtækið sé í rauninni arðbært og hvort rétt sé að hætta fé sínu í það. Það stuðlar einnig að því að viðskiptaleg sjónarmið ráði í þessum rekstri. Því miður höfum við slæma reynslu af því, Íslendingar, að í hreinum ríkisfyrirtækjum hafa önnur sjónarmið oft verið látin ráða í rekstrinum, bæði félagsleg sjónarmið ýmiss konar og byggðasjónarmið, sem hafa aftur leitt til þess að slík fyrirtæki hafa verið rekin með miklu tapi og mörg þeirra gengið illa.

Önnur efnisbreytingin sem brtt. á þskj. 927 felur í sér frá upphaflegu till. miðar að því að jafnframt verði leitað samstarfs við innlenda aðila um eignarhald á þessu fyrirtæki. Þá er haft í huga bæði að bjóða t. d. sveitarfélögum, sem eru á þeim slóðum sem verksmiðjan rís, aðild og jafnframt kemur til greina að hafa almennt útboð á hlutabréfum fyrirtækisins á innlendum markaði. Ég vek hins vegar athygli á því að í lögum um kísilmálmverksmiðjuna er áskilið að samstarfssamningar, sem gerðir kunna að vera, verði lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar.

Þá var allmikið rætt í n. hvenær stefnt skyldi að gangsetningu. Ljóst er að byggingartími þessarar verksmiðju er 32 mánuðir og í þessu sambandi skiptir líka máli hvenær unnt er að fá orku til fyrirtækisins. Sérstaklega var leitað álits Landsvirkjunar í því efni og um það segir í bréfi Landsvirkjunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsvirkjun getur afhent kísilmálmverksmiðjunni forgangsorku frá þeim tíma sem Blönduvirkjun hefur framleiðslu sem nú er áætlað að verði 1988. Fram til þess tíma kemur til greina að afhenda orku með takmörkuðu afhendingaröryggi, þ. e. afgangsorku og þá á lægra verði. Ef kísilmálmverksmiðjan óskar eftir orku áður en Blönduvirkjun kemst í gagnið, t. d. frá 1. sept. 1986, má reikna með að í meðalvatnsári verði hægt að fullnægja 80—90% orkuþarfarinnar, en e. t. v. aðeins 40—50% hennar í mjög þurru ári. Er hér átt við orkuþörf eins ofns. Fyrir tvo ofna má búast við hlutfallslega minni orkuafhendingarmöguleikum.

Auk hugsanlegrar skerðingar á orku vegna vatnsskorts má búast við einhverri skerðingu vegna aflsskorts, sérstaklega veturinn 1987—1988. Slík skerðing yrði þó vart mikil að orkumagni en getur haft veruleg áhrif á rekstrarmáta verksmiðjunnar. Þá benda nýjustu athuganir Landsvirkjunar til þess að vandamál vegna flutnings orku eftir byggðalínum til kísilmálmverksmiðjunnar megi leysa þótt Sprengisandslína komi ekki fyrr en undir lok þessa áratugar, en treysta verður því að ekki dragi úr núverandi orkuframleiðslugetu Kröfluvirkjunar."

Skv. þessu er því hugsanleg gangsetning fyrri ofns reyndar þegar haustið 1986. Það held ég að sé alls ekki raunhæft, m. a. vegna byggingartíma verksmiðjunnar. Hugsanleg gangsetning fyrri ofns gæti hins vegar verið raunhæf 1987, en haustið 1988 er raunhæft að hugsa sér að verksmiðjan gæti verið komin með full afköst.

Þá var rætt í n. um mengunarvandamál varðandi slíkan rekstur. Fram kom að gert er ráð fyrir að verksmiðjan sé búin sambærilegum mengunarútbúnaði og verksmiðjan á Grundartanga, sem þýðir að ekkert ryk fer út. Hér er því alveg um ryklausa starfsemi að ræða. Enn fremur má benda á í því sambandi að hráefni framleiðslu kísilmálms eru hreinni en framleiðslu járnblendis og er það að sjálfsögðu þessu fyrirtæki í hag þegar borið er saman við járnblendi. Það er þess vegna alrangt þegar það er fullyrt, eins og hér í eldhúsdagsumræðunum á dögunum, að núv. hæstv. ríkisstj. væri að bjóða börnum okkar þá framtíð að þau „andi að sér kísilryki" eins og sagt var í umr. Þetta er rangt, sýnir bæði ótrúlegt ofstæki og jafnframt rökþrot þeirra sem hafa valið sér það hlutverk að berjast gegn orkufrekum iðnaði á Íslandi.

Sú spurning kom enn fremur upp í n. hvers vegna Alþingi væri að afgreiða þetta mál frá sér nú. Má segja að sá ágreiningur, sem speglast í tveimur nál., hafi komið fram í þeirri spurningu. Ég hygg að rétt sé að fullyrða að undirbúningi verði varla haldið lengra áfram nema fá fram vilja hæstv. Alþingis um þetta mál. Að því líður að við þurfum að hrökkva eða stökkva. Ákvörðun Alþingis nú mun auðvelda mjög frekari undirbúning, bæði að því er snertir markaðsmál og að fá fyrirtæki til að gerast eignaraðilar. Undirbúningur varðandi þá þætti mundi fá á sig mun meiri alvörublæ ef Alþingi tæki sína ákvörðun. Við skulum hafa í huga að það eru fleiri aðilar í heiminum að undirbúa slíkar verksmiðjur og leita eftir samstarfi við eignaraðila og þá jafnframt sömu aðila og við höfum verið að ræða við. Þeir sem áhuga hafa eru að athuga alla þessa möguleika í einu og bera þá saman. Ekkert knýr þessa aðila til að taka ákvörðun ef þeir skynja að okkar ákvörðun eigi eftir að velkjast í kerfinu um óákveðinn tíma. Þess vegna mun ákvörðun Alþingis nú styðja og styrkja þá viðleitni að fá eignaraðila til samstarfs um þetta mál.

Þá er þess enn fremur að geta að einlægur ásetningur og ákveðinn vilji okkar í þessu efni getur einnig orðið til að draga úr áhuga annarra sem hafa slíkan verksmiðjurekstur í huga. Heimsmarkaðurinn þolir ekki margar nýjar verksmiðjur á þessu sviði á sama tíma. Því er það hagsmunamál fyrir okkur að koma í veg fyrir að aðrir fari í gang á sama tíma og við. Það hníga því mörg rök að því að Alþingi taki ákvörðun nú. Þess vegna hefur þessi till. verið flutt og þess vegna styður meiri hl. atvmn. þessa afgreiðslu. Í því felst að sjálfsögðu að ríkisstj. er treyst til að taka ekki endanlega ákvörðun fyrr en besta mögulega vissa liggur fyrir um að fyrirtækið sé vel arðbært, að markaður sé tryggður og að öflugir eða öflugir eignaraðilar séu reiðubúnir til samstarfs við okkur um þennan rekstur.

Ég vil einnig vekja athygli á því að því fer fjarri að Alþingi sé búið að sleppa hendinni af þessu máli þó að

það verði afgreitt nú í þessu formi. Í fyrsta lagi er rétt að vekja athygli á að samstarfssamninga við hugsanlega eignaraðila þarf að leggja fyrir Alþingi til staðfestingar skv. beinum ákvæðum laganna. Ég vil enn fremur benda á að ef kveðja á til eignaraðila, einn eða fleiri, innlenda eða erlenda, sem ættu meira en 49% í fyrirtækinu, þá þarf enn fremur sérstaka lagabreytingu til. Ég vil einnig benda á að heimildir laganna um ríkisábyrgð ná aðeins til hluta þess sem þyrfti ef ríkissjóður ætlaði að eiga fyrirtækið á eigin spýtur. Ríkisábyrgðin þyrfti að vera upp á 700 millj. kr. en lögin heimila aðeins 300 millj.

Ég vil einnig benda á í þessu sambandi að hlutafé skv. lögunum yrði 200 millj. af hálfu ríkisins en þyrfti að verða 530 millj. a. m. k. skv. þeim áætlunum sem uppi eru í dag. Þessar tölur hafa allar hækkað frá því sem í lögunum greinir vegna verðbólgunnar. Það er því ljóst að Alþingi þarf að fjalla sérstaklega um þennan þátt síðar, einkum ef svo færi að ríkisstj. ætlaði okkur að eiga þetta fyrirtæki að miklum meiri hluta sem ég tel reyndar óráðlegt. Alþingi hefur því enn öll tök á þessu máli.

Varðandi brtt. á þskj. 927 þá hef ég þegar gert grein fyrir annarri efnisbreytingunni sem felst í henni frá upphaflegu tillögunni. Hinn efnisbreytingin er meira formlegs eðlis, þ. e. hún miðar að því að tryggja að þær heimildir, sem í lögunum greinir, kvikni við samþykkt þessarar þáltill. og breytingin miðar að því að tryggja að ályktun Alþingis sé í fullu samræmi við 3. gr. laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði nr. 70/1982.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti, og ég ítreka það sem ég sagði áður, það er tillaga okkar í meiri hl. atvmn. að þessi þáltill. verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð hefur verið grein fyrir.

Frsm. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Sú þáltill. sem hér er til umr. lætur ekki mikið yfir sér þó hér sé stórt mál á ferðinni. Alþingi á auðvitað ekki að vera bjóðandi að taka afstöðu í slíku stórmáli á grundvelli þeirra örfáu lína sem hæstv. ráðh. þóknast að láta fylgja með þessu máli. Í þessu máli, eins og mörgum öðrum sem framkvæmdavaldið leggur fyrir Alþingi, á að nota þingið sem hverja aðra afgreiðslu- og stimpilstofnun fyrir ráðherrana en síðan er Alþingi gert að bera ábyrgð á málum.

Í því máli sem hér er til umr. hefur Alþingi á þessu stigi í raun ekki neinar haldbærar forsendur til að meta hvort skynsamlegt sé að ráðast í þetta verkefni eða hvaða fjárhagsleg áhætta er hér tekin. Því hlýtur það mjög að orka tvímælis að Alþingi skrifi undir þessa óútfylltu ávísun til framkvæmdavaldsins svo ekki sé meira sagt. Hér erum við ekki að tala um neinar smáupphæðir þegar heildarframkvæmdakostnaður er vel á þriðja milljarð króna.

Gegnum árin er alltaf verið að afgreiða alls konar heimildarlög til framkvæmdavaldsins og er það í raun svo að í mörgum málum er ákvarðanataka að færast frá Alþingi yfir til ráðh. og framkvæmdavaldsins. Það væri t. d. fróðlegt að fá upplýst hjá hæstv. iðnrh. við þessa umr. hversu mörg heimildalög eru nú í gildi á sviði iðnaðar- og orkumála í hans rn. sem hann t. d. eða aðrir ráðh. sem á eftir koma gætu farið af stað með ef þeim svo sýndist án þess að Alþingi hafi aðstöðu til að meta hagkvæmni eða skynsemi þeirra ákvarðana sem teknar kynnu að vera skv. heimildalögum sem í gildi eru.

Varðandi þá verksmiðju, sem hér er til umr., eru þær fjórar meginforsendur, sem byggja þarf á þegar lagt er mat á hagkvæmni og skynsemi þessa verkefnis, vægast sagt mjög óljósar, þannig að alþm. hafa í raun ekki fyrir sér þá heildarmynd sem nauðsynleg er þegar þeir taka jafn mikilvæga ákvörðun og hér er lagt til af hálfu iðnrh. að tekin verði með þessari þáltill., um að heimila framkvæmdavaldinu að reisa og reka kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Þessir fjórir meginþættir snerta í fyrsta lagi eignaraðild og samvinnu við innlenda eða erlenda aðila um þetta verkefni þannig að hægt sé að leggja mat á þá fjárhagslegu áhættu sem fylgir þessu verkefni fyrir ríkissjóð.

Í öðru lagi hver sé staðan í markaðsmálum og hvernig fyrirhugað sé að standa að henni. Hvaða möguleika höfum við til að selja framleiðsluna? Liggur fyrir einhver trygging um markað og sölu fyrir framleiðsluna sem áætluð er um 25 þúsund tonn á ári? Í arðsemisútreikningum sem fyrir liggja er lítið sem ekkert fjallað um þessa hlið mála og ljóst af umr. í atvmn. um málið að þessi hlið mála hefur ekki nægjanlega verið könnuð til að gefa Alþingi upplýsingar um hvernig fyrirhugað er og best sé að standa að markaðsmálum. En þau tengjast líka beint og óbeint eignaraðildarmálinu og samvinnu við aðra aðila um þetta verkefni.

Í þriðja lagi er það svo orkuverðið til verksmiðjunnar og afhendingartími orkunnar, en í arðsemisútreikningum sem fyrir liggja eru 18 mill lögð til grundvallar. Þessi þáttur mála liggur heldur ekki ljós fyrir, en í bréfi Landsvirkjunar til atvmn. kemur fram að áætlað verð á forgangsorku til stóriðju muni liggja á bilinu 18—22 mill.

Varðandi orkuafhendingu kemur fram í bréfi Landsvirkjunar að Landsvirkjun geti afhent kísilmálmverksmiðjunni forgangsorku frá þeim tíma sem Blönduvirkjun hefur framleiðslu sem áætlað er að verði 1988. En fram til þess tíma kemur til greina að afhenda orku með takmörkuðu afhendingaröryggi, þ. e. afgangsorku, og þá á lægra verði. Einnig kemur eftirfarandi fram í bréfi Landsvirkjunar, með leyfi forseta:

„Ef kísilmálmverksmiðjan óskar eftir orku áður en Blönduvirkjun kemst í gagnið, t. d. frá 1. sept. 1986, má reikna með að í meðalvatnsári verði hægt að fullnægja 80—90% orkuþarfarinnar en e. t. v. aðeins 40—50% hennar í mjög þurru ári og er hér átt við orkuþörf eins ofns. Fyrir tvo ofna má búast við hlutfallslega minni orkuafhendingarmöguleikum.

Auk hugsanlegrar skerðingar á orku vegna vatnsskorts má búast við einhverri skerðingu vegna aflskorts, sérstaklega veturinn 1987—1988. Slík skerðing yrði þó vart mikil að orkumagni en getur haft veruleg áhrif á rekstrarmáta verksmiðjunnar. Þá benda nýjustu athuganir Landsvirkjunar til þess að vandamál vegna flutnings orku eftir byggðalínum til kísilmálmverksmiðjunnar megi leysa þótt Sprengisandslína komi ekki fyrr en undir lok þessa áratugar, en treysta verður því að ekki dragi úr núverandi orkuframleiðslugetu Kröfluvirkjunar."

Ég vil einnig varðandi þennan óvissuþátt vitna til orða hæstv. iðnrh. við 1. umr. þessa máls, en þá sagði ráðh., með leyfi forseta:

„Í öllum áætlunum og arðsemisreikningum væri mið-

að við 18 mill. Endanlegt raforkuverð ákvarðaðist þó af ýmsum atriðum svo sem kaupskylduákvæðum hluta afgangs- og forgangsorku og hvernig gangsetning verksmiðjunnar félli að byggingu virkjana. Gera yrði ráð fyrir því að raforkuverðið yrði verðtryggt. Til greina kæmi að tengja raforkuverðið að einhverju leyti markaðsverði kísilmálms og taka tillit til erfiðari greiðslustöðu verksmiðjunnar fyrstu árin meðan afborganir lána væru hvað mestar."

Óvissa ríkir því einnig í þessu máli varðandi orkuverðið sem er veigamikill þáttur þegar lagt er mat á framleiðslukostnað og arðsemi verksmiðjunnar.

Í fjórða lagi liggja fyrir arðsemisútreikningar sem stjórn kísilmálmverksmiðjunnar hefur gert, en þá skýrslu hljóta alþm. að leggja til grundvallar þegar þeir vega og meta afstöðu sína í þessu máli. Þessir arðsemisútreikningar voru lagðir fram í n. en hefðu auðvitað átt að fylgja þessum örfáu línum sem hæstv. iðnrh. var svo vænn að láta fylgja með þáltill. þegar hann fer fram á að Alþingi taki afstöðu í þessu stóra máli og samþykki að veita honum heimild til að láta reisa og reka kísilmálmverksmiðju sem kostar á þriðja milljarð króna.

Mér er satt að segja til efs að margir alþm. hafi séð þessa skýrslu eða arðsemisútreikningana, hvað þá lesið þá — þó þeim sé hér gert að taka afstöðu til málsins og samþykkja skýrsluna á þeim stutta tíma sem Alþingi hefur haft þetta verkefni til meðferðar á þessu þingi. Nú skal ég ekki draga í efa að stjórn Kísilmálmvinnslunnar hefur reynt að gera þessa arðsemisútreikninga vel úr garði. En ég tel þó að of mikillar bjartsýni gæti varðandi ýmsa þætti í þessum arðsemisútreikningum og tel ég óvarlegt af hæstv. iðnrh. að leggja þessa þáltill. fyrir Alþingi með því fororði að reikna megi með að arðsemi kísilmálmverksmiðjunnar verði 18.5% eða 15.8 fyrir sköttun og 12.6 eftir sköttun.

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar kísilmálmverksmiðjunnar frá janúar 1983 var innflutningsverð á kísilmálmi til Evrópu í lok ársins 1981 1200 til 1250 dollarar á tonn, í apríl 1982 990 til 1015 dollarar á tonn og í nóvember 1982 var það 870 til 930 dollarar á tonn. Í Bandaríkjunum var meðalverð 1982 1150 dollarar á tonn. Þessi þróun á verði hefur töluvert breyst og í arðsemisútreikningum, sem lagðir voru fyrir atvmn., kemur fram að í byrjun apríl hafi verð á kísilmálmi á frjálsum markaði í Evrópu verið 1270 til 1300 dollarar á tonn. Einnig kemur fram að nokkrar birgðir séu til staðar í Japan og verð á frjálsum markaði hafi verið 1275 til 1280 dollarar á tonn. Í skýrslunni kemur einnig fram að kaupendur stefni að 1350 dollurum á tonn. Meðalverð nú miðað við skiptingu milli markaðssvæða er 1325 dollarar á tonn. Í arðsemisútreikningum kemur fram að miðað við 25000 tonna ársframleiðslu kísilmálmverksmiðjunnar verði framleiðslukostnaður 1340 dollarar á tonn. Til að reksturinn standi undir fjármagnskostnaði og afskriftum þurfa því að fást 1340 dollarar á tonn en meðalverð nú miðað við skiptingu milli markaðssvæða er 1325 dollarar.

Í skýrslunni kemur einnig fram að miðað við þetta meðalsöluverð á afurðum verksmiðjunnar í dag, eða 1325 dollarar til áliðnaðar, gildi þess héldist óbreytt allt rekstrartímabilið og raforkuverð væri 18 mill, yrði arðsemi heildarfjármagns fyrir sköttun 9.3% en rekstrartap yrði fyrstu þrjú ár tímabilsins. Fjárstreymi yrði neikvætt fyrsta, þriðja, fjórða, fimmta rekstrarárið en uppsafnað fjárstreymi jákvætt á níunda rekstrarári. Í þeim tölum, sem hæstv. iðnrh. hefur nefnt um arðsemi, eða 15.8% fyrir sköttun og 12.6% eftir sköttun, er í arðsemisútreikningum einungis reiknað með 10% fráviki á söluverði til hækkunar og lækkunar.

Ég tel, herra forseti, að nauðsynlegt hefði verið í þessari skýrslu að leggja mat á stærri sveiflur en hér er gert ráð fyrir. Ég tel að eðlilegt hefði verið að sýna í þessum arðsemisútreikningum, miðað við þær miklu verðsveiflur sem hafa verið á söluverði þessarar framleiðslu á undanförnum árum, að fram kæmi einnig hvaða áhrif það hefði ef t. d. yrði 25—30% verðfall í tvö ár eða 50% samdráttur í 1—2 ár vegna sölutregðu eða orkuskorts.

Ég tel, herra forseti, að heiðarlegt hefði verið og raunar nauðsynlegt að sýna áhrif slíkra sveiflna í þessari skýrslu miðað við hver reynslan hefur verið í þessum málum. Einnig dreg ég í efa að hámarksafköst og nýting verksmiðjunnar, sem fram kemur í skýrslunni, sé raunhæf, a. m. k. gæti þar nokkurrar bjartsýni. Í skýrslunni kemur fram að fræðileg hámarksafköst séu 28 900 tonn á ári. Ef tillit er tekið til eðlilegra rekstrar- og rafmagnstruflana er nýting talin 87% og áætluð framleiðsla því um 25 000 tonn á ári.

Í skýrslu stjórnar kísilmálmverksmiðjunnar frá 1983 kemur eftirfarandi fram: Núverandi afkastageta kísilmálmverksmiðja er áætluð 600—620 000 tonn á ári. Tekið er fram að í þessu sambandi sé nauðsynlegt að hafa í huga að hér sé um fræðileg afköst að ræða. Þau afköst sem hægt er að ná í raun eru háð raforku, fáanlegu hráefni, ástandi á vinnumarkaði og fjármagni og öðrum rekstrar- og efnahagsþáttum. Raunveruleg afköst reynast því verulega lægri. Þannig var nýting heildarafkastagetu um 76% seinni hluta síðasta áratugar þegar mikil eftirspurn var eftir kísilmálmi. Nýting einstakra verksmiðja var þó minni. Eðlileg nýting afkastagetu núverandi kísilmálmverksmiðja er því talin vera 75%, en eins og áður er getið er í skýrslu stjórnar kísilmálmverksmiðjunnar reiknað með 87% nýtingu.

Í skýrslunni kemur einnig fram að áætla megi að núverandi verksmiðjur anni 450—470 þúsund tonna markaði. Í skýrslunni frá 1983 er talið að miðað við eftirspurn sé nýting um 60%. Að ósk minni var leitað eftir áliti Þjóðhagsstofnunar á arðsemisútreikningum sem fyrir lágu. Á þeim stutta tíma sem Þjóðhagsstofnun var ætlaður til þess verkefnis treystu forsvarsmenn stofnunarinnar sér ekki að skila skriflegu áliti um málið, en á fundi n. mætti þó Jón Sigurðsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun. Þeir tóku skýrt fram að þeim hefði gefist mjög lítill tími til að kynna sér málið.

Þegar frv. um kísilmálmverksmiðju var til umr. á Alþingi 1982 skilaði Þjóðhagsstofnun skriflegu áliti um málið. Á fundum n. nú tók Jón Sigurðsson það fram að eftir því sem hann hefði haft tök á að kynna sér arðsemisútreikninga verksmiðjunnar ættu margar þær athugasemdir sem Þjóðhagsstofnun gerði á árinu 1982, enn við í dag um ýmsa þætti er snerta rekstrargrundvöll verksmiðjunnar.

Í skýrslunni frá 1982 kom fram að umfjöllun um málið væri háð þeim veigamikla annmarka að ekki væri um neinn samanburð að ræða við aðra iðnaðarkosti af svipuðu tagi sem til greina kynnu að koma. Af þeim sökum segi niðurstöður arðsemismats afar takmarkaða

sögu þar sem einungis væri unnt að bera arðsemi saman við vexti á fjármagnsmarkaði. Slíkur samanburður væri þó varla marktækur vegna gjörólíkrar áhættu. Skortur á samanburði við aðra kosti takmarki mjög gildi arðsemismats á einstökum framkvæmdum, segir að lokum um þennan þátt í áliti Þjóðhagsstofnunar frá 1982.

Í atvmn. nú benti Jón Sigurðsson enn á þennan þátt og sagði að hann ætti eins við í dag og 1982. Í áliti Þjóðhagsstofnunar frá 1982 kemur eftirfarandi einnig fram, með leyfi forseta:

„Í skýrslu verkefnisstjórnar er reiknað með verulegri hækkun afurðaverðs frá því sem nú er, eins og fram kemur hér á eftir, en aftur á móti er ekki reiknað með hækkun á hráefnum. Þetta kann að orka tvímælis, einkum að því er varðar kvarts, sem er um fimmtungur hráefniskostnaðar."

Þennan þátt gerði Jón Sigurðsson einnig að umtalsefni í n. og taldi að í arðsemisútreikningum væri lítið gert úr hækkunum aðfanga eða hráefnum, þegar lagt væri mat á framleiðslukostnað verksmiðjunnar.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og frsm. fyrir meirihlutaáliti atvmn. nú gerði þennan þátt að umræðuefni þegar frv. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði var til umr. hér á Alþingi 4. maí 1982. Þá sagði hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, með leyfi forseta:

„Varðandi áætlun verkefnisstjórnar um verð á hráefni verksmiðjunnar hefur komið fram ábending um það, m. a. frá Seðlabanka, að ekki sé líklegt að hráefni kísilmálmiðnaðar muni haldast nær óbreytt ef markaðsverð fyrir kísilmálm hækkar á bilinu frá 20—30%. Bent er á að skv. útreikningum verkefnisstjórnar hefur 10% hækkun hráefniskostnaðar verksmiðjunnar í för með sér u. þ. b. 2% lækkun arðsemi fyrirtækisins metið í afkastavöxtum".

En einmitt það, eins og ég benti á, gerði Jón Sigurðsson einnig athugasemd við nú, að lítið væri gert úr hækkunum aðfanga eða hráefnis þegar lagt væri mat á framleiðslukostnað verksmiðjunnar.

Varðandi þau megintilvik, sem fram komu í reikningum um arðsemi kísilmálmverksmiðjunnar, taldi Jón Sigurðsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, að töluverðrar bjartsýni gætti varðandi arðsemina og óvarlegt væri að reikna með þeirri arðsemi sem þar kemur fram. Undir þetta tel ég að hægt sé að taka og að með nokkurri bjartsýni megi þó segja að arðsemin liggi 5—6% neðar, það er a. m. k. raunhæfari áætlun.

Í þessu sambandi má benda á að fram kom hjá Jóni Sigurðssyni að raunhæfara væri að miða arðsemismatið við lægra markaðsverð og því væri markaðsspáin of bjartsýn. Jón Sigurðsson ræddi einnig nokkuð skilaverð til verksmiðjunnar, vaxtakjör, mat á vaxtakostnaði miðað við áhrif verðbólgu. Bent er m. a. á álit Seðlabankans frá 1982.

Á Alþingi 4. maí 1982 gerði hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson þennan þátt mála að umtalsefni og sagði m. a., með leyfi forseta:

„Í skýrslu Seðlabankans er síðan fjallað um það sem greinir í skýrslu verkefnisstjórnar um áætluð vaxtakjör og kemur fram að Seðlabankinn telur að forsendur verkefnisstjórnar varðandi vaxtakjör á lánum til verksmiðjunnar þurfi nánari athugunar við. Telur Seðlabankinn að niðurstaðan varðandi áætlaða vexti skipti miklu máli vegna samanburðar við afkastavexti verksmiðjunnar eins og þeir hafa verið áætlaðir.

Um áætlað rekstrarfjármagn segir svo í umsögn Seðlabankans:

„Að því er varðar áætlun verkefnisstjórnar um rekstrarfjármagn er það skoðun Seðlabankans að þrátt fyrir það að verkefnisstjórn hafi ekki gert ráð fyrir neinum greiðslufresti á aðföngum, þá sé hér um vanáætlun að ræða. Þessi skoðun kemur einnig fram í grg. ráðgjafarfyrirtækisins RDG" — sem er skammstöfun fyrir Resources Development Group. — „Hversu mikið á vantar hafa ekki verið tök á að meta, enda mun það m. a. ráðast af stærðum sem ekki eru þekktar, svo sem greiðslukjörum til umboðsmanna og fleira slíku.

Í ábendingum hér að ofan að því er varðar rekstrarkostnað hefur verið nefnt að í áætlunum er ekki gert ráð fyrir neinum verulegum sveiflum í verðlagi og sölu milli ára. Ef gera á raunhæft mat á stöðu fyrirtækisins verður að gera ráð fyrir því að meira fé í rekstrarfjárformi þurfi til öryggisins vegna til að mæta slíkum sveiflum ef greiðslugeta fyrirtækisins á að vera tryggð. Nægir í því sambandi að benda á þá fjármagnsþörf sem nú er til umfjöllunar á Alþingi vegna hliðstæðra rekstrarerfiðleika Íslenska járnblendifélagsins.""

Og áfram heldur Birgir Ísl. Gunnarsson:

„Þetta var tilvitnun í skýrslu Seðlabankans. Í þessum kafla í skýrslu Seðlabankans er einnig rætt um veitingu ríkisábyrgða og sú skoðun sett fram að æskilegast sé að komast hjá ríkisábyrgðum á fjárfestingarlánum til verksmiðjunnar í eins ríkum mæli og mögulegt sé. Æskilegt sé að takmarka hversu langt íslenska ríkið gangi í veitingu ábyrgða og í þessu tilviki sé um að ræða stórar ábyrgðir sem komi til viðbótar væntanlegum lántökum ríkissjóðs vegna kaupa á hlutabréfum í fyrirtækjum. Ákvörðun fyrir fram um ríkisábyrgð á lántökum vegna fyrirtækisins dragi úr því öryggi sem fólgið sé í áhættumati einstakra lánastofnana í fjárfestingunni því að með ríkisábyrgð að baki skiptir áhætta í fyrirtækinu miklum mun minna máli fyrir lánveitandann en ella. Því sé eðlilegt að gefa ekki fyrirheit um tilteknar ríkisábyrgðir fyrr en alvarlegar viðræður hafi farið fram við hugsanlega lánveitendur. Seðlabankinn telji æskilegt með tilliti til áhættu að fá fram álit erlendra fjármálastofnana á hagkvæmni fjárfestingarinnar og jafnframt áhættu með því að leita eftir lánum án ríkisábyrgða.

Lokaþáttur í þessum kafla í umsögn Seðlabankans er svohljóðandi:

„Ef dregið er saman það, sem sagt er hér að ofan um fjármögnun, er niðurstaðan sú að fjármögnun hinnar fyrirhuguðu verksmiðju hafi ekki verið nægilegur gaumur gefinn af verkefnisstjórn. Það er skoðun bankans að ræða þurfi við hugsanlega lánveitendur áður en lengra er haldið um ákvarðanatöku, þannig að hægt sé að leggja fram raunhæfa fjármögnunaráætlun samhliða öðrum áætlunum sem verkefnisstjórn hefur unnið að. Meðan slík áætlun er ekki fyrir hendi verður ekki sagt að undirbúningsathugunum sé lokið. Liður í undirbúningi slíkrar fjármögnunaráætlunar væri áhættumat á fjárfestingunni og hinum ýmsu liðum hennar. Eins og áður hefur verið vikið að fælist slíkt áhættumat óbeint í undirtektum lánveitenda við lánsbeiðnum, en væntanlegur eigandi verksmiðjunnar þarf sjálfur að mynda sér skoðun um þá áhættu sem verið er að taka. Þessi atriði, sem hér eru tekin til umr., geta að sjálfsögðu haft áhrif á arðsemi fyrirtækisins til hins betra eða verra.""

Niðurstaða Jóns Sigurðssonar hjá Þjóðhagsstofnun

varð m. a. sú að markaðsspáin væri of bjartsýn og reikna mætti með að greiðslustaða verksmiðjunnar væri verri en áætlanir stjórnar Kísilmálmvinnslunnar sýndu.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Þá skýringu sem ég hef fengið á því hvers vegna nú væri nauðsynlegt að veita ríkisstj. þessa heimild til að reisa og reka kísilmálmverksmiðjuna tel ég hæpna. Við verðum að gera okkur grein fyrir að með samþykkt þessarar þáltill. er Alþingi að mínu viti að óþörfu að heimila að opna fyrir framkvæmdir og fjárhagslegar heimildir eins og 200 millj. kr. hlutafé og ríkisábyrgð fyrir 300 millj. kr. láni sem nú er bundið í lögum um kísilmálmverksmiðju frá maí 1982.

Sú meginröksemd, sem fram er borin fyrir því að Alþingi eigi nú að opna allar gáttir í þessu efni, er sú að það muni styrkja stöðu þeirra við væntanlega samningsaðila. Hæstv. iðnrh. orðaði það svo á Alþingi að stóriðjunefndin teldi rétt að fram komi það álit hennar að samningsstaða í viðræðum við mögulega eignaraðila muni styrkjast ef Alþingi veitti ríkisstj. með þál. ákvörðunarvald um framgang málsins. Þetta sagði ráðh., ákvörðunarvald um framgang málsins, hvorki meira né minna.

Ég tel þessa röksemd um nauðsyn þess að samþykkja nú allar heimildir ríkisstj., sem bundnar eru í lögum, veika, ekki síst í ljósi þess að Alþingi er hér með að afhenda hæstv. iðnrh. óútfyllta ávísun án þess að vita hver verður fjárhagsleg áhætta ríkissjóðs í þessu máli.

Ég vil minna á í því sambandi að þegar samningar tókust við Union Carbide á sínum tíma um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga var samtímis tekin ákvörðun um að reisa og reka verksmiðjuna. Niðurstaðan af samningi við annan eignaraðila var sú forsenda sem menn byggðu afstöðu sína á á þeim tíma. Hvers vegna er slíkt ekki eðlilegt nú?

Sú brtt. sem ég flyt er ítrekun þess og stuðningur við okkar samningamenn og iðnrh., að miðað við stöðu mála í dag sé rétt að halda áfram af fullum hraða eins og kostur er að leita samninga við innlenda eða erlenda aðila um að reisa og reka verksmiðjuna án þess að opna þurfi fyrir allar flóðgáttir á fjármagni í bundnum heimildum í lögum um kísilmálmverksmiðjuna. Það liggur fyrir að ekki verður farið í neinar framkvæmdir á þessu ári. Af hverju á Alþingi að vera að veita framkvæmdavaldinu meiri heimildir að því er varðar fjármagn en nauðsynlegar eru? Af hverju má Alþingi ekki taka afstöðu á þeim eðlilegu forsendum að hafa heildarmynd af dæminu um þá fjárhagslegu áhættu sem tekin er með þessu fyrirtæki? Ég tel þessa málsmeðferð vanvirðu við Alþingi.

Ég flyt hér brtt. á þskj. 981 við þessa þáltill. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leggja fyrir Alþingi, ef viðunandi niðurstaða fæst, samning ásamt grg. um stöðu markaðsmála og orkuverð til verksmiðjunnar.“

Ég vil ítreka það að með samþykkt þessarar brtt. er á engan hátt verið að tefja fyrir að þessi verksmiðja verði reist, enda liggi fyrir heildarmynd af þeirri fjárhagslegu áhættu sem ríkissjóður tekur áður en Alþingi heimilar framkvæmdavaldinu að nýta fjármagnsheimildir þær sem eru í lögum um kísilmálmverksmiðju. Þessi brtt. felur í sér stuðning Alþingis við hæstv. iðnrh. og framkvæmdavaldið um að halda áfram með þetta verkefni og leita samvinnu við aðra eignaraðila um að reisa og reka verksmiðjuna án þess að opna fyrir fjárhagsheimildir sem er algjörlega óþarft á þessu stigi málsins. Umfram allt er efni þessarar brtt. það að þau eðlilegu og sjálfsögðu vinnubrögð verði höfð uppi hér á hv. Alþingi, þegar ákvarðanir eru teknar um að fara út í svo áhættusaman rekstur sem kostar á þriðja milljarð kr., að fyrir liggi allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að þm. geti tekið afstöðu í þessu máli á eðlilegum forsendum, þ. e. þegar heildarmynd af þessu verkefni liggur fyrir.

Ég vil, með leyfi forseta, einnig lesa það nál. sem brtt. fylgir og afgreiðslu af minni hálfu á málinu úr nefnd. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Atvmn. hefur m. a. fengið til fundar við sig um þetta mál forsvarsmenn Kísilmálmvinnslunnar hf. og lögð hefur verið fram í nefndinni grg. um arðsemisútreikninga sem unnir hafa verið af stjórn Kísilmálmvinnslunnar.

Af þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð, er ljóst að mikið hefur verið unnið í fyrirtækinu við að kanna rekstrargrundvöll þess og ýmislegt bendir til þess að fyrirtæki þetta geti reynst arðvænlegt þó að um markaðsmál, eignaraðild og orkuverð ríki vissulega nokkur óvissa á þessu stigi málsins. Jafnframt hefur verið upplýst að í gangi séu samningaumleitanir við erlenda aðila um hlutdeild í fyrirtækinu.

Ljóst er að næsta verkefni, sem liggur fyrir, er að ganga úr skugga um samstarfsvilja hinna erlendu aðila og ljúka samningum við þá, eða innlenda aðila, enda náist viðunandi samningar sem staðfestir verða af Alþingi, — svo og að markaðsmál verði athuguð betur og hvernig að þeim verði staðið.

Minni hl. nefndarinnar leggur áherslu á að að þessu verki verði unnið einmitt nú og vill með brtt. sinni ítreka þetta, og að samningar um eignaraðild verði lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar. Að staðfestum slíkum samningum er fyrst komið að því að taka ákvarðanir um að hefja byggingu verksmiðjunnar og því ekki um verulega fjárþörf að ræða fyrr en þá.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er verulegur og eðlilegt og rétt að lokaákvörðun Alþingis í málinu varðandi fjárframlög ríkisins, ríkisábyrgð á lánum og ákvörðun um framkvæmdir sé tekin þegar endanleg mynd liggur fyrir, í formi samnings við aðra eignaraðila, og grg. um markaðsmálin.

Minni hl. álítur að áður en Alþingi samþykkir að reisa verksmiðjuna verði þessir þættir að liggja ljósir fyrir og það sé bæði óeðlilegt og óvarlegt af Alþingi að taka ákvörðun um að heimila framkvæmdir og opna fyrir heimildarákvæði í lögum þar að lútandi, svo og heimild um 200 millj. kr. hlutafé frá ríkissjóði og ríkisábyrgð fyrir 300 millj. kr. láni áður en gerð hefur verið fullnægjandi grein fyrir þessum þáttum á Alþingi.

Minni hl. telur að þessi málsmeðferð sé eðlileg, sem lögð er til með brtt., og tefji ekki fyrir framkvæmdum því að upplýst hefur verið í nefndinni að engar líkur séu á að þær hefjist fyrr en á næsta ári. Brtt. minni hl. miðar að því að þessi vinnubrögð verði við höfð og málinu þannig komið á eðlilega braut. Segja má því að þessi þáltill., sem flutt er af iðnrh., sé óþörf og óeðlileg á þessu stigi málsins.

Tekið skal fram, að hér eru ekki túlkuð sjónarmið annarra þm. Alþfl. í þessu máli.“

Eins og segir hér síðast í þessu nál. eru ekki túlkuð sjónarmið annarra þm. Alþfl. í þessu máli. Þó að leiðir skilji nú í þessu ákveðna máli við mína félaga í þingflokknum, eins og fram kemur í nál., sem annað verklag vilja hafa á, þá tel ég að sú afstaða, sem ég hef hér tekið, sé í fyllsta samræmi við stefnu Alþfl. varðandi áhættusaman rekstur fyrirtækja í tengslum við stóriðju og orkumál þannig að hver kostur sé metinn af fyllstu nákvæmni út frá hagkvæmni og áhættuþáttum fyrir þjóðfélagið og afstaða ekki tekin út frá öðru en þeim meginþáttum fyrst og fremst. Ég tel því að afstaða mín sé í fyllsta samræmi við þá ábyrgu fjármálastjórn sem Alþfl. hefur gert kröfu um að eigi sér stað í íslensku þjóðlífi.

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. Treysti Alþingi sér ekki til að viðhafa þá málsmeðferð sem ég hef hér talað fyrir og samþykki ekki þá till. sem og málsmeðferð, sem ég legg til, mun ég greiða atkvæði gegn þáltill.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju með þá samstöðu, sem tókst um afgreiðslu þessa máls í hv. atvmn. Sþ., en þar tók ég þátt í nefndarstörfum um þetta mál í fjarveru hv. 4. þm. Suðurl., Garðars Sigurðssonar. Þótt einn nm. kysi að skila séráliti, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem hér hefur gert grein fyrir sinni afstöðu, virðist mér ekki sem um djúpstæðan skoðanamun sé að ræða af hennar hálfu annars vegar og meiri hl. n. hins vegar. Ég vek hins vegar athygli á því að brtt. hennar mundi færa þetta mál í nákvæmlega sömu stöðu og það væri að gildandi lögum án þess að nokkur ný afstaða væri tekin til málsins.

Samstaða tókst hjá meiri hl. n. um breytingu og umorðun á þáltill. Með þeirri breytingu er málið sett í skýrara samhengi við lög nr. 70 frá 1982 sem kveða m. a. ótvírætt á um meirihlutaeign íslenska ríkisins í verksmiðjunni. Einnig er tekið fram að ríkisstj. hafi heimild til að leita eftir samvinnu við innlenda ekki síður en erlenda aðila innan marka laganna.

Ég skrifa undir nál. með fyrirvara og varðar hann samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild að verksmiðjunni. Við Alþb.-menn höfum út af fyrir sig ekki útilokað að samvinna við erlenda aðila um einstaka þætti í stóriðju geti komið til greina í einstökum tilvikum, bæði varðandi eignaraðild og aðföng og sölu afurða, enda sé fullt forræði íslenska ríkisins þar tryggt bæði með meirihlutaeignaraðild og fullum tökum á markaði. Slík samvinna á hins vegar ekki að vera regla heldur fremur undantekning og þá gerð að vandlega athuguðu máli. Það fyrirtæki sem hér er fjallað um, kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, er þannig vaxið að engin ástæða er til að leita eftir erlendri meðeignaraðild að fyrirtækinu og hægt er að sýna fram á með skýrum rökum að hún sé þarflaus og til trafala við ákvarðanir um þetta fyrirtæki og uppbyggingu þess.

Við undirbúning kísilmálmverksmiðjumálsins á árunum 1980—1982, sem leiddi til lagasetningar um verksmiðjuna 7. maí 1982, var gert ráð fyrir að hún gæti orðið alíslenskt stóriðjufyrirtæki, þótt lögin banni út af fyrir sig ekki meðeign erlendra aðila, að minni hluta, með íslenska ríkinu fremur en í öðrum hlutafélögum. Hins vegar er skýrt tekið fram í 2. gr. laga nr. 70 frá árinu 1982 um verksmiðjuna að verði gerðir samstarfssamningar milli ríkissjóðs og annarra hluthafa skal leggja slíka samninga fyrir Alþingi til staðfestingar. Á það jafnt við um erlenda sem innlenda aðila sem samstarfssamningar yrðu hugsanlega gerðir við. Þetta er mikilsvert atriði og mikilsverð trygging og ég bendi á að heimild til handa ríkisstj. um að leita samvinnu við erlenda aðila, sem rætt er um í þáltill., getur ekki gengið lengra en lög um verksmiðjuna heimila. Gilda þá einu hugmyndir einstakra manna, ráðherra, þm. eða annarra um að breyta þessum lögum. Það verður að sjálfsögðu ekki gert nema með meiri hl. hér á hv. Alþingi. Ég vænti eindregið að til þess komi ekki.

Fyrirvari minn við nál. varðar, eins og hér hefur komið fram, hugmyndir og áform um að draga erlenda eignaraðila til þátttöku í fyrirtækinu. Komi til þess að stjórnvöld beri slíkt erindi upp við Alþingi munum við Alþb.-menn taka afstöðu til þess eftir málsatvikum. Sú stefna hæstv. núverandi iðnrh. að leita eftir erlendri eignaraðild að kísilmálmverksmiðjunni hefur nú þegar tafið það allt frá því að þing kom saman að Alþingi tæki ákvarðandi á þessu máli. Því miður eru horfur á að þessi stefna eigi enn eftir að tefja fyrir ákvörðun um framkvæmdir við verksmiðjuna til næsta hausts og jafnvel fram á næsta ár.

Á sama tíma og verið er að leita eftir erlendri meðeignaraðild að verksmiðjunni hefur verið vanrækt að kanna áhuga innlendra aðila, annarra en íslenska ríkisins, á þátttöku í fyrirtækinu. Það er því til bóta að minna á það atriði, eins og gert er með brtt. við þáltill., en eins og ég benti á í fyrri hluta umr. um till. ber enga nauðsyn til þess fyrir Alþingi að álykta sérstaklega um að ríkisstj. *megi leita samvinnu við aðila um eignaraðild* að verksmiðjunni að minni hluta til. En á sama hátt breytir slík ályktun litlu því að lögin um verksmiðjuna skera hér úr hversu með skuli farið. Meginatriðið, sem till. kveður á um, er að Alþingi tekur afstöðu til niðurstaðna könnunar á ýmsum þáttum verksmiðjumálsins sem stjórn Kísilmálmvinnslunnar var falið að vinna að í samræmi við 3. gr. laga um verksmiðjuna.

Niðurstöður í skýrslu stjórnarinnar í janúar 1983, sem fylgdi þáltill. um verksmiðjuna og sem lögð var fram á síðasta þingi, voru jákvæðar. Þá var mælt með að ráðist yrði í framkvæmdir og miðað við gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988 og allur undirbúningur ætti að miðast við gangsetningu hennar á árinu 1986. Síðari athuganir á vegum stjórnar Kísilmálmvinnslunnar, sem skilað var til hæstv. iðnrh. 5. apríl s. l., styðja enn frekar það mál að hér eigi að vera um arðvænlegt fyrirtæki að ræða. Því áliti var í engu hnekkt í þeim viðræðum sem n. átti við aðila sem kvaddir voru á fund hennar.

Menn getur vissulega greint á um hversu líklegt sé að niðurstöður úr afkomuspám fyrir verksmiðjuna standist í reynd, en heimild af hálfu Alþingis til ríkisstj. um að taka ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir hlýtur að byggja á sterkum líkum um að verksmiðjan sé þjóðhagslega arðvænlegt fyrirtæki. Ég minni á að allir arðsemisútreikningar miða við raforkuverðið 18 mill á kwst. sem Landsvirkjun telur tryggt að standi fyllilega undir framleiðslukostnaði, t. d. frá Blönduvirkjun. Með því er brotið í blað í verðlagningarstefnu á raforku til stóriðju og horfið frá þeirri meðgjöf í raforkuverði

sem við höfum bitra reynslu af í orkufrekum iðnaði hérlendis.

Ég legg áherslu á að stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. fái nú svigrúm til að taka með eðlilegum hætti á málefnum fyrirtækisins eins og hún er kjörin til lögum samkvæmt. Þar hef ég m. a. í huga að sinna þarf með virkari hætti en hingað til markaðsmálum og mótun markaðsstefnu af hálfu fyrirtækisins út frá þeirri forsendu að Íslendingar séu með fullt forræði einnig á því sviði. Ég leyfi mér að vænta þess, virðulegi forseti, að ríkisstj. taki sem fyrst ákvörðun um að hefja framkvæmdir við kísilmálmverksmiðjuna á grundvelli gildandi laga nr. 70/1982 um þetta stórfyrirtæki á Reyðarfirði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. 189. mál (þskj. 337, n. 928, 929). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, en 1. flm. þeirrar till. er hv. þm. Karl Steinar Guðnason, 6. landsk. þm.

N. leitaði umsagna ýmissa aðila um þetta mál. Ég skal ekki rekja þær nema í allra stærstu atriðum.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins bendir á að nokkuð umfangsmikla könnun þurfi til að koma þessu máli fram, en vill gjarnan taka þátt í slíku könnunarstarfi og leggja sitt af mörkum til að komast að raunhæfri niðurstöðu.

Í umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins kemur fram, að frá því hugmyndir um fríiðnaðarsvæði komu fyrst upp höfðu menn gjarnan í huga reynsluna við Shannon-flugvöll. Síðan hafa ýmsar forsendur breyst og þeir tollmúrar sem umluktu okkur á þessum árum hafa verið stórlega skertir, auk þess sem tollar innan EBE séu engir og hlutfall tolla af iðnaðarvörum almennt mun lægra en var á 6. og 7. áratugnum. Ástæða sé til að hvetja til athugunar á hagkvæmni sérstakrar iðnaðaruppbyggingar á Suðurnesjum, hvort sem hún er í beinum tengslum við Keflavíkurflugvöll eða aðra staði.

Varnarmáladeild utanrrn. mælir með samþykkt þessarar till. og er reiðubúin að leggja ofangreindri athugun þá liðveislu sem þörf sé á.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum mælir með samþykkt þáltill.

Iðntæknistofnun Íslands bendir á að heppilegt geti verið að gera frumkönnun á hagkvæmni fríiðnaðarsvæðis við Keflavíkurflugvöll, fyrst og fremst með því að kanna hvernig reynsla nágrannaþjóða sé af slíkum fríiðnaðarsvæðum.

Ítarlegust umsögn barst frá Landssambandi iðnaðarmanna. Þeir bentu á að ekki mætti búa þannig um hnútana að mismunun ætti sér stað varðandi annars vegar iðnað á slíku fríiðnaðarsvæði og svo iðnað annars staðar í landinu. Þrátt fyrir þennan fyrirvara telja þeir að þetta sé athyglisverð hugmynd, en telja nauðsynlegt að slík athugun sé gerð í fullu samráði við þá aðila sem hér eigi hlut að máli og gæta eigi hagsmuna íslensks iðnaðar. Jafnframt bendir landssambandið á að fleiri staðir geti hugsanlega komið til greina við staðsetningu slíks iðnaðar og benda sérstaklega á þær hafnir sem byggðar hafa verið í tengslum við stóriðjuframkvæmdir.

Að þessum umsögnum fengnum og að loknum umr. í n. mælir meiri hl. n. með því að till. sé samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 929 og miðast fyrst og fremst við að taka tillit til þeirra ábendinga sem fólust í umsögn Landssambands iðnaðarmanna.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það hefði kannske verið nær að tala svolítið í hinu málinu, það er nokkuð sérstakt, en þess vegna bið ég um orðið að ég var ekki alveg sammála þeirri afgreiðslu sem málið fékk í n. og ég var svo sem ekki viss um að allar forsendur sem til voru fyrir fríiðnaðarsvæði ættu við eftir að tollamúrum mörgum hefur verið hrundið og ýmsu öðru af því tagi.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að fara í tímaskorti á lokadögum þingsins að flytja langa ræðu í þessu máli. Ég held að flm., núverandi og fyrrverandi áhugamenn um fríiðnaðarsvæði, ættu að ígrunda þetta mál sjálfir dálítið betur áður en farið verður í dýra og umfangsmikla könnun á þessu máli þar sem ég tel að það séu ákaflega litlar forsendur eftir til þess að setja slíkt á laggirnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsnæðismál námsmanna, þáltill. 117. mál (þskj. 144, n. 937). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um þessa þáltill. og skilaði einu nál. þar sem hún leggur til að till. verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Þorsteinn Pálsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Uppbygging Reykholtsstaðar, þáltill. 217. mál (þskj. 386, n. 930, 931). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um uppbyggingu Reykholtsstaðar í Borgarfirði. N. varð sammála um að mæla með samþykkt till. með breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Þorsteinn Pálsson.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp brtt. Hún er svohljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að vinna að áframhaldandi uppbyggingu og skipulagningu Reykholtsstaðar í Borgarfirði.“

Segja má að með þessari brtt. sé það eitt gert að tilmælin sem framkvæmdavaldið fær eru rýmkuð á þann veg að það er ekki bundið við álit ákveðinnar nefndar hvað þarna sé gert, heldur lögð höfuðáhersla á að uppbygging og skipulag staðarins komi til framkvæmda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framburðarkennsla í íslensku, þáltill. 268. mál (þskj. 514, n. 932, 933). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um framburðarkennslu í íslensku og málvöndun. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt till. með breytingum sem n. flytur á sérstöku þskj.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Þorsteinn Pálsson.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp brtt., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að í ríkisfjölmiðlum og í grunnskólanámi verði aukin rækt lögð við málvöndun og kennslu í framburði íslenskrar tungu."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskeldi og klak sjávar- og vatnadýra, þáltill. 91. mál (þskj. 100, n. 960 og 989). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra.

N. ræddi þessa till. á nokkrum fundum og fékk umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Búnaðarfélagi Íslands, Rannsóknaráði ríkisins, sjávarútvegsráðuneyti, Landssambandi stangveiðifélaga og Hafrannsóknastofnun. N. komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um till. Meiri hl. n. leggur til að till. verði vísað til ríkisstj. og bendir í því sambandi á eftirfarandi:

1. Í umsögn Rannsóknaráðs ríkisins um þetta mál segir m. a.:

„Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins er nú unnið að úttekt á stöðu og framtíðarhorfum í eldi sjávar- og vatnadýra og annarra lífvera í sjó og vatni. Í athugun þessari er m. a. unnið að hliðstæðri upplýsingaöflun og óskað er eftir í umræddri þáltill. (4., 5. og 6. liður). Tilgangur athugunarinnar er m. a. að gefa stjórnvöldum betri innsýn í möguleika þessa atvinnusviðs og leggja grundvöll að stefnumótun varðandi rannsóknir og aðgerðir til stuðnings þessu atvinnusviði."

2. Í umsögn sjútvrn. um till. segir m. a.:

„Í júnímánuði s. l. hóf sjútvrn. undirbúning að skipan nefndar til að undirbúa heildarlöggjöf um fiskeldi í sjó sem síðan yrði lagt fram á Alþingi sem frv. til laga. Starf nefndarinnar átti einnig að ná til tillögugerðar um stjórnsýslulega yfirstjórn fiskeldismála, leyfisveitingar til fiskeldis í sjó, fjármögnun framkvæmda á þessu sviði og könnunar á hvaða fisktegundir væru heppilegastar til eldis miðað við markaðsmöguleika og arðsemi. Strax við undirbúning nefndarstarfsins kom í ljós að starfandi var nefnd á vegum Rannsóknaráðs ríkisins sem skipuð var haustið 1982 og var sú nefnd að vinna að sömu hlutum og fyrirhuguð nefnd á vegum sjútvrn. átti að vinna að. Það var því skoðun sjútvrn. að rétt væri að bíða með nefndarstarfið þar til niðurstaða af nefndarstarfi Rannsóknaráðs ríkisins lægi fyrir. Þeir sem tilnefndir höfðu verið í nefnd sjútvrn. þegar nefndarstarfinu var frestað voru frá sjútvrn. Finnur Ingólfsson, frá Fiskifélagi Íslands Ingimar Jóhannsson og frá Hafrannsóknastofnun Björn Björnsson. Eftir þeim upplýsingum sem rn. hefur fengið frá ritara nefndar Rannsóknaráðs, Úlfari Antonssyni, mun nál. þeirra nefndar verða tilbúið innan fárra vikna.

Í þáltill. þeirri sem hér er til umsagnar eru tilteknir sex þættir sem fyrstu aðgerðir á sviði fiskeldis og rannsókna á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra. Samkv. upplýsingum, sem ráðuneytið hefur frá Úlfari Antonssyni, verður í nál. nefndar Rannsóknaráðs svar við flestum ef ekki öllum þeim þáttum sem tilgreindir eru í þáltill.

Það er ætlun sjútvrn. að um leið og nál. nefndar Rannsóknaráðs ríkisins liggur fyrir hefji nefnd sjútvrn. störf og með þau markmið að leiðarljósi sem fyrr eru nefnd."

Í þriðja lagi bendir meiri hl. atvmn. á að þann 20. apríl 1982 var samþykkt till. til þál. um svipað efni. 1. flm. þeirrar till. var hv. 11. landsk. þm., Egill Jónsson, en þar var ríkisstj. falið að hlutast til um að gera áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum.

Með tilliti til þess sem að ofan greinir leggur meiri hl. n. til að þessari till. verði vísað til ríkisstj.

Ég tek það sérstaklega fram að n. telur að hér sé um merkasta mál að ræða og nauðsynlegt sé að fylgja því eftir að að þessum málum verði unnið af festu af hálfu hæstv. ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Eins og sjá má á nál. á þskj. 989 skila ég séráliti í þessu máli. Það er út af fyrir sig ekki vegna þess að ekki sé hollt og gott að minna á fiskeldi því að ég hef þá trú að fiskeldi, og þá eingöngu eldi á tegundum sem seljast fyrir hátt verð, geti orðið mjög merkilegur og arðgefandi atvinnuvegur í þessu landi.

Um þessi efni hafa verið fluttar margar till., bæði á þessu þingi og öðrum, að nú skuli gengið til þess að efla þetta og hitt. Það er auðvitað þarft að minna á hlutina, en það er til lítils að samþykkja þáltill. ár eftir ár, *jafnvel þótt góðar séu, ef ekkert er síðan gert með þær*, og jafnvel þó eitthvað væri gert með þær vantar til þess verkefnis mikið fé.

Ég er hins vegar alveg sannfærður um að hversu miklu fé sem til þessarar greinar er varið skilar það sér margfalt aftur. Í stað þess að einbeita sér að þessu fyrir mörgum árum, bæði á vegum hins opinbera og alls ekki síður einstaklinga, höfum við verið að leggja gífurlega fjármuni í alls kyns fjárfestingar þar sem nóg var fyrir. Ég held að það sé öllum ljóst núna og enginn leyfi sér í alvöru að halda því fram að við höfum ekki smíðað t. d. of mikið af togurum. Ég held að það geri enginn lengur í alvöru. Við höfum verið nokkrir hér með þá kenningu til allmargra ára og það er sýnilegt að skipafloti okkar er allt of stór fyrir það veiðimagn sem til er.

Þannig stendur á með þessa till., að þó að tillgr. út af fyrir sig sé ekki með eins mörgum göllum og málið í heild held ég að það sé nauðsynlegt að gera hv. þm., og ekki síður flm. en öðrum, ljóst að grg., útskýringar og fskj. eru óaðskiljanlegur þáttur þáltill. í heild. Enginn leggur fram þáltill. með ályktunarorðunum einum. Til þess að skilja hvað að baki býr semja menn grg. til að lýsa því hvað tillögumenn meina með því að flytja viðkomandi till. Það var einmitt þess vegna sem ég treysti mér ekki til þess að mæla með samþykkt þessarar till. Það gat auðvitað ekki komið neinum á óvart og alls ekki flm. sjálfum að ég tæki þessa afstöðu

því að ég hafði fyrir löngu lýst minni skoðun varðandi þetta mál í mínum þingflokki og það oftar en einu sinni.

Til þess að gera langt mál stutt og svo ekki sé eytt löngum tíma í ræðuhöld um þetta mál vil ég, herra forseti, með leyfi lesa mitt nál.:

„Með flutningi þessarar þáltill. er enn hreyft afar mikilvægu máli þar sem er eldi dýrra fisktegunda í sjó. Í þáltill. er hins vegar, að mati minni hl. nefndarinnar," og minni hl. nefndarinnar stendur hér, „blandað saman gjörólíkum hlutum með því taka inn eldi í þorski, ufsa og slíkum tegundum. Að mati minni hl. er útilokað að eldi af því tæi geti borgað sig, og gerir hvergi hér á Vesturlöndum, nema um alveg einstaka og sérstaka afmarkaða smámarkaði sé að tefla.

Að mati minni hl. er nauðsynlegt að aðskilja þessa þætti og leggja fyrst og fremst áherslu á eldi dýrra tegunda í sjó eða söltu vatni með tilstyrk jarðvarma og notkun hvers kyns fóðurs sem nærhendis er úr sjávarútvegi. Mikil reynsla er til í slíku eldi, ekki síst í Noregi.

Minni hl. leggur áherslu á að hér getur verið um stórkostlegan auðgefandi og öruggan atvinnuveg að ræða ef rétt er að staðið, en til þess þarf að leggja í þetta verkefni verulegar fjárhæðir. Þær skila sér margfaldlega til baka.

Minni hl. telur að:

1. flytja þurfi frv. að heildarlöggjöf í þessum efnum í stað þáltill.,
2. að slíkt eldi verði undir sjútvrn.,
3. að strax verði hafist handa því að hafi verið þörf á viðbót arðsamrar atvinnugreinar þá er það nú nauðsyn."

Þetta mun nú hafa, herra forseti, svo að ég skjóti aðeins inn í, skolast dálítið til í prentun eða vélritun.

„Minni hl. getur ekki stutt þáltill. óbreytta, en metur mikils áhuga flm. og annarra þeirra sem hreyft hafa slíkum málum fyrr, en metur þó mest framtak þeirra sem hafist hafa handa.

Meiri hl. nefndarinnar hefur lagt til að till. sé vísað til ríkisstj. og vonast undirritaður til að hún gefi gaum þeim tillgr. sem fjalla um eldi á dýrum fisktegundum."

Um þetta, herra forseti, þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð og mun ég þess vegna láta staðar numið um þessa till. nema sérstakt tilefni gefist til, en þá getum við líka rætt þetta mál vel og vandlega.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég er 1. flm. þessarar till., en með mér fluttu hana hv. þm. Geir Gunnarsson, Ragnar Arnalds og Steingrímur Sigfússon, og ég þakka hv. atvmn. fyrir hennar vinnu í sambandi við þetta efni. Ég get út af fyrir sig sætt mig við þá niðurstöðu meiri hl. nefndarinnar að vísa till. til ríkisstj. með þeim áherslum sem fram komu í nál. og máli formanns nefndarinnar hér áðan og ég vona að eftir verði fylgt þeim atriðum sem lögð er áhersla á í þessari till.

Efnisatriði hennar, eins og hún var hér fram lögð, voru þrjú. Það var að undirbúa áætlun um eflingu fiskeldis, jafnt sjávar- og vatnadýra, að sköpuð yrði aðstaða til víðtækra rannsókna og tilrauna með aðra þætti, svo sem klak og seiðaeldi, við íslenskar aðstæður, en slíka aðstöðu vantar nú mjög hérlendis, þannig að við getum byrjað að vinna upp það forskot sem aðrar þjóðir hafa gagnvart okkur á þessu sviði, og í þriðja lagi að samið verði á grundvelli áætlunar um eflingu fiskeldis frv. til laga um fiskeldi og það lagt fyrir Alþingi sem fyrst — tilgreint var í till. í þingbyrjun 1984.

Þetta eru þrjú efnisatriði þessarar þáltill. og síðan fylgdu ábendingar um fyrstu aðgerðir sem æskilegt væri að sinna.

Ég tel að frv. um þetta mál, heildarlöggjöf um fiskeldi, sem mikil nauðsyn er á að undirbúið verði og lagt fyrir þingið, verði tæpast unnið svo vel sé nema á grundvelli áætlunar sem gert er ráð fyrir og sem upplýst hefur verið að Rannsóknaráð ríkisins vinni nú sérstaklega að. Er það vissulega ánægjuefni og var mér raunar kunnugt um þá vinnu þegar þessi till. var fram lögð og vitnaði til hennar í framsöguræðu fyrir þessu máli.

Ég tel því að það sem bent er á í minnihlutaáliti varðandi þetta séu síst nýmæli, þ. e. að flytja þurfi frv. að heildarlöggjöf í þessum efnum í stað þáltill. Það er einmitt slíkt frv. sem lagt er til að samið verði á grundvelli áætlunar um þetta stóra mál, sem á að geta ef rétt er á haldið orðið stórfelld lyftistöng í íslensku atvinnulífi í framtíðinni, en til þess þarf að koma bæði meiri stuðningur við þessi efni, auknar rannsóknir og meira fjármagn.

Ég mun að sjálfsögðu fylgjast með því hver framvinda verður á vegum ríkisstj. í þessu efni og mun taka þetta mál hér upp eftir því sem ástæða er til á seinni stigum í þinginu eftir því sem ég fæ við komið.

Vitnað var í áliti meiri hl. nefndarinnar til þáltill. frá 20. apríl 1982. Hún var vissulega góðra gjalda verð, en hún varðaði fyrst og fremst fiskræktar- og veiðimál svokallaðra vatnafiska, en ekki þann þátt sem snýr að sjávareldi. Að því leyti er þessi till., sem hér er lagt til af meiri hl. nefndarinnar að verði vísað til ríkisstj., mun víðtækari. Ég vænti þess að næsta þing líði ekki svo að fyrir þingið verði ekki lagt frv. um þessi efni, heildarlöggjöf, þar sem tekið verði á öllum þeim mörgu þáttum sem löggjafinn þarf að taka afstöðu til um þessi mál.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Það er aðeins um formið. Hvað eru þáltill. og hvers konar afgreiðslu fá þær? Það eru yfirleitt ekki nema eins og þrjár aðferðir við að afgreiða þáltill. Í fyrsta lagi að afgreiða þær með því að samþykkja þær eða synja þeim. Ef hvorugt þetta er gert er algengasta aðferðin að leyfa þeim að liggja í n. og sú sem eftir er er að vísa þeim til ríkisstj. Það er ekki jákvæð afgreiðsla máls, það er afar svipað og að láta till. liggja kyrra, og ég undrast ef flutningsmenn eru ánægðir með þá afgreiðslu. Við sitjum hér 60 í þessari stofnun, hinu háa Alþingi, og þessir 60 skiptast í 50+10 eins og stendur þar sem um er að ræða 50 venjulega alþm. og 10 ráðherra. Og hverjir eiga svo að flytja frv. til laga? Ég hélt að allur þingheimur ætti að gera það og semja slík frv. Þróunin hefur orðið sú, a. m. k. um alllangt skeið, að þm. taka sig minna og minna fram um að semja frv. sjálfir, heldur láta ríkisstj. um og bæði virðist það vera í þessari ríkisstj. og undanförnum ríkisstjórnum að mikið vald er fært ríkisstj. og hinir 50 hafa verið eins og til þess að koma málum í gegn með því að lyfta upp hendinni öðru hverju. Frumkvæði þingsins verður sífellt minna. Ég tel að þetta sé slæm þróun. Ég tel að t. d. í þessu tilfelli séu menn bæði fróðir og fúsir til að berjast fyrir einhverju málefni af þessu tagi, en þá eiga þeir kannske ekki fyrst og fremst að fara að ala fisk, heldur að

snúa sér að því sjálfir að setja saman lagafrv. í sínum áhugamálum. Ég efast ekki um að áhugi a. m. k. eins flm. er mikill í þessum efnum. Í stað þess er samin þáltill. þar sem Alþingi ályktar að fela ríkisstj. eða skora á ríkisstj. að gera þetta og hitt. Ég segi fyrir mig að ég hef ekki það traust á ríkisstj. sem hér situr að ég vilji flytja þáltill. þar sem ríkisstj. er síðan falin framkvæmdin. Aðrir hafa greinilega mikið og lifandi og vakandi traust á ríkisstj. (**Gripið fram í:** Þær koma nú og fara.) Já, en þær fara sumar ekki nógu fljótt.

Ég verð að segja það að ég hef heldur ekki trú á Rannsóknaráði ríkisins. Ég hef slæma reynslu af því fyrirtæki, ég verð að segja það. Þaðan hafa verið teknir menn til að ráðleggja ríkisstj. hvar eigi að setja niður hin og þessi fyrirtæki með mjög slæmri reynslu. Ég ætla ekki að fara að rekja hvað t. d. staðarvalsnefnd hefur gert hér á undanförnum árum o. s. frv. Það er búið mál því miður, og um það mætti margt segja.

1. flm. till., hv. 5. þm. Austurl., sagði í sinni stuttu tölu að hann legði þann skilning í þessa till. að hún ætti *jöfnum höndum við eldi sjávar- og vatnadýra*. Þarna greinir okkur á og það er kjarni málsins. Í grg. með till. er talað um það og það er beinlínis fullyrt á bls. 2 á þskj. 100 að mestu framtíðarmöguleikarnir fyrir þjóðarbúið í fiskeldi gætu verið fólgnir í eldi sjávarfiska. Þetta er mikil og merkileg fullyrðing. Á því er þessi till. byggð að hluta til. Þetta er útskýringin við þá till. sem verið er að leggja fram. Menn hafa reynt þetta í Skotlandi, Bretlandi, Danmörku og Noregi, svo ég telji upp nokkur lönd á Vesturlöndum. Og í Noregi hefur þeim tekist að framleiða þorsk við „Austurvöll" í Noregi. Við stöndum líka við „Austurvöll í Noregi" þar sem fiskeldi er rætt en ekki framkvæmt. Þorskeldi við „Austurvöll" í Noregi byggist á norska jólamarkaðinum fyrir þorsk. Þar er söluverð á hvert kíló að meðaltali 110 krónur. Þessi tala er miðuð við nokkuð aldrað gengi, en sem betur fer hefur það nú ekki hreyfst eins hratt og stundum fyrr þannig að skekkjan er varla marktæk, en væri hún það yrði kílóverðið enn hærra. Hvert er fiskverðið hér á landi? 15 kr. Ef við færum út í slíkt eldi fengjum við 15 kr. fyrir kílóið, kannske 20 í besta falli, en yrðum að borga kannske 80 kr. fyrir kílóið. Það er ekki nóg að hafa einhverja slíka vinnslu í gangi ef söluverðið er 20 og kostnaðarverðið 80. Það er ekki skynsamlegur atvinnuvegur að mínum dómi. Þó er þetta líklega dýrasta tegundin sem hægt er að ala með einhverju skynsamlegu og þokkalegu lagi hér af þessum fisktegundum yfirleitt.

En hér er einnig talað um að afla ungfisks úr sjó. Það er bara ekki hægt vegna þess að fiskur drepst mjög fljótt jafnvel þó hann sé geymdur í einhverjum körum nema þá með miklum og dýrum erfiðismunum. Hér er t. d. fisktegundin ufsi nefndur. Kannast menn ekki við ufsa? Það er fiskur sem við Íslendingar veiðum mikið af, stundum með litlum tilkostnaði. En þó tilkostnaðurinn við ufsaveiðar geti stundum verið afar lítill er sjaldan hagur af því að veiða hann vegna þess að hann selst við svo lágu verði. Ætli 1. flokks ufsi af stærstu gerð við bestu skilyrði og á réttum árstíma sé ekki um 8 kr. kílóið? En það kostar 80 kr. að framleiða hvert kíló með eldi. Menn verða að horfast í augu við þetta. Þetta tel ég ekki skynsamlegt. Þess vegna get ég ekki mælt með því. Ég er ekki á móti þessu vegna þess að ég vilji endilega vera á móti hlutunum. Ég er kannske sá maður úr Alþb. sem minnst leggur sig fram um að vera á móti öllum sköpuðum hlutum af hvaða ástæðum sem er. Ég hef gert mér það að skyldu að taka afstöðu til mála eftir því hvort mér finnst þau skynsamleg eða ekki, hverjum sem líkar betur eða verr.

Um þetta mætti auðvitað margt segja, en ég ræddi um það við hæstv. forseta að eyða ekki löngum tíma og mun ekki gera það. En í þessu máli, málsmeðferðinni, aðferðinni, er um prinsipatriði að ræða. Hugmyndin að baki þessari þáltill. er að hluta til mjög góð þar sem við eigum von á arðbærri starfsemi, en að sama skapi vond þegar litið er til hins gífurlega taps sem hlyti óhjákvæmilega að verða af eldi sjávardýra.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég var því miður ekki viðstaddur þegar þessi umr. hófst, en vegna þess hvernig hún hefur farið fram nú upp á síðkastið sé ég mig knúinn til þess að segja hér nokkur orð. Ég vil samt byrja á því að þakka fyrir að þessi þáltill. skuli hafa verið flutt. Menn geta litið á framkvæmd þessara mála *frá ólíkum sjónarhól, en ég held að það sé þarft að ræða* þetta mál, athuga það og knýja á um að eitthvað raunhæfara sé gert en hefur verið fram að þessu. Að því leyti til er ég þakklátur fyrir að mál af þessu tagi skuli koma hér fram og það skuli vera rætt.

Ég held að það ætti að vera okkur umhugsunarefni hvernig á því stendur, miðað við þau skilyrði sem við höfum, miðað við þær vonir sem við berum til þess að þarna geti verið um álitlegan atvinnuveg að ræða, hvað lítið hefur verið aðhafst í þessum málum. Allt sem ýtir á að eitthvað raunhæfara sé gert er af því góða, að mínu mati. Það hefur verið bent á það af ýmsum mönnum, sem hafa hug á þessum rekstri og eru bæði búnir að læra og eru að læra um þessi mál, að það séu mikil líkindi fyrir því að þarna getum við farið út í fiskeldi í sjó, í botnkvíum, en til þess að hægt sé að fara út í það eða mæla með því þurfa fyrst að liggja fyrir rannsóknir á þessu sviði sem því miður hafa ekki farið fram. Það er athyglisvert t. d. með Norðmenn að þeir eru með sjóeldi nyrst í Noregi og þó þeir hafi fengið stundum áföll hafa þeir náð góðum árangri t. d. í sambandi við íslenska laxinn, sem hefur borið af, þolir meiri kulda en aðrar þær tegundir sem þeir hafa ræktað þar. Það sem þyrfti fyrst og fremst að gera nú væri því að hefja rannsóknir. Það er hvorki tími eða möguleiki til þess að setja fram hér hvernig að því skuli unnið, en ég hef heyrt kunnáttumenn á þessu sviði og Norðmenn, sem hafa hingað komið, halda því fram að líkur séu fyrir að við höfum mikla möguleika á þessu sviði. Þá er bara að hefjast handa um meiri rannsóknir. Það er það sem liggur á.

Fram var lagt á þessu þingi frv. um ræktun og eldi og veiði vatnafiska sem að vísu fór bara til 1. umr. og landbn. sendi til umsagnar vítt yfir til þess að reyna að fá þær hugmyndir fram sem kunni að vera í landinu um slíkt. Það er að vísu bara fjallað um vatnafiska í frv. þessu en eins og er er það álitlegasta eldið.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði áðan að þetta mál ætti að fara í hendur sjútvrn., en eins og hv. þm. vita er ræktun og eldi vatnafiska og veiði þeirra talið landbúnaður. Ég vil vekja athygli á að ég lít svo á og það eru margir fleiri sem telja það landbúnað. Hitt er svo annað mál, hvernig það verður með fiskeldi í sjó, þ. e. annað en eldi vatnafiska. Það kann að vera eðlilegast að það

heyri undir sjútvrn. Það er mikil árátta hér í þinginu að reyna að breyta öllu sem viðkemur landbúnaði. Það rignir yfir okkur þáltill. Það rignir jafnvel yfir okkur lagafrv. Eitt er hér á dagskrá sem sýnir í raun og veru hvernig þróunin er í þeim málum. Ég vil vekja á því athygli hér, án þess að tilgreina mikið, að menn ættu að huga að því að við búum ekki í þessu landi til langframa, held ég, öðruvísi en að byggja landið allt og þó að markaðserfiðleikar séu nú í landbúnaði væri nær fyrir þingið að huga að því hvernig á að byggja upp atvinnulífið um landið en að standa þannig að málum eins og mér sýnist að ýmsir hafi hug á sem hér hafa lagt til málanna á þessu sviði. Ég get ekki annað en mótmælt því ef það eru einhverjar hugmyndir um að eldi á vatnafiski tilheyri í framtíðinni öðru en landbúnaði.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég kem hér fyrst og fremst til að taka undir með síðasta ræðumanni um nauðsyn þess að styrkja landbúnað og það verður áreiðanlega ekki betur gert með öðru en aukinni fiskirækt. Svo vill til að ég hef nokkra þekkingu á því hvað hægt er að gera í laxeldi t. d. og vil nú ekki játa að við séum svo illa á vegi stödd á því sviði að þar sé allt að hefjast. Það hafa nú um fjögurra ára skeið verið gerðar tilraunir með laxeldi í lónum í Kelduhverfi sem hafa borið þann árangur að væntanlega verður slátrað 100 tonnum af úrvalslaxi á þessu ári og það fer síðan vaxandi ár frá ári. Þetta er eingöngu tilraun sem gæti skilað nokkurn veginn verðmæti sem svaraði til hátt í aflaverðmætis togara, bara það sem kemur úr þessari tilraunastarfsemi. (Gripið fram í.)

Þessi þekking er sem sagt komin inn í landið og við verðum að nálgast það að vita eins mikið um fiskirækt og sjálfir Norðmenn sem fluttu á síðasta ári út 17 016 tonn af laxi og reikna með að flytja út yfir 20 000 tonn á þessu ári og jafnvel upp undir 40 000 tonn á árinu 1985 og síðan hækkandi jafnt og þétt. Markaðir virðast vera nánast ótakmarkaðir og verð fer hækkandi ár frá ári á þessari úrvalsvöru því svo ótrúlegt sem það kann að virðast þá er eldislax enn þá betri en villti laxinn. Hann er mýkri og skemmtilegri fæða, sérstaklega þegar hann er reyktur og grafinn.

En þarna í Kelduhverfinu gerist það að sjálfsögðu, þar sem menn voru í tiltölulega erfiðum landbúnaði, að bjartsýni vaknar þegar slíkt fyrirtæki kemur. Það útvegar auðvitað þó nokkuð mörgum mönnum vinnu að jafnaði, kannske þremur, fjórum og allt upp í tuttugu þegar slátrað er, og umsvif eru talsverð. Þarna sýnist mönnum að sé hægt fljótlega að fara upp í 500—600 tonna framleiðslu og kannske mun meira, kannske svo þúsundum skiptir. En þá er þeirri sveit borgið og þar geta menn þó stundað búskap líka, búið á sínum býlum og unnið að hluta til við slíkan rekstur.

Eitthvað í þessa áttina er mjög víða hægt að gera, hygg ég. Norðanlands og kannske á Vestfjörðum og norðanverðum Austfjörðum mundi þó sjálfsagt ekki vera unnt að rækta lax í sjó öðruvísi en þegar heitt vatn væri til afnota, mjög mikill hiti til þess að hita sjóinn upp. En hér suðvestanlands væri, hygg ég, hægt, t. d. á Reykjanesi, að rækta mikið magn af laxi og silungi jafnvel án þess að hita sjóinn upp. En þar er raunar tækifæri til að dæla sjónum á land og nota jarðvarma til að hita hann upp þannig að hann gæti verið allt árið um kring 11°—12°, sem er kjörhiti þessara fiska, og sjá í starfi hve gífurlega yfirburði við höfum yfir Norðmenn í því efni því að sjór í Noregi, jafnvel í Suður-Noregi, getur farið allt niður undir 0°, og skapar auðvitað geysilega erfiðleika þegar það gerist, og allt upp undir 20° og það skapar álíka erfiðleika því að þá hálflamast laxinn og auðvitað mikill bakteríugróður og sjúkdómar sem því fylgir þegar sjávarhiti verður það mikill.

Ég vildi aðeins taka undir orð hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Það er brýn nauðsyn að gera allt sem unnt er til að efla íslenskan landbúnað einmitt núna þegar þessir miklu erfiðleikar steðja að, fyrst og fremst fjárhagslegir erfiðleikar, og að vísu hafa verið erfið ár frá náttúrunnar hendi að undanförnu, en þarna er einmitt stærsta tækifærið og það fljótvirkasta til að bjarga fjölmörgum sveitum landsins.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég vil sem einn af flm. þessarar þáltill. leggja nokkur orð í belg. Ég tek undir með tveimur hv. síðustu ræðumönnum að einmitt á þessu sviði felast möguleikar sem maður lítur vissulega með mikilli bjartsýni til, sem komið geta inn í atvinnusköpun og styrkt byggð úti á landsbyggðinni og orðið reyndar öllum efnahag og atvinnulífi landsmanna í heild til góða.

En ástæðan fyrir því að ég kom hingað upp var aðallega sú að hv. 4. þm. Suðurl. hóf hér mjög athyglisverða umræðu um hversu hlutdeild óbreyttra hv. þm., ef svo má orða það, hefur að hans mati farið minnkandi í frumvarpssmíð og ef ég man rétt mæltist honum efnislega á þá leið að hlutdeild þeirra í því hefði farið síminnkandi og þetta hefði fyrst meira yfir á það að flytja till. til þál. Nú held ég að ekki sé ástæða til að lasta það form sem eru till. til þál. Þm. vekja athygli á málum með ýmsum hætti: með fsp., með því að ræða þau utan dagskrár og flytja till. til þál. og að sjálfsögðu einnig frv. þó að frv., sérstaklega um viðamikil málefni, lögðum fram eða gerðum af einstökum þm., hafi sjálfsagt fækkað. Um það er ég ekki sá réttasti til að dæma.

Ég held að það beri að fagna hverju því frumkvæði sem þm. sýna í málum sem þessum og menn þurfi þá ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því með hvaða hætti það birtist. Það er þannig þegar um viðamikil mál er að ræða að það er mikið verk að semja frv., ég tala nú ekki um heildarlöggjöf fyrir heilan málaflokk eins og hér er á ferðinni, og mín stundarreynsla er sú, að einstökum þm. sé það að mörgu leyti mjög erfitt verk vegna þeirrar aðstöðu sem þeir búa við hér í þinginu. Ég teldi það fyllilega athugandi að komið yrði til móts við þetta með því móti að auðvelda einstökum þm., einstökum þingflokkum þetta verk með því að þingið sæi þeim fyrir betri aðstöðu og jafnvel starfskröftum.

Eins og í pottinn er búið í dag held ég að ekki sé nema að mörgu leyti eðlilegt að einstakir þm. eða hópar þeirra veigri sér við að fara út í það mikla verk sem er að semja slíka heildarlöggjöf fyrir heilan málaflokk. Það þýðir ekki að þeir sjái ekki þörfina á því. Sú leið sem þeim er þá gjarnan opin er einmitt sú að álykta um að þörf sé á samræmdri heildarlöggjöf eða löggjöf í einhverjum efnum. Það er einmitt það sem hér hefur verið gert. Einstakir þm. eru kannske það afkastamiklir að þeir treysti sér vel til að semja slíka heildarlöggjöf og vel má vera að sé farið í gegnum þingsögu síðustu ára

standi upp úr einstök afreksmenni sem hafi samið mikið af slíkum samræmdum lögum og lagabálkum og ef svo er þá hafa þeir vissulega fullan rétt til að koma hér upp og gagnrýna hvað aðrir þm. eru linir við að hella sér út í slík verk. Ég skal verða manna fyrstur til að taka ofan fyrir slíkum mönnum sem geta komið hér upp og bent á afrek sín í þessum efnum og með fullum rétti gagnrýnt aðra þm. þar af leiðandi. Þeim mönnum skal ég votta virðingu mína hvenær sem er þegar þeir hafa sannfært mig um að þeir hafi efni á að tala sem slíkir.

Herra forseti. Ég hefði sem einn af flm. að sjálfsögðu kosið að þessi þáltill. hlyti hér jákvæða afgreiðslu, en ég geri mikinn mun á því hvort henni er vísað til ríkisstj. annars vegar með að mörgu leyti jákvæðri umsögn og ummælum eins og hér er gert eða hvort hún er látin liggja, svo ég tali nú ekki um hvort hún er felld. Ég teldi það mjög alvarlegt í sjálfu sér ef hv. Alþingi treystir sér til að fella till. um þetta á þessu stigi málsins þar sem það er nánast samdóma skoðun allra þm. sem hér hafa komið upp og talað um þetta mál og önnur tengd því að hér felist einmitt miklir möguleikar og þörf sé átaks í þessum efnum.

Þess vegna vil ég gera skýran greinarmun á því hvort þessari till. er, eins og hér er gerð till. um, vísað til ríkisstj. eða hvort hún hefði hlotið einhver önnur og verri örlög. Ég sætti mig fyrir mitt leyti fyllilega við það að svo fari að henni verði vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir vegna Skeiðarárhlaupa, þáltill. 291. mál (þskj. 565, n. 1022). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft till. til þál. um varnir gegn hættu á Skeiðarárhlaupum til athugunar. N. leggur einróma til að till. verði vísað til ríkisstj. til nánari umfjöllunar og afgreiðslu eins og segir í nál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kynning á líftækni, þáltill. 278. mál (þskj. 535, n. 959). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um kynningu á líftækni sem hv. 4. landsk. þm. Guðmundur Einarsson hefur flutt. N. mælir með því einróma að till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn og meðferð nauðgunarmála, þáltill. 289. mál (þskj. 556, n. 976). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. N. hefur fjallað um till. og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar óbreyttrar. Í n. varð hins vegar nokkur umr. um ýmis atriði í grg. þeirri sem fylgdi till. Það var aðallega um þrjú atriði að ræða, en það voru þau tilmæli að gert yrði ráð fyrir að sá læknir er skoðar brotaþola svo og rannsóknarlögreglumaður sá er yfirheyrir hann séu jafnan konur, og einnig er gert ráð fyrir að lögreglu sé skylt að benda brotaþola á aðstoð kvennaathvarfa. Okkur þótti, þar sem gera verður ráð fyrir að hér sé um að ræða rannsókn allra nauðgunarmála, till. hljóta að taka til þeirra tilvika sem varða 203. gr. hegningarlaga, en sú grein fjallar um þegar slíkir atburðir verða milli fólks af sama kyni. N. vill því koma því á framfæri að hún telji eðlilegt að brotaþoli eigi jafnan kost á því að óska eftir að þeir sem um mál hans fjalla séu fólk af sama kyni þar sem því verður við komið. Að öðru leyti vill n. taka fram að hún væntir þess að till. hljóti samþykki. En varðandi þessi ákvæði um að sérstök tilmæli beri að virða um starfsmenn sem um málið fjalla, að þeir séu af sama kyni og brotaþoli, þá vill n. taka fram að hún telur það ekki óeðlilegt í þessum tilvikum, þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga um jafnrétti karla og kvenna nr. 78/1976, en þar er atvinnurekanda í raun og veru ekki heimilt að velja fólk til starfa eftir kynjum.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. allshn. fyrir meðhöndlun þessa máls. Ég man nú ekki alveg daginn sem það var lagt fram hér í þinginu en mér tókst ekki að mæla fyrir því fyrr en 26. apríl s. l. og komst þá ekki á mælendaskrá fyrr en liðið var fram á kvöld og talaði hér yfir sárafáum þm. Þess vegna m. a. svo og vegna þess hversu áliðið var orðið þings óttaðist ég að þetta mikilvæga mál kynni að týnast í öllu því málaflóði sem hv. allshn. hefur haft til meðferðar núna síðustu vikurnar. Ég hef sérstaka ástæðu til að þakka n. fyrir afgreiðslu málsins og fellst á réttmæti athugasemda sem fram koma í nál., enda sýndi framsögumaður, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, mér þá tillitssemi að hafa samráð við mig varðandi orðalag álitsins og þakka ég henni fyrir það.

Herra forseti. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að till. verði samþykkt í atkvgr. hér síðar í dag og ég vil að lokum láta í ljósi þá einlægu von okkar þriggja, mín, Guðrúnar Agnarsdóttur og Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, sem stóðum að flutningi þessarar till., að framkvæmd hennar verði til þess að bæta aðstöðu brotaþola til muna. Ofbeldi er birting alls hins versta í mannlegu eðli og nauðgun er ofbeldi af alvarlegasta tagi. Fá afbrot eru erfiðari viðfangs og hafa varanlegri áhrif á sálarlíf brotaþola. Það minnsta sem við getum gert er að reyna að bæta hag þeirra sem um sárt eiga að binda í málum sem þessum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afnám bílakaupafríðinda embættismanna, þáltill. 28. mál (þskj. 28, n. 984, 985). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um afnám bílakaupafríðinda embættismanna. Þessi umr. hefur einnig staðið í þjóðfélaginu. Það fer ekki á milli mála að eins og þetta hefur verið framkvæmt má segja að þetta sé hluti af kjarasamningum. En að því leyti er þetta

sérstætt, að eins og það hefur verið afgreitt þýðir þetta í reynd skattfríðindi handa ákveðnum hópum manna.

Allshn. hefur því lagt til að till. verði samþykkt með breytingu sem hún flytur á sérstöku þskj. og ég vil með leyfi forseta lesa upp:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að felldar verði úr gildi þær reglur sem nú kunna að gilda gagnvart yfirmönnum ríkisstofnana, svo sem ríkisbanka og Framkvæmdastofnunar, um fríðindi hliðstæð þeim er ráðherrar hafa notið varðandi bifreiðakaup."

Hér er sú ein efnisleg breyting gerð á að í staðinn fyrir forsrh. felum við ríkisstj. að hlutast til um málið. Hugsunin á bak við það var sú m. a. að þær stofnanir sem þarna ættu hlut að máli heyrðu ekki allar beint undir forsrh. en þær heyrðu allar undir einhvern af ráðh. ríkisstj. Ég lít svo á að með þessari brtt., sem er mjög óveruleg, sé fyrst og fremst tekið á framkvæmdaþætti þessa máls en ekki efnisatriðum.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég get lýst efnislega fylgi við þá till. sem komin er frá hv. allshn. En mér finnst þó orðalag hennar harla óskýrt þar sem talað er um að felldar verði úr gildi þær reglur sem nú kunna að gilda um fríðindi þau sem til umr. eru í till. Það er talað um að fella burtu reglur um fríðindi en það er ekkert sagt um það hvert eigi að stefna. Það er hægt að leggja þetta út með þeim hætti af orðanna hljóðan að þetta geti verið einfaldlega samningsatriði við hvern aðila þó að mér sé fyllilega ljóst að slík er ekki hugsun nefndarinnar og ekki tillögumanna að upphaflegu till., þar sem heitið er „afnám bílakaupafríðinda embættismanna."

. Ég vek athygli á þessu og ég tel nauðsynlegt að þeirri túlkun að þessi fríðindi verði afnumin verði haldið til haga í sambandi við útfærslu þessarar till. og að orðalagi hennar verði breytt og það gert skýrara.

Þá er annað efni sem ég vildi einnig vekja athygli á í sambandi við þetta mál. Það varðar þau fríðindi sem ráðherrar hafa notið lögum skv. varðandi bifreiðakaup og mjög hafa verið til umr. á liðnum árum. Hér var lagt fram í hv. Ed. snemma á þinginu sem 12. mál þingsins sérstakt frv. til l. um breytingu á lögum um tollskrá o. fl., lögum nr. 120/1976, um það að fella brott úr tollskrárlögum orðið „ráðherra". Tekur það til þeirra fríðinda sem ráðh. hafa notið lögum skv. í sambandi við bílakaupamál. Ég hefði sannarlega kosið að í þessari þáltill. hefði verið tekið einnig á því máli og tel það nokkur mistök í málsmeðferð hjá hv. þm. sem fluttu frv. til l. um afnám bílakaupafríðinda ráðh. að þeir skyldu ekki einnig taka á því í þáltill., þannig að hvort tveggja gæti komið til afgreiðslu eftir því hvernig málin bæri að. Ég minni á að þessi mál, sem snerta bílakaupafríðindi ráðh., komu eðlilega mjög til umr. meðal almennings og hér á þinginu að ég hygg nokkuð þegar upplýst var hvernig ráðh. í núv. ríkisstj. hefðu staðið að málum varðandi sjálfa sig í þeim efnum og einnig nokkrir þeirra ráðh. sem skipuðu síðustu ríkisstj. Ég varð fyrir afar miklum vonbrigðum þegar ég varð þess áskynja með hvaða hætti ráðh. í núv. ríkisstj. og hluti ráðh. í fyrrv. ríkisstj. fóru með þau réttindi sem þeir höfðu skv. tollskrárlögum um þessi efni, réttindi sem ég taldi að menn hefðu afsalað sér í reynd þegar flutt var frv. til laga um þessi efni á 100. löggjafarþingi, stutt af fjh.- og viðskn. Nd., öllum nm. í þeirri deild sem voru sammála um að mæla með samþykkt þess frv. Það fékk ekki afgreiðslu á því þingi og í skjóli þess að ekki var búið að afnema þetta ákvæði gengu ráðh. í núv. ríkisstj. og hluti ráðh. sem sat í fyrrv. ríkisstj. fram með þeim hætti sem frægt varð að endemum.

Það liggur fyrir að á meðan síðasta ríkisstj., ráðuneyti dr. Gunnars Thoroddsens, sat voru þessar heimildir ekki notaðar og ráðh. Alþfl. og Alþb. höfðu afsalað sér þeim og lýst því yfir með formlegum hætti, þegar í ráðuneyti Ólafs Jóhannessonar á sínum tíma, að þeir mundu ekki nýta sér þær heimildir sem þar væri um að ræða.

Nú minnist ég þess að hæstv. forsrh. gaf einhverja yfirlýsingu, hvort það var hér á þinginu, í öllu falli í fjölmiðlum, um meðferð mála varðandi bílakaupafríðindi ráðherra eftir að upplýst varð um þau hneykslismál, sem ég verð að kalla svo, sem varða bílakaup ráðh. í núv. ríkisstj. Ég held að það væri ástæða til í tengslum við þessa þáltill., án þess að ég vilji hafa hér frekara mál um þessi efni, að hæstv. forsrh. rifji það upp fyrir þingheimi hverjar voru þær reglur sem hann taldi réttmætt að settar yrðu, hvað hefur verið aðhafst í þessum efnum frá því að hann gaf yfirlýsingar varðandi bílakaupamál ráðh. s. l. haust.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Hér var af hv. 5. þm. Austurl. látið að því liggja að við gæfum undir fótinn með að samið væri um þetta á annan veg. Það sem n. er að leggja áherslu á er að hún telur eðlilegt að greiðslur sem eiga sér stað með þessum hætti séu skattskyldar. N. er ljóst að hinar ýmsu stofnanir semja við sína starfsmenn um eitt og annað og í slík mál getum við ekki blandað okkur að mínu viti. En almennt mat á því hvort þarna sé um tekjur að ræða eða hvort þarna sé ekki um tekjur að ræða er mál sem eðlilegt er að Alþingi taki afstöðu til.

Nú er það svo að forseti er skattfrjáls skv. stjórnarskrá sem æðsti yfirmaður landsins. Við búum við það aftur á móti að það er vissulega alllöng hefð á því hvernig staðið hefur verið að bílamálum ráðh. Ég get ekki kallað þá hefð hneyksli. Það má vel vera að viðhorf í þjóðfélaginu hafi breyst á þann veg að eðlilegt sé að endurskoða þær reglur og skipuleggja á annan veg. En ég er þeirrar skoðunar að eigi að veita ákveðnum þegnum þjóðfélagsins skattaívilnanir á einhvern hátt, hvort sem það er gert með þeim hætti sem þarna hefur verið gert varðandi bílana eða á annan hátt, þá sé eðlilegt að slík ákvæði séu í stjórnarskránni. Þar finnst mér að þau eigi að vera ef þau eru til. En ég vil vekja á því athygli að mér finnst íslenskt þjóðfélag gera nokkuð vel við sinn æðsta þjóðhöfðingja með algeru skattfrelsi á sama tíma og sá toppur sem mest hvílir á sem stjórnanda þjóðfélagsins, þ. e. forsrh., er hafður á sama bekk og ráðh. E. t. v. finnst mönnum að það sé sjálfgefið að svona sé að málum staðið. En ég er þeirrar skoðunar og vil að það komi hér skýrt fram að ég tel að íslensk þjóð geri ekki of vel við sína ráðherra. Ég tel að hún geri ekki of vel við sína ráðherra og ég vildi gjarnan fá upplýsingar um hvaða greiðslur ýmsir hálaunaðir forstjórar landsins hafa og bera það saman við kjör ráðh. Ég ætla ekki að fara hér í miklar umr. um þessi mál en vil undirstrika að það er skattaatriðið sem okkur finnst óeðlilegt í þessu sambandi. Við teljum að með

þessu sé verið að afhenda þessum mönnum fjármuni sem þeir greiða ekki skatta af og við tókum undir með flm. þessarar till. um að þetta skyldi afnumið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirra ummæla sem hv. 5. þm. Austurl. lét hér falla um frv. er ég flutti snemma á þessu þingi og fjallaði um breytingu á lögum um tollskrá og afnám bílafríðinda ráðh. Hann harmaði það að það efnisatriði skyldi ekki líka tekið upp í þessa þáltill. Þegar ég flutti þessi tvö mál þótti mér óeðlilegt að taka upp í þáltill. mál sem ég hafði þegar flutt í frv.-formi. Sú er nú hin einfalda skýring. Hins vegar er af því frv. þá sorgarsögu að segja að það fékk umfjöllun í fjh.- og viðskn. Ed. Óskað var upplýsinga frá ríkisstj., sem mig rekur nú ekki minni til að hafi rekið á fjörur n., en meiri hl. n. vildi vísa málinu til ríkisstj. Ég sætti mig ekki við þá málsmeðferð og kaus þá heldur að málið dagaði uppi svo að hægt væri með auðveldasta móti að taka það aftur upp að nýju á Alþingi. Það mun verða gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landnýtingaráætlun, þáltill. 106. mál (þskj. 128, n. 992, 990). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um landnýtingaráætlun. N. hefur fjallað um málið og farið yfir eldri umsagnir. Þetta mál hefur fyrr legið fyrir Alþingi. Einnig hefur n. fengið nú umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar um þetta mál. Ljóst er að hér er um þarft og nauðsynlegt verkefni að ræða en það er einnig ljóst að þetta mun hafa töluvert mikinn kostnað í för með sér. Þá hlið málsins ræddi n. töluvert. Í umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur borist til umsagnar till. til þál. um landnýtingaráætlun. Hér er um áskorun til ríkisstj. að ræða um að hafinn verði undirbúningur á landnýtingaráætlun og skuli drög liggja fyrir í árslok 1985. Á þessu stigi er útilokað að setja fram kostnaðarumsögn en það er hlutverk fjárlaga- og hagsýslustofnunar varðandi lagafrv. Vísast því hér til síðustu setningar í þáltill. um að áhersla verði lögð á hagkvæmni og að nákvæmt kostnaðarmat verði gert þegar áætlun ásamt nauðsynlegum upplýsingum liggur fyrir."

Í ljósi þess að hér er um kostnaðarsamt verkefni að ræða lagði n. til breytingu á þeirri till. til þál. sem kemur fram á þskj. 128. Brtt. n. hljóðar svo:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast nú þegar til um að undirbúningi og vinnu við landnýtingaráætlun verði hraðað. Við gerð slíkrar áætlunar verði lögð áhersla á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða.

Gerð verði kostnaðaráætlun um landnýtingarskipulag sem taki til allra meginþátta landnýtingar. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi og á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um framkvæmdahraða."

Allshn. Sþ. mælir með samþykkt till. með þeirri brtt. sem ég hef hér lýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áfengt öl, þáltill. 111. mál (þskj. 138, n. 1000 og 1025, 1003). — Frh. einnar umr.

Frsm. 1. minni hl. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um almenna atkvgr. um áfengt öl. Þetta nál. er frá 1. minni hl. allshn. Með tilliti til þess að hér er um mjög viðkvæmt og viðamikið mál að ræða tel ég rétt, herra forseti, að lesa upp nál. í heild:

„N. hefur fjallað um till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Undirritaðir nm. eru andvígir þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Á 40 ára tímabili, eða frá stofnun lýðveldisins, hefur aldrei farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Það er hæpin afmælisgjöf að efna til þess að þjóðin skiptist í tvær stríðandi fylkingar. Vitað er að hver sem niðurstaðan yrði af slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu teldi sá aðili sem tapaði að ekki bæri að fara eftir niðurstöðunni. Vísast í því sambandi til ræðu Jóns Magnússonar, varaþm. og formanns Neytendasamtakanna, þar sem hann segir í þingræðu er hann mælti fyrir frv. til l. um breytingu á áfengislögum þess efnis að Alþingi heimili framleiðslu og sölu á áfengu öli á innlendum markaði:

„Jafnvel þó meiri hluti fólks væri ekki fylgjandi sölu á bjór tel ég samt að leyfa ætti sölu hans. Ég byggi það á því að þegar um er að ræða leyfðan vímugjafa þá eigi meiri hl. ekki að geta ráðið því hvort aðrir vilji hafa eitthvert annað form en hið viðtekna á þessari neyslu. Þetta er spurning um neyslumunstur almennings og ég álít að varðandi það atriði eigi meiri hl. ekki endilega að geta sagt minni hl. fyrir verkum. Ég lít á þetta sem spurningu um réttindi einstaklingsins og virðingu meiri hl. fyrir skoðunum og vilja minni hl. sem er grundvallarundirstaða lýðræðisviðhorfa. Af því sem hér er rakið tel ég skynsamlegt að Alþingi móti nú þegar stefnu í bjórmálinu."

Á öðrum stað í sömu ræðu víkur Jón að skyldum þm. og vandkvæðunum á því að bera undir þjóðaratkvæði allar breytingar á áfengislöggjöfinni. Hann segir, með leyfi forseta:

„Nú liggur fyrir Sþ. till. til þál., 111. mál, þskj. 138, um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl. Án þess að ég vilji leggja flm. þeirrar till. orð í munn hygg ég að viðhorf þeirra sé að þoka málinu áfram þannig að út af fyrir sig ætti ekki að vera ágreiningur á milli okkar sem flytjum þetta frv. og flm. þáltill. Hér er ekki verið að neita þjóðaratkvæðagreiðslu, en á það bent að Alþingi á ekki að skjóta sér undan því að ráða fram úr málum með því að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um þau mál sem eru einhver feimnismál eða ef þm. óttast að einhver hluti kjósenda þeirra felli sig illa við afstöðu þeirra. Ef öll ákvæði um framkvæmd áfengismála ættu að vera samkvæmt þjóðaratkvæðagreiðslu gæti orðið tafsamt um úrbætur sem reynslan sýndi að þyrfti að gera.

Í þessu sambandi bendi ég á ummæli og kafla úr áramótabréfi áfengisvarnaráðs til áfengisvarnanefnda. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hitt er svo annað mál að við kjósum alþm. til að setja okkur lög, m. a. áfengislög, og þeim ber að axla

þá ábyrgð sem þjóðin ætlast til að þeir beri en skjóta sér ekki á bak við almenning í máli sem varðar heill og hamingju yngstu kynslóðarinnar og raunar allrar þjóðarinnar.““

Hér kemur það fram að bæði þeir sem vilja áfengt öl og þeir sem eru andvígir tilslökunum ætlast til þess hugrekkis af þm. að þeir taki beina efnislega afstöðu til mála á Alþingi. Með samþykkt þessarar þáltill. eru alþm. að víkja sér undan þeirri ábyrgð og þeim skyldum að taka beina afstöðu til hvort heimila eigi almenna frjálsa neyslu á áfengu öli.

Undirritaðir nm. eru reiðubúnir til að taka efnislega afstöðu í þessu máli, enda liggur fyrir þinginu frv. til l. um þetta málefni.

Með vísan til framanritaðs leggja eftirtaldir nm. til að till. verði felld. Þorsteinn Pálsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.“

Undir nál. rita hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson frsm., Ólafur Þ. Þórðarson formaður og Eggert Haukdal.

Ég skal ekki vera langorður herra forseti, umfram það sem þegar hefur komið fram við lestur þessa nál., en vil aðeins segja þetta: Fyrir þinginu liggur frv. til laga um breytingu á áfengislögum þess efnis að Alþingi heimili framleiðslu og sölu á áfengu öli á innlendum markaði. Eftir 2. umr. í Nd. var frv. vísað til allshn. deildarinnar. Skoðun 1. minni hl. allshn. Sþ. kemur fram í nál. sem ég las áðan og vil undirstrika enn á ný, þar sem segir:

„Hér kemur það fram að bæði þeir sem vilja áfengt öl og þeir sem eru andvígir tilslökunum ætlast til þess hugrekkis af þm. að þeir taki beina efnislega afstöðu til mála á Alþingi. Með samþykkt þessarar þáltill. eru alþm. að víkja sér undan þeirri ábyrgð og þeim skyldum að taka beina afstöðu til hvort heimila eigi almenna frjálsa neyslu á áfengu öli. Undirritaðir nm. eru reiðubúnir til að taka efnislega afstöðu í þessu máli, enda liggur fyrir þinginu frv. til laga um þetta málefni.“

Í samræmi við þessa skoðun 1. minni hl. hefur verið óskað eftir því við allshn. Nd. að n. afgreiddi málið til deildarinnar og það yrði afgreitt á þessu þingi. Ég er þeirrar skoðunar að hv. alþm. verði að reka af sér það slyðruorð sem af þeim fer, því miður, í þessu máli, að þeir þori ekki að taka afstöðu í hv. Alþingi um að vera annaðhvort með eða á móti því að heimila sterkt öl á Íslandi. Það gera þeir því aðeins að þeir taki umrætt frv. til meðferðar og greiði atkvæði með því eða á móti.

Ég tel það mikið atriði og þýðingarmikið fyrir hv. Alþingi að þetta mál verði afgreitt á þingi. Því miður hefur Alþingi sett niður í augum þjóðarinnar oft og tíðum. Ég held að það mundi vera mjög alvarlegt mál fyrir hv. Alþingi ef það þorir ekki og skýtur sér undan þeirri skyldu að taka af skarið í þessum efnum. (Gripið fram í.) Þetta var óþörf athugasemd, ég var ekki búinn að ljúka máli mínu, hv. þm. gat því sparað sér þetta. Ég hef aldrei, hv. þm., haft það fyrir sið að hlaupa fyrir horn og mun hvorki gera það hér á Alþingi né annars staðar úr því sem komið er, enda aldrei ætlað mér að gera það.

Ég ætlaði einmitt að víkja að þessu atriði og segja: Ég get fyrir mitt leyti lýst því strax yfir að komi þetta frv. til atkvæða í hv. deild mun ég greiða því mitt atkvæði, ég mun segja já við því að heimila framleiðslu og sölu á áfengu öli á Íslandi. Með vísan til þessa og þeirrar grundvallarafstöðu minnar að hv. þm. eigi ekki að víkja sér undan þeim skyldum að setja landsmönnum lög í þessum efnum sem öðrum undirstrika ég þá afstöðu sem fram kemur í nál. l. minni hl. um að fella beri þessa þáltill.

Frsm. 2. minni hl. (Stefán Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hl. allshn. og mælir hann með því að þáltill. verði samþykkt með breytingum sem fram koma á þskj. 1003 þar sem um er að ræða ákveðnar orðalagsbreytingar og nánari skilgreiningu á því hvaða atriði í raun og veru er verið að fjalla um í spurningunni um heimild til sölu og framleiðslu áfengs öls. Það er nú einu sinni þannig að bjór er ekki bara bjór, hann er áfengi, að vísu það veikasta, en hann ber að skoða í samhengi við áfengi almennt eins og við köllum það gjarnan, áfengismál.

Þótt áfengi sé viðurkenndur vímugjafi hér á landi hefur fólk ekki átt þess kost hingað til að kjósa stjórnmálahreyfingar með tilliti til þess málaflokks. Að mér vitandi hefur engin stjórnmálahreyfing yfirlýsta almenna stefnu í áfengismálum. Menn hafa sýnt ákveðnar tilhneigingar til þess að koma slíkri stefnu fram í þingi með því að þing reyni að verða sjálfu sér sammála um einhverja stefnu í þessum málum, en það hefur ekki tekist sem skyldi allavega hingað til. Þar af leiðandi hafa kjósendur aldrei kosið um þessa hluti.

Það er sitt hvað að kjósa um bjór eða kjósa um stefnu í áfengismálum. Það er að mínu mati nánast siðferðileg skylda Alþingis að kanna vilja þjóðarinnar í jafn þýðingarmiklu máli sem áfengismál eru almennt. Það getur í raun og veru ekki talist annað en eðlilegt að 60 þjóðkjörnir fulltrúar geri sér skýra mynd af því hver er vilji atkvæðisbærra kjósenda. Þessir kjósendur geta skoðast vegna fjölda síns sem fulltrúar nær hverrar einustu fjölskyldu á landinu.

Menn greinir á um það hvenær beita skuli almennri atkvæðagreiðslu til að kanna vilja fólks. En almennt vega menn slíkar kosningar og meta eftir því hversu málefnið snertir fólkið náið. Hvað formið snertir, þá er það ekki alveg rétt, sem hv. ræðumaður hér á undan mér hélt fram, að hér hafi ekki farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla síðan lýðveldið var stofnað. Forsetar eru í raun og veru kjörnir í þjóðaratkvgr. því að munurinn á henni og kosningum til þings liggur í jöfnu atkvæðavægi.

Það eru fá mál sem snerta fjölskyldulíf jafnnáið og áfengismál. Þess vegna hefur sú hefð mótast hér á landi, t. d. í sveitarfélögum, að þegar taka skal ákvörðun um það hvort opna skuli áfengisútsölu er leitað samþykkis eða synjunar íbúa viðkomandi sveitarfélags og þegar stórar breytingar hafa verið gerðar á stefnu í áfengismálum hér á landi hefur líka verið leitað álits þjóðarinnar á slíkum athöfnum. Þau fordæmi þekkja allir. Okkur fannst eðlilegra að láta það koma fram í till. með hvaða hætti ætti að selja eða dreifa áfengu öli og hver styrkleiki þess ætti að vera. Þess vegna leggjum við til að spurningin, sem borin verði upp í þessari almennu atkvæðagreiðslu, taki mið af þessum skilyrðum. Þau koma fram, eins og ég sagði, á þskj. 1003.

Bjór er áfengi og áfengi er ekki selt hér á landi annars staðar en í útsölum ÁTVR og á vínveitingahúsum. Að leggja til annan dreifingarmáta á bjór en öðru áfengi væri að rugla saman tveimur mjög óskyldum atriðum.

Annars vegar því atriði hvort fólk vill breyta því ástandi sem nú ríkir í áfengismálum, þ. e. leyfa að drekka hið sterkasta áfengi eins og gert er í dag en banna það veikasta nema þá kannske aðeins ákveðnum sérréttindahópum, og hins vegar þeirri spurningu hvort breyta ætti þeim dreifingaraðferðum sem viðhafðar hafa verið við sölu áfengis hérna um áratuga skeið. Við, sem stöndum að 2. minnihlutaáliti, töldum það ekki nauðsynlegt.

Komið hafa fram gagnrýnisraddir sem telja að þm. vilji ekki eða þori ekki að taka afstöðu til áfengismála á Íslandi. Sumir gengu meira að segja svo langt að þeir töluðu um að menn yrðu að hafa burði til að berjast á móti straumnum og hafa vit fyrir fólki. Það að þm. þori ekki að taka afstöðu til bjórmálsins tel ég reyndar vera alrangt og reyndar mjög útbreiddan misskilning. Flestir ef ekki allir þm. hafa lýst því yfir að þeir séu reiðubúnir að taka afstöðu til spurningarinnar um það hvort heimila eigi frjálsa sölu og framleiðslu áfengs öls. Þetta er ekki spurning um það hvort menn þori eða hafi hugrekki. Ég held að það hafi eiginlega aldrei verið þannig að hetjur hafi endilega verið kosnar hér á þing. Þetta er spurningin um það hvort menn telji sig hafa umboð til að taka þessa ákvörðun, jafnalvarleg og hún er, án þess að hafa kynnt sér vilja þjóðarinnar. Alþm. bera ábyrgð á lögum og leikreglum en ekki mönnum. Þar sem einstaklings- og valfrelsi ríkir ber einstaklingurinn endanlega ábyrgð á eigin gerðum svo fremi sem hann hefur rétt til þess að velja og hafna.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég átti satt að segja tæplega von á því að reynt yrði að knýja á um það á þeim fáu dögum sem eftir lifa af þinghaldinu að fram færu umr. um þetta mál hér. Það eru mörg önnur mál sem liggja fyrir þinginu óafgreidd og ég sé satt að segja enga nauðsyn á því að taka þetta mál fram yfir mörg önnur mál sem liggja fyrir í þinginu. Það á bæði við um frv. sem liggja fyrir í deildum þingsins og einnig tillögur sem liggja fyrir hv. Sþ. Það á t. d. við um umr. um *utanríkismál sem enn er ekki lokið.* Ég átta mig satt að segja ekki á því offorsi sem er varðandi það að keyra þetta mál endanlega fram til lykta umfram fjölda annarra mála sem hér liggja fyrir.

Úr því að þetta mál er komið til umr. þá tek ég fyrir mitt leyti undir það nál. sem hér liggur fyrir á þskj. 1000 frá 1. minni hl. allshn. þar sem lagt er til að till. verði felld. *Rök mín í þeim efnum eru af ýmsum toga. Í fyrsta lagi* þau sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson rakti hér áðan, ég tel að þingið eigi sjálft að taka afstöðu í málum af þessu tagi. *Í öðru lagi vil ég láta það koma* fram að ég er andvígur því að hér yrði gerð þingsályktunarsamþykkt um bjór og tel að þingið eigi að taka afstöðu til þess með breytingu á lögum um áfengismál. Ég mundi sjálfur greiða atkvæði gegn því frv. sem hér liggur fyrir og vitnað var til frá hv. varaþm. Jóni Magnússyni og fleirum.

Það er rétt að það eru mörg mikilvæg mál sem þjóðin þarf að segja skoðun sína á. Hvað um málið sem rætt var hér lengst fyrir áramótin, fiskveiðimálin, og það hvernig háttað er veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands? Snertir það ekki hverja einustu fjölskyldu í landinu? Það snertir nánar hverja einustu fjölskyldu í landinu en flest önnur mál sem hér hafa verið uppi. Með þeim rökum hefði verið eðlilegra að taka það mál til þjóðaratkvæðis en flest önnur mál sem hér hafa verið rædd í vetur. Hvað með frv. um ríkismat sjávarafurða, svo að ég nefni annað dæmi? Það snertir líf allra fjölskyldna í landinu með beinum og óbeinum hætti hvernig að þeim málum er staðið og lífskjör þjóðarinnar. Hvað um þetta frumvarpafargan allt um að selja ríkiseignir, selja eignir þjóðarinnar? Það er hvert frv. á fætur öðru um þau mál hér inni í þinginu og ríkisstj. boðar að hún ætli áfram að halda á þeirri braut að selja almannaeignir. Því skyldu þessi mál þá ekki koma til þjóðaratkvæðis svo þjóðin fái að segja sjálf hvort hún vilji selja þessar eignir eða ekki? Var hún spurð að því í síðustu kosningum hvort ætti að selja þessa eign eða hina? Það held ég ekki.

Auðvitað eru menn kosnir á Alþingi til þess að taka afstöðu til mála af þessu tagi. Hins vegar er rétt að leggja á það áherslu að fleiri mál fari til þjóðaratkvæðis en gerst hefur á síðustu fjórum áratugum. En Alþingi hafnaði á sínum tíma þjóðaratkvæðagreiðslu um álverið í Straumsvík. Þar var brotið í blað í atvinnusögu Íslendinga að mínu mati þar sem útlendingar voru fyrsta sinni leiddir til vegs í atvinnumálum hér á landi. Það mál átti að fara til þjóðaratkvæðis margfalt frekar en það mál sem hér er á dagskrá. Þess vegna var það sem Alþb. og Framsfl. á þeim tíma lögðu til að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um samninginn við Sviss Aluminium.

Sama er að segja um aðild Íslands að EFTA. Það var grundvallarmál líka hvort Íslendingar ætluðu að bindast í samtök um fríverslun að einu eða öllu leyti. Það mál átti að bera undir þjóðaratkvæði eins og þá var lagt til. En ég tel að það sé í rauninni algerlega út í hött að bera mál af því tagi sem hér er um að ræða undir þjóðaratkvæði, fyrstu þjóðaratkvæðagreiðsluna eftir að Íslendingar samþykktu stofnun lýðveldis fyrir 40 árum, það teldi ég gersamlega óeðlilegt.

Nú er rætt um það í þessari tillgr. og frsm. 2. minni hl. gerði ekki grein fyrir því hvað það þýddi að fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla um framleiðslu og sölu áfengs öls. Hvað þýðir almenn atkvæðagreiðsla í þessu efni? Á að efna til sérstakra kosninga á Íslandi um þetta mál þar sem farið yrði eftir venjulegum reglum um kosningar? Eða er ætlunin að efna til kosninga samhliða alþingiskosningum um þetta mál? Eða er ætlunin að efna til kosninga samhliða sveitarstjórnarkosningum um þetta mál? Engin skýring liggur fyrir á þessu og það er útilokað fyrir þingið að samþykkja svona till. öðruvísi en að hér sé kveðið afdráttarlaust á um hlutina.

Segjum að þetta færi fram í tengslum við sveitarstjórnarkosningar. Það yrðu fróðlegar kosningar hér hjá okkur í því kjördæmi sem við erum stödd í, Reykjavík, því að í næstu borgarstjórnarkosningum á líka að fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla hér um hundahald. Hvernig halda menn að umr. verði hér um borgarstjórnarmálefni fyrir næstu kosningar ef samhliða er fyrst og fremst verið að knýja á um úrslit varðandi annars vegar hundahald og hins vegar bjór? Menn sjá auðvitað í hendi sér að slíkar kosningar yrðu skrípaleikur einber og það gengur ekki að halda þannig á málum. Að mínu mati er ekki verið að styrkja heldur að veikja lýðræðið með því að taka þannig á málum eins og hér mundi þá verða.

Hvernig halda menn síðan að þetta mundi gerast ef þetta yrði samhliða alþingiskosningum? Hafa menn velt því fyrir sér hvernig þingmálafundirnir verða í landinu?

Skyldu ekki áhugamenn í sambandi við áfengisvarnir t. d. og áfengismál ekki fjölmenna á þá fundi og knýja á um svör fyrst og fremst við þessu máli? Ég nefni sem dæmi minn góða vin, Árna Helgason í Stykkishólmi. Hann mundi ekki láta sér annað lynda en frambjóðendur í Vesturlandskjördæmi svöruðu til um það hvaða afstöðu þeir hefðu í þessu tiltekna máli burtséð frá öllum öðrum málum. Ég held að það sé algerlega fráleitt að láta þjóðmálaumræðu í tengslum við alþingiskosningar spillast af því að eitt einstakt deilumál er tekið út úr af því tagi sem hér er gerð till. um. Mér þykir það því undarlegt ef hv. alþm., sem þekkja til kosninga og hugsa málið til enda, láta sér detta það í hug að láta fara fram almennar kosningar til Alþingis og um leið verði þetta mál sérstaklega á dagskrá fyrir nú utan þann skrípaleik sem uppi yrði hér í Reykjavík þar sem hundahaldið bætist svo við. (**Gripið fram í:** En að hafa kartöflurnar með?)

Ég held líka, herra forseti, að hér sé um það að ræða að Alþingi marki ákveðna stefnu í því hvernig þjóðaratkvæði fer fram. Sú stefna á að mótast í stjórnarskránni og í umr. um breytingar á stjórnarskránni, sem fram hefur farið á undanförnum árum, hefur verið gert ráð fyrir því að setja sérstakar reglur um þjóðaratkvæði. Ég tel að nauðsynlegt sé að rýmka þar nokkuð um frá því sem verið hefur, en ég teldi algerlega óeðlilegt að fara að brjóta ísinn í þessum efnum með máli af þessum toga. Slíkt gæti spillt fyrir því að stjórnarskráin yrði bætt að þessu leyti. Svona mál mundi draga úr áhuga fólks almennt á því að setja inn í stjórnarskrána ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þess vegna er það mín skoðun að slík þjóðaratkvæðagreiðsla mundi veikja þann lýðræðislega áhuga sem uppi er í landinu á því af eðlilegum ástæðum að settar verði hér almennar reglur um þjóðaratkv.

Auk þessa alls má kannske benda á það í þessu sambandi og mér finnst það skipta máli að nefnd áhugamannasamtaka og allra þingflokka er að störfum um mótun opinberrar stefnu í áfengismálum. Mér er kunnugt um að hún starfar vel og hefur þegar skilað ítarlegu nál. Meðan sú nefnd er að störfum er algerlega óeðlilegt að vera að afgreiða hér mál af þessum toga og eðlilegt að hún fái að fjalla um málin og þeir flokkar sem þar eiga fulltrúa geti komið á framfæri í gegnum þá þeirri afstöðu sem þeir vilja hafa uppi í þessum málum.

Nei, við skulum ekki vera að gera okkur leik að því að breyta almennri atkvæðagreiðslu hér í landinu í skrípaleik af neinu tagi. Við skulum gera okkur grein fyrir því að í alþingiskosningum er tekist á um almennar þjóðmálastefnur og þannig hlýtur það að verða. Það er ekki rétt, sem hér hefur verið sagt, að einstakir flokkar hafi ekki haft afstöðu í þessum málum, áfengismálum, eða að einstakir þm. hafi ekki haft það. Það hefur legið fyrir að einstakir þm. og flokkar hafa haft afstöðu í þessum efnum og hafa gert grein fyrir henni. (**Gripið fram í:** Hver er stefna Alþb. í áfengismálum?) Hún hefur m. a. komið fram, hv. þm., með þeim hætti að ýmsir af okkar frambjóðendum og þm. hafa verið mjög andvígir t. d. því að leyfa sölu á áfengum bjór og ég fullyrði að meiri hluti þingflokks Alþb. hefur tekið þá afstöðu að vera andvígur því að breyta áfengislögunum í þá átt að rýmka þau frá því sem verið hefur, það hefur verið okkar flokksleg afstaða. Þannig hefur það verið og þannig er það.

Hins vegar eru menn komnir í ákveðinn vanda í sambandi við þetta bjórmál. Búið er að leyfa innflutning á bjór úr fríhöfninni í stórum stíl, m. a. íslenskum bjór, og farið er að selja eitthvert sull á veitingastöðum sem kallað er bjór og birtast myndir af í auglýsingum. Ég held þess vegna að þarna séum við staddir frammi fyrir því að vissar varnir, sem menn vilja hafa uppi, virðast vera að bresta og sjálfsagt er nauðsynlegt að menn skoði sína afstöðu í þessum málum og jafnvel endurskoði, þeir sem það vilja, með tilliti til þess. Það er svo annað mál en það sem hér er verið að fjalla um. Hér er fyrst og fremst verið að ákveða að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál, almenn atkvæðagreiðsla, án þess að í tillgr. sé skilgreint hvers konar kosningar það eru. Eru það alþingiskosningar? Eru það sveitarstjórnarkosningar? (**Gripið fram í:** Hvort tveggja.) Eða almennar kosningar sem fara eingöngu fram um þetta mál? Eða eru menn að tala um að þetta gerist á annan hvorn veginn? Það er alveg útilokað fyrir Alþingi að segja: Látum það bara ráðast. — Hver ræður því þá? Hver mundi ráða því eftir þessari þáltill. hvort það væru sveitarstjórnarkosningar eða alþingiskosningar? Hver ákveður það? Hver mundi ákveða það? (**Gripið fram í:** Það kemur fram í till., hvorar sem á undan eru.) „Atkvæðagreiðsla fari fram við næstu almennar kosningar." Það þýðir að það geti verið sem sagt hvort heldur sem er alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar og það á að ráðast. Það gerir nú málið í rauninni enn þá ruglingslegra að mínu mati vegna þess að þar með eru menn að opna fyrir það, t. d. í sambandi við sveitarstjórnarkosningar, að fram fari atkvæðagreiðsla í maí í þéttbýlinu en í júní í dreifbýlinu. Þetta gengur alls ekki upp. Menn hljóta þá að vera að tala hér um alþingiskosningar. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að ég sé að agnúast við þá afstöðu almennt sem hér kemur fram. En ég bara bendi á að það eru almennir rökrænir gallar á þessari till. eins og hún hér liggur fyrir sem gerir það að verkum að ég held að þm. geti undir engum kringumstæðum samþykkt þá till. sem hér er á dagskrá burtséð frá afstöðu þeirra til bjórmálsins almennt.

Ég tel óhjákvæmilegt, herra forseti, að láta þetta koma hér fram áður en atkvæðagreiðsla fer fram um málið á mánudaginn því að ég tel að hérna sé um að ræða alvarlegt mál. Það á ekki að umgangast þjóðaratkvæðagreiðslu, almenna atkvæðagreiðslu í landinu, af neinni léttúð. Og við eigum líka að muna það að við höfum á okkur í þessu efni ríkar skyldur um að þar sé gætt alls sóma og menn æði ekki út í ófærufen sem getur síðan spillt fyrir að sá lýðræðislegi áhugi, sem er á því að rýmka fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, fái síðar að njóta sín.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Út af ummælum hv. síðasta ræðumanns um að hann hefði tæplega átt von á því að þetta mál væri tekið til umr. Hann hafði orð á því og talaði um offors í þessu máli og að verið væri að knýja það fram til lykta. Hann vék að því að gert væri ráð fyrir að umr. um utanríkismál yrðu hér á eftir. Tekið var fram í upphafi fundar að það yrði. Það var tekið fram í upphafi fundar að það yrði leitast við að taka til umr. þau mál þar sem nál. lægju fyrir. Það er ekki í verkahring forseta að kveða upp dóm um það hvaða mál eru þess verð að þingið ræði þau. Þess vegna

eru öll þau mál, sem nefndir hafa skilað áliti um, jafnrétthá að því leyti að það ber að taka þau til umr. ef kostur er.

Nú var vitað að það yrði knappur tími fyrir öll þessi mál. Þess vegna lét ég skrifstofu þingsins gera lista yfir röð mála á þann veg að eftir því sem við yrði komið yrðu þau mál tekin fyrst þar sem nál. var skilað fyrst. Skv. þessu hefur verið reynt að haga því hvaða mál væru tekin til umr. á þessum fundi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í nál. 1. minni hl. allshn., sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson mælti fyrir, kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Með samþykkt þessarar þáltill. eru alþm. að víkja sér undan þeirri ábyrgð og þeim skyldum að taka beina afstöðu til hvort heimila eigi almenna frjálsa neyslu á áfengu öli.“ Eitt þeirra atriða, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson lagði áherslu á í sínu máli, var að þm. þyrftu að reka af sér það slyðruorð sem af þeim fer að þora ekki að taka afstöðu í þessu máli. Í ljósi þessara ummæla er nauðsynlegt að þeir þm., sem mæla með samþykkt þessarar þáltill. með þeirri breytingu sem fram hefur verið lögð, geri grein fyrir því af hverju þeir styðji þessa leið, að fram fari almenn atkvæðagreiðsla um áfengt öl.

Ljóst er að mikill ágreiningur er í þinginu ekki síður en hjá þjóðinni allri um þetta mál. Þm. skiptast ekki í afstöðu til þessa máls eftir stefnu pólitískra flokka eða samtaka sem mörkuð hefur verið um hvort leyfa eigi sölu áfengs öls heldur er ljóst að í þessu máli ræður fyrst og fremst einstaklingsbundin afstaða þm. Þegar svo er vaknar sú spurning hvort ekki eigi að viðhafa þau lýðræðislegu vinnubrögð að þjóðin fái í almennum kosningum að segja álit sitt á þessu máli og dómgreind þjóðarinnar sé ekki síður skynsamlegur og marktækur mælikvarði á réttmæti sölu áfengs öls en einstaklingsbundin afstaða 60 þingmanna. Valfrelsi þjóðarinnar hlýtur því að vera eins gild röksemd og einstaklingsbundin afstaða þm. í þessu máli.

Því hefur verið haldið fram að þeir þm., sem þessa leið vilja fara, séu að skjóta sér undan því að taka efnislega afstöðu í þessu máli. Með sömu rökum er hægt að halda því fram að þeir þm., sem vilja að án undangenginnar þjóðaratkvæðagreiðslu verði borið undir atkvæði þm. hvort leyfa eigi sölu áfengs öls, séu að skjóta sér undan því og koma í veg fyrir að þjóðin fái að taka efnislega afstöðu til þessa máls. Slík málsmeðferð gæti verið afdrifarík því þeir hinir sömu gætu þar með haft áhrif á aðra niðurstöðu sem fengist í þessu máli á Alþingi eftir að þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram. Með þeirri málsmeðferð er ekki síður troðið á rétti þeirra, sem eru á móti sölu áfengs öls, til að segja álit sitt á þessu máli í almennri atkvæðagreiðslu en þeirra sem vilja heimila valfrelsi hjá þjóðinni í þessu máli.

Það er einfaldlega rangt, sem haldið hefur verið fram, að með till. um þjóðaratkvæðagreiðslu séu þm. að skjóta sér undan ákvarðanatöku í þessu máli. Ég er hvenær sem er tilbúin til að taka slíka efnislega afstöðu til þessa máls sem ýjað er að í nál. meiri hl. að við séum að skjóta okkur undan að gera, sem viljum að viðhöfð verði önnur málsmeðferð í þessu máli, þ. e. að þjóðin fái fyrst að segja álit sitt á þessu máli í almennum kosningum áður en endanleg ákvörðun er tekin á Alþingi. Sú leið er hvort tveggja í senn lýðræðislegri og eðlilegri leið.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að gefa hér neinar yfirlýsingar um það hversu vitleg þessi till. er eða gagnleg, en eitt er víst að hún fjallar ekki um bjór heldur um atkvæðagreiðslufyrirkomulag. Ég hafði aðeins hugsað mér að velta hér upp fjórum atriðum í sambandi við þessa till. sem mig langar að biðja þm. að hugleiða.

Í fyrsta lagi, hafa menn hugleitt það að hér er aðeins verið að tala um skoðanakönnun? Ég get ekki séð það af orðanna hljóðan í tillgr. að niðurstöður þessarar almennu atkvæðagreiðslu séu bindandi á einn eða annan veg og ég vil benda mönnum á að skoðanakannanir er hægt að framkvæma á annan máta en með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Annað atriði, sem mig langaði til að minnast á, hefur nú þegar verið gert að umræðuefni og það er hvort menn vilji nota þjóðaratkvæðagreiðsluheimildina á þennan máta, þ. e. á mál af þessu tagi. Hv. þm. Stefán Benediktsson talaði um það að áfengismál væru mikilvæg fjölskyldumál. Ég er honum fyllilega sammála í því og vil þá segja að það eru fjölmörg önnur mál, eins og t. d. fæðingarorlof, sem ég mundi þá mjög gjarnan vilja fá í þjóðaratkvæðagreiðslu og er líka mjög stórt og mikið fjölskyldumál, svo ekki sé minnst á önnur þjóðþrifamál og önnur stór þjóðmál sem um er að ræða.

Þessar spurningar hafa komið hérna fram áður: Er rétt að nota þjóðaratkvæðagreiðslu á mál af þessu tagi á meðan viðamikil og mikilvæg mál eru ekki borin undir þjóðaratkvæði? Ég þarf ekkert að minnast á 40 ára sögu lýðveldisins og ástæður sem þar er að finna fyrir því að bera ýmis mál sem upp hafa komið undir þjóðaratkvæði en ekki var gert. Um það er hv. þm. fullkunnugt.

Þriðja atriðið, sem ég vildi minnast á og einnig hefur verið rætt um hér, er það hvort menn hafa hugsað út í áhrifin sem þetta mál og almenn atkvæðagreiðsla um þetta mál hefði á þær kosningar sem færu fram samhliða. Það er ekki ljóst hvort átt er við sveitarstjórnarkosningar í þessari till. eða alþingiskosningar, einfaldlega þær sem á undan eru. Einhver orð hef ég heyrt um það að það hljóti að vera kosningar til Alþingis sem notaðar yrðu til að greiða atkvæði um þetta mál. Þá er það ljóst og það vitum við sem hér erum, við höfum reynslu af kosningum, kannske umfram aðra hér á landi, að kosningaundirbúningur og umræða um þau mál sem verið er að kjósa um þegar kosið er til Alþingis mun fyrst og fremst snúast um þetta mál. Ég set þar við stórt spurningarmerki og ég tel sjálf ákaflega óheppilegt að mál af þessu tagi yfirskyggi önnur og stór mál sem menn eru í rauninni að kjósa um í alþingiskosningum.

Ef út í almenna atkvæðagreiðslu yrði farið eins og till. hljóðar upp á væri því annað að mínu mati gersamlega ófært en að hafa hana sér, óháða öðrum kosningum í landinu.

Og þá er það fjórða atriðið sem mig langaði til að velta hér upp. Það er mjög dýrt. Eru menn tilbúnir til að leggja í slíkan kostnað út af máli eins og þessu á meðan hægt er að gera skoðanakannanir á miklu ódýrari máta?

Þessi atriði langaði mig til að taka hér fram og biðja menn að hugleiða varðandi efni þessarar till.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram að aldrei þessu vant get ég tekið undir flestallt það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan að öðru leyti en því að ég tel það út í hött að ásaka forseta um það þó að hann taki fyrir mál sem kemur frá n. Undir slíkt get ég ekki tekið en að því undanskildu get ég tekið undir allt, held ég, sem hann sagði um þetta mál. Ég vil ekki að það fari neitt á milli mála að ég er algerlega á móti því að rýmka um í þessu efni af þeirri ástæðu að hvar sem maður heyrir frá þeim þjóðum sem hafa reynslu í þessu máli er sú reynslan að meira hafi verið drukkið af áfengi eftir því sem rýmkað er meira um þessa hluti.

Ég vil taka enn þá dýpra í árinni en hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan og hv. 11. þm. Reykv. nú fyrir skömmu. Ég vil telja það blátt áfram hneyksli ef fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan sem væri í sögu okkar lýðveldis, á 40 ára afmælinu, yrði um þetta mál, jafn ómerkilegt og það er í mínum huga þannig séð þó að það geti haft skaðlegar afleiðingar fyrir þjóðina. Hvað með vímugjafaefnin, sem menn deila nú um hvort séu skaðleg, eða nokkuð skaðlegri en áfengi, verða þau ekki næst? Ég held að menn ættu að hugleiða það hvar þeir eru staddir í þessum málum.

Í sjálfu sér er eðlilegt að greidd séu atkvæði hér á Alþingi um þessi mál eins og hver önnur, það er bara allt annað mál. En eins og fram hefur komið og kemur fram í umsögn um þessa till. frá áfengisvarnaráði er til nefnd sem er að fjalla um þessi mál og er að vinna í þessum málum. Hvers vegna vilja menn ekki bíða eftir þeirri niðurstöðu fyrst búið er eftir kröfu Alþingis að setja slíka nefnd til að vinna að þessum málum? En ég sé ástæðu til að lesa hér upp úr þeirri umsögn sem kom frá áfengisvarnaráði, með leyfi forseta:

„Með bréfi dagsettu 29. mars s. l. sendi hv. allshn. Sþ. áfengisvarnaráði till. til þál. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl, 111. mál, til umsagnar.

Áfengisvarnaráð leyfir sér, um leið og það sendir umsögn sína, að fara þess á leit við hv. allshn. að það fái að koma til viðræðna við n. Vísast í því sambandi til þess að áfengisvarnaráð er m. a. til þess kjörið af Alþingi að „fylgjast sem best með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau," eins og segir í 28. gr. áfengislaga. Telur áfengisvarnaráð miklu varða að ekkert fari milli mála um þá vitneskju og þær upplýsingar sem það hefur tiltækar og tjáir sig reiðubúið til samstarfs og þjónustu.

Skal þá snúið að umsögninni sjálfri.

Skilgreiningin á hugtakinu meðalsterkt öl er ekki alls staðar hin sama, jafnvel ekki alls staðar á Norðurlöndum.

Varðandi almenna atkvæðagreiðslu er vafamál hvort rétt sé að stuðla beinlínis að flokkadráttum um efni sem tengjast jafnnáið heilbrigði fólks og velferð sem áfengismál. Það er sammæli þeirra sem gerst vita að áfengi valdi víðtækara heilsutjóni á Vesturlöndum en annað sem menn leggja sér til munns. Því leggur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin áherslu á að sem flestir sameinist í baráttu gegn þeirri vá sem þetta lögleyfða vímuefni veldur. Kjörorð stofnunarinnar er nú: „Allir heilir árið 2000". Þar á bæ er talið að torsóttasta hindrunin á veginum að því marki muni verða áfengisneysla sem framleiðendur og seljendur nota milljarða til að auka. Brýn nauðsyn er hér sem annars staðar að efla samstöðu um forvarnir í heilbrigðismálum og skilning á nauðsyn þeirra. Því ber að reyna að draga fram það sem þjóðin getur sameinast um í áfengisvörnum en síður það sem blæs í glæður sundrungar. Seint mundu menn efna til „almennrar atkvæðagreiðslu" um lögskyldu til bólusetningar og ýmissa sóttvarna.

Þá ber og að benda á að sjálfsagt er meiri hluti þjóðarinnar að velja sér leiðtoga þegar til Alþingis er kosið. Ef alþm. telja rétt að breyta áfengislögum ber þeim að gera það og í þá veru sem líklegt er að til heilla horfi að bestu manna yfirsýn.

Nú er að störfum allfjölmenn nefnd, skipuð af ráðh. að tilmælum Alþingis, og á að „vinna að undirbúningi tillagna um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum."

Til þess mun Alþingi væntanlega hafa stuðlað að skipun þessarar nefndar að þar yrði fjallað um málin af skynsamlegu viti og ekki rasað um ráð fram að neinu sem kynni að valda tjóni meiru en nú verður árlega af völdum þess vímuefnis sem menn sækjast eftir í öli, vínum og sterkum drykkjum. Því væri ráð að bíða eftir tillögum og niðurstöðum frá þessari nefnd ef þær eru þá ekki einhverjar fram komnar þegar.

Ljóst er af grg. með till. þessari að flm. eru hlynntir því að hafin verði bruggun og sala áfengs öls hérlendis. Því er ekki úr vegi að spyrja grundvallarspurninga í upphafi umfjöllunar um grg. Hvar hefur aukið framboð áfengis, þ. á m. öls, orðið til að bæta ástandið í vímuefnamálum? Hefur aukin öldrykkja einhvers staðar dregið úr tjóni af völdum vímuefna? Ekki höfum við getað fundið nein dæmi þess, en mörg um hið gagnstæða og er þar einkum kunn reynsla nágrannaþjóða af því að leyfa framleiðslu og sölu milliöls.

Kunnugt er að ölið var hvorki Svíum né Finnum til þeirrar blessunar sem ýmsir ætluðu að það yrði. Síður mun kunnugt að Færeyingar leyfðu sölu áfengs öls um mitt ár 1980. Ölið er aðeins selt á tveim stöðum; annar staðurinn er í Þórshöfn, hinn í Klakksvík. Árið 1979 drukku Færeyingar í heild 158 þúsund lítra af hreinu áfengi en árið 1982 drukku þeir 171 þúsund lítra af hreinu áfengi. Í áfengislítrum á mann, 15 ára og eldri, er þetta 1979 5.2 lítrar af hreinu áfengi en 1982 5.5 lítrar af hreinu áfengi."

„Vínandinn er það efni blöndunnar er vímuáhrifunum veldur. Verða þau í samræmi við það hve mikið berst af vínandanum til blóðsins í einu og þaðan til miðtaugakerfisins. Einu gildir hvort vínandinn kemur úr öli, víni eða brenndum drykkjum. Áhrif hans verða ætíð hin sömu. Minna varðar um vatnið því líkami manna er að miklu leyti úr því gerður hvort eð er og býr yfir mikilli hæfni til þess að tempra innihald sitt af vatni.

Sé áfengi dulbúið sem fæða eða svaladrykkur verður hættan af því mun meiri. Öl er gjarnan meðhöndlað á þann máta. Jafnvel á þeim heimilum þar sem vín og sterkt áfengi er geymt í læstum hirslum þar sem börn og unglingar ná ekki til þess er öl geymt í kæliskáp heimilisins innan um matvöru og svaladrykki, aðgengilegt öllum heimilismönnum. Aðgát sú, sem sjálfsögð þykir gagnvart sterkara áfengi, nær síður til ölsins. Það hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér aukna hættu á áfengisneyslu unglinga og jafnvel barna. Sú hefur orðið raunin á í löndum sem leyfa bruggun og sölu á áfengu öli. Þar um má t. d. vitna til reynslu Þuríðar Jónsdóttur félagsráðgjafa úr starfi hennar í Halifax í

Kanada: „Í Halifax leitaði yngra fólk hjálpar en hér ... vegna vímuefnaneyslu árum saman ... Þar var um tvær tegundir að ræða, áfengt öl og hass ...“

Jafnframt er hætta á að auðveldur aðgangur að áfengu öli leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum og þar með til aukinnar hættu á vinnuslysum, lélegum vinnubrögðum og til aukinna fjarvista.

Lífeðlisfræðileg áhrif vínanda á miðtaugakerfi manna eru margþætt og flókin. Frumur í berki framheilans virðast vera viðkvæmari fyrir þeim en t. d. frumur lífsnauðsynlegra sjónstöðva í mið- og afturheila. Áhrifa tiltölulega lítils magns vínanda í blóði gætir því fyrr í röskun á starfsemi ýmissa svæða í berki framheilans, ekki síst þess hluta hans sem hefur með vitræna starfsemi að gera, t. d. dómgreind eða stjórnun „impulsa“, t. d. hömlur á tilfinningum og löngunum.

Öldrykkja getur þannig orðið kveikja að neyslu sterkara áfengis. Vínandinn í áfenga ölinu, þótt í litlum mæli sé, getur orðið til þess að skerða dómgreind og losa um hömlur hjá neytandanum og veikja þannig fyrirfram teknar ákvarðanir hans um að stilla neyslunni í hóf og láta neyslu sterkara áfengis vera.

Ölvunarakstur er nú þegar mjög verulegt vandamál hér á landi. Árlega hlýst af honum mikið tjón á lífi manna, limum og eignum. Umtalsverður hópur manna er árlega tekinn ölvaður við stjórn ökutækja. Ísland er land þar sem veður er óstöðugt, færð oft slæm og samgöngur erfiðar. Því hljóta margir, sem þannig missa ökuleyfi, að verða fyrir verulegu tjóni og hafa af því ýmiss konar óþægindi og erfiðleika.

Sumir vilja fremur telja það, hve margir eru teknir ölvaðir við akstur hér á landi, vitnisburð um góða löggæslu á þessu sviði en vitnisburð um það að Íslendingar hafi öðrum fremur tilhneigingu til þess að setjast ölvaðir undir stýri bifreiða sinna. Vel má vera að nú sé því þannig varið. Með tilkomu áfengs öls er hætt við að á því verði breyting og ölvunarakstur verði þá mun tíðari en nú.

Þeim sem horfa á stór bifreiðastæði við ölstofur í Bretlandi sneisafull af bifreiðum tæmast á stuttri stundu eftir að drykkju dagsins lýkur á ölstofunni dylst ekki að þaðan hljóta margir að fara út í umferðina með meira magn vínanda í blóði sínu en umferðarlögin leyfa. Niðurstöður flutninga- og vegarannsóknastofnunarinnar bresku frá 1974 sýndu að einn af hverjum þremur ökumönnum, sem létu lífið í slysum úti á vegum, hafði magn vínanda í blóði yfir þeim 80 mg% sem lög í Bretlandi miða ölvunarakstur við. Hér á landi eru mörkin lægri eða við 50 mg%. Milli kl. tíu að kvöldi og fjögur að morgni virka daga vikunnar ók þetta hlutfall í einn af hverjum tveim og á laugardagskvöldum og aðfaranóttum sunnudaga náði það að verða 71 af hundraði. Vafalaust má rekja mikið af þessum ölvunarakstri og dauðsföllum, er honum tengjast, til hinna fjölmörgu ölstofa í Bretlandi og mikillar neyslu áfengs öls.

Vínandi truflar að sjálfsögðu starfsemi fleiri fruma líkamans en taugafruma og störf fleiri líffæra en heilans. Það fellur að mestu leyti í hlut lifrarinnar að losa líkamann við vínanda sem neytt er. Við daglega neyslu áfengra drykkja getur það orðið mjög verulegt álag á hana ofan á aðra starfsemi sem hún verður að inna af hendi.

Menn hefur greint á um það hve miklu magni hún ráði við að eyða á sólarhring án þess að henni sé ofboðið. Þau mörk hafa verið að færast niður á við fram að þessu.

Hjá grannþjóðum okkar virðist vera náið samband milli tíðni skorpulifrar og heildarneyslu hreins vínanda. Dánartíðni af völdum skorpulifrar hefur verið lág hér á landi og kemur það vel heim við að dagleg neysla áfengis mun enn þá vera heldur sjaldgæf hérlendis. Sala áfengs öls mundi vafalaust leiða til daglegrar neyslu áfengis hjá mörgum og valda þannig auknu álagi viðvarandi vínandabruna á lifur margra neytenda þótt vínandamagn í blóði þeirra yrði e. t. v. ekki svo mikið að það ylli hjá þeim einkennum verulegrar ölvunar.

Það lögmál gildir yfirleitt um vímuefnaneyslu að veikari efni kalla á þau sem sterkari eru. Sjálfsagt á það rætur að rekja til margra og margvíslegra orsaka, m. a. til þeirrar myndunar þols sem á sér stað hjá neytendum og leiðir til þess að þeir bæði þola stærri skammta af efninu í einu og þurfa meira magn af því en áður til þess að fá af neyslu þess sömu áhrif. Vínandi er einmitt dæmigert vímuefni þar sem þetta lögmál er í fullu gildi. Freistandi er að benda á sem dæmi um þetta lögmál að á bannárunum, þegar leyfð hafði verið sala á víni allt að 21% styrkleika, sóttu neytendur almennt ekki eftir því að fá til viðbótar veikari tegundir áfengis, svo sem öl, heldur sterkari brennda drykki.

Flutningsmenn þáltill. um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl benda í grg. á það „að leyfður er innflutningur á ölgerðarefnum sem margir notfæra sér og brugga þá oftast mun sterkara öl en áfengislögin leyfa ... Auk þess hafa ýmsir í framhaldi af því leiðst út í eimingu og þar með bruggun sterkra vína.“ Þarna er í raun og veru verið að draga fram hið sama lögmál og lýst er hér að framan. Þeir leiðast út í bruggun sterkara áfengis og eimingu vegna þess að vínandinn í áfenga ölinu, sem þeir brugguðu, fullnægir ekki til lengdar þörf þeirra fyrir áhrif vínandans.

Greiður aðgangur að sterku öli leiðir til þess að fleiri umgangast vínanda og umgengni við hann verður tíðari. Hjá ýmsum mun sú umgengni leiða til aukinnar neyslu vínanda, hvort heldur hann kemur í mynd áfengs öls, léttra vína eða brenndra drykkja. Hætt er við að þetta bitni þannig á þeim sem þegar eru orðnir ofneytendur að þeir auki drykkju sína og hljóti af henni meiri skaða. Þannig kemur t. d. fram í grein, er prófessor Kendell við háskólann í Edinborg hefur ritað 17. sept. 1983, að neyslutollur á áfengi í Bretlandi var hækkaður í mars 1981. Við það steig verðlag áfengis hraðar en almennt verðlag í Bretlandi í fyrsta skipti í 30 ár. Athuganir á áhrifum þessa leiddu í ljós að hjá hópi neytenda áfengis, sem neysla hafði verið könnuð hjá á árunum 1978 og 1979, hafði neyslan dregist saman um 18% er hún var könnuð að nýju á árunum 1981 og 1982, en neikvæðar afleiðingar hennar höfðu jafnframt minnkað um 16%. Stórdrykkjumenn og neytendur, sem grunur lá á að væru orðnir háðir áfengi, höfðu jafnframt minnkað sína neyslu a. m. k. jafnmikið og hófdrykkjumennirnir. Þeir höfðu líka orðið fyrir mun minni neikvæðum afleiðingum af henni. Hluti af skýringunni á því hvers vegna ofneytendur drukku minna gæti vel verið fólginn í því að þegar aðrir neytendur í umhverfinu drukku sjaldnar sköpuðust færri tækifæri fyrir ofneytendurna til þess að hrífast með í drykkju.

Þegar byrjuð er neysla áfengis á áfengu öli er hætt við að hún haldi áfram í sterku áfengi, sbr. það sem sagt er

hér að framan. Þetta á ekki síst við í þeim tilfellum þar sem neysla ölsins hefur leitt til myndunar þols fyrir áhrifum vínanda þannig að aukið magn þarf af vínanda til þess að ná þeim áhrifum sem eftir er sóst.

Fram hefur komið í umræðum um sölu áfengs öls hér á landi að áhugi er á innlendum iðnaði á sviði ölgerðar. Framleiðendur eygja hér allverulegan markað eða markað fyrir 12—15 millj. lítra af áfengu öli á ári, sbr. grein í Dagblaðinu/Vísi 7. apríl 1984. Þetta jafngildir 480—600 þús. lítrum af hreinum vínanda á ári eða u. þ. b. 2—2.6 lítrum af hreinum vínanda á hvert mannsbarn í landinu. Reikna má með að meginhluti þessa vínanda yrði bein aukning þeirrar neyslu sem fyrir er. Hætt er við að ekki yrði eingöngu um beina aukningu að ræða heldur jafnframt óbeina.

Til þess að ná 12—15 millj. lítra markaði hérlendis þyrftu framleiðendur bæði að einbeita sér að því að láta fjölga útsölustöðum áfengis og halda uppi kynningarherferðum fyrir ölið. Það yrði lögð áhersla á ánægju þá sem fólgin er í öldrykkju og ágæti ölsins. Þar sem sterkt öl er jafnframt áfengi yrði þetta óhjákvæmilegur áróður fyrir neyslu áfengis almennt. Liggja mundu í þagnargildi hinar skaðlegu afleiðingar mikillar og tíðrar áfengisneyslu. Aukningar neyslu áfenga ölsins mundi trúlega fljótlega gæta einnig í aukinni neyslu annarra tegunda áfengis, þó líklega fyrst og fremst í neyslu brenndra drykkja.

Reynsla nágrannaþjóða okkar, svo sem Svía og Finna, varð á þann veg að vínandi úr áfengu öli, sem bætt var í hóp þeirra áfengistegunda sem fyrir voru, bættist við heildarneyslu þjóðanna á vínanda en dró ekki úr henni. Þetta kemur líka vel heim við þá reynslu að í þeim löndum Evrópu þar sem neysla áfengs öls hefur lengi verið hefðbundin hefur heildarneysla vínanda farið vaxandi á undanförnum árum.“ (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. þm. á því að það er ákveðið að umr. um utanríkismál hefjist ekki síðar en kl. 6. Ég vildi því mega biðja hv. ræðumann ef hann er ekki að ljúka ræðu sinni hvort hann geti haft hæfileg þáttaskil þannig að við getum byrjað umr. um utanríkismál kl. 6.) Það er sjálfsagt að verða við því.

Umr. frestað.

Skýrsla um utanríkismál, (þskj. 744). — Frh. umr.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það er vissulega miður að framhald þessarar umr. fer hér fram að hæstv. utanrrh. fjarverandi því að hugmynd mín var að beina hér örfáum fsp. til hans í sambandi við þá skýrslu sem fram hefur verið lögð og hér var til umr. í fyrradag. (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. ræðumanns á því að staðgengill utanrrh., sem gegnir nú störfum utanrrh., er hæstv. iðnrh. sem er hér í salnum.) Já, ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa ábendingu og það má vera að hæstv. iðnrh. geti leyst úr einhverju af mínum fsp. En þó mun ég ekki síður beina þeim til hv. 4. þm. Norðurl. v., sem gegnir formennsku nú í utanrmn. og er trúlega kunnugra um þau efni sem ég mun aðeins víkja að en hæstv. iðnrh., og vefengi ég þó ekki að hann hafi reynt að fylgjast með í utanríkismálum eins og á fleiri sviðum.

Ég vil taka undir þakkir sem fram hafa komið fyrir skýrslu hæstv. ráðh. og einnig fyrir þá skýrslu um norrænt samstarf á síðasta ári sem mælt var fyrir hér í fyrradag. Vissulega er mjög gagnlegt að fá slík plögg hér fyrir þingið en jafnljóst að þau eru óþægilega seint fram komin, þannig að umr. verða takmarkaðri af þeim sökum og gagnsemi þeirra fyrir þingið.

Viðhorf okkar Alþb.-manna til meginþátta utanríkismála hafa komið fram hjá talsmönnum sem hafa tekið til máls hér fyrr í umr., hv. 3. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e., sem fluttu hér allítarlegar ræður sem ég get vísað til og tek undir þau sjónarmið sem þar komu fram.

Eitt stærsta áhyggjuefni í sambandi við þann þátt utanríkismála sem varðar dvöl hins bandaríska herliðs hér á landi er vaxandi samtvinnun á herlífi og þjóðlífi, eins og kannske má orða það, þ. e. hvernig herstöðin er að verða æ gildari þáttur og að því er virðist æ sjálfsagðari þáttur í íslensku efnahagslífi í hugum margra hv. alþm. og hjá þeim sem mestu ráða um okkar utanríkismál. Í því sambandi nægir að minna á þá umr. sem fram hefur farið að undanförnu um flutninga í þágu herliðsins með skipum og þá áherslu sem lögð er á að íslensk skipafélög haldi sýnum hlut í þeim efnum. Ég held að fátt varpi skýrara ljósi á það hversu samtvinnaðir sterkir hagsmunir eru og það í vaxandi mæli í sambandi við efnahagslíf landsmanna. Bygging flugstöðvarinnar, sem mikið hefur verið rædd á undanförnum árum og á yfirstandandi þingi, er einnig skýrt dæmi um þetta svo og og ekki síður nýjar radarstöðvar norðanlands og austan og kannske víðar á landinu sem einnig hafa verið til umr. Ég veitti því athygli að hæstv. forsrh. vék að því máli og það var sérstök huggun í hans huga að íslenskir menn gætu starfað við hernaðarmannvirki. Lýsir það vel inn í þann sama hugarheim sem ég hef gert hér að umtalsefni, um samtvinnun hernaðarhagsmuna Bandaríkjanna og íslensks þjóðlífs, íslensks efnahagslífs.

Ég ætlaði hins vegar ekki að gera einstök atriði varðandi þessi efni að umtalsefni hér en vildi þó bæta við það sem fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. varðandi málefni Mið-Ameríku, þar sem fram koma að mínu mati mjög óeðlilegar áherslur, svo ekki sé tekið dýpra í árinni, í sambandi við mat á þeirri þróun sem orðið hefur í þeim heimshluta, í El Salvador og Nicaragua og raunar víðar. Nægir að benda á það sem um þetta er fjallað á bls. 13 í skýrslu utanrrh. Ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun að ég tel brýnt að hæstv. utanrmn. fjalli um þessi efni og fordæmi með ákvarðandi hætti þá augljósu íhlutun sem Bandaríkjastjórn stendur fyrir í málefnum Nicaragua, varðandi m. a. tundurduflalagnir fyrir ströndum úti og annað sem varðar stuðning og beina þátttöku í hernaðaríhlutun með aðstoð svonefndra skæruliðasveita frá Honduras í málefni Nicaragua.

Það er einnig athyglisvert hvernig hæstv. utanrrh. kýs að orða viðhorf sitt til málefna El Salvador í skýrslu sinni, þar sem hann leggur nokkuð að jöfnu málefni þeirra sem berjast fyrir frelsi landsins, víðtækari lýðréttindum alþýðu í landinu annars vegar og hinna hægrisinnuðu morðsveita sem farið hafa fram með dæmafáum hætti gagnvart almenningi í landinu. Það segir sína sögu um almennt viðhorf til hræringa í þessum heimshluta það sem fram kemur frá hæstv. ráðh. um þetta efni í skýrslu hans. Ég vona hins vegar að takast megi að fjalla um þessi efni í utanrmn. fyrr en seinna og þar

verði leitað samstöðu til að fordæma þá yfirgangsstefnu sem Bandaríkin beita einstök ríki í þessum heimshluta.

Ég tek það skýrt fram, herra forseti, að það er vissulega þörf á því fyrir okkur að hafa vakandi auga á þróun í öðrum heimshlutum og fordæma íhlutun stórvelda þar, þar sem Afghanistan er lýsandi dæmi um hroðalega íhlutun gagnvart nágrannaríki Sovétríkjanna og sem fyllsta ástæða er til að fordæma mjög harðlega.

Ég vildi víkja hér aðeins að tveimur till. sem vísað hefur verið til hv. utanrmn. Ég er flm. að annarri þeirra ásamt fulltrúum fimm þingflokka hér á Alþingi, þ. e. till. um fordæmingu á hernaðaríhlutun Bandaríkjanna og fylgiríkja þeirra í Grenada á síðasta hausti. Ég þykist vita að sú till. hafi verið til umr. í utanrmn. en hún hefur ekki enn hlotið þar afgreiðslu. Ég vil inna starfandi formann utanrmn., hv. 4. þm. Norðurl. v., eftir því hvort þess sé ekki að vænta að frá utanrmn. komi afgreiðsla á þessari till. sem er 74. mál þingsins. Ég minni á þá samþykkt sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gerði í þessu máli og einnig allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna þann 2. nóv. 1983. Ég teldi ekki óeðlilegt að Alþingi Íslendinga tæki undir þessar ályktanir og fordæmdi þessa grímulausu íhlutun og brot á alþjóðalögum sem þarna fór fram.

Ég vil aðeins minna á það að margt í þróun mála í Grenada frá því að innrásin var gerð sýnir með skýrum hætti að sú réttlæting sem fram var borin af Bandaríkjastjórn fyrir þessari íhlutun var léttvæg. Margt hefur komið fram sem leitt hefur það í ljós, t. d. það atriði sem fram var borið, og ef ég man rétt tók hæstv. utanrrh. undir það hér þegar hann skýrði sína afstöðu til málsins í umr. utan dagskrár. Þar á ég við þá staðhæfingu bandarískra stjórnvalda að bygging flugvallar á eynni væri liður í því að gera Grenada að stökkpalli fyrir sovéskar og kúbanskar hersveitir, en flugvöllur þessi væri ekki þáttur í að efla ferðamannastarfsemi á eynni, eins og fram hafði verið borið af stjórnvöldum þarlendis og bent var á í umr. um þessi mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Það er athyglisvert að síðan þetta gerðist hefur það komið fram að bandarískum stjórnvöldum hefur snúist hugur í þessum efnum. Stofnanir þarlendis hafa lýst því mati sínu að þessi flugvöllur sé ekki til þess fallinn að þjóna herflugvélum af þeirri gerð sem Bandaríkjastjórn hafði haldið fram og beinlínis mælt með því að lokið verði við gerð þessa flugvallar með þeim hætti sem fyrirhugað hafði verið. Þetta er eitt dæmi af mörgum sem sýnir að tilburðir bandarískra stjórnvalda til réttlætingar á þessari innrás voru ekki á rökum reistir og þeir sjálfir hafa átt hlut að því að afhjúpa það með mjög ákvarðandi hætti. Ekki meira um þessa till.

En þá minni ég á aðra till. sem ég flutti hér fyrr á þinginu, 186. mál þingsins, sem var till. til þál. um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis. Þar var lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að setja reglur um takmarkanir á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis, m. a. varðandi fjölda sendiráðsmanna og byggingu og kaup fasteigna á grundvelli laga nr. 16/1971 og laga nr. 30/1980. Gert var ráð fyrir því í till. að við mótun á reglum verði m. a. höfð hliðsjón af smæð íslensks samfélags og af starfsemi og aðbúnaði að íslensku utanríkisþjónustunni í löndum sem Íslendingar hafa stjórnmálasamband við og starfrækja sendiráð í. Í grg. og þeirri ræðu sem ég flutti þegar ég mælti fyrir þessari till. lagði ég ríka áherslu á að gagnkvæmnissjónarmið yrðu látin ríkja í þessum efnum og minnti á þá fótfestu sem við höfum í Vínarsamningnum um þessi efni til að koma hér á eðlilegri skipan mála. Ég lagði fyrst og fremst áherslu á þau óeðlilegu umsvif sem risaveldin tvö hafa hérlendis í sambandi við sendiráðsstarfsemi og hversu gífurlega hallar á miðað við sendiráðsstarfsemi Íslendinga í viðkomandi löndum. Ég minnti m. a. á þær miklu og óeðlilegu takmarkanir sem íslenska sendiráðið í Moskvu á við að búa á sama tíma og ekkert hliðstætt er gert hér gagnvart sendiráði Sovétríkjanna á Íslandi. Og ég minnti á þær takmarkanir í sambandi við vegabréfsáritanir til Bandaríkjanna sem látnar eru viðgangast og eru bein móðgun við íslenska þegna. Útfærslan á reglum um vegabréfsáritanir eru á þann veg að þar er um einhliða framkvæmd að ræða.

Ég vil inna hv. 4. þm. Norðurl. v. eftir því hvort ekki sé að vænta þess að hv. utanrmn. taki á þessu máli og skili áliti um það til Alþingis. Hæstv. utanrrh. tók að mörgu leyti mjög jákvætt undir þetta efni þegar till. var til umr. hér fyrr á þinginu en greindi frá því að könnun færi fram af hálfu utanrrn. á þessum málum með tilliti til þess hvernig á þeim er haldið í ýmsum löndum. Ég vil inna hv. þm. eftir því hvar þetta mál er á vegi statt í hv. utanrmn. og ég vil inna hann eftir eigin viðhorfi til þessa máls.

Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn., Gunnar G. Schram, minntist hér í umr. á hvalveiðimálefni. Ég ætla alls ekki að fara að gera þau hér að umtalsefni í minni ræðu en vil þó rétt víkja að því sem fram kom hjá hv. þm. Hann taldi að Íslendingar ættu að leggja fram þegar í sumar undanþágubeiðni í alþjóðahvalveiðiráðinu varðandi hvalveiðar við Ísland. Ég vil aðeins með almennum orðum vara mjög eindregið við því að í nokkru verði horfið frá þeirri stefnu sem tekin var hér á hv. Alþingi um þetta efni á síðasta þingi. Mér er mjög til efs að það þjóni hagsmunum Íslendinga á heildina litið að ætla sér að taka á því efni með öðrum hætti. Ég læt þetta nægja í ljósi þess að tími okkar til umr. er mjög takmarkaður.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Í ljósi þess að liðið er á dag og hér á að ljúka fundahöldum kl. 19 og fleiri eru á mælendaskrá mun ég mjög stytta mál mitt í þessari umr. um skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismál.

Þessi skýrsla er að mörgu leyti gagnleg, ítarleg og yfirgripsmikil, en það mætti þó að mínum dómi víða vera í henni meiri mergur en raun ber vitni. Hins vegar tek ég undir þá gagnrýni sem ýmsir fleiri hafa flutt hér um það hversu seint þessi skýrsla er á ferðinni og hversu naumur tími gefst til að ræða hana. Hlýtur það að koma til athugunar á næsta þingi að sjá örugglega svo til að umr. um utanríkismál geti farið fram með eðlilegum hætti og án þess að fallhamar tímans hangi hér yfir mönnum eins og nú er raunin.

Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Austurl., og raunar fleiri Alþb.-menn hafa haldið sínar heföbundnu ræður hér með sama hætti og við höfum heyrt á undanförnum árum og hefur þar fátt verið nýtt. Hv. síðasti ræðumaður talaði um það hversu saman tvinnaðist herlíf og þjóðlíf og vék þar að nokkrum þáttum. Það er hins vegar athyglisvert að þegar á nú að aðskilja farþegaflug til útlanda frá þeirri starfsemi sem fram fer í varnarstöð-

inni á Keflavíkurflugvelli, þá snýst Alþb. gersamlega öndvert við því máli, þar sem á að aðskilja herlíf og þjóðlíf með byggingu nýrrar flugstöðvar. Hv. þm. vék hér að flutningum íslenskra skipafélaga fyrir varnarliðið og ég gat ekki betur heyrt en hann væri á móti því að íslensk skipafélög önnuðust þá flutninga sem bandarískt skipafélag er nú að sölsa til sín í skjóli úreltra lagaákvæða um einokun. Hún kemur víða við. En ég ætla ekki að fara langt út í þessa þætti.

Þeir Alþb.-menn hafa gert því skóna og talað mikið um það á undanförnum árum hvernig eðli varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflutvelli hafi breyst. Það eru rangtúlkanir og útúrsnúningar. Þessi stöð gegnir nákvæmlega sama hlutverki og hún hefur alltaf gert. Hún er eftirlitsstöð. Það er mín skoðun að ef við höfum hér uppi búnað til þess að fylgjast með ferðum m. a. sovéskra flugvéla hér í kringum landið þá eigi að gera það með fullkomnum búnaði. Þær radarstöðvar sem nú eru hér starfræktar eru komnar mjög til ára sinna og gegna áreiðanlega ekki vel því hlutverki sem þeim er ætlað. En ef við viljum halda uppi hér eftirliti í íslenskri lofthelgi með þeim hætti sem gert er þá á að gera það með fullkomnum búnaði.

Það væri vissulega ástæða til að segja ýmislegt fleira í tilefni þeirra ræðna sem þeir hv. Alþb.-menn hafa hér haldið. En ég ætla að neita mér um þá skemmtan núna. Til þess gefst betra tækifæri seinna. Mér er það ljóst að fleiri eru hér á mælendaskrá og ég skal ekki tefja þessar umr. frekar. Þó voru eitt eða tvö atriði sem ég vildi víkja að í þessari skýrslu.

Hér er allítarlegur kafli um norræna samvinnu. Þar er m. a. vikið að samvinnu okkar við Grænlendinga og Færeyinga. Af því tilefni vil ég vekja athygli á kaflanum um utanríkismál þar sem fjallað er um hvalveiðibann sem afgreitt var með nokkuð sögulegum hætti hér á hinu háa Alþingi í fyrra. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að leita aukinnar samvinnu við Norðmenn, Færeyinga og Grænlendinga varðandi þessi mál. Við þurfum að leita leiða til þess að héðan verði unnt að stunda hvalveiðar í einhverjum mæli. Við eigum að leita samvinnu við þessa aðila um hvernig eigi að bregðast við því mikla vandamáli sem fjölgun sels er. Þetta er sama vandamál og Norðmenn eiga við að stríða og allt sem því fylgir. Að okkur er sótt í þessum efnum af öfgasinnuðum mönnum, sem kenna sig við náttúruvernd en eiga þó næsta lítið skylt við hin raunverulegu og eðlilegu náttúruverndarsjónarmið, heldur eru hér á ferðinni öfgahópar sem beita ofbeldi til að ná málum sínum fram. Ég held að við eigum að ræða um það við granna okkar hér á norðurslóðum með hverjum hætti við eigum að bregðast við þessum aðgerðum öfgamanna, sem kenna sig við náttúruverndarsjónarmið en eiga, eins og ég sagði, ákaflega lítið skylt við það. Þetta er fólk sem hefur ekki skilning á okkar lífsháttum, okkar menningu. Hvar lætur það staðar numið? Það er ekki séð fyrir endann á því. Það er árás með nokkrum hætti á okkar menningu að meina okkur nýtingu þeirra auðlinda sem eru í hafinu í kringum okkur. Þetta gildir alveg eins um Færeyinga, Norðmenn og Grænlendinga. Ég held að þetta sé býsna alvarlegt mál og við eigum í samvinnu við þá sem ég hef nú nefnt að leita leiða til að hefja gagnsókn í þessum málum. Ég geri mér grein fyrir því að það er ekkert auðvelt. En það er örugglega ekki óframkvæmanlegt. Ég hef rætt þessi mál m. a. við norska þm. og hef fundið að hjá þeim er áhugi á þessum efnum. Þarna er vegið að veigamiklum hagsmunum okkar og við eigum ekki að taka því þegjandi og hljóðalaust.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vona að hæstv. starfandi utanrrh. komi þessum ábendingum mínum áleiðis til réttra aðila.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Á fundi utanrmn. í gær svaraði hæstv. utanrrh. nokkrum spurningum, sem fram komu í umr. um skýrslu utanrrh. hér s. l. fimmtudag hjá hv. þm. Svavari Gestssyni og utanrrh. hafði ekki svarað í umr. sjálfri. Þar sem hæstv. ráðh. er nú erlendis og hann taldi rétt að svör hans kæmust í þingtíðindi, þá bað hann mig að greina hér og nú frá þessum svörum sínum.

Í fyrsta lagi var það fsp. frá hv. þm. Svavari Gestssyni um þátttöku á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ráðh. sagði að ákveðið væri að senda fulltrúa á það þing og yrði sendinefndin skipuð fulltrúa frá Alþýðusambandinu, frá Vinnuveitendasambandinu og frá félmrn. Sendiherra Íslands í Genf verður formaður sendinefndarinnar.

Í öðru lagi var um að ræða fsp. um það hvort formleg beiðni hefði komið fram um ratsjárstöðvarnar. Svarið við því er neitandi. En ráðh. sagði að sú skýring ætti að fylgja með að hann hefði tjáð sendiherra Bandaríkjanna hér á landi að við værum ekki reiðubúnir að taka á móti þessari beiðni formlega. Við vildum ljúka okkar athugunum á málinu áður en þessi beiðni kynni að verða sett fram.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. Svavar Gestsson hvort komin væri fram beiðni varðandi byggingu stjórnstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Svarið við þeirri spurningu er sömuleiðis neitandi. Það væri kunnugt um áhuga Bandaríkjanna á þessu máli og að sótt hefði verið um fjárveitingar til byggingar á slíkri stöð. En engin beiðni hefði borist okkur.

Þetta var efnislega það sem hæstv. utanrrh. greindi frá á fundi utanrmn. í gær.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þó að hæstv. utanrrh. sé ekki á þessum fundi vil ég þakka honum fyrir þau svör sem hann gaf við þeim fsp. sem ég bar fram þegar umr. um þessi mál hófst og einnig þau svör sem hv. 9. landsk. þm. hefur nú komið á framfæri.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að í umr. um þessi mál að undanförnu hefur það komið fram að yfirstjórn herafla Bandaríkjanna gerði áætlun 1981 um breytingar á bandarísku herstöðinni. Það hefur verið sagt frá þeirri áætlun opinberlega nokkrum sinnum á liðnu ári.

Þar kemur það í fyrsta lagi fram að í áætluninni er gert ráð fyrir að auka geymarými á Keflavíkurflugvelli margfaldlega frá því sem verið hefur. Þetta er nú í framkvæmd.

Í öðru lagi er í áætluninni gert ráð fyrir að það þurfi að koma upp fullkomnara radarkerfi á Íslandi en áður hefur verið af ýmsum ástæðum. Þetta er nú þegar í undirbúningi.

Í þriðja lagi var í þessum áætlunum gert ráð fyrir að það yrði byggð neðanjarðarstjórnstöð í Keflavík, sem gæti staðist fullt stríð í sjö daga. Þetta er nú á dagskrá.

Árið 1981 gerði því yfirstjórn herafla Bandaríkjanna áætlun um breytingar í herstöðinni hér sem eru núna

óðum að koma fram. En þessar áætlanir hafa aldrei verið kynntar íslenskum stjórnvöldum, hvorki fyrrv. hæstv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni né núv. hæstv. utanrrh. Geir Hallgrímssyni. Þetta hefur hins vegar komið aftur og aftur fram, núna næstliðið misseri a. m. k., í ýmsum dagblöðum erlendis og í umr. hér á Alþingi. Mér finnst það benda til þess að það sé nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld og utanrrh. á hverjum tíma að athuga vandlega hvaða hugmyndir Bandaríkjamenn eru með uppi vegna þess að þetta eru bersýnilega ekki marklaus blaðaskrif og vangaveltur, eins og hæstv. núv. utanrrh. hefur viljað vera láta, stundum a. m. k., heldur er hér um að ræða upplýsingar sem mark er takandi á.

Það sem síðast gerist svo í þessu efni er sú yfirlýsing frá hæstv. utanrrh., sem kom fram áðan í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, að farið er að undirbúa byggingu radarstöðva. Bandaríkjamenn hafa viljað leggja fram formlega beiðni um byggingu radarstöðva hér á Íslandi, en utanrrh. Íslands hefur beðið um að beiðnin verði ekki formleg í bili, meðan verið er að rannsaka málið hér á landi. Það sem hæstv. utanrrh. á væntanlega við í þeim efnum er að það verði aðeins betur kannað hvernig unnt verði að slá saman hernaðarlegu hlutverki þessara radarstöðva annars vegar og hins vegar almennri starfsemi Landhelgisgæslunnar hér á landi og Pósts og síma. Það hefur margoft komið fram hjá honum að þetta þyrfti að kanna um leið. Hin formlega beiðni Bandaríkjamanna liggur sem sagt fyrir og hefur legið fyrir, þó að utanrrh. hafi neitað því aftur og aftur að hún hafi komið, en hún hefur ekki borist inn á borð ráðh. vegna þess að hann hefur beðið bandaríska sendiherrann um að senda sér ekki bréfið. Þannig liggur það. Þetta eru ákaflega athyglisverðar upplýsingar um samskipti utanrrn. og bandarískra sendiráðsins. Ekki einasta eru þær svo nánar að menn ræði þar málin frá degi til dags, heldur bera menn þar saman bækur sínar um það hvenær bréf eru póstlögð, og utanrrh. Íslands leggur á ráðin um það með bandarískra sendiherranum hvenær heppilegast er að láta landann fá formlegu beiðnina, Íslendinga. Ráðh. telur að ekki sé kominn tími til þess og þess vegna sé rétt að hinkra aðeins með að póstleggja bréfið og bandarískri sendiherrann er svo vinsamlegur að gera svo vegna þess að það breytir í rauninni engu á hvaða stigi þessi beiðni kemur vegna þess að það er þegar farið að undirbúa og ræða málin í smáatriðum.

Í öðru lagi, herra forseti, kom það hér fram að utanrrn. er kunnugt um hugmyndir og óskir Bandaríkjastjórnar um byggingu neðanjarðarstjórnstöðvar í Keflavíkurherstöðinni og að sótt hefur verið um fjárveitingu í þessu skyni til Bandaríkjaþings. Þessar upplýsingar hafa legið fyrir í dagblöðum núna um nokkurra mánaða skeið þannig að það hafa allir vitað um að þessar vangaveltur væru á dagskrá og sjálft Bandaríkjaþing væri að ræða um þetta mál í fjvn. bandarískra þingsins, þeirri undirnefnd sem fjallar um framlög til varnarmála eins og það er kallað. En þegar utanrrh. skilar skýrslu á hv. Alþingi Íslendinga minnist hann hvergi á þetta mál og það er ekki fyrr en með eftirgangsmunum, þegar spurt er um málið hér í hv. Alþingi, að svar kemur fram og það er jákvætt. Hæstv. ráðh. viðurkennir að stjórnstöð er á dagskrá af hálfu Bandaríkjastjórnar. Og hvers konar stjórnstöð ætli þetta sé nú, herra forseti? Þetta er neðanjarðarstjórnstöð sem á að geta staðist fullt stríð, eins og það heitir, í sjö daga. Sem sagt stjórnstöð sem getur haldið út í kjarnorkustríði í sjö daga. Það er þetta sem verið er að ræða um og utanrrn. á Íslandi er farið að gefa sig út í bollaleggingar um hvernig megi stjórna hernaðinum héðan frá Íslandi í sjö daga eftir að hafin er kjarnorkustyrjöld. Svona lagað hefur aldrei nokkurn tíma komið á dagskrá hér á Alþingi né á dagskrá ríkisstjórna svo að mér sé kunnugt um. Þetta eru kaflaskipti í sögu herstöðvarinnar vegna þess að nú liggur fyrir viðurkenning um það að fá að reisa stjórnstöð sem notuð verður í kjarnorkustríði.

Það væri ástæða til þess, herra forseti, að setja á nokkuð langt mál um þetta alvarlega mál. Ég vil hins vegar taka tillit til allra aðstæðna og ekki gera það nú. En ég bið hæstv. ríkisstj. og forustumenn stjórnarflokkanna sem hér eru staddir, hv. formann Sjálfstfl., formann utanrmn. og hæstv. iðnrh., um að hugleiða það alvarlega hvort ekki sé nú kominn tími til að við athugum okkar gang og leggjum sjálfstætt íslenskt mat á þessa hluti og reynum að nálgast þessi mál af hleypidómaleysi þannig að ákvarðanir og afstaða verði tekin út frá þeim einu forsendum sem henta íslensku þjóðinni.

Ég ætla svo ekki að eyða frekari orðum að þessu atriði, herra forseti.

Að lokum vil ég fagna því að það verður fullskipuð sendinefnd af hálfu Íslands á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eins og hér kom fram.

Þá vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um ræðu sem flutt var fyrr í þessum umr. og til þess að mótmæli mín við ósannindum séu bókuð í þingtíðindum. Hæstv. forsrh. hélt því fram að allar þær nýju framkvæmdir, sem nú eru í gangi á Keflavíkurflugvelli, hefðu verið ákveðnar í tíð síðustu ríkisstjórnar Alþb., eins og honum þóknaðist að orða það þá. En hann gleymir því stundum, sá góði maður, að hann var sjálfur í þeirri ríkisstjórn og flytur gjarnan níðræður um hana sem eru í rauninni einhver hrikalegasta sjálfsgagnrýni sem sögur fara af, jafnvel þó að menn lesi sér til um þá sjálfsgagnrýni sem iðkuð var austar á hnettinum fyrir allmörgum árum.

Hæstv. forsrh. landsins lét sér sæma að fara með ósannindi í þessum efnum sem nú skulu rakin.

Í fyrsta lagi er það svo að framkvæmdirnar í Helguvík voru ákveðnar eftir að fráfarandi ríkisstj. hafði misst meiri hl. sinn og hafði sagt af sér. Páv. utanrrh. var svo smekklegur eða hitt þó heldur að heimila fyrstu áfanga framkvæmdanna eftir að forsrh. hafði beðist lausnar fyrir rn. sitt. Ákvörðun um framkvæmdirnar í Helguvík var því ekki tekin í tíð þeirrar ríkisstj. Um það liggja fyrir óyggjandi pappírar, m. a. í utanrmn. og upplýsingar um það hafa komið fram frá núv. hæstv. utanrrh. Ég tek orð hans gildari í þessum efnum en núv. forsrh.

Í öðru lagi viðurkenna allir og vita að svokallað *neitunarvald Alþb. kom í veg fyrir að hafist var handa* um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Jafnvel núv. hæstv. forsrh. viðurkennir að svo sé.

Í þriðja lagi er það svo að á síðasta kjörtímabili komu fram beiðnir um það frá Bandaríkjastjórn að reist yrðu ný sprengjuheld flugskýli á Keflavíkurflugvelli. Þegar þær óskir lágu fyrir birtust um það blaðafréttir og ég lagði þá strax fram mótmæli mín við þeim fyrirhuguðu

framkvæmdum í herstöðinni. Þáv. utanrrh. tók tillit til þeirra mótmæla þannig að sú framkvæmd var ekki hafin á þeim tíma að öðru leyti en því að lagður mun hafa verið grunnur að þremur þessara flugskýla.

Í fjórða lagi er það ljóst að radarstöðvarnar komust ekki á dagskrá í síðustu ríkisstj. Það var aldrei um það mál rætt. Hæstv. núverandi forsrh. Íslands lætur sér sæma að flytja um það ræðu úr þessum ræðustól að það hafi verið ákveðið í tíð síðustu ríkisstj. þegar það liggur raunar fyrir að hugmyndirnar um radarstöðvarnar komu ekki fram fyrr en mörgum mánuðum eftir að núv. ríkisstj. var mynduð.

Í fimmta lagi nefni ég hér neðanjarðarstjórnstöðina sem ég hafði nefnt í minni upphaflegu ræðu. Núv. forsrh. svaraði því til að þetta væri framkvæmd sem hefði verið ákveðin í fyrrv. ríkisstj. Þetta er framkvæmd sem hefur reyndar ekki verið ákveðin enn þá. Málið hefur aðeins verið rætt á milli núv. utanrrh. og bandarískra sendiráðsins og bandarískra ráðamanna. Hér er því um að ræða hrein ósannindi, herra forseti. Og þó að það séu stór orð að bera slíkt fram hér tel ég að það sé óhjákvæmilegt og ég harma að núv. forsrh. skuli haga máli sínu með þessum hætti.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að koma þessum aths. einnig á framfæri.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Hér undir lok umr. mun ég reyna að einskorða mál mitt sem mest við þær fsp. sem beint var til mín og vona að ég segi hér ekkert sem stofni til langra umr. eða sem menn ekki séu sammála um.

Fyrst var það fsp. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um meðferð þáltill. um fordæmingu á hernaðaríhlutun Bandaríkjanna á Grenada í utanrmn. Sú till. hefur verið tekin fyrir beint eða óbeint, formlega eða óformlega, a. m. k. þrisvar eða fjórum sinnum og þ. á m. á báðum þeim fundum sem ég hef stýrt núna síðustu vikuna og hefur verið til umr. og þá síðast í gær, að vísu í mikilli tímaþröng. Þar greindi ég frá því að hv. þm. Svavar Gestsson hefði óskað þess að hún kæmi sérstaklega til umr. og flm. hefði einnig rætt við mig um það. Þar voru einnig til umr. ég held fimm frekar en sex þáltill. um afvopnunarmál og kjarnorkumál, friðarmál, og um það hafa þingflokkar reynt að ná samkomulagi. Það upplýstist þar að slíkt allsherjarsamkomulag hefði ekki náðst og þess vegna var ekki hægt að afgreiða þær till. Mín skoðun var sú að hæpið væri að taka till. um Grenada eina út úr ef ekki næðist samkomulag um hinar og í þessari tímaþröng, eins og ég sagði, voru engar þessara till. afgreiddar á fundinum í gær, en að sjálfsögðu mundi ég hvenær sem væri boða til nýs fundar í utanrmn. ef óskir kæmu fram um það, svo fremi að einhver tími verði þá til að ná mönnum saman. Þetta er svarið við þessari fsp.

Á báðum þessum fundum gat ég líka um till. um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hérlendis. Þar komu fram upplýsingar um að allt það sem væri farið fram á í till. væri þegar í íslenskum lögum, það þyrfti þess vegna ekki samþykkt till., heimildirnar væru til ef stjórnvöld vildu nýta þær. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat um hvort gagnkvæmnissjónarmið yrðu látin gilda. Hann bað bæði um sjónarmið n., að mér skildist, og mín persónulegu sjónarmið. Ég held að það gæti nú varla verið að við mundum meina t. d. Sovétríkjunum, og ég tala nú ekki um Bandaríkjunum, sem við höfum miklu meiri viðskipti við, að hafa fleiri sendiráðsstarfsmenn hér en við höfum þar eða þá að við færum að taka upp sérstakar ferðatakmarkanir hér þótt Sovétmenn geri það gagnvart okkar sendiráðsmönnum. Ég efast um að það yrði hyggileg ráðstöfun. Till. er óafgreidd eins og hv. fyrirspyrjandi raunar veit, en hún er ekki órædd. Hún hefur verið rædd í n. og hann veit sjálfsagt rökin gegn því að hún verði samþykkt. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að margt í þessari hugsun hv. þm. sé á rökum reist og það mætti gjarnan hafa frekara eftirlit en gert hefur verið með starfsemi a. m. k. eins erlends sendiráðs hér á Íslandi. En ég hygg að ég geti ekki svarað fyrirspurninni á annan veg en þennan: Hún var allmikið rædd á næstsíðasta fundi utanrmn., bæði af utanrrh. og ráðuneytisstjóra, sem gáfu okkur upplýsingar í þessu efni, og reyndar nm. mörgum. Hún er ekki órædd, en hún er óafgreidd.

Hér var vikið aðeins að hvalveiðibanninu, sem svo er nefnt, og ég held að það sé ekki úr vegi að ég ræði það lítillega. Það er í rauninni ekki um hvalveiðibann að ræða. Samkv. sáttmála alþjóðahvalveiðiráðsins, sem gerður var 2. desember 1946, er því heimilt að setja kvóta á hvalveiðar einstakra þjóða. Það sem gerðist í fyrra var að kvóti þessi var settur í núll hjá öllum hvalveiðiþjóðum og í þessum sáttmála er ekkert sem gerir ráð fyrir undanþágum. Ég get ekki komið auga á að neitt slíkt sé í þessum sáttmála, og hef reynt að kynna mér þetta mál eftir því sem ég hef getað. Hitt er alveg ljóst að við Íslendingar hljótum að skoða það þegar á fundi alþjóðahvalveiðiráðsins, sem mun verða seinnipartinn í júnímánuði, hvort við eigum ekki þar að óska eftir því að verði einhverjar hvalveiðar yfirleitt leyfðar verði það undir vísindalegu eftirliti og jafnvel til að afla vísindalegra upplýsinga og þá yrðum það einmitt við sem ættum að sinna því því að við höfum gert það, við höfum reynt að stunda hvalveiðar á vísindalegum grundvelli. Mín skoðun er sú að afstaða okkar í fyrra, án þess að ég ætli nú að vekja upp deilur um það, hafi gert það að verkum að kannske séum við þeir einu sem hugsanlega gætum fengið slíka heimild eftir að þessi núllkvóti verður gildandi fyrir hvalveiðiþjóðirnar, einmitt af því að við mótmæltum ekki. Svo er mál með vexti að ¾ hluta atkvæða þarf á fundum ráðsins til að breyta samþykktum sem gerðar hafa verið, en einungis helming til að taka mál á dagskrá. Það sem við misstum við að mótmæla ekki, ef einhverjir telja að við höfum glatað rétti, var einungis það að við fáum ekki sjálfkrafa teknar á dagskrá okkar óskir um aukinn kvóta, hvað þá hinir sem mótmæltu, en þeir þurfa ¾ atkvæða til að fá ákvörðuninni um núllið breytt. Ég get ekki ímyndað mér og ég býst ekki við að nokkur maður ímyndi sér það, að ósk okkar, sem ekki mótmæltum, verði ekki tekin fyrir með einföldum meiri hluta ef einhverjar líkur væru til að hinir fengju sínum kvóta breytt með ¾. Ég held því að staða okkar sé mjög sterk.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var, ef ég skildi hann rétt, andvígur því að við færum fram á undanþágu. Slíkt er ekki til. Það er ekkert til sem heitir undanþága. Við förum fram á að kvóti okkar verði eitthvað annað en núll, a. m. k. ef kvóti einhverra annarra verður eitthvað annað en núll, og skuldbindum okkur þá til vísindalegra veiða.

Ég held að þetta sé mjög viðkvæmt og vandasamt

mál. Það var ákveðið að stefna að því að halda fund í utanrmn. 4. júní n. k. þar sem menn gæfu sér góðan tíma til að fjalla um þetta mál og undirbúa för sendimanna okkar á fundinn í alþjóðahvalveiðiráðinu og náttúrlega önnur mál miklu, miklu stærri en þessi. Ég ætla aðeins að fá að víkja að þeim, en skal ekki eyða í það mörgum mínútum. Ég held þó að hv. þm. eigi heimtingu á að fá að vita hvernig þau stórmál standa.

Þannig er mál með vexti að Rockall-málið og landgrunnsmálin á Reykjaneshrygg eru nú að komast alveg í brennidepil, en það verða varla margar vikur þangað til aðgerðir hefjast í því máli, beinar aðgerðir, til að reyna að ná samkomulagi um hagnýtingu Rockall-svæðisins við Færeyinga fyrst og fremst en jafnvel líka Breta og Íra. Þau mál eru sem sagt í fullum gangi. Og Reykjaneshrygginn eigum við alveg frá efnahagslögsögu Grænlands og yfir á Hatton-banka. Það getur enginn vefengt. Þessi gífurlegu hafsbotnssvæði verða eign okkar Íslendinga, Reykjaneshryggurinn og umhverfi, okkar einna, og Rockall-svæðið væntanlega með einhvers konar samningum við nágranna okkar og við væntum þess í utanrmn. Utanrrh. mun ræða mál þessi við Hans G. Andersen nú í Bandaríkjunum og sérstakan ráðgjafa okkar sem verið hefur nú á annað ár og var raunar ráðgjafi okkar líka í Jan Mayen-málinu, dr. Talwani. Væntanlega kemur Hans G. Andersen heim til að vera á þessum fundi og vera til samstarfs við utanrmn. og ríkisstj. og e. t. v. líka dr. Talwani sem boðist hefur til þess fyrir alllöngu að koma hingað ef íslensk stjórnvöld óskuðu.

En þessi mál verða sem sagt stærstu málin hér á næstu vikum og mánuðum, vænti ég, og allt bendir til þess að við munum sigra í þeim málum ef hyggilega er á þeim haldið eins og gert hefur verið. Ég vil sérstaklega taka það fram að alger eindrægni ríkir í utanrmn. og utanrrn. um það hvernig þessum málum skuli vera hagað og allir flokkar munu eiga aðild að þeim aðgerðum sem eru í vændum, að þeim lokasigrum sem við munum vinna á næstu mánuðum eða a. m. k. misserum í okkar landhelgismálum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 19. maí.

Kjörskrárstofn fyrir alþingiskosningar 1983.

Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um gerð kjörskrárstofns fyrir alþingiskosningarnar 1983, á þskj. 878, sent þm. 18. maí.

Fyrirspurnin er í fjórum liðum og hljóðar svo:

1. Hversu margir voru þeir erlendu ríkisborgarar sem felldir voru út af kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningarnar 1983 en hefðu átt að vera þar ef fylgt hefði verið sömu reglu og við gerð kjörskrárstofns 1979?
2. Hve margir þessara erlendu ríkisborgara voru teknir inn á kjörskrá af sveitarstjórnum við fullnaðarfrágang kjörskrár við alþingiskosningarnar 1983?
3. Er ráðherra ljóst að hér á landi er talsverður hópur fólks sem hafði kosningarrétt til Alþingis og hefur íslenskt vegabréf, en var fellt út af kjörskrá 1983?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að réttarstöðu þessa fólks verði komið á hreint?

Svör:

1. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 1050 einstaklingar, 20 ára og eldri, ekki teknir á kjörskrárstofna sem sendir voru sveitarstjórnum utan Reykjavíkur vegna alþingiskosninganna 1983 þar sem þeir voru skráðir erlendir ríkisborgarar í þjóðskrá, en hefðu verið teknir á kjörskrárstofn ef fylgt hefði verið sömu reglu og áður. Í Reykjavík var um að ræða 1230 einstaklinga, en þar varð ekki breyting á gerð kjörskrárstofna frá því sem verið hafði.

2. Engin gögn eru um það, hvorki í dómsmálaráðuneyti né hjá Hagstofu, hverjar breytingar sveitarstjórnir gera á kjörskrárstofnum.

Rétt er að taka fram að í leiðbeiningum, sem fylgdu kjörskrárstofnum 1983, var vakin athygli á því að erlendir ríkisborgarar væru þá ekki teknir á kjörskrárstofna við alþingiskosningar og að sveitarstjórnir þyrftu að athuga að á íbúaskrá kynnu að vera einstaklingar sem væru nýorðnir íslenskir ríkisborgarar eða ranglega taldir erlendir borgarar. Ef svo væri skyldu þeir teknir á kjörskrá. Sama gilti um danska ríkisborgara sem hér hafa kosningarrétt samkvæmt lögum nr. 85/1946.

Ráðuneytinu er hins vegar kunnugt um að í mörgum tilvikum fór fram könnun á ríkisfangi einstaklinga. Reyndust sumir vera íslenskir ríkisborgarar, aðrir vera erlendir ríkisborgarar sem sótt höfðu um íslenskt ríkisfang en ekki fullnægt áskilnaði um nafnbreytingu, og enn aðrir danskir ríkisborgarar sem hér njóta jafnréttis á við íslenska ríkisborgara. Jafnframt er kunnugt um einstaklinga sem réttilega voru skráðir erlendir ríkisborgarar en höfðu þó verið á kjörskrá við fyrri kosningar.

3. Ráðuneytið hefur haft spurnir af því að á endanlega kjörskrá hafi vantað nöfn einstaklinga þar sem þeir voru ranglega taldir erlendir ríkisborgarar í íbúaskrá. Þau tilvik eru örfá.

4. Ætla verður að í þeim tilvikum, þar sem ríkisfang var ranglega fært í íbúaskrá, hafi gögnum um hið rétta verið komið til þjóðskrár. Ljóst er að íbúaskrá er ekki örugg heimild um ríkisfang og þurfa þeir, sem verða varir við ranga færslu þar, að koma leiðréttingu á framfæri. Handhöfn íslensks vegabréfs þarf ekki að vera full sönnun ríkisfangs. Árlega koma upp fjölmörg tilvik til athugunar í ráðuneytinu þar sem vafi er um ríkisfang, og ef í ljós kemur röng færsla í íbúaskrá er leiðréttingu komið á framfæri. Að því er varðar kjörskrárgerð verður að leggja á það áherslu að sveitarstjórn ber ábyrgð á undirbúningi og endanlegri gerð kjörskrár og að þar er um vandasamt ábyrgðarstarf að ræða. Kjörskrárstofn frá þjóðskrá er þar að sjálfsögðu mikilvægt heimildargagn sem sveitarstjórn ber að leiðrétta eftir þörfum.

Að því er varðar þá breytingu, sem gerð var á kjörskrárstofnum 1983 þegar erlendir ríkisborgarar voru felldir af kjörskrárstofni, verður að ætla að sú skipan hafi leitt til traustari kjörskráa en áður. Þau tiltölulega fáu tilvik að nafn hafi ranglega vantað á kjörskrá ættu ekki að endurtaka sig. Jafnframt hverfur sú hætta sem var að á kjörskrá væru teknir erlendir ríkisborgarar sem þar eiga ekki að vera.

Sameinað þing, 93. fundur.

Mánudaginn 21. maí, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins alþingismanns.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Sú harmafregn barst í gærmorgun að Ólafur Jóhannesson alþm. og fyrrv. forsrh. hefði andast nóttina áður, aðfaranótt sunnudagsins 20. maí. Fyrir tæpum mánuði fór hann af Alþingi til sjúkrahúsdvalar en átti ekki afturkvæmt hingað. Hann var aldursforseti Alþingis, 71 árs að aldri.

Ólafur Jóhannesson var fæddur 1. mars 1913 í Stórholti í Fljótum. Foreldrar hans voru Jóhannes Friðbjarnarson bóndi þar og kennari og síðar bóndi á Lambanesreykjum í Fljótum og Kristrún Jónsdóttir kona hans. Hann brautskráðist úr Menntaskólanum á Akureyri vorið 1935 og lauk lögfræðiprófi úr Háskóla Íslands vorið 1939 að loknum glæsilegum námsferli. Hann varð héraðsdómslögmaður 1942 og stundaði framhaldsnám í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn 1945—1946. Hann var lögfræðingur og endurskoðandi hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga 1939—1943, var yfirmaður endurskoðunarskrifstofu Sambandsins 1942—1943 og rak jafnframt með öðrum lögmanni málflutningsskrifstofu í Reykjavík 1940—1943. Í viðskiptaráð var hann skipaður í júní 1943 og starfaði þar rúmt ár. Haustið 1944 varð hann framkvæmdastjóri félagsmáladeildar Sambands ísl. samvinnufélaga og lögfræðilegur ráðunautur þess og kaupfélaganna. Hann var stundakennari við Samvinnuskólann 1937—1943 og við Kvennaskólann 1942—1944. Í febr. 1947 varð hann prófessor í lagadeild Háskóla Íslands og kenndi þar þangað til hann varð forsrh. sumarið 1971. Starfi sínu við Háskólann sagði hann lausu 1978.

Við inngöngu Íslendinga í Sameinuðu þjóðirnar 1946 var Ólafur Jóhannesson einn af fulltrúum á þingi þeirra. Hann var í útvarpsráði 1946-1953, formaður þess frá 1949, endurskoðandi Sambands ísl. samvinnufélaga 1948—1960, í stjórn Háskólabíós 1949—1971, í stjórn Seðlabanka Íslands 1957-1961 og í bankaráði hans 1961—1964, í stjórn hugvísindadeildar Vísindasjóðs 1958—1962, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs togarasjómanna, síðar Lífeyrissjóðs sjómanna 1959—1971, stjórnarformaður prentsmiðjunnar Eddu 1962—1979, fulltrúi í Norðurlandaráði 1963—1969 og tók síðan þátt í störfum ráðsins sem ráðh. og í Þingvallanefnd var hann 1974—1980.

Ólafur Jóhannesson átti sér langan og merkan starfsferil. Að námi loknu tóku við lögfræðistörf og lögfræðikennsla. Varð hann vel til þeirra starfa búinn, samdi kennslubækur og önnur rit og fjölda ritgerða um lögfræðileg efni og var oft kvaddur til dómarastarfa í Hæstarétti í fjarveru aðaldómaranna. Á árinu 1954 varð hann félagi í Vísindafélagi Íslendinga. Í stjórnmálum skipaði hann sér ungur í flokk framsóknarmanna. Hann var formaður Félags ungra framsóknarmanna 1941, formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur 1954, tók sæti í miðstjórn Framsfl. 1946, varð varaformaður hans 1960—1968, formaður 1968—1979 og formaður þingflokksins 1969—1971.

Við alþingiskosningarnar 1956 var hann í framboði fyrir flokkinn í æskuhéraði sínu, Skagafjarðarsýslu, var kjörinn varaþm. og tók fyrsta sinn sæti á Alþingi vorið 1957. Í vorkosningum 1959 var hann kjörinn þm. Skagfirðinga. Eftir kjördæmabreytinguna það ár varð hann þm. Norðurl. v. og var þm. þess kjördæmis tvo áratugi. Hann hvarf þó ekki af Alþingi árið 1979 því að hann varð þá við áskorun um framboð í Reykjavík og var upp frá því þm. Reykvíkinga. Hann sat á 29 þingum alls. Á 14 þingum átti hann sæti í ráðherrastól.

Í júlí 1971 myndaði hann ríkisstj. og var forsrh. fram í ágúst 1974 og jafnframt dóms- og kirkjumálaráðherra. Við stjórnarskiptin 1974 varð hann dóms- og kirkjumálaráðherra og viðskrh. Að því stjórnartímabili loknu um mánaðamótin ágúst/september 1978 myndaði hann ríkisstj. öðru sinni og var forsrh. fram í miðjan okt. 1979. Að lokum varð hann utanrrh. frá því í febr. 1980 fram í maí 1983.

Af starfsferli Ólafs Jóhannessonar, sem hér hefur verið rakinn, má ljóst vera að við fráfall hans er á bak að sjá mikilhæfum fræðimanni og stjórnmálaleiðtoga sem lokið hefur miklu ævistarfi. Honum var falið forustuhlutverk þjóðar sinnar innanlands og í samskiptum við aðrar þjóðir. Hann gegndi mikilvægum störfum í ríkisstj. á þeim árum sem síðustu áfangarnir náðust í stækkun fiskveiðilandhelgi Íslands í 200 mílur. Sýndi hann í þeim málum sem oftar staðfestu og stjórnvisku. Öll störf sín rækti hann með vandvirkni og látleysi, var gjörhugull og glöggskyggn.

Ekki fór hjá því um slíkan forustumann að skoðanir manna væru skiptar um einstakar ákvarðanir og einstök verk. Ekki er þó að efa að hann vann af heilindum og í samræmi við lífsskoðun sína og þjóðmálastefnu og það sem hann taldi þjóðinni fyrir bestu.

Á Alþingi hafði hann mest afskipti af stjórnsýslumálum, dóms- og utanríkismálum auk umr. um stjórnmál almennt. Hann var stefnufastur, talaði skipulega í ræðustól og varði málstað sinn með festu þegar á reyndi. Hann var þeim mannkostum búinn að hann naut mikils trausts og virðingar samþm. sinna og nú er hann kvaddur með söknuði og samúð með þeim sem næst honum stóðu og mest hafa misst.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Ólafs Jóhannessonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Efri deild, 109. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum fundi í Sþ.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. 156. mál (þskj. 223). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til stjórnarskrárnefndar (lausanefndar) með 18 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. 30. mál (þskj. 30). — 1. umr.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Þetta litla frv. er komið frá Nd. þar sem 1. flm. þess var hv. 10. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir. Þetta er einfalt mál og eins og segir í 1. gr. þess er breytingin sú að „fæðingarorlof lengist um einn mánuð sé um að ræða tvíburafæðingu og einn mánuð fyrir hvert barn að auki ef fæðast fleiri í einu. Fæðingarorlof lengist um einn mánuð sé um að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð."

Ég bið fyrir þetta litla mál hér til skjótrar afgreiðslu, enda var það afgreitt samhljóða úr Nd. Þetta er lítið mál fyrir þingið að afgreiða en stórt fyrir þá tiltölulega fáu sem það snertir. Þetta mál er að vísu angi af miklu stærra máli sem raunar hefur verið hér til meðferðar í hv. deild en ekki fengið afgreiðslu.

Þetta er ef svo má segja örlítill áfangi í því stóra máli og réttlætisatriði um leið. Ég vona því að þetta mál fái greiða leið hér í dag ef vera mætti af hálfu n. og hv. deildar, en ég leyfi mér að óska eftir því að þessu máli verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 19 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. 123. mál (þskj. 902 (sbr. 765), 1017). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 1017.a felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, HS, KSG, KolJ, RA, SDK, SkA, StB, ÞK.

nei: EgJ, EKJ, JH, LJ, HÓ, JK, VI, AG, ÁJ, DA, SalÞ.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Þorv. Garðar Kristjánsson: Hæstv. forseti. Ég hef lengi verið á móti því að Byggingarsjóður ríkisins væri sviptur tekjustofni sínum af launaskatti og talið slíkt fjörráð við húsbyggjendur í landinu. Ég vil nú sem jafnan áður gera allt sem verða má til þess að forða slíku og segi því já.

Brtt. 1017.b felld með 11:8 atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1073).

Veiting ríkisborgararéttar, frv. 167. mál (þskj. 1049). — Ein umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Virðulegi forseti. Í Nd. varð lítils háttar breyting á þessu frv. sem við höfum þegar afgreitt héðan en að höfðu samráði við nm. Eftir að hafa rætt við formann allshn. Nd. þótti ekki ástæða til að kalla saman fund í n. af þessu tilefni. En nm. eru sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það nú liggur fyrir komið frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1049).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 40. mál (þskj. 705, n. 1021 og 1037). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv. í nokkurn tíma. Þetta er 40. mál þingsins og hefur því augljóslega legið fyrir þinginu nokkuð lengi. Eins og kunnugt er urðu breytingar á frv. við meðferð í Nd. Upphaflega var gert ráð fyrir því í frv. að álagðir fasteignaskattar á sumarbústaðalóðir og mannvirki á þeim, eins og frv. fjallar raunar um, færu í 0.25%, það yrði hámarksprósenta varðandi álagningu fasteignagjalda á þessi mannvirki og sumarbústaðalóðir. Frv. breyttist í meðförum Nd. á þá lund að þessi hámarksprósenta af fasteignamati er hækkuð í 0.50%. Ég vil út af fyrir sig ekki gera lítið úr þeirri samstöðu sem virtist vera um málið í Nd. Eins og fram kemur á þskj. rita allir nm. félmn. Nd. undir álitið og fylgja þeim breytingum sem gerðar voru á frv. Enda þótt samstaða hafi ríkt um þetta mál í Nd. og við viljum síður en svo, 1. minni hl. n. Ed., vanmeta þá samstöðu treystum við okkur ekki til að rýra möguleika sveitarfélaga til tekjuöflunar með þeim hætti sem lagt er til í þessu frv.

Eins og fram kemur í málsskjölum n. Nd. sendu fjölmörg sveitarfélög og ekki síst samtök þeirra umsagnir um þetta mál þar sem mjög er lagst gegn þeirri breytingu sem frv. felur í sér.

Sannleikurinn er sá að í þessu frv. er alls ekki gert ráð fyrir því með hvaða hætti sveitarfélögin geti bætt sér upp þann óhjákvæmilega tekjumissi sem leiddi af samþykkt þessa frv. Við í 1. minni hl. félmn. teljum að það eigi fremur að auka sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna í landinu en að rýra hann.

Ég vil aftur minnast á það samkomulag sem virðist hafa orðið um þetta mál í Nd. og við viljum alls ekki vanmeta. En við gerum meira úr góðu samkomulagi og samstarfi Alþingis við sveitarfélögin í landinu, ekki síst þegar um er að ræða tekjuöflun sveitarfélaganna því að engum blöðum er um það að fletta að fjölmörg og þung verkefni eru lögð á herðar sveitarfélögunum og það er skylda okkar hv. alþm. að sjá svo til að þau hafi svigrúm til að afla tekna til að standa undir þeim miklu kröfum sem lagðar eru á herðar þeim.

Ég hef það fyrir satt að samstarf sveitarfélaganna og sumarbústaðaeigenda í landinu sé mjög gott. Fulltrúar sumarbústaðaeigenda hafa tjáð mér að þetta samstarf væri svo gott að þar bæri tæpast skugga á nema í undantekningartilvikum. Ég er sannfærður um að hv. alþm. vilja ekki verða til að spilla þessu góða samstarfi. Til að ekkert fari á milli mála um þann meginrökstuðning, sem við í 1. minni hl. félmn. setjum fram í þessu máli, vil ég, með leyfi virðulegs forseta, lesa upp það

sem stendur í okkar nál.:

„Sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga ber að auka fremur en að skerða. Frv. felur í sér einhliða skerðingu á tekjumöguleikum sveitarfélaga. Það er skoðun undirritaðra að breytingu eigi ekki að gera á aðstöðu sveitarfélaga til tekjuöflunar án samráðs við þau.

Föstudaginn 4. maí var haldinn samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga í samræmi við samstarfssáttmála þessara aðila sem var undirritaður 20. jan. s. l. af félmrh. og formanni Sambands ísl. sveitarfélaga. Í lok samráðsfundarins samþykktu aðilar m. a. eftirfarandi:

„Fulltrúar sveitarfélaganna fagna því ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. að sveitarstjórnir ákveði sjálfar gjaldskrár fyrir þjónustu sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

Fulltrúar sveitarfélaganna leggja á það áherslu að sjálfsákvörðunarréttur sveitarstjórna verði virtur á fleiri sviðum eigin fjármála, m. a. með því að veita þeim aukið frjálsræði um nýtingu tekjustofna sinna.

Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, hlutverk Jöfnunarsjóðs og skipan sérstakrar nefndar í því skyni."

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, leggjum við til að frv. verði vísað til ríkisstj."

Afstaða okkar er fyrst og fremst á þá lund að sveitarfélögunum beri aukið frjálsræði frá því sem nú er til að ráða og sinna eigin málum. Og að lokum, ég er sannfærður um að allir hv. alþm. eru á þeirri skoðun að breytingar í þessa átt séu varhugaverðar án samráðs við sveitarfélögin í landinu.

Frsm. 2. minni hl. (Helgi Seljan): Virðulegi forseti. Þetta nál. okkar er með þeim undrum að enginn er skráður framsögumaður. Það stafar af því að enginn af okkur, sem undir þetta nál. skrifuðum, var svo 100% sannfærður um að við værum að mæla fyrir nógu góðu máli að við vildum verða þar framsögumenn. En ég hlýt að taka þetta á mig vegna þess að svo stendur á að hinir, sem undir þetta nál. skrifa, eru forseti deildarinnar og 1. varaforseti. En nál. hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað um frv. en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Frv. var breytt í meðförum Nd. í samkomulagsátt þannig að prósentuhlutfallið var hækkað úr ¼% í ½% af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim.

Þó að undirritaðir nefndarmenn telji að það sé varhugavert af Alþingi að setja löggjöf sem skerðir einhliða tekjustofna sveitarfélaganna fallast þeir á þessa breytingu til samkomulags. 2. minni hl. leggur því til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá Nd."

Ég hlýt að taka það fram fyrir hönd okkar sem þarna skrifum undir, hv. þm. Stefáns Benediktssonar, Salome Þorkelsdóttur og þess sem hér stendur, að við leggjum ekki síður áherslu á sjálfstæði sveitarfélaganna og nauðsyn þeirra á því að halda sínum tekjustofnum. Við segjum einnig að það sé vafasamt í meira lagi að taka eitt atriði þannig út úr. En mál þetta hefur verið sótt af miklu kappi og við erum öll þannig stödd að við höfum fallist á þá málamiðlun sem gerð var í Nd. þar sem þetta prósentuhlutfall var frá upphaflegu frv. hækkað úr ¼% í ½% af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim. En við segjum það enn og aftur að við höfum ekki haft tök á að kynna okkur t. d. álagningarreglur almennt hjá þeim sveitarfélögum sem þetta mál snertir mest. Við höfum heldur ekki haft tök á því að kynna okkur hvernig háttar samskiptum þessara sveitarfélaga og sumarbústaðaeigenda almennt og erum því ekki nægilega vel í stakk búin til að gera svo grein fyrir þessu máli sem við vildum. Með samkomulaginu, sem gert var í Nd. og við vorum nær beinir aðilar að, hljótum við að mæla með því að frv. verði samþykkt eins og það kom þaðan.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1037, um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, JH, HÓ, SDK, SkA, JK, VI, AG, DA.

nei: EgJ, EKJ, HS, KSG, LJ, RA, ÞK, ÁJ, SalÞ.

KolJ greiddi ekki atkv.

1 þm. (StB) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég hef fallist á þá niðurstöðu sem Nd. komst að sem samkomulagsleið í málinu og vil því ekki greiða atkvæði með frávísunartillögunni. En ég vil taka það fram í þessu sambandi að ég tel að allir eignaraðilar eigi að greiða fasteignaskatt, einnig félagasamtök, og hefði mátt gera þá bragarbót á frv. En sem sagt ég segi nei við frávísunartillögunni.

1. gr. samþ. með 10:9 atkv.

2. gr. samþ. með 10:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Íslensk málnefnd, frv. 341. mál (þskj. 1048, n. 1054). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta mál og orðið sammála um afgreiðslu þess eins og það var afgreitt frá Nd.

Í athugasemdum með frv. kemur fram að við samningu þess hafi einkum verið stuðst við ákvæðin um hlutverk Íslenskrar málnefndar og helstu verkefni í reglum þeim sem nefndin hefur starfað eftir. Reglur um starfsemi Íslenskrar málnefndar voru staðfestar af menntmrh. 10. mars 1965. Í meginatriðum eru þau ákvæði felld inn í frv. Jafnframt hefur verið höfð hliðsjón af lögum og reglum sem í gildi eru um aðrar norrænar málnefndir. Síðast en ekki síst hefur verið tekið mið af fenginni reynslu síðan Íslensk málnefnd var sett á fót.

Með samþykkt þessa frv. er í meginatriðum verið að koma í lagabúning því verklagi sem er um þessar mundir. Eins og kunnugt er var eining um afgreiðslu málsins í Nd., en gerðar voru nokkrar breytingar á frv. Þær breytingar voru gerðar með samþykki allra nefndarmanna í Nd. Það skal tekið fram að Nd.-nefndin boðaði á sinn fund fulltrúa frá heimspekideild Háskólans, Orðabók Háskólans, Málvísindastofnun og Íslenskri málnefnd. Þessir aðilar höfðu athugasemdir fram að færa og voru þær teknar til greina í þeim brtt. sem ég gat um áðan.

Eins og ég hef þegar getið um leggur nefndin til að frv. verði afgreitt eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 110. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum 109. fundi.

Íslensk málnefnd, 341. mál (þskj. 1048). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1076).

Áfengislög, frv. 298. mál (þskj. 577, n. 1064). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Mér hefur verið falið að kynna nál. allshn. Ed. um frv. til laga um breyt. á áfengislögum, nr. 82 frá 2. júlí 1969.

N. fjallaði um frv. og leggur til að það verði samþ. Þetta er í sjálfu sér ekki flókið mál, heldur er hér aðeins um rýmkaða heimild til vínveitinga fyrir vínveitingastaði úti á landi að ræða, þannig að þeir geti sinnt þeirri þjónustu dálítið lengur af árinu en hingað til hefur verið mögulegt, og er þarna fyrst og fremst verið að mæta þeim þörfum sem upp koma í kringum þjónustu við ferðamenn.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Það þarf ekki að vekja athygli hv. þdm. á því að okkur hefur borist bréf frá því ráði sem á að vera Alþingi til leiðsagnar í þessu efni og það er lögum samkv. kjörið til sérstaklega, þ. e. áfengisvarnaráði, og menn hafa þetta á borðum hjá sér og vita eflaust hvað það hefur inni að halda þó þeir hafi kannske ekki getað lesið það allt saman. Við 1. umr. þessa máls hér benti ég sérstaklega á að Alþingi bæri samkv. lögum að leita umsagnar varðandi áfengislögin í heild sinni hjá áfengisvarnaráði, til þess er það kjörið, en það hefur því miður oft verið svo í önnur skipti en þetta að breytingar hafa farið fram á áfengislögunum án þess að þetta ráð kæmi þar við sögu. Ég vil þess vegna núna leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa upp þetta bréf frá áfengisvarnaráði sem er einmitt tilkomið sérstaklega vegna þess að ég tilkynnti formanni ráðsins að ég hefði komið með ábendingu um þetta á fundi Ed. og ráðsmenn reiknuðu með því að hv. n. mundi hafa við þá samband um það, eins og var t. d. varðandi þá breytingu á áfengislögunum sem við vorum að fjalla um núna fyrir helgina. Þar var sérstakur fundur með áfengisvarnaráði og dómsmrh. áður en það mál var tekið fyrir, en hér er um þmfrv. að ræða og þar af leiðandi þingdeildirnar eða þn. sem eiga þar um að fjalla. Ég ætla ekki að halda uppi neinu málþófi um þetta mál. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. gegn þessu frv. sem slíku í ljósi þess álits sem hér er komið frá áfengisvarnaráði og með tilliti til þess einnig hver mín afstaða er í málinu, en ég tel það umhugsunarefni hvað hér er um þetta mál sagt og bréfið hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Áfengisvarnaráði gafst ekki kostur á að láta í té umsögn um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, 298. mál þessa þings. Ljóst er að lenging vínsölutíma um níu mánuði á ári í sextán vínsöluhúsum jafngildir því að tólf ný vínveitingahús séu sett á laggirnar og starfrækt allt árið. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telur sannað að neysla áfengis aukist ef sölutími er lengdur og sölustöðum fjölgað. Sú stofnun hefur eindregið lagt til við aðildarþjóðirnar að farið verði í öfuga átt við það sem frv. þetta gerir ráð fyrir, enda talið að tjón af drykkju aukist jafnan um kvaðratið af neysluaukningunni. Sú aukning verður mörgum dýrkeypt, auk þess sem hún þyngir enn álagið á heilbrigðiskerfið."

Þarna eru þeir, sem gerst þekkja til áfengismála, greinilega á öndverðum meiði við hreppsnefnd Skútustaðahrepps, enda ekki kunnugt að sú ágæta nefnd hafi nokkra sérþekkingu á áfengismálum. Þess má geta að samkv. áfengislögum eru hreppsnefndir ekki (Gripið fram í.) umsagnaraðilar um veitingu vínsöluleyfa, heldur sýslunefndir. — Hvað sagði hv. frsm.? (**StB:** Þær hafa ekki haft tækifæri til þess.) Hún hefur ekki haft tækifæri til þess? Jú, hún hefur nefnilega haft nokkurra mánaða tækifæri til þess og ár að kynna sér það, ef það er það sem hv. þm. á við, og ég hygg að ef sú reynsla á ein að gilda um þetta muni sú reynsla hafa dugað þeim mönnum.

„Ekki virðist sérlega brýnt að hrapa að ákvörðunum um jafnstórfellda breytingu á áfengislögunum og hér um ræðir, enda greinilegt að ekki hefur unnist tími til að leyta álits dómbærra aðila um þessi mál. Þá má minna á að nú er að störfum nefnd sem vinnur að undirbúningi tillagna um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum samkv. þál. Alþingis frá 7. maí 1981. Áfengisvarnaráð leyfir sér því að fara þess á leit við þá hv. alþm. sem um mál þetta fjalla í dag að þeir skjóti ákvörðuninni á frest og gefi sér tóm til að kynna sér eins nákvæmlega og kostur er hverjar afleiðingar líklegt sé að samþykkt frv. hafi í för með sér."

Undir þetta skrifar Ólafur Haukur Árnason formaður áfengisvarnaráðs, en í fylgigagni, sem ég ætla ekki að lesa nema sérstök ástæða verði til, um minnisatriði varðandi opnunartíma vínveitingahúsa, og hér fylgir með, hafa allir nm. í áfengisvarnaráði skrifað undir, þ. e. Ólafur Haukur Árnason, Jóhannes Bergsveinsson, Páll V. Daníelsson, Sigrún Sturludóttir og Einar Björnsson. Þar er enn frekari áhersla lögð á þetta mál, en gert er í þessu stutta bréfi. Ef ég sé ástæðu til er velkomið að lesa það fyrir hv. dm. til þess að þeir komist eitthvað örlítið nær áttum í þessu máli en mér virðist að ætli að verða.

Misræmið í þessu máli, öllum breytingunum nú, felst í

raun og veru í því, að mínu viti, að Alþingi hefur samþykkt einróma, alveg mótatkvæðalaust, ágæta tillögu um stefnumörkun í þessum málum í heild sinni og ég tel að meðan að því starfi er unnið jafnvel og raun ber vitni af jafnmörgum aðilum með jafnmismunandi sjónarmið og sú nefnd hefur inni að halda eigum við ekki hér, meðan beðið er eftir nál., að gera neinar meiri háttar breytingar á áfengislögunum og ekki minni háttar heldur. Þetta er mitt álit og ég vil bíða þeirrar nefndar og ég sætti mig við það sem þar kemur út í meginatriðum vegna þess að þar er verið að reyna að sætta ólík sjónarmið. Þessu starfi miðar vel áfram. Það kom í ljós í vetur að hæstv. heilbrmrh. hefur þegar fengið áfangaálit í þessu máli frá þessari nefnd og þessi nefnd vinnur það samviskusamlega að til fyrirmyndar er varðandi ýmsar millibinganefndir því þrátt fyrir fjölmennið í þessari nefnd mun hún starfa þannig að fundir eru vikulega eða þar um bil og mættu margar nefndir taka sér það til fyrirmyndar út af fyrir sig.

Ég ætla aðeins núna að nota sem mín lokaorð lokaniðurstöðuna úr athugasemdum áfengisvarnaráðs um þetta, með leyfi virðulegs forseta:

„Að lokum er rétt að ítreka að sú niðurstaða áfengisvarnaráðs að miklu betri undirbúning og forvinnu þurfi, ef breyta á áfengislögum, en um hefur verið að ræða í sambandi við þessa till. til þál., þ. e. varðandi till. um bjórinn og þau lagafrv. um áfengismál sem komið hafa fram á Alþingi nú eftir áramótin, og við bendum í því sambandi á nefnd sem fyrr var á minnst og vinnur að tillögum um mótun áfengismálastefnu."

Þetta vil ég gjarnan að komi hér fram og verður minn rökstuðningur m. a. í því að greiða atkv. gegn þessu frv.

Valdimar Indriðason: Virðulegi forseti. Þrátt fyrir góð orð hv. 2. þm. Austurl. tel ég mér skylt að fara um málið nokkrum orðum vegna þess að það hittist þannig á að ég er formaður allshn. Ed. núna.

Þetta mál kom skyndilega í n. okkar s. l. laugardag frá Nd. og ég var beðinn að taka málið upp í allshn. sem ég og gerði. Ólafur Haukur Árnason var búinn að hafa samband við mig áður og bað hann mig að hafa samband við sig ef þetta kæmi inn í okkar deild. Það gerði ég á laugardaginn og sagði honum hvernig staðan væri. Það varð að samkomulagi með okkur, þar sem þeir kæmust ekki á laugardagseftirmiðdag á fundinn sem var haldinn í n., að þeir sendu inn bréf viðvíkjandi því sem hv. 2. þm. Austurl. var að skýra frá áðan.

Ég vildi að þetta kæmi fram. Það var haft samband við áfengisvarnaráð og umsögnin kom í hólfin okkar í morgun. Það skal jafnframt viðurkennt að ekki var á þessum skamma tíma hægt að boða ráðsmenn á fund allshn. og formaðurinn var sammála mér í því að ekki væri tími til þess að boða þá þrjá aðila sem hann talaði um að kalla á þennan fund. Það voru hann sjálfur, Páll Daníelsson og Jóhannes Bergsveinsson sem hann talaði um að gætu komið til n. En við vorum sammála um að betra væri að senda umsögn. Þetta vil ég biðja hv. þdm. að afsaka, en skýri þeim jafnframt frá hvernig í málinu liggur frá okkar hendi.

Helgi Seljan: Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. þessar upplýsingar. Mér þykir sannast sagna vænt um það að hann gerði ráðstafanir til þess að hafa samband við þetta ráð, bæði eftir ábendingu sem hér kom fram varðandi n. og eins örugglega að eigin frumkvæði, og væri betur að hv. n. Nd. hefði haft sömu vinnubrögð. Ég geri mér ljóst að menn hafa sínar skoðanir hér í þessu máli og ætla sér að koma þessu máli hér í gegn, að vísu að lítt athuguðu máli örugglega. En hitt er staðreynd að til þessa ráðs eiga þingnefndir að snúa sér og ég fagna því að það skuli hafa verið gert þó að ekki hafi orðið meiri árangur en raun ber vitni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 1035 (sbr. 222), n. 1063 og 1066). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Virðulegi forseti. Stjórnarskrárnefnd hefur tekið þetta frv. til meðferðar, en það hefur ekki orðið mikil meðferð n. á frv. vegna þess að frv. var ekki vísað til n. fyrr en síðast liðinn laugardag, en í gær kom n. saman til fundar til þess að fjalla um þetta mál.

Það var augljóst að það yrði ekki komið við í n. efnislegum umræðum um þetta frv., til þess var enginn tími ef gengið er út frá því að það þurfi að lögfesta þetta frv. áður en þessu þingi lýkur. Stjskrn. gekk út frá því að það þyrfti, enda hefur alltaf verið gengið út frá því að það þyrfti, að fylgjast að afgreiðsla á breytingu á stjórnarskránni sem nú hefur verið samþykkt og afgreiðsla á þessu frv. sem lagt var fram á síðasta þingi sem fskj. með frv. til breyt. á stjórnarskránni. Hins vegar er það, að þó að n. hafi ekki gefist neitt ráðrúm til þess að fjalla um þetta mál efnislega í einstökum atriðum er málið nm. öllum kunnugt svo og þdm. vegna þess að málið er búið að vera lengi til meðferðar í öllum þingflokkum.

N. náði ekki samkomulagi um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. stjórnarskrárnefndar leggur til að frv. verði samþ., en minni hl., hv. 8. þm. Reykv. Stefán Benediktsson, skilar séráliti.

En till. meiri hl. stjórnarskrárnefndar um það að frv. verði samþ. er gerð á ákveðnum forsendum: annars vegar á þeirri forsendu að unnið verði áfram að þessu máli milli þinga og hins vegar á þeirri forsendu að niðurstöður athugana á málinu verði lagðar fram í frumvarpsformi á næsta haustþingi.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess við þessa umr. að fara á nokkurn hátt út í efnisleg atriði frv. með tilliti til þess sem ég hef hér sagt, en ítreka að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. stjórnarskrárnefndar legg ég til að frv. verði fellt og ástæður þeirrar tillögu minnar felast að nokkru leyti í þeim atriðum sem hann nefndi í sínu máli og sagði vera

forsendur fyrir því að mælt er með samþykkt frv. Forsendurnar eru, eins og hv. 4. þm. Vestf. sagði, samkomulag milli flokkanna um að unnið verði áframhaldandi að skoðun þessa máls með það fyrir augum að leggja fyrir næsta þing hugsanlega nýtt frv. breytt og endurskoðað. Það gerist nú æ tíðar síðustu daga þessa þings að málum er vísað til ríkisstj. með ýmsum hætti og er það, að því er virðist, ekki hvað síst til þess að leysa ákveðinn ágreining sem upp kemur og eðlilegur geti talist. En til þess að ýta honum frá og flýta fyrir þinglausnum, losna við blessað þingið, er farin sú leið að vísa málunum í belg og biðu til ríkisstjórnarinnar og þetta hérna er í raun og veru óbeint enn ein leiðin í því að vísa þessu máli til ríkisstjórnar.

Þetta samkomulag, sem gert var, var gert á s. l. vori við afskaplega kynlegar aðstæður. Það þing, sem þá sat, var undarlega samsett þar sem sami flokkurinn var bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Í ljósi þessa undarlega og nokkuð kynlega pólitíska umhverfis, jafnvel þótt við íslenskar aðstæður væri, komu menn sér saman um að bera fram frv. um breytingu á stjórnarskrá og síðan viðhangandi kosningalög og lög um sveitarstjórnarkosningar.

Þegar þessi frv. komu fram var alþjóð tilkynnt að flokkarnir fjórir hefðu komið sér saman um þetta mál og með það var haldið til kosninga þó að þessi frv. yrðu nú afskaplega lítið til umræðu í kosningunum. Þau fóru í gegnum þær kosningar nánast í rassvasa manna án þess að þau væru nefnd eða höfð í hávegum nokkurs staðar. Kosningamálin voru allt annars eðlis, efnahagsmál, holskefla.

Þegar þing hófst í haust örlaði til að byrja með afskaplega lítið á þessum málum. Það er ekki fyrr en í orrahríðinni rétt fyrir jól þegar nokkur átök höfðu orðið hér, ekki hvað síst milli stjórnarflokkanna, að samkomulag, enn eitt, varð um að formaður Sjálfstfl. Þorsteinn Pálsson fengi að mæla fyrir þessu máli í 5 mín. kl. 3 um nótt. Það samkomulag var þó ekki með öllu mótmælalaust því að a. m. k. einn maður rauk út úr þingsölum með þvílíkum hurðarskellum að annað eins hefur sjaldan heyrst.

Nú er þetta mál komið aftur á skrið og nú verður, að því er virðist, að keyra þetta mál í gegn til að uppfylla þetta margrædda samkomulag sem menn greinir orðið greinilega mjög mikið á um.

Hvað felst í þessu samkomulagi? Fyrir það fyrsta er þetta samkomulag milli fjögurra flokka. Síðan er þetta tæknilega líka nokkurs konar samkomulag milli kjördæma. Menn ákváðu hámörkun þingmannafjölda, 63 þingmenn, og menn komu sér saman um að draga eigi úr eða rýra möguleika dreifbýlis og smærri flokka til uppbótarþingsæta. Það þarf ekki að skerða hlut þeirra hvað þingmannatölu snertir miðað við heildaratkvæðafjölda, en til að fullnægja þessu markmiði, þ. e. samkomulagi milli flokkanna og samkomulagi milli kjördæmanna, þ. e. að kjördæmin fari ekki í hár saman vegna mismunandi höfðatölu þm. á þingi, þá varð að leita til helstu sérfræðinga í reikningskúnstum, bæði lifandi og löngu liðinna, til þess að meðhöndla atkvæði kjósandans með þeim hætti að snúa upp á það og beygja það og sveigja og bjaga það þangað til það passaði inn í þennan ramma.

Þegar menn voru búnir að ná þeim árangri héldu þeir, og aðrir líka, að þeir væru komnir í höfn. En viti menn! Einhverjum datt í hug að skoða málið enn þá einu sinni og fyrir um það bil fjórum vikum upphófst hér, aðallega á göngum og sumpart í þingflokksherbergjum, mjög spennandi leikur. Hann minnti ekki lítið á nokkurs konar tölvuleiki eins og sjá má í leiksölum í nágrenninu. Mættur var á staðinn einn mesti reiknimeistari okkar tíma hérlendis með alla þá tækni í fórum sínum sem hann hafði yfir að búa og menn voru reiknaðir inn og reiknaðir út og gátu nánast pantað þá reikniregluna sem kom þeim best, en stjórnarsamstarfið var farið að titra allmikið.

Hvað sem öllu líður áttuðu menn sig þó eftir nokkuð mikinn spenning og æsing á að þessar reikniregluar allar saman fullnægðu aldrei öllum kröfum, sem menn urðu að taka með í dæmið, og þess vegna hrukku menn aftur í sama gamla farið og ákváðu að bera frv. undir atkvæði í gamla forminu, en þó með því fororði að þegar búið væri að samþykkja það væri það nánast ómark og byrjað yrði aftur að nýju. Það er þess vegna í og með sem ég legg til að þetta frv. verði fellt því að ég lít þannig á að í raun og veru sé ekkert samkomulag að baki þessu frv.

Samkomulagsaðilana greinir gjörsamlega á um hvað samkomulagið snýst. Annar aðilinn, Þorsteinn Pálsson, segir: Samkomulagið endar, þ. e. samkomulagstímanum er lokið, þegar frv. hefur verið samþykkt. Daginn eftir að frv. hefur verið samþykkt er samkomulagið úti og þá getum við gert hvað sem er. Aðrir, þar á meðal Svavar Gestsson formaður Alþb., halda því fram að samkomulagið gildi þar til frv., sem orðið hefur að lögum, hefur verið beitt. Undir þetta tekur líka hv. 3. þm. Norðurl. v. Ragnar Arnalds. Ef menn geta ekki verið sammála um hver samkomulagstíminn er, hver dagsetning hans er upphaf og endir, um hvað er þá samkomulag annað en það að afgreiða þetta mál? Hvers lags kæruleysi er þetta með það fyrirbæri sem menn hafa gefið jafnhástemmd nöfn og „fjöregg þjóðar og lýðræðis“, að samþykkja eitthvert frv. sem síðan er að engu haft um leið og það hefur verið samþ., en byrjað að vinna að því að breyta því aftur? Hvað mig snertir verð ég að viðurkenna að ég er ekki óánægður með að byrjað verði að vinna að því að endurskoða frv. aftur. Ég sé bara ekki hvers vegna þarf endilega að samþykkja það og byrja svo að grauta í því. Grauturinn er fyrir hendi. Hvers vegna má ekki halda áfram að hræra í honum?

Ég sé ekki að það sé neinn stórkostlegur skaði skeður þó að samþykktar breytingar á stjórnarskrá falli úr gildi eða eitthvað því um líkt vegna þess að viðhangandi lög hafa ekki verið samþykkt. Ég tel það alla vega betri niðurstöðu en að vera að samþykkja eitthvað sem er jafnvitlaust og það sem er hér til umr. Það er og verður alltaf vitlaust vegna þess að samkomulagið, sem verið er að tala um, er fyrst og fremst gert milli flokka, milli frambjóðenda og milli kjördæma, milli þeirra aðila sem hvað beinasta hagsmuni hafa af því að hagræða hlutunum eins vel og við verður komið fyrir hvern fyrir sig. Eini aðilinn, sem raunverulega skiptir máli í þessu, þ. e. kjósandinn, hefur ekki verið hafður með í ráðum, hvað þá að það hafi verið tekið tillit til hans, hvað þá að það hafi verið spurt að því hvað honum er fyrir bestu. Honum er auðvitað fyrir bestu að hann geti greitt atkvæði með sem beinustum hætti, að hann átti sig mjög glögglega á því hver áhrif atkvæði hans hefur

þegar hann hefur skilað því ofan í kjörkassann. Ef menn hefðu haft þetta í huga hef ég óljósan grun um að þau lög, sem menn eru hér í þann veginn að fara að samþykkja, hefðu litið nokkuð öðruvísi út því að þær reglur sem á að beita við að vega og meta gildi og vægi hvers atkvæðis eru orðnar það flóknar, og voru þó nógu flóknar fyrir, að það er ekki nokkur leið fyrir einn einstakan kjósanda að átta sig á því hver áhrif atkvæði hans hefur. Það þýðir í raun og veru að virkni hans eða vald er alls ekki um að ræða í þessu dæmi.

Það að geta greitt atkvæði er vald sem kjósanda hefur verið gefið og hann fær rétt til að beita þessu valdi við kosningar eða kjör. Þetta er kallað að „valddreifa" og menn nota hugtakið „valddreifing" nokkuð mikið. Tilfellið er að almenningur skilur þetta hugtak mjög illa af mjög skiljanlegum ástæðum vegna þess að hann hefur aldrei haft það á tilfinningunni að þetta vald væri raunverulega í hans höndum. Með þetta vald í hendinni vill kjósandinn gera eitthvað. Hann vill veita einhverjum málstað eða einhverjum manni stuðning sinn. Ég ætla að sleppa því á þessari stundu að ræða um að möguleikar hans eru skertir að því leyti að hann getur ekki kosið annað en á milli einhverra ákveðinna flokka. Að kjósa einstaklinga er að nafninu til gefinn möguleiki í kosningalögum, en í framkvæmd skilar hann sér ekki vegna þess að sú regla, sem þar er viðhöfð til þess að kanna persónufylgi hvers og eins frambjóðanda innan lista, er það þung í vöfum að áhrif þess háttar sundurgreiningar milli manna skilar sér mjög illa. Það er a. m. k. mjög langt síðan ég minnist þess að menn hafi flust milli sæta vegna áhrifa kjósenda við kosningar.

Kjósandi kýs á milli lista og nú vill hann gefa einhverjum lista og röð frambjóðenda atkvæði sitt og hann skilar atkvæði í kassann. Hann framselur vald sitt þessum lista. Um leið og atkvæðið er komið ofan í þennan kassa er það tekið og byrjað er að telja það með öðrum atkvæðum við talningu og byrjað er að snúa út úr meiningu mannsins sem greiddi atkvæðið því að þá er farið að beita einhverjum reglum til úthlutunar þingsæta sem þessi aumingja kjósandi hefur ekki nokkra yfirsýn yfir. Jafnvel þó að hann reyndi að lesa sér til í þessu frv. til l. er hann trúlega orðinn strand í fjórða lið a. m. k. ef ekki enn þá fyrr.

„Við úthlutun hvers þingsætis koma einungis til álita listar þeirra landsframboða", með leyfi hæstv. forseta, „sem hafa ekki enn hlotið rétta þingsætatölu samkvæmt 113. gr." og þá verður hann að fara að fletta þangað. „Þá skal einungis úthluta þingsæti til kjördæmis sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 5. gr., 2. mgr. Frá þessu er þó vikið í fjórða áfanga, sbr. 5. tölul. þessarar greinar." Sjáið þið gamla konu á elliheimilinu greiða atkvæði eftir þessum reglum? Hvar haldið þið að hún hefði strandað í þessum lestri, sjóndöpur og lengi að hugsa, óvön því að lesa lög og reglur? Þessi lög eru hreinasta ósvífni og móðgun við fólk. Og hvers vegna eru þau móðgun við fólk? Vegna þess að þessi lög taka ekki tillit til fólks. Þau taka tillit til hagsmuna þm. og þeirra einna. Er okkur virkilega stóllinn svo kær að við gefum skít í fólkið? Nú hef ég kynnst mönnum hér á þingi í vetur og einhverra hluta vegna get ég ekki ímyndað mér það. A. m. k. hef ég engan fyrirhitt enn þá sem ég tel að hugsi þannig. Hér er enn sú gamla meinsemd á ferðinni, sem menn eru kannske orðnir leiðir á að heyra mig tönnlast á, þessi undarlega ómennska lífsvera án lífs sem kallast flokkur og flokkshagsmunir. Auðvitað hefur komið fram að menn eru smám saman að hrökkva frá í þessu dæmi. Það var mjög áberandi í Nd., þegar greidd voru atkvæði um þetta frv. sem um gilti fjórflokkasamkomulag, að þar greiddi aðeins einn maður úr Alþfl. atkvæði með þessum lögum. Tveir sátu hjá og einn landskunnur þingskörungur greiddi atkvæði á móti.

Ég hef þó skömm sé frá að segja eytt þó nokkrum tíma í að lesa þetta frv. og reyna að skilja það. Mér fannst mér ekki vera stætt á því að gagnrýna frv. að öðrum kosti þó að ég hafi í raun verið strax á móti því áður en ég las það. Kannske er það ekki rétt viðhorf. Á allt verður að líta af sanngirni. En ég verð að viðurkenna að ég hafði vantrú á frv. áður en ég sá það og sú vantrú mín óx með hverju augnabliki sem ég las lengur. Það sem eiginlega hefur yfirtekið vantrú og undrun er hneykslun. Því oftar sem frv. er skoðað því oftar sem skoðað er hvernig atkvæði hvers einasta einstaklings verður óvirkt að því leyti að sú athöfn að greiða atkvæði er ekki í neinu samhengi við þá útkomu sem síðan er fengin með reiknireglum, þeim mun meiri hneykslun veldur það. Auðvitað er eðlilegt að þetta hneyksli ekki fólk almennt einfaldlega vegna þess, sem ég var að skýra út áðan að nægilegt er að líta bara yfir bls. 6 og bls. 7 í frv. til þess að hverfa yfir í draumheima um leið og byrjað er að lesa þetta því að textinn er svo snúinn og þungur að lesandinn skilur hvort eð er ekkert í honum. Til þess þyrfti m. a. orðaskýringar sem ekki er að finna á hverju heimili.

Að mínu mati er frv. meingallað eins og það er og það virðist vera orðið mjög almennt útbreidd skoðun því að flokkarnir, sem standa að frv., eru að því leyti sammála að þeir vilja byrja að endurskoða það strax að lokinni samþykkt þess. Í framhaldi af því greinir þá á um hvort eigi að breyta því áður en því hefur verið beitt eða breyta því þegar menn eru komnir að einhverri annarri niðurstöðu en er að finna í frv. sjálfu. Ég geri mér grein fyrir því, þegar ég gagnrýni hlut sem þennan, að ekki er vert að óvirða alla þá vinnu sem farið hefur í þetta frv. Hún er gífurleg, enda mjög vandasamt verk að fullnægja öllum þeim markmiðum sem fram voru sett með það fyrir augum að þeir aðilar sem að þessu frv. standa gætu orðið sammála. Segja má að það sé undur í sjálfu sér þegar þessir fjórir flokkar verða sammála um jafnviðkvæmt mál og kosningar eru. Sú staðreynd ætti í raun og veru að vekja grunsemdir hjá fólki. Það er ekkert óeðlilegt þó að þeir geti orðið sammála í alls kyns velferðarmálum til handa almenningi. En þegar um er að ræða mál sem snertir beina hagsmuni vitum við að hagsmunir þessara aðila ættu að vera það ólíkir innbyrðis að það væri nánast óhugsandi að þeir gætu orðið sammála. En viti menn! Þeir urðu sammála. Og samkomulagið felst einfaldlega í því að útkoma kosninganna ræðst ekki nema að litlu leyti af því hvernig atkvæðin falla, heldur ræðst hún ekki síður að stórum hluta af því hvernig þessi atkvæði eru síðan tekin og vegin eftir þeim skemmtilegu og flóknu reglum sem er að finna í frv.

Nú má spyrja: Hvers eiga vesalings kjósendurnir að gjalda? Eru kjósendur upp til hópa svo vitlausir að ekki sé hægt að treysta þeim fyrir því að kjósa þá menn til verka sem framkvæmt geta það sem kjósendur vilja? Ég hef reyndar óljósan grun um að sumir menn sem hér

sitja inni séu hálfvegis þeirrar skoðunar að kjósendur séu kannske ekki gáfuðustu skepnur sem á jörðinni ganga. A. m. k. finnst mér að þegar menn tala um að hafa burði til þess að berjast á móti straumnum og hafa vit fyrir fólki séu þeir farnir að óvirða vilja kjósendanna nokkuð sterklega.

Ég tel að verið væri að lögfesta, ef þetta verður að lögum, óþolandi mannréttindabrot. Ég talaði um það í framsögu minni við 1. umr. að þetta væri beint brot á mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og undan því verður ekki vikið. Menn hafa afsakað sig í Nd. með því að mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé brotinn í svo mörgum öðrum greinum líka að það skipti engu máli þó við brjótum hann í enn einni.

Það er líka annað sem er mjög áberandi. Það er að ef ekki kæmi til andóf einstaklinga í þessu máli átti þetta mál að fara hér í gegn nánast umræðulaust, án þess að menn lýstu yfir höfuð skoðunum sínum á því sem þeir, á tyllidögum allavega, kalla grundvallaratriði mannréttinda og lýðræðis. Ég verð að viðurkenna að ég er undrandi á því hvað menn eru múlbundnir af flokkunum í þessu. Það örlar á smátitringi sem að mestu leyti brýst út í þegjandi þvermóðsku, en umræðan um þetta mál er ekki mikil, a. m. k. ekki nándar nærri eins mikil og ætla mætti þegar verið er að fjalla um atriði sem tengjast stjórnarskrá Íslands.

Það getur vel verið að menn séu ekki sammála mér um að þetta sé réttindabrot, flestir þm. þeirra flokka sem hér eru á þingi standa að þessu að nafninu til, a. m. k. formenn þeirra, en mér finnst þó undarlegt að menn skuli ekki sjá ástæðu til að taka til máls um stjórnarskrána og kosningalögin þegar þau eru til umr. í þingsölum.

Það er eftirtektarvert að fyrr í vetur fór fram skoðanakönnun á vegum DV. Í þessari skoðanakönnun kom fram, og það mun vera að einhverju leyti í anda þeirra spurninga sem fram voru bornar, við vitum það allir að skoðanakannanir stjórnast að einhverju leyti af þeim spurningum sem fram eru bornar, — en í skoðanakönnuninni í DV í vetur kom í ljós að 82% þeirra sem svöruðu hvort þeir vildu jafnan atkvæðisrétt eður ei svöruðu því játandi. Það kom fram í þessari skoðanakönnun að utan suðvesturhornsins var líka mikill meiri hluti með jöfnum atkvæðisrétti, meira að segja í þeim sveitum landsins sem nú njóta hvað mests misvægis.

Í morgun var í Morgunblaðinu að sjá niðurstöðu úr skoðanakönnun sem Hagvangur hafði gert. Hagvangur hafði orðað sínar spurningar eilítið öðruvísi en DV gerði og spurt um hvort menn teldu atkvæðamisvægishlutfallið 1:2½ vera viðunandi slæmt eða gott. Þá kemur í ljós undarlega mikil sáttfýsi hjá eiginlega allri landsbyggðinni, og þá tel ég Reykvíkinga með. Reykvíkingar gátu að 40% sætt sig við þetta atkvæðamisvægi, önnur 40% töldu það ekki gott og úti á landi töldu ótrúlega margir að þetta væri of mikið misvægi atkvæða og það jafnvel fólk úr þeim kjördæmum þar sem atkvæðamisvægið er hvað mest áberandi í hlutfalli við Reykjavík.

Ég held að hægt sé að fullyrða að menn úti á landi skammist sín fyrir ofvægi atkvæða sinna í hlutfalli við vægi Reykvíkingsins, enda hefur það verið mjög til umræðu á undanförnum árum og menn átta sig á því að leikreglur lýðræðisins eiga ekki að stjórnast af þessum hlutum. Ef menn geta ekki aflað skoðunum sínum fylgis með öðrum hætti en þeim að reikna sér meiri hl., ef málflutningur þinn ekki aflar þér meirihlutafylgis fyrir skoðunum þínum, þá eiga þær ekki rétt á sér samkv. leikreglum lýðræðisins. Minni hl. á rétt, en við ákvarðanatöku á hann ekki meiri rétt en meiri hl.

Ég held að ef bornar eru saman skoðanakönnun DV frá í vetur og skoðanakönnun Hagvangs frá því núna nýlega og gerð er tilraun til að lesa úr þeim einhverja niðurstöðu, sjálfsagt takandi tillit til þess að skoðanakannanir hafa takmarkað spásagnargildi, hafi komið í ljós greinilega að hér á suðvesturhorninu er almennur vilji fyrir því að skoða hagsmuni dreifbýlisins utan suðvesturhornsins af mikilli sanngirni. Menn átta sig alveg á því að þeir eru hver öðrum háðir á þessu landi, við erum ein þjóð og að það þýðir ekkert að framkvæma með þeim hætti að ætla að útiloka einn eða annan frá leiknum. Ég held að hægt sé að fullyrða að hér á suðvesturhorninu þrífast engar þær skoðanir sem eru svo vitlausar að það þurfi að koma í veg fyrir að þær nái fram með því misvægi atkvæða sem við búum við í dag. Ég held að menn hljóti og verði að reyna að komast að einhverri niðurstöðu í þessu máli með því að kanna vilja þjóðarinnar með einhverjum hætti. Það þýðir ekki að gera það eins og gert var í seinustu kosningum því að vilji þjóðarinnar í þessu máli var ekki kannaður þá, þetta mál drukknaði í holskeflunni frægu.

Það hefur verið stungið upp á leiðum. Mér finnst að þær mættu vel koma til athugunar. Það hefur verið stungið upp á að halda stjórnlagaþing. Það er ein leið. Ég viðurkenni að ég er ekki svo lögfróður maður að ég geri mér alveg grein fyrir því hvað slíkt fyrirbæri nánast þýðir. Það mætti alveg eins hugsa sér að halda þjóðfund, þangað kæmi ákveðinn fjöldi kjörinna fulltrúa úr hverju kjördæmi, kosinna í almennri atkvæðagreiðslu með jöfnum atkvæðum, og menn reyndu að koma sér saman um hvort sú leið væri rétt að viðhalda misvægi atkvæða, það væri fyrsta kjarnaspurningin. Þegar hún væri leyst eða niðurstaða komin yrði að finna þær leiðir sem heppilegastar þættu til að beita atkvæðunum þannig að vilji fólksins kæmi fram. Ef menn vilja viðhalda misvægi atkvæða finnst mér að það liggi beinast við að viðhalda einfaldlega þeim aðferðum sem viðhafðar eru í dag við það að miðla þingmannafjölda hvers kjördæmis. Auðvitað þarf að skoða fjöldann sem er fyrir framan atkv. hvers kjördæmis. Ef fólk vill hins vegar að atkv. séu jöfn eða eins jöfn og hægt er eru tvær leiðir færar. Annars vegar eitt kjördæmi yfir allt landið eða að breyta kjördæmaskiptingunni með einhverjum þeim hætti að ákveðið samræmi ríki milli fulltrúafjölda í hverju kjördæmi og atkvæðanna sem að baki eru.

Í máli mínu hérna seinast, þ. e. í framsögu við 1. umr., minntist ég dálítið á það sambland í röksemdafærslu sem menn hallast mjög fljótt að þegar þeir eru farnir að ræða þessa hluti, þ. e. að bera saman þau mannréttindi og það vald sem í kosningarréttinum felst og það sem menn kalla aðstöðu eða kjör og vilja nánast versla annars vegar með atkvæðisréttinn og svo hins vegar með kjörin og telja m. a. að sá sem búi nálægt stjórnsýslu, eigi stuttar vegalengdir til miðstýringarinnar, sé í miklu betri aðstöðu en sá sem þarf að fara yfir langan veg og sá sem fer yfir langan veg geti bætt sér þessa aðstöðu sína með því að atkv. hans vegur þyngra en hins sem býr í hlaðvarpanum.

Ef maður tekur þm. kjördæma utan Reykjavíkur tali, þá er ég nokkuð viss um að þeir telja flestallir sitt

kjördæmi bera nokkuð skarðan hlut frá borði. Ef þeir hafa rétt fyrir sér, kjördæmið ber skarðan hlut frá borði, hefur reglan um misvægi atkvæða ekki borið árangur. Þá getur maður gert tvennt: breytt henni þannig að atkvæðavægið sé jafnt eða breytt henni þannig að atkvæðavægið verði meira. Þeir þurfa kannske enn þá meira misvægi til að ná fram sínum hlut. Það þarf kannske að fjölga þm. á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurl. v. til þess að íbúar þeirra svæða njóti réttar síns til jafns við íbúa höfuðborgarsvæðisins. En ég held að flestir átti sig mjög fljótlega á því að þetta er ekki leið eða markmið sem þeir geta hugsað sér. Hér gekk úr salnum einhver mesti þungavigtarmaður á Íslandi í atkvæðum, hæstv. fjmrh. Hann er ekki bara þungavigtarmaður í gulli og aurum, hann er líka þungavigtarmaður í atkvæðum. Innan þess kjósendahóps sem að honum stendur rúmast held ég nokkurn veginn fjögur eða fimm kjördæmi af þeim átta sem við þekkjum.

Ég hef látið hér í ljósi að ég tel verulega galla á þeirri kosningaskipan sem hér er verið að leggja til. Ég tel að sú aðferð sem á að beita við að taka ákvörðun um hvaða flokkur og hvaða þingmaður hlýtur sæti, hún sé forkastanlegt hneyksli, móðgun við kjósendur. Ég tel að ástæðan fyrir þessu sé ákveðið yfirklór. Hið hróp-andi misvægi atkvæða, sem nú viðgengst, var orðið of áberandi til þess að menn gætu látið sem þeir sæju það ekki. Það þurfti að breyta því. En það mátti ekki breyta því öðruvísi en svo að aðstæðurnar öðru megin við jafnaðarmerkið héldust nákvæmlega þær sömu og þær eru í dag, allavega í meginatriðum. Þannig hefur nánast öll umr. snúist um það hvernig reikna eigi. Hér hafa verið nefndir menn sem heita skáldlegum nöfnum eins og d'Hondt og Ague og Droop. Einn hv. Nd.-þm. spurði: Hver er þessi Droop? og hafði það eftir einhverri gamalli konu. Er þetta aðmíráll á Keflavíkur-flugvelli? spurði hún. Henni fannst með ólíkindum hvað maðurinn var farinn að ráða miklu á Íslandi. (**RA:** Hann fékk nú ekki að ráða.) Hann fékk ekki ráðið á endanum þótt hann tranaði sér mikið fram. Ég held að það sé til marks um það hve mikil alvara liggur á bak við þetta frv. hvað menn hafa það gjarnan í flimtingum. Það er oftast þannig að þegar mannskepnan skammast sín fyrir einhverja hluti, þá fer hún að grínast með þá. Það er ein af leiðunum sem menn hafa til að sætta sig við hluti sem annars eru óþolandi.

Ég verð að viðurkenna að ég vildi gjarnan, ef ég gæti, þó ekki væri nema með því að standa í þessum stól, geta komið í veg fyrir að þetta frv. yrði samþykkt. Því eins og ég sagði áðan tel ég að þetta sé vont frv. Ég verð að viðurkenna að mér er aðeins hugarhægara fyrir þá sök að menn eru sprungnir á limminu. Ég er ekki að hreykja mér eða gleðjast yfir því að mennirnir skuli hafa sprungið á limminu, en í því felst þó örlítill vonarneisti að takast megi við næstu endurskoðun að láta einhver önnur viðhorf njóta sín en þau sem ráðið hafa gerð þessa frv. Það er dálítið eftirtektarvert, vegna þess að ástæðan til þess að við erum hér er það sem einhvern tíma upphófst og var kallað lýðræði, að barátta lýðræðisins hefur alltaf snúist meira og minna um sömu hlutina. Héðinn Valdimarsson sagði árið 1927, þegar hann er að berjast fyrir því að landið verði allt eitt kjördæmi:

„Það eru því kaupstaðarbúar og einkum verkalýður-inn sem geldur þessa rangláta skipulags." Hann er að tala um misvægi atkvæða og það kosningafyrirkomulag sem þá var í gildi. „Með núgildandi stjórnarskrá er níðst á þeirri stétt manna. Ástandið hér minnir á það ástand sem var á Englandi nálægt 1830, þótt það væri enn verra. Af breytingum atvinnuveganna þar í landi var kjördæmaskipunin orðin þannig að á einum stað kusu 21 kjósandi einn þingmann."

Ef við gefum gaum að þeirri þróun sem orðið hefur í hinum dreifðu byggðum landsins og að því er virðist er ekki enn þá búið að stöðva þá er alveg hægt að gera ráð fyrir að þeir tímar komi þegar þingmenn koma hér á þing með helmingi minna en 700 atkvæði á bak við sig. Ég má minna á það í þessu sambandi að hæstv. utanrrh. féll út af þingi af því að hann hafði minna en 5000 atkvæði á bak við sig.

Héðinn Valdimarsson er í orðum þeim sem ég vitnaði til að lýsa ástandinu á Bretlandi 1830. Og hann er að lýsa því vegna þess að í þeirri stjórnarskrárbreytingu sem hann er að mæla fyrir þá, árið 1927, felst sú stórfenglega breyting að vissir aðilar hér á Íslandi fái kosningarrétt. Það voru þeir sem hétu sveitarómagar. Þeir höfðu ekki kosningarrétt. Í þá daga þótti ekki sjálfsagðara en svo að þeir fengju kosningarrétt að páv. forsrh. — og reyndar fjmrh., Jón Þorlaksson, taldi það af og frá að þessir menn ættu rétt á því eða það væri heilbrigt og eðlilegt að þeir fengju kosningarrétt.

Þeir sem börðust fyrir kosningarrétti sveitarómaga töldu að verið væri að berjast fyrir mannréttindum. Menn höfðu barist fyrir því að konur fengju kosningar-rétt og þær höfðu fengið hann. Menn höfðu barist fyrir því að sveitarómagar fengju kosningarrétt og menn náðu því líka fram. Þar með höfðu allir sem rétt áttu fengið kosningarrétt. Nú orðið eru það einungis alvar-legir afbrotamenn og fólk sem naumast er í tengslum við þessa veröld sem ekki hefur kosningarrétt.

Ég minnist á þetta vegna þess að inn í þessa umr. hefur líka blandast sá málflutningur að það skipti máli í þessari umr. hver aflar mest til þjóðarbúsins, eins og það er gjarnan kallað. Þá eru menn í reynd að túlka þá skoðun að sá sem aflar mest til þjóðarbúsins eigi mestan rétt á því að kjósa. Menn eru að fara fram á það að atkvæðisréttur standi í einhverju ákveðnu hlutfalli við það hvað stóran hlut hver á í öflun þjóðarbústekna. Sá sem aflar mest á þyngsta atkvæðið, hans atkvæði vegur miklu meira en atkvæði nágranna hans sem ekki aflar mjög mikils. Rökrétt niðurstaða af því er náttúrlega sú, að sá sem aflar einskis á náttúrlega engan atkvæðisrétt. Hann er orðinn sveitarómagi.

Ég verð að viðurkenna að það tók mig nokkra stund að átta mig á þessum málflutningi þegar ég heyrði hann. Ég hef reyndar ekki heyrt hann hér í þessari hæstv. deild vegna þess að í þessu máli hafa menn varla opnað munninn hér og að því er ég best fæ séð, hæstv. forseti, ætla þeir ekki að gera það. Það verða líklega mín örlög þegar upp er staðið að vera sá eini sem opnaði munninn í þessu máli. Þetta eintal við sálu mín sjálfs verður að því leyti minn kross að ég þarf síðan að leiðrétta alla þessa ræðu þegar hún er komin á þrykk.

Það skal viðurkennt að það örvar ekki til tungulip-urðar að standa hér einn í stól og tala við sjálfan sig. En ég geri það ekki síst vegna þess að þetta er eina ráðið sem við höfum til að vekja athygli á þessu máli, nægilega mikið til að menn átti sig á því hversu alvarlegur þessi atburður er og hve mikilvægur hann er.

Ég viðurkenni að ég tek mér ekki oft orð eins og fjöregg og hjarta eða einhver önnur innyflanöfn í munn til að lýsa því sem mikilvægast er í lýðræði okkar. En atkvæðisrétturinn og það vald sem kjósendum er gefið með honum er það sem kalla mætti fjöregg lýðræðisins. Það er hægt að taka þennan rétt og gera hann nánast að viðundri. Við þekkjum það ef við ferðumst hér yfir það fyrirbæri sem kallast Járntjaldið. Samkvæmt stjórnskipun er þar að finna einhver lýðræðislegustu lönd í heimi. Á fáum stöðum gera stjórnarskrár ráð fyrir eins miklum lýðræðislegum réttindum og í löndunum austan járntjalds. Allir hlutir viðvíkjandi tengslum kjósandans við stjórnvaldið virðast vera rækilega njörvaðir niður í stjórnarskrám þessara landa. En svo sjáum við bara þegar á hólminn er komið að með því hvernig menn framkvæma hlutina er hægt að haga niðurstöðunni að eigin vild. Og það er þetta sem er að gerast hér með þessu frv. Menn eru búnir að búa til niðurstöður, þannig að það er nánast sama hvað gerist úti í kjördæmunum, menn geta þvingað fram a. m. k. það ástand sem við búum við í dag.

Það kemur í ljós t. d. í upplýsingum um þetta mál að það þarf óhemjulega fólksflutninga milli kjördæma til þess að fjöldi þingmanna breytist, til þess að þeir missi fimmta manninn, sem þó er í raun ekki fastur. Ég verð að viðurkenna að þegar ég fer að tala um þetta get ég varla að mér gert að hlæja því þetta er eiginlega svo asnalegt allt saman að það er ekki hægt að tala um það í fullri alvöru. Það þarf óhemjumikla flutninga milli kjördæma. Það þarf nánast að taka helming íbúanna og flytja þá yfir einhver tiltekin landamæri, yfir í annað kjördæmi til þess að veruleg röskun verði á. Allir þm., sem sitja nú á þingi, sjá náttúrlega fram á það að innan þeirra næstu 10 ára sem þeir eiga hugsanlega möguleika á því að sitja hér á þingi gerast þessir tilflutningar ekki. Og í því felst náttúrlega býsna mikið öryggi. Það er líka greinilegt að kjósendur hafa mjög lítil áhrif eftir þessum nýju lögum á persónukjör eða persónuval, enda er það nefnt sem eitt af þeim atriðum sem menn ætla sérstaklega að skoða í endurskoðuninni strax að lokinni samþykktinni. Það er líka illþolandi að hugsa til þess að það sé væntanlega nýja leiðin til sátta og samkomulags milli flokkanna að skoða þann möguleika sem að því er virðist lítt hafði verið skoðaður, þ. e. möguleikann um persónukjör. Ekki vegna þess að ég sé á móti persónukjöri heldur vegna þess að ég óttast að niðurstaðan hjá þeim aðilum, sem fylgjandi yrðu slíku, yrði í anda frv. hérna, þ. e. persónukjör þar sem hægt er að sveigja atkvæði kjósandans í þá farvegi sem þjóna best hagsmunum þeirra manna sem nú sitja við stjórnvölinn.

Ég nefndi það hér áðan að við hlustuðum hálfsyfjaðir um miðja nótt, stuttu fyrir jól, á formann Sjálfstfl. flytja framsögu fyrir þessu frv. Sú framsaga var ekki hástemmd eða hávær. Hún var mjög hljóðlát og hógvær og manninum leið greinilega ekki allt of vel. Nú er komið í ljós hvers vegna honum leið svona illa. Vegna þess að hann var kunnugur innviðunum gerði hann sér grein fyrir því betur en aðrir að það samkomulag sem þjóðinni hafði verið talin trú um að fyrir hendi væri var ekki til. Það var verið að biðja menn að samþykkja eitthvað, sem ekkert var, til þess eins að menn misstu ekki andlitið. Ef maður skoðar þá athöfn að missa andlitið þá held ég að menn hefðu betur haft kjark til að missa andlitið í þessu máli, vegna þess að það hefði hugsanlega getað leitt til þess að fólk fengi einhver þau kosningalög sem þjónuðu þess hagsmunum og það væri ávinningur sem ég teldi jafnast margfalt á við smátap á því andliti sem við teljum okkur hafa.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Ég tók nú ekki til máls þegar stjórnarskrárbreytingin var hér til umr., hvorki í fyrra né nú á þessum vetri, og ræddi málið heldur ekki við 1. umr. Mér finnst tilhlýðilegt að segja nokkur orð um kosningalögin áður en þau verða endanlega afgreidd. Miðað við stuttan tíma, sem stjórnarskrárnefnd hafði til að fjalla um þetta mál, mætti ætla að málið hefði fengið óvandaða meðferð hér á Alþingi og einnig þegar haft er í huga að tiltölulega mjög fáir stuðningsmenn þessa frv. hafa tekið til máls. En því er svo sannarlega ekki að heilsa að mál þetta sé afgreitt hér að lítt athuguðu máli og í einhverju hasti. Ég hygg að fá mál hafi verið jafnrækilega rædd í þingflokkum þeim sem áttu sæti á seinasta Alþingi og einmitt þetta mál. Það var til meðferðar innan þingflokkanna og í viðræðum milli þingflokkanna, ekki um margra vikna skeið, heldur margra mánaða skeið, og lögð í það mjög veruleg vinna með þeim árangri að samkomulag náðist með þeim flokkum sem áttu fulltrúa á Alþingi á seinasta þingi.

Nú erum við hins vegar fyrst og fremst að staðfesta þetta samkomulag og ganga endanlega frá því með formlegum hætti þegar kosningalögin eru nú afgreidd hér frá hv. Alþingi. Forsendur þessa samkomulags voru að sjálfsögðu ýmsar eins og oft vill vera þegar stórmál eru á ferðinni. Hér var um það að ræða að skapa fullan jöfnuð milli stjórnmálaflokkanna allra, þannig að ekki væri hægt að halda því fram að einn flokkur hagnaðist á kjördæmaskipuninni umfram aðra flokka. Einnig var ákveðið að hlutfall þingmannafjölda úr einstökum kjördæmum, og þá fyrst og fremst hlutfallið milli Faxaflóasvæðisins annars vegar og annarra kjördæma hins vegar, skyldi verða eitthvað hliðstætt því sem var þegar núverandi kjördæmaskipun var tekin upp árið 1959. Þetta var það stefnumið sem menn höfðu í huga þegar þessi breyting á stjórnarskrá og kosningalögum var samþykkt af fjórum flokkum á s. l. ári, og að kannske væri gengið eilítið lengra en nam þessu stefnumiði og menn færðu sig jafnvel lengra til jafnræðis milli Faxaflóasvæðisins annars vegar og annarra kjördæma hins vegar, kannske með það í huga að hætt er við að nokkur skekkja taki fljótlega aftur að myndast miðað við þessi gefnu hlutföll.

Þriðja meginforsendan var sú að aðgreining milli kjördæmiskjörinna þm. og landskjörinna, með þeim hætti sem var í fyrri kosningalögum og stjórnarskrá, var afnumin. Í praksis þýðir þessi breyting það að landskjörnir þm. eða uppbótarþingsæti falla ekki í hlut kjördæma utan Reykjavíkur, Reykjaness og Norðurl. e. nema í algerum undantekningartilvikum, en eins og kunnugt er þá var nokkuð fast að í hverjum kosningum væru 4—6 uppbótarmenn úr kjördæmum utan Reykjavíkur og Reykjaness. Þetta er að sjálfsögðu mjög veruleg breyting frá því sem verið hefur og þýðir það í reynd að þessi fámennari kjördæmi fá alls ekki fleiri þm. en fimm, fjögur þeirra, og sex a. m. k. eitt þeirra. En þessu til viðbótar var ákveðin ný úthlutunarregla á þingsætum, svonefnd regla stærsta afgangs, sem þykir á

margan hátt hentugri við úthlutun þingsæta þegar kjördæmi eru lítil og aðeins á að skipta fimm sætum.

Ég vil taka það skýrt fram í þessu sambandi að þessar meginforsendur kosningalaganna, sem samþykktar voru af fjórum flokkum á s. l. vetri, voru hver um sig slík grundvallarforsenda að ef ein þeirra félli burt má hiklaust segja að ekki séu fyrir hendi þær meginástæður sem fyrir lágu þegar ákvörðunin var tekin. Ég segi það hiklaust í þessu sambandi að við hljótum að líta á þessa kjördæmabreytingu, bæði þá sem er í stjórnarskránni og þá sem er í kosningalögunum, sem eina heild og ef einu meginatriði er kippt burtu og því breytt með verulegum breytingum á kosningalögunum — stjórnarskránni verður auðvitað ekki breytt héðan af — þá er hiklaust hægt að segja að forsenda sé brostin fyrir samþykki stórs hluta þm. sem stóð að þessu samkomulagi fyrir einu ári síðan. Þetta segi ég að sjálfsögðu að gefnu tilefni vegna þess að við umfjöllun þessa máls í Nd. kom það mjög til álita hvort ekki ætti að taka upp nýja úthlutunarreglu, aðra úthlutunarreglu en er í þessu frv.

Ég vil að sjálfsögðu ekkert útiloka það að þeir sem stóðu að þessu samkomulagi á sínum tíma gætu komið sér saman um einhverjar breytingar á úthlutunaraðferðum, sem notaðar eru í þessu frv., hefðu kannske getað komið sér saman um það í vetur eða eiga kannske eftir að koma sér saman um það. En ég álít hins vegar að sé tekin upp ný úthlutunarregla, sem ekki er samkomulag um milli þessara samningsaðila, þá sé verið að rifta gerðu samkomulagi í miðjum klíðum og áður en það hefur raunverulega komið til framkvæmda, áður en að búið er að koma því til skila. Ég teldi slíkt vera hina mestu óhæfu og segi það alveg eins og er að ef menn ættu eftir að standa frammi fyrir þeirri staðreynd einhvern tíma síðar, þá hlytu menn að hugleiða það vandlega hverju þá er yfirleitt að treysta í samskiptum stjórnmálamanna ef ekki má treysta samkomulagi sem gert hefur verið með jafnformlegum hætti og það samkomulag sem er hér til umr.

Það er ekkert launungarmál að samkomulagið, sem gert var í fyrra og felur m. a. í sér þessa nýju úthlutunarreglu, var tekið upp vegna þess að nauðsyn þótti bera til að landsbyggðarmenn úr minni flokkum í hverju kjördæmi stæðu betur að vígi en þeir gera með hinni gömlu úthlutunarreglu. Og þegar ég segi landsbyggðarmenn þá er kannske óþarfi að orða hlutinn þannig. Þetta gildir alveg jafnt um þéttbýlið hér, að minni flokkar eiga undir högg að sækja með þeirri úthlutunarreglu sem notuð hefur verið gagnvart stórum flokkum. Það er enginn vafi á því að það gildir alveg það sama um minni flokka hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu, að þeir hafa að sínu leyti hag af þeirri breytingu sem hér er verið að taka ákvörðun um, á sama hátt og minni flokkar úti um land hafa hag af þessari nýju úthlutunarreglu.

En sem sagt, ef menn tækju upp á því, áður en þessi kjördæmabreyting hefur komið til framkvæmda, að kollvarpa þessari úthlutunarreglu, taka upp eitthvert annað kerfi en samkomulag varð um, og gerðu það án þess að samkomulag væri um það milli þeirra aðila sem að þessu samkomulagi stóðu, þá væru ósköp einfaldlega brostnar forsendur fyrir samþykki mjög margra þm. á sínum tíma við stjórnarskrárbreytingunni. Ég segi fyrir mig að ég hefði aldrei staðið að stjórnarskrárbreytingunni með þeim hætti sem ég gerði, ég hefði ekki látið hana fara umræðulaust hér í gegnum Ed. tvö ár í röð ef mig hefði grunað það að slíkt ætti eftir að henda, að menn gengju frá því samkomulagi sem gert hefur verið í miðjum klíðum. Ég vil því segja að mér dettur ekki í hug að svo fari. Ég treysti á að menn standi við það samkomulag sem þeir hafa gert og geri sér grein fyrir því að allir þessir hlutir hanga saman, úthlutunarreglan, hlutföllin milli kjördæma, jöfnuðurinn milli flokka og afnám uppbótarþingsætanna, og að það eru brostnar forsendur fyrir samþykki okkar við þessari breytingu ef menn taka einhvern einn af þessum þáttum út úr og breyta honum í grundvallaratriðum áður en kemur til næstu kosninga.

Ég hef heyrt þá aths. gerða í þessu sambandi að menn þurfi ekki annað en að samþykkja þetta frv. nú í vetur og þá séu þeir lausir allra mála, búnir sem sagt að fullnægja því samkomulagi sem gert hefur verið. Fólk geti bara gengið til þess með einhverjum meiri hluta, sem myndast hér í þinginu, að breyta úthlutun þingsæta eða einhverju öðru. Ég teldi það afar slæmt ef slíkt ætti eftir að gerast því að þá væru menn raunverulega að ganga frá þessu samkomulagi í miðjum klíðum áður en það kemur til framkvæmda. Þá væri ekki þessari kjördæmabreytingu lokið þegar leiðir skildust og menn tækju að krukka í það samkomulag sem gert var án þess að samkomulag væri um það milli allra aðila.

Þetta vildi ég að kæmi hér sem skýrast fram vegna þess að ég hef svo sannarlega samþykkt stjórnarskrárbreytinguna og þessi kosningalög í trausti þess að menn séu hér að afgreiða eina heild og hún verði skoðuð af þingheimi sem ein heild og tekin afstaða til hennar á þann veg. Um málið að öðru leyti vil ég segja það að ég þykist vita að enginn sé í raun og veru ánægður með þá niðurstöðu sem fengist hefur. Það er áreiðanlegt að mjög margir hér á Faxaflóasvæðinu telja að of skammt sé gengið í þá átt að jafna hlutföll þingmannafjölda úr dreifbýli annars vegar og svo hins vegar af Faxaflóasvæðinu. Svo má aftur hiklaust fullyrða að mjög margir úti um land telja að of langt sé gengið í jöfnunarátt. Ég er persónulega sáttur við það samkomulag sem tekist hefur þó ég sé auðvitað á margan hátt gagnrýninn á það frv. sem liggur hér fyrir og hefði vafalaust samið það í allt öðrum dúr ef ég hefði einn mátt ráða. En ég hygg að sama geti sagt flestir þm. Það má vissulega taka undir með hv. þm. Stefáni Benediktssyni að frv. er býsna flókið. Og ég held að óhyggilegt væri að fela gamla fólkinu á Hrafnistu að annast talningu, eins og hann var að gefa í skyn að einhverjum gæti kannske dottið í hug. En á þetta mun vafalaust ekki reyna og við höfum sem betur fer eignast góðan tækjabúnað, sem léttir okkur erfiðið, þannig að vafalaust munu tölvurnar brjóta okkur leið í gegnum þá talnaflækju sem fylgir þessu nýja frv.

Þegar rætt er um hversu margir þm. eiga að vera úr hverju kjördæmi og hlutföll milli dreifbýlis og þéttbýlis eru skoðuð í því sambandi, þá er oft haft á orði að kjósendur hér á Reykjavíkursvæðinu hafi aðeins eitt atkvæði á móti þremur sem kjósendur í einhverju öðru kjördæmi hafi. Ég álít að fullyrðingar af þessu tagi séu á nokkrum misskilningi byggðar. Og ég vil vekja á því athygli að í átökum í kosningum um stjórnmálastefnur, um það hvort ríkisstjórn stendur eða fellur, um það hvort ákveðin tegund ríkisstjórnar er mynduð eða ekki, hefur

hver kjósandi aðeins eitt atkv. og breytir engu í hvaða kjördæmi hann býr. Atkvæðið sem kjósandinn á Vestf. greiðir skiptir örugglega nákvæmlega jafnmiklu máli og atkvæðið sem kjósandinn í Reykjavík greiðir þegar kjósendur svara þeirri spurningu hvort eigi að framlengja lífdaga ákveðinnar ríkisstjórnar eða hvort Sjálfstfl. eða BJ eða Alþb. skuli fá einum þm. fleiri eða færri. Að þessu leyti er því alveg ljóst að hver kjósandi hefur aðeins eitt atkv. og allir kjósendur á landinu eru jafnir hvað þetta snertir. Og þetta er meginatriðið, um þetta snúast kosningarnar. Sem betur fer eru kosningar á Íslandi ekki kosningar um það hvort þessi ákveðnu kjördæmi í landinu nái meiri hluta gegn einhverjum öðrum kjördæmum. Sem betur fer snúast ekki kosningarnar um það. Þær snúast um það hvort stjórnmálastefnur nái meiri hluta og hvort ríkisstjórn standi eða falli. Og í þeim slag hefur hver kjósandi aðeins eitt atkvæði.

Hitt er annað mál að þegar kemur að spurningunni um þingmannafjölda úr kjördæmum er alveg ljóst að kjósandinn úti á landi hefur heldur meira vægi en kjósandinn hér á Reykjavíkursvæðinu. Því valda ýmsar ástæður. Ástæðurnar eru t. d. þær að Alþingi er staðsett hér í þéttbýlinu. Hér búa flestir alþm. og mikill meiri hluti þeirra á raunar lögheimili hér í grennd við Alþingi, þekkir gang mála hér af eigin raun þótt viðkomandi sé ekki þm. Reykjavíkur eða Reykjaness, en kynnist málum þessara kjördæma vegna nálægðarinnar og vegna dvalar sinnar hér yfir þingtímann ef hann er þá ekki búsettur hér. Það eru þessar ástæður sem valda því að ekki þykir almennt sjálfsagt mál að fjöldi þm. í kjördæmum sé í nákvæmlega réttu hlutfalli við íbúafjölda á viðkomandi svæði. Og það er ekki aðeins hér á Íslandi sem slíkar reglur eru hafðar. Enn einu sinni má minna á að kjósendur í höfuðborg Bandaríkjanna hafa ekki sama kosningarrétt og kjósendur fjarri höfuðborginni. Í löndum þar sem búseta er mjög dreifð og þar sem kjördæmi verða óhjákvæmilega mjög ólík, þar sem löggjafarþingið situr í miðju þéttbýlinu, þar þykir óhjákvæmilegt að taka visst tillit til aðstæðna af þessu tagi. Og það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Stefáni Benediktssyni að þeir sem halda þessum skoðunum fram skammist sín fyrir þær. Ég geri það ekki. Og ég hygg að flestir þeir sem álykta á sama veg og ég telji þetta rökrétta afleiðingu af íslenskum aðstæðum, einkum og sér í lagi þegar haft er í huga að stjórnmálin snúast ekki um það hvort ákveðin kjördæmi í landinu nái meiri hluta gagnvart einhverjum öðrum kjördæmum, heldur snúast þau um stjórnmálastefnur og fylgi flokka og þar hafa allir jafnan atkvæðisrétt.

Það var ágætt að fá inn í þessa umr. ábendingu hv. þm. Stefáns Benediktssonar um viðhorf kjósenda til þeirrar breytingar sem verið er að gera. Það hefur nefnilega verið trú margra að kjósendur almennt væru svo óánægðir með þá breytingu sem verið er að gera að þeir mundu vafalaust æpa hana niður ef þeir ættu þess kost, enda hefðu þeir ekki verið spurðir. En eins og hv. þm. Stefán Benediktsson benti á þá lét tiltekið fyrirtæki hér í bæ fara fram skoðanakönnun um þetta mál. Og ég hygg að það veki alveg sérstaka athygli að samkv. þeirri skoðanakönnun virðist meiri hluti landsmanna sætta sig við þá breytingu sem verið er að gera. Að vísu er allstór hópur sem hefði viljað ganga lengra í aðra áttina og allstór hópur sem hefði viljað ganga í hina áttina, en sá hópurinn er áberandi stærstur sem sættir sig við þessa niðurstöðu. Þegar haft er í huga að síðan eru fjölmennir hópar sem hefðu viljað ganga hvor í sína áttina þá held ég að heildarniðurstaðan verði nú að vera sú að þjóðin hafi sætt sig við það samkomulag sem stjórnmálaflokkarnir hafa gert um þetta mál.

Ég held líka að það sé rangt sem hv. þm. sagði hér áðan, að kjósendur hafi ekki verið hafðir með í ráðum. Þeir voru hafðir með í ráðum á nákvæmlega þann hátt sem stjórnskipun okkar gerir ráð fyrir. Þetta mál var mjög um rætt á s. l. vetri jafnhliða því sem Alþingi tók sínar ákvarðanir. Síðan fóru kosningar fram þar sem kjósendur og frambjóðendur áttu svo sannarlega kost á því að taka málið til frekari umr. en gerðu það ekki nema að sáratakmörkuðu leyti. Ég hygg að það geti varla verið neitt umdeilt að í seinustu kosningum var þessu samkomulagi, þessum breytingum á kjördæmaskipuninni ekki mjög mikið andmælt í kosningabaráttunni, þótt auðvitað væri vitað að í öllum kjördæmum væri nokkur hópur manna sem ekki væri að öllu leyti ánægður með það sem verið væri að gera. En það er síður en svo hægt að segja að þetta kjördæmamál hafi staðið upp úr í seinustu kosningum á einn eða annan hátt. Það hvarf svo sannarlega í skuggann af öðrum málum, eins og hv. þm. Stefán Benediktsson benti á hér áðan.

Ég vil svo segja það að lokum að ég var alveg ásáttur við orðalagið sem fram kemur í nál. stjórnarskrárnefndar í Nd. og er ekkert síður ásáttur við orðalagið á nál. stjórnarskrárnefndar í Ed., þar sem uppi eru höfð áform um að endurskoða kosningalögin og gera hugsanlega á þeim einhverjar breytingar á næsta þingi, því að ég get vel fallist á að það eru fjöldamörg atriði í kosningalögunum sem orka tvímælis og nefndir Alþingis hafa fengið ábendingar frá dómsmrn. um margt sem hefur verið í kosningalögum en mætti fara betur. Mér finnst alveg sjálfsagt að öll þessi atriði verði til nánari athugunar á komandi þingi og menn einsetji sér að koma fram endurskoðun á þessum lögum eftir því sem samkomulag getur náðst um. Ég vil hins vegar taka það fram að ekkert er því til fyrirstöðu að kosið sé eftir kosningalögunum eins og þau liggja fyrir núna. Þau eru ekkert ófullkomnari en kosningalögin sem við höfum notast við á undanförnum árum og ef kæmi til kosninga með óvæntum hætti yrðu þessi lög vafalaust notuð.

Eins er auðvitað sjálfsagt að halda áfram að rökræða um efnisatriði málsins því að vitað er að ágreiningur hefur verið um málið í öllum flokkum. Það má vel vera að menn gætu fundið einhverja þá niðurstöðu sem almennt samkomulag gæti tekist um eftir að menn hefðu skoðað málin nægilega vandlega. Þetta voru menn að reyna núna í vetur en tókst ekki. Menn fundu ekki neina leið til að breyta þessu með fullu samkomulagi þeirra sem stóðu að frv. á s. l. ári og því var það lagt til hliðar að sinni. En ég hef svo sannarlega ekkert við það að athuga að menn leitist frekar við að finna samkomulagsflöt ef hann skyldi einhvers staðar reynast finnanlegur. Á hitt legg ég auðvitað megináherslu að að sjálfsögðu verða þeir sem stóðu að þessu samkomulagi á sínum tíma að halda samstöðu sinni áfram og tryggja það að samkomulagið sé ekki brotið upp áður en það kemur til framkvæmda.

Frsm. meiri hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Það væri e. t. v. ástæða að fara nokkrum orðum um ræðu hv. 8. þm. Reykv. en ég neita mér um það þó að ræðan hafi í sumum efnum verið með nokkuð furðulegum hætti. Hv. þm. sagði að frv. það sem hér lægi fyrir væri ósvífni og móðgun við kjósendur landsins. Hann sagði að þeir sem stæðu að því litu svo á að kjósendur væru ekki gáfuðustu skepnur sem á jörðinni gengju, svo ég noti hans orð. Hann sagði að þetta frv. væri beint brot á mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hann sagði að menn úti á landi skömmuðust sín vegna ofvægis, eins og hann orðaði það, atkvæðisréttar gagnvart þéttbýlinu. Allt eru þetta stór orð og miklu stærri orð en ég hélt að svo dagfarsprúður þm. sem hv. 8. þm. Reykv. léti sér um munn fara. En á bak við þessi stóryrði var að sjálfsögðu skoðun hv. þm. á því sem hann telur að sé rétt vægi atkvæða.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi það mál og ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu hjá honum í þeim efnum. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að hann hefði ekki rætt þessi mál fyrr í umr. í Ed. á þessu þingi, stjórnarskrármálið og vægi atkvæða. Ég hef hins vegar rætt það áður og ætla mér ekki að fara að ræða það hér almennt nú, en læt mér nægja að taka undir þau grundvallarsjónarmið sem komu fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v.

En meginástæðan fyrir því að ég stóð upp til þess að segja hér nokkur orð var nú samt ræða hv. 3. þm. Norðurl. v., eða þar sem hann fjallaði um samkomulag stjórnmálaflokkanna sem stóðu að stjórnarskrárbreytingunni á síðasta þingi. Það er augljóst að það var gert samkomulag milli Sjálfstfl. og Framsfl., Alþb. og Alþfl. í stjórnarskrármálinu. Samkvæmt því samkomulagi fylgdi sem fskj. með stjórnarskrárfrv., sem lagt var fram á síðasta þingi, frv. um breytingu á kosningum til Alþingis, það frv. sem við hér ræðum. Samkomulag sem gert er ber að sjálfsögðu að standa við. Og ég vil segja það fyrir hönd míns flokks, Sjálfstfl., að annað kemur ekki til greina og hefur aldrei komið til greina. Ég vil til áherslu á þessu láta þess getið að í meðferð þessa frv. í stjórnarskrárnefnd þessarar hv. d. hreyfði ég hugmynd um brtt. við þetta frv. Alþfl. var sammála þeirri hugmynd, Framsfl. var sammála þeirri hugmynd en fulltrúi Alþb. var andstæður. Ég gerði þessa hugmynd ekki að formlegri till. vegna þess að ég leit svo á, og Sjálfstfl. lítur svo á, að það sé bindandi samkomulag milli þessara flokka að sjá um að þetta frv., sem hér er til umr., verði að lögum. Það sé ekki hægt að breyta því nema allir flokkar, sem stóðu að samkomulaginu, séu fylgjandi þeirri breytingu. Og hver einn flokkur fyrir sig hafi neitunarvald í þessu efni. Það neitunarvald var virt í þessu tilfelli sem ég hef hér vikið að þegar Alþb. var á móti eða fulltrúi þess í stjskrn. á móti því að gerð yrði sú breyting á frv. sem ég lagði til.

Um þetta er enginn ágreiningur. En ég vil að gefnu tilefni, og af því sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, láta það koma skýrt fram hér, svo að engum misskilningi geti valdið síðar, að það er skoðun Sjálfstfl. að þegar búið er að lögfesta þetta frv. séu þeir flokkar sem stóðu að samkomulaginu óbundnir við það áfram. Ég mæli þetta fyrir hönd Sjálfstfl. En ég hef ástæðu til að ætla að fleiri aðilar að samkomulaginu en Sjálfstfl. líti svo á.

Nú ætla ég ekkert að fara að ræða frekar þetta samkomulag. Ég vildi aðeins að það kæmi hér skýrt fram hver er skoðun Sjálfstfl. um það hvað þetta samkomulag varir lengi.

Frsm. minni hl. (Stefán Benediktsson): Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan með tilliti til þessa margumræddu samkomulags, því að enginn fulltrúi Framsfl. virðist ætla að tala í þessu máli, að kannað væri hvort forsrh. væri til tals og viðræðu. Ég held að það sé mjög hollt að fá fram skoðanir manna á því hver gildistími þessa samkomulags er því ég sé ekki betur, enn þá allavega, en að það sé ekki samkomulag um það heldur ágreiningur. Hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 4. þm. Vestf. svöruðu í nokkru því sem ég hafði hér fram að færa og þau svör gátu að vissu leyti upplýst eitt og annað. Sú spurning sem ég vildi leyfa mér að bera fram við hæstv. forsrh., og beiddist þess vegna að hann kæmi í salinn, er ekki flókin. Hún er þessi: Hver er gildistími samkomulagsins fræga að mati forsrh.? Er gildistími samkomulagsins útrunninn þegar frv. hefur orðið að lögum, þ. e. frv. með sínum fylgifrv., eða er gildistíminn þar til lögunum hefur verið beitt í kosningum?

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði að kjósandi hvar sem væri á landinu hefði eitt atkvæði, alls staðar, af því að hann kysi flokka eða stefnuskrá en ekki eitthvað annað. Það má vera mikið rétt vegna þess að þau framboð sem hann hefur úr að velja eru flokkaframboð. En auðvitað er þarna þá líka um að ræða ákveðna takmörkun valkosta sem kjósandinn hefur úr að velja og þannig má líka líta á þetta frv. sem nokkurs konar lokatilraun flokkakerfisins til þess að framlengja líf sitt. Hvað eru þessir blessaðir flokkar sem við sjáum hér í kringum okkur? Ég ætla ekki að fara að rifja upp þær lýsingar sem viðhafðar hafa verið um flokka nú á síðustu dögum, en menn sjá þá fyrir sér uppleysta allt upp í öreindir og það að kjósa stefnuskrá slíkra stofnana er mjög vafasamt og m. a. s. djarft tiltæki því það vita menn nokkurn veginn þegar þeir kjósa þessa flokka að þegar þeir eru komnir inn á þing gengur þeim meira og minna mjög erfiðlega að framfylgja þeim stefnuskrám sem þeir buðu upp á.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði líka að kjósendur hefðu verið hafðir með í ráðum með þeim hætti sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Það er alveg rétt, en stjórnarskráin er náttúrlega eitt af þessum margnefndu valdatækjum í höndum stjórnvalda og flokka og hún gerir ráð fyrir sem allra þægilegastri afgreiðslu mála fyrir stjórnvaldið, að kjósandinn hafi ekki nema mátulega mikið um það að segja hvaða breytingar eru gerðar á grundvelli valdsins sem stjórnvaldið hefur undir höndum. Ég held að það sé ekkert ótímabær eða óskynsamleg krafa að meðhöndlun stjórnarskrárbreytingar verði í framtíðinni með öðrum og því sem ég mundi kalla lýðræðislegri hætti en hún er í dag. Ég býst líka við að það séu flestir hér inni sammála mér um það. Það sem vefst fyrir mönnum í því er að til þess þurfa þeir að breyta stjórnarskránni og það gerist þá aftur með þessum sama gamla hætti og ég hef ákveðna löngun til þess að kanna hvort ekki er almennur vilji eða áhugi manna á því t. d. að breyta því atriði stjórnarskrárinnar hvernig henni er breytt, að það þurfi ekki að gerast með þeim þunglamalega hætti sem er í dag og það sé ekki í henni, eins og sagt er á góðri íslensku í dag, þessi „stressfaktor“ að þurfa að rjúfa þing nánast tvisvar til þess að stjórnarskrárbreytingar nái fram að ganga. Mönnum óar svo þessi athöfn öll að þetta virkar mjög

lítið hvetjandi til þess að aðlaga stjórnarskrá að breyttum þjóðfélagsháttum.

Ég held að það fari heldur ekkert á milli mála í huga nokkurs manns að sú stjórnarskrá sem við búum við í dag tilheyrir allt öðrum tíma, allt öðrum stað og allt annarri stund en okkar tímum. Hún er kannske að því leyti þó betri en t. d. norska stjórnarskráin að norsku stjórnarskrána les enginn maður orðið öðruvísi en með löngum og miklum skýringum því að orðalag hennar er svo ónákvæmt á okkar tíma vísu að hún er illskiljanleg án túlkunar sérfróðra manna. En ég er ekki þar með að segja að stjórnarskrá Íslands sé að öllu leyti ónýtt plagg, langt í frá. (**Gripið fram í:** Mjög góð.) Hún er mjög góð. Ég er ekki þar með að segja að það þurfi endilega að fjölga stjórnarskrárgreinum, en það þyrfti kannske að breyta þeim þannig að þær tækju tillit til lýðræðislegra stjórnarhátta sem eru opnari og valddreifðari en menn gátu samþykkt á þeim tíma þegar hún var sett.

Forsrh. (Steingrímur Hermannsson): Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurði um samkomulag formanna þeirra flokka sem á Alþingi sátu á síðasta þingi um frv. það sem hér er til umr. Samkomulagið nær til þess að formennirnir beiti sér fyrir því að kosningalagafrv. það sem birt var sem fskj. með frv. til laga um stjórnarskrárbreytingu yrði að lögum. Lengra nær það ekki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—41. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. 156. mál (þskj. 223, n. 1070). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hæstv. forseti. Stjskrn. hefur fjallað um þetta frv. sem hér er til umr. og leggur til að frv. verði samþykkt. Stefán Benediktsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Mér þykir rétt að taka það fram að efni þessa frv. er í beinum tengslum við frv. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis sem við vorum að ræða hér næst á undan.

Í þessu frv. er um tvennt að ræða. Í fyrsta lagi gerir þetta frv. ráð fyrir því að þrátt fyrir þær breytingar, sem gert er ráð fyrir að verði skv. frv. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis að því er varðar það atriði hvernig finna eigi hve margir frambjóðendur hafi náð kosningu af hverjum lista, þá skuli óbreytt skipan haldast að því er varðar kosningar til sveitarstjórnar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að sama regla gildi varðandi möguleika kjósenda á að hafa áhrif á það hvernig listum er breytt, bæði að því er varðar kosningar til Alþingis og til sveitarstjórna.

Þetta frv. er því í beinum tengslum við frv. um kosningar til Alþingis og varðar einungis samræmingu við það frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. 281. mál (þskj. 540, n. 1065). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum nr. 43/1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér. Þar er lagt til að þrátt fyrir þau ákvæði, sem eru í núgildandi lögum um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, skuli útflutningsgjald af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum vera 1.70% af fobverðmæti. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að sá hluti útflutningsgjalds, sem greiddur er til Fiskveiðasjóðs, verði greiddur næstu 2—3 árin til Landsbanka Íslands af láni sem þar liggur í vanskilum hjá vissum hópi grásleppumanna sem stóðu í stórræðum fyrir nokkrum árum í sambandi við fyrirhugaða verksmiðjubyggingu í Frakklandi og innkaupum á tunnum og öðru. Þetta mál er þannig til komið að nokkrir þessara aðila, sem voru þar í sjálfskuldarábyrgð, eru komnir í verulegan vanda út af þessu máli og liggur við uppboði á húseignum þeirra og öðru ef ekki verður gert hreint fyrir dyrum í þessu máli.

Það segir skilmerkilega í lögunum frá 1982 að greiða skuli útflutningsgjald af íslenskum grásleppuhrognum og öðrum afurðum sem unnar eru úr grásleppu. Til grásleppuafurða teljast grásleppuafli sem skip skrásett hér í landi veiða og vörur sem úr honum eru unnar til sölu á erlendum mörkuðum. Svo það fer ekki á milli mála að það á að greiða útflutningsgjöld af þessum vörum öllum. Í öðrum lögum, sem fjalla um útflutning eða sérstaklega um lagmetisiðnaðinn, er lögð sú kvöð á lagmetið að greitt sé 1% í svokallaðan þróunarsjóð af þessum fyrirtækjum sem þau fá aftur til sinna afnota til uppbyggingar og annars. Grásleppuveiðimenn halda því fram að við verðlagningu á hrognum til innlendra framleiðenda sé gert ráð fyrir því í verðlagningu að búið sé að draga frá þessi 3.25% sem lögð eru á útflutt söltuð hrogn. Þeir telja því að lagmetið eigi að greiða hliðstætt. Með framreikningi í þessum málum kemur það út að það er nálægt 1.70% sem á að taka í staðinn fyrir 3.25. Þetta vil ég skýra á þennan veg og ætla ég ekki að hafa mörg orð um.

Við skulum gera okkur ljóst að þarna hefur um alllangan tíma verið um nokkurt deilumál að ræða. Ekki eru þeir aðilar allir, sem grásleppuveiðar stunda, í þessum samtökum sem fóru út í þær framkvæmdir sem stofnuðu til skuldanna fyrir tæpum tveimur árum. Ég held að það sé það mikill félagsandi á meðal þessara manna að mér skilst að þeir séu eftir atvikum, vil ég orða það, tilbúnir að taka þetta á sig yfir línuna að gera þetta, þetta eru þeirra eigin fjármunir. Ég persónulega get ekki lagst á móti því ef þeir vilja gera þetta sjálfir fyrir eigið fé sem þarna er um að ræða. (**Gripið fram í:**

Þá þarf ekki lög.) Það þarf lög vegna þess að þó að þessu gjaldi sé bætt þarna við nýtur það þess sama og er í þeim lögum sem í gildi eru. Þetta mun þá skiptast niður á þær stofnanir sem áttu þarna úr að njóta og það er á þann veg að til örorkutryggingar skipverja séu 41% af þessum 3.25, 20% eiga að fara í Aflatryggingarsjóð, Fiskveiðasjóður á að fá 24% og Samtök grásleppuhrognaframleiðenda 15%. Þó að þetta yrði því gert að óbreyttum lögum nægir það ekki til að sá hluti, sem færi til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, dygði til að fara með þessa skuld í þann farveg sem á þarf að halda og létta þessu af mönnum. Það er skýringin á þessu.

Í n. voru mættir í morgun Valdimar Indriðason, Skúli Alexandersson, Egill Jónsson, Jón Kristjánsson og Árni Johnsen. Þeir leggja til að þetta verði samþykkt en aðrir gátu ekki mætt á fundinn.

Ég tek á mig sökina á því að það var ekki boðað. Það var fundur í samgn. þar á undan og við tókum þennan fund á eftir en þau komu þar ekki. Ég vona að það fyrirgefist og auðvitað gera þeir aðilar, sem ekki eru hérna á nál., þá grein fyrir sinni afstöðu til málsins. En ég hef þessi orð ekki fleiri og vonast til að þessu verði hægt að hraða hér í deildinni.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég tek það fram sérstaklega að við Kolbrún Jónsdóttir vorum ekki boðuð á þann fund sjútvn. sem afgreiddi þetta frv. frá sér. Það hafði verið boðaður fundur í samgn. kl. eitt. Honum var flýtt til kl. ellefu án minnar vitundar og því gat ég ekki mætt á þeim fundi og ekki heldur sjútvn.-fundinum.

Ég tel að með samþykkt þessa frv. sé verið að framkvæma sósíalisma andskotans eins og þessi gjörð hefur oft verið nefnd. Þessi gjörð er til komin vegna þess að einstaklingar hafa lagt út í fjármálaævintýri og reiknað með ómældum gróða af því fjármálaævintýri. Sú von brást og eftir sitja þessir einstaklingar með miklar skuldir. Út af fyrir sig hef ég fulla samúð með þeim einstaklingum en ég vil gjarnan að menn séu ábyrgir gerða sinna og er því andvígur að ríkisvaldið sé látið hlaupa til hvenær sem einstaklingnum dettur í hug í því skyni að ausa úr sjóðum einhverra annarra til þessara einstaklinga.

Það kom fram hér hjá hv. síðasta ræðumanni að Samtök grásleppuhrognaframleiðenda séu samþykk þessu og eftir atvikum séu félagsmennirnir samþykkir því að svona verði staðið að málum, þ. e. að leggja sérstakan skatt á framleiðendur. Ef það er rétt þá þarf ekki að setja lög. Þá nota menn þessa félagslegu samstöðu ef hún er fyrir hendi en hlaupa ekki til Alþingis og panta lög. Ég bendi á að það eru allmargir grásleppuhrognaframleiðendur sem ekki eru í þessum samtökum. Þessir menn þurfa að greiða þessa skatta, þessir menn þurfa að greiða fyrir þessa einstaklinga.

Svo er annað sem þarf að koma hér fram. Í umr. í n. kom það fram að hv. síðasti sjútvrh. hafi túlkað þau lög, sem nú eru í gildi, á þann veg að ekki bæri að greiða útflutningsgjöld af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum. Ég get ekki séð á þeim lögum sem eru í gildi að slík túlkun sé eðlileg. Hitt er annað að það hefur komið fram að þetta gjald hefur í raun verið greitt, þessir framleiðendur hafa fengið sama verð og aðrir framleiðendur, sem þýðir að stórfelldar fúlgur liggja einhvers staðar. Ég tel að það sé mál sem þyrfti að rannsaka betur, athuga hvort þessum aðilum, sem hafa tekið þetta, beri ekki að standa skil á þeim fjármunum.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa gjörð frekar en ég er andvígur því í grundvallaratriðum að menn séu ekki látnir standa ábyrgir gerða sinna. Ég tel að það hefði mátt leysa þetta mál öðruvísi. Ég hef vissulega samúð með þessum einstaklingum, sem hafa nú lent í erfiðleikum vegna þess að ævintýrið mikla heppnaðist ekki, en ég tel að aðrir eigi ekki að greiða fyrir þá óráðsíu sem þarna átti sér stað. Ég tel að þeim einstaklingum öðrum, sem stunda grásleppuveiði eða framleiða grásleppuhrogn, eins og það er kallað hér, og ekki eru í þessum samtökum, beri ekki að greiða þessi gjöld. Ég er þess vegna andvígur þessu frv. og tel það tímanna tákn að það eru sjálfstæðismenn sem nú eru í forsvari fyrir því að koma á sósíalisma andskotans hér á landi.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið sat ég ekki á þeim nefndarfundi í morgun sem afgreiddi þetta mál út úr sjútvn., enda hefur það komið fram á þeim fundum sem þetta hefur verið rætt að ég er alfarið á móti björgunaraðgerðum eins og þessum og tel nær að þessir menn legðu sig sjálfir í líma við að afla fjár til að greiða þessar óráðsíuskuldir sínar. Ég tek undir það, sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði, að þetta er sósíalismi andskotans í allri sinni mynd.

Hv. þm. Valdimar Indriðason sagði réttilega að þetta frv. láti ekki mikið yfir sér. 1. gr. frv. er reyndar til komin vegna þess að þau lög, sem voru sett hér 1980, ef ég man rétt, kváðu ekki nógu skýrt á um það að þeim fjármunum, sem teknir væru af grásleppufframleiðendum, væri skilað. Í sjálfu sér er ég ekki á móti þessari 1. gr. þó að mér þætti réttara að þessi 3.25% væru borguð nákvæmlega jafnt af þessari afurð hvort sem hún væri flutt úr landi eða flutt til verksmiðja hér innanlands og unnin þar.

Ég teldi nær að gerð yrði opinber rannsókn á sóun þeirra fjármuna sem hér um ræðir. Nú geta félagasamtök, sem leggja út í tvísýna fjárfestingu og ferðalög — til Frakklands og víðar — og tapa fjármagni, komið til ríkisstj. og pantað lög um að láta félaga sína víðs vegar um landið greiða þessa fjármuni. Hefði orðið gróði að þessu fyrirtæki hefði enginn kvartað. Ég hef rætt við marga grásleppuveiðimenn — sem ég kann betur við að kalla svo en grásleppuhrognaframleiðendur — og þeir hafa einmitt bent á það hvað hefði skeð hefðu þeir grætt á þessu fyrirtæki. Og það eru margir utan þessara samtaka sem munu koma til með að greiða þetta. Margir hafa borið það fyrir sig að þeir fái ekki það fjármagn sem rennur til Fiskveiðasjóðs og þess vegna sé þeim nokk sama hvað verður um þessar rúmar þrjár millj. kr. Ég held að kominn sé tími til að stjórnmálamenn reyni að halda sér við það að menn verði að standa ábyrgir gagnvart gjörðum sínum. Við höfum ekki efni á því að hlaupa undir bagga með óráðsíumönnum eins og hér um ræðir. Það er einfalt mál og ég tel það mjög alvarlegt að brjóta svona prinsipp.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Það virðist svo einkennilega vilja til að þeir hv. nm. í sjútvn. deildarinnar, sem eru andvígir þessu frv., hafi ekki

verið viðstaddir afgreiðslu n. í morgun, þ. e. að nú kemur í ljós — (**Gripið fram í:** Það var ekki viljandi.) Nei, það var ekki heldur viljandi gert af okkur að afgreiða málið á þann máta. En um þetta mál var búið að spjalla þó nokkuð mikið í n. og það er svo sem hægt að viðurkenna það að öllsömul munum við hafa svona hálfpartinn, ef svo má orða það, verið að naga blýantinn okkar yfir þessu máli í vetur. En meiri hl. n. var ásáttur um það í morgun að afgreiða málið á þann máta að leggja til að frv. yrði samþykkt óbreytt.

Ég varð ekki var við það í áliti þeirra hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar og Kolbrúnar Jónsdóttur að í eðli sínu væru þau á móti 1. gr., það væri fyrst og fremst 2. gr. sem þau væru andvíg og þar væri verið að gera ýmsa hluti sem þau nefndu ekki sem fegurstum nöfnum, sósíalisma andskotans, það var nafngiftin sem þessi aðgerð fékk. Ég ætla ekki að bera á móti því að þetta beri kannske keim af þeirri nafngift en ekki á þann veg að einstaklingar hafi farið þarna út í fjármálabrask í því augnamiði að afla sér skjótfengins gróða og geta svo sagt á eftir hvað þeir hefðu verið góðir í fjármálapólitíkinni. Þarna var um það að ræða að myndaður var félagsskapur og fyrir þessum félagsskap var kjörin stjórn. Einstaklingarnir, sem stjórnarmenn þessara samtaka, stóðu frammi fyrir því að þurfa að leysa ákveðin fjárhagsleg vandamál og þeir leystu þau ekki öðruvísi en með því að ganga í persónulegar ábyrgðir.

Það má vel vera að það sé ámælisvert að leggja til að þessi leið verði farin sem hér um ræðir. Hún er þó á þann veg að verið er að taka úr sjóðum eða frá þeim hóp sem þessir menn voru fulltrúar fyrir. Ég ætla ekki að jafna þeirri aðgerð, sem við erum sammála um að leggja til að verði gerð hér, við ýmislegt annað sem gert hefur verið með lagalegu yfirvarpi og að sumu leyti með félagslegri aðgerð. Ég ætla ekkert að jafna því, sem við erum að leggja hér til, við það sem verið er að gera í kartöflumálunum. Hverjir ætli borgi það skakkafall sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við það að greiða þær skemmdu kartöflur sem hafa verið tíundaðar hér undanfarið? En það er allt gert með löglegu yfirbragði. Hverjir ætli borgi hallann á skekkjunni af Hraðbraut/Olíuмöl hf.? Það er allt gert með löglegu yfirbragði. Í þessum samtökum og í þessum fyrirtækjum voru menn sem kunnu að tryggja sig að vissu leyti frammi fyrir spursmálum sem þessum áður en þeir fóru út í það að stofna fyrirtæki. Þessir menn, sem hér er verið að ræða um, gerðu ekki neina tilraun til að tryggja sig áður en þeir gáfu sínar persónulegu tryggingar fyrir því að standa að ábyrgð fyrir sína félaga.

Þó að ekki megi hafa stór orð um að þarna séu ljót mál á ferð er það ekki til að bera mikinn kinnroða fyrir. Ég mæli hiklaust með því að þetta mál verði afgreitt hér úr deildinni og við látum hv. Nd. standa frammi fyrir því að leysa málið til fullnustu og ég vænti þess að hún muni gera það áður en þinginu verður slitið.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorð. Hv. síðasti ræðumaður taldi það undarlegt að tveir nm. hefðu ekki verið á fundi. Er eitthvað undarlegt við það að nm. mæti ekki á fund ef þeir eru ekki boðaðir? Ég vil algjörlega frábiðja mig því að hafa ekki mætt á fundi í vetur og mér finnst leitt að heyra svona yfirlýsingar.

Skúli Alexandersson: Virðulegi forseti. Ég lét ekki þau orð falla að ég hefði verið að beina því til hv. þm. að hún hefði skotið sér undan því að mæta, það er af og frá. Ég vissi vel að boðun á þennan fund var með sérstökum hætti. Ég var aðeins að nefna að það einkennilega hefði gerst að þeir, sem ekki gátu mætt á fundinum, urðu á annarri skoðun en þeir sem mættu þarna. (**KolJ:** Þú vissir það fyrir fram.) Já, já, ég var ekkert að bera það á hv. þm. að hún hefði verið að skipta um skoðun eftir að við vorum búnir að afgreiða málið. Nákvæmlega sama gildir um hv. þm. Karl Steinar Guðnason.

Við vorum ekki að afgreiða málið út frá því að þau voru fjarstödd, það var af og frá.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Almannatryggingar, frv. 30. mál (þskj. 30, n. 1068). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Sjöunda mál á dagskrá hafði ég hugsað mér að afgreiða núna til nefndar. En hæstv. ráðh. er nú farinn úr húsinu.

Eiður Guðnason: Hér er um mál að ræða, virðulegi forseti, sem er að koma hér til 1. umr. Ef hæstv. ráðh. hefur ekki meiri áhuga á að fylgja málinu eftir en svo, að hann sjái sér fært að vera hér í deild þegar það kemur til 1. umr. þá sé ég enga ástæðu til að málið sé yfirleitt tekið hér á dagskrá. Ég vil bara lýsa þeirri skoðun minni.

Karl Steinar Guðnason: Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 5. landsk. þm. sagði hér áðan og vek athygli á því að það frv. sem hér liggur fyrir þarf allmikla umfjöllun í n. Ég hef margar aths. við það að gera t. d. og mun óska eftir því að það fái vandaða meðferð í n. Ég undrast hvað málið gekk fljótt fyrir sig í Nd. Ég held að menn hafi ekki almennilega áttað sig á því hvað þeir voru að gera. Ég sé ekki að þótt málinu yrði vísað til n. nú að það hefði neina þýðingu, því eftir

því sem talað hefur verið um er meiningin að ljúka þingi á morgun. Ég legg því til að þessu frv. verði ekki vísað til n. nú heldur tali ráðh. fyrir frv. og skýri það. Ég ítreka að ég tel að það hafi ekki praktíska þýðingu að vísa málinu til n. vegna þess að þá ynnist ekki tími til að koma því lengra áfram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem komið hafa fram aths. um að málinu verði vísað til n. nú og menn hefðu óskað eftir því að hlusta á framsöguræðu hæstv. ráðh. í þessu máli, þá mun ég verða við því og taka málið þar með út af dagskrá.

Efri deild, 111. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum 110. fundi.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. 281. mál (þskj. 540). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Kolbrún Jónsdóttir: Virðulegi forseti. Þar sem ég er nýbúin að gagnrýna þetta frv. ætla ég ekki að segja mörg orð núna. Ég ætla bara að lýsa yfir að ég vona að hv. Nd. hafi vit fyrir hv. Ed. í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:6 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 101. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum fundi í Sþ.

Um þingsköp.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp til að spyrjast fyrir um það hverju það sæti að mál, sem hæstv. félmrh. mælti hér fyrir 28. mars s. l. og fjallar um ríkisábyrgð á launum, mál sem var vísað til félmn. 2. apríl og hefur nú verið þar í umfjöllun að ég vænti í kringum 7 vikur, er ekki komið hér til deildarinnar aftur. Ég tel að full ástæða sé til að vekja athygli á þessu. Hér er um að ræða að mínu viti réttindamál sem leiðréttir að nokkru atriði sem örðugt hefur verið við að fást að því er varðar launakröfur á hendur ríkinu. Hér er um að ræða stjfrv. Kannske skýtur það skökku við að stjórnarandstæðingur veki athygli á slíku og reki á eftir stjfrv. til afgreiðslu en þetta sýnir hversu við þm. Alþfl. erum glöggir og réttsýnir, viljum að mál nái fram að ganga séu þau til bóta þó að hæstv. ríkisstj. hafi þau flutt.

Ég tel ástæðu til að spyrjast fyrir um það hverju slíkar tafir sæti í ljósi þess að nú er rutt hér inn á borð þm. stórum lagabálkum á síðustu dögum þingsins og þingnefndum ætlað að afgreiða þau svo til á færibandi. Ég nefni sem dæmi að þrjú slík mál komu til hv. samgn. þessarar deildar s. l. laugardag um hádegi og eftir því óskað að hún ljúki þeim málum af áður en þingi verður slitið nú að líkindum á morgun. En mál, sem eru tiltölulega miklu einfaldari eins og það sem hér um ræðir og rætt var 28. mars, vísað til nefndar 2. apríl, sér ekki dagsins ljós enn frá hv. nefnd. Ég vildi því gjarnan spyrja hv. formann félmn., sem ég hygg að sé hv. þm. Þorsteinn Pálsson, hverju það sæti að hv. n. hefur ekki skilað áliti um þetta stjfrv. sem er að vissu leyti til hins betra miðað við gildandi lög.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið að þetta mál hefur verið til meðferðar í hv. félmn. og umfjöllun er ekki lokið um það þar. Rétt er að vekja athygli á því að það hefur ekki verið á forgangslista hæstv. ríkisstj.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hv. nefndarformanni fyrir hans svör. Þau sýna svo að ekki verður um villst að öll þau mál, sem til þess gætu leitt að leiðrétta stöðu launafólks, eru ekki á forgangslista núv. hæstv. ríkisstj. til afgreiðslu. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort hann uni slíkri meðferð að á mál af því tagi, sem hér um ræðir og vissulega er réttindamál og til leiðréttinga og hann lagði mikla áherslu á þegar hann mælti fyrir því hér 28. mars, sé lagst og að afgreiðslu þess verði ekki lokið á þessu þingi. Ég tel að ef það er meining þeirra hv. stjórnarliða sem ferðinni ráða t. d. í hv. félmn. eins og fyrrv. framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands þá gefi það vísbendingu um það hvað er að gerast að því er varðar hæstv. ríkisstj. og þá sem ráða ferðinni þar gagnvart launafólki til viðbótar því sem fram hefur komið af hálfu hæstv. ríkisstj. gagnvart launafólki á undanförnum mánuðum.

Félmrh. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna þessarar fsp. hv. þm. vísa ég til framsöguræðu minnar með þessu frv. Ég lagði áherslu á að þetta væri réttindamál sem þyrfti að komast í gegnum afgreiðslu þingsins. Hins vegar get ég ekki ráðið við það hvað kemst hér í gegn af þeim málum sem maður leggur fram, en þetta mál var lagt fram nægilega snemma til þess að það fengi þinglega meðferð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef yfirleitt orðið við þeim óskum og ekki þurft óskir til til að ég talaði stutt. En ég taldi mig raunar vita að hæstv. félmrh. legði áherslu á að þetta mál yrði afgreitt. Það eru þá aðrir sem ætla að koma í veg fyrir það og það er greinilegt að hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður félmn., fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, er sá aðilinn sem ætlar sér að ráða því að á þetta mál verður lagst þannig að það verði ekki afgreitt á þessu þingi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég á sæti í félmn. Nd. sem á að fjalla um þetta mál. Það hefur lítið sem ekkert verið fjallað um þetta mál, en ég hefði talið eðlilegt, eins og hv. þm. Karvel Pálmason bendir á, að þetta mál fengi umfjöllun í nefnd og þess yrði freistað að afgreiða það út. Þess vegna vil ég fara þess á leit við formann félmn. að hann kalli nefndina saman og athugi hvort ekki sé grundvöllur fyrir að afgreiða málið út og

leita samráðs um það í n. að svo geti orðið.

Þar sem verið er að fjalla um störf félmn. vil ég einnig, herra forseti, nota tækifærið og benda á annað mál sem ég hef lagt mikið kapp á í n. að fái a. m. k. umfjöllun í n. Það mál var lagt fram í októberbyrjun og er að ég hygg 12. eða 13. mál þingsins um endurmat á störfum láglaunahópanna. Það eru sex eða sjö mánuðir síðan þetta mál var lagt fram og þrátt fyrir ítrekaðar óskir mínar í nefndinni, sem bókaðar hafa verið, um að málið fengi a. m. k. umfjöllun í n. hefur ekki af því orðið. Ég mun óska eftir því líka ef formaður félmn. verður við ósk minni um að kalla saman nefndina að það mál fái einnig umfjöllun.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það er athyglisvert að hæstv. félmrh. lagði á það áherslu að því er hann sagði áðan að málið fengi meðferð. Hv. 1. þm. Suðurl. sagði nei. Þetta er eins og í húsnæðismálunum. Það er hæstv. félmrh. sem lætur þar í minni pokann fyrir formanni Sjálfstfl. og væri fróðlegt að rifja það upp í fleiri málum af þessum toga þar sem Framsfl. virðist vera á undanhaldi.

En þetta vekur athygli á því, herra forseti, að mér er ekki kunnugt um að nú sé í gildi neitt samkomulag um þinghaldið af einu eða neinu tagi. Ég vil spyrja hæstv. forseta Nd. hvort hann teldi ekki skynsamlegt með tilliti til þess að mörg verk liggja hér fyrir á þessum sólarhring að hann efni til fundar með forustumönnum þingflokkanna og forsetum þingsins um þinghaldið almennt. Það mun ekki vera frágengið á milli flokkanna hvenær þingslitafundur fer fram, hvort hann verður á morgun eða einhvern tíma seinna í þessari viku. Ljóst er að ef ætlunin er að draga þingslit eitthvað fram eftir vikunni hlýtur það að þýða að mörg mál geta fengið ítarlegri umr. en ella væri í fyrsta lagi og í öðru lagi hlýtur það að þýða að ýmis mál, sem legið hafa í nefndum, hljóta að verða dregin hér fram og óskað eftir fundum í nefndum þingsins til að fjalla um þau.

Mér sýnist að stjórnarliðið, sem ábyrgð ber á þinghaldinu, sé nú að stefna öllu þinghaldinu í algera óvissu og það sé ekki á hreinu hvenær menn komist frá þeim verkum sem gert hafði verið ráð fyrir að ljúka. Menn skildu það svo að um væri að ræða óformlegt samkomulag um að þingslit gætu farið fram nú alveg á næstunni og þess vegna eyddu þm. ekki löngum tíma í umr. hér fyrir helgina þegar afgreidd voru mörg lagafrv. með lítilli umr. Nú virðist það vera ósk stjórnarinnar að öðruvísi sé á málum haldið og hljóta menn þá í samræmi við það að fara fram á að ýmis þau mál, sem stjórnarliðið hefur setið hér á í nefndum meira og minna mánuðum saman og í allan vetur, verði tekin fram og nefndarfundir haldnir. Ég skora hins vegar á hæstv. forseta Nd. að reyna að sjá til þess að þegar í dag verði haldinn fundur með forsetum og formönnum þingflokkanna til að fjalla um þinghaldið þannig að frá hlutunum verði gengið með eðlilegum hætti hið allra fyrsta.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla mjög eindregið að taka undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar um að menn komi sér nú saman um hvaða háttur verði hafður á þessum klukkustundum eða dögum sem eftir eru. Menn hafa seinni hluta síðustu viku unnið eftir því óformlega samkomulagi að þinghaldi lyki síðdegis í dag. Atvika vegna hefur það ekki reynst hægt. Hins vegar er augljóst að fastsetja verður lokadag þingsins mjög fljótlega vegna þess að málsmeðferð öll fer mjög eftir því hvaða samkomulag er í gildi. Síðustu dagana fyrir helgi fóru til frekari umr. ýmis mál sem fengu mjög litla umfjöllun og þm. kannske sátu á strák sínum til að leyfa þeim að komast áfram en hefðu hugsanlega fjallað um þau öðruvísi ef fyrirsjáanlega hefði verið betri tími til. Þess vegna held ég að það skipti sköpum til að menn geti ákveðið afgreiðslu mála núna á næstunni að það liggi fyrir hið fyrsta frágengið samkomulag um þingslit og meðferð mála. Ég tel að þessu hafi ekki verið sinnt sem skyldi núna. Ég vil t. d. nefna það að á fund forseta og formanna þingflokka, sem haldinn var í gær í þessu skyni, var enginn boðaður frá þingflokki Bandalags jafnaðarmanna, hvorki formaður þingflokks né varaformaður.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vil upplýsa það að í gær var haldinn fundur formanna þingflokka og forseta þingsins um þinghaldið. Það er kannske ekki von að einstakir þm. viti af þessum fundi nú því að sjálfsagt hafa ekki verið haldnir fundir almennt í þingflokkum fyrir þingfund nú. Út af orðum hv. þm. Guðmundar Einarssonar vil ég aðeins segja það að það hafa orðið mistök með fundarboð og hann ekki verið boðaður. En fulltrúi hans þingflokks var engu að síður á fundinum sem varaforseti.

Á þessum fundi var farið yfir stöðu mála en ekki var gengið endanlega frá því hvenær þinglausnir verða. Hins vegar er stefnt að þeim á morgun. En forsenda þess að þinglausnir geti orðið á morgun er sú að þau mál, sem nú eru hér á dagskrá, verði afgreidd á deildafundum, ef ekki í dag, kvöld eða nótt þá verður að halda áfram deildafundum á morgun. Svo einfalt er það. Ef menn vilja hins vegar leggja sig fram um að ljúka þingstörfum á morgun töldum við, sem sátum þennan fund í gær, að það væri hægt.

Það er alveg ljóst að í einstökum málum sem eru óafgreidd — og það á sérstaklega við um mál sem eru á dagskrá Nd. — verða töluverðar umr. og það er ekkert reynt að koma í veg fyrir það, alls ekki. Menn hljóta að taka sér þann tíma sem þarf, en ef menn ekki geta sagt mikið í fáum orðum verður að halda áfram fundarstörfum í deild lengur en í dag. Þetta vildi ég upplýsa.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég er tilbúinn til að mæta til fundar hvenær sem er og ræða við stjórnarandstöðuna ásamt forsetum þingsins og forsrh. um starfshætti í þinginu. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson tók af mér ómakið að lýsa því hvaða mál þurfi hér fram að ganga. Það eru reyndar fleiri mál en eru hér á dagskránni. Það eru 2—3 mál til viðbótar sem við komum til með að upplýsa um á hugsanlegum fundi sem haldinn verður. En ég vil endilega biðja menn að sitja nú á strák sínum eins og hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði að menn hefðu gert fyrir helgina og ekki fara að efna til neinnar meiri háttar þingskapaumr. að þarflausu heldur held ég að hyggilegra væri að koma í gang eðlilegum þingstörfum. Síðan settumst við niður jafnframt og reyndum að átta okkur á stöðunni og hvernig málum yrði greiðast þokað áfram til afgreiðslu í deildinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er alveg ljóst og

a. m. k. var því lýst yfir á þingflokksfundi Alþfl. áðan af formanni þingflokks hans að ekkert bindandi samkomulag væri um hvenær ljúka skyldi þingi. Allt getur því gerst enn. Ég tek undir það að mjög þarft væri a. m. k. að gera tilraun til að komast að slíku samkomulagi og ég trúi ekki öðru en það sé hægt.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði að menn ættu nú að sitja á strák sínum og vera ekki að tala. Það er út af fyrir sig gott að geta sagt slíka hluti, talað að óþörfu meira að segja um þingsköp. Ég tel síður en svo að það sé að óþörfu að minna á það mál sem hér var gert í upphafi. Það er stjfrv. og er réttindamál svo langt sem það nær og leiðréttir atriði sem ekki eru í nógu góðu lagi fyrir. Ég skil hins vegar mjög vel að hv. þm. Páli Pétursyni, formanni þingflokks Framsfl., þyki það ekkert ljúft að sitja undir svona umr. þar sem hvert málið á fætur öðru er þess eðlis að Sjálfstfl. kúgar Framsfl. til að falla meira og minna frá þeim grundvallarmálum sem flokkurinn lagði hér fram tiltölulega snemma á þinginu og mælt var fyrir. Þetta er eitt þeirra mála. Þetta er eitt þeirra mála sem hæstv. félmrh. hefur verið beygður í af formanni Sjálfstfl., hv. þm. Þorsteini Pálssyni, beygður til að falla frá því að málið fengi eðlilega umfjöllun og þar með yrði það saltað og kæmi ekki meira í ljós á þessu þingi.

Ég vil taka undir ósk hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og vil gjarnan fá um það vitneskju áður en þessari umr. lýkur hvort hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður félmn. deildarinnar, ætlar að verða við þeirri ósk eins nm. úr n. að kalla nefndina saman og freista þess að koma þessu máli og raunar fleirum kannske út úr nefndinni þannig að hægt verði að taka afstöðu til þess hér í deildinni. Ég óska mjög eindregið eftir því að hv. þm. Þorsteinn Pálsson, formaður n., sjái sér fært að segja þd. fyrir um það hvort hann ætlar að verða við þessari ósk eða ekki.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að þegar fram er komin formleg ósk frá nm. í félmn. Nd. þá greini formaður nefndarinnar frá því hvort ætlun hans er að kalla nefndina saman eða ekki. Það er óvenjulegt ef nm. óska fundar án þess að boðaður sé fundur í nefndinni til að fjalla um það mál sem óskir eru um að rætt verði.

Það mál, sem hv. þm. Karvel Pálmason hefur spurt hér um, er með þeim hætti að á því verður að gera ýmsar lagfæringar, það er óhjákvæmilegt. En ef nefndin vinnur rösklega er vafalaust tími til að gera lagfæringar á því máli ekki síður en ýmsum öðrum stjfrv. sem hér hafa verið rædd að undanförnu og afgreidd með undraskjótum hætti með góðu samkomulagi allra flokka í þinginu. Ég held þess vegna að það verði að undirstrika þá ósk hv. 3. þm. Vestf. að formaður félmn. Nd. geri hreint fyrir sínum dyrum í þessu efni og greini frá því hvort hann ætli að kalla saman fund í nefndinni eða ekki.

Svör formanna þingflokkanna hér áðan voru alveg með ólíkindum. Það sem þeir sögðu var einfaldlega þetta: Ef þingið ekki afgreiðir þau mál, sem hér eru á dagskrá, m. a. ýmis stjfrv. og auk þess 2—3 mál til viðbótar, sem síðar verður gerð grein fyrir en ekki liggur fyrir hver þau verða, þá mun það ekki sitja aðeins þennan sólarhring heldur líka þá næstu og ekki verður um að ræða nein þinglok fyrr en þessum lista er lokið. Mér er kunnugt um það að mörg mál, sem eru á þessari dagskrá, krefjast mjög ítarlegrar umr. Ég minni t. d. á þau mál sem snerta skattskyldu innlánsstofnana, um skattalækkun bankanna og ég minni á frv. til l. um breytingu á lögum um Búnaðarbanka Íslands sem gerir ráð fyrir því að Búnaðarbankinn verði færður undir viðskrh. Það vill svo til að fjh.- og viðskn. Nd. sýndi mér þann heiður að fela mér að vera frsm. n. þegar það mál verður tekið hér til umr. En mér er kunnugt um það að ýmsir þm. telja nauðsynlegt að það mál verði rætt mjög ítarlega.

Fyrir utan þessi mál, sem hér eru á dagskrá, eru svo auðvitað mörg önnur mál sem þyrfti að fjalla um. Ef stjórnarliðið ætlar sér að keyra málin fram með þessu offorsi hlýtur stjórnarandstaðan að gera kröfur til þess að önnur mál komi hér einnig á dagskrá og til meðferðar og þau verði rædd og þinginu ekki lokið fyrr en þau hafa verið afgreidd. Ég man ekki eftir því að formenn þingflokka stjórnarliðsins hafi sagt stjórnarandstöðunni stríð á hendur með þeim hætti sem þeir gerðu áðan, hv. þm. Ólafur G. Einarsson og hv. þm. Páll Pétursson, þegar þeir lýstu því yfir að þeir væru staðráðnir í að hafa ráð okkar í stjórnarandstöðunni að engu heldur fara sínu fram hvað sem tautaði og raulaði.

Það kann að vera að þetta sé þeim mun erfiðara mál sem það liggur fyrir að ráðh. eru á förum úr landi hver á fætur öðrum. Mér er sagt að hæstv. forsrh. ætli að hlaupa úr landi á morgun og ekki að vera við þingslit sem yrðu síðar í vikunni. Ég hygg að það sé mjög óvenjulegt að forsrh. landsins fari úr landinu áður en þinginu er lokið þegar þingslit eru á næstu grösum. Mér er einnig tjáð að hæstv. menntmrh. sé á leiðinni úr landi og einnig hæstv. iðnrh. Hæstv. viðskrh. er þegar hlaupinn á braut. Auk þess mun það vera meiningin að nokkrir þm. stjórnarliðsins hlaupi úr landi til að vera viðstaddir þingmannafund Atlantshafsbandalagsins. Það skyldi þó ekki vera að það sé ein ástæðan fyrir þeim þrengingum sem eru uppi í stjórnarliðinu núna að menn eru þar á hlaupum úr landi í stórum stíl. Ég kann ekki við það að ráðherrar og síst forsrh. hlaupi úr landi þegar um er að ræða þingslit alveg á næstu grösum.

En hitt er aðalatriðið að menn reyni að koma sér saman um einhver vitræn og skynsamleg vinnubrögð í þessum efnum. Það er skyldast formönnum þingflokka stjórnarliðsins að hafa um það forustu, svo og forsetum þingsins. En það skal líka vera ljóst að ef ætlun þessara manna er að keyra fram með þeim hætti, sem hv. þm. Ólafur Einarsson og Páll Pétursson lýstu yfir áðan, þá verður það að kosta það sem það þarf að kosta varðandi afgreiðslu mála, ekki aðeins frá stjórninni heldur líka frá stjórnarandstöðunni.

Ég vil spyrja hæstv. forseta Nd.: Ætlar hann að virða að vettugi þá ósk sem hér hefur komið fram um að halda fund með forsetum þingsins og formönnum og forustumönnum þingflokkanna til að fara rækilega yfir þessi mál? Ég held að það væri í rauninni tímabært nú þegar að fresta fundi til að fara yfir þessi mál vegna þess að þinghald án samkomulags flokkanna í þinginu er mjög erfitt og það er óeðlilegt að standa þannig að málum. Ég vil því biðja hæstv. forseta Nd. um að beita öllu afli sínu og sanngirni til að reyna að leysa úr þessum hnút sem stjórnarliðið er að setja þingið í núna, m. a. með yfirlýsingum hv. þm. Ólafs G. Einarssonar og Páls Péturssonar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseti vill af þessu ítrekaða tilefni frá hv. 3. þm. Reykv. taka fram að forseti hefur fullan hug á því að slíkur fundur verði kvaddur saman sem hér um ræðir. En spurningin er hvenær sá fundur ætti að vera, hvort möguleikar væru á því að þdm. yrðu við þeirri ósk forseta að sá fundur yrði eftir að lokið yrði þeim fundi sem við sitjum nú. Það var meining forseta að taka fyrir tiltölulega fá mál sem forseti á ekki von á að verði miklar umr. um og setja síðan nýjan fund. Spurningin er hvort möguleikar séu á því að fá samstarf við hv. þd. um að við ljúkum þessum málum sem forseti hefur sérstaklega skráð hjá sér. Ef svo er vænti ég nú að þessum umr. um þingsköp sé lokið og að möguleiki verði á að taka fyrir annað dagskrármálið sem forseti hafði boðað að yrði tekið fyrir. Það mál liggur nú fyrir til 3. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég vil þakka forsetanum fyrir undirtektir hans við þeim óskum sem við höfum borið fram. Hins vegar vek ég athygli á því að hv. 1. þm. Suðurl., formaður félmn., hefur enn þá ekki svarað þeirri spurningu sem tveir þm. hafa borið til hans, m. a. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem á sæti í félmn. Nd. Útilokað er að ljúka þessari umr. um þingsköp öðruvísi en að hv. þm. svari fyrir sig og geri grein fyrir því hvað hann hefur í hyggju í þessu efni.

Þorsteinn Pálsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur óskað eftir því að fá svör við því hvort kallaður verði saman fundur í félmn. Sú ósk hefur verið borin hér fram af hans hálfu af alkunnu yfirlætisleysi. Að sjálfsögðu verður orðið við hógværri ósk sem þessari og til fundar boðað við fyrsta hentuga tækifæri.

Höfundalög, frv. 153. mál (þskj. 804 (sbr. 219)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1072).

Tannlækningar, frv. 316. mál (þskj. 1053 (sbr. 626)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27:1 atkv. og afgr. til Ed.

Lyfjalög, frv. 261. mál (þskj. 895 (sbr. 483), n. 1052). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Nd. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um breytingu á lyfjalögum nr. 49/1978. Á fund n. kom Ólafur Ólafsson landlæknir og veitti n. upplýsingar um málið og einnig um þær brtt. sem gerðar voru við frv. í Ed. en þær höfðu einmitt verið gerðar skv. athugasemdum frá landlækni. Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþykkt eins og það kom frá Ed. með þeim breytingum sem þar voru gerðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. 115. mál (þskj. 1051 (sbr. 142), n. 1062). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1062 um frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda. Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt í Ed. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, sem sat á fundi nefndarinnar, er einnig samþykk afgreiðslu málsins. Undir þetta rita Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Svavar Gestsson með fyrirvara, Kjartan Jóhannsson með fyrirvara, Þorsteinn Pálsson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. um frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda með fyrirvara vegna þess að tíminn til þess að athuga málið í nefndinni var of knappur til þess að unnt væri að kynna sér það til hlítar. Hins vegar vil ég láta það koma fram að ég styð þessa breytingu sem hér er gerð till. um og byggi það m. a. á umsögnum sem fram hafa komið frá ýmsum aðilum og ég held að óhjákvæmilegt sé að kynna hér í hv. deild.

Ein umsögnin, sem fram kom um málið, var frá Lífeyrissjóði bænda, undirrituð af Þórólfi Kristjáni Beck, dags. 2. maí 1984. Þar eru lokaorðin þessi: „Þá vill stjórnin í lokin leggja áherslu á að áðurnefnt frv., sem nú liggur fyrir Alþingi, fái afgreiðslu sem fyrst."

Búnaðarþing fjallaði um frv. um Lífeyrissjóð bænda og búnaðarmálastjóri sendi félmn. Ed. Alþingis umsögn um þetta mál sem er dags. 9. mars 1984. Þar segir í upphafi: „Búnaðarþing mælir með samþykkt frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda." Síðan eru rakin nokkur þau höfuðatriði sem í frv. eru, en eitt meginatriði þessa frv. er það að rétta hlut þeirra maka í landbúnaði sem hafa haft mjög lítinn lífeyrisrétt í Lífeyrissjóði bænda.

Stéttarsamband bænda fjallaði um þetta mál 24. jan. 1984 og sendi þann dag bréf til landbn. Ed. Alþingis sem er undirritað af Hákoni Sigurgrímssyni. Þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 16. þessa mánaðar var lagt fram bréf yðar dags. 19. des. 1983 þar sem óskað er umsagnar um frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda, 115. mál. Stjórn Stéttarsambandsins samþykkti að mæla með samþykkt frv. Jafnframt var samþykkt að benda á nauðsyn þess að finna fyrir árslok 1984 lausn á fjármögnun lífeyrisgreiðslna til þeirra bænda sem luku miklum hluta starfsævi sinnar fyrir stofnun sjóðsins og geta því aðeins unnið sér óverulegan rétt til lífeyris úr

sjóðnum. Gildir í þessu tilliti sama um félagsmenn annarra lífeyrissjóða sem stofnaðir voru um svipað leyti.

Þá vill stjórn Stéttarsambands bænda benda hv. landbn. Ed. á að enn er allmargt aldrað fólk í sveitum landsins sem ekki nýtur neinna lífeyrisgreiðslna annarra en eftirlauna. Sama mun gilda um nokkurn hóp fólks úr röðum verkamanna. Lögin um eftirlaun aldraðra, sem samþykkt voru árið 1980, hafa ekki fært þessu fólki neina úrlausn sinna mála. Að mati stjórnar Stéttarsambandsins er það ekki vansalaust fyrir þjóðfélagið að láta þennan fámenna hóp ellilífeyrisþega standa utan lífeyrissjóðakerfisins. Stjórnin beinir þeim eindregnu tilmælum til hv. landbn. Ed. Alþingis að hún beiti sér fyrir athugun á því hvernig leysa megi vanda þessa fólks."

Mér er ekki kunnugt um að landbn. Ed. hafi gert neina sérstaka athugun á þessu máli sem snertir þann hóp vinnufólks í sveitum sem er á háum aldri og lítilla lífeyrisréttinda nýtur eða engra fyrir utan almannatryggingakerfið. Ég er sannfærður um að hér er um að ræða þó nokkurn hóp fólks. Þetta er sennilega það fólk sem hefur hvað minnstan félagslegan rétt hér á landi þegar allt kemur til alls. Þetta er fólk sem oft hefur ekki unnið venjulega launavinnu heldur tekið kaup sitt í fæði og húsnæði og jafnvel fóðri fyrir skepnur, sem viðkomandi hafa átt, en þessir einstaklingar hafa um áratuga skeið unnið kauplausir í venjulegum skilningi á búunum. Hér er vafalaust um að ræða stærri hóp en flesta alþm. grunar. Hér er um að ræða mjög fullorðið fólk og þó að það hafi sett meiri svip á landbúnaðinn hér áður en þetta fólk gerir nú, þá er ég sannfærður um að hér er um að ræða hóp fólks, sem nauðsynlegt er að sinna sérstaklega, þ. e. að fjalla sérstaklega um réttindi vinnufólks í sveitum, sem enn er þó nokkur fjöldi.

Samband almennra lífeyrissjóða fjallaði um þetta sérstaka mál, Lífeyrissjóð bænda, og sendi umsögn til landbn. Ed. 29. febr. 1984. Segir í þeirri umsögn með leyfi hæstv. forseta:

„Landbn. Ed. Alþingis hefur óskað eftir umsögn Sambands almennra lífeyrissjóða vegna frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda, 115. mál.

Samband almennra lífeyrissjóða hefur farið yfir helstu meginþætti frv. og telur það almennt til verulegra bóta miðað við núgildandi ákvæði í lögum um lífeyrissjóðina. Sérstaklega fagnar Samband almennra lífeyrissjóða ýmsum ákvæðum í frv. sem geta leyst ýmis samskiptamál Lífeyrissjóðs bænda við hina almennu lífeyrissjóði. Má þar einkum nefna endurskoðun á stigagrundvelli sjóðsins til ákvörðunar lífeyrisréttar. Er þar gert ráð fyrir að miðað verði við mánaðarkaup skv. næstlægsta taxta Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun, eða sömu viðmiðun og almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum með stigagrundvöll og hjá umsjónarnefnd eftirlauna.

Eins og kunnugt er er nú unnið að heildarendurskoðun lífeyriskerfisins á vegum tveggja stjórnskipaðra nefnda. Þar sem enn liggja ekki fyrir endanlegar tillögur um réttindamyndun sjóðsfélaga og fleira telur Samband almennra lífeyrissjóða ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að gera efnislegar aths. um einstakar greinar frv. sem fjallar sérstaklega um lífeyrisréttindi.

Varðandi það ákvæði frv. sem fjallar um sjóðsaðild launamanna í landbúnaði að Lífeyrissjóði bænda tekur Samband almennra lífeyrissjóða þó fram að landbúnaðarverkafólk, sem tekur laun skv. kjarasamningi stéttarfélags á félagssvæði þess eða tekur mið af slíkum kjörum, eigi að vera sjóðsfélagar í lífeyrissjóði viðkomandi stéttarfélags. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort slíkir launamenn eru félagsbundnir eða ófélagsbundnir í viðkomandi stéttarfélagi. Þessu til áréttingar skal bent á dóm Hæstaréttar nr. 67/1979, svo og aukadómþings Þingeyjarsýslu frá 22. maí og 29. des. 1978. Þrátt fyrir þann misbrest sem nú er á ákvæðum laga nr. 55/1980 um tryggingarskyldu launamanna í landbúnaði verður ekki séð að ákvæði 2. mgr. 2. gr. frv. leysi þau mál, nema til komi víðtækt samkomulag Lífeyrissjóðs bænda við Samband almennra lífeyrissjóða um fastmótaðar reglur um sjóðsaðild landbúnaðarverkafólks að lífeyrissjóðum, svo komast megi hjá ágreiningi um túlkun 2. mgr. 2. gr. frv. ef það ákvæði nær fram að ganga óbreytt í meðförum Alþingis."

Ég taldi óhjákvæmilegt, herra forseti, að kynna þd. þessar umsagnir vegna þess að það er í raun og veru útilokað að taka afstöðu til þessa máls öðruvísi en að deildin hafi kynnt sér málin. Tíminn hefur verið lítill til að fara yfir þær, bæði hjá hv. n. og hjá hv. þd. Ég vil svo vekja athygli hæstv. forseta Nd. á því að þetta mál, Lífeyrissjóður bænda, fór til landbn. í Ed. Í Nd. fór málið hins vegar til fjh.- og viðskn., sem er auðvitað eðlilegt, en það virðist vera nauðsynlegt fyrir forseta deilda að samræma nokkuð sína afstöðu í þessu efni þegar kemur að því að fjalla um það hvaða n. fái málin til meðferðar. Hérna hefur orðið misbrestur á og ekki samræmi. Ég er ekki að gagnrýna það harðlega en ég er að benda á að æskilegt er að það sé samræmi í því hvaða þingnefnd fær mál til meðferðar. Ég tel að lífeyrissjóðamál eigi að vera gjarnan hjá fjh.- og viðskn. Þó kemur til greina að lífeyrismál fari jafnvel í heilbr.- og trn. eða félmn. Í Ed. voru menn á því að Lífeyrissjóður bænda ætti að fara í landbn. Það er svipað og Lífeyrissjóður sjómanna ætti að fara í sjútvn. og Lífeyrissjóður iðnverkafólks í iðnn. og þannig koll af kolli — og Lífeyrissjóður lögreglumanna í allshn. Ég tel slíkt fyrirkomulag með öllu óeðlilegt og eðlilegra að aðrar n. en atvinnugreinanefndirnar fjalli um lífeyrissjóði.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þessi ábending hv. þm. um samstarf þingdeilda um það hvert málum sé vísað er tekin til athugunar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er þrennt í sambandi við þetta frv. sem ég vil gera að umtalsefni og sem fyrirvari minn byggist á. Í fyrsta lagi kemur það fram í grg. að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins hafi ekki verið metinn. Hér eru veigamiklar breytingar á ferðinni varðandi starfsemi sjóðsins, en það er tekið fram í grg. að ekki hafi verið lagt heildarmat á fjárhagsstöðu né fjárhagshorfur sjóðsins fyrir og eftir breytinguna. Það er hins vegar gefið í skyn að breytingin, sem hér er verið að lögfesta, muni ekki hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðuna sem slíka, þ. e. þá væntanlega hvorki til hins betra né hins verra. Ástæða hefði verið til á þessu stigi að fá mat á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Í annan stað er þess getið í aths. að í þessum lögum, þ. e. í II. kafla þeirra, sé ekki að finna neina framtíðarlausn á fjármögnun lífeyrisgreiðslna til þeirra bænda

sem skiluðu miklum hluta starfsævi sinnar fyrir stofnun lífeyrissjóðsins. Hér er sem sagt þrátt fyrir þessa endurskoðun á sjóðnum skilinn eftir mjög verulegur og sár þáttur í lífeyrisréttindum, sem vitaskuld verður að taka á, eins og ég tel að hafi komið fram hér í máli hv. síðasta ræðumanns.

Í þriðja lagi vil ég benda á að í þessu frv. eru allmerkileg ákvæði um lífeyrisréttindi heimavinnandi maka. En þessi réttindi taka einungis til heimavinnandi maka í þessari einu stétt. Nú er það vitaskuld gott og gilt að slíku ákvæði sé komið í lög fyrir eina stétt. En ég hefði talið að það ætti að athuga þetta mál að því er aðrar stéttir varðar líka, það ætti að vinna að því að koma á sömu eða svipuðum réttindum fyrir heimavinnandi maka í öðrum stéttum.

Jóhanna Sigurðardóttir hefur einmitt flutt till. til þál. um þetta efni sem hefur legið hér fyrir þinginu. Ég mæltist til þess í fjh.- og viðskn. að n. lýsti því yfir af þessu tilefni að hún teldi að það ætti að vinna að því að heimavinnandi makar í öðrum stéttum fengju hliðstæð réttindi eins og hér er hugmyndin að lögfesta að því er varðar þessa einu stétt. Nm. voru ekki til þess reiðubúnir og hefur það hvergi komið fram í framsögu né heldur í nál. Ég vek athygli einmitt á þessu máli. Mér finnst náttúrlega nokkuð skondið að menn séu annars vegar reiðubúnir að lögfesta réttindi fyrir eina stétt, eins og hugmyndin er að gera í þessu frv., en fáist ekki einu sinni til að afgreiða út úr n. þáltill. sem varðar athugun á þessu máli fyrir allar stéttir í landinu.

Eins og ég gat um áður hafa þm. Alþfl. flutt till. til þál. um þetta efni. Hún er 5. mál þingsins og 1. flm., Jóhanna Sigurðardóttir, mælti hér fyrir henni á sínum tíma. Þar segir með leyfi forseta m. a.:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að beita sér fyrir því í samráði við lífeyrissjóðina að nú þegar verði komið á samræmdum ákvæðum allra lífeyrissjóða um eftirfarandi þætti í starfsemi þeirra:

1. Makalífeyrir verði gagnkvæmur hjá lífeyrissjóðum, þannig að bæði kynin njóti sambærilegra réttinda til makalífeyris eftir því sem reglur lífeyrissjóðanna kveða á um.

2. Áunnin stig hjóna eða sambúðarfólks verði lögð saman og skipt til helminga á sérreikninga þeirra fyrir þann tíma sem sambúð varir. Sérhver aðili fái þannig greiddan lífeyri í samræmi við áunnin stig. Þeir sem eru heimavinnandi og fráskildir fari ekki varhluta af áunnum lífeyri."

Þriðji liðurinn fjallar síðan um annað efni en ég skal rekja hann líka með leyfi forseta:

„3. Upplýsingaskyldu lífeyrissjóða gagnvart sjóðfélögum á þann hátt að sérhver sjóðfélagi fái árlega sent yfirlit yfir áunnin réttindi hjá lífeyrissjóðunum."

Þetta þriðja atriði er náttúrlega utan við efnissvið þess máls sem ég geri hér að umtalsefni en engu að síður mikilvægt. Meginatriðið er að setja í gang, skv. því sem hér er lagt til, þá vinnu sem nauðsynleg er til að kanna þetta mál.

Ég vænti þess að þd. allri, eða a. m. k. flestum þm., séu ljósir ýmsir þeir ágallar sem eru á lífeyrisréttindakerfinu. Það hefur komið mjög glögglega í ljós í opinberri umræðu. Einkum og sér í lagi hefur komið til umr. staða fráskilins maka þar sem hinn fráskildi hefur unnið að heimilisstörfum alla sína tíð meðan makinn vann utan heimilis og safnaði lífeyrisréttindum. Oft hefur það þá bitnað á eiginkonunni í þessu tilviki. Það hefur verið karlmaðurinn, eiginmaðurinn sem hefur safnað lífeyrisréttindum, konan verið heima við og unnið á heimilinu, en kæmi síðan til skilnaðar var hennar framlag í þeirra sameiginlega ævistarfi að engu metið. Þannig er þetta núna. Það er þetta atriði sem þáltill. okkar Alþfl.-manna m. a. snýst um. Það er þetta atriði sem það mál sem ég geri hér að umtalsefni snýst um, nefnilega það að viðurkennd sé í þjóðfélaginu sú vinna sem er unnin á heimilinu, vinna þess aðila sem er heimavinnandi sé viðurkennd, eins og hér er verið að gera að því er varðar eina stétt landsins.

Ég skal ekki gera þetta öllu meira að umtalsefni. En ég tel að nú hefði þinginu verið sæmst einmitt við afgreiðslu þessa máls að marka þá stefnu að jafnframt skuli unnið að því að jafna réttinn að því er varðar aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Það skyldi unnið að því að aðrar stéttir í þjóðfélaginu gætu fengið að njóta sömu réttinda og hér er hugmyndin að lögfesta að því er varðar eina stétt, að því er varðar þá stétt sem við landbúnað vinnur.

Herra forseti. Vissulega hefði verið ástæða til að gera það sérstaklega að umtalsefni við þetta tækifæri að hér koma til afgreiðslu þingsins hvert á fætur öðru ýmis mál sem varða lífeyrisréttindi og lífeyrissjóði. Svo hefur verið nokkur undanfarin ár. Þm. sitja við það löngum stundum að rýna í frv. sem varða hina margvíslegu lífeyrissjóði í landinu. Þetta er flókin löggjöf og hún er ósamræmd. Það eru ein lög fyrir hvern lífeyrissjóð og síðan er starfað eftir margvíslegum reglugerðum. Ég held að þetta mál allt saman ætti að minna okkur á það að við komumst ekki út úr þessum farvegi og getum ekki tryggt öllum sambærileg réttindi hér á landi, og tryggt það að allir njóti réttinda, öðruvísi en við tökum upp einn sameiginlegan lífeyrissjóð, sameiginlegt lífeyrissjóðskerfi fyrir alla landsmenn. Við þessu hafa menn löngum veigrað sér en það er orðið meira en tímabært að tekið verði á því verkefni — ekki bara vegna þess að ýmsir verði út undan heldur líka vegna þess að reglurnar eru ekki í samræmi hver við aðra hjá hinum ýmsu lífeyrissjóðum. Og í þriðja lagi, og síðast en ekki síst, vegna þess að eins og kerfið er núna veit eiginlega enginn hvar hann stendur. Menn eiga að tína lífeyrisrétt sinn upp úr þúsund bókum. Menn eru í rauninni meðlimir í mörgum mismunandi lífeyrissjóðum á ýmsum æviskeiðum.

Að endingu, herra forseti, vil ég ítreka þann fyrirvara sem ég hef varðandi afgreiðslu þessa máls. Ég hef fyrirvara að því er varðar í fyrsta lagi fjárhagsstöðu sjóðsins, sem er ekki upplýst, og mér þykir mjög miður að svo skuli vera og málið skuli koma hér til afgreiðslu án þess að fjárhagsstaðan sé upplýst og könnuð. Í annan stað hef ég fyrirvara varðandi það að fundin verði úrlausn fyrir þá öldruðu bændur sem ekki hafa áunnið sér rétt skv. því kerfi sem verið hefur eða hér er verið að lögfesta, vegna þess að þeir skiluðu miklum hluta starfsævi sinnar fyrir stofnun lífeyrissjóðsins, en þetta er einmitt sá hluti stéttarinnar sem nú er að láta af störfum eða hefur látið af störfum.

Í þriðja lagi hef ég fyrirvara um það að þingið megi nú marka sömu stefnu að því er varðar heimavinnandi maka í öðrum stéttum. Það er í trausti þess að þingið taki á því máli sem ég felst á að þetta frv. verði nú samþykkt eins og það liggur fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Lítill tími gafst til afgreiðslu þessa máls eins og komið hefur fram. Ég tel að þótt margt mætti betur fara í þessu frv. sé þarna lögfest mikið réttindamál, þar sem er gagnkvæmur makalífeyrir fyrir heimavinnandi maka bænda, og því tel ég rétt að styðja málið. Ég vil þó eindregið taka undir þau orð sem hv. 3. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson hefur haft hér um gagnkvæman makalífeyri almennt. Ég hefði talið það æskilegra og sæmilegra ef hvatt hefði verið til þess á þessu nál. að slíkt fyrirkomulag mætti komast á um aðrar stéttir landsins því að slíkt er óhjákvæmilegt áður en langt um líður.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þegar hefur verið vakin athygli á dálítið undarlegri þingmeðferð þessa máls, þar sem það er í umfjöllun landbn. Ed. Alþingis en síðan vísað til fjh.- og viðskn. og hefur því ekki komið til umfjöllunar landbn. Nd. Þetta er heldur ankannalegt en er þó ekki tilefni þess að ég kem hér upp til að gera þetta mál að umtalsefni. Ég vil aðeins rifja það upp að haldinn var einn sameiginlegur fundur landbn. Ed. og Nd. þar sem þetta mál var kynnt. Á þeim fundi gafst lítill tími til umr. en þó var spurst fyrir um fjárhag þessa sjóðs. Ég vil aðeins vekja athygli hv. alþm. á því að þegar verið er að fjalla um mál sem varða lífeyrissjóði eru það nú fyrst og fremst einmitt tvær hliðar: annars vegar spurning um aukin réttindi en hins vegar um getu sjóða til að standa við þessar skuldbindingar. Af þeim umr. sem fram fóru á þessum fundi um þennan sjóð dreg ég þá ályktun að hann sé greiðsluþrota og það sé algjörlega borin von að óbreyttu að hann geti staðið við sínar skuldbindingar nema með því að leggja verulegar kvaðir á einhverja aðra þegna í þjóðfélaginu. Út frá þeim forsendum tel ég það með öllu óviðunandi að leggja fram frv. um slíkan sjóð þar sem um annað meginatriðið, sem er fjárhagur sjóðsins, er fjallað í einni setningu, nefnilega þar sem segir: „Hins vegar hefur ekki verið lagt heildarmat á fjárhagsstöðu og fjárhagshorfur fyrir og eftir breytingu."

Þegar þannig er staðið að málum tel ég það nánast aðeins rétt og skyldu Alþingis að vísa slíku máli frá, því að það er fyrir neðan allar hellur að vera að taka einhverjar ákvarðanir um hluti þegar menn hafa ekki hugmynd um hvað þeir eru að gera. Ég legg þess vegna til, og það hefði vafalaust komið fram ef málið hefði farið þá boðleið að koma til landbn. Nd., að þessu máli verði vísað aftur til ríkisstj.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
21.—28. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 27 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 102. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum 101. fundi.

Jarðalög, frv. 221. mál (þskj. 858 (sbr. 390), n. 999). — Frh. 2. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Þetta mál, um breyt. á jarðalögum, fjallar í raun og veru fyrst og fremst um það má segja að leggja niður Landnám ríkisins í því formi sem það hefur verið, og það má segja að verið hafi allvíðtækt samkomulag um það á undanförnum árum að Landnám ríkisins í því formi sem það var hefði lokið hlutverki sínu og því væri ástæða til að breyta þar verulega til. En fyrir utan ákvæðið um Landnám ríkisins er svo að finna í þessu laumuákvæði sem hafa farið inn í frv. í skjóli þess að menn hafa hugsað sem svo að hér væri verið að leggja niður Landnám ríkisins og menn hafa ekki skoðað málið, held ég, vandlega að öðru leyti. Ég t. d. hef rekist á það að eftir að hv. varaþm. Bjarni Guðnason flutti hér ljómandi athyglisverða og skemmtilega ræðu um þessi mál í síðustu viku kom í ljós að ýmsir hv. þm. höfðu ekki áttað sig á því hvað frv. um breytingu á jarðalögum nr. 65/1976 í raun og veru inniheldur.

Það sem ég vil hér koma á framfæri, herra forseti, eru aths. sem eru mjög hliðstæðar þeim sem hv. þm. Bjarni Guðnason hafði hér í frammi og snerta í fyrsta lagi 3. gr. þessa frv. eins og það er komið frá Ed., en á þskj. 858 er að finna 3. gr. eins og hún lítur núna út. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að reisa sumarbústaði á landi, sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. nema jarðanefnd samþykki. Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. vegna lóða fyrir sumarbústaði utan sumarbústaðahverfa."

M. ö. o. það er óheimilt eftir þessu að reisa sumarbústaði á landi nema jarðanefnd samþykki. Nú er það svo, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði í þessari umr., að auðvitað verða að vera einhverjar reglur um hvernig háttað er byggingu sumarbústaða. En þá vill svo til að þær reglur eru til því að skv. lögum er það þannig að skipulagsyfirvöld viðkomandi sveitarfélags verða að fjalla um hvort reistur er sumarbústaður. Þannig er það óþarfi frá skipulagssjónarmiðum og alveg út í hött að vera að bæta jarðanefndum hér við. Þetta finnst mér að sé nauðsynlegt að hafa í huga því að hérna er um að ræða *býsna víðtækar heimildir fyrir jarðanefndir* eða eins og segir í 4. mgr. 3. gr. á þskj. 858:

„Sumarbústaður skv. grein þessari er bygging sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tíma árs." Það eru slík hús sem verið er að tala um og jarðanefndirnar eiga um að fjalla.

„Ákvæði þessarar greinar um sumarbústaði eiga einnig við um sæluhús." Jarðanefnd á að stimpla það hvort reist er sæluhús á Bröttubrekku eða Holtavörðuheiði. Það þarf að bera það undir jarðanefnd í viðkomandi byggðarlagi.

Og það eru ekki bara sæluhús, heldur líka gert ráð fyrir að jarðanefndir eigi að stimpla það hvort reist er veiðihús. Ég er sannfærður um það, og meiri hluti þingheims er mér sammála, að jarðanefndir eiga ekkert að hafa að gera með það hvort reist eru sæluhús. (**HBl:** Það er kannske skipulagsskylt.) Það er skipulagsskylt hvort eð er, hv. þm., þannig að hérna er verið að bæta einum stimplinum ofan á eins og hv. varaþm. Bjarni

Guðnason benti á.

En það eru ekki bara sæluhús og veiðihús sem þessar jarðanefndir eiga að fjalla um, heldur líka skíðaskála. Það stendur í 4. mgr. 3. gr. á þskj. 390: Jarðanefndir skulu fjalla um skíðaskála. Skíðaskálar falla hér undir sama ákvæði og sumarbústaðir, sem er mjög athyglisverður skilningur á veðurfari Íslands og nýstárlegur.

Það er sem sagt gert ráð fyrir að jarðanefndir, þessar stimpilstofnanir sem hér á að fara að koma upp, stimpli sæluhús. Þær stimpla sæluhús á Holtavörðuheiði. Þær eiga að stimpla veiðihús. Þær eiga að stimpla skíðaskála. Í síðasta lagi eiga þær að stimpla „hliðstæðar byggingar". Hvar er hæstv. landbrh.? Getur hann ekki komið í salinn til að fylgja eftir sínum málum? Hvað eru hliðstæðar byggingar við sæluhús, veiðihús og skíðaskála? Hvaða byggingar eru það sem jarðanefndirnar eiga að fara að fjalla um til viðbótar við allt þetta? Eru það gangnamannakofar? Verða gangnamannakofar framvegis skipulagsskyldir eða kartöflukofar sem gjarnan eru reistir til að geyma í kartöflur og hafa gefist vel, eru jarðhýsi við kartöflugarða? Eru kartöflukofar skipulagsskyldir samkv. þessu hér? Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. landbrh. svari því hvort kartöflukofar verða skv. þessu skipulagsskyldir, jarðhýsi sem byggð eru til að geyma í kartöflur. Verða gangnamannakofar skipulagsskyldir og þarf jarðanefnd að stimpla þá eins og veiðihús, sæluhús og skíðaskála? Hvað kemur jarðanefndunum skíðaskáli við? Hvers lags ofsókn er þetta í að þenja út kerfið sem núverandi ríkisstj. beitir sér fyrir? Ég held að aldrei hafi önnur eins firn sést eins og þetta frv. Skipulagsmálin eru frá. Þau eru leyst skv. skipulagslögum og afgreidd þar. Það þýðir því ekkert fyrir hæstv. landbrh. að bera fyrir sig skipulagsmálin. Hérna er verið að fjalla um breytingu á jarðalögum sem eiga í raun og veru að fjalla um annað en skipulagsmál.

Sumarbústaður er skv. þessari grein bygging sem reist er til að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum ársins — ekki mikið, en lítið. Og síðan segir: „Ákvæði þessarar greinar um sumarbústaði eiga einnig við um sæluhús, veiðihús, skíðaskála og hliðstæðar byggingar." Hérna er auðvitað seilst svo langt í þessu efni að það er með öllu fráleitt. Út af þessum orðum, „og hliðstæðar byggingar", við allt sem á undan er komið spyr ég hæstv. ráðh. að því: Hvaða önnur hús er hann að hugsa um að stimpla í viðbót? Eru það gangnamannakofar, kartöflukofar eða hvað er það sem hæstv. ráðh. er að hugsa um að koma undir stimpil sinn með þessu frv.? Við höfum orðið vör við það undanfarna daga að hæstv. landbrh. er tregur til að sleppa nokkru undan sínum stimpli og íhaldið hefur lotið í lægra haldi í Ed. í þeim efnum. Það er bersýnilegt að hann ætlar að halda mönnum fast undir stimpli sínum. Jafnvel þegar menn færu í sæluhús, veiðihús, sumarhús eða skíðaskála væru þeir undir stimpli hæstv. landbrh. Ég hygg að aldrei hafi nokkur ráðh. verið eins framhleypinn, verð ég að segja, með stimpilinn og hæstv. núv. landbrh. Ég hygg að hann fari þarna framar en nokkur annar landbrh. T. d. man ég eftir því að hæstv. fyrrv. landbrh. Pálmi Jónsson var ekki þessi ákafamaður í stimplun allra hluta, allra mannlegra viðvika af hvaða tagi sem er. Hann var ekki þessi kappsmaður um að stimpla alla skapaða hluti eins og núv. hæstv. landbrh. virðist vera og núv. ríkisstj.

Hér er, herra forseti, ekki um neitt gamanmál að ræða vegna þess að hér er verið að tala um hvaða frelsi og möguleika menn hafa til að hreyfa sig um í þessu landi. Geta menn ekki snúið sér við án þess að fá á sig marga stimpla af mörgu tagi í bak og fyrir?

Í 10. gr. þessa frv., sem er á þskj. 858, kemur fram mjög athyglisvert ákvæði sem einnig er rétt að hafa í huga í þessu sambandi, en þar segir:

„Til þess að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, þar með talið til ylræktar, garðræktar, fiskræktar og loðdýraræktar eða til smáiðnaðar og þjónustu, sem tengd er landbúnaði, þarf heimild landbrn., enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun býlisins."

Ef reist er þjónustubýli þar sem um er að ræða að menn koma sér saman um að hafa bílaviðgerðir eða dráttarvélaviðgerðir má ekki koma upp slíkri þjónustu í landbúnaðinum öðruvísi en spyrja fyrst jarðanefnd hvort viðkomandi hafi réttindi til að gera við trukka og dráttarvélar. Viðkomandi sveitarstjórn á að stimpla líka. Því næst á það háa landbrn. að skrifa undir það og kvitta að viðkomandi bifvélavirkjar séu færir um að setja á fót verkstæði til að gera við dráttarvélar, múgavélar, snúningsvélar og aðrar vélar sem notaðar eru í landbúnaðinum.

Ég er þess fullviss, herra forseti, að ýmsir hv. þm. hafa ekki áttað sig á því leyfafargani sem er verið að innleiða hér á öllum sviðum. Það er ekki bara í sjávarútveginum sem búið er að koma því á varðandi veiðarnar. Það er núna í undirbúningi í sambandi við vinnsluna, þannig að menn fái ekki að verka fiskkvikindi öðruvísi en að bera það undir sjútvrh. Núna mega menn ekki hafa hér kvikfjárrækt af neinu tagi, ekki einu sinni reka bílaverkstæði ellegar þá að vera með aðrar tegundir búskapar öðruvísi en að spyrja landbrn., jarðanefnd og sveitarstjórn. Ég er hræddur um að Bjarti í Sumarhúsum hefði þótt þetta talsvert og þótti honum nóg, eins og öðrum smábændum í sögunni, að leita til Rauðsmýraryfirvaldsins. Nú er verið að hlaða hverjum Rauðsmýrarstimplinum ofan á annan. Það er jarðanefnd, það er sveitarstjórn og síðast en ekki síst landbrn. Allra virðingarfyllst ætlar hæstv. landbrh. að skrifa undir það hvort menn mega gera við dráttarvélar í sveitum. Og hann ætlar að gera fleira samkv. þessu. Ef settur er upp smáiðnaður í sveitum stimplar landbrh. og veitir allra náðarsamlegast leyfi.

En það er ekki nóg í þessum efnum að sveitarstjórnin, landbrh. og jarðanefnd fjalli um málið. Það þarf meira til áður en stofnað er bílaverkstæði í sveitum eða menn setja upp bú með hundrað rollum. Það þarf líka að leita umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins á hverri umsókn eða eins og hér segir:

„Rn. leitar umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins á hverri umsókn."

Takk fyrir. Á hverja einustu umsókn sem kæmi um það ef menn vildu efna til búskapar af einhverjum toga eða jafnvel stofna til þjónustu á lögbýlum skulu menn fá stimpil og samþykkt frá jarðanefnd, frá sveitarstjórninni, frá landbrn. og eftir að þetta allt er búið að fá umsögn frá Búnaðarfélagi Íslands og frá Framleiðsluráði landbúnaðarins. Þá eru komnir fimm. Kórónan á sköpunarverkinu er síðasti málsliður þessarar greinar því þar stendur:

„Búnaðarfélagið lætur gera úttekt á búrekstrarskil-

yrðum býlisins."

Í hvert skipti sem sótt er um að mega setja hérna upp sauðfjárbú, kúabú eða jafnvel að reka þjónustu sem tengist landbúnaðinum á Búnaðarfélag Íslands að gera úttekt á búrekstrarskilyrðunum.

Þó er það svo, herra forseti, að þessi athyglisverða upptalning í 10. gr. segir ekki allt vegna þess að fyrir utan jarðalögin eru í gildi margvísleg önnur lög, eins og skipulagslög og fleiri og fleiri lög, sem menn þurfa að sjálfsögðu að taka tillit til í sambandi við það hvort efnt er til og hvernig hagað er þessum málum í landinu. Það er ekki eins og þetta sé stjórnlaust allt saman, jafnvel þó að ákvæðum 10. gr. væri sleppt að einhverju leyti.

Ég mun fyrir mitt leyti, herra forseti, og vil láta það koma fram, greiða atkvæði á móti 1. málsl. 3. gr. um sumarbústaðina og sömuleiðis 4. málsl. þar sem gert er ráð fyrir því að hvers konar afhýsi sem menn reisa sér þurfi að fá stimpil frá landbrn. Ég mun greiða atkvæði á móti því og sömuleiðis þessu fargani í 10. gr., staflið a.

Það er annars merkilegt sem kom fram í sambandi við þetta mál í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar. Hann hélt um það langa ræðu að hérna væri í rauninni verið að gera þetta fyrir bændur. Og hv. þm. Bjarni Guðnason sagði einhvern tíma í sinni ræðu að það væru fulltrúar bændastéttarinnar sem væru að heimta þetta. Ég vil leyfa mér að mótmæla því. Bændur eru ekki að heimta þetta kerfi. Þetta „apparat" allt saman er yfirleitt á móti bændum. Bændur hafa margir og í vaxandi mæli fullan hug á að snúa þetta kerfi niður. Hér er um að ræða sjálfvirkt skrifstofuferlíki, sem hefur orðið til á síðustu áratugum, sem stöðugt heimtar að þenjast meira og meira út. Þegar ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. situr eru svona óskir afgreiddar á færibandi. Þetta skrifstofuferlíki má endalaust þenjast út þó menn þykist vera aðhaldssamir á öðrum sviðum í opinberum rekstri. Þetta skrifstofu- og stimplaferlíki má endalaust þenja út.

Hér er þess vegna ekki verið að koma til móts við bændur. Þeir eru ekki að biðja um það leyfafargan sem íhaldið og framsókn eru að innleiða hér í landinu. Bændur hafa yfirleitt margt við það kerfi að athuga og eru orðnir þreyttir á því pappírsflóði sem stöðugt rennur inn á heimili þeirra frá opinberum aðilum. Mætti margt fleira um það segja, m. a. í sambandi við skattaframtöl bænda. Þeim er ætlað mér liggur við að segja ofurmannlegt verkefni við að ganga frá pappírum sem eru flóknari en nokkrum öðrum manni hér í þessu landi er boðið upp á í sambandi við skattaframtölin.

Ég vildi ekki, herra forseti, láta þetta frv. fram hjá mér fara öðruvísi en að mótmæla ýmsum þáttum þess þó að ég taki undir greinarnar um Landnám ríkisins. Og ég vil endurtaka þá spurningu sem ég bar fram við hæstv. landbrh.: Hversu langt á að ganga í sambandi við 4. málsl. 10. gr.? Hvaða hliðstæðar byggingar við sæluhús, veiðihús og skíðaskála eru það sem hann ætlar að stimpla samkv. þessu frv. ef það verður að lögum? Og ég vil einnig inna hæstv. ráðh. eftir því hvort hann getur ekki samið við þingið um það og breytt þessu frv. þannig að ákvæðin um sæluhús og skíðaskála verði felld út því það er mín skoðun og ég er sannfærður um það að allir hv. þm. taka undir að það er óeðlilegt að jarðanefndir séu að stimpla sæluhús og skíðaskála. Það er of langt seilst með stimpilinn. Ég vil þess vegna beina þeim orðum til hæstv. landbrh. að hann kanni sérstaklega hvort ekki getur verið um það pólitískt samkomulag að draga aðeins úr þessu stimpilfargani þannig að skíðaskálarnir sleppi a. m. k. og sæluhúsin, svo ekki sé nú lengra gengið í þá átt að breyta því undarlega frv. sem hér er til umr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur komið hér til nokkurrar umr. síðustu dagana sem von er og verið bent á þá ofstjórn sem í því felst og það pappírsfargan og stimplastúss sem menn hafa búið við og eru jafnvel í enn ríkara mæli að búa til með þessu frv. Það er stefnumark þessa frv., að sagt er, að leggja niður Landnám ríkisins og af því ætla menn að hafa sparnað. En ekki eru nú tekin út mörg verkefnin engu að síður, heldur eru þau fyrst og fremst flutt til, þ. e. að sá stimpill sem Landnámið hélt á er ýmist færður í hendur landbrh. eða Búnaðarfélags Íslands nema hvort tveggja sé. Ég sé því ekki betur en að mikið af því starfi sem menn hafa unnið við að yfirfara pappíra og skoða eigi áfram að haldast. Þá hlýtur sú spurning að vakna hvort menn nái þeim sparnaði sem þeir þykjast vera að stefna að. Ef verkefnunum fækkar ekki heldur eru einungis flutt meira og minna fram og til baka í kerfinu þarf væntanlega hendur á nýjum stöðum til að halda á þeim stimplum sem áður var haldið á einhvers staðar annars staðar í kerfinu. Að því leytinu óttast ég að hér séu menn að blekkja sig, að sá sparnaður sem menn hafi reiknað út muni ekki komast til skila.

Nú held ég að Landnám ríkisins hafi ekki verið ýkja dýrt í rekstri. En hvað um það. Það er sjálfsagt að leita leiða til þess að spara í rekstrinum. En það er eitt sem ekki hefur verið gert að umtalsefni sem kemur fram í aths. með þessu lagafrv. Það er að Landnám ríkisins hefur haft á höndum stjórnsýslu grasköglaverksmiðja í landinu. Því er heitið í bak og fyrir í þessu frv. að því muni fylgja frv. um hvernig stjórnarfyrirkomulag verði að því er þessar fóðurverksmiðjur varðar. Það segir beinlínis í aths. með 14. gr. að samhliða þessu frv. verði flutt frv. um fóðurverksmiðjur. Þetta frv. hefur ekki sést hér á borðum okkar. Hins vegar er það tekið fram í 13. gr. að landbrn. skuli við gildistöku þessara laga taka við verkefnum Landnáms ríkisins og landnámsstjórnar nema annað sé ákveðið með lögunum. Sú spurning hlýtur þá að vakna: Er þá eftir samþykkt þessara laga komin sú staða að það sé landbrh. og landbrn. sem standi í þessum atvinnurekstri, að það sé hugmyndin að landbrn. og landbrh. fari beint með grasköglaverksmiðjurnar og fari með rekstur þeirra? Það verður ekki annað séð en að framgangur þessa frv. með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, nefnilega þeim að láta það frv. ekki fylgja um rekstur grænfóðurverksmiðjanna sem ætlast er til að fylgi, geti haft einmitt þessar afleiðingar í för með sér.

Ég vildi vekja athygli deildarinnar á þessum þætti málsins líka vegna þess að það hefur ekki verið talin skynsamleg stefnumörkun að rn. stæðu í atvinnurekstri. Nú kann að vera að einhver önnur áform séu uppi í þessum efnum ellegar þá að þetta sé falið með einhverjum öðrum hætti annars staðar í þessu margslungna kerfi okkar. En mér sýnist að eins og þetta lagafrv. liggur fyrir hafi það ekki verið efnt sem ætlast var til í upphafi, bæði af Ríkisendurskoðun þegar hún gekk frá sínu áliti varðandi þetta mál og eins þegar gengið var frá frv. í hendurnar á þinginu, að setja fóðurverksmiðjunum

sérstaka stjórn.

En allt þetta frv. eins og það liggur fyrir gefur náttúrlega tilefni til þess að menn hyggi að því hvernig menn hafa komið fyrir skipulagsmálum að því leyti sem hér er rakið og hefur verið gert svo ítarlega að umtalsefni og sem hv. þm. Bjarni Guðnason vakti sérstaka athygli á. Ég held að það sé alveg augljóst að menn séu hér með allt of flókið og viðamikið kerfi þar sem hver silkihúfan er upp af annarri. Ég óttast að bændur séu að fjötra sig og í rauninni að svipta sig átthagafrelsi sínu, að það geti gerst fyrir tilstilli þessara laga að eigur þeirra verði næstum því að engu, þeir geti ekki fengið að selja þær með eðlilegum hætti þegar starfsþreki lýkur eða þegar þeir af öðrum ástæðum vilja hætta búskap. Það er náttúrlega býsna alvarlegt ef lög eru svo flókin og þvingandi að eigur manna séu gerðar verðlausar fyrir það að ekki sé hægt að koma fram t. d. eðlilegri sölu á eign, eðlilegri sölu á bújörð, eins og menn hljóta að óttast þegar þeir lesa um það fjölþætta kerfi sem hér er sett upp til eftirlits rn., umsagnar, afgreiðslu og stimplunar, eins og svo ítarlega hefur verið rakið.

Ég held að í stað þess að samþykkja þetta frv. væri langtum nær að vinda sér að því að einfalda þetta stjórnkerfi allt saman og auka frelsi bændanna að því er varðar umráðarétt yfir eignum sínum og að gera umgengnina við landið auðveldari að þessu leyti og ég vil segja framþróun í landbúnaði líka auðveldari og koma að mörgu leyti til móts við hagsmuni bænda sem ég óttast að hér séu fyrir borð bornir.

En að síðustu hlýt ég að spyrja: Hvernig er þetta með grænfóðurverksmiðjurnar og það stjórnarfyrirkomulag sem lofað er í frv., að fylgi annað frv. með til þess að leysa úr — eða er hugmyndin að landbrh. gerist nú rekstrarstjóri allra grænfóðurverksmiðja í landinu?

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ekki ætla ég að lasta það að hér sé gerð tilraun til að einfalda og spara í ríkisrekstrinum og það kemur fram í grg. með þessu frv. Þar stendur að Ríkisendurskoðun hafi reynt að meta þann ávinning sem ríkissjóður mundi hafa af þessari skipulagsbreytingu og miðað við verðlag 1. jan. 1982 sé talið að árlegur sparnaður nemi u. þ. b. 567 þús. kr. Ég ítreka að ég met mikils viðleitni í þá átt að einfalda kerfið.

Einföldun á kerfum þarf að athuga frá tvenns konar sjónarhólum: Í fyrsta lagi þarf að spara peninga, en svo þarf líka að einfalda kerfi til að þau verði mannlegri vegna þess að á nákvæmlega sama hátt og of flókin kerfi eru dýr eru þau líka þess eðlis að þau hefta kannske frelsi fólks til athafna og úr þeim verða völundarhús sem eru e. t. v. ekki nema örfáum mönnum kunnug og standa þess vegna í veginum fyrir því að þeir sem annars kynnu að vilja leita sér þar erinda eigi þess nokkurn kost.

Ég verð að játa það, herra forseti, að það var ekki fyrr en við ágæta ræðu varaþm. Bjarna Guðnasonar hérna fyrir helgi og nú aftur við ræðu Svavars Gestssonar að ég fór að velta þessu jarðalagamáli fyrir mér. Það er ýmislegt sem mér finnst þar skjóta skökku við. Þegar hafa verið rakin hér ýmis dæmi um hvernig stimplagerð og ofstjórn, að því er virðist, eiga að ná yfirráðum í þessum málum. Maður spyr sig af hvaða orsökum þessi flókna stimplun og þetta flókna stimplakerfi sé komið upp, hvort þetta sé sakleysisleg leið til að ná forræði landbrn. eða ná hugsanlega pólitísku forræði yfir því hverjir stunda landbúnað og hvernig og hvar. Þetta getur líka einfaldlega verið framleiðsla einhverra kerfiskarla sem sjá allt fyrir sér í kössum og sjá erindin fyrir sér flækjast frá einu borðinu til annars og alltaf fjölgar stimplunum.

Það hafa hér verið rakin ýmis dæmi um hvernig þetta virðist eiga að koma út í framkvæmd. Það hefur t. d. verið rakið að jarðanefnd virðist eiga að koma til með að hafa umsögn um sumarbústaðabyggingar, sæluhúsabyggingar, veiðihúsabyggingar, skíðaskála og hliðstæðar byggingar, en síðan er talað um að jarðanefnd komi við sögu þegar stéttarfélög æskja þess að byggja orlofsheimili. Væntanlega er það vegna þess að það sé á einhvern hátt hliðstætt við sumarbústaði eða sæluhús. Síðan á jarðanefnd að hafa afskipti af því ef skipt er landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða til að sameina jarðir eða leggja lönd eða jarðir til afrétta. Það þarf samþykki jarðanefnda, sveitarstjórna og landbrn., að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Við höfum heyrt fyrr í umræðunum hvernig þessi gangur er. Þá hefur verið rakið hvernig jarðanefnd kemur við sögu ef stofna á býli til búvöruframleiðslu eða ylræktar eða garðræktar eða fiskiræktar eða loðdýraræktar eða til smáiðnaðar og þjónustu sem því tengist. Þá skal leita umsagnar jarðanefndar. Í „forbifarten" eiga svo ýmsir aðrir smástimplar að koma við sögu, svo sem eins og landbrn., Búnaðarfélag Íslands, Framleiðsluráð landbúnaðarins og þess háttar. Framleiðsluráð landbúnaðarins á að meta umsókn bifvélavirkjans sem ætlar kannske að fara að setja upp traktoraverkstæði fyrir norðan samkv. þessum plöggum.

Aftar í þessu frv. stendur að heimild landbrn. þurfi til að stofna félagsbú til búvöruframleiðslu á býli. Félagsbú þarf því alveg sérstaka samþykkt. Menn geta verið búnir að fá samþykkt fyrir því að stofna býli til búvöruframleiðslu eða einhvers þess háttar, en síðan þarf búskaparlagið eða eignarlagið, félagsformið, sérstakt leyfi rn., enda hafi náttúrlega sveitarstjórn og jarðanefnd — jarðanefnd líka — samþykkt að menn slái sér saman til búskapar. Jarðanefndin kemur því ansi víða við sögu.

Ef lengra er lesið kemur í ljós að jafnvel þótt jarðanefndin sé nú búin að lofa Pétri og Páli að stofna bú saman er það ekki nóg vegna þess að heimild til stofnunar félagsbús fær ekki gildi fyrr en landbrn. hefur áritað félagsbússamning. Svo á að hnykkja rækilega á þessu með félagsbúin með því að landbrn. birti við hver áramót skrá yfir samþykkt félagsbú á landinu.

Þetta eru nokkur dæmi um það sem bæði hefur komið fram hérna í ræðunum hingað til og það sem ég fann við yfirlestur.

Í 4. gr. og 6., 7. og 8. gr. kemur stjórn Búnaðarfélags Íslands í staðinn fyrir í fyrsta lagi Landnám ríkisins og í öðru lagi landnámsstjórn þegar óskað er umsagna eða þess háttar. Það er ekki alveg ljóst hvernig þetta á að koma í framkvæmd. En mér sýnist að undir því sakleysislega yfirvarpi að verið sé að framkvæma sjálfsagða breytingu á kerfinu og leggja niður stofnun sem sé ekki þörf á lengur séu gerðar ýmsar breytingar sem horfi alls ekki til frjálsræðis sem sérstaklega annar stjórnarflokkurinn hefur gert talsvert úr á undanförnum árum, heldur sé hérna, á sama hátt og við höfum horft upp á í öðrum atvinnugreinum í vetur, verið að byggja upp

öflugt og villugjarnt völundarhús fyrir þá sem vilja reyna að afla bjarga sinna sjálfir, en reka sig fljótt á völundarhús og stimplagoð kerfisins.

Að síðustu er í 12. gr. frv. heimilað að veita ábúanda jarðar í ríkiseign, sem byggð er skv. ábúðarlögum, leyfi til að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni. Þetta hefur komið hér til tals áður í vetur í sambandi við lausaskuldir. Ég er hreint ekki viss um að það sé eðlileg ráðstöfun að menn geti veðsett ríkiseign til að byggja hús og aðrar umbætur á ríkisjörðinni og er þeir hætti búskap sé ríkið nauðbeygt til að kaupa af þeim þessar húsbætur. Ég hef ekki verið sannfærður um að þarna sé rétt á málum haldið.

Að síðustu ætlaði ég að minnast á atriði, sem kemur í ljós við lestur þessa frv., um rekstur grænfóðurverksmiðja, en hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur gert ágætlega grein fyrir því og læt ég því lokið máli mínu.

Landbrh. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég heyrði ekki upphaf ræðu hv. 3. þm. Reykv. þar sem ég sat í minni deild, en ég held að ræða hans og þeirra sem talað hafa á eftir sé að nokkru leyti á misskilningi byggð í sambandi við aukið vald jarðanefnda. Skv. núgildandi jarðalögum hafa jarðanefndir þetta vald og er ekki verið að auka þeirra umráð.

Í sambandi við að það þurfi leyfi þeirra til að reka bílaverkstæði held ég að nauðsynlegt sé að líta á orðalagið eins og það er í 10. gr. frv., a-lið hennar, til þess að stofna nýtt býli o. s. frv. Þarna er sem sagt um að ræða lögbýli, en ég tel að það sé engin ástæða til að vera að stofna lögbýli þó að einhver reki bílaverkstæði og það sé aðeins til að flækja málið. Ástæðan fyrir mikilli ásókn í að fá viðurkennd lögbýli til alls konar slíkrar þjónustu er sú framkvæmd sem höfð hefur verið á orkulögum, þ. e. fjárhagslegur stuðningur við að leggja rafmagn til lögbýla en ekki til annarra bygginga í sveitum. Þarna tel ég að þurfi að verða breyting á þannig að allir sitji við sama borð, svo að ekki sé verið að stofna lögbýli í þessu skyni, og mun leggja áherslu á að þessi þjónustustarfsemi sé rekin í sveitum og hlúð að henni án þess að stofnað sé þar til lögbýla.

Ég held að hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki borið nægilega saman núgildandi lög og þetta frv. eða gengið alveg úr skugga um að þarna er ekki verið að herða á. Það er t. d. sagt í 3. gr.: „Ekki þarf að afla samþykkis skv. 6. gr. vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum, sem teknar hafa verið úr landbúnaðarnotum." Þarna er einmitt verið að firra t. d. jarðanefndir afskiptum sem ekki er talin nein þörf á.

En í sambandi við þetta mál vildi ég gjarnan lýsa því yfir að bent hefur verið á ýmis atriði sem reynslan af framkvæmd jarðalaganna hefur leitt í ljós hvað snertir jarðanefndirnar. Væri ástæða til að endurskoða það og ég hef látið í ljós að ég vildi stuðla að því og vinna að því. Finnst mér sjálfsagt að taka þá til athugunar að fella niður það sem menn telja að fenginni reynslu að unnt sé að komast hjá.

Annars stangast óneitanlega svolítið á þegar talað er um að ekki eigi að hafa leyfi fyrir búrekstri og öðru slíku þegar á sama tíma er gerð krafa um að koma búvöruframleiðslunni niður á það stig að hún fullnægi aðeins innanlandsmarkaði svo að ekki þurfi lengur á útflutningsbótum að halda. Því miður er erfitt að koma því saman án þess að hafa einhverja stjórn á hlutunum. Þá er vitanlega eðlilegt að framleiðslan sé þar sem skilyrði eru talin best og þess vegna sé að einhverju leyti tekið tillit til búrekstrarskilyrðanna. Það er einmitt þetta atriði sem haft er í huga í sambandi við ákvæðin um félagsbúin, það þurfi leyfi fyrir þeim þar sem þau hafa töluverð áhrif á núverandi stjórnkerfi landbúnaðarframleiðslunnar, hið svokallaða kvótakerfi. Ég veit að bændur vildu helst að þetta gæti verið sem frjálsast, en sá annmarki er á að aðstæðurnar hafa knúið okkur til þess í ríkara mæli að reyna að hafa stjórn á framleiðslunni. Það verður ekki gert án þess að hafa eitthvert tæki til þess.

Hér var spurt um stjórn grasköggla verksmiðjanna. Þeim er núna þannig skipað að þriggja manna stjórnir sjá um rekstur þeirra. Það form verður óbreytt á meðan ekki eru sett ný lög um þær. Þær hafa verið reknar sem B-hluta fyrirtæki ríkissjóðs og verða það áfram þangað til sett verða ný lög um þær. Frv. um það var lagt fram á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga og það tókst ekki í tæka tíð að leggja slíkt frv. fyrir þetta þing, en verður gert í haust. Að öðru leyti verður framkvæmdastjórnin sú sama og verið hefur. En sá milliliður sem landnámsstjórn hefur verið milli landbrn. og þessara rekstrarstjórna er úr sögunni og fækkar þar einum millilið og verður að því leyti einfaldara.

Ég held að ef menn skoða þetta rækilega og bera frv. saman við núgildandi lög muni menn ekki komast að raun um að þarna sé um aukningu á stjórn að ræða. Hins vegar hefur það komið fyrir að ákvarðanir landnámsstjórnar hafa ekki verið að fullu í samræmi við t. d. þá framleiðslustjórnun sem reynt er að koma á núna í landbúnaðinum og mér heyrist að þingflokkur hv. 3. þm. Reykv. telji að sé nauðsynlegt, en slíkt verður ekki gert nema að hafa eitthvert tæki í höndunum til þess.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég held að meðferð og umr. um þetta frv. endurspegli mjög vel hversu bagalegt það er þegar þm. hlaupa hálfvansvefta yfir mál hvert á fætur öðru, nánast á handahlaupum, og hafa lítinn tíma til að athuga þau, ég tala nú ekki um ef það sama á við um hv. þingnefndir, eins og var í þessu tilfelli. Ég vil byrja á að átelja að lagafrv. sem þessi séu hér keyrð í gegn á svo naumum tíma sem var í þessu tilfelli. Við hefðum nm. allir, held ég, kosið að fá að hugleiða og skoða þetta mál nokkuð betur og mörg af þeim atriðum sem við lítillega ræddum en höfðum ekki nægan tíma til að skoða hafa nú einmitt verið dregin hér fram og sum hver gagnrýnd mjög réttilega.

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. hv. landbn. Nd. með fyrirvara og vil gera stuttlega grein fyrir því í hverju hann felst. Hann er reyndar ekki fyrst og fremst hvað varðar stimplafjölda á veiðihús, skíðaskála og hliðstæðar byggingar þó að ég ætli ekki að fara að verja það. Ég held að það sé fulllangt gengið að láta menn þurfa að sækja um leyfi fyrir jafneinfaldri framkvæmd og skíðaskála, ég tala nú ekki um sæluhús sem yfirleitt stendur á 3—5 fermetrum einhvers staðar uppi á heiðum og er nú varla mikil atlaga við framtíðarmöguleika landbúnaðarins á viðkomandi svæði. En að hluta til á þetta sér þó eðlilegar skýringar. Þær eru að allt þetta land er orðið skipulagsskylt og þarf að sæta ákveðinni meðferð áður

en ráðstöfun þess er breytt, eins og er í þessu tilfelli, og hér er fyrst og fremst um það land að ræða sem er að hverfa úr landbúnaðarnotum og þarf vegna þeirra breytinga sem þar verða að hljóta ákveðna meðferð.

En fyrirvari minn beindist fyrst og fremst að því óeðlilega, að mínu mati, fyrirkomulagi sem verður um stjórnun fóðurverksmiðja eða grasкögglaverksmiðja ríkisins, eins og þegar hefur verið bent á hér af hv. 3. þm. Reykn., Kjartani Jóhannssyni. Mér sýnist þar staðið fremur óvenjulega að hlutunum þar sem landnámsstjórn, landnámsstjóri og stofnunin sem slík eru lögð niður, en engu að síður ætti landnámsstjóri, sem í þessum tilfellum er einn af stjórnarmönnum í fóðurverksmiðjunum, að starfa áfram. Þá vil ég spyrja: Í hvers umboði? Er hann þá fulltrúi landnámsstjórnar, sem verið hefur hingað til, hver sem hann nú er? Ég hefði talið að úr því að svo fór að lög um fóðurverksmiðjur ríkisins voru ekki lögð hér fram hefði verið eðlilegra að brúa það tímabilsástand sem þar skapast með öðrum hætti, t. d. með þeim að leggja ekki niður að svo komnu máli sjálfa landnámsstjórnina, heldur láta hana starfa áfram og hafa þetta verksvið á hendi. Það kom ekki í veg fyrir það, að mínu mati, að hægt væri að gera þær skipulagsbreytingar, sem að mörgu leyti ganga til réttrar áttar, að leggja niður Landnám ríkisins og ráða ekki í embætti landnámsstjóra, en færa það starfslið, sem þar hefur unnið, annað. Ég held að flestir séu sammála um það, sem til þekkja, að fjarað hafi undan þeirri stofnun hvað verkefni varðar og það sé skipulagsbreyting sem til fyrirmyndar er í hinu opinbera kerfi að reyna þá að ná sparnaði sem því nemur þó að maður óttist vissulega að hann verði ekki eins mikill og æskilegt væri því að þessi verk flytjast einfaldlega milli húsa.

Fyrirvari minn var sem sagt fyrst og fremst hvað þetta varðar. Ég tel í fyrsta lagi óeðlilegt að hafa þessar lagabreytingar ekki samferða og reyna að koma þessu hvoru tveggja í gegnum þingið á sama tíma. En ég held að úr því sem komið er sé nauðsynlegt að þetta frv., a. m. k. þeir hlutar þess sem til bóta horfa, fari í gegnum þingið þó ekki væri nema vegna þess að búið er að gera að lögum breytingar á ábúðarlögum sem eru fyrst og fremst afleidd breyting vegna þess frv. sem við erum enn að fjalla um. Má segja að það sanni skýrar en flest annað að ýmislegt skolast til í þingstörfunum á síðustu dögum, herra forseti.

Að síðustu vil ég segja að ég hef skipulagslega séð fyrir hönd landbúnaðarins sem heild efasemdir um að það sé til bóta að leggja niður einu þingkjörnu nefndina í öllum þessum geira og skipta verkefnum hennar í eins konar helmingaskiptum eins og gjarnan tíðkast þessa dagana. Hér er um að ræða einhvers konar helmingaskipti milli Búnaðarfélagsins og landbrn. sem í anda hinna margfrægu helmingaskipta deila þessu bróðurlega upp á milli sín. Ég sé það vel hugsanlegt að nefnd eins og Landnámið, hugsanlega í nokkuð breyttu formi og stærri nefnd, gæti átt fyllilega rétt á sér sem ákveðinn tengiliður og ákveðinn umsagnaraðili milli þessara tveggja stóru risa í landbúnaðinum, þ. e. rn. og Búnaðarfélagsins. Satt best að segja held ég að fyllilega sé ástæða til þess fyrir ýmsa flokka að hugsa það til enda hvort þeir glata ekki aðstöðu sinni til að fá upplýsingar og hafa áhrif í þessu bákni öllu saman þegar þessi eina pólitískt kjörna nefnd verður lögð niður og þetta fer til helminga inn í landbrn. og Búnaðarfélag til þeirra manna sem þar ráða ferðinni.

Það hefur verið uppi sú gagnrýni á landnámsstjórnina og Landnámið sem slíkt að það hafi vantað tengsl milli þess og þeirra aðila sem eru að stjórna framleiðslunni í landinu. Það má til sanns vegar færa, en mér er samt til efs að ekki hafi mátt koma þeim tengslum á t. d. með því að breyta starfssviði landnámsstjórnar eða hugsanlega einhvers arftaka hennar sem kosinn væri hér á Alþingi eða á einhvern annan hátt pólitískt því að ég hef, eins og ég hef rakið hér, herra forseti, ákveðnar efasemdir um að það sé heillaspor eða horfi til framfara að leggja þessa stofnun niður.

Það er fleira í þessu frv. sem ég hefði gjarnan viljað gera aths. við. Eins og ég hef þegar rakið hefur gefist allt of naumur tími til að skoða það. Ég er þó á því að í megindráttum horfi þær skipulagsbreytingar, sem hér eru gerðar um till., til bóta, en ég átel ýmislegt í framkvæmd þeirra og með það í huga hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og læt þetta nægja til að lýsa honum, herra forseti.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Í framhaldi af orðum hv. þm. Steingríms Sigfússonar, þar sem hann lýsir efasemdum sínum sem þm. og landbn.-manns, bæði um efni frv. og um tæknilega umfjöllun þessa frv. í nefnd, þar sem tímaskortur hafi verið mjög áberandi og þar sem nm. hafi staldrað við fjölda atriða en síðan látið renna fram hjá sér vegna þess að ekki sé tími til þess að athuga málið frekar, þá vil ég eindregið leggja til að þetta frv. verði geymt til haustsins og menn vinni þá í þessu nánar til þess að það verði engin atriði sem menn þurfa að staldra við svo alvarlega þegar það kemur næst til umr.

Hæstv. landbrh. kom hingað upp og vék að ýmsu því sem hefur verið rætt um í þessari umr. M. a. sagði hann að jarðanefndir hefðu ekki meira vald eða kæmu ekki víðar við að ráði en þær hefðu gert áður, en þá vildi ég spyrja hvort ekki hefði þá verið ráð að minnka það. Því veldur kannske fákunnátta mín um þessi málefni, en ég á mjög erfitt með að sjá hvers vegna jarðanefndir þurfi að vera umsagnaraðilar um hreint allt sem gerist, að því er mér virðist, í íslenskum landbúnaði allt frá stofnun bifvélaverkstæða til kartöflukofa. Þá er spurning hvort ekki hafi verið ástæða til að fækka eitthvað hlutverkum stimplaranna í jarðanefndinni og einfalda þannig þetta kerfi sem augljóslega kemur í ljós í þessari umr. að ýmsir hafa áhyggjur af.

Það kom fram að þetta kerfi, sem hér í frv. birtist, væri að ýmsu leyti til orðið vegna ásóknar í að fá byggingar eða aðstöðu sem menn koma sér upp í sveitum viðurkenndar sem lögbýli vegna orkulaga. Það er þá spurning hvort ekki sé miklu meiri ástæða til að breyta orkulögum, taka af skarið þeim megin frekar en að skylda hreint alla sem hugsa sér til hreyfings í sveitinni að arka frá Pontíusi til Pílatusar og afla sér stimpla.

Þá kom hæstv. landbrh. að merkilegu atriði, sem hann gerði þó ekki að miklu umtalsefni. Það var í sambandi við stjórnun í landbúnaði. Þá langar mig til að spyrja hæstv. landbrh. hvort þetta frv. væri kannske hugsað sem fyrsta skref eða liður í nánari stýringu á framleiðslu í íslenskum landbúnaði og hvort það væru á borðum hans drög að því að framleiðslu í landbúnaði

yrði stýrt nánar eftir landkostum, eins og hann vék að. Mér vitanlega hefur það ekki verið gert, en mér þætti vænt um að fá upplýsingar um það.

Það væri þá tvennt: 1. Eru þessar breytingar á jarðalögum hugsaðar sem fyrsta skrefið í strangri stjórnun á framleiðslu í íslenskum landbúnaði? 2. Eru þegar til tillögur eða drög um það hvernig landbúnaðarframleiðslu yrði stýrt eftir landshögum eða landkostum?

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil bara upplýsa að landbn. fékk þetta frv. það seint að ekki var hægt að koma því við að fara ofan í það, heldur var fastmælum bundið að reyna að hafa áhrif á að þessi lög yrðu tekin upp á hausti komanda og athuguð nánar, þannig að ég held að menn þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Hins vegar fannst nefndinni í sambandi við þær skipulagsbreytingar sem er verið að gera að raunar væri ekki hægt annað en lögfesta frv. nú.

Í sambandi við stjórnun á landbúnaðarframleiðslu vil ég bara benda síðasta ræðumanni á að það er eftir framleiðsluráðslögunum sem slíkar breytingar mundu koma, ef einhverjar eru, enda er allar stjórnunarheimildir á landbúnaðarframleiðslunni að finna í þeim lögum en ekki jarðalögum.

Hins vegar má bæta við þetta að það er mikil ásókn ýmissa í að fá land á lögbýlum og jarðirnar hafa víða verið bútaðar þannig niður að þær hafa jafnvel verið gerðar óhæfar til búrekstrar. Til þess að koma í veg fyrir það eru jarðanefndir nauðsynlegar svo að það sé eitthvert skipulag og eitthvert eftirlit með hvað gerist í þessum efnum. Má segja að jarðanefndirnar séu til aðstoðar sveitarstjórnunum í þessum efnum. Hitt er annað mál að ég fellst alveg á að í greininni sé allt of langt gengið í sambandi við t. d. sæluhús og skíðaskála. Ég skal viðurkenna það.

Hitt gleður mig, hvað ýmsir menn hafa nú allt í einu mikinn áhuga á málefnum landbúnaðarins. Þetta gleður mig stórlega og við ræðum það betur síðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:3 atkv.
2. gr. samþ. með 25:3 atkv.
Brtt. 1080 samþ. með 24:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4.—14. gr. samþ. með 25:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. 306. mál (þskj. 859). — Frh. 1. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það frv. sem hér er til umr. um breytingu á lögum um skattskyldu innlánsstofnana verður að skoða í tengslum við 305. mál, frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Síðarnefnda frv. var afgreitt til 2. umr. fyrir nokkrum sólarhringum og hefur verið til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. Nd. Meiri hl. n. hefur skilað áliti en minni hl. hefur ekki haft tíma til að skila áliti í því máli vegna þeirra miklu anna sem hér hafa verið við þingstörfin.

Það hefur flogið fyrir hér, herra forseti, í sambandi við þetta mál, að einhver áhugi sé á því hér meðal ýmissa þm., m. a. af minni hálfu og e. t. v. einhverra annarra, að stöðva framgang þessara mála. Auðvitað er með öllu fráleitt að setja mál þannig upp að verið sé að stöðva framgang þingmála. Ef meiri hl. er til að koma málum fram hér á hv. Alþingi reynir á það hvort sá meiri hl. er til. En það sem mér m. a. gengur til í þessu efni er auðvitað það að ríkissjóður hefur á undanförnum mánuðum reynst vera verr á sig kominn en nokkurn hafði áður órað fyrir og ríkisstj. er að skera niður framlög til félagslegra verkefna í stórum stíl. M. a. er verið að lækka útgjöld til sjúkratrygginga og sjúkradagpeninga um 20—30 millj. kr. Á sama tíma er það ætlun ríkisstj., um leið og hún sker niður framlög til félagslegrar þjónustu, að lækka stórkostlega gjöld á bönkum og öðrum opinberum stofnunum. Þetta sýnir eins og í hnotskurn hvers konar ríkisstj. við höfum. Það er ríkisstj. sem leggur áherslu á að hygla fjármagnsstofnunum og fyrirtækjum á kostnað félagslegrar þjónustu fólksins í landinu og skirrist ekki við að bora gat á ríkissjóðinn, eins og hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson er iðinn við nætur og daga, því að í rauninni er það alltaf svo að ef hann á tvo kosti varðandi útgjöld ríkissjóðs tekur hann þann sem er dýrari fyrir ríkissjóð. Það á við t. d. í sambandi við frv. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Þar var hæstv. fjmrh. gefinn kostur á tveimur útgáfum af þessu málefni skv. tillögum bankamálanefndarinnar og hann tók auðvitað þá sem er dýrari fyrir ríkið. Hann tekur alltaf það sem er verst fyrir ríkissjóð. Það má segja að hæstv. fjmrh. sé þannig sjálfum sér samkvæmur í sinni yfirstjórn á ríkiskassanum.

Ég verð því, herra forseti, að ræða það mál nokkuð ítarlega og sömuleiðis um frv. um skattskyldu innlánsstofnana. En áður en ég kem að þeim frv. ætla ég að ræða hér í stuttu máli um þau orð sem hæstv. fjmrh. lét falla við umr. 14. maí s. l. þegar þessi mál voru hér á dagskrá. Þá stóð málið þannig að ýmsir þm. stjórnarandstöðuflokkanna höfðu gagnrýnt þetta frv. og þegar mjög var liðið á nóttu kvaddi hæstv. fjmrh. sér hljóðs, eins og gjarnan er siður ráðh., til þess að svara því sem fram hafði komið. En hæstv. fjmrh. notaði tækifærið til almennra pólitískra árása á stjórnarandstöðuna og þá alveg sérstaklega Alþb. Það er alveg óhjákvæmilegt að taka nokkurn tíma hér í hv. Nd., virðulegi forseti, í það að ræða um það hvað þarna kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann var að gera árásir á Alþb.

Hæstv. ráðh. ræddi nokkuð um störf síðustu ríkisstj. Hann lagði á það áherslu að hann hefði verið kosinn í bankaráð Útvegsbankans af lista sjálfstæðismanna og sagði að fráfarandi ríkisstj. hefði ekkert haft með það að gera. Það er venjan hjá hæstv. fjmrh. að hann vill sverja af sér afskiptin af myndun fyrrv. ríkisstj. Hann heldur oft um það langar ræður að hún hafi aldrei komið honum neitt við. Þó skrifaði hæstv. fjmrh. einu sinni bréf upp í hvíta húsið við Lækjartorg þar sem greint var frá því að hann teldi eðlilegt að forseti Íslands fæli Gunnari Thoroddsen alþm. að gera tilraun til myndunar ríkisstj. Bréf hafa oft skipt sköpum í sögunni eins og kunnugt er, sendibréf, jafnvel þó þau væru

stutt. Þetta bréf hæstv. fjmrh. réð úrslitum um það að hv. þm. Gunnar Thoroddsen fékk þá tækifæri til þess úr hendi forseta Íslands að gera tilraun til myndunar ríkisstj. Þannig má segja að hæstv. núv. fjmrh. hafi verið sá maður sem þarna réð úrslitum. Og það er óþarfi fyrir hann að vera alltaf að sverja það af sér því að þetta var góð ríkisstj. að mörgu leyti sem hann átti þarna hlut að að mynduð yrði.

Í sambandi við þessa stjórnarmyndun var m. a. rætt um það hvernig yrði háttað forustu í bankaráðum viðskiptabankanna, eins og gjarnan er gert, og Seðlabankans. Og þar kom það fram að stjórnaraðilarnir töldu ekki óeðlilegt, miðað við allar aðstæður, að hæstv. núv. fjmrh. yrði formaður bankaráðs Útvegsbankans. Það er þess vegna eins gott að hann sitji uppi með það að það var auðvitað að nokkru leyti fyrir hans eigin tilverknað að þáv. ríkisstj. áleit það eðlilegt að hann yrði formaður bankaráðs Útvegsbankans. Og mér finnst satt að segja sérkennilegt að hann skuli vilja sverja það af sér að þáv. ríkisstj. horfði á það gerast að hann yrði formaður bankaráðs Útvegsbankans. Hæstv. fjmrh. heldur því fram í ræðu sinni, að mín ummæli um þetta hafi verið ósannindi. Ég vísa því auðvitað á bug. En úr því að málin ber á góma hér á annað borð er ekkert óeðlilegt að ræða það nokkuð hvernig þetta gerðist varðandi myndun síðustu ríkisstj.

Hæstv. fjmrh. sagði einnig í næturræðu sinni, sem hann hélt til að greiða fyrir þingstörfum hér eina nóttina, að hann hafi í raun og veru aldrei ráðið úrslitum um tilveru síðustu ríkisstj. Ég held ég verði að leiðrétta hæstv. ráðh. í þessu efni líka. Það var ekki aðeins að hann kæmi mjög við sögu við fæðingu þeirrar stjórnar, heldur lá fyrir yfirlýsing frá þessum hæstv. ráðh., hv. þm. Albert Guðmundssyni, um það að hann mundi verja þá stjórn vantrausti. Hann lýsti því aftur og aftur yfir, m. a. opinberlega, að hann mundi verja ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens vantrausti ef fram kæmi till. um vantraust á þá stjórn. Og það er athyglisvert að á fyrstu árum þeirrar stjórnar kom ekki fram nein till. um vantraust á hana þó hún hefði þetta knappan þingmeirihluta. Af hverju skyldi það hafa verið nema vegna þess að hv. þm. Albert Guðmundsson var búinn að gefa þessa yfirlýsingu? Menn eins og hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason og fleiri töldu nóg að gert í sambandi við innra ástand í Sjálfstfl. þó ekki væri farið að kljúfa hann enn frekar með því að knýja hv. þm. Albert Guðmundsson til að greiða atkv. á móti till. um vantraust á þá ríkisstj. Hæstv. núv. fjmrh. vill greinilega líka gleyma þessu. En ég vil segja honum til upprifjunar: Þetta réð úrslitum ásamt mörgu öðru um það að þáv. ríkisstj. fékk þrátt fyrir allt starfsfrið á einum tveimur þingum. Hans yfirlýsingar skiptu þarna sköpum. Og þegar hann biður mig um að nefna eitt dæmi þess að hans atbeini hafi ráðið úrslitum þá hef ég þegar gert það og hlaut að gera það eftir að krafa hans um þetta kom fram.

Hæstv. fjmrh. hélt hér þessa venjulegu ræðu, hann er búinn að halda margar í vetur, um mig sem formann Alþb. og sérstaklega kommúnistadeildar þess. Ég hlýt að rifja hér upp nokkur atriði í sambandi við þetta, því að greinilegt er að minni hæstv. fjmrh. nær skammt, ekki einu sinni yfir tvö, þrjú síðustu ár varðandi ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, hvað þá heldur yfir lengri tíma í okkar stjórnmálasögu. Þau mál snúa þannig að Kommúnistaflokkur Íslands var lagður niður 1938. Það er eiginlega nauðsynlegt fyrir mig að byrja þar. Kommúnistaflokkur Íslands var lagður niður 1938 og þá var stofnaður Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn. Hann var stofnaður upp úr Kommúnistaflokki Íslands, sem var lagður niður, og vinstri armi Alþýðuflokksins, sem var þá undir forustu Héðins Valdimarssonar. Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn varð fljótlega mjög sterkt afl hér á Alþingi Íslendinga. M. a. gerðist það í kosningunum 1942 að Sósíalistaflokkurinn varð verulega miklu stærri en Alþýðuflokkurinn. Þar með varð vinstri armurinn í verkalýðshreyfingunni á Íslandi hægri arminum sterkari. Þetta gerði verkalýðshreyfinguna á Íslandi talsvert öðruvísi en t. d. í grannlöndum okkar eins og kunnugt er. (**Gripið fram í:** Og hefur ekki borið sitt barr síðan.) Alþýðuflokkurinn? — Nei.

Á árunum 1938—1968 starfaði síðan Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn og hann beitti sér fyrir því á árunum 1953 og 1954, 1955, að stofnað yrði Alþýðubandalagið, kosningasamtök. Þau voru stofnuð m. a. fyrir tilverknað og áeggjan verkalýðshreyfingarinnar í landinu sem lagði á það áherslu þá sem síðar að verkalýðssinnar og vinstri menn, jafnaðarmenn, ættu sem allra sterkust stjórnmálasamtök hér á landi. Alþb. bauð fyrst fram til Alþingis í kosningunum 1956. Árið 1963 gekk síðan verulegur hluti Þjóðvarnarflokks Íslands til liðs við Alþb., m. a. með því að hv. fyrrv. þm. Gils Guðmundsson bauð sig fram fyrir Alþb. í Reykjaneskjördæmi.

Upp úr þessu verður það síðan að átök eiga sér stað innan Alþb. Það verður síðan stjórnmálaflokkur með formlegum hætti 1968. Og þá var því lýst yfir af Morgunblaðinu að þessi flokkur yrði bersýnilega ekki mjög lengi til úr þessu vegna þess að hann yrði með öllu áhrifalaus. Þeir sem máli skiptu þar væru hlaupnir á dyr. En það hefur annað komið í ljós. M. a. varð hv. þm. Albert Guðmundsson og hæstv. núv. ráðh. þess valdandi að þessi flokkur, sem hans málgagn, Morgunblaðið, reyndi að jarða 1968, varð aðili að ríkisstj. á árinu 1980.

Kommúnistadeild hefur ekki verið starfandi í Alþb. á þessum tíma né heldur kommúnistaflokkur. Alþb. er sósíalískur flokkur, verkalýðsflokkur, sem leggur áherslu á jafnrétti og lýðræði. Alþb. er ekki flokkur sem tekur undir ríkistrú af neinu tagi. Alþb. leggur áherslu á það þjóðfélag þar sem menn fá að velja í öllum tilvikum á milli stjórnmálastefna. Alþb. er þess vegna flokkur sem aðhyllist það sem kallað er plúralístískt samfélag, fjölþætt pólitískt samfélag, og frábiður sér allar árásir sem grundvallast á því að Alþb. aðhyllist kennisetningar þar sem byggt er á því að skerða valfrelsi fólksins. Þess vegna leggjum við á það mikla áherslu að hér sé haldið uppi lýðræðislegu stjórnskipulagi þar sem vald fjármagnsins er heft. Og það er grundvallarmunurinn á Alþb. og t. d. Sjálfstfl., að Alþb. er lýðræðisflokkur en Sjálfstfl. er fjármagnsflokkur. Það er frelsi fjármagnsins sem þar á að ráða en í hinu tilvikinu er það fólkið og frelsi þess sem á að ráða úrslitum um framvindu þjóðfélagsins.

Þetta þurfti ég nú að rifja upp bara vegna hæstv. fjmrh., ekki vegna þess að ég vilji, virðulegi forseti, teygja tímann hér og heldur ekki vegna þess að ég telji ekki að þeir sem hér eru viti þetta. En mér hefur fundist

stundum á hæstv. fjmrh. að það væri eins og svona staðreyndir færu fram hjá honum. Og þegar hann afhjúpaði það að hann mundi ekki einu sinni hvað hann hafði gert þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var mynduð, þá sýndist mér einsýnt að nauðsynlegt væri að hjálpa honum til við sagnfræðina nokkra áratugi aftur í tímann líka. En það er ekki þar með sagt að þessu sé lokið og kem ég nú að næsta þætti þessa máls.

Hæstv. fjmrh. sagði með leyfi forseta:

„Það þýðir ekki. Það er búið að gera það svo oft í gegnum tíðina og ég, sem er nú sextugur, hef ekki heyrt neitt nýtt úr þeim herbúðum síðan ég var þingsveinn á þessum stað 1935—1938."

Hann segir m. ö. o. að hann hafi á árunum 1935—1938 heyrt það sama frá róttækum sósíalistum hér í þessum sal og hann heyrir nú. Þetta er nokkuð athyglisvert og bendir til þess að vissar sögulegar staðreyndir renni saman í eitt í höfðinu á hæstv. fjmrh. En þannig er málum háttað að ef hann er þarna að vitna til Kommúnistaflokks Íslands, sem er rétt hugsanlegt að hann sé að gera, vegna þess að hann ræddi áður um kommúnistadeild Alþb., þá eignaðist Kommúnistaflokkur Íslands ekki menn á Alþingi fyrr en 1937. Þá voru þrír menn kosnir, einn kjördæmiskosinn í Reykjavík og tveir uppbótarmenn, annar í Reykjavík og hinn í Vestmannaeyjum. Þar áður voru að vísu ýmsir róttækir sósíalistar á Alþingi, en þá voru þeir flestir í Alþfl. Og ég geri ráð fyrir því að þegar hann er að vitna til svipaðra ummæla og við höfum oft uppi Alþb.-menn frá árunum 1935—1937, þá sé hann að víkja sérstaklega að Alþfl.-mönnum. Þetta er í raun og veru ákaflega athyglisvert vegna þess að þetta staðfestir það, sem við höfum oft lagt áherslu á, að Alþb. á ekki einasta sögulega fortíð í þeim flokkum sem hér hafa verið nefndir, heldur líka í Alþfl. Forverar Alþb. eru sem sagt Alþfl. og þessir flokkar sem hér hafa verið nefndir sérstaklega. Mér þykir því vænt um það að hæstv. fjmrh. skuli átta sig á þeim beinu tengslum sem eru þarna á milli Alþfl. og Alþb. Það eru mjög augljós tengsl og mér þykir nauðsynlegt að halda þeim til haga, vegna þess að ég vil gjarnan að það liggi fyrir á hvaða grundvelli Alþb. er byggt.

Síðan kom fleira fram frá hæstv. fjmrh. um þessi mál. Eitt var það að hann leggur á það mikla áherslu að núv. ríkisstj. sé að afsósíalisera þjóðfélagið, en það eru ummæli sem hann hefur viðhaft nokkrum sinnum, að sé mjög nauðsynlegt að afsósíalísera þjóðfélagið. Hann sagði þetta í sjónvarpinu fyrir nokkrum mánuðum og hann hefur verið að endurtaka það af og til síðan. Ég þykist skilja þetta svo að hæstv. fjmrh. vilji í rauninni eyða að sem mestu leyti áhrifum jafnréttissinna, verkalýðssinna og vinstri manna á íslenska þjóðfélagið. Og hann hefur í þeim efnum náð nokkrum árangri, m. a. með því að lækka framlög til sjúkratrygginga almannatrygginga. Það er ákaflega göfugt verkefni fyrir þá sem vilja umsvif fjármagnsins sem mest. Hann hefur lagt á það áherslu að draga úr félagslegri þjónustu og hann hefur líka verið óður og uppvægur að selja ýmis ríkisfyrirtæki, m. ö. o. fyrirtæki almennings.

Ég held að það sé rétt að núv. ríkisstj. hafi komist lengra í því en nokkur önnur í sögu lýðveldisins að þrengja að félagslegri þjónustu í landinu og þannig hafi hæstv. fjmrh. gengið lengra gegn jafnréttishugmyndum og jafnréttishugsjónum en flestir aðrir fjmrh. Ég veit að hann fær prik fyrir það uppi í Valhöll hjá íhaldinu og hjá verslunarráðinu. Ég hygg hins vegar að allir aðrir hljóti að gagnrýna þetta, þeir sem vilja halda utan um hina félagslegu þjónustu og þróun hennar. Athyglisvert er í þessu sambandi að fyrir nokkrum dögum var birt skoðanakönnun með einkarétti í Morgunblaðinu sem Hagvangur hafði gert á viðhorfi fólks í þessum efnum. Þar kom það í ljós að hæstv. fjmrh. er að framkvæma hugmyndir sem eru í bullandi minni hluta á Íslandi. Fólk vill halda hinni félagslegu þjónustu. Yfirgnæfandi meiri hluti fólks leggur áherslu á það að halda hinni félagslegu þjónustu og yfirgnæfandi meiri hluti fólks leggur áherslu á það að fyrirtæki og stofnanir eigi að bera skatta. Hæstv. fjmrh. er því í þessu efni að framkvæma verkefni fyrir lítinn leiftursóknarminnihluta örfárra ofstækismanna, kreddutrúarmanna, sem halda að þeir leysi hér alla hluti í þjóðfélaginu með því að losa um fyrir fjármagnið. Ég held að hæstv. fjmrh. geti út af fyrir sig glaðst yfir því að hann hafi náð nokkrum árangri í því að draga úr félagslegri þjónustu og jafnvel selja ríkisfyrirtæki. Hitt er hins vegar bersýnilegt, að þjóðin tekur ekki undir með honum. Hún styður ekki þessar árásir á hina félagslegu þjónustu sem er í landinu. Þar er hæstv. fjmrh. bersýnilega að reyna að framkvæma verkefni sem yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er á móti. Hér er hæstv. fjmrh. því bersýnilega í miklum minni hluta.

Þetta fannst mér, virðulegi forseti, nauðsynlegt að taka fram vegna þeirrar ræðu sem hæstv. fjmrh. flutti hér eina nóttina til að greiða fyrir þingstörfum eins og hans er háttur. Vík ég þá nokkuð að öðrum atriðum sem fram komu í ræðu hans og voru ekki síður merk og krefjast þess að fá nánari umræður.

Það sem mér fannst alvarlegast í þeim voru árásir hæstv. fjmrh. á hv. þm. Ragnar Arnalds, sem á sæti í Ed. og gegndi embætti fjmrh. í síðustu ríkisstj. En eins og kunnugt er þá er skipulag ekki þannig hér á þinginu að Ed.-menn geti borið hönd fyrir höfuð sér í Nd. né heldur getum við hér í Nd. borið hönd fyrir höfuð okkar í Ed. Hins vegar er það svo með ráðh. að þeir geta hlaupið á milli deilda og talað þar í öllum málum og rætt við þm. eins og fara gerir þá og þá. Hæstv. fjmrh. hefur hins vegar þann hátt á, sem er alger nýlunda hér í vinnubrögðum ráðh., að hann lætur sér ekki nægja að lesa yfir hausamótunum á hv. þm. Ragnari Arnalds í Ed., þar sem hann getur borið hönd fyrir höfuð sér, heldur heldur hann áfram þessum reiðilestri þegar málið kemur hér fyrir í hv. Nd. Það er auðvitað óeðlilegt að ráðherrar séu að hella úr skálum reiði sinnar yfir þm. í þingdeild þar sem þm. á ekki sæti. Þetta er algerlega óeðlilegt og ósæmilegt í rauninni. Ég tel að ráðherrar eigi ekki að venja sig á vinnubrögð af slíku tagi. Með því móti eru þeir auðvitað að ganga út fyrir það sem kalla mætti mörk mannasiðanna og ég held að hæstv. fjmrh. eigi ekki að gerast brautryðjandi í þeim efnum að þessu leyti til. Við höfum hér ákveðnar leikreglur í þinginu og ég held að hæstv. ráðherrar eigi ekki að beita sér fyrir því að ráðast að þm. í öðrum deildum, þm. sem ekki hafa tök á að bera hönd fyrir höfuð sér.

En það sem hæstv. fjmrh. sagði í þessu efni var að fyrrv. ríkisstj. hefði svikið í þessum málum í sambandi við gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Þetta er mikil fjarstæða og því nauðsyn-

legt að rifja hér einnig upp liðna tíma. Vorið 1982 var til meðferðar á þingi frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana. Það eru lög nr. 65/1982. Efnislega fólst í þeim lögum að á árinu 1982 skyldu innlánsstofnanir aðrar en smæstu sparisjóðir greiða sérstakan skatt í ríkissjóð sem næmi 0.06% af heildarinnlánum þeirra í lok hvers mánaðar. Frá og með tekjuárinu 1983 skulu þær innlánsstofnanir er lögin taka til hins vegar skyldar til greiðslu tekju- og eignarskatts og skyldi álagning byggjast á almennum reglum laga nr. 75/1981.

Þegar þessi mál voru hér til meðferðar á Alþingi var það svo, eins og oft áður í þeirri ríkisstj., að meiri hl. hennar var knappur og veikur, einkum hér í Nd. Einn þeirra manna sem töldu sig eiga eitthvað vantalað við ríkisstj. var hv. þm. Albert Guðmundsson. Hann ræddi um það hvort hugsanlegt væri í tengslum við þetta að fella niður eða lækka gjald af umboðsþóknun eða gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Páv. fjmrh. léði máls á því að þessi umboðslaun, sem hafa verið 60%, yrðu lækkuð fyrst í 50%. Páv. fjmrh. léði hins vegar aldrei máls á því að gjaldið yrði lækkað enn frekar. Það kom aldrei til greina af okkar hálfu miðað við þáverandi aðstæður. Nú er það hins vegar svo, og það breytir væntanlega einhverju í augum hæstv. ráðh., að ríkissjóður stendur á þessu ári mjög illa, miklu verr en hann gerði á árinu 1982. Og þess vegna m. a. er algerlega óeðlilegt að fara að lækka sérstaklega þessi gjöld sem bankarnir greiða. Það eru þess vegna engin svik, eins og hæstv. fjmrh. heldur fram aftur og aftur, að ekki var stigið lengra á þessari braut í tíð fráfarandi ríkisstj. Þar var framkvæmdin í einu og öllu í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Meira að segja gerði páv. fjmrh. ráðstafanir til þess að ⅙ hluti gjaldsins af gengismun og umboðsþóknun, sem lagt hefur verið á gjaldeyrisbankana, yrði felldur niður frá áramótum 1983. Þar með var páv. hæstv. fjmrh. að fara í einu og öllu eftir því sem rætt hafi verið um á sínum tíma.

Nú geta menn spurt: Hvernig er staða bankanna? Eru þeir svo illa á sig komnir að það þurfi að gefa þeim eftir af greiðslum vegna ársins 1983? Ég hlýt að upplýsa það, virðulegi forseti, af þessu tilefni að Jónas Haralz, formaður Sambands viðskiptabankanna, kom á fund í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun og skýrði frá því m. a. að árið 1983 hefði verið verulega gott ár fyrir alla bankana. Það er þess vegna ekki verið að létta þessu af bönkunum vegna þess að þeir hafi komið mjög illa út á árinu 1983. Þeir komu mjög vel út á árinu 1983, skiluðu stórfelldum hagnaði, þannig að eðlilegt væri að bankarnir væru skattlagðir á þessu ári í samræmi við það hvernig heimili eða fyrirtæki væru skattlögð. Það breytir engu í þessu sambandi að mínu viti að eins og horfur eru í dag er talið hugsanlegt að bankarnir komi lakar út á árinu 1984 en á árinu 1983. Það breytir í raun og veru engu vegna þess að við erum að tala hér um skattlagningu og uppgjör vegna ársins 1983. Rökin fyrir því að lækka þennan skatt af bönkunum eru m. a. sögð vera þau að bankarnir þurfi að byggja upp sitt eigið fé, eiginfjárstaða bankanna sé svo léleg. Þetta er nú umhugsunarefni fyrir heimilin í landinu. Ég hugsa að eiginfjárstaða þeirra sé nokkuð slæm núna, lausafjárstaðan sé heldur slæm líka, rekstrarfjárstaðan vond hjá almenningi í landinu um þessar mundir sem þarf að fara út í búð og kaupa í matinn. En þegar kemur að bönkunum beita menn þeim rökum að eiginfjárstaðan sé svo vond að það sé réttlætanlegt að lækka skattana í ríkissjóð út af því. Það er sem sagt verið að borga styrki úr ríkissjóði til að bæta eiginfjárstöðu bankanna í landinu. Það er það sem hæstv. fjmrh. er að gera. Það er lítilmagninn sem hann er að hlaupa undir bagga með núna.

Formaður Sambands viðskiptabankanna, Jónas Haralz, notaði svo þau rök í málinu að bankarnir ættu í svo miklum viðskiptum út á við að þeir þyrftu að hafa miklu betri eiginfjárstöðu. Sérstaklega ætti Landsbankinn í gífurlegum viðskiptum út á við og þyrfti að njóta trausts á hinum alþjóðlega peningamarkaði. Auðvitað er það rétt að Landsbankinn þarf að njóta trausts á hinum alþjóðlega peningamarkaði. Hann tekur það mikið inn af erlendum lánum. En spurningin hér er ekki um það. Spurningin er um hitt, hvort nú sé einmitt réttur tími, á því ári þegar verið er að skera niður sjúkradagpeninga og félagslega þjónustu, hvort þá sé einmitt réttur tími til að styrkja bankana með framlögum úr ríkissjóði. Ég segi nei. Það er ekki réttur tími núna. Það er rangt. Það er röng forgangsröð verkefna. Ég spyr líka þá menn sem hafa áhyggjur af rekstri bankanna og eiginfjárstöðu Landsbankans: Telja menn það betra fyrir þjóðina út á við að staða ríkissjóðs sé jafnvond og raun ber vitni um? Hvort halda menn að sé verra fyrir þjóðina út á við, að ríkissjóður fari á hausinn eða Landsbankinn? Það væri fróðlegt að hæstv. fjmrh. svaraði því hvorn hann tekur fram yfir, kassann hjá sér eða kassan hjá Jónasi Haralz. Ég held að ekki sé nokkur vafi á því að þjóðin er að verða sér til skammar á alþjóðlegum vettvangi vegna þeirrar stjórnar sem nú er á ríkisfjármálunum. Ég er sannfærður um að það er stórkostlega hættulegt fyrir lánstraust þjóðarinnar út á við ef staða ríkissjóðs versnar mikið frá því sem nú er. Menn hljóta að undrast þá óráðsíu í ríkisfjármálum sem sjá má á þeirri gífurlegu breytingu sem orðið hefur frá tíð Ragnars Arnalds til Alberts Guðmundssonar við stjórn ríkiskassans. Ég held því að varðandi stöðuna út á við sé í raun og veru engin spurning um Landsbankann. Það er ríkissjóður sem er aðalatriðið. Það er ríkissjóður sem hér er verið að setja á hausinn.

Í þessum umr. hefur líka komið fram að nauðsynlegt væri fyrir bankana hér á landi að búa við svipuð kjör og viðskiptabankar búa við í grannlöndum okkar vegna þess að bankarnir hér séu í vaxandi og harðnandi samkeppni við þá. Það er m. a. nefnt að nú sé á döfinni að opna hér útibú frá erlendum bönkum og íslenskir bankar verði í samkeppni við þau útibú. Það er alveg furðulegt að nefna þetta sem röksemd í þessu máli af meðhaldsmönnum þessa frv., vegna þess að engin ákvörðun hefur verið tekin um að koma hér á landi upp útibúum frá erlendum bönkum. Ég geri ráð fyrir að yfirgnæfandi meiri hl. Alþingis, fyrir utan einn og einn mann í Sjálfstfl., sé andvígur því að hleypa erlendum bönkum hér inn til að stofna bankaútibú. En svo langt getur fríverslunarofstækið náð í þessu efni að menn séu ekki aðeins að tala um sambærilega samkeppnisstöðu iðnfyrirtækjanna í landinu, heldur séu menn líka að ræða um það að bankarnir þurfi að bera sambærileg gjöld og bankar í grannlöndum okkar.

Ég vil nota tækifærið, virðulegi forseti, til að mótmæla þessu. Hér er auðvitað algerlega um það að ræða að við ákveðum sjálf hvaða skattar eru greiddir hér af okkar bönkum. Og varðandi ummæli hæstv. fjmrh.,

endurtekin aftur og aftur, að þurft hafi að fella niður álag á ferðamannagjaldeyri vegna þess að Alþjóðabankinn hafi skipað svo fyrir, spyr ég: Hver hefur húsbóndavald í ríkisfjármálum á Íslandi ef það er ekki Alþingi Íslendinga? Það þarf ekki að spyrja Alþjóðabankann að einu eða neinu í þeim efnum. Og það er blátt áfram niðurlægjandi þegar fjmrh. íslenska lýðveldisins heldur fram skoðunum af þessu tagi.

Því var haldið fram og er haldið fram af talsmönnum þessa frv. um bankana og umboðsþóknunina að þegar þetta frv. yrði samþ. mundi minnka munur á kaup- og sölugengi. Eins og menn vita er nokkur munur á kaup- og sölugengi erlendra gjaldmiðla og sá munur er heldur meiri hér á landi en annars staðar. Menn segja sem svo: Þessi munur mun minnka þegar búið er að fella niður þetta gjald af gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Ég er sannfærður um að þessi yfirlýsing um mun á kaupgengi og sölugengi er einnig röng vegna þess, virðulegi forseti, að það er ætlun ríkisstj. líka að bankarnir ákveði hver fyrir sig gjöld af allri innlendri þjónustu. Tekið yrði upp svokallað álagningarfrelsi bankanna á allri þjónustu þeirra. Þess vegna verður munurinn að mínu mati sá að ríkið missir þá peninga sem hér er verið að tala um, missir tugi milljóna króna, sem verið er að skera hér af tekjum ríkisins, 130 millj. kr. á ári, en síðan hirða bankarnir þessa peninga í eigin þágu, þeir fá heimild til þess með því að ríkisstj. gefi þessa gjaldtöku frjálsa, eins og það er kallað. Þess vegna er ríkissjóður í raun og veru að afsala sér tekjum til þess að geta veitt bönkunum möguleika á að nota viðskiptafrelsið til að taka þessa peninga inn í bankana aftur.

Nú er gengið svo langt í viðskiptafrelsinu að farið er að skrifa bönkunum bréf. Við fengum eitt bréf um þetta í dag og ég ætla að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðlagsstofnun, Borgartúni 7, Reykjavík.

Samband ísl. viðskiptabanka, Jónas Haralz, Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík.

Þann 1. sept. s. l. mun hafa tekið gildi gjaldskrá fyrir innlend viðskipti innlánsstofnana. Gjaldskrárliðir eru ákveðnir af Sambandi ísl. viðskiptabanka og Sambandi ísl. sparisjóða að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, sbr. þó þá liði gjaldskrárinnar sem ákveðnir eru sem hundraðshlutar af fjárhæð, en þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.“ Seðlabankinn virðist því gefa þessa gjaldskrá út.

„Verðlagsstofnun vekur hér með athygli yðar á því að samræmd gjaldtaka“ — takið eftir — „og samningar eða samþykktir um gjaldaupphæðir, hvort sem þær eru lágmark eða hámark, nema hvort tveggja sé, er óheimilt, sbr. 21. gr. laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en sú grein hljóðar svo: „Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er óheimilt þegar verðlagning er frjáls.“

Ef Samband ísl. viðskiptabanka hefur einhverjar athugasemdir fram að færa við lagabeitingu Verðlagsstofnunar í þessu máli er þeirra óskað sem allra fyrst. Ella verði notkun gjaldskrárinnar og samræmdri gjaldtöku hætt hið allra fyrsta.“

Það var skilningur fulltrúa viðskiptabankanna á fundi fjh.- og viðskn. í morgun að þessi gjaldtaka, sem ekki má vera samræmd, taki til allra gjalda bankanna af hvaða tagi sem er. Fulltrúi og forstöðumaður Bankaeftirlitsins, sem mætti á fundi fjh.- og viðskn. í morgun, leiðrétti þetta hjá Jónasi Haralz bankastjóra og sagði að þetta ákvæði verðlagslaganna næði aðeins til gjaldskrár fyrir innlenda þjónustu af ýmsu tagi sem bankarnir veita. En allt um það, þá er núna gert ráð fyrir því að bönkunum verði bannað að bera sig saman um gjaldskrár, að bankarnir megi ekki hafa samráð um gjaldtöku af ýmiss konar þjónustu sem þeir veita. Þar með er auðvitað bersýnilegt að verið er að stefna inn á þá braut að bankarnir hafi frelsi, eins og það heitir, samkeppnisfrelsi til að ákveða þetta sjálfir að verulegu leyti, sem þýðir þá aftur það að bankarnir fá frelsi til að taka það gjald aftur sem hér er verið að fella niður á bönkunum. Það er verið að fella það niður, skera niður tekjur samneyslunnar og ríkisins, en bankarnir geta síðan hirt þetta gjald aftur með því að hækka sínar eigin gjaldskrár. Hér er því um að ræða næsta augljóst bragð til að flytja peninga frá fólkinu, frá almenningi og samneyslunni, yfir til bankanna í landinu.

Í umr. um þessi mál hefur nokkuð komið fram hverju ríkið tapar á þessari gjaldaniðurfellingu. Á þessu ári, 1984, tapar ríkið 22 millj. kr. Á árinu 1985 tapar ríkið 44 millj. kr. Á árinu 1986 tapar ríkið um 44 millj. kr. Þetta eru upplýsingar sem komu frá Árna Kolbeinssyni í morgun. Samtals er um það að ræða að ríkið fellir niður u. þ. b. 110 millj. kr. skatta á þessum stofnunum ef miðað er við 50% álag gjaldsins. Ef aftur á móti er miðað við 60% álag gjaldsins, eins og það er nú þó að hluti þess sé endurgreiddur, mun ríkið tapa 135 millj.

Síðan er ætlun ríkisstj. að breyta í grundvallaratriðum lögunum um skattskyldu innlánsstofnana. Þar er verið að breyta úr staðgreiðslukerfi yfir í eftirágreiðslukerfi. Bankarnir eru núna með staðgreiðslukerfi en það er meiningin að breyta þessu yfir í eftirágreiðslukerfi. Og útkoman í þeim efnum er sú að þessi kerfisbreyting, bara þessi eina kerfisbreyting, kostar ríkið 150 millj. kr., þessi eina kerfisbreyting úr staðgreiðslukerfi yfir í eftirágreiðslukerfi. Eitt er nú það að létta sköttum af bönkunum. Annað er hitt að gera það með þeirri rausn að henda um leið út úr ríkissjóði, þó að því sé skipt á tvö ár, 150 millj. kr.

Í tillögum bankamálanefndarinnar, sem ríkisstj. ber mjög fyrir sig í þessum efnum, var að finna nokkrar tillögur varðandi skatta innlánsstofnana. Þegar ríkisstj. lagði málið fram hér í þinginu voru, að mig minnir, tvær eða þrjár af þessum tillögum í frv. ríkisstj. Í fyrsta lagi var í frv. ríkisstj. lagt til að opnuð yrði heimild til sérstakrar niðurfærslu sem næmi hálfu prósenti af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Þetta var gert til þess að bankarnir gætu áætlað fyrir töpum vegna þeirra útlána sem þeir veita. Þá er alltaf eitthvað sem ekki næst inn og það var gert ráð fyrir að það yrði 1% eins og í tillögum bankamálanefndarinnar. Þegar ríkisstj. flutti frv. fyrst breytti hún þessu og lækkaði töluna úr 1% niður í 0.5%. Það var mat fjmrh. að óþarfi væri að láta bankana hafa meira, eða eins og segir hér í athugasemdum við einstakar greinar frv.:

„Í frv. er lagt til að fjárhæð til færslu í sérstakan afskriftareikning sé miðuð við 0.5% af framangreindum stofni en bankamálanefndin lagði til að miðað yrði við 1%. Verður að telja“, segir fjmrh. hér, „að till. frv. sé mun nær raunverulegri þörf vegna útlánaáhættu miðað við reynslu fyrri ára og þá niðurfærsluprósentu sem ýmsar innlánsstofnanir hafa notað á undanförnum árum í reikningum sínum. Við mat á þessu hlutfalli verður

einnig að hafa í huga að alls engin áhætta fylgir töluverðum hluta þeirra lána og ábyrgða sem talin eru með í stofninum. Má þar nefna verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, skuldabréf ríkisins og annarra opinberra stofnana, t. d. Framkvæmdasjóðs, útlán og ábyrgðir sem tryggð eru með ríkisábyrgð o. s. frv."

M. ö. o., fjmrh. taldi nóg að láta bankana hafa heimildir til að afskrifa hér 0.5 prósent af veittum útlánum með þeim rökum sem hér er um að ræða að auðvitað er engin áhætta fyrir bankana að lána út fé með ríkisábyrgð eða þegar um slíkar tryggingar er að ræða. Ed. var svo rausnarleg, meiri hl. í Ed., að hún breytti þessu og tvöfaldaði afskriftaheimildir bankanna, fór úr 0.5% upp í 1%. Þar með er talið að tap ríkissjóðs af þessum ástæðum aukist samsvarandi eða a. m. k. um 10—12 millj. kr. Þetta var önnur till. upphaflegs frv., að gera ráð fyrir því að bankarnir gætu lagt á afskriftareikning 1% af aukningu útlána og veittum ábyrgðum á hverju rekstrarári.

Í öðru lagi gerði upphaflegt frv. ríkisstj. ráð fyrir því að innlánsstofnanir með lægri innistæðu en 50 millj. kr. í árslok 1982 verði skattfrjálsar. Þá var talið að fjárhagsleg áhrif þessarar till. væru óveruleg þar sem þær innlánsstofnanir sem hér um ræðir höfðu einungis tæp 4% af heildarinnlánum 1982.

Þessi till. er inni í frv. ríkisstj. og henni var ekki breytt í Ed. Nú er ekki lengur miðað við 50 millj. kr. í þessu efni heldur 85 millj. kr. Það er búið að breyta tölunni í samræmi við verðbreytingarstuðul ríkisskattstjóraembættisins, þannig að sú breyting sem hér er um að ræða gerir það að verkum að það verða ekki nema u. þ. b. 11 sparisjóðir í landinu sem verða í raun og veru skattskyldir skv. þessu frv. Það eru 11 stærstu sparisjóðirnir. Þeir eru langflestir hér á Reykjavíkursvæðinu og á Suðurnesjum. Stærstur er sparisjóðurinn í Keflavík. En það eru mjög fáir sparisjóðir utan Reykjavíkursvæðisins og Suðurnesja.

Þegar þetta mál fór til hv. Ed. til meðferðar voru sem sagt inni í því tvær brtt. við lög um skattskyldu innlánsstofnana. En Ed. bætti um betur og boraði fleiri göt á ríkissjóð og fylgdi þannig stefnu hæstv. fjmrh. því að í Ed. var ákveðið að undanþiggja alla stofnlánasjóði og veðdeildir bankanna skattskyldu. Hér er um að ræða verulegt tap í viðbót fyrir ríkissjóð frá því sem var í upphaflegu frv. ríkisstj. Þegar málið var til meðferðar í hv. Ed. var m. ö. o. haldið áfram að bora göt á ríkissjóð til þess að staða hans yrði nú tryggilega eins vond og völ var á þegar þessu þingi yrði frestað eða því slitið.

Þegar búið er að afgreiða málið hér í þinginu þá er búið að samþykkja allar hugmyndir bankamálanefndar um skattalækkanir handa bönkunum nema eina. Þær voru fimm og það er búið að samþykkja fjórar. Þar með er það mál frá. Tillagan um eignarskatt bankanna stendur að vísu enn þá eftir. En jafnframt er svo bætt um betur og bankarnir látnir hafa 150 millj. á tveimur árum með því að færa frá staðgreiðslukerfi yfir í eftirágreiðslukerfi skatta. Hér er um að ræða óskiljanlega rausn hæstv. fjmrh. gagnvart bönkunum, að ekki sé fastar að orði kveðið, og hélt ég að þeir væru síst af öllu þeir sem þyrfti að hjálpa sérstaklega miðað við núverandi aðstæður í íslenska þjóðlífinu.

Hæstv. fjmrh. segir í þessu sambandi: Er það sanngjarnt að taka fyrirframskatta af bönkum frekar en öðrum fyrirtækjum eða stofnunum? Af hverju á að taka skatta fyrir fram af þessum stofnunum og hafa ekki hugmynd um hvernig útkoma ársins verður? Auðvitað er ekkert óeðlilegt að taka skatta jafnharðan af þessum stofnunum. Auðvitað er ekkert óeðlilegt að vera með staðgreiðslukerfi skatta í meginatriðum af þessum stofnunum. Það kom líka fram þegar málin voru til meðferðar í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun að Seðlabankinn, Bankaeftirlitið og fjmrn., skattheimtuaðilinn, telja að þetta kerfi hafi gengið mjög vel, staðgreiðslukerfi skatta af bönkunum. Þetta hefur verið tekið mánaðarlega, 0.06% af innlánsaukningu, og síðan hefur það verið gert upp eftir á. Þessi 0.06% hafa verið uppígreiðsla og síðan hefur það verið gert upp eftir á. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að það er ekkert ósanngjarnt í rauninni að taka þessa skatta af bönkunum með þeim hætti sem gert hefur verið og það eru allir mjög sáttir við þetta fyrirkomulag, bæði viðskiptabankarnir og Seðlabankinn og fjmrn., það hefur enginn ágreiningur verið um framkvæmdina. Auðvitað vilja þessir aðilar borga lægri skatta, það eru ýmsir sem vilja það, en það er varla hlutverk fjmrh. að hlaupa eftir hverjum einasta manni sem heimtar lægri skatta í þessu landi og sérstaklega ekki þegar um er að ræða stórgróðafyrirtæki eins og bankana.

Hæstv. fjmrh. ræddi það nokkuð í ræðu sinni, eins og hann hefur reyndar gert áður og ég hef heyrt ganga aftur í ræðum stjórnarsinna stundum að undanförnu, að á síðasta ári hafi vantað 25% til þess að endar næðu saman á fjárlögum s. l. árs. Þetta eru hrein ósannindi. Staðan var þannig að á árinu 1983 fór verðbólga verulega fram yfir það sem gert hafði verið ráð fyrir þegar fjárlögin voru afgreidd, það er rétt, hún fór verulega fram yfir það, og af þeim ástæðum fóru öll gjöld, m. a. launagjöld ríkisins, verulega fram úr fjárlagatölunum. En það gerist hins vegar um leið að tekjur ríkissjóðs urðu í krónutölu verulega hærri en gert hafði verið ráð fyrir líka. Ummæli fjmrh. um að vantað hefði 25% í ríkissjóð til að endar næðu saman á s. l. ári eru þess vegna fjarstæða og ósannindi og málflutningur sem er í raun og veru ekki sæmandi hæstv. fjmrh. Þegar hann er að ræða um þessi mál verður hann auðvitað að horfa bæði á tekju- og útgjaldahliðina. Ég segi við hann: Það er eðlilegt að skoða þessa hluti þannig að athuga hvað kemur inn í tekjum og hvað kemur inn í gjöldum og hver er mismunurinn hlutfallslega. (**Fjmrh.**: Aukafjárveitingarnar.) Þær koma þessu máli ekki við, hæstv. fjmrh. Aukafjárveitingar eru veittar til þess m. a. að jafna út þann mismun sem er á fjárlögum og þeim verðbólguniðurstöðum sem síðan verða í þjóðfélaginu. En það eru ekki þær sem eru hér á blaði.

Hæstv. núv. fjmrh. er hins vegar með ríkissjóð þar sem munurinn á tekjum og gjöldum er meiri en hann hefur verið um margra ára skeið. Hann slær út Matthías Á. Mathiesen, og er þá langt til jafnað, vegna þess m. a. að hæstv. fjmrh. tekur erlend lán til að brúa þetta bil. Hann er fyrsti fjmrh. í sögunni sem lætur borga frímerki og síma- og bílareikning og kaup á pappír og hvað eina með erlendum fjármunum. Hann er fyrsti fjmrh. í sögunni sem er með þvílíkt gat á ríkissjóði að hann verður að brúa það með mörkum og pundum og dollurum. Það hefur aldrei gerst fyrr. Þessi ummæli hæstv. fjmrh. um að vantað hefði 25% í ríkissjóð á s. l. ári eru því hrein fjarstæða vegna þess að þar tekur hann

ekki tillit til þess að tekjurnar hreyfast vitaskuld líka þegar um er að ræða verðlagshækkanir umfram það sem nemur forsendum fjárlaganna. Nei, ég held að hæstv. fjmrh., sem á það nú til að vera sanngjarn, eigi ekki að hafa uppi svona málflutning vegna þess að hann gefur algerlega ranga mynd af hinni raunverulegu stöðu.

Ég vil þá spyrja hæstv. fjmrh. til þess að við getum mæst einhvers staðar í þessu plani: Hver er halli ríkissjóðs sem hlutfall af tekjum hans 1983? Hver var hann 1982? Hver var hann 1981? Hver var hann 1980? Nú skal ég hætta. Þessar hlutfallstölur um halla ríkissjóðs sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs ætti hæstv. fjmrh. að geta látið mér í té. Ef hann er í vandræðum með upplýsingar í þessu efni, sem ég held að hann geti nú varla verið, þá vil ég benda honum á glögga grein í Fjármálatíðindum þar sem um þessi mál er fjallað nýlega. Ég held að fjmrh. landsins verði að átta sig á því að það er af ýmsum ástæðum hlustað mjög vandlega á það sem hann hefur að segja um ríkisfjármálin á hverjum tíma. Og ég held að það sé varla viðkunnanlegt fyrir fjmrh. sjálfan að fara með málflutning, ég leyfi mér, virðulegi forseti, að segja þvælu um fjármál ríkissjóðs eins og hann gerir iðulega hér, þegar hann talar um að 25% hafi vantað og ég veit ekki hvað og hvað. Nei, ég held að hér hafi fjmrh. verið á villigötum eins og hann er líka þegar hann er að reyna að knýja í gegn þessa undarlegu skattalækkanir bankanna upp á 360 millj. kr. á tveimur, þremur árum.

Ég tek það fram að það er 1. umr. sem stendur hér yfir um þetta mál og henni er ekki nærri lokið. Hins vegar er ljóst að ríkisstj. leggur ofurkapp á að fá málið afgreitt og auðvitað getur hún beitt afli sínu til að knýja fram skattalækkun handa bönkunum. En það er athyglisvert ef það gerist að stjórnarandstöðunni, sem er að reyna að lappa upp á fjárhag ríkissjóðs, skuli ekki verða tekið fagnandi af fjmrh. þegar hún er jafnábyrg í ríkisfjármálum og núv. stjórnarandstaða er. Við teljum að hallinn á ríkissjóði sé nógur. Við teljum að komin séu nógu mörg göt á ríkissjóð hjá hæstv. fjmrh. Albert Guðmundssyni. Við viljum vernda samneysluna. Við viljum halda utan um félagslega þjónustu. Við viljum ekki lækka framlög ríkisins vegna tannviðgerða eða sjúkradagpeninga húsmæðra, námsmanna né yngra verkafólks í landinu. Þess vegna erum við andvíg því í Alþb. að lækka þessa skatta, við teljum það óþarfa.

Það er furðulegt að forsrh., sem beitir sér fyrir því að taka erlend lán í ríkissjóð til að borga frímerki og síma og bíla og ég veit ekki hvað og hvað, skuli svo beita sér fyrir því að lækka skattana sem renna í ríkissjóð með þessum hætti. Það er alveg dæmalaust. Og þegar fyrir dyrum stendur að ljúka þinginu næstu daga, jafnvel á mánudag var rætt um, þá er offorsið svo mikið við að knýja fram lausn þessa þjóðþrifamáls hér að frestað er að ljúka þinginu vegna þess að það er svo mikil lífsnauðsyn að lækka skattana á bönkunum. Það má alls ekki dragast fram yfir þetta þing, t. d. fram á næsta haust. Framsfl. getur ómögulega liðið það. Það er jafnvel gengið svo langt að margra áratuga hefðir um það að forsrh. sé viðstaddur þinglausnir eru brotnar, vegna þess að það liggur svo mikið á að keyra í gegn skattalækkun bankanna að þinginu yrði væntanlega ekki slitið fyrr en forsrh. væri farinn úr landi. Ja, hvílíkt offors að keyra í gegn þennan „félagsmálapakka" bankanna, skattalækkun bankanna sem hér er á dagskrá. Það er alveg með ólíkindum, en sýnir vel stefnu þessarar ríkisstj. hvernig hér er að hlutunum staðið.

Það er byrjað á því að þræla hér í gegn frv. um að hækka skatta á einstaklingum um 70 millj., það er þrælað hér í gegn frv. um að skera niður félagslega þjónustu og taka erlend lán til þess að borga rekstrarkostnað ríkisstofnana í fyrsta sinn í sögunni, greiða meðlög og lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Þetta gerist allt. En beint í kjölfarið kemur hér frv., keyrt í gegn af hæstv. forsrh. og fjmrh., um það að bora fleiri göt á ríkissjóð. Það er yfirlýsing ríkisstj. um það að of lítið sé af erlendum lánum, of mikil heilbrigðisþjónusta, of góðir vegir, of mikið byggt, of góð staða ríkissjóðs, það þurfi alveg endilega að búa til stærra gat á sjóðinn, það séu of góðir skólar, of góð kennsla og þess vegna þurfi endilega að lækka tekjur ríkissjóðs.

Hæstv. forsrh. fer hamförum hér síðustu sólarhringa þessa þings til að knýja fram þetta líka þjóðþrifamál, lækkun skatta á bönkunum. Það er engu líkara en hér sé um að ræða mál sem skipti sköpum fyrir framtíð lands og þjóðar næstu ár og áratugi, svo mikill er fyrirgangur í hæstv. ríkisstj. Það skyldi þó ekki vera að ríkisstj. sé svo undir hælnum á bankavaldinu að hún þori ekki að gera annað en það sem það segir? Vissulega er núv. hæstv. fjmrh. frekar undir hælnum á bankavaldinu en nokkrir fjmrh. fyrr og síðar. Það er ekki nóg með það að ríkissjóður sé rekinn með erlendum lánum upp á hvern dag heldur gengur seðlapressan í London hraðar en nokkru sinni fyrr til þess að reka ríkissjóð fyrir seðla sem engin verðmætasköpun eða skattheimta eða tekjumyndun er á bak við í þjóðfélaginu.

Þegar þessi mál voru til meðferðar í n. í Ed. voru skrifuð bréf um þessi mál og þá kom það fram hvaða aðilar það eru sem leggja mesta áherslu á að keyra þetta fram. Hverjir ætli það séu? Ætli það séu húsmæður? Eða verkalýðshreyfingin? Eða bændur? Eða var gerð um það samþykkt í Framsfl.? Það eru bankarnir sem ráðh. eru hlaupandi í kringum hér nætur og daga, haldandi hér næturfundi dag eftir dag því nú stefnir hér hugsanlega í þriðja næturfundinn út af þessu sama máli. (**Gripið fram í:** Það kemur ekki til, við neitum því.) Auðvitað neitum við því, en það sýnir offorsið, fyrirganginn og frekjuna í hæstv. ríkisstj. að reyna að böðlast fram með þessa skattalækkun bankanna einmitt nú. Ríkisstj. virðist telja hag ríkissjóðs allt of góðan og það sé um að gera að gera hag ríkissjóðs enn þá verri en hann er núna. Stjórnarandstaðan er að reyna að hjálpa til við að halda utan um þennan sameiginlega sjóð landsmanna og þegar stjórnarandstaðan réttir fram hjálpandi hönd í þessu efni og býður ríkisstj. aðstoð við að halda utan um ríkissjóð þá er slegið á þá framréttu sáttahönd. Hugsjón ríkisstj. er gat á ríkissjóði. Hugsjón og sameiningartákn ríkisstj. er gat á ríkissjóði. Því stærra gat, því betri samstaða í ríkisstj. Og þegar upp koma ágreiningsmál þá er verslað. Mangósopinn er látinn fyrir húsnæðissamvinnufélög. Svo eru það kartöflur. Það er braskað með þær fyrir eitthvað annað. Einn daginn er braskað með skatta bankanna og eitthvað enn annað. En það er gatið sem er táknið. Sól ríkisstj. og sameiningartákn er gat á ríkissjóði.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég vil enn vekja athygli virðulegs forseta á því að mér finnst með ólíkindum hvernig mál eru hér tekin fyrir á dagskrá, ekki bara þessa fundar heldur og margra undangenginna funda. Á dagskrá í þessari hv. deild eru tvö mál sem eru búin að vera a. m. k. tvær vikur á dagskrá hvers einasta fundar þessarar hv. deildar og hafa ekki fengið umr., en hérna er hvert málið á fætur öðru, miklu seinna fram komið, tekið til umr., en hin látin bíða. Hér er um að ræða 9. mál á dagskrá þessa fundar, um tekjuskatt og eignarskatt, og 10. málið, sem er um byggingarframkvæmdir við Seðlabanka Íslands. Ég vil því spyrja virðulegan forseta, þó að mér sé vel ljóst að þetta er ekki af völdum núv. hæstv. forseta í forsetastól nema síður væri, það eru aðrir sem ráða þar ferðinni, hvort ekki sé hægt að stilla svo málum til að þessi frv. komi til umr. í deildinni en séu ekki hornreka fund eftir fund, viku eftir viku og önnur mál tekin fram yfir. Ég mótmæli því að fundum sé fram haldið með þessum hætti og krefst þess að þessi mál séu hér ekki látin vera hornreka í fundahaldinu á sama tíma og önnur mál miklu yngri eru hér tekin til umr. og til þeirra ætlaður alldrjúgur tími miðað við þau mál sem ég er hér um að ræða. — Ég sé nú að hæstv. aðalforseti gengur í salinn og líklega er best að beina fremur máli sínu til hans.

Ég var, virðulegi forseti, að gera aths. við það enn einu sinni að mál sem verið hafa á dagskrá Nd. svo vikum skiptir og ekki hafa fengið umr. séu látin sitja á hakanum en önnur miklum mun nýrri mál séu hér tekin til umr. og þau rædd. Ég minntist þar á 9. mál þessa fundar, um tekju- og eignarskatt, og síðan 10. málið, um byggingarframkvæmdir við Seðlabankann. Mér finnst óeðlilegt og raunar ótækt að með þeim hætti sé á málum haldið að mál stjórnarandstöðuþm. séu endalaust látin sitja á hakanum og reka lestina á sama tíma og frv. hæstv. ríkisstj., miklum mun yngri, eru tekin hér til meðferðar og sett á dagskrá til umr., en hin látin bíða. Ég vænti þess því að hæstv. forseti sjái ástæðu til að breyta nú um og gefa a. m. k. þessum tveimur málum, sem ég hef hér gert að umræðuefni, ég hygg að þau séu fleiri, tíma til umr. hér á eðlilegum fundatíma Nd. (**Forseti:** Þetta skal verða tekið til athugunar.)

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Það mál sem hér er til umr. hefur nú þegar verið tekið fyrir á að ég hygg tveimur fundum í hv. Nd. og það er sannarlega ekki ástæðulaust að það er rætt hér ítarlega og er langt frá því að öll kurl séu komin til grafar í þeim efnum. Hér er vissulega á ferðinni mál af því tagi að rík ástæða er til þess að hv. alþm. átti sig vel á samhengi þess við annað það sem hefur verið að gerast í ríkisfjármálum á tíma þessa þings og tíð núv. hæstv. ríkisstj., ekki aðeins í ríkisfjármálunum heldur einnig í skattamálunum og skattlagningu og þeirri skattlagningarstefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur þegar knúið fram ákvarðanir í, eins og ég vakti athygli á hér fyrr í þessari umr.

Það sem gerði óhjákvæmilegt fyrir mig að taka aftur til máls er ekki síst sú staðreynd að hæstv. fjmrh., sem talaði alllengi síðast þegar þetta mál var rætt hér í hv. Nd., sá ekki ástæðu til að víkja einu einasta orði að þeim fsp. sem ég bar fram við ráðh. Hann tók hins vegar drjúgan tíma til að ræða um eða bera fram skýringar á eigin stjórnmálasögu, til að bera af sér hlutdeild í tilvist og í lífi síðustu ríkisstj., svo sem hv. 3. þm. Reykv. hefur gert hér réttilega og eðlilega að umræðuefni, og hann notaði ræðutíma sinn hér á nýbyrjuðum degi, því að það mun hafa verið um kl. 1 að næturlagi sem hæstv. ráðh. stóð hér í ræðustól, ekki til þess að fjalla efnislega um málið eða svara fsp. heldur til að taka á því með þeim hætti sem ég hef hér nefnt. Ég hlýt því að ítreka hér, áður en ég lýk máli mínu, fsp. til hæstv. ráðh. í von um að hann daufheyrist ekki með sama hætti og hann gerði hér um daginn, fyrir nokkrum dögum og nóttum, þegar ég bar fram fsp. um þetta mál sérstaklega. Kann að vera ástæða til að bæta nokkrum við því að ýmislegt hefur verið að gerast í þessum málum undanfarið, skattamálum og stefnu bankanna gagnvart m. a. atvinnurekstrinum í landinu. Það má teljast nokkuð sérstakt, og ég hugsa að það séu ekki mjög mörg dæmi í þingsögu síðustu ára, að ráðherra standi þannig að máli í sambandi við frv., sem hann ber greinilega mikla umhyggju fyrir og hefur mikinn áhuga á að nái fram að ganga, að hann skuli þá setja á ómálefnalegar umr. að næturlagi og koma sér hjá því að svara fsp. sem fram eru bornar. Þetta er, hæstv. fjmrh., ekki skynsamleg aðferð til að greiða fyrir framgangi þingmála, þegar nýttur er tíminn með þeim hætti. Til þess að finna orðum mínum stað að þessu leyti vil ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að vitna í örstuttan kafla úr ræðu hæstv. fjmrh., sem haldin var á öndverðum degi 15. maímánaðar að ég hygg. Þó útskriftin sé dags. 14. maí gæti ég trúað að miðað sé þar við daginn áður því að hér var komið fram yfir miðnætti og vel það. Hæstv. ráðh. sagði, og var þá að svara hv. 3. þm. Reykv.:

„Ég vil fyrst svara fyrstu fullyrðingu hans í frumræðu hans því ég geri ráð fyrir að hann eigi eftir að tala hérna tvisvar enn, meðan hann má tala, í langan tíma í kvöld eða nótt. Hann sagði að ég hefði verið kosinn í bankaráð Útvegsbankans af fyrrv. ríkisstj. Ég vil leiðrétta það. Ég var kosinn í bankaráð Útvegsbankans af lista sjálfstæðismanna og Sjálfstfl. Það eru fyrstu ósannindin.

Þá talaði hann um áhuga minn fyrir tollkrítarmálum og að ríkisstj. undir forustu Alþb.-manna," — hv. þdm. átta sig á orðalaginu — „sem fóru með fjármál í síðustu ríkisstj., hefði hjálpað mér. Það er líka rangt. Þetta hefur verið baráttumál síðan 1960 og það mál náði hámarki árið 1962 við stofnun tollvörugeymslunnar, ásamt öðru máli, sem enn er ekki komið í gegn, og það er fríhafnarmálið. Fríhafnarmálið, tollkrítarmálið og tollvörugeymslan voru baráttumál sem ég vann að að beiðni samtaka atvinnurekenda á þeim tíma."

Þetta er örstutt tilvitnun í ræðu hæstv. ráðh. þar sem hann er að skýra kafla úr eigin stjórnmálasögu. Hv. 3. þm. Reykv. hefur þegar vikið að því í ræðu hér á undan hversu styrkum stoðum þessar söguskýringar hæstv. ráðh. nú standa. Því er ekki ástæða fyrir mig að vera að fara yfir þau efni, enda af nógu að taka í sambandi við málið sem hér er til umr.

Ég vakti athygli á því fyrr í ræðu minni um þetta mál hvernig hæstv. fjmrh. hefur það sem eitt helsta áhugamál sitt að lækka í ríkissjóði. Þetta er ekki fyrsta verk hans að því leyti. Ég skal ekki alveg segja hvar það er í töluröðinni. En þau eru sennilega nokkuð farin að nálgast tuginn þau mál og þær ákvarðanir sem hann hefur tekið sem varða í mjög verulegum mæli tekjur ríkissjóðs. Það er satt að segja með fádæmum, þegar

þannig er staðið að málum, að hæstv. ráðh. hefur verið að tjá þjóðinni á þessu ári að hann standi frammi fyrir alveg geigvænlegu og ógnvekjandi og áður óþekktu vandamáli þar sem var tveggja milljarða gatið á þeim vísindalegu fjárlögum sem hann undirbjó og tekin var ákvörðun um af stjórnarliðinu við afgreiðslu fjárlaga. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga jafnframt því sem bent er á viðbrögð hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna og þar á meðal í sambandi við brtt. minni hl. fjvn. og einstakra hv. þm. sem stóðu að brtt. við fjárlagagerðina. Þau efni rakti ég í ræðu minni áður og þarf ekki að fara yfir það í einstökum atriðum lið fyrir lið, en stefna hæstv. fjmrh. nú er að bora enn eitt gatið á ríkissjóð þar sem drjúpa munu niður yfir 20 millj. kr. á þessu ári, 22 millj. kr. a. m. k., 44 á hinu næsta og 44 á árinu þar á eftir, að viðbættum 150 millj. kr. sem sú breyting hefur í för með sér að breytt er úr staðgreiðslukerfi bankanna í eftirágreiðslukerfi, eins og hér hefur verið rakið, 150 millj. kr. lækkun á tekjum ríkissjóðs á næstu tveimur komandi árum. Við hljótum, stjórnarandstæðingar, að minnast þess, þegar þannig er staðið að verki, að það var stuðningslið hæstv. fjmrh. og hann sjálfur sem felldu hér við fjárlagaafgreiðsluna í des. brtt., og einu sameiginlegu brtt. stjórnarandstöðunnar á þeim tíma, um 20 millj. kr. framlag til dagvistarstofnana í landinu. Það er lægri upphæð en svarar tekjurýrnuninni, milljónunum sem drjúpa í gegnum það gat sem hæstv. fjmrh. nú leggur allt kapp á að borað verði á ríkissjóð til lækkunar á tekjum hans á þessu ári. Ég held að nauðsynlegt sé við meðferð þessa máls, fyrst efnin eru svo góð hjá ríkissjóði, að það verði tekið til alveg sérstakrar athugunar í nefnd að tengja þessa tekjulækkun einhverri tiltekinni skynsamlegri ráðstöfun á fjármagni sem svarar til þess sem hæstv. ríkisstj. hefur efni á að láta renna út úr ríkissjóði með þessum hætti, með því að hygla bönkum og innlánsstofnunum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Það væri kannske ekki úr vegi að það yrði skilyrt, ef það ætti að samþykkja lög sem þessi, að ekki minna en helmingi þessarar upphæðar verði varið til skynsamlegra verkefna, þ. e. upphæð sem svaraði til þess sem hæstv. ráðh. hefur efni á að kasta út úr ríkissjóði, eins og t. d. dagvistarstofnana í landinu. Ég held að það væri ástæða til þess að hv. alþm. tækju afstöðu til slíks máls í tengslum við frv. sem hér er lagt allt kapp á að afgreitt verði og haldnir næturfundir eftir næturfundi til að knýja í gegn á Alþingi.

Það eru ekki nema nokkrar vikur, ef það verður þá í vikum talið, síðan við tókum afstöðu til frv. ríkisstj. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, bandormsins fræga, og ég þarf ekki að minna á marga þætti þess máls hér og nú, en það er eitt atriði sem ég nefni hér sem dæmi vegna þess að það er aðeins brot af því sem nú er ætlunin að láta drjúpa út úr ríkissjóði á þessu ári, en það var sérstök brtt. flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 832 varðandi bandorminn svonefnda. Með leyfi forseta les ég 1. gr. þeirrar brtt., en hún var þannig:

„Á eftir 16. gr. frv. komi svohljóðandi ný grein og breytist töluröð annarra greina skv. því:

48. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans nema menntmrn. heimili annað í samráði við viðkomandi skólayfirvöld. Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið upp í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en tólf nema að fenginni heimild menntmrn.“

Með þessari brtt. var verið að heimila menntmrn. að knýja á um að færðar séu saman bekkjadeildir í efri bekkjum grunnskóla og skerða í rauninni til muna möguleika til eðlilegs skólahalds úti um dreifbýlið í landinu, breyta frá því horfi sem verið hefur til þess að auðvelda hæstv. fjmrh. glímuna við gatið mikla, við það ginnungagap sem hann sagði þegar hann greip fram í fyrir mér í ræðu minni hinni fyrri að ríkisstj. hefði siglt með glæsibrag yfir, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, en fleytti sér yfir á erlendum lántökum að meiri hluta.

Ég held að það sé vert í sambandi við þetta eina litla dæmi að það komi hér til skila viðhorf þeirra sem gerst mega þekkja til í þessum efnum, viðhorf Kennarasambands Íslands sem sendi okkur alþm. alveg nýverið stutt erindi sem samþykkt var samhljóða á stjórnarfundi Kennarasambands Íslands 17. maí 1984, undirritað fyrir hönd stjórnar af Valgeiri Gestssyni. Með leyfi forseta vildi ég fá að lesa þetta stutta erindi Kennarasambandsins hér upp. Ég held að það sé hollt fyrir hæstv. fjmrh. að heyra það og íhuga hvort það væri nú ekki skynsamlegt að eiga inni þessar 22 millj. á þessu ári og margfalt hærri upphæðir á hinu næsta til þess að þurfa ekki að ganga á þau réttindi sem tryggð áttu að vera með grunnskólalögum, en ríkisstj. sá ástæðu til að gera á sérstakar breytingar til að eiga eitthvað upp í gatið stóra hæstv. ráðh. Erindið er þannig:

„Stjórn Kennarasambands Íslands mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um niðurskurð fjárveitinga til menntamála. Aukin samkennsla bekkja og árganga varðar nær eingöngu nemendur í fámennum skólum í dreifbýli og getur leitt til enn frekari aðstöðumunar þeirra miðað við þéttbýlisskóla. Hætt er við að lækkun launaliða í skólakostnaði um 2.5% leiði til aukins nemendafjölda í bekkjadeildum eða fækkunar kennslustunda og þar með skertrar kennslu.

Hlutfall ríkisútgjalda til skólamála hefur minnkað verulega undanfarin ár. Skólinn á því sífellt erfiðara með að sinna þeim auknu kröfum sem til hans eru gerðar um uppeldi og menntun. Stjórn Kennarasambands Íslands skorar á menntmrh. og Alþingi að koma í veg fyrir niðurskurð til skólamála. Þess í stað er nauðsynlegt að gera áætlun um fulla framkvæmd grunnskólalaganna og laga um samræmdan framhaldsskóla þannig að öll börn og ungmenni í landinu eigi sem jafnasta möguleika til náms í skólum er svara kröfum samfélagsins til almennrar menntunar og sérhæfðrar framhaldsmenntunar.“

Þetta er erindi stjórnar Kennarasambands Íslands til allra alþm. frá 17. maí s. l. og það er sent að gefnu og ærnu tilefni. Vill ekki hæstv. fjmrh. skýra það út fyrir okkur alþm. hvaða nauðsyn það er að gera þá breytingu á skattlagningu banka og innlánsstofnana í landinu til þess m. a. að ganga þannig á hlut nemenda í dreifbýli landsins alveg sérstaklega, aðstandenda þeirra og þeirra sem trúað hefur verið fyrir kennslu yngstu kynslóðarinnar í landinu? Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir okkur að heyra þau viðhorf því að þær upphæðir sem þarna er um að ræða eru án efa lægri, þær upphæðir sem hæstv. ráðh. ætlar að ná inn með skerðingu

grunnskólalaganna, en það sem hann kastar út úr ríkissjóði ef hann knýr fram þá breytingu á skattlagningu banka og innlánsstofnana sem hér er stofnað til.

Ég ætla þá, virðulegi forseti, að víkja að nokkrum þeim fsp. sem hæstv. ráðh. lét vera að víkja að í næturræðu sinni í byrjun sólarhringsins 15. maí s. l. Ég þarf að sjálfsögðu, vegna þess að ég treysti því ekki að minni ráðh. nái alveg til þess sem sneri að þessum spurningum, að skýra þær með nokkrum orðum til að samhengið megi vera hæstv. ráðh. ljóst.

Ég bað hæstv. ráðh. um það í fyrsta lagi að gera okkur grein fyrir því hvort þær tölur, sem hann nefndi í ræðu sinni þá fyrr í umr., væru fram komnar frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, hvort fjárlaga- og hagsýslustofnun hefði gert úttekt á afleiðingum þess frv. sem hæstv. ráðh. bar hér fram, en ég hygg að það hafi skort allverulega á að fullnægt hafi verið lögboðnum ákvæðum laga nr. 13 frá 1979 um að skilmerkilegt yfirlit um tekjuáhrif þessa frv. fylgdi með þannig að menn gætu gert sér glögga grein fyrir því hver áhrifin væru af þessu frv. Hæstv. ráðh. hefur nefnilega borið brigður á þær tölur sem fram hafa verið bornar í sambandi við þetta mál og ég tel nauðsynlegt að hann geri skýra grein fyrir því hér við umr. hvaðan upplýsingar eru komnar og hvert er mat fjárlaga- og hagsýslustofnunar sérstaklega á tekjuáhrifum þessa frv. bæði eins og það var lagt fram upphaflega og með þeim breytingum sem meiri hl. ríkisstj. í hv. Ed. gerði á frv. sem eykur enn tekjutap ríkissjóðs frá því sem orðið hefði skv. frv. eins og það upphaflega var lagt fyrir.

Þetta var fyrsta beina fsp. mín til hæstv. ráðh., en þær voru fleiri, sem ég lagði fyrir hann, og kem ég þá næst að því sem sneri að húshitunarkostnaði í landinu. Eins og menn muna aflaði hæstv. fjmrh. sér með brbl. þann 27. maí 1983 heimildar til að taka lán ef þörf krefði að upphæð 150 millj. kr. til að tryggja lækkun húshitunarkostnaðar í landinu. Er tekið fram sérstaklega í þessum brbl., sem Alþingi síðan staðfesti, meiri hl. hæstv. ríkisstj. hér á þinginu, að hæstv. fjmrh. setti reglur um nýtingu þessa fjármagns. Ég staðhæfði við umr. að ekki hefði verið notaður einu sinni helmingur þessarar upphæðar í tilætluðu skyni, þessi afar mildandi aðgerð ríkisstj., sem átti að vera sérstök huggun fyrir dreifbýlisfólk í landinu, fyrir fólkið á „köldu svæðunum" í landinu, hefði ekki verið nýtt eins og brbl. gerðu ráð fyrir og eins og ríkisstj. margtók fram og talsmenn hennar þegar verið var að réttlæta þær þungu álögur og þá stórfelldu kjaraskerðingu sem ríkisstj. knúði fram í krafti þessara brbl. Ég spurði hæstv. ráðh. og ég spyr hann enn: Hvað olli því að ekki var varið þessum fjármunum í tilætluðu skyni? Hver ber ábyrgð á því að það var ekki gert? Hver var sú upphæð að mati hæstv. ráðh. sem varið var í þessu skyni á árinu 1983? Ég hef aflað mér heimilda frá fjárlaga- og hagsýslustofnun um að aðeins hafi verið notaðar 70 millj. kr. í þessu skyni, en ekki 150 millj. kr. eins og heitið var sem sérstakri mildandi aðgerð. Er þetta röng staðhæfing af minni hálfu, hæstv. ráðh.? Ef svo er, hver var þá upphæðin sem notuð var á árinu 1983 skv. þessari sérstöku heimild og hver var það sem tók ákvörðun um þessi atriði? Hverjar voru reglurnar sem hæstv. ráðh. átti að setja skv. brbl. um þessi efni og er það á ábyrgð hans skv. þessum reglum sem svona fór með þetta mál? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðh. upplýsi okkur um það þegar hann ætlar afturvirkt að létta sköttum af bönkum í landinu, því að það er ekki aðeins að þessi skattalétting eigi að gilda fyrir yfirstandandi ár, heldur er samkv. frv. beinlínis gert ráð fyrir því að til endurgreiðslu geti komið til vesalings bankanna í landinu. Ef þeir hafi nú reitt af hendi skatta sem séu ekki skv. þessum lögum megi endurgreiða þeim vegna álagðra skatta og innheimtra skatta á árinu 1983. Þannig kemur þetta mál beint inn í þær brigður sem hæstv. ríkisstj. stóð að í sambandi við fjármagn til lækkunar á húshitunarkostnaði, fyrirheit sem snerust í argvítuga andhverfu sína í reynd skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá fjárlaga- og hagsýslustofnun og iðnrn. En ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. standi hér fyrir máli sínu og greini okkur frá því hvaða upplýsingar hann hafi, hver ber ábyrgðina á þessu ráðslagi.

Ég vil þá jafnframt spyrja hæstv. ráðh. að því í tengslum við þetta hvort gert sé ráð fyrir því að það fjármagn, sem heimild var veitt til skv. brbl., sem staðfest hafa verið af Alþingi, og ekki var notað í umræddu skyni, liggi á lausu í sama skyni til að lækka húshitunarkostnaðinn á þessu ári því að sannarlega veitir þar ekki af að leggja eitthvað í púkkið. Ekki verður um lækkun að ræða frá því sem var við stjórnarskipti því að staðreyndir málsins eru allt aðrar eins og hér hefur margoft komið fram á hv. Alþingi að undanförnu. Ríkisstj. hefur staðið fyrir stórfelldri hækkun á orkukostnaði í landinu þann tíma sem hún hefur setið og þess munu fá dæmi að stjórnaraðilar hafi gengið jafngersamlega gegn einum helstu kosningaloforðum sínum við fólkið í hinum dreifðu byggðum í landinu. Það er svo til að bíta höfuðið af skömminni í þessu máli, sem nú virðist vera að verða staðreynd, að það stjfrv. sem hæstv. iðnrh. lofaði hér við fjárlagaafgreiðslu að ætti að bæta úr því misrétti sem hann hafði aukið við stórlega á síðasta ári, lofaði að kæmi fram á fyrstu dögum þings eftir áramót og leit loksins dagsins ljós þann 26. apríl s. l., sé að deyja drottni sínum, sé sofnað í hv. iðnn. Ed. með samþykki allra nm. Í því felst í rauninni ekkert annað en viðurkenning á því, sem ég hef bent á og ýmsir aðrir, að þetta frv. hæstv. iðnrh., sem ríkisstj. í heild stendur að, sé gagnslaust með öllu, færi ekki fólkinu í landinu, sem býr við eitthvert stærsta misréttið í þessum efnum, nokkra einustu úrbót frá ríkjandi ástandi. Þá er að sjálfsögðu ekki mikil ástæða til að vera að eyða tímanum á hv. Alþingi til að koma slíku frv. fram, enda var það, ef ég hef fengið réttar upplýsingar, sameinuð niðurstaða hv. iðnn. Ed. að það færi best á því að þetta frv. sofnaði í nefndinni. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Virðulegi forseti. Ég er e. t. v. staddur eitthvað nálægt miðju ræðu minnar, tæplega það þó miðað við þau mörgu atriði sem ég á eftir að gera skil, þar á meðal fsp. til hæstv. ráðh. sem hann lét ekki svo lítið að víkja að í ræðu sinni í byrjun dags 15. maí s. l. (**Forseti:** Ætlunin er að gefa matarhlé nú í einn og hálfan klukkutíma.) Virðulegi forseti. Ekki hef ég á móti því. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. forseta hafi orðið gott af málsverði og matarhléi og ekki síður að hæstv. forsrh. hafi bragðast vel grauturinn sem ég geri ráð fyrir að hann gæði sér á svipað og landsmenn á þessum misserum skv. forskrift hæstv. forsrh.

Þar var ég staddur í ræðu minni að ég var að inna hæstv. ráðh. eftir því hverju það ylli og hver bæri ábyrgð á því að ekki einu sinni helmingi af því fjármagni til lækkunar húshitunarkostnaðar, sem gert var ráð fyrir að ráðstafað yrði í því skyni á árinu 1983, virðist hafa verið komið til skila skv. fyrirheitum hæstv. ríkisstj. um svokallaðar mildandi aðgerðir. Ég vakti einnig athygli á því að hv. iðnn. Ed. hefði gert sér það ljóst samhljóða, eins og stjórnarandstaðan áður, að það stjfrv. um jöfnun hitunarkostnaðar, sem loks leit dagsins ljós 26. apríl s. l., væri nú sofnað að því er virtist í hv. n. skv. samhljóða niðurstöðu hennar eftir ítarlega skoðun málsins. Þetta er vissulega eðlileg niðurstaða hjá hv. þingnefnd og kemur það nú á daginn að hv. 11. landsk. þm., sem tók að sér það hlutskipti, ég held að ég verði að segja erfiða hlutskipti, að verða eins konar eftirlitsmaður með hæstv. iðnrh., hefur látið af því verða í reynd í sambandi við meðferð þessa máls, en eins og einhverja rekur kannske minni til lýsti hv. 11. landsk. þm. því fyrir lesendum DV í viðtali, sem þar birtist 13. ágúst 1983, hvernig þeir skiptu verkum, hæstv. iðnrh. og hann, báðir úr sama kjördæmi. Með leyfi hæstv. forseta, án þess að ég fari langt út í það ítarlega viðtal og þá lýsingu hv. 11. landsk., vil ég leyfa mér að hafa yfir örstutta tilvitnun í orð hans. Hann rakti sinn feril, sumpart óvænta feril, í sambandi við stjórnmálin og sagði m. a.:

„Úrslitin 1979 hljóta að teljast hending, en útkoman í ár er það ekki. Við bættum okkur meira en Sjálfstfl. gerði í nokkru öðru kjördæmi og fengum hærra hlutfall og miklu fleiri atkv. en flokkurinn hefur fengið nokkru sinni áður eða 400 atkv. fleira. Þetta gerir það að verkum að við erum tveir. Sverrir er ráðherra og Austfirðingar hafa nú með vissum hætti áhugaverðasta embættið í þessari ríkisstj., orku- og iðnaðarmál. Auðvitað verður eftir því litið að drengurinn standi sig."

Þetta eru orð hv. 11. landsk. þm. í viðtali 13. ágúst s. l.

„Auðvitað verður eftir því litið að drengurinn standi sig. Svo verð ég væntanlega áfram í fjvn. og við skulum vona að völdin minnki ekki við að komast í stjórnaraðstöðu. Og þið skuluð ekki láta líða yfir ykkur þó að ég komist á þing næst."

Þetta er tilvitnun í orð þessa vaska eftirlitsmanns með hæstv. iðnrh. og hann hefur ekki látið með öllu sitja við orðin tóm því að við yfirferð á umræddu frv. um jöfnum húshitunarkostnaðar í hv. iðnn. Ed. hefur hann komist að þeirri réttu niðurstöðu að þetta frv. hæstv. iðnrh. væri betur geymt og líklega helst gleymt fremur en reyna að ýta því hér í gegnum þingið óbreyttu. Þetta var skynsamleg niðurstaða hjá hv. 11. landsk. þm. Það fer hins vegar ekki hjá því að landsmenn veiti því athygli að þegar þessu þingi lýkur sér ekki nokkurn staf til efnda á þeim kosningaloforðum sem oftast voru höfð yfir og hæst var talað um í vissum kjördæmum landsins þar sem misrétti er mest varðandi húshitunarkostnað en hefur aukist stórum í tíð núv. ríkisstj. þrátt fyrir loforðin og þrátt fyrir heimildina um auknar fjárveitingar til lækkunar. Ástæðan er vissulega sú, sem menn þekkja, að hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. sáu til þess að orkuverðið hækkaði miklu meira en svaraði því fjármagni sem varið var til niðurgreiðslu og þar með til mótvægis þessum geysilegu hækkunum. Ég hef fyrr á þessu þingi, virðulegi forseti, vitnað til ummæla þessara hv. flokksbræðra núv. hæstv. fjmrh. í sambandi við húshitunarmálin og sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þau. Verkin tala hér sannarlega, verkin eða verkleysið á núv. hv. þingi í þessu máli, og ég er ansi hræddur um að þær verði heldur kaldar fyrirspurnirnar sem beint verður til hv. talsmanna núv. ríkisstj. um þetta efni af því fólki sem þreyja hefur mátt þorrann og góuna við meiri byrðar og okjör í sambandi við orkukostnað en nokkurn tíma hafa þekkt hérlendis.

Hæstv. iðnrh. fékk sinn eftirlitsmann, en mér er ekki kunnugt um hver sé hinn sjálftilkvaddi eftirlitsmaður með hæstv. fjmrh. og sýnist mér þó að ekki væri vanþörf á að hann hefði einhverja til þess að halda í hönd sér í sambandi við meðferð ríkisfjármála, svo að ekki sé nú minnst á skattlagningu þá sem hér er til umr. og margar gerðir svipaðar sem hæstv. ráðh. hefur staðið fyrir. Hæstv. ráðh. hefur reynt að persónugera sig sem vökumann litla mannsins í þjóðfélaginu, en eitthvað hafa hlutverkin snúist við eða sýn ráðh. brenglast þegar litið er til þeirra og þegar hann er að velja þá úr sem hann telur að séu hjálpar þurfi öðrum fremur hér í þjóðfélaginu og þeir valdir úr sem létt er á skattbyrðum annars vegar og hinir sem skattbyrðar eru þyngdar á. Það er stundum talað um að faðirvorinu sé snúið upp á andskotann, minnir mig að það hafi verið orðað á kjarnyrtri íslensku, og það má með vissum hætti segja að svo fari í sambandi við þá sem telja sig vökumenn og vini litla mannsins í núv. hæstv. ríkisstj.

Ég hef þá komið á framfæri þeirri fsp. í sambandi við húshitunarmálin sem hæstv. fjmrh. vék sér undan að svara í ræðu sinni síðast þegar hann talaði í þessari umr. og ég gæti vissulega rifjað upp fleiri fsp. sem þar voru lagðar fyrir, en get látið þessar, sem ég hef hér nefnt, nægja úr máli mínu hinu fyrra. En ég vil hins vegar koma hér að nokkrum atriðum í viðbót sem snerta stýringu bankamála í landinu og það sem nýjast hefur fram komið eftir að við stóðum hér, hæstv. ráðh., til að ræða frv. sem hér er til umr. og það efni geri ég hér að umtalsefni vissulega að gefnu tilefni. Þar er um að ræða þær ákvarðanir sem bankastjórn Seðlabankans hefur kunngert að ákveðnar hafi verið í samráði við ríkisstj. varðandi lækkun á endurkaupahlutföllum um 5 prósentustig, en tilkynning þar að lútandi mun hafa verið gefin út þann 16. maí s. l. Ég sé, herra forseti, ástæðu til þess að rifja hér upp þessa tiltölulega stuttu fréttatilkynningu Seðlabankans um þetta efni og fara síðan um hana nokkrum orðum, með leyfi forseta. Hún er þannig:

„Bankastjórn Seðlabankans hefur, að höfðu samráði við ríkisstj. og bankaráðið, ákveðið að lækka núgildandi endurkaupahlutföll. Er þessi ákvörðun tekin í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstj. frá 27. maí 1983, en þar segir „að núverandi afurða- og rekstrarlánakerfi verði endurskoðuð með það í huga að þau verði á vegum viðskiptabanka". Var þessi ásetningur síðan áréttaður með bréfi viðskrh. til bankans, dags. 12. júní 1983, þar sem óskað var tillagna um framkvæmd.

Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, var veigamikill þáttur í því að ná betri stjórn á þróun peningamála. Á síðari hluta næstliðins árs og á þessu ári hefur ýmislegt verið gert, sérstaklega á sviði lánskjara, sem leiða mætti til betra jafnvægis í peningamálum og á lánamarkaði yfirleitt. Lengi hefur verið ljóst, að hin sjálfvirku

endurkaup Seðlabankans hafa verið eitt meginvandamálið í stjórn peningamála. Auk þess hefur þetta kerfi valdið mismunun milli atvinnugreina, sem gengur gegn þeirri stefnu að jafna aðstöðu atvinnugreinanna á sem flestum sviðum.

Ýmsar athuganir hafa farið fram á því á hvern hátt væri best að framkvæma þá breytingu á endurkaupunum, sem stefnuyfirlýsing ríkisstj. gerir ráð fyrir. Niðurstaðan er sú, að við núverandi aðstæður sé eðlilegast að fyrsta skrefið verði breyting sem nái til allra endurkaupa og sé meðallækkun 5%, en skiptist þannig, að lækkun á endurkaupalánum, sem veitt eru í SDR, verði 4.5%, en á öðrum lánum 6% eða úr 52% í 47.5% og úr 48.5% í 42.5%.

Þessi lækkun mun þó ekki koma öll til framkvæmda í einu, heldur í meginatriðum í fjórum áföngum, þar sem því verður við komið, mánaðarlega til loka ágústmánaðar. Er þá höfð til hliðsjónar meðallengd endurkeyptra afurðalána sem hefur reynst vera um fjórir mánuðir.

Mun fyrsta lækkunin, um það bil 2%, koma til framkvæmda við endurkaup 20. þ. m."

Þetta var fréttatilkynning Seðlabanka Íslands frá 16. maí s. l. og sú dagsetning sem um er að ræða er 20. maímánaðar s. l. Hér er um að ræða ákvörðun af hálfu Seðlabanka að höfðu samráði við ríkisstj. og bankaráð sem varðar ekki litlu fyrir bankastarfsemi í landinu og þó enn frekar atvinnuvegi í þessu landi, aðalframleiðsluatvinnuvegina í landinu. Og þó að málefni Seðlabankans heyri undir viðskrh., sem ekki mun nú vera á landinu og mér er ekki kunnugt um, virðulegi forseti, hver gegnir störfum hans í núv. ríkisstj., (**Forseti:** Forseta er ekki kunnugt um það.) leyfi ég mér að beina einnig þessu máli mínu til hæstv. fjmrh., sem er eini ráðh. sem hér er viðstaddur, þótt eðlilegra gæti talist að fá viðbrögð hæstv. forsrh. við þessu efni. (Gripið fram í.) Það er í sambandi við ákvörðun Seðlabankans um lækkun á endurkaupum afurðalána um 5% í áföngum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hverjar hann telji að verði afleiðingar af þessari aðgerð fyrir framleiðsluatvinnuvegina í landinu og þá alveg sérstaklega fyrir sjávarútveginn, en einnig fyrir landbúnað. Vissulega mætti einnig taka iðnað inn í þessa mynd, en ég hygg að hlutfallsleg skerðing á afurðalánum iðnaðarins verði minni en hinna atvinnuveganna vegna þess að iðnaðurinn hefur ekki notið hinna svonefndu sjálfvirku endurkaupa í sama mæli og landbúnaður og sjávarútvegur. Þó var vissulega bót ráðin á endurkaupum á afurðalánum til iðnaðar í tíð síðustu ríkisstj., þannig að verulega munaði um til leiðréttingar milli þessara meginatvinnugreina, og var vissulega ánægjuefni hvernig Seðlabankinn kom á þeim tíma til móts við óskir ríkisstj. þar að lútandi. En ég hygg hins vegar að sú ákvörðun sem Seðlabankinn nú hefur tekið um þetta efni að höfðu samráði við ríkisstj. og með tilvitnun í stjórnarsáttmála eigi eftir að verða framleiðsluatvinnuvegunum í landinu, ekki síst sjávarútveginum, þung í skauti ofan á aðra erfiðleika sem þar er við að fást. Ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir því hvernig hann gerir ráð fyrir að viðskiptabankarnir, sem gert er ráð fyrir að bregðist hér við og taki við hlutverki Seðlabankans skv. þessari ákvörðun, muni bregðast við og hvort gera megi ráð fyrir að til komi vaxtahækkun af þeirra hálfu til þess að mæta þeirri auknu fjárþörf til útlána sem hlýtur að skapast, eigi þeir að geta sinnt því hlutverki sem Seðlabankinn ætlar að spara sér með þessari ákvörðun. Ég held að það hljóti að vera hverjum þeim ljóst sem þekkir til aðstæðna í okkar undirstöðuatvinnugreinum að sá samdráttur afurðalána, sem hér er verið að ákveða, mun leiða fyrr en varir til stöðvunar fyrirtækja sem notið hafa þessarar fyrirgreiðslu og sem sum hver hafa ekki verið of haldin. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. eftir því hvaða ákvarðanir hafa verið teknar af hálfu ríkisstj. í framhaldi af ákvörðun Seðlabankans hinn 16. maí s. l., eins og fram kemur í þessari fréttatilkynningu. Er kannske hugmyndin að þetta frv., sem hér er til umr., eigi að koma inn í þá mynd og sá aukni hagnaður bankanna? Ég hef ekki heyrt það, enda málið til komið áður en þessi ákvörðun var tekin af Seðlabanka og víst er um það að viðskiptabankarnir munu leitast við að halda sínu á þurru bæði með því að skrúfa fyrir afurðalánaveitingar, sem óskir munu koma fram um frá atvinnuvegunum í sambandi við þær þrengingar sem skapast vegna þessarar ákvörðunar Seðlabankans, og einnig með ákvörðunum um vaxtahækkanir. Hvernig hyggst ríkisstj. bregðast við þessu óefni, sem við mun blasa fyrr en varir í kjölfar þessara ákvarðana eftir að þær verða útfærðar? Ég tel alveg óhjákvæmilegt að fá viðbrögð hæstv. fjmrh. eða annarra talsmanna ríkisstj. eða þess sem gegnir starfi viðskrh. nú áður en fleiri hæstv. ráðherrar fara af landi brott, en svo virðist sem það eigi eftir að verða þunnskipað á þeim bekknum fyrr en varir, ef marka má fréttir af utanferðum sem ráðgerðar eru af hæstv. ráðherrum alveg á næstunni.

Ég vil svo áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, greina frá því að ég mun við þessa umr. flytja brtt. við það frv. sem ríkisstj. leitast hér við að knýja fram á næturfundum á hv. Alþingi, og á ekkert mál er lagt slíkt kapp nú eins og að fá lögfestingu á lækkun skatta hjá innlánsstofnunum í landinu. Ég tel alveg óhjákvæmilegt að ætli alþm. að standa að því máli, sem hér er knúið á um af meiri hluta, verði það a. m. k. tryggt að sá léttir skatta, sem ákveðinn yrði með meiri hl. hér á hv. Alþingi, komi ekki fram í því að létt sé af þeim stofnunum, sem hér um ræðir, gjöldum því að til þess eru engin efni að svo verði gert. Samsvarandi upphæð og þar yrði um að ræða ber að innheimta, að mínu mati, af innlánsstofnunum í landinu og tryggja að þær leggi það til þeirra mála sem nauðsynleg eru í þessu landi ef ekki á að vega enn frekar að því fólki sem þegar hafa verið lagðar á þungar og miklar byrðar af núv. ríkisstj. Ég mun gera það að tillögu minni og e. t. v. hefur þeirri till. þegar verið dreift til hv. þm. að gjald hliðstætt því sem létt verður af innlánsstofnunum verði í fyrsta lagi innheimt og því verði varið í tilteknu skyni, nánar tiltekið til dagvistarstofnana í landinu og skipt milli þeirra í hlutfalli við það sem lagt er til dagvistarstofnana á fjárlögum. Þetta verði gert með lögfestingu um að ekki megi koma til rýrnun á framlögum til dagvistarstofnana á þessu ári eða framvegis, heldur verði hér um viðbót að ræða til þessara mála. Ég trúi ekki öðru en að ef hv. alþm. sjá ástæðu til að fylgja einhverjum skattatæknilegum viðhorfum fram, eins og skilja mátti á hæstv. sjútvrh. sem tók þátt í umr. þessari á fyrra stigi, þá taki þeir a. m. k. undir brtt. af því tagi sem ég mun flytja hér varðandi ráðstöfun hliðstæðra tekna og innlánsstofnanir spara við breytingar á skattlagningu og lækkun á skatti.

Virðulegi forseti. Ég vék að því að þessi ríkisstj., sem nú situr við dvínandi vinsældir sem vonlegt er, þurfi að horfast í augu við að það er ekki með þegjandi þögninni sem við hv. stjórnarandstæðingar hér á þinginu tökum undir mál af þessu tagi. Ríkisstj. hefur, eins og komið hefur fram í þessari umr. og áður, gefið þjóðinni rækilega til kynna með hverjum það er sem hjarta hennar slær. Takmark hennar var augljóst þegar við myndun hennar og því takmarki hefur hún fylgt eftir trúverðug, þ. e. að flytja til fjármagn í þessu landi í ríkum mæli frá launafólki í landinu til eigenda fjármagns og til fyrirtækja. Þar hefur hæstv. fjmrh. verið einna fremstur í flokki, sá maður sem leyft hefur sér að gefa sér einkunnina „vinur litla mannsins númer eitt í ríkisstj." Ég held að sjaldan hafi upp komið þvílík ófugmæli þó að ég viti að hæstv. fjmrh. er ekki allt illa gefið. Vissulega má sjá þess merki á stundum, er hann hugsar sitt ráð, að hann vill gjarnan gera vel. En svo virðist fara sem góður ásetningur snúist upp í andstæðu sína, eins og gerist með flutningi þessa frv.

Hæstv. ráðh. hrósar sér gjarnan af því, þegar minnt er á aðgerðir hans til lækkunar skatta á síðasta ári og þessu ári, götin sem hann hefur verið að bora á þann ríkissjóð sem hann ræður fyrir, að hann hafi lækkað tolla á búsáhöldum í landinu. Það kann vissulega að vera góðra gjalda vert að geta vísað á einstök atriði sem slík. En þá ber líka að hafa í huga að hæstv. ríkisstj. hefur með stefnu sinni hagað málum þannig að almenningur í landinu getur sparað við sig búsáhöldin vegna þess að það er minna að hafa til hnífs og skeiðar og það svo að hæstv. landsfaðir, hæstv. forustumaður ríkisstj., hæstv. forsrh., hefur orðað það svo að menn geti látið sér nægja grautinn. Þar með fækkar búsáhöldunum sem menn þurfa að hafa á borðum sínum og hagsbæturnar af tollalækkunum hæstv. fjmrh. í þessu tilviki koma ekki fram sem ýkjamikill sparnaður.

Þetta frv., sem hér er reynt að knýja í gegnum þingið, er enn eitt tákn um þá stefnu ríkisstj. að færa fjármagn til þeirra sem síst skyldi og það á kostnað þeirra sem hafa þörf fyrir annað en að að þeim sé vegið með skattahækkunum, eins og teknar voru ákvarðanir um af hæstv. ríkisstj. í sambandi við breytingar á skattalögum.

Ég skal, virðulegi forseti, ekki lengja mál mitt, en ég vænti þess að hæstv. fjmrh. svari hér á eftir í umr. þeim fsp. sem ég hef fyrir hann lagt. Ég trúi ekki að hann vilji öðru sinni standa hér í stólnum og ræða þetta mál án þess að gera þeim skil og þær skipta margar ekki litlu. Á ég þar m. a. við þær ákvarðanir Seðlabankans sem ég vék að undir lok máls míns.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Þegar hæstv. fjmrh. síðast ræddi þessi mál, sem nú eru til umr., hér í stól varð mér minnisstætt að eftir nokkurra klukkustunda umr. um það hvernig nú er umhorfs í fjármálum Íslendinga, eftir umr. sem höfðu orðið um ástand á íslenskum láglaunaheimilum, eftir umr. sem urðu um ýmsar aðgerðir sem birtust í bandorminum, þar sem klippt var utan af limgerði íslenskrar félagsþjónustu, hafði hæstv. ráðh. um þessi skattamál það að segja að þetta væri ósanngjarn skattur á gjaldeyristöku bankanna. Þá er um að ræða skattinn í sambandi við gjaldeyristökuna. Ósanngjarn skattur á gjaldeyristöku bankanna! Ég held að það ætti að setja þetta upp á gullskjöld og koma þessu líka í heimsmetabók Guinnes yfir verst tímasettu athugasemdir íslenskra stjórnmála, að rétt í kjölfar þess að búið er að draga stórkostlega saman á flestöllum sviðum íslenskrar félagsþjónustu, þegar búið er að skera niður aðstoð við t. d. tannlæknaþjónustu, þegar búið er að minnka rétt fólks til sjúkrapeninga, þá kemur vinur „litla mannsins" í stól og ræðir þessi mál á bankatæknilegu plani og talar um þennan ósanngjarna skatt á gjaldeyristöku bankanna.

Það er hægt að ræða þessi mál frá ýmsum sjónarhólum. Það er velkomið að ræða þetta bankatæknilega eða skattatæknilega eða bankaskattatæknilega, allt eftir því hvernig menn vilja hafa það. Í sambandi við breytingar á lögum um skattskyldu innlánsstofnana eru vafalaust ýmis mál sem eiga góðan rétt á sér skattatæknilega. En þarna er líka um að ræða annan sjónarhól: afstöðu manna til samneyslu og virðingu manna fyrir félagskerfi sem hefur tekið áratugi að byggja upp og komið var á fót í fullri samvinnu allra stjórnmálaflokka á Íslandi.

Á sama tíma og hæstv. ríkisstj. gengur um og kvartar og ber sér yfir blankheitum, leitar með logandi ljósi að nýjum aðferðum til að spara í félagslega kerfinu eða reynir að koma á nýjum sköttum og tollum, þá vill hún af skattatæknilegum ástæðum borga á annað hundrað millj. íslenskra króna til þess að skattkerfið fari ekki eins í taugarnar á teknokrötum bankanna. Þannig er þetta nú. Þeim finnst þetta svolítið óþægilegt, það er ekki alveg nógu gott samræmi. Síðan eru ýmsar tæknilegar ástæður. Einhvern tíma í framtíðinni munu íslenskir bankar hugsanlega standa í samkeppni við erlenda banka og þá þurfa náttúrlega íslensk skattalög að gefa þeim tækifæri til að standa þar sæmilega jafnfætis. Ýmis slík atriði eru nefnd sem eins og ég segi eru skattatæknilegs eðlis. Og auðvitað skipta þau máli. Menn greinir ekki á um að þessar tillögur bankamálanefndar eru í sjálfu sér skynsamlegar. Deilan stendur hins vegar um það hvort núna sé rétti tíminn, hvort eftir allan niðurskurðinn í vetur og eftir allt blankheitatalið sé núna virkilega rétti tíminn til að splæsa á annað hundrað millj. í svona leiðréttingu, vegna þess að þessir peningar, sem við tökum frá ríkissjóðnum, munu birtast okkur aftur. Hvernig munu þeir birtast okkur? Þeir munu birtast okkur í erlendu láni í haust. Þeir peningar, sem ríkissjóðurinn afsalar sér núna, munu koma sem erlent lán í haust. Þess vegna er eðlilegt að spyrja: Telur fjmrh. skynsamlegt að taka erlent lán að upphæð á annað hundrað millj. íslenskra króna til að gera tæknilega breytingu á skattkerfi bankanna? Um það snýst málið. Við erum að tala um það hvort við viljum taka þessa peninga að láni í haust hjá erlendum bönkum til að geta lagað íslenska bankakerfið skattatæknilega. Ég held að svarið hljóti að verða nei.

Þegar við erum að ræða um afstöðu til samneyslu og afstöðu til félagslegrar þjónustu, þá er mjög fróðlegt að líta svolítið á feril ríkisstj. Sjónarmið hennar og viðmót birtist á sérstaklega skemmtilegan hátt í þessum örfáu orðum fjmrh., sem stendur hér uppi um miðja nótt, þegar verið er að ræða grundvallaratriði í sambandi við félagslega þjónustu og fjárhag almennings og talar um hinn ósanngjarna skatt á gjaldeyristöku bankanna. Hvernig byrjaði ríkisstj.? Við sáum fyrst til hennar í maí s. l. Og hvað sáum við til hennar í maí? Var það í einhverju samhengi við það sem er að gerast núna? Það var einmitt í samhengi við það sem er að gerast núna.

Þá kunni ríkisstj. enga leið út úr vandanum aðra en þá að skerða kjör fólks í landinu um 25%. Það gaf okkur tóninn. Og það er vissulega fróðlegt að líta á það sem síðan hefur gerst með hliðsjón af þessum fyrsta óhreina tón sem heyrðist frá hæstv. ríkisstj. í brbl. sem voru gefin út 27. maí s. l. Þá voru lífskjör skert á stórkostlegri hátt en nokkurn tíma hafði gerst áður í sögu Íslands. Og hvað fékk fólk til baka? Það fékk hækkun á persónuafslætti um 1500 kr. Það voru svona rúmar 120 kr. á mánuði síðasta ár. Þetta var fyrsta aðgerðin sem við sáum. Síðan fór sumarið í hönd með geigvænlegu blankheitatali. Í blöðum og fjölmiðlum og hvar sem tækifæri gafst til að koma þessum boðskap á framfæri vorum við undirbúin undir það sem gerðist síðan í vetur. Það var talað um að vissulega væri ágætt að geta staðið undir félagslegri þjónustu af ýmsu tagi. En til þess þyrfti peninga og við yrðum að gera okkur grein fyrir því að það sem við eyddum í skóla og það sem við eyddum í sjúkrahús þyrfti einhvers staðar að fást. Það þyrftu einhverjir að afla þessara peninga.

Við sjáum núna hvers konar undirbúningur þetta var. Þetta var undirbúningurinn að fjárlögum. Þar birtist í annað sinn á grímulausan hátt viðhorf þessarar ríkisstj. til samneyslu og til hinna láglaunuðu í þjóðfélaginu, til fólksins sem býr við verstu kjörin. Það sem gerðist í fjárlögunum var að þar var samviskulítið — ég vil ekki segja samviskulaust — skorið niður af einum félagslega þættinum á eftir öðrum: barnaheimili, skólar, sjúkraþjónusta, allt var skorið niður. Í umr. sem urðu um fjárlögin var síðan hnykkt á því sjónarmiði á hverjum einasta morgni í Þórshamri þar sem fjvn. sat að störfum og þar sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar reyndu eftir mætti að verja 20—30 ára framsókn íslenskra félagslegra sjónarmiða. Árangurinn sáum við síðan í fjárlögum sem voru lögð fram fyrir jól. Þá var gerð ein tilraunin enn til að bjarga því sem bjarga mátti. Það var lagður fram fjöldi brtt. til að reyna að lagfæra þar sem mönnum þótti harðast gengið fram, t. d. í sambandi við dagheimilamálin. Við vitum öll hvernig það fór. Ég vil leyfa mér að vitna í þessu sambandi í nál. minni hl. fjvn. sem lagt var fram í haust. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Fjárlagaafgreiðslan nú markar tímamót að því leyti að hafinn er markviss niðurskurður félagslegra réttinda og ráðist gegn þeirri félagshyggju sem á undanförnum áratugum hefur í æ ríkara mæli tryggt afkomuöryggi þeirra sem fyrir áföllum verða.

Til viðbótar stórfelldri skerðingu kaupmáttar lífeyrisbóta er við afgreiðslu fjárlaga lagt til atlögu gegn þeim réttindum sem sjúklingar hafa notið til ókeypis sjúkrahúsvistar, og stigin eru spor áratugi aftur í tímann þar sem ákveðið er að velta 355 millj. kr. útgjöldum af ríkissjóði yfir á þá sem þurfa á sjúkraþjónustu að halda. Þessi upphæð jafngildir um 7600 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Hugur stjórnarflokkanna til jafnréttismála og hagsmuna barnafjölskyldna kemur skýrt fram í því að í fyrsta sinn eru engar framkvæmdafjárveitingar ætlaðar til þeirra dagvistarheimila sem áður hafa fengið fé á fjárlögum til undirbúnings og hönnunar.

Minni hl. fjvn. lítur svo á að ekki séu aðstæður til að flytja brtt. til hækkunar útgjalda svo að nokkru nemi umfram það sem fjvn. flytur sameiginlega. En vegna þess hversu brýn þörf er á auknu dagvistarrými víðast hvar á landinu telur minni hl. fjvn. að engan veginn verði við það unað að ríkisvaldið stöðvi allar fyrirætlanir sveitarfélaga um úrbætur í þessum málaflokki, auk þess sem tillögur um fjárveitingar til heimila í byggingu séu of lágar.“

Þetta var tilvitnun í nál. minni hl. fjvn. frá því í fjárlagaumr. fyrir jól. Þarna birtist okkur nefnilega í annað sinn þetta undarlega sjónarmið og þessi undarlega ást sem ríkisstj. hefur á því að skera niður það sem hún getur í öllu sem heitir félagsleg þjónusta.

Svo fórum við í jólafrí og engar stórkostlegar atlögur voru gerðar á meðan. En næst komu lánsfjárlög. Eitt af því fyrsta sem menn tóku eftir þegar farið var í gegnum lánsfjárlagafrv. var það, að allt sem hét fjármögnun húsnæðislánakerfisins stóð á miklum brauðfótum, svo að vægt sé til orða tekið. Það er óþarfi að fara í einstaka liði þar. Stjórnarandstaðan gagnrýndi þessi mál mjög harkalega og sýndi fram á með gildum rökum að þegar tölur í lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga voru settar upp til þess að láta líta svo út sem fjárhagsgrundvöllur húsnæðislánakerfisins væri tryggur, þá var verið að slá einu sinni enn upp nýju fötunum keisarans, enda liðu ekki margar vikur þangað til í ljós kom að það voru engir peningar, þetta voru bara orðin tóm, Atvinnuleysistryggingasjóður gat ekki staðið við sitt o. s. frv. Allt saman varð þetta ljóst, enda kom þá í ljós að hinn félagslegi þáttur, hin félagslega hlið lánsfjárlagafrv. hafði greinilega staðið á brauðfótum. Þannig birtist einu sinni enn þessi undarlega ást vinar „litla mannsins“ á „litla manninum“.

Svo kom að bandorminum sem við getum sagt að væri þriðja meiri háttar fjárhagsmálið til umfjöllunar á þinginu. Það kom í kjölfar umræðunnar um „gatið“, sem frægt var orðið. Bandormurinn var niðurstaða þriggja mánaða leitar þar sem gengið var um alla afkima ríkiskerfisins með logandi ljósi og potað og potað og reynt að finna leið til að spara, að því er okkur var sagt. Það var litið inn í alla afkima.

Menn urðu náttúrlega vongóðir og sögðu: Kannske nú komi eitthvað af því sem ríkisstj. lofaði að gera. Og menn fóru að rifja upp alls konar áætlanir. Menn fóru að rifja upp það sem ríkisstj. ætlaði að gera í sambandi við breytingar á kerfinu. Menn fóru að rifja upp að ríkisstj. ætlaði að breyta öllu sjóðakerfinu og hún ætlaði að breyta Framkvæmdastofnun. Hún ætlaði að koma í veg fyrir óhóflega þenslu í bankakerfinu og hún ætlaði að endurskoða afurða- og rekstrarlánakerfið. Hún ætlaði að endurskipuleggja allt fjárfestingarsjóðakerfið. Það átti að breyta og bæta á stórkostlegan hátt til að koma nú í veg fyrir alla óráðsíuna sem þeir sögðu að hefði einkennt ríkisbúskapinn allt þangað til þeir tóku við.

Manni skildist að allt væri endurskoðað. Það voru skrifuð bréf til allra stofnana ríkisins, allir áttu að spara, alls staðar áttu að skila sér miklir peningar. Svo kom bandormurinn. Svo kom þessi stórkostlega tilraun til hagræðingar og sparnaðar í íslensku stjórnkerfi og íslensku hagkerfi. Enn þá einu sinni var keisarinn ber. Það kom í ljós að ekkert hafði gerst. Það má eiginlega skipta bandorminum í tvennt. Helmingur bandormsins er eins konar óskalisti og hinn helmingur bandormsins er niðurskurður félagslegra réttinda.

Ég hef nú því miður ekki þetta ágæta frv. hjá mér, en

þessi partur kraftaverksins í íslenskum ríkisfjármálum, óskhyggjulistinn, hljóðaði eitthvað á þessa leið: Mikið væri nú gaman að spara í forsrn. Mikið væri gaman að spara í menntmrn. Mikið ósköp og skelfing væri gaman að spara svolítið í sjútvrn. Og ekki þætti okkur nú verra að spara svolítið í viðskrn. Við höfum fullan hug á því að spara í trmrn. Og svo höfum við náttúrlega hugsað okkur að spara í stofnunum ríkisins. Þetta er í raun og veru fyrri parturinn, þetta er óskhyggjulistinn yfir sparnaðaráform ríkisstj. sem eiga að skila 350—400 millj. ef ég man rétt. Það eina sem hönd á festir í þessu er rýmkun á niðurgreiðslum. Allt hitt er óskhyggjan tóm. Keisarinn er ber. Nýju fötin keisarans eru engin. Þetta er fyrri parturinn af bandorminum.

Seinni parturinn af bandorminum, þar sem virkilega kemur að því sem hönd á festir, þar sem við sjáum hvað ríkisstj. hefur getað gripið, það er ekki óskhyggjan ein, það eru áþreifanlegar tölur. Og í hverju felast þessar áþreifanlegu tölur? Þessar áþreifanlegu tölur felast t. d. í því að minnka stuðning ríkisins við tannréttingakostnað barna. Nú hugsar einhver: Ja, það mátti nú svo sem aldeilis taka eitthvað á því, þetta kostar svo mikið. Þar kemur í ljós kannske áralöng innibyrgð reiði yfir launum tannlækna. Og það getur vel verið að tannlæknar hafi allt of há laun. En málið er það, að á bak við meðaltöl um laun tannlækna og á bak við heildarniðurstöður um kostnað við tannréttingar er fólk. Það er fólk sem stendur á bak við, vegna þess að það eru börn sem eru með þessar skökku tennur, sem verið er að rétta. Og jafnvel þó ríkisstj. gæti sett það þannig upp að verið væri að spara 16 millj. kr. með því að minnka hlut hins opinbera úr 75% niður í 50%, þá var ekki nokkur leið að draga út úr fulltrúum ríkisvaldsins upplýsingar um það hvað þetta þýddi fyrir konuna í Breiðholtinu sem er svo ógæfusöm að eiga barn með skakkar tennur. Það var spurt og spurt. Fulltrúar rn. voru spurðir, fulltrúar frá Tryggingastofnun voru spurðir og enginn vissi. Þeir sögðu: Þetta sparar 16 millj. Og þeir sögðu: Tannréttingakostnaður var orðinn svo óheyrilega hár. Það varð að lækka tannréttingakostnaðinn. Það varð að auka þátt fólks í þessum kostnaði.

Við gerðum okkur það til dundurs og til upplýsingar í þeirri umr. að setja annað orð í staðinn fyrir „tannlækningakostnað“ og segja t. d.: Kostnaður vegna hjartasjúkdóma er orðinn svo hár, hann er orðinn ótrúlega hár og það verður að auka þátt fólksins í þeim kostnaði. Þá kom í ljós að það var hægt að upplýsa með einu símtali það sem um var spurt. Það var hringt til tannréttingasérfræðings. Það var spurt: Hvað kostar aðgerð við barn, sem er með tannskekkju sem þarf að lagfæra, ekki af fegrunarástæðum heldur vegna þess að þetta er læknisfræðilega þannig að það þarfnast lagfæringar. Hvað kom þá í ljós? Slík aðgerð kostar 70—80 þús. kr. Hlutur foreldra áður en bandormurinn kom til var upp á 15—20 þús. Nú hefur sá hlutur hækkað upp í 30—40 þús. Þetta er það sem sakleysisleg grein um að spara 16 millj. með því að lækka svolítið þátttöku hins opinbera í tannréttingum kostar fólk.

Þeir gleyma því nefnilega gjarnan, þeir háu herrar, að á bak við öll meðaltölin og bak við allar summurnar er fólk. Ef það lenti nú á einstæðri móður í Breiðholtinu að þurfa að borga þarna til viðbótar 15—20 þús. kr. fyrir tannréttingu á barni, sem hún á, þá er fljótur að fara 1500-kallinn sem hún fékk í persónuafsláttaraukninguna síðast. Það þarf 10 1500-kalla bara í þessa einu tannréttingaaðgerð. Ég ætla að vona að þessi kona sé ekki svo óheppin að eiga fleiri en eitt barn sem þarfnast slíkrar aðgerðar.

Þarna birtist okkur í einu litlu dæmi frækileg framganga ríkisstj., sem var búin að ganga, að því er hún sagði, í gegnum ríkiskerfið með logandi ljósi, kanna hvern einasta þátt, því að nú átti að taka á kerfinu og nú átti að spara. Og hvað fundu þeir? Krakka með skakkar tennur. Þannig birtist vinur „litla mannsins“ í því tilfelli.

Við höfum fleiri dæmi. Við höfum t. d. dæmi um það hvernig var uppgötvaður skattstofninn: sjúklingar sem þurfa á lyfjum að halda. Það var skattstofn sem ekki hörfaði undan. Það var skattstofn sem ekki gat veitt jafnharkalega mótstöðu eins og sjóðakerfið og Framkvæmdastofnun og allir sukkararnir hinir virðast hafa gert. Þessi skattstofn, þessir gjaldendur komust ekki neitt vegna þess að þeir þurftu að fá sín lyf. Fram að þessu höfðu þeir þurft að borga 100 kr. Nú eiga þeir að borga 300 kr. Þannig hverfur með einum einasta lyfseðli tveggja mánaða hækkun persónuafsláttarins sem þetta fólk fékk á síðasta ári. Hann er fljótur að fara 1500-kallinn sem ríkisstj. af sinni miklu náð gaf íslensku láglaunafólki þann 27. maí s. l. Þannig birtist sú mikla náð. Þetta var fólk sem ekki komst neitt vegna þess að það þurfti á sínum lyfjum að halda. Hins vegar skín þó þarna í gegn á dálítið skemmtilegan hátt nýsköpunarviðleitnin. Það verður að gefa þeim það sem þeir eiga. Þarna sáu ríkisstjórnarspekúlantarnir nefnilega loksins örla á svolítilli nýsköpun. Vitið það hvernig? Maður getur spurt: Hvernig er það nýsköpun, hvernig er það tiltekt í kerfinu, hvernig er það breyting að hækka lyf úr 100 kr. upp í 300? Vitið þið hvernig? Það minnkar eftirspurnina eftir lyfjum. Þannig ríkja markaðslögmálin líka í lyfjunum. Líklega minnkar það að fólk sé t. d. að taka magnyl að ástæðulausu. Það minnkar að fólk sé að vandra til sérfræðings að ástæðulausu vegna þess að sérfræðiheimsóknirnar hækkuðu líka upp í 300. Þarna eru líklega að verki nýju mennirnir í Sjálfstfl. Svona birtist þeirra frjálshyggja: að minnka eftirspurnina með því að hækka lyfin og pillurnar og hækka þetta sérfræðingaráp. Þetta er óþarfi. Fólk er að rápa til sérfræðings. Til hvers á að vera að ýta undir það að fólk sé að rápa til sérfræðings? Það er ekkert að því. Það er bara kvein. Minnka eftirspurnina. Því verður ekki neitað að það er nýsköpun í þessu, talsverð nýsköpun.

Þarna höfum við tekið tvö lítil dæmi um það hvernig sama meginstefnan hefur ríkt allan tímann hjá hæstv. ríkisstj. allt frá því að hún setti lög 27. maí sem náttúrlega sviptu allt fólk í landinu lýðræði og lækkuðu launin um 25%. Þar birtist þessi stefna. Það sást að hverjum hún vildi og að hverjum hún þorði að ganga. Þetta sást aftur í fjárlögunum, þetta sást aftur í lánsfjárlögunum og svo kom það í bandorminum. En hvað segir fólkið í landinu um þetta? Ja, eftir því sem manni skilst þá er fólkið í landinu farið að hafa svolitlar áhyggjur af þessu. Menn komu að vísu, þjóðin öll, í maí og júní undan heljaráróðursherferð með þrúgandi samviskubit yfir allri velferðinni og allri eyðsluseminni. Menn voru að drepast úr samviskubiti yfir því að hafa lifað svo mikið um efni fram að menn tóku því þegjandi að tekin var af þeim fjórða hver króna. Og menn undu þessu nokkuð lengi vegna þess að menn sættu sig við röksemdafærsluna. Röksemdafærslan var þessi: Það verður

að styrkja fyrirtækin í landinu vegna þess að á þessum fyrirtækjum lifið þið. Ef þessi fyrirtæki drepast þá drepist þið. Það varð því umfram allt að láta fyrirtækin lifa. En nú er fólk farið að velta þessu fyrir sér. Fólk er farið að segja: Fyrirtækin virðast lifa ágætlega en þau borga ekkert hærra kaup. Hvað eigum við að taka þessu lengi? Hvað eigum við að taka því lengi að í hvert einasta skipti sem hæstv. fjmrh. leggur fram eitthvert plan í íslenskri fjármálapólitík er ráðist á okkur. Hvað eigum við að taka þessu lengi?

Það hefur komið í ljós við ýmsar kannanir, sem hafa verið gerðar að undanförnu, að fólk er farið að draga þetta mjög í efa. Fólk er farið að segja við sjálft sig: Þetta er líklega bara blöff, alveg eins og nýju fötin keisarans. Líklega er þetta ekki til þess að lækka verðbólguna. Kannske er þetta engin framtíðarlausn. Kannske er það engin frambúðarlausn. Það kemur a. m. k. í ljós að stórfellt fleiri en áður eru orðnir þeirrar skoðunar að þetta sé bara eins og nýjustu fötin keisarans, að keisarinn sé ber. Það kemur líka í ljós af umr. innan verkalýðshreyfingarinnar að fólk er ekki tilbúið að láta bjóða sér þetta endalaust. Fólk sem ekki vildi fara í verkfall í vor, ekki vildi fara í verkfall í vetur talar um að fara í verkfall í september. Það er ekki af því að einhver stórkostleg herferð hafi verið rekin til þess að reyna að ota því út í verkfall. Við vitum öll að það hafa engin víðlesin málgögn á Íslandi, það hafa engir þeir fjölmiðlar sem virkilega væru nýtanlegir til þess að koma af stað einhverri múgsherferð, það hafa engir slíkir fjölmiðlar haldið því að fólki að fara í verkfall. Og ekki hafa verkalýðsfélögin æst til verkfalls. Fólk er bara búið að koma auga á það að þetta er allt saman blöff, að lausnir hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. hafa aldrei verið aðrar en þær að taka peninga frá fólkinu í landinu. Það er hinn beiski sannleikur. Hin mikla endurreisn íslenskra atvinnuvega, sem átt hefur að reisa fólkið upp úr öskustónni, er ekki hafin. Það hefur ekkert verið endurreist.

Ef blaðað er í gegnum þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984, sem samin var í haust, og leitað að einhverjum framtíðarlausnum þá eru þær engar. Maður flettir upp í kaflanum um málefni atvinnuveganna. Þar er bara eitthvert kjaftæði. Afsakið forseti, ég ætlaði nú ekki að vera gröfur, en ég get eiginlega ekki notað öllu fínlegra orð um kaflann um málefni atvinnuveganna í þessari áætlun. Það er ekkert, það er ekki glæta þar sem bendir til þess að menn séu neitt búnir að hugsa fyrir því hvernig á að létta þessu oki af fólkinu í landinu þannig að næst þegar fjár verður vant verði róið á einhver önnur mið.

Hins vegar uppgötvaði ríkisstj. framtíðina á fundi á Akureyri fyrir nokkrum vikum. Þá fór helmingur ríkisstj. á fund á Akureyri í þrjá daga og stökk 300 ár fram í tímann í hugsunarhætti. Þeir uppgötvuðu framtíðina á Akureyri. Og þeir ákváðu að eyða miklum peningum í endurreisn íslenskra atvinnuvega. Ætluðu þeir að styrkja líftækni með 500 þús. eða ætluðu þeir að styrkja rannsóknir á Íslandi með 5 millj.? Nei, þeir ætluðu sko að styrkja þennan bransa með 500 millj. Það munar ekkert um það. Þegar þeir loksins fundu framtíðina fundu þeir líka 500 millj. sem hún þurfti til þess að komast á legg. Maður var kannske að vona að þetta væri merki um það að íslensk stjórnvöld uppgötvuðu að við eigum 20 ára skuld að gjalda íslensku menntakerfi og íslensku rannsóknakerfi, vegna þess að þegar við lítum í kringum okkur og horfum á hina nýju atvinnuvegi, hátæknigreinarnar, nýtæknigreinarnar, sem eru að vaxa upp í öllum löndum í kringum okkur, þá eru þær ekki bara orðnar til vegna þess að einhver strákur hafi fundið hvernig er hægt að láta bakteríur breyta skógi í metanól. Nei, þessar aðferðir eru orðnar til vegna þess að þessi lönd fjárfestu í menntun og fjárfestu í rannsóknum og eru nú að uppskera, sum eftir 20 ár.

Ég ætla að vona að Sjálfstfl. skreppi nú til Akureyrar og finni framtíðina líka, vegna þess að ef hún er svo augljós þar ætti jafnvel Sjálfstfl. að geta séð hvert menn þurfa að ganga á næstu árum. Þess vegna ætla ég að gera það að tillögu minni að nú strax eftir þinglausnir fari Sjálfstfl. svo sem eins og þrjá daga — þrír dagar dugðu Framsókn, þá hljóta þrír dagar að duga Sjálfstfl. líka — til Akureyrar að leita framtíðarinnar. Þeir voru þar á opnum þingflokksfundi í vetur en framtíðin birtist þeim í öllu falli ekki þá. Þeir áttu nú í hálfgerðu veseni út af bankastjóramálum þá líka svo að það hefur kannske verið annað sem olli þeim áhyggjum. Það eru þessi atriði sem eru þau einu sem geta létt okinu af íslensku fólki þegar til lengdar lætur. En málið er að íslenskir launþegar, sem er búið að höggva í núna þrisvar, fjórum sinnum í röð, geta ekki beðið í öll þessi ár. Þeir geta ekki beðið eftir þessari uppskeru. Þeir krefjast og þeir verða að fá úrbætur innan skamms. En ríkisstj. hefur enn þá ekki fundið neina leið. Hún hefur ekkert gert annað en að tala um það og býsnast yfir því að helmingur hennar fann framtíðina á Akureyri.

Virðulegi forseti. Hérna höfum við farið yfir það í grófum dráttum hvernig stefna ríkisstj. hefur birst fólki í stærstu stjórnvaldsaðgerðum hennar frá því að hún komst að. Við höfum rakið það hvernig sami óhreini tónninn hefur verið sleginn í maí með brbl., í haust með fjárlögunum, fyrr í vetur með lánsfjárlögum og síðan með bandorminum. Hæstv. ríkisstj. hefur alltaf fundið gjaldandann, fólkið í landinu, sem hefur átt sér engrar undankomu auðið. Hún hefur aldrei gengið að því að dreifa þessum byrðum. Hún hefur aldrei reynt að búa svo í haginn að þetta hörmungarástand verði ekki hér viðvarandi næstu fjögur árin. (**Forseti JS:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni. Það hefur verið óskað eftir hléi til þingflokksfunda næstu 20 mínúturnar.) Ég á talsvert eftir. Ætli ég sé ekki svona um það bil hálfnaður. (**Forseti:** Þá vil ég spyrja hv. ræðumann hvort hann geti fallist á að gera hlé núna á ræðu sinni og taka aftur til máls að loknum þingflokksfundum?) Já, ég mun gera það með ánægju. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég fór hér í fyrri hluta ræðu minnar yfir afrekaskrá ríkisstj. og það hvernig hún hefur tekið á ýmsum málum er varða afstöðu til félagslegrar þjónustu í landinu og þeirra sem lægst og verst kjörin hafa. Ég sýndi fram á hvernig allar aðgerðir stjórnarinnar í svokölluðum ríkisfjármálum hingað til hafa beinst að því einu að taka frá þessu fólki á einhvern hátt, annaðhvort með því að rukka það um meiri peninga fyrir lyfin sín eða láta það borga stærri hluta af tannréttingum barna sinna eða á ýmsan annan hátt. Allar þessar aðgerðir hafa á einhvern hátt höggvið í þennan sama knérunn. En það hefur ekkert verið tekið á því sem allir eru þó sammála um, þ. á m. seðlabankastjóri, að séu rætur meinsemdanna í íslenskri pólitík.

Þess vegna erum við komin að því einu sinni enn að áformaðar breytingar á gjaldainnheimtu af bönkunum eru þessu sama marki brenndar. Á sama tíma og talinn er nauðsynlegur niðurskurður á félagslegri þjónustu í stórum stíl, á sama tíma og tekin eru lán til að kosta rekstur ríkisins, kaupa blýanta og penna, á sama tíma og erlend lán eru bjargráðið í ríkisbúskapnum, þá á núna að taka erlent lán fyrir eitthvað á annað hundrað millj. kr. til þess að koma á skattatæknilegri breytingu í bankakerfinu. Á það get ég alls ekki fallist, vegna þess að þeir peningar sem út úr ríkissjóðnum renna við þessa breytingu verða teknir að láni á erlendum lánamarkaði í haust. Það hlýt ég að áfellast.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að halda hér allyfirgripsmikla ræðu og ítarlega um þetta mál og væri sannarlega full þörf á. Við nánari umhugsun hef ég þó ákveðið að stytta nokkuð mál mitt. Ber þar margt til. Hér hafa þegar verið haldnar mjög vandaðar og yfirgripsmiklar ræður þar sem þessu hafa verið gerð rækileg skil. Þarf því kannske ekki að bæta svo ýkjamiklu við þær. Það eru þó örfá atriði sem ég ætla að leyfa mér að fjalla hér um í nokkrum orðum. Þá er fyrst til að taka það sem ég er ánægður með og sáttur við í þessum frv.-bálki.

Ég vil taka undir þau ákvæði sem birtast í 2. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta: „Innlánsstofnanir með lægri heildarinnlán en 50 millj. kr. í lok næsta árs á undan tekjuári skulu undanþegnar skattgreiðslum skv. lögum þessum, en skulu engu að síður framtalsskyldar."

Ég held að það sé í raun og veru full þörf á að hafa þetta svo. Margar af hinum smæstu innlánsstofnunum skipta sáralitlu í þessu heildardæmi. Þær stofnanir sem hér um ræðir munu velta um 4% af innlánsfé landsmanna. Þær eru engu að síður mikilvægar stofnanir hver á sínum stað og ákveðið sjálfstæðismál að þær haldi lífi sínu, en mér skilst að á því sé allur gangur um þessar mundir hversu vel þær standa. Þessi skattur er þeim á sinn hátt miklu þyngri í skauti en hann hefur verið hinum stærri aðilum í þessu dæmi. Ég vil því, herra forseti, taka undir þetta atriði til þess að byrja á því sem jákvætt má kallast í þessu frv. Er upptalningu á því þar með lokið.

Hitt væri miklu lengra mál, að fara yfir allt sem finna má þessu til foráttu, en eins og ég sagði áðan hefur nú þegar verið vikið rækilega að því. Ég kemst þó ekki hjá því, herra forseti, að fjalla örlítið um það sem er að gerast á peningamarkaðinum einmitt þessa dagana, því að það skiptir að sjálfsögðu miklu máli í þessu samhengi. Þannig hefur hið mikla vald, alvald Seðlabankans, gefið út fréttatilkynningu, eins og það gerir gjarnan þegar það tekur stærstu ákvarðanir í efnahagslífi landsmanna, þá gefur það út stutta, snotra fréttatilkynningu, þar sem það tilkynnir þjóðinni að þetta hafi nú Seðlabankinn ákveðið að gera, eins og kom um daginn, þar sem frá því var skýrt að Seðlabankinn ætlaði að lækka innkaupsskyldu sína á afurðalánum. Þetta gerist örfáum dögum eftir að hér hefur verið til umfjöllunar annað frv. til l., svonefndur bandormur, þar sem Seðlabankinn fær í III. kafla 25. gr. þessa frv. heimild til að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu sem fyrir er.

Þetta samhengi er alveg nauðsynlegt að menn hafi í huga þegar fjallað er um þetta mál, enda gaf hæstv. ríkisstj. upp boltann í þessum efnum þegar hún setti fram sína frægu grænu bók, sem er hér framsóknargræn, dags. 26. maí 1983. Þar segir í kafla um endurskipulagningu í stjórnkerfi og peninga- og lánastofnunum, í 2. lið neðarlega á síðunni:

„Núverandi afurða- og rekstrarlánakerfi verði endurskoðað, m. a. með það í huga, að þau verði á vegum viðskiptabanka." Sennilega er það liður í því að auðvelda viðskiptabönkunum að taka þetta hlutskipti á herðar sínar að auka bindiskyldu þeirra hjá Seðlabankanum um 10%. Það er sennilega þannig sem á að fara að því að auðvelda minni viðskiptabönkum og innlánsstofnunum að yfirtaka þetta hlutverk afurðalánanna, að festa fyrstu 10% til viðbótar af fé þeirra í Seðlabankanum. Þannig virðist a. m. k. hæstv. ríkisstj. hugsa þessa dagana.

Reyndar væri fróðlegt að fara yfir það hér hvernig 1. lið í þessum kafla um stjórnkerfi og peninga- og lánastofnanir í stefnuskrá ríkisstj., grænu bókinni, hefur reitt af. Þar segir nefnilega, og ég ætla að lesa þetta fyrir hv. þm. Friðrik Sophusson, sem oft þykist nú hafa ákveðið vit á efnahagsmálum, þar segir, með leyfi forseta:

„Komið verði í veg fyrir óhóflega útþenslu í bankakerfinu með heildarlöggjöf um banka og sparisjóði." Þessi vaxtamál og slíkt, sem er að birtast okkur þessa dagana, eru sennilega aðgerðir ríkisstj. til að koma í veg fyrir óhóflega þenslu í bankakerfinu. Þá er fróðlegt að lesa grg. með bandorminum, þar sem fjallað er nokkuð um árangurinn af þessum störfum ríkisstj. til að koma í veg fyrir óhóflega þenslu í peningakerfinu. það væri kannske fróðlegt fyrir hæstv. fjmrh. að hlusta á þetta líka ef hann hefur ekki þegar lært þetta utan að. Þar segir einmitt, með leyfi forseta:

„Við þau skilyrði í þjóðarbúskapnum sem nú ríkja steðjar vandinn í stjórn peningamála að frá báðum hliðum:" — Ljótt er það, maður. — „peningauppsprettu frá ríkissjóðshalla, endurkaupum og erlendum lánum annars vegar og mikilli lánsfjáreftirspurn hins vegar til þess að mæta víðtækum fjárhagsörðugleikum fyrirtækja og einstaklinga." — Þeir hafa þá nú reyndar með þarna, einstaklingana. Það er nú sjálfgert að sjá þá með umfjöllun ríkisstj. um efnahagsmál. Og svo segir með leyfi forseta: „Þessu fylgir mikið álag á bankakerfið og hefur leitt til mikillar aukningar útlána. Á fyrsta fjórðungi ársins hafa útlán aukist um 9.1% og innlán með áætluðum vöxtum um 8.9%, eða um 42% að ársvexti, meðan verðbólgustig telst um eða innan við 15%, en aukning þessi svarar jafnframt til nálægt tvöfaldri meðalársávöxtun á vegum innlánsstofnana. Óhagstæð þróun inn- og útlána hefur leitt til neikvæðrar lausafjárstöðu innlánsstofnana um tveggja ára skeið, og var hún neikvæð um 1029 millj. kr. í marslok."

Þannig standa nú þessi fyrirheit ríkisstj. um að koma einhverjum böndum á óstjórnina í peningamálum og hefst á þenslu í bankakerfinu. Þeir gefa það út sjálfir í grg. með sínum eigin bandormi að þetta hafi alls ekki tekist, vandinn steðji að úr öllum áttum. Í þeim sama bandormi eru svo jafnframt gerðar tillögur um að auka bindiskyldu innlánsstofnana um 10%. Ef þetta er ekki að fara í hring í kringum sjálfan sig og reyndar marga hringi þá veit ég ekki hvað það er.

Rækilega hefur verið rakið hér, herra forseti, það

siðferði sem felst í þessum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj., að skattpína almenning og skera niður opinbera þjónustu og bera þá við peningaleysi, á sama tíma og af einhverjum stöndugustu aðilunum í þessu þjóðfélagi, þeim einu sem nú um stundir, ef svo má segja, hafa efni á því að vera að saga gabbró og gefa málverk út um hvippinn og hvappinn og sækja um það að opna útibú hér og útibú þar, nógir peningar hvort sem það er í listaverk eða byggingarframkvæmdir, af þeim á nú að létta sköttum, eins og ástandið er hjá einstaklingunum í dag í þessu þjóðfélagi. Ég þarf ekki að bæta fleiri orðum við þetta en mun að sjálfsögðu ekki styðja þetta frv. sem hér er flutt með svo sérkennilegum hætti á þessum tíma.

Guðrún Agnarsdóttir: Herra forseti. Ég mun ekki verða langorð. En það er með þetta mál sem hér er til umr. eins og mörg önnur hér í þinglok. Málið er margslungið og grípur víða inn í kerfið. Enn fremur á það sér forsögu. Þó ekki væri nema vegna þessara ástæðna væri brýn þörf til að kynna sér það vel og hafa tíma til að gaumgæfa það, síðan að meta hvort réttmætt sé að afgreiða málið á þann veg sem stjórnin gerir till. um. En nú gefst enginn tími, því að nú á bara að afgreiða hratt og vel, og einu gildir um athygli og vandvirkni og alúð. Þessi vinnubrögð eru ekki nógu góð og það vita allir hv. þm. En þeir eru orðnir þessu vanir, taka því eins og hverju öðru hundsbiti í þingmannabransanum, finnst kannske svolítið gaman að vertíðarstemningunni, hasarnum, sem fylgir síðustu togstreitu stjórnar og stjórnarandstöðu. En hvers vegna er þessi togstreita svona sýnileg rétt fyrir þinghlé eða þinglok? Skyldi það vera vegna þess að lýðræðisleg og sanngirnisleg vinnubrögð eru ekki betri en svo, að eini möguleiki stjórnarandstöðu til að sýna vægi sitt og ná fram málum sínum er að mynda fyrirstöðu gegn framgangi stjórnarmála undir þinglok? Væri nú ekki betra að elska friðinn og sýna meiri sanngirni og ljúka málum á þingi með sátt og samlyndi? Væri ekki hægt að skipuleggja störf vetrarins betur, þannig að þessi fljótaskrift yrði úr sögunni? Þessi vinnubrögð eru hvorki sæmandi þm., málunum né heldur því umboði sem þm. eru kjörnir til að fara með.

Á þeim stutta tíma sem mér hefur gefist til að fjalla um það mál sem hér er til umr. hafa vaknað í huga mínum nokkrar spurningar. Vil ég bera þær fram hér til hæstv. fjmrh. Mér skilst að hér sé um að ræða aðgerðir til að bæta eiginfjárstöðu bankanna svo að þeir verði samkeppnisfærir á hinum harðskeytta fjármagnsmarkaði, bæði erlendis og innanlands. Jafnframt kom það fram hjá Jónasi Haralz bankastjóra á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun að árið 1983 var verulega gott ár fyrir bankana, miðað við 1982, sem var slæmt ár. Nú er aftur fyrirsjáanlegt að bankarnir komast í klemmu á árinu 1984 vegna þess að mun meiri verðtrygging er á útlánum en innlánum bankanna. Þannig er því spáð að það sem græddist 1983 muni tapast bönkunum á árinu 1984. Og bankarnir óttast að eiginfjárstaða þeirra verði of veik og þeir muni ekki standa sig í samkeppninni og missa lánstraust. Þess vegna biðja þeir um lægri skatta.

En af því að það er víða pottur brotinn og fleiri hundar svartir en hundurinn prestsins, þá vil ég vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að eiginfjárstaða heimilanna er víða veik og þau óttast að þau muni ekki standa sig í samkeppninni og einnig að þau muni missa lánstraust. Og þau mundu vilja biðja um lægri skatta ef þau gætu.

Svo vitum við öll og höfum verið leidd til að sjá sólina skína gegnum götin á buddunni okkar allra, blessuðum ríkissjóði. Við vitum öll að eiginfjárstaða hans er ósköp veik. Hann hlýtur líka að óttast að hann muni ekki standa sig og missa það lánstraust sem hann hefur haft. Þarna eru sem sé þrír aðilar, bankarnir, heimilin og ríkissjóður. Allir eiga við sömu vandamál að stríða og vilja aðstoð og leiðréttingu mála sinna. En það er ekki hægt að hjálpa öllum, eða hvað? Allavega ekki í sömu andránni. En í ljósi þeirra dæma sem ég tók áðan af þjáningasystkinunum þremur, sem öll gera kröfu um aðstoð, langar mig að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvers er neyðin mest og hver getur beðið lengst eftir hjálp? Þannig verða heilbrigðisstarfsmenn nefnilega að hugsa þegar margir slasaðir sjúklingar berast en starfsliðið er fáskipað. Hvers vegna kennir hæstv. ráðh. mest í brjósti um bankana og hvers vegna rennur honum blóðið til skyldunnar heitast þangað? Hvers vegna mega bankarnir ekki bíða? Það er fyrsta spurningin.

Síðan langar mig að fjalla um ráðstöfun eiginfjár bankanna. Nú skilst mér að þegar metin er eiginfjárstaða bankanna þá sé dregin frá fjárfesting í fasteign og síðan metin lausafjárstaða sem nota má sem lánsfjártryggingu. Á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. í morgun kom í ljós að hlutfallið milli fasteigna og lausafjárstöðu bankanna er óvenjuhátt hér á landi miðað við grannlönd okkar, svo hátt að víða er ekkert lausafé til í íslenskum bönkum og eiginfjárstaða neikvæð vegna mikillar fjárfestingar bankanna í fasteignum. Það er kannske varla nema von að bankarnir finni sig frjálsa til að byggja yfir sig því að lögin, sem ná yfir ráðstöfunarrétt bankanna á eigin fé, eru það rúm að þeir finna þar svigrúm til að gera það sem þeim sýnist í byggingarmálum. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh.: Er bönkunum treystandi fyrir auknu eigin fjármagni þegar litið er til þess hve lögin um ráðstöfun þess eru rúm og hve óspart bankarnir hafa varið fé sínu til byggingar glæsihúsnæðis fyrir sjálfa sig? Þurfum við ekki að fá ákveðnari lög um ráðstöfunarrétt yfir eiginfjármagni banka fyrst, til þess að tryggja þó ekki væri nema æskilegt ferli þess aukna fjár sem bönkum er ætlað til umráða? Væri það ekki eðlileg gætni í meðferð fjár? Þetta er önnur spurning mín.

Freistandi væri að skíða um það harðfenni og hjarn þar sem félagsmálunum er áætlaður framtíðarstaður, en þar hafa aðrir farið um víðan völl og lagt langar vegalengdir að baki í umr. hér á undan og því læt ég mér nægja að spyrja hæstv. fjmrh. einungis þessara tveggja spurninga nú.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þau mál sem hér eru til umfjöllunar og menn ræða nú gjarnan bæði í einu taki, skattskyldu innlánsstofnana og það gjald sem rennur í ríkissjóð af gjaldeyrisviðskiptum bankanna, eru í rauninni tvíþætt. Annars vegar er verið að ræða um það með hvaða hætti skuli taka skatt af bönkunum. Það hefur verið í gildi eins konar veltuskattur, getum við sagt, á bönkunum. Það hefur verið lögð nokkur áhersla á það að breyta skattlagningunni yfir í form tekjuskatts og eignarskatts. Það er sjálfsagt álitamál hvort formið sé betra því að bankarnir falla í sjálfu sér ekkert sérlega vel að tekjuskattslöggjöfinni í landinu.

Því trúi ég að allir séu orðnir sammála um það núna að rétt sé að bankarnir og innlánsstofnanirnar greiði skatt eins og annar atvinnurekstur hér á landi.

Hitt málið er það að þau frv. sem uppi eru um þetta efni fela það í sér að tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofnum stórskerðist ef þau yrðu að lögum. Hvaða skoðun sem menn hafa á því hvert skattformið skuli vera á bönkunum, þá er augljóst að nú árar ekki til þess að lækka skattlagningu þessara stofnana. Að því beinist auðvitað gagnrýnin fyrst og fremst á þessari stundu. Hvort sem menn telja rétt eða rangt að breyta skattlagningarforminu, þá er það augljóst og hlýtur að verða yfirgnæfandi röksemd í þessu máli núna að það ári ekki til þess, þegar ríkissjóður er rekinn með miklum halla og almenningur tekur á sig þungar byrðar bæði í kjaraskerðingu og skattlagningu, að lækka skattlagningu bankanna. Á þessum forsendum teljum við Alþfl.-menn það með öllu óviðunandi að afgreiða þessi frumvörp um skattalagabreytingar eins og sakir standa af þeirri einföldu ástæðu að það er verið að létta byrðum af bönkunum á sama tíma og almenningur í landinu tekur á sig þungar byrðar.

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram við þessa 1. umr. um það mál sem hér er til umfjöllunar.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég skal nú reyna að hleypa ekki fundinum upp á ný, en ég vil aðeins svara hér nokkru af því sem fram hefur komið og þá fyrst frá virðulegum 3. þm. Reykv.

Bréf það sem ég skrifaði dr. Gunnari Thoroddsen á sínum tíma var ekki stílað til Hvíta hússins eða forseta Íslands, eins og hann gat um, heldur til þingflokks sjálfstæðismanna og afrit fór til þáv. formanns flokksins, Geirs Hallgrímssonar, og varaformanns, Gunnars Thoroddsens. Ég vil líka leiðrétta það að ég hafi hellt mér hér yfir Ragnar Arnalds úr ræðustól og af minni hálfu væri það óheiðarlegt þar sem hann gæti ekki borið hönd fyrir höfuð sér í þessari deild. Ég vil til að skrá það einu sinni enn í þingtíðindi lesa upp úr ræðu Ragnars Arnalds, hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hann hélt þegar hann var fjmrh. um skattlagningu á banka. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í ákvæði til bráðabirgða V er gerð till. um að dregið sé nokkuð úr þeirri gjaldtöku sem tíðkast hefur hjá gjaldeyrisbönkunum skv. lögum nr. 40 frá 1969, en það er gjald vegna tekna þessara tveggja gjaldeyrisbanka af umboðsþóknun og gengismun. Lagt er til að gjaldið lækki úr 60% í 50% á þessu ári og í 40% á næsta ári."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa frekar. Ég kallaði það svik að í staðinn fyrir að halda áfram að lækka þetta gjald var það aftur hækkað í 60%. Þetta hafði ég líka sagt í Ed. þar sem virðulegur 3. þm. Norðurl. v. svaraði því og við áttum um það orðaskipti.

Ég vil líka leiðrétta þann misskilning, sem fram hefur komið, að hér er ekki verið að borga nokkurn skapan hlut úr ríkissjóði. Þegar þetta gjald á innlánsstofnanir var sett á átti það að koma í staðinn fyrir þann gjaldeyrisskatt sem hvíldi á tveimur gjaldeyrisbönkum. Þess vegna átti gjaldeyrisálagið að lækka smátt og smátt og hverfa um leið og skatturinn á innlánsstofnanir almennt tæki við, þannig að það fé sem innheimtist af gjaldeyrisskattinum innheimtist í staðinn af öllum innlánsstofnunum.

Það er alveg rétt hjá virðulegum 3. þm. Reykv. að það er áhyggjuefni ef þjóðbankarnir líða í almenningsáliti um víða veröld. Það er líka áhyggjuefni að sjálfsögðu og ekki síður að ríkissjóður líður fyrir slæma stöðu í almenningsálitinu um víða veröld. En það vill nú svo til að þeir sem við okkur hafa peningaleg samskipti vita nákvæmlega um uppbyggingu á bankakerfinu. Þeir vita að ríkissjóður er ábyrgur fyrir ríkisbönkunum þannig að þeir líta á þetta sem eina heild, svo að það er jafnvont út á við að ríkisbankarnir standi illa eins og að ríkissjóður standi illa.

Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Reykv. hvað snertir bréf verðlagsstjóra til Seðlabankans um samræmda gjaldtöku, að hún sé óheimil. Ég vil ganga lengra. Það er ekkert nýtt frá mér. Ég vil ganga lengra og segja að samband viðskiptabankanna sem slíkt á enga stoð í lögum. Þar hafa bankastjórar þjóðbankanna komið sér saman um að stofna með sér samband, sem er orðið einhvers konar yfirbankaráð, vill taka ákvarðanir. Þetta hefur náð yfir alla ríkisbankana. Þetta er ekki lögum skv., vegna þess að það stendur í lögum um ríkisbankana að hver og einn skuli starfa sem sjálfstæð stofnun. Það er þetta út af fyrir sig sem ég er reiðubúinn til þess að taka undir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í frekari orðaskipti. Ég man ekki hvort ég hef skrifað niður neina sérstaka spurningu til mín.

Ég vil þá reyna að svara nokkrum orðum hv. 5. þm. Austurl. Hann vitnaði hér í sinni ræðu í ræðu mína frá 14. eða 15. þ. m. vegna tollkrítar. Ég vil bara undirstrika það og óska eftir því að hann kynni sér gang þessara mála. Ég get líka sagt að því miður var það ekki fyrr en á sameiginlegum fundi með Magnúsi Kjartanssyni, þegar hann var iðnrh. og Halldóri E. Sigurðssyni fjmrh. sem tollvörugeymslan fékk í fyrsta skipti undirtektir í þessum tveimur málum. En því miður varð þá ekkert úr framkvæmdum af öðrum ástæðum.

Peningum bankanna verði varið til skynsamlegri verkefna, t. d. dagvistunarheimila. Ég vil meina að peningum bankanna sé yfirleitt varið skynsamlega, þó að að sjálfsögðu sé hægt að finna þess dæmi að svo sé ekki og menn verði aldrei sammála um hvað er skynsamlegast að gera við peningana. En peningar bankanna eins og peningar eru í þjóðfélaginu eru vinnutæki þjóðarinnar. Þeir verða að gefa af sér það sem þeir eiga að skilja eftir í þjóðfélaginu í fasteignum og í rekstri. Sú velta sem bankarnir skapa og þau verðmæti sem peningaveltan, peningarnir skapa, verða að gefa af sér dagheimili og margt annað. Ég vildi helst ekki fara að éta útsæðið í þessu tilfelli eins og virðist vera uppi hjá hv. 5. þm. Austurl.

Þá vil ég upplýsa að fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur ekki gert þá úttekt sem hann spurði um hér áðan. Hún var gerð af Bankaeftirlitinu.

Þá spurði hv. þm. um húshitunarkostnaðinn og hefði ég heldur viljað að hann beindi þeim spurningum til hæstv. iðnrh. En það er rétt að þar sem áður stóð 35 millj. í fjárl. 1983 var það hækkað upp í 150 millj. Reglugerð hefur ekki verið sett. Hún átti að setjast, ef ég man rétt, af fjmrh. og iðnrh. Af þessari upphæð voru notaðar 70 millj. kr. Eftir stóðu 80 millj. 20 millj. verða notaðar í þessum tilgangi í ár, en 60 millj. fara hugsanlega í þann sparnað sem iðnrn. mun taka á sínar herðar í sambandi við fjárhagsvandann. Það er því rétt að upphæðin var ekki öll nýtt.

Það er nú ekki alveg rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. að fjmrh. sé sérstakur varðhundur á iðnrh. Fjmrn. verður að hafa eftrlit með framkvæmd fjárlaga og á það við um öll rn. En fjvn. er aftur á móti eftirlitsaðili á fjmrh. og ég hef haft mjög gott og náið samband og samstarf við fjvn.

Það er líka rétt sem fram kom hjá hv. þm. að endurkaupalán hafa verið lækkuð um 5% í áföngum. Það nær ekki til eldri birgða, það er af nýjum birgðum. En bindiskyldan verður að sjálfsögðu ekki aukin, eins og fram kemur í 25. gr. bandormsins, nema með samþykki ríkisstj. og það er að höfðu samráði við stuðningsflokka ríkisstj. Ég var líka spurður af hv. 5. þm. Austurl. hvernig viðskiptabankarnir mundu hugsanlega bregðast við þessari ákvörðun. Forsrh. hefur svarað spurningunni um vaxtahækkun. Hann hefur sagt að ekki komi til greina vaxtahækkun. En ég held að það sé alveg ljóst að það atriði sem snertir bindiskyldu bankanna verður að endurskoðast af ríkisstj. Það er alveg ljóst að ef á að færa endurkaup frá Seðlabankanum yfir á viðskiptabankana, þá verður að minnka bindiskyldu bankanna við Seðlabankann, það segir sig sjálft. Annars er ég þeirrar skoðunar — ég vil segja það hér — að það eigi að loka Seðlabankanum fyrir viðskiptabönkunum nema þá í hreinni neyð. Og á sama tíma á að mínu mati að fella niður bindiskyldu bankanna með öllu, en skylda allar innlánsstofnanir til að taka þátt í endurkaupum afurðalána. Ég held að það verði farsælla, því að bindiskylda á viðskiptabankana var sett á til að standa undir endurkaupum og það er hægt að gera það á miklu skemmtilegri og betri hátt en þann að peningum sé safnað saman í Seðlabanka og Seðlabankinn endurláni svo viðskiptabönkunum með okurvöxtum. Þetta tel ég bráðnauðsynlegt til þess að hægt sé að hafa hér eðlileg viðskipti milli banka og þeirra sem skapa verðmætin í þjóðfélaginu.

Ég held að ég hafi þá lokið við þær spurningar, sem til mín var beint og lýk máli mínu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. 37. mál (þskj. 38, n. 824 og 830, 873). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. sem prentað er á þskj. 824.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. telur óeðlilegt að veita einungis þeim, sem bera tekjuskatt, ívilnun vegna tannviðgerða og leggur til m. a. vegna þess að frv. verði vísað til ríkisstj.

Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Halldór Blöndal.

Frsm. 2. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., sem þeir skipa Guðmundur Einarsson og Svavar Gestsson, skilar svofelldu áliti um frv. þetta:

„Undirritaðir nm. telja ekki eðlilegt að koma til móts við fólk vegna mikils tannlæknakostnaðar með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt. Ástæðan er sú að slík aðgerð kæmi þeim einum að notum sem greiða tekjuskatt, en þeir sem skattlausir eru, eru jafnframt þeir tekjulægstu og þurfa helst á stuðningi að halda. Undirritaðir telja því eðlilegast að leysa þann vanda með því að breyta lögum um almannatryggingarnar þannig að skylt verði að greiða hluta tannviðgerðakostnaðar almennt auk þeirra greiðslna sem nú er um að ræða skv. almannatryggingalögum. Augljóst er að heimilt er að auka greiðslur til tannviðgerða skv. gildandi lögum eins og ákveðið var á s. l. ári með setningu regluerðar. Núv. ríkisstj. felldi þá reglugerð úr gildi með skírskotun til þess að fjármagn skorti. Undirritaðir nm. telja að núv. ríkisstj. hafi þá sýnt að hún er andvíg aukinni samneyslu og það er fyrst og fremst á grundvelli þeirrar pólitísku afstöðu sem reglugerðin var afnumin. Í þessu sambandi má benda á að þessa dagana er Alþingi að fjalla um sérstaka lækkun á bankasköttum sem dygði til þess að greiða verulega þátttöku ríkisins í tannviðgerðakostnaði. Undirritaðir flytja því á sérstöku þskj. frv. um breytingu á almannatryggingalögum þar sem gert er ráð fyrir því að almannatryggingarnar greiði 20% tannviðgerðakostnaðar. Þetta væri þá fyrsta skrefið í átt til þess að taka tannlæknakostnað inn í almannatryggingakerfið.

Með tilliti til þess að meiri hl. Alþingis hefur nú ákveðið að lækka hlutfall ríkisins í tannviðgerðum barna og unglinga sýnist örvænt um að almenn þátttaka í tannviðgerðum eigi stuðning á Alþingi. Tillaga um breytingu á almannatryggingalögum er því flutt til þess að sýna þann pólitíska vilja sem undirritaðir nm. vilja leggja áherslu á."

Í samræmi við þetta nál. höfum við flutt frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, sem er á þskj. 874, 357. mál. Þar er gert ráð fyrir því að 1. gr. orðist svo, að á eftir 5. tölul. 44. gr. almannatryggingalaganna komi nýr tölul. sem verði 6. tölul. og orðist svo:

„Fyrir einstaklinga sem ekki falla undir 1.—5. tölul. skal greiða 20% kostnaðar við tannlækningar aðrar en gullfyllingar, krónur eða brýr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þessu frv. fylgir svohljóðandi grg.:

„Þetta frv. er flutt af tveimur nm. í minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. Ástæðan er sú að fyrir n. hefur legið frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt sem gerir ráð fyrir því að menn fái afslátt frá tekjuskatti ef þeir verða fyrir verulegum útgjöldum vegna tannviðgerðakostnaðar. Flm. telja eðlilegra að almannasjóðir komi til móts við fólk vegna tannviðgerðakostnaðar með breytingu á almannatryggingalögum eða með reglugerð á grundvelli þeirra. Núv. ríkisstj. hefur afnumið reglugerð sem taka átti gildi á s. l. ári um þátttöku ríkisins í almennum tannviðgerðakostnaði. Jafnframt hefur meiri hl. á Alþingi lækkað framlög ríkisins til tannviðgerða samkv. frv. um ríkisfjármál sem liggur fyrir Alþingi. Ólíklegt virðist því að meiri hl. sé á Alþingi fyrir þessari breytingu á lögum um almannatryggingar, enda er frv. flutt til þess að sýna afstöðu flm. í þessum efnum, jafnframt því sem þeir taka þátt í afgreiðslu á frv. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem er 37.

mál þingsins, þskj. 38.“

Með þessum orðum, herra forseti, hef ég gert grein fyrir áliti 2. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. sem þeir skipa Guðmundur Einarsson og Svavar Gestsson.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er kannske ekki í samræmi við venjuleg þingsköp að taka svo til orða að ég hafi kvatt mér hljóðs, heldur mæli ég hér fyrir nál. sem reyndar er frá fyrri minni hl. fjh.- og viðskn. Það er á þskj. 830.

Á því þskj. kemur fram að 1. minni hl. fjh.- og viðskn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt.

N. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar meginhluta þingtímans og fengið fjölmargar umsagnir um málið.

Frv. felur það í sér að skattstjórar fái heimild til að veita sérstaka skattaívilnun þegar skattþegn verður fyrir verulegum útgjöldum vegna tannviðgerða svo að gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Aðdragandi þessa frv. er sá að það hafa farið fram ítarlegar umr. hér á Alþingi um þann gífurlega kostnað sem fylgir tannviðgerðum og það hefur margsinnis komið fram af hálfu Alþfl.-manna að þeir teldu að almannatryggingarnar ættu að taka þátt í þeim kostnaði, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði reyndar að umræðuefni, en í nál. frá þeim 2. minni hl. n. sem hann talaði hér fyrir er einmitt tekið fram að það sé örvænt um að slík almenn þátttaka í tannviðgerðum eigi stuðning á Alþingi um þessar mundir og það er af þessum sökum sem þetta frv. var flutt á þessu þingi, um *sérstaka ívilnun vegna tannviðgerða hjá gjaldþegni* þegar gjaldþol hans skerðist verulega, og það var í ljósi þeirrar umræðu sem áður hafði farið fram. Frv. felur það sem sagt í sér að skattstjórar fái heimild til að veita *sérstaka skattaívilnun þegar skattþegn verður fyrir* verulegum útgjöldum vegna tannviðgerða svo að gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Í 66. gr. skattalaga eru ákvæði um lækkun tekjuskattsstofns ef skattaðilar verða fyrir þungum búsifjum og gjaldþol þeirra skerðist verulega af þeim sökum:

1) Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega. 2) Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.

Þannig eru áfram raktar í 66. gr. skattalaganna ýmsar ástæður fyrir því að skattstjórar fái heimild til þess að veita skattaívilnanir þegar menn verða fyrir verulegum búsifjum af heilsufarsástæðum.

Það frv. sem hér er flutt gerir ráð fyrir því að tannviðgerðir verði teknar með undir þennan lið með sama hætti þegar menn verða fyrir verulegum útgjöldum af tannviðgerðum og að skattstjórar geti þá veitt ívilnanir með sama hætti og þegar menn verða fyrir verulegum útgjöldum vegna áfalla af öðru tagi.

Það er skemmst frá að segja að það er nýbúið að samþykkja hér í hv. Alþingi að draga úr framlögum til tannviðgerða til ákveðinna hópa í þjóðfélaginu og það hefur margsinnis verið reynt að koma því fram að almannatryggingarnar greiddu til þessara hluta. Hvorugt hefur tekist og því er með þessu frv. reynt að koma eilítið til móts við þá sem verða fyrir verulegum útgjöldum af þessum sökum.

Það er augljóst að útgjöld einstaklinga og heimila eru oft mjög mikil vegna tannlækninga og geta í mörgum tilvikum skert greiðsluþol manna verulega, ekki síður en þau ákvæði 66. gr. skattalaganna sem ég rakti hér áðan eða aðrir töluliðir hennar. Benda má á að í sumum þeirra tilvika, sem veita skattaívilnun samkv. 66. gr., kemur einnig greiðsla frá sjúkratryggingum almannatryggingarnar.

Með frv. er vitaskuld einungis stigið takmarkað skref í þá átt að létta undir með fólki vegna kostnaðar af tannviðgerðum.

Ég ítreka að vitaskuld er eðlilegt að auka þátttöku almannatrygginga í greiðslu tannlækninga, en fjárlagafrv. fyrir 1984 og allur aðdragandi þessa máls gefur þó ekki tilefni til að ætla að slík úrbót sé á næsta leiti. Nýframkomnar till. ríkisstj. um skerðingu á þátttöku almannatrygginga í tannlækningakostnaði gefa hins vegar fyllsta tilefni til að koma til móts við þá, sem illa eru settir að því er gjaldþol varðar, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í því frv. sem hér er til umfjöllunar.

Þetta eru niðurlagsgreinar nál. á þskj. 830, en þar leggur minni hl. til að frv. verði samþykkt.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í sjálfu sér er tilgangslaust að hafa mjög mörg orð um þetta mál. Meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. er staðráðinn í því að koma í veg fyrir að þetta mál nái fram að ganga hér á hv. Alþingi.

Í þessu máli hafa komið fram þrjú nál. Í fyrsta lagi kom nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. sem leggur til að *málinu sé vísað til ríkisstj.*, nál. liggur fyrir frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. undirritað af Kjartani Jóhannssyni sem leggur til að frv. verði samþ. og þriðja nál. er undirritað af Guðmundi Einarssyni og Svavari Gestssyni. Það er raunar furðulegast af þessum þremur nál.

Hv. þm. Svavar Gestsson, sem mælti fyrir nál. 2. minni hl., var fljótur að hespa sér af hér í ræðustól um þetta mál, enda hefur hann hringlað mikið með þetta mál á undanförnum árum og breytt afstöðu sinni sitt og hvað í þessu máli. Það er því ekki skrýtið þó hann hafi reynt að flýta sér eins og hann gat að greina frá þeirri afstöðu sem hann nú hefur tekið í þessu máli.

Það má eiginlega með sanni segja, herra forseti, að það sé nokkuð sérstæð sú saga hér í hv. Alþingi sem snertir það að reyna að létta af landsmönnum útgjöldum af tannlækningum og sem rekja má í raun í Alþingistíðindum á undanförnum þremur árum. Hér hafa ýmist verið á ferðinni frv. um að auka þátttöku almannatrygginga í tannlækningakostnaði eða að létta eilítið á þeim byrðum sem fólk axlar vegna mikils tannlæknakostnaðar með því að veita skattafslátt. Svo einkennilega vill til að komi fram till. um að auka þátt almannatrygginga í tannlæknakostnaði er því umsvifalaust slegið fram að réttara sé að veita skattafslátt. Sé eftir þeim óskum farið og lagt fram frv. um að veita skattafslátt er strax snúið aftur við blaðinu og sagt að réttara og eðlilegra sé að fara þá leið að greiða þetta gegnum almannatryggingar. Ég er satt að segja orðin nokkuð þreytt á þeim sirkus sem hefur verið leikinn hér á hv. Alþingi í þessu efni.

Flestir ef ekki allir hv. alþm. viðurkenna í orði að útgjöld vegna tannlækninga geti verið svo mikil að nauðsynlegt sé að leita leiða til að létta af þeim byrðum sem landsmenn margir hverjir bera vegna útgjalda af tannlæknakostnaði. Samt hefur á undanförnum árum

farið fram hér á Alþingi hver sirkussýningin af annarri í þessu efni og menn geta ekki ráðið það við sig hverra leiða á að leita í þessu efni. Þó freistandi væri að rifja upp hér á hv. Alþingi alla leikþætti þeirra mörgu sirkussýninga sem hér hafa farið fram um þetta mál, þá skal ég ekki, herra forseti, gera það í mjög löngu máli. Ég skal láta mér nægja að drepa á nokkur atriði.

Það var fyrst á Alþingi árið 1981 sem ég lagði fram frv. um aukna hlutdeild almannatrygginga í tannlækningum um að greiða skyldi 25% af almannatryggingum í tannlækningum þeirra sem tryggingar höfðu ekki áður greitt fyrir og 20% í gullfyllingum, krónu- og brúaraðgerðum. Heilbrmrh. var þá hv. þm. Svavar Gestsson, sem oft hefur leikið aðalhlutverkið í sirkussýningunum hér á hv. Alþingi í þessu efni, og er hans þáttur í þessu máli kannske sérstæðastur. Við þá umr. á árinu 1981 sagði þáv. hæstv. heilbrmrh. Svavar Gestsson m. a., með leyfi hæstv. forseta, en það var þegar ég mælti fyrir frv. um að almannatryggingar ættu að greiða aukinn hlut í tannlæknakostnaði:

„En það kæmi líka til greina önnur leið sem ég hef látið kanna sérstaklega og er með í sérstakri athugun. Hún er í því fólgin, að menn fái skattafslátt vegna þessarar þjónustu út á þær kvittanir sem þeir leggja fram fyrir hana. Ég tel að með því móti væru slegnar tvær flugur í einu höggi og stuðlað jafnframt að öruggari framtölum fyrir þá þjónustu sem hér er verið að greiða fyrir."

Þetta sagði hv. þm. Svavar Gestsson þá, sem nú hefur lagt fram frv. um þátttöku almannatrygginga í tannlækningum, en treystir sér nú ekki til þess að mæla með því að farin verði sú leið að veita skattafslátt vegna mikilla útgjalda af tannlækningum.

En á þessu þingi, á árinu 1981, sofnaði þetta frv. um aukna hlutdeild almannatrygginga í tannlæknakostnaði í n. Á næsta þingi, á árinu 1982, fór ég að ráðum hv. þm. Svavars Gestssonar og þáv. heilbr.- og trmrh. og flutti málið í þeim búningi að veittur yrði skattaafsláttur vegna tannlækninga, enda var þá eins og nú við mikla efnahagserfiðleika að etja og eðlilegra að fyrst um sinn yrði farin sú leið að veita skattafslátt. Málinu var allvel tekið hér á hv. Alþingi og var afgreitt samhljóða út úr n. og nál. m. a. undirskrifað af hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. Matthíasi Bjarnasyni, sem þó skrifaði undir nál. með fyrirvara. Veigamesta athugasemd n. var að málið hefði ekki farið í rétta n., hefði átt að mati sumra þm. að fara í fjh.- og viðskn. í stað heilbr.- og trn. Ég sé núna að það var auðvitað hárrétt að senda málið í hv. heilbr.- og trn. á sínum tíma. Ég held að sú afgreiðsla sem málið hefur nú fengið frá fjh.- og viðskn. sanni það. Nm. í heilbr.- og trn. virtust hafa bæði betri og meiri skilning á málinu og þora að taka afstöðu til málsins. Það er annað en hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. gerir nú, sem greinilega þorir ekki að taka afstöðu og afgreiðir málið með þeim aumingjalega hætti að vísa málinu til ríkisstj.

Undir það nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. sem nú liggur fyrir um að vísa málinu til ríkisstj. skrifar m. a. hv. þm. Halldór Blöndal. Fyrir tveimur árum hafði þessi hv. þm. allt aðra skoðun á þessu máli, en þá sagði hann, með leyfi forseta, um samhljóða frv. um að veita skattafslátt:

„Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar", sagði hv. þm. Halldór Blöndal, „að ríkissjóður eigi ekki að hafa tekjur af því þegar menn leita sér lækninga, ég get af þeim sökum tekið fullkomlega undir þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar í því frv. sem hér liggur fyrir til 2. umr."

Svona geta menn breytt um afstöðu þegar reynir á að standa við orð sín. Nú skrifar hv. þm. Halldór Blöndal undir það álit að vísa málinu til ríkisstj.

Þá ætla ég að víkja aftur að þætti hv. þm. Svavars Gestssonar í sirkussýningunni sem þá fór fram á Alþingi. Eins og áður er getið var frv. um skattafslátt, sem flutt var á árinu 1982, ekki síst flutt vegna orða þáv. heilbr.- og trmrh. um að hann teldi skattaafslátt fyllilega koma til greina eins og þátttöku almannatrygginga. Svo bregður þó við að þegar frv. um skattaafslátt kemur úr heilbr.- og trn. með samhljóða áliti og fer í atkvgr. þann 2. mars 1983 fer fram nafnakall um frv. og hv. þáv. heilbr.- og trmrh. Svavar Gestsson lýsir þá yfir eftirfarandi við nafnakall, með leyfi forseta:

„Ég tel algjörlega óeðlilegt að setja ákvæði af þessu tagi inn í lög um tekju- og eignarskatt og miklu nær sé að koma til móts við þá, sem þurfa að leita tannlækninga, með öðrum hætti, þ. e. í gegnum almannatryggingakerfið. Spurningin í þessu efni hefur jafnan snúist um það, hvort Alþingi væri reiðubúið að stofna til þeirra útgjalda sem ákvæði af þessum toga hefðu í för með sér. Samkv. því nál. sem fyrir liggur frá heilbr.- og trn. hv. deildar, þá virðist hv. deild reiðubúin til slíks og með tilliti til þess held ég og hef ég talið að það væri eðlilegra að nota fjármunina öðruvísi. Af þeim ástæðum var þetta mál tekið fyrir í ríkisstj. í morgun. Þar var ákveðið að heimila mér að breyta reglugerð um greiðslu sjúkrasamlaga í tannlækniskostnaði á þann veg að endurgreiða hinum tryggðu 20% kostnað við tannlæknaþjónustu, sem er þá viðbót við það sem almannatryggingar þegar greiða í þessu efni. Af þessari ástæðu og fleirum, herra forseti, segi ég nei við frv.", sagði hæstv. þáv. félmrh. sem nú segir það algerlega óeðlilegt að setja ákvæði af þessu tagi í lög um tekjuskatt og eignarskatt. Sami maðurinn sem hér talaði hafði einmitt ráðlagt mér á sínum tíma, þegar ég lagði fram frv. um aukna hlutdeild almannatrygginga í tannlæknakostnaði, að fara þessa leið. Nú var hún, nokkrum mánuðum síðar, orðin algerlega óeðlileg.

Hv. þm. Svavar Gestsson og þáv. heilbr.- og trmrh. vildi sem sagt ekki fara þessa leið þegar frv. kom hér fram í þá átt og að því kom að greiða atkv. um hana. Þar sem þessi yfirlýsing ráðh. lá fyrir sáu sumir þm. ástæðu til að breyta afstöðu sinni við atkvgr. og einn nm., sem skrifað hafði undir nál. sem mælti með samþykkt frv. um skattafslátt, greiddi atkv. gegn frv., en það var hv. núv. heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason. Tveir núv. ráðh. lögðu þessari leið þó lið og sögðu já við því að veita skattafslátt vegna tannviðgerða. Það voru hæstv. núv. fjmrh. Albert Guðmundsson og hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson. Treysti ég því að þessir mætu menn ætli nú ekki á þessari stundu að fara að breyta um skoðun og hoppa upp í sirkushringekjuna og breyta um afstöðu frá því sem þeir höfðu á árinu 1982, eins og hv. þm. Halldór Blöndal ætlaði greinilega að gera.

Hæstv. fjmrh. getur miklu ráðið um þessi mál, að koma þannig til móts við þá sem hafa veruleg útgjöld vegna tannviðgerða. Af því að ég sé hann hér í hliðarherbergi vil ég beina þeirri spurningu til hans, af því að hann er maður sem ég vona að standi við orð sín

og það sem hann hefur sagt, hvort hann hafi nokkuð breytt um afstöðu frá því á síðasta þingi, en þá var hann tilbúinn til þess að standa að frv. um að veita fólki skattaafslátt vegna mikilla útgjalda vegna tannlækninga. Nú ræður hæstv. ráðh. ansi miklu um þessi mál og hans orð í þessu máli mundu vega þungt ef hann kæmi hér í ræðustól og mundi lýsa því yfir að hann væri sömu skoðunar og á síðasta þingi og mælti með því að þetta frv. yrði nú samþykkt og mundi greiða því atkvæði sitt. Ég treysti því að þessari umr. ljúki ekki án þess að hæstv. fjmrh. komi hér í ræðustól og lýsi afstöðu sinni til þessa máls.

Þegar hæstv. þáv. heilbrmrh. hafði greint frá því að hann hefði skipt um skoðun frá þinginu áður og hann ætlaði að auka þátttöku almannatrygginga með því að breyta reglugerð drógu margir þm. í efa að ráðh. þáv., Svavar Gestsson, hefði lagastoð fyrir því að breyta með reglugerð þátttöku almannatrygginga í tannlækningum. Til þess skorti lagaheimild. Sama dag og till. um skattaafsláttinn var felld lagði ég því fram ásamt nokkrum öðrum þm. á nýjan leik frv. frá síðasta þingi um aukna þátttöku almannatrygginga í tannlækningum. Það frv. var síðan samþ. í Nd. eftir mikið þref um kostnað og hvort ríkissjóður hefði fjármagn til verkefnisins. En frv. varð ekki útrætt í Ed. Fyrrv. heilbrmrh. hélt sínu striki og gaf út reglugerð sem aldrei kom til framkvæmda því hæstv. núv. heilbrmrh. felldi hana úr gildi, þegar hann settist í stól heilbrmrh. skömmu síðar, á þeirri forsendu að ekki væri til fjármagn til að standa undir kostnaði sem af reglugerðinni leiddi. Ég taldi því allar forsendur fyrir því á þessu þingi, sem nú situr, að endurflytja frv. um skattafslátt, m. a. vegna þess að afstaða margra þm., sem greiddu atkv. gegn frv. um skattafslátt á síðasta þingi, byggðist á því að auka ætti hlutdeild almannatrygginga í tannlækningakostnaði sem ekki hefur af orðið. Ef ekki hefur verið grundvöllur fyrir því að láta reglugerðina taka gildi s. l. sumar, sem kvað á um aukinn þátt almannatrygginga í tannlæknakostnaði, er ljóst að ekki er frekar grundvöllur fyrir því nú, ekki síst í ljósi þess að ríkisstj. er með sínum fjármálaráðstöfunum nú að draga verulega úr þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði t. d. unglinga.

Það er að þessu leyti til sem mér finnst þáttur hv. þm. Svavars Gestssonar og Guðmundar Einarssonar allsérstæður í þessu máli. Þeir vita mætavel, þessir hv. þm., að frv. sem þeir leggja fram núna, nokkrum dögum áður en þingi er slitið, um að auka þátt almannatrygginganna um 20%, nær ekki fram að ganga og þeir viðurkenna það meira að segja í nál. sínu og taka það reyndar fram. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þess að meiri hl. Alþingis hefur nú ákveðið að lækka hlutfall ríkisins í tannviðgerðum barna og unglinga sýnist örvænt um að almenn þátttaka í tannviðgerðum eigi stuðning á Alþingi."

Þeir segjast fyrst og fremst vera að sýna sinn pólitíska vilja. Ég hefði nú talið eðlilegra, hv. þm. Svavar Gestsson, að þú hefðir sýnt þinn pólitíska vilja til þess að eitthvað yrði nú gert í þessu máli með því að styðja frv. sem lá fyrir um skattafslátt vegna mikilla útgjalda vegna tannlækninga. Það hefði verið miklu raunhæfara mat í stöðunni eins og hún er núna. (**SvG:** Finnst þér líklegra að þetta verði samþ.?) Ég gef nú ekki upp alla von enn þá. Það voru margir þm. á síðasta þingi og þm. sem sitja nú í ráðherrastólum sem greiddu þessari leið atkv. á síðasta þingi og ég geri mér enn vonir meðan ekki hefur farið fram atkvgr., ef þessir menn skipta ekki um skoðun eins og hv. 3. þm. Reykv. gerir hvað eftir annað í þessu máli. Og ég hefði nú haldið það, hv. þm. Svavar Gestsson, að það hefði verið miklu raunhæfara og eðlilegra að hv. þm. hefði stutt þetta nál. sem liggur fyrir um að samþykkja þetta frv.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson hefur lýst því yfir í ræðustól, sem er ábyggilega alveg satt og rétt hjá honum, að það geti kostað 70 þús. kr. t. d. tannréttingar unglinga sem verið er að draga úr núna að almannatryggingar greiði. Það munaði miklu fyrir fjölskyldur ef þær mundu t. d. fá einhvern skattafslátt vegna svo mikilla útgjalda. Þess vegna lýsi ég furðu minni á afstöðu hv. þm. Svavars Gestssonar og Guðmundar Einarssonar. Þeir segja að vísu að þeir ætli að taka þátt í atkvgr. Þó nú væri að þeir tækju þátt í atkvgr. Ég veit ekki hvað það þýðir. Hvað þýðir það hv. þm.?

Ég tel líka að það hafi verið nokkuð ljóst að þetta frv. um skattafslátt, sem var hér til afgreiðslu á síðasta þingi og var mælt með úr n., hefði getað orðið að lögum þá. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir vann ötullega að því að það mál kæmi aftur inn í þingið og þar var mælt með því af öllum nm. að frv. mundi ná fram að ganga. Ef hv. ráðh. hefði ekki komið með sínar yfirlýsingar um breytingu á reglugerð er ég sannfærð um að frv. hefði orðið að lögum á síðasta þingi. Þeim mun meiri ástæða væri nú fyrir hv. þm. Svavar Gestsson að styðja þetta frv. Ég teldi því að hann væri maður að meiri ef hann stæði með þessu frv. í stað þess að vera að flytja núna frv. sem hann veit að nær ekki fram að ganga og ég vil leyfa mér að líta svo á að sé eingöngu flutt til að sýnast.

Ég vænti þess, herra forseti, að þm. hafi dug í sér til að fella till. meiri hl. um að vísa málinu til ríkisstj., eins og meiri hl. hefur hér lagt til.

Ég vil í lokin, herra forseti, fá að vitna til orða hv. þm. Péturs Sigurðssonar, ef sjálfstæðismenn treysta ekki orðum mínum um að rétt og eðlilegt sé að fara þá leið sem hér er lögð til. Á næstsíðasta Alþingi, þegar þetta mál var til umræðu, sagði hv. þm. Pétur Sigurðsson eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég vil nota tækifærið til að lýsa í örfáum orðum ánægju minni með að þetta frv.", það var um almannatryggingar, „skuli vera komið hér fram og því skuli vera vel tekið af hæstv. heilbrmrh. En ég vil þó sérstaklega fagna því að hann skuli hafa lýst því hér yfir eða skýrt frá því að mál, sem ég hef nokkrum sinnum á liðnum árum borið fram við aðila, m. a. einu sinni í sambandi við lausn kjaradeilu, um skattafslátt vegna tannviðgerða, skuli nú vera komið á þann rekspöl að það sé í alvarlegri athugun hjá heilbrmrn. hvort hægt sé að fara þessa leið. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar — hef reyndar í samræmi við þá skoðun mína flutt þáltill. í Sþ. að skattaafsláttarleið sé fær og geti orðið til bóta og til úrlausnar á ýmsum vandamálum sé hún farin. Í sambandi við tannviðgerðir mundi þetta að sjálfsögðu hafa tvöfalda þýðingu: Annars vegar að lækka kostnað þeirra sem í hlut eiga, og mætti þá gjarnan miða þennan afslátt við eitthvert ákveðið tekjumark, hins vegar væri þetta trygging fyrir opinbera aðila að rétt væri talið fram, sem ég er í sjálfu sér ekki að tortryggja, heldur mundi það veita þeim visst öryggi sem hafa verið bornir sökum um að ástæða væri til slíkrar tortryggni", sagði hv. þm. Pétur Sigurðsson þar sem hann mælti með

þessari leið um skattafsláttinn.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. frekar. Ég tel, herra forseti, að það sé ekki síst ástæða til þess að samþykkja þá leið nú sem hér er lögð til þegar fyrir liggur að ríkisstj. hefur dregið töluvert úr þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði unglinga. Ég tel að með því sé reynt að létta, þó í litlum mæli sé, af fólki sem hefur þungar fjárhagslegar byrðar vegna mikilla útgjalda vegna tannlækninga, og þó ég styðji vissulega þá leið að auka þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði, eins og ég hef sýnt með því að leggja a. m. k. tvívegis fram frv. þar að lútandi, tel ég vera raunhæft mat í stöðunni að leggja þessa leið til núna og að þetta sé það skref sem við eigum að stíga núna í þessu efni. Fari svo að það verði samþykkt lög um að auka þátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði er auðvitað alltaf hægt að afnema þessi lög, þau gætu þá aðeins staðið tímabundið. Ég vil líka benda á að í 66. gr., þar sem lagt er til að þetta bætist við, er bæði um að ræða að það er farin sú leið að veita fólki skattaafslátt ef gjaldþol skerðist verulega og þetta fólk fær líka greiðslu gegnum almannatryggingar. Auðvitað er því hægt að fara báðar þessar leiðir. En ég ítreka það, herra forseti, að ég tel þetta raunhæft mat í þessari stöðu og vil í lokin ítreka aftur þá spurningu mína til hæstv. fjmrh. hvort hann hafi nokkuð breytt um skoðun í þessu efni og hvort ég megi ekki vænta stuðnings hans í því að þetta mál nái fram að ganga.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Saga þessa máls er vissulega, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur rakið, orðin öll hin skemmtilegasta. Eiginlega sakna ég einskis annars en að endirinn verði sá að hér stigi í pontu hæstv. heilbr.- og trmrh. og bendi flm. á að eðlilegast væri að hér kæmi fram breyting á almannatryggingalögum. Þá væri málið komið í skemmtilegan hring.

Ég hlýt að minnsta kosti að hreinsa mannorð mitt í þessu máli þar sem ég var formaður heilbr.- og trn. s. l. kjörtímabil og er reyndar meðflm. að frv. sem hér er til umr. Sannleikurinn er sá, að afgreiðsla hv. fjh.- og viðskn. á þessu máli er hreinustu endemi. Það er ekki hægt að segja neitt annað um hana. Það liggur fyrir að þetta löggjafarþing hefur einkennst af flutningi fjármagns frá launþegum landsins og yfir til þeirra sem meira höfðu fyrir, fjármagnseigenda og eignamanna. Samtímis hefur verið dregið úr þátttöku í kostnaði tannlækninga, skattar hafa verið hækkaðir og þess vegna getur ekki talist óeðlilegt að þessi undanþága verði gefin til viðbótar þeim öðrum sex sem finna má í skattalögunum til frádráttar skatts vegna mikils kostnaðar við tannviðgerðir.

Það spillti vissulega nokkuð fyrir málinu í fyrra, þegar borið var fram sams konar frv., að því var vísað til heilbr.- og trn. þar sem það átti í raun og veru ekki heima. Það tafði mjög afgreiðslu málsins í þingnefndum. En það má vel vera rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það hefði verið farsælt að vísa því þangað nú ef dæma má af þeirri afgreiðslu sem hér hefur orðið.

Það er fráleitt að hugsa sér að núv. ríkisstj. afgreiði frv. sem felur í sér auknar greiðslur almannatrygginga eftir að hún hefur marglýst yfir að úr þeim skuli verulega dregið. Það er því tómt mál að tala um slíkt frv. hér á þessu þingi. Það er hins vegar ekkert á móti því að afgreiða það frv. sem hér liggur fyrir vegna þess að í núverandi skattalögum, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson gerði grein fyrir, eru nú þegar ekki óáþekkar undanþágur frá skattgreiðslum.

Þau undur og stórmerki hafa gerst hér í þinginu í vetur, ekki einu sinni, heldur tvisvar, að þm. hafa tekið rökum: í fyrra skiptið hv. þm. Stefán Benediktsson sem lét sér segjast við umræðu og raunar málflutning hv. 10. landsk. þm., í hitt skiptið hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir við umr. í Ed. um frv. til lögræðislaga, en það náði aldrei fram að koma hér í þinginu vegna þess að málið var gert að lögum áður en það hafði fengið þinglega meðferð. Ég vil því skora á hv. þingheim og hv. dm. að taka nú rökum og vera menn til þess að samþykkja þetta frv. hér og nú. Það er satt að segja til skammar hverja afgreiðslu það hefur hlotið aftur og aftur og er satt að segja ekki bjóðandi upp á að þetta mál detti einu sinni enn og verði vísað til ríkisstj. eftir þá hraksmánarlegu meðferð sem það hefur hlotið.

Það liggur fyrir vilji núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. um auknar greiðslur landsmanna vegna tannlæknakostnaðar, því það var hann sem afnam reglugerð fyrrv. hæstv. heilbr.- og trmrh. um auknar greiðslur almannatrygginga vegna tannlæknakostnaðar, svo það þarf varla að spyrja um álit hans, nema það hafi enn einu sinni breyst milli þinga. Það færi betur, en ég hef ekki mikla trú á að svo sé.

Ég vil í stuttu máli eindregið skora á menn að skipta nú um skoðun og afgreiða þetta mál. Hér er vissulega um töluverða réttarbót fyrir hóp landsmanna að ræða. Það væri þá eitt af örfáum frv., sem afgreidd væru á þessu þingi, sem væru til bóta fyrir fólkið í landinu. Langflest þeirra frv., sem hér hafa orðið að lögum, hafa verið til skaða fyrir það.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég beindi ítrekað spurningu til hæstv. fjmrh. og ég trúi því ekki að hæstv. fjmrh. ætli að láta þessari umr. ljúka án þess að svara þeirri spurningu sem ég hef hér beint til hans, sem ég veit að ég þarf ekki að ítreka. Ég skora á hæstv. fjmrh. að koma hér upp og segja afstöðu sína í þessu máli. Ég vænti stuðnings hans í þessu máli eins og ég hafði á síðasta þingi og ég beini því eindregið til hans að hann komi hér upp og lofi okkur að heyra núna álit sitt á þessu máli, hvort hann muni styðja framgang þess hér á hv. Alþingi.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Mín afstaða kom fram í atkvæðagreiðslu þegar þetta mál kom síðast hér á dagskrá og mín afstaða mun koma fram í atkvæðagreiðslu hér nú þegar málið verður tekið fyrir.

ATKVGR.

Till. á þskj. 824 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 24:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GSig, GeirG, GB, HÁ, HBl, MB, KMT, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, GHG, StG, SV, StH, IG.

nei: GHelg, JS, JBH, KP, KJóh, KH, SJS.

GE, GJG, GA, HG, KSK, SvG greiddu ekki atkv.

3 þm. (GeirH, GGS, RH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Það er brennandi mál á Íslandi í dag að finna lausn á þessum tannlæknakostnaðarmálum. Hins vegar tel ég, með tilvísun til þess sem ég sagði hér fyrr í kvöld um frammistöðu ríkisstj. í ýmsum málum sem varða félagslegar úrbætur í þessu landi, að henni sé ekki beinlínis treystandi til þess að fjalla um þau mál svo að vel sé. Ég tel að sú aðferð sem gerð er till. um í þessu frv. sé kannske ekki heldur sú rétta, eins og kemur fram í öðrum gögnum. Ég mun ekki greiða atkv.

Byggingarframkvæmdir við Seðlabanka Íslands, frv. 101. mál (þskj. 122, n. 812 og 814). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 812 um frv. til l. um frestun byggingarframkvæmda við Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun útibúa ríkisbankanna. Þetta er álit meiri hl. fjh.- og viðskn.

N. hefur athugað málið á fundum sínum og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj.

Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal og Þorsteinn Pálsson.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 814 um þetta frv. Það nál. er frá minni hl. fjh.- og viðskn. og hljóðar svo:

„N. hefur athugað frv. og leggur minni hl. til að það verði samþ.

Guðrún Agnarsdóttir tók þátt í umfjöllun málsins í n. og er samþykk þessari afstöðu."

Undir þetta rita Guðmundur Einarsson, Kjartan Jóhannsson og Svavar Gestsson.

Við þetta vil ég einungis bæta því að ríkisstj. hefur gert almenningi að herða sultarólina. Hún hefur gert almenningi að taka skerðingu á lífskjörum. Hún hefur gert almenningi að þola skattahækkanir. En á sama tíma hefur fólk haft fyrir augunum hvernig t. d. þessi stórbygging hefur risið algerlega að óþörfu. Þetta frv. er vitaskuld flutt í þeim anda að hér verði tekið af skarið og framkvæmdirnar verði stöðvaðar.

Það verður að teljast hámark niðurlægingarinnar að meiri hl. n. skuli leggja til að málinu sé vísað til ríkisstj. vegna þess að það er augljóst að ef ríkisstj. hefði tekið á þessu máli hefði það ekki þurft að koma til kasta Alþingis. Þá hefði ríkisstj. vitaskuld stöðvað framkvæmdirnar. Frv. er flutt vegna þess að ríkisstj. hefur ekki gert það. Frv. er flutt vegna þess að ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að taka þessa ákvörðun og þá er einmitt rétt að þingið geri það.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en eins og ég sagði í upphafi: Minni hl. n., Guðmundur Einarsson, sá sem hér stendur og Svavar Gestsson, leggur til að þetta frv. verði samþykkt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hún er með endemum, vesalmennskan í þeim meiri hl. sem ræður nú ríkjum á Alþingi. Eftir alla þá mánuði sem hæstv. ráðh. og talsmenn stjórnarliðsins á Alþingi hafa hvatt launafólk, það fólk í landinu sem minnst hefur úr að spila og getur nánast á engum þáttum sparað, til að herða sultaról og spara því að þjóðfélagið hefði hvorki efni á að borga því hærri laun né koma til móts við það á neinum sviðum mæla þeir með aukinni fjárfestingu, ég tala nú ekki um óarðbærri fjárfestingu. Ég held að það sé rétt að rifja upp í tengslum við þetta mál, hvort sem það verður nú í stuttu eða löngu máli, það verður að koma í ljós, hvernig þetta bar að.

Tiltölulega snemma á þessu þingi flutti hv. þm. Guðrún Helgadóttir þáltill. sem var efnislega í svipuðum dúr og það frv. sem hér nú liggur fyrir. Við umr. um það mál kvartaði hæstv. viðskrh. um að þarna dygði ekki þáltill., þarna yrði Alþingi að taka af skarið og til þess að það gæti gerst þyrfti að koma frv. Þetta frv. var flutt tiltölulega fljótt í kjölfar þáltill. og við umr. um þetta mál upplýsti hæstv. viðskrh. það álit sitt að hann teldi að hér væri komið fram alveg ótvírætt og skýrt frv. um það með hvaða hætti væri hægt að taka á þessu máli. Þannig má segja að hæstv. viðskrh. hafi nánast pantað frv. af þessu tagi til þess að hægt væri að taka á málinu með ótvíræðum vilja Alþingis í lagaformi en ekki í þáltill. formi.

Auk þess er rétt að minna á að einn af hv. stjórnarþm. hefur nýlega flutt þáltill. sem líka snýr að þessu máli. Ekki finnast mér líkur á, eins og mál standa nú og horfa, að sú till. fái neina afgreiðslu, enda trúlegast að leyfi fyrir flutningi þeirrar till. hafi fengist í ljósi þess að málið yrði aldrei afgreitt.

Ég held að ekki þurfi að rifja upp fyrir hv. þm. ummæli bæði hæstv. ráðh. og hv. stjórnarliða allra hér á Alþingi þess efnis að nú sé málum þannig komið í íslensku efnahagslífi að þjóðin verði að spara við sig, nú séu þeir tímar að ekki sé um að tala launahækkanir, nú verði að beita niðurskurðaraðferðinni til að stöðva hinar ýmsu framkvæmdir á vegum ríkisins. Annað sé ekki sæmandi þegar slíkt ástand sé ríkjandi í efnahagslífi þjóðarinnar. En á sama tíma og þessu tali er fram haldið treysta hv. stjórnarliðar sér ekki til þess í einu eða neinu formi að draga úr, ég tala nú ekki um að stöðva, byggingarframkvæmdir eins og hér um ræðir við Seðlabankahúsið sem eru auðvitað hneisa í því árferði sem við búum nú við, Íslendingar. Það er hreint hneyksli að byggingarframkvæmdir á borð við þær sem um er að ræða séu látnar halda áfram óhindrað á sama tíma og skorið er við nögl í ýmsum byggingaframkvæmdum á vegum hins opinbera, bæði að því er varðar heilbrigðisþáttinn, samgönguþáttinn og menntunarþáttinn svo eitthvað sé nefnt. Þetta er enn ein sönnun þess að hæstv. ríkisstj. vill ekki snúa sér að þeim aðilum í þjóðfélaginu um sparnað sem í raun og veru ætti að byrja á.

Mér finnst það alveg með eindæmum og nánast algert hneyksli ef þeir hv. þm. stjórnarliðsins hér á Alþingi sem teljast til dreifbýliskjördæmanna, sem niðurskurðurinn og samdrátturinn bitnar fyrst og fremst á, láta hafa sig í það að greiða atkv. með nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um það að vísa þessu máli til ríkisstj., sem þýðir að það verður ekkert gert. Ríkisstj. þorir ekki að taka á þessu máli. Það er löngu augljóst. Hæstv. ráðh. eru með einum eða öðrum hætti þannig settir í þeirri peningalegu klípu sem ríkissjóður er í að á engan hátt virðist mega stugga við seðlabankavaldinu í landinu né öðru bankavaldi, enda er nú svo komið og hefur raunar verið um nokkurt skeið að það er nánast Seðlabankinn

sem heldur ríkisstj. fljótandi. Kannske er það ástæðan fyrir því að hæstv. ráðh. virðast hafa bannað stjórnarliðum að taka jákvæða afstöðu til þessa máls, svo sjálfsagt sem það þó er miðað við allar kringumstæður í landinu.

Við umr. um þetta mál fyrr í vetur var ég búinn að gera grein fyrir því að ég teldi eðlilegt að í kjölfar lagasetningar um stöðvun á byggingarframkvæmdum við Seðlabankahúsið kæmi ákvörðun Alþingis um með hvaða hætti ætti að verja þeim fjármunum sem þarna spöruðust. Ætli það hefði ekki verið nægir til þess að taka við því fjármagni? Ætli hæstv. félmrh. hefði ekki þegið að fá eitthvað af því í húsnæðismálin? Ætli hæstv. samgrh. hefði ekki getað þegið það varðandi langtímaáætlun í vegamálum svo að hann þyrfti ekki að beita niðurskurði þar, en fengi sinn hlut til þess að geta staðið við gefin fyrirheit og samþykkta yfirlýsingu Alþingis um fjármögnun til vegaframkvæmda? Svona mætti halda áfram. Ætli hæstv. heilbr.- og trmrh. hefði ekki getað þegið nokkrar milljónir af þessu til að losna við að skera niður og skerða félagslega þjónustu í heilbrigðiskerfinu, eins og þessi ríkisstj. hefur gert? Í alla þessa þætti hefði mátt láta fjármagn, hefðu menn kjark í sér til að taka af skarið og stöðva framkvæmdir Seðlabankans með eðlilegum hætti. En sá kjarkur virðist ekki vera fyrir hendi. Kemur mér það undarlega fyrir sjónir þegar ég virði fyrir mér þá einstaklinga sem sitja í ráðherrastólum nú.

Það hefði mátt segja mér það tvisvar að hæstv. núv. iðnrh. hefði ekki kjark til að taka á þessu máli þrátt fyrir að Seðlabankinn ætti í hlut. En hans kjarkur hefur greinilega dvínað frá því sem hann var stjórnarandstæðingur. Hæstv. heilbr.- og trmrh. sat hér fyrir örskammri stundu en er nú farinn. Ég hefði látið segja mér það tvisvar að hann hefði ekki kjark til þess að skerða hár á höfði seðlabankavaldsins í landinu á sama tíma og hann sker niður miskunnarlaust félagslega þjónustu í heilbrigðiskerfinu til almennings. Hæstv. fjmrh. hefur einnig verið talinn kjarkmaður. Auðvitað er ekki útséð um það enn og um það skal ekkert fullyrt hvort þessir hæstv. ráðh. greiða atkv. með till. um að vísa frv. til þeirra sjálfra, en hugur minn segir mér þó að sú afgreiðsla sem meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til sé í fullu samráði við hæstv. ráðh. Þar með hefur, að mínu viti, minnkað mjög kjarkur hæstv. fjmrh. til þess að takast á við þetta vald.

Svona væri hægt að halda áfram upp að telja þó að ég hafi byrjað á þeim sem ég taldi þó kjarkmesta. Þegar þeir eru frá horfnir er lítil ástæða til að halda áfram niður á við því ekki tel ég að kjarkurinn sé meiri hjá hæstv. ráðh. sem eftir eru, nema hlutföll öll hafi þá snúist við. En þetta lýsir einmitt vesalmennskunni, vægast sagt, hjá hæstv. ráðh., hjá hv. stjórnarliðum hér á Alþingi. Ætli þeir að telja almenningi í landinu trú um að hjá því verði ekki komist að skerða enn frekar launakjör hjá hinum almenna launamanni vegna erfiðrar stöðu þjóðarbúsins á sama tíma og slíkt hneyksli eins og Seðlabankabyggingin blasir við við þær kringumstæður sem eru í landinu, þá trúir enginn launamaður slíku tali.

Það er fullt af stórbyggingum í landinu sem ætti að byrja á að stöðva og taka þá peninga beinlínis með illu ef ekki góðu og ráðstafa þeim til þeirra þátta í uppbyggingunni og hinni félagslegu þjónustu sem á engan hátt er verjandi að skerða. En það er ekki að sjá að hæstv. ráðh. eða stjórnarliðar hér á Alþingi hafi uppburði í sér til að hafa skoðun í þá átt.

Ég ítreka að gengisfall hefur mikið orðið í mínum augum á hæstv. ráðh. Hæstv. ríkisstj. hefur margoft státað af því að halda gengi ísl. krónunnar sem stöðugustu, en á þessu sviði hefur gengisfellingin verið mikil. Kjarkleysi hæstv. ráðh. í þessu máli og hv. stjórnarliða hér á Alþingi sýnir svo ekki verður um villst að þeim er ekki treystandi eða trúandi til þess að taka á málum þegar í hlut eiga þeir aðilar í þjóðfélaginu sem peningunum ráða. Þá lyppast þessir hæstv. ráðh. og hv. þm. niður og leggja blessun sína yfir nánast hvaða hneyksli í þessum málum sem er.

Það er augljóst, þó að atkvgr. hafi ekki farið fram um þetta mál, að hverju stefnir. Úr einhverri átt hefur komið fyrirskipun til þeirra sem hér ráða ferðinni um að stíga ekki þetta skref. Hversu líklega sem hæstv. viðskrh. lét og talaði þegar þetta mál var til umr., svo og þáltill. sem ég vitnaði til hér fyrr, er greinilegt að það er enginn kjarkur, spurning hvort nokkur vilji er, hjá þessum aðilum til að koma til móts við það sjónarmið hjá almenningi að það eigi að byrja á að spara og draga saman þar sem það er hvað líklegast ef ekki fullyrt að mestum árangri sé að ná til þess að hægt sé með einhverjum hætti að hafa stjórn á fjárfestingarmálunum í landinu.

En þetta kjarkleysi hæstv. ráðh. og stjórnarliða hér á Alþingi á ekki bara við Seðlabankann. Nýlega var verið að opna á vegum Landsbankans útibú, enn eitt. Tugum milljóna er á hverju einasta ári varið í uppbyggingu og stofnsetningu nýrra bankaútibúa, sem eru nánast hallir, án þess að hæstv. ráðh. ríkisstj., stjórnvöld í landinu, telji nokkra ástæðu til að grípa í tauma eða halda aftur af þessu peningavaldi í landinu sem er að reisa hér hallir fyrir starfsemina. Það væri fróðlegt að spyrja hæstv. viðskrh., hefði hann verið hér, eða þann hæstv. ráðh. sem gegnir starfi í hans stað hvað líði svari bankavaldsins við bréfi hæstv. ráðh. sem hann boðaði við 1. umr. um þetta mál í haust að hann mundi skrifa, hvað líði svari bankavaldsins við þeirri góðfúslegu beiðni, eins og ég held að hæstv. ráðh. hafi orðið það, að menn gáðu að sér, drægju saman seglin, ykju ekki útþensluna, stæðu á bremsunni. Ég hygg að það sé hæstv. iðnrh. sem gegnir fyrir hæstv. bankamálaráðh. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann hafi í höndum svar bankanna við tilteknu bréfi frá hæstv. viðskrh., sem hann boðaði í umr. fyrr í vetur, og vil gjarnan fá að heyra upp lesið, sé það til, svar bankanna við beiðni ráðh. Sé það ekki fyrir hendi sýnir það enn frekar vesaldóm og sýndarmennsku hæstv. ríkisstj. í þessu máli.

Það er nánast móðgun við allt launafólk í þessu landi, móðgun frá hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðum hér á Alþingi, að taka sér þau orð í munn að þessir aðilar herði sultarólina og spari á sama tíma og hæstv. ríkisstj. stendur fyrir eyðslu eins og hér um ræðir í sambandi við byggingu Seðlabankahússins — ég tala nú ekki um, sé það rétt sem hæstv. forsrh. sagði einhvern tíma í umr. í vetur, ef byggingin er með þeim hætti að hún er öll á floti. Hæstv. forsrh. upplýsti að það væri á engan hátt hægt að hætta við þessa byggingu fyrr en upp væri komin vegna þess að hún væri öll á floti og nánast spurning um það hvenær hún þá flyti burt. Til þess að koma í veg fyrir það virtist engu líkara, í máli hæstv. forsrh., en að það yrði að klára hana svo hún þyngdist,

þá væru minni líkur á því að hún flyti burt. Þetta sagði hæstv. ráðh.

Ég fullyrði, þó að ýmislegt hafi verið sagt um stjórnmálamenn á undangengnum árum að afstaða í líkingu við þá afstöðu sem hér er lögð til af meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur aldrei verið tekin, *jafnlítilmótleg* afstaða, vesaldómur í sinni nöktustu mynd, vesaldómur sem er með þeim hætti að a. m. k. almenningur í landinu hlýtur að muna þeim þessa afgreiðslu sem að henni kunna að standa verði hún með þeim hætti sem meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að verði. Kjarklausir menn eru berir að því að sitja í ráðherrastólum hér á Alþingi — kjarklausir í þeirri merkingu að þeir hafa ekki kjark til þess að snúa sér fyrst og fremst að því verkefni að stíga á bremsu og draga úr fjármagnsaustri til framkvæmda sem fyrst af öllum ættu að bíða miðað við það efnahagsástand sem þjóðin býr við. Slíkt er kjarkleysi núv. hæstv. ráðh. og þeirra hv. stjórnarþingmanna sem láta sér detta í hug að styðja meirihlutaálit fjh.- og viðskn. í þessu máli. Brennimerktir verða þeir sem standa að því að afgreiða mál af þessum toga með þeim hætti sem hér er lagt til af meiri hl. fjh.- og viðskn. Þetta eru stór orð, en við þau skal staðið. Það er a. m. k. í *mínum* huga siðlaust að ætlast til þess að almenningur í þessu landi herði sultaról og á kjör hans sé gengið, bæði launakjör, almenn kjör og lýðréttindi, sem hann hefur áunnið sér í landinu. Það er siðlaust að ganga á þau réttindi á sama tíma og stjórnvöld haga sér með þeim hætti í fjárfestingaræði og þau leyfa Seðlabankanum að haga sér í þessari byggingu.

Fjmrh. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Eftir yfirlestur á Ólafslögum skömmu eftir að ég tók við embætti fjmrh. lét ég lagaprófessora kanna hvort fjmrh. hefði skv. Ólafslögum heimild til að stöðva Seðlabankabygginguna. Í þeim lögum segir að fjmrh. gæti, að fenginni umsögn hagsýslunnar, stöðvað ýmsar framkvæmdir á vegum ríkisins og stofnana ríkisins. En niðurstaðan varð sú að fjmrh. hefur ekki þessa heimild.

Ég vil að þetta komi fram til að upplýsa hv. 3. þm. Vestf. um að fjmrh. reyndi að stöðva þessa byggingu, en það reyndist ekki á hans valdi. (Gripið fram í.)

ATKVGR.

Till. á þskj. 812 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HBl, MB, KMT, ÓE, PP, PJ, GHG, StG, StH, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, IG.

nei: HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, KSK, SJS, SvG, GeirG, GE, GJG, GA, GHelg.

GSig, ÓÞÞ, SV greiddu ekki atkv.

3 þm. (GGS, RH, GeirH) fjarstaddir.

Jarðalög, frv. 221. mál (þskj. 858 (sbr. 390), nr. 999). — Frh. 2. umr.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Það hefur gerst í sambandi við afgreiðslu þessa frv. til l. um breyt. á lögum um jarðalög að það er fram komin brtt. frá formanni landbn. um að draga nokkuð úr því stimplafargani sem jarðanefndirnar áttu að hafa með að gera. Nú er því, sýnist mér, búið að fella það út að menn þurfi stimpla frá jarðanefndum til að byggja sæluhús eða skíðaskála. Auk þess mun hv. formaður landbn. væntanlega gefa hér yfirlýsingu um framhaldsmeðferð málsins. Ég vil þá láta koma fram af minni hálfu að ég tel að þar *með hafi verið komið nokkuð til móts* við þau sjónarmið sem sett voru fram í minni ræðu fyrr á þessum fundi.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Til þess að greiða fyrir því að koma jarðalögunum áfram hefur um það orðið samkomulag að flytja hér brtt. Hún er of seint fram borin. Ég verð því að óska eftir að það verði leitað afbrigða þannig að hún geti komið hér til umr. og afgreiðslu. En þessi till. hljóðar þannig:

„Við 3. gr. Síðari málsl. 4. mgr. orðist þannig: Ákvæði þessarar greinar taka einnig til veiðihúsa".

Út úr þessari grein eru þá tekin sæluhús og skíðaskálar.

Eins og kom fram í máli mínu fyrr í kvöld var þetta frv. rætt töluvert mikið í landbn. En við nm. fengum það ekki fyrr en s. l. miðvikudagskvöld um tólfleytið. Okkur var ljóst að það yrði að taka málið upp strax í haust vegna þess að það hefði ekki farið til jarðanefndar eða til umsagnar hjá búnaðarsamböndum. Þar sem er komin nokkur reynsla á jarðalögin, sem voru frumsmíði fyrir nokkuð mörgum árum, þarf að breyta þeim á ýmsan hátt. Hæstv. landbrh. tók það fram í ræðu sinni hér í kvöld að hann mundi beita sér fyrir því að jarðalögin yrðu endurskoðuð á næsta hausti.

Ég vona að þessi till. verði til þess að greiða fyrir því að *málið nái* fram að ganga.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og glögglega hefur komið fram hér í umr. hafa þm. haft ýmislegt við þetta frv. til l. að athuga og margir hefðu kosið að hér væri framkvæmd á þessu þingi gagnger endurskoðun á lögunum. Hins vegar er það yfirlýst af hálfu bæði hæstv. landbrh. núna og formanns landbn. í þessari hv. deild að það verði farið í ítarlega endurskoðun, *jafnframt* því sem hér hefur verið flutt brtt. sem var mælt fyrir rétt í þessu. Með hliðsjón af þessu tvennu mun ég ekki flytja þá ræðu sem ég hafði hugsað mér að flytja um þetta mál núna, heldur geyma mér það til betri tíma.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 1080, sem var of seint fram komin, samþ. með 28 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 25:3 atkv.
2. gr. samþ. með 25:3 atkv.
Brtt. 1080 samþ. með 24:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4.—14. gr. samþ. með 25:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lyfjalög, frv. 261. mál (þskj. 895 (sbr. 483)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1091).

Lífeyrissjóður bænda, frv. 115. mál (þskj. 1051 (sbr. 142)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1092).

Neðri deild, 103. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum 102. fundi.

Jarðalög, frv. 221. mál (þskj. 1090 (sbr. 390). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:4 atkv. og endursent Ed.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. 306. mál (þskj. 859, n. 1086 og 1083, 1077). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1086 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Nefndin hefur athugað frv. Þetta mál er í tengslum við 305. mál. Nefndin kvaddi á sinn fund Árna Kolbeinsson í fjmrn., Sigurð Hafstein frá Sambandi sparisjóða, Pál Ólafsson frá Seðlabankanum og Jónas Haralz.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá Ed.

Undir nál. meiri hl. rita Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Halldór Blöndal.

Á þskj. 859 er frv. eins og það kom frá Ed. Það tók allnokkrum breytingum í meðferð hv. Ed. og að mínum dómi mjög til batnaðar. Það er sem sagt þskj. 859, sem menn þurfa að hafa í huga, þegar þeir taka afstöðu til málsins. Það er frv. eins og það lítur út á því þskj. sem við leggjum til að verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Einarsson): Herra forseti. Eins og fram er komið í umr. um þetta mál í kvöld, þá teljum við, sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn., að það séu alls ekki aðstæður til þess nú að gera þessar breytingar á skattareglum um bankakerfið, þó að við gerum okkur hins vegar ljóst, eins og hefur margkomið fram, að þörf sé endurskoðunar ýmissa laga um skattskyldu innlánsstofnana. Í ljósi þess leggjum við til að frv. verði fellt. Guðrún Agnarsdóttir, þm. Samtaka um kvennalista, sat fundi n. um þetta mál og er samþykk áliti okkar. Undir þetta rita auk mín hv. þm. Svavar Gestsson og Kjartan Jóhannsson.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. við frv. þetta miðað við að það verði samþykkt eins og hér hefur verið lagt til af meiri hl. hv. n. Brtt. mín er svohljóðandi:

„Á eftir 2. gr. komi ný grein sem verður 3. gr. og orðist þannig:

Í stað þeirrar lækkunar á sköttum innlánsstofnana, sem verður með samþykkt laga þessara, skal koma sérstakt og jafnhátt gjald á þær innlánsstofnanir sem skattalækkunar njóta skv. lögum þessum. Reiknast gjald þetta skv. þeim reglum sem áður giltu um skattlagningu þeirra til ríkissjóðs. Skal gjaldið halda verðgildi sínu og breytast í hlutfalli við breytingu á byggingarvísitölu frá 1. jan. 1984 að telja.

Tekjum af gjaldinu skal varið til dagvistarstofana á árinu 1984 og framvegis og má það ekki verða til rýrnunar af öðrum fjárveitingum til dagvistarmála. Skal tekjum af gjaldinu úthlutað í réttu hlutfalli við fjárveitingu til einstakra stofnana í fjárlögum hverju sinni."

Þetta er brtt. mín. Ég hef þegar rökstutt hana í ræðu hér þegar ég mælti fyrir frv., en hún gerir ráð fyrir því að gjaldi, er svari til þess tekjutaps sem ríkissjóður verður fyrir við samþykkt frv. þessa, verði varið til dagvistarstofnana.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 1077, sem var of seint fram komin, samþ. með 31 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 23:13 atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 1077 felld með 24:9 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða I-II samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 593, n. 1069 og 1079, 1078). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Á

þskj. 1069 er nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um frv. Þetta mál er í tengslum við 306 mál, þ. e. um breytingu á lögum um skattskyldu innlánsstofnana. Nefndin fékk til viðræðna Árna Kolbeinsson, Sigurð Hafstein, Þórð Ólafsson og Jónas Haralz.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. Að þessu áliti standa Páll Pétursson, Friðrik Sophusson, Þorsteinn Pálsson og Halldór Blöndal.

Á þskj. 1078 flyt ég svohljóðandi brtt. við þetta mál:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. jan. 1984 greiða ríkissjóði 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 45% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir. Seðlabankinn hefur eftirlit með því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Heimilt er fjmrh. að endurgreiða eða fella niður innheimtu á ⅙ hluta þess 60% gjalds af gengismun og umboðsþóknun sem lagt var á gjaldeyrisbankana á árinu 1983 skv. lögum nr. 40/1969."

Eins og þdm. munu sjá er breytingin í því fólgin að í staðinn fyrir 1. gr. frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 593, þar sem gert er ráð fyrir að bankarnir greiði ríkissjóði 40% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, þá er gert ráð fyrir því að þeir greiði skv. brtt. 45% og sama gildir um prósentuna af provisioninni. Jafnframt eru felld niður úr 1. gr. orðin: „Á árinu 1985 skulu ofangreind hlutföll lækka í 20%. Frá og með árinu 1986 fellur gjald þetta niður."

Frsm. minni hl. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Minni hl. fjh.- og viðskn. skilar sérstöku áliti um þetta frv. til l. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta. Minni hl. telur að sú till. sem meiri hl. hefur flutt og hv. þm. Páll Pétursson gerir grein fyrir sé til bóta. Engu að síður telur minni hl. fráleitt að lækka gjöld bankanna með þeim hætti sem hér er lagt til og mun greiða atkv. gegn frv. þegar það kemur til endanlegrar atkvgr.

Niðurstaðan varðandi breytingu á þessu frv. núna í kvöld varð til þess að það sköpuðust möguleikar á því að skipuleggja þinghald með betra hætti en áður voru horfur á. Stjórnarliðið fellst með þessu á að draga nokkuð úr tekjulækkun ríkissjóðs frá því sem áður hefur verið gert ráð fyrir og kom þannig til móts við stjórnarandstöðuna sem í þetta skipti fékk það hlutverk að verja ríkissjóð. Það er nokkuð óvenjulegt, en engu að síður gerðist þetta nú. Ég fagna því að stjórnin hefur séð sitt ráð vænna og ákveðið að draga nokkuð úr tekjumissi ríkissjóðs.

Til þess að í þingtíðindum séu skýrar tölur í sambandi við þessi mál vil ég greina frá því að ég hef aflað mér nokkuð nákvæmra talna um það hverju tekjutap ríkissjóðs nemur skv. þeim frv., 305. og 306. máli sem hér eru nú til afgreiðslu. Lækkunin á sköttum bankanna nær í raun og veru til þriggja ára, 1984, 1985 og 1986. Á þessu ári lækka beinir skattar bankanna, tekjuskattar þeirra um 40 millj. kr. þegar allt er talið sem fram kemur í frv. um þau efni. Þessi lækkun heldur síðan áfram á árunum 1985 og 1986, 40 millj. kr. á ári. Síðan gerir ríkisstj. ráð fyrir kerfisbreytingu þannig að skattar bankanna verði framvegis innheimtir og lagðir á eftir á, en verði ekki staðgreiðsluskattar. Þessi kerfisbreyting hefur í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð sem nemur 70 millj. kr. á árinu 1985 á verðlagi ársins 1984 og 70 millj. kr. á árinu 1986. Síðan er hér til meðferðar frv. um umboðsþóknun bankanna o. fl. Upphaflegt frv. gerði ráð fyrir því að þetta gjald yrði lækkað á árinu 1984 um 22 millj. kr. þannig að tekið yrði út úr ríkissjóði á þessu ári miðað við fjárlögin 62 millj. kr. og gatið fræga stækkað sem því nemur.

Í öðru lagi gerði frv. ráð fyrir því í upphaflegri mynd að á árinu 1985 féllu niður 44 millj. kr. og á árinu 1986 einnig 44 millj. kr. Samtals er hér því um það að ræða að lækkun skattskyldu innlánsstofnana hefur í för með sér 120 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á þessu þriggja ára bili. Kerfisbreytingin kostar ríkissjóð 140 millj. og lækkunin á umboðsþóknuninni kostar ríkissjóð á þessu þriggja ára bili 110 millj. kr. Í heild er því um að ræða tekjumissi fyrir ríkissjóð á þessum þremur árum um 370 millj. kr. Með þeirri breytingu sem hér hefur verið gerð á frv. um gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta gerist það hins vegar að þessi lækkun verður ekki um 370 millj. kr. heldur líklega í kringum 280 millj. kr., þ. e. 44 millj. kr. lækkunin 1985 er felld niður og 44 millj. kr. lækkunin 1986 er einnig felld niður, en gjöld af umboðsþóknun og gengismun 1984 lækka úr 22 millj. kr. í á að giska um 15 millj. kr. eftir því sem mér sýnist sjálfum eftir að hafa farið yfir þessar tölur.

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi hér fram um leið og ég lýsti áliti minni hl. fjh.- og viðskn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það vakti athygli mína þegar sauðfjárbóndinn Páll Pétursson ræddi hér um þessi mál áðan að hann talaði annað hvort orð á útlensku, m. a. orðið provision, sem ég þekki ekki en er sjálfsagt þekkt í sambandi við kjötsölu SÍS, en skýrði þetta bankamál nákvæmlega ekki neitt fyrir mér. Sannleikurinn er sá að þetta mál skiptir ekki verulega miklu máli fyrir bankana. Það sem skiptir verulega miklu máli fyrir viðskiptabankana, þá sem sjá um viðskipti við sjávarútveginn, er það að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að drepa þessa tvo viðskiptabanka með því að auka bindiskylduna upp í 10%, sem verður þá samtals 45%, ef gert er ráð fyrir skuldabréfakaupum þessara banka eins og skyldugt er. Hin fasta bindiskylda er 28%, skuldabréfakaupin eru 3—4%, eins og þm. þekkja, og ef 10% leggjast við þá verður bindiskyldan samtals 45%.

Á sama tíma og þetta er ákveðið af hæstv. ríkisstj. er ákveðið af Seðlabankans hálfu að lækka endurkaup afurðalána. Ég er ekki viss um að allir hv. þm. geri sér ljóst hvað það þýðir. Það þýðir það að viðskiptabankar fyrirtækja sjávarútvegsins ráða ekki við að fjármagna þeirra rekstur með þessum hætti. Það sem er að gerast hér af hálfu hæstv. ríkisstj. er hvort tveggja í senn: að auka bindiskyldu og lækka endurkaup Seðlabanka. Afleiðingarnar af því eru ósköp einfaldlega þær að

viðskiptabankar þessir, Landsbanki og Útvegsbanki, geta ekki fjármagnað rekstur þessara fyrirtækja. Það þýðir það að þessir bankar verða að gera svo vel að hætta að fjármagna rekstur þessara fyrirtækja eins og nauðsynlegt er og þar með verður að loka meira eða minna þessum fyrirtækjum.

Ég vil minna hæstv. ríkisstj. á það að hvort sem verið er nú að hækka eða lækka einhverja minni háttar skatta á bankana eða rífast um það hvort eigi að taka af þessum viðskiptabönkum svo mikið gjald fyrir gjaldeyrisviðskipti að af þeim verði óhjákvæmilega tap, eins og verið hefur, jafnvel þó mætti snúa því á hinn veginn, þá skiptir það mjög litlu máli fyrir þessa banka. Aðalatriðið er að ríkisstj. hefur ákveðið með þessum ákvörðunum sínum að undanförnu að stöðva rekstur mjög margra fiskvinnslufyrirtækja í landinu ef ekki kemur annað nýtt í ljós. Það er þetta sem ég vil vekja athygli hæstv. ríkisstj. á ef hún hefur ekki haft vit á því að skoða það sem hún hefur verið að gera. Ég er ansi hræddur um að í þessu tilfelli viti ekki hægri höndin hvað sú vinstri er að gera, því miður. Menn eru að rífast hér endalaust klukkutímum saman um aukatriði, en ákveða aðalatriðin allt annars staðar. Það eru þau sem skipta aðalmáli.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 1078, sem var of seint fram komin, samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 1078 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. 281. mál (þskj. 540). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um útflutningsgjald af grásleppuafurðum sem afgreitt hefur verið af Ed. Frv. þetta er mjög einfalt og er í tveimur greinum.

1. gr. fjallar um það að samræma útflutningsgjald annars vegar af óunnum útfluttum grásleppuhrognum og hins vegar af hrognum sem unnin eru í lagmetisiðjum hér innanlands.

2. gr. er varðandi allverulega skuld, sem var um s. l. áramót 3.3 millj. kr., sem hafði safnast upp vegna umsvifa Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda á undanförnum árum. Samstaða er um það í þeirra röð að jafna þessari skuld út með þeim hætti að hluti útflutningsgjalds renni til greiðslu á skuldinni þar til hún er greidd.

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn., en ég mæli hér fyrir frv. þessu vegna þess að ég veit að hv. sjútvn. er reiðubúin til að fjalla um mál þetta með skjótum hætti. Vænti ég þess að um það geti orðið góð samstaða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Fjarskipti, frv. 252. mál (þskj. 956 (sbr. 459), n. 1067). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Samgn. fékk þetta mál til umfjöllunar um hádegi s. l. laugardag og hefur því haft skamman tíma til að skoða það því að á sama tíma fékk hún önnur tvö frv. sem munu verða rædd hér á eftir.

Þetta frv. er komið frá Ed. og tók þar nokkrum breytingum. Það bárust margar umsagnir um málið. Umsagnirnar voru sendar póst- og símamálastjóra til athugunar og hann lagði til að gera þrjár breytingar á frv. í Ed.

Það má segja að samkomulag sé um frv., við höfum ekki orðið varir við annað, en það var mikið spurt um það hvort kapalkerfi mundi heyra undir þessa löggjöf ef þetta frv. verður að lögum. Hér segir á bls. 7 í grg. að kapalkerfi heyri ekki undir þessa löggjöf og geta menn flett þessu upp ef þeir vilja. Sú breyting er gerð á frv. að ráðh. hafi heimild til að gefa einstökum mönnum, félögum og stofnunum leyfi til að stofna og reka fjarskiptavirki, þó ekki í atvinnuskyni, það eigi alls ekki við kapalkerfi. Það á við um boð bæði frá og að, þ. e. í gagnstæða átt.

Ég vil taka þetta fram vegna þess að það hafa komið spurningar um þetta og menn eru á varðbergi gagnvart þessu nokkuð mikið.

Á þskj. 1067 kemur fram að meiri hl. n. hefur rætt málið á nokkrum fundum og meiri hl. mælir með samþykkt þess eins og það kemur frá Ed.

Kristín Halldórsdóttir tekur ekki afstöðu til málsins og er það einvörðungu vegna þess að ekki gafst að hennar dómi nægur tími til að athuga það. Hv. þm. Stefán Guðmundsson var fjarstaddur.

Kristín Halldórsdóttir: Herra forseti. Svo sem formaður n. tók fram þá stendur hér á þskj. 1067 að Kristín Halldórsdóttir hafi ekki tekið afstöðu til málsins. Þykir mér við hæfi að skýra það ögn frekar. Á hádegi á laugardag fékk samgn. til meðferðar þrjú stórmál sem óskað var afgreiðslu á fyrir þinglok. Þessi þrjú mál eru ekki aðeins stórmál heldur einnig mikil ágreiningsmál, einkum þau tvö sem fjalla um atvinnuréttindi manna á íslenskum skipum. Nefndin hafði engan tíma til að kynna sér fjarskiptafrv. að mínu mati svo nægjanlegt væri og enda þótt ég læsi það að sjálfsögðu allt í gegn svo og þær umsagnir sem borist höfðu samgn. Ed. fannst mér ég engan veginn tilbúin til að taka endanlega afstöðu til þessa máls.

Af umsögnum um þetta frv. má ráða að ekki eru allir á eitt sáttir um efni þess. Vil ég lesa hér eina af þessum umsögnum, með leyfi forseta. Greinargerðin er unnin af fulltrúum eftirtalinna stofnana: Almannavarna ríkisins, flugmálastjórnar, Landsvirkjunar, RARIK, Raunvísindastofnunar Háskólans, Veðurstofu Íslands, Vegagerðar ríkisins, Verkfræðistofnunar Háskólans og Vita-

og hafnamálastofnunar:

„Fyrir Alþingi er til umfjöllunar frv. til l. um fjarskipti. Tilgangur með setningu laga um fjarskiptamál er væntanlega aðlögun þeirra að nýrri fjarskiptatækni og breyttum aðstæðum á þessu sviði í þjóðfélaginu frá því að gildandi fjarskiptalög voru sett 1941, sbr. grg. með frv. Við nánari athugun á fyrirliggjandi frv.-drögum kemur í ljós að í veigamiklum atriðum má ætla að frv. stuðli ekki að framförum og tæknivæðingu þjóðfélagsins á sviði fjarskipta né veiti skýr skilyrði fyrir rekstri fjarskiptavirkja hjá ríkisstofnunum öðrum en Póst- og símamálastofnun. Fulltrúar frá ofangreindum ríkisstofnunum, sem reka fjarskiptavirki, hafa fjallað sameiginlega um frv.-drögin. Í meginatriðum eru sjónarmið þessara stofnana eftirfarandi varðandi hlutverk Póst- og símamálastofnunar og einstaka liði frv.:

Almennt markmið fjarskiptalaga ætti að vera að tryggja þjóðinni örugg og hagkvæm fjarskipti. Ljóst er að því markmiði verður ekki náð með algerri einokun Póst- og símamálastofnunar á þessu sviði.

Í 3. gr. er kveðið á um einkarétt ríkisins varðandi fjárskiptavirki. Ekki þykir ástæða til að Póst- og símamálastofnun hafi svo víðtækan einkarétt sem hér er lýst. Leyfisveiting og eftirlit á vegum Póst- og símamálastofnunar, sem tryggir að fjarskiptavirki séu skv. alþjóðlegum kröfum, ætti að nægja, sbr. 3. mgr. 3. gr. um notendabúnað. Óbreytt 3. gr. mundi hamla gegn innlendri þróun í smíði tækja og ráðgjafarstarfsemi á sviði fjarskiptavirkja þannig að skilyrði til framfara á þessu sviði yrðu verri en ella."

Mér þykir rétt að skjóta því hér inn í að gerð var breyting á þessari gr. í Ed.

„Í 17. gr. er eðlilegt að tilteknar verði ríkisstofnanir er fari með ákveðin fjarskiptamál vegna eigin starfsemi líkt og eldri lög gerðu ráð fyrir. Fyrir liggur að rekstur tiltekinna ríkisstofnana á fjarskiptavirkjum vegna eigin þarfa verði umfangsmikil. Telja verður skv. reynslu að þörfum þessara ríkisstofnana sé hagkvæmast og öruggast mætt með eigin rekstri fjarskiptavirkja á þessum sviðum fremur en með algerri einokun Póst- og símamálastofnunar. Heimildir ráðh. til að veita undanþágu, sem voru í gömlu lögunum höfðu fallið niður í frv. Brýn þörf er á að heimildarákvæði verði áfram í nýjum fjarskiptalögum til að veita svigrúm í sérstökum tilvikum.

Athuga þarf ákvæði V. kafla frv., um umferðarrétt, töku lands eða húsrýmis vegna leiðslulagna og bætur þess vegna. Sem hliðstæðu er vísað til X. kafla vegalaga nr. 6 frá 1977.

Skv. ofansögðu er ljóst að hagur þeirrar þjónustu sem aðrar ríkisstofnanir en Póst- og símamálastofnun veita á sviði fjarskipta er betur tryggður með gildandi lögum frá 1941 heldur en í fyrirliggjandi lagafrv. nema breytingar til samræmis við nútímann komi til."

Svar póst- og símamálastjóra varðandi þessa greinargerð var ekki fullnægjandi að mínum dómi. Nú er þess að geta að komið er til móts við kröfur um rýmkun á einkarétti ríkisins í þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í Ed. og í frv. eru ákvæði sem hafa í för með sér mikla bót varðandi notendabúnað. Af þeim ástæðum vil ég ekki standa gegn frv. En ég mun ekki greiða atkv. með því þar sem ég tel samgn. ekki hafa fengið þann tíma til að afgreiða það sem eðlilegur væri. Er þetta aðeins enn eitt dæmið um þau óeðlilegu vinnubrögð sem þm. er ætlað að tileinka sér.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur um málatilbúnað hér. Eins og fram kom af lestri hennar úr umsögn er þetta mál sem skiptir mjög miklu að sé rétt úr garði gert, vegna þess að nú eru mjög örar breytingar í þessum efnum, sem koma til með að ráða mjög miklu um það hvernig okkur tekst að nýta okkur og hafa stjórn á þeim breytingum sem munu verða í tölvumálum og fjarskiptamálum á næstunni. Þetta hefur í raun og veru ekki fengið neina meðferð í Nd., hvorki hér í stól né í nefnd, eins og hv. þm. lýsti. Mér þykir þessi málsmeðferð ekki nægilega góð.

Ég hef verið að reyna í dag, svona á milli mála, að glugga í þykkan bunka af umsögnum sem hafa borist um þetta mál. Mér sýnist við fyrsta lestur að hv. samgn. í Ed. hafi fengið fjölda umsagna, sem síðan hefur verið vísað aftur til Póst- og símamálastofnunar, sem virðist hafa ansi ríkt forræði í þessu máli. Í umsögn sinni um umsagnir málsins gefur Póst- og símamálastofnun síðan leyfi eða, eins og sagt er, getur Póstur og sími fallist á að svofelld breyting verði gerð á 2. gr. frv., svo að ég taki dæmi. Ég viðurkenni að vísu að ég hef ekki fengið aðra tíma til að fara nákvæmlega í þetta en ég kann ekki við það t. d. að Póst- og símamálastofnun gefur hv. þingnefnd leyfi til að flytja brtt. sem síðan koma á þskj. 913. Mér sýnist nú að það hefði verið ástæða til að líta ögn nánar á þessi mál, vegna þess að eins og umr. hafa sýnt telja margir að forræði Póst- og símamálastofnunar í þessum efnum sé þegar orðið meira en nóg og handleiðsla þeirrar stofnunar við meðferð samgn. á málinu sé kannske meiri en góðu hófi gegnir.

Ég mun ekki greiða atkv. með þessu máli.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil að það komi fram að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. af mörgum þeim ástæðum sem þegar hafa verið hér tilnefndar, en af þeim tveimur ástæðum til viðbótar: Ég tel að hér sé um algerlega ótímabæra lagasetningu að ræða. Á döfinni er breyting á útvarpslögum, sem vafalaust getur haft áhrif á að breyta þurfi þá jafnframt fjarskiptalögum, svo og vegna þess að sú nefnd er samdi þetta frv. bendir réttilega á að um kapalkerfi hefur ekki verið mótuð nein stefna, og nefndin telur það ekki í sínum verkahring að móta hana. Eins og mjög skiljanlegt er. Það er einu sinni stjórnmálamanna að gera það. Þess vegna tel ég þessa lagasetningu með öllu ótímabæra og get ekki undir nokkrum kringumstæðum greitt henni atkv. mitt hér og nú.

Þess utan hafa þm. haft allt of lítinn tíma til að fjalla um þetta frv., en það er eins og hér hefur komið fram eins og annað hér á hinu háa Alþingi þessa dagana, að öll lagasetning sýnist vera meira og minna hraðsoðin, meira og minna upphaflega samin af einhverjum þrýstihópum úti í bæ, gersamlega snauð af nokkrum pólitískum hugmyndum og frumlegri hugsun þm. sjálfra. Síðan eiga þm. að sitja hér sólarhringum saman og greiða þessu atkv., eins og það er kallað til að flýta fyrir þingstörfum. Í þetta skipti er þolinmæði mín þrotin, og ég mun ekki greiða þessu frv. atkv. mitt.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Síðasti ræðumaður sagði að eitthvert fólk úti í bæ

hefði samið þetta frv. Þetta fólk úti í bæ var fyrrv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, sem var formaður nefndarinnar, ráðuneytisstjórinn í samgrn., Eiður Guðnason alþm., Guðjón Ingvi Stefánsson framkvæmdastjóri, Helgi Seljan alþm., hann er flokksbróðir hv. síðasta þm. og hann er maður úti í bæ, Jón Skúlason, hann er líka maður úti í bæ, póst- og símamálastjóri og Jón Sveinsson lögfræðingur og varaþm., hefur setið hér á þingi.

Þetta frv. var lagt fyrir snemma í vetur og er 252. mál, fékk ítarlega meðferð í Ed. og svo komum við að því. Kapalkerfið er að vísu ekki afgreitt, það er mjög ör framþróun í þeim málum. En hér er um stórkostlega breytingu að ræða í frjálsræðisátt, að gefa allan notendabúnaðinn frjálsan, sem þessi nefnd var sammála um og ég breytti ekki einum staf í frv. sem hún lagði til. Hins vegar lýsti ég því yfir í Ed. að ég tel fjarskiptamálin eða framþróun þeirra og kapalkerfin og fleira vera þess eðlis að í það þurfi nýja nefnd, en ég tel það illa farið ef þetta frv. fengi ekki afgreiðslu og það ætti að bíða jafnvel í nokkur ár eftir því að gera notendabúnaðinn frjálsan.

Þeir sem hér hafa tekið til máls hafa talað um að það væri allt of mikil einokun hjá Pósti og síma. Þegar verið er að gefa þar eftir og taka af Pósti og síma, þá virðast þeir ræðumenn sem hér hafa komið fram ekki hafa skilið hvað væri verið að gera og sagt: Við skulum bara bíða lengur og láta Póst og síma hafa alla einokun á meðan. Ég tel að umrædd nefnd hafi stigið mjög merkilegt skref í frjálsræðisátt og til móts við þann tíma sem við lifum á. Ég held að sú breyting sé fram undan að það komi fram nýjar tillögur og það verði skipuð ný nefnd til að fjalla um þau vandamál sem við blasa sem eru mörg. Þær aths. sem lesnar voru hér upp stafa fyrst og fremst af því að það vantaði í frv. atriði, sem ég átti hlutdeild að að samgn. Ed. bætti inn í og væru í frjálsræðisátt, þannig að hægt væri að ganga lengra en nefndin gengur. Það hefur enginn samgrh. notað sína heimild nema í þá átt að ganga lengra en einkaréttur Pósts og síma er. Allir ráðherrar hafa gengið nokkru lengra til þess að vera í takt til tímann. Ég álít því mjög nauðsynlegt að samþykkja þetta frv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram að samgn. kallaði póst- og símamálastjóra fyrir sig og spurði allítarlega út í þetta mál og einnig kom skólastjóri Stýrimannaskólans og ýmsir skipstjórar, þ. á m. tveir kennarar úr Stýrimannaskólanum, og þeir lögðu allir áherslu á að afgreiða þetta frv. (**GHelg:** Það er von, hann samdi það.) Ég var að tala um skipstjórana.

Það kom fram hjá póst- og símamálastjóra að það yrði engin breyting í sambandi við aðrar ríkisstofnanir. Hann vildi halda því fram að þetta frv. kæmi ekkert inn á það svið, það væri engin breyting frá því sem áður hefur verið. Ég vil líka taka það fram út af því sem hv. þm. Guðmundur Einarsson sagði hér áðan að auðvitað eru miklar framfarir í þessum málum, en það þýðir ekki að við verðum ekki að setja löggjöf eins og málin standa í dag, heldur þýðir það það að við verðum að endurskoða þessa löggjöf mjög fljótt vegna þeirra framfara sem eru á þessu sviði. Og þó ég viðurkenni að það er ekki hægt að bjóða nefndum upp á svona vinnubrögð, ég kem kannske að því síðar, þá held ég að það sé réttmætt miðað við allar aðstæður að samþykkja þetta frv.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Ég tel rétt að gera aðeins grein fyrir minni afstöðu til þessa máls fremur en gera það við atkvgr. Hún er í stuttu máli sú, að ég mun styðja þetta frv. Ég tel að það horfi til bóta og í því séu ákvæði sem eðlilegt er að nái fram að ganga, varðandi vissa rýmkun frá því sem verið hefur, frá gildandi lögum varðandi verksvið Pósts og síma. Eins og hér hefur komið fram er notendabúnaður tekinn undan og viss rýmkun í sambandi við verksvið manna sem að þessum málum vinna. Ég tel það líka skipta miklu að sú breyting, sem í Ed. varð gerð í sambandi við fjarskiptavirki, úr því hefur verið skorið af nefnd að hún taki ekki til kapalkerfa. Það er þá mál sem bíður síðari tíma, útvarpslagasetningar væntanlega, þar sem um það verður fjallað og Alþingi gefst kostur á að skera úr um það.

Vissulega er hér um allflókið mál að ræða tæknilega og eflaust einnig deildar meiningar um pólitíska niðurstöðu hjá hv. þm. En ég tel út af fyrir sig langt frá því óeðlilegt að að þessu máli komi á undirbúningsstigi aðilar sem vel þekkja til í hinum flókna heimi fjarskiptanna. Það er ekki aðeins að við séum bundnir þar af eigin lögum heldur gilda þar alþjóðlegar reglur og samþykktir sem við hljótum að taka tillit til. Þetta vildi ég að fram kæmi og það að ég tel mig geta stutt þetta frv. eins og það nú er með allgóðri samvisku.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 23:2 atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
15.—18. gr. samþ. með 25:1 atkv.
19. gr. samþ. með 24:1 atkv.
20.—21. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 23:1 atkv.
23.—24. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26:1 atkv.

Búnaðarbanki Íslands, frv. 332. mál (þskj. 696, n. 978). — 2. umr.

Frsm. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 28/1976, um Búnaðarbanka Íslands. Stefán Valgeirsson, formaður bankaráðs Búnaðarbankans, Friðjón Þórðarson bankaráðsmaður, Helgi Seljan bankaráðsmaður, Stefán Pálsson bankastjóri, Jón Adolf Guðjónsson bankastjóri, Leifur Kr. Jóhannesson framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda, komu á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir viðhorfum sínum.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Undir nál. rita allir nm. fyrirvaralaust nema hv. þm. Páll Pétursson, sem ritar undir nál. með fyrirvara.

Þau rök sem hv. fjh.- og viðskn. hefur í huga

varðandi þetta mál koma best fram í ummælum forsrh. Steingríms Hermannssonar í grg. með frv. þessu. En þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Kostir þess að allir viðskiptabankarnir heyri undir sama ráðh. eru augljósir. Reyndar má segja að önnur skipan mála sé ekki eðlileg. Séu bankarnir undir sama ráðh. tryggir það samræmdari afstöðu stjórnvalda gagnvart bönkunum en verið hefur. Núverandi skipan mála er t. d. af ýmsum talin eiga sinn þátt í örri fjölgun bankaútibúa á undanförnum árum. Þá er þessi breyting til þess fallin að ýta undir þau viðhorf að hver viðskiptabanki skuli sinna atvinnulífinu í heild en sé ekki bundinn að verulegu leyti af þjónustu við tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunahóp."

Í grg. er einnig vitnað til bókunar bankamálanefndarinnar, sem hefur verið að störfum nú um nokkurra ára skeið, en þar segir að meiri hl. nefndarinnar sé þeirrar skoðunar að það mundi flýta sameiningu og fækkun viðskiptabanka ef viðskrh. hefði forgöngu um tæknilega útfærslu sameiningar sem leggja mætti fyrir Alþingi í frv.-formi á næsta þingi. Frv. þetta og frv. um Iðnaðarbanka Íslands tengjast því máli. Þá er rétt að það komi fram að Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem starfar á grundvelli laga nr. 45/1971, lýtur nú yfirstjórn landbrh. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir breytingum í þeim efnum. Á hinn bóginn mun veðdeild Búnaðarbankans, sem starfar skv. lögum nr. 34/1979, falla undir yfirstjórn þess ráðh. sem fer með bankamál eins og aðrar veðdeildir. Síðan segir í lok grg.:

„Frv. er flutt af forsrh. þar sem það varðar lagaákvæði um starfssvið tveggja ráðh. og er forsenda breytinga á reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969, sem gera verður til samræmis við efni frv."

Ég hygg að það sé tæplega hægt að orða rökstuðninginn öllu skýrar en gert er í þessari grg. forsrh. með frv. Undir þann rökstuðning tek ég í einu og öllu. En ég vil að lokum láta það koma fram, herra forseti, að minn flokkur, Alþb., hefur mjög lengi verið þeirrar skoðunar að það að sameina alla bankana og yfirstjórn þeirra í einu rn. væri mikilvæg forsenda þess að unnt væri að stíga frekari skref á þeirrri braut að samstilla bankakerfið í landinu betur en gert hefur verið til þessa — og að tryggja bætta hagkvæmni þess frá því sem verið hefur.

Herra forseti. Ég hef ekki neinu við þetta að bæta en nefndin leggur til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Mér er að vísu ljóst að hér er meiri hl. fyrir því að þetta mál nái fram að ganga, en vegna þess sem fram mun koma í þessum málum síðar vil ég ekki láta hjá líða að ræða þessi mál nokkuð. Mér eru það hins vegar vonbrigði að flm., hæstv. forsrh., er ekki hér viðstaddur þessa umr. því að ég kemst ekki hjá því að gagnrýna mjög þau vinnubrögð sem höfð hafa verið í frammi í þessu máli.

Í fyrsta lagi vil ég mjög gagnrýna það að ekki skyldi orðið við því að senda þetta mál til umsagnar eins og allt er í pottinn búið. Við 1. umr. málsins las ég upp samþykkt sem gerð var í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, till. sem formaður Stéttarsambands bænda flutti og vék að Stofnlánadeild, með ósk um að þetta mál yrði sent til umsagnar bæði bændasamtökunum, Búnaðarfélagi Íslands og Stofnlánadeild. Þetta var ekki gert. Hins vegar er það rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, að aðilar frá þessum stofnunum voru boðaðir til n. kl. hálftvö og þá var náttúrlega lítill tími til að ræða þessi mál. Það var hálftími eða tæplega það sem þessi hópur fékk til þess að ræða við n. um þetta mál.

Frsm. n. vitnaði í grg. með þessu frv. og mér skildist hann telja að þar komi fram meginrök í þessu máli. Ég held að það væri hægt að hrekja hvert atriði í þessari grg. Í fyrsta lagi að því er Búnaðarbankann varðar hafa útibú aldrei verið stofnuð úti á landi nema útibúið á Akureyri öðruvísi en yfirtekið hafi verið annaðhvort sparisjóður eða innlánsstofnun um leið og bankinn hefur sett sig niður á viðkomandi stöðum. Það er aðeins útibúið á Akureyri sem var stofnað sama árið og Búnaðarbankinn byrjaði á starfsemi sinni í Reykjavík.

Það er talað um það í grg. að þetta sé gert til þess að bankarnir sinni atvinnurekstrinum alhliða og mætti draga þá ályktun af þessum ummælum að Búnaðarbankinn gerði það ekki. En ef þetta er athugað kemur það t. d. í ljós í sambandi við Búnaðarbankann, eins og greinilega kom fram hjá Jóni Adólf bankastjóra á þessum viðræðufundi, að Búnaðarbankinn er alhliða banki. Hann tekur t. d. þátt í starfsemi í sambandi við iðnaðinn svipað og Iðnaðarbankinn. Hann er með yfir 30% í sambandi við landbúnað. Hann er að vísu með minna í ýmsu öðru, t. d. sjávarútvegi, en hann sinnir sjávarútvegi alveg á þeim stöðum þar sem hann hefur útibú.

Benda má á það að hinir ríkisbankarnir eru með upp undir 50% t. d. í sjávarútvegi. Verslunarbankinn er með yfir 40% í verslun og þannig mætti lengi telja. Ef þetta er skoðað alveg niður í kjölinn, þá kemur í ljós að það hallar a. m. k. ekki á Búnaðarbankann að því leyti til að sinna öðrum atvinnurekstri en landbúnaði.

Það hefði verið fróðlegt að fá það upplýst, — en maður gerir ekki ráð fyrir að svör fáist við neinu hér, menn eru fyrir fram ákveðnir í sinni afstöðu og það er víst ekki siður að gefa svör við spurningum, allra síst þegar langt er liðið á nóttu — sem ég spurði að við 1. umr. um þetta mál, hvað bankamálanefndin hefði athugað í sambandi við reksturskostnað bankanna. Í grg. kemur fram að það þurfi að stækka bankana til þess að það komi rekstrarlega betur út og talið að það mundi vera hægt að spara fé að þessu leyti. Mér er ekki kunnugt um að þetta hafi verið skoðað frekar en annað. Fyrir nokkrum árum var þetta athugað og þá kom í ljós að stærsti bankinn, Landsbankinn, var með tiltölulega langsamlega mestan reksturskostnað. Og þó að það sé ekki gott að bera það saman við reksturskostnað Búnaðarbankans t. d. af því að hann var þá ekki með gjaldeyrisviðskipti, þá benti allt til þess að Útvegsbankinn væri hagstæðari stærð rekstrarlega en Landsbankinn. Ég held því að sá þáttur sé ekki kannaður, það séu fullyrðingar. Það þarf að breyta einhverju og þess vegna er bara breytt án þess að menn geri sér grein fyrir til hvers sú breyting muni leiða.

En aðalmálið í þessu er það, að ekkert hefur verið athugað hvernig eigi að koma málum fyrir t. d. í Búnaðarbankanum. Menn hafa kannske ekki athugað það að Búnaðarbankinn er stofnaður af sjóðum landbúnaðarins. Þeir voru til löngu fyrir 1930. Hann er stofnaður af sjóðum landbúnaðarins. Hvaða hlutdeild á hann t. d. í fasteignum bankans? Hvernig verður sá rekstur ef á að skilja þarna á milli veðdeildarinnar annars vegar og Stofnlánadeildarinnar sem eru þó

reknar saman? Stofnlánadeildin er ein deild í bankanum, hefur verið það frá upphafi. Hún hét að vísu annað, fyrst framan af árum Ræktunarsjóður, Nýbýlasjóður, Byggingarsjóður og fleiri nöfnum. En það breytir ekki málinu. Þetta er það sama og var þó að búið sé að breyta um nafn.

Það má segja að þetta sé liður í þeirri viðleitni að þrengja að landbúnaðinum, gera honum erfiðara fyrir. Ég veit ekki hvað það þýðir hér í þessari grg. þegar talað er um að það sé nauðsynlegt að sameina banka. Það voru lengi uppi áform um að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann. Það kemur ekki í ljós í þessari grg. hvað er átt við með því að það þurfi að stefna að því að sameina bankana. En miðað við sögu þessa máls, miðað við það sem áður hefur skeð gæti mönnum dottið í hug að það sé sama hugmundin sem uppi er eins og var fyrir nokkrum árum.

Það rignir hér yfir tillögum alls konar, alls konar málum sem eru þannig að þau þrengja og rýra hlut landbúnaðarins. Það stendur ekki á því. Það stendur meira á því að gera eitthvað í sambandi við þá stöðu sem strjálbýlið og raunar landsbyggðin stendur nú í. Það stendur meira á því. Fyrir nokkrum árum, 1979, var t. d. breytt jarðræktarlögum. Þeim var breytt á þann veg að gerð var fimm ára breyting þannig að það átti að minnka styrkina út á ýmsar framkvæmdir í landbúnaði. Þetta gilti í fimm ár. Þetta fé átti að nota til að gera framleiðslubreytingu vegna þess að þá var sýnt að það þurfti að draga úr hinni hefðbundnu framleiðslu. Hvernig hefur verið staðið við þetta? Mér er þetta kannske minnisstætt af því að ég átti þessa hugmynd á þeim tíma að fara þannig að. Þetta var að verulegu leyti svikið. Það fékkst ekki það fjármagn sem var búið að lofa. Þessi framleiðslubreyting hefur að litlu leyti átt sér stað. Þannig væri hægt að rekja hvert málið eftir annað. Og nú er þannig komið fyrir ýmsum byggðum að ekki blasir annað við en menn verði að ganga frá jörðum sínum og það í stórum stíl.

Það þarf enginn að halda að það sé að ástæðulausu að 800 bændur hafa beðið um skuldbreytingu. Það þarf enginn að halda að það sé að ástæðulausu að sumir bændur eru ekki búnir að fá áburð þegar komið er langt fram yfir þann tíma, a. m. k. sums staðar, sem þyrfti að vera búið að bera á í svona árferði. En skilningurinn hér á hv. Alþingi er sá, að það rignir yfir þáltill. frá flestöllum flokkum, sem mundu, ef samþykktar væru, rýra hlut landsbyggðarinnar. Ég gæti komið með sýnishorn af þessu frá öllum flokkunum.

Þegar Búnaðarbankinn var stofnaður fyrir 54 árum var það Tryggvi Þórhallsson sem flutti það mál. Þá stóð upp stjórnarandstaðan hér á Alþingi til að þakka fyrir það frv. Það var tekið eftir því vegna þess að það hafði ekki komið fyrir að stjórnarandstaðan þakkaði fyrir flutning á frv. Þá var skilningurinn fyrir landbúnaði á þennan veg. Það var einn sem greiddi atkv. á móti frv. 1929. En nú sameinast flokkarnir um það að minnka áhrif landbúnaðarins, brytja þetta niður, leggja grundvöll að því að gera þarna breytingu áður en búið er að gera það upp við sig og athuga hvernig á að fara að því, hvernig á að standa að því. Það þarf að flýta sér svo mikið. Og það er vegna þess að það stendur í stjórnarsáttmálanum, að sagt er. Það er eiginlega hliðstætt því sem gerðist hér um nóttina þegar verið var að samþykkja kosningalögin. Þá þurfti að standa við það loforð sem flokkarnir voru búnir að gefa hver öðrum, þó allir væru óánægðir. En það þurfti ekki að standa við hitt fyrirheitið, sem var búið að gefa strjálbýlinu eða landsbyggðinni yfirleitt.

Nei, það er orðin breyting á. Og því miður eru fulltrúar landsbyggðarinnar hættir að standa uppréttir margir hverjir. Það er hvorki meira né minna. Sú breyting sem er verið að gera nú á kosningalögum og öðrum hlýtur að leiða til þess að línurnar skerpast á milli strjálbýlis eða landsbyggðarinnar og þéttbýlisins, hlýtur að gera það, þó að ráðherrar og ýmsir þm. telji, þegar þeir eru komnir út á land, nauðsynlegt að ekki séu skerptar þessar línur. Það er eins og þeir óttist það að svo muni verða, en það liggur í augum uppi að þetta hlýtur að verða, a. m. k. ef ekki verður staðið við þau fyrirheit sem búið er að gefa í sambandi við þá breytingu.

Ég kem inn á þessi mál hér vegna þess að þetta frv., sem er ekki stórt í sniðum, það er ein grein, það er aðeins um að yfirstjórn bankans sé í höndum ráðh. þess sem fer með bankamál og það er víðs fjarri að ég beri nokkurn kvíðboga fyrir því að sá sem er bankamálaráðh. nú muni ekki halda á þessum málum af réttlæti, en enginn okkar sem hér erum, verður lengi í þessum sölum eða í ráðherrastóli og það er verið að stíga hér eitt af þessum skrefum sem ekki verða stigin til baka. Þetta er enn ein fjöðrin sem verið er að taka af landsbyggðinni. Og þetta yrði líka til þess, og kannske ekki síst það, að landsbyggðarfólkið missir vonina um umbætur, um breytingar, um réttlæti, vegna þess að það er á einn veg sem tillögur og frv. koma hér fram. Það er um að rýra áhrif landsbyggðarinnar. Það er það sem verið er að gera.

Það er kannske fróðlegt fyrir hv. þm. að heyra eitthvað úr sögu Búnaðarbankans á þeim árum sem hann hefur starfað, ekki síst hvernig það gerðist að hann tók til starfa. Ég er hér með fyrir framan mig greinargerð sem tekin var saman af Hauki Þorleifssyni þegar bankinn var 30 ára og mun hafa verið birt að einhverju leyti á þeim tíma til að minnast 30 ára afmælis Búnaðarbankans.

Fyrst segir frá því að Ræktunarsjóður Íslands var stofnaður með lögum frá 2. mars 1900 af andvirði seldra þjóðjarða frá árslokum 1883 til ársloka 1898. Höfuðstólnum átti að verja til lánveitinga, til jarðabóta og annarra framkvæmda er að jarðrækt lúta. Vöxtunum mátti verja til verðlauna fyrir frábæran dugnað í jarðabótum. Fram til þess tíma hafði ekkert verið aðhafst í ræktunarmálum landsins. Almenningur var seinn að taka við sér og sinna jarðrækt að nokkru ráði þrátt fyrir uppörvun og eldlegan áhuga aldamótamannanna svonefndu og fyrirheit um lán til jarðabóta og nokkur verðlaun fyrir sýndan dugnað.

Ræktunarsjóður hafði mjög litlu fjármagni úr að spila fyrstu árin, enda þótt sumir þm. létu í umr. í ljósi ótta um að sjóðurinn mundi vaxa svo ört að hann yrði fljótt óþarflega stór og vildu setja honum vaxtarskorður. Þrátt fyrir lítils háttar breytingar á lögunum verður lítil breyting á starfsemi sjóðsins vegna fjárskorts. Ótti þm. um risavöxt sjóðsins reyndist því miður ástæðulaus því oftast hefur hann verið tómur þegar átti að fara að lána úr honum.

Með lögum um Ræktunarsjóð frá 1925 verður breyting á starfsgetu sjóðsins, enda er sjóðurinn sem stofnað-

ur var 1900 oftast nefndur gamli ræktunarsjóðurinn en núverandi ræktunarsjóður er talinn byrja 1925. Skv. þeim lögum er höfuðstóll sjóðsins andvirði seldra þjóðjarða frá árslokum 1983, tekjur af þjóðjörðum frá fardögum 1925, 250 þús. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði, varasjóður veðdeildar Landsbankans, þegar lokið er skuldbindingum þess flokks, sá hluti Viðlagasjóðs Íslands sem er eign veðdeildar Búnaðarbankans, og loks 1 millj. kr. sem ríkissjóður leggur fram til frekari aukningar á höfuðstól sjóðsins.

Enn fremur var í þeim lögum gert ráð fyrir fjölþættari lánastarfsemi. Skv. þeim mátti lána til beinna ræktunarframkvæmda, til girðinga um tún og engi, til vega, til heimilisnotkunar, til vatnsveitna í bæjarhús og peningshús, til rafstöðva til heimilisnotkunar og til íbúðarhúsa og alls konar útihúsa. Með þessum lögum var Ræktunarsjóður gerður vel starfhæfur á þeirra tíma mælikvarða, enda taka bændur í flestum sveitum nú til við ræktun túna, áveitur á engjum, girðingar um tún og engjar, húsabætur o. s. frv. Hámark lána úr sjóðnum var ákveðið 25 þús. kr. og vextir 6%. Eftir að Byggingar- og landnámssjóður tók til starfa 1928 var lánað úr honum út á íbúðarhús úr steini, en út á timburhús úr Ræktunarsjóði fram til 1947. Eftir þann tíma lánar Byggingarsjóður einnig út á timburhús til 25 ára.

Lögum um Ræktunarsjóð var enn breytt árið 1935. Var aðalbreyting fólgin í heimild útgáfu bankavaxtabréfa allt að sexfaldri upphæð á við höfuðstól sjóðsins. Nokkurs fjár var aflað með sölu þeirra jarðræktarbréfa, bæði innanlands og þó einkum í Danmörku. Samtals nam útgáfa jarðræktarbréfa 4.1 millj. kr. Voru þau öll innleyst fyrir árslok 1945.

Enn var lögunum breytt 1947. Þá var gert ráð fyrir ½ millj. kr. framlagi árlega úr ríkissjóði og að ríkissjóður lánaði sjóðnum nauðsynlega fjárhæð vegna starfsemi hans, þó ekki yfir 10 millj. kr. gegn 1.5% vöxtum til 20 ára. Ríkisstjórnir hafa ekki enn notað þessa heimild en útvegað sjóðnum nauðsynlegt starfsfé á annan hátt, m. a. með lántöku erlendis, t. d. 1.5 millj. 1947.

Með þessum lögum er ekki gert ráð fyrir að Ræktunarsjóður láni til íbúðarhúsa. Hins vegar er starfssvið hans aukið með því að nú má einnig lána til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, þótt ekki sé á sveitabýlum, eins og mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullar- og skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva, landbúnaðarverkstæða, íbúðarhúsa og verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, rafstöðva, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum sem notaðar eru við landbúnað. Þrátt fyrir þessa heimild hefur aldrei verið lánað til bústofnsauka sökum fjárskorts sjóðsins og ýmissa annmarka við framkvæmd slíkra lánveitinga. Enn fremur hefur lítið verið lánað einstaklingum til vélakaupa í seinni tíð. Útlánavextir voru 2.5%, lánstími 5—25 ár eftir varanleika framkvæmda.

Gildandi lög um Ræktunarsjóð eru frá 28. maí 1957 og eru um flest samhljóða lögunum frá 1947 nema hvað árlegt ríkisframlag er hækkað úr ½ millj. kr. upp í 1.6 millj. kr. og útlánsvextir hækkaðir úr 2.5% upp í 4%. Á árinu 1960 voru útlánsvextir hækkaðir skv. heimild nr. 1 frá 1960 upp í 6.5% og hámarkslánstími færður niður í 15 ár.

Útlán Ræktunarsjóðs hafa farið ört vaxandi frá 1947 og hafa verið hin síðari ár um og yfir 40 millj. kr. til 800 bænda. Síðustu árin voru lánin 864, samtals 49.6 millj. kr., þar af 10 millj. til vinnslustöðva og viðgerðarverkstæða. Samtals hefur Ræktunarsjóður lánað frá 1925 til ársloka 1960 11 679 lán að fjárhæð 331 millj. kr., þar af til vinnslustöðva og viðgerðarverkstæða 32 millj.

Starfsfjár hefur sjóðnum verið aflað að langmestu leyti með lántökum innanlands og utan. Eins og að framan segir var fyrst framan af og allt fram til ársins 1945 nokkurs fjár aflað með sölu bankavaxtabréfa bæði innanlands og utan, en síðan hefur verið talið tilgangslaust að bjóða út jarðræktarbréf til almennings. Ríkissjóður hefur lánað sjóðnum á árunum 1948—1960 samtals 68 millj. kr. Mestan hluta þessara lána, frá 1953, 1955 og 1957, var breytt í óafturkræft framlag svo að eftir stendur sem skuld við ríkissjóð aðeins 1300 millj. kr. lán veitt 1960.

Á árunum 1952—1960 tók ríkissjóður lán erlendis handa sjóðnum samtals í ísl. kr. skv. því gengi sem gilti þegar lánin voru tekin 109 millj. kr. Eftirstöðvar eru nú rétt yfir 200 millj. kr. Skuldirnar hækkuðu við gengisbreytingar um samtals 105 millj. kr. Auk þess hefur Ræktunarsjóður áður greitt í yfirfærslugjald af ársgjöldum á árunum 1958 og 1959 3.4 millj. kr.

Úr Mótvirðissjóði hefur Ræktunarsjóður fengið samtals um 150 millj. kr. Þessi lán eru til 20 ára, en óhagstæð vegna þess að þau eru með 6.5% ársvöxtum meðan útlán sjóðsins báru 4%, nú 8% þegar sjóðurinn lánar með 6.5% vöxtum. Áður en gengislækkanirnar komu til átti sjóðurinn skuldlausa eign er nam 59 millj. kr. en eftir gengislækkunina síðustu á hann um 50 millj. minna en ekki neitt og rekstrarhalli óhjákvæmilegur vegna vaxtamunar.

Byggingar- og landnámssjóður eins og hann hét áður, var stofnaður með lögum frá 7. maí 1928. Var hlutverk hans að lána til endurhýsingar á gömlum jörðum og til hýsingar á nýbýlum. Endurhýsingarlánin voru 4% lán til 42 ára, húsalán til nýbýla á ræktuðu landi 2.5% til 50 ára og vaxtalaus húsalán til nýbýla á óræktuðu landi. Árið 1936 var stofnaður sérstakur nýbýlasjóður en seinna sameinaður aftur Byggingarsjóði.

Gildandi lög um Byggingarsjóð eru frá 28. maí 1957, í VII. kafla laga um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Árlegt tillag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs fram til 1947 var 200 þús. kr. upp í 1.1 millj., en frá 1947 2.5 millj. Enn fremur hefur sjóðnum verið séð fyrir starfsfé með lántökum, bæði erlendis og innanlands. Ríkissjóður hefur veitt sjóðnum samtals um 40 millj. kr. lán, þar af 20 millj. ógreitt um síðustu áramót, afgangurinn var að mestu eftirgefinn á sömu árum og eftirgjafir til Ræktunarsjóðs fóru fram. Úr Mótvirðissjóði fékk hann 3 millj., úr veðdeild Landsbankans á vegum Húsnæðismálasjóðs 36 millj. kr. Af erlendum lánum fékk hann árlega um skeið í íslenskum krónum 15.5 millj. sem nú eru að eftirstöðvum þrátt fyrir nokkrar afborganir rúmlega 35 millj. kr. Gengislækkanir hafa hækkað skuldina um ca. 22.7 millj. kr. auk yfirfærslugjalds 1958 og 1959, 1.2 millj. kr. Höfuðstóll sjóðsins hefur því minnkað allverulega við þessar aðgerðir en er þó enn um 19 millj. kr.

Skv. gildandi lögum er heimilt að lána allt að 75% af kostnaðarverði húsa. Í framkvæmd hefur það verið svo, að sett hefur verið hámark í krónutölu út á hvert hús. Er hámarkið um 90 þús. kr. og 60% hærra út á tvíbýlishús, þ. e. 135 þús. kr. Fyrst voru vextir eins og áður segir 4%, árgjald 5% af upphaflegu upphæðinni.

Síðan var vöxtunum breytt í 2%, en eru nú 6%. Lánstími hefur verið 25—42 ár eftir gerð húsanna og varanleika. Samtals hefur sjóðurinn lánað 124 millj. kr., langmest síðustu árin, til jafnaðar 10 millj. kr. á ári. Á síðasta ári voru lánaðar rúmar 13 millj. Árleg vaxtagjöld sjóðsins nema ca. 5.2 millj. en vaxtatekjur ca. 2.3 millj. svo að halli á vaxtareikningi verður ca. 2. millj. kr.

Veðdeild Búnaðarbankans er stofnuð með lögum um Búnaðarbanka 1929 og hófust lánveitingar úr henni 16. des. 1930. Starfsfé sitt fékk hún fyrst úr ríkissjóði gegn 6% bankavaxtabréfum. Voru samtals gefin út bréf fyrir 1.5 millj. kr., öll innleyst fyrir árslok 1944. Útlánsvextir 1. flokks deildarinnar voru 4.5%, svo að vaxtahalli var 1.5%, stöðugur rekstrarhalli greiddur úr Viðlagasjóði en Viðlagasjóður var afhentur veðdeild og Ræktunarsjóði til eignar. 2. flokkur var stofnaður 1946, 3. flokkur 1955, 4. flokkur 1960.

Á árunum 1952—1957 fékk veðdeildin 6 millj. kr. úr ríkissjóði sem breytt var í óafturkræft framlag. Auk þess fékk hún 5 millj. kr. lán úr Atvinnuleysistryggingasjóði, 7% lán til 8 ára, nú að eftirstöðvum 3 millj. 125 þús. kr. og eru vextir 5.5% og höfuðstóllinn vísitölutryggður.

Tilgangur deildarinnar er fyrst og fremst sá að hjálpa bændum til að kaupa jarðnæði og stofna bú. Sýnilegar eignabreytingar á jörðum hafa verið 200—250 á ári undanfarið. Ef gert er ráð fyrir að a. m. k. 100 jarðakaupendur þurfi á aðstoð lánastofnana að halda, hver að meðaltali 100 þús. kr., sem er allt of lágt áætlað, þyrfti veðdeildin a. m. k. 10 millj. kr. árlega í reiðufé til að mæta þörfinni.

Búnaðarbanki Íslands var stofnaður með lögum frá 14. júní 1929 og tók til starfa 1. júlí 1930. Þær tvær lánastofnanir sem fyrir voru, Ræktunarsjóður og Landnámssjóður, voru fengnar honum sem sérstakar deildir með sérfjárhag. Auk þess var með lögunum ráðgert að stofnaðar væru fjórar nýjar deildir, sparisjóður, rekstrarlánadeild, sem nú heitir sparisjóðsdeild og annast öll innlend bankaviðskipti og er tengiliður allra deildanna, veðdeild, bústofnslánadeild, lánadeild smábýla við kauptún og kaupstaði, annast reikningshald þeirra og afgreiðslu. Bústofnslánadeildin tók þó aldrei til starfa og er ekki nefnd í gildandi lögum. Hins vegar starfaði smábýladeild frá 14. des. 1942 til ársloka 1946, en þá var hún lögð niður og eignir hennar afhentar Byggingarsjóði. Búnaðarbankinn starfar því nú aðeins í fjórum deildum. Sparisjóðsdeildin hefur vaxið mjög mikið á seinni árum og starfrækir tvö útibú í Reykjavík og tvö utan Reykjavíkur, annað á Akureyri, stofnað 1930, og hitt á Egilsstöðum, stofnað á síðasta ári.

Þróun landbúnaðarins hefur verið mjög hagkvæm hér á landi fram á síðustu ár. Landnámsmennirnir fluttu með sér kvikfénað, sem þeir reyndu í fyrstu að láta ganga sjálfala, en reynslan kenndi þeim fljótt að nauðsynlegt var að ala önn fyrir honum á veturna að meira eða minna leyti með heyöflun á sumrin. Þeir reistu hús fyrir nautpening m. a. og einhver skýli fyrir sauðfé og báru skarn á hóla, þótt frumkvöðullinn hafi verið hæddur fyrir það, til þess að auka grasnytjar og kornrækt. Laukagarða er getið þótt slíkt hafi sennilega verið í smáum stíl. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Ég á langt eftir. (**Forseti:** Það er ósk forseta að hv. ræðumaður fresti ræðu sinni um stund. Við þurfum að afgreiða nokkur önnur mál.) Það er sjálfsagt.

Umr. frestað.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 302. mál (þskj. 950 (sbr. 586), n. 1085 og 1088, 1082). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samgn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Mál þetta barst n. frá Ed. um hádegi s. l. laugardag. Það gefur því auga leið að hún hefur haft mjög skamman tíma til að fjalla um málið. Við 1. umr. hér í Nd. um þetta mál og mál nr. 301, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, flutti hæstv. samgrh. svofellda yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að koma fram með brtt. við lögin sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. okt. á þessu ári.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu áliti um þau ákvæði í lögum þessum sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntmrh., stýrimanna og Vélskólans í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og útgerðaraðila til þess að gera till. um breyt. á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem ekki hafa áður fengið undanþágu til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breyt. laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst."

Nm. urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Halldórsdóttir skila séráliti. Aðrir nm. leggja til að frv. þetta verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

Karvel Pálmason skrifar undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Þeir nm. sem undir nál. skrifa auk frsm. eru Stefán Valgeirsson formaður, með fyrirvara, Eggert Haukdal, Karvel Pálmason, með fyrirvara, og Stefán Guðmundsson, en nafn hans hefur fallið niður í prentun og leiðréttist það hér með.

Frsm. minni hl. (Kristín Halldórsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1088 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þetta frv. er náskylt frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna sem undirrituð leggja til að verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Enda þótt ljóst sé að ágreiningur er ekki jafnmikill um þetta frv. telja undirrituð eðlilegt að þessi tvö mál fylgist að og leggja því til að þetta frv. verði afgreitt á sama hátt og 301. mál með svofelldri rökstuddri dagskrá: Þar sem áríðandi er að tekist hafi sæmileg sátt milli löggjafarvaldsins annars vegar og hagsmunaaðila hins vegar um efni frv., sem snertir starfsréttindi og menntun sjómanna, samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir þetta nál. ritar auk mín hv. þm. Steingrímur J.

Sigfússon.

Um frekari rökstuðning vísast til nál. minni hl. samgn. á þskj. 1087 sem framsögumaður þess álits mun gera nánari grein fyrir í umr. um það mál.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sjávarútvegur er undirstöðuatvinnuvegur Íslendinga. Samt er nú svo komið að Alþingi Íslendinga lætur sér sæma að taka á móti nál. frá n. þar sem hún beinlínis undirstrikar að hún hafi ekki haft tíma til að fjalla um þetta mál. Er þá svo komið fyrir okkur hér á Alþingi að við höfum ekki tíma til að fjalla um mál sjávarútvegsins? Er svo komið að það sé talið eðlilegt að standa þannig að lagasetningu sem varðar grunnatvinnuveg þjóðarinnar að því sé dembt hér inn á elleftu stundu og það sé rekið það grimmt á eftir að n. hrökklist til að afgreiða mál þó að þær lýsi því yfir að þær hafi ekki haft tíma til að vinna að málinu og aðalkjarninn í því að þær þrátt fyrir allt fást til að afgreiða málið er yfirlýsing ráðh. um að hann muni skipa nefnd til að vinna að því hið snarasta að koma þessu máli í betra horf? Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að ráðh. skipi nefnd er vinni að því að gera þetta frv. þannig úr garði hér að það sé eðlilegt að það verði gert að lögum. Það er engin nauðsyn að samþykkja frv. og gera það að lögum fyrst og skipa svo nefnd til að breyta lögunum í haust. Hvað rekur á eftir svona vinnubrögðum? Hvert stefnir Alþingi Íslendinga með svona vinnubrögðum? Mig undrar ef svo er komið að það sé talið eðlilegt að fjalla þannig um mál. Mér er ljóst að ráðh. sækja mál sín með kappi, sumir með ofurkappi, og það getur vel verið að það sé óþægilegt undir sumum kringumstæðum að mæla gegn því að mál séu afgreidd úr n., en til þess eru n. að þeim er ætlað að vinna ákveðið verk og þeim er ætlað að taka afstöðu. Hvað haldið þið að hinn almenni þm. hér í þinginu sé búinn að kynna sér þetta mál mikið fyrst nm. hafa ekki haft tíma til að fjalla um það?

Auðvitað liggur það ljóst fyrir að menn ókyrrast í sætum sínum vegna þess að það eru gerðar athugasemdir við vinnubrögð. Það eru ekki allir sem sitja með krosslagðar hendur, hæstv. iðnrh., og með bros á vör. Mér sýnist nú að það séu farnir að koma rauðir dílar á kinnarnar á sumum. En það er ástæðulaust að hafa hér mörg orð um. Svona vinnubrögð eru Alþingi til skammar. Það er til skammar að taka ákvörðun um að skerða námskröfur þeirra sem bera ábyrgð á mannslífum úti á sjó. Það er lítið samræmi í því að skipa sérstaka sjóslysanefnd á sama tíma og menn telja eðlilegt að gefa eftir á þessum þætti. Framkvæmdavaldið hefur orðið hér til skammar með því hvernig það hefur staðið að þessum málum á undanförnum árum. Sökin er ekki þess ráðh. sem nú fer með þennan málaflokk nema síður sé. Sökin er gömul. Nú á að velta þeirri sök yfir á þingið til að hvítþvo framkvæmdavaldið af þeim mistökum sem það hefur gert. Það er búið að hella yfir þetta sama Alþingi Íslendinga starfsréttindum hjá alls konar starfshópum hér í vetur. Það merkilega er að þar glittir ekki í undanþágur. Þar er ekki þörf á slíku. E. t. v. er hæstv. iðnrh. ánægður með þessa afgreiðslu mála. Það má vel vera að hann telji það til fyrirmyndar. En ég trúi því að Alþingi Íslendinga eigi ekki að vinna svona.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skrifa undir Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

þetta nál. með fyrirvara. Fyrirvarinn liggur í því að við fengum, eins og fram hefur komið, þrjú frv. um hádegi s. l. laugardag — frv. sem eru bæði flókin og erfitt að eiga við og ágreiningur um. Við höfum haldið síðan um hádegi á laugardag, þrátt fyrir að fundur væri til kvölds á laugardag, fimm fundi um þessi mál. Við komum okkur saman um að halda fund á sunnudegi og fengum þangað skólastjóra Stýrimannaskólans og Kristin Gunnarsson úr samgrn. Þá fékk n. til viðræðu, eins og fram hefur komið, póst- og símamálastjóra í sambandi við fjarskiptamálið og tvo kennara úr Stýrimannaskólanum og þrjá skipstjóra til þess að ræða þessi mál. Við höfum fengið margar hringingar þar sem óskað er eftir því að frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum skyldi liggja til hausts.

Ég vil taka það fram að um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum virðist vera lítill ágreiningur. Við fengum á fund Helga Laxdal formann Vélstjórafélagsins. Hann tók það í sína ábyrgð að það væri ekki neinn umtalsverður ágreiningur um það mál. Hins vegar gat ég ekki tekið þátt í afgreiðslu um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna út af ágreiningnum og út af tímaleysi. Þegar ég talaði við forseta Farmanna- og fiskimannafélagsins kom að vísu í ljós að hann hefði gert samkomulag við hæstv. samgrh. um að málið færi fram á þann veg sem hér er lagt til, en taldi þó að betra hefði verið að bíða til haustsins með þessi mál. Hann tók það fram að það væri þegar búið að gefa allar undanþágur fyrir það tímabil.

Nú hef ég ekki nógan kunnugleika á þessum málum, en við erum búin að leggja í það alla þá vinnu sem við höfum getað og þó er ekki forsvaranlegt að láta málið fara svona frá sér. Það verður að taka sig á með þetta í framtíðinni. Það er engin hemja að n. fái frv. til að fjalla um á svo skömmum tíma. Það er hægt að koma í veg fyrir þetta. Þeir sem stjórna hér vinnubrögðum verða að taka sig á að þessu leyti. Þetta gengur ekki. Ég segi að lokum að maður getur varla látið nafn sitt undir svona afgreiðslu.

Ég ætla að láta þetta nægja um bæði frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil gjarnan, ef hæstv. forseti hefur ekkert við það að athuga, ræða þessi tvö mál undir þessum dagskrárlið. (**Forseti:** Það er heimilt.) Auðvitað eru þau nátengd og kannske sparar það tíma.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það eru afskaplega slæm vinnubrögð að ætlast til þess af þingnefndum, ekki síst í málum eins og þessum og raunar miklu fleiri málum, að þær taki sér ekki nægjanlegan tíma til að fara ofan í mál og kynna sér þau og skoða. Þetta er því miður ekki ný saga hér á Alþingi. Raunar er kannske sama hvaða ríkisstj. á í hlut eða hvaða meiri hl. er hér ríkjandi. Held ég að þm. hljóti að kannast við álíka vinnubrögð undangenginna ára. Það er því ekkert sérstakt að því er varðar núverandi meiri hl. hér á Alþingi þó að mér sýnist að ýmislegt bendi til þess að það fari á verri veginn. Þó að slíkt hafi gerst áður er auðvitað engin ástæða til þess að halda því áfram.

Eins og menn sjá á nál. hef ég skrifað undir þetta með fyrirvara og áskil mér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Ég sagði við fyrstu umr. að hér væri um að ræða mál

sem ég væri ekki viss um að menn hefðu almennt gert sér grein fyrir. Hér er fyrst og fremst um að ræða, að því er ég best veit, ágreining um undanþáguveitingar á flotanum og þá fyrst og fremst líklega á fiskiskipaflotanum undangengin ár. Auðvitað vilja, að ég held, flestir koma á því ástandi að slíkar undanþágur verði a. m. k. sem fæstar. Ég er þó þeirrar skoðunar og lét það í ljós hér fyrr að hefði þetta ekki verið gert undangengin ár hefði íslenski fiskiskipaflotinn ekki verið að veiðum eða stór hluti af honum.

Hér er fyrst og fremst um að ræða undanþáguveitingar til vélstjóra. Miklum mun minna er um að veittar séu undanþágur til skipstjórnar- og stýrimanna þó að þær séu trúlega nokkrar. Þetta á fyrst og fremst við um vélstjórana. Ég held að það sé enginn vafi á því að í landinu eru til miklum mun fleiri einstaklingar með full réttindi til þessara starfa en viljað hafa sinna þeim á undangengnum árum. Ég held því að ekki sé hægt að halda því fram að beinlínis sé skortur á menntuðum mönnum til þessara starfa. Þeir hafa hins vegar kosið að gegna öðrum störfum, ekki viljað fara í þessar starfsgreinar. Af þessu stafar vandamálið sem nú blasir við og hefur raunar blasað við lengi. Það er sjálfsagt að gera eins og hægt er í þeim efnum að hlúa að þeim stofnunum sem eiga að mennta menn til þessara starfa. Ekki á það hvað síst við um skipstjóra og stýrimenn, sem gegna hvað mikilvægustum störfum í þessum efnum, en hinu held ég að menn megi ekki gleyma og verði að horfast í augu við þær staðreyndir, að undanþáguveitingarnar eru til komnar vegna þess að réttindamenn, sem þó eru fyrir hendi í landinu, hafa ekki viljað vinna við þessa atvinnugrein.

Um þennan þátt, a. m. k. í frv. er varðar skipstjórnarmennina, er hvað mestur ágreiningur. Þess ber þó að geta hér, sem ég hygg að hafi kannske komið fram áður, að núna síðustu dagana veit ég a. m. k. ekki betur en nokkurs konar samkomulag hafi tekist milli hæstv. samgrh. og forsvarsmanna Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um að 15. gr. frv. falli út, þ. e. um aukin réttindi þrátt fyrir að menntunin segi ekki þar til um, og að þeim þætti málsins verði frestað og taki ekki gildi fyrr en um áramót 1984—85 eða 1. janúar 1985. Um þessa málsmeðferð veit ég ekki betur en sé nokkur friður við forsvarsmenn Farmanna- og fiskimannasambandsins og í ljósi yfirlýsinga hæstv. samgrh., sem er greint frá í nál., sætti þeir aðilar sig, úr því sem komið er, við þessa málsmeðferð. Hinu ber þó ekki að leyna að ýmis félög eða a. m. k. einhver félög innan Farmanna- og fiskimannasambandsins eru óánægð. Þar má nefna Skipstjórafélag Íslands, en fulltrúar þess félags komu á fund n. í morgun og höfðu ýmsar athugasemdir uppi að því er þetta varðaði og vildu að málið lægi til hausts.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé æskilegast, svo fremi sem það er hægt og eigi raunar að ganga eins langt og hægt er til þess, að sætta sem flest sjónarmið í þessum efnum. Þetta eru viðkvæm mál, en þó ber að hafa í huga að menn skyldu ekki ætla að leiðrétting frá því sem nú er gerist eins og hendi sé veifað. Ég held að menn verði á skikkanlegum tíma og með skikkanlegum aðdraganda að vinna sig út úr því máli. Ég held líka þó að uppi séu raddir og kannske margar og þær séu víða sem óski eftir því að þessu máli sé frestað sé það a. m. k. ekki verri leið að afgreiða málið með þeim hætti sem nú er lagt til, með því að taka mesta ágreiningsatriðið út og gefa mönnum tækifæri til þess á komandi sumri fram á haust að reyna að ná sáttum. Þegar fyrir liggur að þetta mál er búið að vera í nefnd í sex ár og er nú fyrst komið úr höndum nefndar með þeim hætti sem hér liggur fyrir er ég alls ekki sannfærður um að það þurfi ekki að þvinga menn til að slíðra sverðin og reyna að ná saman í sem mestri sátt um mesta ágreiningsatriðið sem er í frv., varðandi skipstjórana. Ég hygg að ef mönnum er á annað borð umhugað að ná þar saman höndum ætti það að vera hægt á þeim tíma sem hér er til umræðu.

Ég vil líka í sambandi við undanþágumálið upplýsa að ég sé ekki betur en að eins og með þau mál hefur verið farið frá því 1979, þ. e. frá samgönguráðherratíð hv. þm. Ragnars Arnalds, sé um hreint lögbrot að ræða. Lög gera ráð fyrir að rn. hafi heimild til undanþáguveitinga undir vissum kringumstæðum, en árið 1979 var sett í þetta sérstök nefnd. Ég sé ekki neins staðar, og menn leiðrétta mig þá ef ég fer rangt með, nokkra lagastoð til þess að rn. afsali sér undanþáguvaldinu og láti það í hendur einhvers annars. Nú er þetta ekki sagt til þess að kasta rýrð neitt á þá einstaklinga eða þá nefnd sem þarna hafa um fjallað, en lögin gera ótvírætt, að mínu viti, ráð fyrir því að rn. annist sjálft þessa undanþáguveitingu eftir þeim ákvæðum sem gildandi lög gera ráð fyrir.

Ég taldi rétt að þetta kæmi fram og ég ítreka að þó að ég telji að ekki síst í þessum efnum sé ástæða til að hlúa að menntun þessara einstaklinga eftir því sem mögulegt er verði aldrei komist hjá því að einhverjar undanþáguveitingar eigi sér stað í þessum efnum. Ég held að menn komist aldrei fram hjá því. Hversu vel sem menn telja sig búa í haginn til að mennta einstaklinga til þessara starfa held ég að reynslan sýni að að minnsta kosti þarf að verða mikil hugarfarsbreyting og bætt aðstaða á fleiri sviðum en að því er menntunina sjálfa varðar. Þar þurfa líka að koma til bætt kjör þeirra einstaklinga sem hér eiga hlut að máli ef það á að vera von til þess að menn geti siglt þann sjó í framtíðinni að undanþágur verði úr sögunni.

Um þetta voru þeir, sem komu á fund samgn. í morgun af hálfu Skipstjórafélags Íslands, sammála. Þeir telja ekki hægt, a. m. k. ekki á næstunni, að komast frá þessu máli öðruvísi en að undanþáguveitingar verði að minnsta kosti fyrir hendi, að hægt sé að leyfa þær.

Ég skal ekki, herra forseti, flytja öllu lengra mál um þetta. Ég get í raun og veru, eins og ég sagði áðan, talað um bæði frv. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þau bæði. Annars vegar er brtt. á þskj. 1082, sem er brtt. við það frv. sem hér er nú til umr., þ. e. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Nú vill svo til að í gildandi lögum segir að því er þessar starfsstéttir varðar, með leyfi forseta, í 17. gr.:

„Ef skortur er á mönnum með nægjanleg vélstjóraréttindi getur siglingamrn.“, taki menn eftir, siglingamrn., þetta eru lög frá 1966 ef ég man rétt, „eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra veitt manni, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til vélstjórnar á tilteknu skipi um takmarkaðan tíma, þó ekki lengur en sex mánuði í senn. Áður en undanþága er veitt skal ávallt leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags vélstjóra.“

Þetta er í gildandi lögum. Það er þó nokkuð um það

að einstaklingar með full vélstjóraréttindi eru ekki félagar í aðildarfélögum innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Það er þó nokkuð um það að menn með þessa menntun eru fullgildir félagar í hinum ýmsu verkalýðs- og sjómannafélögum víðs vegar í kringum landið. Ég tel að það nái ekki nokkurri átt að réttur þeirra stéttarfélaga, sem þessir menn eiga aðild að, sé skertur og umsagnaraðild þeirra sé kippt út úr löggjöf. Hinir einstaklingarnir, sem eru félagar innan vébanda Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, eiga samkv. frv. að eiga aðild að undanþágunefnd þannig að þar á að vera hægt að gæta hagsmuna þeirra, en ég tel óeðlilegt að svifta stéttarfélög hinna einstaklinganna allri umsögn um þetta mál. Ég geri ráð fyrir því, og mín brtt. hljóðar upp á það, að sams konar ákvæði verði tekið inn í lög nú og er í gildandi lögum um að stéttarfélög viðkomandi vélstjóra hafi umsagnaraðild að því er varðar undanþágubeiðnirnar. Þetta tel ég eðlilegt og á ekki von á því að nokkur mæli því gegn.

Að því er varðar hitt frv., sem er um skipstjórnarmennina, er ekkert slíkt ákvæði þar í gildandi lögum. Ég tel hins vegar eðlilegt að gæta samræmis með því að taka sams konar ákvæði inn í það frv. og flyt því brtt. á þskj. 1081 þar sem ég geri ráð fyrir því að aftan við 1. málsgr. 19. gr. frv. komi inn sams konar ákvæði, þ. e. þess efnis að áður en undanþága er veitt skal ávallt leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags skipstjórnarmanna.

Ég tel að eðlilegt sé að stéttarfélög fái umsagnarrétt um þetta. Það er að sjálfsögðu hlutverk þess, sem á að veita undanþáguna, að taka endanlega ákvörðun. Ég legg sérstaka áherslu á að þessu ákvæði verði haldið í lögum um vélstjórana þó að ég telji jafnframt mjög eðlilegt og æskilegt að samræmingar gæti þannig að í báðum þessum frv., ef að lögum verða, fái stéttarfélög a. m. k. að hafa umsagnarrétt um málið.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að hér er vissulega um mál að ræða sem mjög vafasamt er að náist víðtæk samstaða um. Þetta er tilfinningamál líka. Hér er auðvitað um að ræða stórmál að því er varðar þá tilteknu einstaklinga og starfsstéttir sem hér eiga hlut að máli. Í slíkum málum er a. m. k. rétt að fara varlega og gæta sín. En auðvitað er ekki hægt í þessu frekar en öðru að fara að vilja allra. Einhvers staðar verður að taka af skarið. Ég held þó, það er mín skoðun, að með afgreiðslu af því tagi sem hér er lagt til að fram gangi eigi að vera hægt að ná nokkuð víðtækri samstöðu um þann ágreining sem nú er hvað mestur um frv. eins og þau komu til hv. Nd. frá Ed.

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1088 felld með 21:11 atkv.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:2 atkv.
4. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Brtt. 1082 felld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, FÞ, GSig, GeirG, HG, KP, KJóh, SJS, SvG.
nei: FrS, GB, HÁ, HBl, MB, KMT, ÓE, PP, PJ, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, IG.

GE, GJG, JS, JBH, KH, ÓÞÞ, GHG, StG, SV greiddu ekki atkv.

7 þm. (GeirH, GA, GHelg, GGS, KSK, RH, StH) fjarstaddir.

5.—7. gr. samþ. með 20:1 atkv.
8.—11. gr. samþ. með 21:4 atkv.
12.—13. gr. samþ. með 21:1 atkv.
14. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 301. mál (þskj. 585, n. 1084 og 1087, 1081). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1084 frá meiri hl. samgn. Mál þetta barst n. frá Ed. um hádegi s. l. laugardag. Hefur hún því haft mjög skamman tíma til að fjalla um málið svo sem þurft hefði.

Við 1. umr. málsins í Nd. flutti samgrh. svofellda yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um land óska eftir því að fá að koma fram með brtt. við lögin sem lagðar verða fram eigi síðar en 15. okt. á þessu ári.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu áliti um þau ákvæði í lögum þessum sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntmrh., stýrimanna og Vélskólans í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum, þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem hafa ekki áður fengið undanþágur til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst."

Nm. urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Kristín Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon munu skila séráliti. Stefán Valgeirsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins. Undirritaðir nm. leggja til að frv. verði samþykkt og styðja brtt. samgrh., sem hann flytur á þskj. 1029, en hún hefur að geyma ákvæði um að atvinnuréttindi skv. 4., 7. og 8. gr. frv. skuli ekki taka gildi fyrr en frá og með 1. jan. 1985. Ætti með því að vinnast nægur tími til að skoða þessi mál öll nánar skv. fyrrgreindri yfirlýsingu samgrh. Karvel Pálmason skrifar undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Undir þetta nál. rita Friðjón Þórðarson, Stefán Guðmundsson, Eggert Haukdal og Karvel Pálmason með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Steingrímur J. Sigfússon): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. samgn. sem prentað er á þskj. 1087 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og

fengið til viðtals við sig ýmsa aðila er málið varðar. Ljóst er að mikill ágreiningur er um efni frv. og bárust n. eindregnar áskoranir um að fresta afgreiðslu þess. Koma þær óskir að hluta fram í fskj. með nál. þessu.

Þá óttast ýmsir að þetta frv., verði það að lögum, verði síst til að greiða fyrir varanlegri lausn varðandi undanþágur frá skipstjórnarréttindum og veitingu þeirra.

Nokkur misbrestur virðist hafa orðið á að málið hafi borist þeim aðilum til umsagnar sem eðlilegt hefði mátt teljast og er það ekki til þess fallið að stuðla að nauðsynlegri samstöðu um málið.

Einnig vill minni hl. samgn. átelja að samgn. Nd. skuli ætlað að afgreiða þetta mál á alls ónógum tíma.

Minni hl. samgn. leggur til að frv. verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Þar sem áríðandi er að tekist hafi sæmileg sátt milli löggjafarvaldsins annars vegar og hagsmunaaðila hins vegar um efni frv., sem snertir starfsréttindi og menntun sjómanna, samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir nál. ritar auk mín, Kristín Halldórsdóttir.

Herra forseti. Þar sem hlutirnir ganga nú svo hratt fyrir sig hér á hinu háa Alþingi að nál. minni hl. hefur ekki enn fengist prentað og þau fskj., sem áttu að fylgja þessu nál. sem ég hef nú hér lesið, liggja því ekki fyrir á borðum þm., get ég samvisku minnar vegna ekki annað en lesið upp úr þeim það helsta sem við vildum koma til skila til þm. með því að láta þessi fskj. fylgja nál.

Í nál. segir, með leyfi forseta, svo að ég rifji það upp fyrir hv. þm.: „og bárust n. eindregnar áskoranir um að fresta afgreiðslu þess," þ. e. frv. Síðan segir: „Koma þær óskir að hluta til fram í fskj. með nál. þessu." Nú mun ég vitna hér í nokkur af þessum fskj., þar sem við birtum bréf frá hagsmunaaðilum sem þetta mál varðar, þar sem þessum eindregnu óskum var komið á framfæri við hv. samgn. Nd. Þá er fyrst:

„Til samgn. Nd. Alþingis.

1. Skipstjórafélag Íslands óskar eindregið eftir því að frestað verði til haustsins afgreiðslu frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.
2. Í nefnd þeirri, sem samdi frv., var enginn fulltrúi skipstjórnarmanna (skipstjóra og stýrimanna). Aðeins einn maður var frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, sem var vélstjóri, en þó átti nefndin að fjalla um atvinnuréttindi beggja þessara starfsgreina. Hvaða erindi átti fulltrúi Sjómannasambands Íslands inn í nefndina?
3. S.K.F.Í hefur ekki haft þetta frv. til umfjöllunar nema í nokkra daga. Félaginu hefur ekki gefist kostur á að fjalla um það sem skyldi. En um umfjöllun um frv. er m. a. nauðsynlegt að taka tillit til eftirfarandi:
   a) Alþjóðareglur (I.M.O. 1969) um mælingar skipa sem tóku gildi þann 18. júlí 1983.
   b) Samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunar um menntun og þjálfun skipstjórnarmanna (S.T.C.W.-samþykktin frá 1978) sem tók gildi þann 28. apríl s. l.
   c) Félög skipstjórnarmanna innan F.F.S.Í. hafa ekki haft tækifæri til að vinna að sameiginlegri niðurstöðu.
4. Skipstjórafélag Íslands er andvígt því að frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum verði að lögum nú á þessu þingi þar sem viðurkennt er að þar eru veigamiklir punktar sem þurfa endurskoðunar við og viðurkennt er af ráðh. Þess vegna sjáum við engin skynsamleg rök fyrir því að reka ófullburða frv. gegnum hv. Alþingi og gera það að lögum núna. Við teljum engin þau tengsl milli frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna annars vegar og frv. um fjarskipti og atvinnuréttindi vélstjóra hins vegar að þau megi ekki afgreiða hvert í sínu lagi."

Undir þetta rita Höskuldur Skarphéðinsson, formaður Sjómannafélags Íslands, og nokkrir aðrir fyrir hönd Sjómannafélags Íslands.

Þá vil ég lesa það sem verður vonandi fskj. II við þetta nál. Það er stutt, með leyfi herra forseta:

„Hr. formaður samgn. Nd., Stefán Valgeirsson, Alþingi, Reykjavík.

Skipstjórafélag Norðlendinga fer þess hér með á leit við yður, herra formaður, að þér beitið yður fyrir að afgreiðslu á frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum verði frestað til næsta löggjafarþings.

Í frv. felast viðamiklar breytingar á gildandi lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna sem snerta munu hagi fjölmargra þeirra er undir þessum lögum munu starfa, ef samþykkt verða.

Félagið telur því eðlilegt, og raunar skylt, að félögum skipstjórnarmanna, samtökum þeirra og viðkomandi menntastofnunum, verði sent frv. til umsagnar áður en til endanlegrar afgreiðslu þess kemur."

Og þriðja fskj. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Til samgn. Ed. Alþingis.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands hefur bent á að fyrir hv. Alþingi lægi frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna sem ætlunin væri að afgreiða með hraði nú fyrir þinglok. Jafnframt hefur verið fullyrt, m. a. í fjölmiðlum, að í frv. þessu væri gert ráð fyrir að dregið yrði úr kröfum um menntun, reynslu og þjálfun skipstjórnarmanna.

Af ofangreindu tilefni vill Slysavarnafélag Íslands benda á að slysatíðni er hærri meðal sjómanna en hjá nokkurri annarri starfsstétt. Það telur að ein ástæða fyrir þessu sé einmitt sú að menntunar- og þjálfunarmál sjómanna séu ekki í nægilega góðu horfi og þurfi þar að gera auknar kröfur frá því sem nú er. Félagið hlýtur því að vara við öllum hugmyndum um það að draga hér úr kröfum og telur að við það mundi slysahætta við störf á sjó enn aukast.

Með allt þetta í huga beinir félagið því eindregið til hv. samgn. Ed. og Alþingis að umrætt frv. verði ekki afgreitt án samráðs og umsagnar frá þeim aðilum sem um áratuga skeið hafa unnið að eflingu slysavarna á sjó og auknu öryggi sjófarenda.

Virðingarfyllst,
f. h. Slysavarnafélags Íslands
Hannes Þ. Hafstein, framkvstj.
Haraldur Henrýsson, forseti S.V.F.Í."

Herra forseti. Þessi bréf, sem ég hef nú hér lesið, endurspegla hluta af þeim ágreiningi sem við nm. í samgn. urðum greinilega vör við þegar við tókum að fjalla um þetta frv. þó til þess gæfist ekki ýkja langur tími eins og hér hefur margoft komið fram. Áhyggjur

manna voru nokkuð mismunandi eðlis. Þar koma inn í öryggissjónarmiðin eins og bent er á í bréfi Slysavarnafélags Íslands. Þar koma inn þau mál er varða starfsmöguleika þeirra manna sem þegar hafa undanþágur. Og þar koma inn sjónarmið sem varða framtíðarskipulag sjómanna með vélstjóramenntun hér á landi í framtíð. Um öll þessi atriði ríkti ágreiningur. Talsmenn skipstjóra og skipstjórafélaganna vöruðu eindregið við því að með samþykkt þessa frv. eins og það liggur nú fyrir væri möguleikum á framtíðarsamkomulagi um varanlega lausn þessara hluta stefnt í hættu. Talsmenn stýrimannaskólanna, bæði Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum og hér í Reykjavík, vöruðu mjög við því að með þessum breytingum, sem gerð er till. um í frv., væri grafið undan skólunum sem slíkum og það væri hættulegt spor upp á framtíðina.

Með allt þetta í huga og einnig það, að fáar sjáanlegar ástæður liggja til þess að keyra þetta frv. í gegnum þingið nú og rök fyrir því að ekki megi taka tímann a. m. k. fram á haustið til að vinna þetta betur og leitast við að ná samkomulagi sýnast léttvæg, er það till. minni hl. n. að þetta verði ekki afgreitt hér nú. Við flytjum í nál. okkar till. um að þessu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá þar um.

Við teljum eðlilegt að þessi tvö frv., sem hér hafa verið rædd hvort á eftir öðru, fylgist að þar sem ákvæði í þeim báðum eru mjög skyld og taka á svipuðum hlutum. Þess vegna gerum við um það till. að þau hljóti bæði þessa sömu meðferð.

Ég skal ekki hafa þessa framsögu mína lengri, herra forseti. Það hefði verið ástæða til að rekja efnislega þau mörgu rök sem liggja gegn því að standa að þessum málum hér nú og með þessum hætti. Ég ætla þó ekki að þreyta hv. þd. með því að gera það. En ég harma það, herra forseti, að okkur skuli boðið upp á þau vinnuskilyrði hér, minni hl. samgn., að fá ekki prentað okkar minnihlutaálit hér á borð þm. áður en á að afgreiða þessi mál.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 1081, sem var of seint fram komin, samþ. með 29 shlj. atkv.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1087 felld með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBH, KJóh, KH, ÓÞÞ, SJS, SvG, GSig, GeirG, GE, GJG, HG, JS.

nei: KP, MB, KMT, ÓE, PP, PJ, GHG, StG, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, IG.

SV greiddi ekki atkv.

7 þm. (KSK, RH, StH, GeirH, GA, GHelg, GGS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 20:1 atkv.

4. gr. samþ. með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, KMT, ÓE, PP, PJ, GHG, StG, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, KP, IG.

nei: ÓÞÞ, SvG, GSig, GeirG, GE, GJG, HG, JS, JBH, KJóh, KH.

SV, SJS greiddu ekki atkv.

7 þm. (KSK, RH, StH, GeirH, GA, GHelg, GGS) fjarstaddir.

5.—6. gr. samþ. með 21:5 atkv.

7.—8. gr. samþ. með 19:2 atkv.

9.—10. gr. samþ. með 19:2 atkv.

11.—14. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 1029,1 (15. gr. falli niður) samþ. með 26 shlj. atkv.

16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

17.—18. gr. (verða 16.—17. gr.) samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 1081 felld með 15:10 atkv.

19. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, SvH, ÞP, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, HÁ, HBl, KP, MB, KMT, ÓE, PP, PJ, GHG, IG.

nei: SJS, SvG, GSig, GeirG, GE, GJG, HG, JS, JBH, KJóh, KH, ÓÞÞ.

SV greiddi ekki atkv.

7 þm. (StH, GeirH, GA, GHelg, GGS, KSK, RH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Með samþykkt þessarar greinar er verið að setja í lög að réttindalausir menn stjórni skipum á erfiðasta hafsvæði heims. Þess vegna segi ég nei.

20.—22. gr. (verða 19.—21. gr.) samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 1029,2 (ákv. til brb.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 331. mál (þskj. 695, n. 979). — 2. umr.

Frsm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar eins og kunnugt er um það að Iðnaðarbankinn heyri undir þann ráðh. sem fer með bankamál og er flutt samhliða öðru frv. sem fjallar um Búnaðarbanka Íslands. Markmiðið með þessum frv. tveimur er að bankastarfsemin í landinu heyri undir einn ráðh.

Nefndin hefur fjallað um frv., segir í nál. á þskj. 979, og leggur til að það verði samþykkt. Undir það rita Páll Pétursson, Guðmundur Einarsson, Þorsteinn Pálsson, Svavar Gestsson, Friðrik Sophusson og Kjartan Jóhannsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 104. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum 103. fundi.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. 306. mál (þskj. 859). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1095).

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 331. mál (þskj. 695). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég fer fram á að atkvgr. um þetta dagskrármál verði frestað þangað til séð verður hvernig frv. samferða reiðir af, en ekki fer á milli mála að hér er gerð tilraun til að hindra framgang þess. Þarf ég ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjarskipti, frv. 252. mál (þskj. 956 (sbr. 459)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1096).

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 301. mál (þskj. 1093 (sbr. 585)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:3 atkv. og endursent Ed.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frv. 302. mál (þskj. 586). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1098).

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 1094). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:5 atkv. og endursent Ed.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. 281. mál (þskj. 540, n. 1089). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frá meiri hl. sjútvn. Það þarf ekki langt mál um þetta frv., það er svo stutt síðan sjútvrh. mælti hér fyrir því að mönnum er sjálfsagt enn í fersku minni hvað ráðh. lét frá sér fara um þetta mál. En nál. er þannig:

„Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frv. verði samþykkt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Gunnar G. Schram og Guðmundur Einarsson."

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal og Ingvar Gíslason.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 105. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum 104. fundi.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 1039 (sbr. 799), n. 1042). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Það er nú komið nokkuð langt fram á nýjan dag og liggur mikið á að koma fram mörgum málum sem því miður hafa fengið afar litla athugun í nefnd, en þar sem þetta mál kemur loksins fram nú verður auðvitað að ganga frá því með formlegum hætti.

Í fáum orðum sagt er þetta frv. komið aftur til

þessarar hv. deildar frá Ed. vegna þess að í Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. eins og það kom frá þessari hv. deild. Sjútvn. kom saman strax að lokinni afgreiðslu Ed., eins og lög gera ráð fyrir, og sjútvn. Nd. ræddi breytingar þær sem urðu á frv. í Ed. Nefndin leggur til að þessar breytingar verði samþykktar.

Í hv. Ed. urðu nokkrar smávægilegar breytingar á frv. eins og það kom frá okkur í fjórum liðum.

Í fyrsta lagi var þar gerð sú breyting á 16. gr. að í stað orðsins „Ráðuneytinu“ kemur: Ríkismat sjávarafurða.

Í öðru lagi varð í Ed. önnur breyting á 16. gr. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Verði meiri háttar mistök í meðferð sjávarafla og/eða framleiðslu sjávarafurða skal Ríkismat sjávarafurða framkvæma ítarlega rannsókn á orsökum þess og gefa sjútvrh. og fiskmatsráði skriflega skýrslu um tildrög og orsakir mistakanna.“

Þarna er um það að ræða að menn geti lært af mistökum.

Í þriðja lagi var gerð sú breyting á síðustu mgr. greinarinnar að í staðinn fyrir „veitingu vinnsluleyfis“ komi: endurveitingu vinnsluleyfa.

Í fjórða lagi varð sú breyting á 18. gr. frv. að í stað orðanna „taka þátt í yfirmati“ komi: fylgjast með yfirmati.

Herra forseti. Ég tel rétt og nauðsynlegt að geta þess að síðasta brtt., sem kemur frá Ed., hafði verið samþykkt í hv. sjútvn. þessarar hv. deildar, en sú breyting hafði fallið niður í vélritun eða prentun og var þess vegna nauðsynlegt að flytja þá brtt. aftur.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að endurtaka að sjútvn. þessarar hv. deildar leggur til að þessar breytingar, sem komu frá Ed., verði samþykktar.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. (**Gripið fram í:** Aðeins örfá orð.) Nei. Það leitar á mig hinn átakanlegi endir Gerplu þegar Þormóður Kolbrúnarskáld hafði sett saman kvæðabálk einn mikinn og óð um Ólaf helga og hafði lent í hrakningum miklum á Grænlandi og Noregi og reynt að ná fundi Ólafs og svo hitti hann Ólaf rétt fyrir Stiklastaðabardaga hrakinn og hrjáður, en nokkur misseri hafði hann verið með kvæði eða drápu til Ólafs helga. Og svo rann upp sú átakanlega stund þegar hann átti að flytja kvæðið fyrir konung. Þá sagði hann þessa frægu setningu: „Og kem ég nú ekki lengur fyrir mig kvæði þessu.“

Þó hrakningar mínir séu ekki jafnmiklir er þess að geta að ég ætlaði að flytja hæstv. sjútvrh. drápu mikla upp á einn og hálfan klukkutíma, en það var settur á mig hljóðdunkur um níuleytið í kvöld. Var mér tjáð að slíkt ætti við alla, samkomulag væri um að hraða umr. og grípa á helstu aðalatriðum. Ég mun standa við þetta samkomulag og stytta drápu þessa og tala í hæsta lagi tíu mínútur, þó að dýrmæt sé, upp á einn og hálfan tíma og taki aðrir sér það til fyrirmyndar.

Þetta frv., sem hér er til umr. komið undir morgun, er 82. mál á þskj. 87 og fjallar um Ríkismat sjávarafurða. Það hefur alltaf verið deilt um mat á fiski, þ. e. hugtakið vega og meta. Það er deilt líka um framkvæmd á því og síst ætla ég að fara að segja að þar sé ekki eitt og annað sem megi laga og bæta. En það er hér á ferðinni viðamikill lagabálkur sem fól í sér allvíðtækar breytingar. Það er athugandi í sambandi við grg. með lagafrv. þessu að ekki er skýrt frá því í hverju sé áfátt þeim lögum sem í gildi eru. Þessi lög eru búin að vera í gildi í tæp tíu ár. Það segir enginn að ekki megi breyta þeim, en í þau tæpu tíu ár sem þessi lög hafa verið í gildi hefur það held ég verið allra álit að þau væru ákaflega skýr og afdráttarlaus. Það hefur aldrei risið upp deila um túlkun á lögunum. Í lögunum er heimild til reglugerðar fyrir sjútvrh. og það má deila um hvort sjútvrh. hafi verið nógu ötulir í reglugerðum við breyttar aðstæður, en hitt held ég að verði ekki um deilt að lögin eru ákaflega ljós og skýr og í grg. fyrir þessu lagafrv. er ekki á það bent í hverju lögum þessum er svo áfátt.

Þetta makalausa frv. á sér nokkuð sérstæða sögu. Það er flutt hér af hæstv. sjútvrh. Satt að segja varð ég nokkuð undrandi þegar ég sá að hann var flm., ekki yfir því að hann vildi einhverju breyta, heldur er frv. svo herfilega illa samið. Það er svo fullt af mótsögnum. Grg. er ekki í samræmi við lögin. Þó að ég sé mjög andstæður hæstv. sjútvrh. saka ég hann ekki um skort á hæfni. Ég verð að segja að mér finnst það ekki í samræmi við hæfni hæstv. sjútvrh. að leggja fram svona frv., enda er mér sagt af kunnugum mönnum að þar hafi enginn lögfræðingur komið nálægt.

Hann mælti mjög með þessu frv. við 1. umr. og vildi láta samþykkja það óbreytt. Þetta var lengi í n. og svo skilaði meiri hl. nál., lagði til eina brtt., annað átti að vera óbreytt. Varamenn höfðu verið á nefndarfundum, en þegar tveir aðalmenn komu var þetta nál. afturkallað, nál. meiri hl. sjútvn. Nd. sem hafði hlotið blessun sjútvrh., og málið aftur tekið í nefnd. Nokkuð sjaldgæf vinnubrögð. Á frv. voru gerðar hvorki meira né minna en sextán breytingar og eftir þessar sextán breytingar, sem ég mundi nú segja að allar voru til bóta, fór það til Ed. Þar voru gerðar á því fjórar veigamiklar brtt. og í framsögu a. m. k. tveggja manna sem mæltu með frv. og voru í sjútvn. Ed. var tekið skýrt fram að þeir hefðu lagt til meiri breytingar á þessu frv. ef þeir hefðu haft til þess tíma. Hv. sjútvn. Ed. vann vel, en hún hafði ekki tíma til þess að vinna þetta enn þá ítarlegar eins og hún hafði óskað. Það komu tíu brtt. í Ed. frá einum nm. og vitað var að nokkrir fleiri nm. hefðu viljað semja um hluta af þessum brtt., en til þess gafst ekki tími.

Ég skal fara fljótt yfir sögu. Það er verið að fjalla hér um lög um mat og eftirlit með stærsta atvinnuvegi þjóðarinnar. Frv. er þannig að það er búið að breyta því í tuttugu liðum og það sem átti að vera svona einhver framúrstefna, einhver stefnumörkun eða breyting á lögum, er meira og minna búið að fella út, ákvæði t. d. um fiskmatsráð, sem áttu að verða ein allsherjarbjörgun. Fiskmatsráð er eins og saltstólpi hér og þar inni í þessum lögum. Það er búið að kippa undan fiskmatsráði öllum þeim höfuðverkefnum sem það átti að hafa. Þetta frv. er það illa unnið, vegna þess að unnið var hratt í nefndum, að t. d. í 11. gr. er ákaflega óljóst hvernig ber að skilja. Ef það er túlkað eftir orðanna hljóðan telja fróðir menn, fleiri en einn og fleiri en tveir, að það þurfi að fjölga starfsmönnum um 40—80. Þetta er látið renna hér í gegn í tímaleysi. Þjóðin titrar ef það á að fjölga alþm. um þrjá. Látum það liggja á milli hluta, það er ekki til umræðu hér, en um eitt atriði er spurning, hvort það þurfi ekki að fjölga starfsmönnum um 40—80 til þess að uppfylla þessi lagaákvæði.

Ég gæti tekið upp fleiri atriði. Ég held að stefnumál t. d. Sjálfstfl. hafi verið skiptimynt þarna, ansi billeg. Í

upphafi átti sjútvrh. að gefa út sérstakt framleiðsluleyfi. Eftir umr. í Nd. átti hann að gefa út sérstakt vinnsluleyfi þó í 2. gr. laganna væri það fiskmatið sem ætti að gefa út ákveðið leyfi. Hvaða leyfi var það sem ráðh. þurfti að gefa út til viðbótar? Það var framleiðsluleyfið dulbúið. Ed. tók þetta og gerbreytti og tók af skarið og segir svo, með leyfi forseta, í 16. gr.: „Ráðuneytið setur nánari reglur um skilyrði fyrir sviptingu og endurveitingu vinnsluleyfis.“ Þetta gerbreytir öllu.

Ég gæti bent á að þýðingarmesta deildin í framleiðslueftirlitinu er lögð niður, sem að áliti allra kunnugra er galli. Hreinlæti og búnaður í matvælaframleiðslu er númer eitt, tvö og þrjú á öllum mörkuðum. Það er sjálfsagt ýmislegt sem má til betri vegar færa, en þetta er ekki að færa til betri vegar.

Það eru greinar í þessu þar sem slakað er á kröfum, þar sem undanþágum er fjölgað, ákvæði þar sem ekki eru löggiltir matsmenn. Undanþágum var fjölgað þarna. Við vorum að óskapast hér áðan yfir því að verið væri að leyfa undanþágur. Nú er verið að lögbinda þær hér. Svona mætti lengi halda áfram.

Ég vil segja það að ég held að svona eigi ekki að vinna að lagasmíð. Fyrst að frv. var gerbreytt í báðum sjútvn., bæði Ed. og Nd., en ekki fellt saman í heild, þá er lagafrv. ekki nógu vel unnið. Þetta eru afleit vinnubrögð og hreint kennslubókardæmi um það hvernig ekki á að semja lög. Þau á ekki að semja á örstuttum nefndafundum, semja upp heilu lagagreinarnar, og menn verði síðan, hinir mætustu menn, vegna tímaskorts að fresta að bæta um betur og fjölga breytingum. Ég fullyrði að samþykkt þessa frv. eins og það liggur fyrir núna mun ekki bæta fiskmat á Íslandi.

Ég vil koma með smádæmi. Frsm. sjútvn. Ed., Valdimar Indriðason, 3. þm. Vesturl., las upp eftirfarandi klásúlu í grg. sinni, með leyfi forseta:

„Vegna sérstöðu saltsíldarframleiðslunnar skal útflutningsmat saltaðrar síldar framkvæmt á vegum Ríkismats sjávarafurða, sem jafnframt skal annast eftirlit með söltun og verkun síldarinnar, hvort tveggja skv. sérstakri reglugerð sem sjútvrh. setur um saltsíldarmat og eftirlits- og leiðbeiningarstarfsemi með söltun síldar.“

Það þykir ástæða, eftir að hafa rætt við síldarútvegsnefnd, að láta svona fylgiplagg fylgja. Ég vil nú, þó að fáir séu hér í sal og ég sé búin að gangast inn á að draga saman mál mitt, fullyrða að þetta verður íslensku fiskmati, íslenskri fiskframleiðslu ekki til bóta. Fyrir voru góð lög, skýr og afdráttarlaus. Í staðinn fáum við loðin lög, tvíeggjuð, mótsagnakennd og óljós. Ef hæstv. sjútvrh. væri mikið kappsmál að fá þarna vönduð og góð lög, þetta á að ganga í gildi 1. ágúst, þá verður að fresta þessu, taka það upp á haustþingi og láta vinna þetta og fella vel saman og reyna að stefna að því að þetta komi í gildi um áramót. Ekkert slíkt má ske. Hæstv. sjútvrh. gengur inn á allar breytingar, misjafnlega kátur þó, nema eitt, að allar yfirmannsstöður í stofnuninni séu lausar, 30—35 stöður. Ég segi ekkert meira. Ég held að menn átti sig alveg á hvað er á ferðinni. En það er ekki verið að vinna að framgangi íslensks fiskmats og það er ekki verið að vinna að vandaðri framleiðslu með þessu. Með þessu er ég ekki að saka hæstv. sjútvrh. um að hann hafi ekki vilja á því. En þessi vinnubrögð upphaflega, hvernig kastað er höndunum til frv., hvernig meðferðin verður hér í þinginu, þó að það sé bætt kemur ekki heilleg löggjöf út, eru slæm. Ég vil þess vegna skora á hv. þm. að fella þetta frv. Ekki vegna þess að því hafi ekki verið gerbreytt til bóta frá því sem það var lagt fram og frá því fyrsta álitið kom frá nefndinni í Nd., heldur vegna þess að það þarf að vinna þetta mál betur. Ekki er sæmandi að standa svona að jafnþýðingarmikilli lagagerð. Ég er ekkert að tala um nóttina í nótt, látum hana eiga sig. En lengra litið hefur verið staðið illa að þessum málum og það verður þjóðinni því miður til tjóns.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Búnaðarbanki Íslands, frv. 332. mál (þskj. 696, n. 978). — Frh. 2. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þegar ég var beðinn að fresta máli mínu hér áðan var ég búinn að skýra frá ýmsu í sambandi við sögu Búnaðarbankans. Ég var að leitast við að sýna fram á það að Búnaðarbankinn væri fyrst og fremst stofnlánasjóðir sem nú er verið að reyna að kljúfa frá bankanum. Ég sýndi fram á það, að ég tel með rökum og skýrum dæmum, að það voru stofnlánasjóðirnir sem mynduðu bankann og hann hefur síðan þróast upp í það sem hann er, fyrst og fremst að þeirra tilstuðlan.

Ég vil líka í sambandi við það sem ég hef þegar sagt rifja það upp að það hefur verið mjög einkennilega haldið á þessu máli. Því er kastað hér inn í þingið án þess að kanna það til hlítar, kanna þau önnur lög sem þarf að breyta, kanna hvað þetta þýðir fyrir þessa stofnun, og greinargerðin, sem fylgir með frv., er í sjálfu sér ekkert annað en fullyrðingar sem, ef þær eru skoðaðar, standast ekki. Það er alveg sama hvað maður lítur á í því sambandi, þá stendur ekki steinn yfir steini.

Löngu áður en nokkuð gerðist í landbúnaðinum voru stigin risaskref í sjávarútvegi með tilkomu þilskipa og síðan gufuskipa og togara. Þau spor voru að vísu stigin með brauki og bramli. Brautryðjendurnir fóru á hausinn hver af öðrum en þeir skildu eftir sig verðmæt framleiðslutæki og dýrmæta reynslu handa þeim sem við tóku.

Rétt fyrir síðustu aldamót fer þó að breytast viðhorfið til landbúnaðarins. Aldamótamennirnir svokölluðu tóku trú á ræktun landsins og lögin um Ræktunarsjóð eru sprottin úr þeim jarðvegi. Þeir tóku að afla sér nýrra tækja, járnrekan þokar um set og hverfur, ristuspaðinn tekur við af torfljánum við túnsléttun og er talið valda byltingu í landbúnaðinum, svo frumstæður var hann þá. Síðan kemur plógurinn, herfin og önnur hestverkfæri sem aldrei verða þó verulega almenn. Engin risaskref voru stigin í landbúnaði fyrr en á síðustu tímum með innflutningi stórvirkra landbúnaðarvéla, sem hafa ræst fram og tætt sundur móa og mýrarfláka og breytt þeim á tiltölulega mjög skömmum tíma í rennislétt grasgefin tún, svo að nú má heita að á allflestum bæjum sé einvörðungu heyjað á ræktuðu landi. Síðan 1947 hefur túnstærðin aukist um nær 90% og er orðin 75 þús. hektarar.

Vélvæðing sveitanna á síðustu árum hefur gert bændum kleift að anna hlutverki sínu í þjóðfélaginu þrátt fyrir sífellda fækkun þeirra sem að landbúnaði starfa. Sveitarómantíkin er liðin undir lok. Menn gátu leyft sér

að vera sælir í fátækt sinni á meðan búhokrið lét þeim í té lífsnauðsynjar, fæði, klæði og skæði án þess að þurfa að hafa áhyggjur af að birgja aðra upp. Býlin gátu bjargast af eigin rammleik, gátu verið heimur út af fyrir sig. Nú er þessu öðruvísi farið. Ör fólksfjölgun í bæjunum, stórar iðnaðar-, verslunar- og alls konar þjónustustéttir gera landbúnaðinn óhjákvæmilegan lið í þjóðfélaginu. Hann verður að standa sína „plikt". Annars brestur öryggi um afkomu þjóðarinnar.

Áður, meðan þorpin og bæirnir framleiddu talsverða mjólk og aðrar landbúnaðarvörur í hjáverkum, var allur stuðningur við bændur litinn hornauga af neytendum í bæjum. Nú er hins vegar almennt viðurkennd sú staðreynd, að ekki sé unnt að gera áætlun um framkvæmdir í landinu, ný iðnfyrirtæki, samgöngutæki, hótelrekstur o. s. frv. án þess samtímis að athuga hvort landbúnaðurinn geti rækt sitt hlutverk, því að það er firra ein að landið verði nokkru sinni byggilegt með því að flytja inn svo nokkru nemi helstu landbúnaðarafurðir, svo sem mjólk og kjöt.

Um visst tímabil getur verið bráðnauðsynlegt að styrkja þær framkvæmdir í sveitum sem gefa ekki arð strax, en verða arðbærar og nauðsynlegar í framtíðinni. Flestar þessar framkvæmdir eru þó það arðbærar strax að þær geta svarað aftur hæfilegum vöxtum og afborgunum af 10—20 ára lánum. Stofnsjóðum landbúnaðarins er ætlað að lána til slíkra framkvæmda. Þeir eru því miður illa á vegi staddir, þar sem ríkisframlög hafa hvergi nærri nægt til að vega upp á móti árlegum vaxtamismun á útlánavöxtum sjóðanna og vöxtum á lánum sem þeim hafa verið útveguð sem starfsfé og vegna gengislækkananna.

Árin 1950 og 1951 var gerð áætlun um aukningu landbúnaðarframleiðslunnar um 10 ára skeið. Framkvæmd þessarar áætlunar hefur tekist vel og vitanlega kostað mikið fjármagn. Sjóðir bankans hafa á þessu tímabili, 1951—1960, lánað sem hér segir: Veðdeildin 37.3 millj., Ræktunarsjóður 308.4 millj., Byggingarsjóður 96.7 millj., eða samtals 442.4 millj. kr. Framleiðsluaukning þessara síðustu 10 ára er bráðnauðsynleg. Landnámsstjóri sagði í erindi sem hann flutti um landbúnaðarmál um 1960 að ef kyrrstaða hefði orðið í landbúnaði síðustu 10 ár léti nærri að inn hefði þurft að flytja um helming af þeim neysluvörum sem af landbúnaði fást.

Fólksfjölgun er nokkuð ör í landinu, þannig að á næstu 10 árum er talið að aukningin nemi um 37 þús. manns en árið 2000 verði fólksfjöldinn orðinn 390 þús. eða meira en tvöfaldur á við nú. Þessari væntanlegu fólksfjölgun verður að mæta með aukinni framleiðslu á neysluvarningi. Landnámsstjóri telur að mjólkandi kúm þurfi að fjölga um 40—50 þús. gripi á næstu 40 árum, kjötframleiðsla að aukast um 12—15 þús. tonn, kartöflur og grænmeti og gróðurhúsaframleiðslan að tvöfaldast, svo og afurðir alifugla. Þessar framkvæmdir allar kalla á aukið fjármagn, eflingu lánsstofnana landbúnaðarins, en eins og ég lýsti hér að framan eru aðalsjóðirnir óstarfhæfir og því aðkallandi að finna ráð til þess að rétta þá við, gera þá sjálfbjarga og starfshæfa.

Þessi lýsing landnámsstjóra frá 1960 og sú hvatning sem hann gefur þá bændunum í landinu sýnir í sjálfu sér að hið opinbera hefur ekki haft lítil áhrif á það hvernig mál hafa þróast og hvernig við stöndum nú.

Alþt. 1983. B. (106. löggjafarþing).

Ég sé nú, herra forseti, að klukkan er farin að ganga sex og sé ekki ástæðu til þess að tala hér yfir tómum sal. Ég var beðinn að fresta máli mínu hér í nótt og varð að sjálfsögðu við því. En ég gerði þá ekki ráð fyrir því að það yrði notað þannig að þegar salur tæmdist yrði samt haldið áfram fundi. Það sem ég mun eiga eftir að segja á ég eftir að segja við hv. þm. Mun ég því fresta máli mínu þangað til við 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. 281. mál (þskj. 540). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. frestað.

Efri deild, 112. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl. 11 árdegis.

Umboðsþóknun vegna gjaldeyrisviðskipta, frv. 305. mál (þskj. 1094). — Ein umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Hæstv. forseti. Í Nd. var skattheimta umboðsþóknunar gjaldeyrisviðskipta nokkuð hækkuð frá því sem samþykkt var hér í þessari hv. deild. Ég hef rætt við nm. í fjh.- og viðskn. og hefur enginn þeirra aths. fram að færa við þá breytingu, en einstakir nm. hafa að sjálfsögðu óbundnar hendur um afgreiðslu málsins í heild.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Virðulegi forseti. Ótæpilegar gjafir ríkisstj. til bankanna eru auðvitað eitt mesta hneykslið sem við höfum staðið frammi fyrir alllengi í íslenskum stjórnmálum. Með þeirri breytingu sem gerð hefur verið á þessu frv. í Nd. er vissulega gefinn svolítill slaki. Það er dregið úr austrinum úr ríkissjóði til bankanna og er það góðra gjalda vert. Eftir sem áður heldur þessi gífurlega skattalækkun í þágu banka áfram að vera meiri háttar hneykslí og mun ég af þeirri ástæðu ekki treysta mér til að greiða þessu frv. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1104).

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. 301. mál (þskj. 1093 (sbr. 585)). — Ein umr.

Frsm. 1. minni hl. (Valdimar Indriðason): Virðulegi forseti. Hér er um breytingar að ræða sem voru gerðar í Nd. og ég vildi óska eftir því fyrir hönd n. að hún fengi

þessu máli örlítið frestað, að við fengjum smátíma til að fara aðeins yfir þessar breytingar áður en við tökum þær til umr. — [Fundarhlé.]

Virðulegi forseti. Samgn. Ed. hélt hér fund í hliðarherbergi um þetta frv. eins og það kemur breytt frá Nd. Ég ætla ekki að fara þar mörgum orðum um. En það eru skiptar skoðanir í nefndinni eins og lá fyrir þegar þetta frv. var lagt hér fyrir hv. deild. Meiri hl. n. leggur til að samþykktar verði þær breytingar sem koma frá Nd. en minni hl. — ég segi ekki að hann leggist neitt á móti því en er ekki sammála því. Hann vill láta ganga lengra í þessum málum, að þau fái frekari skoðun, ég held að það sé rétt orðað á þann veg. En þessi breyting, sem hér er gerð eftir samkomulagi við samgrh. í Nd. í nótt og hann hefur kynnt forseta Farmannasambandsins og svo varðandi hitt frv. formanni Vélstjórafélagsins, varð til þess að þeir una þessu eftir atvikum ef svo má segja. Það er gert ráð fyrir frestun á framkvæmd þessa upphaflega frv. að því er varðar gildistöku ýmissa ákvæða, þannig að tími gefist til að fjalla ítarlega um málið með þeim aðilum sem það snertir. Ég tel þessar breytingar til bóta og vonast til að um þetta mál náist full sátt þegar öldurnar ná að lækka sem um það hafa risið nú undanfarna daga.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með áorðnum breytingum frá Nd.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Steinar Guðnason): Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir hefur fengið mikla hraðafgreiðslu frá Nd. Það kemur fram í nál. minni hl. samgn. í þeirri deild að þeir átelja mjög harðlega þau vinnubrögð og minnast á að málið hafi ekkert verið rætt í nefnd að gagni og ekki verið sent öllum aðilum til umsagnar sem um það hafi þurft að fjalla. Minni hl. þar lagði til, eins og minni hl. hér þegar frv. var hér fyrir Ed., að frv. yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá með sömu röksemdafærslum og við beittum hér.

Það skal viðurkennt að gerðar hafa verið breytingar á frv. sem ganga nokkuð til móts við sjónarmið okkar. Við lögðum til að frv. yrði frestað til hausts og þess freistað að vinna í því og ná fullri sátt milli aðila við framkvæmd þessara mála. En í brtt. þeim sem samþykktar voru í Nd. er frestað gildistöku ýmissa greina sem er tæknilega hyggilegt fyrst svo mikið ofurkapp er lagt á að samþykkja þetta frv. Við erum þó ekki sátt enn við þessa afgreiðslu, teljum að hyggilegast hefði verið að fresta afgreiðslu frv. til hausts og sumartíminn notaður til að ræða við aðila og fá þá til að leggja frv. lið, vegna þess að þetta fólk á eftir þessu frv. að starfa.

Við munum hins vegar ekki við þessa lokaafgreiðslu greiða atkv. gegn frv. Við treystum okkur ekki til þess að greiða því atkv. og fordæmum þau vinnubrögð sem hafa verið höfð í frammi við málið. Það var skoðun okkar að tekist hefði að ná einingu um þetta frv. og sátt. Í ljós kom að svo var ekki. Þess vegna töldum við að það hefði verið manneskjulegt að viðurkenna að það hefði ekki tekist og nota sumarið til að bæta úr því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1105).

Jarðalög, frv. 221. mál (þskj. 1090 (sbr. 390)). — Ein umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Eins og hér liggur fyrir hafa verið gerðar smávægilegar breytingar í Nd. á frv. til l. um breytingu á jarðalögum. Ég hef haft samband við suma af landbn.-mönnum, ekki alla, um þessar breytingar, sem ég tel mér vera óhætt að fallast á fyrir hönd nefndarinnar og mæla með samþykkt þeirra. En þær eru varðandi 10. gr. frv. og fela það í sér að ákvörðun um staðsetningu og byggingu sæluhúsa og skíðaskála þurfi ekki að leggja fyrir jarðanefnd.

Ég mæli þess vegna með því, virðulegi forseti, að málið verði samþykkt eins og það kemur frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1106).

Efri deild, 113. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, að loknum 112. fundi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. 67. mál (þskj. 72, n. 1046). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. landbn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95 frá 1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum. Mér finnst vert að taka það fram þegar í upphafi að nefndin varð sammála um afgreiðsluna. Allir nm. skrifa undir hana án aths. Til þess að skýra þetta í sem stystu máli ætla ég, virðulegi forseti, að lesa nál.

„Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fengið umsagnir eftirfarandi aðila um málið: Búnaðarþings, Stéttarsambands bænda, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Sambands eggjaframleiðenda.

Þessir aðilar leggja til að málið verði tekið til umfjöllunar í sambandi við þá endurskoðun sem nú á sér stað á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, en Samband veitinga- og gistihúsa, Samband bakarameistara og Neytendasamtökin mæla með samþykkt frv.

Augljóst er að sjónarmið umsagnaraðila eru mjög ólík. Með vísan til þess að nú fer fram heildarendurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og í trausti þess að þar verði leitast við að ná fram breytingum sem samkomulag er um á milli hagsmunaaðila leggur meiri hl. n. til að frv. verði vísað til ríkisstj."

Ég sé ekki ástæðu til þess, og allra síst þar sem mjög er nú að þrengjast um tíma þessarar virðulegu deildar, að hafa fleiri orð um þetta, forseti.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Virðulegi forseti. Þar sem ég var 1. flm. þessa máls vil ég gjarnan geta þess að ég var ásáttur með það að afgreiða málið með þessum hætti. Ég hef ekki breytt mínum skoðunum, síður en svo. Ég tel að það sé algerlega fráleitt að koma á

einokun með egg og að Framleiðsluráð eigi ekkert með það mál að hafa að gera. En ég treysti því að sú verði *einmitt* niðurstaðan eftir þá endurskoðun sem fram fer í sumar og með hliðsjón af afgreiðslu 71. máls, sem fjallaði um kartöflurnar, þar sem það var beinlínis tekið fram að að því yrði stefnt að einokun með sölu landbúnaðarvara yrði aflétt, og þess vegna styð ég það að þessu máli sé vísað til ríkisstj. í trausti þess að bæði einokun með egg og aðrar landbúnaðarafurðir verði afnumin og ekki leyfð.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Mér hefði fundist eðlilegt að þetta mál hlyti þá afgreiðslu hér í deild að það yrði samþykkt. En það verð ég að segja að mikið er traust hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar á þessari ríkisstj. og því sem hann telur hana líklega til að afreka í skipulagsmálum landbúnaðarins. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég ber ekki slíkt traust til þessarar hæstv. ríkisstj. í þeim efnum. Ég óttast að enn sem fyrr muni framsóknarsjónarmiðin ráða of miklu um störf og stefnu ríkisstj. í þessum efnum. Ég mun þess vegna greiða atkv. gegn því að þessu máli verði vísað til ríkisstj.

Í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstj., sem samþykktur var fyrir réttu ári og vantar þó fjóra daga þar upp á, var samþykkt að verslun með garðávexti skyldi gerð frjálsari. Þar hefur lítið skeð, eins og lýðum er ljóst og alkunna er. Mitt traust á ríkisstj. er ekki þess eðlis að ég marki að miklu þær yfirlýsingar, sem nú hafa verið gefnar, um að aflétta einokun á þessum sviðum. Til þess held ég að vissir valdaaðilar innan ríkisstj. eigi allt of ríkra og mikilla hagsmuna að gæta. En tíminn mun leiða í ljós hvort þessi tortryggni mín er á rökum reist eður ei. Ég mun því greiða atkv., eins og ég sagði, á móti því að þessu máli verði vísað til ríkisstj., en láta mitt atkv. falla á þann veg að þetta mál ætti að ná fram að ganga.

ATKVGR.

Till. í nál. á þskj. 1046, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 16:2 atkv.

Áfengislög, frv. 298. mál (þskj. 577). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1107).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. 40. mál (þskj. 705). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. fellt með 10:9 atkv. (Sjá umr. hér á eftir.)

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Mig langar að minna á að við erum nýbúin að upplifa í Nd. mjög svipað atvik. Frv. til lögræðislaga var þar samþykkt nánast án þess að menn áttuðu sig á því. Þar þótti ekki við hæfi að endurtaka atkvgr. þó að menn væru til þess reiðubúnir að endurskoða afstöðu sína. Ég tel það ekki heldur við hæfi nú þegar búið er að afgreiða málið.

Ragnar Arnalds: Virðulegi forseti. Þessi orð hins ágæta hv. þm. Stefáns Benediktssonar eru á nokkrum misskilningi byggð. Það er margföld og löng venja fyrir því hér í þinginu að ef óskað er eftir því að atkvgr. sé endurtekin strax eftir að hún hefur farið fram vegna einhvers vafa sem um hana leikur er það ávallt gert og aldrei horft í það þó að atkvgr. hafi farið fram, en það verður að gera það strax eftir að atkvgr. hefur farið fram. Hins vegar er ekki hægt að endurtaka atkvgr. eftir að forseti hefur lýst því yfir að málið sé afgreitt frá deild og sé t. d. orðið að lögum. Þá er málið endanlega frá gengið. Þannig stóð á í Nd. (**StB:** Forseti er búinn að lýsa yfir að frv. sé fellt.) Í Nd. stóð þannig á að búið var að afgreiða málið. Það var búið að lýsa því yfir að málið hefði verið afgreitt frá deildinni. Það lék ekki vafi á atkvgr. sem slíkri, heldur var einfaldlega óskað eftir því að málið væri brotið upp, sent til n. o. s. frv. Ég segi þetta vegna þess að mér fannst að það kæmi nokkur ókunnugleiki fram í orðum hv. þm. Það er mjög gömul og margföld venja fyrir því að strax í kjölfar atkvgr. er orðið við því, ef þess er óskað, að hún sé endurtekin. Ég er ekkert viss um að niðurstaðan breytist neitt, en menn vilja stundum hafa þetta alveg á hreinu, t. d. með því að óska eftir nafnakalli við atkvgr.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Norðurl. v. um að við höfum margsinnis endurtekið atkvgr. þegar okkur hefur ekki fundist það gefa niðurstöðu sem menn annaðhvort áttu von á eða var nægilega skýr. En í þessu tilviki horfir svolítið öðruvísi við þar sem forseti hefur þegar lýst því yfir og það fært til bókar að frv. sé fellt. Það er að mínu viti algerlega sambærilegt við aðrar afgreiðslur mála, þegar búið er að ganga frá þeim og innsigla þau með yfirlýsingu um afgreiðslu málsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Vegna þessa máls mun forseti gera fimm mínútna hlé á fundarstörfum til að athuga hvernig þetta mál stendur, en eins og strax kom fram eftir atkvgr. virtist þessi útkoma koma mönnum á óvart þó það verði að ætla að þm. hafi vitað um hvað þeir voru að greiða atkv. En ég mun nú gera fimm mínútna hlé á fundarstörfum. — [Fundarhlé.]

Mál þetta hefur verið athugað og hlustað á segulband þar sem fram kom að tilmæli um endurtekningu á atkvgr. voru sett fram í beinu framhaldi af atkvgr. Venja mun að endurtaka atkvgr. ef einhver vafi er á að réttur vilji þm. komi fram. Með tilliti til þessa verður atkvgr. endurtekin.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AG, EgJ, EKJ, HS, KSG, LJ, RA, SalÞ.

nei: JK, VI, DA, EG, KolJ, HÓ, SDK, SkA.

StB greiddi ekki atkv.
2 þm. (ÁJ, JHelg) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1108).

Almannatryggingar, frv. 30. mál (þskj. 30). — 3. umr.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Virðulegi forseti. Ég á ekki sæti í hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar og vil ég því nota tækifærið hér nú til að lýsa stuðningi við það frv. sem hér er til afgreiðslu.

Eins og hv. 2. þm. Austurl. kom inn á við 1. umr. málsins er hér um anga af stærra máli að ræða, það er 150. máli þessa þings, frv. til l. um fæðingarorlof. Það frv. er búið að liggja í heilbr.- og trn. þessarar deildar síðan 8. febr. s. l. og hefur ekki fengist afgreitt úr n. þrátt fyrir ítrekuð tilmæli mín um það til formanns n., hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar.

Ég vil upplýsa hv. þdm. um að af þeim rúmlega tuttugu umsögnum sem beðið var um um það frv. hafa sjö skilað sér, eftir því sem ég best veit, þar af fimm jákvæðar, en tveir aðilar töldu það ekki í verkahring sínum að taka efnislega afstöðu til frv. Jafnframt hefur borist undirskriftalisti austan af Héraði til stuðnings frv. og undir hann skrifuðu 472 alls. Sams konar undirskriftir eru nú að safnast fyrir í Reykjavík. Jafnframt má minna á að fyrir skömmu samþykkti aðalfundur Félags einstæðra foreldra áskorun til Alþingis um að veita þessu frv. framgang. Þetta hefur ekki dugað til að þoka frv. úr nefndinni og verður ekki annað sagt en að þar með sé verið að hunsa þann vilja sem fram kemur í umsögnum um frv., undirskriftalistum og áskorunum til Alþingis.

Ég harma að slík málsmeðferð skuli eiga sér stað á Alþingi Íslendinga að málið skuli ekki einu sinni eiga að ganga fram til atkvgr. Slík vinnubrögð eru mönnum vart sæmandi. En þann litla anga af fæðingarorlofsmálum, sem hér er nú til afgreiðslu, styð ég auðvitað heils hugar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1109).

Landflutningasjóður, frv. 354. mál (þskj. 815). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1110).

Sveitarstjórnarkosningar, frv. 156. mál (þskj. 223). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1111).

Kosningar til Alþingis, frv. 155. mál (þskj. 1035 (sbr. 222)). — 3. umr.

Stefán Benediktsson: Virðulegi forseti. Við lokaumr. þessa máls vil ég enn og aftur og enn þá einu sinni leggja áherslu á andstöðu mína við frv. Ég hef nú gert nokkuð góða grein fyrir mínum röksemdum fyrir minni andstöðu, en mig langar þó kannske til að leggja að lokum sérstaka áherslu á þann þátt þessa máls sem lýtur annars vegar að því hvernig skipað er á þetta þjóðþing vort og hvernig það þjóðfélag er að þróast sem við búum í.

Ég held að við getum orðið sammála um að eitt af höfuðeinkennum þess þjóðlífs sem við búum við í dag er fjölbreytnin. Það fer ekki milli mála að áhugi fólks og óskir beinast til sífellt aukinnar fjölbreytni, til þess að gefa einstaklingnum tækifæri til að njóta sín og geta hagað sínu lífi eins og honum þykir best henta hverju sinni. Stjórnmál eru í sjálfu sér engin lífsnauðsyn. Lýðræðið er í sjálfu sér engin lífsnauðsyn. Það er hægt að stjórna þjóðfélögum með margs konar öðrum hætti. Lýðræðið er kostur sem við höfum valið okkur og við höfum valið hann af því að við teljum hann bestan. Aftur á móti, ef við horfum á okkar daglega líf, snýst það að miklu leyti um lífsnauðsynjar eins og fæði og klæði og húsnæði. Á því sviði gerum við alveg ákveðna kröfu til þess að eiga kost á fjölbreyttu vali og á því að geta fullnægt að nokkru leyti okkar eigin sköpunargáfu og hugmyndaflugi. Við gerum líka kröfu til þess að val okkar á þessu sviði samræmist þeim lífsháttum sem við kjósum að búa við. Að þessu leyti tel ég stjórnarskrárfrv., sem nýlega hefur verið samþykkt, og kosningalöggjöfina, sem nú er verið að samþykkja, algera tímaskekkju vegna þess að í frv. þessum felst lögmál hörmangarans gamla þar sem viðskiptavininum, þ. e. kjósandanum, er boðið upp á mjög þrönga kosti og honum er meira að segja gert að greiða atkv. með þeim hætti að hann ræður ekki nema að mjög litlu leyti niðurstöðunum eða afleiðingunum af gerðum sínum. Þetta er sú þversögn sem ég tel vera hér á ferðinni.

Hugir fólks, að því er ég best fæ séð, hníga hægt og sígandi til þeirrar áttar að krefjast þess að eiga fleiri kosta völ en boðið er upp á í stjórnmálum nútímans. Ég vil benda mönnum á að þess sjást líka alveg greinilega merki innan stjórnmálaheimsins. Sú riðlun, sem er mjög áberandi í stjórnmálaflokkum okkar daga, á sér orsakir einmitt í þessum ástæðum. Stjórnmálamenn eru farnir að gera sér grein fyrir því, meðvitað eða ómeðvitað, að þeirra fyrri vinnubrögð eru ekki algerlega í takt við tímann og fólk gerir kröfu til þess að menn hafi sjálfstæðari skoðanir en strangar hugmyndafræðilegar breytingar bjóða upp á í dag. Menn vilja geta ráðið því hvort þeir hafa grænar baunir eða Þykkvabæjar franskar eða jafnvel skemmdar finnskar með matnum. Þeir vilja eiga þess kost að velja menn af fleiri orsökum en bara þeim hvaða stjórnmálaflokki þeir tilheyra og þeir vilja að þeir geti sjálfir ráðið því hvaða afleiðingar atkvæði þeirra hefur. Þess vegna tel ég að í þessu frv. felist ákveðin örvæntingarfull tilraun til að njörva enn niður um tíma það ástand sem við höfum búið við flokkslega og hugmyndafræðilega og ég tel þá vísitöluaðferð, sem notuð er við það að ganga úr skugga um afleiðingar af atkvgr. kjósenda, vera óheilbrigðan hugs-

unarhátt og, eins og ég gerði grein fyrir í 2. umr., móðgun við kjósendur.

Svo það komi fram vegna atkvgr. sem fer fram á eftir beinist mín gagnrýni ekki nema að vissum þáttum þessa máls, þ. e. þeim þáttum sem lúta að kjördæmaskipan, fjölda þm. og þeim aðferðum sem notaðar verða til að ákveða dreifingu atkvæða á flokka og þingmenn. Frv. hefur líka nokkra kosti, eins og ákvæðin um hverjir megi eða eigi rétt á að greiða atkv. sem aðallega er að finna í fyrstu greinum frv. Af þeirri ástæðu er þetta frv. kannske ekki alvont. En samt sem áður tel ég það svo vont að þar sem gallarnir yfirskyggja kostina mun ég greiða atkv. móti frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1112).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Þar sem þetta er síðasti fundur deildarinnar á 106. löggjafarþingi vil ég færa hv. þdm. bestu þakkir fyrir mjög svo ánægjulegt og gott samstarf. Sérstök ástæða er fyrir mig að þakka mikið umburðarlyndi og þolinmæði í minn garð sem forseta. Ég færi skrifurum einnig bestu þakkir fyrir vel unnin störf, svo og varaforsetum deildarinnar fyrir alla aðstoð við forsetastörfin.

Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki færi ég bestu þakkir fyrir þeirra miklu störf í þágu okkar þdm. og Alþingis.

Ég óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar alls hins besta á sumrinu og vænti þess að við hittumst heil að hausti þegar Alþingi kemur saman á ný. Þeim sem eiga um langan veg heim að sækja óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu.

Eiður Guðnason: Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar þdm. vil ég þakka forseta góðar óskir í okkar garð. Enn fremur vil ég sérstaklega þakka forseta umburðarlyndi, greiðvikni og ánægjulegt samstarf og góða fundarstjórn í hvívetna. Skrifstofustjóra og starfsliði þingsins, sem mikið hefur mætt á í önnum undanfarinna daga, þökkum við einnig vel unnin störf.

Ég ítreka góðar óskir okkar og þakkir til forseta og færi henni og fjölskyldu hennar óskir okkar allra um gleðilegt og ánægjuríkt sumar.

Ég vil biðja hv. dm. að staðfesta þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir): Ég þakka hv. 5. landsk. þm. hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek mínar bestu óskir ykkur öllum til handa og segi fundi slitið.

Neðri deild, 106. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl. 11 árdegis.

Ríkismat sjávarafurða, frv. 82. mál (þskj. 1039 (sbr. 799)). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1099).

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. 281. mál (þskj. 540). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1100).

Búnaðarbanki Íslands, 332. mál (þskj. 696). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHG, StG, SvG, SvH, ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GSig, GeirG, GB, GE, GJG, GHelg, GGS, HÁ, HBl, HG, JS, JBH, KP, KJóh, KH, MB, KMT, ÓE, PP, IG.

nei: SV, FÞ, ÓÞÞ, PJ.

SJS, ÞS greiddu ekki atkv.

5 þm. (RH, StH, GeirH, GA, KSK) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki séð nauðsyn bera til að afgreiða þetta frv. Núverandi skipan hefur ekki háð starfsemi Búnaðarbanka Íslands nema síður sé. Honum hefur verið stjórnað með þeim hætti að staða hans hefur yfirleitt verið betri gagnvart Seðlabanka Íslands en annarra ríkisviðskiptabanka.

Frv. þetta felur í sér aukna miðstýringu bankakerfisins sem gengur í öfuga átt við aukið frjálsræði um starfsemi innlánsstofnana. Í grg. er þess getið að ætlunin sé að það tryggi samræmdari afstöðu stjórnvalda gagnvart bönkum að fella þá undir einn ráðh., m. a. til þess að koma við betri stjórnun í því að ekki verði um of öra fjölgun útibúa að ræða. Ég tel að réttara væri að setja almennar reglur um þau skilyrði sem innlánsstofnanir þurfa að uppfylla til þess að stofna bankaútibú eða bankaafgreiðslur heldur en að koma á miðstýringu með þessum hætti. Að *mínu áliti* er þetta frv. ekki þarft. Það gæti hins vegar reynst verða til mikillar óþurftar. Ég segi nei.

2. gr. samþ. með 27:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 107. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, að loknum 106. fundi.

Búnaðarbanki Íslands, frv. 332. mál (þskj. 696). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. hélt hér í gær athyglisverða ræðu um bankamál og gat þeirrar stefnu, sem nú er verið að framkvæma, skipulagða á persnesku töfrateppi á þann veg að bindiskylda afurðalána Seðlabanka skuli lækkuð um 5% á sama tíma og hækka ber um 10% innlánsskyldu bankanna. Er þetta í anda Sjálfstfl. og frjálshyggjunnar eftir því sem mér skilst. Ég fæ ekki séð hver raunveruleg stefna í málum ríkisbankanna er eins og hún birtist hinum almenna þm.

Í beinu framhaldi og í tengslum við þetta hlýtur maður að spyrja sjálfan sig hvort það sé yfirlýst stefna stjórnvalda að fjandskapast gegn ríkisbönkunum og þá fyrst og fremst hvað þeir hafi af sér brotið. Ef ætlunin er að halda þessari stefnu áfram hlýtur það að þrengja mjög að getu ríkisbankanna til að standa undir eðlilegri lánastarfsemi bæði til sjávarútvegs og landbúnaðar. Hugsunin sem fyrst grípur mann er sú: er hugmyndin á bak við þetta að reyna með einhverjum ráðum að efla nú hlutafélagabankana svo til áhrifa í íslensku þjóðlífi að þeir rísi á legg með meiri hraða en verið hefur? En eins og allir vita hafa þeir ekki, þrátt fyrir þó nokkurn starfsaldur, náð neinum verulegum árangri í samkeppni við ríkisbankana sé um eðlilega samkeppni að ræða.

Það frv. sem hér liggur fyrir og fjallar um breytingar á lögum um Búnaðarbanka Íslands er að því leyti sérstætt að grg. er í engu samræmi við grein frv. og hlýtur það að vekja allmikla undrun. Grg. er að miklu leyti stefnuyfirlýsing um það hvað eigi að gera og hvað verði gert á næsta þingi og hefði þess vegna mátt koma út sem sérprentað blað. Það vekur nefnilega athygli að einu rökin sem hér eru haldbær sem meðmæli með því að þetta sé gert eru þau að setja þurfi samræmdar reglur um fjölgun útibúa hjá bönkunum. Það viðurkenna allir. Slíkar reglur verður að setja. En í orði er því haldið fram þessa dagana að bankarnir eigi að keppa innbyrðis. Ef þeir eiga að keppa innbyrðis, hvaða nauðsyn er þá á því að auka samræminguna að öðru leyti? Hún getur ekki verið nein ef mönnum er alvara með því að þeir eigi að keppa innbyrðis.

Það sem blasir við er það, að samþjöppun valdsins eykst með þessu móti, miðstýringin eykst, og er það auðvitað það eina sem er sjáanlegt sem heildarstefna í því sem verið er að gera. Það er verið að auka miðstýringuna. Ég veit ekki hversu virkar hagdeildir bankanna hafa verið. En oft og tíðum hefur manni fundist að sérþekking þeirra væri í algeru lágmarki. Ég hygg að það væri þarft að gera sér grein fyrir því að það sem mest væri virði í þróun bankamála á Íslandi væri aukin sérþekking hagdeildanna á hinum ýmsu sviðum. Ég er þess vegna algerlega andvígur því þegar hér er í grg. frv. talað um breytingu á starfsemi t. d. Búnaðarbankans sem er í andstöðu við lög hans, 3. gr. Má það fátítt heita að mönnum detti í hug að ætla í grg. að hvetja menn til að brjóta lög bankans og hef ég ekki séð slíka ábendingu áður í umsögn með frv.

3. gr. í lögum bankans hljóðar svo, með leyfi forseta: „Meginhlutverk bankans er að styðja landbúnað og greiða jafnframt fyrir fjármálaviðskiptum annarra atvinnugreina.“ En í grg. með frv. segir beinlínis: „Þá er þessi breyting til þess fallin að ýta undir þau viðhorf að hver viðskiptabanki skuli sinna atvinnulífinu í heild en sé ekki bundinn að verulegu leyti af þjónustu við tiltekna atvinnugrein, atvinnurekstur eða hagsmunahóp.“

Með þessu móti er verið að taka ákvörðun um það, ef trúa bæri grg., að Búnaðarbankinn eigi ekki að vera fyrir landbúnaðinn. Og það sem meira er, það er verið að taka ákvörðun um það líka að Iðnaðarbankinn eigi ekki að vera fyrir iðnaðinn, því að í grg. með því frv. er það skýrt tekið fram, með leyfi forseta: „Um frekari skýringar á því frv. sem hér liggur fyrir má vísa til þessa síðartalda frv.,“ þ. e. frv. um Búnaðarbankann. Ekki verður annað séð af þessu en hlutverk Iðnaðarbankans eigi þá að vera að þjóna sínum eigendum í framtíðinni, hann eigi ekki sérstaklega að þjóna iðnaði. Það sé fráleit bankastefna að hann sinni því hlutverki. Finnst mér það dálítið skrýtið á sama tíma og menn eru að tala um að efla beri íslenskan iðnað.

En það vill nú svo til að þó að grg. séu merkilegar þá eru lögin æðri og meðan 3. gr. Búnaðarbankalaganna hljóðar á þann veg sem ég las hér áðan verður grg. ekki skilin á annan veg en þann, að það sé hvatning til starfsmanna Búnaðarbankans, þ. e. bankastjóra og útibússtjóra, að brjóta nú lög bankans sem grimmast fram á haustið eða fram á næsta vetur ef ætlunin er að breyta þessu þá.

Ég verð að segja eins og er að ég skil ekki á hvaða forsendum mönnum dettur í hug að byggja greinargerðir upp á þennan hátt. Ég veit ekki betur en í nágrannalöndum okkar eigi bankar sínar sögulegu rætur eins og hér og þeir tengjast atvinnuvegum. Eigi aftur á móti að taka ákvörðun um það að brjóta þessar sögulegu rætur upp og segja: Allir bankar eiga að þjóna öllum — þá hlýtur sú spurning líka að vakna: Er þá ekki vitlegast að skipta ríkisbönkunum upp á einu bretti, leggja til að bankarnir sem tilheyra Suðurlandi verði að einum banka og nefnist þá bara: Banki Sunnlendinga? Þeir ríkisbankar sem tilheyra Norðurlandi verði þá bara að einum banka og nefnist Banki Norðlendinga og þannig verði Vestfirðingafjórðungur sömuleiðis tekinn. Er þá ekki alveg eins rétt að skipta kökunni þannig til að koma í veg fyrir það að hótelherbergi hér syðra séu að staðaldri full af mönnum, sem þurfa að eiga erindi við hið miðstýrða vald þess bankakerfis, sem við erum búnir að byggja upp?

Ég verð að segja það eins og er að mér finnst dálítið einkennilegt hvernig að þessu er staðið. Og ég verð að bæta því við að ég skil mjög vel afstöðu hæstv. iðnrh. þegar hann hryllir við því, ef svo færi að Iðnaðarbankafrv. yrði samþykkt eitt hér í þinginu. Það þætti honum ekki góð latína og skilur mætavel hvað hann er að gera. En hann þarf ekki að óttast það. Það er greinilega nægur meiri hluti hér í þinginu til þess að koma

Búnaðarbankamálinu hér í gegn. Það er aftur á móti ástæðulaust að standa þannig að því að menn geri ekki grein fyrir afstöðu sinni og hvers vegna menn telja þessi vinnubrögð óeðlileg. Og það var dálítið einkennilegt líka að þegar nafnakallið fór fram var eins og þau væru misjafnlega sterk, rök manna hið innra fyrir því að þeir væru að gera rétt. Þannig kom fram alveg extra ákvörðunarstyrkur hjá hv. 7. þm. Reykv. þannig að skrifari deildarinnar gerði sér alls ekki grein fyrir því hvernig bæri að merkja við svo afdráttarlausa yfirlýsingu. En þegar kom að hv. 2. þm. Norðurl. v., var þetta ákaflega undarlegt. Það var eins og verið væri að pína manninn með glóandi töngum til að svara. Verður nú að segjast eins og er að það skapar erfiðleika líka þegar á að merkja við hvort það eigi að geta þess alveg sérstaklega í bókun að annar aðilinn hafi mælt með þessu á þennan ákveðna hátt með miklum innblæstri en hinn hafi greinilega verið mjög beygður þegar hann tók þessa afstöðu.

Ég tel ástæðulaust að hafa hér langt mál. Ég vil aftur á móti minna á það að Búnaðarbankinn hefur löngum staðið vel við Seðlabankann og það skilst okkur að sé þó nokkurt keppikefli í fjármálastjórn landsins að svo sé. Það hlýtur þess vegna að leggjast sú skylda á viðskrh. og þá er nú vel að hann er við. Það fer ekki á milli mála að hæstv. iðnrh. hefur bætt við sig fleiri embættum og er nú einnig viðskrh. þjóðarinnar. (**Iðnrh.:** Það er rétt.) Og það er vel að hann er við því að sanngjarnt væri að viðskrh. gerði nú grein fyrir því á hverju ári hér eftir hvort staða Búnaðarbankans við Seðlabankann væri jafngóð og hún hafði verið meðan bankinn laut aðeins stjórn landbrh. en ekki viðskrh. Ég er hræddur um að það verði ekki jafngóð staða hjá bankanum eftirleiðis. Mér sýnist nefnilega á öllu að ríkisvaldið hafi þó nokkra löngun til að misnota þá aðstöðu sína sem það telur sig geta fengið fram með þeim hugmyndum sem hér hafa verið settar á blað, hugmyndunum í grg., því að breytingin sem er í 1. gr. væri ómerkileg ef afskipti rn. ættu ekki að vera önnur en þau að koma í veg fyrir það að útibúum fjölgaði í óhófi. En það virðist aðeins vera stigið fyrsta skrefið og stefnan virðist mörkuð í þá átt að leggja niður Búnaðarbankann sem banka fyrir landbúnað.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég mun ekki hafa hér langt mál. En ég kemst ekki hjá því að segja nokkur orð eins og ég tilkynnti þeim hæstv. forseta sem var hér í forsetastóli kl. að ganga sex í morgun. Það hefur verið unnið að þessu máli með nokkuð einkennilegum hætti. Skipuð hefur verið nefnd til að athuga og gera heildarlöggjöf um bankana. Ég hef ekki séð hennar álit. Ég hef reynt að spyrja hvað í því fælist en lítil svör fengið.

Síðan er tekið þetta eina út úr og skrifuð grg. með þessu frv. sem bæði hv. síðasti ræðumaður og ég höfum farið nokkrum orðum um og sýnt fram á það að þessi grg. standist ekki staðreyndir í þessu máli. Ég hef spurt um það, þar sem formaður bankamálanefndar á sæti í fjh.- og viðskn., hvað hefði verið rannsakað í þessu máli, t. d. í sambandi við rekstrarafkomu bankanna. Ég fékk náttúrlega engin svör. Það var óskað eftir því að frv. yrði sent til umsagnar Stéttarsambandinu, Búnaðarfélaginu, stjórn Stofnlánadeildar. Þessu var ekki sinnt. Hverjir eru það sem eru í þessari nefnd? Það er fróðlegt að athuga það, vegna þess að talið er sjálfsagt að gera þessa breytingu án þess að spyrja þá aðila sem þetta kemur mest við, þ. e. landbúnaðinn og þær stofnanir sem honum tilheyra.

Formaðurinn er hv. þm. Páll Pétursson, en aðrir í nefndinni eru m. a. formaður Alþb., Svavar Gestsson, formaður Sjálfstfl. Þorsteinn Pálsson, og formaður Alþfl., Kjartan Jóhannsson. Það var ekki talin ástæða til af þessari nefnd að verða við þessari sjálfsögðu beiðni, heldur var tekið til þeirra ráða að kalla nokkra menn úr þessum stofnunum til fundar með engum fyrirvara í rúmar 20 mínútur. Það er kannske hægt að segja að þetta sýni að nú er komið svo í Alþingi Íslendinga að það þarf ekki að spyrja bændur.

Án þess að ég telji að þetta sé nokkur vendipunktur í þessum málum hér á Alþingi Íslendinga rifjaði ég það upp í nótt hvernig staðið hefði verið að því þegar Búnaðarbankinn var stofnaður og hvern hug þm. höfðu þá til þessa máls. Eins og þar kom fram er það talið einstakt að stjórnarandstaðan skyldi þakka sérstaklega fyrir það að þetta frv. væri þá flutt. Eftir atkvgr. áðan að dæma má ætla að menn séu hér á nokkuð annarri skoðun. Og auðvitað fer það ekkert á milli mála, ekki síst miðað við þá stöðu sem er úti á landsbyggðinni, að þetta verður í fyrsta lagi til þess að menn hafa minni trú eftir en áður á möguleikunum til að byggja þar upp atvinnurekstur og gera þá framleiðslubreytingu sem landsbyggðinni er nauðsynleg. Ég harma það tillitsleysi sem hér kemur fram, að taka þetta mál án þess að skoða það í heild, án þess að athuga hvaða áhrif það hefur og hvernig verður gengið frá öðrum málum í sambandi við þetta og áður en nokkur niðurstaða fáist í sjálfu sér um það hvernig verður haldið á bankamálunum yfirleitt. Ég harma að hv. alþm. skuli taka þannig á þessu máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1101).

Iðnaðarbanki Íslands, frv. 331. mál (þskj. 695). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1103).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta er síðasti fundur í hv. þd. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þdm. góða viðkynningu og samstarf á liðnu þingári og þá ekki síst umburðarlyndi hv. þdm. varðandi það sem betur hefði mátt fara af minni hálfu. Ég þakka varaforsetum alveg sérstaklega ómetanlega aðstoð, hvenær sem við hefur legið, svo og skrifurum sem inna af hendi mjög mikilvægt trúnaðarstarf í sambandi við fundarstjórn og fundareglu. Starfsfólki Alþingis þakka ég ágæta liðveislu við mig persónulega og allt sem varðar störf þessarar hv. þd. Skrifstofustjóra Alþingis, Friðjóni Sigurðssyni, vil ég á tímamótum þakka farsælt starf í

þágu Alþingis um áratuga skeið, einnig ágæt persónuleg kynni við mig og mjög mikilsverða aðstoð í forsetastarfi.

Ég bið þm. og vandamönnum þeirra allra heilla og óska þeim góðrar heimfarar og heimkomu.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta hans góðu óskir í okkar garð. Ég vil þakka honum ágæta fundarstjórn í vetur. Það hefur verið erfitt hlutverk að stýra störfum þessarar deildar síðustu dægrin, en það hefur gengið af mestu prýði. Ég vona að þetta sumar verði hæstv. forseta og fjölskyldu hans heilladrjúgt og að við hittum hann heilan og kátan í haust. Ég vil biðja hv. þdm. að árétta óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka hv. 4. landsk. þm. vinsamleg orð í minn garð og míns fólks og þm. fyrir að taka undir þessi orð. Ég endurtek árnaðaróskir mínar í garð hv. þdm. Þessum síðasta fundi Nd. er slitið.

Sameinað þing, 94. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl. 2 miðdegis.

Kosning manns í fjárveitinganefnd í stað Lárusar Jónssonar.

Fram kom einn listi með einu nafni. Þar sem ekki var stungið upp á fleirum en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:

Halldór Blöndal, 5. þm. Norðurl. e.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, þáltill. 335. mál (þskj. 715, n. 926 og 980, 927, 981). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 981 felld með 38:5 atkv.

Brtt. 927 (ný tillgr.) samþ. með 44:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, GHG, RA, SalÞ, SkA, StB, StG, SV, SJS, SvG, SvH, JK, VI, ÞP, ÞS, AG, AS, ÁJ, BÍG, DA, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GB, GJG, GGS, HÁ, HBl, HS, HG, IG, JHelg, KSG, KJóh, KolJ, LJ, MB, KMT, ÓE, HÓ, ÞK.

nei: SDK, GSig, GA, GHelg, JS, JBH, KH.

GeirG, GE, KP, KSK greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓÞÞ, PP, RH, StH, GeirH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Herra forseti. Með samþykkt þessarar till. er Alþingi að veita hæstv. iðnrh. heimild til að semja um auknar stóriðjuframkvæmdir hér á landi og aukin ítök erlendra aðila í íslensku efnahagslífi. Slík áform stefna í hættu hag landsmanna allra í náttúru þessa lands og sjálfstæði þessarar þjóðar. Ég segi því nei.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Brtt. á þskj. 981, sem nú hefur verið felld, hefði tryggt eðlilegan framgang málsins af hálfu Alþingis og komið þessu máli inn á rétta braut án þess að því fylgdi að tefja hefði þurft framkvæmdir eða að opnað væri fyrir fjárhagsheimildir til framkvæmdavaldsins sem óþarft er og varasamt á þessu stigi málsins. Ég vek athygli á því að með samþykkt till. meiri hl. atvmn. eru alþm. að samþykkja að heimila framkvæmdavaldinu að hefjast handa um fjárhagslega áhættusamt fyrirtæki án þess að ljóst liggi fyrir hvaða fjárhagslegar skuldbindingar þeir leggja á ríkissjóð, ekki síst þar sem ekkert er vitað um hvernig staðið verði að markaðsmálum eða eignaraðild. Alþingi sem ábyrgð ber á þessu máli er með þessari afgreiðslu að afhenda framkvæmdavaldinu óútfyllta ávísun. Ég tel þessa málsmeðferð allt í senn óþarfa, óeðlilega og varasama og segi því nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 47:5 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1114).

Friðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. 189. mál (þskj. 337, n. 928, 929). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 929 (ný tillgr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1115).

Afnám bílakaupafríðinda embættismanna, þáltill. 28. mál (þskj. 28, n. 984, 985). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 985 (ný tillgr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1116).

Fiskeldi og klak sjávar- og vatnadýra, þáltill. 91. mál (þskj. 100, n. 960 og 989). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 960 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 46 shlj. atkv.

Landnýtingaráætlun, þáltill. 106. mál (þskj. 128, n. 992, 990). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 990 (ný tillgr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1117).

Húsnæðismál námsmanna, þáltill. 117. mál (þskj. 144, n. 937). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1118).

Uppbygging Reykholtsstaðar, þáltill. 217. mál (þskj. 386, n. 930, 931). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 931 (ný tillgr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1119).

Framburðarkennsla í íslensku, þáltill. 268. mál (þskj. 514, n. 932, 933). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 933 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1120).

Kynning á líftækni, þáltill. 278. mál (þskj. 535, n. 959). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1121).

Rannsókn og meðferð nauðgunarmála, þáltill. 289. mál (þskj. 556, n. 976). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1122).

Varnir vegna Skeiðarárhlaupa, þáltill. 291. mál (þskj. 565, n. 1022). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. í nál. á þskj. 1022, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 49 shlj. atkv.

Lagahreinsun og samræming gildandi laga, þáltill. 103. mál (þskj. 124, n. 909, 910). — Síðari umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga. Nefndin varð sammála í afstöðu sinni í þessu máli og það skal fram tekið að hún var fullskipuð. Með leyfi forseta vil ég lesa upp þá brtt. sem allshn. leggur til.

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar:

1. Að fela ríkisstj. að leita eftir samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands um framhaldsvinnslu lagasafns með þeim hætti að

a) fella nýja löggjöf inn í tölvuskráðan texta lagasafns 1984, þannig að ávallt sé tiltækur réttur texti gildandi laga í landinu,
b) undirbúa hreinsun úreltra ákvæða úr núgildandi lögum og gera tillögur um niðurfellingu lagabálka sem engum tilgangi þjóna lengur og fella má úr gildi og um greinar gildandi laga sem eðlilegt er og nauðsynlegt að samræma,
c) gera reglugerðum sömu skil um brottfellingu og samræmingu,
d) leggja á ráð um framtíðarskipun á útgáfu laga og reglugerða og alhliða upplýsingamiðlun um réttarreglur, enda verði tölvutækni hagnýtt eftir því sem kostur er og henta þykir.

2. Að fela ríkisstj. að sjá til þess að maður verði ráðinn til framkvæmdar á þessu verkefni.

3. Að kjósa nefnd níu manna til ráðuneytis um framkvæmd framangreindra verkefna."

Það skal tekið fram að gert er ráð fyrir því af nefndinni að þessi níu manna nefnd verði ólaunuð, en starfið hvíli fyrst og fremst á þeim starfsmanni sem ætlunin er að ráða.

ATKVGR.

Brtt. 910 (ný tillgr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1123).

Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum, þáltill. 368. mál (þskj. 991, 1050). — Ein umr.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti allshn. á þskj. 991, en eins og þar kemur fram er raunar um nýja sjálfstæða till. að ræða sem tekur á efni tveggja tillagna.

Í grg. segir: Nefndin hefur fjallað um 267. og 270. mál og orðið ósátt um að afgreiða bæði málin á þann hátt að hún flytur sjálfstæða till.

Fjarverandi þessa afgreiðslu í nefndinni var Þorsteinn Pálsson, en hann er samþykkur hinni nýju till. þannig að nefndin stendur öll að henni.

267. mál, sem vísað er til í grg., er till. Alþfl. um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, en hún hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta semja frv.

til l. um afnám tekjuskatts af launatekjum ásamt grg. og leggja það fyrir næsta löggjafarþing."

270. mál, sem vísað er til í grg., er hins vegar till. Sjálfstfl. um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum sem hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að skora á fjmrh. að skipa nefnd þriggja manna til þess að gera tillögur um á hvern hátt hagræða megi og spara í rekstri ríkisins og ríkisstofnana með tilliti til þess að tekjuskattur verði afnuminn í áföngum á almennum launatekjum. Skulu tillögur nefndarinnar lagðar fyrir Alþingi í upphafi næsta þings."

Hin nýja till., sem unnin er á grundvelli þessara tillagna, er svohljóðandi, en það er till. til þál. um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum frá allshn.:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að leggja fyrir næsta Alþingi till. um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum og á hvern hátt megi breyta skattheimtu að öðru leyti og spara og hagræða í ríkisrekstrinum til að ná þessu markmiði án þess að minnka þjónustuna."

Ég vil fagna þeirri samstöðu sem náðist í nefndinni um þessa till. og þar sem öll nefndin flytur þessa till. er óþarfi að hún fari til nefndar. Þeir sem standa að till. eru allshn.-menn Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Eggert Haukdal, Guðmundur H. Garðarsson, Stefán Benediktsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Þorsteinn Pálsson.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Eins og fram kom í framsögu hv. 6. þm. Suðurl. stóð ég að þeirri till. sem flutt var af allshn. Sþ. Ég flutti samt sem áður brtt. við þá till. vegna þess að ég hafði áhuga á að fram kæmu skoðanir mínar í þessu máli. Brtt. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að leggja fyrir næsta Alþingi frv. um afnám tekjuskatts af tekjum einstaklinga og lögaðila, en í stað þess komi ríkisútsvar á laun einstaklinga en veltuskattur á lögaðila. Ríkisútsvar á tekjur einstaklinga leggist á tekjur yfir 500 þús. kr. Vaxtaútgjöld verði ekki frádráttarbær, en vextir af sparnaði ekki skattskyldir sem tekjur. Frv. miði að því að tekjur ríkissjóðs minnki ekki af þess völdum."

Það sem mér gekk til með þessum tillöguflutningi var að benda á þá möguleika að hvetja með skattaálagningu til þess sem hvað verst hefur gengið að fá fólk til á Íslandi, þ. e. að spara frekar en að skulda. Ég geri mér ljóst að þessi brtt. muni e. t. v. valda óþarfa umr. á þessum seinustu stundum þingsins án þess að það leiði til viðhlítandi árangurs og þess vegna dreg ég till. til baka.

Gunnar G. Schram: Herra forseti. Ég vil færa fram þakkir til hv. þm. Stefáns Benediktssonar fyrir að hafa dregið til baka þá brtt. sem hann bar fram við till. á þskj. 991. Ég vil jafnframt bera fram þakkir til allshn. Sþ. fyrir góða afgreiðslu þessa mikilvæga máls og lýsa þeirri von minni að þær ráðstafanir til afnáms tekjuskatts í áföngum sem um er rætt í till. fái góðan framgang er þing kemur saman í haust.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil þakka þá víðtæku samstöðu sem náðst hefur um þetta að mínum dómi mjög mikilvæga málefni sem hefur verið baráttumál okkar Alþfl.-manna um langt árabil. Ég færi allshn. þakkir fyrir störf hennar og læt í ljós ánægju okkar Alþfl.-manna.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj.1124).

Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði til eins árs frá 3. júní 1984, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 7. gr. laga nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Skv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde hagfræðingur (A),
Halldór Árnason hagfræðingur (C),
Axel Gíslason framkvæmdastjóri (B),
Theódór Blöndal tæknifræðingur (A),
Sighvatur Björgvinsson fyrrv. alþm. (C),
Hörður Þórhallsson sveitarstjóri (A),
Sveinn Þórarinsson verkfræðingur (B).

Varamenn:
Bogi Nilsson sýslumaður (A),
Inger L. Jónsdóttir lögfræðingur (C),
Þorsteinn Ólafsson framkvæmdastjóri (B),
Hrafnkell A. Jónsson bæjarfulltrúi (A),
Sigfús Guðlaugsson rafveitustjóri (C),
Þráinn Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Aðalsteinn Valdimarsson skipstjóri (B).

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Lögum samkvæmt hefur Framkvæmdastofnun ríkisins gefið út ársskýrslu sína fyrir árið 1983 og hefur henni verið dreift til þm. skv. venju. Störf Framkvæmdastofnunarinnar voru með svipuðu sniði og á árinu 1983 og áður og kemur það greinilega fram í skýrslunni.

Auk yfirlita yfir almenn störf Framkvæmdastofnunar birtir skýrslan reikninga sjóða þeirra sem í umsjá stofnunarinnar eru, þ. e. Framkvæmdasjóðs Íslands, Byggðasjóðs og Landflutningasjóðs.

Heildarútlán Framkvæmdasjóðs á liðnu ári námu 1116 millj. kr. Þar af lánaði sjóðurinn Fiskveiðasjóði 663 millj., 150 millj. til Iðnlánasjóðs, tæpar 137 millj. til Byggðasjóðs og 103 millj. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Alls tók 31 aðili lán úr sjóðnum. Auk lánanna veitti sjóðurinn styrki samtals að upphæð rúmar 1.7 millj. kr.

Lánsfjár Framkvæmdasjóðs var að venju aflað með innlendum og erlendum lántökum. Í lánsfjáráætlun

1983 var gert ráð fyrir öflun fjár til opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða með sölu verðbréfa til innlánsstofnana er miðuðust við 7% af innlánsaukningu ársins. Var hlutur Framkvæmdasjóðs 4% af innlánaaukningu viðskiptabankanna sem lánuðu sjóðnum 139.5 millj. kr.

Eins og kveðið er á um í lögum nr. 82/1977 og í samræmi við lánsfjáráætlun skulu lífeyrissjóðirnir verja a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum af þeim sjóðum sem lögin segja til um. Námu þessi kaup lífeyrissjóðanna alls 863 millj. kr. Þar af keyptu þeir af Framkvæmdasjóði skuldabréf að fjárhæð 145.8 millj. kr., en lánsfjáráætlun gerði þó ráð fyrir að kaupin yrðu 230 millj. þannig að 37% skortir á að fjáröflun þessi stæðist.

Framkvæmdasjóður tók þrjú erlend lán á árinu: 13 millj. vestur-þýskra marka hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, 20 millj. dollara hjá Hambros Bank í London og 5 millj. yena hjá Sumitomo Bank í Tokyo.

Hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs urðu 79 millj. 629 þús. samanborið við 25 millj. 927 þús. árið 1984, eins og glöggt kemur fram sundurliðað í þeirri ársskýrslu sem ég áður vitnaði til.

Framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs nam 69.8 millj. kr. á s. l. ári, en auk þess aflaði sjóðurinn fjár með lántöku úr Framkvæmdasjóði að fjárhæð 136.6 millj. kr. Úr Byggðasjóði voru samþykkt lán, framlög og styrkir samtals að fjárhæð 202.2 millj. kr. Skipting lánanna var í grófum dráttum þessi: 1. Til sveitarfélaga 58 millj. eða 29%. 2. Til fiskiskipa 44 millj. eða 22%. 3. Til iðnaðar 25 millj. eða 12%. 4. Til fiskvinnslu 19 millj. eða 9%. 5. Til landbúnaðar 16 millj. eða 8%. Önnur lán námu um 50% millj. kr., þar af 10 millj. til bættra hollustuhátta og aðbúnaðar á vinnustöðum, 9 millj. til Hafnabótasjóðs og 5 millj. til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Úr Landflutningasjóði voru veitt níu lán til átta aðila samtals að fjárhæð 6.6 millj. kr.

Að venju er í ársskýrslu Framkvæmdastofnunar nákvæm sundurliðun á samþykktum lánum og styrkjum, auk ítarlegrar lýsingar á starfsemi áætlunardeildar og byggðadeildar stofnunarinnar, þar sem helstu verkefni eru skilgreind og grein gerð fyrir þátttöku deildanna í norrænu samstarfi.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greinargerð hans fyrir þessari skýrslu.

Þessi skýrsla er að mörgu leyti hið gagnmerkasta plagg, en ég er kominn hér aðallega til að vekja athygli manna á þeim hluta hennar sem fjallar um byggðadeild.

Það hefur margsinnis komið fram hér í umr. hver afstaða mín og Bandalags jafnaðarmanna er til Framkvæmdastofnunar. Þrátt fyrir ýmsa gagnrýni á þeirri stofnun kunnum við mjög vel að meta vissa þætti þess starfs sem þar fer fram. Sá hluti þessarar skýrslu, sem ég ætlaði að vekja athygli á, ætti að gera mönnum ljósa grein fyrir gildi og mikilvægi þess að menn hlusti og hlýði á mál þeirra manna sem kannske hvað gleggsta grein gera sér fyrir ástandi vorrar þjóðar.

Ég gríp hér niður í kafla þar sem fjallað er um byggðaþróun:

„Eftir áratuga byggðaröskun", segir þar með leyfi hæstv. forseta, „náðist loks jafnvægi í fólksflutningum á milli landsbyggðar annars vegar og Suðvesturlands hins vegar um miðjan síðasta áratug. Þetta jafnvægistímabil var stutt eða fimm ár. Á árunum 1975—1979 fluttu samtals 21 þús. 411 manns til landsbyggðarinnar", sem er svæðið utan Hellisheiðar og Hvalfjarðar frá Reykvíkingum séð, og um 21 þús. manns fluttust af landsbyggðinni til svæðisins sem menn kalla gjarnan suðvesturhorn.

„Á árinu 1980 má segja að þessu örstutta jafnvægistímabili lyki og síðan hafa fólksflutningar frá landsbyggð til Suðvesturlands aukist ár frá ári eins og tölurnar hér á eftir sýna."

Ég hirði ekki að lesa þær tölur. Þær geta menn kynnt sér, en staðreyndin er sú að landsbyggðin hefur þannig tapað um 2400 manns til suðvesturhornsins á fjórum árum og það verður ekki betur séð af þeim könnunum sem fyrir liggja en að þessir flutningar séu í örum vexti.

Bent er á í þessari skýrslu að á áratugnum 1971—1980 varð öflug atvinnuuppbygging víðs vegar á landsbyggðinni í kjölfar útfærslu landhelginnar. Þessari uppbyggingu er að nokkru leyti lokið og þeirra áhrifa fer nú að gæta að hugsanlega var ekki staðið að þessari uppbyggingu alveg sem skyldi, meira af kappi en forsjá. En einnig er annað sem er afskaplega afdrifaríkt í þessari þróun. Það er að öll þjónustustarfsemi í tengslum við atvinnugreinar á Íslandi er eðli málsins samkv. mjög miðsækin. Hún sækir til þess svæðis þar sem hún kemst í tengsl við aðra þjónustu skylda. Reykjavík er að verða nokkurs konar allsherjarþjónustumiðstöð allra landsmanna. Þessu fylgir vaxandi byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sem tengist þjónustustarfseminni. Þjónustustarfsemi úti á landi er yfirleitt lítil og á það erfitt uppdráttar að á móti grunnatvinnugreinunum koma yfirleitt einungis 1—2 störf í þjónustugreinum úti á landi. Þjónustumargföldun á höfuðborgarsvæðinu vegna tilkomu starfa í grunngreinum úti á landi er mun meiri. Hve miklu meiri er erfitt að fullyrða nákvæmlega því að þessi margföldun er misjöfn eftir því hvaða viðmiðunarár eru valin.

Ef skoðaðar eru þær tölur sem hér eru fram settar kemur í ljós að atvinnuuppbygging úti á landi er í rénun. Þetta gerist þrátt fyrir afskaplega fögur fyrirheit og margyfirlýstan áhuga manna á hinu gagnstæða. Þetta kemur einkanlega fram í byggingum og mannvirkjagerð annars vegar, en einnig í þjónustugreinum.

Þá segir hér, með leyfi hæstv. forseta, og ég bið menn að athuga að þetta eru ekki mín eigin orð:

„Sú þróunarstefna, sem lesa má úr þessum tölum, er uggvænleg. Haldi svo áfram virðist ný flóðbylgja flutninga af landsbyggðinni til Suðvesturlands vera að rísa í líkingu við þá sem skall á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjunum á sjötta áratugnum. Slíkt er hvorugs hagur, Suðvesturlands né landsbyggðar, og er síst af öllu hagkvæmt fyrir þjóðarheildina. Slík þróun getur komið upp vítahring sem erfitt getur verið að rjúfa og kann að leiða til þess að sífellt verði erfiðara að manna hinar þýðingarmiklu fiskvinnslustöðvar úti á landi og öllu mannlífi á landsbyggðinni hraki."

Ég verð að viðurkenna að það er langt síðan ég hef heyrt jafnsvartsýnan tón í skýrslu, hvort sem það er frá Framkvæmdastofnun eða einhverjum öðrum opinberum aðilum.

„Hins vegar leiðir slík þróun til vaxandi þenslu suðvestanlands og aukins tilkostnaðar á fjölmörgum sviðum. Líklegt er að mikil byggðaröskun dragi verulega úr hagvexti. Á Suðvesturlandi búa nú yfir 142 þús.

manns sem eru tæplega 60% þjóðarinnar. Hagkvæmast er fyrir þetta fólk að búa nokkurn veginn við eigin fólksfjölgun. Hin ýmsu kerfi, svo sem skólakerfi, umferðakerfi o. s. frv., geta þá þróast átakalaust og á hagkvæman hátt. Flóðbylgja innflytjenda af landsbyggðinni mun raska þessari uppbyggingu jafnframt því sem nýting dýrra mannvirkja á landsbyggðinni minnkar.

Í inngangskaflanum", segir höfundur þessarar grg., „hér að framan voru líkur leiddar að því að gera yrði verulegt átak til að tryggja nægilega öra hagþróun í landinu á allra næstu árum. Það ástand sem hér hefur verið lýst bendir eindregið til þess að þetta átak verði að mjög verulegu leyti að fara fram á landsbyggðinni."

Í þessu tilefni vil ég minna á að þm. Bandalags jafnaðarmanna hafa hér hvað eftir annað frá því í haust kallað á tillögugerð frá ríkisstj. um einhvers konar átak í atvinnuuppbyggingu, einhvers konar átak sem bent gæti til þess að hér mætti bæta kjör manna á næstu árum með vaxandi atvinnu, framleiðslu og hagvexti. En það hefur ekkert slíkt mál komið fram á þessu þingi sem á nú að ljúka eftir nokkrar mínútur, má nánast segja. Næsta haust byrjum við á sama puði í fjárlagagerð sem ekki verður með neinu móti öðruvísi en hún hefur verið undanfarin ár. Ég hef illan grun um að við eigum eftir að bíða lengi eftir því að þessi ríkisstj. eða nokkrir aðilar hennar leggi nokkuð það til í þessum málum sem vakið gæti bjartsýni hjá fólki, og þá sérstaklega ungu fólki í þessu landi, hvað framtíð þess snertir.

Sem dæmi um það hvað Framkvæmdastofnun hefur verið að fást við, sú stofnun sem hefði þó kannske helst átt að sinna að einhverju leyti því verkefni sem hér um ræðir, nægir að tiltaka nokkur dæmi í yfirlitinu yfir þau lán og styrki, sem veitt hafa verið úr Byggðasjóði, og menn geta sjálfir gert sér leik að því að vega og meta hvaða árangur til heildar þessi uppátæki Framkvæmdastofnunar hafa.

Hérna stendur á bls. 99 og 101, með leyfi hæstv. forseta, í lið 354: Hverabakarí, lán til kaupa á vélum 100 þús. kr. Liður 357: Hverabakarí, lán til byggingar húss fyrir bakarí — þeir voru búnir að kaupa vélar — 300 þús. kr. Liður 259: Hverabakarí, lán til kaupa á vélum. Húsið var of stórt. Það þurfti að kaupa fleiri vélar. Liður nr. 16: lán til að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum — húsbyggingin hefur ekki svarað þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra hluta — 450 þús. kr.

Ég hef, held ég, margoft reynt hér að tjá mig um hvað ég tel vera byggðastefnu og nokkuð greint á um það við aðra hér á Alþingi, en ég held að þetta, sem hér er verið að lýsa, geti ekki kallast byggðastefna. Til þess að hægt sé að vega og/eða meta grundvöll fyrirtækja sem þess sem hér um ræðir, þá á ég við rekstrargrundvöll, hvort fyrirtækið á yfir höfuð rétt á sér, verður fyrst að vera búið að ganga frá þeim þætti sem á ábyrgð ríkisins er. Menn kalla það á útlensku „strúktúr", þ. e. nokkurs konar grundvöll. Öll þau þjónustukerfi sem sveitarfélög þurfa, þ. e. vegir og veitur og annað slíkt, menntastofnanir og þar fram eftir götunum, verða að vera sambærileg um allt land áður en hægt er að byrja að vinna með jafnsértækum hætti og réttlæta það eins og hér er gert á þessum stað.

Það vekur athygli þegar flett er í gegnum þessa skýrslu að eitt fyrirtæki virðist eiga í miklum erfiðleikum hér á landi. Það er Kaupfélag Eyfirðinga. Maður hefði nú haldið, miðað við þau umsvif sem Kaupfélag Eyfirðinga stendur í, að það væri ekki í þeim vandræðum að það þyrfti að fá lánað hjá Framkvæmdastofnun, Byggðasjóði, 300 þús. kr. vegna húss og véla fyrir frystihús á Dalvík. Maður hefði ekki haldið, eftir þá miklu uppbyggingu sem Kaupfélag Eyfirðinga hefur staðið fyrir, að það þyrfti að fá lán upp á 470 þús. kr. vegna byggingar mjólkurstöðvar á Akureyri — hús sem reyndar er búið að vera lengi í byggingu — eða að það hefði þurft að fá lán upp á 300 þús. kr. til vélakaupa vegna brauðgerðar á Akureyri.

Við vitum reyndar að erfiðleikar í atvinnulífi hafa gengið yfir Norðurland með kannske harðari hætti en gerst hefur annars staðar í landinu, tengist það mál reyndar þeirri svörtu sýn sem varpað er upp í þessari skýrslu, en ekki höfðum við gert okkur grein fyrir því að Norðlendingar væru svo illa komnir að þeir gætu ekki lengur prentað blöð án þess að fá styrk úr Framkvæmdastofnun til þess, sbr. 100 þús. kr. lán til Íslendings vegna endurbóta á húsi fyrir setningarþjónustu. Starfsemi eins og sú sem hér er verið að lýsa á ekki heima í reikningum Framkvæmdastofnunar. Hún á heima í banka. Ef einhvern mann vantar 100 þús. til þess að kaupa sér setningarvél fer hann ekki til Framkvæmdastofnunar, hann fer í banka. En hvers vegna fer hann í Framkvæmdastofnun? Jú, það er ein skiljanleg ástæða fyrir því. Ef hann hefur möguleika á aðgangi að þessari stofnun með einhverjum hætti gæti komið upp sú hagsýna hugsun að það væri vert að nota sér þetta því að það er svolítill munur á þeim vöxtum sem þarf að greiða í banka og þeim sem þarf að greiða í Framkvæmdastofnun. Þau lán, sem þar eru veitt, eru yfirleitt á 15% vöxtum, ef miðað er við 10 ára lán, en þurfi ég eða einhver annar maður að taka sambærilegt lán í banka borga ég að jafnaði, miðað við 10 ára lán, 21% vexti. Það er drjúgur munur þar á. Þannig er það mjög þægilegur vinargreiði að útvega kunningja sínum eða vini eða kjósanda lán úr þessari góðu stofnun.

Þá er þó nokkuð um að menn eru styrktir til að greiða af þeim lánum sem þeir áður höfðu fengið. Þetta hefur verið gagnrýnt hér í ræðum áður. Auðvitað er þetta aðgerð sem almennilegt fólk ekki skilur. Það er gersamlega óþekkt í viðskiptalífi að menn geti sótt um styrk til að greiða lánið sem þeir fengu hjá bankanum og gátu ekki borgað. Það þekkist hvergi annars staðar en í Framkvæmdastofnun. En það er líka þess vegna sem þessi stofnun hefur á sér þetta illa orð og það er þess vegna sem þessari stofnun er vantreyst með þeim hætti sem er gert. Það er ekki vansalaust að þeir flokkar sem að þessari stofnun standa skuli ekki hafa manndóm í sér til að breyta þessu, hrista af sér slyðruorðið, heldur láta kúga sig til að halda áfram því kjánalega, óskiljanlega og siðlausa skipulagi sem þar tíðkast í sambandi við dreifingu opinberra fjármuna.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, stefnuyfirlýsingu dags. 26. maí 1983, er gert ráð fyrir því að ríkisstj. beiti sér fyrir breytingum á stjórnkerfinu eða eins og það er orðað:

„Til þess að gera stjórnkerfið virkara og bæta stjórnarhætti mun ríkisstj. beita sér fyrir breytingum á stjórnkerfinu.

Markmið slíkra stjórnkerfisbreytinga er að einfalda opinbera stjórnsýslu, bæta hagstjórn og samræma ákvarðanir í opinberri fjárfestingu, draga úr ríkisumsvifum og efla eftirlit löggjafarvalds með framkvæmdavaldinu.“

Síðan eru talin upp fjögur atriði: Lagt verði fyrir Alþingi frv. að nýjum lögum um Stjórnarráð Íslands. Þetta frv. hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi. Það var lagt fram á blaðamannafundi. Það hefur aldrei verið lagt fram í ríkisstj. að mér er sagt. — Ríkisendurskoðun verði breytt á þann veg að hún heyri undir Alþingi. Ég kannast ekki við að þessu máli hafi neitt þokað áleiðis. — Rekstrarlegt eftirlit með ríkisfyrirtækjum verði eflt. Ég hef ekki frétt neitt af þessu. — Stefnt verði að því að auka útboð við opinberar framkvæmdir. Ég kannast ekki við verulegar breytingar í þessu efni. Þó hafa verið samþykkt ákveðin lög í þessa átt hér á Alþingi í vetur, en það var að frumkvæði þm. en ekki ríkisstj.

Þá segir í tölul. 6 í kafla sem ber yfirskriftina „Peninga- og lánastofnanir“:

„Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins verði endurskoðuð. Verkefni áætlanadeildar verði færð til annarra stofnana. Framkvæmdasjóði verði mörkuð staða í tengslum við endurskipulagningu sjóðakerfisins. Lánastefnu Byggðasjóðs verði breytt í samræmi við upphaflegan tilgang, samhliða því sem sjálfvirkni í lánveitingum verði afnumin.“

Nú hefur það spurst að hæstv. ríkisstj. hafi haft að störfum í þessu máli nefnd, eins og í fleiri málum, og þessi nefnd hafi í raun og veru ekki komist að neinni niðurstöðu, hana hafi borið upp á sker. M. a. er frá því greint í fréttum og fjölmiðlum að innan nefndarinnar sé verulegur ágreiningur, minni hl. nefndarinnar, skipaður einhverjum fulltrúum eða fulltrúa Sjálfstfl., hafi skilað séráliti, en formaður nefndarinnar, sem mun vera sami maður og er forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins, mun hafa lagst gegn því að nefndin sinnti ætlunarverki sínu eins og aðrir nefndarmenn vildu.

Þegar ríkisstj. var mynduð reyndi hún að skreyta kauplækkunarfarkost sinn með ýmsum hætti. M. a. var því lýst yfir af ráðh. að stjórnkerfisbreytingar stæðu fyrir dyrum og ungu íhaldsmennirnir sem beittu sér fyrir stuðningi við þessa ríkisstj., eins og Friðrik Sophusson og Þorsteinn Pálsson, bundu miklar vonir við það skv. opinberum yfirlýsingum að eitthvað yrði gert í þessum stjórnkerfismálum. Niðurstaðan að loknu fyrsta þingi þessarar ríkisstj. er sú að það hefur ekkert hreyfst í þessum stjórnkerfismálum. Niðurstaðan þar er 0.0. En ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Er það ætlun ríkisstj. að reyna að halda áfram þessu nefndarstarfi við endurskoðun á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins undir forustu Tómasar Árnasonar?

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ætli það sé nokkur vafi á því að hæstv. ríkisstj. heldur áfram á núllgrunnspunktinum í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum, hv. þm. Svavar Gestsson?

Herra forseti. Það eru engin tök á að ræða hér að neinu gagni það mál sem nú er á dagskrá þó að vissulega væri ástæða til þess. Ég kvaddi mér hljóðs hér vegna ræðu hv. 8. þm. Reykv. Stefáns Benediktssonar. Ég fagna því mjög að skýrsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, hið skrifaða mál í henni, hefur vakið þennan hv. þm. til umhugsunar um það hvað í raun og veru er að gerast hér í landinu. Hv. þm. orðaði það eitthvað á þann veg að hann hefði ekki séð svo svartan dóm lengi, hvorki frá Framkvæmdastofnun né öðrum aðilum í landinu, um tilfærslur og fólksflutninga frá dreifbýlishéruðunum yfir á þéttbýlissvæðið á suðvesturhorni landsins. Þó að þessi skýrsla Framkvæmdastofnunar hefði ekkert gert annað en að vekja þennan hv. þm., og ég vona miklu fleiri hv. þm., til umhugsunar um það hvert stefnir í málum okkar þjóðar, verði áframhald á þeim fólksflótta frá dreifbýlinu á þéttbýlissvæðið, þá hefur hún vissulega gert gagn.

Að sjálfsögðu má deila um stofnun af því tagi sem Framkvæmdastofnun ríkisins er. Auðvitað gerir hún mistök. Þar má margt betur fara. En það er enginn vafi á því að hún gerir á ýmsum mikilvægum sviðum gagn í þjóðfélaginu. Hún varð á sínum tíma til þess ásamt ýmsu öðru að snúa við þeirri þróun, sem hafði átt sér stað nokkuð mörg ár, að fólksflutningar urðu utan af landsbyggðinni hingað á þéttbýlissvæðið. Og enn ber að sama brunni. Á þessu hef ég ásamt ýmsum öðrum hv. þm. vakið athygli hér á Alþingi margoft í vetur. Ef stjórnvöld grípa ekki strax til aðgerða til að koma í veg fyrir frekari þróun í þessum efnum, þá er vandséð hvort það tekst á næstunni.

Það er vissulega ánægjuefni þegar augu hv. þm., eins og hv. þm. Stefáns Benediktssonar, opnast í þessum efnum. Því fagna ég innilega og ég vænti þess að sama megi segja um þingsystkin hans í Bandalagi jafnaðarmanna, að augu þeirra hafi opnast fyrir þessum vágesti sem komið hefur í heimsókn á síðustu tímum. Ég vona að augu fleiri hv. þm. hafi opnast við lestur þessarar skýrslu frá Framkvæmdastofnun ríkisins. Sé það svo og verði það svo, þá er ég a. m. k. bjartsýnni á að ná eyrum meiri hl. hv. þm. og hæstv. ríkisstj. um það að grípa til aðgerða, stöðva þessa óheillavænlegu þróun, koma í veg fyrir að til landauðnar stefni í hinum dreifðu byggðum og allir hópist hér á suðvesturhorn landsins.

Stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins á sínum tíma átti að vera og var liður í að snúa við þeirri þróun sem þá hafði átt sér stað. Það tókst. Og auðvitað er hægt að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Ef þeir sem ferðinni ráða á hverjum tíma, stjórnvöld í landinu og Alþingi, eru þannig sinnuð að þau viðurkenna vandann og hafa kjark og þor til að takast á við hann, þá er ekkert vafamál að hægt er að snúa þessari óheillaþróun við. Ég vona að hin svarta skýrsla stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir árið 1983, hið skrifaða mál í henni hafi orðið til þess að opna augu fleiri hv. þm. hér á Alþingi en Stefáns Benediktssonar fyrir því að hér þarf að grípa til fljótvirkra aðgerða til að snúa þessari óheillaþróun við.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Byggðastefna hefur í langan tíma verið mjög umrædd hér á landi, ekki síst núna síðustu árin. Þess vegna verð ég að harma það og átelja mjög að skýrsla Framkvæmdastofnunar, þar sem framkvæmd byggðastefnunnar birtist á hverjum tíma, skuli ekki koma fram fyrr en síðast á þinginu, síðasta klukkutímann sem við höfum til að ræða málið, vegna þess að hér er vissulega um mjög þarft mál að ræða. Það er hægt að ræða þetta út frá þjóðhagslegum sjónarhólum, það er að ræða það út frá framkvæmdalegum sjónarhólum, byggðalegum, og síðan er hægt að

ræða þetta út frá ýmsum innri málum stofnunarinnar eins og þau hafa verið til umr. á hverjum tíma. Þess vegna verð ég að segja að mér þykir það hin mesta synd að ekki skuli gefast betri tími hér í Sþ. til að ræða þessi mál.

Ég mun ekki flytja um þetta langa ræðu. Við í þingflokki Bandalags jafnaðarmanna höfum sýnt þessu máli mikinn áhuga í allan vetur. Við höfum flutt um það tvær þáltill. og við höfum fjallað um það í okkar hópi. Við höfum t. d. lýst þeirri skoðun okkar það eigi að breyta hér stjórnkerfi, færa meiri völd til fólks út í héruð. Þannig gæti ég lengi talað, en ég ætla ekki að gera þessi atriði byggðastefnunnar og þessi sjálfstæðismál fólksins í landinu frekar að umræðuefni núna. Það sem mig langar til að gera að umræðuefni er eitt örlítið atriði sem ástæða er til að skoða nánar.

Stjórn þessarar stofnunar er skipuð alþm. með einni undantekningu og hefur verið skipuð alþm. alveg hingað til. Nú langar mig aðeins að skoða þetta mál hlutlægt, reyna að meta kosti þess og galla. Ef einhverjir alþm. eru hér viðstaddir, sem eru stjórnarmenn, langar mig til að biðja þá næstu 5 mínúturnar að líta á þetta mál með mér með augum alþm.

Þegar alþm. er í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins lendir hann óumflýjanlega í ýmsum hlutverkum. Hann verður í fyrsta lagi í hlutverki bankastjórans vegna þess að alþm. í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins er þátttakandi í því að dreifa fé. Hann tekur á móti umsóknum um lán eða styrki, hann verður að vega það og meta. Hann verður að meta arðsemi, hann verður að meta félagslega hluti, hann verður að meta á ýmsan hátt. Þetta er mjög hliðstætt starfi bankastjóra. Og það eru hreint ekki litlir fjármunir sem fara um hendur þessarar stjórnar. Þetta er fyrsta hlutverkið, bankastjórahlutverkið.

Annað hlutverk sem alþm. verður að rækja er náttúrlega hlutverk alþm. Hann er kjörinn á þing með atkvæðum fólks, sem býr heima í héraði, og ef í honum er einhver dugur, ætlar sér það starf til einhverrar frambúðar, verður hann að reyna að búa þannig í haginn að hann verði endurkjörinn. Hann þarf að auka orðstír sinn heima í héraði, styrkja stöðu sína á hverjum tíma gagnvart mótframbjóðendum sínum. Þetta er sem sagt staða tvö.

Staða þrjú sem alþm. gæti hugsanlega komist í væri hreinlega að vera stjórnarmaður í fyrirtæki heima í héraði sem er að sækja um peninga til Framkvæmdastofnunar. Hann gæti verið stjórnarmaður í slíku fyrirtæki eða hann gæti á annan hátt verið hagsmunaaðili heima í héraði vegna vensla eða tengsla á einhvern hátt. Og þá fer nú að fjölga stólunum hjá honum vegna þess að þá gæti hann hreinlega lent í því að verða umsækjandi til Framkvæmdastofnunar ríkisins eða aðili að umsókn til Framkvæmdastofnunar ríkisins. (**Gripið fram í:** Ég tala nú ekki um ef hann væri í fjvn. líka.) Svo við tölum nú ekki um það. Þetta er þriðja atriðið.

Fjórða atriðið er það að þessi sami alþm. á að hafa eftirlit með starfsemi eins og Framkvæmdastofnuninni. Þegar fyrir liggur skýrsla Framkvæmdastofnunar, þá eiga alþm. að lesa þá skýrslu. Og skýrslan ætti helst að vera komin það snemma fram á þinginu og vera til umr. það snemma að mönnum gæfist þar tími til talsverðra umr. og breytinga. En alþm. gætu lent í því að þurfa — og þeim ber skylda til að hafa eftirlit með því að þar sé farið að settum reglum.

Þarna erum við sem sagt með alþm. í fjórum hlutverkum. Hann situr við alla borðsenda. Hann er bankastjóri, hann er alþm., hann er stjórnarmaðurinn og hann er eftirlitsaðilinn. Þetta er lítið dæmi. Ég tel að seta alþm. í stjórn stofnunar eins og Framkvæmdastofnunar sé ekki eðlileg. Ég er ekki að væna neinn um misrétti. Ég er bara að benda á að þetta fyrirkomulag gerir svo miklar kröfur til mannlegs eðlis. Menn verða óumflýjanlega að gæta svo margra hagsmuna samtímis að það er ólíklegt að það takist sem skyldi. Þetta er sem sagt alþm. í mörgum hlutverkum.

Í öðru lagi langar mig aðeins að víkja að öðrum alþm., flokksbróður, sem hefði t. d. hug á að endurskoða eða gera meiri háttar athugasemdir við starfsemi stofnunarinnar. Frammi fyrir hverju stendur hann? Hann stendur frammi fyrir því að vilja kannske gagnrýna eða endurskoða eða fara ofan í saumana á gjörðum stjórnar sem flokksbróðir hans eða flokkssystir situr í. Og hvað sem líður vilja manna til faglegra vinnubragða, þá vitum við að félagsskapurinn einn og kynnin ein setja mönnum stólinn fyrir dyrnar, þannig að alþm., sem situr í stjórn slíkrar stofnunar eða félags og fyrirtækis, kemur í veg fyrir eðlilegt eftirlit flokkssystkina.

Nú vil ég taka þetta dæmi svolítið víðar. Ég er hér að tala um Framkvæmdastofnun ríkisins vegna þess að þetta tækifæri barst upp í hendurnar á okkur, en þetta á auðvitað við rekstur fyrirtækja og stofnana ríkisins yfirleitt. Nú hefur hæstv. iðnrh. unnið að því ötullega í vetur að endurskoða starfsemi ýmissa fyrirtækja sem iðnrn. er aðili að. Ég hef ekki haft tíma til að fara ofan í saumana á því hverjir sitja í stjórnum þeirra fyrirtækja sem iðnrn. er aðili að, en það kæmi mér hreint ekki á óvart þó að hæstv. iðnrh. rækist á, þegar hann færi að skoða stjórnarlista fyrirtækjanna, ýmsa af sínum undirmönnum þar, ýmsa ráðuneytismennina, vegna þess að sá hefur verið skikkurinn undanfarin ár að menn úr ráðuneytum hafa tekið sæti í stjórnum ýmissa fyrirtækja eða stofnana sem eru reknar á vegum ríkisins eða ríkið á aðild að. Nú veit ég að iðnrh. gengur hart eftir hlutum, en það er einungis mannlegt að seta starfsfélaga hans í rn. í stjórnun fyrirtækja verði honum fjötur um fót við endurskoðun á starfsemi þessara sömu fyrirtækja.

Við getum tekið annað dæmi úr þessu rn. Samflokksmaður hæstv. ráðh. er formaður stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins. Nú hefur staðið yfir gagnger endurskoðun á því fyrirtæki í vetur. Ég held að það hljóti oft að hafa verið mjög erfitt í sambandi við framkvæmd þeirrar endurskoðunar að svo skyldi í pottinn vera búið að ráðh., sem er að endurskoða, vill breyta og bæta, stendur frammi fyrir því að dyggasti varðmaður kerfisins, sem hann ætlar að fara að skoða, er kannske sessunautur hans á þingflokksfundum.

Herra forseti. Ég hef notað þetta tækifæri til að beina athygli að máli sem að mínu mati nær langt út fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins. Tilefni gafst mér vegna þessarar skýrslu, en ég harma að skýrslan skyldi ekki vera á dagskrá fyrr á þinginu þannig að þm. gæfist betri tími til að láta fara fram hér í eina skiptið á vetrinum umr. um byggðastefnu, sem eru stórmál í íslenskri pólitík, en hafa ekkert verið rædd á þessu þingi. Ég hef lokið máli mínu.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til þess að lýsa í örfáum orðum undrun minni yfir því skilningsleysi sem fram kemur hjá þeim flokksbræðrum hv. þm. Bandalags jafnaðarmanna. Hv. þm. Stefán Benediktsson tók hér dæmi í upphafi síns máls um þrjú eða fjögur lán til eins ákveðins fyrirtækis. Sannleikurinn er sá að lán úr sjóðum eru veitt í áföngum eftir því sem miðar. Málið er ósköp einfalt ef hann kynnti sér hlutina. Það er lán til véla og bygginga og þetta er ekki borgað út fyrir fram. Þetta er einfaldlega borgað út eftir því sem framkvæmdum miðar og er síður en svo við að athuga. Hitt væri miklu meira athugavert ef peningunum væri hent til viðkomandi fyrirtækis áður en farið væri í framkvæmdina. Hv. þm. tók dæmi um Kaupfélag Eyfirðinga, að því væri lánað. Þetta er að sjálfsögðu fyrirtæki sem heldur uppi gífurlegri atvinnu í byggðarlagi. Er athugavert þó að slíkt fyrirtæki fái eitthvert smálán í uppbyggingu? Þetta er í raun og veru alveg furðulegt skilningsleysi.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson gagnrýndi að þm. sætu í stjórn Framkvæmdastofnunar. Það hefur aldrei verið fundið að því að þm. eru í bankaráðum og eru búnir að vera um áratugi. Það þykir ekki athugavert. Framkvæmdastofnun ríkisins birtir skrá að loknu hverju ári yfir öll sín útlán og þarf ekkert að skammast sín fyrir þau, hún birtir þau. Það getur vel verið að einhver smámistök fljóti þá með, en það sér þá almenningur. En hvernig væri að aðrar bankastofnanir í landinu birtu skrá um öll sín útlán? Væri ekki þörf á að fá það? Þetta er eina stofnunin í landinu sem dettur í hug að birta sín útlán. Hér er tímaleysi og ég sé ekki ástæðu til að tefja tímann. Ég vildi aðeins lýsa undrun minni á málflutningi hv. þm.

Iðnrh. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er ekki tími til eða tök á að taka þetta mikilsverða mál, sem byggðastefna og mál þar að lútandi eru, til umfjöllunar nú. Það mun ég ekki gera. Það er rétt, sem fram hefur komið, að þetta hefði betur verið komið á dagskrá fyrr svo að menn hefðu getað gert því betri skil.

Ég mun einnegin, vegna þess að málin eru mér persónulega að mörgu leyti mjög skyld, leiða hjá mér nú að víkja að einstökum þáttum, sem að þessum málum lúta, en vil aðeins segja í sambandi við tilvitnanir sem hv. 8. þm. Reykv. nefndi, að það voru nú ekki lýsandi dæmi heldur valin meira til að sýna þá hliðina sem menn þó kjósa af þessari starfsemi. En vegna þess sem kom fram í máli hv. 4. landsk. þm., um skipan ráðuneytismanna, kerfismannanna í stjórnum fyrirtækja, sem rekin eru á vegum rn., vil ég taka fram að ég hef gert mér ljósa grein fyrir þeim vanköntum sem á því eru og raunar tekið þá nýbreytni eindregið upp að ráðuneytismenn skipi ekki stjórnir slíkra fyrirtækja. Aftur á móti ætla ég þeim hverjum um sig að hafa eftirlit með einstökum fyrirtækjum, það er annað mál, en ekki vera ábyrgir af starfsemi viðkomandi fyrirtækja. Ég hef hins vegar þá skoðun um stjórnendur í slíkum fyrirtækjum, sementsverksmiðju, kísiliðju, sjóefnavinnslu, járnblendi o. s. frv., að þar eigi að sitja mest í stjórnum menn úr atvinnulífinu. Menn mega gjarnan hafa pólitíska hliðsjón af skipan manna í því sambandi líka því að ýmsir verðmætir vitmenn í pólitík eru frammámenn í atvinnulífinu sem betur fer. En þetta er mín skoðun og ég nefni þetta sérstaklega í sambandi við orð hv. 4. landsk. þm., Guðmundar Einarssonar.

Þeim mun meiri ástæða hefði verið til að gera þessum málum mun ítarlegri skil en nú er kostur á vegna þeirra ástæðna sem komu hér fram sérstaklega í máli hv. 3. þm. Vestf., Karvels Pálmasonar, því að enn sækir á okkur þessi óhamingja, sem hefur orðið okkur þung í skauti, sem er röskun í byggð landsins. Ég segi ekki að að öllu leyti sé hún og hafi allan tímann verið ill einvörðungu. Það er ástæðulaust að gera sér þann veg til. En eftir sem áður er það áreiðanlega þegar til lengdar lætur mikið hagsmunamál okkar að byggja landið allt. Þar er heldur ekki átt við að menn byggi útnára og hafi ekkert nema kostnað af því að hjálpa þeim sem þar vilja setja sig niður við að hjara. Það er allt annað mál. Þá eru menn að seilast um hurð til lokunnar ef þeir ætla sér þá dul að framkvæma byggðastefnu með þeim hætti.

Það er líka rétt að á framkvæmd byggðastefnunnar og skilgreiningu hefur kannske skort að því leyti sem framkvæmdin hefur verið á undan og farið öðruvísi úr hendi en ella hefði verið, ef menn hefðu orðið á eitt sáttir um skilgreiningu og stefnumótunina sjálfa. Margt hefur þó vel áunnist vegna þessarar starfsemi, en margt má betur fara og víst er um það, að það er stefna þessarar ríkisstj. að endurskoða þessa starfsemi og tilhögun í samræmi við það sem segir í stjórnarsáttmála. Það hefur gengið hægar og tregar en menn hefðu kosið og þegar hafa skilið leiðir hjá þeim sem skipaðir voru til þessa verks að endurskoða og leggja fyrir tillögur um endurskoðun sem síðan yrði fylgt eftir með lagabreytingu á hinu háa Alþingi. Nýlega hefur nefndin skilað klofin áliti sínu, að vísu ekki sérstaklega sundurgreindu eða með nákvæmum útlistingum, en ég á von á því að ríkisstj. taki þessi mál í framhaldi af því fljótlega til meðferðar. Hins vegar var þessi þáttur að vísu í spurningu frá hv. 3. þm. Reykv. og beindist að starfandi forsrh. og læt ég að öðru leyti útrætt um þetta mál.

Stefán Benediktsson: Herra forseti. Vegna orða hv. 3. þm. Vestf. vildi ég hógværlega mega beina því til hans vegna orða um opin augu að hann mætti upp ljúka sínum eigin augum og kynna sér tillöguflutning BJ hér í vetur og málflutning. Ég vil minna hann á þáltill. um mótun byggðastefnu, sem flutt var hér strax í upphafi vetrar. Ég vil minna hann á tillöguflutning um atvinnuuppbyggingu, sem flutt var hér, en því miður allt of síðla vetrar til þess að hún geti komið hér til umr.

Sú þróun, sem lýst er í skýrslu Framkvæmdastofnunar, hefur vakað hér lengi við sjóndeildarhringinn og mikið verið talað um hana af mörgum. Menn hafa talað um rangar fjárfestingar í þessu þjóðfélagi og óhugnanlegar afleiðingar þeirra og menn hafa bent á ýmis ráð til úrlausnar og menn hafa lýst áhyggjum sínum yfir þessu ástandi. Það er það sem hér er til umr. í raun og veru.

Sú bjartsýnislega uppbygging, sem átti sér stað á þeim áratug sem lýst er í skýrslu Framkvæmdastofnunar, var að stórum hluta að því er virðist blekking. Fjárfestingin var um ráð fram. Hún skilaði ekki þeim árangri sem skyldi og núna situr landsbyggðin eftir í sárum, stendur ekki undir þeim röngu fjárfestingum sem átti að byggja framtíðina á. Á þessum vanda verður að taka. Fyrir því hafa mín augu verið opin alla tíð og þess vegna hefur minn tillöguflutningur og málflutning-

ur verið með þeim hætti sem hann var hér á þingi í vetur.

Steingrímur J. Sigfússon: Herra forseti. Það væri ofsögum sagt að segja að hann væri rausnarlega skammtaður, tíminn til að ræða hinar ýmsu skýrslur frá hæstv. ráðherrum. Mörgum þótti nú stungin tólg, eins og hér er stundum sagt, þegar tekin var til umr. seint og um síðir skýrsla hæstv. utanrrh., en segja má að nú taki fyrst í hnúkana þegar okkur er á síðasta degi þingsins innan ákveðinna tímamarka ætlað að ræða þessa skýrslu hæstv. forsrh. og væntanlega þá ljúka því af áður en þinglausnir fara fram hér á eftir.

Sjálfsagt mundum við ekki leysa öll þau vandamál sem hér er um fjallað þó að við hefðum eitthvað rýmri tíma til þess að ræða málin. Má í því sambandi vitna í einn verðmætan vitmann, eins og hér var einnig sagt áðan, sem sagði einhvern tíma að heimurinn yrði sennilega ekki frelsaður utan dagskrár í Sþ. Mér er til efs að öll vandamál landsbyggðarinnar yrðu leyst hér þó að við hefðum jafnvel eitthvað rýmri tíma til að ræða þau en nú stendur til boða. En orð eru einu sinni til alls fyrst.

Það sem mér finnst ánægjulegt í sambandi við þessa skýrslu og þá stuttu umr. sem hún hefur hér fengið er að það virðast hafa ýtt nokkuð við mönnum þær staðhæfingar, sem þar eru settar fram og rökstuddar, um hvert stefni með jafnvægi í byggð landsins. Það kemur fram í þessari skýrslu að landsbyggðin tapaði til suðvesturhornsins fast að 1000 manns á síðasta ári og segir það þó ekkert um þá byggðaröskun sem falin er innan fjórðunganna og innan þessara svæða og kemur ekki fram í þessum tölum. Ég hef margoft, herra forseti, í ræðum hér á hinu háa Alþingi, og nú síðast í eldhúsdagsumr. um daginn, bent á þá afturför sem hér er að eiga sér stað. Ég vil ekki nota orðið „þróun" í þessu sambandi.

Ég endurtek að það er ánægjulegt ef þessi skýrsla þó svört sé hefur orðið til þess að hreyfa eitthvað við mönnum. Hvort hún nær að hreyfa við þeim mönnum sem leggja hana hér fram, þ. e. hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj., er svo annað mál og læt ég ósagt um. En að ári munum við fá nýjar tölur. Þær tölur verða ákveðinn mælikvarði á frammistöðu hæstv. ríkisstj. og stjórnvalda yfirleitt. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég óttast þær tölur, en þær munum við væntanlega ræða á næsta þingi, herra forseti, nær það verður sett og hverjir sem þar sitja.

Guðmundur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla í örfáum orðum að fagna þeim upplýsingum sem komu fram í máli hæstv. iðnrh. um það að hann taki deildarstjóra ráðuneytis síns úr stjórnum fyrirtækja sem rn. á eða rekur. Þetta tel ég að séu mikilsverðar fréttir vegna þess að þetta er að mínu mati eiginlega sama eðlis og að taka alþm. úr stjórnum fyrirtækja eins og Framkvæmdastofnunar ríkisins, ríkisbanka og þess háttar. Mér virðist að þeirri skoðun sé að vaxa fiskur um hrygg að þm. beri mjög stranglega að gæta hlutleysis síns eða vera hafnir yfir allan grun hvað varðar hagsmunaárekstra. Það er einmitt það veganesti sem sjá má að t. d. kanadísk yfirvöld gefa sínum þm. Það eru ekki settar neinar ákveðnar reglur um hvað þeir megi eða megi ekki vera. Það er bara sagt að þm. megi undir engum kringumstæðum koma sér í þá aðstöðu að frelsi hans sé ekki hafið yfir grun. Það er í raun og veru eina reglan sem við getum farið eftir. Ég held að við ættum að taka hana upp í auknum mæli í íslenskri stjórnsýslu. Kannske er sú viðleitni, sem hæstv. iðnrh. lýsti áðan, byrjun á því.

Sjútvrh. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af fsp. hv. 3. þm. Reykv. Hann vitnaði í nokkur atriði sem tilgreind eru í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. og spurði hvað hefði miðað varðandi þau atriði er þar voru nefnd.

Í fyrsta lagi er þetta að segja um endurskoðun á stjórnskipun og lögum um Stjórnarráð Íslands: Það hefur verið starfandi nefnd í því máli og hefur hún starfað mjög ötullega, skilað frá sér verulegum upplýsingum og gögnum. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að frekari ákvarðanir hafa ekki verið teknar, enda er hér um mjög stórt mál að ræða og eðlilegt að það taki nokkurn tíma. En ég get fullvissað hv. þm. um að það er staðfastur ásetningur ríkisstj. að reyna að halda þessu verki áfram og gera breytingar í ýmsum þáttum stjórnskipunarinnar, enda á ég von á að allir geti verið um það sammála að það sé eðlilegt að taka þau mál annað slagið til endurskoðunar í ljósi breyttra tíma og nýrra sjónarmiða og vinnubragða.

Í öðru lagi nefndi hv. þm. Ríkisendurskoðun. Ég get greint frá því að sama nefnd og áður gat hefur tekið til endurskoðunar frv.-drög sem liggja fyrir í því máli og eru að miklu leyti byggð á frv. sem flutt var á Alþingi fyrir allmörgum árum. Nú hefur nefndin sent frá sér drög að slíku frv. og vænti ég þess að það mundi verða lagt fram á n. k. Alþingi.

Í þriðja lagi nefndi hann rekstrareftirlit. Það tengist nú m. a. breyttum starfsháttum í eftirliti ríkisins og Alþingi og ég tel að Ríkisendurskoðun hljóti að verða mikilvægasti þátturinn í þeirri endurskipulagningu. Það hefur færst mjög í vöxt eftir að núv. ríkisstj. tók við að láta fara fram úttekt á starfsemi ýmissa stofnana og verður því starfi að sjálfsögðu haldið áfram.

Í fjórða lagi nefndi hann útboð. Það hefur einnig færst í vöxt, þó að það hafi verið stundað í nokkrum mæli lengi, að láta fara fram útboð sérstaklega í opinberar framkvæmdir. Einnig hefur komið til umræðu og menn hafa reynt fyrir sér um að bjóða út þjónustuþætti. Þar hefur niðurstaðan í sumum tilfellum orðið sú að það hefur ekki þótt hagkvæmt, en það hlýtur að vera eðlilegt að einnig sé tekið til athugunar hvort ekki sé hægt að bjóða út ýmsa þjónustuþætti sem ríkið sér um.

Að síðustu spurðist hann fyrir um endurskoðun á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Það hefur komið hér fram að nefnd hefur starfað að því máli og skilað áliti. Hún varð ekki sammála og frekari afstaða til þeirra starfa hefur ekki verið tekin af ríkisstj. Það er uppi ágreiningur um nokkur atriði, en full samstaða um önnur mjög mikilvæg atriði. Það er að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt að ágreiningur sé um slík mál eða menn séu hikandi um mjög róttækar breytingar í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar að starf Framkvæmdastofnunar ríkisins hafi verið mikilvægt fyrir þróun byggðar í landinu og eftir að þær upplýsingar hafa borist, eins og hafa komið fram í þeirri skýrslu sem við höfum fengið á okkar borð, að þarna hafi verulega hallað undan fæti, þá er að sjálfsögðu eðlilegt að menn hiki við að gera

þær breytingar sem yrðu til þess að stuðningur við atvinnuvegina mundi minnka.

Það eru uppi mjög margar raddir um að það verði að draga úr störfum í landbúnaði og í sjávarútvegi vegna þess að þar séu of margir við störf. Það er vissulega rétt í mörgum tilvikum. En á sama tíma hefur þjónustubáknið, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, þanist út og virðist því miður halda áfram að þenjast út. Ég verð ekki var við að þeir sem gagnrýna mest þau störf sem unnin eru í atvinnuvegum víða úti um land geri sambærilegar kröfur til útþenslu þjónustukerfisins hér, sem er einkum til húsa hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er enginn vafi á að sá flutningur á mannafla sem hefur átt sér stað núna síðustu árin er fyrst og fremst til kominn vegna þess að þjónustan er í mun meira mæli byggð hér upp, sem er að miklu leyti eðlilegt, en atvinnulífið úti um land hefur ekki getað tekið við þeim mannafla sem þar hefur verið fyrir hendi.

Svavar Gestsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið.

Það er í fyrsta lagi ljóst að það er ágreiningur í ríkisstj. um hvernig á að halda áfram endurskoðun á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Nefnd hefur skilað áliti, sagði hæstv. ráðh., og ákvörðun um framhald hefur ekki verið tekin. Það er sem sagt verið að togast á um það núna milli stjórnarflokkanna hvernig framhaldið verður á þessu verki þessarar nefndar sem átti að endurskoða Framkvæmdastofnunina og sjóðakerfið. Þar er ágreiningur í þessu efni eins og í mörgum öðrum málum sem við höfum kynnst síðustu dagana úr stjórnarsamstarfinu. Það væri hins vegar ástæða til að fara fram á það við hæstv. sjútvrh. að hann hlutist til um að alþm. fái sent það nál. sem hér um ræðir þannig að þm. geti kynnt sér það hvaða ágreiningur er hér uppi og hvaða tillögur liggja þegar frammi.

Þá kom ég að því sem hæstv. ráðh. sagði um endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands. Hann taldi að hugmyndir um breytingu á stöðu Ríkisendurskoðunar og rekstrareftirlit opinberra fyrirtækja tengdist allt því máli. Kann vel að vera að menn endi með því að tengja þetta allt saman. Ég vil láta það koma fram hér sem mína skoðun að ég tel að endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands sé eitt stærsta nauðsynjamál varðandi stjórnkerfisbreytingar í landinu. Ég held að það væri mjög þarft ef hægt væri að vinna þannig að þeim málum að tillögur um endurskoðun lægju fyrir snemma á næsta þingi. Ég tel að það sé varla hægt að gera sér hugmyndir um að breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands komi til framkvæmda nema við stjórnarskipti og það er nauðsynlegt að halda þannig á málum að niðurstaða af endurskoðun þessari liggi fyrir vel í tæka tíð fyrir næstu alþingiskosningar, hvenær svo sem þær verða.

Ég lít í rauninni sömu augum á þetta mál og endurskoðun á lögum um þingsköp Alþingis. Ég tel að það sé mjög brýnt að endurskoða þau lög og alla starfshætti Alþingis og tel að ef það tækist að tengja endurskoðun á þessu tvennu saman með skikkanlegum hætti væri verulegum áfanga náð því að ég tel að hvort tveggja sé að störf Alþingis megi bæta mjög og Stjórnarráðs Íslands ekki síður.

Ég vil svo að lokum segja það, herra forseti, að sú umræða sem hér hefur farið fram um Framkvæmdastofnun ríkisins segir út af fyrir sig kannske ekki ýkjamargt. En það er rétt að undirstrika það að síðustu að lausnin á vanda hinna dreifðu byggða í landinu getur ekki falist í því að taka upp einhliða markaðshyggju á öllum sviðum. Þeir sem leggja áherslu á markaðshyggju eru að stefna fólki og fjármagni í landinu öllu á einn og sama staðinn. Þess vegna er ljóst að lausn á vanda hinna dreifðu byggða í landinu fæst einungis á félagslegum grundvelli. Þess vegna er núv. ríkisstj. á villigötum í byggðamálum.

Sameinað þing, 94. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl. 5 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Háttvirtir alþingismenn. Nú verður gefið stutt yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið yfir frá 10. okt. til 20. des. 1983 og frá 23. jan. til 22. maí 1984, alls 193 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	107
Í efri deild	113
Í sameinuðu þingi	95
Alls	315

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	38		
b. Lögð fyrir efri deild	81		
c. Lagt fyrir sameinað þing	1		
		120	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	49		
b. Borin fram í efri deild	18		
		67	
			187

Úrslit urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnskipunarlög	1	
Stjórnarfrumvörp	93	
Þingmannafrumvörp	17	
		111
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum		2
c. Felld:		
Stjórnarfrumvarp	1	
Þingmannafrumvarp	1	
		2
d. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	25	
Þingmannafrumvörp	45	
		70
		187

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi 110

Úrslit urðu þessi:

a. Ályktanir Alþingis	25
b. Felld	1
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar	4
d. Afgreidd með rökstuddri dagskrá	1
e. Ekki útræddar	78
f. Vísað frá	1
	110

III. Fyrirspurnir:

Í sameinuðu þingi 148. Sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	73
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar eða svarað skriflega nema 16.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	370
Skýrslur ráðherra voru	14
Tala prentaðra þingskjala	1128

Svo sem marka má af þessu yfirliti hafa mörg mikilvæg mál verið til meðferðar og hlotið afgreiðslu. Þótt menn hafi greint á um ýmislegt, sem gert hefur verið, sameinast allir alþm. í þeirri ósk að störf þessa þings megi verða til heilla landi og lýð.

Þetta þing, sem nú er að ljúka, hefur að ýmsu leyti verið með sérstökum hætti. Fleiri þingflokkar eru nú á Alþingi en nokkru sinni áður frá endurreisn þess. Fleiri þingmál hafa nú legið fyrir þessu þingi en nokkru sinni áður. Allt reynir þetta meira en áður á skipulag og starfshætti Alþingis.

En Alþingi byggir á traustum grunni og langri reynslu sem vísar veginn þegar aðlaga þarf vinnubrögð nýjum aðstæðum og viðhorfum. Engar verulegar breytingar hafa verið gerðar á þingsköpum Alþingis um langt skeið. Það var því tímabær ákvörðun, sem tekin var á þessu þingi, þegar ákveðið var að setja á stofn nefnd til að endurskoða þingsköp. Þessi nefnd vinnur nú að þessu þýðingarmikla máli.

Ekki gerist þörf að gerbreyta eða umbylta lögum um þingsköp. Hins vegar hafa einkum hin síðustu ár komið fram hugmyndir um breytingar í einstökum efnum eins og hv. alþm. er best kunnugt um. Má þar til nefna atriði eins og t. d. meðferð þáltill., fyrirkomulag fsp. framkvæmd utandagskrárumræðna, störf og hlutverk þingnefnda og útvarp frá Alþingi.

Þing það sem nú er að ljúka hefur ekki farið varhluta af gagnrýni frekar en oftast áður. Gagnrýni er í sjálfu sér góðra gjalda verð þegar í henni felast gagnlegar ábendingar og aðhald fyrir okkur þm. Slíkt ber ekki vott um andúð og virðingarleysi fyrir Alþingi, heldur þvert á móti sýnir áhuga og stolt fyrir elstu og mikilvægustu stofnun landsins.

Hin almenna umræða um starfshætti Alþingis er af hinu góða því að þm. geta margan lærdóm af henni dregið, bæði við mótun þingskapa og framkvæmd þeirra. Hins vegar má ekki heldur gína við hverri flugu sem kastað er fram í hinni mikilvægu umræðu um Alþingi og störf þess. Þar kennir stundum grasa sem sprottin eru af meiri eða minni misskilningi og vankunnáttu, svo að ekki sé meira sagt.

Það má heldur ekki, þó í góðum tilgangi sé, seilast um of til erlendra fyrirmynda um starfshætti Alþingis. Það ber jafnan að hafa í huga að Alþingi hefur í veigamiklum efnum sérstöðu, þegar borið er saman við flestar erlendar löggjafarsamkomur. Það eru mörg vandamál í löggjafarþingum sem stafa af margföldu fjölmenni á við það sem við höfum á Alþingi. Þess vegna ber að varast að apa eftir vinnubrögð sem eru ill nauðsyn til að mæta vanda hinna fjölmennu löggjafarþinga en hjá okkur kunna að geta hindrað að Alþingi njóti þess ómetanlega hagræðis sem fylgir fámennri löggjafarsamkomu. Mestu varðar að í þeirri stöðugu viðleitni sem halda verður uppi til að aðlaga starfshætti Alþingis kröfum tímans hverju sinni verði tekið mið af þeirri sérstöðu og löngu reynslu sem elsta löggjafarþing heims hefur yfir að ráða.

Við Íslendingar minnumst gjarnan á það við hátíðleg tækifæri eða á mikilvægum stundum að við eigum elsta löggjafarþingið. Kannske minnum við ekki síst erlenda menn á þessi sannindi þegar svo ber undir. Engum ber frekar að hafa þessa staðreynd í heiðri en einmitt Alþingi sjálfu.

Þetta þing, sem nú er að ljúka, er haldið 1053.—1054. ári frá stofnun Alþingis. Spurning er hvort ekki sé bragarbót að því að árafjölda frá stofnun Alþingis sé jafnan getið á þskj. hliðstætt því sem nú er getið tölu löggjafarþinga. Þennan sið mætti taka upp á næsta þingi, ef rétt þætti.

Þá verður á þessu ári breyting er varðar stöðu skrifstofustjóra Alþingis. Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri lætur af störfum fyrir aldurs sakir. Í dag samþykktu forsetar Alþingis að ráða Friðrik Ólafsson logfræðing og ritstjóra Lagasafnsins skrifstofustjóra Alþingis frá 1. sept. n. k. Þegar næsta reglulegt Alþingi kemur saman hefur því Friðjón Sigurðsson látið af störfum skrifstofustjóra.

Friðjón Sigurðsson hefur verið skrifstofustjóri Alþingis í 28 ár og áður var hann búinn að vera fulltrúi á skrifstofu Alþingis í 12 ár. Þetta er langur starfstími og Friðjón Sigurðsson hefur verið skrifstofustjóri Alþingis í meira en ¼ þess tíma sem þetta embætti hefur verið við lýði frá fyrsta löggjafarþinginu 1875. Á starfstíma Friðjóns Sigurðssonar hefur orðið mikil breyting á starfsháttum Alþingis. Þessar breytingar koma við skrifstofustjórann með tvennu móti. Annars vegar auka þær umsvif og verkefni skrifstofustjóra. Hins vegar gera þær meiri kröfur til forsjár og stjórnunar af hálfu skrifstofustjóra.

Friðjón Sigurðsson hefur staðið að nauðsynlegum breytingum í rekstri þingsins og jafnframt gætt þess að ekki hafi verið ofgert. Þannig hefur í senn Alþingi lagað sig að kröfum tímans og gætt hefur verið þess að staðið væri á gömlum merg í umróti líðandi stundar. Friðjóni Sigurðssyni eru færðar þakkir fyrir hans mikilvægu störf í þágu Alþingis, sem hann hefur unnið af sérstakri kostgæfni, elju og samviskusemi.

Nú við þinglausnir vil ég þakka öllum alþm. fyrir ágætt og ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum, sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina ágætustu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins eljusemi og kostgæfni í störfum. Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég fyrir mikið og gott starf og fyrir ánægjulega samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarþm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og ég vænti þess að við hittumst öll

heil á komandi hausti þegar Alþingi kemur saman á ný. Heill og hamingja fylgi öllum hv. alþm. og starfsliði Alþingis.

Fyrir hönd Alþingis bið ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Ragnar Arnalds: Ég vil fyrir hönd alþm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég þakka honum fyrir ágæta forustu um þingstörfin í vetur og fyrir réttláta fundarstjórn. Ég árna honum og fjölskyldu hans allra heilla á komandi sumri.

Ég vil einnig þakka starfsliði Alþingis fyrir ágæt störf á liðnum vetri. En alveg sérstaklega vil ég þakka skrifstofustjóra Alþingis fyrir framúrskarandi störf í þágu Alþingis um áratuga skeið, en hann lætur nú af störfum, eins og hér hefur komi fram. Ég vil óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta á komandi árum. Ég vænti þess að við megum öll hittast heil á húfi á komandi hausti. Ég bið alþm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð í minn garð og ég vil þakka hv. alþm. fyrir að taka undir orð hans. Ég ítreka óskir mínar um gæfu og gengi ykkur öllum til handa.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 106. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, þriðjudaginn 22. maí 1984.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

Steingrímur Hermannsson."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Óska ég þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **sjútvrh., Halldór Ásgrímsson,** mælti:

„Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.